Alþingi 1980

Sameinað þing, 1. fundur.

Föstudaginn 10. okt.

Þingsetning.

Árið 1980, föstudaginn 10. okt., var hundraðasta og þriðja löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það átttugasta og þriðja aðalþing í röðinni, en hundraðasta og átjánda samkoma frá því er Alþingi var endurreist.

Þingmenn söfnuðust saman í Alþingishúsinu kl. 1.15 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í Dómkirkjunni kl. 1.30 miðdegis. Séra Hreinn Hjartarson steig í stólinn.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til Alþingishússins, fundarsalar sameinaðs þings.

Þessir menn skipuðu þingið:

1. Albert Guðmundsson, 3. þm. Reykv.
2. Alexander Stefánsson, 1. þm. Vesturl.
3. Árni Gunnarsson, 6. þm. Norðurl. e.
4. Benedikt Gröndal, 4. þm. Reykv.
5. Birgir Ísl. Gunnarsson, 6. þm. Reykv.
6. Davíð Aðalsteinsson, 3. þm. Vesturl.
7. Eggert Haukdal, 6. þm. Suðurl.
8. Egill Jónsson, 11. landsk. þm.
9. Eiður Guðnason, 5. þm. Vesturl.
10. Eyjólfur Konráð Jónsson, 5. landsk. þm.
11. Friðjón Þórðarson, 2. þm. Vesturl.
12. Friðrik Sophusson, 10. þm. Reykv.
13. Garðar Sigurðsson, 4. þm. Suðurl.
14. Geir Gunnarsson, 4. þm. Reykn.
15. Geir Hallgrímsson, 1. þm. Reykv.
16. Guðmundur Bjarnason, 5. þm. Norðurl. e.
17. Guðmundur J. Guðmundsson, 7. þm. Reykv.
18. Guðmundur Karlsson, 9. landsk. þm.
19. Guðmundur G. Þórarinsson, 12. þm. Reykv.
20. Guðrún Helgadóttir, 8. landsk. þm.
21. Gunnar Thoroddsen, 8. þm. Reykv.
22. Halldór Ásgrímsson, 3. þm. Austurl.
23. Halldór Blöndal, 7. landsk. þm.
24. Helgi Seljan, 2. þm. Austurl.
25. Hjörleifur Guttormsson, 5. þm. Austurl.
26. Ingólfur Guðnason, 5. þm. Norðurl. v.
27. Ingvar Gíslason, 1. þm. Norðurl. e.
28. Jóhann Einvarðsson, 5. þm. Reykn.
29. Jóhanna Sigurðardóttir, 10. landsk. þm.
30. Jón Helgason, 3. þm. Suðurl.
31. Jósef H. Þorgeirsson, 2. landsk. þm.
32. Karl Steinar Guðnason, 3. landsk. þm.
33. Karvel Pálmason, 6. landsk. þm.
34. Kjartan Jóhannsson, 2. þm. Reykn.
35. Lárus Jónsson, 3. þm. Norðurl. e.
36. Magnús H. Magnússon, 5. þm. Suðurl.
37. Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.
38. Matthías Á. Mathiesen, 1. þm. Reykn.
39. Ólafur G. Einarsson, 3. þm. Reykn.
40. Ólafur Ragnar Grímsson, 11. þm. Reykv.
41. Ólafur Jóhannesson, 5. þm. Reykv.
42. Ólafur Þ. Þórðarson, 5. þm. Vestf.
43. Páll Pétursson, 1. þm. Norðurl. v.
44. Pálmi Jónsson, 2. þm. Norðurl. v.
45. Pétur Sigurðsson, 1. landsk. þm.
46. Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.
47. Salome Þorkelsdóttir, 4. landsk. þm.
48. Sighvatur Björgvinsson, 3. þm. Vestf.
49. Skúli Alexandersson, 4. þm. Vesturl.
50. Stefán Guðmundsson, 3. þm. Norðurl. e.
51. Stefán Jónsson, 4. þm. Norðurl. e.
52. Stefán Valgeirsson, 2. þm. Norðurl. e.
53. Steingrímur Hermannsson, 2. þm. Vestf.
54. Steinþór Gestsson, 2. þm. Suðurl.
55. Svavar Gestsson, 2. þm. Reykv.
56. Sverrir Hermannsson, 4. þm. Austurl.
57. Tómas Árnason, 1. þm. Austurl.
58. Vilmundur Gylfason, 9. þm. Reykv.
59. Þorv. Garðar Kristjánsson, 4. þm. Vestf.
60. Þórarinn Sigurjónsson, 1. þm. Suðurl.

Forseti Íslands setur þingið.

Forseti Íslands (Vigdís Finnbogadóttir): Hinn 26. sept. s. l. var gefið út svofellt bréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt: Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra að Alþingi skuli koma saman til fundar föstudaginn 10. október 1980.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í Dómkirkjunni, sem hefst kl. 13.30.

Gjört í Reykjavík, 26. september 1980.

Vigdís Finnbogadóttir.

Gunnar Thoroddsen.

Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til fundar föstudaginn 10. október 1980."

Samkv. bréfi því, sem ég nú hef lesið, lýsi ég yfir því, að Alþingi Íslendinga er sett.

Við upphaf 103. löggjafarþings Íslendinga er vetur að ganga í garð og landið að unna sér stundarhvíldar með gæði sín geymd í jörðu. Samtímis takast hugir okkar á

loft til andagiftar samkvæmt því óskráða íslenska lögmáli að vetur skal umfram sumar nota til andlegra íþrótta. Fyrrum beittu menn vetrarorku eftir sumarblíðu til að sigrast á örbirgð. Það stríð var unnið á þann veg, að ekki verður betur lýst en með því að vísa til lífskjara á Íslandi nú, þegar langt er liðið á 20. öld.

En hverri vegsemd fylgir vandi. Forfeðrum okkar hefur vafalaust fundist það efni í öfugmælavísu, að nokkurt torveldi gæti fylgt velmegun og lífsgæðum. Hvaða skáld hefði grunað að álíka þjóðfélagsleg vandræði og við eigum við að etja gætu fylgt því að eiga ríflega til hnífs og skeiðar?

Á þessu ári hef ég kynnst fleiri Íslendingum um allt land en almennt gerist í lífi einstaklings. Við þau kynni varð ég djúpt snortin af dugnaði þessarar þjóðar, vinnusemi, mannlegri hlýju og þeirri einlægu ósk hvers og eins að leysa megi vanda okkar til farsældar fyrir heildina og ekki hvað síst fyrir þá kynslóð sem koma skal.

Við Íslendingar erum svo skapi farnir að hver og einn vill fá að kveða sína vísu, hafa sína skoðun og koma henni dyggilega til skila, enda væri lífið hljómlítið væri þjóðarkórinn ekki margraddaður. En sameinuð hljótum við að standa andspænis sameiginlegum vanda okkar innbyrðis og gagnvart umheiminum, sem gerir okkur þann grikk að vera margraddaður líka. Um leið og við fáumst við eigin vanda í veröld, sem fer síminnkandi vegna aukinnar þekkingar og samskipta, verðum við að taka tillit til vaxandi vandamála umheimsins og það kann á stundum að ganga nær smáþjóð á jaðri heimskringlunnar en stórþjóðum, sem eru nær þungamiðju viðburðanna. Örðugleikar þeirra auka örðugleika okkar í hringrás viðskiptanna, og óeining annarra þjóða í millum getur gert þjóð, sem ekki á í útistöðum við neina aðra þjóð, erfitt fyrir. Metnaður okkar vc ður að vera sá að hefja okkur yfir sameiginlegan vanda alls mannkyns með því að sýna eigin styrkleika og samstöðu. Það væri sómi okkar að sýna það fordæmi að fara með friði í þessu landi einhuga, samhent og sátt hvert við annað.

Bölsýni hefur löngum verið áleitnari en bjartsýni. Síðustu tímar eru jafnan verstu tímar. Hvernig má það vera að vont geti svo lengi versnað? Skyldum við eiga við okkur sjálf að sakast, — við sem búum að þeirri gjöf sem lýðræðið er?

Okkur hættir til að vanmeta lýðræðið. Það er vandmeðfarið og flókið í framkvæmd, einatt seinvirkt, en ég hygg að við séum öll sammála um að okkur beri skilyrðislaust að standa vörð um það, innbyrðis og gagnvart öðrum þjóðum. Lýðræðið er trygging okkar fyrir sjálfstæði.

Lýðræði er mikið og vandmeðfarið verðmæti. Í varðveislu þess reynir á þroska, skilning og tillitssemi okkar í garð hvers annars, en ekki síður gagnvart þjóðarheildinni í nútíð og framtíð, því sem við eigum saman, því sem gerir okkur að þjóð.

Það er ósk mín okkur til handa, þjóðarinnar í heild og ykkar, lýðræðiskjörinna þingmanna, sem hafið tekið á ykkur þá ábyrgð að handleika fjöregg þessarar þjóðar um sinn, að þið megið bera gæfu til að standa sem fastast saman og láta það, sem sameinar, sitja í fyrirrúmi fremur en ágreiningsefni, og setja þjóðarheill nú og um alla framtíð ofar stundarhagsmunum og flokkadráttum.

Þá þarf ekki að ugga um Ísland.

Ég bið þingheim og aðra viðstadda að rísa úr sætum og minnast ættjarðarinnar.

[Þingheimur stóð upp, og **forsrh., Gunnar Thoroddsen,** mælti: „Heill forseta vorum og fósturjörð. Ísland lifi.“ Þingmenn tóku undir þessi orð með ferföldu húrrahrópi.]

Samkv. 1. gr. þingskapa ber nú aldursforseta að stjórna fundi þar til kosning forseta sameinaðs Alþingis hefur farið fram, og bið ég aldursforseta, dr. Gunnar Thoroddsen, 8. þm. Reykv., að ganga til forsetastóls.

Aldursforseti (Gunnar Thoroddsen forsrh.): Ég býð hv. alþm. og starfsfólk Alþingis velkomið til starfa.

Til skrifarastarfa kveð ég hv. 10. þm. Reykv., Friðrik Sophusson, og hv. 5. þm. Reykn., Jóhann Einvarðsson.

Samkv. 3. gr. þingskapa skal á fyrsta fundi kjósa forseta sameinaðs Alþingis. Komið hefur fram ósk um fundarhlé í 20 mínútur. Ég mun verða við þeirri ósk. Fundur hefst að nýju kl. 14.40. — [Fundarhlé.]

Kosning forseta og skrifara.

Aldursforseti lét fara fram kosningu forseta sameinaðs þings. Kosningu hlaut

Jón Helgason, 3. þm. Suðurl., með 56 atkv. — Gunnar Thoroddsen, 8. þm. Reykv., hlaut 1 atkv., en 2 seðlar voru auðir. Einn þm. var fjarstaddur.

Aldursforseti (Gunnar Thoroddsen forsrh.): Jón Helgason er rétt kjörinn forseti sameinaðs Alþingis og bið ég hann að taka við störfum.

Forseti (Jón Helgason): Ég vil þakka hv. alþm. það traust, sem þeir hafa sýnt mér með þessari kosningu, og láta í ljós von um gott samstarf.

Hinn kjörni forseti lét fara fram kosningu 1. varaforseta. Kosningu hlaut

Karl Steinar Guðnason, 3. landsk. þm., með 37 atkv. — Pétur Sigurðsson, 1. landsk. þm., hlaut 20 atkv., en 2 seðlar voru auðir.

Annar varaforseti var kosinn

Steinþór Gestsson, 2. þm. Suðurl., með 49 atkv., — Pétur Sigurðsson, 1. landsk. þm., hlaut 5 atkv., Gunnar Thoroddsen, 8. þm. Reykv., hlaut 1 atkv., en 4 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar. Fram komu tveir listar. Á A-lista var JE, en á B-lista FrS. — Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvgr.:

Jóhann Einvarðsson, 5. þm. Reykn., og
Friðrik Sophusson, 10. þm. Reykv.

Efri deild, 1. fundur.

Föstudaginn 10. okt., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Aldursforseti, Gunnar Thoroddsen, 8. þm. Reykv., setti fundinn.

Deildina skipuðu þessir þingmenn:

1. Davíð Aðalsteinsson, 3. þm. Vesturl.
2. Egill Jónsson, 11. landsk. þm.

3. Eiður Guðnason, 5. þm. Vesturl.
4. Eyjólfur Konráð Jónsson, 5. landsk. þm.
5. Geir Gunnarsson, 4. þm. Reykn.
6. Guðmundur Bjarnason, 5. þm. Norðurl. e.
7. Guðmundur Karlsson, 9. landsk. þm.
8. Gunnar Thoroddsen, 8. þm. Reykv.
9. Helgi Seljan, 2. þm. Austurl.
10. Jón Helgason, 3. þm. Suðurl.
11. Karl Steinar Guðnason, 3. landsk. þm.
12. Kjartan Jóhannsson, 2. þm. Reykn.
13. Lárus Jónsson, 3. þm. Norðurl. e.
14. Ólafur Ragnar Grímsson, 11. þm. Reykv.
15. Ólafur Jóhannesson, 5. þm. Reykv.
16. Salome Þorkelsdóttir, 4. landsk. þm.
17. Stefán Guðmundsson, 3. þm. Norðurl. v.
18. Stefán Jónsson, 4. þm. Norðurl. e.
19. Tómas Árnason, 1. þm. Austurl.
20. Þorv. Garðar Kristjánsson, 4. þm. Vestf.

Kosning forseta og skrifara.

Aldursforseti kvaddi Davíð Aðalsteinsson, 3. þm. Vesturl., og Egil Jónsson, 11. landsk. þm., til að gegna skrifarastörfum.

Gengið var til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Helgi Seljan, 2. þm. Austurl., með 19 atkv. — Einn seðill var auður.

Hinn kjörni forseti tók við fundarstjórn.

Forseti (Helgi Seljan): Ég þakka hv. þdm. fyrir það traust, sem mér hefur verið sýnt, um leið og ég læt í ljós óskir um gott samstarf við þingheim.

Hinn kjörni forseti lét fara fram kosningu fyrri varaforseta. Kosningu hlaut

Þorv. Garðar Kristjánsson, 4. þm. Vestf., með 19 atkv. — Einn seðill var auður.

Annar varaforseti var kosinn

Guðmundur Bjarnason, 5. þm. Norðurl. e., með 18 atkv. — 2 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var DA, á B-lista EgJ. — Samkv. því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvgr.:

Davíð Aðalsteinsson, 3. þm. Vesturl., og
Egill Jónsson, 11. landsk. þm.

Sætaskipun.

Hlutað var um sæti deildarmanna skv. þingsköpum og fór sætahlutunin á þessa leið:

7. sæti hlaut Þorv. Garðar Kristjánsson.
8. — — Ólafur Ragnar Grímsson.
9. — — Guðmundur Bjarnason.
10. — — Lárus Jónsson.
11. — — Jón Helgason.
12. — — Geir Gunnarsson.
13. — — Eiður Guðnason.
14. — — Stefán Jónsson.
15. — — Eyjólfur Konráð Jónsson.
16. — — Karl Steinar Guðnason.
17. — — Stefán Guðmundsson.
18. — — Kjartan Jóhannsson.
19. — — Guðmundur Karlsson.
20. — — Salome Þorkelsdóttir.

Neðri deild, 1. fundur.

Föstudaginn 10. okt., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Aldursforseti, Steinþór Gestsson, 2. þm. Suðurl., setti fundinn.

Deildina skipuðu þessir þingmenn:

1. Albert Guðmundsson, 3. þm. Reykv.
2. Alexander Stefánsson, 1. þm. Vesturl.
3. Árni Gunnarsson, 6. þm. Noðurl. e.
4. Benedikt Gröndal, 4. þm. Reykv.
5. Birgir Ísl. Gunnarsson, 6. þm. Reykv.
6. Eggert Haukdal, 6. þm. Suðurl.
7. Friðjón Þórðarson, 2. þm. Vesturl.
8. Friðrik Sophusson, 10. þm. Reykv.
9. Garðar Sigurðsson, 4. þm. Suðurl.
10. Geir Hallgrímsson, 1. þm. Reykv.
11. Guðmundur J. Guðmundsson, 7. þm. Reykv.
12. Guðmundur G. Þórarinsson, 12. þm. Reykv.
13. Guðrún Helgadóttir, 8. landsk. þm.
14. Halldór Ásgrímsson, 3. þm. Austurl.
15. Halldór Blöndal, 7. landsk. þm.
16. Hjörleifur Guttormsson, 5. þm. Austurl.
17. Ingólfur Guðnason, 5. þm. Norðurl. v.
18. Ingvar Gíslason, 1. þm. Norðurl. e.
19. Jóhann Einvarðsson, 5. þm. Reykn.
20. Jóhanna Sigurðardóttir, 10. landsk. þm.
21. Jósef H. Þorgeirsson, 2. landsk. þm.
22. Karvel Pálmason, 6. landsk. þm.
23. Magnús H. Magnússon, 5. þm. Suðurl.
24. Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.
25. Matthías Á. Mathiesen, 1. þm. Reykn.
26. Ólafur G. Einarsson, 3. þm. Reykn.
27. Ólafur Þ. Þórðarson, 5. þm. Vestf.
28. Páll Pétursson, 1. þm. Norðurl. v.
29. Pálmi Jónsson, 2. þm. Norðurl. v.
30. Pétur Sigurðsson, 1. landsk. þm.
31. Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.
32. Sighvatur Björgvinsson, 3. þm. Vestf.
33. Skúli Alexandersson, 4. þm. Vesturl.
34. Stefán Valgeirsson, 2. þm. Norðurl. e.
35. Steingrímur Hermannsson, 2. þm. Vestf.
36. Steinþór Gestsson, 2. þm. Suðurl.
37. Svavar Gestsson, 2. þm. Reykv.
38. Sverrir Hermannsson, 4. þm. Austurl.
39. Vilmundur Gylfason, 9. þm. Reykv.
40. Þórarinn Sigurjónsson, 1. þm. Suðurl.

Kosning forseta og skrifara.

Gengið var til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Sverrir Hermannsson, 4. þm. Austurl., með 38 atkv. — Einn seðill var ógildur.

Hinn kjörni forseti tók við fundarstjórn.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég þakka traust mér sýnt. Nú fer fram kjör 1. varaforseta hv. deildar.

Fyrsti varaforseti var kosinn

Alexander Stefánsson, 1. þm. Vesturl., með 32 atkv. — Guðmundur J. Guðmundsson, 7. þm. Reykv., hlaut 1 atkv., en 6 seðlar voru auðir.

Annar varaforseti var kosinn
Garðar Sigurðsson, 4. þm. Suðurl, með 35 atkv. — 2 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var ÓÞÞ, á B-lista HBl. — Þar sem eigi voru fleiri menn tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvgr.:
Ólafur Þ. Þórðarson, 5. þm. Vestf., og
Halldór Blöndal, 7. landsk. þm.

Sætaskipun.

Hlutað var um sæti deildarmanna samkv. þingsköpum og fór sætahlutunin á þessa leið:

11. sæti hlaut Albert Guðmundsson.
12. — — Jósef H. Þorgeirsson.
13. — — Páll Pétursson.
14. — — Ingólfur Guðnason.
15. — — Halldór Ásgrímsson.
16. — — Friðrik Sophusson.
17. — — Þórarinn Sigurjónsson.
18. — — Karvel Pálmason.
19. — — Garðar Sigurðsson.
20. — — Guðmundur G. Þórarinsson.
21. — — Árni Gunnarsson.
22. — — Birgir Ísl. Gunnarsson.
23. — — Guðmundur J. Guðmundsson.
24. — — Guðrún Helgadóttir.
25. — — Jóhanna Sigurðardóttir.
26. — — Matthías Á. Mathiesen.
27. — — Magnús H. Magnússon.
28. — — Sighvatur Björgvinsson.
29. — — Vilmundur Gylfason.
30. — — Eggert Haukdal.
31. — — Steinþór Gestsson.
32. — — Ólafur G. Einarsson.
33. — — Skúli Alexandersson.
34. — — Geir Hallgrímsson.
35. — — Alexander Stefánsson.
36. — — Benedikt Gröndal.
37. — — Pétur Sigurðsson.
38. — — Stefán Valgeirsson.
39. — — Jóhann Einvarðsson.
40. — — Matthías Bjarnason.

Sameinað þing, 2. fundur.

Mánudaginn 13. okt., kl. 2 miðdegis.

Kosning í fastanefndir skv. 15. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu fram þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals hverju sinni og menn skyldi kjósa. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Fjárveitinganefnd.
Þórarinn Sigurjónsson (A),
Lárus Jónsson (B),
Geir Gunnarsson (A),
Friðrik Sophusson (B),
Karvel Pálmason (C),
Alexander Stefánsson (A),
Guðmundur Karlsson (B),
Guðmundur Bjarnason (A),
Eggert Haukdal (B).

2. Utanríkismálanefnd.
Aðalmenn:
Halldór Ásgrímsson (A),
Geir Hallgrímsson (B),
Ólafur Ragnar Grímsson (A),
Albert Guðmundsson (B),
Benedikt Gröndal (C),
Jóhann Einvarðsson (A),
Eyjólfur Konráð Jónsson (B).

Varamenn:
Guðmundur Bjarnason (A),
Matthías Á. Mathiesen (B),
Guðrún Helgadóttir (A),
Friðjón Þórðarson (B),
Karl Steinar Guðnason (C),
Guðmundur G. Þórarinsson (A),
Birgir Ísl. Gunnarsson (B).

3. Atvinnumálanefnd.
Halldór Ásgrímsson (A),
Eggert Haukdal (B),
Garðar Sigurðsson (A),
Friðrik Sophusson (B),
Magnús H. Magnússon (C),
Ólafur Þ. Þórðarson (A),
Egill Jónsson (B).

4. Allsherjarnefnd.
Páll Pétursson (A),
Halldór Blöndal (B),
Guðrún Helgadóttir (A),
Birgir Ísl. Gunnarsson (B),
Jóhanna Sigurðardóttir (C),
Guðmundur G. Þórarinsson (A),
Steinþór Gestsson (B).

Kosning þingfararkaupsnefndar.

Forseti (Jón Helgason): Það hefur komið fram ósk um að frestað verði kosningu þingfarakaupsnefndar. Er því leitað afbrigða um frestun kosningarinnar.

ATKVGR.

Afbrigði um frestun á kosningu þingfararkaupsnefndar samþ. með 52:2 atkv.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég get út af fyrir sig fellt mig við þessa aðferð, að frestað sé kjöri þingfararkaupsnefndar með því að leita afbrigða. Að vísu vill svo til að ekkert er í þingsköpum um þetta þannig að tæpast verður talið að hér sé um afbrigði frá þingsköpum að tefla, en allt að einu hefur þessi háttur verið á hafður, að fella þetta að þingsköpum í afgreiðslu á kosningu nefndarinnar. Á hitt ber að líta, að hér gilda um þetta sérstök lög og kveðið er svo á um í þingfararkaupslögum,

í 9. gr., að í upphafi þings skuli kosin þingfararkaupsnefnd. Fyrir því er það, að umboð það, sem þingfararkaupsnefnd, sem kosin var á síðasta þingi, hafði, er fallið úr gildi með öllu.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég tók svo eftir að orðalagið hafi verið það, að komið hafi fram beiðni um að fresta kosningu þingfararkaupsnefndar. Hvaðan kom sú beiðni?

Forseti (Jón Helgason): Ég sagði að það hefði komið fram ósk um það, og það var m. a. frá forsetum þingsins.

Efri deild, 2. fundur.

Mánudaginn 13. okt., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Kosning í fastanefndir skv. 15. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu fram þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa hverju sinni. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Fjárhags- og viðskiptanefnd.
Davíð Aðalsteinsson (A),
Eyjólfur Konráð Jónsson (B),
Ólafur Ragnar Grímsson (A),
Lárus Jónsson (B),
Guðmundur Bjarnason (A),
Kjartan Jóhannsson (C),
Gunnar Thoroddsen (B).

2. Samgöngunefnd.
Stefán Guðmundsson (A),
Guðmundur Karlsson (B),
Stefán Jónsson (A),
Egill Jónsson (B),
Jón Helgason (A),
Eiður Guðnason (C),
Lárus Jónsson (B).

3. Landbúnaðarnefnd.
Jón Helgason (A),
Egill Jónsson (B),
Helgi Seljan (A),
Þorv. Garðar Kristjánsson (B),
Davíð Aðalsteinsson (A),
Eiður Guðnason (C),
Eyjólfur Konráð Jónsson (B).

4. Sjávarútvegsnefnd.
Stefán Guðmundsson (A),
Guðmundur Karlsson (B),
Geir Gunnarsson (A),
Gunnar Thoroddsen (B),
Guðmundur Bjarnason (A),
Kjartan Jóhannsson (C),
Egill Jónsson (B).

5. Iðnaðarnefnd.
Stefán Guðmundsson (A),
Þorv. Garðar Kristjánsson (B),
Stefán Jónsson (A),
Gunnar Thoroddsen (B),
Davíð Aðalsteinsson (A),
Kjartan Jóhannsson (C),
Egill Jónsson (B).

6. Félagsmálanefnd.
Stefán Guðmundsson (A),
Þorv. Garðar Kristjánsson (B),
Ólafur Ragnar Grímsson (A),
Salome Þorkelsdóttir (B),
Guðmundur Bjarnason (A),
Karl Steinar Guðnason (C),
Guðmundur Karlsson (B).

7. Heilbrigðis- og tryggingnefnd.
Davíð Aðalsteinsson (A),
Gunnar Thoroddsen (B),
Helgi Seljan (A),
Salome Þorkelsdóttir (B),
Jón Helgason (A),
Karl Steinar Guðnason (C),
Lárus Jónsson (B).

8. Menntamálanefnd.
Jón Helgason (A),
Þorv. Garðar Kristjánsson (B),
Ólafur Ragnar Grímsson (A),
Salome Þorkelsdóttir (B),
Davíð Aðalsteinsson (A),
Karl Steinar Guðnason (C),
Gunnar Thoroddsen (B).

9. Allsherjarnefnd.
Stefán Guðmundsson (A),
Eyjólfur Konráð Jónsson (B),
Stefán Jónsson (A),
Egill Jónsson (B),
Jón Helgason (A),
Eiður Guðnason (C),
Salome Þorkelsdóttir (B).

Þegar kosið var í menntmn. mælti

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Háttvirta deild. Ég sé það þegar af þeim kosningum, sem hér hafa farið fram, að það hefur gerst að ráðherra, meira að segja forsrh. hæstv., hefur verið kosinn þegar í fimm fastanefndir þessarar deildar. Reglan hefur verið sú, að ráðh. hafa ekki verið kjörnir í starfsnefndir eða fastanefndir deilda eða þings. Það má reyndar segja að sú regla, að ráðh. séu ekki í fastanefndum, sé í samræmi við þá grundvallarreglu sem stjórnarskráin gerir ráð fyrir um aðskilnað löggjafarvalds og framkvæmdavalds. Það má líka líta svo á, að löggjafanum sé ætlað að líta eftir framkvæmdavaldinu og að fastanefndir þingsins hafi einmitt hlutverki að gegna í þeim efnum og hafi gengt slíku eftirlitshlutverki. Um eftirlit af þessu tagi gildir að sjálfsögðu almennt að óháðir aðilar séu settir til eftirlitsins, en að menn séu ekki að líta eftir sjálfum sér, eins og gerist ef ráðherrar eru kjörnir í fastanefndir þingsins.

Þótt það muni ekki vera bannað að kjósa ráðherra í þessar starfsnefndir þingsins og það séu fyrir hendi dæmi um að það hafi gerst, þá er það engu að síður svo, að aðalreglan hefur verið að það gerðist ekki. Sú aðalregla er sannarlega í samræmi við hugmyndina um aðskilnað framkvæmdavalds og löggjafarvalds. Og þessi regla á sannarlega rétt á sér.

Það hefur sem sagt gerst hér í þessari hv. deild, að þessi regla er þverbrotin, ekki einu sinni, ekki tvisvar, ekki þrisvar, heldur þegar fimm sinnum. Og það hefur gerst með þeim hætti að það er sami maðurinn sem kosinn er í öll skiptin. Og það er meira að segja verkstjóri ríkisstj., sjálfur hæstv. forsrh. Um það, að þetta gerist, að hæstv. forsrh. sé kosinn í fimm fastanefndir, eru áreiðanlega engin fordæmi. (Gripið fram í.) Ég get ekki látið hjá líða að mótmæla þessu. Þetta er andstætt þeirri hefð sem hefur verið að myndast hér í þinginu. Þetta er spor aftur á bak lýðræðislega séð. Og þetta er ekki í góðu samræmi við hugmyndirnar um aðskilnað löggjafarvalds og framkvæmdavalds. — Þetta vildi ég að kæmi skýrt fram, herra forseti.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Í sumum þingræðislöndum er svo ákveðið, þegar þingmenn verða ráðherrar, taka sæti í ríkisstj., að þá hætti þeir þingmennsku a. m. k. um stund og varamenn komi í staðinn. Þetta er ekki í okkar lögum eða stjórnarskrá. Hér á landi hefur það verið þannig um langan aldur, með fáum undantekningum, að alþingismenn eiga sæti í ríkisstjórn. Þeim er skylt að sækja þingfundi og taka að sér öll þau störf sem þeim eru falin. Ráðherrar eru ekki undanþegnir skyldum og réttindum þingmanna þótt þeir eigi sæti í ríkisstjórn. Þess vegna er ekkert því til fyrirstöðu, að ráðherra sé kosinn í og taki sæti í þingnefnd.

Það, sem hv. þm. hreyfði hér, er hans sjónarmið sem á væntanlega við þegar stjórnarskrá íslenska ríkisins verður breytt næst. Það er sjálfsagt að taka þessa hugmynd hans til umræðu á næstu fundum stjórnarskrárnefndarinnar.

Neðri deild, 2. fundur.

Mánudaginn 13. okt. að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Kosning í fastanefndir skv. 15. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu fram hverju sinni þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Fjárhags- og viðskiptanefnd.
Halldór Ásgrímsson (A),
Matthías Á. Mathiesen (B),
Guðmundur J. Guðmundsson (A),
Albert Guðmundsson (B),
Sighvatur Björgvinsson (C),
Ingólfur Guðnason (A),
Matthías Bjarnason (B).

2. Samgöngunefnd.
Stefán Valgeirsson (A),
Friðjón Þórðarson (B),
Skúli Alexandersson (A),
Steinþór Gestsson (B),
Árni Gunnarsson (C),
Alexander Stefánsson (A),
Halldór Blöndal (B).

3. Landbúnaðarnefnd.
Stefán Valgeirsson (A),
Pétur Sigurðsson (B),
Skúli Alexandersson (A),
Eggert Haukdal (B),
Árni Gunnarsson (C),
Þórarinn Sigurjónsson (A),
Steinþór Gestsson (B).

4. Sjávarútvegsnefnd.
Halldór Ásgrímsson (A),
Matthías Bjarnason (B),
Garðar Sigurðsson (A),
Pétur Sigurðsson (B),
Karvel Pálmason (C),
Páll Pétursson (A),
Halldór Blöndal (B).

5. Iðnaðarnefnd.
Páll Pétursson (A),
Jósef H. Þorgeirsson (B),
Skúli Alexandersson (A),
Pálmi Jónsson (B),
Magnús H. Magnússon (C),
Guðmundur G. Þórarinsson (A),
Birgir Ísl. Gunnarsson (B).

6. Félagsmálanefnd.
Alexander Stefánsson (A),
Friðrik Sophusson (B),
Guðmundur J. Guðmundsson (A),
Eggert Haukdal (B),
Jóhanna Sigurðardóttir (C),
Jóhann Einvarðsson (A),
Steinþór Gestsson (B).

7. Heilbrigðis- og tryggingnefnd.
Jóhann Einvarðsson (A),
Matthías Bjarnason (B),
Guðrún Helgadóttir (A),
Pétur Sigurðsson (B),
Magnús H. Magnússon (C),
Guðmundur G. Þórarinsson (A),
Pálmi Jónsson (B).

8. Menntamálanefnd.
Ingólfur Guðnason (A),
Ólafur G. Einarsson (B),
Guðrún Helgadóttir (A),
Halldór Blöndal (B),
Vilmundur Gylfason (C),
Ólafur Þ. Þórðarson (A),
Friðjón Þórðarson (B).

9. Allsherjarnefnd.
Ólafur Þ. Þórðarson (A),
Jósef H. Þorgeirsson (B),
Garðar Sigurðsson (A),
Friðrik Sophusson (B),
Vilmundur Gylfason (C),
Ingólfur Guðnason (A),
Eggert Haukdal (B).

Þegar kosið var í menntmn. mælti

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Það er athyglisvert við þá nefndakosningu, sem hér hefur farið fram, að í þrjár nefndir hafa sitjandi ráðherrar verið kjörnir nefndarmenn og í eina mikilvæga nefnd hefur varamaður verið kjörinn, einnig sitjandi ráðherra.

Nú er það svo, að enginn bókstafur er í lögum, hvorki í stjórnarskrá né þingsköpum, sem beinlínis bannar að ráðh., sem eru kjörnir þingmenn, geti setið í þingnefndum. En fræðimaðurinn Ólafur Jóhannesson komst að þeirri niðurstöðu, þegar hann skrifaði sína þekktu bók, að þetta hefði ekki tíðkast hér á landi. Nú hefur sú breyting orðið á allra síðustu tímum, að þetta gerist í vaxandi mæli. Ég vil hins vegar benda á, að samkv. upphafi stjórnarskrárinnar, eða nákvæmlega tiltekið 2. gr., á að vera hér á landi aðskilið löggjafarvald og framkvæmdavald. Það er ómögulegt annað en mótmæla því, þegar sjálfir ráðh., sem eru að forseta Íslands undanskildum æðstu menn framkvæmdavaldsins, setjast í hópum í þær nefndir, sem eru virkasti málefnalegur starfsvettvangur í sjálfu löggjafarþinginu. Nú er ráðh. raðað í þingnefndir, þó hvert einasta mannsbarn viti að það er algjörlega útilokað að þeir geti rækt störf sín þar. Þeir hafa miklu meira en nóg að gera við að fylgjast með málum sínum í deildum og sameinuðu þingi og hafa ráðherrastörfin að auki.

Það hefur verið óvenjulegt tímabil síðan í síðustu kosningum í desember. Látum það gott heita þó eitthvað bregði út af þegar þannig stendur á og stjórn er skipuð eftir að nefndir hafa verið kosnar. En á nýju þingi er þetta óafsakanlegt með öllu. Með því að gera þetta er núverandi ríkisstj. og Sjálfstfl., sem mun einn eiga hlut að máli, að gera störf Alþingis beinlínis háðuleg. Það er verið að hæðast að þinginu með því að setja menn yfirhlaðna af framkvæmdastörfum inn í hjarta sjálfs löggjafarvaldsins, þó að stjórnarskráin setji það grundvallaratriði, að hér eigi að vera aðskilið löggjafarvald og framkvæmdavald. Það, sem við þekkjum af hugmyndum í næstu löndum, sem oft eru ræddar hér, gengur frekar í hina áttina, að við ættum að taka upp kerfi Norðmanna og láta ráðh. ekki gegna þingstörfum, heldur losa þá undan þeim meðan þeir fara með framkvæmdavaldið í ráðuneytum.

Þetta er allt næsta furðulegt og ég vara alvarlega við þessari þróun. Þetta er of alvarlegt mál til að hafa það að leiksoppi, bara af því að það hentar mönnum við það að reikna saman flokka og brot klofinna flokka í eitt skipti. Ég mótmæli enn á ný eindregið því, að það skuli vera gert hvað eftir annað, — og þar með skuli Alþingi leggja blessun sína yfir það, — að ráðh. sitji í fjöldamörgum nefndum. Þær eru nú orðnar fjórar hér í Nd. Ég veit ekki hvað þær verða margar í hinni deildinni eða hvað hæstv. forsrh. getur bætt á sig mörgum nefndum ofan á önnur störf.

Þetta taldi ég rétt að kæmi fram, herra forseti, áður en nefndakosningu lýkur.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Frá mínum bæjardyrum ræður úrslitum það atriði sem hv. 4. þm. Reykv. minntist sjálfur á, að enginn stafur er um það í þingsköpum, að ráðh. megi ekki sitja eða geti ekki tekið kjöri í nefndir.

Sameinað þing, 3. fundur.

Þriðjudaginn 14. okt., kl. 2 miðdegis.

Beiðni um skýrslu um málefni Flugleiða (þskj. 9). — Hvort leyfð skuli.

ATKVGR.

Beiðnin leyfð með 40 shlj. atkv.

Iðnaður á Vesturlandi, þáltill. (þskj. 10). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Samgöngur um Hvalfjörð, þáltill. (þskj. 11). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Efri deild, 3. fundur.

Miðvikudaginn 15. okt., kl. 2 miðdegis.

Skráning á upplýsingum, er varða einkamálefni, frv. (þskj. 2). — 1. umr.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Frv. það á þskj. 2 um skráningu á upplýsingum er varða einkamálefni, sem hér liggur fyrir hv. Ed., var lagt fyrir Alþ. seint á síðasta þingi og mælti ég þá fyrir því. Ég tel ekki ástæðu til að endurtaka allt það sem kom fram í þeirri framsögu, en vísa aðeins til þess, að vaxandi umræða hefur verið um þörf á löggjöf á þessu sviði, sbr. þingsályktunartillögur á liðnum áratug svo og nefndarskipun og samningu þessa frv. sem nú er lagt fram óbreytt eins og það var lagt fram á s. l. vori. Ég vil aðeins endurtaka ábendingu um þau höfuðsjónarmið sem liggja til grundvallar þessari frumvarpsgerð, en hún er sú, að brýn nauðsyn sé á löggjöf um tölvunotkun og verndun hagsmuna borgaranna í því sambandi. Slík löggjöf hefur alls staðar verið sett á síðustu árum allt í kringum okkur og þó að þróun á beitingu tölvutækni hafi verið hægari hér en umhverfis okkur er ljóst að ekki má við svo búið standa.

Ég minni á skyldleika þessa frv. við frv. það sem hér er næst á dagskránni. Þau mál verða bæði vonandi skoðuð í samhengi hjá þeim n. sem um þau fjalla. Ég vísa að öðru leyti til hinnar ítarlegu grg. sem þessu frv. fylgir.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Upplýsingar hjá almannastofnunum, frv. (þskj. 3). — 1. umr.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Frv. það um aðgang að upplýsingum hjá almannastofnunum á þskj. 3, sem hér er lagt fyrir hv. Ed., er lagt fram óbreytt frá því sem upphaflega lá fyrir þinginu 1977—1978 og aftur var lagt fyrir þingið 1978—1979. Á því þingi lágu upplýsingar fyrir hjá hv. allshn. d. um að í undirbúningi væri lagafrv. um tölvuskráningu upplýsinga um einkamálefni. Taldi n. æskilegt að geta skoðað þessi frv. samhliða, þar sem þau vörðuðu skyld efni. Frv. voru svo lögð fram á s. l. vori tiltölulega stuttu fyrir þinglok og hafa því ekki getað fengið umfjöllun samtímis í nefndum.

Svo sem kunnugt er hefur verið nokkur ágreiningur um það, hvort frv. um upplýsingaskyldu leysi á fullnægjandi hátt úr þörf fyrir löggjöf á þessu sviði, en ábendingar hefur skort um betri leiðir. Væri æskilegt að nefndir þær eða nefnd, sem nú fær málið til meðferðar, reyndi að stefna málsmeðferðinni inn á nýjar brautir við athuganir sínar, þar sem umræða um það hin síðustu ár hefur verið næsta ófrjó þannig að ekkert hefur miðað áfram.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Þetta frv. er vissulega, eins og hæstv. ráðh. gat um, ekki nýtt hér á þingi, heldur hefur í ýmsum myndum komið hér hvað eftir annað til umr. án þess þó að hljóta afgreiðslu. Hér er þó vissulega um brýnt mál að ræða, því það er ekki aðeins misbrestur á því, að almenningur eigi nægilegan aðgang að upplýsingum hjá almannastofnunum svo og fjölmiðlar og um það gildi fastmótaðar reglur, heldur er líka verulegur misbrestur á því, að t. d. þingnefndir fái þær upplýsingar sem þurfa þykir frá rn. og ýmsum öðrum stjórnvöldum. Um þetta vil ég gjarnan mega nefna eitt dæmi.

Um það hafa staðið nokkrar deilur nú á haustdögum, hvernig staðið var að kaupum þyrlu til handa Landhelgisgæslunni. Ekki er um það deilt, hvort Landhelgisgæslan þurfti þyrlu eða hvernig þyrlu hún skyldi festa kaup á, heldur einungis um það, hvernig að málinu var staðið. Ég tel sjálfsagt, rétt og eðlilegt að Landhelgisgæslan hafi yfir að ráða björgunarþyrlu til notkunar hér. Um það er alls ekki deilt, heldur eingöngu það, hvernig staðið var að málinu.

Í sumar, nánar tiltekið 22. júlí, var haldinn fundur í undirnefnd fjvn. þar sem mætti ráðuneytisstjóri dómsmrn., einn af höfundum þessa ágæta frv., ef mér skjátlast ekki, og með honum forstjóri Landhelgisgæslunnar. Þá óskaði undirnefnd fjvn. eftir að fá í sínar hendur öll gögn og bréfaviðskipti er vörðuðu þessi frægu að endemum þyrlukaup. Því var svarað að þetta væri alveg sjálfsagt. Síðan gerðist ekki nokkur skapaður hlutur. Hinn 1. okt. s. l. mætti ráðuneytisstjóri dómsmrn. enn, og nú á fund fjvn. fullskipaðrar, og enn var óskað eftir því, að n. fengi í hendur gögn er vörðuðu þessi kaup, þ. á m. fyrrgreind bréfaskipti, — og enn hefur ekkert gerst. — Ég veit í rauninni ekki hvað það er sem þarf að gerast til þess að þingnefndir geti aflað þeirra upplýsinga sem nauðsynlegar eru frá rn. og ríkisstofnunum ef tregðulögmálið er allsráðandi hjá þeim embættismönnum sem þar sitja að völdum.

Það er auðvitað gjörsamlega óviðunandi, að þingnefndir skuli ekki fá þær upplýsingar sem óskað er eftir, og þess vegna hlýtur að vera brýnt að setja um það löggjöf og fastar reglur. En kannske mætti líka hafa þessa löggjöf nokkru víðtækari og fjalla þar um upplýsingaskyldu ríkisstjórnar gagnvart Alþingi. Á þetta minni ég vegna þess að fimmtudaginn 18. sept. birtist viðtal í Morgunblaðinu við hæstv. dómsmrh. um þetta margumtalaða þyrlumál og hvernig að þeim kaupum var staðið, þar sem segir orðrétt, með leyfi forseta:

„„Kaupin eru löngu ákveðin sem kunnugt er," sagði dómsmrh., „hugmyndin er frá árinu 1974 og kaupin síðan ákveðin árið 1976. Þá var greitt inn á vélina og aftur síðar. Ekki varð því aftur snúið með þessi kaup, — og ekki í rauninni áhugi heldur á að hætta við þau.""" Síðan segir — og taki nú hv. dm. eftir: „„En er lánsfjáráætlun fyrir 1980 var gerð var af eðlilegum ástæðum reynt að hafa hana sem lægsta og þyrlukaupin ekki færð þar inn á.""

Hér sé ég ekki betur, ef þessi ummæli eru rétt eftir hæstv. ráðh. höfð, — og ég hef ekki séð þau leiðrétt á neinum vettvangi, — en að hér hafi Alþ. beinlínis verið blekkt og lögð fram lánsfjáráætlun þar sem 800 millj. kr. fjárfestingu í þyrlu handa Landhelgisgæslunni var sleppt svo að lánsfjáráætlunin yrði ekki of há. Þetta hljóta líka að verða gjörsamlega óviðunandi vinnubrögð.

Ég ítreka það sem ég sagði áðan, að hér er ekki verið að deila á það, að þessi þyrla skuli hafa verið keypt, heldur eingöngu það, hvernig að kaupunum var staðið. Þau voru aldrei borin undir fjvn. og að því er ég best veit samþykkt fyrst formlega í ríkisstj. þegar þyrlan var í þann veginn að leggja af stað hingað til landsins með varðskipi. — Þetta er ekki í fyrsta skipti sem flugvélakaup ríkisstofnunar ber að með svona hætti. Auðvitað eru þetta líka fullkomlega óeðlileg vinnubrögð.

Ég vona að frv. það, sem hér er til umr. og fjallar um aðgang að upplýsingum hjá almannastofnunum og rétt almennings og þá væntanlega líka rétt þingnefnda og Alþ. til að fá upplýsingar hjá ríkisstjh. og ráðh., fái hér ítarlega umfjöllun og verði sent þeim aðilum til umsagnar sem málið snertir, eins og t. d. Blaðamannafélagi Íslands, sem á hér verulegra hagsmuna að gæta, svo og þeim aðilum öðrum sem rétt þykir að málið skoði. En mikilvægt held ég sé að þetta frv. gangi ekki enn einu sinni aftur hér á Alþ., heldur verði nú undinn bráður bugur að því að afgreiða það ásamt því frv. sem hæstv. dómsmrh. mælti hér fyrir á undan.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður, Eiður Guðnason, 5. þm. Vesturl., hefur nú séð ástæðu til að leggja lykkju á leið sína, eins og stundum fyrr, og minnast á þyrlukaupin í hinni almennu umræðu um frv. til 1. um upplýsingar hjá almannastofnunum. Ég sé ekki ástæðu til að gera þau kaup að löngu umræðuefni hér á þessum stað, en sjálfsagt er að gefa

Alþ. skýrslu um slík kaup og hana sem sannasta og réttasta. Á hitt er að líta, að við hv. þm. voru báðir í fjvn. þangað til í gær eða svo og hefði því verið innan handar fyrir hann að spjalla við mig um þessi mál meðan við áttum þar sæti báðir. Nú erum við hins vegar báðir fyrrverandi á þeim vettvangi. Hann hefur ekki séð ástæðu til þess, þó að við séum þar að auki þm. sama kjördæmis og vel fari á með okkur yfirleitt.

Það var eitt og annað athyglisvert sem kom fram í máli hans, sem vakti hann til umhugsunar þegar hann sá þetta frv. Ég endurtek að ég mun, ef þingheimur óskar þess, gefa skýrslu um þessi títt nefndu þyrlukaup hvenær sem þess verður óskað, þó ég geri það ekki hér úr þessu ræðustóli í dag.

Ég vil aðeins segja það, sem mönnum hefur stundum sést yfir í sambandi við þyrlukaupin, að meginatriðið er að þar var verið að endurnýja þyrlu sem Landhelgisgæslan átti og fórst að mig minnir 3. okt. 1975. Ég hygg að flestir hv. alþm. séu þeirrar skoðunar að verið hafi full þörf á að fá vél í stað þeirrar sem brotlenti 1975, og að ekki sé með ólíkindum sá hraði á þeim málum, að það taki fimm ár að afla vélar í stað þeirrar sem fórst.

Annars ætla ég ekki, eins og ég sagði, að gera þetta mál frekar að umtalsefni nú í dag. En ég vonast eftir því, þar sem þessi tvö náskyldu mál á þskj. 2 og 3 eru nú lögð fram svo snemma þings, að hv. allshn. gefist nægur tími og gnótt tækifæra til að gaumgæfa þau og meginefni þeirra og stuðla að því, að þau verði að lögum a. m. k. áður en þingi lýkur.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Bara örfá orð til áréttingar, vegna þess að ég heyrði ekki betur en að hæstv. dómsmrh. hefði á einhvern hátt misskilið mín orð. Ég er ekki að deila á það, að þyrla skuli hafa verið keypt, heldur eingöngu á málsmeðferðina gagnvart fjárveitingavaldinu, — ekkert annað og aftur ekkert annað. Um hitt er ekki deilt.

Hins vegar er það rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að við áttum báðir sæti í fjvn. og ræddum raunar þessi mál þar. Núv. ríkisstj. hefur tekið þann hátt upp að skipa ráðherra í auknum mæli til starfa í þingnefndum. Af þeirri reynslu, sem ég hef í fjvn. af ágætu samstarfi við hæstv. dómsmrh., sýnist mér að annir ráðherra og embættisstörf séu með þeim hætti, að þeir hafi ekki mjög mikinn tíma til nefndarstarfa, og það er auðvitað slæmt.

Ég kvaddi mér hljóðs áðan aðeins til að vekja athygli á þeirri staðreynd, að fjvn. Alþingis hefur tvisvar óskað eftir upplýsingum frá dómsmrn., fyrst 22. júlí í sumar og síðan 1. okt., og þær upplýsingar hafa enn ekki borist. Svo einfalt er þetta mál.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég vil nota tækifærið til þess að taka undir ýmislegt af því sem fram hefur komið í máli fyrrv. formanns fjvn. Þetta mál er dæmigert um það, hvernig ekki á að standa að ákvörðunum um slík efni sem þetta. Ég er honum alveg sammála um það, að um það er ekki deilt, hvort eigi að kaupa þyrlu fyrir þá þyrlu sem fórst á sínum tíma, heldur er hér einvörðungu um að ræða hvort rétt hafi verið að þessari ákvörðun staðið, hvort ekki hefði verið rétt að fjárveitingavaldið fjallaði sérstaklega um þessa ákvörðun á sínum tíma.

Hv. þm. vita að fjárveitingavaldið er í höndum Alþingis, og mér vitanlega hefur þetta mál aldrei komið til kasta eða ákvörðunar Alþingis. Samt sem áður eru þessi kaup fullgerð. Hér hlýtur að vera pottur brotinn, og ég fanga því, að hæstv. dómsmrh. hyggst láta mönnum í té upplýsingar um þetta mál. Ég hygg að þetta sé einmitt víti til varnaðar. Við eigum ekki að vinna svona að ákvörðun mála, hversu þörf sem þau eru. Og ég vænti þess, að út úr þessum upplýsingum frá hæstv. ráðh. komi það, að þm. sjái glöggt að við svo búið má ekki standa ef taka á réttar ákvarðanir af réttum aðilum um ríkisfjármálin.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Ég harma það, að það skuli hafa farist fyrir að láta hv. fjvn. í té þær upplýsingar sem hv. fyrrv. formaður hennar sagði að hún hefði tvívegis beðið dómsmrn. um. Ég sé ekki nokkra ástæðu til þess að leyna neinu í sambandi við þessi kaup, aðeins skýra satt og rétt frá málinu, eins og það hefur gerst frá upphafi til enda. En ég vil aðeins spyrja hv. þm., sem hér hafa stigið í stólinn, — eða stigið upp í þyrluna, mætti e. t. v. segja, af því hana bar á góma, — um það, hvað fjvn. hefur á undanförnum árum eytt miklum tíma í að fjalla um lánsfjáráætlun. Ég ætla að sá tími hafi ekki verið ýkjalangur, hvorki á síðasta þingi né heldur á liðnum árum eftir að farið var að gera lánsfjáráætlun. Það væri gaman að fá það upplýst, hvað löngum tíma hefur verið varið í að ræða almennt um lánsfjáráætlunina á þeim vettvangi, hvað þá einstaka þætti hennar.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Fjvn. hefur oftast, þegar skaplega hefur verið að málum staðið, fengið lánsfjáráætlun ríkisstj. til upplýsinga áður en fjárlög voru afgreidd. Það tel ég höfuðnauðsyn að gert sé, vegna þess að fjárlög og lánsfjárlög, eins og þau hafa verið kölluð í seinni tíð, eru nátengd, eins og hv. þm. er kunnugt. Hins vegar er það svo, að þingsköp kveða á um að fjvn. taki ekki afstöðu til lánsfjáráætlunar. En hún hefur talið að hún eigi að fá upplýsingar um lánsfjáráætlun hverju sinni, og í rauninni eru það engin vinnubrögð að hún fái ekki upplýsingar um hana áður en fjárlög eru afgreidd hverju sinni. En það er fjh.- og viðskn. sem taka afstöðu til lánsfjáráætlunar. Ég verð því að svara hæstv. dómsmrh. þannig, að það er ekki eðlilegt að hv. fjvn. hafi eytt löngum tíma í afgreiðslu lánsfjáráætlunar. Hins vegar er mér fullkunnugt um það, að hv. fjh.- og viðskn. beggja deilda hafa eytt löngum tíma í að taka afstöðu til lánsfjáráætlunar hverju sinni. Það eru þær nefndir þingsins sem hefðu átt að taka ákvörðun um þetta mál, ef það hefði átt að bera að sem lánsfjáráætlunarmál.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Neðri deild, 3. fundur.

Miðvikudaginn 15. okt., kl. 2 miðdegis.

Kennaraháskóli Íslands, frv. (þskj. 13). — 1. umr.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir, var flutt á síðasta þingi og þá talað

fyrir því og það kynnt. Það komst til nefndar, en fékk þar ekki fullnaðarafgreiðslu, enda kom málið heldur síðla fram á þinginu.

Um þetta mál er það að segja, að það er ekki viðamikið, ekki stórt í sniðum. Það er alls fjórar greinar. Ég hef leyft mér að flytja þetta frv. í þessum búningi fyrir alveg sérstök tilmæli og ósk rektors og skólastjórnar Kennaraháskólans.

Eins og menn þekkja eru gildandi lög um Kennaraháskólann um það bil níu ára gömul. Þau voru sett vorið 1971. Var gert ráð fyrir því, þegar þessi lög voru sett 1971, að þau yrðu endurskoðuð í heild. Það er ákvæði um það í lögunum, að þau skuli endurskoðuð að tveimur árum liðnum. Sú endurskoðun átti því að fara fram 1973 og *þáv. menntmrh. skipaði nefnd til verksins.* Endurskoðunin fór fram og endurskoðunarnefndin samdi nokkuð ítarlegt frv. um breytingar á kennaraháskólalögunum. Það frv. hefur tvisvar verið lagt fyrir Alþ., ég held fyrst 1976 og síðan aftur 1977, en síðan ekki söguna meir. Frv. var ekki verulega sinnt hér á Alþ. þegar það kom fram, og menn voru ekki við því búnir, að því er virtist, að fara út í mjög verulegar breytingar á lögunum.

Nú er þetta mál komið hér fram í þeim búningi sem samkomulag hefur orðið um við rektor Kennaraháskólans að það yrði flutt í. Að áliti hans og samstarfsmanna hans eru það mjög nauðsynlegar og eðlilegar breytingar sem þarna er um að ræða. Þær eru ekki stórkostlegar í neinum grundvallaratriðum.

Ég tek sem dæmi 1. gr. frv. sem er um breytingu á 4. gr. laganna. Þar er ekki um að ræða breytingar á greininni í heild. T. d. eru inntökuskilyrðin nákvæmlega hin sömu og verið hafa í lögunum og eru skilgreind með svipuðu orðalagi og tíðkast um inntökuskilyrði í háskóla. Breytingin varðar fyrst og fremst 4. tölulið 4. gr. kennaraháskólalaganna og fjallar um það, að skrásetningargjöld skuli tekin upp og skuli háð samþykki skólaráðs og menntmrh. Þetta er gert til þess að samræma aðstöðu og réttindi nemenda því sem gerist um stúdenta við Háskóla Íslands. Þetta er því eitt dæmið um það, að *verið er að koma inn í kennaraháskólalögin ákvæðum til* samræmis við ákvæði laga um Háskóla Íslands.

Um 2. gr. er það að segja, að þar er aðeins um breytingu að ræða til þess að samræma ákvæðin lögum um embættisgengi kennara og skólastjóra.

Í 3. gr. frv. segir: „Heimilt er að flytja lektor úr lektorsstöðu í dósentsstöðu samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.“ Þetta ákvæði, sem er nýtt í kennaraháskólalögunum, er í samræmi við það sem er í háskólalögunum. Þykir eðlilegt að lektor við Kennaraháskólann hafi sama rétt og lektorar við Háskólann, að það sé hægt að flytja þá í dósentsstöðu eftir þeim reglum, sem um það gilda. En menn verða að hafa gegnt lektorsstöðu tiltekinn tíma áður en þeir njóta þeirra réttinda að verða fluttir í dósentsstöðu.

Það er því ekki hægt að segja um þetta frv., að það valdi neinum stórbreytingum á lögunum um Kennaraháskólann. Hins vegar felur það í sér breytingar sem forráðamenn skólans telja æskilegt að gerðar verði á þessum nærri 10 ára gömlu lögum. Má segja að hér sé ekki um miklar breytingar að ræða miðað við það, að fyrir hafa legið tillögur um allmiklu víðtækari breytingar á þessum lögum frá endurskoðunarnefndinni sem ég nefndi fyrr og starfaði á árunum 1973—1976, að ég held.

Herra forseti. Ég held, að þetta mál sé tiltölulega auðskilið, og ég vænti þess, að hv. menntmn. taki þetta mál til eins skjótrar afgreiðslu og frekast er kostur. Ég legg til að þegar þessari umr. er lokið verði málinu vísað til hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til menntmn. með 25 shlj. atkv.

Sameinað þing, 4. fundur.

Fimmtudaginn 16. okt., kl. 2 miðdegis.

Kosning þingfararkaupsnefndar.

Forseti (Jón Helgason): Áður en þessi kosning fer fram vil ég skýra frá því, að á fundi forseta Alþingis og formanna þingflokka s. l. þriðjudag var samþykkt að fela þingfararkaupsnefnd þeirri, sem nú verður kosin, að ganga frá frv. um breyt. á lögum um þingfararkaup í samræmi við ákvörðun sem tekin var um það á s. l. sumri.

Við kosningu nefndarinnar kom fram einn listi. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Jón Helgason,
Sverrir Hermannsson,
Helgi Seljan,
Ólafur Ragnar Grímsson,
Ólafur G. Einarsson,
Páll Pétursson,
Sighvatur Björgvinsson.

Rafknúin samgöngutæki, þáltill. (þskj. 17). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Réttarstaða fólks í óvígðri sambúð, þáltill. (þskj. 19). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Félagsleg þjónusta fyrir aldraða, þáltill. (þskj. 23). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Beiðni um umræður utan dagskrár.

Forseti (Jón Helgason): Síðdegis í gær óskaði formaður þingflokks Sjálfstfl., hv. 3. þm. Reykn., eftir umr. utan dagskrár í dag um málefni Flugleiða. Ég benti hv. þm. á að daginn áður hefði Alþingi samþykkt samhljóða að leyfa beiðni um skýrslu frá samgrh. þar sem beðið er um allar upplýsingar um hag Flugleiða og áform ríkisstj. í málefnum félagsins, því væri rétt að athuga, hvenær sú skýrsla væri væntanleg, áður en horfið væri frá þeirri málsmeðferð sem Alþingi hefði samþykkt samhljóða.

Samgrh. hefur nú staðfest að þessari skýrslu verði

útbýtt n. k. mánudag og verður hún rædd hér n. k. þriðjudag. Ég tel ekki hafa komið fram tilefni til að breyta samþykkt Alþingis um meðferð þessa máls og leyfa umr. um það í dag utan dagskrár.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Forseti Sþ. hefur greint réttilega frá fundi okkar í gær. Ég átti satt að segja ekki von á því á þeim fundi, að hann mundi láta í ljós neina sérstaka ánægju yfir þeirri beiðni sem ég setti þar fram um að umræður yrðu leyfðar utan dagskrár um málefni Flugleiða. Svo varð auðvitað ekki. Það var enginn ánægjusvipur á hæstv. forseta á þessum fundi okkar. En af fyrri kynnum mínum við hæstv. forseta átti ég ekki heldur von á því, að hann mundi neita þessari beiðni, og það gerði hann ekki heldur þá.

Sumir menn kunna þá list að segja nei með þeim hætti að maður viti ekki fyrir víst hvort neiið hafi verið sagt. Ég held að hæstv. forseti sé einn af þessum mönnum, en ég held ég verði að taka orð hans hér áðan svo að hann hafi hafnað þessum tilmælum.

Synjun hæstv. forseta byggist á því, að væntanleg sé skýrsla sú sem þm. Alþfl. óskuðu eftir að þinginu yrði gefin. Ég vil segja það sem mína skoðun, að þessi væntanlega skýrsla er ekki aðalatriðið í þessu máli í dag. Hún verður eflaust gagnleg. Þar koma fram, að ég ætla, gagnlegar upplýsingar um gang þessa máls alls. En án þess að ég ætli að fara að gera þessa beiðni að sérstöku umræðuefni bendi ég á að þar er óskað eftir að greint verði frá öllum afskiptum ríkisstj. af Flugleiðamálinu og einnig hverjar þær skuldbindingar séu sem ríkisstj. hafi undirgengist og hyggist undirgangast í þessu máli.

Tilgangur með beiðni okkar sjálfstæðismanna um umr. utan dagskrár var í fyrsta lagi sá, að við vildum fá að vita hvenær ríkisstj. ætlaði sér að taka ákvörðun í þessu máli, hvenær væri að vænta frv. um stuðning við Flugleiðir, ef það frv. ætti að koma fram. Hæstv. fjmrh. greindi frá því í blaðaviðtali fyrir síðustu helgi, að frv. væri væntanlegt í þessari viku. Við erum nú á síðasta vinnudegi þingsins í þessari viku og þetta frv. hefur ekki séð dagsins ljós og ekki vitað til að það komi fram í dag. Við höfum haldið að ráðh. ætti að vera orðið ljóst að þetta mál þolir enga bið.

Þessi voru meginatriðin sem við vildum ræða í umræðum hér utan dagskrár í dag. En í banni hæstv. forseta fer ég auðvitað ekki út í efnisatriði þessa máls. En ég hlýt að gera alvarlega athugasemd við þá ákvörðun hæstv. forseta að leyfa ekki nú í dag umr. um þetta mikilvæga mál. Forseti hefur sýnt lipurð í þessum efnum yfirleitt, en ég þykist nú greina fingraför einhverra annarra á þessari ákvörðun hæstv. forseta.

Það má vera skiljanlegt að hæstv. ríkisstj. vilji ekki umr. um þetta mál hér á þinginu núna, — mál sem hún hefur ekki enn þá komið sér saman um. Ráðh. tala út og suður í þessu máli. Má kannske vænta þess, að þeir samræmi málflutning sinn á næstunni, þó ekki væri nema hæstv. fjmrh. og hæstv. samgrh. sem mest hafa með þetta mál að gera, svo að hinn síðarnefndi fái að hressast eitthvað. Hann hefur verið heldur óhress að undanförnu með málflutning kollega síns, hæstv. fjmrh. En nóg um þetta. — Ég mótmæli því, að svo mikilvægt mál fáist ekki rætt utan dagskrár hér í dag. Og ég hvet hæstv. forseta til að endurskoða þessa afstöðu sína nú.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég stend upp til að staðfesta að skýrslu þeirri, sem beðið hefur verið um, verður dreift n. k. mánudag, og ég er þeirrar skoðunar, að ólíkt skynsamlegra sé að ræða þetta mál eftir að hv. þm. hafa fengið þær upplýsingar í hendurnar. Með þessari skýrslu verður dreift þeim fskj. öllum sem menn þurfa að hafa til að geta rætt málið af skilningi. Ég hef jafnframt lagt til við forseta að umr. um þetta mál verði n. k. þriðjudag. Því felli ég mig ágætlega við úrskurð hæstv. forseta. Ég get jafnframt glatt hv. síðasta ræðumenn með því, að það er fullkomin samstaða í ríkisstj. um þetta mál.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Umr. utan dagskrár eru að sjálfsögðu einnig utan ramma þingskapa. Af þessu leiðir einfaldlega að ekki er hægt að ræða utan dagskrár mál sem liggur fyrir þinginu og hefur verið flutt samkvæmt gildandi reglum þingskapa.

Það er svo, að forseti Sþ. hefur, þar sem engin ákvæði eru í þingsköpum um slíkar umr., algjörlega á valdi sínu hvort hann leyfir þær eða ekki. En hann hlýtur að fara eftir því, að sé mál fyrir þinginu þessa dagana og hafi verið flutt eins og þingsköp gera ráð fyrir, þá getur hann ekki næsta starfsdag þings áður en mál á að koma til meðferðar, eins og verður með flutningi skýrslunnar á mánudag, leyft umr. um það mál utan dagskrár. Það er algjör fjarstæða. Þetta er hluti þingstarfa sem oft er nauðsynlegur, en á ekki að misnota á þann hátt sem mundi vera ef forseti leyfði slíkar umr. nú í dag.

Ég tel því að ómaklegt sé með öllu að vera með neins konar brigslyrði í garð forseta fyrir þessa meðferð málsins. Ég tel að sú afstaða, sem hann hefur tekið, sé rökrétt og sjálfsögð og engar forsendur séu fyrir því að rjúka í umr. og ryðja fyrir fram ákveðinni dagskrá frá vegna þessa máls í dag, þegar vitað er að sú skýrsla, sem beðið var um í upphafi þings, verður lögð fram á mánudag og rædd á þriðjudag.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég tek undir þau orð sem hér hafa verið látin falla um það, að ástæða sé til að harma þá synjun sem kom fram í að vísu óskýrum ummælum forseta í upphafi þessa fundar. Ég hélt satt að segja að dagskrá fundarins í dag væri ekki með þeim hætti, að það væri annað og merkara mál um að fjalla en þetta mál, sem stór hópur manna bíður eftir að heyrist eitthvað um frá ríkisstj. með skýrari hætti en hingað til hefur verið. Þess vegna þykir mér leitt að ekki var hægt að efna til þessara umr. og fá úr því akorið í eitt skipti fyrir öll, hver sé stefna ríkisstj. sameinaðrar í þessum málum.

Það hefur komið fram mjög nýlega, og það var tilefni þess að farið var fram á að þetta mál væri tekið hér til umr. utan dagskrár, að forráðamenn Flugleiða telja að ríkisstj. hafi ekki svarað ákveðnum spurningum sem nauðsynlegt er að svara til þess að ákvörðun stjórnar Flugleiða geti legið fyrir um það að haldið skuli áfram Atlantshafsfluginu. Þetta kemur skýrt fram í blaðaviðtali við forstjóra Flugleiða, Örn Ó. Johnson, bæði í Morgunblaðinu í gær og eins í fimm dálka frétt á forsíðu Tímans, sem er málgagn hæstv. samgrh.

Þess má geta, að einmitt í viðkomandi blaði, málgagni hæstv. samgrh., segir blaðamaðurinn í lok þessa viðtals frá eigin brjósti um þetta mál, með leyfi hæstv. forseta:

„Eins og ráða má af orðum stjórnarformanns Flug-

leiða hér að framan er sá möguleiki enn ekki úr sögunni, að Flugleiðir taki þann kost að hætta við NorðurAtlantshafsflugið þann 1. nóv. n. k. eins og áður hafði verið ákveðið, en gremja mun ríkjandi hjá þeim stjórnarmönnum vegna þess, hve óvissan er nú löng orðin."

Þetta er tilvitnun eftir fréttamanni dagblaðsins Tímans sem er eða hefur a. m. k. verið hingað til málgagn hæstv. samgrh.

Það þarf ekki að taka fram, það hefur verið gert hér, hve mikilvægt þetta mál er fyrir marga aðila. Þess vegna segi ég aftur, að ég skil ekki hvernig á því stendur, að þetta mál fæst ekki rætt hér og nú.

Þá má geta þess, sem einnig kom fram í ræðu hv. þm. Ólafs G. Einarssonar, formanns þingflokks Sjálfstfl., að í blaðaviðtali á föstudaginn í síðustu viku við Morgunblaðið sagði hæstv. fjmrh. skýrt og skorinort, að frv. um aðstoð við Flugleiðir yrði lagt fram á Alþ. í þessari viku. Það bólar ekki enn á þessu frv., og þegar nú er komið að síðasta degi þessarar þingviku er ósköp eðlilegt að þingmenn, sem kjörnir eru til þess að ræða og fara með málefni þjóðarinnar, spyrji: Hvað dvelur þetta frv.? Hvað hefur breyst frá því á föstudaginn var? Hvernig stendur á því, að þetta frv. kemur ekki fram? Hvaða skýringar eru fyrir hendi, veit ég ekki, en hitt veit ég, að ýmsir álíta að í ríkisstj. séu árekstrar í þessu máli, sem enn sé verið að reyna að bræða saman þannig að hægt sé að gefa út skýrslu, sem ég fagna vissulega að kemur til þingsins á mánudaginn. Það upplýstist fyrst hér áðan, að hún kemur fram á mánudaginn og á að vera til umr. á þriðjudag, en það var ekki vitað þegar beiðni kom fram um að taka þetta mál til meðferðar hér í Sþ. utan dagskrár.

Beiðni Alþfl. er góð og gild og það er sjálfsagt að ræða málið þegar skýrsla hæstv. ráðh. kemur fram um þetta mál. Áreiðanlega er margt í þeirri skýrslu sem forvitnilegt verður að ræða, sérstaklega um afstöðu ýmissa þm. Alþb. til málsins og sérlegra eftirlitsmanna, sem skipaðir hafa verið, og sérstaklega eins þeirra, sem hefur verið á snærum hæstv. fjmrh. Ég er viss um að þegar sú skýrsla kemur fram gefst tækifæri til að ræða slík mál. En ekki var ætlunin hér utan dagskrár að taka þau sérstaklega til meðferðar, heldur aðeins brýnustu mál sem fólk bíður eftir að fá að vita um frá ríkisstj.

Ég taldi mér skylt, hv. þm. og herra forseti, að gera hér grein fyrir þessari beiðni, vegna þess að það er afar óvenjulegt að þm. sé synjað um að taka mál upp utan dagskrár. Hv. þm. Benedikt Gröndal, 4. þm. Reykv., minntist á það að málið væri til meðferðar í þinginu og þess vegna væri þinglegt að afgreiða þetta mál með þessum hætti. Ég er ekki viss um að allir séu sammála um þessa skýringu á þingsköpunum. Ég tel að varla sé hægt að segja að þetta mál sé á dagskrá þegar beðið er eftir skýrslu, sem enginn vissi í raun og veru hvenær yrði skilað og þegar henni yrði skilað væri ekki heldur ljóst hvenær hún yrði tekin til umr. Það gátu í sjálfu sér liðið mánuðir þar til skýrslan kæmi fram, ef ekki hefði viljað svo til að hæstv. samgrh. kom hér í pontu áðan og lofaði því, að skýrslan kæmi fram á mánudag, og hann ætlaðist til þess að hún yrði til umr. n. k. þriðjudag. En það er í stíl, að ráðh. í þessari hæstv. ríkisstj., sem hér stjórnar um hríð, taki af forsetum þingsins ómakið og segi til um það, hvað eigi að gerast í starfstíma Alþingis.

Mér er kunnugt um það, herra forseti, að í morgun var haldinn fundur þriggja ráðh., hæstv. fjmrh., hæstv. samgrh. og hæstv. dómsmrh., með forstjóra Flugleiða og þar hafi verið rætt um þessi mál. Það er lágmarkskrafa okkar sjálfstæðismanna, að einn þessara ráðh. komi hér í pontu og geri í skýru og stuttu máli grein fyrir því, hvað fram fór á þessum fundi. Það er kominn tími til þess, að þeir sem um þetta mál hafa fjallað, tali ekki út og suður. Það er kominn tími til þess, að hér á hinu háa Alþ. komi einn fram fyrir ríkisstj. í heild og segi hvað það þýðir sem kemur fram í bréfum hæstv. ráðh. Það er sorgarsaga fyrir allt það fólk, sem líður önn út af þessu máli, að einn ráðh. beri öðrum á brýn að hann sé að flækja málið með skrýtnum málatilbúnaði, eins og hæstv. samgrh. hefur gert við hæstv. fjmrh. Það er þess vegna fróm ósk mín að einn þeirra standi nú hér upp, tali fyrir munn þeirra allra og segi hvað hafi gerst á þessum fundi. Ef það fæst ekki fram, sem ég get vel ímyndað mér að þeir hiki við, ef þeir hafa ekki enn brætt stjónarmið sín saman, þá er a. m. k. kominn tími til þess, að hæstv. samgrh. geri Alþ. grein fyrir því, hvort hann sé sammála því bréfi sem hæstv. fjmrh. sendi Flugleiðum og dagsett er 10. okt. s. l. og er af mörgum talið algerlega óskiljanlegt bréf, enda virðist það fremur vera samið að Grettisgötu 3, heldur en í rn. hæstv. ráðherra.

Herra forseti. Ég hef leyft mér að koma hér og ræða um fundarsköp, um þingsköp Alþingis, vegna þess hve sjaldgæft það er að alþingismönnum sé meinað að taka upp mál utan dagskrár, nema dagskrá sé með þeim hætti að á henni séu mjög brýn viðfangsefni. Ég harma þennan úrskurð og óska eftir því, að hæstv. forseti sjái til þess, þegar þessi rök hafa komið fram, að umræður verði leyfðar.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Enn eru stjórnarandstæðingar komnir í hár saman. Fulltrúar Sjálfstfl. heimta umræður um Flugleiðamálið, skýrslu ríkisstj. um það mál. Þingmenn Alþfl. eru því algerlega mótfallnir, enda hafa þeir komið þessari ósk á framfæri með formlegum hætti og verið samþykkt að taka málið til umræðu. Forseti hefur úrskurðað að umræðan fari fram á þriðjudag og ekki skuli orðið við þessum tilmælum þingmanna Sjálfstfl. Auðvitað er þetta hárréttur úrskurður og ekkert annað við hæfi. En sem sagt, ég vek athygli á því, að enn eru stjórnarandstæðingar komnir í hár saman. Það ætlar að fara svo, að átök og samkeppni stjórnarandstæðinga einkenni fremur en flest annað upphaf þessa þings.

Ég ætla ekki að fara neinum frekari orðum um þessar umræður eða Flugleiðamálið almennt. Ég vil aðeins staðfesta það, sem kom fram áðan í orðum hæstv. samgrh., að á fundi ríkisstj. í morgun, þar sem fjallað var um Flugleiðamálið, var alger samstaða um meðferð þess máls. Það er ekki ágreiningur í ríkisstj. um það, hvernig á þessu máli skuli tekið. Frumvarp ríkisstj. verður til athugunar í þingflokkunum í dag, og að öllu forfallalausu verður það lagt fram hér á þingi strax eftir helgi.

Halldór Blöndal: Já, herra forseti. Ég fagna því, að frumkvæði Sjálfstfl. í þessu máli, krafa okkar um að málið yrði tekið til umræðu utan dagskrár hér á þinginu í dag, skuli hafa breytt allri efnismeðferð þannig að ríkisstj. sjái sér nú ekki annað fært en að reyna að koma sér saman um einhverjar aðgerðir í málinu, því að það var sannarlega tími til kominn, eins og þetta mál hefur verið látið danka síðustu vikurnar. Ég verð að segja það,

að sú hugsun hefur orðið æ þrálátari í mínum huga, bæði út af þessu máli, sem hefur stórkostlega skaðað bæði hagsmuni Flugleiða og Íslendinga erlendis og dregið úr virðingu manna erlendis á okkar ráðamönnum og þeim orðum sem þeir láta sér um munn fara, því að þar er náttúrlega ekki einu orði treystandi, hvort ekki sé nauðsynlegt að gera þá breytingu á þingsköpum, að nefndir þingsins starfi allt árið, ekki aðeins á þingum, heldur einnig milli þinga, og þeim verði gefið vald til þess að kalla fyrir sig einstaka ráðherra og spyrja þá um málsmeðferð á því sem þeir eru að fjalla um, svo að þingið hafi einhverja vörn gagnvart því þegar ónýtir ráðherrar sitja í ráðherrastólunum og blaðra eitt og annað, en koma engu í verk, eins og verið hefur í þessu máli. Við skulum ekki gleyma því, að örlög fjölda fólks, hundraða, kannske þúsunda hér á landi, eru undir því komin, hvernig tekst um þetta mál. Fjöldauppsagnir hafa farið fram, og fólk hefur hikað við og ekki vitað hvort það ætti að leita sér að störfum annars staðar. Það er þess vegna algjör lágmarkskrafa gagnvart þessu fólki og einnig gagnvart hagsmunum Flugleiða og um leið hagsmunum Íslendinga, að þetta mál verði tekið föstum tökum og undinn bráður bugur að því að einhver niðurstaða fáist, því það getur ekki gengið, að verið sé að valsa með mál eins og þetta allt eftir því hver sé ráðherra í það og það sinnið. Við verðum að hafa samræmda og heilbrigða stefnu í okkar atvinnumálum, hvort sem í hlut eiga flugrekstrarmál, landbúnaðarmál eða annað.

Ég vil leggja áherslu á það, að framkvæmd þessa máls er með þvílíkum endemum, að þingið hlýtur að endurskoða starfshætti sína með það fyrir augum að það geti einnig yfir sumartímann haft eftirlit með ríkisstj., að hún á hverjum tíma spilli ekki málum eins og hér hefur gerst.

Ég vil jafnframt láta í ljós undrun mína yfir því, að hv. 4. þm. Reykv. skuli telja ástæðulaust að tala um þetta mál hér í dag. Ég man ekki betur en þessi hv. þm. hafi fyrir tæpum tveimur árum kvatt sér hljóðs utan dagskrár í desembermánuði, þegar annir þingsins voru sem mestar, til þess að lesa hér á hinu háa Alþingi upp fundarsamþykkt Alþfl. og fékk til þess orðið utan dagskrár. Ekki man ég betur. Má vera að í hans huga eigi þvílíkt efni frekar erindi hingað inn heldur en málefni Flugleiða, eins og allt er í pottinn búið. Nær hefði verið fyrir þennan hv. þm. að þakka okkur sjálfstæðismönnum fyrir það, að við höfum með okkar frumkvæði knúið fram yfirlýsingu frá ríkisstj. um það, að skýrsla um málefni Flugleiða skuli lögð fram skriflega þegar á mánudaginn, og knúið það fram, að ríkisstj. sá sér ekki annað fært á þessum morgni en að reyna, þó seint sé, að taka einhverja afstöðu í málinu og samræma skoðanir sínar.

Ég vil nú spyrja hæstv. fjmrh., sem er hissa á því að stjórnarandstæðingar skuli ekki vera sammála: Hvernig hefur samkomulag hans og sessunautar hans verið í þessu máli? Hvernig hefur það verið? Er það eitthvað til að hrósa? Það hefur verið skrifuð bók um ástir samlyndra hjóna. Ég held að þær séu eitthvað svipaðar því, ástirnar milli þessara tveggna þingmanna. (**Gripið fram í:** Samt eru báðir framsóknarmenn.) Samt eru báðir framsóknarmenn. Voru ekki fimm framsóknarmenn kjörnir í þessu kjördæmi síðast?

Ég verð nú að segja um fsp. hv. 4. þm. Norðurl. e., Stefáns Jónssonar, að mér finnst Flugleiðamálið ekki til þess að hafa í flimtingum. (Gripið fram í) Hvað var hv. þm. að segja? (Gripið fram í.) Ég hélt, að hæstv. forseti ætti að reyna að halda uppi röð og reglu í þinginu. (Gripið fram í.) Það hefur nú eitthvað mistekist. — Ég vil einnig ítreka að hæstv. fjmrh. var búinn að gefa þá yfirlýsingu í blöðum, að frv. um þessi efni yrði lagt fram í þinginu í dag. Það eitt, að ekki skyldi hafa orðið úr því, undirstrikar enn frekar nauðsyn þess að athygli væri vakin á þessu máli hér í dag, eins og gert hefur verið.

Ég skal ekki fara út í efnisumræður um þetta mál, eins og við höfum búist við að hér gæfist tækifæri til. En ég vil að lokum aðeins láta í ljós undrun mína á því, að hæstv. forseti skyldi ekki hafa séð sér fært að verða við svo eðlilegri beiðni sem hér var borin fram. Ég vonast til þess, að í framtíðinni muni hann verða sveigjanlegri í þessum efnum og gefa nokkurn gaum að mikilvægi mála áður en hann hafnar eðlilegri beiðni um umræður í þinginu.

Og loks varðandi það atriði, að beðið hafi verið um skýrslu með þinglegum hætti. Ég man nú ekki betur en annarri skýrslu, sem Alþfl. bað um fyrir nokkrum misserum, hafi tekið alllangan tíma að skila inn á hið há Alþingi. Beiðni um skýrslu út af fyrir sig tryggir því ekki umræður um mál, frekar en maður geti búist við því, ef lögð er fram skrifleg fsp. í þinginu, að svar við henni berist eftir tvo eða þrjá daga. Slíkur dugnaður eins og ríkisstj. sýnir í þessu máli, að senda skýrslu inn á þingið nú, er einungis því að þakka, að hún óttast umræður um þetta mál á þinginu í dag og vill fá frest fram yfir helgi til þess að reyna að samræma sjónarmið sín þannig að hægt sé að leggja málið fyrir Alþingi eftir helgina.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. gerði veika tilraun til þess að draga athyglina frá óróleikanum innan ríkisstj. með því að benda á það, að stjórnarandstaðan væri í hári saman út af þessu máli. Ég vil ekki fallast á það, þótt þannig sé ástatt að meginhluti Sjálfstfl. sé í stjórnarandstöðu og Alþfl. sé einnig í stjórnarandstöðu, að þá hafi þessi flokkar gengið í eina og sömu sæng. Því dettur mér ekki í hug að halda fram. Ég held að það sé meira sameiginlegt í þessu máli með þessum flokkum en hæstv. fjmrh. vill vera láta.

Annars vegar er komin fram formleg beiðni Alþfl. um skýrslu með vísan til 31. gr. laga um þingsköp Alþingis. Hins vegar kemur fram beiðni frá formanni þingflokks Sjálfstfl. um að taka þessi mál til umræðu hér utan dagskrár, vegna þess að þingflokkur Sjálfstfl. telur ekki mega bíða lengur eftir því, að þetta mál verði tekið til umræðu hér á hv. Alþingi.

Við verðum að hafa það líka í huga, að ríkisstj. hefur verið með þetta mál til umræðu í fjölmiðlum í margar vikur og mánuði, allt frá því í vor. Er þá til of mikils mælst, þegar Alþ. kemur saman, að þetta mál komi þá strax til umræðu á Alþingi? Ég tel að það þurfi ekki að bíða eftir neinni skýrslu frá hæstv. samgrh. í þessu máli. Honum ber að gera þinginu strax grein fyrir því. Það er ekkert verið að koma hér aftan að ráðherra í þeim efnum. Hann er búinn að gefa svo margar yfirlýsingar, sem hafa verið sitt á hvað, allt frá því í vor að hann fór sína fyrstu ferð til Lúxemborgar, síðan eru yfirlýsingar fjmrh. og fjmrn., að ekki sé gleymt yfirlýsingum sérstaks trúnaðarmanns fjmrh. í Flugleiðamálinu. Þær voru ekki til þess að skapa traust þjóðarinnar eða annarra viðskiptamanna Flugleiða á félaginu. Yfirlýsing hæstv. fjmrh. um að beiðni Flugleiða um ríkisábyrgð rúmaðist ekki innan reglna ríkisábyrgðarsjóðs, varð ekki heldur til

þess að auka hróður félagsins og gera stöðu þess betri en ætla má. Það getur verið að það sé rétt út af fyrir sig, en bæði innlendir aðilar og þá ekki síður erlendir misskildu margir hverjir þessa yfirlýsingu hæstv. fjmrh. Ég tel að þessar yfirlýsingar hafi skaðað félagið — og þá alveg sérstaklega yfirlýsingar hæstv. fjmrh. og fulltrúa hans, sem blaðraði viðstöðulaust og stórhættulega fyrir málstað Flugleiða, og þá ekki síður vegna þeirra mörgu sem þar hafa atvinnu, — að þær hafa orðið til stórtjóns, ekki fyrir Flugleiðir eingöngu, heldur fyrir þjóðarbúið í heild.

Ég hugsa að margt, sem hefur gerst í sambandi við þetta Flugleiðamál, komi ekki fram í þessari skýrslu þegar hún loksins kemur til umræðu. Mér leikur forvitni á að fá inn í skýrsluna álit hæstv. samgrh. á því, hvernig hann getur gefið Seðlabanka Íslands fyrirmæli um að lána allt að 200 millj. kr. Mér væri líka forvitni á að heyra álit hæstv. viðskrh. á því, hvort samgrh. og hver ráðherra um sig hafi það umboð, að þeir geti gefið þjóðbankanum fyrirmæli um að lána til ákveðinna starfshópa í landinu. Kemur ekki næst að það sé hægt að lána fólki sem vinnur við fiskvinnslu og fiskveiðar, sem nú er verið að skera niður í stórum stíl? Koma ekki fyrirmæli bráðum til seðlabankastjóranna um að lána þessu fólki til þess að kaupa hlutabréf og styrkja atvinnustöðu sína? Eru kannske þeir, sem fást við starf á sviði flugmála, forréttindastétt að þessu leyti?

Þetta kemur allt inn í þetta mál. Og það er fullkomlega kominn tími til þess að geyma ekki þessar umræður, hæstv. forseti, fram yfir helgi. Það er búið að blaðra svo margt frá hendi ráðh. um þessi mál utan við lög og rétt, að þeir hafa orðið sér til stórskammar hvað eftir annað í þessum málum. Þetta er ekki mál sem skiptir Flugleiðir höfuðmáli. En það skiptir miklu máli, hvort einstakir ráðherrar geta tekið sér það vald að fyrirskipa þjóðbanka, og það skiptir líka máli hvort þeir háu herrar, sem skipa bankastjórn Seðlabanka Íslands, hafi ákveðið að taka við öllum slíkum fyrirmælum þvert ofan í gildandi lög. Það mætti gjarnan líka heyra frá þeim. Þjóðin má gjarnan fá að vita hvort þeir eru mállausir eða rænulausir með öllu. Ef þeir eru það, þá er kominn tími til að skipta um bankastjórn í Seðlabankanum, — ef þeir hafa misst rænuna. (Gripið fram í.) Já, það eru ekki nema þeir menn sem mikið loft er í sem gera það, og það eru menn sem geta tekið sér vald, sem þeir hafa ekki að lögum, og halda svo blaðamannafundi og segja: Ég hef ákveðið að gefa Seðlabankanum þau fyrirmæli að lána starfsfólki Flugleiða 200 millj., og Seðlabankinn ætlar að hlýða. Ég spyr, — það þarf nú ekki að spyrja hæstv. samgrh., en mig langar að venda mínu kvæði í kross og spyrja hæstv. sjútvrh., þeir þekkjast sennilega lítils háttar, hvort hann ætli ekki að beita þessu sama valdi sínu við Seðlabankann fyrir sjávarútveginn í öllum þeim þrengingum sem hann er í. Ef sjútvrh. veit ekki hvernig á að fara að því að kúga Seðlabankann til hlýðni, þá bendi ég honum á að tala við samgrh. Hann getur gefið honum ráð og leiðbeiningar.

Það er gott og sýnir samstöðu þessara dugandi drengja í ríkisstj., að sjútvrh. krefst hækkunar afurðalána. Hann krefst þess, að bankarnir láni þessum stóra starfshópi. En svo kemur forsrh., höfuðpaurinn að hann heldur sig *sjálfur vera í ríkisstj., og skammar lánastofnanir fyrir* hvað þær láni mikið. Það hefur ekkert heyrst frá honum varðandi dagskipun samgrh. um 200 millj. kr. lán. Og það hefur ekkert heyrst frá forsrh. um þá sjálfsögðu beiðni sjútvrh., þegar hann fékk hækkun lána út á afurðir, hækkun afurðalána, — þá heyrðist ekkert frá hæstv. forsrh. um að það væri óeðlileg beiðni. Hins vegar finnst honum alveg frámunaleg stjórn á peningamálum hjá bankastjórunum í landinu, hvað þeir láni mikið. Þó að samráðherrarnir, hinir ágætu og dugandi drengir, heimti aukin útlán, þá skammar forsrh. bankastjórana fyrir að verða við beiðni hinna dugandi drengja um aukin útlán og krefst þess, að bankarnir dragi úr útlánum.

Hvernig stendur svo atvinnulífið í þessu landi? Fjmrh. kemur fram og er rígmontinn yfir afkomu ríkissjóðs. En það er eins og það komist ekkert annað að en þessi eini ríkiskassi. En hvernig er með alla hina kassana í atvinnulífinu? Þeir eru galtómir. Fjmrh. er búinn að mjólka þá kassa og kassa einstaklinganna í þjóðfélaginu algerlega. Hann varðar ekkert um hag heimilanna í landinu og um hag atvinnulífsins og atvinnuveganna. Það verður ekki eins blómlegt á næsta ári þegar atvinnulífið er allt komið í strand. Þá detta ekki nýkrónurnar, sem koma í framkvæmd um áramótin, ofan í ríkisfjárhirsluna, því þær verða ekki til, þær verða ekki í höndum atvinnuveganna eða heimilanna í þessu landi, eins og allt er að fara hjá þessari ríkisstjórn. (Gripið fram í.) Það getur vel verið. Ég ætla að segja þessum hv. framsóknarþingmanni það, að ég hef orðið og hann getur talað við forseta og flokksbræður sína á eftir. Nei, ég ætla að tala eins og mér sýnist, hvað sem hann er að segja. En það getur vel verið að það komi eitthvað við hann, hvernig ástandið er hjá þeirri ríkisstjórn sem þessi maður enn þá er að myndast við að styðja. Það getur vel verið að honum sé órótt þess vegna, þegar minnt er á kaunin sem þessi ríkisstj. skilur eftir sig eftir nokkurra mánaða starf. Það kemur að því, að þessi mál komi hér til umræðu. Hæstv. forseti Sþ. getur ekki lengi haldið verndarhendi sinni yfir ríkisstj. með því að tefja umræður, hvorki um Flugleiðamálin né önnur.

Aukning orkufreks iðnaðar, þáltill. (þskj. 8.) — Fyrri umr.

Flm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Þingmenn Alþfl. hafa lagt fram á þskj. 8 till. til þál. um aukningu orkufreks iðnaðar og skipun þingmannanefndar til að fjalla um þau mál og fleira því viðkomandi. Tillagan er á þessa lund, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að kjósa nefnd 7 þm., sem fjalli um stórfellda aukningu á orkufrekum iðnaði næstu ár til að nýta í ríkari mæli en nú er gert hinar miklu óbeisluðu orkulindir vatnsfalla og jarðhita, bæta lífskjör og auka trausta atvinnu, framleiðslu og útflutning þjóðarinnar.

Nefndin skal hafa náið samstarf við yfirvöld orkumála og umhverfisverndar. Hún skal skila Alþingi og ríkisstj. skýrslum um valkosti, m. a. varðandi gerð og stærð iðjuvera, staðsetningu, fjármögnun, hugsanlegt samstarf við erlenda aðila, fjölda atvinnutækifæra og annað, er áhrif hefur á þjóðarhag."

Tilgangur þessarar till. er að Alþ. ákveði nú stóraukna hagnýtingu á orkulindum landsins til iðnvæðingar í þeim tilgangi að stuðla að því að stöðva þá afturför lífskjara, sem verið hefur undanfarið, og tryggja með sem skjótustum hætti batnandi lífsafkomu, aukið atvinnuöryggi, fjölga atvinnutækifærum og stöðva vaxandi landflótta. Sjálfsagt er að beinum tekjum, sem ríkið kann að hafa af stórum iðjuverum, verði síðan varið til uppbyggingar á

almennum iðnaði víðs vegar um landið, svo að sem allra flestar byggðir njóti góðs af þessu framtaki.

Þjóðin býr nú við mikla óvissu um lífskjör sín og afkomu. Vöxtur þjóðarframleiðslu hefur samkv. síðustu spám Þjóðhagsstofnunar verið minni í ár en hann var árin 1976—1979. Þótt hann verði 1-2% er búist við rýrnun viðskiptakjara um 6%, sem mundi valda því, að þjóðartekjur dragist saman um 0.5—1% á árinu. Hækkun olíuverðs og aðrar hækkanir í viðskiptalöndum ýta undir verðbólgu hér á landi eins og þar, en við þetta bætist stöðugt heimatilbúinn vandi, svo að árangurinn er óðaverðbólga og hraðversnandi viðskiptajöfnuður við önnur lönd.

Sjávarútvegur er og verður höfuðatvinnugrein þjóðarinnar en hann þarf nú að byggja upp fiskstofnana og laga sig eftir breyttum samkeppnisaðstæðum á mörkuðum. Landbúnaður glímir við offramleiðslu og aðlögun að innanlandsmarkaði. Almennur iðnaður býr við vaxandi samkeppni og vaxandi fríverslun. Allar þessar atvinnugreinar verða að fá óskiptan stuðning þjóðar og ríkisvalds á komandi árum. Er síður en svo hugmyndin með þessari till. og efni hennar að nokkuð verði dregið úr þeirri aðstoð og þeirri aðhlynningu sem þær fá, þó að ráðist verði í ný og fleiri verkefni.

Ég hygg að hinar hefðbundnu atvinnugreinar okkar muni öðlast meiri styrk ef atvinnulífið verður fjölbreyttara og öflugra með vexti hinna nýju atvinnugreina, ef þær geta tekið við verulegum hluta af mannfjölgun á vinnumarkaði, styrkt gjaldeyrisstöðuna og dregið úr brottflutningi fólks á næstu einum til tveimur áratugum. Þannig verður að leitast við að móta alhliða íslenska atvinnustefnu.

Það er gæfa okkar Íslendinga að geta fylgt slíkri stefnu með því að hagnýta hið hvíta gull, orkulindir fallvatna og jarðhita. Áætlað er að enn hafi ekki verið virkjað nema um 10% af vatnsorku í landinu, þegar frá hefur verið dregið það sem kunnugir menn telja að ekki sé rétt að nýta vegna umhverfissjónarmiða. Minna er vitað um hugsanlega nýtingu jarðhita til orkuvinnslu, en sérfróðir menn telja að vart hafi meira en rúm 6% af virkjanlegri orku í landinu verið beislað ef litið er til hvors tveggja, fallvatna og jarðhita. Samt erum við Íslendingar nú þegar orðnir þriðja mesta raforkuþjóð í heimi, ef miðað er við framleidda orku á hvern íbúa, og standa aðeins Norðmenn og Kanadamenn þar framar.

Um þessar mundir er verið að ljúka stóráföngum við járnblendiverksmiðjuna í Hvalfirði og álverið í Straumsvík, en Hrauneyjafossvirkjun mun taka til starfa á næsta ári. Nú er því tímabært og nauðsynlegt að móta stefnu fyrir a. m. k. næsta áratug um orkuframleiðslu og taka um leið ákvörðun um hagnýtingu orkunnar umfram venjulegan vöxt orkuþarfar í landinu. Gefur auga leið, að hinar miklu orkulindir verða ekki nýttar á hagkvæmari hátt en með orkufrekum iðnaði, og er því nauðsynlegt að taka ákvarðanir um það samhliða þróun á orkusviðinu.

Ég hygg að auðlindir okkar séu svo miklar, að við getum hafst mikið að fram til aldamóta og samt sem áður muni bróðurpartur af hinni óbeislaðu orku enn þá vera ónýttur og standa þjóðinni til afnota á næstu öld eftir því sem þá virðist hagstæðast og réttast. Auk þess er rétt að gera sér grein fyrir því, að t. d. vatnsvirkjanir eru engan veginn endanleg notkun á því afli sem þar er um að ræða, heldur eru þetta mannvirki sem vel geta eftir áratugi eða mannsaldra horfið af sjónarsviðinu og önnur komið í þeirra stað sem beisla hina sömu vatnsorku. Gæfa okkar er sú að vatnsorka og jarðhiti endurnýjast í sífellu, en ganga ekki til þurrðar eins og olía og gas.

Hæstv. iðnrh. hefur skýrt svo frá, að orkufrekur iðnaður sé til athugunar í ráðuneyti hans, en lítið sem ekkert hefur frést af þeirri athugun nema hvað snertir helst undirbúning virkjana. Þar eð taka verður örlagaríkar og stefnumarkandi ákvarðanir á þessu sviði virðist nauðsynlegt að um þetta mál fjalli einnig hópur manna þar sem allir þingflokkar eigi fulltrúa, enda koma slík mál til kasta og ákvarðana Alþingis á lokastigi. Þetta er meðal veigamestu pólitíska ákvarðana, sem framundan er að taka, og tel ég því nauðsynlegt að Alþ. verði nú þegar aðili að undirbúningi þessara mála, ekki á þann hátt að ryðja burtu neinum þeim sérfræðingum, sem að þeim vinna, heldur til þess að starfa með þeim og við hlið þeirra.

Þegar samningar voru undirbúnir um álverið í Straumsvík var sett sérstök nefnd með tveim fulltrúum frá hverjum þáv. þingflokki og vann þessi nefnd mikið starf sem tryggði að þingflokkarnir fengju að fylgjast með öllu og hefðu með góðum fyrirvara allar nauðsynlegar upplýsingar til að taka afstöðu til málsins.

Þá er þess að geta, að núv. iðnrh. virðist að minni hyggju vera áhugalítill um stóriðju og lítið hefur gerst á því sviði sem vitað er um í starfsstjórnartíð hans. Flokkur hans, Alþb. hefur barist gegn stóriðju við hvert tækifæri, og hefði Alþb. eitt ráðið þessum málum síðustu 15 ár má telja víst að hér væri hvorki álver ná járnblendiverksmiðja. Hins vegar er ástæða til að ætla að meirihl. alþm. sé almennt fylgjandi frekari stóriðju, og er því rík ástæða til að þingflokkarnir taki frá upphafi þátt í könnun málsins og athugun á valkostum.

Alþfl. hefur stutt uppbyggingu orkufreks iðnaðar hér á landi og lagasetningu Alþ. um þau mál. Flokkurinn hefur verið andvígur hugmyndum um að opna allar dyr fyrir erlendu fjármagni til slíks iðnaðar, en hefur talið rétt að Alþ. fjallaði um hvert mál fyrir sig. Þetta er ennþá stefna flokksins. Hér er að sjálfsögðu ekki um að ræða allra meina bót í efnahagsmálum, það væri fjarstæða að halda því fram, en þetta er einn veigamikill þáttur sem getur bætt og treyst afkomu þjóðarinnar í framtíðinni. Þetta eru að mestu ónotaðar auðlindir þjóðarinnar, og hún á að snúa sér að því að fara að hagnýta þær í ríkari mæli en gert hefur verið.

Á s. l. áratug hafa verið reist tvö orkufrek iðjuver, álverið í Straumsvík og járnblendiverksmiðjan á Grundartanga. Raunar má telja fleiri verksmiðjur hér í svipuðum flokki þótt minni séu. Nokkur reynsla er því fyrir hendi af starfsemi þessara verksmiðja og má benda á eftirfarandi atriði í því sambandi:

1) Miklar gjaldeyristekjur hafa verið af verksmiðjunum og er talið að á næsta ári, þegar þeir áfangar við byggingu verksmiðjanna, sem nú er um það bil lokið, fara að sýna árangur, muni gjaldeyristekjurnar af verksmiðjunum nálgast 20% af útflutningstekjum þjóðarinnar.

2) Nú þegar hafa nálægt 1000 manns beina atvinnu við þessar verksmiðjur og þær eru ekki láglaunasvæði, eins og andstæðingar þeirra spáðu, heldur veita þær góð kjör og góð vinnuskilyrði, enda eru starfsmannaskipti þar lítil og störf við verksmiðjurnar eftirsótt.

3) Lítið sem ekkert hefur borið á félagslegum vanda-

málum af völdum þessara iðjuvera og er þó ekki rétt að ganga fram hjá þeirri hættu við framtíðaruppbyggingu og hafa jafnan félagslegu hliðina í huga. Á hinn bóginn hafa þessi iðjuver augsýnilega aukið verulega velmegun næstu byggða.

4) Með byggingu og rekstri iðjuveranna, sem er að langmestu leyti í höndum Íslendinga, hefur flust inn í landið þýðingarmikil tæknikunnátta og reynsla. Ég hygg ég fari með rétt mál um það, að við álverið í Straumsvík sé aðeins einn útlendingur í ábyrgðarstöðum sem gera verulegar kröfur til tæknikunnáttu, en voru margir í upphafi.

5) Hvað áhrif þessara verksmiðja á lífrænt umhverfi sitt snertir er nú ljóst og það fyrir nokkru, að of litlar kröfur voru gerðar til álversins um mengunarvarnir og hefur enn ekki verið að fullu bætt úr því. Á sínum tíma var verulega mikið rætt um mengunarhættu af þeirri verksmiðju, en skilningurinn var ekki meiri en svo eða þekkingin á þeim tíma, að það var skoðun manna að sú hætta mundi ekki reynast alverleg. Varð því niðurstaðan að gera ekki kröfur um hreinsunartæki þar í upphafi. En sem betur fer var hafður varnagli á því, þannig að Íslendingar eiga kröfu á að þau tæki verði sett upp og er nú verið að því smám saman. Hins vegar er reynsla af verksmiðjunni á Grundartanga önnur og bendir til þess, að með nýjustu hreinsitækjum megi hindra mengun og náttúruskemmdir. Þó er nákvæmum umhverfisrannsóknum á því svæði ekki lokið, enda stutt síðan verksmiðjan tók til starfa.

6) Ýmsar þjónustugreinar, sérstaklega málmiðnaður, hafa eflst við tilkomu verksmiðjanna og enn eru óbyggðar verksmiðjur sem gætu tekið við fljótandi áli og þar með sparað orku og mótað úr því margvíslega hluti, eins og gera mætti við verksmiðjuna í Straumsvík.

Vafalaust mætti einnig telja fram ýmsa ókosti sem stóriðjan hefur, en erfitt er að komast hjá þeirri ályktun, að kostirnir séu stórum veigameiri en gallarnir og hrakspár um þessi iðjuver hafa ekki ræst.

Eitt viðkvæmasta deilumál í sambandi við orkufrekan iðnað hér á landi hefur verið og verður trúlega lengi þátttaka erlendra aðila. Um það efni setur Alþfl. á þessari stundu ekki fram neina fasta formúlu og telur sem fyrr að fara verði eftir aðstæðum í hverju tilviki, en markmiðið eigi að sjálfsögðu að vera eins stór hlutur í íslenskum höndum og framast er unnt. Meta verður hverju sinni hversu mikla fjárhagslega áhættu Íslendingar vilja taka eða hve mikið af áhættunni þeir vildu láta erlenda aðila taka ef þess væri kostur. Einnig þarf að meta hver þörf er að sækja tæknikunnáttu til annarra landa í viðkomandi iðngreinum, hverjar sem þær kunna að verða, og hver þörf er samstarfs um öflun hráefna eða markaðsmál.

Um þennan þátt sagði Johannes Nordal seðlabankastjóri, sem er mjög kunnugur stóriðjumálum og reyndur á því sviði, í erindi s. l. vor, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég er t. a. m. ekki í vafa um það, að Íslendingar hafa nú bolmagn til þess og lánstraust með tilliti til þeirrar reynslu, sem fengin er, að ráðast í nýtt stóriðjufyrirtæki sambærilegt við þau, sem fyrir eru, sem yrði algjörlega í íslenskri eigu."

Svonefndir fjölþjóðahringar, hin alþjóðlegu stórfyrirtæki, eru um margt varhugaverðir, enda sumir svo voldugir að þeir gætu gleypt íslenskt efnahagslíf með húð og hári. Rétt er fyrir smáþjóð að hleypa ekki slíkum hringum til áhrifa í landi sínu. Þrátt fyrir það má þjóðin ekki hræðast samskipti við erlenda aðila eða óttast um of að hún geti ekki haft skipti við þá með fullri reisn og án þess að verða hlunnfarin. Reynslan hefur þegar sýnt að hér býr framsækið og menntað fólk, sem getur ráðið við öll verkefni stóriðju.

Ég vil því leggja áherslu á að við Alþfl.-menn flytjum þetta mál nú í þessari tillögu á þeim grundvelli, að hugsanleg erlend þátttaka þurfi ekki lengur að vera úrslitaatriði í málinu. Það er samkomulagsatriði okkar í milli, Íslendinga, um það, hvernig við viljum haga þeim málum, hversu miklu við viljum til hætta, hvað við teljum okkur hagstætt og nauðsynlegt að hafa mikil samskipti við aðra og þannig hvort við höfum erlenda aðila að slíkum verksmiðjum eða hvort við gerum það ekki.

Staðsetning stóriðjuvera getur orðið viðkvæmt deilumál. Kunnugir menn telja að á næstu árum verði í þeim efnum um tvær meginstefnur að ræða. Annars vegar eru þegar til mannvirki, rafleiðslur, hafnir, vegir o. fl. sem gera stækkun þeirra verksmiðja, sem fyrir eru, mjög hagkvæma. Hins vegar eru þau sjónarmið, að þjóðarnauðsyn sé að dreifa nýjum verksmiðjum um landið og safna ekki allri stóriðju á suðvesturhornið, auk þess sem umhugsunarvert sé hversu við viljum gera þeir erlendu aðilum, sem við höfum þegar samstarf við, sérstaklega varðandi álverið, kost á að auka umsvif sín hér á landi. Það yrði eitt af verkefnum væntanlegrar nefndar að kanna valkosti hvað staðsetningu snertir og leggja fyrir þing og stjórn, e. t. v. með eigin tillögum.

Atvinnulíf okkar á um þessar mundir í vök að verjast. Atvinnuöryggi er minna en það hefur verið, og brottflutningur af landi burt fer ískyggilega vaxandi. Stórframkvæmdir á sviði orkufreks iðnaðar næstu tvo áratugi eru án efa besta tækifærið til að auka atvinnu, bæta og tryggja lífskjör þjóðarinnar. Þetta mál er svo stórt í sniðum að ekki dugir að pukrast með það í þögn í einu ráðuneyti. Hér þarf að taka á næstunni stórpólitískar ákvarðanir, og Alþ. á að sjálfsögðu að hefja athugun á þessum málum, samhliða því sem sérfræðingar, er að þeim hafa unnið, halda starfi sínu áfram, og hafa samvinnu við þá. Þess vegna er þessi tillaga flutt um að kalla nú þegar til fulltrúa allra þingflokka sem með hinum sérfróðu mönnum undirbúi málið vandlega og án tafar til endanlegrar ákvörðunar Alþ. og tryggi það að ekki verði óþarfur dráttur á framhaldi slíkrar uppbyggingar í landinu.

Herra forseti. Ég legg til að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til allshn.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Þáltill. sú, sem hér er flutt af þm. Alþfl., um aukningu orkufreks iðnaðar, gefur kærkomið tilefni til að ræða hér um þennan þátt í atvinnulífi okkar og hugsanlegri atvinnuþróun. En hún er einnig til vitnis um viðhorf Alþfl. til þessara mála, og það er vissulega athyglisvert að lýst sé inn í vopnabúr hans nú í stjórnarandstöðu í sambandi við þessi mál. Ég tel að þessi tillöguflutningur beri ekki vott um mikla málefnaauðgi eða frjósemi í hugsun í sambandi við atvinnumál hjá Alþfl., þó að aðrir hafi farið þar fram með meiri hávaða en núv. formaður flokksins, sem er fyrsti flm. þessarar tillögu. En það er skiljanlegt að hann sem annar af forustumönnum í stjórnarandstöðu vilji gera sig nokkuð gildandi, og einnig með það í huga að hann hyggst leita

eftir endurkjöri til forustu í flokki sínum innan skamms.

Efni þáltill. er út af fyrir sig einfalt í sniðum. Þar er gert ráð fyrir að Alþ. kjósi nefnd sjö þm. sem fjalli um, eins og það er orðað, stórfellda aukningu á orkufrekum iðnaði næstu ár. Nefnd þessari er ætlað að skila Alþ. og ríkisstj. skýrslum um valkosti í stóriðjumálum og sitthvað er að þeim lýtur. Í grg. er m. a. talað um að nú sé tímabært að móta stefnu fyrir a. m. k. næsta áratug um orkuframkvæmdir og taka um leið ákvörðun um hagnýtingu orkunnar umfram venjulegan vöxt orkuþarfar í landinu.

Það er út af fyrir sig hægt að vera sammála flutningsmönnum um það, að þörf er á að móta stefnu í sambandi við þau mikilsverðu mál sem þarna er að vikið, en Alþfl. ætti að vera kunnugt um það, að að slíkri stefnumótun er unnið, og það er skýrt fram tekið í málefnasamningi núverandi ríkisstj. að svo skuli vera.

Meginrökin fyrir því, að Alþfl. telur nauðsynlega stórfellda aukningu á orkufrekum iðnaði næstu ár, eins og það er orðað, er að hans mati að íslenskt atvinnulíf eigi um þessar mundir í vök að verjast og stórframkvæmdir á sviði orkufreks iðnaðar næstu tvo áratugi séu án efa besta tækifærið til að auka atvinnu, bæta og tryggja lífskjör þjóðarinnar, eins og segir í grg. Á þessari röksemdafærslu vík ég síðar í máli mínu. En meginrökin fyrir því, að Alþ. eigi að kjósa nefnd sjö þm. til að vinna að tillögugerð, eru þau, eins og segir í grg., með leyfi hæstv. forseta, að: „þetta mál er svo stórt í sniðum að ekki dugir að pukrast sé með það í einu ráðuneyti."

Er vísað til undirbúnings að samningum um álverið í Staumsvík sem fordæmis til eftirbreytni í þessu samhengi. Ég held að það væri vænlegra að leita annars staðar fyrirmyndar að farsælum undirbúningi að stóru máli heldur en varðandi álverið í Staumsvík, því að því miður er það ekki lýsandi fordæmi um hvernig standa beri að undirbúningi atvinnurekstrar í þessu landi og er ástæað til að víkja frekar að því síðar.

Í sérstökum feitletruðum kafla í grg. með þáltill. er kvartað undan því, að lítið sem ekkert hafi frést af athugunum iðnrn. um orkufrekan iðnað og að ég sem iðnrh. virðist áhugalítill um stóriðju. Þetta stendur ekki aðeins í þessari grg., heldur hefur Alþýðublaðið að undanförnu verið notað til að plægja akurinn fyrir þessum nýja stórasannleik flokksins í atvinnumálum. Þar hefur mátt líta fyrirsagnir síðustu tvær vikur, ýmist úr penna formanns flokksins eða ritstjóra blaðsins, — fyrirsagnir eins og þessar: „Iðnaðarráðherra er á móti orkufrekri stóriðju." „Orkufrekur útflutningsiðnaður er þjóðarnauðsyn." „Framleiðniaukning og atvinnuleysi eða stóriðja." Þetta eru dæmi um fyrirsagnir, flestar á útsíðum blaðsins. Og í gær, miðvikudaginn 15. okt., þar sem blaðið fjallar um þennan nýja bjarghring Alþfl. í atvinnumálum, er tillöguflutningur þm. flokksins túlkaður sem sérstakt vantraust á iðnrh., eins og það er orðað í forsíðufyrirsögn. Leiðara Alþýðublaðsins sama daga lýkur með svofelldum orðum, með leyfi hæstv. forseta:

„Aðalatriðið er að við megum engan tíma missa. Þjóðarhagsmunir eru í veði. Íslenska þjóðin hefur ekki efni á því, að ákvörðunarvald í þessum málum sé einokað í höndum útvalinna Alþb."

Við Alþb.-menn erum ekkert óvanir að heyra slík hljóð úr þessu horni og það raunar í vaxandi mæli nú síðustu mánuði og um ýmsa fleiri málaflokka en orku- og iðnaðarmál. Það er bersýnilegt af málflutningi talsmanna Alþfl., ef marka má þann málflutning, að þeir líta á Alþb. sem höfuðandstæðing sinn í íslenskum stjórnmálum. Það er ekki verið að beina geiri að hinum borgaralega stjórnarandstöðuflokki, Sjálfstfl. Hann er lítið á dagskrá í þessum umræðum. Og það kann að vera lýsandi um það, hvert hugur stefnir hjá Alþfl., bæði varðandi almenn stefnumið og eins varðandi samstarfs- og samvinnuaðila í íslenskum stjórnmálum. Með ummælum sínum og umræðu varðandi stóriðjumál að undanförnu fetar Alþfl. dyggilega slóð sumra talsmanna Sjálfstfl. og Morgunblaðsins úr leiftursóknarstefnunni s. l. vetur. Það er eflaust engin tilviljun, að formaður flokksins vill nú þjappa sér sem fastast upp að þeim armi Sjálfstfl. í þessu máli sem öðrum.

Herra forseti. Áður en ég vík að stöðu þessara mála á líðandi stund og stefnu Alþb. og stefnu ríkisstj. varðandi orku- og iðnaðarmál, vil ég aðeins líta til baka eitt til tvö ár aftur í tímann. Þá sat Alþfl. ásamt Alþb. í ríkisstj. undir forsæti Ólafs Jóhannessonar. Hv. alþm. eru kannske í fersku minni tilþrif Alþfl. á þeim dögum, m. a. hér í þinginu, en ég kemst þó ekki hjá því að rifja hér upp örfá atriði vegna málflutnings flokksins nú.

Þingflokkur og ráðherrar Alþfl. knúðu vissulega fram ýmis nýmæli, sem svo voru kölluð og tengdust efnahagsmálum og því sem þeir töldu vera flestra meina bót í þeim efnum. Þau nýmæli vörðuðu einkum prósentumörk og viðmiðanir af ýmsu tagi er slíku tengdust. Á þessum prósentumörkum sínum í sambandi við fjárfestingar alveg sérstaklega og raunar peningamagn í umferð stóðu þeir eins og hundar á roði. Og þeir fengu því framgengt með miklu kappi, að þessar viðmiðanir voru lögfestar í svonefndum Ólafslögum. Að vísu tókst að skapa nokkurn sveigjanleika vegna þeirra sem andstæðir voru þessari nýju efnahagsstefnu Alþfl., en af viðleitni til að halda þessu stjórnarsamstarfi og reyna að ná árangri innan þess var þó látið undan sjónarmiðum Alþfl. að þessu leyti. Þannig var sett þak á fjárfestingu í landinu eftir þessum viðmiðunum, milli 24 og 25%, og raunar var þetta svo harðsótt og skyldi vera svo nákvæmt, að ráðh. Alþfl. — ég hygg þó með áhuga þingliðsins, þingflokksins sérstaklega að baki — börðust fyrir því harðri baráttu, að ekki yrði hvikað frá þessu og farið yfir 24.5% í fjárfestingu. Um þessi mál og bæði fjárfestingar- og lánsfjáráætlun var mikið tekist á í ríkisstj. á þessum tíma, og það er vert að rifja það upp, að allt skyldi reyrt undir þetta fjárfestingarþak Alþfl., m. a. fjárfesting á vegum álversins í Staumsvík og fjárfesting vegna járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga, þó að viðurkennt væri af aðilum, sem á málið litu, að þarna væri að verulegu leyti um inn- og útfærslu að ræða á fjárfestingarvörum.

Þessi þrákelkni og þessi viðhorf Alþfl. á þessum tíma bitnuðu ekki síst á brýnum orkuframkvæmdum á árinu 1979, m. a. hitaveituframkvæmdum víða um land, raforkuframkvæmdum og hitaveitu- og virkjunarrannsóknum, svo ekki sé minnst á boranir fyrir Kröfluvirkjun, þar sem ekkert mátti hreyfa, ella skyldi skilið að skiptum.

Niðurstaðan af þessari glímu hefði orðið enn alvarlegri ef ekki hefði tekist um það samkomulag við stjórn Landsvirkjunar og við forustu Íslenska járnblendifélagsins að breyta nokkuð framkvæmdaáætlun fyrir árið 1979 og flytja allverulegt fjármagn milli ára. Þetta skipti nokkrum milljörðum kr. og væru hærri tölur í dag en þær voru þá. Og það er vert að minnast þess, að þessi afstaða

Alþfl. reyndist óbifanleg. Þó komið væri fram á árið 1979 og olíuverð væri tekið að rjúka upp úr öllu valdi áður en gengið var frá fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið, þá var ekki minnst á það, að hraða þyrfti virkjunarframkvæmdum í landinu eða undirbúa ný átök í sambandi við iðnaðarmannvirki, heldur þvert á móti. Þá mátti ekki heyra minnst á, svo dæmi sé tekið, virkjun á Austurlandi, miðlungsstóra virkjun, þótt sýnt væri að hún gæti tengst stærri virkjunarkosti með hagkvæmum hætti. Með semingi reyndist kleift að tosa þingliði Alþfl. til að samþykkja 2300 millj. kr. viðbótarfjárveitingu til orkumála, er komið var fram í júlímánuð í fyrra, og þá eingöngu vegna þunga olíuverðhækkana og almenningsálitsins í landinu, sem hlaut að fylgja viðhorfsbreytingu í þessum efnum, og vegna margítrekaðra tillagna frá iðnrn. um viðbrögð við þeim aðstæðum.

Hinn stjórnarflokkurinn stóð heils hugar að þessum breytingum, þessari fjármagnsviðbót á orkuframkvæmdir á þessum tíma, en Alþfl. skar af fjármagn þar sem að leitast átti við að koma fjárfestingunni miklu í í Kröfluvirkjun í gagnið. Það mátti ekki fram ganga þá frekar en áður og engin viðleitni uppi til þess að ávaxta þá fjárfestingu, því að Alþfl. taldi sig þurfa þetta minnismerki til þess að ráðast á andstæðinga sína og þá sem þar höfðu staðið fyrir málum. Um það efni ætla ég ekki að ræða hér sérstaklega. Um það efni var Alþ. gefin sérstök skýrsla á s. l. vori.

Alþfl. fékk svo sitt tækifæri í sambandi við stefnumörkun í orkumálum og iðnaðarmálum á s. l. vetri. Hann fékk möguleika á að sýna stefnu sína og tillögugerð, a. m. k. á pappírnum, hér á Alþ. með framlagningu fjárlagafrv. af þáv. hæstv. fjmrh. flokksins. Ekki varð ég var við það, að þetta fjárlagafrv. bæri vott um sérstakan sóknarhug Alþfl., hvorki í sambandi nýtingu auðlinda okkar til almennra þarfa og til að útrýma dýrum innflutningi né heldur í sambandi við það áhugamál flokksins, sem hér er fram borið. Það var að vísu ekki mikið um beinan niðurskurð frá því sem hafði verið í fjárlagafrv. hæstv. fyrrv. fjmrh., Tómasar Árnasonar, nokkrum mánuðum fyrr. En þó gætti þess, ef nokkuð var, í sambandi við fjárveitingar til virkjunarrannsókna er greiða eiga fyrir ákvörðunartöku um næstu virkjunarkosti. Þar skyldi skorið niður og það var gert. Það var deilt með tveimur í þá fjárveitingu sem til þess var ætluð.

Það mætti ýmislegt fleira rekja frá tíð Alþfl., valdaskeiði hans í fimm mánuði á s. l. vetri, til þess að sýna inn í það holrúm sem flokkurinn talar nú úr í þessum málum. En ég ætla ekki að tefja tíma þingsins með því að rekja miklu fleira. Þó er ástæða til þess að rifja það upp hér, að Alþfl. ber ábyrgð á því, að ekki tókst að ná fram skynsamlegri endurskipulagningu í raforkumálum landsmanna, með því að fulltrúi hans í borgarstjórn Reykjavíkur felldi rækilega undirbúinn sameignarsamning um nýtt raforkuöflunarfyrirtæki fyrir landið, og ég held að þeir skilji það, flestir Alþfl.-menn sem voru fylgjandi þessu máli, að það var til mikils ófarnaðar og á ekki eftir að flýta fyrir þeirri skipulegu hagnýtingu okkar orkulinda sem flokkurinn talar nú fyrir í sambandi við þessa þáltill.

Ég ætla að víkja nokkrum orðum að stefnu núv. ríkisstj. í sambandi við aðgerðir í orkumálum, sem tengjast að sjálfsögðu orkunýtingu.

Stefna ríkisstj. kemur m. a. fram í því, að fjárframlög til hitaveituframkvæmda voru aukin samkv. fjárfestingar- og lánsfjáráætlun yfirstandandi árs um nær fimmtung varðandi framkvæmdamagn og raforkuframkvæmdir um 46—47%, einnig varðandi framkvæmdamagn. Þarna var brotið blað miðað við það sem var meðan Alþfl. kom í veg fyrir að hægt væri að leggja þá áherslu á orkumál sem ástæða var til, ekki síst í ljósi gerbreyttra viðhorfa.

Það hefur einnig á yfirstandandi ári verið hert verulega á virkjunarrannsóknum, og það er stefnt að því að taka ákvörðun um næstu stórvirkjun vegna landskerfisins á næsta ári, væntanlega á fyrri hluta næsta árs, og þá í samræmi við framkvæmdaáætlun til næstu 5—10 ára sem að hefur verið unnið um tveggja ára skeið á vegum iðnrn. Stjórnarsáttmálinn gerir ráð fyrir að rannsóknir á sviði orkumála og orkunýtingar verði efldar og mörkuð samræmd orkustefna til langs tíma. Í því sambandi hafa menn í huga tímabilið fram til aldamóta, þ. e. næstu tvo áratugi. Að undirbúningi slíkrar stefnumótunar hefur verið unnið í iðnrn. um skeið og á þeirri vinnu verður hert á næstu mánuðum á vegum rn. og ríkisstj. Ég vænti þess, að hægt verði að leggja a. m. k. drög að slíkri samræmdri orkustefnu fram til kynningar hér á Alþ., væntanlega í formi þáltill., fyrir lok þessa þings. Þar er fyrirhugað að draga meginlínur varðandi helstu þætti orkumála á þessu 20 ára tímabili, auðvitað með sveigjanleika og óvissu, sem slíkri áætlanagerð hlýtur að fylgja, einkum á síðasta áratug aldarinnar, svo og varðandi einstakar framkvæmdir. Með því að leggja fram slíka orkustefnu á mótunarstigi mun þingflokkum og þeim er áhuga hafa, gefast kostur á að kynna sér þær hugmyndir og tillögur og bera fram hugmyndir sínar og aths. er teknar yrðu að sjálfsögðu til athugunar við frekari vinnslu málsins. Og það er full ástæða til að gera ráð fyrir að starfandi þingnefndir — og þá öðru fremur iðnaðarnefndir Alþingis — hafi áhuga á að fjalla um slíkt mál og taka á þeim, og ég held að það séu miklu skynsamlegri vinnubrögð, að það verði iðnaðarnefndir þingsins sem á þeim málum taki, þær nefndir, sem eru að fjalla um orku- og iðnaðarmál á líðandi stund og horfa þá væntanlega fram á við, og þær nefndir, sem fá munu til meðferðar þau mál og verkefni sem upp úr ákvörðunum á grundvelli þessarar stefnumótunar kunna að spretta. Orkunýting, þar með talinn orkufrekur iðnaður, hlýtur að verða eitt af viðfangsefnum þeirrar stefnumörkunar sem hér er um að ræða. Í sáttmála ríkisstj. er sérstakur kafli um eflingu íslenskra atvinnuvega, m. a. að nýta skuli innlendar auðlindir og hráefni og efla rannsóknir þar að lútandi. Þar er kveðið á um, eins og segir í stjórnarsáttmálanum, að „ríkið stuðli að uppbyggingu meiri háttar nýiðnaðar er m. a. byggi á innlendri orku og hráefnum, enda verði slíkur nýiðnaður og frekari stóriðja á vegum landsmanna sjálfra."

Hér er því slegið föstu, að um íslensk fyrirtæki verði að ræða, — fyrirtæki er lúti íslenskum lögum og dómstólum og séu undir ótvíræðu forræði Íslendinga. Þetta er í samræmi við stefnumörkun Alþb. um uppbyggingu orkufreks iðnaðar í landinu, og ég veit ekki betur en að Framsfl. hafi gert ítrekaðar samþykktir á sínum þingum undanfarin ár, — samþykktir er ganga í sömu átt.

Herra forseti. Ég sé ástæðu til að hér komi fram mörkuð stefna Alþb. í þessum málum, ekki síst vegna rangtúlkunar og málflutnings hv. flm. þeirrar þáltill. sem hér er til umr., — stefnumörkun flokksins eins og hún var samþykkt samhljóða á flokksráðsfundi Alþb. í nóv. 1976

í tengslum við víðtæka stefnumótun í orkumálum, en þar segir svo um þessi efni, með leyfi hæstv. forseta:

„Semja ber langtímaáætlanir um fjármögnun orkuvera og stóriðjufyrirtækja með tilliti til þess, að opinberir íslenskir aðilar eigi öll orkuver að fullu og a. m. k. verulegan meiri hluta í orkufrekum iðnfyrirtækjum. Gæta ber þess, að fjárfestingum á þessu sviði sé í hóf stillt þannig að þær hafi hvorki háskalega erlenda skuldasöfnun í för með sér né teljandi áhrif erlends auðmagns í íslensku atvinnulífi. Ýmiss konar orkufrekur iðnaður á fyllsta rétt á sér og getur fallið með eðlilegum hætti inn í atvinnulíf landsmanna. Þess þarf hins vegar að gæta, að hann sé í höndum landsmanna sjálfra og sé byggður upp innan ramma víðtækra þjóðhagsáætlana, þar sem ríkt tillit verði tekið til skynsamlegrar auðlindanýtingar svo og æskilegrar atvinnu- og byggðaþróunar í landinu."

Og áfram segir í þessari stefnumörkun:

„Aðeins koma til greina fyrirtæki sem greiða viðunandi verð fyrir orkuna, sambærilegt við það sem öðrum iðnaði er ætlað að greiða þegar tekið hefur verið tillit til nýtingartíma og lægri orkuflutningskostnaðar í stórnotkun."

Og enn fremur:

„Forgang hafi orkufrekur iðnaður, sem byggir á innlendum aðföngum (hráefni og orku, sbr. tilvitnaða töflu í áliti orkunefndar, sem fylgdi þessari samþykkt), iðnaður, sem er sem minnst háður einokunarhringum um framleiðsluaðföng og sölu afurða, sem fellur að æskilegri þróun byggðar, sem unnt er að byggja upp í áföngum með tilliti til fjárhagsgetu þjóðarbúsins, sem fellur að mótaðri stefnu um umhverfisvernd."

Í samþykkt þessari er einnig fjallað um umhverfisvernd í tengslum við orkumannvirki og orkufrekan iðnað og um rannsóknir, skipulag og undirbúning ákvarðana um þessi efni. Eins og ekki hefur farið fram hjá mönnum í umræðu liðinna ára um þessi efni, hefur deilan í sambandi við orkufrekan iðnað í landinu ekki síst staðið um spurninguna um eignaraðild og svo vissulega það, hvernig ráðstafa skuli fjármagni, hvaða röðun skuli hafa í sambandi við verkefni. Af hálfu okkar Alþb.-manna er meirihlutaeign íslenska ríkisins lágmarkskrafa þegar um stórrekstur er að ræða, eins og í flestum tilvikum er þegar orkufrekur iðnaður á í hlut. En það er rétt að taka fram, að við útilokum ekki samstarf við erlenda aðila, hvorki um minnihlutaeignaraðild né markaðsmál, ef það er metið svo, að það sé æskilegt og nauðsynlegt til þess að koma upp iðnfyrirtækjum sem falla að öðru leyti undir markaða stefnu. En það á hins vegar ekki að vera regla, ekki neinn óhjákvæmilegur fylgifiskur atvinnuuppbyggingar á þessu sviði, heldur ber að taka ákvarðanir um það í sambandi við einstök mál og í ljósi aðstæðna og aðeins ef æskilegt þykir að á slíka samvinnu eða eignaraðildarminnihluta reyni.

Ég minni á það, sem raunar kom fram í máli hv. frummælanda áðan um mat manna — það er vitnað í þekktan bankastjóra í grg. með þessari þáltill. — á möguleikum okkar Íslendinga til að reisa einir og óstuddir stóriðjufyrirtæki á borð við það sem fyrir er í landinu og að útvega lánsfjármagn til slíkra framkvæmda. Við höfum lánstraust, m. a. vegna þess bakhjarls sem við eigum í orkulindum landsins, til þess að ráðast í stór verkefni, enda séu að sjálfsögðu skynsamlegir kostir þar á ferðinni.

Nei, hv. þm., hér reynir vissulega á stefnu og viðhorf sem deilt er um í þessum efnum. En það hefur, held ég, ekki farið fram hjá neinum, að það hefur orðið viðhorfsbreyting í landinu á undanförnum árum í sambandi við það, hvernig æskilegt sé að standa að stórrekstri og hagnýtingu auðlinda okkar fyrir atvinnulífið. Þeim hefur fækkað stórlega sem mæna á erlent áhættufjármagn sem einu leiðina til að byggja upp slíkt atvinnulíf, og sem betur fer gætir þess í grg. með þáltill. þeirri sem hér er til umr., að menn, sem halda á penna, vilja ekki einhenda sér í erlenda stóriðju. Ég vænti þess fastlega, að Alþfl. beri gæfu til þess að móta skýra stefnu fyrr en síðar í þeim efnum, að þarna verði um íslenskt forræði yfir þeim atvinnurekstri að ræða sem við hugsum til að rísi í landi okkar. En eins og stendur hafa Alþfl. og Sjálfstfl. galopið fyrir innstreymi erlends áhættufjármagns, fjárfestingu erlendra auðhringa í landinu, þó að ég viti að það eru skiptar skoðanir innan þessara flokka um þessi mál. Í því sambandi er ástæða til að minna á afstöðu núv. hæstv. forsrh. í sambandi við málefni járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga, en ákvarðanir um hana voru teknar þegar hann gegndi starfi iðnrh. Þá var ráðist í þetta fyrirtæki með meirihlutaeign íslenska ríkisins. Þó að menn greini á um þá framkvæmd, þá var þarna þó betur á haldið en ef ráðist hefði verið í þetta fyrirtæki sem erlent fyrirtæki eftir þeirri formúlu sem fylgt var í sambandi við álverið í Staumsvík. En síðan heyrast hins vegar raddir innan þingliðs Sjálfstfl., og þær eru mönnum kunnar, sem tjá sig beinlínis andvígar eignaraðild okkar Íslendinga í orkufrekum iðnaði, og það eru þær raddir sem hljóma verst í mínum eyrum, ekki ósvipað og raddir sem mæla með því að við tökum fjármagni, við tökum við leigu vegna herstöðvar í landi okkar til þess að standa undir mannvirkjagerð í landinu.

Alþfl. segist í grg. með þessari þáltill. ekki setja neina fasta formúlu um eignaraðild og telur að fara verði eftir aðstæðum í hverju tilviki, eins og þar stendur. En það er tortryggilegt, að formaður flokksins, hv. frummælandi, 1. flm. þessarar þáltill., hefur eingöngu lofsungið samningsgerðina um álverið í Straumsvík, bæði í blaðagreinum að undanförnu og sami gagnrýnislausi tónninn kemur fram í grg. með þáltill. Samningarnir og reynslan af álverinu í Straumsvík og járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga, þau fáu ár sem hún hefur starfað, eru lögð að jöfnu. Ég tel það verulega forherðingu að bera slíkt á borð, og ef það er hugurinn að baki þeirri eflingu orkufreks iðnaðar, sem kveðið er á um í þessari þáltill., þá horfir ekki vel ef sjónarmið Alþfl. næðu fram að ganga.

Eitt mikilvægasta atriðið við mörkun framtíðarstefnu og undirbúning ákvarðana um orkufrekan iðnað er að læra af reynslunni og þá ekki síst af þeim iðnaði sem fyrir er af þessu tagi í landinu. Þar háttar býsna misjafnlega til. Þar höfum við alíslensk fyrirtæki sem reist voru fyrir áratugum, þar sem eru áburðarverksmiðjan í Gufunesi og sementsverksmiðjan, sem framleiða fyrir innlendan markað og falla að sjálfsögðu mjög vel að okkar atvinnulífi og spara mikinn gjaldeyri. Við höfum þar einnig kísilgúrverksmiðjuna við Mývatn, sem er með sérstökum hætti, en er þó með samvinnu við útlendinga um markaðsmál. Það fyrirtæki gagnrýni ég ekki síst fyrir það — eða undirbúning, réttara sagt, að því fyrirtæki — að það var ekki farið að með skynsamlegri gát við staðsetningu þess. Ég býst við að enga greini á um það í dag, að ekki fer vel á þeim iðnrekstri innan fjallahringsins í

Mývatnssveit, og menn hefðu kosið að öðruvísi hefði verið staðið að málum í sambandi við það. En þeir menn, sem að því stóðu, eiga sér málsbætur. Vakningin í umhverfismálum var ekki orðin á árinu 1964 eða þar um bil, en þá minnir mig að ákvarðanir hafi verið teknar um þetta fyrirtæki. Þá rifust menn um aukaatriði í sambandi við það, rifust um veginn, en ekki verksmiðjuna. En síðan eru það hin stóru fyrirtæki, álverið í Staumsvík, sem nú hefur starfað í 10 ár, og svo járnblendiverksmiðjan á Grundartanga, sem hóf starfsemi 1978. Þótt hvorugur samningurinn um þessi fyrirtæki, álverið og járnblendiverksmiðjuna, sé góður að mati Alþb. er á þeim mikill og afgerandi munur, sem m. a. tengist því sem hér hefur komið fram í mínu máli og allir þekkja raunar, ákvæðum um eignaraðild og réttarstöðu, ákvæðum um orkuverð og endurskoðun á orkuverði og ákvæðum um mengunarvarnir og umhverfisvernd, mengunarvarnir jafnt innra á vinnustað sem umhverfisvernd hið ytra. Á sama hátt er reynslan af ýmsu, er þessum fyrirtækjum tengist, býsna ólík, og hefði verið æskilegt að þingflokkur Alþfl. hefði fengist til þess að setja eitthvað á blað um það. Þau atriði tengjast að sjálfsögðu hinni ólíku eignaraðild að þessum fyrirtækjum og viðhorfum, er þróast hafa í kringum þessi fyrirtæki og varða þessa mismunandi eignaraðild, viðhorf gagnvart rekstri, viðhorf gagnvart tækniþekkingu og þróun tækniþekkingar og tengslum við annað atvinnulíf í landinu. Það eru fáir sem geta staðhæft að ræst hafi þær spár, sem haldið var á loft þegar ákvarðanir væru teknar um álverið í Staumsvík, að þessi stóriðja ætti eftir að verða innan fárra ára verulegur vaxtarbroddur í úrvinnsluiðnaði hér í landinu. Það hefði áliðnaður í íslenskri eigu eflaust orðið. En vegna þess að þeir aðilar, sem þarna ráða, hafa ekki minnsta áhuga á þróun íslensks atvinnulífs, hefur eðlilega ekki mikið hreyfst í þessum efnum. Og það er einkennilegt, að Alþfl., allur þingflokkurinn, setur í grg. sinni og rökstuðningi jafnaðarmerki milli þessara fyrirtækja og heldur því fram, að þarna hafi orðið hagstæð þróun, hagstæð áhrif — að vísu úr því dregið í sambandi við álsteypu. En ég er ekki bjartsýnn á að hún eigi eftir að þróast í tengslum við álverið í Staumsvík, þó að ég viti að eftir því er rekið af ýmsum aðilum að svo geti orðið.

En alveg sérstaklega er það eitt atriði sem ástæða er til að ræða í sambandi við þetta mál, og það tengist orði sem ég held að sé ekki að finna í grg. með þessari þáltill. Alþfl., og það er sannarlega umhugsunarefni. Þetta orð er orkuverð. Í því sambandi mætti halda býsnalanga ræðu. Ég ætla ekki að taka hér tíma þingsins til þess að halda hana um þetta eitt sér, en það nægir að minna á í þessu sambandi, að á síðasta ári seldum við ÍSAL um það bil 43% af framleiddri orku í þessu landi, en fengum í tekjur frá sama fyrirtæki aðeins 8—9% af innkomnum tekjum fyrir orkusölu í landinu. Sá samningur, sem þannig háttar um og þessu skilar, — og ég held að menn ættu nú að reikna áður en þeir fullyrða mikið um nettógjaldeyristekjur af þessu fyrirtæki, — þessi samningur er njörvaður í 14 ár í viðbót á ábyrgð Alþfl. og Sjálfstfl. á sínum tíma, og horfur eru á að orkuverð samkv. samningnum fari í reynd lækkandi á þessu tímabili mælt á föstu verðlagi, þrátt fyrir þá endurskoðun á honum sem tókst að knýja fram á árinu 1975 og þá á kostnað stækkunar fyrirtækisins. Þau endurskoðunarákvæði, sem samkv. samningi þessum á að geta reynt á að 14 árum loknum, á árinu 1994, virðast ekki gefa mikla möguleika á leiðréttingu. Við skulum minnast þess, að þessi samningur er í gildi til ársins 2014. Og hvert á að skjóta ágreiningsefnum um þennan samning? Til erlendra dómstóla.

Sannarlega verður fyrr en seinna að reyna sanngirnissjónarmið í þessu máli með tilliti til gífurlegra breytinga á orkuverði í heiminum frá því að samningurinn var gerður. Það er hins vegar ekki einfalt mál, þar eð um ágreiningsatriði samkv. samningnum á að fjalla fyrir erlendum dómstóli, eins og ég gat um áðan. Í þessu sambandi er vert að rifja upp annan og að sumu leyti hliðstæðan nauðungarsamning, sem viðreisnarstjórnin stóð fyrir á sjöunda áratugnum, landhelgissamninginn við Breta frá árinu 1961, sem kvað einnig á um erlenda dómkvaðningu í sambandi við breytingar. Það þurfti meirihlutavilja hér á Alþingi til þess að láta reyna á þessi atriði, til að snúa þarna við. Það getur átt eftir að reyna á það með einhverjum hætti í sambandi við þann raforkusölusamning sem tengist hinni erlendu stóriðju hér í landinu.

Orkusölusamningurinn varðandi járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga er vissulega til muna skárri en sá samningur sem ég var hér að ræða um varðandi álverið í Straumsvík. En þó eru á þeim samningi miklir meinbugir, eins og fram kom í umræðum um þessi mál hér á Alþ. í ársbyrjun 1979, þar sem fram kom að samningsaðilinn hafði tryggt sér eins konar neitunarvald í sambandi við endurskoðun á rammasamningnum. Þrátt fyrir endurskoðunarákvæði, sem þar eru og eru öll önnur og hagstæðari en í samningnum um álverið í Straumsvík, og þar eru raunar engin endurskoðunarákvæði nema sem tengjast þróun á framleiðsluverði, þá er ljóst að orkuverð samkv. raforkusölusamningnum til járnblendiverksmiðjunnar heldur ekki raungildi hvað þá meir á samningstíma miðað við líklegar forsendur um verðbólgu. Því er það, að einnig þessi samningur þarfnast endurskoðunar, og það er vert að hafa í huga við umr. um þessi mál.

Herra forseti. Ég gat þess, að það vekti athygli að ekki er neitt að finna um orkuverð í grg. með þáltill. Alþfl. né heldur í skrifum málgagns flokksins að undanförnu um þessi mál. Þar er nánast ein samfelld lofgerðarrolla um þá stóriðjusamninga sem hér hafa verið gerðir síðasta áratug, og það er ekki vegvísandi í sambandi við íslenska atvinnuþróun og hvatningu til að halda áfram á þeirri braut, þó að ég ætli út af fyrir sig ekki að lasta það að menn hugsi til þeirra mála sem fram á við horfa.

Í þessu sambandi er vert að rifja það upp, að umræða hefur verið mikil einmitt sérstaklega um orkuverð til orkufreks iðnaðar í grannlöndum okkar, bæði austan hafs og vestan. Í þessum löndum, í Noregi og í Kanada, hefur farið fram endurmat á þessum málum og mikil umræða í stjórnmálaflokkum, ekki síst í stjórnmálaflokki sem Alþfl. — að vísu með röngu að mínu mati — telur sinn bræðraflokk, jafnaðarmannaflokknum í Noregi. Hann hefur tekið þessi mál upp og flutt þau inn á norska Stórþingið með myndarlegum hætti, þar sem boðuð er róttæk endurskoðun á orkuverði til stóriðju í Noregi, ekki bara til væntanlegra stóriðjufyrirtækja, heldur varðandi gamla samninga. Ég held að það sé full ástæða til að vekja athygli á þessari umr. hér á Alþ. þó að ég efist ekki um að þeir menn, sem um þessi mál hugsa, hafi fylgst með henni og veitt henni athygli.

Hliðstæð umræða er í gangi vestan hafs, í Kanada, sem

er keppinautur norskra framleiðsluafurða orkufreks iðnaðar, en þar hagar vissulega talsvert öðruvísi til í sambandi við eignarhald á raforkuframleiðslufyrirtækjum, sem í mörgum tilfellum eru í mun meira mæli í höndum iðnaðarfyrirtækjanna sjálfra, — í meira mæli en er í Noregi þó að þess finnist þar einnig dæmi.

Bæði í Noregi og í Kanada hafa menn sett sér það mark að reyna að gera þessi mál upp og ganga frá þessum málum ekki síðar en á árinu 1983. Það er samt engin tilviljun að þeir hafa auga hvor á öðrum og hvernig framvinda mála verður í þessum efnum í þessum löndum.

Hér í iðnrn. reynum við að fylgjast sem gleggst með þessari þróun og umræðum sem þarna eru í gangi, vegna þess að það skiptir að sjálfsögðu mjög miklu máli í sambandi við þau efni sem nú eru til athugunar, hugsanlega þróun orkufreks iðnaðar í landinu og þá samninga sem við höfum gert í þessum efnum. — Ég held að það sé rétt að ég vitni hér aðeins — með leyfi hæstv. forseta — í norsku orkustefnuna, sem jafnaðarmannastjórnin norska lagði fyrir Stórþingið í marsmánuði s. l. og er að finna í Stórþingstíðindum nr. 54 frá mars s. l., þar sem segir um orkuverð til orkufreks iðnaðar:

„Ríkisstj. lítur svo á (þ. e. norska ríkisstj.), að það sé mikilvægt, bæði með tilliti til iðnaðar og byggðastefnu, að efla og þróa orkufrekan iðnað í Noregi og úrvinnslu sem á slíkum iðnaði byggist: Jafnframt að örva eins og mögulegt er nýtingu þeirrar orku, sem er til umráða, og að bæta ytra og innra umhverfi. Þessari viðleitni þarf að beina að starfandi fyrirtækjum, og veita ætti þeim möguleika til að endurnýja og endurskipuleggja framleiðslutæki sín til þess að bæta samkeppnishæfnina. Slíkar aðgerðir gætu einnig haft í för með sér framleiðsluaukningu."

Síðan segir: „Svo framarlega sem það samrýmist þessum markmiðum í iðnaðarmálum mun ríkisstj. smám saman aðlaga orkuverðið núverandi framleiðslukostnaði, 11-12 aurar á kwst. fyrir utan virðisaukaskatt á janúarverði 1980.

Núverandi orkuverð er breytilegt eftir því, hvenær samningarnir voru gerðir. Möguleikar á að breyta verðinu eru einnig mismunandi. Lögð er til eftirfarandi stefnumörkun fyrir verðlagsþróun á orku til orkufreks iðnaðar:

Ný orkuafhending, sem fer fram yfir þær 29.6 terawattstundir vergrar forgangsorku sem iðnaðurinn hefur í dag, skal greidd samkv. verði sem endurspeglar kostnaðinn fyrir nýja orku. Grunnverð samninga, sem gerðir voru 1976 eða síðar, skal endurskoða 1985. Nýtt grunnverð fyrir úthlutun orku samkv. þessum samningum verði svipað og fyrir nýja orku. Vísitöluákvæði verði notuð frá 1980 til þess að raforkuverð verði fært til samræmis við raunverulegt verðlag. Orkuafhending samkv. þessum samningum verði vergar 2.6 terawattstundir". Þarna er byggt á þeirra hugmyndum um ráðstöfun á orku umfram það sem nú er til orkufreks iðnaðar. — „Orku frá orkuverum, sem taka til starfa á tímabilinu 1979—1984, skal verðtryggja frá 1990 í samræmi við kostnaðinn fyrir nýja orku. Forgangsorka frá þessum orkuverum nemur 2.3 terawattstundum vergum." — Og takið nú eftir:

„Gamla ríkissamninga, sem renna út eftir 1990, verður reynt að endurskoða þar sem ríkið getur ekki einhliða breytt samningum. Takmarkið er að samræma grunnverð og vísitöluákvæði öðrum samningum. Náist ekki slíkir samningar mun ríkisstj. auka orkuskatt til að ná sama takmarki. Þeir samningar, sem nú fela í sér lægsta verð, ná til forgangsorku sem nemur vergum 10.8 terawattstundum." — Framleiðslan á Íslandi er tæpar 3 twst. nú. Hún er meira en þreföld framleiðslan sem lýtur að gömlum samningum um orkufrekan iðnað í Noregi og þessi endurskoðun á að taka til.

Og síðan segir: „Notkun á söluskatti kemur einnig til greina fyrir eigin orkuver iðnaðarins sem hafa í verga forgangsorku 10.5 terawattstundir. Flest þessara orkuvera munu fyrst verða byggð eftir árið 2000. Orkuverð frá öðrum en ríkisorkuverum, vergar 3.4 terawattstundir, hefur fram að þessu fylgt ríkisorkuverði. Það er þó skilyrði að þetta verð breytist í samræmi við ríkisorkuverð í framtíðinni.

Samningum og væntanlegu mati á orkuskatti fyrir langtímasamninga og fyrir eigin orkuframleiðslu skal lokið í síðasta lagi fyrir 1983. Spurningin um að aðlaga orkuskattinn verðlagsþróuninni, m. a. á orkufrekri framleiðslu, verður skoðuð. Ríkisstj. leggur áherslu á að sú verðlagsstefnumörkun verði valin að tekið verði hæfilegt tillit til efnahagslegrar undirstöðu, samkeppnishæfni og þróunarmöguleika iðnaðarins. Það uppkast, sem ríkisstj. hefur lagt fram í sambandi við ákvörðun á orkuverði til orkufreks iðnaðar, á ekki að koma í veg fyrir að ríkisstj. geti bæði fyrir og eftir 1983 gert breytingar á orkuverðinu í samræmi við markaða verðlags- eða tekjustefnu. Sama gildir um orkuverð til almenningsnota." — Tilvitnun lýkur í þessa samþykkt úr orkustefnu norsku ríkisstj., sem fram var lögð í mars s. l.

Þessi mál hafa verið mikið á dagskrá í Noregi frá því að þessi orkustefna var þar lögð fram og verið mikið um þau deilt og þá stefnu sem hér er fram sett. Iðnaðarnefnd Stórþingsins hefur um þessi mál fjallað og hefur komið fram ágreiningur og meirihlutaálit og minnihlutaálit, mismunandi eftir flokkum. Verkamannaflokkurinn myndar meiri hluta í umsögn sem fram hefur verið lögð, og er meiri hl. n. sammála ríkisstj. um stefnumörkunina í orkumálum og að æskilegt sé að aðlaga orkuverð til iðnaðar almennri verðþróun á orku með tilliti til þess, hve mikil hún hefur hækkað síðustu ár, og stefnt verði að því að tekið sé mið af framleiðslukostnaði í sambandi við nýja orku.

Ég er ekki að fjalla hér um eða rekja frekar umr. um þessi efni eða álitsgerðir fulltrúa einstakra flokka í iðnn. norska Stórþingsins, en ég taldi rétt að vekja athygli hv. þm. á þessari umræðu í Noregi og gögnum sem þar hafa komið fram, en þessi umr. er ekki enn til lykta leidd.

Ég ræddi áðan um samningana um álverið og járnblendiverksmiðjuna. Afstaða Alþb. til þeirra samninga réðst af mörgum þáttum, en flokkurinn greiddi atkv. á móti þeim í báðum tilvikum. Þessi afstaða byggðist m. a. á réttarstöðu í sambandi við samninginn um álverið í Straumsvík, en einnig á efnahagslegum forsendum — því orkuverði sem lagt var þarna til grundvallar og afkomuhorfum í sambandi við fyrirtækið þar sem járnblendiverksmiðjan á Grundartanga átti í hlut. Inn í þessi mál og viðhorf komu einnig umhverfismál í ríkum mæli, eins og mönnum er í fersku minni. Sem betur fer virðist hafa tekist að leysa þau mál á viðunandi hátt í sambandi við járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga að því er varðar hið ytra umhverfi, og starfsskilyrði hið innra eru sögð

betri en gerist víðast hvar í hliðstæðum fyrirtækjum. Eru taldar líkur á að tækniþróun geri kleift að loka ofnum í slíkum verksmiðjum þannig að hægt sé að skapa mun skárri aðstæður á slíkum vinnustað en er með hina opnu ofna, eins og er í þessu fyrirtæki á Grundartanga.

En afstaða Alþb. til þessara mála var ekki síður spurningin um ráðstöfun orkunnar. Flokkurinn vakti í umr. um þessi mál m. a. athygli á húshitunarþættinum, alveg sérstaklega í sambandi við járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga, og benti á það sem knýjandi verkefni, strax og olíuverðshækkunin fyrri kom fram haustið 1973, að beina fjármagni og kröftum að því að útrýma olíu úr húshitun landsmanna. Þar var mikið verkefni á ferðinni. Sem betur fer hefur verið mikið að gert á því sviði þó að meira hefði mátt gera ef menn hefðu haft fjármagn til þeirrar ráðstöfunar eins og raunverulega hefði þurft að vera. Ég held að það blandist engum hugur um að þarna voru á ferðinni arðsamar framkvæmdir, jafnt hitaveitur og raflínulagnir til að gera kleift að útrýma olíu úr húshitun landsmanna. Ef ekki hefði verið ráðist í járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga á sínum tíma hefði ótvírætt verið meira svigrúm en ella til að ná árangri í því að útrýma hinni innfluttu orku í húshitunarþættinum og e. t. v. einnig í fleiri þáttum.

Það er ástæða til að rifja það upp hér, að enn fara um 60 þús. tonn af olíu til upphitunar íbúðarhúsnæðis hérlendis á ári og miðað við áætlaða skiptingu í rafhitun og varmaveitu þarf um 300 gígawattstunda raforkuframleiðslu á ári til að útrýma olíunni úr húshitun okkar, en allnokkur byggðarlög eiga í vændum eða stefna að því að leysa þau mál með varmaveitum. Til viðbótar þessu er svo gert ráð fyrir viðbótarþörf vegna rafhitunar húsnæðis sem nemur 200 gígawattstundum á ári fram til 1990 eða samanlagt um 500 gígawattstundum á ári í viðbót innan 10 ára.

Í iðnrekstri í landinu notum við um 120 þús. tonn af olíu. Þar eru fiskimjölsverksmiðjurnar þurftarfrekastar með 84 þús. tonn á árinu 1978, svo að það kann að hafa verið einhver önnur tala 1979, en ég hef ekki upplýsingar um það. Samtals er olíunotkunin í iðnrekstri í landinu, og þá ekki meðtalið það sem fer til upphitunar iðnaðarhúsnæðis, 120 þús. tonn. Það er eflaust hægt að lækka þessa tölu þó nokkuð með orkusparnaðaraðgerðum, alveg sérstaklega á fiskimjölsverksmiðjum okkar, og þar er um afar brýnt verkefni að ræða til að bæta rekstrarstöðu þessara fyrirtækja og draga jafnframt úr mengun. Ef því verkefni væri lokið — það er talið að hægt sé að lækka þarna um þriðjung orkunotkun í fiskimjölsverksmiðjunum með tækni sem nú hefur sannað gildi sitt — eru um 90 þús. tonn notuð í iðnaði okkar miðað við núverandi fyrirtæki. Til þess að útrýma þessu með raforku svarar það til um 900 gígawattstunda. En ég er ekki með því að segja að það sé fýsilegt verkefni í öllum tilvikum. Það er eftir að meta. Sumt af þessum markaði er vissulega þess eðlis að hann er erfiður sem sölumarkaður fyrir raforku, einkum vegna stutts og ójafns nýtingartíma, eins og gerist í fiskimjölsverksmiðjum okkar alveg sérstaklega. En það er vert að gefa gaum að grasköglaverksmiðjum, sem notuðu 3000 tonn af olíu á árinu 1978. Þar eru fyrirtæki sem þyrfti að einbeita sér að að nýti innlenda orku. Þau eru starfrækt þegar sannanlega er afgangsorka til reiðu í raforkukerfi okkar að sumarlagi.

Undanfarin ár og allra næstu ár eru tímabil þar sem unnið er að að útrýma innfluttri orku í sambandi við húshitun, og það sér sem betur fer fyrir endann á þessu verkefni í aðalatriðum. Þegar þessu verkefni verður lokið, væntanlega sem fyrst, ég nefni þrjú ár, kannske í hæsta lagi 5 ár, þá ætti að skapast og hlýtur að skapast aukið svigrúm til fjárfestingar á öðrum sviðum, og þá er eðlilegt að menn horfi til iðnaðar og þ. á m. til orkufreks iðnaðar. Ég tel mjög eðlilegt að farið sé yfir þetta svið í heild sinni, þá kosti sem gefast kunna á sviði orkufreks iðnaðar, og verði leitað eftir viðráðanlegum og álitlegum kostum sem falli með skynsamlegum hætti að íslenskum þjóðarbúskap út frá efnahagslegum forsendum og jafnframt byggðarlegum forsendum. Að þessu verkefni hefur verið unnið, að vísu kvartað undan því af hv. flm. þessarar till., að það hafi ekki verið nógu mikið látið bera á því. Það er kannske vert að hafa það í huga í sambandi við fleiri mál, sem eru til meðferðar á vegum iðnrn., að menn vilja meira um hlutina heyra. En að þessu hefur verið unnið að undanförnu eins og ítrekað hefur komið fram opinberlega og í fjölmiðlum og á þingum þar sem ég hef greint frá ýmsum þáttum þessara mála á síðustu mánuðum.

Það er gengið í þetta verk út frá þeirri forsendu, að um íslenskt forræði og forustu sé að ræða varðandi atvinnuuppbyggingu á þessu sviði, en ekki hugsað til útsölu á orkulindum okkar til erlendra fyrirtækja. Því er það að við hljótum að kosta kapps um að afla sem víðtækastrar þekkingar á þessu sviði á vegum íslenskra stjórnvalda og afla þeirrar þekkingar frá öllum þeim aðilum innanlands sem geta haft til mála að leggja og geta mælt af reynslu á þessu sviði, og hefur iðnrn. ekki dregið neinar markalínur í sambandi við það, heldur leitað út fyrir veggi sína til að fá fram þekkingu og viðhorf í sambandi við þessi efni frá aðilum hér innanlands og stofnunum sem um þessi mál hafa fjallað og eiga að fjalla, eins og t. d. Iðntæknistofnun Íslands, en ekki takmarkað við hana. Ég nefni í þessu sambandi, af því að ég talaði um tækniþekkingu og reynslu sem þeir, sem starfa við járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga, safna og hafa áhuga á að safna með tilliti til hugsanlegrar frekari þróunar orkufreks iðnaðar í landinu, að við hlustum að sjálfsögðu á það sem slíkir aðilar telja sig hafa til mála að leggja í þessu sambandi. Erlendis frá þurfum við ekkert síður að leita upplýsinga og reynslu um þróunarmöguleika á þessu sviði.

Þetta er kannske ekki verkefni af því tagi, að það sé spurningin um vikur eða mánuði hvenær menn eru með marktækar niðurstöður, en ég hef getið þess hér, að iðnrn. hefur áhuga á að geta lagt fram upplýsingar um þessi efni og ábendingar um þessi efni áður en mjög langur tími líður. Hér er ekki vettvangur til að rekja stöðu þessara athugana. Mun gefast tækifæri til þess síðar og þá væntanlega í tengslum við þá orkustefnumótum sem ég gat um að unnið er að og kynnt verður á Alþingi áður en punkturinn verður settur aftan við vinnu að því máli.

Það má víkja örfáum orðum að iðnaðarkostum, af því að menn eru afskaplega mikið að spyrja um iðnaðarkosti og það heyrist býsna hávært ákall um ál og járnblendi. Það er kannske ósköp eðlilegt, vegna þess að við erum með fyrirtæki af því tagi í landinu, og iðnrn. hefur út af fyrir sig ekki verið að útiloka slíka kosti, að á þá sé litið. En það er ekki sérstaklega frjótt hugarfar að mæna eingöngu á það sem fyrir er. Þarna þarf að líta til margra átta. Það er oft notað orðalagið að hafa ekki öll egg í

sömu körfu, og það á auðvitað alveg sérstaklega við, þegar hugsað er til uppbyggingar íslenskra fyrirtækja á þessu sviði, að gæta fjölbreytni, að hætta sem minnstu til í sambandi við þennan atvinnurekstur sem annan og leita þar skynsamlegra ákvarðana með dreifingu áhættu og forðast einokunaraðila, sem vissulega eru fyrirferðamiklir í orkufrekum iðnaði, einnig á markaði, sem honum tengist í heiminum, og þá ekki síst í áliðnaði, sem er einn af þeim þáttum sem gjalda þarf vissan varhug við þegar rætt er um slíkan framleiðslukost. Við höfum sannarlega orðið varir við sveiflur í framleiðslu af þessu tagi, og við höfum því miður orðið vitni að því, að þar hefur verið að síga í öldudalinn með markað fyrir það fyrirtæki sem íslenska ríkið á meiri hl. að, járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga, þó að það sé kannske ekki ástæða til að vera sérstaklega kvíðinn yfir því, að sú þróun standi lengi.

Ég er ekki þar með að segja að orkufrekur iðnaður sé einn um sveiflur. Sveiflur eru í flestum atvinnurekstri og þar skiptir því fjölbreytnin allverulegu máli. En við hljótum alveg sérstaklega að athuga þá kosti sem tengjast úrvinnslu á íslenskum hráefnum í sambandi við nýtingu á auðlindum okkar. Við slíkar aðstæður, ef slíkir kostir liggja fyrir, er þess að vænta, að arðurinn af slíkri framleiðslu verði meiri en ef aðföngin eru flutt inn til landsins að verulegu leyti, þó að það út af fyrir sig þurfi ekki að vera útilokað. Og þarna hefur verið á ýmislegt bent.

Ég þarf ekki annað en nefna atriði eins og magnesíumvinnslu. Hún hefur verið til umræðu sem eitt þrep í víðtækri sjóefnavinnslu í landinu. Ég er ekki þar með að segja að það sé neitt einfalt mál að koma slíkri vinnslu á fót, en markaðsþróun á þessu sviði hefur verið hagstæð og virðist vera hagstæð framundan, en ýmis atriði eru þess eðlis að þau hrekja kannske frá. — Ein afurð sem til fellur við þessa vinnslu er klór, sem er efni sem er ekki auðvelt í meðförum.

Iðnaðarkostur þar sem hægt væri að fá aðföngin úr íslensku vatni, er þungt vatn. Það er mál sem full ástæða er til að litið sé á áfram þó að það tengist þróun m. a. á kjarnorkuverum í útlöndum sem nota þungt vatn í sambandi við framleiðslu sína, í sambandi við rekstur sinn. — Títanvinnsla úr íslensku bergi hefur verið nefnd sem einn þróunarkostur. Þetta eru dæmi sem ég nefni hér.

Það hefur einnig verið nefndur iðnaðarkostur, sem að vísu byggir ekki á innlendu hráefni, en þar sem aðföng eru ekki einokuð og eru mjög aðgengileg að því leyti, en það er kísilmálmvinnslan, sem ekki fylgir þróun í stáliðnaði eins og járnblendið, heldur þróun í áliðnaði, þar sem um 3/4 af heimsframleiðslunni á þessu sviði eru notaðir til íblöndunar í ál, en afgangurinn tengist þróun í svokölluðum silikoniðnaði sem er í örum vexti, og er silikon notað til margvíslegrar húðunar, þ. á m. í spegla sem hugmyndir eru um og reyndar framleiðsla er hafin á í sambandi við nýtingu á sólarorku.

Þetta nefni ég aðeins sem dæmi um að mönnum ber að líta til fleiri átta en þess iðnrekstrar sem fyrir hendi er af þessu tagi hér í landinu.

Herra forseti. Ég fer að stytta mál mitt, en ég tel þó nauðsynlegt að víkja hér að örfáum atriðum áður en ég læt því lokið.

Ég tel vissulega mikla möguleika á því að hagnýta orkulindir lands okkar, vatnsafl og jarðvarma, til verulegrar eflingar íslensku atvinnulífi í framtíðinni, en þetta viðfangsefni krefst frumkvæðis af hálfu okkar Íslendinga, m. a. öflugrar rannsóknastarfsemi á auðlindum okkar, jafnt á orkulindum sem hráefnaauðlindum. Sem dæmi um svið sem hefur verið vanrækt í sambandi við rannsóknir á orkulindunum, og svið, sem varðar Alþingi og ráðstöfun fjármagns héðan, eru háhitasvæði okkar. Það hafa legið fyrir óskir um margra ára skeið um að veita fjármagn til þess að fara í hægfara rannsóknir á háhitasvæðum okkar, m. a. með tilliti til hugsanlegra iðnaðarnota. Og menn skyldu vera minnugir þeirra áfalla sem þjóðin hefur orðið fyrir við Kröfluvirkjun og vegna þess, hvernig mál þróuðust þar. Það bendir til þess, að það sé full þörf á því að afla upplýsinga um þessar auðlindir okkar með sæmilegum fyrirvara og þjóðin ráðstafi til þess nokkru fjármagni. Þá er líklegra að unnt sé að afstýra áföllum. (**HBl:** Hver er afstaða ráðh. að þessu sinni um Kröfluvirkjun?)

Það er margt sem getur skapað nýja og e. t. v. óvænta möguleika í framtíðinni einmitt á þessu sviði, í orkunýtnum iðnaði, en í þessu sambandi þurfum við að hafa ríkulega í huga sjálfstæði og öryggi þjóðar okkar, ekki aðeins í efnahagsmálum almennt, heldur í orkumálunum, á orkumálasviðinu. Og því er einn þáttur orkufreks iðnaðar, sem við eigum að hugsa til og fylgjast náið með hvað snertir þróun og framleiðslumöguleika, framleiðsla innlends eldsneytis. Það er mikið á döfinni í ríkjum víða um heim, í iðnríkjunum fyrst og fremst, að þróa úrvinnslu á eldsneyti úr lífrænum auðlindum, kolum og mó og öðrum lífrænum auðlindum. En möguleiki okkar Íslendinga á þessu sviði gæti legið í því að nýta okkur fyrirliggjandi auðlindir í landinu, vatnsaflið og sumir segja jafnvel hugsanlega jarðhitann, með nýrri tækni til þess að framleiða hér innlent eldsneyti, og vissulega væri það gífurlegt stórmál og hagsmunamál fyrir okkur ef það tækist. Það sýnir sig, að það vantar þó nokkuð enn á hagkvæmni í sambandi við slíka framleiðslu, en það bil er að minnka og það getur brúast innan fárra ára ef sú þróun heldur áfram í sambandi við verð á olíu sem verið hefur í gangi um skeið og flestir spá að haldi áfram. Og þó að slík framleiðsla gæfi ekki miklar tekjur í aðra hönd og væri ekki samkeppnisfær á alþjóðlegan mælikvarða gæti samt verið réttlætanlegt að leggja út í hana að vissu marki vegna öryggissjónarmiða. — Fyrir utan þetta, að útrýma hinni innfluttu orku eftir því sem föng eru á, er svo möguleikinn, sem við erum að ræða hér um, að afla gjaldeyris með framleiðsluiðnaði á þessu sviði.

Það er eðlilegt að menn spyrji í þessu samhengi hvenær við höfum orku til ráðstöfunar í umtalsverðum mæli fyrir viðbót í orkufrekum iðnaði, — verulega viðbót. Hvað snertir næstu ár eru það mjög takmarkaðir möguleikar. Menn vilja kannske ekki útiloka að það geti verið í tengslum við Hrauneyjafossvirkjun í einhverjum óverulegum mæli, en það er ekki stórt, ef nokkuð, og það er fyrst hugsanlegt í einhverjum verulegum mæli í tengslum við næstu stórvirkjun eftir Hrauneyjafossvirkjun, — þá stórvirkjun sem taka þarf ákvörðun um á næstu misserum og komið gæti í gagnið á seinni hluta komandi áratugs — eða eigum við að segja nýbyrjaðs áratugs. Við höfum því nokkurn tíma til stefnu til að átta okkur í þessum málum og fara yfir vænlega kosti á þessu sviði. En ég er ekki þar með að segja að við eigum að halda að okkur höndum. Það er engu að síður eðlilegt að að þessum málum sé unnið þó að málin standi ekki

þannig að við þurfum að taka ákvarðanir um framleiðslukosti í dag eða á morgun.

En það er fleira en iðnaðarkostirnir sjálfir sem máli skiptir og athuga þarf og undirbúa. Inn í þá mynd kemur staðarval í sambandi við slíkan iðnrekstur, umhverfi slíks iðnrekstrar. Félagslegar aðstæður í slíkum iðnrekstri tengjast, og það er úrlausnarefni, sem kanna þarf með góðum fyrirvara. Að því er vikið í fyrirliggjandi þáltill. Þess vegna tel ég rétt að greina hér frá því, hvað iðnrn. hefur fyrirhugað á því sviði og raunar ákveðið.

Um þessi efni hefur verið rætt nokkuð lengi milli aðila sem láta sig þessi mál varða, alveg sérstaklega Náttúruverndarráðs og iðnrn. sem hafa haft um átta ára skeið formlegt samstarf með sér til þess að fara yfir þau mál sem þeim ber að hyggja að í sameiningu, og samstarfsnefnd þessara aðila gerði tillögur fyrir allnokkru um hvernig æskilegt sé að standa að þessum málum, sem ég nefndi hér. Með hliðsjón af þeim tillögum var ákveðið fyrir ekki löngu að setja á fót vinnuhóp til að vinna að þessum verkefnum, sem tengjast staðarvali fyrir meiri háttar iðnrekstur í landinu. Um það segir m. a. í fréttatilkynningu frá iðnrn., með leyfi hæstv. forseta:

„Nýlega hefur iðnrn. skipað nefnd til að kanna hvar helst komi til álita að staðsetja meiri háttar iðnað í tengslum við nýtingu á orku- og hráefnalindum landsins. Er nefndinni ætlað að beita sér fyrir athugunum á slíkum stöðum og taka tillit til líklegra áhrifa sem slík fyrirtæki hefðu á atvinnulega og efnahagslega þróun, samfélag, náttúru og umhverfi. Er nefndinni falið að greina í hverju slík áhrif séu helst fólgin og bera saman viðkomandi staði með hliðsjón af því.

Varðandi áfangaskiptingu á störfum nefndarinnar og um æskileg samráð við gerð þessarar könnunar er vísað til grg. frá samstarfsnefnd iðnrn. og Náttúruverndarráðs. Haga á könnun þessari þannig, að hún geti nýst við ákvarðanir um hugsanlega iðnaðarkosti og orkuver sem eru til umr. Nefndinni er ætlað að samræma störf þeirra stofnana sem málið varðar og tryggja að staðarval fyrir meiri háttar iðnrekstur sé sem best undirbúið. Jafnframt verði unnið að þessum málum í eðlilegu samráði við sveitarfélög og samtök þeirra. Gert er ráð fyrir að nefndin skili áliti til rn. í áföngum."

Þessi nefnd, sem er að búa sig til starfa, hefur á að skipa, fyrir utan formann tilnefndan af iðnrn., mönnum tilnefndum af Orkustofnun, heilbrrn., en sem kunnugt er veitir heilbrrn. starfsleyfi fyrir allan meiri háttar iðnrekstur og þarf því að fylgjast náið með þessum málum, og þar er fulltrúi tilnefndur af byggðadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins svo og fulltrúi frá Náttúruverndarráði. Þar sem umfangsmikið verkefni er framundan á þessu sviði er gert ráð fyrir að þessi nefnd geti ráðið sér verkefnisstjóra til að standa fyrir þessu starfi þannig að því miði á eðlilegan hátt.

Sem kunnugt er eru á döfinni og hafa verið til athugunar um nokkurt skeið nokkur miðlungsstór iðnaðarverkefni, sem að vísu nýta ekki orku í stórum stíl í samanburði við það sem gerist í hinum eiginlega orkufreka iðnaði, en eru þó verulegir iðnaðarkostir ef hagkvæmir reynast. Þarna eru framleiðslukostir sem ég þarf ekki að fjalla mikið um hér, eins og saltverksmiðja og steinullarverksmiðja, svo að dæmi séu tekin. Niðurstaða liggur ekki enn fyrir þrátt fyrir að að athugunum hefur verið unnið ötullega að undanförnu, en ég vænti þess að niðurstöður fáist fyrir lok þessa árs varðandi þessa iðnaðarkosti og fleiri. Þær niðurstöður geta alveg eins orðið neikvæðar eins og jákvæðar, það vil ég taka fram, en *þarna er á ferðinni fjárfesting á bilinu 7—12 milljarðar,* mismunandi eftir einstökum kostum.

Svo mikilvægt sem það er að átta sig á nýtingarkostum orkulinda okkar er full ástæða til að vara við einsýni og vara við röngum áherslum í þessum efnum. Við verðum að líta á atvinnulíf okkar í heild og þróunarkosti innan þess, *jafnt í sjávarútvegi, landbúnaði og iðnaði.* Við þurfum við skoðun þessara mála að hafa allt atvinnusviðið undir og við verðum að gæta þess að mínu mati að vekja ekki falskar vonir, síst meðal alþýðu þessa lands, um einhverjar hókus-pókus aðferðir sem tiltækar geti verið til að leysa úr tímabundnum þrengingum í atvinnulífi okkar, — þrengingum sem margir telja að nú ríki og vissulega eru til á ýmsum sviðum, en eru ekki alvarlegra eðlis en margt af því sem við höfum komist yfir með góðu móti í fortíðinni.

Ég verð að segja það, að mér þykir nokkuð einhliða áherslur vera að finna í því máli, sem Alþfl. ber hér fram, og þeirri grg., sem fylgir, og bera vott um því miður svipaðan málflutning og þegar þessi mál hafa verið á döfinni fyrr á árum, — málflutning sem kannske gekk lengst og frægastur varð þegar sett var fram sem hugmynd, að því er virtist í alvöru, að reisa á ekki ýkjalöngum tíma 20 álbræðslur á Íslandi. Við eigum vissulega mikla möguleika í okkar hefðbundnu atvinnuvegum og margir af þeim möguleikum eru skjótunnari, gefa skjótfengnari lausn í sambandi við atvinnuvandamálið í landinu en uppbygging í orkufrekum iðnaði, þó skynsamleg og æskileg geti verið að vissu marki horft til *lengri tíma, og slíka kosti er að finna á iðnaðarsviðinu í* almennum iðnaði, ekki síst ef fjármagni, hugviti og góðu skipulagi er þar beitt og aðstæður skapaðar til eðlilegrar þróunar í iðnaði okkar, eins og stjórnvöld hafa unnið að á undanförnum misserum.

Inn í þessa mynd hins ekki fjármagnsfreka iðnaðar kemur t. d. hinn svonefndi rafiðnaður að meðtöldum rafeindaiðnaði, en við þá iðngrein og þróun þess iðnaðar eru tengdar hugmyndir sem byltingarkenndar verða að teljast og varða ekki bara iðnrekstur, heldur einnig aðra atvinnustarfsemi og geta vissulega breytt viðhorfum í atvinnurekstri mjög verulega á næstu árum, og svo ekki sé talað um áratugi. Það er fyllsta ástæða til að fylgjast með þeirri þróun með tilliti til þess, að hún getur leitt af sér mjög verulega framleiðniaukningu og fækkun starfa eða við skulum vona styttri vinnutíma öðru fremur og við þurfum einnig að huga að framleiðslukostum hér innanlands á þessu sviði og að því er nú unnið ötullega, að ég hygg, á vegum starfshóps á vegum iðnrn.

En undir lokin vildi ég nefna hér alveg sérstaklega þörfina á því, að þegar við erum að fjalla um atvinnuþróun og atvinnustefnu í landi okkar hugsum við til þess að móta jafnhliða svokallaða auðlindastefnu, — stefnu um skynsamlega ráðstöfun og meðferð auðlinda okkar til hagnýtingar sem sé reist á varanlegum grunni með eðlilegri verndun þessara auðlinda. Við þurfum að leggja mjög aukið kapp á það á næstu árum að afla okkur þekkingar á þessum auðlindum, sem hægt er að reisa á velferðarþjóðfélag til frambúðar á Íslandi, og við getum hugsað til þess með glöðu bragði að kostir þessara auðlinda okkar eru miklir og taka á marga lund fram því sem gerist með öðrum þjóðum þótt ríkar teljist. Einkenni íslenskra auðlinda, lífrænna auðlinda og orkulinda, eru

sem betur fer að þær endurnýjast þó að þær séu takmörkunum háðar og það séu takmörk sem við þurfum að gæta. Þar reynir á hófsemi, þar reynir á framsýni, þar reynir á skynsamlega stjórnun.

Herra forseti. Um efni þáltill. hef ég þegar tjáð mig. Ég tel vissulega eðlilegt að Alþ. láti sig þessi mál skipta, eins og aðra þætti er varða atvinnulíf og atvinnuuppbyggingu í landinu, og því rn., sem fer með framkvæmdavaldið í þessum málaflokki, ber að sjálfsögðu að stuðla að því, að eðlileg athugun fari fram um þessi mál og upplýsingar komi fram um það gagnvart þingi og þjóð eftir því sem málum þokar fram. Og ég tel það í fyllsta máta eðlilegt, að þegar slíkar upplýsingar koma fram í áföngum sé um það fjallað í þingflokkum og í nefndum þingsins, sem láta sig viðkomandi mál varða, og alveg sérstaklega í iðnaðarnefndum þingsins. Ég held að það ætti að falla að hugmyndum sem Alþfl. hefur nú lagt býsna ríka áherslu á, að fastanefndir þingsins hugi að þessum málum og fleiri málum en bara koma í gegnum málflutning einstakra þm. eða ríkisstj. hér á Alþingi. Ég vænti vissulega góðrar samvinnu við nefndir þingsins sem kunna að taka á þessum málum í samvinnu við iðnrn.

Það er mjög eðlilegt að við hyggjumst sækja fram til bættra lífskjara í þessu landi og beitum þar skynsamlegri hagnýtingu auðlinda okkar en jafnhliða þurfum við að fara þar að með gát í býsna hverfulum heimi. Sem betur fer býr þessi þjóð betur að orku en flestar grannþjóðir miðað við fólksfjöldann. Þann auð ber okkur að vernda og hagnýta og gæta þess, að sú hagnýting verði til að styrkja efnahagslegt sjálfstæði þjóðar okkar. Að því miðar stefna núv. ríkisstj., og um undirbúning að meðferð þessara mála hefur ríkt góð samstaða, eins og um flest meginmál frá myndun núv. ríkisstj.

Herra forseti. Um þetta mál og atvinnuþróun í landinu mætti enn lengi ræða, en ég læt þetta nægja í dag. Tækifæri munu eflaust gefast síðar til að bæta hér ýmsu við.

Umr. frestað.

Efri deild, 4. fundur.

Mánudaginn 20. okt., kl. 2 miðdegis.

Flutningsráð ríkisstofnana, frv. (þskj. 26). — 1. umr.

Flm. (Helgi Seljan): Herra forseti. Á þskj. 26 hef ég ásamt hv. 11. þm. Reykv. leyft mér að endurflytja frv. til l. um Flutningsráð ríkisstofnana. Í 1. gr. þessa frv. segir svo: „Eftir hverjar alþingiskosningar kýs sameinað Alþingi hlutfallskosningu sjö menn í Flutningsráð ríkisstofnana. Varamenn skulu kjörnir með sama hætti. Forsrh. skipar formann og varaformann Flutningsráðs ríkisstofnana úr hópi ráðsmanna."

Í 2. gr. frv. er hlutverk þessa flutningsráðs skilgreint, en það er:

„a) að vera Alþingi, ríkisstj., ráðuneytum og einstökum ríkisstofnunum til ráðuneytis um staðarval og flutning ríkisstofnana, þar með taldar deildir og útibú slíkra stofnana,

b) að gera tillögur um staðarval nýrra ríkisstofnana og breytingar á staðarvali eldri stofnana,

e) að annast a. m. k. einu sinni á áratug heildarendurskoðun á staðsetningu ríkisstofnana og gera á grundvelli þeirrar endurskoðunar tillögur um breytingar, sbr. b-lið,

d) að fylgjast með framkvæmd ákvarðana um flutning ríkisstofnana og staðsetningu nýrra stofnana og stuðla að því að auðvelda aðgerðir á þessu sviði."

Þetta segir í raun og veru að mestu til um meginefni þessa frv. Það hefur áður verið flutt á Alþ., reyndar tvisvar, en í hvorugt skiptið fengið afgreiðslu. Það á sínar eðlilegu skýringar, því að málið hefur komið síðla fram í bæði skiptin og sú n., sem um það hefur fjallað, hefur haft lítinn tíma til þess að fjalla um málið, enda skal ekkert úr því dregið, að hér er um allstóra ákvörðun að ræða ef tekin verður.

Ég ætla ekki hér að fara að rekja enn einu sinni það álit sem þetta frv. er byggt á, álit stofnananefndarinnar, sem skilað var 1975, um það, hvernig haga mætti flutningi ríkisstofnana, stofnun útibúa og deilda frá hinum einstöku stofnunum. En ég minni aðeins á þetta álit nú vegna þess, að í því álit var það talin forsenda þess, að eitthvert skipulag kæmist hér á, að einhverju slíku flutningsráði eða einhverri slíkri nefnd yrði falin framkvæmd og skipulagning málsins.

Ég ætla hins vegar aðeins að minna á þær meginspurningar sem koma í hug okkar varðandi þetta mál í heild.

Það er í fyrsta lagi hver á að vera hin almenna stefna okkar í byggðamálum, til jöfnunar í okkar réttindamálum, til valddreifingar, til frekara öryggis í atvinnumálum, til aukinnar og bættrar þjónustu á öllum sviðum. Þetta mál snertir valddreifinguna og þjónustuna, en hefur reyndar áhrif á alla þætti.

Í öðru lagi kallar þetta á spurninguna um hvernig stjórnkerfi okkar á að byggjast upp í framtíðinni, hversu mikil miðstýring á þar að vera, hversu nær fólkinu á að færa valdið, hversu auðvelt þar er um ákvarðanatöku og greiðfært til allra áhrifa og hversu greiðan aðgang almenningur á að hafa að þjónustu hins opinbera. Við vitum að án skipulegs átaks í þessum efnum gerist ekkert nema handahófskennt fálm.

Í þriðja lagi verðum við að gera okkur grein fyrir því, hver reynsla annarra þjóða er af því sem hér er lagt til og þetta byggir á, hver er reynsla nágranna okkar, t. d. í Noregi og Svíþjóð, af skipulegri dreifingu stofnana ríkisins, af deildaskiptingu stofnananna og útibúum frá stofnununum víðs vegar um þeirra land og sem jafnast um landið, í stað þess að hafa alla hluti í höfuðstöðvum landsins eins og hér hjá okkur í Reykjavík. Þá verðum við að hafa það í huga, að frændur okkar í Noregi og Svíþjóð hafa rutt þar braut og reynslan er þar ótrúlega góð. Þar hafa vissulega komið fram margir annmarkar, en þeir hafa í flestum tilfellum verið yfirstignir. Kostnaður hefur verið mikill, ekki skal því neitað, en engu að síður hafa þessar þjóðir talið þetta eðlilega leið í sinni byggðaþróun.

Það er alveg rétt, að vegna enn strjálli byggðar og reyndar enn stærri höfuðborgar hlutfallslega hjá okkur en hjá þeim kunna erfiðleikar okkar að verða enn þá meiri. Og kostnaðurinn kann einnig að verða meiri m. a. vegna samþjöppunar valds, þjónustu og stofnana hjá okkur, því að okkar höfuðborg, eins og ég sagði áðan, er meira áberandi í raun og veru en aðrar í þeim samanburði.

Í fjórða lagi ber að hafa í huga, að ef ákvörðun verður tekin um átak í þessum efnum, ef þingvilji er fyrir hendi, þá þarf skipuleg vinnubrögð. Og forsenda þeirra er þá einhver aðili til yfirstjórnar og skipulagningar, aðili eins og hér er lagt til, bæði til þess að skipuleggja það, sem ákveðið kann að verða, eins til ráðgjafar fyrir stjórnvöld til beinna aðgerða í kjölfar samþykktrar tillögugerðar hér á Alþingi.

Það skal skýrt tekið fram, að mér dettur ekki í hug eða okkur flm. að hér sé einhver endanleg gerð eða fyrirkomulag, en þetta hlýtur að vera svipað að sjálfsögðu og fyrirmynd okkar er sótt beint til annarra Norðurlandaþjóða sem hafa, eins og ég áður sagði, framkvæmt mikið í þessum efnum og fengið út úr því mjög jákvæða niðurstöðu.

Þetta mál hefur verið kynnt þannig áður, að ég tel ekki ástæðu til þess að fara um það fleiri orðum hér. Ég vil þó aðeins taka það fram, að fram hafa komið frá landshlutasamtökum á Norðurlandi og Austurlandi mjög eindregnar stuðningsyfirlýsingar við fyrirkomulag af þessu tagi, og það er kannske sá hvati til endurflutnings sem hefur ráðið mestu um það, að ég tel rétt að halda þessu máli vakandi og við flm., og eins það, að sú n., sem fær þetta mál til meðferðar, fái verulega góðan tíma, eins og nú ætti að vera, til þess að fjalla um málið, en það hefur hún ekki fengið á þeim þingum sem málið hefur fyrr verið flutt á. Ég þarf svo ekki að taka það fram, að ef starfsfriður verður og tími hjá núv. hæstv. ríkisstj. til aðgerða í þessum málum, þá treysti ég því sannarlega, að þar verði á málum tekið á einhvern þann hátt sem telja má æskilegan og jákvæðan til framgangs þessu málefni.

Ég vil svo, herra forseti, leyfa mér að leggja til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Davíð Aðalsteinsson: Herra forseti. Ég vil í flestu taka undir með hv. frsm. þessa frv. Eins og við vitum hefur mikið verið um það rætt á undanförnum árum, hversu mikla nauðsyn bæri til að auka hlutdeild landsbyggðar í opinberri þjónustu. Hins vegar er það staðreynd, að í

þeirri umfjöllun og þeirri smávægilegu athugun, sem gerð hefur verið á því, hefur komið í ljós að ýmsir þröskuldar eru þar í veginum. Til þess að koma í veg fyrir allan misskilning vil ég taka það fram, að ég er innilega samþykkur því að ganga þessar götur, þ. e. auka hlutdeild landsbyggðar í opinberri þjónustu. Hins vegar er það svo, að samgöngukerfi okkar og ýmis aðstaða til samskipta innan hinna ýmsu landshluta er með þeim hætti, að enn sem komið er er mjög erfitt að hafa — hvað á ég að segja — svokallaðar kjarnastöðvar eða miðstöðvar í landshlutunum, því miður verð ég að segja, en vonandi stendur það til bóta.

Í þessu sambandi vil ég minna á, að það, sem er e. t. v. brýnast, er að öll opinber þjónusta í viðkomandi landshluta sé á einum og sama staðnum, þ. e. að reistar verði svokallaðar þjónustumiðstöðvar, að menn geti leitað til hins opinbera, að svo miklu leyti sem það er hægt heima fyrir, undir einu og sama þakinu. Þetta er mjög mikilvægt. Við þekkjum fjölmargar sögur um fólk sem leitað hefur til hins opinbera hér suður í Reykjavík. Það hefur þurft að fara úr einu húsinu í annað, og oft og iðulega hefur þetta fólk farið heim til sín án þess að hafa hitt nokkurn þann sem það ætlaði sér í upphafi að finna.

En ef til kemur að stofnað verði flutningsráð, þá vil ég vara við því, að við förum að stofna eitthvert stórkostlegt bákn, enda gerir frv. ekki ráð fyrir því. Það gerir það alls ekki. Tilgangur þess að krukka í opinbera þjónustu hlýtur alltaf að vera sá að gera hana hagkvæmari og gera hana ódýrari, að fólkið sjálft fái meiri þjónustu fyrir það fjármagn sem það leggur til okkar sameiginlegu nota.

Það er minnst á það í þessu frv. samkv. einum liðnum í 2. gr., að gerð skuli heildarúttekt á stöðunni á 10 ára fresti eða um það bil. Ef til kemur að flutningsráð verði stofnað, þá lít ég svo á að eðli og hlutverk og staðsetning opinberrar þjónustu, hvar sem er á landinu, verði raunverulega alltaf og iðulega til endurskoðunar. Ég er út af fyrir sig ekki að mótmæla því, að slík úttekt sé gerð, en það er skoðun mín, að verði slíkt starf í gangi sem gert er ráð fyrir samkv. þessu frv. að Flutningsráð hafi með höndum, þá liggi raunverulega fyrir skjalfest árleg úttekt á þessu máli.

Ég ætla ekki að lengja þessar umræður. Þetta mál hefur verið til umfjöllunar allt frá því upp úr 1940. Ég legg áherslu á það, að í öllum þeim atriðum er varða flutning stofnana eða deildaskiptingu verði haft samráð við heimaaðila fyrst og fremst. Það held ég að sé e. t. v. meginforsenda þeirra breytinga sem hugsanlega leiddi af starfi slíks flutningsráðs, að virkt og eðlilegt samband sé við heimaaðila í hverju tilviki.

Flm. (Helgi Seljan): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég vil þakka þær ábendingar og stuðning, sem fram kom í máli hv. 3. þm. Vesturl., og geta þess, að í 4. gr. frv., varðandi það sem hann ræddi síðast, er sérstaklega tekið fram að við alla tillögugerð skuli leitað samráðs við Samband ísl. sveitarfélaga og landshlutasamtök sveitarfélaga svo og samtök opinberra starfsmanna og aðra aðila sem hlut eiga að máli. Við höfum sannarlega hugsað fyrir því, enda gerum við okkur grein fyrir því, að það er ein nauðsynlegasta forsendan fyrir því, að skynsamlegar ákvarðanir séu teknar.

Ég skal svo undirstrika það sem ég hef gert áður, en gerði ekki í framsögu minni núna, — það sem hv. 3. þm. Vesturl. kom inn á, að margir þröskuldar væru í veginum. Þeir eru miklir. Og það er ekki aðeins að þröskuldarnir séu í ríkiskerfinu sjálfu, þar sem mjög mikil tregða ríkir gegn því að flytja stofnanir, gegn því að stofna útibú, sem hafi eitthvert valdsvið, og gegn því að stofna deildir sem hafi einhverju verulegu hlutverki að gegna. Þröskuldarnir, sem við kynntumst í starfi okkar í stofnananefndinni, eru ekkert síður, því miður, heima fyrir. Þar þarf að athuga mörg mismunandi sjónarmið og samhæfa vilja heimamanna áður en hægt er að standa skynsamlega að málum.

Hv. þm. kom einmitt inn á það veigamesta í þessu, sem við í nefndinni fengum að kynnast áþreifanlega, en það er spurningin um það, hvort öll þjónusta í hverju kjördæmi ætti að vera á einum og sama stað. Um þetta voru ákaflega skiptar skoðanir innan nefndarinnar og við ræddum við stjórnir allra samtaka sveitarfélaga, héldum með þeim sérstaka fundi og þar voru mjög skiptar skoðanir um það, með hverjum hætti ætti að standa þar að málum. Niðurstaða nefndarinnar varð sú, að hún tók ekki afstöðu til þess, hvernig málum skyldi skipað innan hvers kjördæmis.

Síðan hafa komið fram hugmyndir sem ég tel allrar athygli verðar og tengjast þessu mjög, en það eru hinar svokölluðu þjónustumiðstöðvar sveitarfélaganna þar sem reynt er að koma inn í eina miðstöð á hverjum stað sem allra flestu af því sem menn þurfa að leita til varðandi opinbera þjónustu. Sú hugmynd, sem þar er fram sett og hefur verið reifuð hjá Sambandi ísl. sveitarfélaga sérstaklega, er allrar athygli verð og hlýtur að koma mjög inn í þá mynd sem hér er gert ráð fyrir. En þar eru menn að vísu ekki með hugmynd um það, að innan hvers kjördæmis sé ein þjónustumiðstöð, heldur sé reynt á hverjum stað að koma upp einhverri slíkri miðstöð sem menn geti sótt til flesta opinbera þjónustu eða um verði að ræða umboðsskrifstofu í hverju byggðarlagi eða á hverju þjónustusvæði.

Ég hef þetta því miður ekki hér hjá mér nú, hefði þó gjarnan viljað reifa örlítið meira þessar hugmyndir um þjónustumiðstöðvar í leiðinni af því að vikið var að þeim. En ég held að meginhugmyndin þar sé ekki endilega ein þjónustumiðstöð í hverju kjördæmi, heldur nokkrar þjónustumiðstöðvar. Ég veit að t. d. á Austurlandi er gert ráð fyrir að slíkar þjónustumiðstöðvar yrðu a. m. k. á fimm eða sex stöðum í kjördæminu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 28). — 1. umr.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Vegna fjarveru hæstv. heilbr.- og trmrh. vil ég mæla örfá orð með þessu frv.

Það er svo ákveðið í 73. gr. laga um almannatryggingar frá 1971, að mæður, sem fá úrskurð yfirvalds um meðlag með börnum sínum, geti snúið sér til Tryggingastofnunar ríkisins með úrskurðinn og fengið meðlagið greitt þar. Þetta frv. felur það í sér, að á sama hátt geti móðir fengið meðlag greitt með barni sínu eftir að barnsfaðernismál er höfðað, þó að meðlagsúrskurður liggi ekki fyrir. Það er réttlætismál að þessi breyting sé gerð.

Nokkrar aðrar breytingar eru ráðgerðar. Önnur aðalbreytingin felst í 5. mgr. 1. gr. frv., einnig breyting á 73. gr. laganna. Það er í sambandi við skil frá Innheimtustofnun sveitarfélaga til Tryggingastofnunar. Það hafa komið athugasemdir frá ríkisendurskoðun undanfarin ár um síðbúin fullnaðarskil frá Innheimtustofnuninni. Hefur endurskoðunin lagt til að almannatryggingalögunum verði breytt á þá lund sem hér er greint, þ. e. að í stað þess að skiladagur skuli vera 1. okt. skuli skiladagar vera 1. mars, 1. júní og 1. okt.

Ég ætla að þetta séu meginbreytingar frv. Legg ég til að því verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 17 shlj. atkv.

Neðri deild, 4. fundur.

Mánudaginn 20. okt., kl. 2 miðdegis.

Olíugjald til fiskiskipa, frv. (þskj. 18). — 1. umr.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Á þskj. 18 flyt ég frv. til l. um breyt. á l. nr. 3 1. febr. 1980, um tímabundið olíugjald til fiskiskipa. Frv. þetta er flutt í tengslum við fiskverðsákvörðun frá 1. okt. s. l. Þá var fiskverð hækkað um 8%, en jafnframt ákveðin hækkun á olíugjaldinu um 5%, svo að það verður 7.5%. Með þessari ákvörðun greiddu atkvæði annar fulltrúi fiskverkenda, fulltrúi útvegsmanna og oddamaður. Á móti greiddi atkvæði fulltrúi sjómanna, enn annar fulltrúi fiskverkenda sat hjá. Áður en þessi ákvörðun var tekin var að sjálfsögðu nauðsynlegt að skoða vandlega afkomu þeirra greina sem tengdar eru fiskverðsákvörðun, þ. e. útgerðarinnar, fiskvinnslunnar og sjómanna, og þykir mér rétt að gera með nokkrum orðum grein fyrir því.

Eins og fram kemur í aths. með frv. varð lítil hækkun á olíu framan af árinu. Þetta breyttist hins vegar eftir mitt ár og eins og þar kemur fram hefur gasolía hækkað frá því í júní s. l. um 35.3% og svartolía um 22.9%. Þetta hefur að sjálfsögðu haft mikil áhrif á afkomu útgerðar. Annar erlendur kostnaður hefur sömuleiðis hækkað og nema hallaáhrifin á útgerðina um 5—7%, þannig að fyrir fiskverðsákvörðun áætlaði Þjóðhagsstofnun að útgerðin væri rekin með u. þ. b. 10% halla miðað við ársrekstur, og reyndar var brúttóhagnaður útgerðarinnar áætlaður rétt við núllið. Til að mæta þessum mikla halla útgerðarinnar hefði þurft að hækka fiskverð eitt um 18—20%.

Undanfarna mánuði hefur farið fram ítarleg athugun á afkomu frystiiðnaðarins. M. a. hefur verið kannað hvaða breytingar hafa orðið annars vegar á verði framleiðslunnar og hins vegar á tilkostnaði. Hafa þær athuganir bæði farið fram á vegum Þjóðhagsstofnunar og á vegum Seðlabanka Íslands. Niðurstöður af þessum athugunum eru mjög svipaðar. Þjóðhagsstofnun kemst að þeirri niðurstöðu, að miðað við s. l. haust hafi kostnaðarhækkanir orðið u. þ. b. 8% meiri en verðhækkanir á framleiðsluvörum frystihúsanna, eða m. ö. o. að gengissig hafi orðið töluvert minna en framleiðslukostnaður gaf tilefni til. Jafnframt kemur fram í þessum upplýsingum að verð á frystum afurðum á Bandaríkjamarkaði hefur verið nánast óbreytt í 1½ ár, á sama tíma og þar hefur orðið hækkun á flestri annarri matvöru og öðrum nauðsynjum um u. þ. b. 24—25%. Í raun og veru má þannig segja að verðfall hafi orðið á frystum afurðum og þess ekki gætt að bæta það upp með nauðsynlegri aðlögun gengis hér heima. Því þarf engan að furða að frystiiðnaðurinn hefur á þessu ári verið rekinn með töluverðum halla. Því til viðbótar hafa frystihúsin átt við ýmsa aðra erfiðleika að etja. Auk þess sem verðhækkun hefur ekki orðið á Bandaríkjamarkaði hefur orðið þar veruleg stöðnun í sölu, eða varð fyrri hluta ársins, og birgðasöfnun hér varð mikil. Þá reyndist nauðsynlegt að breyta töluvert þeirri framleiðslusamsetningu, sem frystingin hefur átt við að búa og er henni hagkvæmari en sú sem við tók, þ. e. meiri framleiðsla á blokk og minni af frystum flökum. Reynt var að mæta þessum tímabundnu erfiðleikum í fyrsta lagi með því að fá hækkun á afurðalánum úr 75 í 85%. Auk þess var gripið til annarra aðgerða sem löguðu nokkuð stöðu hraðfrystiiðnaðarins, eins og lækkun vaxta hjá Fiskveiðasjóði og niðurfelling tolla af nokkrum fjárfestingarvörum fiskvinnslunnar. En við því stóra vandamáli, sem fiskvinnslan, fyrst og fremst frystingin hefur átt við að stríða, þ. e. ónægri aðlögun fiskverðs að kostnaðarhækkunum hér heima, varð því miður ekki snúist á annan máta en með því að láta gengið síga.

Frá því í febrúar s. l. hefur gengið sigið úr 100 í 133.1 10. okt. s. l. Samanburður á þessu gengissigi og annars vegar launum og hins vegar fiskverði sýnir, að gengið hefur sigið um 2.9% meira en laun hafa hækkað á þessu tímabili og 3.7% meira en fiskverð hefur hækkað, og er þá að sjálfsögðu tekin með sú fiskverðshækkun sem varð núna eða hefur verið samþykkt frá 1. okt. s. l. Hinn 10. okt. var gengi dollarans 533.70 kr., en er nú, 20. okt., 543.20 kr. Er því orðið tæplega 2% gengissig til viðbótar frá því sem þessar tölur benda til.

Ég get fúslega tekið undir það, að gengissig eða breyting á gengi krónunnar er ekki æskileg leið til þess að mæta þeim kostnaðarhækkunum sem verða. Ólíkt betra væri að finna til þess aðrar leiðir. Að þeim er stöðugt leitað. Menn leita að leiðum til að auka framleiðni. Slík vinna er í gangi og veitt hefur verið til þess fjármagn úr Fiskveiðasjóði, eins og unnt er. En allt eru það hægfara leiðir, taka langan tíma, og slíkur munur sem á hefur orðið — og ekki síst má rekja eins og ég sagði, til þess að hlutfallslegt verðfall hefur nánast orðið á frystum afurðum okkar á Bandaríkjamarkaði, — slíkur mismunur verður ekki læknaður á skömmum tíma með aukinni hagræðingu.

Til viðbótar því að láta gengið þannig síga hefur jafnframt náðst samkomulag við Seðlabankann um endurgreiðslu á hluta eða lagfæringu — getum við kallað það — á þeim lánskjörum, sem útflutningsatvinnuvegirnir hafa búið við með gengistryggðum lánum. Lagt verður inn á reikninga útflutningsatvinnuveganna sem nemur 8% af gengissigi, og má líta á það sem lagfæringu í einu lagi bæði á gengissig og vöxtum sem hafa verið 8.5% á þessum lánum. Af þessari upphæð fær freðfiskvinnslan tæp 60%, saltfiskur og skreið 34%, en aðrar framleiðslugreinar töluvert minna. Þarna er alls um að ræða u. þ. b. 3.6 milljarða og leggjast því inn á reikning frystingarinnar í hlutfalli við birgðastöðu apríl-sept. rúmlega 2 milljarðar, sem væntanlega ættu þá að bæta að nokkru greiðslustöðu hennar.

Með þessum aðgerðum er að sjálfsögðu að því stefnt, að staða freðfiskframleiðslunnar verði jákvæð, og má ætla af þeim gögnum, sem Þjóðhagsstofnun hefur látið frá sér fara, að svo verði. 12. sept. s. l. áætlaði Þjóðhagsstofnun að halli á frystingu næmi 3.1%. Ef bætt er við 2 prósentustigum, sem Þjóðhagsstofnun metur að sé mismunur á áætlunum hennar og frystiiðnaðarins sjálfs, þá yrði hallinn þarna um 5%. Ef tekið er tillit til þessa halla á frystingunni og sömuleiðis þeirrar fiskverðs- og olíugjaldshækkunar, sem samþykkt var í Verðlagsráði nú fyrir nokkru, þá þarf gengi dollarans að mati Þjóðhagsstofnunar að vera 552 kr. til þess að freðfiskvinnslan sé rekin jákvætt, og að því stefnir óðum, eins og fram kemur af þeim tölum sem ég nefndi áðan. Til viðbótar vil ég geta þess, að í frystiiðnaðinum hafa aðrir hlutir færst á betri veg. Sú framleiðslusamsetning, sem var eins og ég sagði áðan — frystingunni mjög óhagkvæm, er nú orðin breytt og sölusamtök okkar á Bandaríkjamarkaði telja að hverfa megi að nýju til vaxandi framleiðslu á fiskflökum. Að mati Þjóðhagsstofnunar bætir þetta útkomu fiskvinnslunnar um 1.8%, og er þá tekið tillit til þeirrar 20 kr. uppbótar sem áður var greidd vegna lakari framleiðslusamsetningar, þ. e. a. s. hún er þá að sjálfsögðu niður felld.

Að mati Þjóðhagsstofnunar er einnig tryggður viðunandi rekstrargrundvöllur gagnvart útgerðinni, sem kannske kemur einna gleggst fram í því, að fulltrúi útgerðar greiðir atkvæði með þessari niðurstöðu. Að vísu má gera ráð fyrir því, að með fullum afskriftum sé enn nokkur halli á útgerðinni, en hins vegar er brúttóhagnaður áætlaður um 10 milljarða á ársgrundvelli. Í þessu sambandi öllu þarf einnig og ekki síst að líta á tekjur sjómanna og hefur það verið gert. Eins og ég hef hvað eftir annað sagt, þá stöðvast verðbólgan ekki í frystihúsunum. Frystihúsin þurfa að fá það verð sem tilkostnaðurinn krefst.

Alveg á sama máta má segja að verðbólgan stöðvast ekki hjá sjómanninum. Það er eðlileg krafa hans að fá launahækkun svipað og aðilar fá í landi. Samkvæmt þeim samanburði, sem Þjóðhagsstofnun hefur gert á tekjum kvæntra sjómanna, verkamanna og iðnaðarmanna, hafa sjómenn haldið vel í horfinu. Hlutfallstölur þessar sýna, miðað við 1974—1980, að hlutfallstalan á milli sjómanna og verkamanna, sem árið 1970 var 123, sjómönnum í vil, er nú, eftir þá ákvörðun sem tekin hefur verið, orðin 153. Og svipað er hjá sjómönnum og iðnaðarmönnum. Einnig sýnir lausleg áætlun um breytingar tekna sjómanna á botnfiskveiðum, verkamanna og iðnaðarmanna sömu niðurstöðu. Sé miðað við ársmeðaltal 1974 sé 100, þá eru tekjur sjómanna gagnvart verkamönnum nú 122, en gagnvart iðnaðarmönnum 124. Að sjálfsögðu liggur að baki þessum meiri tekjum mikil vinna, og í mörgum tilfellum er vinna óeðlilega mikil hjá sjómönnum. En einnig felst í þessu mikil fjárfesting útgerðar í fullkomnari skipum og fullkomnari tækjum, sem hafa gert sjómönnum fært að ná stórauknum afla á hverja tímaeiningu. Þannig hefur allt þetta stuðlað að tekjuaukningu sjómanna, mikil fjárfesting, bætt tæki og mikil vinna. Sjómaðurinn er að sjálfsögðu mjög vel að þessum tekjum kominn og þess þarf ætíð að gæta að tekjur sjómanna séu viðunandi. En hitt held ég að sé ákaflega vafasamt, að bera saman fiskverð annars vegar og tímalaun í landi. Sjómaðurinn er ekki tímakaupsmaður og því er sá samanburður ekki eðlilegur.

Ég hef nú reynt að rekja meginforsendur þessarar fiskverðshækkunar, m. ö. o. að leitast er við að ná jákvæðum rekstrargrundvelli útgerðar, jákvæðum rekstrargrundvelli fiskvinnslunnar og tekjuhækkun sjómanna á borð við það sem varð í landi. Um þessa þætti má alla deila. Og alveg sérstaklega er deilt um hækkun olíugjalds. Til þess var gripið vegna mikillar hækkunar á olíu frá því síðasta fiskverð var ákveðið, eins og ég rakti í upphafi míns máls. Ég vil hins vegar leggja á það ríka áherslu, að ég tel olíugjaldið ákaflega vafasama leið til þess að standa straum af olíukostnaði útgerðarinnar. Olíugjaldið er greitt á fjölda fiska, sem eru veiddir, en ekki á fjölda lítra af olíu sem eytt er. Olíugjaldið stuðlar því ekki að sparnaði í olíunotkun og kemur auk þess ákaflega misjafnlega niður. Færa má rök að því, að við einstakar veiðar fáist olíukostnaðurinn allur uppborinn af olíugjaldinu. En því fer að sjálfsögðu víðs fjarri um t. d. suma togarana sem eiga sérstaklega langt að sækja. Ég hef því lagt á það mikla áherslu, að leitað verði eftir öðrum og betri leiðum til að taka þátt í olíukostnaði útgerðarinnar, — leiðum sem stuðla að því, að olía verði spöruð, og stuðla að því, að bæði sjómenn og útgerðarmenn hafi hag af auknum olíusparnaði. Fyrrv. sjútvrh. setti á fót starfshóp í þessu skyni með fulltrúum frá sjómönnum og útgerðarmönnum. Ég hef átt fund með þeim mönnum og lagt á það ríka áherslu, að það starf haldi áfram og leitað verði eftir öðrum leiðum en olíugjaldi. Ég gerði mér nokkrar vonir um að það mætti takast fyrir þessa fiskverðsákvörðun. Ég hygg að það hafi verið of mikil bjartsýni, því þetta eru ákaflega viðkvæm mál eins og von er. En ég geri mér vonir um að einhverjum áfanga verði náð fyrir næstu fiskverðsákvörðun, þannig að menn geti farið að feta sig út úr þessari olíugjaldsleið.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð, en legg til að frv. þessu verði vísað til hv. sjútvn. að lokinni þessari umræðu.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir, um tímabundið olíugjald til fiskiskipa, gerir ráð fyrir því, að olíugjald hækki um hvorki meira né minna en 200% frá því sem það nú er. Þetta er í þriðja skipti á þessu ári sem lagt er fram frumvarp um tímabundið olíugjald til fiskiskipa. Fyrsta frv. var um lækkun á olíugjaldi frá árinu á undan, fyrst úr 9 í 5%. Um það frv. náðist víðtæk samvinna og samstarf hér á Alþ., og sömuleiðis má segja að um það náðist nokkuð sæmileg samstaða í greinum sjávarútvegsins. En þegar núv. hæstv. sjútvrh. tók við flutti hann fljótlega frv. um breytingu á þessu tímabundna olíugjaldi þar sem hann lagði til að lækka gjaldið úr 5% niður í 2.5% miðað við fiskverð eins og það er ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins á hverjum tíma. Þegar það frv. var til umr. lýsti hæstv. ráðh. því yfir, að hann teldi þetta form á olíugjaldi vera allsendis ófullnægjandi og hann ynni að því að breyta því. Jafnframt taldi hann óeðlilegt — því að það voru svo bjartar vonir fram undan um lækkun á olíuverði — að viðhalda 5% tímabundnu olíugjaldi lengur en þrjá fyrstu mánuði ársins og því væri nauðsynlegt að lækka það um helming eða niður í 2.5%. Og í raun og veru talaði hann á móti olíugjaldi mjög einarðlega og kvað nauðsyn bera til að leggja það niður í þessari mynd.

En nú á fyrstu dögum þessa þings virðist hæstv. ráðh. hvað snertir samningu frumvarpa hér á Alþ. hafa snar-

lega skipt um skoðun, því hann leggur til að olíugjaldið hækki um 200%. Það er nú niðurtalningarleið sjútvrh. í þessum efnum, enda er hún orðin skrýtin, niðurtalningarleið ríkisstj. í heild. En hitt er enn þá furðulegra, að hæstv. sjútvrh. hefur umræður um þetta mál í útvarpi, sjónvarpi og blöðum og talar þar algerlega á móti olíugjaldinu eins og það er byggt upp og er m. ö. o. algjör andstæðingur þessa frv. sem hann leggur nú fyrir Alþ. og var að tala fyrir hér rétt áðan. Hann segir í samtali við eitt blaðið: „Ég er á móti olíugjaldinu eins og það er nú uppbyggt. Með því er olían greidd eftir fjölda fiska sem veiðast, en ekki með tilliti til þess, hversu margir olíulítrar fara í að ná aflanum. Þetta tel ég grundvallarskekkju og verið er að leita annarra leiða til að mæta auknum olíukostnaði. En þó ég sé mótfallinn olíugjaldinu, eins og það er nú, var ekki um aðra leið að ræða við ákvörðun fiskverðs," sagði Steingrímur Hermannsson sjútvrh. m. a. á fundi með fréttamönnum í gær, en það var 14. okt.

Steingrímur var spurður um þau orð forustumanna sjómanna, að þeir hefðu ekki trú á því, að lög um olíugjald yrðu samþykkt. Steingrímur sagði að á það mundi reyna á Alþ., en frv. um þessa lagabreytingu var lagt fram á mánudag. Og síðan segir: „Ég ræddi þetta mál hins vegar ekki við fulltrúa í yfirnefnd Verðlagsráðsins fyrr en ég hafði til þess samþykki ríkisstj.," sagði ráðherrann. M. ö. o.: hinir níu í ríkisstj. hafa lagt blessun sína á það að hækka olíugjaldið um 200%. Þá eigum við eftir að sjá hvort þeir, sem hingað til hafa talið sig styðja þessa ríkisstj., ætla líka að leggja blessun sína yfir þetta gjald.

Við fulltrúar Sjálfstfl. í sjútvn. þessarar hv. d. studdum olíugjaldið, sem lögfest var 24. jan., og töldum að útgerðin þyrfti á því að halda, sérstaklega með tilliti til þess, að nokkuð góð samstaða náðist meðal allra greina í sjávarútvegi um það gjald. En þegar núv. hæstv. sjútvrh. flutti frv. sitt um að lækka þetta gjald á miðri vertíð um helming til þess að ná samstöðu eða meiri hluta um nýtt fiskverð eftir að allir aðilar nema útgerðin höfðu sagt upp þessu fiskverði, þá tók hæstv. sjútvrh. þann kost að láta það ganga út yfir þann aðila sem ekki hafði sagt upp fiskverðinu. Og í ræðu, sem hann flutti þegar hann lagði þetta frv. sitt fram, segir hann orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Því var ákveðið á fundi ríkisstj. að settir verði menn í að kanna þessi vanskil, og ríkisstj. mun beita sér fyrir því, að eins miklu og frekast er unnt með tilliti til stöðu sjóða og banka og fyrirtækja verði breytt í skil á næstu vikum og mánuðum." Þetta átti að vera svar við stöðu útvegsins þegar tekinn var helmingur af olíugjaldinu. Þar átti að bregða fljótt við og breyta vanskilaskuldum útvegsins í föst lán og gera ráðstafanir til þess að bæta honum það tap, sem útgerðin varð fyrir þegar olíugjaldið var í einu vetfangi lækkað um helming. Jafnhliða þessu segir hæstv. ráðh. í ræðu sinni: „Jafnframt var ákveðið að setja á fót starfshóp til að gera samanburð á samkeppnisaðstöðu frystiiðnaðarins og annars útflutnings- og samkeppnisiðnaðar. Um það hefur lengi verið deilt, hvor býr betur. Ég held þó að ástæða sé til að efast um að frystiiðnaðurinn búi betur en annar samkeppnisiðnaður, og vek m. a. athygli á því, að uppsafnaður söluskattur hjá frystiiðnaðinum og fiskvinnslunni í heild er 3.8 milljarðar á ársgrundvelli og þar af 2 milljarðar hjá frystihúsunum. Þetta eru stórar upphæðir og ýtir sannarlega enn undir að virðisaukaskattur verði upp tekinn í þessu þjóðfélagi í staðinn fyrir söluskatt."

Svo segir hann:

„Ég er á þeirri skoðun, að finna eigi aðrar leiðir í sambandi við þennan olíukostnað. Ég vísa til viðræðna, sem eru í gangi og hófust að tilstilli fyrrv. sjútvrh., um breytingu á þessu sviði. Þar munu vera hugmyndir um að olía verði greidd af óskiptu, en þó þannig að greitt verði fyrir ákveðinn lítrafjölda þannig að sveiflur í verði valdi ekki verulegri röskun á fiskverði til skipta. Sýnist mér mjög æskilegt að vinna frekar að samkomulagi eftir slíkum leiðum," segir hæstv. ráðh. um mánaðamótin mars—apríl. En það liggur ekkert fyrir, hann sagði hér áðan að það lægi ekkert fyrir, en að þessu væri unnið og hann væri mjög bjartsýnn á að þetta hefði getað legið fyrir. Hann dæmir samt um það, að þetta sé óhæft gjald, en hefur nú haft allan þennan tíma til þess að koma sér niður á það sem er líklegra og sanngjarnara að bera fram. En árangurinn er enginn, eftir því sem hann segir sjálfur, og hann heldur áfram að tala á móti olíugjaldinu, bæði við fjölmiðla og aðra, en leggur svo til hér á hv. Alþ. að það sé hækkað um 200%.

Ég skil nú ekki eitt — en það er nú kannske ekki stórkostlegt í þessu mikla máli — að hæstv. ráðh. segir að olíugjaldið sé reiknað eftir fjölda fiska. Ég hef ekki vitað til þess, hvorki í tíð fyrirrennara hans sem sjútvrh. né í hans tíð, að það færi fram talning á fiskum og olíugjaldið sé greitt eftir fiskafjölda. Hitt held ég að sé sönnu nær, að olíugjaldið kemur ofan á verðið fyrir aflann, eins og það er ákveðið. Það kemur ekki eftir fiskafjölda, það er mikill misskilningur hjá hæstv. ráðh. Það kemur á verðmæti aflans, og þá kemur auðvitað meira á fiskana sem eru þyngri en hina sem eru léttari. Þetta vil ég gjarnan leiðrétta hjá hæstv. ráðh. af því að hann er búinn að segja þetta í blöðum. Ég hélt bara að blöðin hefðu ekki haft þetta rétt eftir honum, en þegar hann sagði þetta í ræðu sinni hér áðan, þá mátti ég nú til með að leiðrétta þessa bévítans vitleysu í honum.

Hann segir, hæstv. ráðh., í sambandi við frv. í vetur: „Ég vil jafnframt nefna það, eins og fram kemur í aths. við þetta lagafrv., að sem betur fer eru sumar forsendur fyrir háu olíugjaldi ekki fyrir hendi nú. Hækkun á gasolíu og svartolíu hefur ekki orðið eins og menn töldu að kynni að verða, og fram undan er væntanlega, eins og nú er spáð, fremur lækkun, a. m. k. er verð á Rotterdammarkaði töluvert lægra en það var þegar fiskverð var ákveðið í janúar." En hann bætir við í þessari ræðu sinni: „Við erum að vísu enn með dýrari olíu, en ódýrari olían er komin til landsins og meira er væntanlegt. Mér sýnist því að ekki sé óeðlilegt að lækka olíugjald með tilliti til slíkra staðreynda." Hann er mjög forspár, þessi hæstv. ráðh., eins og allir hafa séð síðan og fundið.

Ég held að þó að olíugjaldið hafi tekið einhverjum breytingum, eins og við sögðum hér, fulltrúar Sjálfstfl., sem töluðum í sambandi við lögfestingu þessa frv. um mánaðamótin mars-apríl, að það væri ekki ástæða til þess — eins og jöfnunarreikningur eða jöfnunarkaupareikningur olíunnar stóð — að hlaupa til að lækka olíugjaldið um helming og tefla fram svona fullyrðingum algerlega út í bláinn, eins og komið er á daginn. Og það er nú það sem oft hendir alveg sérstaklega þennan hæstv. ráðh., að hann er of fljótur að tala og fullyrða án þess að ígrunda nógu vel hvort þessar spár hans og fullyrðingar fái staðist, eins og komið er á daginn í þessum efnum.

Við fulltrúar Sjálfstfl. í sjútvn., sem vorum þeir sömu þá og eru nú í n. sem kemur til með að fá þetta frv. til

afgreiðslu, vorum andvígir því að lækka olíugjaldið. Við töldum að það væri verið að stórauka erfiðleika útgerðarinnar með því að hlaupa þannig frá þeirri ákvörðun sem tekin var í janúarmánuði. En við tókum jafnframt fram, að við teldum ekki vera sanngjarnt að sjómenn einir og sjávarútvegurinn einn stæði undir þeim vanda sem olíuverðshækkanirnar hafa bakað þjóðinni. Það er ekki sanngjarnt, að þessi atvinnugrein eigi ein að standa undir því og greiða það, og það er ekki sanngjarnt, að sjómenn séu látnir hvað eftir annað taka á sig aukna byrði vegna þessa vanda, sem er sameiginlegt vandamál þjóðfélagsins alls.

Ég minnist þess, að það heyrðist oft mjög hátt í þm. Alþb. fyrir nokkrum árum út af sjóðakerfi sjávarútvegsins. Þeir áttu margir hverjir ekki nógu sterk orð til að lýsa því, hvað þetta sjóðakerfi kæmi illa við sjómenn, það væri verið að færa til útgerðarinnar á kostnað sjómanna, og þeir kröfðust breytinga á því og að horfið yrði frá þessu mikla sjóðakerfi, sem var að meginhluta til vegna olíugjalds sem lagt var á árið 1973 og í ársbyrjun 1974. Þetta sjóðakerfi var allt saman stokkað upp og þá var fært hátt í 3 milljarða, miðað við verðlag á þeim árum, úr sjóðakerfinu og yfir til skipta á milli útgerðar og sjómanna. Það hefur iðulega komið fyrir, að gengið hefur verið á rétt sjómanna í sambandi við fiskverðsákvörðun. Á valdatíma ríkisstj., sem sat 1974—1978, varð meðalhækkun á fiskverði 287.6%. Kauptaxtar verkamanna hækkuðu á sama tíma um 261.6% og kauptaxtar allra launþega um 252.7%, þannig að hlutur sjómanna var verulega leiðréttur á þessu fjögurra ára tímabili. En svo þegar vinstri stjórn kemur, þegar höfðingjarnir sem *alltaf eru að berjast fyrir alþýðu þessa lands, fyrir verka*menn og sjómenn, — þegar þeir koma til áhrifa, þá er það alltaf þeirra fyrsta verk að ganga á rétt þessa fólks, mennirnir með samningana í gildi. Það orð stendur nú fast í hálsinum á þeim og hefur gert æðilengi. Kaupmáttur launa fer sífellt rýrnandi. Staðan milli fiskverðs, sem er laun sjómanna, og kauptaxta verkamanna hefur breyst frá árinu 1978 og þar til í okt. s. l. úr vísitölunni 100 í 217, á sama tíma og kauptaxtar verkamanna eru 224 og kauptaxtar allra launþega það sama. Hlutur sjómanna er þetta lakari eftir þetta vinstristjórnartímabil. Og þannig er það alltaf, í hvert skipti sem þeir hafa áhrif. Þá er ekkert hikað við að níðast einmitt á þessum aðilum. Svo er hægt að snúa við blaðinu, þegar kosningar eru fram undan, og tala með allt öðrum hætti.

Það var ekki heldur verið að minnka bilið núna með samningunum við opinbera starfsmenn á milli þeirra og hinna almennu launþega í landinu, sjómanna og verkamanna. Það var ekki verið að minnka bilið með því að taka upp 95 ára regluna svokölluðu, að þeir, sem eru hjá því opinbera, geta komist á full eftirlaun 60 ára að aldri. Beri menn það svo saman við verkamenn og sjómenn, hvaða kjör þeir eiga við að búa þegar þeir þurfa að hætta að vinna. Þeir geta ekki hætt 60 ára gamlir og fengið 70% verðtryggðan lífeyrissjóð, það er eitthvað annað. Og það fer ósköp lítið fyrir þeim málum. Það er ekki mikið verið að herða núna á. Hvar eru kröfugerðarmennirnir í Alþb.? Þeir eru allir komnir í fín föt og vesti og líta út í klæðaburði eins og dyggir stuðningsmenn frú Thatcher, en ekki baráttumenn verkalýðsins og þeirra sem minnst mega sín í þjóðfélaginu. Þeir eru eins og klipptir út úr tískublöðum, þessir piltar. En þeir fara sennilega í vinnubuxurnar sínar rétt fyrir kosningar, þegar þeir þurfa að skæla framan í sjómenn og verkamenn og biðja aftur á ný um atkvæðin þeirra. Þá mun ekki standa á þeim að fara í gömlu fötin sín og gerast nógu alþýðlegir, eins og þeir voru fyrir síðustu kosningar sem og aðrar kosningar.

Hæstv. sjútvrh. lét hafa eftir sér í blöðum, því hann hélt blaðamannafund um þetta, — það er sjálfsagt að halda blaðamannafund alltaf um það, sem er að gerast, og upplýsa þjóðina um allar hræringar sem von er á, — og á þessum blaðamannafundi segir hann að menn geri sér nokkrar vonir um hækkun þorskblokkar á Bandaríkjamarkaði á næstu mánuðum. Það kom jafnframt fram á þessum fundi, að seljendur frystra sjávarafurða telja nú mun léttari róður á þessum markaði heldur en á tímabili í ár og að því erfiðleikatímabili, sem verið hefur á þessum mikilvæga markaði, sé nú að ljúka. Þetta eru mjög góð tíðindi, ef það mætti treysta þeim. En Morgunblaðið átti viðtal við forstjóra Coldwater Seafood Corporation Þorstein Gíslason, um sölu á íslenskum frystiafurðum í Bandaríkjunum og í því samtali kemur fram að Þorsteinn er ekki sérlega bjartsýnn á að verð á þorskblokk hækki í Bandaríkjunum á næstu mánuðum. Hann segir orðrétt:

„*Eftir tímabil mjög erfiðra markaðsskilyrða í sumar* tókst Coldwater loksins í sept. að ná upp sölu umfram það sem var í sama mánuði árið á undan. Enn eru þó talsverðir erfiðleikar á sölu á ýmsum tegundum afurða okkar og ekki er hægt að segja um það enn, hvort salan sé komin í eðlilegt horf.

Þegar við miðum við síðasta ár í tali um sölu eins og tíðkast, þá ber að hafa það í huga, að árið í fyrra var algjört metár og í ár hefur okkur aðeins tekist að selja svipað magn og árið 1978, sem á sínum tíma var einnig metár. Þótt erfitt reynist að ná eins mikilli sölu og okkur hentar hverju sinni, þá er hæpið að kalla núverandi ástand sölutregðu, þegar miðað er við hina geysilegu söluaukningu síðustu ára."

Og síðar í þessu viðtali: „Verð þorskblokkar mótast af þáttum sem við eigum litla aðild að, og það virðist nú að verðlag þeirra í Bandaríkjunum sé nú lægra en á öðrum mörkuðum. Verksmiðjur hér í landi, sem vinna úr þorskblokkum, hafa átt erfitt með að halda uppi nægilegri sölu undanfarið og geta því illa tekið á sig hækkanir á blokkum í bili. Það er ekki mögulegt að spá um það nú, hvenær þorskblokkir kunni að hækka eitthvað í verði, en takmarkaðar vinsældir sneiðanna, sem úr þeim eru skornar, hafa ekki gefið tilefni til mikillar bjartsýni þessa dagana," segir þessi maður, sem á nú að vera kunnugri mörkuðum þar vestra en flestir aðrir. Og hann segir: „Þrátt fyrir tímabundna erfiðleika á að ná söluaukningu á Bandaríkjamarkaði í ár er lítill vafi á því, að hann verður samt þýðingarmestur allra fiskmarkaða fyrir íslenskan fisk um langa framtíð."

Nú ætla ég ekki að gerast neinn dómari í því, hvor hefur réttara fyrir sér, hæstv. sjútvrh. eða Þorsteinn Gíslason, forstjóri Coldwater. Við skulum vona að spár sjútvrh. rætist og það sem allra fyrst. Það er auðvitað það sem við viljum helst. En ósköp held ég að það sé óvarlegt að vera á þessu stigi með fullyrðingar í þessa átt og byggja á þeim.

Hæstv. sjútvrh. sagði að við fiskverðsákvörðunina hefði gengissigi verið lofað, og dollarinn á eftir að síga í 552 kr. Einhvern tíma mátti sjá í Þjóðviljanum talað og skrifað hressilega um gengislækkanir íhaldsins og aftur-

haldsins í landinu. Það hefur ekki verið minna skrið á gengislækkunum eftir að Alþb. kom í stjórn, en þær heita bara miklu fínna nafni núna. Núna heita þær gengissig. En þær verka alveg nákvæmlega eins á vöruverð, sem allur almenningur þarf að borga. Það skiptir ekki nokkru máli, hvort lækkunin hefur farið fram með sigi eða þessu gamla orði: „gengisfellingu." Varan hækkar að sama skapi. Og það er afskaplega ánægjuleg þróun sem hefur orðið í þessum málum og Alþb. getur sannarlega státað af, eftir að hafa verið í ríkisstj. frá 1. sept. 1978, að undanskildum 4 mánuðum, sem engu breytti um þessa stefnu Alþb. til þess að ná endum saman, eins og það er núna kallað. Það hefur auðvitað aldrei staðið á Framsókn í þessum efnum, en ósköp hefur orðið mikil breyting á Alþb. frá því sem áður var, þ. e. þegar það var ekki í ríkisstj.

Hæstv. sjútvrh. segir að með þessu loforði um að dollarinn fari í 552 kr. verði frystingin jákvæð að dómi Þjóðhagsstofnunar. Mikið má nú leika sér að tölum og orðum eins og fyrri daginn. Ætli staða frystiiðnaðarins sé jákvæð? Á hann ekki eftir á þessu tímabili að taka á sig útgjöld? Er ríkisstj. kannske alveg örugg um að verkalýðshreyfingin muni ekki hreyfa sig til áramóta og engir samningar verði gerðir? Treystir hún á það? Er það alveg pottþétt? Hafa áhrifamenn Alþb. í verkakýðshreyfingunni kannske lofað ríkisstj. því, að menn sitji við sama borð og sömu laun og kjör til áramóta, alveg eins og ríkisstj. hefur lofað að fella dollarann í 552 kr.? Eitt er þó víst. Það er alveg öruggt, að verðbætur koma á laun 1. des. Og ef við snúum okkur aðeins frá verkalýðshreyfingunni, frá launþegum, og yfir til þeirra sem stjórna frystiiðnaðinum og eiga þau fyrirtæki, ætli rekstrarstaðan sé jákvæð þegar litið er á þann geigvænlega halla sem verið hefur allt þetta ár og ekki síst eftir að núv. ríkisstj. tók við? Hvernig var viðhorf þessarar ríkisstj. eða a. m. k. þeirra sem létu til sín heyra þegar hún tók við? Forsrh. sagði að fiskvinnslan hefði haft svo góða afkomu á undanförnum árum að hún gæti tekið á sig skakkaföll. Sá góði maður gerði sér enga grein fyrir því, að ef fyrirtæki hafa grætt á undanförnum árum, þá hafa þau verið að byggja upp sína starfsemi og hagnaðurinn er bundinn í nýjum húsum, vélum og tækjum. Hann liggur ekki á lausu, hann liggur ekki í bankabókum sem fyrirtækin gætu tekið út úr til þess að greiða úr þeirri slæmu stöðu sem vinnslan og einkum frystiiðnaðurinn var kominn í.

Það tók þó sjútvrh. í ríkisstj. skemmstan tíma að átta sig á þessu, því að nokkrum mánuðum eftir þessar yfirlýsingar forsrh. lýsti sjútvrh. yfir að hann væri búinn að sjá það, að fiskvinnslan stæði nú höllum fótum og það þyrfti sannarlega að gera ráðstafanir og það sem allra fyrst. Hæstv. sjútvrh. hefur gert mjög víðreist, bæði í eigin landi og til annarra landa, og hann hefur haldið marga fundi og sótt margar ráðstefnur. Ég man eftir því, að ein stórfrétt kom í útvarpinu af ræðu hans á Vopnafirði, að mig minnir, þar sem hann sagði að ef ekkert yrði gert í þessum málum til þess að tryggja stöðu atvinnuveganna og berjast gegn verðbólgunni, þá sæi hann ekki að þessi ríkisstj. gæti lifað miklu lengur. En það er aftur komin mikil ró yfir hæstv. ráðh. síðan hann gaf þessa Vopnafjarðaryfirlýsingu. Nú telur hann alveg sjálfsagt að hækka olíugjaldið um 200% því að það þurfi að rétta hag útgerðarinnar.

Nú vil ég spyrja hæstv. ráðh. — Ætli það hefði ekki verið hyggilegra fyrir hann að fara að ráðum okkar sjálfstæðismanna í vetur og hreyfa ekki við olíugjaldinu? Þá væri staða útgerðarinnar töluvert önnur núna. Þessi ákvörðun hans og handaupprettingar ykkar hinna sem styðjið þessa ríkisstj., hafa gert það að verkum að útgerðin hefur safnað lausaskuldum upp á marga milljarða kr. og skuldir einmitt vegna olíunnar eru um 12—13 milljarðar. Ástæðan fyrir því er þessi vitleysa sem hæstv. sjútvrh. beitti sér hér fyrir seint í marsmánuði og tók lagagildi með aðstoð þm. stjórnarliðsins fyrstu dagana í apríl.

Hæstv. sjútvrh. getur ekki búist við því, að þeir þm., sem hafa haft hreina og ákveðna afstöðu í þessu máli, geti hringlað eftir duttlungum hans hverju sinni. Ég get ekki greitt atkv. með 7.5% olíugjaldi til útgerðarinnar og það á kostnað sjómanna, ekki af því að ég geri mér ekki ljóst að útgerðin þurfi fullkomlega á þessu að halda, en þeir, sem bera ábyrgðina á því að svipta útgerðina þessum tekjum frá 1. apríl til 1. okt., verða að finna önnur ráð til þess að bæta aftur úr því glapræði sem þeir sjálfir gerðu.

Þegar núv. hæstv. ríkisstj. telur sér það henta vitnar hún óspart í lög um stjórn efnahagsmála o. fl., sem nefnd hafa verið Ólafslög. Þegar sagt er upp verkafólki í frystihúsum fer félmrn. í gang og átelur að það sé ekki farið að lögum. En þegar ríkisstj. sjálf brýtur lögin talar hún ekkert um það, þá vill hún helst ekki minnast á það. Ég spyr hæstv. sjútvrh.: Hvað hefur hann og ríkisstj. gert til þess að hafa reglubundið samráð og samstarf stjórnvalda og launafólks, sjómanna, bænda og atvinnurekenda í efnahags- og kjaramálum? Hvert var samstarf ríkisstj. við sjómenn í sambandi við þessa fiskverðsákvörðun? Þetta segir í 3. gr. margumræddra Ólafslaga, og enn fremur segir í 4. gr. þeirra laga:

„Þátttakendur í samráði skv. 3. gr. skulu vera fulltrúar launafólks, sjómanna, bænda og atvinnurekenda og opinberra aðila. Samráðsfundi má halda bæði með fulltrúum einstakra samtaka og fulltrúum ríkisstj. og öllum samráðsaðilum í senn. Skipa skal starfshópa til að vinna að einstökum málaflokkum á vegum ríkisstj."

Í 5. gr. segir að verkefni samráðs skuli vera m. a. að „ræða meginþætti í efnahagsmálum og helstu efnahagsmarkmið ríkisstj. frá ári til árs og til lengri tíma, í því skyni að leggja grundvöll að samræmdum ákvörðunum á sviði opinberra fjármála, peninga- og lánamála, lífeyrismála og verðlagseftirlits af opinberri hálfu, og á sviði kjaramála af hálfu aðila vinnumarkaðarins." — Hvað er það samráð sem hefur þá verið haft við sjómenn á sviði kjaramála þegar kjör þeirra eru rýrð með þessum hætti, eins og ég hef gert áður að umræðuefni?

Hagur útvegsins stendur mun verr en vanskilin í sambandi við olíuna gera ráð fyrir, því að það hrannast upp vanskil bæði afborgana og vaxta í helstu stofnlánasjóðum sem sjávarútvegurinn hefur lán frá. Miðað við uppgreiðslu vanskila um miðjan ágústmánuð hjá Fiskveiðasjóði skuldar útgerðin 7 milljarða 331 millj. og vanskilin ná til 309 skipa. Þar af eru skuttogarar 38, loðnuskip 29, skip yfir 100 smálestir 36, undir 100 smálestum 143 og smábátar 64. Þetta eru ekki örfáir aðilar sem skulda. Og þessi tala segir ekki nema hálfa sögu. Afborgun lána fellur yfirleitt 1. nóv. í þessum stærsta stofnlánasjóði sjávarútvegsins og öll eru lán þar verðtryggð, svo að rekstrarstaða útgerðarinnar hefur versnað síðan þetta var tekið saman. Þessi upphæð verður auðvitað miklu hærri þegar kemur að þeim gjalddaga.

Í sama sjóði eru vanskil fasteignalána, miðað við uppgreiðslu eða verðtryggingar, næstum því 4 milljarðar og 100 millj. Ég hef ekki töluna úr Byggðasjóði, en þar er verið að taka þetta saman og mun það liggja fljótlega fyrir. Síðan er eftir að taka saman hvað þjónustufyrirtækin í landinu eiga mikið inni bæði hjá útgerð og fiskvinnslu. Hér er því um alvarlega stöðu að ræða sem ég hef áður gert að umræðuefni. Ég gerði þetta að umræðuefni litlu eftir að núv. ríkisstj. var mynduð. Þá kom þetta ágæta svar hjá forsrh., að þeir yrðu bara að bjarga sér sem hefðu grætt á liðnum árum og borga upp sínar skuldir. Það sýnir mikla þekkingu á atvinnulífi! Sennilega er hún því miður lítið skárri hjá þeim hinum.

Hæstv. sjútvrh. kom inn á það, að sjómenn hefðu margir hverjir haft góðar tekjur með auknum afla. Að vissu leyti er rétt að svo er á aflahæstu skipunum, en því fylgir líka aukin vinna. En heldur hæstv. sjútvrh. að tekjur sjómanna aukist eftir því sem hann fjölgar skrapdögunum? Ég hugsa að það hafi ekki verið gengið eins nærri nokkurri stétt í þjóðfélaginu og sjómönnum á þessu ári. Sjómenn og útgerð hafa orðið að taka á sig þær takmarkanir sem auknar hafa verið frá því sem áður var á veiðum skipa og þá einkum togara og einnig báta, sérstaklega hér, á vertíðartímabilinu. Þetta hlýtur að ganga út yfir bæði útgerð og sjómenn. Heldur hæstv. ráðh. að það verði til þess að bæta afkomu sjómanna og útgerðarmanna að bæta sífellt við flotann og fjölga skrapdögum eða þeim dögum sem skipin eiga að vera bundin við bryggju? Verður það að hans dómi kjarabót fyrir þessa atvinnugrein og fyrir útgerðina í heild? Hver nýr togari þýðir sex dögum lengri stöðvun skipa. Fróðlegt væri að fá frá sjútvrn. upplýsingar um, hvernig það telur að hægt sé að gera út skip eins og togarana á næstu árum miðað við þessar takmarkanir allar. Og er þá ráð að bæta alltaf nýjum skipum við með þessum hætti? Ætlar núv. hæstv. ríkisstj. að halda því áfram? Sumir sögðu fyrir nokkrum árum að maður sá, sem var sjútvrh. 1974—78, væri svo forstokkaður að hann væri að láta drepa síðasta þorskinn, og það átti allur fiskur að vera búinn í sjónum. Allt sem hefur fiskast síðan hafa þá verið afturgöngur! Það hefur þá verið mjög mikið af afturgöngum í sjónum. (**Gripið fram í:** Og á landi líka.) Já. Eru þær ekki helst í Framsfl.? — Þetta skiptir höfuðmáli fyrir framtíðina og hvað eigi að gerast. Á að halda þessari stefnu eða þessu stefnuleysi áfram? Það er rétt, að nokkur skip hafa verið tekin úr umferð eða gerð ónýt með aðstoð úreldingarsjóðs og aldurslagatryggingar, en það eru yfirleitt ekki skip sem hafa veitt mikið á undanförnum árum.

Hæstv. ráðh. sagði að frystingin fengi núna 60% inn á sína reikninga af 3.6 milljörðum, eða rúmlega 2 milljarða, og hann saði þetta einhvern veginn með þeim hætti, að ókunnugir mættu halda að þetta fjármagn hefði dottið af himnum niður í hlaupareikninga fiskvinnslunnar í landinu. Þetta er auðvitað fjármagn sem fiskvinnslan á sjálf, því að tekið var of mikið af henni og verið er að skila því aftur. Og fjandinn þakki það! Það hefði mátt koma fyrr og ekki þurft að skapa fiskvinnslunni aukna erfiðleika fram yfir þá erfiðleika sem hún stendur frammi fyrir.

Þegar talað er um mál eins og olíugjaldið og þá miklu bjartsýni, sem hæstv. sjútvrh. leit málin í vetur, held ég að hann hefði mátt vita að í öllu aðgerðaleysi núv. ríkisstj. og vesaldómi hennar í efnahagsmálum mundi gengissigið halda áfram. Það mátti hann vita. Gengissigið hefur ekki orðið til þess að lækka olíukostnað frekar en annan kostnað. Þegar vinstri stjórn var mynduð 1. sept. 1978 var verð á dollar í ísl. krónum 260.40 kr. og verð á vesturþýska markinu 129.14 kr. 14. okt. var verð á dollaranum komið í 539.20 kr., hafði hækkað um 207%, en er núna komið í 543.20 kr. og á næstu dögum fer það í 552 kr. Verðið á þýska markinu hafði hækkað hinn 14. okt. í 297.67 kr. eða um 231%. Þetta eru hressilegar gengislækkanir sem átt hafa sér stað á þessu tímabili, en þær hafa allar verið taldar gengissig nema ein sem framkvæmd var í byrjun valdatíma stjórnarinnar sem mynduð var 1. sept. 1978. Hitt hefur alltaf verið gengissig, gengissig eftir gengissig, sem hefur leitt af sér vaxandi verðbólgu, versnandi stöðu atvinnuveganna.

En það, sem ég er hér að tala um í sambandi við olíugjaldið, er að á sama tíma og allir launþegar fá ákveðnar uppbætur á laun sín hlýtur það að vera fullkomin réttlætiskrafa, sem á að gera til stjórnvalda, að stétt eins og sjómannastéttin búi ekki við önnur kjör. Sjómenn hafa tekið veiðitakmörkunum af miklum skilningi og af mikilli sanngirni. Ég tel það rangt að svara þeim skilningi og sanngirni með því að láta þeirra hlut liggja eftir á sama tíma og verið er að breikka bilið á milli annarra starfshópa í þjóðfélaginu eins og gert var í þeim kjarasamningum sem búið er að gera. Ég tel — og endurtek það — að olíugjaldið eigi ekki að bitna á sjávarútveginum einum. Það á að leggjast á landsmenn alla. Sjávárútvegurinn er undirstöðuatvinnuvegur landsmanna. Það er ekkert meira að þjóðin taki þátt í þeim verðbreytingum, sem verða á olíu, en að hún taki þátt í að rétta við kjör ýmissa annarra stétta og starfshópa í þjóðfélaginu. Ég hygg að það frumhlaup hæstv. sjútvrh. litlu eftir að hann settist í núv. ríkisstj. að lækka olíugjaldið um helming ætti að verða til þess að kenna honum að fara nokkru hægar í sakirnar og hugsa meira og vandlegar um það, sem þarf að gera hverju sinni, en að taka svona ógnvekjandi kollsteypur, eins og hann er búinn að gera nú í þessu máli og því miður mörgum öðrum sem síðar gefst tækifæri til að ræða um.

Ég mun í sjútvn. gera kröfu til þess, að fulltrúar sjómanna og útvegsmanna og aðrir aðilar í sjávarútvegi mæti á fundum n. eða gefi skriflegar umsagnir um þetta mál og því sé ekki hraðað svo að afgreiða málið að það fái ekki eðlilega þinglega meðferð.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er ástæðulaust að flytja hér langt mál um það frv. sem er nú til 1. umr., en þó nauðsynlegt strax við 1. umr. að fara um það nokkrum orðum, bæði frv. sjálft og ýmislegt annað sem því er tengt.

Það er svo, að ýmsir stjórnmálamenn og framámenn landsins skilja eftir sig mismunandi spor og ólíkar minningar um liðinn tíma. Ég hygg að núv. hæstv. sjútvrh. sé búinn að velja sér grafskrift í þeim dúr sem segir í fornu spakmæli, að „hið góða, sem ég vildi gera, það geri ég ekki, en hið vonda, sem ég ekki vil, það geri ég“. Og í áframhaldi af þessu er hæstv. sjútvrh. líklega búinn að bæta við því, sem ætti að vera öðrum víti til varnaðar og mundi vera á þá leið, að „hið góða, sem ég lofaði, það geri ég ekki heldur“. Kem ég að því síðar.

Eins og hér hefur komið fram er þetta frv. þess efnis að hækka olíugjald frá því að vera 2.5% upp í 7.5%, sem er, eins og sagt hefur verið, 200% hækkun. Ég held að menn hljóti að fara nokkra mánuði aftur í tímann þegar núv.

hæstv. sjútvrh. leggur slíkt plagg fram hér á Alþ. Það er ekki lengra síðan en í mars s. l. að þessi sami hæstv. ráðh. talaði hér í umr. þá um olíugjaldsfrv. og talaði í þeim dúr, eins og hér hefur verið minnt á, að þetta gjald væri eitur í hans beinum og að það væri hans stefna og hans markmið að afnema það með öllu. Á þessum tíma stóð yfir deila sjómanna á Vestfjörðum við útvegsmenn og blandaðist olíugjaldið mikið inn í þá deilu. Það er nauðsynlegt að hér komi fram, auk þeirrar yfirlýsingar hæstv. ráðh. sem er bókuð í umr. frá þessum tíma, að þar mun hafa verið gefið loforð um að áfram skyldi haldið á þeirri braut að lækka þetta gjald þar til það yrði að fullu afnumið.

Verkalýðshreyfingin á Vestfjörðum telur að með þessu frv. sé hæstv. sjútvrh. að brjóta í bága við gefin fyrirheit hans sjálfs, sem urðu að nokkru leyti og kannske verulegu leyti til þess að leysa sjómannadeiluna á Vestfjörðum á s. l. vetri. Á kjaramálaráðstefnu, sem Alþýðusamband Vestfjarða hélt s. l. laugardag, var samþykkt ályktun þar sem segir, með leyfi forseta:

„Ráðstefnan mótmælir harðlega boðaðri löggjöf um hækkun olíugjalds, sem brýtur í bága við gefin fyrirheit sjútvrh. varðandi lausn sjómannadeilunnar á Vestfjörðum á s. l. vetri."

Hér er það því ótvírætt, að þessi ákvörðun hæstv. ráðh. brýtur gersamlega í bága við þau fyrirheit sem hann gaf sjómönnum á Vestfjörðum og þar með sjómannastéttinni sem heild, því þetta á ekki bara við vestfirska sjómenn, — brýtur gjörsamlega í bága við þau fyrirheit sem í fyrra voru gefin. Það er nauðsynlegt að þetta komi hér fram. Ég hygg að hæstv. ráðh. hafi meint eitthvað með þeim ummælum, sem hann viðhafði í ræðu á hv. Alþ. á s. l. vetri, í mars, að hann vildi fara þessa leið, og hann hafi meint það með gefnum loforðum varðandi lausn deilunnar á Vestfjörðum, að hann vildi stíga þetta skref, en einhverra hluta vegna hefur hann horfið frá því og leggur nú til stórkostlega hækkun á þessu gjaldi. — Það er margyfirlýst stefna sjómannasamtakanna í landinu að þau skorast ekki undan því að taka þátt í þeim erfiðleikum sem verða vegna olíugjalds eða olíuverðshækkana, en þau mótmæla því alfarið, að þau mál séu leyst á þeirra kostnað einna.

Eins og fram kemur í þessu frv. eða grg. þess var olíugjald fyrst lagt á í mars 1979 og var þá 2.5%. Í maí 1979 var þetta gjald hækkað upp í 7%, í júnímánuði 1979 fór gjaldið upp í 12%, í okt., 1979 var það 9%, í janúar 1980 5% og 1. mars 1980 2.5%. Það er nauðsynlegt vegna þessa að það komi hér fram, að fulltrúi sjómannasamtakanna greiddi atkvæði með öllum fiskverðsákvörðunum í tengslum við þetta gjald að undanskilinni ákvörðuninni 1979, þegar fulltrúi sjómanna greiddi atkvæði með fiskverðinu, en lét bóka að hann væri ekki samþykkur upphæð olíugjaldsins. Það er nauðsynlegt að þetta liggi fyrir, að í öll skiptin, að undanteknu því sem nú er að gerast, hafa sjómannasamtökin ekki lýst andstöðu við gjaldið. Það er fyrst núna sem alfarið og einhuga koma fram af hálfu sjómannasamtakanna mótmæli gegn því sem nú er verið að gera. Og ég er ekkert hissa á því, í ljósi þess sem á undan er gengið, þó að nú verði af hálfu sjómannasamtakanna látið til skarar skríða varðandi þessa ákvörðun. Ég lít svo á, að með þessari ákvörðun og í ljósi fenginnar reynslu af því, sem gerst hefur á undanförnum mánuðum og árum, sé hér verið að efna til slíks stríðs á vinnumarkaðnum innan fiskvinnslunnar sem heildar að menn sjái ekki enn hvað þeir eru í raun og veru að vekja upp með því frv. sem hér er á dagskrá.

Ég dreg enga dul á að það eru erfiðleikar hjá útgerðinni og hjá fiskvinnslunni. Það hygg ég að menn séu almennt sammála um. En mér er spurn varðandi það atriði málsins: Væri ekki athugandi fyrir hæstv. sjútvrh. að feta í fótspor hæstv. samgrh. og kanna hvort bankastofnanir í landinu vildu ekki útvega bæði sjómönnum og fiskvinnslufólki hagkvæm lán til að kaupa hlut bæði í útgerð og fiskvinnslu til að skjóta sterkari stoðum undir þessar atvinnugreinar, eins og hann sjálfur hefur látið frá sér fara að því er varðar t. d. hlutabréfakaup starfsfólks í Flugleiðum? Það er ekkert vafamál að ef hæstv. sjútvrh. vildi verða samstíga hæstv. samgrh. í þessu mætti bæta stöðu útgerðar og fiskvinnslu með þeim hætti.

En það eru fleiri en hæstv. sjútvrh. sem agnúast og fordæma þetta gjald, sem hann nú leggur hér til að verði stórlega hækkað. Hv. þm. Garðar Sigurðsson, formaður sjútvn. þessarar d., lét hafa eftir sér í Vísi ekki alls fyrir löngu, eða 15. okt., held ég, um þetta og sagði, með leyfi forseta: „Aðferðin er bölvuð og vitlaus líka." — Eigi að síður ætlar hv. þm. að styðja þetta frv., að því er fram kom í þessari sömu blaðagrein. Sé svo ekki fagna ég því. Kemur væntanlega yfirlýsing um það hér síðar.

En varðandi afstöðu formanns sjútvn. Nd. vil ég aðeins segja það, að ég hef meiri trú á því og sannfærist um það eftir því sem lengra líður, að það hefði verið æskilegra að ég hefði fengið stuðning hv. þm. Sjálfstfl. í sjútvn. Nd. við það að kjósa hv. þm. Matthías Bjarnason formann þeirrar n. þegar kjör fór fram til starfa í embætti þeirrar n. í síðustu viku. Það hefði verið æskilegra. Þá hefði verið miklu, miklu meiri von til þess að fá mótvægi gegn þessu frv., sem hér er um að ræða, hefðu sjálfstæðismenn farið að mínum ráðum og stutt samflokksmann sinn í formennskukjöri. — Þetta vildi ég láta koma fram nú vegna þess sem gerðist í sambandi við kjör formanns sjútvn. Nd.

Ég sagði áðan að ég þyrfti ekki að hafa langt mál um þetta, en vil að lokum segja það, að hæstv. sjútvrh. hefur lýst því yfir að till. hans um olíugjaldið séu ótækar og olíugjaldið sem slíkt sé eitur í hans beinum. Sjómenn hafa harðlega mótmælt því fiskverði, sem ákveðið hefur verið á grundvelli þessa olíugjalds, og meðan ráðh. sjálfur fordæmir mál, sem hann flytur, er engin ástæða fyrir Alþ. að samþykkja það, allra síst þegar málið er með þeim hætti sem þetta er, að skapa glundroða, upplausn og nánast stríð, sem að mínu viti er hugsanlegt á vinnumarkaðnum. Í ljósi þessa mun Alþfl. greiða atkv. gegn þessu frv. í meðförum þingsins.

Ég vil aðeins að lokum — nú er ljóst að umfjöllun þessa máls hér í þinginu mun taka nokkurn tíma — spyrjast fyrir um það hjá hæstv. sjútvrh. hvort ekki sé öruggt að hæstv. ráðh. verði hér í landinu næstu tvær til þrjár vikur, meðan menn sjá hvernig þetta gengur, bæði að því er varðar þetta einstaka mál og aðrar stórvægilegar blikur sem á lofti eru varðandi fiskvinnsluna og sjávarútveginn í heild.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Ég er mótfallinn því frv. til l. sem hér er til umr. Koma þar m. a. til rök sem hæstv. sjútvrh. sjálfur hefur notað um þetta gjald. Hér voru tilfærð rök eftir hv. þm. Garðari Sigurðssyni. Þau rök vil ég einnig gera að mínum og endurtek að ég tel þetta frv. ekki skynsamlegt í þessari mynd og er þá með

engum hætti að afneita þeim vandamálum sem hér eru til staðar.

En ég hygg að þetta frv. til l. gefi ástæðu til að huga nokkuð að því kerfi í verðlagningarmálum sjávarútvegsins sem notað hefur verið, — þessu kerfi þar sem ríkisvaldið hefur oddamann við endanlega ákvörðun. Ríkisafskipti af þessu verðkerfi hafa á síðustu árum farið æ meira í vöxt. Ég hygg að það sé kominn tími til að við spyrjum grundvallarspurninga um réttmæti þessa kerfis. Saga þess er sú, að þegar farið var út úr hinu gífurlega uppbótakerfi í sjávarútvegi á árunum eftir 1960 beitti ríkisstj., sem þá sat, viðreisnarstjórnin, sér fyrir nýju kerfi og raunar í tveimur áföngum, fyrst 1960 og síðan árið 1964, í þeirri mynd sem við nú þekkjum þetta. Þetta var hluti af þeim stóru efnahagsráðstöfunum og virðingarverðu efnahagsráðstöfunum sem þessi ríkisstj. beitti sér fyrir á þeim árum. Ég hygg að á þeim tíma hafi þetta verið skynsamlegt kerfi. Ríkisfulltrúinn í verðákvörðuninni gegndi því hlutverki að bræða saman sjónarmið og hagsmuni sem eðli málsins samkvæmt voru tortryggnir hverjir á aðra.

En á síðustu árum hefur allt þetta kerfi breytt mjög um mynd. Fulltrúi ríkisins, sem auðvitað starfar vart sem sjálfstæður aðili, heldur er eins konar sendiboði fyrir ríkisstj. og þá pólitík sem hún er að reka á hverjum tíma í þessum efnum, er á síðustu árum farinn að gegna allt öðru hlutverki. Þátttaka hans þarna hefur í vaxandi mæli þýtt að sitjandi ríkisstj. tekur á sig ábyrgð á þeirri niðurstöðu sem fiskverðið felur í sér. Það er viðurkennt af báðum samningsaðilum þegar ákvörðun er tekin, að bæði verði skipin rekin með tapi og fiskvinnslan. M. ö. o. eru hér gerðir samningar, sem engin verðmæti eru til á bak við. Vegna ábyrgðar ríkisvaldsins á þessum samningum skuldbindur það sig jafnframt til að bera ábyrgð á og hreyfa til efnahagsstærðir í kjölfar samninganna. Og með hverju er það gert? Jú, það er auðvitað gert með því fyrst og fremst að rýra myntina, að fella gengið, að láta það síga. Svo er komið að þessi ákvörðun, sem menn voru fyrir nokkrum árum sammála um að væri efnahagsráðstöfun af því tagi að um hana ætti ekki að vita áður en hún ætti sér stað, er orðin efnahagsráðstöfun sem menn eru farnir að tilkynna um leið og hún er látin gerast eða jafnvel með góðum fyrirvara.

Ég held að allt þetta mál, og þetta olíugjald er auðvitað ekki annað en tiltekin tilfærsla ríkisvalds á fé til þess að endar á samningum um fiskverð nái saman, fjalli um afskipti ríkisvalds sem séu óæskileg. Hið eiginlega kerfi í þessum efnum ætti að vera þannig, að tveir frjálsir aðilar, þ. e. fiskkaupendur og fiskseljendur, komi sér saman um verð á þessari vöru á frjálsum markaði og beri þá hver um sig ábyrgð á niðurstöðunni sem þar fæst.

Nú er þetta auðvitað mikil einföldun, og ég bæði játa og viðurkenni að öll þessi ákvarðanatekt er flóknari. Þetta er auðveldara að segja en að gera. Mér er líka ljóst að breytingar á þessu kerfi, þar sem farið væri — ég veit ekki hvort má taka svo til orða — til baka í áttina að frjálsu samningakerfi, gerast ekki á einni nóttu eða í einu vetfangi, en engu að síður stendur sannfæring mín til þess, að þessi umr. ætti einnig að leiða huga okkar að því og jafnvel kenna okkur að ríkisafskiptakerfi af þessum tilteknu samningum er komið út í fullkomnar ógöngur. Ríkið tekur á sig ábyrgð. Það er orðin viðurkennd stefna. M. a. fjallaði framsöguræða hæstv. sjútvrh. áðan um í fyrsta lagi ábyrgð ríkisins vegna afskipta af þessu og þar með hvernig ríkisvaldið grípi með lögþvingunum eða með öðrum hætti inn í. Almennt og yfirleitt talað leiðir ríkisafskiptastefna af þessu tagi af málum til þess, sem bæði verkalýðshreyfing og vinnuveitendur svokallaðir vilja forðast. Í sögu beggja þessara hreyfinga eru hugmyndir um að kerfi sem þessi eigi að vera frjáls og ekki eigi að koma til ríkisafskipta. Hins vegar er rétt, að það er tiltekinn klofningur hugarins í þessum efnum, bæði hjá verkalýðshreyfingu og vinnuveitendum, þ. e. hvar og þá hvenær ríkisafskipti séu æskileg. En í verðlagningarkerfi sjávarútvegsins hygg ég að við séum komin út í algjörar ógöngur með ríkisafskipti og það sé fullkomlega tímabært að hugsa þá hugsun upp á nýtt og hverfa aftur til frjálsra samninga þar sem viðsemjendur, annars vegar fiskkaupendur og hins vegar fiskseljendur, semja um þau verðmæti, sem þeir telja að möguleiki sé að semja um, og bera síðan sjálfir ábyrgð á niðurstöðum samninganna. Það er ein leið til þess að treysta stöðu gengis. Þá er væntanlega verið að semja um verðmæti að óbreyttu kerfi. Þetta er einn af þeim hnútum sjálfvirkninnar sem við verðum að fara að huga að að leysa.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að halda ítarlega ræðu við 1. umr. þessa máls. Hv. 1. þm. Vestf. skýrði frá afstöðu okkar sjálfstæðismanna, sem eigum sæti í hv. sjútvn. þessara deildar, og skýrði hann að sjálfsögðu rétt frá í öllum atriðum. En ég held að fyrst hæstv. sjútvrh. sér ekki ástæðu til að svara einu einasta orði af því, sem hér hefur komið fram, sé rétt að rifja nokkuð upp miklar umr., alla vega benda þm. á þær miklu umr. sem urðu hér í hv. Nd. á s. l. vetri og reyndar í Sþ. einnig þegar verið var að ganga á núv. hæstv. ríkisstj. og að sjálfsögðu um leið þá aðila hennar, sem höfðu átt sæti í fyrri vinstri stjórn, um það að efna nokkuð af þeim loforðum sem þeir höfðu gefið þegar kjör sjómanna voru skert árið 1978 af vinstri stjórninni sem þá tók við. En það var öllum kunnugt, að loforð um þá ómerkilegu mútupakka, sem bornir voru þá á borð fyrir sjómenn höfðu verið svikin og voru ekki efnd nema að litlu leyti á yfirstandandi ári.

Það má vera að einmitt vegna þeirrar linkindar, sem sjómannasamtökin hafa sýnt á þessu tveggja ára tímabili, standi þau nú frammi fyrir því að þurfa á næstu dögum og næstu vikum að grípa til þeirra ráðstafana sem t. d. önnur launþegasamtök í þessu landi, sem hafa í forustu sinni þæga þjóna núv. hæstv. ráðh., hafa hvorki þorað, viljað né getað beitt sér fyrir — sem sagt fyrir hagsmuni sinna félagsmanna — og það verði sjómannasamtökin sem verði að gera það nú á næstunni til þess að mótmæla því frv. sem hæstv. sjútvrh. með stuðningi allrar ríkisstj. leggur á borð fyrir Alþ. þegar það kemur saman, — frv. sem gengur í þá átt að taka upp í þriðja sinn á yfirstandandi ári breytingu á olíugjaldi sem tekið er af óskiptum afla hjá útgerðinni.

Að sjálfsögðu verður það ekki mitt að taka ákvörðun um þetta. Það verður þeirra sjálfra sem við þetta búa. Það vill svo til að undirmenn á flotanum eru að koma saman til að halda þing sitt í þessari viku. Að sjálfsögðu mun ég fara þess á leit við hv. formann sjútvn. þessarar d. að málið verði sent þessu þingi, sem hefst á fimmtudaginn kemur, þannig að fulltrúar allra undirmanna félaga sjómanna hér á landi hafi tækifæri til að tjá hæstv. ráðh. þakklæti sitt fyrir þetta frv.

Ég sé að hv. þm. Karvel Pálmason er að fara úr

salnum. (**KP:** Nei, hann er hérna.) Hann er hérna. Það er gott. Þú heldur þig réttu megin. Hann sá ástæðu til þess að ræða nokkuð um kjör formanns í þeirri n. sem við eigum sæti í. Það er gott, þykir mér, að hjá honum sjálfum er vaxandi trú á hv. 1. þm. úr hans eigin kjördæmi, Matthíasi Bjarnasyni. En aðeins fyrir nokkrum mánuðum bar hann ekki sama traust til þessa þm., því að hann greiddi honum ekki atkv. þegar ég stakk upp á honum sem formanni í þessari n., heldur kaus hann þá núv. formann, fulltrúa kommúnista í n., kommúnistaflokksins. (**KP:** Þetta hefur alveg snúist við.) Þetta hefur alveg snúist við. Alveg nákvæmlega sama hefur komið fyrir í hans eigin flokki. Það var uppáhaldstal þeirra krata fram eftir öllum vetri að tala um klofning í Sjálfstfl. Nú er Alþfl. klofinn alveg niður í rætur og þeir sjá ekki út fyrir þá baráttu sem stendur fyrir dyrum í sambandi við eigið formannskjör. Það er ekkert ósvipað.

En ég mun nú ekki og vil ekki ganga jafnlangt og hv. þm. Karvel Pálmason og gera hv. þm. Garðari Sigurðssyni þegar upp skoðanir um afstöðu hans í sambandi við þetta frv. Þótt hann hafi talað við blaðamann Vísis eða einhvers dagblaðs annars á þann hátt sem hv. þm. Karvel Pálmason var að vitna til er hann vanur að íhuga sitt mál vel, hv. þm. Garðar Sigurðsson, og hann hefur tekið nokkurt tillit til félaga sinna á flotanum og skoðana sem þar koma fram. Ég hef því enn þá von um að hann eigi eftir að standa með þeim í þessu máli, sem auðvitað hlýtur að vera hagsmunamál þeirra að fá út úr heiminum — sem sagt að fella — þetta frv., sem hljóta og eiga að verða örlög þess ef hæstv. sjútvrh. sér ekki sóma sinn í því að draga það til baka.

Ég skal ekki fara frekar út í umr. um frv. að sinni. En vegna orða, sem komu fram í ræðu ráðh., bendi ég á mál sem kom upp á í þeim umr. sem urðu um kjör sjómanna á s. l. vetri. Það hefur reyndar komið fram og kom fram í ræðu hæstv. ráðh., að aukinn afli sjómanna, sem m. a. stafaði af nýjum og góðum tækjum, hefði haft í för með sér meiri vinnu. Þetta er alveg rétt. Um þetta hefur staðið mikill styrr á undanförnum mánuðum og jafnvel árum. En það hefur aldrei fengist neitt svar við því, hve mikil þessi aukna vinna væri og hve mikil hún væri fram yfir vinnu annarra þegna þjóðfélagsins, sem hafa fylgt sjómönnum að í tekjum.

Það var lögð fsp. fyrir hæstv. sjútvrh. á s. l. vetri og hann treysti sér ekki þá til að svara nema hluta þeirrar fsp. Ég spurði þá m. a., með leyfi forseta, hæstv. ráðh. um hver væri lögbundinn vinnutími háseta á þessum skipum á árinu 1979 miðað við meðalúthaldsdaga, — það er átt við skuttogarana. Ég spurði einnig hver væri fjarverutími þeirra frá heimilum sínum vegna vinnu sinnar, hver væri vaktavinnutími þeirra meðan skipið væri að veiðum. Ég spurði líka um hvort rn. hans hefði upplýsingar um fjölda unninna yfirvinnustunda á þessum skipum, þ. e. vinnustundir fram yfir lögbundinn vinnutíma. Og að síðustu bað ég um samanburð við nokkra vinnuhópa í landi, þ. á m. hafnarverkamenn í Reykjavík, sem er oft vitnað til, og jafnframt bað ég um samanburð við verkamenn sem vinna við virkjanir í óbyggðum, m. a. vegna fjarveru þeirra frá heimilum sínum. Þessum spurningum gat hæstv. ráðh. ekki svarað á s. l. vetri. Hann kemur hér enn þá fram á Alþ. og heldur fram þessari dómadagsvitleysu, sem hann og aðrir hafa haldið fram, að hægt sé að bera saman laun manna án þess að hafa þann grundvöll til þess að byggja á sem er vinnutími manna. Hann er sú fórn sem mennirnir verða að færa fyrir þær tekjur sem þeir fá í sínar hendur. Þetta er auðvitað ekki hægt. Það er ekki sama hvort maður vinnur hjá Tryggingastofnun ríkisins frá hálftíu á morgnana til hálffimm á daginn fyrir sömu laun og togarasjómaður sem starfar í 12 tíma á sólarhring og er fjarverandi dögum og vikum saman svo mánuðum skiptir á árinu. Auðvitað er út í hött að koma með svona samanburð.

En vegna þess að hæstv. dómsmrh. situr enn í sæti sínu, þá var í framhaldi af þessari fsp. til sjútvrh. borin fram fsp. til dómsmrh. á síðasta þingi, sem ég skildi vel að hann hefði þá ekki tíma til að svara, en hún verður væntanlega endurnýjuð. Hún var um það hvað hæstv. dómsmrh. hygðist gera varðandi brot á lögum um hvíldartíma á íslenskum botnvörpuskipum, sem nú er upplýst að eigi sér stað á hluta skuttogaraflotans. Að sjálfsögðu á ekki að þurfa að koma með neina nýja fsp. til að brýna hæstv. dómsmrh. í þessu máli. Það er vitað mál og það hefur verið viðurkennt, það var viðurkennt í samningaviðræðum á Vestfjörðum á s. l. vetri, að lög í þessu efni voru þverbrotin, margbrotin, og eru brotin enn þá.

Ég endurtek ósk mína, herra forseti, til formanns sjútvn. um þetta mál, að samtök sjómanna fái tækifæri til að láta álit sitt í ljós á því áður en því verður húrrað í gegnum þingið, enda er ég ekkert að efa að hæstv. sjútvrh. og ríkisstj. í heild vilji það. — Ríkisstj. hefur haft það sér til ágætis nokkuð að hafa fullt samráð við verkalýðshreyfinguna, sbr. Ólafslög, og með þeim góða árangri, sem þegar er kominn í ljós, að það hefur verið hægt að sitja á réttmætum kröfum þeirra, rýrnandi kaupmætti og samningsleysi í marga mánuði, eða allt frá því að loforðalýðurinn óð uppi vorið 1978 með upphrópanirnar miklu um samningana í gildi, aukinn kaupmátt et cetera, et cetera.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Það eru aðeins mjög fá orð. Mér finnast það mjög athyglisverð tíðindi ef hv. síðasti ræðumaður biðst undan því, að þeir, sem ekki kusu hv. 1. þm. Vestf. í fyrra, kjósi hann í ár. Ég er hræddur um að þetta þyki kjósendum á Vestfjörðum nokkur tíðindi.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég beindi þeirri spurningu til hæstv. ráðh. áðan, hvort ekki mætti vænta þess, að hann yrði hér í landinu á þeim tíma sem þessi mál væru hér til umr. í þinginu og raunar fleiri sem snerta fiskvinnslu og sjávarútveg. Ég vil eindregið óska eftir því við hæstv. ráðh., að við fáum svar við því, hvort ekki megi vænta — raunar hvort ekki sé öruggt að hæstv. ráðh. verði hér næstu 2—3 vikurnar.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Það er mikill misskilningur hjá hv. þm. Sighvati Björgvinssyni, 3. þm. Vestf., ef hann hefur lesið það út úr orðum mínum að ég hefði á móti því að minn góði vinur, 1. þm. Vestf., væri kosinn í eina eða aðra trúnaðarstöðu. Hann gat ekki fundið það út úr mínum orðum. Og ég segi: Batnandi mönnum er best að lifa ef kratar eru farnir að sjá það nú, eftir að aðeins nokkrir mánuðir eru liðnir frá því að við töluðum síðast saman hér á hv. Alþ., að það er best að hafa sjálfstæðismenn í forustunni, en vera ekki að treysta á menn eins og þm. Alþb.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Þetta var ekki

spurning um hvort einn eða annar væri reiðubúinn til að styðja sjálfstæðismenn til formannskjörs, heldur hvort þeir sjálfstæðismenn væru sjálfir reiðubúnir til að taka á sig ábyrgðina. (**Forseti:** Mér heyrist umr. vera komin ofurlítið út fyrir olíugjald.)

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Þetta mál átti að koma fyrir s. l. miðvikudag. Þá var veittur frestur að beiðni Alþfl. Ég mun ekki tefja fyrir afgreiðslu þessa máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til sjútvn. með 29 shlj. atkv.

Sameinað þing, 5. fundur.

Þriðjudaginn 21. okt., kl. 2 miðdegis.

Minnst Stefáns Jóh. Stefánssonar.

Forseti (Jón Helgason): Áður en gengið verður til dagskrár vil ég minnast Stefáns Jóh. Stefánssonar fyrrv. alþm. og ráðh. Hann andaðist í sjúkrahúsi í gær, mánudaginn 20. okt., 86 ára að aldri.

Stefán Jóh. Stefánsson var fæddur 20. júlí 1894 á Dagverðareyri við Eyjafjörð. Foreldrar hans voru hjónin Stefán Ágúst bóndi þar Oddsson og Ólöf húsfreyja Árnadóttir. Stefán Jóhann lauk stúdentsprófi við Menntaskólann í Reykjavík vorið 1918 og lögfræðiprófi frá Háskóla Íslands 1922. Hæstaréttarlögmaður varð hann 1926, og hann kynnti sér félagsmálalöggjöf á Norðurlöndum með styrk úr Sáttmálasjóði árið 1928. Hann var starfsmaður bæjarfógetans í Reykjavík á háskólaárum sínum og til haustsins 1923, fulltrúi í lögfræðiskrifstofu 1922—1925, er hann stofnaði málflutningsskrifstofu sem hann rak með öðrum málflutningsmanni til 1945. Á árunum 1945—1957 var hann framkvæmdastjóri Brunabótafélags Íslands. Sumarið 1957 var hann skipaður sendiherra Íslands í Danmörku og var jafnframt sendiherra í Írlandi og Tyrklandi. Lausn frá því starfi vegna aldurs fékk hann vorið 1965. Stefán Jóh. Stefánsson var alþm. 1934—1937 og 1942—1953, sat alls á 17 þingum. Vorið 1939 varð hann félagsmálaráðherra og fór jafnframt með utanríkismál. Lausn frá þeim ráðherradómi fékk hann snemma árs 1942. Frá 4. febr. 1947 til 6. des. 1949 var hann forsætis- og félagsmálaráðherra.

Auk þeirra meginstarfa, sem hér hefur verið getið, voru Stefáni Jóh. Stefánssyni falin mörg aukastörf á sviði þjóðmála og ýmiss konar félagsmála. Skal hér getið nokkurra af þeim störfum.

Hann var bæjarfulltrúi í Reykjavík 1924—1942 og átti sæti í bæjarráði frá 1932. Í menntamálaráði var hann 1928—1933 og í bankaráði Útvegsbanka Íslands 1930—1957, formaður bankaráðsins frá 1935. Hann átti sæti í Þingvallanefnd 1946—1950. Hann var formaður Norræna félagsins 1936—1952 og var kjörinn fulltrúi Íslands í Norðurlandaráði fyrsta starfsár þess 1953. Fulltrúi Íslands í Evrópuráði var hann 1950—1957. Hann var kjörinn í miðstjórn Alþfl. og Alþýðusambandsins 1924, var forseti Alþýðusambandsins 1938—1940, ritari í stjórn Alþfl. 1928—1938 og formaður hans 1938—1952.

Stefán Jóh. Stefánsson bar nafn föður síns sem dó á sóttarsæng nokkrum vikum fyrir fæðingu hans. Hann stundaði á æskuárum sínum algenga vinnu til sveita og sjávar og þekkti kröpp kjör alþýðu á þeim tímum. Hugur hans stefndi til langskólagöngu. Hann aðhylltist jafnaðarstefnu í þjóðmálum, var ötull málsvari hennar strax á skólaárum og lengi síðan einn hinna fremstu þar í flokki. Þeir áratugir, sem mest kvað að honum á vettvangi stjórnmála, voru miklir umbrotatímar bæði hér á Íslandi og erlendis. Stefán Jóhann fór ekki varhluta af deilum um stefnur og störf. Hann var alla tíð stefnufastur forvígismaður jafnaðarstefnu og lýðræðis. Hann hafði náin samskipti við pólitíska samherja sína á Norðurlöndum og var traustur stuðningsmaður norrænnar samvinnu. Honum voru falin ein hin mikilvægustu störf stjórnmálamanns á örlagatímum í íslenskri þjóðarsögu.

Ég vil biðja hv. alþm. að minnast Stefáns Jóh. Stefánssonar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Jón Helgason): Mér hefur borist svohljóðandi bréf:

„Reykjavík, 16. okt. 1980.

Svavar Gestsson, 2. þm. Reykv., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sinnt þingstörfum um sinn, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Alþb., Guðrún Hallgrímsdóttir verkfræðingur, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að þér látið fara fram í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Alexander Stefánsson,
forseti Nd."

Þá hefur mér borist annað bréf:

„Reykjavík, 20. okt. 1980.

Forseti sameinaðs Alþingis.

Vegna anna sé ég mér ekki fært að gegna þingstörfum um stundarsakir og óska eftir því, að Sigurður Magnússon rafvélavirki taki sæti á Alþingi í forföllum Svavars Gestssonar.

Virðingarfyllst,
Guðrún Hallgrímsdóttir."

Þar sem Sigurður Magnússon hefur ekki átt setu á Alþingi á þessu kjörtímabili þarf að fara fram rannsókn á kjörbréfi hans, og vil ég biðja kjörbréfanefnd að taka kjörbréf Sigurðar Magnússonar til athugunar. Verður þá gefið fundarhlé í fimm mínútur. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Skúli Alexandersson): Herra forseti. Kjör-

bréfanefnd hefur komið saman til fundar og tekið fyrir kjörbréf Sigurðar Magnússonar, 2. varaþm. Alþb. í Reykjavík, sem kemur hér inn sem varamaður Svavars Gestssonar. Nefndin hefur ekkert við kjörbréfið að athuga og leggur til að það verði samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþykkt með 36 shlj. atkv.

Forseti (Jón Helgason): Sigurður Magnússon hefur áður átt sæti á Alþingi og því undirritað eiðstaf, og býð ég hann nú velkominn til starfa.

Fæðispeningar til sjómanna, fsp. (þskj. 22, tölul. 4). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason): Herra forseti. Eins og þm. er kunnugt stóð yfir á s. l. vetri kjaradeila milli sjómanna á Vestfjörðum og útvegsmanna þar. Einn þáttur í lausn þessarar deilu var að báðir þessir aðilar óskuðu þess sameiginlega við stjórn Aflatryggingasjóðs, að reglum um fæðispeninga yrði breytt á þann veg, að þeir yrðu hækkaðir til þess að greiða sem svaraði eðlilegum fæðiskostnaði, og við það miðað, að þessi breyting gæti tekið gildi 1. júní s. l. Um þetta var hæstv. sjútvrh. kunnugt og raunar hafði hann lofað stuðningi sínum við þetta mál.

Ég spurðist fyrir um þetta utan dagskrár hér í þinginu 28. maí s. l., og þá var því svarað af hálfu hæstv. menntmrh., sem þá gegndi starfi sjútvrh., að hæstv. sjútvrh. væri mjög í mun að þetta mál yrði leyst og ef ekki tækist að leysa það með eðlilegum hætti eins og óskað var, þá yrði löggjöf, ef til þyrfti að koma, látin gilda aftur fyrir sig.

Nú er liðinn æðilangur tími frá því að þetta gerðist og ekkert bólar á, að því er séð verður, að breyting sé í vændum. Ég hef því leyft mér að leggja fram á þskj. 22 fsp. til hæstv. sjútvrh., svohljóðandi:

„Hvað líður framkvæmd loforðs sjútvrh. um breytingu á reglugerð Aflatryggingasjóðs í þá veru að hækka greiðslu fæðispeninga til sjómanna?"

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Mér er ljúft að verða við ósk um upplýsingar um þetta mál. Reyndar veit ég að hv. þm. þekkir nokkuð þróun þess, því að við hann mun hafa verið haft samráð eða a. m. k. hann upplýstur um það.

Eins og fram mun hafa komið hér í maí ritaði sjútvrn. formanni Aflatryggingasjóðs, Má Elíssyni, bréf 12. maí, sem ég ætla að leyfa mér að lesa, með leyfi forseta, — þar segir:

„Hjálagt sendist ljósrit af bréfi, dags. 24. apríl s. l., frá Útvegsmannafélagi Vestfjarða og Alþýðusambandi Vestfjarða til sjútvrn., þess efnis, að rn. beiti sér fyrir því, að núgildandi reglur um greiðslur fæðispeninga úr Aflatryggingasjóði verði endurskoðaðar. Vísað er enn fremur í bréf Verkalýðs- og sjómannafélags Bolungavíkur, dags. 14. apríl s. l., til stjórnar Aflatryggingasjóðs um sama efni.

Ráðuneytið óskar hér með eftir því, að stjórn sjóðsins geri till. um breytingar á núgildandi reglum um greiðslu fæðispeninga úr Aflatryggingasjóði með tilliti til fram kominna óska þar um í áður tilvitnuðum bréfum."

Um þetta var spurt hér þegar í maí, og mun þá hafa verið flutt grg. frá Fiskifélagi Íslands sem ég sé ekki ástæðu til að lesa hér í heild sinni að nýju. Hins vegar kom fram í þeirri grg., að þetta er miklu meiri vandi eða meira verk en menn höfðu áður talið og ljóst að taka varð upp aðra skiptingu en lögin gera ráð fyrir, þ. e. 17. gr. laga um Aflatryggingasjóð. Og það kom einnig fram, að hjá sjóðnum varð nokkur töf á því að finna nauðsynleg gögn, vegna andláts þess manns sem að þessum málum starfaði.

Ég hef síðan átt nokkra fundi með formanni Aflatryggingasjóðs og lagt á það ríka áherslu, að máli þessu verði hraðað, og mun nú lesa upp grg. sem frá honum er komin, með leyfi forseta:

1) „Hér er ekki um breytingu á reglugerð að ræða, heldur verður að koma til breyting á lögum sjóðsins til þess að unnt verði að taka til greina efni bréfs sjútvrn., dags. 12. maí s. l., svo og erindi Verkalýðs- og sjómannafélags Bolungavíkur, dags. 14. apríl s. l., og erindi Alþýðusambands Vestfjarða og Útvegsmannafélags Vestfjarða, dags. 24. apríl 1980. Meginefni ofangreindra erinda er að fæðisgreiðslur til báta 12 rúmlestir og stærri verði samræmdar, bætt verði við nýjum flokki með hærri fæðisgreiðslum, er taki til þeirra skipa er stunda veiðar á útilegu, þar með taldir skuttogarar. Við endurskoðun þessa verði stefnt að því, að greiðslur úr áhafnadeildinni nægi til greiðslu eðlilegs fæðiskostnaðar sjómanna.

2) Strax kom í ljós, að ógerningur var að ljúka nauðsynlegri gagnasöfnun og útreikningi og þar af leiðandi endurskoðun 17. gr. laga um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins frá 1971 ásamt lagabreytingu 1974 um greiðslu fæðiskostnaðar báta sjómanna á þeim tíma sem óskað var eftir." Ástæðunnar er að hluta getið í meðfylgjandi ljósriti frá 28. maí s. l., sem ég nefndi áðan og menntmrh. mun hafa skýrt frá sem svari við fsp. s. l. vor. „Að öðru leyti lágu ekki fyrir fullnægjandi upplýsingar um raunverulegan fæðiskostnað hinna ýmsu stærðar- og veiðarfæraflokka skipa. Þurfti þess vegna að afla allítarlegra gagna í þessu efni til að marktæk niðurstaða fengist. Þótti ekki annað fært en að taka til athugunar og endurskoðunar alla þætti þessa máls, þ. e. að endurskoða ákvæði um flokka skipa og báta, bæði þeirra, sem eru lögskráningarskyld, og hinna, sem eru það ekki, svo og ákvæði um endurgreiðslur fæðiskostnaðar til þessara flokka.

3) Forustumenn sjómanna á Vestfjörðum hafa fylgst með þessum störfum. Er þeim kunnugt um framangreindar ástæður og jafnframt um framgang málsins.

4) Stjórn Aflatryggingasjóðs hefur haldið allmarga fundi þar sem rætt hefur verið um leiðir til að verða við umræddum óskum um endurskoðun laga og hækkun endurgreiðslu fæðiskostnaðar og jafnframt hvernig mæta beri auknum útgjöldum sjóðsins í þessu skyni. Þá hafa þær hugmyndir sem fram hafa komið verið ræddar í stjórn Fiskifélagsins. Í stjórn Aflatryggingasjóðs eiga sæti þrír fulltrúar sjómanna og þrír fulltrúar útvegsmanna.

5) Þar sem gera þarf lagabreytingar til að fullnægja ofangreindum óskum hallast stjórn sjóðsins að því, að í stað núgildandi ákvæða í 17. gr. laga um sjóðinn komi almenn ákvæði þar sem sjóðsstjórn verði heimilað í reglugerð hverju sinni með samþykki sjútvrh. og að

fenginni umsögn þeirra aðila, sem tilnefna menn í sjóðsstjórn, að ráða skipun í flokka og ákveða upphæðir endurgreiðslna fæðiskostnaðar. Í þessu sambandi eru hugmyndir sjóðsstjórnar að í viðeigandi reglugerð verði flokkaskipun sem hér segir:

1. Skuttogarar og stærri skip á loðnuveiðum.
2. Önnur stærri fiskiskip. Núgildandi reglur um 130 brúttórúmlestamörkin verði endurskoðuð og þau færð neðar og nái til sambærilegra útgerða.
3. Smærri fiskiskip yfir 12 rúmlestum að þeim mörkum, sbr. 2. lið, sem eðlileg þykja.
4. Bátar undir 12 rúmlestum.

6) Þær athuganir, sem gerðar hafa verið, sýna að endurgreiðslur til togara og loðnuskipa nema frá 65—90% raunverulegs fæðiskostnaðar. Endurgreiðsla til landróðrabáta 130 rúmlestir og stærri, sbr. núgildandi ákvæði, samsvarar nokkurn veginn raunverulegum kostnaði. Endurgreiðsla til báta undir 130 rúmlestum, sem samt eru gerðir út á sama og svipaðan hátt og bátar yfir þeim stærðarmörkum, nær yfirleitt ekki raunverulegum fæðiskostnaði. Fæðiskostnaður smærri skipa er mjög misjafn. Í sumum tilfellum er endurgreiðslan mun hærri en nemur raunverulegum kostnaði.

7) Stjórn sjóðsins telur rétt að nýtt greiðslukerfi taki gildi hinn 1. des. n. k.

8) Ætla má að árleg útgjöld áhafnadeildar aukist um 450—500 millj. samkv. áætlun um að mæta eðlilegum fæðiskostnaði. Deildin hefur nú úr nægilegu fé að spila sökum hagstæðs árferðis og verðlags útfluttra sjávarafurða undangengin tvö ár. Áður var oft um greiðsluhalla að ræða.

9) Vert er að geta að á fundi stjórnar, sem haldinn var í Keflavík hinn 1. okt. s. l., var ákveðið að ljúka þessari endurskoðun á tillögugerð á framhaldsfundi sem boðaður er 22. þ. m."

Við þessa grg. get ég bætt því, að ég hef fyrir alllöngu tjáð formanni Aflatryggingasjóðs að þessu máli vildi ég að væri hraðað. Ég hef hins vegar enga ástæðu til að ætla annað en að að þessu hafi verið unnið ötullega. Það hefur komið í ljós að þarna þurfti að afla miklu meiri upplýsinga en áður var talið og gera aðra flokkaskipun en menn hafa haft til þessa.

Ég mun einnig flytja frv. strax og niðurstaða liggur fyrir eftir 22. þ. m., enda verði þingflokkar sammála um flutning þess frv., sem ég hef enga ástæðu til að ætla að verði ekki. Vona ég þá að málið verði farsællega leyst og eins og fram kemur í grg.: 450—500 millj. kr. renni til viðbótar í fæðiskostnað sjómanna.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir svarið, þó að ég verði að segja að ég er ekkert sérlega hrifinn af innihaldi þess. Ég skal ekkert um það dæma, hvort hægt hefði verið að hraða málinu meir en raun ber vitni, en ég dreg mjög í efa það sem fram kom í hans máli, að forustumönnum sjómanna á Vestfjörðum hafi verið kunnugt um gang þessa máls til þessa dags. Ég dreg það mjög í efa af viðtölum við forustumenn sjómanna þar. En ég skal ekki segja meira um það.

Ef ég hef tekið rétt eftir, þá var í þessari grg. frá formanni stjórnar Aflatryggingasjóðs gert ráð fyrir að gildistaka ætti sér stað 1. des. n. k. Eins og fram kom áðan var eftir því óskað sérstaklega, að gildistaka væntanlegra breytinga á reglugerð eða lögum ætti sér stað 1. júní s. l., og undirstrikað af staðgengli hæstv. sjútvrh. hér í lok maí að við það yrði staðið. Ég vil því í áframhaldi af þessum upplýsingum, hafi ég tekið rétt eftir að það væri till. stjórnar Aflatryggingasjóðs að þetta tæki ekki gildi fyrr en 1. des. n. k., spyrja hæstv. ráðh.: Verður ekki staðið við það loforð sem búið er að gefa af hans hálfu, að breyting á reglugerðinni eða lögunum, hvort sem heldur verður eða hvort tveggja, verði miðuð við 1. júní og gildi frá þeim tíma?

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég vil fyrst upplýsa það, að ég held að það megi treysta því, að samráð hafi verið haft við forustumenn sjómanna. Ég hef óskað eftir því við formann Aflatryggingasjóðs og ég hef ekki þekkt hann að öðru en standa við slíkt, enda segir hann það beinlínis í grg. sinni og ég sé ekki ástæðu til að vefengja það. En það, sem ég las, var jafnframt hans eða þeirra tillögur um að þetta tæki gildi 1. des. En að sjálfsögðu verður við það staðið sem lofað hefur verið í þessum efnum.

Sameinað þing, 6. fundur.

Þriðjudaginn 21. okt., að loknum 5. fundi.

Nýting ríkisjarða í þágu aldraðra, þáltill. (þskj. 27). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Stóriðjumál, þáltill. (þskj. 32). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Rafknúin járnbraut, þáltill. (þskj. 33). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Afbrigði um útvarpsumræður.

Forseti (Jón Helgason): Ákveðið hefur verið að stefnuræða forsrh. og umr. um hana fari fram n. k. fimmtudag. Fram hafa komið tilmæli frá þingflokki Sjálfstfl. um að meiri hl., sem er í stjórnarandstöðu, fái 20 mínútna ræðutíma í fyrri umferð. Forsrh. hefur farið fram á að fá 10 mínútur til umráða í seinni umferð.

Að fengnu samþykki þingflokka verður leitað afbrigða frá þingsköpum um það, að umr. verði hagað þannig að orðið verði við þessum tilmælum. Umræðunni verður þá hagað þannig, að fyrstur talar forsrh. í 30 mínútur, síðan hafa aðrir flokkar til umráða 20 mínútur hver og einnig stjórnarandstaða Sjálfstfl. Í síðari umferð hefur hver flokkur 10 mínútur til umráða og einnig forsrh.

ATKVGR.

Afbrigði um útvarpsumr. með framangreindri tilhögun samþ. með 42:1 atkv.

Skýrsla um Flugleiðir (þskj. 40).

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Skýrsla sú, sem dreift var hér á Alþingi í gær, er samin eftir að fram hafði komið beiðni frá hv. Alþfl.-mönnum um slíka skýrslu og umr. um hana. Ég ræddi við formann Alþfl. í upphafi þings og tjáði honum að skýrsla þessi gæti orðið tilbúin nú og ég hefði lagt til við forseta, að umr. yrðu í dag, og ég fagna því, að hæstv. forseti hefur orðið við því. Ég hafði að sjálfsögðu ætíð í huga að slík skýrsla yrði flutt og þá e. t. v. í tengslum við frv. það sem er komið fram, því að um þetta stóra mál er nauðsynlegt að hv. þm. ræði, enda að sjálfsögðu öll þau vilyrði, sem ríkisstj. hefur gefið um aðstoð, háð því, að hv. Alþ. veiti slíkar heimildir.

Um skýrsluna vil ég segja það, að ákveðið var nokkuð á síðustu stundu að láta fskj. sem flest fara með skýrslunni, og ég biðst afsökunar á því, að þau hafa ekki verið þýdd, til þess vannst ekki tími. Hins vegar er efni þeirra rakið í skýrslunni sjálfri og vona ég því að þetta komi ekki að sök. Skýrslan er aftur á móti samin fyrst og fremst með tilliti til tímaröðunar atburða og stuðst þá við þau gögn sem eru skjalfest. Aftur á móti hafa til viðbótar verið fjölmargir fundir þar sem um þetta mál hefur verið fjallað, t. d. að sjálfsögðu fundir innan ríkisstj. í ráðherranefnd, sem um þetta mál hefur fjallað með forustumönnum flugfélagsins, og segja má að samráð hafi verið við þá haft um hvert einstakt atriði sem ákveðið hefur verið í þessu sambandi. Þá hafa verið fjölmargir fundir með starfsmönnum Flugleiða, sem hafa að sjálfsögðu sýnt þessu máli mikinn áhuga, og í því, sem ég mun segja hér, ætla ég fyrst og fremst að varpa nokkru ljósi á þær till., sem fram hafa verið settar í sérstöku frv., og þá með tilliti til slíkra funda og umræðna, en það kemur í sumum tilfellum ekki fram í þessari skýrslu sem von er. Ég mun haga máli mínu þannig að ræða nokkuð sérstaklega um annars vegar Norður-Atlantshafsflugið, en svo var nefnd flugleiðin frá Lúxemborg til Bandaríkjanna, og hins vegar um innanlandsflug og önnur nauðsynleg tengsl okkar við umheiminn, sem hefur hlotið einhvers staðar á leiðinni nafnið grundvallarflug.

Afskipti ríkisstj. af Norður-Atlantshafsfluginu má rekja nokkuð aftur í tímann. Þegar á síðasta ári áttu forustumenn Flugleiða viðræður við ráðh. í þeirri ríkisstj. sem þá sat, og þáv. utanrrh. lagði drög að því að hefja viðræður við ríkisstj. Lúxemborgar um þau mál. Af fundi, sem þá var ráðgerður, varð hins vegar ekki. Fyrrv. samgrh. í stjórn Alþfl. tók hins vegar málið upp að nýju og var haldinn fundur samgrh. Íslands og Lúxemborgar hér í Reykjavík 15. jan. s. l. Á þeim fundi varð samkomulag um að löndin leituðu saman að lausn á þeim vanda sem augsýnilega var fram undan á þessari svokölluðu Norður-Atlantshafsleið og reyndar þegar orðinn. Ég vil leggja á það ríka áherslu, að upphaf þetta er í fullu samráði við stjórn Flugleiða og reyndar að ósk þeirra. Eftir þennan fund 15. jan. urðu tveir fundir embættismanna, sem haldnir voru í Lúxemborg, til þess að kanna þann grundvöll sem samkomulag var um að yrði skoðaður. Að ósk forustumanna Flugleiða var síðan efnt til fundar samgrh. landanna að nýju í Lúxemborg 25. mars s. l. Á þeim fundi lágu fyrir nokkuð ítarlegri upplýsingar en áður höfðu verið, sem unnar höfðu verið af fyrirtækinu og sömuleiðis af aðilum í Lúxemborg sem þessum málum eru tengdastir. Á þessum fundi urðum við samgrh. landanna sammála um það, að Atlantshafsflugið væri ákaflega mikilvægt fyrir bæði löndin, og þarf ég út af fyrir sig ekki að rekja það hér. Ég hygg, að landsmenn geri sér flestir grein fyrir því, að á 25 ára tímabili þess flugs hefur það fært íslensku þjóðarbúi mikinn auð, fært hingað inn fjöldann allan af ferðamönnum og raunar staðið að baki miklum framkvæmdum hér í hótelbyggingum og hvers konar þjónustu, sem seint verður metið til fjár. Auk þess eiga margir Íslendingar atvinnu sína undir þessu flugi. Svipaða sögu má segja frá sjónarhóli Lúxemborgarmanna. Þetta flug hefur verið þeim ákaflega mikilvægt og mikill fjöldi ferðamanna sem það flytur inn í landið og af því fær það land miklar tekjur. Við ákváðum því að leggja til við okkar ríkisstjórnir, að aðstoð yrði veitt. Þetta er tilgreint í þeirri skýrslu sem liggur hér fyrir. Strax og ég kom heim lagði ég samþykktir frá þeim fundi fyrir ríkisstj. og lagði fyrst og fremst áherslu á að aðstoð til að byrja með yrði fólgin í ríkisábyrgð sem Flugleiðir hefðu þegar sótt um, að upphæð 5 millj. Bandaríkjadala, og hins vegar með niðurfellingu lendingargjalda. Á þessar till. var fallist, niðurfellingu lendingargjalda að vísu fyrst um sinn hagað með greiðslufresti, en endanlega gengið frá því nú fyrir nokkrum dögum.

Í þessu samkomulagi, sem gert var í Lúxemborg, var jafnframt gert ráð fyrir að notaður yrði sá tími, sem ynnist með þessari aðstoð sem bæði löndin væru tilbúin að veita. Ég tek það fram, að ríkisstj. Lúxemborgar veitti svipaða aðstoð, þ. e. felldi niður lendingargjöld og reyndar einnig farþegaskatt. En eins og ég sagði var um það samið, að athugun hæfist á nýjum forsendum og nýjum grundvelli fyrir Atlantshafsflugið. Þessi athugun hófst þegar í maímánuði. Hún átti að vera fyrst og fremst í höndum embættismanna og var það. Þegar í maímánuði lögðu forystumenn Flugleiða fram hugmyndir um stofnun nýs flugfélags, sem yrði sameign Flugleiða, sem ætti 50% hlutafjár í þessu flugfélagi, og Lúxemborgarmanna, að öllum líkindum flugfélaga þar í landi, þótt ekki væri tekin afstaða til þess. Þeir lögðu jafnframt til að fyrirtækið yrði skrásett í Lúxemborg, og var það fyrst og fremst gert með tilliti til þess, að Lúxemborgarstjórnvöld hafa allvíðtækar heimildir til að veita fjárfestingaraðstoð fyrirtæki sem þar er skrásett, eins og ég kem síðar að. Flugyfirvöld í Lúxemborg óskuðu strax eftir því, að þessi áætlun yrði til lengri tíma en var í upphafi, hún var aðeins til eins árs og gerðu þá forustumenn Flugleiða nýja áætlun sem náði til 5 ára. Í þessum áætlunum gera Flugleiðir ráð fyrir því, að halli á Norður-Atlantshafsleiðinni á fyrsta ári verði um 2.5 millj. Bandaríkjadala. Hins vegar í endurskoðaðri áætlun, sem nær, eins og ég sagði, til 5 ára, gera þeir ráð fyrir því, að á öðru ári slíks flugs verði orðinn nokkur hagnaður, á þriðja ári hagnaður um það bil 5 millj. Bandaríkjadala og á fjórða ári nálægt 10 millj. Bandaríkjadala. Þeir gera ráð fyrir því, að á fyrsta ári verði notaðar áfram þær vélar sem félagið hefur verið með í þessu flugi, þ. e. DC-8 vélar. Þetta var nokkuð gagnrýnt af flugyfirvöldum í Lúxemborg, sem töldu að jafnvel fyrr hefði átt að hverfa að öðrum vélum sem eru hentugri til blandaðs farþega- og fragtflugs. Í lengri áætluninni gerir hins vegar stjórn félagsins ráð fyrir því að taka nýja DC-10 vél í notkun eftir rúmt ár og taka

árið 1985 í notkun vél af gerðinni Boeing 747 og hefja með henni það sem ég nefndi áðan: blandað farþega- og fragtflug.

Það er skemmst frá því að segja, að fundir embættismanna og flugfélaga í Lúxemborg voru mestallan júní, júlí og ágústmánuð. Yfirvöld í Lúxemborg tóku þessum tillögum vel og samþykkti ríkisstj. þess lands 27. júní s. l. að styðja þessa hugmynd með verulegri aðstoð, sem fólst í því sem fram kemur í þessari skýrslu og ég skal aðeins nefna í örfáum orðum.

Í fyrsta lagi bauðst ríkisstj. Lúxemborgar til þess að fella niður lendingargjöld, í öðru lagi að veita rekstrarstyrk til eins árs, að upphæð 3 millj. dollara um það bil eða 90 millj. Lúxemborgarfranka, og í þriðja lagi að veita fjárfestingaraðstoð sem næmi 15% af fjárfestingu félagsins, sem var áætluð í tvennu lagi, 500 millj. Lúxemborgarfranka í hvort skipti, og nemur sú aðstoð, sem þarna var um að ræða, um það bil 5 millj. dollara. Jafnframt buðust þeir til í fjórða lagi að taka 20% af hlutafé slíks fyrirtækis, en segja jafnframt, að þeir muni bjóða það til sölu á heimamarkaði. Þessi aðstoð var að verulegu leyti háð því, að fyrirtækið yrði, eins og forustumenn Flugleiða lögðu til, að helmingi a. m. k. í eigu Lúxemborgarmanna og yrði skrásett í Lúxemborg. En jafnframt lögðu stjórnvöld í Lúxemborg á það ríka áherslu, að þeirra aðalflugfélag, Luxair, yrði þátttakandi í þessu fyrirtæki. Eftir svari frá Luxair var beðið lengi, það barst ekki fyrr en á fundi, sem haldinn var 14. ágúst í Lúxemborg, og var þá neikvætt. Stjórn Luxair komst að þeirri niðurstöðu, að ekki væri rétt að taka þátt í þessu flugi, taldi, að sú aðstoð, sem á boðstólum væri, væri ónóg, dró í efa, að þær áætlanir, sem liggja fyrir, stæðust, og taldi samkeppni og aðra erfiðleika á Norður-Atlantshafinu þess konar, að ekki væri rétt fyrir félagið að fara inn í þann rekstur, heldur eðlilegt, að félagið héldi áfram þeim takmarkaða flugrekstri sem það hefur í kringum sitt heimaland. Þegar þetta lá fyrir buðu yfirvöld í Lúxemborg Flugleiðum að styrkurinn að upphæð 3 millj. dollara yrði engu að síður greiddur ef fyrirtækið væri reiðubúið að halda áfram þessum rekstri í eitt ár. En eins og ég sagði áður áætlaði fyrirtækið í sinni fyrstu áætlun og hugmyndum, sem lagðar voru fram um nýtt flugfélag, að hallinn á Norður-Atlantshafsleiðinni yrði 2.5 millj. Bandaríkjadala. Forustumenn flugfélagsins sögðu hins vegar, eins og fram kemur í fundargerðum, að við nánari athugun væri þetta ekki nægur styrkur, og þeir óttuðust að hallinn yrði meiri og þeir treystu sér því ekki til að halda áfram með þessa aðstoð eina.

Stjórnvöld hér á landi fylgdust að sjálfsögðu með því sem þarna var að gerast, en eins og ég sagði áðan voru þessar umræður fyrst og fremst í höndum flugfélaganna sjálfra. Okkur voru afhent þau gögn sem komu frá stjórnvöldum í Lúxemborg um aðstoð, sem eins og ég sagði áðan var samþykkt þar 27. júní. Ég verð að lýsa þeirri skoðun minni og ég hygg fleiri í ríkisstj., að ég var ekki alls kostar hrifinn af þeirri hugmynd að mynda nýtt flugfélag og skrásetja það í Lúxemborg. Því fylgja ýmsir annmarkar. Slíkt félag greiðir ekki gjöld hér á landi t. d. og áhrif okkar á rekstur þess, atvinnu o. s. frv. fyrir Ísleninga eru að sjálfsögðu takmörkuð, þótt út frá því væri gengið í upphaflegum hugmyndum, að íslenskir flugmenn gengju fyrir störfum í þessu flugfélagi. Slíkt getur auðveldlega breyst. Mér sýndist hins vegar ekki, að höfðu samráði við aðra ráðh., rétt að setja fótinn á nokkurn máta fyrir þessa hugmynd ef hún gæti orðið til þess að bjarga þessu mikilvæga flugi yfir Norður-Atlantshafið.

Ég verð einnig að segja það, að forustumenn Flugleiða voru sem von er nokkuð bjartsýnir í júlímánuði, þegar þetta tilboð ríkisstj. Lúxemborgar lá fyrir. Eftir að flugfélag þeirra Lúxemborgarmanna, Luxair, hafði hafnað þessari hugmynd skýrðu þeir okkur þegar frá því, hvernig komið væri, og tjáðu mér, að við endurskoðaða áætlun treystu þeir sér ekki til þess að halda þessu flugi áfram án þess að til kæmi meiri ríkisaðstoð en sú sem Lúxemborgarar höfðu boðið fram. Þessi mál voru þá ítarlega rædd í ríkisstj. og varð niðurstaðan þar sú sama og ég hef reyndar lýst áður, að flug þetta hefur verið ákaflega mikilvægt fyrir okkur Íslendinga og ríkisstj. gæti naumast komist hjá því að kanna hvort hún gæti veitt einhverja viðbótaraðstoð þannig að Flugleiðir treystu sér til þess að halda þessu flugi áfram.

Ég vil taka það skýrt fram, að í þessari málsmeðferð allri var náið samband við forustumenn Flugleiða og m. a. rætt við þá um ýmsar hugmyndir sem fram komu, t. d. um stofnun nýs flugfélags sem annaðist flugsamgöngur á þessari leið. Forustumenn Flugleiða lögðust gegn því og töldu æskilegra, að ef þessu flugi yrði fram haldið yrði það áfram innan Flugleiða. Ég og ríkisstj. í heild féllst á þessa niðurstöðu, enda er auðvelt að færa rök að því, að verulegur kostnaður fylgir að leggja niður markaðskerfi, skrifstofur o. fl. og byggja upp að nýju.

Niðurstaðan varð að lokum sú, að ákveðinn var nýr fundur samgrh. Lúxemborgar og Íslands sem haldinn var í Lúxemborg um miðjan sept. s. l. Þótti rétt, hver sem niðurstaða yrði á þeim fundi, að ljúka þeim viðræðum, sem hófust milli samgrh., á því plani alla vega og jafnframt að leita eftir því, hvort unnt væri að ná samstöðu um aðstoð sem félagið mæti nægja til þess að halda áfram fluginu. Ég lagði að sjálfsögðu á það mjög ríka áherslu, að fyrir þann fund lægju fyrir tillögur og samþykktir ríkisstj. um það sem ríkisstj. vildi beita sér fyrir í þessu sambandi. Um slíkar tillögur náðist full samstaða og var frá þeim gengið á ríkisstjórnarfundi 16. sept. Þessar tillögur hafa verið birtar og ég skal ekki fara um þær mörgum orðum, en lýsa þeim þó aðeins.

Í fyrsta lagi ályktar ríkisstj. að flug þetta sé það mikilvægt, að athuga beri hvort því megi halda áfram. Til þess að svo megi verða býðst ríkisstj. til þess að beita sér fyrir eftirgreindri aðstoð:

1) Það sem kallað hefur verið bakábyrgð, að upphæð 3 millj. dollara, til að standa undir hugsanlegum rekstrarhalla á Norður-Atlantshafsleiðinni. Þetta er boðið í 3 ár og er það gert á þeirri forsendu og því mati okkar, að til þess að slík tilraun sé vel marktæk sé nauðsynlegt að gera hana í lengri tíma en eitt ár. Því varð niðurstaðan sú að bjóða þessa aðstoð á ári hverju í þrjú ár. Þessi bakábyrgð var ákveðin í fyrsta lagi með tilliti til þeirra beinu tekna, sem ríkissjóður hefur haft af þessu flugi á undanförnum árum, og kemur fram í skýrslunni áætlun yfir þessar tekjur á árinu 1979. Þá eru þær áætlaðar rúmlega 3 millj. Bandaríkjadala.

2) Samkv. þá fyrirliggjandi, að vísu nokkuð lauslegum áætlunum félagsins mátti ætla að hallarekstur á þessu flugi á einu ári gæti orðið um 6—7 millj. dollara, þannig að þessi aðstoð til viðbótar þeirri, sem ríkisstj. Lúxemborgar hafði áður boðið og ætla mátti, að unnt væri að fá áfram, ætti nokkurn veginn að greiða þennan rekstrar-

halla. Til viðbótar býðst ríkisstj. til þess að leita eftir samkomulagi í viðræðum við ríkisstj. Lúxemborgar um svipaða aðstoð frá því landi.

3) Að auka hlutafjáreign ríkissjóðs í félaginu upp í 20%. Það eru um það bil 530 millj. kr. eða um það bil 1 milljón Bandaríkjadala. Þessar tölur eru mjög notaðar í Bandaríkjadölum, eins og þið heyrið, að sjálfsögðu vegna þess að samanburður er auðveldari í þeirri mynt þar sem gjöld eru flest ákveðin í dollurum. Þarna var því um að ræða í raun og veru fjárhagsaðstoð sem nemur 4 milljónum dollara.

Um það var töluvert rætt, hvort það væri færari leið að fella niður ýmis gjöld sem næmu nálægt þessari upphæð. Niðurstaðan varð sú, að eðlilegra væri að ákveða fasta upphæð, sem væri byggð á þessum grundvelli sem ég hef nú lýst. Það er ýmsum vandkvæðum bundið að fella niður opinber gjöld o. s. frv. og varð full samstaða um að fara fremur þessa leið. Með bakábyrgð er að sjálfsögðu átt við það, að þessi fjárhæð renni til greiðslu á hugsanlegum rekstrarhalla, sem yrði þá bundinn við tímabil sem hæfust 1. október hvert ár og enduðu í lok september. Það er sá rekstrartími sem félagið hefur yfirleitt miðað við, þ. e. að erfiður rekstrartími hefst með haustinu, en er að venju náð upp á góðum rekstrartíma á vorin og á sumrin, og þykir því eðlilegra að taka slíkt tímabil.

Jafnframt þessum samþykktum leggur ríkisstj. áherslu á nokkur atriði:

1) Að fjárhagslega verði Norður-Atlantshafsflugið aðskilið eins og skynsamlegt er og unnt er frá öðru flugi félagsins og sömuleiðis að sérstök rekstrarnefnd verði skipuð til að fylgjast með framgangi þess. Ástæðurnar fyrir þessari ábendingu eru fyrst og fremst þær, að ljóst er að Norður-Atlantshafsflugið hefur með þeim hallarekstri, sem verið hafa undanfarin ár, verulega dregið niður annað nauðsynlegt flug á vegum félagsins, — flug sem ríkisvaldinu ber tvímælalaust enn meiri skylda til að tryggja. Við töldum og teljum nauðsynlegt að framhald Atlantshafsflugsins verði ekki til þess, að þarna halli enn meira á og valdi erfiðleikum á innanlandsfluginu t. d., án þess að menn geri sér a. m. k. glögga grein fyrir því fyrir fram, hvert stefnir. Um þetta atriði var rætt við stjórn Flugleiða og engin andstaða gegn því, að sá háttur yrði á. Einnig gerum við okkur vonir um að sá tími, sem fengist með áframhaldi Atlantshafsflugsins, yrði notaður til að skoða framhald þess, e. t. v. á einhverjum nýjum grundvelli, e. t. v. með samstarfi við Lúxemborgarmenn á einhvern máta, og þá er mjög nauðsynlegt að vandlega sé fylgst með öllum breytingum á þessu flugi og þær liggi fyrir og eðlilegt, þegar svo er komið, að samgrn. og starfslið fái tækifæri til að fylgjast með þeim ákvörðunum sem varða þetta flug. Þess vegna var hugmyndin um rekstrarnefnd, sem hefur stundum verið kölluð rekstrarstjórn, sett fram. Það er alls ekki hugmyndin þarna að slík nefnd geti tekið bindandi ákvarðanir fyrir félagið. Að sjálfsögðu gerir stjórn félagsins það ein.

2) Vakin er athygli á því, að bæta þurfi starfsanda innan félagsins. Ég leyfi mér að fullyrða, að starfsandi er þar langt frá því að vera eins góður og hann þarf að vera. Og ég er þeirrar skoðunar, að það ástand, sem þarna hefur ríkt, eigi verulegan þátt í þeim erfiðleikum sem félagið hefur átt í. Með þessu er ég ekki að dæma einn eða annan sem sekan í þessu sambandi. Staðreyndin er t. d. sú, að sameiningu félaganna er ekki lokið. Sameiginlegur starfsaldurslisti fyrir flugmenn er ekki kominn á. Sömuleiðis hafa verið miklar deilur á milli ýmisa starfshópa og forustumanna félagsins sem hafa áreiðanlega skaðað mjög félagið í þess rekstri. Starfsandi hefur þar ekki verið eins góður og vera þarf. Starfsmannaráð hefur t. d. ekkert verið og ekkert slíkt samráð, sem ég vil leyfa mér að fullyrða að sé ákaflega nauðsynlegt í rekstri sem þessum. Mér er sagt eftir íslenskum flugstjóra, sem flýgur hjá British Caledonian og er mjög háttsettur, að þar séu fundir með fulltrúum starfsmanna og forustumanna reglulega og mjög tíðir og allir erfiðleikar í rekstri þar ræddir og leitað sameiginlegra lausna á slíkum erfiðleikum. Ég hygg að þessi kunni að vera ástæðan fyrir því, að það félag hefur komið óvenjulega vel út úr þeim erfiðleikum, sem eru á flestum flugleiðum í dag, og virðist standa þá af sér betur en flestir aðrir. Því er lögð á það áhersla, að úr þessu verði bætt, m. a. með því að gefa starfsliði tækifæri til þess að eignast aukinn hlut í félaginu og verða þannig virkari þátttakendur í ákvarðanatöku á vegum þess.

Viðræður í Lúxemborg hófust síðan strax eftir þessa samþykkt. Í þeim viðræðum vannst það fyrst og fremst, að ríkisstj. Lúxemborgar býður fram niðurfellingu lendingargjalda og rekstrarstyrk í eitt ár upp á 3 millj. Bandaríkjadala án nokkurra skilyrða, þ. e. a. s. án þeirra skilyrða sem áður voru, að nýtt flugfélag yrði stofnað með aðsetur í Lúxemborg. Hins vegar náðist það ekki að fá þessa aðstoð til lengri tíma. Ríkisstj. Lúxemborgar lagði á það ríka áherslu, að athugun á framtíð flugsins hæfist strax, og taldi að þeirri athugun megi ljúka á það skömmum tíma að ákveða megi síðar hvernig háttað kunni að verða aðstoð umfram það sem þarna var samið um. Það er sömuleiðis algjört einsdæmi, að ríkisstj. Lúxemborgar veiti aðstoð erlendu félagi, eins og þarna er um að ræða, og ekkert fordæmi fyrir slíku. Hún taldi að til þess að slíkt gæti orðið áfram yrði að undirbyggja það mál stórum betur.

Að þessum samþykktum fengnum var málið rætt við stjórn Flugleiða, sem tjáði mér að sú aðstoð, sem þarna byðist annars vegar frá íslensku ríkisvaldi eða íslensk ríkisstjórn hafði tjáð sig vilja leita heimildar fyrir hjá Alþingi, og sú aðstoð, sem ríkisstjórn Lúxemborgar bauð og reyndar gekk frá strax daginn eftir fundina, ætti að vera næg til þess að reka mætti Atlantshafsflugið í eitt ár nokkurn veginn hallalaust.

Stjórn Flugleiða hafði á stjórnarfundi um mánaðamótin ágúst-september ákveðið að leggja niður Norður-Atlantshafsflugið. Þetta kvisaðist að sjálfsögðu fljótt, birtist í fréttum í víðlesnum tímaritum. Eftir fundinn í Lúxemborg var mér hins vegar tjáð að markaðsmenn félagsins yrðu þegar kvaddir saman til að breyta þessari ákvörðun og snúa vörn í sókn, ef ég má orða það svo. Því miður hefur það allt gengið langtum hægar en ég hafði leyft mér að vona. Mér finnst ástæða til að ætla að sú tilkynning, sem þarna var út gefin um að hætta Atlantshafsfluginu, hafi skaðað félagið mjög. Og mér er tjáð að þetta komi fram í bókunum á þessari flugleið á næstu vikum og mánuðum.

Mér þykir einnig rétt að skýra frá því hér, að ég hef fengið í hendurnar yfirlitstölur yfir afkomu Flugleiða nú á síðustu tveimur mánuðum, júlí- og ágústmánuði. Þær eru langtum lakari en áður hefur verið upp gefið og töluvert fyrir neðan þær áætlanir sem á hefur verið byggt.

Það, sem gert hefur verið til þess að halda megi Norður-Atlantshafsfluginu áfram, hefur allt verið gert,

eins og ég nefndi áðan, í fullu samráði við stjórnendur Flugleiða og allt byggt á þeim áætlunum sem þeir hafa lagt fram: í fyrsta lagi áætlun, sem þeir lögðu fram í maímánuði, þar sem halli var áætlaður 2½ milljón Bandaríkjadala, og í öðru lagi áætlun, sem þeir hafa nýlega gert, þar sem taprekstur á því flugi er nú áætlaður 6.9 milljónir Bandaríkjadala. Þarna eru lendingargjöld ekki með talin, en einnig án lendingargjalda er sú aðstoð, sem boðin er, 3 milljónir Bandaríkjadala frá Lúxemborgarmönnum, sama upphæð héðan og ein milljón dala sem aukið hlutafé, og ætti það að brúa þann hallarekstur sem félagið áætlar.

Ég verð hins vegar að viðurkenna það, að áætlanir félagsins hafa því miður ekki staðist. Þetta kemur fram í fskj. með þessari skýrslu frá þeim eftirlitsmönnum sem voru skipaðir. Mér er hins vegar tjáð að þessi síðasta áætlun hafi verið gerð mjög varlega og reiknað með því versta sem félagið telur að gæti komið fyrir. Að sjálfsögðu verður félagið að meta hvort sú aðstoð, sem nú er boðin, er næg. Það hefur talið svo vera. En ef eitthvað nýtt hefur komið upp, sem okkur er ekki kunnugt um, verður að sjálfsögðu að meta það. Ég verð að segja það hins vegar, að mér sýnist eins langt gengið að þessu leyti og ég treysti mér til að leggja til Ég vil einnig segja það, að eins og fram kemur í því frv., sem nú liggur fyrir hv. Ed., er fullkomlega staðið við þau loforð, sem ríkisstj. hefur heitið að beita sér fyrir hér á hinu háa Alþingi, og reyndar heldur meira en það. Samþykkt ríkisstj. frá 16. sept. gerir ráð fyrir að veita bakábyrgð að upphæð 3 milljónir Bandaríkjadala, sem greidd verði ef halli verður á þessum rekstri. Í frv. er gengið lengra. Í frv. er gert ráð fyrir að félagið fái þessa upphæð á vetrarmánuðunum, sem eru erfiðustu mánuðir í þessum rekstri, og þeir fái þessa upphæð vaxtalaust, þótt upp verði gert eftir 30. sept. 1981 á grundvelli rekstrarafkomu fyrirtækisins. Í frv. er einnig gert ráð fyrir því að fella niður lendingargjöld 1979 og 1980 til 1. okt. 1980. Ekki er gert ráð fyrir endurgreiðslu á þeim lendingargjöldum sem greidd voru 1979, og nemur sú greiðsla um 196 millj. kr. Hins vegar er gert ráð fyrir að láta þá upphæð og reyndar miklu meira renna til félagsins í aukinni hlutafjáreign, og er þar um 530 millj. kr. greiðslu í hlutafé að ræða.

Þannig er aðstoð vegna þessa flugs fyllilega sú sem um hefur verið talað og ég endurtek: margsinnis samkv. áætlunum félagsins talin næg. Ég vona sannarlega að svo reynist, að þessar áætlanir standist. Ef það verður mun þessu flugi haldið áfram, að vísu í töluvert minna mæli en verið hefur, færri ferðir, sem er ekki óeðlilegt á slíkum erfiðleikatímum. Þá mun þegar fara í gang athugun með félaginu og aðilum í Lúxemborg á framtíðargrundvelli þessa flugs og til þess kvaddir hinir færustu menn að meta hvort yfirleitt sé grundvöllur fyrir því að halda þessu flugi áfram. Ég skal ekkert um það fullyrða, það er ýmsu háð. Það er t. d. háð því, hvort áfram verður haldið þeirri samkeppni sem hefur verið skefjalaus í þessu flugi. Margra skoðun er sú, að hún geti ekki haldið áfram óbreytt. Önnur flugfélög hafa orðið fyrir verulegum halla, að vísu mörg hver getað borið þann halla með hagnaði á öðrum leiðum, en önnur ekki. Jafnvel stór félög eins og Pan American hafa orðið að selja miklar eignir, British Airways sömuleiðis, og fleiri mætti nefna. Hins vegar er fullyrt af öðrum kunnugum aðilum að önnur flugfélög, eins og t. d. Northwest Orient og Swissair, fljúgi þessa leið sæmilega, að vísu ekki með hagnaði, en þó sæmilega, og byggi þar ekki síst á sameinuðu eða blönduðu farþega- og fragtflugi. Ég hef rætt við ýmsa men sem best eiga að þekkja slíkan flugrekstur, og ég vil leyfa mér að halda því fram, að slíkt blandað flug sé nánast eini grundvöllurinn til framhalds þessa Norður-Atlantshafsflugs. Og mér sýnast geta verið forsendur til þess með mikilli eignaraðild Flugleiða í Cargolux að ná samstarfi við það félag einmitt um fragtflutninga yfir Norður-Atlantshafið. Ég hygg því að í þeirri athugun, sem fram fer, ef á annað borð er haldið áfram þessu flugi, beri að leggja mikla áherslu á að skoða af sérfræðingum hvernig megi sem fyrst komast inn í slíkt flug. Það gæti að sjálfsögðu ekki orðið á mjög skammri stundu og aldrei fyrr en t. d. næsta vor þegar umferð fer að aukast. Vitanlega verður að áætla slíkt flug til fleiri ára en eins, og var það meginforsendan fyrir því, að ég lagði til að reynslutímabilið yrði þrjú ár.

Ég geri mér fastlega vonir um að ríkisstj. Lúxemborgar sé til viðræðu um einhverja aðstoð ef sýnt er eða talið af fróðustu mönnum að slíkt flug geti, þótt eitthvað lengra sé fram í tímann litið, orðið arðbær framkvæmd. Að sjálfsögðu kemur þá einnig til okkar kasta hvort við erum reiðubúnir að standa að einhverju leyti undir slíku, t. d. til jafns við þær tekjur sem ríkissjóður tvímælalaust hefur af slíku flugi. Þá er ótalið fjölmargt annað hagræði sem af þessu flugi hlýst í þjónustu og umsetningu hér á landi, sem ég veit að menn gera sér grein fyrir.

Ef hins vegar eitthvað óvænt kemur enn upp á teningnum og stjórn félagsins ákveður að fara engu að síður ekki í þetta flug, þá er það vitanlega ákvörðun stjórnarinnar og einskis annars. Og þá hygg ég að vandmeðfarið verði að endurreisa það flug. Það er ákaflega erfitt að setja upp skrifstofur að nýju og allt sem til þarf, markaðskerfið og fleira. Að vísu hefur komið fram mjög ríkur áhugi hjá starfsliði Loftleiðaarmsins að mega takast á við þetta verkefni. En ég vil segja það, að áður en það gæti orðið þarf mikinn undirbúning og mikla athugun af þeirra hálfu á því, hvort rekstrargrundvöllur er fyrir hendi. En ég vil lýsa þeirri von minni, að það reynist ekki nauðsynlegt, heldur reynist fært að halda þessu flugi áfram og nota tímann eins og ég hef lýst til að undirbúa framtíð þess á sem allra bestan hátt.

Ég mun ekki fara fleiri orðum beinlínis um Norður-Atlantshafsflugið sem slíkt og snúa mér að því, sem sumir hafa kallað grundvallarflugið, eða annarri flugstarfsemi félagsins, þ. e. innanlandsflugi og nauðsynlegustu tengslum við umheiminn.

Um það leyti sem verið var að ganga frá í ráðherranefnd, sem til þess var skipuð, tillögum sem samþykktar voru 16. sept. s. l., barst mér bréf, dags. 15. sept., þar sem lýst er verulegum fjárhagserfiðleikum félagsins og farið fram á að ríkisábyrgð verði veitt fyrir 12 millj. Bandaríkjadala, nú um 7 milljörðum ísl. króna, annars vegar til þess að breyta ýmsum vanskilum í lengri lán, að upphæð samtals 6 millj. Bandaríkjadala, og hins vegar bráðabirgðafyrirgreiðsla til að auka rekstrarfé fyrirtækisins nú yfir vetrarmánuðina.

Ég verð að segja eins og er, að sá mikli vandi, sem þarna kom fram, kom mér og okkur nokkuð á óvart að væri svo mikill. Strax eftir að stjórn félagsins hafði samþykkt að hætta við Norður-Atlantshafsflugið, nema frekari aðstoð kæmi til, var félagið að vísu beðið um úttekt á eignar- og rekstrarfjárstöðu þess. Allítarlega skýrsla um það efni fékkst í byrjun sept. Þeir eftirlits-

menn, sem skipaðir höfðu verið, fengu hana til meðferðar og þeim til aðstoðar var settur starfsmaður frá ríkisendurskoðun. Ljóst var af þessari skýrslu að fjárhagsstaða fyrirtækisins hafði stórlega versnað á undanförnum mánuðum og kannske árum. Hins vegar var það meginniðurstaða þessa endurskoðanda, að ekki væri ástæða til að ætla á því stigi að eiginfjárstaða fyrirtækisins væri neikvæð. Hann segir nokkurn veginn orðrétt, að að vísu megi teygja það eignamat æðimikið fram og aftur, en ekki sé ástæða til að ætla að eiginfjárstaðan sé neikvæð. Hins vegar kom fram að rekstrarfjárstaða fyrirtækisins hefur stórlega versnað með þeim mikla taprekstri sem orðið hefur á undanförnum árum. Taprekstur félagsins á árinu 1979 af Norður-Atlantshafsfluginu varð um 21 milljón Bandaríkjadala. Þetta er gífurleg upphæð. Allmikinn hluta þessarar upphæðar má rekja til erfiðleika með DC-10 flugvélina. Hins vegar er talinn nokkur hagnaður af Evrópufluginu og sömuleiðis að innanlandsflugið standi í járnum.

Ég vil því segja það, að í raun og veru er vandi Norður-Atlantshafsflugsins smámunir einir bornir saman við vanda við starfsemi félagsins í heild. Þarna er vitanlega erfitt að skilja á milli. En þessi vandi stendur eftir alveg óbreyttur þótt Norður-Atlantshafsflugið yrði lagt niður. Það breytir engu um það.

Í þessu bréfi skýrir stjórn félagsins jafnframt frá því, að þessi þörf sé á því byggð að takast megi að selja tvær Boeing 727 vélar félagsins. Þessi sala hefur brugðist. Og það er engin hreyfing nú á sölu á vélum félagsins, hvorki þessum 727—100 vélum eða DC-8 vélum. Ég hef því beðið félagið um að kanna vandlega, hvernig þessi rekstrarfjárstaða stendur nú, og geri fastlega ráð fyrir að upplýsingar um það verði tilbúnar fyrir þá nefnd sem fjallar um frv. hæstv. fjmrh. sem liggur fyrir Ed. Mér sýnist nauðsynlegt að glöggar upplýsingar liggi fyrir um það.

Ég verð jafnframt að lýsa þeirri skoðun minni, að ég efast um að félagið eigi veð fyrir þeim ríkisábyrgðum sem þarna er um að ræða, a. m. k. eins og reglur eru nú hjá ríkisábyrgðasjóði, þ. e. að veð megi ekki fara yfir 60% af fasteignamati. Því ákvað ríkisstj., þegar hún fjallaði um þetta mál, að þegar skyldi óskað eftir mati á eignum félagsins. Fjmrh. hefur sett það í gang og hafa verið kvaddir til þeir menn sem best eiga að þekkja. Vænti ég þess, að slíkt mat geti legið fljótlega fyrir.

Ég vil jafnframt skýra frá því, að stjórn Flugleiða eða forstjóri og formaður hafa tjáð mér að þessir rekstrarfjárerfiðleikar séu mjög miklir orðnir. Bæði er þar um að ræða skuldir við önnur flugfélög, skuldir við flugeftirlit í Evrópu og fjölmargt fleira í rekstri félagsins, og getur leitt til stöðvunar í sambandi við olíukaup sem eru nú staðgreidd. Sá vandi, sem hér er lýst, er því mjög mikill. Forustumenn eða stjórnendur félagsins hafa tjáð mér að einhver lausn, a. m. k. að hluta, þurfi að liggja fyrir um næstu mánaðamót. Ég hef rætt þetta mál við viðskiptabanka félagsins og spurt af því, hvort þar væri von einhverrar aðstoðar til þess. Mér hefur verið tjáð að það gæti orðið ef líkur væru til að Alþ. samþykkti ríkisábyrgð. Bankinn er tilbúinn að kanna þann möguleika ef slíks má vænta.

Mér sýnist nauðsynlegt hér í umr. um þetta mál að gera mönnum glögga grein fyrir því, hvað vandinn er mikill, og dylja einskis. Mörg af þessum málum eru ákaflega viðkvæm og sum kannske erfitt að ræða opinberlega, en engu að síður hef ég komist að þeirri niðurstöðu, að hjá því verði alls ekki komist.

Ég hef hvað eftir annað sagt, að ég vil ekki gerast dómari í þeim erfiðleikum sem um er að ræða. Ég get þó ekki varist þeirri skoðun, að orðið hafi ýmis mistök í rekstri félagsins á undanförnum árum. Sjálfir hafa forustumenn þar sagt að stærstu mistökin kunni að vera að ekki var hætt við Norður-Atlantshafsflugið fyrr. Það má vel vera, eins og það þróaðist. Hins vegar verð ég að segja það, að við mig hafa talað mjög margir fagmenn á þessu sviði, bæði innlendir og erlendir, og allir lýst efasemdum sínum um vissar ákvarðanir sem teknar hafa verið í rekstri. Menn hafa lýst efasemdum sínum um það, að ekki var ákveðið fyrr að fara út í breiðþotuflug á Norður-Atlantshafsleiðinni og sameina þannig það sem ég hef nefnt fragt- og farþegaflug. Um þetta hefur verið rætt satt að segja lengi innan félagsins, og a. m. k. 1978, ef ekki fyrr, lágu fyrir mjög athyglisverðar hugmyndir um kaup á svokölluðum Tristar-vélum í þessu skyni. Þau kaup eru af ýmsum talin hafa verið mjög hagkvæm. Frá þessu var horfið — ég hygg því miður. Einnig var vandlega athugað hvort ekki bæri að fara í flug á 747-vél með slíkt blandað farþega- og fragtflug í huga, en frá því horfið. Að lokum var tekin sú ákvörðun að kaupa DC-10 vél félagsins, þá gerð af þeirri vél sem er með mjög lítið fragtrými, þannig að þar virðist vera nánast tekin ákvörðun um að byggja ekki á slíku blönduðu fragt- og farþegaflugi. Nú geri ég mér fulla grein fyrir því, að stjórnendur félagsins hafa sínar ástæður til þessara ákvarðana og hafa eflaust hugleitt þær mjög. En margir, sem um þessi mál hafa fjallað, lýsa hins vegar miklum efasemdum um þessar ákvarðanir. Vitanlega verður engum kennt um þann mikla skaða sem félagið varð fyrir vegna þess óhapps sem varð í Chicago með DC-10-vélina. Hins vegar sýnist vafasamt að kaupa slíka vél í upphafi árs, í janúar, þegar fram undan er erfiðasti tíminn í flugrekstri, og hefði verið að mörgu leyti æskilegra að taka hana í notkun með vorinu. Hafa eflaust verið til þessa ákveðnar ástæður.

Menn hafa einnig lýst efasemdum sínum um kaupin á nýju Boeing-727-200 vélinni, sem er ekki gerð fyrir fragtflutninga í stærri stíl, — hún er ekki með slíkan útbúnað eða slíka hurð, — og jafnframt þá ákvörðun að selja báðar hinar vélarnar, sem eru sérstaklega til slíkra fragtflutninga búnar.

Allt eru þetta atriði sem menn geta vissulega velt vöngum yfir og ég er þeirrar skoðunar að betur hefðu mátt fara, en endurtek, að ég er ekki að áfellast stjórn félagsins út af fyrir sig í þeirri erfiðu aðstöðu sem hún hefur verið í. Hitt er staðreynd, að málið blasir við okkur í þeirri mynd sem ég hef reynt að lýsa í þessum orðum mínum. Myndin er ljót, mjög ljót og jafnvel ljótari en fram hefur komið. Hvort sú tilraun tekst, sem gerð er, veit ég ekki, en ég legg á það enn mjög ríka áherslu, að þessi tilraun hefur verið gerð í fullu samráði bæði við stjórn félagsins og við starfslið, sem hefur átt fjölmarga fundi með mér og öðrum ráðh. um þessi efni, þannig að hún er gerð í góðri trú, ef ég má orða það svo.

Ég vil hins vegar segja það, að ég hef ekki miklar vonir um að þetta megi takast nema stórum betri starfsandi verði innan félagsins og allir leggist þar á eitt að komast yfir þá erfiðleika sem tvímælalaust eru í flugrekstri, einkum á Norður-Atlantshafsleiðinni, nú á næstu mán-

uðum og e. t. v. árum. Ég hygg að það sé forsenda fyrir því, að vel megi fara.

Ég, herra forseti, hef nú haft alllangt mál um þetta viðamikla mál. Ég gæti vissulega sagt ýmislegt fleira um þetta mál, en ég vona að það mikilvægasta hafi komið fram, annars vegar í skýrslunni og hins vegar í ræðu minni, en mun að sjálfsögðu svara þeim fyrirspurnum sem fram kunna að koma.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Hér í Sþ. hefur verið lögð fram ítarleg skýrsla um Flugleiðamálið, og í Ed. Alþingis hefur verið lagt fram sérstakt frv. um málefni Flugleiða hf. Í raun er litlu við þessi þskj. að bæta að sinni. Ríkisstj. hefur bersýnilega gert hreint fyrir sínum dyrum. Hún hefur lagt fram þau gögn, sem fyrirliggjandi eru, a. m. k. þau mikilvægustu, og markað skýra stefnu í málinu.

Vissulega er ýmsum spurningum enn ósvarað. Eftir er að svara þeirri spurningu, hvaða veð verða sett vegna ábyrgða sem félagið óskar eftir að ríkissjóður taki á sig. Eftir er að svara því til, hver verður heildarupphæð ábyrgðarheimildanna. Og eins er eftir að svara því, hverjir verða aðrir þeir skilmálar sem ríkisstj. hlýtur að setja.

Þessum spurningum verður ekki svarað í dag. Þess er ekki nokkur kostur. Við verðum að geyma svarið þar til frekari upplýsingar liggja fyrir og nánari rannsókn á eignarstöðu fyrirtækisins hefur farið fram.

Hæstv. samgrh. hefur rakið hér forsögu þessa máls og ég sé ekki ástæðu til að bæta þar miklu við.

Á s. l. sumri voru uppi áform um gífurlegan samdrátt í flugrekstri félagsins, og eftir að viðræður höfðu farið fram milli forráðamanna félagsins og stjórnvalda í Lúxemborg og íslenskra stjórnvalda gerði ríkisstj. samþykkt hinn 16. sept. s. l. um afstöðu sína til þessa máls. Í þessari samþykkt er gert ráð fyrir því, að ríkissjóður veiti í 3 ár bakábyrgð sem nemi um það bil þeim tekjum sem ríkissjóður hefur haft af umræddu flugi, allt að 3 millj. dollara á ári. Í öðru lagi er gert ráð fyrir því, að eignarhluti ríkissjóðs verði aukinn í 20% hlutafjárins. Í þriðja lagi, að Atlantshafsflugið verði aðskilið frá grundvallarfluginu, eins og frekast er unnt, t. d. með aðskildum fjárhag og e. t. v. sérstakri rekstrarstjórn.

Í samþykktinni var um það rætt, að samstarf og samstaða stjórnar og starfsliðs Flugleiða þyrfti að batna og ríkisstj. vildi stuðla að því, að svo gæti orðið, m. a. með því að starfsliði yrði gefinn kostur á auknum hlut í félaginu og aðstöðu til að fylgjast með ákvarðanatöku.

Ég rek ekki frekar þessa samþykkt ríkisstj. frá 16. sept s. l., en ég held að ég geti leyft mér að fullyrða að ríkisstj. hafi staðið við öll þau fyrirheit sem fólgin voru í þessari yfirlýsingu. Hún hefur undirbúið málið á þessum grundvelli, og það frv., sem nú hefur verið lagt fyrir Ed., er fullkomin staðfesting á þessari stefnu ríkisstj.

Hitt er allt annað mál, að viðhorf forustumanna Flugleiða hafa birst stjórnvöldum í nokkuð breytilegu ljósi frá einum tíma til annars. Upphaflega var um það rætt, eins og samþykkt ríkisstj. frá 16. sept. bar ljósan vott um, að ríkissjóður veitti félaginu bakábyrgð allt að 3 millj. dollara á ári. En síðar var leitað eftir því, að um yrði að ræða beina greiðslu úr ríkissjóði, sem kæmi til gjalda á næstu mánuðum, greiðslurnar hæfust raunar þegar í þessum mánuði og þeim lyki að 6 mánuðum liðnum eða í marsmánuði n. k.

Í öðru lagi kom í ljós, að tilboð ríkisstj. frá 16. sept s. l. reyndist í raun aðeins lítið brot af þeirri fyrirgreiðslu sem félagið þurfti á að halda þegar nánar var að gáð. Hér var komið ,ér að óvörum og áreiðanlega að mörgum fleirum.

Sömu dagana og verið er að ganga endanlega frá tilboði ríkisstj. til Flugleiða, — tilboði sem hafði verið í undirbúningi í viðræðum félagsins og stjórnvalda um eins mánaðar skeið, kemur fram ósk frá félaginu um ábyrgð ríkissjóðs að upphæð 12 millj. dollara, sem nemur um 6 milljörðum ísl. kr. Þessi ábyrgðarbeiðni kemur til viðbótar við beiðni sem Alþ. hafði áður afgreitt, að upphæð 6 millj. dollara, á vormánuðum þessa árs. Hér var því bersýnilega um miklu stærra mál að ræða en áður hafði verið kynnt. Málið hafði bersýnilega verið rætt í heilan mánuð án þess að stjórnvöldum væri kynnt hin raunverulega rekstrarstaða félagsins.

Afstaða ríkisstj., eftir að þessi beiðni barst, var og er sú, að rétt væri að veita félaginu umbeðna bakábyrgð upp á 3 millj. dollara, sem kæmi þó ekki sem greiðsla beint úr ríkissjóði, heldur hlyti þar að verða um lánsfyrirgreiðslu að ræða, ef félagið þyrfti á fyrirgreiðslunni að halda fyrr en áður hafði verið reiknað með. Frv. ber þess einmitt vott, að reynt er að haga málum með þessum hætti.

Í öðru lagi er ríkisstj. reiðubúin að leggja fram aukið hlutafé til félagsins ef Alþ. samþykkir. En að öðru leyti verður það að ráðast af þeim veðum, sem fyrir hendi eru, hversu mikla ábyrgð á fjárhagsskuldbindingum félagsins ríkissjóður treystir sér til að taka. Einmitt þess vegna hófst fyrir nokkrum vikum ítarleg rannsókn á veðhæfni eigna félagsins.

Í samráði við Seðlabankann hefur fjmrn. leitað til tveggja valinkunnra manna, verkfræðings og lögfræðings, Péturs Stefánssonar og Sveinbjörns Hafliðasonar og beðið þá að gera sérstaka úttekt á fasteignum fyrirtækisins. Eiga þeir að segja til um hversu miklar ábyrgðir hægt sé að veita út á þær eignir. Ljóst er að mat á bókfærðum eða endurmetnum eignum er ónákvæmt og full þörf á því, að tryggilega sé frá því gengið, að um réttar tölur sé að ræða.

Í öðru lagi hefur Seðlabankinn að tilhlutan fjmrn. leita til Landsbankans og óskað eftir því, að hann fengi viðskiptabanka sína til að benda á aðila sem hæfir væru til að meta flugvélar Flugleiða vegna væntanlegrar ríkisábyrgðar. Landsbankinn sneri sér til Scandinavian Bank í London og City Bank í New York, og þessir bankar bentu á þrjá aðila sem gætu tekið að sér þetta verk. Í framhaldi af þeirri athugun hefur Seðlabankinn, að höfðu samráði við fjmrn., falið Continental Aircraft Services þetta verkefni, en það er fyrirtæki sem starfar í Los Angeles.

Þessi ákvörðun var tilkynnt hinu bandaríska fyrirtæki s. l. föstudagskvöld, 17. okt., og menn frá þessu fyrirtæki komu til landsins í gærmorgun og eru þegar byrjaðir gagnasöfnun vegna þessa mats.

Það er von fjmrn., að þessari rannsókn geti verið lokið um næstu mánaðarmót.

Meðan þessi mál hafa verið á döfinni undanfarnar vikur og mánuði hefur margt verið skrifað í blöð, eins og gefur að skilja. Hér verður þó ekki hjá því komist að nefna sérstaklega skrif Morgunblaðsins, sem hafa skorið sig nokkuð úr. Í þessu blaði hefur verið nær daglega mjög harðvítug viðleitni til þess að skapa tortryggni á gerðum stjórnvalda í þessu máli, og sérstaklega áköf hefur við

leitnin verið til að koma höggi á einn stjórnarflokkinn, Alþb., og reyna að telja fólki trú um að sá flokkur vinni að því öllum stundum að koma þessu félagi á kné.

Athugasemdir eftirlitsmanna ríkisins, sem gerðu athugasemdir við reikninga félagsins og fyrirliggjandi mat á eignum og áætlaðri veðhæfni eigna, voru gerðar eins tortryggilegar og hugsast gat og allt gert til þess að telja fólki trú um að engin ástæða væri fyrir ríkisvaldið til að rannsaka þessi mál frekar en orðið var.

Ég vil segja það hér og nú, að þessi skrif voru ekki aðeins furðuleg, þau voru stórhættuleg. (**Gripið fram í:** Það voru nú aðallega ráðh. sem voru hættulegir, held ég.) Ég held að það væri best fyrir hv. þm. að biðja um orðið og taka til máls hér á eftir frekar en vera að tísta hér úr sæti sínu svona inn á milli. (**Gripið fram í:** Það gat nú verið ástæða til.)

En ég endurtek, að hér voru á ferðinni skrif sem vissulega fólu í sér mikla hættu. (**Gripið fram í:** Getur þú dæmt um það?) Þessi skrif fólu það í sér, að fjmrh. og Alþ. áttu að taka á sig ábyrgð á 10 milljörðum króna án þess að viðhlítandi rannsókn færi fram á því, hvort trygging væri fyrir þessari fjárhæð. Sem sagt, ríkisstj. átti að taka ábyrgð á því, að lögð væri á skattgreiðendur áhætta sem næmi um það bil öllum þeim gjöldum af eignarskatti sem íslenskir skattgreiðendur greiða nú til ríkisins. Þeir menn, sem unnu að því að fá úr því skorið, hversu mikil þessi áhætta væri, voru svívirtir í Morgunblaðinu og kallaðir öllum illum nöfnum. (Gripið fram í.) Ég heyri að það er töluverð viðkvæmni hjá sumum, að þetta skuli rifjað upp hér. En sérstaklega þótti grunsamlegt að uppi væru skoðanir um það, að félagið þyrfti hugsanlega að selja eignir til þess að geta talist hafa veð í lagi fyrir þessum ábyrgðarheimildum. Í grein eftir grein í þessu blaði var því haldið fram, að um væri að ræða einhliða fyrirskipanir stjórnvalda til Flugleiða hf. að selja þessa eignina eða hina eignina, og skrifaðir um það margir langhundar, bæði í Reykjavíkurbréfum og leiðurum. (**Gripið fram í:** Var þetta úr lausu lofti gripið?) Já, þetta var úr lausu lofti gripið, það var áreiðanlegt, og skal nú sýnt fram á það. Hinn 1. okt. s. l. sendu Flugleiðir hf. bréf til ríkisstj. sem stílað var á Steingrím Hermannsson samgrh., þar sem gerð er grein fyrir því, hvaða eignir gæti komið til greina að selja af heildareignum fyrirtækisins. Þetta bréf er birt með frv. ríkisstj. sem fskj. II, og ég vil benda hv. þm., sem sumir hverjir kynnu að vera ófróðir um raunverulegt baksvið þessara mála, að lesa efni þessa bréfs. Ég vil sérstaklega nefna hér niðurlag bréfsins, en þar segir með leyfi forseta:

„Flugleiðir telja æskilegast að ef um sölu eigna yrði að ræða, væri hagkvæmast að selja eftirfarandi eignir. Er þá gert ráð fyrir að ekki tækist sala á flugvélum vegna erfiðs markaðar:

1. Cargolux. — Fyrirtækið telur að með því að selja hlutabréf Cargolux mundi skapast að lágmarki fjórfalt verðmæti. Bætt greiðslufjárstaða að upphæð 6.5 millj. Bandaríkjadala.

2. Sala skrifstofubyggingar.“ — Ég les ekki það sem þar segir um hvernig haga mætti þeirri sölu, enda geta þm. lesið það í þessu frv.

Í þriðja lagi er bent á að hugsanlegt sé að auka hlutafé.

Ég held að þetta bréf, sem ég hirði ekki um að rekja frekar, taki af öll tvímæli um það, að hugleiðingar stjórnvalda um hugsanlega sölu á eignum Flugleiða byggðust á viðræðum við félagið og á hugleiðingum forustumanna félagsins um það nákvæmlega sama. Þessar ásakanir voru því algjörlega úr lausu lofti gripnar, eins og þm. nefndi hér áðan.

Hins vegar verður það að segjast eins og er, að þessi rótarlegu skrif Morgunblaðsins, sérstaklega um þennan þátt málsins, þ. e. um sölu eignanna og um hugsanlegt veðhæfi þeirra og ýmsar yfirlýsingar forustumanna Flugleiða um sama efni, sem ég hirði ekki um að tína hér til, sýna að greinileg tilhneiging hefur verið fyrir hendi á undanförnum vikum að láta ríkissjóð og skattgreiðendur taka á sig ábyrgð í þessu máli sem kynni að vera langt umfram það sem veð leyfa, — tilhneiging til að knýja á um það, að ríkið taki á sig áhættu, að skattgreiðendur bæti á sig pinklum sem gætu numið allt að 10 milljörðum kr. En það verður ekki.

Það frv., sem liggur fyrir Ed., er við það miðað, að ríkissjóður og þar með skattgreiðendur taki ekki á sig aðra áhættu en þá sem felst í bakábyrgð upp á 3 millj. dollara, sem verður í lánsformi og gert upp að einu ári liðnu. Það er sú upphæð sem jafna má til þeirra tekna sem opinberir aðilar hafa haft af þessu flugi, og því er ekki hægt að segja að með því séu skattgreiðendur eða ríkið að taka á sig miklar fórnir. Að sjálfsögðu yrði þetta fé glatað ef Atlantsflugið félli niður.

Staða þessa máls nú er bersýnilega sú, að stjórnendur Flugleiða eiga næsta leikinn. Það eru þeir sem verða að svara til um hvort þeir ætla að taka þessa áhættu, sem fólgin er í Atlantshafsfluginu, eða ekki. Ég vil ítreka hér það sem ég hef áður sagt í fréttatilkynningu sem ég sendi út um þetta mál, að treysti forusta Flugleiða sér ekki til að taka ábyrgð á þessu Atlantshafsflugi án þess að velta áhættunni yfir á ríkissjóð umfram það sem felst í samþykkt ríkisstj. frá 16. sept. s. l., þá er alveg ljóst að ekki er grundvöllur til að halda þessu flugi áfram.

Hæstv. samgrh. gerði ríkisstj. grein fyrir því í morgun, að forustumenn Flugleiða hefðu komið að máli við sig og tónninn í málflutningi þeirra hefði verið dapurlegri og dekkri en áður, þeir teldu horfurnar ískyggilegri en áður hefði verið talið, tapið yrði líklega enn meira en menn hefðu búist við, áhættan enn meiri. Þetta eru vondar fréttir og berast kannske nákvæmari upplýsingar um hvað hér er á ferðinni og að hvaða leyti viðhorf eru að breytast þessa dagana. En ef þessar seinustu fréttir af áformum og útreikningum forustumanna Flugleiða fela það í sér, að til þess að halda þessu áhættuflugi yfir Atlantshafið áfram verði að gera enn frekari kröfur til íslenskra skattgreiðenda en þegar hafa komið fram, þá er alveg ljóst, að ríkisstj. verður að segja við félagið fyrir hönd íslenskra skattgreiðenda: Hingað og ekki lengra.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Fyrir hönd þm. Alþfl. vil ég þakka hæstv. samgrh. fyrir þá skýrslu um Flugleiðamálið sem hann hefur lagt fyrir þingið og fylgt úr hlaði. Þingflokkur okkar tók ákvörðun um það, nokkrum dögum áður en þing var sett, að biðja um slíka skýrslu og tilkynnti ráðh. það. Hann tók því að vonum vel og hefur nú skilað skýrslunni allítarlega og fljótt. Þar að auki liggur nú fyrir þinginu frv. ríkisstj. um aðgerðir til hjálpar Flugleiðum, svo að ekki verður annað sagt en að nú hafi þingið fengið allítarlegar upplýsingar um þetta viðamikla mál og góðan grundvöll til umræðu. Þó er því miður ekki hægt að segja að séð sé fyrir endann á þessum áfanga í vandamálum Flugleiða, og auðheyrilegt er á báðum þeim hæstv. ráðh., sem hafa talað, að það er

raunar engin niðurstaða komin í þau atriði málsins sem vafist hafa fyrir mönnum í allt vor og sumar. Hæstv. fjmrh. endaði ræðu sína fyrir skömmu á því að segja með dapurlegum róm, að líklega væri enn von á vondum fréttum, og hann virtist búast við að þær yrðu þannig, að honum gæfist tækifæri til að segja: Hingað og ekki lengra.

Þeir, sem hafa örlítið pólitískt nef og þekkja menn og flokka, gerðu sér mætavel grein fyrir því, að hæstv. fjmrh. var ekki eins leitt og hann lét. Það fer ekki milli mála að Alþb. hefur annarlega stefnu og annarlegar óskir í þessu máli. Þær óskir eru á þá lund, að það takist að draga þetta mál og draga það þangað til það er komið í slíkan hnút að ekki verður við bjargað, svo að Alþb. geti komið Flugleiðum á kné. Það var ljóst löngu áður en þetta mál kom til skjalanna, sem nú er glímt við, að Alþb.-menn hafa litið á þetta stóra flugfélag sem eins konar kapítalíska ófreskju hér á landi, einn af þessum óvinum sem kommúnista- og hálfkommúnistaflokkar þurfa jafnan að hafa, og það er eitt af markmiðum þeirra að ganga svo frá þessum óvinum að þeir brjóti niður það framtak og þann árangur af margra ára starfi, sem þarna hefur náðst, og geti þá sett upp eitthvað í staðinn sem er frekar að þeirra skapi.

Við höfum undanfarin 20 ár hér á landi talað mikið um flugævintýri. Við notum þetta indæla orð oft í sambandi við ýmiss konar framtak og atvinnurekstur, stundum allt að því eingöngu í góðri merkingu, eins og þegar við tölum um síldarævintýri, en stundum í tvíræðri merkingu, eins og t. d. þegar talað er um Krófluævintýrið. Hingað til hefur ljóminn yfir þeim árangri, sem fólk okkar hefur náð á sviði millilandaflugs ekkert síður en innanlandsflugs, verið þannig, að ég hygg að menn hafi litið á þetta sem gott ævintýri. En óneitanlega hefur sá skuggi hvílt yfir þessu starfi, að margir hafa talið að það byggðist á tiltölulega veikum forsendum og kynni að mæta erfiðleikum. Engu að síður hefur þessi alþjóðlega millilandaflugsstarfsemi orðið það veigamikill þáttur í atvinnulífi okkar Íslendinga, að við verðum að vera reiðubúnir að fórna miklu til þess að sú atvinnustarfsemi geti haldið áfram, ekki síður en við fórnum miklum fjármunum til þess að starfsemi mikilvægra fyrirtækja haldi áfram í öllum mögulegum öðrum atvinnugreinum. Munurinn er aðeins sá, að hér er um töluvert stærri upphæðir að ræða en við eigum að venjast, bæði vegna þess að fyrirtækið er stórt í sniðum á okkar mælikvarða og hins, að óðaverðbólgan hækkar allar tölur sem við höfum með að fara. Fjmrh. hnikkti á upphæðinni 10 milljarðar. Það er vissulega mikið fé. En sami ráðh. hnykkti ekki á neinu þegar hann birti þjóðinni þann sannleika, að hann er að hækka fjárlög landsins um 200 milljarða á milli ára. M. ö. o.: hann ætlar að taka 200 milljörum meira af þjóðinni í ríkiskassann á næsta ári en gert var þó á metárinu í ár.

Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um þýðingu flugstarfseminnar og hvers vegna við hljótum að leggja áherslu á að reyna að leysa fyrir hana vandræði ef þess er nokkur kostur. Flugleiðir komust 1979 upp í 1020 manna starfslið hér á landi — 1414 þegar erlendir vinnustaðir eru taldir með — og laun greidd til Íslendinga eða greidd á Íslandi námu 7.6 milljörðum. Þetta eru miklar stærðir á okkar mælikvarða. Og efnahagsþýðing félagsins er margföld á við það sem bókað er innan ramma þess sjálfs. Þar að auki fer félagið með samgöngur okkar við önnur lönd. Skipafélögin hafa gefist upp á því að flytja farþega á milli Íslands og umheimsins, öll nema ríkissjóður Færeyja, og við verðum því að líta mjög alvarlega á það mál eitt og gera það sem við getum til að tryggja að sú stofnun eða það félag, sem annast samgöngur milli Íslands og annarra landa fyrir farþega og vörur að nokkru leyti, geti haldið starfsemi sinni áfram í viðunandi horfi.

Enn má bæta einni ástæðu við, og hún er orðsporið sem af okkur Íslendingum fer. Það hefur oft verið nefnt í umræðunni um Flugleiðir, en uppbygging millilandaflugsins er fræg víða um lönd í þessum hluta heims og hefur verið talin okkur Íslendingum til sóma og merki um dugnað og framtak. Við skulum gera okkur það ljóst, að það verður áfall fyrir Íslendinga alla ef þetta flug, t. d. Atlantsflugið sem er þriðjungurinn af öllu því flugi sem rekið hefur verið á milli landa, þarf að detta niður. Það verður ekki aðeins álitshnekkir á sviði flugsins eins, það verður álitshnekkir fyrir okkur sem þjóð og talið dæmi um hvers við erum dugandi og hvort við erum líklegir til uppþota og ævintýra eða til staðfestu í þeim rekstri sem okkur tekst að koma upp.

Þessar og aðrar ástæður urðu til þess, að þingflokkur Alþfl. lýsti fyrir nokkru almennu viðhorfi sínu, sem er að þingflokkurinn telur flug til Lúxemborgar og samstarf um flugmál við Lúxemborgarmenn svo mikilvægt fyrir íslenska hagsmuni að það megi ekki falla niður meðan nokkur kostur er að halda því áfram. Þingflokkurinn er reiðubúinn að styðja tilraunir til að ná viðunandi samkomulagi við stjórnvöld í Lúxemborg um áframhald þessa flugs með stuðningi beggja ríkjanna, nema útgjöld af því verði óviðráðanleg. Ég held að það fari ekki milli mála hvert viðhorf þingflokksins er, en að sjálfsögðu eru orð þarna sem skilyrða þennan hluta samþykktarinnar vegna þess að þegar þetta var samþykkt og raunar enn í dag hefur stjórnarandstaða eða almenningur ekki það miklar upplýsingar að menn vilji taka fortakslausa afstöðu. Það er ekki takmarkalaust hvað við teljum að hægt sé að verja miklum fjármunum í þessu skyni, og við áskiljum okkur rétt til að meta, þegar við sjáum og heyrum um málsatvik, hvort við teljum að um viðunandi lausn fyrir okkur Íslendinga sé að ræða og viðráðanlega eða ekki.

Ég tel að við Íslendingar verðum að móta okkur einhverja ákveðna flugmálastefnu. Það hefur í rauninni ekki verið gert hingað til, því að ég hygg að það hafi verið ákvörðun einkafélaga og þess fólks, sem starfaði við flugið, að hefja millilandaflug og að halda sig ekki aðeins við það sem hæstv. samgrh. kallar grundvallarflug eða allra nauðsynlegustu framkvæmdir fyrir okkur Íslendinga eina, heldur að fara út fyrir þann ramma. Sú stefna hefur því ríkt, að við höfum rekið þessa starfsemi bæði til þess að fullnægja þörfum okkar sjálfra fyrir samgöngur og enn fremur sem atvinnuveg við það að flytja annarra þjóða fólk og það jafnvel á milli staða erlendis, sbr. leiguflug. Hér er um tvennt að ræða, og getur vel verið að einhverjir hafi ekki neina trú á meira en grundvallarfluginu einu. En eftir þá reynslu, sem fengin er í 25 ár, er það skoðun okkar Alþfl.-manna að ekki megi gefast upp fyrr en fullreynt er með það víðtækara millilandaflug sem hefur verið rekið.

Það kemur af sjálfu sér, um leið og við glímum við vandamál Flugleiða um þessar mundir, að í ljós mun koma hvort grundvöllur er fyrir svokölluðu Atlantshafs-

flugi eða flugi milli Lúxemborgar og Vesturheims eða ekki. Niðurstaðan af því svari mun að sjálfsögðu hafa meginábrif á að móta hvers konar flugmálastefnu við ætlum okkur að reka hér á næstunni. Ef það flug hverfur alveg úr sögunni munum við leggja megináherslu á grundvallarflugið, en án efa á eitthvert leiguflug þar að auki.

Ég vil hins vegar benda á að hæstv. samgrh. virðist ekki gera sér grein fyrir því, að við verðum að taka grundvallarákvarðanir um þessi mál. Á sama tíma sem við erum að glíma við risavaxna rekstrarerfiðleika hjá Flugleiðum, því stóra félagi á þessu sviði, virðist það vera ætlun hæstv. ráðh. að veita einu litlu flutningaflugfélagi leyfi til að hefja farþegaflug milli Reykjavíkur og Amsterdam í Hollandi og á ég þar við Íscargo. Slík ráðstöfun er svo furðuleg að menn eiga varla orð til að lýsa undran sinni. Ekki veitir víst Flugleiðum af að fá þá farþega sem félagið smalar saman frá Niðurlöndum, Þýskalandi og Frakklandi, jafnvel alla leið frá Sviss, í kringum Lúxemborg þar sem það hefur lendingarrétt. Mér virðist það beinlínis vera að vinna beint gegn því, sem verið er að reyna að gera við lausn á vandamálum Flugleiða, að fara nú að setja ný íslensk flugfélög í þessa farþegaflutninga. Þar að auki er á almannavitorði, að þetta nýja félag, sem er allra góðra gjalda vert í sínum völuflutningum hefur enga farþegaflugvél, og ef dæma má af blaðafregnum er þetta félag nú að leita fyrir sér um kaup eða leigu á farþegaþotum suður í Evrópu, á sama tíma sem þrjár eða fjórar farþegaflugvélar Flugleiða standa hér og ekki hægt að selja þær. Það verður einhver skynsamleg skýring að fást á slíkri stefnu í flugmálum okkar Íslendinga.

Við vitum það og það vita allir, sem eitthvað hafa fylgst með eða reynt að kynna sér rekstur flugmála, að ef undan eru skilin allra voldugustu stórveldin í fluginu er millilandaflug yfirleitt ekki til skiptanna. Þær þjóðir eru langsamlega flestar sem hafa valið þann kost að veita svo til einokun á millilandaflugi sínu. Nokkrum árum eftir að ríkisvaldið hefur talið óhjákvæmilegt að hafa sjálft frumkvæði um að sameina tvö flugfélög, sem bæði höfðu starfað lengi og náð miklum árangri, hljótum við því að spyrja: Hvað er að gerast þegar nú á að fara að taka nýja aðila inn í millilandaflugið, — aðila sem hljóta að taka farþega frá Flugleiðum, á sama tíma sem við verðum vafalaust, a. m. k. í eitt ár, að verja allmiklum fjármunum af skattfé þjóðarinnar til að hjálpa Flugleiðum? — Og það eru raunar fleiri aðilar í þessu. Arnarflug er til líka og á gamla umsókn um flug til Amsterdam, en því mun af einhverjum ástæðum ekki hafa verið sinnt. Ég er síður en svo að mæla með því frekar en öðrum slíkum viðbótum einmitt á þessum tímum. Ef það lítur svo út, eftir að við höfum komist yfir núverandi erfiðleika Flugleiða á einn hátt eða annan, að skynsamlegt sé fyrir okkur og hægt að færa fullnægjandi rök fyrir því að koma upp fleiri farþegaflugfélögum milli landa, þá getum við gert það, en mér finnst að það eigi ekki að ferðast nema fram séu færðar veigamiklar ástæður fyrir því og skynsamleg rök.

Þeir erfiðleikar, sem Flugleiðir eiga við að etja, munu hafa byrjað þegar á árinu 1977 og alveg sérstaklega á árinu 1978. Það hefur komið fram hjá hæstv. samgrh. allþung, en þó sanngjörn gagnrýni, að ég hygg, á stjórn Flugleiða fyrir ýmsar ákvarðanir. Ég verð að segja það, að margir liðir í þessu máli vekja upp svipaðar hugsanir bæði hjá mér og öðrum sem ég hef rætt við, hvort hinar og þessar ákvarðanir, sem teknar hafa verið við stjórnun félagsins, orki ekki tvímælis og kannske stuðli að því, að svo er komið sem komið er. Mér þykir það t. d. ákaflega einkennilegt, þegar flugið var orðið jafnerfitt og það var 1978 og tap jafnmikið og þá varð, að stjórn félagsins skyldi ekki snúa sér til íslenskra yfirvalda, en það gerði hún ekki, heldur sneri sér til annars ríkis. Hún sneri sér til ríkisstj. Lúxemborgar eða samgrn. þess lands og bað það um hjálp. Auðvitað fréttu íslensk yfirvöld af þessu þegar í stað. En mér er ekki kunnugt um að á því ári hafi flugfélagið snúið sér til íslenskra yfirvalda. Meira að segja þurfti það ekki að nota utanríkisþjónustu okkar sem millilið. Það rak eigin utanríkisþjónustu og hefur raunar gert í mörg ár og hafði beint samband við erlend ríki, rétt eins og það væri sjálfstætt stórveldi sjálft. Þetta leiddi til þess, að yfirvöld í Lúxemborg sáu það, áður en Flugleiðir komu að máli við yfirvöld á Íslandi, og tilkynntu þeim það, að vandræði væru að vaxa óskyggilega. Ríkisstj. í Lúxemborg var farin að hugsa það mikið um þessi mál, að snemma í des. 1978 óskaði forsrh. og utanrrh. Lúxemborgar eftir fundi með íslenskum ráðh. til að ræða þessi mál og lagði þá fram minnisblað með viðhorfum yfirvalda í Lúxemborg til þessara mála sem leiddi í ljós mjög margar hliðar á þessu máli. Um þennan þátt er að vísu ekki getið í skýrslunni. Hann hefur sjálfsagt ekki nema sögulega þýðingu nú orðið, því síðan hafa aðrir viðburðir gerst. Þó verð ég að geta um þetta, vegna þess að þetta er það tilefni sem samgrh. Lúxemborgar hefur þegar hann í viðtölum við blaðamenn lætur í ljós að ríkisstj. Íslands og íslensk yfirvöld virðist hafa vitað miklu minna og miklu seinna um þessa flugerfiðleika en yfirvöld í Lúxemborg.

Það er ekki fyrr en í maí árið 1979 sem Flugleiðir leggja inn umsókn um að fá gefin eftir lendingargjöld á Keflavíkurflugvelli. Það fóru fram á þessu tímabili a. m. k. tveir ráðherrafundir og margir fundir, sem auðvitað leiddi af þessu upphafi málsins, með stjórnendum Flugleiða. Beiðni þeirra um eftirgjöf á lendingargjöldum var þegar tekin til athugunar, og þeir vissu af því allt árið 1979 að það var ríkjandi vinsemd um það að reyna að verða þeim til aðstoðar á því sviði. En það þurfti að athuga formsatriði þess máls þar sem samkv. alþjóðlegum reglum er ekki heimilt að veita einu flugfélagi slík hlunnindi, en ekki öðrum. Það þurfti að finna leið til að gera þetta fyrir Flugleiðir án þess að fella niður lendingargjöld fyrir erlend flugfélög t. d. sem lenda á Keflavíkurflugvelli.

Á árinu 1979 fóru Flugleiðir sem sagt fram á eftirgjöf lendingargjalda og eitt atriði annað. Þau báðu um að kannað yrði hvort félagið gæti fengið leyfi til að fljúga beint frá Lúxemborg til Bandaríkjanna. Þetta var ekki beiðni sem var líkleg til að vekja neina hrifningu hjá íslenskum yfirvöldum, því að slíkt flug mundi þýða tekju- og vinnutap fyrir Íslendinga á Keflavíkurflugvelli. Þrátt fyrir það var þess freistað að fá þetta leyfi, vegna þess að forráðamenn félagsins töldu að slík heimild mundi bæta mjög rekstrarstöðu þess og gæti orðið til þess að félagið kæmist í gegnum rekstrarerfiðleika. Lúxemborgarmenn féllust á þetta á fundi utanrrh. beggja landa, en sendiherra í Washington fékk Bandaríkjamenn til að fallast á það, þannig að forráðamenn Flugleiða fengu þessari ósk sinni fullnægt. Þar að auki höfðu þeir enn uppi óskir um að fá fleiri lendingarstaði í Bandaríkjunum, og bendir það til þess að þeir hafi ekki verið orðnir mjög svartsýnir um rekstur inn á árinu 1979. Þeir fengu

heimild til að fjölga lendingarstöðum um einn, en fengu þó ekki að lenda á Kyrrahafsströnd, eins og þeir sóttu fast að fá.

Í janúar í ár, 1980, komu samgrh. Lúxemborgar og aðstoðarutanrrh. hingað, eins og hæstv. samgrh. skýrði frá í skýrslu sinni, og fóru fram gagnlegar umræður, en niðurstaða af þeim er eitt af fskj. með skýrslu hæstv. ráðh. Tæplega tveim mánuðum eftir að núv. ríkisstj. tók við fór hæstv. samgrh. Steingrímur Hermannsson til Lúxemborgar og ræddi þar við Barthel kollega sinn. Niðurstöður af þeim samtölum eru einnig í þessari skýrslu. Þar virðast þeir hafa komið sér saman um tillögugerð ríkisstjórna beggja landa, sem gerði í fyrsta skipti ráð fyrir verulegum opinberum styrk frá báðum ríkjunum til flugfélagsins. Þetta gerðist 25. mars 1980. Alþ. var þá að störfum, og sat raunar tvo mánuði eftir þetta. En þó að svo stórt mál væri farið af stað munu aðstæður ekki hafa leyft eða stjórnin ekki hafa haft áhuga eða ekki talið sig tilbúna til að hafa mikil samráð við Alþ. um málið. Þó verð ég að segja að á þessum fundi hæstv. samgrh. og kollega hans í Lúxemborg í lok mars komst málið á visst stig, raunar sama stig sem það hefur verið á síðan, að það væri þörf verulegs opinbers stuðnings til þess að flugið frá Lúxemborg til Vesturheims gæti haldið áfram. Síðan eru liðnir 7 mánuðir. Að sjálfsögðu hefur hitt og þetta komið fram, þ. á m. viðbótaróskir frá Flugleiðum um rekstrarfyrirgreiðslu. Engu að síður er það næsta furðulegt í atvinnugrein eins og millilandaflugi, að mál sem þetta skuli velkjast í 7 mánuði og enn í dag ekki vera komið svo langt að við eygjum neina lausn fyrir þennan áfanga, — við finnum enga lausn sem dugir langt fram í tímann, — en fyrir þennan áfanga, þannig að við getum gert alvarlega tilraun í 1—3 ár með þetta flug.

Hvað hefur verið að gerast allan þennan tíma? Það hefur komið fjöldamargt fram sem hefur bent mjög eindregið til þess, að um þetta mál væri í rauninni alvarlegur ágreiningur í ríkisstj. M. a. má marka það af því, hversu ákafir hæstv. ráðh. eru að fullvissa okkur um að fullkomið samkomulag sé í ríkisstj. Þeir hafa sjálfsagt komið sér saman eftir marga mánuði um málið, en það hefur sýnilega ekki orðið vandkvæðalaust. Það fer ekki milli mála að það er afstaða Alþb. sem þarna ræður mestu um tafir og drátt, og það má sjá handbragðið á málinu greinilega, að þarna hefur farið fram glíma, ein af algengum glímum í fundaherbergi ríkisstj. milli Alþb. og annarra.

Uppákomur, sem Alþb.-forustumenn og eftirlitsmenn stóðu fyrir, urðu ekki til að auka traust manna á því, að það væri vilji Alþb. að ganga heils hugar að því að reyna að leysa þetta mál. Þær uppákomur voru með eindæmum eins og menn muna, og þarf ég ekki að rekja þá sögu frekar: hneykslið með eftirlitsmanninn og allt það. Ég leyfi mér að halda því fram, að það sé ekki hægt að sjá annað af gangi þessa máls en það hafi dregist óhóflega, eina 7 mánuði frá því að sýnt var að samgrh. voru komnir á það spor sem málið er á enn þá. Það er enginn vafi á því, að það er fyrst og fremst verk Alþb. að draga þetta og draga. Með því vil ég ekki segja að ég mæli með því að menn gleypi óskir og kröfur eða skýrslur og skýringar forráðamanna Flugleiða alveg hrátt. Mér þykir sjálfsagt að íslensk yfirvöld kanni stöðu Flugleiða ofan í kjölinn og útvegi sér allar upplýsingar sem eðlilegt er að fá þegar um fjárframlög og miklar ábyrgðir er að ræða. Þrátt fyrir það hefur allur gangur málsins, allar tafir sem á því hafa orðið, verið með þeim ósköpum að svona hlýtur að liggja í málinu.

Það er enginn vafi á því, að ef þessu máli lyktar á þá lund að Flugleiðir verða að draga saman seglin varanlega og sæta afarkostum frá hendi hins opinbera, þá mun Alþb. í framtíðinni telja það einn af sigrum sínum yfir kapítalisma á Íslandi og verða stolt af. En þó að ég sé langt frá því að vera hlynntur kapítalismanum tel ég að þetta sé óþjóðholl stefna. Þetta fyrirtæki er byggt upp af dugnaði og áhuga hóps einstaklinga. Þó að Flugleiðir séu einkafyrirtæki á ríkið í því hlut sem ég tel að mætti gjarnan vera töluvert stærri, og ég er tilbúinn að samþykkja tillögur sem ríkisstj. leggur fram í þeim efnum. Ég er einnig þeirrar skoðunar, og það eru flokksbræður mínir, að óeðlilegt sé með öllu að önnur flutningafélög, sérstaklega skipafélög, séu stórir eigendur að flugfélögum. Til eru þau lönd þar sem þetta er beinlínis bannað. Það þarf ekki að leita langt til að geta ímyndað sér eða séð fyrir hagsmunaárekstra. Þar að auki er nú svo með blessaða stjórn Flugleiða, að hún er eins og stjórnir í mörgum stórfyrirtækjum hérna, að það er alltaf helmingurinn sömu andlitin á mynd eftir mynd þegar þær sjást í blöðum.

Varðandi starfsemi Flugleiða almennt er fjöldamargt annað sem ræða mætti um. Hæstv. samgrh. velti fyrir sér ýmsum hugmyndum um hvort teknar hefðu verið réttar ákvarðanir um flugvélakaup. Ég er honum algerlega sammála um að það er full ástæða til að velta þessu fyrir sér, þó að e. t. v. sé erfitt að fá óskeikult svar. En það er ekki bara varðandi flugvélategundirnar og það sem þær voru keyptar til að gera, hvort sem það var blandað fragt- og farþegaflug eða bara farþegaflug, heldur eru atriði sem aldrei hefur fengist fullnægjandi skýring á, eins og þessi ramma taug sem virðist hafa verið á milli Flugleiða og bandarískra félagsins Seaboard World Airlines. Flugleiðir hafa keypt flugvél eftir flugvél af þessu ameríska félagi og hafa látið þetta félag fá viðhald á flugvélum í stórum stíl, sem í mörgum tilvikum hefði getað verið Lúxemborgarmegin og styrkt stöðu okkar þar og félag, sem við eigum í, Cargolux, þar sem mörg hundruð Íslendinga starfa, m. a. við flugvélaviðhald, að ég tali ekki um það, ef hægt hefði verið að flytja meira af þessu viðhaldi hingað heim. Þar að auki hefur það komið í ljós að Air Bahama hefur samstarf við þetta Seaboardfélag í flutningastarfsemi á Indlandi og sitthvað er heldur einkennilegt, sem menn geta ekki annað en hnotið um, þó að ég skuli játa að á því kunni að vera skýringar. Þær skýringar sem ég hef heyrt, hafa ekki verið sannfærandi. Það kunna að vera skýringar og þetta kann að vera allt saman eðlilegt, en við getum ekki verið meira en áhugamenn um þetta hér í þinginu og verðum því að drepa á það sem helst vekur athygli okkar, bæði til góðs og til gagnrýni.

Varðandi starfsemi Flugleiða, þá hefur félagið á velmegunarárum sínum fallið í þá gryfju að breiða starfsemi sína allmikið út fyrir þröngan stakk sjálfs flugsins. Á bls. 4 í skýrslunni eru nefnd dótturfyrirtækin International Air Bahama, Hótel Esja, Arnarflug, Ferðaskrifstofan Úrval, Icelandic de Columbia í Bógóta í Kólumbíu í Suður-Ameríku, — hvern fjandann skyldu þeir vera að gera þar? — Cargolux Airlines, sem við eigum þriðjung í, Kynnisferðir ferðaskrifstofanna sf., Flugfélag Norðurlands, Flugfélag Austurlands, Ferðaskrifstofa Akureyrar, Hótel Aerogolf Sheraton í Luxemborg, Hótel

Húsavík, Hótel Ísafjörður. Svo eru enn fleiri fyrirtæki, sem eru víst innan flugrekstrarfyrirtækisins sjálfs, eins og Hótel Loftleiðir og Bílaleiga Loftleiða. Ég tel að það sé mjög óæskilegt að félög, sem ganga vel, verða allstór á okkar mælikvarða, hafa fjármuni og hafa aðstöðu, breiði starfsemi sína á þennan hátt út. Sumt af þessum dótturfélögum má vel tengja við flugreksturinn, sýna fram á að eign og rekstur þessara dótturfélaga styrki flugreksturinn, en um önnur verður það ekki sagt. Ég hef ekki trú á að Flugleiðir hafi fengið einn einasta farþega út á það að eiga hér bílaleigu. Af hverju þurfa þær að eiga á annað hundrað bíla? Mér skilst að það starfssvið sé orðið ærið yfirhlaðið og sé að verða eins og plastverksmiðja eða eitthvað slíkt hér á landi.

Það er mjög algengt að flugfélög seilist til þess að eiga hótel og heilar hótelkeðjur. Það er óneitanlega þægilegt, þegar greitt er fyrir farþegum og þeim eru seldir farmiðar,. að geta vísað á gistingu í eigin hótelum, en það er ekki sanngjörn eða eðlileg samkeppni við önnur gistihús. Stór gistihús hér í Reykjavík kvarta sáran undan því, að þau verði af viðskiptum vegna þess að flugfélagið á hótel og beinir auðvitað farþegum þangað.

Ferðaskrifstofurekstur finnst mér líka mjög vafasamt að flugfélagið stundi. Þá er þetta farið að hjálpa hvort öðru peningalega, því að ferðaskrifstofurnar fá auðvitað umboðslaun af þeim miðum sem þær selja þannig að Flugleiðir hirða sjálfar launin af eigin farmiðum.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta, en það vekur spurningar þegar félagið lendir í vandræðum: Hvað hefur þurft að kosta miklu fé til að koma upp allri þessari starfsemi? Hvað hefur félagið látið mikið fé í öll þessi fyrirtæki? Hafa þessi fyrirtæki hjálpað flugrekstrinum eða hafa þau það ekki? Hafa þau þýðingu fyrir flugreksturinn eða ekki? Og að sjálfsögðu vaknar sú spurning sem báðir hæstv. ráðh. hafa rætt um: Er ekki sjálfsagt, þegar félagið á í öðrum eins rekstrarerfiðleikum og nú er, að það losi sig við og selji eitthvað af þessum eignum? Mér finnst,. að svarið við þeirri spurningu hljóti að vera jákvætt, og ég held, að það sé hollt fyrir Flugleiðir líka hvað snertir almennt traust landsmanna til félagsins, vegna þess að fólk er ákaflega fljótt að sjá svona þróun og ákaflega fljótt að fyllast tortryggni þegar það sér risa peningavaldsins breiða úr sér eins og þarna hefur gerst.

Það kemur fram í hinni prentuðu skýrslu og kom líka fram í ræðum beggja ráðh., að hér höfum við bréf frá forstjóra Flugleiða þar sem hann telur upp eignir og fjallar um hversu mikils virði þær séu og hversu mikið væri upp úr því að hafa ef hægt væri að selja þær. Þó ég telji af almennum ástæðum rétt fyrir félagið að draga saman seglin í þessum aukarekstri hef ég ekki mikla trú á því, að þetta skipti höfuðmáli fjárhagslega, vegna þess að hér eru ekki kaupendur sem geta borgað mikið út, jafnvel þó einhverjir vildu taka við skrifstofubyggingu eða hóteli. Í þessari upptalningu eru eignir eins og t. d. hlutur Flugleiða í Cargolux, sem ég tel mjög vafasamt að við eigum að fórna ef við getum með nokkru móti komist hjá því. Hitt er alveg rétt, að þetta er sennilega verðmætasta og seljanlegasta eignin, því að það er engin vafi á að Lúxemborgarar hyggja á að ná meiri yfirráðum yfir fluginu í landi sínu, til þess og frá, en þeir hafa haft. Það hefur verið í höndunum á útlendingum að mjög miklu leyti. Þeir eru orðnir mjög stoltir af Cargolux og ætla sér að gera það að „National Cargo Carrier" eins og það er kallað — ég veit ekki hvað það er kallað á okkar máli, og af því leiðir að þeir hljóta að vilja eignast meira en 1/3 í félaginu.

Þegar við lítum á þetta félag, sem er til orðið fyrir íslenskt frumkvæði og fór af stað með notaðar farþegaflugvélar sem Loftleiðir þurftu að losa sig við, en er orðið eitt af stærstu vöruflutningafélögum í heimi, komumst við ekki hjá því að undrast dálítið hversu þolinmóðir Lúxemborgarar eru, að því að Íslendingar eiga 1/3 og sænskt skipafélag á 1/3 í félaginu og Íslendingar og Svíar hafa tekið saman og halda hópinn sem meiri hluti til að ráða félaginu gegn heimamönnum. Hvernig haldið þið að við mundum líta á það, ef hér væri félag þar sem svona stæði á? Við værum búnir að þjóðnýta það fyrir löngu.

Ég ítreka það, að ég tel að við höfum þegar töluvert mikla fótfestu í fluginu þarna syðra, jafnvel þótt Luxemborgarar auki nú sinn hlut, og þó að Atlantshafsflugið verði fellt niður og reynist ekki geta haldið áfram er ekki þar með sagt að við eigum að gefa upp á bátinn viðskiptaleg ítök okkar í flugi í Luxemborg. Það búa hátt á fimmta hundrað Íslendingar nú í þessu litla landi og við getum vafalaust í framtíðinni haft margvíslegt gagn af því að halda þarna samstarfi áfram og vera þarna aðilar, af því að við erum þegar búnir að vinna okkur þarna þegnrétt.

Það er talað um að rætt hafi verið um stofnun nýs flugfélags. Hæstv. samgrh. sagði að forráðamenn Flugleiða hefðu stungið upp á því. Hugmyndin er dálítið eldri. Hugmyndin hafði komið fram og menn hér á landi heyrt um hana fyrir a. m. k. tveimur árum. Þá var það ætlun Lúxemborgarmanna að auka áhrif sín í flugi þar í landi með því að stofna nýtt flugfélag og einendurnir áttu að vera Cargolux — það var búið að samþykkja þetta á stjórnarfundi í Cargolux með atkv. Flugleiðamanna — og Luxair. Stundum var talað um að hlutur Íslendinga yrði bara þriðjungurinn í Cargolux og stundum að Íslendingar gætu orðið aðilar að þessu félagi. En þá var greinilega tekið fram að hugmyndin væri ekki að þetta félag ætti að fljúga yfir Atlantshafið, heldur allar aðrar leiðir. Hugmyndin var að byggja upp flugleiðir frá Lúxemborg í suðurátt og austurátt til Afríku, Mið-Austurlanda og Austurlanda, eins og Cargolux flýgur, alla leið til Hong Kong, reglulega, og þannig var þetta sett fram, með því að Lúxemborgarmenn fullvissuðu okkur um að þeir ætluðu sér ekki að fara í samkeppni við okkur á Atlantshafsleiðinni. Svo gerðist það í eins konar framhjáhaldi hjá þeim, að þeir létu sendiherra sinn í Washington kanna hvort þeir gætu ekki fengið lendingarleyfi þar vestra. Þá var það í einum kafla þessa máls að við fengum að heyra að þeir gætu sett upp flugfélag á Atlantshafsleiðinni. Ég hef litið svo á að þetta hafi verið dulbúnar hótanir í okkar garð frekar en alvara, enda hefur farið svo, að þegar talað var í alvöru um samstarf Luxair við okkur um Atlantshafsflug var Luxair ekki reiðubúið. En hvað sem verður á þessu sviði, í sambandi við stofnun nýrra flugfélaga í Luxemborg eða nýs flugfélags, sem mér þykir mjög líklegt að verði innan skamms, innan fárra missera, hvernig sem Flugleiðamálið fer getum við lagt til þekkingu og reynslu og vitað er að við höfum flugmenn aflögu, sem þeir hafa, að mér skilst, ekki, og við höfum það sem kannske er verðmætast af öllu, sölukerfið. Við höfum sölu- og markaðskerfi sem er talið mjög mikils virði, ef ekki er þá búið að

skemma það stórlega með lokunum og uppsögnum starfsfólks á síðasta sumri og hausti.

Sóttir eru sérfræðingar alla leið til Ameríku til að reyna að leiða okkur í allan sannleika um hvers virði eignir Flugleiða séu. Það er gott og blessað, ég skal ekkert hafa á móti því, að það sé sannprófað eins og best verður gert. En þá er rétt að leiða hugann að því, að það verðmætasta, sem Flugleiðir eiga eru nafnið og orðsporið sem hefur farið af félaginu. Það er orðið mjög þekkt. Það er búið að auglýsa það upp í mörgum löndum í tveimur heimsálfum. Félagið hefur aðstöðu, bæði vestan hafs og austan, við flugvelli og utan þeirra, og markaðs- og sölukerfi og stóran hóp af mjög vel þjálfuðu og reyndu fólki á öllum sviðum flugrekstrar. Í viðskiptaheiminum eru þetta feiknalega mikil verðmæti, sem engir sérfræðingar geta metið í krónum og aurum, ekki einu sinni dollurum. En þegar til kemur að við þurfum að skipta við Lúxemborgarmenn, sem eru auðvitað harðir í horn að taka og hugsa um eigin hagsmuni umfram allt, verða þessi verðmæti ásar á okkar hendi.

Herra forseti. Frv., sem fram hefur verið lagt í Ed., hefur að sjálfsögðu blandast nokkuð inn í umr. hér, en þó verð ég að gera ráð fyrir að meginumr. um það verði í deildum. Það leiðir af því sem ég hef sagt almennt um sjónarmið þingflokks Alþfl., að við erum í grundvallaratriðum sammála því, sem þarna er fjallað um, að heimila aðstoð, ábyrgðir og að auka eignarhluta ríkisins, þó að við áskiljum okkur allan rétt varðandi orðalag og einstök atriði. En ég tel rétt að segja það nú þegar að við höfum hnotið mjög um 5. gr. frv. Hún fjallar um að ríkisstj. sé heimilt að setja þau skilyrði sem hún telur nauðsynleg í sambandi við þessa fyrirgreiðslu. Við teljum að það komi ekki til mála að Alþ. láti ríkisstj. fá svona heimild, sem er opin í báða enda, því að enginn veit hvað ríkisstj. kann að gera. Hæstv. samgrh. er undir venjulegri pressu frá Alþb.-mönnum til að reyna að tefja málið og ýta því áfram að þeirra markmiðum. Ég tel því, að ef Alþ. hefur nokkra sómatilfinningu, megi það ekki afgreiða þetta frv. án þess að 5. gr. sé a. m. k. breytt þannig að þar komi skýrt fram hvaða skilyrði verið er að tala um.

Nú er það ekki svo, að við séum mótfallnir því að skilyrði séu sett með svona mikilli fyrirgreiðslu. Fyrir því eru mörg fordæmi og það er í sjálfu sér harla eðlilegt. Ég tel að setja eigi skilyrði sem tryggi að þessi mál verði ekki látin niður falla strax og búið er að gera dæmið upp og útvega þá peninga sem þarf, heldur verði fylgst með rekstrinum mjög vandlega og reynt að grandskoða hann, svo að við fáum haldgóðar upplýsingar um hvort þessi tilraun, sem ætlunin er að gera, gefur viðunandi raun eða ekki. Ég er vantrúaður á að vera að setja sérstaka rekstrarstjórn skipaða mönnum utan úr bæ yfir hluta af rekstri félagsins. Ég held að það sé bölvað klúður og það geti aldrei blessast. Hins vegar er eðlilegt að ríkisstj. geri þær ráðstafanir sem hún telur nauðsynlegar til að geta fylgst með og að það sé sérstakt reikningshald fyrir Atlantshafsflugið. Hæstv. samgrh. notaði raunar orðin, að þessi nýja stjórn, sem á að setja þarna upp innan félagsins, ætti að „fylgjast með". Hvað það hlutverk snertir get ég á það fallist, en ekki að þessi stjórn eigi að vera að vasast í stjórnunarverkefnum, jafnvel þó að við séum fullvissaðir um að hún muni ekki binda félaginu neina bagga, til þess þurfi hina kjörnu stjórn — þó nú væri!

Ég tel sem sagt að það verði að gera ljóst hvaða skilyrði fjallað er um og til hvaða skilyrða lögin, ef þau verða afgreidd sem slík, eiga að ná, en það sé með öllu óviðunandi að veita ríkisstj., eins og hún er samsett og eins og hún hefur komið fram í þessu máli, svo að segja óútfyllta ávísun varðandi skilyrði á hendur félaginu.

Herra forseti. Ef ég má draga saman í örfáum orðum meginniðurstöður, þá hef ég bent á að Alþfl. telur svo mikið vera í húfi í þessu Flugleiðamáli að gera verði tilraun í eitt ár eða jafnvel 2—3, eins og ráðh. hefur nefnt, þótt það verði dýrt. Við erum við því búnir að það geti orðið jafnvel dýrara en við sjáum fyrir núna. Við teljum þó, og það er best að gera sér það ljóst nú þegar, að það komi ekki til mála að Atlantshafsflugið verði til frambúðar rekið með opinberum styrkjum af almannafé. Lausn, ef lausn finnst, verður að vera á þá lund, að ekki sé þörf á slíkum styrkjum.

Í öðru lagi tel ég að jafnframt því sem þessi tilraun er gerð til að sannprófa hvort dagar Atlantshafsflugsins eru taldir verði ríkisstj. að móta sér nýja flugmálastefnu sem byggist að verulegu leyti á þeim niðurstöðum sem við komumst að við þessa tilraun. Ég tel að leyfi til farþegaflugs milli landa til annarra aðila, meðan þessi tilraun stendur yfir, séu fráleit.

Í þriðja lagi tel ég að Flugleiðir verði að gera meiri háttar breytingar á stjórnun fyrirtækisins og rekstri. Ég vona að það þurfi ekki neina úrslitakosti frá ráðh. hvað það snertir, heldur að stjórnendur og hluthafar félagsins skilji það sjálfir. Það verður fyrst og fremst að bæta samstarf og samhug starfsliðsins og reyna að skapa vinnufrið í fyrirtækinu, því að verkföll og vinnudeilur eru eitt af því sem hafa valdið fyrirtækinu hvað mestum skaða á undanförnum árum. Það fer tvímælalaust ekki milli mála, að allur þorri skattgreiðenda í þessu landi mun vera lítið hrifinn af þeim hlutanum af aðstoð til Flugleiða sem fer til að borga hið ofsalega kaup hinna eldri flugmanna, sem margir hverjir eru orðnir stóreignamenn, geta leigt ríkinu húsnæði undir 2—3 stofnanir og annað eftir því. Enn fremur tel ég að fyrirtækið ætti að átta sig á því sjálft, að það verður að láta af útþenslustefnunni og losa sig við ýmiss konar rekstur sem hefur ekki beina þýðingu fyrir flugstarfsemina sjálfa.

Og í fjórða og síðasta lagi legg ég á það ríka áherslu, að þm. Alþfl. telja að Alþingi verði að fá að vita nákvæmlega, hvaða skilyrði hæstv. ráðh. eru að hugsa um, og ekki komi til mála að Alþ. veiti svo almenna heimild sem nú stendur í 5. gr. frv. hvað þetta snertir.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Það var alveg rétt sem hæstv. fjmrh. sagði áðan þegar hann kom í ræðustól að lokinni ræðu hæstv. samgrh., að hann hafði engu við þá ræðu að bæta. Hitt var hins vegar öllu óskiljanlegra, hvað hann var að gera í ræðustólnum í fullan hálftíma eftir að hann hafði gefið þessa yfirlýsingu. Það er harla einkennilegt að við skulum búa við þau þingsköp að hæstv. fjmrh., sem varð áttundi maður til að biðja um orðið, skuli hafa séð sig knúinn til að koma í kjölfar hæstv. samgrh. til að gefa skýrslu um þetta mál, sem þeir ágætu hæstv. ráðh. segjast nú vera svo fullkomlega sammála um.

Ég fagna því samt sem áður að þetta mál er loks komið á dagskrá þingsins. Það er afar nauðsynlegt að Alþ. fjalli um málið og taki afstöðu til þess sem allra fyrst. Stór hópur starfsmanna Flugleiða og starfsmanna í greinum tengdum Norður-Atlantshafsfluginu hefur beðið lengi

eftir því að hv. Alþ. og hæstv. ríkisstj. gerðu endanlega upp hug sinn þannig að Flugleiðir gætu tekið loka-ákvörðun um áframhaldandi flug félagsins milli Lúxemborgar og Bandaríkjanna. Flugleiðamálið hefur meira og minna verið í höndum stjórnvalda í tvö ár eða allt frá þeim tíma þegar ljóst var hvert stefndi í Norður-Atlantshafsfluginu. Ákvarðanir í málinu hafa dregist og á síðustu vikum hefur þjóðin orðið vitni að togstreitu í ríkisstj., þar sem togast hafa á sjónarmið þeirra, sem vildu greiða fyrir Norður-Atlantshafsfluginu, og hinna, sem ákveðnir voru að nota tækifærið til að taka ákveðin skref í átt til þjóðnýtingar í flugmálunum. Þessi barátta stendur í raun yfir enn og henni lýkur ekki fyrr en endanlega hefur verið gengið frá málinu í ríkisstj. á grundvelli samþykkta Alþingis.

Í viðtali við Morgunblaðið þingsetningardaginn, 10. okt. s. l., lýsti hæstv. fjmrh. því yfir að frv. um aðstoð við Flugleiðir mundi verða lagt fram í næstu viku þar á eftir að m. ö. o. í síðustu viku. Sú vika leið án þess að frv. sæi dagsins ljós, en í gær var því dreift og mátti ekki seinna vera vegna hinna brýnu hagsmuna fjölda fólks, sem áður hefur verið lýst.

Þingflokkur sjálfstæðismanna óskaði eftir því, að Flugleiðamálið yrði rætt utan dagskrár s. l. fimmtudag. Þeirri beiðni var synjað á grundvelli hæpinnar lögskýringar á 31. gr. þingskapalaga. Hins vegar varð beiðni þessi til þess, að hæstv. samgrh. lofaði að dreifa skýrslunni í gær og efna til umr. um hana í dag. Því miður fengu hv. þm. skýrsluna seint í gærdag og var þá búið að slíta fundi í hv. Ed. fyrir löngu. Undir venjulegum kringumstæðum hefði slíkt verið ámælisvert, en þegar þetta seinlæti er skoðað með hliðsjón af rýru innihaldi skýrslunnar skiptir það ekki ýkjamiklu máli. Umr. utan dagskrár s. l. fimmtudag hefði ekki átt minni rétt á sér þrátt fyrir skýrsluleysið, enda voru flestöll bréf þau og staðreyndir málsins, sem skýrslan fjallar um, öllum kunn þá þegar. Að vísu er rétt að taka það fram réttilega, að hæstv. samgrh. bætti mikið úr því með málflutningi sínum í dag. Umr. um þingsköp s. l. fimmtudag hafa hins vegar orðið til að flýta málinu öllu og voru að því leyti til ákaflega gagnlegar. (**Gripið fram í:** Heldur þm. það í alvöru?) Það veit þm.

Í þessari ræðu minni mun ég fyrst fara nokkrum orðum um aðdraganda málsins, síðan varpa ljósi á sérstakan þátt Alþb., þá fjalla um skýrsluna og lagafrv., sem ekki verður skilið frá málinu, og loks spyrja nokkurra spurninga sem mér finnst eðlilegt að hæstv. ráðh. svari í umr. á eftir. Ég mun hins vegar ekki nema að mjög litlu leyti fjalla um starfsemi Flugleiða, eins og síðasti ræðumaður gerði, en get á ýmsan hátt og að mörgu leyti tekið undir orð hans um starfsemi félagsins.

Það er óþarfi að endurtaka það sem öllum er kunnugt, að erfiðleikar í rekstri Flugleiða tengjast harðnandi samkeppni flugfélaga á Norður-Atlantshafinu. Sum þeirra flugfélaga, sem keppa á þessum markaði, velta á hverju ári jafnmiklum eða meiri fjármunum en íslenska ríkið. Allir sjá að slík samkeppni er vonlaus fyrir lítið félag á borð við Flugleiðir, nema aðstæður breytist frá því sem nú er. Ýmsir hafa gagnrýnt Flugleiðir fyrir að bregðast of seint við í stöðunni. Í því sambandi er rétt að árétta að stjórn Flugleiða hefur um tveggja ára skeið verið í nánu sambandi við stjórnvöld og kynnt þeim versnandi hag félagsins. Það var ákvörðun Flugleiða að reyna til þrautar í þeirri von að hagur félagsins vænkaðist. Sú ákvörðun hefur kostað félagið og eigendur þess marga milljarða, en það var réttlætt með því að það væri skylda fyrirtækisins gagnvart starfsfólki þess og þjóðinni allri að gefast ekki upp við fyrsta mótbyr.

Þegar Flugleiðir tóku ákvörðun um að hætta Norður-Atlantshafsfluginu að langmestu leyti var sú ákvörðun talsvert gagnrýnd. Stjórn félagsins var legið á hálsi fyrir lélega stjórnun og slæmar ákvarðanir. Slíkar ásakanir eiga sjálfsagt fæstar við rök að styðjast umfram gagnrýni almennt á fyrirtækjastjórnir yfirleitt. Samt verður ekki fram hjá því horft, að samstarf stjórnenda og starfsmanna og reyndar starfsmanna innbyrðis hefur ekki verið í góðu lagi allar götur frá sameiningu Loftleiða og Flugfélags Íslands árið 1973. Sú samskiptasaga starfsmanna og stjórnenda er lærdómsrík. Án þess að leggja dóm á einstaka þætti þess máls verður varla hjá því komist að leiða hugann að því, hvort ekki sé rétt að starfsmenn stórfyrirtækja á íslenskan mælikvarða, sem Flugleiðir vissulega er, eigi allir aðild að sama stéttarfélagi. En til þess að svo geti orðið verður að breyta lögum um stéttarfélög og vinnudeilur.

Í þessu sambandi er afar athyglisvert að kynnast skoðunum forráðamanna Delta-flugfélagsins bandarísku, eins og þær birtast í tímaritinu Flight International 23. ágúst s. l., en það er eina félagið sem hefur skilað verulegum hagnaði á Norður-Atlantshafsflugleiðinni. Forráðamenn þess flugfélags halda því fram, að góður samstarfsandi starfsmanna og stjórnenda sé lykillinn að velgengni félagsins, og benda jafnframt á að starfsmennirnir séu ekki í verkalýðsfélagi og geti því gengið í mismunandi störf innan fyrirtækisins.

Varpa má fram þeirri spurningu, hvort Flugleiðir hefðu ekki getað lært af Laker og breytt skipulagi sínu með tilliti til nýrra aðferða, einkum að því er varðar farþegaafgreiðslu í sambandi við flugið yfir Atlantshafið. Því er til að svara, að Lúxemborg og Keflavík gefa enga slíka möguleika. Það er aðeins í stórum milljónaborgum sem hægt er að koma við færibandanýbreytni, ef ég má nota það orð, á borð við þá sem Laker hefur bryddað upp á. Við það má bæta að stóru flugfélögin Pan Am og British Airways hafa stórlækkað fargjöld sín til að mæta samkeppninni við Laker og aðra slíka.

Það er kominn tími til að viðurkenna þá staðreynd, að Ísland er ekki sjálfsagður viðkomustaður á leiðinni yfir Norður-Atlantshafið. Tæknin og lækkuð flugfargjöld hafa breytt viðhorfi ferðalanga til flugsins yfir hafið. Viðkoma á Íslandi kemur aðeins til greina ef hér er eitthvað markvert að sjá fyrir ferðamenn sem leið eiga á milli heimsálfanna. Hér er kannske komið að kjarna þessa máls, þ. e. spurningunni um hvort sú ákvörðun sé réttlætanleg að hætta fjármunum íslenskra skattgreiðenda í það glæfraspil sem Norður-Atlantshafsflugið er.

Þingflokkur Sjálfstfl. hefur lýst stuðningi við þá ákvörðun að gera tilraun í eitt ár og nota þann tíma vel til að finna framtíðarlausn á flugmálum þjóðarinnar og leita nýrra leiða sem færar eru til að nýta fyrir þjóðarbúið þá sérþekkingu og reynslu sem íslenskir starfsmenn flugfélaganna hafa öðlast á liðnum árum og fært hafa þjóðinni mikinn auð. Við teljum jafnframt skyldu okkar að reyna til þrautar, hvort framtíðarmöguleikar séu á Norður-Atlantshafsleiðinni, og viljum leggja okkur í nokkra hættu til að varðveita þau sambönd sem þróast hafa á milli Íslands og Lúxemborgar, smáþjóða sem sameigin-

lega hafa barist við stærri þjóðir á sviði samgöngumála. Hitt er svo annað mál, og það er rétt sem hér hefur komið fram í umr. í dag, að það á auðvitað ekki að fórna öllu til svo að hægt sé að halda úti þessu flugi. Við verðum að líta á þetta sem biðleik í stöðunni og skoða okkar mál í framhaldi af þeim ákvörðunum sem væntanlega verða teknar á næstu dögum.

Í þeirri skýrslu, sem hér er til umr., er lýst í stórum dráttum sögu málsins undanfarin ár. Minna fer fyrir því, að sagt sé frá þeim ágreiningi sem átti sér stað milli Alþb. og Framsóknar, bæði innan ríkisstj. og utan. Meira fór fyrir því stríði á síðum dagblaðanna í síðasta mánuði, þegar ríkisstj. lét loks verða af því að gera tillögur í málum Flugleiða. Til að átta sig á þessum pústrum þarf að rifja upp nokkur atriði sem skýra afstöðu Alþb., sérstaklega forráðamanna þess, og varpa ljósi á tilgang þess þegar þeir ófrægja aðgerðir hæstv. samgrh.

Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, formaður þingflokks Alþb., flutti till. á sínum tíma um rannsókn á starfsemi Flugleiða. Í raun var till. aðeins tilraun til að sá fræjum efa og tortryggni um rekstur Flugleiða og fyrsti þátturinn í markvissri viðleitni flm. til að koma flugrekstrinum í hendur opinberra aðila, en það er trú nokkurra forustumanna Alþb., að flugmálum þjóðarinnar sé betur borgið í höndum ríkisvaldsins en hjá einkaframtakinu. Í till. sagði flm. að það væri grundvallarmarkmið að öryggi á sviði samgangna við umheiminn væri ekki í höndum aðila sem störfuðu á grundvelli þröngra gróðasjónarmiða, svo að hans orð séu notuð. Í grg. skýrir hann sjónarmið sín með eftirfarandi hætti, með leyfi forseta:

„Flestar þjóðir, sem Íslendingar hafa samskipti við í Vestur-Evrópu, hafa í samræmi við þessi grundvallaratriði tryggt forræði kjörinna fulltrúa þjóðarinnar yfir mikilvægustu samgöngutækjunum. Þar sem járnbrautir eru lífæð samgöngukerfisins eru þær yfirleitt í þjóðareign. Sams konar þróun hefur víða einkennt stærri flugfélög. Meðal Íslendinga hafa flugvélar og farmskip að mestu gegnt hlutverki járnbrauta án þess þó að kjörnir fulltrúar þjóðarinnar hefðu hér svipaða aðstöðu til að gæta hagsmuna almennings eins og tíðkast með helstu nágrannaþjóðum okkar."

Í ræðu sinni, sem flutt var 7. des. 1978, mælti hv. þm. m. a. á þessa leið, með leyfi forseta:

„Í flestum þessara landa hefur forræði kjörinna fulltrúa þjóðarinnar yfir mikilvægustu greinum samgöngukerfisins verið tryggt á þann hátt, að opinberir aðilar hafa ýmist að öllu leyti eða á afgerandi hátt verið eignaraðilar að mikilvægustu samgöngutækjunum, og er þannig leitast við að tryggja að samgöngukerfið þjóni hverju sinni almennum þjóðhagssjónarmiðum og velferðarsjónarmiðum fólksins í landinu. Hér á landi hefur hins vegar orðið sú þróun, að öflugustu fyrirtækin í samgöngukerfi þjóðarinnar eru einkafyrirtæki, og hefur mikilvægi þessara fyrirtækja aukist til muna á allra síðustu árum."

Í þessari ræðu hv. þm. frá 7. des. 1978 kennir margra grasa. Hann gerir því t. d. skóna að það sé tilgangur Flugleiða að stinga undan fjármagni og flytja til í rekstri sínum og koma með þeim hætti íslenskum flugmálum á kaldan klaka. Í ræðu sinni sagði hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson orðrétt, með leyfi forseta:

„Og kann sú hætta ekki að vera einnig fyrir hendi, hv. þm., að undir slíkum kringumstæðum kjósi eigendur Flugleiða vegna þröngra eiginhagsmuna að bjarga sínu skinni með því að flytja áhersluþungann frá flugrekstrinum innanlands og færa eignirnar til hinna alþjóðlegu fyrirtækja Air Bahama og Cargolux og flugfélagsins í Uruguay og kannske einnig í Sri Lanka, til þess að þeir björguðu þó sínum eignum þótt þjóðin sjálf sæti uppi flugflotalaus? Í jafnalþjóðlegri og flókinni fyrirtækjasamsteypu sem Flugleiðir eru nú orðnar er sá möguleiki vissulega fyrir hendi og það væri blinda að útiloka hann með öllu."

Þetta rifja ég hér upp til að benda á að þessi hv. þm. var þeirrar skoðunar, að tilgangurinn væri sá að flytja fjármagn frá Íslandi til annarra landa. Nú hefur það hins vegar komið í ljós, að tapinu á Norður-Atlantshafsflugleiðinni hefur fyrst og fremst verið mætt með því að ganga á eignir félagsins. Bitnar það að sjálfsögðu mest á eigendum fyrirtækisins, þeim sem hafa lagt fram fjármagn til að halda uppi samgöngum við aðrar þjóðir.

Nú kann einhver að spyrja: En er það alveg víst að hv. þm. Ólafur Ragnar hafi átt við þjóðnýtingu? Því er til að svara, að hv. 11. þm. Reykv., Ólafur Ragnar Grímsson, átti viðtal við dagblaðið Vísi haustið 1978, nánar tiltekið 23. okt., og þar spyr blaðamaður:

„Áttu við þjóðnýtingu með orðunum „aukinni eignaraðild?"

Flm. svarar orðrétt, með leyfi forseta:

„Ef svipaðst er um í löndunum í kringum okkur, þá eru mikilvægustu samgöngutækin í öllum þessum löndum þjóðnýtt, og við getum alveg eins notað það orð. Það hefur ekkert ríki í Vestur-Evrópu treyst sér til að byggja samgöngur sínar eingöngu á einkareknum fyrirtækjum."

Og enn spyr blaðamaður:

„Hvernig ætti slík þjóðnýting að fara fram?"

Og hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson svarar, með leyfi forseta:

„Fyrsta skrefið í þeim efnum gæti verið að skilja á milli þeirra flugsamgangna, sem ég tel að séu nauðsynlegar fyrir öryggi landsins og þjóðarhag, þar á ég bæði við flugsamgöngur innanlands og utan, sem yrðu þá reknar af opinberum aðilum, en einkaaðilunum yrði látið eftir áhættuflugið, ef þeir vilja reka það flug áfram."

Þessi orð hv. þm., formanns þingflokks Alþb., lýsa mjög vel tilgangi þeirra Alþb.-manna með aðgerðum sínum í Flugleiðamálinu fyrr og síðar.

Eins og menn muna var till. hv. þm. Ólafs Ragnars ekki útrædd á Alþ. á sínum tíma, enda var tilgangurinn ekki sá að ná fram samþykkt í málinu, heldur fyrst og fremst að grafa undan einkarekstri á sviði flugsamgangna í landinu.

Næsta tilraun þeirra Alþb.-manna var í sumar, í ágúst og sept., þegar málið var á dagskrá í ríkisstj. 9., 11., 15. og 16. sept. Í þessum þætti lék aðalhlutverkið Baldur Óskarsson fóstbróðir hv. þm. Ólafs Ragnars, nema þegar lýsa þurfti áliti Alþb. á ólesinni skýrslu frá endurskoðendum Flugleiða til eftirlitsmanna. Þá var hv. þm. Ólafur Ragnar að sjálfsögðu kvaddur til og fenginn til þess að bera brigður á inniheldið óséð. Hvatvíslegar yfirlýsingar Baldurs Óskarssonar, sérlegs eftirlitsmanns fjmrh., urðu m. a. til þess, að málgagn hæstv. samgrh., dagblaðið Tíminn sagði í leiðara að það væri skýlaust trúnaðarbrot sem eftirlitsmaður fjmrh. hefði framið með yfirlýsingum sínum í fjölmiðlum um málið. Árásir þeirra fóstbræðra á hæstv. samgrh. voru sprottnar af sömu rótum og till. hv. þm. Ólafs Ragnars áður. Í þessum efnum helgar tilgangurinn meðalið.

Þriðja tilraun Alþb. — þriðji þátturinn í þjóðnýtingaráformunum — var síðan gerð með bréfi hæstv. fjmrh. til Flugleiða, sem er dags. 10. okt., en það bréf er að finna í fskj. með skýrslu hæstv. samgrh. Það var þetta bréf, sem samgrh. kallaði flækjubréfið, en hæstv. samgrh. sagði í viðtali við Morgunblaðið hinn 12. okt. s. l. orðrétt, með leyfi forseta:

„Ég er mjög óhress yfir því, að fjmrh. sé að flækja þetta mál með bréfi sínu til Flugleiða, það á að ganga hreint til verks og þetta mál liggur fyrir afgreitt í ríkisstj."

Þetta bréf hæstv. fjmrh. er að sjálfsögðu skrifað í sama tilgangi og fyrri aðgerðir Alþb.-manna. Hér er reynt að draga málið á langinn og flækja það til þess að gera hæstv. samgrh. og stjórnendum Flugleiða erfiðara um vik í stöðunni.

Ég ætla ekki að tíunda frekar hér þátt Alþb.-forustunnar í þessu máli öllu, en kemst þó ekki hjá því að undirstrika tvískinnung þeirra með því að vitna til nýlegs blaðaviðtals í Helgarpóstinum, þar sem hv. þm. Ólafur Ragnar situr fyrir svörum. Hann segir það að hann hafi aldrei sett fram ákveðnar skoðanir um þjóðnýtingu Flugleiða. Og síðar í sama viðtali segir hann að slíkar hugmyndir séu varla tímabærar, því að fyrst þurfi að greina á milli nauðsynlegs flugs innanlands og við næstu nágrannalönd annars vegar og áhættuflugs hins vegar. Þetta vil ég leggja áherslu á því að enn er lokaþáttur málsins eftir. Þótt Alþ. samþykki heimildarlög fyrir ríkisstj. um aðstoð við Flugleiðir, þá á ríkisstj. endanlega eftir að ganga frá sínum málum. Í samþykkt ríkisstj. frá 16. sept. er gerður greinarmunur á svokölluðu grundvallarflugi og öðru flugi. Á þetta lögðu Alþb.-menn ofurkapp, að greina á milli þessa tvenns, og þessi kafli í samþykkt ríkisstj. verður án efa notaður í framtíðinni af Alþb. til tilrauna sem ganga í átt til meiri áhrifa opinberra aðila eða jafnvel þjóðnýtingar á flugsamgöngum þjóðarinnar.

Hæstv. fjmrh. kom hér í pontu áðan og það var athyglisvert að heyra hann í fyrsta skipti í langan tíma tala fyrir hönd skattgreiðenda og bera hag þeirra fyrir brjósti. Það var vissulega tími til kominn að hann gerði það, því að undanfarin tvö ár hefur hann ásamt kollegum sínum hæstv. í ríkisstj. verið önnum kafinn við það að íþyngja þessum sömu skattgreiðendum, eins og reyndar kom fram hjá síðasta hv. ræðumanni þegar hann benti á það, að fjárlagafrv. hækkaði um 200 milljarða á milli ára. Hæstv. fjmrh. kvartar undan þungum höggum Morgunblaðsins, en finnur orðum sínum ekki stað. Eftir því tóku allir hv. þm. Hann gerði Morgunblaðinu upp skoðanir og réðst síðan á þær sjálfur. Þetta kemur berlega í ljós í Morgunblaðinu sjálfu þriðjudaginn 14. okt., þar sem hæstv. ráðh. skrifar aths. og þeirri aths. er svarað. Ég vísa til þeirrar aths. beint. Það, sem hins vegar er athyglisvert við málflutning hæstv. fjmrh. allan tímann, er að hann ruglar saman tveimur málum: Annars vegar þeirri ákvörðun ríkisstj. að fara fram á það við Flugleiðir, að Flugleiðir haldi áfram fluginu yfir Norður-Atlantshafið og að ríkisstj. skuli í því sambandi leggja fram ákveðið áhættufjármagn, sem auðvitað er bein afleiðing af ákvörðun hæstv. ráðh. og annarra ráðh. ríkisstj. sjálfrar. Hins vegar ríkisábyrgðinni, sem er beiðni Flugleiða og er sams konar ábyrgð og Flugleiðir og reyndar fjöldi annarra fyrirtækja hafa farið fram á og mér er ekki kunnugt um að íslenskir skattgreiðendur hafi nokkurn tíma tapað á, því að þar kemur veð fyrir. Það er líka athyglisvert að hlusta á þennan sama hæstv. ráðh. koma hér í ræðustól og fjalla um það, að þetta og hitt sé ekki hægt vegna reglna ríkisábyrgðasjóðs. Ekkert stendur í lögum um þetta, hve mikið þarf að standa sem veð á bak við. En hitt er ljóst, að reglugerðir geta tekið breytingum og það er ríkisstj. á hverjum tíma, ráðherrar í ríkisstj., sem geta sjálfir breytt þessum reglum. Og það eru mýmörg dæmi þess, að hærra hlutfall hafi verið notað heldur en 60%, sem sífellt er tönnlast á.

Hitt er svo annað mál, að það er óþarfi í sambandi við ríkisábyrgðina að vera að tefla fjármunum skattgreiðenda í tvær hættur. Það verður auðvitað að meta. Og allir taka undir það, að það er óþarfi af hæstv. ráðh. að koma fram fyrir alþjóð aftur og aftur og tala um það, að bakábyrgðin sé komin til vegna beiðni Flugleiða. Bakábyrgðin sé komin til vegna beiðni Flugleiða. Bakábyrgðin er fyrst og fremst afleiðing af þeirri stefnu ríkisstj. að fara fram á það við þetta fyrirtæki, að það haldi áfram starfsemi sem sjáanlega er ekki arðbær. Og ég vona að þetta hafi komist inn hjá hæstv. fjmrh. Ef ekki, þá tek ég að mér að endurtaka þessi orð síðar. (**Gripið fram í:** Þýðir nokkuð að reyna að útskýra þetta fyrir okkur?)

Það er ljóst, að vöxtur og viðgangur íslenskra flugmála var samfellt ævintýri, svo að ég noti orð sem ég greip til þegar ég heyrði það hjá síðasta hv. ræðumanni, og má þá nota það í nánast hvaða merkingu sem er. En það er e. t. v. hollt að velta fyrir sér þeirri spurningu, hvort ríkisflugfélag hefði staðið sig betur í þeim efnum en einkaframtakið hefur gert. Ég held að svo sé ekki. Við skulum velta fyrir okkur hvernig ríkisfyrirtæki hefði tekið á hinni hörðu samkeppni á Norður-Atlantshafsflugleiðinni. Við skulum einnig velta því fyrir okkur, hvernig ríkisrekið flugfélag hefði staðið að uppsagnarmálum á samdráttartímum. Og við skulum spyrja okkur þeirrar spurningar, hvort hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson og Baldur Óskarsson séu færari sem stjórnendur flugfyrirtækis en stjórnendur Flugleiða með sína margra ára reynslu.

Eins og ég hef áður sagt, gefur efni sjálfrar skýrslunnar ekki tilefni til mikilla umræðna. Þar er fremur um staðreyndaupptalningu að ræða en pólitískt mat eða greinargerð fyrir stefnumótun. Ég sakna í skýrslunni greinargóðs rökstuðnings fyrir þeirri ákvörðun ríkisstj. að biðja Flugleiðir um að halda áfram Norður-Atlantshafsfluginu. Jafnframt er varla vikið orði að því, hvernig yfirvöld samgöngumála ætla sér að nota þann eins árs frest sem aðstoðin gefur. Það, sem hins vegar vekur sérstaka athygli, er það sem vantar í skýrsluna, og ég vil minnast á nokkur slík atriði:

1) stefnubreytingu gagnvart Flugleiðum vegna nýrra flugrekstrarbreytinga eða leyfa,
2) seðlabankamálið svokallaða og loks
3) varnarliðsflugið.

Í skýrslu hæstv. samgrh. er lítillega fjallað um sameiningu flugfélaganna, Flugfélags Íslands og Loftleiða, og ástæðuna til þeirrar sameiningar. Ég tel ástæðu til að fjalla ítarlegar um þetta mál á þessu stigi með sérstöku tilliti til þess, að fyrir skömmu virðist hafa orðið stefnubreyting af hálfu flugmálayfirvalda í þessum efnum.

Það var hinn 3. nóv. 1972, að báðum flugfélögunum barst samhljóða bréf frá þáv. hæstv. samgrh., svo hljóðandi, með leyfi forseta:

„Flugmálastjórinn hefur skýrt rn. frá fyrirætlun Flugfélags Íslands hf. og Loftleiða hf. um flug flugfélag-

anna á flugleiðinni milli Íslands og Noregs, Danmerkur og Svíþjóðar á þessum vetri. Hefur flugmálastjóri varað við hinni hörðu samkeppni félaganna, sem stofni rekstraröryggi þeirra í hættu. Flugráð hefur fjallað um málið og fylgir bráðabirgðaálit flugráðs hjálagt, dags. 26. f. m. Ráðuneytið er sammála flugráði um, að nauðsynlegt sé af þjóðhagslegum orsökum að draga úr innbyrðis samkeppni íslensku flugfélaganna. Vill rn. beina því til beggja flugfélaganna, að þau taki nú þegar upp viðræður um ráðstafanir til að draga úr samkeppni sinni á Norðurlandaleiðinni. Hafi ekkert komið fram um næstu mánaðamót um sameiginlegar aðgerðir félaganna til að draga verulega úr samkeppni á téðum flugleiðum, mun rn. óska tillagna flugráðs um skiptingu umræddra flugleiða milli félaganna samkv. því, sem segir í niðurlagi bréfs flugráðs."

Í framhaldi af þessu bréfi þáv. samgrh. tóku flugfélögin síðan upp viðræður og þáv. samgrh. tilnefndi hlutlausan aðila til að stýra viðræðunum. Eftir alþekkta sameiningarsögu tóku Flugleiðir síðan til starfa 1. ágúst 1973 á grundvelli samþykktar aðalfundar félaganna sem haldinn var 28. júní. Áður en málið kom fyrir aðalfund félaganna þótti rétt að fá þann skilning flugfélaganna staðfestan af samgrn., að eftir sameiningu þeirra yrði þeim veitt einkaleyfi á áætlunarflugi til útlanda. Í svarbréfi þáv. samgrh., dags. 25. júní 1973, segir svo um þetta atriði, með leyfi forseta:

„Ráðuneytið minnir á, að Flugfélag Íslands hf. og Loftleiðir hf. hafa annaðhvort eða bæði allt frá því fyrsta verið tilnefnd af Íslands hálfu til að njóta þeirra réttinda sem Ísland hefur haft samkv. loftferðasamningum við önnur ríki, hafi félögin viljað starfrækja flug á viðkomandi flugleiðum. Telur rn. ekki neina ástæðu til þess að gera ráð fyrir að breyting verði á þessari stefnu, þótt yfirstjórn félaganna verði sameinuð, nema síður sé. Rn. minnir á að opinber stjórnvöld hafa átt frumkvæði að sameiningartilraunum flugfélaganna, og hlýtur rökrétt afleiðing þeirrar stefnu að vera sú, að sameinað flugfélag eða núverandi flugfélög, sem verða undir þess yfirstjórn, verði tilnefnd til að njóta allra þeirra réttinda til reglubundins áætlunarflugs á erlendum flugleiðum sem Ísland hefur samkv. loftferðasamningum og það eða þau vilja nýta."

Þetta er afar mikilvæg stefnulýsing í íslenskum flugmálum. Þetta er úr bréfi þáv. samgrh., og af því að langt er um liðið er ástæða til að rifja það upp hér, að þáv. samgrh. var Hannibal Valdimarsson, sem var formaður flokks Frjálslyndra og vinstri manna, þess flokks sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson var í þá stundina. Forsrh. í þáv. ríkisstj. var Ólafur Jóhannesson, núv. hæstv. utanrrh. og fyrrum formaður Framsfl., sem Ólafur Ragnar hóf störf í á sínum tíma. Aðild að ríkisstj. átti jafnframt Alþb., núv. flokkur hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar, sem er þess vegna eins konar samnefnari fyrir þessa stjórn. Þetta er nú rifjað hér upp meira til gamans, því að hv. þm. tekur því ávallt vel þegar hann er minntur á þennan feril sinn í pólitískum samgöngumálum sínum. Og hann er, hv. þm., næstur á eftir mér — eða var það samkv. mælendasrká — í ræðustólinn, en ég sé að hann hefur vikið af fundi þannig að ég vona að viðstaddir skili þessum orðum til hans.

Aðalatriði málsins er hins vegar það, að ríkisstj. Olafs Jóhannessonar gaf árið 1973 ákveðið vilyrði, ef ekki loforð fyrir því, að með sameiningunni yrðu Flugleiðum tryggð réttindi til reglubundins áætlunarflugs á erlendum flugleiðum sem félagið vill nýta. Fyrir stuttu gerist sú mikilvæga breyting og markverðu tíðindi, að núv. samgrh. og nýr fomaður Framsfl. breytir þessari stefnu án þess að nokkrar verulegar umræður hafi farið fram um það mál. Þetta gerir hann með því að veita Iscargo leyfi til farþegaflugs milli Amsterdam og Reykjavíkur. Hér er á ferðinni gífurleg stefnubreyting, sem hefur að sjálfsögðu áhrif á rekstur Flugleiða og snertir sjálfan tilverugrundvöll félagsins. Í fyrirliggjandi skýrslu er ekkert minnst á þetta mál, þótt vitað sé að Flugleiðir hafi ráðgert flug til Amsterdam á næsta sumri. Í þessu efni þarf hæstv. samgrh. að gefa skýringar á því, hvað vaki fyrir honum. Og auðvitað verður ríkisstj. að gera þingheimi og þjóð grein fyrir því, að hvaða ástæðum stefnunni er breytt nú á þessum síðustu dögum.

Hér hef ég talað um það sem ekki var í skýrslunni. Og þá vekur það enn fremur almenna athygli, að ekkert er í skýrslunni minnst á fyrirhugaða fyrirgreiðslu hæstv. samgrh. við starfsmenn Flugleiða með aðstoð Seðlabankans. Baldur Oddsson flugmaður, formaður Félags Loftleiðaflugmanna, hefur haldið því fram í blaðaviðtali við Vísi 6. okt., að Seðlabankinn hafi verið tilbúinn að lána viðskiptabönkum til að þeir gætu endurlánað starfsmönnum Flugleiða vaxtaaukalán til hlutabréfakaupa. Í skýrsluna vantar bréf hæstv. samgrh. til Seðlabankans og svarbréf Seðlabankans. Eða fóru kannske aldrei nein bréfaskipti fram? Hafi Seðlabankinn verið tilbúinn til að lána, hverjir áttu þá að fá lánin? Alþingi á heimtingu á að fá skýr svör við þessum spurningum, en ekkert er getið um þennan þátt í skýrslunni. Og það er fjöldi manns, fjöldi starfsmanna í öðrum fyrirtækjum, m. a. í Arnarflugi, sem leitað hafa til ráðh., og sömuleiðis í fiskiðnaðinum, sem vildu þá gjarnan fá sams konar fyrirgreiðslu hjá þessum nýja dyraverði Seðlabankans.

Á sameiginlegum fundi samgrh. Íslands og Lúxemborgar í Lúxemborg hinn 24. mars sagðist hæstv. samgrh. mundu beita sér fyrir því, að Flugleiðir fái stærri hluta í varnarliðsflutningum. Um þetta mál er ekkert fjallað í skýrslunni nema í fskj. II, sem er samþykkt fundargerð frá fundi þeirra Barthels og hæstv. samgrh. í Lúxemborg 24.—25. mars.

Ekki verður hjá því komist að ræða örlítið um frv. til l. um málefni Flugleiða á þskj. 34, sem dreift var í gær, svo snar þáttur er það í öllu málinu. Frv. er heimildarfrv. og þess vegna er það ríkisstj. sem endanlega verður að taka ákvörðun í málinu. Athyglisvert er að frv. er lagt fram í Ed., en formaður fjh.- og viðskn. þeirrar hv. d. er hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, sem vonandi tekur til máls hér á eftir, þannig að það verður fróðlegt að fylgjast með hugmyndum hans um málið. Það verður fróðlegt að sjá, hvort hann reynir þar að tefja málið eða hvort hann étur fyrri yfirlýsingar sínar ofan í sig fyrirhafnarlaust.

Aðalatriðið er að hæstv. ríkisstj. og hv. Alþ. átti sig á því, að fresturinn er stuttur og fjöldi manna bindur vonir við skjóta lausn málsins.

Varðandi heimild ríkisstj. til að auka hlutafjáreign sína úr 6% í 20% finnst mér ástæða til að fyrst sé leitað eftir því, hvort starfsfólk og aðrir áhugaaðilar vilji kaupa hlutabréf. Að því loknu er fyrst ástæða til þess fyrir ríkið að auka hlutafjáreign sína umfram núverandi eignarhlutfall. Er það væntanlega í samræmi við þá stefnu hæstv. fjmrh. að fara ekki illa með og tefla ekki á tæpasta vað með fjármuni skattborgaranna.

Í 4. gr. frv. er ríkisstj. heimilað að fella niður ógreidd lendingargjöld fram til 1. okt. 1980. Þetta er ekki í samræmi við till. hæstv. samgrh. Steingríms Hermannssonar í Lúxemborg 24. mars, þar sem talað er um að fella niður lendingargjöldin fyrir allt árið 1979. Eða þannig skilur maður a. m. k. þá setningu. Þess má geta, að Lúxemborgarmenn hófu undanbragðalausar endurgreiðslur á lendingargjöldum fyrir sitt leyti vegna ársins 1979 strax í apríl s. l., en samkv. 4. gr. frv. virðist ætlun hæstv. ríkisstj. ekki vera sú að endurgreiða gjöldin sem fyrirtækið hafði þegar greitt, en það var fyrir a. m. k. 6—7 fyrstu mánuði ársins.

Mér er að vísu ljóst að þetta orðalag 4. gr. er betra en var í flækjubréfinu, sem kom frá hæstv. fjmrh. og ekki er birt með frv. af eðlilegum ástæðum, og veit það á gott. En samt gætir hér misræmis við till. hæstv. samgrh. í mars og gerðir yfirvalda í Lúxemborg.

Í 5. gr. frv. er minnst á aukin áhrif starfsfólks með sölu hlutabréfa til þeirra. Undir þetta vil ég taka sérstaklega. Það er ljóst, að starfsmannamál fyrirtækisins eru og hafa verið mikið vandamál, sem best verður leyst með aukinni eignarþátttöku og ábyrgð starfsmanna.

Loks tel ég ástæðu til að minnast sérstaklega á það, að ég tel afar mikilvægt að Flugleiðir haldi eignarhlut sínum í Cargolux, því að þar kann að leynast möguleiki í framtíðinni til frekari aðgerða sem komið geta íslensku flugfólki að gagni. Og ég vil taka sérstaklega undir orð síðasta hv. ræðumanns í þeim efnum.

Ég hef nefnt nokkur atriði og spurt spurninga sem ég vonast til að fá skýr svör við. Ég vil bæta nokkrum spurningum við í lokin, fyrst til hæstv. fjmrh.:

Ætlar fjmrh. að halda fast við skilyrði þau fyrir ríkisábyrgð sem hann setur fram í bréfi til Flugleiða hinn 10. okt. s. l., jafnvel þótt það leiði til rekstrarstöðvunar fyrirtækisins, atvinnumissis nokkurra hundraða starfsmanna og stöðvunar á flugsamgöngum innanlands og milli landa? Eða ber kannske að skilja frv. á þann veg, að hann sé fallinn frá þessum skilyrðum?

Önnur spurning til hæstv. fjmrh.: Í títt nefndu bréfi fjmrh. er Flugleiðum bent á að leita til viðskiptabanka félagsins, sem er Landsbankinn, um úrlausn á meðan athugun fer fram á veðhæfni og reynt er að ná samkomulagi um sölu eignanna. Og ég spyr: Telur fjmrh. Landsbankann vera í stakk búinn til að taka slíkt á sig?

Og nokkrar spurningar til hæstv. samgrh.: Veit hæstv. samgrh. um það, að Arnarflug bað um flugrekstrarleyfi árið 1976 til Amsterdam og fimm annarra borga í Evrópu og ítrekaði það 1978 og að þeirri beiðni var aldrei sinnt og aldrei svarað? Var gerð úttekt á fjárhagsstöðu Iscargo þegar flugrekstrarleyfið til Amsterdam var veitt? Hefur Iscargo staðið í skilum með opinber gjöld, lífeyrisgreiðslur og orlofsgreiðslur vegna starfsmanna? Hvernig eru skil Iscargo við leigusala Electra-flugvélar flugfélagsins sem er á leigukaupasamningi?

Þessar spurningar eru settar fram vegna þeirrar nýju stefnu hæstv. samgrh. að fjölga aðilum í reglubundnu utanlandsflugi, sem er þvert á fyrri stefnu sem ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar mótaði. Og til viðbótar má spyrja: Getur Arnarflug búist við slíku leyfi? Hvaða áhrif telur ráðh. að þessar leyfisveitingar muni hafa á rekstur Flugleiða? Felst í leyfisveitingu ráðh. til Iscargo að hann telji það hafa verið misráðið af stjórn Ólafs Jóhannessonar á sínum tíma að stuðla að sameiningu Loftleiða og Flugfélags Íslands?

Loks eru hér spurningar til hæstv. utanrrh., sem ég sé að er nú því miður ekki hér staddur. En það er ástæða til þess að spyrja hann, því umr. verða eflaust áfram fleiri daga um þetta mál.

Hæstv. utanrrh. var á ferð í Washington fyrir skömmu þar sem hann ræddi við bandaríska ráðamenn, og ég vil leyfa mér að spyrja hann í fyrsta lagi: Ræddi hann við bandaríska ráðamenn hugsanlega flutninga fyrir varnarliðið með vélum Flugleiða. Í öðru lagi: Ef svo er, við hverja ræddi hann? Og í þriðja lagi: Hverjar voru undirtektirnar?

Og enn ein spurning til hæstv. utanrrh.: Er hæstv. utanrrh. sammála því sjónarmiði hæstv. samgrh., að sameining flugfélaganna, sem ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar beitti sér fyrir á sínum tíma, hafi verið misráðin og því beri að dreifa fluginu meira en gert hefur verið?

Nýjasta fskj., sem birt er í skýrslu samgrh. er grg. frá eftirlitsmönnum hæstv. samgrh. og hæstv. fjmrh. Þessi grg. er að miklu leyti byggð á störfum Rúnars Jóhannssonar endurskoðanda, en hann yfirfór gögn og upplýsingar frá endurskoðendum Flugleiða um fjárhagsstöðu félagsins miðað við 30. júní 1980. Í bréfi Rúnars til eftirlitsmannanna, dags. 10. sept., sendir hann þeim vinsamlega ábendingu, sem ég sakna úr þeirra skjali sem er bréf til hæstv. ráðh. Ábendingin er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Eftirlitsmennirnir ættu ekki (að áliti Rúnars Jóhannssonar) að leggja eitthvert ofurkapp á að toga það endurmat niður sem stjórnendur fyrirtækisins reyna að hífa upp. Hversu mikið sem reynt verður að toga endurmatið niður verður ekki hægt að ná „verðmæti" Flugleiða hf. miðað við 30. júní 1980 niður fyrir núllið. Hér er átt við þá hefðbundnu skilgreiningu á hugtakinu „verðmæti fyrirtækis" sem miðar við markaðsverð einstakra eigna á matsdegi."

Herra forseti. Hér hefur ekki gefist tími til að ræða verðlagsstefnu ríkisstj. í innanlandsfluginu, hinn óvinsæla flugvallaskatt, sem var stórhækkaður á síðasta þingi, né heldur ýmis atriði önnur sem beinlínis snerta afstöðu ríkisvaldsins til flugrekstrarins og vissulega hafa áhrif í þessum efnum. Aðalatriði þessa máls er að ríkisstj. hefur sjálf tekið ákvörðun um að halda áfram Norður-Atlantshafsfluginu og hún verður því að standa við sitt án undandráttar. Því miður skortir skýr markmið í flugmálastefnu stjórnarinnar og með rekstrarleyfi Iscargo er málið opnað upp á gátt og orð fyrri samgrh. að engu höfð.

Ég hef rakið þátt Alþb.-forustunnar í málinu og augljósan vilja hennar til að þjóðnýta flugstarfsemina. Þessi viðhorf Alþb. hafa tafið málið og dregið nauðsynlegar ákvarðanir á langinn. Líkja má afstöðu Alþb. gagnvart Flugleiðum við bónda sem beðinn er um að lána hey í nauðum og hann bregst við með því að setja þau skilyrði að skepnunum, sem áttu að éta heyið, verði slátrað.

Ég minni að síðustu á þær spurningar, sem ég hef spurt hæstv. ráðh., og vænti skýrra svara við þeim. Á næstu dögum hlýtur að verða ljóst hver endanleg afstaða ríkisstj. verður í málefnum Flugleiða, og þar með lýkur vonandi þeirri óvissu sem dráttur ríkisstj. hefur valdið. Þá reynir enn á ný á stjórn og starfsmenn Flugleiða sem eiga við næga erfiðleika að etja samt.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Það verður ekki

hjá því komist að ræða í nokkru samhengi annars vegar skýrslu þá, sem hæstv. samgrh. mælti fyrir í dag og borin er fram að beiðni okkar þm. Alþfl., og hins vegar það frv. til l. um málefni Flugleiða hf., sem fjmrh. lagði fyrir Ed. Alþingis í gær.

Það er auðvitað svo með þetta mál eins og flest önnur kannske, að það á sér mikla sögu. Einn þáttur þessarar sögu er, eins og hér var lýst áðan réttilega, ævintýri líkastur. Samt er það svo, að þar er nokkuð um bæði goðsagnir og ýkjur. Þau gömlu flugfélög, sem sameinuð voru, kannske illu heilli, snemma á þessum áratug voru auðvitað engar kennslubókarfyrirmyndir um frjálst framtak, ekki eins og um það má lesa í kennslubókum a. m. k. Þvert á móti voru þetta fyrirtæki sem í sögunni nutu margháttaðrar fyrirgreiðslu ríkisvalds bæði í fjármagnsformi og einkum og sér í lagi í formi pólitískrar fyrirgreiðslu í sambandi við einkaleyfi. Og ég hygg að inn í þessa sögu alla og inn í þá umræðu, sem hér á sér stað, spili sumpart fölsk ímynd um glæst einkaframtak, sem þó var a. m. k. að nokkru býsna blendið alla tíð.

En það breytir ekki hinu, að það er auðvitað alveg ljóst, og var ljóst fyrir allnokkrum árum, þegar einkum í Bandaríkjum Norður-Ameríku var tekin upp ný stefna í fargjaldsmálum, að vandamál þessa stóra og sameinaða félags jukust hröðum skrefum. Og það er líka ljóst — við getum séð það núna — að fyrirtækið brást ekki rétt við. Það brást of seint við. Stjórnin, sem sat fyrir félaginu, hikaði við að taka ákvarðanir. Þær ákvarðanir, sem kynntar voru fyrir tveimur mánuðum eða svo, voru auðvitað ákvarðanir sem a. m. k. átti að kynna, ef ekki taka fyrr. En það er svo með þetta mál eins og önnur, að það er auðvelt að vera vitur eftir á.

Þetta er auðvitað kjarni málsins. Og kjarni málsins er efalítið líka sá, að kenningar hagfræðingsins Galbraith eiga sennilega býsna vel við í þessum efnum. Hann segir að þegar fyrirtæki séu komin yfir ákveðna stærð og farin að teygja sig víða, þá gildi einu hvert rekstrarformið er, hvort um ríkisrekstur eða einkarekstur eða einhvern annan rekstur er að ræða, fyrirtækin hegði sér nokkuð svipað.

Ég get tekið undir margháttaða gagnrýni á ríkisfyrirtæki hér í landinu, sem eru þung í vöfum, taka seint ákvarðanir, bregðast seint við. En ég held að nákvæmlega sama gagnrýnin eigi við um ákvarðanir sem kynntar voru seint og ekki voru teknar í sögu þessa félags nú fyrir nokkrum árum. Við erum að hluta til að súpa seyðið af því nú, og nú er verið að biðja okkur, sem hér erum m. a. og kannske fyrst og fremst umboðsmenn skattgreiðenda, að taka þær til rækilegrar íhugunar.

Ég vil líka segja það um þetta mál, að flestar eða allar þær spurningar, sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson bar fram hér á haustmánuðum 1978 og óskaði eftir að þm. tækju til ákvörðunar, áttu auðvitað fullan rétt á sér. Og auðvitað var engin ástæða til að bregðast illa við. Það var heldur engin ástæða til að væna þm. um illar hvatir, að ég tali ekki um að fara að blanda persónu hans inn í það, sem auðvitað kom þessu máli nákvæmlega ekkert við. Það voru bornar fram spurningar og þessum spurningum átti auðvitað að svara.

Í þessu sambandi vil ég ítreka og minna á hugmyndir sem hafa verið reifaðar hér í þingsölum á seinni árum um aukið hlutverk þingnefnda. Þetta hefði átt að vera verkefni þingnefndar. Og ég fullyrði að þá hefðu a. m. k. upplýsingar legið fyrr fyrir en raun hefur á orðið í þessu máli.

En þrátt fyrir það sem ég nú hef sagt vil ég taka það skýrt fram, að það á ekki að stýra fyrirtækjum úr sölum Alþingis, það á ekki að vera verkefni alþm. Hitt er eðlilegt, að alþm. hafi á þessu skoðanir og reyni að kynna sér mál þegar þeir sem umbjóðendur skattgreiðenda eru beðnir um að ganga í leikinn. Og auðvitað er það saga málsins, a. m. k. varðandi stóru upphæðirnar sem hér er um að ræða, að þetta tiltekna fyrirtæki bað ekki um þær, heldur þvert á móti, það vildi skera niður starfsemi sína og framkvæma það sem ævinlega fylgir óhjákvæmilegur sársauki, að fækka starfsfólki. Og fyrirtækið lagði þessar hugmyndir fram, að vísu frá rekstrarfræðilegu sjónarmiði sennilega of seint, og það er þá sem farið er að *frumkvæði ríkisvaldsins, hæstv. ríkisstj. eða a. m. k.* samgrh., sem í henni situr, nánast að skakka leikinn, biðja um að snúa dæminu við, fara hægar, leggja ekki niður flugið og segja ekki upp fólkinu. Og það skiptir verulegu máli í þessu samhengi, að þetta frumkvæði er frá ríkisvaldinu komið. Þar með er náttúrlega þetta sama ríkisvald að taka á sig vissa ábyrgð, bæði gagnvart fyrirtækinu og gagnvart fólkinu sem þar vinnur. Út af fyrir sig eru það auðvitað góð og gegn sjónarmið sem mæla með þessari ákvörðun ríkisstj., en það verðum við þó líka að hafa hugfast, að með þessum afksiptum, — og ég vil nú koma að því seinna, að þau hafa verið af ýmsu tagi, — með þessum afskiptum axlar auðvitað ríkisstj. vissa ábyrgð. Í þeirri skýrslu, sem fram er lögð í dag og hér hefur raunar verið vísað til, eru talin upp í fskj. II á bls. 15 atriði sem Íslenska ríkisstj. hefur kynnt í Lúxemborg, — og undir skrifar hæstv. ráðh. Steingrímur Hermannsson — og auðvitað er ekki nokkur leið að skilja öðruvísi en sem loforð ríkisstj. til stuðnings þessu fyrirtæki og þessum rekstri, um sinn a. m. k.

En síðan fer það að gerast, að þessi afskipti fara að verða með ólíkindum. Á bls. 15 í skýrslunni eru kynnt loforð hæstv. ráðh. Steingríms Hermannssonar, en kjarni málsins er bara sá, að í því frv. til l., sem lagt er fyrir Alþ. í gær, er gengið miklu, miklu skemmra en ráðh. hafði lofað í Lúxemborg, sem þýðir auðvitað einfaldlega það, að orðum ráðh. í þessum efnum var ekki að treysta, sem efalítið stafar af pólitískum innri ástæðum í núv. hæstv. ríkisstj. En ráðh. er auðvitað búinn að hafa margháttuð afskipti af þessu. Eitt eru loforðin í Lúxemborg, en aðstoðin, sem nú er verið að tala um, gengur miklum mun skemmra en þar er gert ráð fyrir. Annað eru hin dæmalausu afskipti þegar ráðh. virðist hafa mælst til þess við Seðlabankann, þó um það sjáist hvergi enn pappírar, að hann hjálpaði tilteknu starfsfólki Flugleiða til þess að kaupa hlutabréf rétt fyrir aðalfund sem verið var að halda í félaginu. Og ég vil vekja athygli á því, að Starfsmannafélag Flugleiða hefur mótmælt þessu, það á enga aðild að þessu. Ég held að a. m. k. annað flugmannafélagið hafi líka gert það. Og hvað er þá um að ræða? Það er engu líkara en að ráðh. sé að spila með tilteknum hóp innan fyrirtækisins í þessum efnum, og þetta er náttúrlega framkoma sem er slíkt einsdæmi, hygg ég og vona, að engu tali tekur. Það má hugsa þessa hugsun áfram. Hvað með starfsfólk frystihúsa ef það óskar eftir að eignast hlut í sínu fyrirtæki — sem kannske gengur illa að reka? Á þá sjútvrh. að skipa Seðlabanka að koma því til hjálpar? Ég sé að útgerðarmaður situr hér fyrir framan mig — hann ætti að hugleiða þetta. Og hvað með önnur

rekstrarform sem illa ganga? Þetta er auðvitað tómt frumhlaup og flumbruháttur af hæstv. ráðh., en því miður dæmigerður fyrir fleira af því sem gerst hefur í þessum efnum. Ég bið menn bara að velta fyrir sér fordæminu sem þarna er gefið. Ég bið menn að velta því fyrir sér, að starfsmannafélag viðkomandi fyrirtækis hefur mótmælt því, að við það er ekki talað. Það er talað við tiltekinn hóp tiltekinna starfsmanna innan þessa fyrirtækis. Og þá er von að menn spyrji: Eru það fleiri undirmál sem fylgja gjörðum hæstv. ráðh. í þessum efnum? Og af hverju er eðlilegt að spyrja slíkrar spurningar? Vegna þess að nú á allra síðustu dögum, á sama tíma og verið er að leggja fram frv. um opinbera aðstoð við þetta fyrirtæki — og alveg burt séð frá því, hvort það er gott eða vont frv. — er hæstv. ráðh. að veita fyrirtæki, sem Iscargo heitir, einkaleyfi til farþegaflugs í fyrsta skipti, þrátt fyrir það, og mér er kunnugt um það, að umsókn um sams konar flug hefur árum saman legið í samgrn. frá öðru félagi sem þó stundar farþegaflug og heitir Arnarflug. Og ég spyr enn: Þegar allt þetta er tíundað, er þá ekki ástæða til að spyrja hvort það séu fleiri undirmál sem fylgja hjá hæstv. ráðh.? Og er ráðh. yfirleitt trausts verður í þessu máli? Hvaða undirmál gætu það verið?

Svo háttar til að því er fyrirtækið Arnarflug varðar, að eignaraðild Flugleiða að því nemur 57% af hlutabréfum. Fjmrh. fer fram á í þessu frv. til l., heimild til að veita tiltekna fjárhagsfyrirgreiðslu, sem skýrð er í fyrstu fjórum gr. frv., en í 5. gr. falast ríkisstj. eftir heimild til að setja þau skilyrði sem hún telur nauðsynleg. Hvernig líst mönnum á það, að Alþ. framselji ríkisstj., — sem við vitum að logar í óeirðum, m. a. um þetta mál, og þar sem samgrh. hefur hagað sér, svo ekki sé meira sagt, skringilega í þessum efnum, — framselji henni skilyrði án þess að hafa hugmynd um hver þau eru? Á t. d. að selja hlut Flugleiða í Arnarflugi? Er það eitt af skilyrðunum? Og ég spyr: Ef það á að selja þennan hlut, hver á þá að kaupa hann? Iscargo kannske, sem augljóslega virðist njóta sérstakrar fyrirgreiðslu hjá hæstv. ráðh. nú? Spyr sá sem ekki veit. Það hlýtur að vera krafa þm., ef þeir eiga að samþykkja að ríkisstj. megi setja einstaklingum eða fyrirtækjum — eða hverju öðru því sem frjálst er í þessu landi — skilyrði, að þeir fái að vita fyrir fram hver skilyrðin eru, vegna þess líka að framganga hæstv. ráðh. í þessu máli nú síðustu daga hefur verið með slíkum endemum að honum er ekki treystandi til að fara með þessi skilyrði. Bæði er „prinsipið" vont og sérstaklega hygg ég þó að það væri vont í þessu tilfelli, eins og þessi saga er orðin nú á síðustu dögum.

Ég er þeirrar skoðunar að því er 5. gr. þessa lagafrv. varðar, að það séu lögregluríkisaðgerðir sem hér er verið að leggja til, ef við skoðum þær í samhengi við aðra atburðarrás í þessu máli.

Það er fleira svo furðulegt í málflutningi um þetta efni, ekki síst hjá hæstv. ráðh., að ég gæti vel trúað að hann gæti hugsað sér að vera forstjóri fyrir flugfélagi. Hann er það bara ekki. Hann er samgrh. og alþm. En þegar hann talaði fyrir skýrslunni í dag flytur hann ræðu sem líkist helst yfirlitserindi á aðalfundi í hlutafélagi. Hver er munurinn? Hann tekur það t. d. sérstaklega fram, að löggjafinn eigi að skilyrða það með einum eða öðrum hætti, að samskipti starfsfólks og stjórnar fyrirtækisins eigi að vera góð. Ég hef aldrei vitað til þess, að það væri löggjafaratriði yfir höfuð að tala. Ég spyr náttúrlega fyrst: Fer ráðh. hér með undirmál eina ferðina enn? Er hann talsmaður einhvers tiltekins hóps innan þessa fyrirtækis, einhvers hálaunahóps til dæmis? Ef svo er, þá á ráðh. að segja það. En ég hef aldrei vitað til þess, að mannanna samskipti með þessum hætti séu löggjafaratriði. Við höfum ekki lög um það, að hjón eigi að koma sér vel saman, jafnvel þó það sé æskilegt. Við setjum ekki lög um það, að menn eigi að vera vinir, jafnvel þótt það sé æskilegt. Og við setjum ekki heldur lög um það, að samskipti innan tiltekins fyrirtækis eigi að vera góð. Ef ráðh. er að leggja til breytt eignarhlutfall innan þessa fyrirtækis, t. d. að starfsfólk eigi meiri hlut, þá er það allt annað mál. En þá á hann líka að segja það sem fyrir honum kann að vaka.

Ég vil koma aftur að því, að ég er þeirrar skoðunar, að margt hafi misfarist í rekstri þessa fyrirtækis á undanförnum árum. Ég er þeirrar skoðunar, að t. a. m. spurningar, sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson lagði hér fyrir Alþ. haustið 1978, hafi verið þess eðlis, að þeim hafi átt að svara. Og það átti ekki að snúa út úr. Ég vil enn ítreka þá humynd, sem við höfum einnig verið að tala fyrir, að þetta hefði átt að vera og hefði verið æskilegt sem verkefni þingnefndar. En það varð ekki, illu heilli. Allt um það, nú eru þessi mál komin í óefni og ríkisvaldið verður að taka um þau ákvörðun. Kjósi það að gera ekki neitt — þá er þessi starfsemi úr sögunni. Það var raunar það, sem fyrirtækið sjálft lagði til fyrir tveimur mánuðum. En ríkisvaldið byrjaði með afskiptum sínum að leysa málið allt öðruvísi svo að sá möguleiki er ekki til umræðu núna, ekki í sama formi. En geri ríkisvaldið ekki neitt nú, þá er auðvitað augljóst að þessi rekstur er búinn í bili a. m. k.

Hér er hins vegar lögð til tiltekin aðstoð, og það, sem á þessu augnabliki skiptir mestu máli, er hvort sú aðstoð er t. d. að mati forráðamanna félagsins, nægjanleg. Þrátt fyrir þau rök, sem hér hafa verið flutt fyrir hönd skattgreiðenda, tel ég að úr því sem komið er sé ekki um annað að gera en að halda þessu áfram í eitt ár, vitandi um þá áhættu sem það kann að vera fyrir skattborgara í landinu. En verði það niðurstaðan eftir eitt ár, að ekki sé grundvöllur fyrir þessari starfsemi lengur, hana verði að draga saman eða henni verði að hætta, má ég þá biðja um að betur verði að þeirri ákvörðun staðið en staðið hefur verið að ákvörðunum undanfarna mánuði, þó ekki sé með hagsmuni annarra en starfsfólks fyrirtækisins í huga. Það, hvernig staðið hefur verið að þessu, augljós innri átök í ríkisstj. og stórkostlegur áherslumunur einstakra ráðherra í þessu máli, hefur auðvitað skaðað málið allt, það er ljóst.

En niðurstaða mín er sem sagt sú, að ekki sé um annað að ræða úr því sem komið er en að gera þessa tilraun í eitt ár áfram, sem og þetta frv. felur í sér. En á sama tíma tel ég fráleitt að setja fram þau skilyrði sem fjallað er um í 5. gr. með þeim hætti sem þar er. Séu sett fram skilyrði, þá á að vera vitað fyrir fram hver þau eru. Og Alþ., sem þessa ábyrgð ber, á auðvitað sjálft að setja þessi skilyrði eða vita um þau til hlítar, því með öðrum hætti er verið að bjóða upp á blóðugan leik, sem enginn á skilið, hvorki þessi stofnun né það fyrirtæki sem þarna á hlut að máli. Allt er þetta auðvitað vandræðamál, en úr því sem komið er, þá er ekki um aðra leið að ræða. Auðvitað vonum við að til þess komi ekki, að starfsemi þessara fyrirtækja eða atvinnuöryggi fólksins verði stefnt í voða. En þegar verið er að taka áhættu með fé skattborgara að veði, — stundum er slíkt réttlætanlegt, og það gerum við auðvitað í

miklu fleiri tilfellum, — verður að athuga skilyrðin betur en þetta frv. gerir ráð fyrir.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Þar sem ekki mun ætlunin að halda þessum umr. áfram í kvöld — vegna tilmæla, að því er mér skilst, ýmissa þm. — þykir mér rétt á þessu stigi að taka til máls og leiðrétta nokkur atriði sem hér hafa komið fram og kannske svara öðrum.

Ég stend fyrst og fremst upp til að leiðrétta og lýsa furðu minni á þeirri endaleysu sem streymdi úr síðasta hv. ræðumanni, Vilmundi Gylfasyni, hér í ræðustólnum rétt áðan. Hann fór þar með hvert atriðið eftir annað rangt og ætla ég að leiðrétta nokkur. Í fyrsta lagi fullyrðir hann að í því frv., sem nú liggur fyrir, sé ekki staðið við loforðin frá 16. sept. Þetta er alrangt. Í samþykkt ríkisstj., sem ég fór með til Lúxemborgar, var samþykkt að veita 3 millj. dollara bakábyrgð. Við þetta er fyllilega staðið og meira en það, því að það er meira að segja gert ráð fyrir því, að þetta fjármagn verði greitt út yfir vetrarmánuðina, sem var aldrei lofað, og var ekkert um það rætt í Lúxemborg. Auk þess er í samþykktinni frá 16. sept. gert ráð fyrir því, að ríkissjóður auki hlut sinn í 20%. Við það er fyllilega staðið og kemur fram í frv. Öðru var ekki lofað í þeirri samþykkt sem gerð var 16. sept.

Hér hefur nokkuð borið á góma aðstoð við starfslið, og verð ég að lýsa furðu minni á því sem þar kemur fram. Það er misskilningur hjá hv. þm. Friðrik Sophussyni, að ekki sé á þetta minnst í skýrslunni. Það er á það minnst í skýrslunni á bls. 12, þar sem skýrt er frá því, að samþykkt hafi verið 2. okt. að beina því til Seðlabankans að aðstoða viðskiptabanka starfsliðs við fyrirgreiðslu í þessu sambandi. Þetta var að sjálfsögðu ekki bundið við neina einstaka starfshópa, alls ekki um það að ræða, heldur að gera viðskiptabönkum starfsliðs, sem þess óskaði, kleift að inna af hendi þær skyldur sem þeim í raun og veru ber. Menn verða að athuga það, að þessir starfshópar eiga margir hverjir mjög mikið fjármagn inni í sumum bönkum, t. d. í Verslunarbankanum og í Sparisjóði vélstjóra. En vegna þess þaks, sem sett hafði verið á útlán, áttu þessir sjóðir erfitt með að greiða út það fjármagn sem þetta starfslið vildi fá til að geta aukið hlut sinn í Flugleiðum. Og ég verð að viðurkenna það að mér þykir undarlegt þegar menn lýsa því yfir hér annars vegar að rétt sé að auka hlut starfsliðs í félaginu, en leggjast svo gegn því, að viðskiptabönkum þessa sama starfsliðs sé gert kleift að koma því til leiðar. Og ég kannast ekki við það, að nokkrum starfshópi hafi verið neitað. Ég hafði engin afskipti af því — ekki nokkur. Þetta var algerlega almennt ákvæði. Mér er hins vegar kunnugt um það, að sumir starfshópar, t. d. flugvirkjar, skráðu sig fyrir 140 millj. í Flugleiðum. Mér er líka kunnugt um það, að Loftleiðaflugmenn skráðu sig fyrir 422 millj. og fleiri starfshópa gæti ég nefnt. Og satt að segja finnst mér að þegar félag er í fjármagnssvelti, eins og Flugleiðir eru, og hafa verið með á boðstólnum 240—250 millj. kr. í hlutabréfum sem ekki hafa selst, þá ætti að fagna því að starfslið vilji taka þannig aukinn þátt í starfsemi félagsins. Og mér skilst reyndar að hv. þm. Friðrik Sophusson sé þessu sammála. Hann vill aukna aðild starfsliðs að félaginu og erum við þar á sama máli.

Hv. þm. sagði einnig að ég hefði veitt Iscargo einkaleyfi til ferða til og frá Amsterdam. Það er alrangt eins og fleira. Þar er ekki um neitt einkaleyfi að ræða — alls ekki. Þetta hefur dálítið borið á góma. Menn tala um stefnubreytingu og menn tala um umsókn Arnarflugs á sínum tíma. Arnarflug sótti árið 1976 um leyfi til að fljúga til Amsterdam. Það var tekið fyrir í flugráði í jan. 1977 og fékk umsóknin eitt atkvæði, mitt atkvæði. Ég sat þá í flugráði og ég greiddi því atkvæði að Arnarflug fengi þetta leyfi, því að Amsterdamfluginu var ekki sinnt af Flugleiðum. Og þetta var tilkynnt Arnarflugi þannig að ég sé ekki betur af skjölum ráðuneytisins en að þessi umsókn hafi fengið alla þá meðferð sem gera verður kröfu til. Umsókn Iscargos hlaut fjögur atkvæði í flugráði og einn maður sat hjá. Þar hefur því tvímælalaust orðið stefnubreyting. Sá maður, sem sat hjá, er rekstrarstjóri Flugleiða, sem þekkir manna best hvaða áætlanir flugfélagið hefur um flug, og hann sá ekki ástæðu til þess að gera athugasemd eða láta bóka eftir sér neitt við þá afgreiðslu. Iscargo rekur núna fraktflug frá Amsterdam og telur sig geta sameinað frakt- og farþegaflug. Það tel ég skynsamlega stefnu. Þeir ræddu að vísu líka um heimild til farþegaflugs til Kaupmannahafnar og London, en það var alls ekki veitt. En að þetta boði stefnubreytingu, því vil ég mótmæla. Þótt þetta félag fái leyfi á einn stað, sem það rekur í dag verulegt flug til, það boðar ekki stefnubreytingu. Og meginástæðan fyrir því að þetta var veitt, er vitanlega einróma samþykki flugráðs við þessu og sú staðreynd, að félagið rekur fraktflug þangað í dag. Sameinað frakt- og áætlunarflug er að mínu mati — og líklega flugráðs þá líka — skynsamleg lausn og skynsamleg breyting á starfsemi þessa félags.

Ég er alveg sammála því sem kom fram hjá hv. þm. Benedikt Gröndal, að flugmálastefnuna þarf sannarlega að taka til endurskoðunar og að því mun verða unnið í samráði við flugfélögin. Það er rétt hjá hv. þm., að í mjög mörgum löndum er eitt félag um áætlunarleiðir til annarra landa. Það er hins vegar alls ekki svo, að allt flug til annarra landa sé bundið við eitt félag. Ég kannast ekki við neitt land þar sem svo er. Í þessum löndum flestum, ef ekki öllum eru starfandi félög sem hafa mjög víðtæka leiguflugsstarfsemi, — mjög víðtæka. Hér var starfandi félag með slíka leiguflugsstarfsemi, sjálfstætt félag utan við Flugleiðir. Flugleiðir keyptu meiri hluta í því félagi. Í dag er þess vegna allt flug með farþega til og frá landinu á einni hendi. Ég hef ekki farið leynt með það, að ég tel það vera ranga stefnu. Og ég get skýrt mönnum frá heimsókn fulltrúa ferðaskrifstofa hér á landi til mín, sem þeir staðfestu síðan bréflega, þar sem þeir bera sig mjög upp undan því, að þeir hafi í ekkert hús að leita með leiguflug t. d. annað en til Flugleiða eða til erlendra leiguflugfélaga. Og staðreyndin er sú, að flug erlendra leiguflugfélaga hefur mjög aukist hingað til lands upp á síðkastið. Ég er þess vegna mjög sammála um að þessa flugmálastefnu beri að taka til endurskoðunar. Ég er þeirrar skoðunar, að reynslan hafi kennt okkur að ekki sé hyggilegt að hafa öll eggin í einni körfu með utanlandsflugið í heild sinni. Ég tel að eitt sterkt flugfélag þurfi að hafa allar meginátlunarleiðir til og frá landinu, það séu þá algerar undantekningar ef leiguflugfélög fá eina eða tvær leiðir til þess að tengja á einhvern máta betur saman starfsemi sína að öðru leyti. En það á að vera alger undantekning. En þetta er mál sem sannarlega á eftir að vinna mjög mikið í.

Ég get tekið undir ýmislegt sem kom fram hjá hv. þm. Benedikt Gröndal. Ég er honum t. d. alveg sammála um

það, að það er vægast sagt vafasamt að eitt stórt flutningafélag eigi jafnmikið í öðru eins og hér er. Ég tel þetta vera rangt. Ég er einnig sammála honum um það, að útþensla Flugleiða hefur verið óeðlilega mikil og að ég tel ekki fyrirtækinu til góðs. Þau tök, sem eitt félag hefur t. d. á meiri hlutanum á hótelrými hér í bæ, eru að mínu mati ákaflega vafasöm og þarf að endurskoða slíkt og fleira.

Hér hefur verið rætt nokkuð um sölu eigna og menn hafa talið skilyrði um sölu eigna vera vafasamt. Hvaða kröfu gera menn til fjölskyldu sem á miklar eignir og telur sig vera í fjárskorti? Er ekki gerð sú krafa að reynt sé að selja eitthvað af slíkum eignum? Er það ekki eðlileg krafa til hlutafélags — til einkafélags, að það leiti eftir leiðum til þess að lagfæra stöðu sína á annan máta en að ganga í vasa ríkissjóðs og skattborgaranna? Mín skoðun er sú, að það verði að gera þá kröfu til slíks félags, að það leiti eftir sölu á eignum. Að sjálfsögðu getur ríkissjóður eða ríkisstjórn eða Alþingi ekki haft neina milligöngu um það. Sú eina krafa sem hægt er að gera, er að eignir, sem félagið getur losað sig við, séu boðnar til sölu þegar greiðslustaðan er eins og hún er núna hjá Flugleiðum. Og það er sú eina krafa sem ég hef gert.

Ég er sammála því sem hefur komið hér fram hjá einhverjum ræðumanni, að það er vafasamt hjá félaginu að selja eignarhlut sinn í Cargolux, því að Cargolux kann að vera lykillinn að því, að halda megi uppi blönduðu frakt- og farþegaflugi á milli Lúxemborgar og Bandaríkjanna. Því undrast ég þá ályktun í bréfi frá Flugleiðum, sem birt er með skýrslunni, að komi til greina að selja einhverjar eignir, þá telji þeir hagstæðast að selja nokkrar tilteknar og þar á meðal Cargolux. En vitanlega verður það að vera ákvörðun félagsins.

Menn hafa spurt: Hvaða skilyrði á að setja? Ég vek athygli á því, að þegar ríkisábyrgð var veitt 1975, þá segir í lögunum nokkuð svipað og nú er í frv., að ríkisstj. geti sett þau skilyrði sem hún telur nauðsynleg. Hins vegar eru í grg. frá þeirri nefnd, sem fjallaði um málið, talin upp þau skilyrði, sem nefndin telur að setja þurfi, og þau eru æðimörg. Mig minnir að þau séu í tíu eða ellefu liðum eða eitthvað þess háttar. Mér sýnist að svipuð málsmeðferð kæmi vel til greina hér á hinu háa Alþingi þegar frv. er tekið til meðferðar.

Hv. þm. Friðrik Sophusson beindi til mín nokkrum spurningum. Hann gerði fyrst að umræðuefni að skýrslan hefði komið seint, og ég harma það að hún kom eftir að fundi var slitið í Ed. Hins vegar var henni dreift heim til þingmanna í Ed., a. m. k. langsamlega flestra. Mér er sagt, að það hafi tveir orðið útundan, og kannske er það hv. þm. sem hefur orðið það.

Ég hef rætt nokkuð Arnarflug o. fl., en er reiðubúinn að ræða það betur, þegar framhaldsumræða verður, til að lengja ekki mál mitt hér um of.

En svo að ég víki aftur að hinn dæmalausu ræðu hv. þm. Vilmundar Gylfasonar, þá vil ég koma nánar að þessu um samstarf við starfslið og þá brotalöm sem þar er á. Það stendur hvergi og hefur hvergi heyrst, að það eigi að setja í lög að samstarf við starfslið skuli vera gott, ég hef hvergi rekist á slíka þvælu. Eitthvað á þessa leið fórust hv. þm. orð. En það mætti hins vegar, sagði hann, setja í lög eitthvað um breytta eignaraðild. Það stendur að vísu hvergi í lögum, en í samþykktinni frá 16. sept. segir í niðurlagsorðum að ríkisstj. telji nauðsynlegt m. a. að eignaraðild starfsliðs verði aukin, svo að ég hugsa að við séum þarna sammála, þó að furðulegt sé frá því að segja. Ég sé ekki betur en að einmitt sé gert ráð fyrir því og hafi verið lögð á það áhersla, a. m. k. af mér í því sem ég hef um þetta sagt, að starfsliði verði gert kleift að eiga aukna aðild að félaginu. Ég er þeirrar skoðunar, að innan félagsins þyrfti að mynda eitt starfsmannafélag. Það er ekki til í dag. Hér hefur nokkuð verið rætt um Arnarflug. Mér er tjáð að samkomulag sé um að mynda eitt slíkt stéttarfélag innan Arnarflugs. Á fjölmennum fundi um þetta mál fyrir nokkrum vikum stóð upp einn starfsmaður Flugleiða, einn flugmaður, og lýsti þeirri skoðun sinni, að slíkt væri e. t. v. það mikilvægasta sem unnt væri að gera fyrir framtíð félagsins, að sameina starfslið þess í einn hóp og auka aðild þess, eins og ég hef oft sagt, að félaginu sjálfu. Ég held að í svona flugi, svona starfsemi, þar sem áhætta er mikil, verði að leggja á það mikla áherslu, ekki með lögum um góða sambúð hjóna, heldur með þrýstingi frá ríkisvaldinu um aukna aðild starfsliðs að félaginu.

Sighvatur Björgvinsson: Ég vildi aðeins láta það koma fram, að það er tvennt sem ég hef áhuga að fá að vita. Ef málinu er frestað núna, hvenær hyggst hæstv. forseti taka málið á dagskrá til umr. aftur? Í annað stað, við höfum ekkert á móti því, að umr. fari fram hér í kvöld ef ráðh. geta verið viðstaddir, fyrst of fremst hæstv. samgrh. og hæstv. fjmrh. En mér þykir algjört skilyrði að þessir tveir hæstv. ráðh. geti báðir verið viðstaddir svo að umr. geti haldið áfram.

Forseti (Jón Helgason): Eins og hv. síðasti ræðumaður veit, þá var ég búinn að gera ráðstafanir til þess að þessari umr. yrði haldið áfram í kvöld og haldinn kvöldfundur. En beint var til mín tilmælum um það, að umr. yrði frestað, og ég hef orðið við því.

Efri deild, 5. fundur.

Miðvikudaginn 22. okt., kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég skal ekki verða langorður, en tilefni þess, að ég kveð mér hér hljóðs utan dagskrár, er það, að þessa dagana hafa verið að berast skattseðlar vegna álagningar á börn og það hefur valdið ýmsum foreldrum áhyggjum.

Eins og hv. d. er kunnugt voru þau nýmæli í hinum nýju skattalögum, að börn innan 14 ára voru skattlögð sérstaklega að því er varðar launatekjur, eins og fram er tekið í 6. og 7. gr. Í 65. gr. eru síðan frádráttarhugtök skilgreind og í 67. gr. er tekjuskattur ákveðinn 7% af tekjum, og útsvar, sjúkratryggingargjald og kirkjugarðsgjald koma síðan í framhaldi af þessu. Að fara nánar úr í þessa sálma eða gagnsemi þeirra frádráttarliða, sem þarna eru taldir, skulum við láta liggja á milli hluta. Börnin eiga auðvitað sama rétt til frádráttarliða og aðrir, en einn frádráttarlið vantar, nefnilega námsfrádrátt, og það gerir auðvitað nokkurn mun.

Áður voru tekjur barna taldar með tekjum foreldra, en þá var námsfrádráttur veittur fyrir börn sem voru í 7.,

8. og 9. bekk grunnskóla, þ. e. á aldrinum 13, 14 og 15 ára gömul. Í eldri lögum voru líka ákvæði um sérsköttun barns og það miðaðist við það, að ef tekjur færu tiltekna tölu fram úr námsfrádrættinum væri réttur á sérsköttun. Seinast þegar þessi tala var ákveðin var hún 120 800 kr. fram yfir námsfrádráttinn. Það mundi samsvara um það bil 175 þús. kr. núna. Námsfrádráttur seinast var ákveðinn 188 þús. kr. fyrir börn í 7. og 8. bekk grunnskóla og 250 þús. kr. fyrir börn í 9. bekk. Þessar tölur samsvara núna, miðað við 45% álag, 273 þús. kr. fyrir 13 og 14 ára börn og 362—363 þús. kr. fyrir 15 ára börn. Tekjur fyrir neðan þessar tölur lögðust náttúrlega ekki við hjá foreldrum til skattlagningar samkv. eldra kerfinu, en ef tekjurnar fóru fram úr því marki bættust þær auðvitað við tekjur foreldranna og komu til skattlagningar á heimilinu í heild. Sérsköttunarákvæðið gerði það svo að verkum, að ef tekjurnar fóru 175 þús. kr. fram yfir þennan námsfrádrátt gat komið til greina sérsköttun, sem er þá hagstæðari foreldrunum en ef tekjur barnsins væru lagðar við tekjur þeirra.

Nú er það auðvitað svo með þessa breytingu, að hún var samþ. hér í hv. Alþ. og ég tók þátt í því eins og aðrir. En mér er spurn hvort þessi mál hafi ekki einhvern tíma verið athuguð sérstaklega í rn. Ég minnist þess ekki, að borist hafi nein sérstök gögn um þetta til fjh.- og viðskn. þegar hún starfaði í þessum málum, og verð að játa að kannske einmitt vegna þess að engin gögn komu um þetta mál leit ég ekki á það sérstaklega og áttaði mig ekki á því, að þarna gæti verið um sérstakt vandamál að ræða, og ég held að það gæti gilt um fleiri hér. Mér er þá líka spurn, hvort þetta hafi ekki verið athugað sérstaklega, þegar álagningin fór fram, og hvort það hafi ekki gefið tilefni til neinna viðbragða eða hvort einhverra viðbragða sé að vænta af hálfu rn.

Ég verð að játa að þegar fólk fór að hafa samband við mig út af þessu leit ég aðeins á hvernig þetta kæmi út í tveimur tilteknum tilvikum. Við getum litið á barn í 7., 8. eða 9. bekk grunnskóla, sem sagt 13, 14 eða 15 ára gamalt, með 250 þús. kr. tekjur. Það hefði ekki gefið neinn skatt samkv. gamla kerfinu, hvorki hjá foreldrum né heldur hjá barninu, því að þar var ekki um sérsköttun að ræða og ekki einu sinni rétt til þess. En samkv. nýja kerfinu sýnist mér að þetta gefi 29 þús. kr. í skatt, þannig að fyrir þessi 250 þús. er þarna um 29 þús kr. í viðbótarskatt að ræða eða hækkun á skatti, en þá hef ég talið með útsvar, sjúkratryggingargjald og kirkjugarðsgjald. Það eru 17 700 kr. af þessu, sem eru tekjuskattshluti. Ef tekjurnar hefðu verið 500 þús. kr., sýnist mér að samkv. nýja kerfinu væri skatturinn um 58 þús. kr. Þetta er flatur skattur svo að auðvelt er að reikna hann út. Hann reynist samkv. nýja kerfinu 58 þús. kr., miðað við 500 þús. kr. tekjur barns á aldrinum 13—14 ára, en samkv. gamla kerfinu hefði barnið orðið skattlaust að sjálfsögðu. Það hefði ekki komið til sérsköttunar, þetta er ekki nægilega há upphæð til þess, fer ekki fram úr þessum 175 200 kr., er reyndar alveg á mörkunum, en til sérsköttunar kemur þá sú tala hjá foreldrunum og skatturinn samkv. því mundi vera 57 500 kr. samkv. gamla kerfinu hjá heimili sem væri í lægsta skattþrepi út frá skattþrepum tekjuskattsins. En ef það væri í hærri skattþrepum yrði hann náttúrlega hærri, 75 þús. ef það væri í næsta skattþrepi og 111 þús. ef það væri í hæsta skattþrepi. Ef þetta barn hefði verið í 9. bekk hefði þessi viðmiðun verið sú, að ef það væri í lægsta skattþrepi hefði skatturinn samkv. gamla kerfinu verið 45 þús. kr., sem sagt 13 þús. kr. lægri samkv. gamla kerfinu en það er nú samkv. hinu nýja. Það er sem sagt 13 þús. kr. hærra, sem á barnið er lagt, en var lagt á foreldrana skv. gamla kerfinu, ef miðað er við þessar tekjur og 15 ára gamalt barn. Ef heildartekjur heimilisins lenda í hæsta skattþrepi hefðu foreldrarnir þurft að greiða í skatta 87 500 kr. af tekjum þessa barns.

Nú sýnist mér af þessu, þó að þetta séu aðeins fáein dæmi, að það, sem fyrst og fremst gerist, sé í fyrsta lagi það, að flutt er frá foreldrum til barna að greiða skattinn. Í annan stað eru börn með lágar tekjur, þ. e. 270—275 þús. kr., ef þau eru í 7. eða 8. bekk. Það urðu engir skattar af tilefni tekna þeirra samkv. eldra kerfinu, en samsvarandi mörk um 360 þús. kr. gáfu ekki heldur tilefni til neinna skatta ef barnið var 15 ára samkv. gamla kerfinu.

Í annan stað má segja að heimili, sem eru með mjög lágar tekjur, fái heldur meiri skatt af þessu, það munar ekki miklu samt, en heldur meiri skatt samkv. þessu en þau fengu samkv. gamla kerfinu, skattlagningin á börnin er hærri en skattahækkunin hefði orðið ef menn voru í lágu skattþrepi, sem sagt heimili með lágar tekjur.

Ég vil ekki rekja þetta frekar, en þær áhyggjur, sem fólk hefur af þessu, gáfu mér tilefni til þess að bera þessar spurningar fyrir ráðh. og þá að sjálfsögðu í framhaldi af þeim að spyrja, ef ekki hafa verið framkvæmdar neinar sérstakar athuganir á þessu, hvort því verði ekki breytt og hvort ráðh. geti þá ekki hugsað sér einhverjar breytingar sem kæmu til framkvæmda á þessu ári, og þá er ég náttúrlega fyrst og fremst að hugsa um þessar lágu tekjur barna sem gefa tilefni til nýs skatts. Ég met það svo að hv. alþm. mundu hafa áhuga á því að fá upplýsingar af þessu tagi og heyra viðbrögð ráðh. við því. Þetta virðist greinilega koma svona út. Ég firri mig engri ábyrgð af því að hafa tekið þátt í lagasetningunni á sínum tíma, en ég held að ég sé á sama báti og aðrir þm. að því leytinu, að þetta hafi kannske sloppið fram hjá. Ég man ekki eftir því, að nein sérstök gögn hafi komið fram um þessa hlið málsins og það má kannske vera manni til einhverrar afsökunar.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég get ekki neitað því, að ég varð dálítið undrandi þegar ég frétti af því núna rétt fyrir hádegið, að hv. þm. Kjartan Jónannsson hygðist óvænt bera fram fsp. utan dagskrár um eitt atriði skattalaganna og óskaði svara á fundi Ed. í dag, þar sem vitað var að annað stórmál var hér á dagskrá, þ. e. Flugleiðamálið, og sumum þm. liggur á að komast að í þeim umr. vegna fjarveru úr þinginu næstu daga og tími virtist vera nokkuð naumur. En svo virðist vera að hv. þm. liggi nokkuð á að fá umr. um þetta mál og er þá ekkert við því að segja. — Hitt er auðvitað flestum ljóst, að umr. hefðu hugsanlega getið farið fram fyrr um þennan skatt því að nú eru 2½ ár liðin síðan Alþ. samþykkti það ákvæði sem hér um ræðir, þ. e. að börn skuli sérsköttuð og sá skattur skuli innheimtur sér á parti.

Ég minnist þess ekki, þegar þessi ákvörðun var tekin af Alþ. fyrir 2½ ári, að nokkur þm. gerði aths. við þetta nýja fyrirkomulag, og ég minnist þess ekki, að nein brtt. hafi verið flutt. Nú skal að vísu viðurkennt að þessi ágæti þm., Kjartan Jóhannsson, hafði ekki tekið sæti á Alþ. á þeim tíma og átti þess ekki kost að gera aths. við málið. En hann kom skömmu síðar á þing, haustið 1978, og sá vetur leið og ráðh. komu og fóru, m. a. ráðh. úr hans

flokki, sem ég veit ekki til að hafi sýnt þessu máli nokkurn minnsta áhuga eða verið með bollaleggingar um að breyta þessu atriði. Skattalagabreytingar voru gerðar á liðnum vetri, þar sem málið var enn til umr., því að við gerðum sérstaka breytingu hér í þinginu einmitt á þessu atriði og tekjuskattur af tekjum barna var hækkaður úr 5% í 7% í vetur í samræmi við að frv. var ekki lengur miðað við staðgreiðslukerfi, heldur miðað við að greitt væri árið eftir. Ég man ekki heldur eftir því, að í vetur hafi orðið neinar umr. um þennan þátt málsins eða að neinn þm. gerði aths. við að þessi tilhögun væri uppi höfð.

Samkv. eldri tekjuskattslögum var meginreglan sú, að tekjur barna voru lagðar við tekjur foreldra og skattlagðar með þeim. Þetta þýddi í reynd, að í flestum tilvikum var lagður á tekjuskattur í háu skattþrepi auk útsvars á þessar tekjur og þar að auki sjúkratryggingargjald. Í þessu fólst að t. d. á árinu 1979 var algengt að tekjur barna væru skattlagðar með 50% tekjuskatti, 10—11% útsvari og 2% sjúkratryggingargjaldi, eða samtals 62—63% skatti. Skatturinn var á lagður og síðan innheimtur með sköttum foreldranna þannig að hann var hvorki við álagningu né innheimtu sérgreindur. Færu tekjur barna fram úr vissri upphæð var að vísu hægt að fara fram á sérsköttun þeirra, en þó taldist alltaf viss hluti tekna með tekjum foreldra. Persónuafsláttur foreldranna réðst ekki á nokkurn hátt af fjölda barnanna, en námsfrádráttur barna innan 16 ára aldurs olli því, að hluti af tekjum barna slapp við skattlagningu, og hins vegar var tekið tillit til framfærslu barna með barnabótum.

En hvers vegna var þá þessi breyting gerð þegar nýju skattalögin voru sett? Ég hygg að mörgum hafi þótt það úrelt kerfi að börnin öfluðu teknanna og eyddu þeim, en foreldrarnir borguðu skattana, og að í þessu landi, þar sem börn vinna fyrir verulegum tekjum, væri löngu kominn tími til að breyta þessu og skattleggja tekjur barna sér á parti. Ég hygg að þetta sé ein helsta undirrótin að þessari breytingu. En þó verður auðvitað að viðurkennast að aðalástæðan er sú, að þessi tekjuskattslög áttu að tengjast staðgreiðslukerfi skatta og mönnum sýndist að það væri nánast óframkvæmanlegt að leggja saman tekjur barna og tekjur foreldra, a. m. k. væri það mjög veruleg einföldun við framkvæmd á staðgreiðslukerfi að taka upp þetta nýja fyrirkomulag.

Í þessum tekjuskattslögum var um tvennt að ræða. Annars vegar er skatthlutfallið orðið miklu, miklu lægra á þessar tekjur en á aðrar tekjur, en jafnframt féll í brott námsfrádráttur. Ég held að það þurfi ekkert að draga í efa, að bæði fyrir gjaldendur og ríkissjóð sé það langtum einfaldara og öruggara kerfi að um sé að ræða tiltölulega lága, flata skattprósentu við launaútborganir og að gamla kerfið hefði orðið ærið þungt í vöfum. Nú skal að vísu viðurkennt að staðgreiðslukerfi skatta hefur enn ekki verið komið á og þessi forsenda, sem ákvæði hinna nýju tekjuskattslaga byggðist að nokkru leyti á, er ekki til á þessu álagningarári. En þetta vissu þm. á s. l. vetri og sáu þó ekki ástæðu til að gera till. til breytinga. Ég hygg að menn hafi haft það í huga, að á stefnuskrá núv. ríkisstj. er að komið verði á staðgreiðslukerfi skatta hið allra fyrsta, og ég held að sú stefna sé örugglega studd af miklum meiri hl. alþm. — Mér er kunnugt um að flokkur fyrirspyrjanda er meðal þeirra sem eindregið vilja að slíku kerfi sé komið á. — Mönnum þótti því eðlilegt að halda þessu fyrirkomulagi áfram.

Það skal hins vegar viðurkennt, að af tæknilegum ástæðum varð að taka þessa hlið álagningarinnar fyrir á eftir álagningu annarra gjalda og álagningin er því óeðlilega seint á ferðinni. Þessi töf á framkvæmdinni getur valdið tímabundnum greiðsluerfiðleikum hjá mörgum sem eiga í hlut. Ég held að það verði að gilda sama regla um þá og gilti í sumar varðandi skattþegnana almennt, að ef greiðslubyrði var sannanlega ónotalega mikil á seinustu mánuðum ársins, m. a. vegna þess að fyrirframgreiðsluprósentan var óvenjulega lág á þessu ári og vegna þess að ýmsir hækka kannske verulega í tekjum milli ára eða hækka í sköttum eftir atvikum, þá var gengið út frá því og rætt um það við innheimtumenn ríkissjóðs, að gerðir yrðu samningar við menn um lengri greiðslutíma skattanna eftir því sem þörf krefði og sanngjarnt virðist. Ég held að þennan þátt vandans verði að leysa með góðu samkomulagi og réttlátri meðferð á óskum og kærum sem berast af þessu tilefni.

Hv. þm. spurði að því, hvort einhverra viðbragða væri að vænta af hálfu ríkisstj. vegna þessa vandamáls, hvort fram hefðu farið sérstakar athuganir á skattlagningu á tekjur barna. Ég held að óhætt sé að fullyrða að engin sérstök athugun hefur enn farið fram á þessari skattlagningu, enda er hún alveg nýlega um garð gengin, og ég hef t. d. sjálfur ekki fengið neina nákvæma skýrslu um þessa skattlagningu. Ég hef þegar sagt að ég tel alveg sjálfsagt og eðlilegt að þar sem þessi skattlagning veldur augljósum greiðsluvandræðum og fólk lendir í vandræðum vegna þess, hversu seint þessi skattlagning er á ferðinni, taki innheimtumenn ríkissjóðs tillit til slíks og semji um greiðslu skuldarinnar, en að öðru leyti verðum við að taka þetta mál til athugunar eins og alla aðra þætti skattalaganna sem við höfum hugsað okkur að endurskoða á komandi vikum og mánuðum.

Ég vil minna á að á miðju sumri ritaði fjmrn. þingflokkunum bréf og fór fram á það í fullu samræmi við yfirlýsingar, sem voru gefnar á s. l. vetri, að tilnefndir væru menn í nefnd til að gera úttekt á álagningu skatta á þessu ári. Það dróst allverulega að nefnd þessi yrði skipuð, vegna þess að beðið var eftir tilnefningum frá flokkunum í æðimargar vikur, og mér skilst að nefndin hafi ákaflega lítið starfað enn. En það á ekki neinu að breyta því að satt best að segja eru upplýsingar að berast nú á haustmánuðum. Það tekur töluverðan tíma að afla þeirra, keyra út í tölvu þær upplýsingar sem menn þurfa á að halda til að geta skoðað þessa hluti. En eitt af því, sem er þá sjálfsagt að láta athuga, er hvort líkur eru á því, að börn greiði meiri skatt samkv. nýja kerfinu en gamla kerfinu. Ég segi fyrir mig að ég á ekki gott með að átta mig á því, hvort svo sé. Mér hefur fundist, eins og sjálfsagt mörgum öðrum þm., að það væru yfirgnæfandi líkur á því, að börn greiddu minni skatta en áður, eftir að skattprósentan hefur lækkað niður í 7%, en þetta má vel vera misskilningur og er sjálfsagt að gerð sé sérstök úttekt á þessu. Ég hjó hins vegar eftir því í síðara dæminu sem fyrirspyrjandi nefndi, að þá virtust vera talsvert miklar líkur á að skatturinn væri hærri í gamla kerfinu en því nýja, en það virtist mjög fara eftir því, hvort foreldrar voru í lægsta skattþrepi eða hæsta skattþrepi.

Ég sé ekki ástæðu, herra forseti, til að fjölyrða frekar um þetta mál. Við hljótum að gefa okkur góðan tíma til að athuga það nánar eins og marga aðra þætti í framkvæmd og álagningu skatta á þessu ári.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég verð að taka undir það með hv. fyrirspyrjanda, að ekki er að ófyrirsynju að þetta mál sé tekið upp á hinu háa Alþingi. Ég held að það hafi alla vega komið ýmsum á óvart að nú seint á þessu ári skuli skattálagning á börn sérstaklega verða með þeim hætti sem hún hefur orðið. Ég held að mörgum hafi fundist að þetta væri punkturinn yfir i-ið í framkvæmd skattastefnu núv. hæstv. ríkisstjórnar.

Ég vil taka undir það, að þessar álögur þurfi athugunar við. Ég tek það fram, eins og hv. fyrirspyrjandi, að um það var samstaða að börn yrðu skattlögð sérstaklega, en hins vegar varð engin samstaða um það hér á hinu háa Alþingi, hversu hár slíkur skattstigi yrði. Í tengslum við það mál fluttum við sjálfstæðismenn einmitt nokkrar tillögur til lækkunar á skattstigum yfirleitt. Ef ég man rétt var þar líka gerð tillaga um lækkun á skattlagningu barna. (**StJ:** Þingmaðurinn man ekki rétt.) Þetta er rétt, Stefán Jónsson. Við getum skoðað þetta í þskj. og við getum svo komið okkur saman um það prívat hvað við leggjum undir.

En í sambandi við þetta mál vil ég vekja athygli hv. d. á því, að tekjuskattur á árinu 1980 varð 1.5 milljörðum hærri, álögurnar urðu 1.5 milljörðum hærri en fjárlög gera ráð fyrir. Hæstv. ráðh. hefur æ ofan í æ haldið fram, að stefna hans væri sú, að tekjuskattar einstaklinga og félaga gæfu nákvæmlega það sem fjárlög segðu til um, enda væri þá ekki um íþyngingu skatta að ræða. (**Fjmrh.:** Þm. ruglar saman álögðum og innheimtum skatti.) Það er ekki rétt. Í frv. hæstv. ráðh. sjálfs stendur: „Nettóálagning tekjuskatts einstaklinga hefur því samkv. þessum tölum numið tæpum 45 milljörðum kr. og er það 1.5 milljörðum umfram fjárlagaáætlun.“ — Það er engum blöðum um þetta að fletta. Hæstv. ráðh. hlýtur að kunna eigið frumvarp. (**Gripið fram í:** Hann kann það augsýnilega ekki.)

Í öðru lagi eru eignarskattar einstaklinga 2 milljörðum hærri en fjárlagaáætlun gerir ráð fyrir eða nálægt því. Hæstv. ráðh. hefur því 3.5 milljarða kr. fúlgu umfram fjárlög í álögðum tekju- og eignarsköttum á þessu ári og ætti ekki að þurfa að hugsa sig um þegar síðast á árinu er verið að leggja skatt í fyrsta skipti á börn með þeim hætti, sem nú er, heldur gera nú bragarbót og lagfæra þá skattaálagningu. Ég er þeirrar skoðunar, að það væri eðlilegt fyrsta skref núv. hæstv. ríkisstj. í því að snúa til baka á þeirri leið sem hún hefur farið í skattpíningu að undanförnu. Hæstv. ráðh. hefur, eins og ég segi, svigrúm til að fella þessa skatta niður með öllu og það væri eðlilegast að minni hyggju.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að þrátta við hv. þm. um fjárlagatölur, enda ekki staður eða stund til þess. Það er gerð nægilega skýr grein fyrir þessu í athugasemdum með fjárlagafrv. fyrir árið 1981. Setningin, sem hv. þm. las upp, er út af fyrir sig alveg rétt, en hún segir ekki alla söguna. Það er töluverður munur á því, hver er áætlaður álagður skattur og hver er áætlaður innheimtur skattur. Þetta er það sem skýrir þann mismun sem er á málflutningi mínum og hans málflutningi.

En hvað snertir eignarskattinn er það alveg rétt, að hann hefur orðið allnokkru hærri en áætlað var í fjárlögum. Hitt kemur svo á móti, að verðlagsþróun á þessu ári hefur orðið allmiklu hærri en gert var ráð fyrir í fjárlögum fyrir árið 1980. Það kemur að vísu ekki að sök varðandi óbeinu skattana, sem eru liðlega 80% af tekjum ríkisins, vegna þess að óbeinir skattar hækka venjulega nokkurn veginn í hlutfalli við verðlagsþróunina og heildarveltu fjármuna í þjóðfélaginu. Því hefur ríkið haldið nokkurn veginn sínu á þeim vígstöðvum. En það kom sér hins vegar vel að eignarskatturinn reyndist heldur hærri en áætlað var, vegna þess að það þurfti bersýnilega að brúa þarna ákveðið bil sem stafar af því að verðlagsþróunin er örari, hækkanir meiri en fjárlögin gerðu ráð fyrir. (**Gripið fram í:** Er ráðh. að tala um skattborgarana?) Ég er ósköp einfaldlega að tala um að þetta dæmi, sem hv. þm. er að tala um, kemur allt nokkurn veginn út á sléttu í fullu samræmi við það sem fjárlög gerðu ráð fyrir.

En varðandi svo hitt atriðið, að ég sem fjmrh. eigi að taka mig til og ákveða að enginn skattur verði lagður á börn vegna þess að það sé svo mikið til í kassanum, þá er ég ansi hræddur um að einhver mundi vefengja heimild fjmrh. til að gera slíkt. Alþingi hefur ákveðið hvernig skuli lagðir á skattar á þessu ári og fjmrh. er alls ekki heimilt að víkja frá þeirri ákvörðun Alþingis. Ég er viss um að ég mundi taka mér ærið miklu meira vald í hendur en ég hef ef ég færi að breyta út af ákvörðunum Alþingis sem hv. 3. þm. Norðurl. e., Lárus Jónsson, hefur margoft tekið þátt í að taka. Ætli hv. þm. Lárus Jónsson beri ekki drjúgum meiri ábyrgð á skattlagningu á börn en þó hv. fyrirspyrjandi, að því leyti að hann sat hér á þingi vorið 1978 þegar skattalögin voru afgreidd og var helsti ráðgjafi þáv. fjmrh., sem átti upptökin að þessari reglu. — Eins og ég segi er mesti misskilningur að fjmrh. geti ákveðið, kannske upp á eindæmi, að hætta við að framkvæma það sem Alþ. hefur ákveðið. Fjmrh. leggja raunar ekki skatta á þjóðina, heldur eru skattar lagðir á þjóðina af skattstofum og ríkisskattstjóra í samræmi við lög, en undir eftirliti fjmrh., sem er nokkuð annað mál, og ákvörðunin er að sjálfsögðu tekin af Alþ. hverju sinni.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svör hans. Ætlun mín var ekki að umr. teðust mjög hér í deildinni af þessum sökum. Ég tel að hann hafi sett fram rétta lýsingu á því, sem gerst hafi, á sama hátt og ég rakti hér dæmi um, hvernig þessir skattar kæmu út.

Ég er ánægður með að hæstv. ráðh. hefur lýst því yfir, að það sé sjálfsagt að taka þessi mál til athugunar.

Það er auðvitað rétt hjá ráðh. að þessu verður ekki breytt nema með lagabreytingu. En það var einmitt út frá því sjónarmiði sem ég bar fram þá fsp., hvort ráðh. gæti ekki hugsað sér að þessi álagning yrði felld niður að einhverjum hluta. Það, sem ég átti við fyrst og fremst, var auðvitað sá hlutinn þegar lægstar eru tekjur barnanna, það sem áður var ekki skattlagt vegna þess að námsfrádráttur kom til, eins og kom reyndar líka fram í svari hæstv. ráðh. Ég beini því til ráðh., að það verði sérstaklega íhugað, og lýsi áhuga mínum á því, að það verði tekið til sérstakrar meðferðar.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Ég vil eins og aðrir, sem hafa talað á undan mér, þakka hv. 2. þm. Reykn. fyrir að vekja athygli á þessu máli, því að staðreyndin er sú, að skattlagning á börnin kemur foreldrum í opna skjöldu, ekki síst vegna þess, hversu álagningin kemur seint á árinu. Það er reyndar margt í þessum nýju

skattalögum sem kemur mönnum vægast sagt undarlega fyrir sjónir. Ég held að eðlilegast væri að þessi skattálagning yrði hreinlega felld niður í ár, eins og kom fram hjá hv. þm. Lárusi Jónssyni áðan, og tíminn væri notaður fram að næstu álagningu til að kanna málið, hvernig það kemur út miðað við fyrri lög. Hæstv. fjmrh. hefur marglýst yfir að skattamál verði skoðuð í ljósi nýju laganna. Ekki væri síður ástæða til að skoða þau nú með tilliti til þess, að staðgreiðslukerfið er ekki enn komið á, eins og gert var ráð fyrir við samningu nýju skattalaganna.

Ég held að það væri engin goðgá að fella álagninguna niður, þegar haft er í huga að heildarskattálagningin var miklu hærri en áætlað var og reyndar 1.5 milljörðum hærri, eins og fram kom hjá hv. 3. þm. Norðurl. e.

Ég ætla ekki að blanda mér í hvað er öll sagan eða hálf varðandi tölur þegar hæstv. fjmrh. á í hlut. Það virðist ekki eiga að taka mark á öllum tölum sem frá honum koma.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. Mig langar aðeins að taka undir þau sjónarmið, sem komið hafa fram hjá hv. þingmönnum Lárusi Jónssyni og Salome Þorkelsdóttur, að eðlilegast sé að fella þennan skatt á börnin niður að þessu sinni. Til þess hníga mörg rök. Sum hafa komið hér fram áður beint eða óbeint. T. d. hugsuðu menn þennan skatt einungis sem staðgreiðsluskatt, skatturinn yrði greiddur um leið og tekna væri aflað. Þá gæti hann verið eðlilegur og eðlilegri en gamla fyrirkomulagið. Nú vill svo til, að þessi skattur kemur fyrst á börnin á versta árstíma og aðeins tveimur mánuðum fyrir áramót. Það eru ætlaðir um tveir mánuðir til greiðslu þessara skatta. Hann kemur á þeim tíma sem börnin eru yfirleitt farin í skóla. Þau hafa alls ekki gert ráð fyrir þessum sköttum, því að ekki hefur verið mikið um þennan barnaskatt rætt. Ég fullyrði að sárafá dæmi munu þess, að börn hafi gert sér einhverja grein fyrir því, að nú ættu þau, um leið og þau byrja á skólabekk, að fara að greiða skatta sem eru svo háir í sumum tilfellum að féð, sem börnin ætluðu sér til framfæris allan veturinn, færi að miklu leyti í þessa skatta sem koma þannig algerlega að óvörum.

Þetta er ekki mikil upphæð fyrir ríkissjóð. Mér skilst að þetta sé innan við ½ milljarð, þetta sé örlítið prósentubrot í hítina, þá gífurlegu skattheimtu sem sífellt fer hækkandi, enda skipulega að því unnið að færa fjármagnið frá borgurum þessa lands yfir í ríkishítina, eins og alkunna er. Það munar þess vegna lítið um þessa peninga fyrir ríkið, en það munar gífurlega mikið um þá fyrir börnin. Á því er ekki nokkur minnsti vafi.

Þetta er örlítill dropi í hafið eða kannske sá dropi sem fyllir mælinn samt sem áður, að fólkið geri sér nú grein fyrir því — margt sem áður gerði það ekki — hvert þessi stjórn stefnir í skattheimtu sinni. Hún svífst í því einskis. Svör ráðh. áðan voru nánast hártoganir: Hann gæti eitthvað kíkt á þetta, það gæti verið einhver greiðslufrestur, það kynni að vera að börnin væru færari um það á skólabekknum að greiða þetta í janúar og febrúar og mars, en þó af þeim peningum sem þau kannske eiga núna. — Þetta voru viðbrögð hæstv. ráðh. Og eins og fram kom áðan fylgist hann harla illa með eigin tölum í fjárlagafrv. og kannske ekki við góðu að búast þess vegna.

Auðvitað á að afnema þessa skatta og gera það strax. Til þess þarf lagabreytingu og við eigum að hafa manndóm í okkur til að standa saman að þeirri lagabreytingu.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég var satt að segja undrandi á orðum hæstv. ráðh. Þegar ég benti honum á að beita sér fyrir því að fella þessa skattlagningu niður núna á þessu ári var mér að sjálfsögðu eins og honum fyllilega ljóst að það hefði orðið að gera með lagabreytingu. Ég vil lýsa því yfir, að hæstv. ráðh. getur reiknað með mínu atkv. í þeirri atkvgr. Og ég hélt að hæstv. ráðh. og hæstv. ríkisstj. hefðu meiri hluta á Alþ. Annað eins hefur einstakur ráðh. gert í að beita sér fyrir lagasetningu og að leggja þetta til við Alþingi.

Ég vitnaði beint í frv. hæstv. ráðh. út af álagningu tekjuskattanna í ár. Þar stendur hreinum og beinum stöfum, eins og ég las áðan, að hann hefur þarna 1½ milljarð í tekjuskatti fram yfir fjárlagaáætlun. Það stendur neðst á bls. 175, hæstv. ráðh., ef þú ert að leita að þessu. (**Fjmrh.:** Já, það er líka á bls. 176.) Já, já, en ef hæstv. ráðh. ætlar endalaust að halda sér í það, að kærur geti hugsanlega orðið meiri á þessu ári en oft áður og innheimtist minna af sköttum núna, og halda því fram endalaust í umræðum um skattálögur sínar verður hann að gera það, en það er auðvitað hans mat. Ég sé ekki betur en að það sé algerlega út í loftið að vera að halda sig við þau rök enn. Það liggur orðið alveg svart á hvítu fyrir, að álagning tekjuskatta fór fram úr fjárlagaáætlun um 1.5 milljarða a. m. k.

Ég þarf ekkert að segja meira um þetta. Ég ætlaði aðeins að bjóða hæstv. ráðh. liðveislu mína í því að koma frv. um niðurfellingu skatta á börnum að þessu sinni í gegnum Alþingi.

Ég er þeirrar skoðunar, að þessi regla sé í grundvallaratriðum ekki röng. Þegar um sérsköttun hjóna er að ræða, eins og nú er, er mjög eðlilegt að um sérsköttun barna sé að ræða líka. Annars væri erfitt að segja á hvort hjóna tekjur barna eiga t. d. að bætast. Það er atriði sem er alveg ljóst að er útilokað að framkvæma svo eðlilegt sé. Þess vegna hlýtur, ef á að vera um það að ræða að leggja tekjuskatt á börn, að vera um sérsköttun að ræða. Það er alveg ljóst. Ég er ekkert að mæla gegn þeirri reglu, en hins vegar þegar á fyrsta ári, sem þetta er gert, liggur álagningin ekki fyrir fyrr en seint í október, þá hlýtur það að vera sanngirniskrafa að það sé skoðað að framkvæmd þess verði a. m. k. frestað um eitt ár.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Ég vil ekki, herra forseti, sitja undir því að vera gerður ósannindamaður með tilvitnunum í fjárlagafrv. Og vegna þess að mér var bent á að lesa það, sem stæði á síðu 175 í frv., vil ég nú leyfa mér að lesa pínulítið lengra, þannig að þm. eða aðrir, sem á kynnu að hlýða, séu ekki blekktir með röngum tilvitnunum. En hér segir, með leyfi forseta:

„Nettó-álagning tekjuskatts einstaklinga hefur því samkv. þessum tölum numið tæpum 45 milljörðum kr. og er það 1.5 milljörðum umfram fjárlagaáætlun."

Þetta er setningin sem hv. þm. vitnaði í. En síðan segir Þjóðhagsstofnun, sem að sjálfsögðu hefur samið þennan texta:

„Á hinn bóginn verður að gera ráð fyrir að þessar fyrstu álagningartölur séu ofmetnar."

Þetta vildi hv. þm. ekki lesa og ekki heldur það sem segir hér á eftir:

„Hér má nefna m. a., að vegna hinna nýju ákvæða skattalaga um heimild til ákvörðunar launa sjálfstæðra atvinnurekenda af eigin rekstri eru fyrstu álagningartöl-

ur ótryggari en ella. Meira máli skiptir þó, að reynsla undangenginna ára, ekki síst ársins 1979, bendir til að endanlegar álagningartölur muni reynast nokkru lægri en fyrstu tölur. Með hliðsjón af þessu er nettó-álagning 1980 nú áætluð 43.7 milljarðar kr. og er það svipað og í fjárlögum." (**Gripið fram í:** Og eilítið hærra.) Svipað og í fjárlögum. (**Gripið fram í:** Það eru 400—500 millj. sem barnaskattarnir nema.) Nei, það er ekki rétt. Þetta er nokkurn veginn alveg sama talan. Og ef þetta er vefengt verð ég víst að lesa næstu setningar þar á eftir:

„Tölur ríkisreiknings fyrir árið 1979 sýna annars vegar töluverða lækkun álagningartalna frá skattskrá 1979, en hins vegar virðist innheimta hafa orðið meiri í hlutfalli við gjaldfallnar tekjur, þ. e. álagðan skatt á árinu og eftirstöðvar frá fyrri árum, en bráðabirgðatölur gáfu til kynna. Samkvæmt þessu hafa fyrri áætlanir um gjaldfallnar eftirstöðvar í ársbyrjun verið of háar. Þessi atriði benda því til þess, að innheimtustofn tekjuskatts einstaklinga á þessu ári verði nokkru lægri en áður var talið, en á móti kemur heldur hærra innheimtuhlutfall, ef marka má reynslu s. l. árs." Og síðan kemur niðurstaðan — og ég undirstrika að þessi texti er ekki saminn í fjmrn., heldur í Þjóðhagsstofnun: „Að teknu tilliti til alls þessa má ætla, miðað við sömu forsendur um innheimtu og á árinu 1979, að um 39 milljarðar verði innheimtir af tekjuskatti einstaklinga á árinu 1980, að meðtalinni innheimtu byggingarsjóðsgjalds og innheimtu af eftirstöðvum hinnar sérstöku álagningar í árslok 1978."

Þessi tala, 39 milljarðar, er mjög nærri að vera sama tala og er í fjárlögum. Þar skeikar að vísu 200 millj., því talan er 38.8 milljarðar, en þar með hefur ýkjutala þm. lækkað úr 1.5 milljörðum niður í 200 milljónir. Er þó öllum ljóst, að þó að skekkjan geti numið 200 millj. af 40 milljörðum, — það er rétt um 1%, liðlega 1%, — getur hugsanlegt skekkjuhlutfall ekki verið minna.

Þetta vildi ég láta koma fram vegna þess að þm. éta það hver eftir öðrum að ég fari með rangt mál, en svo er alls ekki.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér mikið í þessar umræður, en aðeins rifja það upp, að Sjálfstæðisfl. fór með stjórn fjármála hér í fjögur ár. Þá vann hann fyrst og fremst tvennt sem markvert verður talið: Annars vegar er setning skattlaga. Þm. Sjálfstfl. koma nú hér hver á fætur öðrum nánast grátklökkir af hneykslan yfir hvað það séu vond lög, en höfundarréttur þess ákvæðis, sem þeir hafa verið að gagnrýna hér, er alfarið og algjörlega hjá Sjálfstfl. (**Salþ:** Hefur hann meirihluta á þingi?) Hann hafði hann, því miður, þá ásamt Framsfl. sem hann vélaði til samþykkis við þetta frv. — Það er að vísu rétt, að hv. þm. Salome Þorkelsdóttir sat ekki þá á þingi og hefur hreinan skjöld í þessu efni. En grátkonur eins og hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson og Lárus Jónsson, sem hér töluðu áðan, hafa enga slíka afsökun því þeir greiddu atkv. með þessu ákvæði skattalaganna á þeim tíma. Höfundur þessa barnaskatts, sem svo hefur verið kallaður í dag, eru því þeir félagar Matthías Á. Mathiesen, Eyjólfur Konráð Jónsson og Lárus Jónsson og þeir aðrir sem með þeim unnu að þessum skattalögum.

Svo kemur hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson og segir að þessi ágætu skattalög megi ekki koma til framkvæmda, það verði fyrir alla muni að setja hér sérstök lög, eins og hv. þm. Lárus Jónsson sagði, til að koma í veg fyrir þessa vitleysu sem var í skattafrv. sem Mattías Á. Mathiesen lagði fram á sínum tíma. Við sátum hér í marga mánuði á síðasta þingi til að leiðrétta fjölmörg röng ákvæði í þessum skattalögum. Þá voru þeir að setja hér sérstakar nefndir samkv. kröfu bændastéttarinnar í landinu. Þá voru þeir að setja hér sérstakar nefndir að kröfu Félags einstæðra foreldra. Og nú á að setja sérstaka athugun í gang vegna skattlagningar á börnum. Ég tel það litla karlmennsku af þm. Sjálfstfl. að þora ekki að standa við þau skattalög sem þeir sjálfir áttu höfundarrétt að, heldur reyna að þyrla hér upp einhverju moldviðri í samvinnu við Morgunblaðið til að breiða yfir það að sá, sem samdi þau skattalög sem nú gilda í þessu landi, var fjmrh. Sjálfstfl. í samvinnu við Framsfl.

Það er líka annað sem hv. þm. Sjálfstfl. vilja láta gleyma, og það er sú mikla skuldasúpa sem Sjálfstfl.. safnaði þegar hann fór með stjórn ríkisfjármálanna. Almenningur í landinu greiðir nú milljarða í skatta vegna þeirra skulda sem fjmrh. Sjálfstfl., Matthías Á. Mathiesen, safnaði á sínum tíma. Ef hv. þm. Lárus Jónsson er á annað borð að bjóða samvinnu í skattamálum skal ég gera honum annað tilboð. Það er að við setjum sérstakan skatt, sem við getum kallað Matthíasarskatt, sem verði lagður á til að greiða upp þær skuldir sem ríkissjóður þarf enn að greiða vegna óstjórnar Sjálfstfl. á ríkisfjármálunum, og það verði á skattseðlum næsta árs sérstakur dálkur undir heitinu „Matthíasar-skattur", svo að almenningur í landinu fái að vita klárt og kvitt hvað hann þarf að greiða mikið af tekjum sínum næsta ár og næstu ár eða áraraðir til að greiða upp þessar óreiðuskuldir Sjálfstfl. Og ég skora á hv. þm., ef hann er svona samvinnufús til breytinga á skattalögum, að lýsa yfir hér að hann sé tilbúinn til að afmarka það alveg sérstaklega hver þessi skuld er — ég skal taka þátt í slíku — svo það þurfi ekkert að deila um hver skuld Sjálfstfl. hafi verið við almenning í landinu og hvað skattborgarar í landinu verða nú að greiða af vöxtum og afborgunum af þeirri skuldasúpu sem Sjálfstfl. safnaði. Svo mætti gjarnan reikna út hvað mætti byggja marga skóla, hvað mætti byggja mörg dagvistarheimili, hvað mætti gera mikið í félagslegri þjónustu við aldraða og fjölmargt annað af framförum í þessu landi fyrir það fjármagn sem við verðum á þessu ári og um næstu áraraðir að nota til að greiða niður skuldasúpu Sjálfstfl. við Seðlabankann og aðra aðila hérlendis og erlendis.

Ég get sagt hv. þm. Sjálfstfl. það að lokum, að við erum ekkert hræddir, þm. þessarar ríkisstj., við umr. um skattamál. Við erum heldur ekkert hræddir við að efna til samvinnu um breytingar á þessum skattalögum. En þá skulum við gera það þannig, að það sé almenningi í landinu fyllilega ljóst hvað hann er að borga hverju sinni. Og ég skora á hv. þm. Sjálfstfl. að þora í samvinnu við okkur þm. stjórnarliðsins að marka hér sérstakan tekjustofn, Matthíasarskatt, til að greiða niður skuldir ríkissjóðs sem til var stofnað í ráðherratíð Matthíasar Á. Mathiesen.

Utanrrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég vil ekki á nokkurn hátt gera lítið úr því umræðuefni sem hér er fjallað um, en menn mega ekki tala um málið þannig að það verði skilið á þá lund að tekjur barna hafi áður verið skattfrjálsar, en nú séu þær skattlagðar. Spurningin er eingöngu um það, hvort tekjur barna skuli sérskattaðar eða skattlagðar ásamt tekjum foreldra sinna. Það

getur verið mikið mál út af fyrir sig. Út í það ætla ég ekki að fara.

Ég ætla að leyfa mér að minna hv. þdm. á að það er á dagskránni, 1. mál á dagskránni, frv. til l. um málefni Flugleiða. Ég hef hingað til talið það eitt stærsta mál sem hefur verið lagt fyrir þetta þing til þessa. Kannske verður það stærsta málið sem þingið fjallar um. Mér hefur virst, og það er ekki að ástæðulausu, að margir væru orðnir langeygðir eftir því að fá að fjalla um þetta mál, fá að ræða það. Og eitt er víst, að málefni þessa fyrirtækis eru svo aðkallandi að það má ekki tefja fyrir því að ákvörðun sé tekin um málefni þess. Þess vegna vil ég leyfa mér að fara fram á að hv. þdm. leggi nokkrar takmarkanir á frábæra mælsku sína og stofni ekki til eins konar framboðsfundar um annars ágætt málefni áður en tekið er til við að ræða Flugleiðamálið. Það er þegar farinn klukkutími í umr. utan dagskrár. Það er þá skammur tími eftir til að fjalla um og ræða það stórmál sem hér liggur fyrir samkv. dagskránni. Ég held að virðing okkar þm. muni ekki vaxa við svona starfshætti.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Ég er sammála hæstv. utanrrh. um að við eigum ekki að eyða öllum fundartímanum í þetta mál. Ég held að ég hafi talað í tvær eða þrjár mínútur áðan til þess eins að skora á þdm. að hafa samstöðu um að fella þennan skatt niður eins og hann nú liggur fyrir. En að gefnu tilefni kemst ég ekki hjá því að segja örfá orð í sambandi við gerð skattalaga á sínum tíma.

Ég held að alþm. almennt í öllum flokkum og kannske ekki síst þeir sem sæti áttu í fjh.- og viðskn., hafi lagt meiri vinnu í skattalagafrv. á sínum tíma og hin endanlegu skattalög en nokkurt mál annað á undangengnum árum. Það náðist full samstaða um flest atriði skattalaganna önnur en skattheimtuna, þ. e. skattstigana. Um öll tæknileg atriði var full samstaða. Þetta eru ekkert Matthíasarlög frekar en Ólafslög, — og þá ekki kennd við sama Ólaf og gömlu Ólafslögin. Þetta voru lög sem við settum allir saman, og ég held að lögin sem slík séu í flestu tilliti nokkuð góð. Ég hef aldrei heyrt það áður að neinn flokkur hafi sérstaklega eignað sér þessi lög eða borið þau af sér. Við erum að rífast um skattheimtuna, um skattstigana, fyrirkomulag skatta.

Þegar þetta sérstaka ákvæði um að skattur skuli sérstaklega lagður á börn var á sínum tíma samið var ákveðið að það yrði staðgreiðsla skatta og þá talið ekkert óeðlilegt að taka einhverja smáskatta af börnunum jafnóðum og þau fengju launin greidd, eins og núna er raunar gert að því er varðar skyldusparnað, — ekki tekið sem skattur, heldur tekið þó af þeim og lagt í sjóði o. s. frv. í stað þess að taka það af foreldrum. Við þurfum þess vegna ekkert að vera að rífast um þetta atriði. Þetta liggur algjörlega skýrt fyrir og vita það allir.

En ástæðan til þess, að eðlilegt er að fella þennan skatt niður núna, er sú sem áður hefur fram komið, að skattheimtan kemur allt of seint, börnin bjuggust ekki við þessu og hafa þá eytt skattpeningunum eða safnað undir skólagöngu o. s. frv. Það kemur á versta árstíma. Þetta er svo lítið fé fyrir ríkið, að það getum engum sköpum skipt. Þess vegna er langsamlega eðlilegast og heppilegast að við höfum um það fulla samstöðu að leggja þennan skatt niður í besta bróðerni og séum ekki að eyða tíma í rifrildi.

En varðandi hitt, að fara núna að leggja á einhvern Matthíasarskatt, — ég veit að þessi hv. þm. hefur í marga mánuði verið að vinna að því að gera einhverjar efnahagstillögur m. a. verið að gæla við að koma með gífurlegar skattahækkanir af öllu tagi á verkalýðinn eftir að búið væri að ná samningum, rýra kjör hans enn þá frekar, það vitum við. Hann vantaði nafn á skattinn. Það er hægt að finna einhver fleiri nöfn en Matthías. Hví ekki að koma með Ólafsskatt?

Lárus Jónsson: Herra forseti. Þó ég hafi talað tvisvar hef ég ekki notað langan tíma. Ég tek undir það með hæstv. utanrrh., að mál er að linni þessari umr. hér.

Ég benti aðeins á tvö höfuðatriði: Hæstv. ráðh. hefur þegar borð fyrir báru með skattlagningu á þessu ári og þessi framkvæmd á álagningu skatta á börn núna er með þeim hætti, að það væri sæmst að draga hana til baka, fresta innheimtu og afnema þessa skatta í ár vegna þess hversu þeir koma seint og hversu þeir koma mönnum í opna skjöldu.

Hæstv. ráðh. las á bls. 176 í fjárlagafrv. og vildi vefengja orð mín með því. Ég vitnaði beint í þetta ágæta plagg sem hann ber fram á hinu háa Alþingi, en þar stendur, eins og hann sagði, að um 39 milljarðar verði innheimtir af tekjuskatti einstaklinga á árinu 1980. Hann fór hér með fjarlagatöluna. Ég minni hann á að það stendur í fjárlögum ársins í ár, að fjárlagaáætlun geri ráð fyrir 38.2 milljörðum í tekjuskatt. (**Fjmrh.:** plús byggingarsjóðsgjald.) Já, en hér er ekki, að því er séð verður byggingarsjóðsgjaldið tekið inn í. Ekki fæ ég séð það. En það er nú ekki nema 500 milljónir, þannig að þarna er þrátt fyrir alla þessa fyrirvara, sem ég hef fyrirvara um að séu nauðsynlegir þegar verið er að reyna að fá þessa tölu niður í fjárlagaáætlun, samt sem áður borð fyrir báru fyrir þessari skattalækkun.

Málefni Flugleiða, frv. (þskj. 34). — 1. umr.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að mæla hér fyrir frv. til 1. um málefni Flugleiða hf.

Frv. þetta er margþætt eins og mönnum er kunnugt. Í fyrsta lagi er um að ræða frv., ef að lögum verður, staðfestir þá stefnu sem ríkisstj. markaði með samþykkt sinni á fundi 16. sept. s. l. En samþykkt þessi er birt í aths. með frv.

Í þessari samþykkt var gert ráð fyrir að ríkissjóður veitti í þrjú ár bakábyrgð sem næmi u. þ. b. þeim tekjum sem ríkissjóður hefur haft af umræddu flugi, allt að 3 millj. dollara á ári, til greiðslu á eða upp í rekstrarhalla sem kann að verða frá 1. okt. 1980 til 1. okt. 1983. Sá munur er á frv. og þessari samþykkt, að hér er einungis kveðið á um framkvæmd þessa fyrirheits í eitt ár, eða frá 1. okt. á þessu ári til 1. okt. á næsta ári.

Í öðru lagi var gert ráð fyrir því í þessari samþykkt, að eignarhluti ríkissjóðs yrði aukinn í 20% hlutafjár. Um það fjallar 2. gr. frv.

Í þriðja lagi var gert ráð fyrir því, að Atlantshafsflugið yrði eins og frekast væri unnt aðskilið frá innanlandsflugi og nauðsynlegustu tengslum landsins við nálæg lönd, t. d. með aðskildum fjárhag eins og hagkvæmt þætti og e. t. v. sérstakri rekstrarstjórn, þar sem í ættu sæti fulltrúi stjórnar félagsins, fulltrúi starfsliðs og fulltrúi samgrn. Hér er um að ræða atriði sem hugsanlega koma inn í þá skilmála sem settir yrðu við framkvæmd laganna og vikið er að í 5. gr. frv.

Loks var gert ráð fyrir því í samþykktinni, að reynt yrði að bæta samstarf og samstöðu stjórnar og starfsliðs Flugleiða og að starfsliði yrði gefinn kostur á auknum hlut í félaginu og aðstöðu til að fylgjast með ákvarðanatöku. Það er eins með þennan þátt samþykktarinnar frá 16. sept. 1980, að hugsanlega mundi hann tengjast þeim skilmálum sem ríkisstj. kynni að setja, sbr. 5. gr., en þar segir: „Við veitingu ríkisábyrgða samkv. 1. og 2. gr. er ríkisstj. heimilt að setja þau skilyrði sem hún telur nauðsynleg, þ. á m. að fyrirtækið standi skil á opinberum gjöldum og aukin verði áhrif starfsfólks á stjórn fyrirtækisins með sölu hlutabréfa."

Þetta er fyrsti þáttur frv., og vegna þess, hversu ítarlega hefur verið um þessa hlið málsins fjallað í fjölmiðlum og í umr. í Sþ. í gær, sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þann þátt málsins. Þó vil ég aðeins ítreka það sem ég hef áður sagt, að í 1. gr. er ekki um að ræða beinar greiðslur úr ríkissjóði að sinni, heldur er um að ræða lánsfyrirgreiðslu, sem síðan verði gerð upp að ári liðnu, miðað við rekstrarafkomu fyrirtækisins á komandi ári og miðað við þær tekjur sem telja má að ríki og sveitarfélög hafi haft undanfarin ár af flugi á umræddri flugleið, einnig að teknu tilliti til þeirrar endurgreiðslu sem um er rætt í 2. mgr. 1. gr., þ. e. með tilliti til þeirra lendingargjalda, leigugjalda og tekna af tekju- og eignarskatti og launaskatti og öðrum gjöldum sem félaginu ber að greiða á réttum gjalddögum. Og er þá einungis átt við þann hluta þessara gjalda, sem rekja má til Norður-Atlantshafsflugsins og félagið fær þá væntanlega endurgreiddan við skuldauppgjör.

Sumum þykir þessi tilhögun í flóknara lagi. Má það til sanns vegar færa. En til þess að fullnægja þeim kröfum, sem gera varð til þessarar fyrirgreiðslu, og með hliðsjón af því, að ekki er hér um beina styrkgreiðslu að ræða úr ríkissjóði, heldur í raun það að ríkissjóður sér af þeim tekjum sem opinberir aðilar hafa haft af umræddu flugi, þá þótti rétt að hafa fyrirgreiðsluna í þessu formi. Þetta er sem sagt fyrsti þáttur málsins.

Annar þáttur málsins er fólginn í 3. gr. frv., þar sem segir að ríkisstj. sé heimilt, gegn þeim tryggingum sem hún metur gildar, að veita Flugleiðum hf. sjálfskuldarábyrgð á lánum sem nema allt að 12 millj. bandaríkjadala til að bæta rekstrarfjárstöðu fyrirtækisins.

Þessi beiðni lá ekki fyrir þegar mótuð var sú afstaða ríkisstj. sem tekin var á fundi hennar 16. sept. s. l. Flugleiðir hafa lagt áherslu á það, að félagið hafi jafnmikla þörf fyrir að fá þessa fyrirgreiðslu hvort sem verður af umræddu Atlantshafsflugi eða ekki. Það má því með fullum rétti segja að þetta séu tvö mál. En hitt væri rangnefni, að telja þau óskyld, því það segir sig sjálft, að ef félagið fer út í áhættusaman rekstur á komandi ári, — sem kann að verða taprekstur upp á 6 millj. dollara, en kann líka að verða taprekstur upp á miklu hærri fjárhæðir, enginn getur svarað til um það og ýmsar spár eru uppi einmitt um þetta atriði — þá er auðvitað ljóst að þeim mun meira sem tapið er hjá fyrirtækinu í þeim mun meiri hættu setur ríkið sig með því að veita þær ábyrgðir sem 3. gr. fjallar um. Það er því mesti misskilningur, sem kom t. d. fram í ræðu hv. þm. Friðriks Sophussonar í Sþ. í gær, að þetta séu tvö gersamlega óskyld mál. Það eru þræðir á milli þessara mála, og það skiptir æðimiklu máli fyrir ríkissjóð þegar hann tekur ákvörðun um það, hvort hægt sé að veita þessa ábyrgð, hverjar rekstraráætlanir fyrirtækisins eru. Hins vegar reikna ég með að ákvörðun um það, hvort þessi ábyrgðarheimild verði veitt eða að hve miklu leyti hún verði veitt, verði fyrst og fremst tekin á grundvelli þess, hvaða veð eru fyrir hendi og hvernig eiginfjárstaða fyrirtækisins telst vera. Það er nokkuð ljóst, að út frá endurmetnu verði eigna er hægt að gera ráð fyrir því, að fyrirtækið eigi fyrir skuldum, eigi jafnvel töluverðan afgang. Hins vegar er líka ljóst, að veðhæfni eignanna er ekki jafnmikil. Þetta atriði er nú í rannsókn, og sérstakir matsmenn hafa fengið það verkefni að kanna veðhæfni fasteigna fyrirtækisins. Á hinn bóginn hefur erlent fyrirtæki synjað um aðstoð til að meta veðhæfni flugvéla fyrirtækisins.

Ég vonast til þess, að meðan frv. er til meðferðar hér í þinginu verði unnt að fá nýjar upplýsingar um stöðu þessara mála, og auðvitað fer það nokkuð eftir því, hvað afgreiðsla málsins dregst lengi hér, hversu skýr þessi hlið verður orðin þegar frv. verður afgreitt. En miðað við það, sem forstöðumenn Flugleiða hafa sagt um fjárhagsstöðu fyrirtækisins, virðist liggja töluvert mikið á því, að þetta frv. verði samþykkt og unnt verði að ganga frá þessu máli endanlega.

Í þriðja lagi eru í þessu frv. heimildir í 4. gr. þess til að fella niður ógreidd lendingargjöld Flugleiða á Keflavíkurflugvelli af Atlantshafsfluginu fram til 1. okt. 1980. Í þessu sambandi er rétt að minna á að þau gjöld, sem hér um ræðir, eru í vanskilum og hafa verið það lengi. Flugleiðir hafa ekki greitt lendingargjöld af Atlantshafsflugi sínu nema eitthvað fram á árið 1979, síðan ekki söguna meir. Miðað við það gífurlega tap, sem hefur verið á þessari flugleið á árinu 1979 og á árinu 1980, og miðað við þær óbeinu tekjur, sem opinberir aðilar hafa haft af þessu flugi, virðist ekki ósanngjarnt að þessi gjöld verði felld niður.

Jafnframt þessu er ríkisstj. heimilað í 4. gr. að semja um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum, sérstöku vörugjaldi og söluskatti af tölvubúnaði til farþegabókhalds fyrirtækisins. Það er að vísu mjög óvenjulegt og heyrir til algerra undantekninga, að greiðslufrestur af þessu tagi sé veittur, en miðað við fjárhagsstöðu fyrirtækisins virðist eðlilegt að gera því kleift að bæta tækni sína með kaupum á þessum tölvubúnaði. Því er lagt til að Alþ. samþykki þennan greiðslufrest.

Í 4. gr. er ríkisstj. enn fremur veitt heimild, ef samþykkt verður, til að fella niður stimpilgjöld af lánsskjölum sem gefin voru út vegna kaupa Flugleiða hf. á flugvél af gerðinni Boeing 727—200 á árinu 1980.

Herra forseti. Mér er kunnugt um að tíma okkar í dag er þröngur stakkur skorinn. Það er áætlað að fundir hefjist í Sþ. kl. 15 mín. fyrir 4. Og þar sem ég vil gefa þm. kost á því að segja álit sitt á þessu frv., þó að ég gæti að vísu dregið hér fjöldamargt fram í þessu máli, sem er ákaflega margþætt og viðamikið, þá sé ég ekki ástæðu til að gera það með tilliti til þeirra umr., sem fóru fram í Sþ. í gær, og læt mér nægja að vísa til þess sem ég þar sagði.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Það er vissulega rétt, sem hæstv. fjmrh. sagði áðan, að hér er sannarlega um margþætt mál að ræða. Efni þess frv., sem hér er til umr. í dag, bar töluvert á góma í umr. í Sþ. í gær, eins og eðlilegt má teljast. Erfiðleikarnir, sem blasa við því fyrirtæki sem frv. fjallar um, eru auðvitað af mörgum toga spunnir. Það eru sumpart utanaðkomandi erfiðleikar sem stjórnendur

fyrirtækisins hafa ekki fengið að gert með neinum hætti. En öðrum þræði eru þessir erfiðleikar líka innan að og kannske ekki síður.

Það var fyrir forgöngu ríkisins að flugfélögin tvö voru sameinuð á sínum tíma. Og ég hygg að segja megi, þegar menn skoða það mál, að þar hafi e. t. v. verið unnið meir af kappi en forsjá, því að sundrung hefur verið áberandi frá því félögin voru sameinuð. Ég held þess vegna, og það er mitt grundvallarsjónarmið í þessu máli, að þar sem ríkið knúði þessa sameiningu fram á sínum tíma og erfiðleikarnir komu sumpart í kjölfar hennar beri ríkið líka nokkrar skyldur gagnvart þessu fyrirtæki.

Ofan á þetta hefur það svo bæst, að ég sé ekki betur — og heyri raunar á máli ýmissa þeirra sem hér hafa talað í umr. um þetta mál í Sþ. — en jafnvel megi segja að stjórn félagsins hafi illa verið verki sínu vaxin og jafnvel gert skyssu á skyssu ofan. En það, sem er meginatriði þessa máls, er að þeir erfiðleikar, sem nú blasa við í þessum efnum, eru miklu meiri en menn renndu grun í fyrst í haust. Erfiðleikarnir eru svo miklir að fullyrt er að stöðvun blasi við innan tiltölulega skamms tíma verði ekki að gert, og er það vissulega alvarlegt mál.

Ég hygg að segja megi að hæstv. samgrh. hafi unnið allvel að þessu máli, eftir því sem mér hefur sýnst, eftir því sem hann hefur fengið frið til fyrir þeim Alþb.-mönnum sem óneitanlega virðast hafa allt að því átt þá ósk að þetta mætti allt fara í rúst svo reisa mætti kannske eitthvað annað á grunninum. Auðvitað eru skiptar skoðanir um ýmislegt það sem gert hefur verið í þessu sambandi, en ég hygg þó að í öllum meginatriðum hafi verið unnið rétt að þessu máli og fulltrúar þingflokka hafa fengið að fylgjast með því á öllum stigum, eins og eðlilegt hlýtur að teljast. Þar er ekkert undan að draga.

Eitt er þó í tengslum við þetta mál sem mér finnst svolítið skrýtið — og er raunar ekki einn um það. Hér á ég við það sem gerst hefur nú alveg nýlega, þegar samgrh. veitir nýju félagi, félagi sem hyggst hefja greinilega farþegaflutninga, félaginu Iscargo, leyfi til flugs á leiðinni milli Íslands og Hollands. Það er búið að rekja sögu þessa máls ítarlega. Áður hafði Arnarflug sótt um leyfi til flugs á þessari leið. Því var ekki svarað. Flugleiðir höfðu þegar tilkynnt fyrir miðjan þennan mánuð að þær hygðust hefja flug á þessari leið.

Nú hefur hv. þm. borist bréf frá Flugleiðum, þar sem ítarlega er fjallað um þetta mál og bent á að þegar flugfélögin voru sameinuð, þá var það ein meginforsenda fyrir því að slíkt var samþykkt, eins og segir í bréfi samgrh. frá þeim tíma, með leyfi forseta: „að sameinað flugfélag eða núverandi flugfélög, sem verða undir þess yfirstjórn, verði tilnefnd til að njóta allra þeirra réttinda til reglubundins áætlunarflugs á erlendum flugleiðum, sem Ísland hefur samkv. loftferðasamningum og það eða þau vilja nýta."

Hér hefur verið brugðið út af þessari stefnu einhverra hluta vegna. Einhverra hluta vegna er flugfélagi, sem ekki á farþegaflugvél, sem ekki hefur stundað farþegaflug til annarra landa, hefur sennilega hvorki til þess viðhaldsaðstöðu né annan búnað, úthlutað leyfi til farþegaflutninga á þessari leið á sama tíma og félag, sem berst í bökkum og flutt er hér sérstakt frv. um að aðstoða, er að hefja flug á þessari sömu leið samkv. gömlu leyfi og raunar taka þar upp þráðinn sem áður var frá horfið. Þetta er óneitanlega furðuleg ráðstöfun. Og enn furðulegra er það, ef satt er, að þetta fyrirtæki, Iscargo hf., skuli nú leita fyrir sér um hentuga flugvél til leigu eða leigukaupa á mörkuðum í Evrópu á sama tíma og flugvélar Flugleiða standa hér ónotaðar og óseljanlegar. Ég held að það sé komin ástæða til þess að lýsa eftir flugmálastefnu, hver hún er, hvar hún er og hvenær hún verður kynnt hér, vegna þess að það, sem gert hefur verið í þessu, ber ekki vott um það, að neina slíka stefnu sé að finna hjá núv. ríkisstj.

Einn þáttur þessa máls, sem rætt hefur verið um gagnvart Flugleiðum, hefur verið sá, að Flugleiðir fengju aukinn hlut í flutningum hingað til lands á vegum varnarliðsins. Um það er auðvitað allt gott að segja, að leitað sé eftir því að þeir flutningar fari fram með íslenskum flutningatækjum. En einu hjó ég eftir þegar hæstv. utanrrh. var spurður um þessi mál í útvarpi við heimkomu sína frá Bandaríkjunum fyrir skömmu. Þá tók ég ekki betur eftir — vera má að það hafi verið mismæli — en hann talaði um að kannað hefði verið að fá aukna hlutdeild fyrir íslensk flugfélög í þessum flutningum. Leikur mér nú nokkur forvitni á að vita hvort ætlunin er að skipta þessu milli margra aðila eða hvort hér var um mismæli að ræða, sem ég hygg. Í ljósi þess, sem hér er verið að ræða nú og talað hefur verið um, að þetta fyrirtæki nyti góðs af ef hægt væri að ná auknum viðskiptum á þessum markaði, þá væri ekki ófróðlegt að fá svör við þessu.

Í sambandi við þau vandamál, sem hér er í fyrsta lagi um að ræða, grundvallarsamgöngur til og frá landinu, sem eru mikilsverðara mál en svo, að hægt sé að líða það og láta viðgangast að þær stöðvist. Um það hygg ég að allir séu sammála. Í öðru lagi er hér um að ræða atvinnuöryggi nokkur hundruð manna og starfsemi sem beint hefur hingað miklum fjölda ferðamanna á löngum tíma, sem skapað hefur hér miklar tekjur og vinnu, þannig að margfeldisáhrifin af þeim störfum, sem hér er um að ræða, eru áreiðanlega fimmföld, ef ekki meiri.

Í sambandi við þann vanda, em hér hefur verið og er til umræðu, hefur verið rætt um sölu ýmissa eigna fyrirtækisins. Auðvitað hlýtur það að koma til athugunar. En ég tek undir það sem ýmsir hv. þm. sögðu í umr. í Sþ. í gær, að ég held að það væri í hæsta máta óeðlilegt að selja hlutabréf fyrirtækisins í Cargolux-félaginu, einu stærsta vöruflutningafélagi heims. Ég hygg að slíkt væri ekki skynsamleg ráðstöfun. Hins vegar sýnist ekki þörf á því — (Gripið fram í.) Þeir segja það, það er eftir að reyna á hvort þar er um raunverulegan vilja að ræða, sem ég er ekki ákaflega trúaður á. Hins vegar sýnist manni ekki brýn nauðsyn þess, að Flugleiðir standi í rekstri bílaleigu þar sem standa núna milli 70 og 80 bílar ónotaðir á hverjum einasta degi. Það geta menn séð þegar þeir keyra suður flugvallarveginn. Sömuleiðis má segja að mikill hótelrekstur félagsins orki tvímælis. Ýmsir hafa bent á að e. t. v. væri ástæða til að hugleiða þann möguleika, hvort ekki mætti nýta eitthvað af þessu hótelrými t. d. fyrir stúdentagarð, — ég er ekki að segja að þetta séu raunhæfar hugmyndir, en þessu hefur verið slegið fram, — eða sem hjúkrunarheimili fyrir t. d. aldraða, en skortur á þeim er meiri en svo, að ég þurfi að fara um það mörgum orðum. Sömuleiðis hefur verið bent á að eðlilegt væri að félagið seldi hlutabréf sín í Arnarflugi. Og væri ekki eðlilegt að starfsfólk þess fyrirtækis eignaðist þar hlutdeild og hefði þar eitthvað að segja, eins og ætlunin er og stefnt er að með þessu frv. að starfsfólk

Flugleiða fái þar aukin áhrif á stjórn fyrirtækisins, sem er ákvæði í rétta átt?

Ég harma það, að hæstv. samgrh. skuli ekki vera viðstaddur þessar umr. hér, en hann gagnrýndi í gær stjórn fyrirtækisins. Ég hygg að hann hafi gert það alveg með réttu. Og ég er líka persónulega þeirrar skoðunar, að þar hefði mátt kannske kveða nokkru sterkar að orði. Ég held að hjá því geti ekki farið, að sú hugsun flögri að þeim sem fylgst hafa með sögu og þróun Flugleiða undanfarin 2—3 ár, að ýmsar ákvarðanir stjórnarinnar orki vissulega tvímælis, að ekki sé meira sagt. Það má t. d. nefna kaupin á nýju 727-200 þotunni, þar sem hvert viðbótarsæti var keypt mjög dýru verði. Forsenda kaupa á þeirri þotu var raunar sú, að það átti að selja tvær hinar gömlu. Það hefur ekki tekist og engar horfur eru á að það takist, a. m. k. nú á næstu vikum.

Í öðru lagi hefur verið bent á að breiðþotukaupin — þá er ég ekki að tala um þau óhöpp og erfiðleika sem urðu í sambandi við reksturinn, heldur kaupin sjálf — hafi borið að með enn óútskýrðum hætti. Sitthvað fleira mætti til taka. Í rauninni má segja að stjórn eins hlutafélags, sem komið hefur því í slíkar ógöngur með ýmsum hætti eins og nú er ljóst, ætti auðvitað ekkert annað eftir en að segja af sér. En nú er það auðvitað svo, að hér er um að ræða hlutafélag í eigu einstaklinga og ríkið getur ekki sett nein skilyrði um stjórn eða stjórnarmenn. En satt að segja held ég að flestum utanaðkomandi, sem á þetta horfa, hljóti að vera það óskiljanlegt, hvers vegna núv. stjórn og forstjóri félagsins sitja enn eftir alla þá hrakfallasúpu sem þeir aðilar hafa stýrt félaginu inn í. Það er mér a. m. k. óskiljanlegt.

Til þessa frv. er afstaða okkar Alþfl.-manna sú, að þessa tilraun beri að gera í eitt ár. Þeir hagsmunir, sem þarna er um að tefla, eru svo miklir, að við teljum það réttlætanlegt að nokkru sé e. t. v. fórnað til þess að fá úr því skorið, hvort þessi rekstur, eins og hann hefur verið, geti gengið, að markaðsaðstæður verði kannaðar, leitað verði nýrra leiða og kannske það sem meginmáli skiptir, að sambúðin innan félagsins verði bætt þannig að menn vinni saman, en starfið þar einkennist ekki af þeirri sundrung sem ríkt hefur til þessa. Okkur finnst að vísu að ákvæðin í 5. gr. frv. orki tvímælis, þar sem ríkisstj. er heimilað að setja þau skilyrði sem hún telur nauðsynleg. Það væri með ýmsum hætti eðlilegra, að þau skilyrði, sem setja á, ef einhver á að setja, væru talin upp í frv., þannig að þau lægju fyrir þegar það væri samþykkt. En auðvitað er nauðsynlegt að þessi tími, þetta ár, þessi ársfrestur, sem hér er gefinn, verði notaður og notaður vel, hann verði notaður til að ganga úr skugga um það, hvort þessi starfsemi getur gengið eða hvort henni beri að hætta, og þá á ég við Norður-Atlantshafsflugið. Vera má að niðurstaðan verði sú, að fyrir þessu séu ekki lengur þær forsendur sem á sínum tíma voru, en þetta þarf að athuga og athuga vel.

Þetta er sem sagt í meginatriðum afstaða okkar gagnvart þessu frv., að við teljum að nokkru sé fórnandi til að gera þessa tilraun í eitt ár. En að lokum er aðeins eitt sem ég vildi láta koma hér fram að ég óttast. Ég óttast það, að aðgerðir stjórnarinnar og tilkynningar um niðurfellingu flugsins hafi þegar brotið niður markaðskerfi félagsins að svo verulegu leyti að það verði mjög erfitt, ef ekki ómögulegt, að byggja upp aftur á einu ári. Ég hygg að það muni hafa gerst núna undanfarnar vikur, að úr farpöntunum hafi stórlega dregið, enda ekki nema von þegar ýmis víðlesnustu blöð og tímarit eru búin að tilkynna að félagið sé að hætta þessu flugi. Slíkt þarf auðvitað ekki að koma forráðamönnum Flugleiða á óvart, eins og mér skilst að muni þó e. t. v. vera. Þetta held ég að sé hið hættulega í þessu máli, að það sé búið að eyðileggja meira en auðvelt er að bæta á þeim tíma sem er til stefnu. Og ég held að ef niðurstaðan af þessu verður sú, að þessu flugi beri að hætta, þá sé ástæðan kannske fyrst og fremst sú, hversu fádæma klaufalega stjórn félagsins fór að. Það var engu líkara en hún vildi brjóta þetta kerfi niður, brjóta það til grunna, þannig að þar stæði ekki steinn yfir steini. Það væri vissulega gott ef þessi starfsemi gæti haldið áfram, en til þess þarf að skoða málið. Og það mun ekki standa á okkur Alþfl.-mönnum að veita þessu máli hér lið, þannig að það geti gengið tiltölulega fljótt og eðlilega í gegnum hv. deild.

Umr. frestað.

Neðri deild, 5. fundur.

Miðvikudaginn 22. okt., kl. 2 miðdegis.

Fundarsókn þingmanna.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég má til með að biðja hv. þdm., sem heyra mál mitt, að meðtaka þau skilaboð — og alveg sérstaklega beini ég orðum mínum til formanna þingflokka — til annarra hv. þdm., að þetta verður ekki liðið svo framvegis, að menn mæti ekki til þingfundar á réttum tíma. Nú er klukkan fimm mínútur gengin í þrjú og hér hefur skella verið skekin að mönnum um langa hríð án árangurs. Þetta bið ég menn vinsamlegast að taka til alvarlegrar athugunar.

Meinatæknar, frv. (þskj. 29). — 1. umr.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv., sem er á þskj. 29, 28. mál þessarar hv. d., frv. um meinatækna, en það er samið í heilbr.- og trmrn. eftir beiðni Meinatæknafélags Íslands og er að verulegu leyti byggt á tillögum félagsins. Frv. var upphaflega flutt á síðasta Alþ., en hlaut ekki afgreiðslu og er hér endurflutt óbreytt.

Frv. er að flestu leyti samhljóða öðrum lögum sem sett hafa verið á undanförnum árum til þess að tryggja hinum ýmsu heilbrigðisstéttum lögvernduð starfsréttindi og lögverndað starfsheiti.

Stétt meinatækna er tiltölulega ung hér á landi. Meinatæknafélag Íslands var stofnað í febrúar 1967. Fljótlega eftir stofnun félagsins óskaði það eftir löggildingu á starfi og starfsréttindum meinatækna, en um þennan hóp giltu þá engin lög.

Í framhaldi af þessari ósk félagsins skipaði heilbr.- og trmrh. nefnd til að semja frv. til laga um tæknimenntað aðstoðarfólk við lækningar. Var frv. þess efnis borið fram á Alþ. og staðfest sem lög árið 1971, þ. e. lög um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir, og eru þau nr. 64 frá árinu 1971. Samkv. 2. gr. laga um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir hafa þeir einir rétt til að starfa hér á landi sem heilbrigðistæknar sem lokið hafa prófi í

einhverri grein heilbrigðistækni og hlotið löggildingu heilbrmrh. að afloknu bóklegu og verklegu námi. Samkv. 2. gr. laganna setur ráðh. reglugerð með nánari ákvæðum um náms- og menntunarskilyrði fyrir hverja stétt heilbrigðistækna. Í grg. frv. þess, sem síðar varð að lögum nr. 64 1971, um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir, kemur m. a. fram að ekki verði hjá því komist að skapa málum heilbrigðisstétta lagalegan grundvöll, til þess að unnt sé í fyrsta lagi að veita nýjum heilbrigðisstéttum viðurkenningu í formi löggildingar og í öðru lagi að útiloka vanmenntað fólk frá slíkum ábyrgðarstörfum.

Á grundvelli heimildar í lögunum um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir setti heilbr.- og trmrn. reglugerð um meinatækna 1973, þ. e. reglugerð nr. 180 frá því ári, en henni hefur tvívegis verið breytt.

Á undanförnum árum hefur það farið mjög í vöxt, að ýmsir hópar svokallaðra heilbrigðisstétta hafa sótt um sérstaka löggildingu. Hefur þá jafnan verið gripið til þess ráðs að setja sérlög um viðkomandi hóp þrátt fyrir tilvist laga nr. 64 1971, um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir.

Sannast sagna hefur einstökum tæknimenntuðum heilbrigðisstéttum verið illa við að láta flokka sig undir almenn lög þegar um aðrar heilbrigðisstéttir, sem ekki teljast tæknilegar, gilda sérstök lög um hvern starfshóp.

Á það skal enn fremur bent, að starfssvið heilbrigðisstétta getur verið mjög mismunandi. Þannig er oft með misjöfnum hætti hvort telja eigi heilbrigðisstétt tæknimenntaða eða ekki.

Lög um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir, nr. 64 1971, vernda ekki starfsheiti þeirra hópa sem undir þau falla, þar sem í lögunum er aðeins minnst á svokallaða heilbrigðistækna sem samheiti allra þeirra er vinna sem tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir. Þannig er starfsheitið meinatæknir ekki lögverndað sem slíkt.

Störf meinatækna eru á margan hátt mjög vandasöm og eru því gerðar sérstakar kröfur til menntunar og þjálfunar þeirra aðila er þau stunda. Störf meinatækna eru einkum fólgin í því að annast sjálfstæð og breytileg rannsóknarstörf á sviði sýklafræði, blóðmeina- og meinafræði og lyfjafræði. Það er á verksviði meinatækna að gefa læknum, hjúkrunarfræðingum og öðrum leiðbeiningar um töku, meðferð og geymslu sýna, svo dæmi séu tekin. Við slík störf er mikil þörf á nákvæmni, árvekni og staðgóðri þekkingu á þeim sviðum sem nefnd eru hér að framan. Röng niðurstaða úr rannsókn eða ruglingur á sýnum getur skipt sköpum fyrir sjúkling. Sérstaka gætni þarf enn fremur að viðhafa vegna sýkingarhættu við meðferð sýna.

Þótt hér að framan sé aðeins getið nokkurra atriða, sem að vísu skipta miklu máli, er augljóst að störf meinatækna eru margslungin og ekki á færi nema sérmenntaðs og sérþjálfaðs fólks. Liggur því ljóst fyrir að nauðsynlegt sé að tryggja sem best að störf á þessum vettvangi skili sem bestum árangri.

Í 3. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að þeir aðilar, sem ekki hafa réttindi við gildistöku laganna, en eru í starfi sem að einhverju leyti telst eðlilegast að meinatæknar gegni, geti fengið takmarkað og/eða tímabundið starfsleyfi. Gert er ráð fyrir því, að ráðh. verði heimilað, að fenginni umsögn Meinatæknafélags Íslands, að veita slíku fólki umrædd tímabundin eða takmörkuð starfsleyfi, en slíku skal ekki fylgja réttur til þess að kallast meinatæknir.

Ég tel rétt að útiloka ekki fólk, sem vinnur t. d. á sjúkrahúsum víðs vegar á landinu að störfum sem þessum, frá því að fá leyfi til að halda þeim störfum áfram. Enn fremur er nauðsynlegt að halda þeim möguleika opnum, að hægt verði að ráða til meinatæknastarfa tímabundið, svo dæmi sé tekið, aðila sem hafa vissa þekkingu og starfsreynslu á þessu sviði, í þeim tilvikum sem meinatæknir er ófáanlegur.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að fara frekari orðum um einstakar greinar þessa frv., en vísa til athugasemda við frv. sjálft og einstakar greinar þess.

Herra forseti. Ég leyfi mér hér með að leggja til að frv. þessu verði að lokinni 1. umr. vísað til hv. heilbr.- og trn. og 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 24 shlj. atkv.

Almenn hegningarlög, frv. (þskj. 4). — 1. umr.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Frv. það um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19 frá 1940, sbr. lög nr. 22 frá 1955, á þskj. 4, sem hér er lagt fyrir hv. Nd., var lagt fyrir Alþ. í upphafi þessa árs af þáv. dómsmrh., en kom ekki til frekari umr. á því þingi, og er það nú lagt fram óbreytt.

Frv. er samið af hegningarlaganefnd og er þáttur í endurskoðunarstarfi hennar á hegningarlöggjöfinni. Er í frv. fjallað um breytingar á tveimur köflum hegningarlaganna. Það er annars vegna 9. kafla, þar sem fjallað er um fyrningu sakar og brottfall viðurlaga og ákvæði tengd þeim. Er um það efni fjallað í 1.—8. gr. frv. Í 10.—12. gr. er hins vegar fjallað um 23. kafla laganna og eru í frv.gr. gerðar breytingar á lagaákvæðum um líkamsmeiðingar. Breytingarnar eru aðallega fólgnar í ítarlegri aðgreiningu á efni núgildandi 217. og 218. gr. hegningarlaganna, sem hafa valdið nokkrum erfiðleikum í meðferð fyrir dómstólum.

Ég tel ekki ástæðu til þess að fara nú út í nánari útlistun á efni frv., en vísa til hinnar ítarlegu grg. er fylgir því.

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að leggja til að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Fundarsókn þingmanna.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Mér var sagt, þegar ég kom inn í þinghúsið nokkrum mínútum yfir tvö, að forseti hefði verið að veita þm. áminningu fyrir að vera ekki mættir á réttum tíma í upphafi þingfundar. Og það er nú eins og fyrri daginn þegar menn fá ákúrur fyrir að mæta ekki á réttum tíma, að þá heyra þeir það, sem mættir eru, en ekki hinir, svo að ég þakka þeim sem sagði mér frá þessu, og ég vil því gefa skýringu á minni fjarveru. (**Gripið fram í:** Og minni.) Og fleiri.

Það var boðaður fundur í heilbr.- og trn. þessarar hv. d. af hv. 5. þm. Reykn., Jóhanni Einvarðssyni, kl. 13.45 í dag. Það átti að kjósa þar formann, varaformann og

skrifara, sem undir öllum venjulegum kringumstæðum tekur vart meira en 3—4 mínútur að gera. Það voru sex nm. mættir á réttum tíma, einn kom að vísu tveim mínútum yfir boðaðan tíma, en einn nefndarmann vantaði. Það var hæstv. landbrh., sem nú tekur sæti í heilbr.- og trn., sem vantaði á fundinn. En það skilja allir menn, að hæstv. ráðh. hafa mikið að gera, þó að þeir vilji vera víða í nefndum, og engin forföll boðaði hann. En stjórnarliðar í þessari nefnd gerðust mjög óróir yfir því, að þeir höfðu ekki pálmann í höndunum, og Guðmundur Þórarinsson hljóp víða um ganga í Þórshamri að leita að sínum Pálma. En að lokum kom Pálminn í leitirnar eina mínútu fyrir kl. tvö. Og þá var úr vöndu að ráða, því að stjórnarliðar höfðu sagt að þeir óskuðu eftir því að fresta formannskjöri og var í raun og veru komin fram till. um það, af því að Pálmi hafði lagt mikla áherslu á að vera á fundinum, sem von er. En eftir að hann var mættur lifnaði mjög yrir stjórnarliðum, þannig að formannskjörið fór fram. Og það verður eðlilega tilkynnt eins og vera ber, að bæði honum og stjórnarliðum varð allmjög hughægra, því að Guðrún Helgadóttir hlaut 4 atkv., en var mjög hrædd um að ná ekki kjöri fyrr en hún sá Pálma sinn koma.

En nú er þessari þrekraun stjórnarinnar lokið að þessu sinni, þessu gífurlega átaki, að kjósa formann, varaformann og skrifara nefndarinnar. Ég vildi því láta það koma hér fram, að í þessu tilfelli verða sjö þm. of seinir á fund í hv. Nd. hjá hæstv. forseta vegna þess að einn lét bíða eftir sér. Þetta er kannske eitt dæmi um það, að gagnrýni Alþfl. við kosningu í nefndir hefur átt við nokkur rök að styðjast. Þeir hafa kannske ekki mikinn tíma aflögu, þessir ráðh. sem vilja alls staðar vera.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Hv. 1. þm. Vestf. hefur gert grein fyrir fjarveru sinni. (**Gripið fram í:** Og fleiri.) Og fleiri. (**Gripið fram í:** Og er það til eftirbreytni.) Skal ég í þetta skipti meta ástæður gildar, þar sem unnið var að þrautaverki. En að öllu öðru jöfnu verður það ekki gert og ekki framvegis, því þetta er auðvitað ekki gilt sem afsökun þar sem um fund í hv. d. er að tefla. Í þetta skipti er það gert.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Margt verður nú efni til umr. og e. t. v. efni í stórmál hér á hv. Alþ., en ég get gjarnan staðfest það, að gleymni mín á fundarboð hefur ráðið því, að hv. þm Matthías Bjarnason kom hér of seint til fundar.

Ég vonast til þess, þó að svo hafi tekist til á fyrsta fundi þessarar hv. nefndar, að það verði ekki störfum hennar til trafala í framtíðinni, og vænti ég þess, að þingstörf hafi hér hafist í dag með sæmilega eðlilegum hætti, þó að þetta bæri við.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Svo varð því miður ekki. Það dróst góðar 5 mínútur fram yfir tvö að fund mætti setja, og slíkt má ekki endurtaka sig.

Horfnir menn, frv. (þskj. 7). — 1. umr.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Frv. til laga um horfna menn á þskj. 7, sem hér er lagt fyrir hv. Nd., er ætlað að koma í stað laga nr. 23 frá 1922, um sönnun fyrir dauða manna, sem ætla má að farist hafi af slysum. Er þau lög voru sett á sínum tíma voru engin slík lög í gildi hér á landi. Var að sjálfsögðu bagalegt að engar lagareglur voru til um það efni. Raunar var frv., sem þá var lagt fyrir þingið, enn þrengra, þ. e. frv. til laga um sönnun fyrir dauða sætýndra manna, og var það gert nokkru víðtækara við umfjöllun þess í þinginu. Veruleg bót var að lagasetningu þessari á þeim tíma og hún ekki mjög ólík löggjöf nágrannalanda á þessu sviði, þótt ekki væri eins ítarleg.

Þó var hin síðari ár löngu orðið ljóst, að bagalegt var hvað frestir til dómsuppkvaðningar voru langir svo og að engin nýmæli voru til í hennar stað. Allnokkur úrbót varð með styttingu fresta sem hér var gerð með lagabreytingu á síðasta þingi svo sem menn muna. Kom þá jafnframt fram að í undirbúningi væri heildarendurnýjun á lögunum. Felst hún í frv. því sem hér liggur fyrir, sem samið er af dr. Ármanni Snævarr hæstaréttardómara fyrir tilstilli dómsmrn. Er þar gert ráð fyrir lögfestingu ákvæða til að leysa úr margháttuðum úrlausnarefnum sem núgildandi lög fjalla ekki um.

Frv. er skipað í fjóra kafla. Þriðji kaflinn fjallar um það efni sem núgildandi lög taka til, en hinar nýju reglur eru mun skýrari og skilvirkari.

Í I. kafla er fjallað um heimildir skiptaráðanda til að úrskurða að um bú horfins manns skuli farið sem dánarbú. Á það við þegar atvik benda til þess, að hinn horfni sé látinn.

Í II. kafla frv. er fjallað um varðveislu og ráðstöfun á fjármunum horfins manns, þá er eigi er talið fært að taka bú hans til skipta.

Loks er í IV. kafla fjallað um þær lagareglur er gilda skuli er dánarlíkur, sem dómur samkv. III. kafla er reistur á, reynast rangar.

Ég tel hið nýja lagafrv. veigamikla réttarbót og vil vænta þess, að það fái góðar undirtektir í þinginu.

Ég vil leyfa mér, herra forseti, að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Fiskvinnsluskóli, frv. (þskj. 12). — 1. umr.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég endurflyt þetta frv. Það var flutt á síðasta þingi af þáv. menntmrh. og kemur fram í óbreyttum búningi, þannig að ég hygg að hv. þdm. séu kunnugir efni þess. En þannig er, að í gildandi lögum um fiskvinnsluskólann er ákvæði um skyldur skólans til þess að halda námskeið fyrir starfsfólk í ýmsum greinum fiskiðnaðarins, og í 4. tölul. 1. mgr. í reglugerð nr. 71 1973, um mat á saltfiski til útflutnings, segir, að Fiskmat ríkisins, sem Framleiðslueftirlit sjávarafurða, sem nú starfar, leysti af hólmi, skuli halda námskeið fyrir fiskmatsmenn, en í lögunum um Framleiðslueftirlitið er ekkert beint ákvæði um að það skuli standa fyrir slíku námskeiðahaldi.

Í 3. mgr. 3. gr. laganna segir að Framleiðslueftirlitið skuli veita leiðbeiningar um fiskverkun og meðferð sjávarafurða. Og það er á grundvelli þessa ákvæðis og fyrrgreinds reglugerðarákvæðis sem Framleiðslueftirlitið hefur síðan haldið allmörg námskeið fyrir menn til að

öðlast þekkingu til þess að starfa sem fiskmatsmenn. Nú er það augljóst, að engin ástæða er til þess, að þessar stofnanir báðar séu að sinna þessu sama verkefni. Það orkar ekki tvímælis, að Fiskvinnsluskólanum ber skylda til að sinna þessu verkefni, og augljóst að það er vel komið í höndum hans. Hins vegar er eðlilegt að samvinna sé við Framleiðslueftirlitið um þetta námskeiðahald og fyrir því er gert ráð í því frv. sem hér er nú til umr. til breytinga á lögunum um Fiskvinnsluskólann. Þar er einnig gert ráð fyrir því, að Framleiðslueftirlitið hætti að halda námskeið og þannig verði komið í veg fyrir tvíverknað.

Ég vil geta þess, að hér liggur nú fyrir og er m. a. á dagskránni í dag frv. til breytinga á lögum um Framleiðslueftirlit sjávarafurða, sem hæstv. sjútvrh. flytur og mun mæla fyrir. Hann er ekki staddur hér í dag. En ég vil minna á að mjög eðlilegt er að þessi frv. séu rædd samtímis og könnuð samtímis í n., m. a. hvað þetta atriði snertir fyrst og fremst.

Í 2. gr. þessa frv. um breyt. á lögum um Fiskvinnsluskólann er ákveðið að lokaprófi fiskiðnaðarmanna skuli ljúka með verklegu prófi. Gert er ráð fyrir að sett verði í reglugerð ákvæði um efni prófsins og um framkvæmd þess. Það hefur verið athugað, að hægt er að koma saman efni í slíkt verklegt próf, en ekki virðist endilega ástæða til að setja það í lög, hvernig því verði háttað, heldur verði sett reglugerð um efnið í rn., þar sem hægt er að hafa náið samstarf við kunnáttumenn um efni málsins. Auk þess hefur slík reglugerð náttúrlega þann kost, að það er auðveldara að koma við breytingum, ef á þykir liggja, í framkvæmd málsins frekar en þurfa að bera það undir Alþ. í hvert sinn sem eitthvert slíkt vandamál kynni að koma upp.

3. gr. er aftur um stjórn Fiskvinnsluskólans, Skólanefndarmennirnir eru fimm sem stýra Fiskvinnsluskólanum, og í núgildandi lögum er m. a. gert ráð fyrir að Fiskimálaráð svokallað tilnefni einn mann í þessa skólanefnd. En nú háttar svo til, að Fiskimálaráð hefur verið lagt niður fyrir nokkru, þannig að það er ekki eðlilegt að hafa það ákvæði áfram í lögunum um Fiskvinnsluskólann, að Fiskimálaráð tilnefni einn af stjórnarmönnum skólans. Sú till. er hér uppi að breyta þarna til þannig að nýr tilnefningaraðili komi í staðinn fyrir Fiskimálaráð. Er gert ráð fyrir að það verði Fiskifélag Íslands, sem er hagsmunaaðili fiskiðnaðarins, sem tilnefni mann í skólanefnd í stað Fiskimálaráðs. Einnig er svo lagt til að reglulegir nemendur skólans tilnefni einn nm. í stað tveggja áður, en hins vegar að fagfélag fiskiðnaðarmanna, Fiskiðn, tilnefni einn mann.

Þetta eru þær breytingar sem um er að ræða á stjórn Fiskvinnsluskólans, og hef ég tekið undir það sem aðrir ráðh. á undan mér hafa tekið undir, að flytja málið í þessu horfi. En eins og ég segi, þá er þetta frv., þó að það sé ekki stórt í sniðum, tengt öðru frv. sem er á dagskrá hér í dag, en verður víst ekki talað fyrir vegna þess að hæstv. sjútvrh. er ekki við. Ég tel ákaflega mikilvægt að sama nefnd fjalli um bæði þessi mál, en samkv. venjum okkar má segja að það falli ekki alveg saman í hvaða nefndir vísa skuli þessum málum. Samkv. venju okkar hér mundi breyting á fiskvinnsluskólalögum falla undir verksvið menntmn., en breytingar á lögum um Framleiðslueftirlit sjávarafurða mundu aftur á móti heyra undir sjútvn. Ég tel reyndar enga ástæðu til að vera með neina togstreitu milli nefnda í þessu efni, og ég ætla á þessu stigi að leggja það til við forseta, að ekki verði gengið endanlega frá till. um það, í hvaða n. þetta mál fer, heldur verði þess beðið, að hæstv sjútvrh. fái tækifæri til að tala fyrir því máli sem hann flytur. Ég held að það sé reyndar ekki stórmál hvor n. verður valin til þess arna. Aðalatriðið er að þessi mál fái athugun og séu könnuð af sömu n. eða þá a. m. k. í samvinnu nefnda, ef sú niðurstaða verður að vísa þeim til tveggja þn.

Ég vil þá fara fram á það, herra forseti, að málinu verði frestað um sinn og ákvörðun tekin síðar um það, hvernig fer um vísun til nefndar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Vélstjóranám, frv. (þskj. 14). — 1. umr.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Þetta mál var flutt á þinginu sem leið, en kom nokkuð seint fram og var ekki afgreitt úr n. Frv. er aðeins tvær gr., hin fyrri er efnisgrein, en sú síðari um það, hvenær lögin skuli taka gildi. Efni frv. er það, að aftan við 3. gr. laga um vélstjóranám komi ný mgr. sem hljóði þannig:

„Sá sem lokið hefur fyllsta námi frá Vélskóla Íslands á hverjum tíma og hefur auk þess lokið sveinsprófi í vélvirkjun eða annarri málmiðnaðargrein, sbr. 14. gr. þessara laga, á rétt á starfsheitinu vélfræðingur."

Það kemur fram í grg., að þetta frv. er lagt fram samkv. ósk Vélstjórafélags Íslands. Starfsheitið vélstjóri tekur núna til manna með mjög mismunandi menntun og vélstjórar eru sammála um það — það þykist ég hafa kynnt mér — að eðlilegt sé að greina á milli manna sem nú heita einu nafni vélstjórar, það sé eðlilegt að greina þar á milli með sérstöku starfsheiti fyrir þá sem lokið hafa lengstu skólanámi. Eins og menn vita er fullt vélstjóranám mjög langt nám, það jaðrar við það að vera eins og lengsta framhaldsskólanám eða háskólanám, og er því mjög eðlilegt að þarna sé gerður nokkur munur á. Er því lagt til að þeir, sem hafa lokið þessu lengsta námi og hafa sveinspróf í vélvirkjun eða annarri málmiðnaðargrein, fái að heita vélfræðingar, ef þetta verður að lögum.

Orðið vélfræðingur er ekki nýtt í málinu, hygg ég. Það var notað á tímabili um tiltekna menn, sem nú mundu vera kallaðir tæknifræðingar, og að því leyti til er þetta orð ekki notað lengur og að mínum dómi hættulítið að taka það upp um þá vélstjóra sem þarna ræðir um.

Ég ætla ekki að hafa öllu fleiri orð um þetta, herra forseti, en ég legg til að málinu verði vísað til 2. umr. og til hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til menntmn. með 27 shlj. atkv.

Sameinað þing, 7. fundur.

Miðvikudaginn 22. okt., kl. 3.45 síðdegis.

Rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Jón Helgason): Mér hefur borist eftirfarandi bréf:

„Reykjavík, 20. okt. 1980.

Eiður Guðnason, 5. þm. Vesturl., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Alþfl. í Vesturlandskjördæmi, Gunnar Már Kristófersson, formaður Alþýðusambands Vesturlands, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Helgi Seljan,
forseti Ed."

Þar sem Gunnar Már Kristófersson hefur ekki átt sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili þarf að fara fram rannsókn á kjörbréfinu og vil ég biðja kjörbréfanefnd að taka það til athugunar. Verður gefið fundarhlé í 5 mínútur. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur haft til athugunar kjörbréf Gunnars Más Kristóferssonar, 1. varaþm. Alþfl. í Vesturlandskjördæmi. Kjörbréfanefnd gerir enga aths. við kjörbréfið og leggur til að það verði samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 33 shlj. atkv.

Forseti (Jón Helgason): Gunnar Már Kristófersson hefur áður átt sæti á Alþingi og hefur því undirritað eiðstaf. Býð ég hann velkominn til starfa hér.

Sameinað þing, 8. fundur.

Fimmtudaginn 23. okt., kl. 8 síðdegis.

Stefnuræða forsætisráðherra og umræða um hana (útvarpsumr.).

Forseti (Jón Helgason): Umr. skiptist í tvær umferðir. Í fyrri umferð hefur forsrh. til umráða allt að hálfri klukkustund og fulltrúar annarra þingflokka 20 mínútur hver og einnig stjórnarandstaða Sjálfstfl. Í síðari umferð hefur hver flokkur 10 mínútur til umráða og einnig sjálfstæðismenn sem styðja ríkisstj.

Röðin verður þessi í báðum umferðum: Forsrh., Sjálfstfl., Alþb., Alþfl. og Framsfl. Af hálfu Sjálfstfl. talar Geir Hallgrímsson, 1. þm. Reykjv., í fyrri umferð, en Friðrik Sophusson, 10. þm. Reykv., í þeirri síðari. Af hálfu Alþb. tala þeir Ragnar Arnalds fjmrh. og Guðmundur J. Guðmundsson, 7. þm. Reykv., í fyrri umferð, en Hjörleifur Guttormsson iðnrh. í þeirri síðari. Ræðumenn Alþfl. verða Benedikt Gröndal, 4. þm. Reykv., í fyrri umferð, en Kjartan Jóhannsson, 2. þm. Reykn., í þeirri síðari. Af hálfu Framsfl. talar Steingrímur Hermannsson samgrh. í fyrri umferð, en Guðmundur G. Þórarinsson, 12. þm. Reykv., í þeirri síðari.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Góðir hlustendur. Ríkisstjórnin tók til starfa 8. febrúar 1980. Stjórn Alþfl., sem þá hafði setið í nær fjóra mánuði, var bráðabirgðastjórn sem hafði það hlutverk að rjúfa Alþingi og efna til kosninga og halda landsstjórninni í horfinu. Að loknum þingkosningum í byrjun desember 1979 reyndu forustumenn fjögurra þingflokka að mynda ríkisstjórn. Þær tilraunir stóðu í tvo mánuði án árangurs. Um mánaðamótin janúar og febrúar 1980 horfði svo, að Alþingi mundi ekki gegna þeirri höfuðskyldu að sjá landinu fyrir ríkisstjórn, og við blasti að gripið yrði til utanþingsstjórnar. Þá var núverandi stjórn mynduð. Sú stjórnarmyndun var eini möguleikinn sem þá var fyrir hendi til þingræðisstjórnar með stuðningi meiri hluta á Alþingi.

Á fyrsta fundi í sameinuðu Alþingi eftir stjórnarmyndun, 11. febrúar, lýsti ríkisstj. stefnu sinni eins og hún birtist í stjórnarsáttmálanum.

Þegar ríkisstj. tók við var aðkoman þessi í stórum dráttum: Verðbólgan var 61% frá byrjun til loka ársins 1979. Ríkisstj. tók því við um 60% verðbólguhraða. Aðalútflutningsgrein landsmanna, frystiiðnaðurinn, stóð höllum fæti, m. a. vegna sölutregðu á Bandaríkjamarkaði. Ríkisstj. hefur gert ráðstafanir til þess að bæta frystihúsunum upp á einn eða annan hátt, einkum með aðlögun gengis, bæði tekjutap og útgjaldahækkanir sem orðið hafa síðan stjórnin var mynduð. Hagur fyrstiiðnaðarins hefur því ekki versnað á þessu átta mánaða tímabili. En til viðbótar þeim erfiðleikum, sem orðið hafa síðan í febrúar og leyst hefur verið úr, kemur sá vandi frystihúsanna sem skapaðist á tímabilinu okt. 1979 til feb. 1980. Þá hækkaði tilkostnaður þeirra innanlands um 15-20%. Á sama tíma stóð fiskverð í Bandaríkjunum í stað, en til þess að mæta þessari kostnaðarhækkun var gengissig aðeins um 5%.

Við stjórnarskiptin voru einnig allir kjarasamningar lausir, bæði á hinum almenna markaði og við opinbera starfsmenn.

Í stjórnarsáttmála núv. ríkisstj. eru rædd ítarlega þau vandamál sem við er að glíma, markmiðin sem ríkisstj. stefnir að og úrræðin sem hún hyggst beita. Eins og jafnan í stjórnarsamningum er þar um ramma að ræða sem síðan þarf að útfylla nánar.

Í upphafi stjórnarsáttmálans segir svo:

„Meginverkefni ríkisstj. er að treysta íslenskt efnahags- og atvinnulíf, enda er það ein helsta forsenda fyrir sjálfstæði þjóðarinnar. Jafnframt leggur ríkisstj. áherslu á að efla menningarstarfsemi, auka félagslega þjónustu og jafna lífskjör."

Stefna ríkisstj. í efnahagsmálum er í höfuðatriðum mótuð þannig:

„Ríkisstj. mun berjast gegn verðbólgunni með aðhaldsaðgerðum er varða verðlag, gengi, peningamál, fjárfestingu og ríkisfjármál.

Ríkisstj. mun vinna að hjöðnun verðbólgu þannig að á árinu 1982 verði verðbólgan orðin svipuð og í helstu viðskiptalöndum Íslendinga."

Hér var því gert ráð fyrir þriggja ára áætlun um viðureign við verðbólguna, þannig að í lok ársins 1982 hafi verðbólgan náðst verulega niður.

Áður en lengra er haldið er rétt að nefna tvö grundvallaratriði sem jafnan verður að hafa í huga.

Hið fyrra er það, að viðnám gegn verðbólgu byggist

ekki á einum einstökum þætti efnahagsmála. Það eru margir meginþættir efnahagsmála sem þarf að vinna að í samhengi. Því aðeins að heildarsýn sé höfð og það takist að ná tökum á öllum þessum helstu þáttum er von um árangur. Þessir meginþættir eru: ríkisfjármál, peningamál, þ. e. innlán og útlán, verðlag, gegni, fjárfesting og launamál.

Hitt grundvallaratriðið er jafnvægi. Á öllum sviðum þjóðlífsins þarf á jafnvægi að halda til þess að vel fari. Í ríkisfjármálum þarf jöfnuð milli tekna og gjalda. Við þurfum jafnvægi í peningamálum, jafnvægi milli innlána og útlána. Við þurfum að hafa jafnvægi í atvinnumálum þannig að framboð og eftirspurn vinnuafls standist nokkurn veginn á, svo að afstýrt sé atvinnuleysi en um leið komið í veg fyrir ofþenslu á vinnumarkaði. Það þarf að stuðla að jöfnuði í utanríkisviðskiptum, viðskiptajöfnuði.

Í stjórnarsáttmálanum er stefnan um ríkisfjármál mörkuð á þessa lund:

„1) Aðhald í ríkisbúskap verði stóraukið og áhersla lögð á jafnvægi í ríkisfjármálum.
2) Ríkissjóður verði rekinn með greiðsluafgangi.
3) Fjárlaga- og hagsýslustofnun verði gert kleift að sinna í ríkari mæli en hingað til aukinni hagkvæmni og hagræðingu í ríkisframkvæmdum, stofnunum og fyrirtækjum ríkissjóðs í samráði við starfsfólk þeirra."

Þessi stefnumótun byggist á mörgum sjónarmiðum. Ríkisvaldinu er skylt að fara vel með og nýta sem best skattpeninga landsmanna. Í viðnámi gegn verðbólgu er það brýn nauðsyn, að ríkissjóður sé rekinn hallalaust og helst með greiðsluafgangi. Á síðasta áratug var ríkissjóður í sex ár rekinn með halla. Það þýddi lántökur úr Seðlabanka, seðlaprentun og vaxandi verðbólgu. Ríkisstj. ásetti sér að tryggja jafnvægi í tekjum og gjöldum ríkissjóðs á þessu ári. Hefur tekist að ná því jafnvægi. Þetta er mikilbægt atriði í baráttunni við verðbólguna. Góð afkoma ríkissjóðs er einnig nauðsynleg til þess að unnt verði að lækka skuldir ríkissjóðs og vaxtabyrði, en hún nemur á næsta ári um 20 milljörðum króna. Greiðsla af skuldum ríkissjóðs er því mikilvægur þáttur í viðleitni til þess að draga úr útgjöldum hans. Áfram er stefnt í sömu átt á næsta ári með því frv. til fjárlaga sem nú hefur verið lagt fyrir Alþingi. Ég legg á það áherslu, að ekki er nóg að afgreiða fjárlögin með greiðsluafgangi, heldur verður að tryggja það í framkvæmd, að jafnvægi náist og nokkur greiðsluafgangur.

Í stjórnarsáttmálanum segir: „Tekin verði upp staðgreiðsla skatta innan tveggja ára."

Að þessu máli er nú unnið. Þessi breyting mun m. a. hafa gagnleg áhrif í viðnámi gegn verðbólgu.

Frá áramótum verður nýbyggingagjald fellt niður.

Gagnger endurskoðun fer nú fram á hinum nýju skattalögum frá 1978, sem komu til framkvæmda nú í fyrsta sinn. Afnema þarf ýmsa agnúa á þeirri löggjöf.

Í stjórnarsáttmála segir að stefnan í peningamálum skuli stuðla að hjöðnun verðbólgu.

Um útlán viðskiptabankanna þarf meginstefnan að vera sú, að þeir láni ekki út meira en eigið ráðstöfunarfé, en grípi ekki til yfirdráttar í Seðlabanka, sem þýðir að jafnaði aukna seðlaprentun og vaxandi verðbólgu, nema alveg sérstakar aðstæður krefji og þá um stutta stund. Í ár hafa þessi mál því miður gengið úr skorðum. Útlán banka og yfirdráttur þeirra í Seðlabanka hefur orðið meiri en góðu hófi gegnir. Þessi útlánaaukning verður ekki skýrð með lánsþörf atvinnuveganna einni saman, heldur er hér um almenna útlánauakningu að ræða. En eftir ráðstafanir, sem ákveðnar voru í september, hafa þessi mál nú færst í betra horf.

Samkvæmt lögum ber Seðlabankanum að hafa eftirlit með bankastarfsemi og stuðla að heilbrigðum peningaskiptum. Mikilvægur þáttur í þessu eftirlitsstarfi er að gæta þess, að einstakir viðskiptabankar taki ekki of mikið fé að láni í Seðlabankanum. Til þess að fylgjast með þessum þætti hefur Seðlabankinn ýmis úrræði. Í fyrsta lagi er sú aðferð sem hann hefur notað að undanförnu, en það eru refsivextir á hendur þeim bönkum sem taka slík lán. Í öðru lagi ætti Seðlabankinn að ákveða hámark yfirdráttar viðskiptabankanna. Þriðja leiðin er sú, að Seðlabankinn hafi að staðaldri eftirlit með því, hvort viðskiptabanki tekur veruleg yfirdráttarlán hjá Seðlabankanum, og eru hæg heimatökin í því efni. Ef honum virðist að of langt sé gengið á hann að kalla bankastjórn þess banka til viðræðu til þess að kanna orsakir og horfur, gefa ráð og ábendingar og beita fortölum.

Í stjórnarsáttmálanum segir svo:

„Opnaðir verði í bönkum og sparisjóðum sparireikningar, þar sem sparifé njóti fullrar verðtryggingar, samkvæmt nánari reglum og í samræmi við möguleika til útlána."

Þar sem engir slíkir verðtryggðir sparireikningar voru til í bönkum lagði ríkisstj. áherslu á að þetta kæmi sem fyrst til framkvæmda. Frá og með 1. júlí s. l. voru slíkir reikningar opnaðir. Á þeim þrem mánuðum, sem liðnir eru síðan, munu hafa komið inn á þessa reikninga um 2 milljarðar króna. Þetta er að vísu lægri fjárhæð en menn höfðu gert sér vonir um. En öll ný viðskiptaform í bönkum þurfa sinn tíma til þess að menn átti sig á þeim og venjist þeim. Enn fremur hefur það dregið úr aðdráttarafli þessara nýju reikninga, að binditími var hafður tvö ár. Ég ætla að reynslan hafi fært mönnum heim sanninn um að binditímann þarf að stytta. Þeir, sem eitthvert fé hafa aflögu og kynnu að hugsa sér að verja því til kaupa á erlendum vörum eða öðru sem mætti bíða, hafa nú spariform þar sem sparifé heldur fullu gildi sínu, hver sem verðbólgan verður á hverjum tíma.

Örvun til að spara fé og leggja í banka eða sparisjóð er þjóðarnauðsyn. Aukin sparifjármyndun er undirstaða undir eflingu atvinnulífs og heilbrigðu efnahagslífi.

Varðandi þróun innlána er um tvenns konar útreikning og samanburð að ræða: annars vegar ný innlán án vaxta, hins vegar ný innlán að viðbættum áföllnum og áætluðum vöxtum. Talið er eðlilegra til samanburðar að nota síðari aðferðina. Samkvæmt þeim útreikningi höfðu innlán aukist um 39.5% á fyrstu átta mánuðum ársins í fyrra, en á sama tíma í ár um 42%. Nú eru komnar nýrri tölur um þessa þróun. Á fyrstu níu mánuðum ársins, þ. e. jan.—sept. í fyrra, var aukning innlána 43.4%, en í ár á sama tíma um 50%.

Í stjórnarsáttmálanum segir svo:

„Verðbótaþáttur vaxta hækki ekki 1. mars og fari síðan lækkandi með hjöðnun verðbólgu. Í stað hárra vaxta verði unnið að útbreiðslu verðtryggingar og lengingu lána."

Ríkisstj. hefur lagt áherslu á verðtryggingu og lengingu lána.

Í lögum um stjórn efnahagsmála er svo ákveðið, að

miða skuli að því að fyrir árslok 1980 verði í áföngum komið á verðtryggingu sparifjár og inn- og útlána. Ríkisstj. telur, að lengja þurfi aðlögunarfrestinn um eitt eða tvö misseri. Ríkisstj. hefur tvívegis komið í veg fyrir þá hækkun vaxta sem æskileg var talin með hliðsjón af þessu lagaákvæði, þ. e. 1. mars og 1. sept. Þegar útflutningsatvinnuvegir landsmanna eiga við mikla erfiðleika að glíma og telja vaxtabyrðina eina af orsökum vandans taldi ríkisstj. ekki fært að leggja á þá enn meiri vaxtabyrði, sem valda mundi enn meiri gengislækkun en orðið hefur.

Varðandi kjaramál mótaði ríkisstj. afstöðu sína í stjórnarsáttmálanum á þessa lund:

„Ríkisstj. leggur höfuðáherslu á að leysa launamál með samstarfi og samráði. Skal í því sambandi lögð áhersla á eftirgreind meginatriði:

Ríkisstj. mun leita eftir samkomulagi við aðila vinnumarkaðarins um niðurstöður í kjarasamningum, sem geta samrýmst baráttunni gegn verðbólgu og þeirri stefnu stjórnarinnar að jafna lífskjör og bæta kjör hinna lakast settu í þjóðfélaginu.

Til þess að draga úr almennum peningalaunahækkunum er ríkisstj. reiðubúin til þess að beita sér fyrir eftirtöldum ráðstöfunum í tengslum við kjarasamninga."

Síðan eru þessi atriði nánar rakin í hinum prentaða stjórnarsáttmála, á bls. 4, en hér er um margvíslegar félagslegar umbætur að ræða.

Viðræður um kjarasamninga hafa tekið langan tíma. Um miðjan ágústmánuð tókust samningar milli ríkisins og opinberra starfsmanna, sem samþykktir voru í allsherjaratkvæðagreiðslu hjá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. Þessir samningar voru gerðir af ábyrgðartilfinningu og hófsemi af hálfu beggja aðila og voru mjög í samræmi við áðurgreinda stefnu stjórnarinnar.

Hinum almennu kjarasamningum er ekki lokið. En leggja verður áherslu á að ekki dragist lengi enn að ljúka þeim, og að þar verði einnig gætt hófs svo að ekki valdi verðþenslu.

Sú breyting á íslenskri krónu, sem verður um næstu áramót, er í meginatriðum formbreyting, en hefur einnig raunverulegt gildi. Hún á í fyrsta lagi að auka traust manna á krónunni. Þegar hver króna verður hundrað sinnum meira virði en nú, þá er hún komin í hóp annarra gjaldmiðla á Norðurlöndum. En þessi hugarfarsáhrif geta því aðeins orðið að gagni, að aðrar ráðstafanir fylgi sem sannfæri almenning um að alvara sé á ferðum til þess að treysta gildi krónunnar og veita verðbólgunni viðnám. Samfara þessari breytingu hefur ríkisstj. í huga margháttaðar efnahagsaðgerðir.

Gagnger athugun og endurskoðun er hafin á þeirri víðtæku sjálfvirkni sem nú á sér stað, ýmist samkvæmt lögum, samningum eða venjum um verðlag, vexti, kaupgjald, lán og önnur atriði er verulegu skipta um þróun efnahagsmála. Þessi sjálfvirkni og víxlhækkanir eiga sinn mikla þátt í verðþenslunni. Um þessi mál verður haft samráð við þau samtök sem hlut eiga að máli.

Unnið er að nýjum vísitölugrundvelli sem ætti að geta gengið í gildi kringum áramótin. Enn er þó ekki ákveðið hvenær það verður.

Áhersla hefur verið lögð á orkuframkvæmdir, m. a. með því að flýta fyrir að innlendir orkugjafar komi í stað innfluttrar orku. Þannig er áætlað að framkvæmdamagn í raforkuframkvæmdum sé nálægt 50% meira í ár en í fyrra og um fimmtungi meira í varmaveitum. Ríkisstj. mun áfram leggja áherslu á framkvæmdir í orkumálum, einnig til að tryggja öryggi notenda.

Sérstakar ráðstafanir hafa verið gerðar til að auka raforkuvinnslu á komandi vetri með uppsetningu gufuaflsstöðva og borunum fyrir Kröfluvirkjun. Vestfirðir hafa verið tengdir landskerfinu nú í haust og einnig Vopnafjörður, og unnið er að framkvæmdum við Suðausturlínu milli Héraðs og Hornafjarðar. Framkvæmdir við Hrauneyjafossvirkjun ganga samkvæmt áætlun og á 1. áfangi hennar að komast í notkun að ári.

Rannsóknum vegna fyrirhugaðra virkjunarkosta fyrir landskerfið miðar vel. Samkvæmt stjórnarsáttmála er að því stefnt, að næsta virkjun verði utan eldvirkra svæða. Er þess vænst, að unnt verði að taka ákvörðun þar að lútandi á næsta ári.

Stjórnarsáttmálinn gerir ráð fyrir framkvæmdaáætlun í orkumálum til næstu 5—10 ára og að mörkuð verði samræmd orkustefna til langs tíma, og er undirbúningur hafinn um þau efni.

Í undirbúningi er stefnumörkun um áframhaldandi rannsóknir vegna hugsanlegra olíulinda á íslenska landgrunninu í samræmi við stjórnarsáttmála.

Þorskafli Íslendinga verður að öllum líkindum 380—400 þúsund lestir á þessu ári. Miðað við síðustu niðurstöður Hafrannsóknastofnunar er ekki ástæða til að ætla að þorskstofninum sé ofgert með þessari veiði. Virðist eðlilegt að stefna að svipaðri veiði árið 1981.

Útgerðin hefur átt í verulegum rekstrarerfiðleikum síðustu mánuði, og stafar það fyrst og fremst af hækkun á olíu og öðrum útgerðarkostnaði. Með ákvörðun fiskverðs 1. okt. er bráttóafkoma útgerðar orðin jákvæð að mati Þjóðhagsstofnunar. Skreiðar- og saltfiskverkun hefur staðið vel og virðist ástæða til að ætla að svo verði einnig á næsta ári. Gerðir hafa verið viðunandi samningar um sölu á saltsíld. Frystingin hefur átt í verulegum erfiðleikum. Í lok síðasta árs var verðhækkunum innanlands og stöðnun fiskverðs á Bandaríkjamarkaði ekki mætt með nauðsynlegri aðlögun gengis. En með ýmsum aðgerðum stjórnvalda, miklu gengissigi undanfarnar vikur, minnkandi birgðum og hagkvæmari framleiðslusamsetningu telur Þjóðhagsstofnun að rekstrargrundvöllur frystingarinnar sé að verða jákvæður að nýju.

Unnið er að mörkun fiskveiðistefnu, fyrst og fremst með tilliti til þorskveiða. Að því er stefnt að samræma veiðar og vinnslu, að reyna að tryggja að heildarmarkmið veiða standi og að gæði afla og framleiðslu séu sem mest. Í þessu skyni mun gæða- og framleiðslueftirlit verða hert. Fátt er mikilvægara fyrir okkur Íslendinga en að framleiðsla sjávarafurða hér á landi sé ætíð til fyrirmyndar.

Ríkisstj. hefur gripið til ráðstafana í landbúnaðarmálum sem hafa það að markmiði að laga búvöruframleiðsluna eftir markaðsaðstæðum. M. a. þess vegna varð samdráttur í mjólkurframleiðslu á nýliðnu verðlagsári landbúnaðarins um 5.2% eða 6 millj. lítra. Til þess að vega upp móti þeim erfiðleikum, sem samdrætti í hefðbundnum búgreinum eru samfara, er unnið að aukinni fjölbreytni í framleiðslugreinum og atvinnustarfsemi sveitanna. Jafnframt verður útvegað fé til að mæta hluta af þeim halla sem varð á útflutningi búvara á síðasta verðlagsári, svo sem gert var vegna ársins á undan, eftir að ríkisstj. var mynduð í febrúar.

Á þessu Alþingi mun landbrh. leggja fram af hálfu ríkisstj. tillögu um stefnu í landbúnaðarmálum og munu

væntanlega fylgja henni lagafrumvörp er miða að breytingum á landbúnaðarlöggjöfinni, m. a. í þá átt að ákvarðanir um verðlagningu á búvörum verði teknar með beinni aðild fulltrúa ríkisins.

Í iðnaði hefur verið við ýmsa örðugleika að etja á þessu ári í kjölfar kostnaðarhækkana innanlands. Ríkisstj. beitti sér fyrir ýmsum ráðstöfunum til að létta á þessum erfiðleikum, m. a. voru niðurgreiðslur auknar á ull til iðnaðar og hraðað endurgreiðslu á uppsöfnuðum söluskatti. Staðan hefur breyst til hins betra í útflutningsiðnaði að undanförnu. Einstakar greinar iðnaðar hafa átt við vök að verjast vegna harðnandi samkeppni við innfluttar vörur í kjölfar tollalækkana, svo sem sælgætisiðnaður og húsgagnaiðnaður. Til að bregðast við þessu og auka svigrúm til aðlögunar var settur tímabundinn tollur á innflutt sælgæti og hafið þróunarátak í greininni. Að marghátttuðum endurbótum er nú unnið með samvinnu fyrirtækja og samtaka iðnaðarins og stuðningi stjórnvalda og þjónustustofnana iðnaðarins. Markmiðið er að styrkja stöðu iðnaðarins á heimamarkaði og í útflutningi, auka framleiðni og afköst.

Þrátt fyrir tímabundna erfiðleika eru horfur á að iðnaðarframleiðsla vaxi í heild um nálægt 4% á þessu ári. Gætir þar aukningar kísiljárnsframleiðslu, en framleiðsla á öðrum iðnaðarvörum hefur einnig vaxið verulega á árinu. Jafnhliða því, sem ríkisstj. beitir sér fyrir bættum starfsskilyrðum í iðnaði, er unnið að stefnumörkun um iðnþróun til lengri tíma, og verður þáltill. um iðnaðarstefnu lögð fram á þessu þingi. Unnið er að gagnasöfnun og mati á meiriháttar nýiðnaði, er m. a. byggi á innlendri orku og hráefnum, eins og kveðið er á um í stjórnarsáttmála. Athugun á hagnýtingu orkulinda landsins til eflingar íslensku atvinnulífi er mikilvægt verkefni og brýnt að fá sem skýrasta mynd af þeim kostum er til álita koma. Í undirbúningi er reglugerð um iðngarða og unnið er að stefnumótun um opinber innkaup.

Flestar innlendar skipasmíðastöðvar hafa haft næg verkefni á árinu og aðgang að stofnlánum til endurbóta á aðstöðu sinni. Athugun á framtíðarstöðu skipasmíðaiðnaðarins stendur yfir og tengist m. a. stefnumörkun um viðhald og endurnýjun fiskiskipastólsins, ekki síst bátaflotans.

Lánasjóðir iðnaðarins hafa verið efldir á árinu með fjármagni og ný lög verið sett um Iðnrekstrarsjóð, sem ætlað er að styðja undirstöðuverkefni varðandi iðnþróun.

Frá því að ríkisstj. tók við hefur margt gerst á sviði félagsmála sem markar þáttaskil. Þar ber fyrst og fremst að nefna lögin um húsnæðismál. Í þeim lögum er gert ráð fyrir stórauknum framlögum til verkamannabústaða, tryggt að gert verði átak til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis, og í lögunum er ákvæði um verðtryggingu skyldusparnaðar. Í annan stað má nefna lögin um aðbúnað á vinnustöðum, en þar eru skapar forsendur fyrir verulegum áhrifum starfsmanna á nánasta starfsumhverfi á vinnustað. Í þriðja lagi skal bent á framkvæmd laganna um aðstoð við þroskahefta, þar sem þegar er um að ræða myndarlegar athafnir, en í fjárlagafrv. er enn gert ráð fyrir auknu átaki á þessu sviði. Þá skal þess getið, að alþjóðaár fatlaðra hefur þegar verið undirbúið og skipuð sérstök framkvæmdanefnd vegna þess. Tekjutrygging hefur hækkað, og áfram verður stigið nýtt skref í þá átt á næsta ári.

Á sviði samgöngumála hefur erfiðleika Flugleiða borið einna hæst. Vegna þess, hve Norður-Atlantshafsflugið frá Lúxemborg til New York hefur haft mikla þýðingu fyrir íslenskan þjóðarbúskap, ákvað ríkisstj. að bjóða aðstoð til þess að því mætti halda áfram á meðan framtíð flugsins er skoðuð nánar. Rekstrarfjárstaða Flugleiða er mjög erfið, svo að innanlandsflug og nauðsynlegustu tengsl við umheiminn eru í hættu. Við þeim vanda ber stjórnvöldum skylda til að bregðast, og því hefur verið lagt fram á Alþingi frv. til laga um aðstoð við Flugleiðir.

Í ár er lagt bundið slitlag á 92 km af vegum. Það er yfir tvöfalt meira en áður hefur verið gert á einu ári. Slíkum framkvæmdum þarf að halda áfram með svipuðum eða auknum krafti samhliða öðrum verkefnum á sviði vegamála.

Í dómsmálum, kirkjumálum, menntamálum og heilbrigðismálum eru margvíslegar umbætur fyrirhugaðar og verða ýmis frumvörp um þau efni lögð fyrir Alþingi í vetur.

Herra forseti. Íslenska þjóðin á við mikla og marghátttaða örðugleika að etja. Verðbólgan er þar verstur þrándur í götu. Hún er að verulegu leyti okkar eigin smíð, Íslendinga. Til þess að vinna bug á þessum alvarlegu erfiðleikum þurfa allir að taka á sig skyldur og byrðar. Hins vegar megum við ekki einblína á erfiðleika og dökkar hliðar. Við eigum því láni að fagna, að hér á landi hefur tekist að tryggja næga atvinnu og afstýra atvinnuleysi, meðan flestar grannþjóðir okkar stynja undir böli atvinnuleysis. En einnig þetta lán er fallvalt ef við sjáum ekki fótum okkar forráð.

Með samhentum átökum, stillingu og festu mun íslenska þjóðin nú sem fyrr sigrast á örðugleikum og andbyr og sigla fleyi sínu í farsæla höfn.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Því er eins farið með ræðu forsrh. og segir um veðrið í vísunni:

> Veðrið er hvorki vont né gott,
> varla kalt og ekki heitt.
> Það er hvorki þurrt né vott.
> Það er svo sem ekki neitt.

Við hlustendur vorum einskis vísari um stefnu ríkisstj. eftir ræðuna en áður. Að þessu leyti reis ræðan ekki undir nafni. Stefnuræða var hún ekki.

En hún leiddi í ljós, svo ekki varð um villst, að núv. ríkisstj. var ekki mynduð til að jafna ágreining á milli aðstandenda sinna og því síður til að leysa vanda er blasti við þjóðinni í ársbyrjun. Um ekkert slíkt var samið við myndun ríkisstj. Aðrar hvatir lágu að baki.

Starfsferill ríkisstj. sýnir stefnuleysi, aðgerðaleysi og úrræðaleysi. Á þriggja mánaða fresti upphefjast rokur framsóknarmanna, að eitthvað þurfi að gera í baráttunni gegn verðbólgunni, en jafnoft lyppast þeir niður þegar Alþb.-menn sussa á þá og segja þeim að hætta slíku blaðri. Þriðja aflið í ríkisstj. er máttvana og er ekki tekið alvarlegar en nytsamir sakleysingjar endranær.

Stjórnarmyndunin, sem átti að bjarga sóma Alþingis, hefur orðið Alþ. til minnkunar. Í stað þess að horfast í augu við vandamálin og semja um lausn þeirra féllu framsóknarmenn og Alþb.-menn fyrir þeirri freistingu að kljúfa Sjálfstfl. Ef sá veikleiki, sú freisting hefði ekki verið fyrir hendi væri nú önnur og aflmeiri þingræðis-

stjórn að störfum, en utanþingsstjórn væri einnig þjóðinni snöggtum betri en núv. ríkisstj.

Utanþingsstjórn hefði lagt till. sínar fyrir Alþ. og alþm. og flokkar þurft að taka afstöðu til þeirra. Menn hefðu fengist við vandann, en ekki flotið sofandi að feigðarósi í sjálfsánægju valdadrauma eins og ráðh. núv. ríkisstj.

Áður var rætt um tveggja ára baráttu gegn verðbólgu, eins og í málefnasamningnum segir: „að á árinu 1982 verði verðbólgan orðin svipuð og í helstu viðskiptalöndum Íslendinga," en nú er dregið í land. Sleppt er allri viðmiðun við viðskiptalönd okkar og talað um þriggja ára áætlun, „þannig að í lok ársins 1982 hafi verðbólgan náðst verulega niður."

En verst er að ekkert miðar. Fjárlög núv. ríkisstj. byggðust í apríl á 30% verðbólgu á þessu ári. Forsætisráðherrann lenti í sennu á Alþ. og í fjölmiðlum skömmu síðar að verðbólgan yrði ekki 50%, heldur um 40% á árinu, en viðurkennir nú að hún verði 52—54%. Og allar líkur benda til að verðbólgan verði tvöfalt meiri en forsendur ríkisstj. fyrir fjárlögum í apríl gerðu ráð fyrir.

Spáð hefur verið, að haldi fram sem horfi verði verðbólguvöxturinn kominn í milli 80 og 90% að ári liðnu.

En hvort sem ráðh. eða þingflokksformönnum stjórnarliðsins er bent á staðreyndir liðins tíma eða spár um framtíðina, þá hrista þeir glókollana sína og telja sig hafa efnahagsaðgerðir í undirbúningi. Efnahagsnefnd var sett í sumar og skilað áliti í ágúst. Formaður hennar sagði að tillögur hennar yrðu birtar þá í næstu viku ef vel gengi. En það hefur bersýnilega gengið illa. Ráðherranefnd fjallaði um tillögurnar, en ekkert gerðist. Efnahagsaðgerðir áttu að koma til framkvæmda 1. sept. Ekkert gerðist. Steingrímur Hermannsson sagði á Vopnafirði, að ríkisstj. yrði ekki langlíf ef hún sæti aðgerðalaus. En ekkert gerðist. Þá átti næst að láta hendur standa fram úr ermum fyrir 1. nóv. og 1. des. Tómas Árnason segir sig hrylla við holskeflunni 1. des. ef ekkert verður að gert, en nú er líka búið að afskrifa þær dagsetningar. Niðurtalningaraðferð Framsóknar, kosningatromp þeirra og framlag í stjórnarsáttmálann, er nú gengin sér svo til húðar og hefur beðið slíkt skipbrot að forsrh. minnist ekki orði á hana frekar en snöru í hengds manns húsi, og framsóknarmenn láta sér það lynda. Hverju fórna framsóknarmenn ekki fyrir ráðherrastólana meðan þeir telja sig gæta hagsmuna SÍS?

Nú er hálmstráið að gjaldmiðilsbreytingin um áramót veiti ríkisstj. skjól. Gunnar Thoroddsen segir: Þegar hver króna verður hundrað sinnum meira virði en nú, þá er hún komin í hóp annarra gjaldmiðla á Norðurlöndum. — En sannleikurinn er sá, að strax eftir gjaldmiðilsbreytinguna um áramót verður íslenska krónan mun verðminni en aðrar Norðurlandakrónur og væntanlega helmingi minni innan skamms tíma. Gjaldmiðilsbreytingin er eingöngu formbreyting, en ekki efnisbreyting, og eingöngu til skaða ef ekki er búið fyrir breytinguna að gera róttækar efnahagsráðstafanir. En fyrir liggur að það verður ekki gert. Aðspurður í útvarpsviðtali í gærkvöld um fyrirhugaðar efnahagsráðstafanir í tengslum við gjaldmiðilsbreytinguna sagði Gunnar Thoroddsen að þær hefðu verið ræddar innan ríkisstj., en engin niðurstaða væri komin. Niðurstaða, sem átti að vera forsenda myndunar ríkisstj. í febrúarmánuði s. l., er engin komin enn.

Allir kannast við söguna um keisarann sem spilaði á fiðlu meðan borgin brann. Nú brenna fjármunir einstaklinga, heimila og fyrirtækja upp í báli verðbólgunnar meðan stjórnvöld láta sér fátt um finnast.

Alþb.-menn gengu til stjórnarsamstarfs í ársbyrjun til að koma í veg fyrir sífelldar gengisfellingar og vernda kaupmátt launa, að eigin sögn. Efndirnar hafa verið þær, að vextir hafa hækkað. Verð á Bandaríkjadollar hefur hækkað um nær 40% frá upphafi þessarar ríkisstj. Og kaupmáttur kauptaxta verkamanna, sem var 109.5 í jan. s. l., verður væntanlega 98.2 í nóv. Kaupmáttarrýrnun um 10% á tíu mánuðum.

Alþb.-hetjurnar, sem heimtuðu samningana í gildi og komust til valda undir því kjörorði, bera nú ábyrgð á að kaupmátturinn er lakari en um sólstöðusamninga og eftir febrúarlögin 1978.

Alþb.-hetjur eins og Ragnar Arnalds og Svavar Gestsson sögðu fjálglega eftir stjórnarmyndun, að ekki væri grundvöllur fyrir grunnkaupshækkunum í væntanlegum kjarasamningum, og skal því ekki mótmælt að svo hafi verið eftir svik þeirra á að leiða samningana í gildi. En því til viðbótar hefur ríkisstj. síðan haldið svo á samningsmálum að öllum samningaviðræðum hefur hvað eftir annað verið stefnt í hnút.

Fyrst eru gerðir samningar við opinbera starfsmenn, sem orkar út af fyrir sig tvímælis. Opinberir starfsmenn eru í þjónustu allra annarra landsmanna og laun þeirra eru eðlilega greidd með almennri skattheimtu. Aðrir landsmenn eiga hins vegar að miða kjör sín við afkomu atvinnuveganna. Því er rétt að almennir kjarasamningar gangi á undan og opinberum starfsmönnum verði síðan tryggð eigi lakari kjör.

En nú hrósar ríkisstj. sér af hóflegum samningum við BSRB, sem er rétt að því leyti að BSRB menn fengu ekki mikið í sinn hlut í bráð. Ragnar Arnalds eykur annars vegar lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna, sem getur orðið ríkissjóði dýrt þegar fram líða stundir, og eykur bilið á milli lífeyrisréttinda opinberra starfsmanna og annarra launþega, sem var of mikið fyrir. Hins vegar krefst Ragnar Arnalds að vísitölugólf sé sett í samninga opinberra starfsmanna eftir að þeir voru um garð gengnir, sem skiptir þá litlu sem engu máli, en skapar atvinnuvegunum útgjaldaaukningu sem Ragnar Arnalds sjálfur segir þá ekki geta staðið undir.

Hvort tveggja þetta hefur tafið almenna kjarasamninga, auk þess sem pantað bréf Svavars Gestssonar félmrh. um atvinnuleyfi útlendinga, sem vinnuveitendur létu hann éta ofan í sig og draga til baka, og misheppnuð misnotkun framsóknar- og Alþb.-manna á samvinnu- og verkalýðshreyfingunni í sumar hefur orðið til þess að enn eru ekki komnir á samningar tíu mánuðum eftir að almennir kjarasamningar gengu úr gildi.

Vinnuveitendur bera fyrir sig orð Svavars og Ragnars, að ekki sé grundvöllur grunnkaupshækkana, og ganga þannig erinda ríkisstj., en hinir eitt sinn kokhraustu verkalýðsforingjar Alþb. vita ekki sitt rjúkandi ráð, sjálfum sér sundurþykkir. Það er því á ábyrgð ríkisstj. og Alþb.-forustunnar að ekki hafa tekist samningar á almennum vinnumarkaði.

Nú er sagt að hinir hóflegu samningar BSRB, að mati ríkisstj., séu grundvöllur að tillögum sáttanefndar, en hún mun, eins og kunnugt er, leiða til um 11% hækkunar launakostnaðar. Samkv. spá er gert ráð fyrir 11—12% hækkun verðbótavísitölu 1. des. Þannig má búast við 20—25% launakostnaðarhækkunum og — ef ekki á að

hýrudraga sjómenn — sömu hækkunar fiskverðs um áramót.

Útgerð og frysting eru rekin með tapi áður en til þessara kostnaðarhækkana kemur. Ljóst er því að fyrir höndum er stórfelldasta „gengissig í einu stökki," svo notað sé orðalag Tómasar Árnasonar.

1. mars hækkar svo vísitalan um 20% og álíka á þriggja mánaða fresti næsta ár ef ekkert er að gert. En það skyldi þó ekki vera, að við eigum eftir að sjá leiftursókn eða ný febrúarlög? Á þessu stigi má bara ekkert segja, af því m. a. að þing Alþýðusambands Íslands verður haldið seinna í þessum mánuði og kommúnistar vilja halda völdum þar til að misnota verkalýðssamtökin áfram í flokkspólitískum tilgangi.

Tilgangur Alþb. er að koma frjálsum atvinnurekstri á kné. Verðbólgan vinnur sitt verk og eyðir eigin fé fyrirtækja, niðurtalningaraðferðin átti að sjá svo um að fyrirtækin fengju ekki kostnaðarhækkanir uppi bornar, atvinnuvegirnir safna þannig skuldum og eru háðir fyrirgreiðslu opinberra stofnana. Einn slæman veðurdag er komið að óskastund sósíalista, fyrirtækjum er neitað um frekari fyrirgreiðslu og þá getur ríkið yfirtekið rekstur-inn.

Dæmi um þetta er Flugleiðir, þótt erfiðleikar þeirra eigi ekki eingöngu rót sína að rekja til verðbólguþróunar innanlands, heldur og aukinnar erlendrar samkeppni og eldsneytiskostnaðar. En andvaraleysi samgrh. og ríkisstj. hefur verið með eindæmum.

Samgrh. fjallar um vandamálið með starfsbróður sínum í Lúxemborg í mars og lofar að ríkisstj. Íslands beiti sér fyrir ákveðnum ráðstöfunum, eins og ríkisstj. Lúxemborgar. Ríkisstj. Lúxemborgar efnir sinn hluta samkomulagsins strax, en Steingrímur Hermannsson mætir andstöðu Alþb. og leggur málið til hliðar. Þegar stjórnendur Flugleiða óska eftir fundi með ráðh. og tilkynna þeim í ágústmánuði s. l., að ekki sé annað að gera en að hætta Atlantshafsflugi, koma ráðh. af fjöllum og biðja um skýrslu Flugleiða, hvað gerst hafi frá því í mars. Og nú ætlaði Alþb. að láta höggið ríða af og gleypa Flugleiðir, en gekk þá fram af framsóknarmönnum svo að Steingrímur vaknaði af blundi. Alþb., sem gagnrýndi Flugleiðir áður fyrir að halda uppi Norður-Atlantshafsflugi, verður nú að láta fjmrh. sinn bjóðast til þess að greiða 1½ milljarð úr ríkissjóði til þess að halda þessu flugi áfram.

Ríkisstj. hefur farist allt mál Flugleiða óhöndulega og ekki er enn séð hvort því verður bjargað sem skyldi, jafnvel hvað sem Norður-Atlantshafsfluginu líður. Skilning skortir á að samgöngumál Íslendinga við umheiminn eru sjálfstæðismál þjóðarinnar, eins og sagan sýnir fyrr og síðar. Skilning skortir á efnahagslegum hagsmunum þjóðarinnar almennt og starfsmanna félagsins sérstaklega af starfsemi Flugleiða. Skilning skortir á skemmdarverkum Alþb. til að ryðja ríkisrekstri braut.

Í dag: Flugleiðir. Á morgun: Annar atvinnurekstur. Framsóknarmenn ugga ekki að sér meðan þeir telja að þeir geti komið ár SÍS fyrir borð með ýmiss konar opinberri fyrirgreiðslu úr valdastólum sínum, en auðvitað eru SÍS ætluð sömu örlög og öðrum atvinnurekstri — að verða ríkisrekið. Þá er sósíalisma austantjaldsríkjanna komið á að vilja Alþb. með þeim skorti, skömmtunum og mannréttindaskerðingum sem alkunna er.

Eina, sem ríkisstj. gumar af, er afkoma ríkissjóðs, en aðalskýringin er auknar skattaálögur. Auk þessa hafa fjárfestingarútgjöld verið færð úr fjárlögum í lánsfjáráætlun, greiðslur hafa verið dregnar við fyrirtæki og stofnanir, sem aftur hafa orðið að leita til bankanna, og fjárlög voru ekki afgreidd fyrr en í apríl, svo að afkoma ríkissjóðs er þeim mun betri.

Það er ekkert afrek, nema síður sé, að reka ríkissjóð án greiðsluhalla með þeim aðferðum sem núv. ríkisstj. notar. Ríkisstj. afgreiðir greiðsluhallalaus fjárlög með því að fara ránshendi um vasa skattborgara í þessu landi. Um leið og hún tryggir greiðslujöfnuð hjá ríkinu með því að seilast sífellt dýpra ofan í vasa skattborgaranna skapar hún greiðsluhalla hjá þeim. Þetta veit hvert mannsbarn í landinu. Þetta veit hver fjölskylda.

Svonefndir barnaskattar hafa komið til umræðu og forsrh. kennt ríkisstj. minni um og okkur Matthíasi Á Mathiesen sérstaklega. Hann sat í þessari ríkisstj. og gerði enga aths. Hér er um eðlilega kerfisbreytingu að ræða, að tekjur barna leggist ekki við tekjur foreldra þegar horfið er að sérsköttun hjóna og staðgreiðsla skatta er höfð í huga. En í skattalögum frá 1978 var 5% skattur á tekjur barna Núv. stjórn hækkaði hann í vor í 7% gegn atkvæðum sjálfstæðismanna í stjórnarandstöðu. En þessu til viðbótar lagði núv. ríkisstj. til og fékk samþykkt 3% útsvar og 1.5% sjúkratryggingargjald af tekjum barna, svo að ekkert er ofsagt um skattagleði núv. ríkisstj. Af 11.5% eru 6.5% á ábyrgð núv. ríkisstj.

Með tilvísun til þess, hve skattar og gjöld á börn eru há, eru seint á lögð og aðrir beinir skattar hafa reynst hærri en ráð var fyrir gert á þessu ári er það skoðun okkar sjálfstæðismanna, að fella beri þessa skatta niður að þessu sinni og lækka þá á næsta álagningarári.

Það hefur vissulega verið stefna Sjálfstfl. í hálfa öld að reka ríkissjóð án greiðsluhalla, en það hefur aldrei verið stefna Sjálfstfl., og er ekki í dag, að ná þeim árangri með skattaofsóknum á hendur borgurum þessa lands. Þvert á móti hefur það jafnan verið afstaða Sjálfstfl., að það ætti að reka ríkissjóð án greiðsluhalla, með hóflegri skattlagningu, en aðhaldi og sparnaði í rekstri og fjárfestingum.

Fjárlagafrv., sem nú hefur séð dagsins ljós, markar enga stefnu í baráttu við verðbólgu, heldur skrifar öll útgjöld og skatta sjálfkrafa upp í samræmi við hana og jafnvel gott betur. Að vísu eru ætlaðir 12 milljarðar kr. til efnahagsráðstafana, en af þeim er búið að ráðstafa 3—4 milljörðum kr. í félagsmálapakka og afgangurinn nægir ekki til að standa undri 2% lækkun framfærsluvísitölu með auknum niðurgreiðslum, sem eru ær og kýr efnahagsráðstafana vinstri stjórna.

Í peningamálum á að koma á fullri verðtryggingu innlána, en lækka vexti útlána. Þeirri spurningu er hins vegar látið ósvarað, hver eigi að borga mismuninn. Á að greiða niður vexti úr ríkissjóði eða með aukinni seðlaprentun eða erlendum lántökum þegar við nálgumst óðfluga að greiðslubyrði erlendra lána verði nær 20% af gjaldeyristekjum okkar? Ríkisstj. ætlar að framlengja aðlögunartíma Ólafslaga til að samræma vexti og verðtryggingu. Það bendir til að vaxtahækkun sé í aðsigi. En þrátt fyrir allt er nú jafnvel meira bil á milli vaxta og verðbólgu en áður og úr sparifjármyndun hlýtur að draga og lánastofnanir hafa minna fé til útlána.

Vörn ríkisstj. vegna þess efnahagsöngþveitis, sem ríkir í landinu, er nú aðallega sú, að viðskiptabankarnir hafa ekki staðið við sitt. Þetta er ekki aðeins haldlaus vörn,

heldur lítilmannleg, vegna þess að með þessu er verið að reyna að koma ábyrgðinni af verkleysi ríkisstj. yfir á aðra. Ástæðan fyrir skuldasöfnun viðskiptabankanna við Seðlabankann er auðvitað sú, að rekstraraðstaða atvinnuveganna og afkoma einstaklinganna fer síversnandi. Þegar ríkisstj. neitar að horfast í augu við staðreyndir og taka á vandamálum atvinnuveganna eiga þeir um tvennt að velja: loka eða safna skuldum. Þegar forráðamenn atvinnufyrirtækja koma til bankastjóra og leggja vandamál sín fyrir þá eiga þeir um tvennt að velja: lána eða taka í raun ákvörðun um lokun fyrirtækjanna. Erfið staða viðskiptabankanna er því afleiðing af verkleysi ríkisstj.

Afleiðingar stjórnarferils ríkisstj. eru vaxandi verðbólga, aukin ríkisumsvif og skattaálögur, versnandi afkoma einstaklinga, heimila og fyrirtækja, upplausn og vonleysi samfara úrræðaleysi stjórnvalda.

Herra forseti. Hér verður að brjóta í blað. Fyrsta skilyrðið til þess að unnt sé að vinna á verðbólgunni er að draga úr ríkisumsvifum og skattaálögum, svo að svigrúm skapist til að bæta kjör hinna lægst launuðu og framtak, hugvit og dugnaður einstaklinga fái notið sín til að auka þjóðarframleiðsluna.

Þjóðarframleiðslan á mann stendur nú nær í stað eða minnkar þrjú ár í röð. Skapa verður almenn skilyrði fyrir atvinnuvegina alla: sjávarútveg, landbúnað, iðnað, verslun og þjónustu, svo að þeir, sem þær atvinnugreinar stunda, megi um frjálst höfuð strjúka.

Um leið verður að hefja nýja sókn í orkumálum og orkufrekum iðnaði. Hin dauða hönd Alþb. verður að víkja. Iðnrh. lagði niður stóriðjunefnd haustið 1978 og óskaði eftir því við Landsvirkjun að Hrauneyjafossvirkjun væri frestað um eitt ár.

Ég hef áður sagt það og ítreka það enn: Hér þarf gerbreytta stefnu í orkumálum. Við þurfum að kanna alla möguleika á orkufrekum iðnaði hér á landi til að vera sjálfir í stakk búnir til að semja við erlenda aðila og tengja einn möguleika við annan, njóta hámarksarðs og gæta vel umhverfis og vistkerfis okkar.

Lágmark er að eitt fyrirtæki í orkufrekum iðnaði og ein stórvirkjun séu í framkvæmd á hverju 3—5 ára tímabili til aldamóta. Við eigum að ganga til samstarfs við erlenda aðila og nýta fjármagn þeirra með opnum huga og mati hverju sinni og stefna að því að Íslendingar eignist fyrirtækin síðan smám saman.

Þingmenn Sjálfstfl. munu flytja þáltill. um samgöngumál, áætlun um lagningu varanlegs slitlags á hringveginn kringum landið og helstu tengivegi til sveita og sjávar. Fátt mundi breyta landi okkar til hins betra en slíkt átak og verða heilbrigðri byggðastefnu meira til framdráttar.

Hér gefst ekki tími til að rekja frekar mál sjálfstæðismanna á þessu þingi. Við munum gera grein fyrir þeim jafnóðum og þau koma fram.

Málefnalegur ágreiningur er meðal okkar sjálfstæðismanna um afstöðuna til þessarar ríkisstj. Yfirgnæfandi meiri hluti þm. Sjálfstfl., miðstjórnar og flokksráðs er í stjórnarandstöðu. Þrátt fyrir þennan ágreining vænti ég að þegar þessu stjórnarsamstarfi ljúki megi allir sjálfstæðismenn taka höndum saman, trúir hugsjónum sínum og stefnu.

Það er því bæði þjóðarnauðsyn og flokksnauðsyn, að þessi ríkisstj. fari frá hið fyrsta því að hún ræður ekki við vandann. Innan hennar er engin samstaða um úrræði frekar en í öðrum vinstri stjórnum.

Sjálfstfl. mun koma sterkari en nokkru sinni áður úr þessari raun og gegna hlutverki sínu sem kjölfesta íslensks þjóðfélags, sjálfum sér samkvæmur fyrir og eftir kosningar, og leiða þjóðina út úr þeim vítahring sem nú þrengir að okkur öllum og stofnar framtíð okkar í voða.

Ég þakka áheyrnina.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Góðir hlustendur. Því verður tæpast á móti mælt, að seinasta árið hafa óvenjusnarpir sviptivindar gengið yfir íslensk stjórnmál. Tvennar kosningar, stjórnleysi um langt skeið einstaklega langdregnar og snúnar viðræður um stjórnarmyndun, sem lauk loks, eins og kunnugt er, með braki og brestum á þann veg, að stærsti stjórnmálaflokkurinn rifnaði í tvennt. Hvað veldur þessum tíðindum? Hver er skýringin á þessum óvenjulegu sviptingum sem einkennt hafa íslensk stjórnmál seinasta árið? Hvers vegna er íslenskt efnahagslíf í miklum ólgusjó og vandamálin með afbrigðum torleyst?

Ýmsir eru áreiðanlega fljótir að gefa skýringu. Vondir stjórnmálamenn eiga sökina, vondir menn með vitlausa stefnu. Aðrir kafa dýpra og benda t. d. á verðbólguna, og verðbólgan er sannarlega mikill meinvættur. En til þess að skilja raunverulega undirrót þessa ástands og átta sig á stöðu íslenskra efnahagsmála er áreiðanlega lærdómsríkt að líta eitt andartak út fyrir landsteinana.

Við sjáum það fljótt, að í flestum nálægum löndum ríkir alvarleg efnahagskreppa, hallarekstur, verðbólga og atvinnuleysi. Þessi djúpa kreppulægð breiðir víða úr sér og teygir sig m. a. yfir Norðurlönd, Bretland og Bandaríkin. Víðast hvar er ástandið síst betra en hér og víða um lönd er meira atvinnuleysi árið um kring en verið hefur um langt skeið. Íslendingar róa ekki á lygnu í slíkum ólgusjó. Hér hefur kreppan skollið yfir eins og annars staðar með gífurlegum verðhækkunum á olíu sem ýtt hafa undir keðjuhækkanir víðs vegar um hagkerfið. Við höfum flutt inn mikla verðbólgu í hverjum mánuði. Hitt er þó verra, að á sama tíma og verðbólgan hefur geisað í Bandaríkjunum sem aldrei fyrr, þar sem stærsti hluti útflutnings okkar er seldur og dollarinn hefur þar af leiðandi rýrnað mánuð eftir mánuð, hafa fiskafurðir okkar lítið sem ekkert hækkað í dollurum talið í bráðum tvö ár. Afleiðingin hefur orðið sú, að fiskverð hefur í raun farið lækkandi jafnt og þétt. Þannig er kreppan í íslensku efnahagskerfi: Hækkandi tilkostnaður í atvinnurekstri og heimilishaldi, en lækkandi útflutningsverð vegna rýrnandi gengis dollarans, sem ekki fæst bætt í hækkuðu verði.

Það er fullkomlega eðlilegt, að stjórnmálaumræður á Íslandi snúist um verðbólgu og vonda stjórnmálamenn. En ekki sakar að hafa það í huga, að undirrótin að óvenjulegu ástandi í íslenskum stjórnmálum seinasta árið eru snarversnandi viðskiptakjör þjóðarinnar sem hafa farið niður á við um heil 14% á tveimur árum að mati Þjóðhagsstofnunar. Þetta er sannarlega þungt áfall fyrir þjóðarheildina og hlýtur að skapa mikinn vanda.

Átökin í íslenskum stjórnmálum seinasta árið hafa í raun og veru snúist um það, hvernig brugðist skuli við þessum vanda.

Við Alþb.-menn höfum vissulega ekki staðið gegn því að tekið yrði visst tillit til þessa mikla utanaðkomandi vanda við útreikning á launum. Við samþykktum fyrir

einu ári að verðbótavísitalan tæki mið af viðskiptakjörum hverju sinni, og við viðurkennum fúslega að m. a. þess vegna hafa kjör launamanna, sjómanna og bænda heldur rýrnað seinasta árið, annað hefði verið útilokað. Hins vegar er það kjarni málsins, að við höfum barist fyrir því af hörku, að byrðinni af þessu áfalli yrði dreift sem mest og best, og við höfum staðið fast á móti því, að hún yrði lögð af fullum þunga á lágtekjufólk. Við höfum talið sjálfsagt að atvinnureksturinn bæri sinn hluta af byrðinni, m. a. með ströngustu verðlagshömlum og með því að sætta sig við talsvert hægara gengissig en krafist hefur verið. Og við höfum lagt þunga áherslu á ýmsar kerfisbreytingar, framleiðniaukningu í atvinnuvegum og takmörkun milliliðagróða.

Á hinn bóginn mun flestur ljóst að stefna meiri hluta Sjálfstfl. hefur beinst í þveröfuga átt. Leiftursóknin í seinustu kosningum var ofstækisfull hægri stefna sem miðaði að því marki að leggja byrðina nokkuð einhliða á lágtekjufólk og þá sem minnst hafa, en jafnframt að draga saman framkvæmdir svo heiftarlega að plága atvinnuleysis hefði óhjákvæmilega haldið hér innreið sína eins og hjá mörgum nálægum þjóðum. Samhliða þessu kom á daginn að Alþfl. hafði mjög sveigt til hægri á seinni árum og boðaði keimlíka stefnu og Sjálfstfl. Það var þó fyrst að fullu ljóst þegar flokkurinn ákvað að sprengja vinstri stjórn á s. l. hausti í von um að geta grætt á því nokkur atkvæði. Stjórnleysi tók við og verðbólga á Íslandi hefur aldrei orðið meiri í seinni tíð en einmitt á þessu stutta stjórnar- eða stjórnleysistímabili Alþfl.

Kosningarnar fóru á annan veg en til var stofnað. Þjóðin kvað upp sinn dóm og hafnaði leiftursókn íhaldsmanna, hvort heldur úr Sjálfstæðis- eða Alþfl. Alþb., flokkur vinstri manna, jók þó ekki styrk sinn að sama skapi, haldur tapaði nokkru fylgi.

Átökin um vinstri eða hægri stefnu voru því óútkljáð og mikið þrátefli hófst. Þessi átök stóðu í raun og veru um það, hvort vandinn yrði leystur með miskunnarlausri kjaraskerðingu hjá lágtekjufólki og fólki með meðaltekjur umfram þá skerðingu sem orðin var, eins og forustumenn Alþfl. og Sjálfstfl. héldu fast við, eða hvort reynt yrði að dreifa byrðinni og leita allra leiða til að hlífa þeim sem minna hafa.

Það var undir þessum kringumstæðum að varaformaður Sjálfstfl., dr. Gunnar Thoroddsen, tók sig til með nokkrum stuðningsmönnum sínum og gekk til samvinnu og málamiðlunar við Alþb. og Framsfl. Stjórnin var mynduð á örskömmum tíma og þrátt fyrir ólík sjónarmið varð hún óvenjulega samhent strax frá fyrsta degi. Viðfangsefni hennar var þó ekki dans á rósum, það þekkja allir.

Fyrsta viðfangsefnið var að koma fjármálum ríkisins á réttan kjöl. Það hefur tekist þrátt fyrir mikinn mótbyr og hlýtur að teljast mikilvægur áfangi. Áreiðanlega er fátt mikilvægara í baráttunni við verðbólguna en einmitt það, að núverandi forustulið meiri hl. þingflokks Sjálfstfl. fari ekki með fjármál þjóðarinnar. Skuldasöfnun ríkissjóðs á árunum 1974—1978, þegar Matthías Á. Mathiesen sat í stjórnarráðinu, var ekki aðeins 25 milljarða ávísun á þá sem við tóku, níðþung byrði á skattgreiðendur sem þeir verða nú að gjalda fyrir, heldur var þessi makalausa óráðsía Sjálfstfl. betur til þess fallin en flest annað að ýta undir verðbólgu.

Þó eru kjaramálin ekki síður mikilvægt viðfangsefni ríkisstj. Það var ljóst þegar þessi stjórn var mynduð, að vegna utanaðkomandi áfalla var ekki eðlilegt eða mögulegt að stefna á grunnkaupshækkanir sem gengju upp eftir öllum launastiganum. Svigrúmið var og er takmarkað og verður eingöngu að nýtast til að rétta hlut þeirra sem lægri hafa launin. Þessari stefnu var samviskusamlega fylgt í samningunum við opinbera starfsmenn. Kauphækkunin var föst krónutala sem ekki kom á efri hluta launastigans, og gólf var sett í vísitölu til að lyfta sérstaklega allra lægstu launum. Vissulega hefðum við einnig viljað fá þak á verðbætur, sem komu á hærri laun, og buðum BSRB það. Því var þó algerlega hafnað. En eftir stendur ótvírætt að samningarnir við BSRB voru launajöfnunarsamningar.

Enn eru þó kjaramál verkafólks og iðnaðarmanna og margra annarra launamanna óleyst. Það er von ríkisstj. að hliðstæð launajöfnunarstefna verði ofan á í kjaramálum annarra launamanna og samningamálin verði til lykta leidd sem allra fyrst. Enn vantar þó herslumuninn að samningar takist. Ríkisstj. mun gera allt sem í hennar valdi stendur til að stuðla að friðsamlegri lausn samningamála.

Þó verður að gera þar mikilvæga undantekningu. Ríkisstj. getur ekki leyst úr vanda samningsaðila með því að setja fjárhag ríkissjóðs á hvolf. Stjórnarandstaðan klifar á því flesta daga, að minnka þurfi tekjur ríkissjóðs með einhverjum ráðum, og virðist telja það pólitískt keppikefli fyrir sig, að ríkissjóður verði aftur rekinn með seðlaprentun úr bankanum við Austurstræti. Þar við bætist að vinnuveitendur virðast eygja þarna einfalda lausn á sínum málum. En þetta er ekki lausn á neinum vanda. Vísasta leiðin til þess að magna verðbólgu og auka þann vanda, sem við er að fást, er að fylgja ráðum stjórnarandstöðu og vinnuveitenda og skrifa innistæðulausar ávísanir á ríkissjóð. Af þessari ástæðu hefur ríkisstj. hafnað tilmælum Vinnuveitendasambandsins um þríhliða viðræður sem höfðu þann yfirlýsta tilgang að koma vanda atvinnurekenda yfir á skattgreiðendur.

Hitt er allt annað mál, að í fjárlögum næsta árs hefur ríkisstj. tekið frá 12 milljarða kr. til aðgerða í baráttu gegn verðbólgu. Ávallt þegar samningar eru gerðir um leiðréttingu launakjara er yfirvofandi hætta á að hækkun launanna sé velt út í verðlagið aftur með aukinni verðbólgu í kjölfarið. Þetta verður að koma í veg fyrir eins og nokkur kostur er. Vinna þarf af alefli gegn því, að þær launahækkanir, sem lágtekjumenn fá fram þessar vikurnar, brenni upp í auknu verðbólgubáli á næstu mánuðum, og þess vegna verður að reyna með samstilltu átaki margra hagsmunaaðila að draga úr víxlhækkunum og sjálfvirkni kerfisins á fyrstu mánuðum næsta árs. Einmitt í því samhengi kemur vafalaust til álita að verja hluta af þessum 12 milljörðum til fjölskyldubóta eða skattalækkana í þágu lágtekjufólks.

Á s. l. sumri birtist leiðari í dagblaðinu Vísi undir fyrirsögninni: „Auglýst eftir stjórnarandstöðu.“ Það vill svo til að foringi stjórnarandstöðunnar, Geir Hallgrímsson, var rétt áðan að ljúka máli sínu. Er ekki enn jafnljóst og var í sumar, jafnvel fyrir stuðningsmönnum Geirs Hallgrímssonar, að stjórnarandstaðan er áfram í felum? Hún finnst ekki nokkurs staðar þar sem málefnalegar umr. fara fram. Hún er stefnulaus og skoðanalaus. Tökum sem dæmi nýgerða samninga ríkisins við BSRB sem formaður Sjálfstfl. minntist á áðan. Var Geir Hallgrímsson og Morgunblaðið með

þessum samningi eða á móti? Því getur enginn svarað og enn síður eftir orð formanns Sjálfstfl. áðan.

Forustumenn Alþfl. voru að því leyti tilþrifameiri í þessu máli, að á þeim var helst að skilja, að launahækkunin væri bæði allt of lítil og allt of mikil.

Geir Hallgrímsson minntist á Flugleiðamálið hér áðan. Í því máli er ætt að okkur Alþb.-mönnum, bæði af Morgunblaðsliði formanns Sjálfstfl. og af krötum, vegna þess að við viljum að skattgreiðendur í landinu hafi örugga tryggingu fyrir hugsanlegum 10 milljarða ábyrgðarheimildum í þágu Flugleiða. Þetta eru sömu mennirnir sem mest tala um skattalækkanir, en eru svo tilbúnir að hætta fjármunum skattgreiðenda sem nemur 250 þús. kr. á hverja 5 manna fjölskyldu í landinu án þess að gengið sé úr skugga um að fullnægjandi tryggingar séu fyrir hendi. Nákvæmlega sama stefnuleysið og ábyrgðarleysið lýsir sér líka í seinasta upphlaupi stjórnarandstöðunnar út af skattlagningu á tekjur barna sem Geir Hallgrímsson tæpti einnig á áðan.

Staðreynd þessa máls er sú, að formaður Sjálfstfl., Geir Hallgrímsson, og þáv. fjmrh., Matthías Á. Mathiesen, ákváðu fyrir tveimur árum að sérskatta tekjur barna í stað þess að tekjur þeirra voru áður skattlagðar með tekjum foreldra. Allir þm. Sjálfstfl. greiddu atkv. með þessari nýju tilhögun, og aftur á s. l. vetri var þetta samþ. með atkv. allra flokka án þess að nokkur aths. kæmi fram, enda ljóst að 7% skattur er í flestum tilvikum hagstæðari álagning en áður var, þegar tekjur barnanna bættust við tekjur foreldranna og voru því oftast í hæsta skattþrepi. En síðan, þegar álagning hefur farið fram í fullu samræmi við gildandi lög, rýkur stjórnarandstaðan upp til handa og fóta og reynir að hagnýta sér málið í áróðursskyni, eins og Geir Hallgrímsson gerði áðan. Hver getur tekið mark á slíkum mönnum?

Við, sem sitjum í núv. ríkisstj., gerum okkur fullkomlega grein fyrir því, að fram undan eru miklir erfiðleikar og óleyst vandamál. Við erum ekki kraftaverkamenn og okkur er ljóst að snúningur verðbólguhjólsins verður ekki stöðvaður á skömmum tíma. En við munum glíma af öllu afli við stórfellt utanaðkomandi áfall og flókinn vanda með þeim ásetningi að ekki komi til atvinnuleysis, að lágtekjufólk verði ekki kramið undir byrði verðbólgu og versnandi viðskiptakjara, að fjármálabúskapur ríkisins haldist áfram í viðunandi jafnvægi og félagslegum umbótum og kröftugri atvinnuuppbyggingu verði áfram haldið af fullum krafti víðs vegar um land. — Ég þakka áheyrnina.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Ég gat ekki varist brosi þegar ég heyrði í 1. þm. Reykv. þar sem hann úthúðaði bæði flokksbræðrum sínum og öðrum fyrir hið hræðilega samstarf við kommúnista og kommúnistahættuna sem þeir væru algerlega andvaralausir fyrir. Þessi hv. þm. var reiðubúinn á s. l. vetri að ganga í stjórnarsamstarf við Alþb. Það var enginn kommúnistaótti í honum þá. Skilyrði þess var aðeins það, að það varð að halda sig við kauplækkunartillögur hans sem hröktu hann úr forsrh.-stól og hann virðist ekki hafa lært enn þá að gilda ekki í þessu þjóðfélagi. Ég ann þessum hv. þm. persónulega betra hlutskiptis en þeirrar eyðimerkurgöngu sem hann gengur nú í pólitískum efnum.

Sá er jafnan háttur alþm. í útvarpsumr., að stuðningsmenn viðkomandi ríkisstj. ausa á stjórnina lofi og telja jafnvel störf hennar kraftaverk. En stjórnarandstæðingar halda því fram, að önnur eins óöld hafi aldrei ríkt í landinu. Þannig hefur þetta verið um árabil og sjálfsagt verður það svo enn hér í kvöld. Ég mun hvorugan þennan flokk fylla, þó ég vilji verja ríkisstj. falli og styðja hana til góðra mála.

Stjórnarandstaðan í Sjálfstfl. kallar þessa ríkisstj. meiri vinstri stjórn en allar aðrar, en Alþfl. kallar þetta eina mestu hægri stjórn sem hér hefur setið. Hvorug þessara fullyrðinga er rétt.

Ég fagnaði því mjög á s. l. vetri þegar ríkisstj. knúði fram ný lög um verkamannabústaði þar sem lánað er allt að 90% kaupverðs íbúða. Þau eiga að tryggja að á næstu þrem árum verði byggðar ekki færri en 1500 slíkar íbúðir. Dregur nokkur í efa að slíkt er láglaunafólki hagstætt? Má ekki draga úr þeirri gífurlegu spennu sem nú er á leigumarkaði húsnæðis? Þetta gerir fólki kleift að eignast eigið húsnæði, sem ella hefði orðið því ofviða.

Ég fagna líka þeim ítarlegu lögum sem sett voru um heilbrigði og hollustuhætti á vinnustöðum á s. l. vetri. Þau skapa grundvöll fyrir stórfelldar breytingar á hollustuháttum og aðbúnaði á vinnustöðum, sem er ótrúlega áfátt hér á landi og veldur meira heilsutjóni en menn gera sér almennt grein fyrir. Lagasetning ein dugar ekki til. Verkalýðsfélögin verða að tryggja undanbragðalausa framkvæmd laganna. Ég fagnaði líka sérstakri 5% hækkun til örorkulífeyrisþega og ellilífeyrisþega. Hins vegar viðurkenni ég að ríkisstj. hefur ekki orðið nægjanlega ágengt í baráttunni gegn verðbólgunni. En ég víti þá hræsni sem kemur fram í því, að einhlítt sé í baráttu gegn verðbólgu að halda niðri og lækka kaup verkafólks.

Þegar við tölum um fyrirmyndarríkin í kringum okkur skulum við minnast þess, að höfuðóvinur verkafólks, atvinnuleysi, er nær óþekkt á Íslandi sem betur fer, á sama tíma og margar milljónir manna ganga atvinnulausar í Vestur-Evrópu. T. d. í Bretlandi er talið að yfir 50% af fólki, sem útskrifast úr skólum 17 ára og eldra, gangi beint út í atvinnuleysi. Til marks um ástandið má nefna dæmi, að breskt fyrirtæki auglýsti nýlega í London eftir 30 verkamönnum. Umsækjendur voru 1700. Er fullyrt að tæp 40% af öllum byggingarverkamönnum í Vestur-Evrópu séu að jafnaði atvinnulausir að undanförnu. Slíkt þjóðfélagsástand viljum við ekki fá á Íslandi. En það breytir þó ekki þeirri staðreynd, að almennt kaup verkafólks á Íslandi er of lágt og það er knýjandi nauðsyn að úr því verði bætt með auknum jöfnuði og stórhuga tæknilegri, atvinnulegri uppbyggingu. Þetta ríka land þarf ekki að vera láglaunaland. Meðan Ísland er láglaunaland verð ég óánægður með allar ríkisstj. á Íslandi.

En það fara fram átök víðar en í þingsölum. Í marga mánuði hefur staðið yfir látlaust samningaþóf milli Alþýðusambandsins og Vinnuveitendasambandsins. Og jafnvel þótt ríki og bæjarfélög séu búin að semja fyrir tæpum þrem mánuðum við alla opinbera starfsmenn harðneitar Vinnuveitendasambandið að ganga til hliðstæðra samninga við verkafólk. Og fyrir hvern er erfiðast að ná samningum í þessum sviptingum? Verkamannasambandið og Landssamband iðnverkafólks sem tvímælalaust eru með lægstu laun miðað við unna klukkustund. Gegn þessu fólki er harkan mest og óbilgirnin hörðust.

Fyrir nokkru kom fram miðlunartillaga frá sáttasemjara og sáttanefnd. ASÍ lýsti sig reiðubúið til að semja á grundvelli hennar. Vinnuveitendasambandið taldi till. ekki umræðugrundvöll. Hvað var það sem mest

fór í taugarnar á Vinnuveitendasambandinu? Nákvæmlega það sama og 1. þm. Reykv., Geir Hallgrímsson var að minnast á áðan. Það var sérstök láglaunauppbót, svokallað gólf, sem á að tryggja að þeir lægst launuðu verði ekki afskiptir. Láglaunauppbót til lægst launaða verkafólksins, það var hættan að mati Vinnuveitendasambandsins.

Þessi framkoma atvinnurekenda í samningum undanfarna mánuði er ekki einleikin og erum við þó ýmsu vanir. Það skyldi aldrei vera að það væru gullnir strengir sem lægju á milli stjórnarandstöðunnar í Sjálfstfl. og Vinnuveitendasambandsins? Og það skyldi aldrei vera að helstu forvígismenn Sjálfstfl. kipptu í þá gullnu strengi þegar samningar hafa verið í augsýn?

Ég er sannfærður um að ég mæli fyrir munn mikils meiri hl. landsmanna, hvar í flokki sem þeir standa, þegar ég ítreka þá kröfu, að gengið verði tafarlaust til samninga við láglaunafólk um láglaunauppbót, þegar búið er að semja við fólk sem er á mun hærri launum. Og það nær ekki nokkurri átt, að ekki sé gengið strax til samninga á grundvelli jafnhógværra hluta og tillaga sáttanefndar felur í sér og efnt verði til stórfelldra átaka í landinu vegna þess að neitað er að semja við það fólk, sem lægst hefur launin.

Í viðræðum við ríkisvaldið hefur hins vegar komið fram vilji til jákvæðra hluta. Fyrir liggur að ríkisstj. er reiðubúin að flytja frv. er bætir kjör aldraðra í lífeyrissjóðum verkalýðsfélaganna og dregur úr því misrétti sem nú á sér stað meðal þjóðfélagsþegna um bætur úr lífeyrissjóðum. Einnig þarf að hyggja að hag öryrkja. Fyrir liggur að ríkisstj. er reiðubúin að beita sér á Alþingi fyrir breytingum á lögum um atvinnuleysistryggingar, hækkun bóta, lengingu bótatímabils. Ekki er tími til að rekja slíkt, en rétt er að geta þess, að afnumið verður það ákvæði að konur missi bótarétt sinn þó tekjur maka fari upp fyrir ákveðin tekjumörk. Einnig er í undirbúningi frv. er tryggir öllum konum fæðingarorlof, og er tími til að afnumið sé það óréttlæti, að þær konur, sem vinna erfiðustu og óþrifalegustu störfin, hafi minnstan rétt í fæðingarorlofi.

Allt þetta mun koma hér fram á Alþ. ásamt ýmsu fleiru sem horfir til aukins þjóðfélagslegs réttlætis og jafnaðar. Ekki er hægt að víta ríkisstj. fyrir það né heldur hitt, að samningaviðræður eru nú hafnar milli ríkisins og ASÍ fyrir verkafólk, sem starfar hjá hinu opinbera, og viðræður eru að hefjast við ýmis bæjarfélög, þ. á m. við Reykjavík.

Herra forseti. Tími minn er á enda. En ofar öðru hljómar nú um land allt krafan um tafarlausa samninga við verkafólk.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Góðir hlustendur. Hæstv. forsrh. Gunnar Thoroddsen er gamalreyndur í þeirri list að láta í orði allt virðast fellt og slétt og hylja hættur sem að þjóðinni steðja. Nú ríður honum á að halda saman sundurþykkri og ráðlausri ríkisstj. og telja kjósendum trú um að allt sé í himnalagi. Ræða hans áðan var því eins konar róandi landsmálalyf og fyrir það stórlega varhugaverð.

Er þjóðin ekki í hættu þegar óðaverðbólgan veður áfram enn eitt árið og ekki er stigið fastar á hemlana? Er þjóðin ekki í hættu þegar gengi krónunnar er lækkað svo til vikulega og hagur heimilanna versnar sí og æ? Er þjóðin ekki í hættu, ef hún þarf að búa lengi enn við verðbólguvexti, sem eru að sliga fyrirtæki og einstaklinga? Er þjóðin ekki í hættu þegar greiðsluhalli við útlönd er 40—50 milljarðar og sú upphæð bætist hreinlega við skuldasúpuna erlendis?

Ríkisstj. hefur í stefnuskrá sett það markmið, að verðbólga skuli í árslok 1982 vera komin niður á sama stig og ríkir hjá helstu viðskiptaþjóðum okkar, það þýðir niður í 10—15%. Eitt ár er að verða liðið af þeim tíma sem ríkisstj. gaf sér til að leysa þennan vanda og verðbólgan er enn um 58%, þó að megi reikna hana á nokkuð misjafnan hátt. Fram er komið fjárlagafrv. fyrir næsta ár þar sem gert er ráð fyrir 42% verðbólgu á því ári. Það er þeirra eigin spá. Trúir þá nokkur að þeir muni komast niður í 10—15% á síðasta og þriðja árinu? Ætli hitt sé ekki sönnu nær, að ráðh. reikni alls ekki með því, að stjórnin lifi svo lengi, og því hafi verið óhætt að gefa fagurt loforð þrjú ár fram í tímann? Um þetta er þó alvarlegt ósamkomulag í ríkisstj. eins og margt annað.

Framsóknarmenn unnu kosningar í fyrravetur út á skýr loforð um að taka verðbólguna föstum tökum með svokallaðri niðurtalningarleið. Úr því hefur ekkert orðið og stendur Alþb. þvert í vegi fyrir öllum slíkum aðgerðum, eins og það hefur alltaf staðið á móti raunhæfri baráttu við verðbólguna. Þetta er staðreynd sem þjóðin verður að átta sig á og trúa. Hinir flokkarnir hafa allri setið með Alþb. í ríkisstjórnum, þremur ráðuneytum nú síðasta áratuginn og einu nokkru fyrr, og öll þessi rn. hafa fallið vegna ósamkomulags um efnahagsmál, ósamkomulags milli Alþb. annars vegar og hinna flokkanna. Engin stjórn, sem Alþb. hefur tekið þátt í, hefur enst út heilt kjörtímabil. Þær hafa allar gefist upp eða sprungið eftir eitt til í mesta þrjú ár og alltaf af sömu ástæðu: Alþb. fæst ekki til að samþykkja neinar skynsamlegar efnahagsaðgerðir. Það virðist nærast á verðbólgunni. Þá fyrst þegar stjórnmálamenn og flokkar svo og stór hluti kjósenda viðurkenna þessa augljósu staðreynd og reynslu mun skapast von um að Íslendingar fái ríkisstj. sem auðnast að sigla út úr veðraham verðbólgunnar á nokkurn veginn sléttan sjó.

Framsóknarmenn virðast einir hafa áhyggjur af þessum málum innan ríkisstj. Ungir framsóknarmenn hafa ályktað að ríkisstj. verði sjálfdauð ef hún tekur ekki fastar á efnahagsmálunum. Ritstjóri Tímans hefur skrifað í sama dúr, og er sjaldgæft að hann gagnrýni stjórn sem Framsókn á sæti í. Jafnvel ráðh. Framsfl. hafa gagnrýnt eigin stjórn opinberlega fyrir linkind í efnahagsmálum.

Einu sinni var Hermann Jónasson, formaður Framsfl., forsrh. í vinstri stjórn. Þá fór nákvæmlega eins í efnahagsmálum og í hinum stjórnunum síðar. Alþb.-menn stóðu þvert gegn skynsamlegum úrræðum sem hinir stjórnarflokkarnir gátu komið sér saman um. Hermann Jónasson lýsti þá skorinort yfir að ekkert samkomulag væri innan ríkisstj. um úrræði í efnahagsmálum, og síðan sagði hann af sér. Hann hefur alla tíð verið talinn meiri maður fyrir.

Framsóknarmenn standa nú frammi fyrir sömu stöðu og Hermann Jónasson. En hafa þeir hugrekki hans í dag til þess að segja af sér eða knýja samstarfsflokka sína til betri úrræða? Eða halda þeir áfram að mala og sitja sem fastast af því að þeir meta ráðherrastólana meira en efnahagslegan árangur?

Það fer ekki á milli mála, að fjárhagur ríkisins hefur mikil áhrif á verðbólguna. Nú bregður svo við að hagur

ríkissjóðs er með besta móti um þetta leyti. Er það út af fyrir sig gleðiefni. Hinu skulum við þó ekki gleyma, að það hefur kostað nær stöðugar gengisfellingar og sí-hækkandi verðlag að auka svo tekjur ríkisins af aðflutn-ingsgjöldum og söluskatti og öðrum álögum að hagur ríkissjóðs batnaði eins og nú hefur orðið. Þar að auki sendir Ragnar Arnalds fjmrh. um þessar mundir þá jóla-gjöf til heimila um allt land, að þeim beri að greiða 424 millj. kr. í skatta fyrir börn undir 16 ára aldri. Að sjálf-sögðu er rétt, að börnin greiði einhverja skatta, en það eru kaldar kveðjur fyrir foreldrana, sem nú verða vafa-laust að greiða þetta svo að segja allt, að fá slíkar til-kynningar í lok greiðsluárs.

Ragnar Arnalds hefur einnig lagt fram fjárlagafrv. fyrir næsta ár eins og honum ber að gera. Þetta frv. gerir ráð fyrir 42% verðbólgu, og mun allt efni frv. fara út um þúfur ef það tekst ekki, en enginn veit þó hvernig stjórnin ætlar að koma verðbólgunni niður í 42%. Við skulum vona að henni takist það. Hitt er meginatriði málsins, að fjárlögin, sem nú hafa verið lögð fram, eru um 200 milljörðum hærri en fjárlög líðandi árs.

Það er orðið erfitt fyrir okkur að átta okkur á hinum háu tölum óðaverðbólgunnar. Við skulum því skipta þessum 200 milljörðum niður á landsmenn, eins og oft er gert. Þá kemur í ljós, að þetta nemur tæplega milljón króna á hvern einasta íbúa landsins, fullorðna jafnt sem börn, tæplega millj. kr. á mann. Það eru 5 millj. á hverja fimm manna fjölskyldu, ef menn vilja fylgja þeirri algengu reikningsaðferð. — Þetta er aðeins hækkun fjárl. á næsta ári. Ég er ekki að tala um fjárl. í heild. Það eru enn stórkostlegri og hærri upphæðir. Hitt er þegar ljóst, að Alþb.-maðurinn Ragnar Arnalds gengur lengra en nokkur annar fjmrh. hefur gert í því að kreista peninga út úr þjóðinni og leggja álögur á hana. Einu sinni talaði hann fjálglega úr þessum ræðustól um að skattar fyrirtækja væru allt of lágir, en nú, þegar hann ræður þessu sjálfur, hækka skattar á einstaklingum mun meira en á fyrirtækjum. Og ekki hefur hann sýnt í verki áhuga á að lækka verulega skatta á láglaunafólki, þó að það sé sýnilega besta leiðin til að rétta hlut þess.

Ákveðið var fyrir alllöngu að um næstu áramót skyldu fram fara gjaldmiðilsskipti og á að taka upp eina nýja krónu fyrir hverjar hundrað gamlar. Þessi breyting ein er ekki úrræði til lausnar efnahagsvanda, en hún getur stuðlað að auknu trausti á krónunni. Þetta er því tilvalið tækifæri til að gera aðrar víðtækar ráðstafanir um leið og láta krónuskiptin verða eins konar kjarna þeirra, enda er tilgangur allrar viðleitni í efnahagsmálum að koma á festu og jafnvægi og tryggja verðgildi peninganna.

Í upphafi þessa árs lagði Alþfl. fyrir hina flokkana vandlega unna áætlun um efnahagsaðgerðir, sem tækju mið af krónuskiptunum. Var þeim skipt í aðdraganda, ráðstafanir, sem gera þurfti á þessu ári, síðan breyt-inguna sjálfa og loks eftirleik til að fylgja breytingunni eftir á næsta ári og síðar. Alþfl. lagði með aðstoð sér-fróðra manna mikla vinnu í þessa áætlun, og það er sannfæring okkar, að hún hefði í framkvæmd getað komið verðbólgu niður fyrir 30% þegar á þessu ári, enda var gert ráð fyrir nokkrum tímabundnum fórnum af hálfu allra landsmanna. Alþb. hafnaði þessari áætlun okkar Alþfl.-manna án þess að lesa hana. Fulltrúi þeirra sagði nei um leið og hann tók við plagginu. Sú framkoma segir býsna mikið um heilindin í þeim herbúðum.

Framsóknarmenn tóku till. Alþfl. til umræðu og lásu þær a. m. k., en höfnuðu þeim síðan, því miður, fyrst og fremst vegna ágreinings um landbúnaðarmál, sem ég tel þó að við hefðum getað leyst.

Sjálfstæðismenn, sem þá voru enn óklofnir á yfirborði, hvað sem var tekið að gerast bak við tjöldin, reyndust vera reiðubúnir til að ræða þessar till. frekar, en á það reyndi því miður ekki. Nú segir forsrh. að hann og stjórn hans hafi í hyggju að gera margs konar ráðstafanir vegna krónuskiptanna. En það eru aðeins um 10 vikur til ára-móta og ríkisstj. hefur enn þá ekkert sagt um það, hvað hún ætli að gera til að tryggja verðgildi hinnar nýju og fallegu krónu. Hins vegar er fjárlagafrv., eins og ég áðan sagði, byggt á því, að verðbólga á næsta ári verði 42%. Með þessari spá viðurkennir ríkisstj., sem ekkert gerir þó, að nýja krónan verði í lok næsta árs fallin niður í 58 aura að verðgildi. Það er þeirra eigin spádómur og viður-kenning og má þó vel búast við að fallið verði enn þá meira. Krónuskiptin eru gullið tækifæri til hreingerning-ar í efnahagsmálum. Alþfl. lagði ítarlegar till. í þá átt fram í upphafi ársins, meðan tími var til stefnu, en þeim var ekki sinnt. Nú er ríkisstj. að missa af þessu tækifæri vegna dáðleysis og sundurlyndis. Frakkar, Þjóðverjar og Finnar notuðu allir myntbreytingu sem kjarna ger-breytingar í efnahagsmálum og tókst það öllum. En Gunnarsstjórn er gæfulaus í þessu sem fleiru.

Kafli var í ræðu forsrh. um félagsmál, og hældi hann stjórn sinni af nokkrum afrekum á því sviði, t. d. löggjöf um húsnæðismál, löggjöf um hollustuhætti og aðbúnað á vinnustöðum, aðstoð við þroskahefta o. fl. Allt er þetta gott og blessað, ágæt mál. En þetta eru stolnar skraut-fjaðrir, því að þessi löggjöf og ýmis önnur lög um félags-mál, sem afgreidd voru á síðasta þingi, voru undirbúin og lögð fram í ráðherratíð Magnúsar H. Magnússonar og eru fyrst og fremst hans verk. Málin eru jafngóð fyrir það, enda samþykkt af Alþfl. eins og öðrum í meiri hl. hér á þingi, en það er ástæðulaust fyrir núv. stjórn að reyna að hæla sér af þessum verkum.

Þá var nefndur undirbúningur að alþjóðaári fatlaðra. En eina afrek Svavars Gestssonar ráðh. í því máli hefur verið að reka Árna Gunnarsson alþm., sem hafði verið formaður undirbúningsnefndar og sýnt þar mikinn dugnað í starfi, — reka hann burt til að koma komm-únista í hans stað. Þannig er hvergi friður fyrir þeim pólitísku smitberum sem ráðh. Alþb. jafnan eru.

Ríkisstj. hefur setið að völdum svo til allt þetta ár og þó er hún enn stefnulaus í fjöldamörgum veigamiklum málum. Forsrh. reyndi í ræðu sinni að fela þessa stað-reynd, og þá notaði hann aftur og aftur það orðalag, að unnið sé að stefnumótun, eða eitthvað slíkt. Mér telst til að samtals hafi slíkt orðalag komið fyrir einum 12 sinnum. Í 12 mikilvægum málaflokkum er ríkisstj. al-gerlega stefnulaus, en unnið er að mótun einhverrar stefnu. Þannig er reynt að læða því inn með mjúkum, fögrum orðum, að eitthvað sé að gerast í þessum málum þar sem allt stendur fast. Þannig segir ráðh. t. d. að unnið sé nú að athugun á sjálfvirkni og víxlhækkunum í efna-hagskerfinu. Er það ekki nokkuð seint að vera nú fyrst að athuga það mál? Hafið þið aldrei heyrt þetta nefnt, sjúk-dóm íslensks efnahagskerfis í marga áratugi? Það er líka unnið að margháttuðum aðgerðum fyrir krónuskiptin sem ég nefndi, en það hefur ekkert gerst og örfáar vikur eru til stefnu.

Það er líka samkv. ræðu ráðh. unnið að mörkun fisk-veiðistefnu, auðvitað af því að stjórnin hefur enga fisk-

veiðistefnu. Það er unnið að stefnu í landbúnaðarmálum og okkur verður kynnt hún einhvern tíma seinna, af því að stjórnin hefur enga stefnu í þeim málum. Það er unnið að stefnumörkun í iðnþróun til langs tíma, af því að iðnstefnu í virkjunarmálum og framkvæmdaáætlunum í orkumálum, af því að stjórnin hefur enga stefnu á þessum sviðum. Þannig mætti lengi telja.

Herra forseti. Alþfl. gerir sér ljóst, að ekki er nóg að glíma við vandamál líðandi stundar og þarf meira til að koma ef tryggja á framtíð þjóðarinnar. Þjóðartekjur á mann hafa farið minnkandi nú undanfarið og munu enn minnka á næsta ári ef sú spá reynist rétt sem nú hefur verið lögð fram. Af þessu leiðir að atvinnuöryggi hefur farið minnkandi, þótt enn hafi blessunarlega ekki komið til atvinnuleysis og við vonum öll að það komi ekki. Brottflutningur fólks af landinu hefur verið mikill, en við höfum illa ráð á að missa sem svarar einni dugmikilli fjölskyldu til annarra landa á hverjum degi. Af þessum sökum verður að leggja höfuðáherslu á atvinnumálin, eflingu núverandi atvinnuvega og uppbyggingu nýrra til þess að tryggja afkomu fjölskyldnanna og standa vel undir góðum lífskjörum, skapa atvinnutækifæri fyrir þær þúsundir sem munu bætast á vinnumarkaðinn á næstu árum, auka framleiðslu og framleiðni og bæta gjaldeyrisstöðuna. Tæknin getur aukið framleiðni okkar og jafnvel tekjur, en hún getur líka fækkað atvinnutækifærum. Eitt tryggingarfélag fækkaði starfsfólki um fimmtung þegar það tók upp nýtt tölvukerfi.

Sjávarútvegur verður að haga sókninni svo, að hann byggi upp fiskstofna til frambúðar, og hann verður að mæta vaxandi samkeppni, m. a. við ríkisstyrktar fiskveiðar margra annarra landa. Landbúnaður leggur nú hart að sér til að sporna gegn offramleiðslu og laga sig að innanlandsmarkaði. Þar þurfa að koma til nýjar búgreinar. Almennur iðnaður býr við harða samkeppni vegna fríverslunar og þarfnast aukinnar hagræðingar og uppbyggingar. Þessar hefðbundnu atvinnugreinar verða að fá óskiptan stuðning þjóðar og ríkisvalds á komandi árum, jafnvel þótt hafin verði glíma við ný verkefni. Og það þarf meira til. Við verðum að byggja upp fleiri atvinnugreinar sem geta tekið við þúsundum vinnandi manna, aukið framleiðni og tryggt nýjar útflutningstekjur. Alþfl. telur rétt að mæta þessari þörf fyrst og fremst með aukningu orkufreks iðnaðar. En það er eitt til marks um áhrif kommúnista, að fyrrv. iðnrh. Gunnar Thoroddsen þorir ekki að nefna þetta á nafn í ræðu sinni.

Alþfl. hefur þegar flutt till. um öra uppbyggingu á orkufrekum iðnaði í upphafi þessa þings, og hann hefur gert opinberlega grein fyrir henni. Við leggjum þó ekki til að landið verði opnað fyrir erlendu fjármagni. Við höfum þegar nægа reynslu af stóriðju til þess að geta ráðið því sjálfir, hve mikið samstarf við höfum við erlenda aðila og hvernig. En það samstarf er okkur vorkunnarlaust að eiga þegar við teljum ástæðu til, og við getum gert það með fullri reisn án þess að verða hlunnfarin ef okkur sýnist svo.

Við Alþfl.-menn leggjum einnig áherslu á að allt landið verði að njóta beint eða óbeint góðs af slíkri stóriðjuuppbyggingu. Það er gæfa okkar Íslendinga að eiga á tímum hinnar miklu orkukreppu gnægð ónotaðra orkulinda, hið hvíta gull í fallvötnum og jarðhita. Við getum fram til aldamóta reist nýjan iðnað fyrir þúsundir starfsmanna og þó munum við vart hafa notað nema brot af þeirri orku, sem í landinu er og sífellt endurnýjast, en gengur ekki til þurrðar eins og olía og gas. Í dag er einmitt tímabært að taka ákvarðanir á þessu sviði, en það stendur allt fast hjá hæstv. ríkisstj. Þær ákvarðanir verða að mótast af stórhug og framsýni, af trú á landið og trú á þjóðina. Það er að vísu ógæfa, að orku- og iðnaðarmálin skuli vera í höndum Alþb.-manna í ríkisstj., en þeir eru á þessu sviði íhaldssamir úrtölumenn eins og þeir eru orðnir á ótrúlega mörgum öðrum sviðum. En við megum ekki láta þá stöðva framþróun alhliða íslenskrar atvinnustefnu.

Ef íslenska þjóðin horfist óhrædd í augu við þá erfiðleika, sem við er að etja, sýnir samstöðu og skilning og reynir að forðast innbyrðist átök, þá mun hún sigrast á öllum erfiðleikum og sigla skjótt inn í betri framtíð. Ef íslenska þjóðin kann að meta og hagnýta skynsamlega þær auðlindir, sem landið býður henni, mun hún tryggja komandi kynslóðum gott og farsælt líf, frjálsra manna í frjálsu landi. — Góða nótt.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Góðir Íslendingar. Þótt 8 mánaða starfstími ríkisstj. sé ekki langur er eðlilegt að menn spyrji: Hvað hefur áunnist? Hefur þokast í átt að þeim markmiðum, sem ríkisstj. setti sér. Umræða um stefnuræðu forsrh. og þjóðhagsáætlun er eðlilegur vettvangur fyrir slíkar spurningar. Ég mun leitast við að svara þeim frá sjónarhóli okkar framsóknarmanna.

Í löngum stjórnarmyndunarviðræðum s. l. vetur var um fátt annað fjallað en efnahagsmálin. Við framsóknarmenn höfnuðum leiftursókn Sjálfstfl. sem við og ákveðið gerðum í kosningabaráttunni. Þótt mjög sé mikilvægt að ná verðbólgunni niður viljum við ekki kaupa það með stöðnun, atvinnuleysi og byggðaröskun. Við settum fram markvissar till. um hjöðnun verðbólgunnar í áföngum. Sú leið hefur hlotið nafngiftina „niðurtalning verðbólgunnar".

Niðurtalning verðbólgunnar felst í því að setja bremsu sem jafnast á hina ýmsu þætti sem áhrif hafa á verðbólguþróun. Við viljum gera það með því að setja sambærilegt hámark á launahækkanir, hækkun búverðs og fiskverðs og á vöruverð og þjónustu og samræma gengissig slíkum takmörkunum. Með þessu er hugmyndin sú, að allir beri sem jafnast þær byrðar sem slíkri niðurtalningu kunna að fylgja. Við höfum jafnframt lagt áherslu á að þetta þurfi að gera í nánu samráði við launþega og aðra aðila vinnumarkaðarins. Semja þarf um félagslegar umbætur þannig að tekjuskerðing þeirra, sem lægst hafa launin, verði sem minnst eða engin. Samfara þessu verður að gæta aðhalds í fjárfestingu, peningamálum og fjármálum ríkisins.

Stjórnarflokkarnir féllust á þessa hugmynd um niðurtalningu verðbólgunnar í öllum grundvallaratriðum. Það kemur greinilega fram í stjórnarsáttmálanum, þar er það markmið sett, að verðbólgan verði á árinu 1982 orðin svipuð og í nágrannalöndum okkar. Eins og þar kemur fram hyggjast stjórnarflokkarnir ná þessu, m. a. með því að leita eftir samkomulagi við aðila vinnumarkaðarins um niðurstöður í kjarasamningum sem geta samrýmst baráttunni gegn verðbólgu og þeirri stefnu stjórnarinnar að jafna lífkjör og bæta kjör hinna lakast settu í þjóðfélaginu, eins og þar segir orðrétt. Ríkisstj. vill jafnframt draga úr almennum peningalaunahækkunum með ýmsum félagslegum ráðstöfunum. Í þessu skyni hyggst

ríkisstj. einnig beita ströngu aðhaldi í verðlagsmálum, peningamálum, fjárfestingarmálum og ríkisfjármálum, eins og greinilega kemur fram í stjórnarsáttmálanum og gert hefur verið, og sömuleiðis endurskoða víxlverkanir verðlags og launa.

Nú spyrja menn eðlilega: Hvað líður þessari niðurtalningu? Svarið er einfalt: Raunhæf niðurtalning er ekki hafin. Að vísu hefur verið leitast við eftir mætti að beita ströngu aðhaldi á flestum sviðum, t. d. á sviði fjármála og í verðlagsmálum, þar sem hámarkshækkanir hafa verið ákveðnar. En slíkt ber aldrei tilætlaðan árangur nema gert sé á öllum sviðum. Á þessari staðreynd eru augljósar skýringar. Ætíð hefur verið undirstrikað að til þess að niðurtalning verðbólgunnar megi takast verða ýmsa forsendur að vera traustar. Í fyrsta lagi verður að ríkja friður á vinnumarkaðnum þannig að unnt sé að hafa nauðsynlegt samráð við aðila vinnumarkaðarins um aðgerðir í kjaramálum, eins og stjórnarsáttmálinn gerir ráð fyrir. Eins og alþjóð veit hafa samningar allir verið lausir, og því miður hefur það tekið lengri tíma en menn gerðu ráð fyrir að samningar næðust á öllum sviðum. Er alls ekki séð fyrir endann á því enn. Á meðan sú óvissa ríkir er ákaflega erfitt að fóta sig örugglega í niðurtalningu verðbólgunnar.

Í öðru lagi er ljóst, að atvinnuvegir landsmanna verða að standa sæmilega traustum fótum áður en raunhæf niðurtalning er hafin. Á þá leggjast byrðar ekki síður en á launþega, bændur og sjómenn, og þær verða þeir að geta borið, annars er hætt við að komi til stöðvunar og atvinnuleysis sem við viljum umfram allt forðast, eins og ég hef áður sagt.

Fljótlega eftir stjórnarmyndun kom í ljós að grundvöllur atvinnuveganna var langt frá því að vera svo traustur sem þarf að vera. Fyrst og fremst á þetta við um frystingu sjávarafla. Að vísu var mönnum ljóst að þar voru erfiðleikar, en ég leyfi mér að fullyrða að þeir hafi verið meiri en flestir töldu. Þessa erfiðleika má í grundvallaratriðum rekja til þess, að frystingin hefur hvergi nærri fengið þá hækkun á sinni framleiðslu sem kostnaðarhækkanir innanlands á síðasta ári og sérstaklega um áramótin kröfðust. Öllum má vera ljóst að framleiðsla getur því aðeins borið slíkar hækkanir að hún fái auknar tekjur eins og nú er ástatt. Það hlýtur að gerast annaðhvort með verðhækkun á erlendum mörkuðum eða með því að gengið fellur að sígur. Að einhverju leyti má bæta afkomu framleiðslunnar með framleiðniaukningu, en slíkar framfarir eru yfirleitt hægfara.

Við nákvæma úttekt á þessari þróun kemur í ljós, að tekjur frystingarinnar hækka á síðasta ári um 8—10% minna en kostnaðarhækkanir verða innanlands. Þetta má rekja til þess, að á undanförnu einu og hálfu ári verða nánast engar verðhækkanir á framleiðslu okkar á Bandaríkjamarkaði, á sama tíma og aðrar neysluvörur þar hækka um 20—25%. Má því segja að hlutfallslegt verðfall hafi orðið á frystum sjávarafurðum. Þessari staðreynd var ekki mætt með nauðsynlegri gegnisaðlögun. Nefna má sem dæmi, að um s. l. áramót, í stjórnartíð Alþfl., urðu kostnaðarhækkanir u. þ. b. 11—12%, en gengið er aðeins látið síga um 4% og í allri stjórnartíð Alþfl. verða kostnaðarhækkanir um 15%, en gengisaðlögun aðeins um 5%. Eflaust hefur þetta verið gert til þess að hamla gegn verðbólgunni rétt yfir kosningarnar, en leiddi beint til hins, að frystingin safnaði skuldum og stöðvaðist víða í sumar. Málið er svona einfalt. Útilokað er að auka kostnað framleiðslunnar, eins og nú er ástatt, án þess að hún fái auknar tekjur á móti á einn máta eða annan.

E. t. v. hefði verið skynsamlegt að horfast strax í augu við þessar staðreyndir og aðlaga gengið án tafar að þeim kostnaðarhækkunum sem hefðu orðið innanlands. Sá kostur var hins vegar tekinn að gera það smám saman, þannig að það leiddi síðar til mikillar verðbólguskriðu. Þetta hefur verið gert. Til þess að draga úr þörf fyrir gengissig hefur jafnframt verið gripið til margra aðgerða í þágu fiskvinnslunnar. Vextir Fiskveiðasjóðs voru lækkaðir, tollar voru felldir niður af ýmsum fjárfestingarvörum, afurðalán voru hækkuð í 95%, meðan birgðir voru óeðlilega miklar, og greiðslur úr Verðjöfnunarsjóði auknar vegna tímabundinna erfiðleika. Loks hefur verið samið við Seðlabankann um endurgreiðslu á gengis- og vaxtagreiðslum útflutningsatvinnuveganna sem nemur samtals um 3.6 milljörðum kr. og fær frystingin af því rúmlega 2 milljarða. Eru þessi lán þannig færð til samræmis við kjör á öðrum lánum í bankakerfinu. Auk þess hefur ástand nú batnað á Bandaríkjamarkaði þannig að framleiðslusamsetningin er orðin frystingunni hagkvæmari. Því telur Þjóðhagsstofnun að grundvöllur frystingar sé nú orðinn eða að verða jákvæður og einnig útgerðar eftir síðustu fiskverðshækkun. Þetta er út af fyrir sig ákaflega mikilvægur áfangi.

Við fiskverðsákvörðun nú 1. okt. er hækkun olíugjalds umdeild. Þegar það gjald var tekið upp af Kjartani Jóhannssyni var ætlunin að bæta útgerðinni að hluta gífurlegar olíuverðshækkanir. Það er góðra gjalda vert. En olíugjaldið er reiknað sem hlutfall af aflaverðmæti, en ekki af olíunotkun. Það stuðlar ekki að sparnaði á olíu, heldur jafnvel þvert á móti. Ég hef því tjáð mig sammála sjómönnum og andsnúinn olíugjaldi í þessari mynd. Ég hef lagt á það áherslu, að leita verði annarra leiða til þess að mæta olíuverðshækkunum, og þá byggt á raunverulegri notkun, þannig að bæði sjómenn og útvegsmenn hagnist á olísparnaði. Að þessu máli vinnur sérstök nefnd þessara aðila. Málið er vandmeðfarið, en það er von mín að takast megi að hverfa frá þessari olíugjaldsleið við næstu fiskverðsákvörðun. Á meðan það tekst ekki verður að búa við það sem er. Enginn er bættari með því að olíuverðshækkanir leiði til stöðvunar á útgerð.

Sorglegt er að hlusta á stjórnarandstæðinga hér á Alþ. andmæla nú af miklum fjálgleik hækkun olíugjalds í 7.5%, þrátt fyrir óumdeilda olíuverðshækkun. Þessir sömu menn samþykktu hækkun þessa sama gjalds í 12% haustið 1979 án þess að depla auga.

Við þann erfiða starfsgrundvöll, sem sjávarútvegi og fiskvinnslu hefur verið búinn, hafa þessar greinar safnað miklum lausaskuldum. Þótt grundvöllur sé nú jákvæður er útilokað að unnt reynist að standa undir dráttarvöxtum eða greiða slíkar skuldir án tafar. Til þess þyrfti gengissig að verða enn meira. Því er nauðsynlegt að breyta þessum skuldum í föst lán. Að því er unnið af krafti. Árið 1975 tók svipuð skuldbreyting eitt og hálft ár. Svo má að sjálfsögðu ekki verða nú og skal ekki verða, þá hleðst vandinn aðeins upp.

Ýmislegt bendir til þess, að fram undan kunni að vera fremur hagstæðir tímar fyrir sjávarútveg og fiskvinnslu. Bandaríkjamarkaður hefur lagast og birgðir hafa stórminnkað. Að vísu geta menn ekki gert sér vonir um umtalsverða verðhækkun alveg á næstunni, en ótrúlegt virðist að fiskur hækki ekki í verði þar á sama tíma og

aðrar nauðsynjar halda áfram að hækka. Önnur fiskvinnsla stendur yfirleitt vel, t. d. skreið og saltfiskur. Tekist hefur betur en ýmsir þorðu að vona með sölusamninga á saltaðri síld, svo að eitthvað sé nefnt. Og loks benda nýjustu spár Hafrannsóknastofnunar til þess, að þorskstofninn sé töluvert sterkari en áður var talið. Það eru gleðitíðindi sem ýmsir munu að vísu ekki telja að komi á óvart.

Eitt af stærri málum þessa vetrar verður mótun nýrrar fiskveiðistefnu, og það er hárrétt hjá hv. þm. Benedikt Gröndal, að að þessu er unnið og það kappsamlega. Að sjálfsögðu er í dag búið við þá fiskveiðistefnu sem mótuð var af fyrrv. sjútvrh. í vinstri stjórninni á s. l. ári, og má margt gott um hana segja. En svo viðamikið mál þarf að vera í stöðugri endurskoðun. Ekki vinnst tími til þess nú að kynna það víðtæka mál, en það verður gert alveg á næstunni.

Afkoma útflutningsiðnaðar hefur einnig verið betri síðari hluta ársins en þann fyrri, því að að sjálfsögðu hafa allar útflutningsgreinar notið margra þeirra leiðréttinga sem gerðar hafa verið í þágu frystingarinnar. Í landbúnaði fer fram aðlögun að breyttum aðstæðum. Það er gert á grundvelli margs konar laga sem sett voru á síðasta ári, með samdrætti í hefðbundnum búgreinum þar sem offramleiðsla hefur verið skaðlega mikil, en jafnframt með uppbyggingu nýrra greina þannig að byggðaröskun verði sem minnst. Þetta er vandrötuð braut sem verður að taka nokkurn tíma ef vel á að fara. Ég er hins vegar sannfærður um að íslenskur landbúnaður mun standa sterkari eftir en áður.

Ýmislegt fleira jákvætt má nefna. Fjármál ríkisins eru í viðunandi lagi. Fjárlög ársins í ár eru byggð á þeim grundvelli sem lagður var af Tómasi Árnasyni s. l. haust. Hann hefur reynst traustur.

Þetta skapar nokkurt svigrúm í fjárlögum næsta árs. T. d. er í fjárlagafrv. gert ráð fyrir 12 milljörðum kr. vegna efnahagsráðstafana. Staða ríkissjóðs skapar einnig möguleika til endurskoðunar á skattalögunum. Í því sambandi leggjum við framsóknarmenn mikla áherslu á niðurfellingu nýbyggingargjalds, eins og ráð er fyrir gert og fullt samkomulag um. Við teljum einnig skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði vafasaman nú þar sem dregið hefur úr þenslu á því sviði og upphaflegum markmiðum með honum því náð. Við teljum nauðsynlegt að endurskoða álagningu eigarskatts, einkum einstaklinga. Við viljum einnig lagfæra þá agnúa á tekjuskattslögum sem komið hafa í ljós og menn gátu að sjálfsögðu búist við í svo viðamiklum breytingum. Við viljum athuga 59. gr., sem heimilar að áætla mönnum tekjur, og viljum lagfæra skatt á einstæðum foreldrum, svo eitthvað sé nefnt. Um þetta hefur allt verið rætt í ríkisstj. og menn þar sammála um slíka endurskoðun, enda er hún komin í gang, og vænti ég þess, að árangur sjáist fljótlega.

Einna mikilvægast er þó að staða ríkissjóðs gefur svigrúm til þess að verja í tengslum við niðurtalningu verðbólgunnar kaupmátt þeirra sem lægstar tekjur hafa.

Fjárfesting í landinu mun í ár ekki fara að ráði fram úr því sem ráðgert var. Á næsta ári ætti að vera svigrúm til nauðsynlegra fjárfestinga, m. a. á sviði orkumála og vegamála. Við framsóknarmenn leggjum mikla áherslu á að unnið verði af krafti, eins og í fjárlagafrv. segir, að vegaframkvæmdum. Það merkir að sjálfsögðu að ekki verði dregið úr framkvæmdum í vegamálum sem í sumar voru auknar verulega frá því í fyrra. Vegáætlun verður endurskoðuð í vetur og auk þess mun ég nú í haust leggja fram till. um stefnumörkun í vegamálum til langs tíma.

Til þess að niðurtalningin megi hefjast af fullum krafti er fyrst og fremst nauðsynlegt nú að samningar takist á vinnumarkaði. Þar eru hins vegar miklar blikur á lofti, því miður. Eðlilegt er að menn spyrji: Hvaða vit er því að semja um hækkun grunnkaups á sama tíma og þjóðartekjur dragast saman eins og fram kemur í gögnum Þjóðhagsstofnunar? Hvar á að taka slíka fjármuni? Við þessar aðstæður sé ég aðeins eitt sem réttlætir samninga um hækkun grunnkaups. Slíkir samningar verða að leiða til aukins launajafnaðar, til bættra kjara þeirra sem lægstu launin hafa. Eins og fram kemur í stjórnarsáttmála er það markmið ríkisstj. að bæta kjör þeirra lægst launuðu. Því miður sýnist mér hins vegar að þeir kjarasamningar, sem nú liggja í loftinu, að meðtöldu tilboði vinnuveitenda um kjarasamning, leiði til verulegrar hækkunar yfir mestalla línuna umfram það sem réttlæta má með launajöfnuði einum saman, þótt vissulega stefni í þá átt og gerði það sannarlega í samningum við BSRB. Sáttatillaga sú, sem fram hefur verið lögð, felur í sér a. m. k. 10—11% launahækkun. 1. des. n. k. hækka verðbætur á laun að öllum líkindum um álíka upphæð ef ekkert er að gert. Þá eiga sjómenn og bændur eftir að fá svipaðar hækkanir. Varla geta menn búist við að hringdans verðbólgunnar stöðvist þegar að þeim aðilum kemur.

Ég sagði áðan að grundvöllur atvinnuveganna er að mati Þjóðhagsstofnunar jákvæður nú. Það verður hins vegar skammgóður vermir ef slíkar hækkanir eru á næsta leiti. Í frystingunni a. m. k. er ekki svigrúm til umtalsverðra hækkana. Ég leyfi mér að fullyrða að þessar greinar munu stöðvast fljótlega ef þær fá ekki kostnaðarhækkanir bættar. Sáralitlar líkur eru til þess, að það gerist með verðhækkun á erlendum mörkuðum, a. m. k. alveg á næstunni. Þá er ekkert eftir annað en gamla íhaldsúrræðið, gengisfelling.

Er mönnum ekki að verða ljóst hve gagnslaus þessi vísitöluleikur er og reyndar skaðlegur? Hver er bættari eftir?

Ef svo fer um næstu áramót sem ég hef nú rakið verður að sjálfsögðu að skapa að nýju traustan grundvöll fyrir atvinnuvegina áður en niðurtalning verðbólgunnar getur hafist af nokkurri alvöru. Og um það er fullkomin samstaða að sjálfsögðu innan ríkisstj. Þessu verða menn að gera sér grein fyrir. Það getur orðið erfiður biti að kyngja. Því er nauðsynlegt og skynsamlegt að grípa til aðgerða fyrir 1. des., sem draga úr þeirri hækkun sem þá verður að öðrum kosti, þannig að leiðréttíng sú á stöðu atvinnuveganna, sem á eftir fylgir, geti orðið sem minnst.

Góðir hlustendur. Í þessu máli mínu hef ég ekkert minnst á Flugleiðamálið, enda það mikið rætt. Hv. þm. Geir Hallgrímsson fór hins vegar fáeinum orðum um það og vakti undrun mína að hann virðist helst gagnrýna ríkisstj. fyrir að hafa ekki þegar og tafarlaust gert hvað það sem fyrirtækið fer fram á til að halda megi rekstrinum áfram. Það var ekki fyrr en 15. sept. s. l. að ríkisstj. fékk beiðni Flugleiða um 6 milljarða kr. ríkisábyrgð, og þegar liggur fyrir frv. á hinu háa Alþingi sem heimilar ríkisstj. að verða við þessu og það jafnvel áður en úttekt hefur farið fram á eignum fyrirtækisins. Ekki sé ég hvernig verður fyrr við brugðið. En svo virðist sem þeir hv. sjálfstæðismenn sjái alls ekki að e. t. v. kunni einhver sök að liggja hjá stjórn Flugleiða sjálfra.

Stjórnarandstaðan hefur undanfarið haft það að

meginiðju í athafnaleysi sínu að gera mönnum innan ríkisstj. upp ágreining. Staðreyndin er sú, að starfsandinn innan þessarar ríkisstj. er ólíkt betri en í þeirri ríkisstj. sem ég hef áður þekkt á s. l. ári. Nú hittast menn og ræðast við um vandamálin og reyna að leysa þau. Og ég veit ekki betur en allir hafi fullan skilning á því sem ég hef nú rakið. Áherslur geta að sjálfsögðu verið eitthvað mismunandi, svo sem von er, á milli flokka, en markmiðið er það sama: að koma verðbólgunni niður í svipað og í nágrannalöndunum 1982. Sú töf, sem hefur á þessu orðið, merkir að sjálfsögðu að vinna verður betur á næsta ári. Okkur framsóknarmönnum sýnist að nú eigi að vera unnt að skapa til þess grundvöll. Á næstu tveimur árum munum við því leggja höfuðáherslu á niðurtalningu verðbólgunnar.

Við Íslendingar eigum til mikils að vinna. Að öllum líkindum erum við betur í stakk búnir en flestar aðrar þjóðir til að mæta þeim orku- og hráefnisskorti sem virðist vera framundan. Við eigum gjöfult land og auðugan sjó, sem geta jafnvel í vaxandi mæli orðið grundvöllur verðmætrar og eftirsóttrar matvælaframleiðslu. Við eigum orku í fallvötnum og jarðvarma sem á að gera okkur kleift að verða að verulegu leyti óháðir innfluttri orku og auðvelda okkur að skjóta fleiri stoðum undir okkar atvinnu- og efnahagslíf, m. a. með orkufrekum iðnaði í okkar eigu og við okkar hæfi. Verkefnin eru mörg og brýn við að nýta allan þennan auð af skynsemi til bættra lífskjara og betra mannlífs. Allt er þetta þó háð því, að við kunnum fótum okkar forráð í efnahagsmálum og stillum kröfum okkar í hóf. — Góða nótt.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Í máli hv. stjórnarandstæðinga kom það fram, að ég hafi í stefnuræðu minni talið þjóðinni trú um að allt sé í hinu besta lagi í íslensku þjóðfélagi. Þessi ummæli þeirra stangast mjög á við það sem fram hefur komið. M. a. komst ég nú svo að orði í stefnuræðunni: „Íslenska þjóðin á við mikla og margháttaða örðugleika að etja. Verðbólgan er þar verstur þrándur í götu. Hún er að verulegu leyti okkar eigin smíð, Íslendinga. Til þess að vinna bug á þessum alvarlegu erfiðleikum þurfa allir að taka á sig skyldur og byrðar."

Með stefnuræðunni, eða nokkrum dögum síðar, var hv. þm. send þjóðhagsáætlun yfir árið 1981 sem nú hefur verið formlega lögð fram á Alþingi. Í þeirri ítarlegu grg., sem er nokkurs konar fylgiskjal með stefnuræðunni, kemur í mörgum atriðum mjög greinilega fram, hvers konar erfiðleikar steðja að okkur og hvað hefur farið á annan veg en við höfum óskað eftir. Þessi ummæli hv. stjórnarandstæðinga, að ég hafi gert tilraun til þess að fegra ástandið og telja mönnum trú um að allt sé í hinu besta lagi, fá því ekki staðist.

Meðal þess, sem erfiðlega gengur að ráða við, er hallinn á viðskiptum okkar við útlönd. Það er gerð ítarleg grein fyrir honum í þjóðhagsáætlun og af hverju hann stafar. Þessi halli, sem er talið að muni nema um eða rúmlega 40 milljörðum króna á þessu ári, er að vísu í hlutfalli við þjóðarframleiðslu miklu minni en hann hefur stundum verið á síðasta áratug. Engu að síður er hann alvarlegur og þarf að vinna að því með tiltækum ráðum að draga verulega úr honum og eyða honum, ef unnt er, á næsta ári. En þessi viðskiptahalli á sér ákaflega augljósar skýringar. Ein meginástæðan eru erfiðleikar Flugleiða og sá mikli halli sem stafar af þeim. Önnur ástæða er hækkun vaxta á erlendum markaði sem við höfum að sjálfsögðu ekki ráðið við.

Það er fleira en viðskiptahallinn sem hefur valdið okkur nokkrum vonbrigðum. Við vitum, eins og fram hefur komið bæði í stefnuræðu minni og þjóðhagsáætlun, að gengi íslensku krónunnar hefur á þessu ári lækkað miklu meira en stjórnin gerði ráð fyrir og vonaðist eftir þegar hún tók til starfa. Hér hefur verið gerð ítarleg grein fyrir því hvers vegna. Ætla ég að fáir geti talið með nokkrum sanni að hér hafi verið nokkuð undan dregið. Ég lét það koma greinilega fram í ræðu minni, að einn mikilvægur þáttur í efnahagsmálunum, peningamálin, þ. e. útlán viðskiptabankanna, hefði gengið úr skorðum og það var fyrst eftir að ríkisstj. hafði sett fram alvarlegar aðvaranir í því efni sem tekið var í taumana, og eins og ég gat um í stefnuræðu minni hefur orðið verulegur bati í síðustu mánuði.

Þannig er það á ýmsum sviðum sem við eigum við erfiðleika að etja og mál hafa gengið verr en við hefðum óskað. En því fer fjarri að þessar staðhæfingar hv. stjórnarandstæðinga fái staðist, að á nokkurn hátt sé verið að draga fjöður yfir eða reyna að dylja þær staðreyndir.

Það er e. t. v. rétt að draga saman í lokin í nokkrum meginatriðum það sem mestu máli skiptir í því sem við höfum verið að ræða hér.

Það er rétt að rifja það upp fyrst, að verðbólgan var á síðasta ári, frá upphafi til loka ársins, rúm 60%. Í ár verður hún lægri, rúmlega 50%. Þótt verðbólgan sé að sjálfsögðu allt of mikil hér hefur miðað í rétta átt á þessu ári. Hv. stjórnarandstæðingar eru fáorðir um þetta, en velja stóryrði og fullyrðingar í staðinn. Hverjar eru þá orsakir þess að ekki hefur náðst meiri árangur en sá sem ég hér nefni. Það er líka ljóst og hefur komið skýrt fram. Það er sölutregða og verðlækkun á frystum fiski erlendis. Þetta hefur ásamt verðhækkunum og kostnaðarhækkunum innanlands valdið miklu meira gengissigi en við höfum óskað.

Það er röng fullyrðing, að gengissig hafi að nokkru leyti verið ákvarðað vegna hagsmuna ríkisins, eins og kom fram hjá öðrum hv. andstæðingi. Það eru tilgátur einar sem ekki eiga sér neina stoð í veruleikanum. Gengissigið er eingöngu vegna erfiðleika frystiiðnaðarins og ráðstafana til að koma honum á réttan kjöl, en gengissig eykur að sjálfsögðu verðbólgu. Allir vita að af því leiðir hækkun á ýmsum vörum, og almennt hefur sú regla verið sett fram, að 3% gengislækkun eða gengissig þýði um 1% hækkun framfærsluvísitölu á mjög skömmum tíma fyrst eftir að gengislækkunin er ákvörðuð. Vegna víxlverkana verða áhrifin svo enn meiri síðar. Á sama tíma sem af þessum ástæðum hefur þurft að lækka gengið hafa innfluttar vörur okkar hækkað í verði á árinu um 12—14% í erlendum gjaldeyri. Vitanlega hefur þetta hvort tveggja unnið mjög á móti viðleitni okkar til að ráða við verðbólguna.

Þegar þetta er haft í huga er það skýring að vissu leyti á því, að ekki hefur náðst meiri árangur. Þó hefur sá árangur náðst, að verðbólgan verður minni í ár en hún var á s. l. ári.

Það er í þessu sambandi mikilvægt atriði og kannske eitt aðalatriðið í íslenskum þjóðmálum, að þrátt fyrir margar torfærur hefur tekist að halda nægri atvinnu og afstýra atvinnuleysi.

Hinum miklu vandamálum frystihúsa og útgerðar hefur verið mætt með margvíslegum ráðstöfunum og þess-

um undirstöðuatvinnuvegum verið gert kleift að halda áfram rekstri. Ríkisstj. mun að sjálfsögðu halda því áfram, að reyna að tryggja rekstrargrundvöll aðalútflutningsatvinnuveganna.

Ef við nefnum nokkur fleiri meginatriði í sambandi við efnahagsmálin, þá má að sjálfsögðu minna á ríkissjóð sem hefur náð jafnvægi, eins og ég gerði hér grein fyrir og hæstv. fjmrh. gerði ítarlega grein fyrir í ræðu sinni. Því er haldið fram, að það náist með því einu að leggja þunga skatta á landslýðinn. Staðreyndin er hins vegar sú, að ef við miðum útgjöld ríkisins og tekjur ríkisins eða skattana við hlutfall af þjóðarframleiðslu, eins og við höfum oft hér gert, þá kemur það í ljós að útgjöldin og skattabyrðin í heild er lægri í ár, 1980, heldur en árið áður og verður samkv. fjárlagafrv. fyrir 1981 ívið lægri en á þessu ári.

Nú er það þannig, að þótt við óskuðum þess að geta lækkað skattaálögur í ýmsum greinum, þá er það ekki hægt að ráði sem stendur vegna þess, hversu mikla áherslu við leggjum á það í baráttunni við verðbólguna að ríkissjóður sé í jafnvægi. Þrátt fyrir það hefur verið ákveðið að fella niður einn skatt, nýbyggingargjaldið. Enn fremur hefur verið ákveðið að endurskoða framkvæmd skattalaganna frá 1978 og lagfæra ýmsa annmarka og agnúa sem koma þar fram. Til þess að nefna þó eina prósentu, þá er gert ráð fyrir í fjárlagafrv. fyrir árið 1981 að hlutfall skatta af þjóðarframleiðslu verði um 28.5%, sem verður þá lægra en í ár.

Önnur atriði er kannske rétt að nefna. Ég hef drepið áður á útlánin og þarf ekki að fara fleiri orðum um þau. En varðandi sparnaðinn eða sparifjármyndun, sem er eitt grundvallaratriði fyrir allt efnahagslíf og atvinnulíf þjóðarinnar, vil ég endurtaka það sem kom fram í ræðu minni áðan, að sparifjármyndun eða sparnaður hefur aukist meira hlutfallslega fyrstu 9 mánuði þessa árs en á sama tíma í fyrra, eða um 50% nú á móti rúmum 43% í fyrra.

Hins vegar í sambandi við vaxtamálin, þótt ekki sé möguleiki að fara út í umr. almennt um þau, þá verðum við að gæta mjög hófs í vaxtahækkunum vegna atvinnurekstrarins. Það er auðvitað nokkurt ósamræmi í málflutningi hv. stjórnarandstæðinga, þegar annars vegar er kvartað yfir því, að ríkisstj. geri ekki nóg fyrir atvinnureksturinn til að halda honum gangandi, en samhliða eru þessir sömu menn hávaxtamenn, sem hafa ásakað stjórnina fyrir að hafa ekki leyft vaxtahækkanir tvívegis á þessu ári.

Varðandi kjarasamninga, þá er ekki tími hér til að fara rækilega út í það mál. En ef menn bera þá samninga, sem nú eru ýmist gerðir eða verða gerðir á næstunni, saman við kjarasamninga sem gerðir hafa verið t. d. fyrir þrem árum röskum og fyrir sex árum, þá er þar ekki um sambærilegt að ræða. Bæði í febr. 1974 og í júní 1977 voru gerðir samningar þar sem kauphækkanir voru í fyrsta áfanga töluvert yfir 20%. Í „sólstöðusamningunum" frá 1977 var til viðbótar innleitt vísitölukerfi af fullum krafti. Nú hins vegar hefur í samningunum við opinbera starfsmenn verið gætt hófs og reynt að gæta þess, að þeir valdi ekki verðbólgu eða verðþenslu að neinu ráði. Ég vænti þess, að svipuð niðurstaða geti orðið í þeim samningum sem nú eru framundan.

Að lokum, herra forseti, þar sem ræðutími er að enda, er e. t. v. rétt að nefna eitt atriði enn, sem er grundvallaratriði í allri okkar stjórnmálabaráttu, samhliða baráttunni við verðbólguna, að gæta þess þó, að halda nægri atvinnu og að ekki verði atvinnuleysi í okkar landi. Atvinnuleysi er böl sem við verðum öll að vera sammála um að bægja frá.

Um daginn ræddi við mig reyndur maður og gagnmenntaður í skóla lífsins. Hann mælti m. a. á þessa lund: „Við Íslendingar kvörtum sáran yfir verðbólgunni, en hér hafa allir menn atvinnu. Í grannlöndum okkar er verðbólgan miklu minni, en ömurlegt atvinnuleysi." Síðan spurði þessi maður: „Hvorn kostinn mundir þú fremur kjósa ef þú mættir velja?" „Hvorugan," svaraði ég, því að mitt markmið er að koma verðbólgunni niður á viðunandi stig og halda um leið nægri atvinnu á Íslandi. Ég trúi því, að það megi takast og muni takast.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Hér hefur í kvöld verið gumað af því, að staða ríkissjóðs sé góð miðað við fyrri ár. Í þessu sambandi er rétt að leiða athyglina að því, að samkv. fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að skattar verði á næsta ári hvorki meira né minna en 75 milljörðum kr. hærri en þeir voru fyrir tveimur árum, þ. e. fyrir valdatöku síðustu vinstri stjórnar, og er þá mælt í sambærilegum krónum.

Þessi upphæð lýsir vel skattastefnu ríkisstj. Skattahækkunin er 1 millj. 300 þús. kr. á hverja fjögurra manna fjölskyldu í landinu eða um það bil 2—3 mánaða laun. Sumum kann að þykja þetta ótrúlega há tala, en hún er engu að síður staðreynd og skýrist af stórhækkuðum óbeinum sköttum og sérstökum sköttum sem faldir eru í vöruverðinu.

Hækkun beinu skattanna, tekju- og eignarskatta, er aðeins hluti af heildarskatthækkuninni. Og svo kemur Ragnar Arnalds fjmrh. hér í ræðustól og talar mikið um skuldir ríkissjóðs við Seðlabankann á tímum Matthíasar Á. Mathiesen sem fjmrh., en tekur það ekki fram, að nú eru skuldir ríkissjóðs við Seðlabankann ekki aðeins 25 milljarðar eins og þá, heldur 40 milljarðar ofan á 70 milljarða skattahækkun.

Það er hins vegar hægur vandi að reka ríkissjóð hallalausan þegar þannig er takmarkalaust seilst í vasa skattborgaranna. Ég er þess fullviss að gjaldkerar í frjálsum félagasamtökum gætu verið ánægðir með fjárhaginn ef þeir gætu lagt árgjöld á félagsmenn að eigin geðþótta. Og það væri hægari vandi að reka heimilin í landinu ef almennar launatekjur hækkuðu í sama hlutfalli og tekjur ríkissjóðs. Það munar um minna en tvenn mánaðarlaun á ári.

Forsrh. sagði í útvarpinu í gær að Alþb.-ráðh. væru bæði samviskusamir og duglegir, sem sagt dugandi menn og drengir góðir. Hafi hann átt við dugnaðinn við að arðræna láglaunafólkið í nafni ríkissjóðs, þá er hægt að taka undir þau orð hans.

Núv. ríkisstj. var að nafninu til mynduð til að berjast við verðbólguna. Niðurtalningin var galdratækið sem leysa átti vandann í áföngum. Samkv. stjórnarsáttmálanum átti verðhækkun á vörum og þjónustu að hækka um 8% 1. júní. Sú hækkun varð 13%. Hækkunin átti að verða 7% 1. sept., en varð 10%. Og hún á að verða 5% 1. des., en nú er ljóst að hún verður að öllum líkindum 12%.

Öll hafa þessi áform sem sagt runnið út í sandinn og nú liggur fyrir að verðhækkanir verða meiri en helmingi hærri 1. des. en niðurtalningin gerði ráð fyrir.

Á undanförnum vikum hafa ráðh. hver á fætur öðrum lýst yfir því, að niðurtalningin hafi mistekist, þótt

Steingrímur Hermannsson hafi í ræðu sinni áðan reynt að þráast við og talið að hún væri ekki hafin. Og í kvöld urðu hlustendur vitni að því, að Guðmundur J. Guðmundsson bættist í þennan hóp sem genginn er af trúnni. Það er því orðið aumt hlutskipti hjá verkalýðsforingjanum þegar hann styður enn stjórn sem ekki einungis hefur gefist upp við að ráða niðurlögum verðbólgunnar, heldur hefur með ráðleysi rýrt launakjör láglaunafólks um 10% á þessu ári.

En hvað ætlar ríkisstj. þá að taka til bragðs? Því miður verður heldur fátt um svör. Í fjárlagafrv. er varla minnst á efnahagsstefnu, en þó er gert ráð fyrir 12 milljörðum kr. til þess að mæta aðgerðum í efnahagsmálum, eins og það er orðað, án frekari lýsingar í frv. Og nú minnist enginn lengur á efnahagsnefnd ríkisstj., sem skilaði af sér tillögum fyrir tveimur mánuðum. Það er eins og þær tillögur hafi gufað upp. Það eina ákveðna efnahagsúrræði, sem fram hefur komið, er það sem forsrh. sagði í ræðu sinni fyrr í kvöld, að unnið væri að nýjum vísitölugrundvelli sem ætti að geta gengið í gildi um áramótin.

Ríkisstj. hefur markað stefnu í kjaramálum með samningi sínum við ríkisstarfsmenn. Fyrir nokkrum dögum hóf stjórnin viðræður við starfsfólk ríkisins sem á aðild að almennum verkalýðsfélögum, og stefnt er að því að gera samninga um a. m. k. 10% almennar launahækkanir á grundvelli innanhússtillagna sáttasemjara. Mestar líkur benda til þess, að slíkir kjarasamningar verði gerðir, enda hafa forustumenn Alþb. í verkalýðshreyfingunni heimtað að ríkisstj. lögbindi sáttatillögurnar. Fari á þá leið að kjarasamningarnir verði gerðir með þessum hætti er tiltölulega auðvelt að gera sér grein fyrir framvindu efnahagsmála á næstu mánuðum: Verðbætur á laun verða um það bil 10% 1. des. Fiskverð verður að líkindum hækkað um áramótin um 20%, enda er ekki lengur hægt að skerða kjarabætur til sjómanna. 4/5 hlutum fiskverðshækkunarinnar verður að mæta með hröðu gengissigi, þannig að ef ekkert verður að gert verða verðbætur á laun 1. mars um það bil 18—19% án nokkurra raunverulegra kjarabóta.

Reiknað hefur verið út að verðhækkanir á vöru og þjónustu verði yfir 80% frá 1. nóv. til 1. nóv. á næsta ári, verði þróunin með þessum hætti. En hvers vegna grípur ríkisstj. ekki í taumana strax? Eru augu ráðh. blind á þessa þróun? Því er til að svara, að auðvitað sjá þeir þetta eins og aðrir menn. Ástæðan fyrir aðgerðaleysi þeirra er sú, að Alþb. telur óheppilegt fyrir sig að efnt verði til kjaraskerðandi aðgerða rétt fyrir Alþýðusambandsþing, sem haldið verður eftir rúman mánuð. Þess vegna hafa Alþb.-ráðherrarnir dregið allar ákvarðanir á langinn. Tímann hafa þeir notað til þess að grafa undan einkarekstrinum, eins og nýleg dæmi sanna.

Fyrr eða síðar verður Alþb. og ríkisstj. þó að gera það upp við sig með hvaða ráðum draga á úr verðbólgunni þegar niðurtalningin hefur reynst ófær. Verði það ekki gert fyrir 1. des. n. k. stendur ríkisstj. frammi fyrir nákvæmlega sömu erfiðleikum eftir áramótin og ríkisstj. sem sat að völdum í febr. 1978, en í henni áttu sæti þrír af ráðh. núv. ríkisstj. Mér býður í grun, að forustumenn Alþb. í verkalýðshreyfingunni verði farnir að ókyrrast þegar ráðh. flokksins þurfa að beita svokölluðum kaupránslögum til að ná einhverjum tökum á efnahagsþróuninni. Hvort aðgerðin verði með svokölluðum nýjum vísitölugrundvelli eða öðrum hætti skiptir ekki meginmáli. Kjaraskerðingarmarkmiðið er eitt og hið sama. — Og það verður fróðlegt þá að vita hvar Guðmundur J. Guðmundsson verður staddur í veröldinni. Var einhver að tala um Stykkishólm — eða minntist einhver á New York?

Í síðustu kosningum var tekist á um það, hvort farin skyldi niðurtalningarleiðin eða hvort tími væri kominn til að viðurkenna þá staðreynd, að verðbólguvandinn verður ekki leystur með töfrabrögðum, heldur markvissum samræmdum efnahagsúrræðum, sem kosta fórnir um sinn, en skila raunhæfum árangri þegar fram í sækir. Núv. ríkisstj. er mynduð á grundvelli niðurtalningarstefnunnar. Sú stefna hefur reynst gagnslaus í reynd. Allar líkur benda því til þess að á næstunni verði þáttaskil í íslenskum stjórnmálum og fólkið í landinu sé tilbúið til að reyna nýjar leiðir út úr efnahagsógöngunum. Niðurtalningaraðferðin hefur reynst ófær í því skyni. Tími hennar er liðinn.

Íslenska þjóðin er ekki reiðubúin til að hverfa aftur til boða og banna. Haftastefnu hefur þegar verið hafnað. Nú er kominn tími til að leysa úr læðingi þann kraft sem frelsið býr yfir — frelsi til framtaks og framfara. Í nýrri lífskjarasókn byggðri á athafnafrelsi og einkaframtaki þarf forustu sterks, frjálslynds stjórnmálaflokks sem hefur kjark til að takast á við nauðsynleg viðfangsefni.

Í fyrsta lagi verðum við að virkja vatnsföllin til stóriðju. Síðasta stóra vatnsfallsvirkjunin var ákveðin á dögum viðreisnarstjórnarinnar og aðgerðaleysi núv. iðnrh. hefur dregið úr möguleikum okkar til að nýta orkulindirnar í þágu arðbærrar atvinnugreinar.

Í öðru lagi verðum við að finna lausn á kjördæmamálinu og leiðrétta þann mikla mun sem er á kosningarrétti í landinu eftir búsetu manna.

Í þriðja lagi verðum við að finna viðunandi lausn á landbúnaðarmálunum og brúa það bil sem hefur myndast á milli hugmynda og aðstöðu fólks í strjálbýli og þéttbýli.

Og í fjórða lagi verðum við að móta stefnu í menningar- og menntamálum, sem tekur tillit til einstaklinga og fjölskyldna, en hafnar því að alið sé á áhrifum kommúnista undir yfirskini menningar og lista.

Góðir áheyrendur. Þótt um sinn hafi skilið leiðir með sjálfstæðismönnum skulum við hafa í huga að það er skylda okkar að sameinast í einum samhentum flokki þegar kallið kemur. Til forustumanna og þm. flokksins eru gerðar þær kröfur að sjálfstæðismenn gangi hreint til verks og taki til hendi þar sem frá var horfið í upphafi viðreisnar á sjöunda áratugnum, en þá voru lífskjörin bætt með því að leysa athafnafrelsið og framkvæmdaviljann úr læðingi. — Góða nótt.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Góðir hlustendur. Ríkisstj., sem nú hefur starfað á níunda mánuð, hefur haft fjölmörg mikilvæg mál til úrlausnar jafnhliða undirbúningi að þeim mörgu og þýðingarmiklu stefnumiðum sem um var samið við myndun stjórnarinnar og forsrh. hefur að nokkru gert grein fyrir í sinni stefnuræðu.

Þegar á fyrstu mánuðum starfstíma síns lagði ríkisstj. fram og fékk samþykkt hér á Alþingi mörg og mikilvæg lagafrv., auk fjárlaga og heimildar til lánsfjáröflunar. Er þar ekki síst að nefna lög um ýmsar mikilsverðar félagslegar réttindabætur, svo sem um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, lög um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda og lög um Lífeyrissjóð

bænda. Þá ber ekki síður að nefna hin nýju lög um Húsnæðisstofnun ríkisins, sem víðtæk reglugerð hefur verið byggð á og gefin út nýlega. Með þessum lögum er brotið í blað varðandi íbúðarbyggingar í landinu á félagslegum grundvelli og áhrifa þeirra mun væntanlega gæta um land allt á næstu árum í stórbættri aðstöðu launafólks í húsnæðismálum og þá ekki síst ungs fólks sem er að stofna heimili. Ekki þarf að rifja hér upp tilburði stjórnarandstöðunnar til að stöðva þessa lagasetningu í þinginu s. l. vor.

Á sviði iðnaðarmála tel ég mikilsverðust á þessu tímabili ný lög um Iðnrekstrarsjóð, sem fela í sér mikla eflingu sjóðsins á næstu árum, en hlutverk hans er að veita lán og styrki til margháttaðra iðnþróunarverkefna. Tengist það þeim víðtæku aðgerðum sem að er unnið til að auka framleiðslu og framleiðni almenns iðnaðar í landinu jafnframt því sem lagt er út á nýjar brautir.

Frá síðustu áramótum að telja býr íslenskur framleiðsluiðnaður og hluti þjónustuiðnaðar við fulla og óhefta samkeppni eftir 10 ára aðlögunartíma frá því tekin var stefna á fríverslun með inngöngu í EFTA. Flestum ber nú saman um að þann tíma hefði þurft að nota betur til að bæta stöðu einstakra greina, bæði af hálfu fyrirtækjanna sjálfra og varðandi hlut hins opinbera.

Frá ýmsum aðilum í iðnaði hafa komið fram kröfur og óskir um tollvernd og lengdan aðlögunartíma vegna þess að íslenskur iðnaður standi halloka gagnvart óheftum innflutningi. Á síðasta ári beitti þáv. vinnstri stjórn sér fyrir álagningu svonefnds aðlögunargjalds, sem nemur 3% og lagt er á innfluttar iðnaðarvörur til loka þessa árs. Veitir það nokkra vernd fyrir iðnað okkar á þessu tímabili. En hitt er mikilsverðara, að fjármagn hefur fengist til margháttaðra þróunaraðgerða til að búa ýmsar iðngreinar betur í stakk til að mæta harðnandi samkeppni og jafnframt til að efla þjónustu af opinberri hálfu við iðnað í landinu. Þessar aðgerðir varða m. a. fata-, ullar- og skinnaiðnað, málm- og skipasmíðaiðnað, húsgagna- og innréttingaiðnað og nú síðast sælgætisiðnað, jafnframt því sem sú iðngrein fékk tímabundna tollvernd. Að þessum málum er unnið í samvinnu hins opinbera og samtaka í viðkomandi greinum. Erfitt getur reynst að mæla með nákvæmni árangur slíkra þróunaraðgerða, en fullyrt er af aðilum, er vel eiga að þekkja til þessara mála, að á vissum sviðum sé að vænta mjög verulegrar framleiðniaukningar á skömmum tíma, m. a. í tengslum við bætt skipulag og fræðslu svo og breytt launakerfi.

Ég legg áherslu á að í þeim málum er varðar starfsfólkið með beinum hætti, svo sem varðandi vinnuálag og starfstilhögun, séu höfð góð samráð á undirbúningsstigi. Fátt er brýnna en að styrkja samkeppnisstöðu íslensks iðnaðar með aukinni framleiðni og bæta kjör þeirra er við hann starfa. Íslenskt iðnverkafólk hefur um langt skeið verið í hópi hinna lægst launuðu í þjóðfélaginu. Á því þarf að verða breyting og af þeim sökum er brýnt að efla iðnað er boðið gæti hliðstæð kjör og annar atvinnurekstur í landinu.

Fyrirhugað er að leggja fram hér á Alþ. innan skamms stefnumarkandi till. um iðnþróun. Að hliðstæðri stefnumörkun er unnið á vegum rn., annarra atvinnuvega og ríkisstjórnarinnar í samræmi við þá áherslu sem lögð er á málefni atvinnulífsins í stjórnarsáttmála. Í þeim efnum má engin einsýni ráða, heldur ber að greina þá kosti sem lífvænlegir eru til frambúðar á grundvelli skynsamlegrar hagnýtingar íslenskra auðlinda.

Ástæða er til að vara við röddum, sem nú gerast býsna háværar, að þróunarmöguleikar í hefðbundnum atvinnuvegum og þá öðrum fremur í landbúnaði og sjávarútvegi séu þverrandi og jafnvel þrotnir. Sumir ganga svo langt að vilja stefna að stórfelldum samdrætti í landbúnaði. Ekki skal lítið gert úr nauðsyn þess að skipuleggja betur en verið hefur framleiðslu í landbúnaði og ná samræmi milli veiða, vinnslu og markaðar í sjávarútvegi. Þetta er brýnt verkefni og þá einnig með tilliti til verndunar og viðgangs fiskstofna og gróðurlenda. En á sama hátt og í iðnaði þarf að hyggja að fjölbreytni og sem mestri verðmætasköpun í þessum atvinnuvegum einnig með því að draga úr tilkostnaði.

Sjávarútvegurinn hefur átt undir högg að sækja í rekstri að undanförnu og raunar einnig útflutningsiðnaður. Þar eru á ferð margar samverkandi ástæður sem þegar hefur verið fjallað um hér í umr. Flestar eiga þær upptök sín í þróun erlendis, í gífurlegri hækkun olíuverðs og lækkandi raunvirði fyrir mikilvægar útflutningsafurðir okkar. Hin mikla verðbólga hér innanlands ásamt óraunhæfri vaxtastefnu, sem lögfest var á síðasta ári, bæta ekki úr skák við úrlausn á tímabundnum vanda. Af hálfu ríkisstj. hefur margt verið gert til að draga úr erfiðleikum í atvinnulífinu og afstýra rekstrarstöðvun. Frekari aðgerða er þó þörf á því sviði samhliða ráðstöfunum til að hamla gegn verðbólgu. Slíkar ráðstafanir mega þó hvorki bitna á viðunandi atvinnuöryggi né kjörum þess fólks sem fyllir hinn stóra hóp láglaunamanna í landinu, svo að ekki sé minnst á ellilífeyrisþega og öryrkja.

Nátengd kjörum fólks og stöðu og þróun atvinnulífsins í landinu eru orkumálin. Ekkert eitt svið hefur valdið jafmiklum breytingum í viðhorfum og aðstæðum á alþjóðavettvangi og margföldun verðlags á olíuafurðum undanfarin 8 ár og hækkun á almennu verðlagi og öðrum orkugjöfum í kjölfarið. Þessi þróun hefur ekki farið fram hjá íslenskum þjóðarbúskap, sem enn byggir á innfluttri orku að jöfnu á við innlenda orkugjafa. Þessi verðþróun hefur bitnað mjög misjafnlega á landsmönnum sem kunnugt er, þannig að í reynd jafngildir það stórfelldri kjaraskerðingu hjá þeim sem lakast eru settir og búa við olíu til húshitunar og um leið við hátt raforkuverð. Þær verðjöfnunaraðgerðir, sem stjórnvöld hafa beitt sér fyrir síðustu tvö ár með margföldun á olíustyrk og jöfnun á raforkuverði, hafa vissulega mildað þetta högg verulega, en frekari aðgerða er þörf í þessu efni. Ekki skiptir þó minna máli að vinna sig út úr vandanum með því að koma innlendum orkugjöfum sem fyrst í gagnið í húshitun og lækka tilkostnað með samræmdum hætti.

Í ár er varið mun meira fjármagni að raungildi til raforku- og hitaveituframkvæmda en mörg undanfarin ár, og þær framkvæmdir tengjast með beinum og óbeinum hætti því átaki í húshitun með innlendum orkugjöfum sem sjá má fyrir endann á að 3—5 árum liðnum. Að þessu verkefni hefur verið unnið með breytilegum áherslum um árabil. Þeim fjármunum og orku, sem til þess renna, er vel varið. Engin fjárfesting í landinu mun ávaxtast betur en það fé sem veitt er í vel undirbúnar hitaveitu- og raforkuframkvæmdir sem draga úr olíunotkun. Þetta er því sjálfsagt forgangsverkefni í orkumálum uns því er lokið, en jafnhliða verður að auka öryggi varðandi flutning og dreifingu raforku til notenda

í öllum landshlutum. Að sama marki er stefnt með því að dreifa stórvirkjunum til raforkuöflunar um landið, en ákvörðun þar að lútandi þarf að taka á næsta ári.

Eðlilegt er að landsmenn horfi til orkulindanna: vatnsafls og jarðvarma, í tengslum við margvíslega hagnýtingu í framtíðinni. Ljóst er að hér er um auðlindir að ræða sem skipt geta sköpum um öryggi og lífskjör þjóðarinnar í framtíðinni. Þannig þarf að halda á málum, að jafnt atvinnufyrirtæki sem almenningur í landinu eigi völ á orku við sanngjörnu verði og þessa auðlind megi hagnýta sem bakhjarl fyrir íslenskt atvinnulíf. Að því er nú unnið á vegum iðnrn. að afla sem ítarlegastrar vitneskju um atvinnurekstur sem reisa mætti í tengslum við nýtingu á innlendri orku og hráefnum. Þar mun við nánari skoðun margt koma til álita, en fyrir utan ótvírætt íslenskt forræði yfir slíkum atvinnurekstri þarf að gæta að fjölmörgum öðrum þáttum, m. a. orkuverði og tengslum við það atvinnulíf sem fyrir er svo og að úrvinnslumöguleikum. Á þessu sviði ber að forðast allar kollsteypur, en sækja fram að vel athuguðu máli.

Sá málflutningur, sem stjórnarandstaðan hefur viðhaft í þessum efnum að undanförnu, er gamalkunnur og bendir ekki til að þeir hinir sömu og stóðu að samningunum um álverið í Straumsvík á sínum tíma hafi neitt lært á þeim áratug sem liðinn er frá þeirri samningsgerð. Ég er hins vegar fullviss um að þorri landsmanna er andvígur erlendri stóriðju og vill að við Íslendingar ráðum jafnt yfir auðlindum sem atvinnurekstri í landi okkar í framtíðinni.

Herra forseti. Sú ríkisstj., sem mynduð var við óvenjulegar aðstæður á s. l. vetri, hefur mörg verk að vinna og eðlilega eru gerðar til hennar kröfur af stuðningsmönnum jafnt sem andstæðingum. Alþb. gekk einhuga til þessa stjórnarsamstarfs á grundvelli þess sáttmála sem aðilar að ríkisstj. náðu samstöðu um.

Innan ríkisstj. hefur ríkt góður samstarfsvilji, á meðan stjórnarandstaðan hefur hins vegar staðið sundruð og sumpart í hjaðningavígum. Ég hef ekki séð ástæðu til að fjalla um málflutning stjórnarandstöðunnar, ráðleysi hennar og sundurþykki í þessari stuttu ræðu. Fréttum af heimavígstöðvum sínum kemur hún vel til skila sjálf og hjálparlaust. Jafnljóst er það, að við, sem að ríkisstj. stöndum, höfum við mörg brýn og vandasöm verkefni að fást. Við úrlausn þeirra mun reyna á innviði stjórnarinnar og þá sem næst henni standa. Þar skiptir góð samstaða og heilindi máli og vilji til að láta gott af sér leiða fyrir alþýðu þessa lands. Í von um að það veganesti endist sem lengst í þessu stjórnarsamstarfi skulum við ótrauð heilsa vetri. — Þökk fyrir áheyrnina. Góða nótt.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Stöldrum við á þessari stundu og lítum á hvernig umhorfs er í þjóðfélagi okkar.

Verðbólgan geysist áfram hraðar en nokkru sinni fyrr. Hún ruglar allt verðskyn og allan atvinnurekstur og hún rýrir lífskjörin. Þótt hér sé full atvinna ríkir efnahagslegt öryggisleysi á hverju einasta heimili og í öllum atvinnurekstri. Þúsundir manna flýja land. Landflóttinn er harður dómur yfir stjórnarfarinu.

Við búum ekki einungis við ranga stefnu í atvinnumálum, heldur blasir óréttlætið og misréttið líka við á mörgum sviðum. Hér eru láglaunahópar með smánarlega lág laun. Hér eru aldraðir, sem þarfnast umönnunar, en fá ekki vist á heimilum eða stofnunum við sitt hæfi. Gamalt fólk og margir einstæðir foreldrar búa við mjög knöpp kjör. Ungt fólk, sem þarf að eignast þak yfir höfuðið, þrælar sér út í örvæntingarfullri baráttu við að koma sér fyrir.

Misréttið birtist líka í því, að greidd eru mishá laun fyrir hliðstæð störf, jafnvel á sama vinnustað, eftir því hvernig menn flokkast í verkalýðsfélög. Stórkostlegasti ójöfnuðurinn birtist vafalaust í lífeyrissjóðsmálum. Þar búa sumir við bærileg eða góð réttindi, en aðrir sitja eftir með smánarlega lítinn rétt eins og þeir væru þriðja flokks þjóðfélagsþegnar. Hér er á ferðinni ný og forkastanleg stéttaskipting, því að allir eiga að búa við öryggi í ellinni.

Þegar svona er umhorfs: óstjórnleg verðbólga, magnaður landflótti og misrétti blasir víða við, flytur hæstv. forsrh. okkur, þjóð sinni, stefnuræðu sem er fögur orð, en boðar enga stefnu, engin úrræði.

Þótt ekkert sé gert og engin samstaða um neinar aðgerðir, þá virðast ráðherrar una glaðir við sitt. Stefnumið þeirra eigin flokka eða árangur í starfi virðist ekki skipta þá máli. Alþb.-ráðherrunum virðist til að mynda líða ljómandi vel þótt alþýðan líði fyrir stjórnarhættina. Þeir ráðherrar sitja sem fastast þótt stefnumið flokks þeirra séu að engu gerð. Þeir Alþb.-menn voru til að mynda á móti Jan Mayen-samkomulaginu, en þeir sátu samt. Þeir eru á móti nýjum olíugeymum á Keflavíkurflugvelli sem hæstv. utanrrh. hefur ákveðið að reistir skuli, en þeir sitja samt. Þeir eru á móti samkomulagi um að íslensk flugfélög flytji vörur fyrir bandarísku varnarstöðina, en þeir sitja samt. En hvað boða þeir Alþb.-menn og hvað gera þeir í ríkisstj.? Jú, þeir hafa boðað kjaraskerðingu af völdum verðlagshækkana og þeir hafa staðið fyrir skattahækkunum og þá sérstaklega á hina lægst launuðu, — skattahækkunum sem rýra kjör alþýðunnar enn frekar. Fyrir kosningar töluðu þeir Alþb.-menn um sig sem sérstaka varðhunda um kjör fólksins. En í ríkisstj. boða þeir og framkvæma kjaraskerðingu.

Framsfl. vann sigur í seinustu kosningum út á þá stefnu, að telja ætti verðbólguna niður. En síðan framsóknarmenn settust í ríkisstj. hafa þeir bókstaflega ekkert gert í málinu og það sem verra er, verðbólgan hefur verið talin upp, en ekki niður. Ekkert hefur verið gert í niðurtalningarstefnunni, eins ogg Steingrímur Hermannsson viðurkenndi áðan. Aldrei hefur íslenskur stjórnmálaflokkur svikið kjósendur sína, stefnu sína og sjálfan sig jafnherfilega í jafnmikilsverðu máli. En þeir sitja í stjórnarstólunum, framsóknarmenn, þótt stefnan og málefnin séu fokin út í veður og vind. Í þessum efnum er jafnt á komið með Framsókn og Alþb. Er nema von að vantrú sé á stjórnmálamönnum þegar þeir haga sér svona, taka þægindi stjórnarsetunnar fram yfir málefni, stefnu og árangur?

Sumir eru þannig gerðir, að þeir kenna öðrum um eigin ófarir. Þetta tíðka stjórnarsinnar. Þeir kenna t. d. Alþfl. um ástandið í vaxta- og lánamálum. En ég spyr: Hver nema ríkisstj. hefur framkvæmdina á hendi og ber því ábyrgð á henni? Hafa ekki mennirnir haft stjórnaraðstöðu og meiri hl. á Alþ. í bráðum níu mánuði? Þeim er í lófa lagið að breyta hverju sem þeir vilja. Ríkisstjórnin og ríkisstjórnin ein ber ábyrgð á framkvæmd vaxtastefnunnar. En ríkisstj. er svo sannarlega ekki að framkvæma vaxta- eða efnahagsstefnu Alþfl. Stefna okkar er og verður sú, að verðbólgan verði að koma niður á móti vöxtunum. Stefna okkar var og er sú, að lengja þurfi lánstímann til að jafna og dreifa greiðslubyrði af lánum.

Hvorugt hefur ríkisstj. gert. Raunvaxtastefna er rétt, en ríkisstj. er ekki að framkvæma hana. En við skulum líka gæta að því, að þeir, sem segjast vera á móti raunvöxtum, vilja láta stela af sparifjáreigendum, sem einkanlega er gamalt fólk.

Lenging lána er mikilvægur þáttur raunhæfrar vaxtastefnu. Og ég segi það hiklaust, að það eru villimannlegar aðfarir að ætla ungu fólki, sem eignast þarf íbúð, að standa undir allt að 70% af íbúðarverðinu með skammtímalánum, snöpum og vinnuþrældómi. Svona aðfarir finnast hvergi í grannlöndum okkar. Samt var ríkisstj. á góðri leið með að eyðileggja frv. Magnúsar H. Magnússonar sem miðaði að endurbótum í þessum efnum. Og enn eigum við eftir að sjá hvernig framkvæmdin verður í reynd í höndum ríkisstj.

Fyrr á stjórnarferli sínum töluðu stjórnarsinnar um geymdan vanda og vildu kenna Alþfl. um, og eru þeir enn að. Ekkert er fjær sanni. Í stjórnartíð Alþfl. stefndi í jafnvægisátt og þá tókst með samstilltu átaki að draga mjög verulega úr verðbólguhraðanum. Þetta veit þjóðin, en þetta er líka staðfest af opinberum gögnum. Samkv. gögnum frá Þjóðhagsstofnun var verðbólguhraðinn 80% þegar ríkisstj. Alþfl. tók við störfum, en hann var 45% á ársgrundvelli á stjórnartímabili Alþfl. Og það er rangt, sem Steingrímur Hermannsson reyndi að halda fram hér áðan, að ríkisstj. Alþfl. hafi ekki veitt Seðlabankanum nauðsynlegar heimildir til gengisaðlögunar. Á hverjum tíma allan tímann hafði Seðlabankinn slíka heimild. Hitt ætti Steingrímur Hermannsson að muna, að núv. ríkisstj. setti allt fast í þessum efnum um leið og hún tók við störfum. Og það var þá sem vandi fiskvinnslunnar magnaðist. Þegar Steingrímur Hermannsson vill rekja vandann núna til fyrra árs, þá vil ég spyrja hvernig það megi þá vera, að fiskverð á seinni hluta fyrra árs og um áramót var samþykkt með atkvæðum allra í yfirnefnd Verðlagsráðs, líka með atkvæðum fiskvinnslunnar.

Alþfl. byggir stefnu sína á jafnaðarhugsjóninni. Við viljum aukinn jöfnuð og krefjumst þess, að efnahagslegt og félagslegt öryggi sitji í fyrirrúmi, en misréttið víki. Við teljum að þjóðfélagið eigi að móta eftir hugsjónum jafnaðar og lýðræðis. Þessa braut verður íslenskt þjóðfélag að feta, svo að það verði betra, traustara og réttlátara.

En það er ljóst, að undirstaða betra þjóðfélags, blómlegri íslenskrar menningar og almennra framfara er og verður skynsamleg atvinnumálastefna, — stefna sem hefur það að markmiði að treysta lífskjörin og gera land okkar sífellt byggilegra. Því miður hefur þessi ekki verið raunin.

Í fiskveiðimálum er ljóst að hafa verður hemil á stærð skipastólsins. Viðbætur við skipastólinn við núverandi aðstæður þýða meiri skömmtun og minna í hvern hlut. Þær rýra afkomu sjómanna, útgerðar og þjóðarinnar allrar. Núv. ríkisstj. hefur opnað flóðgátt fyrir skipainnflutning. Hve mörg skipin eru virðast stjórnarherrarnir ekki einu sinni vita sjálfir. Hér þarf því að hverfa aftur til þeirrar stefnu að takmarka stærð skipastólsins. Með því má bæta afkomu og lífskjör.

Í fiskiðnaði verðum við að standast síharðnandi samkeppni. Það verður best gert með tæknilegum framförum, hagræðingu og með bættum aðbúnaði verkafólks, sem víða er landinu og þjóðinni til smánar. Á seinasta ári jókst fjárfesting í fiskvinnslu um 20% að magni til, einkanlega í tæknibúnaði og endurbótum. Núv. ríkisstj. gerir ekki ráð fyrir neinni raunaukningu á þessu ári. Hún hefur hér horfið af framfarabraut. Óvíða munu þó hagvaxtarmöguleikar meiri en í fiskvinnslunni. Með uppbyggingu hennar getum við líka treyst lífskjörin.

Í landbúnaði búum við við mikla offramleiðslu og skattleggjum okkur sjálf til að greiða landbúnaðarvörur niður ofan í útlendinga. Gildandi kerfi hefur hvatt bændur eða jafnvel pínt bændur til að slíta sér út við að framleiða vöru sem þjóðin öll tekur á sig þungar byrðar til að selja. Með því að breyta þessu kerfi og takmarka framleiðslumagnið getum við létt af okkur skattabyrðum og þannig bætt kjörin í landinu.

Um 90% virkjanlegra fallvatna renna óbeisluð til sjávar. Enn stærri hluti jarðvarmans er ónýttur. Á sama tíma hækkar orkuverð á alþjóðamarkaði ár frá ári, misseri eftir misseri. Í orku fallvatna og jarðvarma eigum við gífurlega auðlind. Þessi auður verður ekki að neinu gagni nema hann verði nýttur og þá nýttur til iðnaðarframleiðslu í orkufrekum iðnaði. Ekkert slíkt er á döfinni hjá ríkisstj., eins og menn hafa heyrt. Með uppbyggingu á þessu sviði má skapa ný atvinnutækifæri, stækka þjóðarkökuna og bæta þannig lífskjörin í landinu.

Í almennum iðnaði og verslun ríkir óvissa. Framleiðni er lág og framfarir eru stopular. Stjórnendur fyrirtækjanna eyða kröftum sínum í reddingar og verðlagsþras, en hafa takmarkaðan tíma í raunverulega framleiðslustjórn eða framfarasókn. Á þessu sviði þarf ekki fleiri skýrslur. Á þessu sviði þarf að skapa almenn skilyrði til iðnþróunar með því að draga úr verðbólgu, bæta aðstöðu á lánamarkaði, endurskoða tollalöggjöf og verðlagskerfi og koma á raunverulegri hvatningu til nýsköpunar í rekstri og stjórnun. Með þessum hætti má auka framleiðni og treysta lífskjörin í landinu.

Með þeirri atvinnumálastefnu Alþfl., sem ég hef lýst, má gera Ísland byggilegra og blómlegra en það er nú. Þá yrði ekki landflótti. Með nýrri atvinnumálastefnu og jafnvægisstefnu í efnahagsmálum, sem Alþfl. hefur boðað, mundi óvissa og kvíði víkja fyrir bjartari framtíðarsýn. Við Alþfl.-menn erum þess fullvissir, að á þessari stefnu Alfþl. má byggja hér traustara, betra og réttlátara þjóðfélag.

Við Alþfl.-menn viljum að þjóðin lifi í sátt við land sitt. Við viljum að markið sé sett hátt í framfarasókn og stefnt sé markvisst að meiri jöfnuði og dregið úr misrétti. Í þessari sókn til betra þjóðfélags dugar ekki lagasetningin ein, heldur þarf hugur að fylgja máli. Sem þjóð verðum við hvert og eitt okkar að gera ekki síður kröfur til sjálfra okkar heldur en á hendur öðrum. Og við verðum að hafa trú á landi okkar og getu okkar sjálfra sem þjóðar. Þá stefnir til réttrar áttar og til bjartari tíma. — Góðar stundir.

Guðmundur G. Þórarinsson: Herra forseti. Helsta gagnrýnisefni þess ræðumanns, sem nú lauk máli sínu, var að ríkisstj. hefði ekki fylgt efnahagsstefnu Framsfl. Af þessu hafði hann miklar áhyggjur. Glöggur maður, Kjartan Jóhannsson.

Ósjálfrátt hefur það leitað á hugann við að hlusta á ræður sumra stjórnarandstæðinga, að það sé beinlínis ógætni að tefja þá frá innanflokksdeilum og foringjavandamálum með því að ræða stjórnmál. Ræður sumra þeirra sýna ljóslega að þeir eru illa undir það búnir að ræða pólitík. Það er nánast ótrúlegt að hlusta á ræður sumra þeirra: Úrtölur, úrtölur, úrtölur og hávær gagn-

rýnissöngur, án þess að þeir komi með nokkrar till. til úrbóta sjálfir. Sjálfir hafa þeir þó, flestir þessara ræðumanna, setið í ráðherrastól með litlum árangri í baráttunni gegn verðbólgunni. Erfitt hlýtur að vera að taka slíka menn alvarlega.

Hv. 1. þm. Reykv. gerði Flugleiðamálið að umræðuefni. Mál þetta hefur fengið mikla umræðu að undanförnu og mikið verið í því unnið í sumar. Fram hefur verið lögð skýrsla hér á hv. Alþ. og frv. liggur hér til umr. Samgrh. á mikið hól skilið fyrir störf sín í þessu máli. En á meðan aðrir hafa unnið í þessu máli hefur Sjálfstfl. sofið. Síðasta starfsdag Alþingis áður en skýrslan var lögð fram uppgötvuðu sjálfstæðismenn, að þeir höfðu sofið yfir sig, og báðu um umræður utan dagskrár, umræður sem að sjálfsögðu höfðu enga þýðingu vegna þess að þegar voru áformaðar tvennar mjög viðamiklar umræður, — umræður sem eingöngu höfðu það mark að sýna eitthvert frumkvæði sjálfstæðismanna í málinu. Umræður, sem fram hafa farið, sýndu þó, að sjálfstæðismenn eru varla vaknaðir enn.

Það verður að segja Alþfl.-mönnum til hóls, að þeir báðu um skýrslu í þessu máli. Ég er einn af þeim fjölmörgu Íslendingum, sem á undanförnum misserum hefur oft þótt lítið vit í ræðum Alþfl.-manna margra. Það var þess vegna gleðileg tilbreytni, að þeir skyldu biðja um skýrslu til þess að fá gögn í málunum fram á þinginu áður en þeir ræddu þau. Það mega þeir eiga. Hitt er svo aftur annað mál, að sjálfsagt hafa margir orðið fyrir vonbrigðum með hvað sumir þeirra ræddu málið af litlu viti þó þeir hefðu skýrsluna í höndum. Ekki skal ég leggja dóm á það, en sjálfsagt verður ekki á allt kosið.

Það er rétt, sem margir hafa lagt áherslu á í þessum umræðum, að baráttan gegn verðbólgunni hefur gengið allt of hægt. Nokkuð hefur áunnist, en allt of lítið. Þetta á sér margvíslegar orsakir. Íslendingar eru ekki einir í heiminum. Það, sem skeður í efnahagsmálum nágrannalanda okkar og helstu viðskiptalanda, hefur gífurleg áhrif hér. Öllum ber saman um að mikil óvissa og óáran ríki nú í efnahagsmálum landanna í kringum okkur og ástand sumra þeirra sé mun verra en hér hjá okkur. Verðbólgan fer alls staðar vaxandi og er nú orðin alþjóðlegt vandamál. Þessu valda gífurlegar olíuhækkanir, ný holskefla sem hófst 1979. Afleiðing þessa er í öllum löndum í kringum okkur vaxandi atvinnuleysi, minnkandi hagvöxtur, dregið hefur úr milliríkjaviðskiptum, mikill viðskiptahalli helstu viðskiptalanda okkar auk vaxandi verðbólgu. Gífurlegir fjármunir hafa streymt til olíusöluríkjanna.

Viðskiptaafgangur olíusöluríkjanna var 1978 5 milljarðar dala, 1979 var hann 68 milljarðar dala, og áætlað er að á þessu ári verði viðskiptaafgangurinn 115 milljarðar dollara. Íslendingar hafa ekki heldur farið varhluta af þessum hækkunum. Á síðasta ári greiddum við 50 milljarða kr. fob. fyrir olíuvörur eða sem svarar 19% alls vöruinnflutnings. Árið 1978 var þessi tala 12%, 1973 7%. Feiknaleg umskipti hafa átt sér stað í þessum málum. Á sama tíma og olían tekur þannig stærri og stærri hluta gjaldeyristekna okkar og verðlag annarra innfluttra vara hækkar stöðugt hefur verð á helstu útflutningsvörum okkar hækkað lítið eða staðið í stað. Að sjálfsögðu rýrir þetta kjör þjóðarinnar. Viðskiptakjör okkar versnuðu um 10% á síðasta ári og eru talin munu versna nálægt 6% á þessu. Allt hefur þetta veikt stöðu okkar mjög í baráttu gegn verðbólgu. Allur vandi væri leystur ef við gætum notað sömu krónuna tvisvar, þ. e. bæði til þess að greiða olíuhækkanir og hækkandi verð annarra innflutningsvara annars vegar og laun í landinu og annan kostnað hins vegar. Þá væri galdurinn leystur. Málið er því miður ekki svo einfalt. Auðvitað hljóta lífskjör í landinu að versna ef þjóðarbúið verður fyrir síendurteknum þungum áföllum erlendis frá. Við höfum að vísu í landinu lög, þar sem kveðið er á um að með verðbótum á laun skuli verja lífskjör í landinu hvernig sem allt veltist. Telja menn að unnt sé að verja lífskjör einnar þjóðar með lögum, án tillits til helstu efnahagsstærða? Þarna komum við að miklum kjarna málsins.

Framsóknarmenn hafa barist fyrir ákveðinni leið til þess að ráða niðurlögum verðbólgunnar. Þessi leið byggist á niðurtalningu allra kostnaðarþátta, svo sem verðlags vöru og þjónustu, búvöruverðs, fiskverðs, vaxta og verðbóta á laun ásamt ákveðnum aðgerðum til þess að vernda lífskjör þeirra lægst launuðu. Ríkisstj. hefur ekki tekist að draga nema lítillega úr verðbólgunni vegna þess að hún hefur ekki tekið á öllum þessum þáttum. Vissulega hefur hún það sér til málsbóta, að erfitt er, ef ekki ógerlegt að ákveða niðurtalningarmörk meðan svo gífurlega áhrifamikill þáttur efnahagslífsins hefur ekki verið ákveðinn sem grunnkaupshækkanir á almennum vinnumarkaði eru. En nú verða menn að fara að gæta að hvert þeir stefna.

Í kjölfar minnkandi þjóðartekna og mikillar óvissu í efnahagsmálum viðskiptalanda okkar bendir margt til að laun muni hækka á næstunni um 20—25%, þ. e. verðbætur plús grunnkaupshækkanir. Að baki þessari launahækkun er engin verðmætaaukning. Á þetta hafa margir stjórnarandstæðingar bent í ræðum hér í kvöld, lýst áhyggjum sínum, en enginn sagt frá því, hvernig hann vildi við bregðast. Þessi launahækkun mun fara beint út í verðlagið, og verði ekki spyrnt við fótum mun verðbólgan magnast enn á næsta ári. Hvað segja menn um það?

Auðvitað verður að grípa til aðgerða og það sem fyrst, til þess að verðbólgan leggi ekki í rúst lífskjör þeirra sem minnst hafa. Menn telja gjarnan að stjórnmálamenn beri ábyrgð á verðlagsþróuninni. Gott og vel. En þá verða menn jafnframt að viðurkenna þá staðreynd, að ómögulegt er að bera ábyrgð án þess að hafa vald til breytinga. Menn geta ekki borið ábyrgð á ástandi sem þeir hafa ekki vald til að breyta. Hafa stjórnmálamenn vald til þess að stöðva þessa verðlagsþróun? Til þess að stöðva þessa verðlagsþróun þarf að grípa inn í sjálfvirkni í verðlagsmálum.

Sú ríkisstj., sem nú situr, byggir í meginatriðum á samráði við sem flesta þjóðfélagshópa. En þar getur komið, að lýðræðislega kjörin stjórn geti þurft að beita — og telji sig neydda til að beita löggjafarvaldi, ef ekki næst samkomulag til þess að halda niðri hækkunum á verðlagi vöru og þjónustu, fiskverði og búvöru, og setja hámark á verðbætur launa með ákveðnum skattalækkunum til að verja kjör þeirra sem minnst hafa. Hafa stjórnmálamenn vald til að gera þetta? Setjum svo, að til slíkra aðgerða væri gripið. Er hugsanlegt að launþegasamtök og önnur aflmikil samtök tækju sig saman og lömuðu þjóðfélagið með verkföllum eða hliðstæðum aðgerðum? Er hugsanlegt að aðgerðir stjórnmálamanna yrðu þannig gerðar að engu? Já, auðvitað er það hugsanlegt. Og það hefur gerst bæði á Íslandi og í öðrum löndum. Allt vekur þetta spurningar um valdsvið ríkisstj. eftir leikreglum lýðræðis og þá jafnframt ábyrgð.

Stjórnmálamenn eru kjörnir í lýðræðislegri kosningu til þess að fara með stjórn landsins. Stjórnarskráin gerir ekki ráð fyrir annarri valdskiptingu þjóðfélagsins í grundvallaratriðum en löggjafarvaldi, framkvæmdavaldi og dómsvaldi. Eðli lýðræðisins er síðan að stjórnmálamenn standi ábyrgir gerða sinna í kosningum. Hvað varðar verðlagsþróunina, þá lifum við beinlínis í „átomat." Ein hækkun leiðir aðra af sér og hjólið snýst hraðar og hraðar. Og erfitt er stundum að greina hvað er afleiðing og hvað orsök. Sérhver hagsmunahópur og þrýstihópur stendur vörð um að engu sé breytt sem að honum snýr. Ríkisstj. boðar í stefnuræðu og þjóðhagsspá að gripið verði til aðgerða. Vonandi ber stjórnarandstaðan gæfu til þess að fylkja sér ekki undir merki allra þrýstihópa þegar að þeim aðgerðum kemur.

Framsóknarmenn munu standa fast að baki þessarar ríkisstj. í þeirri hörðu baráttu sem fram undan er gegn verðbólgunni. En þeir munu líka gera þá kröfu til hennar, að hún takist á við þennan draug efnahagslífsins. Framsóknarmenn hafa rækilega kynnt þjóðinni hvernig þeir vilja halda á málum. — Lifið heil.

Sameinað þing, 9. fundur.

Mánudaginn 27. okt., kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfa.

Forseti (Jón Helgason): Mér hefur borist eftirfarandi bréf:

„Reykjavík, 23. okt. 1980.

Ólafur Þ. Þórðarson, 5. þm. Vestf., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í einkaerindum um tveggja vikna tíma frá og með 27. þessa mánaðar og mun því ekki geta sótt þingfundi þann tíma, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að vegna forfalla 1. varamanns taki 2. varamaður Framsfl. í Vestfjarðakjördæmi, Finnbogi Hermannsson kennari, sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður herra forseti, hér með tilkynnt.

Sverrir Hermannsson,
forseti Nd."

Þessu fylgir símskeyti:

„Af sérstökum ástæðum get ég undirritaður ekki tekið sæti á Alþingi í forföllum Ólafs Þ. Þórðarsonar og legg því til að 2. varamaður af lista Framsfl. í Vestfjarðakjördæmi, Finnbogi Hermannsson kennari, skipi sæti í minn stað.

Sigurgeir Bóasson."

Finnbogi Hermannsson hefur áður átt sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og kjörbréf hans verið samþykkt þá. Býð ég hann velkominn til starfa.

Þá er hér annað bréf:

„Reykjavík, 21. okt. 1980.

Hjörleifur Guttormsson, 5. þm. Austurl., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að vegna forfalla 1. varamanns taki 2. varamaður Alþb. í Austurlandskjördæmi, Þorbjörg Arnórsdóttir húsfreyja, sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að þér látið fara fram í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Sverrir Hermannsson,
forseti Nd."

Og hér fylgir með skeyti:

„Vegna anna við störf heima fyrir get ég ekki tekið sæti á Alþingi sem varamaður á næstunni.

Virðingarfyllst,
Sveinn Jónsson."

Þá er hér annað bréf:

„Reykjavík, 22. okt. 1980.

Jóhann Einvarðsson, 5. þm. Reykn., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Reykjaneskjördæmi, Markús Á. Einarsson veðurfræðingur, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Sverrir Hermannsson,
forseti Nd."

Og hér er annað bréf:

„Reykjavík, 23. okt. 1980.

Ingvar Gíslason, 1. þm. Norðurl. e., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Norðurlandskjördæmi eystra, Níels Á. Lund kennari, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Sverrir Hermannsson,
forseti Nd."

Og að lokum er svohljóðandi bréf:

„Reykjavík, 27. okt. 1980.

Ritari þingflokks sjálfstæðismanna hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Samkvæmt beiðni Lárusar Jónssonar, 3. þm. Norðurl. e., sem er farinn til útlanda í opinberum erindum, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður hans, Vigfús Jónsson bóndi, taki á meðan sæti hans á Alþingi."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að þér látið fara fram í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Helgi Seljan,
forseti Ed."

Þar sem þeir fjórir síðast töldu, þ. e. Markús Á. Einarsson, Þorbjörg Arnórsdóttir, Níels Á. Lund og Vigfús Jónsson, hafa ekki setið á Alþingi þetta kjörtímabil, þarf að fara fram rannsókn kjörbréfa þeirra. Bið ég kjörbréfanefnd að taka þau til athugunar og verður gefið fundarhlé í 10 mínútur á meðan. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Ólafur Jóhannesson utanrrh.): Herra forseti. Samkvæmt því bréfi, sem lesið var hér áðan af forsetastóli, hefur kjörbréfanefnd komið saman á fund og athugað kjörbréf fyrir þá varaþingmenn sem hér verða nefndir á eftir:

Það er í fyrsta lagi kjörbréf fyrir Vigfús Jónsson bónda á Laxamýri, sem er 1. varaþingmaður Sjálfstfl. í Norðurlandskjördæmi eystra. Í öðru lagi kjörbréf fyrir Níels Á. Lund kennara, Bifröst, Borgarfirði, sem er 1. varaþingmaður Framsfl. í Norðurlandskjördæmi eystra. Það er í þriðja lagi kjörbréf fyrir Markús Á. Einarsson, Þrúðvangi 9, Hafnarfirði, sem er varaþingmaður Framsfl. í Reykjaneskjördæmi. Og það er í fjórða lagi

kjörbréf fyrir Þorbjörgu Arnórsdóttur húsmóður, Hala, en hún er 2. varaþingmaður Alþb. í Austurlandskjördæmi. Eins og tilkynnt var áðan af forseta liggur fyrir skeyti frá 1. varaþingmanni Alþb. í því kjördæmi, þar sem hann tilkynnir að hann geti ekki mætt nú til þings.

Kjörbréfanefnd hefur ekkert fundið athugavert við kjörbréf þau, sem hér hafa verið til umfjöllunar, og leggur því til að kjörbréfin öll verði samþykkt og kosning þeirra þingmanna, sem ég gat um, verði tekin gild.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 39 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnin.

Forseti (Jón Helgason): Þeir Níels Á. Lund og Markús Á. Einarsson hafa ekki setið á Alþingi fyrr og þurfa því að undirrita eiðstaf.

Hinir nýju þingmenn, Níels Á. Lund og Markús Á. Einarsson, undirrituðu drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Forseti (Jón Helgason): Þeir Níels Á. Lund og Markús Á. Einarsson hafa undirritað eiðstaf. Bið ég hina nýju þingmenn velkomna til starfa á Alþingi.

Efri deild, 6. fundur.

Mánudaginn 27. okt., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Málefni Flugleiða, frv. (þskj. 34). — Frh. 1. umr.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Það hefur verið sagt um það mál, sem hér er til umr., að það muni vera eitt helsta mál sem þetta þing tekur til meðferðar, og ég hygg að það sé rétt, því að svo mikilvægt er þetta mál og ætti öllum að koma saman um það.

Ég ætla ekki að fara að halda inngangsræðu um mikilvægi flugsins eða sögu flugsins eða um sumt af því sem mikið hefur verið rætt um á síðustu dögum og vikum og fram hefur komið m. a. í umr. í hv. Sþ. sem enn standa yfir um skýrslu samgrh. um þetta mál. Ég hygg að það varði nú mestu, að við leggjum áherslu á að þetta mál fái sem skjótasta afgreiðslu. Ég hygg að það fari ekki á milli mála, að það sé mjög veigamikill þáttur í lausn þessa máls að við notum tímann vel og gerum það sem unnt er til þess að ná þeirri lausn eða niðurstöðu í þessu máli sem það krefst.

Ég sagði að ég ætlaði ekki að fara að flytja hér inngangsræðu um mikilvægi flugsins. Auðvitað liggur það í augum uppi, hve þýðingarmikið flugið er í okkar atvinnulífi og samgöngumálum. Það liggur einnig í augum uppi, að starfsemi Flugleiða og áður Loftleiða og Flugfélags Íslands er með þeim hætti, að við allir Íslendingar hljótum að líta með nokkru stolti til þess. En nú ber þetta mál að vegna þess að miklir rekstrarerfiðleikar steðja að hjá Flugleiðum. Það eru margar ástæður fyrir því og ekki síst, eins og hefur komið fram í umr. um þetta mál, sú gífurlega hækkun sem hefur orðið á eldsneyti til flugvéla. En þessir rekstrarerfiðleikar Flugleiða varða ekki einungis Atlantshafsflugið eða utanlandsflugið, heldur hljóta þeir einnig að varða innanlandsflugið, og svo mikilvægt sem utanlandsflugið er, þá er öllum ljóst að ekki er innanlandsflugið síður mikilvægt. Af þessu verður séð hve mikilvægt og viðfeðmt þetta mál er.

Þessir rekstrarerfiðleikar, sem hafa steðjað að hjá Flugleiðum, eru þess eðlis, að fyrirtækið komst að þeirri niðurstöðu á s. l. sumri að það væri ekki rekstrargrundvöllur undir framhaldi flugsins frá Lúxemborg til Ameríku, og vegna þess að félagið taldi að það væri ekki rekstrargrundvöllur taldi það ekki önnur úrræði en að hætta þessum rekstri. Þannig stendur málið þegar ríkisstj. kemur til skjalanna.

Hvað er það sem ríkisstj. segir? Hún leggur áherslu á mikilvægi Ameríkuflugsins og segir í raun og veru að allt verði að gera sem unnt er til þess að koma í veg fyrir að það leggist niður. Og ríkisstj. býður Flugleiðum aðstoð í þessu efni. Þetta verða menn að hafa í huga þegar þeir ræða þessi mál og vega og meta hvað gera skuli og hvað hæstv. ríkisstj. leggur til í þessu máli.

En það er ekki einungis ríkisstj. Íslands sem hér kemur við sögu, heldur og ríkisstj. Lúxemborgar. Lúxemborgarmenn hafa svo mikilvægra hagsmuna að gæta vegna Ameríkuflugs Flugleiða, að þeir vilja fyrir sitt leyti leggja nokkuð af mörkum til þess að koma í veg fyrir að þessi rekstur verði lagður niður. Svo mikilvægt er þetta mál, að það eru tvær ríkisstj. sem telja að þær verði að gera allnokkuð til þess að koma til aðstoðar. En þegar þetta mál er svo mikilvægt sem raun ber vitni um, þá stingur nokkuð í augu sá seinagangur sem hefur verið hjá hæstv. ríkisstj. í þessu máli.

Það er í ágúst sem Flugleiðir taka ákvörðun um að leggja flugið niður. En ríkisstj. tekur ekki ákvörðun í málinu fyrr en 16. sept. Það er 16. sept. sem ríkisstj. gerir samþykkt varðandi þetta mál, þar sem tekið er fram hvað hún vill gera til aðstoðar Flugleiðum. Í skýrslu samgrh. um Flugleiðir er í skjali því, sem hæstv. samgrh. undirritar ásamt viðskrh. Lúxemborgar, vitnað til þess, að Lúxemborgarmenn standi við það sem þeir hafi lagt til þegar 27. júní s. l. En þetta plagg er undirritað 18. sept., að loknum umræðum þessara ráðh., eða tveim dögum eftir að samþykkt ríkisstj. er gerð. En það er ekki nóg með þetta. Það líða 10 dagar frá því að Alþ. er sett og þar til borið er fram frv. það sem hér liggur nú fyrir til 1. umr., — 10 dagar. En ekki nóg með það. Þessu frv. var útbýtt fyrir viku, s. l. mánudag, og ekki er einu sinni lokið 1. umr. um það.

Þetta væri ekki í frásögur færandi ef menn væru á þeirri skoðun, að hér væri um lítt mikilvægt mál að ræða og það skipti ekki máli, hvort því væri hraðað eða ekki. Ef menn eru á þeirri skoðun, þá er ekkert við þennan málatilbúnað að athuga.

En er það svo, að hæstv. ríkisstj. sé á þessari skoðun? (**Fjmrh.:** Já.) Það á kannske eftir að koma betur í ljós við meðferð þessa máls.

En það er ekki nóg með þetta, heldur er það sumt annað sem stingur nokkuð í augu þegar litið er á þetta mál. Nú liggur það fyrir, að Lúxemborgarmenn, ríkisstj. Lúxemborgar, hefur ákveðið að aðstoð Lúxemborgar sé fólgin í því tvennu: í fyrsta lagi að gefa eftir lendingargjöld og í öðru lagi að greiða beint sem fjárhagslegan styrk til Flugleiða 3 millj. Bandaríkjadala frá 1. okt. þessa árs til jafnlengdar næsta árs. En samkv. frv., sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir að ríkissjóður Íslands gefi

eftir lendingargjöld og önnur hliðstæð gjöld, en veiti engan beinan fjárhagslegan styrk til Flugleiða. (Gripið fram í.) Peninga, já peninga. Ég sagði að þetta styngi dálítið í augu.

Enn eitt atriði vil ég nefna. Í samþykkt ríkisstj. frá 16. sept. s. l. er gert ráð fyrir að ríkissjóður veiti í þrjú ár bakábyrgð sem nemi allt að 3 millj. Bandaríkjadala á ári til Flugleiða, — 3 millj. Bandaríkjadala á ári hvert ár í þrjú ár. Í þessu frv. er gert ráð fyrir aðstoð af hálfu íslenska ríkisins einungis til eins árs. Ég vek nú þegar athygli á þessu.

Það væri hægt að halda áfram og benda á ýmis dæmi um málsmeðferð sem kemur a. m. k. við fyrstu sýn nokkuð spánskt fyrir augu. Ég ætla ekki að halda áfram að nefna þessi dæmi, en get þó ekki stillt mig um að minnast á eitt enn, og það er mál sem varðar leyfisveitingu til Iscargo með flug fyrir augum til Amsterdam. Þetta mál á ekki að vera hv. þm. ókunnugt, vegna þess að þeir hafa allir fengið í hendur afrit af bréfi frá stjórn Flugleiða til Steingríms Hermannssonar, samgrh., og þetta bréf er dags. 21. okt. Þetta bréf er ítarlegur rökstuðningur stjórnar Flugleiða fyrir því, að það sé röng ákvörðun af hálfu stjórnvalda að veita þetta flugleyfi. Í þessu sambandi er bent á mörg atriði sem bréfritari telur vera þessu til stuðnings. Það er t. d. minnt á það, að það hafi verið forsenda á sínum tíma fyrir sameiningu Loftleiða og Flugfélags Íslands, að hið nýja sameinaða félag ætti kost á öllum flugleiðum til og frá landinu á sama hátt og hafði tíðkast áður um Loftleiðir og Flugfélag Íslands. Segir í þessu bréfi með leyfi hæstv. forseta — um þetta efni:

„Bréf samgrh.“ — þ. e. bréf sem þáv. samgrh. ritaði — „var lesið upp á hluthafafundum beggja félaganna og var ein af meginforsendum fyrir sameiningu félaganna.“

Í þessu bréfi segir að þessi leyfisveiting til Iscargo gangi þvert á þá stefnu sem mörkuð hafi verið með sameiningu flugfélaganna. Þá er í þessu bréfi bent á þá staðreynd, að smæð íslenska markaðarins sé slík, að ef sinna eigi reglubundnu áætlunarflugi milli Íslands og annarra landa sé það bjargföst skoðun stjórnar Flugleiða, að einungis einn aðili eigi að hafa til þess leyfi. Í þessu sambandi er bent á að þetta sé ekkert einsdæmi fyrir okkur Íslendinga, það sé svo í öðrum löndum, sem helst koma til samanburðar við okkur Íslendinga, að þar eru einum og sama aðilanum ætlaðar flugsamgöngur við útlönd. (**StJ:** Hvað um frjálsa samkeppni?) Í því sambandi er bent á að Luxair hafi þá aðstöðu í Lúxemborg, Air Lingus í Írlandi, Sabena í Belgíu, KLM í Hollandi, Swissair í Sviss, Austrian Airlines í Austurríki, og þeir segja að svo mætti lengi telja. (**StJ:** Hvað um frjálsa samkeppni?) Já, hvað um frjálsa samkeppni? Við skulum ekki láta merki frjálsrar samkeppni falla. Ég vil segja það við hv. þm. Stefán Jónsson, að það er einmitt spurningin um það, hvort merki frjálsrar samkeppni fellur, hvort starfsemi eins og Flugleiða heldur velli eða ekki. Og við skulum sjá, Stefán Jónsson og aðrir áhugamenn um frjálsa samkeppni, hvað okkur er fært að gera í þessu efni. En víkjum aftur að bréfinu. Vinur Carters var að kalla fram í hér, en ég kýs að láta Carter liggja milli hluta þegar ég er að skýra bréf Flugleiða. (**ÓRG:** Það er nú erfitt.) Það er erfitt, segir hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, það kann að vera að Carter sé honum svo hugfanginn, en hann er ekki mér svo hugfanginn.

Í bréfi stjórnar Flugleiða er minnt á það, hvert skipulag þessara mála er á Norðurlöndum, minnt á SAS og starfsemi SAS og að það eru þrjú þjóðlönd sem standa að því eina flugfélagi.

Þá er bent á í þessu bréfi, að ef Iscargo taki upp þetta flug til Amsterdam þurfi að kaupa nýja flugvél í því skyni. Og það er álit stjórnar Flugleiða, að það sé kyndug ráðstöfun, ef við ætlum okkur nú að fara að kaupa flugvél í þessu skyni á meðan Flugleiðir sitja uppi með flugvélar sem ekki er hægt að selja í bili. (**StJ:** Hvað með flugsamkeppni?) Ég skal ekki rekja bréf stjórnar Flugleiða frekar, en vil — með leyfi hæstv. forseta lesa lokaorð bréfsins. Þau hljóða svo:

„Að öllu samanlögðu er það mat félagsins, að hér sé um mjög varhugaverða þróun að ræða, sem á engan hátt geti farið heim og saman við þá stefnu sem uppi hefur verið varðandi skipan áætlunarflugs milli Íslands og annarra landa. Sérstaklega ber að undirstrika, að á þessum tíma, þegar félagið á í erfiðleikum og verið er að gera alvarlega tilraun til þess að viðhalda umfangsmikilli starfsemi félagsins, hlýtur ákvörðun sem þessi að vera mjög neikvæð á allan hátt, eins og rakið hefur verið hér að framan.“

Nú ætla ég mér ekki að gerast dómari í þessu máli, og ég er ekki að rekja þetta hér vegna þess að ég telji mig færari um að meta rök með og móti í málinu en ýmsir aðrir. En ég er að benda á þetta vegna þess að mér þykir það alvarleg tíðindi, að stjórn Flugleiða, sem ríkisstj. hefur lofað stuðningi til þess að leysa tiltekin vandamál, segir að ráðstöfun, sem hæstv. ríkisstj. er að gera á sama tíma og hún segist vera að vinna fyrir Flugleiðir, valdi Flugleiðum erfiðleikum og að þetta sé mjög neikvætt á allan hátt fyrir starfsemi Flugleiða. Hvað er hér að gerast? Ég held að það verði að koma einhverjar skýringar fram af hálfu hæstv. ríkisstj. í þessu máli.

Við skulum þá víkja beint að frv. því sem hér liggur fyrir.

Hæstv. fjmrh. flutti framsögu fyrir því s. l. miðvikudag. Fjmrh. sagði þá, þegar hann var að skýra 1. gr. frv.: „Tilhögun á þessu er í flóknara lagi og má til sanns vegar færa.“ Ég verð að segja það, að mér fannst þetta vera það besta sem hæstv. fjmrh. sagði í þessari ræðu, því að mér fannst að hæstv. ráðh. legði sig ekkert sérstaklega fram um að gera mál þetta, sem frv. fjallar um, sem einfaldast og skýranlegast. Ekki efaðist ég þó um að svo færum manni sem hæstv. fjmrh. væri það ekki í lófa lagið ef hann legði áherslu á það. Ég ætla ekki hér að fara að lesa upp 1. gr. frv. af því að ég veit að hv. þm. hafa það fyrir framan sig og hafa sjálfsagt lesið. En þegar ég var búinn að lesa það, þá spurði ég mig: Hvað þýðir þetta? Og þá fann ég út að efnið væri þetta: Ríkisstj. er heimilt að gefa eftir lendingargjöld og leigugjöld af Norður-Atlantshafsflugi frá 1. okt. 1980 til 30. sept 1981 allt að 3 millj. Bandaríkjadala eða jafnvirði þess í íslenskum krónum. — Þegar ég var búinn að lesa alla þessa lengju, sem er í 1. gr., fékk ég út að þetta væri raunverulega það sem um væri að ræða, að ríkisstj. fengi heimild til þess að gefa eftir lendingargjöld og leigugjöld, það væri það sem um væri að ræða. Það er einfalt að segja þetta, en hæstv. ríkisstj. hefur sína aðferð til þess.

Í 2. mgr. 1. gr. er tekið fram að gjöld þau, sem á að gefa eftir, eigi félagið að greiða á réttum gjalddaga, eins og þar stendur. Þau á að greiða á réttum gjalddaga, en síðan á aftur að greiða til félagsins sömu upphæð. Þegar þetta

er skoðað niður í kjölinn, þá held ég að á einfaldri íslensku þýði þetta að það eigi að gefa eftir lendingar- og leigugjöldin. (**Fjmrh.:** Það er aðalatriðið.)

Hæstv. ráðh. vék að láninu og ég ætla nú einnig að koma að því. Það er talað um í 1. mgr., að ríkisstj. sé heimilt að veita Flugleiðum sjálfskuldarábyrgð á láni. Hæstv. ráðh. sagði: Það er veitt lán. — Jú, það verður einhver að veita lánið ef á að veita ábyrgðina. En ríkissjóði er samkv. þessari grein ekki ætlað að veita lánið, honum er ætlað að veita ríkisábyrgð. Ég var að tala um það, hvað ríkisstj. væri að gera, en ekki aðrir. En í framhaldi af þessu: Liggur það fyrir hvaða lán þetta er? Liggur það fyrir hver er lánveitandinn? Hæstv. ráðh. getur sjálfsagt skýrt nánar frá því.

En við erum ekki lausir við 1. gr. frv. enn þá, því að ég hef ekki vikið að 3. mgr. 1. gr. og hún fjallar um uppgjör. Þar er talað um uppgjör á þessu öllu saman. Það er talað um hlutdeild ríkissjóðs, en ekki er ákveðið hver hlutdeild ríkissjóðs skuli vera. Það segir einungis í 3. mgr. 1. gr., að gerð skuli till. í fjárlagafrv. um hlutdeild ríkissjóðs í uppgjörinu. Það er nokkuð vel til fundið að setja löggjöf um hvað eigi að gera till. um í fjárl. En till. við afgreiðslu fjárlaga er nú ekki allt í þessu efni. Það liggur ekki fyrir að sú till. verði samþ. Það er aldrei vitað um örlög einnar till. fyrr en búið er að afgreiða hana. Þetta hljótum við að vera sammála um. Ef það er átt við með þessu orðalagi og ef það er alvara að ríkið taki á sig þá hlutdeild sem verið er að tala um hér, þá væri miklu einfaldara og alveg sjálfsagt að orða þetta einfaldlega á þá leið, að að því marki, sem tap verður á umræddum rekstri, skal ríkissjóður greiða lán tekið skv. 1. mgr. Ef þetta er orðað eitthvað í þessa átt, þá skilja menn a. m. k. við hvað er átt. Það hlýtur að vera þýðingarmeira, að í lögum standi að ríkissjóður skuli taka á sig hlutdeild, heldur en það eigi að gera till. um það við fjárlagagerð fyrir árið 1982, eins og segir hér.

Þetta frv. og þessi 1. gr. er þess eðlis, að það er eðlilegt að það vakni ýmsar spurningar. Hvers vegna er þessi grein sett svo upp sem raun ber vitni um? Hverju þjónar það að hafa þessa grein svo óskýra? Ég læt mér ekki koma til hugar, að hæstv. fjmrh. hafi ekki verið þess umkominn að orða þessa grein skýrar og þannig að enginn vafi væri á í sumum tilfellum hvað hún þýddi. Annaðhvort er hér um að ræða einhver sérstök mistök eða þá að einhver beinn tilgangur er í því að leggja fram svo óvenjulega lagagerð.

Það, sem ég hef nú sagt, varðar 1. gr. frv.

Í 2. gr. frv. er ríkisstj. heimilað að auka hlutafjáreign ríkissjóðs í Flugleiðum í allt að 20% hlutafjár. Mér fannst hæstv. fjmrh. fara fljótt yfir sögu hvað þetta varðar í framsögu fyrir frv. En hér er að sjálfsögðu um mikið mál að ræða, hvernig sem litið er á það. Það er í fyrsta lagi mikið mál, hvort á að auka ríkisrekstur á þessu sviði eða ekki. Hæstv. ráðh. vék ekkert að því, hver væri skoðun hans í þessu efni eða hver væri skoðun annarra hæstv. ráðh. eða hvort þeir væru allir á sömu skoðun í þessu efni. Það er líka spurning um það, burt séð frá þessu stóra „prinsip"-atriði, hvaða þýðingu aukning á hlut ríkissjóðs hefur til þess að leysa úr þeim vanda sem Flugleiðir nú eru í.

Í skýringum með 2. gr. frv. er greint frá því, að búið sé að samþykkja að auka hlutafé Flugleiða um 560 millj. kr. Það er tekið fram, að heimildin mundi fela í sér að ríkissjóður gæti aukið hlutafé um tæpar 536 millj. kr. Það segir ekki í skýringum með frv. að ríkissjóður ætli að gera þetta. Mér virðist að það verði ekki litið á þetta mál nema í nokkrum tengslum við 5. gr. frv., því að þar er gert ráð fyrir að ríkisstj. geti sett það skilyrði, að áhrif starfsfólks á stjórn fyrirtækisins verði aukin með sölu hlutabréfa. Og hvað er nú það, sem ríkisstj. ætlar að leggja mesta áherslu á í þessu efni? Ég kem nánar að 5. gr. frv.

Um 3. gr. frv. er það að segja, að það liggur ljóst fyrir hvað við er átt með henni og þarf því ekki að fjölyrða um það.

Með tilliti til þess, sem ég hef áður sagt um mikilvægi þess að flýta þessu máli, vil ég leggja áherslu á það að ég held að hæstv. fjmrh. verði nú að taka á stóra sínum og sjá um að ekki líði margir dagar þar til fyrir liggur mat á eignum Flugleiða þannig að ljóst liggi fyrir hvað verður um þessa heimild. Þessi heimild eða það mál, sem hana varðar, er víðtækara en aðstoðin vegna utanlandsflugsins, Ameríkuflugsins, vegna þess að mér virðist að það sé nauðsynlegt að leysa þann vanda, sem ábyrgðin skv. 3. gr. á að leysa, bæði vegna utanlandsflugsins og innanlandsflugsins.

Ég kem þá að 4. gr. frv. og skal verða fáorður um hana. Þar segir í upphafi, að ríkisstj. sé heimilt að fella niður ógreidd lendingargjöld Flugleiða hf. á Keflavíkurflugvelli af Atlantshafsfluginu fram til 1. okt. 1980. Nú hygg ég að það sé rétt, að Flugleiðir hafi verið búnar að greiða þessi gjöld fram í ágústmánuð s. l., en það á ekki að gefa eftir nema þau gjöld sem eru ógreidd. Ég hygg að það sé líka rétt, að Lúxemborg gefi eftir sín lendingargjöld fyrir allt árið. En samkv. þessu frv. er ekki gert ráð fyrir að ríkissjóður Íslands geri slíkt. Ég vek athygli á þessu. (**Fjmrh.:** Um hvaða ár er þm. að tala?) 1980. (**Fjmrh.:** Það hefur ekkert verið greitt af lendingargjöldum á þessu ári.) Af hálfu ríkissjóðs? (**Fjmrh.:** Já.) Ekkert, já. Ég vil ekki deila við hæstv. ráðh. um þetta. Ég vík aðeins að þessu. Þetta er ekki höfuðmál, en mér hefur verið tjáð, að greiðslur hafi farið fram fram í ágúst. (**Fjmrh.:** Það er misskilningur.) Er það kannske fram í ágúst 1979? (Gripið fram í.) 1979, já. Þetta upplýsist, og ef þetta er á einhvern hátt betra en mér virtist, þá samgleðst ég sannarlega hæstv. fjmrh. í því efni.

En þá vík ég að 5. gr., — það mun sennilega vera prentvilla þar, vísað til 1. og 2. gr., á að vera 1. og 3. gr., — en þar er talað um skilyrði sem ríkisstj. getur sett fyrir ríkisábyrgðum skv. 1. gr. og skv. 3. gr. Og þar er talað um að setja skilyrði, þ. á m. að fyrirtækið standi skil á opinberum gjöldum og aukin verði áhrif starfsfólks á stjórn fyrirtækisins með sölu hlutabréfa. Orðalagið þ. á m. bendir til þess, að ríkisstj. hafi í huga ýmis skilyrði. Mér þykir nauðsynlegt, að áður en frv. þetta fær afgreiðslu frá d. liggi einhverjar upplýsingar fyrir um það, hver þessi skilyrði gætu hugsanlega verið hvers eðlis þau eru, hvort það gæti verið að slík skilyrði stöðvuðu allar aðgerðir hæstv. ríkisstj. til aðstoðar Flugleiðum í þessum efnum.

Það er eitt skilyrði hér, sem ég gat um áðan, að aukin verði áhrif starfsfólks á stjórn fyrirtækisins með sölu hlutabréfa. Hvað hugsar hæstv. ráðh. miklar aðgerðir í þessum efnum? Hugsar hann sér að það leiði til þess, að starfsfólk hafi meiri hl. í félaginu, og ef svo er, hvað þarf til þess? Og hugsar hæstv. ráðh. sér að það verði gert allt sem í valdi ríkisstj. stendur til þess að aðstoða starfsfólkið í þessu skyni? Margar fleiri spurningar koma upp í hugann í þessu efni, en ég skal ekki vera að tíunda þær sérstaklega.

Ég vil, áður en ég lýk máli mínu, taka það skýrt fram, að ég er algerlega sammála hæstv. ríkisstj. um að það beri að gera allt sem fært þykir til aðstoðar Flugleiðum, svo að þetta umrædda flug, Ameríkuflugið, leggist ekki niður. Ég skil það mjög vel, að í þessu efni þarf að hyggja að ýmsu, og deili ekki á slíkt. En ég hef með orðum mínum áður í raun og veru fundið að því, að ríkisstj. fari sér of hægt í þessu máli, og þarf ég ekki að endurtaka það sem ég áður hef sagt í þeim efnum. En áður en þetta mál verður afgreitt er nauðsynlegt fyrir okkur þm. að fá ýmsar upplýsingar frá hæstv. ríkisstj., frá hæstv. fjmrh., og því vil ég nú að lokum leyfa mér að gera nokkrar fsp. til hæstv. fjmrh.

Fyrsta spurning: Hvernig stendur á því, að ríkisstj. heitir í samþykkt sinni 16. sept. s. l. að veita Flugleiðum í þrjú ár bakábyrgð sem nemi allt að 3 millj. Bandaríkjadollara á ári, en í frv. þessu er talað um sjálfsskuldarábyrgð á láni sem nemi allt að 3 millj. Bandaríkjadollara til eins árs?

Önnur spurning: Telur ráðh. að það nægi að veita Flugleiðum aðstoð samkv. 1. gr. frv. í eitt ár? Ef svo er ekki, er ætlun hans að aðstoðin verði veitt samtals í þrjú ár, svo að það, sem gert er á fyrsta ári, verði ekki unnið fyrir gýg?

Þriðja spurning: Telur ráðh. það samræmast íslenskum hagsmunum, að Íslendingar veiti Flugleiðum minni aðstoð en Lúxemborg frá 1. okt. 1980 til 30. sept. 1981?

Og fjórða og lokaspurningin er þessi: Er það stefna hæstv. ráðh., að hlutafjáreign ríkissjóðs verði aukin í 20% af hlutafé Flugleiða? Ef svo er ekki, ætlar ráðh. að veita heimild 2. gr. frv. aðeins að því marki sem ekki tekst að auka hlutafé félagsins með sölu hlutabréfa til starfsfólks fyrirtækisins og annarra einkaaðila?

Ég vænti þess, að hæstv. fjmrh. gefi okkur svör við þessum spurningum og upplýsi raunar margt annað sem betur þarf að upplýsa í þessu máli.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég tel ákaflega mikilvægt að mál það, sem hér er til umr. komist sem allra fyrst til nefndar þannig að hægt sé að hraða afgreiðslu þess, og vil því ekki fjalla efnislega um aths. og ábendingar hv. þm. sem fram komu hér áðan. Ég held að nokkuð ljóst sé, að við fáum síðar tækifæri til þess að ræða ýmsar hliðar þessa máls og þó einkum og sér í lagi eftir að frv. kemur úr nefnd. En vegna þeirra fsp., sem hann hefur lagt fram, tel ég rétt að svör við þeim verði strax gefin.

Þar er þá fyrst til að taka, að hann spyr hvernig á því standi, að í yfirlýsingu ríkisstj. frá 16. sept. s. l. hafi verið talað um að veita félaginu bakábyrgð allt að 3 millj. dollara til þriggja ára, en nú sé flutt frv. sem feli í sér að þessi liðveisla sé einungis veitt til eins árs. Svarið er mjög einfalt. Gert hefur verið ráð fyrir því, að þessi Atlantshafsflugrekstur sé byggður á liðsinni og aðstoð íslensku ríkisstj. og ríkisstj. í Lúxemborg, og þar sem ríkisstj. í Lúxemborg hefur ekki verið reiðubúin til þess að lofa slíkri aðstoð lengur en til eins árs, þá þykir að sinni ekki rétt að taka ákvörðun nema um þetta eina ár í þessu frv.

Í öðru lagi spyr hv. þm. hvort ég telji að nægilegt sé að þessi aðstoð verði veitt í eitt ár, en ekki þrjú. Því er til að svara, að mér er ógerningur að vita neitt um hvernig til tekst og hvort þessi flugrekstur yfirleitt heldur áfram eftir þetta eina ár eða ekki. Ætli menn líti ekki á þetta eina ár sem ár tilraunar, sem eigi að leiða í ljós hvort nokkur glóra sé í að halda þessu áhættuflugi áfram eða ekki? Ég tel að margt bendi til þess, að þetta eina ár nægi ekki, en vegna þess að ríkisstj. Lúxemborgar hefur tekið þá afstöðu sem ég gerði grein fyrir rétt í þessu, þykir ekki eðlilegt að taka afstöðu á þessu stigi í lagaformi til síðari áranna.

Þriðja spurning þm. var hvort það samræmdist íslenskum hagsmunum, að Íslendingar veittu Flugleiðum minni aðstoð en ríkisstj. Lúxemborgar hefur heitið félaginu. Ég held að það sé ákaflega mikill misskilningur, að aðstoð sú, sem ríkisstj. Lúxemborgar hyggst veita, sé á einn eða annan hátt meiri en sú sem íslenska ríkið og íslenskir skattgreiðendur þurfa hugsanlega að taka á sig. Það er ljóst, að fyrir utan þessa bakábyrgð, sem er mjög hliðstæð hjá báðum aðilum, þarf íslenska ríkið að taka á sig ábyrgðarheimildir vegna rekstrarins sem numið geta, ef veð reynast fyrir hendi, allt að 6 milljörðum íslenskra kr. Þessi upphæð kemur til viðbótar ábyrgðarheimild upp á 3 milljarða sem veitt var í vor. Þessu til viðbótar samþykkir ríkisstj. að leggja til við Alþ. að felld verði niður stimpilgjöld og veittur greiðslufrestur á sköttum, þannig að það getur ekki dulist neinum, að þarna er mikill munur á. (**Gripið fram í:** Það er bara til þess að flýta fyrir. Verðum við ekki að gera greinarmun á beinum fjárútvegunum, sem Íslendingar leggja fram, og ríkisábyrgðum?) Vissulega er munur þar á, en samt sem áður segir það sig sjálft, að áhættan, sem tekin er þegar veitt er ríkisábyrgð á háum fjárhæðum, ræður bókstaflega talað úrslitum um það, hvort þetta félag getur starfað áfram eða ekki, og ríkisstj. Lúxemborgar hefur ekki tekið á sig neina skuldbindingu af því tagi, ekki fyrr og ætlar sér ekki að gera það síðar. Ég ítreka það sem ég sagði, að íslenska ríkisstj. er að leggja til að felld verði niður stimpilgjöld og veittur greiðslufrestur á skuldum sem aðrir aðilar verða að borga möglunarlaust á gjalddaga. Ég held því, að þetta sé á misskilningi byggt og það fari ekkert á milli mála að íslenska ríkið tekur á sig miklu, miklu stærri skuldbindingar en ríkisstj. Lúxemborgar, ef þetta frv. verður að lögum og þeim heimildum verður beitt, sem í því felast.

Fjórða spurning þm. snerist um það, hvort áformað væri að auka hlutafé ríkisins í félaginu í 20%. Þessari spurningu er einungis hægt að svara játandi. Það er áform ríkisstj. og vilji, að hlutafé ríkisins aukist upp í þessa hlutfallstölu. En auðvitað verða að fara fram viðræður við þá aðila, sem hér eiga hlut að máli, og þetta getur að sjálfsögðu ráðist nokkuð af því, hversu mikið fé starfsmenn leggja fram sem hluti í félaginu. Ég vil alls ekki útiloka að það geti orðið eitthvert samband þar á milli. Ef starfsmennirnir verða mjög drjúgir að leggja fram aukið hlutafé í félaginu, þá má vera að það verði einhverjum erfiðleikum bundið að koma þessum áformum fram öllum, og það verður auðvitað að vera matsatriði þegar þar að kemur.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Áður en ég kem að meginmáli minnar ræðu vil ég vekja sérstaka athygli á því, að í ræðu hv. þm. Þorv. Garðars Kristjánssonar kom fram í fyrsta sinn skýrt og greinilega hvað það er sem Geirsarmurinn í Sjálfstfl. vill fyrst og fremst í Flugleiðamálinu og hver ágreiningur hans er við ríkisstj. Sú gagnrýni, sem hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson flutti á ríkisstj., var að hún væri ekki reiðubúin til þess að borga fé beint út úr ríkissjóði til þessa rekstrar, væri ekki

reiðubúin, eins og hann orðaði það, að styrkja þennan rekstur með beinum fjárframlögum. Þetta er í fyrsta skipti sem þm. úr þessum skoðanahópi hefur haft kjark til þess að viðurkenna það, hvað liggur að baki öllu áróðursmoldviðri Morgunblaðsins og Geirsarmsins í Sjálfstfl. í þessu máli, að þeir hafa með málatilbúnaði sínum verið að reyna að renna stoðum undir þær kröfur, að almenningur í landinu yrði með beinum fjárframlögum látinn borga hallann á þessum rekstri. (**ÞK:** Þetta er ekki rétt.) Þetta er hárrétt. (Gripið fram í.) Nei, það er að vísu rétt, hann sagði þetta ekki alveg nákvæmlega svona. En gagnrýnin á það, að við gerðum annað en Lúxemborgarstjórn, spurningarnar um það, hvers vegna ríkisstj. Íslands væri ekki líka reiðubúin að leggja fram slíkt fé, fólu þetta allar í sér. Og það er einmitt þetta í senn smáa en stóra atriði í þessu máli, sem er ágreiningurinn í málinu í hnotskurn, að þau sömu öfl og stjórna nú Geirsarmi Sjálfstfl. og eru jafnframt stórir hluthafar í Flugleiðum og Morgunblaðinu hafa viljað láta beita ítökum ríkisvaldsins til þess að styrkja þessa fyrirtækjasamsteypu.

Það hefur í þessari umr., bæði í þessari d. og í Sþ., þegar skýrsla samgrh. kom fyrst til umr., verið vikið að því hvað eftir annað, að það hafi komið íslenskum stjórnvöldum nokkuð á óvart, hvernig þessi mál hafa þróast, og samgrh. Lúxemborgar hefur haft það á orði við fréttamenn, að hann undrist það að íslensk stjórnvöld skuli ekki hafa gert sér grein fyrir þróun málsins.

Ég ætla ekki í þessari ræðu að rifja upp þann málflutning sem ég hafði á Alþingi Íslendinga fyrir tæpum tveimur árum, þar sem var rækilega í þáltill. og framsöguræðu fyrir henni vakin athygli á öllum þeim hættum, sem nú hafa reynst veruleiki. Þá töldu þm. Sjálfstfl. enga ástæðu til að kanna þetta mál. Þá voru þm. ýmissa annarra flokka sem töldu ekki heldur neina ástæðu til þess að Alþ. eða stjórnvöld könnuðu þetta mál. Það voru fyrir utan þm. Alþb. aðeins nokkrir þm. Alþfl. sem tóku undir þessar óskir. Ef Alþ. hefði borið gæfu til þess veturinn 1978—1979 að samþykkja þessa þáltill. og hér hefði verið sett í gang sú athugun, sem hún fól í sér, þá hefðu þm. ekki þurft að standa upp nú og segja: Þetta kemur okkur á óvart. Við erum aldeilis steinhissa á því, að það skuli vera þessi taprekstur, þessar fjárfestingar skuli hafa reynst svona hæpnar, að það sé þessi óöld innan fyrirtækisins — og þannig koll af kolli.

Það væri vissulega ástæða til þess að rifja upp ýmis ummæli sem ég hafði í framsöguræðu fyrir þessu máli, þar sem Alþ. var hvatt til þess að leggja nú drög að því, að þegar að því kæmi að stjórnvöld þyrftu með löggjöf að grípa inn í þennan rekstur, þá væri Alþ. búið í stakk þekkingarlega séð til þess að málið væri vel undirbúið, vegna þess, eins og ég sagði þá, að það *mundi koma að því innan ekki langs tíma*, að stjórnvöld og Alþ. þyrftu að grípa inn í reksturinn. Þá stóðu hér upp varðmenn þessara hagsmunaaðila í þjóðfélaginu og sögðu: Nei. — Núna koma þessir sömu varðmenn og segja: Stjórnvöld áttu að grípa inn í þetta miklu fyrr. — Á hverju stóð veturinn 1978—1979 nema einmitt forustuliði Sjálfstfl. fyrst og fremst, sem barðist aðallega gegn þessari till. hér í þingsölum? Það situr síst á þessum herramönnum að koma nú hér og telja það mikil mistök, að stjórnvöld skuli ekki fyrr hafa gripið inn í þetta mál.

Ég ætla hins vegar ekki í þessari ræðu að rifja upp ýmis þeirra ummæli. Ég ætla að geyma mér þær trakteringar *til umr. í Sþ., enda réttari vettvangur vegna þess að þar er* að finna ýmsa þá þm. sem harðast börðust gegn því 1978, að stjórnvöld Íslands sköpuðu sér aðstöðu til þess að fylgjast með rekstri Flugleiða. Ég ætla hins vegar í upphafi þessarar umr. að rifja hér upp fyrir þm. aðra umr., sem fór fram á Alþingi fyrir 5 árum.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem komið er til Alþingis og beðið um ríkisábyrgð fyrir Flugleiðir. Það gerði ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar 1975. Það er mjög fróðlegt að lesa þessar umr., — fróðlegt fyrir þá sök, að í þeim umr. kemur fram ótrúlega sannspár ótti margra þeirra sem þá töluðu um að framtíð þessa rekstrar væri á margan hátt hæpin og það væru mörg spurningamerki við þær aðferðir sem fyrirtækið beitti, þær fjárfestingar, sem það hefði lagt grunn að, og nauðsynlegt að taka þennan rekstur öðrum tökum. Ég held að það sé gagnlegt fyrir Alþ., þegar það nú í annað sinn, aðeins 5 árum síðar, gagnstætt öllum yfirlýsingum, sem stjórnendur fyrirtækisins gáfu þá, verður að ganga þessa götu og lagt er fyrir þingið frv. um miklu hærri ríkisábyrgðir, að rifja aðeins upp þessar umr. á þingi þá. Ég ætla að gera það — með leyfi hæstv. forseta — þó að það taki smástund, því að ég held að það sé gagnlegt til að varast víti sögunnar, að alþm. hafi í huga, þegar þetta mál fer til n., hvað var sagt í umr. í Nd. og Ed. í það sinn. Og það er sérstaklega fróðlegt í upphafi vegna þeirrar gagnrýni, sem hefur komið fram frá þm. Geirsarmsins í Sjálfstfl., bæði í þessari umr. og — (**Gripið fram í:** Hún heitir stjórnarandstaða Sjálfstfl.?) Hún er nú svo lin, að ég vil ekki gefa þeim það sæmdarheiti að kalla það stjórnarandstöðu, en mun áfram nota heitið Geirsarmurinn í Sjálfstfl. Ef stjórnarandstaðan verður eitthvað virkari í *framtíðinni, þá getur vel verið að það megi taka upp það* heiti. Ég rifja það upp vegna þeirrar gagnrýni sem sett hefur verið fram, bæði í þessari umr. og í Sþ., um það sem hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson kallaði seinagang ríkisstj. í þessu máli. Hann sagði hér með vandlætingartón, að það hefði tekið ríkisstj. 10 daga að leggja þetta mál hér fram. Hvað tók það ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar langan tíma frá því að Flugleiðir skrifuðu bréf og óskuðu eftir ríkisábyrgð þangað til ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar lagði fram frv. um það á Alþingi? (**Gripið fram í:** Hvaða ár var þetta?) Hvaða ár, það er ekki von að hv. þm. sé inni í málunum, ef hann er nú þegar búinn að gleyma þeim miklu fæðingarhríðum sem ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar átti í þegar hún lagði fyrir Alþ. frv. um ríkisábyrgð fyrir Flugleiðir. (**Gripið fram í:** Ég ætlaði bara að vita hvað þú seildist langt aftur í tímann.) Það getur vel verið að í Sjálfstfl. þyki ferill ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar slíkur, að hann sé talinn langt aftur í fornöld, en við hinir teljum þetta frekar skammt. Þetta eru um 5 ár, það er ekki langur tími.

Það er nefnilega mjög fróðlegt að hafa það í huga, hvað það tók ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar langan tíma frá því að hún fékk fyrst bréf frá Flugleiðum, þar sem óskað var ríkisábyrgðar, og þangað til hún lagði fram frv. á Alþ. Þeir sömu menn sem gagnrýna nú þessa ríkisstj. fyrir að það hafi tekið hana einn mánuð, jafnvel 10 daga, að ganga frá slíku, ættu að hugleiða það, að það tók ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar hvorki meira né minna en 8 mánuði frá því að hún fyrst fékk formlega ósk frá Flugleiðum um ríkisábyrgð þangað til ríkisstj. undir lok þingsins lagði fram frv. Það liðu 5 mánuðir frá því að sú

ósk barst ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar og þangað til fyrir lágu gögn innan ríkisstj. í málinu, og það liðu 3 mánuðir í viðbót frá því að þessi úttektargögn lágu fyrir í þessari ríkisstj. og þangað til hún lagði fram frv. Vinnubrögð núv. ríkisstj. varðandi ríkisábyrgð í þessu máli hafa því verið allt önnur en ríkisstjórnar Geirs Hallgrímssonar. Það, sem tók hana 8 mánuði, hefur tekið þessa ríkisstj. tæplega einn mánuð. Svo eru þessir herramenn að koma og tala um seinagang!

Og vinnubrögð þessarar ríkisstj. eru til fyrirmyndar um margt annað. Það kemur fram í þessum umr. á Alþ., að stjórnarandstaðan hefur á þessum 8 mánuðum í tíð ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar ekki haft neina aðstöðu til þess að fylgjast með málinu. (**Gripið fram í:** Þú mátt láta þess getið, að það eru tveir núv. hæstv. ráðh. sem voru ráðamenn í stjórn Geirs Hallgrímssonar.) Já, en það er athyglisvert, að hvorugur þeirra heldur því nú mjög á lofti. Og vinnubrögðin gagnvart stjórnarandstöðunni, hver voru þau nú og þá? Þá voru vinnubrögðin þau, að stjórnarandstaðan fékk ekkert að vita, engin gögn í málinu fyrr en frv. var lagt fram á Alþ. En í sumar og haust hefur núv. ríkisstj. kallað fulltrúa þingflokka stjórnarandstöðunnar hvað eftir annað á fundi, afhent þeim öll þau gögn í þessu máli sem beðið hefur verið um, afhent þeim skýrslur Flugleiða, greinargerðir eftirlitsmanna og öll önnur þau gögn jafnóðum og þau hafa borist í þessu máli, þannig að bæði hvað snertir hraða málsins og eins upplýsingaskyldu gagnvart stjórnarandstöðu í þessu máli eru vinnubrögð núv. ríkisstj. samanborið við ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar eins og hvítt og svart, — alveg eins og hvítt og svart.

Í framsöguræðu sinni á Alþ. sagði þáv. fjmrh., Matthías Á. Mathiesen, að ríkisstj. hafi kannað fjárhagsstöðu fyrirtækisins sérstaklega og reksturinn og hafi ákveðið að setja skilyrði fyrir ríkisábyrgðinni, — skilyrði sem fælu í sér eftirlit með fjárhagslegum ákvörðunum félagsins, ákvörðunum um rekstur, og að hlutafé í Flugleiðum yrði aukið. Það er því ekkert nýtt að ríkisstj. telji sér skylt að kanna rekstrarstöðu og eignarstöðu fyrirtækisins áður en slíkt frv. er lagt fram. Það hefur hins vegar tekið þessa ríkisstj. skemmri tíma en fyrri ríkisstj. Það er ekki heldur nýtt að skilyrði séu sett um rekstur um fjárhagslegar ákvarðanir og um hlutafjáraukningu, það var einnig gert þá.

Það er athyglisvert, að í þeim umr., sem urðu á Alþ. um þetta mál á sínum tíma, kemur fram mikil gagnrýni frá þm. ýmissa flokka á þá rekstraruppbyggingu, sem átt hefur sér stað hjá Flugleiðum um notkun fjármuna frá flugrekstri til þess að byggja upp hótelrekstur margs konar hérlendis og erlendis, um notkun fjármuna út úr flugrekstri til að byggja upp bílaleigu, kaffiteríur og annað það sem einkennir útþenslustefnu fyrirtækisins. Og það er athyglisvert, að margir þm. í þessum umr. segja hvað eftir annað, að þeir telji þessa rekstrar- og þróunarstefnu fyrirtækisins í hæsta máta óeðlilega, og þeir vara hvað eftir annað við þeim sífelldu einokunartilhneigingum, sem koma fram hjá stjórnendum fyrirtækisins, og því, að fjármunum úr flugrekstri sé varið til þess að þenja starfsemina út á óskyld svið þannig að myndaður sé lokaður hringur starfsemi á öllum sviðum ferðamannaiðnaðar í þessu landi.

Það er einnig athyglisvert við þessar umr., að ástæðurnar, sem stjórnendur flugleiða færa þá fyrir erfiðri stöðu, eru mjög hliðstæðar því sem þeir færa nú. Ég vil í þessu sambandi vitna til orða sem núv. formaður þingflokks Geirsarms Sjálfstfl., Ólafur G. Einarsson, flutti í framsöguræðu fyrir áliti meiri hl. fjh.- og viðskn. Nd., en hann segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Þróunin á síðustu árum hefur orðið rekstri sem þessum mjög óhagstæð. Nægir þar að nefna miklar hækkanir á eldsneyti," — kannast menn ekki við þessa röksemdafærslu? — „en þær munu hafa numið 5.5 millj. dala á síðasta ári fyrir félagið. Það má nefna tregðu stjórnvalda til að leyfa hækkun fargjalda, sem m. a. eru orsök fyrir 50 millj. kr. tapi á innanlandsfluginu árið 1974." — Kannast menn ekki við þessar röksemdir frá síðustu mánuðum og misserum? — „Það má nefna óheppilega þróun í launamálum innanlands, þar sem eru 1500 starfsmenn á vegum flugleiða, en 1600 starfsmenn erlendis." — Kannast menn ekki við þessar röksemdir frá málflutningi forstjóra Flugleiða á undanförnum misserum? — „Innanlands hefur launahækkunin orðið um 50% á sama tíma og hún hefur orðið 7—8% erlendis, og svona mætti sjálfsagt lengur telja. Allt þetta hefur valdið stórfelldum taprekstri að undanförnu."

Þetta eru nákvæmlega sömu rökin og af hálfu fyrirtækisins eru nú flutt, til viðbótar þeim miklu þáttaskilum í frjálsri samkeppni sem urðu við ákvörðun Carters Bandaríkjaforseta og þm. Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu vilja lítt gera að umræðuefni.

Enn fremur kemur fram í framsöguræðu Ólafs G. Einarssonar, að það hefur verið talið nauðsynlegt að kanna, eins og hann segir orðrétt, „eigna- og skuldastöðu félagsins og veðhæfi eigna þess." Það er nákvæmlega sama og ríkisstj. er nú að gera, að hún ætlar, áður en hún samþykkir þessar ríkisábyrgðir, að kanna eigna- og skuldastöðu félagsins og veðhæfi eigna. Hitt er svo annað mál, sem ég mun koma að seinna í minni ræðu, að það var upplýst síðar í þessum umr., að þá fengust engar upplýsingar um hverjar væru raunverulegar eignir fyrirtækisins. Þm. í fjh.- og viðskn. beggja deilda 1975 reyndu dag eftir dag og kölluðu fyrir sig fjölmarga aðila til að reyna að komast að því, hverjar væru eignir fyrirtækisins, og fengu engan botn í það mál og lýsa því yfir í umr., eins og ég mun vitna til síðar, að Alþingi Íslendinga hafi því miður ekki getað aflað sér neinna upplýsinga um það, hverjar séu eignir félagsins, vegna þess að það viti það enginn. Og Ólafur G. Einarsson, núv. formaður þingflokks Sjálfstfl., segir einnig, með leyfi hæstv. forseta:

„Hér er um miklar upphæðir að ræða á okkar mælikvarða, og því er eðlilegt að spurt sé, hvort nægar tryggingar séu fyrir hendi ef greiðslur kynnu að falla á ríkissjóð, svo og að sett séu ákveðin skilyrði af hálfu stjórnvalda þegar fyrirgreiðsla sem þessi er veitt."

Þetta er fullkomlega eðlilegt sjónarmið. Þetta er úr ræðu núv. formanns þingflokks Sjálfstfl., og þetta er sama sjónarmið og núv. ríkisstj. hefur í þessu máli, sama sjónarmið sem við höfum haft allan tímann, að það verði að liggja ljóst fyrir, hvort nægar tryggingar séu fyrir hendi. Og Alþ. ákvað við meðferð málsins 1975 að setja ítarlegri skilyrði en voru í hinu upphaflega frv., og hafa ýmsir þm. bæði í Sþ. og hér nú talið koma til greina að þingið setti einnig nú ítarlegri skilyrði en kveðið er á um í þessu frv., og ber fyllilega að taka það til skoðunar. En hitt er svo rétt að hugleiða, hver reynslan hefur orðið af þeim skilyrðum, sem sett voru þá, og hvort stjórnendur fyrirtækisins hafa á þessum síðustu 5 árum staðið við þau

skilyrði. Því miður er það svo, að svo er ekki í mörgum tilvikum, þannig að það væri fróðlegt fyrir þá þn., sem fær þetta mál til meðferðar að fara ofan í saumana á þeirri sögu hvað varð um þau skilyrði sem Alþ. setti þegar ríkisábyrgðin var veitt 1975. Ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar skipaði sérstakan starfshóp til þess að gera úttekt á rekstrar- og eignastöðu fyrirtækisins. Í niðurstöðum þessa starfshóps segir m. a. og er vitnað til þess oft í þessum umr., með leyfi hæstv. forseta:

„Hins vegar er ljóst, að rekstrarerfiðleikar félagsins eru ærnir og óvissa í efnahagsmálum í markaðslöndum félagsins og í flugrekstrarmálum er það mikil, að engan veginn er víst að erfiðleikar félagsins séu eins tímabundnir og vonast er til."

Gætu þessi orð ekki einnig átt við í dag? Er þetta ekki í raun og veru lýsing á þeirri niðurstöðu sem þeir eftirlitsmenn, sem núv. ríkisstj. hefur skipað til þess að kanna rekstur fyrirtækisins nú, hafa einmitt einnig komist að? Og það er að vissu leyti hörmungarsaga þessa máls, að þessi varnaðarorð, sem hinir sérfróðu menn settu fram í skýrslu til ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar, skuli ekki hafa verið mönnum ofarlega í huga á undanförnum árum, vegna þess að það stendur hér svart á hvítu að þegar árið 1975 vöruðu sérstakir eftirlitsmenn þáv. ríkisstj. við því, hvernig kynni að fara.

Síðan er rakin saga af því, að það hafi verið skipaðir þrír valinkunnir menn til þess að meta eignir félagsins. Þeir voru skipaðir tveimur árum áður en nefnd þingsins *tók málið til umfjöllunar. Um störf þessara manna segir* svo í umr., með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar nefndin," þ. e. fjh.- og viðskn. Nd., „kallaði þá fyrir sig nær tveimur árum eftir að þeir höfðu hafið störf kom í ljós að störf þeirra voru naumast hafin. Þeir gátu ekkert sagt um raunverulegar eignir fyrirtækisins. Reikningar, sem félögin sjálf höfðu sett upp, fengu þeir nú fyrir fáeinum dögum, 12. maí. Þeir kváðust ekki geta gefið nefndinni neina vitneskju um eignir og skuldir félagsins."

Hér blasir sú staðreynd við, að 1973 eru settir þrír valinkunnir menn, Ragnar Ólafsson hrl., Guðlaugur Þorvaldsson páv. háskólarektor og núv. sáttasemjari og Guðmundur Björnsson prófessor til þess að meta eignir þessa fyrirtækis og þeir verða að tjá þn. tveimur árum síðar, að þeir séu engu nær. Þessi ríkisábyrgð er þó veitt af Alþ. á þeim tíma þrátt fyrir að það liggi fyrir að þessir þrír valinkunnu menn gátu ekki fengið neinn botn í það, hverjar eignir fyrirtækisins voru. Síðan segir einnig í frásögn af þessu starfi n., með leyfi hæstv. forseta, þar sem vikið er að erlendum eignum fyrirtækisins á þeim tíma:

„Um þessar erlendu eignir og þann erlenda rekstur skortir alla raunverulega vitneskju, enda þótt þetta séu mál sem mikið hafa verið rædd manna á meðal. Ég tel," segir ræðumaður, „að það hefði verið ákaflega æskilegt að hægt hefði verið að gera hreint borð gagnvart Alþ. og gagnvart almenningi hvað þennan rekstur varðar, ekki síst fyrir Flugleiðir sjálfar, en þess er því miður ekki kostur."

Síðan eru í þessum umr. rakin afskipti Seðlabankans af fjármálum Flugleiða og hefur í Sþ. nokkuð verið vikið að afskiptum Seðlabankans, sem ég tel þó að þurfi miklu nánari upplýsinga við. Það er ljós, að aðstoðarbankastjóri Seðlabankans hefur setið í stjórn Flugleiða á undanförnum árum og þessi aðalbanki ríkisins hefði þess vegna haft góða möguleika til þess að fylgjast með rekstrinum, því að væntanlega hefur aðstoðarbankastjórinn upplýst yfirmenn sína um það, hvernig horfurnar væru. Það er ein viðbótarástæðan fyrir því að tefja þessa umr., að menn hafa ekki vitað hvað í raun og veru var að gerast. En í þessum umr. kemur það fram að Seðlabankinn hefur beinlínis stuðlað að því, að eign fyrirtækisins Kristján Kristjánsson var keypt með aðstoð Búnaðarbankans, sem Seðlabankinn hvatti til þess, og Flugleiðum gefinn þannig kostur á að hefja hótelrekstur hér við Suðurlandsbraut. Ég tel þess vegna að það sé eitt af því, sem þarf að kanna í meðferð nefnda á þessu máli, hver hafi verið afskipti Seðlabanka Íslands af málefnum Flugleiða á undanförnum árum og áratugum, því að það er hvað eftir annað í sögu þessa máls sem maður rekst á stjórnendur Seðlabankans með fingurinn á einn eða annan hátt í rekstri fyrirtækisins, notandi sambönd sín við viðskiptabankana til þess að setja ákveðinn þrýsting í þágu tiltekinnar fyrirgreiðslu sem mjög hefur verið andstæð öðrum hagsmunum. Það voru mörg fyrirtæki sem ætluðu sér að stunda veitingahúsrekstur á því svæði þar sem Hótel Esja stendur og voru á þeim tíma mjög óánægð með það sem þarna gerðist.

Í ræðu, sem Halldór E. Sigurðsson fyrrv. fjmrh. flutti við þessar umr., segir hann, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég vil í sambandi við málið í heild, að því leyti sem það snýr að ábyrgðinni, geta þess, að ekki er því að neita," þarna er fyrrv. fjmrh. sem talar, „að mér hefur fundist bæði í þann tíma, sem ég var fjmrh., og á undan og eftir hafi ríkisábyrgðir verið gefnar hér á landi kannske nokkuð fríhendis. Við megum gæta okkar í þeim efnum."

Síðar í sömu ræðu segir fyrrv. fjmrh. Halldór E. Sigurðsson, páv. samgrh.:

„Hæstv. Alþingi er að tryggja þann atvinnurekstur, sem hér er til umr., flugferðirnar, millilandaflugið og innanlandsflugið. Við erum að tryggja þann atvinnurekstur með þessum ábyrgðum, sem nú er ætlast til að veittar verði. Hinu er ekki að neita, að þegar er um endurteknar ábyrgðir að ræða eins og nú hefur átt sér stað hjá flugfélögunum, þá verður að gjalda varhug við og setja um það ákveðnar reglur, hvernig með skuli farið. Það er óhugsandi, að það geti endurtekið sig að slíkar ábyrgðir séu gefnar út án þess að mjög mikilli aðgæslu sé beitt í því sambandi."

Í ljósi reynslunnar hafa þessi orð Halldórs E. Sigurðssonar vissulega verið sönn varnaðarorð, og ég tel að núv. samgrh. og núv. fjmrh. hafi einmitt starfað í anda þessara orða sem samgrh. ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar flutti á sínum tíma.

Það eru fjölmörg önnur atriði sem mætti vísa til úr þessum umr., en ég við ljúka þessum tilvitnunum með því að rekja nokkur atriði úr þeirri ræðu, sem Jón Árm. Héðinsson, aðaltalsmaður Alþfl. í þessari hv. d., flutti í þessum umr., og svo að lokum með því að vitna til þeirra ræðna, sem núv. samgrh. Steingrímur Hermannsson og núv. fjmrh. Ragnar Arnalds fluttu við umr. um ríkisábyrgðina 1975 hér í hv. d. Það er í senn athyglisvert og lærdómsríkt að lesa ræður þessara tveggja manna þá við umr., þeirra sömu manna sem aðalábyrgð hafa borið á meðferð málsins á síðustu mánuðum. En fyrst er ræða Jóns Ármanns Héðinssonar, aðaltalsmanns Alþfl. í umr. í Ed. fyrir 5 árum. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er sem sagt reiknað með því, að að veittri þessari

ábyrgð verði rekstur þessara véla í svipuðu formi og verið hefur. En þar í liggur hættan fyrst og fremst að mati okkar margra, vegna þess að þegar farið er í gegnum öll þessi skjöl kemur í ljós að Loftleiðir hafa átt kost á því að hafa vélarnar á leigu í 5 ár, en hefur aðeins tekist að greiða 1/3 af hugsanlegu kaupverði á 5 ára tímabili, á því tímabili þegar flugið hefur verið í mestri þenslu og gefið mestan arð í heiminum, en nú er fyrirhugað á 7 árum að borga 2/3, þegar allir vita að næstu tvö ár er gefið að á þeim leiðum, sem þessar vélar ætla að keppa á, verða a. m. k. miklir erfiðleikar, svo að ekki sé sagt dúndrandi tap."

Hér lýkur tilvitnun í þennan kafla í ræðu hv. þm. Jóns Ármanns Héðinssonar, en hann segir einnig síðar í þessari ræðu, með leyfi hæstv. forseta:

„Hvað sem því líður, þá er því heitið — og það er út af fyrir sig merkilegt, miðað við allt það sem maður hefur frétt af þessum rekstri hjá þessum fyrirtækjum — að endurskoða og endurskipuleggja allt saman gagnvart framtíðinni. Því er heitið af forráðamönnum fyrirtækisins. Maður hefði nú haldið það, miðað við blaðafréttir og ýmislegan áróður, að þessi fyrirtæki væru svo vel skipulögð og svo vel rekin að þar gætu venjulegir jólasveinar lítið um bætt. En svo kemur allt í einu yfirlýsing um það, að það séu miklir möguleikar að gera sórátak í þessu efni. Og þessi yfirlýsing er hvorki meira né minna en undirrituð af framkvæmdanefnd þessarar fyrirtækjasamsteypu, og það vakti athygli mína og mun örugglega vekja athygli margra annarra. Spyrja má, hvort það hafi verið vel stjórnað hjá Flugfélagi Íslands að hafa sama sem ekkert þak yfir höfuðið eftir aldarfjórðungs starfsemi. Spyrja má einnig, hvort það hefi verið vel ráðið hjá Loftleiðum fyrir nokkrum árum, þegar fyrirtækið seldi flugvélar sínar og gerði leigusamning á þessum vélum 1970, þ. e. þeim vélum sem verið er að ræða um vegna þessarar ríkisábyrgðar. Þetta eru þessir frægu leigusamningar við Seaboard-félagið. Það, sem vakti einnig athygli allra manna og er mikið umrætt, er sú staðreynd, eftir því sem fram kom á fundum, að hlutafé Loftleiða er 24 millj. ísl. kr. og hlutafé í Flugfélaginu 124 millj. kr. og af þeirri tölu mun meiri hlutinn vera vegna jöfnunarhlutabréfa. Hvernig í ósköpunum getur fyrirtæki með 24 millj. í hlutafé haft slík umsvif og safnað slíkum eignarhluta eins og fram hefur komið að félagið er sagt eiga? Um það fengum við engar nánari skýringar þótt um væri beðið af mér. Það er gífurlegt lánstraust, sem einhverjir menn hafa haft undanfarin ár, þegar þeir hafa orðið að sýna reikninga hjá félagi, sem hefur aðeins 24 millj. ísl. kr. í hlutabréf. Mér finnst það alveg undravert, að slíkt skuli vera hægt," segir hv. þm. Jón Árm. Héðinsson. Og hann lýkur sinni ræðu á eftirfarandi hátt, með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar það er upplýst, að eigendur fyrirtækisins í mörg ár, með blómlegan rekstur og mikil umsvif, töldu sér sennilega ekki fært eða ekki ástæðu til að leggja fram meira fé en sem næmi 24 millj. kr., þá hlýtur maður að staldra við og spyrja hvers vegna og einnig spyrja, eins og ég gerði fyrr í ræðunni: Hvernig má það vera, að þessir menn hafa getað fjárfest þá óhemju, sem sögð er vera á vegum þeirra úti um allan heim, með ekki meira eigið fé? En svo skyndilega núna þurfa þeir að koma á náðir ríkissjóðs og leita eftir stærri upphæðum en dæmi eru til áður í sögunni, og þá eigum við hér, hv. og virðulegir alþm., að afgreiða þetta á andartaki, jafnvel með bundið fyrir augun." — Hér lýkur tilvitnun í ræðu aðaltalsmanns Alþfl. í umr. hér í hv. d. fyrir 5 árum. Og þessi orð gætu öll átt einnig við nú.

Og þá vil ég að lokum þessara tilvitnana vitna í þær ræður sem núv. hæstv. fjmrh., Ragnar Arnalds, og núv. hæstv. samgrh., Steingrímur Hermannsson, báðir þá þm. í þessari d., hvorugur ráðh., fluttu í þessari umr. Ragnar Arnalds sagði m. a. í þessari umr. fyrir 5 árum, með leyfi hæstv. forseta:

„Á fundi nefndarinnar voru forráðamenn Flugleiða beðnir að gefa lauslega hugmynd um hverjar væru eignir félagsins, og það er einmitt sú hlið sem ég býst við að vanti inn í dæmið. En þeir neituðu að gefa þær upplýsingar og báru það fyrir sig, að þeir treystu sér ekki til að gera þar neinar áætlanir um. Voru þá kallaðir til þeir menn sem fengnir hafa verið til að meta eignir félagsins og hófu störf fyrir tveimur árum, en þeir urðu að tilkynna n. að á þessum tveimur árum hefði þeim ekki tekist að komast að niðurstöðu um það, hverjar talist gætu eignir félagsins." Hér lýkur þessari tilvitnun. Síðan segir áfram í ræðunni, með leyfi hæstv. forseta:

„Þetta er hámarksverð, eins og ég nefndi hér áðan, en engin vitneskja og enginn spádómur er um það í raun og veru, á hvaða verði þessar vélar verða eftir eitt eða tvö ár, því að enginn getur um það sagt." — Ég vil skjóta því inn, að þetta eru einmitt þær sömu vélar sem Flugleiðir verðleggja nú mun hærra en markaðsverð er á þessum vélum erlendis og hefur ekki tekist að selja undanfarna mánuði og jafnvel misseri. En strax árið 1975 setti hv. þm. Ragnar Arnalds fram þessa ábendingu. Og hann segir áfram í sinni ræðu, með leyfi hæstv. forseta:

„Hitt er vitað, að framleiðslu vélanna hefur verið hætt. Þær eru ekki lengur framleiddar, þessar vélar, og reynslan hefur sýnt það, bæði á sviði bílaframleiðslu og flugvélaframleiðslu og á mörgum öðrum sviðum vélaframleiðslu, að þegar hætt er framleiðslu á ákveðinni vélartegund fer hún að lækka töluvert mikið í verði. Hvort þær lækka þá hraðar en nemur afborgunum af láninu, það getur að sjálfsögðu enginn sagt neitt um í dag. En það þarf ekki að benda neinum á það, að hér er greinilega teflt á allra tæpasta vað hvað snertir verð fyrir þessum skuldum." (Forseti grípur fram í.) Ég ætla hæstv. forseti, að reyna að ljúka þessum stuttu tilvitnunum og gera svo hlé á ræðu minni til þess að þingflokksfundir geti hafist. — Síðan segir í ræðunni, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég vil nefna það hér, að í skýrslu þessa vinnuhóps, sem undirbjó þetta mál af hálfu Seðlabankans og ríkisstj., kemur fram eftirfarandi mgr." — Það er sú mgr. sem ég vitnaði til áðan, þar sem eftirlitsmennirnir þá, fyrir 5 árum, segja að rekstrarerfiðleikar félagsins séu ærnir og óvissa í efnahagsmálum og í markaðslöndum félagsins og í flugrekstrarmálum það mikil, að engan veginn sé víst, að erfiðleikar fyrirtækisins séu eins tímabundnir og vonast er til. — „Það er því afar nauðsynlegt," segja eftirlitsmennirnir fyrir 5 árum, „að stöðugt sé hugað að breytingum á rekstri félagsins, bæði til að draga úr rekstrarkostnaði, en þó ekki síður með tilliti til hugsanlegrar endurskipulagningar á flugrekstri félagsins vegna breytingar ytri aðstæðna." — Þar lýkur tilvitnun í eftirlitsmennina fyrir 5 árum, sem hafa reynst sannspáir um það sem gerst hefur í raun og veru. En þáv. þm. Ragnar Arnalds bætir við: „Það leynir sér sem sagt ekki, að þeir hagfræðingar, sem rannsakað hafa þetta mál, eru harla kvíðnir um framtíðina og hvetja eindregið til þess

að reynt verði að beita ítrustu hagræðingu innan fyrirtækisins."

Vegna þess að hæstv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson vék að lendingargjöldum hér áðan, þá er skemmtilegt og fróðlegt að í þessari umr., sem var fyrir 5 árum, er það einnig stór þáttur, að Flugleiðir höfðu þá ekki heldur greitt lendingargjöld á Keflavíkurflugvelli um langt skeið. Það er því ekkert nýtt, að þetta fyrirtæki komi sér undan opinberum gjöldum. Það gerði það líka aðfaratíma ríkisábyrgðarinnar fyrir 5 árum.

Að lokum, hæstv. forseti, í þessum kafla vil ég víkja að þeirri ræðu, mjög svo athyglisverðu ræðu, sem núv. hæstv. samgrh., Steingrímur Hermannsson, flutti í þessum umr. Hann rekur í ræðu sinni fjölmörg dæmi, undarleg dæmi um fargjaldaverðlagningu fyrirtækisins á flugleiðum til Evrópu og til Lúxemborgar og New York. Hann gagnrýnir mjög fjárfestingarstefnu fyrirtækisins og tilraunir þess til þess að koma undir sig fótunum í öðrum rekstri. Hann rekur fjölmargar tilraunir þess til þess að drepa niður samkeppnisaðila sína og nefnir dæmi um það. Síðan, þegar hann í löngu máli er búinn að rekja öll þessi dæmi um samkeppnishætti fyrirtækisins, fjárfestingarhætti fyrirtækisins og verðlagningarhætti fyrirtækisins, segir Steingrímur Hermannsson orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég nefni þetta til þess að sýna að það er eitthvað meira en lítið skrýtið í þessu öllu saman, sem satt að segja venjulegur maður á erfitt með að skilja. Mér sýnist að í sambandi við þessa gífurlegu ríkisábyrgð, sem til umr. er, beri hinu opinbera rík skylda til að skoða þetta mál mjög vandlega."

Hann segir einnig: „Því tel ég" — þ. e. Steingrímur Hermannsson — „þessa ríkisábyrgð illa nauðsyn, en samþykki hana. Ég hef sannfærst um það af þeim gögnum, sem ég hef fengið að skoða, að þessi ríkisábyrgð mun vera sæmilega tryggð með verðmæti þeirra véla sem keyptar verða. En það er rétt sem hér hefur komið fram, að það er ekki meira en svo. Og ég tel raunar að ríkissjóður verði að vera undir það búinn að ganga þarna inn í félagið."

Fyrir 5 árum sagði Steingrímur Hermannsson, núv. samgrh., hér á Alþ., að ríkissjóður þyrfti að búa sig undir það á næstu 5 árum, sem færu í hönd, eða lengri tíma að þurfa að ganga inn í fyrirtækið. Og hann lýkur ræðu sinni á eftirfarandi orðum, sem ég vil — með leyfi hæstv. forseta — gera að lokaorðum þessa hluta ræðu minnar áður en fundi deildarinnar verði frestað, en Steingrímur Hermannsson lauk ræðu sinni á Alþ. þá með þessum orðum:

„Ég vil endurtaka að ég samþykki ríkisábyrgðina eingöngu á þeirri forsendu, að mjög náið og nákvæmlega verði fylgst með þessum rekstri og Flugleiðum gert það ljóst, að ekki verður liðinn neinn yfirgangur."

Þetta voru áskorunarorð þm. Steingríms Hermannssonar til ríkisstj. fyrir 5 árum, og það er ánægjulegt að vita að í meðferð sinni á þessu máli framvegis muni hann væntanlega hafa þessi sín eigin orð að leiðarljósi.

Ég mun nú samkv. ósk hæstv. forseta gera hlé á ræðu minni. (**Forseti:** Já, ég bið þm. að gera svo vel að gera hlé á ræðu sinni vegna þess að komið er nokkuð fram á hefðbundinn fundartíma þingflokka.) — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég varði fyrsta hluta ræðu minnar fyrir fundarhlé til þess að rifja upp ýmis meginatriði úr þeirri umr. sem fram fór á Alþ. um ríkisábyrgð vegna Flugleiða árið 1975. Ég gerði þetta vegna þess að það vill oft brenna við að menn gleymi þeim lærdómum sem sagan hefur að geyma, eins og kom fram í viðbrögðum hv. þm. Þorv. Garðars Kristjánssonar undir þessum hluta ræðu minnar. En þó gerði ég þetta fyrst og fremst til að vekja athygli hv. þd. á því, hve margt er ótrúlega sláandi líkt með atburðarás, umræðum, röksemdum og áhyggjum manna þá og nú, til þess að undirstrika að það er rangt, sem ýmsir hafa haldið fram í umr. hér í hv. Ed. og í Sþ., að þessi þróun mála þurfi að koma mönnum á óvart. Þm. úr ýmsum stjórnmálaflokkum 1975, m. a. núv. hæstv. samgrh. og núv. hæstv. fjmrh., núv. formaður þingflokks Sjálfstfl. og ýmsir aðrir, lýstu þá skoðunum sínum, áhyggjum og varnöglum gagnvart ríkisábyrgðinni sem þá var veitt, sem mjög gagnlegt er fyrir menn að rifja upp nú.

Þegar það er svo haft í huga, að þremur árum síðar, 1978, flutti ég á Alþ. ítarlega till. þar sem lagt var til að skipuð væri nefnd til að rannsaka rekstur og framtíðarhorfur, fjárfestingu og stjórnun, verðlagningu fargjalda og farmgjaldaákvarðanir Flugleiða og Eimskipafélags Íslands, þá getur ekki nokkur maður með rétti sagt að þessi þróun komi mönnum á óvart, hvorki stjórnendur Flugleiða né ábyrgir aðilar í þessu landi. Hitt er svo alveg rétt, að það kemur mönnum á óvart hve stjórnendur Flugleiða hafa lengi dulið það fyrir þjóðinni hve alvarlegt þetta ástand er og hve tregir þeir hafa verið til þess að gefa upp raunsannar upplýsingar um hvernig þessum rekstri er fyrir komið og því til viðbótar hvað eftir annað verið staðnir að því að gefa rangar upplýsingar eða ekki nægilegar upplýsingar um ástand þessara mála.

Meginástæðan fyrir því, hvernig nú er komið, er einmitt sú afstaða stjórnenda fyrirtækisins að gefa rangar eða ónógar upplýsingar um hvernig málum er háttað. Þeir þrættu 1978 fyrir öll þau atriði í því sem ég sagði að mundi gerast. Þeir áttu talsmenn hér í þingsölum í þeirri þrætu, þar sem hv. þm. Friðrik Sophusson rakti málstað Flugleiða lið fyrir lið í sinni ræðu. Atburðarásin hefur sýnt rækilega hvor okkar hafði á réttu að standa. Því miður hafði ég á réttu að standa, — því miður, því vissulega hefði verið betra, bæði fyrir fyrirtækið, þjóðina og starfsfólkið, að þeir spádómar hefu reynst rangir.

Það er og var ekki neinn galdur að átta sig á því, hvers vegna þetta mundi gerast. En það er einmitt fyrsta atriðið í því sem hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson neitaði að ræða áðan og sagðist ekki hafa neinn áhuga á að víkja að, og það er sú flugmálastefna sem Carter Bandaríkjaforseti tók upp, að hann vildi í verki sýna það sem Sjálfstfl. boðaði í síðustu kosningum: frjálsa samkeppni í anda leiftursóknar á markaðinum. Það er stefna leiftursóknarinnar í markaðsmálum sem fyrst og fremst hefur komið flugrekstri okkar Íslendinga illa. Það eru lögmál frumskógarins, eins og forstjórar Flugleiða kalla það, en sem hugmyndafræðingar Sjálfstfl. kalla lögmál markaðarins, hin frjálsa samkeppni.

Þegar það lá fyrir, að slík stefna var innleidd, og olíuverðshækkanir lágu fyrir og nýjar tæknibreytingar í stærð og rekstri flugvéla, þá mátti hverjum og einum, sem vildi hugleiða málið, vera ljóst að útilokað var fyrir flugfélag eins og hið íslenska, sem hafði notið forréttinda á þessum markaði, að halda þessu flugi áfram í óbreyttri mynd. Við þetta bættust svo mistök í rekstri félagsins, mistök í fjárfestingu, bæði hvað snertir DC-8 þoturnar og DC-10 þoturnar, ósamkomulag og ósamlyndi í stjórn félagsins,

sem ekki hefur enn þá verið séð fyrir endann á, og fjölmargar aðrar ákvarðanir sem gerðu það að verkum að stjórnendur fyrirtækisins brugðust hvorki nægilega snemma né nægilega vel við þessum vanda. Þess vegna er það algerlega út í hött hjá talsmönnum Geirsarmsins í Sjálfstfl. að ætla að flytja þá söguskoðun, að það sé að einhverju leyti ríkisstj. eða þá Alþb. að kenna hvernig komið er. Það væri ekki komið svona illa, ef það hefði verið hlustað á varnaðarorð Alþb., ef þm. Sjálfstfl. hefðu 1978 verið reiðubúnir að ganga til liðs við okkur og skipa sérstaka könnunarnefnd.

Um þetta má hafa mörg orð og langt mál, en ég ætla ekki að gera það í þessari umr. Það gefst tækifæri til þess síðar, bæði í þessari deild og hv. Sþ. En ég vil aðeins vekja athygli hv. þd. á ummælum hv. alþm. Eiðs Guðnasonar, sem hann viðhafði hér þegar þetta mál kom til umr. í síðustu viku. Þar felldi hann dóm yfir fjárfestingum og stjórn fyrirtækisins sem hefði örugglega verið kölluð aðför að Flugleiðum ef talsmenn Alþb. hefðu átt í hlut. Hv. þm. Eiður Guðnason gerði þetta að lokaorðum sinnar ræðu, með leyfi hæstv. forseta þegar hann var að dæma stjórn félagsins:

„Hið hættulega í þessu máli er að það sé búið að eyðileggja meira en auðvelt er að bæta á þeim tíma sem er til stefnu. Og ég held að ef niðurstaðan af þessu verður sú, að þessu flugi beri að hætta, þá sé ástæðan kannske fyrst og fremst sú, hversu fádæma klaufalega stjórn félagsins fór að. Það er engu líkara en hún vildi brjóta þetta kerfi niður, brjóta það til grunna þannig að það stæði ekki steinn yfir steini."

Því hefur ekki verið veitt nægileg athygli, að ýmsir talsmenn Alþfl., eins og hv. þm. Eiður Guðnason í þessari ræðu og enn fremur formaður flokksins, hv. þm. Benedikt Gröndal, í grein sem hann skrifaði í Morgunblaðið þar sem hann dró upp spurningar varðandi tengsl Flugleiða við Seaboard flugfélagið, láta frá sér fara alvarlegustu ásakanir sem fluttar hafa verið af þm. í garð stjórnenda þessa fyrirtækis. Það er þess vegna dálítið undarlegt þegar þingflokkur þessara sömu manna kemur saman til að víta Alþb. fyrir afskipti af þessu máli.

Ég gat um það áðan að ein meginástæðan fyrir því, hvernig þetta mál hefur þróast, er að stjórnendur Flugleiða hafa hvað eftir annað haft tilhneigingu til að blekkja almenning og stjórnvöld um hið raunverulega ástand mála. Ég rakti fyrr í ræðu minni tilvitnun eftir tilvitnun úr umr. á þingi 1975, þar sem kom fram frá þm. margra flokka að í umfjöllun málsins á Alþ. hefðu þeir ekki fengið upplýsingar frá stjórnendum fyrirtækisins. Ég vil segja það hér og nú, að ég mun sem formaður fjh.- og viðskn. þessarar d., sem fær þetta frv. til umfjöllunar, tryggja að ekki verði sú aftur reyndin nú. Það skal verða tryggt að alþm. fái frá stjórnendum þessa fyrirtækis svör við öllum þeim spurningum sem upp verða bornar, en við þurfum ekki að fara í umr. líkt og menn 1975 og segja: Við vitum ekki hverjar eignirnar eru. Við vitum ekki hverjar rekstraráætlanirnar eru. Við höfum enga hugmynd um hvernig þetta muni þróast í framtíðinni. — Við gerum þetta ekki, eins og hv. þm. Steingrímur Hermannsson orðaði það á sínum tíma, með bundið fyrir augun.

Í byrjun septembermánaðar sendu Flugleiðir frá sér skýrslu um rekstur, eignir og stöðu fyrirtækisins. Þessi skýrsla var samin samkv. beiðni ríkisstj. Flugleiðir fóru þá leið að kynna skýrsluna fyrst á blaðamannafundi, áður en hún var send ríkisstj. Þeir afhentu hins vegar ekki skýrsluna sjálfa, heldur kynntu niðurstöðurnar. Og hverjar voru niðurstöðurnar? Jú, niðurstöðurnar voru í meginatriðum tvær: Þær voru þær gleðifregnir frá stjórnendum fyrirtækisins, að það væri í raun og veru allt í besta lagi með rekstur fyrirtækisins, það ætti vel fyrir skuldum og innan 12 mánaða væri það farið að skila rúmlega 900 millj. kr. hagnaði. Allt væri sem sagt í besta gengi, — glæsileg mynd. Ég spurði þá daginn eftir: Er nokkurt annað fyrirtæki á Íslandi sem getur innan 12 mánaða skilað 900 millj. kr. í hagnað samkv. eigin sögn? Hefur slíkt fyrirtæki gefið sig fram? Það hefur ekki gerst enn. Samkv. yfirlýsingu stjórnenda fyrirtækisins sjálfs í byrjun septembermánaðar eru þeir best staðа fyrirtæki á landinu og eiga fyrir höndum einhverja mestu hagnaðarvon sem völ er á. Ég sé að hv. þm. Guðmundur Karlsson stendur þarna í dyrunum. Græða frystihúsin í Vestmannaeyjum svona mikið? Nei, því miður ekki. (Gripið fram í.) Já, Guðmundur Karlsson. Græða frystihúsin á Suðurnesjum svona mikið? Græðir yfirleitt nokkurt einasta frystihús á Íslandi svona mikið eða iðnaðurinn eða nokkur önnur iðngrein? Nei, auðvitað ekki.

Samkv. eigin skýrslu þessara ágætu manna í byrjun septembermánaðar stóðu þeir hvað best að vígi allra manna í landinu. Og Morgunblaðið, Tíminn og Vísir, jafnvel litla Alþýðublaðið, tóku þessar fréttir upp, slógu þessu upp sem miklum fagnaðartíðindum. Ég leyfði mér þá ókurteisi, — aðför eins og Morgunblaðið kallaði það, bábiljur eins og stjórnarformaðurinn Örn Ó. Johnson kallaði það í heilli opnu í Morgunblaðinu sem eytt var í að svara þessum óvildarmanni fyrirtækisins, þeim sem hér stendur, — leyfði mér að benda þjóðinni kurteislega á að veruleikinn væri ekki svona, þessi skýrsla gæfi alranga mynd af rekstri fyrirtækisins, hún væri hreint auglýsingaplagg og ef menn héldu að það væri hægt að anda léttara vegna þess að svona væri myndin, þá væri það hinn mesti misskilningur. Annar af eftirlitsmönnum fyrirtækisins kom fram í Ríkisútvarpinu og benti þjóðinni líka á að ýmislegt væri vafasamt í þeim forsendum sem þarna voru gefnar. Þegar þjóðin var þannig vöruð við því, að þessi skýrsla gæfi ekki allskostar rétta mynd, upphófst einhver mesti samkór íhaldsins, aukaíhaldsins og hjálparíhaldsins í þessu landi til að reyna að kveða niður þær raddir sem leyfðu sér að draga í efa að þessi skýrsla væri rétt. Morgunblaðið, Tíminn og Alþýðublaðið skrifuðu leiðara þar sem sá, sem hér stendur, og Baldur Óskarsson, annar af eftirlitsmönnum fyrirtækisins, voru fordæmdir. Og það gerðist sá einstæði atburður, að tveir þingflokkar sáu ástæðu til að koma saman á haustmánuðum: Geirsarmurinn í Sjálfstfl. sá armurinn í þingflokki Sjálfstfl., og þingflokkur Alþfl., og samþykktu formlega vítur á okkur fyrir að leyfa okkur að draga þessa skýrslu í efa.

Hver er niðurstaðan? Hver er niðurstaðan tæpum tveimur mánuðum síðar? Niðurstaðan er sú, að sami maðurinn sem í byrjun sept. lýsti því yfir, — Sigurður Helgason — að allt væri í góðu gengi og hann yrði farinn að græða 900 millj. eftir 12 mánuði, hann segir í blöðunum fyrir helgi: „Ef ég fæ ekki frá ríkinu ábyrgð á 6 millj. dollara fyrir mánaðamót, þá er fyrirtækið hrunið." Hann lýsir því yfir í viðtali við Morgunblaðið núna um helgina, að ef hann fái ekki þessar 6 millj. dollara fyrir mánaðamót sé fyrirtækið hrunið.

Örn Ó. Johnson birti við sig viðtal í opnu Morgun-

blaðsins: Ásakanirnar eru hrein markleysa og bábiljur. — Morgunblaðið birti þetta viðtal í hátíðabúningi í opnu, birti leiðara um aðför Alþb. að Flugleiðum vegna þess að fulltrúar flokksins hefðu varað þjóðina við því að þessi auglýsingaskýrsla væri marklaus.

Hver er svo niðurstaðan í dag? Niðurstaðan er auðvitað sú, eins og við sögðum, bæði ég og Baldur Óskarsson, að erfiðleikar fyrirtækisins eru miklu meiri en sagt er frá í þessari skýrslu. Hvorki rekstrarfjárstaða fyrirtækisins né eignastaða fyrirtækisins er þannig að hægt sé að anda léttara og allt sé í góðu gengi, eins og boðað var á blaðamannafundinum. Það er ekki einu sinni ljóst að fyrirtækið eigi veð fyrir þeim ríkisábyrgðum sem nú er farið fram á. Það getur jafnvel verið að breyta þurfi veðreglum ríkisábyrgðasjóðs til þess að rúma það sem hér er farið fram á. Og það hafa verið kallaðir til landsins sérstakir erlendir sérfræðingar til að skoða hvort eignarmatið á flugvélunum og fasteignunum sé rétt. Er það ekki aðför að fyrirtækinu að leyfa sér að kalla á erlenda menn til að vefengja orð þessara herra, Sigurðar Helgasonar og Arnar Ó. Johnson?

Ég gæti nefnt hér, en ég ætla ekki að vera að eyða tíma deildarinnar í það, mál eftir mál eftir mál úr blöðum á s. l. 2—3 árum, jafnvel yfirlýsingar Sigurðar Helgasonar 5 ár aftur í tímann, sem hafa reynst hrein og klár vitleysa. Hvað sagði Sigurður Helgason þegar erfiðleikarnir í Atlantshafsfluginu byrjuðu? Tímabundnir erfiðleikar, verða búnir eftir nokkra mánuði. — Staðreyndin er náttúrlega sú, að þær opinberu yfirlýsingar, sem stjórnendur þessa fyrirtækis hafa gefið stjórnvöldum og almenningi í landinu á undanförnum mánuðum og árum, hafa ekki staðist. Ég skora á talsmenn Sjálfstfl. í þessum umr. að nefna eitt einasta tilvik um að yfirlýsingar þessara herra um rekstrarstöðu og eignir og framtíðarhorfur fyrirtækisins á undanförnum misserum og árum hafi staðist.

Það er komið í ljós nú, að öll sú gagnrýni, sem ég og Baldur Óskarsson fluttum á þessa skýrslu, hefur reynst rétt. Og það verður að segja Alþýðublaðinu til hróss, sem reyndi eftir bestu getu að kvaka með í þeim samkór Framsóknarflokksins og Morgunblaðs þessa dagana sem átti að gera út af við okkur sem vildum upplýsa almenning um hið rétta í málinu, að það eru þó frækorn efans farin að sjást í einstaka leiðurum í því blaði. Það birtir 2. okt. leiðara þar sem það krefst þess, að Flugleiðir geri hreint fyrir sínum dyrum, og leggur fram spurningar um fjárfestingarákvarðanir, um fjárhagslega áætlanagerð fyrirtækisins, um veðsetningu eigna, sem það segir að forráðamenn fyrirtækisins verði að svara umbúðalaust og það strax ef þeir eigi að hafa trúnað almennings í landinu. Var þó Alþýðublaðið dagana og vikurnar áður búið að birta mikla lofgjörð um þessa ágætu menn. Hefur þessum spurningum Alþýðublaðsins verið svarað? Nei, þeim hefur ekki verið svarað.

Eftirlitsmenn ríkisstj., Baldur Óskarsson og Birgir Guðjónsson, leggja hér fram í grg., sem birt er sem fskj. í skýrslu samgrh., staðfestingu á því, að enn er ósvarað grundvallarspurningum sem þurfa að liggja fyrir svör við áður en hægt er, ef Alþ. ætlar að gæta sóma síns, að veita ríkisábyrgð á þeirri upphæð sem hér er verið að ræða um. Í skýrslu eftirlitsmannanna beggja, sem dags. er 17. okt. 1980, er að finna sjö atriði sem öll þurfa að mínum dómi að fást á hreint ef Alþ. á að geta afgreitt þetta mál núna með opin augun, ekki bundið fyrir augun eins og gert var 1975.

Í fyrsta lagi er í þessari grg. eftirlitsmannanna vakin athygli á því, að þeir hafi sent fyrirtækinu 50 spurningar og aths. við þessa dásemdarskýrslu um hið ágæta ástand, sem birt var í byrjun septembermánaðar, — auglýsingaskýrsluna frægu sem allt moldviðrið hefur snúist um. Þeim hafi borist svör við þessum spurningum og aths., en þau hafi verið ófullnægjandi og 30. sept., eða fyrir tæpum mánuði, hafi þeir sent viðbótarspurningar og aths. sem ekki hafi borist svör við enn. Það eru spurningar og aths. um grundvallaratriði, ef veita á ríkisábyrgð á þeirri upphæð sem hér er verið að tala um, eins og fjárstreymisáætlun fyrirtækisins á greiðslugrunni. Við skulum bara kalt og rólega horfast í augu við það, að stjórnendur Flugleiða hafa ekki enn þá sýnt íslenskum stjórnvöldum fjárstreymisáætlun á greiðslugrunni. Þeir hafa ekki enn þá gert íslenskum stjórnvöldum, hvorki í samgrn., fjmrn., Alþ., eftirlitsmönnunum né neinum öðrum aðila, grein fyrir því hvernig greiðslustaða fyrirtækisins er gagnvart skuldbindingum sínum á næstu mánuðum. Kannske er hún svo erfið að slíkt skjal þoli ekki birtingu, þoli ekki einu sinni birtingu gagnvart stjórnvöldum, vegna þess að þá kæmi enn og aftur í ljós að sú mynd, sem stjórnendur þessa fyrirtækis hafa verið að draga upp er fölsk. Ég lýsi því yfir hér, að ég mun beita mér fyrir því, að fjh.- og viðskn. þessarar d. óski eftir því við stjórnendur fyrirtækisins, að þeir tafarlaust sendi Alþ., sem nú á að ganga í ábyrgð fyrir þjóðina um þá milljarða sem hér er farið fram á, slíka grg.

Í öðru lagi er í grg. eftirlitsmannanna rakið ítarlega að í mati á eignum fyrirtækisins skorti óvissu- og öryggisfrádrag af ýmsu tagi og vélakostur og fasteignir og hlutabréf fyrirtækisins séu metin á vafasaman hátt. Ég hef hér í höndum nýlega grein — frá 27. sept 1980 — í alþjóðlegu tímariti, þar sem gerð er grein fyrir verðgildi ýmissa flugvéla í heiminum í dag. Þar kemur fram að DC-8 þoturnar eru metnar hver um sig á 2 millj. dollara minni upphæð en stjórnendur Flugleiða gerðu í þessari frægu skýrslu. Staðreyndin er sú, að þrátt fyrir þessa grg. hafa menn ekki heldur nú, frekar en menn höfðu 1975 í þeim orðum sem ég vitnaði til, fengið nein skýr og ábyggileg svör um hver eignastaða fyrirtækisins í raun og veru er. Hæstv. samgrh. lýsti því yfir í umr. í Sþ. fyrir nokkrum dögum, að hann mundi sjá til þess að niðurstaða hinna erlendu matsmanna á eignum fyrirtækisins lægi fyrir áður en Alþ. afgreiddi þetta mál. Ég vil lýsa því yfir sérstaklega hér, að það er algert skilyrði að ljóst liggi fyrir áður en Alþ. afgreiðir þetta mál hver eignastaðan í raun og veru er, til þess að Alþ. geti þá metið það sem þm. úr öllum flokkum, held ég að hægt sé að segja, hafa verið sammála um að lýsa yfir í umr. hér og í Sþ., að hægt sé að skoða þau skilyrði sem sett séu sérstaklega fyrir ríkisábyrgðinni.

Í þriðja lagi koma fram í þessari skýrslu ýmsar aths. um núverandi veðsetningar eigna fyrirtækisins, sem eru mjög athyglisverðar.

Í fjórða lagi koma fram frásagnir af því, að rekstraráætlanir fyrirtækisins á undanförnum mánuðum og árum hafi allar reynst stórkostlega rangar. Tap, sem áætlað var 1978 2 millj., reyndist 6 millj. dollara. Tap, sem áætlað var 1979 7 millj. dollara, reyndist 20 millj. dollara. Og tap, sem áætlað var 4 millj. 1980, getur væntanlega verið 12-13 millj. dollara. Það kemur fram í þessari grg, að fyrirtækið hefur á þessum tíma hagað málum sínum þannig, að eiginfjárstaða fyrirtækisins hef-

ur versnað um röska 31 millj. dollara frá desembermánuði 1978 eða frá þeim tíma sem við vorum að ræða það hér á Alþ., hvort samþykkja ætti kjör sérstakrar nefndar til að rannsaka rekstur fyrirtækisins. Þessi upphæð samsvarar hvorki meira né minna en heilli Króflúvirkjun. Þetta fyrirtæki hefur tapað frá því í des. 1978 heilli Króflúvirkjun. Annað eins hefur verið talið til tíðinda í íslenskum þjóðmálum og þyrfti skoðunar við, sérstaklega þegar farið er fram á að gengið sé í ríkisábyrgð fyrir þennan sama aðila.

Það er enn fremur athyglisvert, eins og komið hefur fram hjá hæstv. samgrh., að áætlanir fyrirtækisins um það tap, sem yrði á Atlantshafsleiðinni á næstu 12 mánuðum ef rekstri yrði þar haldið áfram, hafa sífellt verið að breytast. Það var fyrst talað um að það gæti orðið 1.5 milijarðar ísl. kr. Nokkrum vikum seinna var komin ný áætlun þar sem upphæðin var orðin tvöfalt hærri. Nokkrum vikum þar á eftir kom önnur áætlun um að upphæðin yrði enn hærri. Núna var skýrt frá því í umr. í Sþ. af hæstv. samgrh. og fjmrh. að það væri í vændum enn ný áætlunin þar sem tapið væri áætlað enn hærra. Og ég spyr hv. þm.: Er það áreiðanlegur grundvöllur til þess að byggja jafnalvarlegar fjármagnsráðstafanir á og hér er farið fram á þegar í ljós kemur að tapáætlanir fyrirtækisins eru sífellt að hækka, jafnvel margfaldast á nokkurra vikna fresti? (**ÞK:** Þetta er frv. ríkisstj., ekki stjórnarandstöðunnar.) Það er alveg rétt. (**ÞK:** Var henni ekki kunnugt um þetta?) Það er alveg rétt, eins og ég sagði í ræðu minni í dag, að þetta frv. væri alls ekki komið fram ef stjórnarandstaðan hefði mátt ráða málum og nota sömu vinnubrögð eins og ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar á sínum tíma. Þá mundi þetta frv. ekki koma fram fyrr en í maí á næsta ári, ef sömu tímaáætlun væri fylgt. En núv. ríkisstj. hefur hins vegar beitt sér fyrir því, að Alþ. fengi málið tafarlaust til meðferðar. Það eina, sem ég er að gera hér, hv. þm., er að stuðla að því að Alþ. afgreiði þetta mál með opin augun og geri sér nákvæmlega grein fyrir því, hvað það veit og hvað það veit ekki, hvaða upplýsingar það þarf að fá, hvaða upplýsingar það hefur ekki fengið og að hve miklu leyti áætlanir hafa staðist vegna þess að stjórnendur Flugleiða, Sigurður Helgason og Örn Ó. Johnson, hafa á undanförnum mánuðum beitt íslensk stjórnvöld hótunum. Ég tek svo alvarlega til orða. (**ÞK:** Er frv. borið fram þess vegna? Nei, nei, frv. er ekki borið fram vegna þessa. Ég skal koma að því á eftir. En það er rétt að menn átti sig á því að þessari hótanaaðferð hefur verið beitt. Ég skal rekja þrjú slík tilvik.

Þegar stjórnendur Flugleiða fóru fram á það s. l. vor að fá að nýta sér afganginn af þeirri ríkisábyrgðarheimild sem veitt var 1975, var það orðið samdóma álit fulltrúa allra þingflokka, sem þá voru að vinna að málinu, að það væri slíkur skortur á upplýsingum frá fyrirtækinu varðandi fjárþörf þess að rétt væri að veita þá aðeins helming upphæðarinnar. Þann sama dag og það lá fyrir barst um kvöldið bréf frá stjórnendum fyrirtækisins þar sem þeir lýstu yfir að það mundi hafa alvarlegar afleiðingar fyrir rekstur fyrirtækisins og viðkomandi flugvél og viðgerðir á henni ef fyrirtækið fengi ekki alla þessa upphæð. Stjórnvöld tóku ekki þessa hótun til greina. Það kom náttúrlega í ljós að ekkert skaðaði þótt aðeins helmingur ábyrgðarinnar væri veittur í það sinn og seinni helmingurinn nokkrum mánuðum seinna. En þarna var gerð tilraun til að þvinga stjórnvöld á næturstundu til að hækka upphæðina um helming á grundvelli slíkra hótana.

Ég skal nefna annað dæmi um atburði sem urðu þegar fyrirtækið hafði tilkynnt að Atlantshafsflugið yrði lagt niður, eftir að flugfélag í Lúxemborg hafði neitað samvinnu við Flugleiðir. Það er meginástæða þess að Atlantshafsflugið er lagt niður, sem sumir hv. þm. gleyma, að flugfélag í Lúxemborg, meginflugfélagið þar, treysti sér ekki til að hafa samvinnu við Flugleiðir. Það eru til í þeim gögnum, sem þm. hafa borist, bréf og fundargerðir frá meðferð þess máls sem skýra frá ýmsum ástæðum stjórnenda þessa fyrirtækis fyrir því, að þeir treysta sér ekki til að hafa samvinnu við Flugleiðir eða núverandi stjórnendur þeirra. Hv. þm. Benedikt Gröndal hefur ýjað að sumum þessara ástæðna í grein sem hann birti í Morgunblaðinu fyrir nokkru. Þannig má ekki gleymast í þessari umr. að það er neitun Lúxemborgarflugfélagsins um að hafa samvinnu við núverandi stjórnendur Flugleiða sem verður til þess að ákvörðun um Atlantshafsflugið er tekin, a. m. k. að því er sagt er. Síðan fer í gang sú atburðarás sem menn þekkja. Ríkisstj. ákveður að leggja fram baktryggingu sem jafngildi þeim opinberu gjöldum sem ríkissjóður mundi verða af ef Atlantshafsfluginu yrði hætt. Ríkissjóður og ríkisstj. voru reiðubúin að leggja fram baktryggingu sem væri ígildi þeirrar upphæðar sem ríkissjóður mundi ella tapa, ef fluginu yrði hætt. Þegar athugun þess máls var komin á lokastig kom nýtt bréf frá stjórnendum Flugleiða, hótun nr. 2. Það var hótun um að stjórnendur Flugleiða væru ekki reiðubúnir til að halda Atlantshafsfluginu áfram nema fyrir lægi ríkisábyrgð vegna annarra skulda fyrirtækisins að upphæð 12 millj. dollara, sem um er getið í grein þessa frv., — skulda sem koma Atlantshafsfluginu ekkert við og fyrirtækið þarf að greiða hvort sem Atlantshafsflugið er lagt niður eða ekki. Þarna eru stjórnendur fyrirtækisins beinlínis, blákalt og opinskátt að reyna að tengja ákvörðun um Atlantshafsflugið þrýstingi á stjórnvöld um að veita ábyrgð fyrir öðrum skuldum, sem eru algerlega óháðar því, hvort haldið er áfram Atlantshafsflugi eða ekki. Það er þess vegna rangt, sem hv. þm. Friðrik Sophusson sagði í Sþ. og sumir hafa tekið fram og haldið, að þetta sé á einhvern annan hátt nátengt. Fyrir liggur skjalfest í þeim erindisbréfum og öðrum skýrslum, sem borist hafa frá fyrirtækinu til stjórnvalda, að þessi ósk eða krafa kemur ekki fyrr en eftir á.

Þriðja hótunin er sú, sem lesa mátti í blöðunum nú fyrir helgina, að ef ekki sé veitt 6 millj. dollara ríkisábyrgð nú fyrir mánaðamótin, helmingurinn af þeirri meginupphæð sem við erum að fjalla um í þessu frv., komi til stöðvunar. Fyrirtækið sem í byrjun sept. var svo vel stætt að það átti von á mörg hundruð millj. gróða á næsta ári verður nú að lýsa því yfir, ef mark má taka á þessari yfirlýsingu, að það verði að fá 6 millj. dollara ábyrgð núna fyrir mánaðamótin, þó að það liggi ekkert fyrir um hvort fyrirtækið á veð fyrir því fé eða ekki. Með þessari yfirlýsingu er óbeint verið að reyna að knýja á um að Alþ. og ríkisstj. afgreiði þessi mál án þess að fyrir liggi skýrt og skorinort hvort veð eru til fyrir upphæðinni eða ekki. Þess vegna er það alveg rétt, sem hv. þm. Steingrímur Hermannsson sagði hér fyrir 5 árum og ég vitnaði til fyrr í þessari umr., að það ætti ekki að líða Flugleiðum neinn yfirgang í þessu máli. Þetta voru hans orð 1975 og þau eiga alveg jafnt við nú.

Við skulum, þm. þessarar d. og sérstaklega í þeirri n. sem fær þetta mál til skoðunar, hafa í huga reynsluna af þeim þremur hótanatilvikum sem ég hef hér rakið. Það er af hálfu stjórnenda fyrirtækisins í gangi markviss tilraun til að fá Alþ. og ríkisstj. til að taka á sig ábyrgð á margmilljóna króna lánveitingum til fyrirtækisins án þess að það liggi ljóst fyrir hvort fyrirtækið á full veð fyrir þessum lánum eða ekki eða hvort fyrirtækið getur leyst úr þessum erfiðleikum með því að selja eitthvað af eignum sínum. Í raun og veru má teljast fáheyrt að það skuli einu sinni vera orðað af stjórnendum fyrirtækisins að ætlast til þess að Alþingi Íslendinga gangi í ábyrgð fyrir hönd landsmanna á þessum milljörðum, sem þarna er um að ræða, án þess að fyrirtækið hafi lagt fram fjárstreymisáætlun á greiðslugrunni. Það væri gaman að vita hve mörg fyrirtæki það væru í landinu sem hv. alþm. væru reiðubúnir að leggja til að fengju slíkar milljarðaábyrgðir án þess að veðhæfni og fjárstreymisskilyrði á greiðslugrunni lægju ljós fyrir.

Herra forseti. Þetta mál er stórt og mikið og mun í Sþ. gefast tilefni til að ræða sögu þess betur. Ég hef í máli mínu vakið athygli á sögu málsins, bæði fyrir 5 árum, fyrir 2 árum og síðustu mánuði. Ég hef enn fremur vikið að ýmsum þeim þáttum sem liggja enn óljósir fyrir, og ég hef vikið að þeirri hörmungasögu, að stjórnvöld og almenningur í landinu hafa hvað eftir annað mátt búa við að fá bæði rangar og ófullnægjandi upplýsingar frá stjórnendum þessa fyrirtækis. Við skulum rifja upp orð þm. 1975 um það efni og hafa þau í huga.

Ég hef enn fremur vakið rækilega athygli á því að þeir, sem hrópuðu um aðför Alþb. að Flugleiðum vegna þess að við bentum þjóðinni á að skýrslan frá því í byrjun sept. gæfi ekki raunhæfa mynd af ástandinu sitja eftir eins og kjánar, eins og ómerkilegir lýðskrumarar, áróðursmeistarar sem ekki voru reiðubúnir að segja fyrst hvað er hið sanna, hvað er hið rétta, heldur hófu strax að syngja í kór áróðurssöng sem var ekki í nokkrum tengslum við hagsmuni almennings í landinu. Það er leitt til þess að vita, að svo ágætt blað eins og Tíminn skuli hafa gengið í þennan flokk, en sem betur fer var hann aðeins í honum nokkra daga. Og það er ánægjulegt til þess að vita, að Alþýðublaðið skuli vera farið að sjá að sér. En það sama verður því miður ekki sagt um Morgunblaðið. Morgunblaðið heldur áfram að kyrja þennan söng aftur og aftur og aftur, vegna þess að stjórnendur þess blaðs halda enn þá að þeir lifi í þjóðfélagi þar sem Morgunblaðið ræður skoðanamyndun almennings í landinu, að þeir geti sagt almenningi að lygi sé sannleikur, þótt aðrir bendi á það sem raunverulega er. En staðreyndin er samt sem áður sú, að sem betur fer lifum við í þjóðfélagi þar sem Morgunblaðið ræður ekki skoðanamyndun. Þess vegna skiptir það engu máli hve oft og hve lengi Morgunblaðið hrópar um aðför Alþb., aðför mína, aðför Baldurs Óskarssonar, aðför félmrh., aðför aðstoðarmanns félmrh., aðför fjmrh. að Flugleiðum. Þetta mun allt í ljósi tímans — og hefur þegar orðið — verða hjóm eitt og vitleysa, alveg á sama hátt og málfutningur þeirra manna sem lögðust gegn þáltill. minni 1978 er orðinn hjóm og vitleysa.

Alþb. hefur í þessu máli haft mjög skýra og ljósa stefnu, og það frv., sem hér hefur verið lagt fyrir Alþ., er í samræmi við þá stefnu. Við höfum í fyrsta lagi lagt áherslu á að það verði skilið á milli áhættuflugsins annars vegar og grundvallarflugsins hins vegar. Við höfum sagt: Ef það eru aðilar í þessu landi sem vilja taka að sér rekstur áhættuflugsins er alveg sjálfsagt að þeir fái að gera það. Ef einhverjir aðrir vilja taka að sér þetta hlutverk, flugmenn Loftleiða fyrrv., þeir sem áttu meginhlutann í Loftleiðum á sínum tíma, eða einhver önnur flugfélög, hvort sem það eru Arnarflug, Iscargo eða einhverjir aðrir, eiga þeir að fá að reyna það. Við erum aðaltalsmenn hinnar eðlilegu samkeppni á þessu sviði í okkar efnahagslífi, en bæði Morgunblaðið og talsmenn Sjálfstfl. í þessum umr. og áður eru hinir raunverulegu talsmenn *einokunarhringsins. Við höfum hins vegar sagt* sem svo: Í þessu áætlunarflugi á ekki að stofna í hættu peningum skattgreiðenda í landinu né heldur þeim flugflota og öðrum eignum sem snerta það grundvallarflug, sem svo hefur verið nefnt, sem Íslendingar þurfa að tryggja vegna samgangna sinna við umheiminn. Við höfum þess vegna viljað skilja á milli áhættuflugsins og grundvallarflugsins. Í þessu frv. og með aðgerðum stjórnvalda í þessu máli hafa verið stigin fyrstu skrefin að þessu leyti.

Við höfum í öðru lagi lagt á það ríka áherslu, að flugfélögin á Íslandi, í okkar litla þjóðfélagi, verða að okkar dómi ekki rekin með árangursríkum hætti nema starfsfólkið, flugmennirnir, flugvirkjarnir, flugfreyjurnar, skrifstofufólkið, afgreiðslufólið og aðrir þeir, sem þessi rekstur á fyrst og fremst að hvíla á, beri meginábyrgðina og ráði þar ferðinni. Við teljum að þróun Loftleiða á sínum tíma hafi sýnt þetta. Við teljum að saga ýmissa annarra flugfélaga, sem hér hafa verið, hafi einnig sýnt að í okkar litla samfélagi verður slíkum fyritækjum ekki stjórnað eftir einhverjum erlendum stjórnkerfum, þar sem forstjóraveldi í æðri mynd verður eins konar drottnunarlögmál í öllum þeim ákvörðunum sem teknar eru og fólkið sjálft, flugmennirnar sem og annað starfsfólk, þekkir fyrirtækið sem gerræðisfullan ákvörðunarvettvang þeirra sem á toppnum eru. Virk samvinna starfsfólksins á þessum vettvangi og eignarform, sem *tryggir starfsfólkinu raunveruleg áhrif á rekstur* fyritækisins líkt og hér var fyrir löngu, er að okkar dómi vænlegasta aðferðin til að tryggja þá nauðsynlegu samvinnu sem þarf til þess að ráðast í jafnstórfellt verkefni og samgöngur þjóðarinnar eru. Þess vegna fögnum við því, og það er m. a. fyrir okkar tilverknað sem í þessu frv. er kveðið á um það, að tryggja eigi starfsfólki fyrirtækisins aukin áhrif og íhlutunarrétt í stjórn þess.

Ég vil lýsa því hér sérstaklega yfir, að ég legg þann skilning í þetta ákvæði að það nái einnig til starfsfólks þeirra dótturfyrirtækja og hliðarfyrirtækja sem Flugleiðir eiga í. Ef starfsfólk Arnarflugs vill kaupa eignarhlut Flugleiða í fyrirtækinu og fá þannig sjálft rekstur fyrirtækisins í sínar hendur á það að fá að gera það. Það er ekki nokkur grundvöllur, hvorki siðferðilegur, efnahagslegur né annar, fyrir því að stjórnendur Flugleiða neiti starfsfólki Arnarflugs um að fá að kaupa hlut fyrirtækisins í Arnarflugi. Starfsfólk Arnarflugs mun hafa — starfsmannafélagið í heild sinni — sent stjórn Flugleiða bréf þar sem það hefur óskað eftir því að fá að kaupa þennan hlut. En hver hefur virðing stjórnarinnar verið við starfsmannafélagið hjá þessu dótturfyrirtæki? Ekkert svar. Þeir virða starfsmannafélagið í þessu fyritækið ekki einu sinni svars. Bréfið er ómerkileg tilskrif, að *þeirra dómi, sem ekki þarf að eyða orðum að.* Við teljum að aukin áhrif starfsfólksins í rekstri Flugleiða sjálfra og dóttur- og hliðarfyrirtækjanna sé lykilatriði.

Í þriðja lagi höfum við lagt áherslu á að stjórnvöld fái

betri aðstöðu til þess að fylgjast með rekstri fyrirtækisins. 1975 lagði Magnús Kjartansson fram brtt., þegar lög um ríkisábyrgð voru afgreidd hér á Alþingi, sem fól í sér — að mig minnir — fjórðungsaðild ríkisins að fyrirtækinu. Þá sameinuðust allir flokkar um að fella þá till. En nú stendur ríkisstj. að því að leggja fram frv. þar sem 20% hlutafjáreign ríkisins að fyrirtækinu er meðal ákvæða. Það er athyglisvert, að enginn þm. hefur enn mótmælt þessu ákvæði, — enginn þm., ekki hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson, ekki einu sinni Friðrik Sophusson, hvað þá aðrir. Það er merkileg staðreynd. Það er viðurkenning á því, að þau sjónarmið, sem Alþb. setti fram, og þær till., sem Alþb. setti fram 1975, njóta nú viðurkenningar alls þingsins. Og það mun gerast aftur, það hefur gerst í öðrum þáttum þessa máls og það mun halda áfram að gerast. Atburðarásin mun gera það að verkum að þau sjónarmið sem við höfum sett fram áður í þessu máli og menn mótmælt þá verða síðar að vilja Alþingis. (**ÞK:** Þetta er misskilningur.) Við skulum sjá hvað hv. þm. gerir þegar málið verður afgreitt, hvort hann greiðir þessari grein atkv. sitt.

Þessi þrjú atriði hafa verið grundvallaratriðin í stefnu Alþb. í Flugleiðamálinu. Ég skýrði frá því í grein í Morgunblaðinu 18. sept. s. l., að við hefðum til samkomulags innan ríkisstj. fallist á þá till. hæstv. samgrh., að það væri rétt að ríkisvaldið gengi í bakábyrgð vegna áframhalds Atlantshafsflugsins, — ef það væri vilji fyrirtækisins, vilji starfsfólks þess og vilji eigenda að halda þessu flugi áfram og þessari tilraun áfram, þá yrði gengið í bakábyrgð sem ígildi þeirra tekna sem ríkissjóður mundi ella missa af ef flugið legðist niður.

Því er ekki að leyna að við höfum ýmsir sams konar efasemdir um framtíð þessa flugs og m. a. komu fram hjá hv. þm. Eiði Guðnasyni fyrr í þessari umr. Það má færa að því gild rök, að aðgerðir stjórnenda Flugleiða á undanförnum vikum og mánuðum hafi verið þess eðlis, að það sé e. t. v. vonlaust verk að endurreisa Atlantshafsflugið. Mér hefur verið tjáð að um næstu mánaðamót muni Flugleiðir yfirgefa aðalskrifstofuhúsnæði sitt í flugstöðvarbyggingunni í Lúxemborg. Ef þetta er rétt bendir það varla til þess, að stjórnendur fyrirtækisins hafi mikla trú á því, að þessi endurreisnartilraun takist. Slíkt hlýtur að vera yfirlýsing til allra samkeppnisaðila fyrirtækisins um að það sé tímabundið hvenær það yfirgefur Atlantshafsflugið í heild sinni. Lokunin á söluskrifstofunum, fréttirnar í Time, Newsweek og öðrum alþjóðlegum tímaritum eru það magnaðar að reynast mun mjög erfitt fyrir fyrirtækið að tryggja markaðsstöðu sína áfram. En samt sem áður erum við þeirrar skoðunar, að það eigi að koma til móts við fyrst og fremst vilja starfsfólks fyrirtækisins og þeirra mörgu aðila, sem atvinnu hafa haft af þessari starfsemi, og gera þessa tilraun, ef það er tryggt að skattpeningum almennings í landinu sé ekki stefnt í hættu við þá tilraun.

Samgöngukerfi okkar Íslendinga við umheiminn er lífæð okkar. Það vita allir að við búum í landi sem er langt frá öðrum og yfir úfið haf að fara. Það er þess vegna grundvallarhlekkur í sjálfstæði þjóðarinnar að hér séu öruggar og ódýrar samgöngur við umheiminn. Ég lýsti því yfir 1978 og geri það enn, að verðlagning á fargjöldum Íslendinga til Evrópu er allt of há, enda hefur það komið í ljós, að Flugleiðir græddu á s. l. ári 2 milljarða ísl. kr. á Evrópufluginu einu saman. Það jafngildir því, að það væri hægt að bjóða öllum íbúum Kópavogs — í kjördæmi hv. þm. Salome Þorkelsdóttur — ókeypis til Lundúnaferðar. Slíkur er gróðinn að allir íbúarnir í einu stærsta bæjarfélagi landsins hefðu getað ferðast ókeypis fyrir þá umframskattlagningu sem þetta háa verð á Evrópufluginu hefur häft í för með sér. Við höfum fjölmargar frásagnir af því frá ferðaskrifstofum, að það séu lagðir margir steinar í götu þeirra sem vilja leigja flugvélar til að bjóða Íslendingum hagstæð ferðalög.

Það er dálítið undarlegt, að þeir einstaklingar, sem tala hvað mest um einstaklingsfrelsi og ferðafrelsi hérlendis og erlendis, skuli ekki taka undir með mér og öðrum um að gagnrýna þá fargjalda- og einkagróðastefnu sem gerir að verkum að það er að verða lúxus, það er að verða munaður fyrir Íslendinga yfirleittt að komast til útlanda í sumarleyfum sínum eða til að heimsækja ættingja og kunningja sem búa í nágrannalöndum okkar. Er það sú framtíð sem þessir ágætu þm. vilja, að verðlagið sé svo hátt, vegna þess að Flugleiðaforstjórarnir þurfa að græða svo mikið, að hinn almenni borgari á Íslandi hafi ekki efni á því, nema kannske í hæsta lagi einu sinni á ári, að komast til ættingja og vina eða til hvíldar og dvalar erlendis? Fargjaldastefna Flugleiða hefur í reynd lagt ferðahöft á landsmenn á undanförnum árum.

Það er skemmtilegt að í ræðu hæstv. samgrh. Steingríms Hermannssonar fyrir 5 árum greindi hann frá kunningja sínum sem þurfti að komast til meginlands Evrópu. Flugleiðir buðu sérstaka ferð sem var kaupbætir á fargjaldið, bauð vikuskíðadvöl í Ölpunum með fríu fæði og uppihaldi. Þessi ferð til Alpanna var ódýrari en sjálft flugfargjaldið á venjulegum markaði til meginlandsins. Hæstv. samgrh. segir frá því, að auðvitað hafi kunningi sinn keypt sér þessa skíðaferð til Alpanna, en farið hvorki til Austurríkis né Alpanna, heldur flogið á þennan tiltekna stað og farið þar úr vegna þess að það var ódýrasta leiðin. Slík dæmi skipta þúsundum á þeim tíma sem liðinn er síðan.

Það er alvarlegt mál ef við Alþm. þjóðarinnar sinnum ekki þannig uppbyggingu samgöngukerfis í landinu að við tryggjum að allur almenningur geti átt greiðan og ódýran aðgang að ferðalögum til umheimsins, einfaldlega vegna þess að stjórnendur þessa fyrirtækis hafa haldið svo illa á málum þess, tapað svo stórfelldum upphæðum á undanförnum árum vegna rangrar fjárfestingar, lélegrar stjórnar og fjölmargra annarra atriða að þeir hafa kosið að verðleggja samgöngur Íslendinga við umheiminn á þessu verði. (**Gripið fram í:** Á að tryggja þetta með fargjöldin áður en frv. verður afgreitt?) Nei, alls ekki, en ég vil nota þetta tækifæri til að minna hv. þm. og aðra á það, eins og ég gerði 1978, að almenningur á Íslandi býr við ferðahöft vegna hinna háu fargjalda. En áhugaleysi hv. þm. þá og greinilegt áhugaleysi hans enn á þessu hagsmunamáli almennings er slíkt, að þetta finnst honum léttvægt mál. (Gripið fram í.) Jú, jú, vegna þess að talsmenn Geirsarmsins í Sjálfstfl. í þessu máli sýndu það fyrir tveimur árum og sýna það enn, að þeir meta hagsmuni Flugleiðaforstjóranna meira en hagsmuni almennings í landinu. Þeir meta hagsmuni eignaklíkunnar, sem fyrst og fremst situr í þessu fyrirtæki, meira en hagsmuni almennings í landinu. Þeir hafa ekki mótmælt því, að almenningur sé látinn borga á einu ári 2 milljörðum kr. meira í flugfargjöld til Evrópu en eðlilegt er samkv. kostnaðarþætti þessa rekstrar. Meira að segja Morgunblaðið hefur sagt í leiðara að það sé sjálfsagt að láta almenning borga þessa upphæð, það sé sjálfsagt mál.

En það erum við hinir sem erum að berjast fyrir hagsmunum almennings í þessu landi, berjast fyrir því, að almenningur geti fengið að fljúga á ódýran og öruggan hátt til annarra landa, berjast fyrir því, að íslenskur almenningur geti tekið sér sumarleyfi á sams konar verðlagi og almenningur í nágrannalöndum okkar, berjast fyrir því, að skattpeningum íslensks almennings sé ekki sóað til að borga upp skuldahít þessa fyrirtækis, berjast fyrir því, að almenningur á Íslandi fái tryggingar fyrir því, ef Alþ. fyrir hans hönd gangi í ábyrgð fyrir þessum skuldum, að þá verði við veðsetningar staðið.

Þessi atriði eru að mínum dómi sá kjarni sem verður að liggja ljós fyrir í þessu máli. Það hefur verið reynt að koma því inn að Alþb. vilji þjóðnýta Flugleiðir. Ég mun gera þetta atriði að umtalsefni í Sþ. Ég vil aðeins segja það hér, að Alþb. hefur aldrei og hvergi lýst því yfir að það vilji þjóðnýta Flugleiðir. En þeir, sem fyrst og fremst eru að ryðja þjóðnýtingarleiðinni braut gagnvart þessu fyrirtæki, eru stjórnendur fyrirtækisins sjálfir. Ef einhver er höfuðþjóðnýtingarpostuli Flugleiða er það hv. forstjóri þess Sigurður Helgason, sem hefur haldið þannig á málefnum fyrirtækisins að nú er svo komið að ríkið er með þessu frv. að ganga í ábyrgð fyrir milljörðum í rekstri fyrirtækisins. Ef sá rekstur verður með sama hætti og gerst hefur frá 1975 til 1980 mun það hafa í för með að Flugleiðir þjóðnýtast af sjálfu sér. Forstjórar fyrirtækisins hafa óskað eftir því við ríkisstj. og Alþ., að það verði gengið í ábyrgð fyrir þessari upphæð, og ef fyrirtækið getur ekki staðið við þær skuldbindingar, eins og reynslan af síðustu 5 árum sýnir, er það eðli þessara laga að fyrirtækið þjóðnýtist af sjálfu sér. (**Gripið fram í:** Þetta er þjóðnýtingarfrv.) Þetta er ósk forstjóra Flugleiða um hugsanlega þjóðnýtingu fyrirtækisins. Það er þess vegna nauðsynlegt að þeir, sem hafa mikinn áhuga á þessu þjóðnýtingartali, geri sér skýra grein fyrir því, að í þessum efnum sem og öðrum er það forstjóri Flugleiða sjálfur sem yrði höfundur þeirra illu örlaga, sem Morgunblaðið og sumir þm. Sjálfstfl. telja það vera, að þetta fyrirtæki yrði þjóðnýtt. Alþb. mun hvorki nú né þá koma þar nokkuð nærri. (**ÞK:** Vilja sumir þm. Sjálfstfl. að þetta verði þjóðnýtt?) Það málefni skal hv. þm., starfsmaður þingflokks Sjálfstfl., ganga úr skugga um á fundum í þingflokknum. (Gripið fram í.) Já, það lá í orðum mínum.

Mér er kunnugt um að innan Sjálfstfl. er mögnuð gagnrýni, bæði innan þings og utan, á þá stefnu sem Morgunblaðið og Geirsarmur Sjálfstfl. hafa viljað halda uppi í þessu máli. (Gripið fram í.) Það þarf ekki mikla kunnáttu til. Þessi flokkur hefur greinilega kappkostað að bera sín innri mál á torg á undanförnum mánuðum.

Ég skal ljúka ræðu minni með því að taka aftur þá yfirlýsingu sem ég gaf hér fyrr í dag þegar hv. þm. Salome Þorkelsdóttir mótmælti því, að ég teldi hana til Geirsarmsins í Sjálfstfl., og tók það sérstaklega fram að slíkt heiti væri ekki hægt að nota yfir alla þm. Sjálfstfl. Í hita umr. áttaði ég mig ekki á þessari merku yfirlýsingu þm., að hún væri að gefa þjóðinni til kynna hvar hún stæði í innanflokksátökunum í Sjálfstfl. En það er hvorki staður né stund, klukkan rúmlega sjö, að fara að ræða þau mál.

Aðalatriðið er, held ég, að þeir menn, sem tala mest um þjóðnýtingu, geri sér grein fyrir því, hverjir það eru sem hafa sett í gang þá atburðarás sem kynni að leiða til þjóðnýtingar. Það eru þeir stjórnendur fyrirtækisins sem 15. sept. sendu ríkisstj. bréf og óskuðu eftir ríkisábyrgð upp á 12 millj. dollara.

Davíð Aðalsteinsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessa umr. mjög mikið, það er nokkuð liðið á kvöldið.

Þetta frv., sem hér er til umr., þ. e. frv. til l. um málefni Flugleiða, hefur fengið allmikla umr. nú þegar, ekki aðeins hér, heldur úti í þjóðfélaginu almennt. Eins og við vitum lagði samgrh. fram skýrslu um málefni Flugleiða í Sþ. í liðinni viku. Umr. um hana eru skammt á veg komnar. Ég vil segja það hér strax, að ef ég ætti að draga einhverjar ályktanir af þeim umr., sem nú eru búnar í Sþ., eru þær fyrst og fremst á þann veg, að menn vilji hraða afgreiðslu málsins. En vel að merkja: Sömu menn vilja, að þessi mál séu athuguð vel, og hafa uppi ýmsa fyrirvara.

Ég vil taka undir fjölmörg gagnrýnisorð sem fallið hafa, ekki aðeins hér í þingsölum, heldur úti á hinum breiða vettvangi, að því er varðar málefni Flugleiða. Hins vegar vil ég benda á að í málflutningi stjórnarandstöðunnar gætir, að mér finnst, margs konar þversagna, en þó fyrst og fremst á þann veg, að það er deilt á ríkisstj. fyrir að hafa ekki brugðið nógu hart við, en í hinu orðinu er deilt á hana fyrir að hafa sýnt of mikinn glannaskap. Ég get ekki að því gert, að mér finnst ég lesa þessar þversagnir út úr málflutningi hinna ýmsu sem ekki styðja ríkisstj. að málum. Ég vil endurtaka og ítreka það, að ég vil persónulega að farið sé varlega í þetta mál.

Að því er varðar ádeilu stjórnarandstöðu þess efnis, að frv. feli ekki í sér þau atriði sem um var talað í upphafi að því er varðar stuðning við Flugleiðir hf., vil ég minna á að í Morgunblaðinu er það haft eftir Sigurði Helgasyni forstjóra að loknum stjórnarfundi hjá Flugleiðum, að hann lítur svo á að frv. feli í sér öll þau atriði sem um var rætt í upphafi.

Nú mun þetta frv. koma til umfjöllunar í fjh.- og viðskn. þessarar hv. d. Eins og ég gat um áðan varð hlé á umr. í Sþ. um málefni Flugleiða almennt. Ég lít svo á að það sé mjög mikilvægt fyrir fjh.- og viðskn. að hafa fengið hér í umræðum á Alþ. allar þær upplýsingar sem þm. hafa tiltækar um fyrirtækið og fram kunna að koma í umr. Það er raunar dálítið erfitt fyrir n. að taka til starfa um málið áður en þeim umr. er lokið. Ég lít a. m. k. þannig á.

Ég vil taka undir það með hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni, að við munum leita ýmissa upplýsinga til viðbótar við þær upplýsingar sem þegar hafa komið fram um Flugleiðir hf. Hitt er það, að allur dráttur á meðferð þessa máls kann að hafa alvarlegar afleiðingar. Við skulum hafa það í huga, að yfirlýsing Flugleiða um að Atlantshafsfluginu verði hætt hefur nú þegar haft alvarlegar afleiðingar, þ. e. að það hefur stórlega dregið úr bókunum farþega. Forráðamenn Flugleiða halda því fram, að þessu undanhaldi hafi verið snúið við, þ. e. bókanir hafi aukist allverulega á ný. Ég vil minna á þetta atriði og taka til hliðsjónar ef umræða um Flugleiðamálið fer út á — ja, ég segi það hér — vafasamar brautir, ef umr. dregst óeðlilega lengi enn. Menn eru e. t. v. nú þegar búnir að gera sér grein fyrir því og búnir að ákveða það í hugarfylgsnum sínum að veita fyrirtækinu stuðning. Þá legg ég áherslu á að menn gangi hreint til verks. Ég viðurkenni að það er fjölmargt á baksviðinu sem er mjög óljóst varðandi Flugleiðir hf., en ég vil fyrst og fremst líta á

þann stóra hóp starfsfólks sem verður af atvinnu sinni verði Atlantshafsfluginu hætt, á milli 400 og 500 manns, og flugsamgöngur verður að tryggja við landið.

Í annan stað vil ég gera samanburð á þessari þjónustu, sem við erum að selja útlendingum, og útflutningi okkar. Við verðum fyrir margs konar áföllum í vöruútflutningi okkar. Yfir okkur ríða margar holskeflur í því tilliti. Við bíðum þær af okkur. Við gefumst ekki upp. Við höldum áfram að framleiða viðkomandi vöru og leitum jafnvel nýrra markaða. Hvar á undanhaldið að hefjast í alþjóðlegum viðskiptum að því er varðar atvinnulíf okkar og þjóðarbúskap okkar? Ég hygg að við ættum að velta þessari spurningu fyrir okkur.

Ég sagði í upphafi að ég ætlaði ekki að teygja þessa umr. mikið. Ég vil þó aðeins nefna örfá atriði að því er varðar sameiningu flugfélaganna í upphafi, þ. e. stofnun Flugleiða hf. með sameiningu Loftleiða og Flugfélagsins.

Það er rétt að það setti efasemdir að mörgum þegar sú aðgerð var framkvæmd. Þó er það svo, og ég vænti þess, að ég muni það rétt, að þjóðin var yfirleitt mjög hrifin af þessu tiltæki. Margvísleg rök mæltu með því og ég ætla ekki að tíunda það hér.

E. t. v. er ein af aðalorsökum erfiðleika Flugleiða nú innanríkisdeilur í félaginu sjálfu, innan starfsliðsins, milli starfsliðs og stjórnarinnar. Ég held persónulega að við þurfum ekki að undrast þetta út af fyrir sig. Það er lögmál að þegar fyrirtæki stækka slitna stjórnendur meira og minna úr tengslum við starfsfólkið. Það er staðreynd og við þurfum ekkert að ræða það hér. Auðvitað varð gífurleg stækkun á þessu fyrirtæki og starfsmannafjöldinn jókst undir sama hatti. Þetta á kannske stærsta þáttinn í því, að nú ríkir ekki sá uppbyggingarandi sem ríkti við stofnun Flugfélagsins og við stofnun Loftleiða hf. og við rekstur þeirra félaga hvers um sig meðan var og hét.

Herra forseti. Ég vænti þess, að það verði unnið nokkuð fljótt að þessu máli. Ég vænti þess, að Alþ. muni komast að niðurstöðu eftir ekki mjög langan tíma. En það er jafnframt von mín, að þessar umr., sem nú standa yfir og fram fara á næstu dögum um málefni Flugleiða, verði ekki til að staðfesta þau ummæli um þm., sem stundum eru viðhöfð, að þeir tali lengst um það sem þeir hafa síst vit á.

Ég ætla að vona að ef til stuðnings kemur við Flugleiðir hf. nýtist stjórn félagsins og starfsliði þess sá byr sem því verður hugsanlega gefinn til að byggja félagið upp að nýju. Það er mín einlæga von, og ég ætla að segja það að síðustu: Bæði stjórn og starfslið mega ekki að fengnum þessum byr, sem gefinn verður hugsanlega, láta hafa það um sig að það stoði lítið þótt kýrin mjólki vel ef hún fellir fötuna.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Mig langar að byrja á því að beina þeim orðum til hv. 11. þm. Reykv., að það er að verða útspilað plata hjá hv. þm. Alþb. að reyna að beina athyglinni frá eigin vandamálum með því að vera að tafsa á einhverjum nafngiftum á Sjálfstfl. Slíkur málflutningur er ósmekklegur og ekki til að auka virðingu almennings á störfum Alþingis eða hv. 11. þm. Reykv. Mér virðist hins vegar að hv. þm. hafi takmarkaðan áhuga á slíku, því miður fyrir hann. — Ég ætla mér ekki heldur þá dul að fara í kappræður við hv. þm. um hvað hver hafi sagt í málum Flugleiða á fyrri þingum, enda var ég ekki þátttakandi í þeim af eðlilegum ástæðum. Það, sem mér er í huga, eru frekar hugleiðingar leikmanns sem allt í einu er orðinn einn af þeim ábyrgu sextíumenningum á hv. Alþingi sem ýmsum þykja stundum ekki sýna þá ábyrgð sem þeim beri í störfum eða framkomu, en er oftar en ekki ómakleg ásökun.

Það hafa farið fram miklar umr. um vandamál Flugleiða hér á hv. Alþ., bæði í Sþ., þegar skýrsla hæstv. samgrh. var rædd, og hér í hv. Ed., þegar frv. til l. um málefni Flugleiða hf. var lagt fram s. l. mánudag. Sú umr. var þá styttri en gert var ráð fyrir. Það komu til umr. utan dagskrár um barnaskattana frægu og var þingfundi slitið rétt fyrir kl. fjögur áður en þingflokksfundir áttu að hefjast. Ekkert var því til fyrirstöðu af hálfu þm. að halda kvöldfund um málið, en af einhverjum ástæðum var slíkt ekki gert. Það er því orðinn skammur tími til stefnu ef þetta frv. á að fá afgreiðslu fyrir mánaðamót, sem mér hefur skilist að sé nauðsynlegt. (**Gripið fram í:** Hver hefur sagt það?) Ja, það hefur komið fram.

Ég vil fyrir mitt leyti lýsa stuðningi mínum við frv. í aðalatriðum, en geri þó vissan fyrirvara við einstakar greinar þess. Ég er sammála því, að þegar svo illa er komið sem raun ber vitni í fjárhagsstöðu Flugleiða hf. verður ekki hjá því komist að ríkið komi til aðstoðar og að sú aðstoð verði tímabundin. Það verður að beina henni inn á þær brautir að félaginu verði gert kleift að rétta sig við og koma sér úr tímabundnum vanda. Sú hjálp á að vera hjálp til sjálfsbjargar. Má þar nefna atriði eins og að breyta skammtímaskuldum félagsins í föst lán. Það kemur reyndar fram í fskj. I með frv., sem er bréf Sigurðar Helgasonar til samgrh., að þessi 12 millj. dollara rekstrarfjárþörf veturinn 1980—1981 sé miðuð við að tvær Boeing-vélar félagsins, 727-100 verði seldar, en takist það ekki eykst fjárþörfin.

Ekki virðist óeðlilegt að Flugleiðir losi fjármuni með því að selja eitthvað af öðrum eignum sínum, a. m. k. þeim sem ekki eru bundnar rekstrarafkomu félagsins, en eru hugsanlega fjárhagslegur baggi við núverandi aðstæður. Slíkt verða menn að gera ef fjárhagur þrengist, — ég tala nú ekki um ef of mikið hefur verið fjárfest á uppgangstímum.

Það fór fyrir mér eins og hv. 3. þm. Vestf., að 4. gr. frv. stendur svolítið í mér, þetta með niðurfellingu lendingargjaldanna. Einnig finnst mér orka tvímælis að hafa lendingargjöld yfirleitt há vegna millilandaflugs. Mér skilst að þau séu með þeim hæstu sem gerast í Evrópu. Er ekki hugsanlegt að það væri meiri hagur í því fyrir okkur Íslendinga að hafa lendingargjöldin hófleg og auka þannig viðskipti við flugvélar sem mundu þá sjá sér hag í að lenda þannig á leið sinni yfir Atlantshafið?

Það er reyndar fleira en lendingargjaldið, sem mætti nefna í þessu sambandi, og á ég þá við t. d. flugvallarskattinn, sem mikil óánægja er með og er með afbrigðum óvinsæll. Það hefur komið fram í blöðum, að starfsfólk sem lendir í að innheimta þennan skatt af erlendum ferðamönnum, hefur orðið fyrir miklum óþægindum af þeim sökum. Þetta fólk er látið líða fyrir að geta ekki svarað fyrir sig óvinsælar aðgerðir sem ákvarðaðar eru af stjórnvöldum.

Enginn dregur í efa þýðingu þess að haldið sé uppi góðum flugsamgöngum milli Íslands og annarra landa. Þær auka hagsæld og velsæld, eins og Arngrímur Sigurðsson sagði réttilega í tímaritinu Flugmálum s. l. vetur. Við skulum ekki heldur gleyma því, að þær eru þýðingarmiklar fyrir blómlegt menningarlíf.

Það er dapurleg staðreynd, að eitt af óskabörnum

þjóðarinnar skuli nú vera svo illa á vegi statt sem raun ber vitni. Það voru miklir bjartsýnismenn og ofurhugar sem stofnuðu flugfélögin hér á sínum tíma. Eftir að stjórnvöld knúðu félögin til að sameinast virtist síga á ógæfuhliðina, þó að þar komi að sjálfsögðu fleira til, utanaðkomandi atvik, eins og orkukreppa og harðnandi samkeppni með undirboði annarra aðila á flugmarkaðinum.

Ég minnist þess frá unglingsárum að uppgangur flugmála var eins og ævintýri. Það var flugævintýrið. Öll höfum við haft og höfum jafnvel enn ánægju af ævintýrum. Þau byrja flest á orðunum: „Einu sinni var" — og enda sum á: „Köttur úti í mýri setti upp á sér stýri. Úti er ævintýri." — En þetta þýðir þó ekki að ævintýrunum þurfi endilega að vera lokið fyrir fullt og allt. Það er alltaf hægt að endurtaka söguna.

Ég minnist þess einnig frá unglingsárum í Kvennaskólanum í Reykjavík á stríðsárunum, að Ragnheiður Jónsdóttir skólastjóri talaði um að jafnvel innan áratugs yrði hraðinn orðinn svo mikill í flugtækninni að við Íslendingar gætum snætt morgunverð hér heima, hádegisverð í Lundúnum og kvöldverð í Róm. Þetta þótti okkur þá furðuleg og óraunveruleg tilhugsun, en hún var sannspá sú framsýna kona.

Ég efast um að fyrir svo sem áratug hafi menn séð fram á þá þróun sem hér hefur orðið í fjármálum Flugleiða. Þó vil ég minna á að þetta er ekki í fyrsta sinn, eins og reyndar hefur komið fram, sem flugfélögin hafa lent í erfiðleikum, en hafa sigrast á þeim með dugnaði og hagsýni.

Herra forseti. Ég er e. t. v. orðin nokkuð langorð í þessum hugleiðingum mínum um málefni Flugleiða og skal ljúka máli mínu með þeim orðum, að við megum ekki láta hugsjón frumherjanna í flugmálum okkar Íslendinga bíða ósigur. Við verðum að stuðla að því, að sagan geti endurtekið sig og að uppgangur flugmála megi verða sem mestur og hann geti áfram byggst á stórhug einstaklinganna sem í upphafi lyftu Grettistaki.

Umr. frestað.

Neðri deild, 6. fundur.

Mánudaginn 27. okt., kl. 2 miðdegis.

Barnalög, frv. (þskj. 5). — 1. umr.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Frv. til barnalaga var fyrst lagt fram á Alþ. vorið 1976, en síðan endurflutt fjórum sinnum og er nú lagt fyrir Alþ. í sjötta sinn. Ekki mun frv. hafa komið til umr. nema tvisvar. Talsverðar breytingar hafa verið gerðar á frv. eftir að það var fyrst lagt fram. Var það í fyrstu í upphafi árs 1979, en nefndir, sem áður fengu málið til meðferðar í þinginu, höfðu aflað umsagna og ýmsar breytingar verið gerðar með hliðsjón af þeim ábendingum, og einnig var horft til framþróunar á þessu sviði í nágrannalöndunum. Af líkum toga eru svo spunnar þær breytingar sem nú síðsumars voru enn gerðar á frv., en þær vita nær eingöngu að því að nema burt ákvæði sem mörkuðu stöðu barna óvígðra foreldra í sambúð sem skyldu eftir ákveðnum beinum mörkum talin skilgetin. Kemur hvort tveggja til, að þetta hefur sætt nokkurri gagnrýni svo og að nú má sjá að annars staðar á Norðurlöndum er ekki farið inn á slíkar brautir. Hins vegar er því haldið, að sambúð foreldra feli í nokkru rýmra mæli í sér faðernisviðurkenningu en eftir núgildandi reglum, sem þó hafa til skamms tíma verið rýmri hér á landi í því efni en löggjöf í nágrannalöndunum.

Svo sem áður er getið hefur tvívegis komið til þess, að mælt væri fyrir frv. til barnalaga í þinginu. Ekki er ástæða til að endurtaka ýmsar ábendingar sem við þau tækifæri hafa verið gefnar um innihald og markmið frv. Þó er nauðsynlegt að undirstrika enn höfuðsjónarmið og vekja athygli á einstökum atriðum, sem ýmist eru ný eða hafa sætt aukinni útlistun í grg. til skilningsauka á nýjum viðhorfum.

Svo sem áður hefur verið lýst og ítarlegar er skýrt frá í grg. byggist núgildandi löggjöf um réttarstöðu barna enn að höfuðstofni til á norrænu lagasamstarfi eftir síðustu aldamót. Var gripið til þeirrar nýsmíðar sem fyrirmyndar er samþykkt hafði verið þál. á Alþingi 1917 um endurnýjun löggjafar á þessu sviði. Sú lagavinna hafði verið mjög vönduð og markað tímamót á öllum Norðurlöndum. Verður ekki annað sagt en að löggjöfin hafi reynst hin traustasta smíð, einnig hér á landi, en hún er mótuð í tvennum lögum: um afstöðu foreldra til skilgetinna barna og um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna. Engan þarf að undra þótt löggjöf, sem nálgast að verða 60 ára gömul, þarfnist töluverðrar endurnýjunar. Svo miklar breytingar hafa orðið í þjóðlífi og þjóðfélagsháttum á áratugunum eftir tvennar heimsstyrjaldir, ekki síst í íslensku þjóðfélagi. Má e. t. v. þrátt fyrir allt líta á það sem staðfestingu á stöðugleika hinnar íslensku þjóðfélagsgerðar og raunsæi hinnar gömlu löggjafar, að segja má að höfuðsjónarmiðum hennar sé ekki raskað með hinu nýja frv.

Ég mun nú geta nokkurra höfuðatriða í nýmælum frv.

Það er þá fyrst sú bygging frv. sjálfs að fjalla í einum lagabálki og — eftir því sem kostur hefur verið talinn — samtímis um óskilgetin börn og skilgetin. Hins vegar er ekki hróflað við reglunni um sjálfkrafa löglíkur fyrir faðerni eiginmanns að barni eiginkonu, hinni svokölluðu „Pater est" reglu, þ. e. „Pater est quem nuptiae demonstant." Hins vegar er í frv. nokkuð slakað á um kröfur á andsönnun gegn faðerni eiginmanns að barni, sem samkv. gildandi lögum er hafnað nema heita megi alls útilokað að eiginmaður sé faðir barnsins. Er þessi breyting gerð að norrænni fyrirmynd. Á hinn bóginn varð samkv. till. um lagareglur í upphafi frv. nokkur hópur barna skoðaður skilgetinn að lögum sem samkv. núgildandi lagareglum eru óskilgetinn. Er þar um að ræða nokkurn hluta þeirra barna sem fædd eru eftir tilteknum greinimörkum í eða fyrir óvígða sambúð foreldra þeirra. Þegar eftir lögunum um óskilgetin börn frá 1921 gilti sú regla, að tiltekin óvígð sambúð karls og konu jafngilti faðernisjátningu að barni er konan átti meðan sambúðin stóð. Líklegt var að ekki yrðu allir sammála um þessa nýju reglu um útvíkkun hugtaksins „skilgetið barn", og hafa þau ákvæði verið felld niður, eins og áður var sagt. Ég vil þó vekja athygli á því, að sú regla kom að hluta til inn í löggjöfina við endurnýjun laganna um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna frá árinu 1947. Upp í 2. gr. þeirra laga, sem enn eru í gildi, var tekin sú regla, að þegar foreldrar óskilgetins barns ganga í hjúskap síðar skal barnið talið skilgetið upp frá því.

Í því sambandi eru sérstaklega athyglisverðar upplýsingar í grg. frv. 1979. Var þar skýrt frá tölfræðilegri könnun sem birt er í Hagtíðindum 1978 og gerð var af Guðna Baldurssyni cand. oecon. og veitir m. a. upplýsingar um fjölskyldustöðu barna fæddra 1970 við fæðingu og síðar við upphaf hvers aldursárs fram til 1. des. 1975. Kemur þar fram að ferill barnanna breytist að hundraðshluta til á þessum fimm árum þannig, að óskilgetin töldust við fæðingu 30%, en að fimm árum liðnum töldust aðeins 13% óskilgetin vegna hjúskaparstofnunar foreldranna á tímabilinu. Felast í þessu hinar athyglisverðustu upplýsingar um hina íslensku fjölskyldugerð. Í þessu sambandi hefði hin nýja víkkun hugtaksins „skilgetið barn" ekki valdið mikilli breytingu að hundraðshluta til. Vandamál í þessu efni voru fyrst og fremst að finna traust greinimörk um hvað sé óvígð sambúð með þeirri lagaverkun sem samkv. frv. var ætlað að færa nokkrum fjölda barna stöðu skilgetins barns.

Það er eitt af einkennum frv., að reynt er að láta í sem flestum efnum reglur um forsjá og framfærslu vera hinar sömu og ákvæðið um þær í einu lagi um skilgetin og óskilgetin börn. Þessu fylgir jafnframt að föður óskilgetins barns er ætlaður mun meiri réttur og skyldur bæði um forsjá og umgengni heldur en eftir gildandi lögum. Í ýmsum efnum eru í frv. ítarlegri reglur en í gildandi lögum um úrlausn vandamála í sambandi við stöðu barna við samvistarslit foreldra, hvort heldur eftir hjúskap eða óvígða sambúð.

Í sambandi við framfærslu barna er sú breyting, sem ráðgerð er í frv., væntanlega veigamest að hækka framfærslualdur barna í 18 ár úr 17 árum, sem verið hefur frá árslokum 1971, en þar áður 16. Yrði framværslualdur og skyldur þar með færð að sama aldursmarki og á öðrum Norðurlöndum. En 18 ára markið hefur lengi verið þar hið sama, bæði um sjálfræðis- og framfærslualdur. Ekki er ætlað að hrófla með þessu frv. hinu hefðbundna aldagamla sjálfræðismarki við 16 ára aldur hér á landi.

Taka verður fram að ekki er með þessu lagafrv. farið inn á svið almannatrygginga um að ákveða hækkun aldursmarks um greiðslu framfærslueyris vegna barna samkv. almannatryggingalögum. Ætla verður að slík breyting hljóti að koma til umr. ef lögfest verður þessi hækkun framfærslualdurs.

Það er augljóst, að ekki er horfið að þessari hækkun aldursmarks eingöngu til samræmis við lagaákvæði í nágrannalöndum. Hér ráða fyrst og fremst breytingar á þjóðfélagi okkar. Skólaganga barna og unglinga lengist jafnt og þétt og börn dveljast af þeim sökum lengur en áður hjá foreldri, þrátt fyrir gamlar hefðir um að menn fari ungir út á vinnumarkað. Önnur ákvæði í frv. veita heimild til framlengingar á framfærsluskyldu allt til 24 ára aldurs vegna námsástæðna eða starfsþjálfunar. Hafa verður í huga að hér er um undantekningarákvæði að ræða sem færu eftir fjölskylduaðstæðum og efnahag.

Geta verður í sambandi við framfærslu barna rýmri heimildar til greiðslu framfærslueyris af almannafé er ekki hefur fengist feðrun á barni. Um þetta efni munu nú einnig fyrirhugaðar tillögur um lagabreytingar á vegum heilbr.- og trmrn.

Jafnstaða er betur mörkuð en áður um meðlagsskyldu kvenna sem karla vegna barna sem ekki eru á vegum þess aðila sem í hlut á. Miklu ítarlegri ákvæði eru í frv. en í gildandi lögum um meðferð barnsfaðernismála og mála um vefengingu faðernis. Fer þar að vonum vegna mikið bættra möguleika á ætternisákvörðun vegna mikilla framfara í vísindum á þessu sviði. Þó má benda á að í VIII. kafla frv., um foreldraskyldur, forsjá barns og umgengnisrétt, eru miklu ítarlegri ákvæði en í gildandi löggjöf og áhersla lögð á rétt barnsins fremur en rétt foreldris og orðafar í samræmi við það, forsjá nefnd í stað foreldravalds.

Ég tel ekki ástæðu til að ræða réttarfarsreglur frv., en tel rétt að vekja athygli á einu mjög mikilvægu atriði í því sambandi sem varðar lögsögu íslenskra dómstóla. Varðar það heimild þeim til handa til að fjalla um slík mál ef móðir barns eða barnið sjálft á lögheimili hér á landi. Er það mjög mikilsverð réttarbót sem þegar er komin inn í löggjöf annarra Norðurlanda.

Ég vil að endingu vekja athygli á hugleiðingum í tveimur fskj. með grg. frv. Þau varða atriði sem ekki hefur þótt tímabært að taka inn í frv. Í fyrra fskj. má nefna ábendingar um nýjar lagareglur í nokkrum löndum sem heimila sameiginlega forsjá skilinna foreldra fyrir barni þeirra. Í síðari fskj. er gerð grein fyrir hugmyndum um að stofna til starfa eða til starfs umboðsmanns barnanna. Hafa hugmyndir um það efni komið fram í ýmsum löndum og tillaga um það efni m. a. gerð í nýrri norskri greinargerð um lagasetningu sem ekki hefur þó enn verið lögð fyrir norska þingið.

Ég vil að lokum ítreka að lagafrv. hefur að geyma mörg mikilsverð nýmæli sem brýnt er að verði lögfest, en ekki er síður nauðsyn að frv. í heild fái nú endanlega meðferð í þinginu. Er það von mín, að allir þeir aðilar, sem þingnefndir leita til, muni leggja hönd að því, að málið megi fá lokaafgreiðslu á þessu þingi.

Ég vil svo óska þess, herra forseti, að málinu verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég mun ekki flytja langt mál um þetta viðamikla frv. sem hér hefur verið lagt fram og hæstv. ráðh. flutti framsögu fyrir rétt áðan. Ég fagna því, að þetta frv. hefur komið fram nú á þessu þingi og það virðist nú vera sett fram með þeim ásetningi, að frv. geti orðið að lögum á yfirstandandi þingi. Frv. var aðeins rætt á síðasta þingi og þar kom fram hjá hæstv. ráðh. að sifjalaganefndin hefði viljað hafa málið um nokkurt skeið hjá sér til frekari athugunar, og í frv. kemur fram að örfáar breytingar hafa verið gerðar frá fyrri gerðum frv. Hæstv. ráðh. gerði síðan ítarlega grein fyrir efni frv. í sinni ræðu og er litlu eða engu við það að bæta. Í frv. eru ýmsar réttarbætur samkv. nýjum hugmyndum þar sem litið er á börn fyrst og fremst sem einstaklinga með sín réttindi, en ekki sem „eign" foreldra sinna, eins og hefur bryddað á í lögum fram til þessa. Og nota ég þá orðið „eign" innan gæsalappa.

Hv. allshn. fær nokkurn tíma til þess að fjalla um þetta viðamikla frv., enda er gildistakan í frv. ákveðin 1. jan. 1982. Það er eðlilegt að n. fái nokkurt tækifæri til þess að átta sig á aðalatriðum málsins og senda frv. út til umsagnar, þannig að ný viðhorf gætu komið fram umfram þau sem þegar liggja fyrir. Ég mun sem aðili að þeirri hv. n. reyna að gera mitt besta til þess að afgreiðsla hv. n. verði vönduð og hröð og að í umsögnum og umræðum í n. verði jafnframt fjallað um þau atriði sem koma fram í fskj. með frv. og hæstv. ráðh. minntist á í framsöguræðu.

Rétt áður en ég kom hér inn í þingsalinn og áður en þinghald hófst í dag var ég spurður af umsjónarmanni með barnaþætti í útvarpinu, unglingi, hvort börn hefðu

verið spurð eitthvað um efni þessa frv. Ég varð að viðurkenna að ég héldi að þau hefðu ekki verið spurð um efni frv. En ég svaraði því til, að eflaust væri hægt að bæta úr því með því að kalla börn til skrafs og ráðagerða hjá hv. n. og taka þannig enn ný skref í þeirri réttindabaráttu sem mikið var til umr. á síðasta ári sem kallað var barnaár. Það getur nefnilega verið að það sé ástæða til þess fyrir okkur fullorðna fólkið, sem höfum kosningarrétt í landinu, að spyrja það fólk, jafnvel þótt ungt sé, hvernig því líki ýmis atriði í viðkomandi löggjöf.

Þetta frv., sem hér er til umr. og hefur verið lagt fram, fjallar um réttarstöðu einstaklinga, réttarstöðu barna sem búa hjá einstökum foreldrum, ekki hjá foreldrum báðum, réttarstöðu barna þar sem foreldrar hafa skilið. Mér finnst vera full ástæða til þess, þótt eflaust þyki ýmsum það broslegt, að þm. kalli til skrafs og ráðagerða aðila, sem þekkja af eigin raun þessi mál, og fái hjá þeim hugmyndir sem gætu verið til bóta.

Það hefur verið þannig, að löggjafinn —(Gripið fram í.) — Já, það er rétt, sem kemur fram hjá hv. þm., að fullorðna fólkið þekkir það. En mér finnst vera ástæða til þess að spyrja börn, sem þurfa í dag að lifa við þær aðstæður sem þetta frv. fjallar um, hvernig þeim líki efni frv. Þetta vildi ég láta koma fram, auk þess sem mér finnst þessi spurning forráðamanns barnaþáttarins í útvarpinu vera ágæt. Og ég vil gjarnan leggja þá spurningu fyrir hæstv. dómsmrh., þannig að því fáist svarað, hvort börn hafi verið spurð um efni frv. og hvernig að því hafi verið staðið, hafi verið um slíkt að ræða.

Og að allra síðustu, þá hjó ég eftir því hjá hæstv. ráðh., að hann talaði um jafnstöðu, sem er hugtak sem talsvert gætir í íslenskunni nú á dögum, en ég vil eindregið mælast til þess, að í því orðasambandi, sem þar var notað, sé talað um jafna skyldu, en ekki jafnstöðu, sem er markmið sem ég tel enga leið vera að ná.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Út af ræðu hv. 10. þm. Reykv. vil ég taka fram, að ég þakka honum fyrir vinsamleg ummæli um þetta frv. Ég veit að af hans hálfu og annarra nm. verður þetta frv. vandlega skoðað og athugað. Það er rétt hjá honum, að þetta frv. er samið af sifjalaganefnd, sem er ein af fastanefndum dómsmrn. um löggjafarmálefni, og ég get getið þess, hverjir eiga sæti í þeirri nefnd, því það er valinkunnugt sæmdarfólk. Það er dr. Ármann Snævarr hæstaréttardómari, formaður, frú Auður Auðuns fyrrv. dómsmrh., Baldur Möller ráðuneytisstjóri og frú Guðrún Erlendsdóttir dósent. Ég hygg því að það hafi verið vel vandað til samningar þessa frv. Mér er ekki kunnugt í einstökum atriðum hvaða aðilar hafa verið kallaðar fyrir nefndina meðan hún sat við samningu frv. Hitt vona ég og veit, að sú n., sem fær þetta mál til umfjöllunar hér, mun kveðja á sinn fund ýmsa aðila, m. a. börn, eins og hv. síðasti ræðumaður nefndi, og það finnst mér athyglisvert.

Ég hef þessi orð ekki fleiri en vænti þess aðeins — (Gripið fram í. — **Forseti:** Nei, það má ekki. Það er ekki leyft að gera aths. úr sæti.) Ég ætla þá að leyfa mér að ljúka máli mínu. Ég vonast til þess, að hv. n., sem fær þetta frv. til meðferðar, athugi það vandlega og af gaumgæfni og með nægum hraða til þess að unnt sé að samþykkja það sem lög a. m. k. fyrir þinglok.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vona að í framtíðinni gegni forseti forsetaskyldum sínum á þann hátt sem hann virðist ætla að gera nú þetta kjörtímabil eða þetta þing. Hingað til hefur mönnum leyfst að grípa fram í fyrir ræðumanni án þess að biðja viðkomandi ræðumann heimildar til að skjóta inn í fsp. í stuttu máli.

Ástæðan til þess, að ég kem hér upp, er sú, að ég gat ekki komið fsp. minni fram við ráðh., sem hefði verið mjög stutt. En úr því ég er hingað kominn vil ég taka fram, að ég sé enga ástæðu til þess að hafa áhyggjur af því, að börn eða barnalegt fólk fái ekki að fjalla um þetta frv. Það er nóg til af slíku í þinginu sjálfu.

Ég veit ekki hvar fólk hættir að vera börn eða á hvaða aldri hægt er að segja að einstaklingurinn hætti að vera barn. Í 17. gr. frv. segir svo, með leyfi forseta:

„Framfærsluskyldu lýkur er barn verður 18 ára. Skyldu til greiðslu meðlags lýkur fyrir þann tíma, ef barn giftist, nema valdsmaður ákveði annað. Framlag til menntunar eða starfsþjálfunar barns er heimilt að ákveða allt til þess, er barn nær 24 ára aldri."

Mér er spurn: Hvenær hættir einstaklingurinn að vera barn? Hættir hann að vera barn 35 ára þegar hann má ekki lengur vera í Heimdalli? (**Gripið fram í:** Hann hættir aldrei. — **Forseti:** Hljóð á fundinum.) Ég þakka forseta fyrir að áminna þann sem greip fram í.

En þetta er ekki aðalatriðið. Spurningin, sem ég hafði hugsað mér að bera fram við hæstv. ráðh., er sú, hvort hann geti útskýrt nú hvaða brtt. — og við hvaða lög — heilbr.- og trmrn. hefur hugsað sér að gera við önnur lög sem fjalla um sama efni og hér er á dagskrá. Ég geri þessa fsp. að gefnu tilefni og kannske vegna þess að ég varð fyrir vonbrigðum með að heilbr.- og trmrn. — og þá dómsmrn. núna — skyldi ekki taka þær brtt., sem heilbr.- og trmrn. hugsanlega kemur með, inn í þessi lög. En það getur vel verið að það sé minn misskilningur, það eigi ekki heima hér. Það, sem ég á við, er að til mín hafa leitað stúlkur sem hafa lent í vissum vandræðum með að feðra sín börn, sérstaklega er þær koma frá Norðurlöndum. Ef þær koma frá kaþólskum löndum þurfa þær ekki að feðra börn sín, vegna þess að í kaþólskum löndum er blóðrannsókn og aðrar rannsóknir ekki leyfðar, þannig að íslenska ríkið borgar þá umsvifalaust meðlag og allt það, sem eðlilega er greitt með barni sem er feðrað, þó það sé ekki feðrað. Sama á við ef um ameríska faðerni er að ræða, þó faðirinn sé ekki kaþólskur. En ef stúlka kemur frá Norðurlöndum, sem eru ekki kaþólsk lönd, getur hún ekki komist inn í kerfið hér heima fyrir. Þar af leiðandi verður hún að vera ein, án meðlags frá því opinbera, og á engan rétt til eins eða neins. Hún verður að berjast áfram ein og yfirgefin af samfélaginu á sama hátt og barnsfaðirinn hefur yfirgefið hana.

Það er þetta sem ég vil fá fram hjá ráðh. og ég hefði getað lagt fyrir hann með einni lítilli spurningu, með því að biðja hann um að skýra frá þeirri brtt. sem hann boðaði að væri í vændum í þessu máli frá öðru rn. og hann talar ekki fyrir nú. En hann kynnti að sú brtt. væri væntanleg. Ef sú brtt. á heima í þessu frv., sem ég skal ekkert segja um, þá hefði ég viljað sjá hana hér með þessu frv. og viljað leggja því lið, að þessu óréttlæti verði hætt, því það líður enginn fyrir þetta kerfi nema barnið sjálft og uppeldi þess. En við skulum vera alveg jafnviss um það, að löngu áður en þessi þjóðfélagsþegn þarf að ganga úr Heimdalli verður ríkið farið að taka af honum alla skatta og skyldur. Hann kemst ekki undan neinu, þó þjóðfélagið afneiti barninu fram að ákveðnum aldri.

Ég þakka forseta fyrir það góða hljóð sem honum hefur tekist að hafa meðan ég talaði þessi orð.

Dómsrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Það má vel vera, að mörg börn séu hér í þinginu, e. t. v. 60 að tölu. Einnig má minna á þá lífsspeki, að tvisvar verður gamall maður barn.

En hv. síðasti ræðumaður spurði hvaða brtt. ég hefði átt við frá heilbr.- og trmrn. Það eru einmitt till. sem hníga í þá átt að greiða götu móður óskilgetins barns svo að hún fái sem fyrst meðlag með barni sínu. Ég fletti þskj. lauslega, en held að það frv. sé einmitt komið fram nú þegar sem 27. mál í Ed. frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 67 frá 1971, með síðari breytingum. Vona ég að hægt sé að fá fullt svar við þessari fsp. hv. þm. með því að líta á það þskj. Annars þarf ég ekki að taka fram að það er alveg sjálfsagt, að bæði ég og starfsmenn rn. mæti hjá viðkomandi n. og gefi henni allar þær upplýsingar sem við getum látið í té, ef hún óskar þess.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir það svar sem hann gaf við spurningu minni. Það eru þá lög um almannatryggingar, nr. 67 frá 1971, með síðari breytingum, sem þarf að breyta, en ekki það frv. til barnalaga sem hér er á dagskrá. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til allshn. með 25 shlj. atkv.

Söngmálastjóri og Tónskóli þjóðkirkjunnar, frv. (þskj. 6). — 1. umr.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Frv. til l. um söngmálastjóra og Tónskóla þjóðkirkjunnar, sem hér er lagt fyrir hv. Nd. á þskj. 6, var lagt fram á 102. löggjafarþingi á s. l. vori, í þinglok, en hlaut ekki umfjöllun þá. Er frv. nú lagt fram óbreytt. Frv. er í meginatriðum byggt á frv. sem samþ. var á síðasta Kirkjuþingi. Höfuðtilgangur endurnýjunar á lögum um söngmálastjóra þjóðkirkjunnar, sem sett voru árið 1941, er að fá lögfesta tilvist Tónskóla þjóðkirkjunnar sem nú um nokkur ár hefur starfað með því nafni, en á að stofni til jafnlanga sögu og embætti söngmálastjóra, þó hann bæri lengi framan af nafnið Söngskóli þjóðkirkjunnar.

Þrír ágætir menn hafa gegnt embætti söngmálstjóra á liðnum 40 áru. Frumherjinn, Sigurður Birkis söngvari, vann frábært starf við stofnun kirkjukóra og þjálfun þeirra og ekki síst söngþjáflun. Var það umsvifamikið frumherjastarf. Við starfinu tók eftir hann hinn hámenntaði tónfræðamaður, dr. Róbert A. Ottósson, sem einnig kenndi tónmenntir við guðfræðideild Háskólans og jafnframt var aflvaki á ýmsum sviðum tónlistarlífs í landinu. Ég tel engan veginn kastað rýrð á framlag þessara forvera núverandi söngmálastjóra, Hauks Guðlaugssonar, þótt vakin sé athygli á að hann hefur á þeim fáu árum, sem hann hefur gegnt starfinu, reynst slík hamhleypa og endurnýjari að frábært má telja. Er framlag hans þegar orðið til þess, að sönglíf í kirkjum hinna dreifðu byggða hefur öðlast enn nýjan þrótt. Ég vona að það verði metið og að frv. þetta fái góðar móttökur.

Ég minni á að ýmsir merkilegir kirkjulegir viðburðir eru fram undan, þótt e. t. v. þyki mönnum 1000 ára afmæli kristnitökunnar enn í nokkrum fjarska.

Ég vil leyfa mér að óska þess, herra forseti, að frv. þessu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til menntmn. með 23 shlj. atkv.

Listskreytingar opinberra bygginga, frv. (þskj. 20). — 1. umr.

Flm. (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir á þskj. 20, frv. til l. um listskreytingar opinberra bygginga, er nær samhljóða frv. sem sömu flm., þ. e. Halldór Blöndal, Ólafur G. Einarsson og ég, fluttu á síðasta þingi. En þá var nokkuð liðið á þingtímann og frv. fékk ekki afgreiðslu. Því var vísað til hv. menntmn. þessarar d. sem óskaði eftir umsögn nokkurra aðila, en þær bárust ekki fyrir þinglok og n. skilaði ekki áliti.

Frv. er því nú tekið upp að nýju. Í umr., sem um það urðu á síðasta þingi, fékk það góðar undirtektir, m. a. hæstv. menntmrh. svo og þeirra þm. sem tjáðu sig um málið.

Í lögum um skólakostnað og svo síðar í lögum um grunnskóla hafa verið heimildarákvæði um það, að verja mætti allt að 2% af áætluðum stofnkostnaði skólamannvirkis til listskreytinga. Áður en slíkt ákvæði var sett í lög, en það var 1967, höfðu ýmsar skólabyggingar verið listskreyttar með þessum hætti. Þar má t. d. nefna lágmyndir Ásmundar Sveinssonar á Austurbæjarbarnaskólanum, sem er eitt af fyrstu verkum sinnar tegundr hér á landi. Enn fremur má nefna málverk Jóhanns Briem í Laugarnesskóla, veggskreytingar Barböru Árnason í Melaskóla og mósaikmyndir Valtýs Péturssonar í kennaraháskólahúsinu við Stakkahlíð.

Þessar heimildir hafa vafalaust örvað nokkuð til listskreytinga í skólum. En hins vegar kom það í ljós þegar flutt var fsp. um málið á Alþ. í apríl s. l., sem hæstv. menntmrh. svaraði, að þessar heimildir höfðu ekki verið nýttar nema í tiltölulega fáum tilvikum og alls ekki í eins ríkum mæli og æskilegt væri.

Frv. það, sem hér er flutt, gerir ráð fyrir allmikilli breytingu á þeim lagaákvæðum sem um þetta gilda. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir skyldu í stað heimildar áður, en hundraðshluti stofnkostnaðar hins vegar gerður nokkru sveigjanlegri og talað er um 1—2% af stofnkostnaði í þessu sambandi.

Gert er ráð fyrir að þessari fjárhæð megi verja jafnt til listskreytinga utanhúss og innan, sem verði hluti af mannvirki, til listaverks sem sé hannað og byggt sem hluti af mannvirki eða til kaupa á lausum listaverkum sem komið sé fyrir í byggingunni eða á lóð hennar.

Það er gert ráð fyrir að þessi skylda nái ekki aðeins til skólabygginga eins og heimildin áður, heldur til annarra opinberra bygginga, og hvað átt er við með opinberri byggingu er nánar skilgreint í 1. gr. þessa lagafrv. Ég tek það sérstaklega fram vegna ummæla sem urðu um þetta á síðasta þingi, að hér er ekki átt við mannvirki í víðasta

skilningi þess orðs, ekki t. d. brýr eða þess háttar, heldur fyrst og fremst húsbyggingar.

Það er trú okkar, sem flytjum þetta frv., að með listskreytingu opinberra bygginga vinnist margt. Þjóðin verður ríkari af listaverkum og með því að tengja þau opinberum byggingum er þeim komið fyrir á stöðum þar sem margir fara að jafnaði um og margir geta notið þeirra. Íslenskir listamenn fá á þann hátt kærkomið tækifæri til að vinna að list sinni. Ég er í engum vafa um það, að hér er um miklu æskilegri leið að ræða heldur en svokallaða styrki hins opinbera til listamanna, enda sýnir reynslan að íslenskir listamenn, sem fengið hafa slík verkefni hafa unnið þau af alúð og samviskusemi. Slík listaverk verða áður en varir ómissandi hluti af umhverfi sínu, og fljótlega gleymast umræður um kostnað þegar menn hafa slík listaverk fyrir augunum sem hluta af daglegu umhverfi.

Í Noregi mun sú leið hafa verið farin í þessu efni að skylda opinbera aðila til að verja fjármagni í þessu skyni. Við flm. teljum að það standi fáum aðilum nær í þjóðfélaginu að ýta undir listsköpun á þennan hátt en einmitt ríki og sveitarfélögum, og því sé árangursríkast að skylda þessa aðila til að verja hluta af byggingarkostnaði til listskreytinga.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða um frv. á þessu stigi, en um það fóru fram nokkrar umr. hér í hv. d. 30. apríl s. l. þegar frv. var þá til umr.

Ég legg til að frv. verði vísað til menntmn. og 2. umr. að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til menntmn. með 21 shlj. atkv.

Grænlandssjóður, frv. (þskj. 30). — 1. umr.

Flm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér ásamt þremur öðrum þm., hv. 3. þm. Austurl., hv. 4. þm. Reykv. og hv. 4. þm. Suðurl., frv. til l. um stofnun Grænlandssjóðs. Hlutverk þessa sjóðs á að vera samkv. frv. það, að veita styrki til kynnisferða, námsdvalar, listsýninga, íþróttasýninga og annarra málefna á sviði lista, vísinda og tæknimála, er geta stuðlað að eflingu samskipta Grænlendinga og Íslendinga.

Grænland er næsti nágranni okkar, en kynni og samskipti okkar Íslendinga og Grænlendinga hafa verið sáralítil. Grænland hefur fram til síðustu ára verið að verulegu leyti lokað land, en við, sem flytjum þetta frv. og erum úr öllum fjórum þingflokkunum, teljum vera kominn tíma til þess fyrir okkur Íslendinga að sinna málefnum Grænlendinga með það í huga að styrkja, bæta og efla þá nauðsynlegu sambúð sem á að vera á milli þessara tveggja grannríkja.

Grænlendingar fengu heimastjórn 1. maí á s. l. ári. Barátta þeirra fyrir heimastjórn hófst fyrir aðeins u. þ. b. átta árum. Síðla árs 1974 var skipuð nefnd 14 stjórnmálamanna til þess að fjalla um kröfu þeirra um heimastjórn, og áttu sæti í þeirri nefnd sjö grænlenskir stjórnmálamenn og sjö danskir. Niðurstaða þeirrar nefndar var að leggja til að Grænlendingar fengju heimastjórn, og var frv. þar að lútandi lagt fyrir danska þingið og það samþykkt 17. nóv. 1978 með 124 atkv. gegn 29. Í kjölfar samþykktar þess frv. var efnt til þjóðaratkvæðagreiðslu um málið í Grænlandi og urðu úrslit þau, að 12 754 samþykktu heimastjórn en 4 705 voru andvígir henni. Þátttakan í kosningunum var, að mig minnir af fréttum, rúmlega 63%.

Fyrstu kosningar til grænlenska þingsins fóru fram í apríl á s. l. ári. Buðu fjórir stjórnmálaflokkar fram, en aðeins tveir þeirra fengu þm. kjörna. Siumut-flokkurinn fékk 13 menn kjörna, en Atassut-flokkurinn fékk átta menn kjörna. Landsstjórnin á Grænlandi er skipuð mönnum úr fyrrnefnda flokknum og eiga sæti í henni fimm menn.

Á árinu 1982 verða 1000 ár liðin frá fyrstu för Eiríks rauða til Grænlands, og finnst okkur flm. þessa frv. vera full ástæða til þess, að Íslendingar minnist þessa afmælis um leið og þeir minnast hins merka þjóðfélags Íslendinga á Grænlandi næstu aldir eftir fund landsins. Með þessu frv. erum við að leggja til að stofnað sé til stóraukinna samskipta á milli þessara tveggja þjóða. Við Íslendingar, sem erum fjórum sinnum mannfleiri þjóð og höfum haft okkar innlendu stjórn svo lengi sem raun ber vitni og höfum verið frjálst og fullvalda ríki nú í 36 ár, viljum sýna þessari litlu þjóð, sem býr við risavaxna erfiðleika í strjálbýlu og erfiðu og hrjóstugu landi, vináttu okkar og það jafnframt, að við viljum verða til þess að leggja henni lið í harðri lífsbaráttu og í þeirri viðleitni að skapa og gera innlenda stjórn þar ráðandi — og helst sem allra fyrst alls ráðandi, alveg eins og við á sínum tíma stefndum sjálfir að.

Við leggjum til að í þennan sjóð verði varið á árunum 1980, 1981 og 1982 75 millj. kr. hvert ár. En verði breyting á gengi danskrar krónu frá því að lög þessi taka gildi, þá skal framlag ríkissjóðs til sjóðsins breytast í samræmi við það. Auk þess er gert ráð fyrir að sjóðsstjórnin leiti eftir framlögum í sjóðinn frá fyrirtækjum, stofnunum, félagssamtökum og einstaklingum. Menn verða varir við stórvaxandi áhuga Íslendinga almennt á málefnum Grænlendinga. Það er því ekki fjarstæðukennt að láta sér detta í hug að félagasamtök, fyrirtæki og stofnanir muni verða til þess að styrkja þennan sjóð. Við leggjum jafnframt til að til styrkveitinga verði varið $^{9}/_{10}$ hlutum vaxtatekna og að stofnfé sjóðsins verði ekki skert. Enn fremur leggjum við til að gjafir til sjóðsins skuli að jafnaði leggjast við stofn hans, nema stjórn sjóðsins sé sammála um að verja ákveðnum gjöfum eða framlagi til einstaks verkefnis, sem hún telur að sérstaklega sé þörf fyrir.

Þá held ég að ákvæðið um það, að stjórn sjóðsins skuli kosin hlutfallskosningu á Alþ., sé í reynd heppilegasta stjórnarfyrirkomulagið, en að forsrh. skipi formann stjórnarinnar.

Margvísleg samskipti okkar við Grænlendinga hljóta að fara vaxandi. Við erum, eins og ég sagði áðan, nágrannar. Við eigum víðáttumikið hafsvæði saman og við þurfum sannarlega þar einnig á aukinni samvinnu að halda til þess að vernda lífshagsmuni okkar, fiskstofna, þegar innlendri stjórn vex ásmegin í þessu landi. Sumum kann að þykja til of mikils mælst að ráðgera þegar á þessu ári, árinu 1980, framlag til sjóðsins. Um það getur eðlilega orðið meiningarmunur. En til skýringar á því bráðlæti flm. skal ég nefna að fyrir okkur vakir það, að hægt verði að byrja styrkveitingar á árinu 1982 í tilefni af för Eiríks rauða til Grænlands. Það væri merkur áfangi að

auknum samskiptum við Grænlendinga að hefja þá styrkveitingar.

Grænlendingar hafa mikinn hug á því að halda upp á þetta 1000 ára afmæli, eins og hefur komið fram hjá bæjarstjóranum í Qaqortoq eða Julianehåb sem áður hét, sem heitir Henrik Lund. Hann hefur lagt það til í blaðaviðtali, sem hann átti við Grønlandsposten snemma á þessu ári, að þessa afmælis verði minnst með veglum hætti. Og eins og Grænlendingar leggja til að þessa afmælis sé minnst með veglegum hætti, þá held ég að það fari vel á því, að við Íslendingar minnumst þessa afmælis með þeim veglega hætti að ætla þessu frv. greiðan gang í gegnum Alþ. Hér er ekki verið að reyna að gera þetta mál að einhverju flokkspólitísku máli, því að flm. þessa máls eru þm. úr öllum flokkum.

Herra forseti. Ég legg svo til að að lokinni þessari umr. verði þessu máli vísað til allshn. og 2. umr.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég vil lýsa yfir stuðningi við þetta frv., sem mér finnst tímabært og eðlilegt að veki athygli okkar þm. Hér er um að ræða samskipti við þjóð sem við eigum að taka alvarlega.

Ég vil aðeins segja það til viðbótar við það sem hv. flm. sagði áðan, að á sviði sveitarstjórnarmála er þegar hafið nokkurt samstarf við Grænlendinga og hafa þegar byrjað nokkuð viðamikil samskipti með gagnkvæmum heimsóknum. Hafa sveitarstjórnarmenn hér á landi og á Grænlandi, m. a. fyrir tilstilli stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, þegar komið á þessum gagnkvæmu heimsóknum og hefur verið reynt með nokkrum árangri að koma á samstarfi og styrkja upplýsingaöflun héðan til Grænlendinga almennt. Það hefur einnig verið áformað hjá Sambandi ísl. sveitarfélaga að auka þetta samstarf á flestum sviðum eftir því sem hægt er við að koma.

Mér finnst rétt að láta þetta koma fram við þessa umr. því að þetta eru samskipti sem ég tel mikilvæg og eigi að auka og efla. Það má minnast á það hér einnig í leiðinni, að vinabæjasamskipti eru þegar hafin og þar hafa Akureyringar haft visst frumkvæði.

Ég vildi aðeins koma hér til að lýsa stuðningi við þetta frv. og vænti þess, að Íslendingar almennt skilji nauðsyn þess að efla samstarf og samskipti við þessa ágætu granna okkar á sem flestum sviðum, báðum þjóðunum til góðs ef rétt verður á málum haldið.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég kem hingað til þess að lýsa yfir stuðningi mínum við þá meginhugsun sem kemur fram í þessu framlagða frv. Mig langar hins vegar að minnast á nokkur atriði sem ég gæti haft efasemdir um og er þá fyrst til að taka nafn sjóðsins. Ég sé raunar í grg. að tekið er fram að Íslendingum sé ekki síður fengur en Grænlendingum að gagnkvæmum kynnum, en það finnst mér nafn sjóðsins ekki gefa nægilega til kynna, því að tæplega verður grg. lesin almennt.

Ég vil nefnilega ítreka það, að ég held að Íslendingar eigi ekki síður þó nokkuð til Grænlendinga að sækja — og reyndar heimurinn allur, hinn svokallaði siðmenntaði heimur — heldur en Grænlendingar til Íslendinga, því að Grænlendingar eru stolt þjóð og eiga sér merkilega menningu, og ég held að við eigum ekki að leggja þetta mál upp eins og við séum þeir sem gefa skuli, þó að við getum ýmislegt gert. Og auðvitað getum við stofnað svona sjóð. Peningarnir, sem í hann skal leggja, eru ekki svo miklir að ég eigi von á miklu gagni af þeim. Það, sem ég óttast, er að úr þessu yrðu gagnkvæmar heimsóknir sveitarstjórnarmanna og þingmanna og endalaus kaffidrykkja um framtíð Grænlands. Ég hef séð allt of mikið af slíkum samskiptum milli landa og þjóða og held að Grænlendingar þurfi annars og meira með og vilji og hafi meiri metnað en það. Ég held að við ættum að einbeita okkur — og þá sérstaklega í samráði við Grænlendinga sjálfa — að ýmsum viðfangsefnum þar sem við getum komið að gangi. — Ef þingmenn vildu gjöra svo vel að hlýða á mál mitt nokkurn veginn þegjandi, þá á ég t. d. við það, að Grænlendinga vantar mjög iðnmenntað fólk, verkmenntað fólk. Íslendingar eiga þó nokkuð góða iðnskóla. Ég held að það væri mjög gagnlegt að bjóða Grænlendingum verkmenntun ákveðins fjölda manna úr þeirra landi. Það væri praktískt viðfangsefni sem við gætum verið hjálpleg við.

Ég held líka að við getum boðið fram töluverða aðstoð Grænlendingum til handa við verndun tungu sinnar, sem ég held að þeim sé afskaplega mikilvæg. Íslendingar geta talað þar af nokkurri reynslu og fræðimenn okkar gætu þar komið að gagni.

Ég veit ekki hvort ástæða er til að fara út í hin stærri málin, sem ég held að Grænlendingar og Íslendingar hljóti að þurfa að ræða á komandi árum. Þá á ég við mál sem snerta e. t. v. ekki bara Grænland og Ísland og önnur Norðurlönd, heldur kannske heimsbyggð alla, svo sem friðlýsing Norður-Atlantshafsins. Ég held nefnilega að það sé alveg óhjákvæmilegt, að þessar þjóðir eigi eftir að ræðast við um framtíð beggja þjóðanna og þess vegna sé óþarft að taka fram, að við ættum að hafa samskipti við þá. Ég held að við munum gera það.

En þrátt fyrir þessar athugasemdir fagna ég þessu frv. Ég tel að Íslendingar hafi vanrækt samskipti sín við Grænland, og ég fagna öllu því sem verður til þess að hvetja til nánari samskipta. En ég vil leggja á það áherslu, að þar eigum við að mæta Grænlendingum á jafnréttisgrundvelli. Þeir hafa ekkert minna til okkar mála að leggja en við til þeirra. Og ég held að báðar þjóðirnar geti haft gagn af meiri kynnum.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég vil aðeins fylkja mér í sveit þeirra sem styðja það frv. sem hér er til umr. Þetta frv. og umr. um það leiða hins vegar hugann að ýmsum skyldum málum. Það eru þau mál sem snúa að samskiptum Íslendinga við nágranna sína og frændur sem búa á hinum svonefndu jaðarsvæðum í hinu norræna samfélagi.

Mönnum er að verða það æ ljósara, að vegna samskipta þessara jaðarsvæða við stóru menningarsamfélögin hefur menningu þessara þjóða, þessara smáhópa, verið stefnt í voða. Ég vil aðeins í þessu sambandi, til að lengja ekki umræður um þetta mál, fjalla örlítið um samskipti okkar t. d. við Færeyinga. Ég held að áhugaleysi okkar Íslendinga á samskiptum við þessa frændur okkar í Norður-Atlantshafi sé Íslendingum nánast til skammar. Þessi samskipti hafa verið sáralítil og líklega vegna þess að við höfum trúað Dönum fyrir sáluhjálp Færeyinga. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar, að það væri orðið tímabært að koma á fót samstarfsnefnd Færeyinga og Íslendinga, sem starfaði allt árið, m. a. í þeim tilgangi að fjalla um fiskveiðimál og önnur mál af svipuðum toga. Á sama hátt vil ég víkja að sambandi okkar og aðstoð við þær þjóðir sem minna mega sín og eru undirokaðar í þessum heimi okkar. Ég vil minna á það,

að enn þá hafa Íslendingar ekki náð því marki að greiða einn hundraðshluta eða 1% til þróunarhjálpar Sameinuðu þjóðanna. Þetta er auðvitað þessari þjóð, sem alltaf hælir sér af miklum dugnaði, lífsgæðum á hæsta stigi, til háborinnar skammar. Væri nú vel að þetta þing beindi kröftum sínum í þá veru að auka framlag Íslendinga til þróunaraðstoðar. Á því höfum við mikil og góð efni.

Ég vildi eingöngu nefna þessi mál vegna þess að skoðun mín er staðfastlega sú, að við höfum vanrækt á undanförnum árum samskipti okkar við þær þjóðir sem standa okkur næst, þjóðir eins og Færeyinga, þjóðir eins og Grænlendinga, sem hafa vissulega átt undir högg að sækja vegna þess að þetta hafa verið nýlendur Dana. Ég held að það væri mjög mikils virði, ef hér á hinu háa Alþingi hæfust umræður um stöðu þessara þjóða gagnvart okkur og stöðu okkar gagnvart þeim, hvað við getum gert t. d. til þess að efla atvinnuvegi á Grænlandi, eins og hv. þm. nefndi áðan, og einnig til þess að vernda hina dýrmætu og mikilvægu menningu þessara þjóða sem búa í næsta nágrenni við okkur.

Ég vildi eingöngu minnast á þetta í sambandi við það frv. sem hér er til umr. Þetta er í áttina að því starfi sem þessi ágæta samkunda á að vinna. Þess vegna fagna ég framkomu þessa frv. og allri þeirri umræðu sem fram gæti farið um það og mál af svipuðum toga spunnin.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég stend upp til þess að lýsa yfir stuðningi mínum við þetta frv. og vil óska þess, að það geti fengið fljóta og greiða afgreiðslu gegnum þingið.

Ég skildi ekki hvað fyrir hv. 8. landsk. þm. vakti þegar hann var að brýna fyrir okkur í þessu sambandi að við ættum að mæta Grænlendingum á jafnréttisgrundvelli, því ég sé nú raunar ekkert í þessu frv. sem stangast á við það.

Þar sem þessi hv. þm. er rauðsokka, þá má kannske minnast á það, að fyrir rúmum 100 árum var íslenskt skáld á ferðalagi í Danmörku, sem sagði við heimkomuna:

„Komir þú á Grænlands grund,
ef gjörir ferð svo langa,
þér mun ég kenna að þekkja sprund,
sem þar á buxum ganga."

Ég held því að við höfum snemma lært það, að við getum ýmislegt lært af Grænlendingum. Ég hélt að þessi hv. þm. hefði kannske gert það öðrum fremur í þessum þingsal. Sem sagt, ég ítreka það, að ég óska eftir, að þetta frv. fái góða og skjóta afgreiðslu, og get ekki annað séð en það svari þeim tilgangi sem til er ætlast af flm., að stuðla að betri kynnum og samskiptum þessara tveggja þjóða um leið og undirstrikað er að þessi nánari samskipti yrðu báðum til hags, bæði á sviði menningar- og efnahagsmála.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð vegna þess að hv. 1. þm. Vestf., 1. flm. þessa frv., kom hér inn á öll meginatriðin og þau atriði sem máli skipta. Þar ofan á bættist framlag hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur, sem minntist aðeins á atriði sem þyrfti að leggja meiri áherslu á.

Ég vil aðeins segja það,að eins og við vitum hefur verið í mörg ár nokkuð mikið talað um það, að við þurfum að efla samskipti við Grænland. En það hefur aðeins verið talað og lítið gert. Ef við ætlum okkur eitthvað — ef við meinum eitthvað með þessu tali öllu saman, þá er ljóst að til þess þarf nokkurt fé, og til að afla þess eru auðvitað ýmsar leiðir. Stofnun Grænlandssjóðs er ein af þeim leiðum sem færar eru til þess að nálgast þetta markmið.

Ég vil aðeins geta þess, vegna orða hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur, þar sem hún minntist á iðnmenntun og verkmenntun, að ég lít svo á, að þessi atriði séu fólgin í 2. gr. frv., þar sem talað er um að veita styrki til kynnisferða, námsdvalar, vísinda og tæknimála. Ég tel að öll þau atriði, sem hv. þm. Guðrún Helgadóttir nefndi, séu þarna í raun. Það á auðvitað eftir að semja reglugerð og fylla nánar út í þennan ramma, en ég tel að þetta sé allt þarna inni og ekki síst þau atriði hafi verið höfð í huga þegar þetta var lagt fram.

Ég vil að lokum aðeins segja það, að ég treysti því, að hv. dm. leggi þessu máli lið. Þetta er engin endanleg frambúðarlausn, en þetta er veigamikið skref í áttina og sú byrjun sem ég tel að þurfi að koma nú.

Flm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég vil þakka hv. þm. fyrir góðar undirtektir við þetta frv., og ég tek undir þau orð, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, 4. þm. Suðurl., að þetta frv. er aðeins áfangi að því sem við stefnum að. Um það má auðvitað deila, hvort hér er farið nógu róttækt af stað. En ég tel fyrir mitt leyti að það sé betra að stíga hægum og ákveðnum skrefum af stað í þessum málum, það má þá síðar bæta við og efla. Á móti því hefur enginn. En aðalatriði málsins er að byrja með raunhæfum hætti.

Varðandi nafnið á sjóðnum, þá geta alltaf verið um það skiptar skoðanir. En þessi sjóður er auðvitað fyrst og fremst og eingöngu hugsaður sem aðstoð við Grænlendinga, en ekki til þess að fara í skemmtiferðir með Íslendinga til Grænlands og gefa þeim þar kaffi eða jafnvel eitthvað sterkara. Ég vil taka þetta fram til þess að fyrirbyggja allan misskilning. Hér er fyrst og fremst og eingöngu verið að stofna sjóð til þess að stuðla að betri og nánari sambúð og samvinnu við grænlensku þjóðina, sem í framkvæmd má svo alltaf, hvenær sem er, taka til frekari endurskoðunar og bæta þar við, en ekki draga úr.

Ég hef um langan tíma verið þeirrar skoðunar, að við Íslendingar höfum gert allt of lítið að því að auka tengsl og vináttu og samstarf sérstaklega við tvær nágrannaþjóðir okkar, Grænlendinga og Færeyinga, og ég er innilegur talsmaður þess að auka verulega tengsl við báðar þessar þjóðir. Ég hef reynt að leggja mitt litla framlag til þess að auka tengls við Færeyinga, en ég ætla ekki að líkja saman hvernig þeir standa í lífsbaráttunni á móti Grænlendingum, svo að þó æskilegt væri að sýna þeim enn meiri vináttu en við höfum gert, þá held ég að þetta mál sé forgangsverkefni á þessu stigi.

Ég vænti því að þetta mál fái góðar undirtektir og að hæstv. ríkisstj. sé sammála um að stíga þetta skref.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Skipan opinberra framkvæmda, frv. (þskj. 21). — 1. umr.

Flm. (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Við tveir þm., ég og hv. 10. þm. Reykv. Friðrik Sophusson, höfum flutt á þskj. 21 að nýju frv. sem við fluttum á síðasta þingi, en það er frv. til l. um breyt. á lögum nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda.

Þegar lögin um skipan opinberra framkvæmda voru sett árið 1970, þá fólust í þeim nokkur nýmæli. Í 13. gr. þeirra laga voru m. a. sett ákvæði um að verk skyldu að jafnaði unnin samkv. tilboði á grundvelli útboðs. Síðan kom undantekningarákvæði um að heimilt væri að víkja frá útboði ef verk væri þess eðlis eða aðstæður slíkar að öðru leyti að útboð teldust ekki mundu gefa góða raun. En þá þarf undir slíkum kringumstæðum umsögn samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir. Þetta ákvæði er mjög skýrt að því leyti, að meginreglan átti að vera sú, að opinberar framkvæmdir skyldu unnar samkv. útboði að undangengnu tilboði. Þetta má einnig sjá með því að kynna sér grg., sem fylgdi þessu frv. á sínum tíma, og ræður, sem fluttar voru hér á hv. Alþ. þegar þetta frv. var til afgreiðslu. En í reynd hefur framkvæmd þessa orðið allmjög á annan veg.

Áður en við flm. fluttum þetta frv. á síðasta þingi flutti ég fsp. til hæstv. samgrh. um útboð verklegra framkvæmda hjá nokkrum ríkisstofnunum. Svaraði hann þessari fsp. í hv. Sþ. Þar kom fram að því fer fjarri, að þessari meginreglu laganna hafi verið fylgt, og það mun frekar vera regla en hitt hjá ýmsum ríkisstofnunum, að þær framkvæmi sjálfar verk sín, en láti ekki útboð fram fara eins og meginreglan átti þó að vera. Þannig kom það t. d. fram, að hjá Vegagerð ríkisins voru árið 1978 aðeins 11% af framkvæmdum, miðað við kostnað þeirra, boðin út, og árið 1979 aðeins um 12% af framkvæmdum Vegagerðar ríkisins. Hjá Hafnamálastofnun var þetta hlutfall árið 1978 14.7%, en árið 1979 14.6%. Hjá Flugmálastjórn unnu verktakar 13% af verkefnum við flugvallargerð árið 1978 og 24% árið 1979.

Það kom fram hjá hæstv. samgrh. þegar hann svaraði fsp. þessari, að ástæðan fyrir því, að útboð færi ekki fram, væri sú, að 3. mgr. 21. gr. laganna um skipan opinberra framkvæmda væri túlkuð á þann veg, að útboð þyrftu ekki að fara fram, en í þeirri grein segir að heimilt sé að fela einstökum ríkisstofnunum umsjón nánar skilgreindra flokka opinberra framkvæmda, enda hafi þessar stofnanir aðstöðu til að annast þetta verkefni.

Það hefur komið í ljós, að viðkomandi ráðuneyti hafa í mjög ríkum mæli heimilað ríkisstofnunum að framkvæma sjálfar þessi verk án útboðs. Ég verð að segja að það er mjög frjálsleg túlkun laganna sem beitt hefur verið í ráðuneytum um þetta efni, því að lagagreinin, eins og hún er orðuð, felur aðeins í sér að heimilt sé að fela einstökum ríkisstofnunum umsjón nánar tilgreindra framkvæmda. En hvergi er þess getið, að í henni felist undanþága frá þeirri meginreglu laganna að útboð eigi að jafnaði að fara fram. Ég lít svo á að þetta sé fyrst og fremst undantekningarákvæði, en ekki meginregla eins og hún hefur verið framkvæmd hjá viðkomandi ríkisstofnunum.

Til þess að taka af öll tvímæli um þetta efni höfum við flm. flutt þetta frv., þar sem tekin eru af öll tvímæli um það, að þó heimilt sé að fela einstökum ríkisstofnunum umsjón nánar skilgreindra flokka, þá skuli það engu að síður vera meginregla að unnið sé samkv. tilboði á grundvelli útboðs.

Ég held að reynslan hafi sýnt það hjá þeim opinberum stofnunum, sem haft hafa útboðsregluna sem meginreglu, en það eru fyrst og fremst stofnanir á vegum sveitarfélaga, að hún hafi reynst mjög vel og hún hafi haft það í för mér sér, að verk hafi undir mjög mörgum kringumstæðum reynst mun ódýrari heldur en ef stofnanirnar ynnu þetta sjálfar. Það er ótrúlegur munur á því, hversu há tilboð berast í hin einstöku verk, bæði smá og stór, t. d. hjá Reykjavíkurborg, þar sem ég þekki vel til, eða á vegum Landsvirkjunar, þar sem ég þekki einnig til. Og það er líka ótrúlegur munur á því, hversu tilboð eru oft lægri heldur en kostnaðaráætlanir viðkomandi stofnana, sem teknar eru til viðmiðunar þegar verið er að fjalla um tilboðin. Ástæðan er sú, að það stendur misjafnlega á hjá fyrirtækjum. Fyrirtæki geta tekið að sér verk með ódýrari hætti, t. d. þegar verkefnaskortur er hjá þeim, þau eiga vélar, sem eru afskrifaðar að meira eða minna leyti, og þar fram eftir götunum og geta því tekið að sér verk fyrir mun lægri verð en áætlanir segja fyrir um, — þær áætlanir sem viðkomandi ríkisstofnanir þá væntanlega vinna eftir.

Því hefur verið haldið fram, að erfitt sé að beita útboðsreglunni t. d. úti á landi þar sem verk eru fyrst og fremst unnin af heimamönnum, og hætta sé á að það séu þá fyrst og fremst fyrirtæki í Reykjavík sem gleypi þann markað og bægi þá heimamönnum frá þessum verkum. Ég held að þetta sé mikill misskilningur. Það er hægt að haga útboðum þannig, að verk, t. d. við vegagerð, séu tekin í hæfilegum áföngum, þannig að heimamenn eigi auðvelt með að nýta þær vélar og tæki, sem þeir eiga, til þess að taka þátt í slíkum útboðum. A. m. k. hefur reynslan verið sú t. d. á Suðurlandi í sambandi við virkjunarframkvæmdir, að útboðin hafa einmitt örvað fyrirtæki, sem starfa í Rangárvallasýslu t. d., til þess að taka þátt í tilboðum og örvað menn til að stofna slík fyrirtæki.

Þess vegna teljum við, sem flytjum þetta frv., að það eigi að snúa við af þeirri braut, sem hefur verið meginreglan undanfarin ár, að ríkisfyrirtæki framkvæmi sjálf sín verk, og að taka eigi upp útboð í mun ríkari mæli en gert hefur verið hingað til.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði þessu frv. vísað til 2. umr. og fjh.- og viðskn.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að taka undir og lýsa yfir stuðningi mínum við það frv. sem liggur hér til umr., frv. til l. um breyt. á l. nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda. En ég vil ganga lengra. Ég flutti fyrir nokkrum árum — ég man nú ekki upp á dag hvenær það var — brtt. varðandi tvær ríkisstofnanir. Annað var Grænmetisverslun ríkisins eða Framleiðsluráð og hitt var Innkaupastofnun ríkisins. Ég gerði að tillögu minni í báðum tilfellum að þessar tvær stofnanir fengju yfir sig þingkjörna stjórn, en báðar till. voru felldar. Ég tel að það sé í sama anda og þessi till. hér.

Auðvitað á að bjóða út verk á vegum opinberra aðila. Við höfum fundið það í Reykjavíkurborg, að verktakar utan af landi hafa boðið í verk hjá okkur og fengið verk á vegum borgarinnar. Af hverju á stofnun eins og Innkaupastofnun að vera stjórnlaus, má segja, ef menn skilja hvað ég á við, — ekki stjórnlaus í þeim skilningi, að starfsfólkið vinni ekki vel sín störf, heldur er þar engin yfirstjórn sem tekur ákvarðanir, starfsfólkið gerir það

sjálft. Ég tel að það sé alls ekki rétt að staðið. Það er hægt að bjóða út verk á vegum Innkaupastofnunar ríkisins og er gert, en það er líka hægt að bjóða út vörur og innkaup á vegum ríkisins og á að gera það. Og það er stjórnskipuð nefnd sem á að fjalla um það, en ekki starfsfólkið.

Ég vil benda á þá brtt. sem ég flutti á sínum tíma í sambandi við lögin um Framleiðsluráð, Grænmetisverslun ríkisins er einokunaraðili við innkaup á grænmeti, t. d. kartöflum, einokunaraðili að kaupum á þeim vörutegundum til landsins.

Ég gerði það að gamni mínu, þegar ég heyrði um hina miklu síldveiði nú fyrir nokkrum dögum og sá stóra stafla af síldartunnum, að spyrja hvernig þær væru keyptar inn. Jú, ég náði í einn aðila sem hafði gert tilboð. Það var ekki hlustað á það tilboð, ekki litið á það. Síldarútvegsnefnd sjálf semur um það, starfsmenn hennar. Þetta er óeðlilegt. Af hverju fer ekki fram opinbert útboð?

Þó ég styðji þetta frv. og allt það sem frsm. sagði því til stuðnings, vil ég benda á að mér finnst að það hefði mátt ganga lengra og láta það líka taka til innkaupa á vegum opinberra aðila.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj atkv.

Sameinað þing, 10 fundur

Þriðjudaginn 28. okt., kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Jón Helgason): Áður en gengið er til dagskrár vil ég lesa eftirfarandi bréf, sem borist hefur:

„Reykjavík, 28. okt. 1980.

Ritari þingflokks Sjálfstfl. hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Samkv. beiðni Geirs Hallgrímssonar, 1. þm. Reykv., sem farinn er til útlanda í opinberum erindagerðum, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður hans, frú Ragnhildur Helgadóttir, taki á meðan sæti hans á Alþingi."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Sverrir Hermannsson,
forseti Nd."

Þar sem Ragnhildur Helgadóttir hefur ekki átt sæti á þingi á þessu kjörtímabili þarf að fara fram rannsókn á kjörbréfi hennar. Vil ég biðja kjörbréfanefnd að taka það til athugunar. Verður gefið fundarhlé í 5 mínútur á meðan. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur komið saman til þess að athuga kjörbréf Ragnhildar Helgadóttur, 1. varaþm. Sjálfstfl. í Reykjavíkurkjördæmi, sem tekur sæti Geirs Hallgrímssonar, 1. þm. Reykv., sem farinn er til útlanda í opinberum erindagerðum.

Nefndin gerir engar aths. við kjörbréfið og leggur til að það verði samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 44 shlj. atkv.

Forseti (Jón Helgason): Ragnhildur Helgadóttir hefur áður átt sæti á Alþingi og því undirritað eiðstaf og býð ég hana velkomna til starfa.

Endurskoðun laga um almannatryggingar og verðtryggður lífeyrissjóður fyrir alla landsmenn, fsp. (þskj. 22). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Á þskj. 22 hef ég leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. heilbr.- og trmrh. varðandi endurskoðun laga um almannatryggingar og undirbúning löggjafar um verðtryggðan lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn. Fsp. hljóðar svo:

„Hvað líður framkvæmd þáltill. frá 19. maí 1979, 193. máls 100. löggjafarþings, sem vísað var til ríkisstj., um endurskoðun laga um almannatryggingar og undirbúning löggjafar um verðtryggðan lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn. — En till. var svohljóðandi:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að við heildarendurskoðun á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, sem gerð verði með það markmið í huga fyrst og fremst, að tryggingalöggjöfin verndi og styðji þá þjóðfélagsþegna, sem þurfa á samfélagsaðstoð að halda hverju sinni, verði m. a. sérstaklega tekið tillit til eftirfarandi atriða:

a) Auk lífeyristrygginga, er taki til ellilífeyris, örorkulífeyris, makabóta, barnalífeyris, ekkjubóta og ekkjulífeyris, slysatrygginga, sjúkratrygginga og annarra bóta, verði í löggjöfina sett skýr ákvæði um að almannatryggingar annist fyrirgreiðslur til lamaðra og fatlaðra, hreyfihamlaðra, blindra og heyrnarskertra, málhaltra, þroskaheftra, ofnæmissjúklinga og annarra þeirra er eiga við erfiða sjúkdóma að stríða, útvegi og greiði nauðsynleg hjálpartæki og áhöld fyrir þetta fólk, greiddur verði að fullu kostnaður vegna sjúkrameðferðar, þar með talinn allur kostnaður vegna læknismeðferðar hjá erlendum sérfræðingum og sjúkrastofnunum.

b) Almannatryggingar greiði afnotagjöld af síma, útvarpi og sjónvarpi fyrir þá þjóðfélagsþegna, sem engar tekjur hafa aðrar en lífeyrisbætur tryggingakerfisins.

c) Fæðingarorlof greiðist af almannatryggingum til allra fæðandi kvenna í landinu, hvort sem þær eru útivinnandi eða við heimilisstörf.

d) Sett verði löggjöf um verðtryggðan lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn."

Í þessari þáltill., sem við fimm þm. Framsfl. fluttum á sínum tíma, voru tiltekin flest þau atriði sem talin er þörf á að færa til betri vegar í löggjöf. Hér er um að ræða eitt af stærstu málum er varða almannaheill og snertir svo til hvert mannsbarn í landinu. Það hlýtur því að vera mikilvægt að sífellt sé verið að endurbæta þessa löggjöf um almannatryggingar og laga hana að breytingum í þjóðfélaginu. Tryggingalöggjöfin er fyrir fólkið sem á að njóta hennar. Það þarf því að gæta þess að auðvelda samskiptin og gera þau manneskjulegri.

Síðan þessi þáltill. var afgreidd til ríkisstj. hafa nokkrar lagfæringar verið gerðar, svo sem við afgreiðslu hinna svokölluðu félagsmálapakka, og í undirbúningi er skipulegt átak í málefnum fatlaðra, ekki síst í tilefni alþjóðaárs þeirra málefna á næsta ári. Vona ég af alhug að við berum gæfu til að gera stórvirki í þeim málum. Þar við liggur þjóðarsómi.

Fæðingarorlof til allra fæðandi kvenna í landinu, hvort sem þær eru útivinnandi eða við heimilisstörf, er réttlætismál sem við flm. vildum fá inn í almannatryggingalöggjöfina. Ég vil lýsa ánægju minni með þá yfirlýsingu sem ríkisstj. hefur gefið við lausn heildarsamninga aðila vinnumarkaðarins, en þar segir í 1. lið: „Ríkisstj. mun stefna að því með lagasetningu að koma á fæðingarorlofi fyrir öll foreldri frá og með 1. jan. 1981.“ — Hins vegar er ég ekki samþykkur því, að þetta fæðingarorlof sé mismunandi eftir því hvort um er að ræða útivinnandi eða heimavinnandi konur. Sami réttur verður að gilda öllum til handa. Um það hljótum við alþm. að sameinast.

Löggjöf um verðtryggðan lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn er margra ára baráttumál. Fyrrv. og núv. ríkisstj. hafa haft þetta á stefnuskrá, enda eitt af þýðingarmestu réttindamálum landsmanna. Krafa um verðtryggðan lífeyrissjóð fyrir alla hefur orðið almennari með hverju ári, því ljóst er að margir lífeyrissjóðir í landinu hafa ekki möguleika á að tryggja meðlimum sínum öruggan lífeyri og fjöldi landsmanna hefur engin lífeyrissjóðsréttindi. Það er einnig ljóst, að ekki er mögulegt að sameina alla lífeyrissjóði. Þeir munu því starfa áfram. Þess vegna töldum við flm. að eðlilegt væri að í tryggingalöggjöf yrði lögfestur lífeyrissjóður fyrir alla landsmenn.

Í yfirlýsingu núv. ríkisstj. til lausnar vinnudeilum eru mikilvæg atriði um lífeyrismál. Þar segir m. a.:

„Hraðað verði undirbúningi samfellds lífeyriskerfis fyrir alla landsmenn, sem verði komið á eigi síðar en á árinu 1982. Sú endurskoðun hafi það að meginmarkmiði að lífeyriskerfið tryggi öllu fólki á vinnumarkaði sömu lífeyrisréttindi óháð því hjá hverjum það starfar“.

Þetta er allt ágætt svo langt sem það nær, en ég óska eftir því að fá að vita hvað líður heildarendurskoðun almannatryggingakerfisins. Hverjir vinna að þessum málum, á hvaða stigi er þessi endurskoðun og hvenær má vænta heildarlöggjafar?

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Endurskoðunarnefnd almannatryggingarlaga fékk á sínum tíma þál. þá sem hér um ræðir, frá 19. maí 1979, til umfjöllunar. Á þeim tíma vann nefndin að tveimur forgangsverkefnum, þ. e. í fyrsta lagi að smíðum lagaákvæða um fæðingarorlof og í öðru lagi að tillögugerð um skipulagsbreytingu á framkvæmd almannatryggingalaga með niðurfellingu sjúkrasamlaganna. Af þeim sökum lét nefndin önnur verkefni bíða um sinn, en nefndin hafði þá fjallað um fjölmörg vandamál sem leysa þyrfti með nýjum eða breyttum reglum almannatryggingalaga, þ. á m. flest efnisatriði þeirrar þáltill. sem hér er vitnað til.

Nú þegar hafa fundist lausnir viðamikilla verkefna, svo sem varðandi aðstoð við þroskahefta með heildarlöggjöf um það efni og með stofnun sérstakrar deildar innan félmrn. til að sinna því verkefni. Ég vil líka nefna í þessu sambandi stofnun Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands, sem var formlega tekin í notkun s. l. fimmtudag, 23. okt. Þá hafa símamál aldraðra verið leyst, að hluta til a. m. k., með reglugerð nr. 426 frá 1978 um eftirgjöf fastagjalds af síma öryrkja og ellilífeyrisþega.

Önnur og veigamikil atriði hafa tengst lausn kjaradeilu verkalýðssamtakanna og viðsemjenda þeirra. Þar nefni ég fyrst og fremst fæðingarorlofið, sem hv. fyrirspyrjandi gat um áðan. Um það var flutt frv. á síðasta þingi, sem ekki varð útrætt, en í tengslum við samninga Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands, sem undirritaðir voru í gær, hefur ríkisstj. gefið fyrirheit um afgreiðslu þess máls á þann veg sem aðilar geta við unað. Mun frv. til 1. um breytingu á almannatryggingalögum í þessa veru verða lagt fyrir Alþ. nú á allra næstu dögum.

Í framhaldi af þessari fsp. vil ég einnig taka það fram, að ég tel að sú viðamikla og víðtæka endurskoðun, sem hefur verið í gangi á almannatryggingalögunum, hafi út af fyrir sig skilað árangri í einstökum þáttum. Ég held hins vegar að það sé nauðsynlegt að hafa stöðugt í gangi endurskoðun á almannatryggingalögunum, þar sem heilbr.- og trmrh. feli endurskoðunarnefndinni að taka fyrir tiltekin atriði. Það er út af fyrir sig nauðsynlegt að fjalla um heildarendurskoðun í þessum efnum, en ég held að einstakar lagfæringar, bæði á lögum og reglugerðum, megi ekki bíða eftir því að sú metnaðarmikla heildarendurskoðun liggi fyrir sem menn hafa gert sér í hugarlund. Ég hafði því hugsað mér, þegar lokið væri þeirri endurskoðun almannatryggingalaga sem lýtur að niðurfellingu sjúkrasamlaganna, ef um það næðist samkomulag, að endurskipuleggja nefndina og setja henni nýtt erindisbréf þannig að hún tæki þá fyrir tiltekin og afmörkuð málefni almannatryggingalaganna.

Hv. fyrirspyrjandi Alexander Stefánsson gat hér um þau atriði sem eru í yfirlýsingu ríkisstj. vegna afgreiðslu kjaramálanna. Ætla ég ekki að endurtaka það, nema ég ætla að bæta við einu atriði. Hann nefndi fæðingarorlofið og hann nefndi lífeyrismálin. Ég ætla að bæta því við, að í þessum yfirlýsingum er einnig um að ræða aðrar breytingar á almannatryggingalögunum. Þær eru tvær. Sú fyrri fjallar um það, að sjómenn eigi rétt til töku ellilífeyris frá 60 ára aldri, enda hafi þeir haft sjómennsku að aðalstarfi í 25 ár. Síðari breytingin á almannatryggingalögunum, sem hér er gert ráð fyrir, fjallar um að menn, sem hafa misst helming starfsorku sinnar og eru orðnir 62 ára að aldri, geti notið örorkustyrks sem jafnan svari til fulls elli- og örorkulífeyris. Ríkisstj. mun á næstu dögum og vikum leggja í það vinnu að ganga frá endanlegri gerð þeirra frv. sem vísað er til í yfirlýsingu ríkisstj. frá í gær. Þeir textar, sem birtir hafa verið og lagðir hafa verið fram, eru út af fyrir sig endanlegir efnislega, en tæknilega er kannske eftir að ganga frá ýmsum atriðum sem í sumum tilvikum kunna að orka tvímælis, eins og þetta er, en efnisatriðin eru út af fyrir sig afgreidd.

Í fsp. hv. þm. Alexanders Stefánssonar er svo vikið að lífeyrismálunum, og í fsp. á sama þskj. frá hv. þm. Magnúsi H. Magnússyni er einnig spurt um samræmt lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn. Þeirri fsp. er beint til heilbr.- og trmrh. Ég vil af þessu tilefni taka það fram, að þær lífeyrisnefndir, sem vitnað er til í fsp. hv. þm. Magnúsar H. Magnússonar, bæði 17 manna nefndin og 8 manna nefndin, eru báðar, ef ég man rétt, á vegum fjmrn. og ég tel eðlilegt að framvinduskýrsla um vinnu á vegum þessara nefnda komi frá fjmrn. og að við ræddum þá um lífeyrismálin sérstaklega þegar sú skýrsla lægi fyrir. Þær nefndir, sem þar um ræðir, bæði 17 manna nefndin og 8

manna nefndin, hafa unnið út af fyrir sig mjög gott starf að mínu mati. Ég tel hins vegar að því starfi hafi miðað allt of hægt og það eigi að vera okkur kappsmál og metnaðarmál í senn að reyna að koma á samfelldu lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn. Við höfum til þess efnin þar sem eru lífeyrissjóðirnir í landinu og það sem þegar er greitt í gegnum lífeyriskerfi almannatrygginganna. Spurningin er um að stilla þessa þætti saman. Þeir eru margir, þessir þættir, og verkefni þeirra engan veginn einfalt, en okkur er skylt að mínu mati að reyna að taka á þessu máli heildstætt þannig að lífeyrisþegum í landinu séu tryggð betri kjör en verið hefur.

Ég vænti þess, herra forseti, að ég hafi svarað þeirri fsp. sem til mín var beint.

Fyrirspyrjandi (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir hans greinargóðu svör. Þetta er að mínu mati fullnægjandi, þar sem fram hefur komið að endurskoðun er hafin.

Ég vil undirstrika sérstaklega það sem kom fram hjá hæstv. ráðh., að þetta eru mál sem þurfa sífellt að vera í endurskoðun og til meðferðar í þjóðfélaginu. Ég fagna því, að hann mun beita sér fyrir sífelldri endurskoðun á lögum og reglugerðum að því er varðar almannatryggingar almennt. Þetta er það hlutverk löggjafans sem ég tel að sé jafnvel þýðingarmeira en margt annað, því að svo mikilvæg er þessi löggjöf fyrir þjóðfélagið og þegna þess í heild að nauðsynlegt er að hún sé ávallt í takt við tímann.

Skipulag loðnulöndunar, fsp. (þskj. 31). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan): Herra forseti. Á þskj. 31 hef ég leyft mér að bera fram svohljóðandi fsp. til hæstv. sjútvrh.:

„Hvað hyggst sjútvrh. gera til þess að koma í veg fyrir, að loðnuaflinn á komandi vetri dreifist þannig á löndunarhafnir, að útgerðarstaðir á sunnanverðum Austfjörðum verði afskiptir með öllu vegna stöðvunar veiða eða takmörkunar á heildarafla?"

Hér gildir í raun hið sama um hafnir á Miðausturlandi eins og horfir og reyndar einnig um Suðurland.

Frá því að þessi fsp. var fram lögð hafa gerst tíðindi nokkur varðandi heildarloðnuveiðina, svo sem menn þekkja. Er ekkert síður nú, miðað við hinar nýju aðstæður, ástæða til að hyggja að hvort möguleiki sé til að finna til þess færar leiðir að jafna loðnulönduninni niður á stað svo sem frekast væri kostur.

Menn þekkja forsögu þessara mála: ákveðið skipulag og dreifingu loðnunnar um landið með sérstökum flutningasjóði mynduðum af gjaldtöku af allri landaðri loðnu. Þannig var flotanum dreift á löndunarhafnir og þannig fór allt verksmiðjukerfið í raun og veru í gang. Í kjölfar þessa voru endurbætur víða framkvæmdar og ráðist í fjármagnsfrekar framkvæmdir, enda var þá miðað við miklu meiri veiði en nú er um talað og ekki aðvaranir uppi þá um breytingar svo sem nú eru, og sífellt syrtir í ál hjá spámönnum okkar.

Í fyrra varð hér á mikil breyting. Þar kom til miklu einangraðra veiðisvæði, sem svo takmarkast enn frekar í ár að því er séð verður, og sömuleiðis ráðstafanir opinberra aðila um takmarkanir og stöðvun. Afleiðingin varð sú, að margar verksmiðjur fengu enga eða nær enga loðnu, m. a. þær sem höfðu búið sig alveg sérstaklega undir það með bættri tækni, betri útbúnaði o. s. frv., enda veiðarnar áður beinn hvati þar að. Nú stefnir allt í það sama. Allri loðnu er landað á ákveðnum tíma meðan hún enn er fjærst landi. Útlitið fyrir sömu verksmiðjur er enn dekkra og fleiri verksmiðjur koma inn í myndina og því von að áhyggjur skapist ekki síður en í fyrra þegar þessi mál voru hér rækilega til umr., en þá í lok veiðitímabils og vart unnt að gera ráðstafanir til úrbóta.

Enn eru möguleikar á að leita lausnar og því er spurt, ekki síst í ljósi síðustu tíðinda, hvort aðgerða sé að vænta af hálfu hæstv. ráðh. til einhverrar jöfnunar eða til einhvers skipulags í loðnulöndun nú og eins síðar í vetur.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Töluvert hefur verið fjallað um þetta mál, sem hv. þm. Helgi Seljan gerir hér að umræðuefni.

Eins og hv. þm. sjálfur rakti var flutningasjóðurinn lagður niður fyrir nokkrum árum. Ekki hefur náðst nein samstaða um að endurvekja þann sjóð. Er satt að segja mikil andstaða gegn því, þannig að ég hef ekki treyst mér til að gera það. Er það sérstaklega með tilliti til þess, að afkoma loðnuveiða hefur verið stórum lakari upp á síðkastið en var á meðan loðnuveiðar voru miklar og miklu meiri en nú er. En að sjálfsögðu hlýtur slíkt gjald á einn máta eða annan að greiðast af þeim verðmætum sem í loðnunni eru. Hins vegar hefur verið reynt að skipuleggja þetta með óbeinum aðgerðum. T. d. hafði það nokkur áhrif á ákvörðun mína að leyfa áframhald loðnuveiða á s. l. vori, en þá hafði loðnan gengið lengra, sérstaklega suður með vesturströndinni. Hins vegar gekk hún miklu skemmra en menn höfðu gert ráð fyrir suður með austurströndinni og olli það þar sérstökum vandræðum, eins og ég veit að hv. þm. vita. Við þessi náttúrufyrirbæri ráðum við sem betur fer ekki enn.

Ég vil greina nokkuð frá því sem hefur orðið nú í ár, bæði í þessu sambandi og almennt tengt loðnuveiðum.

Við ákvörðun á heildarloðnuafla lögðu vísindamenn Íslands og Noregs fram skýrslu, þar sem þeir lögðu til að heildaraflinn yrði undir 895 þús. lestum. Norski vísindamaðurinn taldi óhætt að fara allt að þeirri tölu, en þeir íslensku lögðu hins vegar til 650 þús. lestir. En svona var það orðað í þeirra sameiginlegu skýrslu, að alla vega yrði þessi afli að vera undir 895 þús. lestum. Samkomulag varð um að binda hámarksaflann við 775 þús. lestir og af því áttu Íslendingar að fá 658 þús. lestir, bæði á haust- og vetrarvertíð. Þetta er að sjálfsögðu miklu minni afli en áður hefur verið um að ræða og því mjög alvarlegt mál bæði gagnvart afkomu flotans og að sjálfsögðu einnig gagnvart verksmiðjunum.

Að tillögu loðnuskipstjóra sjálfra samþykkti ég að þessu magni yrði skipt á 52 loðnubáta. Ég féllst einnig á að þeir gerðu sjálfir tillögu um þá skiptingu, hvað þeir gerðu, og ég samþykkti hana án nokkurra breytinga. Hins vegar voru það skilyrði af þeirra hálfu, með tilliti til þess hvað aðsemi þessara veiða væri orðin á mörkum, að ekki yrði þeim íþyngt með neinu flutningagjaldi eða neinum kvöðum um að þeir ættu að bíða með að veiða einhvern hluta af þessari loðnu þar til loðnustofninn væri genginn nær verksmiðjunum sunnan- og vestanlands og suðaustanlands. Féllst ég þá á að veita kvóta, 7500 lestir af síld, sem mætti sigla með, og varð þá jafnframt um það samkomulag, að það gæti orðið til þess að nokkuð af heildarloðnuaflanum yrði geymt fram á vetrarvertíð,

þegar loðnan væri komin nær suðvestur- og suðausturströnd landsins. Þannig var ætlunin m. a. með þessum síldarkvóta að stuðla að því að svo gæti orðið.

Ég viðurkenni, og það hefur verið áhyggjuefni, að ekki hafa menn treyst til að grípa til beinna aðgerða til að flytja loðnuna til hinna fjarlægari staða við þær aðstæður sem nú eru í arðsemi þessara veiða, en hins vegar reynt að stuðla að því með óbeinum aðgerðum.

Nú vil ég alls ekki slá því föstu, eins og virðist vera gert í fsp. hv. þm., að loðna komi ekki í þessa landshluta. Að vísu er það alveg ljóst að nú í haust hefur hún dreifst ójafnt. Þar er Siglufjörður langsamlega hæstur með um 45 þús. lestir, síðan Krossanes með 10. þús., Raufarhöfn 17 þús., Bolungarvík 10 þús., en síðan eru fjölmargir staðir aðrir sem hafa fengið loðnu, eins og Þórshöfn með 1000, Seyðisfjörður 2000, Neskaupstaður 5000, Eskifjörður 1000, Vestmannaeyjar 2000, Grindavík 1500, Sandgerði 1200, Keflavík 7600, Hafnarfjörður tæp 3000, Reykjavík tæp 9000 og Akranes 5500, Patreksfjörður 700. Satt að segja hefur því dreifingin orðið nokkru meiri en menn bjuggust við í upphafi, þótt langmestu sé að sjálfsögðu landað á Norðurlandi. Loðnunefnd starfar að sjálfsögðu og reynt er að beina skipunum til þeirra hafna þar sem ekki er bið, eins og verið hefur.

En það er margt sem veldur því, að dreifingin hefur ekki orðið meiri. Loðnuaflinn var í heild 18. okt. aðeins orðinn 124 þús. lestir, en um svipað leyti í fyrra 344 þús. lestir. Nú hafa jafnframt gerst þeir mjög alvarlegu atburðir, að fiskifræðingar hafa eftir sameiginlegan leiðangur með Norðmönnum tjáð okkur að mælingar hafi orðið innan við 50% af því sem þeir hefðu vonast til og þyrfti að vera til að standa undir þeirri veiði sem ráðgerð hefur verið. Því hef ég átt fund með loðnumönnum, útgerðarmönnum, farmönnum og sjómönnum, og náðist samkomulag á þeim fundi um að fresta veiðum á 30% af þeim heildarkvóta sem hverjum báti hafði verið úthlutað. Þeim veiðum verður frestað fram yfir áramót. Ég tel út af fyrir sig að sú frestun sé ekki svo alvarleg. Allt bendir til þess, að mjög fáir bátar hefðu náð því magni, sem þeim er ætlað, fyrir áramótin.

Hitt er náttúrlega stórkostlega alvarlegt málefni fyrir útgerðina og reyndar fyrir verksmiðjurnar einnig, ef menn telja ekki óhætt að veiða einnig þessi 30% eftir rannsókn þá sem fer fram strax í upphafi janúar. Hins vegar má þá ætla að það magn, sem veitt verður síðar, verði þá gengið nær landi og þeim stöðvum sem hv. fyrirspyrjandi hefur í huga. — En af þessari ástæðu er m. a. öll framtíð loðnuveiðanna í haust og vetur ákaflega óviss og ákaflega alvarleg. Ég mun athuga hvort unnt er að láta endurtaka mælingar nú eða a. m. k. verði fylgst með allri þessari þróun.

Það skal tekið fram, að á fyrrgreindum fundi voru loðnuskipstjórar ósammála fiskifræðingunum og töldu að meira væri af loðnu en þar kæmi fram. Þetta verður að sjálfsögðu reynt að skoða. Hins vegar töldu þeir ekki sjálfir óhætt að fara hærra en í þessi 70%, og má þá segja að það sé farið eins hátt og frekast er unnt að gera, en þá við það miðað að engir bátar séu komnir yfir þann hluta með sinn kvóta þannig að jafnt gangi yfir alla.

Ég geri mér grein fyrir því að þetta svar er ófullnægjandi. Svarið er, að engar beinar aðgerðir hafa verið gerðar til að koma loðnu á hina fjarlægari staði, þótt það hafi verið kannað, og ekki náðst samstaða um það. Óbeinar aðgerðir hafa verið ákveðnar til þess að eitthvað af loðnuveiðinni frestist svo meira komi á slíka staði. En í málinu er nú algjör óvissa vegna hins alvarlega ástands sem hefur skapast. Ef svo illa fer, að ekki er unnt að veiða meira en 70% af því sem að var stefnt, er okkur stórkostlegur vandi á höndum, ekki síst vegna loðnuflotans, sem verður að mæta á einhvern máta.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan): Herra forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir svör hans og grg. í þessum málum í heild. Ég óttast að hér sé um aukið vandamál að ræða og það sé því ekki síður ástæða til að ræða það nú en á þeim tíma sem fsp. var fram borin.

Annmarkarnir á þessu skulu sannarlega viðurkenndir, það er alveg ljóst. Olíukostnaðurinn hjá flotanum vegur vissulega þungt. Og þá vaknar auðvitað enn þá spurningin um veiðitímann og hvenær á að leyfa veiðarnar, hvenær þær eiga að taka gildi, og reynt verði að taka upp aukið skipulag þar. Eins og minnst var á var í fyrra mjög rætt um það, m. a. meðal sjómanna, hvort ekki hefði átt að bíða þess, að loðnan gengi nær landinu. Það er að vísu álitamál og fáir þess umkomnir að dæma það fyrir fram hvort svo eigi að gera. En ég held að ljóst sé, að því minni sem veiðin verður eða leyft er að veiða af loðnu, þeim mun meiri þörf sé einmitt aukinnar skipulagningar varðandi löndun og dreifingu loðnunnar, því hér er um geysilega dýrar verksmiðjur að ræða sem eru verkefnalausar og þarf einhvern veginn að koma til móts við.

Við mig ræddu í gær tveir forsvarsmenn verksmiðju á Austurlandi. Þeir drógu ekkert úr kvíða sínum. Það má kannske lesa það út úr fsp., að ég fullyrði að enginn afli berist á þessar hafnir. Við skulum vona að svo verði ekki, en ég óttast að svo verði. Þeir sögðu líka að þetta mál væri ekki auðvelt og þeir gerðu sér alveg ljósa annmarkana, ekki síst eftir að þessi svartari skýrsla hefur komið fram sem sjútvrh. rakti hér áðan. En þeir bentu á það, að þrátt fyrir olíukostnað flotans og marga þætti, sem þar spiluðu inn í, væri þar einnig annar kostnaður sem þyrfti að koma til álita við allar aðgerðir. Þar væri um að ræða kostnað verksmiðjanna sjálfra vegna fjármagns — vegna vaxta — og þar yrði að líta á hvort eitthvað kæmi á móti til greiðslu. Menn yrðu því að skoða dæmið í heild. Og þeir sögðu að það kynni að verða svo, að í staðinn fyrir að beina aðstoð sinni að loðnuflotanum yrði aðstoð hins opinbera til að koma við þessar verksmiðjur, og sú beina aðstoð yrði þá að koma fyrr en síðar, ef svo illa færi sem þeir kviðu, til þeirra verksmiðja sem út undan yrðu, þeirra fyrirtækja sem þar treysta á í meira eða minna mæli.

Ég vil aðeins ítreka að áhyggjur manna eru miklar. Menn viðurkenna erfiðleikana, ekki síst í ljósi síðustu staðreynda — eða síðustu spáa um þetta því staðreyndir eru vitanlega ekki síðustu spár um þetta. Því ítreka ég það, að ég vænti þess, að svigrúm gefist til þess, samkomulag náist um það með einhverjum hætti, að reynt verði að koma á einhverju skipulagi sem tryggi betri dreifingu loðnunnar en til þessa hefur verið.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég vil taka undir það sjónarmið hv. fyrirspyrjanda, að það væri æskilegt að hægt væri að landa loðnuafla og dreifa honum á sem flestar löndunarhafnir. Hins vegar vil ég taka undir það sjónarmið hæstv. sjútvrh., að þegar loðnuaflinn minnkar og gengið er í ríkari mæli í að takmarka veiðar

loðnuskipanna getur enginn ætlast til þess, að þeir útgerðarmenn og sjómenn, sem þessar veiðar stunda, standi undir slíkum flutningum. Þá verður að leysa þá flutninga með öðrum hætti, því að þetta er ekki mál sjómanna og útgerðarmanna. Þetta er þá mál til atvinnujöfnunar í landinu, sem yrði að taka upp með öðrum hætti.

Í framhaldi af þessari fsp. vil ég mælast til þess við hæstv. sjútvrh. að hann gefi eða láti semja skýrslu um rannsóknir á loðnustofninum, um tillögurnar frá byrjun, og leggi fyrir Alþingi. Ég tel að þær ráðstafanir, sem hann hefur nú neyðst til að gera og áður hafa einnig verið gerðar, séu orðnar svo alvarlegar að þær gefi ekki rétta vísbendingu um að það sé hægt að bæta lífskjörin í þessu landi, heldur öfugt. Það er undarlegt að fyrir aðeins þremur árum var talið að mætti veiða allt upp í 1.5 millj. lesta af loðnu, menn hvattir þá til fjárfestingar bæði í veiðum og vinnslu, og síðan er lagt til að fara í 650 þús. tonn í loðnuveiðunum og nú er það skorið niður. Ég hygg að aðrir launþegar og atvinnurekendur í þessu landi mundu eitthvað segja ef kaup manna væri skorið niður um 30%, eins og þetta fólk verður að taka á sig. Hér er eitthvað orðið furðulegt við öll vísindin og það er sannarlega tími til þess kominn að þau séu byggð á sterkari grundvelli en þeim að hægt sé að hlaupa úr einni tillögunni í aðra á nokkurra mánaða fresti. Því vil ég mælast til þess við hæstv. ráðh. að hann láti semja skýrslu um loðnurannsóknir og veiðar og leggi fyrir Alþ., þannig að hún liggi fyrir til umræðu hjá þjóðinni í heild.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Það er vissulega rétt sem komið hefur fram í þessum umr., að það ríkir áhyggjusamlegt ástand í loðnuveiðimálum og loðnuvinnslumálum. Það er auðvitað æskilegt, eins og hér hefur komið fram, að unnt sé að dreifa vinnslunni og þar með vinnunni sem víðast um land. En það er jafnljóst að það kostar mikla peninga, það hefur í för með sér óhagkvæmni, ekki síst þegar olían er orðin svo dýr sem raun ber vitni. Ég verð reyndar að segja að mér þykir, eins og hæstv. sjútvrh., að það hafi þó orðið furðumikil dreifing miðað við aðstæður á þeim afla sem á land hefur borist. En allur samdráttur er í rauninni dýr og hann bitnar hér jöfnum höndum á vinnslunni og veiðunum.

Hæstv. sjútvrh. rakti nýtt mat fiskifræðinga á ástandi loðnustofnsins. Við skulum vona að þetta mat sé of svartsýnt, en ekki er okkur óhætt að ganga út frá því sem slíku. Þess vegna tel ég að þær ráðstafanir, sem gripið hefur verið til af hendi hæstv. ráðh., hafi verið eðlilegar. Enn einu sinni höfum við í rauninni fengið ábendingu um að aðgát skuli höfð í nýtingu stofnanna, hvort sem þessi mæling er fyllilega rétt eða ekki.

En það, sem ég vildi sérstaklega beina til hæstv. ráðh., er að nú liggur ekki bara fyrir vandi hjá verksmiðjunum, heldur ekki síður hjá loðnuflotanum sjálfum. Þar eru mörg stór og dýr tæki sem hafa lítil verkefni. Nú er útlit fyrir að þau skerðist enn miklu frekar. Loðnuflotinn hefur getað lokið sínum verkefnum á mjög skömmum tíma, þrem til fjórum mánuðum, og getur það enn frekar nú, en þó væntanlega við lélegri afkomu. Síldveiðarnar munu ekki vega hér upp á móti. Spurning mín til ráðh. er því sú, hvernig hann hyggist bregðast við þeim vanda sem loðnuflotinn í heild stendur frammi fyrir eins og stendur.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Það er ekkert nýtt að þau vandamál, sem hér eru til umr. séu rædd á Alþ. og mjög eðlilegt vegna þess að hér er ekki eingöngu um að ræða hagsmuni þeirra sjómanna og þeirra útgerðaraðila sem byggja afkomu sína á þessum veiðum, heldur einnig verksmiðjanna víða um landið og þess verkafólks sem hefur treyst á það á hverju ári að hafa af þessari vinnslu verulegar tekjur. Það virðist vera orðið mun erfiðara að eiga við þessi mál eftir þau tíðindi sem hafa borist, ekki aðeins nú, heldur einnig á s. l. vetri, og útlitið í raun og veru mun dekkra varðandi það að hafa stjórn á dreifingu loðnuafla. Menn undra sig nokkuð á því, hvað dreifingin hefur orðið mikil. Ég hygg að meginskýringin sé sú, að það eru ákveðnar verksmiðjur sem hafa yfir að ráða skipum og leggja að þeim að koma til heimahafnar og vilja leggja á þær útgerðir, sem verksmiðjurnar þá yfirleitt eiga, allverulegan aukakostnað til að fá eitthvað upp í þann mikla fastakostnað sem verksmiðjurnar hafa án tillits til þess, hvort einhver vinnsla fer fram. Það eru eingöngu þær verksmiðjur sem hafa yfir slíku að ráða sem geta með beinum hætti stýrt eigin skipum.

Ég er þeirrar skoðunar, að það verði ekki hjá því komist að hafa hér einhverja stýringu á. T. d. var það svo á s. l. vetri, að ég held að það hafi verið of mikið magn sem ákveðnar ríkisverksmiðjur tóku á móti í lok veiðitímabilsins. Ég vil beina því til hæstv. sjútvrh., hvort ekki sé ástæða til að takmarka það magn, sem verksmiðjur geta tekið á móti og geymt í einu, með tilliti til þess að sæmileg nýting verði á því hráefni sem þær taka á móti. Ég held að það hafi verið svo, sérstaklega á s. l. vetri, að nýtingin hafi lækkað nokkuð vegna þess að hráefni hafi verið geymt of lengi á sama tíma sem aðrar verksmiðjur voru verkefnalausar.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég vil aðeins koma inn á það sem hv. fyrirspyrjandi nefndi um veiðitímann, að ákveða annan veiðitíma. Um þetta var mikið fjallað. Ég sagði áðan að ég féllst á kvótafyrirkomulag að tillögu loðnuskipstjóra og gerði það m. a. með tilliti til þess, að ég vonaði að þá yrði hagkvæmnin öll sem mest og látin sitja í fyrirrúmi. Þetta held ég að hafi gefið góða raun. En þegar þetta var ákveðið settu þeir ýmis skilyrði, sem eru ákaflega vel skiljanleg ef gæta ætti mestu hagkvæmni, m. a. að þeir mættu veiða loðnuna þegar þeim hentaði og þegar hún væri feitust og gæfi mest af sér. Ég sá mér ekki fært að leggjast gegn þessu, því að það var þegar ljóst, miðað við 52 skip og 658 þús. lesta afla, að afkoman yrði vægast sagt mjög á mörkum.

Hér hefur áður verið nefnt af öðrum, sem hafa tekið til máls, og hafa þeir tekið undir það með mér, að ekki er hægt að leggja flutningskostnaðinn á flotann einan, eins og nú er ástatt. Það verður að finna þar aðrar leiðir. Olíukostnaður hefur auk þess aukist. Þetta er því orðið töluvert erfiðara viðfangs allt saman.

Hitt er svo annað mál, að einmitt þetta kvótakerfi stuðlar að því að sumir bíða. Og ef ég man rétt eru ekki allir loðnubátar enn farnir af stað. Ég hygg að a. m. k. tveir bíði enn. Þetta eru skip, sum hver, sem vilja landa annars staðar en nú þykir borga sig og vilja bíða með kvóta sinn þar til nær er komið þeim höfnum og hafa þá að sjálfsögðu minni olíukostnað þótt loðnan sé ekki eins verðmæt. Ég hygg að verði fróðlegt að sjá, hvort þessi tilraun fær fullan framgang, — því miður eru blikur á lofti

um það nú, — hvort ekki verður meiri dreifing að eigin vali skipanna en hefur verið í kapphlaupinu sem ríkt hefur áður um sem mestar veiðar.

Það er sjálfsagt að verða við beiðni hv. 1. þm. Vestf. um skýrslu um spár og tillögur í þessu sambandi og hvernig þessi mál hafa þróast. Ég hef reyndar þegar rætt það við vísindamenn og skal ítreka það að fá skýrslu þeirra um það.

Það er rétt, sem kom fram hjá hv. þm. Kjartani Jóhannssyni, að erfiðleikar loðnuflotans eru náttúrlega stærstir í þessu sambandi. Því verður áreiðanlega ekki neitað. Vitanlega eru vandræði verksmiðjanna víða mikil. Margar hverjar hafa gert sölusamninga og geta e. t. v. ekki við þá staðið ef niður er skorið af magninu svo mikið sem gert hefur verið til bráðabirgða. En vandi loðnuflotans er tvímælalaust langsamlega stærstur. Því er eðlileg spurning, hvað skuli til bragðs taka. Ég er ekki reiðubúinn að svara þeirri spurningu hér og nú. En að sjálfsögðu er þegar byrjað að hugleiða það. Spurningin er sú: Eru til aðrir fiskstofnar þar sem við erum frekar aflögufærir, og getum við kannske leyft þessum flota að dýfa þar niður veiðarfæri, ef ég má orða það svo? Er óhætt að láta þennan flota hafa eitthvað af þorski? Þar er vitanlega þröngt setinn bekkurinn. Er óhætt að auka eitthvað síldveiðar fyrir þennan flota? Ég get alls ekki svarað því nú. En þetta mun verða skoðað vandlega og samráð haft við vísindamenn um það.

Hv. 3. þm. Austurl. nefndi að takmarka mætti mótekið magn hjá vissum verksmiðjum. Þetta er hugsanleg leið. En ég vek athygli á því, að sjómenn munu mótmæla þessu mjög og leggja á það áherslu, eins og kom fram þegar ég svaraði hæstv. fyrirspyrjanda, að fá að stunda þessar veiðar með sem mestri hagkvæmni og landa þar sem olíukostnaður þeirra verður minnstur. En ég tel erfiðleika á því einnig.

Lækkun gjalda á bifreiðum fyrir öryrkja, fsp. (þskj. 31). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. þm. Árna Gunnarssyni að leggja fram fsp. á þskj. 31 til hæstv. fjmrh. um lækkun gjalda á bifreiðum fyrir öryrkja. Tilefni þessarar fsp. er að á tveim síðustu þingum hafa verið lögð fram frv. til l. um breyt. á lögum um tollskrá o. fl. er lutu að lækkun gjalda á bifreiðum fyrir öryrkja. Um hefur verið að ræða, þegar þessi frv. eru lögð fram, að fá heimild Alþingis til að hækka niðurfellingu á gjöldum til samræmis við verðlagshækkanir sem orðið hafa.

Á síðasta þingi lögðu ég og hv. þm. Árni Gunnarsson fram brtt. við þetta frv., þess efnis, að heimilt væri að hækka þessa undanþágu á bifreiðum öryrkja árlega í hlutfalli við verðlagshækkanir á hverjum tíma. Til þess þyrfti þá ekki að koma, að svo sjálfsagt mál yrði lagt fyrir hvert Alþingi til samþykktar. Einnig komu þá fram fleiri brtt. og ábendingar um leiðréttingu á þessu ákvæði tollskrárlaga er lutu að fjölda þeirra bifreiða, sem féllu undir þetta ákvæði, og skilyrðum er fylgdu þessari undanþágu.

Það var skoðun fjh.- og viðskn. Nd., að þetta mál þyrfti nánari endurskoðunar við, og óskaði fjh.- og viðskn. Nd. eftir að fram komnar brtt. yrðu dregnar til baka á þeirri forsendu að endurskoðun færi fram á þessu ákvæði tollskrárlaga í sumar með hliðsjón af þeim breytingum og ábendingum, sem fram höfðu komið, og tillögur til breytinga yrðu síðan lagðar fyrir í byrjun næsta þings. Í því sambandi vil ég — með leyfi forseta — lesa upp bréf það er formaður fjh.- og viðskn. sendi fjmrh., en það kom fram við 3. umr. um þetta mál, 16. apríl s. l., er formaður fjh.- og viðskn., hv. þm. Halldór Ásgrímsson, gerði grein fyrir þessu máli. Með leyfi forseta, segir formaður n. við þessa umr.:

„Nefndin hefur orðið ásátt um að skrifa fjmrn. svo hljóðandi bréf og stíla það til tolladeildarinnar:

„Í framhaldi af umræðum á fundi fjh.- og viðskn., þar sem þér voruð viðstaddur, óskar nefndin eftir því, að ákvæði 27. liðs 3. gr. laga um tollskrá o. fl. verði tekin til endurskoðunar, m. a. með tilliti til meðfylgjandi brtt. Greinargerðir og tillögur til úrbóta óskast sendar nefndinni fyrir 10. okt. n. k.“ “

Flm. brtt. féllust á að draga framkomnar tillögur um breytingar til baka í trausti þess, að slík endurskoðun færi fram og tillögur yrðu lagðar fram til úrbóta í byrjun þessa þings. Því er lögð fram eftirfarandi fsp. til hæstv. fjmrh.:

„a) Hefur farið fram endurskoðun á 3. gr. laga um tollskrá o. fl., 27. lið, er lýtur að lækkun gjalda á bifreiðum fyrir öryrkja?

b) Ef svo er, má þá vænta þess, að lagt verði fyrir Alþ. nú frv. um breyt. á þessu ákvæði laga um tollskrá o. fl. — og í hverju yrðu þær breytingar fólgnar?“

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Það er laukrétt hjá hv. fyrirspyrjanda, að með bréfi fjh.- og viðskn. Nd. Alþingis til fjmrn. á s. l. vori var þess farið á leit, að ákvæði 27. tölul. 3. gr. tollskrárlaga um tollaívilnanir til handa öryrkjum yrðu tekin til endurskoðunar, m. a. með hliðsjón af brtt. sem komu fram hér á Alþ. á s. l. vori. Jafnframt var óskað eftir að grg. og till. til úrbóta yrðu sendar n. fyrir 10. okt. 1980. Í tolladeild fjmrn. hefur verið unnið að nefndri endurskoðun eftir því sem föng hafa verið á, en mér er tjáð að vegna mikilla anna hafi ekki reynst unnt að ljúka endurskoðuninni fyrir nefnd tímamörk. Það var ekki fyrr en 7. þ. m. að rn. bárust tillögur lækna sem skipaðir eru í úthlutunarnefnd bifreiða fyrir öryrkja, þar sem fjallað er um þessi mál. Þessar tillögur hafa einmitt verið til athugunar seinustu dagana.

Fyrsta fsp. er hvort fram hafi farið sú endurskoðun sem lýtur að lækkun gjalda á bifreiðum fyrir öryrkja. Þessari spurningu hlýt ég því að svara játandi, en um leið viðurkenna að endurskoðuninni er ekki lokið.

Í öðru lagi spyrja hv. fyrirspyrjendur hvort vænta megi þess, að lagt verði fyrir Alþ. frv. um breyt. á þessu ákvæði. Þeirri spurningu svara ég líka hiklaust játandi. Þess er að vænta.

En að lokum er um það spurt, í hverju breytingarnar yrðu fólgnar. Þá er því til að svara, að það er líklega ekki tímabært að gefa ákveðnar yfirlýsingar um það mál, vegna þess að þeir menn, sem tóku að sér að undirbúa tillögur af því tagi, hafa ekki enn lokið störfum. Ég reikna hins vegar með að það verði alveg á næstu dögum og þá verður væntanlega tekin afstaða til þess, í hvaða búning frv. yrði fært og hvert yrði innihald þess.

Ég vil þó láta það koma hér fram, að ég tel einsýnt að í fyrsta lagi hljóti fjárhæðin að breytast og það til hækkunar. Það liggur kannske í hlutarins eðli miðað við verðþróun í landinu.

Í öðru lagi tel ég sjálfsagt að þessi fjárhæð verði tengd

við verðþróunina í einu eða öðru formi. En vissulega getur ýmislegt komið þar til greina. Það er spurning hvort á að miða við framfærsluvísitölu, byggingarvísitölu, gengisbreytingar, lánskjaravísitölu eða eitthvað annað. Þetta er eitt af þeim atriðum sem hefur verið rætt meðal þeirra manna sem um þetta hafa fjallað, og endanleg tillaga liggur ekki fyrir. En aðalatriðið er að fjárhæðin verði tengd verðbreytingum í þjóðfélaginu.

Í þriðja lagi hefur verið rætt um að stytta tímann sem liðið getur milli þess að þessi fyrirgreiðsla sé veitt öðru sinni eða í þriðja sinn, sem sagt milli endurveitinga á tollaívilnunum. Þar hefur einkum komið til álita að stytta tímann úr fimm árum í fjögur ár eða — eins og sumir hafa nefnt — að binda endurveitingu þessarar ívilnunar við ákveðinn kílómetrafjölda aksturs. Ég held að það sé fullur vilji fyrir því í fjmrn. að gengið verði til móts við óskir sem fram hafa komið um að þarna verði eitthvað slakað á, menn þurfi ekki að bíða í full fimm ár eftir því að mega skipta um bifreið. En af því leiðir svo hitt, að væntanlega verður að taka afstöðu til þess, hvort um yrði að ræða að leyfðum veitingum yrði fjölgað til samræmis við styttingu tímans.

Eins og ég tók fram áðan hafa ekki verið teknar ákvarðanir af hálfu fjmrn. um hvert yrði efni frv. um breytingar á þessum ákvæðum. Ég held hins vegar að ljóst sé að rn. muni stefna að því að lagfæra gildandi lög með þeim hætti sem ég hef nú lýst, þó að nánari ákvarðanir um framkvæmdaatriði og nánari tilhögun hafi ekki enn verið teknar.

Guðrún Helgasóttir: Herra forseti. Ég vil minnast nokkrum orðum á þessa fsp. hv. 10. landsk. þm., Jóhönnu Sigurðardóttur, sem mér finnst full ástæða til að sé borin fram.

Ég bar fram á síðasta þingi viðbótartillögu varðandi bifreiðar fyrir öryrkja, þar sem farið var fram á að eignartíminn væri styttur frá því sem nú er. Ég tel alveg nauðsynlegt, að þær breytingar verði gerðar, og skora á fjmrh. að vinda bráðan bug að framkvæmd þess máls. Ég tel ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um ástæður til þess. Það er öllum ljóst, að þessi tími er of langur.

Annað mál hyggst ég bera fram sem frv. og vil geta þess, þó að það sé ekki tilbúið, ef ekki verður séð til þess að sú breyting komi inn í þingið,. en það er um ákvæði í 27. tölul. 3. gr. laga um tollskrá, nr. 120 frá 1976, en þar er talað um lækkun eða niðurfellingu af gjöldum bifreiða fyrir öryrkja. Þar segir í 4. mgr.:

„Aðilar, sem njóta tollívilnana samkv. 41. tölul. [en sá töluliður veitir þeim, sem hafa atvinnu af akstri, ívilnun á tollum], geta eigi jafnframt fengið tollívilnun samkv. þessum tölulið."

Þetta þýðir í stuttu máli að öryrki, sem sækir um tollalækkun vegna atvinnufyrirtækis, getur aðeins fengið aðra ívilnunina, en ekki báðar. Það segir sig sjálft, að þetta er ákaflega óréttlátt. Niðurfellingin eða lækkunin til handa öryrkjanum er aukaívilnun fyrir hann vegna örorku hans og þess vegna afar ósanngjarnt að hann njóti ekki beggja ívilnananna.

Ég vil biðja hæstv. ráðh., ef hann er að ljúka endurskoðun á tollalögunum, að taka þetta atriði inn í — annars mun ég bera fram frv. um það efni.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Á tveimur þingum hef ég ásamt fleiri þm. flutt breytingartillögu við tollskrá að því er varðar niðurfellingu og lækkun gjalda af bifreiðum fyrir öryrkja. Ég hef orðið var við það, eins og raunar hefur komið fram í umr., að hv. alþm. hafa mjög mikinn áhuga á því og vilja hafa samstöðu um að lagfæra þennan þátt mála fyrir þá sem þurfa á slíkri niðurfellingu að halda.

Ég tel að mjög æskilegt sé að í þeirri endurskoðun, sem nú fer fram, eftir því sem hæstv. fjmrh. upplýsti, sé ekki aðeins haft samráð við eða leitað álits þeirra tryggingalækna, sem lögum samkvæmt fjalla um þessa niðurfellingu, heldur ekki síður leitað umsagnar eða haft samráð við samtök öryrkja í landinu, sem mjög hafa varist fyrir þessari réttarbót. Það er ljóst, að frá þeim hafa komið fram opinberlega ákveðnar tillögur í sambandi við meðferð þessa máls í heild. Ég vil gjarnan mega beina þeim tilmælum til hæstv. fjmrh., að sjónarmið þess fólks, sem stendur í forsvari fyrir þessi samtök, fái að koma fram í sambandi við þá endurskoðun sem í gangi er.

Ég vil líka leggja áherslu á að það er mjög mikilvægt að frá þessu sé gengið mjög skilmerkilega í tollskrá, vegna þess að þessi ákvæði, eins og svo mörg önnur, er hægt að túlka á margvíslegan hátt, miðað við ákvæði tollskrár eins og hún er í mörgum tilfellum. Þar minni ég á ekki hvað síst þau ákvæði er snerta niðurfellingu á tollum ýmissa tækja og hjálpartækja fyrir fatlað fólk.

Að lokum vil ég segja það, að ég vænti þess, að þessi endurskoðun komi sem fyrst fram í lagafrv. Og ég vænti þess, að afstaða hv. alþm. sé sú sem kom fram við síðustu afgreiðslu þessa máls, að ekki muni standa á Alþ. að greiða götu þeirra leiðréttinga sem á þessum málum þarf að gera.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Aðeins nokkur orð — og ber nú vel í veiði að þessi þarfa fsp. hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur er borin fram í sömu andránni og hæstv. félmrh. hefur svarað fsp. varðandi fyrirhugaðar breytingar á tryggingalöggjöfinni.

Ég er þeirrar skoðunar, að það sé ákaflega brýnt að auðvelda öryrkjum og með nokkurri hliðsjón af fötlun að komast yfir farartæki. Þá er náttúrlega mest um vert að gerfatlaða fólkinu, sem alls ekki kemst leiðar sinnar öðru vísi en í sérstaklega útbúnum og góðum bílum, verði auðveldað að komast yfir slík farartæki. Þar næst á eftir er nauðsynlegt að öðru fötluðu fólki, sem slíkra farartækja þarfnast, sé gert kleift að endurnýja þá bíla á meðan enn þá er nokkurt endursöluverð á þeim bíl sem hlutaðeigandi á.

Það er efalaust að fimm ára biðtíminn er allt of langur. Þetta er orðin endurnýjun á allt að því óviðráðanlegu vandamáli að komast yfir notaðan bíl að nýju. Þetta fólk þarf að vera í góðum bílum. Þetta er fólk sem getur ekki gert við bílana sína sjálft. Margt af því er þess háttar að það getur ekki einu sinni skipt um dekk undir bílnum af eigin rammleik, hvað þá gert við bílinn eða haldið honum við að nokkru leyti eða bjargað sér ef bíll bilar fjarri mannabyggðum við slæmar aðstæður að nóttu til.

Ég hygg að það væri ákaflega mikill styrkur fyrir þetta fólk ef eftirgjafartíminn yrði styttur ofan í fjögur ár eða ákveðinn ekinn kílómetrafjölda, við skulum segja 80—100 þús. km. ekna á bíl, þó að hann hafi verið skemmri tíma en fjögur ár í eigu hlutaðeigandi.

Komum við þá að því sem lýtur að tryggingalöggjöfinni í sambandi við þörf þessa fólks fyrir bíla.

Það er orðið ofviða fólki, sem lifir á örorkulífeyri plús tekjutryggingu, að reka bíl, rekstrarkostnaðurinn er orðinn svo mikill með hækkuðum bensínkostnaði. Ráðstöfunin, sem gerð var á síðasta þingi, getur aðeins talist — ja, við skulum segja: hógvær viðleitni til að viðurkenna vandamálið. En sú ráðstöfun nægir hvergi nærri. Við verðum að sjá til þess, að a. m. k. gjörfatlað fólkinu, sem hvergi kemst leiðar sinnar nema í vélknúnu farartæki, verði séð fyrir hjálp til að reka þessa bíla. En það er ég alveg viss um af orðum þeirra góðu manna, sem hér hafa tekið til máls um fsp. frú Jóhönnu, að ekki mun standa á þeim í vetur að gera einhverja þá lagabreytingu til hjálpar þessu fólki sem stoð megi verða í. Og þá skulum við ekki gleyma því, að það er fleira fatlað fólk en það, sem hefur þó efni á því að eiga bíl með eftirgjöf, sem þarf að komast leiðar sinnar húsa á milli. Það fólk, sem e. t. v. er verst á vegi statt fjárhagslega, verður að kaupa leigubíla eða kosta öðru til. En þetta lýtur að væntanlegum breytingum á tryggingalöggjöfinni síðar í vetur.

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. svör hans og undirtektir þeirra þm., sem hér hafa tekið til máls, við það að þetta mál þurfi skjótrar úrlausnar við.

Það kom fram í svari hæstv. fjmrh., að endurskoðun sé í gangi nú, en henni ekki lokið og frv. verði lagt fyrir Alþ. fljótlega í þessu máli. Í svari hæstv. ráðh. kom þó ekki fram fullkomið svar við fsp. minni er varðar b-liðinn, í hverju þær úrbætur væru fólgnar, enda gefur það auga leið þar sem þessari endurskoðun er ekki lokið. Fjmrh. kom þó inn á nokkur atriði í þessu máli sem munu koma til móts við þær skoðanir sem uppi voru á síðasta þingi í þessu máli, ef að lögum verður. Aðalatriðið er þó að breytingar verði gerðar til úrbóta í þessu máli og tillögur verði lagðar fljótlega fyrir þingið þannig að tími gefist til að afgreiða málið í góðan tíma áður en næsta úthlutun fer fram, sem verður í byrjun febrúar, þannig að úthlutun þurfi ekki að tefjast af þeim sökum að endurskoðunin gangi seint. Það hefur komið fyrir hér, þegar frv. í þessa veru hafa verið lögð fram, að það hefur tekið langan tíma eða a. m. k. nokkurn tíma að afgreiða þau á þingi. Ég vil því leggja þunga áherslu á að þessari endurskoðun verði hraðað og við fáum þetta frv. fljótlega í þingið þannig að úthlutun 1. febrúar tefjist ekki af þeim sökum.

Dvalarkostnaður aldraðra, fsp. (þskj. 46). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Að undanförnu hafa orðið nokkrar umræður um stöðu og þróun heilbrigðismála almennt. Þessi umræða og blaðaskrif hafa aukist í kjölfar heilbrigðisþings sem nýlokið er. Það hafa komið fram skiptar skoðanir um einn þátt þeirra gjalda sem hið opinbera, sjúkratryggingarnar, greiðir fyrir sjúka aldraða sem dveljast á vegum Landspítalans eða deildar Landspítalans að Hátúni 10B hér í Reykjavík. Aðrar stofnanir, hvort sem þær eru í eigu sveitarfélaga eða sjálfseignarstofnanir, fá sitt daggjald ákveðið af daggjaldanefnd, hvar í eiga sæti fulltrúar opinberra aðila og sveitarfélaga, en enginn aðili frá sjálfseignarstofnunum. Eftir að daggjaldanefnd hefur lokið störfum sínum fer úrskurður hennar, sem er byggður á yfirsýn og staðreyndum sem fyrir liggja frá viðkomandi stofnunum fyrir æðsta dóm — verðlagsnefnd þessara mála — sem er hæstv. ríkisstj.

Það, sem ég vil spyrja hæstv. heilbr.- og trmrh um, er þetta:

Hver er raunkostnaður á dag fyrir sjúklinga sem dvelja á hjúkrunardeild Landspítalans að Hátúni 10B: a) í fullri vistun; b) í dagvistun? Og ég hef beðið um að það yrði sundurliðaður kostnaður og að með verði teknir kostnaðarliðir sem verða til utan deildarinnar sjálfrar.

Ég hef það í huga m. a. að gott getur verið til frekari samanburðar á seinna stigi að fá svar við þessu því að í byggingu er eitt slíkt hjúkrunarheimili aldraðra þar sem menn bjóða sömu þjónustu, þegar það verður komið upp, og þessi hjúkrunardeild Landspítalans veitir, þótt hæstv. ráðh. hafi ekki séð ástæðu til að minnast á það í sjónvarpsviðtali fyrir skömmu þegar hann var að telja upp þau hjúkrunarheimili og skyldar stofnanir fyrir aldraða sem í smíðum væru.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég hef fengið frá skrifstofu ríkisspítalanna í dag svar við fsp. hv. þm. Péturs Sigurðssonar. Í fsp. er beðið um sundurliðun kostnaðar og að með verði teknir kostnaðarliðir sem verða til utan deildarinnar sjálfrar, þ. e. hjúkrunardeildar Landspítalans að Hátúni 10 B, bæði að því er varðar þá sjúklinga, sem eru í fullri vistun, og þá vistmenn sem um er að ræða í dagvistun.

Þær tölur sem ég hef sundurliðaðar í þessum efnum, eru fyrir árið 1979. Ég taldi að það væri skynsamlegra að taka heilt ár í þessu sambandi en að vera að taka þessa þætti út eins og þeir eru í augnablikinu, vegna þess að innan heils árs falla til allir þeir kostnaðarliðir sem nauðsynlegt er að taka tillit til í þessum efnum. Ég held að þessi upptalning eigi að gefa nægilega skýra mynd af þeim kostnaði sem þarna er um að ræða.

Það er fyrst öldrunarlækningadeild. Dvalardagar 1979 eru 23389. Kostnaður á því ári nam samtals 571 millj. 582 þús. kr. Sá kostnaður skiptist þannig:

Laun 366 millj. 521 þús. Pappír, bækur, tilföng o. fl. 526 þús. Fatnaður, hreinlætisvörur o. fl. 17 millj. 487 þús. Lyf og spítalavörur 12 millj. 842 þús. Orka til ljósa og hitun 8 millj. 405 þús. Ýmis áhöld 474 þús. Auglýsing, fjölritun o. fl. 312 þús. Ferðir, námskeið og þess háttar 1 millj 158 þús. Húsaleiga og leigugjöld 7 millj. 201 þús. Akstur 4 millj. 212 þús. Hreingerning, þvottur og fatahreinsun 23 millj. 511 þús. Viðhaldskostnaður 583 þús. Ýmis sérfræðiþjónusta 7 millj. 772 þús. Ýmislegt 203 þús. Gjaldfærður stofnkostnaður 2 millj. 547 þús. Samtals 453 millj. 754 þús. — Síðan kemur fæðiskostnaður 67828 þús. Ýmsar tæknilegar og faglegar rekstrareiningar, eins og það er orðað í skýrslu frá skrifstofu ríkisspítalanna til mín, 50 millj. Samtals 571582 þús. við öldrunarlækningadeildina á 23389 dvalardaga, sem gerir kostnað á dvalardag upp á 24438 kr., og að viðbættum skrifstofukostnaði er kostnaðurinn á dvalardag á legudeildinni 25157.

Á dagdeildinni varð heildarkostnaður á þessu ári, 1979, 41303 þús. Dvalardagar voru 4710. Kostnaður á dvalardag þar var 8769 kr., en að viðbættum skrifstofukostnaði varð kostnaður á dag 9483 kr. Þessi kostnaður skiptist þannig þessi 41 millj.:

Laun 11957 þús. Lyf og ýmsar spítalavörur 2220 þús. Akstur og flutningsgjöld 2595 þús. Þvottur frá þvottahúsi ríkisspítalanna 260 þús. Ýmis áhöld 79 þús. Við-

haldskostnaður 6 þús. Fatnaður og hreinlætisvörur 259 þús. Fæðiskostnaður 13659 þús. Orka 683 þús. Húsaleiga 585 þús. Og svo loks liðurinn „Ýmsar tæknilegar og faglegar rekstrareiningar“ 9 millj.

Auk þess, sem hér hefur komið fram, vil ég láta þess getið, að ég hef í dag látið dreifa til þm. riti heilbr.- og trmrn. nr. 2/1980, þar sem er um að ræða ítarlegan samanburð á öllum kostnaðarþáttum heilbrigðisstofnana í landinu. Á bls. 533—536 í þessu riti kemur mjög greinilega fram hver þessi kostnaður er á hverja kostnaðareiningu. Í þessu riti kemur glöggt fram í hverju mismunurinn liggur þarna á milli stofnana.

Það er rétt sem hv. fyrirspyrjandi gat um áðan, að umræður um fyrirkomulag kostnaðargreiðslna við heilbrigðisþjónustuna hafa verið allmiklar að undanförnu í framhaldi af nýafstöðnu heilbrigðisþingi. Þar hafa menn annars vegar rætt um hvort setja eigi allar stofnanir heilbrigðismálanna á svokallaða beina fjárveitingu, líkt og nú er gert og gert hefur verið um nokkurra ára skeið á ríkisspítölunum, eða hvort menn vilja hafa þarna daggjaldafyrirkomulag áfram.

Við höfum nú nýlega sett af stað sérstaka athugun á daggjaldastofnunum í landinu þar sem tekið verður út alveg nákvæmlega hvernig kostnaður fellur þar til eins og sakir standa. Á grundvelli þeirrar úttektar verða teknar ákvarðanir um hvernig heilbrigðisstofnanir verða fjármagnaðar í framtíðinni. Við teljum að möguleikar heilbr.- og trmrn. til að hafa eftirlit með daggjaldaspítölum í landinu séu allt of litlir eins og sakir standa og daggjaldanefnd sé í rauninni furðuveikt stjórnvald, miðað við þá miklu ábyrgð sem á henni hvílir, og þurfi að styrkja það talsvert, bæði til þess að geta nýtt þá fjármuni betur sem þarna fara í gegn, en líka til þess að geta tryggt betur en nú er að fagleg forusta heilbrigðisþjónustunnar sé í skaplegu horfi alls staðar á viðkomandi stofnunum. — Þegar þessi úttekt á daggjaldaspítölunum, sem nú á að fara í gang, liggur fyrir verða sem sagt teknar ákvarðanir um þetta.

Ég er þeirrar skoðunar, að reynslan af hinum beinu fjárframlögum til ríkisspítalanna sé út af fyrir sig allgóð. Ég held að daggjaldakerfið hafi ýmsa kosti, en stýringarmöguleikar heilbrigðisyfirvalda í daggjaldakerfinu eru ekki nægilega traustir miðað við þá gífurlegu fjármuni sem fara í gegnum þetta kerfi. Heilbrigðisþjónustan kostar á þessu ári á Íslandi um 104 milljarða króna. Þá er alveg augljóst mál að það verður að treysta miklu betur möguleika stjórnvalda til þess að fylgjast með þessum málum en nú hefur verið. Þarna er ég ekki að tala um að það verði teknir út af fyrir sig kverkataki forráðamenn þeirra stofnana heilbrigðisþjónustunnar sem hér um ræðir, heldur verði reynt að stuðla að sem bestu samstarfi og samvinnu þeirra við heilbrrn., þannig að bæði fjárhagslegt aðhald sé í lagi og faglegt aðhald líka.

Í umræðunum, sem fram hafa farið í framhaldi af heilbrigðisþingi um fjármögnun heilbrigðisþjónustunnar, hefur talsvert verið rætt um hvort kerfið sé betra: daggjaldakerfið eða kerfi beinna fjárframlaga. Ég held í sjálfu sér að málið liggi ekki þannig fyrir að menn geti tekið endilega annað kerfið og kastað hinu og það eigi að vera einhverjar trúarsetningar í gildi í þeim efnum. Við þurfum aðallega að koma á þarna fyrirkomulagi sem tryggi aðhald í fjármálum og faglegu eftirliti, en við eigum ekki að bíta okkur fasta í einhver kerfi, eins og mér hefur fundist að menn hafi gert dálítið í þeim annars mjög góðu umræðum sem hafa farið fram um þessi mál nú eftir að heilbrigðisþingi lauk.

Ég vil svo biðja hv. þm. afsökunar á því að ég sleppti tiltekinni stofnun þegar ég var að telja upp það sem í undirbúningi væri. En það, sem ég var að tala um, voru stofnanir á vegum ríkis og sveitarfélaga fyrst og fremst.

Það er þannig núna, að í byggingu eru í landinu sjúkrastofnanir og hjúkrunarheimili sem geta tekið við 570 sjúklingum í rúm. Í Reykjavík eru rúm á sjúkrastofnunum núna um 1100, ef ég man rétt. Rekstrarkostnaður á ári hverju við þessar stofnanir, sem nú eru í byggingu, yrði miðað við þau daggjöld sem nú eru greidd u. þ. b. 20 milljarðar kr. á ári, þ. e. 20% hækkun á þeim útgjöldum sem nú eru til heilbrigðismála í landinu. — Á þessu ári verjum við 8% af okkar þjóðarframleiðslu til heilbrigðismála eða hærra hlutfalli en nokkru sinni fyrr. Mér finnst að stjórnvöldum sé skylt, standandi frammi fyrir svona miklum útgjaldatölum, að staldra við og reyna að átta sig á því, með hvaða hætti þessu fjárstreymi verður best fyrir komið.

Ég tel að horfur séu þannig núna, að þegar þessar stofnanir eru komnar í gagnið, sem ég nefndi, með 570 rúmum verði í öllum meginatriðum séð fyrir sjúkrarúmaþörf í landinu, nema fyrir ákveðnar sérgreinar læknisfræðinnar í vissum tilvikum og eins að því er varðar stofnanir aldraðra. Þar er um að ræða talsverð vandamál, einkum og sér í lagi nú, en þau lagast verulega ef við getum flýtt byggingu þeirra stofnana sem nú eru að hefjast framkvæmdir við. Þar minni ég t. d. á B-álmu Borgarspítalans.

En frammi fyrir þessum stórum kostnaðartölum stöndum við. Þessi samanburður, sem hv. þm. er hér að fara fram á á kostnaði Hátúns-deildarinnar, segir okkur margt um Hátúns-deildina, en hann segir okkur ekki að það kerfi sé út af fyrir sig óalandi og óferjandi eða miklu betra en einhver önnur kerfi. Það gefur okkur tilteknar upplýsingar til að miða við þegar við tökum ákvarðanir um hvernig best verður varið hinum miklu fjármunum heilbrigðisþjónustunnar á næstu árum.

Fyrirspyrjandi (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til eða mig tilknúinn á þessari stundu að hefja almennar umr. um þessi mál, þótt vissulega væri sumt af því, sem hæstv. ráðh. sagði í ræðu sinni þess virði að eytt væri tíma til að ræða þau ítarlega hér á Alþingi. En ég vil leyfa mér að þakka honum fyrir þessar upplýsingar, sem hann gaf þinginu. Þær verða að sjálfsögðu skoðaðar af þeim aðilum, sem áhuga hafa á, og reyndar öðrum líka.

Ég vil taka undir það með honum, að að sjálfsögðu verður ekki lausn fundin á þessum málum með því að henda gamla kerfinu og taka upp hið nýja. Ég er fyllilega sammála honum í því. En hins vegar held ég að við eigum að flýta okkur hægt í þeim efnum. Það hefur lengi verið mín skoðun, og reyndar hef ég bent opinberum aðilum á það ár eftir ár, að þeir, sem skipa svokallaða daggjaldanefnd, séu algerlega sveltir við sín þýðingarmiklu störf. Þar hefði vissulega þurft að bæta við til starfa sérfróðum mönnum, þótt ég sé hins vegar lítið fyrir að fara slíka fjölgunarleið almennt. En ég held að ef þeir, sem þar vinna, hefðu getað gefið sjálfum sér meiri tíma til að stunda þessi störf og fengið þá aðstoð sem þeir þurfa, þá hefði það getað sparað skattborgurunum stórar upphæðir með því að fara ýmsar sparnaðarleiðir.

Ég vil ekki taka undir eitt sem hæstv. ráðh. sagði, að stýringarmöguleikar væru of litlir hjá ríkisstj. eða heilbrigðisyfirvöldum með því kerfi sem við búum við með daggjaldanefnd. Mér hefur sýnst það oftar en einu sinni að í gegnum þetta kerfi hafi legið við að sjúkrastofnanir væru sveltar í hel, þær yrðu að loka vegna þess að það væri verið að bíða eftir einhverjum ákveðnum degi á árinu eða í mánuðinum til að láta reikninga ríkissjóðs standa vel. Það er með þessu óbeint verið að svelta þá sem búa á þessum heimilum. Mér finnst því að það þurfi ekki að stefna í neitt kerfi sem eykur stýringarmöguleika í þessu skyni. Hitt er annað mál, eins og ég sagði áðan, að það virðist kannske nokkur þversögn í þessu. Daggjaldanefnd sem slík þarf að hafa meira í höndum en hún hefur til að geta látið fara frá sér skynsamlegar tillögur, en þær eiga þá ekki að vera á eftir í höndum misviturra manna sem í ríkisstj. sitja. Ég tek það fram, að ég á ekki frekar við núv. ríkisstj. en margar aðrar sem á undan hafa setið í þessu landi, en það á ekki að vera í þeirra höndum. Það á að skera niður þar sem þarf, en ekki svelta.

Ég skal svo ekki eyða fleiri orðum að þessu. En ég tek undir það, sem óbeint kom fram hjá hæstv. ráðh. að við erum allvel búnir á flestum sviðum í okkar sjúkrahúsmálum, en við búum við, eins og bæði núv. heilbrrh. og fyrirrennarar hans hafa viðurkennt og allir sem vinna þekkja, neyðarástand í þeim málum sem varðar gamla fólkið, sem þarf á sérstakri umönnun, eftirliti og hjúkrun að halda. Það er ekki aðalkeppikefli að leita þar eftir spítalastofnunum. Við erum að leita eftir því að koma upp heimilum fyrir þetta fólk þar sem það getur búið með aðstoð og hjúkrun þegar á þarf að halda þangað til þess dagur er allur.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af þeim orðum sem féllu hjá hv. 1. landsk. þm.

Það, sem ég átti auðvitað fyrst og fremst við þegar ég var að tala um bætta möguleika til yfirstjórnar á þessum málum, var að hægt væri að taka þar sæmilega rökrænar ákvarðanir og að öll gögn og upplýsingar um rekstur þessara stofnana lægju sem skýrast fyrir stjórnvöldum. Ég held að út af fyrir sig stafi tafir, sem oft hafa orðið í daggjaldaákvörðunum og hafa komið ýmsum stofnunum mjög illa, beinlínis af því að upplýsingaflæði innan heilbrigðiskerfisins er ekki nægilega gott eins og það hefur verið. Ég vildi segja þetta til að undirstrika það þannig að fyrir lægi að ekki væri um neinn misskilning að ræða í þessum efnum.

Í framhaldi af þessari umr. þakka ég hv. þm. fyrir fsp. og vil segja það, að merkilegt er að hugsa til þess, miðað við þá miklu fjármuni og þá miklu þýðingu sem heilbrigðisþjónustan í landinu hefur fyrir líf okkar allra, hvað það er sárasjaldan um þessi mál rætt á hv. Alþingi. Það er einstaka sinnum sem koma fram fsp. varðandi einstaka þætti í rekstri stofnana. Stundum koma fram hugmyndir varðandi afgreiðslu fjárl. um byggingu einstakra heilsugæslustöðva, en heildarumr. um stefnumótun í heilbrigðismálum fer yfirleitt ekki fram hér. Ég held að við þurfum að ráða bót á þessu, vegna þess að heilbrigðismálin eru orðin það stór þáttur í okkar þjóðfélagi. Við erum með fremstu þjóðum í heimi í útgjöldum til heilbrigðismála sem hlutfalli af þjóðarframleiðslu og einnig í þeirri þjónustu sem við veitum okkar fólki. Það sést bæði á aldurstölum og ekki síður á því, hvernig tölur líta út að því er varðar ungbarnadauða hér á landi og annars staðar í heiminum. Þessi mál eru yfirleitt aldrei rædd, t. d. af stjórnmálamönnum fyrir kosningar, svo að ég nefni dæmi.

Ég fór í það núna fyrir nokkrum mánuðum að fara í gegnum texta stjórnmálamanna og stjórnmálaflokka frá því fyrir síðustu alþingiskosningar, ef það mætti verða vegvísir að einhverjum tilteknum atriðum í heilbrigðismálum og mótun heilbrigðisstefnu. Ég fann ekki neitt, nema einstaka þm. — úti á landi auðvitað — lét eitt og eitt orð frá sér fara um að það væri nauðsynlegt að byggja heilsugæslustöð í Ólafsvík eða á einhverjum slíkum góðum stöðum. En það var furðulega lítið um að menn tækju á þessu eitthvað heildstætt, miðað við hvað þetta er orðinn þýðingarmikill þáttur í okkar þjóðlífi og að núna vinna í heilbrigðisþjónustunni um 7000 manns eða álíka fjöldi og er hér í stærstu verkalýðsfélögum.

Ég endurtek þakkir mínar til hv. þm. fyrir að koma þessum málum til umr. Þau mættu gjarnan vera hér til umr. miklu oftar.

Fuglaveiðar útlendinga hér á landi, fsp. (þskj. 46). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Stefán Jónsson): Herra forseti. Ég þarf ekki að gera langa grein fyrir þessum fsp.

Mér er kunnugt um það persónulega og veit af óyggjandi upplýsingum frá öðrum að undanfarin ár hafa íslenskir aðilar gert sér það að atvinnubótavinnu að hausti til að fara með erlendum ferðamönnum til fuglaveiða á landi hér — mönnum sem hafa komið hingað gagngert til landsins til að stunda fuglaveiðar. Ég tel að það sé ljóst að samkv. íslenskum lögum sé þeim hleypt í þau hlunnindi hér á landi sem ætluð er íslenskum þegnum. Því spyr ég: Hver heimilar erlendum ferðamönnum fuglaveiðar hér á landi?

Í öðru lagi veit ég sönnur á því, að þessi útlendingar, sem hingað koma til að stunda fuglaveiðar að haustinu, hafa m. a. haft með sér haglabyssur með hlaupviddinni nr. 10 þótt kveðið sé á um það í íslenskum lögum, að ekki megi nota stærri haglabyssur til fuglaveiða á landi hér en kaliber 12. Mér er einnig ljóst að þeir hafa haft með sér sjálfhlæðar byssur, en samkv. nýjum lögum frá Alþingi er innflutningur á slíkum skotvopnum bannaður á landi hér. Þeim, sem áttu slík veiðivopn fyrir, er heimilt samkv. reglugerð að nota út úr þeim og ætlað til þess 10 ára tímabil.

Þá er 2. liður þessarar spurningar: Hver veitir útlendingum heimild til að flytja inn í landið byssur sem bannað er að nota samkv. íslenskum lögum við fuglaveiðar?

Og svo loks í þriðja lagi: Hver er það sem veitir þessum erlendu aðilum byssuleyfi hér á landi? Er framfylgt ákvæðum íslenskra laga um veitingu byssuleyfa? Uppáskrifa umsóknina tveir valinkunnir íslenskir þegnar? Er gengið úr skugga um það með ljósum vottorðum að þessir menn séu ekki á sakaskrá í heimalandi sínu eða til þess líklegir að valda tjóni á lífi manna eða eignum með þessum verkfærum? Ef slíks er ekki gætt við veitingu byssuleyfa til þessara aðila, á ábyrgð hvers er það þá hversu með er farið?

Lengri þarf grg. mín fyrir þessum fsp. ekki að vera, en

ég vænti ljósra svara, þó að ég viti að vísu að núv. dómsmrh. hefur ekki um þessi mál vélað.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Sem svar við fsp. hv. 4. þm. Norðurl. e. skal eftirfarandi tekið fram:

Heimild til að veita útlendingum leyfi til að flytja með sér til landsins skotvopn er að finna í 20. gr. reglugerðar nr. 16 frá 20. janúar 1978, sbr. reglugerð nr. 174 27. apríl 1979, en þar segir:

„Heimilt er að veita erlendum ríkisborgurum, sem dveljast um skamman tíma hér á landi, leyfi til þess að flytja til landsins skotvopn til eigin nota með eftirgreindum skilyrðum:

1. Að viðkomandi fullnægi skilyrðum íslenskra laga um að mega eiga skotvopn.
2. Að hann hafi skotvopnaleyfi útgefið í heimalandi sínu.
3. Að hann leggi fram meðmæli eins eða tveggja manna, búsettra hér á landi, er þekki umsækjanda persónulega, og heimild eigenda þess lands þar sem hann hyggst nota skotvopnið.

Í umsókn skal umsækjandi tilgreina:

1. Fullt nafn, ríkisfang, fæðingardag og ár og heimilisfang.
2. Til hvers hann hyggst nota skotvopnið og hvar hann hyggst nota það.
3. Tegund, hlaupvídd, verksmiðjuheiti og verksmiðjunúmer þeirra skotvopna er hann hyggst flytja með sér til landsins.
4. Tegund og magn skotfæra, ef óskað er innflutnings þeirra.

Með umsókn skal umsækjandi senda staðfest endurrit eða ljósrit af skotvopnaleyfi því er hann hefur fengið útgefið í heimalandi sínu.

Lögreglustjórinn í Reykjavík gefur út umrædd leyfi svo og leyfi til handa viðkomandi að mega nota þau vopn sem hann flytur inn.

Skylt er þeim, er fær umrædd leyfi, við brottför frá landinu, að flytja úr landi þau skotvopn er hann hefur flutt með sér til landsins.

Lögreglustjóri skal tilkynna viðkomandi tollyfirvöldum um leyfi til erlendra manna."

Þessi heimild hefur verið lítið notuð, en síðan 1978, að lög um þetta efni gengu í gildi, hafa 6 útlendingar fengið slík leyfi alls 10 sinnum. Ekki eru veitt leyfi fyrir skotvopnum sem bönnuð eru samkv. íslenskum lögum. Þá geta erlendir ríkisborgarar, sem dveljast hér á landi, fengið skotvopnaleyfi eftir þriggja ára samfellda búsetu á landinu, en áður en slík leyfi eru veitt skal lögreglustjóri leita umsagnar útlendingaeftirlitsins, sbr. 7. gr. áðurnefndrar reglugerðar.

Útlendingum, sem á framangreindan hátt hafa fengið leyfi til að nota skotvopn hér á landi, mun vera heimilt að stunda fuglaveiðar hér á landi þar sem þeir hafa leyfi landeiganda til veiðanna, en íslenskum ríkisborgurum einum er heimilt að stunda slíkar veiðar í almenningum utan landareigna lögbýla og á afréttum svo og í íslenskri landhelgi utan netlaga lögbýla.

Ég hef fengið skrá yfir þá erlendu ríkisborgara sem fengið hafa skammtímaskotvopnaleyfi útgefið af lögreglustjóranum í Reykjavík. Þar eru greind nöfn þeirra og heimilisföng, ábyrgðarmaður á Íslandi, skotvopn, hverrar tegundar, hverrar gerðar og leyfistími. Þetta eru alls 6 menn, eins og ég sagði, 3 Norðmenn, 2 frá Bandaríkjunum og 1 frá Englandi. Ég sé ekki ástæðu til þess að lesa skrána upp.

Hitt er svo annað mál, að þessar reglur kunna að vera brotnar eins og önnur lög og reglur, og þá er að tilkynna það hið snarasta lögregluyfirvöldum landsins.

Fyrirspyrjandi (Stefán Jónsson): Herra forseti. Ég þakka svör hæstv. dómsmrh. við fsp. minni svo langt sem þau náðu. Ég staðhæfi það, og þó það sé ekki í verkahring mínum sem alþm. býðst ég til að nefna að því votta, að miklu meiri fjöldi útlendinga, þ. á m. útlendinga sem koma gagngert til landsins til að stunda hér skotveiðar að haustinu, heldur en 6 hafa verið hér við veiðar á þessum tíma, að þeir hafa flutt inn í landið og haft með sér byssur kaliber 10, sem þykir ekki við hæfi að nota við fuglaveiðar hér á landi eða í siðuðum veiðimannasamfélögum, og þeir hafa haft með sér sjálfhlæðar byssur. Þær hafa verið afgreiddar í gegnum tollinn hérna, — sjálfsagt með þeirri aðferð, sem hæstv. dómsmrh. sagði, að skrifuð hafa verið númer á þessum skotvopnum og kannske tekin trúanleg hlaupvídd sem upp hefur verið gefin.

Ég ítreka aðeins þetta atriði, sem ég hefði kannske mátt segja ljósari orðum strax í upphafi, en vil nú kveða þannig að að meining mín fari ekki á milli mála, að íslenskir ríkisborgarar, að því er virðist með aðstoð embættismanna með e. t. v. hæpnum reglugerðum sem eru til þess sniðnar að hægt sé að ganga fram hjá íslenskum lögum berlega, iðka það sér til atvinnubóta, — kannske bestu menn, — að leyfa þessum aðilum eða greiða fyrir þeim að stunda fuglaveiðar á landi hér. Með því móti er gengið á almannarétt á Íslandi rétt einu sinni af hálfu manna sem vilja nota hlunnindi landsins sér til tekjuauka.

Ég ítreka, að ég er reiðubúinn að skrifa formlega kæru ef þarf varðandi þetta mál, krefjast lögregluannsóknar á því og tilnefna vitni að því, hversu hér hefur verið að unnið. En að öðru leyti þakka ég hæstv. ráðh. fyrir svör hans, sem ég veit að eru gefin eftir bestu vitund, enda þótt þessi iðja hafi fyrst of fremst verið stunduð í kjördæmi hæstv. ráðh.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Að fengnum þessum upplýsingum hv. fyrirspyrjanda má hann að sjálfsögðu búast við því að þurfa að gefa nánari skýrslu um málið. Ég óska þess eindregið að hann skrifi það bréf, sem hann bauðst til þess að gera hér í ræðustólnum, og veiti að bragði allar upplýsingar sem hann hefur komist að í þessu máli.

Sameinað þing, 11. fundur.

Þriðjudaginn 28. okt., að loknum 10. fundi.

Skýrsla um Flugleiðir (þskj. 40). — Frh. umr.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. samgrh. fyrir þá ágætu skýrslu sem hann hefur lagt hér fram á hinu háa Alþingi og fjallar um málefni Flugleiða. Það er nú svo komið, að umræðan um Flugleiðamálið er orðin svo ítarleg og svo nákvæm að þar hefur nánast allt verið sagt sem segja þarf. Engu að síður

eru mörg atriði sem þarf að leggja mikla áherslu á, og benda verður á augljósar veilur í málflutningi þeirra manna sem hér á þingi hafa um málið fjallað.

Ég vil byrja á því að segja og lýsa þeirri skoðun minni, að vandamál Flugleiða draga mjög dám af þeim vanda sem almennt ríkir í flugheiminum í dag og þó einkum og sér í lagi á flugleiðinni yfir Norður-Atlantshaf. Þar gerðist raunverulega tvennt í einu eftir að Carter Bandaríkjaforseti tók upp þá stefnu, sem hefur verið kennd við „open-skies"-stefnuna, að flugfargjöld á flugleiðinni yfir Norður-Atlantshaf lækkuðu í sumum tilvikum mjög mikið, eins og gerðist t. d. hjá Laker-flugfélaginu og öðrum slíkum flugfélögum, og á sama tíma hækkaði olíuverð til mikilla muna og gerði allt flugið mjög erfitt. Það fór því ekki hjá því að þessi vandi mundi berast til okkar Íslendinga, og hér er hann og hann verður að leysa.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um gildi flugsins fyrir Íslendinga. Það þarf ekki heldur að fara mörgum orðum um það brautryðjendastarf sem forustumenn Flugleiða hafa unnið á undanförnum árum og áratugum. Þar hefur engin ríkisaðstoð komið til skjalanna nema bakábyrgðir ríkissjóðs fyrir lánum sem Flugleiðir hafa tekið. Ég minnist þess, að hæstv. samgrh. sagði við umr. hér í fyrri viku, að Norður-Atlantshafsflug Flugleiða hefði fært íslensku þjóðarbúi mikinn auð og sá auður yrði seint metinn til fjár. Þetta hlaut ég að skilja þannig, að hæstv. samgrh. mæti brautryðjendastarf Flugleiðamanna mjög mikils og hefði því reiknað dæmið svo, að það kæmi jöfnunarmerki þar á eftir og hann væri því tilbúinn til þess ásamt með öðrum hæstv. ráðh. í núv. ríkisstj. að styðja við bakið á þessu flugfélagi sem svo mikinn auð hefur fært í þjóðarbúið. Ég vona eindregið að svo sé. Ég vona jafnframt að álit núv. hæstv. samgrh. fái að ráða nokkru meira ferðinni í núv. hæstv. ríkisstj. en virðist vera þessa dagana.

Ég held — og held ekkert um það — að það sé orðin brýn þörf á stefnumótun í samgöngumálum og flugmálum okkar Íslendinga. Ég held að í þessu máli hafi verið meira deilt um keisarans skegg en það sem raunverulega skiptir máli, og það er nauðsyn flugsamgangna fyrir Íslendinga. Við gerum okkur öll grein fyrir því, að þessu flugi verður að halda áfram. Fram hjá því verður ekki komist ef við ætlum að kalla okkur lýðfrjálsa þjóð og ef við ætlum að reyna að myndast við að halda uppi því sjálfstæði sem við höfum státað af a. m. k. í skálaræðum.

Ég vil gera að umtalsefni afstöðu Alþb. til þessa máls — og ber nú vel í veiði þegar einn af helstu friðarpostulum þessa flokks gengur í salinn. (**ÓRG:** Passaðu bara að tala ekki af þér.) Ég óttast ekki mjög, hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, að ég tali af mér. Ef ég geri það einu sinni mun hv. þm. gera það 10 sinnum á sama tíma.

Ég er eindregið þeirrar skoðunar, að afstaða og framkoma Alþb. í þessu máli sé á þann veg, að það stefni að því að standa á rústum Flugleiða og stofna ríkisflugfélag. Þetta eru þau einföldu sannindi sem ég dreg af framkomu þeirra Alþb.-manna í Flugleiðamálinu almennt. Það er auðvitað stefna Alþb. að ríkisreka öll fyrirtæki sem einhvers eru megnug. Ég minnist þess, að hæstv. fjmrh. Ragnar Arnalds talaði um þær miklu skattaálögur sem nú ætti að leggja á þjóðina til að veita Flugleiðum stuðning svo að félagið mætti fljúga á flugleiðinni yfir Norður-Atlantshaf á milli Lúxemborgar annars vegar og New York og Chicago hins vegar. En skyldu menn hafa hugleitt hvaða skattaálögur á þjóðina mundu fylgja ríkisreknu flugfélagi, eða hafa Alþb.-menn gert það dæmi upp? Gerðu þeir það dæmi upp áður en þeir hófu herferð sína gegn Flugleiðum? Ég er hræddur um að þeir hafi ekki gert það. Og ég vil einnig minna á að það gæti kannske læðst sá grunur að einhverjum, að það væri einhverju öðru flugfélagi ætlað það hlutverk að taka við verkefni Flugleiða þegar Alþb.-menn standa á rústunum þar. A. m. k. virðist mér samspil hæstv. samgrh. og ákveðins Flugfélags hér á landi, sem heitir Iscargo, vera í þá veru að maður gæti dregið þessa ályktun með talsverðum rökum.

Ég minnist þess, að hæstv. samgrh. orðaði það svo, þegar hann var að verja leyfisveitingu til Iscargo á flugleiðinni Reykjavík-Amsterdam, að hann hefði, þegar hann átti sæti í flugráði, greitt atkv. með því að Arnarflug fengi flugleyfi á þessari leið, hann hefði verið einn um það. Hafi hann gert þetta í flugráði, þá spyr ég: Af hverju styður hann ekki, þegar hann er orðinn samgrh., þetta flugfélag og veitir því leyfi á þessari leið, Amsterdam-Reykjavík, en lætur þess í stað flugleyfið í hendur á tiltölulega nýju flugfélagi, sem hefur nánast engan flugflota, Iscargo?

Ég minnist líka þeirra orða hæstv. Alþb.-ráðh. Ragnars Arnalds við umr. á dögunum, þegar hann sagði að ef Flugleiðamenn héldu sig ekki á mottunni mundi ríkisstj. segja hingað og ekki lengra. (Gripið fram í.) Ég vænti þess, að hæstv. fjmrh. komi hér í stólinn á eftir og leiðrétti þá eigin ummæli. Ég er þeirrar skoðunar, að hlutverk hæstv. fjmrh. í þessu máli sé þess eðlis, að ef flug Flugleiða stöðvast nú endanlega, sem ýmsar líkur eru á að það geri, verði ábyrgðin býsna þung sem hann hefur tekið á sínar herðar. Ég vil í þessu sambandi spyrja hæstv. fjmrh. að því, hvað allur sá dráttur, sem orðið hefur á aðstoð við Flugleiðir, á að þýða. Hvað um allar þær rannsóknir sem verið er að búa til, — sérfræðingar fengnir frá útlöndum til þess að gera athuganir á veðhæfni eigna Flugleiða og þar fram eftir götunum? (**Gripið fram í:** Er þm. andvígur því?) Þm. er andvígur því að draga aðstoð við Flugleiðir á langinn. Hann er andvígur því einfaldlega vegna þess, að ástand Flugleiða er nú þess eðlis að þar horfir til algerrar stöðvunar. Ef fjmrh. er ekki kunnugt um þetta ætti hann að kynna sér málið. Skuld Flugleiða við Clearing House í London er að verða slík, að þar er verið að loka á félagið. Sama gildir um olíufélög. Og það er stór spurning, hvort Flugleiðir geta greitt laun um næstu mánaðamót. Ef fjmrh. er ekki kunnugt um þetta, þá ætti hann að hringja í Flugleiðir og spyrjast fyrir. (Gripið fram í.) Ég vænti þess fastlega, að hv. Alþb.-menn í Sþ. láti það vera að kalla fram í eins og dónar.

Ég vil einnig benda á það í sambandi við þá umr., sem hér hefur farið fram um bakábyrgðir og um stuðning og styrk við Flugleiðir á Norður-Atlantshafsflugleiðinni, að sú hugmynd er ekki komin frá Flugleiðamönnum sjálfum. Hún er komin frá hæstv. ríkisstj. Þegar stjórn Flugleiða tilkynnti það, að hún ætlaði að hætta Norður-Atlantshafsfluginu, var það ríkisstjórn Íslands sem bað hana um að draga í land og hætta við að hætta. Ég minnist þess ekki, að það hafi verið neinn annar sem hafi gert það. Þetta gerði stjórn Flugleiða vegna þess að hún treysti loforðum um stuðning og aðstoð. Þessi stuðningur og þessi aðstoð hefur verið dregin svo á langinn að starfi

félagsins og flugsamgöngum Íslendinga er stefnt í mikinn voða.

Það er öllum mönnum ljóst, sem eitthvað hafa kynnt sér Flugleiðamálið, að þróun flugs á flugleiðinni yfir Norður-Atlantshaf, hjá öllum félögum hvar í heiminum sem þau eru, hefur verið niður á við, sífellt aukinn tilkostnaður og stöðugt meiri erfiðleikar vegna mikillar samkeppni. Það er kannske vert að minnast á það, að eignir Flugleiða voru í árslok 1977 reiknaðar um 70 millj. dollara. Í lok ársins 1978 eru þær reiknaðar 76.6 millj. dollara og í lok ársins 1979 89 millj. dollara rösklega. Ég held að það muni koma í ljós, ef menn bera saman ýmsar tölur af þessu tagi, að eftir árið 1977 og þegar kemur fram á árið 1978 fara erfiðleikarnir að gera vart við sig. Á þessu er enginn vafi og ég get sagt það hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni til hróss, að hann vakti athygli á þessu, en það var lítið undir það tekið, því miður, og hefði hans mál gengið lengra fram hér á Alþ., þá hefði þessi sambandsskortur á milli ríkisstjórnar Íslands og Flugleiða ekki verið fyrir hendi, þá hefði vandinn orðið flestum augljósari fyrr en raun varð á.

Það er vert að geta þess, að árið 1977 er hagnaður Flugleiða á Norður-Atlantshafsflugleiðinni 1 millj. 169 þús. dollarar. Þegar komið er að árinu 1979 og lokum þess, þá er tapið orðið 21 millj. dollara. Slík er breytingin á þessari flugleið. Hún er svo ótrúleg að það hlýtur að taka a. m. k. leikmenn talsverðan tíma að skilja það sem hefur verið að gerast.

Forráðamenn Flugleiða hafa vissulega viðurkennt að þeir hafi gert sér það ljóst, að að þessu stefndi. En þeir hafa bætt því við, að þeir bæðu hvern mann að setja sig í þeirra spor, þegar þeir stæðu gagnvart því og frammi fyrir því að þurfa að segja upp hundruðum manna og fella niður mikilvægar flugsamgöngur. Í sambandi við þá þróun, sem hefur orðið á þessari flugleið, er hægt að nefna margvíslegar tölur. Og tölur í þessu sambandi aftur í tímann segja vissulega sögu um þróun, en þær segja heldur enga aðra sögu. Ég vil minna á það, að fulltrúi ríkisstjórnar Íslands — eða ég vænti þess að hæstv. samgrh. sé fulltrúi hennar — kom á fund í Lúxemborg í mars á þessu ári, þ. e. dagana 24. og 25. mars s. l. Á þeim fundi er bókað eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Steingrímur tók undir óskir um árangursríkan fund, en lýsti síðan áhyggjum íslenskra stjórnvalda vegna erfiðleika félagsins, sem hefðu nú í athugun ýmsar leiðir til aðstoðar," þ. e. íslensk stjórnvöld. „Nefndi hann í því sambandi ríkisábyrgð að upphæð 5 millj. dollara, sem til greina kæmi að auka síðar," takið eftir: auka síðar, „niðurfellingu lendingargjalda í Keflavík fyrir árin 1979—1981, athugun á lækkun annarra útgjalda á Vellinum og viðræður sem hafnar væru við varnarliðið um aukna flutninga á farþegum og vörum á þess vegum."

Ég vil aðeins spyrja hæstv. samgrh., af hverju svona seint er staðið við loforð sem gefin voru í marsmánuði s. l. eða fyrir sjö mánuðum.

Í þessari fundargerð segir einnig, með leyfi hæstv. forseta:

„Steingrímur ítrekaði vilja íslenskra stjórnvalda til aðstoðar og rakti aftur hvaða leiðir væru þar færar, sem mundu bráðlega hljóta lokaafgreiðslu í ríkisstj."

Þetta er sagt fyrir sjö mánuðum, fyrir rúmu hálfu ári. Það bólar ekki á þessari lokaafgreiðslu enn þá. Og einhvern veginn býður mér í grun að það verði allnokkur tími þar til bólar á þessari lokaafgreiðslu.

Það væri líka hægt að rekja samþykkt ríkisstj. frá 16. sept. s. l. Ég ætla þó ekki að eyða tíma þingsins í að rekja hana. Þar kemur fram svart á hvítu hvað ríkisstj. ætlar að gera, og hún ætlar að gera það strax. Ríkisstj. er ekkert farin að gera. Ég hefði álitið að flestir menn, sem komnir eru til vits og ára, mundu kalla þetta svik. Ég tel að t. d. Lúxemborgarmenn hafi staðið við sinn hluta af þeim loforðum sem gefin voru, en það hefur íslenska ríkisstj. ekki gert.

Ég nefndi áðan að ástandið hjá Flugleiðum væri nú orðið svo alvarlegt vegna skorts á lausafjármunum að innan skamms yrði lokað á félagið. Það er dagaspursmál, ekki vikuspursmál hjá Clearing House í London, sem fer með alla farmiðaskráningu og skiptifarmiða á milli flugfélaga í heiminum. Sama gildir um olíumál félagsins. Þar eru allar skuldir að komast á það stig, að það verður innan skamms lokað fyrir olíusölu til félagsins. Ég sagði líka áðan, að það væri stór spurning, hvort félagið hefði fjármagn til þess að greiða laun um næstu mánaðamót. (Gripið fram í.) Þeir standa líklega ekkert betur en útgerðin, en líklega yrðu ráðin skjótari gagnvart útgerðinni en verið hefur gagnvart Flugleiðum. Ég bendi aðeins á þetta vegna þess að ef þetta flug stöðvast og ef Alþb.-menn ætla sér í raun og veru, a. m. k. ákveðinn hópur innan þess flokks, að standa á rústum Flugleiða til þess að geta stofnað ríkisflugfélag, þá er ég hræddur um að Alþb.-menn séu ekki bara á rangri leið, heldur séu þeir að færa þjóina út í nýtt skattafen.

Ég vil geta þess og hef til þess heimild, að starfsmenn Flugleiða, sem vinna á innanlandsflugleiðum og við Evrópuflug, hafa verið að ræða það sín á milli að undanförnu — og væntanlega fæst í það mál niðurstaða mjög skjótlega — að veita félagi sínu stuðning með því að taka ekki við fullum launum og huganlega lána félaginu einhverja fjármuni, vegna þess að þetta flug skiptir þetta fólk miklu máli. Atvinnan skiptir það miklu máli og ef það horfir upp á það, þetta fólk, að flugið verður endanlega allt stöðvað, þá geta þeir menn, sem ráðið hafa ferðinni, rætt við starfsmenn Flugleiða.

Ég vil hins vegar taka það skýrt fram, að ég er fullkomlega andsnúinn því, að fluginu yfir Norður-Atlantshaf í fyrrverandi mynd, á milli Lúxemborgar og New York og Chicago, verði haldið áfram. Slíkt flug er brjálæði. Þeir menn, sem hafa gert sér far um að kynna sér þær áætlanir, sem fyrir hendi eru, og það útlit, sem er á þessari flugleið, hljóta að sjá það, að ef þessu flugi verður haldið áfram er stefnt út í slíkt kviksyndi að það er fullkomlega vonlaust og fullkomlega ábyrgðarlaust af stjórnvöldum að styðja það flug á einn eða annan hátt. Og þó að stjórn Flugleiða álykti sem svo í dag, að sá styrkur, sem hún geti fengið frá íslenska ríkinu og Lúxemborgarmönnum, nægi til þess að halda þessu flugi gangandi í eitt ár, þá tel ég það persónulega misskilning. Ég held að menn verði að átta sig á því, að það er spáð hækkun á eldsneyti til flugvéla á næsta ári, sem verður einhvers staðar á bilinu 25—35%. Ég held að menn verði líka að gera sér grein fyrir því, að Lúxemborgarmenn, sem ákváðu stuðning í eitt ár, ætla ekki að styðja þetta lengur en í eitt ár. Eitt ár ætla þeir að nota sem umþóttunartíma á meðan þeir geta komið flugfélagi sínu, Luxair, á þann rekspöl, að það geti tekið við þessu flugi, ef það er ábatasamt á annað borð, og þá í því formi, að um verði að ræða blandað farþega- og fragtflug.

Ég hef gagnrýnt hér Alþb. fyrir þátt þess í þessu máli.

Ég gagnrýni Alþb. fyrir það komissarakerfi sem það vill koma á í sambandi við rekstur Flugleiða, þar sem einhverjir opinberir fulltrúar verði með nefið niðri í hverjum reikningi og hverri ákvörðun sem tekin er í herbúðum þar. Menn eiga að fá að reka fyrirtæki sín í friði.

Ég er líka fullkomlega andsnúinn þeirri hugmynd sem komið hefur fram um sérstaka rekstrarstjórn fyrir Norður-Atlantshafsflug, ef því verður haldið áfram. Hvað er verið að gera með þessu? Það er auðvitað verið að setja eftirlitsmenn, kommissara, yfir félagið, sem eiga að vera þar með puttana í öllum málum.

Ég geri mér það ljóst, að Flugleiðir hafa átt við mikil innanhússvandamál að stríða, sem eru talsverður þáttur í þeim heildarvanda sem nú blasir við. Það hefur verið mikið úr þessum innanhúsvanda gert og kannske meira en efni standa til. Ég held að sá vandi hafi byrjað þegar þessi tvö flugfélög, Flugfélag Íslands og Loftleiðir, voru sameinuð án þess að gerð væri gangskör að því að sameina flugmannafélögin tvö. Síðan hafa logað heitir eldar innan þessa félags.

Ég sagði í upphafi að vandi Flugleiða drægi mjög dám af þeim vandamálum sem nú ríkja hjá flugfélögum almennt í veröldinni. Ég held að það megi gjarnan bera ástand Flugleiða saman við það ástand sem skapaðist hjá ísraelska flugfélaginu El Al á síðasta ári. En þar var ekki hlaupið til og byrjað að skera niður. Forstjóri þess flugfélags gerði starfsmönnum grein fyrir því, að það væri ekki hægt að reka það án þess að starfsmennirnir kæmu sér saman um rekstrargrundvöllinn, um kostnaðinn, um flugleiðir og um fleiri atriði sem nauðsynleg eru í flugrekstri hvers einasta félags. Þetta hefur borið þann árangur, að hagur þess félags hefur batnað stórkostlega á tiltölulega skömmum tíma.

Ég vil segja það, herra forseti, hér undir lokin, að við getum auðvitað staðið í þessari pontu eins lengi og okkur dettur í hug. Við getum deilt um það, hverjir hafi tekið réttar og hverjir hafi tekið rangar ákvarðanir. Um það getum við deilt endalaust. Við getum deilt um tölulegar staðreyndir, velt þeim fyrir okkur á hvern þann veg sem við kjósum. Það er aðeins eitt atriði, sem stendur upp úr öllu þessu máli. Okkur hér, þessum 60-menningum, er treyst til þess að sjá landinu fyrir góðum samgöngum — það er það sem máli skiptir — góðum samgöngum milli þessa lands og annarra landa svo og innanlands. Þetta er okkar verkefni og þetta er okkar skylda. Ég tel sem sagt að Flugleiðir — með þann flugvélakost, með þá þekkingu og þá reynslu sem það félag býr yfir — eigi að fá að starfa áfram og við eigum að stuðla að því að styrkja það í þeirri baráttu að koma sér á réttan kjöl á nýjan leik. Annað er raunverulega fíflaskapur. Að tala um eða gefa í skyn að innan þess félags hafi átt sér stað einhver meiri háttar fjármálaleg hneyksli, að þar hafi ákvarðanir verið stórkostlega vítaverðar, þetta skiptir ekki máli lengur. Það, sem nú skiptir okkur máli, er að koma þessu flugi á réttan kjöl. Og ef núv. ríkisstj. ætlar að fara þá leiðina, sem mér sýnist hún ætla að gera, að koma allri ábyrgðinni af þeim vanda, sem nú blasir við, yfir á félagið sjálft eða leysa þann vanda með því að láta eitthvert annað flugfélag taka við, sem kannske er í farvatninu, áhugamál sem búin eru til af pólitískum ástæðum, þá er það ríkisstjórnarinnar að fara þá leið. En ég er hræddur um að allir þeir, sem hugleiða þessi mál og hafa hugleitt þau sómasamlega, átti sig á að grundvallaratriðið í öllu þessu máli er að styrkja og styðja við bakið á þessu félagi sem við eigum og er í landinu, hefur þekkinguna, hefur reynsluna, hefur markaðskerfið, hefur flugvélarnar. Allt annað væri hrein fásinna.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það er synd með eins góða ræðu á köflum og hún var hjá hv. síðasta ræðumanni, Árna Gunnarssyni alþm., að hún skuli innan um og í bland hafa verið saman sett af slíku ofstæki í garð Alþb. að hv. þm. ruglar staðreyndum málsins gersamlega. Hv. þm. varpaði fram tveimur fullyrðingum um Alþb. í sinni ræðu. Fyrri fullyrðingin var sú, að það væri markmið Alþb. að standa á rústum Flugleiða. Þetta er alrangt, og það er sannað hér í þingsölum að þetta er rangt. Það vill svo vel til að hv. þm. vék einmitt sjálfur að þeirri sönnun, og ég þakka honum fyrir það, þ. e. þeirri páltill. sem ég flutti hér á sínum tíma. Það var Alþb. eitt sem varaði við því, hvert stefndi í þessum efnum, sem varaði við því, að ef ekki yrði að gert og áfram héldi á sömu braut, þá mundu Flugleiðir fara í rúst. En það voru stjórnendur þessa fyrirtækis ásamt með hv. þm. Friðriki Sophussyni og öðrum, sem fullyrtu að þetta væri allt í stakasta lagi og það væri engin ástæða til þess fyrir stjórnvöld og Alþ. að grípa hér inn í. Þessi málflutningur hv. þm. Árna Gunnarssonar er eins og að segja við mann, sem kemur til slökkviliðsins og segir: Það er eldur þarna, það þarf að fara að slökkva hann, — að segja við sama mann: Heyrðu góði, þú hefur kveikt í, — án þess að kanna málið nánar.

Nei, því fer nefnilega víðs fjarri, að veruleikinn sé á þann veg. Alþb. er eini stjórnmálaflokkurinn í landinu sem í tæka tíð varaði almenning og stjórnvöld við því, hvað kynni að gerast í þessum efnum, og hv. þm. Árni Gunnarsson ásamt nokkrum öðrum þm. Alþfl. á þeim tíma tók undir þær viðvaranir. En það voru önnur öfl hér á Alþ. með Sjálfstfl. í broddi fylkingar sem komu í veg fyrir að það yrði gert.

Svo segir hv. þm. annað um Alþb., að Alþb. hafi viljað koma á kommissarakerfi í Flugleiðum, og á þar sjálfsagt við eftirlitsmennina, reikna ég með — ekki rétt? (**ÁG:** Jú, jú.) Já þessir eftirlitsmenn eru ekki uppfinning Alþb. Þeir eru uppfinning Geirs Hallgrímssonar. Það var ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar sem fyrst setti slíkt eftirlitsmannakerfi á þetta fyrirtæki, og það vill svo til, að við hliðina á hv. þm. situr annar þessara eftirlitsmanna, Guðmundur G. Þórarinsson, sem ásamt Sigurgeiri Jónssyni seðlabankastjóra gegndi þessu hlutverki. Guðmundur G. Þórarinsson hætti hins vegar í þessu hlutverki eftir ákveðinn tíma, en aðstoðarbankastjóri Seðlabankans var svo sniðugur að láta kjósa sig í stjórnina á eftir, og er það kapítuli út af fyrir sig í þessu máli sem einhvern tíma væri vert að ræða. Það er nefnilega mikill misskilningur, að Alþb. eigi höfundarréttinn að þessu kommissarakerfi. Það er hvorki meira né minna en einkaframtakið í landinu með Geir Hallgrímsson og Sverri Hermannsson í broddi fylkingar sem á höfundarréttinn að þessu kommissarakerfi, þannig að báðar þessar fullyrðingar hv. þm. um Alþb. eru alrangar, bæði fullyrðingin um það, að Alþb. stefni þarna að einhverjum rústum, og fullyrðingin um kommissarakerfið. Þar fórum við eingöngu að dæmi ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar. Menn geta svo deilt um hvort það sé gott eða vont. En þar liggur höfundarrétturinn. Sú ríkisstj. hefur

ekki svo margt sér til tekna, að það eigi endilega að taka þetta atriði frá henni.

Hv. þm. Árni Gunnarsson talaði um rústir í ræðu sinni. Og hann gerði annað, herra forseti. Hann varð hér fyrstur þm. í þingsölum til þess að boða rústir Atlantshafsflugsins. Og hann gerði meira, hann krafðist rústa Atlantshafsflugsins. (Gripið fram í.) Það er nefnilega rétt. Einu aðilarnir, sem hafa haft rústastefnu í þessu máli, eru hv. þm. Árni Gunnarsson og þeir sem hann styðja. Það eru einu aðilarnir sem beinlínis hafa lagt til rústir í þessu máli. (**ÁG:** Til að koma í veg fyrir aðrar rústir.) Það getur vel verið, en það liggur alla vega ljóst fyrir, að það hefur enginn maður boðað rústir í þessu máli nema hv. þm. Árni Gunnarsson. Ég skal hins vegar segja það hér eins og ég sagði í Ed. í gær, að ég get tekið undir margar þær viðvaranir og aths., sem hv. þm. Alþfl., bæði Eiður Guðnason í Ed. og hv. þm. Benedikt Gröndal fyrr í þessum umr. höfðu uppi og einnig sumt af því, sem hv. þm. Árni Gunnarsson sagði hér. Sú gagnrýni, sem hefur komið fram hjá þessum hv. þm. á aðgerðir Flugleiða gagnvart Atlantshafsfluginu, á fullan rétt á sér og aths. þeirra eru margar hverjar að mínum dómi alveg hárréttar. En það breytir því ekki, að Alþb. hefur tekið þá ákvörðun að ganga til samstarfs við starfsfólk fyrirtækisins, hv. þm. Árni Gunnarsson, ganga til samstarfs við þá aðila aðra sem vilja halda þessari tilraun áfram á þann hátt að ríkið veiti bakábyrgð fyrir þessu flugi, sem er jafngildi þeirrar upphæðar sem ríkið kynni ella að missa af í tekjum, sköttum og öðrum gjöldum ef flugið legðist niður. Við höfum okkar efasemdir, en við höfum þó lagt til og stutt þessa leið. Þess vegna hefur enginn gengið jafnlangt í að krefjast rústa á starfsemi Flugleiða og hv. þm. Árni Gunnarsson gerði í ræðu sinni áðan.

Það voru fleiri mótsagnir í þessari ræðu. Þar var m. a. sagt að Alþb. vildi berjast fyrir ríkisrekstri í flugi, algerri þjóðnýtingu. En svo nokkrum orðum seinna vorum við farnir að berjast fyrir því, að Iscargo fengi flugrekstur á þessum leiðum. Þótt Kristinn Finnbogason sé mikilvægur maður í okkar þjóðfélagi, þá er hann varla enn sem komið er orðinn ríkið, þannig að þetta tvennt getur varla farið saman, að við séum bæði að stefna að ríkisrekstri og Finnbogasons-rekstri á þessu sviði, enda er þetta hvort tveggja rangt. Stefna Alþb. í þessu máli liggur algerlega ljós fyrir. Hún er í fyrsta lagi sú, að við höfum krafist þess, að stefnt væri að aðskilnaði áhættuflugsins og þess sem kallað hefur verið grundvallarflug, einmitt þess flugs sem hv. þm. Árni Gunnarsson lagði réttilega mikla áherslu á áðan.

Við höfum sagt að þeir aðilar, sem vilja reka áhættuflugið, eigi að fá að reka það, hvort sem það eru Flugleiðir, Iscargo, Arnarflug eða hver annar. Það skrýtna er, að við erum nefnilega einu talsmenn hinnar frjálsu samkeppni á þessu sviði. (**FrS:** Húrra, velkomnir í hópinn.) Nei, þú ert nefnilega ekki í þeim hópi, hv. þm. Þú ert einn helsti einokunarpostulinn hér á Alþ., eins og ég mun koma að á eftir. Á þessu sviði má ríkja algerlega frjáls samkeppni, og þeir, sem treysta sér til þess að reka þetta flug, eiga að fá að gera það. (Gripið fram í.) Á þessu sviði, já, en það á ekki að vera á hinu sviðinu, sem er það grundvallarflug, það nauðsynlega flug sem snertir samgöngur Íslendinga við umheiminn.

Í öðru lagi höfum við sagt að starfsfólk fyrirtækjanna eigi að vera áhrifaríkur aðili í rekstrinum. Það eru þær kröfur sem við höfum gert. Í samræmi við það eru ákvæði í því frv., sem liggur fyrir í Ed. um málefni Flugleiða, um aukinn hlut starfsfólksins. Í samræmi við það höfum við tekið undir óskir starfsfólks Arnarflugs um að fá að kaupa hlutabréf flugleiða í því fyrirtæki. Og í samræmi við það get ég gengið til liðs við hv. þm. Árna Gunnarsson og stuðlað að því, að starfsfólk Evrópuflugsins og innanlandsflugsins geti fengið stóraukna hlutdeild, jafnvel orðið afgerandi aðili í rekstri þessara flugleiða. Þetta er annað meginatriðið í okkar stefnu, að starfsfólkið — flugmennirnir, flugvélstjórarnir, flugfreyjurnar, afgreiðslufólkið og allir þeir sem við þessi fyrirtæki starfa — eigi að vera kjarnahlekkurinn í eignarhaldi og rekstri á þessu sviði. Síðan höfum við í þriðja lagi sagt það, að nauðsynlegt sé fyrir hið opinbera að hafa ítök í þessum rekstri til þess að geta fylgst með og veitt þann styrk sem nauðsynlegur er, og í því sambandi styðjum við þau ákvæði frv., sem liggur fyrir Ed., að hlutdeild ríkisins verði aukin í 20%, og mér vitanlega hefur enginn þm. enn mótmælt þessu ákvæði beint.

Það hefur verið haft á orði úr þessum ræðustól, að stjórnvöld hafi brugðist seint við í þessu máli og sumt í þessari þróun hafi komið mönnum á óvart. Það eru einmitt ýmsir fulltrúar Sjálfstfl., bæði hér á þingi og annars staðar, ásamt einstaka manni úr Alþfl., sem hafa haldið þessu fram. Hver er ferill Sjálfstfl. í þessu máli, hver er hann? Hefðum við átt að fylgja fordæmi Sjálfstfl. í þessu máli? Sjálfstfl. veitti forstöðu ríkisstj. hér fyrir fimm árum, þegar Flugleiðir óskuðu eftir ríkisábyrgð. Hvað leið langur tími frá því, að það fyrirtæki óskaði eftir þeirri ábyrgð, og þangað til ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar lagði fram frv.? Átta mánuðir. Það er rétt rúmur mánuður síðan Flugleiðir óskuðu eftir ríkisábyrgð sem samsvaraði 12 millj. dollara, og nú strax er komið fram frv. Ef við hefðum átt að fylgja fordæmi Sjálfstfl. í málinu hefði slíkt frv. ekki átt að koma fram fyrr en í maí. Hefðum við átt að fylgja fordæmi Sjálfstfl. og neita athugun Alþingis og stjórnvalda á þessu máli 1978 og 1979? Auðvitað ekki. Staðreyndin er nefnilega sú, að ferill Sjálstfl. í þessu máli er slíkur, að þar gætir margvíslegra mótsagna, og samanburðurinn við afskipti ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar og málflutningur þm. Sjálfstfl. hér 1978 er allt með þeim hætti, að þessir menn geta á engan hátt gagnrýnt þá meðferð sem núv. ríkisstj. hefur haft á þessu máli.

Mig langar til, herra forseti, að rifja upp nokkur viðvörunarorð sem ég flutti úr þessum ræðustól fyrir um það bil tveimur árum og fulltrúi þingflokks Sjálfstfl. í þeim umr., Friðrik Sophusson, neitaði að hlusta á og aðrir þm. Sjálfstfl. vildu ekki taka mark á. En í þeirri ræðu sem ég flutti á Alþ. um till. til að rannsaka rekstur Flugleiða og Eimskips, sagði ég m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Hinar nýju aðstæður á þeim markaði skapa því gífurlegar hættur fyrir rekstrargrundvöll og jafnvel eignarhald yfir flugflota landsmanna. Allt flugkerfi Íslendinga hefur í reynd verið lagt undir í því samkeppnisspili. Tapi Flugleiðir samkeppninni við þau risafélög sem nú bjóða hliðstæð fargjöld, þá kemur tapið fyrst og fremst niður á íslenskum almenningi, og allur flugfloti landsmanna gæti glatast ef um alvarlegt gjaldþrot yrði að ræða. Hér er því djarft spilað um miklar eignir, mikla fjármuni, mikil örlög.

Það er mikil áhætta fyrir íslenska þjóð og stjórnvöld landsins að láta eins og sá möguleiki sé ekki til, að útiloka algerlega ósigur í verðstríðinu á Atlantshafsleiðinni sem kynni að skilja allt flugkerfi Íslendinga eftir í rúst.

Að mínum dómi hefur atburðarásin síðustu mánuði sannað enn frekar en ég gat leitt líkur að í framsöguræðu minni, að samgöngukerfi þjóðarinnar í flugi er í raun og veru í stórfelldri fjárhagslegri og rekstrarlegri hættu vegna þeirrar samtengingar, sem orðið hefur á því og þeim áhætturekstri sem Ameríkuflugið hefur í för með sér.

Það hefur jafnframt komið fram á þessum mánuðum, að líklegt væri að í þennan leik mundu bætast fjöldamörg önnur erlend stórfyrirtæki, hvort sem okkur líkaði betur eða verr, sem hafa yfir slíkum flugflota að ráða, hafa yfir slíkri samkeppnisaðstöðu að ráða, að það sé nánast vonlítið, ef ekki vonlaust, að lítið íslenskt flugfélag geti heldið uppi samkeppnisrekstri af þessu tagi.

Ég held að bæði það, sem gerst hefur innan fyrirtækisins sjálfs, og það, sem hefur verið að gerast í ytri rekstrarskilyrðum fyrirtækisins, sýni, að það sé höfuðnauðsyn fyrir íslensk stjórnvöld að taka afstöðu til þess, hvort skilja eigi á milli annars vegar áhættuflugsins á Bandaríkjamarkaðnum og hins vegar hins innlenda flugkerfis landsmanna og flugsamgangna við helstu nágrannalönd okkar í Evrópu.

Við getum innan tíðar staðið frammi fyrir stórfelldari vanda í samgöngukerfi þjóðarinnar en við höfum staðið frammi fyrir um langa hríð, vegna þess að þær meginstoðir, sem byggt hafa þetta samgöngukerfi upp, þau tvö fyrirtæki, sem hér eru til umr., ráða einfaldlega ekki við það, eru að missa algerlega tökin á því, og það komi í hlut þjóðarinnar að borga brúsann af því sem ég hef kallað ævintýramennsku í þessum efnum.

Mín afstaða er sú, þótt menn geti gagnrýnt orðalag þessara spurninga á einn eða annan hátt, og aldrei verða þær svo fram bornar að ekki megi gagnrýna þær með einhverjum hætti, að hér sé í raun og veru á ferðinni spurningin um það, hvort fulltrúar þeir, sem kjörnir hafa verið af fólkinu í þessu landi til þess að móta stefnuna í öllum mikilvægustu greinum þjóðmála, ætla sér á eigin spýtur að heyja sér þann efnisforða, sem þarf til þess að geta á raunhæfan hátt mótað þessa stefnu, eða hvort við ætlum um langa tíð enn að vera algerlega háðir þeim upplýsingum og þeim túlkunum á veruleikanum sem berast okkur frá forsvarsmönnum stórfyrirtækjanna, frá embættisstofnunum af ýmsu tagi og öðrum þeim sem annast þessa starfsemi."

Hér lýkur, herra forseti, stuttum tilvitnunum, aðeins *fáeinum*, í þær tvær ræður sem ég flutti um þetta mál á Alþ. á þeim tíma. Hér er hvað eftir annað bent á það, að innan tíðar komi að því, að íslensk stjórnvöld þurfi að láta málefni þessa fyrirtækis til sín taka. Það er hvað eftir annað bent á það, að markaðsþróunin í þessum efnum sé á þann veg, að slíkt verði óhjákvæmilegt. Og þannig mætti lengi telja.

Hvað sögðu forráðamenn fyrirtækisins þegar ég mætti þeim á opinberum vettvangi til þess að ræða þetta? Þeir sögðu: Nei, það er ekkert slíkt í vændum, það er engin slík hætta fyrir hendi, þetta mun allt lagast á fáeinum mánuðum. — Hvað sögðu talsmenn þessara eigenda hér á Alþ., eins og hv. þm. Friðrik Sophusson? Engin ástæða fyrir stjórnvöld til að kanna þetta á nokkurn hátt. Sömu öflin og hafa sameinast nú, Morgunblaðið og Sjálfstfl. og forstjórar Flugleiða, sameinuðust þá til að koma í veg fyrir að Alþ. hefði yfir að búa þessum upplýsingum. Og við skulum minnast þess, þegar þessir herramenn standa hér upp og eru að gera sig breiða í þessu máli, að allur þeirra málflutningur frá árinu 1978 situr eftir sem minnismerki um það, að þessi menn mátu meira að lúta stjórn forstjóra Flugleiða heldur en að gæta hagsmuna almennings í landinu.

Ég hef við umr. í Ed., og ætla ekki að endurtaka það hér, vitnað til ummæla ýmissa manna á Alþingi 1975, þegar ríkisábyrgðin kom þá til umræðu. Þar eru mjög athyglisverð ummæli, varnaðarorð frá fjölmörgum þm., Halldóri E. Sigurðssyni, þáv. samgrh., Ólafi G. Einarssyni, núv. formanni þingflokks Sjálfstfl., Steingrími Hermannssyni, þáv. alþm. og núv. samgrh., Ragnari Arnalds, þáv. alþm. og núv. fjmrh. Það er fróðlegt fyrir hv. þm. að lesa þessar umr. Það er fróðlegt að kynna sér, að þau varnaðarorð, sem þeir þm. Steingrímur Hermannsson og Ragnar Arnalds höfðu báðir uppi í Ed. þegar frv. kom til umr., hafa öll reynst rétt. Því miður er það þannig, að spásögn mín og margra þessara þm. um þessi efni hefur komið á daginn. En það er athyglisvert fyrir hv. alþm. að hugleiða það, að allan þennan tíma hafa forstjórar fyrirtækisins ýmist neitað um upplýsingar eða gefið rangar upplýsingar.

Í umræðunum 1975 er hvað eftir annað vikið að því, að nefndir þingsins hafi ekki fengið upplýsingar um málið. Sérhæfðir aðstoðarmenn, sem kallaðir hafa verið til, þrír valinkunnir menn, sem áttu að meta eignir fyrirtækisins, hafa ekki hugmynd um hverjar þær séu. Og það sem er kannske allra athyglisverðast, að sérstök endurskoðunarnefnd, sem skipuð var veturinn 1975 og skilaði ríkisstj. sérstakri skýrslu, varar mjög alvarlega við þeim rekstrarhættum sem fram undan kunna að vera hjá fyrirtækinu. Þess vegna getur í raun og veru ekki nokkur maður, sem kynnir sér sögu þessa máls, komið upp og sagt: Menn vissu ekki hvað var að gerast. Hitt geta menn hins vegar sagt: Við trúðum því, sem stjórnendur fyrirtækisins sögðu, og þess vegna uggðum við ekki að okkur, þess vegna töldum við ekki ástæðu til þess að kanna málið, vegna þess að auðvitað eru stjórnendur fyrirtækisins valinkunnir menn.

En því miður er það þannig, að sömu öflin, Geirsklíkan í Sjálfstfl., Morgunblaðið og hluti þingflokks Sjálfstfl., með kratana einstaka sinnum til aðstoðar, þó ekki alltaf, eru núna að bjástra við — og voru á haustmánuðum — að búa til sams konar málflutning, rangan málflutning í þessu máli eins og þá. Ég kallaði fram í fyrir hv. þm. Árna Gunnarssyni áðan þegar hann var að tala um hina alvarlegu stöðu sem fyrirtækið væri í nú og lýsti henni mjög dramatískt, svo dramatískt að ef þær upplýsingar eru réttar sem hv. þm. er með, þá blasir einfaldlega það ástand við, að eftir nokkra daga geta Íslendingar ekki ferðast um heiminn. Niðurstaðan af því, sem hv. þm. Árni Gunnarsson var að segja fyrir nokkrum mínútum, var það, að upp úr næstu helgi geta Íslendingar ekki ferðast um heiminn, vegna þess að ef Clearing House í London lokar, þá kemur alveg nákvæmlega það sama fyrir alla Íslendinga eins og kom fyrir mig þegar ég var á ferðalagi í sumar og ætlaði að skipta farmiða mínum á fjölfarinni flugstöð úti í heimi og eitt stærsta flugfélag Evrópu sagði: Við snertum ekki á farmiðum þessa fyrirtækis, það skuldar okkur svo mikla peninga. — Og ég fékk farmiða mínum ekki skipt. (**FrS:** Hvernig í ósköpunum komstu heim aftur, maður? Af hverju varstu að því?) Ég veit það, hv. þm., að það er vont fyrir þig og aðra, að ég sé hér á landinu, en þú verður að sætta þig við það. Enn þá hefur Geirsklíkunni í Sjálfstfl. ekki tekist að

taka upp þau vinnubrögð í landinu sem hún vill viðhafa í flokknum.

Þau orð, sem Árni Gunnarsson viðhafði hér áðan, eru lýsing á mjög alvarlegu ástandi í flugmálum þjóðarinnar og hjá þessu fyrirtæki. En í byrjun sept. birtu Flugleiðir skýrslu, og þegar hv. þm. Árni Gunnarsson var að lýsa þessu hörmungarástandi kallaði ég fram í: Hvað um skýrsluna frá í sept.? Þá sagði hv. þm. Árni Gunnarsson mér að vera ekki með þennan dónaskap, bað hv. þm. Alþb. að vera ekki með þennan dónaskap. Og í hverju er þessi dónaskapur fólginn? Hann er fólginn í því að minnast á skýrsluna frá því í byrjun sept. Og af hverju er hún viðkvæmt mál? Hún er viðkvæmt mál hjá ákveðnum mönnum hér á Alþ. vegna þess að þegar fulltrúar Alþb. sögðu þjóðinni sannleikann um þessa skýrslu, þá trítluðu tveir þingflokkar hér inn í þinghúsið, þingflokkur Sjálfstfl. og þingflokkur Alþfl., og samþykktu vítur á fulltrúa Alþb. fyrir að segja þjóðinni satt um þessa skýrslu. (**ÁG:** Brjóta trúnað.) Brjóta trúnað, trúnað við hvern, trúnað við þjóðina, trúnað við forstjóra flugfélagsins? Við sögðum ekki neitt á við það sem hv. þm. Árni Gunnarsson var að segja hér í stólnum í dag, og ef það, sem við sögðum þá, ég og Baldur Óskarsson, er trúnaðarbrot, þá er það fangelsissök sem hv. þm. sagði sjálfur í ræðustólnum áðan, ef hann væri ekki verndaður af stjórnarskránni. Þær lýsingar á rekstrarstöðu fyrirtækisins, sem við gáfum þá, voru hjóm hjá því sem hann sagði hér nú. Hann tók miklu stærra upp í sig áðan en við gerðum þá. En það er auðvitað ekki trúnaðarbrot, vegna þess að nú hentar það Alþfl. að spila þessa plötu.

Hvað var í þessari skýrslu sem Tíminn, Alþýðublaðið, Morgunblaðið, Sjálfstfl. og Alþfl. sameinuðust allir um að hefja upp til himna sem hið eina og sanna plagg í þessu máli? Jú, það var tvennt í þessari skýrslu. Annað var það, að Flugleiðir ættu vel fyrir skuldum og eignarstaða fyrirtækisins væri góð, og hitt var það, að rekstrarstaða fyrirtækisins væri svo hagstæð, að innan 12 mánaða yrði það farið að skila 900 millj. kr. hagnaði. og eins og minnst var á í Ed. í gær var ekkert annað fyrirtæki til á Íslandi sem væri svo vel statt, að það gæti innan 12 mánaða sýnt hreinan 900 millj. kr. hagnað.

Þegar fulltrúar Alþb. sögðu þjóðinni að þessi skýrsla væri röng, hún gæfi falska og villandi mynd af ástandinu hjá fyrirtækinu, þá komu þessir tveir þingflokkar saman og samþykktu á okkur vítur, og Morgunblaðið og Tíminn og Alþýðublaðið upphófu mikinn kór um aðför Alþb. að Flugleiðum, — ekki aðför Alþb. að hagsmunum almennings í landinu, ekki að eðlilegu lýðræðislegu upplýsingastreymi, nei, aðför að þessu fyrirtæki. Hver er reynslan nú? Reynslan nú er sú sem hv. þm. Árni Gunnarsson var að lýsa hér áðan. Tæpum tveimur mánuðum eftir að þessi gósenskýrsla var gefin út um hið glæsilega ástand, á blaðamannafundi sem haldinn var um hana, þá er allt að stöðvast, fyrirtækið að loka, Íslendingar hættir að geta ferðast um heiminn eftir næstu helgi.

Hvað hefur gerst á þessum tíma? Hvað hefur gerst frá þeim tíma er viðvörunarorð, sem við mæltum í sept. um að þjóðin skyldi ekki taka mark á þessari skýrslu, voru fordæmd, úr því að menn taka nú miklu stærra upp í sig? Jú, það sem hefur gerst er, að enn og aftur hefur það komið á daginn, að í þessu máli hafa fulltrúar Alþb. sagt þjóðinni satt og forstjórar Flugleiða skýrt rangt frá. Og enn og aftur standa hv. þm. frammi fyrir því að þurfa að horfast í augu við það, að túlkun okkar á veruleikanum var rétt.

Í þessari skýrslu Flugleiða gat m. a. að líta mat á eignum fyrirtækisins, flugvélakosti þess m. a. Í sama mánuði og Flugleiðir sömdu þessa skýrslu birtist í hinu virta flugtímariti, Flight International, skrá yfir alþjóðlegt markaðsgildi þessara flugvéla. Og hvernig skyldi nú mat Flugleiða á eignum sínum koma heim og saman við skrá þessa virta tímarits, Flight International, á markaðsgildi flugvélategunda í heiminum, — tímariti, sem lesið er af öllum forsvarsmönnum flugfélaga um allan heim og er talið flytja áreiðanlegar fréttir í þessum efnum? Hvað haldið þið, hv. þm., að muni miklu á mati Flugleiða á eignum flugvélanna og mati Flight International á verðgildi þessara flugvéla? Það munar hvorki meira né minna en 12 millj. dollara eða nákvæmlega sömu upphæð og hér er verið að fara fram á í frv. um ríkisábyrgð fyrir fyrirtækið. Eru það smámunir? Er það eitthvað sem ekki mátti segja þjóðinni frá? Er það eitthvað sem var trúnaðarbrot að vara þjóðina við, að þetta eignamat væri ekki rétt? Auðvitað ekki.

Nú skal ég ekki gerast dómari í því, hvert er mat Flight International og Flugleiða hins vegar. Það hafa verið kallaðir hingað til lands sérstakir erlendir eftirlitsmenn. En það blasir þó við, að virtasta markaðstímarit í þessari grein í heiminum metur flugvélar Flugleiða á 12 millj. dollurum minna en fyrirtækið gerir sjálft. Það metur Boeing 727—200 vélina á 10 millj. dollara, það metur hverja DC-8 vélanna á 10 millj. dollara, og það metur Fokker-vélarnar á 1 millj. dollara. Og sé þessi munur lagður saman og margfaldaður í öllum tilvikum, þá höfum við það, að munurinn er alls um 12 millj. dollara, eða 6 milljarðar ísl. kr., nákvæmlega sama upphæðin. (**ÁG:** Er það á öllum vélunum?) Það er á hinum þremur DC-8 vélunum, á Boeing 727-200 vélinni og á Fokker F27-100 vélunum. Hver hefur rétt fyrir sér? Þingflokkarnir, sem trítluðu hingað til að samþykkja vítur á okkur fyrir að vara þjóðina við því, að þessar upplýsingar væru kannske ekki réttar, eða við, sem vöruðum þjóðina við?

Við sögðum einnig að upplýsingarnar um rekstraráætlun fyrirtækisins fram í tímann væru ekki áreiðanlegar, þær gæfu alranga mynd af ástandinu, það væri víðs fjarri, að þjóðin og forráðamenn Flugleiða gætu slappað af í sæluvímu yfir því, eins og þeir sögðu á blaðamannafundinum, að eftir eitt ár væri kominn 900 millj. kr. hagnaður. Það birtist í Vísi, virtu blaði sem í leiðara í dag er eitthvað viðkvæmt fyrir því að ég sé að gagnrýna það fyrir að hafa ekki verið nægilega gagnrýnið á málflutning forstjóra Flugleiða, — þar birtist fyrirsögn um þennan blaðamannafund: Á að skila 900 millj. hagnaði á næsta ári. Og birt er mynd af þessum virðulegu heiðursmönnum og höfð eftir þeim ummæli sem sýna hve ánægðir þeir voru með ástand og horfur. Það væri að vísu eitthvert smámál um að breyta lausaskuldum í föst lán, en það var smáatriði. Fram undan væru þáttaskil í rekstri fyrirtækisins.

Stjórnskipaðir eftirlitsmenn sendu fyrirtækinu 50 spurningar út af þessari skýrslu. Fyrirtækið sendi eftir nokkurn tíma svör, en þau voru ekki fullnægjandi, og 30. sept. sendu eftirlitsmennirnir viðbótarspurningar. Þeim spurningum hefur ekki verið svarað enn. Vegna hvers ekki? Jú, vegna þess að svörin við þeim hefðu einfaldlega sýnt hvers konar falsplagg þessi skýrsla var og er. En atburðarásin, eins og hv. þm. Árni Gunnarsson vitnaði til

áðan, hefur tekið ómakið af okkur í þessum efnum. Í því fskj., sem hér hefur verið lagt fram með skýrslu hæstv. samgrh., er að finna grg. frá Birgi Guðjónssyni og Baldri Óskarssyni, dags. 17. okt. 1980, þar sem kemur fram í atriði eftir atriði eftir atriði, að annaðhvort skortir upplýsingar frá fyrirtækinu eða þær eru rangar. Það hefur ekki fengist fjárstreymisáætlun á greiðslugrunni. Og hvernig í ósköpunum eigum við að meta fjárþörf fyrirtækisins á næstu mánuðum án þess að fá slíkt upp í hendurnar? Ekki hafa þm. Sjálfstfl. óskað eftir því. Þeir þurfa ekki slíkar upplýsingar. Þeir eru tilbúnir að dæla peningum almennings í þetta fyrirtæki án nokkurra upplýsinga. Og það var helst á hv. þm. Árna Gunnarssyni að skilja áðan, að hann vildi helst strax á morgun dæla þessum peningum líka inn í fyrirtækið án þess að veðin lægju skýrt fyrir, án þess að upplýsingar um fjárstreymi lægju skýrt fyrir. Eru menn virkilega reiðubúnir að valsa svo með eignir og fjármuni almennings í landinu til tiltekinna stórfyrirtækja, að menn heimti að þær séu látnar af hendi án þess að slík gögn frá þeim, sem óska eftir fjármunum almennings í landinu, séu lögð fram? Hvar er nú pólitík Alþfl. um opið stjórnkerfi? Hvar er nú pólitík Alþfl. um rannsóknarnefndir og rannsóknarblaðamennsku? Á allt í einu bara að kikna í hnjánum frammi fyrir forstjórum Flugleiða og segja: Þið, elskurnar mínar, eruð undanþegnar allri upplýsingaskyldu í þessum málum.

Í þessari grg. eftirlitsmannanna og í gögnum, sem allir þingflokkarnir hafa fengið, kemur glöggt fram að engin einasta rekstraráætlun fyrirtækisins á undanförnum árum hefur staðist og munurinn er ekki neitt smáræði. Munurinn er 1978 4 millj. dollara, munurinn er 1979 13 millj. dollara og munurinn er 1980 8 millj. dollara. Og það er ekki aðeins að svo risavaxnar skekkjur séu í rekstraráætlunum fyrirtækisins á ársgrundvelli, heldur hefur það gerst á undanförnum vikum, að áætlanir fyrirtækisins um tapið á Atlantshafsfluginu hækka á nokkurra daga fresti. Í upphafi var talað um 1.5 milljarða, og þá sögðu stjórnvöld Lúxemborgar: Við erum reiðubúin að greiða það. — Síðan liðu nokkrar vikur. Þá komu forráðamenn Flugleiða og sögðu: Tapið er helmingi meira. Og íslensk stjórnvöld sögðu: Við erum reiðubúin að tryggja það. — Þá komu þeir nokkrum vikum seinna og sögðu: Það er nú aftur helmingi meira, það er komið upp í 7—8 millj. dollara. — Og nú boða þeir enn nýja áætlun nokkrum vikum eftir þetta, eða m. ö. o.: á einum og hálfum mánuði hafa áætlanir þessa fyrirtækis um rekstrartapið á Atlantshafsleiðinni farið úr 3 millj. dollara upp í tæpar 8, kannske upp í tæpar 10, rúmar 10, hver veit, og hæstv. samgrh. upplýsti það fyrr í þessum umr., að þingið mundi fá nýja áætlun um það meðan málið væri hér til meðferðar. Þetta þætti ekki góð áætlanapólitík hjá ríkisstj. Ætli það mundi ekki heyrast eitthvað hjá stjórnarandstöðunni, ef fjmrh. væri sífellt að gefa út slíkar nýjar og nýjar tölur?

Hvað vitum við um greiðslustöðu fyrirtækisins? Við höfum þessar upplýsingar frá Árna Gunnarssyni áðan, upplýsingar sem sjálfsagt hefðu verið kallaðar aðför að Flugleiðum ef ég hefði lagt þær fram, en heita sjálfsagt einhverju miklu fínna nafni fyrst þm. Alþfl. kemur með þær. Við vitum raunverulega ekki neitt um greiðslustöðu þessa fyrirtækis, og þannig mætti lengi telja, hv. þm. Ég ætla ekki að gera það hér, það var gert nokkuð ítarlega ítíma? Ed. í gær. En það er sama hvort vikið er að matinu á eignum fyrirtækisins eða hvort vikið er að matinu á rekstri fyrirtækisins, sem fram kom í hinni frægu septemberskýrslu, sem Morgunblaðið, Tíminn, Alþýðublaðið og þingflokkar Sjálfstfl. og Alþfl. sameinuðust um að gera að sinni biblíu í þessu máli, þetta hefur allt saman reynst rangt. En það verður að segja Tímanum til lofs, að hann hætti þessari vitleysu eftir fáeina daga. Og það verður að segja Alþýðublaðinu til lofs, að það skrifaði leiðara nokkru seinna þar sem það fór í fyrsta skipti að bera fram einhverjar alvarlegar spurningar gagnvart fyrirtækinu. Og það verður að segja ýmsum þm. Alþfl. til lofs, m. a. hv. þm. Benedikt Gröndal, Eiði Guðnasyni og Árna Gunnarssyni, að það hefur í umr. hér á Alþ. núna kveðið við allt annan tón en í hinni fáránlegu þingflokkssamþykkt sem Alþfl. stóð að hér í tryllingi almenningsálits hægri aflanna í septembermánuði.

Í umr. í Ed. lét hv. þm. Eiður Guðnason frá sér fara yfirlýsingar þar sem hann m. a. undraðist það, hvers vegna stjórn fyrirtækisins væri ekki búin að segja af sér, þar sem hann gagnrýndi allar helstu fjárfestingarákvarðanir fyrirtækisins á undanförnum árum. Árni Gunnarsson hefur í dag lýst því hér yfir að það eigi að hætta Atlantshafsfluginu. Og hv. þm. Benedikt Gröndal bar fram margar góðar spurningar í ræðu sinni hér fyrr og ritaði 25. sept. í Morgunblaðið grein, þar sem hann rakti ítarlega hvers vegna Lúxemborgarmenn hafa tortryggt tengsl Flugleiða við Seaboard & Western. Í þessari grein Benedikts Gröndal segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Lúxemborgarmenn hafa verið mjög tortryggnir út í hin nánu samskipti Flugleiða við ameríska félagið Seaboard & Western. Þeir hafa jafnvel óttast, að Flugleiðir ætluðu að slíta samstarfi við Lúxemborg og taka upp nýtt samstarf við Seaboard, e. t. v. gegn Cargolux. Samstarf Seaboard og Air Bahama í Indlandi kynti undir þennan ótta. Lúxemborgarmönnum voru það vonbrigði, að Flugleiðir skyldu kaupa DC-10 af Seaboard, en ekki hafa samstarf við Cargolux með því að kaupa 747 eins og það félag. Þeim voru mikil vonbrigði, að Seaboard skyldi fá viðhald á DC-8 vélunum, en Cargolux skyldi ekki fá það verkefni. Loks hefur þeim mislíkað, að Flugleiðir og sænskt skipafélag skuli eins og fóstbræður halda fast í meiri hluta í Cargolux, en heimamenn vera þar í minni hluta."

Þó að mér hafi verið hælt fyrir ýmislegt í þessu máli, þá vil ég segja það, að ég hef aldrei varpað fram jafnmarkvissum og gagnrýnum upplýsingum um áhrif tengsla *Flugleiða við Seaboard & Western eins og hv. þm. Benedikt Gröndal* gerði. Þetta er ein af stóru spurningunum sem aldrei hefur fengist svar við í þessu máli: Hvers vegna hafa Flugleiðir og stjórnendur þeirra aftur og aftur og aftur, í flugvélakaupum eftir flugvélakaup, sem hafa kostað marga milljarða kr., sífellt kosið að hafa tengsl við þetta bandaríska fyrirtæki Seaboard & Western, en hafnað öllum flugvélakaupum sem hafa getað byggt upp eðlilegt farþega- og fragtflug, eins og hæstv. samgrh. lýsti hér í sinni ræðu? Hvers vegna? Þessum spurningum var varpað fram á Alþingi 1975 og það fékkst ekkert svar. Ég varpaði þeim fram 1978 og það fékkst ekkert svar. Benedikt Gröndal hefur varpað þeim fram nú og það fæst væntanlega ekki heldur neitt svar, vegna þess að þetta er eitt af þessum skuggamálum sem aldrei fást upplýst, þar sem teknar eru ákvarðanir sem greinilega ganga gegn hagsmunum flutningastefnu þjóðarinnar, en

þjóna mjög vel fjármálatengslum þessa bandaríska fyrirtækis.

Þessi orð í grein Benedikts Gröndals sýna enn fremur það, sem ýmsir hv. þm. annað hvort vita ekki eða eru þá búnir að gleyma, að ástæðan fyrir því, að Atlantshafsflugið var lagt niður núna í haust og sú ákvörðun tekin af stjórnendum Flugleiða, var sú, að Luxair vildi ekki hafa samstarf við þetta fyrirtæki og stjórnendur þess, m. a. af þeim ástæðum sem hv. þm. Benedikt Gröndal hefur rakið í þessari grein.

Það hefur komið fram í trúnaðargögnum sem þm. hafa verið afhent, fundargerðum frá fundum í Lúxemborg og skýrslum sem birtar hafa verið milli aðila í þessu máli, að það er hin mikla tortryggni, það er hin mikla andstaða Luxair gagnvart nánari samvinnu við forráðamenn þessa íslenska fyrirtækis, sem kom í veg fyrir að það væri reiðubúið að ganga þarna inn, sjálfsagt ýmislegt annað líka. En staðreynd málsins, sem við skulum ekki líta framhjá, er að það virðist sem forráðamenn Flugleiða hafi haldið þannig á sínum spilum í Lúxemborg, að þeir hafi smátt og smátt glatað þar öllu trausti hjá þeim sem reka þessa starfsemi í Lúxemborg, þ. e. viðskiptalífsmönnunum sjálfum. Stjórnvöld buðu að vísu þennan eins árs styrk, eins og hv. þm. Árni Gunnarsson sagði áðan, eingöngu til þess að skapa umþóttunartíma. Ég hef fengið upplýsingar um það, sjálfsagt er það ekki trúnaðarbrot frekar en það sem Árni Gunnarsson sagði áðan, enda eru það miklu minni háttar upplýsingar en þær sem hann var að setja fram, en mér hefur verið tjáð það, að Flugleiðir muni 15. nóv. hætta að nota meginþorrann af því húsnæði, sem félagið hefur í flugstöðvarbyggingunni í Lúxemborg, og British Airways muni yfirtaka þetta húsnæði. Ef þetta er rétt, að sú ákvörðun liggi fyrir, að Flugleiðir muni um miðjan næsta mánuð flytja út úr meginhluta skrifstofuhúsnæðis sín í flugstöðinni í Lúxemborg, þá er það náttúrlega bara grín, að þetta sama fyrirtæki ætli að halda Atlantshafsfluginu áfram. Þá eru einfaldlega einhverjir að plata einhvern í þessu máli, því að það vita náttúrlega allir, að það verður ekki haldið uppi nýrri sókn í þessu samkeppnisflugi með því að yfirgefa höfuðstöðvar þess flugs í Luxemborg á undanförnum árum og láta aðalsamkeppnisaðilann, sem þegar hefur sent stjórnvöldum Lúxemborgar tilboð um að taka þetta flug að sér, húsnæðið í té.

Það má nefna fjölmargar ákvarðanir í markaðsmálum og annað, en ég ætla ekki að tefja þennan tíma í umr. með því. En það er rétt, sem Eiður Guðnason sagði í Ed. á sínum tíma og ég vil enduraka hér og gera að mínum orðum, að það er engu líkara, ef litið er yfir þennan feril á undanförnum 2—3 árum, en að stjórnendur fyrirtækisins hafi beinlínis viljað leggja þessa starfsemi í rúst. Það voru rústir, Árni Gunnarsson, og Eiður Guðnason hafði manndóm og skilning til þess að vera ekki að blanda Alþb. í það mál, vegna þess að Alþb. hefur ekki gert neitt annað í þessu máli en í fyrsta lagi að vara þjóðina við því fyrir tveimur árum og aftur í aeptembermánuði s. l. að treysta orðum þeirra sem sögðu að allt væri í lagi, og í öðru lagi hefur Alþb. ásamt öðrum aðilum þessarar ríkisstj. staðið að því frv. um aðstoð við Flugleiðir, sem er greinilegt að hv. þm. Árni Gunnarsson er á móti í ýmsum veigamiklum ákvæðum, vegna þess að hann lýsti því yfir áðan, að hann væri á móti þeirri grein þessa frv. sem fæli í sér aðstoð við Atlantshafsflugið. Þess vegna vill Alþb. í raun og veru ganga lengra í aðstoð sinni við þetta fyrirtæki en hv. þm. Árni Gunnarsson.

Við höfum hins vegar bent á það hvað eftir annað, að marka þurfi langtímastefnu í flugsamgöngum þjóðarinnar, og í því erum við alveg sammála því sem hv. þm. Benedikt Gröndal sagði hér á sínum tíma. Við höfum lagt fram þrjú meginatriði í þessari stefnu: að greina á milli áhættuflugs og grundvallarflugs, að starfsfólkið verði ráðandi aðili í rekstrinum og að hið opinbera hafi nægileg ítök til þess að tryggja það, að hagsmunum alls almennings sé gætt í þessum málum, en ekki meir, vegna þess að sú staðreynd blasir við, að hagsmuna almennings hefur ekki verið gætt. Það er staðreynd, sem ég vil ljúka mínu máli hér með því að minna hv. þm. enn einu sinni á. Ég gerði það fyrir tveimur árum með því að benda á það, að íslenskur almenningur væri látinn borga allt of hátt verð fyrir þær ferðir sem hann vill fara til Norðurlanda, til Bretlanda og einstaka sinnum til Bandaríkjanna og svo í skipulagðar sumarleyfisferðir víða um heim, og með of háum fargjöldum á þessum leiðum væri verið að láta íslenskan almenning borga brúsann af áhætturekstri á Atlantshafsleiðinni. Þessu var mótmælt þá, m. a. af hv. þm. Friðriki Sophussyni, sérstökum sendimanni Flugleiða í þessu máli hér á Alþ. Hver er staðreyndin? Staðreyndin blasir við í reikningum félagsins. Þar kemur fram að gróðinn á Evrópufluginu, því flugi sem Íslendingar stunda fyrst og fremst, var á s. l. ári hvorki meira né minna en 2 milljarðar ísl. kr. 2 milljarðar ísl. kr. er það umframgjald sem íslenskur almenningur hefur orðið að greiða til að ferðast til þessara landa. Og forráðamenn ferðalaga í landinu, ferðaskrifstofur og aðrir hópar, kvarta hvað eftir annað, og get ég nefnt fjölmörg tilvik um það, að þessi fargjöld séu allt of, allt of há. Og það er satt að segja ömurlegt, að við fulltrúar Alþb., skulum ekki hafa fengið meira fylgi hér á Alþ. frá svokölluðum áhangendum frjálsrar samkeppni við það að tryggja almenningi sanngjarnt verð fyrir ferðalög sín til útlanda. Það verður að gera. Það verður að vera grundvallarþáttur í hinni nýju samgöngustefnu, að rekstrarformum og rekstrarháttum fyrirtækjanna í fluginu sé hagað á þann veg, að íslenskur almenningur þurfi ekki að búa við raunverulega átthagafjötra vegna þess hve dýrt er að komast til útlanda.

Að lokum herra forseti, hélt hv. þm. Friðrik Sophusson hér mikla ræðu fyrst þegar þetta mál kom til umr. Ég gat því miður ekki hlustað á þessa ræðu, en ég las frásögn af henni í Morgunblaðinu. Samkv. þeirri frásögn fjallaði þessi ræða um mig. Ég þakka þann heiður, en tel alveg óþarfa að verja miklum tíma þessarar stofnunar til þess að ræða það efni, sérstaklega þegar á dagskrá er skýrsla samgrh. um þetta fyrirtæki. En það sýnir kannske þörfina sem talsmönnum Sjálfstfl. finnst vera á því að glíma við það sem við fulltrúar Alþb. höfum sagt, að í sinni ræðu, samkv. frásögn Morgunblaðsins, ræddi hv. þm. Friðrik Sophusson mun meira um mig heldur en um Flugleiðir.

Fyrir tveimur árum sagði hv. þm. Friðrik Sophusson að það væri alls ekki einokun í fluginu. Þar ríkti samkeppni og þar ætti að ríkja samkeppni. Þá gagnrýndi hann mig fyrir að benda á einokunarrekstur á þessu sviði og taldi að ástandið væri samkeppni og það bæri að lofa. En hvað gerir hann nú? Nú kemur hann hér í ræðustól á Alþ. og gagnrýnir hæstv. samgrh. fyrir það, að hann sé að stuðla að samkeppni í þessari grein og fylgi ekki þeirri

einokun sem eigi að ríkja samkv. dómi hv. þm. Friðriks Sophussonar á þessu sviði. Hvert er samhengið í þessum málflutningi? Jú, það er eitt samhengi. Á hverjum tíma er haldið fram því sem þjónar hagsmunum forstjóra Flugleiða. Fyrir tveimur árum þjónaði það hagsmunum þeirra að halda því fram, að það ríkti samkeppni á þessu sviði og hún ætti að ríkja. Núna þjónar það hagsmunum þeirra að segja að það eigi ekki að ríkja samkeppni, stjórnvöld hafi eiginlega skuldbundið sig til þess að veita þeim einokun í flugrekstri á þessu sviði. Þannig rekur sig eitt á annars horn í málflutningi þessara herramanna. Ég ætla þess vegna ekki að verja neinum tíma til þess að svara þessari ræðu sérstaklega, þess þarf ekki. Atburðarásin hefur svarað henni nægilega vel. En ég vil að lokum undirstrika það, að þau fjögur grundvallaratriði, sem Alþb. hefur haft að leiðarljósi í Flugleiðamálinu, eru: í fyrsta lagi að skilja á milli áhættuflugs og grundvallarflugs, í öðru lagi að starfsfólkið eigi meginhlut að rekstri þessara fyrirtækja, í þriðja lagi að almannavaldið hafi nægileg ítök í rekstrinum til þess að tryggja hagsmuni almennings og að eðlilegar upplýsingar séu jafnan fyrir hendi, og í fjórða lagi að rekstur fyrirtækjanna og verðákvarðanir séu á þann veg, að íslenskur almenningur geti á jafnöruggan og ódýran hátt og almenningur í öðrum löndum ferðast á milli heimshluta.

Guðmundur G. Þórarinsson: Herra forseti. Það er ljóst, að á þessu þingi verða miklar umr. um málefni Flugleiða hf. og það að vonum. Ég tel það til fyrirmyndar, að Alþfl. skuli hafa beðið um skýrslu hér á þinginu um þetta mál og leitt umr. þannig inn í þann farveg, að fyrir lægju allar helstu staðreyndir þegar þær fara fram. Það er óþarfi að ræða málefni Flugleiða í miklum smáatriðum hér eftir þær ítarlegu umr. sem bæði hafa farið fram hér í þinginu og í fjölmiðlum í sumar og að undanförnu. En það eru nokkur atriði sem menn verða þó að hafa föst í huga þegar menn hugleiða þetta mál.

Í fyrsta lagi: rekstrarerfiðleikar Flugleiða hafa varað nú um nokkur ár og verið vaxandi. Rekstrarerfiðleikar Flugleiða eru ekkert sérstakt vandamál Flugleiða, heldur vandamál sem flestöll, ef ekki öll flugfélög, sem fljúga yfir Norður-Atlantshafið, hafa átt við að búa að undanförnu. Þessir rekstrarerfiðleikar eru í höfuðdráttum utanaðkomandi og óviðráðanlegir, en að nokkru, eins og gjarnan vill verða hjá okkur Íslendingum, heimatilbúnir. Þróun mála á Norður-Atlantshafinu, þar sem afnumdar eru þær reglur sem áður voru í gildi eða „deregulations" sem kallaðar hafa verið, hefur valdið því, að nánast skefjalaus samkeppni hefur hafist í flugi á Norður-Atlantshafi og það svo, að nú svarar það til þess að mati sérfræðinga, að 21 Boeing-747 fari tóm fram og aftur yfir Atlantshafið á dag eða um 17000 sæti fari fram og aftur yfir Atlantshafið auð á dag.

Auk þessa hefur olíuhækkunin valdið gífurlegum truflunum á rekstri flugfélaganna á þessari leið og það svo, að olía er nú jafnvel margfalt hærri rekstrarliður í rekstri flugfélaganna en var fyrir þá nýju hækkun, þá hýju holskeflu sem kom 1979.

Auk alls þessa lentu Flugleiðir í miklu óhappi þegar hin nýja þota þeirra, DC-10, var stöðvuð eftir flugslysið við Chicago.

Ég held að engum blandist hugur um það, að þetta eru utanaðkomandi orsakir og óviðráðanlegar fyrir Flugleiðir. Flugleiðir hafa ekki ráðið þessari þróun mála. Félagið hefur verið þarna nánast leiksoppur örlaganna. Hins vegar hefur það búið við nokkurn heimatilbúinn vanda, það er rétt. Deilur og óeining innan félagsins hafa verið miklar, og landsmenn hafa horft undrandi á hvernig starfshópar innan Flugleiða hafa tekist á og jafnvel hvernig hálaunahópar hafa verið tilbúnir að taka þetta fyrirtæki, sem þeir vinna hjá, kverkataki ef svo hefur borið undir. Sumir hafa jafnvel látið sér detta í hug að Flugleiðir kynnu að liðast í sundur innan frá, þó að ekki væri líka þessi mikli utanaðkomandi vandi. Við þetta bætast síðan ýmsar efasemdir manna um ákvarðanir stjórnenda Flugleiða. Margir hafa orðið til þess að varpa fram efasemdum og jafnvel fullyrða að fjölmargar stjórnarákvarðanir hjá Flugleiðum séu rangar og eigi verulegan þátt í þeim erfiðleikum, sem félagið er nú í. Ég skal ekki leggja dóm á það. Vafalaust hefur stjórnendum Flugleiða oft mistekist eins og yfirleitt getur gerst hjá öllum stjórnendum. En hitt er annað, að það er auðvelt að vera vitur eftir á. Það er enginn vandi að koma eftir á og segja að það hefði verið réttast að bregðast svo og svo við þeim vanda sem nú er upp kominn. Það verða menn líka að hafa í huga. Og þeir menn, sem sérstaklega gagnrýna ákvarðanir stjórnenda, þurfa að gera það með nokkrum rökum og leggja þau það skýrt fram, að unnt sé að meta. Hitt er aftur annað mál, að það hefur sjálfsagt litla þýðingu í þessari stöðu að vera að elta ólar við það aftur í tímann úr því sem komið er. Staðan í dag er það sem skiptir máli og það sem fram undan er.

Í kjölfar allra þessara erfiðleika hefur fyrirtækið lent í gífurlegum hallarekstri nú um þriggja ára skeið. Sá hallarekstur hefur aftur leitt til þess, að fyrirtækið hefur dregið saman starfsemi sína og ákveðið að segja upp fjölmörgu af starfsfólki sínu. Ég hygg að þegar litið er yfir þennan tíma, þá hljóti það fyrst og fremst að verða mönnum umhugsunarefni, hvers vegna fyrirtækið hefur ekki tekið ákvörðun um að stöðva þennan rekstur fyrr, að stöðva hann ekki fyrr en fyrirtækið stendur nú gersamlega hjálparvana án utanaðkomandi aðstoðar. Auðvitað geta menn endalaust velt vöngum yfir því, hvers vegna þessi rekstur hafi ekki verið stöðvaður fyrr, og ég dreg mjög í efa nytsemd allra slíkra vangaveltna. Ég hygg þó að menn hafi í lengstu lög vonað að úr rættist, vonað að ekki þyrfti að leggja þennan atvinnurekstur niður, vonað að ekki þyrfti að segja öllu þessu fólki upp og það missti þannig sitt lífsviðurværi. En einhvern veginn segir mér svo hugur um, að ekki hafi átt minnstan þátt í þessu hvernig fyrirtækið er upp byggt, þ. e. Loftleiðaarmur og Flugfélagsarmur. Einhvern veginn segir mér svo hugur um, að þeir aðstandendur Flugleiða, sem rætur sínar eiga í Loftleiðum, hafi ekki með glöðu geði getað horft upp á það, að sá starfsgrunnur, sem félagið Flugleiðir í rauninni fékk frá Loftleiðum væri lagður niður. Vel má vera að einmitt þetta atriði hafi tafið það að fyrirtækið gripi inn í þarna. Eigi að síður hljóta hluthafar mjög að velta því fyrir sér, hversu nú er komið fyrir fyrirtækinu og hversu langt hefur verið haldið áfram á þessari braut áður en gripið er inn í. Og ég tek undir með þeim sem segja að það sé ekkert einkamál Flugleiða hvernig nú er komið. Margir hafa orðið til þess að segja að hér á Íslandi, á þessari eyju úti í miðju Norður-Atlantshafi, sé engin leið að halda uppi menningarþjóðfélagi nema með öflugum flugsamgöngum við aðrar þjóðir. Ég hygg að það sé rétt. Hin gífurlega þýðing flugsamganganna fyrir okkar þjóð veldur því, að löggjafarþing

okkar verður að hafa náið auga með því sem þarna gerist. Auk þess eru þarna auðvitað feiknalegir hagsmunir starfsfólks í veði.

Í allri þessari stöðu hefur samgrh. látið fara fram mjög ítarlega skoðun á stöðu fyrirtækisins. Það hefur verið lögð feiknaleg vinna í athugun á þessu máli öllu saman og menn hafa velt því lengi fyrir sér, hvernig ætti að bregðast við. Samgrh. hefur lagt fram till. í þessu máli, — till. sem ég er í öllum meginatriðum sammála. Till. beinast að stofni til að því, að gerð verði tilraun til að halda þessu Norður-Atlantshafsflugi áfram. En sú tilraun byggir á því, að framlag íslenska ríkisins og ríkissjóðs Lúxemborgar dugi til þess að halda þessu flugi áfram.

Það er ljóst hvað ríkissjóður Lúxemborgar vill gera í þessu máli. Ef í viðbót við það framlag dugar að íslenski ríkissjóðurinn leggi eingöngu fram þær tekjur sem hann hefur af þessu flugi og mundu falla niður ef þetta flug fellur niður hvort eð er, þá tel ég alveg sjálfsagt að það sé gert og þessu flugi haldið áfram, þannig að það fólk, sem við þetta vinnur og talið er vera 400—500 manns, fyrir utan þá sem óbeint hafa vinnu af þessari starfsemi, haldi sínu starfi. Það er íslenskum ríkissjóði kostnaðarlaust, ef hann einungis leggur til þær tekjur sem ella mundu glatast ef starfsemin er lögð niður.

Samgrh. hefur lagt til að þessi tilraun yrði gerð í þrjú ár. Ég tel það mjög viturlegt. Það mundi, ef áætlanir Flugleiða standast, draga nokkuð úr óvissu. Það mundi gefa okkur möguleika á að reyna að skyggnast svolítið fram í tímann, svo að við legðum ekki þennan atvinnuveg niður sem Íslendingar hafa stundað í hartnær 30 ár nú þegar, ef svo kynni að vera að framundan væru betri tímar í þessum efnum. Ekki skal ég leggja neinn dóm á það, hvort svo er, en má vera að aðstæður kunni þarna að breytast. Ef þær breytast mun Íslendingum þykja að þeir hafi verið nokkuð fljótir á sér að gefast upp, leggja niður þennan útflutningsiðnað, sem þarna er um að ræða, leggja niður viðamikið markaðskerfi og varpa frá sér vel menntuðu og hæfu fólki sem þennan atvinnuveg stundar. En þá verða menn enn á ný að horfa á það, að grunnforsendan fyrir þessu öllu er auðvitað sú, að áætlanir Flugleiða um reksturinn á þessu flugi standist, þ. e. það fé, sem lagt er til af opinberum aðilum til þess að halda þessum rekstri áfram, dugi.

Eiginfjárstaða Flugleiða er á miðju þessu ári bókfærð neikvæð um 4 milljarða ísl. kr., þó að endurmetin staða sé talin með hreinni eign um 12—13 milljarðar. Sú endurmetna staða er af ýmsum dregin í efa og sjálfsagt er hún gerð með nokkurri bjartsýni. Allt leiðir þetta þó það í ljós, að Flugleiðir eru ekki í stöðu til þess að búa við áframhaldandi hallarekstur. Þess vegna er það meginatriði, að þær áætlanir, sem nú eru gerðar um áframhald á þessu Atlantshafsflugi, séu eins ítarlegar og unnt er, þannig að menn stefni ekki í meiri óvissu en frekast er unnt að komast hjá, og það hlýtur að verða meginþungi inn í öllu þessu máli. Menn gera sér grein fyrir því, eftir þann tíma sem Flugleiðir hafa rekið flug yfir Atlantshaf, að það er tiltölulega lítill vandi að áætla gjöldin við þennan rekstur. En það er miklu, miklu erfiðara að áætla tekjurnar. Markaðurinn á Atlantshafinu nú er síbreytilegur. Hann er jafnvel enn þá harðnandi, og það er gersamlega ómögulegt að sjá fyrir í hvaða átt hann kann að þróast. Þar liggur óvissan, óvissan í áætlunum um tekjurnar. Það er enginn vandi fyrir þá þm. sem hér hafa talað og setið hafa kannske mestalla sína ævi á skólabekk, að tala um það, að áætlanir standist ekki í atvinnurekstri sem þessum. Það er enginn leikur að gera þessar áætlanir. Jafnvel þótt þær séu gerðar af hæfustu sérfræðingum, geta þær brugðist. Og þær tölur, sem menn þó tala um, þegar menn skoða óvissar forsendur, eru ekki há prósenta af heildarveltunni.

En í öllu þessu máli verða menn síðar að horfa á það, að ríkisábyrgð, sem nú er farið fram á vegna Flugleiða, 6 milljarðar ísl. kr., er algerlega óháð Norður-Atlantshafsfluginu. Sú ríkisábyrgð verður að koma til þó að þetta Norður-Atlantshafsflug sé lagt niður. Mönnum kann að vaxa það í augum að veita Flugleiðum 6 milljarða kr. ríkisábyrgð. En það er ekki langt síðan ríkið veitti ríkisábyrgð fyrir tveimur togurum frá Portúgal upp á 4 milljarða ísl. kr., og skoði menn nú starfsemi Flugleiða í samhengi við sjávarútveg, þar sem um er að ræða kannske tvo togara, þá held ég að menn sjái að þessar tölur, ríkisábyrgðin til Flugleiða, eru ekki sérstaklega háar miðað við þær ábyrgðir sem veittar hafa verið jafnvel vegna einstakra togara. Hitt er annað mál, að óskir Flugleiða um þessa fyrirgreiðslu byggjast á því, að þær geti selt tvær Boeing-vélar nú fljótlega. Það er auðvitað spurning sem vaknar á ný, hvað skeður ef þær geta ekki selt þessar flugvélar. Þá dugar ekki þessi fyrirgreiðsla, þá verður ríkisstj. að koma til.

Þegar menn velta fyrir sér starfsemi Flugleiða er grundvallaratriðið auðvitað það, að það er verulegur hagnaður af Evrópufluginu, 2 milljarðar kr., eins og hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson sagði áðan, á síðasta ári. Innanlandsflugið vegur nokkurn veginn salt. Þeir miklu erfiðleikar, sem Flugleiðir standa nú frammi fyrir, eru eingöngu vegna Norður-Atlantshafsflugsins. Eingöngu vegna þess er þessi gífurlegi halli og þar er að langmestu, ef ekki nær öllu leyti um að ræða aðstæður sem Flugleiðir hafa ekki ráðið við.

Ég er þeirrar skoðunar, að það sé rétt að auka aðild íslenska ríkisins að Flugleiðum. Ég er þeirrar skoðunar, að það sé eðlilegt að breikka eignaraðild að þessu mjög þýðingarmikla fyrirtæki okkar. Ég er hins vegar eindregið gegn því, að þessi flugrekstur verði ríkisrekinn. Ég tel það ekki koma til greina, og mér sýnist að ríkið eigi ekki svo auðvelt með allan þann rekstur sem það er með, að því sé stætt á að bæta þar við, enda — ef ég skil hv. þm. rétt sem hér hafa talað — hefur enginn mælt með því að ríkisreka Flugleiðir. Framsóknarmenn hafa verið þess mjög fýsandi, að starfsfólk Flugleiða tæki aukna eignaraðild að félaginu. Við erum þess mjög fýsandi, að starfsfólkið fái þar aukin áhrif, og við teljum að með því megi bæði koma á betra samstarfi innan fyrirtækisins og vekja áhuga fólksins á rekstri fyrirtækisins, jafnframt því sem eignaraðild að þessu fyrirtæki komist á fleiri hendur.

En ég verð að segja það, að ég hef orðið alveg undrandi við að hlusta á þær umr., sem hér hafa farið fram, þar sem nokkrir hv. þm. Sjálfstfl. og a. m. k. einn þm. Alþfl. hafa haldið því fram, að þessi þátttaka starfsfólksins í eignaraðild að Flugleiðum sé beinlínis ætluð til þess að bjarga rekstri fyrirtækisins, að bæta fjárhagsstöðu fyrirtækisins. Í því sambandi hafa þessir þm. jafnvel vitnað til þess, að þarna kynni að vera leið til þess að bjarga fjárhagsstöðu ýmissa frystihúsa. Ég held að hv. þm., sem þannig tala, geri sér ekki nokkra grein fyrir eðli þessa máls. Þeir gera sér enga grein fyrir því, hvað hér er verið að ræða um. Hér er verið að ræða um það grundvallaratriði, að starfsfólk fyrirtækis fái meiri áhirf innan

fyrirtækisins á stjórn þess og störf. En í ljósi þess, sem ég hygg að allir þm. hér viti, að halli Flugleiða á árinu 1978 var 3000 millj., að halli Flugleiða á árinu 1979 var 8000 millj. og að halli Flugleiða á þessu ári er jafnvel áætlaður 6000 millj., hvernig dettur þá þessum þm. í hug að gera það að umræðuefni hér, að það sé ætlunin að bjarga fjárhagsstöðu fyrirtækisins með því að starfsfólkið kaupi hlutafé fyrir einhvers staðar á milli 200 og 300 millj. kr.? Þarna er einhver mikill bjálki fyrir augum þessara þm. Þeir missa gersamlega sjónar af því sem er grundvallaratriðið í þessu máli, en það er aukin þátttaka starfsfólksins í rekstri fyrirtækisins. Ég tel alveg sjálfsagt ef unnt er, að ríkisvaldið greiði fyrir því, að starfsfólk Flugleiða geti keypt hlutabréf í því fyrirtæki. Ég tel það alveg sjálfsagt. En jafnframt tel ég nauðsynlegt og eðlilegt að settar séu reglur sem miða að því, að allt starfsfólk fyrirtækisins hafi möguleika á að eignast þar hlutafé.

Vafalaust er það rétt, sem margir hafa komið inn á, að þörf væri endurnýjunar í stjórn Flugleiða, og að því má vinna líka með aukningu á aðild starfsfólksins. En í öðru lagi verða menn að gera sér grein fyrir því, að í venjulegu hlutafélagi er það afl atkvæða, afl þess sem mest hlutafé á, sem ræður því hver er í stjórn, og ef þeir, sem í stjórn eru, eiga mest hlutaféð, þá þýðir lítið fyrir þm. hér að tala um endurnýjun á stjórn fyrirtækisins.

Það hefur nokkuð verið gagnrýnt hér af sumum þm., að framkvæmdar séu athuganir á stöðu þessa fyrirtækis, stöðu Flugleiða, farið ofan í eignarmat og greiðslustöðu. Menn gagnrýna hversu tímafrekt það sé, það tefji allt málið sem sé vissulega í nokkurri hættu. En þá verða menn í fyrsta lagi að horfa á það, að hér er um viðamikinn rekstur að ræða, og í öðru lagi það, að þeir, sem hér sitja, eru kjörnir af fólkinu í þessu landi til þess að gæta hagsmuna fjöldans, og þeir geta auðvitað ekki komist hjá því að afla ákveðinna grundvallarupplýsinga í sambandi við afgreiðslu máls eins og þessa, jafnvel þó að það taki nokkurn tíma. Hjá því verður alls ekki komist.

Hv. þm. Árni Gunnarsson, sem hér kemur inn úr dyrunum nú, gerði það að umræðuefni, ef ég hef skilið hann rétt, að verið gæti að samgrh. eða ríkisstj. stefndi að því, að Iscargo yfirtæki rekstur Flugleiða. Ég verð nú bara að spyrja: Eru menn að tala í alvöru þegar þeir slá slíku fram? Hvað meina menn með svona fullyrðingum? Iscargo hefur flogið um langt bil til Hollands með vörur. Þeir telja það þjóna sínum hagsmunum mjög vel, að þeir geti flutt eitthvað af farþegum líka. Sjálfsagt fer það vel við rekstur fyrirtækisins. En að telja að þar með sé öllum rekstri Flugleiða stefnt í voða og ekki bara það, heldur sé jafnvel markvisst verið að vinna að því að Iscargo yfirtaki starfsemi Flugleiða, — ég átta mig ekki á hvert menn eru þá að fara. Ætli menn séu ekki farnir að lesa nokkuð mikið af reyfurum og fái nokkuð einkennilegar hugmyndir úr þeim?

Á sama tíma og menn eru að fjalla um það hér að reyna að veita þessu fyrirtæki ríkisábyrgð, reyna að standa við bakið á því til að minnka þá óvissu sem fram undan er í rekstrinum á Norður-Atlantshafi, — á sama tíma og menn eru að tala um að reyna að greiða fyrir því, að þetta flugfélag, Flugleiðir, fái aukna flutninga frá varnarliðinu, — á sama tíma og menn reyna að standa í ístaðinu við að koma þessu öllu í lag og reyna að hjálpast að við það, þá koma menn einhvern veginn eins og álfar út úr hól með yfirlýsingar um að það sé beinlínis stefnt að því að leggja fyrirtækið niður og að Iscargo yfirtaki allan rekstur Flugleiða. Ég held að það sé ekki nokkur leið að taka alvarlega menn sem svona tala.

Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, 11. þm. Reykv., hældi sér mikið af því hér áðan, að hann hefði aldeilis varað þjóðina við því hvert stefndi, hann hefði bent mönnum á að hallinn af þessu Atlantshafsflugi mundi náttúrlega fara mjög illa með þetta allt. Ég er ekkert frá því að það megi vel finna það út úr orðum þessa þm., að hann hafi einmitt varað við þessu, ég held að það sé rétt. Ég held að hann hafi bent á hættuna af þessu áhættuflugi og hvaða áhrif það gæti haft á rekstrarstöðu Flugleiða. Ég held hinsvegar að orðbragð hans í sambandi við þetta, stór orð, hugmyndir um rannsóknarnefndir, sem menn fengu jafnvel á tilfinninguna að ættu að afhjúpa eitthvert feiknalegt svínarí og fjárflutninga úr landi og annað slíkt, — ég held að þetta hafi bókstaflega eyðilagt það að menn tækju eftir því hvað þm. átti við, miðað við það sem hann er að segja núna. (**ÓRG:** Við megum ekki gleyma því, að það hafa verið fjárflutningar úr landi hjá fyrirtækinu.) Fyrirtæki, sem starfa í mörgum löndum, Ólafur, þurfa náttúrlega að flytja fé á milli, eftir því hvernig rekstrinum er háttað, og Flugleiðir eru fyrirtæki sem starfar í fjölmörgum löndum. Ég er ekki þar með að leggja neinn dóm á þessi orð sem þm. viðhafði. Ég er bara að reyna að segja það, að stóru orðin, sem hann viðhafði, eyðilögðu þá góðu meiningu sem hann vildi hafa í sínum orðum, a. m. k. í mínum huga og sjálfsagt fjölmargra annarra. Það er nefnilega þannig, að jafnvel þótt menn berjist fyrir góðum málstað, þá geta menn notað svo ljót orð, að þeir ati þennan málstað auri þannig að málstaðurinn beri síðan keim af öllu saman, og þá verður allt saman til einskis. Ég held að jafngreindur maður og þessi hv. þm. er hefði getað komið þessum viðvörunum sínum betur á framfæri, með hógværari málflutningi, og komið þannig máli sínu fram. Og mér finnst allt annað orðbragð, sem þessi þm. notar nú, en hann notaði þá, það verð ég að segja, og batnandi manni er best að lifa.

En að lokum, herra forseti, ég held að hjá því verði ekki komist að reyna að hraða afgreiðslu Flugleiðamálsins í gegnum þingið. Ég dreg í efa að staðan sé jafnslæm og hv. þm. Árni Gunnarsson lýsti áðan. Ég er hins vegar alveg viss um það, að greiðslustaðan er mjög erfið. Þó ég sé ekki viss um að hún sé svo slæm, að Flugleiðir eigi ekki fyrir launum um næstu mánaðamót, þá er ég alveg viss um það, að fljótlega í nóv. rekur að greiðsluþrotum á ýmsum skuldum, og ef ekki er staðið við greiðslur, þá er beinlínis hætta á að skriða fari af stað. Þeir, sem eiga eitthvað hjá fyrirtæki sem á í greiðsluerfiðleikum fara allir af stað ef þeir sjá að einhver hætta er á ferðum, og þá magnast skriðan, snjóboltinn hleður utan á sig niður hlíðina og það getur orðið miklu erfiðara að bjarga málinu eftir á. Þess vegna er enginn vafi á því, að það er mikil nauðsyn að þm. hraði þessu máli. Ég held að það sé enginn vafi á því, að hjá því verður ekki komist að veita þessa ríkisábyrgð. Sú ríkisábyrgð, sem þarna er talað um, er óháð rekstrinum á Norður-Atlantshafsflugleiðinni. Hitt er annað mál, að það er auðvitað alveg nauðsynlegt fyrir löggjafann og ríkisstj. að eftirlitsmenn starfi áfram af mikilli samviskusemi. Það er nauðsynlegt að menn fylgist vel með þessum rekstri, ekki hvað síst vegna þess að Flugleiðir mega alls ekki lengur við því að tapa meira fé, og ekki hvað síst vegna þess að till. samgrh. um þessa tilraun á Atlantshafinu miðast við það, að áætlanir Flugleiða séu réttar, að þetta fé dugi. Það

gengur alls ekki að menn bara voni að þetta bjargist, að menn voni að þetta muni lagast. Menn þurfa að vinna þrotlaust að því að fylgjast með því sem skeður. Ef eitthvað óvænt skeður á Atlantshafinu, þá kann að vera að menn verði að grípa inn í. Ég held nefnilega að þó að vonin — eins og ég hef reyndar sagt áður — þurfi að vera mikill þáttur og sterkur í uppbyggingu fyrirtækisins á ný, þá megi menn ekki byggja á henni einni. Það er nefnilega mikið til í hinu rússneska máltæki sem segir: Á hinum víðáttumiklu sléttum vonarinnar vaxa margir heimskingjar.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég vil hefja ræðu mína með því að þakka hæstv. samgrh. fyrir ágæt svör við spurningum sem ég beindi til hans í umr. um þetta mál í síðustu viku, og ég veit af viðtölum við hann að hann hyggst taka hér til máls á eftir og svara frekari fsp., bæði þeim, sem hafa komið fram í dag, og svo hinum, sem hann hafði ekki tök á eða tíma til að svara í umr. sem fóru fram í síðustu viku.

Áður en lengra er haldið vil ég enn fremur, til þess að taka af allan vafa og koma í veg fyrir misskilning, segja það, að það er ekki rétt, sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, að einhverjir sjálfstæðismenn hefðu fyrr í umr. talað um að það ætti að bjarga fjárhagsstöðu fyrirtækisins með hlutabréfakaupum. Þetta veit ég manna gerst, því að ég er eini sjálfstæðismaðurinn sem hefur talað í þessum umr. (Gripið fram í.) Og það, sem ég hef sagt um þetta mál, tel ég að standi alveg fyrir sínu. Ég hef bent á það, að full ástæða sé til þess, áður en ríkið fer að kaupa hlutabréf og auka hlutafé sitt í þessu fyrirtæki, að leita til starfsmanna fyrirtækisins og hugsanlega annarra aðila sem hagsmuna eiga að gæta, að því loknu sé ástæða fyrir ríkisvaldið að kanna sinn hag í þessu m áli og kaupa jafnvel það hlutafé sem um hefur verið rætt, en það er mál sem þarf að skoða betur. En spurningin, sem hv. þm. Matthías Bjarnason varpaði hér fram um það, hvort hæstv. samgrh. og sjútvrh. ætlaði að beita sér fyrir sams konar fyrirgreiðslu í öðrum fyrirtækjum, er auðvitað jafngild, því að það eru fjölmörg fyrirtæki í landinu sem svo er ástatt um, að full ástæða er til þess að starfsfólk taki aukinn þátt í rekstrinum og beri meiri ábyrgð, t. d. með hlutabréfaeign. Sú spurning, sem þarna var varpað fram, er því jafngild, og það er óþarfi að gera minna úr henni en efni standa til.

Það er rétt, eins og hér hefur komið fram, að ég hef flutt ræðu áður í þessu máli. Ég taldi mig hafa tekið þar á málinu málefnalega og vikið að flestum þáttum þess, sem þá lágu ljósir fyrir, og hef reyndar gert það áður hér á hv. Alþ. Og mér þykir leitt ef hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson heldur að ég hafi aðeins fjallað um hann í þessum umr. (**ÓRG:** Það var það eina sem var í Mogganum.) Það er þá það eina sem hv. þm. kærir sig um að lesa í Morgunblaðinu og blöðum yfirleitt, held ég, það eru umr. um hann. Hann virðist elska það mest af öllu, og hann þarf ekkert að vera viðkvæmur fyrir því. En ég verð að segja það fyrir mína parta, að ég vil helst velja mér fallegra umræðuefni.

Það er alveg rétt, sem hefur komið hér fram, að umr. áttu sér stað 1978 og snemma árs 1979. Í þeim umr. kom fram, ekki aðeins hjá hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni, heldur hjá þeim öllum, sem þar tóku til máls, að blikur væru á lofti í Norður-Atlantshafsfluginu. Þar varð enginn fyrri til en annar að benda á þetta. Menn brugðust hins vegar misjafnlega við. Sumir töldu að kippa ætti svokölluðu grundvallarflugi úr höndum Flugleiða, aðrir töldu það ástæðulaust og ekki ætti að leggja árar í bát við fyrsta viðnám sem varð í þeirri hörðu samkeppni sem þar hefur geisað síðan. Spurningin var ekki um frjálsa samkeppni eða einokun. Spurningin var þá um hvort einkarekstur inn ætti að standa í þessu vafstri eða hvort ríkið ætti að taka við. Þetta vil ég leggja sérstaka áherslu á, því að í þessum umr. er reynt að flækja umr. og drepa þeim á dreif með öðrum hætti.

Ég rakti það — og það er alveg rétt, sem hér hefur komið fram — ég rakti það mjög ítarlega í minni fyrri ræðu — af því að ég tel það koma málinu við, að forustumenn Alþb. hefðu á sínum tíma verið og væru enn að hugsa um ríkisrekstur eða ríkisafskipti í þessari grein miklu fremur en frjálsa samkeppni. Ég lagði jafnframt áherslu á það, sem öllum má ljóst vera, að það er hæstv. ríkisstj. sem ber ábyrgð á þessu máli í dag, meginhluta þessa máls. Það er hún sem hefur lagt hér fram frv. í hv. Ed. Það er hæstv. samgrh. sem hefur lagt hér fram skýrslu að beiðni nokkurra þm. Og við skulum hafa það hugfast, að það var ákvörðun hæstv. ríkisstj. sem réð því, að stjórn Flugleiða endurmat afstöðu sína til Norður-Atlantshafsflugsins. Og ég ætla að segja það enn og aftur, að spurningin er nú um það, hvort styrkja beri hugsanlega af almannafé Norður-Atlantshafsflugið, áhættuflugið, það flug sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson sagði á sínum tíma og hefur margoft sagt að hin frjálsa samkeppni ætti að slást um meðan ríkið ætti að yfirtaka hinn þáttinn, sem nú heitir grundvallarþáttur á máli hv. þm. Alþb. og reyndar í samþykkt ríkisstj.

Ég vek jafnframt athygli á því, og það skýrir e. t. v. afstöðu Alþb. meira en nokkuð annað í þessu máli, að frv. um aðstoð við Flugleiðir var lagt fram í Ed. Það frv. á að fara til hv. fjh.- og viðskn. þeirrar deildar. Og geti nú einhver upp á því, hver sé formaður þeirrar nefndar. Hann heitir Ólafur Ragnar Grímsson, hv. 11. þm. Reykv. Menn geta svo leitt getur að því, ég ætla ekki að svara þeirri spurningu, hvernig á því standi, að hæstv. fjmrh. kaus að leggja frv. þar fram, miðað við forsögu málsins. (**ÓRG:** Það eru miklu gáfaðri menn í Ed.) Það efa ég ekki að þeir haldi um sjálfa sig, sérstaklega einn ákveðinn þm. sem hér talar sífellt fram í, og hann má gjarnan halda það áfram. Ég held að skýringin finnist ef menn leita að hanni í hugarfylgsnum sínum.

Þá er kannske komið að kjarna þessa máls. Hv. þm. flutti hér sína ræðu. Og hvers urðum við vísari eftir ræðu hans? Jú, hann rifjaði upp nokkur atriði, valin atriði úr ræðu sinni frá 1978. Hann sleppti öðrum. Það gerði ekkert til, ég hafði rifjað sumt annað upp. Hann segist hafa varað þjóðina við. Hann segir að forráðamenn Flugleiða hafi svikið þjóðina og ríkisstj. og gefið sífellt rangar upplýsingar. Þá spyr maður sjálfan sig: Hvað sagði hv. þm. um aðstoð við Flugleiðir? Hann sagði ekki neitt. Hann sagði ekki neitt um frv. hæstv. ríkisstj. — sem hann styður væntanlega, ef hann er ekki genginn af trúnni eins og sumir aðrir, — hann sagði ekkert um það, hvort hann styddi það frv., hvort það stjfrv. væri komið til með hans stuðningi eða ekki, hvort það hefði verið rætt í Alþb. eða ekki. Það fékkst ekki eitt einasta orð upp úr honum um þetta. Og þó er þessi hv. þm. búinn að tala samtals í þessu máli líklega um það bil þrjá klukkutíma samanlagt á þessu þingi og tel ég þá ekki fyrri ræður hans með, sem voru æðilangar sumar hverjar. (**ÓRG:** Það

voru tveir tímar í gær í Ed. um frv., þar á að ræða það.) Hann er alveg óstöðvandi, maðurinn.

Ég held að þetta mál skýrist þegar menn gera sér grein fyrir því, að hæstv. fjmrh. velur félaga sinn í Alþb., vegna þess að sá er ákveðinn í því að tefja málið og bíða með það af einskærum áhuga sínum á því að koma þessu fyrirtæki á enn meiri vonarvöl en það er í dag. Sé það rangt, þá skora ég á hv. þm. að koma hér í ræðustólinn á eftir mér, ég mun vera síðastur á mælendaskránni, og segja þjóðinni það skýrt og skorinort hér og nú, segja þeim fjölda starfsmanna Flugleiða, sem bíður eftir svari, hvort hann styður efni þessa frv. Hvernig ætlar hann að standa að málum? Mun hann fylgja því eftir, sem hæstv. samgrh. og hæstv. fjmrh. hafa sagst mundu gera, að láta ákveðna fjármuni fara til þess að styðja Norður-Atlantshafsflugið? Það hefur ekki komið nægilega skýrt fram hjá hv. þm., og ég veit að það eru fjölmargir sem bíða eftir skýru svari. Hann er sá maður sem er nú valdamestur í þessu máli. Hann er sá maður sem núna er formaður þeirrar n. sem fær þetta mál til meðferðar.

Þessi hv. þm. talar hér digurbarkalega um frjálsa samkeppni og um það, að hann sé stuðningsmaður frjálsrar samkeppni í þessu máli. Við skulum kanna þetta aðeins betur. Ég er hræddur um að hv. þm. viti það eins vel og ég, að hér sat vinstri stjórn árið 1973 þegar gengið var frá stofnun Flugleiða. Flugleiðir eru fyrirtæki sem sameinað var úr tveimur flugfélögum, Flugfélagi Íslands og Loftleiðum, og ég veit að hv. þm. er ljóst hvernig sú sameining fór fram og hver þau bréfaskipti voru, sem fóru á milli þáv. hæstv. ríkisstj. og stjórnar þessara tveggja flugfélaga, og hvert var efni þeirra bréfa, sem voru lesin upp á aðalfundi þeirra félaga árið 1973. Þetta rifja ég upp vegna þess, að þar kom skýrt fram sú afstaða flugmálayfirvalda á þeim tíma og reyndar ríkisstj. allrar, að þetta nýja sameinaða flugfélag ætti að hafa algeran forgang um áætlunarflug á milli landa, sem til væri komið vegna gagnkvæmni samninga um loftferðir við aðrar þjóðir. Ég studdi ekki þessa stjórn, ég var ekki spurður, en ég rifja það upp, að hv. þm. sat um tíma á þessu kjörtímabili á þingi. Hann sat hér sem varaþm. (Gripið fram í.) Jæja, ég biðst afsökunar á því, það er nú svo erfitt að fylgjast með ferðum hv. þm. í gegnum alla þá stjórnmálaflokka sem hann hefur setið í, en allavega studdi hann þessa ríkisstj. (Gripið fram í.) Ég þakka þetta hól. (**Forseti:** Ég bið menn að gæta hófs.) Það er allt í lagi með þessi framíköll, þau gera bara skýrara það sem fram þarf að koma.

Nú kemur þessi maður hér í ræðustól og segist styðja frjálsa samkeppni. Ég minnist þess ekki að hafa nokkurn tíma heyrt það þá, að hann styddi frjálsa samkeppni á þessu sviði, og ég hef ákveðinn grun um það, að þegar hann talar um frjálsa samkeppni á þessu sviði núna, þá sé það vegna þess að sú frjálsa samkeppni, sem hann talar um — og reyndar er verið að vinna að þessa dagana, eyðileggur sameiningargrundvöll þeirra tveggja flugfélaga sem á sínum tíma sameinuðust undir merkjum Flugleiða. Með breyttri stefnu í þessum málum brestur þessi grundvöllur, og auðvitað gerist það, að þeir, sem áður störfuðu undir merkjum Flugleiða og Flugfélags Íslands, vilja hverfa aftur til þess tíma þegar þeir störfuðu í sitt hvoru lagi. Og auðvitað gerist það líka, að þeir, sem störfuðu þá hjá Arnarflugi, vilja aftur starfa með svipuðu sniði og áður, þegar þeir sjá von í því að geta fengið leyfi til þess að fljúga á flugleiðum frá Reykjavík til annarra landa þar sem við höfum gert okkar loftferðasamninga. Ég trúi því — það má vera að það sé rangt hjá mér og ég vona að það sé rangt — en ég get hins vegar ekki að því gert, að ég trúi því, að stuðningur hv. þm. við frjálsa samkeppni á þessu eina sviði þjóðlífsins sé kominn til af þessum hvötum. Því miður er mín trú á hv. þm. ekki meiri en þetta. Þetta segi ég vegna þess að hv. þm. hefur æ ofan í æ, aftur og aftur lýst yfir — og ég á úrklippusafn um það, það er alveg rétt — að hann telji að grundvallarflugið eigi að vera sér, þar eigi að koma til afskipti hins opinbera, en síðan eigi einkaaðilarnir að slást um áhættuflugið. Og honum ferst þegar hann talar um að mönnum verði tvísaga hér í málflutningi, þegar hann heldur því fram núna, að hann styðji frjálsa samkeppni í Evrópufluginu, í grundvallarfluginu. Það stendur ekki steinn yfir steini í þessum málflutningi, en það var kannske ekki von á því.

Ég rifja það líka upp, að það var ekki ég og það voru ekki aðrir þm. á Alþ. á þeim tíma sem komu í veg fyrir að rannsókn á málefnum Eimskipafélags Íslands og Flugleiða næði fram að ganga. Það var allt, allt annað sem gerðist í því máli. Hv. þm. nennti bara ekki að fylgja því máli eftir. Hann var búinn að fá það úr úr því máli sem hann þurfti. Hann var búinn að koma fram í sjónvarpinu, hann var búinn að láta bera á sér, og það er það sem þessi þm. fyrst og síðast vill. Ég óska honum til hamingju með það. Og það er alveg rétt, að hann á lof skilið fyrir það, að honum hefur tekist að koma sjálfum sér æði vel á framfæri. Hann á hól skilið fyrir það, fær 1. einkunn eða jafnvel ágætiseinkunn í þeim efnum. Forseti Sþ. á þeim tíma var nefnilega flokksbróðir hv. þm., þannig að allir, sem eru þingvanir, vita að þetta mál var ekki stöðvað með einhverju ofurvaldi vondra manna sem voru í andstöðu við hv. þm. Það var allt annað sem þar kom til.

Hv. þm. vék að því í sinni ræðu, að Flugleiðir hyggðust flytja út úr flugvallarbyggingu í Lúxemborg 14. nóv. Hann sló þessu fram, og þetta er vissulega fréttnæmt. Ég veit ekki hvort þetta er rétt eða rangt, ég hef ekki hugmynd um það. En hitt veit ég, að það verður ekkert Norður-Atlantshafsflug ef þetta mál verður látið bíða og dankast og látið tefjast, og því ræður hv. þm. Ég endurtek það sem ég hef sagt hér, og ég beini athyglinni að því enn og aftur, að hv. þm. sagði ekkert um afstöðu sína til þessa máls. En ég veit að það eru fjölmargir sem bíða eftir svari.

Hv. þm. kom enn fremur að því, að gróðinn af Evrópufluginu hefði verið óhóflegur. Það má vel vera að hægt sé að reikna gróða af Evrópufluginu, en það, sem hefur skeð í þessum málum, er að tapinu á Norður-Atlantshafsleiðinni hefur fyrst og fremst verið mætt með aukinni skuldasöfnun, og það er þess vegna sem fyrirtækið stendur jafnilla og raun ber vitni. Félagið hefur gengið á eignir sínar, og það eru fyrst og fremst eigendur þessa fyrirtækis sem hafa tapað. Og þá komum við að því grundvallaratriði í þessu máli, sem ég vona að allir hv. þm. þekki að „einokun Flugleiða" kemur til af því, að það þarf flugrekstrarleyfi héðan. En hjá öllum þeim þjóðum, sem við höfum gert tvíhliða loftferðasamninga við, eru flugfélög sem hafa fullan rétt til þess að fljúga á þessari leið, þessari sömu leið, milli ýmissa borga í Evrópu og Reykjavíkur eða Keflavíkur. Þeim er það í lófa lagið án þess að spyrja kóng eða prest, þar með talið Alþingi Íslendinga. Þeir geta hafið þetta flug þegar þeim sýnist því að um þetta eru til samningar. Og þetta hefur

gerst margoft. SAS, British Airways, Pan Am og fleiri aðilar hafa flogið til Íslands. Það þekkja menn sem eitthvað hafa fylgst með íslenskri flugsögu.

Og svo er talað um gróða. Við skulum líta á innanlandsflugið. Er mikill gróði af innanlandsfluginu? Ja, ég veit það ekki, en ég hygg að það sé ekki fjarri lagi, sem fram hefur komið, að gróðinn sé ekki afar mikill. Og skýringin er auðvitað sú, að innanlandsflugið er háð verðlagshöftum. Þar situr nefnd og ákveður verðið, og verðið er ekki ákveðið með tilliti til þess að þetta flug standi sig. Það er fyrst og fremst ákveðið með tilliti til áhrifa frá vísitölunni. Þetta verða menn að hafa í huga.

Og ég spyr: Hver var það sem hækkaði flugvallaskattinn? (**ÓRG:** Hver fann hann upp?) Það er alveg rétt, Ólafur, það gerðu ágætir menn í mínum flokki. En hver var það sem hækkaði hann? Það er spurning sem þú átt að svara.

Hv. þm. fjallaði síðan um skýrslu, sem Flugleiðir létu gera í september um efnahagsstöðu fyrirtækisins, og sagði að það hefði nú komið á daginn, að allt það, sem þar stóð, eða nánast allt væri lygi. Þessi skýrsla var unnin af endurskoðunarfyrirtæki hér í bænum og þar var reynt, ég held á heiðarlegan máta, að meta eignir og rekstrarstöðu fyrirtækisins miðað við mitt þetta ár. Það var auðvitað byggt á reikningum fyrirtækisins í lok síðasta árs, og þar var reynt að gera sér grein fyrir því, hver hin raunverulega staða væri. Ég vil segja frá því og það hefur reyndar komið fram, að eftirlitsmenn, sem hæstv. samgrh. og hæstv. fjmrh. fengu til þess að fylgjast með þessum málum frá því í ágúst, fengu endurskoðanda, fyrrv. starfsmann þessarar sömu endurskoðunarskrifstofu, til þess að fara yfir það sem í skýrslunni stóð. Ég vil endurtaka það fyrir hv. þm. sem ég hef sagt áður um þetta mál, það sem kemur fram í skýrslu þessa manns, því að það hefur augljóslega farið fram hjá hv. þm. (**ÓRG:** Nei, nei, nei.) Ég ætla að leyfa honum og öðrum að heyra það aftur, með leyfi forseta:

„Eftirlitsmennirnir ættu ekki að áliti Rúnars B. Jóhannssonar að leggja eitthvert ofurkapp á að toga það endurmat niður, sem stjórnendur fyrirtækisins reyna að hífa upp. Hversu mikið sem reynt verður að toga endurmatið niður verður ekki hægt að ná verðmæti Flugleiða hf. miðað við 30. 6. 1980 niður fyrir núllið. Hér er átt við þá hefðbundnu skilgreiningu á hugtakinu verðmæti fyrirtækis, sem miðar við markaðsverð einstakra eigna á matsdegi."

Þetta er yfirlýsing frá endurskoðanda, sem eftirlitsmenn — annar þeirra er Baldur Óskarsson — fengu til þess að yfirfara skýrslu endurskoðenda Flugleiða. Það var ákvörðun ríkisstj. að bjóða fram aðstoð til þess að Norður-Atlantshafsflugið gæti haldið áfram. Eins og hér hefur margoft komið fram, var bakábyrgðin reiknuð með því að áætla tap ríkissjóðs og reyndar sveitarfélaga líka sem yrði ef fluginu yrði ekki haldið áfram. Þessa áhættu vildi ríkissjóður taka, ef marka má orð Ragnars Arnalds, hæstv. fjmrh., og Steingríms Hermannssonar, hæstv. samgrh. En hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, formaður hv. fjh.- og viðskn. Ed., treystir sér ekki til þess að segja af eða á um þessi efni, hann þegir um allt það sem máli skiptir, en talar mikið um það sem minna skiptir.

Við höfum lýst því yfir, sjálfstæðismenn á Alþingi, að við séum tilbúnir til þess að styðja ríkisstj. í því, að hún leggi fram þetta áhættufjármagn til þess að flugið yfir Norður-Atlantshaf geti haldið áfram um eins árs skeið. Við vitum að það fé, sem þar verður lagt fram, kann að vera glatað, en við réttlætum þá ákvörðun okkar með því, að við þurfum þennan frest til þess að finna nýja flugmálastefnu sem getur gert verðmæti úr þeirri sérþekkingu og þeirri reynslu sem íslenskt flugfólk býr yfir. Þetta viljum við á okkur leggja, og við þorum að taka þessa ábyrgð á okkar herðar.

Margoft hefur verið minnst á það í þessum umr., að það er ekki samræmi á milli núv. afstöðu hæstv. ríkisstj. og þeirrar afstöðu sem kom fram hjá hæstv. samgrh. 24.—25. mars — fyrir sjö mánuðum — þegar hann hitti kollega sinn í Lúxemborg. Það verður ekki hægt að skilja samþykkta fundargerð þar öðruvísi en að hæstv. samgrh. hafi ætlað sér að endurgreiða Flugleiðum lendingargjöldin sem félagið var þegar búið að greiða fyrir árið 1979. Þessu tel ég að hafi enn ekki verið nægilega vel svarað í þessum umr. Ég vil því enn ítreka þessa spurningu.

Um ríkisábyrgðina er allt annað mál. Það hefur líka verið fjallað um hana hér í þingsölum, og það er alveg rétt sem hefur komið fram, að það er ekkert í lögum sem bindur hana við 60%. Það er í reglugerð, og þeirri reglugerð getur ríkisstj. breytt ef henni sýnist, og það hefur oft verið gengið miklu lengra til móts við fyrirtæki en því svarar sem nefnt hefur verið í umr. um þetta mál.

Það er eitt af aðalatriðum þessa máls, og ég vil enn og aftur víkja að því, að það var loforð ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar á sínum tíma, að Flugleiðir, hið nýja flugfélag, hefðu forgang til áætlunarflugs til og frá Íslandi, og ég vil fá haldgóð svör hér á þingi frá hæstv. samgrh. við einni spurningu þar að lútandi. Ég beindi þessari spurningu raunar til hæstv. utanrrh., en hann hefur ekki séð sér fært að svara henni hér á hv. Alþingi. Spurningin er á þessa leið: Er hér um að ræða viljandi stefnubreytingu í þessum efnum? Þessi stefnubreyting getur nefnilega gert það að verkum, að það sé út í bláinn að láta Flugleiðir hafa það áhættufjármagn sem um er að ræða. Það þýðir ekki að rétta þessu fyrirtæki nokkra milljarða af áhættufé til áframhaldandi flugs ef fótunum er kippt undan því með þessum hætti.

Nú spyrja menn auðvitað: Hvert er maðurinn að fara? Er hann þarna á móti frjálsri samkeppni? Ég var, eins og ég hef sagt áður, ekki spurður ráða þegar þetta loforð var gefið. Það var gefið af ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar, og sá hæstv. ráðh. situr nú í þessari ríkisstj. Hann var þá formaður Framsfl., og núv. formaður Framsfl. er hæstv. samgrh. Ég er á engan hátt að gagnrýna þetta, en tel þetta mál svo mikilsvert, að ég vil fá skýr svör: Þýðir þetta stefnubreytingu í þessum málum?

Hæstv. samgrh. sagði hér í umr. í síðustu viku að hann hefði verið þeirrar skoðunar á sínum tíma, þegar Arnarflug sótti um flugrekstrarleyfi, að Arnarflug hefði átt að fá slíkt leyfi, en umsóknin barst flugráði haustið 1976 og var tekin fyrir í jan. 1977. (Gripið fram í.) Ég rifja það upp, og það getur kannske verið einhver skýring, að það voru ekki sömu aðilar sem áttu Arnarflug 1976 og 1977 og þeir sem eiga Arnarflug í dag. Samband ísl. samvinnufélaga og Olíufélagið voru stærstu eigendur félagsins þá, og erfiðleikar félagsins urðu vegna vanskila við Samvinnubankann. Ég hirði ekki um að tala frekar um það, hver sé aðaleigandi í Iscargo, en þetta gefur auðvitað vissa vísbendingu um það, hver afstaða hæstv. ráðh. er í þessum málum. Það getur vel verið skýranlegt

og skiljanlegt, að menn vilji gera flokksbræðrum sínum greiða, það er rétt. En sé um stefnubreytingu að ræða, þá verður Alþingi Íslendinga að fá að vita af því, svo mikilsvert er þetta mál.

Í svarræðu hæstv. samgrh. var vikið að eignaraðild Eimskipafélagsins að Flugfélagi Íslands, og þótt mér sé málið síður en svo skylt — gagnstætt því sem hér hefur verið haldið fram, þá held ég að það sé ástæða til að fram komi í þessum umr. hvernig á því stóð, að þessi eignaraðild varð til. Hún varð til á eftirstríðsárunum þegar Flugfélag Íslands lenti í rekstrarfjárörðugleikum. Ríkisstj. vildi ekki eða gat ekki hjálpað fyrirtækinu, en beindi hins vegar þeim tilmælum til Eimskipafélagsins, að það léti eitthvað af hendi rakna. Fyrst sem lán, en síðan var þessu láni breytt í hlutafé. Það er skýringin. Við getum líka spurt: Hvað á ríkið að vera að eiga í þessu fyrirtæki, Flugleiðum? Ég veit ekki betur en ríkið reki jafnframt skipafélag, og það skipafélag er rekið með 1300 millj. kr. halla á næsta ári ef marka má fjárlögin. Það er kannske dæmi um hvernig ríkisrekstur á að vera þegar hann er í lagi. Ég er hins vegar alveg sammála því sem kom fram hjá hæstv. samgrh., að það væri glapræði að selja hlutabréf Flugleiða í Cargolux því að það fyrirtæki getur verið lykillinn að frekari starfsvettvangi fyrir íslenska flugmenn og íslenskar áhafnir í framtíðinni.

Ég var með nokkrar fsp. í minni fyrri ræðu. Þ. á m. var fsp. til hæstv. utanrrh., sem ég veit að hæstv. samgrh. getur svarað í hans stað, á þá leið, hvort utanrrh., sem var á ferð í Washington fyrir skömmu, hafi þar átt viðtöl við þarlenda ráðamenn um flug fyrir varnarliðið. Við hverja? Hvað kom út úr þeim viðræðum? Fóru þær viðræður fram með samþykki, vitund og vilja Alþb.-ráðherranna í ríkisstj.? Þetta eru spurningar sem ég veit að ýmsir vilja fá svar við. (**GS:** Hvernig var þessi síðasta?) Ja, ég vissi nú ekki að hv. þm. Garðar Sigurðsson væri kominn í ríkisstj., en hún var á þá leið, hvort Alþb.-ráðherrarnir hefðu haft hugmynd um, hvort þeir hefðu vitað af því að leitað var eftir frekari viðskiptum við varnarliðið fyrir Flugleiðir á ríkisstjórnargrundvelli. Reyndar var fyrri spurningin sú, hvort um það hefði verið að ræða í för hæstv. utanrrh. til Bandaríkjanna. Þar sem hæstv. fjmrh. sér sér ekki fært frekar en fyrri daginn að sitja þessar umr. í hv. Sþ., þá tel ég ekki rétt að koma fram með neinar spurningar beint til hans. (**Gripið fram í:** Hvernig væri að ná í hann?) Ég held að þeim spurningum sé hægt að koma til hans með öðrum hætti í Ed. og mun gera það að þeim leiðum. Það verður hins vegar eftir því tekið, að hæstv. ráðh. hvarf af fundi síðast þegar umr. voru í Sþ., og það er eftir því tekið, að hann, sem nýlega hefur lagt fram frv. á hv. Alþ. um þessi mál, telur sig hafa eitthvað þarfara að gera en sitja hér og hlýða á þessar umr. Má vera að það sé vegna þess, að nú sé málið í góðum höndum hjá hv. formanni fjh.- og viðskn. Ed. (Gripið fram í.) Málið er hjá ríkisstj. og þótt heimildalögin, sem liggja fyrir Ed. núna, verði samþ., þá kemur þetta mál til með að vera áfram hjá ríkisstj. Hún hefur slegið úr og í, en það er þó helst á ráðh. að skilja, að þeir standi með efni frv. og þeir vilji aðstoð við Flugleiðir. Hins vegar koma hér einstakir þm. í ræðustól og flytja langt mál, ýmsir stjórnarþm., flytja langt mál um hitt og þetta, sem varla kemur málinu við, en varast að taka nokkra afstöðu í þessu máli. Eftir því hefur einnig verið tekið. Og hv. stjórnarþm., sem hafa látið sig þetta mál varða og tekið þátt í umr. svo klukkutímum hefur skipt, eiga þess kost núna að koma hér og gera starfsmönnum Flugleiða, gera þjóðinni allri, gera hv. Alþ. grein fyrir því, hverjar eru í raun skoðanir þessara manna á þeirri aðstoð sem ríkisstj. hefur lagt til að veita.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég ætla aðeins að víkja að ræðu hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar og gera við hana nokkrar aths. Ein af uppáhaldskenningum hans er sú, að stjórnendur Flugleiða — án þess þó að ég sé neinn sérstakur fulltrúi þeirra hér á þingi — hafi gert það vísvitandi að leggja fram rangar upplýsingar eða alls engar upplýsingar. Hv. þm. nefndi það sem dæmi, að fram hefði farið mat á eignum Flugleiða, þ. á m. flugvélum félagsins. Hann var með í höndunum, að mér sýndist, ljósrit úr flugtímaritinu Flight, rakti það an verð annars vegar á þeim flugvélum, sem hann tiltók, og hins vegar verð á flugvélum eins og það verð kemur fram í mati Flugleiða. Á milli þessara tveggja tölulegu staðreynda taldi hann að væri 6 milljarða kr. munur, sem væru rangar upplýsingar um eignir Flugleiða.

Nú langar mig að geta þess, að hv. þm. nefndi flugvélategundina B 227-200 og hún væri metin á 10 millj. dollara í þessu riti, sem hann tiltók, en hún væri hærra metin af hálfu matsmanna Flugleiða. Sú vél, sem hér um ræðir og Flugleiðir eiga, er mun verðmætari en sú vél sem nefnd er í umræddu tímariti, einfaldlega vegna þess að í hana hefur verið bætt miklu af tækjum m. a. tölvustýritækjum sem kosta hvorki meira né minna en 1 millj. dollara, svo að það er eðlilegt að hún komi út sem dýrari flugvél.

Í öðru lagi nefndi hann vélarnar F 27-100, hinar vinsælu Fokker Friendship-vélar, sem notaðar eru í innanlandsflugi, tiltók ákveðna tölu úr Flight og taldi að hún kæmi ekki heim og saman við það mat sem Flugleiðir legðu sjálfar á þessa vél. Flugleiðir eiga enga vél af þessari tegund. Flugleiðir eiga þrjár vélar af gerðinni F 27-200 og eina af gerðinni F 27-500. Þessar vélar eru kraftmeiri, þær eru stærri og þær eru betur búnar tækjum en þær vélar sem hv. þm. Ólafur Ragnar vitnaði til í Flight, þannig að þessi munur er ákaflega eðlilegur. Þarna er ekki neitt samsæri á ferðinni. Þarna er ekki verið að gefa rangar upplýsingar vísvitandi, heldur er staðreyndin sú, að þessar vélar, sem um ræðir, eru dýrari, þær eru verðmætari. (**ÓRG:** Samkv. þeim tölum, sem þm. er með núna, munar enn þá 8—9 millj. dollara.)

Ég ætla líka að gera nokkrar aths. við önnur atriði úr ræðu hv. þm., sem að mínu mati var að mörgu leyti góð. Hann talaði um áhættuflug. Hann gat þess, að Flugleiðir ættu bara að hafa sitt áhættuflug annars vegar og keppa við önnur flugfélög og síðan það sem nú er farið að kalla grundvallarflug, sem mér finnst heldur leiðinlegt orð um þessa fluggrein. En á sama tíma er hann að tala um að ríkið, ekki bara íslenska ríkið, heldur ríkið í Lúxemborg, styrki þetta áhættuflug. Þetta kemur engan veginn heim og saman við staðhæfingar hv. þm. um það, að kerfið eigi að vera af þessum toga spunnið. Ég get tekið undir það með honum, að starfsfólk eigi að vera stærri þátttakendur í Flugleiðum á öllum sviðum rekstrar. Að þessu þurfum við að vinna. Þetta er nauðsynlegur þáttur til þess að skapa betri vinnumóral, svo að ég noti ljótt orð, og til að skapa betra ástand innan fyrirtækisins. En ég endurtek það engu að síður, að ég tel að áhættuflugið yfir Norður-Atlantshafið og stuðningur íslenska ríkisvaldsins — ríkissjóðs — við það flug sé rangt. Þetta er nákvæmlega

það sama og að greiða niður fargjöld fyrir útlendinga. Þetta er nákvæmlega sama stefnan í eðli sínu og útflutningsuppbætur á landbúnaðarafurðir, — nákvæmlega sama stefnan. Við erum bara að steðja út í tiltekið kviksyndi og hvenær ætlum við upp úr því? Við erum eingöngu að lengja dauðastríð þessa flugs. Við erum raunverulega að lengja þá áhættu og þá erfiðleika sem það fólk á við að stríða sem hefur atvinnu af þessu flugi. Það er engin von til þess, að þetta flug geti orðið arðbært í náinni framtíð. Það gefur auga leið og það er mat allra sérfróðra manna, að það, sem á eftir að gerast á flugleiðinni yfir Norður-Atlantshaf nú, þegar enn þrengist kostur flugfélaga, er að inn í þessa mynd komi stórkostlegur stuðningur ríkisvalds hjá hverri þjóð sem heldur uppi þessu flugi, og ef Íslendingar ætla að keppa við ríkisvald, sem er af sama stærðarhlutfalli og stendur á bak við ýmis þau ríkisreknu og hálfríkisreknu flugfélög, sem stunda flug yfir Norður-Atlantshaf, þá er það óhemjulegur misskilningur. Það mun aldrei takast.

Ég vil — til þess að lengja ekki þessa umr. — minna á það, að fulltrúi ríkisstj. — sem í þessu tilviki er ekki hv. þm. Garðar Sigurðsson — hét því í mars, fyrir sjö mánuðum, að veita aðstoð. Ég gerði grein fyrir því í ræðu minni áðan. Það var hæstv. ríkisstj. sem sagði við þá Flugleiðamenn þegar þeir ákváðu að hætta fluginu yfir Norður-Atlantshaf: Hættið ekki, herrar mínir, við munum hjálpa ykkur.

Ég er líka þeirrar skoðunar, að framið hafi verið mjög alvarlegt brot á samkomulagi sem gert var þegar Flugfélag Íslands og Loftleiðir voru sameinuð á sínum tíma, þess efnis, að þau skyldu hafa forgang og þau skyldu hafa nánast einokun á öllum flugleiðum út frá Íslandi. Það er brot á þessu samkomulagi að láta annað flugfélag hafa leyfi til flugs á milli Reykjavíkur og Amsterdam. Það lá fyrir í samgrn. umsókn frá Arnarflugi um þetta flug. Það félag er mun betur búið tækjum til að flytja farþega heldur en Iscargo. En það fékk ekki leyfi. Og Flugleiðir höfðu ákveðið í ágústmánuði að taka upp flug á þessari flugleið. Það er rangt, á sama tíma og verið er að tala um að veita Flugleiðum stuðning, að skafa utan af félaginu á þennan hátt.

En ég vil taka undir það með hv. þm. Friðrik Sophussyni, að það vantaði rauða þráðinn í alla ræðu hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar. Hann kom aldrei í allri sinni löngu ræðu að því, hvað hann vildi gera. Hann hvatti ekki til þess, að ríkisstj. tæki nú ákvarðanir fljótt til þess að bjarga því sem bjargað verður. Ekki einu einasta orði minntist hann á það. Hann talaði eingöngu um það, hvað hann hefði sagt og hvað Alþb. hefði sagt og gert. Ég vil taka undir það með hv. þm. Guðmundi G. Þórarinssyni, að aðstoð við Flugleiðir á þessum tíma er nauðsynleg, en nauðsynlegast er að hún komi skjótt. Og ég vil skora á hæstv. samgrh. að beita sér fyrir því, og jafnvel vil ég skora á hæstv. forsrh., sem hér var inni ekki alls fyrir löngu, að þeir reki af sér slyðruorðið og láti ekki Alþb.-mennina draga úr sér kjarkinn í þessu máli og dragi það á langinn. Ég veit að hæstv. samgrh. hefur fullan hug á því og fullan skilning á mikilvægi góðra flugsamgangna fyrir okkur Íslendinga. Og honum er ekkert fjær skapi en það að reyna að stöðva þetta flug. En það eru aðrir aðilar, áhrifaaðilar í ríkisstj., sem hafa tafið þetta mál óeðlilega mikið, fram hjá því verður ekki gengið.

Ég vil svo ítreka enn á ný í lok þessa máls, að við höfum eytt miklum tíma í umr. um þessa annars ágætu skýrslu. Enn meiri tími mun að öllum líkindum fara í umr. um það frv. sem hér liggur fyrir um aðstoð við Flugleiðir. En kjarni þessa máls er afskaplega einfaldur. Hann er ekki sá, hvað hefur verið að gerast á undanförnum misserum og árum, heldur hvað við Íslendingar ætlum að gera í samgöngumálum þjóðarinnar. Það er kjarninn í þessu máli, og að því ber okkur að vinna.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Það líður brátt, hygg ég, að lokum þessarar umr. um skýrslu mína, þótt ég heyri að nokkrir þm. vilja enn tala. Ég ætla ekki að blanda mér í hnútuköst á milli þm. og ekki í þær deilur sem hafa orðið um mat á eignum félagsins og fleira þess háttar, þótt allt sé það vissulega þáttur í umr. um þetta mál. Ég ætla að reyna að svara efnislega því sem hefur fram komið.

Ég vil í fyrsta lagi taka undir það, sem mér heyrðist hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson segja, að ræða hv. þm. Árna Gunnarssonar var að mörgu leyti hin ágætasta. En jafnframt verð ég að taka undir það, að leitt er að í þeirri ræðu komu fram ýmis atriði sem ég verð að gera aths. við.

Ég vil í fyrsta lagi taka undir það með hv. þm., að þetta mál verður að leysa. Það er kjarni málsins. Það verður að leysa. En það kunna að vera fleiri en ein lausn á svona máli. Ég hef hins vegar komist að þeirri niðurstöðu, eins og nú er ástatt með allt það þjálfaða lið sem Flugleiðir hafa, með alla þá aðstöðu sem Flugleiðir hafa með flugvélar o. s. frv., sem ég þarf ekki að telja hér upp, að skynsamlegast sé að leysa þetta mál innan Flugleiða og með Flugleiðum. Að því hefur allt mitt starf beinst. Þetta geri ég alls ekki af umhyggju fyrir Flugleiðum sem slíkum. Ég geri það eingöngu af umhyggju fyrir samgöngum okkar við nágrannalöndin. Það er aðalatriði málsins. Flugleiðir eru ekkert heilagt nafn í mínum huga, þótt ég meti mikils það gífurlega brautryðjendastarf sem menn hafa þar unnið, ekki síst á fyrri árum. Það er rétt hjá hv. þm. að ég set nokkurt jöfnunarmerki þar á milli. Þó efast ég um að jöfnuður náist. Ég held að við getum aldrei sagt annað en að hann verði nokkurn veginn. Aðalatriðið er þess vegna að tryggja landinu samgöngur. Að mínu mati verður það best gert innan Flugleiða, ef það er ekki orðið of seint. Ég kem að því nánar síðar.

Hv. þm. deildi nokkuð á samgrn. og samgrh. fyrir að hafa ekki afgreitt mál Arnarflugs. Ég hef þegar svarað þessu. Það liggur engin umsókn fyrir frá Arnarflugi. Hv. þm. sagði að það væri fyrirliggjandi umsókn frá Arnarflugi um flug til Amsterdam. (**ÁG:** Má ég grípa fram í? Það er svo samkv. upplýsingum forráðamanna Arnarflugs.) Farið hefur verið gegnum skjöl rn. Umsókn kom frá Arnarflugi haustið 1976. Hún var tekin fyrir í flugráði í jan. 1977. Þá fékk sú umsókn eitt atkv. og það var mitt. Allir aðrir voru á móti. Málið var síðan tekið fyrir í samgrn. á fundi, og það er til fundargerð frá þeim fundi þar sem talsmenn Arnarflugs mæta. Þeim er tjáð hver niðurstaðan hafi orðið. Þeir sögðust ekki þurfa frekari staðfestingar á þessari niðurstöðu. Því fór ekkert bréf til Arnarflugs. En þetta var staðfest á fundi þar sem þeir mættu í samgrn. Um þetta geta borið stafsmenn samgrn. sem þá voru, og um þetta geta skjöl samgrn. borið. Því kemur ákaflega spánskt fyrir sjónir að hér er fullyrt hvað eftir annað að fyrir liggi umsókn. Ég kannast ekki við það. Arnarflug hefur síðan komist undir verndarvæng Flugleiða, ef ég má orða það svo, og það er kannske ekki

eðlilegt að fyrirtækið hafi síðan endurnýjað umsókn sína um Amsterdamflugið. Ég leiðrétti þetta og ég vil bjóða hv. þm. að fara í gegnum skjöl rn. til að fá þetta staðfest ef hann óskar.

Hv. þm. taldi að mikill dráttur hefði orðið á afgreiðslu. Ég veit ekki hvað hv. þm. hefði verið fljótur til að samþykkja 12 millj. dollara ríkisábyrgð. Ég verð að viðurkenna að ég tel mig ekki hafa heimild til slíks án samþykkis Alþingis. Ég er hræddur um að einhverjir hefðu fundið að slíkri málsmeðferð.

Bréfleg beiðni berst til rn. 15. sept.

Bréfið er birt með þeirri skýrslu sem ég hef látið gera. Í lok þess bréfs frá 15. sept. segir:

„Til tryggingar á þessari aðstoð koma veðsetningar í eignum Flugleiða hf. eftir nánara samkomulagi við stjórnvöld."

Ekkert er í þessu bréfi á bls. 20 sem gefur til kynna að þörfin sé fyrr en 1. nóv. Það er sú fyrsta dagsetning sem er nefnd.

Ég vil hins vegar láta það koma fram, að forráðamenn Flugleiða hafa síðar sagt við mig að langtímalánið sérstaklega sé orðið ákaflega brýnt. Þess vegna ræddi ég við bankastjóra Landsbankans til að afla mér upplýsinga um hvort einhver bráðabirgðafyrirgreiðsla kæmi til greina. Það var satt að segja mjög vafasamt, að slíkt væri í mínum verkahring, en ég taldi þó rétt að kanna það mál. Bankastjóri, að höfðu samráði við bankastjórn, sagði mér að slík aðstoð kæmi til greina ef ljóst væri að ríkisstj. ætlaði að leita eftir ríkisábyrgð. Ég hef því litið svo á að þetta væri ljóst eftir að frv. kom fram og eigi ekki að standa á Landsbankanum að veita einhverja aðstoð, ekki síst eftir að hv. þm., t. d. málsvari Sjálfstfl. í þessum umr., hefur lýst yfir að hann ætli að fylgja þessari aðstoð og sama skilst mér einnig á hv. Alþfl.- mönnum. Þannig held ég að bankanum hljóti að vera ljóst að slík heimild verður veitt.

Ég verð að endurtaka það, að ég fæ ekki séð hvernig hefði mátt hraða þessari aðstoð meira en gert er. Strax eftir að umrætt bréf barst var það tekið fyrir í ríkisstj. og líka eftir að ég kom frá Lúxemborg. Þá var þegar ákveðið að láta fara fram mat á eignum Flugleiða. Vilja menn áfellast ríkisstj. fyrir það? Ég ræddi það mál einnig við viðskiptabanka fyrirtækisins, sem upplýsti að hann teldi slíkt nauðsynlegt, hann teldi mjög erfitt að veita frekari fyrirgreiðslu áður en slíkt mat færi fram. Átti ríkisstj. án heimildar Alþ. að veita slíka ríkisábyrgð áður en mat fer fram?

Ég get hins vegar ekki að því gert, að ég hlýt að lýsa nokkurri undrun yfir því, að slíkt bréf skuli ekki koma fram fyrr en 15. sept., tveimur dögum áður en ég fer til Lúxemborgar eftir marga fundi með forustumönnum Flugleiða. Var forustumönnum Flugleiða ekki ljóst að ástandið væri svona ljótt? Ég efast ekki um að þeim hefur verið það ljóst. Slíkt mál sem þetta þarf vitanlega töluverða umfjöllun. Ég held að það hljóti að vera öllum mönnum ljóst.

Einlæg von mín er sú, að Landsbankinn sjái sér fært að veita bráðabirgðafyrirgreiðslu þannig að þetta mál geti fengið þinglega meðferð og þá vonandi orðið til þess að gera flugfélaginu kleift að halda áfram sinni nauðsynlegu starfsemi.

Þá segir hv. þm. að ríkisstj. hafi beðið um að ekki yrði hætt við Norður-Atlantshafsflugið. Þetta er alrangt. Ég gæti að vísu farið nokkuð langt aftur í tímann, t. d. staldrað við í tíð ríkisstj. hv. þm. Benedikts Gröndals. Þá hygg ég að fundur hafi verið í desember þar sem fram kom beiðni frá forráðamönnum Flugleiða um aðstoð til að halda fluginu áfram. Ég ætla hins vegar að láta nægja að fara aftur til fundar sem var haldinn 21. mars með forsrh. og mér. Þar segir í fundargerð, sem er að vísu — ég vil taka fram — ekki staðfest, en var send öllum og engin aths. komin við hana, með leyfi forseta:

„Varðandi flugið á Norður-Atlantshafinu sagði Örn [þ. e. stjórnarformaður] að þar ætti félagið í verulegum erfiðleikum. Starfsemin þar hefði verið rekin með verulegu tapi s. l. tvö ár" — og svo bið ég þm. að taka eftir - „sem félaginu hefði tekist að brúa að mestu leyti.

En þótt búist væri við betra ástandi í framtíðinni, þá sýndu afkomuspár félagsins og mikið tap í ár og hið næsta ár að félagið gæti ekki meira. Þar sem mikilvægir hagsmunir væru í húfi fyrir atvinnu- og efnahagslíf Íslands og Lúxemborgar vænti félagið aðstoðar úr þeirri átt."

Þarna er beinlínis farið fram á að íslensk stjórnvöld veiti aðstoð til að halda megi áfram Atlantshafsfluginu. Þetta varð að sjálfsögðu til þess, að ríkisstj. tók málið fyrir eftir beiðni Flugleiða, sem kemur t. d. fram í þessari fundargerð frá 21. mars, og það varð til þess að ég fór til Lúxemborgar.

Eftir allt það, sem á milli fór og ég hef áður rakið og lá fyrir í samþykkt ríkisstj. um aðstoð frá 16. sept., sem var svo endanlega samþykkt, er Flugleiðum skrifað bréf sem birtist í skýrslunni. Með leyfi forseta vil ég lesa það:

„Með vísun til fyrri funda forráðamanna félagsins um erfiðleika og breytt rekstrarviðhorf í Atlantshafsflugi þess, sendir rn. hér með myndrit af ályktun ríkisstj. frá 16. þ. m. svo og staðfestri fundargerð frá viðræðum íslenskra og lúxemborgískra stjórnvalda 17. og 18. þ. m.

Í skjölum þessum og bréfi samgrn. í Lúxemborg, dags. 27. júní s. l., til stjórnar félagsins, kemur fram sú aðstoð sem stjórnvöld landanna telja sig geta boðið félaginu til stuðnings, komi til áframhald á flugi þess milli Lúxemborgar, Íslands og Bandaríkjanna, svo nefnds Atlantshafsflugs.

Með hliðsjón af ofanrituðu er óskað svars frá félaginu við því, hvort félagið muni endurskoða nýlegar ákvarðanir sínar og halda áfram flugi á milli Lúxemborgar og Bandaríkjanna."

Félagið er ekki beðið um framhald Atlantshafsflugs. Þessi aðstoð er nokkurn veginn nákvæmlega jafnmikil og endurskoðuð áætlun flugfélagsins gefur til kynna að tapið muni verða, þ. e. 3. millj. dollara frá Lúxemborgarstjórnvöldum, 3 millj. frá íslenskum og 1 millj. dollara u. þ. b. í viðbót sem hlutafé. Svar berst 1. okt. Þar segja Flugleiðir:

„Með hliðsjón af þeirri aðstoð, sem boðin hefur verið af ríkisstj. Íslands og Lúxemborgar, mun stjórnin mæla með því við hluthafafund, sem haldinn verður í félaginu 8. okt. n. k., að áframhald verði á Norður-Atlantshafsflugi félagsins".

Ég verð að viðurkenna að ég fæ ekki annað séð en um algjörlega eðlileg samskipti sé að ræða. Hitt skal ég fúslega viðurkenna, að það hafði áhrif á mig til að beita mér fyrir þessari aðstoð, sem mætir fullkomlega því rekstrartapi sem félagið áætlaði síðast. Ég viðurkenni einnig að margir fundir með starfsliði Flugleiða, m. a. flugmönnum og fjölmörgum öðrum, bjartsýni þeirra á að unnt væri að halda þessu flugi áfram í breyttu formi, blönduðu vöruflutninga- og farþegaflugi o. s. frv., hafði

allt áhrif á mig svo að ég taldi rétt að beita mér fyrir því, að umrædd aðstoð yrði boðin. En hún er bara boðin. Það er að sjálfsögðu félagsins að ákveða framhaldið.

Hv. þm. segir að það væri ábyrgðarlaust að halda Norður-Atlantshafsfluginu áfram. Ég er ekki nægilega fróður um þetta mál, þótt ég sé búinn að sitja yfir því síðan ég kom í rn., til að meta það eins ákveðið og hv. þm. Ég get það ekki. Ég hef heyrt bæði sjónarmiðin og bæði frá fróðum mönnum. Ég hef heyrt þau sjónarmið, og það réð upphaflegri till. minni um þriggja ára reynslutíma, að það tæki lengri tíma að ná þessu flugi upp vegna, eins og sumir segja, mjög alvarlegra mistaka sem orðið hafi í þessu sambandi á undanförnum árum þar sem glatast hafa mikil viðskiptaverðmæti, t. d. í fragtflugi o. fl., vegna þess að ekki hefur verið tekið upp svokallað „blandað flug". En ég hef ekki treyst mér til að meta það. Það verður að sjálfsögðu stjórn félagsins að meta.

Ég vil jafnframt geta þess, að á sérstökum fundi með forráðamönnum félagsins spurði ég að því, hvort félagið gæti hugsað sér að þessu flugi yrði haldið áfram af sérstöku félagi, en ekki Flugleiðum, t. d. af starfsmönnum þeirra, þá að sjálfsögðu með leigusamningi um vélar og þess háttar. Forráðamenn félagsins lögðust gegn því og töldu stórum hyggilegra að gera það innan félagsins. Ég féllst á það og féll frá þeirri hugmynd að beita mér fyrir stofnun nýs flugfélags, sem ýmsir, flugmenn og aðrir sem þetta flug stunda, hafa tjáð sig mjög hlynnta.

Ég vil því vísa því algjörlega á bug, sem hér virðist vera reynt að draga upp, að því er mér skilst af stuðningsmönnum Flugleiða, að þetta Norður-Atlantshafsflug sé á ábyrgð íslensku ríkisstj. Norður-Atlantshafsfluginu hefði aldrei verið hætt fyrr en nú í haust. Það kom aldrei til mála að hætta Norður-Atlantshafsfluginu í vor. Sumarið er skásti tími þess flugs. Eins og ég sagði 24. sept. lá fyrir hvað íslenska ríkisstj. vildi gera. Það er því flugfélagsins sjálfs að ákveða hvernig það vill hafa framhaldið.

Ég hef hins vegar lýst því áður hér í ræðu, að ég óttast mjög þá þróun sem hefur verið frá því að flugfélagið hljóp til 15. ágúst og kunngerði alheimi að það ætlaði að hætta við þetta flug. Slíkar fréttir birtust í víðlesnum tímaritum. Það er alveg ljóst að þá var satt að segja brennd brú að baki sem mjög erfitt er að endurbyggja. Ég hygg þetta hafi haft mjög alvarleg áhrif á þetta flug. Þannig kann vel að vera að það sé orðið of seint að snúa við, en það verður félagið sjálft að meta.

Ég vil hins vegar taka undir það, sem hér hefur komið fram hjá öðrum ræðumönnum, t. d. hv. þm. Friðrik Sophussyni, að ég tel að ekki sé miklu hætt til þó að þessu flugi sé haldið áfram í eitt ár þannig að skapast megi grundvöllur til að skoða framhaldið mjög vandlega, t. d. til að skapa þeim mönnum, sem þarna hafa vinnu, aðra atvinnu og yfirleitt til að leita leiða til að gera endalok þess ef svo má segja, sem auðveldust bæði starfsliði og félaginu og þjóðinni. Sýnist mér því ekki miklu til fórnað. En á það legg ég alveg sérstaka áherslu, að erfiðleiki flugfélagsins, sem er af stærðargráðunni 12 millj. bandaríkjadala, a. m. k., eins og lýst er í bréfi félagsins frá 15. sept., er alveg óháður Norður-Atlantshafsfluginu. Þótt hætt verði við það núna er sá erfiðleiki engu að síður fyrir hendi og hann er langtum stærri.

Hv. þm. fullyrti að ekki hefði verið staðið við það sem ég sagði í Lúxemborg. Ég vil andmæla því. Ríkisábyrgðin var veitt örfáum dögum eftir að ég kom heim. Engin lendingargjöld hafa verið innheimt síðan af Atlantshafsfluginu. Það er hins vegar rétt, að þeir höfðu greitt lendingargjöld í 7 mánuði, sem mér var að vísu ekki kunnugt um. Ég hélt að þarna stæði miklu meiri skuld, en það stafar af því að þeir skulduðu einnig mjög mikið í öllu Evrópuflugi sem blandast þarna inn í og kom aldrei til greina að fella niður þau lendingargjöld.

Það er rétt, að ég lagði til að lendingargjöld yrðu felld niður allt árið 1979. Fjmrn. taldi vandkvæði á því að fella niður lendingargjöld sem þegar væri búið að borga í ríkissjóð og komin væru inn í ríkisreikning. Málinu var því frestað með greiðslufresti. Þegar málið var tekið upp að nýju var sæst á að endurgreiða þann hluta lendingargjalda, sem þegar hafði verið greiddur í formi hlutafjár. Hlutafjáraukningin er upp í 20%. Það eru um 530 millj. kr., sem sagt margföld sú upphæð sem nemur lendingargjöldunum sem greidd höfðu verið, þ. e. 196 millj. Í þeim umr. kom m. a. til tals að þessi hlutafjáraukning gæti verið liður í 3 millj. dollara bakábyrgðinni, þ. e. hún yrði lægri, en hluti af því kæmi sem hlutafjáraukning. Algjört samkomulag varð um það, með tilliti til þess sem ég lagði áherslu á með lendingargjöldin, að halda aukningu á hlutafjáreign ríkisins utan við bakábyrgðina, en greiða lendingargjöldin til baka með því. Þannig lít ég svo á, og get sagt það hvar sem er, ekki síst í Lúxemborg, að fullkomlega hafi verið staðið við það sem ég ákvað að beita mér fyrir.

Bæði hv. þm. Friðrik Sophusson og hv. þm. Árni Gunnarsson nefndu viðræður við varnarliðið. Það er rétt, að ég lagði það til í skýrslu minni til ríkisstj. og nefndi það í Lúxemborg. Þær viðræður hafa farið fram. Reyndar hófust þær í utanríkisráðherratíð hv. þm. Benedikts Gröndals, ef ekki fyrr. A. m. k. hófust þær þá. Þær viðræður hafa verið í gangi á vegum utanrrn. eða fyrir tilstilli þess, en á milli félagsins sjálfs og ameríska stjórnvalda. Fyrirtækið þarf ekki að spyrja neinn um leyfi til þess að ræða við varnarliðið um flutninga. Það er því að sjálfsögðu frjálst og enginn getur bannað utanrrn. að veita fyrirtækinu liðsinni í slíkum umr. Aldrei hefur komið til mála að banna slíkt. Engin ríkisstjórnarsamþykkt var nauðsynleg í því sambandi.

Ég hefði heldur kosið að utanrrh. greindi sjálfur frá ferð sinni til Bandaríkjanna, en um hana vil ég segja þetta:

Það er rétt, að hann átti viðræður við forráðamenn þar um hugsanlega flutninga fyrir varnarliðið, og athugun á því er enn í gangi. Hins vegar skilst mér að mörg tormerki séu á því t. d., hvort flugvélakostur Flugleiða er af þeirri stærð að hann geti borið ýmsa þunga hluti sem varnarliðið þarf að flytja, einnig hvaðan þeir flytjast í Bandaríkjunum o. s. frv. Mér skilst því, — ég verð að segja: að mér skilst, því ég hef ekki sett mig inn í það mál að öðru leyti, — að þarna séu ýmis vandkvæði á. Að sjálfsögðu hefur ríkisstj. verið kunnugt um þessa viðleitni utanrrn. eða félagsins sjálfs og ekki gert um það neina samþykkt hvorki, með né á móti.

Mér þótti það fróðlegt, sem hv. þm. Árni Gunnarsson upplýsti hér, að Lúxemborgarar ætli að hefja eigið flug yfir Norður-Atlantshafið eftir ár. (**Gripið fram í:** Það er alveg nýtt.) Það er alveg nýtt. Ég vil gjarnan að hv. þm. hlusti á það. — Ég verð að lýsa undrun minni á því. Þá hefur starfsbróðir minn í Lúxemborg sagt mér ósatt. Hann lýsti því yfir í margra viðurvist, að eftir þá samninga mundu þeir ekki gera neinar slíkar ráðstafanir.

Þeir legðu áherslu á að ef Atlantshafsfluginu yrði haldið áfram yrði þegar sest niður og leitað að leið til að halda því flugi áfram í samstarfi við okkur. Þeir mundu ekki ljá máls á samstarfi við aðra á meðan svo stæði. Ég hef ekki ástæðu til að vefengja þessi orð forráðamanna í Lúxemborg og þykir ákaflega leitt, satt að segja, að slíkt skuli koma hér fram.

Ég vil taka undir það sem hv. þm. sagði um flugfélagið í Ísrael. Það er mjög athyglisvert. Þau eru fleiri flugfélögin sem hafa bjargað sér út úr erfiðleikum með slíku samstarfi starfsliðs og stjórnenda. Ég hef sagt það hér hvað eftir annað, að ég tel þarna komna kannske mestu brotalömina í starfsemi Flugleiða. Ég nefndi hér, hygg ég, í framsöguræðu minni British Caledonian sem hefur haft svipaða starfshætti og komið ólíkt betur úr en flugfélagið British Airways. Þetta er einmitt það sem við höfum viljað stuðla að með þrýstingi á aukna hlutdeild starfsliðs í félaginu og aukna hlutdeild starfsliðs í ákvarðanatöku á vegum félagsins. Ég held einmitt að Norður-Atlantshafsflugið geti staðið af sér þessa erfiðleika ef svona starfshættir eru upp teknir. Ég hef óbilandi trú á mikilli aðild og mikilli þátttöku starfsliðs í starfsemi, ekki síst eins og þeirri sem hér er um að ræða.

Ég vona að ég hafi nú svarað því sem kom fram hjá hv. þm. Árna Gunnarssyni.

Hv. þm. Friðrik Sophusson ræddi um að ríkisstj. bæri ábyrgð á þessu. Ég er ákaflega undrandi á því, hvernig ríkisstj. á að bera ábyrgð á afkomu flugfélags þar sem ríkisvaldið á 6%. Þá skil ég ekki einkareksturinn. Ég verð að viðurkenna það. Ég skyldi taka undir það ef ríkissjóður ætti meiri hluta í félaginu. Þá bærum við ábyrgð. Við eigum ekki einu sinni fulltrúa í stjórn þessa félags.

Ég verð að segja að mér sýnast margar þær upplýsingar, sem við höfum beðið um, hafa komið ansi seint. Ég gæti talið upp spurningar sem eftirlitsmenn hafa sent, en ekki hefur verið svarað enn. Ég get einnig sagt það hér, að s. l. mánudag, 20. okt., kallaði ég á forstjóra Flugleiða og bað hann að gefa mér upp sem gleggst yfirlit yfir það, hvernig ástandið væri nú. Ég er ekki búinn að fá svar við því enn. Ef ríkisstj. bæri ábyrgð þyrfti ekki að spyrja slíkra spurninga. — Nei, ríkisstj. ber ekki ábyrgð á rekstri Flugleiða. Ríkisstj. hefur boðið fram það sem ríkisstj. treysti sér til að leita heimildar Alþ. fyrir, og málið er hjá Flugleiðum.

Hv. þm. ræddi um lendingargjöldin, sem ég vona að ég hafi svarað, flug fyrir varnarliðið einnig, en ég kem þá að Iscargo og stefnubreytingu og mun fara um það nokkrum orðum.

Ég hef áður upplýst umsókn Arnarflugs. Ég svara því ákveðið að heimild fyrir Iscargo að fljúga blandað vöru- og farþegaflug til Hollands boðar enga stefnubreytingu. Ég vil vekja athygli á því, að í því bréfi, sem þáv. samgrh. skrifaði Flugleiðum, segir svo, með leyfi forseta, — það er bréf frá 1973 — þar segir svo m. a.:

„Telur ráðuneytið ekki neina ástæðu til að gera ráð fyrir að breyting verði á þessari stefnu þótt yfirstjórn félaganna verði sameinuð, nema síður sé. Rn. minnir á að opinber stjórnvöld hafa átt frumkvæðið að sameiningartilraunum flugfélaganna, og hlýtur rökrétt afleiðing þeirrar stefnu að vera sú, að sameinað flugfélag eða núverandi flugfélög, sem verða undir þess yfirstjórn, verði tilnefnd til að njóta allra þeirra réttinda til reglubundins áætlunarflugs á erlendum flugleiðum sem Ísland hefur samkv. loftferðasamningum og það eða þau vilja nýta."

Flugfélagið hefur ekki nýtt rétt sinn til Amsterdamflugs í 13 ár. Kannske er það ástæðan fyrir því, að hv. þm. m. a., sem sitja í flugráði, samþykktu þessa beiðni. Ég hefði gjarnan viljað að þeir hv. þm. hefðu þá skýrt frá því, hvers vegna þeir samþykktu hana. — Ég samþykkti beiðnina á eftirgreindum forsendum:

Í fyrsta lagi: Fjórir af fimm í flugráði mæltu með því og aðeins einn sat hjá, og það rekstrarstjóri Flugleiða, sem hlyti að vera kunnugt um hvað Flugleiðir ætla sér á þessum sviðum.

Í öðru lagi hefur Iscargo haft allmikla og vaxandi vöruflutninga frá Hollandi. Ég tel skynsamlegt að reyna að sameina slíkt, og félagið eigi að hafa möguleika til þess.

Í þriðja lagi leggur rn. á það fulla áherslu — það þarf ekki að spyrja um það — að öllum ákvæðum loftferðaeftirlits sé fullnægt, — öllum ákvæðum, ekki síst öryggisákvæðum, viðhaldsatriðum og öllu þess háttar, og sömuleiðis því ákvæði loftferðareglugerðar að félagið skili fyrir 1. apríl ár hvert reikningum síðasta árs.

Samkvæmt þeim upplýsingum, sem þannig liggja fyrir, var nokkur rekstrarhalli á Iscargo síðasta ár. Ég sé ekki ástæðu til að gefa upp hvað hann var mikill, hann var æði miklu minni en Flugleiða, jafnvel í hlutfalli. En hann var nokkur, en ekki þannig að það stofni rekstri félagsins í beina hættu. Hins vegar hef ég ekki glöggar upplýsingar um hvort félagið hafi á síðustu vikum staðið við allar skuldbindingar sínar. Ég geri fastlega ráð fyrir því, að viðskiptabanki félagsins, þegar kemur að fyrirgreiðslu vegna þessa flugs, muni skoða það mjög vandlega. Það er ekkert óeðlilegt. Það er verkefni viðskiptabanka.

Ég verð að segja að mér finnst lágt lagst þegar menn eru að gefa hér til kynna að ég hafi veitt þetta leyfi af því að flokksbróðir minn sé þarna innan dyra. Eigum við ekki flestir t. d. flokksbræður í flugráði sem samþykktu þetta? Þeir leggjast lágt, er það ekki? Ég veit a. m. k. að hv. þm. Árni Gunnarsson á þar flokksbróður sem samþykkti þetta. Ég held að svona málflutningur þjóni engum tilgangi, ekki nokkrum.

Ég er þeirrar skoðunar að eitt flugfélag eigi að hafa allar áætlunarflugferðir til og frá landinu. En það á ekki að þýða að það félag eigi að einoka alla slíka flutninga. Kem ég nánar að því áður en ég kem að þeirri stefnu sem ég álít að eigi að fylgja.

Þingmenn hafa fullyrt og kemur fram í bréfi frá Flugleiðum sem var dreift til allra þm., að víðast annars staðar hafi eitt félag slíka flutninga. Þetta er að hluta rétt, en ekki að öllu leyti. Ég hef upplýsingar um hverjir eiga þessi flugfélög. Finnska ríkið á 80% af Finnair. Norðurlöndin eiga 50% af SAS og ráða þar öllu innan dyra. Spánska ríkið á 97% af Iberia. Franska ríkið á 100% af Air France. Belgíska ríkið á 90% af Sabena. Og m. a. s. þýska ríkið, þessir menn frjálshyggjunnar, á 82% af Lufthansa. Hollenska ríkið á 78% af KLM. Ég hef ekki fengið upplýst hvað ríkisvaldið á mikið í Swiss Air, en það mun ráða þar öllu. Það kynni nú ekki að vera, að þessum ríkisstj. hafi sýnst eðlilegt að veita þessum félögum einkaleyfi af því að þau eru ríkiseign?

Ég verð að segja að ég er ekki undrandi á því þótt menn efist um skynsemina í því að veita einu einkafélagi hér einkarétt á öllum samgöngum við landið, — félagi sem er í eigu Eimskips hf., sem er ágætisfélag, og örfárra

einstaklinga að meiri hluta. (**Gripið fram í:** Það var ákvörðun vinstri stjórnarinnar.) Það var ákvörðun vinstri stjórnarinnar, en hana má sannarlega endurskoða.

Ég er undrandi á því, að hv. þm. Sjálfstfl. skuli gagnrýna eða óttast stefnubreytingu. Ég hef ekki lýst yfir neinni stefnubreytingu. Ég hygg þó að þm. mættu hugleiða upplýsingar um eignaraðild ríkisvalds í félögum sem hafa slíkt einkaleyfi. En málinu er ekki þar með lokið. Staðreyndin er sú, að í öllum þeim löndum sem ég nefndi, hverju einasta þeirra landa, eru mörg flugfélög sem reka viðtækt flug við önnur lönd. (**Gripið fram í:** Ekki reglubundið áætlunarflug.) Ekki reglubundið áætlunarflug, en hver er munurinn þegar menn geta gengið upp í flugvél sem fer á ákveðnum tíma frá Kaupmannahöfn til Mallorka allar vikur og flesta daga vikunnar? Munurinn er enginn annar en sá, að sú flugstarfsemi er ekki með fargjöld sín eins undir smásjá stjórnvalda.

Fyrst og fremst hef ég gagnrýnt að á einni hendi hér skuli vera ekki aðeins allt áætlunarflug, heldur allt leiguflug. Ég vil leggja á það ríka áherslu, að ég tel slíkt algjörlega ótækt. Ef svo illa fer að flug stöðvast, þá stöðvast allar samgöngur við landið. Þótt við hefðum ekki nema eitt leiguflugfélag gætum við kannske bjargað okkur einhvern tíma. En ég fæ ekki séð að við getum það.

Ég er mótfallinn þeirri stefnu að allt flug til og frá landinu sé á einni hendi. Ég mun beita mér gegn henni. Ég er hins vegar fylgjandi því, að eitt félag hafi allar megináætlunarleiðirnar til landsins. Ég tel það ekkert brot á þeirri stefnu þótt félag fái áætlun á einn stað sem það flýgur þegar á og það félag, sem hefur allar megináætlunarleiðirnar, hefur ekki sýnt áhuga á að sinna. — Þetta er sú stefna sem ég fyrir mitt leyti vildi lýsa.

Ég tek undir það með hv. þm., að sannarlega er tímabært að stefnan sé mörkuð á þessu sviði. Ég mun beita mér fyrir því að það verði gert, en fyrst verður eflaust að komast yfir þann þröskuld sem við erum nú við, rekstrarerfiðleika Flugleiða.

Ég vil segja að lokum, að það er einlæg von mín að takast megi að halda þessu flugi gangandi innan Flugleiða. Ég er ekki hlynntur ríkisrekstri flugfélags. Ég held satt að segja að við Íslendingar höfum nógu mikið annað á okkar hendi. Ég hef því sagt opinberlega og vil segja hér, að ef svo fer að Flugleiðir hf. treysta sér ekki til að halda áfram t. d. nauðsynlegustu samgöngum vegna rekstrarerfiðleika ber að leita annarra leiða, t. d. viðtæks samstarfs við starfslið sem hefur sýnt vilja til þess. Ég er hins vegar viss um að ef til þess kemur þarf miklu meiri aðild ríkisvaldsins er nú er um að ræða. Ég hygg að enginn muni treysta sér út í slíkan rekstur án þess.

Ég tel jafnframt að ríkisvaldið eigi skilyrðislaust að fá miklu beinni aðild að stjórn flugfélagsins en það hefur nú, þannig að ekki þurfi að biðja um upplýsingar og fá þær á síðustu stundu og síðan upphrópanir um að ekki sé hlaupið upp til handa og fóta og orðið við öllum beiðnum. Þess vegna legg ég á það ríka áherslu, að þáttur í því, sem nú er verið að gera, er aukin aðild ríkissjóðs. Það á að tryggja ríkissjóði e. t. v. tvo menn í stjórn og því möguleika til að hafa bein áhrif á stjórn félagsins.

Ég vona að hið háa Alþingi sjái sér fært að afgreiða fljótt það frv. sem liggur fyrir. Mér er hins vegar ljóst að þm. þurfa að afla ýmiss konar upplýsinga. Það er von mín að töluverðar upplýsingar hafi komið fram í þessum umr. og því megi hraða afgreiðslu þess máls, því undir það vil ég taka, sem kom fram hjá hv. þm. Árna Gunnarssyni, að ástandið mun verða ákaflega alvarlegt og ég óttast að við höfum jafnvel enn meiri og vaxandi erfiðleika á höndum okkar ef ekki er brugðið skjótt við.

Hitt er svo líka spurning sem við þurfum að spyrja okkur sjálfa: Er þessi aðstoð næg? Þess vegna kallaði ég á forstjóra Flugleiða 20. okt. og spurði hann þeirrar spurningar. Ég hef ekki fengið svar við henni enn.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að flytja hér ræðu, en kem fyrst og fremst í ræðustól til að leiðrétta missögn sem mér varð á fyrr í dag þegar ég fór línuvillt í þeim gögnum sem ég var með. Það er alveg rétt, sem hv. þm. Árni Gunnarsson sagði, að þar er átt við Fokker F27-200, en ekki 100, og það leiðréttist hér. Það breytir hins vegar í engu þeim ályktunum sem ég dró, vegna þess að í verðskrá Flight International er nákvæmlega sama verð gefið upp á þessum tveimur tegundum, 100 og 200. En rétt skal vera rétt og því leiðrétti ég það hér með hvaða tegund er átt við þótt það hafi engin áhrif á verðsamanburðinn.

Ég vil vekja athygli á því, að Alþb. hefur á engan hátt tafið framgang þessa máls. Það er rétt, eins og hæstv. samgrh. sagði, að 15. sept. var óskað eftir því, að þessi ríkisábyrgð yrði veitt. Það er komið fram frv. nú þegar. Það er 7 mánuðum fyrr en ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar lagði slíkt frv. fram á sínum tíma. En það er að vísu rétt, að það er ekki búið að vísa þessu frv. til nefndar í Ed. Þess vegna hef ég ekkert vald á þessu máli í dag, eins og hv. þm. Friðrik Sophusson vildi vera láta í þeirri annarri meginræðu sem hann flutti um mig í þessum umr., því að seinni ræðan var eiginlega nákvæmlega eins og hin fyrri, hún fjallaði eiginlega öll um mig.

Það er mikill misskilningur, að ég sé hinn valdamikli maður í þessum efnum. Staðreyndin er nefnilega sú, að málið er ekki útrætt í Ed. og ekki komið til nefndar. Og hvers vegna er það ekki útrætt? (**Gripið fram í:** Af því að þú hefur talað í einn og hálfan klukkutíma um það og enginn annar hefur komist að.) Það er mesti misskilningur. Það er ekki útrætt vegna þess að fulltrúi Sjálfstfl. í deildinni, sem var búinn að tala hátt á aðra klukkustund um málið, hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson, er enn á mælendaskrá. Hann er sá eini sem er á mælendaskrá. Og hverjir tefja að málið geti komið til nefndar? Þm. Sjálfstfl. Það eru þeir sem með málþófi í Ed. eru að tefja að þetta mál geti farið til nefndar. Það er enginn Alþb.-maður á mælendaskránni — það ætlaði enginn að tala. Þess vegna hefði mátt afgreiða málið til nefndar okkar vegna í gær, en það var ekki hægt vegna Sjálfstfl. Svo koma þessir herramenn hér og tala um að við séum að tefja málið! Þessar staðreyndir er nauðsynlegt að hafa í huga.

Ég vil að lokum lýsa því hér yfir, að þær meginniðurstöður, sem hæstv. samgrh. dró saman í lok máls síns, þar sem hann lýsti stefnuafstöðu sinni til framtíðaruppbyggingar þessa flugs með þætti starfsfólks og afskiptum ríkisvaldsins, eru nákvæmlega sama afstaðan og við fulltrúar Alþb. höfum haft í þessu máli. Það er ekki nokkur ágreiningur af minni hálfu við þá lokaniðurstöðu í meginstefnuyfirlýsingu þeirri sem hæstv. samgrh. lýsti. Það er rétt að þeir hafi það í huga sem hafa verið að reyna að búa það til í blöðum og annars staðar að það væri einhver ágreiningur okkar á milli um þetta efni.

Hitt er svo athyglisvert hve feikilegan áhuga hinn tutt-

ugu og tveggja manna þingflokkur Sjálfstfl. hefur á þessu Flugleiðamáli. Það er nú meiri áhuginn! Það er einn þm. úr þessum flokki sem hefur haft nennu til að vera við þessar umr. í dag, einn af 22, og hann hefur aðallega talað um mig. Hvar eru hinir? (**Gripið fram í:** Þeir vilja ekki hlusta á það.) Nei, það er skiljanlegt að þeim ofbjóði. — Áhugaleysi þingflokks Sjálfstfl. á þessu máli er ljóst. Umhyggjan fyrir þessu máli er ljós. Áhyggjurnar af atvinnuöryggi starfsfólksins eru ljósar. Einn þm. Sjálfstfl. hefur haft úthald til þess að sitja í þessum umr. og síðan hafa tveir til þrír til viðbótar verið hér á stangli, þar af einn varamaður. En það eru 19 þm. Sjálfstfl. sem hafa ekki hirt um þessar umr. í Sþ. Það ásamt málþófi Sjálfstfl. í Ed. í þessu máli sýnir vel hvernig framkoma þeirra hefur verið og er. (**Gripið fram í:** Eru varamennirnir ekki fullgóðir?) Jú, þeir eru fullgóðir, það er alveg rétt, en við þekkjum það, þm., að varamenn sitja oft fyrstu daga sína á þingi lengur yfir umr. en aðrir. Ég er ekkert viss um að hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir hefði setið hér í allan dag ef hún hverði verið búin að átta sig á því hvert áhugaleysi þingflokks Sjálfstfl. er á málinu ella.

Ég vil að lokum svara því sem hv. þm. Friðrik Sophusson var að spyrja um. Ég lýsti ítarlega í Ed. í gær afstöðu minni til þess frv., sem þar er til umr., og til einstakra greina þess frv. Sú afstaða liggur fyrir, jafnframt sú afstaða sem ég hef látið í ljós hér áður. Það er enginn ágreiningur á milli okkar og hæstv. samgrh. um meginstefnuna í þessu máli varðandi þetta frv. og framtíðarþróun þessa máls. Það er því eins og annað röfl hv. þm. í þessu máli að afstaða okkar liggi ekki fyrir.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Það er ekki von á því að mælendaskrá tæmist, hvorki í Ed. né hv. Sþ., ef örfáir einstaklingar gleypa næstum allan tímann.

Ég kom upp til að segja aðeins örfá orð vegna þess m. a. að hv. þm. frjálshyggjunnar, Friðrik Sophusson, reifst hér mikið og lengi og hátt um það að Alþb.-menn hefðu alltaf haft þá skoðun að drepa ætti Flugleiðir niður og þeir vildu helst standa á rústum þess félags og við hefðum tafið málið á alla lund. Ég hef ekki tekið eftir því og ég hef ekki vitað það hingað til að Alþb.-menn væru neitt á móti Flugleiðum, síður en svo. Ég átti t. d. í nokkur ár sæti í stofnun — merkilegri nokkuð — sem flugráð heitir. Ég man ekki eftir því öll þessi ár að ég hafi nokkurn tíma tekið fjandsamlega afstöðu gegn Flugleiðum. Ég kalla það ekki að taka fjandsamlega afstöðu gegn Flugleiðum þó maður vilji samþykkja að einhverjir aðrir fái að fljúga hér á milli landa, en þó aðeins í „charter"-flugi, þ. e. í leiguflugi. Ég var alltaf á móti því og sat í flugráði með hæstv. núv. samgrh. þegar hann vildi endilega láta Arnarflug fá samkeppnisleyfi á móti Flugleiðum á Evrópuleiðum. Ég greiddi atkvæði gegn því þá, en hins vegar greiddi ég oft atkvæði með því, að aðrir aðilar fengju að ástunda hér leiguflug á milli landa, sem er allt annars eðlis.

Ég held að það taki varla að ansa því þegar hv. þm. íhaldsins, Friðrik Sophusson og Árni Gunnarsson, segja að Ólafur Ragnar Grímsson, sem hefur talað í 5 klukkutíma samtals um málið, hafi aldrei sagt allan þennan tíma hvað hann vildi í málinu. Því trúi ég ekki. Ósköp einfaldlega gæti svarið verið það, að hér liggur frammi stjfrv. sem er lagt fram af hæstv. ríkisstj., sem við styðjum báðir, ég og hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, þó að við séum kannske ekki alltaf sammála í pólitíkinni.

Ég verð að segja það, að mér líst illa á að við séum að hætta fé skattborgaranna, sem hæstv. ráðh. hefur undir höndum, í Atlantshafsflug. Tóku menn ekki eftir frétt sem birtist í blöðum og útvarpi í gær, þar sem haft var eftir framkvæmdastjóra IATA-samsteypunnar. Það er Knut Hammarskjöld sem er þar efstur í valdastiganum. Hann lét hafa það eftir sér, að aldrei hefði verið eins dökkt útlit í Atlantshafsfluginu og einmitt núna.

Ég sé alls ekki ástæðu til þess að menn séu að túlka okkar efasemdir í þessu Atlantshafsflugi sem andstöðu við frv. sem liggur fyrir, því í því eru sem betur fer vissir afdrifaríkir fyrirvarar, þar sem er sagt að við gætum hugsanlega veitt ábyrgðir ef tryggingar flugfélagsins eru þannig að ríkisstj. meti þær gildar. Það er kjarni málsins í þessu frv.

Mér finnst dálítið einkennilegt þegar hv. þm. Árni Gunnarsson, eftir að vera búinn að skamma alla aðila í málinu, þó sérstaklega Alþb., sem síst var ástæða til, hélt því fram að samgrh. hefði að hans dómi fullan skilning á öllu málinu. Það er merkilegt vegna þess að þótt þessi hv. þm. sé svona hrifinn af skilningi hæstv. samgrh. eru þeir ekki sammála um allt. Hæstv. ráðh. vill endilega að Flugleiðir haldi áfram Atlantshafsfluginu, en því er hv. þm. Árni Gunnarsson á móti. Og sama er að segja um málefni Iscargos. Þar eru á milli þeirra mjög skiptar skoðanir. Ég skil ekki hvernig hann getur verið svona hrifinn af skilningi Steingríms á sama tíma og þeir eru á öndverðum meiði um kjarna málsins.

Það, sem varð til þess að ég kom í nokkrar mínútur upp í þennan ræðustól, var sú einkennilega fullyrðing hæstv. ráðh., að ekki væri um stefnubreytingu að ræða þegar hann veitir félaginu Iscargo leyfi til Amsterdamflugs. Þar er um grundvallarbreytingu að ræða að mínum dómi, vegna þess að þar er um reglubundið áætlunarflug að ræða, jafnvel þó að það sé talað um að þeir séu með blandað flug, bæði farþega og vörur. Slíkt blandað flug hefur alltaf verið fyrir hendi að meira eða minna leyti. Iscargo hefur hins vegar ekki haft annað en vöruflutningaleyfi, og til þess að fá að reka flugvélar milli landa í farþegaflugi eru gerðar miklu strangari kröfur. Flugfélagið þarf því að útvega sér aðrar flugvélar í það verkefni. Það þarf sem sagt að fjárfesta með stórum upphæðum til þess að annast þennan markað. Það þýðir auðvitað ekkert annað en það, að þar er ein yfirfjárfestingarvitleysan enn á leiðinni. Ég er ekki hissa á því að ýmsir séu hrifnir af því. Það virðist vera grunntónninn í efnahagsmálum hér á landi að gera eintómar vitleysur. Ég get ekki skilið hvernig það getur farið saman, að ríkissjóður sé að hætta jafnvel einhverju af fé sínu og skattborgaranna til að styðja við bakið á Flugleiðum, sem ég tel rétt í sambandi við Evrópuflugið, en á sama tíma sé verið að veita félaginu Iscargo leyfi til að keppa á þessari leið við félagið, sem hirðir auðvitað af því verulegan hagnað. Ég get ekki séð að þetta geti farið saman.

Í ræðu hæstv. ráðh. kom fram að þetta væri aðeins á einni leið. Þetta er allt ein og sama leiðin. Það munar ekki miklu hvort flogið er til Amsterdam eða Lúxemborgar. Þetta er ein leið, Evrópuleiðin. Það er ekki langt á milli Lúxemborgar og Amsterdam. Það liggur við að maður geti labbað á milli eins og frá Keflavík til Reykjavíkur!

En það er að mínum dómi grundvallarmunur á því hvort leyfa eigi samkeppni í leiguflugi eða hvort verið er að bæta fleiri flugfélögum inn í reglubundið áætlunar-

flug. Ég tel að sú ákvörðun hafi verið röng. Við Alþb.-menn eigum fulltrúa í flugráði. Hann tók auðvitað afstöðu til þess máls eins og honum fannst réttast og best. En ég er andvígur þeirri skoðun. Þó að ég sé á þessari skoðun er ég alls ekki að mæla með algjörri einokun í flugi. Ég vil að menn fái að keppa í leigufluginu, en ég álít að þessi markaður sé ekki stærri en svo, að hann þoli ekki meira en eitt flugfélag. Hins vegar er önnur stefna sumra aðila sem hafa verið að fikta við flugmál með slæmum árangri á undanförnum árum, eins og Carter í Bandaríkjunum, sem var svo hrifinn af samkeppninni að hann sleppti öllu Atlantshafsfluginu lausu með þeim afleiðingum sem allir geta horft á, bæði þeir, sem eru hlynntir hæfilegri samkeppni, og þeir, sem vilja óhefta samkeppni, nema í þessu máli þegar allar kenningar bresta hjá frjálshyggjumönnum. Það sýnir sig að frjáls samkeppni dugar hér ekki, — gerir það alls ekki. Ég tel það þess vegna skref í ranga átt að veita Iscargo þetta leyfi.

Efri deild, 7. fundur.

Miðvikudaginn 29. okt., kl. 3 miðdegis.

Málefni Flugleiða, frv. (þskj. 34). — Frh. 1. umr.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Það eru tvær ræður, sem hafa verið fluttar í þessum umr. eftir að ég talaði áður, sem ég sé ástæðu til að víkja að nú. Það er ræða hæstv. fjmrh. og ræða hv. 11. þm. Reykv. Ég vona að ég sjái hæstv. fjmrh. hér í salnum, af því að ég ætla að fara að tala við hann, og hann meti þetta mál svo mikils að hann verði hér viðstaddur. (**Forseti:** Ef ég má. Ég hef gert ráðstafanir til þess að hæstv. ráðh. verði viðstaddur þessa umr. — **ÓRG:** Má ekki byrja á því að tala um mína ræðu?) Ég held að ég haldi mig við þá röð sem ég hafði hugsað mér að taka þá félaga í. Ég þykist þá mega gera ráð fyrir því, að a. m. k. hv. 11. þm. Reykv. geri fjmrh. glögg skil á því sem ég segi þar til hann kemur í salinn.

Hæstv. ráðh. sagði í ræðu sinni að hann ætlaði ekki að fjölyrða um þau efni sem ég ræddi um, og hann tók svo til orða, að hann vildi að málið kæmi sem allra fyrst til n. þannig að hægt væri að hraða afgreiðslu þess, og vildi hann því ekki fjalla efnislega um aths. og ábendingar hv. þm., — þar á hann við mig. Það er ágætt að hæstv. ráðh. vilji með því að takmarka mál sitt, flýta því að þetta mál komist til n., enda var ég rækilega búinn að leggja áherslu á það út af fyrir sig. En það er svo, að hvaða viðleitni sem hæstv. ráðh. kann að hafa til þess að stilla máli sínu í hóf talar hv. 11. þm. Reykv. því lengur. Ég held því að þessi viðleitni af hálfu hæstv. ráðh. sé unnin fyrir gýg. En það sem er verra: Það var að sjálfsögðu full ástæða til þess að hæstv. ráðh. hefði tjáð sig um þau efni, sem ég gerði einkum að umræðuefni, tjáð sig um hvers vegna slíkur seinagangur hefur verið á þessu máli í meðferð ríkisstj. sem raun ber vitni, tjáð sig um leyfisveitinguna til Iscargo, gefið hér skýringar á því, hvernig það mætti vera að á sama tíma sem ríkisstj. telur sig vera að vinna að aðstoð við Flugleiðir segir stjórn þess fyrirtækis, að með ákvörðunum um þessa leyfisveitingu sé gert allt sem hægt er til að veikja stöðu Flugleiða. Það hefði verið ástæða til þess, að hæstv. ráðh. hefði eitthvað komið inn á það, hvers vegna 1. gr. frv. er svo óljós og með ólíkindum sett upp eins og ég benti á í ræðu minni. Hann kom ekki að því. Og það hefði verið ástæða til þess, að hæstv. ráðh. hefði vikið að skilyrðum þeim sem frv. gerir ráð fyrir í 5. gr., vegna þess að það var sérstaklega rætt um það af minni hálfu að það væri mikið atriði að þm. vissu hvað ríkisstj. hygðist fyrir í þessu efni, því að það gæti verið ákvarðandi fyrir margt. Hæstv. ráðh. kom ekki að þessu. Það er miður að hann skuli ekki hafa gert slíkt.

En hæstv. ráðh. svaraði efnislega og refjalaust fjórum þýðingarmiklum spurningum sem ég lagði fyrir hann í lokaræðu minni. Fyrsta spurningin, sem þar er um að ræða, var sú, hvernig stæði á því að ríkisstj. heitir í samþykkt sinni 16. sept. s. l. að veita Flugleiðum í þrjú ár bakábyrgð sem nemi allt að 3 millj. Bandaríkjadollara á ári, en í frv. þessu er talað um sjálfskuldarábyrgð á láni sem nemi allt að 3 millj. Bandaríkjadala til eins árs. Hæstv. ráðh. svaraði þessu á þá leið, að svarið væri mjög einfalt. Það hefði verið gert ráð fyrir að þessi Atlantshafsflugrekstur væri byggður á liðsinni og aðstoð íslensku ríkisstj. og ríkisstj. í Lúxemborg og þar sem ríkisstj. í Lúxemborg hefði ekki verið reiðubúin til að lofa slíkri aðstoð lengur en til eins árs þætti ekki rétt að íslenska ríkisstj. gerði það fremur. En ég verð að segja það, að ég get hugsað mér að það hefði verið meir traustvekjandi gagnvart Lúxemborgarmönnum að halda sig við þrjú ár, enda engu til kostað ef litið er svo á að hér sé einungis um að ræða eftirgjöf lendingar- og leigugjalda sem hvort eð er væru töpuð ef Atlantshafsflugið legðist niður. Ég held að þetta sé ekki eins einfalt og hæstv. ráðh. vill vera láta.

Önnur spurningin, sem ég lagði fyrir hæstv. ráðh., var á þá leið, hvort ráðh. teldi að það nægði að veita Flugleiðum aðstoð samkv. 1. gr. frv. í eitt ár, og ef svo væri ekki, hvort ætlun hans væri að aðstoðin yrði veitt samtals í þrjú ár svo að það, sem gert væri á fyrsta ári, yrði ekki unnið fyrir gýg. Hverju svaraði hæstv. ráðh. í þessu efni? Hæstv. ráðh. sagði að honum væri ógerningur að vita neitt um hvernig til tækist og hvort þessi flugrekstur yfirleitt héldi áfram eftir þetta eina ár eða ekki, eins og hæstv. ráðh. orðaði það. Og hæstv. ráðh. sagði enn fremur: Ætli menn líti ekki á þetta eina ár sem ár tilraunar sem eigi að leiða í ljós hvort nokkur glóra sé í að halda þessu áhættuflugi áfram eða ekki. Ég tel, segir hæstv. ráðh., að margt bendi til þess, að þetta eina ár nægi ekki.

Ég skal ekki vefengja það, að svo kunni að fara að eitt ár nægi ekki í þessu sambandi. En ég veit ekki betur en það hafi verið talað um að það þyrfti þrjú ár til að fullreyna hvort tækist að endurskipuleggja og treysta Norður-Atlantshafsflugið. Hæstv. ríkisstj. var líka á þeirri skoðun, því að það er gert ráð fyrir þrem árum í yfirlýsingu ríkisstj. frá 16. sept. s. l. Ég verð að segja, að mér þykir nokkuð athugavert við orð og æði hæstv. ríkisstj. hvað þetta atriði varðar.

Þriðja spurningin, sem ég lagði fyrir hæstv. ráðh., var á þá leið, hvort ráðh. teldi að það samræmdist íslenskum hagsmunum að Íslendingar veiti Flugleiðum minni aðstoð en Lúxemborg frá 1. okt. 1980 til 30. sept. 1981. Hverju svaraði hæstv. ráðh. í þessu efni? Við skulum líta á það.

Hæstv. ráðh. segir að hann haldi að það sé ákaflega mikill misskilningur að aðstoð sú, sem ríkisstj. Lúxem-

borgar hyggst veita, sé á einn eða annan hátt meiri en sú sem íslenska ríkið og íslenskir skattgreiðendur þurfi hugsanlega að taka á sig, — ákaflega mikill misskilningur, segir hæstv. ráðh. Ég verð að segja, að mig furðar á því, að það skuli koma fram hjá hæstv. ráðh. í þessu efni annar eins misskilningur og hann er ber að um þetta efni, vegna þess að hann leggur áherslu á það og kemur fram í svari hans að ef íslenska ríkisstj. veiti ríkisábyrgð sé það slík aðstoð við Flugleiðir að jafna verði til þess að íslenska aðstoðin sé á næsta ári miklu meiri en aðstoð Lúxemborgar.

Í fyrri ræðu minni lagði ég áherslu á að á þessu fyrsta ári hefur Lúxemborgarstjórn lofað að leggja fram jafnvirði 3 milljarða Bandaríkjadala í beinum fjárframlögum til aðstoðar Flugleiðum, auk þess að leggja niður lendingargjöld. Íslenska ríkisstj. hefur lofað og samkv. þessu frv. er gert ráð fyrir að lendingar- og leigugjöld af hálfu Íslands verði felld niður. En hvað á þá að koma á móti beinu fjárframlagi Lúxemborgar? Hæstv. ráðh. bendir á ríkisábyrgðir. En hér er um að ræða mikinn misskilning ráðh. Hann leggur að jöfnu ábyrgð og bein fjárframlög sem um er að ræða hjá Lúxemborgarmönnum. Samkv. lögum um ríkisábyrgðir og ríkisábyrgðarsjóð gilda strangar reglur um veðtryggingar til að sjá um að ríkissjóður verði skaðlaus. Flugleiðir fara ekki fram á annað í þessu sambandi en að ríkisábyrgð samkv. venjulegum reglum verði veitt, eins og veitt er fjölmörgum öðrum fyrirtækjum ef hinum almennu skilyrðum er fullnægt. Og á maður að trúa því, að þó að ríkisstj. ætli að myndast við að veita Flugleiðum jafnrétti í þessum málum við önnur fyrirtæki í landinu sé hægt að skoða það sem eitthvert sérstakt framlag sem komi til álita að leggja að jöfnu við bein fjárframlög frá hálfu Lúxemborgarmanna? Ég er furðu lostinn að menn skuli leyfa sér að halda fram öðru eins og þessu. (**Gripið fram í:** Finnst þm. að Flugleiðir eigi að hafa jafnrétti á við aðra í þessu máli?) Mér finnst, ef það eru almenn lög, hvort sem er um ríkisábyrgðir, ríkisábyrgðasjóð eða hvað sem er, að allir eigi að vera jafnir gagnvart lögunum. (**Gripið fram í:** Og ekki hækka verðmatið vegna Flugleiða sem sagt.) Það eiga allir að vera jafnréttháir gagnvart lögunum. Það er það sem ég er að tala um.

Ég kem þá að fjórðu spurningunni. Fjórða spurning mín til hæstv. ráðh. var á þá leið, hvort það sé stefna hæstv. ráðh. að hlutafjáreign ríkissjóðs verði aukin í 20% af hlutafé Flugleiða. Svörin í þessu efni voru skýr og ákveðin hjá hæstv. ráðh. Hann svaraði á þá leið, að þessari spurningu væri einungis hægt að svara játandi. Það er áform ríkisstj. og vilji að hlutafé ríkisins aukist upp í þessa hlutfallstölu, sagði hæstv. ráðh. Þetta svar er skýrt. Stefna ríkisstj. er að auka hlutdeild ríkisins í rekstri Flugleiða. Þá vitum við það. En má þá spyrja í framhaldi af þessari yfirlýsingu hæstv. ráðh.: Á það líka að vera stefna ríkisstj. til að leysa rekstrarvanda annarra fyrirtækja að fara þá leið að láta ríkið verða aðila að þeim rekstri? Það væri fróðlegt að heyra eitthvað um það.

Ég hef hér aðeins vikið að stærstu atriðunum sem ástæða var til að ræða eftir ræðu hæstv. fjmrh., en ég skal ekki fara fleiri orðum um ræðu hæstv. ráðh.

Ég vík þá að ræðu hv. 11. þm. Reykv., þætti Ólafs Ragnars Grímssonar í þessu máli. Mér virtist hann verða óður og uppvægur strax þegar hann fór að tala um þetta mál hér í hv. Ed. Að vísu er mér sagt að það hafi ekkert jafnast á við það hvernig hann lét hinum megin við þilið. Það segja mér þeir sem héldu út að hlusta á það. En samt sem áður og þó að hv. 11. þm. Reykv. geri sér grein fyrir því, að við í þessari hv. d. gerum meiri kröfur til manna en annars staðar í þinginu, þá féll ræða hans langt undir það sem við erum vanir í þessari hv. d. Það var þannig, að hv. þm. naumast ræddi beint í hinni löngu ræðu sinni um ákvæði frv. sjálfs. Hann ræddi um önnum mál, en að sjálfsögðu skyld mál, það skal tekið fram. Þegar frv. er til 1. umr. er það ætlun okkar að ræða fyrst og fremst frv. sjálft. En hv. 11. þm. Reykv. gerði það ekki, naumast vék að frv. Miklum hluta eða jafnvel meginhluta ræðu sinnar varði hann til þess að lesa upp fimm eða sex þingræður sem haldnar voru árið 1975. Svo lagði hv. þm. út af þessum ræðum eftir því sem honum þótti henta og eftir þeim aðferðum sem hann tíðkar í því efni.

Hv. þm. var fjölorður um stjórn og stjórnendur Flugleiða. Ég ætla ekki að fara að ræða þau mál hér, en ég bendi einungis á að eftir því sem hv. þm. talaði ætti ekki að vera að finna heila brú í stjórn Flugleiða. Hann benti á ekkert atriði sem var jákvætt. Það var allt svo neikvætt, að eftir hans skilningi og orðan var stjórn þessa fyrirtækis, sem við erum að ræða hér um og hæstv. ríkisstj. leggur frv. um að aðstoða, alls óhæf, að því er virtist í alla staði. Og þegar hv. þm. hamrar á þessu og ýmsu öðru í þessum dúr er ekki nema von að spyrja, hvort það sé þá að mati þessa stuðningsmanns hæstv. ríkisstj. nokkurt vit í því að leggja fram það frv. sem við hér ræðum. Það kom fram í ræðu hv. þm. að það mætti ætla að það væri tæpast eða alls ekki.

Hv. þm. segir á einum stað í ræðu sinni að hann spyrji að því, hvort það sé nú áreiðanlega grundvöllur til þess að byggja jafnalvarlegar fjármagnsráðstafanir á og hér er farið fram á. Hann segir enn fremur að það megi færa að því gild rök að aðgerðir stjórnenda Flugleiða á undanförnum vikum og mánuðum hafi verið þess eðlis að það sé e. t. v. vonlaust verk að endurreisa Atlantshafsflugið.

Hv. þm. segir margt annað í þessa veru, og ég er ekki að tíunda þetta vegna þess að ég telji að það sé ekki rétt að benda á erfiðleika sem hér er við að glíma, en ég held að við verðum að taka á þessu máli á þann veg, að það sé ekki fyrir fram vonlaust. Ég skil hæstv. ríkisstj. þannig, að hún telji að svo sé ekki. Annars hefði hún naumast borið fram það frv. sem við hér fjöllum um.

Hv. 11. þm. Reykv. minnti á það í ræðu sinni, að hann væri formaður fjh.- og viðskn. sem á að taka þetta frv. til merðferðar, og hann sagði eitthvað á þá leið: Ég, Ólafur Ragnar Grímsson, — (**ÓRG:** Nei ég sagði það ekki, bara: ég.) en það þýðir Ólafur Ragnar Grímsson, — er formaður í fjh.- og viðskn. og ég ætla að sjá um að n. fái allar þær upplýsingar sem nauðsynlegt er. Og ef n. fær þær ekki verður frv. ekki afgreitt. (**ÓRG:** Það sagði ég ekki. Þm. skal fara rétt með ef hann á annað borð er að lesa það upp.) Já, þm. hefur lesið ræðuna, en það er ekkert vit í þeim kafla ræðunnar sem hér er um að ræða ef það er ekki þetta sem þm. meinar. Það væri gott ef hann gæti gert grein fyrir því, hvaða skýringu á að leggja í þetta. Ég er með fyrir framan mig Dagblaðið frá í gær. Þeir virðast hafa skilið hv. þm. Ólaf Ragnar Grímsson nákvæmlega eins og ég og raunar ýmsir aðrir sem á hlýddu.

Það er eðlilegt að n., hvort sem það er fjh.- og viðskn. og hvort sem Ólafur Ragnar Grímsson er þar formaður eða ekki, óski eftir upplýsingum. Það er líka sjálfsagt að n. setji frest um hvenær upplýsingar skuli koma ef málið

er aðkallandi. Eftir því sem það er meira aðkallandi er eðlilegt að sá frestur sé skemmri. En mál á að koma fyrir þingdeild þó það fáist ekki allar upplýsingar sem n. biður um, vegna þess að ekkert svar við fsp. er svar í sjálfu sér og það er ekki nefndarinnar að taka ákvörðun um að þingið skuli ekki fá málið til meðferðar fyrr en allar þær upplýsingar eru komnar fram sem hún kann að telja eðlilegt að komi fram. Með þessum orðum er ég ekki að gera því skóna að Flugleiðir séu á þeim buxunum að vilja ekki gefa upplýsingar sem kann að vera beðið um.

Ég vil að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson geri sér grein fyrir því, að þó að hann sé formaður einnar þingnefndar getur hann ekki gert sig að neinum litlum Stalín í þessu þjóðþingi. Slíkt þekkist ekki, hvorki í þessu þingi né nokkru þingi fyrir vestan járntjald. (**ÓRG:** Hvað á hv. þm. með að stela þessu orðatiltæki?) Mér þykir gott að heyra ef hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson er farinn að virða svo eignarréttinn að hann telji sig eiga svo mikið í Stalín að ekki megi nefna hann. Þá er ágætt að vita það. (**ÓRG:** Ég á dálítið í þm.) Í sambandi við formenn þingnefnda: Ef ég talaði á sama veg og hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson mundi ég segja núna: Ég er formaður í félmn. þessarar hv. d. Þegar kemur stjfrv. fyrir félmn., stjfrv. eins og frv. sem við erum hér að ræða um, ætla ég sem formaður n. að biðja um rækilegar upplýsingar og linna ekki látum fyrr en ég er búinn að fá þær. (**Gripið fram í:** Hvaða upplýsingar?) Ef þessi aðferð væri tekin upp væri mikil — ja, ég vil segja: hætta á ferðum fyrir þingræði okkar og það væri algjört brot á þeirri hefð á þingræðisreglum sem við fylgjum.

En ég er ekki að segja þetta vegna þess að ég sé hræddur um að hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni takist að leika nokkurn Stalín — ég leyfi mér að nefna Stalín — í fjh.- og viðskn. Þar eru fleiri menn. Ég á að vísu ekki sæti þar, en ég minni á að samkomulag varð um það í Sjálfstfl., þegar við bárum fram lista til kjörs í fjh.- og viðskn, að ég færi út af þeim lista og hæstv. forsrh. kæmi í staðinn. Nú kemur mér ekki til hugar fyrr en ég þreifa á að hv. 11. þm. Reykv. fái forsrh. í slík vinnubrögð sem hann er að ýja að í þessum umr. Mér kemur ekki heldur til hugar að Davíð Aðalsteinsson, hv. 3. þm. Vesturl., sem flutti í fyrradag yfirvegaða, hóflega og skynsamlega ræðu um þetta mál, fáist til slíks. — Ég held að Ólafur Ragnar Grímsson geti alveg látið það vera að minna sérstaklega á stöðu sína sem formanns þeirrar n. sem hér er um að ræða. En að hv. þm. skuli gera það með þessum hætti getur bent til þess, hver er þó að tefja málið, ef um óeðlilegan drátt verður að ræða á afgreiðslu þess úr fjh.- og viðskn.

Það mætti nefna ýmis dæmi um málflutning hv. 11. þm. Reykv. Dæmi: Þegar ég í ræðu minni legg áherslu á að deildin þurfi að fá upplýsingar um hvers konar skilyrði verði sett samkv. 5. gr. frv. fyrir aðstoð við Flugleiðir, hvað segir hv. þm. þá? Þorv. Garðar vill engin skilyrði. Þetta þýðir það á hans máli ef spurt er um hver skilyrðin eru. Svo leggur hv. þm. auðvitað út af þessu. — Hv. þm. lagði mikla áherslu á að hann væri verjandi einkaframtaksins og hinnar frjálsu samkeppni, en sjálfstæðismenn og Morgunblaðið væru þjóðnýtingarmenn. Þannig er hægt að halda áfram, en ég ætla ekki að þreyta hv. þm. með því að eltast við fullyrðingar hv. 11. þm. Reykv. og allan þann lopa sem hann spinnur út af hverri slíkra fullyrðinga.

Ég get þó ekki látið ógert að minna á að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson leggur áherslu á að í ræðu minni í gær hafi loksins komið fram það sem alltaf hafi verið ætlun Sjálfstfl., en enginn haft kjark til að upplýsa fyrr en ég, að Sjálfstfl. ætli að sóa fjármagni ríkisins til aðstoðar Flugleiðum og að almenningur í landinu, eins og þm. sagði, yrði látinn borga brúsann.

Þetta er einfaldlega ekki rétt. Þetta er einfaldlega ekki sannleikanum samkvæmt. Þetta er algjör hugarburður hv. þm. Í lok ræðu minnar dró ég saman hvað væru aðalatriði í því sem ég hefði lagt áherslu á. Þar segir, — og það er eini staðurinn sem ég kem beinlínis inn á þessi efni, með leyfi hæstv. forseta, á þessa leið:

„Ég vil, áður en ég lýk máli mínu taka það skýrt fram, að ég er algjörlega sammála hæstv. ríkisstj. um að það beri að gera allt sem fært þykir til aðstoðar Flugleiðum, svo að þetta umrædda flug, Ameríkuflugið, leggist ekki niður. Ég skil það mjög vel, að í þessu efni þarf að hyggja að ýmsu, og deili ekki á slíkt, en ég hef hér með orðum mínum áður í raun og veru fundið að því, að ríkisstj. fari sér of hægt í þessu máli, og þarf ég ekki að endurtaka það sem ég hef áður sagt í þeim efnum."

Þetta, sem hv. þm. eignar mér um stefnu Sjálfstfl. og að ég hafi sagt það í ræðu minni í gær, er ekki einungis staðlausar fullyrðingar, heldur vill svo til að þingflokkur Sjálfstfl. gerði samþykkt um þessi mál 17. sept. s. l. sem birt var í öllum fjölmiðlum þá strax. Maður eins og Ólafur Ragnar Grímsson veit auðvitað um þetta eins og margt annað sem viðkemur Flugleiðamálinu. (Gripið fram í. — **ÓRG:** Ætlar þm. ekki að svara spurningunni?) Ég veit ekki hvort hv. þm. Karl Steinar Guðnason veit nákvæmlega hvað margir eru á fundum í hverri sinn sem atkvgr. fer fram á fundum Alþfl. Ég játa þó að það er auðveldara en í jafnstórum og fjölmennum flokki og Sjálfstfl., sem er miklu stærri og fjölmennari flokkur. — En þetta er stefna þingflokks sjálfstæðismanna. Nú ætla ég, með leyfi hæstv. forseta, að fá að lesa þetta upp. Þessi samþykkt er á þessa leið:

„Þingflokkur sjálfstæðismanna telur einsýnt, að stjórnvöld geri ýtrustu tilraunir til þess að tryggja flugsamgöngur fyrir Norður-Atlantshafið, og lýsir sig reiðubúinn til samstarfs í þeim efnum, enda sé ekki stefnt í ríkisrekstur flugs og gagnlausar fjárskuldbindingar skattgreiðenda. Þingflokkurinn vítir vinnubrögð fulltrúa Alþb. og telur að þau hafi valdið Flugleiðum hf. miklu tjóni, stefnt í hættu atvinnu fjölda fólks, sem að flugmálum vinnur, og skaðað þjóðarhagsmuni."

Herra forseti. Ég held að ég sé búinn að koma hér inn á nógu mörg atriði í ræðu hv. 11. þm. Reykv. til að gefa nokkra mynd af því, hvernig málflutningur hans er. Ég ætla ekki að elta ólar við fleiri atriði sem hv. þm. hefur verið að fjölyrða um, en ég efast ekki um að hv. þdm. hafa séð í gegnum þann málflutning. Sannleikurinn er sá, að þetta mál, sem við nú ræðum, er svo stórt og mikið mál að við verðum að leitast við að taka á því jákvætt og viðhafa ábyrga málsmeðferð. Ég held að það sé enginn í raun og veru sem er ekki ljóst hve þýðingarmikið það vandamál er sem við erum hér að fást við.

Þingflokkur Sjálfstfl. hefur lýst sig reiðubúinn til samstarfs við ríkisstj. í þessum efnum. Þingflokkurinn vill gera allt, sem í hans valdi stendur, sem kann að geta leitt til jákvæðrar niðurstöðu. Málið er svo brýnt og aðkallandi að það verður að leggja sérstaka áherslu á að flýta því. Í raun og veru verður að hafa þau vinnubrögð að það sé gengið hreint til verks í því sem við erum að fást við.

Það verður að gera það sem fært þykir til að tryggja flugsamgöngur yfir Norður-Atlantshafið og efna þó ekki til gagnslausra fjárskuldbindinga í því sambandi og ekki að stefna í ríkisrekstur í flugmálum landsins.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Aðaltalsmaður þingflokks Sjálfstfl. í Sþ. hefur flutt um þetta mál tvær ræður. Aðaltalsmaður þingflokks Sjálfstfl. í þessari deild var nú að ljúka tæplega klukkustundar ræðu. Þessar þrjár ræður eiga allar eitt sameiginlegt: Þær fjalla meira um mig en um Flugleiðir. Hv. þm. Sjálfstfl. hafa varið meira af tíma þingsins í að fjalla um 11. þm. Reykv. en um málefni Flugleiða. Slíkur var áhugi þm. Sjálfstfl. á Flugleiðamálinu, sem þeir heimtuðu utandagskrárumr. um í byrjun þings, að á fundi í Sþ. í gær var einn þm. þessa stóra og mikla þingflokks, sem hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson var að lýsa hér áðan, sem hafði nennu og áhuga á málinu til þess að hlusta á þær umr., síðan tveir eða þrír aðrir sem skutu rétt inn andlitinu til að fylgjast með. Þetta er allur áhugi Sjálfstfl. á Flugleiðamálinu. Þetta er öll sú áhersla sem flokkurinn leggur á þetta mikla mál.

Mig langar til þess að vekja athygli hv. þm. Þorv. Garðars Kristjánssonar á því, að talsmaður þingflokks Sjálfstfl. í Sþ. gagnrýndi sérstaklega í ræðu sinni í gær að frv. um málefni Flugleiða hefði verið lagt fram í Ed. Það var á honum að skilja að það væri afstaða þingflokks Sjálfstfl. að þetta mál hefði átt að leggja fyrir Nd. Mig langar þess vegna til að spyrja fulltrúa Sjálfstfl. í þessum umr., sem talaði mjög mikið um virðingu Ed. áðan og taldi að umr. hér væru á hærra plani en í Nd., hvort fulltrúar Sjálfstfl. í þessari deild séu sammála þessari gagnrýni talsmanns þingflokksins í Sþ., að hér ætti Nd. að hafa forgang.

Það er að vísu rétt, sem kom fram hjá hv. þm., að ræðumennska mín er hvorki eins glæsileg, rökföst, málefnaleg, hnyttin eða fyndin né fljúgandi af orðgnótt og hraðmælsku og þær ræður sem hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson jafnan flytur í þessari deild. En við erum nú einu sinni misjafnlega gerðir og við verðum sumir að sætta okkur við að hafa ekki þetta leiftrandi fjör og þessa andagift sem hv. þm. Þorv. Garðar hefur til að bera greinilega að eigin dómi samkvæmt ræðu hans áðan. Ég ætla ekki að ræða það, hins vegar segja hv. þm. að ef hann hefði haft nennu til og áhuga á málefnum þessa fyrirtækis til að hlýða á umr. í Sþ. í gær hefði hann bæði fengið svör við ýmsu af því, sem hann var hér að tyggja upp að ekki hefðu fengist svör við, og hann hefði jafnframt fengið að hlýða á grundvallarspurningar sem þm., t. d. Alþfl., og hæstv. samgrh. báru fram í Sþ. um málefni Flugleiða. Sú ræða, sem hv. þm. flutti áðan, ber einfaldlega með sér að þm. hefur ekki haft nennu til að fylgjast með umr. um málið hér í þinginu og er að tyggja atriði sem fyrir löngu er búið að svara.

Hæstv. samgrh. Steingrímur Hermannsson svaraði t. d. ítarlega í Sþ. í gær hvers vegna hann hefði kosið að veita flugfélaginu Iscargo leyfi til Amsterdamsflugs. Það ber þess vegna eingöngu vott um hirðuleysi um störf þingsins að koma hér upp í dag og krefjast enn á ný svara við þessum spurningum.

Það hefur hvað eftir annað verið bent á það, bæði í Sþ. og hér, að ríkisstj. hefur ekki tafið framgang þessa máls, hvorki Alþb. né aðrir aðilar í ríkisstj. Það barst 15. sept. bréf um 12 millj. dollara ríkisábyrgð og það er lagt fram frv. um það efni mánuði síðar. Eins og ég hef áður rakið í þessari deild tók sams konar verkefni ríkisstj. Sjálfstfl. 1974—78 8 mánuði. Öll þessi gagnrýni og önnur, sem hv. þm. vék að í ræðu sinni, á því í raun og veru ekkert erindi lengur inn í þessar umr. Því hefur öllu verið svarað.

Hann vék enn fremur að gagnrýni sem ég hefði haldið uppi á stjórn Flugleiða og vitnaði til orða sem ég hefði haft um það efni. Ég var þar eingöngu að taka undir lýsingu og afstöðu hv. þm. Eiðs Guðnasonar, fyrsta talsmann Alþfl. og aðaltalsmanns Alþfl. í þessu máli, sem hann flutti í þessari deild þegar málið kom fyrst til umr. Ég var eingöngu að lýsa yfir að ég væri sammála því sem hv. þm. Eiður Guðnason hafði þá sagt. Þess vegna er dálítið skrýtið að koma síðan hér upp og fara að ráðast á mig fyrir þetta efni.

Hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson hefði einnig í gær getað hlýtt á hæstv. samgrh. Steingrím Hermannsson lýsa því yfir að hann hefði orðið fyrir miklum vonbrigðum, — miklum vonbrigðum, voru orð ráðh., með framgöngu stjórnar Flugleiða og samskipti stjórnenda fyrirtækisins við rn. í þessu máli, bæði hefðu upplýsingar ekki staðist og borist seint og illa og sumar grundvallarupplýsingar ekki borist enn. Ráðh. upplýsti þar t. d., eins og hann hefur gert áður, að krafan um 12 millj. dollara ríkisábyrgð barst fyrst 15. sept., þegar fyrirtækið var vikum saman búið að eiga í viðræðum við ríkisstj. um málefni fyrirtækisins, rétt áður en samgrh. fór til Lúxemborgar. Hann hefur sjálfur lýst yfir að ef hann hefði fengið þessa kröfu fyrr hefði hann ekki farið til Lúxemborgar. Hvernig stendur á því, að allan þennan tíma, ágústmánuð og fyrri hluta septembermánaðar, höfðu stjórnendur fyrirtækisins ekki hugmynd um þessa miklu erfiðleika sem nú eru svo brýnir að það virðist nánast vera klukkustundarvandamál hvenær þetta frv. er afgreitt hér frá Alþ.? Er fyrirtækinu svona illa stjórnað, hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson, að það varð fyrst ljóst 15. sept. að það þurfti fyrir 1. nóv. að fá 12 millj. dollara ríkisábyrgð til að fyrirtækið sigldi ekki í strand? Hvers konar stjórn er á fyrirtækinu?

Hæstv. samgrh. Steingrímur Hermannsson lýsti einnig yfir í þessum umr. að hann hefði óskað eftir að fá endurskoðaða rekstraráætlun fyrir fyrirtækið í heild, vegna þess að síðan 12 millj. dollara krafan var sett fram hefðu orðið grundvallarbreytingar í þeim forsendum sem þar eru. Sala Boeing-vélanna hefur ekki tekist. Hvað sagði hæstv. samgrh.? Hann sagði: Ég hef ekki fengið nein svör við þeim spurningum mínum. — Hann hefur ekki fengið enn neitt svar við því, hvort þessi 12 millj. dollara ábyrgð nægi, vegna þess að forsenda hennar var að sala tækist á Boeing-vélunum tveimur. Alþingi Íslendinga veit ekki frekar en hæstv. samgrh. hvort þessar 12 millj. dollara eru nóg eða hvort það þarf meira til. Það er m. a. ein af þeim spurningum sem ég vék að í ræðu minni og hv. þm. var nánast að gera gys að, að þyrfti að liggja fyrir Alþ. hvort þetta væri nóg svo Alþ. þyrfti ekki aftur um miðjan nóv. að fjalla um nýtt frv. um ríkisábyrgðir fyrir þetta fyrirtæki — eða á miðjum vetri.

Hæstv. samgrh. vék einnig að því, að hann hefði óskað eftir endurskoðun á áætlunum um Atlantshafsflugið vegna þess að áætlanir fyrirtækisins um væntanlegan taprekstur á því flugi hafa sífellt verið að breytast á undanförnum vikum, — þær hafa margfaldast á fáeinum vikum. Hæstv. samgrh. lýsti því yfir, að hann hefði ekki

heldur neinar upplýsingar um hvað fyrirtækið teldi að tapið yrði á Atlantshafsleiðinni. — Þetta eru auðvitað grundvallarspurningar í þessum efnum.

Ég vil segja það við hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson, sem ég hef átt mjög gott samstarf við í nefndum þingsins, að þegar ég vék að því í minni fyrri ræðu að það yrðu að fást svör við spurningum, þá voru það grundvallarspurningar af þessu tagi sem ég átti við. Hvers vegna setti ég þetta fram? Jú, ég setti þetta fram vegna þess meginlærdóms sem draga má af umr. 1975, sem er það fordæmi sem þingið hlýtur að fara eftir. Jafnlögfróður maður og söguglöggur og hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson hlýtur að vita að í þingsögunni gilda fordæmin ansi sterkt. Þessar umr. eru það fordæmi, sem við höfum fyrst og fremst til að fara eftir, og það kemur skýrt fram í þessum umr., eins og ég rifjaði upp, að þm. kvarta yfir því við frágang málsins að þeir hafi ekki fengið svör við grundvallarspurningum og viti þess vegna ekki hvort þessi ríkisábyrgð muni leysa vanda fyrirtækisins. Hv. þm. Steingrímur Hermannsson, núv. hæstv. samgrh., sagði að þingið væri að afgreiða þetta mál með bundið fyrir augun.

Nú eru efiðleikarnir óumdeilanlega miklu meiri og miklu hærri upphæðir í veði. Þegar reynslan frá 1975 blasir við, þá er einsýnt að Alþingi Íslendinga verður að vita, þegar það afgreiðir þetta frv., hvort í fyrsta lagi rekstraráætlunin fyrir Atlantshafsflugið — sú síðasta — sé enn í gildi eða hvort hér er verið að tala um flug sem e. t. v. miklu meira tap er gert ráð fyrir að verði á. Í öðru lagi þarf Alþingi Íslendinga að vita hvort þessar 12 millj. dollara nægi eða ekki. Áætlunin frá 15. sept. var byggð á forsendum sem við vitum að eru ekki lengur í gildi. Er ekki sanngjörn ósk að Alþ. viti hvort fyrirtækið ætlar kannske að koma aftur í nóv. og biðja um nýja ríkisábyrgð og svo kannske enn í des. og biðja þá enn um ríkisábyrgð?

Ég vék einnig að því, að eftirlitsmenn, sem ríkisstj. hefur skipað með rekstri fyrirtækisins, hefðu sent frá sér spurningar 30. sept. varðandi grundvallarþætti í rekstrar- og greiðslustöðu fyrirtækisins. Þeim spurningum hefur ekki enn verið svarað. Er greiðslustöðu fyrirtækisins e. t. v. þannig háttað í dag og á næstu vikum að það frv., sem hér liggur fyrir, breyti litlu sem engu? Er ekki rétt að við fáum svör við því? Ég vil minna hv. þm. á það eða segja honum frá því, að í umr. í Sþ. í gær lýsti hæstv. samgrh. yfir að hann óttaðist að vegna aðgerða stjórnar fyrirtækisins á undanförnum vikum og mánuðum kæmi þessi aðstoð of seint. Það voru ekki mín orð. Það voru orð hæstv. samgrh.

Þegar Alþingi Íslendinga er fyrir hönd þjóðarinnar að gangast í ábyrgð fyrir hærri upphæðum en dæmi eru um áður varðandi þetta fyrirtæki tel ég að nauðsynlegt sé að Alþ. geri það á forsendum, sem eru ljósar og skýrar, og lykilspurningum varðandi framgang málsins verði af hálfu fyrirtækisins svarað. Ég mun þess vegna beita mér fyrir því, að í fjh.- og viðskn., líkt og gert er ætíð við meðferð mála hér í þinginu, skuli þeir málsaðilar, sem þessu máli tengjast, mæta á fundum og þm. fá tækifæri til að spyrja þá þeirra spurninga sem þegar hafa komið fram í þingsölum frá mér, frá hv. þm. Eiði Guðnasyni, frá hv. þm. Benedikt Gröndal, frá hv. þm. Árna Gunnarssyni og síðast en ekki síst frá hæstv. samgrh.

Það er vissulega rétt, að fjh.- og viðskn. þessarar deildar er vel skipuð, og gleðilegt, að þau þáttaskil hafa orðið í þingflokki Sjálfstfl. að Þorv. Garðar Kristjánsson setur nú sitt aðaltraust á Gunnar Thoroddsen. Það eru vissulega tíðindi í þessari deild og hafa ekki alltaf fallið þau orð frá öllum þm. Sjálfstfl. í garð hæstv. núv. forsrh.

Ég vil svo að lokum ítreka spurningu mína um hver sé afstaða þingflokks Sjálfstfl. til þess, hvar málið hefði átt að leggja fram, og spyrjast fyrir um hvernig á því standi, að 19 þm. af 22 þm. Sjálfstfl. höfðu svo lítinn áhuga á Flugleiðamálinu að þeir sóttu ekki fund í Sþ. í gær þegar málið var á dagskrá. Hvað höfðu þessir þm. að gera og hvað var mikilvægara af þeirra verkefnum en að sitja fund aðalstofnunar þingsins um þetta mál? Það væri æskilegt að fá nánari skýringar á áhugaleysi Sjálfstfl. á umr. um málið.

Hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson vék hér að samþykkt þingflokks Sjálfstfl., þar sem voru bornar fram vítur á Alþb. fyrir afskipti þess af málinu. Þessar vítur voru einkum tengdar því, að fulltrúar Alþb. bentu þjóðinni í byrjun sept. á að sú skýrsla, sem Flugleiðir hefðu þá lagt fram, væri fölsk, hún gæfi ekki rétta mynd af ástandinu. Ég rakti ítarlega í Sþ. í gær hvernig reynslan hefði sýnt, að lýsing þessarar skýrslu á eignastöðu og rekstrarstöðu fyrirtækisins væri röng, og hvernig þeir, bæði þingflokkur Sjálfstfl. og Alþfl., sem víttu okkur fulltrúa Alþb. fyrir að segja þjóðinni satt þá um þetta efni, standa núna uppi og þora ekki að minnast á þessa sömu skýrslu. Þrátt fyrir ítarlega gagnrýni, sem ég hafði í Sþ. í gær á hvernig málflutningur þingflokks Sjálfstfl. hefði orðið í þessu máli, vék aðaltalsmaður flokksins ekki einu orði að þessari sögu. Vítur þingflokkanna tveggja eru með helstu háðsmerkjum síðustu missera yfir aðgerðir þm. Tveir þingflokkar koma saman og lýsa yfir gagnrýni, beinlínis vítum, á þingbræður sína og aðra sem hafa leitast við að vara almenning í landinu við því að upplýsingar frá stórfyrirtæki hér í landinu kunni ekki að reynast réttar. Svo kemur það auðvitað á daginn að þessar upplýsingar hafa í öllum grundvallaratriðum reynst bæði rangar og ófullnægjandi. Við stöndum í þessum sporum í dag þrátt fyrir skýrsluna í septemberbyrjun 1980, eins og lýst var í Sþ. í gær.

Það er hins vegar gleðilegt að í þessari ályktun þingflokks Sjálfstfl. kemur fram, að hann vill gæta hagsmuna almennings í landinu. Það er í fyrsta skipti í sögu þessa máls sem það kemur fram. Vonandi verður það leiðarljós þm. flokksins við meðferð þessa máls hér í þingi að hugsa meira um hagsmuni almennings í landinu en forstjóraklíkuna hjá Flugleiðum.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Ég tel að menn verði að hafa það í huga, þegar málefni Flugleiða eru rædd, að þau vandamál, sem nú eiga sér stað í fluginu, eiga sér ekki einungis stað hér á landi, heldur um allan heim. Ég tel að það þjóni litlum tilgangi að karpa hér klukkustundum saman, dögum saman um þetta mál og sverta stjórn fyrirtækisins og aðra sem nálægt þessum málum hafa komið. Það má vissulega gagnrýna ýmsilegt, en ég held að menn ættu að gæta hófs í þeim efnum.

Við Alþfl.-menn höfum skýrt frá því, að við styðjum þetta frv., þó við höfum vissulega fyrirvara varðandi einstakar greinar og þá sérstaklega varðandi 5. gr. frv., en við teljum að það sé nauðsynlegt að ræða það í fjh.- og viðskn., þar verði tekist á um þau mál og það lagfært sem miður fer.

Ég vil vekja athygli á því, að það er ekki einungis að

hundruð manna hafa misst atvinnu hjá þessu fyrirtæki, heldur eru málin þannig komin að það er klukkustundarspursmál hvort allir hinir, sem eftir eru, missi atvinnuna einnig. Það getur oltið á miklu að við afgreiðum þetta frv. sem fyrst úr deildinni og gerum það á þann veg að fyrirtækið geti haldið áfram. Ég fullyrði um ástand fyrirtækisins, að reksturinn er miklu verr farinn en fram hefur komið. Það þarf skjót viðbrögð til að bæta úr.

Ég veit að fólkið, sem enn starfar hjá fyrirtækinu, fylgist með öllum umr. hér. Það er kvíðið, það óttast að ef við drögum afgreiðslu þessa frv. sé atvinnu þess ekki borgið. Þess vegna vil ég nota þetta tækifæri til að skora á fjh.- og viðskn. að hraða afgreiðslu frv. eins og kostur er á. Það þarf vissulega að leita allra þeirra upplýsinga sem mögulegt er að fá, en ég bið menn að hafa í huga að ef þetta mál dregst um of er e. t. v. búið að skemma meira en nokkurn hafði órað fyrir.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég stend hér upp af því að hv. 11. þm. Reykv. spurði mig beinnar spurningar. (Gripið fram í.) Já, kannske tveggja. Hann gaf mér líka mörg fleiri tilefni til þess að ræða þetta mál, en ég sé ekki ástæðu til þess.

Það var margt skrýtið sem fram kom í ræðu hv. þm. Hann vildi í umr. um þetta frv. helst halda sér við umr. sem fram fóru í Sþ. í gær. En það er venja okkar að þó að umr. séu annars staðar um skyld mál höldum við okkur við þær umr. sem við stöndum í. Það hef ég gert.

Hv. þm. var að spyrja hvers vegna sjálfstæðismenn hefðu ekki verið við umr. í Sþ. í gær. Ég skal ekki fullyrða um það. Ég hygg að það hafi verið fleiri en sjálfstæðismenn sem létu sig vanta þar. Ég var þarna nokkuð af fundartímanum og ég bað tvo þm. að fylgjast með og láta mig vita ef eitthvað sérstaklega merkilegt kæmi fram, t. d. í ræðu hv. 11. þm. Reykv., en ég hef ekki heyrt að það hafi neitt sérstakt komið þar fram sem við vorum ekki búnir að heyra áður.

Hv. 11. þm. Reykv. spyr okkur sjálfstæðismenn eða mig að því, hvort við séum samþykkir því, sem fram hafi komið hjá talsmanni Sjálfstfl. í Sþ. í gær, að því er mér skilst, að það hefði farið betur á því að frv., sem við ræðum hér, hefði verið flutt í Nd. Ég vil segja að það er mín skoðun, að alltaf sé vel ráðið þegar ákveðið er að flytja mál fyrst í Ed. Þetta mál breytir ekki þeirri skoðun sem ég hef lengi haft. Ég er að vona að það hljótist enginn vandi af því og hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, sem mikið reynir á í þessu efni, verði þrátt fyrir allt vanda sínum vaxinn, — ég vona það, — og að hann taki tillit til þess að hann er staddur í Ed., en ekki á einhverjum öðrum stað, þegar hann tekur á þessu máli.

Mér virtist hv. þm. vera eitthvað sár út af því, að ég hefði gert lítið úr ræðumennsku hans, en það var að heyra á honum að hann hefði marga góða kosti í þeim efnum, andagift og fleira. Ég skal ekki mótmæla því, og það er ágætt að hv. þm. taki þetta fram. En ég ætla fyrir mitt leyti að láta aðra þm. dæma um hæfileika mína í þessu efni og ekki kveða upp neinn dóm yfir sjálfum mér, eins og hv. þm.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 14 shlj. atkv.

Neðri deild, 7. fundur.

Miðvikudaginn 29. okt., kl. 3 miðdegis.

Tímabundið innflutningsgjald á sælgæti og kex, frv. (þskj. 37). — 1. umr.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er 36. mál og er flutt á þskj. 37. Það fjallar um staðfestingu á brbl. nr. 66 frá 5. september 1980, um sérstakt tímabundið innflutningsgjald á sælgæti og kex.

Eins og hv. þm. rekur eflaust minni til, ákvað fyrrverandi ríkisstj. að gefa innflutning á kexi frjálsan frá og með 12. des. 1979. Jafnframt ákvað hún að innflutningur á sælgæti skyldi gefinn frjáls í byrjun apríl mánaðar 1980. Ráðstöfun þessi leiddi óumdeilanlega fljótlega til gífurlega aukins innflutnings á þessum vörum og mun meiri innflutnings en get hafði verið ráð fyrir í upphafi. Til marks um þetta má nefna að fyrstu fimm mánuði þessa árs var flutt inn sælgæti fyrir um 485 millj. kr. eða fyrir andvirði 1291 þús. Bandaríkjadollara. Allt árið 1979 var hins vegar flutt inn sælgæti fyrir 456 millj. kr., sem jafngildir andvirði 1100 þús. Bandaríkjadollara. Innflutningur fyrstu fimm mánuði þessa árs var því orðinn meiri en innflutningur allt árið 1979, ef reiknað er í ísl. kr., og um 73% meiri, ef reiknað er í dollurum.

Hinn aukni innflutningur á sælgæti olli því, að sala innlendra sælgætisframleiðenda dróst stórlega saman. Talið er að samdráttur þessi hafi verið á bilinu 30—50% í marsmánuði s. l. miðað við sama tíma í fyrra. Samdráttur í sölu innlendrar sælgætisframleiðslu og samdráttur hjá innlendum kexframleiðendum hafði fljótlega í för með sér uppsagnir fjölda starfsmanna í þessum iðngreinum, einkum sælgætisiðnaði. Uppsagnir í þeim seinast nefnda. voru um tíma taldar nema 74 starfsmönnum. Ljóst var samkv. framansögðu að algert afskiptaleysi af þessari þróun hefði sennilega leitt til enn frekari samdráttar í innlendri framleiðslu, stöðvunar atvinnurekstrar og atvinnuleysis starfsmanna, sem óhjákvæmilega hefði hlotið að fylgja í kjölfarið.

Hin gífurlega samkeppni, sem iðngreinar þessar eiga í vegna innflutnings á sælgæti, kexi og öðrum slíkum vörum, liggur fyrst og fremst í fjölbreytni hliðstæðra vara sem eru fluttar inn, gífurlegri auglýsingastarfsemi í kringum innflutninginn og yfirleitt hvers konar svonefndri „markaðssetningu" innflutta sælgætisins. Vandamálið virðist hins vegar ekki að öllu leyti vera óhagstæður verðsamanburður við innflutt sælgæti.

Aðlögun þessara iðngreina, einkum sælgætisiðnaðar, að breyttum markaðsaðstæðum með tilkomu aðildar Íslands að EFTA og fríverslunarsamnings við Efnahagsbandalag Evrópu virðist ekki hafa átt sér stað með eðlilegum hætti. Nánari athugun á málefnum þessara iðngreina leiddi m. a. í ljós, að ef innlendu fyrirtækin ættu að halda velli vegna hinnar auknu samkeppni, sem fríverslun hefur í för með sér, yrði að endurskipuleggja markaðsstarfsemi fyrirtækja í sælgætis- og kexiðnaði. Í öðru lagi þyrfti að koma til sérstök aðstoð vegna nauðsynlegrar vöruþróunar, þ. á m. vegna hönnunar umbúða. Í þriðja lagi þyrfti rekstrarhagræðing að koma til. Og í fjórða lagi væri nauðsynlegt að endurskipuleggja framleiðsluaðstöðuna. Til þess að hægt væri að koma slíkum

aðgerðum fram var talið nauðsynlegt að grípa til tímabundinna aðgerða og var því ákveðið í samræmi við heimildir í samningum við EFTA og Efnahagsbandalagið að leggja tímabundið innflutningsgjald á sælgæti og kex.

Fyrirætlanir ríkisstj. í þessum efnum voru kynntar EFTA-ráðinu í ítarlegri skýrslu um þetta mál, og samþykkti EFTA-ráðið hinn 4. sept. s. l. sérstaka heimild til handa Íslandi á grundvelli 20. gr. fríverslunarsamningsins um að sérstakt tímabundið innflutningsgjald yrði lagt á þessar vörur. Samkvæmt samningi Íslands við Efnahagsbandalagið er m. a. heimilt að leggja allt að 40% varanlegan toll á sælgæti og 32% toll á kex. Efnahagsbandalaginu var í framhaldi af samþykkt EFTA-ráðsins tilkynnt um þessa ákvörðun ríkisstj. Samkvæmt frv., sem hér liggur fyrir, er leitað staðfestingar á þessum brbl.

Samkv. 1. gr. laganna er 40% innflutningsgjald lagt á ýmsar sælgætistegundir, en 32% innflutningsgjald á kex, í fullu samræmi við reglur Efnahagsbandalagsins, en um einstakar gjaldskyldar vörur vísast að öðru leyti til 1. gr.

Gert er ráð fyrir að gjaldið verði innheimt til 1. mars 1982, eins og fram kemur í 7. gr., en samkv. 6. gr. er hins vegar gert ráð fyrir að heimilt sé að undanþiggja einstakar vörur gjaldskyldu eða lækka gjaldið á einstökum eða öllum vöruflokkum ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Í frv. til fjárl. fyrir árið 1981, sem lagt hefur verið fram, er gert ráð fyrir að innflutningsgjaldið skili í ríkissjóð á árinu 1981 200 millj. kr. Er þá tekið tillit til þess, að gera má ráð fyrir að töluvert dragi úr innflutningi þessara vara.

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að lokum að leggja til að frv. þessu verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. fjh.- og viðskn. deildarinnar.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Hér er á ferðinni frv. til l. til staðfestingar á brbl. Áður en ég segi nokkur orð um það vil ég bjóða hæstv. fjmrh. velkominn á þingfundinn. Það er ánægjulegt að sjá hann hér á Alþ. í dag. (**Fjmrh.:** Hann er alltaf hér.) Hann sá sér ekki fært að koma í gær á fund í Sþ. til að svara ýmsum fsp. sem þar var til hans beint í sambandi við málefni Flugleiða. (**Gripið fram í:** Alþb. átti hérna málsvara þá. — **Gripið fram í:** Var það ekki formaður þingflokks Framsfl.?)

Það er annað atriði sem mig langar til að ræða líka örlítið. Það er um form á slíkum lagafrv., en eins og menn sjá á þskj. 37, er grg., sem fylgir þessu lagafrv., nákvæmlega eins og lagafrv. sjálft, vegna þess að í grg. er ekkert annað en brbl. Þetta mun vera venja, en ég vek athygli á því, að segja má að grg. sé alveg óþörf. Það væri mun betri aðferð, ef hægt væri að koma því á, að í aths. kæmu fram skýringar við einstakar greinar, en ekki farið með aths. eins og gert er í þeim frv. sem koma fram á hv. Alþ. til staðfestingar á brbl. Þetta er ekki sérstakt um þetta frv. Það gildir um flestöll ef ekki öll lagafrv. til staðfestingar á brbl.

Það er ljóst að hér er á ferðinni mál sem stríðir gegn ákveðnu grtundvallaratriði, sem er fríverslun. Þess vegna er ástæða til að staldra við og huga aðeins að þessu máli.

Mér er kunnugt um að í ýmsum Evrópulöndum er um að ræða innflutningstolla af sælgæti sem helgast af landbúnaðarstefnu þessara landa því að víða er sælgæti, einkum súkkulaðivörur talið til meiri háttar landbúnaðarframleiðslu. Má nefna t. d. Sviss í þessu sambandi.

Það þarf ekki að rifja upp vandamál sælgætisiðnaðarins hér á landi, þau eru öllum kunn. Ástæðan hefur að miklu leyti verið sú, að þessi iðnaður hefur ekki fengið að þróast. Hann hefur ekki fengið að byggja sig þannig upp að hann sé samkeppnisfær við erlendan iðnað. Má t. d. nefna í því sambandi að á sínum tíma þurfti íslenskur sælgætisiðnaður að borga upp undir fimmfalt heimsmarkaðsverð á mjólkurdufti sem notað er við súkkulaðiframleiðslu.

Á árinu 1977 var gerð tilraun hér á hv. Alþ. til þess að koma á þeirri skipan að sett yrði 40% innflutningsgjald, sem átti ekki að vera tímabundið, á innflutt sælgæti. Það frv. dagaði uppi og kom aldrei frá hv. fjh.- og viðskn. Nd., sem fékk málið til meðferðar á þeim tíma.

Sá háttur hefur verið á um innflutt sælgæti, að ríkt hefur svokallað kvótakerfi og hafa innflytjendur fengið ákveðinn kvóta í sinn hlut. Það má öllum ljóst vera að slíkt fyrirkomulag er ekki gott til lengdar, einkum og sér í lagi þar sem sú gagnrýni kom fram að ákveðnir aðilar hefðu hyglað innflytjendum í þessu kvótakerfi, en slíkt vill ávallt eiga sér stað þar sem um er að ræða skömmtun, höft, boð og bönn, eins og allir þekkja. Hins vegar skeði það í des. s. l., að viðskrn. tilkynnti munnlega íslenskum framleiðendum að kvótinn yrði tekinn af og engir tollar yrðu á innfluttu sælgæti frá og með 1. apríl. Í reynd gerðist það hins vegar, að bankarnir afgreiddu allar innflutningsbeiðnir frá 1. jan. Þeim þótti ekki stætt á því að draga á langinn beiðnir um yfirfærslu þar sem svo stutt var til þess tíma að kvótakerfið yrði afnumið.

Það er rétt, sem kom fram í ræðu hæstv. ráðh., að þessi snöggu umskipti urðu til þess að ýmis íslensk fyrirtæki áttu um sárt að binda. Þannig hætti starfsemi Lindu um skeið, verksmiðjan Freyja átti í erfiðleikum og sælgætisgerðin Ópal var sett á söluskrá. Ástæðan er einfaldlega sú, að fyrirtæki, sem hafa háð baráttu innbyrðis án þess að taka tillit til innflutts sælgætis, hefur dagað uppi í þróuninni, ekki fengið tækifæri til að berjast í eðlilegri samkeppni og í raun verið gert erfitt fyrir vegna þess að opinberir aðilar hafa ekki staðið við sinn hluta þess samkomulags sem gert var við iðnaðinn á sínum tíma við inngönguna í Fríverslunarbandalagið.

Í framhaldi af þessu beitti Félag ísl. iðnrekenda sér fyrir ýmsum aðgerðum, sem fyrst og fremst miðuðu að því að innflutt sælgæti lyti sömu reglum og sælgæti sem framleitt er hér á landi, og fóru fram bréfaskriftir á milli Félags ísl. iðnrekenda og viðskrn. annar svegar og iðnrn. hins vegar vegna þess máls. Allan þennan tíma starfaði hins vegar nefnd til að kanna málið og gera tillögur um hvernig bregðast skyldi við þegar áðurgreindir erfiðleikar kæmu fram hjá mörgum fyrirtækjum í sælgætisiðnaðinum. Ýmsar skoðanir voru uppi í nefndinni. Það skal tekið skýrt fram, að það hefur verið sjónarmið iðnrekenda og meira að segja ýmissa þeirra, sem í sælgætisiðnaðinum hafa starfað, að það ætti ekki að koma til greina að leggja innflutningstoll á innflutt sælgæti. Niðurstaðan varð hins vegar sú, að nefndin samþ. að lagður yrði á þessi 40% innflutningstollur. Rökstuðningurinn eða réttlætingin — sem kannske ætti frekar að segja — var sú, að þessari grein iðnaðarins hefði verið meinað um aðlögum og það væri þess vegna ekki úr vegi að gefa henni nú 18 mánaða tækifæri til aðlögunar. Þetta vekur hins vegar upp þær spurningar,

hvernig að þessum málum hafi verið staðið í þau 10 ár sem liðin eru síðan við gengum í EFTA. Þetta vekur jafnframt spurningar um það, hvernig við verður brugðist þegar aðrar greinar iðnaðarins koma og biðja um sams konar aðgerðir. Má þá nefna t. d. húsgagnaiðnaðinn sem hefur verið í vandræðum m. a. vegna þess að ríkisstjórnir ýmissa Evrópulanda hafa styrkt þennan iðnað beint með ýmsum hætti og þannig má kannske segja að þær þjóðir hafi flutt út sitt atvinnuleysi til annarra landa.

Aðalatriði þessa máls er það, að íslenskum iðnaði verði tryggð sömu starfsskilyrði og iðnaði eru tryggð í öðrum löndum, en það hefur ekki verið þannig hér á landi. Í öðru lagi þarf að koma hér á virðisaukaskatti í stað söluskatts. — Ég vil nota tækifærið til þess að spyrja hæstv. ráðh. að því hvenær efndir verða á stjórnarsáttmálanum, en þar er tekið fram að hæstv. ríkisstj. stefni að því að koma á skatti með virðisaukasniði í stað söluskatts. — Og í þriðja lagi verður að vera tryggt að kvaðir séu ekki meiri á sælgæti, sem framleitt er hér á landi, en hinu, sem inn er flutt. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég var að því kominn að spyrja hæstv. fjmrh. einnar spurningar, sem ég vildi gjarnan fá svar við á þessum fundi ef hægt er, þar sem það kemur þessu máli beinlínis afar mikið við.

Ég minntist á það, að eitt af þeim starfsskilyrðum, sem yrði að fullnægja fyrir íslenskan samkeppnisiðnað, væri að innlenda hráefnið yrði á heimsmarkaðsverði, og hins vegar, að aðflutningsgjöld af aðföngum til iðnaðar yrðu felld niður. Þannig var, að á 100. löggjafarþinginu var lagt fram frv. til l. til breyt. á lögum um tollskrá. Þetta frv. var flutt af mér og þremur öðrum hv. þm. úr öllum stjórnmálaflokkum og gerði ráð fyrir að felld yrðu niður aðflutningsgjöld af aðföngum til iðnaðar. Þetta frv. var ekki samþ. á Alþ., en fór til hæstv. fjh.- og viðskn. sem lagði til að frv. yrði vísað til ríkisstj., sem síðar var samþykkt.

Í nál. fjh.- og viðskn. á þeim tíma segir m. a., með leyfi forseta:

„Nefndin er sammála um að markmiði þessu þurfi að ná. Efni frv. er nánast samhljóða niðurstöðu samstarfsnefndar um iðnaðarmál, en sú nefnd hefur starfað á vegum iðnrn. Flutningsmenn frv. eru þm. úr öllum þingflokkum. Því sýnist víðtæk samstaða vera um efni frv.

Þar sem n. er ljóst, að ýmsir framkvæmdaörðugleikar muni verða við framkvæmd slíks ákvæðis í lögum, eins og frvgr. er orðuð, leggur n. til að frv. verði vísað til ríkisstj., sem sjái um að frv. verði samið um þetta efni og flutt á næsta þingi, þar sem með því verði best tryggð örugg framkvæmd málsins."

Undir þetta rita allir nm. í fjh.- og viðskn. og þ. á m. eru hv. þáv. þm. Lúðvík Jósepsson og Kjartan Ólafsson.

Síðan hef ég spurst fyrir um þetta mál á Alþ. Þá var ráðherra hv. þm. Sighvatur Björgvinsson. Í svari hans kom fram að unnið væri að þessu máli hjá fjmrn. og málinu hefði verið skipt í tvo hluta: Annars vegar þann hluta, sem sneri að auglýsingu um þetta mál. Mér er kunnugt um að hæstv. iðnrh. hefur í fréttatilkynningu sagt að það mál sé nánast tilbúið, en ekki alveg tilbúið. Hins vegar kom fram í svari þáv. hæstv. fjmrh. að unnið væri að lagafrv. eða drögum. Nú langar mig til að spyrja hæstv. fjmrh. hvernig þessari vinnu miði áfram. Ástæðan er sú, að þetta frv. var flutt til að gera íslenskan iðnað samkeppnisfæran og fullnægja þeim skilyrðum sem sett voru af hálfu iðnrekenda á sínum tíma og ríkisstj. Íslands féllst á. Mér þætti vænt um ef hæstv. fjmrh. svaraði því í tilefni af umr. um það mál, sem hér liggur fyrir, hvernig þetta mál stendur.

Að öðru leyti vil ég segja að þetta mál, sem til umr. er, þarf að sjálfsögðu að skoða í n. með tilliti til þess annars vegar, að það hlýtur að vera grundvallarstefna að um fríverslun sé að ræða, og hins vegar, að hér er aðeins um bráðabirgðaráðstafanir að ræða og þess vegna þurfi, eins og reyndar hefur verið unnið að, að þróa þennan iðnað þannig að hann geti orðið samkeppnisfær þegar þessu tímabili lýkur.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að á þeim tímum, þegar ríktu hvað mest boð, bönn og hömlur á landi hér, reis upp ýmis atvinnustarfsemi sem út af fyrir sig hefði ekki getað þróast við eðlilegar aðstæður, þó svo að til allrar hamingju hafi sum sú starfsemi tekið þeim framförum á tímabilinu að hún sé nú orðin samkeppnishæf. Hins vegar er alveg ljóst að margt ef þeirri starfsemi, sem reis upp við þær aðstæður, átti sér raunar aldrei viðreisnarvon, var af þeirri tegund, að það var raunar útilokað að ímynda sér eða gera ráð fyrir að slík starfsemi gæti staðið undir sæmilegum launagreiðslum til þess fólks sem við þá starfsemi vinnur, miðað við staðhætti hér á Íslandi. Þess vegna var það vitað, þegar við gerðumst aðilar að EFTA á sínum tíma, að ganga yrði úr skugga um hvaða framleiðslugreinar af þeim, sem risið höfðu upp í skjóli verndartolla og hafta, ættu raunverulega framtíð fyrir sér hár á landi. Menn urðu að horfast í augu við þær staðreyndir og gera ráð fyrir að lítil þjóð eins og Íslendingar gæti ekki rekið jafnfjölþætta atvinnustarfsemi með jafnmiklum árangri og fjölmennar þjóðir geta.

Það verður ekki annað sagt en að ýmsir aðilar hafi fengið allgóðan tíma til að aðlaga sig þeim breyttu forsendum sem fylgja aðild landsins að EFTA. Menn geta síðan deilt um hvernig sá tími hefur verið notaður, hvort hann var notaður vel eða illa. En menn geta alls ekki gengið út frá því sem gefnu, að atvinnustarfsemi af öllu því tagi, sem reis upp hér á landi í skjóli hafta og banna, hljóti að hafa framtíð fyrir sér um aldur og ævi, hvernig svo sem málum er háttað í sambandi við viðskipti landsins við önnur lönd. — Ég tek sérstaklega fram, að hér á ég ekki endilega við framleiðslu á sælgæti, heldur sýnis aðra starfsemi. En þó getur framleiðsla á sælgæti og kexi einnig komið hér til álita.

Ég hefði t. d. mikinn áhuga á því að fá að sjá hvaða laun þessi starfsemi getur greitt í landinu. Það er að sjálfsögðu ekki nægilegt að horfa eingöngu á að þessi framleiðslustarfsemi geti skapað svo og svo mörg atvinnutækifæri. Menn verða líka að spyrja sig að því, hvaða laun þessi atvinnustarfsemi geti boðið þeim sem starfsemina stunda. Eru þau laun samkeppnisfær við aðrar launagreiðslur á hinum almenna vinnumarkaði? Eru það laun sem gera það að verkum að menn telja mikla von á þessari starfsemi að byggja? Eru þetta laun sem við getum verið sáttir við, Íslendingar? Það þjónar litlum tilgangi að leggja á þjóðina hvers konar skatta og skyldur til að standa undir atvinnurekstri sem ekki getur greitt nema allra lægstu laun í þessu þjóðfélagi. Þess vegna hefði ég gaman af því að fá að sjá — og fæ það væntanlega fram í þeirri n. sem um þetta frv. á að fjalla — hvernig framleiðsla á sælgæti og kexi, miðað við þá miklu

verndun sem ætlast er til að sú framleiðslustarfsemi njóti, stendur sig í launagreiðslum til fólksins sem við hana starfar.

Það gefur auga leið að mínu viti, að við eigum ekki aðeins að keppa að því að atvinnulíf hér geti orðið sem fjölbreyttast, heldur einnig að sú atvinnustarfsemi, sem rekin er í landinu, geti borgað mannsæmandi laun. Það er engum til góðs að halda lífi í framleiðslustarfsemi sem getur ekki boðið launþegum, sem við starfsemina hafa atvinnu, önnur launakjör en þau sem lægst gerast í þessu þjóðfélagi. Ef þarf að leggja á menn skatta og skyldur, íþyngja öllum almenningi til að halda slíkri atvinnustarfsemi lifandi, er spurning hvort þeim peningum sé ekki betur varið og það sé ekki eðlilegra að styrkja starfsemi sem getur boðið þegnunum mannsæmandi laun og lífskjör.

Sjálfsagt liggja þessar upplýsingar fyrir, og ef svo er ætti ekki að vera vandasamt að fá þær fram. En ég legg enn og aftur áherslu á að þegar við veljum, hvaða ativnnustarfsemi við viljum styðja í landi okkar, eigum við að ganga út frá því fyrst og síðast, hvaða launakjör slík starfsemi getur boðið fólkinu sem við hana vinnur. Það nær ekki nokkurri átt og er fráleit stefna að ætla að leggja þungar byrðar á þjóðina í formi alls konar skatta og skyldna til að halda lífinu í kannske takmarkaðri starfsemi hér á landi, sem aðeins getur boðið starfsfólki, sem við hann starfar, laun sem eru fyrir neðan það sem sæmilegt er að bjóða fólki í þessu landi. Hér er því ekki aðeins um að ræða verslunarfrelsi, eins og hv. síðasti ræðumaður talaði um, heldur einnig kjör sem viðkomandi atvinnustarfsemi býður.

Þar sem hér er um að ræða sérstakt tímabundið innflutningsgjald, sem á að falla úr gildi eins og í frv. segir að ákveðnum tíma liðnum eða 1. mars 1982, væri ástæða til að fá einhverjar frekari upplýsingar um hvernig ríkisstj. hyggst nota þennan tíma, fram til 1. mars 1982, þegar þessum sérstöku aðgerðum lýkur, til að tryggja að þessi atvinnugrein geti þá staðið á eigin fótum, sem hún telst ekki geta í dag, og til að tryggja að þessi atvinnugrein geti boðið starfsfólki, sem við hana starfar, mannsæmandi laun. Það er allt of mikill misbrestur á ýmsum íslenskum iðnaði sem þróast hefur í skjóli verndar, boða, banna og hafta, að þar starfar mesta láglaunafólkið á öllu landinu, fólkið sem vart hefur til hnífs og skeiðar. Þegar menn huga að því, hvernig eigi að halda lífinu í slíkri atvinnustarfsemi, væri nær að menn hugsuðu um hvernig ætti að bæta launakjör þess fólks sem við þessa starfsgrein vinnur.

Ég hef í öðru lagi áhuga á að fá upplýst frá hæstv. ráðh. — það þarf ekki að koma fram hér í ræðustól, heldur í meðferð þeirrar n. sem við frv. þessu tekur, — hvernig fyrirhugað sé að nota umræddan aðlögunartíma svo að þetta sérstaka tímabundna innflutningsgjald verði fellt niður 1. mars árið 1982, en til þess komi ekki að Alþingi, sem þá situr að störfum, þurfi að framlengja gjaldið enn um sinn, eins og raunin hefur á orðið um fjölmörg tímabundin og sérstök gjöld sem á hafa verið lögð, t. d. hið margumrædda sérstaka og tímabundna vörugjald sem er bæði sérstakt og tímabundið enn og ekki sjáanlegt að sá tími, sem það er bundið við, renni út í nánustu framtíð.

Í þriðja lagi vildi ég svo gjarnan að hugað væri að því, að gjald sem á er lagt samkv. 1. gr. og nemur yfirleitt 40% innflutningsgjaldi, en 32% á einstaka vörutegundir, falli ekki niður frá og með 1. mars 1982, þannig að það standi óbreytt til þess tíma og falli síðan niður þá klukkustund eða þá mínútu er 1. mars árið 1982 rennur upp, heldur falli það úr gildi smátt og smátt eftir því sem á tímann líður. Ég tel að það væri hyggilegra með svona sérstök tímabundin innflutningsgjöld, ef gengið er út frá því að þau eigi bæði að vera sérstök og tímabundin, að þau falli úr gildi í áföngum, en ekki öll í einu lagi á nákvæmlega þeim tíma þegar gildistími væntanlegra laga rennur út. Það er hyggilegra og heppilegra fyrir uppbyggingu þessa iðnaðar að umrædd vernd, því þetta er ekki annað en sérstök vernd, sambærileg við innflutningsbönn eða innflutningshömlur, falli niður í áföngum frekar en verndin standi óbreytt um kannske tveggja ára skeið og falli svo úr gildi öll á einni og sömu nóttu.

Þetta atriði vildi ég láta skoða í hv. fjh.- og viðskn. ásamt þeim tveimur atriðum sem ég áðan nefndi, þ. e. hvernig ríkisstj. hyggst nota umræddan tíma til að gera þessa iðnaðarframleiðslu samkeppnishæfari en hún er í dag, og í síðasta lagi, hvaða launakjör eru boðin í þessum atvinnurekstri og hvernig menn hugsa sér að standa að uppbyggingu þessarar atvinnustarfsemi svo að hún geri ekki Ísland að því varanlega láglaunasvæði sem flokkur hæstv. fjmrh. ræddi í eina tíð um að önnur tegund af iðnaðarstarfsemi mundi leiða yfir okkur Íslendinga.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég er einskis vísari um það, hvort tveir hv. síðustu ræðumenn eru með eða á móti þeim skatti sem hér er til umr. eða hvort þeir eru með eða á móti frjálsri verslun.

Ég vil gjarnan fá það upplýst frá hæstv. ráðh. fyrst og fremst, hvort ég fer rétt með þær tölur, að fyrstu fimm mánuði þessa árs hafi útflutningur á sælgæti erlendis frá numið 485 millj. kr. miðað við 456 millj. árið 1979. Ef þessar tölur eru rétt eftir hafðar má gera ráð fyrir að innflutningur á sælgæti út þetta ár nálgist 1 milljarð. 40% af því er nokkuð stór upphæð. Því er það spurning mín til ráðh.: Renna þessar auknu og óvæntu tekjur, óvæntar miðað við þær umr. sem fóru fram um tekjuhlið fjárlaga á s. l. ári, beint í ríkissjóð eða renna þær sem aukið framlag til iðnaðarins og þá sælgætisiðnaðarins til að skapa honum betri starfsskilyrði í framtíðinni, til aukinnar hagræðingar, svo að hann verði viðbúinn samkeppni við erlenda framleiðslu eftir þá 18 mánuði sem þessi tímabundni skattur á að vera í gildi?

Ef þessar auknu tekjur af innflutningi á sælgæti renna beint til ríkissjóðs tel ég það miður farið. Ef þær renna til að byggja upp iðnaðinn til að taka við þeirri samkeppni sem hann var ekki reiðubúinn að taka á móti, tel ég þennan tímabundna skatt réttlætanlegan, annars ekki. Ég vil fá það upplýst hjá ráðh., hvor leiðin verði farin, ef ráðh. er reiðubúinn að gefa þær upplýsingar á þessari stundu.

Mikill misskilningur er það, ef það er almenn skoðun þm., og sýnir, hvað þeir eru lítið inn í innflutningi og innkaupavenjum fólksins, að þessi skattur dragi eitthvað úr innflutningi eða dragi úr neysluvenjum fólks sem um langan tíma hefur ekki haft frjálst val, að það fari að kaupa frekar íslenskar iðnaðarvörur. Meðan nýjabragðið er af innflutningi frá öðrum löndum og meðan innflutningurinn er frjáls og úrvalið er svo mikið á markaðnum sem raun ber vitni kaupir þjóðfélagsþegninn það sem hann hefur ekki fengið að kaupa áður, þó að það sé svolítið dýrara. Ég tala af eigin reynslu. Ég held að samkeppnin við innlendan iðnað haldi áfram, þó að

einhverju leyti geti dregið úr henni tímabundið, þrátt fyrir þennan skatt. Er þá engum illt gert nema neytandanum sjálfum. Hann borgar bara meira fyrir það sem hann vill fá. Ég held að þetta gjald hafi dregið afskaplega lítið úr samkeppni við íslenskan sælgætisiðnað, en aukið tekjur ríkissjóðs verulega.

Það er líka hættulegt að slá fram dæmum um tímabundinn vanda einstakra fyrirtækja eða framleiðenda. Það voru nefnd hér þrjú fyrirtæki. Ópal er á sölulista — það er alveg rétt — vegna aldurs eigandans. Freyja er á sölulista, en ekki vegna framleiðsluörðugleika, heldur vegna þess að fyrirtækið er dánarbú. Ég hef heyrt sagt að Linda á Akureyri hafi verið komin nokkuð á leið með að aðlaga sig samkeppninni, enda er Linda svo framarlega í sælgætisiðnaði hér að framleiðsla hennar þolir fyllilega samanburð við samsvarandi vörur erlendis frá.

Það hefur oft skotið upp í huga mínum þeirri spurningu: Hvað er íslenskur iðnaður? Við erum að leggja á skatt eftir skatt til að vernda íslenskan iðnað og styrkja hann. En ég veit ekki til þess, að það hafi nokkurn tíma verið gerð úttekt á því, hvað er íslenskur iðnaður. Það er ekki allt íslenskur iðnaður sem tilheyrir aðilum innan iðnaðarsamtakanna, iðnrekendum. Ég get bent á verksmiðjur þar sem alls ekki er stundaður íslenskur iðnaður. Áfyllingariðnaður er ekki í mínum huga íslenskur iðnaður. Innpökkunariðnaðurinn er ekki íslenskur iðnaður. Sjálfvirkar vélar vinna allt það sem mannshöndin annars gæti gert og gerði áður fyrr. En þessi iðnaður er talinn íslenskur iðnaður og hann nýtur forréttinda sem hinn raunverulegi íslenski iðnaður á að njóta. Þar af leiðandi fær hann fé sem hinn raunverulegi íslenski iðnaður á að njóta.

Ég held að kominn sé tími til þess, ef menn hafa áhuga á hinum raunverulega íslenska iðnaði, að gerð sé úttekt á því, hvað er íslenskur iðnaður, hver sé sá iðnaður sem skapar atvinnutækifæri, og hann sé styrktur af þeim tolltekjum sem við erum að setja á innfluttar samkeppnisiðnaðargreinar til styrktar íslenskum iðnaði.

Ég skal ekki segja hvort þessir verndartollar eða verndartollar almennt séu réttlætanlegir til þess eins að hækka vinnulaun sem fyrirtæki annars greiða fólki. Ég held að fyrirtækin í sælgætisiðnaðinum, eins og fyrirtæki almennt á Íslandi, hafi greitt laun samkvæmt þeim launastiga sem um er samið hverju sinni, hvort sem menn vinna hjá sælgætisverksmiðjunum eða ekki. Hv. síðasti ræðumaður var að gefa í skyn áðan, hv. 3. þm. Vestf., að það væri eitthvað ábótavant launagreiðslum til starfsfólks í þessari iðngrein. Ég vona að ég hafi misskilið hann. (Gripið fram í.) Hvaða launþegi vill ekki fá hærri launastiga? Það þýðir ekkert að tala þannig. Allir þm. vilja vinna að því að launþegar fái hærra kaup, svo lengi sem þjóðfélagið ber það. Ég held þeir fái í hverri iðngrein um sig það kaup sem um er samið hverju sinni. Það þýðir ekki að fara að leggja á verndartolla og gefa í skyn að þeir eigi að standa undir hinum eiginlegu launagreiðslum. Vonandi misskildi ég þm., en ég skrifaði orðrétt eftir honum, þó að hann mótmælti því, að leggja ætti á verndartolla til að styrkja starfsemi sem gæti ekki staðið undir launagreiðslum starfsfólksins. Þarna er rangt að farið.

Ég vil ítreka fsp. mína til ráðh. Ég býst við að það sé rétt með farið, að innflutningur á sælgæti hafi verið 485 millj. kr. fyrstu fimm mánuði ársins. Þar sem jólamánuðurinn er fram undan hlýtur sú upphæð að nálgast milljarðinn í árslok. 40% af því er stór upphæð. Í hvað fer þetta? Er það eyðslufé ríkissjóðs eða fer það til að endurhæfa eða á einhvern hátt styrkja til hagræðingar fyrirtæki í þessari framleiðslugrein, til þess að þau geti betur mætt breyttum tíma að 18 mánuðum liðnum?

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég vildi byrja á því að leyfa mér að benda hv. þm. á að það er ekki ástæða til að standa fyrir leiksýningum eða sérstökum mótmælaaðgerðum þó að ráðh. geti ekki ævinlega verið viðstaddir þegar umr. fer fram um mál sem hann flytur. Það stendur svo illa á að ráðh. flytja mál í báðum deildum þingsins. Nú stendur svo á að allmörg mál eru á dagskrá beggja deilda, sem flutt eru af fjmrn. Nú er verið að ræða um Flugleiðamálið í Ed. og ber brýna nauðsyn til að því verði sem fyrst komið til n. Það þarf því engan að undra þó að ég þurfi aðeins að bregða mér frá þegar mjög er kallað á það úr Ed. að ég sé viðstaddur umr. þar. Menn verða auðvitað að horfa í gegnum fingur við ráðh. þegar þannig stendur á. Þeir geta að sjálfsögðu ekki verið á tveimur stöðum samtímis.

Í sambandi við þetta mál kom fram fsp. frá hv. þm. Friðrik Sophussyni. Í fyrsta lagi spurði hann um virðisaukaskattinn. Hann spurði hvort ekki stæði til að framfylgja því ákvæði stjórnarsáttmálans, að komið yrði á slíkum skatti í stað núverandi söluskattskerfis. Ég vil byrja á því að minna á að í stjórnarsáttmála ríkisstj. Gunnars Thoroddsens er ekki beinlínis kveðið á um að þessi skattur skuli tekinn upp innan ákveðins tíma, neldur segir í 6. liðnum undir safnheitinu ríkisfjármál: „Athugað verði að breyta söluskatti í skatt með virðisaukasniði innan tveggja ára."

Ég vona að menn geri sér grein fyrir því að hér er því alls ekki slegið föstu að virðisaukaskatti verði komið á innan ákveðins tíma, heldur er þarna verið að benda á að til greina komi önnur leið en sú að halda gamla söluskattinum ellegar að taka upp venjulegan virðisaukaskatt. Staðreyndin er auðvitað sú, að virðisaukaskattur af því tagi, sem lagður hefur verið á í nálægum löndum, er bersýnilega með ýmsum ágöllum. Einn helsti ágallinn er sá, að hann þykir hafa ákaflega mikla skriffinnsku í för með sér og það yrði að fjölga embættismannaliði ríkisins allverulega til að koma slíkum skatti á. Það eru fleiri en hv. þm. Friðrik Sophusson sem vilja ógjarnan að embættisliði ríkisins sé fjölgað nema af brýnni þörf.

Eins er hitt, að venjulegur virðisaukaskattur krefst þess að nánast engar undantekningar eða undanþágur séu gerðar við álagningu skattsins. Það þýðir í reynd að við yrðum að hækka allar landbúnaðarvörur mjög verulega í verði ef við tækjum upp venjulegan virðisaukaskatt. Af því mundu þar með hljótast ýmis önnur vandamál, svo sem minnkuð neysla landbúnaðarvara og verulega hækkuð framfærsluvísitala sem aftur hefur áhrif á verðbólguþróunina í landinu. Þannig fer ekkert milli mála að framkvæmd venjulegs virðisaukakerfis, það að taka upp skatt með virðisaukasniði, getur haft ýmsar afleiðingar sem óhjákvæmilegt er að menn standi klárir á, eins og sagt er, áður en ákvarðanir eru teknar.

Ég verð líka að segja það í þessu sambandi, að ég tel að næsta stórverkefnið í skattamálum Íslendinga, eftir að búið er að koma hér á nýju tekjuskattskerfi, sé að undirbúa staðgreiðslukerfi skatta. Er verið að vinna að því máli og verður unnið að því af fullum krafti. Mér er til efs, að það sé hagkvæmt að taka mörg slík verkefni fyrir á sama tíma, og er ekki alveg viss um að þeir sem að

skattamálum vinna hjá okkur, ráði við það. En þetta mál er í athugun alveg eins og stendur í stjórnarsáttmálanum, og verður það áfram og ekki niðurstöðu að vænta fyrst um sinn.

Í öðru lagi spurði hv. þm., hvað liði endurskoðun á aðflutningsgjöldum samkeppnisiðnaðar, og vísaði til frv. sem hann hefði verið 1. flm. að í hv. Nd. Alþ. fyrir tveimur árum, en frv. þessu hefði verið vísað til ríkisstj. með ósk um að frv. yrði samið um það mál og sem best tryggð örugg framkvæmd þess. Ég get svarað þessari spurningu einfaldlega á þann veg, að það hefur verið unnið að þessu máli af fullum krafti seinustu vikurnar. Ég skal ekki segja um hvernig vinnubrögðin hafa verið seinustu tvö árin, vegna þess að ég hef ekki fylgst með því, en mér er kunnugt um að það hefur verið unnið af fullum krafti í þessu máli í sumar.

Ég vil segja í þessu sambandi að íslenska tollalöggjöfin er þéttur frumskógur sem oft getur verið erfitt að rata í. Það berast til fjmrn. beiðnir um tollaívilnanir, tollalækkanir eða lækkanir á aðflutningsgjöldum svo tugum skiptir í hverri einustu viku.

Í 12. tölul. 3. gr. tollalaganna er heimild til þess að endurgreiða eða fella niður gjöld á hráefni, efnivið og hlutum til framleiðslu innlendra iðnaðarvara sem tollar hafa verið lækkaðir eða felldir niður af samkv. ákvæðum um aðild Íslands að EFTA og ákvæðum samnings Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu, svo og af vélum, vélahlutum og varahlutum sem notaðir eru til vinnslu sömu vara. Þetta ákvæði hefur verið framkvæmt í öllum meginatriðum. Ég held að hv. þm. lifi í einhverjum draumaheimi ef hann ímyndar sér að það heyri til undantekninga að þetta lagaákvæði sé framkvæmt í reynd, því að það er í fullu gildi.

Hitt er annað mál, að við framkvæmd á þessu tollalagaákvæði hafa komið upp ýmis vafaatriði. Það hafa komið upp deilumál milli iðnaðarins annars vegar og fjmrn. hins vegar. Margfrægt vörulyftaramál er kannske ágætt dæmi um deilumál af því tagi. Í frv., sem hann flutti, og við þá vinnu, sem hefur verið í gangi, hefur einmitt verið unnið að því að leysa úr slíkum ágreiningsefnum, þrætumálum, og draga línuna með skýrum hætti á þann hátt að samkomulag og friður geti verið um þetta mál milli iðnaðarfyrirtækjanna og fjmrn. Þessi vinna er langt komin. Nefndin hefur skilað af sér, en málið er til nánari athugunar hjá ríkisstj. og verður væntanlega tekin ákvörðun áður en mjög langt líður um hvaða stefna verður tekin í þessu máli. Meira er ekki um það að segja.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson gerði ýmsar athugasemdir sem ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um. Ég ræddi einmitt í máli mínu áðan hvaða ráðstafanir þyrfti að gera áður en þessum verndaraðgerðum yrði aflétt. Ég sé ekki ástæðu til að endurtaka það.

En varðandi það atriði sem fram kom hjá honum, að hér væri um hálfgerðan vandræðaiðnað að ræða að því leyti að hann greiddi léleg laun, þá er mér nær að halda að þessi iðnaður greiði nákvæmlega þau laun sem greidd eru í innlendum iðnaði og sælgætisiðnaðurinn skeri sig ekki úr á nokkurn hátt. Hins vegar hefur verið þörf á því og er þörf á því að bæta kjörin hjá fólki sem stundar iðju og iðnaðarstörf af þessu tagi. Ég held að núv. ríkisstj. hafi einmitt beitt sér mjög kröftuglega í þeim efnum með þeim árangri að einmitt þessa dagana, þegar þetta mál ber á góma í þinginu, er verið að hækka laun þessa fólks meira en nokkurra annarra. Það held ég að sé virðingarverð viðleitni til þess að stíga spor í rétta átt.

Að lokum var fsp. frá hv. þm. Albert Guðmundssyni sem sneri að því, hvað hefði orðið um það fé sem innheimt hefði verið vegna álagningar þessa skatts samkv. brbl. um sérstakt tímabundið innflutningsgjald á sælgæti og kex.

Ég verð að játa að ég er ekki með gögn með mér sem geta upplýst hv. þm. um hve mikið hefur komið inn í ríkissjóð vegna þessarar álagningar, en mér er nær að halda að það sé tiltölulega lág upphæð. Það var flutt inn í landið feiknalega mikið af þessum vörum á fyrri hluta ársins. Það voru réttar tölur sem hv. þm. nefndi. Það var flutt inn sælgæti sem nam tæpum 1300 þús. dollurum, en þegar gjald þetta var lagt á tók mjög snögglega fyrir þennan innflutning. Ég held að það sé nokkuð ljóst að bæði neytendur og innflytjendur kipptu að sér höndum. Ég held því að þær tolltekjur ríkissjóðs á þessu ári muni tæpast nema meira en 200—300 millj. kr.

Hv. þm. spurði hvort þessar tekjur hefðu runnið til málefna iðnaðarins eða hvort þær hefðu runnið beint í ríkissjóð. Því er til að svara, að allar tekjur, sem inn koma, renna í ríkissjóðs nema þess sé sérstaklega getið. Að sjálfsögðu væri það ekki í samræmi við þessi brbl. ef fjmrn. hefði tekið ákvörðun um að láta einhverja aðra hafa þetta fé en ríkissjóð. Það er ekkert ákvæði um það í lögunum að svo skuli gert og væri lögbrot ef tilraun væri gerð til þess.

Auðvitað má velta því fyrir sér, hvort þetta hefði átt að verða markaður tekjustofn, hvort þetta hefði átt að renna sérstaklega til þarfa iðnaðarins. En ég vísa til þess, að í fjárlögum, sem nú hafa verið lögð fram, er verið að auka framlög til iðnaðar með ýmsum hætti. Ég held að nægi að vísa til þess, að sjóðir iðnaðarins fá meira fé til ráðstöfunar en verið hefur. Ég held því að það sé í sjálfu sér aukaatriði hvort þessi skattur rennur beint til iðnfyrirtækja í landinu eða hvort hann rennur í ríkissjóð sem síðan styrkir uppbyggingu iðnaðar og eflingu iðnaðar með ýmsum öðrum hætti.

Herra forseti. Ég vænti þess að fsp. þeim, sem fram komu, sé svarað.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 29. okt.

Niðurgreiðslur og útflutningsbætur.

Svar fjármálaráðherra við fyrirspurn Vilmundar Gylfasonar um niðurgreiðslur og útflutningsbætur, á þskj. 41, afhent þm. 29. okt.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. Hversu miklar niðurgreiðslur á landbúnaðarafurðir voru greiddar úr ríkissjóði á fyrstu níu mánuðum ársins 1980 (janúar — september)?
2. Hversu miklar útflutningsbætur á landbúnaðarafurðir voru greiddar úr ríkissjóði á sama tíma?
3. Hver er ferill þessara fjármuna? Hver tekur við þessum greiðslum, hve oft og hvenær? Um hvaða hendur fara þessir fjármunir, hversu lengi eru þeir á hverjum

stað og hvenær koma þeir í hendur endanlegra viðtakenda?
Sundurliðaðra svara er óskað.
Óskað er skriflegs svars.

Svar:

1. Fjárhæð niðurgreiðslna.

Greiðslur úr ríkissjóði af reikningslið *12 201 Niðurgreiðslur á vöruverði* nema alls á tímabilinu janúar — september 1980 16 653 271 þús. kr. Ath. í þessari fjárhæð eru meðtaldar greiðslur í lífeyrissjóð bænda 990 000 þús. kr. og 1 379 967 þús. kr. sem greiddar voru í janúar 1980 vegna ársins 1979 og gjaldfærðar á því ári.

2. Fjárhæð útflutningsbóta.

Greiðslur úr ríkissjóði af reikningslið *04 290 Útflutningsbætur* nema alls á tímabilinu janúar — september 1980 8 109 182 þús. kr. að meðtalinni heildarfjárhæð vaxta og geymslugjalds vegna verðlagsársins 1979/1980 934 098 þús. kr.

3.1. Um afgreiðsluferil niðurgreiðslna.

Söluaðilar senda reglulega niðurgreiðslureikninga til Framleiðsluráðs landbúnaðarins, sem safnar þeim saman frá mánudegi til föstudags í viku hverri, en þá er gengið frá greiðslubeiðni til viðskiptaráðuneytisins, er afgreiðir hana til ríkisféhirðis fyrir lokun næsta þriðjudag. Síðan líður ein vika vegna tékkavinnslu á vegum ríkisbókhalds.

Annan þriðjudag berst því greiðslan til Framleiðsluráðs sem afgreiðir greiðslurnar oftast samdægurs eða innan tveggja daga til söluaðila.

Niðurstaða:

Söfnunartími reikninga	5 dagar
Vinnslutími í kerfinu	11 dagar
Útborgunartími hjá Framleiðsluráði	2 dagar
Samtals	18 dagar

Frávik eru frá almennum söfnunartíma:

Skýrslum frá oddvitum vegna sölu á heimamjólk er safnað saman á lengri tíma og þær afgreiddar einu sinni í mánuði til útborgunar í gegnum kerfið.

Meginreglan er sú, að niðurgreiðslur séu komnar til söluaðila 18—30 dögum eftir lok sölutímabils, og fer það eftir viðbragðsflýti söluaðila hverju sinni við að skila sölugögnum til Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Eins og að framan greinir eru þeir fjármunir, er ríkissjóður greiðir í niðurgreiðslur, um 2 daga á leiðinni frá ríkissjóði til söluaðila.

3.2. Um afgreiðsluferil útflutningsbóta.

Útflutningsfyrirtæki senda reikninga yfir útflutningsbætur til Hagstofu Íslands og samrit til landbúnaðarráðuneytis og Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Hagstofa Íslands staðfestir verðábyrgð ríkissjóðs miðað við skráð heildsöluverð innanlands og á grundvelli fob-verðmætis samkvæmt upplýsingum útflutningsfyrirtækis, sbr. og staðfestingar gjaldeyriseftirlitsins þessu viðkomandi. Hagstofan sendir síðan nefndar verðábyrgðir til landbúnaðarráðuneytisins, sem gefur út greiðslubeiðnir vegna útflutningsbóta, þegar fjármálaráðuneytið heimilar útborgun.

Framleiðsluráð landbúnaðarins tekur á móti útflutningsbótum og greiðir þær um hæl til útflutningsfyrirtækja.

Dæmi nr. 1.

Frosið dilkakjöt útflutt til Færeyja.
M/s Smyrill 15. september 1979.
Gjaldeyrisskil 16. október 1979.
Reikn. SÍS yfir útflutningsbætur dags. 5. nóvember 1979.
Staðfesting Hagstofu Íslands dags. 10. janúar 1980.
Útborgun úr ríkissjóði dags. 13. febrúar 1980 til Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Dæmi nr. 2.

Ostur útfluttur til Grikklands.
M/s Suðurland 10. október 1979.
Gjaldeyrisskil dags. 29. nóvember 1979.
Staðfestingarbeiðni SÍS til Seðlabanka vegna gjaldeyrisskila dags. 12. desember 1979.
Reikningur Osta- og smjörsölunnar yfir útflutningsbætur dags 18. desember 1979.
Staðfesting Hagstofu Íslands dags. 10. janúar 1980.
Útborgun úr ríkissjóði dags. 4. mars 1980 til Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

3.3. Um eftirlit með framkvæmd niðurgreiðslna.

Ríkisendurskoðun skoðar frumgögn reglulega hjá Framleiðsluráði landbúnaðarins og ríkisbókhaldi, gerir nauðsynlegar kannanir eftir því sem tilefni gefast og innkallar ársreikninga frá öllum, sem hafa móttekið niðurgreiðslur frá Framleiðsluráði landbúnaðarins.

Framleiðsluráð landbúnaðarins ber ábyrgð á virku innra eftirliti með niðurgreiðslum.

Ríkisendurskoðun hefur sett eftirfarandi reglur gagnvart kröfuhöfum:

1. Hver kröfureikningur skal bera með sér nafn, nafnnúmer og heimilisfang kröfuhafa, auk hlaupandi númers. Honum fylgi upplýsingaskýrslur samkvæmt nánari fyrirmælum Framleiðsluráðs landbúnaðarins.
2. Hver kröfureikningur skal byggjast á áreiðanlegum og fullnægjandi skjölum, sem búið er að bóka í bókhaldi kröfuhafa á skipulegan og öruggan hátt skv. ákvæðum bókhaldslaga.
   Kröfuhafi skal staðfesta reikninginn með undirritun. Einnig skal reikningurinn staðfestur af endurskoðendum. Endurskoðunaráritunin merkir eftirfarandi:
   1. Að vörumagn og flokkar sé rétt tilgreint.
   2. Að rétt sé skipt milli niðurgreiðslutímabila.
   3. Að niðurgreiðsluupphæðir pr. einingu séu rétt tilgreindar.
   4. Að reikningur sé rétt útreiknaður.
   5. Að upplýsingar reikningsins séu samkvæmt bókuðum skjölum skv. bókhaldi kröfuhafa, sem auðvelt sé að staðreyna með skyndikönnun.
3. Ef í ljós koma útreikningsskekkjur eða önnur atriði, sem Framleiðsluráð landbúnaðarins getur ekki samþykkt, skal endursenda reikningana og vísa þeim þar með frá greiðslu. Kröfuhafar geta skotið „öðrum atriðum" undir úrskurð hjá ríkisendurskoðun.
4. Framleiðsluráð landbúnaðarins gefur nánari fyrirmæli um útfyllingu einstakra kröfureikninga, t. d. að niðurgreiðslur vegna tveggja niðurgreiðslutímabila séu ekki settar á sama kröfureikninginn, o. s. frv.

5. Ef sami kröfuhafi tekur við umtalsverðum niðurgreiðslufjárhæðum að dómi ríkisendurskoðunar, skal niðurgreiðslureikningur staðfestur af löggiltum endurskoðanda.

Sameinað þing, 12. fundur.

Fimmtudaginn 30. okt., kl. 2 miðdegis.

Jarðhitaleit á Vestfjörðum, þáltill. (þskj. 52). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Varnir gegn hættu af snjóflóðum, þáltill. (þskj. 53). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Bygging útvarpshúss, þáltill. (þskj. 55). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Sveigjanlegur vinnutími hjá ríkisfyrirtækjum, þáltill. (þskj. 56). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Mörkun opinberrar stefnu í áfengismálum, þáltill. (þskj. 59). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Eftirgjöf á gjaldi fyrir síma elli- og örorkulífeyrisþega, þáltill. (þskj. 62). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Takmörkun aðgangs erlendra herskipa og herflugvéla að landhelgi Íslands, þáltill. (þskj. 61). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Aldurshámark starfsmanna ríkisins, þáltill. (þskj. 63). — Hvernig ræða skuli.

Að till forseta var ákveðin ein umr.

Aukning orkufreks iðnaðar, þáltill. (þskj. 8). — Frh. fyrri umr.

Guðmundur G. Þórarinsson: Herra forseti. Margvíslegar ástæður hníga að því, að mikil umr. fer nú fram í landinu um hvernig hagkvæmast megi nýta orkulindir okkar. Ástæður þessa eru að sjálfsögðu endurtekin orkukreppa og óvissa í orkumálum heimsins, hækkandi orkuverð, sem vissulega hefur komið mjög hart niður á okkur Íslendingum, óvissa í orkumálum Íslendinga, sérstaklega að því er varðar innflutt eldsneyti. Hækkanir á innfluttu eldsneyti hafa teflt viðskiptajöfnuði þjóðarinnar í mikla tvísýnu og Íslendingar sjá nú fram á versnandi lífskjör vegna þessarar orkukreppu. Því er það að efst kemur í hugann hversu nýta megi hina innlendu orku til þess að bæta lífskjörin.

Það er rétt, sem fram kemur í þeirri þáltill. sem hér liggur fyrir til umr., að margir draga nú í efa að sjávarútvegurinn geti á allra næstu árum orðið undirstaða undir bættum lífskjörum hér meðan verið er að byggja upp fiskstofna. Landbúnaðurinn á við vissa erfiðleika að etja og iðnaðurinn reyndar líka, því að eins og menn vita má helst ekkert gera til þess að styðja við bakið á innlendum iðnaði vegna þeirra fríverslunar- og frjálshyggjumanna. Það er gjarnan svo, að þegar telja þarf kjark í þjóðina benda menn á þessar miklu orkulindir, sem Íslendingar eiga, og þá glæstu framtíð, sem þjóðin á í vændum ef þær eru skynsamlega nýttar. Jafnframt hefur umræða um þessi mál oft þótt hentugt auglýsingatæki eða áróðursatriði fyrir þá sem vilja benda á dugnað sinn til að ræða atvinnuuppbyggingu okkar Íslendinga. Eins og þessi till. ber kannske með sér að vissu marki, þá er oft lítil hugsun að baki slíkri umræðu eða tillöguflutningi.

Nýting orkulinda Íslendinga er tvíþætt mál. Í fyrsta lagi er að um það að ræða að virkja þessa orku þannig að unnt sé að nýta hana og í öðru lagi að nýta hana.

Fyrsta spurningin, þegar menn standa frammi fyrir till. eins og hér hefur verið lögð fram, er því auðvitað: Hvernig er staða okkar í þessum málum í dag? Hvernig er staða okkar í virkjunarmálum í dag? Menn horfa þá gjarnan bæði til vatnsafls og jarðvarma.

Staðan í orkumálum okkar í dag er þannig, að við verðum að skammta rafmagn til stóriðjufyrirtækja, klípa um 45 megawött af því í vetur. Þetta þurftum við líka að gera í fyrra. Það er ljóst, að bót verður ekki ráðin á þessari orkuskömmtun fyrr en fyrsta aflvél Hrauneyjafossvirkjunar kemur í notkun í árslok árið 1981, ef áætlanir standast. Önnur aflvél á að taka til starfa vorið 1982 og sú þriðja væntanlega árið 1983. En jafnframt verða menn þá að hafa í huga, að miðað við þær orkuspár, sem okkar sérfræðingar hafa lagt fram, bendir allt til þess, að þrátt fyrir tilkomu Hrauneyjafossvirkjunar og þrátt fyrir það, að á næstu árum verði ekki um neinn stórnotanda að ræða eða notkun umfram eðlilega aukningu í landinu, þá verði um orkuskort í landinu að ræða 1985—1986, ef önnur virkjun verður þá ekki tekin til starfa á eftir Hrauneyjafossvirkjun.

Ég skal út af fyrir sig ekki leggja dóm á þessa orkuspá, en frammi fyrir þessum hugsunum standa menn. Þegar horft er til næstu virkjunar á eftir Hrauneyjafossvirkjun, þá hygg ég að öllum sé ljóst að í fyrsta lagi gæti næsta virkjun á eftir Hrauneyjafossvirkjun tekið til starfa árið 1986. Fram að þeim tíma er því ekki um aukningu að ræða sem neinu nemur í stóriðju hjá Íslendingum. Þess vegna verða menn að skýra svolítið nánar hvað þeir eiga við með flutningi þáltill. sem þessarar, þar sem sérstaklega er tekið fram að stefnt skuli að stórauknum orkufrekum iðnaði á næstu árum. Ég held að það sé

öllum ljóst, að á næstu sex árum er ekki um það að ræða. En hvað tekur þá við?

Öllum, sem hér eru inni, er ljóst að Íslendingar eiga um þrjá kosti að velja um næstu virkjun á eftir Hrauneyjafossvirkjun. Í fyrsta lagi nefna menn Blönduvirkjun, sem talin er vera um 120 mw. með ársframleiðslu um 750 gwst. á ári. Í öðru lagi tala menn um Sultartangavirkjun, um 120 mw. og með ársframleiðslu um 750 gwst. á ári. Í þriðja lagi tala menn um Fljótsdalsvirkjun, sem gæti verið 300—400 mw. með ársorkuframleiðslu 1350—1800 gwst. á ári, allt eftir vatnaveitum. Sérfræðingar telja að hvort sem valin væri Sultartangavirkjun eða Blönduvirkjun, þá gæti hvor um sig verið tilbúin til orkuframleiðslu árið 1986. Flestir telja að Fljótsdalsvirkjun yrði tilbúin um ári seinna. Ef menn síðan hugsa þessa hugsun svolítið lengra og leggja það niður fyrir sér, að annaðhvort Blanda eða Sultartangi yrði valið næst á eftir Hrauneyjafossi, þá er um að ræða 120 mw. virkjun, og næsta virkjun á eftir þeirri virkjun yrði væntanlega ekki komin í gagnið fyrr en eftir 3—4 ár. Ég held að það sé alveg ljóst, að ef það yrði Blanda eða Sultartangavirkjun upp á 120 mw., sem tæki við af Hrauneyjafossi árið 1986, þá sé ekki um það að ræða að ráðast í stóraukningu á orkufrekum iðnaði hér á landi á grundvelli slíkrar virkjunar. Það gæti kannske verið um það að ræða að auka ofni við málmblendiverksmiðjuna eða eitthvað slíkt, en stórfelld aukning á orkufrekum iðnaði í kjölfar þess er útilokuð. Næsta virkjun þar á eftir gæti komið 3—4 árum seinna og þá fyrst, ef hún væri stór, gætu menn ráðist í orkufrekan iðnað sem einhverju nemur, þ. e. um 10 árum frá þeirri stundu er við stöndum hér í dag, ef menn leggja málið svona niður fyrir sér, sem engan veginn er fráleitt að gera.

Ef dæmið er lagt niður þannig, þá eru menn ekkert að tala um stóraukningu á orkufrekum iðnaði á næstu árum, langt í frá. Möguleiki gæti vissulega verið á því, ef Fljótsdalsvirkjun yrði næsta virkjun á eftir Hrauneyjafossi, að unnt yrði að ráðast í orkufrekan iðnað, eða ef menn á eftir Hrauneyjafossi réðust í bæði Blöndu- og Sultartangavirkjun í einu. Þetta eru auðvitað feiknalega stórar spurningar, sem þarna koma fram, og nokkuð langt í að slíkar virkjanir taki til starfa. Hér er um stórvandamál að ræða, og næsta ákvörðun, sem menn standa frammi fyrir, er auðvitað ákvörðun í orkuframkvæmdum, hvernig menn vilji standa að þeim, og er þar meira áríðandi að taka til hendinni heldur en að ákveða orkunýtingu nú. Hvað sem gert er í þessum málum virðist ekki vera um neina stóraukningu á orkufrekum iðnaði að ræða innan 6—7 ára, og alla vega er sá möguleiki nærtækur, að það yrði ekki innan 10 ára, nema menn bókstaflega tækju stórlega til hendinni strax varðandi orkuframkvæmdir.

Varðandi orkunýtingu í ljósi þessa, ef menn gera ráð fyrir Blöndu eða Sultartanga næst á eftir Hrauneyjafossi, þá hljóta menn að velta því fyrir sér, hvort orkunýtingarnefnd í þessum dúr hefur gildi nú. Þær upplýsingar, sem hún safnar nú, yrðu vafalaust að 6—7 árum liðnum eða 10 árum orðnar að verulegu leyti úreltar. Í þessari þáltill. er líka, eins og Íslendingum er mjög gjarnt að gera, vitnað til þeirra miklu auðlinda sem við eigum í jarðhitasvæðum landsins, í háhitasvæðunum. En þá gleyma menn því, að háhitasvæði Íslendinga eru lítið rannsökuð enn sem komið er, jafnvel þó að menn hafi nú rekið sig nokkuð áþreifanlega á það í reynd. Það er lítið vitað um okkar háhitasvæði. Það er nánast ágiskun hversu mikla orku megi vinna þar. Rannsóknir háhitasvæðanna eru mjög tímafrekar og feiknalega dýrar, vegna þess að viðhlítandi upplýsingar fást ekki nema ráðist sé í boranir. Sérfræðingar álíta að ef taka eigi háhitasvæði til notkunar sé eðlilegur tími, sem líði frá fyrstu forathugunum til gerðar útboðsgagna, um 10 ár, það sé um 10 ára verk að ganga frá nauðsynlegum rannsóknum, fylgjast með svæðinu eftir boranir, kanna gufumagn, jarðlög, gufusamsetningu og þrýsting og annað slíkt, aflgetu svæðisins, þetta sé um 10 ára verk áður en unnt sé að nýta svæðið. Þessi háhitasvæði okkar eru misjafnlega rannsökuð, og það er ljóst, að feiknalega mikið verk er óunnið við athuganir og rannsóknir á þessum miklu auðlindum Íslendinga, sem þeir gjarnan tala um að nýta og jafnvel helst á næstu árum. Það, sem vissulega væri ástæða til í þessu sambandi að Alþingi léti til sín taka, væri að samþykkja sérstaka rannsóknaráætlun um háhitasvæðin, sérstaka áætlun um það, hvernig rannsóknum þessara miklu auðlinda skuli hagað og hversu miklu fé skuli verja til slíkra rannsókna. Geri menn þetta ekki, þá er nánast ekki um það að ræða að nýta þessi háhitasvæði í þeim mæli sem þáltill. í þessum dúr gera ráð fyrir.

Í þessu sambandi vil ég geta um miðstjórnarfund Framsfl., sem haldinn var snemma á þessu ári, þar sem gerð var mjög ítarleg ályktun í orkumálum. Um rannsóknir háhitasvæðanna segir í þessari ályktun, með leyfi forseta:

„Gerð verði heildaráætlun um rannsóknir á háhitasvæðunum. Rannsóknin beinist fyrst og fremst að þeim háhitasvæðum sem liggja best við nýtingu, þ. e. svæðin á Reykjanesi, við Hengil, Námafjall, Kröflu og Þeistareyki, svo og Torfajökulssvæðið. Vegna kostnaðarsamra rannsóknarborana verður að veita auknu fé til jarðhitarannsókna. Orka háhitasvæðanna verði endurmetin."

Ég legg sérstaklega áherslu á það, að orkuvinnslugetan, sem menn tala um fyrir þessi háhitasvæði, er ágiskun. Sjálfsagt er hún í neðra marki og vel gæti hún verið tvisvar til þrisvar sinnum meiri en menn gera ráð fyrir í opinberum tölum, vegna þess að þetta hefur lítið verið athugað. Til gamans geta menn velt fyrir sér varðandi orku jarðhitasvæðanna, að fyrir nokkuð mörgum árum áætlaði Gunnar Böðvarsson að árlegt varmauppstreymi íslensku jarðhitasvæðanna samsvaraði orku um 3.5 millj. tonna af olíu á ári eða um sexföldum ársinnflutningi okkar af olíuvörum. Miðað við þær tölur, sem menn nú nota, er ekki fjarri lagi að áætla að nýtanleg orka okkar, bæði í vatnsafli og jarðhita, gæti samsvarað árlega um 8—10 millj. tonna af olíu. Mér sýnist að nýting jarðhitasvæðanna sé nokkuð langt undan ef menn taka ekki beinlínis til hendinni, eru tilbúnir að leggja fé til rannsókna þeirra og tilbúnir að vinna þokkalega áætlun um hversu að þeim rannsóknum skuli staðið. Mitt mat er þess vegna það, að það sé röng tímaáætlun hjá þeim flm. að skoða ekki betur orkuframkvæmdir og rannsóknirnar, en varpa fram till. sem virðist miða að stóraukningu orkufreks iðnaðar á næstu árum, þegar alveg er ljóst að í venjulegum skilningi orðanna „næstu ár" er ekki um þetta að ræða og til þess að veruleg aukning orkufreks iðnaðar geti orðið á árunum þar á eftir þurfa menn að fara að búa sig undir að taka verulegar ákvarðanir um orkuframkvæmdir.

Ég vil sérstaklega benda á það í þessu sambandi, að í stjórnarsáttmála þessarar ríkisstj. er kveðið á um að

skipuð skuli nefnd er vinni að mótun heildarorkustefnu. Þar er auðvitað orkunýtingin aðeins einn þáttur. Á hinn bóginn er engin ástæða til að gera lítið úr athugunum á orkunýtingu, þó að þessi mál standi svona hjá okkur í dag, langt frá því. Án verulegrar athugunar á orkunýtingu og án mótunar orkunýtingarstefnu er útilokað að ná fram neins konar hámarksnýtingu orkulindanna, og án slíkrar orkunýtingarstefnu getum við ekki heldur samræmt nýtingu þessara miklu orkuauðlinda okkar öðrum áformum í atvinnu- og þjóðfélagsuppbyggingu.

Í þessu sambandi vakna feiknarlega margar spurningar: Hversu hratt vilja menn ganga í þessi mál, hversu hratt vilja menn virkja o. s. frv.? Og það eru feiknarlega mörg atriði sem viðamikillar athugunar þurfa við. Við þurfum að gera okkur glögga grein fyrir orkusölusamningum sem í kjölfar slíkra iðjuvera hljóta að koma. Við þurfum að gera okkur glögga grein fyrir orkuverði, verðviðmiðun og endurskoðunarákvæðum í slíkum samningum. Við þurfum að gera okkur glögga grein fyrir mengunar- og umhverfissjónarmiðum og við þurfum vissulega að velta fyrir okkur eignaraðild og fjármögnun og ekki síður beinlínis skattastefnu. Framsfl. hefur mótað sér þá stefnu, að í orkufrekum iðnaði verði fyrst og fremst um það að ræða, að fyrirtækin séu að meiri hluta til í eigu Íslendinga og um verði að ræða fyrirtæki sem lúti íslenskum umráðum, yfirráðum og lögum í öllu tilliti.

Það er sjálfsagt mjög eðlilegt, að allir flokkar hafi hönd í bagga með stefnumörkun í orkunýtingu. Ég óttast það hins vegar svolítið, þegar ég les þessa till. og hlusta á málflutninginn með henni, að till. sé ekki síður hugsuð sem áróðurstillaga Alþfl., og mér finnst það dálítið skaða málið, að henni fylgja eins konar árásir á Alþb. í þessum málaflokki. Ég hygg að slíkt sé ekki vænlegt til árangurs, ef menn eru að reyna að ná fram till. um samstarf allra flokka, og það er engin ástæða til að vekja upp sérstakar deilur um málið á þessu stigi. En í ljósi þess, sem menn hafa sagt varðandi orkunýtingu, og orða þeirra Alþfl.-manna um að lítið hafi verið gert í þeim málum, og í ljósi þeirrar stöðu, sem við nú erum í í orkuframkvæmdum, mega menn ekki heldur gleyma hinum fjórum s-um sem mikið hafa verið til umr. að undanförnu og rannsóknir eða athuganir gerðar á. Á ég þar við sykurverksmiðju, saltverksmiðju, steinullarverksmiðju og stálverksmiðju sem mundi nýta brotajárn. Talsverðar athuganir hafa farið fram og verulegar vonir eru bundnar við að slík atvinnufyrirtæki gætu risið hér og orðið þjóðinni til hagsbóta.

Staða málanna er sem sagt sú, að orkunýting er ævinlega á dagskrá, en undirstöðuna vantar að nokkru. Orkuskömmtun er í landinu í dag, orkufrekur iðnaður gæti í fyrsta lagi tekið til starfa í einhverjum mæli eftir 6—7 ár, rannsóknir jarðhitasvæðanna taka vafalaust 8—10 ár og þar er knýjandi þörf að taka á.

En það er líka vert að rifja það upp hér, þegar menn ræða orkunýtingu, nýtingu orkulindanna, hvernig í raun er búið að orkufyrirtækjum okkar. Landsvirkjun stendur fjárhagslega mjög illa, og það er enginn vafi á því, að ákvæði verðbótavísitölu skerða mjög hag innlendra orkufyrirtækja. Ég hef margsinnis lýst þeirri skoðun minni, að það sé þjóðinni allri fyrir bestu, að innlend orka verði tekin út úr verðbótavísitölu, með þeim hætti getum við best byggt þessi fyrirtæki upp þannig að þau geti tryggt okkur betri lífskjör í framtíðinni. Þessi fyrirtæki eru eign allra landsmanna og þau eru trygging lífskjara í framtíðinni. Veik staða þeirra veikir allt áframhaldandi starf okkar að nýtingu orkulindanna. Þess vegna er alveg nauðsynlegt að við eflum þessi innlendu orkufyrirtæki og að við veitum fé til jarðhitarannsókna á þessu þingi.

Ég vil sérstaklega nefna það líka, að það er knýjandi nauðsyn að reynt sé að fá fram endurskoðun á raforkusölusamningnum við álverið. Í ljósi þeirra gífurlegu breytinga, sem orðið hafa í heiminum á orkuverði í kjölfar orkukreppunnar, er algerlega knýjandi að slíkir samningar séu enn á ný teknir upp. Álverið mun nú borga um 6.5 mill fyrir raforku, en mér kæmi ekki á óvart að víða úti um lönd teldust 18—20 mill ekki óeðlilegt raforkuverð til stóriðju.

Orka okkar er sjálfsagt ekki mikil á heimsmælikvarða og það er ekki heldur auðvelt að ákveða hversu hana skuli nýta eða á hvern hátt. Í þessum málum er feiknarlega ör og mikil þróun og á þessari stundu getur enginn svarað því t. d., hvert verður eldsneyti framtíðarinnar. Er það hentugt fyrir okkur að byggja hér upp orkufrek iðnaðarfyrirtæki? Eða er líklegt að næstu ár, kannske örfá, muni skera úr um það, hvort hentugast verði fyrir okkur að framleiða fljótandi eldsneyti sjálfir hér í landinu, hvort sem það yrði bensín- og olíuframleiðsla eða vetni? Ég skal ekki leggja dóm á það, en þetta eru mál sem eru tilefni mikillar umhugsunar og erfitt að skera úr um og nánast ófært á þessari stundu, en munu skýrast á allra næstu árum.

Það er enginn vafi á því, að þessar orkulindir okkar verða og eiga að vera grunnurinn að bættum lífskjörum þjóðarinnar á næstu árum. Ég hygg að það láti nærri, að Íslendingar geti framleitt mesta orku á íbúa allra þjóða heims. Það, sem fyrst og fremst liggur á í þessum málum, er að móta alhliða orkustefnu. Í þessari þáltill. er aðeins fjallað um orkunýtingarþáttinn. Sá þáttur er aðeins einn liður í þessum málaflokki og það er beinlínis hættulegt að slíta þetta mál úr samhengi við áætlanir um sjálfar framkvæmdirnar.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég vil þakka þær undirtektir sem þessi þáltill. hefur fengið hér í umr. í Sþ. Það gefur auga leið, að það eru ekki allir sammála um þær aðferðir og þær leiðir sem okkur ber að fara í sambandi við iðnaðaruppbyggingu og orkuframleiðslu í þessu landi. Um það munum við deila um langan aldur, hvaða leiðir skuli fara.

Það er hins vegar alveg augljóst, að ef Íslendingar ætla að skjóta styrkum stoðum undir atvinnurekstur í þessu landi, þá er iðnaðurinn sú leið sem fara skal, og líklegastur til árangurs er orkufrekur iðnaður, þó svo að okkur beri að hyggja að öðrum iðngreinum meðfram.

Hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson ræddi um það, að hér væri á ferðinni einhvers konar áróðurstillaga Alþfl. Þessu mótmæli ég algerlega. Þetta er ekki áróðurstillaga að nokkru leyti. Þessi till. er borin fram til þess að opna umr. um þetta mikilvæga mál, og það kemur í ljós, að aðrir flokkar hafa fullan hug á því að halda þessari umr. áfram, enda hefur Sjálfstfl. flutt hér á þingi till. sem er nánast ljósrit af þessari. (**Gripið fram í:** Ekki nöfnunum.) Nöfnin hafa breyst eilítið, það er rétt.

Ég vil aðeins segja það vegna ræðu hæstv. iðnrh., sem hann flutti þegar mál þetta kom fyrst til umr., að hann flutti þá stefnu, sem hann hefur í huga og hans flokkur, af þeim krafti, sem honum er laginn, og kom þar fram með

margt sem vakti verulega og verðskuldaða athygli í sambandi við iðnþróun og það sem er unnið að í iðnrn. Hins vegar hefur eiginlega yfirskyggt umr. að mörgu leyti sá ágreiningur sem fyrir hendi er um hina svokölluðu stóriðju. Ég vil nú ekki gera allt of mikið úr þessum ágreiningi, vegna þess að ég lít svo á að menn geti túlkað orðið stóriðju á margvíslegan hátt. Ég held að þeir, sem andsnúnir eru stóriðju, séu henni andsnúnir vegna svokallaðs erlends áhættufjármagns, sem ég tel hins vegar æskilegt að renni til hennar ef við ætlum einhverjum umtalsverðum árangri að ná. Eigi að síður vil ég leggja mikla áherslu á það sem hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson nefndi, að miðlungsstór iðnfyrirtæki, sem hann gat um, væru einnig það sem koma skyldi. Í þeim efnum nefndi hann saltverksmiðju, stálverksmiðju og steinullarverksmiðju. Steinullarverksmiðja veitir 80 manns atvinnu, hún er ekki stóriðja, hún notar 6 mw. Þar er því á ferðinni iðnþáttur sem ekki flokkast undir þá hræðilegu stóriðju sem margir hafa mikinn ótta af.

Það má nefna sykurverksmiðju í Hveragerði. Það má nefna græðlingaverksmiðju, sem mjög kom til umr. hér á árum áður og nýtir jarðhita til græðlingaframleiðslu til útflutnings. Það má nefna það stórkostlega fyrirtæki sem nú er kannske að komast á undirbúningsstig, þ. e. pappírsverksmiðja í nágrenni Húsavíkur, en þar er á ferðinni hið merkasta mál í alla staði þar sem notaður er jarðhiti. Þessi verksmiðja er þannig áætluð, að hún jafnvel framleiði eigin raforku sjálf. Ég vil minna á fyrirtæki eins og Kísiliðjuna við Mývatn, sem hefur reynst arðbært fyrirtæki og hefur fært íbúum byggðarlaganna í kring umtalsverða fjármuni, t. a. m. Húsvíkingum og þeim Mývetningum sjálfum. Ég held að enginn dragi í efa hvaða áhrif álverksmiðjan í Straumsvík hefur haft fyrir þróun Hafnarfjarðar, þ. e. þær tekjur sem Hafnfirðingar hafa haft af henni. En ég skal taka undir það og undirstrika hvar og hvenær sem er, að það er þjóðinni til háborinnar skammar hvernig háttað er raforkusölu til álverksmiðjunnar.

Í allri þeirri umr., sem fram hefur farið um orkufrekan iðnað, minnist ég þess ekki heldur, að einn einasti ræðumaður hafi talað um stóriðju eða orkufrekan iðnað í sambandi við fullnýtingu sjávarafla. Ég minnist Lúðvíks Jósepssonar sem þess baráttumanns hér á þingi sem ævinlega og ávallt, þegar nýting sjávarafla kom til umr. hér, ræddi það mál og þá skömm sem við okkur blasir þegar Íslendingar flytja hráefni sín á þann hátt sem þeir gera, í fiskblokkum og fiskflökum, til útlanda án þess að reyna að gernýta þessa dýrmætu vöru.

Ég vil minna á fiskrækt. Í henni felst viss tegund af stóriðju. Það er kannske rétt að upplýsa það hér í þessari umr., að ekki alls fyrir löngu var hér á ferð bandarískur maður sem sýndi mikinn áhuga á hreinni stóriðju í fiskræktarmálum. Ég veit ekki hvaða undirtektir hann fékk.

Ég vil líka minna á mjög svo tímabært umhugsunarefni sem hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson minntist á, en það er framleiðsla á eldsneyti, þær hugmyndir sem komið hafa fram og miklar rannsóknir hafa verið gerðar á í sambandi við vetnisframleiðslu. Framleiðsla vetnis er dýr og enn þá borgar sú framleiðsla sig ekki gagnvart bensínverði og verði á öðru eldsneyti, en þar getur komið vegna verðhækkana á eldsneyti að vetnisframleiðsla verði verulega arðbær.

Ég mun ekki fara mjög mörgum orðum um þetta mál. Ég er þeirrar skoðunar, að sú röðun orkuframkvæmda, sem nú er fyrir hendi, sé á nokkurri skammsýni byggð. Við deilum núna hart um það, hvort næsta stórvirkjun á Íslandi eigi að vera Blönduvirkjun eða Fljótsdalsvirkjun. Ég er þeirrar skoðunar, að við eigum að fara í báðar þessar virkjanir í einu. Undirbúningur að báðum þessum virkjunum er á svipuðu stigi og rannsóknir eru komnar langt á veg. Hér er spurningin því um fjármagnið, og ég held að enginn geti neitað því, að orkuframkvæmdir af því tagi, sem hér er talað um, réttlæta fullkomlega erlendar lántökur í stórum stíl. Ég tel að hér sé þvílíkt stórmál á ferðinni, að það eigi raunverulega ekki að draga menn í dilka eftir flokkum, heldur beri þinginu í heild að vinna að framgangi þessara mála. Í skálaræðum hafa menn gjarnan mörg og fögur orð um iðnaðinn, sem eigi að taka við öllu vinnuaflinu sem bætist á vinnumarkað hér á næstu árum. En við höfum ekki mikið gert til þess að mæta þeirri atvinnuþörf sem fram undan er. Ég vil minna á að það hefur verið reiknað út, að á Norðurlandi einu muni á næstu 10 árum skorta 100 atvinnutækifæri í iðnaði á hverju einasta ári eða 1000 atvinnutækifæri á 10 næstu árum. Ég sé ekki fram á það, að verið sé að stofna til þeirra iðngreina eða þess iðnaðar í því kjördæmi, að það sé einhver glóra í því, að iðnaðurinn geti tekið við þessu vinnuafli. Þetta er auðvitað mál af því tagi að okkur ber öllum að sameinast um að hrinda í framkvæmd öflugri orkustefnu, að kappkosta að virkja þá orku sem við eigum mjög mikið af. Og ég er sannfærður um að með því móti tækist okkur að koma í veg fyrir þær alvarlegu sveiflur, sem verða bæði í efnahags- og atvinnumálum þessarar þjóðar á nokkurra ára fresti og gætu kannske verið fram undan á næstu dögum.

Herra forseti. Ég vil ítreka þakkir mínar til þeirra manna sem um þessa till. hafa fjallað. Ég tel að það hafi verið gert á jákvæðan hátt og á þann hátt, að menn séu fyllilega sammála um það hér á hinu háa Alþingi, að þessum málum beri að gefa mikinn og verulegan gaum. Ég vil einnig þakka hæstv. iðnrh., þó hann sé ekki staddur hér við þessa umr., fyrir undirtektir hans, þrátt fyrir agnúana sem hann sá á till., og getur verið réttlætanlegt að ýmsu leyti. Annað, sem kom fram í ræðu hans, er þó ekki réttlætanlegt frá sjónarmiði okkar flm. þessarar till., en út í þá sálma ætla ég ekki að fara vegna þess að grundvallaratriðið er það, að við sameinumst um þá stefnu sem í þessari till. felst. Orkufrekur iðnaður eða stóriðja, menn geta deilt um merkingu orðsins til eilífðarnóns, en engu að síður er þetta það sem kom skal.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Dag skal að kvöldi lofa. Gjarnan hefði ég viljað að hv. þm. Árni Gunnarsson, vinur minn, hefði geymt sitt kæra þakklæti fyrir undirtektir undir þessa till. þangað til hann hefði hlýtt á mál mitt. Hvað sem er í orð bundið í þessari till., þá er hún sprottin upp úr sígildum, endurteknum, kratískum aumingjaskap gagnvart íslenskum atvinnuvegum.

Það er vitnað til orkufreks iðnaðar, sem við höfum á landi hér núna, um það, með hvaða hætti við eigum að reisa nýjar stoðir undir íslenskt efnahagslíf. Okkur var sagt, og það var forsendan fyrir samþykkt laganna á sínum tíma um samninginn við Union Carbide um málmblendiverksmiðjuna í Hvalfirði, að hinn fyrri ofn verksmiðjunnar mundi gefa íslensku þjóðinni ágætisarð, ofn nr. 2 enn þá meiri. Á þessum samningi við Union Carbide var síðan reist hin síðari samþykkt hv. Alþ. á samningnum við Elkem-Spigerverket. Ég hef það fyrir

satt, að tapið af hinum fyrra ofni hafi numið, ef reiknaður var meðalkapítalkostnaður af hafnargerðinni og hálfri Búrfellsvirkjun, svo sem eðlilegt er, sem þeirri verksmiðju tilheyrir, hátt í 3 milljarða, — tap af ofni nr. 2 þeim mun meira.

Við heyrum sérfræðinga, hagfræðinga og verkfræðinga, koma hvern á fætur öðrum í ræðustól í hinum ýmsu landshlutum og segja okkur frá því, að nú séu þrotnar auðlindir hafsins, við getum ekki búist við því, að íslenskur sjávarútvegur eða fiskiðnaður taki við fleira fólki til starfa á næstu árum, að við tölum ekki um íslenskan landbúnað og þann smáiðnað, úrvinnsluiðnað sem á honum byggir. Þetta er ekki nýtt. Þessi hefur söngurinn verið a. m. k. í 10 ár. Raunar var þessi söngur bakmúsíkin á bak við ákvarðanirnar um að reisa álverksmiðjuna í Straumsvík og selja Alusuisse raforkuna til hennar á því skammarverði sem raun ber vitni: Þjóðlegir bjargræðisvegir Íslendinga gátu ekki tekið við fleira fólki til starfa. — Þó er það nú svo, að síðustu 10 árin hefur atvinna verið næg á Íslandi, þar sem atvinnuleysi hefur vaxið hröðum skrefum meðal stóriðjuþjóðanna. Framleiðni hefur aukist á Íslandi hjá okkar þjóðlegu atvinnuvegum á þessu 10 ára tímabili, þegar framleiðni hefur borið upp á sker meðal þessara þjóða, og hagvöxtur hefur þó aukist á Íslandi þau 10 árin sem hann hefur staðið í stað meðal stóriðjuþjóðanna.

Ekki andmæli ég því, að við hugleiðum það af gaumgæfni og njótum til ráða hinna fróðustu og bestu manna með hvaða hætti við getum komið auðlindum landsins í orku í þess háttar verð sem megi verða þjóðinni til sem mestrar farsældar, auðsældar og bæta gæði landsins. En ugglaus er ég um það, að ef okkur auðnast að verja 750 millj. kr. til uppbyggingar atvinnutækifæris fyrir hvern einstakling sem vinnu þarf að fá í Norðurlandskjördæmi eystra næstu 10 árin, — 750 millj. kr., því kapítali sem stendur á bak við hvert vinnupláss uppi á Grundartanga, — verðum við ekki í miklum vandræðum með að sjá fólkinu þar fyrir atvinnu og prýðilegum launum.

Ég bið menn að gæta sín vandlega, þegar þeir nefna í sömu andránni og víxla orðum þegar rætt er um stóriðju annars vegar og orkufrekan iðnað hins vegar, að hafa merkingu þessara hugtaka allklára. Stóriðja hefur merkt í pólítískri umræðu okkar á liðnum árum þá iðju, þau iðnfyrirtæki sem nota tiltölulega háan hundraðshluta af rekstrarkostnaði sínum til orkukaupa. Í þann mund sem rætt var upprunalega um Grundartangaverksmiðjuna í samvinnu við Union Carbide var notast við skilgreininguna 15% af rekstrarkostnaði til orkukaupa þegar skilgreindur var orkufrekur iðnaður. Þetta kann að breytast nokkuð með hækkandi orkuverði. En það blasir við okkur samkv. orkuspám frá sama tíma og hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson nefndi áðan, að með sama framhaldi á orkunýtingu á landi hér, þótt ekki séu reiknuð með ný orkufrek iðnfyrirtæki, mundum við fullnytja það sem hæglega er virkjanlegt af íslensku fallvatni á röskum 40 árum þó ekki komi til orkufrekur iðnaður. Okkur er það býsna vel ljóst, að ef við miðum að því að láta raforkuna okkar veita okkar fólki atvinnu mun það vera nokkurn veginn gegnumgangandi, að hvert virkjanlegt hestafl hefur um það bil þrítugfalt gildi hvað atvinnu snertir ef því er varið til smáiðnaðar eða í léttan iðnað frekar en til orkufreks iðnaðar. Slæmt væri að binda alla raforku okkar frá fallvötnunum í orkufrekan iðnað, sem veitir tiltölulega fáu fólki atvinnu, og sitja síðan uppi með atvinnuleysi sem við gætum bætt með því að verja þessari orku til smáiðnaðar.

Till. mín er nú sú, að við gerum okkur ljósa grein fyrir því, áður en við ráðumst í Blönduvirkjun og áður en við ráðumst í Fljótsdalsvirkjun, til hvers við ætlum að nota rafmagnið, og látum ekki fara svo sem fyrrum fór, að fyrst virkjum við og óskum síðan tilboða í rafmagnið.

Ég minntist áðan á ráð okkar bestu manna, verkfræðinga og hagfræðinga. Á þau skulu menn hlýða. En vel megum við þó minnast þeirra afglapa sem þessa ágætu sérfræðinga okkar hafa hent einmitt í virkjunar- og stóriðnaðarmálunum. Ég vil aðeins rifja það upp fyrir hv. þingheimi, að um það var rætt í fyrra að nú þyrfti að flýta smíði seinni bræðsluofnsins uppi á Grundartanga, því að ella mundi okkur skorta markað fyrir raforkuna okkar. Það var í fyrravor sem þetta skeði. Nú segja þeir hinir sömu sérfræðingar sem færðu okkur þessi rök fyrir nauðsyn þess að flýta smíði síðari bræðsluofnsins uppi á Grundartanga að þennan ofn verði ekki hægt að reka í vetur sökum raforkuskorts.

Það virðist vera eins konar blygðunarmál hins verkfræðilega kynstofns að minnast einu orði á hvernig fór um virkjun Þjórsár, hvernig þeim hefur tekist, hinum vísu mönnum, að virkja fallorku þess vatns sem þeir hafa safnað saman í geymslulónin sín þar efra. Enginn þeirra kemur fram, hvorki í útvarpi né sjónvarpi og enn þá síður á opinberum fundum, og segir frá því undarlega fyrirbæri að vatnið úr lónunum skuli ekki renna eftir Þjórsá eða aðveituskurðunum, heldur neðanjarðar niður fyrir stíflurnar. Það er ekki heldur á það minnst, sem okkur er þó öllum ljóst vegna þess að það kemur fram í raforkuframleiðslu okkar, að verulegur hluti þess vatns, sem þó verður hamið í Þjórsárfarvegi og aðveituskurðunum, allt að því þriðjungur, fer í það að hleypa ís yfir stíflugarðana. Gegn öllu þessu þrættu verkfræðingarnir á sínum tíma. Gegn öllum aðvörunum um þessi atriði þrættu þeir. Þeir vissu einfaldlega ekki betur, en þeir ætluðust til þess og málpípur þeirra, stóriðjupostularnir, að það yrði tekið skilyrðislaust mark á þeim. Enn er vitnað í þessa sömu menn. Enn eru þeir leiðtogarnir fyrir þeirri hugsun, sem vaknar í hvert einasta skipti sem nokkuð bjátar á í markaðsmálum sjávarútvegsins hjá okkur eða í sölumálum framleiðslufyrirtækjanna, að nú sé eina hjálpræðið að demba sér út í erlenda stóriðju.

Það eru tiltölulega fá ár — eða þrjú og hálft ár — síðan haldin var merkileg ráðstefna um framleiðslumöguleika Íslendinga á eggjahvítuefnaríku fæði úr lífríki sínu. Hún var haldin hér á Hótel Loftleiðum. Einnig þar komu sérfræðingar sem höfðu hugann við annað en sölu á íslensku rafmagni til erlendra stórfyrirtækja. Mér er minnisstætt að þar kom það fram og var rökstutt, að við ættum möguleika á því með því að nýta frjómagn lands og sjávar hér að framleiða eggjahvítuefnaríka fæðu sem nægði til þess að brauðfæða a. m. k. 36 millj. manna árlega, ef við nýttum hana á réttan hátt. Þeir skýjaglópar, sem settu sína pólitísku hugsun í tengsl við þörf umheimsins fyrir mat, einmitt fyrir eggjahvítuefnaríka fæðu, ályktuðu sem svo: Hér er komið verðugt viðfangsefni fyrir þessa þjóð. Ekki mun skorta eftirspurnina eftir matnum sem við getum framleitt hér með því að nýta orku landsins og vinnuafl fólksins til þess að vinna fæðu úr frjómagni lands og sjávar. — Það skal tekið fram, að eftir þessa útreikninga hafa hvorki núverandi vinnuafl né

orka verið talin takmarkandi þáttur ef við ættum að framleiða öll þessi kynstur af mat.

Ég man eftir því, að einn af matvælafræðingunum, sem til máls tóku á þessari ráðstefnu, leyfði sér að gera þá aths., að nú hrópuðu um það bil 400 millj. manna víðs vegar á hnettinum á mat, á dánarbeði bæðu menn um mat, en hafði ekki heyrt þess getið, að einn einasti deyjandi maður í öllum þessum hungraða heimi hefði beðið um munnfylli af járnblendi. Gæði þessa lands, sem við byggjum hér, eru með þeim hætti, að ef við miðum störf okkar að því, ef við notum fjármuni okkar til þess og ef við notum orku landsins til þess að bæta um fyrir fólkinu sjálfu, sem í landinu býr, og auka gæði landsins mun framleiðsluvöru okkar, sem okkar duglega fólk framleiðir af landsins gæðum, tekið fagnandi í umheiminum.

Ég ítreka það, að ég tel að við verðum að huga mjög vendilega að virkjunarmálum og því, með hvaða hætti við notum orkuna. Ekki mun standa á mér að samþykkja fjárveitingar í slíku skyni. En ég vil ómögulega að við látum það henda okkur öðru sinni að leggja stórfé í virkjanir til öflunar raforku sem við höfum ekki áttað okkur á til hvers við ætlum að nota.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Rafknúin samgöngutæki, þáltill. (þskj. 17). — Ein umr.

Flm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Það á máske ekki illa við, að í kjölfar þeirrar umr., sem hér fór fram fyrir stuttu, verði einmitt rædd sú till. sem ég hef leyft mér að flytja á þskj. 17 ásamt hv. þm. Sverri Hermannssyni.

Þetta er ekki nýtt mál hér í þingsölum. Ég flutti þetta mál fyrst ásamt fleiri þm. 1971, að mig minnir, í stjórnartíð Magnúsar Kjartanssonar þáverandi orkumálaráðherra, sem á margan hátt var með athyglisverðar tillögur uppi í sambandi við nýtingu orku okkar, þótt að mínu mati hafi kannske verið eitt það athyglisverðasta, að hann hélt ótrauður áfram á braut viðreisnarstjórnarinnar í sambandi við mótun stóriðjustefnu, og á ég þar að sjálfsögðu við forgöngu hans í sambandi við járnblendiverksmiðjuna í Hvalfirði. En það mál ætla ég ekki að ræða nú, heldur það, að í sambandi við athyglisverða tillögu hans um frekari og betri nýtingu orku hér innanlands — okkar eigin orku — flutti ég þessa tillögu, þá tillögu, að við ættum að athuga mjög alvarlega um hagkvæmni þess að við kæmum upp okkar eigin samgöngukerfi sem knúið væri með raforku.

Eins og segir í hinni gömlu grg., sem fylgdi þáltill., var ekki eingöngu átt við að við færum hér um næsta þéttbýli. Það kom fram í umr. þá m. a. þessi sígildi hringur, sem örugglega má telja að gæti orðið hagkvæmur fyrir slíkt flutningakerfi. Þá á ég ekki aðeins við Reykjavík, Suðurnes og jafnvel austur sveitir allt að Selfossi og til baka, heldur líka ýmsa staði úti um land og þ. á m. tengingu staða þar.

Sú skoðun mín, að þetta eigi að kanna, hefur fengið aukinn stuðning á síðustu tímum við þær miklu umræður sem hafa orðið um að það eigi að fara að virkja stórt fyrir austan eða fyrir norðan eða á báðum stöðunum, eins og kom fram hjá einum bjartsýnismanninum úr þingflokki þeirra Alþfl.-manna sem talaði áðan. Alveg sama er hvað verður ofan á, hvort virkjað verður á öðrum hvorum þessara staða eða báðum. Ljóst er að það verður ekki gert öðruvísi en í kjölfarið fylgi einhver iðnaður, einhver framleiðsla á staðnum sem nýtur meginhluta orkunnar. Og þótt við séum hér í orðaleik um, hvað sé stóriðja eða hvort það sé aukinn iðnaður í þá veru sem við þekkjum iðnað hér á Íslandi, þá er enginn vafi á því, að þetta mun teljast stóriðja á þessum stöðum, á þessum landsvæðum, miðað við það sem nú þekkist. Þessi atvinnustarfsemi, hver sem hún verður og í hvaða formi sem hún verður, mun kalla á meira vinnuafl en til verður á hverjum einum stað á þessum landsvæðum. Það vita allir og hafa allir gert sér ljóst, að það hlýtur að teljast mjög óæskilegt að slíkar framkvæmdir kalli á mikinn tilflutning vinnuafls frá einu byggðarlagi til annars eða frá einum byggðarkjarna til annars. Tökum nærtækt dæmi eða áþreifanlegt dæmi: Ef risi það sem við köllum á okkar mælikvarða stóriðja á Reyðarfirði þyrfti að kalla til og yrði leitað eftir fólki frá nálægum byggðarlögum, eins og Egilsstöðum, Eskifirði, Neskaupstað og Fáskrúðsfirði. Við vitum að það liggja óhemjumikil verðmæti í eigin húsnæði fólks á þessum stöðum svo og í skólahúsnæði og öðrum þjónustustofnunum og væri ákaflega óæskilegt að raska um of þeirri búsetu sem þar er, jafnvel þótt slíkt fyrirtæki risi á stað eins og Reyðarfirði. Því held ég að það væri ákaflega æskilegt strax í byrjun að gera ráð fyrir hagkvæmum, skynsamlegum samgöngum á milli þessara staða, sem byggðust á þeirri orku sem verið væri að framleiða og á að vera undirstaða undir þær nýju atvinnugreinar sem vonandi rísa í kjölfar stórvirkjunar.

Ég reyndi við afgreiðslu síðustu fjárlaga að fara nokkuð aðra leið en ég hef farið á undanförnum árum þegar ég hef flutt þessa till. Ég reyndi að fara þá leið að fá samþykktar brtt., sem ég flutti við afgreiðslu fjárlaga, þess efnis að Alþ. samþykkti að veita ákveðna upphæð í því skyni sem er ætlað með þessari tillögu. Meiri hl. Alþingis felldi till. mína og vildi ekkert með hana gera, þótt stuttu síðar kæmi fram á Alþ. þáltill. sem gengur í sömu átt, flutt af nokkrum þeim þm. sem felldu þessa till., um að veita fé til sams konar málefna. Það hefur kannske vakið enn meiri furðu mína, að eftir að ég flutti þessa till. tókst einum prófessor við Háskóla Íslands að fá fjármuni í sínar hendur til að kaupa svokallaðan tilraunabíl — rafmagnsbíl sem notaður er hér á Stór-Reykjavíkursvæðinu til könnunar, eins og kallað er, og rannsókna, þótt ég sjái enga ástæðu til að kanna slíkt frekar. Slíkir bílar eru fyrir löngu þekktir í hinum vestræna heimi, í Vestur-Evrópu og vestan hafs, og líka í Asíu og ekki síst í Japan, þannig að við þurfum ekki að gera neinar slíkar tilraunir hér heima. En það vekur furðu mína að það skuli vera hægt að ná slíkum fjármunum út úr ríkiskerfinu án þess að það gangi nein samþykkt um það fram hér á hv. Alþingi.

Í grg., sem fylgir með upphaflegu þáltill., bentum við flm. m. a. á að til væru margar gerðir af slíkum samgöngutækjum. Þar sem við þekkjum til í nágrannalöndum okkar, sem flestir Íslendingar þekkja best til, eru að sjálfsögðu þau samgöngutæki, sem rafknúin eru, notuð innan borgarmarka og reyndar allt frá miðborgum til næstu borgar, en það eru oft og tíðum sömu samgöngutækin. Þetta eru annaðhvort járnbrautarlestir

eða rafknúnir strætisvagnar. Það eru að sjálfsögðu til rafbrautir sem ganga á hinum lengri leiðum, bæði tvíspora og einspora, sem eru, að því að mér er tjáð, mjög dýrar í framleiðslu og stofnkostnaði, en hafa hins vegar þann kost, að þær geta haldið uppi samgöngum á svæðum sem venjulegar samgöngur stöðvast tiltölulega fljótt á ef eitthvað ber út af í veðri, svo sem ef mikil snjókoma á sér stað. Mér finnst því líka vera full ástæða til að athuga hvort á ákveðnum stöðum hér á landi, þar sem mjög illt er að halda uppi samgöngum allt árið, en nauðsyn talin bæði frá félagslegum sjónarmiðum og öryggissjónarmiðum og að sjálfsögðu einnig út frá atvinnulegum sjónarmiðum, — hvort þetta muni ekki jafnvel geta, ef við búum við ódýra orku, borga sig fyrir þjóðina.

Ég hef, herra forseti, á undanförnum árum lýst þessu máli ítarlega og farið oft yfir það og þar eð orð mín þar um og annarra manna, sem rætt hafa málið, eru flest í skjölum Alþingis sé ég ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þessa till. að sinni, en leyfi mér að leggja til að umr. verði frestað og málinu vísað til hv. atvmn.

Guðmundur G. Þórarinsson: Herra forseti. Sú þáltill., sem hér er til umr., fjallar um rafknúin samgöngutæki. Þar sem Þórarinn Sigurjónsson alþm. flytur hér á þinginu þáltill. sérstaklega varðandi athugun á hagkvæmni járnbrautarlagningar austur yfir fjall og til Keflavíkur um Suðurnesin ásamt mér og hv. þm. Jóhanni Einvarðssyni, þá mun ég ekki gera þau mál að umræðuefni hér. En mig langar til að fara örfáum orðum um það sem minnst er á í þessari till. varðandi notkun rafbíla.

Ég verð að segja að mér þykir heldur þungur og tómlegur tónn hjá frummælanda í garð Gísla Jónssonar prófessors, sem hefur verið mikill áhugamaður um að hér yrði hafin notkun rafbíla og hefur barist mjög ötullega fyrir þeirri þróun. Honum tókst eftir nokkuð langan slag að fá niðurfellingu tolla og annarra aðflutningsgjalda af einum bíl, sem fluttur var inn og er nú í eigu Háskólans. Gísli, sem er prófessor í raforkuverkfræði við Háskólann, stundar nú athuganir og rannsóknir með þessum bíl. Heldur fannst mér flm. farast orð í þá átt, að þarna gæti ekki verið um viðamiklar rannsóknir eða athuganir að ræða. Ekki skal ég leggja neinn dóm á það í sjálfu sér. Ég vil þó aðeins segja það, að fyrir nokkrum mánuðum ferðaðist ég um Bandaríkin og átti þá viðræður við nokkra framleiðendur rafmagnsbíla þar. Allir bentu þeir mér sérstaklega á að nauðsynlegt væri, ef Íslendingar hyggðu á notkun rafbíla hér á landi, að fá hingað t. a. m. einn til tvo bíla og gera sérstaka athugun á akstri þeirra hér með tilliti til okkar kalda veðurfars og hvernig slíkur bíll gæti reynst í snjó og krapi og við okkar íslensku aðstæður. Á þetta lögðu þeir feiknarmikla áherslu. Ég gæti vel ímyndað mér að einmitt þær niðurstöður, sem koma frá Gísla Jónssyni, prófessor, þegar hann hefur lokið athugunum sínum, geti orðið að miklu gagni í þessu samhengi.

Ég er einn af þeim sem hafa verið þeirrar skoðunar, að við ættum eftir megni að reyna að örva það, að hingað væru keyptir rafknúnir bílar og reynt að nota þá hérlendis. Ég held að íslenska ríkið ætti að skoða hvaða fyrirtæki það eru í opinberri eign sem sérstaklega gætu notað rafmagnsbíla, t. a. m. Póstur og sími og aðrir slíkir aðilar, því að þessir bílar henta vafalaust mjög vel í innanbæjarakstri þar sem stöðugt er verið að taka bílinn af stað og stöðva hann aftur. Það er enginn vafi á því, að með notkun slíkrar bifreiðar gætum við sparað verulega mikið af innfluttu eldsneyti. Þeir geymar, sem nú eru notaðir og eru mestmegnis enn þá blýgeymar, benda til að þeim bílum, sem notaðir eru nú, sé unnt að aka á einni hleðslu allt að og jafnvel yfir 100 km. Ef kannað væri hvernig notkun bifreiða í Reykjavík væri samsett kæmi mér ekki á óvart að 80-90% af þeim bílum, sem ekið er í Reykjavík, sé ekið innan við 100 km á sólarhring, sem mundi þýða að rafbíll á venjulegri hleðslu gæti annað slíkum akstri.

Enn er vert að vekja athygli á því, að slíkir bílar yrðu að mestu hlaðnir á nóttunni. Þeir eru hlaðnir á nóttunni, þeir eru settir í samband við rafdreifikerfi rafmagnsveitunnar og styrking á dreifikerfinu þyrfti ekki að koma til þó að verulegur fjöldi rafbíla yrði hér í notkun.

Ég held að íslensk yfirvöld þurfi að athuga alveg sérstaklega með hverjum hætti þau geta örvað notkun rafbíla hér á landi. Ég held að það sé feiknarlega mikilvægt fyrir okkur. Í því sambandi þurfa menn að gæta að því, meðan þessir bílar eru dýrir í framleiðslu, hvort ekki er ástæða til að setja sérstök bráðabirgðaákvæði um lækkun aðflutningsgjalda af rafbílum og jafnvel lækkun þungaskatts. Jafnframt verða menn að gera sér einhverja grein fyrir því, á hvaða verði menn vilja selja rafmagn til hleðslu geymanna fyrir slíka bíla, t. d. næturrafmagn. Þarna er um að ræða þrjú atriði, sem ég nefni, sem yfirvöld verða að gera upp við sig, áður en hinn almenni borgari getur farið að reyna að nýta rafmagnsbíla í einhverjum mæli hér á landi. En vissulega er það mjög mikið atriði og væri brýn nauðsyn að hið opinbera keypti einmitt nokkra tilraunabíla til þeirra stofnana þar sem þeir gætu sérstaklega hentað, og nefni ég þá aftur Póst og síma.

Um notkun rafmagns í samgöngumálum okkar almennt vil ég aðeins segja þetta: Það er ekki bara um það að ræða að með því getum við sparað mikinn erlendan gjaldeyri, sem okkur er feiknarlega mikilvægt við stöðugt hækkandi olíuverð, heldur mundum við líka stórauka öryggi allra samgangna okkar í framtíðinni, því að allir geta gert upp hug sinn um það, hvernig við stöndum með samgöngutæki okkar ef til ófriðar kæmi og lokaðist fyrir olíuinnflutning til landsins eða sérstakur olíuskortur kæmi upp, sem sumir telja að kannske sé ekki mjög langt í. Hér er því áreiðanlega hreyft mjög brýnu máli.

Flm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Það gætir nokkuð mikils misskilnings í orðum hv. síðasta ræðumanns, hv. 12. þm. Reykv., þegar hann lætur í það skína í orðum sínum að ég hafi verið með þungan og nokkuð tómlegan tón í garð Gísla Jónssonar prófessors. Hann hefur þá alvarlega misskilið mín orð. Þótt hann sem slíkur komi auðvitað inn í þetta mál var ég að benda á þá aðferð sem viðkomandi ráðh. notaði, þ. e. orkumálaráðherra. Alþ., sem hafði fengið formlega till. um rannsókn á þessu máli, gat ekki leyft sér að afgreiða málið og útvega fé til þess og sækja fjárveitingu til þess. Samt sem áður tekst prófessor við Háskólann að fá ráðh. til að ná þessu fé. Hvernig má vera að þetta fari svona fram hjá hv. Alþingi? — Ég er alls ekki að gera lítið úr verkum þessa ágæta prófessors við Háskólann, Gísla Jónssonar, og ég þekki hann að góðu einu í störfum hans. Hann hefur meira að segja gefið mínum pólitíska flokki margar mjög gagnlegar ábendingar í málum sem hann hefur hvað mesta þekkingu á. En það breytir því ekki, að þessi

aðferð við að ná fé til slíkra rannsókna er ekki að þingræðisvenju, svo ekki sé meira sagt.

Ég veit ekki hvar hv. þm. hefur verið á ferð. Mér skildist að hann hefði verið í Bandaríkjunum og rætt við menn þar — bílaframleiðendur — sem lögðu helst upp úr því að þeir þyrftu að fá að vita hvað snjókrap og frost væri. Það hlýtur að hafa verið í Flórida hjá einhverjum mönnum sem aldrei hafa komið út úr því ríki, því að ég hef sjálfur séð hátt á þriðja tug ára rafmagnsbíla hjá stórfyrirtækjum og stofnunum í Bandaríkjunum í notkun og hef lesið um byrjunarörðugleika sem menn hafa lent í þar m. a. vegna þessara atriða. Þetta þekkist líka í Bretlandi. Ég veit til þess þar hjá stórfyrirtækjum. Ég man ekki hvort það eru slíkir opinberir aðilar sem Póstur og sími sem þar eiga í hlut, en sjálfsagt eru þeir menn, sem erlendis hafa dvalist lengi og þekkja vel til, betur kunnugir því en ég og aðrir.

Það er rétt, sem hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson sagði og ég tek heils hugar undir, að íslensk yfirvöld ættu að gera athugun á smábílum með því að kaupa þá í nokkrum mæli og láta opinber fyrirtæki nota þá og þá hreinlega að hafa hug og þor til þess að við getum leyft okkur að rannsaka þetta, ekki á einum litlum smábíl sem notaður er til heimilisnota, heldur þá í slíku skyni sem hann benti á.

Ég benti hér fyrr á árum á þessa smábíla eða minni bíla, sem eru þó alls ekki þýðingarminni en aðrir, og þegar við hugleiðum hina gífurlegu bensíneyðslu einkabílanna, sem við notum t. d. hér á stór-Reykjavíkursvæðinu, þar sem nær allt er orðið malbikað, er rétt að gera sér grein fyrir því, að flestir þessir menn aka innan við 100 km á degi hverjum sem er sú vegalengd sem núverandi kerfi þessara rafmagnsbíla leyfir að keyrð sé, eða alla vega 70—80 km. En það, sem ég hef aðallega bent á, eru almenningsvagnar. Ég hef líka bent á það, að það eru auðvitað fleiri þættir sem hyggja þarf að, t. d. í þéttbýlinu, en eingöngu orkusparnaðurinn. Hér í miðborginni í Reykjavík erum við farnir að verða áþreifanlega varir við þá mengun sem stafar af stóru bílunum sem eru notaðir til almenningsflutninga hér innanbæjar. Og verstir eru þeir að sjálfsögðu sem koma úr okkar nágrannabyggðum, enda ekki vandað til tegundavalsins þar.

Ég vildi aðeins láta þetta koma fram. Ég þakka hv. þm. fyrir undirtektir hans. Ég veit að hann meinar það heils hugar, að þetta beri að skoða alvarlega hjá okkur. Við höfum töluverða reynslu í notkun rafknúinna vinnutækja. Ég bendi t. d. á að hér við höfnina hjá skipafélögum okkar, hefur um margra ára skeið verið notað mikið af rafknúnum tækjum, bæði krönum og lyfturum, sem að sjálfsögðu eru hreyfanlegir og aka um og gera allt annað vinnuumhverfi fyrir þá, sem í kringum þá vinna, heldur en gömlu tækin bensínknúnu. Það er því fleira á að líta en aðeins þáttur orkunnar. Það er líka vinnuumhverfið fyrir þá sem vinna á staðnum, og þá, sem í kring búa.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Ég tek undir með flm. þessarar þáltill. Það verður að athuga þessi mál mjög vel. Fyrir utan rafknúna bíla, eins og hér er talað um, má t. d. vel hugsa sér að hafa loftlínur yfir helstu þjóðvegum landsins, sem bæði vörubílar og stórir fólksflutningabílar geti fengið orku frá. En varðandi það, sem hv. 12. þm. Reykv. sagði um járnbrautir og járnbrautarlagnir, þá efast ég stórlega um að það eigi framtíð fyrir sér. Ég reikna með að flutningar séu yfirleitt það litlir hjá okkur. Járnbrautir eru alls staðar reknar með verulegum halla þó að flutningar séu miklu meiri en hér. Ég er ekki að segja að það sé ekki rétt að skoða það mál, en ég held að allir aðrir möguleikar séu nærtækari, bæði bílar með rafgeyma og rafvélar og eins það að leggja leiðslur með helstu þjóðbrautum og tengja meiri háttar farartæki þannig við raforku.

Við megum ekki verða hræddir við nýjungar, eins og oft vill verða hjá okkur. Við verðum að skoða alla hluti og skoða alla hluti miðað við breyttar aðstæður, því okkur hættir við að hengja okkur í gamlar reglur og taka ekki mið af því þó að aðstæður breytist gersamlega, eins og er að verða í orkumálum okkar. Ég styð þessa þáltill.

Albert Guðmundsson: Forseti. Ég vil eins og síðasti hv. ræðumaður taka undir þá till. sem hér er á dagskrá um rafknúin farartæki. Ég held að þessi till. sé miklu stærri og meira áríðandi fyrir okkur en menn gera sér í fljótu bragði grein fyrir. Ég vil benda á að þessi sama till. hefur komið öðru hverju upp í borgarstjórn Reykjavíkur, nokkuð oft. Ég hef flutt nákvæmlega sömu till. í borgarstjórn Reykjavíkur, og hún var tekin upp eftir tillögum sem Sigurður Jónasson, fyrrv. forstjóri Áfengis- og tóbaksverslunarinnar, flutti þegar hann var fulltrúi Alþfl. í borgarstjórn Reykjavíkur á árunum fyrir síðari heimsstyrjöld.

Ég vil benda á að borgarstjórn Reykjavíkur hefur leitað upplýsinga um þessa rafknúnu bíla. Þeir voru ekki taldir vera orðnir svo tæknilega fullkomnir sem þeir þurfa að vera til þess að borgarstjórn tæki þá upp í staðinn fyrir olíuknúna strætisvagna. Það var kannað á sínum tíma, hvort Strætisvagnar Reykjavíkur gætu fengið einn eða tvo strætisvagna hingað að láni um tíma til þess að reyna þá við íslenskar aðstæður. Það reyndist ekki mögulegt, vegna þess að þeir tæknigallar voru á, að það eru sérstök hleðsluhólf í þessum bílum sem eru gríðarlega þung og stór, og þau þarf að draga út úr bílunum og önnur fullhlaðin þurfa að vera tilbúin á endastöðvum til að setja inn í þá í staðinn. Tæknin er ekki enn þá komin á það stig, að við getum útbúið þetta á sama hátt og við höfum bensínstöðvar nú fyrir venjulega bíla, sem við þekkjum til.

En það er annað sem oft hefur komið til tals. Það eru ekki járnbrautir, eins og kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni. Það er enn í dag jafnfullkomið og það var þegar Sigurður Jónasson, fyrrv. flokksbróðir hv. síðasta ræðumanns, kom með till. um einteinunga. Einteinungar voru þá á byrjunarstigi. Þeir eru sjálfsagt ekkert fullkomnari í dag en þeir voru þá. Þeir eru kannske öðruvísi í útliti. En þeir fara með þeim hraða, að ég held að við þyrftum ekki flugferðir innanlands, t. d. á milli Norðurlands og Reykjavíkur eða Suðurlands, ef við hefðum einteinunga. Þeir fara með hraða flugvéla. Þegar Sigurður Jónasson flutti tillögu sína var hann svo bjartsýnn, að hann hélt að hægt væri að nota teinana sjálfa til að hengja neðan í þá leiðslur og dæla mjólkinni frá Selfossi til Reykjavíkur í gegnum þær og leggja alla flutningabíla niður. Þessi hugmynd er því ekki ný, en hún er jafngóð og hún var.

Ég vona að við berum gæfu til að vaxa upp úr því fornaldarhugarfari, að við getum ekki notað hér á landi nýjustu tækni sem til er á hverjum tíma erlendis. Vel gæti verið að það leysti innanlandsflutningavanda okkar að

verulegu leyti og við gætum lagt niður flugferðir t. d. úti á landi, ef við hefðum einteinung sem færi í kringum landið.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Réttarstaða fólks í óvígðri sambúð, þáltill. (þskj. 19). — Ein umr.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja fram á þskj. 19 till. til þál. um réttarstöðu fólks í óvígðri sambúð er hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta nú þegar fara fram könnun á réttarstöðu fólks í óvígðri sambúð.

Í því skyni skipi viðkomandi ráðherra nefnd er geri tillögur um hvernig réttindum þess verði best fyrir komið, sérstaklega með tilliti til eignarréttar og erfðaréttar.

Nefndin skal hraða störfum svo sem kostur er og skila álitsgerð og tillögum áður en næsta reglulegt Alþingi kemur saman."

Það er ljóst að brýna nauðsyn ber til að kannað verði með hvaða hætti réttindum þeirra, er kjósa að búa í óvígðri sambúð, verði best fyrir komið og tillögur verði gerðar um úrbætur, sérstaklega er varða eignarrétt og erfðarétt. Þjóðfélagið hefur frá öndverðu talið nauðsyn á að lögvernda hjónabandið á margvíslegan hátt. Í því sambandi taka menn á sig tilteknar skyldur og öðlast að sama skapi ýmis konar rétt. Um fjármál hjóna eru lögmæltar reglur sem veita hjónum ákveðna vernd, og einnig er lögbundin skylda til framfærslu og fleira. Um hjón gilda ítarleg lög, eins og t. d. lög um stofnun og slit hjúskapar, lög um réttindi og skyldur hjóna, lög um afstöðu foreldra til skilgetinna barna svo og ákvæði í erfðalögum, svo eitthvað sé nefnt. Það er ekki að ófyrirsynju að lög sem þessi hafa verið sett, því að í samskiptum hjóna innbyrðis og barna þeirra svo og gagnvart öðrum aðilum utan fjölskyldunnar geta risið mörg og margvísleg vandamál sem torleyst yrðu ef engra laga nyti við.

Þróun síðari ára sýnir ljóslega að óvígð sambúð er orðin nokkuð algeng. Eigi að síður nýtur þetta sambúðarform lítillar réttarverndar, því að löggjafinn hefur hingað til talið þá sambúð karls og konu, sem stofnað er til í samræmi við lög landsins, þá einu sambúð er njóta eigi fullrar réttarverndar.

Um óvígða sambúð karls og konu hafa engin heildarlög verið sett og í lögum er aðeins að finna örfá dreifð ákvæði þar um. Auðvitað er ljóst að í sambúðarformi sem þessu geti risið upp mörg og margháttuð ágreiningsefni, en eins og þessum málum er háttað í dag ríkir í reynd marghátttuð réttaróvissa. Hæst ber kannske fjármálauppgjör fólks í slíkri sambúð við sambúðarslit, en við skiptin kemur oft fram mikið misrétti og oft rísa upp vandleyst mál þar sem lagavernd vantar í fjármálauppgjöri við slík sambúðarslit. Stundum stendur sambúðin svo áratugum skiptir og allar eignir búsins hafa orðið til á þeim tíma. Eignamyndun má oft rekja til sameiginlegs framlags beggja, ýmist beint, t. d. þegar bæði hafa haft atvinnutekjur eða þau hafa starfað saman við atvinnurekstur, eða þá óbeint, ef konan vinnur á heimilinu og stuðlar þannig að bættri tekjuöflunaraðstöðu karlmannsins. Í reynd leggur því konan með vinnu sinni á heimilinu stóran skerf til eignamyndunar. Ef um fasteignarmyndun er að ræða á sambúðartímanum, sem báðir aðilar hafa beint eða óbeint lagt fjármagn í, er oft svo, og mætti í því sambandi vitna í hæstaréttardóma, að karlmaðurinn er einn þinglýstur eigandi hennar. Ef konunnar er ekki getið í veðmálabókum sem sameiganda og um óvígða sambúð er að ræða getur orðið erfitt fyrir hana að sanna að með framlagi hennar til kaupanna sé stofnað til sameignarréttar. Er því um mikla áhættu að tefla fyrir þann aðila sem lætur undir höfuð leggjast að þinglýsa sínum eignarhluta, sem reynslan sýnir að í flestum tilfellum er kona.

Sérstaklega ber að nefna að réttarstaða hins heimavinnandi aðila er mjög bágborin ef ekki er hægt að sanna bein framlög til eignamyndunar við eignaskiptin. Í hæstaréttardómum hefur sú leið því oft verið farin til að draga úr mesta óréttlætinu, sem skapast við fjárhagslegt uppgjör milli sambúðarfólks í slíkum tilfellum, að dæma konunni þóknun fyrir störf hennar í þágu heimilisins. En það liggur í augum uppi, að ef um mikla eignamyndun hefur verið að ræða á sambúðartímanum getur sú fjárhæð verið hverfandi lítil í samanburði við það að um helmingaskipti á eignunum væri að ræða, eins og tíðkast við sambúðarslit hjóna.

Annað atriði er einnig vert að nefna í þessu sambandi. Í óvígðri sambúð skapast engin erfðatengsl milli sambúðarfólksins og því nýtur langlífari sambúðaraðilinn ekki erfðaréttar. Sú leið er þó fær að gera gagnkvæma erfðaskrá, en í því tilfelli er óheimilt að ráðstafa meira en 1/3 hluta eigna með erfðaskrá, þegar um aðra erfingja er að ræða. Sé hins vegar ekki um skylduerfingja hins látna að ræða verður langlífari sambúðaraðilinn eins vel settur ef erfðaskrá er gerð og hefði hann verið í hjúskap. Er því ástæða til að það sé sérstaklega athugað, hvort ekki sé eðlilegt að til erfðatengsla stofnist milli sambúðarfólks ef t. d. sambúð hefur staðið lengi. Athuga þyrfti einnig sérstaklega hvernig fara skuli með framfærsluskyldu við sambúðarslit, en engin framfærsluskylda hvílir nú á fólki í óvígðri sambúð.

Ljóst er því að réttarstaða fólks í óvígðri sambúð er hvað ótryggust að því er varðar eignar- og erfðaréttinn, en í þessari þáltill. er sérstaklega gert ráð fyrir að kanna með hvaða hætti hægt er að búa þar betur um hnútana.

Þess ber þó að geta, að varðandi þetta sambúðarform hafa orðið verulegar breytingar á réttarstöðu þessa fólks hvað almannatryggingar varðar, þó ýmis ákvæði þar þurfi endurskoðunar við. Í 52. gr. almannatryggingarlaga kemur einmitt fram viðurkenning á þessu sambúðarformi. Þar er í raun viðurkenndur réttur sambúðarfólks til bóta almannatrygginga til jafns við hjón að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Í greininni segir svo, með leyfi forseta:

„Sama rétt til bóta og hjón hafa samkvæmt lögum þessum einnig karl og kona, sem búa saman og eru bæði ógift, ef þau hafa átt saman barn eða konan er þunguð af hans völdum eða sambúðin hefur varað samfleytt í tvö ár. Sama gildir um bótarétt þess, sem eftir lifir, þegar hitt deyr.

Slíkt sambúðarfólk öðlast þó aldrei meiri bótarétt en þau hefðu haft, ef þau væru hjón. Þó er heimilt að greiða sambúðarkonu slysabætur."

Ef þessum skilyrðum er ekki fullnægt nýtur sambúðarfólkið réttar samkvæmt almannatryggingalögum sem einstaklingur. 52. gr. almannatryggingalaganna tekur því til sambúðarfólks að uppfylltum ákveðnum skilyrðum og ættu því í reynd í þeim tilfellum að vera tryggð sömu réttindi hvað varðar ekkjubætur almannatrygginga, dánarbætur, slysatryggingar og makabætur, enn fremur greiðslu elli- og örorkulífeyris. Á hitt er þó að líta, að Tryggingastofnun ríkisins hefur oft lent í erfiðleikum vegna þessa ákvæðis vegna þess að alla skilgreiningu vantar á hugtakinu „sambúð", enda engar reglur til um skráningu slíkrar sambúðar og oft erfitt að ákvarða hvort um sambúð hefur verið að ræða og hversu lengi hún þá hefur staðið.

Ég vil svo að lokum, með leyfi forseta, vitna í álitsgerð Sambands Alþýðuflokkskvenna sem rakin er í grg. þáltill., en þar kemur ljóslega fram hversu brýnt er að réttarstaða þessa fólks verði könnuð og réttindi þess betur tryggð. Þar segir með leyfi forseta:

„Í ljósi þróunar síðari ára varðandi óvígða sambúð — og þess hve margir kjósa slíkt sambúðarform — verður æ brýnna að réttindi aðila í slíku sambúðarformi séu tryggð, ekki síst með tilliti til efnahagslegrar réttarstöðu.

Þær tölulegu staðreyndir, sem fyrir liggja um óvígða sambúð, renna stoðum undir þetta álit, en samkv. upplýsingum Hagstofu Íslands er vitað að um 4000 manns eru í óvígðri sambúð.

Helstu lög, sem tryggja eiga réttindi og skyldur í hjúskap, eru lögin um stofnun og slit hjúskapar og lögin um réttindi og skyldur hjóna, en þessi lög ná ekki til fólks í óvígðri sambúð og hefur löggjafinn enn sem komið er ekki séð ástæðu til sérstakrar lögverndar slíks sambúðarforms.

Fyrst og fremst einkennist því efnahagsleg réttarstaða ógifts fólks í sambúð af öryggisleysi, sem hlýtur að verða að gefa gaum og löggjafinn verður að grípa inn í á þeim sviðum sem brýnust eru.

Auk hinnar efnahagslegu réttarstöðu ógifts fólks í sambúð verður að huga sérstaklega að erfðaréttinum. Þeir, sem búa í óvígðri sambúð, eiga ekki gagnkvæman erfðarétt og ekki rétt til að sitja í óskiptu búi. Erfðarétturinn verður í þessum tilfellum að vera tryggður í erfðaskrá. Í þessu sambandi er gagnlegt að skoða einnig þann þátt er snýr að erfðaskattslögunum, að ef aðilar í óvígðri sambúð arfleiða hvor annan lendir hinn arfleiddi í að greiða hæsta erfðaskatt vegna „óskyldleika".

Heyrst hafa þær raddir, að sýna beri vissa íhaldssemi hvað varðar löggjöf um óvígða sambúð. Þau sjónarmið, sem liggja til grundvallar þeirri skoðun, eru að líkindum þau, að hlutaðeigandi séu fullorðnar sjálfstæðar manneskjur, sem hafa valið sitt sambúðarform með það í huga að réttindi og skyldur þeirra eigi að vera óháðar hjúskaparstétt og aðeins bundnar almennum lögum. Og enn aðrir álíta að sérstök löggjöf um óvígða sambúð eigi að vera valkostur, en ekki skylda sem þeir, sem búa í óvígðri sambúð, verði að gangast undir. Nauðsynlegt er því, ef setja á lög eða reglur um óvígða sambúð, að hafa sjónarmið þeirra í huga sem velja sér slíkt sambúðarform, þó óhjákvæmilegt hljóti að vera að lögvernda efnahagslega réttarstöðu fólks í óvígðri sambúð. Ástæða fyrir réttarfarslegu jafnræði er sú, að bæði sambúðarformin hafa sama þjóðfélagshlutverki að gegna, sérstaklega þegar um börn er að ræða. Því skulu þau hafa sama rétt gagnvart lögum.

Þegar réttarstaða fólks í óvígðri sambúð er skoðuð í heild sinni er því óhjákvæmilegt að hún feli í sér viss réttindi sem tryggi öryggi í slíkri sambúð og þá jafnframt einnig skyldur. Þá hlýtur að vakna sú spurning, hvar draga eigi mörkin milli sjálfstæðis einstaklinganna annars vegar og hins vegar þess, að sameiginlegir hagsmunir þeirra séu tryggðir. Lög og reglur eru mismunandi og fer það eftir því hvaða svið er tekið. Því má ætla að heppilegra væri að í stað allsherjarlöggjafar fyrir óvígða sambúð verði að taka fyrir hvert réttarsvið fyrir sig og sníða nauðsynlegustu atriði í slíkri sambúð að núgildandi lögum þar sem því verður við komið. Grundvallaratriðin, sem nauðsynlegt er að tryggja í slíkri sambúð, mundu efalítið þurfa að taka til meðlagsskyldu, framfærsluskyldu, reglna um sameiginlega eign og reglna um arf og skipti bús. Ber því að skoða sérstaklega hvort ekki sé heppilegra að gera breytingar á gildandi lögum á afmörkuðum sviðum, þar sem þeirra er þörf, heldur en að stefna að umfangsmikilli löggjöf. Verður að telja grundvallaratriði að nauðsynlegur undanfari þess að aflétta því réttarfarslega öryggisleysi, sem ríkir hjá fólki í óvígðri sambúð, sé sá, að gaumgæfilega sé kannað hvar og hvernig réttindamálum þeirra verður best fyrir komið.

Óhjákvæmilegt hlýtur einnig að vera að taka afstöðu til hvað það er sem ákveði hvort um sambúð sé að ræða sem eigi að veita þau réttindi sem hér hefur verið vikið að. Verður varla hjá því komist að slíkt verði gert með tilkynningarskyldu eða skráningu sambúðar sem báðir aðilar standi að.

Gæti því verið um val að ræða hjá fólki í óvígðri sambúð — þar sem annars vegar væri um að ræða óbreytt ástand en hins vegar skráningu óvígðrar sambúðar sem fylgdi efnahagslegt og réttarfarslegt öryggi. Væri slík skráning ekki fyrir hendi hlyti það að skapa vandræði, t. d. ef sambúð hefur staðið mjög stutt og annar hvor aðilinn ætti mun meiri eignir en hinn, auk þess sem skilgreining á hugtakinu sambúð yrði að vera skýr og ótvíræð þegar um aukinn lagalegan rétt væri að ræða."

Hér lýkur tilvitnun í álitsgerð Sambands Alþýðuflokkskvenna. Telur flm. ekki nauðsyn á ítarlegri grg. um þessa þáltill. þar sem í álitsgerðinni koma fram þau grundvallaratriði sem sýna fram á nauðsyn þess sem þáltill. gerir ráð fyrir.

Ég vil svo, herra forseti, leyfa mér að biðja um að till. verði að lokinni þessari umr. vísað til allshn.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Hv. 10. landsk. þm. hefur hér hreyft mikilsverðu máli sem varðar marga þegna þjóðfélagsins. Miklu starfi hefur verið varið til þess að reyna að finna lausn á því, hvernig málefnum þessa hóps manna yrði best fyrir komið, og það er vissulega tímabært úrlausnarefni hér á Íslandi, eins og raunar víðar. Að þessu hefur verið unnið m. a. á vettvangi sifjalaganefndarinnar, sem samdi m. a. barnalagafrv. það sem hér liggur á borðum okkar. Sú nefnd hefur haft allvíðtækt samstarf við norrænu sifjalaganefndirnar um lagareglur um hjúskaparstöðu fólks og þar með afstöðu til óvígðrar sambúðar. Það virðist ljóst nú, að erfiðara sé að komast að sameiginlegri norrænni niðurstöðu heldur en menn hugðu í upphafi, vegna þess hve misjafnt almenningsálit í þessum löndum virðist vera á því, að hve miklu leyti jafna beri óvígðri sambúð og þeim skyldum og réttindum, sem henni fylgja, til hjúskapar.

Það, sem um er að ræða, er fyrst og fremst þetta:

Við stöndum frammi fyrir heimili tveggja maka í óvígðri sambúð sem reka heimili sitt með nákvæmlega sama hætti og hjón væru, en hafa öðruvísi réttarstöðu í þjóðfélaginu. Þessi munur á réttarstöðu varðar, eins og hv. flm. sagði, fyrst og fremst erfðarétt, svo og réttarstöðu við sambúðarslit, einkum að því er til fjármuna tekur. Ég vildi víkja nánar að þessu atriði og tala þá um í þessu sambandi muninn á framfærsluskyldu og framfærslurétti sem hjónabandi fylgir, en er ekki til staðar í óvígðu sambúðinni milli makanna innbyrðis, og svo afstöðu makanna til barna í óvígðri sambúð. Um það fjallar m. a. barnalagafrv. sem hér liggur frammi.

Í grg. með frv. til barnalaga, sem lagt var fram á síðasta þingi, birtust sem fskj. upplýsingar um könnun á stöðu barna og fróðlegar tölur um fjölda þeirra sem fæddust utan hjónabands. Það er gamalkunn staðreynd á okkar landi, að fólk verður skelfingu lostið þegar það heyrir hinar hrikalegu háu tölur barna fæddra utan hjónabands. Árið 1975 var tala óskilgetinna barna á Íslandi t. d. um 30% af fæddum börnum. Þessi 30% skiptust þannig, að um 20% fæddust utan sambúðar og um 10% í óvígðri sambúð. Þessar tölur sögðu þó ekki nema lítið brot af sannleikanum sem síðar varð, því að eftir 5 ár kemur í ljós, að hlutfall þeirra barna, sem enn eru óskilgetin, lækkar í 13%. Þarna er því fyrst og fremst um að ræða það, sem dr. Björn Björnsson guðfræðiprófessor kallaði í doktorsritgerð sinni um þetta sambúðarform svokallaða trúlofunarfjölskyldu, og börn, sem fæddust í slíkri fjölskyldu, en urðu síðar hjónabandsbörn með þeim hætti sem lagareglur þar um segja, en jafnskjótt og foreldrarnir giftast teljast börnin ekki lengur óskilgetin, eins og kunnugt er. Þetta atriði, réttarstaða barna fæddra í og utan hjónabands, eins og vikið er að henni og stefnt að að jafna hana í frv. til barnalaga, sem hér liggur frammi, verður mjög til bóta. Það, sem flóknast virðist vera eftir sem áður, er það, hvernig framfylgja beri rétti barnanna sjálfra, einnig í ýmsu öðru tilliti en fjármunalegu, eftir sambúðarslit foreldranna. Þegar börn eru fædd utan hjónabands, þá hefur móðirin samkv. íslenskum reglum forræði eða forsjá barnsins. Jafnvel þótt allt sé í besta samkomulagi milli foreldranna, þá er það svo, að lagalega séð hefur móðirin þetta forræði og það getur á stundum eftir langa og trausta sambúð, þótt óvígð sé, komið óneitanlega sérkennilega út í sumum tilvikum, að réttur föðurins skuli ekki vera meiri að því leyti. Það getur að sjálfsögðu bitnað síðar á barninu og skert möguleika þess til umgengni við föður sinn ef sambúðarslit verða. Þetta er eitt stærsta og viðkvæmasta málið á þessu sviði, umgengnisréttur barna við báða foreldra sína, þótt aðeins annað hafi forsjána eða forræðið eins og kallað er.

Að því er framfærsluréttinn varðar, þá langar mig til að vitna í atriði úr grein, sem birtist í nýútkominni bók sem heitir Fjölskyldan í frjálsu samfélagi. Sjálfstæðiskonur, Landssamband sjálfstæðiskvenna og Sjálfstæðiskvennafélagið Hvöt, hafa nýlega gefið út rit um fjölskyldumálefni. Þar er fjallað um ýmis atriði þeirra mála, þar sem þörf er samræmdrar stefnu og reglna í þjóðfélaginu er taka mið að þeirri þróun sem orðið hefur á undanförnum árum. Í þessa bók skrifa 24 höfundar. Þar er m. a. grein eftir Ingibjörgu Rafnar héraðsdómslögmann, sem nú er lögfræðingur Mæðrastyrksnefndar í Reykjavík. Einn kaflinn í grein hennar fjallar einmitt um óvígða sambúð, og þar sem hér er um mikilsvert málefni að ræða tel ég rétt að benda á nokkur atriði úr þeirri grein.

Hún getur í fyrsta lagi um þá staðreynd að 1. des. 1979 voru 7310 einstaklingar í óvígðri sambúð hér á landi, og vitnar þar til Hagstofunnar. Það eru 3655 heimili og á þessum heimilum voru 4000 börn. Ingibjörg hugleiðir dálítið í grein sinni hverjar ástæður muni liggja til þess, að þessi hópur fólks hafi kosið sér þetta sambúðarform. Hún segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Ætla má að enn fleiri hafi kosið sér þetta sambýlisform en þessar tölur sýna, m. a. vegna réttindamissis, ef aðili er í sambúð, t. d. missir réttar til mæðra- eða feðralauna."

Eins og kunnugt er, eiga einstæðar mæður, eins og það er orðað í tryggingarlögunum, rétt til mæðralauna. Um það hefur risið deila fyrir dómstólum, hvenær skerða beri þennan rétt. Hefur í mörg ár verið litið svo á, að jafnskjótt og ógift móðir tæki upp sambúð, þótt með öðrum en föður barnsins væri, félli niður réttur hennar til mæðralauna.

Nú er það svo, að óvígðri sambúð fylgir ekki að lögum gagnkvæmur framfærsluréttur makanna. Fjallar Ingibjörg Rafnar í grein sinni um þau vandamál sem upp koma að þessu leyti til, þegar borið er saman við réttarstöðuna í hjúskapnum. En það er grundvallarregla í íslenskum hjúskaparlögum, að hjónin séu sameiginlega og gagnkvæmt framfærsluskyld, og svo er litið á, að makinn, sem vinnur heimilisstörfin, geti að sínu leyti leyst framfærsluskylduna af hendi með þeirri vinnu þó ekki komi þar beint fjárframlag.

Þá rekur greinarhöfundur það, að komið hafi upp hugmyndir, ekki síst meðal vinstri sinna, að því er hún segir, um það, að afnuminn sé þessi framfærsluskylda innbyrðis milli hjóna. Hún segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Engin löggjöf er til um þetta sambýlisform, hvorki um réttindi og skyldur aðilanna í sambúð eða við slit hennar. Hins vegar má benda á, að ýmis lög jafna sambúð til hjúskapar. Til dæmis gera almannatryggingalögin ráð fyrir að sambýlisfólk hafi sama rétt til bóta almannatrygginga og hjón, ef það á barn eða á von á barni saman eða sambúðin hefur varað í tvö ár, sbr. 52. gr. laga nr. 67/1971 — og það öðlast aldrei meiri bótarétt en þau hefðu verið hjón. Ég tel það rétta stefnu," segir höfundur, „að leggja hjúskap og sambúð að jöfnu í þessu tilliti, þar sem hið opinbera á ekki að mismuna borgurunum eftir því hvaða sambýlisform þeir kjósa sér, frekar en eftir trúarbrögðum. Það á að miða við raunverulega sambúð, hvort sem hún er vígð eða óvígð, þó að framfærsluskyldu sé ekki til að dreifa milli aðila í óvígðri sambúð."

Annar staðar segir höfundur, með leyfi hæstv. forseta:

„Þær hugmyndir hafa verið viðraðar, einkum af vinstrisinnum, að fella beri niður gagnkvæma framfærsluskyldu milli hjóna og tengja framfærsluskylduna eingöngu við börn. Ég er andsnúin þessum hugmyndum og teldi framgang þeirra spor aftur á bak í jafnréttisbaráttunni. Ákvæði 2. gr. laga nr. 20 frá 1923, sem kveður svo á að báðum hjónum sé skylt, hvoru eftir getu sinni og svo sem sæmir hag þeirra, að hjálpast að því að framfæra fjölskylduna með fjárframlögum, vinnu á heimilinu eða á annan hátt, tel ég í fullu gildi og raunar sjálfsagt, þar sem það er í samræmi við eðli hjúskaparins, þ. e. efna-

hagslega, félagslega og hagsmunalega samstöðu hjóna almennt. Enn fremur er til þess að líta, þó að útivinna giftra kvenna færist í vöxt, að í fjölskyldum, sem eru hjón með ung börn, stunda sjaldnast bæði hjón tekjugæfa atvinnu að fullu, gegna ekki bæði fulllaunuðu starfi."

Þetta sagði höfundur greinarinnar um þetta efni, um hugmyndirnar um að fella niður framfærsluskyldu innbyrðis milli hjóna, og var því andvíg fyrst og fremst vegna þess að hún taldi það óhagstætt jafnréttishugsuninni.

Þegar á það reyndi fyrir dómstóli snemma á þessu ári, að kona héldi mæðralaunum þótt hún hefði tekið upp sambúð, fór það mál þannig, sem er nýtt, að því er ég best veit, að henni var dæmdur réttur til að halda mæðralaununum allt að einu. Þetta er alveg þveröfugt við það sem viðtekin venja hefur verið um þetta atriði. Ég sé að hv. 10. landsk. þm. verður áhyggjufullur á svipinn, sem von er. Það verður að hugsa fyrir því, ef slík skipan yrði almenn, hvaða áhrif það hefði á reikninga Tryggingastofnunar ríkisins. Mér er ljóst að það er eitt atriði þessa máls. Hins vegar geri ég ráð fyrir að það sé ekki aðalatriði í hennar augum, heldur að komast að niðurstöðu um það, hvernig hag þessa fólks sé best borgið. En í niðurstöðu þessa dóms sýnist ekki vera lagður til grundvallar sá skilningur sem ríkt hefur á skilyrðum tryggingalaga til mæðralaunaréttar og felur í sér að rétturinn sé bundinn því, að móðirin sé ekki í sambúð á sínu heimili, heldur virðist vera nóg að hún sé ekki í sambúð með föður barnsins, ef hún er í óvígðri sambúð. Þetta virðist mér vera niðurstaðan. Að vísu er þetta undirréttardómur og verður fróðlegt að vita hvernig framhaldið verður, en þetta er vissulega stefnumarkandi atriði.

Þessi niðurstaða dómsins byggðist beinlínis á því meginatriði, að lögum samkv. stofnast ekki framfærsluréttur milli hjóna sem taka upp óvígða sambúð. Þótt þau kosti heimili sitt saman í raun stofnast ekki formlegur framfærsluréttur þeirra í millum.

Það er mikilsvert atriði í þessu sambandi, að ungt fólk sé frætt um það, hvaða réttaráhrif óvígð sambúð hefur og hvaða réttaráhrif hjúskapur hefur í dag.

Stundum lítur helst út fyrir að margt fólk, sem kýs að búa í óvígðri sambúð, geri það einungis vegna þess að það vill ekki kallast vera í hjónabandi, en njóta réttaráhrifa þess allt að einu. Þetta segi ég vegna þess, að mér virðist það vera nokkuð samdóma niðurstaða þeirra, sem hafa hugsað um þetta mál, að það verði að koma til einhvers konar lögformlegur búnaður á þetta samband. Ýmsir telja að sá búnaður þurfi að heita eitthvað annað en hjúskapur eða hjónaband. T. d. nefndi hv. flm. málsins hér skráningu. Það er líka ljóst, að þótt skráning sé þurfa ýmis skilyrði að vera fyrir hendi til þess að ljóst sé hvort jafna megi áhrifum sambúðar að öllu leyti við áhrif hjúskapar. Má í því sambandi t. d. benda á það ákvæði hjúskaparlaga, sem sett voru fyrir nokkrum árum, er fjallar um hjúskap sem staðið hefur mjög skamman tíma og hvernig um það færi, ef hjónabandi yrði slitið. Skráning ein sér sýnist mér því ekki vera lausn. Það væri hægt að skrá sambúð í dag og slíta henni eftir viku. Hvaða réttaráhrif hefði það? Ég held að ganga verði frá ákvæðum um það, hvaða skilyrðum sambúðin þarf að hlíta til þess að jafna megi til sömu stöðu og hjúskapur hefur samkv. okkar lögum í dag.

Spurning er bara hvort niðurstaðan verður ekki sú, að þessi skráning verði einfaldlega með sama hætti og gifting er í dag. Sú yrði e. t. v. niðurstaðan eftir allar bollaleggingarnar. Á það er einnig að líta, að núgildandi löggjöf gefur hjónum allfrjálsar hendur til að skipa að vild fjármunahlið síns sambands. Hins vegar hefur það ekki mikið tíðkast. Þetta atriði ber einnig að sama brunni og ég nefndi áðan. Þarna skortir verulega á fræðslu.

Ég er eindregið þeirrar skoðunar, að nauðsynlegt sé að kynna ungu fólki miklu, miklu betur það frelsi sem hver einstök hjón hafa til að ráðstafa sínum málefnum innbyrðis þegar þau ganga í hjúskap, hvernig byggt er á jafnræði makanna, og jafnframt hvaða áhrif fylgja því að ganga ekki í hjúskap. Ég er m. ö. o. þeirrar skoðunar, að ein ástæðan fyrir því, hve mörg vandamál rísa við sambúðarslit óvígðs sambúðarfólks sé skortur á fræðslu fyrir ungt fólk um réttarstöðu makanna. Hér mætti vel taka okkur til fyrirmyndar ýmislegt sem t. d. kaþólska kirkjan gerir í suðlægum löndum í Evrópu. Það liggja frammi í hverri smákirkju skemmtileg tímarit ætluð trúlofuðu fólki, þar sem segir allt um stöðu þessa fólks, hvernig það stendur að vígi, hvaða hluti það þarf að athuga áður en það gengur í hjúskap. Ég veit vel að þar er auðvitað sú ástæða, að þar er ekki jafnauðvelt að slíta hjúskapnum og hjá lúterskum. En allt að einu, sambúð fólks yfirleitt er svo viðurhlutamikið fyrirtæki á allan hátt, að mér finnst að í öllu því tali, sem verið hefur á undanförnum árum um að menntun ungmenna skuli taka mið af þróun samfélagsins, búa fólk sem best undir lífið, hafi þessi þáttur verið vanræktur. Það er enginn vafi á því. Sér í lagi hefur verið vanrækt að kynna stúlkum þetta atriði, ungum stúlkum í skólum, skulum við segja, eða annars staðar þar sem menntun fer fram. Ég varð þess vör í starfi sem ég stundaði fyrir allnokkrum árum, að að því voru mikil brögð, því miður, að konur höfðu vanist því að ganga til sinnar sambúðar eða hjúskapar með því hugarfari, sem skiljanlegt er við þær aðstæður vitanlega, að treysta fullkomlega maka sínum og viti hans. En þær uppgötvuðu í sumum tilfellum allt of seint, að þær höfðu ekki vitað hver fjármunaleg réttarstaða þeirra var.

Herra forseti. Ég gat ekki látið hjá líða, þegar þessi mál bar á góma, að ljúka máli mínu með því að leggja sérstaka áherslu á geysilega þýðingu þess að stórauka fræðslu um réttaráhrif hjúskapar og sambúðar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Félagsleg þjónusta fyrir aldraða, þáltill. (þskj. 23). — Ein umr.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Á þskj. 23 hef ég leyft mér ásamt nokkrum öðrum þm. Alþfl. að flytja svofellda þáltill.:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að hlutast til um að komið verði á samræmdu skipulagi í heilbrigðisþjónustu fyrir aldraða með tilliti til bæði félagslegra og heilsufræðilegra sjónarmiða.

Í því skyni skipi heilbr.- og trmrh. nefnd sem geri tillögur um umbætur og betri skipulagningu allra þátta í heilbrigðis- og félagslegri þjónustu fyrir aldraða, sem gæti auðveldað yfirsýn yfir brýnustu þörf á sjúkrahúsvist, langlegudvöl, heimahjúkrun, heimilisþjónustu og dvalarheimilum fyrir aldraða."

Eins og fram kemur í grg. var þessi till. flutt á 100. löggjafarþingi, en varð þá ekki útrædd.

Varla fer á milli mála að tveir meginþættir hljóta að vera undirstaðan undir velferð aldraðra, og þjóðfélagið

verður að skoða þá sérstaklega þegar við leitum leiða til að búa sem best í haginn fyrir þá, en það eru félagslegu og heilsufarslegu þættirnir. Þótt margt hafi áunnist í þessum þáttum, þá er enn mjög langt í land að aldraðir búi við þá heilsugæslu og ýmsa félagslega þjónustu sem þeim er nauðsynleg.

Hinir félagslegu þættir taka einkum til atvinnumála, lífeyris, húsnæðis og umhverfis hins aldraða, svo og ýmissar félagslegrar þjónustu sem oft er þörf á við aldraða í heimahúsum.

Heilsufarslegir þættir taka svo til ýmiss konar sjúkdóma og heilsuverndar aldraðra, heimilislæknaþjónustu, svo og ýmissa hrörnunarsjúkdóma sem krefjast t. d. ekki sjúkrahúsvistar ef næg félagsleg aðstaða væri fyrir hendi í heimahúsum eða næg dvalarheimili með hjúkrunaraðstöðu, svo og fullkomin göngudeildarstarfsemi.

Þessir tveir þættir, hinn félagslegi og hinn heilsufarslegi, eru oftast samofnir og krefjast samhæfðrar skipulagningar og verða því aldrei leystir farsællega nema til komi sameiginlegt átak þeirra aðila sem að þessum málum starfa. Slíkt samofið heilbrigðis- og félagslegt kerfi fyrir aldraða hlýtur að krefjast góðs skipulags og samræmingar á ýmsum sviðum til að það nýtist sem best í hverju tilfelli fyrir þá sem í brýnustu þörf eru hverju sinni. Og árangur í heilbrigðisþjónustu aldraðra hlýtur að vera undir því kominn, að samtenging og samhæfing allra þátta þessarar þjónustu sé sem mest, auk þess sem það tryggir hagkvæmni í rekstri samhliða bættri þjónustu.

Fram til þessa má segja að heilsugæsla og félagsleg þjónusta hafi verið mjög dreifð og lítið skipulögð. Við höfum t. a. m. yfir tiltölulega miklu vistrými að ráða fyrir aldraða og er það mun meira hlutfallslega hér á landi en í nágrannalöndunum. Þrátt fyrir það eru langir biðlistar á ýmsum þeim þjónustu- og hjúkrunarstofnunum fyrir aldraða, sem við höfum yfir að ráða, og heilbrigðisþjónustu okkar mjög ábótavant á mörgum sviðum. Þessi vandi hefur hér á landi verið að langmestu leyti leystur með rekstri stórra dvalar- og elliheimila. Hafa einkaaðilar komið þessum stofnunum á fót af miklum dugnaði, en þar vantar nána samvinnu við heilbrigðiskerfið og þær félagslegu þjónustumiðstöðvar sem við höfum yfir að ráða, og eru þær því lítið læknisfræðilega tengdar sjúkrahúskerfinu í heild, auk þess sem heimahjúkrun og heimilisþjónusta aldraðra er einnig verulega úr tengslum við heilbrigðiskerfið.

Samræming í heilbrigðis- og félagslegri þjónustu við aldraða gæti t. a. m. gerst á þann hátt að koma á samræmdri öldrunarþjónustu. Í því skyni yrði komið á fót þjónustumiðstöð fyrir aldraða þar sem þungamiðjan yrði að efla þjónustu utan heilbrigðisstofnana, svo sem með stóraukinni heimilisþjónustu og heimahjúkrun, til að aldraðir gætu dvalist sem lengst í heimahúsum, auk þess sem þjónustumiðstöðin hefði á hendi sérfræðilegt mat þegar um innlögn á heilbrigðisstofnun væri að ræða. Með slíku fyrirkomulagi fengist heildaryfirsýn yfir þjónustuþörf bæði á stofnunum og í heimahúsum, og á því væri hægt að byggja áætlanir næstu ára um alla þjónustuþörf fyrir aldraða bæði heilsufarslega og félagslega. Verði ekki stefnt að slíku fyrirkomulagi, þá verður öll uppbygging öldrunarþjónustu handahófskennd og ekki síst óhagkvæm og harla ólíklegt að hún verði í samræmi við óskir og þarfir aldraðra.

Ekki er úr vegi í þessu sambandi að líta á alla þá þætti sem tengjast öldrunarþjónustu, sem eru margvíslegir og oft samofnir, til að sjá að góð samvinna félagslegrar þjónustu og heilsugæslu hlýtur að vera ein af grundvallarforsendum árangursríkrar öldrunarþjónustu. Má þar nefna öldrunarþjónustu í formi skammtíma innlagnar á öldrunardeild, sem í felst endurhæfing hvers konar svo og nauðsynleg lyfjameðferð, göngudeildarstarfsemi, dagspítala þar sem sjúklingar koma nokkra tíma á dag tvisvar til þrisvar í viku og fá læknisfræðilegt eftirlit og endurhæfingu, lengri sjúkrahúsvist, heimahjúkrun, heimilisþjónustu svo og langlegudvöl, auk margs konar tengdrar félagslegrar þjónustu við heilsugæslu og aðbúnað aldraðra.

Í nágrannalöndum okkar, t. d. Bretlandi, hefur meginþunginn verið lagður á fjölþætta þjónustu við aldraða og sjúka í heimahúsum, sem minnkar þörfina fyrir vistrými. Ég tel að okkur beri að stefna að því sama hér, því að vandamál öldrunarsjúklinga má oft leysa ef til væri vel skipulögð heimahjúkrun eða öldrunardeildir, sem tækju aldraða sjúklinga til skammtímadvalar til endurhæfingar til að viðhalda sjálfsbjargargetu sjúklingsins. Þannig væri kleift að auka möguleika aldraðra til að dveljast sem lengst í heimahúsum með því að færa eins mikinn hluta þjónustunnar inn á heimili sjúklinganna og kostur er. Lélegt skipulag öldrunarþjónustu kallar vissulega á mikla vistrýmisþörf, en vel skipulögð öldrunarþjónusta minnkar hana og gefur öldruðu fólki aukna möguleika til að dveljast sem lengst í heimahúsum. *Slíkt fyrirkomulag er tvímælalaust mun kostnaðarminna og hagkvæmra auk þess, sem er þungamiðjan, að* með því munum við koma til móts við óskir og þarfir aldraðra.

Herra forseti. Að lokinni þessari umr. óska ég eftir að málinu verði vísað til allshn.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég fagna þeirri till., sem hér er fram komin, að sumu leyti, en ekki þó að öllu. Grg., sem henni fylgir, er auðsjáanlega tekin annaðhvort upp úr grg. eða erindi lækna sem hafa allt annað markmið en það sem kemur fram í till. sjálfri. Markmið lækna, sem hafa skipt sér af öldrunarvandamálum Reykjavíkurborgar, er að gera allar slíkar stofnanir að umráðasvæði lækna og heilbrigðisþjónustunnar, en ekki þjónustustofnanir á borð við þær sem Reykjavíkurborg hefur verið að byggja upp. Ég tel það miður.

Það var samkv. tillögu þáv. borgarstjórnarmeirihl. að hafist var handa 1973 um verulegt átak í byggingu dvalarheimila og þjónustumiðstöðva fyrir aldraða í Reykjavíkurborg, en Reykjavíkurborg hefur tekið á móti öldruðu fólki víðast hvar að af landinu til umönnunar, og núv. borgarstjórnarmeirihl. hefur af miklum sóma haldið áfram því starfi sem þá var hafið. Það er alveg rétt að langt er frá því, að þessi málaflokkur hafi náð fullkomnun í umhugsun og uppbyggingu. En það er unnið og unnið dyggilega.

Það er ekki nema eitt heimili sem hægt er að kalla að hafi verið byggt upp af einstaklingum í þessum landshluta, þ. e. elliheimilið Grund. Ég skal ekki segja neitt um aðra landshluta. DAS-heimilið er byggt af félagasamtökum með verulegri aðstoð opinberra aðila og aðstöðu sem aðrir hafa ekki haft aðgang að, eins og t. d. með landshappdrættum og framlögum á fjárl. og víðar, þó að fjárlög hafi ekki styrkt dvalarheimilið fyrr en eftir

till. sjálfstæðismanna við gerð síðustu fjárlaga ef ég man rétt.

Ég vil benda máli mínu til stuðnings á sérstakt orðalag sem ég hef mótmælt hvað eftir annað í borgarstjórn Reykjavíkur, þar sem kalt læknasjónarmið kemur fram, um heimavist aldraðra. Markmið læknanna er að halda gömlu fólki frá sjúkrahúsunum, frá öllum þjónustustofnunum, eins lengi heima við og mögulegt reynist að pína viðkomandi heimilisfólk eða ættingja til að hafa sitt fólk nálægt sér, án þess þó að nokkur aðstaða sé til á staðnum. — Það þýðir ekkert að hrista höfuðið. Hér tala ég af reynslu sem borgarfulltrúi. Ég stend í því daglega að taka á móti fólki og reyna að leysa vandamál aldraðra sem ekki geta lengur verið utan stofnana, en eru það þó. Mikið af bestu árum ungs fólks fer einmitt í að hugsa um aldraða sem eiga rétt á umhugsun annars staðar. Það er því miður ekki tekið tillit til þarfa þessa unga fólks.

Ég get nefnt hér sömu dæmi — ætla þó ekki að gera það — og ég hef nefnt í borgarstjórn Reykjavíkur um miskunnarleysi þess kerfis sem ríki og læknar drottna yfir, afstöðu ráðamanna sjúkrahúsa gagnvart öldruðu fólki, hvernig það er sent í burtu, hvaða erfiðleikum það á í með að komast á sjúkrahús, hvaða sérstöðu þarf til að koma því inn, ef það er veikt og horfur á að það taki upp sjúkrarúm lengur en læknar telja góðu hófi gegna, og hvernig það er síðan sent heim. Allt þetta þarf að athuga.

Reykjavíkurborg hefur komið á stofn þeirri þjónustustofnun sem þetta frv. gerir ráð fyrir að komið verði á stofn á landsvísu, geri ég ráð fyrir. Byggingarnefnd fyrir aldraða hefur starfað á vegum Reykjavíkurborgar frá 1973 og á hennar vegum hafa verið byggðar íbúðir fyrir aldraða og hjúkrunarheimili fyrir aldraða. Íbúðir og hjúkrunarheimili blandast að nokkru leyti með Dalbrautarframkvæmdunum, en í Furugerði 2, Norðurbrún og Lönguhlíð eru fremur íbúðir fyrir aldraða. Það er verið að reisa vistheimili eða hjúkrunarheimili sem á að hýsa þá sem geta ekki hugsað um sig sjálfir á þessum stofnunum Reykjavíkurborgar, aðallega til þess að losa þær fyrr en nú er möguleiki á þegar elli sækir að og fólk þarf á hjúkrun að halda. Allt þetta, sem gert er á vegum Reykjavíkurborgar, er gert eftir ákveðnu fyrir fram hugsuðu skipulagi.

Í upphafi starfa sinna hélt nefndin opinbera fundi, auglýsta borgarafundi, þar sem hún fékk viðkomandi lækna, alla lækna sem þá voru starfandi í borginni að málefnum aldraðra, til að fjalla um vandamál aldraðra og uppbyggingu á þjónustumiðstöð fyrir aldraða. Þangað fengust líka menn með mikla reynslu af rekstri elliheimila eins og Gísli Sigurbjörnsson og starfsfólk frá honum, yfirhjúkrunarkonur og fleiri. Það var sem sagt öllum boðið. Þeir, sem komu, höfðu að sjálfsögðu mikinn áhuga á þessum málaflokki og lögðu ýmislegt til málanna. Skipurit var sett á blað, og eftir því hefur verið starfað síðan og sú áætlun er enn þá í gangi.

Í stórum dráttum er hugsað til smærri þjónustueininga en áður hafa verið fyrir aldraða, þannig að byggt verði víðar en áður var gert, byggt úti í hverfunum. Hugsunin bak við það er að aldraðir geti verið sem næst vinum sínum og kunningjum eða ættingjum og sem næst þeim borgarhluta sem þeir síðast bjuggu í.

Að beiðni byggingarnefndar fyrir aldraða samþykkti borgarstjórnarmeirihl. á þriðjudaginn var að hefja hönnun og forsögn að einni slíkri þjónustumiðstöð í Breiðholti, þ. e. raðhús fyrir hjón, nokkuð stóra stofnun með íbúðum, en hluti af þeirri stóru byggingu yrði hjúkrunarheimili og í þessu bákni öllu saman yrði heilsugæslustöð fyrir það hverfi Breiðholts sem næst er þessari þjónustumiðstöð. Mig minnir að það hafi verið rúmlega 12 þús. eða eitthvað á 13. þús. fermetra sem var ætlað í lóð undir þessa þjónustumiðstöð á fegursta stað í nýju borgarhverfi Breiðholts.

Þjónustustofnun var sett á stofn, þegar íbúðirnar fóru að koma til úthlutunar, og er í gangi á nákvæmlega þann hátt og þetta frv. gerir ráð fyrir. Hún fer líka eftir þeirri fyrirmynd sem þeir sérfróðu menn, sem við kölluðum til í upphafi, lögðu til að fylgt yrði, en þeir höfðu kynnt sér slíkt erlendis, í Bretlandi og víðar. Þeir helstu voru Þór Halldórsson, Arinbjörn Kolbeinsson, Halldór Steinsen, Gísli Sigurbjörnsson og Páll Sigurðsson. Ég man það núna, þegar ég sé okkar ágæta fyrrv. heilbrmrh., að Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri kom líka í þessa skipulagningu og lagði mikið og gott til málanna. Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar var að sjálfsögðu með tillögur og með í þessari skipulagningu frá upphafi ásamt borgarlækni og borgarverkfræðingi. Þessir embættismenn Reykjavíkurborgar hafa síðan starfað náið með byggingarnefndinni og þessari upphaflegu áætlun er haldið mjög stíft.

En nú kem ég aftur að því sama og áður. Heilbrigðisstjórnin í borginni sér þarna rísa upp húsnæði sem mætti hugsanlega hafa gott af að nota á sama hátt og menn yfirtóku bókstaflega Hafnarbúðir án þess að ég sem borgarráðsmaður gerði mér nógu snemma grein fyrir. Þær voru ætlaðar öldruðu fólki, skyldu verða dvalarheimili fyrir aldraða, en áður en nokkur vissi um var húsið orðið að sjúkrastofnun, og það er meiri sjúkrastofnun núna en það var upphaflega hugsað. Svona seilast þeir miskunnarlausu menn eftir aðstöðu. Ég kalla þá miskunnarlausa af því að ég er með mörg dæmi í huga sem gefa fullan rétt á að segja það. Svona vinna þeir.

Ég harma að þessari góðu till. skuli fylgja grg. sem er byggð að miklu leyti á sjúkrahúsasjónarmiðinu. Ég er reiðubúinn til að nefna dæmi á eftir, ef tilefni gefst til, orðum mínum til stuðnings. En þetta er það sem er að gerast, og fyrirmyndin að þessu frv., ef á að rýmka þessa starfsemi á ríkisvísu, er til og í gangi í Reykjavíkurborg. Ég fagna því, að fulltrúar Alþfl. skuli á þessu sviði eins og á mörgum öðrum, t. d. í orkumálum, taka á þennan hátt undir hugmyndir og tillögur sjálfstæðismanna.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég mun ekki taka fyrir þessa till. til þál. eins og hún liggur fyrir. Ég get hins vegar ekki annað en talið skyldu mína að upplýsa að á allra næstu dögum mun hæstv. heilbr.- og trmrh. leggja fram á þinginu frv. til l. um öldrunarþjónustu. Ég undrast þess vegna dálítið að þetta mál skyldi ekki bera að með öðrum hætti.

Forsaga þess er að í tíð fyrrv. hæstv. heilbr.- og trmrh., Magnúsar H. Magnússonar, var skipuð nefnd til að semja frv. um öldrunarþjónustu. Því verki var langt komið. Nú kann raunar að vera að nefndin hafi verið skipuð enn fyrr, ég skal ekki fullyrða það, en mér er vel kunnugt um að Magnús Magnússon lét vinna vel að þessu verki í sinni ráðherratíð og því verki var komið það vel á veg að það var sýnt embættismönnum, t. d. deildarstjórum Tryggingastofnunar ríkisins. Um þetta held ég að hv. 10. landsk. þm. hljóti að hafa verið fullkunnugt. Þess vegna hefði mér fundist eðli-

legra að bera fram fsp. um hvað hefði orðið af þessu verki.

Í framhaldi af því má einnig geta þess, að núv. hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur þegar sagt frá því í fjölmiðlum að frv. um öldrunarþjónustu sé svo til tilbúið. Raunar held ég á handriti af því í ræðustól. Það breytir ekki því, að allur áhugi á málefnum aldraðra er að sjálfsögðu af hinu góða.

Ég er samþykk þessari till. til þál. að því leyti, að ég held að það sé nauðsynlegt að samræma þau þjónustutilboð, ef svo má segja, sem við ætlum hinum öldruðu. Ég get hins vegar tekið undir með hv. 3. þm. Reykv., að mér finnst dálítið mikil áhersla lögð á vistrými. Ég held að mjög varasamt sé að líta á gamalt fólk sem einstaklinga sem fyrst og fremst þarf að vista. Með allri sanngirni skal þó tekið fram, að í grg. er talað um aukna möguleika aldraðra til að dveljast sem lengst í heimahúsum. Ég geri ráð fyrir að hv. 10. landsk. þm. sé ekki eins umhugað um vistrýmin og mál hennar benti e. t. v. til.

Þar sem hæstv. heilbr.- og trmrh. er ekki staddur hér í þingsölum tel ég rétt að minna á að frv. um öldrunarþjónustu er mjög á næsta leiti. Það má upplýsa einnig, að í fyrramálið kl. níu munu nokkrir aðilar, sem unnið hafa á ýmsum vettvangi að málefnum aldraðra, hittast í heilbr.- og trmrn. til að koma með aths. um frv. Veit ég m. a. að þar verður Oddur Ólafsson yfirlæknir og fleira fólk sem hefur unnið að slíkum málum og gerþekkir þau.

Ég þekki ekki svo vel til vinnubragða þingsins að ég sé dómbær um það, en sjálfsagt er eðlilegt að þessi till. fari til n. En ég held að hún komi aldrei þaðan aftur vegna þess, að frv. verður þá komið fram. Mér finnst því óneitanlega tímaeyðsla að vinna þannig. Ég held að við höfum ýmislegt annað að gera en vera að leggja fram þáltill. um mál sem liggja í frv.-formi á borðum þm. og búið er að skýra frá í fjölmiðlum. Mín er því sérstaklega freistað að leggja til að þessu máli verði vísað frá, en málefnið er svo gott að ég kýs að gera það ekki og mun þess vegna greiða því atkv. að það fari til n. En ég held að ég megi fullyrða að þaðan eigi það ekki afturkvæmt, vegna þess að þá verður komið fram frv. um skipulagða öldrunarþjónustu.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Fyrst út af ræðu hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur.

Þegar ég lagði þessa þáltill. fyrst fram, sem var á 100. löggjafarþingi, var mér kunnugt um að stuttu eftir að hún var lögð fram skipaði þáv. heilbr.- og trmrh. nefnd til að fjalla um þessi mál. En honum gafst ekki tími, meðan hann sat í ráðherrastól, til að leggja málið fram. Mér var því ekki kunnugt um að það væri á döfinni að leggja fram hér frv. um þetta mál. — Hv. þm. Guðrún Helgadóttir segir að þetta hafi komið fram í fjölmiðlum. Það hefur farið fram hjá mér. Ég hef hvergi séð þetta mál kynnt í fjölmiðlum. Vera má að það hafi verið í Þjóðviljanum, en ég geri ekki mikið að því að lesa hann.

Hv. þm. Albert Guðmundsson, sem unnið hefur mikið að málefnum aldraðra — og ég legg við hlustirnar þegar hann talar um þau mál, kom hérna inn á mörg málefni sem vert væri að svara, en ég held að ég kynni betur við hv. þm. Albert Guðmundsson ef hann talaði í þá veru að fleiri hefðu kannske vit á málum varðandi aldraða og öldrunarþjónustu en bara hann sjálfur. Ég get upplýst hv. þm. um að ég hef kynnt mér þessi mál mikið. Ég hef leitað til lækna um þetta, ég hef talað við aldrað fólk sjálft um þetta og ég hef talað við fleira fólk sem hefur áhuga á uppbyggingu öldrunarþjónustunnar. Ég tel mig því hafa töluvert vit á þessum málum líka.

Það kom hérna fram, bæði í máli hv. þm. Alberts Guðmundssonar og Guðrúnar Helgadóttur, að í þessari till. væri kannske meginþunginn lagður á vistrými. Svo er alls ekki. Þau hafa þá ekki lesið þessa till. vel. Meginþunginn er lagður á það, sem fram kemur í þáltill. sjálfri, að komið verði á samræmdu skipulagi í þessum málum þannig að við vitum hvar við stöndum, hvert við þurfum að stefna.

Ég geri mér vel ljóst að það þarf vistrými. Það þarf líka heimahjúkrun og heimilisþjónustu. Það er rétt hjá hv. þm. Albert Guðmundssyni, að Reykjavíkurborg hefur gert töluvert átak í heimilishjúkrun og heimilisþjónustu fyrir aldraða, og það ber að meta. En það er ekki nándar nærri nóg sem hefur verið gert. T. d. höfum við opinn hlekk enn þá þar sem er öll þjónusta í heimahjúkrun og heimilisþjónustu yfir helgar, hún er lítil sem engin fyrir hendi á kvöldin og um helgar. Ef við byggðum þjónustukerfi okkar við aldraða þannig upp að við lokuðum þeim hlekk, ef við gætum boðið fullkomna þjónustu um helgar og á kvöldin mundi það vissulega minnka vistrýmisþörf. Og ég þykist sannfærð um að ef við byggjum upp góða heimilisþjónustu og heimahjúkrun fyrir aldraða munu aldraðir frekar vilja vera sem lengst í heimahúsum en fara á elli- og dvalarheimili.

Elli- og dvalarheimili, sem hafa risið hérna nokkuð ört upp síðustu árin, eru vissulega stórt spor í uppbyggingu öldrunarþjónustu, og það er mál sem við þurfum að skoða sérstaklega og þá ekki bara með stór-Reykjavíkursvæðið í huga, heldur þurfum við að byggja sem víðast þar sem þess er þörf. En aðalmálið er auðvitað að við fáum heildaryfirsýn yfir þessi mál, að við vitum hvert eigi að stefna.

Ég vil ítreka að í þessari till. er alls ekki lagður þungi á aukin vistheimili. Þvert á móti tel ég að hérna sé lögð áhersla á að við getum stefnt að þeirri öldrunarþjónustu sem gerir öldruðum fært að dvelja sem lengst í heimahúsum.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég bjóst satt að segja ekki við að mjög miklar umr. yrðu um þetta mál.

Ég gat satt að segja ekki skilið almennilega ræðu hv. 8. landsk. þm., nema þá þannig að öll málefni aldraðra væru allt í einu komin í stakasta lag einungis af því að hæstv. heilbrmrh. hefði sagt í einhverju blaðaviðtali að hann ætlaði að leggja fram frv. Það er náttúrlega mikill misskilningur. Ef við lítum á feril þessa manns í sæti ráðh. hefur hann ekki staðið þannig við orð sín að ástæða sé til að taka það alvarlega sem hann hefur um þessi mál að segja. Ég get tekið undir það með hv. þm., að það er út í bláinn að leggja til í þessu þskj. að heilbr.- og trmrh. skipi nefnd sem geri tillögur um umbætur og betri skipulagningu þessara mála. Miklu eðlilegra væri að skipa þessa nefnd með öðrum hætti og fara ofan í þessi mál.

Ég held að það sé staðreyndin, að við Íslendingar höfum ekki búið það vel að öldruðum að nein ástæða sé til að vera með neinn hroka í þeim efnum. Ég get raunar bent á fjölmarga staði víðs vegar um landið þar sem bygging dvalarheimila fyrir aldraða hefur ýmist tekið óeðlilega langan tíma eða jafnvel stöðvast og engar horfur eru nú á að þessar byggingar geti haldið áfram vegna þess að fjármagn skortir til framkvæmdanna. Á mörgum

heimilum er mikið neyðarástand vegna þess að vistrými skortir fyrir aldraða sjúklinga. Mér fyndist því betur við hæfi að við sameinuðumst um það í sambandi við þetta mál og sérstaklega í samhengi við þau fjárlög, sem afgreidd verða innan skamms, að taka verulega á í þessum efnum strax. Og vegna þess að hv. 8. landsk. þm. er með frv. hæstv. félmrh. í vasanum væri skemmtilegt að fá upplýsingar um það, svona í grófum dráttum, hversu mikið fé til viðbótar hann ætlar til þessara mála og hvort við því megi búast, að þegar á næsta ári verði gert nýtt átak í þessum málum. Það er kjarni málsins núna að bregðast skjótt við.

Ég ætla að vona að mál, sem lagt er fram í fyrstu viku þingsins, verði afgreitt frá n. með einum eða öðrum hætti, jafnvel þótt það sé stjórnarandstæðingur sem í hlut á. Ég get ekki skilið þennan hroka. Ég býst við því, að þegar frv. heilbrmrh. verður lagt á borðin hér verði margir fyrir vonbrigðum miðað við það — hvað á ég að segja? — hvað hv. þm. var fasmikill áðan þegar hann var að tala um að réttast væri að vísa þessu máli frá strax af því að sú endanlega lausn væri fundin í eitt skipti fyrir öll sem gerði það að verkum að við þyrftum ekki lengur að hafa áhyggjur af gamla fólkinu. Ég held að það sé ástæðulaust að tala svona og miklu réttara að leyfa þm. að sjá fyrst frv. heilbrmrh., því að það er erfitt fyrir okkur að fara að hefja hér langar málefnalegar umr. um eitthvert frv. sem við fáum ekki að sjá, en er geymt undir pilsfaldinum á einstaka þm.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég harma að 1. flm. þessarar góðu till., endurritaðrar till. Sjálfstfl. annars staðar frá, þarf að missa stjórn á skapi sínu þó að ég tali af þeirri reynslu sem ég hef persónulega vegna þess að ég vinn að þessum málum, eins og hún réttilega tók fram, bæði sem framkvæmdaaðili í byggingum fyrir aldraða og hugmyndasmiður að tillögum sem er unnið að af öllum stjórnmálaflokkum í mikilli einingu. Aldrei þessu vant eru allir sammála um að gera sitt besta, og aldrei hefur orðið ágreiningur um það sem gert hefur verið. Okkur eru vandamálin kannske betur ljós vegna þess að við störfum í borgarmálum. Við höfum bein sambönd við þá aðila sem þarf að hjálpa. Ég hef ekki upplýsingar frá neinum læknum. Ég byggi á eigin reynslu. Mér er kært að bjóða hv. þm. að fylgjast með mér, þó ekki væri nema einn dag, og vita hvort hún kæmist ekki á þá skoðun sem ég hef látið hér í ljós. Það gerði ekkert til, af því að hún er þm. Reykv., þó að hún eyddi einum degi með þessu fólki í Reykjavík og talaði síðan af eigin reyslu, en ekki með tilliti til reynslu annarra, lækna eða borgarfulltrúa.

Ég vil segja alveg eins og er, að það, sem hefur gert mér erfiðast fyrir í þessu starfi mínu sem ég gegni nú fyrir annan meiri hl. borgarfulltrúa en ég gerði áður, eru einmitt samskiptin við læknana og þeirra fáránlegu tillögur og hugmyndir, sem allar miðast að því einu að ná yfirráðum og gera að sjúkrastofnunum það sem á ekki að vera sjúkrastofnanir.

Í þjónustumiðstöðinni, sem Reykjavíkurborg setti á laggirnar á sínum tíma, eru 3 af 5 frá Félagsmálastofnuninni. Við erum að leysa félagsleg vandamál í borginni, en ekki sjúkrahúsavandamálið. Ég hef neitað því og ég hef mótmælt því, að bara vegna þess að maður verður gamall skuli hann ekki hafa sama aðgang að sjúkrastofnunum og aðrir, en það eigi að byggja einhver sérstök hæli fyrir sjúkt gamalt fólk. Hvað er að gerast í þjóðfélagi okkar og hvað meina flm. með þessari málsgrein í grg.?

„Vandamál öldrunarsjúklinga eru líka af margvíslegum öðrum toga spunnin en vandamál yngri sjúklingahópa, og má ofta leysa þau ef til væri vel skipulögð heimahjúkrun eða öldrunardeildir, sem tækju aldraða sjúklinga til skammtímadvalar til endurhæfingar."

Það er alltaf verið að finna leiðir til að bægja öldruðum sjúklingum frá þeim stofnunum, sem þeir eiga að fá aðhlynningu á, og senda þá heim. Þegar við tölum um að halda öldruðum heima fyrir eins lengi og mögulegt er erum við að tala um að reyna að halda þeim heima hjá sér, heima í sínu umhverfi. Við erum ekki að tala um það, sem læknarnir eru að gera, að senda þá heim til ættingja sem þeir hafa e. t. v. aldrei búið hjá og vilja ekki búa hjá. Eigi þeir ættingja skulu þeir ekki á sjúkrahúsið þó þeir þurfi á að halda. Það er þetta sem ég er að gera aths. við. Það er ókunnugleiki flm. sem gerir að verkum að þeir líta fram hjá þessu, en ekki hjartalagið því að það þekki ég og það þekkjum við allir af tillöguflutningi 1. flm. þessarar tillögu.

Ég vil taka undir það sem kom fram hjá hv. 7. landsk. þm., að það er ánægjulegt að undanfarin ár hafa dvalarheimili og elliheimili risið víða um landið. Í sumar, þegar ég átti þess kost að ferðast meira um landið en önnur sumur, fannst mér það lýsa hjartalagi forráðamanna byggðarlaganna þegar ég sá vel búið um gamla fólkið. Víðast hvar þar sem ég kom eru þetta nýjar byggingar. Þetta vandamál aldraðra hefur því hlotið það rúm í hugum sveitarstjórnarmanna víða um land sem það hefði átt að fá fyrir löngu. Og það á ekki síður við Reykjavík en aðrar sveitarstjórnir.

Ég bið hv. 1. flm. þessarar till. innilega afsökunar ef ég hef farið út fyrir eitthvað af því, sem mér er heimilt að tala um sem þm., með því að taka til máls um það mál, sem hér liggur fyrir, af þeirri einföldu ástæðu að þetta málefni og þessi málaflokkur er mér kær og hefur verið það síðan ég kom í borgarstjórn fyrir 10 árum. Ég vona að ég þurfi ekki að biðja hana afsökunar á því að taka hér til máls og tala af reynslu, en ekki eftir upplýsingum, eins og hún segist gera sjálf, frá öðrum aðilum, en þar af leiðandi lítilli reynslu.

Málið er miklu stærra en svo, að við getum afgreitt það á skömmum tíma á Alþ. Ég fagna því — mér er alveg sama hvaðan það kemur — ef það er á leiðinni frv. frá núv. heilbrmrh. sem getur betrumbætt aðstöðu þessa gamla fólks, þeirra sem ég er með í huga, og það eru þeir öldruðu sjúku sem þurfa annaðhvort vist á heimili með góðri þjónustu eða á sjúkrahúsi. Ég fagna því, hver sem á í hlut og í hvaða pólitískum flokki sem hann kann að vera. Ég álít að löngu sé liðin sú tíð að góð mál gjaldi þess, að pólitískur andstæðingur leggi þau fram.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Mér finnst gæta nokkurs óróleika og kapps um hver eigi að vera fyrstur til að flytja eða tilkynna mál sem horfa til almenningsheilla. Mér finnst engin ástæða til þess. Ég get tekið undir þau orð hv. síðasta ræðumanns, að það er alveg sama hvaðan gott mál kemur og góðar till., en þær verða sennilega ekki framkvæmdar nema með því að að hafa til þess fjármagn og þessum málum verður ekki skipað nema leita fyrst og fremst til þeirra sem lengsta og besta reynslu hafa, bæði hvað snertir þessi mál og önnur.

Við getum glaðst yfir því, að á síðustu árum hafa orðið

verulegar breytingar til batnaðar, og það má segja að Reykjavík hafi á vissan hátt haft forgöngu í þessum málum fram yfir önnur sveitarfélög í landinu. En nú eiga aftur á móti ýmsi önnur sveitarfélög, sjálfseignarstofnanir og fleiri í mikilvægum framkvæmdum sem bæta mjög aðstöðu aldraðs fólks.

Ég hygg að við deilum ekki um að samfélagið á að reyna að skapa hverjum og einum þá aðstöðu að hann geti sem lengst verið heima hjá sér. Við þurfum ekki heldur um það að deila, að hvort sem maðurinn er ungur eða gamall á hann auðvitað rétt á því að fara á hvaða sjúkrahús sem er, eftir hvað að honum er. Ef hann þarf að gangast undir uppskurð verður hann auðvitað og á rétt á því að vera settur á fullkomnustu sjúkrahúsin sem völ er á. En ef maðurinn er langlegusjúklingur, sem ekkert er hægt að gera fyrir annað en láta honum líða vel, eru ódýrari sjúkrahúsin fyrir hann, eins og t. d. Hátúnsdeildin sem er deild frá Landspítalanum. En það er rétt sem kom fram hjá hv. 3. þm. Reykv., að það eru því miður allt of oft teknar ómanneskjulegar ákvarðanir þegar fólki er skipað heim af sjúkrahúsum. Ég þekki það ekki síður en aðrir. Ég fékk af því ákaflega mikla reynslu í fjögur ár og þurfti oft — það eiga ekki að þurfa í neinu landi að koma til heilbrmrh. mýmörg dæmi þess — að reyna að koma í veg fyrir að ósjálfbjarga sjúklingar væru fluttir inn á heimili þar sem fólk var alls ekki þess umkomið að taka á móti þeim. Þetta ómanneskjulega í kerfinu verðum við að komast yfir og eyða því.

Hitt er svo annað mál, í sambandi við frv. til l. um öldrunarþjónustu telst til tíðinda að Sþ. fái vitneskju um frv. ráðh. frá ákveðnum þingmönnum eða þingmanni í þessu tilfelli sem segist vera með það í höndunum og þetta sé alveg að koma og því hafi hún Jóhanna ekki þurft að flýta sér svona mikið og henni væri hollast að lesa Þjóðviljann. Ég ætla ekkert að ráðleggja Jóhönnu, hvorki til né frá. Hún hlýtur að lesa Þjóðviljann eftir því sem henni sýnist eða lesa hann ekki.

En eitt er athyglisvert. Þegar frv., sem hér kemur fram með þessari sérkennilegu fréttatilkynningu, kemur til umr. verðum við um leið að líta á aðrar samþykktir Alþingis í heilbrigðismálum. Alþingi hefur sett lög um heilbrigðisþjónustu. Alþingi hefur markað stefnu í heilbrigðismálum. Þess vegna er það ekki allt að halda stórar og margar ráðstefnur um að marka stefnu í heilbrigðismálum. Sú stefna er fyrir hendi. Það má eðlilega breyta um stefnu, en ég hygg að tæplega verði breytt um stefnu á þann veg að hætta við hálfnaðar framkvæmdir eða framkvæmdir sem er byrjað á. Það verður að ljúka þeim framkvæmdum. Ég held að við getum ekki látið sögu úr öðrum málaflokki eins og Krýsuvíkurskólann endurtaka sig í heilbrigðisþjónustunni. Þar eru margar framkvæmdir í gangi, bæði framkvæmdir á vegum ríkisspítalanna í Reykjavík og sjúkrahúsa á vegum Reykjavíkurborgar og síðast en ekki síst uppbygging heilsugæslustöðva víðast hvar um landið. Mér finnst að framlag til þessara mála á fjárl. þessa árs hafi ekki verið með þeim hætti að hægt sé að marka víðtæka stefnu í málaflokknum og taka meira fyrir en gert hefur verið, vegna þess hvað menn hafa dregið fæturna í þessum efnum. Ég sé ekki, eftir framlögum til byggingar einstakra sjúkrahúsa á síðustu tveimur árum að dæma, fram á annað en það muni taka með sama móti og svipaðri verðbólgu töluvert fram yfir árið 2000 að ljúka þeim. Ég gæti fært rök fyrir máli mínu, en læt það bíða eftir því að hæstv. heilbr.- og trmrh. sé viðstaddur.

En það er ekki alltaf nóg að tala um að það vanti þetta og hitt, að við verðum að gera þetta og lögfesta það svo, en stöndum svo ekki við neitt af því sem sagt er og þessi virðulega stofnun, Alþingi, hefur tekið ákvörðun um og markað stefnu í. Það er þetta sem ég vil vekja athygli á. Við þurfum að fara að stemma nokkuð stigu við kapphlaupi um það að vilja eigna sér góð mál, en standa heldur betur að því að framkvæma það sem við höfum áður markað stefnu í og erum byrjaðir að framkvæma.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 8. fundur.

Fimmtudaginn 30. okt., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Forseti tók eina dagskrármálið af dagskrá.

Efri deild, 8. fundur.

Mánudaginn 3. nóv., kl. 2 miðdegis.

Forseti tók öll dagskrármálin af dagskrá.

Neðri deild, 9. fundur

Mánudaginn 3. nóv., kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Þannig stendur á, að tveir hv. þdm hafa kvatt sér hljóðs utan dagskrár. Ég vil taka það fram, að ég er eindregið þeirrar skoðunar, að það eigi að halda fast við þann hefðbundna rétt, að menn fái orðið utan dagskrár um mikilvæg mál, en þó einkum og sér í lagi brýn mál, sem ekki þolir bið að rædd séu, því ella er ætlast til að þau gangi hina hefðbundnu fyrirspurnarleið í Sþ.

Enn fremur vil ég minna hv. þdm. á að um fsp. í Sþ. hafa umr. mjög verið takmarkaðar og skornar niður eins og menn þekkja. Slíkt er ekki til siðs þegar umr. utan dagskrár fara fram. Allt að einu bið ég hv. þdm. að hafa þetta til hliðsjónar, enda hygg ég að ég muni hasta á ef mér sýnist sem um málalengingar verði að tefla.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs vegna fregnar sem mér hefur borist af Suðurnesjum. Sjávarútvegurinn þar á við örðugleika að stríða sem annars staðar, en það skal ekki gert hér og nú að umræðuefni, heldur sú fregn, að togskipið Guðsteinn, sem er eign Samherja hf. í Grindavík, mun vera þar til sölu og talið líklegt, miðað við það sem áður hefur gerst og nú hefur heyrst, að skipið verði selt burt af svæðinu. Hefur verið á það minnst, að sala til Patreksfjarðar kæmi til greina vegna sérstakra mögueika á lánafyrirgreiðslu.

Ég hef því leyft mér að kveðja mér hljóðs til að víkja að þessu máli og varpa fram eftirfarandi spurningu til hæstv. forsrh.: Fari svo, að Samherji hf. í Grindavík geti ekki fengið þá fyrirgreiðslu sem fyrirtækið telur sig þurfa til þess að halda rekstri skipsins áfram, geta þá aðilar á Suðurnesjum, sem áhuga hafa á því að kaupa skipið, ekki verið fullvissir um að þeir njóti sömu lánafyrirgreiðslu og fyrirtæki utan þessa svæðis? Þess vegna beini ég þessari fsp. til hæstv. forsrh., að líkur eru taldar á að hér komi Byggðasjóður til greina í sambandi við fyrirgreiðslu í þessu máli, og málefni Byggðasjóðs heyra undir forsrn.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Á þeim tíma, sem liðinn er síðan ég fékk vitneskju um þessa fsp. frá hv. 1. þm. Reykn., — hann ræddi við mig nokkru fyrir hádegi, — hef ég reynt að kynna mér þetta mál, en ekki tekist það nema að nokkru leyti á þessum skamma tíma.

Talið er að útgerðarfyrirtæki togarans Guðsteins eigi við örðugleika að etja, og það mun hafa spurst, að togarinn væri falur. Mér er tjáð að tveir aðilar hafi gert tilboð um að kaupa skipið, annar í Reykjaneskjördæmi, en hinn annars staðar á landinu.

Nú er það auðvitað ljóst, að það er stórt mál fyrir hvert byggðarlag ef svo mikið atvinnutæki eins og togari hverfur þaðan á brott. Ég hef kynnt mér hvort málið hafi borist til Framkvæmdastofnunar, en eftir samtali bæði við stjórnarformann Framkvæmdastofnunar og forstjóra mun svo ekki vera, að nein erindi hafi borist þangað í sambandi við þetta mál.

Mér finnst sjálfsagt að verða við tilmælum hv. 1. þm. Reykn. Ég mun biðja Framkvæmdastofnun að kynna sér málið og mun reyna að fylgjast með gangi þess.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Ég gat ekki ætlast til þess að hæstv. forsrh. hefði — á þeim skamma tíma sem liðinn er frá því að honum barst þetta mál — haft möguleika á að skoða það meira eða betur en hann hefur gert. Það, að hann mun fylgjast með málinu og gera könnun á því hjá Framkvæmdastofnun, er það svar sem ég hafði gert mér vonir um að fá hér í dag, í von um að málið fái síðan jákvæðan endi fyrir þá þar syðra.

Umræður utan dagskrár.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég hef beðið leyfis að taka til máls utan dagskrár í hv. d. vegna máls sem ég tel íhugunarvert fyrir hv. Alþ. og ekki er allt of oft rætt hér um í þingsölum, en það er er hvorki meira né minna en skipting þjóðarauðsins.

Þegar þinghald hófst í haust höfðu verkalýðsfélögin átt í margra mánaða löngu samningaþófi við atvinnurekendur sem lauk ekki fyrr en rétt nýlega. Öllum er ljóst að landsmenn hafa enga ástæðu til að fagna þeim launahækkunum sem náðust, þó að fengist hafi verulegar félagslegar umbætur. Enn þá eru laun þúsunda landsmanna langt undir því sem telja verður nægilegt til sæmilegs lífsviðurværis. En eins og oft áður hafa landsmenn sýnt skilning á efnahagsörðugleikum þjóðarinnar og gengið til samninga þrátt fyrir lítilfjörlega lausn eigin efnahagsörðugleika.

Þing hafði ekki setið lengi nú í haust þegar hv. þm. barst bréf frá kaupmannasamtökum landsins og fylgdi því gerðarleg þvottaklemma. Það tók treggáfaða hv. þm., a. m. k. suma hverja og þar með ræðumann, nokkra stund að átta sig á táknmáli þessarar sendingar. En einn hinna betur gefnu upplýsti að sendingin væri áminning til hv. þm. um að verslunin væri í klemmu vegna of lágrar álagningar á neysluvörur landsmanna.

Ræðumanni, sem einnig á sæti í borgarstjórn Reykjavíkur, kom þessi tilkynning nokkuð á óvart. Hann hafði hingað til haldið að flest annað í þessu þjóðfélagi væri í klemmu. Á byggingarsvæði, sem verið hefur í skipulagningu við Kringlumýrarbraut, er hús verslunarinnar eina byggingin sem risin er, bygging með yfir tug hæða. Ekki var að sjá að fjárskortur tefði fyrir þessari byggingu á nokkurn hátt. Borgarsjóður var þess ekki umkominn að lyfta úr jörð borgarleikhúsi eða borgarbókasafni, sem þarna er gert ráð fyrir, þó að mun fleiri eigendur standi að þeim. Samtök verslunarmanna munaði hins vegar ekki um að byggja stórhýsi þetta á skömmum tíma. Klemman virtist vera um borgarsjóð, en ekki um samtök verslunarmanna.

Nú hafa stórtíðindi verið tilkynnt. Vandi borgarsjóðs vegna borgarleikhúss sýnist að verulegu leyti leystur, og enn koma verslunarmenn við sögu. Hinn 8. nóv. 1972 lést í Reykjavík Sigurliði Kristjánsson kaupmaður og 3. júní 1978 kona hans Helga Jónsdóttir. Sigurliði var kunnur kaupmaður hér í borg alla starfsævi sína og er

ekki vitað til að hann hafi stundað önnur störf. Verslanir sínar rak hann með öðrum manni, hinar þekktu verslanir Silla og Valda. Við lát þeirra hjóna var ekki um skylduerfingja að ræða og hafa því hjónin ráðstafað eigum sínum til ýmissa menningarstofnana.

Fyrir áhuga þeirra hjóna á íslenskri menningu ber vissulega að þakka og munu margir landsmenn eiga eftir að njóta góðs af auði þeirra. Það, sem vekur hins vegar athygli launþega þessa lands, er umfang þessa auðs. Ágóði annars af eigendum þessara verslana, sem þau hjón gefa nú til menningarmála og annarrar starfsemi, er hvorki meira né minna en eignir að brunabótamati 3 milljarðar 560 millj. kr. Þarna var augljóslega ekki um verslun í klemmu að ræða. Það verður að teljast sæmilegur arður tveim manneskjum til handa, þó að vel hafi verið unnið langa starfsævi. Þessi arður er álagning verslunarinnar sem neytendur hafa greitt.

Ég hygg að það sé reynsla margra launþega í þessu landi, að erfitt sé að safna í sjóð til elliáranna, þó að vel hafi verið unnið jafnlanga starfsævi. Hið háa Alþingi og launþegasamtökin hafa reynt að mæta algjöru peningaleysi hinna öldruðu með stofnun lífeyrissjóða og lífeyri almannatrygginga, ella byggi þetta fólk við algjöran skort. Launin hrukku varla til þegar samneyslan hafði verið greidd, og hún er stór útgjaldaliður íslenskra launþega, enda verður ekki hjá því komist að leggja verulegan skatt á hvern einasta mann, þó að atvinnurekendur eigi ævinlega erfitt með að greiða hærri laun.

Það verður ekki hjá því komist að benda á, að á árunum sem Sigurliði Kristjánsson safnaði auði sínum áttu atvinnurekendur, ekki síst kaupmenn, í greiðsluörðugleikum, eins og það er kallað, og þess vegna var allajafna þröngt um launahækkun til launþega. Vel má vera að verslanir Sigurliða hafi verið betur reknar en allar aðrar, en ekki rekur mig minni til að sú ábending hafi nokkru sinni frá honum komið né að hann hafnaði hækkun álagningar. Og víst er að verslunarmenn voru ekki ofaldir af launum sínum þá fremur en þeir eru nú.

Geta má sér til um hreinan gróða kaupmannsins af verslunum sínum, því að vitanlega greiddi hann sinn hlut í samneyslu Reykvíkinga og landsmanna allra lögum samkvæmt. Og jafnframt hafði þá fyrirtækið greitt sinn hluta. En það er utan við það sem hér er bent á. Hér liggur fyrir að við andlát sitt áttu þau hjón milljarðaeignir, svo að þau gátu arfleitt samfélagið að 3 milljörðum 560 millj. kr., hvort eða hvert sem annað kann að hafa farið. Hér er um að ræða upphæð sem nær tveggja ára framlag allra Reykvíkinga til Sjúkrasamlags Reykjavíkur, sjóðs sem tryggir reykvískum borgurum naumlegt lífsviðurværi í sjúkdómum. Þessi upphæð er hundruðum milljóna hærri en sú upphæð sem fer í að reka rúmlega 40 dagvistarstofnanir í Reykjavík á ári. — Ég skal rétt ljúka máli mínu, forseti. Mér er ljóst að ég er heldur langorð.

Hér liggur ljóst fyrir, að óhugsandi er að hin látnu hjón hafi greitt til samneyslu landsmanna í nokkru hlutfalli við greiðslugetu sína. Fjarri er mér að væna látna einstaklinga um lögbrot af nokkru tagi, enda liggur ekkert slíkt fyrir. En sú spurning hlýtur að vakna, hvort löggjöfin sé þá eins og hún ætti að vera. Erum við hv. þm. að vinna að jafnrétti og lýðréttindum hér í þingsölum meðan milljarðaarður af vinnu landsmanna liggur í vösum eins manns? Og þarfnaðist verslunin hærri álagningar meðan þessi auðsöfnun fór fram.?

Það má e. t. v. segja að það sé óréttlátt gagnvart hjónunum, sem arfleiddu samfélagið svo rausnarlega, að hefja máls á þessu hér á hinu háa Alþingi. En ástæðan er einfaldlega sú, að svo vill til að hjónin voru barnlaus og arfleiddu því opinberar stofnanir að eigum sínum. En hversu mörg dánarbú af slíkum stærðargráðum halda áfram að vera í höndum örfárra einstaklinga á sama tíma og fólkið í landinu, sem skapi þennan auð, getur ekki fengið sómasamleg laun greidd fyrir vinnu sína? Ég hygg að hér sé ástæða fyrir hið háa Alþingi að staldra við. Ég held að hv. Nd. Alþingis verði að hugsa um og raunar Alþingi allt, hvort við eyðum ekki tíma okkar hér til lítils ef við höfum haldið að við værum að vinna að þjóðfélagi jafnréttis og réttlætis. Menn skulu minnast þess við næstu umr. um fjárhagsörðugleika Flugleiða, þegar við hv. þm. greiðum um það atkv., hvort ríkissjóður bjargi samgöngum þjóðarinnar við umheiminn, að erfðafé eins manns er mun meira en það sem þarf til þess. Einn maður gat léttilega reitt það fé fram sem allir landsmenn ráða ekki við úr sameiginlegum sjóði.

Við hljótum að spyrja hvort fleiri fjölskyldur í landinu hafi slík fjárráð og hvers vegna þær komist upp með að halda afrakstrinum af vinnu okkar á þennan hátt. Við getum ekki treyst því, að honum verði alltaf skilað aftur á jafnmyndarlegan hátt og Sigðurliði Kristjánsson og Helga Jónsdóttir gerðu.

Öllum landsmönnum er ljóst, að langt er frá því að við búum við réttlátt skattkerfi, þó að við vonum að lög þau um tekjuskatt og eignarskatt, sem samþ. voru á síðasta löggjafarþingi, hafi e. t. v. bætt þar nokkuð úr. Sú leiðrétting á eftir að koma skýrar í ljós þegar endanleg álagning liggur fyrir og úttekt hefur verið gerð.

Ég mun því beina máli mínu til hæstv. viðskrh. að þessu sinni og leita svara við eftirfarandi spurningum:

Fyrsta spurning: Er gróði af verslun á borð við gróða af verslunum Silla og Valda eðlileg afkoma kaupmanna og þar með vísbending um stöðu verslunarinnar?

Önnur spurning: Telur hæstv. viðskrh. kröfur talsmanna verslunarinnar um hækkun álagningar nauðsynlegar vegna afkomu hennar?

Þriðja spurning: Hver er áætlaður hagnaður verslunarinnar árið 1980?

Og að lokum fjórða spurning: Verðlagseftirlit hefur verið gagnrýnt nokkuð á undanförnum árum, — er unnið að úrbótum á því?

Mér er ljóst, að ég gerði hæstv. viðskrh. viðvart nokkuð seint um þessar spurningar og mun fyllilega sætta mig við frekari útskýringar seinna, ef hann óskar þess, svo og þá máske skriflega.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Það er rétt, að hv. 8. landsk. þm. hafði samband við mig í gærkvöld og sagðist hafa í hyggju að taka til máls utan dagskrár um þetta efni, án þess að fara nánar út í það í einstökum atriðum. Þær spurningar, sem hún hefur hér lagt fyrir mig, voru svo á borði mínu áðan, þegar ég kom á þingfund, þannig að ég hef að sjálfsögðu ekki möguleika á að svara þeim til neinnar hlítar nú, en mun með ánægju svara þeim og gera það gjarnan skriflega og senda hv. þm. þau svör sem ég hef að gefa við spurningum hans. (**Gripið fram í:** Ráðherra, get ég fengið afrit eins og aðrir?) Nei, ég held að þess verði hv. hlustandi að afla sér á annan hátt. — Ég ætla að fara nokkrum almennum orðum um þetta mál og koma nokkuð inn á hvað hefur verið að gerast í versluninni á undanförnum árum, í

samræmi við þær upplýsingar og skýrslur sem safnað hefur verið í því efni.

Þær eignir, sem hv. þm. gerði að umræðuefni, eru miklar, upp á 3.6 milljarða kr., að þær hafa verið gefnar, eins og kunnugt er, til líknar- og menningarmála. Er það mikil og rausnarleg gjöf sem ástæða er til að meta að verðleikum.

Ég hef í morgun reynt að kynna mér lauslega atvik þessa máls, hvers vegna þessar miklu eignir hafa orðið til, til upplýsinga, af því að farið er að ræða um þetta mál hér á hv. Alþ. Niðurstaða mín af þessari athugun, sem er mjög lausleg, er á þá leið, að þessar eignir hafa orðið til á 50 ára tímabili, sem lauk fyrir áratug eða tæplega það. Mér er sagt að fyrirtækið Silli og Valdi hafa byrjað að eignast fasteignir fyrir 1930, eða skömmu eftir að fyrirtækið var stofnað, en það mun hafa verið stofnað árið 1925. Og eftir það hafa engar fasteignir verið seldar af hálfu fyrirtækisins, heldur bætt við þær. Hagnaður, sem varð af fyrirtækinu, mun alla tíð hafa farið til uppbyggingar fyrirtækisins sjálfs.

Þau hjónin Sigurliði Kristjánsson og Helga Jónsdóttir áttu enga afkomendur, eins og fram kom í ræðu hv. 8. landsk. þm. Eigendur fyrirtækisins Silla og Valda, sem voru tveir, voru án efa afreksmenn í verslunarstörfum. Ég held að engar deilur séu um það í sjálfu sér. Ég þekkti þá ekki, en mér er sagt að þeir hafi unnið baki brotnu allt sitt líf við uppbyggingu og rekstur fyrirtækisins, og það er enginn efi á því, að verslanir Silla og Valda voru í fremstu röð hér í Reykjavík um áratugaskeið. Ég held að um þetta atriði deili heldur enginn maður.

Kunnugir menn hafa sagt mér að þeir Sigurliði og Valdimar hafi verið óvenjulega eljusamir verslunarmenn, útsjónarsamir og reglusamir og sparsamir. T. d. er mér sagt að þeir hafi aldrei haft nema ákaflega takmarkað skrifstofuhald, þeir hafi haft einn skrifstofumann sem hafi unnið að skrifstofustörfum í þessu stóra fyrirtæki alla tíð. Er það til dæmis um það, hvað þeir héldu spart á. Til viðbótar þessu hafa svo fasteignir sífellt hækkað í verði vegna verðbólgunnar.

Þetta held ég að séu helstu ástæðurnar fyrir því, að þessar miklu eignir urðu til. Það er hagnaður af versluninni í 50 ár tæp, það er mikill dugnaður við rekstur fyrirtækisins og svo er það verðbólgan sem eykur verðgildi fasteigna.

Ég dreg því í efa að söfnun þessara eigna geti verið réttur mælikvarði á hag smásöluverslunarinnar í landinu s. l. áratug. En ég sé ástæðu til þess að athuga hvað hefur verið að gerast í versluninni samkv. opinberum skýrslum. Þjóðhagsstofnun hefur safnað allítarlegum gögnum um hag verslunarinnar á undanförnum árum og þar koma fram vissar upplýsingar í því sambandi. Samkv. þessum skýrslum hefur vergur hagnaður innflutningsverslunarinnar — fyrir skatta — í hlutfalli við tekjur verið á seinustu árum: Árið 1973 4.9%, 1974 4.7%, 1975 4%, 1976 4.5%, 1977 3% og 1978 2.6%. Ég hafði samband við verðlagsstjóra í morgun, og hann er þeirrar skoðunar, að sennilega hafi hagur innflutningsverslunarinnar versnað að þessu leyti á seinasta ári. En ég mun kynna mér hvað menn álíta um þessi efni á þessu ári, eins og hér er spurt af hv. þm., og svara því að þeirri athugun lokinni.

Ef við lítum hins vegar á hreinan hagnað innflutningsverslunarinnar — fyrir skatta — í hlutfalli við tekjur hefur hann samkv. skýrslum Þjóðhagsstofnunar lækkað úr 4.1% 1973 í 2.1% 1978.

Að sjálfsögðu eru þetta allt saman meðaltalstölur og þess vegna verður að lesa þær með tilliti til þess. Sumar verslanir hafa miklu betri afkomu, aðrar hafa lakari afkomu. Skal ég ekki ræða það nánar, en um það mætti sjálfsagt margt segja.

Ég hef einnig athugað hver þróunin hefur verið í smásöluversluninni á undanförnum árum. Þá kemur í ljós að vergur hagnaður — fyrir skatta — í hlutfalli við tekjur hefur verið þessi á seinustu árum: Árið 1973 2.6%, 1974 2.1%, 1975 2.3%, 1976 2%, 1977 2%, 1978 1.5%, og horfur eru á að vergur hagnaður fyrir skatta í hlutfalli við tekjur verði á þessu ári 1.3%.

Lítum hins vegar á hreinan hagnað — fyrir skatta — í hlutfalli við tekjur. Þá kemur í ljós að hann hefur verið samkv. þessum skýrslum Þjóðhagsstofnunar: Árið 1973 1.5%, 1974 1.3%, 1975 1.6%, 1976 1.2%, 1977 1.1%, 1978 0.6%, og 1979 eru horfur á að þetta hlutfall verði 0.5%. Hér er auðvitað um að ræða meðaltalstölur eins og í hinum tilvikunum og verður að hafa hliðsjón af því.

Það er alveg augljóst mál, að það er mjög mikill munur á afkomu verslunarinnar — og þá er ég að tala sérstaklega um smásöluverslunina — eftir því hvort um er að ræða þéttbýli, eins og t. d. Reykjavík og grennd og Akureyri, eða strjálbýli. Það er alveg ljóst, að hin gífurlega mikla verðbólga, sem við búum við, gerir það að verkum, að það er höfuðatriði fyrir verslunina að velta sínum lagerum sem allra örast. Vaxtabyrðin og fjármagnskostnaðurinn eru gífurlega mikil hjá fyrirtækjum sem ekki geta velt lagerum sínum ört. Þarna kemur fram mismunur, sérstaklega á milli strjálbýlisverslunar og þéttbýlisverslunar. Strjálbýlisverslunin hefur miklu lakari aðstöðu til þess að beita þeim aðferðum sem þessi gífurlega verðbólga krefst og á því mjög í vök að verjast. Og þar held ég að ég geti talað af nokkurri þekkingu, vegna þess að við mig hafa talað bæði fulltrúar samvinnuverslunarinnar og einkaverslunarinnar utan af landi. Ég held að smásöluverslun úti um land eigi í miklum erfiðleikum og aðalerfiðleikinn sé fólginn í því, sem ég var að nefna, og stafi af því, að það er erfitt fyrir þessar verslanir að endurnýja sína lagera. Það gengur sífellt á lagerana og það eykur á erfiðleika um afkomuna. Ég álít að afkoma verslunarinnar í dreifbýlinu sé áhyggjuefni. Ein aðalástæðan er verðbólgan og ekki nægilega mikill veltuhraði til þess að mæta þeim útgjöldum, sem hún hefur í för með sér. Svo kemur ýmislegt fleira til í sambandi við dreifbýlisverslunina, t. d. mikil lánsviðskipti, sem fylgja því að umsetningin er hægari, og meiri rekstrarkostnaður, símakostnaður, svo að dæmi sé nefnt, og margt fleira. Og verðbólgan er í raun og veru sífellt að auka á þessa erfiðleika.

Í þessum spurningum kemur fram að verðlagseftirlitið hafi verið gagnrýnt nokkuð á undanförnum árum, og ég hef verið spurður að því hér, hvort unnið sé að úrbótum á því. Þessu get ég svarað strax að því leyti til, að nú er gert ráð fyrir í fjárlagafrv. fyrir 1981 að auka talsvert verulega starfsemi Verðlagsskrifstofunnar. Það hefur verið gert á þessu ári og verður gert til þess að hún sé betur í stakk búin til þess að sinna verðlagseftirliti. Í fjárlagafrv. nú er gert ráð fyrir 443 millj. til Verðlagsskrifstofunnar, en voru 273 í fjárlagafrv. sem lagt var fram fyrir þetta ár. Hækkunin er milli 61 og 62%. Það er að mínu mati ákaflega þýðingarmikill þáttur í sambandi við versl-

unina, að til séu sterk neytendasamtök, og gert er ráð fyrir því að tvöfalda framlag til Neytendasamtakanna frá því sem er á þessu ári.

Ég get getið þess í leiðinni, fyrst ég er farinn að ræða um þessi mál, að nokkrum dögum eftir að ég tók við starfi viðskrh. ritaði ég Verðlagsskrifstofunni svohljóðandi bréf, með leyfi hæstv. forseta:

„Í stjórnarsáttmála ríkisstj. eru ákvæði um að stutt skuli að lækkun vöruverðs, m. a. með því að haga verðlagsákvæðum þannig að þau hvetji til hagkvæmra innkaupa og greiði fyrir innkaupum í stórum stíl. Í framhaldi af samtali er yður hér með falið að athuga hvernig best verður hægt að standa að framkvæmd þessara mála, m. a. í samráði við innflytjendur og samtök þeirra. Væntir rn. þess að fá skýrslu um árangur yðar af þessari viðleitni."

Verðlagsstjóri hefur sagt mér að það hafi verið unnið mikið í þessu máli og muni Verðlagsstofnunin leggja fyrstu hugmyndir sínar fyrir mig nú á næstunni.

Varðandi verslunina almennt eru skiptar skoðanir, eins og kunnugt er, hvaða kerfi muni leiða af sér ódýrastar vörur og besta þjónustu. Ég hef opinberlega sagt skoðun mína í þeim efnum. Ég er þeirrar skoðunar, að um verslunina gildi það almennt, að heilbrigð samkeppni einkaverslunar og samvinnuverslunar ásamt virku verðlagseftirliti og sterkum neytendasamtökum sé besta tryggingin fyrir heilbrigðum verslunarháttum, ódýrri vöru og góðri þjónustu. En því er ekki að leyna, að verðbólgan skapar gífurlega erfiðleika í sambandi við verslunina, t. d. gengissig, eins ört og það hefur verið að undanförnu, jafnvel svo ört að menn hafa farið þar í þrepum eða stökkum, eins og stundum hefur verið sagt. Þetta veldur auðvitað miklum erfiðleikum í sambandi við allt verðlagseftirlit, vegna þess að verðið breytist frá degi til dags, ef svo mætti segja. Ég álít að eitt af skilyrðunum fyrir því að koma á heilbrigðum og æskilegum verslunar- og viðskiptaháttum sé að ná niður verðbólgu og koma á sæmilega stöðugu verðlagi. Ég held að það hafi staðið verslun landsmanna fyrir þrifum, hvað verðbólgan hefur verið mikil.

Þetta eru nokkur sundurlaus orð í tilefni af fsp. hv. þm., en ég skal taka þessar fsp. til athugunar og reyna eins fljótt og mér er unnt að senda þm. svör við þeim.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég vil taka það fram, að það orkar auðvitað tvímælis hvort almenn umr. um stöðu verslunarinnar á rétt á sér utan dagskrár. Ég vek athygli á þessu, en ekki þýðir að sakast um orðinn hlut. Mér þykir líklegt að fljótlega muni ég beita harkalegum niðurskurði á umr.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Hefði ég vitað hvað beið mín þegar ég kom hingað, þá hefði ég lagt hart að forseta að hleypa þessum umr. alls ekki af stað. Ósmekklegri og meira óviðeigandi umr. og meiri lágkúru hef ég aldrei heyrt í málflutningi eins eða neins á neinum fundum þar sem ég hef setið, hvorki í borgarstjórn ná á Alþingi né í neinum öðrum félagsskap, og er ég þó búinn að starfa í ýmsum félögum svo lengi sem ég man eftir mér, fyrst sem byrjandi í yngstu íþróttaflokkum hér í borg. Og þetta kemur frá borgarfulltrúa og þm. Reykv. af því tilefni, að einn af mestu velgerðarmönnum þess borgarsamfélags, sem við erum búsett í og erum þm. fyrir, er nýlátinn og sýnir samfélaginu, bæði landi og þjóð og ekki síst borgarsamfélaginu, þá virðingu sem hann hefur með ráðstöfun eigna að sér látnum sýnt þeim sem eftir lifa.

Ég tek undir það með forseta að þessar umr. hefðu átt að vera miklu styttri og helst alls ekki fara af stað.

Það vill svo til, að ég þekkti persónulega bæði Sigurliða Kristjánsson og Helgu konu hans. Duglegra og útsjónarsamara og betra fólki var tæplega hægt að kynnast. Og ég vil upplýsa að Silli & Valdi höfðu í sínu stóra fyrirtæki aðeins einn skrifstofumann síðustu árin. Þegar frú Helga gat ekki lengur fært allar bækur, skrifað alla reikninga, séð um allar innheimtur og allar pantanir á eldhúsborðinu eða stofuborðinu heima hjá sér, þá fengu þeir aðstoðarmann í fyrirtækinu sjálfu. Sá málflutningur, að afrakstur þessa fólks skuli vera gerður á tortryggilegan hátt að umræðuefni á Alþingi Íslendinga, er högg fyrir neðan það belti sem lægst er gyrt.

Ég vil líka minna á það, að sem ungir menn, hugsjónamenn, samvinnumenn, gengu þessir tveir piltar, Silli og Valdi, í Samvinnuskólann og gerðust síðan starfsmenn samvinnuhreyfingarinnar hér í Reykjavík. Þegar samvinnuhreyfingin ákvað á erfiðum tíma að loka þeirri verslun sem þeir unnu saman í, hlið við hlið og dag og nótt, eins og þá var gert, var þeim boðið sem duglegum starfsmönnum að yfirtaka fyrirtækið. Þeir þáðu það. Og á þessu gjaldþrotafyrirtæki samvinnuhreyfingarinnar, á þeim grunni byggðu þeir þann auð, sem nú er hér til umræðu.

Hvernig gengur verslun Kaupfélags Reykjavíkur og nágrennis t. d.? Er kaupfélagsfyrirkomulagið með aðra álagningu, með aðra starfsmöguleika, með skerta getu í samkeppni við frjálsa aðila eins og Silla og Valda? Ég segi nei. Ég er ekki að gera kaupfélögin að umræðuefni nema af því að kaupfélagsverslunin og menntunin innan samvinnuhreyfingarinnar kom þessum ungu mönnum á þá lífsbraut sem þeir helguðu ævistarf sitt.

Ég var samstarfsmaður Sigurliða Kristjánssonar í mörg ár. Vegna þess að Sigurliði var einn þekktasti íþróttamaður hér á yngri árum, síðan íþróttaleiðtogi, formaður Íþróttafélags Reykjavíkur um langt skeið og velgerðarmaður ungra manna í borginni, þá fékk ég það sem kallað var aðstoðarsendisveinsstarf hjá honum og þótti mikið til koma. Það varð upphaf að ævilangri vináttu og samstarfi á mörgum sviðum, sem leiddi okkur saman, og að lokum var ég við dánarbeð hans þegar hann kvaddi. Því er mér sárt að þurfa að sitja undir slíku hér á Alþingi Íslendinga. Það liggur við, þegar svona kemur upp,. að ég óski þess, að ég hefði aldrei verið kjörinn á Alþingi Íslendinga. Slík lágkúra hvílir í dag yfir þessari stofnun.

Sigurliði Kristjánsson hjálpaði fjölmörgum ungum mönnum á fyrstu skrefum þeirra að undirbúningi ævistarfs, og þeir eru til enn í dag sem hugsa með öðru hugarfari til þeirra hjóna en hér hefur komið fram í ræðu frummælanda. (**GH:** Ég hef ekki sagt misjafnt orð um þessi hjón.) Ég er að tala um það sem sagt var hér um arf þeirra og tilkomu hans. Ég vil með leyfi rekja það, að sú auðsöfnun, sem hér er á dagskrá, er ekki til komin af verslunarviðskiptum eða smásölu einni saman. Það kom fram hjá ráðh., að fyrirtækið Silli og Valdi hafði keypt eignir um 50 ára skeið, í hálfa öld, en seldi aldrei, og það er verðbólgan sem hefur að vísu aukið krónutöluna. Ég skal ekkert segja um það, hvort eða hvaða annað mat er hægt að setja á þessar eignir sem nú eru til umr. sem verslunarálagning eða gróði af smásölunni.

Á þessum 50 ára starfsferli hefur Sigurliði hjálpað mörgum, þ. á m. listamönnum. Hann hefur hjálpað listamönnum allan tímann sem hann hefur haft efni á. Hann hefur greitt götu þeirra og hann hefur keypt verk eftir þá til þess að aðstoða þá. Hvað skeður nú? Það er ekki aðeins sú lágkúra sem hér kemur fram, heldur er það Listasafn ríkisins líka sem neitar að taka við því sem að því er rétt samkv. erfðaskrá. Ekki peningunum, þeir neita ekki peningunum. Þeir neita listaverkunum. Þetta er Listasafn ríkisins. Hvað segja listamennirnir sem Sigurliði Kristjánsson og hans ágæta eiginkona, frú Helga, voru að hjálpa allan þennan tíma? Sumir hverjir urðu þekktir, landsþekktir, þjóðkunnir. Meðal annars eru þarna Kjarvalsmálverk. Þetta kom ekki út af verslunargróða einum.

Ég vil gera hér fsp., með leyfi forseta. Ég hafði hugsað mér að taka til máls utan dagskrár á morgun, ef enginn annar gerði það, og bera upp fsp. til menntmrh.: Er það rétt, er það bókstaflega rétt, sem fólkið í landinu spyr sig nú, getur það verið, að Listasafn ríkisins — og kannske einn aðili í Listasafni ríkisins, sem er starfsmaður þar, geti neitað að taka við 600 málverkum, eins og segir í fréttum í blöðunum, og þá á hvaða forsendum, með hvaða leyfi, og að málverkin skuli vera nú til sölu hjá uppboðshaldara listaverka í borginni? Hvað er að ske? Ætlar Listasafnið kannske að taka við peningunum frá uppboðshaldaranum fyrir þessi málverk og kaupa einhver önnur málverk, en ekki taka við þeim málverkum sem gefendurnir töldu að Listasafni ríkisins væri hagur að eiga? Það er ómögulegt að segja hver eða hvenær listamaður verður góður listamaður í augum almennings. Ég vil bera upp þessa fsp. hér og nú og bið hæstv. menntmrh. eða þann ráðh. sem gegnir störfum hans, ef hann er ekki við, að svara þeirri spurningu strax á morgun í Sþ.,ekki í dag í Nd., því að málverkin, sem um er rætt, eru komin í sölu á hinum almenna markaði og það er blettur, það er skömm fyrir íslensku þjóðina að taka svona á móti slíkri gjöf sem hér um ræðir.

Það er enn þá meiri skömm, að sá, sem hefur þessar umr., er líka borgarfulltrúi í Reykjavík. Fyrir það skammast ég mín persónulega. Ég tel það blett á borgarstjórn Reykjavíkur, að hann skuli sitja þar. Verslunarálagning verður til þess að umr. um það dánarbú, sem hér um ræðir, kemur á dagskrá Alþingis Íslendinga. Hvað lágt getum við lotið, hve lágt er hægt að lúta? Hvar eru takmörk lágkúrunnar? Ég ætla að bíða eftir að frummælandi taki aftur til máls. Það getur verið að hún komist lægra.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég vil að gefnu tilefni taka fram, að mér var allsendis ókunnugt um að látnum heiðurshjónum yrði blandað í umr. utan dagskrár um stöðu verslunarinnar, eins og málefnið var kynnt mér.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða stöðu verslunar. Ég held að síðar gefist tækifæri til þess.

Þó að ég sé ekki mikill stuðningsmaður þeirrar ríkisstj. sem nú situr, þá bjóst ég við að viðskrh., sem svaraði á mjög kurteisan og huggulegan hátt þessu frumhlaupi Guðrúnar Helgadóttur, mundi í leiðinni láta í ljós andúð sína á slíkum málflutningi sem hún viðhafði. En ég bjóst þó frekar við því, að hæstv. forsrh. stæði upp, af því að hann er fyrrv. borgarstjóri í Reykjavík, þm. Reykv. og var náinn samstarfsmaður Sigurliða heitins Kristjánssonar, og gæfi þessum frummælanda ákúrur. En hann fór af þingfundi og sést ekki í salnum. Hann er sennilega smeykur við frú Guðrúnu Helgadóttur. Það þarf enginn að segja mér það, að honum hafi ekki mislíkað þessi ummæli.

Ég hélt að Þjóðviljinn hefði svívirt Silla og Valda nóg á meðan þeir ráku sína starfsemi, og ég held að Sigurliði heitinn Kristjánsson hafi fengið nóg í því blaði á meðan hann lifði. En eftir að hann gefur samfélaginu allar eigur sínar, þá er haldið áfram að níða hann látinn. Ég tek undir orð Alberts Guðmundssonar, og ég get vel skilið að nánum vini Sigurliða heitins Kristjánssonar, eins og Albert Guðmundsson er og var, hafi orðið heitt í hamsi þegar inn í fsp. um stöðu verslunar og verslunarálagningar er blandað á svona ósmekklegan hátt einhverri mestu rausnargjöf sem nokkru sinni hefur verið gefin, ekki á Íslandi, heldur víðar um heim. Ef sá maður, sem hér er um að ræða, hefði verið amlóði og letingi og ekki nennt að vinna sjálfur, ef hann hefði keypt vinnuaflið, ef hann hefði eytt og sóað og drukkið og drabbað, þá væru þessar eigur ekki til. Ég keypti hús fyrir fimm árum á 24 millj. Það er fimmfaldað í dag. Ég tel mig ekki vera neinn verðbólgubraskara þó að ég eigi íbúðarhús, og ég er alveg jafnnær og ég var fyrir fimm árum. Það er eftir sem áður sama húsið að öðru leyti en því, að það er fimm árum eldra. Þetta er þróun peningamálanna, og það er sú flónska, sem hv. frummælandi gerir sig sekan um, að taka ekkert tillit til þeirra gífurlegu breytinga sem verða á verðgildi peninga frá því að þessi menn byrja verslun.

Ég tek líka undir það sem Albert Guðmundsson sagði varðandi Listasafn ríkisins, og ég tel að menntmrn. eigi að gefa Alþ. skýrslu um það, hvernig á því stendur að þessari gjöf er hafnað. Mér finnst lítilmannlegt af Listasafninu að þiggja aftur peningana. Ég held að það hefði þá átt að hafna öllu.

Ég ætla ekki að gera þessi mál frekar að umræðuefni. Ég vona að frú Guðrún Helgadóttir, hv. 8. landsk. þm., komi hér upp á eftir og sjái eftir þeim ummælum sem hún lét frá sér fara í sambandi við þessa fsp. sína. Það var allt í stakasta lagi að flytja slíka fsp., en að blanda þessum málum saman var ósmekklegt. Á þeim 19 þingum, sem ég hef áður setið, hef ég ekki heyrt jafnlágkúrulegt hér í þingsölum og að fara á þennan hátt með slíkt umræðuefni utan dagskrár.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég mun brátt hefja harkalegan niðurskurð þessara umræðna.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. viðskrh. fyrir málefnaleg svör við málefnalegri fsp. Eflaust er það rétt sem hann sagði, þó að það komi málinu að litlu við, að rekstur verslana þeirra Sigurliða og Valdimars hefur verið mjög til fyrirmyndar og mættu sjálfsagt margir af þeim læra, ekki síst þá kannske hið íslenska ríki með sín fyrirtæki, og ég er langt frá því að halda því fram, að allur verslunarrekstur í landinu skili slíkum ofurgróða sem þessar verslanir virðast hafa gert.

En menn hafa staðið hér og talað um lágkúru. Þessi fsp. mín er auðvitað fram sett að gefnu tilefni. Það er ekkert einkamál eins og hv. þm. Sjálfstfl. tveir, sem hér hafa talað, halda. Það er ekkert einkamál, að ein fjölskylda í landinu skuli láta eftir sig hátt á fjórða milljarð króna arð af verslunarrekstri, sem verið er að tala um að

eigi í örðugleikum, og þær kröfur eru hafðar í frammi, að neytendur greiði hærri álagningu til þess að verslunin berjist ekki í bökkum. Það þarf ótrúlega lágkúru til að snúa máli mínu á þann veg, sem hér hefur verið gert. Ég mun sjá til þess, að ræða mín birtist orðrétt í dagblöðum bæjarins, þannig að enginn geti trúað því, að ég hafi farið hér niðrandi orðum um þessi látnu hjón sem voru að gefa samfélaginu erfðafé sitt. Það eru ósannindi. Og tilfinningasemi á borð við það, sem hv. þm. Albert Guðmundsson hafði hér í frammi áðan, á hreinlega ekki heima í sölum þingsins. Ég sé ekki hvað hv. alþm. í hv. Nd. kemur það við, hvort hann var sendill hjá einhverjum manni úti í bæ. Slíkan málflutning er ekki hægt að bjóða mönnum.

Ég gæti notað sömu rök og hv. þm. Matthías Bjarnason, sem sagði hér eitthvað á þá leið, að Sigurliði og Valdimar hafi orðið svo efnaðir vegna þess að þeir voru ekki amlóðar og letingjar. Ég gæti hér sýnt sams konar lágkúru og mér var sýnd áðan og sagt: Er hv. þm. Matthías Bjarnason þá að segja að við hin og allir launþegar í þessu landi, sem aldrei verða ríkir, séum amlóðar og letingjar. Er það þess vegna? En ég get sagt hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni, að ég ætla ekki að nota svona mótrök vegna þess að þau eru ekki sæmandi.

Hér var ekki verið að tala niðrandi um Sigurliða Kristjánsson og konu hans. Þau skulu hafa heiður fyrir þá gjöf sem þau hafa gefið. En það er ekkert einkamál, heldur mál íslensku þjóðarinnar, að slíkur auður skuli koma upp úr vösum einnar fjölskyldu. Það getur ekki verið einkamál og um það ber að fjalla hér. Ég mun ekki svara þessu að öðru leyti. Allir þeir hv. þm., sem mál mitt heyrðu, eru vitni að því, að ég hef ekki staðið hér og nítt niður látna einstaklings. En ég legg á það áherslu, sem hæstv. viðskrh. sagði í svari sínu, að hagur verslunarinnar verði kannaður þegar verið er að tala um hvað hann eigi í miklum erfiðleikum.

Olíugjald til fiskiskipa, frv. (þskj. 18, n. 66 og 70). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Sjútvn. þessar hv. d. hefur fjallað um frv. til l um tímabundið olíugjald til fiskiskipa og varð n. ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. n., fulltrúar Sjálfstfl. og Alþfl., skilar séráliti, en minni hl. n. skilar séráliti þar sem formaður n. er frsm.

Í nál. meiri hl. segir að þetta sé þriðja frv. um tímabundið olíugjald sem lagt er fram á Alþ. á þessu ári. Fyrsta frv. var lagt fram í jan. og þar var olíugjald ákveðið 5%, en í því frv., sem núv. hæstv. sjútvrh. lagði fram í marsmánuði og afgreitt var fyrri hluta aprílmánaðar, var olíugjaldið lækkað um 2.5%. Ein af höfuðástæðum þess, að sú lækkun var gerð á miðri vertíð á olíugjaldinu, var að ráðh. taldi að óhætt væri að lækka þetta gjald um helming þar sem skráð gasolíuverð á Rotterdammarkaði hafði þá um nokkurt skeið farið lækkandi. Við, sem stóðum að nál. á þskj. 281 um þetta mál, vöruðum við að breyta gjaldinu þann tíma sem eftir var af því fiskverðstímabili, því að við sáum engin teikn á lofti sem gáfu til kynna að olíuverð færi lækkandi á því tímabili, enda kom á daginn að breyting varð ekki á olíuverði til lækkunar þetta fiskverðlagstímabil.

Hæstv. ráðh. sagði í umr. um frv. sitt í vetur, þegar hann fylgdi því úr hlaði, orðrétt:

„Annars vil ég segja það um olíugjaldið almennt og útgerðina, að ég hef miklar efasemdir um olíugjaldið. Til þess var gripið sem eins konar nauðvarnar vegna mjög hækkandi olíuverðs. Það leggst ofan á fiskverð. Misskilningur er víða að þessu leyti. Það er greitt beint af fiskkaupendum til að standa undir hluta af hækkandi olíukostnaði fiskiskipa. En það er greitt í hlutfalli við aflamagn. Það er svo og svo mikið á hvert kg af fiski sem veiðist. Vitanlega er olíugjaldið alls ekki í réttu hlutfalli við aflamagn. Þetta hefur því valdið mjög mikilli tortryggni víða, sem kemur m. a. fram í þeirri deilu sem nú er orðin á Ísafirði, þar sem olíugjaldið er á oddinum haft."

Hæstv. ráðh. taldi nauðsyn bera til þess að leysa deiluna á Ísafirði og undir það var tekið af varaformanni sjútvn., að með því að tefja fyrir málinu væri í raun og veru verið að koma í veg fyrir að samkomulag næðist. Varaformaður sjútvn., eins og hann var á því þingi, var og formaður þingflokks Framsfl. Nú spyr ég: Þegar olíugjald á samkv. þessu frv. að hækka um hvorki meira eða minna en 200%, telur þá hæstv. sjútvrh. að það muni verða til þess að bæta samkomulag á milli sjómanna og útvegsmanna? Telur hann þá leiðina að hækka olíugjald um 200% verða til að bæta samkomulag á milli útvegsmanna og sjómanna?

Ég er undrandi á þeirri skoðun hæstv. ráðh., en hann segir 31. mars í vetur í ræðu:

„Ég er á þeirri skoðun að finna eigi aðrar leiðir í sambandi við þennan olíukostnað. Ég vísa til viðræðna, sem eru í gangi og hófust að tilstilli fyrrv. sjútvrh., um breytingu á þessu sviði. Þar munu vera hugmyndir um að olía verði greidd af óskiptu, en þó þannig að greitt verði fyrir ákveðinn lítrafjölda svo að sveiflur í verði valdi ekki verulegri röskun á fiskverði til skipta. Sýnist mér mjög æskilegt að vinna frekar að samkomulagi eftir slíkum leiðum."

Nýlega hefur hann látið hafa eftir sér í blöðum, og sagði raunar einnig hér í þingi, að hann væri á móti olíugjaldinu eins og það er nú byggt upp, hann væri á móti eigin frv. Þetta er að mörgu leyti torskilið.

Hins vegar vil ég minna hæstv. ráðh. á að olíugjald var til á dögum fyrri vinstri stjórnar og áfram hélt þetta olíugjald eftir að ríkisstjórn Geirs Hallgrímssonar tók við, en það var illa séð af sjómönnum og það var einnig illa séð af útgerðarmönnum. Það var tekið visst hlutfall af útflutningsverði sjávarafurða og lagt í olíusjóð og menn fengu svo aftur niðurgreiðslu á olíu eftir því sem þeir eyddu. En samkvæmt því, sem nú er í gildi varðandi olíuverð, fá útgerðarmenn úr þessum sjóði það sama og þeir leggja í hann þar sem olíugjaldið leggst ofan á aflaverðmæti og fiskkaupandinn borgar mönnum það.

Ég hygg að það verði erfitt að stíga skref aftur til baka til þess tíma sem olíugjaldið var lagt á með fyrri aðferðinni, því að bæði sjómenn og útgerðarmenn höfnuðu alfarið þessu olíugjaldi eins og það var lagt á og það var lagt niður með öllu þegar sjóðakerfið var stokkað upp í ársbyrjun 1976. Ég segi fyrir mitt leyti að ég skil ekki heldur í ráðh., sem telur sig vera á móti því að leggja á gjald sem þetta, að hann skuli þá leggja fram frv. um það og leggja á það gífurlega áherslu á að stjórnarliðið allt samþykki þetta frv.

Við segjum í nál. okkar, að við gátum fallist á, þegar

olíuverð hækkaði í byrjun, á dögum vinstri stjórnarinnar sem sáladist fyrir ári, — þá gátum við sætt okkur við það. Sú stjórn gaf út nokkur. brbl. á árinu 1979 til hækkunar á þessu olíugjaldi. Svo varð samkomulag um það á Alþ. og hæstv. þáv. sjútvrh. hafði forgöngu í því máli að lækka olíugjaldið úr 9% í 5%. Um það náðist samkomulag bæði hér á Alþ. og eins innan sjávarútvegsins að mestu leyti. Það vakti að vísu ekki neina hrifningu hjá sjómönnum, sem varla var við að búast. Ég taldi rangt að breyta þessu gjaldi á yfirstandandi vetrarvertíð í vetur. Það hefur auðvitað gert að verkum að tapreksturinn á útgerðinni hefur orðið mun meiri en hann ella hefði orðið, þó að olíugjaldið í heild sé ekki nema lítill hluti af öllu því tapi sem útgerðin þolir nú og fiskvinnslan hefur orðið að ganga í gegnum á þessu ári.

Ég er viss um að það, sem réð úrslitum málsins í apríl hjá hæstv. sjútvrh., var í einu orði sagt hræðsla. Dráttur hafði orðið á ákvörðun fiskverðs sem gilda átti frá 1. mars. Það var liðinn rúmur mánuður. Þegar 26 dagar voru liðnir var boðað til ráðstefnu stjórna og formanna sambandsfélaga Sjómannafélags Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands þar sem ályktað var um þann drátt sem orðinn var á ákvörðun fiskverðs, sem gilda átti frá 1. mars, og stafaði af því að stjórnvöld töldu ekki grundvöll til frekari hækkana fiskverðs, sem þýðir að sjómenn fá ekki sambærilegar launahækkanir og aðrir launþegar í landinu fengu 1. mars. Ráðstefnan lýsti lögleysu hverja þá ákvörðun sem ekki tryggði sjómönnum réttmæta hækkun fiskverðs. Þegar þessi ákvörðun lá fyrir var gengið á hluta útgerðarinnar, sem var eini aðilinn sem sagði ekki upp fiskverðinu á miðri vertíð, og fyrir það að vera eini aðilinn, sem ekki gerði það, var útgerðin svipt 2.5% eða helmingi olíugjaldsins á miðri vertíð.

Þessi hringlandaháttur ráðh. sýnir ekki stöðugleika hæstv. ríkisstj. í þessu máli frekar en í flestum öðrum málum.

Í sambandi við afgreiðslu þessa máls í n. kom á fund nefndarinnar formaður L.Í.Ú., sem greiddi atkvæði með fiskverðshækkuninni, og hann var sammála því og sagði að forsenda fyrir sínu atkvæði hafi verið það loforð stjórnvalda að hækka olíugjaldið. Hins vegar voru forsvarsmenn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands á öðru máli. Þeir töldu að fella ætti þetta frv. Frv. var sent sérstaklega af formanni n. Sjómannasambandi Íslands, sem þá hélt sitt 12. þing, og 12. þing Sjómannasambands Íslands ítrekaði fyrri afstöðu sjómannasamtakana um að þann vanda, sem hækkun olíuverðs skapaði útgerðinni í landinu bæri að leysa með sameiginlegu átaki landsmanna allra, en ekki velta honum yfir á sjómenn eina, svo sem gert er ráð fyrir í frv. til l. um breyt. á lögum um tímabundið olíugjald sem nú liggur fyrir Alþ. Þingið telur að Alþ. eigi að mæta þessum vanda m. a. með því að fella niður þau innflutningsgjöld, sem nú eru á olíuvörum, og leggur áherslu á að við næstu ákvörðun fiskverðs verði þessi mál komin í það horf sem sjómenn geti við unað. Með hliðsjón af framansögðu leggur 12. þing Sjómannasambandsins til að umrætt frv. verði fellt.

Meiri hl. sjútvn. telur, að fyrst stjórnvöld hafi gefið útvegsmönnum vilyrði fyrir því að hækka olíugjaldið um 200% til að standa undir auknum útgerðarkostnaði þetta verðlagstímabil, þá beri stjórnvöldum eðlilega að standa við það. En það kemur útvegsmönnum í sama stað þó að leitað væri annarra leiða til að ná þessari sömu fjárhæð. Þeim er ekki neitt keppikefli að þetta útflutningsgjald sé tekið fram hjá skiptum. Það kemur greinilega fram alls staðar. Við þessir fjórir nm. leggjum því til að þetta frv. verði fellt, vegna þess að við teljum að óskynsamlegt sé að halda áfram, eins og gert hefur verið frá því að vinstri stjórnin tók við 1. sept. 1978, að rýra kjör sjómanna enn frekar en gert hefur verið. Við teljum að hlut útgerðarinnar vegna hækkunar á olíuverði eigi að bæta með sameiginlegum aðgerðum sem nái til allra landsmanna. Það eru takmörk fyrir því, hvað hægt er alltaf að velta öllum vandamálum innan sjávarútvegsins sjálfs á sama tíma og verið er að taka ýmisleg önnur vandamál og leggja á herðar landsmanna allra. Ég tel að sjómenn eigi ekki einir launamanna í þessu landi að standa alla tíð undir þessum hækkunum á olíuverði, en öðrum komi þær ekkert við. Þar erum við reiðubúnir til samvinnu við hæstv. sjútvrh. og hæstv. ríkisstj.

Það getur líka oft verið betra, þó að menn séu í ríkisstj. og þó að þeir hafi þingmeirihl. á bak við sig, að hafa samráð og samvinnu við stjórnarandstöðu ef hægt væri þá að ná málum fram með friðsamlegum hætti og efla á þann hátt samstarf á Alþ. og samstarf í þjóðfélaginu almennt. Ég tel mig ekkert minni mann þó að ég hafi þau 4 ár, sem ég fór með sjávarútvegsmál, oft og tíðum haft samstarf og samvinnu við þáv. stjórnarandstöðuflokka, bæði Alþb. og Alþfl., um mikilsverð mál sem þá voru á döfinni. Það kom oft þannig út að menn náðu frekar saman áður en málin komu til umr. og ákvörðunar á hv. Alþingi.

Ég vil benda hæstv. sjútvrh. og í raun og veru ríkisstj., sérstaklega þá ráðh. Alþb. sem telja sig fyrst og fremst málsvara verkalýðsins, á að á því tímabili, sem íhaldsstjórnin — sem þeir kölluðu — sat, 1974—1978, ríkisstj. Sjálfstfl. og Framsfl., — þá var Framsfl. íhaldsflokkur, nú er hann aftur orðinn blóðrauður eins og Alþb., — þá hækkuðu tekjur sjómanna um 287.6%, en kauptaxtar verkamanna almennt hækkuðu á sama tímabili um 261.6% og allra launþega um 252.7%. Lítum á breytingar fiskverðs og kauptaxta frá árinu 1974 eða sérstaklega frá árinu 1978. Þá var vísitala fiskverðs — og þá er átt við botnfiskaflann eingöngu — 331, en vísitala kauptaxta allra launþega 360 eftir ákvarðanirnar um fiskverð frá 1. okt. 1978. En lítum á næstu vísitölu á undan, frá 1977. Þá var fiskverðsvísitalan 246, en kauptaxtar allra launþega 232. M. ö. o. voru kjör sjómanna 14 stigum ofar en kauptaxtar allra launþega í landinu. Þannig var náð upp því sem sjómenn glötuðu á fyrri vinstristjórnarárunum.

Það heldur áfram að halla á sjómenn verulega, því að fiskverðið hækkar í 625 í jan. á þessu ári á móti 647 í kauptöxtum allra launþega, í mars er fiskverðið 648 á móti 690 í kauptöxtum allra launþega, í júní 724 á móti 771 og í sept. 724 á móti 837. Eftir fiskverðsbreytinguna síðustu er fiskverðsvítalan 782, en kauptaxtar allra launþega 837. Þannig hefur hallast á í fiskverðinu. Ef við tökum þetta á þann veg að fiskverð sé kauptaxtar var vísitala þeirra 106 1977, fer niður í 92 í árslok 1978 og er komin í sept. s. l. niður í 86, en fer upp í 93 eftir fiskverðsbreytinguna.

Það verður ekki hægt að segja að þessar vinstri stjórnir hafi staðið eins vel með sjómönnum í þeirra kjarabaráttu og þm. þeirra flokka standa með sjómönnum þegar þeir eru í stjórnarandstöðu. Það er aðdáunarvert að heyra hvað þeir tala fallega um sjómenn þegar þeir eru í stjórnarandstöðu og vilja hag þeirra og kjör sem allra best.

Hér er tímabundið olíugjald til fiskiskipa til umr. Það er tiltölulega lítill hluti af stórum vanda. Í fyrsta lagi er vandamálið skipting á milli sjómanna og útgerðar, kjör og afkoma allra þeirra sem stunda sjávarútveg, þeirra sem beint og óbeint eiga líf sitt og lífsvirðurværi komið undir því sem úr sjónum fæst, hvað úr því er unnið og hvað fyrir það fæst. Þessi atvinnuvegur ræður mestu um afkomu þjóðarheildarinnar því hann er burðarásinn í efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar, þó ég ætti á engan hátt að gera lítið úr mikilvægi annarra atvinnuvega og þýðingu þeirra fyrir eðlilega framþróun sjávarútvegs og þjóðarbúsins í heild. Það er því fullkomlega eðlilegt vegna mikilvægis þessarar atvinnugreinar að gera í leiðinni litla úttekt á vandamálum hennar og þá ekki síður að rifja upp það sem gerst hefur í kjaramálum og stjórn efnahagsmála á síðustu árum og gera sér grein fyrir viðhorfum til þeirra nú og spyrja stjórnvöld hvað valdi aðgerðaleysinu og hvort þjóðin megi vænta einhvers af núv. ríkisstj. til úrbóta eða hvort sama aðgerðaleysið eigi að halda áfram.

Vanskil útgerðarinnar eða réttara sagt vanskil núna 1. okt. við Byggðasjóð einan, afborgun og vextir, nema samtals 4467 millj. kr. og eru þá dráttarvextir ekki meðtaldir. Af þessum vanskilum eru vanskil vegna fiskiskipa 2826 millj. kr. og vegna fiskvinnslunnar 874 millj. kr. Nákvæmlega eru vanskil sjávarútvegsins við Byggðasjóð 3700 millj. Vanskil útgerðarinnar við Fiskveiðasjóð voru samkv. upplýsingum frá 17. ágúst, og vafalaust hafa þau vaxið verulega síðan, 7331 millj. kr. Það eru uppreiknuð vanskil, afborganir og vextir, en án dráttarvaxta. Hjá fiskvinnslunni nema þessi vanskil á sama tíma 4093 millj. kr. Olíuskuldir útvegsins nema um 13 milljörðum kr. Og þá eru ótaldar skuldir við banka, allar skuldirnar við þjónustufyrirtækin. Staða útgerðar og fiskvinnslu er því verri nú en hún hefur verið um langt árabil.

Þegar núv. ríkisstj. var mynduð gaf hún mörg fögur loforð. Stefna hennar í sjávarútvegsmálum var ekki mikil að vöxtum, en hún var afskaplega falleg og vel hugsuð, eins og allt var á þeim dögum sem unnið var að myndun þeirrar ríkisstj. Þar segir um sjávarútveginn:

„Í sjávarútvegsmálum verði lögð höfuðáhersla á eftirfarandi atriði:

1) Fiskveiðar og fiskvinnsla verði samræmd eftir því sem tök eru á, þannig að hagnýting fiskiskipastóls og fiskvinnslufyrirtækja verði sem best. Í þeim efnum verði komið á samstarfi þeirra aðila, sem mestra hagsmuna hafa að gæta, um löndun afla og dreifingu milli staða með það markmið í huga að tryggja jafnan og stöðugan rekstur og atvinnuöryggi þess fólks, sem við fiskveiðar og fiskvinnslu starfar.

2) Lögð verði áhersla á að auka nýtingu hráefnis og draga úr kostnaði, jafnt við veiðar og vinnslu. Gerð verði áætlun um framleiðniaukningu í fiskiðnaði og sérstök áhersla lögð á, að fiskverkunarfyrirtæki nái almennt því marki í hagkvæmum rekstri sem nú þekkist best. Ráðstafanir verði gerðar til þess að beina fjármagni til þess verkefnis.

3) Aukin verði hagnýting þeirra fiskstofna sem nú eru lítið nýttir, samhliða því að fjölbreytni í fiskverkun og hagnýtingu sjávarfangs verði aukin.

4) Fiskveiðistefnan verði ákveðin þannig að hagsmunaaðilum sé ljóst með góðum fyrirvara, hvaða reglur eigi að gilda um nýtingu fiskimiðanna, og framkvæmd stefnunnar verði endurskoðuð með það í huga að tryggja sem víðtækust samráð." — Það er móðins nú á dögum að hafa sem „víðtækust samráð" í öllum slíkum plöggum.

Mig langar til þess líka að minna á íslenska atvinnustefnu Alþb., sem það lagði fram fyrir kosningarnar 1978. Ráðh. Alþb. mega sennilega ekki vera að því að sitja þingfundi frekar en aðrir ráðh., nema hæstv. sjútvrh. sem er þó ekki nema 1/10 af ríkisstj. (Gripið fram í.) Ég hefði talið að eitthvað af þessum mönnum gæti setið þingfundi. Það er full ástæða til að ræða ítarlega um efnahagsmálin í sambandi við þetta mál. Það mætti því gjarnan minna þá á þingskyldur sínar.

Alþb. segir um sjávarútveginn, að „gerð verði áætlun um þróun sjávarútvegs og fiskiðnaðar á næstu 5—10 árum og að því stefnt, að útflutningsverðmæti sjávarafurða aukist verulega á þessu tímabili með öflugum stuðningi opinberra aðila. Efla ber markaðsleit og sölustarfsemi á framleiðslu lagmetisiðnaðarins og stuðla að því, að verðmætustu hráefni sjávarafurða, svo sem grásleppuhrogn og síld, verði í vaxandi mæli seld sem fullunnin vara úr landi. Einnig verði sérstaklega unnið að stórauknum útflutningi á niðursoðinni þorsklifur."

Og síðan segir um veiðar og verkun aflans: „Veiðar íslenska flotans verði skipulagðar og geymslu- og vinnsluaðstaða á sjó og í landi stórlega bætt, svo að unnt verði á næstu árum að auka loðnuveiðar sem allra fyrst úr 700 þús. tonnum í 1 millj. tonna á ári", — þeir hafa aldrei skorið við nögl, Alþb.-menn, — „að auka kolmunnaveiðar sem allra fyrst úr 20 þús. tonnum í allt að 1 millj. tonna á ári og jafnhliða, eftir því sem vöxtur fiskstofna á næstu árum leyfir, að tvöfalda botnfiskaflann, úr rúmum 400 þús. lestum í 850 þús. tonn." — Ég held að „gáfumannaflokkurinn" hafi gengið frá þessari stefnuskrá í Alþb.

Síðar segir í kaflanum um sjávarútveg: „Ríkisvaldinu ber á hverjum tíma að tryggja, að þau kjör og hlunnindi bjóðist sjómönnum sem ávallt gera starf þeirra verulega eftirsóknarvert."

Þið heyrðuð áðan hvað þeir hafa gert mikið í því að gera starf sjómanna eftirsóknarvert. Minn gamli kennari og vinur Guðmundur Hagalín sagði oft þegar honum þótti menn taka mikið upp í sig og svíkja, — þá sagði hann gjarnan: O svei attan! Ég vil gera orð hans að mínum í sambandi við framkvæmd stefnu Alþb. (**Gripið fram í:** Þar kom að því að þeim var svarað.) Var formaður n. eitthvað að segja? (Gripið fram í.) Jú, það stóð ekki heldur á því þegar Alþb. gekk til stjórnarmyndunarviðræðna bæði haustið 1978 og eins drengskaparviðræðnanna síðustu, þegar þessi stjórn var mynduð, að segja að það væru möguleikar á því að stórauka útflutningsverðmæti þessarar þjóðar. Töluðu þeir ekki alltaf um milli 50 og 60 milljarða í stjórnarmyndunarviðræðunum? Ég er hræddur um að hann Steingrímur fengi á baukinn ef hann ætlaði að láta veiða 850 þús. tonn af botnfiskaflanum á næsta ári eða fara upp í milljón tonn af loðnunni, miðað við þær ráðstafanir sem hann neyðist til að gera síðustu daga. En það er hægt að búa til alls konar vitleysu og blekkja fólk eins og Alþb. hefur gert á undanförnum árum. Það er ekki gaman að vera í þeim flokki. Það er ekki nema fyrir allra hraustasta fólk að standast þá raun. Hinir allir, venjulegir menn, væru komnir í rúmið. Þeir sem eru sómakærir í reyndinni.

Hæstv. sjútvrh. sagði hér í marsmánuði að athugun hefði leitt í ljós að lausaskuldir eða vanskil fiskvinnslunnar og reyndar sjávarútvegs hefðu vaxið gífurlega á

undanförnum árum og mánuðum. Sagði hann í lok marsmánaðar, eða 31. mars í vetur:

„Þetta hygg ég að megi ekki síst rekja til þess, að rekstrarfjárþörf fyrirtækja hefur langt frá því verið fullnægt í samræmi við verðbólgu, og hefur það leitt til verulegra vanskila. Í raun og veru er leiðrétting á þessu með skuldaskilum fyrst og fremst staðfesting á því, að rekstrarfé hefur ekki verið aukið eins og þörf er á á slíkum verðbólgutímum, bankarnir eflaust ekki haft til þess bolmagn. Því var ákveðið á fundi ríkisstj. að settir verði menn í að kanna þessi vanskil, og ríkisstj. mun beita sér fyrir því, að eins miklu og frekast er unnt með tilliti til stöðu sjóða og banka og fyrirtækja verði breytt í skil á næstu vikum og mánuðum."

Ég tel að við þessi fyrirheit hæstv. ráðh. hafi ekki verið staðið á nokkurn hátt að öðru leyti en því, að vanskilin og taprekstur inn í sjávarútvegi hafa aukist gífurlega frá því að hann flutti þessa ræðu. Það er komið svo að mínum dómi, að það verður ekki umflýjanlegt að ganga til allsherjarskuldabreytinga lána, sem við höfum kallað „konverteringu" lána, í sjávarútvegi almennt, og hún fari ekki fram með neinu pukri, það séu ekki teknir einhverjir ákveðnir fyrir og lokað hurðinni þegar verið er að ákveða hvernig eigi að leysa þeirra mál, heldur fari slík skuldabreyting fram undir forustu bankanna og stofnlánasjóðanna. Þá verður auðvitað að taka tillit til þeirra fyrirtækja sem eru með miklar lausaskuldir, bæði við verslunina og við hin ýmsu þjónustufyrirtæki í landinu, sem geta auðvitað á engan hátt breytt þeim skuldum í lán til langs tíma. Verður auðvitað, eins og gert var 1975, að fá fjármagn frá Seðlabankanum til að lána þessum aðilum svo hægt sé að gera upp þjónustufyrirtækin sem mörg hver eru komin að því að stöðvast nú vegna þessarar gífurlegu skuldasöfnunar sjávarútvegsins.

Svo á myntbreytingin að koma um áramótin. Ég vil segja út af þeim 90 tonnum, sem hafa verið flutt til landsins af myntinni, að það er innflutningur sem ég held að hefði verið rétt að spara og geyma. Ef við hefðum staðið þannig að vígi í efnahagsmálum að við værum að stöðva verðbólgu væri kannske sök sér að fara út í myntbreytingu. En að fara í 60% verðbólgu út í myntbreytingu um áramótin, það er ég sannfærður um að kemur til með að valda gífurlegum misskilningi og erfiðleikum í viðskiptalífinu. Ég sé ekki nokkra skynsemi í því að halda þessu áfram, jafnvel þó að 90 tonn af mynt séu komin til landsins.

Ég furða mig á því, hvað hæstv. sjútvrh. hefur oft látið hafa eftir sér í blöðum og síðast nú 15. okt., því þá segir frá blaðamannafundi daginn áður: „Þá kom fram að unnið er að því að létta þennan vanda útgerðarinnar, lausaskuldirnar, á ýmsan hátt, m. a. með því að breyta lausaskuldum í föst lán." — Hvar er unnið að þessu? Hafa bankarnir fallist á þetta? Ég hef ekki heyrt það. Ég er í stjórn eins sjóðs Framkvæmdastofnunar ríkisins, Byggðasjóðs, ég hef ekki heyrt að neitt sé unnið þar að skuldabreytingu til langs tíma. Þetta verður auðvitað ekki gert nema setja á eina sameiginlega stjórn, en ekki vera að pukra með einn og einn. Við skulum gera okkur grein fyrir því, að vanskilin eru ekki hjá örfáum aðilum. Ég skal aðeins nefna vanskilin í Fiskveiðasjóði: Í vanskilum eru 310 lán eða til 310 skipa, þar af 38 til skuttogara og 29 til loðnuskipa, sem er meira en helmingur af þeim flota.

Í stjórnarsáttmála núv. ríkisstj. segir um gengismál orðrétt: „Beitt verði aðhaldi í gengismálum. Til að treysta gengi gjaldmiðilsins verði gert sérstakt átak til framleiðniaukningar." Og þyngdaraflið í ríkisstj., Alþb., segir í stefnu sinni fyrir kosningarnar 1978: „Stefnt skal að stöðugleika í gengisskráningu, enda er það forsenda raunhæfra rekstrar- og fjárfestingaráætlana í öllum greinum atvinnulífsins." Og í kaflanum um tolla- og gengismál segir orðrétt í stefnu þess sama flokks: „Stuðlað sé að sem stöðugustu gengi íslensku krónunnar og horfið af braut gengisstefnunnar sem ríkt hefur í gjaldeyrismálum Íslendinga að undanförnu." — Þetta eru fögur fyrirheit: að treysta gengi krónunnar! Það þarf enginn að fara í grafgötur með stefnu Framsóknar. Allir landsmenn þekkja stöðugleika þeirrar rosknu og ráðsettu maddömu.

En við skulum hyggja nokkuð betur að hvernig aðhaldi hefur verið beitt í gengismálum frá því að vinstri stjórnin tók við völdum 1. sept. 1978 og síðan frá valdatöku þeirrar sem nú situr.

Þegar vinstri stjórnin var mynduð var verð á dollarnum 260.40 kr., en þegar starfsstjórn Alþfl. fór frá, sem sat eftir að vinstri stjórnin féll, hafði verði dollarsins hækkað um 54.3%. Þegar núv. ríkisstj. tók við var verð á dollarnum 8. febr. á þessu ári 401.70 kr., en er nú 31. okt. 557 kr. Gengið á dollarnum gagnvart ísl. krónunni hefur því lækkað um hvorki meira eða minna en 38.7% á þessum tíma. En það er ekki kallað gengislækkun, svona smábreytingar á verðgildi peninganna. Nei, það heitir gengissig. Það má ekki nefna gengislækkun núna. Heildarhækkun á dollar, frá því að vinstri stjórnin var mynduð og til síðustu mánaðamóta, er því hvorki meira né minna en 113.9% og 135.3% ef við miðum við ferðamannagjaldeyri. — Svona hefur Alþb. framkvæmt stefnu sína um stöðugleika í gengisskráningu.

Stefna þeirra í þessum efnum var sú, að þeir segja hér:

„Verðbólgan hefur um árabil verið helsta gróðamyndunaraðferð íslenskra fjáraflamanna og flytur stöðugt fjármuni frá allri alþýðu til verðbólgubraskara. Verðbólgan fer eldi um fjárfestingarsjóði landsmanna og hvers konar tryggingasjóði alþýðu, svo að eigið fé þeirra rýrnar verulega á ári hverju. Verðrýrnun peninganna ýtir undir fjárfestingarkapphlaup og stuðlar að óarðbærri fjárfestingu í stórum stíl, ekki síst á sviði verslunar og viðskipta."

Þetta eru helstu sjúkdómseinkennin sem Alþb. lýsti fyrir kosningarnar 1978. Það hefur svo frá sept. það ár til dagsins í dag séð um að gengi krónunnar gagnvart dollar hefur rýrnað um 113.9% og ferðamannagjaldeyris um 135.3%. Þetta er stöðugleiki í stjórnmálum eða hitt þó heldur! Það er gaman að vera í þessum flokki og koma svo fram fyrir næstu kosningar og tala við þjóðina eftir öll þau stórkostlegu svik sem þessi flokkur hefur viðhaft á öllu þessu tímabili. — Það sést ekki einn einasti Alþb.-maður, nema einn maður sem verður skyldu sinnar vegna að vera hér inni. Nema hann ætli kannske að hætta að vera í Alþb. Þá er auðvitað enginn hérna. — Nei, er fjmrh. mættur? Það var gott. Ég var nefnileg að tala um það áðan, að hér væri ekki nema 1/10 af ríkisstj. Það hefur hækkað heldur gengi hennar í stólunum að vera komið í 1/5.

Við ákvörðun fiskverðsins fréttu þm. að ríkisstj. hefði ákveðið að láta dollarann síga í 552 kr. til að bæta stöðu fiskvinnslunnar svo að hún gæti tekið á sig hærra fiskverð. Nú sjáum við að þetta er komið í 557 kr. Nú

langar mig að spyrja hæstv. ráðh. hver sé hin nýja ákvörðun um sigið. Hvaða ákvörðun er það? Er til of mikils mælst að Alþ. fái að vita um þessar ákvarðanir? Þurfa þm. að afla sér frétta úti í bæ um hvaða ákvarðanir eru teknar í þessum efnum? Og er þá reiknað með að eftir hina nýgerðu kjarasamninga eigi að halda gengissiginu áfram og það eitthvað verulega? Vita þeir þetta, kommarnir, sem eru að fara bráðum á alþýðusambandsþingið, og þeir aðrir, sem styðja hæstv. ríkisstj. eða er þetta einkamál ráðh. í ríkisstj.?

Það væri ekki úr vegi að minna aðeins á söluskattinn og á stefnu Alþb., þessa einarða flokks launþeganna og verkalýðsins í landinu.

Fyrst eru hér raktar tillögur um tafarlausar aðgerðir í efnahagsmálum sem kæmu til framkvæmda á næstu sex mánuðum. M. ö. o.: það átti að vera búið að ljúka þeim í febrúarlok 1979, fyrst Alþb. komst í stjórn. Þessar tillögur miða einkum að því, segir Alþb. að lækka vöruverð og draga úr áhrifum verðbólgu. Og á hvern hátt ætlaði Alþb. að gera það? Með verulegri lækkun söluskatts og annarri tekjuöflun á móti, sparnaði í ríkisrekstri og niðurfellingu útgjalda, og auðvitað lækkun verslunarálagningar til að friða hana Guðrúnu Helgadóttur og vaxta af afurða- og rekstrarlánum og svo breyttri stefnu í gjaldeyrismálum, sem ég er áður búinn að lýsa.

Það er útfært nánar. Alþb. ætlaði að lækka söluskattinn á fyrstu sex mánuðunum um 7 söluskattstig. Það var myndarlega af sér vikið. Alþb. segir: Við kláruðum það, auðvitað í harðri baráttu við kratana og Framsókn, að afnema söluskatt af matvælum. En það var aftur hækkað verulega vörugjald. Þá var verið að fara í vísitöluhringdans. En allt annað hækkaði. Allar þarfir heimilanna eru ekki étnar. Það þarf ýmislegt annað en mat.

Vextir af afurða- og rekstrarlánum, áttu að lækka um 3%, sagði Alþb. Þjónustugjald opinberra stofnana, sem greiða söluskatt, átti að lækka um 5% og koma þar á móti lækkun útgjalda með rekstrarsparnaði. Núv. hæstv. fjmrh. getur kannske sagt okkur síðar í þessum umr. hvernig honum tókst til að lækka útgjöld t. d. stofnana eins og Pósts og síma meðan hann var samgrh.

Eigum við ekki að líta svo á efndirnar í sambandi við söluskattinn? Jú, 1974 þegar ríkisstj. Sjálfstfl. og Framsfl. tók við hækkaði söluskatturinn úr 17% í 19%, enda var þá mikið óunnið og ógert til að afla fjár vegna þeirra loforða og skuldbindinga sem fráfarandi vinstri stjórn gerði það sumar. Þetta söluskattstig hélst til 1. mars 1975 að skatturinn var hækkaður um eitt stig vegna hækkunar á viðlagasjóðsgjaldi. Síðan er þetta óbreytt þangað til vinstri stjórnin er komin eða til ársins 1979, þá er söluskatturinn hækkaður um tvö söluskattstig eða upp í 22%. Þegar þessi stjórn tók við var söluskattur aftur hækkaður um 1.5 stig og kallað orkujöfnunargjald, þannig að söluskatturinn er nú 23.5%. — Þetta eru loforð Alþb. í sambandi við lækkun söluskattsins.

Ég minnist þess þau ár sem ég hef verið hér á Alþ., að þeir þreyttust aldrei á því, Alþb.-menn, að tala um hvað óbeinu skattarnir kæmu hart niður á launþegunum í landinu þegar þeir voru í stjórnarandstöðu. En nú eru þeir orðnir fínir menn í stjórn og þá varðar þá ekkert um skatta á þennan verkalýð sem þeir voru einu sinni að tala um.

Hefur samdráttur orðið á öðrum sviðum í þjóðfélaginu hjá mönnunum sem allt gátu 1978? Hefur aðhaldi verið beitt við fjárlagagerð? Gjaldahlið fjárlaga var á árinu 1977 89 milljarðar 153 millj., 1978 fer gjaldahliðin upp í 138.5 milljarða tæpa og 1979 er hún komin upp í 202.3 milljarða. 1980 fer gjaldahliðin upp í u. þ. b. 343.2 milljarða og í nýframlögðu fjárlagafrv. núv. fjmrh. og núv. ríkisstj. er gjaldahliðin áætluð 526.5 milljarðar. Ekki er um mikinn samdrátt þar að ræða sýnist mér.

Íslenska þjóðin bjó við stöðuga stjórn í tólf ár, frá árinu 1959 til 1971. Áratugurinn á undan var óstöðugur, ekki fyrir það að oft væri skipt um ríkisstj., heldur hitt, að stjórnarsamstarfið var ekki byggt á heilindum og gagnkvæmu trausti á að leysa vandamál þjóðarinnar á sem skynsamlegastan hátt hverju sinni. Ríkisstj., sem sat 1959—1971, — ég segi ríkisstj. þó að það séu vitaskuld fleiri en ein ríkisstj. sem sátu á því tímabili, en þá á ég við að það voru sömu flokkar og að mörgu leyti sömu menn sem sátu í þeim ríkisstj., — gerði margt gott og stjórnaði meira af viti en sýndarmennsku. Hún var þó ekki alfullkomin frekar en þær ríkisstj. sem voru á undan henni eða þær sem komu síðar.

Þjóðin fékk nýja stjórn þriggja flokka á árinu 1971. Sú stjórn sat við völd til 1974. Það var stjórn mikilla loforða sem kunni sér ekki hóf. Hún var dæmigerð auglýsingastjórn þar sem alvörustjórnmálamenn náðu aldrei þeim tökum sem nauðsynlegt er að ná til að geta stjórnað landinu.

Ríkisstj., sem tók við í ágústlok 1974, varð að fást við fjárútvegun til að standa við margvísleg óframkvæmd loforð fyrrv. stjórnar samfara því að halda atvinnutækjunum gangandi, en verðfall var orðið frá því snemma á því ári á flestum okkar útflutningsafurðum. Það verðfall hélt áfram út það ár og næsta ár einnig. Verðbólgan var í byrjun valdatímabils þeirrar stjórnar u. þ. b. 54% og það tókst að koma henni niður í 26%, þegar sundurgerðarmenn í þjóðfélaginu hófu baráttu sína til að losna við þá stjórn. Það óheiðarlegasta við þá baráttu var að hún var háð undir því yfirskini að rétta hlut verkalýðsins, eins og það var kallað, en það, sem á bak við stóð, var að koma þeirri ríkisstj. frá, sem hafði sterkan meirihl., með því að þvinga fram svo mikla krónutöluhækkun kaups að atvinnuvegirnir þoldu það ekki, eins og gert var með samningunum frá 1977.

Ríkisstj., sem þá sat, lagði fram í febrúar árið 1978 frv. til l. til að hamla gegn verðbólgu og stuðla að betra jafnvægi í efnahagsmálum. Til þess að ná tökum á verðbólguvextinum á árinu 1978 yrði að draga úr víxlgengi verðlags og launa með því að takmarka nokkuð þær kauphækkanir sem leiddi af þeim óraunhæfu kjarasamningum sem gerðir voru sumarið 1977 og voru nefndir því fallega nafni „sólstöðusamningar.“ Í þessu frv. var ákveðið að verðbætur á laun skyldu nema helmingi þeirrar hækkunar á verðbótavísitölu og verðbótaauka, sem kaupgjaldsnefnd reiknaði samkv. ákvæðum kjarasamninga, og samhliða þessari 50% lækkun verðbóta var þessi niðurskurður mildaður á lægstu launin.

Með brbl. í maí það ár var sett þak á þessar verðbætur á laun, þannig að launþegar undir ákveðnu launamarki fengu fullar verðbætur, en hinir, sem fyrir ofan voru, fengu krónutöluhækkun, en ekki hlutfallslega launahækkun.

Launþegasamtökin snerust harkalega við þessum lögum undir forustu Alþb. og nokkurra Alþfl.-manna. Verkalýðshreyfingin efndi til mótmæla og það var gripið til margvíslegra ofbeldisverka, eins og að stöðva út-

flutning á framleiðsluvörum landsmanna, sem varð til þess að þjóðin skaðaðist gífurlega á þessum tiltektum ofbeldisfullra verkalýðsleiðtoga sem voru fyrst og fremst undir stjórn Alþb. Þeir urðu sammála um kjörorð í þessari baráttu: Samningana í gildi.

Ég þarf ekki að fara nánar út í það sem gerst hefur, ég hef þegar gert það, hvernig kauprýrnun hefur átt sér stað, hvernig verðbólgan hefur ætt áfram, en mig langar aðeins til að minna á grein í Þjóðviljanum frá 22. júní 1978. Ég veit ekki hvort hún er runnin frá núv. hæstv. félmrh. eða meðritstjóra hans, en þar segir:

„Alþb. er eini flokkurinn sem berst heill við hlið verkalýðshreyfingarinnar. Alþb. mun því aðeins ljá máls á stjórnarmyndun eftir kosningar að kaupránslögin verði felld úr gildi."

Já, hann segir: Kaupránslögin eða ákvæði þeirra verði felld úr gildi. — En þá kom bara annað sem var miklu verra. Og ég er sannfærður um að ef þessi lög hefðu ekki verið brotin niður væri ástandið í efnahagsmálum þessarar þjóðar nú ólíkt betra en það er.

Vinstri stjórnin setti lög um stjórn efnahagsmála o. fl. — lög sem hafa verið kölluð Ólafslög og voru samþykkt 13. apríl 1979. Þar var farið inn á nýja braut við skerðingu verðbóta á laun með því að taka mið af rýrnun viðskiptakjara. Þó var skerðingin milduð nokkuð á lægri launin, en frá des. á s. l. ári hefur skerðingin gengið jafnt yfir öll laun. Það er ómaksins vert að minna núv. stjórnarflokka og aðstoðarmenn þeirra á samræmið í verðbótum á laun og framfærsluvísitölu:

1. sept. 1979, meðan vinstri stjórnin var við völd, hækkaði framfærsluvísitalan um 13.57%, en launaverðbætur um 9.17%. 1. des. 1979 hækkaði framfærsluvísitalan um 15.86%, en launaverðbætur um 13.21%. 1. mars á þessu ári hækkaði framfærsluvísitalan um 9.13%, en launaverðbætur um 6.67%. 1. júní hækkaði framfærsluvísitalan um 13.23%, en launaverðbætur um 11.70%. 1. sept. s. l. hækkaði framfærsluvísitalan um 10.12%, en verðbætur á laun um 8.57%.

Það er líka nauðsynlegt og gagnlegt í leiðinni að líta á þróun út- og innflutningsverðs og viðskiptakjörin. Út- og innflutningsverð er sett árið 1972 í 100. Á fyrsta ársfjórðungi 1980 er útflutningsverðið komið í 229.1 og innflutningsverð í 251.0. En við skulum líta á viðskiptakjörin. 1978 og 1977 eru þau hin sömu eða 108.5, en 1979 lækka viðskiptakjörin niður í 97.3. Nú lítum við á 1979. Á fyrsta ársfjórðungi 1980 eru viðskiptakjörin 91.2. Ekki er það nú burðugt! Þarna er heldur betur rýrnun sem tekin er á launþega í landinu. Þetta heitir sennilega á máli Alþb. „samningana í gildi". — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég var, þegar fundi var frestað, að gera samanburð á út- og innflutningsverði og viðskiptakjörum. Það er eftirtektarvert við þær breytingar, sem verða á viðskiptakjörum í prósentum miðað við næsta ár á undan, að 1974 eru viðskiptakjör óhagstæð um 9.8% og 1975 heldur áfram á sömu braut, 14.6%, en síðan verður á þeim veruleg bót þannig að viðskiptakjörin verða hagstæð um 12.7% 1976 og 1977 nokkru lakari eða 8.4%. 1978 gerbreytir aftur um. Þá eru þau á núlli, en 1979 fara viðskiptakjörin hríðversnandi, eru óhagstæð um 10.3%. Á fyrsta ársfjórðungi þessa árs er talið að þau séu óhagstæð um 6.3%, og áætluð rýrnun viðskiptakjara á þessu ári er talin munu verða um 5%.

Skerðing verðbóta á laun 1. des. 1978 var 8%, gerð í eitt skipti fyrir öll. Miðað við hækkun framfærsluvísitölu hefðu verðbætur átt að hækka um 14.12% frá 1. des. 1978, en launin hækkuðu aðeins um 6.12. 8%, sem á vantaði, átti að bæta launþegum með skattalækkunum, niðurgreiðslum á vöruverði og félagslegum aðgerðum eða félagsmálapakka, eins og það heitir hjá þessum hugmyndasmiðum. Hvar er þessi félagsmálapakki? Sumar stéttir hafa ekki fengið hann enn þá og hafa kvartan undan því, að hann muni hafa eitthvað misfarist. Hann hefur verið fyrst og fremst loforð um þessar og hinar svokölluðu félagslegu umbætur. En þegar verið er að lofa þessum og hinum félagslegu umbótum hefur það gerst, bæði á árinu 1979 og 1980, að dregið er úr öðrum félagslegum umbótum sem þó eru ákveðnar sumar hverjar með lögum frá hv. Alþ. — Til þess að hressa upp á minni manna vil ég gjarnan minna á hvað hefur verið gert t. d. í framlögum til framkvæmda á sviði heilbrigðismála. Þar hefur verið dregið verulega úr umbótum samkv. þeirri stefnu sem Alþ. hefur markað.

Aftur skulum við nefna muninn á framfærsluvísitölunni og verðbótavísitölunni, sem sýnir glöggt hvað allt hefur hækkað meira á þessu tímabili, eða frá 1. febr. 1979 til 1. sept. Framfærsluvísitalan hefur hækkað á þessu sama tímabili um 101.3% á meðan verðbótavísitalan á laun hækkar um 74.6%. Þannig hefur verið staðið að þessum málum. Þannig hefur verið staðið við fyrirheitið um samningana í gildi, og hef ég þó sleppt mörgu sem hefði verið hægt að ræða nánar um í sambandi við þau mál öll.

Verslunarráð Íslands hefur gert nokkrum sinnum mat á því, hvernig verðlagsþróunin muni verða á næsta ári, og miðar þá við ákveðnar forsendur. Verslunarráðið hefur jafnaðarlega fylgst með þróun verðlags, launa og gengis og birt athuganir sínar á viðskiptamálum í fréttabréfi Verslunarráðsins. Nú hefur Verslunarráðið gert spá sem er miðuð við þær forsendur að ekkert verði gert til að sporna við verðbólgunni. — Það er líkt og verið hefur undanfarna mánuði frá hendi hæstv. ríkisstj. Hún hefur ætlað að gera margt og lofað mörgu og það hefur verið töluverður órói í sumum í þessum efnum. — Verslunarráðið segir að forsendurnar séu þær, að það sé gert ráð fyrir að ekki verði gripið til markvissra aðgerða til að draga úr verðþenslu og eyða víxlhækkunum kaupgjalds og verðlags, þótt það sé e. t. v. ósennilegt í ljósi þess, hve ör verðbólgan verður á næsta ári. Þess er hins vegar að gæta, að engar aðgerðir liggja fyrir af hálfu stjórnvalda þannig að ekki verður reiknað með þeim í þessu dæmi. Forsendurnar að þessari spá eru einnig þær, að gert er ráð fyrir óbreyttum viðskiptakjörum og svipaðri skattheimtu og var á s. l. ári. Reiknað er með að heildarlaunahækkun af völdum nýgerðra kjarasamninga og verðbóta 1. des. n. k. verði 20,5% og eru þá nýlega auknar niðurgreiðslur teknar inn í dæmið. Skerðing verðbóta á laun og verðbætur miðast við lögin um stjórn efnahagsmála eða Ólafslögin svonefndu. Það er miðað við að fiskverð hækki í samræmi við laun, og gert er ráð fyrir að gengisbreytingar miðist við að tryggja hallalausan rekstur fiskvinnslu og sjávarútvegs. Þá eru útreikningar þeir, að verðbólga frá upphafi til loka árs 1981 verði rúmlega 80%, og þá er gert ráð fyrir að nokkuð fari að draga úr verðbólgu í lok ársins, en 12 mánaða hækkun framfærsluvísitölu muni verða um 84% í nóv. samkv. þessu. Og þá er gert ráð fyrir að gengi dollarans verði sem næst 1000 kr. um áramótin 1981—1982. Það þykir fjar-

stæðukennt núna að halda slíku fram, en við getum líka, eins og ég gerði í dag, tekið þá þróun mála, hvernig gengisbreytingarnar hafa verið á undanförnum árum. Ef — sem maður vonar — gripið verður til einhverra aðgerða breytist meginforsenda þessara útreikninga. Þetta er því, eins og ég sagði áðan, spá sem er miðuð við engar aðgerðir til þess að halda í við verðbólguna og miðuð við svipaða skattheimtu og er á þessu ári.

Það fer ekki milli mála, að í hvaða stétt sem menn eru ræða menn fram og aftur um verðbólguna, og það stendur ekki á ríkisstj. að skipa nefndir, en álit þeirra nefnda virðast vera leyndarmál. Ég held að það hafi verið á árinu 1976 sem þáv. ríkisstj. skipaði verðbólgunefnd, sem vann mikið starf, og í þeirri nefnd voru fulltrúar frá öllum stjórnmálaflokkum á Alþ. Þessi nefnd komst ekki að sameiginlegri niðurstöðu. Fulltrúar Sjalfstfl. og Framsfl. voru þar með sitt álit, en fulltrúar hinna stjórnmálaflokkanna, Alþfl. og Alþb., tóku ekki nógu ábyrga afstöðu. En þá var stjórnarandstöðunni sýndur fullur trúnaður. Hún fékk allt í sínar hendur. Hún gat rætt þessi mál og hafði öll gögn í höndunum. Nú er skipuð einhver efnahagsnefnd undir forustu unglings sem auðvitað hefur mikið sjálfstraust, það fer ekki á milli mála, og það eru í þessari nefnd ýmsir spekingar sem ríkisstj. treystir mikið á, en ég held að það sé enginn maður í þessari nefnd sem hefur verulega reynslu í atvinnurekstri eða atvinnulífinu. Ég man ekki eftir því, þó hef ég það ekki alveg í höfðinu, hverjir eru í nefndinni, en þeir, sem helst hafa látið ljós sitt skína af nm. með því að tala um efnahagsvandann almennt, en koma ekki beint inn á starf nefndarinnar, — ég man ekki eftir að þeir hafi mikið komið nálægt atvinnurekstri eða viðskiptalífi og viti mikið í sinn haus í þeim efnum.

Það er kannske ekki von að það komi mikið út úr slíkri nefnd. En ég spyr: Hverju er ríkisstj. að halda leyndu fyrir Alþ. og fyrir þjóðinni? Er þetta ekki nefnd sem þjóðin borgar laun, og er ekki full ástæða til þess, að eitthvað heyrist um hverjar till. hennar eru, — eða eru tillögur þessarar nefndar með þeim hætti að þær hafi skapað einhvern stórkostlegan ágreining innan ríkisstj. á þann veg að hún þori ekki að taka á þessum málum og ekkert að gera? Telur ríkisstj. að nýgerðir samningar um kaup og kjör fái staðist án þess að skerða verðbætur á laun? Er ríkisstj. staðráðin í því að það verði greiddar fullar verðbætur á laun? Það væri gott og fróðlegt að fá svar við þessu. Er samstaða í ríkisstj. um að greiða fullar verðbætur á laun eða eru einhverjir aðilar í ríkisstj. sem vilja takmarka þessar verðbætur?

Ég heyrði fyrir örfáum dögum í einum þm. úr stjórnarliðinu sem talaði hér í Sþ. varðandi þáltill., ég held að það hafi verið þáltill. um rafbíla eða eitthvað slíkt. Þá sagði hann ákaflega athyglisverða setningu. Hún var eitthvað á þá leið, að hann teldi að innlend orka ætti ekki að fara inn í verðbætur. Þessi þm. er í Framsfl., Guðmundur G. Þórarinsson. Mér fannst þetta mjög athyglisverð skoðun og athyglisverðar upplýsingar. Ég vil spyrja hæstv. sjútvrh., hv. formann Framsfl., hvort hann sé sammála þessum þingbróður sínum úr Framsfl. og hvort það sé skoðun formanns Framsfl. og þá vonandi þingflokks Framsfl. að það eigi að skerða verðbætur á laun til að halda niðri þeirri öru verðbólgu sem nú veður áfram í þjóðfélaginu. Við fáumst ekki til að trúa því, að á sama tíma og verið er að draga úr framleiðslu á landbúnaðarafurðum vegna markaðserfiðleika, verið er að draga úr fiskveiðum vegna þess að talið er að það sé of mikil sókn í ákveðna fiskstofna, þá sé um leið hægt að segja að hægt sé að stórbæta lífskjörin. Ég fæ ekki skilið að slíkt sé hægt. Það er hægt að bæta lífskjörin ef við getum stóraukið þjóðarframleiðsluna og verðmæti hennar. Það er skiljanlegt. Nú er nóvembermánuður kominn og ef ekkert kemur fram frá ríkisstj. um hvað hún ætlar að gera, þá spyr ég: Ætlar hún þá að sitja? Treystir hún sér til að sitja mánuðum saman þegar hún virðist ekki hafa neina samræmda skoðun á því sem gera þarf til að koma í veg fyrir óðaverðbólgu í þessu landi?

Það kemur líka í minn hug á hvern hátt á að greiða þennan félagsmálapakka sem lofað hefur verið. Er ætlunin að standa við lög og fyrirheit um framlög til félagslegrar uppbyggingar, sem ekki eru í þessum félagsmálapakka, en eru í hinum ýmsu lögum? Á að draga úr því? Ég spyr einnig: Hver er stefna ríkisstj. í sambandi við ákvörðun fiskverðs 1. jan. n. k.? Þá er lengsta og dýrasta verðlagstímabilið, því að um eða yfir 50% af heildarbotnfiskafla landsmanna eru veidd á því tímabili, svo að það er miklu stærri ákvörðun en ákvörðunin um fiskverðið frá 1. okt. Er stefna ríkisstj. sú, að það eigi að greiða uppbætur á laun öllum stéttum í þjóðfélaginu nema sjómönnum, það eigi að klípa af þeim einum — eða ætlar ríkisstj. að breyta nú um stefnu og láta sjómenn hafa eins og aðra? Hvað á að gera til að styrkja stöðu útgerðarinnar og gera henni kleift að reka skip sín á næsta ári eftir milljarðatuga skuldasöfnun á þessu ári? Ég endurtek spurningu mína til hæstv. sjútvrh. í þeim efnum, hvort hann telji að það sé óumflýjanlegt að ganga til allsherjarskuldabreytingar fyrir útgerð og fiskvinnslu í landinu.

Ef á að halda áfram á braut verðbólgunnar hlýtur að verða haldið áfram þessu svokallaða gengissigi, sem er auðvitað gengisfellingar, eins og allir skilja. Því var lofað við fiskverðsákvörðunina að dollarinn færi í 552 ísl. kr., en eins og ég sagði í dag er hann kominn í 557 kr., eða 5 kr. meira sem við þurfum að greiða fyrir dollarann en ríkisstj. hafði áður tekið ákvörðun um. Hvernig ber að skilja að gengissig er nú komið 5 kr. fram yfir það sem ríkisstj. hafði tekið ákvörðun um í sambandi við fiskverð? Ber að skilja það gengissig á þann veg, að ríkisstj. telji að nýgerðir kjarasamningar aðila vinnumarkaðarins fái ekki staðist og því verði til þess að halda útflutningsatvinnuvegunum gangandi eða a. m. k. koma í veg fyrir að þeir stöðvist nú á stundinni að halda þessu gengissigi áfram? Hver er ákvörðun ríkisstj. um gengissig? Hún hlýtur að hafa tekið nýja ákvörðun, fyrst gengið hefur farið fram úr 552 kr. fyrir dollarinn. Og þá leikur mér forvitni á að heyra: Hver er ákvörðun hæstv. ríkisstj. í þessum efnum?

Hver er stefna ríkisstj. um fiskiskipastólinn? Hvenær telur hæstv. sjútvrh. að fiskiskipastóllinn sé orðinn nógu stór til að mæta þeim samdráttaraðgerðum sem af honum er krafist að gera og hann hefur verið að gera? Alþb., þyngdaraflið í núv. ríkisstj., telur að það eigi að stórauka smíði fiskiskipa í landinu og það eigi að margfalda afköstin frá því sem verið hefur og það eigi að taka upp raðsmíði skipa. Hefur ríkisstj. fallist á stefnu Alþb. í þessum efnum? Ráðh. þess flokks hljóta að hafa haldið einhverju af stefnu sinni fram innan ríkisstj. Ég veit að þeir eru afskaplega hæglátir menn sem vilja ekki gera of miklar kröfur á samstarfsmenn sína því að þeir vilja gjarnan fá að sitja áfram í ríkisstj., það er alveg sjáanlegt,

— en hver er stefna ríkisstj.? Á að halda áfram á þessari braut? Á að bæta við flotann enn þá og auka bönnin hjá skipunum, sem fyrir eru, og binda þau lengur en gert hefur verið? Það er talið að með hverjum nýjum togara sem kemur séu hinir, sem fyrir eru, bundnir við bryggju 6 dögum lengur á hverju ári. Hvar stöndum við þá í sambandi við heilbrigðan atvinnurekstur? Erum við þá ekki um leið að stefna að því að hvert fyrirtæki, hver útgerð sé rekin með bullandi tapi? Ég held að það sé ekki leiðin til að draga úr fjárfestingu að halda fram þessari stefnu eins og Alþb. hefur gert í myndaseríunni sinni frá 1978.

Einn af þm. Framsfl. skrifaði fyrir nokkru grein í flokksblað sitt. Þetta er Stefán Valgeirsson. Hann skrifaði þessa grein í blaðið Dag og hann segir: „Á þessu sést að undirstaðan undir þessu stjórnarsamstarfi er sú stefnumörkun sem við framsóknarmenn boðuðum fyrir kosningar.“ Og hann lætur þessa grein heita „Hvað er fram undan?“ Það er auðvitað ósköp eðlilegt að trúaður framsóknarmaður eins og hann spyrji hvað sé fram undan þegar hann segir að Framsfl. ráði stefnumörkun þessarar ríkisstj. Þetta er saklaus maður sem talar og skrifar frá hjartanu, en er ekki eins útsmoginn og út undan sér og sumir aðrir í þessum sama flokki. Hann spyr sem sagt á mjög saklausan hátt hvað sé fram undan, en Framsfl. ræður ferðinni.

Ég hef sagt að Alþb. væri þyngdaraflið í þessari ríkisstj. Þá á ég ekki við líkamsþunga ráðh., heldur öllu heldur að það hefur þó talið sig hafa eitthvað á bak við sig sem það gæti stjórnað með góðum hætti. Þá á ég auðvitað við ýmsa forystumenn í verkalýðshreyfingunni sem hafa verið afskaplega taumliprir við Alþb.-ráðh. á þessu ári.

Framsfl. á hvorki meira né minna en sex ráðh. í þessari ríkisstj., fjóra í flokknum og tvo utan flokksins, sem eru skráðir annars staðar, og hann ætti því auðvitað að vera hið ráðandi afl í þessari ríkisstj. En Alþb., þó að það eigi ekki nema tvo ráðh. í flokknum — (Gripið fram í:) Já, tvo í flokknum og hefur fengið þann þriðja til liðs við sig. (**Gripið fram í:** Ertu búinn að reka einn úr flokknum?) Þetta eru framsóknarmenn þarna, þessir tveir. Þá gengur dæmið upp, Guðmundur, er það ekki? — Þeir eru þarna helmingi færri en framsóknarmennirnir. Svo situr þarna einn sjálfstæðismaður sem lítið lætur á sér bera, og væri nú best fyrir hann að fara að hrista af sér slenið og standa upp og bjóða þeim góða nótt sem fyrir eru.

Það þótti mikill hvalreki á fjörur framsóknarmanna og Alþb. þegar þeim tókst sú stjórnarmyndun sem leiddi til sköpunar þeirrar ríkisstj. sem segist vera við völd í þessu landi, en fer ákaflega lítið fyrir. Það var mikið gleðiefni nokkurra hrekkjastráka í Alþb. og Framsfl. að hafa tekist að kljúfa Sjálfstfl. Það þótti alveg óskaplega gaman og það var hoppað og dansað af kæti fyrstu dagana á eftir og þeir töldu að ríkisstj. ætti næstum því eins mikið af þjóðinni á bak við sig og Kosygin sem var vanalega kjörinn í sínu kjördæmi í Sovétríkjunum, með 98% atkvæða, — Stalín fékk 100%. Hún gat ekki talið sig hafa 100%, en taldi sig lukkustjórnina. En það liðu ekki margir dagar eða margar vikur að hún er kölluð „lukkan“ eða „uppákoman“ af öllum hugsandi mönnum í þessu þjóðfélagi. Ég held að það hafi verið of snemmt að fagna klofningi í Sjálfstfl., þó að gamall maður, sem sá ekkert annað en að verða forsrh., hafi fengið metnaði sínum fullnægt og ekki hikað við að gerast liðhlaupi úr sínum flokki.

Ég tel það ekkert gleðiefni þó að við heyrum að það séu deilur eða jafnvel klofningur í öðrum flokkum þó að þeir séu andstæðir mér í skoðunum. Ég tel ekkert gleðiefni upphlaup og læti í Alþfl. En ég verð að segja Framsfl. eitt til hróss. Það var stór dagur í Framsfl. þegar fyrrv. formaður hans losaði sig við Möðruvellingana. Þeir drápu Samtökin á örstuttum tíma. Lengst af stóð Karvel einn. Að vísu var Magnús Torfi eitthvað, en hann var orðinn hallur undir Framsókn. Svo fóru þeir í Alþb. og ég er alveg viss um að gamlir og rótgrónir Alþb.-menn horfa með allmiklum kvíða til framtíðarinnar. Það var ekki af neinni elsku sem Framsfl. losaði sig við upphlaupsmenn.

Eftir því sem meiri sundrung verður í stjórnmálaflokkum sem eru í landinu, þeim mun meiri er órói meðal þjóðarinnar. Samheldni stjórnmálaflokka á að vera, og ef menn ekki geta verið í sínum flokki, eiga ekki samleið með þeim sem fyrir eru, þá er auðvitað ekkert við því að segja þó menn yfirgefi flokkinn, eins og t. d. gjaldkeri Alþfl. gerði fyrir nokkrum dögum. Hann skilaði af sér starfi sínu og gerði það heiðarlega. Hann var ekkert fyrir öðrum. Hann taldi sig ekki eiga samleið með þeirri stefnu sem hafði verið ríkjandi í Alþfl. Það hefur verið innleidd með myndun „Lukku“, sem nú er „ólukkan“ eða „uppákoman“, tortryggni á milli stjórnmálaflokka. Það hefur verið fótum troðin sú hefð, sem hefur verið ríkjandi, og trúnaður á milli flokka og flokksforingja að treysta hver öðrum í samtölum og samningum þó að þeir hafi ekki átt leiðir saman við myndun ríkisstj. eða í hinum einstöku málum. (**Fjmrh.:** Hvernig tengist þetta olíugjaldinu?) Það tengist olíugjaldinu, fjmrh., allt sem lýtur að efnahagsmálum og stjórnmálum. Olíugjaldið er aðeins lítill hluti af því sem þarf að gera í þessu landi. Fjárl. eru meira að segja ekki allt, þó að það sé stór og myndarleg bók hjá hæstv. fjmrh. Atvinnulífið í landinu er enn meira virði, og það er það sem ég hef áhyggjur af. Ég vona að hæstv. fjmrh. hafi einnig áhyggjur af því, hvernig komið er fyrir atvinnulífinu í landinu og hvað atvinnuöryggið hangir nú á veikum þræði. (**Gripið fram í:** Heldurðu að hann geti skilið það?) Jú, jú, þetta er greindur maður og gegn. Ef hann opnar fyrir móttakarann á hann að skilja það.

Ég hef verið nokkuð langorður og ég sé að hæstv. fjmrh., sem hefur sýnt mér þá miklu virðingu að koma hér öðru hvoru inn, er orðinn dálítið órór undir þessari ræðu og hefur sennilega talið að ég mætti ekki nefna neitt annað en olíugjald í ræðunni. Ég hef farið mjög út fyrir það vegna þess, sem ég sagði áðan, að olíugjaldið er aðeins lítill vandi af stórum vanda. Og það er þetta, sem Alþ. er farið að lengja eftir, að vita hvort ríkisstj. ætlar eitthvað að gera í baráttunni við verðbólguna og þá hvað hún ætlar að gera. Það er kominn tími til að ríkisstj. fari að vita það. Hún er búin að sitja síðan 8. febr. og nú er ætlast til þess að hún hafi skoðun. Ef hún hefur enga skoðun, ef hún hefur ekki afl eða kjark til að gera neitt, þá held ég að hún hljóti að verða að fara frá.

Frsm. minni hl. (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Hv. 1. þm. Vestf. hefur nú farið býsna vítt yfir sviðið og varla ástæða til þess að allir þeir, sem eiga eftir að tala í málinu, eyði jafnlöngum tíma til að fjalla um olíugjaldið. Og kannske er ástæðulaust fyrir aðra, sem eru verr að sér en hv. þm., eins og flestir hinir eru, að fjalla um efnahagsmálin.

Aldrei fór það svo, að hv. þm. endaði ekki á því að vera sammála mér og mínu nál. því að hv. 1. þm. Vestf. sagði rétt í þessu: Olíugjaldið er aðeins lítill hluti þess sem þarf að gera í þjóðfélaginu. — Það er einmitt það sem stendur í nál. frá minni hl. sjútvn.

Sjútvn. þessarar hv. d. hefur fjallað um þetta mál á venjulegan og eðlilegan hátt á þremur fundum sínum. Stjórnarandstæðingar í Sjálfstfl. og Alþfl. voru býsna byssulegir fyrst þegar við fórum að ræða málið, heimtuðu þennan á fund og umsögn annarra, og það var orðið strax við öllum þeirra kröfum og ekkert ýtt á eftir því, að málinu væri flýtt, enda kom í ljós að þessir ágætu menn í þessum flokkum unnu að því dyggilega að málið fengi eðlilega afgreiðslu. Eins og fyrri daginn var hið besta samstarf við þessa menn, enda vita þeir að þarna er alvörumál á ferðinni, jafnvel þó þeir haldi uppi dálítilli leiksýningu hér í sölum hv. deildar. Það verður eitthvað að heyrast í þessum mönnum og þarna var aðeins hálmstrá til að hengja sig í og sjálfsagt mál að þeir noti tækifærið til þess að hamast á ríkisstj. Stjórnarandstaðan er þó einu sinni stjórnarandstaða.

Við fengum á okkar fund, eins og hv. 1. þm. Vestf. hefur raunar sagt frá, aðila, sem málið varðaði, frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, frá Landssambandi ísl. útvegsmanna, og við óskuðum einnig eftir því að fá menn frá Alþýðusambandi Íslands, en það sá ekki ástæðu til þess að senda mann á fundinn. Við óskuðum einnig eftir að þing Sjómannasambands Íslands léti okkur í té umsögn um málið, og hún fékkst. Hún var neikvæð sem vænta mátti. Við vissum um þá afstöðu, enda hafa sjómenn ævinlega verið á móti því að beita þeirri aðferð að taka eitthvað af því verði, sem fiskvinnslan greiðir fyrir fiskinn, í annað en til skipta. Það er gömul saga og enginn undrandi á því, jafnvel þótt fulltrúar sjómanna hafi í þau skipti sem áður hefur verið fjallað um olíugjald látið sig hafa það að greiða ýmist atkv. með því eða sitja hjá. Það rek ég hér á eftir.

Ég held að rétt sé að segja það strax, áður en ég fer að rekja nokkur þeirra atriða sem fram komu í ræðu hv. 1. þm. Vestf., að þetta mál ætti ekki að koma þeim örfáu alþm., sem láta sig sjávarútvegsmál skipta, neitt á óvart því þetta er í sjöunda skipti sem um olíugjaldið er fjallað. Fyrst var lagt á olíugjald í mars í fyrra og þá var það sett 2.5%. Í annað sinn kom málið fyrir í maí, en þá var olíugjaldið hækkað í 7%. Fyrst þegar olíugjaldið var sett á voru allir aðilar sammála og gefið var út sameiginlegt nál. 1. mars 1979 hér í Alþ. frá hv. sjútvn. Nd., þar sem allir skrifuðu undir. Þá vorum við saman í byrjun málsins, við hv. þm. Matthías Bjarnason, eins og við urðum sammála um lokaorð hans áðan, og fer vel á því.

Það sást brátt að þetta olíugjald mundi ekki duga og var það þá hækkað með brbl. 11. júní 1979 upp í 7%. Önnur brbl. fylgdu einum og hálfum mánuði síðar, voru gefin út 20. júlí 1979, og þá var olíugjaldið hækkað um 8% eða upp í 15%. Þá voru að vísu 3% af því tekin til skipta einnig þannig að olíugjald utan skipta var 12%.

Þegar litið er yfir meðferð þessara brbl., sem gefin voru út af Alþfl., sem nú mótmælir þessari hækkun í 7.5%, kemur í ljós að þessi brbl. voru gefin út af sjútvrh. fyrrv. stjórnar, Kjartani Jóhannssyni. Það vill svo til að það er nýkjörinn formaður Alþfl. með „bravör" sem gaf út þessi brbl., en nú hefur flokksbróðir hans, hv. þm. Karvel Pálmason, snúist gegn því sem Kjartan gerði þá.

Það má segja einnig um afstöðu hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar, að hún hefur ekki allan tímann verið sú sem hann var að lýsa í ræðunni áðan. Það er eitthvað annað. Það þarf ekki að fara í neinar grafgötur með það, hver sú afstaða hefur verið, því að afstaða hans er prentuð hér á fjöldamörgum blöðum, ýmist með eða móti olíugjaldinu, þar sem hann tínir fram fjölda röksemda fyrir því að olíugjaldið þurfi að leggja á. Sannleikurinn er sá, að nennti maður ekki sjálfur að tína fram röksemdirnar með því að hækka olíugjald nú í 7.5% úr 2.5% þyrfti ekki annað en leita til röksemda hæstv. sjútvrh. frá því í apríl til þess að mæla á móti og finna síðan röksemdir hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar frá því í apríl til þess að mæla með hækkuninni. Þannig geta menn nú snúist. (Gripið fram í.) Hérna eru pappírarnir, Matthías.

Nál. frá þáv. minni hl. sjútvn. var gefið út 19. des. 1979 vegna brbl. Það undirskrifa Matthías Bjarnason, Halldór Blöndal og Pétur Sigurðsson, allir hv. þm. að sjálfsögðu. (**Gripið fram í:** Geta aðrir skrifað undir.) Líklega ekki, en þeir geta það greinilega, enda var ég að nefna það. Ég var aðeins að sinna formsatriðum, hv. þm. (Forseti hringir.) Óskapa hávaði er þetta þegar ég þurfti að nefna það að þessir þm. væru allir háttvirtir. Þess er krafist. Það er krafist hins ólíklegasta. En í nál. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Við undirritaðir nefndarmenn erum samþykkir því, að útgerðinni sé greitt sérstakt olíugjald til þess að greiða niður hluta af þeirri gífurlegu hækkun sem orðið hefur á útgerðarkostnaði vegna hækkunar olíu."

Hefur ástandið batnað? Nei, það hefur ekki batnað. Þarna kemur fram hin raunverulega skoðun hv. þm., en ég er ekkert að ergja mig út af því þó að hann hafi snúist dálítið á móti ríkisstj. núna. Það er eðlilegt. Kannske eru fleiri að snúast í þá áttina. — Þeir enda þetta nál. á því að segja: „munum við ekki greiða atkv. gegn því."

Svona mætti auðvitað lengi telja. Þarna er nál. frá Sjálfstfl. við afgreiðslu þessa máls úr hinni deildinni. Ég hirði ekki um að lesa mikið af því í viðbót.

Málið er sem sagt að koma fyrir núna í sjöunda sinn. Á þessu tímabili hefur olíuverðið hækkað úr 49.75 á lítrann í 210.05 kr. á lítrann og svartolía úr 32.500 kr. tonnið í 128.100 kr tonnið. Verðið hefur liðlega fjórfaldast á tímabilinu. Þess vegna var ærin ástæða til að grípa þetta ráð.

Þetta olíugjald er óheppilegt á ýmsa lund og hef ég margoft sagt það, bæði nú og fyrr við meðferð þessara mála. Það er þannig, að aðstaða er ákaflega misjöfn til útgerðar eftir því hvar er, á hvernig veiðarfæri veitt er, á hvernig skipastærðir o. s. frv. Sumir þurfa jafnvel ekki að greiða neina peninga aðra í olíu en þá sem þeir fá í olíugjald, — einkum þegar prósentan var hæst, þá sluppu menn jafnvel með það, — en aðrir þurfa eftir sem áður og þrátt fyrir olíugjaldið og þurftu meira að segja meðan það var hæst að greiða gífurlegt fé. Ég segi það sem mína skoðun, að meðan ekki er búið að finna aðra aðferð og betri, sem er laus við stórkostlega vankanta og hvetur ekki til olíueyðslu, verðum við að hafa þetta kerfi, hvort sem okkur líkar betur eða verr. Það er ábyrgðarlaust af þeim sem segja og hafa sagt að við eigum að fella olíugjaldið niður. Þar á meðal sögðu ýmsir félagar mínir í fyrrahaust: Við viljum leggja olíugjaldið niður. — Það vildi ég gjarnan gera líka ef menn gætu bent á aðra leið. Það er ekki hægt að segja: Við fellum niður olíugjaldið og gerum ekkert annað, — Sjómenn fá lítinn hlut úr afla skipa sem ekki geta farið á sjó.

Svo er sú aðferð notuð núna að reyna að nudda okkur sem viljum halda þessu gjaldi, — þó vitlaust sé og raunar vont er það betra en að ekkert komi í staðinn, — að nudda okkur upp úr því, að við séum sérstakir óvinir sjómanna. Þetta er auðvitað bara hálmstrá sem gripið er til. Ég nenni ekki að ansa því, satt að segja. Ég hef verið sjómaður sjálfur í fjöldamörg ár og var það meira að segja í sumar og fiskaði vel, sem betur fór. Allt slíkt hjal er hreinlega út í hött.

Ég vil aðeins víkja að fleiri orðum þessara hv. þm. sem nú hamast mest gegn þessu olíugjaldi því að þau er býsna víða að finna. Ekki er síst að finna hér alls kyns ummæli margra þessara manna hingað og þangað í hinum og þessum Alþingistíðindaheftum og eru í miklu fleiri bókum en þessum. (**HBl:** Hvaða manna?) Þeirra manna sem hamast núna mest gegn olíugjaldinu, m. a. hv. þm. Halldórs Blöndals sem greip raunar oftast tækifærið til að tala um annað þegar hann stóð upp í þessu máli. — En hérna er sem sagt heilmikil lesning sem hljómar allt öðruvísi og mælir með þveröfugri lausn af hálfu hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar, sem talaði áðan í tvo klukkutíma. Þetta er allt skjalfest og prentað í Alþingistíðindum og enginn efast um að þetta er rétt.

Það er forvitnilegt að skoða þessi nefndarálit. Þau eru yfirleitt stutt og þess vegna eru setningarnar svo afdráttarlausar og skýrar að það veður enginn í villu um hvað orðin þýða. Það er ekki verið að skafa utan af því, eins og þeir segja fyrir vestan, í nál. frá þeim félögum í íhaldstríóinu mínu í n., hv. þm. Matthíasi, Pétri og Halldóri. Þeir tala þar hvað eftir annað um svik, að ríkisstj. sé að svíkja og svíkja og svíkja. Það er meira að segja efast um lögmæti þeirrar aðgerðar þegar breytt var olíugjaldinu úr 5% í 2,5% í apríl, sem samþ. var hins vegar í janúar það sama ár, því að í fyrri lögunum stóð að þessi lög skyldu gilda út árið 1980. Það var Matthías, svo glöggur maður og harðskeyttur hér í ræðustól, sem hentist á þennan punkt og heimtaði lögskýringu fróðustu manna og m. a. vinar síns Gunnars Thoroddsens, hæstv. forsrh., sem var lögfræðiprófessor. Þar eru setningar eins og t. d. þetta: „Með þessu frv"... (**Forseti:** Það þarf leyfi mitt til þess að lesa upp prentað mál.) Það er það. Má sækja um leyfi fyrir þessum pappírum öllum í einu, hæstv. forseti, svo að ég þurfi ekki að vera að biðja um leyfi hvert sinn því að ég á eftir að gera það samtals í 11 skipti a. m. k.? Ef ég fæ leyfi hæstv. forseta til að lesa úr þessum nál. geri ég það. (**Forseti:** Það er veitt.) Örfá orð:

„Með þessu frv. er verið að kippa grundvellinum undan rekstri útgerðar, sem við teljum vítavert." Það er ekkert annað!

En hvað er verið að gera núna með till. hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar? Auðvitað það sama og miklu meira, vegna þess að þarna munar miklu. Það voru m. a. röksemdir fulltrúa sjómanna, sem er glöggur maður og ákveðinn og hefur verið að vinna í þessum málum í fjöldamörg ár, að samkv. áætlun frá Efnahagsstofnuninni um afkomu útgerðar í okt. 1980 stæði sú tala betur nú en áður. En þegar farið er að athuga hvenig sú góða tala er komin, þó neikvæð sé, með útkomu útgerðar að meðaltali, að vísu undanskildir loðnubátar, er búið að taka inn í dæmið þetta nýja olíugjald sem er hvorki meira né minna en um 7 milljarðar til útgerðarinnar í olíugjald, — þá er búið að reikna með því. Samt er neikvæð útkoma. Þar á ofan bætist að allar tölur Efnahagsstofnunarinnar, heitir hún ekki það annars? — (Gripið fram í.) — Efnahagsstofnunarinnar í Falshúsinu eru í rauninni falsaðar einmitt vegna þess að þar er ekki reiknaður eðlilegur vaxtakostnaður. Hann er langt innan við helming í þeim útreikningum, miðað við það sem hann er í raun og veru. Þar munar mest um vanskilaskuldir útgerðarinnar í landinu. Aðeins á tveimur póstum, þótt við teljum ekki lengra, eru um 20 þús. millj. á herðum útgerðarinnar í vanskilavöxtum, sem eru um 4.7% á mánuði eða milli 50 og 60% á ári. En stofnunin reiknar aðeins með eitthvað rúmum 20% vöxtum að meðaltali. Það er einmitt þessi atvinnuvegur sem þolir alls ekki efnahagskreppuna í landinu, þessa verðbólgu, þetta gengissig, þessi gengistöp stanslaust. Það kemur verst niður á útgerðinni og þess vegna er ekki að furða þótt ástandið sé eins slæmt í þessum efnum og hv. 1. þm. Vestf. var að lýsa í kvöld ágætlega. En það er ekki einhverjum einstökum ráðh. að kenna og það er ekki honum sem ráðh. í fyrri ríkisstj. að þakka. Það er misskilningur.

Auðvitað er ástandið í þessum efnum verra núna varðandi kostnaðarþætti útgerðarinnar en nokkru sinni fyrr. Það er vegna þess að þetta er fyrsta árið sem þessum gífurlegu okurvöxtum er beitt. Þarna kemur það í ljós, sem búið var að segja, hvernig slíkir vextir mundu verka. Þeir eru bókstaflega að drepa þennan atvinnurekstur niður.

Herra forseti. Ég held að það sé óþarfi að eyða tíma í að lesa upp öll þessi plögg sem ég nefndi áðan, 11, en ég vil þó nefna það, vegna þess að ég vitnaði í þann ágæta mann, Ingólf Ingólfsson, sem stendur fast á kröfu sinna manna af eðlilegum ástæðum, að það gera fleiri í þjóðfélaginu og ganga miklu lengra þótt engin efni séu til þess að bæta úr því eins og ástandið er. Það segir einmitt við afgreiðslu þessa máls í febrúar, að fulltrúi sjómanna gerði ekki kröfu um lækkun olíugjalds umfram það sem samkomulag var gert um.

Í ræðu hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar er hægt að leita mjög víða fanga til að styðja það, að við samþykkjum olíugjald upp á 7.5%. Það var ég einmitt að segja þegar hv. þm. þurfti að bregða sér frá. En ég vil aðeins nefna örfá atriði frá því í apríl. Þar segir hv. þm. Matthías Bjarnason m. a., með leyfi hæstv. forseta, — já, það verður að vera þannig að ég lesi þetta svona, hv. þm., af því að ég gleymdi gleraugunum mínum heima. (**HBl:** Hvar eru gleraugun hans Lúðvíks?) Þar segir hv. þm. Matthías Bjarnason þetta að lokum:

„Ég tel ekkert réttlæta það að svíkja þetta loforð," — þ. e. um að halda þessu olíugjaldi út allt árið, — „sem alþm. gáfu með shlj. atkv. hér á Alþ. nema ef olíuverð lækkaði hér heima. En þó að viðmiðunarverð á Rotterdammarkaði lækki hefur það ekki lækkað hér heima, það hefur ekki létt á útgerðarkostnaði hér á Íslandi. Meðan svo er, þá eru það svik að hverfa frá því sem samþykkt var hér í janúar í vetur."

Það er varla hægt að kveða skýrar að orði en hv. 1. þm. Vestf. gerir í þessari ræðu, enda maðurinn afburða málsnjall eins og við höfum heyrt undanfarna klukkutíma. Það þarf í rauninni ekki að segja meira. Við hv. þm. Matthías Bjarnason erum sammála, og ég verð ekki ánægður fyrr en hann viðurkennir það. Þarna sjáið þið svart á hvítu hvað maðurinn er að fara. Það var rétt sem hann sagði, að jafnvel þótt skráning á olíunni í Rotterdam færi einhvern dag niður á við þurfum við ekki að hlaupa til hérna með allt niður um okkur og fara að

lækka olíugjaldið og hækka það svo næst eftir hálfan mánuð þegar það fer upp í Rotterdam. Hvernig haldið þið að það væri hér á hv. Alþ. ef við færum eftir Rotterdammarkaðinum? Það eru dagprísar. Við værum ýmist að samþykkja snuðið upp í Kristján þennan daginn og upp í Ingólf hinn daginn. Þetta eru engin vinnubrögð og ég verð að finna að því. Mér finnst þetta vera hringl í hæstv. ríkisstj. Þetta eru fálmkennd vinnubrögð. Það var ekki nokkur einasta leið að sjá að ástandið í olíuverði væri nokkuð á réttri leið í sumar eða í vor þegar þessu var breytt, enda var ég andvígur því, þó að ég léti dragast til þess að skrifa undir nál, en neitaði hins vegar að mæla fyrir nál. Það gerði bóndi að norðan, og það er út af fyrir sig afsakanlegt.

Ég lýsti því áðan, að við teljum allir vera galla á þessu formi. Það segir líka hæstv. sjútvrh. hér í ræðu, tekur ákaflega stórt upp í sig um hvað þetta sé ómögulegt gjald með þessu lagi. En mér dettur ekki í hug að vera að hneykslast á því þó hann hafi sagt þetta, því það er auðséð þeim sem hafa sett sig inn í málin, en þá var hæstv. ráðh. einmitt nýbúinn að setja sig inn í þau. Það er svo auðséð. — Ég er ekkert að skamma manninn fyrir það, enda er ég ekki kominn hingað til að skamma einn eða neinn og allra síst auðvitað okkar menn, svo að Ragnar getur verið rólegur þarna.

En svona er þetta, að hv. þm. hafa vissulega allan tímann, hvort sem þeir hafa viljað standa að hækkun eða ekki, allir séð gallana við þetta og þá sé ég líka. En ég hef sagt mínum mönnum það a. m. k., — þó að þeir hafi auðvitað ekki spurt mig, þeir eru ekki vanir því, — að ég sjái ekki lausnina á þessu. Ég get ekki fundið hið gallalausa form, enda verður það ævinlega erfitt í þessum útvegi, sem er misjafn og breytilegur og miðaður við fjölbreytilegar aðstæður á alla lund og of lengi upp að telja raunar. Ein regla af þessu tagi, einhver prósenturegla, fær aldrei staðist svo að við getum ekki fundið í henni stórfellda mismunun.

Það eru auðvitað margir fleiri hv. íhaldsmenn eða sjálfstæðismenn úr ýmsum örmum þess flokks sem hafa látið í sér heyra í þessu máli, og þegar allt er saman tekið, jafnvel þó hin langa ræða hv. 1. þm. Vestf. væri tekin með, tel ég að glöggt sé að langmestur hluti þess, sem af munni þeirra sjálfstæðismanna hefur hrotið í þessu máli, hallast á mína sveif: að það sé illskárra að hafa þetta olíugjald en ekkert vegna þess að útgerðin þoli ekki olíuverð á þriðja hundrað þús. kr. tonnið.

Það er, eins og allir sjá, erfitt að gera út togbát á skrapfiskirí, sem þarf að fiska heilt tonn af góðfiski til að geta borgað eitt tonn af olíu, — heilt tonn af góðfiski til að borga eitt tonn af olíu! Það þarf að vera drjúgt fiskirí yfir sólarhringinn til að vinna aðeins fyrir olíunni og eiga eftir að borga meira en helminginn í mannakaup og allan annan kostnað, vaxtakostnað, eins og hann er nú þokkalegur. Það er bókstaflega ekki hægt að hugsa það dæmi, hvað þá að reikna það út. Einhver aðstoð verður að koma til þess að hægt sé að stunda þennan atvinnurekstur.

Því miður er hér, ég ætti kannske að segja: sem betur fer, enginn Alþfl.-maður, en ég segi að þessu sinni: því miður er hv. þm. Karvel Pálmason forsetaframbjóðandi til ASÍ ekki viðstaddur og ég sakna hans vegna þess að hann skrifaði umhugsunarlítið upp á nál. meiri hl. í nefndinni. Ég harma það, vegna þess að skoðun þeirra Alþfl.-manna kemur einnig skýrt og afdráttarlaust fram þegar litið er til þingtíðinda og þá er sama hvort farið er aftur fyrir s. l. áramót eða síðar, en þá var um allt annað og veigameira olíugjald að ræða en nú er.

Ég er hér með umr. af hálfu Alþfl.-manna varðandi olíugjald þegar það er 12%, og ég er hér með orð eftir þessum mönnum frá því það var 7% og 9%. — Það var auðvitað óguðlega hátt og raunar allt of hátt vegna þess mismunar, sem er á olíuþörf fiskiskipa, að fara með þetta yfir 10%, kannske upp í 15%. Þá er þetta orðið mjög stór hluti. Mörg veiðiskip þurfa ekki að kaupa olíu fyrir 15% af heildaraflanum. T. d. mundu loðnuskipin fiska í ár fyrir um 600 millj. ef einhvern afla væri að hafa, eins og þetta skip sem ég var á í sumar, það fiskar kannske fyrir 600—700 millj. í ár. Ef það væri 15% olíugjald fengjust 90 millj. (Gripið fram í.) En það er sama, ég efast um að þeir eyði neitt nálægt svo mikilli olíu, þannig að þegar prósentan er kominn upp í þær hæðir fer þetta auðvitað að verða of bjagað. En þegar það er þó tuttugasti partur eða tólfti til þrettándi partur eins og þarna, þá er kannske fyrir sig að una við það þó að kerfið sé ekki gott. — En ég sé í umr. frá 20. des. í fyrra, að þá er verið að fjalla um býsna hátt olíugjald, eins og menn muna, og þá skiptist n. einnig í meiri og minni hl. Það vildi svo til að ég var þá í meiri hl., enda hafði stjórnin þá meiri hl. í n., en ekki stjórnarandstaðan. (**Gripið fram í:** Var það kratastjórn?) Það var það. (Gripið fram í.) Ætli það ekki. Ekki tilheyrðum við henni, var það? (Gripið fram í.) Guðmundur, já. Jæja, einhver stjórn var þá ekki góð. En þar skiluðum við sitt hvoru nál. og fulltrúi raunsæisins, Garðar Sigurðsson, mælti með því að menn reyndu að hengslast til að samþykkja þetta þó að vont væri. En þar skrifar hv. þm. Matthías Bjarnason sérnál. vegna þess að hann hafði ágreining, en ekki um olíugjaldið. Það var um verðuppbætur á aðrar fisktegundir en þorsk, þar sem hann vildi bæta grárri lúðu inn með aflanum af ufsa og karfa í þeim efnum. Hv. þm. Matthías Bjarnason segir þá: „Það má segja að ágreiningur sé í sjálfu sér ekki um 1. gr. frv., um sjálft olíugjaldið.“ Þetta er maðurinn sem getur varla staðið hér í stólnum fyrir hamagangi út af 7.5% olíugjaldinu, 5% hækkun. (**GJG:** Hvað sagði Karvel þá?) Karvel? Ja, ég get kannske leitað að því, hv. þm., hvort hann hafi ekki sagt eitthvað, en ég treysti mér ekki til þess að hafa það eftir jafnhátt og hann er vanur. Hann segir:

„En ég er sem sagt á því, að þarna hafi ekki verið valin rétta leiðin til þess að mæta þessum skakkaföllum og það þurfti gaumgæfilega að íhuga breytingu á meðferð þessa máls ef gjaldinu verður áfram haldið, sem ég hygg að menn séu almennt sammála um að óbreyttu ástandi.“

Það er það. Hins vegar er hann á móti þessu olíugjaldi vegna þess að hann er sem fulltrúi sjómanna á móti notkun þessa gjalds, að fara svona inn í skiptin, en samþykkir þó að eins og ástandið sé verði ekki undan því vikist að hafa olíugjald í einhverju formi. Hann samþykkir það, enda gera það allir skynsamir menn og einnig hv. þm. Matthías Bjarnason. — Það eru einkennilegar tilvitnanir sem hægt er að draga fram eftir hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni þar sem hann kveður svo sterkt að orði að ég get varla haft það eftir.

Ég verð að segja að við hv. þm. Matthías Bjarnason erum býsna sammála um ýmis mál sem hann tók hér til meðferðar. Við höfum báðir miklar áhyggjur af undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar ef svo heldur lengi áfram í því efnahagsöngþveiti sem nú ríður yfir landið. Ég sé

enga ástæðu til að reyna að sætta sig við að halda verðbólgustiginu, eins og sumir gera, í núverandi marki og vera tiltölulega ánægður með að það skuli ekki hækka, vegna þess að það hækkar svo mikið úti. Við erum komnir upp fyrir það mark sem hægt er að una við, talsvert langt upp fyrir það mark. Og ég held að það sé út af fyrir sig ekki aðalmálið hvað duglegir ungir menn sitja í ráðherrastólum eða gamlir, það fer kannske ekki eftir því, og sé ég ekki að þeir séu mjög efnilegir til þess að halda þétt saman um eina eða neina stefnu sem utan stjórnarinnar standa. Það sjáum við ef við lítum í kringum okkur og þýðir ekkert að neita því. Og ekki er líklegt að slíku liði, margklofnu í allar áttir og sprungnu, takist *eitthvað betur að eiga við þessa hluti en þeim kynni* að takast sem nú sitja ef þeir reyndu það.

Það er auðvitað rangt, sem menn eru að segja hérna til þess að reyna að gera sinn málstað góðan og andstæðinganna vondan, að verið sé að velta þessum olíuvanda yfir á sjómenn. Það er auðvitað ekki rétt, og að þeir fái og hafi miklu minni tekjur en aðrir í þjóðfélaginu. Það er hins vegar rétt, að það þarf meira að fiska núna en áður til að ná tryggingunni. En sjómenn hafa haft á þessu ári meiri tekjur og meiri tekjuauka milli ára en aðrar vinnandi stéttir. Um það eru til opinberar skýrslur, eins og þar stendur, og úr gagnmerku blaði get ég lesið þessar tölur, ef ég fæ leyfi hæstv. forseta til þess. Það er sjálft Morgunblaðið og hittist svo á, að í þessu eintaki er einmitt mjög margt merkra greina eftir ýmsa ágæta menn, eins og Lárus Jónsson o. fl.

Hér eru töflur sem segja hverjar tekjur eru hjá kvæntum sjómönnum, iðnaðarmönnum og verkamönnum frá 1974—1980 og breytingar fiskverðs og kauptaxta 1974—1980 o. s. frv. En þegar við lítum á tekjurnar er hægt að segja það, ef við tökum áætlun 1980, að sjómenn hafi, með leyfi forseta, 12.86 millj., verkamenn 8.43 millj., iðnaðarmenn 9.41 millj. — Og þetta er sjálft Morgunblaðið, Halldór Blöndal. (**HBl:** Ekki lýgur Mogginn.) Ég hef raunar ekki athugað hvaðan þessar tölur eru, en svona er það. Þeir hafa haft nokkuð mikla hækkun á milli ára. Það er ekki vegna þess að hlutfallið milli launa og fiskverðs sé sjómönnum í hag. Þar sígur á ógæfuhlið. Þar segir hv. þm. Matthías Bjarnson satt. Það, sem gerir að sjómenn hafa haft hærri tekjur í raun, er að það hefur fiskast meira.

Við vitum báðir, við hv. þm. Matthías Bjarnason, hvað það er sem er að gera þessum atvinnuvegi svona erfitt fyrir. Við þurfum ekkert að vera að rífast um það hér. Ástandið hefur í þeim efnum aldrei verið verra en nú og auðvitað fjarstæða einnig að kenna einhverri sérstakri ríkisstj. um það. Það er út í hött. Og það er ekkert annað en stráksskapur að vera að nudda mönnum upp úr því eða koma með spurningar *eitthvað á þá leið, hvort þetta* sé aðferð til þess að bæta samkomulagið milli sjómanna og útgerðarmanna o. s. frv. Aðalspurningin er þessi: Þegar fiskverðið var hækkað til sjómanna núna til skipta um 8% var það þá nægileg hækkun til handa sjómönnum miðað við það sem aðrir höfðu fengið? Ég veit ekki nákvæmlega hvernig það er með aðrar stéttir, hvað þær hafa fengið í kauphækkun á þessu tímabili, en ef aðrar stéttir fá talsverða hækkun í kaupi í krónutölu núna 1. des., en sjómenn ekki neitt, þá er auðvitað verið að hafa þarna af sjómönnum, að vísu tiltölulega lítið miðað við ár, ef það er gert í des. vegna þess að þá eru sjómenn meira í landi en nokkurn annan mánuð ársins, og þá er líka það verðtímabil búið og rennur út um áramót. Sá mismunur vegur því ekki þungt ef miðað er við heilt ár. En það er auðvitað aldeilis út í hött að halda því fram, að allur þessi vandi sé lagður á herðar sjómanna. Þeir fá þarna að ýmissa mati hæfilega hækkun á fiskverði, um 8%. Ég skal ekki leggja dóm á það. Kannske hefði það átt að vera eitthvað heldur meira. En það er fiskvinnslan sem tekur að sér að greiða 7.5% í viðbót, þ. e. 6—7 milljarða kr. til útgerðarinnar í olíukostnað miðað við ár. Það er ekki tekið af hlut sjómanna. Sjómenn vilja gjarnan túlka það svo, ég þekki það vel, ég vinn við hliðina á þessum mönnum um lengri eða skemmri tíma á hverju einasta ári, að það, sem fiskvinnslan greiðir fyrir aflann, eigi allt að vera til skipta. Í þá reglu vilja sjómenn auðvitað halda og hafa eitt og óskipt fiskverð.

Það er eins og fyrri daginn og hefur ævinlega verið síðan ég kom á þing, og er þó orðið nokkuð langt síðan, að í hvert sinn sem vandi kemur upp í sjávarútvegi hefur hann verið leystur innan greinarinnar sjálfrar. Það er ekki farið annað eftir peningum. Það er ekki farið í ríkiskassann. Vandanum er aðeins velt á milli innan sjávarútvegsins sjálfs. Þetta hefur verið regla í sjávarútvegi. Stjórnvöld eiga að hafa það fyrir sið að mynda almennar reglur sem síðan sé hægt að fara eftir. Og ef við ættum að gera það að almennri reglu að komi upp vandi innan atvinnugreinar af þessu tagi eða í einhverju öðru, eins og oft hefur komið upp á í sjávarútvegi, eigi að leysa þann vanda innan þeirrar atvinnugreinar sjálfrar, hvað segðuð þið landbúnaðarmenn, sem sitjið hér, og bændur, ef ekki mætti sækja peningana annað? Hvernig færi þá? Og hvernig er með þennan aumingjans iðnað, sem við Íslendingar höfum, sem allur er í vandræðum? Heil stjórnardeild er komin á fulla ferð til þess að reyna að koma íslensku sælgæti ofan í fólk núna í stað erlends og hefur eins árs prógramm að vinna að í þeim efnum. Ég er ekki viss um að þessar atvinnugreinar þyldu það, að slík almenn regla yrði tekin upp.

Að lokum vil ég aðeins segja það, þótt margt sé í rauninni eftir og hefði verið gagnlegt að koma inn á, því að það vill svo til að í þessum efnum þyrfti auðvitað að ræða miklu meira hér á hinu háa Alþingi: Ég ætla ekki að lesa upp úr uppáhaldsbók hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar, kosningastefnuskrá Alþb. frá 1978. Ég skal viðurkenna það og taka undir það með Matthíasi að margt í þessari bók er ósköp óraunsætt. En þarna er þó um að ræða stefnu til langs tíma og það verður ekki leyst á augabragði og allra síst í samstarfi við mjög óskylda flokka. Þarna eru sett stefnumið, að vísu fjarlæg, en þau stefnumið ein sem eru í raun einhver lausn af viti út úr okkar efnahagsöngþveiti. Það tekur hins vegar langan tíma að vinna að þeim. En það vill oft verða svo fyrir *kosningar, að kosningastefnuskrár verði* óskalistakenndar. Það væri ekki vandi að finna slíkar stefnuskrár annarra flokka, eins og „Framför landsins alls“ hjá Framsókn á sínum tíma og „leifturstríð“ hjá Sjálfstfl. Það mætti auðvitað finna margar skrumkenndar yfirlýsingar og óskir í slíkum plöggum. Það er algerlega út í hött að fara að lesa slík plögg og það margra ára gömul, þegar verið er að fást við alvarlegt vandamál sem stendur á okkur þessa stundina. Þetta gera menn kannske til að reyna að vera svolítið sniðugir og það tekst hv. 1. þm. Vestf. oft sem betur fer.

En að lokum vil ég aðeins segja nokkur orð við hæstv. sjútvrh., og ég segi að ég ætla ekkert að fara að skammast

í þessum efnum við hæstv. ráðh., því að reynslan sýnir að það þýðir ekkert að skammast við hann um þetta. — Ég hef aldrei skvett vatni á gæs, ég hef aldrei umgengist þær. En það er til máltæki, að þetta og hitt sé eins og að skvetta vatni á gæs. Vatn tollir líklega illa á gæsum vegna þess að þær eru svo feitar í fiðrinu að þær blotna ekki.

Ég hef áður reynt að finna að því, hvernig vinnubrögð hæstv. ráðh. viðhefur í mörgum efnum, ekki síst þegar stórmál eru á ferðinni. Núna var það þannig, og það er ástæðulaust að liggja nokkuð á því, enda er ég búinn að kjafta því meira að segja í Ólaf Ragnar, það vita þetta allir orðið, að daginn sem fiskverðið var ákveðið, líklega kl. 4, er einn ráðherrastrákurinn sendur með frv. niður á þingflokksfund hjá okkur og segir: Viljið þið samþykkja þetta? — eða eitthvað slíkt. Það var borið undir þingflokkinn 10 mínútum eftir að búið var að ákveða fiskverðið. Þetta er samráðið við okkur.

Það þarf ekki að orðlengja þetta neitt eða vera að velta sér upp úr þessu. Þetta er auðvitað ómögulegt, strákar, þetta er ómögulegt. Við, sem eigum að standa hér upp og mæla með þessu og hinu og flytja um það góðar ræður væntanlega, þurfum helst að vita af málinu — við skulum segja: 10 mínútum fyrr, en ekki á eftir, þ. e. aðeins fyrr, þannig að okkur sé ekki stillt upp fyrir orðnum hlut. Að þessu sinni gerði það ekkert til, ósköp einfaldlega vegna þess að við komumst ekki hjá því, þótt okkur þyki það vont, að hafa þetta olíugjald. Ég hefði ekki þurft að sjá þetta frv. fyrr en í dag til þess að geta talað hér fyrir því að það yrði samþykkt.

Herra forseti. Ég legg til að þetta frv. verði samþ. að lokinni þessari umr.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Maður gat vænst þess, fyrst hæstv. ráðh. ómakaði sig hingað niður eftir, að hann hefði séð ástæðu til að svara sumum af þeim spurningum sem hv. 1. þm. Vestf. beindi til hans áðan. (**Sjútvrh.:** Það er ekki búin umr.) Ja, hún er komin nokkuð langt. (**Sjútvrh.:** Þm. varð aðeins á undan mér.) Ekki skal standa á mér að gefa hæstv. ráðh. tækifæri til að svara fsp. og koma þá heldur á eftir til þess að flýta umr. (**Forseti:** Hv. þm. og hæstv. ráðh. gefa ekki hvor öðrum orðið. Það er ég sem ræð því.) Rétt má það vera, og má þá kannske reyna að halda áfram máli sínu, með leyfi hæstv. forseta.

Ég held að það blandist engum hugur um það, nema kannske hæstv. fjmrh., að frv., sem hér liggur fyrir, er aðeins einn þátturinn í miklu stærra máli og sýnir ljóslega þá ringulreið sem ríkir í efnahagsmálum og atvinnumálum nú um stundir. Menn minnast þess, að þegar núv. ríkisstj. var mynduð var ein af forsendum stjórnarsáttmálans, eins og hann var úr garði gerður, að gengið yrði á útflutningsatvinnuvegina og lengi framan af og raunar enn hefur ríkisstj. fylgt þeirri stefnu með margvíslegum hætti þannig að í sumum greinum útflutningsframleiðslunnar hefur komið til mjög verulegra og alvarlegra erfiðleika sem hafa valdið tilfinnanlegum samdrætti og ég vil segja í sumum greinum óbætanlegum samdrætti, eins og t. d. í skinnaiðnaði. Þrátt fyrir það að ég hafi nokkrum sinnum gert tilraun til þess að það mál yrði rætt á Alþ., hvernig hagur ullar- og skinnaiðnaðarins hefur verið, hefur það ekki fengið neinar undirtektir. Þannig hefur tómlætið verið fyrir þeim atvinnugreinum, og skyldi maður þó ætla að ýmsir, ekki síst bændur, skildu mikilvægi þess, að þessi framleiðslugrein gæti starfað með eðilegum hætti.

Nú liggur alveg ljóst fyrir eftir síðustu kjarasamninga, sem gerðir voru, og eftir síðustu fiskverðsákvörðun, að í fyrsta lagi sitja sjómenn eftir, þeim hafa ekki verið búnar sömu launahækkanir og öðrum atvinnustéttum og þannig gengið á hlut þeirra. Í þeim efnum heldur ríkisstj. áfram þeim leik sem ríkisstj. hæstv. utanrrh. lék á sínum tíma, ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar sem sat fyrir einu ári, þegar hún setti gerðardómslögin alræmdu á sjómenn. — Það er einn af þeim göllum sem eru á stjórnarskránni, að ríkisstj. skuli haldast uppi að gefa út brbl. án þess að leggja þau fyrir Alþ. til synjunar eða samþykktar, heldur eru þau látin daga uppi þannig að aldrei fæst úr því skorið, hvort þau hafi raunverulega haft meiri hluta á bak við sig eða ekki. Ég hygg til dæmis að þannig sé um annað frv., sem lagt var fram á síðasta sumri, frv. um fóðurbætisskattinn. Má þó vera að hæstv. ríkisstj. takist að fá það frv. samþykkt á Alþ. með hjálp krata, og lýsir það í sjálfu sér hvernig ástandið er í landinu þegar Framsfl. er farinn að stjórna bændapólitíkinni annars vegar með stuðningi Dagblaðsins og hins vegar krata. Er náttúrlega ekki að vænta að árangurinn verði burðugur.

Herra forseti. Ég hélt að hæstv. ráðh. hefði skilið að það voru nokkrar spurningar sem ég vildi ítreka við hann. Ég gaf honum kost á að tala þegar í stað, en hann vildi endilega að ég talaði á undan. Ég vil þá gjarnan fá að ítreka þessar spurningar og hann verður að afsaka þótt það taki pínulítinn tíma. Ég held að ráðh. verði að sitja hér. Eru þeir ekki með þreföld laun alþingismanns? Ég held að þeir séu ekki of góðir til að sitja, smástund inni í þingsölunum. (**Forseti:** Má ég biðja þingmenn að ná í sjútvrh.)

Ég verð að biðja hæstv. ráðh. afsökunar á að hafa ónáðað hann. (Gripið fram í.)

Ég er ekkert á móti því. Ég sýndi enga óþolinmæði, síður en svo. Nú áttum við nokkur orðaskipti á síðasta vori og þá man ég ekki betur en hæstv. ráðh. hafi gefið það fyrirheit, að lausaskuldalánum útgerðarinnar yrði breytt í löng föst lán. Ég gat ekki betur skilið en við því mætti búast, að það gæti gerst skjótlega, og sætti mig við þau svör hjá hæstv. ráðh. Nú þætti mér fróðlegt að fá að vita hvernig það mál stendur, hvort unnið hafi verið að því að breyta lausaskuldalánum útgerðarinnar í föst lán og þá við hvað er miðað í þeim efnum, hvort einungis er þá miðað við t. d. Byggðasjóð og Fiskveiðasjóð eða hvort hugmyndir eru uppi um að líta á olíuskuldirnar einnig.

Það væri fróðlegt að fá við þessu svör, en einnig við öðru máli sem ég hef afskaplega oft rætt í þingsölum, en fengið litlar undirtektir við.

Nú vitum við að fiskiskip hafa verið keypt til landsins með afskaplega misjöfnum kjörum. Þessi kjör fóru fram eftir þessum áratug smátt og smátt versnandi, og ég hygg að það sé rétt hjá mér, að ef miðað er við togarana sé Sigurbjörg á Ólafsfirði með verstu lánskjörum keypt sem nokkur togari þarf að sæta. Nú hafa ýmsir togarar verið keyptir til landsins og dregið hefur verið úr þessu og lánskjörin gerð,— ég vil nú ekki segja skaplegri, en ekki alveg jafnranglát og þau voru. Nú vil ég spyrja hvort þess sé að vænta, að lánskjörin á þeim skipum, sem verða að sæta verstu lánskjörum, lentu þar mitt á milli, verði eitthvað löguð. Ég veit að þessi fyrirspurn getur ekki komið hæstv. ráðh. á óvart, vegna þess að ég ræddi þetta mál á síðasta þingi og óskaði eftir að fá að vita hvort þetta mál hefði verið athugað í sambandi við þær ráðstafanir sem þá voru í vinnslu í sambandi við vanskilaskuldir

útgerðarinnar. Ég held að það sé óhjákvæmilegt einnig að líta á lánskjörin, því að það er náttúrlega skammgóður vermir að breyta lausaskuldunum í föst lán ef lánskjörin eiga eftir sem áður að vera slíkir afarkostir að vonlaust er fyrir nokkra útgerð að rísa undir þeim. Það getur verið gott og blessað fyrir þá, sem eiga fjármagnið, að fá háa vexti, jafnvel verðtryggingu sem miðast við byggingarvísitölu. En sá er bara galli á gjöf Njarðar, að það stendur enginn rekstur undir þvílíkum lánskjörum og allra síst þegar verðbólgan er komin upp í 80%.

Ég verð nú að biðja ráðh. afsökunar á því að ég skuli fara ofurlítið út í aðra sálma, en í þessu samhengi held ég að það sé alveg óhjákvæmilegt.

Kjarasamningar eru nú nýafstaðnir. Við munum eftir því, að hinn 1. mars á árinu 1978, þegar gerðar voru ráðstafanir til að klippa á víxlgengi kaupgjalds og verðlags með febrúarlögunum svonefndu, var það talið af verkalýðshreyfingunni algjörlega forkastanlegt og mikil brigð að ríkisstj. skyldi leyfa sér að setja lög sem skertu þá verðbótavísitölu sem hafði verið samið um vorið 1977 og ríkisstj., sem þá sat, hafði síðan samið um einnig. Á þessu hausti horfir þetta mál öfugt við. Hæstv. ríkisstj. reið á vaðið og samdi við opinbera starfsmenn í byrjun, um mánaðamótin ágúst—september. Síðan gerðist það, að samið var á hinum almenna vinnumarkaði. Í stórum dráttum var þar um sömu samninga að ræða. Nú bregður svo undarlega við, að í Þjóðviljanum, málgagni hæstv. fjmrh., er fjargvirðast út af því, að atvinnurekendur beri einir ábyrgð á þessum samningum. Ég veit að hæstv. sjútvrh. skilur að það var með öllu útilokað að hugsa sér að fólkið, sem vann við framleiðsluatvinnuvegina, ætti að sitja eftir og fengi ekki sömu launahækkanir og hið opinbera hafði samið um áður fyrir fólk sem gegndi sams konar störfum. Nú er spurningin: Hyggst ríkisstj. klippa á víxlhækkanir kaupgjalds og verðlags með þeim hætti að taka verðbótavísitöluna úr sambandi eða skerða hana með einum eða öðrum hætti?

Nú verð ég að segja að það er í rauninni hálfdapurlegt að hv. 7. þm. Reykv. skuli ekki vera hér inni, Guðmundur J. Guðmundsson, því að ég veit að hann mundi taka undir mál mitt í þessum efnum. Sá er nefnilega munurinn á nú og fyrir tveimur árum, að sá kaupmáttur, sem fólk hefur núna eftir samningana, er mun minni en kaupmátturinn var eftir „sólstöðusamningana" árið 1977. Við munum að þá gerði Guðmundur J. Guðmundsson þá kröfu og verkalýðshreyfingin að samið yrði um 100 þús. kr. lágmarkslaun í landinu. Við munum einnig að hæstv. núv. utanrrh., Ólafur Jóhannesson, tók með öðru orðinu undir þessa kröfu, þó að hann tæki raunar allt aftur með hinu. Þegar búið var að semja á árinu 1977 voru byrjunarlaun í fiskvinnslu 93 078 kr., þá vantaði m. ö. o. 7.4% upp á að sú 100 þús. kr. viðmiðun næðist sem verkalýðshreyfingin á þeim tíma talaði mest um. Ef við færum þetta til verðlagsins í dag svara þessar 100 þús. kr. til 423 294 kr., en launin í fiskvinnslunni eru ekki nema 337 428 kr. Það vantar m. ö. o. 25.4% upp á að samið hafi verið um þau laun sem á vordögum 1977 voru talin algjört lágmark þess sem hægt væri að tala um að viðunandi væri í því menningar- og velferðarþjóðfélagi sem við vildum lifa í hér á landi. Ef miðað er við þessar forsendur og þennan tíma sjáum við að ekki standa efni til þess að skerða verðbótavísitöluna, ef við á annað borð viljum að sami kaupmáttur sé í landinu eða sömu kjör og þá voru.

En það er ekki aðeins að með þessum hætti sé búið að klippa ofan af launanum hjá fólkinu, heldur hefur verið tekið neðan af einnig með því að skattar hafa verið stórauknir, bæði beinir skattar og óbeinir. Röng vaxtapólitík og stöðugur samdráttur í lánamálum veldur því, að margt fólk, sem nú er á besta aldri, milli þrítugs og fertugs, má hafa sig allt við til þess að missa ekki íbúðir sínar.

Hæstv. sjútvrh. komst svo að orði í viðtali við Morgunblaðið 28. okt. s. l.: „Ég hef ekkert heyrt um þessa ákvörðun ríkisstj. fyrr en ég las frétt Morgunblaðsins. En ég vildi gjarnan að ríkisstj. færi nú að taka sig á og skerti verðbætur á laun, búvöruverð, fiskverð og gengissig, því þá væri niðurtalningin komin í framkvæmd."

Nú er spurningin: Hvað á hæstv. sjútvrh. við með þessum orðum? Er samstaða um það innan ríkisstj. að skerða kaupgjaldið í landinu, eins og þarna er talað um. Með því frv., sem hér er verið að tala um, er efnt til ófriðar við sjómenn. Það er ástæða til að spyrja hvort einnig sé í samningu frv. um að skerða vísitöluna og efna einnig til ófriðar við alla launþegahreyfinguna í landinu nú á þessum vetrardögum. Ég geri raunar ráð fyrir að hæstv. ríkisstj. muni ekki hafa kjark eða þrek til að opinbera þessar ætlanir sínar áður en alþýðusambandsþing kemur saman, en það sakar ekki að spyrja og fá svar um það frá hæstv. sjútvrh., hvort samstaða hafi tekist í þessum efnum, hvort kjaraskerðingaráformin séu orðin að veruleika í hugum ráðh. og það eina, sem eftir sé að gera, sé að festa þau á pappír og leggja fram á Alþingi.

Sérstaklega í sambandi við það frv., sem hér liggur fyrir, er náttúrlega hægt að segja það almennt um þennan atvinnurekstur, útgerðina, eins og um annan atvinnurekstur í landinu, að þar er um mjög mikla erfiðleika að ræða og skuldasöfnun, eins og hv. 1. þm. Vestf. rakti rækilega í sinni ræðu. Kjörin, sem atvinnuvegirnir búa við, eru þvílík, að þess er engin von að hægt sé að halda uppi heilbrigðum rekstri. En þó er það einn sjóður sem græðir á vitleysunni. Þegar verðbólgan magnast sem mest er það eitt fyrirbæri í þessu landi sem græðir og það er ríkissjóður. Það veit hver einasti maður sem hefur nokkru sinni komið nálægt fjárlagagerð, sem hefur nokkru sinni kynnt sér hvernig tekjukerfi ríkisins er byggt upp, að í miklum verðbólguvexti styrkist staða ríkissjóðs vegna þess að útgjöldin fylgja ekki jafnhratt á eftir og þær tekjur sem bundnar eru, sem fylgja verðlaginu, eins og söluskattur eða tollar. Það er þess vegna ekkert undarlegt þótt hæstv. fjmrh. geti, eins og nú er í pottinn búið, hrósað sér af því að hann kunni að eiga nokkra skildinga eftir í ríkissjóði þegar fram á áramótin kemur, þegar verðbólgan gusast áfram eins og merkin sýna, *og mundi vera meiri drengskapur af honum að* reyna heldur að verja þeim peningum, sem afgangs eru, t. d. til þess að sjómenn gætu haldið sínum hlut til jafns við aðrar stéttir fram að áramótum og útgerðin fengi sinn hlut úr ríkissjóði.

Ef ekki er hægt að halda uppi heilbrigðri atvinnustarfsemi í landinu hlýtur að því að reka fyrr eða síðar að allt stöðvist, nema hið opinbera hlaupi undir bagga, enda er það viðurkennt og opinberlega staðfest í stefnuskrá Alþb., að það sér ofsjónum yfir sjávarútveginum, bendir á að það sé sá atvinnuvegur hér á landi þar sem auðvaldið nýtur sín best og sjávarútvegurinn hafi búið við of mikið hagræði undanfarin ár og sé þess vegna of sterkur. Nú á að grípa tækifærið með Framsfl. og undanvillingunum og

reyna að steypa útgerðinni í landinu og koma henni yfir á klafa ríkisvaldsins. — Það er að vísu annað mál, en ég áttaði mig ekki alveg á því, hvernig hv. 1. þm. Vestf. fann út að framsóknarmennirnir í ríkisstj. væru sex. En við eigum eftir að ræða það betur og má vera að svo sé.

En þetta vildi ég segja á þessu stigi málsins og vonast til þess, að hæstv. sjútvrh. svari þeim spurningum, sem hér hafa komið fram, og einnig því, hvað hann eigi við þegar hann talar um að skerða ekki aðeins kaupgjaldsvísitöluna, heldur einnig fiskverðið, eins og fram kemur í umræddu Morgunblaðsviðtali.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Þessu máli, sem nú er til umr., hefur tvívegis verið frestað, m. a. frestað s. l. miðvikudag, og þá var mér tjáð að samkomulag hefði orðið um það með formönnum þingflokkanna, að málið yrði afgreitt í dag úr þessari deild.

Ég er út af fyrir sig ekkert undrandi á langri og ítarlegri ræðu hv. 1. þm. Vestf. um sjávarútvegsmál. Enginn kemst með tærnar þar sem hann hefur hælana. Hins vegar hafa ræður hér orðið langtum víðtækari, m. a. um efnahagsmál almennt, og eflaust er það viðleitni hv. þm. til að standa við fyrrgreint samkomulag. Engin furða er þótt menn segi hér að traustið á stjórnmálaflokkunum sé brostið.

Ég skal ekki hafa langt mál og mun ekki ræða um efnahagsmálin almennt. Ég hef nýlega haldið ræðu um þau mál við umr. um stefnuræðu forsrh. og hef lýst þar mínum sjónarmiðum. Ég hygg að þau hafi komið þar glöggt fram og geta menn rifjað það upp úr þingtíðindum ef þeir vilja.

Ég geri jafnframt ráð fyrir því, að um efnahagsmálin verði rætt á næstu vikum. Hjá því verður eflaust ekki komist, og ég tek undir það með hv. þm., að þau eru vitanlega hið stóra vandamál sem við er að stríða. Olíugjaldið er einn hluti af því, en þó ekki nema lítill angi.

Ég skal hins vegar koma stuttlega að nokkrum þeim atriðum sem hér hefur verið spurt um og beinlínis tengjast olíugjaldinu.

Mjög hefur verið deilt á það, að olíugjaldið var lækkað í apríl s. l. úr 5% í 2.5%. Þetta var, eins og þá kom ítarlega fram, gert á grundvelli spádóma frá Þjóðhagsstofnun og fleiri sem til þekktu um væntanlega jafnvel lækkun á olíukostnaði. Ég get fúslega fallist á að þetta kunni að hafa verið mistök og þarna hafi verið byggt á of mikilli bjartsýni.

Mér sýnist hins vegar furðulegt ef menn telja að olíugjaldið eigi að vera einhver föst hundraðstala. Ég vek athygli á því, að olíugjaldið hefur breyst ætíð frá einni ákvörðun til annarrar. Í mars 1979 var olíugjaldið ákveðið 2.5%, í júní 1979 7%, í júlí 1979 15% og þar af 3% til hlutaskipta, í október 1979 9%, í febrúar 1980 5%, í apríl 1980 2.5%, og nú er lagt til að það verði 7.5%. Staðreyndin er vitanlega sú, að það er raunverulega grundvallarhugsunin með olíugjaldinu, að það breytist eftir því hvað olíukostnaður er þungur á útgerðinni.

Ég verð einnig að lýsa furðu minni á því, að þessir hv. þm. greiddu atkv. með 12% olíugjaldi í júlí 1979, þ. e. 15% mínus 3%, án þess svo mikið sem að blikna. Og ég verð að taka undir það, sem hv. þm. Garðar Sigurðsson rakti ítarlega hér áðan um ágætan rökstuðning hv. 1. þm. Vestf. fyrir olíugjaldinu í vor. Ég hef þekkt hv. 1. þm. Vestf. alllengi og að mörgu leyti borið virðingu fyrir kunnáttu hans og þekkingu í sjávarútvegsmálum, en mér þykir hann leggjast ansi lágt að snúast nú gegn hagsmunum útgerðarinnar sem hann hefur borið oft og mjög fyrir brjósti. Mér þykir stjórnarandstaðan ekki sýna málefnalega tilburði, því miður, verð ég að segja.

Ég hef hvað eftir annað sagt að ég tel olíugjaldið nauðvörn. Ég er andsnúinn olíugjaldinu af grundvallarástæðum. Ég tel það rangt, ég tel það lagt á skakkan hlut, ef ég má orða það svo.

Ég ætla ekki að fara að ræða um útúrsnúninga hv. 1. þm. Vestf. um fjölda fiska o. s. frv. Ég veit að hann veit mætavel við hvað er átt. En ég tel rangt að leggja það á, hvort sem við köllum það fjölda fiska eða verðmæti. Það er ekki greitt eftir eyðslu.

Ég hef einnig skýrt frá því, að viðræður hafa verið í gangi með fulltrúum útgerðar og sjómanna um aðra leið til að mæta þessum gífurlega olíukostnaði. Þessar umr. hófust fyrir tilstilli fyrrv. sjútvrh., Kjartans Jóhannssonar. Þetta er ákaflega vandmeðfarið verk. Ég hef átt fund með þeirri nefnd, sem um þessi mál fjallar, og lagt á það áherslu, að leitað verði annarra leiða. Ég skildi nefndarmenn svo, að þeir væru allir mótfallnir olíugjaldinu sem slíku eða vildu finna aðrar leiðir, ef ég má orða það þannig. Jafnvel fulltrúar útgerðarinnar vilja gjarnan finna aðrar leiðir. Hins vegar voru allir sammála um það, að önnur leið yrði að byggjast á samkomulagi, þannig að um hana gæti orðið friður. Undir þetta verð ég að taka.

Ég batt nokkrar vonir við það, að unnt yrði að stíga skref nú út úr olíugjaldinu og inn á aðrar leiðir til þess að mæta olíukostnaði. Því miður hafði nefndin ekki komist það langt í sínum störfum. Ég bind enn vonir við að það takist fyrir næstu fiskverðsákvörðun og hef lagt á það áherlsu við nefndina. Á meðan svo er ekki verð ég að taka undir það með hv. þm. Garðari Sigurðssyni, að vart er um annað að ræða en að búa við það olíugjald sem þingið hefur einróma samþykkt í fyrri tilfellum og lagt blessun sína yfir.

Ég efast ekki um að margir hv. þm. — og áreiðanlega einnig hv. þm. Matthías Bjarnason í hjarta sínu — eru mótfallnir olíugjaldinu sem slíku og vilja finna betri leið. Ég ætla engum manni að vilja ekki bæta það sem við höfum. Það er svo auðvelt að sýna fram á annmarka á olíugjaldinu. En ég vænti þess jafnframt, að menn geti tekið undir það, að á það ber að leggja áherslu að gera slíkt með samkomulagi, en ekki einhliða ákvörðun ríkisstj. og Alþingis. Að því er stefnt og það er ástæða fyrir því, að enn þá er byggt á olíugjaldi. Það er nú hækkað vegna þess að orðið hefur yfir 30% hækkun á olíukostnaði frá því að olíugjaldið var síðast ákveðið. Þetta eru ákaflega einfaldar ástæður fyrir olíugjaldinu nú — og ætti engan að undra.

Ég verð að segja að sú tillaga meiri hl. nefndarinnar að greiða niður olíukostnaðinn úr sameiginlegum sjóði landsmanna er mjög athyglisverð. Ég hefði viljað fá nánari skýringar á þeirri tillögu. Hyggjast hv. tillögumenn ná slíkum tekjum með hækkun skatta t. d. — eða eftir hvaða leiðum hyggjast þeir ná tekjum til að greiða niður olíuna?

Ég er út af fyrir sig sammála því, að mikill olíukostnaður mætti gjarnan greiðast úr sameiginlegum sjóði landsmanna. En staðreyndin er bara sú, að þau gjöld, sem við leggjum á, koma venjulega, þegar upp er staðið,

að meira eða minna leyti frá sjávarútveginum sjálfum. Sjávarútvegurinn er sú uppspretta auðlegðar sem þessi þjóð byggir á. Vel má vera að umræddri nefnd, sem fjallar um hlutaskiptin, komi til hugar að gera till. um eitthvað slíkt og nái samkomulagi um eitthvað í þessa veru. Á það verður sannarlega hlustað. En aðalatriðið er að samstaða sé um málið á milli sjómanna og útgerðarmanna.

Hér hefur töluvert verið rætt um skuldbreytingu útgerðarinnar. Ég get svarað spurningum hv. þm. einfaldlega með því að segja: Að henni hefur verið unnið og er verið að vinna. Sú vinna hófst s. l. vor, þá fyrst og fremst gagnvart frystingunni. Þá var ákveðið að reyna að fara svipaða leið og farin var 1975, þ. e. að fá uppgjör frá fyrirtækjunum. Viðskiptabankarnir tóku að sér að afla slíks uppgjörs. Eftir nærri þrjá mánuði lá aðeins fyrir uppgjör frá helmingi þeirra fyrirtækja sem viðskipti hafa t. d. í Landsbanka Íslands. Það sýnir sig, að fyrirtækin mörg hver hafa ekki viðhlítandi upplýsingar sem á er unnt að byggja, a. m. k. ekki um mitt ár, og þessi leið virðist taka langtum lengri tíma en æskilegt er. Þetta er í raun og veru ekki nýtt. Þessi leið var farin 1975 og tók þá mjög langan tíma. Það sýndi sig einnig þá, að ákaflega mikið af þeim upplýsingum, sem fengust, var þannig að erfitt var á því að byggja, og því dróst á langinn að skuldbreytingin gæti orðið. Samhliða þessu var því ákveðið að biðja Seðlabanka Íslands að afla upplýsinga um skuldir útgerðar og fiskvinnslu við viðskiptabanka, við olíufélög og við opinbera sjóði. Þessara upplýsinga var einnig aflað af sjútvrn. Þær liggja nú fyrir í stórum dráttum. Ég geri ráð fyrir því, að eftir örfáa daga verði unnt að gefa út tilkynningu um hvernig að þessari skuldbreytingu verði staðið. Byggt á þeim upplýsingum, sem ég hef fengið, virðist þurfa að skuldbreyta u. þ. b. 13 milljörðum króna. Þessi upphæð kann eitthvað að breytast við síðustu yfirferð, en eins og ég segi, samkv. því bráðabirgðaáliti, sem ég hef fengið frá Seðlabankanum, er skuldbreytingin af þessari stærðargráðu.

Þessi skuldbreyting nær að sjálfsögðu einnig til skulda við olíufélögin. Í því sambandi er að því stefnt, að skuldir útgerðar við olíufélögin verði svipaðar og þær voru í upphafi ársins 1979, eða þegar síðast var gert átak af þessu tagi.

Ég skal ekki hafa um þetta fleiri orð, en endurtek að ég geri mér fastlega vonir um það — átti síðast í morgun fund um það með Seðlabankanum — að endanlegar hugmyndir um skuldbreytinguna liggi fyrir nú eftir fáa daga. Jafnframt hefur verið starfandi sérstök nefnd — með fulltrúum frá viðskiptabönkunum, bæði Landsbanka og Útvegsbanka, frá Byggðasjóði, Fiskveiðasjóði og nú frá Seðlabanka auk rn. — sem er ætlað að fjalla um einstök vandamál í sambandi við þessa skuldbreytingu. Það er alveg rétt, sem kom fram hjá hv. þm. Halldóri Blöndal, að skuldastaða fyrirtækja í útgerð og reyndar fiskvinnslu er mjög breytileg, og þar eru nokkur tilfelli sem verður að taka sérstökum tökum, og afla þá viðbótarfjármagns til.

Hv. þm. Matthías Bjarnason lýsti undrun sinni yfir því að dollarinn væri kominn í 557 kr. Ég er undrandi á því, að hann skuli ekki hafa fylgst með því, hvað dollarinn hefur styrkst upp á síðkastið. Þegar um er að ræða gengissig, þá er að sjálfsögðu átt við meðalgengi íslenskrar krónu.

Hv. þm. ræddi nokkuð um fiskiskipastólinn og ég tek undir það með honum, að stærð fiskiskipastólsins er meiri háttar vandamál. Ég geri ráð fyrir því, að reglum Fiskveiðasjóðs verði breytt. Ég bíð eftir endanlegum tillögum frá starfshópi sem í eru fulltrúar hagsmunaaðila, þ. e. bæði útvegsmanna, skipasmíðastöðva, Fiskveiðasjóðs og fleiri sem um þessi mál fjalla. Þar er leitað að leiðum til að tryggja eðlilega endurnýjun skipaflotans án þess að sóknarþunginn aukist. Í raun og veru er þetta heldur vandmeðfarið og inn í það spilar líka sú staðreynd, að íslenskar skipasmíðastöðvar eru af ýmsum ástæðum illa samkeppnisfærar við erlendar að verði til. Þessu valda ýmsar ástæður, eins og ég sagði, m. a. þær, að erlendar skipasmíðastöðvar njóta gífurlegra styrkja. Norðmenn styrkja auk þess útflutning eldri skipa með því að greiða verðið niður um 30%. Ég hygg að alls ekki sé unnt að gera ráð fyrir því, að íslenskar skipasmíðastöðvar geti keppt við slíkan stuðning. Hins vegar er að mínu mati alrangt að velta vanda skipasmíðaiðnaðarins yfir á útgerðina. Íslenskur sjávarútvegur á nú í harðri samkeppni við sjávarútveg annarra landa, sem býr við hinar ótrúlegustu niðurgreiðslur og styrki, og getur ekki til viðbótar tekið á sig slíkan kostnaðarmun þrátt fyrir meiri hagkvæmni en annars staðar þekkist.

Ég tel einna mikilvægast að skapa íslenskum skipasmíðastöðvum aðstöðu til að raðsmíða hentuga báta, því að fyrst og fremst eru það bátarnir, sem eru orðnir gamlir, um 450 yfir 15 ára gamlir og margir mjög óhentugir til nútímaveiða. Þar er um gífurleg verkefni að ræða sem þarf að efla íslenskar skipasmíðastöðvar til að sinna. Ég vil hins vegar vísa því frá, að einhver breyting hafi orðið að þessu leyti nú síðustu mánuði. Fiskveiðasjóður hefur árlega samþykkt smíði nokkurra togara í íslenskum skipasmíðastöðvum samkvæmt þeim reglum sem hafa gilt, en eins og ég sagði áðan að verður breytt. Á þessu sumri eða í vor samþykkti Fiskveiðasjóður smíði á þremur togurum og í fyrra á þremur. Viðbætur við flotann má einnig rekja lengra aftur í tímann, t. d. til samninga við Portúgal. Tveir togarar hafa nýlega komið þaðan og eru þeir að sjálfsögðu hreinar viðbætur við flotann. Ég sé ekki ástæðu til þess að áfellast þáv. hæstv. sjútvrh. fyrir þá samninga. Ég geri mér fulla grein fyrir því, að þarna er vandrötuð meðalbrautin.

Erlendis frá hefur núna verið leyfð endurnýjun á tveimur togurum, en einn viðbótartogari erlendis frá er væntanlegur, þ. e. togari sem samþykktur var á grundvelli niðurstöðu Framkvæmdastofnunar um það hvernig ætti að leysa byggðavanda Þórshafnar. Ég hef litið á það sem algera undantekningu og sem byggðavandamál og hef lagt á það áherslu, að fjárhagslega beri að leysa það mál, þ. e. fjármögnun í gegnum Byggðasjóð, sérstaklega. En eins og ég hef þegar sagt, verða þessi mál tekin til endurskoðunar og breyting mun verða á fyrir næstu úthlutun lána úr Fiskveiðasjóði.

Ég hygg að þetta hafi verið meginspurningarnar sem tengja má olíugjaldinu beint. Ég gæti að vísu sagt hér ýmislegt um afkomu frystingar og útgerðar. Það gerði ég við 1. umr. um málið. Ég lýsti þá niðurstöðu Þjóðhagsstofnunar sem telur að fiskvinnslan hafi, — eftir þær breytingar, sem þá voru gerðar, og það gengissig sem varð — verið rekin um það bil á núllinu og sömuleiðis að útgerðin hafi umtalsverðan rekstrarafgang bruttó. Hér hafa menn rekið upp stór augu, að því er mér sýnist, og sagt: Hafa þær launahækkanir, sem nú hafa orðið, engin áhrif á rekstrarafkomu fiskvinnslunnar? Að sjálfsögðu.

Dettur nokkrum manni í hug að fiskvinnslan geti borið 10% kauphækkun? Mér dettur ekki í hug að ætla mönnum slíkt. Þetta eru allt of skynsamir menn til að flagga slíkri skoðun.

Því miður hefur ekkert það gerst hjá fiskvinnslunni sem geri henni þetta kleift, a. m. k. frystingunni. Það var dálítið um það deilt við 1. umr., hvort vænta mætti hækkunar á Bandaríkjamarkaði, og hv. 1. þm. Vestf. vefengdi það mjög. Að vísu segja söluaðilar þar að vænta megi nokkurrar hækkunar á blokkinni, en eins og ég sagði einnig við 1. umr., þótt einhver hækkun verði á blokkinni þá vegur það ákaflega lítið í heildinni. Blokkin er minni hluti af okkar sölu, þannig að þrátt fyrir betri framleiðslusamsetningu nú hjá fiskvinnslunni, meiri sölu á Bandaríkjamarkaði, minni birgðir og að þessu og öðru leyti betri stöðu, þá er fiskvinnslan sannarlega ekki í stakk búin til að taka á sig 10% launahækkun.

Hv. þm. Garðar Sigurðsson kvartaði undan því, að þeir hv. Alþb.-menn hefðu ekki fengið að sjá frv. fyrr en daginn áður en það var lagt fram. Ég vil upplýsa að um þessi mál var rætt í ríkisstj. hvað eftir annað og löngu fyrir þann tíma. M. a. voru ítarlegar umr. um þetta mál á ríkisstjórnarfundi 2. okt., þar sem ríkisstj. komst að niðurstöðu um þá leið sem fara yrði í þessu tilfelli. Ég get ekki gert að því þótt hv. Alþb.-menn í þingflokknum hafi ekki frétt af þeim umr. fyrr. Frv. er, eins og hv. þm. sagði, smáatriði í þessu sambandi. Frv. er ekkert annað en fyrri frv. með breyttum einni eða tveimur tölum, og endanleg upphæð olíugjaldsins var ekki ákveðin fyrr en umræddan miðvikudag, þannig að frv. var ekki unnt að útbúa fyrr en þennan miðvikudag. Hins vegar lá fyrir töluvert áður hvað ríkisstj. taldi óhjákvæmilegt að gera í þessu sambandi, og að sjálfsögðu mátti ræða það í þingflokkum.

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessar umr., sem eru orðnar æðilangar og hafa farið vítt og breitt. Ég vil aðeins segja það að lokum og endurtek það, að ég tel olíugjaldið meingallaða leið. Ekki þarf ég að segja hvers vegna, ég er búinn að segja það hvað eftir annað. Það er von mín, — og flestir virðast taka undir það, þótt ekki hafi þeir gert það með berum orðum, hv. stjórnarandstæðingar sem hér hafa talað, a. m. k. flestir hagsmunaaðilar, að fundin verði ný leið til að mæta olíukostnaði útgerðarinnar og um hana náist samkomulag. Undir það vil ég sérstaklega strika, um þá leið þarf að nást samkomulag og á það mun ég leggja höfuðáherslu.

Frsm. meiri hl. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Það kemur mjög oft fram hjá hæstv. ráðh. í þessari ríkisstj., að þeir telja eiginlega að um öll mál, sem þeir leggja fram, eigi helst engar umr. að fara fram. Inn í þetta mál spinnast auðvitað umr. um vandamál sjávarútvegsins. Hvenær hófust þessar umr.? Þær hófust kl. 3 í dag. Hálfsystir ráðh. og aðili að ríkisstj. stóð hér upp utan dagskrár með miður skemmtilegum hætti og tafði þessar umr. Síðan hófust þær aftur kl. 9. Frsm. minni hl. n. eyddi hér þremur stundarfjórðungum í sína ræðu, og ég skal játa að ég flutti langa ræðu, um einn og hálfan tíma. En ég tel að þessi mál séu það mikilvæg, að í þau megi eyða nokkrum tíma, og mér finnst ráðh. engin vorkunn og mættu þeir fleiri sitja þingfundi og hlýða á mál manna og taka þátt í umr. heldur en eingöngu sjútvrh. Hann á ekki einn að standa í forsvari eða gefa upplýsingar, heldur ekkert síður aðrir ráðh. í ríkisstj.

Hæstv. ráðh. svaraði nokkrum fyrirspurnum mínum. M. a. kom hann inn á skuldbreytingarnar. Ég fagna því, að von sé á nýrri frétt um hvernig að þeim hefur verið staðið. Hins vegar brá mér ansi mikið við það, þegar hann sagði að hann teldi að þessar skuldbreytingar gætu orðið upp á um 13 milljarða, en það er sú tala sem olíuvanskilin eru eða nálægt því, 12—13 milljarðar. Ég vék að því í dag, að vanskil sjávarútvegsins við Byggðasjóð einan eru 3.7 milljarðar miðað við 1. okt. án dráttarvaxta, og vanskil útgerðarinnar og fiskvinnslunnar við Fiskveiðasjóð eru meira en 11.4 milljarðar. Síðan koma allar aðrar lausaskuldir og skuldir við bankana, svo að þessi vandi er auðvitað margfalt meiri en hæstv. ráðh. gaf í skyn.

Það má vel vera að hann trúi því, að fiskvinnslan og útgerðin séu á núlli, og hafi það eftir Þjóðhagsstofnun. Ég trúi því ekki. Reynslan verður að skera úr um það, hvor er sannspárri í þeim efnum, hæstv. ráðh. eða ég. Ég bíð ósköp rólegur eftir því. Og ef mér hefur orðið á að meta rangt stöðu bæði fiskvinnslu og útgerðar, þá mun ég auðvitað játa staðreyndum þegar þær liggja fyrir. En allar þær upplýsingar og gögn, sem ég hef fengið til þess að kynna mér þau mál, met ég töluvert á annan veg en hæstv. ráðh.

Hæstv. ráðh. sagði að ég hefði greitt atkv. með mun hærra olíugjaldi en hér er lagt til. Áttu þm. margra kosta völ í desembermánuði á s. l. ári varðandi olíugjaldið? Var um nokkuð annað að ræða en samþykkja brbl. sem lágu fyrir þinginu til staðfestingar? Ætli það hefði ekki orðið erfitt fyrir fiskvinnsluna, ef þessi brbl. hefðu verið felld, að sækja aftur olíugjaldið til allra báta og togara í landinu? Allt öðru máli gegndi um frv. sem lagt var fram af fyrrv. sjútvrh. í janúarmánuði, þar sem olíugjaldið er lækkað úr 9% í 5%. Ég stóð að því að samþykkja það frv. vegna þess að um það náðist fullt samkomulag á milli allra þingflokka og aðila í sjávarútvegi og þar með sjómanna. Þá vildi ég ekki standa á móti því.

En það sem ég gagnrýni hér nú, er að þegar sjómenn og fiskkaupendur sögðu upp fiskverðinu á miðri vertíð, allir aðilar nema útgerðin, þá er hlaupið til og sagt: Olían kemur til með að lækka og nú er óhætt að lækka gjaldið um helming eða niður í 2.5 prósentustig. Og ég sagði þá, það er rétt, — þó að hv. 4. þm. Suðurl. hafi séð illa með gleraugunum sínum þegar hann var að lesa upp, þá er það alveg rétt hjá honum, að ég var harður á því, að olíugjaldið ætti að vera óbreytt alla vertíðina eins og búið var að ná fullkomnu samkomulagi um. En ég vissi ekki að hv. 4. þm. Suðurl. væri farinn að heyra illa, því að ég kom inn á þetta í ræðu minni í dag og í kvöld, sérstaklega í dag. Þar vitna ég einmitt í nál. á þskj. 281, sem er dags. 1. apríl, og þar segjum við: Pétur Sigurðsson, Halldór Blöndal og ég: „Fulltrúi sjómanna tók jafnframt fram, að hann gerði ekki kröfu um lækkun olíugjalds umfram það sem gert var samkomulag um í janúarmánuði milli allra aðila, sem um fiskverð fjalla, og stjórnvalda, sem Alþ. lögfesti með samhljóða atkvæðum þingmanna 23. jan. s. l." Mér datt ekki í hug að rifta þessu samkomulagi. Í þeim lögum er gert ráð fyrir að fiskkaupendur greiði útgerðarmanni eða útgerðarfyrirtæki olíugjald, er nemi 5% miðað við fiskverð eins og það er ákveðið af verðlagsráði sjávarútvegsins. Þessi lög tóku gildi og ákvæði þeirra skulu taka til fiskafla og hlutaskipta frá upphafi til loka árs 1980. Þessu vildum við ekki breyta. Við vildum ekki elta þá vitleysu að lækka þetta gjald um mánaða-

mótin mars—apríl úr 5 í 2.5%. En ráðh. var alveg ólmur og sagði að með því að lækka það mundi leysast deila togarasjómanna og útgerðarmanna á Ísafirði.

Nú spyr ég einu sinni enn: Hvernig stendur á því, að það er nauðsynlegt að hækka gjaldið núna um 200%, þegar olían hefur hækkað um 35.3% og áætlað er að meðalolíukostnaður þeirra skipa, sem stunda botnfiskveiðar hafi aukist frá því að þetta gjald var ákveðið um 30%? Hvernig stendur þá á því, að allt í einu er orðið nauðsynlegt að hækka þetta gjald um 200%? Ég segi fyrir mitt leyti: Ég hleyp ekkert eftir hringsnúningi eins og þessum. Ég hefði staðið við þau orð mín, og við fulltrúar Sjálfstfl. í n., að greiða fyrir að þetta 5% gjald hefði gilt út árið. En það er líka annað sem kemur þessu við, sem hefur breyst á þessu tímabili. Það hefur hvað eftir annað verið gengið á sjómenn í þeim efnum, að fiskverðið hefur ekki fylgt almennum launahækkunum í landinu. Það er auðvitað hægt að benda á ákveðna útgerð og ákveðna sjómenn á ákveðnum svæðum sem hafa allgóðar tekjur. Það má þá líka taka vinnutímann þegar verið er að bera það saman. En það eru líka til aðrir sjómenn sem hafa ekki haft meira en tryggingu. Hv. 4. þm. Suðurl. viðurkenndi það, að nú þyrfti að fiska ólíkt meira en áður til þess að hafa fyrir tryggingu. Og ég ætla að bæta því hér við til hæstv. sjútvrh., að ég vara hann við mjög eindregið og í fullri vinsemd. Ég tel að það sé rangt að gera þessa breytingu með þessum hætti í fullri andstöðu við sjómenn, eftir að farið er að krauma í þeim samtökum út af því, að fiskverðið hefur ekki fylgt almennum launahækkunum eftir. Eftir er að ákveða fiskverð um næstu áramót. Sú fiskverðsákvörðun er miklu afdrifaríkari en fiskverðsákvörðunin 1. okt. Þá er verið að ákvarða fiskverð, sem er meira en helmingur aflaverðmætis botnfiskaflans sem á land kemur á heilu ári, og þá er verra fyrir hæstv. ráðh. og hæstv. ríkisstj. að standa frammi fyrir heildarsamtökum sjómanna, þegar þau eru komin á suðupunkt út af því hvað gerst hefur undanfarið við verðlagningu. Þess vegna hefði ég talið hyggilegra — og þá vil ég ráða hæstv. sjútvrh. alveg heilt — að hafa gott samráð og gott samstarf við sjómannasamtökin núna, því að verið getur að það verði ekki eins hægur vandi að verða við óskum allra um næstu áramót. Þetta er það sem fyrir mér vakti í þessari afstöðu minni.

Ég á ekki að koma hér fram og segja: hvaða skatt vilt þú leggja á, ef á að ganga frá olíugjaldinu. Við segjum í nál., sem fylgir núna þessu frv., að við séum reiðubúnir til þess að finna leiðir til að landsmenn allir greiði þetta olíugjald, en það sé ekki lagt á sjómenn eina. Með því gefum við til kynna að við viljum eiga vinsamleg samskipti við sjútvrh. og ríkisstj. til að leysa það mál með þessum hætti, þannig að um næstu áramót verði ríkjandi gott andrúmsloft á milli sjómanna og stjórnvalda þegar ákvarða á nýtt fiskverð. Þetta er það sem var á bak við þessi ummæli mín og okkar sjálfstæðismanna.

Hv. 4. þm. Suðurl. sagði að ríkisstj. hefði ekki spurt sig. Það er eðlilegt að ríkisstj. hafi ekki spurt hann, því að þeir vita að hann hlýðir alltaf þó að hann sé aldrei spurður. Hann bara eltir ráðamennina í Alþb. alveg hundóánægður. Hann er á móti þessu olíugjaldi, hann er á móti þessum vinnubrögðum, eins og hann sagði þegar hann talaði frá hjartanu. En svo fór hann að sperra sig upp í að tala á móti sannfæringu sinni og það tókst honum alveg hörmulega illa. Þetta er besti drengur og ágætur maður, en þetta hlutverk fer honum heldur illa. Hann ætti að fara að manna sig upp í það að gegna ekki svona hlutverki og láta hjartað og metnað sinn ráða meira afstöðu sinni hér á hv. Alþingi.

Ég ætla að enda á því að lýsa því yfir, og gleðja þar með hæstv. sjútvrh., enda veitir víst ekki af, að ég ætla ekki að eyða fleiri orðum hér á þingi um þetta olíugjald. Ef ekki verður sérstakt tilefni til ætla ég ekki að tala við 3. umr., til þess að ljúka megi umr. þessa máls. Það stóð ekkert á mér eða okkur sjálfstæðismönnum að ræða málið s. l. fimmtudag. Það kom ósk um það frá Alþfl. vegna flokksþings, að því væri frestað. Og eins og formaður sjútvn. viðurkenndi og sagði frá í sinni ræðu, þá gerðum við allt sem hægt var til þess að flýta fyrir afgreiðslu málsins úr nefnd. Ég tel enga ástæðu til þess, þó að máli sé þannig háttað í n., að stjórnarliðar séu þar í minni hl., að stjórnarandstæðingar séu að beita ofríki með því að liggja á málum stjórnarinnar. Það þekki ég frá því að vera stjórnarsinni og það er ljótur siður þegar stjórnarandstæðingar taka þann hátt upp.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Hæstv. sjútvrh. hafði þau orð áðan í upphafi sinnar ræðu, að það væri ekki kynlegt þó þjóðin væri hætt að treysta stjórnmálamönnum, þar sem formenn þingflokkanna hefðu ekki staðið við þau orð sín að þessari umr. mætti ljúka í dag. Ég held nú að ráðh. ættu frekar að reyna að standa við eigin orð, t. d. um niðurtalninguna, áður en þeir fara að væna aðra menn um að þeir geti ekki afgreitt mál úr þinginu á einhverjum tilteknum mánudegi, þar sem fyrir liggur að sá dráttur, sem orðið hefur á þessu máli, er ekki að kenna sjálfstæðismönnum, heldur ýmsum öðrum og vondri skipulagningu, sem kemur þessu máli ekki við.

Ég get hins vegar tekið undir það, að það er erfitt að sjá hvers vegna Alþfl. var svo mjög í mun að þessi umr. mætti ekki fara fram s. l. fimmtudag, þar sem enginn fulltrúi frá þeim er viðstaddur þessa umr. og þeir hafa ekki gert grein fyrir sínu máli og sinni afstöðu til olíugjaldsins. (**Gripið fram í:** Þeir treystu okkur alveg.) Þeir treystu okkur til þess.

Það var eitt í ræðu hæstv. sjútvrh. sem óhjákvæmilegt er að gera athugasemd við. Verðbólgan æðir áfram. Hún er mæld, og verðbólguvöxturinn er um þessar mundir kannske um 80%. Síðan þýðir ekki fyrir ráðh. að koma hér upp í ræðustól og láta sem þeir séu algjörlega saklausir af þessari þróun. Ef menn gefa kost á sér til þess að sitja í ríkisstj., þá fylgir því líka ábyrgð. Og ríkisstj. á hverjum tíma verður að vera reiðubúin að mæta því, sem að höndum ber, og ráða við þá erfiðleika, sem við er að glíma, eða a. m. k. gera tilraun til þess.

Ég verð að segja það alveg eins og er, að ef við lítum á þær umr., sem urðu hér fyrst þegar olíugjaldið var lækkað á s. l. vetri, og lítum svo á stöðu útgerðar og fiskvinnslu, eins og hún er nú, og þær útskýringar sem hæstv. sjútvrh. hafði í frammi hér áðan um það, hvers vegna svona illa væri komið, þá tókst honum ekki að útskýra samhengið í þessum málum, hvers vegna hann leggur þetta til í dag og allt annað fyrir hálfu ári. Honum tókst ekki að sannfæra menn um það, að fast væri haldið um stjórnartauminn og framsýni hefði gætt í ráðstöfunum ríkisstj. á s. l. vetri, enda er það nú satt að segja, að ríkisstj., sem mynduð var í svartasta skammdeginu til þess að bjarga sæmd Alþingis, hefur ekki enn komið sér saman um neinar aðgerðir í efnahagsmálum, nema bara látið gengið dumpa og dumpa með mismunandi hraða,

og er þó skýrt tekið fram í stjórnarsáttmála að aðhalds eigi að gæta í gengismálum. En hvar er nú aðhaldið?

Þess vegna held ég að hæstv. ráðh. þurfi að færa öllu sterkari rök fyrir sínu máli en hann hefur gert ef hann ætlar að sannfæra nokkurn mann um það, að einhverri heildarstefnu hafi verið fylgt í þessum málum. Sannleikurinn er að sjálfsögðu sá, eins og ég sagði áðan, að þessi ríkisstj. hefur verið og er andsnúin útflutningsatvinnuvegunum, stefna hennar miðar að því að brjóta þá niður, eins og komið hefur fram m. a. í því, að við höfum tapað mörkuðum erlendis einungis vegna þess að rekstrarskilyrði hafa ekki lengur verið fyrir hendi hér á landi, eins og var hér fyrir 2—3 árum. Það er eftirtektarvert, að hæstv. sjútvrh. fæst ekki til að svara því einu einasta orði, hvort meiningin sé að skerða kaupgjaldsvísitöluna.

Ég sé að formaður Verkamannasambands Íslands er kominn í þingsalinn, og þar sem hæstv. ráðh. fæst ekki til þess að svara þessari spurningu, þá held ég að það sé óhjákvæmilegt að spyrja hann um það, hvort honum sé kunnugt um þau kjaraskerðingaráform sem einstakir ráðh. hafa verið að lýsa af og til í blöðum og hvernig hann líti á það, ef til þess yrði gripið nú að skerða kaupgjaldsvísitöluna með einum eða öðrum hætti. Minni ég hann þá á það, eins og ég rakti áðan, en þá var hann fjarverandi, að kaupmátturinn er nú fjær því að ná 100 þús. kr. markinu, sem þessi hv. þm. setti sér í maí 1977, en hann var eftir samningana þá. Væri fróðlegt að heyra hvað þessi hv. þm. hefur um þetta að segja, hvort hann sé sammála þeim skoðunum sem fram hafa komið hjá ýmsum virtum verkalýðsleiðtogum í blöðum undanfarið, að þeir muni taka sömu afstöðu nú og 1978 til hvers konar kjaraskerðingarlaga sem sett eru af ríkisstj., — hvort hann mundi með sömu hörku og þá setja útflutningsbann á ríkisstj. — (**Gripið fram í:** Á afurðirnar.) Útflutningsbann á afurðirnar, ég bið afsökunar. Ríkisstj. væri nú það síðasta sem ég vildi láta setja útflutningsbann á, því best væri náttúrlega að hún kæmi aldrei til baka, en það er nú annað mál. (Gripið fram í.) Það væri frekar að setja innflutningsbann á hana þegar hún hverfur úr landi eða einstakir ráðh. En það væri fróðlegt að fá að vita, hvað þessi hv. þm. segir um þessi mál, hvort í þeim orðum hans, að hann muni styðja ríkisstj. til góðra verka, felist stuðningur við þau kjaraskerðingarfrv. sem ríkisstj. hefur boðað.

Ég vil svo að síðustu aðeins segja það, að ég geri lítið með þetta samráð sem hæstv. sjútvrh. hefur verið að tala um að hann muni hafa í sambandi við endurskoðun fiskverðsins. Það upplýstist á fundi sjútvn., að ekkert samráð hafði verið haft við fulltrúa sjómanna í nefndinni, Ingólf Ingólfsson, og sagðist hann á sínum langa ferli ekki vita dæmi annars eins. Þar hafi algjörlega verið gengið fram hjá fulltrúum sjómanna og ekkert samráð haft við hann, eins og venja hafi verið þau ár sem hann hefur unnið að fiskverðsákvörðunum.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég átti von á þessu frá hv. þm. og því bað ég oddamann í nefndinni að láta mér í té upplýsingar um það, hvaða samráð ég hefði haft fyrir hans milligöngu við menn í nefndinni. Hann hefur sent mér svohljóðandi minnisblað, með leyfi forseta:

„Að beiðni þinni skal tekið fram, að á fundum yfirnefndar Verðlagsráðs sjávarútvegsins, er fjalla um almennt fiskverð frá 1. okt. s. l., kom fram, að þú hefðir átt viðræður við fulltrúa sjómanna og útgerðarmanna og fiskvinnslunefndina á meðan verðákvörðun var til umfjöllunar. Ég hafði milligöngu um að boða suma fulltrúa á þinn fund. Þar á meðal kom ég boðum til Ingólfs Ingólfssonar, fulltrúa sjómanna í yfirnefndinni, um fund með þér."

Og ég vil upplýsa að þessi fundur var haldinn föstudaginn 3. okt. kl. 14.00. Ég get jafnframt upplýst að ég kallaði einnig á formann Sjómannasambands Íslands, hann var erlendis þegar þessi fundur var haldinn. Hann á að vísu ekki sæti í nefndinni, en ég taldi nauðsynlegt að ræða við hann um svo alvarlegt mál. Sá fundur var haldinn að morgni þriðjudagsins 7. okt. kl. 8.30.

Ég veit ekki hver segir hér ósatt, en læt það liggja á milli hluta.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 13. fundur.

Þriðjudaginn 4. nóv., kl. 2 miðdegis.

Breytt verðgildi íslensks gjaldmiðils, fsp. (þskj. 50). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Fsp. sú, sem hér er til umr., fjallar um breytt verðgildi íslensks gjaldmiðils. Með lögum um breytt verðgildi íslensks gjaldmiðils, sem samþ. voru 16. maí 1979, er svo gert ráð fyrir, að frá og með 1. jan. 1981 hundraðfaldist verðgildi krónunnar.

Þetta mál á sér alllangan aðdraganda. Sannleikurinn er sá, að allt frá 1962 hefur þetta mál komið upp öðru hverju hér í þingsölunum. 1962 voru að frumkvæði þáv. fjmrh., núv. hæstv. forsrh., athugaðir möguleikar á þessu. 1972 var flutt þáltill. af Birni Pálssyni um athugun á þessu máli og árið 1977 af Lárusi Jónssyni. Þannig er þetta ekki nýtt mál. En það, sem hefur orðið til þess að ég hreyfi þessu máli núna, er að fram undan eru framkvæmdir í málinu.

En hvers vegna hefur þetta verið svo til umr. án þess að til framkvæmda hefur komið? Það er vegna þess að menn hafa ekki verið á eitt sáttir eða að sjálfsögðu viljað umfram allt athuga hvaða áhrif þessi breyting kynni að hafa, og þegar menn hafa verið að athuga það mál hefur það verið gert í sambandi við hvaða áhrif verðgildisbreyting hefði á viðureignina við verðbólguna og viðleitni til að stuðla að stöðugleika í efnahagsmálunum.

Það er viðurkennt að gjaldmiðilsbreytingin hefur ekki nein bein áhrif í þessu efni. Hins vegar fer það ekki á milli mála að slík ráðstöfun getur haft mikil óbein áhrif. Slík áhrif gætu verið á þann veg, að þau drægju úr þeim verðbólguhugsunarhætti sem sílækkandi verðgildi íslensku krónunnar veldur með því að grafa undan virðingu fyrir peningum og áhuga manna á því að hamla gegn verðbólgunni. En forsenda þess, að aukning verðgildis íslensku krónunnar hafi hin hagstæðu sálrænu áhrif sem vonast er til, hlýtur að vera sú, að aðgerðin sé liður í víðtækri stefnumótun og framkvæmd til að ráða bót á verðbólgunni og koma á stöðugleika og jafnvægi í efnahagsmálum þjóðarinnar. Aukning verðgildis krónunnar gæti því orðið vottur þess, að slík stefna hefði verið tekin

upp í efnahagsmálum, og brýning til þess að takast á við vandann af meiri einurð en áður.

En ef þessi skilyrði eru ekki fyrir hendi, hvaða áhrif hefur þá slík ráðstöfun sem breyting á verðgildi krónunnar? Það er ekki talinn nokkur vafi leika á því, að ef ekki sé fyrir hendi heildarstefna í efnahagsmálum til að ráða bót á efnahagsvandanum og verðbólguvandamálinu verði slík ráðstöfun einungis til að hella olíu á eld verðbólgubálsins.

Það er með tilliti til þessa sem fsp. er borin fram. Ég held að við getum í raun og veru verið sammála um að það er núna engin heildarstefna í efnahagsmálunum eða samræmdar aðgerðir til viðnáms við verðbólgu. Hæstv. ríkisstj. viðurkennir þetta sjálft með yfirlýsingum sínum um að málin séu í athugun og þess sé að vænta að aðgerðir komi um næstu áramót. En það er ekki nægilegt í þessu efni. Þess vegna er spurt að því, hvort ríkisstj. hafi ekkrt að óttast í þessu efni og hvort ekki sé ástæða til þess að hugleiða allt þetta mál betur en gert hefur verið.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Fsp. sú á þskj. 50, sem hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson hefur gert til mín, hljóðar efnislega á þá leið, hvort ríkisstj. vilji taka til endurskoðunar fyrirætlanir um breytt verðgildi íslensks gjaldmiðils með tilliti til þess, að sú aðgerð sé ekki liður í víðtækri stefnumótun og framkvæmd til að ráða bót á verðbólgunni og koma á stöðugleika og jafnvægi í efnahagslífi þjóðarinnar og geti því aukið á upplausn og vantrú manna á gjaldmiðlinum í stað þess að treysta hann.

Þess er að geta í þessu sambandi, að með setningu laga nr. 35 frá 29. maí 1979 um breytt verðgildi íslensks gjaldmiðils var ákveðið að frá og með 1. jan. 1981 hundraðfaldist verðgildi krónunnar. Jafngildir þá ein króna 100 gömlum krónum og aurar verða teknir upp á nýjan leik. Samfara verðgildisbreytingunni fara fram gjaldmiðilsskipti. Nýir seðlar og mynt verða látin í umferð frá 1. jan. 1981 samhliða því að núgildandi seðlar og mynt verða innkölluð í áföngum. Seðlabankanum hefur verið falið að hafa umsjón með framkvæmd gjaldmiðilsbreytingarinnar.

Fsp. felur það í sér í raun og veru, að fyrirspyrjandi gerir ráð fyrir að gjaldmiðilsbreytingin verði ekki liður í víðtækri stefnumótun í efnahagsmálum. Ég er þeirrar skoðunar, og það eru fleiri, eins og ég kem að á eftir, að breytt verðgildi íslenska gjaldmiðilsins eigi að verða liður í víðtækri stefnumótun í efnahagsmálum og ef ekki, þá nái sú aðgerð alls ekki tilætluðum árangri. Ég er alveg sammála fyrirspyrjanda um þetta. Í þessu sambandi vil ég leyfa mér að vitna til kafla úr stefnuræðu hæstv. forsrh., sem flutt var hér á hv. Alþ. fyrir skömmu, en þar segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Sú breyting á íslenskri krónu, sem verður nú um næstu áramót, er í meginatriðum formbreyting, en hefur einnig raunverulegt gildi. Hún á í fyrsta lagi að auka traust manna á krónunni. Þegar hver króna verður hundrað sinnum meira virði en nú, þá er hún komin í hóp annarra gjaldmiðla á Norðurlöndum. En þessi hugarfarsáhrif geta því aðeins orðið að gagni, að aðrar ráðstafanir fylgi, sem sannfæri almenning um, að alvara sé á ferðum til þess að treysta gildi krónunnar og veita verðbólgunni viðnám. Samfara þessari breytingu hefur ríkisstj. í huga marghátttaðar efnahagsaðgerðir."

M. ö. o. lýsir hæstv. forsrh. því yfir í stefnuræðu sinni, Alþt. 1980. B. (103. löggjafarþing).

að samfara fyrirhugaðri gjaldmiðilsbreytingu muni ríkisstj. beita sér fyrir aðgerðum í efnahagsmálum. Sama kemur raunar fram í aths. við fjárlagafrv., en þar segir um þetta efni orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Á næstunni verða ákvarðanir teknar um aðgerðir í efnahagsmálum, sem tengjast væntanlegri gjaldmiðilsbreytingu."

Þannig fer ekkert á milli mála að bæði forsrh. og fjmrh. hafa lýst yfir að það verði gerðar aðgerðir í efnahagsmálum í tengslum við gjaldmiðilsbreytinguna. Menn verða svo að bíða og sjá til hverjar þær verða og að hvaða gagni þær koma.

Til viðbótar við þetta vildi ég láta það koma fram, að í tilefni af þessari fsp. átti ég viðræður við Seðlabankann um hvort hugsanlegt væri að fresta þessari aðgerð eða breyta til frá því sem ákveðið hefur verið með setningu laganna og einnig með setningu reglugerðar um framkvæmd þeirra, sem sett var 13. maí 1980. Það er nauðsynlegt að menn geri sér grein fyrir að svona aðgerð verður að undirbúa með löngum fyrirvara. Það er t. d. alllangt síðan hætt var framleiðslu á núverandi mynt og seðlum. Það yrði skortur á gjaldmiðli ef hætt yrði nú við breytinguna, hreinlega skortur á gjaldmiðli, og hætt við að það kæmi til öngþveitis í efnahagsmálum, viðskiptamálum og atvinnumálum. Þegar af þessari ástæðu er ekki unnt að fresta breytingunni. Það er skoðun Seðlabankans að það sé mjög miklum erfiðleikum háð að sjá atvinnu- og viðskiptalífinu fyrir mynt og seðlum, sennilega útilokað. Þegar af þeirri ástæðu er ekki að mínu mati mögulegt að snúa við að þessu leyti til. Ég vil bæta því við, að ráðh. í ríkisstj. hafa gefið um það yfirlýsingar að samhliða þessari gjaldmiðilsbreytingu verði gerðar aðgerðir í efnahagsmálum, og vil ég endurtaka, að ég álít að breytingin nái alls ekki tilgangi sínum, fjarri því, nema svo verði. Hv. þm. verða svo að bíða og sjá til hvernig til tekst hjá hæstv. ríkisstj. í því efni.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Það er ánægjuefni að hæstv. ráðh. skuli vera samþykkur fyrirspyrjanda um að myntbreytingin sé tilgangslaus og e. t. v. þegar til lengdar lætur skaðleg ef henni fylgja ekki víðtækar ráðstafanir í efnahagsmálum. Þetta er að vísu svo augljóst að því verður ekki á móti mælt. En við verðum að athuga að núv. ríkisstj. er búin að sitja að völdum síðan í byrjun febr. Þá var búið að ákveða myntbreytingu og lá fyrir hvert vandamálið yrði seint á árinu. En stjórnin hefur ekkert gert í þessum efnum. Enn er aðeins sagt með fögrum orðum: Blessaðir alþm. verða að bíða og sjá til!

Það eru ekki nema 8 vikur þar til myntbreytingin fer fram, og ég veit ekki, hvað við eigum að bíða lengi eða eftir hverju við erum í raun að bíða þegar ríkisstj. er enn á því stigi að hún getur ekki sagt eitt orð um það sem hún ætlar að gera, þó henni beri skylda til þess framar öllu öðru í efnahagsmálum að stuðla að því, að sú mynt, sem notuð er í landinu, haldi verðgildi sínu.

Að segja nú að Seðlabankinn telji varhugavert að hætta við þetta á síðustu stundu er ósköp áhrifalítið, af því að við vitum að embættismenn af því tagi, sem hafa með þessa breytingu að gera, viðurkenna ekki að það sé þægilegt að snúa til baka. En það hefði verið hægt að snúa við s. l. vor. Þá hefði átt að íhuga alvarlega hvort það er þess virði að ráðast í þetta stórfellda fyrirtæki með stefnulausa og ráðlausa stjórn sem ekkert gerir til að reyna að halda við verðgildi hins nýja gjaldmiðils. For-

dæmin eru fyrir okkur í a. m. k. þremur Evrópulöndum, þar sem gjaldmiðilsbreyting var gerð að kjarna í efnahagsráðstöfunum sem í öllum þremur tilfellum báru árangur. En það var ekki sagt 8 vikum áður en menn sáu nýju myntina: Jæja, elskurnar mínar, þið skuluð bara bíða og sjá til!

Ég vil að lokum minna á að Alþfl. setti upp áætlun í sambandi við viðræður í jan. sem byggðist einmitt á því að gera myntbreytinguna að kjarna sem efnahagsráðstafanir snerust um. Við notuðum allir nokkurn veginn sömu efnahagsráðunautana þá, sömu stofnunina, og það leyndi sér ekki af þeim upplýsingum og ráðum, sem þá fengust í þessum efnum, að þeir teldu veigamest það sem yrði að gera fyrir breytinguna. En nú liggur það sem sagt á borðinu að fjárl. gera ráð fyrir 42% verðbólgu á næsta ári. Núv. ríkisstj. er þar með búin að skjalfesta þann spádóm, að nýja krónan verði ekki meiri en 58 aura virði í lok næsta árs, og venjulega hafa slíkir spádómar ekki ræst sérlega vel.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Hæstv. viðskrh. sagði hv. þm. frá því í fréttum, að hæstv. forsrh. hefði sagt að það yrðu efnahagsráðstafanir framkvæmdar jafnhliða gjaldmiðilsbreytingu. Og hann bætti því við, til þess sennilega að gera fréttina trúlegri, að hæstv. fjmrh. hefði sagt þetta líka. Það er eins og maður kannist eitthvað við þessa frétt sem er hér endurtekin og hæstv. viðskrh. fer nú með. En þessar fréttir eru engin nýlunda fyrir okkur. Þetta höfum við heyrt og þetta lásum við í stjórnarsáttmálanum. Ég veit að það er þýðingarlaust að spyrja um það, en trúir sjálfur hæstv. viðskrh. þessum fréttum? Mér er næst að halda að hann geri enn sem komið er lítið með þær.

Þó er þetta ekki aðalmálið, heldur það, hvort ekki verður gripið til neinna ráðstafana fyrir öldufaldinn sem yfir skellur hinn 1. des. Það eru þær fréttir sem þarf að segja okkur, hvort hæstv. ríkisstj. ætlar alls ekki að taka til höndum að neinu leyti áður en flóðbylgjan mikla skellur yfir hinn 1. des. Allir vita hvað sú flóðbylgja ber í skauti sér.

Það var hald manna og von á sinni tíð, að e. t. v. mundi króna okkar jafngilda danskri krónu þegar myntbreytingin fer fram. Það er borin von úr því sem komið er og við höfum fyrir augum að krónan okkar hefur rýrnað gagnvart dollara um milli 8 og 9% á tveimur mánuðum. Allt stefnir þetta í sömu ömurlegu áttina og ekkert höfum við í höndum nema lausafréttir um að það eigi að framkvæma efnahagsráðstafanir jafnhliða gjaldmiðilsbreytingunni, — lausafréttir sem hæstv. ráðh. éta hver upp eftir öðrum án þess að vita sjálfir sitt rjúkandi ráð.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Hæstv. viðskrh. sagði í svari sínu við fsp. 4. þm. Vestf. að ráðstafanir yrðu gerðar samkv. því, sem komið hefði fram í ræðu hæstv. forsrh., og samkv. því, sem fram hefði komið í fjárlagafrv. Það er eins og við höfum heyrt fyrr á þessu ári að ríkisstj. væri með ráðstafanir í huganum og hygðist leggja þær fram.

Ég minnist þess, að í hv. Ed. urðu s. l. vetur orðaskipti á milli hv. 3. þm. Norðurl. e., Lárusar Jónssonar, og hæstv. forsrh. um hvað verðbólgan yrði á þessu ári. Hæstv. forsrh. sagði að í þeim tölum, sem Þjóðhagsstofnun hefði gefið út, væri alls ekki tekið tillit til þeirra ráðstafana sem ríkisstj. hefði á prjónunum. Menn biðu, eins og hæstv. viðskrh. var að ráðleggja þm. áðan, — og ég gat ekki heyrt annað en hann biði líka eftir því að vita hvaða hugmyndir væru hjá hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. Þar kom svo í sumar, að Þjóðhagsstofnun gaf út nýja spá þegar fór að líða á árið. Svar hæstv. forsrh. var, að í þessum tölum Þjóðhagsstofnunar væri alls ekki reiknað með því sem ríkisstj. hefði í huga að gera til að ráða við verðbólguna og að hún yrði a. m. k. ekki meiri en hann hafði sagt þegar hann átti orðræður við hv. 4. þm. Norðurl. e.

Við erum komnir fram í ellefta mánuð þessa árs og við höfum ekki séð neinar þessar ráðstafanir. Hæstv. viðskrh. ráðlagði áðan þm. og sjálfsagt samráðh. sínum að bíða, það væri ekkert annað að gera. Mig langar til þess að varpa fram þeirri spurningu til hæstv. viðskrh. eða þá til hæstv. forsrh.: Mega alþm. gera ráð fyrir því, að áður en þeir fara heim í jólaleyfi fái þeir að sjá hér á borðum sínum till. ríkisstj. í sambandi við þær ráðstafanir sem hún telur nauðsynlegt að gera vegna myntbreytingarinnar sem fram á að fara um áramót?

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Ég spyr að því hér, eins og margur annar, hvaða efnahagsaðgerðir séu fyrirhugaðar. Hvernig stendur á því, að okkur þarf að vera það óljóst viku eftir viku og mánuð eftir mánuð hvað eigi að gera? Við höfum nýverið gert kjarasamninga og þeir eru gerðir meira og minna á ábyrgð ríkisvaldsins samkv. þeirri sáttatillögu sem þar var lögð fram. Það eru þúsundir verkafólks að spyrja að því daglega hvað sé fram undan, hvað skuli gera. Það á rétt á því ásamt okkur alþm. að vita hvað er fram undan. Á að fara að krukka í vísitöluna, verður þetta lsyst með gengissigi einhverskonar eða hvað verður gert? Manni leikur líka hugur á að vita hvað svokölluð efnahagsnefnd hefur lagt til og hvað ráðh. hafa verið sammála um að gera. Þetta er ekkert einkamál ríkisstj. Þetta er mál okkar alþm. einnig og allra þeirra þúsunda verkamanna og verkakvenna sem bíða eftir því að fá að vita hvað sé framundan.

Það var kaldranalegt að hlusta á það viku eftir viku, á meðan við stóðum í samningagerð, að ráðh. lýstu yfir hver í kapp við annan að ekkert væri hægt að gera fyrr en búið væri að gera samninga. Hvað þar er gefið í skyn er vandséð, og því er það svo, að ég óska eftir því og krefst þess að fá að vita hvað sé framundan.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er varla við því að búast að mér takist að draga svör út úr hæstv. ráðh. frekar þó ég komi hér upp en þeim hv. þm. sem hafa spurt áður. En það er auðvitað full ástæða til þess að krefjast svara um hvaða efnahagsaðgerðir er ætlað að gera í tengslum við myntbreytinguna um áramót. Og þá er ekki síður ástæða til þess að krefja svara hæstv. fjmrh. og ég tala nú ekki um hæstv. sjútvrh., sem að vísu er ekki í salnum, hvað þeir meina með þeim yfirlýsingum, margítrekuðum í blöðum og annars staðar, að það sé augljóst mál að engar efnahagsráðstafanir sé hægt að gera fyrr en almennum launasamningum á vinnumarkaðnum sé lokið. Slíkar yfirlýsingar hafa þessir hæstv. ráðh. látið frá sér fara. Hver er meiningin með þessu? Á hverju mega nú launþegar eiga von? Nú hafa kjarasamningar meiri hluta af aðilum vinnumarkaðarins verið gerðir? Á hverju mega launþegar eiga von í kjölfar þeirrar yfirlýsingar sem þessir hæstv. ráðh. hafa látið út ganga? Er það vísitalan? Á að breyta henni eða á, eins og hv. þm.

Guðmundur J. Guðmundsson hefur sterklega krafist, að setja almenna löggjöf um launakjör? Þetta krefjumst við að fá að vita? Það er ekki hægt að líða að Alþ. fái ekki vitneskju um hver ætlunin er í svo stórvægilegu máli sem hér er um að tefla, þegar í loftinu liggja svart á hvítu yfirlýsingar hæstv. ráðh. um að ráðstafanir verði gerðar þegar að loknum kjarasamningum. Öðruvísi verður mál þeirra ekki skilið. Og ég skora á hæstv. fjmrh., hefði gjarnan viljað hafa hæstv. sjútvrh. hérna líka, að gera grein fyrir því, hver meining sé að baki yfirlýsinga hans um að ekki sé hægt að ganga frá efnahagsráðstöfunum fyrr en búið sé að semja við aðila vinnumarkaðarins.

Fyrirspyrjandi (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. fyrir svar hans við fsp. minni. Auðvitað höfum við ekki báðir sama traust til ríkisstj. og raunar ekki við því að búast. Hins vegar erum við sammála um mjög þýðingarmikil atriði, eins og fram kom í svari hæstv. ráðh. Við erum sammála um að það sé mjög þýðingarmikið og raunar forsenda fyrir breytingu á verðgildi gjaldmiðilsins að sú breyting sé gerð í samhengi og sem liður í heildaraðgerðum. Við erum sammála um þetta.

Við erum líka sammála um annað. Ég gat ekki lesið annað út úr ræðu hæstv. ráðh. en að þessu skilyrði væri ekki fullnægt nú, það væri ekki fyrir hendi heilsteypt stefna til viðnáms í verðbólgumálunum og til að stuðla að jafnvægi í efnahagsmálum landsins. Um þetta virðist mér að við séum sammála. En hæstv. ráðh. segir: Þetta kemur, þessi stefna kemur og hún kemur um næstu áramót. — Og þá heldur hæstv. ráðh. að þá sé þessu máli borgið.

Ég segi hins vegar, að ég er ekki viss um að þessi stefna verði komin um næstu áramót. Ég er langt frá því að vera viss um það, svo ég segi ekki meira, og ef svo ólíklega vildi til að einhver stefna væri komin um áramót, sem væri hægt að taka til athugunar í þessu sambandi, væri það of seint, vegna þess að það, sem er höfuðatriði við breytingu á verðgildi gjaldmiðilsins, er að skapa það traust og þá tiltrú til þessara aðgerða að fólkið í landinu sé sér þess meðvitandi að nú sé verið að gera ráðstafanir sem um munar. Ég veit ekki til þess, að nokkurs staðar á byggðu bóli hafi verið ákveðin slík ráðstöfun sem hér er gert ráð fyrir með breytingu á verðgildi gjaldmiðilsins út í loftið svo að segja án tillits til ástandsins, en segja: Það breytist þegar löggjöfin tekur gildi.

Í fyrsta lagi er aðgerðum sem þessum ekki varpað fram nánast af einhverri tilviljun. Það er ekki vitað á síðustu áratugum um nema tvö lönd í Evrópu sem hafa gert þetta. Halda menn að þetta sé hægt að gera með ávísun um að síðar verði fullnægt þeim skilyrðum sem nauðsynlegt er að fullnægja til þess að það sé nokkurt vit í þessum ráðstöfunum og til þess að afstýra því, að þessar ráðstafanir hafi gagnstæð áhrif við það sem þeim er að sjálfsögðu ætlað? Í staðinn fyrir að auka traust almennings á gjaldmiðlinum verður þetta til þess að grafa enn frekar undan því trausti sem enn er til. Við vitum ekkert *hverjar þessar ráðstafanir verða. En ég segi*, að það er lágmarkskrafa sem Alþ. getur gert í jafnalvarlegu máli sem þessu, að það fái að vita og heyra, hverjar þessar ráðstafanir eru, áður en Alþ. fer í jólaleyfi. Þess vegna verður ekki vikist undan þeim óskum sem hv. þm. Matthías Á. Mathiesen hefur borið fram í þessum umr.

Ég sagði áðan: Það er ekki alltaf grundvöllur fyrir því að gera breytingar á verðgildi gjaldmiðilsins. Ég leyfi mér að lokum, hæstv. forseti, að vitna í ummæli Seðlabanka Íslands frá 1972 varðandi afstöðu til gjaldmiðilsbreytingar sem þá var verið að ræða um. Seðlabankinn sagði í umsögn um þetta mál til Alþ. á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Sannleikurinn er sá, að ókleift virðist vera að sjá fyrir sálræn áhrif gjaldmiðilsbreytingar. Ef almenningur er vantrúaður á framtíðarverðgildi peninganna og getu stjórnvalda til þess að halda verðbólgu í skefjum, gæti eins vel svo farið, að gjaldmiðilsbreytingin yrði til þess að auka á vantrú manna og tortryggni. Sé slík breyting hins vegar hluti af mjög róttækri stefnubreytingu, eins og átti sér stað í Frakklandi, þegar de Gaulle kom til valda, kann hún að vera mikilvægur liður í því að sannfæra menn um, að nýtt tímabil sé hafið. Slíkar aðstæður eru hins vegar óvenjulegar og varla við þær að miða hér á landi."

Seðlabankinn mælti á móti þessari aðgerð 1972. Takið eftir: Þá var verðbólgan milli 15 og 20%. Núna er verðbólgan milli 50 og 60%. Hvaða vit haldið þið að sé í þessari ráðstöfun ef ekki er úr bætt, þar sem við höfum ekki frekar heildarstefnu í efnahagsmálum en að við höfum de Gaulle hér á meðal okkar?

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Það gengur maður undir manns hönd og gerir fsp. til hæstv. ríkisstj. Hæstv. forsrh. er spurður út úr, spurður um lífshagsmunamál okkar, og allir hæstv. ráðh. þegja eins og múlbundnir. Það er einhver háværasta þögn sem ég hef lengi heyrt. Það glymur í þeirri þögn.

Hæstv. viðskrh. biður menn að bíða og halda í vonina um að ráðstafanirnar muni sjá dagsins ljós. Einfaldast hefði átt að vera fyrir hann að vísa mönnum um ráðagerðir ríkisstj. til stefnuræðu hæstv. forsrh. Af hverju ætli hæstv. viðskrh. hafi ekki gert það? Sjálftsagt vegna þess að hann hefur lesið hana eða hlustað á hana, nema hvort tveggja sé, og veit að þar er ekki rífandi ræksni af neinu viti í ráðstöfunum til handa þjóðinni í efnahagsmálum og dettur þess vegna ekki í lifandi hug að vísa einum né neinum til þeirrar stefnuræðu. Ég vil aðeins skjóta inn í að ekki getur hið háa Alþingi sætt sig við það til lengdar, að forsrh. einnar ríkisstj. fari það lauslega með þetta ætlunarverk, sem bundið er í lögum eða þingsköpum, að flytja þjóðinni stefnu stjórnar sinnar, en gera það með þeim hætti sem raun bar vitni nú síðast.

Hv. þm. 6. landsk. Karvel Pálmason varpaði fram spurningum. Hv. þm. á kröfu á svari frá hæstv. ríkisstj. Ég bæti því við að þetta er forsetaframbjóðandi. Kannske verður hann virtur svars þegar hann hefur verið kjörinn forseti Alþýðusambands Íslands, það má vel vera. En spurningin er, hvort þeir, sem velja hann til þess embættis, ef þeim svo sýnist, sætta sig við að hafa engin svör fengið við spurningum þegar og þá það hefur skeð.

Herra forseti. Ég er að ljúka máli mínu. Menn hafa *rætt um gjaldmiðilsbreytinguna fyrirhuguðu. Ég er* ekki kominn svo langt að hugsa beinlínis til hennar, heldur hugsa ég með hrolli og skelfingu til þess sem bíður þessarar þjóðar hinn 1. des. n. k. í verðlagsþróuninni, — þeirrar holskeflu sem þar rís. Það er mér gersamlega hulin ráðgáta að menn hyggist ekkert gera til viðnáms við þeim ókjörum.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Ég get ekki látið hjá líða að lýsa furðu minni á því, að hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. eru báðir horfnir héðan úr salnum við framhaldsumræður um gjaldmiðilsbreytingu og klukkan ekki enn orðin fjögur síðdegis. Til þeirra var áður á fundinum beint fsp. Ég hlýt að skilja það svo, að hæstv. viðskrh. hafi tekið að sér að svara fyrir þeirra hönd.

Ég ítreka þá spurningu, sem ég kom með fyrr í dag: Munu Alþ. ekki verða kunngerðar þær ráðstafanir, sem ríkisstj. hyggst gera samfara þeirri myntbreytingu sem fram fer um áramótin, og verða kunngerðar þessar breytingar áður en Alþ. fer heim í jólaleyfi?

Það eru síðustu forvöð að kunngera Alþ. og þjóðinni ráðstafanir samfara myntbreytingu áður en hún á sér stað. Ég trúi því ekki að hæstv. viðskrh. komi hér aftur upp og segi: Þingmenn og þjóðin verða að bíða. — Hann verður sjálfsagt að bíða, ég geri ráð fyrir því, en þingið og þjóðin gera kröfu til þess að fá svar við þessum spurningum eftir að ráðh. hefur svarað fsp. um að ekki sé að hans dómi hægt að fresta myntbreytingunni.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég hef í raun og veru engu við það að bæta sem ég hef áður sagt varðandi spurningu hv. þm. Þorv. Garðars Kristjánssonar. Ég mun hafa svarað henni á þá leið, að af mörgum ástæðum sé ekki mögulegt að hætta við þá fyrirætlan að gera á gjaldmiðilsbreytingu um n. k. áramót.

Ég get viðurkennt það, og raunar þarf ekkert að viðurkenna, það blasir við öllum hv. þm. og allri þjóðinni, að gera verður efnahagsráðstafanir, vegna þess að það er alveg sama hvernig menn velta málum fyrir sér, eins og nú er komið, eftir að verulegar grunnkaupshækkanir hafa verið gerðar í samningum, að verðbólguþróunin verður slík að það er óhugsandi annað en að gera efnahagsráðstafanir. Það tókst á þessu ári að halda atvinnulífinu gangandi. Ég vil segja að það hafi raunverulega hangið á bláþræði með suma þætti atvinnulífsins, eins og t. d. frystiiðnaðinn, útflutningsiðnaðinn og fleiri greinar. Ég hef ekki trú á að auðvelt verði að halda atvinnulífinu í landinu gangandi nema það verði gerðar ráðstafanir í efnahagsmálum til að bremsa niður verðbólguna. Þannig er ég alveg sammála hv. þm., sem hér hafa tekið til máls, um þetta atriði.

Til þess að svara spurningu hv. þm. Matthíasar Á. Mathiesens vil ég aðeins segja það, að ríkisstj. mun að sjálfsögðu leggja sín mál fyrir Alþ. þegar hún leggur fram till. sínar um aðgerðir í efnahagsmálum. Um það þarf ekkert að efast. Ég ætla ekki að fara að tiltaka neinar ákveðnar dagsetningar við þetta tækifæri, en hv. þm. getur alveg treyst því, að ríkisstj. mun leggja fyrir Alþ. till. sínar um aðgerðir í efnahagsmálum, sem eru nauðsynlegar og geta að mínu mati ekki beðið lengi.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég tók eftir því að hæstv. viðskrh. orðaði það svo: Eftir að grunnkaupshækkanir urðu verður ekki komist hjá því að gera efnahagsráðstafanir. — Hvað þýðir þetta? Hvaða boðskapur er þetta? Hvað býr að baki svona yfirlýsingu hjá hæstv. ráðh.? Ég hygg að þm. og þjóðin raunar öll vilji fá um það vitneskju hvað svona yfirlýsing þýði. Er hér verið að segja að vegna þess, hverjar grunnkaupshækkanirnar urðu, verði að gera efnahagsráðstafanir til að skerða þær kjarabætur sem verkalýðshreyfingunni tókst þó að fá fram, þó litlar væru, í hinum nýgerðu samningum — eða hvað þýðir þetta orðalag hjá hæstv. ráðh.? Hann nefnir ástæðuna þá, að grunnkaupshækkanir áttu sér stað og þess vegna þurfi að gera efnahagsráðstafanir. Telur ekki hæstv. ráðh. í framhaldi af þessu að það sé kominn tími til þess, að þing og þjóð fái um það vitneskju hvaða efnahagsráðstafanir hér er verið að tala um? Hvað með holskefluna, sem hæstv. ráðh. orðaði sjálfur, 1. des.? Fer ekki að verða naumur tími til að koma í veg fyrir að hún skelli yfir, sú hin sama holskefla og hæstv. viðskrh. orðaði svo vel í blaðaviðtali ekki alls fyrir löngu? Ég vænti þess, að hæstv. ráðh. gefi frekari skýringar á því, hvað hann meinar þegar hann segir: Eftir að grunnkaupshækkanir urðu verður ekki komist hjá því að gera efnahagsráðstafanir. — Ég hygg að launafólk almennt taki eftir því, ef hæstv. ráðh. fæst til að svara.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Verðbólgan mun vera um 52—53% eins og málin standa, ef grunnkaupshækkanir sem urðu fyrir skömmu eru ekki teknar inn í dæmið. Það, sem hefur gerst með grunnkaupshækkununum, er að hvernig sem menn líta á þær munu þær sennilega valda um 15—20% verðbólguhækkun á næstu 6—12 mánuðum. Þetta er tiltölulega auðvelt að reikna út vegna þess að það vefur upp á sig eins og hið sjálfvirka kerfi er. Þannig er augljóst mál að verðbólgan, ef ekkert verður að gert, verður — ég skal ekki nefna tölur, en það er óhætt að segja öðru hvorum megin við 70% þegar kemur talsvert fram á næsta ár. Það er alveg augljóst mál, að þessu verður að mæta með efnahagsráðstöfunum.

Ég hef ekkert um það sagt í þessum umr., að efnahagsráðstafanirnar eigi að vera þannig að þær beinist að launafólkinu í landinu. Launin eru að vísu mjög stór þáttur í verðlaginu. Það er talið að launin séu líklega 70—75% af þjóðarframleiðslunni og þau eru stór þáttur. En það eru margir fleiri þættir sem koma þar til álita. Því er alveg óþarfi af hv. þm. Karvel Pálmasyni að vera að snúa út úr og gera mér upp skoðanir í þessu efni. Það þarf að gera samræmdar aðgerðir á breiðum grundvelli, og eitt af þeim atriðum, sem koma inn í þær aðgerðir, er launamálin og launamálastefnan. Það er alveg augljóst mál.

Án þess að ég sé að gera grein fyrir fyrirhuguðum aðgerðum vil ég endurtaka það, sem ég hef áður sagt, að gera verður efnahagsráðstafanir til að bremsa niður þá verðbólgu sem nokkurn veginn blasir nú við. Það verður að gera með því að taka á, að mínu mati, öllum þeim þáttum sem eru umtalsverður liður í verðlaginu. Það er fjarri því, að ég hafi gefið í skyn áður að það væru eingöngu launamálin. Það er margt fleira sem þarf að taka á, eins og marglýst hefur verið t. d. af okkur í Framsfl. sem höfum talað um niðurtalningu og niðurtalningarstefnu. En það hefur verið að mínu mati talsvert mistúlkað upp á síðkastið hvað við höfum átt við. Sannleikurinn er auðvitað sá, að í sumar, meðan kjarasamningar hafa verið opinir og menn hafa ekki vitað hvers væri að vænta í þeim efnum, mætti orða það svo, að ríkisstj. hafi viljað borga vinnufriðinn því verði að fresta fyrirætlunum sínum um niðurtalningu á verðbólgu. Það er auðvitað staðreynd, sem skylt er að viðurkenna, að grunnkaupshækkanir, sem gerðar voru um daginn, hafa áhrif á verðbólguþróunina og auka á verðbólguna. Þeim mun frekar er ástæða til að taka á þessum málum á breiðum grundvelli.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Það er talsvert algengt að óskað sé eftir því, að ráðh. séu viðstaddir umr. Ég ætla að óska eftir því að einn tiltekinn þm. verði viðstaddur þessa umr. og hann verði tafarlaust sóttur. Sá þm. er hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson. Ég ætla að bíða með að halda ræðu mína þar til ég fæ upplýsingar um hvort hann er í húsinu, hvort hann treystir sér til að vera viðstaddur og hvort hæstv. forseti getur látið sækja þann ágæta mann. Ég hef svo stuttan ræðutíma að ég ætla ekki að eyða neinu af honum á ómerkari menn en hv. þm. Guðmund J. Guðmundsson.

Umr. frestað.

Framkvæmdir RARIK á Melrakkasléttu, fsp. (þskj. 64). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Níels Á. Lund): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. á þskj. 64 til hæstv. iðn.- og orkumrh. um framkvæmdir Rafmagnsveitna ríkisins á Melrakkasléttu í Norður-Þingeyjarsýslu. Fsp. hljóðar svo: Hvenær er áformað að ljúka lagningu svonefndar Blikalónslínu á Melrakkasléttu?

Það sem einum kann að finnast stórmál er í annarra augum smámál. Svo er líklega farið um málefni það sem ég spyr hæstv. orkumrh. um nú.

Vestan til á Melrakkasléttu, frá Kópaskeri að Blikalóni, eru tólf bæri í byggð, þar af eru sjö á svokallaðri Leirhafnartorfu sem liggur um 15 km fyrir norðan Kópasker á leiðinni að Blikalóni og Raufarhöfn. Árið 1966 var fyrir mikla forgöngu heimamanna sjálfra lögð rafmagnslína á Leirhafnarbæi sem gjörbreytti aðstöðu bænda þar. Meðalvegalengd milli bæja í þeirri línu var aðeins 1.5 km og var hún því hagstæð miðað við 6 km mörkin, en orkuráð lagði til á sínum tíma að allir bæir innan þeirra marka yrðu rafvæddir frá samveitu. Nú eru aðeins eftir um 30 bæir á öllu landinu innan þessara marka sem ekki hafa fengið ríkisrafmagn, að því er mér er tjáð. Af þessum 30 bæjum eru fimm á vestanverðri Sléttu frá Leirhöfn að Blikalóni.

Meðalvegalengd í fyrirhugaðri Blikalónslínu, þ. e. Leirhöfn að Blikalóni, er 4.8 km og því er sú lína miklu óhagstæðari lína en fyrrgreind Leirhafnarlína, þar sem meðalvegalengdin var aðeins 1.5 km. Ef hins vegar hefði verið strax árið 1966 lögð öll línan Kópasker — Blikalón hefði meðalvegalengdin verið mun styttri eða u. þ. b. 2.7 km. Er því augljóst að á sínum tíma var aðeins tekinn unginn úr egginu þegar fyrrgreind lína, Kópasker — Leirhöfn, var lögð. Nú má ekki taka það svo að ég sé að setja út á þá framkvæmd, það sæti síst á mér, heldur er ég aðeins að benda á þá staðreynd, að nú eru liðin um 14 ár síðan þessi lína var lögð og ekki bólar enn þá á frekari framkvæmdum, og sé spurt er svarið í þá áttina, að Blikalónslína sé óhagkvæm vegna þess hvað meðaltalsvegalengd sé löng.

Það ætti ekki að þurfa að lýsa því fyrir hinu háa Alþingi, hve mikinn þátt raforka á í daglegu lífi hvers og eins. Hún er miklu fremur forsenda nútímalífs en þægindi sem deila má um hvort eru þörf eða óþörf. Það hlýtur að vera markmið stjórnvalda á hverjum tíma að rafvæða alla bæi landsins og nota íslenska raforku til margvíslegra hluta í stað þess að notast við misdýra erlenda orku í formi olíu. Sú óvissa, sem ríkir nú í heiminum í olíuviðskiptum, hlýtur enn fremur að herða á öllum framkvæmdum sem hníga í þá áttina að skipta á erlendri olíu í íslenska raforku. Þær framkvæmdir hljóta alltaf að skila arði.

Nú er verið að ljúka við gerð uppbyggðs vegar á Sléttu milli Kópaskers og Raufarhafnar, svonefnds Hafísvegar. Má í raun segja að með þessum vegi tengist Raufarhöfn vegakerfi landsins í fyrsta skipti. Sá vegur, sem fyrir var, hefur staðið nánast óbreyttur í milli 30 og 40 ár. Á vetrum var hann ófær fyrir snjó, á sumrum landsfrægur ókeyrandi vegur. Hinn nýi vegur og þeir samskiptamöguleikar, sem með honum opnast, eru því Norður-Þingeyingum öllum kærkomnir. Með honum batna til muna samgöngur milli þorpanna Kópaskers og Raufarhafnar, svo raunverulega má segja að með tilkomu hans sé fyrst hægt að hugsa sér sameiginlega starfsemi þessara byggðakjarna í einhverjum mæli.

Lagning vegarins fyrir Sléttu er önnur af tveimur stærstu forsendunum fyrir því að byggð geti haldist þar áfram. Þau býli, sem við hann standa, eru í alfaraleið og eru auk annars mikið öryggi fyrir vegfarendur á langri leið þegar vetur er sestur að. Hin meginforsendan fyrir áframhaldandi byggð á Sléttu er að þau býli, sem enn hafa ekki fengið rafmagn, verði rafvædd. Í fámennum héruðum og sýslum veltur afkoma héraðanna mikið á samvinnu þeirra í milli, bæði hvað varðar einstaklinga og fyrirtæki. Það er mikill missir að hverjum þeim, sem burt flytur, eða því býli, sem í eyði fer. Þar kemur ekki síst hinn félagslegi þáttur inn í. Ég ætla ekki að ræða þann þáttinn frekar í þeim stutta tíma sem ég hef til þessarar fsp., en e. t. v. fæ ég tækifæri til þess síðar.

Ég leyfi mér fyrir hönd umbjóðenda minna að vænta jákvæðs svars við fsp. frá hæstv. iðn.- og orkumrh.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Áður en ég svara beinum hætti fsp. hv. þm. Níelsar Á. Lunds tel ég rétt að rifja í aðalatriðum upp stöðu svonefndrar sveitarafvæðingar eins og hún er nú. Með sveitarafvæðingu er átt við tengingu þeirra býla í landinu við samveitur, sem ekki eru tengd nú þegar, eða rafvæðingu þeirra býla á annan hátt, sem ekki er talið fært að tengja samveitum vegna kostnaðar. Af sveitarafvæðingarfé hefur á ári hverju einnig verið greiddur kostnaður við tengingu á nýjum býlum, sem liggja á gömlum veitusvæðum, og hafa þau þá einnig greitt heimtaugagjöld sem koma til frádráttar útlögðum kostnaði.

Samkvæmt áætlun, sem orkuráð, sem um þessi mál hefur fjallað, gerði á sínum tíma um rafvæðingu sveita, er eftir að leggja rafmagn til þriggja bæja þar sem meðalfjarlægð að hverju býli er um eða innan við 4 km, nánast á bilinu 3—4 km eða þá að kostnaður á býli er minni en 23 millj. á núv. verðlagi. Heildarkostnaður vegna þessara þriggja bæja, miðað við verðlag í árslok 1980, er áætlaður 62 millj. kr. Er þetta af orkuráði nefnt áætlun I. Annar þáttur í áætlun orkuráðs, áætlun II, nær til raflagna að býlum þar sem meðalfjarlægð er á bilinu 4—5 km eða kostnaður á býli fer ekki yfir 36 millj. kr. Hér er um 9 býli að ræða og er heildarkostnaður vegna þeirra 229 millj. kr. Samkvæmt áætlun III. hjá orkuráði er um að ræða raflagnir til 15 býla, þar sem meðalfjarlægð er á bilinu 5—6 km eða þá kostnaður á býli fer ekki yfir 30 millj. kr. Heildarkostnaður vegna þessara 15 býla er 406 millj. kr. Samtals er þannig um að ræða innan þessarar áætlunar orkuráðs 27 bæi og kostnaður við lagningu raflína til þeirra, miðað við núverandi verðlag, er nálægt 700 millj. kr.

Blikalónslínan, sem hér er spurt um, telst meðal þeirra verka sem orkuráð mælir með að tekin verði í III. áfanga framkvæmdaáætlunar Orkusjóðs um rafvæðingu sveita. Raunar liggur þessi línulögn alveg á mörkum II. og III. áfanga og er efst á blaði í III. áfanga ráðsins. Skiptir því út af fyrir sig ekki máli hvort hún flokkast til II. eða III. áfanga. Þessari veitulögn er ætlað að ná til þeirra bæja norðan Leirhafnar á Sléttu sem ekki hafa rafmagn frá samveitu. Eru það bæirnir Grjótnes, Núpskatla, Sigurðarstaðir og Blikalón. Á Núpskötlu mun vera tvíbýlt.

Áætlaður kostnaður við Blikalónslínu er 115 millj. kr., miðað við verðlag í árslok 1980. Á næsta ári er áætlað að kostnaður við tengingu vegna nýrra notenda á gömlum veitusvæðum nemi 400 millj. kr. Þetta fjármagn verður tekið af sveitarafvæðingarfé næsta árs. Í fyrirliggjandi fjárlagafrv. er gert ráð fyrir 500 millj. kr. til sveitarafvæðingar á komandi ári, þannig að ef það yrði lögfest með þeim hætti eru aðeins um 100 millj. kr. sem hægt er að gera ráð fyrir til nýrra línulagna eða sem svarar til þess að tengja 4—5 býli. Samkvæmt framansögðu er ekki útlit fyrir að fé verði fyrir hendi til lagningar Blikalónslínu á næsta ári, ef fylgt yrði framkvæmdaáætlun orkuráðs, nema fjárveitingar til sveitarafvæðingar verði auknar mjög verulega eða sem svarar til um 300 millj. kr. umfram það sem er í fjárlagafrv., ef fylgja ætti tillögum orkuráðs um framkvæmdaröð.

Ég vil geta þess, að við undirbúning fjárlagagerðar mat iðnrn. þörfina í þessu skyni um 800 millj. kr., þannig að ef hefði verið orðið við óskum rn. að þessu leyti, en raunar hafði orkuráð gert tillögur í svipaða átt, hefðu þessar 300 millj., sem ég gat um, verið inni. En það er ekki aðeins í þessu efni sem um er að ræða minni fjárveitingar en þarfirnar bjóða, ef meta ætti þær einar saman. Þar hefur víða verið skorið af, eins og ég geri ráð fyrir að hv. þm. hafi skilning á þótt hver og einn líti misjöfnum augum á einstök verkefni.

Ég skil vissulega vel áhuga hv. fyrirspyrjanda í þessu máli og hef orðið var við slíkan áhuga frá fólki því sem hér á í hlut, sem hefur rætt við mig um sín efni. Iðnrn. telur þörf á að auka fjárveitingar í þessu skyni frá því sem nú er og hefur gengið frá erindi til fjvn. þar að lútandi. Jafnframt því sem hraða þarf, eftir því sem frekast eru ráð til, tengingu þeirra býla er næst liggja samveitum þarf að leita úrlausnar fyrir þær jarðir er liggja utan við þann ramma sem orkuráð hafði markað í áætlun sinni, þ. e. þar sem vegalengd er meiri en svarar til 6 km. Raunar hefur Alþ. mér vitanlega aldrei tekið neina heildstæða ákvörðun um þessi efni. Á sínum tíma lá fyrir samþykki af hálfu Alþ., að ég hygg, varðandi rafvæðingu að þriggja km markinu, en því, sem umfram er, hefur verið reynt að þoka eftir því sem fjárveitingar hafa frekast leyft hverju sinni.

Þannig eru þrjú býli sem eru á bilinu 3—4 km og standa samkv. hinni umræddu áætlun næst því að fá úrlausn sinna mála. En það munu vera um 29 býli, sem eru utan 6 km meðalfjarlægðar milli jarða, og aðstæður þeirra eru vissulega mismunandi. Iðnrn. stefnir að því að gerð verði sem fyrst úttekt á aðstæðum þessara jarða og möguleikum á úrbótum, öðrum en að tengja þær samveitum, t. d. með því að reisa vatnsaflsvirkjanir, litlar vatnsaflsstöðvar þar sem þannig hagar til að henti, eða koma upp vindrafstöðvum eða öðrum orkugjöfum sem ódýrari eru en olíurafstöðvar, en flest þeirra býla, sem ekki njóta rafmagns frá samveitu, flest eða öll, búa við rafmagn frá dísilstöðvum sem lán eru veitt til úr Orkusjóði.

Fyrirspyrjandi (Níels Á. Lund): Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir greinargóð svör við fsp. minni, þótt ég hefði vissulega kosið að þau væru mun jákvæðari. Það stendur, sem ég gat um í fsp. minni í byrjun, að það hefði verið mun hagstæðari meðalvegalengd ef strax í byrjun hefði verið lögð línan frá Kópaskeri að Blikalóni. Þá hefði meðaltalskílómetrinn, ef ég má orða það svo, verið 2.7 í stað þess að vera 4.8 frá Leirhöfn í Blikalón.

Ég harma að það skuli ekki vera veitt meira fé í þessa framkvæmd, sem vissulega er mikil þörf á. Ég vil nefna það, að fyrir utan almenn not, sem bændur hafa af raforkunni, og get ég þá nefnt sérstaklega súgþurrkun, ég tala nú ekki um heimilisnot, er á einu býlinu, Núpskötlu, viðgerðarverkstæði fyrir bíla og einnig fer þar fram verulega mikil sögun á rekavið. Ég veit því að það kemur sér mjög bagalega að þarna skuli ekki vera örugg raforka fyrir hendi.

Sú ríkisstj., sem situr nú að völdum, hefur það að markmiði sínu, svo ég vitni í stjórnarsáttmálann, með leyfi forseta, að innlendir orkugjafar komi sem fyrst í stað innfluttrar orku og unnið verði með viðeigandi öryggi að því að tryggja afhendingu orkunnar til notenda. Enn fremur segir svo í stjórnarsáttmálanum, með leyfi forseta: „Skipulag orkudreifingar verði tekið til endurskoðunar.“ Það má því búast við að framkvæmdir á þessum sviðum verði á næstu árum, og það er von mín að ríkisstj., sem nú situr, sjái til þess að þetta mál verði unnið á kjörtímabilinu. Ég treysti ekki öðrum ríkisstj. betur til þess.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda fyrir að hafa hreyft þessu máli. Ég hafði raunar hugsað mér að gera það og er mjög ánægður yfir að hann skyldi hafa átt frumkvæði að þessu, þó ég væri ekki ánægður með lokaorð hans, að hann sætti sig við að þessu yrði lokið á kjörtímabilinu. Ef ríkisstj. skyldi nú halda velli allan þann tíma, þætti mér það fulllöng bið, einkum þegar það er haft í huga, að fólkið norður á Sléttu taldi sig hafa loforð um að þessi lína yrði lögð á s. l. sumri. Ég hef haft samband við fólkið þar fyrir norðan, og mér er kunnugt um að það taldi sig hafa þetta loforð og bjóst við að einhverjar framkvæmdir yrðu á s. l. sumri.

Ég þarf ekki að segja þingheimi frá því, að þarna norður frá, á nyrsta hjara norður við heimskautsbaug, er byggðin náttúrlega veik, einkanlega ef um mikil harðindi yrði að ræða, og ég held að það sé óhjákvæmilegt að ákvörðun verði tekin í þessu máli og fyrir liggi hvenær þetta fólk getur vænst þess að fá rafmagn. Og ég saknaði þess satt að segja, að hæstv. iðnrh. skyldi ekki hafa gefið bindandi loforð um að það yrði eigi síðar en á sumrinu 1982, úr því að hann treysti sér ekki til þess að fá það samþykkt í ríkisstj., að málið fengi þá afgreiðslu þar að framkvæmdir gætu hafist strax á næsta ári. Hann talaði um að 300 millj. kr. vantaði í því skyni. Ég skal ekki liggja á liði mínu að hjálpa honum að útvega þær, ef ég finn að hugur fylgir máli, að raunverulega sé vilji til þess að koma til móts við þetta fólk, sem eins og ég sagði býr norður við hjara, á því svæði á landinu þar sem myrkrið er lengst og veturinn harðastur. Mér finnst það nokkur rök fyrir því að láta þetta verkefni hafa forgang umfram það sem km-talan segir til um.

Ég vil einnig þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að vekja athygli á því, að á sínum tíma voru gefin fyrirheit um það vegna hafísnefndarinnar, að verulegt átak yrði gert til þess að opna veginn milli Raufarhafnar og Kópaskers. Ég man ekki betur en hæstv. samgrh., sem þá var, núv. hæstv. fjmrh., hafi farið norður til Þórshafnar til þess að guma af þessum vegi og belgja sig út. En nú liggur það sem sagt fyrir, að það á að svíkja öll þau fyrirheit, sem þá voru gefin, og það fé, sem heitið var og lofað var, á ekki að fást til vegarins. Það liggur fyrir eins og þau mál eru hugsuð nú.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég er dálítið hissa á þessum síðustu orðum hv. þm. Halldórs Blöndals. Ég veit ekki til þess að uppi séu neinar hugmyndir um að svíkja það að halda áfram þessari vegagerð. (**HBl:** Með þeim hraða sem lofað var.) Með þeim hraða sem lofað var? Það átti að gerast á þremur árum eða fjórum og það eru komin tvö ár, t. d. í sambandi við veginn frá Kópaskeri til Raufarhafnar. Það eru eftir tæpir 9 km af 27, og ef svipaður áfangi verður tekinn í sumar, sem ég vænti, þá verður staðið við það. Ég geri ráð fyrir að hv. þm. Halldór Blöndal styðji okkur við það.

En hver lofaði framkvæmdum í sambandi við rafmagnið þarna á Sléttunni? Það væri gaman að vita hver gaf það loforð. Ég hef talað um þetta við fólkið á Sléttu og ég hef ekki heyrt að það teldi sig hafa fengið neitt loforð um rafmagn á þessu ári.

Það kom fram hjá hv. þm. Níelsi Á. Lund, að þarna á Sléttu eru menn á sumum jörðunum ekki með nema lítinn búskap, en lifa að miklu leyti á hlunnindum. Það er ekki einungis í Núpskötlu, heldur líka á Sigurðarstöðum, og þar af leiðandi er mjög brýnt fyrir þá að fá þetta rafmagn sem fyrst. Og þetta er ekki meira átak en það með þessa 27 bæi, að það þyrfti að klára þetta á einhverjum ákveðnum tíma, helst á tveimur árum. Raunar þyrfti að gera áætlun um þessi 56 býli, sem hæstv. iðnrh. minntist á, gera áætlun um þau og ljúka þessu, vegna þess að það er varla hægt að ætlast til að nokkur búi við það nú árið 1980 og þar á eftir að hafa ekki rafmagn.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég geri ráð fyrir að hv. þm. Stefán Valgeirsson viti ofurvel um þau loforð sem fólkið norður á Sléttu taldi sig hafa, og ef svo er ekki, þá getur hv. fyrirspyrjandi kannske upplýst hann um það.

Ég vil svo aðeins fagna því að hafa fengið hv. 2. þm. Norðurl. e. til liðs við mig í því að drifið verði í því að Sléttulínan komi eigi síðar en árið 1982. Mér finnst það fulllangt. Það mætti kannske byrja í sumar á Núpskötlu, sýna hreyfingu á málinu.

Ég vil líka fagna því, að þessi hv. þm. lýsti einörðum vilja sínum til þess að staðið yrði við fyrirheitin um Hafísveginn. Það skal sannarlega ekki standa á mér að fylgja því máli eftir, og ég er viss um að ef við tækjum báðir á, þá mundi það hafast. Þess vegna þakka ég fyrir liðsstyrkinn og veit að fólkið fyrir norðan gerir það líka og treystir því, að við þetta verði staðið og veginum ljúki á næsta sumri. Þá vitum við að það mál er í höfn eins og fleiri sem þessi duglegi og ötuli þm. tekur að sér, að það mun ekki standa á því að vegurinn komi í sumar og línan ekki seinna en að tveimur árum liðnum.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég sé ástæðu til þess að bæta hér við örfáum orðum um þetta mál.

Í umr. um sveitarafvæðingu ber það við, að menn líti svo til, að þau býli, sem ekki eru tengd samveitum, séu án rafmagns. Ég hygg að þau séu nú mjög fá af þessum býlum sem ekki búa við raforku framleidda yfirleitt með dísilvélum. Hitt er annað mál og ofurskiljanlegt, að menn vilja helst fá raforku frá samveitum, telja það öruggari, tryggari og að jafnaði ódýrari orku sem þannig fáist. Hitt er aftur ljóst, að kostnaðurinn við að leysa þetta verkefni, rafvæðingu þessara 56 býla út frá samveitum, er býsna mikill í sumum tilvikum, og það hlýtur að vera matsatriði hversu hratt er gengið fram til þess að leysa þetta mál með þeim hætti til fullnustu. Því bendi ég á það, að jafnhliða því sem áfram þarf að halda í sambandi við tengingu býla út frá samveitum, þá er eðlilegt að leitað sé annarra leiða, einkum fyrir afskekktustu bæina. Í þessu sambandi vil ég nefna átak sem gert var og Alþ. stóð að eftir till. frá ríkisstj. 1978—1979, að bæta aðstöðu eins byggðarlands á Norðausturlandi, Hólsfjallabyggðar, í sambandi við kostnað varðandi raforkuöflun. Ég beitti mér fyrir því, að áform þar að lútandi, sem höfðu verið á dagskrá um alllangt skeið, urðu að veruleika. Ég taldi að það væri eðlilegt, að þarna yrði tekið á með sérstökum hætti fyrir þessa einangruðu byggð og byggð sem liggur hæst yfir sjó á landinu, og það tókst að leysa. Þannig þarf að meta það, hvort ekki er réttmætt í þeim tilvikum, þar sem menn búa við erfiðust skilyrði, en eðlilegt er að hlúa að byggð, að samfélagið hlaupi undir bagga til þess að bæta aðstöðu manna. Sá kostnaður getur í reynd orðið minni en við það að teygja raflínur til viðkomandi byggðarlaga, — raflínur sem eru því miður ekki alltaf öruggar, síst ef yfir fjöll og firnindi er að fara.

Mér þykir ánægjulegt að heyra það hjá þm. og skil það vel, að þm. viðkomandi kjördæma, umbjóðendur þeirra sem í hlut eiga, eru reiðubúnir að leggja sig fram um að þoka þessum málum áfram, og ég gleðst yfir því, að hv. þm. Halldór Blöndal tekur undir við tekjuöflun til þess að tryggja að þetta mál nái sem fyrst í höfn. Það kostar fjármagn og það fjármagn verður einhvers staðar að taka. Ég mun vinna að því, að bæði verði gerð athugun á þessu máli í heild, einnig vegna þeirra jarða sem eru utan við 6 km mörkin, svo og að unnið verði sem greiðast að því verkefni sem hér er um að ræða. Þetta mál verður í höndum fjvn. á næstu vikum, og hún getur þá metið það, hvort hægt er að leggja meira fjármagn af mörkum í þessu skyni heldur en er í fjárlagafrv.

Útflutningsuppbætur á landbúnaðarafurðir, fsp. (þskj. 64). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Þorbjörg Arnórsdóttir): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram á þskj. 64 fsp. til hæstv. landbrh. um útflutningsuppbætur. Er hún svohljóðandi:

„Hyggst ríkisstj. gera einhverjar ráðstafanir til að mæta þeim vanda er við blasir hjá bændastéttinni í landinu, þar sem augljóst er að lögbundnar útflutningsuppbætur nægja ekki til að bændur fái greitt fullt grundvallarverð fyrir afurðir sínar á verðlagsárinu 1979—1980?“

Ástæðan fyrir þessari fsp. er sú, að fyrirspyrjandi telur að mikil óvissa ríki nú meðal bænda í landinu um hverjir

séu raunverulegir tekjumöguleikar og afkomumöguleikar búrekstrar. Þær aðgerðir, sem gripið hefur verið til og eiga að stuðla að samdrætti í landbúnaðarframleiðslunni, hafa óneitanlega rýrt til muna tekjumöguleika bænda frá því sem áður var. Mér er kunnugt um að þessar samdráttaraðgerðir eru mjög umdeildar meðal bændastéttarinnar og er það eðlilegt, einkum og sér í lagi þar sem áhrif þeirra koma mjög misjafnlega niður og auka enn til muna þann aðstöðumun og tekjumun, sem óneitanlega er innan bændastéttarinnar. Hins vegar gerðu bændur sér ljóst, að það þurfti að grípa til einhverra ráðstafana. Þeir gerðu sér ljóst, að það var ekki hægt að halda áfram á sömu braut, og settu því sjálfir í framkvæmd svokallað kvótakerfi sem miðar beint að því að samdráttur verði í landbúnaðarframleiðslunni á næstu árum. Við framkvæmd kvótakerfis kom í ljós, að á því eru verulegir annmarkar. Verstu agnúarnir voru að vísu lagfærðir með brbl. af hálfu ríkisstj. í sumar, en engu að síður kemur framkvæmd þess mjög misjanflega niður á bændum í landinu.

Ríkisstj. lagði síðan á í sumar, svo sem kunnugt er, með útgáfu brbl. 200% fóðurbætisskatt vegna sérstaks vanda er við blasti í mjólkurframleiðslunni, m. a. vegna verulegs samdráttar á ostamarkaði í Bandaríkjunum og staðbundins offramleiðsluvanda. Ég segi: staðbundins, vegna þess að ljóst er að aðeins á vissum landssvæðum er mjólkurframleiðslan meiri en neysluþörfin.

Áhrif þessara samdráttaraðgerða hafa verið að koma í ljós á þessu ári, einkum í mjólkurframleiðslunni. Sé verðlagsárið 1979—1980 borið saman við næsta verðlagsár á undan hefur mjólkurframleiðslan minnkað um 6 millj. lítra eða 5.2%. Samdrátturinn varð allur á þessu ári, og ef tímabilið frá 1. jan. til 1. sept. er borið saman við sama tíma í fyrra er samdrátturinn um 6.6%. Og mjólkurframleiðslan í sept. í ár borið saman við sept í fyrra er 8.2% minni, þannig að samdrátturinn er meiri seinni hluta þessa árs.

Í sauðfjárframleiðslunni er ekki ljóst enn hvort um nokkurn samdrátt er að ræða. Mun færra fé var á fóðrum s. l. vetur, en vegna mjög hagstæðs árferðis eru líkur á að kindakjötsframleiðslan verði svipuð og í fyrra. Það er því ljóst, að bændur hafa brugðist við þeim vanda, er við blasir, og hafa nú þegar dregið verulega úr framleiðslunni. Því fylgja óhjákvæmilega rekstrarerfiðleikar, mismiklir eftir aðstæðum, en talið er að um verulega skuldaaukningu sé að ræða hjá bændum í landinu. Auk þess sem í framkvæmd er kvótakerfi, sem sett hefur verið á með fullum þunga á þessu ári, og lagður hefur verið á fóðurbætisskattur, hefur verið innheimt af bændum allt þetta ár verðjöfnunargjald, þar sem ljóst var í upphafi árs að útflutningsuppbótarétturinn nægði ekki. Innheimt verðjöfnunargjald af mjólk nemur á þessu ári um það bil 1 milljarði 170 millj. kr. og af kindakjöti um það bil 2.7 milljörðum kr. eða samtals 3 milljörðum 870 millj. kr. Eftir er að innheimta um 420 millj. kr. verðjöfnunargjald af mjólk. Samtals hafa því verið innheimtir um það bil 4 milljarðar 290 millj. kr. eða um það bil 1 millj. á hvern bónda í landinu.

Það er fyrirspyrjanda ærið áhyggjuefni, og mér er kunnugt um að það er bændum þessa lands einnig, hvort þeir eigi að bera þetta verðjöfnunargjald til viðbótar við þann vanda og þá tekjuskerðingu sem við blasir vegna samdráttaraðgerðanna. Mér er kunnugt um að sú skoðun er ríkjandi meðal forustumanna bænda, að eðlilegt sé að bændur fái vissan aðlögunartíma til að laga framleiðsluna að innanlandsmarkaðinum og á þeim tíma hlaupi ríkisvaldið undir bagga með þeim og taki þátt í því að greiða það sem umfram er lögleyfðan útflutningsbótarétt.

Fyrir verðlagsárið 1979—1980 hefur verið tekið á móti reikningum vegna útflutningsuppbóta að upphæð 13 milljarðar 630 millj. kr., en heildarþörfin mun vera um það bil 13 milljarðar 920 millj. kr. Útflutningsuppbótarétturinn er áætlaður 8 milljarðar 300 millj. kr. Ríkisstj. lagði fram 1 milljarð s. l. vor, þannig að vöntunin mun nú vera um það bil 4 milljarðar 620 millj. kr. Sá vandi, sem við blasir, er því ærinn þar eð vanta mun um 1 millj. kr. á hvern bónda í landinu, og sú upphæð dregst vitanlega beint frá nettótekjum bændanna og verkar sem bein tekjuskerðing.

Þann vanda sem nú steðjar að bændastéttinni í landinu tel ég vera vanda þjóðarinnar allrar. Eigi íslenskum bændum að vera kleift að draga úr framleiðslunni, laga hana að innanlandsmarkaðinum og jafnframt auka fjölbreytni hennar og leita nýrra leiða í landbúnaði er þörf á náinni samvinnu milli forustu bænda og ríkisvaldsins um lausn mála. Nú þegar afkomu búresktrar í landinu hefur verið stefnt út í mikla óvissu vegna samdráttaraðgerða tel ég brýna nauðsyn til að ríkissjóður taki á sig hluta þess vanda er við blasir vegna ónógra útflutningsuppbóta á verðlagsárinu 1979—1980. Ég óttast mjög og tel raunar augljóst, að enn einu sinni verði gengið á þann rétt bænda, að þeir hafi sambærileg laun og aðrar vinnandi stéttir í landinu.

Eins og nú er komið í íslenskum landbúnaði er spurningin því sú, hversu mikið eigi að ganga á þann rétt bændastéttarinnar að hafa sambærileg laun við aðrar vinnandi stéttir í landinu. Það svar, sem kemur frá hæstv. landbrh., mun að einhverju leyti verða svar við þeirri spurningu. Það er þess vegna sem ég ber fram þessa fsp. á hv. Alþ. í von um jákvætt svar frá hæstv. landbrh.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi spyr hvort ríkisstj. hyggist ekki gera einhverjar ráðstafanir til að mæta þeim vanda er við blasir hjá bændastéttinni í landinu, þar sem augljóst er að lögbundnar útflutningsbætur nægi ekki til þess að bændur fái greitt fullt grundvallarverð fyrir afurðir sínar á verðlagsárinu 1979—1980. Sem svar við þessari fsp. vil ég greina frá eftirfarandi.

Eftir að núv. ríkisstj. tók við var ákveðið með sérstökum lögum frá Alþ. að verja 3000 millj. kr. til að mæta halla af útflutningi landbúnaðarafurða. Af þessum 3000 millj. kr. var 2000 millj. varið til verðuppbóta vegna halla á útflutningi búvara á verðlagsárinu 1978—1979, en 1000 millj. kr. til að mæta halla af útflutningi búvara á síðasta verðlagsári, 1979—1980. En eins og kunnugt er hefst hvert verðlagsár landbúnaðarafurða 1. sept. og lýkur 31. ágúst árið eftir.

Samkv. lögum nr. 101/1966, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarafurðum o. fl., skal Hagstofa Íslands gera áætlun um heildarverðmæti landbúnaðarafurða hvert verðlagsár sem setur hámark fyrir verðábyrgð ríkissjóðs vegna útfluttra landbúnaðarafurða, þ. e. útflutningsbóta, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum. Vegna þess, hversu skammt er liðið frá lokum verðlagsársins, hefur Hagstofa Íslands ekki lokið þessari áætlun. Hins vegar eru líkur á

að lögákveðin verðábyrgð ríkissjóðs vegna útfluttra landbúnaðarafurða fari mjög nálægt áætlun í fjárlögum á þessu ári, sem er 8400 millj. kr. Enn liggur ekki endanlega fyrir hversu há útflutningsbótaþörfin muni vera vegna síðasta verðlagsárs, vegna þess að uppgjör reikninga getur ekki farið fram fyrr en full gjaldeyrisskil eru um garð gengin, en samkv. bráðabirgðaáætlun frá því í sumar um útflutningsbótaréttinn og útflutningsbótaþörfina er áætlað að vanti um 5600 millj. kr. til að ná fullu grundvallarverði til bænda. Þar af er búið að veita einn milljarð kr. til að brúa þetta bil, svo sem áður er nefnt.

Ekki eru uppi tillögur um það að brúa þetta bil að fullu, en ríkisstj. hefur ákveðið að beita sér fyrir því, að á lánsfjáráætlun 1981 verði ráðstafað 1700 millj. kr. til að mæta halla vegna útfluttra landbúnaðarafurða frá síðasta verðlagsári, og mun sú fyrirgreiðsla væntanlega koma til framkvæmda þannig að greiðsla geti farið fram í jan. og febr. á næsta ári. Ríkissjóður hefur fram til þessa greitt 8109 millj. kr. í útflutningsuppbætur vegna síðasta verðlagsárs, en mun greiða fulla fjárhæð samkv. lögum þar um þegar áætlun Hagstofu Íslands um heildarverðmæti landbúnaðarafurða liggur fyrir.

Að ýmsu leyti er unnið að því að byggja upp nýjar tekjuöflunarleiðir í sveitum til þess að mæta þeim samdráttaraðgerðum sem eru í gangi vegna svokallaðrar offramleiðslu búvara. Mun ég ekki fara langt út í þá sálma í þessum fsp.-tíma. En það var mjög rétt, sem fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda, að það tímabil, sem nú stendur yfir, þegar nauðsynlegt þykir að draga saman a. m. k. mjólkurframleiðsluna, er tímabil sem þarf að mæta með aukinni aðstoð ríkisins, bæði að því er snertir verðábyrgð ríkissjóðs, eins og ég hef hér gefið upplýsingar um, og einnig með því að undirbyggja og reyna að efla fleiri tekjuöflunarleiðir í sveitum landsins. Þó að þær tekjuöflunarleiðir komist e. t. v. ekki í það horf að gefa mikinn arð þegar í stað, þá verðum við að vinna að því að byggja upp afkomumöguleika fyrir það fólk, sem sveitirnar byggir, þannig að þar geti blómgast líf og efnahagur á komandi tímum.

Ég tel að í þessum orðum mínum felist skilningur á því, að nauðsynlegt sé að mæta þessum vanda þannig að um aðlögunartíma sé að ræða fyrir bændastéttina. Á þeim aðlögunartíma þarf að vera um aukna aðstoð ríkisins að ræða. Væntanlega fer sú aukna aðstoð ríkisins minnkandi, miðað við það að samdráttur hefur orðið í framleiðslu, a. m. k. í framleiðslu mjólkurafurða, og þá verður jafnframt hægt að létta á þeim samdráttaraðgerðum sem nú eru í gangi og hafnar eru á vegum bændasamtakanna.

Ég tel að með þessum orðum sé fsp. hv. 5. þm. Austurl. svarað. En ég vil gjarnan leggja áherslu á þau orð, sem voru lokaorð hv. þm., að vandi landbúnaðarins er um leið vandi þjóðfélagsins í heild og þann vanda þarf þjóðfélagið allt að leggja nokkuð af mörkum til að leysa.

Fyrirspyrjandi (Þorbjörg Árnadóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. fyrir greinargóð svör og góð orð til bændastéttarinnar í landinu. Eins og fram kom í svari hans hefur ríkisstj. ákveðið að leggja fram 1700 millj. kr. aukalega til útflutningsuppbóta og mun það vera um 37% af þeirri upphæð sem á vantar. Ég hafði vissulega gert mér vonir um að mun hærri upphæð yrði lögð fram, upphæð sem e. t. v. mundi nema um 50% þess er á vantar til að útflutningsuppbótaréttirinn nægi. En jafnframt geri ég mér grein fyrir því, að ríkisstj. á við vanda að etja í efnahagsmálum og í þeim málum þarf að horfa í margar áttir og þá einkum hvað snertir fjárútlát ríkissjóðs.

Ég vil ítreka þá skoðun mína, að mikil nauðsyn er á að bændasamtökin og ríkisvaldið taki höndum saman við að leysa þann vanda er steðjar að í íslenskum landbúnaði. Þar yrði mikilvægt skref stigið, ef upp yrðu teknir beinir samningar milli bænda og ríkisvaldsins um kjaramál og hagsmunamál bændastéttarinnar. Í slíkum samningum þarf fyrst og fremst að taka mið af því, að landbúnaðarframleiðslan verði miðuð við þarfir neytenda og markaðsaðstæður hverju sinni, en jafnframt að tryggt verði að það fólk, er við landbúnað starfar, fái sambærileg laun og njóti sambærilegra félagslegra réttinda og aðrar vinnandi stéttir í landinu.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Þetta er svo stórt mál að það er ekki hægt að ræða það mikið í fsp.-tíma, en það er eitt sem kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda. Hann sagði eitthvað á þá leið, að þessir erfiðleikar væru vegna samdráttaraðgerðanna sem væri verið að gera hjá bændastéttinni. Erfiðleikarnir eru þeir, að verðbólgan hefur leikið okkur svo grátt, bændur, að við getum ekki fengið nema mjög lítið fyrir þessa vöru, og til þess að vandinn yrði ekki enn meiri og við yrðum ekki fyrir enn meiri áföllum var reynt að draga úr þessari framleiðslu með þessum hætti. Það er það sem gerðist.

En ég vil taka undir margt af því sem kom fram hjá fyrirspyrjanda og eitt sem liggur nú alveg ljóst fyrir, að t. d. á harðindasvæðinu er verulegur samdráttur í sauðfjárframleiðslunni. Það er víða upp í 20% samdráttur. Og þegar þetta skeður verða ekki miklar tekjur hjá þeim bændum sem fara þannig út úr þessu ári. Ég held að það verði ekki hjá því komist að gera einhverja áætlun um það að byggja upp atvinnurekstur í strjálbýlinu til þess að byggðin raskist ekki um of, og ef hv. Alþ. hefur skilning á því máli, að það beri að gera, þá verður aðlögunartíminn að vera verulegur og aðstoð við landbúnaðinn á meðan þessi þróun fer fram. Þótt þessi mál séu svona í dag, og erfiðleikar séu á að selja þessar vörur okkar, þá sýnir það sig, ef við lítum yfir lengri tíma, að þetta breytist frá einum tíma til annars og við vitum ekki hvenær að því kemur, að það sé full þörf á þessari framleiðslu fyrir sveltandi heim.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Hér hefur á umliðnum árum oft verið hart og óvægilega deilt um stefnuna í landbúnaðarmálum. Ég ætla ekki að fara að endurvekja þær deilur nú. Það væri engum til farnaðar að endurvekja slíkt. Hitt er ljóst, að landbúnaðurinn og bændur eiga nú við mikla erfiðleika að etja, sem e. t. v. hefði verið hægt að afstýra að miklu eða öllu leyti, ef ekki hefði verið fram haldið þeirri stefnu í landbúnaðarmálum sem oft hefur verið deilt um. Það er þó annað mál sem ég vildi ræða.

Það er ljóst, að nú er verið að gera tilraun til þess, m. a. af bændum sjálfum, að takast á við þetta vandamál. Ég legg að sjálfsögðu áherslu á að bændum sé hjálpað til þess að leysa þann vanda sem þeir eiga við að etja, en jafnframt að menn hugi að því í leiðinni, að þeirri heildarstefnu í landbúnaðarmálum, sem leiddi til þessa vanda, verði breytt á þá lund m. a., eins og hv. síðasti ræðumaður talaði um, að byggðin í dreifbýlinu verði

styrkt, m. a. með aðstoð við fólk þar til þess að taka upp ýmis önnur störf, bæði varðandi búrekstur og skylda atvinnustarfsemi sem styrkir byggðina og atvinnulífið í dreifbýlinu frekar en nú er.

Ég ætla ekki, herra forseti, að fara að endurvekja deilurnar um þessa landbúnaðarstefnu, en aðeins að herða á því, að niðurstaðan liggur nú ómótmælanlega fyrir og það er meiri þörf á því, að menn reyni að sammælast um mótun nýrrar og betri stefnu í þessum málum en að stunda langar deilur um fortíðina, vegna þess að reynslan er þar ólygnust.

Egill Jónsson: Herra forseti. Mér finnst vert að benda alveg sérstaklega á það, að sjálfur texti fsp. falli ekki í skuggann fyrir almennum umr. um landbúnaðarmál. Fsp. var bæði þörf og gagnleg að því leyti að spurst var fyrir um hvað ríkisstj. hygðist gera til að tryggja afkomu bænda á þessu ári. Það hefur komið fram í þessum umr. að um það er ekki deilt að á því er mikil þörf, og það er afskaplega hæpið að blanda því saman við ný atvinnuáform í sveitum landsins.

Ég held að það sé hverjum einasta manni ljóst, að ef á að byggja upp atvinnulíf eða meiri fjölbreytni í atvinnulífi í sveitunum, þá muni það taka langan tíma. Og ég vil vara við því, að í þeim efnum verði farið að með ógætni.

Ég vil hins vegar benda á það og þá sérstaklega út frá því sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sagði áðan, að þau vandamál, sem landbúnaðurinn stendur frammi fyrir núna, stafa ekki af stefnunni sem hefur verið rekin í landbúnaðinum. Vandinn stafar fyrst og fremst af efnahagsástandinu í þessu landi. Það kerfi og sú stefna, sem var mörkuð árið 1960, stóðst til 1977. Hún stóðst allt þar til verðbólgan náði 30% markinu. Þessi vandi hefur vaxið með aukinni verðbólgu síðan. Ég vil leyfa mér að benda á m. a. í þessu sambandi, að á árinu 1978 var útflutt magn landbúnaðarvara hlutfallslega minna en árið 1969 og það var minna en á öllum áratugnum á milli 1960 og 1970. Það, sem hefur einfaldlega skeð, er að miðað við verðgildi þarf nú helmingi fleiri krónur til að koma þessari vöru í verð á erlendum markaði heldur en þurfti á fyrri áratug. Þetta er vert að undirstrika alveg sérstaklega í sambandi við þessar umr.

Helgi Seljan: Herra forseti. Hér er ekki tími til þess að fara út í mörg atriði varðandi það stóra mál sem hér er til umr. En fyrst vil ég víkja að framleiðslustjórnuninni.

Það er rétt hjá hv. 3. þm. Vestf., að á framleiðslustjórnun er full þörf. Þá framleiðslustjórnun báðu bændur um fyrir nokkuð löngu. Þá var ekki orðið við því og það mál stöðvað hér í Alþ., því miður. Það hefði betur farið að það mál hefði þá náð fram að ganga. En þröngsýnissjónarmið, sem þá réðu ríkjum hjá þeim sem síst skyldi, komu í veg fyrir það. Það er einnig rétt, að það er full ástæða til þess að huga að nýjum atvinnutækifærum í sveitum þótt þar sé ekki um neina heildarlausn að ræða á okkar landbúnaðarmálum. Í því skyni höfum við þm. Alþb. t. d. flutt sérstaka till. um eflingu smáiðnaðar í sveitum, og könnun, sem hefur verið gerð á vegum Framkvæmdastofnunarinnar á þessum málum, hefur sýnt að um ótrúlega mikinn fjölda sveitarfélaga er að ræða sem vilja nýta sér ýmist framleiðslu- eða þjónustuiðnað af ýmsu tagi, ef aðstaða væri sköpuð til þess. Það mundi vissulega létta á vanda sveitafólksins, þó ég dragi ekkert úr því, að þar er ekki komið til móts við það nema að takmörkuðu leyti.

Ég vil svo aðeins segja það, að meginmálið hlýtur auðvitað að vera að marka hér heildarstefnu til frambúðar. Ég vil leggja áherslu á það, að að því máli hefur núv. landbrh. unnið mætavel og ekki aðrir unnið þar rösklegar að. Hins vegar verða menn einnig að gera sér það ljóst, að það að marka heildarstefnu í þessum málum tekur langan tíma. Ég geri mér hins vegar vonir um að á þessu þingi verði hægt að sýna þá stefnumótun sem þar er í undirbúningi, og þá gefst líka tækifæri til að ræða þetta mál í heild.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Vissulega er það rétt, að eitt af þeim vandamálum, sem landbúnaðurinn á við að etja eins og allar aðrar atvinnugreinar í þessu landi, eru afleiðingar verðbólgu. En það er því miður ekki einhlít skýring á þeim vanda sem þar er við að fást. Vandinn er því miður miklu meiri. Vandinn er m. a. sá, að bændur eiga í miklum erfiðleikum með að losna við stóran hluta af framleiðslu sinni vegna þess að framleiðslan hefur verið langt umfram þarfir þjóðarinnar. Einmitt þess vegna, herra forseti, er úrræðið nú framleiðslustjórnun. Til slíks úrræðis væri ekki gripið ef offramleiðslan væri ekki vandamálið. Ef vandamálið væri aðeins á sviði verðlagsmála, þá væri framleiðslustjórnun óþarft tæki.

Ég ætla ekki, eins og ég sagði áðan, að deila um stefnuna eins og hún var. En ég held að það segi og hljóti að segja sína sögu um þá stefnu, að hv. þm., sem talaði áðan, 11. landsk. þm., hefur haft forustu um það í sínum flokki að flytja þáltill. um nýja stefnu í landbúnaðarmálum, og hv. þm. mundi vart hafa gert það ef hann hefði verið ánægður með þá stefnu sem fylgt hefur verið til þessa. Hæstv. landbrh., sem einnig er flokksbróðir hv. þm. og í ríkisstj. studdri af hv. þm. sem talaði hér síðast, — hæstv. landbrh. er einnig að berjast við það núna að marka nýja stefnu í landbúnaðarmálum, þó menn geti greint á um það, hvort sú stefna sé viturleg eða ekki. En hæstv. landbrh. væri ekki að þessu ef hann teldi ekki að sú stefna í landbúnaðarmálum, sem fylgt hefur verið fram að þessu, væri ekki sem ákjósanlegust.

Ég vil benda á þá athyglisverðu staðreynd, að allir flokkar þingsins eru nú orðnir sammála um að það þurfi að breyta landbúnaðarstefnunni sem fylgt hefur verið fram að þessu, og allir flokkar þingsins eru einmitt núna að reyna að leita að því, hver sú nýja stefna eigi að vera. Það er órækasti vitnisburðurinn um reynsluna af þeirri landbúnaðarstefnu sem fylgt hefur verið fram til þessa.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Það er vitaskuld ekki tilefni til þess að ræða um stefnu í landbúnaðarmálum undir þessum dagskrárlið og skal ég ekki eyða orðum að því nú að deila um það, hvort sú stefna, sem fylgt var og fylgt hefur verið fram undir þetta í landbúnaðarmálum, hafi leitt til ófarnaðar eða ekki. Það er hins vegar ljóst, að þau vandamál, sem nú er við að etja í þessum efnum, eru markaðsleg, og markaðsvandamálin stafa af verðbólguþróun innanlands. Þetta eru meginorsakir þess, að nú er við vandamál að etja í landbúnaði. Ef ekki hefði verið miklu óhagstæðari verðlagsþróun hér á Íslandi en í helstu viðskiptalöndum okkar, þá væri þessi vandi smávægilegur og þá væri hann ekki þess eðlis, að á honum þyrfti að taka með þeim hætti að leggja til mikla

fjármuni umfram það, sem lög gera ráð fyrir til þess að hjálpa bændum í þessum vanda. Þetta held ég að liggi alveg ljóst fyrir.

Það er hins vegar svo með landbúnaðinn, að hann er háður fleiri þáttum en markaðsaðstæðum. Hann er einnig háður tíðarfari. Og einmitt vegna veðurfars og tíðarfars á árinu 1979 varð um verulega fækkun bústofns í landinu að ræða. Einnig þess vegna hefur orðið samdráttur í framleiðslu á þessu ári, en ekki einungis vegna aðgerða sem gripið hefur verið til til þess að mæta svokölluðum offramleiðsluvanda. Þar kemur einnig til afleiðing harðindanna á árinu 1979. Haustið 1979 fækkaði sauðfé í landinu um 11%, eða milli 90 og 100 þús. fjár af vetrarfóðruðum kindum. Þá fækkaði mjólkurkúm í landinu um 6.8%. Það er því eðlilegt að við þessa bústofnsfækkun verði um leið um framleiðsluminnkun að ræða. En þær aðgerðir, sem gripið hefur verið til t. a. m. á þessu sumri, voru nauðsynlegar til þess að koma í veg fyrir framleiðsluaukningu í mjólkurframleiðslunni, sem ekki var hægt að fá nokkurt verð fyrir. Og sú þróun hefur orðið eftir að kjarnfóðurskattur var lagður á, að þá hefur orðið samdráttur í mjólkurframleiðslunni eins og fram kom í máli frummælanda. Og það var nauðsynlegt miðað við þær markaðsaðstæður sem við búum við, vegna þess að það er enginn bættari með því að framleiða mikið af mjólkurafurðum umfram það sem við getum selt í landinu sjálfu, meðan við fáum ekki verð fyrir þessa vöru sem gerir meira en að mæta vinnslukostnaði.

Ég skal ekki fara út í að ræða hér frekar það sem ég aðeins tæpti á í minni fyrri ræðu, um nýjar tekjuöflunarleiðir í sveitum landsins. Ég lít svo á, að það sé þýðingarmikið mál. Til þess að örva slíkar tekjuöflunarleiðir hefur verið varið verulegu fjármagni, nýju fé, á þessu ári, og þó að það fé skili sér ekki allt þegar í stað í auknum tekjum sveitafólks, þá mun það vonandi gera það í auknum mæli, þegar fram líða stundir, og eiga verulegan þátt í að leysa þau vandamál sem sveitafólk og landbúnaðurinn á við að etja. Hv. þm. Egill Jónsson varaði við því sem hann kallaði ógætni í meðferð þessara mála. Ég tel að ekki hafi verið farið með neinni ógætni í þeim málum, en ég tel að það þurfi að halda áfram á þeirri braut til þess að auka fjölbreytni bæði í framleiðslugreinum og í tekjuöflunarmöguleikum fyrir það fólk sem sveitirnar byggir til þess að við getum haldið því markmiði okkar að byggja allt okkar fagra og góða land.

Egill Jónsson: Herra forseti. Vegna síðustu orða hæstv. landbrh. þar sem hann tók upp orð mín er ég varaði við ógætni í þessum efnum, þá væri kannske réttara að orða það þannig að vara við óskhyggju. Það er hrein óskhyggja ef menn láta sér detta í hug að þeir erfiðleikar, sem landbúnaðurinn stendur frammi fyrir nú í dag, verði leystir með nýjum búgreinum. Það er hrein óskhyggja. Það er annað mál, hverju nýjar búgreinar og ný atvinnutækifæri í sveitum kunna að geta áorkað í framtíðinni til að halda uppi dreifðri byggð á Íslandi.

En út af því, sem við höfum verið að fjalla um í sambandi við vanda landbúnaðarins, má kannske aðeins segja frá því hér, að við upphaf þess tíma er núverandi kerfi var tekið upp, þ. e. í kringum 1960, gaf erlendi markaðurinn um 75% af því verði sem skráð var hér innanlands, þ. e. 75% af búvöruverðinu. Að meðaltali hefur erlendi markaðurinn gefið í kringum 53% þessa tvo áratugi. En nú gefur hann 30—40% eða helmingi minna en hann gerði fyrir 20 árum. Þetta er sannleikurinn um verðlagsþróunina hér innanlands og verðrýrnunina á útflutningsbótafénu. Minna má á það hér líka til enn frekari skýringar í þessum efnum, að síðan þessi vandi upphófst árið 1977, sem ég vitnaði til áðan, þ. e. að sí og æ skortir meira fjármagn til útflutningsbóta, — á þessu tímabili hefur landbúnaðarframleiðslan vaxið um innan við 4%, á sama tíma og allur þessi vandi hefur verið að grafa um sig. Þessar staðreyndir eru alveg óhagganlegar í þessum efnum. (Forseti hringir.) Herra forseti. Ég er að ljúka máli mínu. En að öðru leyti get ég alveg staðfest það sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sagði áðan, að Sjálfstfl. lagði fram á síðasta Alþingi till. til stefnumótunar í landbúnaðarmálum, og það eru ekki nema örfáir dagar þar til Sjálfstfl. leggur þá till. fram á nýjan leik. Þá gefst væntanlega tækifæri til að skýra þessi mál enn þá nánar.

Davíð Aðalsteinsson: Herra forseti. Það fer fjölgandi bændum í ræðustóli í dag. Ég vildi aðeins leggja örfá orð í þennan belg.

Þegar til samdráttaraðgerða kom í landbúnaði fyrir um það bil tveimur árum höfðu ýmsir uppi þau orð, að nú yrðu allir felmtri slegnir og sveitirnar tæmdust, það væri ekki bjartara en það fram undan.

Nú hef ég það fyrir satt, að þrátt fyrir samdráttaraðgerðir í landbúnaði, sem auðvitað eru umdeildar, — og það eru til menn sem óttuðust þessar aðgerðir og óttast þær enn, — þá er það þannig, að aldrei hefur verið meiri aðsókn í bújarðir en einmitt í dag. Þetta vekur upp þá spurningu í huga manns af hverju menn eru við búskap. Af hverju sækir fólk svona í það að vera í búskap? Af hverju stundar það búskap?

Miðað við samdráttaraðgerðir, miðað við minni heildartekjumöguleika stéttarinnar, — ég ætla ekki að fara nánar út í þá sálma, — þá sýnist mér að fenginni reynslu undanfarinna mánaða að það sé allt annað en beint tekjusjónarmið sem ræður því, hvort fólk haslar sér völl í landbúnaði eða ekki.

Út af þeim ummælum hv. síðasta ræðumanns, að ekki ætti að blanda saman ráðstöfunum í landbúnaðinum og almennri atvinnuuppbyggingu í dreifbýli, þá get ég út af fyrir sig fallist á það, að atvinnuuppbygging á öðrum forsendum bjargi í sjálfu sér ekki þeim vandamálum sem við er að glíma í landbúnaðinum sjálfum, markaðsmálum og e. t. v. upphaflegum ástæðum erfiðleikanna, efnahagsástandinu. En ég vil ítreka það sem mína skoðun, að þeir, sem búa í dreifbýli, verða auðvitað að hafa vinnu og auðvitað verða þeir að hafa tekjur. Sveitarfélögin verða að hafa ákveðnar tekjur til þess að byggja á. (Forseti hringir.) Herra forseti. Ég er alveg að ljúka máli mínu. Að svo stöddu geri ég ekki að ágreiningsefni hvort einn maður hefur framfæri sitt af landbúnaði eða einhverju öðru, svo fremi að hægt verði að halda byggð í þessu landi. Aðalatriðið er að fólkið hafi lífsframfæri af hollri iðju.

Sameinað þing, 14. fundur.

Þriðjudaginn 4. nóv., að loknum 13. fundi.

Iðnaður á Vesturlandi, þáltill. (þskj. 10). — Ein umr.

Flm. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Á þskj. 10 flytjum við þm. Vesturl. till. til þál. um eflingu iðnaðar á Vesturlandi. Tillgr. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hlutast til um gerð áætlunar um iðnþróun á Vesturlandi."

Á 102. löggjafarþingi var mál þetta flutt af okkur þm. Framsfl. á Vesturlandi. Flutti 3. þm. Vesturl. ítarlega framsögu um málið hér í Sþ. sem ég vísa til. Var till. vísað til n., en hlaut ekki afgreiðslu fyrir þinglok. Málið er nú flutt á ný af öllum þm. Vesturl. Hér er um þýðingarmikið mál að ræða sem varðar miklu um framtíð byggða á Vesturlandi. Við flm. gerum ráð fyrir að áætlun þessi verði jafnhliða stefnumótun ríkisvaldsins og heimamanna um æskilega framtíðarþróun atvinnulífs á Vesturlandi.

Um árabil hefur Framkvæmdastofnun ríkisins, byggðadeild, unnið að gerð byggðaþróunaráætlana fyrir einstök byggðasvæði á Vesturlandi. Við teljum því eðlilegt að fela stofnuninni gerð þeirrar áætlunar um þróun iðnaðar í landshlutanum sem hér er fjallað um, enda er um verkefni að ræða sem útfæra þyrfti í hinni almennu byggðaþróunaráætlun fyrir einstök byggðasvæði innan landshlutans. Jafnframt leggjum við áherslu á að áætlunin verði unnin í nánu samráði og samvinnu við samtök sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi.

Á 102. löggjafarþingi fluttum við allir þm. Vesturl. þáltill. um framkvæmd Dalabyggðaráætlunar, sem þá var fullgerð eftir margra ára vinnu hjá byggðadeild Framkvæmdastofnunarinnar, en hafði ekki fengist samþykkt hjá stjórn stofnunarinnar. Það eru því vissulega ánægjuleg tíðindi fyrir okkur og byggðir Dalasýslu og Austur-Barðastrandarsýslu, að á fundi í stjórn Framkvæmdastofnunarinnar 29. sept. s. l. var gerð eftirfarandi bókun um áætlanir fyrir Dalasýslu og Austur-Barðastrandarsýslu:

„Stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins samþykkir að heimila útgáfu ritsins Dalabyggð, byggðaþróunaráætlun 1981—1986. Stjórnin lítur svo á, að áætlun þessi marki stefnu um framkvæmdir á því svæði sem áætlunin nær til, og mun fyrir sitt leyti stuðla að framkvæmd áætlunarinnar, en þó þannig, að stuðningur við framkvæmd einstakra mála sé samþykktur af þeim stofnunum, sem áætlunin tekur til, og háður sérstakri athugun og ákvörðun hverju sinni."

Ég tel ástæðu til að lýsa ánægju með þessa samþykkt sem væntanlega fær nú jákvæða afgreiðslu ríkisstj., ekki hvað síst vegna þess að samþykktin er vissulega prófsteinn á vilja um framkvæmd byggðastefnu, byggða á vandlega undirbúinni áætlanagerð sem jafnframt er í samræmi við lög um Framkvæmdastofnun ríkisins, en þar stendur m. a. í 28. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Hlutverk Byggðasjóðs er að stuðla að jafnvægi í byggð landsins með því að veita fjárhagslegan stuðning til framkvæmda og eflingar atvinnulífs með hliðsjón af landshlutaáætlun og til að bæta aðstöðu til búsetu í einstökum byggðarlögum og koma í veg fyrir að lífvænlegar byggðir fari í eyði."

Það mikla starf, sem liggur að baki þessarar áætlunar um Dalabyggð, mun koma að verulegum notum við gerð áætlunar um iðnþróun á Vesturlandi. Hefur byggðadeild í samstarfi við samtök sveitarfélaga á Vesturlandi unnið að og gefið út úttekt á orkumálum, þar með töldum jarðhitamöguleikum og varmaveitum, um jarðefni til iðnaðar á Vesturlandi, um fiskimiðin, hráefnisöflun í sjávarútvegi, samgönguáætlun, svo að eitthvað sé nefnt. Allt mun þetta koma að notum við gerð iðnþróunaráætlunar.

Horfur um þróun mannfjölda og mannafla annars vegar og þá ekki síður fyrirsjáanlegar breytingar á atvinnuskiptingu hins vegar hafa grundvallarþýðingu fyrir mótun atvinnustefnu næstu ára. Framkvæmd slíkrar atvinnumálastefnu getur haft veruleg áhrif á byggð víðs vegar um landið næstu árin, enda ráðast fólksflutningar milli byggðasvæða að verulegu leyti af atvinnuástandi á hverju svæði.

Með till. þessari til þál., sem hér er lögð fram, er annars vegar reynt að leggja áherslu á þátt iðnaðar í mótun atvinnustefnu næstu ára og hins vegar að tryggja Vesturlandi eðlilegan þátt í framkvæmd þeirrar stefnu. Ýmsar ástæður má nefna fyrir þörfinni á eflingu iðnaðar á Vesturlandi. Þar ber hæst, að hlutdeild Vesturlands í heildarfjölda landsmanna fer enn lækkandi þótt verulega hafi úr því dregið nú síðari ár í kjölfar uppbyggingar, ekki síst í sjávarútvegi á Snæfellsnesi og Akranesi, enn fremur með tilkomu járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga.

Fjöldi íbúa í dreifbýli á Vesturlandi er þó hlutfallslega meiri en almennt gerist á landinu í heild, en atvinnulíf er víðast hvar mjög einhæft. Á hinn bóginn eru ýmsar þær aðstæður fyrir hendi í landshlutanum sem gefa fyrirheit um fjölþætta iðnþróun ef skipulega verður að málum staðið og stuðningur veittur til að stuðla að raunhæfum framkvæmdum. Má þar nefna að Vesturland er í tiltölulega góðum samgöngutengslum við stærsta markað landsins. Þar er stutt í meginorkuflutningslínur og nægur jarðvarmi sem má hagnýta, er fyrir hendi víða í landshlutanum. Þar er einnig hægt að nefna, að hagkvæm virkjunaraðstaða er fyrir hendi í landshlutanum við Kljáfoss í Hvítá.

Af framansögðu má vera ljóst að á Vesturlandi er bæði þörf á skipulögðu átaki í eflingu iðnaðar og ýmsar ákjósanlegar aðstæður fyrir hendi sem á mætti byggja, eins og áður segir. Eins og ég hef greint frá, hafa margvíslegar rannsóknir, kannanir og gagnasafnanir verið gerðar á vegum Framkvæmdastofnunar ríkisins varðandi iðnþróun og jafnvel nýiðnað á Vesturlandi. Ég nefni rannsóknir á möguleikum til að nýta leirnámu við Búðardal, sem mun vera stærsta leirnáma sem finnst hér á þurru landi. Eru vissulega miklar vonir bundnar við að hægt verði að nýta þessa auðlind sem allra fyrst. Ég nefni perlustein úr Prestahnúki, sem ýmsir telja að geti skapað hér vísi að stóriðju eða öflugan útflutningsiðnað. Ég nefni gjall og vikur á Snæfellsnesi sem besta hráefni til byggingariðnaðar. Ég nefni vinnslumöguleika á flögubergi í Borgarfjarðar- og Mýrasýslu. Margt fleira mætti nefna. Allar þær rannsóknir og kannanir, sem gerðar hafa verið, hafa mikið gildi sem grundvallarforsendur fyrir frekari iðnþróun á Vesturlandi. Hins vegar hefur á skort markvissari áætlanir um hvernig hugmyndum og möguleikum yrði best hrundið í framkvæmd. Þar hefur að sjálfsögðu fjármagnsfyrirgreiðsla hins opinbera mest að segja.

Fram hefur komið að það, sem gerir áætlanagerð eins og þá, sem hér er um beðið, erfiða, er að ekki hefur verið mörkuð almenn iðnaðarstefna af hálfu stjórnvalda sem Alþ. hefur samþykkt. Hafa tilraunir í þá átt enn ekki tekist. Sem betur fer hefur núv. ríkisstj. boðað að á þessu þingi komi iðnaðarstefnan til afgreiðslu og er það vissulega vel. Hér er um að ræða að mínu mati grundvallarmál fyrir framtíð þjóðarinnar sem Alþ. verður að móta.

Á 101. löggjafarþingi 1979 lagði iðnrh. fram þáltill. um iðnaðarstefnu byggða á áliti samstarfsnefndar um

iðnþróun frá því í maí 1979. Þar segir svo í upphafi ályktunarinnar:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að beita sér fyrir framkvæmd iðnaðarstefnu sem hafi eftirfarandi meginmarkmið:

1. Að örva framleiðni í íslenskum iðnaði þannig að framleiðnistig hans verði sambærilegt við það, sem gerist í helstu viðskiptalöndum, og skilyrði skapist fyrir bætt lífskjör.

2. Að stuðla að hagkvæmri fjárfestingu til að fjölga störfum í iðnaði og tryggja fulla atvinnu með hliðsjón af aðstæðum í öðrum atvinnugreinum og áætlunum um fjölda fólks á vinnumarkaði.

3. Að leggja sérstaka áherslu á að efla iðnað á þeim sviðum þar sem innlendir samkeppnisyfirburðir geta nýst til arðbærrar framleiðslu á vörum og þjónustu, jafnt fyrir heimamarkað sem til útflutnings.

4. Að bæta starfsskilyrði og auka áhrif starfsfólks á vinnustöðum og koma í veg fyrir skaðleg áhrif af völdum iðnvæðingar á náttúru landsins og umhverfi.

5. Að tryggja forræði landsmanna yfir íslensku atvinnulífi og auðlindum og stuðla að æskilegri dreifingu og jafnvægi í þróun byggðar í landinu.

Þetta er m. a. álit starfshópsins frá 1978 og hefur margt fram að færa til að marka stefnu um iðnaðaruppbyggingu á Íslandi. En því miður, eins og ég sagði áður, hefur þessi heildariðnaðarstefna enn ekki verið gerð.

Álit mitt er að slík stefna þurfi að vera markviss og þannig uppbyggð að hún sé meira en orðin tóm. Það þarf að vera fyrir hendi í landinu tæknistofnun iðnaðarins sem getur verið leiðbeinandi og afgerandi fyrir ýmsan nýiðnað og unnið úr hugmyndum áhugaaðila í iðnaðinum. Lánastofnanir iðnaðarins verða að treysta leiðsögu slíkrar stofnunar. Við höfum í okkar landi, í okkar skipulagi Rannsóknaráð ríkisins, Iðntæknistofnun og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins. En ég verð að nota þetta tækifæri til að láta í ljós þá skoðun, að þessar ágætu stofnanir hafi ekki skilað enn þeim árangri sem þeim var ætlað til eflingar iðnaði í landinu. Fjárskortur, segja menn. Ég tel þó að skipulag þessara stofnana sé ekki nógu virkt. Í fjárlögum fyrir árið 1981 er gert ráð fyrir að veita tæpa þrjá milljarða til verkefna á sviði iðnaðar. Þar af fær Iðntæknistofnun 473 millj. og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins 353 millj. Þetta eru að sjálfsögðu miklir fjármunir. En því miður, ég tel að þó að forsvarsmenn þessara ágætu stofnana komi nú á fund fjvn. og telji að þetta sé of lítið, þá sé hitt alvarlegra, að það skipulag, sem þær vinna eftir, skilar ekki þeim árangri sem að er stefnt. Ég get nefnt dæmi um það, að iðnaðarmenn, sem vinna í iðnaði og hafa unnið áratugum saman og vilja koma á framfæri hugmyndum til nýjunga í iðngreininni eða í hliðstæðum iðngreinum, fá svar frá forstöðumönnum þessara stofnana gjarnan á þessa leið: Er ekki nóg að gera hjá ykkur við það sem verið er að vinna að? — Þannig er tekið á móti þeim nýju hugmyndum, sem þessir menn hafa fram að færa, og er vissulega neikvætt. Ég tel að hér þurfi að verða breyting á sem allra fyrst. Það er nauðsynlegt fyrir þá stefnu sem ég tel að við séum sammála um að vinna að: eflingu alhliða iðnaðar í landinu.

Í sambandi við iðnþróunaráætlanir hefur af sérfróðum mönnum verið bent á nauðsyn þess að leggja áherslu á menntun og sérþjálfun starfsfólks og stjórnenda fyrirtækja, á hönnun, vöruþróun og rannsóknir. Það vill oft við brenna, að þessir þættir verða út undan þegar verið er að áætla fjármagn til uppbyggingar í atvinnumálum. Ég tel að þarna gæti Byggðasjóður komið að liði til viðbótar við sjóði iðnaðarins.

Um leið og ég fer fram á að hv. alþm. greiði götu þessa máls í gegnum þingið vil ég vænta þess, að hæstv. ríkisstj. láti framkvæma þá áætlunargerð sem hér er beðið um. Í því sambandi kemur til greina að stuðla að því, að á Vesturlandi verði stofnað Iðnþróunarfélag Vesturlands sem samtök sveitarfélaga og fyrirtækja á Vesturlandi standi að með aðild eða fyrir forgöngu iðnrn. Stuðli félagið m. a. að eflingu atvinnulífs á svæðinu með ráðgjafar- og upplýsingaþjónustu við fyrirtæki auk frumkvæðis að nýjungum í atvinnulífi og samvinnu um stór fyrirtæki í iðnaðinum. Enn fremur verði stofnaður Iðnþróunarsjóður Vesturlands sem hefði það markmið að stuðla að iðnþrón á Vesturlandi með lánveitingum, hlutafjárkaupum í arðvænlegum iðnfyrirtækjum og með því að veita lán til forathugana á nýjungum í atvinnulífinu. Ég treysti á stuðning stjórnvalda í þessu þýðingarmikla máli.

Herra forseti. Að lokinni þessari umr. legg ég til að þessari þáltill. verði vísað til hv. atvmn.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Hér er fjallað um till. til þál. um eflingu iðnaðar á Vesturlandi. Flm. eru allir þm. Vesturl. Hv. 1. þm. þess kjördæmis hefur gert ítarlega grein fyrir till. svo að ekki er þörf á því að bæta þar við mörgum orðum. Þó ætla ég að leyfa mér að láta nokkur orð falla af þessu tilefni.

Hann gat þess, hv. 1. þm. Vesturl., að þessi till. hefði verið flutt á síðasta þingi, þ. e. á 102. löggjafarþingi. Þá var fyrri flm. hennar hv. 3. þm. Vesturl. Það þarf ekki að eyða mörgum orðum að því, að hér er um mjög mikilvægt mál að ræða. Iðnaður er vaxandi atvinnugrein. Það er viðfangsefni dagsins í dag og á morgun. Þó er það svo, þegar rætt er um málefni framtíðarinnar, að þá ber gjarnan að hafa í huga þetta stef skáldsins:

> Að fortíð skal hyggja, ef frumlegt skal byggja,
> án fræðslu þess liðna sést ei hvað er nýtt.

Ég ætla að geta þess í þessu sambandi, að á 99. löggjafarþingi var flutt till. til þál. um þróun iðnaðar á Vesturlandi. Flm. þeirrar till. var hv. þáv. þm. Vesturl., Ingiberg J. Hannesson, ásamt mér. Sú till. var svipaðs efnis og sú sem hér er til umr., eða á þá leið, að Alþingi ályktaði að skora á ríkisstj. að hraða gerð áætlana um iðnþróun á Vesturlandi til þess að treysta atvinnugrundvöll í kjördæminu, einkum þar sem atvinnuástand er ekki öruggt og þar sem iðnaður gæti fyllt upp í og skapað öryggi í atvinnu við hlið hinna hefðbundnu atvinnugreina, sjávarútvegi og fiskvinnslu, landbúnaði, verslun og hinum ýmsu þjónustugreinum. Till. þessari fylgdi alllöng og ítarleg grg. Ég minnist aðeins á þessa till. til að sýna að það efni, sem hér um ræðir, er vitanlega á vörum margra og ákaflega mikilvægt og eðilegt að till., sem horfa til bættra hátta á því sviði, séu fleiri en ein.

Þessari umræddu till., sem við fluttum á 99. löggjafarþingi, var vísað til atvmn. og atvmn. gerði að sinni till. að efninu yrði vísað til ríkisstj. í trausti þess, að þau áform, sem till. fjallaði um, næðu fram að ganga.

Það er rétt hjá hv. frsm., að á undanförnum árum hefur

verið unnið mikið að áætlanagerð að því er málefni Vesturlands varðar. Það hefur m. a. verið unnið að áætlunum vegna samþykkta sem gerðar hafa verið á aðalfundum Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi og af fleiri forráðamönnum í sveitarstjórnarmálum í Vesturlandskjördæmi. Það var því gleðiefni þegar hin svonefnda Dalabyggðaráætlun var samþykkt, eins og hv. frsm. tók fram, 29. sept. s. l. Hér er um að ræða rammasamþykkt, en rammasamþykkt sem þó er nokkurs virði, enda þótt tilskilið sé að um hver málefni sé fjallað sérstaklega þegar það ber að höndum. Þó að þannig sé tekið til orða er hér vissulega um ánægjulega samþykkt að ræða og stefnumótandi.

Eins og ég sagði áðan er iðnaðurinn og þau mál, sem hann snerta, vissulega mál sem horfa til framtíðar. Ég fagna því, að þessi till. er nú borin fram af öllum þm. Vesturl. Þeir taka þar allir höndum saman og reyna þannig að stuðla að því að svo merku og veigamiklu máli sé hrundið eitthvað áleiðis.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri, en leyfa mér í lokin að lesa upp lokaorðin í grg. þeirri sem fylgdi till. okkar, sem ég gat um áðan, frá 99. löggjafarþinginu. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Íslenskt þjóðfélag er í stöðugri og hraðri mótun og hefur tekið stakkaskiptum á skömmum tíma frá tiltölulega frumstæðu bændaþjóðfélagi til iðnvædds nútímaþjóðfélags, sem byggir á vaxandi tækniþekkingu og hagræðingu á ýmsum sviðum. Því er nauðsynlegt, að samfara hagnýtingu náttúruauðlinda þjóðarinnar fari skynsamleg áætlanagerð um nýtingu þeirra og uppbyggingu, sem verða mun þjóðinni til sem mestra hagsbóta þegar tímar líða.

Davíð Aðalsteinsson: Herra forseti. Það er ekki ætlun mín að fara að bæta við mörgum orðum um stöðu Vesturlands í atvinnumálum. Ég gat þó ekki setið á mér að standa hér upp og segja aðeins örfá orð.

Ég vil taka það fram, að það urðu mér og meðflm. mínum í fyrra að þessari till. sár vonbrigði, að till. skyldi ekki vera afgreidd á liðnu þingi. Þess ber að geta, að starfsálag var mikið á þinginu á liðnum vetri, þannig að á því kunna að vera góðar og gildar skýringar. Nú vonumst við að sjálfsögðu til þess, að þessi umrædda till. fái jákvæða afgreiðslu hér á hv. Alþingi. Auðvitað geta menn deilt um gildi slíkrar áætlanagerðar, en það er álit okkar flm., að slíkar áætlanir séu forsenda þess að menn líti af skynsamlegu viti yfir sviðið allt til þess að geta valið og hafnað um staðsetningu hinna ýmsu fyrirtækja o. s. frv., ekki aðeins innan viðkomandi landshluta, heldur einnig að geta gert samanburð á milli landshluta.

Ég vil segja það aðeins, að ef okkar íslenski iðnaður á í náinni framtíð að bæta lífskjör okkar, eins og margoft er talað um, þá er óhjákvæmilegt að við tökum til hendi. Þess vegna er mjög nauðsynlegt að við stöndum einnig fast saman að því að bæta verk og tæknikunnáttu sem víðast um landið, en við verðum jafnframt að vera opin fyrir nýjungum í atvinnulífinu og okkur er einnig skylt að virkja bæði hugkvæmni og áræði einstaklinga sem sækja fram. Vegna þess, sem ég sagði áðan, að við yrðum að líta yfir sviðið allt, vil ég ítreka þá skoðun mína, að nauðsynlegt er að vinna ákveðna undirbúningsvinnu til þess að slíkar áætlanir geti komið að gagni. Slík undirbúningsvinna nýtist auðvitað fullkomlega, fyrst og fremst á þeim vettvangi að koma í veg fyrir, öðrum þræði a. m. k., að menn kroppi augun hver úr öðrum í okkar atvinnulífi.

Þessi till., sem hér er flutt og vonandi verður framkvæmd, er aðeins einn þáttur þess mikla starfs sem vinna þarf á langri leið til uppbygginga í okkar iðnaði.

Sigurður Magnússon: Herra forseti. Mig langaði að leggja nokkur orð í belg í þessari umr. um eflingu iðnaðar á Vesturlandi.

Ég byrja á því að lýsa yfir að ég styð þessa þáltill., sem borin er fram af öllum þm. Vesturlands. Sennilega fæ ég þó ekki tækifæri til þess að fylgja henni í gegnum þingið því að ég er hér aðeins gestur í nokkra daga, en eigi að síður vildi ég segja hér nokkur orð.

Það er ánægjulegt til þess að vita, að samstaða skapist um það, eins og hér kemur fram, að allir þm. í kjördæminu skuli leggjast á eitt um að vilja efla iðnað á Vesturlandi og gera um það iðnþróunaráætlun. Ég held sannast sagna að ekki verði á markvissan hátt unnið að uppbyggingu iðnaðar, hvort heldur sem er á Vesturlandi eða annars staðar, öðruvísi en að undangenginni slíkri áætlunargerð. En af því að almenn umræða um iðnaðarmál blandast inn í þessa umræðu, þá ætla ég að víkja aðeins að því nokkrum orðum.

Ég er sammála því sjónarmiði, sem hér hefur komið fram í umr. og hefur komið fram í þingsölum á mörgum umliðnum árum, að það sé nokkuð víst, að iðnaðurinn muni á komandi árum vega þyngra í okkar atvinnulífi, verða meiri hornsteinn í uppbyggingu atvinnulífsins. Þarna kemur ýmislegt til. Þó að erfitt sé að sjá langt fram í tímann um þróun einstakra atvinnugreina, þá ber flestum saman um að í landbúnaðinum verði um að ræða töluverða fækkun á atvinnutækifærum á næstu árum, jafnvel þó menn væru ekki að hugsa um að draga framleiðsluna saman vegna tæknivæðingar þar. Og flestar spár hníga í þá átt, að vinnuafl í fiskveiðum muni að mestu standa í stað. Í fiskiðnaðinum má hins vegar gera ráð fyrir að töluverð aukning atvinnutækifæra geti orðið, en þar eru vitaskuld ýmsir möguleikar vannýttir sem þjóðin þarf að spreyta sig við á næstu árum. Ýmis fyrirferðarmikil þjónustustarfsemi, eins og byggingariðnaður, mun á næstu árum ekki taka við sama hlutfalli aukningar og verið hefur á síðustu 10 árum.

Þannig mætti halda áfram að telja rök fyrir því, að mikil nauðsyn, knýjandi nauðsyn er á því, að þjóðin fari að hugleiða hvernig hún muni á komandi tímum byggja upp almennan iðnað í landinu. Og ég verða að segja það sem mína skoðun, að ég tel það í raun og veru Alþingi Íslendinga til skammar, að enn skuli ekki hafa verið mótuð í landinu nein iðnaðarstefna. Þetta kom hér fram einmitt hjá hv. þm. Alexander Stefánssyni áðan, að það hefur ekki verið mótuð eða samþ. á Alþ. nein stefna um iðnþróun. Og það sýnir kannske hvað við höfum sofið á verðinum í þessum efnum, á sama tíma og þm. tala um það í skálaræðum og við hvers kyns tækifæri, að iðnaðurinn þurfi að taka við mannaflaaukningu næstu ára og áratuga. En sem betur fer, segi ég, er mikil von til þess, að á þessu verði hið fyrsta breyting, þar sem unnið hefur verið að því að undanförnu af hálfu iðnrn. í samvinnu við samtök iðnaðarins að móta stefnumörkun til langs tíma í þessum efnum. Tillaga um þetta efni var kynnt á síðasta þingi en fékk ekki afgreiðslu, enda mjög langt liðið á þing þegar hún var lögð fram. Tillagan verður væntanlega kynnt á þessu þingi og vonandi afgreidd. En sem sagt, ég *tel að þessi almenna iðnaðarumræða hafi meira verið í*

nösunum á hv. þm. í gegnum árin. Það hefur skort þarna verkin, og það eru verkin sem þurfa að tala í þessum efnum eins og reyndar á mörgum öðrum sviðum.

Það verður að segjast alveg eins og er, að við búum við hagkerfi sem fyrst og fremst snýst í kringum okkar sjávarútveg og þá lífsbjörg sem þaðan er að fá. Það er í sjálfu sér ekkert einkennilegt, og ég held að þetta sé meginskýringin á því að svona er. Og þetta er á margan hátt eðlilegt. En eigi að síður erum við grunnhyggnir í þessum efnum að hyggja ekki betur að uppbyggingu iðnaðar.

Síðan hefur það gjarnan verið svo, að þegar eitthvað bjátar á í þessari burðarstoð atvinnuveganna, sjávarútveginum og fiskvinnslunni, þá hlaupa menn upp til handa og fóta, a. m. k. úr sumum flokkum, og vilja fyrst og fremst stóriðju í landið, stóriðju og aftur stóriðju. Þetta mynstur í atburðarásinni þekkjum við. Ekki er ég með þessum orðum mínum að leggjast gegn því, að við leggjum á næstu árum og áratugum áherslu á uppbyggingu stóriðju. Vitaskuld hljótum við að gera það. Við hljótum að leita allra leiða til að beisla orkuna sem býr í fallvötnum landsins og jarðvarmanum í iðrum jarðar til uppbyggingar stóriðju, en í þeim efnum verður að fara á margan hátt að með gát og hyggja að hverju spori, og jafnvel þó að þar verði stigið töluvert skref á næstu árum, þá er alveg ljóst að almenn iðnaðaruppbygging þarf að eiga sér stað samhliða. Til þess liggja ýmsar ástæður sem ekki er hægt að rekja í stuttu máli. Ég vil aðeins minna á eitt atriði er tengist því sem ég sagði í fyrri ræðu minni. Þó ekki væri nema af þeim sökum, að við þurfum að skapa vaxandi þjóð girnileg atvinnutækifæri á næstu árum, þurfum við að greiða fyrir uppbyggingu almenns iðnaðar í landinu. Stóriðjan leysir ekki þann vanda.

Ég vildi víkja að þessu almennum orðum, af því að almenn iðnaðarumræða var komin hér á dagskrá, þó að ég hafi satt að segja ekki búið mig undir að halda hér langa ræðu. Áður en ég fer úr stólnum vil ég þó víkja að einu atriði sem ég get ekki skilið við. Það er atriði sem tengist félagslegri hlið iðnþróunar og allt of sjaldan er rætt um, þegar iðnaðarmál ber á góma.

Það kom fram í máli hv. þm. Sighvats Björgvinssonar hér á dögunum, þegar verið var að tala um nýja skatta á innflutt sælgæti, að sælgætisiðnaðurinn væri vafalaust láglaunaiðnaður. Þetta er rétt. Það, sem ég vildi segja, er að það er ótrúlegt hvað launin í okkar almenna iðnaði eru lág. Ástandið í þeim efnum kallar m. a. á það, að Alþ. sinni miklu betur en það hefur gert aðbúnaðarmálum iðnaðarins á Íslandi, þó ekki væri nema af þessum ástæðum.

Ég hafði tækifæri til þess á liðnu sumri af sérstökum ástæðum að kynna mér sérstaklega þessi launakjör. Ég vissi reyndar vel að þau væru slök, en ætlaði varla að trúa því sem kom á blaðið þegar ég hafði framkvæmt mína útreikninga. Ég ákvað að bera saman launakjör í almennum verksmiðjuiðnaði á Íslandi og launakjör í almennri verkamannavinnu og til þess hafði ég aðallega tvenn gögn, sem á að vera hægt að styðjast við, þegar menn vilj skoða atriði eins og þessi. Það er Fréttabréf Kjararannsóknarnefndar, sem birtir ársfjórðungslega niðurstöður sínar af fjölmennu úrtaki um kaupgjald í öllum helstu atvinnugreinum landsins. Að þessu standa báðir aðilar vinnumarkaðarins. Síðan hafði ég upplýsingar frá Framkvæmdastofnun um greiddar tekjur, ársfjórðungslega, í tilteknum atvinnugreinum til samanburðar. Við athugun á þessum samanburði um launakjör í almennum verksmiðjuiðnaði og við almenna verkamannavinnu kom upp sú hryllilega staðreynd, — ég vil segja hryllilega staðreynd, — að launin á hverja greidda klukkustund í hinum almenna verksmiðjuiðnaði eru 40—45% lægri en í almennri verkamannavinnu. Ég hef sýnt ýmsum þessa útreikninga mína og borið þetta undir fróða menn, og það hefur enginn treyst sér til að hnekkja þessum niðurstöðum.

Þetta er slíkt alvörumál, að það er ekki sæmandi Alþingi að láta sem þetta sé ekki að gerast. Og hver er ástæðan fyrir þessu? Vafalaust er ástæðan fyrir þessu sú, að það skortir mikið á að jafnréttismálum hafi þokað nægilega, en það er staðreynd, að milli 70—80% af vinnuafli í verksmiðjuiðnaðinum er kvenfólk. Það eru konur, sem búa við þessi lélegu launakjör. Það er kominn tími til að þær rísi upp og krefjist jafnréttis í þessum efnum sem öðrum.

Á þetta vildi ég minnast í leiðinni og ég hvet Alþ. til þess á þessu þingi að fjalla rækilega um þær till. Það frv. sem hér verður væntanlega lagt fram um íslenska iðnaðarstefnu, þar sem gert er ráð fyrir því að móta nýtt umhverfi fyrir íslenskan iðnað. Í frv. er ýmsum gömlum málum hreyft, en einnig ýmsum nýmælum, sem eiga að skapa iðnaðinum á Íslandi nýja stöðu til átaks og uppbyggingar, og af ýmsum ástæðum, sem ég hef minnst á í ræðu minni, hvet ég alþm. til þess að samþykkja það sem allra flestir og skapa um það einingu á þessu hv. Alþingi.

Flm. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég vil þakka hv. alþm. fyrir undirtektir í sambandi við þetta mál sem ég vona að verði til þess að það fái nú greiðan gang í gegnum hv. Alþ. Á því er full þörf.

Það hefði mátt segja margt og miklu meira um þá möguleika, sem eru fyrir hendi á Vesturlandi, og eins um það vandræðaástand, sem að mínu mati ríkir í sambandi við iðnaðaruppbyggingu okkar hér á landi og ekki hvað síst í sambandi við iðnað í landinu almennt. Og ég vil sérstaklega taka undir með síðasta hv. ræðumanni, 2. þm. Reykv., að það er ótrúlegt að við skulum standa í þeim sporum í dag, þrátt fyrir allar umr. á undanförnum árum, þrátt fyrir öll þau sterku rök sem fram hafa verið sett fyrir nauðsyn þess að byggja upp iðnað á Íslandi, — að við skulum standa enn í dag í þeim sporum, að það er ekki til samræmd iðnaðarstefna í okkar landi.

Við höfum sannarlega átt því láni að fagna, ef má orða það svo, að okkar höfuðatvinnuvegir, sjávarútvegur og landbúnaður, hafa staðið undir atvinnuuppbyggingu liðinna ára að mestu leyti. Við getum einnig státað af því, að við höfum mjög mikla framleiðni í sjávarútvegi sérstaklega og þar eru enn vaxandi möguleikar til fullnýtingar á sjávarfangi. Um þetta hefur verið mjög mikil samstaða meðal þjóðarinnar og menn hafa lagt sig fram um það að ná árangri á þessu sviði. Og þar er vonandi bjart fram undan. Samt sem áður verður ekki undan því skotist, að við höfum sofið á verðinum eins og kom fram í sambandi við uppbyggingu iðnaðar í landinu.

Ég vil aðeins nota þetta tækifæri enn á ný til þess að skora á hv. alþm. og fyrst og fremst þá hæstv. ríkisstj. — því miður eru allir ráðh. farnir — að láta nú hendur standa fram úr ermum og leggja fram sem allra fyrst tillögur um iðnaðarstefnu fyrir þjóð okkar. Ég tel, að

það sé mjög mikilvægt, og ég vonast til þess, að á því verði ekki löng bið úr þessu.

Ég vil svo þakka á ný undirtektir og vonast til þess, að þessi till. okkar nái fram að ganga sem allra fyrst.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Jarðhitaleit á Vestfjörðum, þáltill. (þskj. 52). — Ein umr.

Flm. (Finnbogi Hermannsson): Herra forseti. Ég flyt hér þáltill. um frekari jarðhitaleit á Vestfjörðum. Í þessari till. er einnig fólgið hvort ekki sé athugandi að ríkissjóður — eða Orkusjóður eins og það heitir — taki meiri þátt í rannsóknum á svokölluðum köldum svæðum en nú er. Þar á ég einkum við tilraunaholur, þar sem nokkur áhætta fylgir borunum og ekki víst með árangur, eins og á hinum nýrri myndunarsvæðum Íslands.

Árið 1973 urðu skil í hinum vestræna heimi hvað varðar olíuverð og síðan tölum við um olíukreppu. Með þessari nýju hækkun olíuverðs breyttust forsendur um hagkvæmni hitaveitna mjög. Staðir sem áður kom vart til álita að hita upp með jarðhita, einkum vegna fjarlægðar frá varmalind, urðu nú aftur áhugaverðir. Þannig var um þéttbýlisstaði á Vestfjörðum eftir að olíukreppan tók að sýna klærnar. Rétt þótti þá að kanna málin og verja nokkru fé til borana á þeirri meginforsendu, að á Vestfjörðum er víða jarðhiti þótt óvíða sé hann nærri þéttbýli.

Á síðari helmingi árs 1974 voru gerðar áætlanir um víðtækar jarðhitarannsóknir á Vestfjörðum með tilliti til þéttbýlis. Samkvæmt upplýsingum, sem fyrir lágu, voru þéttbýlisstaðir flokkaðir með tilliti til jarðhitamöguleika. Reyndust þrír staðir að áliti Orkustofnunar geta staðið undir hitaveitu, enda væru þeir nálægt þekktum jarðhitasvæðum, nægilega heitum til að standa undir og gagnast hitaveitu. Þeir staðir voru Súgandafjörður, Tálknafjörður, Bíldudalur og Drangsnes. Í öðru lagi voru staðir nærri volgrum, þar sem ekki hefur fundist vísbending um nægilega háan hita til að gagnast hitaveitu. Það eru Ísafjörður og Bolungarvík. Í síðasta flokknum voru svo þéttbýlisstaðir fjarri þekktum jarðhita: Patreksfjörður, Súðavík, Flateyri, Þingeyri og Hólmavík.

Þær rannsóknir, sem fram hafa farið síðustu ár, hafa ekki breytt fyrra áliti manna um hitaveitumöguleika þéttbýlisstaðanna í meginatriðum. Þeir staðir, sem ég taldi fyrst upp, Súgandafjörður, Tálknafjörður, Bíldudalur og Drangsnes, eru enn taldir eiga hitaveitumöguleika, enda hitaveita komin á laggirnar í Súgandafirði. Og þess má geta, að sundlaug þeirra Tálknfirðinga er hituð með jarðhita og hefur reyndar verið frá gamalli tíð, en þeir hyggjast nú einnig hita upp skóla sinn og samkomuhús með jarðvatni.

Ég ætla nú að gera hér stutta grein fyrir stöðu jarðhitarannsókna á hverjum stað og reyna að hafa það í stuttu máli. Leyfi ég mér að styðjast við skýrslu þeirra Kristjáns Sæmundssonar og Gísla Karels Halldórssonar hjá Orkustofnun frá því í febrúar 1979.

Eins og ég nefndi áðan og alþjóð er kunnugt er hitaveita nú komin í Súgandafirði, en með hana hafa menn að vísu átt í miklu stríði vegna kalkútfellingar í borholudælu. Vatnshiti þarna í Súgandafirði er 63°C, en uppleyst kísilsýra bendir til yfir 70°C heits vatns í djúpvatnskerfinu.

Á Sveinseyri við Tálknafjörð hafa boranir verið heldur neikvæðar. Borun í Litla-Laugardal gaf einungis 45°C heitt vatn, en borhola í Stóra-Laugardal gaf 52°C heitt vatn. Það verður að geta þess, að leiðin inn í þorp er þar 5 km og er því talið vafasamt hvort hægt sé að hagnýta nokkuð af þessu vatni beint í hitaveitu, vegna of lágs hitastigs, en til álita kemur að nýta það með kyndistöð. Einnig hafa menn nefnt svokallaða varmadælu, sem mun vera eitthvert nýtt tæki, þróað í Bandaríkjunum, og verkar líkt og ísskápur eða frystivél. Menn hafa rætt um að einmitt gæti komið til mála að nota það í Tálknafirði. En það er annar galli þarna í Tálknafirði. Vatnið inniheldur næstum því eins mikið súrefni og yfirborðsvatn og verkar því mjög tærandi á járn. Tel ég rétt að geta þess hér í leiðinni. Í dýpstu holunni í Tálknafirði, sem er 608 m, er mestur hiti 53°C í botni. En það er aðeins í Stóra-Laugardal sem vísbending er út frá kísilhita vatnsins sem er 61°C, um að finna megi nothæft vatn í hitaveitu og þar er mælt með borun sem næsta skrefi í heitavatnsöflun fyrir Tálknafjörð ef núverandi holur verða ekki nýttar.

Svo við förum aðeins fljótar yfir sögu og tökum Bíldudal, þá hefur verið borað í 11—12 km fjarlægð frá þorpinu, í Dufansdal, og þar er álitlegur vatnshiti og búist við yfir 100°C heitu vatni, ef djúpt yrði borað. Ég átti tal við sveitarstjórann þar og hann sagði mér að gerð hefði verið rannsókn 1976 og kostnaðaráætlun um hitaveitu fyrir Bíldudal, en hún hefði ekki staðist hagkvæmniskröfur. Það hefði tekið 32 ár að greiða þá hitaveitu niður, en 20 ár eru talin hæfilegur tími til að slíkt borgi sig. Nú hefur aftur á móti íbúðarhúsnæði á Bíldudal aukist um 20% síðan 1976 og því er áformað að láta endurreikna hitaveitumöguleika þar.

Ef við förum svo yfir Steingrímsfjarðarheiði og staðnæmumst við Drangsnes, þá eru þar hitaveitumöguleikar, en það eru 5 km til Hveravíkur, þar sem hverir eru og reyndar að nokkru leyti í sjó. Þar bendir efnainnihald vatnsins til 100°C hita. Menn hafa rætt um í þessu sambandi að leiða vatn yfir fjörðinn til Hólmavíkur, en það hefur enn ekki verið kannað að neinu ráði.

Ef við færum okkur aftur í þéttbýlið, þá hafa verið framkvæmdar boranir í Tungudal í Skutulsfirði, þ. e. við Ísafjörð, sem hafa leitt í ljós óverulegt vatnskerfi með 20—30°C heitu vatni ofan 300 m dýpis. Efnainnihald vatnsins bendir ekki til að þarna sé um nýtanlega hitaveitu að ræða, en boraðar hafa verið tvær holur, önnur tæplega 1000 m og hin rúmlega 1100 m. Ég ræddi um daginn við Kristján Sæmundsson jarðfræðing og hann taldi ekki með öllu óvíst að þarna væri um vatn að ræða. Taldi hann mjög nauðsynlegt að bora þarna 1500—2000 m tilraunaholu til að ganga algerlega úr skugga um það, hvort ekki væri þarna um nýtanlegt vatn að ræða, þar sem þetta er svo skamman veg frá stóru markaðssvæði þar sem Ísafjörður er og hugsanlega Bolungarvík.

Um Bolungarvík er það að segja, að ekkert bendir til að þar sé um neitt nýtanlegt vatn að ræða. Það hefur verið borað hjá Gili í Bolungarvík, og þar er 26—27°C heitt vatn. Efnainnihaldið bendir ekki til hærri hita.

Á Patreksfirði er sömu sögu að segja og í Bolungarvík. Þar er 20—30°C heitt vatnskerfi og bendir ekkert til þess, að um nýtanlegt vatn sé að ræða. Hitastigullinn, sem svo er kallaður, er 51°C 1 /km eða nánast sá sami og hjá Bíldudal og víðar vestan til á Vestfjörðum

Aftur á móti er aðra sögu að segja frá Súðavík. Boruð

hefur verið tilraunahola eða hitastigulshola í landi Svarfhóls, sem er innarlega við Álftafjörð, en þangað eru 8 km frá Súðavík. Hitastigull reyndist vera hár í þessari holu, um 86°C/km, sem er ærið. Jarðvísindamenn telja að þarna muni vera vatnskerfi undir, sem líklega sé tengt NV—SA misgenginu, sem gengur yfir Breiðadalsheiði og niður í Súgandafjörð. Aðstæður eru þannig líkar og í Súgandafirði eða Tungudal.

Bæði á Flateyri og Þingeyri hafa verið boraðar hitastigulsholur, en ekki borið neinn árangur.

Á Hólmavík hefur sömuleiðis verið boruð grunn hitastigulshola, en ekki erindi sem erfiði. Þar er að vísu miklu nýrra berg, því að þetta er yngra land en vestra, en í Súgandafirði eða þar um slóðir mun vera eitt elsta berg á Íslandi.

Auk þeirra þéttbýlisstaða, sem ég hef hér nefnt, hafa verið boraðar holur hjá Flókalundi, Birkimel, Reykhólum, Nauteyri, Borðeyri og víðar. En sá er munur á þeim og flestum þéttbýlisstöðum sem borað hefur verið hjá, að þarna hafa verið lauga- eða hverasvæði og menn hafa verið að reyna að komast niður á lindir. Þær boranir eru sem sagt fólgnar í því að ákvarða legu uppstreymisrása. Um þessar mundir er verið að bora inni á Nauteyri við Ísafjarðardjúp, og mér er kunnugt um það, að þær boranir hafa ekki skilað árangri.

Ég hef nú aðeins vikið máli mínu að þessum rannsóknum og talið rétt að birta örlítið um þær hér í þingsölum. En samkvæmt þessari skýrslu tel ég ljóst að enn séu möguleikar á heitu vatni til húshitunar á Vestfjörðum. En hnífurinn stendur í kúnni þar sem er fjárhagsstaða sveitarfélaga. Allir þeir sveitastjórnarmenn, sem ég hef rætt þessi mál við, hafa brennandi áhuga á að kanna til hlítar þá möguleika sem kynnu að vera fólgnir í jarðhita í nánd byggða þeirra, en þeir eru ekki reiðubúnir að leggja út í áhættusamar rannsóknir af fyrrnefndum ástæðum. Kostnaðarhlutfall sveitarfélaga er 40% á móti 60% frá Orkusjóði ríkisins, og eins og ykkur er e. t. v. kunnugt eru þessi 60% frá Orkusjóði endurkræf ef virkjanlegt vatn finnst.

Ég lít ekki aðeins á þetta sem hagsmunamál Vestfirðinga, sem ég hef rakið hér að ofan, eða einstakra sveitarfélaga á Vestfjörðum ellegar þeirra annarra kaldra svæða sem við svipuð kjör búa og hafa búið í orkumálum. Það er auðvitað þjóðhagslegt atriði að nýta allar hugsanlegar auðlindir landsins í eigin þágu og því fé væntanlega ekki á glæ kastað þótt hlutfall Orkusjóðs ríkisins yrði 90% við rannsóknir á hinum köldu svæðum.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég vil koma hér til þess að lýsa stuðningi mínum við þessa þáltill. En ég get ekki stillt mig um að harma það, að þegar þessar umræður um iðnaðarmál og jarðhitamál fara fram skuli vera svo ástatt hér á hv. Alþ., að hvorki er hér mikill fjöldi þingmanna né heldur — og það er kannske aðalatriðið — hefur hæstv. iðnrh. haft möguleika til að vera hér og taka þátt í þessum umræðum. Þetta mál, sem hér er nú til umræðu, þessi þáltill. um jarðhitaleit á Vestfjörðum gæfi einmitt ástæðu til þess að fá að ræða við hæstv. iðnrh. sem stýrir þessum mikilvægu málum.

Um leið og ég tek undir það, sem fram kemur í þessari þáltill., vil ég nota tækifærið til að minna á þann gífurlega vanda sem við blasir víða um land varðandi þetta atriði sem hér er minnst á. Ég tel það ákaflega slæmt, þegar augu allra beinast að því að stuðla að framkvæmdum eða ráðstöfunum til þess að nýta innlenda orku og draga úr hinum mikla kostnaði af erlendum orkugjöfum, sem við verðum að flytja inn í landið, að þá skuli ekki vera hægt að stíga markvissari spor í þá átt að reyna að stuðla að því að jarðhitaleit og rannsóknir á jarðhita verði virkari en nú gerist.

Ég get ekki stillt mig um að segja frá því, að eins og á Vestfjörðum erum við, sem eigum heima á Snæfellsnesi, á svokölluðum köldum svæðum, eins og jarðfræðingar gjarnan hafa sagt á undanförnum árum. Samt sem áður var gerð þar jarðhitaleit að frumkvæði sveitarfélaga á þessu svæði. Voru boraðar fimm hitastigulsholur á svæðinu frá Stykkishólmi að Ólafsvík. Allar þessar holur eru jákvæðar að því leyti, að þær sýna nægjanlegt hitastig eða frá 105 og upp í 115°C/km, sem er talið alveg fullnægjandi sem jarðhitalíkur. Hins vegar skortir á að vita hvar hitinn liggur á þessu svæði, hvort hann er virkjanlegur og hvernig. Um þetta hefur verið beðið nú í nokkur ár og raunar verið reiknað með því á hverju ári allt frá árinu 1978, að úr þessu fengist skorið.

Því miður hefur ekki orðið úr þessari sjálfsögðu borun. Ég vil minna á það hér í leiðinni, og það hefði verið ástæða til að ræða það mál á breiðum grundvelli við hæstv. ráðh., að Orkustofnun og ekki síst Rafmagnsveitur ríkisins hafa gjarnan viljað fara inn á þá braut, að í staðinn fyrir jarðborun á þessum óvissusvæðum, sem þeir vilja meina að séu, væri farið inn á fjarvarmaveitur, þ. e. að nýta raforkuna til þess að hita upp þessi svæði. Það hefur verið byrjað á þessu á Austfjörðum og raunar á Ísafirði einnig, og komin er fjarvarmaveita á Höfn í Hornafirði og verið að vinna að fjarvarmaveitu á Seyðisfirði og undirbúningi víðar á Austfjörðum. Á sama hátt hefur verið stuðlað að undirbúningi á Snæfellsnesi fyrir þéttbýlið þar.

Þetta er mál sem þarf að ræða, ekki hvað síst vegna þess, að við höfum ekki fengið fram ákveðna stefnu í orkuverði. Á Höfn í Hornafirði er búið að gera samning um orkuverð sem er nokkuð hagstætt miðað við olíu- og rafmagnsverð, en það er alger óvissa um framhaldið bæði á Seyðisfirði og á Neskaupstað, og svo aftur á Snæfellsnesi. Það eru ný viðhorf komin fram, og liggja nú fyrir, þannig að RARIK vill hækka þetta grunnverð, sem veldur miklu meiri óvissu í sambandi við hagkvæmni fjarvarmaveitnanna. Þetta er atriði sem ég tel að við alþm. þurfum að sameinast um, að reyna að ná fram meiri stefnumörkun um þetta nú á yfirstandandi þingi, bæði að sameinast um það að fá fjármagn til nauðsynlegra rannsókna, jarðborana í grennd við þéttbýlið sem hér hefur verið nefnt, og til þess þurfum við sjálfsagt að krukka í fjárlögin. Að vísu hefur Orkustofnun enn ekki sundurliðað það áform sem hún stefnir að í fjárlögum ársins 1981, en alla vega geri ég mér fulla grein fyrir því, að það fjármagn, sem þar liggur fyrir dugir hvergi nærri til þeirra nauðsynlegu borana sem ég hef hér minnst á og raunar kom fram hjá hv. frsm. þessarar tillögu.

Hér er mikið í húfi. Ég vil minna á það t. d., að á þéttbýlisstöðunum á Snæfellsnesi, sem að þessum jákvæðu hitastigulsholum liggja, eru um 3500 íbúar.

Ég vonast til þess, að hæstv. iðnrh. fregni þessar umræður hér og hann leggi því lið, að rannsakaðir verði til hlítar möguleikar á því að auka jarðhitaleit og jarðhitaboranir á árinu 1981, bæði á því svæði, sem hv. frsm. minntist hér á, og einnig á því svæði, sem ég hef nefnt og við höfum reyndar fullt loforð fyrir a. m. k. s. l. tvö ár.

Þetta er mikið mál sem ég tel að megi ekki gleymast í umræðum um fjárhagsvanda almennt. Þetta er þýðingarmikill þáttur í orkumálum og í þeim áformum, sem allir eru sammála um, að reyna að nýta vel þá innlendu orku sem fyrir hendi er, til þess að spara þann gjaldeyri sem við verðum að eyða í innflutta erlenda orku.

Flm. (Finnbogi Hermannsson): Herra forseti. Ég vil aðeins þakka undirtektir hv. þm. við þessa þáltill. og þar sem ég verð ekki hér langa hríð í viðbót treysti ég því, að þingið fylgi þessu máli eftir.

En það mætti kannske aðeins víkja að því, að þetta er, eins og hv. síðasti ræðumaður orðaði það, angi af miklu stærra máli sem ég tel vera mjög brýnt. Og eins og kom hér fram í umræðum fyrir viku, munu rannsóknarstörf ævinlega þurfa að vera svona 10 árum á undan framkvæmdum eða svo. Ég held því að það sé mjög brýnt, einkanlega eins og stefnir í orkumálum heimsins, eð leggja mjög mikla áherslu á frekari rannsóknir til að nýta auðlindir okkar. Það er ekki nóg að ræða um það á hátíðis- og tyllidögum að við eigum hér gnægð óbeislaðrar orku. Við verðum að takast á við þann vanda og þá ábyrgð sem því fylgir að nýta þessa orku, jafnvel þótt einhverjir aðrir aðilar verði að koma þar til.

Það er svo ósk mín og von, að við Íslendingar getum borið gæfu til að vera þar ævinlega í fararbroddi og með meirihlutaeign í slíkum fyrirtækjum. — Að öðru leyti þakka ég góðar undirtektir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 10. fundur.

Þriðjudaginn 4. nóv., kl. 14.30 síðdegis.

Olíugjald til fiskiskipa, frv. (þskj. 18, n. 66 og 70). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 20:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IGuðn, NL, ME, FH, PJ, RA, SkA, SV, StH, SigurM, ÞS, ASt, EH, FÞ, GS, GJG, GGÞ, GHelg, HÁ, ÞA.

nei: JS, JÞ, KP, MHM, MB, MÁM, ÓE, SighB, SteinG, BGr, BÍG, AG, RH, HBl, SVH.

5 þm. (PP, PS, VG, ÁG, FrS) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Ég hef gagnrýnt síbreytingu á olíugjaldinu og ég hef bent á galla á fyrirkomulagi gjaldsins, en meðan ekki hefur annað komið í staðinn stend ég að samþykkt frv. Ég segi já.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Þetta mál, sem hér er greitt atkv. um, er slæmt mál. Það er óhæfa að hringla jafntækifærissinnað með olíugjald og verið hefur og síst á kostnað sjómanna. Ég áskil mér allan rétt að styðja eða flytja till. síðar er lúta að breytingu á formi olíugjalds eða aukningu skattafrádráttar sjómanna. En úr því sem komið er og mál standa sé ég mér ekki annað fært en að styðja frv. að þessu sinni og segi já.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Hér er vegið freklega að sjómönnum, en verður er verkamaðurinn launanna. Ég tek undir með hv. 7. þm. Reykv., Guðmundi J. Guðmundssyni, formanni Verkamannasambands Íslands, um að þetta mál er óhæfa, og gagnstætt honum segi ég nei.

2. gr. samþ. með 20:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20:1 atkv.

Neðri deild, 11. fundur.

Þriðjudaginn 4. nóv., að loknum 10 fundi.

Olíugjald til fiskiskipa, frv. (þskj. 18). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég skal ekki tefja þessa umr. mikið.

Ég gerði grein fyrir afstöðu Alþfl. til þessa frv. strax við 1. umr. Meiri hl. sjútvn. var andvígur frv. Fyrir því var gerð grein hér í gær. En í umr. í gærkvöldi ræddi formaður sjútvn. og frsm. minni hl. n. í alllöngu máli um þetta og ræddi m. a. um þá einkennilegu afstöðu Alþfl. að vera andvígur þessu máli nú. Hv. þm. Garðar Sigurðsson hefur líklega ekki fylgst með þegar 1. umr. málsins fór fram. Ég gerði þá grein fyrir því, að í öll skiptin, sem olíugjaldið var ákvarðað í tengslum við fiskverð, utan núna var það gert án andstöðu eða mótmæla sjómannastéttarinnar. Þetta er í eina skiptið sem olíugjaldinu er alfarið mótmælt eins og það er ákvarðað nú í tengslum við fiskverðið. Á því er reginmunur. Það er því ástæðulaust fyrir hv. þm. Garðar Sigurðsson að telja óskiljanlegt hver afstaða Alþfl. er núna til þessa máls. Málið var leyst í öll hin skiptin án þess að það væri talin ástæða til af hálfu sjómannasamtakanna að andmæla því eða mótmæla og í flestum tilfellum varpað samþykkt af þeirra hálfu.

Á fund í sjútvn. kom m. a. Ingólfur Ingólfsson, fulltrúi sjómanna í Verðlagsráðinu. Hann lýsti þar hinum fáheyrðu vinnubrögðum núv. hæstv. sjútvrh. í umfjöllun þessa máls nú. Ingólfur Ingólfsson lýsti því yfir að aldrei fyrr hefði hann heyrt um ákvörðun fiskverðs og olíugjalds í fjölmiðlum eða lesið það í blöðum án þess að hann vissi af því sem einn af þeim aðilum sem um málið eiga að fjalla. Núna gerðist það fyrst að ekkert samráð væri haft við fulltrúa sjómanna varðandi ákvörðun um olíugjaldið eða fiskverðið. Þetta þykja mér mikil tíðindi, í ljósi þess ekki síst að núv. hæstv. sjútvrh. gaf fullkomlega ádrátt um það við lausn kjaradeilu sjómanna á Vestfjörðum á s. l. vori að olíugjaldið yrði fellt niður, en ekki hækkað að því marki sem hann leggur nú til. Þetta verða að teljast furðuleg vinnubrögð. — Hins skal getið, að fulltrúi útvegsmanna, formaður Landssambands ísl. útvegsmanna, Kristján Ragnarsson, lýsti því yfir á hinum sama nefndarfundi, að fullt samráð hefði verið haft við

þá í þessu máli varðandi þessa ákvörðun. Á þessu sjá menn hvor aðilinn það er sem hæstv. núv. sjútvrh. ber fyrst og fremst umhyggju fyrir: Ekkert samráð haft við sjómannasamtökin, fullt samráð við útvegsmannasamtökin.

Ég sagði, herra forseti, að ég skyldi ekki verða langorður um þetta mál eða tefja tímann. Ég vildi að þetta kæmi hér fram vegna þess að þetta kom fram á fundi sjútvn. En ég vil einnig benda á það, sem fram kemur í nál. meiri hl. sjútvn., að þetta mál var sent til umsagnar Alþýðusambands Íslands, en frá þeim aðila heyrðist ekkert um þetta mál, sem er þó stórkostleg kjaraskerðing að því er varðar sjómannastéttina. Alþýðusambandið sá ekki ástæðu til að segja eitt eða neitt um þetta mál.

Það hefur verið gerð grein fyrir því hér, hver varð niðurstaðan í áliti Sjómannasambands Íslands eða þings þess, og ég sé ekki ástæðu til að fara að fjölyrða um það, en áðurgreind atriði taldi ég rétt að kæmu fram áður en málinu væri endanlega lokið hér í deildinni.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Það er leitt að hv. þm. Karvel Pálmason gat ekki verið við umr. í gær, sem stóð fram undir miðnætti, og það er enn þá furðulegra að enginn Alþfl.-maður skuli hafa verið við eftir að þeir hafa tvisvar beðið um frest á meðferð málsins. Í gærkvöld komu einnig fram þessi ósannindi, að ég hefði ekki rætt við fulltrúa sjómanna. Ég las hér upp í gær bréf frá oddamanni nefndarinnar. Ég er því miður ekki með það núna, en þar segir Ólafur Davíðsson nokkurn veginn.

Að beiðni sjútvrh. boðaði ég alla aðila í verðlagsráði sjávarútvegsins á fund sjútvrh. og mér er kunnugt um og það kom fram á fundi n., að hann ræddi við þá alla m. a. Ingólf Ingólfsson, sem ég, segir Ólafur Davíðsson, boðaði á fund ráðh. að hans ósk.

Umræddur fundur með Ingólfi Ingólfssyni fór fram kl. 2 föstudaginn 3. okt. Það var að mörgu leyti fróðlegur fundur. Við ræddum ítarlega um þessi mál. Ég gerði honum þá grein fyrir því, hvert mér sýndist stefna með olíugjaldið, miðað við afkomu útgerðar. Ég gerði honum grein fyrir fundi í ríkisstj., sem var fimmtudaginn 2. okt., og þeirri niðurstöðu að ekki yrði um annað að ræða, þar sem ekki væri samkomulag um annað, en að halda olíugjaldinu og hækka það. En mér þótti einnig fróðlegt að á þessum fundi kom fram að Ingólfur Ingólfsson hafði lagt fram till., sagði hann mér, þegar 1974 um að taka olíugjaldið af óskiptu eftir mæli. Auðséð er því að hann hefur hugsað mikið um þessi mál. — Ég vil alls ekki ætla að Ingólfur Ingólfsson hafi sagt ósatt á fundi n., en þarna er einhver mikill misskilningur á ferðinni. Ljósrit af yfirlýsingu Ólafs Davíðssonar skal ég afhenda hv. þm.

Ég vil jafnframt geta þess, að ég ræddi einnig við formann Sjómannasambands Íslands, Óskar Vigfússon. Hann kom til mín að morgni þriðjudagsins 7. okt., kl. 8.30. Þá gerði ég honum grein fyrir því, hvernig þessi mál stæðu. Óskar á ekki sæti í Verðlagsráði sjávarútvegsins, en mér þótti um svo viðamikið mál að ræða og mál sem mér, eins og ég hef margsagt hér, er ekki ljúft að flytja, að ég vildi einnig ræða við hann um málið og gera honum grein fyrir nauðsyn þess að finna aðra leið.

Ég vona því að þessi ósannindi eða misskilningur sé leiðrétt. Ég vona að um misskilning sé að ræða.

Frsm. minni hl. (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ég átti kost á því að fá að tala um þetta í klukkutíma í gærkvöld horfandi sífellt til vinstri, eins og minn er háttur, og í það skipti á auðan stól hv. forsetaframbjóðanda til Alþýðusambands Íslands. Ég skal viðurkenna að þá leit stóllinn hans miklu betur út en nú.

Herra forseti. Þeim Alþfl.-mönnum hefur hingað til, allar götur frá því fyrst var lagt á olíugjald í mars 1979 og fram að þessu sinni, sem er í sjöunda skipti sem þetta mál kemur hér til umr., sjöunda skipti sem þessum lögum er breytt ævinlega fundist gjaldið eðlilegt. Til sönnunar því var lesið upp úr þingtíðindum og þskj. í gærkvöld stafrétt og orðrétt eftir þeim. Það var hv. þm. Kjartan Jóhannsson, þáv. hæstv. sjútvrh., sem gekkst fyrir olíugjaldinu margsinnis: 2.5%, 5%, 7%, 9%, 15÷3%. (**MB:** Hvað er það mikið?) Ævinlega lýstu þessir menn yfir, að þeir væru fylgjandi olíugjaldinu, með mismunandi áherslum. — 15÷3% = 12%. Þannig var að olíugjaldið var 15%, en 3% af því komu til skipta. Þetta veit hv. þm. Matthías Bjarnason fullvel.

Það er merkilegt að jafnágætur maður og Matthías Bjarnason, hv. þm., skuli leyfa sér það í árásarhneigð sinni á ríkisstj. að mæla gegn eigin skoðunum með því að setja á svið merkilegar leiksýningar í sölum Alþingis. En það, sem er athyglisverðast við orð hv. þm. Karvels Pálmasonar, er að vísu ekki hávaðinn. Það er hins vegar það, að hann lætur utanaðkomandi aðila breyta skoðun sinni. Raunar hefur maðurinn enga skoðun. Hann fær hana senda utan úr bæ hverju sinni. (**Gripið fram í:** Frá Bolungarvík.) Allt samráðsk jaftæðið og hræsnin í munni þessa manns er hreint bull og ósæmilegt að bera það á borð. Hræsnin kemur víðar fram og af fleiri hv. þm. hálfu í þessu máli, — hjá mönnum sem börðust gegn því, að olíugjaldið yrði lækkað. Þeir hamast nú eins og óðir væru gegn því, að það sé hækkað.

Það er líka dálítið athyglisvert að hv. þm. Karvel Pálmason og aðrir Alþfl.-menn skuli núna með málflutningi sínum og atkvgr. ganga á móti því sem formaður þeirra er búinn að gera margsinnis.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Mér hefur ekki gefist tími til að bera yfirlýsingu og ummæli hæstv. sjútvrh. í nótt um Ingólf Ingólfsson undir hann í dag þótt ég hafi reynt það, enda var mér satt að segja ókunnugt um þennan fund fyrr en ég kom í þinghúsið og ég hef ekki getað náð í Ingólf Ingólfsson. En hæstv. sjútvrh. hefur ekki hrakið það, þótt þeir hafi kannske einu sinni hist, að á öllum þeim langa tíma, sem Ingólfur Ingólfsson hefur verið fulltrúi sjómanna í Verðlagsnefnd, hefur samráðið aldrei verið jafnlítið og nú. Þetta er kjarni málsins. Þetta eru hans óbreyttu orð og hæstv. sjútvrh. hefur ekki sýnt fram á annað. — Hins vegar er ég reiðubúinn til þess að óska eftir því við forseta deildarinnar að fundi verði frestað þannig að þetta mál geti upplýstst betur og við getum farið ofan í það og rætt það þegar okkur hefur gefist svigrúm til að kanna það nánar, ef hæstv. sjútvrh. óskar eftir því.

Ég stend annars upp af því tilefni líka að þessu sinni, af því að ég sé að hæstv. forsrh. er kominn í stól sinn, að ég vil vekja athygli á því í fyrsta lagi, að samkv. lögum frá 10. apríl 1979, svokölluðum Ólafslögum, er ráð fyrir því gert að mjög víðtækt samráð sé haft við samtök launafólks, sjómanna, bænda og atvinnu-

rekenda. Þar segir í 5. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Verkefni samráðs þessa skal m. a. vera:

1. Að ræða meginþætti í efnahagsmálum og helstu efnahagsmarkmið ríkisstj. frá ári til árs og til lengri tíma, í því skyni að leggja grundvöll að samræmdum ákvörðunum á sviði opinberra fjármála, peninga- og lánamála, lífeyrismála og verðlagseftirlits af opinberri hálfu, og á sviði kjaramála af hálfu aðila vinnumarkaðarins.

2. Að fjalla um þjóðhags-, fjárfestingar- og lánsfjáráætlanir, tekjustefnu og forsendur þeirra.

3. Að fjalla um önnur þau atriði, sem horfa til framfara á sviði atvinnu-, verðlags-, kjara- og launamála og efnahagsmála almennt."

Þessi lagasetning er afskaplega skýr og afdráttarlaus. Nú liggur það fyrir, að hæstv. forsrh. hefur lýst yfir að til mjög róttækra efnahagsráðstafana muni koma eigi síðar en fyrir n. k. áramót. Það má því ætla að frv. um þessar efnahagsráðstafanir verði lögð fyrir Alþ. í þessum mánuði til þess að Alþ. fái tíma til að kynna sér þau mál og skoða þau frv. og annað sem ríkisstj. hefur fram að færa til að klippa á víxlverkanir kaupgjalds og verðlags, eins og einstaka ráðh. hafa lýst yfir að sé opinbert stefnumark ríkisstj. og raunar ákveðið að gert skuli verða og hafa vísað til stjórnarsáttmálans í því sambandi.

Nú vildi svo til í deildinni í nótt, að hæstv. sjútvrh. var hér einn staddur og af meðfæddri hógværð og vegna þess að hann er orðvar maður vildi hann ekki ræða þessi mál hér. Hins vegar vísa ég fsp. til hæstv. forsrh.:

Í fyrsta lagi: Hefur ríkisstj. í hyggju eða hefur hún gert ráðstafanir til þess, að það samráð við samtök launafólks, sjómanna, bænda og atvinnurekenda, sem um er rætt í II. kafla laganna sem ég vísaði til áðan, verði haft lögum samkvæmt, og hvernig hugsar hæstv. ríkisstj. sér að það samráð verði?

Í öðru lagi langar mig til að spyrja hæstv. forsrh. hvort hann geti gefið Alþ. einhverjar skýringar á ýmsum ummælum sem hann og einstakir ráðh. í ríkisstj. hafa gefið úti í bæ, ýmist í viðtölum við blaðamenn eða á öðrum fundum, þannig að þm. hafa frétt á skotspónum eitt og annað í sambandi við fyrirhugaðar efnahagsráðstafanir. Mig langar líka til að spyrja hann um hvort hann hafi í hyggju eða ríkisstj. hans að skerða verðbótaákvæði nýgerðra kjarasamninga.

Ég vil vekja athygli á því í þessu sambandi og ítreka það frá í gærkvöld, að málin eru nú, að því leyti óðruvísi en þau voru eftir „sólstöðusamningana," að þá var fyrst samið á hinum frjálsa vinnumarkaði milli verkalýðsfélaganna og Vinnuveitendasambands Íslands, en samningarnir við ríkisvaldið voru gerðir á eftir og febrúarlögin margumræddu komu í kjölfar þeirra. Á þeim tíma var það skilningur m. a. hv. 7. þm. Reykv., Guðmundar J. Guðmundssonar, og hv. 8. landsk. þm., Guðrúnar Helgadóttur, — ég sé að þau hafa nú bæði farið úr þingsölum þegar farið er að ræða kjaramálin, það er kannske ekki undarlegt, — að það hefðu verið svik af þáv. ríkisstj. að grípa til kjaraskerðingarráðstafana ofan í samninga sem þá var nýbúið að gera við opinbera starfsmenn. Nú horfa málin að því leyti óðruvísi við að ríkisstj. braut ísinn, ríkisstj. samdi við opinbera starfsmenn um mánaðamótin ágúst-september og hinir frjálsu kjarasamningar, sem nú er verið að ganga frá, eru samhljóða þeim samningum.

Það er þess vegna alveg ljóst, að ef ríkisstj., sem nú situr beitir sér fyrir einhverjum þeim aðgerðum, sem kynnu að verka til að skerða þann kaupmátt sem samið hefur verið um, þá er ríkisstj. með því að ógilda kjarasamninga sem hún átti sjálf allt frumkvæði að því að gerðir voru. Hún getur ekki skotið sér á neinn hátt undan ábyrgðinni. Það er deginum ljósara. Öll skrif Þjóðviljans og einstakra Alþb.-manna til að reyna að gefa annað í skyn eru út í hött.

Á hinn bóginn er það algjörlega óþolandi, þegar fjárlög eru í vinnslu í þinginu og verið er að ræða hér um þetta frv. og ýmis frv. önnur sem koma inn á gang efnahagsmála, að Alþ. eigi áfram að vera síðasti aðilinn í þessu landi sem fær nokkrar hugmyndir um þær fyrirætlanir sem ríkisstj. hafi í hyggju í þessu sambandi. Þess vegna held ég að það sé alveg nauðsynlegt að einhver svör verði gefin um þetta mál og þingheimur fái vitneskju um það frá fyrstu hendi, hvaða hugmyndir ríkisstj. hefur í þessum efnum, hvað hún ætlar sér að gera. Satt að segja var afskaplega lítið að græða á stefnuræðu hæstv. forsrh., þó honum hafi komið það á óvart.

Ég heyrði það í framíkalli hjá hæstv. fjmrh. í gær, að honum fannst að það ætti ekki að tala um neitt nema olíugjaldið hér í dag og í gær. Það liggur fyrir, að sjómenn hafa fengið minni kjarabætur en aðrir launþegar í landinu á þessu ári miðað við sama aflamagn. Það hefur m. ö. o. verið níðst á sjómönnum og það á að halda áfram að gera það nú með því frv. sem hér liggur fyrir. Það er óhjákvæmilegt í samhengi við það að ræða þessi mál almennt og líka vegna þess að upplýsingar Ingólfs Ingólfssonar benda til að það samráð, sem lögum samkvæmt er skylt að hafa við verkalýðshreyfinguna, hefur ekki verið haft við sjómannasamtökin, eins og ætlast er til, miðað við þá löggjöf sem ég vísaði til og ég held að óhjákvæmilegt sé að ríkisstj. reyni að framkvæma, a. m. k. þeir hæstv. ráðh. sem beittu sér sérstaklega fyrir því að löggjöfin var sett.

Hitt skil ég auðvitað afskaplega vel, að hæstv. forsrh. reyni að skjóta sér þarna undan. Hann var ekki í álögum þegar Ólafslög voru sett og greiddi atkvæði á móti þeim. Hann var þá með sínum gömlu félögum hér í þinginu og hafði ekki hlaupið burt frá þeim. Ég skil því ofurvel að hann vilji að þessi löggjöf verði numin úr gildi. En ég hélt að hann væri farinn að kunna svo vel við sig þarna núna að hann væri orðinn samdauna og mundi vilja standa við þetta. Víst er um það, að ekki hefur hann lagt sig neitt í framkróka um að halda uppi góðri samvinnu við félaga sína í Sjálfstfl. og hefur ekki gefið þeim neinar sérstaklegar upplýsingar um hvernig gangur mála hefur verið þannig að það sé neitt sérstaklega hrósvert. Þess vegna er það, þótt skrýtið sé og þótt hæstv. forsrh. gegni nú um stundir formannsembætti Sjálfstfl. meðan Geir Hallgrímsson er erlendis, að þm. Sjálfstfl. verða helst að reyna að fá upplýsingar hjá þessum manni í þingsölunum eða með einhverjum þvílíkum hætti, því að við eigum ekki kost á því að fá þessar upplýsingar í stofnunum Sjálfstfl., svo sem þingflokki hans. Svo skrýtin er nú þessi uppákoma eða happening. En eins og hv. 1. þm. Vestf. benti á í ræðu í gær af frekar ósmekklegu tilefni getum við ekki reitt okkur, því miður, á þann mann sem nú gegnir formannsembætti í Sjálfstfl. eða að hann taki það embætti alvarlega.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Það virðist vera orðin venja hæstv. ríkisstj. síðustu daga að flytja gjarnan mál fyrir þinginu sem hún tilkynnir síðan að hún sé á

móti. Þetta gerir hæstv. sjútvrh. með frv. því sem hér er um að ræða, og ekki var annað að heyra á hæstv. ráðh. og flokksbróður hans, formanni þingflokks Framsfl., í gær en að þá væru þeir báðir sammála um að ekki væri fært annað en að vera á móti frv. sem ríkisstj. flytur um Flugleiðamálið. Hæstv. ríkisstj. er því komin í þá furðulegu aðstöðu að vera bæði með og á móti eigin frv. á þingi.

Ég ætlaði ekki að flytja langt mál um þetta frv., enda höfum við Alþfl.-menn undirgengist að tefja ekki framgang þess hér í þingsölum, afgreiða það frekar með hraði en hitt. En ég vil aðeins taka fram í þessu sambandi, sem sjálfsagt hefur áður fram komið, að ástæðuna fyrir því, að þetta mál er nú á ferðinni, má rekja til hæstv. sjútvrh. sjálfs. Það var hann sem raunverulega hóf afskipti af þessum málum með því að lækka olíugjaldið verulega í vor, fljótlega eftir að hann tók við embætti, og tók þá sérstaklega fram að það væri hæstv. ráðh. að gera til að greiða fyrir samkomulagi við sjómenn vestur á Ísafirði. Nú leikur mér hugur á að fá að vita hvaða áhrif hæstv. ráðh. heldur að þessi ákvörðun hans nú, sem hann biður þingið um að staðfesta, en segist sjálfur vera á móti, muni hafa á næstu fiskverðssamninga, sem fram eiga að fara eftir nokkrar vikur. Telur hann líklegt að aðgerð hans núna, sem stangast á við aðgerð hans frá því fyrir nokkrum mánuðum, sé líkleg til að greiða fyrir ákvörðun fiskverðs sem fram fer eftir nokkrar vikur? Ef til vill er það þess vegna sem hann slær þann varnagla núna í ræðustól á Alþ. að segjast sjálfur vera á móti eigin máli.

Ég vil aðeins undirstrika það, að fram kom hjá hæstv. ráðh. að hann mótmælti því ekki, sem Karvel Pálmason hefur bent á tvívegis úr ræðustól, að þetta mál er nú þann veg öðruvísi vaxið en það var þegar ríkisstj. Alþfl. átti hlut að olíugjaldi, að þá var fiskverð ávallt ákveðið í tengslum við ákvörðun um olíugjald án mótmæla sjómanna. Og ég minni á að forustumenn sjómanna tóku sérstaklega fram áður en þetta olíugjald var fyrst leitt í lög í byrjun árs 1979, að þeir teldu ekki óeðlilegt að þann veg yrði tekið á málum vegna hinnar miklu olíuverðshækkunar. Hins vegar var það hæstv. sjútvrh. sjálfur sem átti frumkvæðið að því fyrir nokkrum mánuðum að breyta þessu gjaldi og óskar svo nokkrum mánuðum seinna eftir því að snúið sé við. Hæstv. sjútvrh. hefur í öllu sínu máli ekki mótmælt því, að þetta er í fyrst a skipti, sem slíkt gjald er ákveðið í tengslum við fiskverðsákvörðun, frá því að það fyrst var lögleitt í mars 1979, eftir að sjómannasamtökin hafa harðlega mótmælt fiskverðsákvörðun í tengslum við olíugjald.

Um hv. þm. Garðar Sigurðsson ætla ég að fara fáum orðum, hef ekki sérstaka ástæðu til, en ætla að benda þeim ágæta þm. og flokksbræðrum hans á að hann ætti ekki að vera alveg svona orðljótur við okkur Alþfl.-menn því að ég veit ekki betur en að það sé eina tækifærið fyrir þennan ágæta þm. að koma skoðunum sínum á framfæri í fjölmiðlum ef blöð, sem gefin eru út af Alþfl., sjá um að svo sé. Virðast þau blöð, sem gefin eru út af hans eigin flokksmönnum, ekki hafa mikinn áhuga á þessum ágæta þm., — a. m. k. minnist ég þess ekki um margra mánaða skeið að hans hafi verið þar getið að nokkru.

Frsm. meiri hl. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að taka til máls við þessa umr. nema tilefni gæfist til. Hv. frsm. minni hl. og formaður sjútvn., 4. þm. Suðurl., gaf það áðan.

Hv. þm. heldur áfram að stagast á því, að hann hafi lesið í gær. Hann las með miklu hörmungum því hann var með gleraugu sem pössuðu ekki. Það var hálfgerð hryggðarmynd að sjá þennan myndarlega mann reyna upplestur úr þingskjölum. Og hann er einn um það að segja að hann hafi lesið greinilega. Ég hef engan annan heyrt segja þetta, enda hefur engum getað fundist það.

Ég ætla að nefna það einu sinni enn þá fyrir þennan hv. þm., að það var fullt samræmi í afstöðu okkar til olíugjaldsins frá byrjun. Í tíð vinstri stjórnarinnar studdum við olíugjaldið fyrst og fremst vegna þess, að í fyrsta lagi þurfti útgerðin á því að halda, en í öðru lagi samþykktu sjómenn þessa málsmeðferð. Þegar afgreitt var frv. í jan. í vetur var það lagt fram af páv. sjútvrh. og um það var fullt samkomulag að lækka prósentugjaldið úr 9 í 5%. Við stóðum að þeirri samþykkt. Hins vegar var öðru máli að gegna með afgreiðslu frv. fyrir áramótin. Það var ýmislegt í því gagnrýnisvert, en ekki gott að taka það aftur þegar tímabilið var svo að segja liðið sem þessi brbl. giltu fyrir. Í framkvæmd var útilokað að fella þau frv. eða breyta þeim vegna þess að það hefði ekki verið hægt fyrir fiskvinnsluna að sækja þá peninga aftur til allrar útgerðar í landinu. Það veit ég að þessi hv. þm. skilur og þarf ekki að halda alltaf áfram að tala um þetta sama.

En við stóðum að því og vildum að gjaldið yrði óbreytt út árið 1980, 5%. Fulltrúi sjómanna tók jafnframt fram á fundi sjútvn. í marslok, að hann gerði ekki kröfu um lækkun olíugjalds umfram það sem gert var samkomulag um í janúarmánuði á milli allra aðila. En hvaðan kom svo lækkunin? Tillaga kom frá sjútvrh. um að lækka gjaldið um helming. Það var m. a. trú hans að olían væri að lækka þó allir vissu að það mundi engin breyting verða og síst af öllu til lækkunar á olíu út vetrarvertíðina. Og hann sagði, eins og hv. síðasti ræðumaður var að taka fram, að þetta yrði m. a. til lausnar deilu sjómanna og útvegsmanna vestur á Ísafirði sem þá stóð yfir. En síðan hefur það gerst, að sjómenn hafa verið hlunnfarnir. Og þeir voru hlunnfarnir líka á undan. Það er þetta andrúmsloft, sem hefur skapast, sem ég er hræddur við, sérstaklega í sambandi við fiskverðsákvörðunina um áramótin. Ég vara hæstv. sjútvrh. í fullri vinsemd við að ganga svo langt í þessum efnum að það andrúmsloft skapist á milli sjómanna og stjórnvalda að það verði erfitt að taka fiskverðsákvörðun um næstu áramót. Sú ákvörðun er miklu stærri, hún nær til meira en helmings alls fiskaflans, en ákvörðun mín er um meira en helmingi minna.

Garðar Sigurðsson, hv. 4. þm. Suðurl., sagði um Karvel Pálmason að hann snerist í þessu máli. Karvel er einfær um að svara fyrir sig. En veslings 4. þm. Suðurl. hefur snúist í þessu máli eins og vindhani á hjallburst. Hann sagði í gærkvöld hér, og þá kom það frá hjartanu, að ráðherrastrákarnir sínir hefðu verið búnir — eins og hann orði það — að ákveða þetta og samþykkja það. Þá þurfti hann að snúast eftir ráðherrastrákunum sínum. Honum fer margt betur en að mæla fyrir máli sem hann er algjörlega á móti. Og ég ráðlegg honum, ef hann er svo bundinn af atkvæði sínu gagnvart ráðherrastrákunum, að hafa sig lítið í frammi og taka sér til fyrirmyndar formann Verkamannasambands Íslands sem hefur steinþagað nema rétt þegar hann gerði grein fyrir atkvæði sínu áðan.

Hv. þm. sagði að hann gæfi lítið fyrir þetta samráðskjaftæði. Stóð hann ekki að Ólafslögunum? Greiddi

hann ekki atkvæði með þeim? Ég held að forsrh., sem greiddi atkvæði á móti þeim og fann þeim allt til foráttu eins og Sjálfstfl. gerði, mundi geta fengið drjúgan liðstyrk annars staðar ef hann vildi afnema þessi lög. Hann fær liðstyrk frá fleiri í þeim efnum en frá sjálfstæðismönnum. Hann fær líka alveg örugglega liðstyrk frá 4. þm. Suðurl., nema einhverjir kippi þar í spotta.

Í stjórnarsáttmála núv. ríkisstj. segir um kjaramál, að „ríkisstj. mun leita eftir samkomulagi við aðila vinnumarkaðarins um niðurstöður í kjarasamningum, sem geta samrýmst baráttunni gegn verðbólgu og þeirri stefnu stjórnarinnar að jafna lífskjör og bæta kjör hinna lakast settu í þjóðfélaginu. Ríkisstj. mun hins vegar ekki setja lög um almenn laun nema allir aðilar að ríkisstj. séu um það sammála, enda sé haft samráð við samtök launafólks.“ — Ég held að hægt sé fyrir ríkisstj. að standa upp og lýsa yfir, ef hún hefur ekki horfið frá þessu, að það verði engar skerðingar gerðar á launum manna nema í samráði við samtök launafólks. Þá á ég ekki við að fulltrúar launþega í landinu séu kallaðir upp í ráðherrabústað og gefið þar kaffi og smákökur og þegar þeir spyrja um ástand í kjaramálum og efnahagsmálum þjóðarinnar svari forsrh. þeirri spurningu með öðrum spurningum á móti og ekkert skýrt komi fram. Ég vil spyrja hæstv. ríkisstj. og hæstv. forseta deildarinnar, hvort ekki væri leyfilegt, fyrst ráðh. í ríkisstj. eru orðnir svo máttfarnir í fótunum að þeir geta aldrei staðið upp til að gefa Alþ. nein svör við fsp. í sambandi við efnahagsmál og kaup- og kjaramál, að þeir fengju að sitja í sæti sínu og svara sitjandi. Ég hef aldrei séð eða heyrt annan eins aumingjaskap hjá heilli ríkisstj., sem er skipuð af tíu ráðh., — þeir eru sjaldan á landinu nema svona sjö í einu og kannske niður í fjóra fimm, — að enginn þeirra skuli treysta sér að koma upp og svara því, hvort þeir séu eitthvað að gera eða ekki, hvort þeir ætli eitthvað að leggja fyrir þingið.

Myntbreytingin var áðan til umr., og ég gerði hana nokkuð að umræðuefni í gær. Hvernig ætli þessari myntbreytingu verði tekið ef ekkert er gert í efnahagsmálum? Myntin er þegar farin að rýrna heldur betur. Væri ekki tilvalið fyrir ríkisstj. að hætta við myntbreytinguna og setja myntina á útsölu eftir að smjörútsölunni lýkur? Ætli það væri ekki hægt að hafa eitthvað upp úr henni ef hún færi aldrei í umferð? Það eru margir myntsafnarar í veröldinni.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Hæstv. sjútvrh. kom upp áðan og sagði það ósannindi, sem ég hafði eftir Ingólfi Ingólfssyni, að ekkert samráð hafi verið haft við fulltrúa sjómanna í sambandi við ákvörðun um fiskverð og hækkun olíugjalds. Ég vil bera það undir hv. þm., meðnefndarmenn mína úr stjórnarliðinu, formann n., hv. þm. Garðar Sigurðsson, formann þingflokks framsóknarmanna, Pál Pétursson, og hv. þm. Halldór Ásgrímsson, hvort ekki er rétt haft eftir þeim fulltrúa sem hér er um að ræða. Ég vísa því alfarið á bug að ekki séu rétt hafðar eftir Ingólfi Ingólfssyni þær upplýsingar sem hann gaf á áðurnefndum fundi. (**Sjútvrh.:** Ég sagði aldrei að þm. væri að segja ósatt.) þú sagðir það ósannindi sem hér væri verið að flytja inn í þingið. Ég tók það svo, að því hefði verið beint til mín. Ég var að segja þetta. Ef svo er ekki bið ég hæstv. ráðh. afsökunar, en þó er staðfest að hér er ég að fara með rétt mál. Það er svo augljóst sem vera má. Enn stendur að í þetta skiptið, hið eina af þeim tilvikum sem olíugjald og fiskverð hefur verið ákvarðað, hefur ekkert samráð verið haft við fulltrúa sjómanna um ákvörðunina. Það skýtur skökku við í ljósi þess, að hæstv. sjútvrh. hefur ekki mótmælt því hér, sem ég hef haldið fram, að hann hafi gefið vestfirskum sjómönnum fyrirheit um að olíugjaldið skyldi hverfa. Ég vek athygli hv. þm. á því, að hann hefur ekki mótmælt þessari fullyrðingu minni. Ég veit raunar að þetta er rétt. Þessi fyrirheit voru gefin af hæstv. ráðh. En þau eru enn aðeins fyrirheit.

Það er svo kapítuli út af fyrir sig, að mér sýnist ætla að koma í ljós að hv. þm. Garðar Sigurðsson og hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson eiga ýmislegt meira sameiginlegt en ég og margur annar hafði ætlað, þó ótrúlegt sé, því það er álíka og að nefna snöru í hengds manns húsi þegar hv. þm. Garðar Sigurðsson brigslar öðrum um að þeir fari ekki eftir eigin sannfæringu og breyti um skoðanir eftir hentugleikum. Strax við 1. umr. þessa máls var vitnað til ummæla hv. þm. Garðars Sigurðssonar, sem hann viðhafði við dagblaðið Vísi, þar sem hann fordæmdi í öllum atriðum þessa meðferð á olíugjaldinu og hækkunina. Og meira en það, — meira að segja við atkvgr. um málið áðan fordæmdi hann frv., en samþykkti það samt. Hver tekur mark á slíkum málflutningi, þegar eins stutt er milli umskipta í skoðunum og hér er um að ræða?

Ég vil segja það við hv. þm. Garðar Sigurðsson, — ég vil honum vel, hef alltaf gert og mun áfram, — að haldi hann áfram á sömu braut má hann fara að vara sig fyrir þeim flokksbróður sem fyrst og fremst vill ýta honum burt úr þingsætinu. Ég mæli af fullum heilindum, hv. þm. Garðar Sigurðsson: Gættu þín betur ef ekki á illa að fara.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Það er að vísu vel þekkt, að tilgangslaust er að skvetta vatni á gæs, en ég endurtek þó einu sinni enn það sem ég las orðrétt upp í gærkvöld eftir oddamanni í Verðlagsráði, yfirlýsingu hans um að ég átti viðræður við Ingólf Ingólfsson föstudaginn 3. okt. kl. 2 e. h. Ég sagðist vonast til þess, að hér væri um misskilning að ræða. Ef það er ekki eru þetta ósannindi sem Ingólfur Ingólfsson hefur borið inn í nefndina. Þetta má fá staðfest af fleiri aðilum, ef hv. þm. óskar, en ég mun afhenda honum ljósrit af umræddri yfirlýsingu frá oddamanni Verðlagsráðs.

Frsm. minni hl. (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Það þykir varla fínt ef stjórnarliðar tala mikið í málum. Það er minnt á, þegar þeir taka til máls kannske oft og lengi um stjfrv., að þá haldi þeir sjálfir uppi málþófi. En ég vorkenni hv. þm. ekkert að sitja einu sinni undir dálítilli umræðu um sjávarútvegsmál. Það eru því miður allt of fáir menn í hv. deild og í hv. Alþ. sem hafa lagt sig eftir því að kynna sér þau efni. Ég er viss um að þeir eru ekki miklu fleiri en tíu í þinginu sem hafa lagt sig eitthvað eftir því, hugsa um þau efni. Í gærkvöld var lokið 2. umr. um þetta mál og það voru sárafá andlit hér í þinghúsinu. Hv. þingmönnum kom ekkert við þegar verið var að fjalla um þetta mál, sem er mikilsvert á marga lund og viðkvæmt.

Ég sé varla ástæðu til að svara hv. þm. Karvel Pálmasyni — af ástæðum sem öllum mega vera ljósar. Ekki vantar desíbelin! Ég harma að manni skuli detta í hug hið gamla máltæki, að hæst glymji í tómri tunnu, — þegar hv. þm. talar.

Þegar hv. þm. vitnar til ummæla, sem höfð voru eftir mér í dagblaðinu Vísi fyrir skömmu, fer hann auðvitað rangt með. Hins vegar fór blaðið pínulítið rangt með, en maður fyrirgefur blaðamönnum ýmislegt, — þeir hafa mikið að gera og í önnum dagsins er kannske ekki alltaf víst að þeir átti sig á því, hvort 5% séu 5% eða 7.5%, það er ekki aðalatriði.

Það er rangt að ég hafi fordæmt málið í öllum meginatriðum. Það er líka rangt að ég hafi fordæmt þetta mál í öllum meginatriðum þegar ég gerði grein fyrir atkvæði mínu. Ég hef margsinnis, og ekki aðeins í þetta sjöunda sinn sem þetta mál er til meðferðar gert aths. við eðli þessa máls, það form sem er á olíugjaldinu. Það er að ýmsu leyti mjög gallað. Þeim göllum hef ég lýst hér margsinnis. En þegar höfuðskelin er þykk er kannske ekki von á því, að allt það komist þanngað inn fyrir, enda skiptir það ekki máli. Aðalatriðið er að blása sig út og gera tilraun til að velta öðrum upp úr skítnum. Það eru mistök.

Ég hef aðeins gert aths. við það — og það alvarlegar aths. — að vera að hringla með olíugjaldið eins og virðist vera gert eftir því hvernig markaðurinn í Rotterdam stendur þá og þá stundina. Auðvitað er það vitleysa. Við gerðum ekki rétt í því í vor, þegar fiskverð var ákveðið í apríl, að færa olíugjaldið niður. Það er mín skoðun. Sjómenn greiddu ekki atkvæði í því máli þegar það var til meðferðar í Verðlagsráði og ekki heldur Ingólfur Ingólfsson, sem alltaf er verið að vitna hér í, ágætan mann. Þeir greiddu ekki atkvæði, þeir sáu ekki ástæðu til þess, enda get ég ekki séð enn í dag að nokkrar forsendur hafi verið til þess að að gera það. Ástandið var þannig á olíumörkuðum heimsins að það benti ekki á lækkun, en um þessi 5% varð samkomulag.

Sjómenn hafa ævinlega verið á móti því að það, sem fiksvinnslan greiði, fari ekki allt til skipta. Það þekki ég vel og miklu betur en hv. þm. Karvel Pálmason, enda stundað sjó meira og minna á hverju einasta ári síðan frá og með 1949, þegar hann var fermingarstrákur og varla það, hv. þm., verð ég að segja.

Ég nenni raunar ekki að elta lengur ólar við málflutning þessa manns. Hann er ævinlega samkvæmur sjálfum sér. Ég veit ekki hvar han hefur lært þessar aðfarir. Var þetta gert í flokknum sem hann var í síðast? (**Gripið fram í:** Alþb.) Var hann þar? Já, það er þá ekki bara einn maður sem hefur fjölbreytilega pólitíska reynslu hér í þinginu.

Ég verð að segja það við minn ágæta vin, hv. þm. Matthías Bjarnason, að ég hef dálítið gaman af því að hann skuli gera sífellt tilraun til að draga mig í sinn dilk. Hann vill augsýnilega hafa mig með sér. Mig langar raunverulega líka til þess að hafa hann með mér, ósköp einfaldlega vegna þess að við vitum báðir nákvæmlega um hvernig þetta mál er. Ég veit að við gætum ekki gert honum meiri grikk en fella málið. Sannleikurinn er sá. Þannig stendur málið. Matthías veit og skilur, eins og hann hefur sagt og sagði síðast í gærkvöld, að olíugjaldið er aðeins lítill hluti af vandamálum þjóðfélagsins. Það er aðeins einn þeirra þátta sem þarf að laga. Hann viðurkenndi það. Hann var sem sagt sammála mér þegar allt kom til alls og það er gott. Það færi betur á því að þeir aðilar, sem yfirleitt fást við sjávarútvegsmál og láta sig þau einhverju skipta, yrðu meira sammála í framtíðinni, en að við séum ekki að skipta þessum aðilum, sem vinna við þennan atvinnuveg, upp í marga hópa og reyna að etja þeim saman. Það er kominn tími til þess að allir þeir, sem hlut eiga í sjávarútvegi, fari að standa saman og mynda sterka pólitíska blokk í þessu þjóðfélagi, en fara ekki að láta hávaðasama hlaupastráka, sem fá sendar skoðanir utan úr bæ, verða áhrifamenn í þessum efnum.

En ég get ekki séð það samræmi sem hv. 1. þm. Vestf., Matthías Bjarnason, var að halda fram að hefði verið í þeirra málflutningi frá upphafi. Ég get ekki séð með nokkru móti að það geti verið samræmi í því að vera harður á móti því að lækka gjald og vera síðan harður á móti því að hækka sama gjald. Allar forsendur eru þær sömu allan tímann. Hvílíkt samræmi! Það er allt í lagi þó við heyrum svona bull í einhverjum strákum, eins og við heyrðum áðan, sem láta sig málið raunverulega engu skipta, en það sæmir ekki slíkum heiðursmanni sem hv. 1. þm. Vestf.

Þjóðin horfir til Alþingis. Hún veit að hún er í vanda stödd. Þeim mun betur sem alþm. halda á máli sínu og þeim mun skynsamlegar sem þeir tala og þeim mun raunhæfari sem þeir eru, þeim mun fremur fær þjóðin traust á því sem hv. Alþ. er að gera. En því miður er hætta á því, að fólkið í landinu missi smám saman trúna á Alþ. ef menn leyfa sér yfirleitt slíkan málflutning.

Það er hins vegar varla þessu máli viðkomandi þegar það er sagt að ég hafi í þeim fáu orðum, sem ég sagði áðan, talað almennt gegn samráðskjaftæði. Það er útúrsnúningur vegna þess að ég minntist á samráðskjaftæðið í hv. þm. Karvel Pálmasyni. Það er svolítið annað. Hins vegar er ekki víst að þurfi að kippa í spottann til þess að ég aðstoði hæstv. forsrh. til þess að breyta ýmsu í svokölluðum Ólafslögum, því þar eru vissulega lagagreinar sem koma okkur afar illa í því ástandi sem nú er í þjóðfélaginu. Það held ég að öllum sé ljóst. Og varðandi þetta sífellda samráð, sem alls staðar kemur inn: Þar eru líka hlutir sem eru verðir umhugsunar. Ákvörðun í þeim efnum fremur en öðrum getur varla verið endanleg og óbreytanleg. Það er hættulegt, sem ég hef sagt áður að sumum finnst vera þversögn, að finna hinn endanlega sannleika. Menn eiga stöðugt að vera leitandi.

Herra forseti. Ég vil, án þess að vera að efna til einhverra illinda í málflutningi, segja það að lokum, að ég gæti verið með hv. 1. þm. Vestf. í því að breyta þessu gjaldi eða jafnvel afnema það ef við fengjum annað í staðinn. Það er býsna „billegur" málflutningur af margreyndum mönnum við stjórnmálastörf að segja í nál., eins og hv. þm. Matthías Bjarnason gerir ásamt fylgisveinum sínum, að þeir vilji bara hafa þetta öðruvísi. Það á að leysa þetta með öðrum hætti, en þrátt fyrir allar þær ræður, sem hér hafa verið fluttar, hefur það ekki verið nefnt hvernig öðruvísi.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það er stundum svo, að maður þarf að taka oftar til máls en góðu hófi gegnir ef svör ráðh. og málflutningur er með þeim hætti sem verið hefur í þessu máli.

Hæstv. sjútvrh. hefur sagt hér hvað eftir annað, bæði á fundi deildarinnar í gærkvöld og eins í tveim ræðum áðan, að samráð hafi verið haft við sjómenn. Nú hef ég talað um þetta við Ingólf Ingólfsson, fulltrúa sjómanna, og hann sagði að það væri að vísu rétt að þeir Steingrímur Hermannsson hefðu hist, en hæstv. sjútvrh. hefði ekki leitað eftir neinu og ekki nefnt neinn möguleika sem gæti leitt til samkomulags við sjómenn. Hið eina, sem hann skýrði frá, var að það væru áformaðar af hálfu ríkisstj.

breytingar á olíuverðinu til samkomulags við útvegsmenn og jafnframt væri ákveðið að gengissig skyldi halda áfram. Um samráð við sjómenn var ekki að ræða, heldur einungis að þeim var tilkynnt þetta sem ófrávíkjanlegt, en hvergi komið til móts við þeirra sjónarmið. Þetta kalla ég ekki samráð. Þetta á ekkert skylt við þær hástemmdu ræður, sem uppi voru hafðar þegar Ólafslög voru sett, og á ekkert skylt við þau loforð, sem verkalýðshreyfingunni hafa verið gefin hvað eftir annað af báðum þeim ráðh. sem þarna sitja, hæstv. sjútvrh. og hæstv. fjmrh.

Ég verð að segja það líka, að mér þykir nokkuð undarlegt að það skuli með engum hætti vera hægt að tosa eitt einasta orð upp úr einum einasta ráðh. um að þeir ætli að halda lög landsins í sambandi við þær efnahagsráðstafanir sem þeir hafa ákveðið, — ekki eitt einasta orð. Jafnvel þó hæstv. forsrh. sé fyrrv. hæstaréttardómari er ekki hægt að fá eitt einasta orð um það, að ríkisstj. hyggist standa við lög landsins og halda þau í sambandi við þær efnahagsráðstafanir sem boðaðar hafa verið og tilkynntar bæði í útvarpsumræðum og í viðtölum við blaðamenn. Það er ekki hátt risið á þessari hæstv. ríkisstj., sem hefur skert kjör alþýðunnar meira en dæmi eru til frá lýðveldisstofnun og frekari aðgerða að vænta sem allar vita í þessa sömu átt.

Ég vil svo aðeins að lokum segja það við okkar ágæta vin, 4. þm. Suðurl., Garðar Sigurðsson, að hann reynir þó að halda á sínu máli og er hreinskilinn og segir hug sinn. Það er svolítið annað en þessir hæstv. ráðh. (**Gripið fram í:** Já, já.) Já, hann reynir það. (**KP:** Hann reynir það, já.) Það má náttúrlega meta það til drengskapar. Ég er raunar ekkert hissa á að hann skuli ekki skilja mál okkar Matthíasar í sambandi við þetta. Hann er farinn að ruglast í því, hvernig hann á að standa í sambandi við þetta og ýmislegt fleira, þar sem kúvendingarnar eru orðnar svo margar, ekki síst í þeim flokki sem hann tilheyrir. (Gripið fram í.) Hann lætur svona bara, já. Þú þekkir hann betur en ég.

Ég vildi svo aðeins ítreka í lokin að það kann ekki góðri lukku að stýra og ég vil enn vara við því, að ríkisstj. skuli enn vega í þennan sama knérunn þar sem eru sjómannasamtökin í landinu. Við munum eftir gerðardómnum sem var settur fyrir rúmu ári, og við vitum að það er hvað eftir annað búið að skerða kjör þessa hóps meira en annarra stétta, hvað sem líður hástemmdum ræðum á Sjómannadeginum.

Ég vil svo ítreka þetta enn, hvort einhver ráðh. hér treysti sér til að segja eitthvað um þetta: Er meiningin að verkalýðshreyfingin fái að fylgjast með þeim kjaraskerðingaráformum sem nú eru til umfjöllunar í ríkisstj. og hjá litla forsrh., Jóni Ormi? Er einhver von til þess, að Alþ. fái að fylgjast með þessum málum? Hvenær má vænta löggjafar um þessi mál? Verður eitthvað gert í tíma þannig að hægt sé að athuga þau mál í sambandi við það fjárlagafrv. sem nú liggur fyrir þinginu?

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞA, IGuðn, NL, ME, FH, PJ, RA, SkA, SV, StH, SigurM, ÞS, AS, EH, FÞ, GS, GJG, GGÞ, GHelg, HÁ.

nei: JS, JÞ, KP, MHM, MB, MÁM, ÓE, SighB, SteinG, AG, BGr, BÍG, RH, HBl, SvH.

5 þm. (PP, PS, VG, ÁG, FrS) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Efri deild, 9. fundur.

Miðvikudaginn 5. nóv., kl. 2 miðdegis.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, frv. (þskj. 35). — 1. umr.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Lagafrv. þetta, sem hér er til 1. umr., um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, er flutt til staðfestingar á brbl. nr. 67 frá 9. sept. 1980, um breyt. á lögum nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum.

Eins og kunnugt er var undirritaður aðalkjarasamningur milli Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og fjmrh. fyrir hönd ríkissjóð 20. ágúst s. l. Samningur þessi var síðan borinn undir atkv. félagsmanna í BSRB 4. og 5. sept. s. l. og var þar samþykktur. Í tengslum við aðalkjarasamning BSRB var gert samkomulag milli ríkisstj. og bandalagsins um nokkur félagsleg réttindamál opinberra starfsmanna. Meðal þeirra voru ákvæði um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Hinn 8. sept. s. l. var svo undirritað samkomulag sama efnis við Bandalag háskólamanna.

Samkv. því samkomulagi, sem ríkisstj. gerði við BSRB og BHM um félagsleg atriði, skyldi gefa út brbl. um nokkur atriði, þ. e. um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, um breytingu á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna og kjarasamninga BSRB. Hér er sem sagt einungis um að ræða einn þáttinn í þessu samkomulagi, sem lýtur að lífeyrissjóðsmálum opinberra starfsmanna.

Um einstakar greinar þessa frv. er það að segja, að í 1. gr. þess er lagt til að í stað orðanna „starfsmenn aðildarfélaga bandalagsins“ í 4. gr. laganna komi orðin: starfsmenn Bandalags háskólamanna svo og starfsmenn aðildarfélaga bandalaganna. Með þessari breytingu öðlast starfsmenn Bandalags háskólamanna og aðildarfélaga þess aðild að lífeyrissjóðnum. Starfsmenn BSRB og aðildarfélaga þess hafa um langt árabil átt aðild að sjóðnum og þykir þessi breyting nauðsynleg til samræmis.

Í 2. gr. frv. segir að stjórn sjóðsins skuli skipuð sex mönnum. Fjmrh. skipi þrjá stjórnarmenn, stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja skipi tvo stjórnarmenn og stjórn Bandalags háskólamanna skipi einn stjórnarmann. Stjórnin skipi formann úr sínum hópi til eins árs í senn. Skipunartími stjórnarmanna er þrjú ár.

Hér er um breytingu að ræða, en stjórn sjóðsins hefur fram að þessu verið skipuð þremur mönnum. Formaður sjóðsins hefur verið skipaður af Hæstarétti, annar stjórnarmaður af fjmrh. og þriðji stjórnarmaðurinn hefur verið skipaður af sjóðfélögum, en í reynd hefur hann verið tilnefndur af stjórn BSRB. Skipunartími núv. stjórnar rennur út um næstu áramót og þótti eðlilegt að ný stjórn tæki þá við. Hér er sem sagt verið að gefa Bandalagi háskólamanna kost á því að eiga aðild að sjóðsstjórninni í fullu samræmi við það, að það verður formlegur aðili að þessum sjóði. Auðvitað hafa starfsmenn innan Bandalags háskólamanna verið í þessum sjóði í reynd, en þeir hafa ekki átt formlega aðild.

Samkv. 3. gr. frv. er gert ráð fyrir þeirri breytingu, að sjóðfélagi greiði 4% af launum sínum í iðgjaldi til sjóðsins í stað 4.25% sem hefur verið fram að þessu. Þessi breyting er til samræmis við iðgjaldsskyldu í aðra lífeyrissjóði, en þar er greiðslan 4%.

Í 4. gr. frv. er gert ráð fyrir tveimur breytingum: Annars vegar að iðgjaldagreiðslutíminn lengist úr 30 árum í 32 ár og hins vegar að aldursskilyrði til inngöngu í sjóðinn lækki úr 20 árum í 16 ár. Aðildarskilyrði að sjóðnum eru að öðru leyti óbreytt þannig að sumarvinnufólk eða aðrir í tímabundnum afleysingum fá ekki aðild að sjóðnum. Þetta ákvæði, sem ótvírætt er öðrum þræði félagsmönnum BSRB og BHM til óhags, þ. e. að iðgjaldagreiðslutími skuli lengjast, verður að skoða í nánum tengslum við mestu meiri háttar breytingua sem á þessu frv. er gerð, en hún felst í 6. gr., ákvæðinu um svonefnda 95 ára reglu. Hún er nú endurvakin sem almenn regla fyrir sjóðfélaga, en er nokkuð breytt.

Í stuttu máli má segja að efni greinarinnar sé það, að þegar sjóðfélagi hafi náð því að samanlagður lífaldur og þjónustualdur sé 95 ár og hann er orðinn 60 ára að aldri og lætur af störfum eigi hann rétt á lífeyri úr sjóðnum. Sjóðfélagi, sem notfærir sé þessa reglu, skal greiða iðgjald til sjóðsins þar til 95 ára markinu er náð. Lífeyrisréttur hans skal vera 2% fyrir hvert iðgjaldagreiðsluár, en þó ekki meir en 64% að náðu 95 ára markinu. Iðgjaldagreiðsluskyldan fellur niður þegar 95 ára markinu er náð. Lífeyrisrétturinn eykst um 2% fyrir hvert ár frá því að iðgjaldagreiðsluskyldu lýkur og þar til taka lífeyris hefst. Notfæri sjóðfélagi sér eigi þessa heimild áður en hann nær 64 ára aldri skal um iðgjaldagreiðslur hans og lífeyri fara eftir hinni almennu reglu um lífeyri.

Það, sem ég hef nú sagt, er sem sagt stærsta breytingin sem felst í þessu frv. Eins og menn vita var 95 ára regla af þessu tagi í gildi um tæplega hálfrar aldar skeið, en helsta breytingin á hinni gömlu 95 ára reglu, sem nú er tekin upp, er sú, að sjóðfélagi getur í engum tilvikum farið á lífeyri fyrr en hann hefur náð 60 ára aldri og hámark lífeyrisréttar að náðu 95 ára markinu verður nú 64% í stað 60% áður.

Í 7. gr. er gert ráð fyrir að felld verði úr lögum skipting eftirlauna í 21 flokk frá 1.6% upp í 2% fyrir hvert iðgjaldaár. Í staðinn ávinnast 2% fyrir hvert ár hjá öllum. Ákvæðið, eins og það er nú, er reyndar orðið úrelt, en breytingin hefur gildi gagnvart nokkrum sjóðfélögum sem áunnu sér minna en 2% fyrir hvert iðgjaldagreiðsluár á árunum 1963—1970.

Í 8. gr. er gert ráð fyrir þeirri breytingu, að hafi sjóðfélagi gegnt hærra launuðu starfi eða störfum í a. m. k. 10 ár fyrr á sjóðfélagatíma sínum skuli miða lífeyrinn við hæst launaða starfið, enda hafi hann gegnt því í a. m. k. 10 ár. Sambærilegt ákvæði hefur verið í gildi í Lífeyrissjóði barnakennara um alllangt skeið.

Ákvæði þetta getur haft gildi gagnvart þeim starfsmönnum sem gegna ábyrgðarmiklum störfum, en vilja taka við léttari störfum og þá lægra launuðum, en fram að þessu hefur það þýtt að lífeyrir þeirra skertist þá einnig. Ég tel að þetta ákvæði sé vissulega mjög mikilvægt fyrir starfsmenn ríkisins, en það er engu síður mikilvægt fyrir ríkið, vegna þess að það hefur verið afskaplega óþægilegt að menn, sem kannske hafa tapað starfsorku sinni og gegna mikilvægum störfum í þjónustu ríkisins, hafa haldið dauðahaldi í þessa stöðu, þó þeir væru orðnir óhæfir til að gegna henni, vegna þess að menn hafa verið að hugsa um hver yrði lífeyrir þeirra. Hér er sem sagt opnað fyrir það, að hafi menn gegnt slíkum stöðum í 10 ár geta þeir fengið lífeyri í samræmi við það þegar lífeyrisaldri er náð, jafnvel þótt allra seinustu árin hafi þeir gegnt starfi sem hefur verið lægra launað.

Í 9. gr. frv. er einnig nýmæli, því að samkv. því skal vaktavinnufólk, þ. e. þeir sjóðfélagar sem hafa vinnutíma sem hreyfist með reglubundnum hætti, fá rétt til sérstaks viðbótarlífeyris úr Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, enda sé þeim skylt að greiða iðgjald af vaktaálagsgreiðslum til sjóðsins. Sama gildir reyndar einnig um næturverði og það starfsfólk sem hefur vinnuskyldu eingöngu á næturnar. Sjóðfélaginn skal greiða 4% af vaktaálagi í iðgjald og launagreiðandinn 6%. Gert er ráð fyrir að þeir sjóðfélagar, sem unnið hafa vaktavinnu á undanförnum árum, eigi rétt á að kaupa sér hinn sérstaka viðbótarlífeyrisrétt fyrir slíka vinnu, þó ekki lengra aftur í tímann en til ársbyrjunar 1974.

Hér er um ákveðið réttlætismál að ræða að því leyti, að menn hafa kannske verið vaktavinnumenn um margra áratuga skeið og þá er auðvitað óeðlilegt að eftirlaun þeirra miðist ekki við hin raunverulegu laun þeirra hvað þetta áhrærir og að fullt tillit sé tekið til þess að raunveruleg laun þeirra hafi verið þetta há vegna vaktavinnunnar.

Í 10. gr. frv. er að finna heimildarákvæði til stjórnar sjóðsins. Í þeim tilvikum, sem sjóðfélagi lætur ekki eftir sig maka, en einstæð móðir hans eða ógift systir hans eða annar ógiftur aðili hefur sannanlega annast heimili hans um árabil fyrir andlát hans, þó eigi skemur en í fimm ár, er stjórn sjóðsins heimilt að greiða hlutaðeigandi makalífeyri svo sem um ekkju eða ekkil væri að ræða. Þetta er fyrst og fremst sanngirnismál sem fallist hefur verið á. Á sama hátt er sjóðsstjórn heimilt að greiða sambýlismanni eða sambýliskonu lífeyri ef sjóðfélagi lætur eftir sig barn innan 18 ára aldurs sem hann hefur átt með hinu eftirlifandi. Einnig er sjóðsstjórn heimilað að greiða sambýliskonu eða sambýlismanni lífeyri í 24 mánuði þótt ekki sé fullnægt skilyrðum um sambúðartíma eða ef sambúðaraðili er 50% öryrki eða meira. Slík heimildarákvæði eru nú orðin allalgeng, t. d. í lögum um Lífeyrissjóð sjómanna, og gert er ráð fyrir sams konar ákvæði í frv. um söfnunarsjóð lífeyrisréttinda.

Að lokum er í 11. gr. frv. mjög mikilvægt ákvæði fyrir ríkissjóð, en þar er tekið upp það nýmæli að lífeyrissjóðurinn á að ávaxta a. m. k. 30% af heildarútlánum sínum í verðtryggðum skuldabréfum ríkissjóðs í því skyni að vöxtum og verðbótum af þessum 30% heildarútlánanna verði varið til að standa undir verðtryggingu lífeyrisgreiðslna úr sjóðnum eftir því sem þessar tekjur hrökkva til. Greiðslur ríkissjóðs vegna verðtryggingar lífeyrisins munu minnka að sama skapi. Þetta má segja að sé fyrsta skrefið í því að draga úr tvöfaldri verðtryggingu Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, en í samkomulagi því, sem gert var bæði við BSRB og BHM og er grundvöllur þessarar lagasetningar, var gert ráð fyrir að viðræður um aðrar breytingar á ábyrgð ríkissjóðs á lífeyrisgreiðslum yrðu teknar upp þegar fyrir lægju niðurstöður af úttekt á stöðu lífeyrissjóða ríkisstarfsmanna sem tryggingafræðingur vinnur nú að.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta lagafrv., enda býst ég við að flestum sé kunnugt um efni þess og það komi þeim ekki á óvart því að þetta var mikilvægur liður í samningum ríkisins við opinbera

starfsmenn. Ég læt þessi orð nægja og leyfi mér að leggja til að að lokinni þessari umr. verði þessu máli vísað til fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Olíugjald til fiskiskipa, frv. (þskj. 18). — 1. umr.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breyt. á lögum nr. 3 1. febr. 1980, um tímabundið olíugjald til fiskiskipa, sbr. lög nr. 11 11. apríl 1980.

Ég vil segja það í upphafi, að það er mér ekki gleðiefni að þurfa að mæla með hækkun olíugjalds, eins og fram kemur í 1. gr. þessa frv., úr 2.5% í 7.5% miðað við fiskverð. Ég tel að ýmsu leyti að þessi leið til að standa undir hluta mikils olíukostnaðar sé óeðlileg. Hér er miðað við aflamagn eða aflaverðmæti. Við getum kallað það að miðað sé við fjölda fiska, en ekki við raunverulega olíunotkun. Ég gerði mér vonir um það, þegar olíugjaldið var s. l. vor lækkað í 2.5%, að takast mætti að snúa smám saman af þessari leið og finna aðra. Í því skyni starfar á vegum sjútvrn. nefnd sem í eru fulltrúar sjómanna og útvegsmanna og formaður frá Þjóðhagsstofnun. Því miður hefur ekki enn tekist að ná samkomulagi um aðra leið. Ég vil þó leyfa mér að fullyrða að nm. sé öllum ljóst að að því þurfi að stefna. En málið er ákaflega viðkvæmt og mjög mikilvægt að mínu mati að um það geti orðið samkomulag þannig að ekki verði breytt frá þessu fyrirkomulagi í annað í ósátt annars hvors þessara aðila.

Ég hef ekki séð mér annað fært en að mæla með hækkun olíugjaldsins af þeim ástæðum sem fram koma í aths. við þetta lagafrv. Eins og þar kemur fram hefur verð á gasolíu hækkað í júlí s. l. og 9. okt. og er nú 210 kr. hver lítri eða hækkun um 35.3% frá því í júní. Verð á svartolíu hefur hækkað um 22.9%. Þessi hækkun veldur útgjaldaauka hjá útgerðinni sem er um það bil 5% og á því mjög verulegan þátt í hallarekstri útgerðarinnar sem að mati Þjóðhagsstofnunar var fyrir hækkun orðinn um 10%.

Að sjálfsögðu er í þessu sambandi nauðsynlegt að gera sér grein fyrir rekstrarhorfum og mun ég fara yfir það að nokkru leyti.

Eins og ég sagði var útgerðin að mati Þjóðhagsstofnunar rekin með um 10% halla fyrir fiskverðsákvörðun. Til að mæta þeim halla með fiskverðshækkun einni saman hefði orðið að hækka fiskverð um u. þ. b. 18—20%. Það var talið ófært og því farin sú leið að hækka fiskverðið um 8%, en olíugjaldið í 7.5%, eins og frv. gerir ráð fyrir. Með frv. fylgir tafla sem sýnir rekstraryfirlit veiða eftir þessa hækkun. Þar kemur fram að bruttóhagnaður af veiðum er talinn á ársgrundvelli vera um 10 milljarðar kr. Að vísu verður nettóhalli þar sem afskriftir eru ákaflega miklar, sérstaklega af nýrri skipum, en engu að síður taldi fulltrúi útgerðar þetta eftir atvikum viðunandi og greiddi atkv. með þessari breytingu.

Í sambandi við fiskverðsákvörðun og reyndar vikurnar og mánuðina áður hefur verið sleitulaust unnið að því að reyna að koma fiskvinnslunni á jákvæðan grundvöll. Að mati Þjóðhagsstofnunar var fiskvinnslan rekin með halla mestan hluta ársins og hefur borið nokkuð á milli mats Þjóðhagsstofnunar og mats fiskvinnslunnar sjálfrar. Þjóðhagsstofnun telur að fiskvinnslan hafi verið rekin með u. þ. b. 5.1% halla, en fiskvinnslumenn hafa talið að hallinn væri nokkru meiri, telja þar einkum bera á milli vanmat á vaxtakostnaði fiskvinnslunnar.

Í fiskvinnslunni hafa upp á síðkastið orðið töluverðar breytingar. Í fyrsta lagi hefur framleiðslusamsetning fiskvinnslunnar færst í hagkvæmara horf en áður var. Í upphafi sumarsins var fiskvinnslan neydd til þess, vegna sölutregðu í Bandaríkjunum að auka verulega framleiðslu á blokk, en draga úr framleiðslu á flökum, en þetta var bætt til bráðabirgða með auknum greiðslum úr Verðjöfnunarsjóði sem námu 20 kr. á hvert pund. Nú hefur þessi framleiðslusamsetning breyst til hins eldra hlutfalls. Metur Þjóðhagsstofnun að sá bati nemi um 1.8% af rekstrarverðmæti fiskvinnslunnar, en frá þessu dregst að sjálfsögðu sú uppbót sem fékkst úr Verðjöfnunarsjóði þannig að nettóbatinn er um 1%.

Einnig hafa orðið þær breytingar, að birgðastaða fiskvinnslunnar hefur gerbreyst á undanförnum mánuðum. Vegna sölutregðu í Bandaríkjunum og mikillar framleiðslu á fyrri hluta ársins söfnuðust miklar birgðir í frystihúsum, eins og hv. þm. er að sjálfsögðu kunnugt. Til að mæta þeim erfiðleikum var ákveðið að hækka afurðalán í 85% úr 75%. Birgðastaðan hefur nú gerbreyst og er að mati fiskvinnslunnar komin í eðlilegt horf. Að sjálfsögðu lækka þá viðbótarlánin í áföngum og er gert ráð fyrir að þau færist í sitt fyrra horf á þessum mánuðum, þ. e. í okt., nóv. og desember, en þetta hefur haft veruleg áhrif til að bæta stöðu fiskvinnslunnar.

Auk þessa hefur á árinu verið gripið til ýmissa annarra aðgerða til að létta undir með fiskvinnslunni. Ég nefni lækkun tolla á vissum fjárfestingarvörum fiskvinnslunnar, lækkun vaxta hjá Fiskveiðasjóði úr 5.5% í 4.25% og nú síðast samkomulag sem gert var við Seðlabankann um endurgreiðslu á nokkrum hluta greiðslu útflutningsatvinnuveganna af gengistryggðum lánum. Sú endurgreiðsla nemur samtals 3.6 milljörðum kr. og er hlutur frystingarinnar, sem staðið hefur lakast, um 2 milljarðar kr. Að teknu tilliti til þessa telur Þjóðhagsstofnun að rekstur fiskvinnslunnar að meðaltali, eins og það er reiknað, sé í jöfnuði miðað við dollaragengið 552 kr., en ríkisstj. tók þá ákvörðun í septembermánuði að láta gengið síga hratt til að ná slíkri stöðu fiskvinnslunnar.

Í Verðlagsráði greiddi annar fulltrúi fiskvinnslunnar atkv. með breytingu olíugjaldsins með þeirri bókun að hann gerði ráð fyrir gengi um 552 kr. á dollara og að endurgreiðsla gengistryggðra afurðalána miðist við 7—8% gengisbreytingu. Var miðað við 8% þegar upp var gert. Hinn fulltrúi fiskvinnslunnar sat hjá við afgreiðsluna.

Hins vegar greiddu sjómenn atkv. gegn þessari breytingu í Verðlagsráði og andmæltu því að olíugjald yrði hækkað. Að sjálfsögðu er, þegar olíugjald er hækkað, tekið meira af óskiptu og því hlutur sjómanna nokkuð skertur. Hér er þó ekki nema um tiltölulega lítinn hluta að ræða af heildarframleiðsluverðmæti báta- og togaraflotans.

Ég skil mætavel afstöðu sjómanna, fyrst og fremst með tilliti til þess, að þessi leið er vafasöm, eins og ég rakti í upphafi máls míns. Ég vil hins vegar leyfa mér að halda

því fram, að miðað við 8% fiskverðshækkun sé hlutur sjómanna tekjulega sæmilega tryggður. Sjómenn hafa gjarnan borið fiskverð saman við kauptaxta í landi, og rétt er það, að þá hefur hlutur þeirra orðið heldur rýrari. Miðað við 100 1974 féll hann 1978 niður í 92, en hefur síðan verið frá 92 upp í 97, en eftir fiskverðsákvörðunina núna 93. Ég verð hins vegar að segja að mér finnst eðlilegri samanburður vera á tekjum sjómanna annars vegar og tekjum verkamanna og iðnaðarmanna hins vegar. Sjómenn eru ekki á tímakaupstaxta og því erfitt að bera saman við hann. Ef þannig er borið saman hefur hlutur sjómanna batnað gagnvart verkamönnum frá 1974 úr 123 í 153 eftir síðustu fiskverðsákvörðun og gagnvart iðnaðarmönnum úr 108 í 137. Einnig gefur *Þjóðhagsstofnun upp samkv. lauslegri áætlun um breytingar* tekna sjómanna á botnfiskveiðum, verkamanna og iðnaðarmanna að hlutur sjómanna gagnvart verkamönnum hafi batnað um 22% frá 1974 og gagnvart iðnaðarmönnum um 24%. Ég vil hins vegar taka það skýrt fram, að í þessum bata felst að sjálfsögðu mikil vinna sjómanna og í mörgum tilfellum of mikil, þannig að slíkur samanburður er alls ekki heldur einhlítur. Vinna verkamanna og iðnaðarmanna er að vísu oft mikil, en samanburður á því er mjög erfiður. Í þessum bata felst hins vegar jafnframt mikil fjárfesting útgerðarinnar í miklu stórtækari skipakosti og allri nýrri tækni til að afla fisks og ekki óeðlilegt að tekið sé tillit til slíks. Afli hefur þess vegna stóraukist, og það er staðreynd að tekjur sjómanna hafa aukist. En ég hygg að segja megi að a. m. k. í sumum tilfellum hafi vinnuálag jafnframt aukist, t. d. þegar togarar eru að verki og fá mikinn afla á stuttri stundu. Hér er því um að ræða breytingu sem ríkisstj. taldi nauðsynlegt að gera miðað við aðstæður og þar sem *reynt er að rata bil beggja og tryggja um leið sæmilega* tekjuaukningu sjómanna, en rekstrargrundvöll útgerðar og fiskvinnslu.

Ég vil að gefnu tilefni í Nd. taka það fram, að áður en þessi ákvörðun var tekin átti ég viðræður við alla aðila að Verðlagsráði, að sjálfsögðu við oddamann, sem upplýsti mig vel um allt sem var að gerast þar, og einnig alla fulltrúa í Verðlagsráði. Ég frétti á skotspónum að í sjútvn. Nd. hefði annað komið fram. Ég bað því Ólaf Davíðsson, oddamann, að upplýsa, hvernig þessu var háttað, og fékk frá honum svohljóðandi yfirlýsingu, þar sem hannn segir, með leyfi forseta:

„Að beiðni þinni skal tekið fram, að á fundum yfirnefndar Verðlagsráðs sjávarútvegsins, er fjallað var um almennt fiskverð frá 1. okt. s. l., kom fram að þú hefðir átt viðræður við fulltrúa sjómanna, útgerðar og fiskvinnslu í yfirnefndinni á meðan verðákvörðun var þar til umfjöllunar. Ég hafði milligöngu um að boða suma fulltrúa á þinn fund. Þar á meðal kom ég boðum til Ingólfs Ingólfssonar, fulltrúa sjómanna í yfirnefndinni, um fund með þér."

Ingólfur Ingólfsson er þarna sérstaklega nefndur því að menn skildu ummæli hans í nefndinni svo, að hann hefði, eins og hv. þm. orðaði það í Nd., fyrst frétt um þessa ákvörðun í fjölmiðlum. Þetta er, vil ég leyfa mér að segja, vonandi mikill misskilningur því að ég átti fund með Ingólfi Ingólfssyni föstudaginn 3. okt. kl. 14.00, mjög athyglisverðan og fróðlegan fund, þar sem hann upplýsti mig um það m. a., að hann hefði þegar 1974 haft hugmyndir um að fara aðra leið en olíugjaldsleiðina. Um það var rætt hvort unnt væri að fara yfir í að mæla olíu eftir mæli, en ég var Ingólfi Ingólfssyni sammála um að það yrði alls ekki gert á skömmum tíma.

Þar sem hér var um ákaflega viðamikið mál að ræða og mér ekki ljúft að þurfa að flytja kallaði ég einnig á formann Sjómannasambands Íslands, Óskar Vigfússon, og ræddi við hann þriðjudaginn 7. okt. að morgni dags, kl. 8.30, um þetta mál. Ég átti að sjálfsögðu einnig fund með fulltrúum fiskvinnslunnar og með fulltrúa útgerðarmanna.

Ég vil jafnframt taka það fram, að þann tíma, sem ég hef verið í embætti, hef ég átt fjölmarga fundi með fulltrúum sjómanna, bæði í stærri hóp og minni, um mál sem eru þeirra hagsmunamál, t. d. um fiskveiðistefnu, og hefur það samráð að mínu mati verið mjög mikilvægt og ánægjulegt. Ég hef sérstaklega rætt iðulega við formann Sjómannasambands Íslands og formann Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, sem er Ingólfur Falsson, og þess vegna e. t. v. ekki eins oft við Ingólf Ingólfsson, fyrrv. formann. Mér þótti því leitt þegar slíkt kom fram í nefndinni og tel ástæðu til að nefna það hér svo að hv. nm., sem fá málið til umfjöllunar, þekki það fyrir fram.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð. Ég vona að mér hafi tekist að lýsa því, hvernig þessi ákvörðun varð til. Ég hef lagt á það áherslu að finna þarf aðra leið til að standa undir olíukostnaði. Menn hafa nefnt í þessu sambandi að greiða hann úr sameiginlegum sjóðum landsmanna. Ég hef ekki á móti því. Ef menn treysta sér til að afla tekna til slíkra sjóða er ég sannarlega tilbúinn að athuga það. Hins vegar hef ég átt sjálfur fund með þeirri nefnd sem ég nefndi í upphafi míns máls og fjallar um breytingar á hlutaskiptareglum. Ég hef lagt á það mikla áherslu að hún reyni að hraða störfum. En ég er alveg sammála því, sem kom fram hjá öllum í þeirri n., að það mætti ekki þvinga fram. Ég vona að takast megi að fikra sig út úr þessu við næstu fiskverðsákvörðun, mun leggja á það áherslu, og þá takist að finna leið sem verði til þess að þeir, sem halda um stýrið, spari olíu, sem yrði þá að sjálfsögðu til að auka hlut bæði sjómanna og útgerðarmanna.

Herra forseti. Að lokinni þessari umr. legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Guðmundur Karlsson: Herra forseti. Ég hef til þessa verið á því, að olíugjaldið til fiskiskipa ætti rétt á sér og þá fyrst og fremst sem viðurkenning á auknum olíukostnaði og eins auknum útgerðarkostnaði. En ég vil leyfa mér að *átelja hið mikla hringl sem verið hefur með þetta gjald á* þessu ári. Mér finnst satt að segja að sjómenn eigi við nóga óvissu að búa. Það er vissulega sannleikur, að þeir eiga ekki á vísan að róa. Það er stöðugt verið að hefta möguleika þeirra til sjálfsbjargar. Þeim er skammtaður afli og skammtað hvenær þeir mega fara á sjó, og þessu er orðið í flestum tilvikum miðstýrt og ekki óeðlilegt við þær aðstæður sem nú hafa skapast. En ég held, að við þurfum á einhvern hátt að sameinast um að finna olíugjaldi nýjan farveg með þeim hætti að hvetja sjómenn til aukins sparnaðar og aðhalds bæði í eyðslu olíu og veiðarfæra.

Það kom fram í ræðu hæstv. ráðh., að hann telur að fiskvinnslan í landinu sé nú rekin hallalaust. Þetta er nokkuð sem ég get ekki tekið undir. Ég tel að fiskvinnslan sé nú rekin með allt að 6% halla. Það hefur aldrei tekist að fá viðurkenndan aukinn og vaxandi vaxtakostnað fiskvinnslunnar, og eins og hitt, að mér

finnst menn loka augunum fyrir því, að við höfum á undanförnum árum stefnt að því að gera fiskvinnsluna að verksmiðjuframleiðslu. Rekstur fiskveiðiskipanna, togaranna og frystihúsanna er svo samtengdur að ekki er auðvelt að sveifla vinnslunni frá einni grein til annarrar. Tökum tillit til landshluta eins og Vestfjarða. Þar hafa verið byggð gífurlega vönduð og góð frystihús sem eru rekin sem verksmiðjur. Alveg sama gerist á Norðurlandi býst ég við í flestum tilvikum. Þetta eru mjög myndarleg fyrirtæki, en þau hafa flest byggt sig þannig upp að ekki er auðvelt að sveifla fyrirtækinu frá frystingu yfir í skreið og saltfiskvinnslu. Lagt hefur verið í gífurlega fjárfestingu, mikið af vélum og búnaði sem eingöngu er ætlað til frystingar. Fólkið í byggðarlögunum ætlast til að hafa atvinnu af fyrirtækjunum, og við vitum að saltfisk- og skreiðarvinnsla skapar ekki nálægt því eins mikla vinnu og frysting. Þess vegna eiga menn ekki eins auðvelt og menn vildu vera láta með að breyta til í fiskvinnslunni.

Ég held að ekki verði í framtíðinni ætlast til þess, að heil atvinnugrein verði rekin með hinn svokallaða „núllpunkt" fyrir augum. Það verður að ætla henni einhvern möguleika til ágóða í framtíðinni, og við verðum að muna það, þegar við erum að ræða þessi mál, að fyrirtækjum sveifla menn ekki í kringum sig eins og sópi nú á tímum.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég tek heils hugar undir það með hv. þm., að menn þurfa að sameinast um að finna aðra leið en olíugjaldið til að standa undir olíukostnaði útgerðarinnar og einmitt, eins og hann sagði og ég hygg að ég hafi sagt í minni framsögu, leið sem leiðir til olíusparnaðar. Ég verð hins vegar að segja að það er ekki aldeilis svo, að þetta olíugjald hafi verið stöðugt árin tvö. Í mars 1979 var olíugjaldið 2.5%, í júní 1979 var það ákveðið 7%, í júlí 1979 var það ákveðið 15%, en þar af 3% til hlutaskipta, svo að við getum sagt að það hafi verið 12% fram hjá hlutaskiptum, í okt. 1979 9%, í febr. 1980 5% og í apríl 1980 2.5%. Það hefur því aldrei verið eins lengur en eitt fiskverðstímabil. En þetta er ákaflega eðlilegt, vegna þess að hækkanir á olíu hafa verið breytilegar frá einu tímabili til annars og því hefur olíugjaldið verið notað sem eins konar öryggisventill. Það tel ég vera eðli olíugjaldsins og er því hlynntur að þannig sé með það farið. Þm. hafa ekki til þessa gert við það aths.

Ég rakti áðan þá miklu hækkun sem hefur orðið á olíu núna, þ. e. yfir 30%, og því var talið nauðsynlegt, því miður, eins og ég sagði, að hækka olíugjaldið að þessu sinni.

Ég get einnig tekið undir það með hv. þm., að ákaflega vafasamt er að reka fiskvinnsluna í núllpunktinum eins og gert hefur verið árum saman. Það er ekki fært. Hins vegar þarf fyrst að komast í núllið áður en komist verður í plúsinn, og að því hefur verið unnið í sumar.

Ég verð að lýsa undrun minni yfir því, sem hv. þm. sagði um 6% halla fiskvinnslunnar. Ég hef ekki heyrt slíka tölu fyrr. Sjálfir hafa fiskvinnslumenn sagt að þarna bæri 2% á milli Þjóðhagsstofnunar og fiskvinnslunnar. M. a. af þeirri ástæðu lagði ég til við Þjóðhagsstofnun að endurgreiðsla af gengishagnaði yrði ekki tekin með í útreikninga Þjóðhagsstofnunar, en það er rúmlega 1%, og á það var fallist svo að það mætti jafna að einhverju þennan ágreining um vaxtabyrðina. Ég veit ekki hvort hv. þm. átti við stöðu fiskvinnslunnar eftir síðustu grunnkaupshækkun eða fyrir. (Gripið fram í.) Já, eftir. Ég er honum alveg sammála um að það er halli á fiskvinnslunni eftir. Ef hún er í núlli fyrir ber hún ekki 10% hækkun launa eftir á. Halli fiskvinnslunnar eftir á er að mati Þjóðhagsstofnunar 3%.

Sjálfsagt er að þessu verður að mæta. Það er engin leið önnur til en að mæta því. Við getum ekki rekið fiskvinnsluna með halla. Ég trúi því ekki, að þeir menn, sem kynntust því í sumar að fiskvinnslan stöðvaðist eða var við að stöðvast, skilji ekki að í veg fyrir slíkt verður að koma. Um það hefur þegar verið fjallað í ríkisstj. og ráðstafanir verða gerðar til að leiðrétta þann mun sem þarna er á orðinn.

Ég vil jafnframt taka undir það með hv. þm., að ekki er hægt að ætlast til þess, að fullkomið frystihús, eins og hann nefndi, á Vestfjörðum geti sveiflast á milli frystingar og saltfisks. Það dettur engum manni í hug. En ég vek athygli á því, að þorsk- og botnfiskaflinn hefur aukist verulega undanfarin ár. Þorskfiskaflinn var um 360 þús. lestir í fyrra, en verður nú að öllum líkindum nálægt 400 þús. lestum, svo að frystihúsin hafa fengið meiri afla úr að vinna og ættu því síður að þurfa að sveiflast á milli ef frystingin er a. m. k. arðbær. Sömuleiðis hygg ég að sjómenn geti fagnað því að hafa meiri þorskafla til að bera á land en þeir hafa áður haft og það bæti afkomu þeirra. Ég er satt að segja nokkuð bjartsýnn að þessu leyti eftir síðustu spádóma Hafrannsóknastofnunar. Þar virðist ekki sú vá fyrir dyrum sem áður var talin. Hafrannsóknastofnun telur í bréfi, sem ég hef fengið fyrir nokkru, að óhætt sé að reikna með 400 þús. tonna þorskafla á ári og samt muni hrygningarstofn þorsksins styrkjast, en þetta eru að sjálfsögðu allt aðrar upplýsingar en við höfðum áður. Ég bíð nú eftir lokahugmyndum Hafrannsóknastofnunar. Ég hef óskað eftir því að hún gefi upp þróun þorskstofnsins miðað við ákveðinn afla á ári í 5 ár, þannig að menn geti þá valið á milli leiða til þeirrar þróunar sem menn vilja hafa. Þetta er jákvætt bæði fyrir útgerð og fiskvinnslu.

Að öðru leyti þarf ég ekki að gera aths. Ég stóð ekki síst upp til þess að taka undir það með hv. þm., að bæði þarf að finna aðra leið út úr olíugjaldinu og vitanlega verður rekstrargrundvöllur frystihúsanna að vera tryggður.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til sjútvn. með 13 shlj. atkv.

Vitamál, frv. (þskj. 58). — 1. umr.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um vitamál, sem er á þskj. 58. Frv. um þetta er nú flutt óbreytt í þriðja sinn, en það var fyrst lagt fyrir Alþingi haustið 1978 og síðan aftur haustið 1979, en varð í hvorugt skiptið útrætt.

Aðdragandi þessa máls er sá, að samgrh. skipaði haustið 1974 þriggja manna nefnd til að endurskoða lög frá 1933 um stjórn vitamála og vitabyggingar og semja nýtt lagafrv. um þessi efni. Nefndin lauk störfum í árslok 1976 og lagði fram tillögur til nýrra vitalaga. Frv. var síðan vandlega yfirfarið af starfsmönnum samgrn. og nokkrar breytingar á því gerðar.

Með þessu frv. er gert ráð fyrir að ýmis eldri lög og reglugerðir falli úr gildi, sem flest eru orðin úrelt og ekki eru í samræmi við breytta tíma og ný viðhorf, en elstu lög um vitamál, sem nú eru í gildi, eru frá árinu 1899, þ. e. lög um afhendingu lóða til vitabygginga o. fl.

Í lögunum frá 1933, sem áður er getið og fjalla um stjórn vitamála og vitabyggingar, fjallar I. kaflinn um stjórn vitamála. Kaflinn er nú að verulegu leyti úreltur. Meginuppistaða laganna er upptalning á þeim vitum sem byggja skyldi, en á þeirri tæpu hálfu öld, sem síðan er liðin, hafa flestir þeir vitar verið byggðir, sem þar er getið, eða aðrir á nálægum stöðum sem koma í þeirra stað. Eins og kunnugt er hafa orðið róttækar breytingar á útgerðarháttum og tækni á þessu tímabili og hefur það einnig stuðlað að því að þessi meginkafli laganna er orðinn úreltur.

Í gildandi lögum og reglum eru mörg ákvæði óljós um hlutverkaskiptingu og ábyrgð við gerð og rekstur vita og sjómerkja. Í frv. er reynt að gera þeim málum slík skil að fullkomlega sé ljóst hver skuli annast og bera ábyrgð á hinum mismunandi tegundum sjómerkja.

Um vitagjald hafa gilt sérstök lög, nú lög nr. 61 frá 29. maí 1972. Þegar gjaldið var sett á var það þýðingarmikill tekjustofn, enda var mikill hluti vitakerfisins byggður upp fyrir fjármuni sem urðu til af vitagjaldinu. Vitagjaldið hefur hins vegar ekki hækkað til jafns við verðbólgu og er raunar orðið gagnslaus tekjustofn. Þannig er gert ráð fyrir í fjárlagafrv. fyrir næsta ár að tekjur af vitagjaldi verði 18 millj. kr. Því er gert ráð fyrir því í frv., að vitagjaldinu verði að nokkru breytt, þannig að það komi jafnar niður á notendum vitakerfisins, og auk þess sé það ákveðið í reglugerð í stað laga til þess að auðveldara sé að halda gjaldinu eðlilegu. Gert er ráð fyrir því í frv., að vitagjaldinu sé einvörðungu varið til rekstrar og endurbóta á vitakerfinu og með tilliti til þess sé komið á fót nefnd vitamálastjórn og rn. til ráðleggingar um það, hvernig gjaldinu skuli varið. Aðilar að nefndinni eru jafnframt notendur vitanna og um leið greiðendur vitagjaldsins. Þeir fá þannig aðild að ákvarðanatöku varðandi notkun gjaldsins. Er með því stefnt að því, að fénu verði varið á sem hagkvæmastan hátt.

Með frv. í heild er stefnt að því að breyta gömlum og úreltum lögum og fá á þau nýtt form sem fellur að breyttum tímum. Ég vona að þessi orð mín hafi sannfært hv. þm. um að það er sannarlega kominn tími til að breyta vitalögunum, sem eru orðin eins gömul og ég hef rakið, a. m. k. í ákveðnum þáttum.

Ég vil taka það fram, að ég legg ekki á það neina úrslitaáherslu að frv. fari í gegn eins og það er nú orðið. En ég legg hins vegar á það áherslu, að frv. um vitamál verði afgreitt á þessu þingi, og ég leyfi mér að vona að sú n., sem fær málið til meðferðar, skoði það í því ljósi og geri þá breytingar ef henni sýnist nauðsynlegt.

Ég vil síðan, herra forseti, að lokinni þessari umr. leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. samgn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til samgn. með 12 shlj. atkv.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum, frv. (þskj. 79). — 1. umr.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Enn mæli ég fyrir frv. í þessari hv. deild og nú frv. til l. um breyt. á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum, nr. 5 13. febr. 1976, og er það þskj. 79.

Núverandi útflutningsgjald er 5.5% af fob-verðmæti útfluttra sjávarafurða og er það nær almenn regla. Í eldri lögum um útflutningsgjald — fyrir breytingu á sjóðakerfi sjávarútvegsins 1976 — var heimilað að draga frá fob-verðmæti saltsíldar ákveðna fjárhæð vegna umbúðakostnaðar. Það er ekki óeðlilegt þar sem umbúðakostnaður er mikill hluti af framleiðsluverðmæti saltsíldar, en að sjálfsögðu, eins og hv. þm. vita, eru þessar umbúðir innfluttrar og síðan fluttar út aftur. Þessi heimild var notuð t. d. á árinu 1975. Við sjóðakerfisbreytinguna var þessi heimild felld niður, enda var útflutningsgjald þá lækkað og reynt að afnema sem flest sérákvæði.

Síldarsöltun hefur algera sérstöðu, eins og ég rakti áðan, og þykir því rétt að flytja nú frv. um niðurfellingu þessa gjalds að þessu sinni.

Þetta er forsenda fyrir þeirri verðákvörðun sem samkomulag varð um á milli kaupenda og seljenda. Ég taldi ekki annað fært en að fallast á þetta samkomulag, enda eru forsendur mjög sterkar fyrir því, að þetta sé gert.

Kostnaður við hverja tunnu og einkum kostnaður við sérstök hjálparefni, svo sem krydd og sykur, hefur hækkað verulega frá því í fyrra, úr því að vera 10 þús. kr. í um 15600 kr. fyrir hver 100 kg innihalds í tunnu.

Jafnframt er lagt til að gerð verði samsvarandi breyting og gerð var í fyrra með lögum nr. 101/1979 til lækkunar á útflutningsgjaldi til þess að greiða fyrir síldveiðum og síldarsölu á þessari vertíð, einkum ediksöltuðum síldarflökum eða söltuðum síldarflökum sem verkuð eru á svipaðan hátt. Þessi síldarflök eru seld til Efnahagsbandalagslanda, fyrst og fremst til Vestur-Þýskalands, en þar hefur orðið sú þróun upp á síðkastið að tollur hefur verið lagður á útfluttar síldarafurðir frá löndum utan Efnahagsbandalagsins. Enginn tollur var innheimtur fyrst, síðan 3% og nú 5% þannig að með þeim tolli reynist ógerningur að ná því verði sem um hefur verið samið við seljendur.

Ég vil jafnframt geta þess, að því miður eru á þessum markaði mjög miklar blikur á lofti nú. Þar eru kröfur um enn meiri hækkun á unnum síldarafurðum. Rætt er um toll frá 7.5% í 20%. Um þetta hefur verið rætt við hæstv. viðskrh., sem mun taka þessi mál til meðferðar í viðræðum við Efnahagsbandalagið um slík tollamál. Þarf ekki að taka fram að hækki tollur svo er nokkurn veginn örugglega girt fyrir sölu á saltaðri síld til Efnahagsbandalagslanda.

Önnur ástæða, sem mér þótti nauðsynlegt að taka tillit til þegar ég ákvað að leggja fram umrætt frv., er sú staðreynd að sala á síld nú virðist ýmsum vandkvæðum bundin. Að vísu hafa náðst betri samningar um saltsíld en menn gerðu sér vonir um, fyrst við Svía og síðan við Rússa. Þar er selt fyllilega það magn sem menn gera ráð fyrir að unnt verði að vinna. Hins vegar er sala á frystri síld erfiðleikum háð og alger óvissa um þá sölu. Sölustofnanir hafa ekki getað gefið upp ákveðið magn til frystingar. Þetta er vandamál sem hlýtur að koma til umfjöllunar næstu daga, því þá verður að fullu saltað upp í þá samninga sem tekist hefur að gera um sölu á saltaðri

síld. Af þessari ástæðu þótti mér jafnframt nauðsynlegt að stuðla að því að selja mætti ediksaltaða og sérverkaða síld til Vestur-Þýskalands.

Herra forseti. Að þessum orðum sögðum og lokinni þessari umr. legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 12 fundur.

Miðvikudaginn 5. nóv., kl. 2 miðdegis.

Framleiðslueftirlit sjávarafurða, frv. (þskj. 25). — 1. umr.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umfjöllunar um breyt. á lögum nr. 108 frá 31. des. 1974, um Framleiðslueftirlit sjávarafurða, er nú flutt í þriðja sinn. Á tveimur undanförnum þingum hefur málið dagað uppi ekki vegna ágreinings um efni þess svo að mér sé kunnugt, heldur fyrst og fremst vegna mikilla anna á Alþingi.

Jafnframt þessu frv. hefur hæstv. menntmrh. flutt frv. til l. um breyt. á lögum nr. 55 frá 1971, um Fiskvinnsluskóla. Eru þessi tvö frv. mjög samtvinnuð þannig að þýðingarlítið er að afgreiða annað án þess að hitt hljóti hiðstæða afgreiðslu. Frv. þessi voru samin af nefnd þriggja manna sem sjútvrh. skipaði 18. apríl 1978. Nefndina skipuðu þeir Ingimar Einarsson deildarstjóri í sjútvrn. Jóhann Guðmundsson forstöðumaður Framleiðslueftirlits sjávarafurða og dr. Jónas Bjarnason formaður skólanefndar Fiskvinnsluskólans.

Meginmarkmiðið með þessum frv., ef að lögum verða, er að tryggja réttarstöðu fiskiðnaðarmanna, er þeir hafa lokið prófi frá Fiskvinnsluskólanum, og setja skýrari ákvæði um lokapróf, verkleg próf, svo og starfsþjálfun að prófi loknu. Jafnframt er stefnt að því að afmarka betur en nú er gert hlutverk þessara stofnana varðandi námskeiðahald fyrir matsmenn svo og endurmenntun þeirra.

Í þriðju mgr. 10. gr. laga nr. 55 frá 1971 um Fiskvinnsluskóla segir:

„Til þess að öðlast starfsréttindi sem fiskiðnaðarmaður skal nemandi hafa staðist próf upp úr fiskiðndeild og auk þess lokið 11 mánaða skipulagðri starfsþjálfun, sem lyktar með prófi eða sérstöku verkefni.“ — Þau réttindi, sem hér um ræðir, eru ekki skilgreind nánar.

Í 2. málsgr. 9. gr. laga nr. 108 frá 1974, um Framleiðslueftirlit sjávarafurða, segir hins vegar: „Lögreglustjóri löggildir matsmenn samkv. tilnefningu forstjóra Framleiðslueftirlits sjávarafurða.“

Ekki hafa verið settar neinar reglur um hvað forstjóri Framleiðslueftirlitsins skuli miða við eða styðjast við varðandi tilnefningu matsmanna til löggildingar. Varðandi mat á saltfiski, skreið og síld hefur venjan verið sú, ef maður hefur viljað afla sér löggildingar sem matsmaður, hvort heldur um hefur verið að ræða fiskiðnaðarmann eða óskólagenginn mann, að hann hefur verið látinn starfa með löggiltum matsmanni ótiltekinn tíma uns hinn löggilti matsmaður hefur talið viðkomandi mann hafa sýnt nægilega hæfni til að starfa sjálfstætt og hljóta löggildingu sem slíkur. Síðan hefur komið til kasta forstjóra Framleiðslueftirlitsins að meta niðurstöður hins löggilta matsmanns hverju sinni og gera tillögu til lögreglustjóra um löggildingu.

Þetta fyrirkomulag þykir hafa skapað óviðunandi aðstöðu fyrir fiskiðnaðarmenn, og tel ég ekki óeðlilegt að afmarkað sé námsefni og námstími að sérskólanámi loknu til lokaprófs sem veitir matsréttindi. Fyrir því er lagt til í 2. gr. frv. þessa að settar séu nýjar, fastmótaðar reglur um þau skilyrði sem fiskiðnaðarmenn er lokið hafa prófi frá Fiskvinnsluskólanum þurfa að uppfylla til þess að þeir að þeim skilyrðum fullnægðum geti hlotið löggildingu sem fiskmatsmenn fyrir saltfisk, skreið og saltsíld. Aðrir menn, sem vilja afla sér löggildingar sem matsmenn, verða að hlíta þeim skilyrðum sem nú eru í gildi. Fiskiðnaðarmenn hafa hins vegar viðstöðulaust hlotið löggildingu til ferskfiskmats og freðfiskmats og verður svo væntanlega áfram.

Í 2. gr. frv. eru einnig sett aðhaldsákvæði sem ætlað er að tryggja að fiskiðnaðarmenn, sem mat vilja stunda, haldi við þekkingu sinni.

Þá er og með 2. gr. frv. sú breyting gerð, að framvegis löggildi sjútvrn. matsmenn í stað lögreglustjóra. Þetta ætti að vera til hagræðis og bóta að öðru leyti vegna tengsla rn. við Framleiðslueftirlit sjávarafurða. Það ætti einnig að geta leitt til samræmdari krafna og reglna um löggildingu.

Í 3. gr. laga nr. 55 frá 1971, um Fiskvinnsluskóla, er mælt fyrir um skyldu skólans til að halda námskeið fyrir starfsfólk í hinum ýmsu greinum fiskiðnaðarins. Í 4. tölulið 1. málsgr. 4. gr. reglugerðar nr. 71 frá 1973, um mat á saltfiski til útflutnings segir að Fiskmat ríkisins skuli hafa námskeið fyrir fiskmatsmenn samkv. nánari ákvæðum þar um. Þessi reglugerð er eldri en lögin um Framleiðslueftirlit sjávarafurða. Samkv. sérstöku ákvæði í 19. gr. laga nr. 108 1974, um Framleiðslueftirlitið, heldur fyrirgreind reglugerð þá enn gildi sínu. Í lögunum sjálfum eru hins vegar ekki nein bein ákvæði um námskeið á vegum Framleiðslueftirlitsins, en í 3. mgr. 2. gr. eru almenn fyrirmæli um að það skuli veita leiðbeiningar um fiskverkun og meðferð sjávarafurða.

Rétt er að taka fram að ágreiningur varð í nefndinni um nokkur atriði, en meginefni frv. þessa og frv. um Fiskvinnsluskólann voru nefndarmenn sammála um.

Jóhann Guðmundsson gerði ágreining um nokkur atriði og skal þeirra helstu getið:

1. Hann taldi nauðsyn bera til að námskeið fyrir matsmenn yrði áfram á vegum Framleiðslueftirlitsins þrátt fyrir ákvæði í lögum um Fiskvinnsluskólann um að hann skuli annast slík námskeið.

2. Hann taldi nauðsynlegt að Framleiðslueftirlitið fengi fulltrúa í skólanefnd Fiskvinnsluskólans.

3. Hann gagnrýnir ákvæði frv. þessa um að löggilding matsmanna sé færð frá lögreglustjóra til sjútvrn.

Um þessi atriði er rætt í grg. fyrir frv. og enn ítarlegar í nál. En meiri hl. nefndarinnar gat ekki fallist á sjónarmið Jóhanns Guðmundssonar og eru því frv. þetta, frv. um Fiskvinnsluskólann og grg. með þeim að efni til reist á skoðunum meiri hl. að því leyti sem um ágreining var að ræða.

Ágreiningurinn af hálfu Jóhanns Guðmundssonar, sem ég rakti áðan, kemur skýrast fram í bréfi sem hann ritaði mér 27. okt. s. l. Ég mun sjá til þess, að sú hv. nefnd, sem málinu verður vísað til, fái í hendur nál.

þeirra þremenninganna svo og bréf Jóhanns Guðmundssonar.

Tæpast verður talin ástæða til að tveir aðilar haldi námskeið um sama efni, þ. e. meðferð og mat sjávarafurða. Vegna ótvíræðra ákvæða í lögum um Fiskvinnsluskólann um skyldu hans til að halda þess háttar námskeið þykir rétt að hann sinni þeirri skyldu sinni, en að Framleiðslueftirlitið láti honum í té æskilegt og nauðsynlegt fulltingi í því efni. Þetta fyrirkomulag ætti einnig að létta nokkrum kostnaði af Framleiðslueftirlitinu. Jafnframt frv. þessu er því, eins og áður segir, flutt af hæstv. menntmrh. frv. til l. um breyt. á lögum um Fiskvinnsluskólann, sem er í nánum tengslum við efni þessa frv. Er æskilegt að þau fylgist að í meðferð þingsins og hljóti afgreiðslu nokkuð samtímis, eins og ég hef áður bent á. Ég leyfi mér einnig að láta í ljós þá eindregnu von, að mál þessi fái fullnaðarafgreiðslu, enda sýnist mér varla vansalaust ef þau dagaði uppi í þriðja sinn.

Að öðru leyti leyfi ég mér að vísa til grg. með frv. og gera að till. minni að þessu máli verði vísað til hv. sjútvn. að 1. umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til sjútvn. með 29 shlj. atkv.

Fiskvinnsluskóli, frv. (þskj. 12). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til sjútvn. með 26 shlj. atkv.

Orlofssjóður aldraðra, frv. (þskj. 45). — 1. umr.

Flm. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Frv. þetta, sem er á þskj. 45, er ekki mikið að vöxtum, þó svo að það geti skipt nokkra einstaklinga talsverðu máli. Eins og fram kemur í heiti frv. er hér fjallað um Orlofssjóð aldraðra. Markmiðið með flutningi frv. er að benda á leið til þess að auðvelda öldruðu fólki að njóta þeirrar tilbreytingar sem orlofsdvöl getur veitt. Staðreyndin er sú, að menn eru ekki jafnt settir í okkar þjóðfélagi í dag hvað varðar töku orlofs. Margt af því gamla fólki, sem á sína starfsævi að baki, á engan kost á að njóta orlofsdvalar með sambærilegum hætti og starfandi fólk. Á síðari árum hefur ýmislegt verið gert til þess að ráða bót á þessu, bæði af hálfu sveitarfélaga, áhugamannafélaga og jafnvel ferðaskrifstofa. Staðreyndin er samt sem áður sú, að margt af gamla fólkinu á Íslandi á þess engan kost að létta sér upp, bregða sér af bæ og njóta orlofsdvalar eins og aðrir.

Hugmyndin í frv. þessu er að á þessum málum skuli tekið þannig, að stofnaður verði og geymdur í vörslu félmrn. sérstakur sjóður er nefnist Orlofssjóður aldraðra. Hlutverk hans skal vera að styðja með framlögum, lánum og annarri fjárhagslegri fyrirgreiðslu orlofs- og sumardvalarstarfsemi fyrir aldrað fólk, sem skipulögð verði af sveitarfélögum, félögum, fyrirtækjum eða öðrum þeim sem félmrn. viðurkennir, í öðru lagi að styðja efnalítið aldrað fólk til þátttöku í slíkri orlofsstarfsemi og í þriðja lagi hugsanlega að reka orlofsbúðir fyrir aldrað fólk. Segir í frvgr. að menntmrn. skuli í því sambandi leggja sjóðnum til yfir sumartímann endurgjaldslaus afnot af húsnæði, vélum og tækjum a. m. k. tveggja heimavistarskóla samkv. nánara samkomulagi og ríkissjóður greiða laun starfsfólks og þjónustufólks, en Orlofssjóður aldraðra annan rekstrarkostnað.

Mál þessi komu m. a. til umr. á Alþ. í fyrra vegna þáltill. sem hv. þm. Helgi Seljan flutti þá um hagnýtingu á heimavistarskólum og öðrum slíkum skólastofnunum. Þá benti ég m. a. á að margir af þessum skólum, sem ekki eru starfræktir yfir sumartímann, ekki heldur í þágu veitinga- eða gistihúsareksturs, væru ákaflega vel búnir að húsnæði, vélum og tækjum og stæðu auðir. Ég get t. d. nefnt skóla, sem þetta á við, í mínu kjördæmi, og slíkir skólar munu finnast í öllum kjördæmum landsins.

Mjög vel gæti komið til greina að einum eða tveimur slíkum skólum yrði, í tilraunaskyni fyrst framan af, breytt í sumarbúðir eða orlofsheimili fyrir aldrað fólk, sem ekki þarf á neinni sérstakri hjúkrunaraðstoð að halda, hefur ferlivist og hefur gaman af því að bregða sér af bæ og þarf á því að halda að breyta um umhverfi eins og allt annað fólk í þessu landi. Það þarf ekki endilega að vera, að slík starfsemi kosti mikið fé eða þá að rétt sé að láta rekstur hennar í hendurnar á slíkum orlofssjóði eins og hér er gerð till. um. Aðalatriði málsins er að hugleitt sé hvort með þeim hætti mætti taka á vanda gamla fólksins án mjög mikilla fjárútláta fyrir ríkissjóð.

Þá er það einnig vitað, að í málefnum aldraðra ríkir sérstakt neyðarástand í þessu landi. Það er fjölmargt aldrað fólk sem býr við ótrúlega lök lífsskilyrði og á hvergi höfði sínu að halla. Ég býst við því, að sérhver okkar, þessara 60 þm. sem eiga sæti á Alþ., hafi á síðustu mánuðum þurft að hafa afskipti af eða reyna að greiða fyrir gömlu fólki sem býr við slíkar aðstæður að orð fá ekki lýst. Ýmsir þm. í þessari hv. deild eru þeim málum vel kunnugir. Þarna ríkir sérstakt neyðarástand. Frv. eins og hér er um að ræða getur að sjálfsögðu ekki leyst neyðarástand þessa gamla fólks sem hírist sjúkt og fátækt í húshræjum hér í Reykjavík og í grennd sem ekki eru manneskjum bjóðandi. Til þess að leysa vandamál þess fólks þarf miklu meira átak en gert er ráð fyrir í frv. þessu. En hitt er eigi að síður staðreynd, að á mörgum einkaheimilum í borginni og víðs vegar um landið er fullorðið fólk, gamalt fólk, sem hefur lokið starfsævi sinni, en er ekki tiltakanlega sjúkt eða með slaka heilsu og býr hjá vinum og vandamönnum.

Þó svo að þetta fólk þurfi ekki mikillar aðhlynningar við, þá vill það oft verða svo, að það, að þetta fólk skuli vera á heimilum ættingja sinna, hefur vissar skyldur í för með sér fyrir ættingjana og er nokkuð bindandi. Margt af þessu gamla fólki er þannig skapi farið, að það er ákaflega viðkvæmt fyrir því, ef því finnst að það sé farið að liggja upp á vandafólki sínu eða vera því fjötur um fót. Það er fljótt að finna fyrir þessu og tekur það ákaflega nærri sér, ef því finnst að það standi í veginum fyrir börnum sínum eða öðrum vinum og vandamönnum vegna þess að það þurfi að hafa það til vistunar.

Aðgerðir af svipuðu tagi og frv. þetta gerir ráð fyrir, þ. e. að ríkissjóður stuðli fyrir sitt leyti að því, að gamalt fólk, sem hefur ferlivist og þarf ekki sérstakrar aðhlynningar við, geti notið þeirrar tilbreytingar sem í orlofsdvöl felst, mundu létta þennan vanda gamla fólksins, sem býr hjá vinum og vandamönnum, og enn fremur þann vanda

vina og vandamanna, sem vilja vista gamla fólkið hjá sér, að vera bundið heima eiginlega allt árið, án þess að mega víkja frá. Með því að greiða fyrir því, að gamalt fólk geti farið í sumardvöl eða notið orlofs eins og aðrir landsmenn, er í senn verið að leysa vanda þess gamla fólks, sem á starfsævina að baki og þarfnast tilbreytingar og jafnstöðu á við aðra þegna þessa þjóðfélags hvað orlofsmálin varðar, og þeirra fjölmörgu einstaklinga, sem hafa gamalt fólk í vistun hjá sér, en eru meira og minna bundnir allt árið vegna þess að gamla fólkinu gefst lítið sem ekkert tækifæri til að bregða sér af bæ.

Í 2. gr. er síðan lagt til að tekjur Orlofssjóðs aldraðra eigi að vera árlegt framlag úr ríkissjóði, eins og það kann að vera ákveðið í fjárlögum hverju sinni. Það er sem sé ekki lagt til að framlag ríkisins verði bundið við einhverja hlutfallstölu eða einhverja upphæð, heldur að það verði ákveðið af Alþ. hverju sinni, og auk þess hafi sjóðurinn ýmsar aðrar tekjur sem til kunna að falla, svo sem vaxtatekjur, fjárframlög og annað slíkt.

Í 3. gr. er ákveðið að ráðh. setji með reglugerð nánari fyrirmæli um starfsemi sjóðsins, og er félmrh. raunar í sjálfsvald sett hvernig fyrirkomulag á þessum sjóði verður, þ. á m. hversu mikils umfangs starfsemin krefst. Það fer að sjálfsögðu eftir því í fyrsta lagi, hvað Alþ. rausnast til að veita af fé til þessarar starfsemi, og í öðru lagi, hvaða umfang félmrh. og félmrn. teldu eðlilegt að slík starfsemi hefði.

Við flm. þessa frv., sem auk mín er hv. þm. Magnús H. Magnússon, teljum eðlilegt að slík atriði séu frekar ákvörðuð af framkvæmdavaldinu, þ. e. hæstv. félmrh., en að Alþ. sé að gefa fyrirmæli í þessu sambandi.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um þetta mál. Það er ekki stórt miðað við ýmis önnur þau mál, sem við fjöllum um hér á Alþ., og sú hugmynd, sem að baki býr, er einföld og ljós. Við flm. frv. einskorðum okkur ekki við að framkvæmd þeirrar hugmyndar þurfi endilega að vera sú hin sama og lagt er til í frv. Meginatriði málsins er að hugmyndin komist á framfæri og til framkvæmda, að öllum þegnum þessa þjóðfélags sé tryggður jafn orlofsréttur, án tillits til aldurs, og jafnframt að menn geri sér ljóst að það er ekki nægilegt að búa bara til félagsmálapakka fyrir það fólk, sem er fullvinnandi og hefur bæði óskerta starfsorku og fullar aflatekjur. Við megun ekki gleyma þeim borgurum okkar ágæta lands, sem eiga sína starfsævi að baki. Gamla fólkið er vissulega einginn þrýstihópur. Það hefur ekki með sér nein slík samtök, hvorki til þess að þrýsta á Alþ. né ríkisvald, en það er engu að síður ástæðulaust að því sé alfarið gleymt, og það er vissulega rétt af ríkisvaldinu að styðja við þá starfsemi sveitarfélaga, einstaklinga og áhugaaðila, sem vilja gæða síðustu ár gamla fólksins meira lífi. Við flm. þessa frv. teljum rétt að til greina komi að ríkisvaldið geri það m. a. með þeim hætti sem lagt er til í frv. þessu.

Herra forseti. Ég hef svo ekki fleiri orð fyrir þessu frv. nema sérstök ástæða gefist til, en legg til að því verði vísað til 2. umr. og hv. félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til félmn. með 22 shlj. atkv.

Niðurfelling á opinberum gjöldum barna 1980, frv. (þskj. 51). — 1. umr.

Flm. (Halldór Blöndal): Herra forseti. Ég hef ásamt hv. 1. landsk. þm., Pétri Sigurðssyni, og hv. 1. þm. Vestf., Matthíasi Bjarnasyni, flutt frv. til laga um niðurfellingu á opinberum gjöldum barna á árinu 1980. Þetta frv. er einfalt í sniðum, aðeins ein grein svohljóðandi: „Álagður tekjuskattur, útsvar, sjúkratryggingagjald og kirkjugarðsgjald á börn, sem voru innan 16 ára aldurs og á tekjuárinu 1979, falla niður á skattárinu 1980 og koma til endurgreiðslu, þar sem þau hafa verið greidd.“ Og svo 2. gr.1 „Lög þessi öðlast þegar gildi.“

Ég geri ráð fyrir því, að hv. þdm. sé það fullkunnugt, að ég er í hópi þeirra manna sem telja að tekjuskatturinn, eins og hann hefur verið á lagður, sé mjög ranglátur og keyri raunar úr hófi fram. Auðvelt er að sýna fram á að heimili, sem eru rétt með þurftartekjur, eru látin standa skil á tilfinnanlegum sköttum, og jafnvel þótt talað sé um það, að skattaeftirlit hafi verið hert á undanförnum árum, mun reynslan vera sú, að þetta skattaeftirlit beinist fyrst og fremst gegn launþegum, þó svo að fyrir liggi að þeir eru sá hópur þjóðfélagsþegna sem beinu skattarnir beinast fyrst og fremst gegn.

Þessar hugmyndir, að háir beinir skattar, stighækkandi skattar, geti leitt til tekjujöfnunar í þjóðfélaginu og orðið til hagsbóta fyrir launþega í sambandi við skiptingu þjóðarteknanna, — þessar hugmyndir eru frá 19. öld, og ég hef einhvers staðar lesið að jafnvel megi rekja þær allt til Karls Marx og Engels, svo það er ekki undarlegt þótt sumir vilji halda dauðahaldi í þetta. Þess hefur líka orðið vart innan verkalýðshreyfingarinnar, að ýmsir afturhaldssamir forustumenn hennar hafa ekki skilið breytta tíma og hafa neitað þeirri staðreynd, að beinu skattarnir — eins og framkvæmd þeirra hefur verið hér á landi — eru fyrst og fremst launþegaskattar. Þetta verður augljóst ef menn bera saman skattskrárnar og ráðstöfunartekjur fjölskyldnanna. Við sjáum að það eru engin bein tengsl þar á milli, að þeir, sem lægsta bera skattana, fari í fæstar utanlandsferðirnar, eigi verstu bílana eða búi í lélegustu húsunum. Þarna á milli er ekkert samræmi. Og þessi reynsla er ekki aðeins hér á landi, heldur hvarvetna annars staðar, að þessir háu beinu skattar ná fyrst og fremst til þeirra sem eru launþiggjendur. Og svo að sjálfsögðu, ef maður tekur einhverjar tegundir atvinnurekstrar út úr, þá er það augljóst, að sjávarútvegurinn greiðir náttúrlega það sem honum ber samkvæmt gildandi lögum hverju sinni af beinum sköttum. Þar sem hins vegar er um þjónustugreinar að ræða er auðveldara að skjóta sér undan. Jafnvel þó bókhaldslög séu í landinu ná þau skammt, þegar af þeirri ástæðu að sá, sem tekjurnar hefur, ákveður sjálfur hvað hann skrifar í bækurnar. Og það er enginn til frásagnar um þá þjónustu sem veitt er. Ég veit að ég er ekki að upplýsa þingheim um neitt óvænt sem hann veit ekki áður. Allir þm. vita það ofurvel, að því fer víðs fjarri að allar tekjur, sem myndast í þessu þjóðfélagi, séu taldar fram til skatts. En eins og skattalögin voru samþykkt hér á sínum tíma, og sérstaklega eins og skattstiginn var ákveðinn, virðist gengið út frá þeirri forsendu, að allar tekjur hafi komist til skatts, sem að sjálfsögðu er algjör misskilningur og raunar verið að þverskallast gegn betri vitund ef menn reyna að halda því fram.

Eins og mönnum er kunnugt, er það í fyrsta skipti nú á

þessu ári sem börn hafa fengið sérstaka skattseðla senda. Þessir skattseðlar voru ekki sendir til heimilanna fyrr en skólar voru byrjaðir, langt var liðið á árið, og börnunum var þó gert að greiða tilfinnanlegar fjárhæðir, því að í augum þessara unglinga eru nokkrir tugir þúsunda tilfinnanlegar fjárhæðir. Þessir skattseðlar voru á nöfnum þessara barna, og hið opinbera hefur þess vegna ætlast til að börnin stæðu skil á þessum peningum. Nú er það þannig í okkar löggjöf, að við viljum ekki fallast á að börn á þessum aldri geti stofnað til fjárksuldbindinga, geti aðhafst nokkuð það sem veldur því, að til greiðsluskyldu geti komið svo og svo langan tíma. Ef einhver maður lánar barni á þessum aldri fé, þá er krafa hans um endurgreiðslu ólögmæt bæði í lagalegum og siðferðilegum skilningi. Af þessum sökum, af því að ég er samþykkur þessari réttarreglu, get ég ekki á það fallist, að löggjafinn geti með þessum hætti skuldbundið börn, löngu eftir að þau afla teknanna, til að standa skil á einhverjum hluta þeirra til ríkissjóðs eftir dúk og disk. Og raunar get ég fært fyrir því gild rök, að börnin hafi ekki áttað sig á þessu og hafi ekki verið búin undir að mæta þessu.

Ég hef sagt það, að ég geti fallist á að rétt geti verið, miðað við hóflega skattlagningu almennt, að ætla börnum að greiða eitthvern mjög lítinn skatt, minni en gert er ráð fyrir í núgildandi lögum, sem yrði þá tekinn af launum samtímis því sem þeirra er aflað, með sama hætti og skyldusparnaður er tekinn af unglingum um leið og teknanna er aflað, en unglingarnir ekki krafðir um greiðslu á skyldusparnaðinum eftir á, löngu eftir að þeir eru farnir í skóla og hættir að afla tekna. Það er mergurinn málsins í þessu efni, að ríkið sendir ekki sína seðla á heimili barnanna fyrr en þau eru hætt að afla tekna og geta þess vegna ekki staðið skil á þessum greiðslum nema þau hafi sérstaklega haldið til haga peningum til þess að snara út sköttunum. Og það er, eins og ég sagði áðan, siðferðilega rangt. Þjóðfélag, sem þannig býr að sínum minnstu þegnum, getum við hvorki kallað réttlátt þjóðfélag né menningarþjóðfélag hvað skattlagningu snertir.

Ég hef orðið var við það, að ýmsir af forsvarsmönnum mikillar skattheimtu í landinu hafa talað um að áður fyrr hafi tekjur barnanna komið ofan á tekjur foreldra og þess vegna hafi í raun verið greiddir hærri skattar af þeim tekjum en nú er. Ég býst að vísu við að hæstv. forsrh. hafi verið búinn að gleyma þessu þegar hann var að kenna öðrum mönnum um það sem hann greiddi sjálfur atkvæði með á vordögum 1978.

Það er alveg rétt, að við höfum gengið of langt í skattheimtunni lengst af. En þótt tekjur barna hafi verið skattlagðar í gegnum foreldrana áður fyrr, þá réttlætir það ekki þá athöfn, sem nú hefur verið framkvæmd, að senda skattseðlana með þessum hætti til barnanna sjálfra. Það kemur ekki inn á þá mórölsku hlið málsins sem ég tel aðalatriði þess. Og ég vil jafnframt bæta því við, að þegar um þurftartekjur hefur verið að ræða, þá er það ekki rétt að tekjuskattsinnheimtan hafi verið hærri af þessum barnatekjum áður, þótt annað megi segja um útsvarið, eftir að börnin höfðu þó náð vissum tekjum, en nokkur frádráttur var á tekjum barna áður.

Ég hef orðið var við það, bæði í einkasamtölum og af blaðaskrifum, að þetta mál hefur hlotið mjög góðar undirtektir hjá fólki. Síðan þetta frv. var lagt fram hefur a. m. k. eitt sveitarfélag, Mosfellssveit, samþykkt að fella niður útsvar af tekjum barna, og hv. 6. þm. Reykv. hefur lagt til að hið sama verði gert hér í Reykjavík.

Ég vil rifja upp í þessu sambandi að hæstv. fjmrh. hefur hrósað sér mjög mikið af því í blöðum undanfarið, að hagur ríkissjóðs sé sérstaklega góður. Og hæstv. fjmrh. veit einnig, að vegna þeirrar óheyrilegu verðbólgu, sem nú dynur yfir, vegna þess mikla verðbólguvaxtar, sem er í þjóðfélaginu og er miklu meiri en ráð var fyrir gert í fjárlögum, vaxa tekjur ríkissjóðs mun meira en útgjöldin. Þetta vita allir menn, sem komið hafa nálægt fjárlagagerð. Ég sé að hæstv. fjmrh. hristir höfuðið, það sýnir bara að hann er ekki kominn inn í málin enn þá. Þetta hef ég eftir háttsettum embættismönnum sem hafa fengist við fjárlagagerð svo árum skiptir, og þetta er ekki ný bóla, heldur liggur þetta fyrir á borðinu ef við lítum á tekjur ríkissjóðs, t. d. söluskattstekjur ríkissjóðs og einnig tekjur ríkissjóðs af innflutningi og verðjöfnunargjaldi og annað því um líkt. Hækkunin á gjöldunum kemur eftir á, það er algjörlega augljóst mál, t. d. launin. Svo hefur þessi hæstv. fjmrh. í hyggju þar ofan í kaupið að skerða launin, jafnvel 1. des., svo þau koma þá ekki einu sinni til skila.

Þess vegna held ég að þótt hæstv. fjmrh. vilji nú halda dauðahaldi í það að reyna að standa við þau orð sín að skila greiðsluafgangi á þessu ári, þá hafi hann, með því að gera ekkert til þess að hægja á verðbólguhjólinu, búið til nýjar tekjur fyrir ríkissjóð sem svara miklu hærri upphæð heldur en hér er um að ræða, auk þess sem tekjuskatturinn hefur farið 1.5 milljarða fram úr því sem ráð var fyrir gert. Þess vegna yrði ekki um annað að ræða en að hæstv. fjmrh. skilaði til baka 1/3 af því sem hann hefur fengið umfram það sem áætlað var í fjárlagafrv.

Ég vil í þessu sambandi að lokum minna á það, að kaupgjaldsvísitalan er þannig byggð upp, að beinir skattar eru utan við hana, en óbeinir skattar eru yfirleitt í vísitölunni. Þegar vinstri stjórnin var mynduð haustið 1978 viðhafði sú ríkisstj. þau — ég vil segja: brögð, að hækka beina skatta, en lækka óbeina og falsa þannig vísitöluna. Verkalýðshreyfingin undi þessu illa, og eins og við munum í sambandi við efnahagsráðstafanirnar 1. des. það ár hét ríkisstj. því að lækka beina skatta á árinu 1979, en á móti féllst verkalýðshreyfingin með þegjandi samkomulagi á að una því, að kaupgjaldsvísitalan yrði skert um 2%. Niðurstaðan varð sú, að í stað þess að lækka beinu skattana á árinu 1979 voru þeir hækkaðir mjög verulega. Og niðurstaðan af skattkerfisbreytingunni á þessu ári hefur sömuleiðis orðið sú, að beinu skattarnir hafa hækkað verulega frá s. l. ári. Þetta verður augljóst ef menn bera þær tekjur, sem ríkissjóður hefur fengið og fær á þessu ári í gegnum tekjuskattsinnheimtuna, saman við hækkun meðaltekna á þessum árum. Þarna er um verulegar skattahækkanir að ræða, sem allar voru fengnar undir því yfirskini að halda ætti óbreyttri skattheimtu.

Ég þarf svo að lokum ekki að minna hv. alþm. á það, að barnafólkið í landinu er um leið það fólk sem er að byggja upp sín heimili, eignast þak yfir höfuðið og stendur í margvíslegri fjárfestingu til þess að búa í haginn fyrir sig og fjölskyldu sína. Þetta er þess vegna það fólk í landinu sem skuldar mest, og þess vegna eru ráðstöfunartekjur heimilanna miklu minni en áður vegna þeirrar gífurlegu vaxtahækkunar og vaxtabyrði, sem orðin er, og vegna þess að kaupgjaldið í landinu hefur ekki hækkað neitt í líkingu við verðbólguna á s. l. tveim árum. Það

hefur þess vegna orðið æ erfiðara fyrir þetta fólk að framfleyta sínum fjölskyldum, og í mörgum tilvikum hefur þetta fólk orðið að þrengja að sér tilfinnanlega. Sumt af þessu fólki hefur ýmist gefist upp við að halda áfram byggingu íbúða sinna eða hreinlega ekki treyst sér til að fara út í íbúðarkaup eða stækka sínar íbúðir, eins og að því er búið.

Þegar þetta er sett í samhengi við það sem ég hef áður sagt, þá er augljóst að það hlýtur að vera lágmarkskrafa, bæði siðferðilega og einnig með hliðsjón af ráðstöfunartekjum heimilanna, að ríkissjóður skili þessu fé aftur, að barnaskattarnir á árinu 1980 verði felldir niður. Ef einhver hluti alþm. getur ekki unað öðru en að ríkissjóður hafi einhverjar tekjur af vinnu barna innan 16 ára aldurs, þá verði séð svo um, að þeir skattar verði teknir af börnunum um leið og teknanna er aflað. Þetta er algjör lágmarkskrafa sem gera verður til þeirra manna sem fara með stjórn landsins, að þeir hafi þann siðferðilega þroska að horfast í augu við þá staðreynd, að það er með öllu óverjandi að senda börnum bakreikninga, eins og hér hefur verið gert, og koma, eins og einu sinni var sagt, eins og þjófur úr heiðskíru lofti yfir börn þessa lands.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Hv. þm. Halldór Blöndal flytur hér frv. um að allir álagðir skattar og gjöld á börn innan 16 ára aldurs falli niður á þessu skattári. Ég held að þetta mál hljóti að snúast fyrst og fremst um þá dularfullu spurningu, hvers vegna þetta frv. er svo seint fram komið, hvers vegna þessi ræða var ekki flutt fyrr en nú í haust, eftir að álagning hefur farið fram, hvers vegna málið var ekki tekið upp á s. l. vetri og flutt þá með tilheyrandi dramatískum tilbrigðum, ellegar fyrir einu ári, ellegar fyrir tveimur árum, sem auðvitað hefði verið réttast og eðilegast.

Öll vitum við hér inni að frv. um álagningu tekju- og eignarskatts með nýjum hætti var samþykkt sem lög frá Alþingi fyrir tveimur og hálfu ári. Þá átti hv. þm. Halldór Blöndal að vísu ekki sæti hér í þingi og gat því ekki komið í veg fyrir þann óskunda sem þá var ákveðinn, að skattar skyldu lagðir á tekjur barna, eins og raunar ævinlega hefur verið gert, bara með öðru formi. En hann kom hér inn á þing skömmu eftir þetta og hefði getað látið til sín taka eftir að hann var kominn hér, bæði flutt brtt. við gildandi lög frá 1978 og eins hefði hann getað kvakað þegar málið var til meðferðar oftar en einu sinni og oftar en tvisvar hér á þingi á s. l. vetri. Ég get minnt hv. þm. á það, að hann studdi þetta á síðasta þingi með atkvæði sínu, vegna þess að í fyrra sinnið, sem skattalögin voru hér til meðferðar í þinginu, voru þau afgreidd með samhljóða atkvæðum allra þm. (**HBl:** Ég greiddi því ekki atkvæði. Þetta er rangt hjá ráðh.) Ja, a. m. k. kom sú afstaða ekki fram með einum eða neinum hætti. Ég held það væri vissara að fletta upp í bókum þingsins og fundargerðum og fá það á hreint, hvort hv. þm. Halldór Blöndal hafði einhverja aðra afstöðu en aðrir þm. Sjálfstfl. A. m. k. varð hvergi vart við það hvað þetta atriði snertir. — Ég held að það merkilegast við þetta mál sé það, að ræðan, sem áðan var flutt, skuli vera flutt svona seint, að hún skuli vera flutt heilum mánuði eftir að álagning fer fram, en ekki þegar ákvarðanir voru teknar.

Kjarni þessa máls er að sjálfsögðu sá, að tekin var upp sérsköttun á árinu 1978. Af því leiddi að hjón voru ekki skattlögð lengur saman, heldur hvort í sínu lagi, og þar með hlaut það einnig að fylgja í kjölfarið, að börn væru skattlögð sér. Um þetta voru allir þm. sammála, þegar þessi ákvörðun var tekin, og ekki vitað til þess, að nokkur þm. gerði aths. við þessa tilhögun. En auðvitað er það til marks um lágkúruhátt stjórnarandstöðuþm., sem eru í mikilli leit að einhverjum málum til að berjast fyrir, einhverjum ádeiluefnum á núv. stjórn, og verða að finna eitthvað til þess að geta sýnt að þeir séu þó frekar í stjórnarandstöðu en fylgjendur stjórnarinnar, að þá auðvitað draga þeir upp þessa álagningu á börn, sem þeir sjálfir stóðu að og báru margir hverjir meginábyrgð á þegar lögin voru samþykkt fyrir tveimur og hálfu ári.

Að sjálfsögðu verður að skoða þá ákvörðun Alþingis á sínum tíma að skattleggja börn sérstaklega, en ekki með tekjum foreldranna, í ljósi þess, að ætlunin var að taka upp staðgreiðslukerfi skatta. Það var talin óhjákvæmileg einföldun kerfisins að börnin væru skattlögð sér. Hins vegar fór svo að hætt var við að taka upp staðgreiðslukerfi skatta og sú ákvörðun tekin að bíða með það, áður en frv. um tekjuskattinn var afgreitt hér í þinginu á sínum tíma. Ef þm. hefðu viljað taka tillit til þess, að hætt var við að taka upp staðgreiðslukerfið í bili, og hefðu viljað breyta ákvörðunum um skattlagningu barna, þá hefðu þeir auðvitað gert það. En það kom engin hugmynd fram um það og engin tillaga. Menn virtust telja að eftir sem áður væri eðlilegt að börnin væru skattlögð sér, úr því að hjón yrðu sérsköttuð hvort fyrir sig. Þar við bætist að flestir þm. hafa gert ráð fyrir að staðgreiðslukerfi skatta yrði tekið upp fyrr eða síðar. Málið hefur verið í undirbúningi um langt skeið. Flestir hafa að vísu viljað bíða eftir því að fyrsta álagning samkv. nýju skattkerfi færi fram, þannig að menn yrðu reynslunni ríkari þegar ákvarðanir yrðu teknar um staðgreiðslukerfið, en nær allir hafa verið sammála um að þetta kerfi kæmi fyrr eða síðar og af þeirri ástæðu hafa menn ekki talið rök fyrir því að breyta því sem Alþ. ákvað á sínum tíma varðandi það að leggja sérstakan skatt á tekjur barnanna fremur en að leggja þær við tekjur foreldranna.

Ég geri mér hins vegar fulla grein fyrir því, að það er ákaflega auðvelt að hræra í tilfinningum almennings og villa um fyrir fólki í þessu máli, — ákaflega auðvelt. Og ég er svo sem ekkert undrandi þótt stjóranrandstæðingar, sem glíma við sára málefnafátækt sína, grípi til þessa óyndisúrræðis. Ég er ekkert undrandi á því, síst af öllu þegar haft er í huga hverjir eiga í hlut. En ég held, ef málið er skýrt fyrir öllum almenningi og ef menn gera sér grein fyrir bæði forsögu málsins og eðli þess, að þá verði lítið eftir af mótbárum gegn þessu fyrirkomulagi. Ég held að menn geri sér grein fyrir því, að í fyrsta lagi er ekki um það að ræða að heimilið í heild verði fyrir þyngri skattaálögum en ella hefði verið, vegna þess að áður fyrr voru tekjur barnanna viðbót við tekjur foreldra og lentu því gjarnan í 50% tekjuskatti, 10—11% útsvari og síðan 2% sjúkratryggingagjaldi, eða samtals 62—63% skatti. En eins og menn vita er skattprósentan, sem miðað er við í sambandi við álagningu á tekjur barna, miklu, miklu lægri, eða 7% í tekjuskatti og fáein prósent í viðbót af örðum sköttum, þannig að í heild mun skattálagningin vera 10—11%.

Ég hef orðið var við það, að í áróðurssókn Morgunblaðsins er mikið lagt upp úr því að telja unglingunum trú um það, að þeir séu miklum órétti beittir, vegna þess að þeir fái ekki persónufrádrátt, og þeir séu þar af leiðandi meðhöndlaðir með allt öðrum og miklu lakari hætti en

allir aðrir þjóðfélagsþegnar. Ég verð var við það, að Morgunblaðið á furðulega auðvelt með að blekkja þetta unga fólk, sem þekkir ekki vel þetta skattkerfi, og draga upp úr því yfirlýsingar um að þetta sé auðvitað hið mesta misrétti. Og ég skil það vel, að margur láti blekkja sig í þessum efnum. En auðvitað er skýringin ósköp einfaldlega sú, að hér er um það að ræða að ekki er sérstakur persónufrádráttur, en á hinn bóginn skattprósentan mjög lág. Það kemur auðvitað hvað á móti öðru, getur að vísu komið misjafnlega út eftir atvikum, eins og gefur að skilja, en í heild kemur það nokkuð jafnt út.

Ég held að meginatriði varðandi það, hvað auðvelt hefur verið að vekja úlfaþyt út af þessu máli, sé að skatturinn er mjög seint á ferðinni. Auðvitað hefði þessi skattlagning þurft að eiga sér stað ásamt annarri skattlagningu á miðju sumri. Og auðvitað er mjög óheppilegt *að hún skuli fara fram síðla hausts eða síðla sumars*, skulum við frekar segja. En þarna var við vandamál að að etja sem ég held að allir hv. alþm. verði að taka ábyrgð á, þ. e. stjórnleysi sem hér kom upp á s. l. hausti, þingrofið — sem þingflokkur Sjálfstfl. ber ekkert síður ábyrgð á en þingflokkur Alþfl. — og stjórnarkreppa sem fylgdi í kjölfarið og hafði þær afleiðingar að skattalög voru ekki afgreidd fyrr en seint á s. l. vetri. Starfsmenn skattakerfisins hafa verið mjög önnum kafnir og með mikla vinnubyrði á sínum herðum að framkvæma þau skattalög sem Alþ. samþykkti í vor. Það var ekki hægt að vinna allt í einu, og þeir kusu að skilja þessa sérstöku skattlagningu eftir. Ég vil taka það fram, að þetta atriði var ekki borið undir fjmrn. sérstaklega, enda er það ekki fjmrn. sem leggur skatta á almenning í þessu landi, heldur eru það ríkisskattstjóri og skattstofurnar. Og ég gerði mér satt að segja ekki grein fyrir því, að þessi skattlagning yrði svona seint á ferðinni, fyrr en mjög var liðið á sumar. Hérna hafa mistök orðið. Ég held það hefði verið brýn nauðsyn að láta þessa skattlagningu fylgja annarri skattlagningu og að það hefði þá jafnvel mátt draga skattlagninguna í heild í eina viku, ef með hefði þurft, fremur en að láta þetta koma eftir dúk og disk eins og raun ber vitni. Ég held hins vegar að hér beri allir hv. þm. ábyrgð. Við verðum einfaldlega að að horfast í augu við það, að hér var stjórnleysi ríkjandi um margra mánaða skeið og skattalögin seint á ferð.

Hv. þm. Halldór Blöndal fór hér nokkrum orðum um hag ríkissjóðs og hafði uppi mjög sérkennilega kenningu sem hann þóttist hafa eftir sérfræðingum í fjmrn. eða embættismönnum þar. Kenningin gekk út á það, að ef verðbólga verður meiri en áætlað er, þá verði tekjurnar meiri en útgjöldin. Ég er viss um það, að hv. þm. getur leitað með logandi ljósi að manni sem væri reiðubúinn að staðfesta þessa kenningu, og hann mun ekki finna hann, enda er þetta auðvitað svo fáránlegt sem mest getur verið.

Staðreyndin er sú, að þegar verðbólga er meiri en áætlað er hallar fremur á ríkissjóðinn. Þó er það mesta furða hvað lítill munur er á tekjum og gjöldum þrátt fyrir aukna verðbólgu. Ég held að það láti nærri að um 80% af tekjum ríkisins séu óbeinir skattar. Og það virðist vera, að þegar tekjur og gjöld ríkisins aukast vegna aukinnar verðbólgu hækki 80% af tekjum ríkissjóðs í sæmilegum takti við verðbólguna. Það, sem eftir situr, eru beinu skattarnir. Beinu skattarnir, sem eru lagðir á, miðast ekki við tekjur á líðandi stundu, miðast ekki við veltuna á líðandi stundu, heldur við þá veltu sem hafði verið einu ári áður. Það er þess vegna að hluti teknanna stendur í stað, jafnvel þótt veltan á líðandi stundu aukist. Af þessu leiðir að tekjurnar vaxa ekki í réttu hlutfalli við þá veltuaukningu sem á sér stað í þjóðfélaginu.

Sama gildir að nokkru leyti um útgjöldin, vegna þess að þau eru ekki öll tengd veltunni. Við getum tekið t. d. fjárfestingarútgjöldin. Þau haldast að verulegu leyti í þeirri krónutölu, sem þau hafa verið ákveðin í fjárlögum þó að það geti að vísu ekki verið algilt. Aftur á móti hækka laun og útgjöld almannatryggingakerfisins nokkurn veginn í réttum takti við aukna verðbólgu. Og reynslan hefur orðið sú, að ríkissjóður tapar heldur á því ef verðþróunin er á þann veg að verðbólga er meiri en spáð hefur verið.

Ég hef sagt það og segi enn, að hagur ríkissjóðs er mun betri en hann hefur verið á undanförnum árum. Þetta tók hv. þm. Halldór Blöndal upp áðan og sagði að því væri bersýnilegt að nægilegt fé væri í ríkiskassanum til að endurgreiða skattinn á unglingana. Ég vil ítreka það hér, að þó að hagur ríkissjóðs sé töluvert miklu skárri nú en hann hefur verið á undanförnum árum, þá er ekki þar með sagt að hagur ríkissjóðs sé með neinum afbrigðum þannig séð að afgangur sé. Ég hef hvergi látið hafa það eftir mér, að líklegt sé að það verði afgangur hjá ríkissjóði á þessu ári. Ég veit ekki til þess að neinn hafi haldið því fram, að líklegt sé að afgangur verði hjá ríkissjóði á þessu ári. Ég held að það verði nokkuð tvísýnt á hvorn veg það veltur, en þó verði munurinn það lítill að fyllilega megi taka þannig til orða, að ríkissjóður verði nokkrun veginn í jafnvægi, og ég geri mér vonir um að það verði þá frekar í plús en í mínus. En þar verður ekki um stórar upphæðir að ræða sem gætu komið í afgang, einfaldlega vegna þess að verðbólga hefur verið meiri en áætlað var og að útgjöldin hafa ekki síður aukist af þessari ástæðu en tekjurnar. (**HBl:** Hæstv. forsrh. hefur talað um greiðsluafgang verulegan í árslok.) Ég veit ekki hvaða ummæli það eru sem hv. þm. er að vitna í og eru höfð eftir hæstv. forsrh. En ég vil upplýsa það hér, að það er ekkert útlit fyrir að verulegur afgangur verði af tekjum ríkissjóðs á þessu ári þegar greiddar hafa verið þær skuldir sem við höfum tekið á okkur að borga. Við ætlum okkur að borga á þessu ári 8 milljarða til Seðlabankans. Við ætlum að standa við það í fyrsta skipti um margra ára skeið, að gert sé upp við Seðlabankann í samræmi við það sem fjárlög gera ráð fyrir. Það má auðvitað reikna dæmið á þann veg, að þarna sé um að ræða ákveðinn afgang sem verið sé að skila til Seðlabankans. Það má stilla dæminu upp á þann veg. Sé það gert er um afgang að ræða. En ef við gerum ráð fyrir að greiðslan til Seðlabankans sé bara hluti af þeim útgjöldum sem ríkissjóður þarf að inna af hendi á þessu ári, þá er ekki um afgang að ræða eða a. m. k. mjög óverulegan. Og satt að segja getur auðvitað ýmislegt gerst á tveimur síðustu mánuðum ársins.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þetta mál, en ég ítreka það sem ég sagði í upphafi, að það, sem er merkilegt við þann málflutning, sem hér var hafður uppi áðan, og vekur athygli, er ekki till. sem slík, heldur hitt, að þessi ræða skuli ekki hafa verið flutt fyrr. Og satt best að segja undrar mig það líka, að till. varðar bara álagningu skatta á þessu ári. Það er ekki meiningin samkvæmt tillögu flutningsmanna, að nein breyting verði á næsta ári hvað þetta snertir. Það virðist vera alveg óhætt að skattleggja blessuð börnin á

árinu 1981 og 1982 samkvæmt gildandi skattalögum. En kannske gera flm. sér vonir um að þá verði kominn fjmrh. sem er þeim meira að skapi og þá sé allt í lagi að skattleggja blessuð börnin.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Ég verð nú að biðjast afsökunar á svolítilli hæsi sem háir mér og hv. þm. heyra. Það kemur til í fyrsta lagi af strangri baráttu í innanflokksmálum í Alþfl., í öðru lagi vegna þess að flokksþing eru erfið og í þriðja lagi vegna þess að ég hef kosið mér þann stíl að vera gleðimaður bæði í sigrum og í ósigrum.

Ræða sú, sem hv. þm. Halldór Blöndal flutti um þetta mál, er náttúrlega slíkt endemisrugl að satt að segja fer ég að trúa ýmsu sem ég sagði sjálfur hér á árum áður, meðan ég skrifaði sem mest í blöðin, um virðingu Alþingis. Það er alveg ótrúlega lágkúrulegur málflutningur að höfða til barna og unglinga með þeim hætti sem hér á sér stað. Málið um skattlagningu á börn, — og unglinga á hann væntanlega við þó að það sé kallað börn, — sem hér er um að ræða, er einfaldlega það, að á þessum peningum þarf ríkissjóður að halda. Spurningin er sú, hvort þessir peningar séu lagðir við tekjur foreldra og þar með sé sú summa skattlögð eða hvort skilið er á milli og skattlagt í tvennu lagi. Niðurstaðan er nákvæmlega sú sama. En það er rétt, sem fram kom hjá hæstv. fjmrh. áðan, að inntakið í þessu máli er einfaldlega það, að þegar hugmyndir urðu uppi um staðgreiðslu skatta var ekki talið hægt að framkvæma staðgreiðslu skatta með öðrum hætti en þeim að skattleggja sérhvern einstakling sérstaklega, jafnvel þótt hann sé 14 ára gamall. Reyndustu menn í skattamálum, ég nefni ríkisskattstjóra Sigurbjörn Þorkelsson, hafa marglýst þessu yfir. — Tilfinningavaðallinn, sem Halldór Blöndal flutti hér, minnir mig á skrípamynd, sem ég einu sinni sá, af manni sem hélt ræðu á torgi í Róm og milljónir hlustuðu á. Hreyfingarnar, ræðustíllinn og inntakið allt var þvílíkt.

Og það verður að höfða til barna! (**RH:** Var það Cicero?) Þetta er vel spurt og drengilega reynt að bjarga sínum manni fyrir horn. Ég viðurkenni að þetta var gott tilsvar. En ekki var Cicero uppi 1935. Ég er sagnfræðikennari, hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir, og ég veit að árið 1935 var ekki Cicero uppi, heldur Mussolini.

Það hvarflar að mér að mönnum, sem flytja framsöguræður af þessu tagi, detti nákvæmlega ekkert í hug og það sé ástæðan. Það hefur háð Sjálfstfl. áþreifanlega á þessu þingi, að það er skortur á hugmyndum. Þeir fluttu að vísu till. á þskj. 14. — er það ekki, Sighvatur? — um stóriðjumál. Vitið þið hvaða þskj. þetta er? Þetta er þskj. 14, en við fluttum till. um sama mál á þskj. 4. Flokkur, sem svona er komið fyrir, getur auðvitað ekki gert annað en verið eins og grínkarlinn á árinu 1935.

En verst af öllu finnst mér þegar verið er að höfða til barnanna með þessum hætti. Verst af öllu finnst mér að fara að blanda í þetta umr. um skattsvik, eins og hv. þm. gerði áðan. Auðvitað eru skattsvik á Íslandi. Við jafnaðarmenn erum búnir að berjast fyrir afnámi þeirra og benda á með ýmsum hætti. Ég nefni frv. okkar hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur um skattadómstól og frv. sem ég sjálfur flutti sem dómsmrh. um þessi efni og enn hefur því miður ekki hlotið náð. Auðvitað höfum við lýst neðanjarðarhagkerfi, nákvæmlega þeirri staðreynd að það er hrópandi misræmi á milli upp gefinna tekna annars vegar og lífsstíls hins vegar. Og auðvitað vitum við að svokallaðir atvinnurekendur nota atvinnurekstur sinn til að skrá einkaneyslu sína, bílana sem eru keyptir, jafnvel húsin sem byggð eru, jafnvel matinn sem étinn er. Auðvitað skrifa þeir allt þetta sem hluta af rekstrarkostnaði. Þetta er búið að vera baráttumál okkar í Alþfl. síðan löngu fyrir kosningar 1978. Allt í einu fer íhaldið að uppgötva þetta mál. Þá er farið að flaðra upp um börnin í landinu. Því miður, Halldór Blöndal, mun það vera svo hér — (**Forseti:** Hv. þm. verður að æfa sig í hvernig ávarpa ber þm.) Ég ætlaði að bæta því við. Ég biðst afsökunar, herra forseti. — Því miður, hv. þm. Halldór Blöndal, verð ég að segja þér þau vondu tíðindi, að ræður hér eru vélritaðar svo að ræða þín, sem flutt var áðan, verður víst ekki tekin til baka. Hún er þegar orðin þingskjal.

Ég minni á að í Morgunblaðinu var viðtal við stúlku um þessi efni sem hafði fengið 4 millj. kr. í laun. Það eru nú nokkuð góð laun. Það er barátta fyrir því að þessi stúlka borgi ekki skatta. Auðvitað eiga unglingarnir að læra að það kostar að lifa í þjóðfélaginu — og hvaða væmni er þetta og „vemmilegheit" sem hér er verið að fjalla um?

Ég vil aðeins segja það, að hæstv. fjmrh. var svo sanngjarn þegar hann var að ræða um þessi mál í Ed., og ég hlustaði á hann af mikilli athygli, að hann sagði að hann gæti ekki kennt hv. þm., sem ekki hefðu verið komnir á þing, um þessi skattalög sem samþ. voru fyrir 1978. Þessi dómur hæstv. ráðh., sem ég viðurkenni að er sanngjarn, á þá við mig líka. Ég kom inn 1978. En ég skal fúslega taka á mig ábyrgð á þessum lögum, í fyrsta lagi vegna þess að þau eru náskyld lögunum um staðgreiðslukerfi skatta, sem eru mesta réttlætismál sem hægt er að hugsa sér í íslenskum skattamálum.

Ég vil að stjórnarandstæðingar séu sanngjarnir. Það er ýmislegt við hæstv. ráðh. Ragnar Arnalds að athuga. Hann er kommi af heldur vondri tegund. En það er allt í lagi með það. Óvinur barnanna er hann ekki. Það að ætla að gera hann að einhverjum sérstökum óvini barnanna í landinu er alveg yfirgengilegur málflutningur. Hið eina, sem mér líkaði ekki í ræðu hæstv. ráðh. áðan, var það, sem hann gerir of oft, að ætla að fara að kenna um þessum 4 mánuðum þegar við jafnaðarmenn sátum í ríkisstj. sem allir vissu að var valdalaus í þeim skilningi að hún hafði ekki meiri hl. á þingi. Við getum haft skiptar skoðanir um hvort það hafi verið góð eða vond stjórn, og ég skal leyfa honum það, það kemur þessu máli ekki beinlínis við, en að öðru leyti hefur hæstv. ráðh. minn stuðning í þessu máli og ég bið þess, að trúðurinn frá Róm flytji aldrei svona ræðu aftur.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í þær umr., sem hér hafa verið, nema að litlu leyti.

Það, sem við verðum fyrst og fremst að líta á í þessu máli, er af hverju þessir skattar eru upp teknir og hvort einhver sanngirni er í því að þeir séu upp teknir. Hvernig voru þeir áður? Mér finnst litlu máli skipta tekjuþörf ríkisins í því sambandi, heldur sú staðreynd, að við höfum verið að reyna að byggja upp heilsteypt skattakerfi sem á að taka tillit til aðstæðna hverju sinni. Menn hafa reynt að gera það af góðri samvisku á Alþingi. Það hefur verið góð samstaða um það. Hins vegar hefur ekki verið samstaða um þær prósentur í skattlagningu sem hafa verið lagðar til grundvallar. Það hefur verið mjög góð

samstaða hér á Alþ. um að byggja upp það sem við viljum halda að sé réttlátt skattkerfi. Það væri mikil ógæfa ef menn ætluðu að hætta þeirri samstöðu, því að ég held að hún hafi orðið okkur til styrktar í þessum málum.

Ég vil halda því fram, að þau skattalög, sem nú gilda, séu kannske það helsta tæki sem okkur hefur tekist að koma á í sambandi við baráttuna við verðbólguna. Þessi skattalög eru mikilvæg í baráttunni gegn verðbólgunni. Ég leyfi mér að fullyrða að ekki er hægt að benda á eitt einasta mál á undanförnum árum á Alþ. sem hefur verið jafnmikilvægt í því sambandi.

Það hafa alltaf verið miklir skattalækkunarmenn á Alþingi. Nú heyrist mér að hv. þm. Halldór Blöndal sé orðin mesti málsvri þeirra, en á árunum 1974—1978 áttu skattalækkunarmenn sér aðra málsvara. Það verður að hafa sinn gang. Það verða á hverjum tíma miklir skattalækkunarmenn á Alþ., en mér sýnist að það sé reynsla sögunnar að þeir komi fyrst og fremst úr röðum stjórnarandstöðunnar, en breyti svo til þegar í stjórnarstólinn kemur. Þetta er að sjálfsögðu mikill veikleiki á vinnu stjórnmálamanna, sem ég skal ekki gera hér frekar að umræðuefni.

Spurningin um hvort á að skattleggja tekjur barna er vissulega þess verð að um sé spurt. Mér heyrist hv. 1. flm. taka undir það í frv. sínu, að vissulega sé réttlætanlegt að slíkt sé gert. Ég skil hann svo, að það sé fyrst og fremst vegna þess, hvað þessi skattlagning kemur seint, að hann vilji leggja skattana af í bili. En við komumst hins vegar ekki fram hjá því, að slík ákvörðun að skattleggja tekjur barna hefur verið tekin af öllum stjórnmálaflokkum á Íslandi allt frá því að skattlagning hófst og tekjur barna hafa ávallt verið skattlagðar.

Áður en núverandi kerfi var tekið upp og síðast þegar þessar tekjur voru skattlagðar var það gert með þeim hætti, að það var heimilt að draga svokallaðan námsfrádrátt frá tekjunum og einnig var heimilt að fara fram á svokallaða sérsköttun. Þessi svokallaða sérsköttun, sem menn þurftu að fara fram á, gat þýtt það, — það var á árinu 1979 að þessi skattlagning fór síðast fram, — að aðeins var lagður skattur á tekjur barns sem svaraði 120 þúsundum, ég held að ég fari rétt með: 120 þús. og 800 kr. Tekjur, sem voru þá umfram þennan skólafrádrátt eða námsfrádrátt plús 120 800 kr. voru því í mörgum tilfellum í reynd skattfrjálsar.

Haustið 1976 var lagt fram frv. af hæstv. páv. fjmrh., Matthíasi Á. Mathiesen, sem var undirbúið af nefnd undir hans forustu. Þar var ekki gert ráð fyrir að væri tekið upp staðgreiðslukerfi skatta og þar var gert ráð fyrir að tekjur barna væru skattlagðar með tekjum foreldra og hin svokallaða sérsköttun væri felld niður. Hins vegar var gert ráð fyrir að ákveðið tekjumark yrði skattfrjálst þannig að á fyrstu upphæðina legðist enginn skattur, en síðan allþungur skattur á það sem á eftir kæmi.

Nýtt frv. var lagt fram á þinginu 1977—78, sem var árangur af endurskoðun þess frv. sem lagt var fram 1976 og hafði hlotið mjög litla umfjöllun þingmanna á Alþ., og á það jafnt við um þá, sem þá voru í stjórnarandstöðu, og hina, sem studdu páv. ríkisstj. Þá var niðurstaðan sú, að tekjuskattur barna yrði 5% miðað við staðgreiðslu. Ég minnist þess, að um það var rætt, að líklegt væri að heimild sveitarfélaganna til að leggja á útsvar yrði 2%. — Nú eru sveitarfélögin frjáls að því að nokkru leyti, sem betur fer, hvernig þau leggja á sinn skatt. Þó að þeim sé heimilt að leggja 3% útsvar á tekjur barna er enginn að skylda þau til þess. Þau verða að sjálfsögðu að hafa svigrúm til þess að ákveða slíkt eins og ríkissjóður. — Þá var rætt um það, að slíkt hámarksútsvar yrði 2%. Hins vegar minnist ég þess ekki, að það hafi verið rætt um sjúkratryggingagjald, enda var það tekið upp um það leyti. Ég man ekki alveg hvaða ár það var, en sennilega var það 1976 eða 1977. Þetta var gert m. a. vegna þess að það stóð til að taka upp staðgreiðslukerfi skatta. Ég skil það svo, að enn sé hugmyndin að taka upp staðgreiðslukerfi skatta. En sannleikurinn er sá, að þegar við samþykktum þessi lög á Alþ. 1978 vissum við mætavel að staðgreiðslukerfi skatta yrði ekki komið á í ársbyrjun 1979. Þm. geta flett upp á því í umr. um þessi mál að okkur var það fullljóst. Við vissum þess vegna að þessi skattur, ef á yrði lagður, gæti orðið skattur sem kæmi eftir á. Hins vegar býst ég við að við höfum látið þetta gott heita, og ég segi það fyrir mitt leyti, í þeirri trú að verið væri að vinna af fullri hörku og fullri einurð að því að taka þetta kerfi upp og því bæri að setja þennan skatt í slíkt form strax og bíða ekki eftir því að slík breyting yrði tekin upp. Það er líka ýmislegt annað í þessum lögum, sem gerir ráð fyrir staðgreiðslukerfi skatta, sem væri ekki síður ástæða til að breyta ef menn væru endanlega búnir að gefa upp á bátinn hugmyndina um staðgreiðslukerfi skatta, sem ég vona að sé ekki hér á hv. Alþingi.

Ég sé að hv. þm. Matthías Á. Mathiesen er ekki í salnum. Ég sá hann hér fyrir stuttu. En ég vil aðeins gera að umræðuefni þær skattprósentur sem hér um ræðir. Hann segir í viðtali við Morgunblaðið að ríkisstj. hafi hækkað skatta ungmenna úr 5% í 11.5%. Þetta er vægast sagt mjög villandi fyrirsögn. Ég vil ekki kalla hana beint fals, en hún er afskaplega villandi því að 5% skatturinn, sem var tekinn í lög, var miðaður við staðgreiðslu. Þá var gert ráð fyrir 35% verðbólgu milli ára þannig að þessi 5% mundu jafngilda tæpum 8% skatti ef hann væri færður upp. En niðurstaðan varð sú, að skatturinn var ákveðinn 7% og voru ýmsar skoðanir á lofti um það, en sú varð niðurstaðan.

Það er rétt, að ekki var búið að taka neina ákvörðun um heimild til sveitarfélaganna til að leggja útsvar á þessar tekjur. En það hefur alltaf verið gert ráð fyrir að slík heimild legðist ekki niður, vegna þess að sveitarfélögin höfðu þessa heimild áður.

Ég er þeirrar skoðunar, að það sé ekki hægt að komast fram hjá því í heilsteyptu skattkerfi að leggja skatt á vinnutekjur barna. Það er ýmislegt sem þar kemur til. Við vitum að það eru ýmsir millifærslumöguleikar tekna á milli einstaklinga sem alls ekki er hægt að líta fram hjá. M. a. af þeirri ástæðu tel ég rétt að leggja nokkurn skatt á vinnutekjur barna. Hins vegar er ég þeirrar skoðunar, að þessi skattur eigi að vera hóflegur svo að hann dragi ekki úr vilja ungmenna til að sjá sér farboða og vinna að einhverju leyti fyrir sínum skólakostnaði. Þetta er mikilvægt og má ekki draga úr því.

Menn tala gjarnan um pólitískt þróttleysi. Í miklum leiðara í Morgunblaðinu fyrir stuttu er sagt m. a. að það sé til marks um pólitískt þróttleysi þegar forsrh. og fjmrh. kyrja þann söng, að barnaskattarnir komi þeim ekkert við og það hafi verið hinum vondu sjálfstæðismönnum að kenna. Ég held að það sé ekki okkur sæmandi að vera með slíkan málflutning. Það bera allir pólitískir flokkar á Íslandi ábyrgð á þessari stöðu mála. Menn geta haft mismunandi skoðanir á því, hvort þetta hafi verið rangt

og það beri að fella þessa skatta niður. Ég er ekki þeirrar skoðunar. Ég vil hins vegar minna á að það þarf mikinn pólitískan þrótt til að halda uppi og standa vörð um heilsteypt skattkerfi. Það er afskaplega lítið mál að rífa það niður. Það hefur oft verið gert smátt og smátt. Ég minni þar á söluskattskerfi okkar sem er búið að rífa í tætlur og eyðileggja með alls konar breytingum út og suður sem hafa verið samþykktar hér á Alþ. og þm. meira og minna staðið fyrir. Ég vara við því, að menn reyni að byrja á slíkum leik varðandi hið nýja tekjuskattskerfi, og væri nær, að menn settust niður saman og reyndu að treysta það og styrkja, en vera að klípa út úr því og eyðileggja þá heildarmynd sem þó komst á með þeim lögum.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Þrír hv. ræðumenn, þar af einn hæstv. ráðh., þ. e. fjmrh., hv. 9. þm. Reykv., Vilmundur Gylfason, og hv. 3. þm. Austurl., Halldór Ásgrímsson, hafa allir staðið hér upp til að verja þá skattlagningu á börn sem hér er til umr. Þeir hafa hins vegar allir gripið á því, sem þeir hafa talið vera kjarna þessa máls og ég er þeim sammála um, en það er að ákvörðun um að skattleggja börn sérstaklega var tengd ákvörðun um staðgreiðslukerfi skatta. Ég er sammála þeim um það og ég vil taka sterkara til orða: Þessi ákvörðun var órjúfanlega tengd þeirri ákvörðun.

Alþ. stóð hins vegar frammi fyrir því á s. l. vetri, að ljóst var að staðgreiðslukerfi skatta mundi ekki komast á við skattlagningu þessa árs. Þess vegna var gripið til þess að breyta skattalögum og var það gert í tveimur áföngum, þ. e. í febr. á þessu ári og svo aftur í maí í vor. Þessar breytingar voru gerðar í miklum flýti. Við þm. munum t. d. vel eftir því, hvernig það gerðist að skattalögum var breytt í maí fyrr á árinu. Hæstv. fjmrh. var þá í mestu vandræðum með það mál. Hann lagði fram hverja till. á fætur annarri hér á Alþ. og dró þær jafnharðan til baka. Öll sú breyting einkenndist af miklu ráðaleysi, svo ekki sé meira sagt.

Þegar ég frétti um þessa skattseðla barna vildi ég veita hæstv. fjmrh. þá afsökun í mínum huga, að þessi ákvörðun um skattlagningu barna og að þeim ákvæðum skyldi ekki hafa verið breytt ásamt öðrum atriðum í fyrravetur hefði hreinlega verið mistök, það hefði verið gleymska, og ég skal fúslega játa við afgreiðslu þessa máls í fyrravetur kom þetta atriði ekki upp í huga minn. Ég taldi þetta mistök þegar fregn barst ekki alls fyrir löngu um að skattseðlar barna væru farnir að berast. Ég hélt þess vegna að hæstv. fjmrh. mundi fagna till. eins og hér hefur komið fram um að leiðrétta þau mistök sem hér hafa átt sér stað. En það er nú eitthvað annað. Hæstv. ráðh. flytur hér ásökunarræðu á hendur 1. flm. þessa frv. og ásakar hann fyrir að hann skuli ekki hafa tekið þetta mál upp fyrr á Alþ. og þá sérstaklega í fyrravetur.

Hæstv. fjmrh. viðurkennir líka að hér hafi verið um mistök að ræða. Hann sagði fullum fetum að það hefði verið um mistök að ræða að þessi álagning skyldi ekki fara fram fyrr og að álagningin skyldi nú fyrst eiga sér stað. Þessi álagning er ákaflega erfið, eins og hún hefur verið framkvæmd á þessu ári, fyrir þá sem lagt er á. Hér er um að ræða börn og unglinga undir 16 ára aldri. Samkv. lögum landsins á allt þetta unga fólk að vera í skólum. Hér er því fyrst og fremst um að ræða álagningu á sumartekjur þessara barna, — sumartekjur sem í mörgum tilfellum hefur þegar verið ráðstafað til kaupa á skólagögnum, til kaupa á fatnaði og öðru því sem skólabörn þurfa á að halda til skólagöngu sinnar. Þess vegna er það rétt sem hæstv. fjmrh. sagði, að það eru mistök að þessi álagning skyldi ekki hafa átt sér stað fyrr en nú. Slík mistök verður að leiðrétta. Fjmrh. hefur viðurkennt þessi mistök, en hann á að ganga lengra. Hann á að taka undir þetta frv. með flm. þess og taka á málum af manndómi og fella þá álagningu niður, sem hér hefur átt sér stað, með því að samþykkja þetta lagafrv.

Ég vek sérstaklega athygli á því, að það hlýtur að vera með vilja gert hjá hv. flm., að þetta frv. er þannig orðað að gert er ráð fyrir að álagning þessa árs verði dregin til baka. Þetta frv. gengur ekki lengra. Ástæðan er vafalaust sú, að við vitum að það þurfa að eiga sér stað margvíslegar breytingar á skattalögum á Alþ. í vetur í samræmi við reynsluna sem þegar er orðin af þeim lögum sem sett voru 1978 og svo í fyrra. Þess vegna gefst þm. gott ráðrúm í vetur til að kanna ítarlega hvort halda eigi áfram þeirri álagningarreglu á börn sem nú er í gildi. En ófært er að leggja á jafnseint og nú hefur gerst. Það eru mistök sem Alþ. verður að leiðrétta. Hæstv. fjmrh. á að taka slíku frv. fegins hendi og taka höndum saman við flm. frv. um að hér eigi sér stað leiðrétting.

Umr. frestað.

Umræður utan dagskrár.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil hefja mál mitt með því að þakka fyrir það tækifæri sem mér er gefið til að beina nokkrum fsp. til hæstv. menntmrh. utan dagskrár. Geri ég það í dag af þeirri einföldu ástæðu að ráðh. óskaði eftir að ég frestaði málflutningi mínum í gær.

Að undanförnu hefur eitt aðalumræðuefni þjóðarinnar verið hinar rausnarlegu gjafir til menningarmála og líknarmála sem opinberum aðilum og hálfopinberum stofnunum hafa borist samkv. erfðaskrá hinna látnu heiðurshjóna Sigurliða Kristjánssonar og konu hans, Helgu Jónsdóttur. Ekki verður annað með sanni sagt en að framlag þessara heiðurshjóna geri íslensku þjóðina að betra samfélagi á skemmri tíma en annars hefði verið.

Þeir, sem þekktu Sigurliða og Helgu, vita um áhuga þeirra á velferð listamanna á hinum ýmsu sviðum. Sérstakan áhuga hafði Sigurliði á velferð ungra málara og styrkti þá með kaupum á málverkum þeirra og hvatti þá til dáða, enda góður frístundamálari sjálfur og hefði eflaust verið talinn listamaður hefði athafnamaðurinn í honum ekki verið málaranum yfirsterkari. Safnaði hann miklum fjölda málverka á þennan hátt. Kom mér því ekki á óvart, þegar erfðaskrá þessara heiðurshjóna var birt, að Listasafn ríkisins skyldi njóta góðs af. Það lýsti vel hve þau hjónin báru hag og framtíð Listasafnsins fyrir brjósti. Því var ég einn þeirra landsmanna sem urðu furðu lostnir þegar dagblöðin tóku að segja frá því, að Listasafn ríkisins hefði hafnað hluta af þeim arfi sem því var ætlað, að sögn 600 málverkum. Í Morgunblaðinu 1. nóv. birtist grein sem hljóðar svo, með leyfi forseta. Í stórri fyrirsögn segir:

„Afþakkaði nær 600 málverk úr dánarbúinu.“ Og greinin hljóðar svo: „Listasafn Íslands hefur afþakkað tæplega 600 málverk, sem hjónin Helga Jónsdóttir og Sigurliði Kristjánsson ánöfnuðu safninu í erfðaskrá.

Hins vegar hefur safnið þegið 25% af andvirði eigna dánarbús þeirra í fyrirtækinu Silli og Valdi.

Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl., einn þriggja skiptaforstjóra dánarbúsins, sagði í samtali við Morgunblaðið í gærkvöldi að Listasafnið hefði ekki talið sig hafa tök á að þiggja gjöfina. Hefðu málverkin þá gengið til lögerfingja þeirra hjóna, sem eru 11 að tölu.

Í fréttatilkynningu frá skiptaforstjórunum í gær kemur fram að í safningu voru tæplega 270 málverk eftir Sigurliða sjálfan. Stór hluti safnsins eru myndir eftir Matthías Sigfússon og aðrar myndir eru eftir ýmsa þjóðkunna málara, lifandi og látna.

Morgunblaðinu er kunnugt um að allmörg verk úr dánarbúinu eru komin í sölu hjá Klauturhólum við Laugaveg. Eru það myndir eftir Sigurliða, Matthías, Jóhannes Kjarval og ýmsa aðra."

Nú er það svo, að í lögum um Listasafn Íslands segir í 1. gr.: „Safnið er eign íslenska ríkisins. Menntmrn. fer með yfirstjórn þess." — Ég mun ekki vitna frekar í þessa grein.

Í 2. gr. segir: „Aðalhlutverk listasafnsins skal vera: a. að afla svo fullkomins safns íslenskrar myndlistar sem unnt er, varðveita það og sýna."

Ég leyfi mér að vitna í h-lið 2. gr. í lögum um Listasafn Íslands. Hann hljóðar svo: „að hafa umsjón með öllum listaverkum í eigu ríkisins, þótt þau séu geymd utan safnsins, nema þeim, sem geymd eru í Þjóðminjasafni eða falin þjóðminjaverði eða öðrum til umsjónar."

Herra forseti. Ég leyfi mér að vitna í 7. gr. sömu laga, en þar segir:

„Forstöðumaður skal leita ákvörðunar safnráðs um eftirgreind atriði: a. kaup á listaverkum til safnsins, b. hvort veita skuli viðtöku gjöfum, er kunna að bjóðast, c. sérsýningar, er safnið kann að gangast fyrir, d. önnur mál, er forstöðumaður æskir, að safnráð fjalli um, eða mál, er minnst tveir safnráðsmenn æskja, að þar séu rædd og safnið varða."

Ég tel ekki ástæðu til að vitna frekar í þessi lög. En grein birtist í Dagblaðinu mánudaginn 3. nóv. undir fyrirsögninni: „Vandamálapakki" í gjöf allra alda." Síðan kemur aðalfyrirsögnin: „Listasafnið afþakkaði 600 málverk úr dánarbúi Sigurliða og Helgu. — Þar af voru 267 eftir Silla sjálfan." Í þessari grein, sem ég ætla að spara þingheimi og forseta að lesa alla, segir svo innan gæsalappa, og er vitnað orðrétt, að ég held, ef blaðið fer rétt með, í einn úr safnráði:

„Selma hefur verið í veikindafríi í Þýskalandi um nokkurt skeið", sagði Hrólfur. „Það er stutt síðan hún kom heim og safnráðið hefur ekki verið kvatt saman enn þá."

Hrólfur sagði enn fremur að safnráðið hefði fundað um gjöf Sigurðliða og Helgu á sínum tíma. Hann neitaði að gefa upplýsingar um, hvort Selma hefði ákveðið upp á eindæmi að hafna gjöfinni, né heldur hvort ágreiningur væri innan safnráðs um málið."

Ég er hér með fleiri greinar úr öðrum blöðum sem undirstrika hve stórkostlegar gjafir hafa borist opinberum aðilum, eins og segir hér, til Borgarleikhúss, til Íslensku óperunnar, til Listasafns ríkisins og til styrktar stúdentum. Þar kalla þessi blöð gjafir þeirra hjóna gjöf aldarinnar eða allra alda.

Eins og fram hefur komið í máli mínu heyrir Listasafnið — og vitna ég þar í 1. gr. laganna — undir menntmrn., sem ferð með yfirstjórnina. En það getur verið að ég ætti að beina orðum mínum og fsp. eitthvað annað vegna þess að í lögunum um Listasafn Íslands, eins og í flestum lögum sem samþykkt eru á Alþ., segir í 15. gr.: „Menntmrn. getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga." Það getur því verið að Íslandi sé í þessum efnum, eins og á margan annan hátt sem nú er að koma okkur í vanda, stjórnað samkvæmt heimildarákvæðum, þannig að embættismannakerfið sé hér að verki og heimilt sé að ganga fram hjá réttum aðilum, sem er safnráð, í töku ákvörðunar um að hafna eða samþykkja gjafir sem safninu berast.

Af því, sem ég hef nú sagt, vil ég leyfa mér að bera fram fjórar spurningar, sem ég hef þegar kynnt hæstv. menntmrh. eða þeim sem gegnir embætti í fjarveru menntmrh. Þær eru svo hljóðandi:

1) Hver tók ákvörðun fyrir hönd Listasafns ríkisins um að hafna þeirri gjöf sem Listasafni Íslands var ánafnað úr dánarbúi Sigurliða Kristjánssonar og Helgu Jónsdóttur?

2) Tók Listasafn Íslands við hluta af arfi eftir Sigurliða Kristjánsson og Helgu Jónsdóttur og þá, hvað var þegið og hverju var hafnað og á hvaða forsendum?

3) Er það rétt, að málverk þau, sem Listasafn ríkisins hafnaði, séu nú til sölu á hinum almenna sölumarkaði í Reykjavík?

Fjórðu spurninguna hafði hæstv. ráðh. ekki heyrt fyrr en í dag og ég ætlast ekki til að hann svari mér nú, en ég ætlast til að öllum þm. berist svar bréflega innan stutts tíma. Hún hljóðar svo: Vill hæstv. menntmrh. upplýsa hvaða listamönnum af þessum 600 var Listasafn ríkisins að hafna?

Fleiri eru spurningar mínar ekki, en ég vona að hæstv. ráðh. noti ekki þá „taktík", sem virðist vera ofarlega hjá ríkisstj., að svara sem fæstu og þá með sem fæstum orðum líka, heldur gefi okkur greinargóð svör við þessum spurningum.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Í fjarveru hæstv. menntmrh. situr hæstv. samg.- og sjútvrh. fyrir svörum.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég þakka fyrir þessa kynningu, því að satt að segja er ég þess ekki megnugur að svara hv. þm. eins og hann á rétt á. En ég hef óskað upplýsinga og vil lesa það hér sem mér hefur borist frá menntmrn. Þar segir, með leyfi forseta:

„Menntmrn. er ókunnugt um þetta mál, en samkv. upplýsingum forstöðumanns Listasafns Íslands var umræddri gjöf hafnað með bréfi safnsins, dags. 7. des. 1979. Bréfið er svo hljóðandi:

„Herra hæstaréttarlögmaður
Sveinn Snorrason,
Laufásvegi 12, Reykjavík.

Eins og fram kemur í bréfi yðar, dags. 28. 10. 1977, var forstöðumanni Listasafns Íslands skýrt frá því, að í arfleiðsluskrá hjónanna Sigurliða Kristjánssonar og Helgu Jónsdóttur væri ákvæði um að „málverk þeirra nokkur" skulu við lát þeirra ganga til Listasafns Íslands. Munnlega hefur safnráðsmönnum verið kynnt málið nánar. Safnráðsmenn ásamt einum safnverði hafa farið yfir skrá þá yfir gjöfina, sem þér sendið með bréfi yðar, og hafa einnig skoðað meginhluta verkanna. Safnráðsmenn eru sammála um að meðal áðurnefndra málverka séu myndir, sem þeir vildu með þökkum þiggja fyrir

hönd Listasafns Íslands, en aðallega er þar um að ræða verk, sem safninu að þeirra dómi bæri ekki að varðveita samkv. lögum um tilgang þess. Nú hefur komið fram í einkaviðræðum, að annaðhvort verði Listasafn Íslands að þiggja öll þessi verk eða ekkert. Af þeim sökum telur safnið sér ekki fært að taka við fyrrnefndum verkum.

Virðingarfyllst,

„f. h. safnráðs Listasafns Íslands,
Selma Jónsdóttir, formaður.
Hörður Ágústsson, ritari.““

Mér hefur jafnframt verið tjáð að safnráðið hafi síðar viljað breyta afstöðu sinni og ákveðið að þiggja gjöfina, en þá hafi erfingjar ekki talið sér fært að verða við því og láta myndirnar af hendi við safnið.

Svo langt er það sem ég hef fengið frá menntmrn. Mér er fyllilega ljóst að þetta er ekki fullnægjandi svar, en þó hygg ég að þarna sé fullkomlega upplýst að það er safnráð Listasafns Íslands sem tekur þessa ákvörðun. Það er einnig upplýst að Listasafnið tók ekki við hluta af málverkunum og var ekki um það að ræða, annaðhvort varð að taka við öllum eða engu. Hins vegar, eins og alþjóð veit, hefur Listasafnið tekið við 25% verðmætis fasteigna og annars arfs sem um er að ræða.

Ég hef spurst fyrir um það, hvort málverkin væru nú til sölu, og mér er tjáð að svo muni vera. Með þetta hefur menntmrn. að sjálfsögðu ekkert að gera, myndirnar eru í höndum erfingja umræddra hjóna.

Eins og kom fram hjá hv. þm. hafði hann ekki kynnt mér síðustu spurninguna fyrr en rétt áðan. Ég hef því ekki skrá yfir þessi listaverk, en ég mun afla þeirrar skrár. Eins og kemur fram í bréfinu hafði safnráð þessa skrá undir höndum og ég hygg að auðvelt eigi að vera að nálgast hana.

Ég vil að lokum taka það fram um þetta mál að þarna er, eins og fram hefur komið, um ákaflega höfðinglega gjöf að ræða og gjöf sem sannarlega ber að þakka og veldur straumhvörfum í mikilvægum framkvæmdum á sviði lista og menningar. Sýnist mér að það verði seint fullþakkað. Ég vil líka lýsa þeirri persónulegu skoðun minni, að ég tel að þarna hafi ekki verið gáð eins og skyldi að því að þiggja þessa listaverkagjöf. Ég tel ákaflega vafasamt að ekki skyldi rætt við menntmrn. og menntmrh. þegar um svo stórkostlega gjöf er að ræða. Hins vegar mun samkv. lögum vera í verkahring safnráðs að taka ákvörun um slíkt, en að sjálfsögðu er svo um fjölmargar ríkisstofnanir, að þær líta á það sem skyldu sína, þegar um viðamikil mál er að ræða, að hafa um það náið samráð við viðkomandi rn. og ráðh.

Ég er að sjálfsögðu alls ekki dómbær á listagildi þeirra verka sem hér um ræðir, en endurtek að um það hefði þurft að fjalla ítarlegar en mér sýnist hér gert. Er ekki vansalaust að þessum málverkum skuli hafa verið hafnað þótt safnráðið hafi jafnvel endurskoðað niðurstöður sínar síðar, eins og kom fram í svari því sem menntmrn. hefur aflað.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. sjútvrh. fyrir að svara eftir bestu getu í fjarveru menntmrh., en mér fannst svarið benda til að hæstv. sjútvrh. væri eins og fiskur á þurru landi í svari sínu. Ég óska því eftir að þær spurningar, sem ég hef borið fram til menntmrn., verði geymdar menntmrh. þannig að hann svari þeim bréflega þegar hann kemur til baka. Mér skilst að hann sé erlendis.

Að hluta til fékk ég þó svar við nokkrum spurningum mínum í bréfi frá listráði, en þar stangast á fullyrðingar, þar sem haft er eftir Hrólfi nokkrum Sigurðssyni, sem er meðlimur listráðs, þegar hann talar við blaðamenn 3. þ. m., að ekki hafi verið haldinn fundur til að taka ákvörðun í þessu máli í safnráði. Það er furðulegur hringlandaháttur listráðs ef það hefur komið saman, ef það er rangt sem blaðið segir, og hafnað gjöfinni, en síðan séð að sér og ætlað að ná henni. Þær upplýsingar eru svo ótrúlegar að ég vildi helst fá þær skriflegar, staðfestar frá menntmrh. sjálfum þegar hann kemur til baka. Ég held að það sé þá kominn tími til að athuga betur hvernig listráð starfar eða hvort það starfar, hvort reksturinn er í höndum einnar manneskju sem fer þá ekki að lögum.

Ég vil líka draga í efa að þegar um svona gjafir er að ræða eigi listráð eitt að meta hvort þiggja skuli gjafirnar eða þiggja ekki. Ég tel fráleitt að þegar fólk með góðum hug vill styrkja góð málefni og gera Ísland, eins og ég tók fram áðan, að stærra og betra landi á skemmri tíma en við höfum kannske efni á án aðstoðar, þá skuli ríkisstofnun eða embættismenn ríkisins geta valið og hafnað og sagt: Heyrðu, þetta vil ég ekki. Þetta vil ég. — Mér finnst það fyrir neðan allar hellur og til athugunar fyrir menntmrn., sem samkv. lögum um Listasafn Íslands fer með yfirstjórn safnsins.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég þakka hv. 3. þm. Reykv. fyrir að hafa vakið athygli á þessu máli. Ég álít að í því felist mikil lágkúra hjá Listasafni Íslands að þiggja annars vegar u. þ. b. 1 milljarð að gjöf, en hafna því hins vegar að sýna gestum Listasafnsins síðar meir sýnishorn af þeim málverkum sem gefandinn hefur haft fyrir tómstundaiðju að mála. Ég hef af því sannar spurnir, að hann hafi verið mjög athyglisverður tómstundamálari, og get satt að segja ekki skilið þessa afstöðu listráðsins eða hvað það er kallað og harma hana. Ég þakka þess vegna hv. 3. þm. Reykv. fyrir að hafa vakið athygli á þessu máli og vonast til þess að svör við fsp. hans berist fyrr en síðar og undanbragðalaust verði gefin fullnægjandi skýring á því, hvað hér hefur gerst. — En í þessu sambandi vil ég einnig spyrja hæstv. forseta, hvernig sé um listaverkakaup Alþingis, hverjir stjórni þeim og hvernig þeim sé háttað.

Sameinað þing, 15. fundur.

Fimmtudaginn 6. nóv., kl. 2 miðdegis.

Réttarstaða fólks í óvígðri sambúð, þáltill. (þskj. 19). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 39 shlj. atkv. og umr. frestað.

Félagsleg þjónusta fyrir aldraða, þáltill. (þskj. 23). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 41 shlj. atkv. og umr. frestað.

Iðnaður á Vesturlandi, þáltill. (þskj. 10). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. 41 shlj. atkv. og umr. frestað.

Jarðhitaleit á Vestfjörðum, þáltill. (þskj. 52). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 38 shlj. atkv. og umr. frestað.

Vegurinn undir Ólafsvíkurenni, þáltill. (þskj. 65). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Merkingaskylda við ríkisframkvæmdir, þáltill. (þskj. 67). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Fjarskiptaþjónusta á Gufuskálum, þáltill. (þskj. 68). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Rekstur félagsbúa, þáltill. (þskj. 75). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Úttekt á björgunarnetum, þáltill. (þskj. 82). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Framtíðarskipan lífeyrismála, þáltill. (þskj. 84). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Fjárlög 1981, frv. (þskj. 1). — 1. umr.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Í upphafi 1. umr. um frv. til fjárlaga fyrir árið 1981 vil ég fjalla um nokkur stærstu viðfangsefni ríkisstj. í efnahags- og fjármálum á því ári, sem er að líða, og því, sem í hönd fer.

Kjarasamningar svo til allra launamanna í landinu voru lausir þegar núverandi ríkisstj. tók við völdum. Í sumar voru þrjú ár liðin síðan heildarkjarasamningar höfðu seinast verið gerðir, og lengi hefur legið ljóst fyrir að það yrði eitt erfiðasta og mikilvægasta viðfangsefni íslenskra stjórnmála á þessu ári að koma á nýjum kjarasamningum. Núv. ríkisstj. markaði þegar þá stefnu í upphafi síns ferils, að þessir samningar ættu að verða launajöfnunarsamningar og meginátherslu yrði að leggja á það að bæta kjör þeirra sem standa neðarlega í launastiganum, með því m. a. að launahækkanir gengju ekki hlutfallslega jafnt upp allan launastigann. Í samningum ríkisins við opinbera starfsmenn sigraði þessi stefna og hefur síðan mótað gerð almennra kjarasamninga sem nú er að mestu lokið.

Jafnhliða þessu hafa mikilvæg skref verið stigin í málefnum aldraðra og öryrkja. Tekjutrygging hækkar á einu ári um 10% umfram verðlagshækkanir. Þessi hækkun kostar ríkissjóð um 2200 millj. kr. á 18 mánuðum og kemur þeim fyrst og fremst til góða sem eru ekki í verðtryggðum lífeyrissjóðum. Jafnframt eru lífeyrisgreiðslur skv. lögum um eftirlaun aldraðra hækkuð um 3 stig og kostar sú hækkun rúmar 800 millj. kr. á næsta ári. Það er mikið og brýnt verkefni að brúa bilið milli þeirra, sem búa við lífeyri úr verðtryggðum opinberum sjóðum, og hinna, sem fá lífeyri með tekjutryggingu og heimilisuppbót almannatrygginga og með ellilífeyri frá Umsjónarnefnd. Með þeim ákvörðunum, sem nú hafa verið teknar, styttist þetta bil. En betur má ef duga skal. Nauðsynlegt er að á næstu tveimur árum verði byggt upp samræmt lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn.

Verðbólga var yfir 60% miðað við 12 mánaða tímabil þegar núv. ríkisstj. tók við. Meginorsök þessarar miklu verðbólgu eru versnandi viðskiptakjör, óveruleg hækkun á útflutningsverði á sama tíma og verðbólga í helstu viðskiptalöndum okkar er 10—20% á ári og innflutningsverð hefur hækkað um samtals 36% á tveimur árum miðað við fast gengi. Þrátt fyrir það að viðskiptakjör hafi haldið áfram að versna hefur heldur dregið úr verðbólgu það sem af er þessu ári og má reikna með að verðhækkanir frá upphafi til loka árs 1980 verði um eða yfir 50%.

Engum kemur á óvart að leiðrétting á kjörum launafólks hafi nokkur áhrif á þróun verðlags í landinu. Hjá því verður aldrei komist. En stóra spurningin er, hvort þessar launahækkanir verða gleyptar á skömmum tíma af aukinni verðbólgu eða hvort náðst getur samkomulag á næstu mánuðum um ráðstafanir til að hamla gegn verðbólgu og til að verja kaupmátt launa. Að óbreyttu kerfi er vissulega hætta á ferðum. Þess vegna mun ríkisstj. leita samráðs við aðila vinnumarkaðarins á næstu vikum og freista þess að ná sem víðtækustu samkomulagi um efnahagsaðgerðir sem hljóta að miða að því að draga úr vixlhækkunum og sjálfvirkni efnahagskerfisins og stuðla að því að verja þær kjarabætur láglaunafólks sem náðust í nýgerðum kjarasamningum.

Við gerð fjárlagafrv. voru 12 milljarðar kr. teknir frá til efnahagsaðgerða á næsta ári. Miðað við það stórverkefni, sem fram undan er í efnahagsmálum, er líklegt að sú upphæð þurfi að hækka.

Á þessu ári er staða ríkissjóðs í viðunandi jafnvægi í fyrsta sinn um árabil. Á fyrstu 8 mánuðum ársins er talið að verðlag hafi hækkað um 58%. Á þessu sama tímabili jukust tekjur ríkissjóðs um rúmlega 60% miðað við sama tímabil í fyrra, en gjöld munu hafa aukist um 50%. Skýringin á bættri stöðu ríkissjóðs er því fólgin í hvoru tveggja, að tekjur hafa aukist meira en verðlag hefur hækkað, en útgjöld hafa hækkað minna en verðlag. Af þeim tölum, sem ég nefndi, er þó ljóst, að langtum minni útgjaldahækkun en nemur verðlagsbreytingum á þessu 8 mánaða tímabili er meginskýringin á því, að ríkissjóður stendur nú betur að vígi en á sama tíma í fyrra.

Of snemmt er að segja nákvæmlega til um hver verður afkoma ríkissjóðs í árslok, en ljóst er að rekstur ríkissjóðs á þessu ári verður ekki til að ýta undir verðbólgu vegna seðlaprentunar í þágu ríkissjóðs, eins og verið hefur um nokkurt skeið.

Hlutfallslega auknar tekjur ríkissjóðs á þessu ári stafa fyrst og fremst af hækkuðum óbeinum sköttum á þessu og seinasta ári, en hækkun óbeinna skatta er samt miklu minni en margir virðast álíta, því að taka verður með í reikninginn verulegar tollalækkanir þessi sömu ár vegna samninga Íslands við EFTA og Efnahagsbandalag Evrópu. Álagning s. l. sumars sýnir að tekjuskattar til ríkisins hafa ekki hækkað og hækkun tekjuskattanna í heild stafar fyrst og fremst af hækkun útsvars til sveitarfélaga. Hins vegar virðist eignarskattur hafa hækkað vegna hærra fasteignamats en reiknað var með.

Þegar nægur tími hefur gefist til að kanna niðurstöðu álagningar frá s. l. sumri verður lagt fram frv. hér á Alþingi til breytinga á lögum um tekju- og eignarskatt. Sérstök nefnd vinnur að athugun á álagningu tekjuskatts á bændur. Ákvæði nýsettra skattalaga um áætlun tekna og tekjufærslu á óverðtryggðum skuldum virðist koma sérlega illa niður á þeim bændum, sem verst eru staddir fjárhagslega, og orka því tvímælis. Önnur nefnd vinnur að rannsókn á kjörum og skattgreiðslum einstæðra foreldra. Fjöldamargt annað í nýju skattalögunum þarfnast nánari athugunar. Í tengslum við væntanlegar efnahagsaðgerðir koma bæði til greina skattalækkanir og fjölskyldubætur.

Hvað eignarskattinn varðar kemur til álita að skatturinn verði í tveimur þrepum, og sérstaklega er nauðsynlegt að hlífa ellilífeyrisþegum við álagningu eignarskatts með sérstökum frádrætti.

Undanfarnar vikur hefur nefnd á vegum fjmrn. unnið að tillögum um herta innheimtu söluskatts. Stefnt er að strangari viðurlögum við bókhaldsbrotum, aukinni vélvinnslu framtala og auknum kröfum um færslu viðskipta. Einnig eru í undirbúningi sérstakar aðgerðir til aukins skattaeftirlits.

Í kjölfar álagningar skatta skv. nýjum gerbreyttum skattalögum, sem vissulega var mikið og erfitt átak fyrir starfslið skattkerfisins, verður nú hafist handa um að undirbúa staðgreiðslu skatta. Ríkisskattstjóri hefur fengið leyfi frá störfum næstu mánuði til að undirbúa tillögur um staðgreiðslukerfi á grundvelli fyrirliggjandi gagna, og er það von mín að frv. um staðgreiðslukerfi verði samþykkt hér á Alþingi í vetur. Þó er þess ekki að vænta, að staðgreiðsla skatta eða svonefndur samtímaskattur geti komið til framkvæmda fyrr en tveimur árum eftir að Alþingi hefur tekið ákvörðun.

Söluskattur er langstærsti tekjustofn ríkissjóðs eða um 36% teknanna, en gjöld af innflutningi standa fyrir um fjórðungi af tekjum ríkissjóðs. Tollar, vörugjald og önnur innflutningsgjöld eru því talsvert meiri byrði á skattgreiðendum en allir beinir skattar, þ. e. samanlagðir tekjuskattar og eignarskattar. Óneitanlega er margfalt meira kvartað yfir beinum sköttum. En staðreyndin er áreiðanlega sú, að gjöld af innflutningi ráðast af miklu tilviljunarkenndari og órökréttari reglum en beinir skattar. Tollalöggjöfin er hinn mesti frumskógur og erfitt að rökstyðja þann mikla mun á skattlagningu sem þar er að finna milli einstakra vörutegunda, ekki síst þar sem vörugjald hleðst ofan á hæstu tolla. Ein vörutegund ber 130% gjöld, kannske 160 eða 170% gjöld, önnur vörutegund ber engin gjöld.

Eitt dæmi skal nefnt. Sá sem hefur efni á því að kaupa sér flugvél til að leika sér á um helgar, hann borgar engin gjöld af þessu leikfangi sínu, hvorki toll, vörugjald né söluskatt. Sama gildir um eldsneytið, flugvélabensín er langtum ódýrara en venjulegt bensín. Auk þess leikur grunur á að stundum sé það notað á bifreiðar. En sá, sem kaupir jafnbráðnauðsynlegt tæki í nútímaþjóðfélagi og ísskáp eða hnífapör, borgar 80% toll, 24% vörugjald og 23½% söluskatt, eða samtals um 175% gjöld. Líklega er þetta aumasta svið íslenskra skattamála hvað mismunun varðar, ef betur er að gáð. Aðflutningsgjöldin eru nú í endurskoðun í nefnd sem fjmrn. skipaði nýlega til að einfalda og samræma gjöld af innflutningi. Það er löngu orðið tímabært að stokka upp þessi mál, en viðfangsefnið er flókið og margþætt og því ekki að vænta niðurstöðu fyrr en að nokkrum mánuðum liðnum.

Munurinn á aðhaldi og aðhaldsleysi í ríkisrekstri jafnast vissulega á við digra tekjustofna. Ég býst við að flestir fjármálaráðherrar hafi beitt talsverðri hörku við gerð fjárlagafrv. enda óhjákvæmilegt, því að langflestar stofnanir ríkisins hafa mjög eindregna tilhneigingu til að þenjast út og breiða úr sér. Enda þótt þjóðin sé smá eru viðfangsefni ríkisstofnana oft litlu minni en viðfangsefni sambærilegra stofnana í öðum löndum. Flestar stofnanir eiga því auðvelt með að rökstyðja verulega fjölgun starfsmanna. Við gerð þessa fjárlagafrv. hefur þó verið fylgt þeirri meginreglu að samþykkja ekki nýjar stöður á vegum ríkisins nema í algerum undantekningartilvikum og eftir ítarlega röksemdafærslu ráðuneyta. Fjölgun ríkisstarfsmanna er fyrst og fremst tengd nýjum lögbundnum viðfangsefnum og nýjum stofnunum sem Alþingi hefur tekið ákvörðun um. Sem dæmi má nefna geðdeild Landspítalans, stofnanir afbrigðilegra barna og afleysingaþjónustu bænda. Það heyrir til undantekninga, að stofnanir fái meiri hækkanir en sem nemur áætluðum verðlagsbreytingum, ef ekki er um fjölgun starfsmanna að ræða. Þó er ljóst að miklar olíuverðshækkanir auka rekstrarkostnað stofnana umfram almennar verðlagshækkanir í allmörgum tilvikum og stundum verður að fylla í skörð þar sem þessi kostnaður hefur verið áberandi vanáætlaður á undanförnum árum.

Sú skoðun kom fram í leiðara eins dagblaðsins skömmu eftir að fjárlagafrv. var lagt fram, að við fjárlagagerð væru beiðnir ríkisstofnana skornar niður um 20—30% og þar sem beiðnirnar væru úr hófi fram væri ekki að undra að fjárlög hækkuðu mikið milli ára þegar beitt væri sjálfvirkum reikniaðferðum af þessu tagi. Hér er mikill misskilningur á ferð. Óbreytt starfsemi stofnana og aukið aðhald er sá grundvöllur sem byggt er á við fjárlagagerðina. Almennt gildir að þeim mun óhóflegri kröfur sem gerðar eru um fjölgun starfsmanna eða aukningu rekstrarútgjalda, því minna mark er tekið á tillögum stofnunar. Óhætt er að fullyrða að frv. felur í sér hundruð aðhaldsaðgerða sem starfsmenn fjárlaga- og hagsýslustofnunar hafa gert tillögur um að athuguðu máli, án þess að þess sé sérstaklega getið í grg. frv.

Vonir stóðu til, þegar fjárlagafrv. fór í prentun í byrjun septembermánaðar, að unnt yrði að ljúka við gerð lánsfjáráætlunar í síðari hluta september og fyrri hluta októbermánaðar. Í fjárlagafrv. er þegar kominn fram sá þáttur lánsfjáráætlunar sem varðar lántökur ríkissjóðs og ríkisstofnana. Hins vegar er þá eftir að móta tillögur

um lántökur sveitarfélaga og stofnana sem ríki og sveitarfélög reka sameiginlega. Jafnframt gerir Framkvæmdastofnun fyrstu tillögur um útlán fjárfestingarsjóða, og Seðlabankinn setur fram áætlanir um erlendar lántökur einkaaðila og undirbýr tillögur um innlenda lánsfjáröflun. Því miður virðast því takmörk sett, hve snemma er unnt að gera áætlanir af þessu tagi, og er það sennilega afleiðing af margvíslegri óvissu sem mikil verðbólga veldur. Nú fyrst í þessari viku fékk ég í hendur fyrstu gögn og tillögur frá Seðlabanka og Framkvæmdastofnun varðandi lánsfjáráætlun fyrir næsta ár. Mér er kunnugt um að mikið hefur verið unnið í þessum málum undanfarnar vikur, og má gera ráð fyrir að unnt verði að leggja fram lánsfjáráætlun og frv. til lánsfjárlaga síðar í þessum mánuði.

Eftir að hafa gert hér grein fyrir nokkrum meginatriðum *í efnahagsmálum og fjármálum ríkisins vil ég víkja* nánar að þróun efnahagsmála á þessu ári og þjóðhagshorfum á árinu 1981.

Efnahagsframvindan á árinu 1980 hefur mjög mótast af olíuverðshækkuninni í heiminum á s. l. ári og þeirri viðskiptakjararýrnun sem þjóðarbúið hefur orðið fyrir af þeim sökum. Líklegt er að þjóðarframleiðslan vaxi um eða yfir 1% á árinu 1980. Þróun viðskiptakjara það sem af er árinu bendir til þess, að þau rýrni um 5% og að þjóðartekjur dragist saman um 1% í heild eða 2% á mann.

Fyrir árið 1981 benda niðurstöður þjóðhagsáætlunar til að þjóðarframleiðslan vaxi um rúmlega 1% eða svipað og á þessu ári.

Nú má ætla að sjávarafurðaframleiðsla aukist um 3—4% á þessu ári. Þorskaflinn verður líklega 380—400 þús. tonn samanborið við 360 þús. tonn í fyrra, en loðnuafli í ár verður hins vegar mun minni en í fyrra.

Útflutningur annarra afurða en sjávarafurða hefur yfirleitt gengið vel á árinu 1980 og verður þar um talsverða aukningu að ræða nema í útflutningi landbúnaðarafurða *sem verður minni en í fyrra. Að öllu samanlögðu* virðist mega gera ráð fyrir 5—6% aukningu útflutningsframleiðslunnar á árinu og svipaðri aukningu útflutnings.

Spá um útflutning á árinu 1981 verður einkum að reisa á ákveðnum forsendum um afla úr mikilvægustu fiskstofnum, bæði með tilliti til skynsamlegrar nýtingar stofnanna á næstu árum og með hliðsjón af útliti á helstu mörkuðum fyrir fiskafurðir. Reiknað er með að heildarframleiðsla sjávarafurða verði óbreytt milli 1980 og 1981. Óvissa er þó mikil um loðnuveiðar.

Um aðra framleiðslu til útflutnings en sjávarafurðaframleiðslu á árinu 1981 er helst að nefna að síðari áfanga járnblendiverksmiðjunnar er nú að ljúka og verksmiðjan að komast í full afköst. Horfur fyrir útflutning á öðrum iðnaðarvörum á næsta ári virðast nokkuð góðar, en búist er við frekari samdrætti í útflutningi landbúnaðarafurða. Þegar á heildina er litið er reiknað með nær 3—4% aukningu útflutningsframleiðslunnar á næsta ári.

Sá þáttur utanríkisviðskiptanna, sem mestum áhyggjum veldur, er þróun viðskiptakjara.

Viðskiptakjörin bötnuðu heldur frá fyrsta til annars ársfjórðungs þessa árs, en líklegt er að þau versni á síðari hluta ársins vegna verðlækkunar á frystiafurðum um mitt ár. Við upphaf árs 1980 var olíuverð ákaflega hátt, verðið lækkaði síðan fram eftir ári, en í september s. l. rauk olíuverð upp á ný. Þessar síðustu verðhækkunar mun þó ekki gæta mikið í innflutningstölum þessa árs, en gæti haft áhrif á næsta ári. Þegar öllu er á botninn hvolft er áætlað að olíuverðið verði rúmlega 20% hærra 1980 en í fyrra. Annað innflutningsverð hækkar líklega um rúmlega 10% og samtals yrði hækkun innflutningsverðs þá 12—14% í erlendri mynt talið. Útflutningsverð hækkar hins vegar aðeins um 7%, eins og nú horfir, og á þessum forsendum rýrna viðskiptakjörin um 5% frá fyrra ári. Í þjóðhagsáætlun fyrir 1981 er gert ráð fyrir að hækkun olíuverðs verði svipuð og á öðrum innflutningi eða um 7—8% í erlendri mynt *milli áranna 1980* og 1981. Aftur á móti er reiknað með að útflutningsverð hækki heldur minna en innflutningsverð á næsta ári eða um 6%. Það þýðir 1—2% rýrnun viðskiptakjara á næsta ári samanborið við 5% rýrnun í ár og 9% rýrnun á síðasta *ári, eða samtals 15% á þremur árum.* Ítrekað skal að spáin fyrir næsta ár er reist á mörgum ótryggum forsendum, en þegar á heildina er litið virðast ekki líkur á bættum viðskiptakjörum á næsta ári.

Það sem af er árinu 1980 hefur vöruinnflutningur verið meiri en búast mátti við á grundvelli fyrri spáa um þjóðarútgjöld. Tölur fyrir júlí, ágúst og september benda þó til þess, að verulega sé farið að draga úr innflutningsaukningunni. Samt sem áður er útlit fyrir 6 milljarða króna halla á vöruskiptajöfnuði samanborið við 12 milljarða afgang í fyrra, að vísu á gengi ársins 1980. Breytingin frá síðasta ári stafar fyrst og fremst af rýrnun viðskiptakjaranna, en einnig af óvenjumiklum flugvélakaupum á þessu ári. Hækkun olíuverðs á þessu ári umfram verðbreytingu annars innflutnings hækkar olíureikning þjóðarbúsins um 7 milljarða kr. Flugvélakaup nema í ár rúmum 11 *milljörðum* kr., en námu innan við 1 milljarð á síðasta ári, en á móti þessu vegur að einhverju leyti minni skipainnflutningur á þessu ári.

Að því er þjónustujöfnuðinn snertir er vart að búast við minni halla en 40 milljörðum kr. Í fyrra nam hallinn 11 *milljörðum* kr. reiknað á gengi ársins 1980. Meginástæður aukins halla á þjónustujöfnuði eru erfiðleikar í rekstri Flugleiða, miklar kostnaðarhækkanir í allri samgöngustarfsemi svo og auknar vaxtagreiðslur.

Innstreymi erlends fjármagns, einkum erlendra lána umfram afborganir, mun jafna viðskiptahallann nokkurn veginn, þannig að ekki er útlit fyrir umtalsverða breytingu gjaldeyrisstöðunnar.

Gert er ráð fyrir nokkrum samdrætti vöruinnflutnings á árinu 1981 ef verðhlutföll milli innflutnings og innlendrar framleiðslu breytast ekki í þá átt að ýta undir innflutning. Samdrátturinn verður einkum í innflutningi skipa og flugvéla og innflutningi til stóriðjuframkvæmda, en almennur vöruinnflutningur gæti aukist lítilsháttar. Í heild er gert ráð fyrir 1—2% minnkun vöruinnflutnings á föstu verðlagi. Vöruútflutningur er talinn aukast um nær 4% á næsta ári, *eins og áður var getið um.* Að óbreyttum viðskiptakjörum fæli þetta í sér 22 milljarða kr. afgang á vöruskiptajöfnuði, en vegna rýrnandi viðskiptakjara er spáð 16 milljarða afgangi.

Að því er þjónustujöfnuð varðar er fátt sem bendir til þess að hann breytist mikið á næsta ári. Það fer þó mjög eftir því, hvernig rekstur samgöngugreina gengur og þá einkum rekstur Flugleiða.

Vaxtagreiðslur af erlendum lánum munu heldur aukast, en vaxtaþróun á erlendum fjármagnsmarkaði skiptir þó ekki minna máli. Ekki eru líkur á að umtals-

verðar breytingar verði á öðrum liðum þjónustureiknings. Þetta fæli í sér 56 milljarða halla á þjónustujöfnuði á næsta ári. Samtals yrði viðskiptahallinn þá um 40 milljarðar kr. á árinu 1981 á verðlagi ársins 1980 eða rúmlega 2% af þjóðarframleiðslu. Til samanburðar verður viðskiptahallinn miðað við spár á árinu 1980 um 46 milljarðar kr. eða um 3½% af þjóðarframleiðslu, en hallinn var um 7 milljarðar kr. eða tæplega 1% af þjóðarframleiðslu 1979 og hefur sannarlega oft verið miklu meiri.

Þróun kaupmáttar kauptaxta gefur tilefni til að ætla að samdráttur verði á einkaneyslu í ár. Fyrstu níu mánuði ársins var kaupmáttur taxtakaups 5% minni en ársmeðaltalið 1979, og stafar það einkum af áhrifum versnandi viðskiptakjara á verðbótavísitölu. Kaupmáttur tekna hefur þó að líkindum rýrnað minna, ef marka má reynslu undanfarinna ára. Verðbætur á laun hafa hækkað þrisvar á árinu, um 6.7% í mars, 11.7% 1. júní og 8.6% 1. september. Hækkunin hefur í hvert sinn verið minni en hækkun framfærsluvísitölu undangengna 3 mánuði, ýmist vegna áhrifa viðskiptakjara eða vegna annarra frádráttarliða við útreikning verðbótavísitölu, hækkunar á launalið í búvörugrundvelli og á áfengis- og tóbaksverði. Frá nóvember 1979 til ágúst mánaðar 1980 hækkaði framfærsluvísitalan um 36%, en kauptaxtar hækkuðu um 29.5% samtals í mars, júní og september. Atvinnuástand hefur verið gott víðast hvar á landinu og mikil eftirspurn virðist vera eftir fólki í vinnu. Kaupmáttur ráðstöfunartekna í heild gæti minnkað um 3—4% milli áranna 1979 og 1980. Ætla mætti að slíkri rýrnun kaupmáttar fylgdi svipaður samdráttur einkaneyslu. Útgjaldatölur benda þó til þess, að samdrátturinn verði mun minni.

Að svo stöddu virðist líklegast, að aðeins verði um lítils háttar samdrátt einkaneyslu að ræða á þessu ári, ef til vill aðeins um 1%. Að því er samneyslu varðar, er áfram gert ráð fyrir 2% aukningu á þessu ári.

Heildarfjármunamyndun samkvæmt þjóðhagsreikningum er talin aukast um nær 8½% á föstu verðlagi á árinu 1980. Fjármunamyndun atvinnuveganna eykst um 6%, en vegna mikilla framkvæmda á sviði orkumála aukast opinberar framkvæmdir um rúmlega 20%. Þá er gert ráð fyrir um 3% samdrætti í íbúðarbyggingum. Samkvæmt þessari spá verður fjármunamyndunin nær 27% af þjóðarframleiðslu.

Þróun peningamála hefur að undanförnu verið óhagstæð. Afar mikil útlán hafa valdið peningaþenslu þrátt fyrir batnandi stöðu ríkissjóðs. Á hinn bóginn hafa gjaldeyrisviðskipti dregið úr peningamyndun. Útlán banka og sparisjóða hafa aukist mun meira á þessu ári en í fyrra. Frá ársbyrjun til ágústloka jukust útlán um rúma 94 milljarða króna eða um 42%, en hins vegar um tæplega 34% á sama tímabili í fyrra. Að frádregnum afurðalánavíxlum, sem Seðlabankinn endurkaupir, hafa útlán aukist um rúmlega 79 milljarða króna miðað við 45 milljarða á sama tíma í fyrra og er það nær 48%, sem er verulega mikið umfram almenna verðhækkun frá áramótum til ágústloka. Mikil aukning útlána annars vegar, en hægari aukning innlána hins vegar hefur orðið til þess, að lausafjárstaða bankanna hefur versnað mjög á árinu. Hér ber að hafa í huga að á undanförnum árum hefur staða bankanna yfirleitt verið tiltölulega erfið um þetta leyti árs, en batnað á síðustu mánuðum ársins.

Um miðjan september var gripið til ýmissa aðgerða til þess að reyna að draga úr útlánsaukningu banka og sparisjóða á næstu mánuðum. Þótt þetta takist er ljóst að þróun útlána hefur það sem af er árinu unnið á móti því markmiði að framvinda peningamála stuðlaði að hjöðnun verðbólgu.

Það, sem hér hefur verið sagt um nokkra þætti þjóðarbúskaparins, felur í sér að í heild vaxi þjóðarútgjöld um 1½—2% að raungildi á þessu ári. Þetta er heldur minni aukning en var í fyrra.

Stefnt er að því, að á árinu 1981 verði fjárfesting um fjórðungur þjóðarframleiðslu. Innflutningur skipa og flugvéla gæti orðið um 60% minni að raunverulegu verðgildi á næsta ári en á þessu ári, ef eingöngu er miðað við þau áform um kaup, sem nú eru þekkt. Framkvæmdum við járnblendiverksmiðjuna lýkur að mestu á þessu ári og sama gildir um stækkun álverksmiðjunnar, en þar verður áfram unnið við uppsetningu hreinsitækja á næsta ári. Líklegt er að opinberar framkvæmdir verði heldur meiri á næsta ári en á þessu ári. Aukningin verður fyrst og fremst í orkuframkvæmdum. Aftur á móti má búast við að fjárfesting atvinnuveganna verði heldur minni á árinu 1981 en á þessu ári. Meðal annars má gera ráð fyrir samdrætti í framkvæmdum í landbúnaði og ef til vill fleiri greinum, en fjárfesting í iðnaði mun líklega aukast, m. a. vegna framkvæmda við Áburðarverksmiðjuna. Forsendur þjóðhagsáætlunar um neyslu og fjárfestingu fela í sér að þjóðarútgjöld dragist lítillega saman á næsta ári eð um 0.7%.

Niðurstöður þjóðhagsáætlunar fyrir árið 1981 benda til að þjóðarframleiðslan vaxi um rúmlega 1% eða svipað og á þessu ári. Vegna versnandi viðskiptakjara verður aukning þjóðartekna þó heldur minni eða rúmlega ½%, eins og áður sagði.

Væntanleg aukning þjóðarframleiðslu, sem fram kemur í þjóðhagsáætlun ársins 1981, er svipuð og nemur áætlaðri fjölgun á vinnumarkaði. Því virðist ekki hætta á að atvinnuástand breytist að marki frá því sem verið hefur á líðandi ári. Þó gæti dregið heldur úr þeirri spennu eftirspurnar, sem sums staðar hefur ríkt á vinnumarkaði að undanförnu, en í grófum dráttum má segja að eðlilegt jafnvægi ríki á vinnumarkaði.

Um samneysluna er í þjóðhagsáætlun notuð sama forsenda og um einkaneyslu, að hún vaxi um 1% á næsta ári. Þessi forsenda er reist á mati á útgjaldatölum fjárlagafrv. fyrir árið 1981, en lítið er vitað um fyrirætlanir sveitarfélaga.

Venja er að gera í fjárlagaræðu grein fyrir afkomu ríkissjóðs undangengins árs. Þar sem síðasta fjárlagaræða var á óvenjulegum tíma, þ. e. í marsmánuði s. l., var þá gerð grein fyrir afkomu ríkissjóðs árið 1979 í þeirri ræðu og er ástæðulaust að endurtaka það hér.

Afkoma ríkissjóðs hefur verið mun betri það sem af er þessu ári en á sama tíma undanfarin ár, eins og ég hef þegar nefnt, og mun ég nú víkja nánar að þessu mikilvæga atriði.

Mesta breytingin kemur fram í þróun tekna og gjalda í A-hluta fjárlaga og má þar glöggt sjá mikinn bata í ríkisfjármálum. Ríkissjóður var hallalaus í janúar, en í febrúar og maí var töluverður afgangur og mikill afgangur í ágúst. Aðra mánuði hefur verið halli og frá áramótum hefur hallinn orðið mestur rúmlega 8 milljarðar kr. í júlílok og var það um 4.4% af tekjum ríkissjóðs fyrstu sjö mánuði ársins. Á sama tíma í fyrra var hallinn 17.8 milljarðar kr. eða 15.7% af tekjum. Í

ágústmánuði var um 6 milljarða afgangur hjá ríkissjóði og er það svipuð útkoma og í ágúst í fyrra. Frá áramótum til ágústloka voru gjöld um 2 milljarðar kr. umfram tekjur, en rúmlega 11 milljarðar í fyrra eða 18 milljarðar á verðlagi þessa árs.

Eins og ég hef þegar bent á hafa tekjur á þessu tímabili aukist um tæplega 61% miðað við sama tíma í fyrra, en gjöld hafa aukist um nær 50%. Hins vegar hefur verðlag á sama tíma hækkað um 58% miðað við verðlagshækkanir á sama tíma árinu áður. Þessi tala gæti óneitanlega valdið svolitlum misskilningi vegna þess að ég hef margsagt það hér, að verðlagshækkun frá ársbyrjun til ágústloka hafi út af fyrir sig verið innan við 40%, og ekki reiknað með, að verðlagshækkunin frá ársbyrjun til ársloka verði nema rétt liðlega 50%. En hér er ég að segja, að meðalverðlagshækkunin á fyrstu 8 mánuðum ársins í samanburði við meðaltal fyrstu 8 mánaðanna í fyrra, sem er allt önnur viðmiðun, eins og menn skilja, — þessi hækkun nemi 58%. Og það er auðvitað eðlilegt að bera þessa hækkun, þ. e. meðalverðlagshækkunina á fyrstu 8 mánuðunum í samanburði við meðalverðlagshækkunina í fyrra, saman við aukningu tekna ríkissjóðs og aukningu útgjalda ríkissjóðs á sama tíma.

En þessi samanburður, sem ég hef nú nefnt, tekjurnar aukast um 61%, gjöldin um 50%, en verðlagið um 58%, — þessar tölur sýna að það vegur þyngst í þessu að útgjaldahækkunin er miklu minni en verðlagshækkunin. Ástæðan er margvíslegar sparnaðarráðstafanir á þessu ári, hlutfallslega lægri framlög til fjárfestingarlánasjóða, lægri niðurgreiðslur o. fl.

Ef litið er á greiðsluafkomu A-hluta ríkissjóðs án lánahreyfinga við Seðlabanka er munurinn á framvindunni nú og í fyrra heldur minni en á tekjum og gjöldum. Í ágústlok var greiðsluhalli frá áramótum 3.4 milljarðar kr., en 7.5 milljarðar í fyrra eða tæpir 12 milljarðar á verðlagi þessa árs.

Í fjárlögum ársins var gert ráð fyrir að tekjur umfram gjöld yrðu um 3 milljarðar kr. og greiðsluafgangur um 9½ milljarður kr. og yrði hann að mestu notaður til þess að greiða niður skuld ríkissjóðs við Seðlabankann. Að sjálfsögðu fara tekjur og gjöld talsvert fram úr tölum fjárlaga vegna meiri verðlagshækkana en reiknað var með.

Enn er of snemmt að segja til um endanlega afkomu ríkissjóðs á þessu ári því að óvissa ríkir um niðurstöður álagningar opinberra gjalda frá því í sumar, og þetta á einkum við um skattlagningu fyrirtækja og félaga, en flest bendir til þess, að fjárlög þau, sem samþykkt voru á s. l. vetri, hafi verið raunhæfari en verið hefur nú um skeið. Fyrirliggjandi áætlanir benda til þess, að innheimtar tekjur ríkissjóðs á árinu 1980 muni nema um 372 milljörðum kr. og að útgjöldin nemi svipaðri upphæð. Þar sem innstreymi og útstreymi á lánahreyfingum er nær því hið sama, að teknu tilliti til greiðslunnar til Seðlabankans, má vænta þess, að ríkissjóður verði nokkurn veginn í jafnvægi bæði í rekstrarlegu og greiðslulegu tilliti.

Samkvæmt 1. gr. fjárlagafrv. fyrir árið 1981 er mismunur heildartekna og heildarútgjalda um 7.1 milljarður kr. Heildartekjur nema alls 533.6 milljörðum kr. samkv. frv. Beinir skattar, þ. e. tekjuskattur og eignarskattur, eru áætlaðir 91.6 milljarðar kr. eða 17.2% af heildartekjum.

Óbeinir skattar eru áætlaðir 431.4 milljarðar kr. eða 80.8% af tekjum ríkissjóðs. Aðrar tekjur ríkissjóðs eru áætlaðar 10.6 milljarðar kr. eða 2% af heildartekjum.

Heildarskattbyrði vegna skattheimtu ríkissjóðs er samkvæmt þessu um 28.5% af áætlaðri vergri þjóðarframleiðslu, og er það sama hlutfall og á þessu ári.

Tekjuáætlun frv. er reist á þeim forsendum að kauplag og verðlag hækki að meðaltali um 42% milli áranna 1980 og 1981. Ekki er reiknað með meiri háttar tollabreytingum á árinu, enda kom síðasti tollalækkunaráfangi skv. samningum Íslands við EBE og EFTA til framkvæmda 1. janúar 1980.

Heildargjöld ríkissjóðs eru alls 526.5 milljarðar kr. Af þessari fjárhæð renna um 214.2 milljarðar kr. til samneyslu, 87.6 milljarðar til framkvæmda og til framkvæmdasjóða og um 244.7 milljarðar króna til neyslu og rekstrartilfærslna.

Í 1. gr. frv. kemur fram að heildarlánsfjáröflun nemur 63 milljörðum kr. Þar af renna um 38.3 milljarðar kr. til B-hluta fyrirtækja og sjóða, en 19.7 milljarðar kr. er lántaka vegna A-hluta frv. Af heildarlántökum eru um 28.8 milljarðar kr. innlend uppspretta lánsfjár, en um 35 milljarðar kr. eru fyrirhugaðar erlendar lántökur.

Það skal tekið fram, að hér er aðeins um lántökur að ræða til A- og B-hlutaframkvæmda. Við framlagningu fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar verður nánar fjallað um heildarfjármunamyndun í þjóðfélaginu og fjármögnun hennar. Endanleg skipting innlends og erlends fjármagns milli fjárfestingaraðila hefur ekki verið tekin. Þar af leiðandi geta orðið talsverðar breytingar á, hve mikið af fjármunamyndun ríkisins verður fjármagnað með erlendu lánsfé og hve mikið verður fjármagnað með innlendu fé. Að því er snertir erlendar lántökur skiptir ekki öllu máli hvort lánin eru notuð til að fjármagna ríkisframkvæmdir eða framkvæmdir annarra aðila. Í þessu sambandi skiptir miklu meira máli erlend skuldasetning þjóðarbúsins í heild.

Lánagreiðslur A-hluta frv. umfram lántökur nema alls um 2 milljörðum kr. Innifalið í útstreymi á lánahreyfingum, sem er alls 21.9 milljarðar kr., er afborgun lána til Seðlabanka Íslands að fjárhæð 10 milljarðar kr.

Í frv. er að því stefnt, að endurgreiðslur lána í A-hluta ríkissjóðs nemi 2 milljörðum kr. umfram lántökur. Lánsfjármál taka vaxandi rými í fjárlögum og má í því sambandi nefna að afborganir af lánum eru alls áætlaðar 21.5 milljarðar kr. og vaxtagreiðslur 19.6 milljarðar kr., eða alls 41.1 milljarðar króna, og eru þá ótaldir vextir og afborganir B-hluta fyrirtækja.

Frv., eins og það nú liggur fyrir, er með um 3,8 milljarða kr. greiðsluafgangi.

Tekjuáætlun ríkissjóðs fyrir árið 1981 er að venju reist í fyrsta lagi á endurskoðaðri áætlun um tekjur ríkissjóðs á líðandi ári, í öðru lagi á ákveðnum þjóðhags- og verðlagsforsendum og í þriðja lagi á ákveðnum forsendum um einstaka tekjuliði. Ég hef hér á undan fjallað um almennar forsendur frv. og fyrirvara um leiðir til tekjuöflunar.

Áætlanir um helstu stofna óbeinna skatta eru miðaðar við að velta aukist um 1.3% að raungildi frá fyrra ári. Í áætlun um aðflutningsgjöld er gert ráð fyrir 1.5% aukningu almenns vöruinnflutnings og að innflutningsverð hækki um 8% í erlendri mynt, en 42% í krónum. Ekki er reiknað með meiri háttar tollabreytingum á árinu, eins og áður hefur verið nefnt. Því er reiknað með óbreyttri samsetningu innflutnings frá þessu ári að öðru

leyti en því, að gert er ráð fyrir nokkrum samdrætti í innflutningi bíla og olíu eins og nánar er vikið að í athugasemdum um tekjuáætlun frv.

Innheimtar tekjur ríkissjóðs á árinu 1981 eru áætlaðar samtals 533,6 milljarðar kr. samanborið við 371.9 milljarða í áætlun fyrir árið 1980. Samkvæmt þessu aukast tekjur um 181,7 milljarða eða 48.9% frá áætlaðri niðurstöðu í ár, en frá fjárlögum nemur aukningin rösklega 52%. Tekjur ríkissjóðs sem hlutfall af þjóðarframleiðslu verða á næsta ári um 28.5% eða áþekkt hlutfall og horfur eru á að það verði í ár.

Alls er í áætluninni talið að innheimta tekju- og eignarskatts nemi 1981 um 91.6 milljörðum kr. samanborið við 64.6% milljarða kr. 1980.

Hvað varðar skattvísitölu, sem ákvarðar breytingar frádráttarliða, skattstiga, persónuafsláttar og barnabóta, er gert ráð fyrir að hún verði ákveðin 145 stig, en jafnframt að gerðar verði breytingar á tekjuskattslögum, eins og áður kom fram. Samkvæmt þessu og í samræmi við meginforsendur frv. um launabreytingar 1980—1981 er gert ráð fyrir að álagning tekjuskatts einstaklinga hækki um 42% frá árinu 1980 til ársins 1981, en að auki er reiknað með að framteljendum fjölgi um 1%. Fjölmörg atriði, sem tengjast tekju- og eignarsköttum, þarf að athuga áður en til afgreiðslu fjárlaga kemur. Þessi mál eru nú í vinnslu, eins og ég gat um í upphafi máls míns.

Almennar tolltekjur ríkissjóðs eru áætlaðar 46 milljarðar kr. á árinu 1980 og er það tæpum 6.7 milljörðum meira en í fjárlagaáætlun. Innflutningur hefur reynst meiri en reiknað var með í fjárlagaforsendum, einkum fyrstu mánuði ársins, og tollhlutfall einnig verið hærra en búist var við. Í fjárlögum 1980 var reiknað með að tollhlutfall almenns vöruinnflutnings lækkaði töluvert á árinu, bæði vegna tollalækkunar í ársbyrjun og þar sem búist var við að rýrnandi kaupmáttur ylli samdrætti í kaupum hátollavöru.

Í áætlun fyrir 1981 er talið að almennur vöruinnflutningur aukist um 1—1½% að raungildi frá líðandi ári.

Jöfnunargjald og aðlögunargjald á innfluttar iðnaðarvörur eru talin skila 3 800 millj. kr. tekjum á þessu ári. Bæði þessi gjöld falla úr gildi um n. k. áramót að óbreyttum lögum. Jöfnunargjald verður væntanlega framlengt óbreytt, en óvissa er enn um aðlögunargjald. Hér er reiknað með samtals 5 400 millj. kr. tekjum af þessum gjöldum, þar sem ljóst er að önnur tekjuöflun kemur í stað aðlögunargjalds, ef það fellur niður. Með brbl. nr. 66/1980 var kveðið á um álagningu sérstaks tímabundins innflutningsgjalds á sælgæti og kex. Innflutningur sælgætis hefur aukist afar mikið á þessu ári eftir að þessi vöruflokkur var tekinn á frílista í ársbyrjun, og erfitt er að sjá fyrir hvaða áhrif hið nýja innflutningsgjald kann að hafa á eftirspurn. Miðað við að töluvert dragi úr innflutningi þessarar vöru er innflutningsgjaldið áætlað 300 millj. kr. á árinu 1980 en 1 200 millj. kr. á árinu 1981.

Í fjárlögum ársins 1981 voru heildartekjur af seldri vöru og þjónustu áætlaðar um 171 milljarður kr., en nú eru horfur á að þær nemi um 181,7 milljörðum eða 8% umfram fjárlagatöluna. Stafar þessi hækkun af örari veltubreytingum en reiknað var með við afgreiðslu fjárlaga. Áætlun um söluskatt á árinu 1981 ræðst af þeim forsendum um kauplag, verðlag og þjóðarútgjöld sem áður er getið. Innheimtur söluskattur er áætlaður 176 milljarðar kr. eða rösklega 44% hærri en á þessu ári. Þetta er 33% af heildartekjum ríkissjóðs og er það svipað hlutfall og á þessu ári, að því er ætlað er. Hér er eingöngu um að ræða hlut ríkissjóðs í hinu almenna 20% sölugjaldi auk 2% söluskattsaukans, sem er óskiptur. Hlutur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, 8% af almenna sölugjaldinu, er ekki meðtalinn, en hann er áætlaður 13,8 milljarðar kr. 1981. Með lögum nr. 12/1980 var ákveðið að leggja skyldi 1½% orkujöfnunargjald á söluskattsstofn og gjaldið skyldi renna óskipt í ríkissjóð. Tekjur af þessu gjaldi eru áætlaðar 6 200 millj. kr. 1980 og 13 000 millj. kr. á árinu 1981. Gjald á söluskattsstofn er því orðið 23½% og eru tekjur ríkissjóðs af því áætlaðar samtals 189 milljarðar kr. á árinu 1981 og er það rösklega 35% af heildartekjum.

Heildarútgjöld ríkissjóðs á rekstrarreikningi á árinu 1981 eru áætluð 526 515 millj. kr. og nemur hækkunin um 183.275 millj. kr. frá fjárlögum fyrir árið 1980 og er það hækkun um 53.4%.

Eins og í frv. til fjárlaga fyrir árið 1980 var launaliður einstakra stofnana tilgreindur miðað við kauplag í upphafi fjárlagaárs. Kjarasamningur ríkisins við BSRB var undirritaður skömmu áður en gengið var frá þessu frv. Ljóst er að samningur þessi kostar ríkissjóð á bilinu 4—4,5 milljarða kr. á árinu 1981 og er áætlað fyrir þeirri fjárhæð á sérstökum lið fjmrn., auk 21 milljarðs kr., til þess að mæta hækkun launa vegna verðbóta, miðað við 42% launabreytingu frá miðju þessu ári til miðs næsta árs.

Í heild nemur launakostnaður rúmum 155 milljörðum kr., sem er rúmlega 61% hækkun frá fjárlögum 1980.

Launaáætlun fjárlaga 1980 var miðuð við að laun hækkuðu á árinu 1980 í samræmi við áætlaðar verðbreytingar. Hækkun þessi jafngilti um 14% á árinu og voru 11 900 millj. kr. áætlaðar á sérstökum lið til að mæta henni. Nú er ljóst að verðbótahækkun launa verður nokkru meiri á árinu 1980 eða um 21—22% að meðaltali. Hækkun launataxta opinberra starfsmanna frá áramótum 1979/1980 til næstu áramóta nemur 42.9% að frátöldum áhrifum nýafstaðinna kjarasamninga. Það er sú hækkun sem notuð er til viðmiðunar við hækkun launa einstakra stofnana, þar sem laun á einstökum stofnunum eru tilgreind í fjárlagafrv. á verðlagi í lok árs 1980. Á hliðstæðan hátt voru laun tilgreind í fjárlögum 1980.

Hækkun launaliðar frv., að frádreginni þeirri fjárhæð sem ætluð er til að mæta launahækkun á fjárlagaárinu 1981, nemur 53.6%. Þetta er meiri hækkun en hækkun almennra launataxta gefur tilefni til, en það er 42.9%, eins og áður sagði. Hækkun umfram launataxta skýrist í megindráttum af eftirfarandi fjórum þáttum:

1. Alls nemur hækkun launaliðarins um 1 500 millj. kr. *vegna stöðufjölgunar sem tengist nýrri starfsemi og* framkvæmd gildandi laga. Þar af eru 805 millj. kr. vegna stöðufjölgunar á ríkisspítölum og heilsugæslustöðvum, 44 millj. kr. vegna aðstoðar við þroskahefta, 172 millj. kr. vegna forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum, 25 millj. kr. vegna Vinnueftirlits ríkisins, 149 millj. kr. vegna stofnana afbrigðilegra barna, 22 millj. kr. vegna stöðufjölgunar í Heyrnleysingjaskólanum og 283 millj kr. vegna ýmissar annarrar starfsemi.
2. Nokkrir veigamiklir útgjaldaþættir eru færðir til í frv. og hækka þar af leiðandi launalið frv. Þar vegur

þyngst að flugmálastjórn er nú gerð að A-hlutastofnun færð úr A-hluta í B-hluta, og er launaliður þeirrar stofnunar 1 777 millj. kr. Alls má rekja um 2 600 millj. kr. til tilfærslu verkefna á launalið.

3. Með hliðsjón af þróun launaliðar fjárlaga 1979 og 1980 hefur þótt nauðsynlegt að leiðrétta launagrunn nokkurra stofnana. Í þessu tilliti vega langþyngst yfirvinna og álagsgreiðslur á ríkisspítölum, en alls nema útgjöld umfram taxtabreytingar vegna þessa um 900 millj. kr. Launaliður grunnskóla fór allverulega fram úr fjárlögum 1979 og horfur eru á að svo verði einnig 1980. Leiðrétting á grunni skólanna auk nokkurrar magnbreytingar hefur í för með sér um 800 millj. kr. viðbótarútgjöld. Launaútgjöld vegna framhaldsskólastigsins aukast um 1 240 millj. kr. Innritun nema í framhaldsskóla fyrir skólaárið 1980—1981 bendir til verulegrar fjölgunar nema frá yfirstandandi ári. Auk þessa hefur komið fram vanáætlun á launum nokkurra skóla sem nú er reynt að leiðrétta til að fjárlög verði sem raunhæfust. Þá má nefna að gengisuppfærsla á laun sendiráða eykur launaútgjöld um 207 millj. kr. og þannig má samanlagt rekja leiðréttingar launaliða og endurmat launaliða til hækkunar samtals upp á 3.1 milljarð kr.
4. Í fjárlögum 1980 var nokkur stöðufjölgun heimiluð á ríkisspítölum, heilsugæslustöðvum, vegna forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum o. fl. Fjárveitingar til þessara staða eru þó takmarkaðar við ráðningu hluta úr ári. Á árinu 1981 er áætlað fyrir stöðunum allt árið í staðinn fyrir hálft árið eða aðeins hluta úr árinu sem nú er að líða. Ávallt er um flokkaskrið og aðrar tilfærslur að ræða sem skýra nokkra hækkun launa umfram beinar taxtahækkanir. Hér má nefna áhrif kjarasamninga og verðbótarvísitölu á laun Sóknarfólks frá fyrri hluta árs 1979, kjarasamninga lækna frá 1979 sem einnig voru vanmetnir í fjárlögum 1980 o. fl.

Ég vænti þess, að með þeim skýringum, sem hér hafa verið gefnar, sé mönnum ljóst hvers vegna launaliður fjárlaga hækkar töluvert umfram áætlaðar almennar verðlags- og launabreytingar á árinu 1981.

Önnur rekstrargjöld í frv. hækka um 12 369 millj. kr. eða 57.2%. Almenn verðlagsbreyting þessa liðar frá 1980 til 1981 er áætluð um 42%. Við gerð frv. hefur verið gengið út frá nokkru hærri verðbreytingu, eða 46—48%, og er það gert vegna þess að verðbreyting á árinu 1980 fór verulega fram úr því sem miðað var við í fjárlögum 1980. Nokkrar tilfærslur eiga sér stað milli rekstrargjalda og annarra rekstrarliða. Þyngst vega rekstrargjöld flugmálastjórnar. Þá hækka rekstrargjöld héraðsskóla og nokkurra annarra stofnana umfram viðmiðunarhlutfall, en í ljósi ársins 1980 voru rekstrargjöld þeirra vanáætluð. Rekstrargjöld nokkurra fjárfrekra stofnana lækka að tiltölu. Ber þar að nefna Hafrannsóknastofnun, Landhelgisgæslu og Vegagerð ríkisins, en ég vík nánar að þessum atriðum síðar.

Hækkun viðhaldsliðar er 5260 millj. kr. eða 52.9%. Almenn forsenda um hækkun vísitölu byggingarkostnaðar frá meðaltali 1980 til 1981 er um 42%. Viðhaldsliður Vegagerðar ríkisins nemur 10 800 millj. kr. eða 71% alls viðhalds A-hluta fjárlaga og hækkar það um 41.1% milli ára. Viðhald til annarra verkefna nemur því um 4 400 millj. kr. og hækkar frá fjárlögum um 2 110 millj. kr. eða 92.1%. Fjárveiting til viðhalds á ríkisspítölum, sjúkrahúsum, sem njóta daggjalda, og á heilsugæslustöðvum nemur alls 1 966 millj. kr., en það er 45.7% hækkun frá fyrra ári. Framlag til annarra verkefna nemur þar af leiðandi 2 298 millj. kr. og hækkar um 143%. Víða hefur skort á viðhald opinberra bygginga. Á hliðstæðan hátt og 1980 er leitast við að bæta úr brýnni viðhaldsþörf og er meginhersla lögð á að eignum hraki ekki.

Sérstök ástæða er til að nefna að samkvæmt lögum nr. 57 frá 1978, um heilbrigðisþjónustu, skal ríkissjóður greiða 50% viðhaldskostnaður sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva. Til þessa verkefnis renna 900 millj. kr. skv. frv. Á árinu 1980 hefur viðhald verið greitt sem hluti af daggjöldum með um 85% þátttöku ríkissjóðs, enda þótt fjárlög geri ráð fyrir 50% þátttöku. Kostar þetta 600—700 millj. kr. í auknum útgjöldum fyrir ríkissjóð. Enn er þátttaka ríkissjóðs áætluð 50% lögum samkvæmt og verður nú að taka afstöðu til þess, hvernig háttað verði þátttöku ríkissjóðs í viðhaldi sjúkrastofnana í framtíðinni þannig að framkvæmd stangist ekki á við lög og valdi ekki ríkissjóði auknum útgjöldum sem hvergi er áætlað fyrir.

Vaxtakostnaður af almennum lánum ríkissjóðs er áætlaður rúmir 19.5 milljarðar kr. Alls eru áætlaðar vaxtagreiðslur til Seðlabanka Íslands á árinu 1981 9.7 milljarðar og er það 1,8 milljörðum hærri fjárhæð en áætlað var á fjárlögum 1980. Vextir af lánum ríkissjóðs hjá öðrum en Seðlabanka eru áætlaðir 9.8 milljarðar og er þar um að ræða hækkun um 1.9 milljarða frá fjárlögum 1980.

Framlög til almannatrygginga verða 129.6 milljarðar króna og hækka um 43 milljarða eða 49.8% frá fjárlögum 1980.

Hér er reiknað með verðlagsbreytingu frá meðalverðlagi 1980 til meðalverðlags 1981. Framlög taka því ekki breytingum að óbreyttum reglum um tryggingabætur, nema verðlagsforsendur ársins 1981 reynist aðrar en gert er ráð fyrir í frv.

Í áætlun um útgjöld til tryggingamála er gert ráð fyrir sérstakri 5% hækkun tekjutryggingar frá miðju ári 1981 til viðbótar við almenna hækkun tryggingabóta í samræmi við verðlagsbreytingar, en jafnframt kom til framkvæmda á þessu ári mikil hækkun tekjutryggingar. Þessi hækkun tekjutryggingar er hluti af ráðstöfunum félagslegs eðlis í samræmi við ákvæði stjórnarsáttmálans. Kjör elli- og lífeyrisþega hafa einnig verið bætt á þessu ári með óbeinum hætti þegar ákveðið var að þessir aðilar greiddu aðeins hálfan kostnað við lyf og læknishjálp.

Ástæðulaust er að fjölyrða um þennan veigamikla þátt þar sem ítarleg grein er gerð fyrir honum í fjárlagafrv. Á þrem atriðum vil ég þó vekja athygli til viðbótar. Í fyrsta lagi er brýnt að tilhögun og fjármögnun barnsmeðlaga verði tekin til endurskoðunar. Óhæft er að Tryggingastofnun ríkisins bindi alla sína varasjóði í barnsmeðlögum sem ekki innheimtast. Láta mun nærri að skuld Innheimtustofnunar sveitarfélaga við Tryggingastofnun ríkisins vegna þessa muni nema um 4 000 millj. kr. um n. k. áramót og er, eins og ég hef þegar nefnt, áformað að gera ráðstafanir til að hækka þessa skuld. Í öðru lagi er ráð fyrir því gert í frv., að þátttaka sjúklinga í lyfjakostnaði og kostnaði við sérfræðiþjónustu aukist hlutfallslega eins og útgjöld sjúkrasamlaga vegna þessara þátta. Í þriðja lagi þarf að ákveða endanlega þátttöku ríkisins í viðhaldi sjúkrahúsa.

Framlög til niðurgreiðslna nema alls 31 milljarði kr. Áætluð ársútgjöld miðað við það niðurgreiðslustig, sem nú gildir, þ. e. eftir nýafstaðna hækkun á niðurgreiðslu mjólkur og kartaflna, nemur um 32 milljörðum króna. Ríkisstj. vinnur nú að tillögum í efnahagsmálum og er ljóst að niðurgreiðslur tengjast ákvörðun í því efni.

Áætlaðar uppbætur á landbúnaðarafurðir nema alls 12 milljörðum kr., en það er 42.9% hærri fjárhæð en í fjárlögum 1980 og miðast við fullnýtingu verðábyrgðar ríkissjóðs á árinu 1981, sem er samkv. lögum 10% af framleiðsluverðmæti landbúnaðarvara.

Samkvæmt þessu frv. til fjárlaga er hafin uppbygging grænfóðurverksmiðja af fullum krafti eftir nokkurra ára hlé á þessu sviði. Hér er um að ræða mikilvægt viðfangsefni til gjaldeyrissparnaðar. Eðileg notkun kjarnfóðurs miðað við kúa- og sauðfjárbúskap er talin vera 60 þús. tonn á ári og þar af mætti nota innlenda grasköggla að þremur fjórðu hlutum eða sem nemur um 45 þús. tonnum. Hámarksframleiðsla grasköggla í landinu er þó aðeins 12 þús. tonn og eru verksmiðjurnar allar á Suður- og Vesturlandi, svo að flutningskostnaður í aðra landshluta verður óhæfilega mikill.

Í frv. eru ætlaðar 100 millj. kr. með beinu framlagi ríkissjóðs og 200 millj. kr., með lántöku til að hefja byggingu grasköggla verksmiðja í Saltvík í Suður-Þingeyjarsýslu og í Hólminum í Skagafirði. Veruleg fyrirheit hafa verið gefin um fjárframlög heimaaðila til byggingar þessara verksmiðja, sem væntanlega verða þá byggð upp og rekin á vegum hlutafélaga þar sem heimamenn fara með stjórn. Verður stefnt að því, að unnt verði að taka þessar verksmiðjur í notkun eigi síðar en á árunum 1983—1984.

Framlög til ríkisframkvæmda í heild nema alls 87.6 milljörðum kr. og er það hækkun um 30 milljarða eða 53% frá fjárlögum. Framlög til hreinna ríkisframkvæmda og framkvæmda, sem kostaðar eru af fleiri aðilum, hækka um tæpa 14.4 milljarða eða 45%. Miðað við verðlagsforsendur frv., þ. e. 42% hækkun verðlags milli áranna 1980 og 1981, er því heldur um aukningu að ræða.

Framlög til fjárfestingarlánasjóða hækka um tæpa 8.1 milljarð kr. eða 52.7%, og er þá fylgt þeirri stefnu að framlög til flestra fjárfestingarlánasjóða eru skert. Vakin er athygli á að framlög til húsnæðislánasjóðanna nema í frv. 11.8 milljörðum, en námu í fjárlögum 1980 rúmum 7.5 milljörðum. Í samræmi við húsnæðismálalög verður í þessu frv. veruleg breyting á framlögum til Byggingarsjóðs ríkisins annars vegar og Byggingarsjóðs verkamanna hins vegar. Í frv. er stefnt að verulegri aukningu á framlögum til síðar nefnda sjóðsins, þ. e. til félagslegra íbúðarbygginga, og í því skyni aukast framlögin í Byggingarsjóð verkamanna mjög verulega. Alls er áformað að Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna hafi til ráðstöfunar um 40 milljarða kr. á árinu 1981, en ráðstöfunarfé sjóðanna er um 23 milljarðar kr. á árinu 1980.

Framlög ríkissjóðs til flestra fjárfestingarlánasjóða eru bundin samkvæmt lögum. Verðtrygging útlána fjárfestingarlánasjóða hefur styrkt fjárhagslega stöðu þeirra verulega og er því ekki jafnmikil þörf og áður að sjá þeim fyrir óafturkræfum framlögum úr ríkissjóði. Í lánsfjárlögum fyrir árin 1979 og 1980 voru framlög ríkissjóðs til fjárfestingarlánasjóða skert, og samkvæmt 8. gr. laga nr. 13/1979 skulu ákvæði í lögum, sem kveða á um skyldu ríkissjóðs til fjárframlaga til sjóða og einstakra verkefna með föstum reglubundnum hætti, tekin til endurskoðunar og það kannað, að hve miklu leyti fjárframlög til þessara þarfa verði framvegis ákveðin með fjárlögum ár hvert.

Hinn 31. ágúst 1979 var skipuð nefnd fulltrúa þingflokkanna til að inna af hendi fyrrgreinda athugun. Nefndin skilaði samhljóða áliti í júlí 1980, en þó með fyrirvörum af hálfu einstakra nefndarmanna. Við ákvörðun fjárframlaga úr ríkissjóði til fjárfestingarlánasjóðanna var tekið mið af þessu nefndaráliti, auk þess sem leitast var við að fjárframlög til sjóða yk just ekki um meira en 50% frá árinu 1980. Frávik frá þessari reglu eiga sér stað að því er varðar Byggingarsjóð verkamanna, en þar er tekið mið af nýsettum lögum um sjóðinn, og hvað varðar Framkvæmdasjóð öryrkja og þroskaheftra, en í vor voru ákvæði sett sem snerta þann sjóð, og með tilliti til lagaákvæða um framlög til Framkvæmdasjóðs öryrkja og þroskaheftra hækkar framlagið til sjóðsins um 89.6% milli áranna 1980 og 1981. Ætlast er til að þær fjárhæðir, sem eru tilgreindar í fjárlagafrv. sem framlög til hinna ýmsu stofnlánasjóða, breytist ekki með verðlagi eða öðrum þáttum. Til að svo megi verða þarf annaðhvort að breyta lögum hinna einstöku sjóða, sem er eðlilegt framhald nefndarstarfsins frá í sumar, eða að skerða framlög til sjóðanna með sérstökum lögum í átt við það sem gert hefur verið á undanförnum tveimur árum.

Eitt af mörgum álitamálum, sem upp komu við fjárlagagerð, snerti kjaramál sendiherra Íslands erlendis og annarra sendiráðsstarfsmanna. Með nýjum lögum um tekju- og eignarskatt, sem samþykkt voru vorið 1978, var undanþága starfsmanna íslenskra sendiráða frá greiðslu tekjuskatts af starfslaunum felld niður. Þegar lögin voru samþykkt hér á Alþingi hlaut það að liggja ljóst fyrir, að þetta nýmæli í skattalögum hefði í för með sér rýrnun á kjörum starfsfólks sendiráðanna. Við umræður um nýju tekjuskattslögin á Alþingi var þó engin athugasemd gerð við það, að þessi undanþága frá skattgreiðslu væri felld niður, hvorki í umr., né nefndaráliturn. Einu og hálfu ári síðar, haustið 1979, ritar páv. fjmrh., Sighvatur Björgvinsson, bréf til utanrrn., dags. 15. nóv. 1979, þar sem hann lýsir því yfir, að þar sem þetta nýmæli í skattalögum muni hafa í för með sér rýrnun á kjörum starfsfólks sendiráðanna og þar sem komið hafi verið í veg fyrir slíka kjaraskerðingu sendiráðsmanna á öðrum Norðurlöndum vegna sams konar breytinga á skattalögum heiti hann því fyrir hönd rn. að sendiráðsmenn fái kauphækkun sem nemi væntanlegum tekjuskatti og muni rn. beita sér fyrir útvegun fjárveitingar til að greiða þennan kostnað eftir að nýju skattalögin hafa komið til framkvæmda.

Hæpið virðist, að ekki sé meira sagt, að fjmrh. geti lofað tilteknum hópi manna að þeir fái greiðslu úr ríkissjóði á fjárlögum næstu ára til að greiða skatta sem Alþingi hefur samþykkt að leggja á. Enn síður virðist þetta fyrirheit vera skuldbindandi fyrir ríkissjóð þegar haft er í huga að viðkomandi fjmrh. hafði ekki samráð við Alþingi í einu eða neinu formi og var ráðherra í bráðabirgðastjórn sem ekki studdist við þingmeirihluta.

Árslaun íslensks sendiherra á Norðurlöndunum voru áætluð á verðlagi um mitt þetta ár rúm 41 millj. kr., þar af eru um 30% grunnlaun, en um 70% launa- og staðaruppbót sem m. a. er ætluð til að greiða laun þjónustu-

fólks á gestkvæmum heimilum sendiherrahjóna. Sendifulltrúi hefur 70% af launum sendiherra. Aðrir sendiráðsmenn hafa miklu minni laun. Sjálfsagt er, að Alþingi taki sjálfstæða afstöðu til þessa máls við afgreiðslu fjárlaga án tillits til ráðherrabréfsins sem ég nefndi áðan og varla getur talist skuldbindandi. Vel má vera að sendiráðsmenn, sem lægri hafi launin, séu síst ofhaldnir í launum og þörf sé að hækka launauppbót þeirra þegar skattfrelsi er afnumið, og bið ég hv. fjvn. að taka það mál sérstaklega til athugunar.

Framlög til lánagreiðslna og endurlána hækka alls um tæpa 7.1 milljarð kr. eða 89.1%. Þessi mikla hækkun skýrist af því að í frv. er snúið af þeirri braut, sem mörkuð hefur verið á undanförnum árum, að fjármagna óarðbærar framkvæmdir, eins og styrkingu dreifikerfis í sveitum og sveitarafvæðingu, með lánsfé. Auk þess er rétt að geta þess, að til Rafmagnsveitna ríkisins renna 1 500 millj. kr. vegna svokallaðra félagslegra framkvæmda, en yfir stendur athugun á því, hvernig þessi þáttur skuli metinn í fjárfestingu fyrirtækisins.

Framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna hækkar um 2 697 millj. kr. og verður alls 8 092 millj. kr. Auk þess verður sjóðnum aflað lántökuheimildar alls 3 300 millj. kr. Geta sjóðsins til lánveitinga verður því alls 10 161 millj. kr. og styrkveitingar alls 474 millj. kr. Útlán sjóðsins miðast við að mætt verði 90% umfram fjárþörf námsmanna. Í stjórnarsáttmálanum er stefnt að því að endurskoða lög um námslán og námsstyrki. Þetta starf er nú í fullum gangi og fyrir Alþingi verður senn lagt frv. um þetta efni.

Á árinu 1980 aukast framkvæmdir í vegamálum mjög verulega frá því sem verið hefur nú um skeið. Framlög til vegamála í þessu fjárlagafrv. fyrir árið 1981 eru við það miðuð, að framkvæmdir í vegamálum haldi áfram af fullum krafti. Sérstök áhersla er lögð á lagningu bundins slitlags og er 1000 millj. króna lánsfjár aflað til þess verkefnis sérstaklega. En ætlunin er að athuga fjáröflun til vegagerðar og útgjöld Vegagerðar nánar við afgreiðslu lánsfjáráætlunar og vegáætlunar að nokkrum vikum liðnum.

Framlög til lista eru verulega aukin í þessu frv. annað árið í röð í samræmi við þá stefnu ríkisstj. að hlúa að innlendri lista- og menningarstarfsemi. Liðurinn „listir, framlög" hækkar úr 480 millj. kr. í fjárlögum ársins 1980 í 859 millj. kr. í þessu frv. eða um tæplega 80%.

Rétt er að nefna hér nokkur atriði sem horfa til sparnaðar og hagræðingar í ríkiskerfinu.

1. Útgerð skipa Landhelgisgæslunnar er fyrirhuguð þannig, að þrjú skip verði í rekstri á árinu, og að auki er ætlast til þess að skipin verði til skiptis í höfn um sumartímann meðan sumarleyfi standa yfir. Í fluggæslu er gert ráð fyrir rekstri einnar Fokkerflugvélar og tveggja þyrla. Rekstrartilhögun þessi felur í sér allnokkurn samdrátt og þá nýtingu á tækjakosti sem heppilegust er talin. Í fjárlögum 1980 var ákveðin sala eldri Fokkervélar stofnunarinnar og sala á Árvakri. Að auki er nú gert ráð fyrir sölu á varðskipinu Þór á árinu 1981.
2. Framlög til útgerðar skipa Hafrannsóknastofnunar eru miðuð við 9 mánaða úthald. Auk þess er stefnt að aukinni hagræðingu á rekstri skipanna.
3. Stefnt er að því að endurskipuleggja skólahald hússtjórnarskóla og eru fjárveitingar til þeirra verulega lægri að raungildi en á yfirstandandi ári.
4. Áformað er, eins og áður hefur verið nefnt, að uppgjör Innheimtustofnunar sveitarfélaga við Tryggingastofnun ríkisins verði tíðari en nú er og Tryggingastofnun og ríkissjóður verði ekki fyrir beinum fjárútlátum vegna meðlagsgreiðslna.
5. Verið er að kanna leiðir til að draga úr kostnaði við rekstur tilraunabúa landbúnaðarins.
6. Áformað er að taka upp þá reglu, að innheimtumenn ríkissjóðs skili öllum innheimtum tekjum jafnóðum til ríkissjóðs, en fái fjárveitingar úr ríkissjóði til rekstrar embætta sinna.
7. Unnið verður að endurskipulagningu á Bifreiðaeftirliti ríkisins með það fyrir augum að draga úr kostnaði við skoðun bifreiða í samræmi við álit nefndar sem skilaði tillögum um breytta starfsemi Bifreiðaeftirlits á s. l. vetri.
8. Ákvæði laga um styrki til jarðræktar, framræslu og búfjárræktar verða tekin til athugunar í tengslum við nýja stefnumótun í landbúnaðarmálum.
9. Haldið verður áfram úttekt á starfsemi ýmissa ríkisstofnana, m. a. á rekstri Orkustofnunar, rekstri Pósts og síma, Jarðvarmaveitna ríkisins, Jarðborana ríkisins, Ríkisútvarpsins og fleiri stofnana.
10. Athugað verður um sameiningu stofnana, sem hafa með höndum skylda starfsemi, í því skyni að draga úr stjórnunarkostnaði, og á þetta t. d. við um Landmælingar Íslands og Sjómælingar Íslands, embætti yfirdýralæknis og Sauðfjárveikivarnir.

Á vegum fjárlaga- og hagsýslustofnunar er unnið að margvíslegum hagsýsluverkefnum, eins og flestum hv. alþm. mun kunnugt. Meðal helstu verkefna má nefna könnun á fjármálastjórn og áætlanagerð hjá Ríkisútvarpinu. Verið er að athuga skipulag, rekstur og húsnæðismál hjá Landmælingum Íslands og hjá Siglingamálastofnun. Hjá Rannsóknalögreglu ríkisins er verið að kanna þörf stofnunarinnar fyrir breytta tilhögun á vinnslu og varðveislu upplýsinga. Athuganir af svipuðum toga og hér hefur verið minnst á eru í gangi hjá nokkrum öðrum stofnunum, og leggur fjmrn. áherslu á sem nánasta og besta samvinnu við önnur rn. og stofnanir um hagsýsluaðgerðir. Með markvissum hagsýsluaðgerðum má oft tryggja aukna virkni stofnana til hagræðis fyrir alla aðila. Aukin áhersla verður lögð á þessa starfsemi á næsta ári.

Herra forseti. Um fjárlagafrv. er auðvelt að halda langar ræður, enda einhver saga bak við flestar tölur fjárlaganna. Ég læt þó staðar numið að sinni.

Ég vil þakka starfsmönnum fjárlaga- og hagsýslustofnunar fyrir ágæt störf við gerð þessa frv., og sérstaklega vil ég þakka hagsýslustjóra, Brynjólfi Sigurðssyni, fyrir mikið og margbrotið starf sem er þess eðlis að gustar úr ýmsum áttum, en þakkir verða fáar.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði vísað að lokinni þessari umr. til hv. fjvn.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Það eru aðeins liðnir sex mánuðir síðan við höfðum fjárlagaumr. á hinu háa Alþingi vegna fjárl. fyrir árið 1980. Ég vék að því þá, að fjárlagafrv. nýmyndaðrar ríkisstj. væri dæmigert fjárlagafrv. vinstristjórnarstefnu og því nánast framhald þeirrar stefnu er upp var tekin haustið 1978 með myndun ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar.

Útgjöld fjárlagafrv. fyrir árið 1980 hækkuðu hlutfallslega meira en nokkru sinni áður. Það var enginn vafi

á því, að auka átti ríkisumsvifin, og það var ljóst mál, að það skyldi gert með aukningu skattbyrði og að skattbyrðin yrði meiri en nokkru sinni fyrr. Þrátt fyrir að gert var ráð fyrir að allir nýju skattarnir frá ríkisstjórnartíð Ólafs Jóhannessonar yrðu framlengdir og að gert var ráð fyrir nýjum sköttum var gert ráð fyrir að minni hlutinn af ríkistekjunum skyldi ganga til opinberra framkvæmda og þær því í auknum mæli fjármagnaðar með erlendum lántökum. Það gat því öllum verið ljóst, að til meðferðar voru af hálfu ríkisstj. verðbólgufjárlög, enda þótt þar væri gert ráð fyrir aðeins 31% verðlagshækkun á fjárlagaárinu. Loforðalisti ríkisstj., þ. e. stjórnarsáttmálinn sem endurspeglaði kosningastefnuskrá Alþb., var endurtekinn að verulegu leyti og það var auðséð hver var nú orðinn fjmrh. og úr hvaða stjórnmálaflokki hann var kominn.

Það stóð ekki á andmælum frá hæstv. fjmrh. við þessum mínum aths. þá, sér í lagi þegar ég sagði að ég gæti frekar trúað því að verðbólgan yrði nær 50% árið 1980 en 30%, eins og fjárlagafrv. gerði ráð fyrir. Fjmrh. fékk til liðs við sig hæstv. forsrh., sem deildi hart hér á Alþ. um reikningsaðferðir í sambandi við verðbólguna og mótmælti því alfarið, að verðbólgan færi yfir 40%, það væri alls ekki rétt að mæla verðbólguna út frá samanburði meðalverðbólgu tveggja ára, heldur skyldi verðbólgan mæld frá upphafi árs til loka. Hann hafði þá auðvitað í huga að hægt væri að koma að ráðstöfunum í lok árs sem áhrif hefðu á vísitöluútreikninginn 1. des. og þannig hægt að fá hagstæðari útkomu.

Þegar við ræðum fjárlagafrv. fyrir árið 1981 er mynd efnahags- og peningamála 1980 smám saman að skýrast. Við erum komnir fram í ellefta mánuð ársins og ráðh. eru núna búnir að sitja í níu mánuði og því er orðið hægt að bera saman orð og efndir.

Hæstv. fjmrh. leggur nú fram fjárlagafrv. þar sem ríkisstj. viðurkennir að stefna hennar í efnahagsmálum hafi gersamlega brugðist. Stefnu ríkisstj. í efnahagsmálum fyrir árið 1980 er að finna í stjórnarsáttmálanum, 3. gr., þar sem fjallað er um verðlagsmálin og gerð grein fyrir niðurtalningunni, þeirri frægu og margnefndu, og þar sagt hvernig henni skyldi hagað. Hins vegar er í fjárlagafrv. gerð grein fyrir því, að þetta hafi alls ekki staðist, hafi nánast allt farið út um þúfur.

Forsrh. leggur fram þjóðhagsáætlun sem staðfestir að árið 1980 mun verða eitt mesta verðbólguár á Íslandi, ekki bara þennan áratug, heldur þarf að fara aftur fyrir fyrri heimsstyrjöld til að fá samanburð. Verðbólgan frá upphafi árs til loka er talin verða yfir 50%, að sagt er, mun sennilega verða nær 55%, og meðalverðbólga frá 1979—1980 er talin munu verða um 58%, nærri 60%. Það hefur ekki gerst áður að verðbólgan, hvernig sem hún er mæld, sé í öllum tilfellum yfir 50%, og þetta er annað árið í röð sem verðbólgan frá upphafi árs til loka fer yfir 50%, en eins og kunnugt er var hún um 61% frá upphafi síðasta árs til loka.

Þessu öllu til viðbótar og til staðfestingar koma svo einstakir ráðh. og lýsa því hér yfir að þeir horfi með hryllingi til holskeflunnar sem yfir skellur 1. des. n. k., en þá er síðasti dagur kaupgjaldsvísitöluútreiknings og þegar sá dagur er liðinn mun launahækkun frá upphafi árs til loka hafa numið 55—56%, en meðallaunahækkun frá árunum 1979—1980 mun verða um 51—52%.

Það er eðlilegt og skiljanlegt að mönnunum, sem eru höfundar að efnahagsstefnunni, hrylli við þeirri holskeflu sem þeir sjá fram undan. Í þeim gögnum, sem fram hafa verið lögð, svo og í ræðum ráðh., þ. e. hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh., er hins vegar oft og tíðum frá því greint, að horfur séu á að jöfnuður náist í fjármálum ríkisins. Eftir því sem liðið hefur á árið hefur orðið blæmunur á orðalagi þeirra og mun nú svo komið að á því vilja þeir hafa nokkurn fyrirvara. En aðalástæðan fyrir þessari útkomu er, eins og fram kom í ræðu hæstv. fjmrh., að tekjur ríkissjóðs hafa farið töluvert fram úr áætlun, sér í lagi af innflutningi, en það kemur hins vegar fram í lakari gjaldeyrisstöðu.

Þær staðreyndir, sem ég hef nú þegar rakið, sýna okkur svo að ekki verður um villst, að þrátt fyrir áætlaðan jöfnuð í ríkisfjármálum, sem við skulum ekki draga neitt í efa, hefur verðbólga aldrei verið okkur óhagstæðari. Ég get vel trúað því, að þetta komi mörgum á óvart. Sérstaklega kemur þetta þeim á óvart sem haldið hafa að jöfnuður í ríkisfjármálunum, burt séð frá því hvaða stefna hefur ráðið þar ríkjum, leiddi til hjöðnunar verðbólgunnar.

Við umr. á Alþ. fyrir sex mánuðum bentum við sjálfstæðismenn einmitt á að stefna fjárlagafrv. fyrir 1980 væri þess eðlis, að um verðbólgufjárlög væri að ræða. Þessari skoðun okkar var mótmælt af hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. í umr. og því haldið fram, að stefnt væri að jöfnuði. Talað var eins og það skipti engu máli eftir hvaða leiðum það væri gert. Við sjálfstæðismenn bentum á að ríkisfjármálastefnan væri alröng ef ætlunin væri að hafa hemil á verðbólgunni. Með frv. væri stefnt að auknum ríkisumsvifum sem hlutfalli af þjóðarframleiðslu með því að auka skatta, með því að viðhalda öllum sköttum ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar og bæta við nýjum sköttum, þannig að skattbyrðin yrði aldrei meiri en á árinu 1980. Við bentum á að með fjárlagafrv., sem þá var til umr., væri gert ráð fyrir minna fjármagni sem hlutfalli af útgjöldum ríkissjóðs til opinberra framkvæmda. Á árunum 1974—1978 var þetta hlutfall 23—25%, en í fjárlagafrv. fyrir árið 1980 var gert ráð fyrir að þessi tala yrði um 16.5—17%. Hér var um að ræða töluvert mikla minnkun. Auk þessa skyldu framkvæmdir í landinu í auknum mæli fjármagnaðar með erlendum lántökum. Það var að vísu sett upp vel útlítandi áætlun um innlenda fjármögnun, en þegar var bent á að hún væri óraunhæf, sem sennilega er að koma í ljós þessa dagana.

Í lánsfjáráætlun var gert ráð fyrir innlendri fjármögnun sem næmi 24 milljörðum kr. Mun nú skorta stórar fjárhæðir á að endar nái þar saman, ef ekki 1/3 hlutann af þessari upphæð, þegar áramótin eru liðin. Það liggur í augum uppi að á þessum tíma verða framkvæmdir ekki stöðvaðar. Það liggur í augum uppi, hvernig hæstv. fjmrh. kemur til með að fjármagna framkvæmdirnar. Það verða tekin bráðabirgðalán með einum eða öðrum hætti og til Alþ. verður síðar komið til að sækja viðbótarheimild til erlendrar lántöku. Þá trúi ég að erlendar lántökur verði jafnvel komnar upp fyrir þá tölu sem fjárl. gera ráð fyrir.

Það er ljóst að áhrif ríkisfjármálanna á árinu 1980 hafa orðið til þess að magna verðbólguna og ástand þessara mála sýnist aldrei verra en nú.

Ég hef hér vikið að ríkisfjármálunum 1980 og því hver áhrif stefnan í ríkisfjármálunum hefur verið á þróun mála. Það kemur glöggt í ljós að allt það, sem sagt var

héðan úr þessum ræðustól við fjárlagaumr. á síðasta ári, hefur reynst rétt.

Þegar fjárlagafrv. fyrir árið 1981 er skoðað er ljóst að þar er ekki um neina stefnubreytingu að ræða, nema síður sé. Að svo miklu leyti sem frv. segir til um hvernig haldið skuli á málum þjóðarbúsins, þá er um að ræða áframhaldandi vinstri stefnu í ríkisfjármálunum, sem árin 1979 og 1980 bera greinilega vitni um hvernig er. Höfuðsjónarmiðin eru þau sömu: Aukin ríkisumsvif, aukin miðstýring og ríkisforsjá, skattheimtan aukin frá þessu ári þrátt fyrir gefin loforð um skattalækkanir, ríkisframkvæmdirnar í sama lága hlutfallinu og áður af ríkisútgjöldum, en erlendar lántökur þrefaldaðar frá lánsfjáráætlun 1980 og sennilega tvöfaldaðar miðað við það sem verður raunveruleikinn, — enn ein verðbólgufjárlögin. Við hverju var svo sem að búast?

Rekstrarútgjöldin hækka um 183 milljarða kr. eða 53.4%, langt umfram þá meðalverðhækkun sem frv. sjálft gerir ráð fyrir, sem er 42%. Það upplýstist reyndar þegar hæstv. fjmrh. gerði grein fyrir frv. á blaðamannafundi að talan 42% væri ágiskunartala, sjálfsagt fengin af reynslu fjárlagadæmisins í ár og því að 31% verðlagshækkun, sem gert var ráð fyrir í fjárlögum 1980, hefur reynst tvöfalt hærri. Verði sama reynsla á útkomu fjárl. 1981 yrði verðbólgan um 80%, en það er einmitt sú tala sem heyrst hefur nefnd. Jafnvel hæstv. viðskrh. Tómas Árnason gerðist spámaður úr þessum ræðustól fyrir nokkrum dögum um verðbólguþróunina á næsta ári. Hann taldi hana mundu verða yfir 70%.

Af einstökum töluhækkunum frv. má sjá að rekstrargjöldin hækka sum hver yfir 60% þegar framkvæmdaliðirnir hækka aðeins um 30%. Framlögin til almennra íbúðabygginga eru stórlega lækkuð, en framlög til byggingar verkamannabústaða í samræmi við ný lög hækkuð án þess að nokkur grein sé gerð fyrir því, með hvaða hætti ríkisstj. hyggst fjármagna hið almenna húsnæðislánakerfi á næsta ári. Með þessari breytingu er stefnt að því að skerða sjálfstæði húsbyggjenda og koma sem mestu af húsnæðinu undir félagslega stjórn, þ. e. miðstýringu.

Á útgjaldahlið frv. er gert ráð fyrir 12 milljörðum kr. til ráðstöfunar í efnahagsmálum. Ljóst er að af þeirri upphæð er þegar búið að ráðstafa 4 milljörðum kr. í niðurgreiðslur því að þau útgjöld í frv. eru vanáætluð. Félagsmálapakki, sem nýverið hefur verið samþykktur í sambandi við lausn vinnudeilunnar á vinnumarkaðinum, mun kosta ríkissjóð 2 milljarða kr. Þá hefur hæstv. viðskrh. gefið út yfirlýsingar um að aðlögunargjald og jöfnunargjald yrðu felld niður frá og með næstu áramótum svo tekjur lækka þess vegna um 5.4 milljarða. Eru þá orðnar eftir aðeins 600 millj. kr., nema ætlunin sé að búa til nýjan skattstofn eins og heyrst hefur.

Lítum á tekjuhliðina. Gert er ráð fyrir öllum vinstristjórnarsköttunum áfram og að engu höfð hávær ósk launþegasamtaka um skattalækkanir og ekki heldur gert ráð fyrir að standa við orð hæstv. forsrh., þegar hann var spurður um skattalækkanir á þessu ári, að það yrði ekki hægt enn, það komi að einhverju leyti á árinu 1981. Vinstristjórnarskattarnir munu á næsta ári nema 75 milljörðum kr. Þá sýnist með skattvísitölunni hugsað að ná tekjum til ríkissjóða sem nema á milli 10 og 15 milljörðum, sem ekki er reiknað með, og ekki er tekin inn í skatttekjudæmið hækkun á sköttum vegna breyttra reglna um vaxtafrádrátt, nema gert sé ráð fyrir að breyta því og þá til lækkunar, og ekki heldur gert ráð fyrir hækkun eignarskatta vegna fasteignamatshækkunar umfram byggingarvísitölu, nema það sé líka hugsað fyrir leiðréttingu þar að lútandi. Verði það ekki gert mun það auðvitað auka á skattbyrðina á næsta ári, og var ekki á hana bætandi á sama tíma og kaupmátturinn hefur rýrnað sem nemur rúmu 1% hvern mánuð sem núv. ríkisstj. hefur setið. Það er vissulega miklu auðveldara að fá jöfnuð í ríkisfjármálin með því að leggja á nýja skatta en gæta aðhalds og draga úr ríkiseyðslunni, en það hefur núv. ríkisstj. heldur aldrei haft á stefnuskrá sinni.

Það, sem er þó alvarlegast við þetta fjárlagafrv., er að í því er ekki að finna neinar till. til úrlausnar þeim miklu vandamálum sem við blasa. Það var ekki heldur að heyra í stefnuræðu hæstv. forsrh. að hann hefði neinar till. í þessum efnum. Þegar hæstv. viðskrh. svaraði fsp. s. l. þriðjudag lýsti hann þeirri skoðun sinni, að ekki yrði hjá því komist að gerðar yrðu ráðstafanir er væru samhliða þeirri myntbreytingu sem fram skyldi fara. Voru allir ræðumenn sammála því. Hæstv. ráðh. vék hins vegar að launamálum og gerði þar sérstaklega að umræðuefni þær launahækkanir sem nýverið hefði verið samið um. Hann hafði sem ráðh. verðlagsmála hins vegar engar till. Hann vísaði aðeins í stefnuræðu forsrh. og grg. með fjárlagafrv. og bætti svo við: Menn verða svo bara að bíða og sjá hvað gerist. — Þegar ráðh. var spurður hvort þm. fengju till. á borð sín áður en jólaleyfi hæfist, en þá eru síðustu forvöð að kynna Alþ. þær till. áður en myntbreytingin á sér stað, þá gat hann ekki svarað jákvætt.

En hvers er að vænta? Þegar fjmrh. kynnti fjárlagafrv. var hann spurður að því, á hverju það grundvallaðist að frv. gerði ráð fyrir 42% verðlagshækkunum á milli ára. Ráðh. varð að svara og hann sagði að hér væri um að ræða ágiskunartölu.

Þegar betur er að gáð og ýmsar tölur í frv. skoðaðar kemur í ljós að sérstakur liður, til launa og verðlagsmála á næsta ári, stendur í beinu sambandi við 42% verðlagsspána, því til þess að ná verðlagsþróuninni niður í 42% má launahækkunin á næsta ári ekki verða meiri en 15%, en til að ná þessu fram þarf að skerða kaupgjaldsvísitöluna með lögum um helming nú 1. des. og alla vísitöludagana á næsta ári. Nú er það spurning mín til hæstv. fjmrh., hvort það hefur verið áformað af ríkisstj. að skerða vísitöluna á næsta ári þannig að markmiðum fjárlagafrv. verði náð.

Eins og ég sagði áðan, lýsti hæstv. viðskrh. því yfir, að eftir þær grunnkaupshækkanir, sem samið var um og ríkisstj. ber ábyrgð á, yrði að gera ráðstafanir í efnahagsmálum, ella yrði verðbólgan yfir 70% á næsta ári. Ég spyr því enn hæstv. fjmrh.: Þýðir aths. viðskrh. það, að ríkisstj. ætlaði að beita sér fyrir vísitöluskerðingu á næsta ári eftir að Alþýðusambandsþingi er lokið?

Herra forseti. Það er öllum ljóst af ræðu hæstv. forsrh., að ríkisstj. er stefnulaus, af ræðu hæstv. fjmrh., að ríkisstj. er úrræðalaus, og af ummælum ráðh. að undanförnu, að nú situr að völdum ríkisstj. vonleysis. Fjárlagafrv. ber þess gleggst vitni svo og þróun mála valdaferil núv. hæstv. ríkisstj. Málin hafa verið í athugun. Ríkisstj. hefur endalaust verið að kanna málin, velta fyrir sér hvaða leiðir hún hyggist fara til lausnar aðsteðjandi vanda. Efnahagsnefnd var stofnsett, forsrh. fékk sér sérstakan efnahagsráðunaut, tilkynnt að tillögur væru í undirbúningi og því allar þjóðhagsspár byggðar á röngum forsendum. En allt kom fyrir ekki. Niðurtalning,

efnahagsráð Framsfl., er fokin út í vetur og vind, fjmrh. leggur fram fjárlagafrv. grundvallað á ágiskunartölum, eins og hann segir sjálfur. Afleiðingar þessa alls eru að á enda rennur eitt mesta verðbólguár á Íslandi þennan áratug og þótt lengra væri leitað, afkoma atvinnuveganna fer versnandi og þar af leiðandi einstaklinganna og heimilanna. Áfram situr ríkisstj. sem sýnist ekki vita sitt rjúkandi ráð eða hefur á borðum sínum till. sem ekki þola dagsins ljós að sinni og ekki eru í samræmi við kosningaloforð ráðh. Alþb. frá 1978 um „samningana í gildi".

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Það eru fjögur atriði sem ég hef einkum í huga að ræða um í máli mínu hér á eftir: Í fyrsta lagi fjalla ég nokkuð um þá fullyrðingu hæstv. ríkisstj. að afkoma ríkissjóðs á árinu 1980 verði a. m. k. þolanleg. Í öðru lagi fjalla ég um forsendur þessa fjárlagafrv., sem í senn eru styrkur frv. og veikleiki. Í þriðja lagi fjalla ég um frv. sjálft og sýni fram á að sú niðurstaða, sem hæstv. ríkisstj. hrósar sér af á rekstrarreikningi fjárlagafrv., er fólgin í mjög einföldum breytingum á meðferð verðbótaþáttar vaxta þar sem með nýjum bókhaldsreglum er látin í veðri vaka hagstæð útkoma af rekstri ríkissjóðs, sem þýðir raunar þveröfugt. Og í fjórða lagi ræði ég nokkuð um einstök atriði þessa fjárlagafrv., því auðvitað er með það eins og öll verk allra ríkisstjórna að í því er að finna bæði ýmislegt, sem horfir til góðs og er ástæðulaust að láta liggja í þagnargildi, og enn fremur annað, sem ekki er með slíkum svip.

Hæstv. ríkisstj., og þá fyrst og fremst hæstv. forsrh., hefur mikið talað um góða afkomu ríkissjóðs árið 1980. Hæstv. fjmrh. hefur farið nokkuð varlegar í sakirnar en hæstv. forsrh. Hæstv. fjmrh. hefur haldið fram að líkur bendi til að afkoman verði viðunandi og látið þar við sitja.

Í þjóðhagsáætlun fyrir árið 1981, sem hæstv. forsrh. lagði fram á Alþ. 23. okt. s. l., er sérstaklega fram tekið á bls. 7. að rekstrarafgangur hafi verið hjá ríkissjóði tvo fyrstu mánuði ársins, þ. e. nokkru áður en hæstv. ríkisstj. tók við völdum, og sömu sögu hafi verið að segja um maí og síðan upplýsir hæstv. fjmrh. það um ágústmánuð einnig. Ég tek þessa yfirlýsingu hæstv. forsrh. sem eina yfirlýsingu hans í viðbót um hversu góður viðskilnaðurinn var hjá minnihlutastjórn Alþfl. þar sem hann telur sérstaka þörf á að taka það fram í skýrslu sinni um þjóðhagsáætlun að hún hafi skilað rekstrarafgangi fyrstu tvo mánuði ársins. En látum það nú vera.

Það er skiljanlegt að hæstv. fjmrh. fari færri orðum um þetta mál en hæstv. forsrh., af þeirri einföldu ástæðu að aðeins 1% breyting til eða frá á útgjöldum ríkisins getur munað ríkissjóð um 3.5 milljarða kr. Þessi tiltölulega litla sveifla í ríkisbúskapnum getur sem sé breytt mjög verulega afkomu ríkissjóðs, og þó allar líkur kunni að benda til þess núna að afkoman geti orðið viðunandi er eðlilegt að hæstv. fjmrh. vilji fara með löndum í sambandi við yfirlýsingar um það.

Afstaða hæstv. forsrh. er raunar skiljanleg, ekki síst vegna þess að þetta er líklega það eina sem ríkisstj. hans getur talið sér til tekna þá níu mánuði sem hún hefur starfað. Það eina sem hæstv. forsrh. getur talið ríkisstj. sinni til gildis er að líkur benda til að afkoma ríkissjóðs á árinu 1980 kunni að verða viðunandi. Það er ósköp eðlilegt að hæstv. forsrh., sem ekki getur bent á neitt annað sér eða sínum til gildis, vilji halda þessari staðreynd á lofti.

Nú þykir mér algerlega ástæðulaust að draga úr því, að ríkisbúskapurinn sé meira í jafnvægi í ár en oft áður. Ég tel að mjög sé líklegt að svo verði. Ég tel að ástæðulaust sé fyrir stjórnarandstöðu að vera að gera minna úr slíkri niðurstöðu en efni standa til. En ástæðurnar fyrir því, að ríkisbúskapurinn er rekinn í meira jafnvægi í ár en oft áður, geta verið tvíþættar. Ástæðan getur verið sú, að fjármálastjórn núv. ríkisstj. sé betri en oft áður og því sé afkoman betri. Önnur ástæða getur líka verið, sem sé sú, að tekjurnar, sem ríkisstj. hefur úr að spila til að mæta útgjöldum, séu miklu hærri í ár en þær hafa yfirleitt verið. Við skulum athuga hvor skýringin er hin rétta: betri fjármálastjórn eða meiri tekjur til ráðstöfunar. Við skulum engan leiða fram til vitnis um það annan en ríkisstj. sjálfa. Varla getur hún mótmælt eigin vitnisburði.

Á bls. 16 í Þjóðhagsáætlun hæstv. forsrh. er sérstakur kafli um ríkisfjármál og peningamál. Þar segir m. a. að á tímabilinu frá janúar til ágústloka hafi verðbólga verið 58% á Íslandi og á sama tímabili hafi útgjöld ríkissjóðs aukist um 50% eða nokkru minna. Hæstv. fjmrh. tók þetta raunar fram í ræðu sinni áðan og benti sérstaklega á að útgjöld ríkissjóðs hefðu á árinu aukist minna en verðbólgan. En hæstv. ráðh. lét þess ekki getið, að í þjóðhagsáætlun forsrh. væri gefin skýring á þessu. Skýringin er ekki sú, að sögn hæstv. forsrh. í þjóðhagsáætlun hans, að fjármálastjórn ríkisstj. hans hafi verið betri. Skýringin er sáraeinföld. Hún er sú, að það var miklum mun minna varið til niðurgreiðslna úr ríkissjóði á þessu tímabili en á sama tíma á árinu áður. Það eru ekki margþættar ráðstafanir til betri fjármálastjórnar sem orsaka þennan mun á útgjöldum og verðbólgu, heldur að sögn ríkisstj. sjálfrar sú einfalda staðreynd, að minna fé var varið til niðurgreiðslna í ár en í fyrra. Þá segir hæstv. forsrh. í sömu þjóðhagsáætlun, að á sama tíma og þetta hafi gerst, verðbólgan vaxið um 58%, hafi tekjur ríkissjóðs vaxið um 61% m. ö. o. miklum mun meira en nemur verðbólguvextinum.

Þetta er skýringin á því, að rekstur ríkissjóðs á árinu 1980 virðist ætla að vera í jafnvægi. Skýringin er mjög einföld. Skýringin er sú, að ekkert annað hefur gerst varðandi ríkisbúskapinn en það eitt, að tekjur ríkissjóðs á árinu 1980 hafa vaxið um 61% á sama tíma og verðbólgan hefur vaxið um 58%. Og hvað munar um þetta í handbæru fé fyrir hæstv. fjmrh. og ríkisstj.?

Söluskattur var hækkaður um 1.5 stig í vor og olíustyrkur notaður sem átylla. Þó fór ekki nema lítið brot af þessum söluskattstekjum til að greiða olíustyrk sem áður hafði verið greiddur af almennu aflafé ríkissjóðs. Aðeins þessi eina breyting gaf hæstv. fjmrh. og ríkisstj. 7 milljarða í aðra hönd til að ráðstafa á árinu 1980, sem ríkisstj., sem sat að völdum árið 1979, hafði ekki.

Haustið 1979 var söluskatturinn hækkaður um 2 stig. Sú hækkun gaf hæstv. fjmrh. og ríkisstj. á árinu 1980 10—11 milljarða í viðbótartekjur sem hæstv. fyrrv. fjmrh. Tómas Árnason hafði ekki.

Beinir skattar vour hækkaðir mjög verulega. Heildarskattbyrði beinna skatta var aukin um 6 milljarða kr. á árinu 1980 umfram það sem hún hefði verið ef álagningunni frá árinu 1979 hefði verið haldið og hún færð upp með verðbólguþróun. Verulegur hluti þessarar hækkunar starfar af hækkuðum eignarskatti og hækkuðum tekjuskatti hjá einstaklingum.

Tekjuöflunin á árinu 1980 var þannig a. m. k. um 20 milljörðum kr. meiri hjá núverandi hæstv. ríkisstj. en hjá hinni fyrrverandi. Núv. hæstv. fjmrh. hafði fyrir utan almennar verðlagstilfærslur í landinu um 20 milljörðum meira úr að spila en hæstv. fyrrv. fjmrh. Tómas Árnason.

Þetta er hin einfalda skýring á því, að rekstur ríkissjóðs er meira í jafnvægi á árinu 1980 en hann var árið 1979. Ef hæstv. fjmrh. Ragnar Arnalds hefði ekki haft úr meiri peningum að moða en hæstv. þáv. fjmrh. Tómas Árnason hafði hefði halli á ríkisbúskapnum í ár verið nokkuð á annan tug milljarða kr. Ástæðan fyrir því, að það varð ekki, var sú, sem ég nefndi áðan, að söluskattur hafði verið hækkaður í millitíðinni um 3.5 stig og beinir skattar um nokkra milljarða. Þannig er það ekki góð fjármálastjórn sem er orsökin fyrir því, að rekstur ríkissjóðs er nú meira í jafnvægi en hann var t. d. á s. l. ári. Og það þarf ekki að hafa mín orð fyrir því. Hæstv. forsrh. segir þetta og staðfestir óbeint sjálfur í þjóðhagsáætlun sinni og hann staðfestir einnig sjálfur hver ástæðan var. Ástæðan var nýjar tekjur að upphæð um það bil 20 milljarðar kr. sem núv. ríkisstj. hefur til ráðstöfunar, en fyrrv. ríkisstj. hafði ekki. Ef hæstv. fjmrh. hefði ekki haft þessar viðbótartekjur milli handanna í ár hefði ríkissjóður í höndum hans verið rekinn með halla upp á nokkuð á annan tug milljarða kr.

Hins vegar finnst mér gersamlega ástæðulaust að gera lítið úr þætti fjmrh. Ragnars Arnalds í stjórnun ríkisfjármála. Það er mín skoðun, að hæstv. ráðh. hafi breytt mjög verulega um skoðun og stefnu í efnahags- og ríkisfjármálum eftir að hann gerðist fjmrh. Ég held að það fari ekki milli mála hjá mönnum, sem hafa fylgst með ræðum hæstv. núv. fjmrh. á þingi, að hann er allur annar maður eftir að hann settist í stól fjmrh. en áður, hvort sem hæstv. fjmrh. var innan eða utan ríkisstj. Hæstv. ráðh. hefur farið í nokkurs konar pólitíska endurhæfingu í fjmrn. og um niðurstöðuna verð ég að segja að hún lofar góðu. Ég tel að þessi pólitíska endurhæfing hafi verið hæstv. ráðh. mjög til góðs. Hins vegar er ég ekki alveg eins viss um að flokksbræður hæstv. fjmrh. séu alveg á sömu skoðun um það mál. Ég gæti vel trúað að þeir mundu miklu heldur vilja hafa heyrt áfram gamla tóninn en þann nýja sem endurhæfingin í fjmrn. hefur fært hæstv. ráðh. Það segi ég satt: Ég átti á dauða mínum von, en ekki því, að hæstv. ráðh. færi eftir mánaða setu í öðru hvoru orði að tala eins og velmeinandi krati, en það er hann smátt og smátt að fara að gera, að mér skilst við lítinn fögnuð sinna flokksbræðra.

Mér finnst sem sé algerlega ástæðulaust að vera að draga fjöður yfir að hæstv. fjmrh., að þessari endurhæfingu fenginni, hefur staðið sig nokkuð vel í rn. sínu m. a. náð talsverðum árangri í því að hamla gegn kröfugerðum starfsbræðra sinna í Alþb., eins og hæstv. iðnrh. sem hann hefur verið þröskuldur í vegi fyrir, og gæti ég vel trúað því, að hæstv. fyrrv. fjmrh. Tómas Árnason hafi oft glott við tönn þegar hann hefur hlýtt á arftaka sinn í stól fjmrh. undanfarna níu mánuði.

Herra forseti. Núverandi frv. hæstv. ríkisstj. hækkar frá frv., sem lagt var fram í vor, úr 340 milljörðum kr. í 534 milljarða eða um 57%. Verðbólgan hefur á sama tíma orðið 58%, þannig að hækkun á fjárlagafrv. frá síðasta frv. hæstv. fjmrh. er nánast nákvæmlega sú sama og verðbólguþróunin hefur verið, tölurnar eru bara framreiknaðar með tillit til verðbólguþróunarinnar.

Í þessu frv. eru gefnar ákveðnar forsendur í verðlags- og gengismálum. Þessar forsendur fjárlagafrv. eru í senn styrkur þessa frv. og veikleiki.

Ég vil í framhjáhlaupi minna á miklar deilur sem urðu í ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar við fjárlagagerðina fyrir árið 1979. Þar var m. a. mjög harkalega deilt um hvort ætti að byggja fjárlagagerð á slíkum verðlags- og gengisforsendum, á áætlunum ríkisstj. um líklega verðlags- og gengisþróun á því ári sem fjárlagafrv. var flutt fyrir. Þeir, sem börðust hatrammlega gegn því að fjárlög yrðu gerð með þessum hætti, voru hæstv. núv. fjmrh. og flokksbræður hans. Þeir komu því til leiðar á elleftu stundu fjárlagagerðarinnar að horfið var frá því að reisa fjárlög á slíkum forsendum, en allar tölur þáv. fjárlagafrv. umreiknaðar í desemberverðlag og engin áætlun gerð um líklega gengis- eða verðlagsþróun á árinu 1979.

Þetta segi ég hér aðeins til að sýna fram á hvernig hæstv. fjmrh. og flokkur hans hefur, eftir að hæstv. ráðh. kom í stól fjmrh., gjörsamlega snúið við blaðinu. Nú leggur hæstv. ráðh. fram frv. og telur því helst til gildis að það skuli reist á spám um þróun gengismála og verðlagsmála á næsta ári. Nú telur hann frv. sínu helst það til gildis sem hann barðist hatrammlegast gegn sem menntmrh. í ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar að gert yrði — þetta er aðeins eitt dæmi af mörgum um hvaða árangri endurhæfingin í fjmrn. hefur skilað. Ég kalla þetta gott á aðeins níu mánuðum. Hvernig haldið þið að það verði á næstu níu mánuðum?

Þessar forsendur hæstv. ráðh. um líklega gengisþróun og verðlagsþróun á árinu 1981 eru í senn styrkur fjárlagafrv. og veikleiki. Þessar forsendur eru stykur fjárlagafrv. ef þær þýða að ríkisstj. ætli sér að halda þannig á efnahagsmálum að þeim forsendum, sem hún byggir á fjárlagagerð sína, verði haldið á árinu 1981 þannig að verðbólga fari þá ekki yfir 42% og gengissig ekki fram úr 33%. Ef ríkisstj. ætlar að standa á þessu, eins og einn hæstv. ráðh. gjarnan orðar það, eins og hundur á roði er þetta styrkur fjárlagagerðarinnar. Ef þessar forsendur eru aftur á móti út í loftið eru þær veikleiki fjárlagagerðarinnar vegna þess að þá er ekki að marka eina einustu tölu sem Alþ. afgreiðir og reist er á þessum forsendum.

Hæstv. fjmrh. boðar það m. a., og þykist boða það vel, að gengissig á næsta ári verði 33%. Hvað þýðir það, góðir menn? Það þýðir að nýja krónan, sem á að ganga í gildi um n. k. áramót, á samkv. boðskap ríkisstj. að vera orðin 67 aura virði í árslok, á tólf mánuðum. Þetta er það sem ríkisstj. boðar best. Hún boðar það best, að nýja krónan, sem á að ganga í gildi eftir nokkrar vikur, verður orðin 67 aura virði að tólf mánuðum liðnum. Þetta er það sem menn geta best átt von á frá hæstv. ríkisstj. Með sambærilegum hætti verður þessi nýja króna, sem gengur í gildi um næstu áramót, orðin 30 aura virði þegar kjörtímabili núv. hæstv. ríkisstj. lýkur. Þá er miðað við að ríkisstj. standi við þær forsendur sem hún gefur sér í fjárlagafrv. Standi hún ekki við þessar forsendur verður nýja krónan orðin miklu minna virði að kjörtímabilinu liðnu en 30 aura.

Hæstv. ríkisstj. reisir fjárlagagerð sína á þeim forsendum að verðlag frá miðju ári 1980 til miðs árs 1981 hækki ekki meira en um 42%. Hvernig var þetta í fyrra þegar fjárlögin voru afgreidd? Fyrstu fjárlög hæstv. ríkisstj. byggðust á þeirri forsendu, að verðlag frá miðju ári 1979 til miðs árs 1980 mætti ekki hækka um meira en 45—46%. En hver varð niðurstaðan, hvernig var staðið á þessum forsendum? Niðurstaðan varð sú, að verðbólg-

an óx ekki um 45—46%, heldur 58%. Spá ríkisstj. reyndist yfir 30% röng. Ef fjárlagaforsendurnar eiga að standast verður ríkisstj. því að gera einhverjar ráðstafanir þegar fyrir 1. des. n. k. Geri hún það ekki er það yfirlýsing frá hæstv. ríkisstj. um að ekki sé að marka stafkrók í þessari þykku bók, þá er það yfirlýsing um að ríkisstj. sé sjálf búin að brjóta á bak aftur allar þær verðlagsforsendur sem frv. hennar byggist á, vegna þess að ef aðgerðum er frestað fram yfir 1. des. er útilokað með öllu að hægt sé að ná þeim árangri að verðlagsþróun frá miðju ári 1980 til miðs árs 1981 fari ekki yfir 42%.

Að þessu athuguðu er ljóst mál að forsendur frv. í gengis- og verðlagsmálum eru í senn bæði styrkur þess og veikleiki. Þær eru styrkur frv. ef ríkisstj. meinar eitthvað með þeim, en þær eru veikleiki frv. ef ríkisstj. verður á árinu 1981 eins og hún hefur verið á árinu 1980, þ. e. að þetta séu aðeins innantóm orð sem aldrei sé ætlunin að standa við. Þá gætum við alveg eins lagt þessa bók á glatkistuna. Þá er ekki að marka stafkrók af því sem í henni stendur.

Ég hef eilítið gaman af að hlýða á hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. lýsa yfir að fram komi í 1. gr. fjárlagafrv., í greiðsluyfirliti ríkissjóðs, skoðun um nýja stefnu í ríkisfjármálum, sem m. a. komi fram í því að nú eigi tekjur umfram gjöld að vera hvorki meira né minna en 7.1 milljarður, það eigi að greiða lán umfram tekin lán að upphæð 2 milljarðar o. s. frv., o. s. frv. Ég hef haft gaman af þessu vegna þess að mér er ekki fyllilega ljóst enn hvort hæstv. ráðh. gera sér grein fyrir því, hvernig þetta er fengið, hvort þeir átta sig á að þessi niðurstaða boðar aldeilis ekki nein tímamót, heldur stafar af mjög einfaldri breytingu sem gerð hefur verið á meðferð vaxtamála, nánast bókhaldsbreytingu einni saman sem þessir hæstv. ráðh. skilja ekki.

Ég skal með mjög augljósu dæmi reyna að sýna fram á hvernig niðurstaðan er í raun. Ef við flettum upp á bls. 170, hæstv. fjmrh., í fjárlagafrv. kemur sú athyglisverða niðurstaða fram, að þar er ekki gert ráð fyrir að vaxtagreiðslur ríkissjóðs á milli áranna 1980 og 1981 hækki meira en um 23%. Og nú skulum við aðeins staldra við. Hvernig getur það gerst í fjárlagafrv., sem reist er á 42% verðhækkunum, að vaxtagreiðslur eigi ekki að hækka um nema 23%? Getur það verið rétt spá, að vaxtagreiðslur ríkissjóðs eigi ekki einu sinni að halda í við verðbólguna? Auðvitað ekki. Hver er þá skýringin? Jú, skýringin er sú, að það er búið að breyta reglum um meðferð vaxta í ríkisbókhaldinu. Breytingin er á þá leið, að því, sem áður hét vextir, en þeir gátu numið 40—45%, jafnvel meira, af lánum ríkissjóðs, er nú búið að skipta upp í tvennt: annars vegar verðbótaþátt vaxta, sem færður er á lánabreytinginar, og hins vegar vaxtagreiðslur, sem færðar eru til gjalda á rekstrarreikningi ríkissjóðs. Þetta er skýringin. Það er búið að gera þarna ákveðna bókhaldsbreytingu. Hvaða áhrif skyldi þetta hafa á niðurstöðutölur hæstv. ráðh.? Veit hæstv. ráðh. það eða veit hann það ekki? Mér er spurn. Ef hann veit það ekki er alveg sjálfsagt að sýna honum það. Ef hann veit það hins vegar eru allar yfirlýsingar hans og hæstv. forsrh. um einhverja nýbreytni í fjárlagagerðinni harla broslegar.

Það má áætla að verðbótaþáttur vaxta, sem áður var færður á rekstrarreikning sem greiddir vextir, nemi á árinu allt að 6—7 milljörðum eða eitthvað þar um bil. Ef þetta fjárlagafrv. væri gert upp í 1. gr. eins og öll fjárlagafrv. þar á undan mundi gjaldaliðurinn í þessu fjárlagafrv. eiga að hækka um 6—7 milljarða kr., þ. e. þau vaxtagjöld sem kallast nú verðbótaþáttur vaxta og færast sem greidd lán, en ekki vaxtagjöld eins og áður gerðist. Ef notuð er sú aðferð, sem notuð hefur verið við uppgjör allar götur fram að þessu fjárlagafrv., ættu vaxtagjöld að koma inn á rekstrarreikning sem útgjöld, bæði verðbótaþáttur vaxta og vextirnir. Þetta mundi hafa þau áhrif, að gjöldin mundu hækka um það sem verðbótaþætti vaxta nemur, 6—7 milljarða kr., og þá er rekstrarjöfnuðurinn orðinn ekki neitt. Þá eru tekjur umfram gjöld á reikningnum núll. Þessi bókhaldsbreyting hefur haft það í för með sér, að svo virðist vera að tekjur umfram gjöld samkv. þessum nýju bókhaldsreglum séu 7.1 milljarður, en ef sama regla hefði verið notuð við færsluna í ár og notuð hefur verið öll árin þar á undan mundi á þessum stað, fyrstu síður fjárlagafrv., ekki standa tekjur umfram gjöld á rekstrarreikningi 7.1 milljarður, heldur tekjur umfram gjöld á rekstrarreikningi nánast núll. Mér er spurn: Hefur ekki hæstv. fjmrh. séð þetta einnig eða er hann að gera sig broslegan með því að halda þessu fram?

Hvaða áhrif hefur þetta frekar? Jú, verðbótaþáttur vaxta, þessir 6 milljarðar sem áður voru, — ég sé að hæstv. fyrrv. fjmrh. áttar sig á þessu, því hann brosir í sæti sínu, glottir við tönn, — þessi upphæð, sem áður var færð til gjalda á rekstrarreikningi ríkissjóðs, þessi verðbótaþáttur, hún er núna færð upp bókhaldslega sem afborgun af lánum, þ. e. hækkar afborgun af lánum úr u. þ. b. 15 milljörðum í u. þ. b. 21 milljarð. Og hvaða áhrif hefur þessi bókhaldsaðferð á lánahreyfingar ríkissjóðs? Jú, hún hefur þær breytingar í för með sér, að í þessu fjárlagafrv. stendur að afborganir af lánum umfram tekin ný lán nema samkv. þessu uppgjöri 2 milljörðum. Svo kemur hæstv. forsrh. og hrósar sér af því, að ríkisstj. ætli að fara að borga mikið af skuldum. En ef sama uppgjör hefði verið notað og í öllum fjárlagafrv. þar á undan, hvernig mundi þessi tala þá hafa verið? Jú, þá hefði hún snúið öfugt. Þá hefði staðið þarna: innborganir umfram útgreiðslu 4 milljarðar kr. Ríkisstj. mundi þá hyggjast taka ný lán að upphæð 4 milljarðar kr. umfram þau lán sem hún ætlaði sér að greiða. Þetta skilur hæstv. fyrrv. fjmrh. líka því hann situr hér og skellihlær.

Þetta er nýja stefnan hæstv. fjmrh. Barnalega brosleg fullyrðing sem er í þeirri einföldu bókhaldsbreytingu fólgin, að í staðinn fyrir, eins og áður var gert, að færa alla vexti til gjalda á rekstrarreikningi er nú aðeins hluti vaxtanna færður þar til gjalda, en meginhlutinn, hinn svokallaði verðbótaþáttur, er færður sem lánabreytingar, sem afborganir af greiddum lánum.

Það er ein tala sem ekki mundi breytast við þessi uppgjör, þ. e. greiðsluafgangurinn. Hann yrði áfram 3.8 milljarðar kr. En hvað mundi hann tákna miðað við uppsetningu eins og allir aðrir fjmrh. hafa þurft að sætta sig við? Hann mundi tákna það mjög einfaldlega, að greiðsluafgangur væri fenginn með lántöku upp á sömu upphæð. Greiðsluafgangurinn er 3.8 milljarðar, en innkomin lán umfram afborganir af lánum um 4 milljarðar. M. ö. o.! greiðsluafgangurinn er búinn til með því að auka lántökur ríkissjóðs um 4 milljarða umfram það sem ríkissjóður borgar af lánum.

Ef nokkuð er Matthíasarfrv., svo notað sé orðalag hæstv. fjmrh., þá er það þetta. Það er nákvæmlega svona sem hv. þm., páv. fjmrh., Matthías Á. Mathiesen fór að.

Hann bjó til greiðsluafgang með því nákvæmlega að taka meiri lán en hann greiddi, með sama hætti og hæstv. núv. fjmrh. gerir. Og mér er enn spurn: Situr nú hæstv. ráðh. þarna og er að fá nýjar upplýsingar sem koma honum á óvart? Það gerir hann ekki. Hann veit þetta allt saman. Hvað í veröldinni er þá hæstv. fjmrh. að boða þegar hann segir að þetta sé einhver stefnubreyting? Er það stefnubreyting í ríkisfjármálum að skila rekstrarjöfnuði upp á nánast núll í fjárlagafrv.? Er það stefnubreyting í ríkisfjármálum að ætla sér að taka 4 milljarða til láns umfram það sem menn greiða af lánum? Og er það stefnubreyting í ríkisbúskap að skila greiðsluafgangi sem er búinn til með lántökum? Nei, svo er ekki.

En það bætist svolítið við þessa sögu alla saman. Á bls. 7 er gert ráð fyrir að leggja á sérstakt aðlögunargjald að upphæð 2.7 milljarðar kr., sem samkv. samkomulagi Íslands við önnur ríki á að falla úr gildi um áramótin og við vitum að ekki verður framlengt í samkomulagi við aðra, enda er raunar tekið fram í aths. fjárlagafrv. að þetta sé allt í endurskoðun. En hæstv. fjmrh. er með gjaldið teknamegin, en gerir ekki ráð fyrir að neinu af því sé ráðstafað útgjaldamegin. Útgjaldamegin er nefnilega aðeins verið að ráðstafa um það bil 1 milljarði vegna aðlögunargjalds, sem er skuld frá því í fyrra. Það er skuld, endurgreiðsla á tekjum sem innheimtar voru í fyrra og ríkissjóður lofaði að standa skil á í ár. M. ö. o.: hæstv. ráðh. býr þarna til tekjustofn, sem á ekki að vera til og verður ekki til, að upphæð 2.7 milljarðar kr. sem ætti þá að ráðstafa til sérstakra þarfa, en er ekki ráðstafað. Hann aflar peninganna, sem eru markaður tekjustofn, og ráðstafar þeim síðan ekki. Og hvað þýðir þetta? Það þýðir að rekstrarafgangurinn hjá hæstv. ráðh. miðað við þetta er orðinn neikvæður. Lántakan 4 milljarðar umfram afborganir af erlendum lánum dugar sem sé ekki til þess að færa hæstv. ráðh. greiðsluafgang. Þetta er ekki heldur nein nýbreytni í ríkisfjármálum. Þetta er fjármálabúskapur sem hæstv. núv. fjmrh. hefur kennt við hv. þm. Matthías Á. Mathiesen.

Það er hins vegar mál vert umhugsunar, að vextir og afborganir af lánum eru nú komin upp í um það bil 40 milljarða í útgjöldum ríkissjóðs, þar af vextirnir um 20 milljarða og afborganir um það bil 20 milljarða. Menn sjá í hendi sér að þegar svo mikið af aflafé ríkissjóðs fer í að greiða vexti og afborganir af lánum, sem fyrst og fremst eru erlend lán, má engu muna í sambandi við gengisforsendur fjárlagafrv. til þess að allt fari á hliðina. Aðeins óveruleg breyting á t. d. gengissigs- og verðlagsforsendum frá því, sem frv. gerir ráð fyrir, gæti kostað það, þegar um svona miklar tölur er að ræða, að ríkissjóður hreinlega fari yfir um og hagkvæm niðurstaða breytist í óhagkvæma.

Á bls. 182 í þessu fjárlagafrv. er nokkuð rætt um hvernig hæstv. ríkisstj. hyggst standa að lánsfjáröflun vegna fjárlagagerðarinnar. Þar kemur m. a. fram að innlend fjáröflun á alls að vera um 23 milljarðar kr., sem skiptist þannig, að útgáfa spariskírteina og happdrættisskuldabréfa á að gefa 9 milljarða, innheimta af endurlánuðu spariskírteinafé mínus innlausn spariskírteina á að gefa aðra 9 og önnur innlend fjáröflun 5 milljarða kr. Það kemur ekki fram í þessu yfirliti hvernig hæstv. ríkisstj. hyggst skipta „annarri innlendri fjáröflun" milli lífeyrissjóðanna annars vegar og viðskiptabankanna hins vegar. Hvernig hyggst hæstv. ríkisstj. ná í þetta fé? Hve mikið á að leggja á lífeyrissjóðina í landinu af skyldukaupum og hve mikið á að leggja á viðskiptabankana? Ég tel að það væri mjög æskilegt að fá upplýst á eftir hjá hæstv. ráðh. hvernig þessi tala er fengin. En ég skal taka það fram, að mér þykir ekki ástæða til annars en að vænta þess, að áætlunin um innlenda fjáröflun geti staðist. Ég vil hins vegar vekja athygli á því að til þess að dæmið gangi upp hjá hæstv. ráðh. verður hann að áætla erlenda lántöku í þessu skyni um 35 milljarða kr. Það er það sem gerir að verkum að dæmið gengur upp hjá hæstv. ráðh.

Í fyrra námu erlendar lántökur vegna ríkissjóðs og ríkisstofnana um 11.7 milljörðum kr. Þessi erlenda lántaka vegna ríkissjóðs er nú hækkuð úr 11.7 milljörðum í 35 milljarða á einu ári eða meira en þrefölduð. Þetta lét hæstv. fjmrh. hjá líða að benda á í ræðu sinni áðan, að *ríkisbúskapurinn í hans höndum gengur ekki upp nema* vegna ríkissjóðs og ríkisstofnana sé næstum því þrefölduð erlend lántaka á einu ári. Er það ekki áhyggjuefni, eins og stndur nú bæði í efnahagsmálum þjóðarinnar almennt og í erlendum lántökumálum, að gera verði ríkissjóð upp með þeim hætti, dæmið gangi ekki nema erlend lántaka hans vegna sé þrefölduð?

Þá eru nokkur mál sem mig langar til að víkja að. Ég leyfi mér að benda á að í fjárlagafrv. eru niðurgreiðslur mjög gróflega vanáætlaðar ef ríkisstj. ætlar sér að standa við ákvæði í stjórnarsáttmála sínum um niðurgreiðslur, sem vissulega eru búnar að binda hana í báða skó. Í sjálfu frv. er áætlaður 31 milljarður til niðurgreiðslna, en það þýðir óbreytt niðurgreiðslustig frá því sem var í sept. s. l., að niðurgreiðslustigið frá því, sem það var í sept. s. l., eigi að gilda allt næsta ár. Slíkt væri brot á ákvæðum stjórnarsáttmálans og mundi hafa í för með sér verulega *kjararýrnun fyrir allan almenning. Ég tel að til að standa* við ákvæði stjórnarsáttmálans vanti um það bil 4 milljarða kr. til að halda niðurgreiðslustiginu óbreyttu á næsta ári, miðað við það auk þess, að verðlagsforsendur fjárlagafrv. standist. Standist verðlagsforsendur fjárlagafrv. ekki vantar mun hærri fjárhæð en þessu nemur.

Hæstv. fjmrh. bendir á í þessu sambandi að ráðstafa eigi 12 milljörðum í fjárlagafrv. til sérstakra aðgerða. Ef niðurgreiðslurnar eiga að koma af þessum lið þýðir það að hæstv. ráðh. og ríkisstj. hans ætla sér að láta almenning í landinu og verkalýðshreyfinguna kaupa sama niðurgreiðslustigið upp aftur og aftur í kjaraskerðingum. Það á sem sé að selja launþegahreyfingunni niðurgreiðslurnar sem hún keypti í fyrra, hittiðfyrra og árið þar áður. Öðruvísi verður þetta ekki skilið en eigi að nota sama gjaldmiðilinn aftur og aftur upp á nýtt, láta launþega landsins kaupa sömu niðurgreiðslurnar aftur og aftur í rýrðu kaupi. — En ætli tilgangurinn sé ekki annar þegar betur er skoðað?

Heyrst hefur að nýr vísitölugrundvöllur væri á leiðinni. Í þessum nýja vísitölugrundvelli skipta þær neysluvörur, sem nú eru niðurgreiddar, miklu minna máli. Ætli það sé ekki á bak við að þegar Alþýðusambandsþingi er lokið og átök þar hafa gengið sinn gang og ríkisstj. búin að sitja þegjandi allar götur þangað til eigi að tilkynna að frá og með n. k. áramótum gangi í gildi nýr vísitölugrundvöllur þar sem þarf ekki að kaupa þau niðurgreiðslustig sem keypt hafa verið með sama hætti og gert hefur verið og ríkisstj. ætli sér að hagnast á þeim viðskiptum. Ég vil gjarnan óska eftir svari hæstv. fjmrh. við því. Takið nú vel eftir, þeir sem áhuga hafa á að hlusta á svarið, hvort hann svarar eða ekki. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. í þessu sambandi tveggja spurninga:

1. Getur hann á þessu stigi máls eitthvað um það sagt, hvort ríkisstj. hans hyggst taka upp nýjan vísitölugrundvöll um n. k. áramót?

2. Ef það verður mun þá ekki hæstv. ríkisstj. sjá svo um að Alþýðusambandsþingi verði frá þeirri aðgerð skýrt þannig að Alþýðusambandsþing geti gert sér grein fyrir áhrifum hennar á kjör launþega?

Eins og hæstv. ráðh. tók fram eru útflutningsbætur í frv. miðaðar við að fullnýta þá heimild sem ríkisstj. hefur til greiðslu á útflutningsbótum. Hins vegar tók hæstv. landbrh. fram, að mig minnir í umr. hér á Alþ. í fyrradag, að hæstv. ríkisstj. mundi greiða auk leyfilegra útflutningsuppbóta um 30—33% af viðbótarþörf. Þetta mál var leyst þannig í fyrra að Framleiðsluráð landbúnaðarins var látið taka 3 milljarða kr. lán sem allir vissu að Framleiðsluráði var ekki ætlað að endurgreiða. Endurgreiðslunni verður þannig hagað að Byggðasjóður greiðir helming lánsins, allt annað, þ. á m. vextir, hlýtur að falla á ríkissjóð. Með þessum hætti, að láta aðila úti í bæ, sem allir vissu að ekki gat staðið skil á slíkri lántöku, taka lánið þó að ætlunin væri ávallt sú að ríkissjóður stæði undir þeim hluta þess sem Byggðasjóður ekki greiddi, eru tekin upp ný vinnubrögð í sambandi við fjárlagagerð sem eru stórhættuleg. Nú vil ég af þessum tilefni spyrja hæstv. fjmrh.: Eru líkur á að höggvið verði í þann sama knérunn, að málið verði á árinu 1981 leyst með sama hætti og á árinu 1980, þar sem að yfirvarpi verði haft að Framleiðsluráð landbúnaðarins taki marga milljarða kr. lán sem í raun réttri ríkissjóður tekur og á að greiða af, en haldið er fyrir utan útgjöld á fjárl., eins og gert var í fyrra?

Þá vil ég enn fremur vekja athygli á því, herra forseti, að olíustyrkurinn til íslenskra heimila er í þessu frv. aðeins hækkaður um 25%, þó að verðbólgan hafi aukist um 58% frá því að síðasta fjárlagafrv. var lagt fram. Mér er kunnugt um að ástæðan er m. a. sú, að menn telja að aukin notkun annarra orkugjafa muni draga svo mikið úr olíunotkun að það þurfi ekki að auka styrkinn meira til að halda verðgildi hans. Þá áætlun viljum við þm. að sjálfsögðu fá að sjá. En það er ekki meginatriði málsins eða þarf ekki að vera, heldur hitt, að tekjurnar, sem raunverulega eru eyrnamarkaðar til þessara þarfa, 1.5% söluskattur sem lagður var á í fyrra til að mæta þessari þörf, þessar tekjur sem olíuvandi íslenskra heimila var notaður sem yfirvarp til þess að afla, þessi tekjustofn skilar ríkissjóði a. m. k. 12 milljörðum á næsta ári, en aðeins 5 milljarðar af þeim tekjustofni eiga að fara í olíustyrkinn. Afgangurinn, 7 milljarðar, fer í ríkishítina. Þarna er m. ö. o. verið að leika þann ljóta leik, að mikill vandi íslenskra heimila, sem þurfa að hita hús sín með innfluttu eldsneyti, er notaður sem yfirvarp til að leggja á skatt að upphæð 12 milljarðar kr., en af þessu skattfé er ráðstafað aðeins 5 milljörðum til að mæta þeim vanda sem látið er í veðri vaka að skatturinn sé á lagður til þess að mæta. Þetta er að sjálfsögðu algert hneyksli sem er í mjög góðu samræmi við allt það hneyksli sem verið hefur og var hjá þessari ríkisstj. frá því að hún var stofnuð. En þetta er ljótur leikur. Þetta er leikur þar sem verið er að hafa vanda nokkurra heimila í landinu að yfirvarpi fyrir allsherjar tekjuöflun fyrir ríkiskerfið, eins og ég hef hér sýnt fram á.

Þá vil ég enn fremur benda á að í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að erlend lántaka vegna vaxta og afborgana af öðrum erlendum lánum vegna Kröfluvirkjunar eigi á næsta ári að nema 6 milljörðum 275 millj. kr. Gera menn sér grein fyrir því, hvílíkur baggi þetta heimskulega fyrirtæki er orðið á íslensku þjóðinni? Hér er um arðlausa fjárfestingu að ræða sem engu skilar í þjóðarbúið, en þessi arðlausa fjárfesting kostar okkur á ári 6 milljarða 275 millj. kr. í afborgunum af erlendum lánum sem borguð eru með öðrum lántökum. Hvað þýðir þessi baggi? Hvað er Kröfluvirkjun orðinn þungur baggi á Íslendingum? Hún er jafnþungur baggi og nemur öllum samanlögðum bifreiðaskatti á landsmenn. Allur samanlagður bifreiðaskattur landsmanna rennur nú í það að borga fjármagnsútgjöldin af hinni arðlausu Kröfluvirkjun. Hún nemur 1/6 hluta af öllum samanlögðum rekstrarhagnaði Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins. 1/6 hluti af öllum rekstrarhagnaði Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins fer í það eitt að standa undir fjármagnskostnaðinum af hinni arðlausu Kröfluvirkjun. Og svo á að framkvæma nýtt við þessa virkjun upp á 3.5 milljarða kr. 1981, þannig að framlög af almannafé til Kröfluvirkjunar á árinu 1981 vegna afborgana, vaxta og nýrra framkvæmda nema sem svarar tekjuskatti allra félaga í landinu. Tekjuskattur allra félaga í landinu hellist niður í hinar ónýtu borholur í Kröflu.

Hverjir báru ábyrgð á þessu? Hverjir voru það sem ábyrgðina báru? Hæstv. þáv. iðnrh. var sá maður sem í fylkingarbrjósti þeirra stóð sem báru ábyrgðina á Kröfluvirkjun. Hvað er hann nú? Hann er forsrh. Íslands. Hver var varaformaður Kröfluvirkjunar, sem fór með framkvæmdir í umboði ráðh.: Hvað er hann nú? Hann er æðsti yfirmaður allra vísindarannsókna á Íslandi, hæstv. menntmrh. Hvað er sá þriðji Kröflunefndarmaður sem á þingi situr? Hann er æðsti yfirmaður allra fjármála íslenska ríkisins. Það er búið að leiða Kröflustefnuna til öndvegis í þessari ríkisstj. Þeir, sem ferðinni réðu um þá heimskulegu framkvæmd, stjórna nú íslensku þjóðfélagi. Hvar í veröldinni annars staðar en hér mundi slíkt geta gerst? Og hvernig halda menn að slík ríkisstj. nái öðrum árangri en þeim sem hún hefur náð eða öllu heldur ekki náð á umliðnum mánuðum?

Vissulega eru, eins og ég sagði áðan, ýmis atriði í þessu fjárlagafrv. sem horfa til góðs. Ég vil í því sambandi sérstaklega benda á málefni ríkisspítala og daggjaldakerfið.

Undanfarin ár hafa ríkisspítalarnir verið mikið vandamál í rekstri ríkissjóðs og er líklegt að í ár fari þeir um það bil 2 milljörðum fram úr áætlun fjárl. Nú hefur tekist samkomulag á milli fjmrn. og heilbrrn. um málefni þessara spítala þannig að telja má að áætlun vegna þeirra sé með talsvert betri hætti í núv. frv. en verið hefur áður. M. a. varð samkomulag um hve mörg prósent af launum beri að áætla yfirvinnu- og álagsgreiðslur. Ég tel því nokkuð vel fyrir ríkisspítölunum séð í þessu fjárlagafrv. Það er atriði sem horfir til góðs og ástæðulaust að vera að draga fjöður yfir það.

Enn fremur er ástæða til að lýsa sérstakri ánægju yfir því, að það virðist vera orðið samkomulag á milli heilbrrn. og fjmrn. hvernig skuli taka á daggjaldakerfinu, sem hefur reynst ríkissjóði myllusteinn um háls. Þetta er líka atriði í fjárlagafrv. sem ástæða er til að vekja athygli á og fagna.

Í þriðja lagi má benda á að í fjárlagafrv. er stefnt að því að taka innheimtumenn ríkissjóðs sérstökum tökum, þannig að setja þá inn á fjárlög eins og ríkisstofnanir í staðinn fyrir að láta þá reka embætti sín út úr kassa eða af

innheimtum tekjum sínum, eins og því miður hefur gerst. Þetta hefur gert það að verkum, að ýmsir innheimtumenn ríkissjóðs hafa skuldað ríkissjóði og skulda nú ríkissjóði hundruð millj. kr. Hæstv. ríkisstj. ætlar að taka á þessu máli og er það vel. Þannig eru ýmis atriði í þessu fjárlagafrv. sem horfa til heilla, og það er ástæðulaust að draga fjöður yfir það.

Ég vildi í örfáum orðum víkja að því sem hæstv. ráðh. ræddi um áðan, þ. e. um skattamál starfsmanna utanríkisþjónustunnar. Þetta starfsfólk þurfti ekki að greiða skatta samkv. eldri skattalögum. Með síðustu skattalagabreytingu var þessu starfsfólki gert að greiða sömu skatta og öllum öðrum landsmönnum, og er það út af fyrir sig ekkert óeðlilegt. Hins vegar var á það bent, að óeðlilegt væri að ekki yrði litið til þess, að sú kerfisbreyting væri gerð á þessum málum að nú væri starfsmönnum utanríkisþjónustunnar í fyrsta sinn gert skylt að greiða skatta af aflafé sínu. Sambærilegar breytingar voru, eins og hæstv. fjmrh. tók fram, gerðar gagnvart starfsfólki utanríkisþjónustu á Norðurlöndum, og í öllum þeim tilvikum var þannig á málinu tekið, að komið var í veg fyrir að starfsfólk utanríkisþjónustunnar yrði fyrir fjárhagslegu skakkafalli af þeim sökum með því að greiða því sérstaka launauppbót. Þessi mál voru rædd í minni ráðherratíð milli utanrrn. og fjmrn., og skrifstofustjóri fjmrn., Þorsteinn Geirsson, lagði til við mig að sami háttur og sama afgreiðsla yrði á höfð hjá okkur og hjá öðrum, sem búið hafa við svipaðar aðstæður. Ég gekk að sjálfsögðu frá því, með þeim fyrirvara þó, að það yrði samþ. hér á þingi. Eins og hæstv. fjmrh. hefur tekið fram, hefur hann óskað eftir því við þingið að það tæki þessi mál til sérstakrar skoðunar.

Við skulum gera okkur grein fyrir því, að ef við ekki gerum aðgerðir af þessu tagi verður að meta öll launamál starfsmanna utanríkisþjónustunnar upp á nýtt, skilja á milli þess, sem raunverulega er laun þessa fólks, og hins, sem er til þess að sjá fyrir útgjöldum varðandi starf þeirra. Til dæmis að nefna býr einn sendiherra íslenska ríkisins í yfir 600 fermetra húsnæði. Ef hann og kona hans réðu verustað sínum sjálf þætti mér mjög ólíklegt að þau mundu velja sér slíkan bústað, að þau mundu vilja búa í rúmlega 600 fermetra íbúð. Ætli konan mundi ekki gjarnan vilja hafa húsnæðið eitthvað minna. Þetta er hins vegar sá bústaður sem þeim er fenginn í hendur af íslenska ríkinu, og þau eiga að reka þennan bústað, m. a. að greiða af því fé, sem þau taka við af ríkinu bæði laun ýmiss starfsliðs og ræstingu. Að sjálfsögðu er ekki hægt að gera ráð fyrir því, ef laun eru skilin venjulegum skilningi þess orðs, að þá sé íslenska ríkið að skikka fólk, sem er í störfum fyrir það erlendis, til að standa af sínum eðlilegu launatekjum straum af kostnaði við rekstur slíks húsnæðis, enda var það aldrei ætlunin. Ef sá háttur verður ekki á hafður í sambandi við þessi mál sem hafður var á öllum öðrum Norðurlöndum undir hliðstæðum kringumstæðum, þá verður einfaldlega að meta launamál starfsmanna utanríkisþjónustunnar algerlega frá grunni og upp á nýtt, gera þeim þá fært að reka sendiráð sín og heimili af því tagi sem ég hér nefndi, gera þeim kleift að standa undir slíkum rekstrarkostnaði með endurgreiðslu á þeim kostnaðarliðum sem það krefst, þannig að laun starfsmanna utanríkisþjónustunnar verði þá raunveruleg laun, en feli ekki í sér alls konar kostnaðarliði eins og hér um ræðir. Hins vegar er þetta að sjálfsögðu ekkert stórmál, heldur mjög einfalt framkvæmdamál sem ég held að hljóti að vera unnt að leysa. Ég hef ekki trú á öðru en að hæstv. núv. utanrrh. hafi áhuga á að málið verði leyst.

Herra forseti. Það frv., sem hér er lagt fram, boðar engin stórtíðindi og engar breytingar. Ég hef í máli mínu sýnt fram á hvernig þær niðurstöður í 1. gr., sem ríkisstj. hrósar sér af, eru fengnar. Hér er aðallega um að ræða breytingar á færslum vegna þess að vaxtagreiðslur eru nú teknar öðrum tökum en þær hafa verið teknar á umliðnum árum. Ef nokkuð er, þá er frv. því miður veikara en mörg eldri frv. sem lögð hafa verið fram, bæði af þessum sökum og eins vegna þess að ekkert bendir til þess, að hæstv. ríkisstj. ætli sér að standa við þær forsendur í verðlags- og gengismálum sem þetta frv. byggir á. Ef hæstv. ríkisstj. hefur ekkert aðhafst fyrir 1. des. n. k. er enginn mannlegur máttur sem getur ráðið við það, að við forsendur frv. í gengis- og verðlagsmálum verði staðið. Menn þurfa ekki að bíða fram á árið 1981 til að ganga úr skugga um það. Menn þurfa ekki að bíða nema í nokkra daga, í hæsta lagi örfáar vikur. Reynist svo vera, eins og hingað til hefur verið, að hæstv. ríkisstj. bresti kjark, dug og hugkvæmni til þess að hafast að á næstu örfáum vikum, er allt þetta plagg gagnslaust og merkingarlaust pappírsplagg sem eins gott er fyrir alþm. að henda í ruslakörfuna.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Hæstv. fjmrh. hefur gert ítarlega grein fyrir fjárlagafrv. og sé ég ekki ástæðu til að ræða frekar um það nema í einstökum tilvikum. Fyrst mun ég fjalla um þróun ríkisfjármála á s. l. tveim árum og horfum fram undan.

Þegar ég kom að fjármálum ríkisins 1. sept. 1978 var ákveðið að breyta hluta af verðbólguvandanum í ríkisfjármálavanda, m. a. til þess að koma með skjótum hætti í veg fyrir ófremdarástand í atvinnulífi landsmanna. Tekið var skyndilán hjá Seðlabankanum að upphæð 2.9 milljarðar kr. Af þessum sökum og fleirum reyndist árið 1979 um margt óhagstætt fyrir þróun ríkisfjármála. Ég setti í upphafi það mark, að skyndilán Seðlabanka yrði greitt upp á árinu 1979, þannig að jöfnuður næðist í ríkisfjármálunum á því ári.

Þegar kom fram á sumarið 1979 var sýnt að það mundi heldur betur hallast á merinni hjá ríkinu. Ég setti því mikla pressu á og heimtaði annaðhvort niðurskurð ríkisútgjalda eða auknar tekjur. Eftir harðar sviptingar tókst að tryggja nýja tekjustofna fyrir ríkissjóð sem lögðu grundvöll að bættum hag hans. Viðbótartekjur þessara tekjustofna haustið 1979 gefa t. d. ríkissjóði 22.2 milljarða kr. í tekjur á næsta ári miðað við forsendur fjárlagafrv. Rekstrarútkoma ríkissjóðs árið 1979 var raunverulega jákvæð um 1 600 millj. kr. þrátt fyrir miklar hrakspár. Þá er tekið inn í dæmið 4.5 milljarða kr. víxillán sem tekið var út á hina nýju tekjustofna haustlaganna. Lánið var greitt á fyrstu mánuðum þessa árs, og áfram nýtur ríkissjóður þessara tekna eins og áður segir.

31. des. 1978 skuldaði ríkissjóður Seðlabankanum 26.4 milljarða kr. Ári síðar, 31. des. 1979, var skuldin 0.3 milljörðum kr. hærri í krónum og eftir uppfærslu verðbóta var heildarskuldin 28.7 milljarðar kr. Við árslok 1978 námu skuldir ríkissjóðs við Seðlabankann 15.9% af ríkistekjum það ár. Í árslok 1979 námu skuldirnar ekki nema 12.2% af ríkistekjunum. Það er því staðreynd sem ekki verður hnekkt, að á árinu 1979

lækkuðu skuldir ríkissjóðs við Seðlabankann um 3.7% miðað við ríkistekjur.

Í ársskýrslu, sem flutt var á aðalfundi Seðlabankans 14. maí 1980, segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þótt verulega dragi úr halla ríkissjóðs þegar á árinu 1976, hefur leiðin til jafnvægis og hvað þá greiðsluafgangs í ríkisbúskapnum reynst ærið torsótt og hélt skuldasöfnun ríkissjóðs við Seðlabankann áfram ár hvert allt til ársins 1978. Á s. l. ári urðu þau mikilsverðu umskipti, að lítilsháttar greiðsluafgangur varð í viðskiptum ríkissjóðs við Seðlabankann í fyrsta skipti síðan 1972. Hafði skuldasöfnun ríkissjóðs átt drjúgan þátt í því að veikja stjórn peningamála fram að þessu, og skiptir því miklu máli að ekki verði hvikað frá ásetningi sem fram kemur í afgreiðslu fjárlaga og lánsfjáráætlunar fyrir árið 1980 um lækkun skuldarinnar við Seðlabankann í samræmi við gerða samninga. En í lok ársins 1979 nam nettóskuld ríkissjóðs við bankann 28 milljörðum. kr."

Þetta var álit Seðlabankans um þau mikilsverðu umskipti ríkisfjármálanna sem urðu á árinu 1979. Þessi breyting til batnaðar lýsti sér annars vegar í því, að greiðsluafgangur varð í viðskiptum ríkissjóðs við Seðlabankann, og hins vegar í þeirri staðreynd, að á árinu 1979 lækkuðu skuldir við Seðlabankann, miðað við ríkistekjur um 3.7%, eins og áður er fram tekið.

Ég vona að þessi þróun haldi áfram á þessu ári og því næsta. Það er ástæða til að vekja athygli á nokkrum sérstæðum útgjaldaliðum fjárlaganna árið 1979—1980 og frv. fyrir árið 1981.

Í fyrsta lagi vil ég nefna fjármagnsútgjöld vegna Kröfluvirkjunar sem komu fyrst inn í útgjaldaliði fjárlaga árið 1979 og námu það ár 2 milljörðum og 80 millj. kr. Á yfirstandandi ári nema fjármagnsútgjöld vegna Kröflu 3 milljörðum 900 millj. kr., og í fjárlagafrv. fyrir árið 1981 nemur þessi upphæð 6 milljörðum 275 millj. kr. Á þremur árum nema útgjöld fjárlaga vegna Kröfluvirkjunar því samtals 12.2 milljörðum kr. Þá vil ég nefna vaxtagreiðslur ríkissjóðs, en þær nema samtals hvorki meira né minna en 40 milljörðum kr. á þessum þremur árum.

Þá vil ég í þriðja lagi nefna lækkun tolla vegna samnings við Efnahagsbandalag Evrópu og afnám söluskatts af ýmsum matvörum. Þetta skýrir það, að ýmsir aðrir skattar hafa hækkað. Ég vona að ríkisstj. og hæstv. fjmrh. takist að halda áfram því verki sem grundvöllur var lagður að í tíð ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar og leiddi til umskipta í fjármálum ríkisins þegar á árinu 1979, eins og Seðlabankinn tíundaði réttilega í ársskýrslu sinni á s. l. vori.

Næst vil ég víkja stuttlega að nokkrum atriðum skattamála.

Þegar fjárlagafrv. var til meðferðar í ríkisstj. var gert ráð fyrir að aðlögunargjald á innfluttar iðnaðarvörur mundi haldast árið 1981. Ég gerði bókun í ríkisstj. um afstöðu mína til þess máls. Þar segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Vegna þess að fjárlagafrv. gerir ráð fyrir að 3% aðlögunargjald haldist á næsta ári óska ég eftirfarandi bókunar:

Þegar sótt var um heimild til EFTA og Efnahagsbandalags Evrópu um álagningu aðlögunargjaldsins var því lýst yfir af Íslands hálfu, að gjaldið yrði skilyrðislaust fellt niður í árslok 1980. Lagasetningin um aðlögunargjaldið er í samræmi við þetta. Samþykkt EFTA var bundin því skilyrði, að gjaldið yrði fellt niður í árslok. Efnahagsbandalag Evrópu mótmælti gjaldinu og telur það andstætt samningi Íslands við bandalagið, en hefur ekki hafst frekar að í málinu, þar sem gjaldið verður fellt niður."

Á fundi með framkvæmdastjóra EFTA í Kaupmannahöfn 5. sept. s. l. skýrði ég honum frá fyrirmælum iðnrh. um framlengingu gjaldsins. En hæstv. iðnrh. hefur lagt til að það verði framlengt með þeim hætti, að í staðinn fyrir að það er 3% á þessu ári lækki það í 2% á næsta ári, 1% á árinu 1982 og falli alveg niður við lok þess árs. Framkvæmdastjórinn skírskotaði til drengskaparyfirlýsingar Íslendinga um niðurfellingu gjaldsins nú í árslok. Hann taldi að litið yrði á framlengingu gjaldsins sem brot á gefnum loforðum íslensku ríkisstj. Af þessum ástæðum mun ég ekki treysta mér til að taka málið upp frekar en ég hef þegar gert.

Ég hef kannað óformlega og látið kanna hver væri afstaða EFTA og Efnahagsbandalags Evrópu til þess að framlengja gjaldið að hluta og fella það niður í áföngum. Afstaða þessara aðila er svo neikvæð, að telja má fullvíst að t. d. Efnahagsbandalag Evrópu muni ekki sætta sig við framlengingu aðlögunargjaldsins og geti jafnvel gripið til mótaðgerða sem skaði mjög mikilvæga viðskiptahagsmuni Íslands.

Horfur eru á að samkvæmt samningi Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu þurfi Íslendingar ekki að greiða tolla af útflutningsvörum, sem fluttar eru til Efnahagsbandalagslandanna á þessu ári, sem nema a. m. k. 9—10 milljörðum kr. Hvaða vit er í því að stofna slíkum hagsmunum í hættu? Þrátt fyrir þetta var fjárlagafrv. lagt fram þannig að gert er ráð fyrir aðlögunargjaldinu sem tekjustofni, en málið verður tekið nánar til athugunar, eins og segir í aths. við fjárlagafrv.

Við umr. um skattamál hér á hv. Alþ. á s. l. vetri lét ég þau orð falla, að ég fylgdi því að framlengja skatta á skrifstofu- og verslunarhúsnæði á þessu ári, en væri þó þeirrar skoðunar, að þetta mál þyrfti að taka til endurskoðunar á yfistandandi þingi. Slík skattlagning kemur þungt niður á bæði samvinnuverslun og annarri verslun, sérstaklega þó í strjálbýlinu, en þar hefur verslun barist í bökkum á undanförnum árum.

Í þriðja lagi hef ég svo lýst yfir andstöðu minni við það ákvæði 59. gr. skattalaganna, að mögulegt sé að leggja á menn skatt af hærri tekjum en menn sannanlega hafa.

Um fjárlögin og almenna skattlagningu vil ég segja þetta:

Samkv. stjórnarsamningnum skal aðhald í ríkisrekstrinum stóraukið og áhersla lögð á jafnvægi í ríkisfjármálum. Það er ein af forsendum fjárlagafrv., að fjárlög 1981 verði afgreidd með nokkrum rekstrar- og greiðsluafgangi. Framsfl. er þeirrar skoðunar, að þetta verði því aðeins mögulegt að ríkistekjurnar nemi um 28.5% af þjóðartekjum. Á þessu ári var ætlunin að koma verðbólgunni niður í 30—35% frá upphafi til loka ársins. Því fer fjarri að þetta hafi tekist. Um þessi mál sagði ég m. a. við fjárlagaumr. fyrr á þessu ári eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég geri mér glögga grein fyrir því, að það er útilokað að telja niður verðbólguna í samræmi við fyrirætlanir ríkisstj. nema stefnan í gengismálum og launamálum verði í takt við þær fyrirætlanir. Ef þessi stefna verður sprengd upp með kröfugerð og aðgerðum til þess að framfylgja þeirri kröfugerð, þá er alveg ljóst að það

verður erfitt eða ómögulegt að ná þessum markmiðum. Allt veltur á því, að hin sterku öfl þjóðfélagsins, þ. e. ríkisvaldið og samtök launafólks og atvinnurekenda, nái lágmarkssamvinnu í þessum málum öllum og menn taki tillit til þess, að á öllum sviðum er nauðsynlegt að telja verðbólguna niður. Þetta er höfuðatriði."

Ég sagði enn fremur að til að snúa ört hækkandi verðbólgu í lækkandi verðbólgu verði verðlags-, launa- og gengispólitík að stefna að ákveðnu marki á árinu 1980. Ég get með góðri samvisku endurtekið þetta við þessa umr. Það hefur ekki orðið sú raunin á, að þróun í verðlagsmálum, launamálum og gengismálum hafi samrýmst áformum ríkisstj. í efnahagsmálum.

Í fyrsta lagi hafa samningar á vinnumarkaðnum verið opnir í allt sumar og við borð hefur legið að upp úr syði. Verkföllum hefur verið hótað æ ofan í æ. Það má því orða það svo, að ríkisstj. hafi keypt vinnufriðinn því verði að fresta að hluta þeirri niðurtalningu verðbólgunnar sem hún áformaði. Ríkisstj. hefur þó viðhaft mikið aðhald í að leyfa verðhækkanir að því marki sem það hefur verið á hennar valdi. Auðvitað torvelda almennar grunnkaupshækkanir í þjóðfélaginu viðnám gegn verðbólgunni, það gefur auga leið. Og þær grunnkaupshækkanir, sem samið hefur verið um nú nýlega, munu, að því er fróðir menn telja, valda um 15—20% hækkun verðbólgu á næstu 6—12 mánuðum.

Í öðru lagi vil ég vísa til þess, að á tímabilinu okt. 1979 til febr. 1980 hækkaði tilkostnaður frystihúsanna innanlands um 15—20%. Á sama tíma var gengissig aðeins 5—10%. Á þessu ári hefur svo fiskverð í Bandaríkjunum lækkað og til viðbótar hefur Bandaríkjadollar verið að veikjast þar til nú seinustu vikurnar. Til þess að skapa frystihúsunum og sjávarútveginum öllum lágmarksrekstrargrundvöll hefur ríkisstj. neyðst til að láta gengið síga nokkuð ört á þessu ári, m. a. til þess að bæta upp það misræmi sem varð á verðlagi útflutningsafurða sjávarútvegsins, sérstaklega frystiafurðum, og hækkandi tilkostnaði innanlands. Þetta hefur einnig valdið erfiðleikum í baráttunni við verðbólguna. Þrátt fyrir þetta standa málin þannig, að verðbólgan hefur aðeins minnkað borið saman við seinasta ár og það þrátt fyrir að viðskiptakjör þjóðarinnar hafa versnað um 15% á s. l. tveim árum. Án verðlagsáhrifa grunnkaupshækkana stendur verðbólgan um þessar mundir í 52—53%. Nú er ljóst að grunnkaupshækkanir um 9—10% koma inn í verðlagið. Ef ekki tekst neitt samkomulag um ráðstafanir til að bremsa verðbólguna, þá koma verðbætur launa, verðhækkanir landbúnaðarvara, útseld vinna o. fl. af fullum þunga inn í hagkerfið 1. des. n. k. Um áramótin kemur svo nýtt fiskverð. Til þess að undirstöðuatvinnuvegirnir standist fyrirsjáanlegar hækkanir tilkostnaðar 1. des. og 1. jan. verður gengisaðlögun að fara fram. Ef það verður ekki stöðvast útflutningsframleiðsla þjóðarinnar. Hvar standa menn þá? Jú, nákvæmlega eins og fyrir 1. des., nema verðbólgan hefur aukist verulega. Kaupmáttur launa verður í besta falli óbreyttur, en allt atvinnuöryggi þjóðarinnar ótraustara. Á þessu ári munaði hársbreidd að frystihúsin og útgerðin stöðvuðust að meira eða minna leyti vegna verðbólgunnar. Sama er að segja um útfltuningsiðnaðinn. Og þá er spurningin: Tekst okkur Íslendingum að halda undirstöðuatvinnuvegunum gangandi ef verðbólgan fer upp í 70%, að ég tali nú ekki um meira?

Það er vissulega kominn tími til að stinga við fótum og þó miklu fyrr hefði verið. Er nú ekki ráð að þjóðin þoli það, að allsherjar viðnámsaðgerðir í efnahagsmálum verði gerðar samhliða gjaldmiðilsbreytingunni um áramótin, að sameinað verði verðbótatímabil allra kostnaðarþátta 1. jan. n. k. og hafin verði raunhæf niðurtalning verðbólgu frá þeim tíma?

Nú eins og oft áður er mjög þýðingarmikið að menn geri sér raunhæfa grein fyrir því, hvað gerist ef ekki verður gripið til bremsuaðgerða í verðbólgumálum. Þjóðhagsstofnunin vinnur nú að því verkefni að gera úttekt á þessu.

Hæstv. fjmrh. hefur gert grein fyrir helstu forsendum fjárlaganna. Án þess að endurtaka mjög það sem hann sagði vil ég undirstrika nauðsyn þess, að ríkisbúskapurinn verði nokkurn veginn í jafnvægi árið 1981, svo sem verið hefur árið 1979 og 1980. Þá vil ég og undirstrika þá forsendur frv., að verðlagshækkanir frá miðju ári 1980 til miðs árs 1981 verði um 42%, sem er, eins og segir orðrétt í aths. við frv., nokkru minni verðbólga en verið hefur nú um skeið. Enn fremur vil ég vísa til þeirra orða í aths. við fjárlagafrv., að á næstunni verði ákvarðanir teknar í aðgerðum í efnahagsmálum, sem tengjast væntanlegri gjaldmiðilsbreytingu. Fjmrh. hefur því fyrir hönd ríkisstj. sett markmið í verðbólgumálum, sem stefna að 42% verðbólgu frá miðju ári 1980 til miðs árs 1981, og boðað aðgerðir í tengslum við gjaldmiðilsbreytinguna. Þetta allt saman vil ég sterklega undirstrika.

Ég held að það sé ákaflega mikil og rík nauðsyn á því, að öll þjóðin átti sig á þeim hættum sem hin mikla verðbólga skapar. Mesti háskinn er fólginn í því, að verðbólgan torveldar eðilega og æskilega framvindu efnahags- og atvinnumála. Langvarandi óðaverðbólga leiðir til stöðnunar, minni framleiðslu og rýrnandi lífskjara. Hún er blátt áfram óvinur góðra, jafnra og bættra lífskjara. Hún veldur hrikalegu misrétti milli manna og magnar upp það versta í atvinnumálum og fjármálum. Af þessum ástæðum og raunar mörgum fleirum verður ríkisstj., Alþ. og raunar öll þjóðin að snúast gegn verðbólgunni með öllum tiltækum ráðum.

Ég held að flestum sé orðið það ljóst, að við Íslendingar ráðum aldrei niðurlögum verðbólgunnar án þess að draga úr þeirri sjálfvirkni sem ríkir í efnahagskerfinu. Niðurtalningarstefna Framsfl. byggir á þessari hugsun. Þar er gert ráð fyrir að setja á ákveðnu tímabili hámark á verðlag vöru og þjónustu, verð á landbúnaðarafurðum, fiskverð, verðbætur launa, vexti og gengi krónunnar. Til þess að tryggja sem hæstan kaupmátt lægri tekna verði skattar lækkaðir. Síðan verði stefnt að því að feta sig niður á við með því að lækka hámarkið næsta tímabil og svo koll af kolli. Við leggjum jafnframt áherslu á samráð við aðila vinnumarkaðarins um aðgerðir í efnahagsmálum. Þá verður settur nýr grundvöllur vísitölu framfærslukostnaðar í ársbyrjun 1981, sem byggist á neyslukönnun Hagstofunnar og allri viðmiðun við eldra vísitölukerfi þar með sleppt, um leið og myntbreytingin kemur til framkvæmda. Þá er mjög nauðsynlegt að gera breytingar á vísitölukerfinu sem miða að viðnámi gegn verðbólgunni. Ríkisbúskapurinn verður að vera í jafnvægi á árinu 1981 og enn fremur stefnt að jafnvægi í gjaldeyrisviðskiptum. Fjárfesting verði nálægt fjórðungi af þjóðarframleiðslu og útlán banka og lífeyrissjóða í samræmi við markmið í peningamálum.

Þessa efnahagsstefnu, sem ég hef verið að setja hér fram, mætti framkvæma til reynslu í eitt ár. Þegar gengið

hefur verið frá efnahagsprógrammi, sem dregur jafnt og þétt úr verðbólgu, verður að leggja áherslu á framleiðni og uppbyggingu í orku- og atvinnumálum til þess að skapa grundvöll fyrir auknum hagvexti og bættum lífskjörum þjóðarinnar.

Það eru nokkrir útgjaldaliðir í fjárlagafrv. sem eru áberandi hæstir. Þar á meðal eru tryggingamál 136.5 milljarðar kr., fræðslumál 69.5 milljarðar kr. og heilbrigðismál 39.8 milljarðar. Til heilbrigðis-, trygginga- og fræðslumála verður því varið samtals 245 milljörðum kr. samkv. fjárlagafrv. Ég vil nú endurtaka það sem ég sagði við fjárlagaumr. 1978, 1979 og einnig fyrr á þessu ári, að í heilbrigðismálum megi spara umtalsverðar fjárhæðir með því að efla útivist og íþróttaiðkun þjóðarinnar. Talið er að a. m. k. 5 þús. manns starfi sem sjálfboðaliðar innan íþróttahreyfingarinnar. Þessa starfsemi ber að efla og styrkja á alla lund. Það mun borga sig að verja verulegu fé í þessu skyni. Vil ég sérstaklega beina því til fjvn., að hún láti fara fram skipulega og raunhæfa rannsókn í þessum efnum í samráði við framkvæmdavaldið. Spurningin er þessi: Getum við varið heldur minna fjármagni til heilbrigðis-, trygginga- og menntamála, en þeim mun meira fjármagni til þess að efla útivist og íþróttaiðkanir eða almenna líkamsrækt? Margar fremstu þjóðir veraldar hafa reiknað það út, að þær spari stórkostlega fjármuni með virkum stuðningi við æskulýðs- og íþróttahreyfingar. Við Íslendingar höfum engan her og höfum ekki viljað stofna her. Ég hef oft leitt hugann að því, hvort ekki væri hollt og tímabært fyrir uppheldi þjóðarinnar að koma á eins konar þegnskylduvinnu um nokkurra mánaða skeið, þar sem ungmenni byggju við vissan aga og gætu jafnhliða stundað líkamsrækt og unnið þjóðnýt störf. Ég held að það vanti meiri aga við uppeldi þjóðarinnar, hann sé minni hér en hjá flestum öðrum þjóðum sem ég þekki til. Því má að vísu ekki gleyma, að margt ungt fólk vinnur mikið og byrjar snemma að vinna. En það eru ekki allir sem venjast vinnu á unga aldri.

Þá er ég einnig sannfærður um að hægt er að spara mikil útgjöld í tryggingamálum með lagabreytingum og framkvæmd í þá átt að greiða tryggingabætur fyrst og fremst til þeirra sem þurfa þeirra með. Það er brýnt mál, að rækileg endurskoðun fari fram á tryggingakerfinu og breytingar verði gerðar í þessa stefnu.

Á undanförnum árum hefur verið unnið verulegt starf við úttekt ýmissa þátta ríkisbúskaparins. Það er nauðsynlegt að halda áfram þessari úttekt í ríkisbúskapnum og eðlilegast að hagsýslustofnun framkvæmi slíka úttekt í samvinnu og samstarfi við viðkomandi ráðuneyti og forstjóra ríkisstofnana. Ég hef stundum áður orðað það svo, að ekki sé síður nauðsyn á uppskurði sums staðar í ríkiskerfinu en niðurskurði. Hins vegar verða menn að gera glöggan greinarmun á eyðslu og eðlilegum útgjöldum. Það er gjörsamlega þýðingarlaust að standa að aðhaldi eða sparnaði nema það sé nákvæmlega tiltekið í fjárlögum, hvar þessi sparnaður eigi að koma niður, og viðkomandi ráðh., stjórnarnefnd og forstjóri ríkisstofnunar beri fulla ábyrgð á framkvæmdinni. Í þessum efnum öllum þarf að koma til markvisst áframhaldandi starf. Yfirborðskák kemur ekki að neinu haldi. Það verður e. t. v. að ákveða hvaða stöðum eigi að fækka hjá ríkinu, hvar eigi að draga úr yfirvinnu, hverju eigi að breyta um framkvæmd mála. Það er rétt að menn geri sér grein fyrir því, að þetta er ekkert vinsældastarf, en verður að vinnast, — vinnast með þrotlausu starfi og ströngu eftirliti.

Varðandi þau málefni, sem falla undir mitt rn., vil ég leggja áherslu á eflingu Verðlagsskrifstofunnar, en framlög til hennar hækka verulega, eða úr 275.5 milljónum kr. á fjárlagafrv. fyrir 1980 í 443.6 millj. kr. í því fjárlagafrv. sem hér er til umr. Sérstaklega álít ég nauðsynlegt að Verðlagsskrifstofan geti aukið verðlagskynningu og einbeitt sér að því að stuðla að lækkun vöruverðs með skynsamlegum verðlagsákvæðum. Þá eru framlög til Neytendasamtakanna einnig tvöfölduð í fjárlagafrv. En ég er talsmaður frjáls félagsmálastarfs neytenda með stuðningi ríkisvaldsins. Í þriðja lagi hafa umsvif viðskrn. aukist vegna hins alvarlega ástands olíumála, og svo mun verða þar sem á miklu ríður að sjá landinu örugglega fyrir nægum olíuvörum á sem ódýrastan hátt. Ég hef lagt mikla áherslu á þessi mál.

Ég sagði í upphafi máls míns að ég mundi ekki ræða mikið einstök atriði fjárlagafrv. Ég minni sérstaklega á vegamálin, þótt full ástæða væri til að ræða mörg fleiri stórmál. Í grg. með fjárlagafrv. segir að unnið verði áfram af krafti að vegamálum. Í frv. er gert ráð fyrir u. þ. b. 50% aukningu á fjármagni til vegamála. Því er um nokkra aukningu að ræða miðað við forsendur fjárlaga. Hins vegar renna til vegaframkvæmda í ár rúmlega tveir milljarðar króna af lánsfé sem nauðsynlegt er að tryggja, og það verðbætt, ef vinna á áfram af krafti að vegamálunum eins og í frv. segir.

Við fjárlagaumr. er ástæða til að minna á það, hversu ríkisbúskapurinn er raunverulega stór þáttur efnahagsmálanna. Venjulega hafa gjöld á fjárlagafrv. verið nálægt fjórðungi þjóðarteknanna. Það er því mjög mikilvægt að ríkisbúskapurinn sé sæmilega traustur og í jafnvægi, ekki síst á miklum verðbólgutímum. Sérfræðingar í efnahagsmálum og stjórnmálamenn eru yfirleitt sammála um að árangursríkar efnahagsaðgerðir gegn verðbólgu felist m. a. í nokkuð ríflegum rekstrar- og greiðsluafgangi ríkissjóðs. Þetta þurfa bæði ríkisstj. og Alþ. að hafa í huga þegar gengið er frá fjárlögum fyrir næsta fjárlagaár.

Ég held að það fjárlagafrv., sem hæstv. fjmrh. hefur lagt fram fyrir hönd ríkisstj., sé sæmilega ábyrgt fjárlagafrv., enda verði þess vandlega gætt, að heildarfjárfesting í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir næsta ár fari ekki mikið fram úr sem svarar fjórðungi þjóðartekna. Ég held að ég láti nú skylmingar hv. fyrrv. fjmrh. Sighvats Björgvinssonar og núv. hæstv. fjmrh. um bókhaldið liggja á milli hluta. Nú er hvorugur þeirra hérna. Það er löngum hægt að ræða um bókhaldið og ég skal ekki dæma um hvað er rétt í því efni. En í öllum aðalatriðum sýnist mér að fjárlagafrv. nú sé byggt upp á mjög svipaðan hátt og gert hefur verið undanfarin ár. En allt veltur á því, að gerðar verði samræmdar aðgerðir í efnahagsmálum þannig að sæmilegt jafnvægi ríki á öllum sviðum. Því aðeins má vænta árangurs í hinni erfiðu en lífsnauðsynlegu baráttu gegn óðaverðbólgu og hættulegum afleiðingum hennar.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Hæstv. viðskrh., sem var að ljúka máli sínu, lýsti svo ástandi ríkisfjármálanna þegar hann var fjmrh., að þá hefði hallast á merinni, eins og hann orðaði það. Ef það er rétt lýsing á ástandinu þegar hæstv. viðskrh. fór með fjármál ríkisins, sem ég efast ekki um, þá hygg ég að segja megi

að nú sé að snarast af merinni. Það frv., sem hér liggur fyrir, er einmitt glöggur vottur þess.

Hæstv. viðskrh. lauk ræðu sinni með því að segja að allt ylti núna á því, að gerðar væru samræmdar ráðstafanir í efnahagsmálum. Allt veltur á því. Ég er hæstv. viðskrh. algerlega sammála um þetta. En það, sem er að því frv. til fjárl. sem við erum hér að ræða, er að það byggir ekki á neinum samræmdum aðgerðum í efnahagsmálunum. Það, sem er að, er að það er engin heildarstefna í efnahagsmálunum. Það er vonlaust verk að ætla að leggja fram gott fjárlagafrv. ef það byggist ekki á ákveðinni stjórnarstefnu. Og heldur var dræmt lofið hjá hæstv. viðskrh. um þetta frv. Hann sagði að það væri sæmilega ábyrgt. Af ráðh. í ríkisstj. geta þetta ekki talist harla góð meðmæli, enda getur enginn haldið því fram, að hér sé um slíkt frv. til fjárl. að ræða sem við hefðum viljað vænta og mjög hefði verið þörf á.

Hæstv. fjmrh. er á vissan hátt vorkunn að hann skuli ekki hafa lagt annars konar frv. hér fram en raun ber vitni um, — vorkunn að því leyti, að það er ekki hægt að aðlaga þetta frv. neinni heildarstefnu. Þetta frv. er ekki andsvar við þeim mesta vanda sem við eigum núna við að stríða, þvert á móti. Þetta er ekki frv. sem boðar ný og öflug viðbrögð og viðnám gegn verðbólgunni, heldur er þetta frv. sem er eins og olía á verðbólgubálið.

Hæstv. fjmrh. reynir að forða sér í þessu efni með því að segja að þetta frv. þýði ekki að heildarútgjöld ríkisins í hlutfalli við þjóðarframleiðslu séu meiri en áður, *heildarútgjöldin séu ekki meiri en hann sagði, 28.5%, og* það er mjög svipað ef ekki það sama og verið hefur á undanförnum árum. Með þessu móti vill ráðh. segja að það sé ekki verið að auka ríkisumsvifin. Þetta vill hann segja af því að hann gerir sér ljóst að einn meginverðbólguvaldurinn er ríkisfjármálin. Hæstv. ráðh. segir: Þetta er ekki meira en hefur verið. En í þessari fullyrðingu og í þessari tölu er argasta blekking. Þessi tala segir í raun og veru ekkert sem máli skiptir. Og vegna hvers er það? Vegna þess að í ríkisútgjöldunum er reiknað með bæði rekstrarútgjöldum og fjárfestingarútgjöldum og þetta er hvort tveggja innifalið í þessari prósentutölu. En það, sem er að ske núna og hefur raunar skeð á undanförnum árum, er að hlutur rekstrarútgjaldanna, sem þýðir ríkisbáknið sjálft, hið eiginlega ríkisbákn, hefur alltaf verið að aukast.

Árið 1975 námu fjárfestingarútgjöld af ríkisútgjöldunum 25%. En hvað eru þau samkv. þessu frv.? Þau eru 16.6%. Þó að heildarútgjöldin hafi staðið í stað hlutfallslega við þjóðarframleiðslu hefur hið eiginlega ríkisbákn stórkostlega aukist. Og þegar við erum að tala um of mikil umsvif ríkisins, þá er það það sem við eigum við, en við eigum ekki við að það séu minni framkvæmdir í landinu, *það sé gert minna í skólamálum, minna í vegamálum,* minna í heilsugæslumálum. Það er ekki það sem átt er við.

En það er ekki nóg með það, að þessi tala sé í sjálfu sér argasta blekking þegar verið er að tala um hlutfallið af þjóðarframleiðslunni. Innan þessara marka, sem menn eru að berjast við að hafa þetta hlutfall í, eru framkvæmdirnar orðnar lítið brot af ríkisútgjöldunum. Þá er leiðin til þess að mæta því sú, eins og við þekkjum allir, að fjármagna framkvæmdir með lánum og fyrst og fremst erlendum lánum, sem eru þess eðlis að það er ekkert sem orkar meir sem olía á verðbólgubálið en einmitt þetta. Þetta frv., sem við hér ræðum, er með þessum einkennum. Þess vegna er það ekki viðnám gegn verðbólgunni. Það felur ekki í sér úrræði gegn þeim mesta vanda sem við eigum nú við að stríða, heldur þvert á móti, það eykur vandann, það er olía á verðbólgubálið.

En nú vill alveg sérstaklega til. Það eru núna að gerast *hlutir sem eiga sér ekki fordæmi. Og þá á ég við að um* leið og þetta frv. tekur gildi sem lög kemur til framkvæmda breyting á verðgildi íslensks gjaldmiðils. Það hefur ekki skeð áður. En hvaða þýðingu hefur þessi ráðstöfun? Hún hlýtur að hafa mjög mikla þýðingu og annaðhvort verður þessi ráðstöfun til þess að efla traust okkar á íslenskum gjaldmiðli og liður í ráðstöfunum til þess að koma á jafnvægi í efnahagsmálum landsmanna eða að áhrif af þessari ráðstöfun verða þveröfug, þau verða til þess að auka vantraustið á gjaldmiðlinum, þau verða til þess að auka upplausn og jafnvægisleysi í efnahagsmálum. Hvað er það, sem skiptir máli um það, á hvern veg áhrif gjaldmiðilsbreytingarinnar verða? Það er að sjálfsögðu augljóst mál, þó að ríkisstj. hagi sér ekki í samræmi við það. Það er frumskilyrði og forsenda þess, að nokkurt vit sé að gera þessa breytingu á verðgildi gjaldmiðilsins, að sú ráðstöfun sé liður í margháttuðum aðgerðum, markvissri stefnu til þess að koma efnahagsmálum okkar á traustari grundvöll en núna er og treysta gjaldmiðilinn og auka traust þjóðarinnar og almennings í landinu á honum.

En hvar eru þessar ráðstafanir? Það vill svo til, að fyrir tveim dögum svaraði hæstv. viðskrh. hér í Sþ. fsp. frá mér *varðandi gjaldmiðilsbreytinguna. Við vorum sammála* um það í þeim umr., að ekki væri búið að gera þær ráðstafanir til nýrrar stefnumörkunar í efnahagsmálunum, sem nauðsyn væri að fylgdu verðgildisbreytingunni. Við vorum sammála um þetta. Og við vorum sammála um að þetta yrði að gera. Hæstv. viðskrh. sagði að það, sem ríkisstj. ætlaði að gera í þessu efni, mundi liggja fyrir um áramótin. (**Viðskrh.:** Ég tiltók ekki dagsetningu.) Tiltók ekki dagsetningu. Varasamur maður, hæstv. ráðh., og ég lái honum það ekkert. En það er ekki aðalatriðið í þessu sambandi, hvort þessar till. líta dagsins ljós hjá ríkisstj. nokkrum dögum fyrr eða síðar fyrir næstu áramót. Það, sem er höfuðatriði í þessu máli, er að þessar till. þurftu að liggja fyrir og vera komnar til framkvæmda, ekki í dag, ekki fyrir nokkrum vikum, heldur fyrir nokkrum mánuðum, vegna þess að það er borin von, að almenningur hafi traust á gjaldmiðilsbreytingunni nema ríkisstj. sé búin að sýna sig áður í því að skapa einhvern grundvöll fyrir því að árangur geti orðið af þessari þýðingarmiklu ráðstöfun. Menn mega ekki halda að það sé einhver hversdagsráðstöfun að breyta gjaldmiðlinum, verðgildi gjaldmiðilsins. Mér er ekki kunnugt um að á síðustu áratugum hafi nema tvær þjóðir í Evrópu gert þessar ráðstafanir. Menn eru ekki að gera þetta á hverjum degi, og það er vegna þess að eina vonin til þess, að slík ráðstöfun hafi jákvæð áhrif, er ef — eins og ég hef áður tekið fram — um er að ræða lið í heildarstefnu og heildaraðgerðum. Þetta verða menn að hafa í huga þegar frv. það, sem hér liggur frammi, er rætt, frv. til fjárl. fyrir árið 1981. Það er höfuðgalli þessa frv., að það hefur ekki verið byggt á neinni heildarstefnu, sem ríkisstj. segir að eigi að koma um áramót, og þess vegna er þetta frv. verðbólgufrv., ef svo mætti að orði komast, eins og áður hefur verið gert í þessum umr., en ekki liður í neinum heildaraðgerðum.

Ég vildi segja þessi almennu orð um fjárlagafrv. í

heild. Ég held að það verði ekki komist hjá að vekja athygli á þessari hlið málsins. Þetta er aðalatriðið í sjálfu sér. Auðvitað er svo hægt að ræða og þörf á að ræða einstaka þætti þessa fjárlagafrv., en ég mun ekki gera víðreist í þeim efnum. Það er nokkurt álitamál hvað ætti að taka og hverju ætti að sleppa í ekki mjög langri ræðu sem ég flyt hér. En mig langar þó að víkja að tveim málum. Þessi mál eiga það sammerkt, að þau eru ein helstu mál sem núv. ríkisstj. hefur lofað að taka traustum tökum og hefur viljað telja að eigi að njóta forgangs. Þega ég vík að þessum tveim málum, þá er ég þess vegna ekki að ráðast á garðinn þar sem hann er lægstur eða þar sem hæstv. ríkisstj. ætti að standa höllustum fæti, heldur þvert á móti. Þessi mál eru húsnæðismálin í fyrsta lagi og í öðru lagi orkumálin.

Það er gert ráð fyrir fjárframlögum til Byggingarsjóðs ríkisins í þessu fjárlagafrv., þó það nú væri, þegar það er haft í huga, að Byggingarsjóður ríkisins stendur undir meginþorra af öllum íbúðarbyggingum, lánum til yfir 90% íbúðarbygginga í landinu, og hefur gert á undanförnum árum og áratugum. Ber nú þetta frv. vott um að hæstv. ríkisstj. hafi haft þessa staðreynd í huga, þegar frv. var samið?

Ég vil minna á það, að núna eru í gildi lög um launaskatt. Þessi lög voru fyrst sett árið 1965 og hafa verið framlengd og aukin síðan. Samkv. gildandi lögum á að leggja á 3.5% launaskatt. Til hvers var þessi launaskattur lagður á? Hann var lagður á til þess að efla Byggingarsjóð ríkisins. Það var talið réttlætanlegt að leggja þennan aukaskatt á landsmenn vegna þess að hér væri um svo þýðingarmikið mál að ræða, að menn hlytu jafnvel af nokkuð fúsum vilja að taka á sig byrðar af þessum sökum. Ef þessi 3.5% launaskattur kæmi nú allur í Byggingarsjóð ríkisins, þá ætti Byggingarsjóður ríkisins að fá 26 milljarða kr. af þessum tekjustofni. En það er nú ekki svo mikið. Það er ekki neitt sem Byggingarsjóður ríkisins fær af þessum tekjustofni, ekki neitt.

Það skal tekið fram, að Byggingarsjóður ríkisins fékk aldrei allan þennan tekjustofn, því miður. En hann fékk 2%, og samkv. gildandi lögum um launaskatt frá 1977 á Byggingarsjóður ríkisins formlega séð að fá þessi 2% eða um 15 milljarða. En Byggingarsjóður ríkisins fær ekki það, hann fær ekki neitt. Þegar húsnæðislöggjöfinni var breytt, eða sett ný löggjöf á síðasta þingi, þá var yfirlýst stefna hæstv. ríkisstj. að það ætti að taka annað prósentið af launaskattinum, sem Byggingarsjóður ríkisins hefur fengið, og færa Byggingarsjóði verkamanna það prósent, en hitt prósentið ætti að standa. Eftir því ætti Byggingarsjóður ríkisins að fá 7 milljarða og 500 millj. af þessum tekjustofni. En fær hann það? Nei, hann fær ekki neitt af þessum tekjustofni. Þetta fær ekki staðist að óbreyttum lögum. Það er ekki hægt að svipta Byggingarsjóð ríkisins algerlega þessum tekjustofni nema að breyta lögum. Í grg. með fjárlagafrv. segir um þetta efni, með leyfi hæstv. forseta:

„Í lögunum er ekki kveðið á um hvernig leggja skal á byggingarsjóðsgjöld. Því er litið svo á, að markaðir tekjustofnar Byggingarsjóðs séu engir, en framlag ríkissjóðs aftur á móti ákveðið þannig, að sjóðurinn geti staðið undir áætluðum útlánum."

Hérna eru tvær skekkjur. Byggingarsjóðsgjald kemur þessu máli ekki við og í öðru lagi verður ekki litið neitt á í þessu sambandi, það verður að fylgja lögum. Ef þetta á að ná fram að ganga verður að breyta lögum um launaskatt.

Ég hef greint frá því, að Byggingarsjóður ríkisins er samkv. frv. sviptur þessum tekjustofni. En náðarsamlegast er gert ráð fyrir því, að ríkissjóður greiði í Byggingarsjóð ríkisins 4.3 milljarða. Það er allt og sumt. Ég fæ ekki séð að nokkur ríkisstj. geti leyft sér að fara jafngáleysislega með Byggingarsjóð ríkisins eins og gert er ráð fyrir í þessu fjárlagafrv. Þetta verður einfaldlega að laga. Og ég leyfi mér að segja; Ég vil hreinlega ekki trúa því fyrr en ég tek á, að þetta verði ekki lagfært.

Þetta er um Byggingarsjóð ríkisins, sem stendur undir og hefur staðið undir íbúðarlánum til íbúðarhúsabygginga í landinu að mestu leyti eða yfir 90%. En víkjum þá að öðrum byggingarsjóði. Það er Byggingarsjóður verkamanna.

Ég vék að því áðan, að það hefði verið stefna ríkisstj. og komið fram á síðasta þingi og litið svo á, að Byggingarsjóður verkamanna ætti að fá 1% af launaskattinum, og hér er gert ráð fyrir því, 7.5 milljörðum kr. Ég hef ekki á móti því, að Byggingarsjóður verkamanna sé efldur og styrktur. Ég hef sagt það margoft áður og ég ætla ekki að fara að ítreka hér rök mín fyrir þeirri afstöðu. Ég var með ákveðnar till. í þessu efni, þegar húsnæðislöggjöfin var til umr. á síðasta þingi Og ég gerði þá aths. við ákvæði um tekjuöflun til Byggingarsjóðs verkamanna. Á það var ekki hlýtt, og það frv., sem hér liggur fyrir, tekur ekki heldur mið af þeirri ábendingu sem ég gerði þá. En það verður ekki, þegar á hólminn er komið, lokað augunum fyrir þessu máli.

Samkv. hinum nýju lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins er gert ráð fyrir að til Byggingarsjóðs verkamanna renni úr ríkissjóði tekjur af 1% launaskatti og auk þess framlag á fjárlögum, ef með þarf, til þess að framlag ríkisins ár hvert nemi samtals 30% af ráðstöfunarfé sjóðsins. Það er ekki heimilt samkv. þessum lögum, að framlag ríkisins, í hvaða formi sem er, nemi meiru en 30% af ráðstöfunarfé Byggingarsjóðs verkamanna. Það er gert ráð fyrir því í lögunum að hitt ráðstöfunarféð komi með lántöku, hvernig sem það á að ske, þegar höfð eru í huga vaxtakjör, sem sjóðurinn hlyti að búa við varðandi lán sem hann tekur, og þeir lágu vextir sem hann er skyldur að lána út á. Nú er gert ráð fyrir því, að ríkissjóður leggi til byggingar verkamannabústaða af þessum tekjustofni launaskatti, 7.5 milljarða kr. Samkv. lögunum ber sjóðnum að útvega sér annað ráðstöfunarfé upp á 15 milljarða samkv. beinum ákvæðum um sjóðinn. Og þá ætti sjóðurinn að lána á næsta ári í samræmi við það og viðfangsefni hans að vera þrefalt meiri en gert er ráð fyrir í þessu fjárlagafrv., ekki 400 íbúðir heldur 1200 íbúðir. Hvað ætlar hæstv. ríkisstj. að gera? Ætlar hún að lækka framlagið úr ríkissjóði? Eða ætlar hún að fylgja ákvæðum laganna eða ætlar hún að fá lögunum breytt, lögunum um Húsnæðisstofnun ríkisins?

Ég verð að segja að þetta, sem ég hef hér drepið á, sýnir nokkuð hvers konar vinnubrögð eru viðhöfð í þessu þýðingarmikla máli sem húsnæðismálin eru. Ég fæ ekki séð að það sé neitt vit í þessum ákvæðum, hvorki varðandi Byggingarsjóð ríkisins né Byggingarsjóð verkamanna, eins og þetta liggur nú fyrir. Það er nauðsynlegt að gera einhverjar breytingar. Ef það er ekki annað gert þarf að gera breytingar bæði á lögum um launaskatt frá 1977 og lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins frá þessu ári.

Þetta var um húsnæðismálin og skal ég ekki ræða þau frekar, en koma þá að lokum að hinum málaþættinum sem ég sagðist ætla að víkja að, og það eru orkumálin.

Það er auðvitað margt sem hægt væri að ræða um þennan þýðingarmikla málaflokk. Það er hægt að ræða ýmislegt frá mörgum hliðum og það er hægt að ræða gildi orkumálanna almennt. Ég ætla ekkert að gera af þessu, en ég ætla að víkja að tilteknum atriðum sem mér finnst að ekki verði komist hjá að ræða um nú þegar við 1. umr. fjárlagafrv.

Það er gert ráð fyrir því samkv. þessu fjárlagafrv. að veita 1.7 milljarða úr ríkissjóði til styrkingar dreifikerfa í sveitum. Orkuráð lagði til að í þessu skyni yrðu veittir 3.2 milljarðar. Hvers vegna var það? Það var vegna þess að orkuráð gerði samþykkt, sem byggð var á ítarlegri sérfræðilegri athugun sem unnin var í nokkur ár á vegum orkuráðs, um það, að gerð yrði átta ára áætlun um styrkingu dreifikerfa í sveitum um allt land. Talið var og það er enginn vafi á því og því neitar enginn í dag, að það væri brýn þörf á að hefjast handa að þessu þýðingarmikla verkefni og ljúka því á ekki lengri tíma en átta árum. Till. orkuráðs var miðuð við þetta. En hæstv. fjmrh. sker þetta niður um nálega 50%. Að öðru óbreyttu ætti það að þýða að með þessu áframhaldi, ef það yrði þó ekki enn lakara á hinum síðari árum, tæki þetta verkefni 20 ár. Þetta er algerlega óhæft.

Ég held að hvaða ríkisstj. sem er verði að taka mið af þeim þörfum sem hér er um að ræða, hvað þá sú ríkisstj. sem hefur það svo mjög á orði sem þessi ríkisstj., að hún vilji láta orkumálin hafa forgang, að hún vilji vinna að því að leysa okkur sem mest undan notkun erlendra orkugjafa, notkun olíunnar. Slík ríkisstj. getur ekki gert þetta, ef hún hefur einhvern snefil af sómatilfinningu og vill láta eitthvert mark á sér taka. Framkvæmd þessa máls varðar það, hvort við getum notað íslenska orkugjafa, notað rafmagn til upphitunar í sveitum landsins, þannig að sá hluti þjóðarinnar, sem í sveitunum býr, megi vænta þess að sitja við svipað borð og þeir sem eru í þéttbýlinu og njóta m. a. jarðvarmans sem orkugjafa til upphitunar. Afstaðan til þessa máls er afstaða til þess, hvort menn vilja vinna að þessu, hvort mönnum er alvara, þegar þeir eru að tala um að þetta sé nauðsyn, eða hvort þeim er ekki alvara.

Ég vil svo víkja að sveitarafvæðingu. Það er ekki stórt mál fjárhagslega og það er ekki vegna þess sem ég minnist á það mál hér. Samt sem áður er það ákaflega stórt í mínum huga og margra, margra fleiri, vegna þess að afstaðan til þess er um það, hvort þegnar þjóðfélagsins eigi að njóta jafnréttis, svo sem allir hafa sagt að þeir ættu að njóta í þessu tilfelli og allir stjórnmálaflokkar eru stöðugt að segja að eigi að koma í framkvæmd. Og hvað er hér um að ræða? Það er um að ræða að ljúka sveitarafvæðingunni, því sem á að gera til þess að tengja sveitabæi við samveitur, — ljúka því verkefni sem orkuráð samþykkti þegar á árinu 1975 fyrir sitt leyti að unnið skyldi, og allir stjórnmálaflokkar hafa lýst fylgi við. Og hvað er eftir af þessu verkefni, þ. e. að ljúka tengingu þeirra bæja þar sem ekki er meiri meðalvegalengd á milli bæja en 6 km? Hvað er eftir? Bæirnir eru innan við 30. Þeir eru nánar tiltekið núna 27. Orkuráð gerði tillögu um að nú á næsta ári skyldi þessu verkefni lokið. Það skyldi ekki lengur láta fólkið á þessum sveitabæjum bíða í óvissu um afdrif þessa máls og búa við byrði olíukyndingarinnar. Þess vegna gerði orkuráð till. um að í þessu skyni yrði varið 800 millj. kr. á næsta fjárhagsári. Það var gert líka ráð fyrir að það yrðu 400 millj. sem þyrfti vegna heimtauga við gamlar orkuveitur, þ. e. þar sem byggt er upp á sveitabæjum, byggðir nýir bæir og annað slíkt. Þetta voru samtals 1 200 millj. kr. Hvað gerir hæstv. fjmrh. í þessu efni, sem þekkir þetta mál að sjálfsögðu alveg eins vel og ég? Þetta er skorið niður í 500 millj., sem þýðir að þetta gerir ekki meira en að mæta þeim þörfum sem orkuráð bjóst við í upphafi þessa árs, ársins 1980, að þyrfti 400 millj. til á næsta ári. Það má gera ráð fyrir því, að í það, sem reiknað var með að þyrfti 400 millj. til, muni þurfa 500 millj. Þetta þýðir að það á ekkert að gera í hinni eiginlegu sveitarafvæðingu á næsta ári. Ég spyr nú hæstv. fjmrh.: Er þetta hægt? Er hægt að gera þetta?

Ég hef nú vonast til að þetta yrði lagfært og raunar vil ég naumast trúa því, að það verði ekki gert. Hér er ekki um stórt fjárhagslegt mál að ræða, en það er stórt siðferðislega og stórt hagsmunamál fyrir þá aðila sem hér koma við sögu.

Á þetta að vera erfitt fyrir hæstv. ríkisstj.? Hvernig hefur ýmislegt verið fjármagnað fyrir Orkusjóð? Það hefur verið þannig á undanförnum árum, að Orkusjóði hefur verið ætlað að taka að láni með þeim vaxtakjörum, sem nú eru, annaðhvort allt eða meginhluta af því sem til sveitarafvæðingar hefur farið og til styrkingar rafdreifikerfi í sveitum fór á síðasta ári. Orkusjóði hefur verið gert að afhenda þetta fjármagn sem óafturkræft framlag. Þetta er ekki til fyrirmyndar. Þetta eru forkastanleg vinnubrögð og þau hljóta að miða að því að veikja og grafa undan sjálfstæði Orkusjóðs, sem er sjóður á þeim vettvangi þar sem við teljum mest um vert í dag að framkvæmdir eigi sér stað. Ég er ekki að segja þetta í fyrsta skipti á þessum vettvangi. Orkuráð hefur varað við þessum vinnubrögðum árlega að undanförnu. Það væri ósanngjarnt af mér ef ég ætlaði að skrifa þessar syndir allar á hæstv. núv. fjmrh. Það væri ósanngjarnt og það væri ekki heldur rétt. En það varðar miklu hvort hæstv. núv. fjmrh. ætlar að vaða núna gegndarlaust út í þetta foræði. Það varðar miklu, vegna þess að það er verið að eyðileggja þennan mikilvæga sjóð orkumálanna, orkuiðnaðarins í landinu. Í árslok 1979 var hann kominn með neikvæðan höfuðstól, og þegar hann er gerður upp nákvæmlega eins og staðan er, þá er hann orðinn neikvæður um síðustu áramót yfir 5 milljarða kr. Varðar hæstv. fjmrh. ekkert um þetta mál, að einn þýðingarmesti fjárfestingarsjóður landsmanna hefur við síðustu áramót neikvæðan höfuðstól um yfir 5 milljarða kr.? Hver eiga að vera viðbrögð stjórnvalda við þessu? Hvað ætlar hæstv. ríkisstj. að gera í þessum málum? Hvaða skoðun hefur hæstv. fjmrh. á þessu máli? Það væri fróðlegt að heyra hverjar þær eru.

Ég skal ekki fara út í fleiri atriði varðandi orkumálin þó að full ástæða væri til. Og ég ætla ekki að fara út í aðra málaflokka á þessu stigi málsins. En ég vænti þess, að þegar ég hef haldið mig sérstaklega við tvo af mikilvægustu málaflokkunum í hug okkar allra og sérstaklega í huga ríkisstj. og samkv. stjórnarsáttmálanum, þar sem eru húsnæðismál og orkumál, þá taki hæstv. ríkisstj. eitthvert mið af staðreyndum í þessum þýðingarmiklu málum.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Ég ætla nú ekki að vera margorður um fjárlagafrv., það hafa aðrir gert,

en það er eitt atriði sem stingur mig sérstaklega í þessu frv. og lýtur mjög að þeim málaflokki sem ég hef mikinn áhuga á og hef reyndar staðið í samningagerð um hjá verkalýðssamtökunum, að ég held í þrjú, fjögur skipti. Hér á ég við Vinnueftirlit ríkisins og þau lög sem við samþykktum nú í vetur um heilbrigði, öryggi og hollustuhætti á vinnustöðum.

Með setningu þeirra laga var ætlunin að gera gjörbyltingu í þessum málum og auka starfsemi Öryggiseftirlitsins, sem nú heitir, en mun heita í framtíðinni Vinnueftirlit ríkisins og gegna mun umfangsmeira verkefni. Það var meiningin hjá verkalýðshreyfingunni, og við töldum að lögin væru í þá átt að tryggja verulegar úrbætur í málum er varða öryggi og hollustuhætti á vinnustöðum.

En þegar við sjáum nú ákvæði frv. um tekjustofna Vinnueftirlitsins, þá kemur í ljós að tekjustofn Vinnueftirlitsins hefur verið skorinn mjög verulega niður, næstum því um helming, sem þýðir það, að sú stofnun, sem meiningin var að setja á fót með allmikilli reisn, koðnar fyrirsjáanlega niður og þeir samningar, sem fyrrv. og núv. ríkisstj. hafa gert við verkalýðssamtökin um þessi mál, standa eftir sem hégómi einn. Mér dettur jafnvel í hug að um, alvarleg mistök í prentun sé að ræða, því að svo illviljaður er ég ekki að ég trúi því á fjmrh. að hann vilji ganga svo á bak orða sinna sem hér er gert varðandi framlag til Vinnueftirlits ríkisins. Það er greinilegt, að ef hann lætur við þetta sitja, ef þessi upphæð verður ekki hækkuð verulega, verður sú löggjöf, sem sett var nú í vetur, marklaust plagg.

Mér skilst að sú fjárveiting, sem áður var til Öryggiseftirlitsins, hafi verið framreiknuð og síðan bætt við 25. millj., sem er allsendis ófullnægjandi og aldeilis ekki að skapi þeirra samtaka sem um þetta sömdu.

Ég vil geta þess, að það er gert ráð fyrir því í lögunum, að ríkissjóður innheimti gjald af vinnuveitendum til þess að sinna þessum málum, og því er ríkissjóður aðeins innheimtuaðili samkv. þeirri gjaldskrá sem Vinnueftirlitið mundi setja upp. Það eina, sem þarna skeður, er þá það, að sá skattur, sem atvinnuvegirnir eiga að greiða til þessara mála, er lækkaður, en þetta er ekki tekið beint úr ríkissjóði, ríkissjóður er þarna innheimtuaðili.

Ég vil geta þess, að nú rétt áðan voru þessi mál rædd á miðstjórnarfundi hjá Alþýðusambandi Íslands og var þessi fjárveiting gagnrýnd mjög harkalega og talin vera svik við þau fyrirheit sem verkalýðssamtökin töldu sig hafa um þessi mál.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Þessari 1. umr. um fjárlagafrv. er að ljúka og ég sé ekki ástæðu til, eftir ítarlega grg. mína í dag, að bæta mörgum orðum við. En nokkrar fyrirspurnir hafa komið til mín og ég mun reyna að svara þeim eftir því sem fært er.

Fyrst vil ég þó víkja að orðum seinasta ræðumanns, sem gagnrýndi það, að Vinnueftirliti ríkisins væru ekki ætlaðir meiri fjármunir en fram kemur í frv., og taldi að hér væri um mikil svik að ræða. Það var hv. 3. landsk. þm., Karl Steinar Guðnason, sem gerði þetta mál sérstaklega að umtalsefni.

Ég held að allir geri sér grein fyrir því, að þegar starfsemi af þessu tagi fer á flot, þá er ekki hægt að gera allt í einu. Það verður að byggja starfsemina upp og skipuleggja hana og of mikil fjölgun starfsmanna í einu gæti að sjálfsögðu haft það í för með sér, að menn ynnu óskipulega og ekki eins markvisst og vera þarf hjá slíkri stofnun. Það er ekki hægt að segja að ekkert sé gert í þessum efnum, því að í frv. er gert ráð fyrir að þrír starfsmenn komi sérstaklega til skjalanna og séu ráðnir til að gegna þessum störfum.

Ég veit ekki hvaða hugmyndir hv. þm. Karl Steinar Guðnason hefur um aðhald í ríkisrekstri og viðleitni núv. stjórnar til þess að koma í veg fyrir að starfsmönnum ríkisins fjölgi óhóflega. Það getur vel verið að honum sé alveg sama um það. (Gripið fram í.) Jú, þetta hlýtur auðvitað að vera spurning um starfsmenn m. a., og þar sem þarna er um að ræða að bætt er við þremur starfsmönnum til viðbótar við þá starfsmenn sem nú eru hjá Öryggiseftirliti ríkisins, þá er ekki annað hægt að segja en að þarna sé þó af stað farið með starfsemina. En það er sjálfsagt að skoða það nánar í fjvn., hvort þarna þarf að bæta einhverju við. Ég teldi rétt að fela fjvn. að meta það, hvort þetta teldist næg byrjun. En menn mega ekki gera ráð fyrir því, að þegar slík starfsemi er sett á stað eins og hér er um að ræða, þá sé hún óðar komin í fullan gang. Slík starfsemi hlýtur að eiga sér einhvern eðlilegan aðdraganda.

Ég vil svo víkja að spurningum sem hér komu fram.

Fyrsta spurningin mun hafa komið frá Matthíasi Á. Mathiesen, hv. 1. þm. Reykn. Hann spurði hvort áformað væri að skerða verðbótavísitölu sem því næmi að laun hækkuðu aðeins um 15% á komandi ári. Nú er hv. þm. ekki hér viðlátinn er þá eðlilegt að fara hér hratt yfir sögu, því að það er lágmark að menn hlýði á svörin ef menn hafa lagt fram spurningar. En ég vil segja af þessu tilefni, að það er misskilningur að í frv. felist að laun hækki ekki á því ári um meira en 15%. Það er ekki rétt skilið. Það, sem miðað er við í frv., er að vegin meðalhækkun launa á árinu nemi ekki nema 15%, og á því er nokkur munur. Það er munur á því, hvað er vegin meðalhækkun yfir heilt ár, og svo aftur því, hvað hækkunin er mikil frá ársbyrjun til ársloka.

En þarna gekk nú hv. þm. í salinn og ég vil því endurtaka þessa athugasemd mína, að það er misskilningur hjá hv. þm. að í frv. felist það, að laun hækki ekki um meira en 15% á næsta ári. Það er gert ráð fyrir því, að vegin meðalhækkun launa á næsta ári nemi 15%. Á þessu tvennu er nokkur munur og raunar talsverður munur. (Gripið fram í.) Já, það er vegin meðalhækkun ef litið er á þetta frá mánuði til mánaðar og reiknað út hvað hækkunin er í heild.

Í sambandi við þetta mál að öðru leyti er auðvitað ljóst, að engin ákvörðun hefur verið tekin um að skerða verðbótavísitölu, heldur er það von okkar í ríkisstj., að þær efnahagsaðgerðir, sem stefnt er að á komandi vikum og mánuðum, leiði til þess, að hækkun verðlags og launa verði um eða innan við 42% á árinu. Hins vegar hefur það komið margsinnis fram á undanförnum dögum, að ákvarðanir um efnahagsaðgerðir í tengslum við væntanlega gjaldmiðilsbreytingu hafa ekki verið teknar, og þar af leiðandi segir það sig sjálft, að þeirri spurningu verður ekki endanlega svarað hér nú, með hvaða hætti tryggt verður að hækkun verðlags og launa milli áranna 1980 og 1981 fari ekki fram úr 42%. En þetta er markmiðið og að því verður stefnt og við það verða aðgerðirnar miðaðar.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson spurði hér svipaðrar spurningar, en þó var það til viðbótar í hans máli, að hann spurði að því, hvort ákveðið hefði verið að nýr

vísitölugrundvöllur tæki gildi um n. k. áramót, og hann bætti við, hvort Alþýðusambandsþingi yrði gerð grein fyrir þeim áformum, ef slíkt hefði verið ákveðið. Ég get aðeins upplýst það, að athuganir hafa farið fram núna um margra mánaða skeið á því, að ákveðinn yrði nýr vísitölugrundvöllur, en endanleg skýrsla um það mál liggur ekki fyrir og þar af leiðir að engar ákvarðanir hafa verið teknar um það að taka upp nýjan vísitölugrundvöll um næstu áramót. Ég get þess vegna ekkert um það fullyrt, hvort fært verður eða tímabært að leggja það mál fyrir Alþýðusambandsþing. En hitt er alveg ljóst, að því máli verður ekki ráðið til lykta öðruvísi en að haft sé samráð við miðstjórn Alþýðusambandsins um málið.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson spurði hvort líkur væru á því, að hugsanlegt lán í þágu bænda og landbúnaðarframleiðslunnar yrði tekið af Framleiðsluráði og greitt af ríkissjóði og Byggðasjóði, eins og er á þessu ári. Eins og kunnugt er nemur þetta lán 3 000 millj. kr. á árinu 1980 og í svari landbrh. fyrir nokkrum dögum kom það fram, að samkomulag er um það í ríkisstj., að upphæðin verði 1 700 millj. á næsta ári. Ég hef gert ráð fyrir því, að þessi upphæð verði tekin inn í lánsfjáráætlun sem lögð verður fram hér í þinginu innan skamms, en ég geri ráð fyrir að svipuð tilhögun verði á lántökunni og er á þessu ári. Hins vegar er það ekki fullráðið og m. a. kemur til kasta stjórnar Byggðasjóðs, hvort hún er reiðubúin að hafa sömu tilhögun á því og er á þessu ári, að Byggðasjóður greiði helming af láninu þegar til kemur.

Sighvatur Björgvinsson, hv. 3. þm. Vestf., gerði hér nokkuð að umræðuefni svonefnt aðlögunargjald sem lagt er á árið 1979 og árið 1980. Aðlögunargjaldið, sem lagt var á 1979, hefur verið endurgreitt. Spurningin var hins vegar um aðlögunargjaldið, sem innheimt er á árinu 1980 og var upphaflega áætlað að næmi um 1 600 millj. kr., en verður líklega meira, sennilega nær 1 800 millj. kr.

Hv. þm. vildi vita hvernig á því stæði, að aðlögunargjaldið væri ekki fært til útgjalda í þessu fjárlagafrv. Spurning hans og athugasemdir virðast fyrst og fremst stafa af því, að hann hafi ekki kynnt sér frv. nægilega vel, því það er gerð grein fyrir þessu máli í frv. og var raunar minnst á þetta mál í fjárlagaræðu minni áðan.

Aðlögunargjaldið á árinu 1980 hefur verið greitt að hluta til á þessu ári. 850 millj. eru greiddar á þessu ári. En í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að greiða 1 050 millj. til viðbótar og er það þá endanlegt uppgjör fyrir innheimtar tekjur af aðlögunargjaldi á árinu 1980. Hins vegar á gjaldið að falla niður um n. k. áramót. Til greina kemur að það verði framlengt, en þó því aðeins að samþykki fáist fyrir því hjá Fríverslunarbandalaginu. Það hefur verið þreifað á því nú þegar, að gjaldið verði framlengt, en eins og viðskrh. mun hafa upplýst í ræðu sinni hér í dag eru veruleg tormerki á því, að á það verði fallist. En það kemur skýrt fram í fjárlagafrv., að falli aðlögunargjaldið niður muni tekjuöflun í ríkissjóð verða ákveðin í staðinn fyrir þetta gjald. Það er því fullkomlega eðlilegt að færa það til tekna, vegna þess að það kemur annað gjald í staðinn fyrir aðlögunargjaldið ef það fellur niður. Það eru hreinar línur. Þessi upphæð mun því verða meðal tekna ríkissjóðs á næsta ári og þarna er því ekki um neina blekkingu eða fals að ræða, heldur er það nokkuð öruggt, miðað við þær samþykktir sem ríkisstj. hefur gert í þessu máli, að þessara tekna verður aflað. Við höfum þegar ákveðin gjöld í huga ef ekki verður af aðlögunargjaldinu, en ekki er ástæða til að orðlengja um það meðan ekki er ljóst hvort til greina kemur að gjaldið verði framlengt.

Ég verð að segja það alveg eins og er, að mér finnst það sé að varpa grjóti úr glerhúsi fyrir hv. þm. Sighvat Björgvinsson að vera að fjölyrða um þetta aðlögunargjald. Hvað ætlaði hv. þm. Sighvatur Björgvinsson að greiða mikið af þessu gjaldi til iðnaðarins þegar hann lagði fram sitt fjárlagafrv. fyrir 8 eða 9 mánuðum?

Eins og ég tók fram er áætlað að tekjur ríkissjóðs af þessu gjaldi verði um 1 800 millj. Af þeim eru 850 millj. greiddar á þessu ári og 1 050 verða greiddar á næsta ári, vegna þess að búast má við því, að gjaldið geti jafnvel orðið hærra. Í öllu falli þótti rétt að tiltaka þessa upphæð miðað við það, að verðmæti þessa fjár hefur heldur rýrnað.

En í fjárlagafrv. Sighvats Björgvinssonar var ekki gert ráð fyrir að greiddar yrðu nema 300 millj. af þessu gjaldi. Hann ætlaði sem sagt að taka nokkurn veginn allt gjaldið í ríkissjóð án þess að skila því. Og hann verður að þakka núv. stjórn fyrir það, að hún ákvað þó að skila helmingnum af aðlögunargjaldinu þegar á þessu ári, sem er sem sagt hálfum milljarði meira en hv. þm. Sighvatur Björgvinsson gat hugsað sér að láta af hendi í þessu skyni.

Það er auðvitað ljóst, að ef aðlögunargjaldið yrði framlengt, þá yrðum við að greiða eitthvað af því út á næsta ári. Það er rétt, að við yrðum að greiða eitthvað af því, en við mundum ekki greiða nema hluta af því, miðað við það að við erum að gera upp árið 1980 núna og mundum þá greiða afganginn á árinu 1982. En það er sem sagt allt í óvissu um þetta gjald og það getur vel farið svo, að gjaldið verði ekki framlengt, og þá er ljóst að nýtt gjald kemur í staðinn, sem verður þess eðlis, að Fríverslunarbandalagið mun ekki geta gert athugasemdir við það.

Að lokum er rétt að nefna hér hugleiðingar hv. þm. Sighvats Björgvinssonar um vaxtamálin, en þar fór hann með miklar ýkjur og er ástæða til að leiðrétta þann málflutning. Það er alveg rétt hjá hv. þm., að vaxtagreiðslur ríkissjóðs hækka ekki nema um 23% í þessu fjárlagafrv. Ástæðan er m. a. sú, að sú breyting hefur verið gerð á skuldinni við Seðlabankann, að verðbótaþáttur skuldarinnar er færður sérstaklega og vextir sérstaklega. En auðvitað er önnur ástæða fyrir því, að þessar vaxtagreiðslur hækka ekki. Og hún er einfaldlega sú, að við erum ekki að safna skuld við Seðlabankann. Skuldin við Seðlabankann stendur í stað og þar af leiðir að þegar allt annað hækkar en þessi skuld, þá verður vaxtagreiðslan hlutfallslega minni en áður.

Ég vil minna á að það að færa verðbótaþátt vaxta sérstaklega var gert fyrir mína tíð. Það var ákveðið fyrir mína tíð og er einfaldlega í samræmi við þá stefnu í vaxta- og peningamálum, sem fylgt hefur verið, að færa sér á parti verðbótaþátt og sér á parti vexti. Þetta er gert í fullu samræmi við þá stefnu sem mörkuð var í þessum efnum fyrir 1½ ári. Það er því auðvitað hin mesta fjarstæða að telja einhver töfrabrögð eða svikabrögð af minni hálfu að færa þetta með þessum hætti. Auðvitað ber mér skylda til að samþykkja það, að færslurnar séu á þennan veg.

En ég vil upplýsa það hér, að ef vextirnir hækkuðu eftir gamla laginu, þá hefði ekki verið þarna um hærri upphæð að ræða en liðlega 2 milljarða, og það kemur heim og saman við það, að þá hefðu vextirnir hækkað í einhverju

hlutfalli við þá hækkun sem almennt er í frv., liðlega 40% í staðinn fyrir 23%.

Það hefur sem sagt verið reiknað út hver munurinn á þessu sé, og munurinn mun vera einhvers staðar milli 2 og 2.5 milljarðar kr. Þetta hefði vissulega haft ákveðnar breytingar í för með sér á frv. á þann veg, að rekstrarafgangurinn hefði orðið 2 milljörðum minni, en afborgun lána hefði orðið 2 milljörðum meiri og niðurstöðutala fjárlaga, þ. e. greiðsluafgangurinn í fjárlögunum hefði orðið nákvæmlega sá sami og hann er. Það hefði engu breytt um þá meginniðurstöðutölu sem mestu máli skiptir, að það sé ákveðinn greiðsluafgangur í fjárlagadæminu. Þar hefði engin breyting orðið á tölu. Menn sjá því auðvitað að þarna eru fyrst og fremst um bókhaldsatriði að ræða, þó að vissulega verði að viðurkenna að hvað rekstrarhlið fjárlaganna snertir hefði þar orðið lækkun um 2 milljarða. En þá hefði líka orðið að byggja frv. upp með öðrum hætti og vafalaust að spara þessa 2 milljarða með einhverjum öðrum hætti. Það er alveg ljóst. Það hefði sjálfsagt haft ákveðnar afleiðingar og auðvitað dettur engum öðrum í hug en hv. þm. að það hefði haft í för með sér að frv. hefði farið á hvolf. Auðvitað hefði frv. byggst upp á allt annan veg.

Herra forseti. Ég held að ég hafi svarað þeim fsp., sem hér hafa komið fram, og þeim helstu athugasemdum, sem eitthvert sérstakt nýnæmi er í. Menn þekkja þennan söng allvel, og ég veit ekki hvort það er nokkur minnsta ástæða til að tefja tíma þm. með því að fjalla frekar um það sem fram kom í máli stjórnarandstæðinga.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir svörin við þeim spurningum sem ég beindi til hans, en vek sérstaka athygli á því, að hæstv. fjmrh. gefur í skyn að svo kunni að fara að breytt verði um vísitölugrundvöll nú um áramótin. Það liggur auðvitað alveg ljóst fyrir, að ef það verður gert, þá verður undirbúningurinn kominn það langt á veg þegar Alþýðusambandsþing verður haldið að fráleitt er annað en að unnt sé að fá viðbrögð Alþýðusambandsins. Þetta mál skiptir svo miklu fyrir afkomu allra launþega í landinu og fyrir þau mál, sem fjallað verður um á Alþýðusambandsþingi, að mér finnst það vera fyrir neðan allar hellur ef hæstv. ríkisstj., sem er bundin með lögum til samráðs við þessa aðila, ætlar sér að sniðganga Alþýðusambandsþing þannig að koma sér hjá því að láta fjalla um svo mikilvægt mál kannske fjórum vikum áður en það er látið koma til framkvæmda.

Ég vil einnig vekja athygli á því, án þess að ræða það frekar, því ég ætla að stytta mjög mál mitt, hvernig farið er í þessu fjárlagafrv. með tvo málaflokka sem báðir varða atriði sem ríkisstj. hafa lofast til að framkvæma í tengslum við kjarasamninga og til þess að greiða fyrir slíkum samningum. Annars vegar er hin svokallaða forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum, sem afgreidd var á sínum tíma til þess að greiða fyrir samningum um búvöruverð. Í aths. fjárlagafrv. stendur að á næsta ári sé gert ráð fyrir að þar starfi 20 manns allt árið og 10 komi til viðbótar um mitt ár. Nú hef ég því miður ekki síðasta fjárlagafrv., svo að ég veit ekki hver viðbótin hefur orðið frá s. l. ári í mannahaldi þessarar stofnunar, en hún er alla vega þeir 10 sem koma eiga til starfs um mitt ár, og er þá enn ekki búið að efna að fullu þetta loforð um forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum.

Hins vegar er atriðið sem hv. þm. Karl Steinar Guðnason benti á áðan, efndir á máli sem afgreitt var hér í vor og gert mjög að umtalsefni, m. a. af flokksbræðri hæstv. fjmrh., þar sem eru lögin um hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Þar virðast efndirnar aðeins vera þær, að í framhaldi af þeirri lagasetningu sé varið 25 millj. kr. til viðbótar til Vinnueftirlitsins og fjölgað um þrjú stöðugildi.

Ég er hræddur um að íslenskri bændastétt þætti það þunnur þrettándi hjá hæstv. ríkisstj., sem hún telur sér sæma að bjóða öllum launþegum í þessu landi varðandi aðbúnað, sem hæstv. ríkisstj. seint og snemma hrósar sér af að hafa fengið afgreitt á s. l. vori.

Hæstv. ráðh. staðfestir það, sem ég benti á áðan, að sú ráðstöfun aðlögunargjalds, sem gert er ráð fyrir útgjaldamegin í frv., er endurgreiðsla á þeim tekjulið sem innheimtur var á s. l. ári og eyrnamarkaður var til ákveðinna þarfa. Hins vegar viðurkenndi hæstv. ráðh. að þetta aðlögunargjald, sem hann sjálfur virðist ekki telja líklegt að verði framlengt, er núna sett inn í frv. teknamegin til þess að laga afkomu ríkissjóðs, en ekki gert ráð fyrir að svo mikið sem ein króna sé greidd af því gjaldamegin. (Gripið fram í.) Nei, 1050 millj. kr., sem hæstv. ráðh. ræðir um eru endurgreiðsla á aðlögunargjaldi sem innheimt var í fyrra — (**Fjmrh.:** Það hefur alltaf verið gert.) — og ráðstafað var þá til annarra þarfa, þannig að hér er um að ræða endurgreiðslu á mörkuðum tekjustofni, sem ríkissjóður tók til sín í fyrra og hefur ekki staðið skil á. Þó það ekki stæði ein einasta króna teknamegin í aðlögunargjald yrði því engu að síður að framkvæma ráðstöfun með þessum hætti gjaldamegin. Það er auðvitað útilokað að ætla sér að framlengja aðlögunargjaldið teknamegin, eins og hæstv. ráðh. gerði ráð fyrir, upp á 2.7 milljarða án þess að svo mikið sem einni krónu af því eigi að ráðstafa útgjaldamegin. Hér er um að ræða tekjustofn sem ráðstafa á til sérstakra þarfa, og þessi úrræði: að hafa það teknamegin, en ekki krónu útgjaldamegin, eru auðvitað ekkert annað en pólitískar leikfimiæfingar til þess að laga eilítið stöðu ríkissjóðs.

Miðað við það sem hæstv. ráðh. sagði hér áðan, að þetta gjald væri allt til endurskoðunar og ekki væri víst að það yrði framlengt, heldur yrði látið heita eitthvað annað, þá mætti alveg eins búa til fjárlagafrv. þannig, að sérstakur liður teknamegin héti: Tekjur sem aflað verður. Þá mætti alveg eins skíra tekjuöflunarlið Tekjur sem aflað verður, eins og skíra tekjuöflunarlið aðlögunargjald, sem jafnvel hæstv. ráðh. hefur ekki mikla trú á að verði framlengt í óbreyttri mynd, og svara því svo hér, að þetta sé nánast aðeins — ja, hvað á maður að segja: til að láta gjaldið heita eitthvað, en hins vegar ætli ríkisstj. sér að hafa það allt öðru vísi þegar málið verður afgreitt. Þá held ég að það væri miklu nær að taka þar upp þann furðulega ríkisfjármálabúskap, ef dæmið gengur ekki upp, að setja þá síðast teknamegin Tekjur sem aflað verður, án þess að skýra það frekar. Ég held að það væri satt að segja heiðarlegra en að fara svona að þessu.

Hæstv. ráðh. ræddi um þær vaxtatilfærslur, sem ég benti á hér áðan, og ég er satt að segja ekki alveg viss um að hæstv. ráðh. sé orðinn með á nótunum. Þó hélt ég að það hlyti að vera þangað til hann fór að tala um að allar þessar upplýsingar, sem frá mér kæmu, breyttu engu um greiðsluafganginn í frv. Það er nákvæmlega rétt hjá hæstv. ráðh. Það er mergurinn málsins og það tók ég sjálfur fram. Þetta breytir engu um greiðsluafganginn.

Þetta breytir því einu, hvernig sá greiðsluafgangur er fenginn.

Samkv. þeirri uppsetningu, sem er á 1. gr. frv., er greiðsluafgangurinn fenginn með þeim hætti, að tekjur umfram gjöld á rekstrarreikningi eru látnar heita að vera 7 milljarðar kr., lánaútgreiðslur umfram innborganir á lánajöfnuði 2 milljarðar kr. og útstreymi umfram innstreymi á viðskiptareikningi 1250 millj. kr. Niðurstaðan af greiðsluyfirlitinu er síðan greiðsluafgangur upp á 3.8 milljarða.

Nú hef ég ekki þær upplýsingar í höndunum að geta sagt fyrir um hve há upphæð þessi verðbótaþáttur vaxta kann að vera, sem áður var talinn gjaldamegin á rekstrarreikningnum með sama hætti og vextir. Hæstv. ráðh. segir að þetta séu 2—2.5 milljarðar. Ég mundi ætla 5—6 milljarðar. Ég held að hvorugur okkar hafi í höndum neinar endanlegar upplýsingar um það. Ætli talan sé ekki einhvers staðar þarna á milli? En hæstv. ráðh. staðfestir það sem ég var að segja um áhrifin af þessari bókhaldsbreytingu á niðurstöðutölurnar í greiðsluyfirlitinu sem hæstv. ríkisstj. var að hrósa sér af. Hann sagði, hæstv. ráðh., að það væri rétt, að þessi bókhaldsbreyting, ef svo má segja, sé alls ekki neitt trikk, engin brögð í tafli, en breyting frá því sem áður var, þannig að menn geta ekki borið saman t. d. fjárlagafrv. frá því í ár og fjárlalgafrv. frá því í fyrra, og þess er í engu getið, hvaða breyting hafi verið gerð á færslu verðbótaþáttar vaxta í ríkisstj.

Hæstv. ráðh. viðurkenndi að þetta hefði þau áhrif, að ef frv. væri sett upp eins og verið hefur á undanförnum árum, þá yrðu tekjur umfram gjöld til muna minni en greiðsluyfirlitið gerir ráð fyrir. Okkur greinir ekki á um neitt annað en upphæðina. Hæstv. ráðh. segir að þessi *tala muni samkv. sínum upplýsingum lækka um* 2.2 milljarða, en ég tel líklegt að það sé eitthvað meira. Okkur greinir ekki á um annað. Hæstv. ráðh. staðfestir að þetta er rétt. Hæstv. ráðh. mismælti sig hins vegar þegar hann fór að tala um áhrifin á lánagreiðslurnar. Hann sagði að þessi færslubreyting yrði til þess að auka afborganir af greiddum lánum, en það er alveg þveröfugt. Þessi færslubreyting — þegar verðbótaþáttur vaxta er ekki færður lengur sem vaxtagreiðslur eins og áður var, heldur sem lánahreyfing, þ. e. sem endurgreiðslur á áður teknum lánum, ef miðað er við það sem áður var, þá auðvitað lækkar hún lánagreiðslurnar, endurgreiðslurnar, en hækkar ekki. Þar með staðfestir hann einnig að þessi breyting hefur þau áhrif á lánajöfnuðinn að hann geti snúist við, hann verði ekki útgreiðslur umfram innborganir eins og sýnt er fram á hér, heldur innborganir umfram útgreiðslur. Hins vegar erum við báðir sammála um það, ég og hæstv. ráðh., að þetta hefur að sjálfsögðu engin áhrif á greiðslujöfnuðinn. Spurningin er bara sú, hvernig sá greiðslujöfnuður er fenginn, og ef mínar upplýsingar eru nær sanni eða mínar grunsemdir um upphæð þessa verðbótaþáttar vaxta eru nær sanni en hæstv. ráðh., þá er niðurstaðan sú, að allur greiðsluafgangurinn er fenginn með lántökum. Við deilum ekki um neitt annað en það, ef hægt er að tala um að menn séu að deila í þessu sambandi, hve mikið af greiðsluafganginum er fenginn með lántöku. Ef verðbótaþáttur vaxta er einhvers staðar nálægt því sem ég held, einhvers staðar á milli 5 og 6 milljarðar kr., þá er allur greiðsluafgangurinn fenginn með lántöku, þá eru tekjur umfram gjöld á rekstrarreikningi nánast engar og raunar minni en engar ef tekið er út aðlögunargjaldið, sem er óráðstafað útgjaldamegin. Þá eru innborganir á lánajöfnuði umfram útgreiðslur. Þá tekur hæstv. ráðh. meiri lán en nemur afborgunum þeirra lána sem hann greiðir. Þá er allur greiðsluafgangurinn fenginn með lántöku.

Ég held að ekki fari á milli mála, að ég og hæstv. fjmrh. hljótum að vera sammála um þetta atriði, þannig að allt í mínum upplýsingum er rétt. Það eina, sem við erum ekki sammála um, er upphæðin á þessum verðbótaþætti vaxta, og ég held að hvorugur okkar geti sagt fyrir um það.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Ég skal ekki blanda mér inn í umr. um bókhaldið, en ég er þeirrar skoðunar, að þegar láni er breytt úr gengistryggðu láni yfir í lán með verðbótaþætti sé eðlilegt að fara með verðbótaþáttinn eins og með gengisbreytinguna áður en breytingin átti sér stað. Ég átti orðræður einmitt við fyrrv. fjmrh. á sínum tíma þegar ríkisreikningurinn um seinustu áramót var gerður. Ég held að uppfærsla ríkisreikningsins staðfesti að það, sem ég sagði þá, hafi verið rétt. Þannig hef ég ekki neinar aths. við það, hvernig uppsetningin á frv. er, en vitaskuld færast á milli annars vegar rekstrarjafnaðar og hins vegar lánahreyfingar þær tölur sem mismunur gengisbreytingar eða verðbótaþáttur hefði í för með sér.

Ég ætlaði að þakka ráðh. svör hans við fsp. minni. Ég vona að ég hafi skilið svar hans rétt, að ákvarðanir í efnahagsmálum á næstunni verði með þeim hætti að markmið fjárlagafrv. náist fram, — ég vona að ég hafi skilið það rétt, — en ákvarðanir þar að lútandi hafi ekki verið teknar og svo hitt, að ákvarðanir varðandi myntbreytinguna í sambandi við efnahagsmálin hafi ekki heldur verið teknar. Ef ég hef tekið rangt eftir, þá veit ég að ráðh. leiðréttir. Ég vildi aðeins fá það skýrt fram, til þess að það færi ekki á milli mála, að það er skoðun ráðh. að ákvarðanir í efnahagsmálum á næstunni verði þannig að markmiði fjárlagafrv. verði náð, en að þær ákvarðanir hafi ekki verið teknar. (Gripið fram í.) Já, og að varðandi myntbreytinguna hafi enn ekki verið teknar neinar ákvarðanir. (**SighB:** Að því er stefnt að taka þær ekki.) Það er að því stefnt að ná fram markmiðum fjárlagafrv. með efnahagsaðgerðum samkv. því sem ráðh. segir.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég get því miður ekki þakkað hæstv. ráðh. fyrir svörin til mín. Ég átti samt von á því, að hann mundi eitthvað tjá sig um viss atriði þótt ég spyrði ekki beint, eins og t. d. þar sem ég fjallaði um húsnæðismálin. En ég skal ekki vera að óska eftir svari við því. Ég hygg að hæstv. ráðh. verði að tjá sig í orði eða verki áður en lýkur í því máli, svo alvarlegir meinbugir sem eru á fjárlagafrv. hvað það mál varðar, eins og ég rakti.

Sama má reyndar segja um orkumálin. En ég ætla að leyfa mér aðeins að bera fram eina einfalda fsp. til hæstv. ráðh., af því að ég get látið mér detta í hug að hann geti svarað henni á stundinni. Fsp. er þessi: Vill hæstv. ráðh. að haldið verði áfram hinni eiginlegu sveitarafvæðingu? Ef svo er, vill hann að ríkissjóður leggi fram á árinu 1981 það fé, sem þarf til að tengja samveitu þá 27 sveitabæi sem nú eru eftir samkv. áætlun orkuráðs um rafvæðingu sveitabýla með innan við 6 km meðalvegalengd milli bæja?

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Það stóð svo illa á að hér í næsta herbergi við þingsalinn var haldinn

fundur um Flugleiðamálið með ráðh. og nm. í fjh.- og viðskiptan. Ed. rétt um sama leyti og hv. þm. flutti sitt mál, þannig að ég verð að viðurkenna að ég missti af því að verulegu leyti eða a. m. k. heyrði ekki nema seinni hluta ræðu hans og vildi því mega geyma mér að gera aths. við hans mál þar til síðar.

Ég veit að hv. þm. gerir sér grein fyrir því, að stigin hafa verið stór spor í húsnæðismálum með eflingu Byggingarsjóðs verkamanna, en vissulega þarf fleira að gera og ég mundi vilja ræða það mál á síðara stigi, þegar ég hefði kynnt mér það sem hv. þm. hefur fram að færa.

Í sambandi við sveitarafvæðinguna er ekki margt að segja annað en það, að það er ákveðin upphæð ætluð í fjárlögum og lánsfjáráætlun í þessu skyni. Það má vel vera að hún sé ekki nægilega há til að ljúka ákveðinni áætlun sem hv. þm. hefur í huga og orkuráð hefur stefnt að að yrði lokið. Ég verð að játa það, að ég hef fengið aðrar upplýsingar um þetta mál en komu fram hjá hv. þm. Í þeim gögnum, sem lágu fyrir þegar ákvarðanir voru teknar um fjárveitingar til sveitarafvæðingar, var gert ráð fyrir því, að 800—900 millj. þyrfti til þess að ljúka rafvæðingu á þau býli þar sem vegalengdin er allt að 7 km. Það er sem sagt önnur uppsetning en hann var með, og kostnaður við þessa rafvæðingu virðist vera um 30 millj. á hvert býli eða tæplega það. Ég held að menn þurfi að fá glöggar og góðar upplýsingar um það frá orkuráði og Orkusjóði um, hvað er skynsamlegast að gera í þessum efnum. Það er auðvitað alveg gefið mál, að þegar vegalengdin fer að verða ískyggilega mikil — skulum við segja — milli bæja, þá hljóta að koma til greina aðrir möguleikar til að útvega þessu fólki rafmagn en þeir að leggja línu. Þetta er auðvitað spurning um reikningsdæmi sem þarf að reikna út, hvar á að láta staðar numið, hvað borgar sig að ganga langt í þeim efnum að leggja línu milli bæja þegar vegalengdin er komin yfir 5—6 km. Ég held að sjálfsagt sé að athuga þessi mál nánar í tegnslum við gerð lánsfjáráætlunar, vegna þess að hún er ekki endanlega frágengin og það hefur auðvitað verið gert ráð fyrir því, að einmitt þetta atriði, sem fyrst og fremst er í lánsfjáráætlun, verði tekið til nánari athugunar. En ég er ekki frá því, að gott væri að fá ný gögn frá Orkuráði um þetta efni áður en endanlegar ákvarðanir verða teknar.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins leiðrétta misskilning. Það hefur aldrei komið til að talað hafi verið um að tengja sveitabæi með um 7 km meðalvegalengd milli bæja. Það hefur aldrei komið til greina. Það hefur alltaf verið talað um upp að 6 km og svo, eins og hæstv. ráðh. talaði um, yrði að gera sérstakar ráðstafanir með þá bæi sem væru með lengri meðalvegalengd en 6 km. Það er ekkert óljóst í þessu máli. Það er eins ljóst og það getur verið. Það þarf engra rannsókna við. Á fundi orkuráðs í fyrradag, sem ég sat, vorum við að ræða þetta. Þar var samþykkt að ítreka þetta og halda sér við þær áætlanir sem hafa verið hjá orkuráði síðan 1975. Hæstv. ráðh. fær áreiðanlega í hendur óskir frá orkuráði, sem samþykktar voru á þessum fundi, um það sama og ég var að ræða um, að lokið yrði tengingu þessara 27 bæja á næsta ári.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 10. fundur.

Mánudaginn 10. nóv., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Helgi Seljan): Mér hefur borist svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 6. nóvember 1980.

Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Austurlandskjördæmi, Guðmundur Gíslason kaupfélagsstjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Tómas Árnason,
1. þm. Austurl.

Til forseta Ed."

Þingfararkaup alþingismanna, frv. (þskj. 92). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Flm. (Jón Helgason): Herra forseti. Á þskj. 92 höfum við Helgi Seljan, Egill Jónsson og Kjartan Jóhannsson flutt frv. til l. um þingfararkaup alþingismanna. Við kosningu í þingfararkaupsnefnd í byrjun þessa þings var þess getið, að forsetar Alþingis og formenn þingflokka hefðu samþ. að fela þfkn. að ganga frá frv. um breytingu á lögum um þingfararkaup. Nefndin hefur síðan unnið að málinu og orðið sammála um þetta frv.

Eins og fram kemur í grg. frv. eru nokkrar breytingar frá gildandi lögum í frv. Kjaradómur skal ákveða þingfararkaup alþm. í stað þess að nú njóta alþm. launa samkv. ákveðnum launaflokki opinberra starfsmanna. Það er nokkuð síðan fyrst kom fram till. um slíka skipan, en breyting hefur ekki náð fram að ganga á Alþ. hingað til. Ýmsar aðstæður valda því, að alþm. hafa hallast að þeirri skoðun, að laun alþm. verði ákveðin á sama hátt og laun ráðh. og hæstaréttardómara, þannig að til grundvallar ákvörðun Kjaradóms um þau liggi starf og ábyrgð þm. án beinnar viðmiðunar við aðra.

Þá er í frv. kveðið á um að Kjaradómur ákveði einnig greiðslu á húsnæðis- og dvalarkostnaði þm. ásamt ferðakostnaði innan kjördæma þeirra, sem vegna sérstöðu starfs þeirra er ekki hægt að miða við beinar hliðstæður hjá öðrum.

Í 11. gr. frv. er breytt ákvæði um laun þau sem þm. fær ef hann er í öðru starfi hjá ríkisstofnun. Vegna þess hve störf alþm. eru orðin umfangsmikil kemur varla til greina að þm. sem búsettur er utan Reykjavíkur og nágrennis geti sinnt öðru föstu starfi. Hins vegar getur það farið eftir eðli starfsins að hve miklu leyti aðrir geta sinnt því. Þess vegna er lagt til að viðkomandi rn. meti laun þeirra sem það gera að einhverju leyti, en þó verði þau aldrei hærri en 50% fastra launa viðkomandi starfs.

Þá hafa lög um biðlaun alþm. verið felld inn í þetta frv.

Ákvörðun Kjaradóms skal hverju sinni gilda í eitt ár frá 1. okt. til 30. sept., en sú ákvörðun, sem nú verður gerð ef þetta frv. verður samþ., gildir þó frá 1. maí 1980 til 30. sept. 1981.

Að lokinni þessari umr. legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr með 16 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 16 shlj. atkv.

Málefni Flugleiða, frv. (þskj. 34, n. 94 og 95, 96). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. þessarar deildar hefur haldið marga fundi um það frv., sem hér liggur fyrir til 2. umr., og viðað að sér veigamiklum og ítarlegum upplýsingum um málið. Nefndin hefur fengið til viðræðna forráðamenn fyrirtækisins og forustumenn starfsmannasamtaka, aðallega þó starfsmanna flugliðafélaganna, og enn fremur rætt við eftirlitsmenn ríkisstj., þá Birgi Guðjónsson og Baldur Óskarsson, og Rúnar Jóhannsson, starfsmann ríkisendurskoðunar, sem hefur aðstoðað þá við athugun málsins.

Hæstv. samgrh. Steingrímur Hermannsson hefur einnig sótt fundi nefndarinnar og nm. hafa átt viðræður við hann og þriggja manna ráðherranefnd, sem skipuð var hæstv. samrh., hæstv. fjmrh. og hæstv. dóms- og kirkjumrh., um þau skilyrði sem sett yrðu fyrir væntanlegri ríkisábyrgð.

Þetta mál hefur verið til ítarlegrar umr. hér í þinginu, bæði í þessari hv. d. og einnig í Sþ. Ég sé ekki ástæðu til þess að rekja aftur þau fjölmörgu atriði sem þar komu fram og eru hv. þm. kunn, heldur gera aðeins í örstuttu máli grein fyrir niðurstöðum meiri hl. nefndarinnar.

Eftir þær viðræður, sem ég hef hér greint frá, og athugun á hinum ítarlegu gögnum málsins er það niðurstaða nefndarinnar í heild, að rétt sé að setja sjö meginskilyrði fyrir ríkisábyrgðinni. Þessi skilyrði eru: Að aukning hlutafjár ríkisins í 20% verði komin til framkvæmda fyrir næsta aðalfund. Að starfsfólki eða samtökum þess verði á sama tíma gefinn kostur á að eignast hlutafé fyrir a. m. k. 200 millj. kr. og þannig stuðlað að því, að sameiginlegt atkvæðamagn starfsfólks nægi til kjörs eins fulltrúa í stjórn. Að aðalfundur Flugleiða verði haldinn fyrir lok febr. 1981 og kosin ný stjórn í samræmi við breytta hlutafjáreign, en framhaldsaðalfundur haldinn síðar ef þörf krefur. Að Starfsmannafélagi Arnarflugs verði gefinn kostur á að kaupa hlut Flugleiða í Arnarflugi. Að ársfjórðungslega verði ríkisstj. gefið yfirlit yfir þróun og horfur í rekstri Flugleiða. Að fram fari viðræður ríkisstj. og Flugleiða um nýjar reglur varðandi hlutafjáreign í fyrirtækinu, sem m. a. takmarki atkvæðisrétt einstaklinga og fyrirtækja sem hlut eiga í Flugleiðum. Að Norður-Atlantshafsfluginu verði haldið fjárhagslega aðskildu eins og frekast er unnt.

Þessi sjö skilyrði, sem hér eru tilgreind, voru niðurstaða af viðræðum sem nm. allir áttu við þá ráðherra-

nefnd sem ég gat um áðan. Ég er þeirrar skoðunar, að slík sameiginleg mótun þessara skilyrða feli í sér samstöðu þingsins og ríkisstj. um efnisþætti þessara skilyrða. Enn fremur, eins og fram kemur í nál., gekk samgrh. Steingrímur Hermannson á fund stjórnar fyrirtækisins daginn áður en nefndin gekk frá áliti sínu og greindi henni frá efnisþáttum þessara skilyrða.

Á síðasta fundi nefndarinnar kom það fram sem eindregin skoðun hv. þm. Kjartans Jóhannssonar, sem skilar sérálíti og myndar þar af leiðandi minni hl. nefndarinnar, að hann taldi nauðsynlegt að lögfesta þessi skilyrði. Fyrir því má færa ýmis rök,eins og hv. þm. mun sjálfsagt gera hér á eftir, en ég er þeirrar skoðunar, að á grundvelli þeirrar aðferðar, sem höfð var 1975 þegar ríkisábyrgð var þá veitt, og á grundvelli þeirrar aðferðar, sem beitt var fyrr á þessu ári þegar nefnd þingflokkanna ásamt ráðherranefnd mótaði þau skilyrði sem sett voru fyrir því að gera 5 millj. dollara ríkisábyrgð virka, þá sé fullkomlega eðilegt að fara aftur þá leið sem hér er lagt til, að frv. sé afgreitt á þeirri forsendu sem tilgreind er í nál. Sjálfsagt höfum við allir ýmsar skoðanir á þessum skilyrðum og þessari aðferð, en ég tel mikilvægt að alger samstaða hefur náðst um það, hver efnisatriði þessara skilyrða eru, og mjög breið samstaða hefur náðst um það, með hvaða hætti skilyrðin séu afgreidd, þótt einn nm. hafi kosið að fara aðra leið.

Ég vil í þessu sambandi vekja athygli á því, að þessi skilyrði voru mótuð á fundi sem hæstv. fjmrh. og hæstv. samgrh. sátu ásamt þriðja ráðh. ríkisstj. Hæstv. samgrh. tilkynnti stjórn félagsins þessi skilyrði daginn áður en nefndin gekk frá áliti sínu, og hæstv. forsrh. undirritar þessi skilyrði með setu sinni í nefndinni, þar eð hann er einn af þeim nm. sem þetta nál. leggja fram. Eg tel þess vegna að það sé varla hægt að tryggja betur samstöðu og samvinnu ríkisstj. og þessarar hv. deildar um það, með hvaða hætti sé frá þessum skilyrðum gengið. Ég vil því leggja til við hv. deild fyrir hönd meiri hl. fjh.- og viðskn. að frv. verði samþ. óbreytt á þeim grundvelli sem fram kemur í nál., að 5. gr. frv. verði framkvæmd á þann hátt sem þar greinir.

Ég vil svo að lokum geta þess, að í nefndinni var rædd ítarlega ósk Flugleiða um annan hátt varðandi lendingargjöld á árinu 1979 en afgreiddur hefur verið til þessa. Þau mál eru nú til athugunar hjá hæstv. fjmrh. og hæstv. samgrh. og sú nefnd, sem um þetta mál fjallar í Nd., mun væntanlega kynna sér niðurstöður þeirra athugana.

Að lokum, herra forseti, vil ég geta þess, að prentvilla er í 5. gr. frv. Þar á augljóslega að standa 1. og 3. gr., en ekki 1. og 2. gr., og óska ég þess, að það verði leiðrétt við meðferð málsins.

Frsm. minni hl. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Það eru þrjú atriði sem ég vil leggja sérstaka áherslu á í sambandi við þetta mál og það sérálit sem ég skil í því. Það er í fyrsta lagi að allar tölulegar upplýsingar um rekstur, sem borist hafa til nefndarinnar, eru frá Flugleiðum sjálfum. Líka þær, sem bárust frá Landsbankanum, voru úr bréfi frá Flugleiðum sjálfum. Það verður ekki sagt að þessi gögn hafi verið prófuð af neinum óháðum aðila með sérþekkingu í flugrekstri, en það væri vitaskuld æskilegt.

Margs konar misskilningur hefur komið upp og samskiptabrestur er í rauninni milli stjórnvalda og fyrirtækisins. Við þessar aðstæður tel ég rétt að leita eftir óháðum aðila með sérþekkingu á sviði flugrekstrar og flugmarkaðsmála, sem ætti aðgang að rekstrarlegum gögnum fyrirtækisins og væri tengiliður fyrirtækis og stjórnvalda. Þessum aðila þyrftu báðir aðilar að geta treyst.

Í öðru lagi, þegar skilyrði eru sett eiga þau að vera einhlít, tæmandi og án allra eftirkaupa. Ef skilyrðin eru sett í alvöru á að setja þau í lög. Skilyrði í grg. hafa ekki lagagildi og binda engan. Það er fráleitt fordæmi að afgreiða skilyrðin í grg. Sérstaklega við það tortryggniástand sem nú ríkir er líka betra fyrir Flugleiðir, betra fyrir ráðh. að skilyrðin séu kvitt og klár í lögum og verði hvorki toguð né teygð, það verði hvorki aukið við né dregið úr, eins og lagagreinin í núverandi búningi heimilar þó. Alþingi á að sjá sóma sinn í að afgreiða skilyrðin með lögum.

Þriðja atriðið er það, að í rauninni stöndum við enn í sömu sporum og við upphaf málsins. Stefnumörkun í flugmálum hefur engin átt sér stað. Vegna framtíðarstefnumótunar er æskilegt að ríkisstj. eigi aðgang að ráðgjöf óháðs aðila með sérþekkingu á sviði flugrekstrar og flugmarkaðsmála, ráðgjöf sem gæti verið til aðstoðar við stefnumörkun í framtíðinni.

Það hefur ekki farið á milli mála, að umfjöllun nefndarinnar um þetta mál hefur verið nokkuð tímafrek. Það hefur heldur ekki farið fram hjá neinum, að ýmis misskilningur hefur komið upp við meðferð málsins. Samgrh. hefur a. m. k. einu sinni gefið í skyn, að hann hafi verið plataður, og öðru sinni, að hann skildi ekki forstjóra fyrirtækisins. Mín skoðun er sú, að yfirlýsingar hæstv. ráðh. Steingríms Hermannssonar og ýmsar yfirlýsingar formanns fjh.- og viðskn., Ólafs Ragnars Grímssonar, um mikla ósamkvæmni í tölulegum gögnum frá Flugleiðum hafi orðið til að skaða málið, þær hafi ekki verið á rökum reistar, heldur misskilningi. Bréfaskriftir ráðh. og Flugleiða hafa á hinn bóginn ekki leitt til neinnar niðurstöðu um það, hvort Flugleiðir hafi í reynd óskað eftir að halda áfram svonefndu Atlantshafsflugi. Og enn er það svo, að margir hafa orðið til að draga í efa traustleika stjórnar Flugleiða.

Við þessar aðstæður virðist einsýnt að löggjafinn gangi frá málinu á skýran og einhlítan hátt þannig að ekkert fari á milli mála. Jafnframt verður að gera þá kröfu til Alþingis, að það velji sterkasta form sem völ er á varðandi frágang málsins. Það leikur ekki vafi á nauðsyn þess, að greitt verði úr fjárhagslegum örðugleikum Flugleiða til að tryggja samgöngur landsins við umheiminn. Á hinn bóginn hefur verið talið nauðsynlegt að þær ríkisábyrgðir sem hér um ræðir yrðu bundnar ákveðnum skilyrðum.

Ekki skal gerður ágreiningur um efni þessara skilyrða, enda hefur verið leitast við að sætta í þeim mismunandi sjónarmið, og boð hafa borist frá samgrh. til nefndarinnar að hann telji af samtölum sínum við forsvarsmenn Flugleiða hf. að fyrirtækið muni geta fallist á skilyrðin. Ég geri hins vegar till. um það, að 5. gr. frv. feli í sér áðurnefnd skilyrði, en við umr. um málið hér á Alþ. hafa einmitt komið fram óskir frá mörgum þm. um breytingar á 5. gr. í þessa veru.

Nál. um framkvæmd 5. gr., eins og meiri hl. nefndarinnar leggur til, hefur vitaskuld ekki lagagildi. Meiri hl. nefndarinnar leggur ekki heldur til neinar breytingar á 5. gr., þannig að ríkisstj. hefur í raun áfram heimild til að auka við eða draga úr skilyrðum. Í þessu formi afsalar löggjafinn sér valdi sínu á óviðunandi hátt. Valdaframsal

löggjafans, sem gengur svo langt, er ekki unnt að una við. Álit meiri hl. nefndarinnar um framkvæmd skilyrðanna breytir hér engu um. Af slíkri yfirlýsingu þingnefndar er nefnilega enginn bundinn, enda hefur hún ekki lagagildi. Hið rúma framsal löggjafans, sem felst í 5. gr. óbreyttri, mundi enn auka á alla óvissu um framkvæmd og er þó samskiptavandinn ærinn fyrir. Það má reyndar líka minna á afleitt fordæmisgildi vinnubragða löggjafans af því tagi sem meiri hl. nefndarinnar leggur hér til.

Það verður ekki heldur séð hvaða ástæður geti legið til þess, að Alþ. víki sér undan því að binda í lög þau skilyrði sem það vill setja. Menn segja að hér sé einungis um formsatriði að ræða. Auðvitað er þetta sitt af hverju forminu. En þetta er ekki fyrst og fremst formsatriði. Þetta er spurningin um það, hvort Alþ. gengur frá málunum kvitt og klárt. Þetta er spurningin um það, hvort menn vilja hafa á hreinu hver skilyrðin eru. Þetta er spurningin um það, hvort menn eru að setja skilyrðin í alvöru, hvort það eigi að vera unnt að teygja þau og toga, hvort það eigi að vera unnt að draga úr eða bæta við. Mín skoðun er sú, að sérstaklega með tilliti til þess, hvernig málið er vaxið nú, sé langtum betra fyrir Flugleiðir hf. að skilyrðin séu skýr og einhlít. Mín skoðun er sú, að það sé líka langtum betra fyrir ráðh., eins og málið er vaxið, að skilyrðin séu skýr og einhlít og verði hvorki teygð né toguð.

Í þriðja lagi er það auðvitað Alþingis að ganga frá hlutum af þessu tagi. Ég hef bent á að það eru afleit vinnubrögð sem vitnað hefur verið til hér sem fordæmis, frágangur málsins 1975, og var það þó heldur skárra en nú er gert því að þá lá þó fyrir yfirlýsing frá forráðamönnum fyrirtækisins um að þeir gengju að skilyrðunum.

Ég ætla ekki að ræða hér sérstaklega efni skilyrðanna, en ég vil ítreka að þetta er ekki fyrst og fremst formsatriði. Þetta er spurningin um það að ganga frá málunum á skýran og einhlítan hátt. Og sérstaklega eins og málið er vaxið, þá er það langtum betra fyrir alla aðila, auk þess sem Alþ. á að sjá sóma sinn í að afgreiða málið á þennan hátt þannig að valdaafsal að óþörfu eigi sér ekki stað.

Það leikur ekki vafi á því, að staða Flugleiða er slæm. Hins vegar verður ekki annað séð en fyrirtækið eigi vel fyrir skuldum og sé þannig á engan hátt gjaldþrota þótt það eigi í mjög miklum greiðsluerfiðleikum. Staðan er því sú núna, að menn standa í rauninni frammi fyrir því, hvort félagið lifir eða deyr. Án lánafyrirgreiðslu lendir fyrirtækið í greiðsluþroti og lognast þar með út af. Meðal skulda fyrirtækisins eru veruleg erlend lán sem félagið hefur fengið á þeim forsendum, að um væri að ræða þjóðarflugfélag og því litið svo á að íslenska ríkið stæði þar á bak við. Af þessum sökum og vegna þess að við sem þjóð viljum halda uppi heiðri okkar og skilvísi og að skilvísi okkar verði ekki dregin í efa, þá hljótum við sem þjóð að standa við þessar skuldbindingar, jafnvel þótt félagið gerði það ekki. Ef félagið lognaðist út af, þá verður mjög erfitt að byggja upp flug að nýju. Á þetta skal minnt vegna þess að það mál, sem hér liggur fyrir, varðar líf og dauða fyrirtækisins og meginatriði, hvað sem öðru líður, er að hafa góðar samgöngur við umheiminn. Hitt er önnur saga, að þetta mál er búið að flækja að óþörfu og spilla því með hringlanda og ótímabærum yfirlýsingum. Menn hafa meira að segja búið til deilu um hver hafi beðið hvern um hvað. Ég skrifa þá deilu jafnt á reikning ráðh. sem forsvarsmanna Flugleiða.

Ég held að málsmeðferðin hafi að ýmsu leyti skaðað félagið og þjóðarhag og að yfirlýsingagleði hafi orðið til að rugla málið og víkja því af réttri braut. Klaufaleg framkoma forsvarsmanna Flugleiða hefur líka átt verulegan þátt í þessu. En það, sem er hörmulegast við þessar yfirlýsingar allar, sérstaklega hjá hæstv. samgrh. og formanni fjh.- og viðskn., Ólafi Ragnari Grímssyni, er að þær virðast hafa verið byggðar á misskilningi. Í hvert skipti sem menn hafa hrópað upp yfir sig um nýjar upplýsingar sem sýni eitthvað allt annað en áður hafi komið fram, þá hefur það ekki reynst vera á rökum reist. Sannleikurinn er sá, að það verður ekki fundið óeðlilegt ósamræmi í þeim tölulegu upplýsingum sem komið hafa frá Flugleiðum. Áætlanirnar hafa verið settar upp með mismunandi hætti, en ef menn hafa gefið sér tíma til að lesa þær og skilja þær forsendur sem þær eru settar fram á, þá hafa menn komist að raun um að þar hefur ekki verið um verulega ósamkvæmni að ræða.

En vel að merkja, öll töluleg gögn um stöðu og afkomu Flugleiða, sem borist hafa til nefndarinnar, eru frá Flugleiðum sjálfum. Það gildir líka um þau gögn sem bárust frá Landsbanka Íslands, eins og ég gat um áðan. Það voru bréf frá Flugleiðum. Og þó að ég rengi ekki bókhaldslegar niðurstöður, þá voru allar áætlanir og öll matsatriði frá þessu fyrirtæki og þessi gögn hafa ekki fengið prófun óháðra aðila með sérþekkingu á þessu sviði.

Það er rétt að benda á að þetta er sú leið sem ríkisstj. valdi. Hún valdi að biðja um upplýsingar frá fyrirtækinu, og hún hefur haldið sig við þá starfsaðferð. Það voru að vísu tilnefndir svonefndir eftirlitsmenn, en þeir komu sér út úr húsi, og mín skoðun er sú, að hjá þeim í heild hafi ekki verið um mjög mikla sérþekkingu á flugrekstri að ræða. Það litla gagn, sem hafa mátti af þessu eftirliti, varð í rauninni að engu. Engu að síður er staðan þó sú, að framtíðin er jafnóviss og áður. Það hefur engin stefnumörkun átt sér stað. Flugmálin eru mjög mikilvæg. Ákvarðanir í þeim skipta okkur miklu og stefnumótun þarf að vera skýr. Raunverulegt mat á stöðu og stefnu, á flugrekstrinum sjálfum og markaðsaðstæðum hefur ekki átt sér stað. Það er einmitt þetta, sem skiptir líklega mestu. Þess vegna er meginatriði að ná yfirsýn yfir það. Þess vegna er ástæða til þess að leitast við að fá óháðan aðila með sérþekkingu á flugrekstrarsviði, ekki síst að því er markaðsmál varðar, til þess að fylgjast með rekstrinum, gera úttekt á rekstrarlegir og markaðslegri stöðu fyrirtækisins og vera ríkisstj. til ráðuneytis og ráðgjafar í þessum málum við stefnumótun á næstu misserum.

Ég vil sérstaklega benda á þetta, því að það er að mörgu leyti mikilvægt að finna óháðan aðila af þessu tagi. Sá trúnaðarbrestur, sem uppi er, bendir til þess, að það væri æskilegt að hafa þarna tengilið sem báðir gætu treyst, en mikilvægast er þó að marka stefnu til framtíðarinnar. Ég tel að ráðgjöf af þessu tagi gæti líka verið fyrirtækinu mjög til góðs.

Það verður ekki annað sagt en að stjórn fyrirtækisins sé veik. Stjórnendurnir standa veikt, og ég hef mínar efasemdir um stjórnunarhæfni stjórnar fyrirtækisins. Þetta markast líka af innanfélagsríg og hvernig haldið hefur verið á málum. Ég held að eigendur Flugleiða ættu að íhuga að skipta á stjórnarmönnum af þessum ástæðum, fyrirtækisins sjálfs og eignar sinnar vegna.

Ég hef flutt sérstaka till. á þskj. 96 sem felur í sér að 5. gr. frv. breytist í samræmi við þau skilyrði sem talað hefur verið um að setja. Efnislega er hér ekki um nein frávik að ræða. Orðalagi er örlítið hnikað til, en efnislega verður ekki sagt að hér sé um frávik að ræða. Ég geri það að till. minni, að Alþingi afgreiði þessi skilyrði með því að breyta greininni eins og lagt er til í brtt. á þskj. 96. Ég geri það með sérstakri tilvísun til þess, að Alþingi á að setja á skýran og ótvíræðan hátt þau skilyrði sem um er að ræða. Alþingi á ekki að víkja sér undan því að vilja láta koma fram í lögunum sjálfum hver sé vilji þess í þessum efnum.

Ég vil svo að lokum segja það, að þau skilyrði, sem hér um ræðir, eru að mörgu leyti mjög óvenjuleg, og það rennir enn stoðum undir það, að eðlilegt, æskilegt og rétt er að þau komi fram í lagagreininni sjálfri. Ég tel líka, með tilliti til þess samskiptavanda, sem uppi hefur verið, og þess misskilnings, sem einkennt hefur þetta mál, að það sé sjálfsagt að skilyrðin séu sett í lagagreininni sjálfri. Það er ekkert sem hindrar að skilyrðin séu sett í lagagreininni.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég fagna því, að svo víðtæk samstaða hefur náðst í fjh.- og viðskn. þessarar deildar um þetta viðkvæma mál, — samstaða sem væntanlega verður til þess að málið fær hraða meðferð í gegnum Alþingi, og þá væntanlega án mjög mikillar umr., sem oft er erfið þegar um svo viðkvæmt mál er að ræða. Mér sýnist að nefndin hafi unnið mjög vel að þessu máli. Ég átti þess kost að koma á tvo fundi hennar og fá þær upplýsingar, sem hún hafði aflað sér, og láta henni í té annað. Hins vegar verð ég að harma það, að einn nm. hefur kosið að skapa sér sérstöðu í þessu máli. Og sumt af því, sem hann sagði hér áðan, er þess eðlis, að mér sýnist nauðsynlegt að ég geri við það aths. þótt þær verði ekki margar.

Ég er hv. þm. Kjartani Jóhannssyni ósammála um að það sé eðlilegt og rétt að setja slík skilyrði í landslög. Ég fæ varla séð að hægt sé að setja það í landslög, svo að ég nefni dæmi, að viðræður skuli hefjast um takmörkun á atkvæðisrétti einstaklinga og fyrirtækja. Einnig er svo um annað, sem hér er um að ræða, að um það þarf að fjalla við fyrirtækið. Sum þessara atriða geta þýtt breytingu á stofnsamningi fyrirtækisins, og mér sýnist eðlilegt að um það sé við það rætt, hvernig slíkt er framkvæmt. Hitt verð ég svo að segja, að a. m. k. gagnvart mér sem samgrh. eru þessi ákvæði, sem svo skilmerkilega eru talin í nál., sama og lög. Ég get ekki sagt annað. Það er framkvæmd þeirra sem þarf að athuga betur sem von er. Þess er ekki að vænta, að því máli hafi verið fyllilega lokið á fáum dögum, en að sjálfsögðu lít ég svo á að lögin, ef frv. verður samþ., séu háð þeim ákvæðum sem um getur í áliti meiri hl. nefndarinnar. Á því er ekki nokkur vafi, þannig að það er jafngilt að þessu leyti.

Hv. þm. taldi að æskilegt væri að telja upp endanlega það sem að skilyrðum ætti að setja í frekari meðferð málsins. Ég skal ekkert um það segja á þessu stigi, hvort frekari skilyrði þarf að setja, en vafalaust þarf að ræða við fyrirtækið um önnur atriði. Ég vona að þau atriði leysist án þess að setja þurfi um þau skilyrði. Ég nefni sérstaklega þær vinnudeilur sem verið hafa innan fyrirtækisins. Vitanlega verður að fást þarna starfsfriður og bæði fyrirtækið og starfsmenn að leggja nokkuð af mörkum til þess að svo megi verða. Ég leyfi mér að fullyrða að öll sú aðstoð, sem verið er að ræða um, er til einskis ef ekki fæst starfsfriður. Á það verður því að leggja mjög ríka áherslu og nauðsynlegt að tryggja áður en endanlega er gengið frá þessari ríkisábyrgð. En ég endurtek: Vonandi þarf ekki að setja nein skilyrði um það. Ég treysti því, að báðum aðilum sé ljóst mikilvægi þess.

Hv. þm. reyndi að gera mér upp einhverjar yfirlýsingar, án þess að nefna þær, sem hefðu verið vafasamar eða hvernig hann orðaði það. Ég er undrandi á því. Ég hef ekki farið út í ádeilur á fyrirtækið. Ég hef ekki rætt um þau atriði sem hafa verið nefnd manna á meðal um mistök stjórnar og fjölmargt annað. Ég hef kosið að láta slíkt kyrrt liggja. Ég er hv. þm. sammála um að ástæða er til að efast um hæfni stjórnar fyrirtækisins á þessum erfiðu tímum, eins og kom fram hjá honum. Ástæða er til þess, en ákvörðun um nýja stjórn verður að bíða hluthafafundar og því ótímabært að vera með nokkrar fullyrðingar um það.

Ég vil líka taka undir hitt með hv. þm., að samband á milli stjórnvalda og fyrirtækisins hefur ekki verið eins og þarf að vera þegar um er að ræða fyrirtæki sem fer með allan flugrekstur okkar Íslendinga við önnur lönd. Þær yfirlýsingar, sem ég hef gefið þar að lútandi, hafa einmitt byggst á þessari staðreynd sem ég er sammála hv. þm. um. Það er líka rétt hjá hv. þm., að þær upplýsingar, sem við höfum fengið, hafa fyrst og fremst verið frá fyrirtækinu sjálfu komnar. Þó vek ég athygli á því að mat á flugvélum fyrirtækisins er fengið frá sérfræðingum erlendis sem til voru kvaddir. Þeir meta flugvélakost fyrirtækisins á 59 millj. dollara, en í bókhaldi þess sjálfs eða þeirri skýrslu, sem kom 8. sept., var þessi sami flugvélakostur metinn á 63 millj. dollara. Auk þess eru óháðir aðilar, sem skipaðir hafa verið af hæstv. fjmrh., nú að ljúka mati á eignum fyrirtækisins, svo að þessi mikilvægi þáttur er einmitt í athugun af óháðum aðilum, eins og hv. þm. leggur til.

Ég vek einnig athygli á því, að skipaðir voru eftirlitsmenn með fyrirtækinu. Þeir hafa skilað nokkrum skýrslum, m. a. skýrslu sem birtist í skýrslu minni til Alþingis. Þeir hafa nýlega skilað um þetta viðbótarskýrslu og haft sér til aðstoðar sérhæfðan mann, endurskoðanda, til að meta fjárhagsstöðu fyrirtækisins. Því miður hefur komið fram að fyrirtækið hefur ekki veitt þessum eftirlitsmönnum þær upplýsingar sem þeir hafa beðið um, eins fljótt og þarf að vera. Ég verð hins vegar að endurtaka það og taka undir það, að sambandið þarna hefur ekki verið nægilega gott. Nauðsynlegt er að ríkisvaldið hafi aðstöðu til að fylgjast með þróun innan þessa mikilvæga rekstrar betur en verið hefur. E. t. v. kemur þetta skýrast fram í því, sem lesa má úr ýmsum yfirlýsingum fyrirtækisins. Í bréfi þess frá 28. febr. 1980 segir, með leyfi forseta:

„Í þeim áætlunum, sem gerðar hafa verið á vegum fyrirtækisins fyrir árið 1980, er ljóst, að rekstur mun verða mjög erfiður áfram á þessu ári, en vonir standa til að unnt reynist að ná endum að mestu leyti saman, og eru líkur á því að skila rekstri mjög nálægt jöfnuði á árinu."

Þetta er sagt í lok febr. Hinn 8. sept. fáum við skýrslu sem sýnir rekstrartap upp á rúmar 11 millj. dollara þannig að þessi von hefur ekki staðist. En það er ekki fyrr en 15. sept. að við fáum að vita að fyrirtækið vanti ríkisábyrgð fyrir 12 millj dollara til að rétta við sinn rekstur. Og í þeim upplýsingum, sem fyrirtækið lætur

Landsbankanum í té, kemur í ljós að greiðsluþörfin í nóvembermánuði einum er nálægt 10 millj. dollara. Mér sýnist því ljóst að það, sem ég hef sagt um þetta, hafi verið á rökum reist.

Ég verð að endurtaka að ég er ákaflega óánægður með, að upplýsingar skuli berast svona til ríkisvaldsins, og tel að úr því þurfi að bæta. Um þetta hef ég gefið yfirlýsingar og ef þær eru ekki á rökum reistar, þá veit ég ekki hvað er í raun og veru á rökum reist. Þessi þróun er slík að hún er óviðunandi. En til að bæta úr þessu er einmitt eitt af skilyrðunum að ríkisvaldið eignist 20% hlutafjárins og geti þar með átt einn til tvo menn í stjórn. Þetta tel ég mjög mikilvægt einmitt til að bæta upplýsingastreymi frá fyrirtækinu til stjórnvalda.

Ég mótmæli því, að yfirlýsingar um þetta efni hafi verið byggðar á misskilningi eins og kom fram hjá hv. þm.

Ég tek undir það með honum, að óþarft er að vera að deila um það, hvort beðið hafi verið um aðstoð eða ekki. Það er skjalfest í fjölmörgum bréfum fyrirtækisins sem ég hef rakið annars staðar og ætla ekki að endurtaka hér, enda hefur fyrirtækið svarað bréfi mínu og segir þar nokkurn veginn orðrétt, að stjórn fyrirtækisins staðfesti þá ákvörðun hluthafafundar, að haldið verði áfram Norður-Atlantshafsfluginu, og þá ósk hluthafafundar, að aðstoð verði veitt í þessu sambandi. Þetta kemur fram í því sem síðast kom frá stjórn félagsins.

Ég vil upplýsa það, að ég ræddi við stjórn félagsins um þau skilyrði sem hér eru sett. Ég gerði þeim grein fyrir þeim, skýrði þau og svaraði spurningum sem fram komu. En ekki hefur komið staðfesting frá stjórninni á því, að hún vilji vinna að því að þessi skilyrði fái framgang. Að sjálfsögðu eru sum þeirra háð samþykkt hluthafa, t. d. takmörkun á atkvæðisrétti einstakra fyrirtækja eða einstaklinga.

Ég vil svo segja þetta að lokum um stefnumörkunina: Hv. þm. sagði að engin stefna væri til í flugmálum. Það er mikill misskilningur hjá hv. þm. Stefna var mörkuð 1975 og það er út af fyrir sig ekki ýkjalangt síðan. Samkv. þeirri stefnu, eins og greinilega kemur fram í bréfi samgrh. frá þeim tíma, er Flugleiðum m. a. ætlað að sinna þeim áætlunarleiðum sem það kýs að sinna við önnur lönd, og reyndar gildir það bæði innanlands og erlendis. Þetta er sú stefna sem fylgt hefur verið. Síðan þetta gerðist hafa hins vegar m. a. umræddir erfiðleikar félagsins komið í ljós. Félagið hefur eignast það eina fyrirtæki annað, sem veitti því samkeppni með leiguflugi, og upp hafa risið í landinu og eflst allmörg lítil flugfélög, sem hafa fengið flugleiðir, en þá aðeins þær, sem Flugleiðir hf. hafa ekki kosið að sinna. Það er af þessari ástæðu að ég tel tímabært að endurskoða stefnu landsins í flugmálum. En það gerist ekki á einni nóttu. Það er viðamikið mál. Ég vil hins vegar upplýsa að ég hef rætt um það við hæstv. forsrh. m. a., að ég muni skipa nefnd færustu manna sem við eigum völ á til að gera tillögur um stefnumörkun í flugmálum. Að því ber ekki að rasa. Það er m. a. töluvert viðkvæmt mál innanlands, hvernig á að skapa litlu flugfélögunum, sem fljúga í hinum ýmsu landshlutum, starfsgrundvöll. Einnig þarf að ákveða hvort eðlilegt er að eitt félag hafi allar samgöngur okkar við umheiminn. Ég hef lýst þeirri skoðun minni, að ég tel æskilegt að annað félag starfi á þeim vettvangi, a. m. k. sem leiguflugfélag. Ég vil einnig vekja athygli á því, eins og ég hef gert í umr. í Sþ., að í öðrum vestrænum löndum — svo að ég nefni þau aðeins — eru öll þau flugfélög, sem hafa einkaleyfi til áætlunarflugs við önnur lönd, í eigu ríkisins eða ríkið á þar meiri hluta. Ég er út af fyrir sig ekki hlynntur slíkri þróun, tel það skref, sem hér er stigið, hins vegar æskilegt og eðlilegt. En vitanlega þarf, um leið og stefna er mörkuð, að athuga og skoða það atriði. Þetta vil ég upplýsa um stefnumörkunina. Að því mun sem sagt verða unnið á næstunni.

Ég legg höfuðáherslu á að það er misskilningur hjá hv. þm. að þessi skilyrði verði teygð og toguð, eins og hann orðaði það. Þau koma greinilega fram og eftir þeim verður unnið. Ef einhverjar breytingar verða á þeim mun ég beita mér fyrir því, að samráð verði haft við fjh.- og viðskn. Slíkar breytingar verða ekki nema í ljós komi að eitthvert þessara skilyrða sé ófullnægjandi eða ekki framkvæmanlegt.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns taka undir orð hæstv. samgrh., að það er vissulega fagnaðarefni að víðtæk samstaða hefur náðst um mál þetta. Þó að einn nm. vilji hafa afgreiðsluna með nokkuð öðrum hætti en við hinir, þá er það ekki efnislega fyrst og fremst, heldur telur hann örugglegar um málin búið með því að lögbinda þau ákvæði sem um er fjallað í nál. okkar. Það er alveg rétt, sem hv. þm. gat um, að þessum sjónarmiðum hefur verið hreyft, m. a. úr þessum ræðustól, að huga að því að lögfesta þessi ákvæði, og ég hefði verið til viðræðu um að reyna að taka ýmisskonar fyrirvara upp í 5. gr. fremur en að hafa þetta í nál., ef þannig hefði verið að málinu unnið frá byrjun. En sannleikurinn er sá, að það er fyrst á fimmtudagskvöld sem nokkuð víðtækt samkomulag næst um efnisatriðin, sem auðvitað eru aðalmálið. Og það er ekki fyrr en á föstudagsmorgni, sem ég a. m. k. geri mér grein fyrir því, að hv. 2. þm. Reykn. hugðist gera það að skilyrði fyrir því, að sameiginlegt nál. yrði lagt fram, að þetta yrði fest í lögum. Ef hann hefur áður tekið það fram á nefndarfundum, þá er það mín sök að hafa ekki gert mér grein fyrir því.

Ef betri tími hefði verið til stefnu held ég að við hefðum kannske getað samræmt sjónarmiðin að fullu. En ég a. m. k. var þeirrar skoðunar, að eftir allt, sem á undan var gengið, væri algerlega ómögulegt að fara að taka málið upp enn einu sinni og láta það dragast kannske í nokkra daga til viðbótar, því að ég held að svo mikið hafi verið um þetta mál sagt, að sómi Alþingis verði ekkert meiri að halda áfram um það deilum á þann hátt sem aðeins bryddaði á áðan, en ég vona að verði ekki til þess að fresta þessu máli eða draga þennan fund á langinn. A. m. k. ætla ég algerlega að sneiða hjá þeim deilum sem uppi hafa verið síðustu vikur.

Mér er það ljóst að þetta er flókið mál að því leyti til, að reikningsskil svona stórs fyrirtækis koma manni ókunnuglega fyrir sjónir við fyrstu sýn. Ég skal játa það, að þegar ég kom að þessu máli algerlega ókunnugur sem nm. í hv. fjh.- og viðskn. og fékk öll þessi plögg í hendur, þá tók mig vissulega nokkra daga að átta mig á hvað væri á ferðinni. En sem betur fer hefur verið greitt úr öllum flækjum, og ég held að allir viti núna hvernig mál standa. Það er einmitt þess vegna sem við höfum náð samstöðunni, svo sem fagna ber. Og þá skiptir miklu minna máli hvert formið er, og eins skiptir líka minna máli — eða engu — hvað áður hefur verið sagt, hvort þar hefur verið um misskilning að ræða eða ekki. Þess vegna leggj-

um við í meiri hl. nefndarinnar til að frv. verði samþykkt á þeim grundvelli að 5. gr. frv. verði framkvæmd á þann hátt sem nánar er um fjallað í nál.

Við vitum öll að það eru miklir erfiðleikar hjá þessu fyrirtæki. Ég fyrir mína parta hélt, áður en ég fékk að sjá tölur og kynna mér málið, að hagur fyrirtækisins væri miklu verri en raun ber vitni, því að þrátt fyrir allt er eignarstaða þessa fyrirtækis mjög góð á íslenskan mælikvarða. Það er ríkt fyrirtæki sem betur fer, því fagna allir, þótt töpin hafi verið gífurleg. Og rekstraráætlanir eru líka að mínu mati heldur betri, heldur líklegri til árangurs en ég hafði gert ráð fyrir. Þess vegna er málið allt auðveldara í meðförum. Í raun og veru er engin áhætta tekin fyrir skattborgara landsins þó að þessi ríkisábyrgð sé samþykkt, því að það er alveg ljóst að eignirnar — ef allsherjarveð er í þeim tekið — eru miklu, miklu meiri en skuldbindingar þær sem Alþingi tekst á hendur með samþykkt þessa frv. Þegar þetta varð öllum ljóst var auðvitað miklu greiðari vegur að ná samkomulagi og það hefur blessunarlega tekist.

Það hafa verið miklir annmarkar á samstarfi innan stjórnar félagsins, ekki bara milli stjórnar og starfsmanna, heldur líka meðal starfsmanna sjálfra, milli ýmissa hópa þar. Við skulum ekkert vera að dylja okkur þess. En hvernig ætti líka öðruvísi að vera þegar svona gífurleg áföll dynja yfir og sagt er upp miklum fjölda manna? Menn, sem kannske hafa unnið áratugum saman, eru að missa sína atvinnu. Og hvað sem gert hefði verið hlutu einhverjir að missa atvinnuna. Auðvitað verða menn óánægðir og auðvitað verða átök í svona stórfyrirtæki, einu allra stærsta fyrirtæki landsins. Það gat ekki öðruvísi farið.

Mín von er sú, að þetta séu traustabrestir og þetta uppgjör nú verði öllum til góðs. Og við skulum hafa það í huga, að nú eru að koma að fullu í gildi nýju hlutafélagalögin og þá verða starfshættir í hlutafélögunum með allt öðrum hætti en hingað til hefur tíðkast. Á næsta aðalfundi þessa félags verður viðhöfð margfeldiskosning. Þá þýðir ekkert lengur fyrir einhverjar klíkur að ætla að hóa sig saman og deila atkvæðum sín á milli og ná meirihlutavaldi og ráða þannig öllu félaginu. Það er liðin tíð sem betur fer. Um það sameinaðist Alþingi.

Ég veit ekki hvort allir gera sér grein fyrir hversu víðtæk breyting hefur verið gerð á íslensku hlutafélagalögunum. Ég held að íslensku hlutafélagalögin séu kannske þau frjálslegustu og bestu í víðri veröld. Ég tala þar af svolítilli reynslu af því að ég hef kynnt mér hlutafélagalöggjöf bæði í Bandaríkjunum og í Evrópulöndum. Við skulum þess vegna ekki ímynda okkur að það verði átakalaus fundur hjá Flugleiðum. Þar verða stórátök. En ég segi aftur: Ég á von á því, að það verði traustabrestir, þá fá allir hluthafar að sjá að þeir eru ekki bara peð, þeir eru ekki valdalausir. Hver einasti maður hefur þar sitt atkvæðamagn.

Svo er það spurningin um takmörkun á atkvæðamagni hvers einstaks hluthafa. Ég hef um langt árabil reynt að berjast fyrir því að takmarka mjög atkvæðisrétt stórra hluthafa í félögum eins og þessu. Það komst því miður ekki fram við endurskoðun hlutafélagalöggjafarinnar. Hins vegar er algert bann við því að setja hömlur á meðferð hlutabréfa í félögum, þar sem fleiri hluthafar eru en 300, samkv. nýju lögunum. Það er algert bann við því að nota atkvæðisrétt fyrir hluti sem félögin eiga sjálf o. s. frv.

Við þetta frv., sem hér var geysimikið unnið að, voru gerðar hvorki meira né minna en 70 brtt. sem samþykktar voru, en frv. var að mestu byggt á félagarétti Norðurlanda. Þess vegna er nýr tími fram undan. Það er tími þar sem hver og einn einasti hluthafi — og vonandi verða allir starfsmenn hluthafar — hefur sitt atkvæðamagn. Hann þarf ekki endilega að mæta sjálfur á fundi í félaginu, hann hefur leyfi til að veita öðrum umboð. En það geta engir tiltölulega stórir hópar, skulum við segja, hóað sig saman og náð 50% af því atkvæðamagni, sem þeir búast við að verði á hluthafafundi, og ráðið svo öllu, vegna þess að lítill minni hl. getur alltaf komið einum manni í stjórn hvernig sem hinir greiða atkv.

Það er aðeins eitt atriði efnislega sem ég vil sérstaklega benda á, og að því vék formaður nefndarinnar og frsm. meiri hl. Það eru þessar upphaflegu 196 millj. í lendingargjöldum sem mér skilst að samið hafi verið um í marsmánuði á þessu ári milli íslenskra yfirvalda og yfirvalda í Lúxemborg að felldar yrðu niður. Mér finnst varla stætt á því gagnvart erlendum aðila, þegar hann er búinn að fella slík gjöld niður og jafnvel endurgreiða fé, að segja að íslensk stjórnvöld standi ekki við það sem þau hafa sagt þar. Á það er bent, að annað komi í staðinn. Það er ekki fullnægjandi að mínum dómi, jafnvel þótt svo væri. Ég mundi miklu frekar segja: Það á að standa við þetta fyrirheit og taka þá fjármagnið af þessu fyrirtæki á næstu árum með einhverjum öðrum hætti.

Það hefur verið aðalsmerki Íslendinga þrátt fyrir allt að standa við fjárskuldbindingar gagnvart erlendum aðilum, og ég hygg að segja megi um gjaldeyrisbankana íslensku, að þeir hafi alltaf séð um það — ef um erlendar skuldbindingar var að ræða hver sem í hlut átti og bankarnir voru í ábyrgð — að staðið hafi verið við greiðslu á réttum gjalddögum, jafnvel þótt skuldarinn gæti ekki staðið í skilum. Ég held að við getum ekki látið þetta mál frá Alþingi fara öðruvísi en við vitum — hvort sem það er nú sett í frv. og því breytt eða ekki — að við þetta verði staðið, ekki endilega svo, að það megi ekki eiga bakkröfu á Flugleiðir síðar meir ef félagið verður fært um að greiða féð, það er mér hjartanlega sama um, en að gagnvart stjórnvöldum í Lúxemborg sé það sýnt og sannað, að Íslendingar hafi staðið við allt sem þeir hafi sagt.

Að lokum vil ég taka undir það sem hér hefur komið fram, að líf eða dauði þessa félags veltur auðvitað á því, að sæmilegur samstarfsandi verði og að sneitt verði hjá verkföllum og hörkuátökum. Ég er búinn að ræða undanfarna daga við svo marga menn sem starfa hjá Flugleiðum eða eru þeim tengdir — af því að ég þekki suma þeirra frá gamalli tíð þó að ég hafi lítil eða engin tengsl haft við þá núna mörg, mörg ár — að ég er sannfærður um að allt þetta fólk hugsar nú sitt ráð og það vill að fullur friður skapist og að félagið eflist sem mest. Það viðurkennir auðvitað að það er sumpart af hagsmunaástæðum, en líka vegna þess að þrátt fyrir allt og allt þykir þessu fólki auðvitað vænt um þetta félag sitt — eins og okkur þykir öllum innst inni vænt um þessi félög og það stórvirki sem unnið hefur verið í íslenskum flugmálum af mörgum hópum — og áður af fleiri en einu félagi. Kannske var sameiningin gerð illu heilli. En það er búið og gert. Þess vegna vona ég að allir geti tekið undir orð Jóhannesar Snorrasonar, þess ágæta flugmanns sem nú var að hætta, þegar hann skoraði á samstarfsfólk sitt fyrrverandi og núverandi að sameinast nú um að gera hag þessa félags sem allra bestan.

Davíð Aðalsteinsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að tala langt mál við afgreiðslu þessa máls. En ég vil taka undir með þeim, sem hér hafa stigið í ræðustól, og fagna víðtækri samstöðu að mínum dómi um málefni Flugleiða. Ég verð að játa, að við 1. umr. málsins sem og umr. í Sþ. á sinni tíð mátti ráða að samstaða yrði ekki eins víðtæk og raun hefur orðið á.

Það er enginn ágreiningur um efnisatriði þeirra skilyrða sem sett eru. Ég vil vekja enn og aftur athygli á því, eins og aðrir ræðumenn hafa gert. Ég lít á þann mun, *sem fram kemur, að einn nm. hefur skilið sig frá rétt við* lokaafgreiðsluna, vill hafa skilyrðin í lagagreininni, — ég lít á þennan mun aðeins sem blæbrigðamun, ég segi það hiklaust. Ég leit allan tímann á þetta mál þannig, miðað við samstöðu um efnisatriði skilyrðanna, að flestir hugsuðu á þann veg að alger samstaða til loka yrði tekin fram yfir atriði eins og það að knýja þetta inn í lagagreinina. Svo viðkvæmt hefur þetta mál verið í allri umfjöllun. Fram hefur komið í umr. að menn hafa skoðað þetta frá ýmsum sjónarhornum. Raunverulega hygg ég að enginn okkar sé á því, að með þessum hætti séum við um alla framtíð að móta stefnu í flugmálum okkar Íslendinga. Hér er fyrst og fremst verið að tryggja flugsamgöngur við landið í bráð. Ég er ekki að staðhæfa að til lengdar munum við tryggja flugsamgöngur við landið á forsendum fyrirtækisins Flugleiða, en á þessari stundu gerum við það. Og ég lít svo á, að samstaða innan nefndarinnar um efnisatriði sé á þeim forsendum, að nm. allir hafi gert sér grein fyrir því, að við áttum engra annarra kosta völ.

Að gefnu tilefni vil ég taka það fram, að hv. þm. Guðmundur Bjarnason var fjarverandi lokaafgreiðslu *málsins. Nafn hans er ekki undir nál. meiri hl. Ég vildi* geta þessa til að það ylli ekki neinum misskilningi.

Ég ætla að vona að sá blæbrigðamunur, sem ég kalla varðandi afstöðu hv. þm. Kjartans Jóhannssonar, verði ekki til þess að hér upphefjist háværar umr. sem að mínum dómi leiddu eingöngu til þess að málið yrði dregið á langinn og allir hlytu ómældan skaða af, — ekki aðeins álitshnekki fyrir okkur alþm., heldur og ekki síst skaða fyrir það fyrirtæki sem við þó ætlum að sameinast um að hafi á höndum um næstu framtíð flugsamgöngur okkar Íslendinga.

Frsm. minni hl. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Það kom fram í ræðu hæstv. sjútvrh. áðan, að hann teldi að hann hefði sem hæstv. samgrh. ekki gefið neinar yfirlýsingar sem gætu talist vafasamar. Ég benti á tvennt í inngangsræðu minni sem renndi stoðum undir það, að ýmiss konar misskilningur hefði verið uppi og að ástæða væri til að ganga sem traustlegast frá málum. Því er ekki heldur að neita, að mikill óróleiki hefur verið í þessu máli í hugum hæstv. ráðh., því að það kom fram í viðtali við hann í Ríkisútvarpinu t. d., að honum virtist málið vera að taka nýja stefnu svo að segja daglega síðustu vikurnar, eins og hann orðaði það. Og hann sagði eitthvað á þá leið, að annaðhvort hafi stjórnendur félagsins ekki gert sér grein fyrir raunverulegri stöðu þess eða þeir hafi kosið að fela ýmsar staðreyndir. Ég held nefnilega að sá óróleiki, sem ríkti í þessu máli, og þær miklu yfirlýsingar, sem gefnar voru af ýmsum aðilum, m. a. hæstv. samgrh., hafi orðið til að skaða þetta mál og flækja.

Eins og ég gat um áðan verður ekki ráðið af gögnum, sem frá félaginu bárust allt frá því að nefndin hóf að starfa, og á grundvelli þeirra áætlana, sem voru lagðar fram í byrjun sept., að verulegt ósamræmi væri í þeim tölulegu gögnum sem frá nefndinni fóru. Ég ætla ekki að bera neitt saman við bréf frá því í febrúarmánuði — þá var sjálfsagt allt annað uppi á teningnum — heldur leggja til grundvallar þau gögn, sem unnin voru á samræmdan hátt frá því að málið kom til umfjöllunar í nefndinni og þau gögn, sem til nefndarinnar bárust. Ég held að sú óró, sem fram kom í orðum hæstv. samgrh. á sínum tíma, hafi verið til marks um það, að menn hafi misskilið málið. Það *var einmitt um þessar mundir sem greiðsluþörf í nóv.* var áætluð 9—10 millj. dollara. En þegar menn bera það saman við önnur þau gögn sem höfðu verið lögð fram — hvort heldur var skýrslan frá því í sept., sem gerði ekki ráð fyrir neinu Ameríkuflugi, eða skýrslan sem barst seinna, þar sem gert var ráð fyrir Ameríkuflugi — og stöðu fyrirtækisins í þessum skýrslum, þá var þetta ekki í neinu ósamræmi við það, enda hafði verið tap í millitíðinni sem þurfti að brúa. Ég held að þessi óróleiki hafi líka birst í því, að einmitt um þessar mundir talaði samgrh. um að samanburður á rekstraráætlunum, sem hann hefði séð, gæfi til kynna að meira tap væri á s. l. mánuðum en gert hefði verið ráð fyrir í áætluninni. En þá var bara því miður ekki verið að bera saman við þær áætlanir sem voru lagðar til grundvallar frá því í septembermánuði o. s. frv., heldur við eldri áætlanir. Þarna var greinilega misskilningur á ferðinni sem olli fjaðrafoki og óróleika. Ég held að einmitt við þessar aðstæður og eins og þessi mál hafa þróast eigi Alþingi að ganga skýrt og skilmerkilega frá þessum málum og það eigi að sjá virðingu sína í því að setja í lög þau skilyrði sem það vill setja.

Hæstv. ráðh. sagði að honum fyndist ekki viðeigandi að það yrði sett í landslög að viðræður skuli hefjast. Það er nú t. d. í landslögum, í svonefndum Ólafslögum, að viðræður skuli fara fram milli aðila vinnumarkaðarins og ríkisstj., svo að það eru til fordæmi fyrir því í landslögum að menn tali saman. En í annan stað er ekkert sem hindrar að þessi grein, eins og hún er orðuð, sé í landslögum. Hún er nákvæmlega eins orðuð eða því sem næst nákvæmlega eins orðuð í till. minni um breytingar á lagagreininni eins og hún er í framkvæmdalista meiri hl. nefndarinnar. Og það sem meira er, þegar verið er að tala um að það þurfi að fjalla um fyrirtækið og samþykktir félagsins og því um líkt og þess vegna sé vafasamt að setja þetta í lög, þá ættu menn að gera sér grein fyrir því, hvernig þetta atriði er orðað. Það fjallar um það, að *fram fari viðræður á milli ríkisstj. og Flugleiða um nýjar* reglur varðandi hlutafjáreign í fyrirtækinu. Það er ekki gefin nein niðurstaða sem brjóti í bága við lög, heldur einungis stefnumið í þessum viðræðum, svo að það er ekkert sem hindrar, úr því að menn vilja setja þetta skilyrði, að það sé sett fram og þá einmitt með þessum hætti.

En það var athyglisvert í ræðu ráðh., að hann sagði öðrum þræði að það væri misskilningur hjá mér, að þessi skilyrði yrðu teygð og toguð, úr þeim yrði dregið eða við þau bætt, en hinum þræðinum sagði hann að margvísleg framkvæmdaatriði í sambandi við þessi skilyrði þyrfti að athuga og þess vegna mætti ekki setja þau í lagagreinina. Hvað þýðir þetta annað en það,að það eigi að teygja og toga skilyrðin? Það getur ekki þýtt neitt annað.

En hann sagði meira. Hann sagði að það kæmi e. t. v. til álita — þó að hann vonaði ekki — að setja fleiri

skilyrði. Hann vonaði að það þyrfti ekki að setja fleiri skilyrði, en hann gaf fyllilega í skyn að það kæmi til álita. Og ef þetta er ekki að bæta við skilyrðum, þá veit ég ekki hvað það er, þannig að málflutningur hæstv. ráðh. í þessu máli stangast svo gersamlega á sem hugsast getur. Og það sem meira er, það er einmitt þetta sem ég er að vara hv. deild við, nefnilega að verið sé að afgreiða mál án þess að afgreiða það, það sé verið að gefa í skyn að svona muni þetta verða, en síðan, þegar til kemur, verði annaðhvort bætt við eða dregið úr af því að framkvæmdin verði að vera þannig. Nei, það er alveg sérstaklega við þær aðstæður sem ríkja í samskiptum ríkisvaldsins og Flugleiða sem þessi atriði eiga að vera skýr, og það er engum greiði gerður með því að láta teygja þetta og toga síðar. Ráðh. lendir bara í klemmu. Flugleiðir búa við enn þá meiri óvissu en ella. Bæði fyrir ráðh. og Flugleiðir er langtum betra að málið sé frágengið. Þar að auki kemur svo til álita heiður deildarinnar, að vera ekki að afsala sér völdum að óþörfu. Málin eiga að vera skýr.

Hæstv. ráðh. talaði líka um að fyrirtækið þyrfti starfsfrið til þess að þetta gæti gengið. Það væri einn liðurinn í því að tryggja starfsfrið, að hvorki væri hægt að teygja né toga þessi skilyrði og þau væru kvitt og klár. Og hæstv. ráðh. viðurkenndi að sambandið væri ekki nógu gott. Þá þarf ekki að vera með neitt samband um það, hver skilyrðin eru, ef þau eru í lögum. Einmitt þess vegna á að setja þessi skilyrði í lög.

Ég vil þakka Eyjólfi Konráð Jónssyni fyrir það, að hann var í rauninni efnislega sammála mér um að það væri langtum betra að hafa þetta í lögum. (**EKJ:** Ekki sagði ég það nú.) Ja, ég held að hv. þm. hafi komist eins nálægt því að segja þetta eins og hann gat án þess að segja það með nákvæmlega þessum orðum. Hann talaði um að ef það hefði verið betri tími, þá hefði hann gjarnan viljað fara þessa leið eða hugleiða það a. m. k. að fara þessa leið.

En hvað um það, það hefur legið fyrir sem afstaða okkar Alþfl.-manna alveg frá því við 1. umr. málsins og í umr. um skýrslu Flugleiða, að við teldum að það ætti að ganga tryggilegar frá 5. gr. og breyta henni þannig, að það kæmi fram í greininni sjálfri hvaða skilyrði væri verið að setja. Ég bendi t. d. á ræðu hv. þm. Eiðs Guðnasonar hér í deild við 1. umr. um þetta mál. Ég talaði líka fyrir þessu og benti á þetta nokkrum sinnum á nefndarfundum. En það er rétt, að það var ekki fyrr en við lokaafgreiðslu málsins sem ég hafði komið þessu í það form sem mér fannst hæfa.

Það kom fram í ræðu hæstv. samgrh. áðan, að sérfræðiaðstoðar hefði notið við mat á eignum félagsins. Tiltók hann sérstaklega erlenda sérfræðinga varðandi mat á flugvélunum. Þetta er alveg rétt. Hann talaði líka um að það hefði verið sérhæfður endurskoðandi, sem var að kanna fjárhagsstöðu félagsins. En herra forseti og ágæta þingdeild, ég var ekki að tala um þetta. Ég var ekki að tala um eignamat. Ég var ekki að tala um fjárhagsstöðu félagsins. Ég var að tala um rekstrarlega stöðu félagsins, markaðsstöðu og hvernig ætti að stýra því með tilliti til framtíðarinnar á þessum tveimur sviðum. Ég skal ekki draga í efa — enda hef ég ekki gert það — þær peningalegu niðurstöður um fjárhagsstöðu fyrirtækisins sem fram hafa komið, eða halda því fram, að við mat á eignum félagsins sé nokkuð að athuga. Það var hin rekstrarlega hlið, það var hin markaðslega staða, sem ég lagði áherslu á að æskilegt væri að fá óháðan aðila til að fjalla um. Ég get í því sambandi t. d. vitnað til þess, að nú er uppi deila um hver hafi beðið hvern, eins og kunnugt er, og mér skilst helst að hvorki ráðh. né Flugleiðir geti kveðið upp úr með það, hvort þeir vilji eða vilji ekki. Það er í raun og sannleika staðan í málinu. Og þá segi ég: Ef þessi óháði aðili, sem hefði ráðgjöf á hendi fyrir ríkisstj. og væri tengiliður milli hennar og félagsins, liti á þetta mál, þá gæti hann kannske komið með uppástungu sem báðir gætu svo sætt sig við. Þarna virðist sem sagt vanta einn lið í þríliðuna, svo að segja. Og ég held að gott væri ef hann fyndist.

Hæstv. ráðh. minntist á að stefna hefði verið mörkuð 1975. Mér brá í brún. Hafði ekki eitthvað gerst síðan 1975? Það kom reyndar fram í máli ráðh., að hann teldi að svo væri. Það hefur gífurlega mikið gerst síðan 1975. Mér dettur ekki í hug að það takist að marka stefnu á einni nóttu. Ég tel að það sé mikil vinna og þess vegna gerði ég þetta sérstaklega að umtalsefni. En mér er stórlega til efs, að það sé nóg í þessum efnum að skipa nefnd. Ég held að það, sem skiptir meginmáli til þess að takast á við þennan vanda og marka stefnuna skýrt, sé að eiga kost á sérfræðilegri ráðgjöf og að finna aðila sem allir aðilar geta treyst, hvort heldur er rn. eða fyrirtæki, að ég nú ekki tali um varðandi blessaðan almenning.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Á nýliðnu flokksþingi Alþfl. var mikið deilt um stíl, gamlan stíl og nýjan stíl. Þær ræður, sem hv. þm. Kjartan Jóhannsson hefur flutt hér í dag, eru jómfrúrræður hans sem hins nýja formanns Alþfl. Það hefur vakið athygli í þessum umr., að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, formaður þingflokks Alþfl., hefur séð sérstaka ástæðu til þess að fylgjast með þeim úr hliðarherbergjum. Það hefur enn fremur vakið athygli, að fyrrv. formaður Alþfl., Benedikt Gröndal, hefur einnig heiðrað hv. deild og fylgst með þessum umr. Og nú síðast gekk hér í salinn hv. þm. Vilmundur Gylfason, fulltrúi hins nýja stíls, til þess að fylgjast með þessum umr.

Þessar inngöngur forystuliðs Alþfl. í deildina gefa til kynna, hver er raunverulega ástæðan að baki þeim málflutningi sem hv. þm. Kjartan Jóhannsson hefur haft uppi í þessu máli. Hann er að gangast undir próf sem þingflokkur Alþfl. lagði fyrir hann í þessu máli. Það er rétt að hafa það í huga fyrir þá sem hafa áhuga á Alþfl., að höfundur prófsins er ekki formaður þingflokks Alþfl., höfundur prófsins er ekki fyrrv. formaður Alþfl., höfundur prófsins er hv. þm. Vilmundur Gylfason, fulltrúi hins nýja stíls. Hann lagði grundvöllinn að þessari ræðu í umr. í Sþ. Þess vegna er þessi málflutningur, sem hv. deild hefur heyrt hér í dag, eingöngu innanflokksmál þeirra Alþfl.-manna. Við hinir bíðum spenntir eftir því að vita hvernig hinn nýi formaður hefur staðist prófraunina. Sá málflutningur, sem hann hafði uppi hér í deildinni, er allur annar en sá sem hann hafði þegar nefndin starfaði að þessu máli. Yfirlýsingar hans um fyrirtækið, stjórn þess og annað, sem hann hafði uppi hér í þessum ræðum, eru allar miklu meir í anda þess sem kennt hefur verið við hinn nýja stíl Alþfl. Ég skal ekki lasta það. En minn meginlærdómur af þessari göngu hins nýja formanns Alþfl. í þessari umr. er að þrátt fyrir úrslitin á flokksþingi Alþfl. er Vilmundur Gylfason enn þá sterki maðurinn í þingflokki Alþfl.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég verð að segja að ég harma tilraun hv. þm. Kjartans Jóhannssonar til þess að gera meðferð þessa viðkvæma máls tortryggilega. Ég ætla ekki að fara hér út í ítarlegar umr. um þá þróun sem hefur orðið. M. a. lýsti hv. þm. því yfir, að það hefði engin ástæða verið til þess hjá mér að hafa áhyggjur af nýlegum upplýsingum sem komu fram fyrir 2—3 vikum um þróun mála hjá fyrirtækinu.

Nú vill svo til að ég hef afhent honum og öðrum nm. allar þær upplýsingar. Ég er að vísu ekki doktor í rekstrarfræðum, og kannske er það þess vegna sem ég hef áhyggjur af því þegar áætlanir fara milljónum dollara úrskeiðis, eða sem sagt tapið verður milljónum dollara meira en ráð er fyrir gert. Þetta kom t. d. fram í skjali, sem dags. er 8. okt., þar sem borið er saman við rekstrarafkomu. Þar segir: „Rekstrarafkoma janúar—júlí er óhagstæðari en endurskoðuð rekstraráætlun um tæpar 4 millj. dollara." Ég verð að viðurkenna að ég hafði áhyggjur af þessum tölum, en kannske er hv. þm. vanari því að áætlanir standist ekki meira en þarna kemur fram. Því miður hefur þróunin verið þannig. En það eru bjartir punktar í þessu einnig, t. d. þeir að rekstrarafkoma fyrirtækisins í ágúst og sept. sýndi 4 millj. dollara hagnað og það mun nokkurn veginn fylgja áætlun. Því vil ég enn leggja áherslu á það, að því miður hafa málin hjá Flugleiðum þróast miklu verr en stjórnendur þeirra gerðu sjálfir ráð fyrir. Ég er alls ekki með nokkru móti að gefa til kynna að fyrri áætlanir þeirra hafi ekki verið á bestu upplýsingum byggðar. Ég efast ekki um það. En hitt er ljóst, að á þeim hafa orðið verulegar breytingar og sumar þær upplýsingar um breytingar ekki komið fram fyrr en ákaflega seint, eins og t. d. það sem ég nefndi áðan.

Það lá ekki heldur fyrir fyrr en á bankaráðsfundi 1. nóv., að greiðsluþörf fyrirtækisins í nóv. væri næstum því 10 millj. dollarar. Það hefur þá a. m. k. farið fram hjá fleirum en mér, m. a. viðskiptabanka fyrirtækisins. Úr þessu þarf að bæta, þessu samgönguleysi, og ég lít svo á, að með þeim skilyrðum, sem nefndin er með, verði það gert.

Ég verð einnig að leiðrétta það sem ég vil kalla útúrsnúning hjá hv. þm., að til standi að toga og teygja þessi skilyrði. Ég tók meira að segja fram að ef einhverju þyrfti að breyta, þá mundi ég fyrir mitt leyti leggja áherslu á að samband yrði haft við fjh.- og viðskn. Svo strangt lít ég á þessi skilyrði. Ég lít á þau svo bindandi að sjálfsagt sé að hafa samband við fjh.- og viðskn. ef nauðsynlegt reynist að breyta þeim. Hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson nefndi áðan nýju hlutafélagalögin, sem ein út af fyrir sig valda verulegum breytingum í stjórn hlutafélaga. Mér hefur t. d. verið bent á það af lögfróðum manni, að kannske þurfi að ræða þessi skilyrði við félagið á grundvelli nýju laganna, og sá lögfróði maður varpaði fram þeirri hugmynd, að vera kynni að kanna þyrfti málin eitthvað betur. Slík atvik geta að sjálfsögðu komið upp og ekki eðlilegt að unnt sé að ljúka svo viðamiklum þáttum eins og þessum skilyrðum til hins ítrasta á skömmum tíma.

Ég endurtek: Það er hreinn útúrsnúningur að það standi til að toga og teygja þessi skilyrði, það verður farið eftir þeim til hins ítrasta. Ef svo kemur í ljós að bestu manna mati, að einhverju þurfi að breyta, þá verður samráð haft við fjh.- og viðskn. Alþingis.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Við Alþfl.-menn höfum lagt á það ríka áherslu, að afgreiðslu þessa máls verði flýtt, og ég tel að við höfum lagt okkur fram í þeim efnum. Það hefur einnig komið fram, að við höfum gagnrýnt mjög 5. gr. þess frv., sem ríkisstj. lagði fyrir Alþingi, og talið að hún væri of opin, hún gæfi tilefni til þess að álíta að ríkisstj. ætlaði að gera annað, setja önnur skilyrði en áður hefur verið greint frá. Á grundvelli þessa hefur fulltrúi okkar í fjh.- og viðskn. gert þá brtt. sem nú liggur fyrir.

Við viljum að það sér alveg á hreinu, hvaða skilyrði eru sett og hvaða skilyrði verða sett, menn þurfi ekkert að fara í grafgötur um það. Það er og til að auka á tortryggni okkar, að við höfum á tilfinningunni að það sé mikill ágreiningur í ríkisstj. um þessi mál, ágreiningur milli þeirra aðila annars vegar, sem vilja ganga eins langt og mögulegt er til að drepa þetta fyrirtæki, og hins vegar hinna, sem vilja gera góða hluti til þess að halda því gangandi. Við höfum einmitt áhyggjur af þessum ágreiningi vegna þess að við sjáum fyrir okkur hve atvinnuhagsmunir þess fjölda, sem vinnur hjá Flugleiðum, eru mikils virði.

Það hefur aðeins verið minnst á þátt samgrh. í þessum Flugleiðamálum, og það verður að segjast eins og er, að ég held að meðal þjóðarinnar hafi vaknað ýmsar spurningar um hans þátt í þessum efnum. Kannske var það fyrsta spurningin sem fram kom þegar hæstv. samgrh. átti viðræður við yfirvöld í Lúxemborg, hét því þar að lendingargjöld yrðu felld niður af flugvélum Flugleiða, en þegar heim kom kom í ljós að hann hafði ekkert umboð til þess að gera slíkt, það upplýstist þegar flugmálayfirvöld á Keflavíkurflugvelli hótuðu að stöðva flugvélarnar þar sem þeir fengu ekkert fé. Flugleiðir tóku mark á þessum yfirlýsingum, en fjmrh. ekki. Fjmrh. krafðist þess, að flugmálayfirvöld á Keflavíkurflugvelli innheimtu þessi gjöld. Það fékkst ekki niðurstaða um hvað ætti að gera fyrr en hótað hafði verið að stöðva allan flugflotann. Þá var loks gefin út tilskipun um að fresta þessum greiðslum. Þeir væru margir sem undruðust þessa yfirlýsingagleði sem síðan hefur haldið áfram í æ ríkara mæli.

Ég endurtek það, að við teljum mjög mikils virði að þessi skilyrði fari inn í lagagreinina, þar verði skýrt kveðið á um hvað skuli gera og hvað ekki. Við álítum einnig nauðsynlegt að ríkisvaldið hafi upplýsingar frá óháðum aðila til að styðjast við, þegar um þessi mál er fjallað, og leggjum því á það feikilega mikla áherslu.

Það kemur fram hér í umr., að hver nm. á fætur öðrum er því sammála að þessi skilyrði verði sett inn, eða menn telja að þeir hefðu getað samþykkt það ef nokkur tími hefði unnist til að ræða það. Ég lít svo á, að enn sé tími til að fara þessa leið. Það er búið að létta mestu pressunni af erfiðleikum Flugleiða í dag þannig öðrum nm. gefst kostur á að styðja þessa till. Alþfl.- manna. Ég tala nú ekki um þá sjálfstæðismenn sem kjósa fremur að halda út í óvissuna, halda út í bláinn, treysta ríkisstj. fullkomlega fyrir þessum skilyrðum. Ég held að það sé tímabært fyrir þá og tími til þess að fara að okkar ráðum og styðja okkur í þessum efnum. Enn er nægur tími.

Frsm. minni hl. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Hæstv. samgrh. lýsti því yfir, að það væri ekki meiningin að toga eða teygja eða breyta þessum skilyrðum nema á þyrfti að halda. Það var efnislega sú aths. sem ráðh. gerði við málflutning minn áðan. Og mér er alveg sama þó að hann komi orðum að því með þessum hætti, vegna þess

að í huga mínum þýðir þetta nákvæmlega það sama og ég hef haldið fram allan tímann, nefnilega að það sé ekki verið að setja þessi skilyrði í alvöru, það sé meiningin að breyta þeim í framkvæmd — eins og það heitir svo ágætlega í áliti meiri hl. n. — eftir því sem hentar, eða eins og ráðh. orðaði það: ef þörf krefur. Og það er þetta valdaframsal sem ég tel að sé rangt. Auðvitað geta menn talað um þetta sem blæbrigðamun eins og hv. þm. Vesturl. gerði áðan. En það er bara langtum, langtum meira. Það er spurningin um það að komast út úr óvissuástandi og inn í það, að menn viti nákvæmlega að hverju þeir ganga. Þetta er spurningin um það, að deildin gangi frá þessu máli, að Alþingi gangi frá þessu máli á skýran og einhlítan hátt.

Um annan málflutning ráðh. hef ég harla lítið að segja. Það stendur sem ég sagði hér áðan, að sá samanburður, sem olli hér óróleika um daginn, var greinilega byggður á misskilningi. Auðvitað getur slíkt alltaf komið fyrir, en mér finnst bara að það hafi komið allt of oft fyrir í þessu Flugleiðamáli, að upp hafi komið einhver misskilningur. Og það er einmitt til þess að girða fyrir frekari misskilning sem ég hef talað fyrir því, að deildin gengi skýrt og á einhlítan hátt frá þessu máli og með þeim hætti sem hæfir virðingu Alþingis. Og það er líka með tilliti til þessa og þess samskiptavanda, sem hefur verið uppi, sem ég hef talað sérstaklega fyrir því að leitað yrði eftir óháðum aðila, sem allir gætu borið traust til, til þess að vera hér tengiliður og til þess að vera ríkisstj. til ráðgjafar. Hann gæti þá, ef hæstv. ráðh. langar til að skipa nefnd í þetta, verið annaðhvort starfsmaður nefndarinnar eða ráðgjafi hennar líka.

Ég ætla ekki að fara neinum orðum um þann farsa sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson samdi hér áðan. Hann heldur greinilega að hann sé að kenna félagsfræði uppi í Háskóla, búa til próf og þar fram eftir götunum. En farsar af þessu tagi hafa ekkert með efnisatriði að gera, hafa ekkert með þetta mál að gera og hafa ekkert með mig að gera.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 96 felld með 15:2 atkv.
5. gr. (leiðrétt) samþ. með 15:2 atkv.
6. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Efri deild, 11. fundur.

Mánudaginn 10. nóv., að loknum 10. fundi.

Málefni Flugleiða, frv. (þskj. 34). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Enda þótt það hafi komið greinilega fram hér, að við þm. Alþfl. erum andvígir 5. gr. frv. í þessari mynd, munum við að okkar tillögum um breytingar föllnum greiða atkv. með frv. í heild.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 13. fundur.

Mánudaginn 10. nóv., kl. 2 miðdeigis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Mér hefur borist svo hljóðandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Reykjavík, Haraldur Ólafsson dósent, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Guðmundur G. Þórarinsson,
12. þm. Reykv."

Haraldur Ólafsson hefur átt sæti á Alþingi eftir síðustu kosningar og rannsókn kjörbréfs hans því farið fram. Býð ég hann velkominn til starfa.

Tímabundið innflutningsgjald á sælgæti og kex, frv. (þskj. 37). — Frh. 1. umr.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. fjmrh. fyrir svörin sem hann gaf á þeim fundi þegar þetta mál var til umr., en nú er nokkuð langt um liðið. Það kom helst merkilegt fram í máli hæstv. ráðh., að ríkisstj. hyggst hafa svo kallaðan virðisaukaskatt enn til athugunar um hríð. Í ræðu hæstv. ráðh. var aðeins sagt að ríkisstj. hygðist athuga það mál frekar og að hann og aðrir í hæstv. ríkisstj. teldu að fleiri gallar væru á virðisaukaskatti en kostir.

Ástæðan fyrir því, að ég kem hér í ræðustól aftur í þessu máli sem hér er til 1. umr., er sú, að í umr. var ég sakaður um óskýr svör um afstöðu mína til málsins. Af því tilefni vil ég taka fram sérstaklega að ég er með fríverslun, og ég fagna ummælum hæstv. ráðh. sem varla verða skilin öðruvísi en á þann veg, að hann sér fremur hlynntur fríverslun. Þetta þýðir að við sjálfstæðismenn erum á móti varanlegum innflutningstollum og kvótakerfi á innflutningi. Við teljum að þetta lagafrv. eigi því aðeins rétt á sér að hér sé um að ræða undantekningu sem komi til af því að tiltekin samkeppnisskilyrði hafi ekki verið fyrir hendi varðandi þessa grein íslensks iðnaðar.

Ég vil leyfa mér að benda á og tel ástæðu til að hv. nefnd taki það til íhugunar, að Félag ísl. iðnrekenda gerði að tillögu sinni í sumar í bréfi til iðnrn. að innflutningsgjaldið yrði stiglækkandi þannig að það yrði 40% í fyrstu, en lækkaði síðan niður í 20% þegar líða tæki á tímabilið. Þetta mál finnst mér þurfa að athuga með tilliti til þessarar tillögu Félags ísl. iðnrekenda, en það á einmitt að gæta hagsmuna fyrirtækja í sælgætisiðnaðinum.

Þá vil ég nota þetta tækifæri til að fagna þeirri yfirlýsingu hæstv. fjmrh., að nú sé á lokastigi könnun fjmrn. á aðflutningsgjaldi af iðnaðarvörum. Ég leyfi mér að skilja

hæstv. ráðh. þannig, að í undirbúningi á lokastigi sé frv. um þetta efni, en hann eigi ekki einungis við þá auglýsingu sem hæstv. iðnrh. lofaði að kæmi til framkvæmda 1. okt. n. k., eins og sést á fréttatilkynningu frá iðnrn. sem gefin var út 20. ágúst. Sé það rétt til getið hjá mér, að hæstv. fjmrh. ætli sér innan tíðar að leggja fram frv. til breytinga á lögum er varða aðflutningsgjöld til iðnaðarins, þá vil ég fagna þeirri yfirlýsingu sérstaklega.

Alveg nýlega lét Félag ísl. iðnrekenda frá sér fara álit um það efni. Í bréfi félagsins segir m. a., með leyfi forseta:

„Félag ísl. iðnrekenda minnir á, að vorið 1979 samþykkti Alþingi að fela ríkisstj. að semja frv. til laga sem tryggði að felldar verði endanlegar niður allar greiðslur aðflutningsgjalda af aðföngum til iðnaðar sem á í beinni eða óbeinni samkeppni við erlendar iðnaðarvörur. Þetta frv. skyldi flutt á þingi 1979—1980.

Í öðru lagi, að allar ríkisstjórnir, sem verið hafa í landinu frá því Ísland gerðist aðili að EFTA, hafa heitið iðnaðinum að hann muni ekki þurfa að búa við lakari kjör í þessum efnum en keppinautarnir.

Í þriðja lagi, að í sáttmála núv. ríkisstj. er lögð sérstök áhersla á mikilvægi framleiðniaukandi aðgerða í atvinnulífinu. Aðflutningsgjöld af ýmiss konar hjálpartækjum vinna gegn þessu markmiði.

Í fjórða lagi, að rúmlega hálft ár er liðið frá því að Félag ísl. iðnrekenda og Landssamband iðnaðarmanna sendu rn. lista yfir aðföng sem enn eru greidd aðflutningsgjöld af.

Í fimmta lagi, að í fréttatilkynningu iðnrn. frá 20. ágúst s. l. segir að stefnt sé að því að ljúka endurskoðun á aðflutningsgjöldum samkeppnisiðnaðar fyrir 1. okt. 1980."

Lýk ég hér lestrinum úr þessu bréfi Félags ísl. iðnrekenda, en þar er staðfest það sjónarmið sem kom fram í ræðu minni fyrr í þessu máli.

Ég vil því leyfa mér að nota þetta tækifæri nú til að spyrja hæstv. iðnrh. hvað þessu líði, hvort endanlega sé búið að ganga frá því máli, sem boðað var í fréttatilkynningu 20. ágúst, og hvort það sé rétt skilið, að hæstv. fjmrh. hafi með ræðu sinni hér á Alþingi, þegar þetta mál, sem nú er verið að ræða, var fyrr til umr., gefið til kynna að í vændum sé frv. til breytinga á lögum vegna aðflutningsgjalda af efnum til iðnaðar.

Að lokum vil ég aðeins geta um eitt mál sem mér finnst koma þessu umræðuefni verulega við. Það er samkeppnishæfni íslenskra iðnfyrirtækja vegna sjónvarpsauglýsinga. Alkunna er að flutt er til landsins sjónvarpsefni frá erlendum framleiðsluaðilum. Slíkt efni er ótollað með öllu. Þess vegna er raunin sú, að íslensk framleiðsluvara á í vök að verjast á þessu sviði í samkeppni við innflutta framleiðslu. Mér finnst kominn tími til að kannað sé hvort ekki eigi að gera mun á auglýsingum framleiddum hér á landi og hinum sem eru framleiddar erlendis, einkum og sér í lagi vegna þess að ýmis efni, sem notuð eru til framleiðslu á sjónvarpskvikmyndum hér á landi, eru tollud, þannig að samkeppnisaðstaða þeirra, sem framleiða sjónvarpskvikmyndir hér á landi, er lakari en þeirra sem framleiða auglýsingakvikmyndir fyrir sjónvarp erlendis.

Auðvitað má halda því fram, að með þessum hætti sé verið að mismuna framleiðsluaðilum. En það er í þessu máli alveg eins og með sælgætisiðnaðinn, að kvörtunarefnið er það, að íslensk stjórnvöld hafa með aðgerðum sínum í tollamálum í raun gert stöðu íslenskra framleiðslufyrirtækja lakari. Ég nefni þetta mál með sjónvarpsauglýsingarnar sérstaklega, því að það er mál sem snertir sælgætis- og kexiðnaðinn, en jafnframt fjölmargar aðrar íslenskar framleiðslugreinar.

Ég vænti þess, herra forseti, að lokum, að hæstv. iðnrh. sjái sér fært að svara þeim spurningum sem ég hef beint til hans.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Svo langt er um liðið síðan umr. fór síðast fram um þetta mál, að það er e. t. v. ástæðulaust fyrir mig að kveðja mér hljóðs til þess að varna misskilningi sem kom fram hjá hv. þm. Albert Guðmundssyni í ræðu hans þegar frv. var síðast til umr.

Hv. þm. lét svo um mælt í ræðu sinni, að mér hefði orðið á að segja eitthvað í þá veru, að þessi tegund atvinnustarfsemi, sælgætis- og kexiðnaður, stæði ekki í skilum með launagreiðslur við starfsfólk sitt. Ég er nýbúinn að lesa yfir ræðu mína úr þingritun og tek það fram, að þar er hvergi eitt aukatekið orð sem má skilja í þessa veru, svo að hv. þm. hlýtur að hafa misheyrst. Það, sem ég sagði og lagði áherslu á í sambandi við umræður um þetta mál, var einfaldlega þetta:

Því miður er það svo, að víða í verksmiðjuiðnaðinum á Íslandi er boðið upp á lökust lífskjör sem þekkjast hér í þessu landi. Starfsfólk, sem vinnur samkvæmt launatöxtum Iðju, er yfirleitt mesta láglaunafólkið í þessu þjóðfélagi. Og menn verða að hafa það í huga, þegar þeir taka ákvörðun um með hvaða hætti eigi að styðja atvinnustarfsemi af opinberu fé, hvort sem það er beinlínis gert með styrkveitingum eða óbeinlínis með aðgerðum af því tagi sem frv. felur í sér, þá verða menn að hafa hugfast að það er ekki nóg að líta einvörðungu á atvinnutækifærin, sem þessi viðkomandi framleiðslustarfsemi skapar, heldur verða menn einnig að gera það upp við sig, hvort hún sé æskileg og lífvænleg í þessu landi miðað við þau launakjör sem viðkomandi starfsemi getur boðið.

Á þetta lagði ég áherslu, að ég hefði áhuga á því að fá að vita hvaða launakjör sælgætis- og kexiðnaðurinn teldi sig geta boðið starfsfólki sem þar vinnur, hvort þau launakjör væru þess eðlis, að ástæða væri til að ætla að þessi framleiðslustarfsemi ætti framtíð fyrir sér og að vert væri að styðja við bakið á henni með miklum fjármagnsfyrirgreiðslum af opinberu fé eða aðgerðum af því tagi sem hér er um að ræða, — m. ö. o. þegar neysluvara er skattlögð og fólk látið kaupa hana á hærra verði en það gæti fengið hana á ef það væri frjálst að því að kaupa hana þaðan sem það vildi, hvort hagur þessarar atvinnustarfsemi er slíkur og þau launakjör, sem hún getur boðið, að það réttlæti slíkar aðgerðir. Í þessu er ekki fólgin nein ásökun á þessa atvinnustarfsemi um að hún standi ekki í skilum við starfsfólk um greiðslu á umsömdu kaupgjaldi, aðeins ábending til umhugsunar um að það nær auðvitað ekki nokkurri átt að einblína bara á atvinnutækifærin sem tiltekin framleiðslugrein getur skapað, heldur verða menn einnig að horfa á þau kjör sem hún býður fólkinu. Það er ekki vansalaust ef Alþingi og stjórnvöld telja nauðsynlegt að styðja þá framleiðslustarfsemi mest sem minnst og lélegust laun getur boðið fólki sem þar starfar. Þess vegna hafði ég áhuga á því, og ég lét það koma fram í ræðu minni hér áðan, að jafnframt því sem stjórnvöld hugleiða möguleika á að styðja við alls konar iðnaðarstarfsemi í landinu til að

skapa aukin atvinnutækifæri, þá reyni menn einnig að velja og hafna í þessum efnum út frá því viðhorfi, hvaða atvinnugreinar það séu í iðnaði og annarri atvinnustarfsemi sem geti boðið íslensku starfsfólki mannsæmandi laun. Því miður á það við um margt, einkum og sér í lagi starfsemi sem kennd er við verksmiðjuiðnað, að slíkur atvinnurekstur virðist ekki geta, eins og að honum er staðið í dag, boðið nema lægstu laun sem greidd eru í þjóðfélaginu. Og ég benti á að reynslan hefur sýnt fram á að sú tegund iðnaðar, sem verst var spáð fyrir hér á landi, stóriðjan, sem ýmsir álitu fyrir 10—15 árum að mundi gera Ísland að varanlegu láglaunasvæði, — þessi tegund iðnaðar virðist nú, ef á hann er litið sem verksmiðjuiðnað, vera raunverulega eini verksmiðjuiðnaðurinn sem getur boðið starfsfólki mannsæmandi laun. Þetta verða menn að athuga þegar þeir velja þau atvinnutækifæri sem á að bjóða í landinu. Það er ekki nóg að viðkomandi starfsemi geti boðið fjölbreytt atvinnutækifæri. Hún verður líka að geta boðið mannsæmandi lífskjör. Nú er mér ekki kunnugt um hvaða kaup er greitt við sælgætis- og kexframleiðslu. Mér er ekki kunnugt um hvernig sú atvinnustarfsemi stendur sig í kaupgreiðslum miðað við ýmsan annan verksmiðjuiðnað. En ég lét það koma fram í máli mínu fyrir nokkrum dögum, að ég hefði áhuga á að sjá upplýsingar þar að lútandi í þeirri nefnd sem fær þetta mál til meðferðar, m. a. til að gera mér grein fyrir hvort líklegt sé að þessi atvinnustarfsemi — mér liggur nærri að segja: eigi skilið að fá þann stuðning sem aðgerðir af því tagi, sem frv. þetta gerir ráð fyrir, skapa.

Ég sé að hv. þm. Albert Guðmundsson hefur aflað sér upplýsinga um málið og getur þá væntanlega gefið svör við einhverjum af þessum spurningum.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Þetta eru orðnar miklar umræður um lítið mál. Sannleikurinn er sá, að þeim sætindum, sem hér er um fjallað, sælgæti og kexi, fylgir beiskur biti. Á bak við þetta mál er visst meginefni sem varð til þess að ég óskaði eftir að fá að tala í málinu. Erindi mitt í þennan ræðustól er einfaldlega að andmæla þeirri meginstefnu sem birtist á bak við þetta frv. Látið er í veðri vaka að frv. fjalli um aðgerðir til að greiða fyrir íslenskum iðnaði. Hvernig á að gera það? Það á að leggja sérstakt gjald á innflutning erlendrar vöru af sama tagi og fjallað er um, sælgæti og kex. Spurt var í umr., þegar þetta mál var seinast til umfjöllunar hér í hv. d., hvort tekjur af þessu gjaldi yrðu notaðar til að styrkja iðnaðinn beint, hvort þessar tekjur rynnu til iðnaðarins. Hafi ég skilið svar hæstv. fjmrh. rétt, þá taldi hann málefnum iðnaðar að þessu leyti vel borgið með því að gjaldið rynni einfaldlega í ríkissjóð, sem svo hugsaði vel til iðnaðar öðru hverju með ýmiss konar stuðningi. Svo var að skilja á máli hæstv. ráðh. það er út af fyrir sig allsérkennilegt, eins og málum ýmiss iðnaðar í landinu er komið eftir það alllanga tímabil sem liðið er síðan við gengum í Fríverslunarbandalag Evrópu. En það er ekki það sérstaklega sem ég vildi gera að aðalatriði máls míns, heldur hitt að grípa til aðgerða sem einungis varða eina afmarkaða grein iðnaðarins í landinu. Spurning er hvernig á að meta hvaða ein grein sé mikilvægari í þessu tilliti en önnur, hvort sjálf framleiðsluvaran sé mikilvægari hjá einni grein en annarri, eða jafnvel, eins og hv. 3. þm. Vestf. sagði hér áðan, getur sú grein boðið starfsmönnum sínum betri kjör af einhverjum ástæðum en aðrar greinar? Það er vissulega atriði sem máli skiptir.

Þegar Íslendingar urðu aðilar að EFTA eða Fríverslunarbandalagi Evrópu á sínum tíma, þá lá það fyrir af hálfu stjórnvalda, að íslenskum iðnaði yrði gefinn viss tími til aðlögunar að hinum nýju aðstæðum. Það lá einnig ljóst fyrir af hálfu iðnaðarins, að þessi tími skyldi nýttur til að skapa meiri framleiðni í iðnaðinum, þannig að betri vara yrði framleidd og helst með sem allra minnstum tilkostnaði.

Nú liggur það fyrir, sem margsinnis hefur komið fram, að þeir, sem iðnaðinum sinna í þessu landi, telja að ekki hafi verið eins vel staðið við skulbindingar af hálfu ríkisins gagnvart þessari atvinnugrein og til stóð í upphafi. Það ber iðnaðurinn m. a. fyrir sig þegar skýrt er frá að sumar greinar hans standist ekki nógu vel við þær aðstæður sem skapast hafa eftir inngöngu í EFTA. Þess vegna hefur verið farið fram á ýmiss konar stuðningsaðgerðir á þessum tíma.

Að sjálfsögðu er ljóst að það ætti að vera iðnaðinum í landinu mikil hvatning, það ætti að vera, ef svo má segja, aðhald sem yrði lyftistöng að hafa við hlið sér samkeppni af hálfu þeirra sem framleiða hinar bestu vörur á því sviði sem um er að ræða. Vissulega hefur það orðið svo á ýmsum sviðum. Ég tel þess vegna að það sé atvinnurekstrinum í landinu til góðs að hafa það viðskiptafrelsi, sem við höfum undirgengist, og að það sé eitt stærsta hagsmunamál neytenda í landinu. Það er sem sé um að ræða það meginefni, sem ekki varðar einungis atvinnurekstrinn í landinu og er ekki einungis hagsmunamál iðnaðarins í landinu eða þeirra sem kaupsýslu stunda, heldur og neytendanna. Neytendurnir eiga að geta valið þá vöru sem þeir helst kjósa að kaupa, án þess að hið opinbera grípi til aðgerða til að reyna að hafa áhrif á þær neysluvenjur.

Ef leggja á eitthvert gjald á vörutegund eða landslýðinn til þess að greiða fyrir eða bæta stöðu atvinnugreinar í landinu, þá virðist mér það vera alveg ljóst, að slíkt gjald eigi að ganga til þess að efla þá atvinnugrein í heild sinni, en ekki nota þessa valkvæðu aðferð, ef svo má nefna það, sem kemur í ljós í þessu frv. Ég tel það einmitt til þess fallið að grafa undan heilbrigðum háttum á sviði viðskipta og atvinnulífs.

M. ö. o.: þær aðgerðir, sem ég tel að gætu verið verjanlegar og gengju að einhverju leyti gegn meginreglu EFTA-samningsins, eru þær, sem mögulegar væru innan þess samnings vegna tiltekins tímabundins eða staðbundins undantekningarástands, enda kæmu tekjur ríkisins af slíkum aðgerðum iðnaðinum í heild til góða og væru þá í beinu sambandi við afleiðingar af því að við urðum aðilar að EFTA-samningnum, en ekki eins og í frv., að farið sé í kringum hlutina, gengið gegn alþjóðasamningum, sem við erum aðilar að, til þess að afla skatta í ríkissjóð undir því yfirskini að verið sé að styðja einhverja tiltekna atvinnugrein.

Herra forseti. Ég taldi ástæðu til þess að láta fram koma rödd um þetta atriði frá sjónarmiði neytanda sem telur að hér sé fjallað um meginmál þó að málið sjálft láti lítið yfir sér.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég var ekki á þinginu þegar þetta mál var til umr. hér fyrr, en ég hefði trúlega talið ástæðu til að tala í því máli þá. Nú hefur verið beint til mín fsp. varðandi málið og atriði, sem varða iðnaðinn og má segja að tengist þessu með

vissum hætti, og það er skylt að veita nokkur svör varðandi þau efni.

Til að það verði ekki út undan í máli mínu ætla ég að byrja á að svara nokkrum fsp. sem hv. 10. þm. Reykv. beindi til mín varðandi endurskoðun á aðflutningsgjöldum á aðföng iðnaðar, sem boðað var á síðasta sumri að taka ætti til endurskoðunar á vegum iðnrn. og fjmrn. og leiða til lykta á liðnu hausti.

Þetta mál hefur verið til meðferðar alllengi á þessu ári og um það hefur verið höfð samvinna við samtök iðnaðarins, sem hér eiga hagsmuna að gæta, þ. á m. við Félag ísl. iðnrekenda sem skilaði hugmyndum eða tillögum til rn. um viðhorf sín og óskir í þessu efni. Greining á þeim þáttum, sem þarna voru taldir eiga að koma til athugunar og hugsanlegra breytinga varðandi aðflutningsgjöld, fór fram hjá embættismönnum í fjm.- og iðnrn. og það er fyrir nokkru sem þeirri vinnu var að mestu lokið og tillögur þessara embættismanna lágu fyrir mér og fjmrh. Fjmrh. mun hafa vikið að þessu máli fyrr í umr. og greint frá því að þetta mál væri nánast á lokastigi af sinni hálfu. Ég hef rætt þetta efni við hann og borið fram viðhorf og óskir frá mínu rn. hvað þetta snertir og ég vænti þess að það líði ekki á löngu þar til viðbrögð fjmrn. liggja fyrir í þessu efni.

Um er að ræða endurskoðun á tiltekinni auglýsingu um aðflutningsgjöld. Mig minnir hún vera sú sem í gildi hefur verið, númer 184, en segi það með fyrirvara. Það er ekki mér vitanlega á döfinni að flytja sérstakt frv. sem varðar þessi efni. Á því er ekki talin þörf, að ég best veit, heldur yrði um að ræða breytingu á viðkomandi auglýsingu þar sem tilteknar vörutegundir, sem hafa verið tollaðar til þessa eða borið aðflutningsgjöld, eru teknar inn í auglýsinguna og þá undanþegnar aðflutningsgjöldum. Ég hygg að það sé misskilningur hjá hv. 10. þm. Reykv. að fjmrh. hafi boðað sérstakt frv. um þetta efni. Á því á ekki að vera þörf, heldur mun rn. geta með ákvörðun af sinni hálfu breytt þessu með endurbirtingu eða viðauka við viðkomandi auglýsingu. Þetta var meginefnið í fsp. hv. þm.

Hann vék hér að máli, sem stundum hefur komið inn í umr. hér á Alþ. þegar rætt hefur verið um samkeppnisaðstæður íslensks iðnaðar, þ. e. sjónvarpsauglýsingar þar sem auglýst eru erlend vörumerki viðkomandi aðilum vafalítið að kostnaðarlitlu miðað við þann kostnað sem innlendir framleiðendur mega bera í sambandi við gerð og flutning á auglýsingaefni. Ég tek undir það, að þetta mál þarf að líta á og athuga hvort ekki sé réttmætt að reisa nokkra rönd við þessum auglýsingum, sem fyrst og fremst er um að ræða í sjónvarpi, með því að taka af þeim gjöld sem kannske gætu tengst einhverjum létti fyrir innlenda framleiðslu eða innlenda framleiðendur til að koma hliðstæðu efni á framfæri. Sjálfsagt er erfitt að finna fyllsta réttlæti í þessum efnum sem öðrum, en hér er um að ræða þátt sem skiptir ótvírætt máli í sambandi við tilkostnað framleiðsluiðnaðar okkar og aðstöðu á innanlandsmarkaði.

Þá vil ég víkja að því máli, sem er til umr., með nokkrum orðum og að þeim sjónarmiðum sem ég hef heyrt koma fram hér við umr. þar að lútandi.

Það gerðist um síðustu áramót, að innflutningur á sælgæti og skyldum vörum var gefinn frjáls eftir að hafa verið heftur um langt skeið. Að vísu mun þetta formlega ekki hafa átt að taka gildi fyrr en 1. apríl, en ég tel mig hafa vissu fyrir því, að í reynd hafi það gerst strax um áramótin eða upp úr áramótum, að þessum varningi var hleypt inn tollfrjálsum. Það sýndi sig í kjölfarið að sala á innlendri framleiðslu dróst stórum saman og var það út af fyrir sig ekki undrunarefni. Umboðsmenn hinnar erlendu framleiðslu höfðu búið sig vel undir þessi tímamót og voru duglegir við að dreifa varningi sínum og verulegt nýjabrum að honum fyrir ýmsa. Salan á honum var allmikil og alveg sérstaklega mikið safnaðist upp í verslunum af þessu að auki. Þessi framleiðsla hefur því eflaust orðið fyrirferðarmeiri í hillum verslana en hin innlenda framleiðsla sem þarna mætti stóraukinni samkeppni.

Þegar komið var fram undir vor fóru að berast háværar óskir frá framleiðendum í þessari grein um að einhver rönd yrði reist við þessum innflutningi. Voru þær áhersluþó nokkuð misjafnar eftir fyrirtækjum. En um miðjan maímánuð lá það fyrir, af 300 manns, sem starfa við sælgætisiðnað og kexframleiðslu, hefði 78 manns verið sagt upp störfum og margir spáðu því að við blasti hrun þeirra fyrirtækja sem í hlut ættu ef ekkert væri aðhafst. Iðnrn. fékk einnig erindi frá Félagi ísl. iðnrekenda, þar sem flestir framleiðendur í þessari grein eiga aðild, með óskum um að á þessum málum yrði tekið. Var settur upp vinnuhópur til þess að undirbúa tillögur um aðgerðir og hversu með skyldi farið. Starf þessa vinnuhóps dróst til muna lengur en ég hefði kosið og menn greindi nokkuð á um hversu við skyldi bregðast. Upp komu sterkar raddir um að setja á varanlega tollvernd í þessari grein, eins og tillögur hafa komið fram um áður, t. d. á þinginu veturinn 1977—1978 þegar slíkt frv. var flutt hér inn í þingið. En sá böggull fylgdi skammrifi að það var rökstutt með sérstökum ákvæðum sem heimila slíka tollálagningu samkvæmt samningum við Efnahagsbandalag Evrópu, að jafnhliða skyldi hætt niðurgreiðslum á aðföngum þessarar framleiðslu, landbúnaðarafurðum sem til hennar er notuð, mjólkurdufti og fleiri þáttum sem þar koma til. Á þetta hafa framleiðendur fyrr og síðar ekki viljað heyra á minnst, a. m. k. fáir í þeirra hópi, og ég hef ekki talið rétt að flytja tillögur um þetta efni inn í þingið. En það, sem um var rætt í viðkomandi starfshópi á liðnu sumri, var m. a. þetta atriði þar sem fram komu enn á ný tillögur um slíkan varanlegan toll upp í 40%. Ég held að ég ljóstri engu upp þó að ég greini frá því, að þær hugmyndir hafa verið fram bornar, að ég hygg fyrr og síðar, öðru fremur frá viðskrn.

Ég hef litið svo til, að það væri ekki skynsamlegt fyrir þessa iðngrein að leggja sig undir þá öxi að búa við óvissu um verð á aðföngum sínum og þá gæti umrædd tollvernd orðið tvíræður ávinningur. Því var það, að þegar mismunandi tillögur lágu fyrir um meðferð þessa máls gerði ég þá ákveðnu tillögu í ríkisstj. að við notuðum okkur heimild samkvæmt 20. gr. EFTA-samningsins um tímabundna tollvernd, þ. e. 3. liður 20. gr. sem kveður á um að aðildarríkjum að EFTA sé heimilt, til þess að koma í veg fyrir skyndilegt hrun eða hrörnun og versnandi aðstæður í tilteknum greinum, að grípa til tímabundinna verndaraðgerða. Það varð niðurstaðan að sett voru brbl. sem gengu út frá þessu eftir að fyrir lá að EFTA-ráðið gat fellt sig við þessa aðgerð og hafði hlýtt á rökstuðning íslenskra stjórnvalda þar að lútandi. Eins og hér hefur komið fram og frv. ber með sér er um 18 mánaða skeið að ræða.

Í sambandi við þetta mál þegar þessi brbl. voru sett komu fram í fjölmiðlum, dagblöðum, mjög misjafnar túlkanir á þessu máli og það var látið að því liggja með

mjög áberandi hætti að hér væri jafnvel um brot að ræða á samningum okkar, hér væri um óeðlileg inngrip að ræða, óeðlilega tollvernd og hér væri verið að flytja mál sem Félag ísl. iðnrekenda væri mótfallið. Þessar mistúlkanir voru leiðréttar síðar, en ég er ekki viss um að almenningur hafi áttað sig á eðli málsins. Háværar ályktanir frá innflytjendum og fulltrúum verslunarinnar komu vissulega ekki á óvart, en þær blönduðust allar saman við ályktanir sem studdu þessa aðgerð. Ljóst var að þarna stönguðust hagsmunir á, annars vegar innlendra framleiðenda og viðhorf Félags ísl. iðnrekenda og hins vegar viðhorf verslunarinnar.

Jafnhliða þessari tímabundnu tollvernd fyrir íslenskan sælgætisiðnað var ákveðið í samvinnu við samtök framleiðenda að ráðist yrði í sérstakt þróunarverkefni í iðngreininni til þess að þessi tími yrði hagnýttur eftir föngum til að búa fyrirtækin undir að geta staðist samkeppnina að þessu verndartímabili loknu. Þetta þróunarátak stendur nú yfir. Veitt var nokkur upphæð af iðnþróunarfé til að styðja við þetta þróunarverkefni. Ég vænti þess, að þessi aðgerð í heild, 18 mánaða tollverndin ásamt því þróunarátaki sem í gangi er, verði til þess að hlutur þessarar iðngreinar verði betri en ella hefði orðið þegar sælgætis- og kexiðnaðurinn á nýjan leik stendur frammi fyrir óheftri samkeppni.

Mér finnst það vera dálítið undarlegur málflutningur sem heyra mátti frá hv. þm. Ragnhildi Helgadóttur áðan í umr. þar sem hún var að leggjast gegn þessum aðgerðum, ef ég hef skilið þm. rétt, og það með þeim rökum að þarna væri verið að ganga á svig við samninga í þessum efnum. Svo er alls ekki. Þm. fann að því, að þær tolltekjur, sem þarna koma inn og renna í ríkissjóð samkv. frv., rynnu ekki alfarið og óskipt til að styðja og styrkja viðkomandi grein, að styrkja iðnaðinn og styrkja viðkomandi framleiðslu. Ég tel rétt að fram komi að þá fyrst mundi heyrast hljóð úr horni, að ég hygg, frá Fríverslunarsamtökunum sem við erum aðilar að, ef það lægi fyrir að jafnhliða því, sem við erum að skjóta skildi yfir tiltekna iðngrein með tímabundnum verndaraðgerðum, værum við að dæla beinum styrkjum af þeim tekjum, sem inn kæmu inn í viðkomandi grein. Það er samkvæmt túlkun í þeim samningum óheimilt og siðabrot, að mér skilst. Við höfum a. m. k. fengið að heyra það, við sem í þessum málum höfum unnið.

Ég vil í því sambandi nefna þegar Alþfl. stjórnin sáluga vann það óhappaverk — eitt af mörgum — að breyta tillögum varðandi ráðstöfun á aðlögunargjaldi ársins 1979 og í stað þess að verja þeim tekjum til almennra undirstöðuverkefna í iðnþróun, til stuðnings við slíkt verkefni, var brugðið á það ráð að úthluta því fjármagni til fyrirtækja beint í kassann sem eins konar rekstrarstyrkjum. Ég gæti útvegað hv. þm. Ragnhildi Helgadóttur bréf sem bárust í framhaldi af þessu frá Fríverslunarsamtökum Evrópu þar sem aðgerðum Alþfl.-stjórnarinnar var mótmælt kröftuglega. Þær minntu reyndar nokkuð á fleira af skyldu tagi sem sú ríkisstj. stóð fyrir skömmu fyrir kosningarnar í des. 1979 í sambandi við afsal fríðinda, að mig minnir, til þeirra sem ríkisstj. skipuðu. Þarna var sem sagt um gladning að ræða, eins konar jólagjöf í kassann til íslenskra iðnfyrirtækja sem vissulega voru mörg hver sjálfsagt ekkert ofhaldin þá og tóku fagnandi við meðgjöf á þessum tíma. Þessari stefnu var breytt á yfirstandandi ári þannig að þarna var um tímabundið frávik frá þeirri stefnu að ræða sem lá til grundvallar þegar aðlögunargjaldið var á sett. En einmitt þessi flumbrugangur Alþfl.-stjórnarinnar hefur að mati viðskrn. nú valdið því, að mér heyrist, að hæstv. viðskrh. treystir sér illa til að fylgja fram tillögum sem ég hef borið fram um að framlengja þetta aðlögunargjald, þó í breyttu formi, með því að lækka það í þrepum og láta það renna út við lok ársins 1982. Ég vil þó enn vænta þess, að á því máli verði tekið, því að það er mín skoðun að það mál sé hægt að sækja og vinna gagnvart þeim samtökum, sem við eigum þarna aðild að, og það sé bæði nauðsynlegt og réttmætt að láta á það reyna.

Við eigum ekki að vera svo lítilþægir og feimnir í sambandi við þátttöku okkar í alþjóðasamstarfi að við hagnýtum okkur ekki þær heimildir sem slíkir samningar veita íslenskum stjórnvöldum til svigrúms og stuðningsaðgerða við atvinnulíf í landinu, sem mætir nú og hefur verið að mæta á liðnum árum nýjum og erfiðum aðstæðum. Það er mín skoðun, að íslensk stjórnvöld hafi á þeim tíma, sem liðinn er frá því að ákvörðun var tekin um aðild að EFTA, ekki stutt svo við bakið á íslenskri iðnþróun sem vera skyldi. Þar hefur að vísu verið reynt að bæta úr með ýmsum hætti á liðnum misserum, um það leyti sem þessi tíu ára aðlögunartími var að renna út, og ég tel að sitthvað hafi þar áunnist, en það þarf betur að gera í þessum efnum. Það er ekki von til þess, að sú eðlilega krafa og óskir, sem heyrast hér oft í þinginu, um iðnþróun í landinu, og ekki bara á þéttbýlissvæðinu við Faxaflóa, heldur um land allt, verði að veruleika nema pólitískur skilningur fáist á þeim þörfum og aðstæðum sem skapa þarf iðnaði í landinu til þess að hann nái að vaxa, — aðstæðum sem séu a. m. k. ekki lakari en öðrum atvinnuvegum eru búnar. En það þarf vissulega fleira að koma til en aðbúnaður stjórnvalda. Það þarf að sjálfsögðu að koma til áhugi og átaka af hálfu þeirra, sem í iðnrekstri standa, og stórhugur til þess að færast eitthvað í fang og reyna að ná þeim árangri sem frekast er unnt á þessu sviði.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson vék hér að sælgætisiðnaðinum sérstaklega með hliðsjón af launakjörum og minntist á launakjör í framleiðsluiðnaði okkar í því sambandi. Það er ofur eðlilegt að það sé dregið fram, að mikið af framleiðsluiðnaði okkar býður nú alls ekki þau kjör sem þyrfti, ekki þau kjör sem raunverulega geta talist lífvænleg. En við eigum ekki alfarið að draga af því þá dóma, að við eigum að hverfa frá viðkomandi iðngreinum, við eigum að leggja upp laupana í þeim. Það getur vissulega orðið niðurstaðan ef þær ekki ná að þróast, auka framleiðni sína, bæta rekstraraðstæður og skila meira til skipta til þess fólks sem í framleiðslunni starfar. Sú fríverslun, sem við erum þátttakendur í, hlýtur auðvitað að knýja á um meiri og minni breytingar í sambandi við iðnrekstur okkar í landinu. Það getur ekki verið neitt sjónarmið út af fyrir sig, að það megi ekkert fyrirtæki fara á hausinn, leggja upp laupana, en það þarf þá jafnframt að stuðla að því, að annar rekstur geti komið í staðinn og það geti orðið eðlileg þróun á grunni þeirra greina, sem fyrir eru, jafnframt því sem við reynum að hlúa að og búa að nýiðnaði í landinu.

Það hefur verið rætt fyrr á þessu þingi um atvinnuþróun og þær hugmyndir sem Alþfl. hefur fram borið um stórfellt átak til aukningar á orkufrekum iðnaði á næstu árum, eins og mig minnir að það sé orðað í þáltill þeirra. Ég hef tekið þátt í umr. þar að lútandi og túlkað þau viðhorf að eðlilegt sé og sjálfsagt að við horfum á þró-

unarkosti á þessu sviði sem öðrum í atvinnulífi okkar, en við eigum að hugsa um íslenskt forræði og íslenskan atvinnurekstur í þeim greinum sem öðrum. En við eigum ekki að afskrifa þar með annan framleiðsluiðnað í landinu og líta svo til, að sú iðnþróun, sem hér eigi að verða, standi nær einvörðungu, ef dæma má af málflutningi þeirra sem fyrir stóriðjuátakinu tala hér, beinast að slíku. Þá erum við, að ég tel, með rangar áherslur. Ég hef þá trú, að það sé fjölmargur almennur framleiðsluiðnaður í landinu nú þegar, sem getur náð að þróast og skila mannsæmandi kjörum til þeirra sem við hann vinna, og auk þess ýmsar greinar sem eiga eftir að vaxa úr grasi á því sviði og veita atvinnu.

Herra forseti. Ég ætla ekki að orðlengja þetta frekar hér, en ég vænti þess, að það frv., sem hér er til umr., nái fram að ganga og menn átti sig á þeim forsendum sem þar liggja að baki og menn sýni hug til þess að nýta þær heimildir sem við höfum samkvæmt samningum um fríverslun til að gera iðngreinum okkar fært að bregðast við nýjum og skyndilegum aðstæðum, eins og um var að ræða þegar sælgætisiðnaðurinn átti í hlut. Hins vegar fer að því að koma að við verðum komnir út úr þessum farvegi. Það dregur að því að rök um aðlögun og aðlögunartíma bíta ekki, og ég býst ekki við að þau mál verði mörg af þessu tagi sem flutt verði í þinginu. Það eru fleiri málefni og vandi annarra iðngreina sem hafa komið til umræðu og verið talsvert um rædd, þ. á m. í íslenskum húsgagna- og innréttingaiðnaði, og þar hafa verið raddir um að reyna svipaða leið til tímabundinnar aðlögunar eins og hér er um að ræða. En ég er ekki viss um að það verði niðurstaða þeirra, sem þar eru þolendur mjög aukinnar samkeppni, að þeir óski eftir tímabundinni tollvernd af hálfu stjórnvalda. Þar er unnið að þróunarátaki sem talsverðar vonir eru bundnar við, og það þróunarátak er m. a. stutt af iðnþróunarfjármagni sem til ráðstöfunar er í krafti aðlögunargjalds sem á var lagt á síðasta ári.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Þetta var langt mál hjá hæstv. iðnrh. og almenn umræða um iðnað og stöðu iðnaðarins og væntanlegar bætur honum til hagsbóta. En ég verð að segja alveg eins og er, að þvílíka fávisku um verslunarhlið og dreifingu iðnaðarvara og á vörum almennt hef ég sjaldan heyrt frá ábyrgum aðila sem menn skyldu ætla að hefði kynnt sér málin betur en raun ber vitni.

Hvað er ráðh. að tala um þegar hann andmælir þeim háværu mótmælaröddum sem koma frá innflytjendum og smásölumönnum? Hverja heldur ráðh. að hann sé að verja? Heldur hann að hann sé að verja iðnaðinn sem slíkan með því að gera ráðstafanir gegn þessum aðilum? Ég veit ekki annað en sælgætisiðnaðurinn hafi engan milliliðakostnað og afskaplega lítinn auglýsingakostnað. Sælgætisiðnaðurinn er því í þessu tilfelli bæði framleiðandi og heildsali og eyðir afskaplega litlu í auglýsingar, eins og við verðum vör við og þjóðin öll. En allt það, sem kemur frá hinum vonda innflutningi, er ekki sett beint á markaðinn. Það er sem sagt margfalt meiri ágóði í prósentum af þessum íslenska iðnaði, sem við erum að tala um, en þeim erlenda, en erlendi iðnaðurinn er þó samkeppnisfær. Þrátt fyrir 40% gjaldið er hann enn þá samkeppnisfær. Ég get ekki séð af eigin reynslu, af því að fyrirtækið, sem ég rek, flytur inn sælgæti, að eitthvað dragi úr pöntunum verslana á erlendu sælgæti.

Hvað er hér að ske? Er ekki ríkisstj. sjálf að afla sér þarna viðbótartekna? Sér hún ekki hér eitt tækifæri til viðbótar til að hafa meira ráðstöfunarfé sjálf? Ástæðan til þess, að ég tók þátt í þessum umr., var einmitt sú að fá það staðfest að svo væri. Það var staðfest af hæstv. fjmrh. Ég held sem sagt að þessar ráðstafanir hafi ekki verið gerðar til að koma í veg fyrir hrun vegna versnandi ástands í atvinnugreininni, heldur gripið til þessara verndarráðstafana til að afla ríkissjóði meiri ráðstöfunartekna.

Málflutningur hæstv. ráðh. kemur mér ekkert á óvart og á ekki að koma neinum lýðræðissinnum á óvart. Þar stangast á lífsskoðanir. Það er allt og sumt. Það þarf ekki að flytja langa ræðu eða breiða yfir það mál, sem hér er á dagskrá, með löngu tali fram og til baka um hag og óhag íslensks iðnaðar. Það er einungis til að dreifa huganum frá því máli sem hér er á dagskrá.

Það má vera, eins og hæstv. ráðh. minntist á, að við eigum ekki að vera svo lítilþægir að nota okkur ekki þá möguleika sem samningar við annaðhvort erlend samtök eða aðrar þjóðir bjóða okkur. En eigum við að vera það smásmugulegir að nota okkur hverja smugu og kænskubrögð til að vera einhvern veginn öðruvísi en aðrir aðilar í þeim samtökum? Annars á hver og einn að þóknast sínum hvötum hverju sinni. En að mínu mati er það heldur leiðigjarnt að gera samninga og koma svo til baka og biðja um undanþágur.

Ég hef áður tekið hér sem dæmi innflutning á annarri vörutegund sem er dæmigerð um álagningu ríkisins á innfluttar vörur. — Ég vil, meðan ég man, taka undir það með hv. þm. Ragnhildi Helgadóttur, hv. 1. þm. Reykv., að þetta er ekkert smámál. Þetta er mjög stórt mál. — En ég hef áður minnst á það í þessum ræðustól að tollheimta af verðhækkunum á olíuvörum t. d., er siðlaus tekjuöflun ríkissjóðs. Eitt er það að verða að taka á sig erlendar hækkanir og að þær komi í þeirri krónutölu á útsöluverð til neytenda, annað að tolla sjálfan vandann og margfalda þannig verðbólguna heima fyrir og vöruna til neytandans og enn annað að taka á sig þá krónutöluhækkun sem vandinn skapar. Halda menn að ríkissjóður noti tolltekjur vegna þessa vanda til að greiða verðið niður innanlands? Ekki aldeilis. Þá kemur verðjöfnunargjald á innlenda orku til viðbótar til að standa undir þeim útgjöldum sem ríkissjóður á að hafa fyrir einstaklingana af þessum aukna vanda. Það eru svona mál hér í gangi. Þó að um smærri upphæð sé að ræða er höfuðreglan sú sama.

Samkvæmt fjárlagaræðu hæstv. fjmrh. fyrir nokkrum dögum er bent á að á þessu ári muni innflutningur ná um 800 millj. samtals, en á næsta ári um 1200 millj. kr. 40% af þessu er talsvert fé. Hæstv. fjmrh. staðfesti það, þegar ég gerði fyrirspurn til hans, að þetta fé rynni í ríkissjóð, en að vísu mundi ríkissjóður styðja íslenskan iðnað á móti að geðþótta. Þeta eru viðbótartekjur við það sem gert var ráð fyrir að ríkissjóður hefði til ráðstöfunar við gerð síðustu fjárlaga. Þess vegna vil ég svara hv. 3. þm. Vestf. því, að hér er ekki verið að styðja íslenskan iðnað með opinberu fé. Það er ekki verið að greiða íslenskum iðnaði til baka af eðlilegum tekjum ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum. Það er verið að leggja sérstakan skatt á fólkið sem kaupir þessa vörutegund, og er verið að styrkja þennan iðnað eða kannske einhvern annan af því ráðstöfunarfé fólksins sem það átti að eiga eftir þegar ríkissjóður var búinn að fá sitt samkvæmt fjárlögum og

álagningu samkv. þeim. Það er þetta sem ég vil gera athugasemdir við.

Með leyfi forseta ætla ég að lesa hér upp svar fjmrh. Það hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Ég verð að játa að ég er ekki með gögn hér með mér sem geta upplýst hv. þm. um hve mikið hefur komið inn í ríkissjóð vegna þessarar álagningar, en mér er nær að halda að það sé tiltölulega mjög smá upphæð. Það var flutt inn í landið feiknarlega mikið magn af þessum vörum á fyrri hluta ársins. Það voru réttar tölur sem hv. þm. nefndi. Það var flutt inn sælgæti sem nam tæpum 1300 þús. dollurum. Þegar svo gjald þetta var lagt á tók mjög snögglega fyrir þennan innflutning og ég held að það sé nokkuð ljóst, að bæði neytendur og innflytjendur kipptu að sér höndum. Ég held því að tolltekjur ríkissjóðs á þessu ári muni tæpast nema meira en 200—300 millj. kr."

Þetta stangast á við upplýsingar sem hæstv. fjmrh. gefur í fjárlagaræðu sinni þar sem hann talar um að á þessu ári verði tekjurnar 800 millj., en í svarinu til mín er talað um að þær geti orðið 200—300 millj. (Gripið fram í.) Á næsta ári, já. — Hæstv. ráðh. heldur áfram:

„Hv. þm. spurði að því, hvort þessar tekjur hefðu runnið til málefna iðnaðarins eða hvort þær hefðu runnið beint í ríkissjóð. Því er til að svara, að allar tekjur, sem inn koma, renna í ríkissjóð nema þess sé sérstaklega getið, og að sjálfsögðu væri það ekki í samræmi við þessi brbl. *ef fjmrn. hefði tekið ákvörðun um að láta einhverja* aðra hafa þetta fé en ríkissjóð. Það er ekkert ákvæði um það í lögunum að svo skuli gert og væri að sjálfsögðu lögbrot ef tilraun væri gerð til þess.

Auðvitað má velta því fyrir sér, hvort þetta hefði átt að verða markaður tekjustofn, hvort þetta hefði átt að renna sérstaklega til þarfa iðnaðarins. Ég vísa til þess, að í fjárlögum, sem nú hafa verið lögð fram, er verið að auka framlög til iðnaðar með ýmsum hætti og ég held að það nægi að vísa til þess, að sjóðir iðnaðarins fá meira fé til ráðstöfunar en verið hefur. Þannig held ég að það sé í sjálfu sér aukaatriði hvort þessi skattur rennur til iðnfyrirtækja í landinu eða hvort hann rennur í ríkissjóð sem síðan styrkir uppbyggingu iðnaðar og eflingu iðnaðar með ýmsum öðrum hætti."

Það er einmitt hér sem skoðun mín stangast á við þær hugmyndir sem hér koma fram og eins frv. sjálft. Hér er talað um tímabundið gjald, tímabundna innheimtu 40% gjalds við innflutning, sem á að standa í 18 mánuði. Nú hefur hæstv. iðnrh. upplýst að þetta gjald skuli standa lengur. Þessi 40% tollur á að vera 18 mánuði, síðan á hann að smálækka eftir því hvað ráðh. sjálfur er lengi í stjórn. (**Gripið fram í:** Þetta er misskilningur hjá hv. þm.) Þetta á að lækka á tveim árum, skilst mér. Ef það er misskilningur leiðréttir hæstv. ráðh. það. En ég skildi hann þannig, að hann hafi hugsað sér að þetta gjald stæði 18 mánuði og síðan mundi það lækka í þrepum. Það held ég að ég muni nokkuð orðrétt. En það getur vel verið að það þurfi að líta í afrit af ræðum okkar til að sjá hvað stangast á.

Ég verð að segja alveg eins og er um þetta gjald, sem er orðið talsvert hátt gjald miðað við þann innflutning sem er á sælgæti, — 40% tollur er hátt gjald á vöru sem er tollfrjáls samkv. tollskrá, — að ég tel sjálfsagt að eyrnarmerkja það sem 40% bráðabirgðainnflutningsgjald til hagræðingar og endurnýjunar á tækjum o. fl. í sælgætisiðnaðinum, þannig að eftir þá 18 mánuði, sem þetta gjald á að standa, verði sælgætisiðnaðurinn eins samkeppnishæfur og hann getur orðið, og eðlileg samskipti milli landa á sviði viðskipta í þessari iðngrein geti þá átt sér stað.

Ég verð að segja eins og er, ef ég má orða það þannig, að ríkissjóður má ekki koma fram eins og óseðjandi og soga til sín óeðlilega mikið af því fé sem fólkið í landinu á að hafa til frjálsrar ráðstöfunar eftir að það hefur greitt öll gjöld sem lögð eru á samkv. þörfum sem koma fram við gerð fjárl. eða samkv. þeim skattalögum eða skattstiga sem gildir hverju sinni. Það eru ekki heiðarleg vinnubrögð að bæta þar ofan á óbeinum sköttum. Ég vil af reynslu segja það, að bæði bein og óbein gjöld á fólkið í landinu eru löngu orðin allt of há. Ef menn færu af skrifstofunum út á meðal fólksins, hlustuðu á það, töluðu við það, litu upp úr skýrslugerðum ráðuneytanna, held ég að þeir kæmust fljótt að raun um að fólkið grátbiður landsfeður um vægð við nýjum og nýjum sköttum. Í guðanna bænum, bænheyrið fólkið eða farið þið frá!

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. iðnrh. fyrir svör hans sem ég verð að lýsa vonbrigðum mínum með. Mér þykir nokkuð hart að hæstv. iðnrh. skuli nú upplýsa að ekki stendur til að flytja frv. til breytinga á tollskrárlögum, sem auðvitað var ætlunin þegar frv. var vísað til ríkisstj. á sínum tíma, heldur lætur hæstv. ríkisstj. sér nægja að breyta auglýsingu um *þetta efni.* Þótt það sé auðvitað skref í rétta átt verður lagabreyting að koma til framkvæmda fyrr en síðar. Mér þykir nokkuð hart að það skuli vera gefnar út fréttatilkynningar af hálfu rn. þar sem sagt sé að von sé á slíkum aðgerðum á tilteknum tíma. Þegar mánuði eftir að framkvæmd á að vera hafin er spurt um þetta í sölum Alþingis, þá tala menn um að nú sé verið að ljúka athugun á þessu máli. Ég vonast til þess að ekki líði vikur, heldur kannske örfáir dagar þar til þessu verður hrundið í framkvæmd, því að mér er fullkunnugt um að breytingin á auglýsingunni hefur verið tilbúin í mjög langan tíma og er fyrst og fremst á þvælingi í fjmrn. og þarf einungis að koma henni til birtingar.

Varðandi frv. finnst mér skipta mestu máli fyrir hv. þm., sem fær málið til meðferðar, að skoða nákvæmlega, hvort hún telji að þróunaraðgerðirnar, sem efnt hefur verið til, það þróunarátak, sem hæstv. ráðh. og félag iðnrekenda hafa efnt til vegna vanda sælgætisiðnaðarins, sé líklegt til þess að hafa einhverja þýðingu. Þetta skiptir meginmáli. (Forseti hringir.) Ég lýk máli mínu innan tíðar. — Ef svarið er nei á gjaldið að falla brott. Sé svarið já er eðlilegt að efnt sé til slíkra tímabundinna aðgerða og þá með stiglækkandi aðferð.

Ég vil að lokum benda á það, sem kom reyndar fram í máli Alberts Guðmundssonar, að gert er ráð fyrir að þetta *gjald skili 300 millj. kr. á þessu ári og 1200 millj. á næsta* ári, og standi í tvo mánuði 1982. Nálægt 2 milljörðum mun koma í ríkissjóð með þessum hætti. Það, sem ég vildi koma á framfæri, er sú sjálfsagða krafa, að þessir fjármunir, sem þarna verða til, verði til þess að skattar af fyrirtækjum verði almennt lækkaðir í staðinn. Það tel ég vera mjög mikilvægt atriði sem ekki hefur komið fram í þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 28 shlj atkv.

Niðurfelling á opinberum gjöldum barna 1980, frv. (þskj. 51). — Frh. 1. umr.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Hv. 3. þm. Austurl., Halldór Ásgrímsson, sagði við þessar umr. að skattkerfi væri eitt og skattstigi annað. Þetta er auðvitað laukrétt. Hann sagðist vonast til þess, að áfram yrði samstaða á hinu háa Alþingi um skattkerfi. Ég er honum sammála um það. En um skattstiga hefur ekki verið samstaða og verður líklega seint.

Hæstv. fjmrh. sagði að aðalatriðið væri að heildarskattar heimilanna væru ekki hærri en samkv. eldra kerfi. Það má vera að þetta sé rétt ef litið er frá þröngum sjónarhól ríkissjóðs einum saman. Það er hvorki rétt frá sjónarhól sveitarfélaga né frá sjónarhól mikils hluta skattgreiðenda. Samkv. nýja kerfinu fá sveitarfélögin tæplega 26% af heildarskattlagningu vegna tekna barna innan 16 ára aldurs. Samkv. eldra kerfi var þetta hlutfall nálægt 40% skattheimtunnar. T. d. var hlutfall sveitarfélaga 37%, ef tekjur barna voru um 1200 þús. kr., og nálægt 50%, ef tekjurnar nálguðust 3 millj. kr. Nú er þetta hlutfall, eins og áður segir, tæplega 26%. Ríkissjóður er m. ö. o. að auka skattheimtu sína á kostnað sveitarfélaganna. Þar við bætist að sveitarfélögin treysta sér sum hver ekki til að innheimta útsvör, sem lögð eru á undir lok greiðsluársins, og hafa samþykkt að fella þau niður.

Frá sjónarhól heimilanna lítur dæmið þannig út, að heildarskattlagning stórhækkar hjá fjölskyldum með lágar tekjur og mest hjá þeim allra lægst launuðu, ekki bara í prósentum, heldur og í krónutölu. Þær fjölskyldur, sem lægstar hafa tekjurnar, greiddu samkv. eldra kerfi engin gjöld af tekjum barna. Ónýttur persónuafsláttur, barnabætur og námsfrádráttur jafnaði út það útsvar sem á tekjur barna var lagt, hvort sem um sérsköttun þeirra var að ræða eða ekki. Börn foreldra með lægri miðlungstekjur, tekjur sem fóru í 30% skattstiga, höfðu samkv. eldra kerfi greitt svipað vegna tekna barna upp að 400 þús. kr. eða þar um bil. Foreldrar með hærri tekjur, sem fóru í 50% skattstigann, hefðu greitt meira samkv. eldra kerfi. Barn, sem hafði 1200 þús. kr. tekjur á árinu 1979, sem ekki var óalgengt fyrir sumarvinnu, greiðir nú um 140 þús. kr. hvað sem tekjum og greiðslugetu foreldranna líður. En auðvitað eru það foreldrarnir sem greiða skattana, sérstaklega þegar álagning dregst eins mikið og nú gerðist. Samkv. eldra kerfi hefði lágtekjufjölskyldan greitt sáralítið eða ekki neitt í skatt vegna þessara tekna. Fjölskylda með miðlungstekjur, sem náði 30% stiganum, hefði greitt 87 þús. kr., tapar sem sagt 53 þús. kr. á breytingunni. Hátekjufjölskylda, sem komst í 50% skattstigann, hefði samkvæmt eldra kerfi greitt 115 400 kr., tapar 24 600 kr. á breytingunni eða miklu minna en lágtekjufjölskyldan. Ef barnið hefur haft háar tekjur, t. d. 3.2 millj., græðir fjölskylda með miðlungstekjur 182 þús. kr. á breytingunni frá eldra kerfi, en hátekjufjölskyldan græðir 211 þús kr.

Í stuttu máli: Sveitarfélögin tapa á breytingunni og það verulega. Lágtekjufjölskyldur, hvort sem börnin hafa haft lágar eða miðlungstekjur, stórtapa á breytingunni. Fjölskylda með miðlungstekjur tapar á breytingunni ef tekjur barnanna eru lágar, en græðir á henni því meira sem tekjur barnanna eru hærri. Hátekjufjölskyldan stórgræðir á breytingunni hvort sem tekjurnar eru háar eða lágar, en því meira sem tekjur barnanna eru hærri.

Þetta getur undir engum kringumstæðum talist réttlátt og getur ekki verið tilgangur löggjafans. Þessu verður að breyta.

Hæstv. fjmrh. sagði að til stæði að taka upp staðgreiðslukerfi skatta. Það er gott. Satt að segja finnst mér það vera hinu háa Alþingi og öllum stjórnmálaflokkum til háborinnar skammar að það kerfi skuli ekki hafa verið tekið upp fyrir löngu. Um langt árabil hafa allir stjórnmálaflokkar lofað lögfestingu staðgreiðslukerfis, enda sterklega með því mælt af svo til öllum umsagnaraðilum. En allir hafa þeir fram til þessa svikið þau loforð.

Hæstv. fjmrh. segir að frv. til l. um staðgreiðslukerfi verði innan tíðar lagt fyrir hið háa Alþingi, en það muni taka tvö ár eftir gildistöku laganna að koma kerfinu á. Ég trúi því ekki að það þurfi að taka svona langan tíma. Bretar tóku þetta kerfi t. d. upp á sama tíma og þeir voru að losna úr hrikalegustu hernaðarátökum veraldarsögunnar, og höfðu þeir þá vissulega um margt annað að hugsa.

M. a. vegna sjómanna, sem hafa mjög sveiflukenndar tekjur, að ekki sé talað um togarasjómenn, sem vilja fara í land, og vegna fullorðins fólks, sem er að hætta að vinna, og annarra, sem af einhverjum ástæðum lækka snögglega í tekjum, skora ég á hæstv. fjmrh. að flýta sem mest má verða lagasetningu og framkvæmd staðgreiðslukerfis skatta og hætta að hlusta á úrtölur embættismanna jafnmikið og hingað til hefur verið gert. Við hljótum að geta komið þessu kerfi á á skikkanlegum tíma eins og flestar eða allar nágrannaþjóðir okkar hafa gert.

Ég er sammála því, að einhverja skatta þurfi að leggja á tekjur barna og það verður auðvelt þegar staðgreiðslukerfið er komið á. Þangað til verður að breyta núverandi fyrirkomulagi.

Í fjárlögum fyrir yfirstandandi ár og með ákvörðun skattstiga á síðasta vetri var tekjuskattur einstaklinga hækkaður miklum mun meira en sem nam hækkun tekna milli áranna 1978 og 1979. Álagður tekjuskattur reyndist samt 1.5 milljarði hærri en fjárlögin gerðu ráð fyrir. Með tilliti til þessa og með tilliti til þess, að álagningin nú kemur ekki fyrr en síðast á árinu, þegar aðeins tveir mánuðir eru eftir, þeir mánuðir sem launþegum eru erfiðastir í skauti, styð ég það frv., sem hér er til umr., og legg til að þeir þættir skattkerfisins, sem að börnum snúa, verði lagfærðir fyrir álagningu næsta árs.

Þar við bætist að ég dreg í efa að álagningin, svona seint fram komin, sé lögleg. Samkvæmt lögum ber að leggja á skatta fyrir 30. júní ár hvert. Með brbl. frá 24. júlí s. l. var frestur til álagningar lengdur til 31. ágúst. Álagningin dróst og kom ekki fram fyrr en í október. Mér finnst því allt mæla með því, að það frv., sem hér er til umr. verði samþykkt.

Flm. (Halldór Blöndal): Herra forseti. Ég vil aðeins vekja athygli á þrem höfuðatriðum þessa máls.

Hæstv. fjmrh. sagði í ræðu sinni að auðvitað hefði þessi skattlagning, barnaskattlagningin, þurft að eiga sér stað ásamt annarri skattlagningu á miðju sumri, og hann tók undir að óheppilegt væri að hún skyldi hafa orðið svo síðla sumars. Þar með viðurkennir hann í raun það höfuðatriði míns máls, að hér hafi mistök átt sér stað, og það er mín skoðun, að ef mistök eigi sér stað sé nauðsynlegt að reyna að leiðrétta þau.

Hv. 3. þm. Austurl., Halldór Ásgrímsson, lagði á það áherslu í ræðu sinni að sér fyndist litlu máli skipta tekju-

þörf ríkisins í þessu sambandi. Það er ekki lítið atriði, en á hinn bóginn hygg ég að þótt þessar fjárhæðir skipti ríkið ekki miklu geti það í einstökum tilvikum skipt heimilin mjög miklu.

Að síðustu vil ég svo minna á það, að í „Beinni línu" komst hæstv. forsrh svo að orði fyrir skömmu, með leyfi hæstv. forseta:

„Varðandi barnaskattana, þá var sem sagt gerð sú breyting með þessum skattalögum frá 1978 að leggja ekki tekjur barnanna við tekjur foreldra, heldur skattleggja þau sérstaklega. Þó að sums staðar hafi verið gefið í skyn, eins og t. d. á Alþ. í dag, að þetta sé skattastefna núv. ríkisstj. sem komi fram í þessu, þá er þetta alrangt. Núv. ríkisstj. hefur ekki komið þessu á. Þetta eru skattalögin frá 1978. Þetta ákvæði um barnaskattana verður auðvitað að endurskoða og því verður að breyta."

Svo mörg voru þau orð. Þar sem hæstv. forsrh. hefur láðst að leggja fram frv. í samræmi við skoðun sína og orð um að barnaskattarnir verði lagðir niður á þessu ári hef ég gert það í hans stað, tekið af honum ómakið. Ég vænti þess, að hann og ríkisstj. hans sjái sér fært að láta málið fá skjóta og góða meðferð á Alþingi.

Ég vil svo, herra forseti, leggja til að þessu frv. verði vísað til fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Rannsóknir í þágu atvinnuveganna, frv. (þskj. 54). — 1. umr.

Flm. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Í Austurlöndum nær hófst fiskrækt í sjó löngu fyrir upphaf tímatals okkar og var þá aðallega um ostrurækt að ræða. Á dögum rómverska heimsveldisins fluttist ostruræktin til Vesturlanda. Kínverjar hafa og stundað fiskrækt í þúsundir ára og rækta nú u. þ. b. 3 millj. tonna árlega. Svipað má segja um fleiri lönd í Suðaustur-Asíu og reyndar víðar um heim.

Í Kína fer ræktunin aðallega þannig fram, að eldistjarnir eru grafnar í votlendi við strendur og þar eru seiðin alin upp fyrstu vikurnar eftir hrygningu eða þar til þau komast af kviðpokaskeiðinu. Þá eru þau flutt yfir í aðrar tjarnir þar sem áður er búið að ala svif, þörunga, orma og annað heppilegt æti. Þar vex fiskurinn upp í hæfilega markaðsstærð.

Í Evrópu byrjaði þýskur maður, Jacobi, að rækta vatnafiska um miðja 18. öld. Við fráfall hans lagðist starfsemin niður og gleymdist eða svo gott sem þar til franskur maður, Remy, hóf hana til vegs og virðingar nær hundrað árum síðar eða rétt fyrir miðja 19. öld. Síðan hefur ræktun vatnafiska breiðst út um allan heim.

Hér á landi tóku menn að rækta bleikju og urriða í Mývatni um síðustu aldamót og náðu fljótlega allgóðum árangri. Þróunin síðustu áratugina hér á landi hefur þó aðallega beinst að eldi laxaseiða sem ýmist er sleppt í árnar hálfs árs gömlum, sumaröldum seiðum, eða eins og hálfs árs gömlum, gönguseiðum. Árangur þessarar starfsemi er góður. Það sýnir best stöðugt vaxandi laxagengd í þeim ám sem ræktaðar hafa verið á þennan hátt.

Á allra síðustu árum hafa menn gert tilraunir hér á landi til að rækta og ala upp lax í sjó þar til hann nær markaðshæfri stærð. Þetta hefur t. d. verið gert á Austfjörðum með athyglisverðum árangri, þótt sjór sé þar mun kaldari en t. d. við suðurströndina, en sjávarhiti hefur afgerandi áhrif á vaxtarhraða fisks. Nú síðast hafa verið gerðar tilraunir í sömu átt í Grindavík og víðar og lofa þær mjög góðu.

Á þessu sviði er mikill akur óplægður hér á landi. Norðmenn rækta nú þegar lax og silung á þennan hátt í svo stórum stíl að ársframleiðslan er 7000 tonn, en heildarlaxveiðar okkar Íslendinga eru um 250 tonn á ári. Að því er best verður séð er aðstaða okkar til slíkrar ræktunar lítt eða engu verri en Norðmanna. Á þessu sviði gætum við hafið framleiðslu sem gæfi af sér milljarða króna í útflutningstekjur árlega.

Ræktunin gæti sem best farið fram í fjörðum og víkum þar sem hluti ætisins væri svif og önnur áta í sjónum. Svo má nota fiskúrgang og loðnu eftir því sem hagkvæmt reynist, enda má talsverðu til kosta þegar um dýran fisk eins og lax og silung er að ræða. Einnig mætti nota vötn og tjarnir við ströndina sem hafa greiðan aðgang til sjávar eða þar sem auðvelt er að dæla upp ferskum og áturíkum sjó, að ekki sé talað um þar sem hita mætti sjóinn með jarðhita. Þar sem tjarnir eru ekki til frá náttúrunnar hendi má auðveldlega búa þær til. Það mætti t. d. gera við suðurströndina þar sem sjórinn er heitastur og því best fallinn til fiskræktar.

Þótt þeir þættir fiskeldis, sem ég hef nú drepið á, gætu innan fárra ára haft mjög mikla efnahagslega þýðingu fyrir þjóðarbúið skiptir fiskeldi í hafinu umhverfis landið, svoköllað hafbeit, þó margfalt meira máli, varðar sjálfa efnahagslega undirstöðu þjóðfélagsins.

Lengi vel var álitið að viðkoma helstu fiskistofna væri slík, að veiðar skiptu litlu sem engu máli um afkomu þeirra. Á síðustu áratugum hefur þekking manna í þessum efnum aukist mjög og nú vita allir að stofnar helstu nytjafiska okkar eru í hættu ef svo heldur sem horfir með veiðar. Reynt er að hlífa fiskstofnum með ýmsum aðgerðum sem flestar beinast að því að friða uppeldisstöðvar og koma í veg fyrir seiðadráp í stórum stíl og veiðar á smáfiski. Síðustu árin hafa þorskveiðar verið bannaðar tíma og tíma og hámark sett á veiðar ýmissa fiskstofna. Allt er þetta góðra gjalda vert og bráðnauðsynlegt og lengra þarf að halda á þeirri braut.

Þrátt fyrir stóraukna þekkingu á þessum málum og þótt allir viðurkenni nú að sumir fiskstofnar okkar séu í verulegri hættu hefur svo til ekkert verið gert til ræktunar nytjafiska í sjó, ekkert verið gert til að hjálpa klaki, þrátt fyrir mikla og góða reynslu í þessum efnum hvað vatnafiska áhrærir og nýja reynslu Norðmanna í sjófiskarækt.

Vitað er að skilyrði í sjónum við strendur landsins fyrstu vikur og mánuði eftir hrygningu skipta algerlega sköpum um hvort hrygning skilar góðum árangri eða ekki, en það hefur afgerandi áhrif á aflabrögð 4—8 árum síðar. Ástæður þessa eru aðallega taldar vera sveiflur á hita, seltu og svifi í sjónum, auk veðurfars o. fl.

Þorkseiði leita botns 5 mánaða gömul og eru þá úr mestri hættu. Norðmenn telja að 60% þeirra seiða, sem ná 5 mánaða aldri, nái því að verða kynþroska, nái m. ö. o. þriggja ára aldri. Talið er að tíu seiði eða minna af hverri milljón eggja, sem út klekjast, nái 5 mánaða aldri í sjálfri náttúrunni. Þetta er þó mjög breytilegt frá ári til árs. Giskað hefur verið á að u. þ. b. 400 millj. þorkseiða nái þessum áfanga hér við land í meðalhrygningarári. Í

bestu árum, fjórða til fimmta hvert ár að jafnaði, er þessi tala margfalt hærri, en getur í verstu árum farið niður fyrir 100 millj. seiða.

Síðustu tvo áratugina, eftir að fullkomnari rannsóknaraðferðir og tækni komu til sögunnar, er meðaltal þeirra þorska sem árlega ná þriggja ára aldri hér við land, 230 millj. og munur á bestu og verstu árum allt að 5:1. Hér við land hagar þannig til að fiskur, sem klekst út við landið, er þar allt sitt æviskeið, nema hvað lítið eitt af seiðum berst til Grænlands og kemur gjarnan þaðan aftur sem fullvaxta fiskur til að hrygna við Ísland. Við höfum fengið full yfirráð yfir 200 mílna fiskveiðilögsögunni og njótum því svo gott sem einir alls þess árangurs sem af fiskrækt verður.

Bjarni heitinn Sæmundsson, okkar fyrsti fiskifræðingur, kynnti sér á sínum tíma vel reynslu annarra þjóða af ræktun nytjafiska í sjó, en margar þjóðir höfðu þá gert allvíðtækar tilraunir í þá átt og byrjuðu þær tilraunir reyndar fyrir aldamótin. Árið 1924 ritaði Bjarni stórmerka grein um málið í Andvara. Þar bendir hann á að reynsla annarra þjóða væri í stórum dráttum sú, að allgóður árangur var talinn hafa náðst af ræktun staðbundinna fiskstofna sem auðvelt var að fylgjast með. Erfiðara var að dæma um árangur af ræktun göngufisks. Sumir töldu hann góðan, aðrir töldu það ósannað með öllu. Nokkrir þeirra, sem töldu árangur fiskræktar lítinn, lögðu áherslu á friðun uppeldisstöðva og voru hræddir um að fiskrækt slævði áhuga á friðun.

Hafa ber í huga að á þessum tíma var talið ósannað að veiðar hefðu nokkur áhrif á afkomu helstu fiskstofna og að fiskmagnið væri allt að því ótakmarkað, t. d. var það álit Kanadamanna. Einnig verður að hafa í huga að allar ræktunarstöðvar sjávarfiska, sem þá voru starfræktar, slepptu seiðum um leið og þau komust af kviðpokaskeiðinu, en fyrstu dagar og vikur þar á eftir, ásamt kviðpokaskeiðinu sjálfu, eru sá tími sem sker úr um hvort hrygning heppnast eða ekki. Bjarni benti á að ef ná ætti góðum árangri í fiskrækt þyrfti að ala seiðin upp þar til þau kæmust á þann aldur að þau leituðu botns fimm mánaða gömul, en út á það gengur það frv. sem hér er til umr. Bjarni komst að þeirri niðurstöðu árið 1924 að þá væri ekki tímabært kostnaðar vegna að koma á fót fiskræktarstöð hér við land.

Margt hefur breyst síðan. Þá veiddu útlendingar þrisvar til fjórum sinnum meira við Ísland en Íslendingar sjálfir og hefði ræktun þá komið útlendingum að meira gagni en okkur sjálfum, eins og Bjarni Sæmundsson benti á. Þá benti heldur ekkert til þess, að helstu fiskstofnar hér við land færu minnkandi. Þvert á móti fór afli vaxandi frá ári til árs með vaxandi sókn. Nú er öldin önnur. Nú vitum við hvað hefur gerst og hvað er að gerast. Nú vitum við að ekki verður lengur til setunnar boðið með róttækar ráðstafanir fiskstofnunum til bjargar.

Í grg. frv. er bent á hagkvæmni aukins laxeldis, en til þess þáttar fiskeldis nær þetta frv. þó ekki, enda heyra þau mál undir önnur lög en hér er lagt til að breyta. Í þessu frv. er lagt til að Hafrannsóknastofnunin sjái um allar framkvæmdir, enda hefur hún mörgum og færum fiskifræðingum á að skipa, og eiga þeir greiðan aðgang að norskum fiskifræðingum og öðrum sem mest vinna að þessum málum.

Í grg. frv. er í mjög grófum dráttum bent á leiðir til að undirbúa og koma á fót hafbeit þorsks og annarra nytjafiska í stórum stíl.

Þótt fiskeldi hafi verið stundað í þúsundir ára og í mjög vaxandi mæli hin síðari ár hefur sú starfsemi fyrst og fremst beinst að eldi staðbundinna fisktegunda og sjávardýra annars vegar og hins vegar að eldi dýrmætra fisktegunda í markaðsstærð í afgirtum svæðum. Er þá átt við lax, silung, ákveðnar kolategundir og nú síðast hafa Norðmenn hafið undirbúning lúðueldis á þennan hátt. Um hafbeit sjávarfiska í stórum stíl hefur enn ekki verið að ræða, þótt öll þekkjum við góðan árangur hafbeitar að því er lax varðar.

Hin síðustu 3—4 ár hafa Norðmenn einbeitt sér að rannsóknum og undirbúningi að eldi þorsks í stórum stíl, enda þorskur þýðingarmesta fisktegund Norðmanna eins og Íslendinga. Norðmenn eru bæði með í huga eldi í markaðsstærð, en þó miklu fremur með í huga hafbeit í stórum stíl, en út á slíkt fiskeldi gengur það frv. sem hér er til umr.

Norðmenn haga rannsóknum sínum þannig, að þeir ala upp 100 þorskhrygnur til undaneldis. Eldi þeirra er engum erfiðleikum háð. Sjúkdómar þekkjast varla, öfugt við það sem á við um laxinn. Vandinn hefur fyrst og fremst verið að finna heppilegt æti fyrir seiðin þegar þau koma af kviðpokaskeiði nokkurra vikna gömul. Yfir 90% eggjanna í rannsóknarstöðinni klekjast út, en flest þeirra hafa dáið fljótlega eftir klak.

Með stanslausum tilraunum hefur Norðmönnum tekist að draga verulega úr þessum seiðadauða og tilraunir, sem gerðar voru á s. l. ári og reyndar 3-4 síðustu árum, marka tímamót í þessum efnum. Í fyrra var reyndur nýr búnaður til að safna æti úr sjónum og til að ala seiði í fram yfir kviðpokaskeiðið. 1% seiðanna lifði til 5 mánaða aldurs. Vísindamenn eru vissir um að mun betri árangurs sé að vænta. Bæði var, að við þessar síðustu tilraunir, sem fyrst og fremst voru gerðar til að prófa nýja tækni, vantaði um tíma æti fyrir seiðin og drápust þá mörg þeirra og sjórinn við tilraunastöðina var þennan vetur miklu kaldari en í meðalári, fór alveg niður í 0,5° C.

Norskir vísindamenn telja að þeir hafi komist yfir þá erfiðleika sem hingað til hafa af flestum verið taldir óyfirstíganlegir. Vísindamenn annarra þjóða, sem fylgst hafa með tilraunum Norðmanna, eru á sama máli. Norðmenn telja sig nú geta framleitt fimm mánaða þorskseiði í mjög stórum stíl, hvort sem vill til eldis í markaðsstærð eða til hafbeitar. Þótt miðað sé við að aðeins 1% seiðanna lifi til fimm mánaða aldurs, en Norðmenn fullyrða að þessi tala eigi eftir að stórhækka, fást 30—40 þús. fimm mánaða gömul þorskseiði undan hverri hrygnu árlega eða a. m. k. þúsund sinnum meira en á sér stað í sjálfri náttúrúnni. Norðmenn telja að 60% þeirra fimm mánaða gömlu þorskseiða, sem sleppt er í hafið muni ná kynþroskaaldri, þ. e. þriggja ára aldri. Hver hrygna, sem alin er til undaneldis, gæti því gefið af sér allt að 18 þús. fullvaxinna fiska árlega og á sú tala eftir að hækka verulega að mati vísindamanna.

Haustið 1976 slepptu Norðmenn í hafið fimm mánaða gömlum merktum þroskseiðum. Þeir hafa nú þegar á fyrsta veiðiári fengið yfir 10% merkjanna til baka. Hafa verður í huga að ekki koma öll merki af veiddum fiskum til skila og mörg ár enn er eftir að veiða úr árganginum frá 1976. Allt bendir þetta til þess, að vísindamenn hafi rétt fyrir sér þegar þeir segja að 60% þeirra seiða, sem

sleppt er í hafið fimm mánaða gömlum, nái kynþroskaaldri.

Dag Möller, yfirmaður þessara rannsókna við tilraunastöð Norðmanna í Austevoll nálægt Bergen, býður íslenskum fiskifræðingum og öðrum hér á landi, sem áhuga hafa á þessum málum, aðgang að öllum sínum tilraunum og býðst til að veita allar upplýsingar sem hann hefur yfir að ráða. Hann telur að fiskveiðihagsmunir Norðmanna og Íslendinga séu svo samtvinnaðir að þeir eigi að hafa fulla samvinnu um þessi mál.

Fyrsta skrefið, ef þetta frv. verður samþykkt, verður það, að íslenskir fiskifræðingar kynna sér vel reynslu Norðmanna og annarra þjóða, sem að þessum málum hafa unnið, og nota reynslu þeirra til að hanna tilrauna- og eldisstöð hér á landi. Strax á næstu vertíð gætu hafist undirbúningsrannsóknir við Náttúrugripasafn Vestmannaeyja.

Ef gengið er út frá því, að 1% seiða nái fimm mánaða aldri, en Norðmenn telja, eins og áður segir, að það hlutfall eigi eftir að stórhækka, þyrfti u. þ. b. 10 000 hrygnur eða 50—100 tonn af þorski til að fá 400—500 millj. fimm mánaða gömul seiði eða álíka mikið og meðalhrygningarárangur gefur af sér í sjálfri náttúrunni. Þetta er vel framkvæmanlegt. Auðvitað verða ýmsar rannsóknir og tilraunir að fara fram áður en hafist verður handa um stórframleiðslu, en reynsla Norðmanna mun auðvelda okkur undirbúning mjög.

Birgir Hermannsson ritstjórnarfulltrúi Ægis, blaðs Fiskifélagsins, fór á þessu ári í stutta heimsókn í tilraunastöð Norðmanna í Austevoll. Hann kynnti sér starfsemi stöðvarinnar, m. a. tilraunirnar með þorskeldi. Þetta skrifar hann í 9. hefti Ægis m. a. með leyfi forseta:

„Hvað sem öllu líður, þá er það orðin staðreynd, að í framtíðinni munu menn grípa æ meir inn í vistkerfi sjávarins og koma náttúrunni til hjálpar þar sem hún fer halloka vegna ágengni okkar mannanna."

Það er einmitt þetta sem flm. þessa frv. vilja beita sér fyrir að strax verði hafist handa um hér við land. Það er tilgangur þessa frv. að hrinda af stað fiskeldi í stórum stíl og leitast þannig við að auka fiskgengd verulega í framtíðinni og leitast við að tryggja að engir hrygningarárgangar misfarist.

Það er eindregin skoðun flm. þessa frv., að efnahagsleg afkoma íslensku þjóðarinnar í framtíðinni byggist öðru fremur á ræktun nytjafiska í sjó. Stærstu framfaraspor mannkyns hafa verið stigin þegar veiðimennskan hefur vikið fyrir hjarðmennsku, og svo mun einnig verða um fiskrækt í sjó.

Páll Pétursson: Herra forseti. Bara örfá orð.

Mig langar til að lýsa velvilja mínum til þessa máls. Ég held að þetta sé merkilegt mál, og ég fagna því, að það skuli hafa komið fram. Vafalaust verður þetta einhvern tíma í framtíðinni að raunveruleika og gagnlegur hluti í þjóðarbúskap okkar Íslendinga.

Flm. er mikið í hug. Það gætir mikillar bjartsýni, bæði í grg. og í framsöguræðu, ef til vill fullmikillar bjartsýni. En það er líka nauðsynlegt að hafa trú á hlutunum og kjark til að nefna þá.

Við höfum unnið nokkurt starf að ræktun laxins og náð á því verkefni nokkrum tökum, í sumum greinum verulegum tökum, og sá árangur kemur til með að skila sér enn betur í framtíðinni. Ég vil minna á það hér á þessum stað, að við þurfum nauðsynlega að vinda bráðan bug að því að efla Fiskræktarsjóð til þess að sá árangur megi verða betri.

Að lokum vil ég einungis minna á að að sjálfsögðu þyrfti að framkvæma hér mjög vandaðar rannsóknir á þessu sviði. Ég sé einnig ástæðu til að nefna, að ég held að það sé mjög mikilvægt að gæta náttúruverndarsjónarmiða mjög eindregið við undirbúning að þessu máli.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til sjútvn. með 23 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 78). — 1. umr.

Flm. (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Við tveir þm., ég og hv. 7. landsk. þm., Halldór Blöndal, flytjum á þskj. 78 frv. til laga sem felur í sér breyt. á þeim lögum um tekju- og eignarskatt sem samþ. voru á Alþ. í febr. s. l., þ. e. því ákvæði, að heimild til að draga vexti frá tekjum, áður en álagning fer fram, var minnkuð verulega. Vaxtafjárhæðin er í frv. hækkuð úr 1.5 millj. kr. fyrir einstakling í 4 millj. kr. og tvöfalt hærri upphæð fyrir hjón. Þá gerir frv. ráð fyrir að fella niður skilyrði sem lögin frá því í febr. hafa að geyma, eins og ég mun nánar skýra hér á eftir.

Í marga áratugi hefur það ákvæði verið í skattalögum, að skattgreiðendur gætu dregið frá tekjum sínum vexti sem þeir hafa greitt á árinu. Ákvæði þetta var sett inn í skattalög fyrst og fremst til að auðvelda húsbyggjendum það mikla átak sem það er að eignast eigið húsnæði. Þetta var eitt af hjálpartækjum þjóðfélagsins til að örva fólk til að eignast eigin íbúð.

Það er eitt af sérkennum íslensks þjóðfélags, hve íbúðaeign er almenn hér á landi. Yfir 90% íbúða í Reykjavík, svo að dæmi sé tekið þaðan, eru í eigu þeirra fjölskyldna sem í þeim búa, og víða um land er þessi tala 100%.

Ákvæði um vaxtafrádrátt við skattlagningu hefur aðstoðað ófáa yngri sem eldri við að eignast húsnæði. Með því ákvæði hefur þjóðfélagið létt skattabyrðina á því erfiða tímabili þegar greiðslur eru þyngstar vegna íbúðaröflunar.

Það skilyrði hefur að vísu ekki verið í lögum, að lánin séu notuð til öflunar húsnæðis, þannig að önnur lán, sem almenningur tekur, hafa einnig fallið hér undir. Það hefur að sjálfsögðu komið sér vel þegar fólk þarf að taka lán vegna ákveðinna þarfa, t. d. sjúkdóma, skyndilegra áfalla af einhverjum ástæðum og þar fram eftir götunum.

Þetta ákvæði var stundum gagnrýnt fyrir að það kæmi sérstaklega til góða svonefndum skuldakóngum, en þá er átt við menn sem hafa sérstaka aðstöðu til að afla sér mikilla lána til að auka eignir sínar og láta síðan verðbólguna vinna með sér til óeðlilegrar eignaaukningar. Vafalaust eru dæmi um slíkt, og ég vil taka fram að ég hef enga sérstaka samúð með slíkum mönnum. Ef á heildina er litið er það þó allur almenningur sem hér hefur notið góðs af. Þó að einhverjum hafi tekist að spila á kerfið eru það ekki rök fyrir því að leggja kerfið niður eða takmarka það svo sem gert er ráð fyrir í núgildandi lögum um þetta efni. Þó að vitað sé að einhver brögð eru að því að almannatryggingakerfið sé misnotað, að einhverjir

geri sér leik að því að spila á það, dettur engum í hug að leggja niður almannatryggingar, svo dæmi sé tekið af öðru sviði þjóðfélagsins.

Þessari áratugagömlu reglu um ótakmarkaðan vaxtafrádrátt, reglu sem hefur skapað sér hefð í hugum fólks, var breytt með þeim lögum sem sett voru hér á Alþ. í febr. s. l., og þessi nýja regla á að koma til framkvæmda við álagningu á næsta ári þegar lagt verður á tekjur þessa árs.

Til að glöggva sig aðeins á því, hver voru meginrökin fyrir þessari nýju reglu, vil ég — með leyfi forseta — lesa upp úr grg. þeirri sem fylgdi frv. þar sem fjallað er um þetta atriði, en þar segir:

„Með lögum nr. 40/1978 var lagt til að verulegar breytingar yrðu varðandi verðbreytingar í atvinnurekstri, en hins vegar voru ekki verulegar breytingar á fjármagnstekjum og kostnaði manna utan atvinnurekstrar. Þar skyldu vaxtagjöld frádráttarbær að fullu, en vaxtatekjur að fullu skattskyldar með mikilvægri undantekningu varðandi sparifé. Af þessu leiðir gífurlegt ósamræmi milli einstaklinga utan rekstrar og aðila í atvinnurekstri.

Slíkt ósamræmi er mjög óheppilegt og skapar tilhneigingu til millifærslu eigna og skulda. Það hefur þótt nauðsynlegt að finna leið til að afnema eða draga úr þessu ósamræmi. Til greina kemur að taka upp hliðstæðar reglur um einstaklinga og lagt er til að gildi um atvinnurekstur. Slík breyting hefði í för með sér geysilega róttækar breytingar á skattabyrði. Sérstaklega snertir slík breyting tilfinnanlega þá er bera mikil vaxtagjöld. Þótt áhrif breytinganna séu mikil í atvinnurekstri koma önnur ákvæði þar á móti. Þar má einkum nefna fyrningu af endurmetnu verði. Í frv. er lagt til að draga úr ósamræminu með öðrum hætti. Tekin er upp sú almenna regla að vaxtatekjur manna utan rekstrar komi ekki til skattlagningar með tilliti til þess að leyfilegir hámarksvextir viðhalda ekki raungildi eigna við núverandi ástand. Einnig er almenna reglan sú að vaxtagjöld verði á sama hátt ekki frádráttarbær. Afnám frádráttarins mundi hins vegar skapa gífurlega erfiðleika hjá þeim aðilum sem eru að komast yfir eigið húsnæði eða eiga það eftir. Hér er því lagt til, þrátt fyrir meginregluna, að vaxtagjöld verði frádráttarbær vegna öflunar eigin húsnæðis innan ákveðinna marka. Þau mörk eru að sjálfsögðu vandfundin. Við ákvörðun slíkra marka verður fyrst og fremst að hafa í huga þann hóp fólks sem verst er sett vegna öflunar eigin húsnæðis og koma þá m. a. eftirfarandi atriði til greina."

Síðan er vikið í grg. að tegund lána og talað sérstaklega um fasteignatryggð lán og lausaskuldir. Þá er í grg. rætt um hámark vaxta- og verðtryggingarfrádráttar og rökstutt að eðlileg mörk séu þau sem síðan voru sett í lögin, 1.5 millj. hjá einstaklingi og 3 millj. hjá hjónum.

Ég ætla ekki að rekja frekar efni grg., en þar voru sem sagt tíunduð rökin fyrir hinni nýju lagareglu um frádrátt vaxta. Við skulum þá aðeins huga að reglunni eins og hún er núna eftir breytinguna frá því í febrúar, og rekja þá miklu galla sem á henni eru.

Fyrir utan það hámark, sem sett er á vaxtafjárhæðir og ég mun ræða nánar síðar, eru skilyrði sett:

Í fyrsta lagi skulu lánin sannanlega notuð til öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota. Oft er auðvelt um slíka sönnun. Húsnæðismálastjórnarlán og lífeyrissjóðslán, sem tryggð eru með veði í nýrri eign, falla auðveldlega hér undir. Margs konar önnur lán, víxla, vaxtaaukalán, lán hjá einkaaðilum og fleira sem oft er í gangi lengi og oft framlengt með nýjum lánum, er erfitt að setja í fljótu bragði í tengsl við húsnæðisöflun. Lán til annarra þarfa falla hér utan við. Hvað með lán vegna skyndilegra efnahagslegra áfalla sem oft koma fyrir í fjölskyldum, t. d. sjúkdóma, læknisferða til útlanda o. s. frv.? Af hverju eiga þau ekki einnig að koma hér undir? Samkvæmt því frv., sem hér liggur fyrir, er það skilyrði fellt niður að sannanlega þurfi að vera um að ræða lán til öflunar húsnæðis. Ég tel að skattstofum sé fengið of mikið vald í þessu efni með því að meta hvort um slíkt lán sé að ræða eða ekki.

Í öðru lagi eru samkv. gildandi lögum núna mismunandi tímamörk eftir tegundum lána. Fasteignaveðskuldir eiga að vera til þriggja ára eða lengur. Undir það falla auðsjáanlega lán húsnæðismálastjórnar og lífeyrissjóða. Fasteignatryggð vísitölulán munu oftast vera til lengri tíma en þriggja ára. Hins vegar munu svonefnd vaxtaaukalán nú yfirleitt vera til styttri tíma en þriggja ára og það færist í vöxt að þau séu ekki fasteignaveðtryggð, heldur tryggð með sjálfskuldarábyrgð ábyrgðarmanna. Ef ekki er um að ræða fasteignaveðtryggð lán til þriggja ára eða lengur kemur hin reglan til. Samkvæmt henni er það skilyrði sett að vaxtagjöld samkvæmt þeim lánum sé aðeins heimilt að draga frá tekjum árið sem húsnæðið er keypt og næsta ár þar á eftir eða, ef um nýbyggingu er að ræða, á næstu fjórum árum talið frá og með því skattári sem bygging er hafin á. Undir þessa reglu kemur mikið af lánum sem almenningur tekur í sambandi við húsbyggingar. Þá má nefna víxillán, stóran hluta vaxtaaukalána og einkalán, t. d. innan fjölskyldu.

Samkvæmt reglunni er um allt of stuttan tíma að ræða. Flestir, sem í húsbyggingum eða íbúðabyggingum standa, eru yfirleitt með slík lán í langan tíma eftir að kaup eru gerð eða bygging hófst. Við þekkjum öll hvernig þetta gengur fyrir sig. Menn taka skammtímalán á mörgum stöðum, nota eitt lánið til að greiða upp annað og þannig fram eftir götunum þangað til jafnvægi er komið á fjármálin að nýju. Það tekur oft mun lengri tíma en tvö eða fjögur ár, eftir því hvort um kaup eða sölu er að ræða, og það jafnvel þótt menn fái bæði húsnæðismálastjórnarlán og lífeyrissjóðslán. Tillagan samkvæmt frv. gerir ráð fyrir að þessi tímamörk falli niður.

Í þriðja lagi er það skilyrði sett, að frádráttur vegna vaxta megi aldrei fara yfir 1.5 millj. kr. hjá einstaklingi og 3 millj. kr. hjá hjónum. Ég tel að hér sé um of lága fjárhæð að ræða. Að vísu kemur 10% frádráttarreglan hér við sögu einnig, þ. e. að menn eiga að velja hvort þeir draga 10% frá tekjum sínum eða nýta vaxtafrádráttarheimildina, frádrátt vegna lífeyrissjóðs, iðgjalda stéttarfélaga, sjúkrasjóða, styrktarsjóða og iðgjald af lífsábyrgð. Í mörgum tilfellum mun vaxtabyrðin þó fara yfir bæði hámark laganna og 10% af tekjum í dag.

Við skulum aðeins athuga vaxtabyrði af nokkrum tegundum lána eins og þau tíðkast á lánamarkaðnum.

Lífeyrissjóðslán: Nú eru kjör á lífeyrissjóðslánum allmismunandi eftir sjóðum og einnig eftir því, á hvaða tíma slík lán eru tekin. Ég skal nefna dæmi úr lífeyrissjóði sem ég þekki allvel til, þ. e. Lífeyrissjóði starfsmanna Reykjavíkurborgar, en þar mun vera í meginatriðum um að ræða sömu reglur og hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Þar eru aðallega í gangi þrjár tegundir lána: Í fyrsta lagi eldri lán með bundna vexti frá 7% upp í 19%.

Þar er um að ræða tiltölulega lágar fjárhæðir sem skipta ekki verulegu máli í þessu sambandi. Í öðru lagi eru það lán sem veitt voru á árunum 1978 og 1979 og eru með hæstu lögleyfðu fasteignavöxtum, eins og þeir eru á hverjum tíma, en núna eru þeir 38%. Þessi lán voru að upphæð 1.5 millj. kr. til 2.3 millj. eftir því hvenær þau voru tekin á þessu tímabili. Ársvextir af þessum lánum eru því algengir á þessu ári allt að 874 þús. kr. af 2.3 millj. kr. lánum. Þriðja tegund lána frá þessum sjóði er lán frá árinu 1980 með 2% vöxtum, en fullri lánskjaravísitölu á vexti og afborganir eins og hún er á gjalddaga. Lánsfjárhæð er 4—6.5 millj. eftir því hvenær lánið er tekið. Þessi lán eru til 25 ára og vaxtaþátturinn fyrstu árin því ekki mjög þungbær, en þyngist þegar á líður.

Við skulum því næst athuga húsnæðismálastjórnarlánin, en þau lán eru mjög mismunandi líka, bæði að því er fjárhæð snertir svo og vaxtakjör vegna þess að þau hafa verið að breytast í tímans rás. Ég skal nefna þrjú dæmi um lán, sem ég hef fengið hjá Húsnæðisstofnun ríkisins.

Það er í fyrsta lagi lán til nýbyggingar, veitt árið 1977, að fjárhæð 2.7 millj. kr. Vaxtagreiðslur og greiðslur vísitöluálags, eins og þær eru greiddar á gjalddaga í ár, eru: Vextir 243 þús., vísitöluálag 166 þús., samtals 409 þús. kr.

Í öðru lagi eru lán til kaupa á eldri íbúð, veitt 15. nóv. 1978, að upphæð 1.8 millj. kr. Gjalddagi er 15. nóv. 1980, vextir 170 þús., vísitöluálag 127 þús., samtals 297 þús. kr.

Í þriðja lagi er lán til nýbyggingar veitt 1978 að fjárhæð 3.6 millj. Gjalddagi var núna 1. maí 1980 og á þeim gjalddaga áttu menn að greiða í vexti 341 þús. og í vísitöluálag 182 þús. eða samtals 523 þús. kr.

Við skulum þá aðeins víkja að almennum bankalánum, en núna eiga menn aðallega kost á þrenns konar lánum.

Það eru í fyrsta lagi víxillán til fjögurra mánaða. Lengri tími mun almennt ekki tíðkast ef um víxillán er að ræða. Vextir eru 34%. Það er því fljótt að koma upp í háar tölur í ársvexti af víxlum. Af hverri millj. greiða menn sem sagt 340 þús. kr. í ársvexti.

Í öðru lagi eru það vaxtaaukalán. Almenna reglan þar er lánstími í 2—3 ár og vextir 45%, en nú skiptast þeir í verðbótaþátt og grunnvexti. Vaxtagreiðslur af milljón króna láni til þriggja ára fara yfir 1 millj. samtals sem skiptist á þessi 3 ár.

Í þriðja lagi eiga menn kost á vísitölulánum til 4—6 ára. Þau lán eru oftast fasteignatryggð, verðtrygging miðast við lánskjaravísitölu og vextir eru 2—2.5%. Ef maður tekur dæmi af einnar millj. kr. láni til fjögurra ára og reiknar með 40% jafnri árlegri hækkun vísitölu og 2% vöxtum er ein millj. kr. endurgreidd á þessu tímabili með samtals 2.6 millj. kr., þ. e. 1.6 millj. eru vextir og verðbætur sem dreifast á þessi 4 ár og með meiri þunga eftir því sem líður á lánstíma.

Þessi dæmi af nokkrum tegundum lána sýna þá gífurlegu vaxta- og verðtryggingarbyrði sem húsbyggjendur þurfa að taka á sig.

Menn geta sjálfir stillt þessum dæmum upp á ýmsa vegu til að reyna að finna úr vaxtabyrði hvers einstaklings. Það mun ég ekki gera hér, enda mismunandi eftir einstaklingum. Hitt vil ég fullyrða, að mjög margir fara langt upp fyrir hámarksfrádrátt lagana eins og þau eru nú. Eg nefni sem dæmi að eitt tiltölulega lítið lán eins og ég gat um áðan, sem á sínum tíma var upp á 2.6 millj. kr., er núna 2.3 millj. kr. Það ber vexti í ár upp á 874 þús. kr. — Við leggjum því til að þetta hámark sé hækkað verulega eða í 4 millj. kr. fyrir einstaklinga og 8 millj. kr. fyrir hjón.

Nú kunna einhverjir að spyrja: Er það ekki tekjuhæsta fólkið sem getur greitt svo háa vexti, og er þessi regla þá ekki fyrst og fremst sett fyrir það? Það tel ég ekki vera vegna þess íslenska fyrirbæris, að menn eru með mjög mörg skammtímalán í gangi, þeir sem standa í húsbyggingum, sem tekin eru hvert af öðru. Eitt lánið er notað til að greiða niður annað og þannig koma háar vaxtagreiðslur á hvert ár meðan þetta tímabil varir — vaxtagreiðslur sem raunverulega standa í engu sambandi við rauntekjur manna á þessum tíma.

Nú kunna menn að spyrja: Er þetta ekki of seint fram komið? Því flutti þm. ekki þessa ræðu í febrúar í fyrra þegar þessi ákvæði voru sett í lög, og því var þessi brtt. ekki flutt þá? Ég skal viðurkenna að þetta er réttmæt spurning og ég skal leitast við að svara henni og tel að svarið sé tvíþætt.

Í fyrsta lagi hefur hraði verðbólgunnar vaxið og vextir hækkað hröðum skrefum. Hin lífsnauðsynlegu lán eru að verða venjulegu fólki ofviða. Það dregur úr möguleikum alls venjulegs fólks til að eignast eigin íbúð. Það er því hætta á að megingrundvöllur íslensks efnahagslífs, eignarréttur eigin íbúða, sé að bresta, — hætta á því að fólk verði nauðugt viljugt knúið inn í kerfi svokallaðra félagslegra framkvæmda í íbúðahúsabyggingum. Þær eru góðar og góðra gjalda verðar svo langt sem þær eiga að ná, en ég tel að félagslegar byggingar eigi ekki að verða aðalreglan. Þá hefur skattabyrðin að öðru leyti aukist meira en búast mátti við þegar þessi nýja regla tekur gildi um áramót. Ef henni verður ekki breytt hækkar skattbyrðin enn meira.

Í öðru lagi tel ég að Alþ. hafi gert mistök í febrúar s. l. og þau mistök skal ég fúslega taka á mínar herðar, eins og aðrir þm. verða að gera. Ég hygg að þm. hafi almennt ekki gert sér næga grein fyrir hvað fólst í þessu ákvæði. Það er fróðlegt að huga að umr. um þetta mál hér fyrr á árinu þegar þetta var til umr. Þetta ákvæði var nánast aldrei nefnt á nafn í umræðum um skattalögin er þau voru hér til meðferðar.

Sannleikurinn er sá, að ég hygg að það sé allt of algengt á hinu háa Alþingi að menn geri sér ekki næga grein fyrir afleiðingum einstakra samþykkta sem hér eru gerðar. Þingið fær til meðferðar hin flóknustu mál.

Hvert frv. á fætur öðru um hin sérhæfðustu málefni er lagt fram á hinu háa Alþingi. Frv. þessi eru oft samin af her sérfræðinga, ráðh. setja stolt sitt í að koma viðkomandi málum fram, og þm. standa ekki nógu fast í ístaðinu. Yfir þjóðina er dengt löggjöf sem hefur fallegt yfirbragð, lætur vel í eyrum ef um er rætt og ekki síst þegar silkipappírinn er hafður utan á. Í rauninni er hér oft um mikinn óskapnað að ræða og illframkvæmanleg lög sem hlaða utan á báknið og auka útgjöld ríkis og almennings.

Ég tek sem dæmi um slíka hraðsuðulöggjöf bæði frv. um Húsnæðisstofnun ríkisins og frv. um hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum á s. l. vori, sem hefðu þurft að fá miklu betri meðferð. Reyndar var frv. um hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum samþ. hér með ákveðnum fyrirvörum því að menn sáu fyrir hversu mikill óskapnaður þetta yrði þegar til framkvæmdanna kæmi.

Ég verð að viðurkenna að ég óttast þennan hátt á starfi

hins háa Alþingis og tel að einmitt það mál, sem hér er til umr., sé gott dæmi um hvernig mál fara hér raunverulega í gegn án þess að menn hugi nægilega að afleiðingunum. En þetta var útúrdúr.

Meginefni þessa máls er að reglan um vexti til frádráttar frá tekjum, áður en skattur er lagður á, verði endurbætt frá því sem er. Við gerum ráð fyrir að það sé sett ákveðið hámark til þess að menn geti ekki gegndarlaust safnað skuldum og borgað vexti sem komi þeim til góða við skattálagningu, en ég tel að hér sé um að ræða mikið hagsmunamál almennings, ekki síst ungs fólks sem stendur í því stóra átaki í sínu lífi að koma sér upp þaki yfir höfuðið.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til fjh.- og viðskn. og 2. umr.

Umr. frestað.

Neðri deild, 14. fundur.

Mánudaginn 10. nóv., að loknum 13. fundi.

Málefni Flugleiða, frv. (þskj. 34). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég leyfi mér að mæla fyrir frv. til l. um málefni Flugleiða hf. Frv. þetta hefur verið afgreitt frá hv. Ed.

Eins og kunnugt er er hér um að ræða að samandregin eru í eitt frv. ýmis atriði sem varða fyrirgreiðslu við Flugleiðir hf. vegna þeirra erfiðleika sem félagið stendur nú frammi fyrir. Eins og mönnum er kunnugt er hér um ýmsar tegundir fyrirgreiðslu að ræða sem ekki eru allar sama eðlis. Má segja að fyrirgreiðsla þessi sé fyrst og fremst í þrennu lagi.

Í fyrsta lagi — og má segja að það sé aðalatriði málsins — er lagt til í 3. gr. frv. að ríkisstj. sé heimilt, gegn þeim tryggingum sem hún metur gildar, að veita Flugleiðum sjálfskuldarábyrgð á lánum, sem nema allt að 12 millj. Bandaríkjadala, til að bæta rekstrarfjárstöðu fyrirtækisins. Þetta er stærsta og mesta fyrirgreiðslan sem fólgin er í þessu frv. Hér er lagt til að það verði komið undir mati ríkisstj., eftir að upplýsingar liggja fyrir um veðhæfni eigna fyrirtækisins, hvort þessi fyrirgreiðsla verður veitt að öllu leyti eða að hluta til. Þessi athugun er nú langt á veg komin og niðurstaða hennar ætti að geta legið fyrir innan tíðar. Ég tel því líklegt að þegar hv. deild hefur lokið athugun sinni á þessu frv. og afgreitt málið ætti ekki að líða langur tími þar til endanleg afstaða verður tekin til þess, hvað hægt er að réttlæta að gengið sé í ábyrgðir fyrir háum fjárhæðum í þessu sambandi.

Í öðru lagi er um það að ræða, að ríkisstj. veiti Flugleiðum sjálfskuldarábyrgð á láni sem nemur allt að 3 millj. Bandaríkjadala eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í íslenskum krónum, en þetta er fyrirgreiðsla sem er í takt við þá fyrirgreiðslu sem stjórnvöld í Lúxemborg hyggjast veita. Hér er fyrirgreiðslan þó í nokkuð öðru formi að því leyti, að gert er ráð fyrir að tekið sé lán í þessu skyni og það greitt Flugleiðum hf. á næstu mánuðum, en lánið sé gert upp, þegar þar að kemur, með tilliti til rekstrarafkomu fyrirtækisins á ofangreindu tímabili og að teknu tilliti til þess, hverju lendingargjöld, leigugjöld vegna lendingaraðstöðu á Keflavíkurvelli, tekju- og eignarskattur, launaskattur og önnur gjöld, sem félagið greiðir á réttum gjalddögum og rekja má til Norður-Atlantshafsflugsins, hafa numið á yfirstandandi ári eða á yfirstandandi rekstrartímabili.

Í þriðja lagi er tekið mið af því hvaða tekjur telja má að ríki og sveitarfélög hafi haft undanfarin ár af flugi á umræddri flugleið.

Ég hjó eftir því þegar málið var til umr. í hv. Ed., að þm. gagnrýndu að hér væri hafður nokkuð flókinn háttur á ákveðinni fyrirgreiðslu. En ég hygg að þegar menn hafa íhugað málið nánar hafi menn séð að miðað við, að þessa fyrirgreiðslu þarf að veita á næstu mánuðum og ekki er hægt að bíða eftir að viðkomandi gjöld eða skattar falli í gjalddaga, sé erfitt að hafa annan hátt á. Eftirtektarvert er, að þrátt fyrir gagnrýnina, sem kom fram í Ed., hefur hún nú afgreitt frv. án þess að nokkur breyting sé gerð á þessu ákvæði eða nokkur till. hafi komið fram um breytingu á því. Ég held satt að segja að það sé hægt og sígandi að fara mesta loftið úr mönnum í sambandi við þetta mál, að menn séu að fallast á að sú leið, sem ríkisstj. hefur valið í þessum efnum, sé sú rétta og að ástæðulaust sé að halda uppi löngum ræðum eða miklum illdeilum út af þessu, málið verði að leysast með þeim tiltekna hætti sem fólginn er í þessu frv.

Þó er rétt að bæta því við hér, sem er ákaflega mikilvægt atriði í þessu sambandi, að í Ed. var talið nauðsynlegt að reyna að ná sem bestu samkomulagi um það, með hvaða skilyrðum fyrirgreiðslan yrði veitt. Ég tel afar gæfulegt að fullt samkomulag skyldi nást milli fulltrúa allra flokka og milli ríkisstj. og þings um í hverju þessi skilyrði yrðu fólgin. Hitt tel ég algert aukaatriði og smámál sem engu máli skiptir í raun með hvaða hætti er gengið frá þessum skilyrðum, hvort það er gert með því að taka þau öll í heilu lagi inn í lagatextann eða hvort þau eru bókfest og skjalfest í meirihlutaáliti fjh.- og viðskn. Ed. sem samkomulag milli flokka í þinginu og milli þings og ríkisstj.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um skilyrðin vegna þess að þau eru öll greind á þskj. 94, í nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. Ed. um þetta frv. Í áliti minni hl. eru nokkurn veginn sömu skilyrði tekin upp, þó að ég skuli að vísu viðurkenna að þar mun vera eilítill munur á, en ekki stór. Ég held að efnislega séð hafi verið nokkurn veginn fullt samkomulag um hvernig afgreiða skyldi málið og hvaða skilyrðum félagið yrði að sæta til þess að það ætti að fá þá fyrirgreiðslu sem frv. greinir frá. Ég vil taka það fram, að skilyrðin, sem fulltrúi Alþfl. setti fram í brtt. á þskj. 96, voru 8, en ekki 7 eins og koma fram í nál. meiri hl. Bætt er við því skilyrði að fyrirtækið standi skil á opinberum gjöldum. Ég tel að það skilyrði sé algerlega óþarft, vegna þess að það kemur skýrt fram í 2. mgr. 1. gr. frv. og mér sýnist á öllu að hrein tvítekning væri að fara að nefna það aftur síðar í frv.

Til viðbótar þessu eru nokkur fleiri atriði í frv. sem varða fyrirgreiðslu við félagið, og ber þar einkum að nefna atriðin sem koma fram í 4. gr., að ríkisstj. sé heimilt að fella niður ógreidd lendingargjöld Flugleiða hf. á Keflavíkurflugvelli af Atlantshafsfluginu fram til 1. okt. 1980, og í öðru lagi, að heimilt sé að semja um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum, sérstöku vörugjaldi og söluskatti af tölvubúnaði til farþegabókhalds. Enn fremur er ríkisstj. samkv. þessari grein heimilt að fella niður stimpilgjöld af lánsskjölum sem gefin voru út

vegna kaupa Flugleiða hf. á flugvél af gerðinni Boeing 727-200 árið 1980.

Þeirri spurningu hefur öðru hvoru verið varpað fram í þessu máli, hvort fyrirgreiðsla íslenskra stjórnvalda sé lakari en sú fyrirgreiðsla, sem stjórnvöld í Lúxemborg hyggjast veita, og hvort ekki sé óeðlilegt að í frv. sé rætt um að fella niður ógreidd lendingargjöld Flugleiða fram til 1. okt. 1980 þegar vitað sé að stjórnvöld í Lúxemborg hyggist fella lendingargjöld frá árinu 1979 algerlega niður. Munurinn á þessu tvennu er tæpar 200 millj. kr. sem eru þannig til komnar að Flugleiðir hafa greitt sem nemur lendingargjöldum af Atlantshafsfluginu fram á mitt sumar 1979, og við höfum ekki talið rétt við afgreiðslu þessa máls að gera ráð fyrir að við færum að borga til baka það sem var greitt í ríkissjóð af lendingargjöldum fyrir rúmu einu ári. En ég vil taka fram, að ég tel að það sé auðvitað ekki neinn minnsti vafi á því, að fyrirgreiðsla íslenskra stjórnvalda í þessum efnum er miklu meiri en fyrirgreiðsla stjórnvalda í Lúxemborg. Það er ekki nóg með að við veitum þá fyrirgreiðslu sem felst í 1. gr., sem er það sama sem Lúxemborgarar gera, heldur erum við þar að auki að veita tryggingu sem getur numið allt að 6 milljörðum kr. til viðbótar við tryggingu upp á 3 milljarða sem veitt var á s. l. vori. Þar að auki erum við, eins og kom fram áðan, að fella niður stimpilgjöld á lánsskjölum, sem gefin voru út vegna kaupa Flugleiða á Boeing 727-200, og veita greiðslufrest á ýmsum gjöldum.

Sú hugmynd kom fram við afgreiðslu málsins í Ed., við umr. um málið í fjh.- og viðskn. Ed., að kannske kynni að vera rétt að haga fyrirgreiðslu við félagið á þann veg að hægt væri að segja að við gerðum nákvæmlega það sama gagnvart félaginu og Lúxemborgarar gera eða stjórnvöld þar í landi, þannig að við felldum niður með öllu lendingargjöldin sem hafa þegar verið greidd í ríkissjóð frá árinu 1979. Til þess að jafna metin hvað þetta snertir hefði auðvitað verið hugsanlegt að færa þarna til með einhverjum hætti. Það er út af fyrir sig ekkert sjálfgert að það eigi að fella niður stimpilgjöld af þessum lánsskjölum, eins og hér er nefnt, og væri auðvitað hugsanlegt að bókfæra þau á annan hátt þannig að það væru hreinni línur hvað þennan jöfnuð snertir, en fyrirgreiðsla stjórnvalda við fyrirtækið þó ekki aukin frá því sem gert er ráð fyrir í þessu frv. Ég tel að við eigum að standa við það sem hefur verið lofað í sambandi við þetta frv., en við eigum ekki að ganga lengra, og það sé ekki með neinum rétti hægt að halda því fram, að ríkissjóður skeri við nögl fyrirgreiðslu sína í þessu sambandi. En vissulega hefði getað komið til greina og getur komið til greina að hafa þarna annan hátt á. Það mál hefur verið í athugun og þeirri athugun er ekki að fullu lokið. Samkv. þeim upplýsingum, sem hæstv. samgrh. hefur veitt mér, hefur hann rætt þetta við forráðamenn fyrirtækisins og mér skilst á honum að þeir hafi ekki talið að skipti ýkjamiklu máli, á hvern veg fyrirgreiðslunni yrði hagað, og að þeir hafi ekki sýnt því mikinn áhuga að þarna yrði breytt um. Meðan ekki er niðurstaða fengin er að sjálfsögðu engin brtt. flutt af minni hálfu við frv., en sjálfsagt er að athuga þennan þátt málsins betur, enda var gert ráð fyrir því þegar frv. var afgreitt frá fjh.- og viðskn. Ed.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál hér og nú. Það mætti sannarlega halda langar ræður um þetta mál og þá ekki síst um eitt og annað furðulegt sem komið hefur fram í málflutningi stjórnarandstæðinga um þetta mál og afstöðu einstakra flokka til þess. En ég held að það liggi á að afgreiða þetta mál. Ég held að það sé mikið atriði að Alþ. komi því frá sér sem allra fyrst. Ég vil þess vegna ekki bæta neinu því við sem verður til þess að hér þurfi að fara fram einhverjar maraþonumr. um þetta mál við 1. umr. Ég held að það væri þá miklu frekar að við tækjum málið til nánari umr. við 2. umr. þegar það kemur úr nefnd.

Ég hefði talið afar æskilegt ef hægt hefði verið að vísa þessu máli til n. áður en fundi deildarinnar lýkur í dag, og einmitt þess vegna eru nú afbrigði veitt. Frv. var afgreitt fyrir nokkrum klukkustundum í Ed. og hefði að öllu venjulega ekki átt að taka það hér fyrir fyrr en að einum degi liðnum. En vegna þess að það liggur á að fara að koma þessu máli frá hafa afbrigði verið veitt, og ég vil sannarlega skora á þm. að veita þessu máli brautargengi í gegnum deildina nú og geyma ser þá frekari umr. um málið þar til það kemur til 2. umr.

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Þegar rætt var um skýrslu hæstv. samgrh. um Flugleiðamálið í Sþ. gerði ég þetta frv., sem þá var þegar komið fram, nokkuð að umræðuefni. Lýsti ég því, að Alþfl. mundi í samræmi við yfirlýstan vilja sinn í þessu máli verða samþykkur öllum meginatriðum frv. Þó tók ég fram að við mundum ekki vera reiðubúnir til þess að styðja 5. gr. eins og hún er óbreytt í frv. af þeirri ástæðu að við teldum hæpið að Alþ. veitti ríkisstj. svo ótakmarkaða heimild til þess að setja skilyrði. Í samræmi við þetta hefur fulltrúi Alþfl. í fjh.- og viðskn. Ed. haldið þessu atriði fram og lagt fram till. um þá meðferð málsins sem við teljum eðlilegri. Þar er ekki um mikinn efnislegan ágreining að ræða, eins og hæstv. ráðh. benti á. Við áskiljum okkur þó allan rétt til að fjalla um þetta frekar í nefnd. og hugsanlega við 2. umr.

Flugleiðamálið er nú búið að vera til opinberrar meðferðar um alllangt skeið og hafa orðið um það miklar umr., illdeilur, ásakanir og átök sem því miður hafa ekki verið íslenskum stjórnmálum, stjórnvöldum eða félaginu til gagns eða sóma. Í þessu máli eru í hættu veigamiklir hagsmunir íslensku þjóðarinnar varðandi flugsamgöngur milli landsins og umheimsins og jafnvel innanlands, varðandi atvinnu mikils fjölda manna og fleiri atriði.

Ég tel að mál sé að þessum ósköpum linni. Það virðist svo sem almennt samkomulag sé um meginefnisatriði við afgreiðslu málsins hér á Alþ., og ég er því sama sinnis og hæstv. ráðh. hvað það snertir, að ég tel að þingið eigi nú að snúa sér að afgreiðslu málsins og gera það rösklega og eins fljótt og með góðu móti er hægt. Ed. tók sér langan tíma og gekk mikið á, eins og við mátti búast. Ég hef ekki trú á að það sé margt sem Nd. getur dregið fram sem mundi bæta meðferð málsins.

Með tilliti til þessa vil ég eindregið taka undir það, að við látum sem mest falla niður illdeilur, vegna þess að öll meðferð málsins hefur fyrst og fremst orðið til að draga úr trausti þessa þýðingarmikla félags, að eyðileggja það orðspor sem það hefur unnið sér víða um lönd. Tap þessa trausts er tap fyrir okkur Íslendinga alla. Því fyrr sem við afgreiðum þetta mál og snúum okkur að því í friði að reyna að bæta þann skaða, sem orðinn er, og byggja upp það, sem hægt er, því betra. Það verður nógur tími til að

útkljá ýmis atriði sem skiptar skoðanir eru um, eins og eign og stjórn og stjórnarstefnu þessa félags.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Ég mun ekki við 1. umr. ræða efnisatriði þessa frv. Ástæðan er sú, að ég tel mikilvægt eins og aðrir hv. ræðumenn sem hér hafa talað, að koma frv. til nefndar. Nægilega langur tími hefur farið í tilgangslítið þref í stað afgerandi athafna varðandi þetta mál og þess vegna vil ég sem sagt ekki tefja það nú.

Ég vil hins vegar gera aths. við málsmeðferð, og ég gagnrýni þar sérstaklega, að fjh.- og viðskn. beggja þd. skuli ekki hafa starfað saman að athugun málsins. Það hefur verið viðtekin venja, þegar um svo viðamikil mál sem þetta er að tefla, að nefndir beggja deilda hafi starfað saman, og á það, held ég, alveg sérstaklega við fjh.- og viðskn. En svo hefur sem sagt ekki verið gert nú. Fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar þarf auðvitað sinn tíma til að kanna málið, en sá tími hlýtur að verða skemmri en nm. kynnu að óska.

Ég spurði formann fjh.- og viðskn. Ed. hvers vegna þessi háttur hefði ekki verið hafður á. Hann svaraði mér því til, að hann hefði ekki talið það vera í sínum verkahring að koma á slíkum sameiginlegum fundum. Það má vel vera rétt, og ég get út af fyrir sig fallist á það. Ég tel að hæstv. ráðh. hefði átt að hvetja til þessa samstarfs þegar hann mælti fyrir frv. í hv. Ed. En nóg um þetta.

Ég lýsi stuðningi mínum við frv. eins og það er komið frá hv. Ed. Ég hvet til þess, eins og aðrir hv. ræðumenn hér, að við 1. umr. verði ekki settar á langar ræður, en málinu verði sem fyrst komið til nefndar. Sjálfstæðismenn munu greiða fyrir framgangi málsins þrátt fyrir þá óeðlilegu málsmeðferð, sem ég hef hér gagnrýnt. Þegar ég tala um óeðlilega málsmeðferð á ég reyndar ekki eingöngu við að fjh.- og viðskn. hafi ekki unnið saman. Stundum hefur virst svo sem meira hafi verið lagt upp úr umr. utan þings um þetta mál og þeirri umr. þá gjarnan stórnað af einstöðum ráðh. eða vissum þm. Hæstv. fjmrh. sagði áðan að mesta loftið væri að fara úr mönnum, og ég hugsa að það sé rétt, að mesta loftið sé að fara úr mönnum. En það er kannske athugunarefni fyrir hæstv. ráðh. að kanna í hverjum loftið hefur verið mest. (Gripið fram í.) Já, ég býst við því.

Eins og hæstv. fjmrh. gæti ég margt sagt fleira vegna málflutnings ýmissa aðila á undanförnum vikum, en eins og hann ætla ég mér að geyma það og hvet sem sagt til þess að málið komist til nefndar í kvöld.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég harma að sjálfsögðu, eins og allir aðrir, þær umr. sem hafa farið fram utan Alþingis og þá sér í lagi í blöðunum, en ég kenni hvorki einstökum þm. né öðrum aðilum á Alþingi, sem fjallað hafa um málið, að umr. hefur átt sér stað úti á meðal fólksins eins og hún hefur átt sér stað. Ég tel að þetta mál sé allt of stórt mál til þess að reynt sé að breiða yfir vandann sjálfan með ásökunum annaðhvort í garð einstakra þm. eða útúrsnúningum um málið. Þá á ég við þm. úr fleiri en mínum flokki, ég á við þm. almennt. Til þess að það fari ekkert á milli mála, þá held ég að árásir á pólitískan andstæðing minn, Ólaf Ragnar Grímsson í þessu máli hafi verið óheiðarlegar á margan hátt. En ég ætla ekki að verja gerðir hans eða störf í þessum málum, það er langt frá því.

Ég hef kynnt mér þetta mál þó nokkuð. Ég hef staðið í þeirri meiningu fram til þess að fundurinn hér var settur, að þau skilyrði, sem koma frá Ed. og hafa verið samþ. þar af meiri hl., með undirskrift Ólafs Ragnars Grímssonar, Gunnars Thoroddsens, Vigfúsar B. Jónssonar, Eyjólfs Konráðs Jónssonar og Davíðs Aðalsteinssonar, séu þau skilyrði sem Alþ. kemur til með að samþykkja og ef Alþ. samþykkir þau séu það þau skilyrði sem Flugleiðir verði að hlíta til að fá þá fyrirgreiðslu sem hér um ræðir. Ég tek fyrir mitt leyti undir till. hv. 2. þm. Reykn., að ég hefði viljað sjá þessi skilyrði í 5. gr. Ég er á móti öllum heimildarákvæðum sem gefa ráðh. eða embættismönnum of mikið vald, — oft vald sem þeir taka sér langt umfram anda þann sem er í lögum samþykktum af Alþingi Íslendinga. Þess vegna hefði ég getað staðið að till. Alþfl. eins og hún var lögð fram í Ed.

Þetta frv. gerir ráð fyrir fyrirgreiðslu með skilyrðum sem hljóðar upp á 3 millj. dollara samkv. 1. gr. og 12 millj. skv. 3. gr., alls 15 millj. dollara, fyrir utan ýmislegt annað. En á sama tíma sem Alþingi Íslendinga er að störfum til að finna fé til aðstoðar við hlutafélagið Flugleiðir hf. kemur blaðafrétt í Morgunblaðinu. Með leyfi forseta, segir svo 8. nóv. undir stórri fyrirsögn.:

„Fjárhags- og viðskiptanefnd skilyrðir ríkisábyrgð til Flugleiða.“ Og stór fyrirsögn: „Flugleiðamenn taka afstöðu til skilyrðanna eftir helgina.“ Síðan segir: „Stjórn félagsins hefur setið á fundi í dag og rætt nál. fjh.- og viðskn. Ed. Alþingis. Umræðum um málið var hins vegar ekki lokið þegar fundi var frestað. Stjórnin mun síðan væntanlega taka afstöðu til málsins á fundi eftir helgina.“

Þetta er orðrétt haft eftir forstjóra Flugleiða, Sigurði Helgasyni, og er í Morgunblaðinu 8. nóv. Síðan kemur meira um Flugleiðamálið 8. nóv. Það er í Dagblaðinu. Þar segir:

„Flugleiðamálið: Stríða skilyrði ríkisins gegn hlutafélagalögum?“ Og undirfyrisögn: „Stjórn Flugleiða kom í veg fyrir sameiningu starfsaldurslista flugmanna.“

Og áfram heldur greinin: „Sala á hlutabréfum Flugleiða hf. í Arnarflugi hf. til starfsmanna Arnarflugs sætti andstöðu á stjórnarfundi Flugleiða sem haldinn var í gær.

Andstaða gegn aðild starfsmanna Flugleiða hf. með einum stjórnarmanni, eins og skilyrði fjh.- og viðskn. Ed. Alþ. gerir einnig ráð fyrir, kom einnig fram á stjórnarfundi Flugleiða.

Stjórnarfundurinn fór yfir þau skilyrði sem talið er að Alþingi setji fyrir samþykkt um heimild ríkisstj. til fjárhagsaðstoðar við Flugleiðir hf. Er þá tekið mið af afgreiðslu fjh.- og viðskn. Ed. Taldi stjórn Flugleiða hf. að vafi kynni að leika á um það hvort skilyrðin væru í fullu samræmi við gildandi lög um hlutafélög.

Ákvað stjórn Flugleiða hf. að fela Jónasi Aðalsteinssyni hrl. að kanna hinn lögfræðilega þátt málsins.“

Ég lýk lestrinum á þessum stað í greininni. Ég sé ekki að það hafi neina þýðingu að halda honum áfram. Ég vil því spyrja sjálfan mig úr þessum virðulega ræðustól: Til hvers er Alþingi Íslendinga látið vinna að þessu máli viku eftir viku og þm. liggja undir alls konar ámæli fyrir vinnubrögð o. fl. ef stjórn hlutafélagsins, sem fer fram á ríkisaðstoð, sem þarf á ríkisaðstoð að halda til að halda áfram rekstri sínum, tekur ákvörðun um að skilyrði, sem Ed. hefur nú sett, séu ekki samþykkjanleg og stjórn hlutafélagsins komi með brtt. við það sem samþ. hefur verið?

Ég er í fjh.- og viðskn. og hafði hugsað mér að lesa þær tvær þykku möppur sem ég var að fá í hendur nú til að

kynna mér þetta mál enn frekar en ég hef þegar gert. Ég tel mig hafa lesið mjög mikið um þetta mál, en það er ýmislegt sem ég þarf að fá betri skýringar á. Hvernig stendur t. d. á því, að 1977 sýnir félagið verulegan ágóða, en tveimur árum seinna er það komið verulega undir í rekstri á Norður-Atlantshafsleiðunum? Ég get ekki fyrir mitt leyti boðið annað en draga mig bókstaflega í hlé sem nm. þann tíma sem málið er í afgreiðslu, ef það er ætlunin að hraða þessu þannig að svar fáist ekki við spurningum. En á þessu stigi vil ég beina orðum mínum til hæstv. samgrh. Spurning mín er borin upp til þess að fá hreinar línur hvað snertir um þetta mál. Hæstv. samgrh. svarar vonandi: Samþykki stjórn Flugleiða hf. ekki þau skilyrði sem Ed. Alþingis hefur þegar samþ. og liggur fyrir þessari hv. deild að samþykkja, mun þá fyrirgreiðsla af hálfu ríkisstj. falla niður?

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég stend upp í fjarveru fjmrh. Síðasti hv. ræðumaður beindi til mín spurningu. Ég vil lýsa því yfir, að að sjálfsögðu fær fyrirtækið ekki þá fyrirgreiðslu sem hér er um að ræða nema umræddum skilyrðum verði fullnægt. Ég lít svo á, að ef Alþ. samþykkir þetta frv. sé samþykkið skilyrt með þeim atriðum sem fjh.- og viðskn. Ed. hefur látið frá sér fara. Ég sagði í Ed. að ég gerði ekki ráð fyrir að á þessu yrðu neinar breytingar, en mér var kunnugt um þessar efasemdir gagnvart hlutafélagalögum. Ef eitthvað slíkt kemur upp yrði að sjálfsögðu að hafa samráð við fjh.- og viðskn. a. m. k. En ég geri ekki ráð fyrir því.

Ég vil aðeins upplýsa það, að þegar frá þessum skilyrðum hafði verið gengið s. l. fimmtudag átti ég fund með formanni Flugleiða og reyndar stjórninni og gerði grein fyrir þeim öllum þar. Það gerði ég í samráði við fjh.- og viðskn. Ed., og ég tók jafnframt fram að vildi stjórnin koma ákveðnum aths. á framfæri þyrftu slíkar aths. að koma fyrir næsta dag. En mér er ekki kunnugt um að neinar slíkar aths. hafi borist.

Af því að ég er staðinn upp vil ég taka undir það sem hv. þm. sagði, að mér finnst ekkert undarlegt þó að fjölmiðlar og almenningur hafi forvitnast um þetta mál, og mér finnst helgisvipurinn, sem er á ýmsum í því sambandi, heldur óviðeigandi. Hér er um gífurlegt mál að ræða. Um er að ræða ríkisábyrgð upp á 15 millj. dala, og hér er um að ræða svo að segja allar okkar samgöngur við umheiminn, getum við sagt, og um það að ræða, hvernig þær verði tryggðar áfram. Mér finnst því ekki undarlegt þó að fjölmiðlar hafi verið forvitnir. Reyndar hefðu þeir brugðist skyldu sinni ef þeir hefðu ekki reynt að upplýsa þetta mál.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég skal ekki verða til þess að hér þurfi að halda kvöldfund og ég ætla ekki að ræða frv. efnislega, en mig langar til að koma á framfæri örstuttri aths. eða kannske ábendingum.

Í öllum þeim umr., sem orðið hafa um þetta mál, hefur verið mikið um það talað að nauðsynlegt væri að bæta sambúðarvandamál annars vegar stjórnenda Flugleiða og hins vegar starfsfólksins, og réttilega hefur verið á þetta bent, að því er ég hygg. Í áframhaldi af þessu mun fjh.- og viðskn. Ed. hafa kvatt á sinn fund, að því er ég best veit fulltrúa flugmanna, flugfreyja og kannske einhverra fleiri, en mér sýnist að það hafi ekki verið rætt við einn eða neinn úr hinum stóra hóp hins lægra launaða starfsfólks Flugleiða. Þar á ég við skrifstofu- og afgreiðslufólk, fólk í hlaðdeild o. s. frv., o. s. frv. Mér sýnist því að út undan hafi orðið stórir hópar starfsfólks Flugleiða sem ekki hafi verið talin ástæða til að ræða við. Ég tel eigi að síður fullkomlega nauðsynlegt að heyra álit þess fólks ekkert síður en flugstjóra og flugfreyja. Mér sýnist að þarna megi segja að hafi verið talað fyrst og fremst við það fólk sem hefur yfir 1 millj. kr. á mánuði í tekjur, ekkert við það fólk sem hefur undir þeim launum. Þetta finnst mér óeðlilegt í öllu þessu tali um að nauðsynlegt sé að bæta sambúðarvandamál innan fyrirtækisins. Fyrst hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, formaður fjh.- og viðskn. Ed., virðist ekki hafa séð ástæðu til að tala við það fólk, sem hafði undir milljóninni á mánuði, þá vænti ég þess, að hv. þm. Halldór Ásgrímsson, formaður fjh.- og viðskn. Nd., eða meðnm. hans einhverjir telji ástæðu til að tala við þetta fólk því að það er ekki síður ástæða til þess. Þessu vildi ég koma á framfæri. Ég vænti þess, að við fulltrúa þessa fólks verði rætt ekki síður en hina.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég mun ekki reyna á þolrif hv. deildar. Ég held að menn séu loks farnir að greina kjarnann frá hisminu í þessu máli og að hann snúist um nauðsynlegar og eðlilegar samgöngur Íslands við önnur lönd. Ég vil þess vegna ítreka þau ummæli mín, sem ég viðhafði í umr. um skýrslu samgrh. um Flugleiðamálið, að persónulega tel ég það mikil mistök af Alþ. að stuðla að því að greiða fyrir flugi á milli Lúxemborgar, New York eða Chicago, eða því flugi sem kallað hefur verið almennt „Lúxemborgarflugið". Ég tel að þarna sé farið inn á svo hála braut að þingið sé í raun og veru að byrja á eins konar útflutningsuppbótakerfi við þetta flug. Þetta flug getur ekki borið sig á næstunni og mér finnst það óskynsamlegt og hrein ævintýramennska að styðja það. Þetta vil ég að komi skýrt fram svo að það verði ekki hægt að segja að ekki hafi verið varað við þessu.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég get ekki komist hjá því að lýsa á sama hátt og hv. síðasti ræðumaður ótta mínum við að þetta vandamál Flugleiða hf. eigi eftir að koma á borðið hjá okkur aftur innan tiltölulega fárra mánaða og þá kannske enn stærra en það er núna.

En ég þakka hæstv. samgrh. svar hans við spurningu minni. Hún staðfestir þá túlkun mína á afgreiðslu Ed., að fyrirgreiðsla við Flugleiðir hf. er skilyrt og sú aðstoð, sem Alþ. samþykkir að veita, verður ekki veitt nema tryggt sé að Flugleiðir hf. gangi að þeim skilyrðum. Það fer þá ekki á milli mála.

Frekari umr. sé ég ekki ástæðu til að hafa við einstaka þm. um málið. Ég mun starfa í n. með þetta að veganesti.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Ég þakka lipurðina og mun standa við það að teygja ekki þessar umr. svo á langinn að til kvöldfundar þurfi að koma. Ég vil aðeins nefna eitt atriði í þessu máli.

Þannig háttar, að ég mun taka sæti hv. þm. Sighvats Björgvinssonar í fjh.- og viðskn., sem fjallar um þetta mál, þannig að ég hef möguleika þar á að koma sjónarmiðum mínum á framfæri, en eitt vil ég segja: Hneykslið í þessu málið, það stærsta — og eru þau þó orðin mörg — er nýlegt bréf sem hæstv. samgrh. sendi Flugleiðum. Þar spurði hann og spurningin var — þetta var um eða rétt

eftir mánaðamót: Var það ekki örugglega félagið sem fór fram á þessa aðstoð? — Hæstv. ráðh. veit ekki að félagið vildi skera niður, en þá var það ríkisstj. og ráðh. sem greip inn í. Þetta er ljóst af bréfum sem ég hef undir höndum og mun sýna í n. Ráðh. sendi fyrirtækinu bréf og ráðh. spyr: Voruð það ekki örugglega þið sem báðuð um aðstoðina? Auðvitað svöruðu þeir og sögðu: Nei. Við vildum skera niður. Þá kom ríkið til. — Það er þetta sem er allur kjarni málsins.

Ég hafði látið mér detta í hug að fara á kostum í pontunni og vera grimmur, en ég get það ekki. Þannig er, að það er til bók eftir Franz Kafka sem heitir Metamorphosis og útleggst hamskipti eða umskipti, en það minnir á hvernig ráðh. hefur tekið hamskiptum úr Skugga-Sveini yfir í Ketil skræk í þessum efnum. Það er ömurlegt að horfa upp á það. Hann hefur í raun og veru aðeins verið málsvari eins hóps. Það er hópurinn sem kenndur er við Arnarnes. Það er ríka fólkið. Ég vil ekki nota stór orð á þessari stundu, en ég veit að þingheimur veit hvað ég á við.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég heyri að hv. þm. er ekki enn raknaður úr rotinu eftir flokksþing þeirra Alþfl.-manna. Það, sem hann sagði, er algerlega rangt. Hann hefur ekki fylgst með. Hvert einasta bréf, sem ég hef ritað, er í höndum n. og hefur legið þar frammi. Það var sannarlega að gefnu tilefni að ég spurði fyrirtækið að því, hvort það óskaði eftir aðstoð. Ég vildi láta það sjálft ákveða hvort það óskaði eftir aðstoð eða ekki.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 28 shlj. atkv.

Sameinað þing, 16. fundur.

Þriðjudaginn 11. nóv., kl. 2 miðdegis.

Fjárlög 1981, frv. (þskj. 1). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv. og til fjvn. með 42 shlj. atkv.

Breytt verðgildi íslensks gjaldmiðils, fsp. (þskj. 50). — Frh. einnar umr.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Umr. þessari var frestað að minni beiðni á síðasta fundi Sþ. sökum þess að ég óskaði eftir því, að einn tiltekinn alþm., hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson, yrði viðstaddur umræðurnar, en hæstv. viðskrh. er nú fjarverandi, — þeir virðast skiptast á um það, hæstv. viðskrh. og hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson, að vera fjarverandi — (**StJ:** Ráðh. tilkynnir veikindaforföll.) Það mætti halda, að hv. þm. Stefán Jónsson væri farinn að gegna embætti fyrir hæstv. viðskrh. En ástæðan var sú, að hæstv. viðskrh. lét svo um mælt m. a. í ræðu sinni, að hann teldi að nýgerðar grunnkaupshækkanir, sem samið hefur verið um, m. a. milli hæstv. ríkisstj. og starfsmanna ríkisins, mundu valda því, að verðbólga í árslok 1981 yrði a. m. k. komin upp í 70%, og það væri krafa allra hugsandi manna, að þegar í stað yrði gripið á vandanum og komið í veg fyrir að slíkt gerðist. Það var ekki hægt að skilja hæstv. viðskrh. öðruvísi en svo, að hann teldi útilokað annað en hæstv. ríkisstj. tæki á þessum vanda, sem hann kallaði svo, og af hans máli var ekki hægt að skilja annað en sá vandi væri nýgerðar launahækkanir.

Nú hefur hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson látið svo ummælt í viðtali við blöð nokkru áður en þessi yfirlýsing hæstv. viðskrh. var gefin út, að hann teldi óeðlilegt að hafa nokkrar áhyggjur af slíkum umr. þar sem enginn ábyrgur aðili hefði látið slík orð falla. Hæstv. viðskrh. hefur síðan ítrekað þessi ummæli sín í sjónvarpinu og flokksbróðir hv. þm., Ásmundur Stefánsson framkvæmdastjóri Alþýðusambandsins, hefur svarað með að láta í veðri vaka að líklega hafi blaðamaður Tímans verið syfjaður. Ég vek athygli á þessum viðbrögðum hv. Alþb.-manna. Einhvern tíma hefði hæstv. forseti heyrt örðuvísi hljóð úr þessu horni heldur en eilífar afsakanir í þessa veru, þegar menn eru farnir að leggjast svo lágt til þess að koma sér hjá að taka afstöðu í málum að nota það sem afsökun, að blaðamaður tiltekins blaðs hafi verið syfjaður og ekki getað haft rétt eftir ráðh. Nú finnst mér það hörmulegt, að hæstv. viðskrh. skuli ekki vera við, — (Forseti hringir.) Herra forseti, ég er að ljúka máli mínu, — til þess að hann geti ítrekað sínar umsagnir í eyru hv. þm. Guðmundar J. Guðmundssonar. En ég hef áhuga á því, þó að hæstv. viðskrh. sé fjarstaddur, að fá að heyra álit hv. þm. Guðmundar J. Guðmundssonar á þessum boðunum eins ráðh. úr ríkisstj. um aðgerðir til þess að taka á vanda sem hann telur að skapast hafi vegna nýgerðra grunnkaupshækkana.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi, þm. Þorv. Garðar Kristjánsson, mun hafa bent á það, að fyrirhuguð myntbreyting væri til einskis gagns og raunar til skaða ef ekki fylgdu henni samræmdar efnahagsaðgerðir. Ég hygg að flestir þm. hafi samþykkt myntbreytinguna á þeim forsendum, að um samræmdar aðgerðir yrði að ræða.

Það er upplýst í þessum umr., vegna þess hve ráðh. hefur orðið svarafátt, að ríkisstj. hefur ekki komið sér saman um neina stefnu í efnahagsmálum. Ríkisstj. var mynduð án slíkrar stefnumótunar og í dag heyrðum við að svokölluð efnahagsmálanefnd ríkisstj. væri aftur tekin til starfa. Hún mun hafa starfað í vor, hætt störfum í ágúst, ráðherranefnd skipuð, ráðherranefnd hætt störfum, og það fylgdi sögunni, að ráðherranefndin hefði aftur tekið til starfa. Algert aðgerðaleysi. Það eina, sem ríkisstj. hefur gert, er að hækka verð á dollarnum um 40—50%, það eru hennar einu efnahagsaðgerðir.

Ég verð að segja það, að slíkt stefnu- og úrræðaleysi er með eindæmum, jafnvel þótt borið sé saman við stefnuleysi og úrræðaleysi vinstri stjórnar Ólafs Jóhannessonar, sem sat að völdum frá hausti 1978 til hausts 1979. Þar var þó reynt með efnahagsaðgerðum í nóv. fyrir tveim árum að svíkja loforðið: „samningarnir í gildi“, og það tókst með því að klippa 8 vísitölustig úr vísitölunni, úr verðbótum launa, og það var reynt með svokölluðum Ólafslögum, efnahagslögunum frá 13. apríl 1979, þegar enn var klipið af verðbótum launa. Hvort tveggja þetta voru tilraunir, sem þó voru ekki burðugri en svo, að

verðbólgan hefur aldrei verið meiri en á síðasta ári. Höfundarrétt að þessum svokölluðu Ólafslögum hafa allir þáv. stjórnarflokkar tileinkað sér. Með þeim hætti hafa þeir í raun tekið á sig ábyrgðina af verðbólguvextinum á síðasta ári og núv. ríkisstj. með aðgerðaleysi sínu innsiglað áframhald þessarar stórhættulegu verðbólguþróunar.

Ég vil beina fsp. til þess ráðh. sem gegnir störfum viðskrh., úr því ríkisstj. og einstakir ráðh., sem þó eru í fjölmiðlum að segja að eitt eða annað sé nauðsynlegt að gera, geta ekki sagt hvað er stefna ríkisstj.: Megum við vænta þess að fá að heyra stefnu ríkisstj. fyrir 1. des., áður en holskeflan ríður yfir, svo að ordalag ráðh. sé notað, vegna þess að myntbreytingin um áramót nær ekki tilgangi sínum og trausti almennings nema fyrir liggi hvaða ráðstafanir eigi að gera fyrir þá dagsetningu?

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Hæstv. viðskrh. mun víst vera farinn utan, enda hæstv. menntmrh. kominn utan. Þeir hafa ekki getað verið allir samtímis í landinu, eins og kunnugt er, hæstv. ráðh. í ríkisstj.

Það kom fram í umr. um þetta mál um daginn, að hæstv. viðskrh. fann það út, að fyrirspyrjandi gerði beinlínis ráð fyrir að myntbreytingin væri ekki liður í samræmdum efnahagsaðgerðum. Auðvitað er það svo. Það var ekki hægt að spyrja með nokkrum hætti öðruvísi en spurt var. Það er augljóst mál, að myntbreytingin er það ekki. Hún er ekki liður í neinum samræmdum efnahagsaðgerðum. Það hefur ekkert verið gert og það eru engin svör veitt hér um það, hverjar eru hinar fyrirhuguðu aðgerðir.

Hæstv. viðskrh. var hins vegar sammála fyrirspyrjanda og öðrum um það, að myntbreytingin ætti að vera liður í slíkum samræmdum aðgerðum, ef hún væri það ekki nægði hún ekki tilgangi sínum.

Hæstv. forsrh. hefur sagt að myntbreytingin væri til þess gerð að auka traust manna á krónunni og ríkisstj. stefndi að því að nýta, eftir því sem unnt væri, gjaldmiðilsbreytinguna um áramót til margháttaðra efnahagsaðgerða. En hverjar eru þessar margháttuðu aðgerðir? Af hverju er ekki hægt að upplýsa þetta? Eða eiga menn bara að bíða og sjá þegar þar að kemur hverjar þær verða, eins og hæstv. viðskrh. ráðlagði mönnum hér í síðustu viku?

Á beinni línu í útvarpinu fyrir skömmu var forsrh. spurður frekar um þessar aðgerðir. Svarið var efnislega á þá leið, að í þjóðfélagi okkar væri ákaflega mikil sjálfvirkni og víxlgangur og þetta kerfi væri verulegur verðbólguvaldur. Á þessari víðtæku víxlverkun eða sjálfvirkni færi nú fram ítarleg úttekt í ríkisstj. Þess væri svo að vænta, að einhverjum árangri yrði náð nú fyrir áramót. Það var enn spurt, hvar ætti þá að grípa inn í þessa sjálfvirkni, og svarið var eins og vænta mátti: að sjálfsögðu væri ekki um það að ræða að greina neitt frá því í þessum þætti, þetta væri svo margþætt mál. Og enn er engu svarað. Hvers vegna ekki? Það er auðvitað vegna þess að í ríkisstj. er ekki samkomulag um neinar aðgerðir. Það vantar ekki tillögur hins vegar. Viðskrh. segir þetta, sjútvrh. hitt og fjmrh. vill bíða. (Forseti hringir.) Verðbólgan æðir svo áfram, — ég er alveg að ljúka máli mínu, hæstv. forseti, — verðbólgan æðir áfram og atvinnuvegirnir komast í þrot. Myntbreytingin sem liður í víðtækum efnahagsaðgerðum nýtist ekki, og það er ömurlegt að horfa á svo veigamikla aðgerð renna gersamlega út í sandinn fyrir aðgerðaleysi hæstv. ríkisstj.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Á s. l. tveim árum hefur rutt sér til rúms nýtt orð í tungunni: gengisaðlögun í staðinn fyrir gengisfellingu. Eins og verðbólgan æðir núna áfram væri kannske skynsamlegt að skera niður þrjú núll í staðinn fyrir tvö og kalla núllaðlögun að vondri fjármálastjórn.

Ég held að það verði að telja það hæstv. viðskrh. til hróss sem hann sagði hér síðast þegar þetta mál var til umr. Þá kvaðst hann hafa gengið á fund seðlabankastjóra og spurt hann að því, hvort ekki væri hægt að fresta þessari gjaldmiðilsbreytingu, vegna þess að hann óttaðist að efnahagsráðstafanir, sem fylgja þyrftu, mundu ekki verða undirbúnar í tíma, en fékk það svar, að þá yrði skortur á peningum, þess vegna væri það ekki hægt. Og hæstv. viðskrh. harmaði þetta eðlilega. Sér líka hver skynsamur maður, að skynsamlegra hefði verið að fresta þessu þangað til um stjórnvölinn héldu einhverjir þeir menn sem í alvöru vildu stjórna og hefðu eitthvert strik að fylgja.

Ég kvaddi mér aðallega hljóðs til þess að ítreka spurningu sem hv. 1. þm. Reykn. varpaði hér fram síðast þegar málið var til umr., svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Mig langar til þess að varpa fram þeirri spurningu til hæstv. viðskrh. eða þá til hæstv. forsrh.: Mega alþm. gera ráð fyrir því, að áður en þeir fara heim í jólaleyfi fái þeir að sjá hér á borðum sínum tillögur ríkisstj. í sambandi við þær ráðstafanir sem hún telur nauðsynlegt að gera vegna myntbreytingarinnar sem fram á að fara um áramót?"

Það þarf ekki nema já eða nei. Er einhver ráðh. hér inni sem treystir sér til að segja já eða nei við þessu? (**GJG:** Eða kannske.) Kannske, segir formaður Verkamannasambandsins. Treystir enginn ráðh. sér til þess að gera það? Hvorki já né nei? (**Gripið fram í:** Það er einn búinn að biðja um orðið.) Herra forseti. Það er þá óhjákvæmilegt fyrir mig að leggja þessa spurningu fram með formlegum hætti. Ég vænti þess, að með aðstoð hæstv. forseta sá hægt að þröngva svari út úr einhverjum ráðh. þótt síðar verði.

Utanrrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Viðskrh. er erlendis eins og stendur. Ég gegni störfum hans. Í því felst það, að ég annast nú afgreiðslu þeirra starfa og erinda sem þarf að afgreiða í viðskrn. Hins vegar get ég ekki tekið að mér að svara fyrir þau ummæli sem hér hafa fallið í umr. og ég reyndar heyrði ekki vegna þess að ég var þá ekki viðstaddur.

Viðskrh. kemur heim á sunnudag, að ég ætla, og hann verður því væntanlega viðstaddur hér næsta þriðjudag. Ég held þess vegna að eðlilegt væri að fresta þessum umr. þangað til hann er viðstaddur og getur svarað þeim spurningum sem hv. þm. leikur svo mjög hugur á að fá svör við. Ég skýt því til forseta, hvort það væru ekki eðlileg vinnubrögð þar sem svona stendur á, að á næsta fyrirspurnadegi verður hæstv. viðskrh. að öllu sjálfráðu við. (**EKJ:** Hefur málið alls ekki verið rætt í ríkisstj.? Vita aðrir ráðh. en viðskrh. einn ekki nokkurn skapaðan hlut um þetta?) Það er best að hafa allt frá fyrstu hendi.

Umr. frestað.

Umræður utan dagskrár.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég skal ekki vefengja þann úrskurð forseta að fresta umr. um þessa fsp. þar sem hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson skorast undan að svara fsp. hv. þm. Sighvats Björgvinssonar og þar sem hæstv. utanrrh. getur ekki svarað fyrir hæstv. viðskrh., en hvort tveggja sýnir ráðleysið og dáðleysið í stjórnarherbúðunum, undirstrikar þau gagnrýnisorð sem við höfum hér flutt.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Mér finnst það ansi lítilvæg ástæða sem forseti byggir á úrskurð sinn um að taka þetta mál út af dagskrá að ósk hæstv. utanrrh. um að málið verði tekið út af dagskrá á grundvelli þess, að hæstv. viðskrh. komi heim á sunnudaginn og verði hér við n. k. þriðjudag. Nú vita allir hv. þm. að þessi hæstv. ráðh. er hið mesta fjarri þingsölum, þannig að við getum alveg eins búist við að hann verði aftur farinn í hina áttina frá Íslandi strax á mánudagskvöld. Við höfum enga fullvissu um að hann verði á þriðjudaginn kemur hér í þinginu.

Hins vegar finnst mér á margan hátt vera óþarfar spurningar, sem lagðar eru fyrir ráðh., sérstaklega viðskrh., og hinar vitlaustu dagsetningar notaðar í því sambandi, og þá á ég bæði við 1. des. og þann dag sem þingið verður sent í jólahlé. Það er vitað mál af hverju ekkert er látið uppi um fyrirhugaðar efnahagsráðstafanir ríkisstj. Það eru ekki þessar dagsetningar sem þar koma við sögu. Það er önnur dagsetning. Það er dagsetningin á því þegar Alþýðusambandsþing hefst. Það er einmitt það sem veldur því að ráðherrar Alþb. eru logandi hræddir við að láta nokkuð uppi um það sem hefur verið rætt í ríkisstj. og þeim vinnunefndum sem ríkisstj. hefur skipað, sem óhjákvæmilega mun verða til þess að skerða enn frekar kaupmátt íslenskra launþega heldur en þegar hefur verið gert á valdatíma hæstv. ríkisstj.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég er á móti því, að hæstv. ríkisstj. fái frest á umr. um svona mál þangað til ráðherrar koma allir heim, því að með því móti er að sjálfsögðu hægt að draga umr. óendanlega. Eins og bent hefur verið á hér, þá rekur menn a. m. k. ekki minni til þess að þeir hafi verið heima allir í einu nú um nokkuð langa hríð, og það er ágæt afsökun út af fyrir sig til að draga svona umr. á langinn. En ég vil aðeins vekja athygli manna á því, að þetta held ég að sé í fyrsta skipti, sem hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson, formaður Verkamannasambands Íslands, óskar sérstaklega eftir því að fá að þegja þegar um er að ræða boðaða árás af hálfu ríkisstj., a. m. k. vilja til árásar á launakjör sem hv. þm. hefur nýlega gengið frá. Ég veit ekki til þess, hæstv. forseti, að hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson hafi sérstaklega óskað eftir því að fá að þegja um slík mál fyrr en nú.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Ég held að nú sé óhætt að breyta þeim úrskurði sem upp var kveðinn um að fresta umr. Sá, sem óskaði eftir frestun, hæstv. utanrrh., lauk máli sínu á því að segja að eðlilegast væri að sá yrði viðstaddur hér sem gæti svarað frá fyrstu hendi. Ég held að hann hafi notað það orðalag. Það er auðvitað alveg ljóst, að það er hæstv. forsrh. sem í svona stórmáli á að svara frá fyrstu hendi. Hæstv. forsrh. hefur gengið í salinn, og þess vegna held ég að þessi úrskurður sé úr gildi fallinn og umr. eigi að halda áfram.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Það ætlar að ganga erfiðlega að fá lokið umr. um þessa fsp. mína. Ég verð að lýsa undrun á því, að nú skuli umr. vera frestað. Hæstv. utanrrh. fór fram á það og sagði að best væri að hafa allt frá fyrstu hendi. Ég minni á það, að hæstv. núv. utanrrh. var forsrh. í þeirri ríkisstj. sem fékk þessi lög um breytingu á verðgildi gjaldmiðilsins samþykkt. Og ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. utanrrh. hvort hann telji að nú sé fullnægt þeim forsendum sem var byggt á þegar frv. var lagt fram og lögin samþykkt á sínum tíma. Það hefur komið hér fram, að erfitt sé að breyta ákvörðuninni um gjaldmiðilsbreytinguna nú um áramótin vegna þess að það sé ekki hægt vegna seðlaútgáfu Seðlabankans. Ég leyfi mér að efast um að þetta sé rétt, og ég tel að svo mikið sé í húfi í þessu máli, að það þurfi að athuga miklu betur, hvort ekki eigi þrátt fyrir einhverja framkvæmdaerfiðleika að fresta þessari aðgerð. Vegna þess að málið er svo aðkallandi er óhæfa að fresta umr. nú.

Utanrrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þegar ráðh. gegnir til bráðabirgða starfi fyrir annan ráðh., þá er það lágmark — ef ætlast er til þess að hann svari einhverju sem varðar mál þess ráðh. eða ræðu sem hann hefur haldið — að hlutaðeigandi ráðh., sem gegnir starfinu til bráðabirgða, viti að þetta eigi að koma til umr. á þingi áður en hann er sestur á fund. Til þess er dagskrám útbýtt. Ég vek athygli á því, að þetta mál stóð alls ekki á dagskrá þeirri sem ég eða aðrir fengu í hendur, og þess vegna hafði ég engin tök á því að athuga þetta mál eða undirbúa mig með það og athuga hvaða upplýsingar lægju fyrir um þetta í viðskrn. Þess vegna lít ég svo á, að ósk mín um að fresta umr. um mál, sem þannig er sett inn á dagskrána, sé á fullum rökum reist.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Þvert á skoðanir þeirra, sem hér hafa talað frá hendi stjórnarandstöðunnar, vil ég lýsa stuðningi við úrskurð hæstv. forseta. Mér þykir eðlilegt vegna fjarveru hæstv. viðskrh. að umr. verði frestað til þriðjudags. Hann er eini hæstv. ráðh. í þessari ríkisstj. sem virðist hafa skoðun og kjark til þess að tala um þær efnahagsaðgerðir sem gera þarf í tilefni af gjaldmiðilsbreytingunni, og þar sem hæstv. utanrrh., sem nú gegnir störfum fyrir hönd hæstv. viðskrh., hefur lýst því yfir, að þessi ágæti maður, hæstv. viðskrh., sé væntanlegur til landsins um helgina, þá skora ég á hæstv. utanrrh. að biðja hann um að koma hér í pontu á þriðjudaginn kemur, þegar þetta mál verður tekið aftur inn á dagskrá, og svara skýrt og skorinort fyrir hönd hæstv. ríkisstj. til hvaða aðgerða ríkisstj. ætlar að grípa og hvenær þær muni eiga sér stað.

Flugstöð á Keflavíkurflugvelli, fsp. (þskj. 46). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Karl Steinar Guðnason): Herra forseti. Á undanförnum árum hefur mikið verið rætt og ritað um byggingu nýrrar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli. Ástæðan er vafalaust sú, að mönnum er að verða æ ljósara hve langt er frá því að núverandi flugstöð sinni þeim þörfum sem fyrir hendi eru, bæði hvað varðar

aðbúnað farþega og starfsfólks. Þá hefur um árarаðir verið mikill áhugi á því að skilja farþegaflug frá herflugi og öðrum umsvifum varnarliðsins.

Það var í tíð Emils Jónssonar fyrrv. utanrrh. sem umr. um þessi mál hófust í alvöru, en síðan hefur hver utanrrh. á fætur öðrum unnið að þessu máli og látið í ljós vilja sinn við að hrinda málinu í framkvæmd. Hugmyndir manna um stærð flugstöðvarinnar hafa vissulega breyst, bæði vegna minnkandi umferðar og ýmissa annarra ástæðna. Hins vegar er mér kunnugt um að gert er ráð fyrir að flytja ýmsa starfsemi í fyrirhugaða flugstöðvarbyggingu sem ekki hefur verið sinnt hér á landi. Á ég þar við aðstöðu til að sjá um alla matargerð fyrir þann flugrekstur sem tengdur er Íslandi. Sú aðstaða mun taka mikið rými. Er það mjög af því góða að yfirtaka þá starfsemi, bæði er hún atvinnuskapandi og gjaldeyrisskapandi.

Frá upphafi hafa menn gert ráð fyrir samstarfi Bandaríkjamanna og Íslendinga um byggingu stöðvarinnar og sameiginlega kostnaðarþátttöku. Í frv. að fjárl. er ekki gert ráð fyrir framlagi til flugstöðvarbyggingarinnar. Því væri fróðlegt að vita hvaða leiðir utanrrn. hyggst fara til að tryggja fjármagn vegna kostnaðarþátttöku Íslendinga. Þá væri fróðlegt að vita hvort unnt verður að byrja á flugstöðvarbyggingunni fyrir það fé sem Bandaríkjamenn hafa samþykkt að verja til framkvæmda.

Ég hef kosið að hafa fsp. mína þannig:

Hvað líður undirbúningi að nýrri flugstöðvarbyggingu á Keflavíkurflugvelli? Hvenær er ráðgert að hefja framkvæmdir?

Langt er síðan bæjarstjórnir í Keflavík og Njarðvík vöktu athygli á mikilli mengunarhættu vatnsbóla vegna olíubirgða varnarliðsins. Þeir olíutankar, sem nú eru notaðir, eru sumir hverjir um og yfir 30 ára gamlir og voru byggðir til bráðabirgða. Þessir olíutankar og leiðslur í tengslum við þá hafa einnig staðið mjög fyrir þróun byggðar á umræddu svæði. Því hafa áðurgreindar bæjarstjórnir í árarаðir lagt á það þunga áherslu, að olíutankar þessir og leiðslur verði fjarlægð. Það var fyrst þegar Benedikt Gröndal tók við embætti utanrrh. að farið var að sinna kröfum Suðurnesjamanna í þessum efnum. Skipuð var sérstök nefnd til að fjalla um málið. Þessi nefnd mun hafa unnið hratt og vel og skilaði áliti fyrri nokkrum mánuðum. Í ljós kom að áhyggjur íbúa í Keflavík og Njarðvík voru mjög á rökum reistar. Er fyrirsjáanlegt að ef ekki verður brugðið skjótt við mega íbúar á umræddu svæði búast við því, að vatnsbólin mengist af olíu, og ekki þarf að fara mörgum orðum um hvaða afleiðingar það hefur.

Olíutankanefndin gerði tillögu um byggingu nýrrar olíubirgðastöðvar í Helguvík. Jafnframt er ljóst að varnarliðið mun byggja þessa olíubirgðastöð, enda alfarið á þess vegum. Mér hefur gefist kostur á að lesa umræddа skýrslu olíunefndar, en vart getur sú skýrsla verið trúnaðarmál lengur því að eitt stjórnarblaðanna hefur rætt þetta mál ítarlega, reyndar haft uppi rangfærslur, og má skilja að alveg sé sama þótt vatnsbólið þarna mengist. Þá vek ég athygli á því, að í skýrslunni er tekið fram að íslensku olíufélögin hafi hafnað því að fá aðstöðu í hinni nýju olíubirgðastöð, en að mínu mati og annarra Suðurnesjamanna væri sú aðstaða olíufélögunum afar mikils virði. Má í því sambandi geta þess, að allt flugvélaeldsneyti, sem notað er á Keflavíkurflugvelli, er flutt eftir Keflavíkurveginum frá Reykjavík, sem auðvitað veldur slysahættu og óþarfasliti á vegi. Legg ég áherslu á að aðild olíufélaganna að nýju birgðastöðinni verði athuguð nánar.

Í Keflavík og Njarðvík er mikill áhugi á því að núverandi olíutankar og leiðslur verði fjarlægð, bæði vegna mengunarmála og skipulagsmála. Í sumar gerðu bæjarráð Keflavíkur og Njarðvíkur svo hljóðandi samþykkt, ef ég má lesa hana, með leyfi forseta:

„Sameiginlegur fundur bæjarráða Keflavíkur og Njarðvíkur haldinn fimmtudaginn 31. júlí 1980, fagnar þeirri ákvörðun utanrrh. að hefja undirbúning við olíuuppskipunarhöfn í Helguvík, jafnframt því sem fundurinn lýsir ánægju sinni með mikil og góð störf nefndar sem vann að undirbúningi málsins. Bæjarráðin benda á, að tillögur nefndarinnar eru í meginatriðum í samræmi við óskir og ályktanir bæjarfélaganna, sem árum saman hafa farið fram á úrbætur í þessum málum, og benda í því sambandi á eftirfarandi samþykkt bæjarráðanna frá 20. maí 1978.

Á undanförnum árum hafa farið fram umræður og kannanir á milli Keflavíkurbæjar og Njarðvíkurbæjar og varnarmálanefndar um möguleika á að eldsneytisleiðslur varnarliðsins frá Keflavíkurhöfn að Keflavíkurflugvelli verði fluttar, með tilliti til þess að leiðslurnar standi í vegi fyrir skipulagi hafnarsvæðisins í Keflavík og íbúasvæðis í Njarðvík. Á. s. l. ári skemmdist olíuuppskipunarbryggja í keflavíkurhöfn í óveðri og í framhaldi af því var óskað eftir því af stjórn Landshafnar Keflavíkur og Njarðvíkur að ákvörðun yrði tekin um framhald uppskipunar á eldsneyti í höfninni. Bæjarráð Keflavíkur og Njarðvíkur hafa leitað umsagnar nokkurra ríkisstofnana um málið. Fram kemur í þeirra áliti að nauðsynlegt sé að kanna aðrar leiðir til uppskipunar á eldsneyti, og er bent á tvo valkosti: Helguvík og Innri-Njarðvík. Bæjarráðin eru sammála um að leggja til við samstarfsnefnd um skipulagsmál að hún láti gera ítarlega könnun á því, hvort fært sé að gera í Helguvík uppskipunarhöfn fyrir eldsneyti, og að upp af víkinni, á berginu, verði útbúið tankasvæði fyrir allt eldsneyti sem um er rætt. Nefndinni verði falið að flýta þessu verkefni og taka það sérstaklega til meðferðar, svo að unnt verði að taka sem fyrst ákvörðun um framtíðarstað fyrir uppskipun og geymslu eldsneytis á svæðinu."

Það má ætla að þetta mál hafi verið rætt í ríkisstj., enda ekki lítið mál. Því hef ég kosið að hafa seinni fsp. þannig:

Hefur ríkisstj. tekið afstöðu til byggingar olíutanka í Helguvík? Ef svo er, hvenær hefjast framkvæmdir?

Utanrrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Fyrirspyrjandi, hv. 3. landsk. þm., hefur lesið fsp. svo að ég rifja þær ekki upp. Svarið við fyrri spurningu er þetta:

Endanleg hönnun nýrrar flugstöðvarbyggingar á Keflavíkurflugvelli, þar með taldar allar teikningar, verklýsingar, efnislýsingar, kostnaðaráætlanir o. s. frv., mun væntanlega liggja fyrir um næstu mánaðamót. Hefur henni heldur seinkað frá því sem gert var ráð fyrir. Samþykki ríkisstj. að ráðast í byggingu nýrrar flugstöðvar gætu verkframkvæmdir við bygginguna hafist í maí eða júní á næsta ári og væntanlega lokið síðari hluta árs 1983, ef ekki stendur á fjármagni. Það hefur alltaf verið gert ráð fyrir því, að fjár til þessarar framkvæmdar væri aflað með lántöku. Ég leyfi mér annars í þessu sambandi að vísa til prentaðrar skýrslu fyrrv. utanrrh. sem lögð var fyrir Alþingi í okt. 1979.

Svar við síðari fsp. er þetta:

Ríkisstj. hefur ekki tekið afstöðu til byggingar nýrra eldsneytisgeyma fyrir varnarliðið í Helguvík, sem sumir vilja reyndar kalla Helgavík. Ég hef gefið ríkisstj. skýrslu um málið og hún hefur fengið í hendur álit eldsneytisgeymanefndar. Það álit hafa einnig utanríkismálanefndarmenn fengið. Málið hefur ekki verið rætt síðan í ríkisstj. Fjárveitingar til þessa verkefnis munu ekki liggja fyrir fyrr en eftir næstu áramót. Þá verður hægt að fara að vinna að hönnun. Mál þetta verður því ekki ákvörðunarefni fyrr en á næsta ári. Verkframkvæmdir geta, ef til kemur, hafist vorið 1983. Ákvörðunarvald um byggingu eldsneytisgeyma er, eins og um aðrar framkvæmdir varnarliðsins, í höndum utanrrh. En vitaskuld er ekkert því til fyrirstöðu að málið sé rætt á ríkisstjórnarfundi.

Fyrirspyrjandi (Karl Steinar Guðnason): Herra forseti. Ég þakka þau svör sem utanrrh. hefur gefið. En ég vil minna á það, að sú mengunarhætta, sem er af olíutönkum þeim sem nú eru niðri í byggðinni í Keflavík og Njarðvík, er það mikil að ekki má dragast svo lengi sem ætlað er að byggja nýja olíubirgðastöð. Það er aðeins tímaspursmál hvenær vatnsbólin mengast, og því legg ég á það mikla áherslu, að framkvæmdum verði flýtt. Það er ekki nokkur tími til að bíða til 1983 eða miklu lengur. Mikill skaði gæti skeð á þeim tíma.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég held að ekki sé tímabært að fara mörgum orðum um það mál sem fsp. er hér gerð um, þar sem ljóst er að fjöldamargt er óvíst í undirbúningi þess og raunar beggja málanna sem hér voru nefnd. Bæði þurfa þau miklu ítarlegri athugunar við en fram hefur farið enn. Ég vil segja um bæði þessi mál, að þau séu enn á undirbúnings- og umræðustigi, og ég vil leggja á það áherslu hér, að að sjálfsögðu verða engar ákvarðanir teknar um byggingu flugstöðvar ellegar um byggingu olíubirgðastöðvar í Helguvík öðruvísi en með samþykki ríkisstj. og Alþingis.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Á tveimur mínútum í fsp.-tíma er ógerningur að fjalla ítarlega um efnisatriði þessara tveggja mála og ég vil aðeins vekja hér athygli á fjórum atriðum varðandi fyrri fsp. og þremur varðandi hina síðari.

Í fyrsta lagi eru þarfir þjóðarinnar fyrir nýja flugstöð í millilandaflugi mjög óvissar á þeim tímum sem nú ríkja í flugsamgöngum okkar, svo að tegund og stærð flugstöðvar fyrir millilandaflug Íslendinga er í raun og veru ekki hægt að ákveða til frambúðar fyrr en ljóst er hvernig greiðist úr þeirri miklu flækju sem við höfum hér undanfarnar vikur og mánuði verið að fjalla um varðandi millilandaflugið.

Í öðru lagi er það svo, að aðbúnaður að farþegum í innanlandsflugi, Íslendingum sjálfum í innanlandsflugi, flugstöðvarmál okkar í innanlandsflugi eru miklu meir til vansa, miklu verr á sig komin heldur en nokkurn tíma í millilandafluginu, þannig að ef við ætluðum að bæta aðbúnað í flugsamgöngum almennt, þá væri raunhæfara verk að taka fyrst til við að bæta aðbúnað þeirra tugþúsunda Íslendinga sem fara með innanlandsflugi okkar á ári hverju, og taka erlendu flugsamgöngurnar þar á eftir. Ég veit að aðbúnaðurinn hér í innanlandsfluginu er þm. svo kunnur að það þarf ekki að útskýra hér.

Í þriðja lagi er ljóst að borgaryfirvöld Reykjavíkur fjalla nú um framtíð Reykjavíkurflugvallar og hugsanlegan flutning á honum og byggingu nýs flugvallar eða ákvörðun um framtíðarstaðsetningu innanlandsflugsins, jafnvel með samtengingu við framtíðarbúnað innanlands- og millilandaflugs í sameiningu. Það er afar óráðlegt og óskynsamlegt að ákveða meiri háttar fjárfestingu á þessu sviði fyrr en niðurstaða hefur fengist í þeirri umræðu sem nú fer fram á vegum Reykjavíkurborgar.

Í fjórða lagi er nauðsynlegt að gera það upp, hvort Íslendingar sjálfir eiga ekki alfarið að greiða þær flugstöðvarbyggingar sem hér verða reistar í landinu. Þeir aðilar, sem leggja mikla áherslu á að flýta þessum framkvæmdum, ættu væntanlega að vera tilbúnir til að stuðla að því, Íslendingar standi þá einir að þeirri fjármögnun, enda mun heildarkostnaður þessarar byggingar ekki vera meira en sem nemur kostnaðarverði 3—4 togara.

Herra forseti. Ég skal ljúka máli mínu. En það fer eins og mig grunaði, að tvær mínútur eru lítill tími. En ef ég má hlaupa aðeins á hálfri mínútu eða svo á þessum þremur atriðum varðandi seinni fsp.

Í fyrsta lagi er það ljóst, að hægt er að leysa þá mengunarhættu, sem oft hefur verið vísað til varðandi olíugeymana á Keflavíkurflugvelli, á annan hátt en gert er ráð fyrir í þessum tillögum, vegna minnkandi olíuþarfar hersins á næstu árum með tilkomu hitaveitunnar á Suðurnesjum.

Í öðru lagi er afar óráðlegt að staðsetja þessa olíubirgðastöð inni í helsta framtíðarbyggingarsvæði Keflavíkur. Svæðið við Helguvík er vænlegasta framtíðarbyggingarsvæði Keflavíkur, og það væri verið að gera nákvæmlega sömu mistökin í þessu efni og gert var áður ef ætti að hafa staðsetninguna þar.

Í þriðja og síðasta lagi — og það er kannske höfuðatriði þessa máls, að í umræður um mengunarhættuna skutu Bandaríkjamenn inn kröfu um þre- til fjórföldun á olíubirgðamagni hersins hér á landi. Það á að reisa hér á Íslandi einhverja umfangsmestu eldsneytisbirgðastöð Bandaríkjanna á Norður-Atlantshafi og þar með stórauka árásarhættuna á landið, því að sérfræðingar í stríðsfræðum, ef kalla má svo, hafa komist að þeirri niðurstöðu, að í þeim kjarnorkuvopnaátökum, sem fram undan kunna að verða, sérstaklega á grundvelli nýrrar ákvörðunar forseta Bandaríkjastjórnar á þessu sviði, þá eru það olíu- og bensínbirgðastöðvar sem verða fyrsta skotmark ef til átaka kemur, þannig að með því að útrýma mengunarhættunni eru menn að stórefla árásarhættuna á landið.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Það þarf, eins og hv. síðasti ræðumaður benti á, betri aðstæður til ítarlegrar málefnalegrar umr. um þessi atriði.

Varðandi olíustöðina er ég sammála því, að það sé ákvörðunaratriði utanrrh. eins og aðrar framkvæmdir varnarliðsins, hvernig í það er ráðist. Ég tel að það þurfi að rannsaka mjög vel þá skýrslu sem fram er komin, þ. á m. staðsetningu tankanna, en fyrir þessar byggðir er aðkallandi að fá þetta gert.

Ég ætla tímans vegna aðeins að nefna eitt atriði í þessu olíustöðvarmáli Suðurnesja. Það er að íslensku olíufélögin hafa neitað að þau hafi nokkurra hagsmuna þarna að gæta eða að hafa nokkur afskipti af málinu. Þó liggur fyrir að allt flugvélabensín fyrir farþegaflug, sem ekki kemur varnarliðinu við, er sett á land á Reykjavíkursvæðinu og flutt með bílum í gegnum mesta þéttbýlissvæði landsins suður á flugvöll. Þetta er stórhættulegt

og við getum vaknað við það hvenær sem er, að einn þessara bíla hafi lent í árekstri og sprungið í loft upp, og er best að segja sem minnst um afleiðingarnar. Þess vegna skil ég það ekki, úr því að talað er um að byggja olíustöð með löndun á Reykjanesi, hvers vegna löndun fyrir íslenska flugið er ekki þar með.

Ég tel að það eigi að athuga þetta mál nánar, ekki aðeins spyrja olíufélögin, heldur kanna frá almennum íslenskum þjóðfélagshagsmunum hvort við eigum ekki — í fyrsta lagi öryggis vegna og í öðru lagi vegna óhemjulegs slits á götum og vegum — að fyrirskipa það, ef þessi stöð verður reist einhvers staðar á Reykjanesi, að hún verði notuð fyrir okkar olíuflutninga til flugvallarins um leið.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs til þess að leggja áherslu á að hafin verði framkvæmd við nýja flugstöðvarbyggingu á Keflavíkurflugvelli hið fyrsta. Ég tók ekki eftir því í svari hæstv. utanrrh., að hann tímasetti þessa framkvæmd eða byrjun þessarar framkvæmdar. En ég hef skilið málið svo, að til þess að njóta góðs af samvinnu við Bandaríkjamenn um byggingu þessarar stöðvar og fjármögnun hennar sé nauðsynlegt að hefja framkvæmdir á næsta ári. Þar af leiðir að ákveða verður okkar hlut annaðhvort í fjárlögum eða lánsfjáráætlun fyrir áramót. Ég tel þetta brýna nauðsyn vegna þess að flugstöðin er hönnuð með tilliti til þess að umferð um flugvöllinn sé minni en áður var ætlað, og einmitt það, að borgaryfirvöld fjalla um staðsetningu Reykjavíkurflugvallar, útilokar, að við förum að verja miklu fjármagni í bættan aðbúnað í innanlandsflugi meðan sú ákvörðun er ekki tekin.

Ég tel eðlilegt að Bandaríkjamenn taki þátt í byggingarkostnaði flugstöðvarinnar vegna þess að sú framkvæmd kemur varnarliðinu til góða að hluta til. Hún gerir kleift að skilja á milli varnarliðsstarfsemi og almennrar flugstarfsemi sem er heillavænleg stefna fyrir okkur Íslendinga.

Ég vil svo varðandi olíugeymana undirstrika það, að nauðsynlegt er einnig að flýta þeim framkvæmdum, en vek um leið athygli á því, að hæstv. utanrrh. og hæstv. fjmrh. kemur ekki saman um hvernig háttað skuli ákvörðun í þessu máli.

Fyrirspyrjandi spyr: Hefur ríkisstj. tekið afstöðu til byggingar olíutanka í Helguvík? Þetta er rangt orðuð fsp. Hæstv. utanrrh. hefur sagt að það sé ákvörðunarvald hans. Ég er honum sammála. Það er ákvörðunarvald, sem byggist á venju, ef þessar framkvæmdir eru innan þeirra marka sem ætla verður að þær verði og venja er um varnarliðsframkvæmdir frá einu ári til annars. En hæstv. fjmrh. segir að engar ákvarðanir verði teknar varðandi hvoruga þessa framkvæmd nema af ríkisstj. allri. Þarna er bersýnilega ágreiningur á ferðinni milli þessara ráðh. Hæstv. forsrh. hefur kveðið upp úrskurð um það, að hann fallist á sjónarmið Alþb.-manna. Ég er honum ósammála og ætla að hæstv. utanrrh. sé maður til þess að halda fram sinni skoðun. (Forseti hringir.) Ef ég má ljúka máli mínu, herra forseti, þá vildi ég aðeins bæta því við, að varðandi flugstöðina er það hins vegar ljóst af stjórnarsáttmálanum, að bygging hennar hefst ekki nema með samþykki ríkisstj. allrar. Þetta er eitt skriflegt dæmi, bókað svart á hvítu, um forræði og yfirráð Alþb. í stefnu og stjórnarframkvæmdum núv. hæstv. ríkisstj. En það er alveg óþarfi að láta þetta forræði Alþb. gilda um annað en þar sem þeir hafa svart á hvítu beygt samstarfsaðila sína.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Það er vegna orða hæstv. fjmrh. Ragnars Arnalds hér áðan, að ég vil leggja á það mikla áherslu, að um langt árabil hefur verið höfuðnauðsyn að aðskilja almennt farþegaflug og hernaðarumsvif á Keflavíkurflugvelli. Það hlýtur hverjum einasta Íslendingi að vera ami að því að aka í gegnum herstöð til þess að komast til og frá landi sínu. Hæstv. fjmrh. er á móti smíði nýrrar flugstöðvarbyggingar sem aðskilur þetta tvennt. Þess vegna er spurning mín til hans: Hefur hann svona forkostulega gaman af því að fara í gegnum þessa herstöð, þegar hann fer til og frá Íslandi, eða er þarna á ferðinni hernaðarlegt og sálrænt herbragð þeirra Alþb.-manna, að fá sem flesta Íslendinga til að aka í gegnum varnarstöðina hvert sinn sem þeir þurfa að fara til og frá landinu?

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Það er algerlega rangt eftir mér haft, að ég hafi lýst hér yfir andstöðu við byggingu flugstöðvar á Keflavíkurvelli. Ég veit ekki hvernig hv. þm. hefur farið að því að heyra það sem enginn annar hér í salnum heyrði mig segja. Ég hef ekki minnst einu einasta orði á það. En ég vildi bara ítreka það sem ég hef áður sagt um þetta mál, að þegar ákvörðun verður tekin um byggingu flugstöðvar á Keflavíkurvelli, þá verður auðvitað að taka tillit til þess, hvað við erum að gera annað í samgöngumálum og hvað við erum að gera annað í orkumálum og á öðrum þeim sviðum þar sem þörf er á erlendu lánsfé. Og ég neita því ekki, að ég tel auðvitað að það verði að taka ákvörðun um byggingu flugstöðvar þegar komið er að henni í þeirri röð framkvæmda sem við verðum að setja upp á hverjum tíma. Er það brýnasta fjárfestingarmálið hjá þjóðinni í dag að eyða 15—20 milljörðum í að byggja nýja flugstöð, eða eru önnur mál brýnni, t. d. uppbygging vega í landinu, lagning varanlegs slitlags, sem við erum eiginlega allir sammála um að þyrfti að vera í miklu ríkari mæli hér á landi en verið hefur nú um skeið? Við þyrftum kannske að auka þær framkvæmdir um eina 10 milljarða á ári ef vel ætti að vera. Ellegar öryggistæki og aðbúnaður á flugvöllum víðs vegar um land sem er í hinu versta standi? Á þeim sviðum er þörf á mikilli fjárfestingu. Flugstöðvarmál hér í Reykjavík eru ekki í sérlega góðu standi, það vitum við líka. Auðvitað verðum við að taka ákvörðun um byggingu flugstöðvar í ljósi þess, hvað við höfum ráð á að taka mikið fé að láni erlendis frá og hvað annað telst vera mikilvægt. Sem sagt, röðin kemur að flugstöðvarbyggingu þegar Alþingi og ríkisstj. telja að lengur megi ekki draga að verja í þá byggingu verulega stórum fjárhæðum.

Ég hef síður en svo lýst því yfir, að allt sé í besta lagi með flugstöðina á Keflavíkurvelli eða það fyrirkomulag sem þar er. Ég held að ég geti verið innilega sammála mörgum hv. þm. um það, m. a. fyrirspyrjanda, að æskilegt væri að gera þar ýmsar breytingar. En ég vil fá ráðrúm og svigrúm til þess að meta þörfina á þessari fjárfestingu í samanburði við þörfina á fjárfestingu á öðrum sviðum. Og ég vil ekki að erlend lán séu tekin úr hófi fram á hverju ári. En það gegnir víst öðru máli um hv. fyrirspyrjanda, sem virðist vera alveg sama hvort erlendar lántökur fara úr hófi fram eða ekki.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Einhvern tíma hefði hæstv. núv. fjmrh. ekki haft áhyggjur af erlendum lántökum. En látum það vera, að hann er farinn að hafa áhyggjur af því núna, það var tími kominn til. Hins vegar hefur það gerst hér, sem hefur verið tekið réttilega fram, að þessi framkvæmd er á forræði tveggja aðila. Innan ríkisstj. er hún alfarið á forræði hæstv. utanrrh. Að svo miklu leyti sem til einhverrar fjármagnsútvegunar eða fjármagnsráðstöfunar kemur af hálfu stjórnvalda, þá eru þau mál að sjálfsögðu á forræði Alþingis sem fjárveitingavaldsins í landinu. Við gerð stjórnarsáttmála hefur stundum verið samið um það, að hluti af þessum málum ætti að vera á forræði ríkisstj. allrar. Það var ekki gert núna. Ég ætla ekki að koma með neinar skýringar á því, hvort heldur það var af vangá, gleymsku eða af ráðnum hug. Niðurstaðan er sú, að það var ekki gert. Þar af leiðandi eru þessi mál innan ríkisstj. alfarið á forræði hæstv. utanrrh. eins og hann hefur sjálfur tekið fram. Ég ætla að láta það koma fram hér, að mér finnst gersamlega ástæðulaust í þessu máli sem öðrum að láta einhvern lítinn minni hluta, þótt hann sé hávaðasamur, ráða fyrir meiri hlutanum. Hæstv. utanrrh. hefur í þessu máli alveg óskorað forræði, sem enginn getur efast um og engin tilraun var gerð til að svipta hann, þegar núv. hæstv. ríkisstj. var mynduð. Og um forræði Alþingis leikur enginn vafi, þar verður minni hlutinn að sætta sig við forræði meiri hlutans, hvort sem hann unir því vel eða miður vel.

Á annað vildi ég leggja áherslu. Eins og allir þm. vita, þá er núna verið að styrkja mjög varnir á norðanverðu Atlantshafi hjá NATO. Ég veit ekki betur en sú styrking eigi sér líka stað á Keflavíkurflugvelli um þessar mundir og sé raunar þegar hafin, og fyrir þá, sem hafa áhuga á eflingu vestrænnar samvinnu, er það ánægjulegt út af fyrir sig.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Við skulum hafa hreinskilni til að segja það hreint út, um hvað þessi ágreiningur snýst. Áhugamenn um byggingu flugstöðvar hér eru það fyrst og fremst vegna þess, að þeir vilja að Bandaríkin borgi hana að hluta. Það eru þessir talsmenn aronskunnar með hv. þm. Geir Hallgrímsson í broddi fylkingar sem hér í þingsölum hafa sett fram þá kröfu, að Bandaríkjamenn borgi millilandamannvirki fyrir Íslendinga sjálfa. Þetta er höfuðkjarninn í ágreiningnum. Ágreiningurinn snýst ekki um það, hvort á að byggja flugstöð eða ekki. Hann getur að einhverju leyti snúist um það, hvenær eigi að byggja hana, hvað hún eigi að vera stór og jafnvel hvar hún eigi að vera. Ágreiningurinn snýst um það, að hv. þm. Geir Hallgrímsson og stuðningsmenn hans í Sjálfstfl. og Alþfl. reka núna á eftir þessari flugstöðvarbyggingu vegna þess að það liggur fyrir að Bandaríkjaþing er reiðubúið að borga. Það er um þetta sem ágreiningurinn snýst. Við hinir, sem höfum andmælt þessari sókn aronskunnar inn í þingsali hér á Íslandi, höfum sagt: Þessi þjóð er ekki sjálfstæð þjóð ef hún hefur ekki efni á að byggja eigin flugstöð. En hv. þm. Geir Hallgrímsson og aðrir hafa sagt: Við viljum ganga með betlistaf til Bandaríkjastórnar og þiggja af henni fé til þess að byggja þetta mikilvæga mannvirki. Við hinir viljum vera sjálfstæðir menn í sjálfstæðu landi, en ekki betlarar gagnvart stórveldi.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Bygging nýrrar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli er nauðsynleg vegna íslenskra hagsmuna, vegna þess að núverandi aðstaða farþega í millilandaflugi er óviðunandi, vegna þess að núverandi aðstaða starfsfólks í flugstöðinni er óviðunandi og slys og óhöpp geta skeð vegna þess, hvað byggingin er úrelt. En hér er líka um hagsmunamál Íslendinga að ræða, eins og ég benti á í fyrri ræðu minni, að því leyti, að við höfum hag af að skilja á milli almennrar flugstarfsemi og varnaliðsstarfsemi og komum ekki fram því fyrirkomulagi varnarstöðvarinnar, sem við viljum, fyrr en þessi aðskilnaður hefur átt sér stað.

Að svo miklu leyti sem hér er um íslenska hagsmuni að ræða, þá munum við borga okkar hluta í flugstöðvarbyggingunni. En hér er líka um hagsmuni Bandaríkjamanna að ræða. Það auðveldar þeim varnarstarfsemina og rekstur varnarstöðvarinnar þegar aðskilnaður er kominn á. Með tilliti til þess, að þeir fá í sínar hendur gömlu flugstöðina, þótt úrelt sé, en að einhverju leyti þó nothæf, og þar sem þeir geta einnig fengið aðstöðu, ef illa fer, fyrir sjúkraskýli í nýju flugstöðinni, þá er eðlilegt, að Bandaríkin taki þátt í byggingarkostnaði þessarar nýju flugstöðvar, og á ekkert skylt við aronsku.

Ég hef aldrei verið orðaður við aronsku. Ég held að Ólafur Ragnar Grímsson ætti að líta sér nær í hópi samstarfsmanna til að finna málsvara þeirra.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Aronskan er nú komin hér á dagskrá og með mjög sérkennilegum hætti. Það veit hver einasti landsmaður, að formaður Sjálfstfl., Geir Hallgrímsson, skar upp herör gegn þeim hugsunarhætti þegar hann kom fram. Hann hefur orðið fyrir ádeilum og árásum úr öllum flokkum fyrir það að kveða þann draug niður meir og betur en nokkur maður annar.

Því miður eru menn í öllum íslenskum stjórnmálaflokkum sem aðhyllast aronskuna, en Geir Hallgrímsson hefur aldrei verið talinn í þeirra hópi. Það veit hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson mætavel og kemur þess vegna upp með hrein ósannindi.

Hann talaði um að það ætti að ríkja hreinskilni í þessum umr. hér og umr. yfirleitt. Ég er sammála honum um það. Þess vegna leyfi ég mér nú að spyrja hæstv. utanrrh. hvort hann ætli að liggja undir því, að formaður þingflokks kommúnista komi hér upp í ræðupúlt og segi hann fara með ósatt mál. Þegar hæstv. utanrrh. segir réttilega að það sé ákvörðunarvald utanrrh., hvort olíugeymarnir verði byggðir, þá kemur formaður þingflokks kommúnistaflokksins upp og segir hann fara með rangt mál, það verði engin samþykkt gerð og engin ákvörðun tekin nema ríkisstj. taki hana og jafnvel Alþingi. (**ÓRG:** Hv. þm., ég vék ekki að þessu einu orði.) Fylgstu með. — Sem sagt, ákvörðunarvaldið er í höndum utanrrh. En formaður — varaformaður Alþb., ég biðst afsökunar — (**Gripið fram í:** Það er líka rangt.) Það var hann sem þetta sagði, hann kom strax upp. (**ÓRG:** Það var fjmrh.) Hæstv. fjmrh. þá. Jú, það er alltaf verið að hafa hlutverkaskipti, maður veit ekki hvorum megin hryggjar þeir eru hverju sinni. Hann kom þá upp og bar upp á — (Forseti hringir.) — ég fæ örlitla stund vegna þess að það eru stöðug framígrip — og bar það upp á utanrrh. að hann færi með alrangt mal. Ég skora á hæstv. utanrrh. að segja það hér og aftur skýrt og greinilega, svo að þjóðin fái að vita, að ákvörðunarvaldið sé hans, en ekki Alþb.

Ekki vegna þess að mér sé ekki sama hvort hann persónulega láti niðurlægja sig með þessum hætti, það er hans mál — en það er mál yfirgnæfandi meiri hluta þjóðarinnar að fá að vita það, að utanríkis- og varnarmál séu í traustum höndum og þau verði ekki látin úr höndum manns sem láti ekki hrekja sig undan. Ég treysti hæstv. utanrrh. í þessu efni, en þjóðin á heimtingu á að fá skýr svör hans þegar hinu gagnstæða er haldið fram hér á hinu háa Alþingi.

Utanrrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég þóttist taka skýrt fram í svari mínu, hvar valdið í þessum efnum væri. Ég get gjarnan endurtekið það hér. (**EKJ:** Þökk fyrir það.) Ákvörðunarvaldið er í höndum utanrrh. En þess er nú ekki þörf vegna þess að hér koma menn fram og lýsa því yfir, hver á fætur öðrum, að þeir hafi ekki vefengt það. (**EKJ:** Hæstv. fjmrh. gerði það.) Honum hefur kannske orðið mismæli.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Aðeins nokkur orð vegna þess sem kom fram hjá hæstv. fjmrh. áðan. Ég tók skýrt fram að það væri óviðunandi fyrir Íslendinga að fara um varnarsvæði til þess að komast til og frá sínu landi. Það er óviðunandi aðstaða í flugstöðinni á Keflavíkurflugvelli. Þessi tvö atriði renna stoðum undir það, að smíði nýrrar flugstöðvar er nauðsyn, auk þess sem það er brýn nauðsyn að aðskilja almennt farþegaflug í heild og hernaðarumsvif á Keflavíkurflugvelli. Og ég hefði haldið, hæstv. fjmrh., að sú andúð, sem Alþb. hefur sýnt á varnarliðnu á Keflavíkurflugvelli, ætti að ýta undir að Alþb. styddi þá hugmynd, að hraðað yrði flugstöðvarbyggingu. Þess vegna skil ég ekki það tregðulögmál sem ríkir innan Alþb. gagnvart þessu máli.

Ég vil líka vekja á því sérstaka athygli, að hæstv. fjmrh. lýsti stuðningi við smíði flugstöðvarbyggingar á Keflavíkurflugvelli, og ég vil að því verði ekki gleymt.

Fyrirspyrjandi (Karl Steinar Guðnason): Herra forseti. Vegna ummæla hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar vil ég segja það, að ég tel aldeilis fráleitt að hugsa sér staðsetningu nýs flugvallar hér í nágrenni Reykjavíkur. Eðlilegt er að innanlandsflugið verði flutt til Keflavíkurflugvallar þegar þar að kemur, og það kostar ekki færri milljarða að byggja nýjan flugvöll en nýja flugstöð.

Mig langar til að vita hvort sú aths. er rétt hjá hæstv. utanrrh., að hæstv. fjmrh. hafi orðið mismæli áðan. Það væri mjög fróðlegt að fá að vita það vegna framgangs málsins.

Í öðru lagi tel ég rétt að það komi fram varðandi olíuhöfnina, að hjá Suðurnesjamönnum er þetta fyrst og fremst spurning um mengunarmál, spurning um það, hvort vatnsbólin mengast á Suðurnesjum eða ekki, hvort hægt verður að halda eðlilegri byggð þar inni í miðjum bænum eins og þarf að vera. Ég vil upplýsa það hér, að skipulagsnefnd Keflavíkur og Njarvíkur hefur einmitt fjallað um þetta svæði, sem er mjög þýðingarmikið svæði, og hefur í hyggju að gera tillögu um að þar verði nýr miðbær Keflavíkur og Njarvíkur, sameinaðs byggðarlags, og ef svo verður hefur náðst þýðingarmikill þáttur í sameiningu þeirra byggðarlaga. Að endingu spyr ég enn á ný: Eru þessi mál að mati fjmrh. í höndum utanrrh. eða Alþb., og þá á ég við bæði hvað varðar olíustöðina og flugstöðvarbygginguna?

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Þetta eru ákaflega einkennilegar umr. og ég verð að svara hér einkennilegri spurningu, sem sagt þeirri, hvort mér hafi orðið mismæli áðan. Auðvitað svara ég þeirri spurningu neitandi, mér urðu engin mismæli áðan. (**EKJ:** Lýgur þá utanrrh.?) En út af þeim vangaveltum, sem hér hafa farið fram um ákvörðunarvald utanrrh. hverju sinni, þá geta menn auðvitað verið með bollaleggingar af því tagi, og ekki ætla ég að hafa neitt á móti því, að menn stilli málum á þann veg, að hvert svið stjórnmála heyri undir ákveðinn ráðh. og ákveðið rn. En ég sagði bara hér áðan, og það stangast ekkert á við hitt, að ég hefði enga trú á því, að ákvörðun yrði tekin um þessi mál tvö án þess að það sé vilji ríkisstj. og Alþingis, og það stend ég við.

Ég vil ítreka það sem ég sagði hér áðan vegna fsp. frá hv. þm. Árna Gunnarssyni, að ég tel einsýnt að það hljóti að rísa ný flugstöð á Keflavíkurflugvelli fyrr eða síðar, og ég hélt ekki að ég væri að segja hv. þm. nein stórtíðindi með því að lýsa yfir stuðningi mínum við byggingu nýrrar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli fyrr eða síðar. En spurningin snýst auðvitað um það, hversu stór flugstöðin á að vera, og hverjir eiga að kosta hana, hvenær á að byggja hana og með hvaða hætti. Þar koma auðvitað upp mörg vafamál, og ég held að það sé alveg augljóst, að við verðum að fá gott svigrúm og gott tækifæri til þess að ræða þær hliðar málanna áður en ákvarðanir verða teknar.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Ég skal reyna að nota ekki einu sinni þær tvær mínútur sem mönnum eru hér skammtaðar. Ég ætla aðeins að lýsa yfir fögnuði mínum yfir því, að hæstv. utanrrh. hefur unnið hér fullan sigur í þessari umr. Áðan sagði hæstv. fjmrh.: Að sjálfsögðu verður engin ákvörðun tekin án samþykkis ríkisstj. og Alþingis um olíugeymana. (**Gripið fram í:** Það er rétt.) Er það núna orðið rétt aftur? Svo kemur hann áðan og segir að hann hafi enga trú á því, að þetta muni verða gert. (**Gripið fram í:** Það er líka rétt.) Það er varla hægt orðið að tala við hæstv. ráðh., þeir vita ekki orðið sitt rjúkandi ráð, hvorki í þessu máli né neinu öðru. En sem sagt, hann hefur beðið fullan ósigur. En sá ráðh., sem betur er að því kominn og er meira trausts verður, hefur sigrað í þessari orrahríð, og ég vona að honum vegni betur en hinum, sem undir hefur orðið.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég vona að menn hafi tekið eftir orðum fjmrh. þegar hann sagði að það muni verða háð vilja ríkisstj. og Alþingis hvað gerist í þessum málum. Þetta eru auðvitað viðkvæm mál vegna þess hvaða tengsl eru á milli þeirra og varnar- og utanríkismála. En við skulum athuga hvað hefur gerst í ríkisstj. síðasta áratug.

Minnihlutaflokkur, sem er á móti varnarliðsstefnunni og öllu því er henni fylgir, hefur haft aðstöðu til þess að komast í samsteypustjórnir og hefur reynt að knýja það fram gegnum stjórnarsamninga sem hentar þessum minnihlutaflokki, en gengur á móti meiri hl. Alþingis. Þegar sagt er: „vilji ríkisstj. og Alþingis", ber að minnast að það er engin ríkisstj. nema með vilja Alþingis.

En það vill svo til í þessu máli, að hæstv. utanrrh. hefur stóran meiri hl. Alþingis með sér, og það væri stjórnarfarslegt hneyksli ef núv. ríkisstj. eða nokkur önnur léti minnihlutaflokk koma því í gegn með stjórnarsetu að stöðva vilja meiri hl. Alþingis. Þess vegna eru fráleit

ákvæði í stjórnarsamningnum eins og það, að ekki megi byggja hús á varnarsvæðinu á Reykjanesi nema með leyfi Alþb. Þetta er ómerkt af því að það gengur beint gegn stjórnkerfi okkar, lýðræði og stjórnarskrá.

Í þessum málum á að ríkja vilji meiri hl. Alþingis, og við eigum ekki að láta Alþb.-mennina hafa okkur alla að fíflum með því að láta þeim takast að stöðva þessar framkvæmdir eða tefja þær. Þær eiga að halda áfram eins og meirihlutavilji er fyrir.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Þegar hæstv. forseti tók út af dagskrá mál, sem var hér fyrst til umr., um breytingu á gjaldmiðlinum, þá var ég honum alveg sammála. Ef svo hefði staðið á fyrir ráðherrum sem hefðu verið mínir ráðherrar, að þeir hefðu setið eins og klumsa merar undir því sem þá fór fram, þá hefði ég vafalaust gert þetta sama. Og ég veit ekki heldur til hvers á að bíða eftir hæstv. viðskrh., Tómasi fóstra, því að hann er þegar búinn að segja meira en hann má í því máli.

Nú held ég að hæstv. forseta verði nær, ef hann ber hag og virðingu þessarar hæstv. ríkisstj. fyrir brjósti, að taka þetta mál hið snarasta út af dagskrá og stöðva frekari upplok á þessum hæstv. ráðherrum. Hér stendur hæstv. utanrrh. upp og lýsir því yfir, að fjmrh. — hann orðaði bull hæstv. ráðh. kurteislega — hefðu orðið mismæli. Síðan kemur hæstv. fjmrh. upp og lýsir yfir þvers og kruss: Rétt er rangt, eftir því sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson talar, út og suður, þannig að það er ekki heil brú í neinu í þessum málflutningi hæstv. ríkisstj. Herra forseti. Ég legg til að þeim sé hlíft við frekari skömmum í þessu máli.

Úrvinnsla skattaframtala vegna ákvörðunar um búmark, fsp. (þskj. 64). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Það mun hafa verið á s. l. vori að þess var getið í einhverjum blaðafregnum — ég man því miður ekki hvar — að við ákvörðun á svokölluðu búmarki, sem kvóti vegna landbúnaðarframleiðslu væri byggður á, hefði verið farið yfir skattaframtöl allra bænda landsins af einhverjum ótilteknum aðilum og m. a. tekið tillit til ýmissa ábendinga einstakra hópa manna, einstakra hópa framteljenda og einstaklinga, sem kynnu að hafa haft áhrif til breytinga á einhverjum niðurstöðum í framtölum viðkomandi aðila með einum eða öðrum hætti. Ég hafði þá þegar samband við ríkisskattstjóra til þess að spyrja hann um þetta mál. Hann tjáði mér að tekið hefði verið ljósrit af öllum skattaframtölum bænda í landinu s. l. þrjú ár, þessi framtöl síðan afhent aðila úti í bæ, eins og ríkisskattstjóri orðaði það, og síðan hefði hans embætti ekki frétt af málinu meir. Ég spurði hann hvort það væri ekki dæmalaust að aðila úti í bæ væru afhent skattaframtöl einstaklinga með þessum hætti til þess hugsanlega að fara yfir og e. t. v. gera einhverjar breytingar þar á, án þess að ríkisskattstjóraembættið væri haft með í ráðum. Ríkisskattstjóri sagðist engin dæmi muna um það.

Ég spurði ríkisskattstjóra að því, hvort hann vissi hvílíkar breytingar, ef breytingar hefðu verið gerðar á þessu. Ríkisskattstjóri vissi það ekki. Ég spurði ríkisskattstjóra hvernig hefði verið með málið farið. Ríkisskattstjóra var ekki kunnugt um það. Ég spurði ríkisskattstjóra að því, hvort hann vissi eitthvað um niðurstöðu af þessum athugunum. Hann vissi ekki neitt, og það kom fram hjá ríkisskattstjóra í samtalinu við mig, að hann teldi mjög óeðlilegt að þann veg væri farið með framtöl manna, hvort sem það væru einstaklingar eða atvinnurekendur, og unnið út frá þeim sem gögnum í slíkum málum án þess að nokkur aðili frá ríkisskattstjóraembættinu væri hafður þar til ráðuneytis og án þess að ríkisskattstjóraembættinu væri með einum eða öðrum hætti gert kunnugt um það, hvers konar athugun hefði farið fram, og þá allra helst ef athugun hefði leitt til einhverra breytinga.

Vegna þessa máls ákvað ég að flytja á þskj. 64 sérstaka fsp. til hæstv. fjmrh. um þetta mál, sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„1. Hvernig var háttað úrvinnslu úr skattaframtölum bænda vegna ákvörðunar um framleiðslukvóta?

2. Voru einhverjar breytingar gerðar í því sambandi á upplýsingum, framsetningu, úrvinnsluatriðum, álagningarstofnum eða niðurstöðum framtalanna, og þá hverjar?

3. Voru skattayfirvöld höfð með í ráðum um úrvinnslu framtalanna, ef ekki, þá hvers vegna?

4. Hefur skattayfirvöldum verið gert viðvart um niðurstöður úrvinnslunnar og þær breytingar eða lagfæringar sem kunna að hafa verið gerðar á atriðum í skattaframtölum í því sambandi?

5. Hafi það verið gert, liggur þá fyrir mat ríkisskattstjóra á því, hvort umræddar breytingar — ef gerðar hafa verið — kunni að geta haft áhrif á álagningu opinberra gjalda á viðkomandi framteljendur?“

Herra forseti. Ég er með þessum fsp. ekki að gera eitt eða neitt til þess að skjóta einhverjum rökum undir það, að þarna hafi eitthvað óeðlilegt átt sér stað, síður en svo. Ég er aðeins að leggja áherslu á það, að mér finnst mjög óeðlilegt að aðili úti í bæ, eins og það var orðað við mig, taki í hendur sér gögn sem eru jafnviðkvæm, ráða jafnmiklu um skattlagningu á öllum þorra landsmanna og framtöl gera, reisi á þeim framtölum einhverjar áætlanir um framleiðslumagn, sem í einhverjum atriðum kunni að vera — án þess að ég viti um það — örðuvísi en þær upplýsingar sem skattayfirvöldum eru gefnar. Ég tel það alveg útilokuð vinnubrögð að framkvæma svona athugun, svona spá um framleiðslumat, öðruvísi en að skattayfirvöld séu jafnan höfð með í ráðum. Þess vegna beindi ég fsp. til hæstv. fjmrh., en ekki til hæstv. landbrh.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hefur beint til mín fsp. í fimm liðum um úrvinnslu skattframtala vegna ákvörðunar um búmark. Fsp. þessar voru sendar ríkisskattstjóraembættinu til umsagnar og svörin við spurningunum eru fyrst og fremst byggð á aths. sem þaðan bárust.

1. Spurningin er: „Hvernig var háttað úrvinnslu úr skattaframtölum bænda vegna ákvörðunar um framleiðslukvóta?“

Svar: Samkv. 2. mgr. b-liðar 1. gr. laga nr. 15/1979 skulu skattstjórar fyrir 1. júní ár hvert ókeypis og ótilkvaddir gefa Framleiðsluráði upp, í því formi sem það ákveður, afurðamagn og bústofn á hverju lögbýli og hjá öðrum framteljendum sem hafa meiri hluta tekna sinna af landbúnaði. Einnig er þeim skylt að veita aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar eru í þessu sambandi að kröfu Framleiðsluráðs. Þessar upplýsingar voru veittar með

því að gefa Framleiðsluráði ljósrit af bls. 1, 2 og 4 í skattframtölum bænda og bls. 1 og 2 í landbúnaðarskýrslum. Upplýsingar á framtölum, sem voru Framleiðsluráði óviðkomandi, voru strikaðar út eftir því sem hægt var. Í nefndum lögum og í reglugerð nr. 348 frá 1979 voru skattyfirvöldum ekki ætluð önnur afskipti af ákvörðun framleiðslukvóta eða kjarnfóðurgjalds, en þau verkefni fyrst og fremst falin Framleiðsluráði. Skattyfirvöldum er því ókunnugt um nánari úrvinnslu er fram kann að hafa farið vegna upplýsinga úr skattgögnum.

2. spurning: „Voru einhverjar breytingar gerðar í því sambandi á upplýsingum, framsetningu, úrvinnsluatriðum, álagningarstofnum eða niðurstöðum framtalanna, og þá hverjar?"

Svar: Af svari við 1. spurningunni leiðir að skattyfirvöld geta ekki veitt svar við þessari spurningu.

3. spurning: „Voru skattayfirvöld höfð með í ráðum um úrvinnslu framtalanna, ef ekki, þá hvers vegna?"

Svar: Skattyfirvöld voru ekki höfð með í ráðum um úrvinnslu framtalsgagna í þessu sambandi, enda öðrum aðilum falin sú úrvinnsla, eins og fyrr er vikið að, og ekki gert ráð fyrir því í lögum, að skattyfirvöld hafi þar nokkuð með úrvinnslu þeirra að gera.

4. spurning: Hefur „skattayfirvöldum verið gert viðvart um niðurstöður úrvinnslunnar og þær breytingar eða lagfæringar sem kunna að hafa verið gerðar á atriðum í skattaframtölum í því sambandi?"

Svar: Hvorki fjmrn. né ríkisskattstjóraembættinu er kunnugt um að skattstjórum hafi verið gert viðvart um neinar breytingar eða lagfæringar sem kunna að hafa verið gerðar af Framleiðsluráði á atriðum í skattframtölum.

5. spurning: „Hafi það verið gert" — væntanlega það sem felst í 4. spurningu — „liggur þá fyrir mat ríkisskattstjóra á því, hvort umræddar breytingar — ef gerðar hafa verið — kunni að geta haft áhrif á álagningu opinberra gjalda á viðkomandi framteljendur?"

Ríkisskattstjóri — raunar vararíkisskattstjóri í þessu tilviki vegna þess að ríkisskattstjóri var í leyfi þegar þessari spurningu var svarað — svarar þessari spurningu einfaldlega með því að vísa í svarið við 4. spurningunni.

Ég vil svo að lokum taka það fram, að þar sem lög þessi voru sett áður en ég kom í fjmrn. eða 18. apríl 1979 og ég hef því ekki haft nein afskipti af þessu máli er ég ekki persónulega kunnugur því að öðru leyti, en verð að láta þessi svör nægja.

Fyrirspyrjandi (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir svör hans, en vek athygli á því, að enda þótt í viðkomandi lagatexta, sem í var vitnað, sé gert ráð fyrir að Framleiðsluráð landbúnaðarins ákveði þetta búmark á grundvelli skattaframtala, þá er ekkert í þeim lögum sem með einum eða öðrum hætti kæmi í veg fyrir það, að ríkisskattstjóri og fjmrn. væru höfð með í ráðum um þá yfirferð á framtölum hvers einasta bónda í landinu sem lögð var til grundvallar ákvörðun um búmark. Og mér finnst það raunar alveg furðulegt í þessu máli, að Framleiðsluráð landbúnaðarins skuli ekki hafa óskað eftir því og ekki haft fyrir því að láta ríkisskattstjóraembættið, sem afhendir jafnviðkvæm gögn og skattaframtöl manna eru, fylgjast með eða gera því viðvart um niðurstöður.

Við skulum gera okkur grein fyrir því, hv. alþm., að hér er um skattaframtöl heillar atvinnustéttar að ræða. Hér er um að ræða framleiðendur landbúnaðarvara sem með nákvæmlega sama hætti gætu verið framleiðendur hvaða varnings sem vera skal sem framleiddur er í landinu. Þetta gætu alveg eins verið iðnrekendur t. d. Ríkisskattstjóraembættið og skattstjórar um land allt eru látnir afhenda samtökum, sem eru óbeinlínis í tengslum við þessa tilteknu framleiðendastétt, ljósrit af skattaframtali hvers einasta bónda í öllu landinu. Síðan skýra blöð frá því, að einstaklingar í þessari stétt, jafnvel heilu sveitirnar, hafi mótmælt því, að framleiðslubúmarkið yrði reist á upplýsingum sem í framtölunum komu fram um framleiðslumagn og fleira, öðruvísi en þeim upplýsingum yrði vikið við. Þetta kom fram í blaðafregnum í vor. Engum er kunnugt um niðurstöðuna, engum kunnugt um það, hvort þessar aths. hafa verið teknar til greina. Fjmrn. og ríkisskattstjóri hafa ekki hugmynd um það. Þetta er vítaverð og ámælisverð framkoma.

Ég vil eindregið óska eftir því, bæði við hæstv. fjmrh. og hæstv. landbrh., að þessir ágætu menn beiti sér fyrir því að kanna þetta mál og athuga hvort nokkur sú breyting hefur verið gerð í þessu sambandi á upplýsingum úr framtölum einstaklinga, sem kann að geta haft áhrif á skattlagningu þeirra ef skattayfirvöldum hefði verið gert viðvart. Það nær auðvitað ekki nokkurri átt, ef Alþingi tekur þá ákvörðun með lagasetningu að afhenda þriðja aðila úti í bæ til frekari úrvinnslu jafnviðkvæm atriði og skattaframtöl manna eru, að þá skuli sá aðili geta farið með málið raunverulega nákvæmlega eins og honum sjálfum dettur í hug og jafnvel gert við ákvörðun á framleiðslumagni þær breytingar á þessum framtölum sem honum þessum þriðja aðila úti í bæ, dettur í hug, og það skuli geta gerst án þess að ríkisskattstjóri hafi hugmynd um. Þetta er alveg fáheyrt og að mínu viti algert hneyksli, þó svo að mér detti ekki í hug að eitt eða neitt hafi verið gert í þessu sambandi sem ekki þoli skoðun.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Þeirri fsp., sem hér er á dagskrá, er beint til hæstv. fjmrh. þannig að ég hef ekki kannað þau atriði sérstaklega sem spurt er um.

Í fsp. er vikið að því í tölul. 2—5, að það kunni að hafa verið gerðar einhverjar breytingar á upplýsingum, framsetningu, úrvinnsluatriðum og álagningarstofnum eða niðurstöðum skattframtala. Og það er spurt: Hafi þetta verið gert, liggur þá fyrir mat ríkisskattstjóra á því, hvort umræddar breytingar — ef gerðar hafa verið — kunni að geta haft áhrif á álagningu opinberra gjalda á viðkomandi framteljendur?

Ég veit ekki betur en þær fsp., sem hér eru settar fram, byggist í raun og veru algerlega á hugarburði fyrirspyrjanda. Ég veit ekki betur en að í þeirri vinnu, sem lagt hefur verið í í sambandi við þær aðgerðir, sem Framleiðsluráð landbúnaðarins stendur fyrir varðandi undirbúning kvótakerfis eða annarra aðgerða í landbúnaðarmálum til áhrifa á framleiðslumagn búvöru, sé einvörðungu um upplýsingasöfnun að ræða. Þar er hvergi um breytingar á skattframtölum að ræða og hvergi um það að ræða, svo að ég viti til, að gerðar séu breytingar á niðurstöðum skattframtala. Ég hygg að það sé alger hugarburður, að einhverjar slíkar breytingar geti orðið stofn breyttrar álagningar.

Ég vil aðeins segja það, vegna þess að seinni ræða hv. fyrirspyrjanda bar með sér að það er nokkuð mikill móður í honum varðandi þetta mál að ég veit ekki til þess

að þær getsakir, sem þar komu fram í garð bændasamtakanna, eigi við nokkur rök að styðjast, og ég hef hvergi orðið þess var, enda þótt þau mál, sem hér er fjallað um, séu mjög umtöluð meðal bænda og meðal landsmanna yfirleitt, að þar hafi nokkurs staðar komið fram tortryggni í garð Framleiðsluráðs og Stéttarsambands bænda um meðferð þessara gagna. Það er í fyrsta skipti sem ég heyri slíka tortryggni hér á hv. Alþingi frá þessum hv. fyrirspyrjanda. Ég lít því svo til, að þær fsp. sem hér eru settar fram, byggist einvörðungu á hugarburði þessa hv. þm.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vek athygli á því, að 2. lið þessarar fsp. hefur ekki verið svarað. Nú lít ég svo á, að þessi fsp. sé borin fram með þinglegum hætti og vil spyrja hæstv. forseta hvort hann muni gera ráðstafanir til þess, að þessum lið verði svarað eins og efni standa til. Ég fellst ekki á að slíkt sambandsleysi sé á milli landbrn. og fjmrn., að ekki sé hægt að koma upplýsingum þar á milli, og óska eftir því að fá svör við þessu atriði.

Ég skal að öðru leyti ekki gera þessi mál að umræðuefni, hvorki kvótakerfið né annað í þessu sambandi, en ég vil aðeins vekja athygli á því, sem alkunnugt er, að sleifarlag hæstv. landbrh. í sambandi við kvótakerfið er alkunnugt og hefur haft veruleg áhrif og valdið mörgum bændum alvarlegu tjóni sem ég sé satt að segja ekki hvernig á að bæta.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Vegna þessarar aths. hv. þm. vil ég taka það fram, að í lögunum, sem samþ. voru hér 18. apríl 1979, segir einfaldlega:

„Skattstjórar skulu fyrir 1. júní ár hvert ókeypis og ótilkvaddir gefa Framleiðsluráði upp í því formi, sem það ákveður afurðamagn og bústofn á hverju lögbýli og hjá öðrum framteljendum, sem hafa meiri hluta tekna sinna af landbúnaði" o. s. frv.

Hlutverk fjmrn. og yfirleitt ríkisstj. í þessu máli er bara að afhenda upplýsingar. Það er ekki ríkisstjórnarinnar að svara til um hvað sá aðili, þriðji aðili í þessu tilviki, sem fær gögnin í hendur, hefur gert við gögnin eða hvort hann hefur gert einhverjar breytingar á upplýsingum, framsetningu, úrvinnsluatriðum, álagningarstofnum eða niðurstöðum framtalanna. Það þýðir ekki að spyrja fjmrn. um það, vegna þess að það hefur ekki svör við þessari spurningu og þessi spurning er skattyfirvöldum algerlega óviðkomandi. Ef ætlunin er að óska eftir að ríkisstj. útvegi þessar upplýsingar frá Framleiðsluráði landbúnaðarins er eðlilegt að spyrja á þann veg. Ég efast ekkert um að ef landbrh. hefði verið formlega beðinn um að útvega upplýsingar um það frá þriðja aðila, Framleiðsluráði landbúnaðarins, hvort það hefði gert einhverjar tilteknar breytingar á þessum upplýsingum og gögnum, sem það fékk í hendur, þá hefði landbrh. auðvitað svarað þeirri spurningu tafarlaust og útvegað allar upplýsingar. En það var ósköp einfaldlega ekki spurt á þennan veg og þar af leiðandi getur svarið ekki orðið öðruvísi en hér liggur fyrir.

Fyrirspyrjandi (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Ég ætla ekkert að orðlengja um þetta, en lýsi því yfir, að ég treysti því, að þeir ágætu menn hæstv. landbrh. og hæstv. fjmrh., sjái til þess að ríkisskattstjóra og skattstjóraembættunum í landinu verði gert kunnugt hver meðferð þessara gagna hefur verið. Okkur hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni, formanni þingflokks Alþb., er kunnugt um það báðum tveimur, okkur var skýrt frá því, að tiltekin breyting hefur verið gerð á niðurstöðum framtala í ákveðnum sveitum samkv. óskum aðila þar að lútandi. Okkur var líka sagt af þeim aðila sem þessar breytingar gerði, að hann teldi að það ætti ekki að hafa nein áhrif á álagningu opinberra gjalda. En það er ekki þessa aðila að meta það, heldur skattayfirvalda.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég ítreka að hæstv. fjmrh. sagði í ræðu sinni áðan að hann mundi ekki svara 2. lið þeirrar spurningar sem hér liggur fyrir þar sem sú spurning heyrði ekki undir ríkisskattstjóra. Ég sé satt að segja ekki að það snerti kjarna þessa máls, heldur hitt, hvort forseti Sþ. muni gera ráðstafanir til þess að fsp., sem borin er fram með þinglegum hætti, fái þinglega meðferð.

Sameinað þing, 17. fundur.

Þriðjudaginn 11. nóv., að loknum 16. fundi.

Gjaldskrár þjónustustofnana, þáltill. (þskj. 85). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Alkalískemmdir á steinsteypu í húsum, þáltill. (þskj. 86). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Samgöngur um Hvalfjörð, þáltill. (þskj. 11). — Ein umr.

Flm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að mæla fyrir till. til þál. á þskj. 11, sem við flytjum allir þm. Vesturl. Till. fjallar um samgöngur um Hvalfjörð og er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hlutast til um að gerð verði athugun á hagkvæmustu samgönguleiðum um Hvalfjörð."

Grg., sem fylgir þessari till., er örstutt, en hún skýrir þó að mínum dómi í aðalatriðum eðli og tilgang þeirrar þáltill. sem hér er fjallað um. Engu að síður vil ég leyfa mér að fara örfáum orðum um þetta efni.

Því er ekki að neita, að oft hefur þetta mál, þ. e. samgöngur um Hvalfjörð, borið á góma í umr. allt frá því að lagning Vesturlandsvegar hófst árið 1905, en árið 1934 var lokið við að ryðja veg alla leið upp í Borgarfjörð. Síðan þá hefur vegurinn fyrir Hvalfjörð tekið miklum stakkaskiptum, eins og kunnugt er. Þrátt fyrir þá staðreynd tel ég að flestir vegfarendur líti svo á, að þeir leggi óþægilega lykkju á leið sína þegar ekið er inn fyrir Hvalfjarðarbotn, þótt ekki sé fastar að orði kveðið.

Eins og öllum er kunnugt er þessi umr. hér og nú aldeilis ekki sú fyrsta á opinberum vettvangi sem fjallar um samgöngur um fjörðinn. Árið 1944 tók bæjarstjórn Akraness til við áætlanagerð um ferju yfir Hvalfjörð. Byrjað var á hafnarframkvæmdum við Katanes norðan fjarðar, lagður var vegur að hafnarstæðinu og keyptir

voru tveir prammar. Úr meiri framkvæmdum varð ekki í það skiptið og lítið sem ekkert aðhafst í málinu allar götur til 1963, en þá var samþ. hér á hinu háa Alþingi þál. um rannsókn á ferjuhaldi yfir Hvalfjörð. Sú till. leiddi til þess, að gerð var áætlun um rekstur ferju. Það verk var unnið af vitamálastjóra. Niðurstöður voru birtar árið 1966 og samkv. þeim var talið að rekstur ferju yrði hagkvæmur að 5 árum liðnum. Að sinni var þó ekki farið ítarlegar í málið, en 1967 var skipuð nefnd þriggja ágætra manna samkv. ályktun Alþ. frá 18. apríl sama ár. — Ég vil geta þess í því sambandi, hverjir voru flm. þeirrar till., en það voru þáv. þm. Vesturl. Jón Árnason, Sigurður Ágústsson, Benedikt Gröndal, sem hér er meðal vor, Ásgeir Bjarnason og Halldór E. Sigurðsson. Í nefndinni voru þeir Sigurður Jóhannsson, Gústaf E. Pálsson og Björgvin Sæmundsson.

Í skipunarbréfi nefndarinnar var þess óskað, að hún skilaði áliti sem fyrst og eigi síðar en í árslok 1968. Úr því varð þó ekki, enda var hér um umfangsmikið og tímafrekt verk að ræða, en verksvið nefndarinnar var að annast alhliða rannsókn á því hvernig hagkvæmast væri að leysa samgönguþörfina milli þéttbýlis í og við Reykjavík annars vegar, Akraness, Borgarfjarðar og til Vestur- og Norðurlands hins vegar. Nefndinni var heimilað að ráða sérfræðilega aðstoð á hinum ýmsu sviðum með það að markmiði að komast að raunsannri niðurstöðu í þessu efni.

Álit nefndarinnar kom út í sept. 1972. Nál. þetta er allmikið að vöxtum og ber að mörgu leyti vitni um ítarleg og nákvæm vinnubrögð. Er ekki ætlunin hér að gera þeirri álitsgerð tæmandi skil, enda yrði það allt of langt mál. Ég tel þó skylt að geta um helstu niðurstöður í því nál. sem vitnað hefur verið til, en þar segir, með leyfi forseta:

„Niðurstöður þeirra athugana, sem nefndin hefur gert, eru í stuttu máli þær, að leggja skuli fullkominn veg fyrir Hvalfjörð. Með þeim styttingum á núverandi vegi, sem hagkvæmar eru, fást þannig 14—15% afkastavextir, og er það álit nefndarinnar, að þessi kostur sé þjóðhagslega hagkvæmastur þeirra sem völ er á. Nefndin álítur jafnframt, að æskilegt sé að einhvers konar farkostur sé í förum milli Reykjavíkur og Akraness. Nefndin telur, að það gæti verið arðsöm fjárfesting, og gerir það að tillögu sinni, að rekstraröryggi og rekstrarafkoma slíks farkosts verði könnuð til hlítar."

Sú stefna, sem fylgt hefur verið í samgöngumálum um Hvalfjörð hin síðari ár, ber órækt vitni þess, að það hefur verið tekið mið af niðurstöðum þeirrar nefndar sem ég hef vitnað til, enda þótt framkvæmdir hafi kannske gengið hægar en menn hafa óskað.

En nú kann einhver að spyrja: Til hvers er raunverulega að hreyfa þessu máli með tilliti til þeirrar stefnu sem tekin var á sinni tíð? Hafa forsendur breyst svo mikið að ástæða sé til að ætla að niðurstöður yrðu breyttar frá því sem áður var, miðað við hina ýmsu möguleika? Við flm. gerum okkur að sjálfsögðu ljóst að þær endurbætur, sem gerðar hafa verið á veginum um Hvalfjörð á undanförnum árum, gætu vegið allnokkuð í því endurmati sem sú till., sem hér er til umr., gerir ráð fyrir.

Eins og áður er getið eru forsendur þess nál., sem vitnað hefur verð til, orðnar um áratugsgamlar, enda þótt í sumum tilvikum hafi verið reynt að beita framreikningi eða leitast við að spá fram í tímann. Sú leið, sem næsthæsta afkastavexti gaf á sinni tíð, eða 10—12%, var ferja yfir Hvalfjörð milli Galtarvíkur og Kiðafells ásamt endurbótum á veginum fyrir fjörðinn. Þar hefur því augljóslega verið mjög mjótt á munum miðað við þann valkost sem tekinn var. Jarðgöng undir fjörðinn frá Kjalarnesi yfir á móts við Innra-Hólm eða brú miklu innar í firðinum gáfu mun lægri afkastavexti. Ég vil taka það fram í sambandi við jarðgöng, að vegna jarðfræðilegra aðstæðna var talið óhugsandi að leggja göngin með öðrum hætti en í pípu undir fjörðinn, sem steypt hefði þá verið í hlutum og skeytt saman á hafsbotni.

Það er út af fyrir sig erfitt að ráða í það og ekki aðstæður hér að ráða í þau verktæknilegu atriði sem þarna koma til í sambandi við smíði ferja, brúa eða jarðganga, en mér þykir ástæða til að ætla að framfarir hafi orðið í smíði slíkra mannvirkja s. l. 10 ár. Í sambandi við ferju vil ég minna á þá hagkvæmni sem hún skilaði í útreikningum á sinni tíð. Nýjar forsendur eru að sjálfsögðu þau hafnarmannvirki sem þegar eru risin við Grundartanga og mætti hugsanlega nýta vegna ferjusambands yfir fjörðinn.

Fyrir utan þau atriði, sem ég hef nú minnst á og gefa til kynna breyttar forsendur, vil ég auðvitað enn fremur geta um stórhækkað eldsneytisverð sem leiðir af sér að gífurlegur kostnaður fylgir löngum ferðalögum og löngum flutningum og gerir það e. t. v. aldrei brýnna en einmitt nú að stytta vegaleiðir.

Að mínum dómi, eins og ég tók raunar fram í upphafi, er ekki þörf mikilla málalenginga um þessa till. sem ég hef nú mælt fyrir. Ég lít svo á, að í sumum tilvikum megi styðjast við það nál. sem ég hef vitnað til í framsögu minni, en allar hugsanlegar nýjar forsendur þarf að endurmeta til þess að komast að raunsannri niðurstöðu.

Eins og segir í grg. með till. er okkur flm. ljóst, að athugun þessi mun hafa einhvern kostnað í för með sér, en í það megi ekki horfa af þeirri einföldu ástæðu að hagkvæmustu valkostir í samgöngumálum þurfa að liggja fyrir á hverri tíð.

Herra forseti. Ég vona, að þessi till. fái jákvæðar undirtektir þingheims, og leyfi mér að leggja til að að loknum þessum hluta umr. verði till. vísað til allshn.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Hér er til umr. svohljóðandi þáltill.:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hlutast til um að gerð verði athugun á hagkvæmustu samgönguleiðum um Hvalfjörð."

Svo sem fram kemur í grg. með till. var starfandi nefnd fyrir um áratug til að athuga þetta mál, og ítarlegt álit þeirrar nefndar birtist í allmikilli bók í sept. 1972. Niðurstaða nefndarinnar varð nánast sú, að samgöngum fyrir Hvalfjörð til og frá Akranesi skyldi haga á þann hátt, sem gert hefur verið á undanförnum árum og nú er gert, og framkvæmdum í vegamálum hagað samkv. því með uppbyggingu góðs vegar í kringum Hvalfjörð.

Því er ekki að neita, að þó að horfið hafi verið að því ráði að halda uppi ferðum með fullkomnari skipakosti en áður milli Akraness og Reykjavíkur og fyrirheit þá gefið um endurbyggingu vegarins fyrir Hvalfjörð voru þó uppi raddir um að leysa hefði átt málið á annan hátt og þá nefnd til brú yfir fjörðinn eða ferjur á annarri leið en á milli Akraness og Reykjavíkur.

Forsendur mála geta breyst og hafa sjálfsagt breyst í þessu máli. Vegna hækkunar orkuverðs hefur arðsemi allra framkvæmda til að stytta leiðina aukist mjög á þessu

tímabili. Athugun á þeim þætti einum mundi sjálfsagt kalla á athugun annarra þátta. Við erum með endurskoðun vegáætlunar á tveggja ára fresti, og það verður því varla kölluð nein ofrausn þótt sérstök athugun á leiðinni fyrir Hvalfjörð sé gerð á 10—15 ára fresti.

Einum mikilsverðum þætti samgangna virðast áætlunarmeistarar vegagerðar næstum gleyma, en það er tenging milli byggða innbyrðis í hverjum landshluta. Hjá okkur á Vesturlandi hefur þessi þáttur gleymst svo algerlega í sambandi við samgöngur á milli byggðarlaganna á norðanverðu Snæfellsnesi að í vegamálum hefur bókstaflega ekkert verið gert til nýbygginga frá Fossá við Ólafsvík um Grundarfjörð að vegamótum Stykkishólmsvegar við Skjöld í áraraðir, jafnvel áratugi. (**Gripið fram í:** Stutt er síðan þar varð bílfært.) Og mjög stutt síðan þar varð bílfært. Guðmundur man að þegar hann var frambjóðandi Sósíalistaflokksins á Vesturlandi var illt að komast þar á milli byggða og alls ekki hægt að komast fyrir Ólafsvíkurenni né fyrir Búlandshöfða.

Mér finnst að í áðurnefndu nál. um samgöngur um Hvalfjörð sé þeim þætti gleymt, að Akranes sé hluti af Vesturlandi og samgöngur um Hvalfjörð eigi að taka mið af því. Mér finnst að grundvallarsjónarmiðið við athugun á þessum samgöngum þurfi fyrst og fremst að vera bættar samgöngur Vesturlands við Akranes með styttri leið en nú er og samtengingu við samgönguleið Akurnesinga við Reykjavík, sem þá tengdist lausn á bættum samgöngum milli Akraness og Reykjavíkur. Það má fara mörgum orðum um nausyn þess fyrir byggðir Vesturlands að tengjast Akranesi betur en nú er, ekki aðeins nágrannabyggðir Akraness, heldur allt kjördæmið, en Vestfirðir og Strandir einnig og Norðurland vestra.

Haustið 1971 flutti ég till. hér á hv. Alþ. um endurskipulagningu sérleyfisferða. Í því sambandi ræddi ég um samgöngur við Akranes og sagði þá m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Næststærsti kaupstaður landsins utan Reykjanessvæðisins og Vestmannaeyja, Akranes, er skilinn eftir eins og eyja í úthafi án nokkurra samgangna við það svæði, sem kaupstaðurinn ætti og þyrfti að vera í samgöngutengslum við. Á Akranesi er fullkomið sjúkrahús og mjög góð heilbrigðisþjónusta. Þar er margs konar iðnaður. Akranes býður upp á fjölbreytta verslun, fjölbreyttari en á nokkrum öðrum stað á Vesturlandi. Með bættum samgöngum og þar með stækkuðu viðskiptasvæði gæti verslun, orðið fjölbreyttari og söluumsetningin aukist. Sama er að segja um iðnað o. fl. Slík þróun er mjög æskileg og hagstæð fyrir íbúa Akraness og alla Vestlendinga."

Þetta, sem ég sagði þá, fyrir um áratug, er allt eins enn, en auk þeirra atriða, sem ég taldi upp þá, er nú kominn fjölbrautaskóli sem þjóna á öllu Vesturlandi, en samgöngur frá Vesturlandi til Akraness hafa heldur versnað á þessu tímabili en þar hafi einhver framþróun orðið.

Ég tel að fyrri nefnd í þessu máli hafi gefið leiðinni yfir eða undir Hvalfjörð frá Innra-Hólmi að Saurbæ innan við Hnausasker eða þar nálægt allt of lítinn gaum. Ég tel að um þá leið eða í nágrenni hennar þurfi framtíðarvegur um Hvalfjörð að vera ef einhverjar breytingar eiga að eiga sér stað frá núverandi samgöngukerfi. Þá um leið yrði Vesturlandsvegur lagður yfir Leirvog hjá Súlunesi, fyrir framan Akrafjall, um Akranes að ferju- eða brúarstað eða gangastað í aðeins 8 km fjarlægð frá Akranesi. Ferjustaður eða leið yfir Hvalfjörð innar með firðinum breytir litlu í þá átt að tengja byggðir Vesturlands saman, mundi jafnvel gera Akranes enn einangraðra miðað við samgöngur við Vesturland en það nú er. Þessari skoðun minni breytir engu það að einhver hafnarmannvirki séu komin að Grundartanga. Ég tel að staðsetning ferju á því svæði sé til lítilla bóta fyrir okkur Vestlendinga og til enn þá minni bóta fyrir samgöngutengingu við Akranes og Reykjavík.

Leið yfir Hvalfjörð á öðrum stað en ég hef hér lagt áherslu á kæmi til með að koma okkur á Vesturlandi til góða að einhverju leyti, og sjálfsagt er hægt að reikna þar á ýmsum stöðum þetta og þetta mikla arðsemi umfram það sem hægt væri að reikna þá leið sem færi yfir Hvalfjörð það utarlega sem tæknilegar og veðurfarslegar aðstæður frekast leyfðu. Því utar við fjörðinn, því hagstæðari yrði þó leiðin jafnan fyrir meginhluta Vesturlands og alla umferð norður og vestur. Það er reyndar ekki um mikinn mun að ræða, en nokkurn þó. Ég tel að þótt horfið verði að því ráði að byggja upp samgönguleið yfir Hvalfjörð með ferjum verði eftir sem áður að byggja góðan veg inn fyrir fjörðinn. Mætti sá vegur vera lengra á veg kominn en nú er, en það er annar kapítuli í umræðum um samgöngumál.

Ég taldi rétt að þessi skoðun mín kæmi fram á hv. Alþ. við þessa umr. um þá till. sem hér er til umr. Sjálfsagt eru skoðanir skiptar milli okkar þm. Vesturl., sem flytjum þessa till., um hvaða leiðir skuli velja, og jafnvel getur sú skoðun verið uppi, að í óbreytta stefnu skuli halda. Við erum þó sammála um að óska þess, að enn verði gerð athugun á þessu máli.

Ég vil taka fram, að þar sem sagt er í tillgr. að gerð verði athugun á hagkvæmustu samgönguleiðum um Hvalfjörð, lít ég svo á, að orðið „hagkvæmustu" sé breiðrar merkingar og taki til félagslegrar hagkvæmni eigi síður og jafnvel frekar en fjármálalegrar hagkvæmni eða arðsemi.

Ingólfur Guðnason: Herra forseti. Það er að vísu ástæðulítið að gera að umræðuefni á Alþ. hversu bættar samgöngur á landi, lofti og legi eru mikilvægir þættir í lífi þessarar þjóðar þar sem fáir búa í tiltölulega stóru landi og erfiðu yfirferðar. Landið er, eins og við vitum, mjög vogskorið og fjöllótt og margar ár yfir að fara og firðir margir og veðráttan og eiginleikar landsins ekki með þeim hætti að það sé auðvelt eða létt verk að gera þar þau samgöngumannvirki sem nauðsynleg eru svo sæmilegt megi kallast. Það er því eðli málsins samkv. að umr. hefjist um samgöngumál hér á Alþ. og reynt sé hverju sinni að leita að heppilegustu og skynsamlegustu lausn hvers vanda á þessu sviði og hinar ýmsu úrlausnir og valkostir, sem til greina koma, séu metin og þá að sjálfsögðu með tilliti til arðsemi í bráð og lengd.

Í till. til þál., sem hér er til umr., er gert ráð fyrir að Alþ. álykti að fela ríkisstj. að hlutast til um að gerð verði athugun á hagkvæmustu samgönguleiðum um Hvalfjörð. Fyrst og fremst kvaddi ég mér hljóðs við þessa umr. til að lýsa yfir samþykki mínu við tillöguna.

Í grg. með till. er vitnað til álits nefndar, sem birt var árið 1972, um alhliða rannsókn á því, hvernig hagkvæmast muni að leysa samgönguvanda milli þéttbýlisins í og við Reykjavík annars vegar og Akraness, Borgarfjarðar og til Vestur- og Norðurlands hins vegar. Síðan er í grg. getið um fjóra aðalmöguleika og þar segir: 1) Ferju yfir

fjörðinn, 2) brú yfir fjörðinn, 3) göng undir fjörðinn, 4) veg fyrir fjörðinn.

Ein þessara þriggja nýju lausna verður eflaust og vonandi að veruleika eftir nokkurn tíma, hvað sem „nokkur tími" í þessu tilliti gæti merkt. En það er það sem ég óttast, að hv. flm. till. séu að gæla við hugmynd um að farin verði einhver þessara þriggja nýju leiða í allra næstu framtíð, og þar sem mér þykir líklegt að flestir þessara þriggja kosta verði mjög dýrir mundi það verða til að tefja mjög svo aðrar vegaframkvæmdir, ekki einungis á þessari leið, til byggðarlaganna sem þarna eru nefnd, heldur kannske mjög víða annars staðar. Við ákvörðun um eina lausn vandamáls má ekki gleyma hagsmunum eða vandamálum annarra þegna í þjóðfélaginu. Arðsemissjónarmið eiga fullan rétt á sér, en þau eru ekki allt og mega ekki verða allt.

Í þessu sambandi leyfi ég mér að benda á Borgarfjarðarbrúna nýbyggðu. Enginn efast um ágæti hennar sem samgöngumannvirkis, en margir efuðust og efast um hvort skynsamlegt hafi verið að ráðast í þá framkvæmd á sínum tíma og stangast sjálfsagt fullyrðingar á um það efni. Við skulum gera okkur grein fyrir því, að þrátt fyrir ágæti sitt hefur Borgarfjarðarbrúin að öðru jöfnu tafið fyrir öðrum vega- og brúaframkvæmdum á landinu. Ég á von á að ýmsir, svo sem Þingeyingar, Eyfirðingar, Siglfirðingar og ótalmargir aðrir á Norður- og Austurlandi, muni álíta að verkröðun hefði átt að vera með öðrum hætti. Hverjir hv. alþm. muna veginn um Norðurárdal í Mýrasýslu og þar með talda brúna yfir Sanddalsá? Hverjir muna brúna yfir Giljá í Austur-Húnavatnssýslu og veginn um Mánárskriður á Siglufjarðarleið, svo að eitthvað sé talið? — Að öðru leyti ætla ég ekki að ræða um Borgarfjarðarbrúna, en hver arðsemi hennar er treysti ég mér ekki til að dæma um, enda er arðsemi einnar framkvæmdar, ef hún tengist á beinan eða óbeinan hátt annarri arðsemi e. t. v. á öðrum sviðum í þessu þjóðfélagi, mjög flókið dæmi og ég efast um að þó að allir okkar reiknimeistarar leggi saman komist þeir að einni og sömu niðurstöðu.

Herra forseti. Ég tel sjálfsagt að möguleikar þeir, sem till. getur um, verði athugaðir og metnir, en ítreka jafnframt áhyggjur mínar varðandi seinkun annarra vegaframkvæmda ef till. þessi yrði hvati til einhverra þeirra framkvæmda sem kalla mætti risavaxnar eða ævintýramennsku á þessu sviði.

Ég lýsi því aftur yfir, að ég styð að þessi till. verði samþykkt.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég þakka þegar þær undirtektir við þetta mál sem komið hafa fram, og þó að ég gæti margt sagt í sambandi við ræðu hv. síðasta þm. ætla ég að sleppa því hér. En ég vil vekja athygli á því, að hér er um talsvert stærra mál að ræða en menn gera sér almennt grein fyrir að því er varðar framtíðarstefnu í samgöngumálum hér á landi.

Ég tel að nál. frá 1972 hafi verið mjög merkileg heimild um, hvernig á raunar að vinna að undirbúningi á þessu sviði, og margt, sem þar kemur fram, hafi orðið að vissu marki leiðarvísir í sambandi við vegagerð hér í landinu, en það eru breyttar forsendur þannig að núna er margt, sem þá var óljóst, orðið sjálfsagt hjá þeim þjóðum sem lengst eru komnar og best standa í sambandi við stórvirki í vegagerð.

Við þurfum raunar ekki annað en fara til Færeyja eða Noregs. Þá sjáum við hvernig frændur okkar leysa sín mál, jafnvel við erfiðari skilyrði en hér er um talað. Ég hef kynnt mér og skoðað með mikilli athygli hvernig Norðmenn leysa umferðarmál þar sem komast þarf yfir firði. Þó að e. t. v. séu að sumu leyti aðrar forsendur þar en þær sem við eigum við að stríða á því svæði sem hér er um talað, t. d. miklu meira ójafnvægi í náttúrunni hér, þ. e. sviptivindar og annað slíkt, eru ferjur í Noregi með þeim hætti að vel mætti hugsa sér að þær gætu hentað okkur á þessu sviði.

Ég vil í þessu sambandi benda á að það getur von bráðar komið á borðið til okkar mál eins og ferja milli Reykjavíkur og Akraness, sem er innan tíðar orðin úrelt og raunar of lítil eins og nú er. Þá má geta um ferju á milli Vestmannaeyja og lands, sem er mikið vandamál. Hefur þegar komið í ljós að sú ferja er ekki rétt hönnuð. Hún hentar ekki nægjanlega miðað við þær samgöngur sem þar þurfa að vera.

En það, sem kom mér til að standa upp, en ég er einn af flm. að þessari till., er fyrst og fremst að minna á það í leiðinni að gefnu tilefni, að við megum náttúrlega ekki vanmeta þær miklu samgöngubætur sem hafa verið gerðar þegar á Vesturlandi. Ég minni á stærsta átak sem hefur verið gert í samgöngumálum hér á landi, þ. e. brúna eða veginn yfir Borgarfjörð. Ég geri ráð fyrir að allir Íslendingar viðurkenni að þarna er vissulega um verðugt stórvirki að ræða sem á eftir að verða stolt okkar í samgöngumálum á komandi árum. Með því varanlega slitlagi sem þegar er komið, er þarna um stórkostlegan áfanga að ræða sem allir hljóta að gleðjast yfir. Hann er ekki aðeins gífurleg samgöngubót fyrir Vesturland, heldur einnig fyrir Vestfirði og Norðurland og raunar landið í heild. Þessi samgöngubót, sem þarna er að ljúka, mun tengja saman byggðir Vesturlands og gera margt auðveldara í framtíðinni en við höfum til þessa staðið frammi fyrir.

Ég tel, og tek undir það með hv. síðasta ræðumanni, að svona mál eigi að verða okkur hvati til áframhaldandi átaks og til að taka bjartsýnar ákvarðanir í samgöngumálum þjóðarinnar. Ég tel að eitt brýnasta verkefnið, og hef raunar sagt það áður í þessum ræðustól, sé núna að hefja markvissa sókn að því að gera stórvirki í vegamálum í landinu. Þetta er örugglega hægt. Sem betur fer veit ég að næstu daga kemur fram á hv. Alþ. stefnumörkun í sambandi við lagningu vega eða vegagerð næstu ára sem byggð er á nákvæmri úttekt með nýrri vinnuaðferð sem Vegagerðin hefur verið að vinna eftir. Ég er ekki í neinum vafa um að hv. alþm. verða sammála um og sameinast um að marka slíka stefnu og vinna eftir henni. Þetta er mál nútímans og mál framtíðarinnar. Ég tel að þetta sé eitt af stærri málum sem við alþm. þurfum að sameinast um og raunar þjóðin öll að koma til skila. Árangur þess, hvort sem við köllum það arðsemi eða annað slíkt, lætur ekki á sér standa.

Í því sambandi tel ég eðlilegt að svona till. á rétt á sér, þó að mönnum finnist kannske of mikið í lagt. Þessi mál þurfum við að skoða, og við eigum ekki að vera feimnir við að láta fara fram athugun og úttekt á stórvirki á þessu sviði, jafnvel þó að við teljum að í dag sé takmarkið eitthvað fjarlægt. Þess vegna vonast ég til að þessi till. fái að fara gegnum þingið með nokkrum hraða og það verði verk næstu ára að láta gera nýja athugun á því, hvernig við gætum fundið bestu úrlausn þess að stytta leiðina um Hvalfjörð.

En ég endurtek að við hljótum allir að vera samtaka um að hrinda fram stórátaki í varanlegri vegagerð á Íslandi næstu árin.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil taka undir þá till. sem hér er flutt á þskj. 11, till. til þál. um samgöngur um Hvalfjörð. Ég tek undir þann stórhug sem kemur fram í grg. En það, sem kemur mér til að standa upp hér og nú, er nokkuð af því sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, 1. þm. Vesturl., um vegagerð almennt.

Ég hef á tilfinningunni að áætlunargerðir, sem gætu hugsanlega komið frá Vegagerðinni núna, væru að verulegum hluta bundnar við þá hefð í vegagerð sem skapast hefur hjá þeirri stofnun. En vegna þess að ég er sammála síðasta ræðumanni um að vegagerð sé, eitt af stærri málum þjóðarinnar og þurfi að hrinda af stað stórhuga framkvæmdum á því sviði vil ég láta koma hér fram það, sem ég hef að vísu áður sagt úr þessum ágæta ræðustól, að ég held að sá stórhugur, sem lýsir sér í tali þm., komi ekki fram í framkvæmdum fyrr en að vegagerð verður staðið á sama hátt og að rafvæðingu landsins, að við vegvæðum landið og stöndum eins að vegvæðingunni og rafvæðingunni. Þá á ég við að gerð verði verklýsing á landinu öllu á þann myndarlega hátt, að almennt útboð á heimsmarkaði gæti farið fram um framkvæmdir og íslenskir verktakar yrðu þá undirverktakar og verkið boðið út eftir að fjármagn hefði verið tryggt með stórláni erlendis til langs tíma. Á þann eina hátt miðar okkur verulega áfram. Ég er ekki að segja að hægt sé að ráða það stóran verktaka að hann geti tekið allt landið undir í einu. En ef eins er staðið að vegvæðingu landsins og rafvæðingu, undirbúningur og öll hönnun verði unnin af Vegagerðinni og síðan fari fram útboð á alþjóðlegum vinnumarkaði, þannig að 4, 5, 6 stórir verktakar gætu unnið samtímis í öllum kjördæmum landsins, þá held ég að við kæmumst eitthvað áfram í þessum málum og hættum að sóa fé í uppbyggingu á sömu vegunum ár eftir ár um land allt. — Ég vildi láta þetta koma fram.

Það getur verið að margur hugsi sem svo: Þetta er of stórt átak. En ég held ekki. Ég held að erlend lántaka til að gera verulegt átak á þennan hátt í vegvæðingu landsins yrði að miðast við að þær tekjur, sem við höfum nú af innflutningi bifreiða, og aðrar tekjur sem nú renna í Vegasjóð, nægi til að standa undir því erlenda láni sem við tækjum til þessa verkefnis, og við yrðum þá að miða lánstímann við þá tekjuliði sem við höfum. Ég held að það ætti ekki að vera íþyngjandi því að allt viðhald og allt það, sem nú fer má segja til einskis í uppbyggingu ár eftir ár eða holufyllingar, kæmi til með að standa undir hinni erlendu lántöku.

En það skemmtilega við vegagerð á Íslandi er að ef Alþingi Íslendinga tekur ekki einhverja ákvörðun í átt við það sem ég hef verið að lýsa hér, þá er ég hræddur um að þegar Alþ. vaknar einn daginn vakni það við þá staðreynd, að Vegagerðin verður búin að leggja varanlega slitfleti langleiðina hringinn í kringum landið undir því yfirskini að hún sé að vinna að tilraunaköflum. Þeir eru orðnir svo margir tilraunakaflarnir að það fer hvað líður að vera nóg að tengja þá saman án þess að Alþingi Íslendinga hafi nokkurn tíma tekið ákvörðun um að ljúka þessum köflum. Þannig fara þeir á skemmtilegan hátt á bak við okkur, embættismennirnir. Þeir eru að ljúka verki fyrir okkur — verki sem við eigum að vinna.

Ég vil taka undir þessa till. Ef fjármagn finnst til að gera verulegt átak í vegagerð á Íslandi og að henni verður staðið á sama hátt, — ég endurtek það, — á sama hátt og við erum að rafvæða landið, þá er sá stórhugur, sem kemur fram í þessari till. og þá sérstaklega grg., sem liggur frammi á þskj. 11, engir draumórar.

Ég verð að segja alveg eins og er, að eftir að hafa ferðast meira um landið á s. l. sumri en ég geri yfirleitt á sumrum er mér betur ljóst en nokkurn tíma áður að vegagerð er eitt af því sem þarfast er í verklegum framkvæmdum á Íslandi. Það þarf einmitt að búa þannig að fólki úti á landi að það geti komist skammlaust á góðum farartækjum á milli bæja.

Flm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Ég skal ekki hafa um till. langt mál. Ég þakka góðar undirtektir við hana og kannske sérstaklega hv. síðasta ræðumanni.

Ég þakka hv. þm. Ingólfi Guðnasyni jafnframt fyrir stuðning við till. En ég vil taka fram að gefnu tilefni, að sú þáltill., sem ég mælti fyrir og hér er til umr., bendir ekki til þess að farið verði í neina ævintýramennsku í vegagerð. Eins og ég reyndi að gera grein fyrir og aðrir komu inn á er engin ævintýramennska fólgin í því að leita allra hagkvæmustu leiða, bæði út frá félagslegum sjónarmiðum og jafnframt hagrænum. Það eru þær götur sem við eigum að ganga til að finna út hagkvæmni þeirra mannvirkja sem við ætlum að reisa.

Ég vil taka undir það, að við höfum fyrr átt að tjá okkur á þann veg að við vildum gera stórátak í vegagerð og samgöngumálum almennt og framkvæma samkvæmt því. Í þessu sambandi vil ég og minna á það, að flestar stórframkvæmdir, sem við höfum farið í, og sérstaklega þær sem ráðist var í á árum áður, þóttu fífldirfska á þeirri tíð. Nú er svo komið að flestar þessara framkvæmda, jafnvel allar, þykja sjálfsagðar — einnig Borgarfjarðarbrú. Þar vilja allir Lilju kveðið hafa.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Mér finnst ástæða til að taka undir við hv. 3. þm. Reykv. í sambandi við það sem hann sagði um samgöngumálin almennt. Ég er honum fyllilega sammála um að ég tel að við eigum ekki að vera feimnir við að taka erlend stórlán til að ná verulegum áfanga í varanlegri vegagerð í landinu.

Ég vil benda á það sem ég sagði áðan, að þær upplýsingar, sem væntanlegar eru á borð þm. frá Vegagerð ríkisins og samgrn., sýna einmitt fram á að stórátak er mögulegt. Ný aðferð hefur verið tekin upp í sambandi við skýrslugerð um stofnbrautakerfi landsins, tölvuunnin, sem gerir einmitt mögulegt að taka fyrir stóráfanga á þessu sviði. Það vantar okkur, því það hefur verið þannig á undanförnum árum að jafnvel þó að Alþ. vildi leggja 1 eða 2 milljarða í ákveðinn veg, t. d. eins og að tengja Vestfirði við landsvegakerfið, eins og stundum er sagt, þá hefur það ekki verið hægt vegna þess að nákvæm úttekt á landssvæðinu, sem vegurinn á að liggja um, hefur ekki farið fram. Það er einmitt þetta sem nú er að sjá dagsins ljós, og það verður til þess að Alþ. getur tekið stærri ákvarðanir á sviði samgöngumála en hingað til hefur verið fært.

Í sambandi við tilraunir Vegagerðarinnar vil ég segja það, að ég tel að þær séu góðra gjalda verðar. Vegagerðin hefur verið með ákveðnar tilraunir í gangi í sambandi við það sem frændur okkar í Noregi, Norðmenn, hafa framkvæmt hjá sér í mörg ár á þeim

vegum þar sem minnst hefur verið umferðin, svokallað Ottadekk, og þetta hefur reynst betur hjá okkur miðað við 200 bíla umferð á dag en menn þorðu að vona. Það þarf ekki annað en líta á veginn undir Hafnarfjalli því til sönnunar. Við getum því einnig notað þessa reynslu í stórframkvæmdum á þessu sviði.

Það hafa verið fluttar á undanförnum árum þáltill. um 10 ára áætlun, 15 ára áætlun o. s. frv. Þessar till. hafa venjulega lent í ruslakörfu Alþingis. En ég vænti þess og vil endurtaka það sem ég sagði áðan, að nú sé tími til kominn að taka saman höndum og gera eitthvað stórt í þessum málum. Frumkvæði samgrn., sem væntanlega verður lagt fyrir þingið af núv. samgrh., ætti að geta orðið til þess að við getum sameinast um skynsamlegar aðgerðir næstu ára í þessu veigamikla máli.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Vegurinn undir Ólafsvíkurenni, þáltill. (þskj. 65). — Ein umr.

Flm. (Gunnar Már Kristófersson): Herra forseti. Á þskj. 65 hef ég leyft mér að flytja till. til þál. um hvernig best verði hagað endurbótum á veginum undir Ólafsvíkurenni, sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta kanna hvernig best verði hagað endurbótum á veginum undir Ólafsvíkurenni, þannig að komið verði í veg fyrir hættu af grjóthruni og snjóflóðum."

Á árunum 1963 og 1964 var lagður vegur fyrir Ólafsvíkurenni er tengir saman Neshrepp utan Ennis og Ólafsvík. Með honum opnaðist hringleið um Snæfellsnes sem tengir saman alla þéttbýlisstaði þar svo og sveitahéruð.

Vegurinn er mikil samgöngubót fyrir íbúa á norðanverðu Snæfellsnesi, auk þess sem hann er nauðsynlegur vegna heilsugæslu, atvinnurekstar og annarra samskipta þéttbýlissvæða á nesinu. Það er viðurkennt vandamál, að þessi vegur er hættulegur vegna grjóthruns og snjóflóða, en hann hefur þá sérstöðu umfram aðra vegi lagða við svipaðar aðstæður, að hann er að hluta lagður í snarbrattri skriðu þar sem engir einstakir steinar hanga utan í, heldur er öll skriðan úr lausum steinum þar sem losun á einum getur valdið losun á öðrum og þar með allri skriðunni.

Vestast í Enninu er vegurinn sprengdur inn í Þursaberg, en ofan við það er laus snarbrött skriða.

Vandamálið er því þríþætt: Í fyrsta lagi hrun á bæði smáu og stóru grjóti úr skriðu og hátt ofan úr Enni, í öðru lagi hætta á falli stórra stykkja úr þursaberginu ofan á veg og í þriðja lagi er einnig fyrir hendi hætta á snjóflóðum sem falla ekki ósjaldan.

Nokkrar umræður hafa farið fram um möguleika á að koma í veg fyrir þessar hættur, bæði meðal vegagerðarmanna og heimamanna, og hefur helst verið hallast að því, að um tvær lausnir væri að ræða: Að byggja yfir veginn og láta þannig hrun og snjóflóð fara yfir hann og fram í sjó. Er talið að byggja þurfi yfir um 1000 m af honum til að koma í veg fyrir þessa hættu. Önnur lausn gæti hugsanlega verið að byggja veginn frammi í sjó, en sá vegur gæti líklega orðið laus við hrun. Hins vegar mætti búast við að snjóflóð gætu náð fram á hann. Vegurinn yrði að vera mjög hár til að verja hann fyrir sjávaröldum, því sjávarsveifla á þessum slóðum er um 5 metrar. Talið er að lengd vegar, ef byggður yrði fram í sjó, þyrfti að vera um 1500 metrar.

Um fleiri leiðir gæti verið að ræða til að draga úr hættu á þessum vegi, þó talið sé að þessar tvær séu líklegastar til bóta.

Ályktun þessi miðar að því að ríkisstj. láti kanna hvernig gera megi þennan veg hættulausan og þannig tryggja öruggari samgöngur milli þéttbýlisstaða á Snæfellsnesi.

Með flutningi á þessari till. vil ég vekja athygli á mikilvægi góðra samgangna um Snæfellsnes, ekki aðeins milli þeirra staða, sem Ennisvegur tengir saman beint, Neshrepps utan Ennis og Ólafsvíkur, heldur einnig milli allra þéttbýlisstaða þar svo og sveitahéraða. Segja verður eins og er að vegakerfið á norðanverðu Snæfellsnesi, sem og reyndar í Vesturlandskjördæmi nær öllu, sé heldur bágborið, enda ljóst að sú tilhögun, er á var höfð allt fram undir síðasta ár, að jafnstór framkvæmd og bygging Borgarfjarðarbrúar var talin með almennum vegaframkvæmdum í kjördæminu og fjármögnuð af vegafé þess, hafi valdið því, að dregið hafi úr uppbyggingu og viðhaldi vega annars staðar í kjördæminu. Enginn má þó taka þessi orð mín svo, að ég sé óánægður með þá gífurlegu samgöngubót sem tilkoma Borgarfjarðarbrúar er. Þvert á móti lýsi ég yfir ánægju minni með þá framkvæmd. Hins vegar tel ég að hana hefði átt að fjármagna sérstaklega frá upphafi. Það er reyndar skoðun mín að allar vegaframkvæmdir á þjóðvegi nr. 1, hringveginum, eigi að fjármagna sérstaklega og hann ekki teljast til kjördæmisvega. Ýmis rök mæla að mínu mati með því, að sá háttur sé á hafður.

Eins og ég sagði áðan er fjármagn til framkvæmda við Borgarfjarðarbrú nú ekki inni í almennu vegafé kjördæmisins, enda brá svo við, eftir að sá háttur var upp tekinn, að sjaldan seinni ár hefur verið unnið eins mikið við uppbyggingu og viðhald vega í kjördæminu. En betur má ef duga skal. Ég tel að Vesturlandskjördæmi, og þá helst Snæfellsnes, hafi dregist það langt aftur úr miðað við önnur kjördæmi, ef undan er skilin Borgarfjarðarbrúin varðandi uppbyggingu og viðhald vega að sérstakt tillit verði að taka til þess við endurskoðun vegáætlunar og gerð fjárlaga nú.

Sú þáltill., sem hér er til umr., beinist að því að kanna hvernig einstakt vandamál verði best leyst, en það er, eins og áður er sagt, hvernig best verði komið í veg fyrir þær hættur er að vegfarendum um Ólafsvíkurenni steðja. Allir, sem til þekkja, vita að þetta er mikið verkefni og brýnt og full ástæða til að fé verði varið sérstaklega til könnunar og tilrauna á hvernig leysa megi þetta vandamál. Ég vil benda á að fé til könnunar og tilrauna hefur verið varið til svipaðs vandamáls í Ólafsfjarðarmúla, og ekki er síður ástæða til að svo verði gert vegna vegarins undir Ólafsvíkurenni.

Óhætt er að fullyrða að þær hættur, sem steðja að vegfarendum undir Ólafsvíkurenni, hái öllum eðlilegum samgöngum milli þéttbýlisstaða á nesinu, sem þó eru nauðsynlegar vegna fleiri þátta er fram koma í grg. Til dæmis má nefna að á Rifi er flugvöllur sem ekki aðeins gegnir því hlutverki að vera áætlunarvöllur fyrir báða staði, Ólafsvík og byggðirnar fyrir austan Enni, heldur ekki síður að vera sjúkraflugvöllur fyrir þessi byggðarlög. Að Rifi og í Ólafsvík eru nokkuð stórar verstöðvar. Þessi flugvöllur er einnig mikilvægur vegna þjónustu við

bátaflotann á báðum stöðum. Betri og öruggari samgöngur milli staðanna munu verða hvati til meiri samskipta íbúa þessara byggðarlaga á þessum sviðum og fleiri.

Þá má nefna að löggæsla fyrir þessi byggðarlög er staðsett í Ólafsvík, og að auki hefur samvinna milli þessara staða á sviði atvinnurekstrar og menningarmála, eins og áður er sagt, farið vaxandi undanfarin ár og telja verður að slík samvinna geti farið enn vaxandi á komandi árum.

Einnig má benda á að ástæða er til að ætla að í framtíðinni muni stjórnvöld leggja ríkari áherslu á meiri samvinnu byggðarlaga, sem stutt er á milli, í ýmsum málaflokkum. Ég tel að á milli byggðakjarnanna í Neshreppi og Ólafsvík og einnig annarra þéttbýlisstaða á Snæfellsnesi geti verið meiri samvinna á ýmsum sviðum til heilla fyrir þá og þjóðina í heild. Grundvöllur þess er að greiðar samgöngur séu á milli þeirra.

Herra forseti. Það er ekki háttur minn að flytja langar ræður og það hef ég ekki heldur gert nú. Í þeim fáu orðum, sem ég hef sagt, hef ég að nokkru gert grein fyrir því vandamáli sem við á utanverðu Snæfellsnesi eigum við að etja vegna þessa vegar. Auðvitað er það ekki tæmandi. Það er von mín að þessari till. verði vel tekið og hún fái afgreiðslu á þessu þingi, svo brýnt er málið.

Að lokum óska ég eftir að að lokinni þessari umr. verði till. vísað til hv. allshn.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég get ekki látið hjá líða að segja örfá orð um þessa þáltill., sem ég að sjálfsögðu styð að öllu leyti.

Ég vil láta það koma fram að á s. l. hausti sendum við allir þm. Vesturl. sameiginlega erindi til Vegagerðarinnar eða samgrn. um að hafin yrði rannsókn á því, með hvaða hætti koma mætti í veg fyrir það mikla og hættulega grjóthrun sem hefur verið daglegur viðburður á þessum vegi allt frá því að hann var byggður. Eins höfum við óskað eftir að Vegagerðin setti upp að rannsókn þessari lokinni valkosti um lagfæringar í sambandi við veginn. Það var einnig á s. l. hausti eða sumri sem fjvn. fór í ferðalag um Vesturland til að athuga ýmsa þætti í sambandi við fjárveitingar til Vesturlands, og m. a. var þá með okkur verkfræðingur Vegagerðarinnar. Var sérstaklega rætt við hann um þetta mál í þeirri ferð, og þessi vegur var skoðaður sérstaklega.

Eftir viðtölum nýlega við vegamálastjóra er rannsókn þegar hafin og Vegagerðin mun leggja til við endurskoðun vegáætlunar árið 1981 að lagt verði fram sérstakt fjármagn einmitt í þessu skyni. Er það vel og í fullu samræmi við það sem hv. flm. hefur komið inn á og þm. Vesturl. óskuðu eftir.

Þetta er sem sagt mjög brýnt mál. Þessi vegur var mikið stórvirki á sínum tíma, en hins vegar hefur komið í ljós, að bergið þarna er með sérstökum hætti. Það er erfitt að koma í veg fyrir hrunið. En hvað sem öllu því líður verður það að gerast, og við hljótum að vera samstíga um að fundin verði leið til að gera þennan veg öruggan.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Ég fagna þeirri till. sem hér er til umr. Það má kannske segja að ekki sé vonum fyrr, að þetta mál komi í till. hingað inn á hv. Alþ., því að svo mikið vandamál er þetta a. m. k. fyrir okkur sem búum fyrir utan Enni og fyrir alla byggðina á Snæfellsnesi, sá þröskuldur sem þarna er.

Mig langar til að hoppa svolítið aftur í tímann áður en ég fjalla frekar um efni tillögunnar.

Ég kom á Hellissand 1952 og hafði kynnst ýmsum vandamálum í vegagerð annars staðar á landinu. En mér varð svo svolítið bilt við að koma á Hellissand, sem var algjörlega einangraður staður frá samgöngukerfi landsins. Það var ekki aðeins að ekki væri hægt að komast þangað á venjulegum bílum, heldur var ekki hægt að komast þar að landi á skipum, ekki einu sinni 20 tonna fiskibátum. Það var ekki nein hafnaraðstaða eða neitt þess háttar til í hreppnum. Reyndar bjuggu Neshreppingar þá við það merkilega ástand, sem hefur stundum skapast hér í flugmálum, að þarna var flugvöllur og þangað komu flugvélar bæði frá Loftleiðum og Flugfélagi Íslands á þeim tíma sem ég kom þangað. En sleppum því. Til 1956 er Hellissandur á þessu stigi. Þar er ekki nein aðstaða til að hafa samskipti við umhverfi sitt öðruvísi en að fara á jeppum undir Enni eða komast á flugvélum.

Á árinu 1956 er Útnesvegur tengdur, en það er vegurinn fyrir Jökul, og á sama ári hefjast róðrar að nýju úr Rifshöfn með því að stærri fiskibátar geta hafið útgerð þaðan. Það voru uppi miklar umræður um hvernig ætti að leysa samgönguerfiðleika milli Ólafsvíkur og Hellissands. Það voru uppi tillögur um að fara á bak við Enni og síðan að reyna að komast þá leið, sem seinna var valin, að fara utan í Enninu.

Allar götur síðan 1954, að ég fór að taka þátt í sveitarstjórnarmálum í Neshreppi, var það eitt af aðalmálum okkar að flytja tillögur um það eða berja á því að vegur yrði gerður á milli staðanna. Við nutum dyggilegs stuðnings hreppsnefndarinnar í næstu byggð, Ólafsvík, að þessu máli. Svo er á árinu 1963 tekin sú ákvörðun að leggja veginn um Ólafsvíkurenni. Ég held að það sé full ástæða til að gleyma ekki nú, þegar við erum að ræða um þetta mál, ég hef a. m. k. litið svo á, að sá maður, sem réð þar úrslitum, var Gunnar Thoroddsen sem nú er forsrh. okkar. Hann var þá fjmrh. í svokallaðri viðreisnarstjórn. Ég hef a. m. k. metið það svo, að fyrst og fremst að hans forgöngu hafi verið ráðist í Ennisframkvæmdina. Þó seint sé tel ég rétt að koma þessu áleiðis inn á hv. Alþ. og ég þakka fyrir stuðning hans við það mál.

En þó að á árinu 1964 væri unninn þessi stóri áfangi, að vegurinn undir Enni var lagður, var það svo, að þessi vegur var langt frá því að vera öruggur og við vorum langt frá því að vera í öruggu samgöngukerfi. Eins og flm. benti á áðan er stöðugt — og þó sérstaklega á síðari árum í auknum mæli — hrun úr Enninu sem lokar allt að því veginum eða gerir veginn stórhættulegan. Það má segja að það sé sérstök mildi að þarna hafi ekki átt sér stað slys á fólki til þessa tíma, en þarna hafa átt sér stað þó nokkuð mörg slys á bílum.

Það hefur verið velt vöngum yfir því, til hvaða ráða skyldi grípa til þess að minnka eða útiloka þessa hættu, en út úr því hefur ekkert komið, og það hefur verið byrjað á því að leika sama leikinn og leikinn var árin fyrir 1963—1964 að senda samþykktir og senda ályktanir um að kanna þetta og laga þetta. Því miður — það verður að koma fram — hefur verið óskaplega lítið undir slíkt tekið. Jafnvel þó að við höfum bent á ákveðna vankanta undir Ólafsvíkurenni hefur þannig æxlast að ekki hefur

verið gengið í að bæta úr þeim fyrr en þá allt að því eftir dúk og disk. Sem betur fer er mildin yfir Enninu þannig að af þessu hafa ekki hlotist sérstök slys.

Það er rétt að blanda því í þetta mál, að ástand hjá okkur fyrir utan Enni er þannig, að á þeim tímum, sem verst eru veður og hættulegast er að fara undir Enni, getur oft og tíðum Útnesvegur — önnur aðalsamgönguleið okkar — verið lokaður. Tímum saman yfir veturinn er ekkert hugsað um að halda Útnesvegi opnum og þar af leiðandi er ekki sú öryggiskennd fyrir hendi að komast megi þá leið eða komast að byggð okkar eftir þeirri leið og er það oft og tíðum mjög hvimleitt. Fólk er að koma að sunnan og fréttir að Ennið sé slæmt, og þá er ekki um það að velja að komast Útnesveg. Ég leyfi mér að leggja á það áherslu einmitt í sambandi við umræður um Ennisveg, að menn láti ekki deigan síga, en berjist fyrir bættri og aukinni vegagerð um Útnesveg einmitt með það sjónarmið í huga að hafa hann sem öryggisleið þegar Ennið er lokað, þ. e. fram að þeim tíma að búið er að tryggja Ennið. Væntanlega líður ekki langur tími þangað til, en búast má þó við að það taki nokkrun tíma.

Flm. tók það fram, að á Rifi eða í Neshreppi væri flugvöllur okkar Sandara og Ólsara eða Neshreppinga og Ólsara. Vitaskuld er hann eins og aðrir flugvellir jafnt farþegaflugvöllur sem öryggisflugvöllur, sjúkraflugvöllur. Þess vegan er nauðsynlegt að hægt sé að komast að honum við flestar aðstæður. Einnig er læknir okkar Neshreppinga búsettur í Ólafsvík og bæjarfélögin standa saman að heilsugæslustöð sem á að byggja í Ólafsvík. En eins og nú er í Ólafsvík vísir að heilsugæslustöð og þar búa læknar okkar. Það er náttúrlega ekki gott til þess að hugsa og vita til þess, að fyrir 600 manna byggð eins og okkar sé við hættulegustu aðstæður, í vondum veðrum og slíku, ekki um það að ræða að komast á milli staða nema með því að leggja sig í mikla hættu.

Ég vona að þessi till. verði samþykkt og þá verði hafist handa strax um að rannsaka samkv. henni og gera tillögur. Mér detta í hug vissir möguleikar á, hvað gera skuli, og nefni hér leiðir sem við höfum verið að velta vöngum yfir:

Það, sem ég tel að verði að vera fyrst og fremst, þar til frekari aðgerðir eru gerðar við Enni, er að aukið verði öryggi með því að Útnesvegi verði haldið opnum þannig að sú leið sé jafnan fær fyrir þá 600 manna byggð sem er fyrir utan Enni.

Það eru fjórar leiðir sem rétt er að nefna í sambandi við það að leysa samgönguvandamál milli Neshrepps og Ólafsvíkur:

Það eru í fyrsta lagi göng, sem ég tel við þær aðstæður, sem nú eru, fjarlægan möguleika sem ekki er líklegt að verði horfið að. Það er í öðru lagi vegur bak við Enni, en frá þeirri hugmynd var horfið þegar löngu áður en ákveðið var að leggja veginn utan í Enni, vegna þess að það er miklu lengri leið og auk þess snjóþung. Í þriðja lagi er vegur undir Enni, sem bent er á í grg., en að mínu mati er frekar verið að nefna sem leið en að það sé raunhæfur möguleiki að það verði byggður vegur frammi í sjó undir Ólafsvíkurenni. Það er harla erfitt að lýsa því, en við þekkjum það, sem fórum oft undir Ólafsvíkurenni áður, að öldurótið þar og sjávarhæðin þar er svo mikil að það er ekkert smávegis mannvirki sem þyrfti að gera ef ætti að leggja veg undir Enni, og þá held ég að það væri komið að því sem hv. þm. Ingólfur Guðnason sagði í umr. áðan, að það væri farið að byggja ævintýravegi.

En í fjórða lagi nefni ég yfirbyggingu yfir veginn, og það er sá annar valkostur sem nefndur er í grg. Ég tel að það sé einmitt sú leið sem sé æskilegust og auðveldast að framkvæma. Ég tek ekki undir það, sem sagt er í grg., að það þurfi að leggja þarna 1000 m yfirbyggðan veg til að afstýra meginhluta af snjóflóðahættu. Ég held að það sé miklu styttri leið. Vitaskuld verður erfitt að gera alla vegi á Íslandi hættulausa. En til þess að gera Ennisveginn að tiltölulega lítið hættulegum vegi þarf miklu styttri leið en þetta. Fyrir utan það væri hægt í tiltölulega litlum áföngum, ef horfið verður að því að byggja yfir veg undir Enni, að byrja að byggja yfir veginn og gera það smátt og smátt og tak verstu kaflana fyrst. Ég legg mikla áherslu á að gengið verði í það nú og gengið í það sem fyrst.

Ég vænti þess, að hv. Alþ. samþykki þessa till. um að kanna þær leiðir, sem þarna eru líklegar, og í framhaldi af því verði á næstu vegáætlun eða á fjárlögum ákveðin fjárhæð til þessarar rannsóknar. Svo vona ég að í beinu framhaldi af því verði tekið til við ákveðna framkvæmd og það ástand, sem er hjá okkur, sem búum utanvert við Enni, og hjá þeim, sem þurfa að ferðast undir Enni, verði bætt og við komumst í sæmilega góðar samgöngur og öruggar við önnur byggðarlög.

Flm. (Gunnar Már Kristófersson): Herra forseti. Ég verð stuttorður. Ég þakka þessum tveimur hv. þm.,1. þm. Veturl. og hv. 4. þm. Vesturl., fyrir þær undirtektir sem tillöguflutningur minn hefur fengið hjá þeim báðum.

Mig langar vegna orða hv. 1. þm. Vesturl. að segja að mér var ljóst það sem hann skýrði hér frá, að þm. Vesturl. hefðu sent erindi til Vegagerðarinnar og óskað þar eftir ákveðnum endurbótum. Það var ætlun mín að þessi tillöguflutningur yrði til styrktar þeirri ósk, og ég tala nú ekki um ef hún verður samþykkt, sem ég vona og óska eftir, en þá held ég að svo verði.

Að öðru leyti vil ég taka undir þau orð sem fram komu hjá hv. 4. þm. Vesturl. vegna Útnesvegar. Ég held einmitt að það sé mjög gott og æskilegt fyrir okkur á utanverðu Snæfellsnesi, ekki aðeins fyrir okkur sem eigum heima í þeim þéttbýliskjarna sem í Neshreppi er, heldur einnig líka fyrir sveitirnar í Breiðuvík, að þeim vegi verði sýndur meiri sómi en verið hefur síðustu árin.

Landhelgisgæsla, þáltill. (þskj. 16). — Ein umr.

Flm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Oft kemur góður þá getið er, því að fjmrh. gengur í salinn.

Þessi till. er flutt til að vara við sterkum tilhneigingum sem hafa komið fram hjá yfirvöldum til að skera landhelgisgæslu niður frá því sem hún var á þorskastríðsárunum.

Við höfum náð á vald okkar landhelgi sem er 7 sinnum stærri en landið sjálft og það hvílir sú skylda á herðum okkar að halda uppi fullnægjandi eftirliti, rannsóknum og eðlilegri hagnýtingu á öllu þessu svæði. Ég óttast að þar eð þetta er dýrt sé freistingin of sterk að reyna að spara þarna, en að sá sparnaður sé hættulegur fyrir stöðu okkar og sjálfstæði.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa langt mál um þessa tillögu en legg til að henni verði vísað til utanrmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Nýting ríkisjarða í þágu aldraðra, þáltill. (þskj. 27). — Ein umr.

Flm. (Helgi Seljan): Herra forseti. Á þskj. 27 hef ég leyft mér ásamt hv. þm. Stefáni Jónssyni og hv. þm. Skúla Alexanderssyni að flytja svohljóðandi till. til þál.:

„Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að láta fara fram könnun á þeim möguleika að nýta ríkisjarðir í nánd þéttbýlisstaða með góða heilsugæsluaðstöðu sem dvalarheimili fyrir aldraða eða festa kaup á jörðum í þessu skyni.

Dvalarheimilin yrðu byggð upp sem smáar einingar, þar sem búand-fólk, sem flytja þarf af bújörðum sínum vegna aldurs eða heilsubrests, gæti haft smábúskap, sameiginlega eða út af fyrir sig undir ákveðinni yfirstjórn og með vissri aðstoð.

Reynt yrði að tengja slík heimili svo sem kostur væri við smáiðnað í sveitum einnig."

Þessi till. hefur tvívegis áður verið flutt og flutt fyrir henni þá ítarleg framsaga og vísast til þess í meginatriðum.

Í fyrsta lagi er ástæða til að leggja áherslu á að hér er um könnun að ræða, en hún er hins vegar fyllilega ómaksins verð. Það skal fram tekið, eins og sagt er í 1. málsgr., að þetta er ekki alfarið bundið ríkisjörðum, heldur sé einnig að því vikið að festa kaup á jörðum í þessu skyni.

Hugmyndin að þessu er, eins og segir í grg., m. a. komin frá þeim sem hér ættu gerst að vita, þ. e. frá sveitafólki sem orðið hefur að fara á dvalarheimili í þéttbýli þvert gegn innsta vilja sínum, aðeins af því að um annað var ekki að ræða, — sveitafólki sem ekki gat rekið sjálfstæðan erfiðan búskap, — búandfólki sem hafði alla orku og krafta til að hafa smábúskap með höndum, — fólki sem situr nú að mestu auðum höndum, en vildi gjarnan leggja hönd á plóginn að einhverri verðmætasköpun í þjóðfélaginu og þá eðlilega helst þeirri sem tengist lífsstarfi þess um langan aldur. Þessi sjónarmið eru hér sett fram í tillöguformi eins og þau komu frá þeim aðilum sem vöktu fyrst máls á þessu.

Hér er vikið að nokkrum spurningum sem við þurfum að láta athuga varðandi könnun af þessu tagi:

Það er fyrst spurningin um form. Það er orðið það form sem nú er algengast, sem betur fer, að hér sé um að ræða dvalarheimili með vinnuaðstöðu, með endurhæfingu, með tómstundaiðju. Þessi stefna er orðin allsráðandi: smáar einingar í stað hæla.

Tengsl við heilsugæsluaðstöðu eru sjálfsögð og þess gætt að þarna sé ekki um of miklar fjarlægðir að ræða þegar um er að ræða það sem í þessari till. felst: að nýta bújarðir til uppbyggingar slíkra lítilla dvalarheimila.

Við komum að spurningunni um umhverfi, það umhverfi sem fólk vill vera í, þær lífsvenjur sem fólk hefur vanið sig á, og þá auðvitað nátengt því lífshamingjunni, hvernig samræma megi og aðlaga allt þetta sem best.

Við komum að spurningunni um fyrirkomulag sem þessi könnun tæki til, að reyna að nýta þá aðstöðu sem fyrir hendi kann að vera. Aðstaða á ýmsum ríkisjörðum og öðrum jörðum, sem vel kynnu að vera þess virði að festa kaup á, kann að vera slík að það þurfi lítið fyrir þær að gera hvað varðar húsakost til að unnt væri að koma þessu í framkvæmd.

Hér er um það að ræða að þarna eru starfskraftar sem annars nýttust ekki, og kemur þá um leið inn á lífsfyllingu þess fólks sem þarna ræðir um.

Í grg. er nokkur vísbending um hugsanlegt fyrirkomulag þar sem segir að könnun þessa eigi að gera sem besta því hér gæti hið aldraða fólk búið við svipaðar aðstæður og lífsstarf þess hefur við miðast, með þeirri aðstoð að sjálfsögðu sem nauðsynleg kann að reynast, bæði varðandi vissa yfirstjórn, ráðsmann eða forstöðumann, nauðsynlega aðstoð varðandi vélanotkun og ef með þarf einhverja heimilishjálp. Síðan segir að smáar einingar væru hér eðlilegastar, en þó yrði stærð þeirra að fara eftir hagkvæmni varðandi nýtingu jarðar og ekki síður fjárhagslegri hagkvæmni.

Um leið skal minnt á að erlendis eru til dæmi í svipuðu formi sem hafa þótt gefast vel. Könnunin ætti að taka mið af því.

Ég held að aðalatriðið í þessu máli sé að reyna að leysa ákveðið vandamál varðandi lífsvenjubreytingu og hina snöggu röskun sem verður á högum öllum. Ég bendi á það alveg sérstaklega, að nú er ég fullviss þess að bændur búa lengur en vera skyldi á jörðum sínum vegna þess að þeir treysta sér ekki til þess að hverfa frá lífsstarfi sínu og vegna þess að þeir hafa ekki aðstöðu til að halda því áfram þó í smærra mæli væri, eins og hér er gert ráð fyrir. Hér er gert ráð fyrir að það yrði í mjög litlum mæli, en engu að síður alveg nægilega miklum til þess að þeir hlytu af því bæði lífsfyllingu varðandi starf og eins möguleika varðandi einhverjar smátekjur.

Í grg. er bent á atvinnumál aldraðra í heild. Sú athugun mun að vísu í fullum gangi og það er þá von að aðgerðir fylgi í kjölfarið, annaðhvort með ákveðinni löggjöf um atvinnumál aldraðra eða þá þætti í löggjöf með að sjálfsögðu skipulagðri framkvæmd sem afleiðingu þess.

Það er einnig bent á aðra þál., sem samþ. hefur verið hér á Alþ. og könnun hefur farið fram á hjá Framkvæmdastofnun ríkisins, um smáiðnað í sveitum, þjónustu — sem framleiðsluiðnað. Sú könnun leiddi í ljós að ótrúlega margir vildu hagnýta sér þessa iðnaðarmöguleika ef þeir væru fyrir hendi og tryggt væri að þeir stæðust sæmilega fjárhagslega. Þetta mun sem sagt vera að komast af athugunarstigi og yfir á framkvæmdastig. Tenging við þessa könnun hlýtur að vera sjálfsögð.

Ég held að ekki sé ástæða til að vera að fara ítarlega út í þessa till. núna. Hún hefur áður verið flutt. Fyrir henni hefur áður verið flutt ítarleg framsaga og vitnað m. a. í erlendar fyrirmyndir og einnig þær hugmyndir sem það fólk hafði sem til mín leitaði um flutning þessarar till. Það má einskis láta ófreistað í þá átt að samfélagið ræki skyldur sínar við aldraða þjóðfélagsþegna sína. Hér er um lið að ræða í þeirri viðleitni. Hann gæti reynst farsæll sá þáttur, ef grunur okkar flm. reynist réttur, að hér geti verið um hagfellda, mannlega og þjóðhagslega lausn að ræða.

Ég vil svo, herra forseti, leggja til að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. atvmn.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Sama till. og hér um ræðir var flutt á þingi í fyrra og tekin til umr. skömmu fyrir þinglausnir, ef ég man rétt. Ég tók þá einnig til máls í umr. til að lýsa fylgi við þessa þáltill. eins og hún var þá flutt, og það fylgi stendur enn. Hins vegar vek ég athygli á því, að það er ekki endilega víst að heils árs dvalarheimilisrekstur, eins og rætt er um í tillögugreininni, sé það sem best hentar í þessu sambandi, og ég

tel að athugun sú, sem fram eigi að fara á nýtingu ríkisjarða í þágu aldraðra, eigi alls ekki að takmarkast við það eitt. Það hefur verið gerð tilraun með slíkt dvalarheimili í Dölum vestur. Sú tilraun hefur ekki, að mér er sagt, gefið góða raun, hvorki gagnvart rekstri vistunarheimilisins né gagnvart þeim sem þar dveljast.

Það kemur miklu fleira til álita í þessu sambandi en aðeins ríkisjarðir. Svo dæmi sé nefnt háttar þannig til í mínu kjördæmi, í Ísafjarðardjúpi, að þar er jörð sem bæjarfélagið á, en ríkið hefur fengið hluta jarðarinnar undir rekstur héraðsskóla. Þar hafa verið byggðar mjög glæsilegar og vandaðar byggingar og þarna er mikill jarðhiti. Vegna breytinga á atvinnuháttum og búsetu fólks og breytinga á lögum um grunnskóla og breytinga á skólagöngu almennt í landinu hefur hins vegar nemendum þessa skóla fækkað þannig að þarna er nú í námi aðeins um það bil þriðjungur þeirra nemenda sem byggingarnar eru hannaðar fyrir. Þeir, sem málum ráða þar vestra, hafa mikinn áhuga á að sú stofnun, sem þarna er fyrir hendi, verði nýtt að hluta til a. m. k. hluta úr ári með þarfir aldraðra fyrir augum. Þeir benda sérstaklega á í því sambandi að þarna sé nægur jarðhiti, sem auðvitað er mikill kostur í slíkum tilvikum, hvort heldur slík starfsemi yrði rekin sem heilsuhæli eða orlofsdvalarstaður.

Í Nd. Alþ. er frv. sem við stöndum að, hv. þm. Magnús H. Magnússon og ég, um tiltekna framkvæmd á félagslegri aðstoð við aldraða í orlofsmálum, þar sem gert er ráð fyrir að stofnaður verði og starfræktur á vegum félmrn. sérstakur sjóður, er við nefnum Orlofssjóð aldraðra, sem hafi því hlutverki að gegna að auðvelda öldruðu fólki að njóta sambærilegra réttinda við aðra aldurshópa í þjóðfélaginu til töku orlofs. Í frv. er einnig gert ráð fyrir að ef mönnum þyki það ráð geti slíkur sjóður rekið orlofsdvalarheimili um skamman eða lengri tíma á ári hverju fyrir aldrað fólk. Eru þá sérstaklega hafðir í huga þeir heimavistar- og héraðsskólar sem búnir eru mjög fullkomnum tækjum, bæði húsbúnaði og öðrum tækjum, en eru lítið eða ekkert nýttir yfir sumartímann.

Ég vil aðeins vekja athygli í þessu sambandi á því, að það geta komið til álita við athugun eins og till. gerir ráð fyrir fjölmörg önnur atriði en endilega ríkisjarðir. Það geta líka komið til álita t. d. þessir fjölmörgu heimavistarskólar sem sumir hverjir eru nú lítt eða ekki nýttir, miður en skyldi, og t. d. þær voldugu og miklu skólabyggingar sem voru reistar yfir húsmæðraskóla á sinni tíð, en eru nú lítið eða ekkert notaðar.

Í öðru lagi held ég að það væri rétt við þessa athugun líka að skoða aðra nýtingarmöguleika en dvalarheimili eða hugmyndir um dvalarheimili í þeim skilningi þess orðs sem við leggjum í heils árs dvalarstaði fyrir aldrað fólk. Ég held að það væri miklu betra að nýta þessar eignir til tímabundinnar vistunar, orlofsdvalar og annars slíks, en með þá heils árs vistun í huga sem menn eiga yfirleitt við þegar þeir ræða um dvalarheimili fyrir gamalt fólk.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Varnir gegn hættu af snjóflóðum, þáltill. (þskj. 53). — Ein umr.

Flm. (Helgi Seljan): Herra forseti. Á þskj. 53 hef ég ásamt hv. þm. Árna Gunnarssyni, Stefáni Valgeirssyni, Sverri Hermannssyni og Stefáni Jónssyni leyft mér að flytja svo hljóðandi till. til þál.:

„Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að hún beiti sér fyrir að sett verði hið fyrsta, og eigi síðar en á árinu 1981, heildarlöggjöf um skipulag varna gegn tjóni af völdum snjóflóða og skriðufalla.

Við samningu löggjafarinnar verði m. a. höfð í huga eftirfarandi atriði:

a) Staðið verði skipulega að gagnasöfnun um snjóflóð og skriður, sem fallið hafa, og rannsóknum á staðháttum og veðurfarsþáttum á þeim stöðum þar sem búast má við hættu af völdum snjóflóða eða skriðufalla. Á grundvelli slíkra athugana verði landinu skipt í svæði með tilliti til þessara þátta og settar verði reglur um nýtingu einstakra svæða.

b) Við skipulag byggðar gildi sú meginregla að byggja ekki hús til íbúðar eða atvinnurekstrar á svæðum, sem talið er af sérfróðum aðilum að snjóflóð eða skriðuföll geti náð til. Ekki verði hafin vinna við skipulag vegna byggðar á nýjum svæðum fyrr en fyrir liggur úttekt og afstaða réttra aðila með tilliti til ofangreindra þátta. Sé talið óhjákvæmilegt að byggja á slíkum svæðum liggi fyrir mótaðar tillögur um kröfur til bygginga, um varnarvirki, tilkostnað og fjármögnun við gerð þeirra, áður en afstaða er tekin til skipulagstillagna af yfirvöldum.

c) Gerðar verði tillögur um varanleg varnarmannvirki fyrir byggð á hættusvæðum svo og fyrir mikilvægar samgönguleiðir, orkulínur, hitaveitur og önnur mikilvæg mannvirki.

d) Rannsóknum á þessu sviði og fyrirbyggjandi varnaraðgerðum verði markaður ákveðinn sess í stjórnkerfi landsins og lagður fjárhagslegur grundvöllur að slíku starfi og mótaðar reglur um kostnaðarhlutdeild opinberra aðila í því sambandi.

e) Tryggt verði að ekki sé haldið áfram mannvirkjagerð á líklegum hættusvæðum nema að vandlega athuguðu máli eða uns viðunandi varnaraðgerðum hefur verið komið í framkvæmd.

f) Á stöðum, þar sem byggð er risin og hætta er talin á snjóflóðum, verði komið upp eftirlits- og viðvörunarkerfi er tengist áætlun um rýmingu svæðanna þegar hætta er talin yfirvofandi. Á þeim stöðum á landinu, þar sem snjóflóðahætta er mest, verði stefnt að því að koma á fót svæðisstöðvum þar sem fylgst verði með veðurfari og öðrum þáttum, sem áhrif hafa á snjóflóða- og skriðuhættu, og safnað og miðlað upplýsingum til réttra aðila.

g) Lögð verði áhersla á fræðslu og upplýsingar til almennings um þessi mál, bæði að því er varðar byggð ból og ferðalög og útivist utan byggðar, um hættu vegna snjóflóða og skriðufalla. Björgunaraðilum í landinu verði kynnt undirstöðuatriði varðandi björgun úr snjóflóðum og almenningi hversu bregðast skuli við í slíkum tilfellum og forðast hættur."

Þessi till. hefur tvívegis áður verið flutt, en ekki hlotið afgreiðslu. Skal nú aðeins vitnað í ítarlega grg. um nauðsyn skipulegs átaks. Sú grg. er byggð á riti hins færasta manns í þessum efnum, ritinu Snjór og snjóflóð sem tekið er saman af Þórarni Magnússyni verkfræðingi, sem starfaði sérstaklega varðandi vandamálið í Neskaupstað eftir að samþ. hafði verið hér á Alþ. þáltill. frá Tómasi Árnasyni um rannsóknir á snjóflóðum og skriðuföllum, sem Rannsóknaráð ríkisins skipaði síðan nefnd til að gera tillögur um frekara fyrirkomulag á. Sú nefnd skilaði áliti, en síðan hefur ekkert í málinu gerst

sem hefur þokað því neitt áleiðis. Til þessa rits Þórarins um snjóflóð og reyndar einnig varðandi skriðuföllin er vitnað rækilega í þessari grg. og ég tel óþarft að endurtaka efnisleg rök, eins vel og það hefur verið gert áður, og e. t. v. öðru fremur sakir þess hve þessi efnislegu rök liggja í augum uppi.

Hér er um að ræða mikil verðmæti sem í húfi eru, að ekki sé minnst á mannslífin, þannig að allir hljóta að vilja leggjast á eitt um þær fyrirbyggjandi aðgerðir, þá skipulegu vinnu sem að dómi hæfustu manna hlýtur til að koma. Hvort í tillöguþáttunum er nákvæmlega að því eina rétta vikið eða hversu tæmandi upptalning þar er skal ósagt látið, en a. m. k. er það traustur grunnur á að byggja, en í alla löggjöf okkar skortir þann grunn nú.

Grg. minnir á einstakar athuganir, einstök átök sem hafa verið gerð hér og því miður átök sem eingöngu hafa verið gerð í kjölfar hörmulegra atburða. En án heildarskipulags allra þessara mála næst aldrei árangur sem skyldi, — árangur sem vissulega er full þörf á.

Í grg. er einnig rakið ítarlega hvernig málum er háttað í þeim löndum þar sem aðstæður og staðhættir eru viðlíka og hér á landi. Það er ljóst af því sem þar kemur fram, að þar leggja menn mikla áherslu á skipulagðar aðgerðir til varnar gegn vá sem við höfum svo sannarlega fengið að kynnast á hörmulegan hátt og enginn veit í raun hvar og hvernig getur gerst ef við fljótum sofandi að feigðarósi.

Það má ekki verða að við aðhöfumst ekkert í þessu, og ég trúi því vart að þessi till., flutt af þm. allra flokka, eins vel undirbyggð og ég tel hana vera af þeim sem grg. samdi, hún nái ekki fram að ganga nú á þessu þingi þegar nægur tími er til að athuga hana. Við flm. leggjum að sjálfsögðu enga áherslu á að orðréttu innihaldi hennar verði haldið, en að þeim meginþáttum, sem að er vikið í till., verði sinnt og þeim komið hér fram sem ályktun Alþ., þó vissulega hefði verið æskilegt að við flm. hefðum lagt í það meiri vinnu á þann máta að við hefðum getað komið með fullbúið frv. En þar er um mikið samræmingaratriði að ræða varðandi önnur lög og ýmsar reglugerðir sem þetta þyrfti að snerta.

Ég vitna svo að lokum til þess sem segir í grg. orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Hér á landi munu vera 15—20 þéttbýlisstaðir þar sem hætta getur verið á tjóni af völdum snjóflóða, skriðufalla eða grjóthruns, og mörg svæði og mannvirki hafa orðið fyrir verulegum skakkaföllum af þessum sökum.

Því miður eru þess víða dæmi, að mannvirki eru enn reist á svæðum, þar sem vitað er að skriður eða snjóflóð hafa fallið. Hér getur orðið um dýrkeypt mistök að ræða og leggja verður allt kapp á að koma í veg fyrir að slíkt haldi áfram. Fyrirbyggjandi aðgerðir hljóta, þegar til lengdar lætur, að vera sú fjárfesting sem skilar bestum arði.

Það getur varla talist eðlilegt, að á sama tíma og þjóðfélagið er reiðubúið að taka á sig stóráföll af völdum náttúruhamfara (sbr. lög um Viðlagasjóð og Viðlagatryggingu Íslands) skuli jafnlítil áhersla vera lögð á fyrirbyggjandi aðgerðir og raun ber vitni."

Ég vil svo, herra forseti, leggja til að till. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. atvmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Aldurshámark starfsmanna ríkisins, þáltill. (þskj. 63). — Ein umr.

Flm. (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Við þrír þm., ég, hv. 4. landsk. þm., Salome Þorkelsdóttir, og hv. 3. þm. Reykv., Albert Guðmundsson, flytjum hér till. til þál. sem er svohljóðandi:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að endurskoða lagareglur um aldurshámark starfsmanna ríkisins. Skal sú endurskoðun unnin í samráði við samtök ríkisstarfsmanna og markmið hennar vera það að kanna, hvort ekki sé rétt að hækka aldursmörk þau, sem nú er miðað við, gera reglurnar sveigjanlegri svo og að setja fastari reglur um möguleika eldri starfsmanna til að gegna hlutastörfum, ýmist á sínum gamla starfsvettvangi eða í öðrum stofnunum."

Samhljóða till. var flutt á síðasta þingi, en hlaut ekki afgreiðslu. Fyrir henni var þá flutt ítarleg framsaga hér í Sþ., þannig að ég sé ekki ástæðu til að hafa um till. langt mál á þessu stigi.

Till. miðar að því að koma til móts við það félagslega vandamál sem það óneitanlega er fyrir margt fólk að þurfa nauðugt viljugt að hætta störfum við 70 ára aldur, jafnvel þótt kraftar og heilsa leyfi að áfram sé unnið.

Það er mat margra, sem þekkja vel til félagslegra og heilsufarslegra vandamála aldraðs fólks, að fátt sé mönnum þungbærara en að þurfa að hætta störfum við ofangreint aldursmark óháð heilsu og starfsgetu. Mörg einkafyrirtæki hafa fyrir löngu reynt að laga sig að þessu vandamáli og veita starfsmönnum sínum möguleika á að starfa á meðan heilsa og kraftar leyfa. Hjá hinu opinbera eru hins vegar mjög fastar og ákveðnar reglur um þetta, — reglur sem styðjast við ákveðin rök, en engu að síður ætti að vera unnt að gera reglurnar sveigjanlegri og mannlegri þannig að komið sé til móts við þarfir og óskir starfsmanna að þessu leyti.

Frá því að þessi till. var flutt á hinu háa Alþingi í fyrravetur hefur Reykjavíkurborg samþ. nýjar reglur um aldurshámark starfsmanna borgarinnar þar sem hámarksaldurinn er hækkaður nokkuð frá því sem var. Nú er hann samkv. hinum nýju reglum 71 ár í staðinn fyrir 70 og auk þess er allmikil sveigja í því, hvernig starfsmenn geta fengið að vinna eftir að þeim aldri lýkur, opnaður möguleiki fyrir því, að menn geti fengið hlutastarf allt til 74 ára aldurs og heils dags starf einnig, en fresta þá töku lífeyris úr lífeyrissjóði á meðan þeir vinna fullt starf.

Þessar tillögur, sem voru samþykktar í borgarráði Reykjavíkur 20. maí 1980, fylgja með þessari þáltill. sem sérstakt fylgiskjal.

Þegar till. var flutt hér á Alþ. á s. l. vetri var henni vísað til allshn. S. Þ. Nefndin leitaði umsagnar hjá allmörgum aðilum. Þeir, sem leitað var til, skiluðu allir jákvæðri umsögn sem liggur fyrir, en það voru Starfsmannafélag ríkisstofnana, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Bandalag háskólamanna, Alþýðusamband Íslands og fjmrn. Því ætti að vera tiltölulega auðvelt að fengnum þessum umsögnum að Alþ. samþ. till. eins og hún liggur hér fyrir nú.

Ég legg til, herra forseti, að að þessari umr. lokinni verði till. vísað til allshn. Sþ.

Markús Á. Einarsson: Herra forseti. Ég tel rétt að segja nokkur orð um þessa till. og vil þá í fyrsta lagi lýsa

yfir stuðningi við hana. Ég tel að þarna sé hreyft ákaflega mikilvægu máli, en jafnframt viðkvæmu máli. Það er ekki sama hvernig á þessu er haldið og nauðsyn á mikilli og góðri undirbúningsvinnu áður en lagareglum er breytt frá núgildandi horfi.

Ég vil segja það sem mína skoðun, að ég efast stórlega um að það ætti að hækka formleg aldursmörk. Þau eru nú um 70 ár og það er einfaldlega staðreynd, sem horfast verður í augu við, að við einhver tímamörk og þá alveg eins við 70 ára aldur og eitthvað þar í grennd þarf hvort eð er að meta stöðuna, ef svo má segja. Það þarf að meta hvort eða að hve miklu leyti starfsmaður er fær um að gegna fullu starfi áfram.

Það er sennilega nokkuð rík regla í störfum á vegum ríkisins, að því umfangsmeira sem starf er, þeim mun minni líkur eru á því að menn geti gegnt því áfram eftir 70 ára aldur. Þetta þarf á einhverju stigi að gera upp, og ég held að það fari best á því, að um það sé ákveðin regla hvenær slíkt eigi sér stað, og þá getur alveg eins verið um að ræða þau mörk, sem nú eru, og einhver önnur. Það breytir þó engu um að mikil þörf er á að rýmka þær reglur sem gilda.

Nú er það svo, að menn geta látið af störfum við 65 ára aldur með rétti til lífeyris og reyndar fyrr stundum því nú er hin svonefnda 95 ára regla í rauninni að koma fram á sjónarsviðið aftur og gerir það að verkum að menn geta hætt störfum með fullum lífeyrisrétti enn þá fyrr, jafnvel 61—62 ára gamlir. Menn eiga því þarna ýmissa kosta völ. Þó er á þessu tímabili, frá 60—70 ára aldurs, einn annmarki. Hann er sá, að menn verða að líkindum að hætta alveg störfum til þess að tryggja fullan lífeyri í þeim launaflokki sem þeir hafa verið í. Það er sem sé þörf á því, eins og kemur fram í grg. með þessari till., að rýmka þarna til svo að menn geti að hluta hætt störfum fyrir 70 ára aldur án þess að lífeyrisréttindin sem slík skerðist. Síðan kemur aðalvandinn, sem er hvað gera skal eftir 70 ára aldur. Þá á að mínu mati að taka við tímabil hlutastarfa eða léttra starfa sem meta verður eftir heilsufari hverju sinni í hversu ríkum mæli maðurinn getur tekið að sér.

Það þarf mjög nauðsynlega að rýmka getu ríkisstofnana til að veita starfsliði vinnu eftir 70 ára aldur. Það er ómögulegt að snögg verklok séu til góðs fyrir nokkurn mann sem hefur fulla heilsu. Ég er viss um að það er vafasamt að hvetja menn til að hætta störfum, jafnvel þó þeir eigi rétt til þess, fyrir 70 ára aldur. En því verður ekki neitað, að það er mikið verk fram undan, ef lagareglum verður breytt, að skipuleggja vinnu fyrir fólk sem náð hefur 70 ára aldri. Eins og nú er er því áreiðanlega svo varið í ýmsum ríkisstofnunum að þær hafa engin tök á því, þær hafa hvorki fjármuni til þess né aðstöðu, svo sem húsnæði, þó ekki væri annað. Þetta kostar því allt mikla undirbúningsvinnu.

En ég vildi aðeins láta í ljós ánægju mína með þessa till. Ég tel að hún sé til mikils gagns, en þarna þurfi að vinna undirbúningsstarf áður en lagareglum verði breytt. Mér sýnist að þarna sé stuðst við það grundvallaratriði, að vinnuorka er verðmæti sem vitaskuld á að nýta eins lengi og unnt er, bæði þjóðfélaginu til gagns og ekki síður starfsmönnunum sjálfum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Félagsbú, þáltill. (þskj. 75). — Ein umr.

Helgi Seljan: Herra forseti. Þetta mál er ekki flutt af mér, heldur af hv. varaþm. Þorbjörgu Arnórsdóttur, sem kom hér inn í þingsali á dögunum og flutti þetta mál þá, en fékk það ekki á dagskrá vegna þýðingarmikillar og alvöruþrunginnar fjárlagaumræðu s. l. fimmtudag. Þessi till. hljóðar svo:

„Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að hlutast til um að sett verði í löggjöf fyllri ákvæði um félagsbú, hvað varðar hagstæða lánafyrirgreiðslu og aðra tiltæka aðstoð, sem gæti orðið hvati þess að þetta búskaparform yrði tekið upp í ríkari mæli.“

Ég vil leyfa mér að lesa grg. með þessari till., en geta þess um leið, að sjálf hafði Þorbjörg ætlað að flytja um þetta nokkuð ítarlega framsögu ef að því hefði komið, enda er hún þessu máli býsna kunnug sem bóndakona og hafandi þennan rekstur sérstaklega með hendi.

Markmiðið með flutningi þessarar þáltill. er að í löggjöf verði sett ákvæði er stuðlað gætu að eflingu félagsbúskapar hér á landi í framtíðinni. Kostir þess búskaparforms eru ótvíræðir frá rekstrarlegu, þjóðhagslegu og almennu félagslegu sjónarmiði. Einyrkjabúskapur, sem er algengur víða um land, hefur óneitanlega í för með sér vissa ókosti, sem beint eða óbeint rýra kjör bændastéttarinnar ef tekið er mið af kjörum annarra starfsstétta í landinu. Á það einkum við takmarkaða möguleika sveitafólks á frídögum svo og takmarkaða möguleika á orlofi, mikið vinnuálag, einkum tímabundið, og einnig tímabundna erfiðleika sem geta steðjað að sökum veikinda. Hvers konar samvinna og samþætting í landbúnaði gæti stuðlað að hagkvæmari rekstri, meiri möguleikum á verkaskiptingu, fjölbreyttari framleiðslu og mun þægilegri aðstöðu þess fólks er við landbúnað starfar. Á það má einnig benda, að rekstur félagsbúa hefur beint þjóðhagslegt gildi, þar sem um verulegan sparnað getur verið að ræða í innkaupum á innfluttum tæknibúnaði sem nauðsynlegur er við landbúnaðarframleiðsluna.

Fram til þessa hefur nær enginn hvati verið frá hinu opinbera til stofnunar félagsbúa, en jafnvel frekar verið hvatt til tvíbýlis- eða fjölbýlisbúa, sem eftir sem áður eru sjálfstæðar rekstrareiningar. Nú munu aðeins um 20 löggilt félagsbú í landinu, en u. þ. b. 700 tvíbýlis- eða fjölbýlisbú.

Áhrif kvótakerfisins ættu að vera hvati til stofnunar félagsbúa, og má segja að þar væri um eðlilega hagræðingu að ræða í tengslum við framkvæmd þess. En með tillit til þeirrar hagkvæmni, sem rekstur félagsbúa gæti haft í för með sér, væri eðlilegt að þau nytu einhverra fleiri ívilnana, sem mundu þá jafnframt verka sem stefnumarkandi ákvæði af hálfu hins opinbera. Greiðasta leiðin til stefnumörkunar á því sviði er að stuðla að hagkvæmari stofnlánum eða viðbótarlánum til félagsbúa, og gæti það átt við um lán til byggingarframkvæmda, vélvæðingar, ræktunarframkvæmda o. fl. Einnig gæti slík fyrirgreiðsla verið í formi hærri styrkja eða viðbótarstyrkja til félagsbúa.

Ýmsar aðrar aðgerðir gætu komið til greina, ekki hvað síst í nánum tengslum við stefnumarkandi ákvæði sem sett væru af hinu opinbera og við ættu hverju sinni.

Erfið staða íslensks landbúnaðar nú í dag og minnkandi tekjumöguleikar þess fólks, sem við hann starfar, kallar á að fundnar séu nýjar leiðir sem stuðlað

gætu að aukinni hagkvæmni og fjölbreytni í landbúnaðarframleiðslu. Til þess að svo geti orðið þurfa samtök bænda og ríkisvaldið að taka höndum saman um að finna réttláta lausn á miklum vanda. Þar þarf að taka mið af því meginsjónarmiði, að jafnframt því sem miða þarf landbúnaðarframleiðsluna við þarfir neytenda og markaðsaðstæður hverju sinni þarf að tryggja að það fólk, er við landbúnað starfar, hafi sambærileg laun og njóti sambærilegra félagslegra réttinda og aðrar starfsstéttir í landinu.

Með stefnumarkandi ákvæðum af hálfu ríkisvaldsins um eflingu félagsbúskapar og fjölgun félagsbúa væri því ótvírætt stigið stórt skref í átt til aukinnar hagræðingar og hagkvæmni og bættrar starfsaðstöðu í íslenskum landbúnaði á komandi árum.

Ég vil svo, herra forseti, leggja til að þessu máli verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. atvmn.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að fara nokkrum orðum um þá ágætu till. sem hér er til umr. Ég hefði satt að segja talið eðlilegt að hv. þm. Framsfl. tækju til máls um þennan dagskrárlið í Sþ., en það fer lítið fyrir þeim í þingsölum þessa stundina.

Hér er á ferðinni ein af þeim till. sem gætu að mörgu leyti auðveldað og gert minna úr þeim vanda sem nú er við að stríða í íslenskum landbúnaði.

Það kemur fram í grg. þessarar till. að félagsbúum fylgja margir kostir. Við það má bæta að kostirnir eru t. d. aukin og betri nýting vélakosts, en það er einhver alvarlegasti þátturinn í rekstri í landbúnaði núna hversu laklega vélakostur er nýttur, einfaldlega vegna þess að það þarf að leggja mikla áherslu á t. d. heyöflun stuttan tíma á ári, þegar vélakostur er notaður skamman tíma, og fleira af því tagi. Þarna kemur einnig fram bætt nýting á húsrými, m. a. ef um félagsbú er að ræða.

Ég vil líka nefna annað atriði, sem er ekki hvað síst mikilvægt, og það er auðveldari stjórnun á framleiðslu. Félagsbú af því tagi, sem hér eru til umræðu, eru stjórnunarlega miklu hagkvæmari einingar í búrekstri.

Sannleikurinn er sá, að ef þetta form kæmist á í ríkara mæli en nú er hér á landi er það mín eindregna skoðun að þarna væri m. a. fundin leið til að draga í fyrsta lagi úr miklum kostnaði við búrekstur og til að auðvelda stjórnun á framleiðslu. Ég skal rökstyðja þetta m. a. með því að benda á það, sem fulltrúar bænda hafa sjálfir sagt og haldið fram, að stórbýlin væru að mörgu leyti þau hagkvæmustu og það ætti að stuðla að því að stækka búin. Á þennan hátt er það gert, að vísu á öðrum grundvelli en búskapur er almennt rekinn á.

Herra forseti. Ég vildi ekki láta hjá líða að taka undir þessa till., sem mér finnst vera af hinu góða. Ég sakna þess mjög, að fulltrúar Framsfl. skuli ekki vera hér í sal til að ræða þetta mál. Þetta er býsna veigamikið mál og ef menn hugleiða það örlítið nánar er þetta mjög merkilegt mál og er vert allrar umr. og umþenkingar af hálfu þessarar háu stofnunar.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Ég get tekið undir það, að ánægjulegt væri ef menn tækju til máls um þetta efni og lýstu skoðun sinni, en ég sé ekki neina sérstaka ástæðu til að harma þótt framsóknarmenn ræði till. ekki, því að ég tel að fleiri geti talað um landbúnaðarmál en þeir.

Hins vegar vil ég taka undir efni þessarar till. og ég tel mikilvægt að sett séu einhver skýrari ákvæði í lög einmitt um félagsbú. Ég tel að reynslan af félagsbúum hafi verið slík í íslenskum landbúnaði að það sé til hagræðis í búskapnum og það sé til vinnuléttis fyrir þá aðila sem að félagsbúum standa.

Mér er ljóst að vegna þess, að vantað hefur í lög ákvæði sem eru greinileg um félagsbúin, hafa menn, sem annars hefðu kannske snúið sér að því að mynda félagsbú, farið fram á skiptingu jarða og tvíbýlisaðstöðu, sem ég tel í flestum atriðum vera óþægilegra rekstrarform en félagsbúið. Auk þess tel ég rétt að benda á að einmitt ef búið væri að forma greinilega ákvæði og reglur um félagsbú væri það sennilega auðveldasta leiðin til þess að með auðveldum hætti geti orðið kynslóðaskipti á jörðunum.

Ég ætla ekki að tala lengra mál um þetta efni, þó e. t. v. væri ástæða til, en ég vil lýsa því aftur að mér er efni þessarar þáltill. mjög hugstætt og ég vil að Alþ. sinni því að afgreiða þetta mál.

Jón Helgason: Herra forseti. Hv. 6. þm. Norðurl. e. var að fara úr salnum. Ég vil lýsa ánægju minni yfir því, að hann telur að landbúnaðarmál verði varla rædd nema framsóknarmenn séu þar fjölmennir og taki þátt í. Vil ég þakka honum fyrir það álit. En jafnframt vildi ég benda honum á að það voru, held ég, ekki fleiri þm. úr örðum flokkum hér inni en þó Framsfl. þegar hann mælti þessi orð.

En við efni þessarar till. vil ég, eins og aðrir sem hér hafa tekið til máls, lýsa stuðningi mínum. Það hefur vitanlega verið víða samvinna í búskap enda þótt hún hafi ekki verið í föstu formi. Algengasta formið er fjölskyldubúskapurinn og í þeim búskap taka þátt allir sem vinnufærir eru í fjölskyldunni. Algengustu kynslóðaskipti á jörðum eru þau, að það sé sonur eða dóttir sem tekur við eftir að vera búin að vinna að búskapnum lengri eða skemmri tíma með foreldrum sínum. En það er vissulega rétt að athuga nákvæmlega hvernig hægt er að greiða fyrir þessu formi með ákvæðum í löggjöf, þó að vitanlega megi líka vara sig á því að binda ákvæði um það of stíft í lögum.

Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta, en vil lýsa stuðningi mínum við að þetta mál sé athugað.

Helgi Seljan: Herra forseti. Ég get ekki látið hjá líða að þakka þær góðu undirtektir sem þessi till. hefur fengið. Ég er þess einnig sannfærður, að þær undirtektir eru mjög verðskuldaðar. Þetta er atriði sem vissulega er þess vert að hugað sé að því.

Ég get verið sammála því sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að hér þurfi að fara varlega í að binda ákveðin atriði í löggjöf um of. Hér þurfa engu að síður að koma til lagaákvæði sem eru verulega hvetjandi til þess að þetta búskaparform verði tekið upp af þeim ástæðum, sem raktar eru í grg., og af þeim ástæðum, sem þeir hv. þm., sem hér hafa talað, hafa einnig bent réttilega á, m. a. varðandi kynslóðaskiptin, sem ekki eru hvað síst vandamál sveitanna eins og nú horfir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Björgunarnet, þáltill. (þskj. 82). — Ein umr.

Flm. (Helgi Seljan): Herra forseti. Á þskj. 82 hef ég leyft mér að flytja svohljóðandi till. til þál.:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta sérfróða menn gera úttekt á notagildi björgunarnets Markúsar B. Þorgeirssonar með það fyrir augum, að séu þetta talin nauðsynleg öryggistæki, þá skuli um það sett ákvæði í reglugerð um öryggismál, að skip skuli búin þessum netum svo og að þau séu tiltæk á hafnarsvæðum."

Í grg. er að því vikið, að björgunarnet Markúsar B. Þorgeirssonar, sem reyndar hefur nú fengið nafnið björgunarnetið Markús, hafi vakið verðskuldaða athygli og hlotið hina lofsamlegustu dóma. Telja margir, sem gerst þekkja til í björgunarmálum okkar, að hér sé um að ræða ótvíræða framför og gildi þessara neta sé mikið og ótvírætt.

Á það er bent í grg., að öryggi á vinnustöðum sé nú mjög til umræðu. Við höfum nýlega sett um það viðamikla löggjöf hvernig að skuli staðið með öryggi á vinnustöðum. Sjómannsvinnustaðurinn er á hafi úti við misjafnar aðstæður og óblíðar á stundum og þar má einskis láta ófreistað að öryggi og björgunartæki séu sem allra best. Hversu oft heyrist ekki hörmuleg frétt um að skipverji hafi fallið útbyrðis og þrátt fyrir ýtrustu viðleitni hafi allar björgunartilraunir reynst árangurslausar.

Það er einmitt skoðun margra, sem í hvívetna má treysta, að einmitt við þessar aðstæður komi björgunarnet Markúsar sannarlega að notum. Úr því þarf hins vegar að fást skorið óyggjandi, svo gera megi viðeigandi ráðstafanir varðandi reglugerðarsetningu um að björgunarnetin skuli vera um borð í bátum og skipum, ef niðurstöður úttektar verða ótvíræðar í þá átt.

Hið sama gildir um öryggi á hafnarsvæðum. Þar þarf einnig að hyggja vel að hvert notagildi björgunarnetanna gæti verið til að ná mönnum úr sjó. Dómbærir aðilar telja að vísu á því engan vafa.

Hér er of mikið í húfi til að unnt sé að skella við skollaeyrum, og álit flm. er það, að svo sterk rök hnígi að því að taka beri upp björgunarnet Markúsar að sjálfsagt sé að hreyfa málinu á þann veg sem þáltill. segir til um. Þar hlýtur að þurfa að koma til tafarlaus úttekt þar sem svo margir viðurkenndir aðilar telja löggildinu sjálfsagða.

Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, vitna í bréf frá siglingamálastjóra þar sem segir að Siglingamálastofnun ríkisins hafi skoðað og tekið nokkurn þátt í prófun á björgunarneti því sem Markús B. Þorgeirsson, Hafnarfirði, hefur hannað. Hér er lýsing á netinu, en síðan segir:

„Þessa nets er ekki krafist í skipum samkvæmt gildandi reglum. Hins vegar er Siglingamálastofnun ríkisins sannfærð um að slíkt björgunarnet geti verið til aukins öryggis um borð í skipum og megi þess vegna skoða sem björgunartæki sem mæla má með að sé til um borð í íslenskum skipum til viðbótar þeim björgunartækjum sem krafist er samkvæmt gildandi reglum, en það kemur ekki í stað þeirra."

Þetta segir Hjálmar R. Bárðarson siglingamálastjóri í umsögn sinni og segir það sína sögu einnig, að í þessari grg. hnykkir hann sérstaklega á því, að þetta björgunarnet Markúsar sé mjög til þess fallið að auðvelda að ná mönnum, er fallið hafa útbyrðis, um borð í skip aftur.

Ég hef, frá því að þessi till. var flutt, fengið skeyti frá áhöfnum farskipa sem óska mjög eindregið eftir því, að Alþ. taki þá afstöðu að úttektin verði gerð. Ég hef fengið yfirlýsingar frá skipverjum á ms. Herjólfi alveg sérstaklega. Það er ástæða til þess, því að rétt áðan var ég að fá mynd af fyrsta skipverjanum sem bjargaðist í björgunarnet Markúsar, en hann var einmitt á ms. Herjólfi.

Markús lætur ekki deigan síga frekar í þessu máli en öðrum. Menn þekkja dugnað hans í þessu máli. Hann kynnir nú þetta net sitt víða meðal skipstjórnarmanna, hefur farið m. a. til Vestmannaeyja til kynningar á því, og síðast í gær var hann uppi í Sjómannaskóla undir stjórn skólastjórans þar, þar sem hátíðarsalur skólans var þétt setinn og hann fékk hinar bestu undirtektir við tilraun sína og áskorun frá öllum þeim fjölda kennara og nemenda skólans, sem þar voru, um að halda áfram baráttu sinni fyrir lögleiðingu á neti þessu.

Ég legg ekki út af fyrir sig neinn dóm á það, hvort um skilyrðislausa lögleiðingu eigi að vera að ræða. Ég vil láta framkvæma á því hlutlausa úttekt, þannig að af séu tekin öll tvímæli um þetta, en till. er einnig ákveðin í þá átt. Það má kannske segja að það hefði verið réttara að skora á viðkomandi ráðh. að láta sérfróða menn gera úttekt á þessu notagildi og því verður þá breytt í nefnd. En að lokinni þessari umr. vil ég leyfa mér, herra forseti, að leggja til að till. verði vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 18. fundur.

Miðvikudaginn 12. nóv., kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Jón Helgason): Mér hefur borist eftirfarandi bréf:

„Reykjavík, 11. nóvember 1980.

Kjartan Jóhannsson, 2. þm. Reykn., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Alþfl. í Reykjaneskjördæmi, Ólafur Björnsson útgerðarmaður, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Helgi Seljan,
forseti Ed."

Eins og fram kemur í bréfinu þarf að fara fram rannsókn á kjörbréfi Ólafs Björnssonar. Vil ég biðja kjörbréfanefnd að taka það til athugunar og verður gefið fundarhlé á meðan. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur haft til athugunar kjörbréf Ólafs Björnssonar útgerðarmanns, sem er 1. varaþm. Alþfl. í Reykjaneskjördæmi. Kjörbréfanefnd gerir engar aths. við kjörbréfið og leggur til að kosning verði tekin gild og kjörbréfið samþykkt.

ATKVGR.

Till kjörbréfanefndar samþ. með 35 shlj. atkv.

Forseti (Jón Helgason): Ólafur Björnsson hefur áður átt sæti á Alþingi og þá undirritað eiðstaf og býð ég hann velkominn til starfa.

Efri deild, 12. fundur.

Miðvikudaginn 12. nóv. að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Orlof, frv. (þskj. 83). — 1. umr.

Flm. (Gunnar Már Kristófersson): Herra forseti. Á þskj. 83 flyt ég ásamt hv. 3. landsk. þm., Karli Steinari Guðnasyni, frv. til l. um breyt. á lögum nr. 87 frá 24. des. 1971, um orlof. Ég tel að um þetta frv. þurfi í sjálfu sér ekki að hafa mörg orð. Hér er á ferðinni slíkt réttlætismál að ekki er ástæða til að ætla, a. m. k. í byrjun, annað en það fái góðar undirtektir.

Sú breyting, sem hér er lögð til, er að við orlofstöku verði laugardagar taldir frídagar. Breytingin er sú, að næstsíðasta málsgr. 3. gr. laganna breytist og verði: „Laugardagar, sunnudagar og aðrir helgidagar teljast ekki orlofsdagar.“ Að öðru leyti er greinin óbreytt.

Í grg. eru dregin fram nokkur rök fyrir þessari breytingu og tel ég rétt að lesa hana, með leyfi forseta:

„Þegar orlofslög voru sett af Alþ. á árinu 1942 var lagt til grundvallar að hver sá, sem lögin tóku til skyldi fá jafnmarga virka daga í orlofi og hann hafði unnið marga almanaksmánuði næsta orlofsár á undan.

Samkvæmt gildandi lögum um orlof er aðalreglan sú, að orlof er 2 dagar fyrir hvern unnin mánuð.

Við setningu laganna 1942 var vinnuvika verkafólks yfirleitt 48 klst. í dagvinnu, unnin á 6 virkum dögum, mánudegi til og með laugardegi. Á þeim tíma var því næsta eðlilegt, miðað við regluna um einn orlofsdag fyrir hvern unninn mánuð, að allir virkir dagar vinnuvikunnar teldust til orlofsdaga. Frídagar, sem til falla á orlofstímabili, og helgidagar hafa ávallt verið utan orlofs.

Almenn vinnuvika verkafólks hefur verið stytt í áföngum frá 1942 og er nú 40 klst. í dagvinnu, sbr. lög nr. 88 24. des. 1971 með síðari breytingum.

Í 2. mgr. 2. gr. nefndra laga er sú meginstefna mörkuð að vinna skuli 8 dagvinnustundir á degi hverjum frá mánudegi til og með föstudegi, og í 4. mgr. sömu greinar er ákveðið að næturvinna taki við strax eftir dagvinnulok á föstudögum, þ. e. þegar lokið er lögbundinni vinnuviku. Fimm daga vinnuvika er því staðreynd hjá meginþorra verkafólks, unnin á mánudegi til og með föstudegi. Laugardagar eru þannig í reynd frídagar hjá öllu verkafólki öðru en því, sem vinnur afbrigðilegan vinnutíma, en það fólk fær þá jafnan annan vikudag sem frídag í stað laugardagsins.

Í samræmi við þá þróun, sem hér hefur verið rædd, hlýtur það að teljast réttlætismál, að til orlofsdaga teljist einvörðungu þeir 5 vinnudagar í viku hverri sem dagvinnuskylda fellur á, þ. e. mánudagur til og með föstudegi, en hvorki laugardagur, sunnudagur né aðrir frí- eða helgidagar sem til falla á orlofstímabili.

Þessi eðlilega og sjálfsagða leiðrétting hefur þó ekki átt sér stað, því samkv. gildandi lögum um orlof eru laugardagar taldir til orlofsdaga gagnstætt öðrum viðteknum frídögum. Í nokkrum tilfellum hafa þó stéttarfélög fengið fram leiðréttingu í þessum efnum með því að taka upp í kjarasamninga sína ákvæði um, að laugardagar skuli ekki teljast með orlofi fremur en aðrir frídagar.

Þessi mismunandi tilhögun um ákvörðun orlofsdaga skapar óviðunandi misrétti milli starfshópa, jafnvel á einum og sama vinnustað. Úrelt lagaákvæði, sem ekki eru í samræmi við þá þróun vinnutímans sem átt hefur sér stað, mega ekki standa í vegi fyrir því, að jafnrétti komist á hvað lengd orlofstímans snertir.

Orlofslögin voru á sínum tíma sett til þess að tryggja verkafólki lágmarkshvíld frá störfum, og þá höfð í huga vinnuverndarsjónarmið. Á þeim tæplega 40 árum, sem lögin hafa verið í gildi, hefur lágmarksorlof lengst úr 2 í 4 vikur, en er nú mun styttra hér á landi en víðast í nálægum löndum þar sem almennt orlof er 5—6 vikur.

Enda þótt flm. þessa frv. telji fyllilega tímabært að lengja lágmarksorlof hér á landi til samræmis við þá þróun, sem átt hefur sér stað og að var vikið hér að framan, er ekki í þessu frv. gerð tillaga um slíkt, m. a. vegna þess að það er skoðun flm., að áður þurfi að ráða bót á misrétti, sem nú á sér stað, svo og að finna leiðir til að auka orlofsgreiðslur, sem nú eru að dómi flm. of lágar hér á landi og tryggja engan veginn efnahagslegt öryggi verkafólks á orlofstímanum.

Með frv. þessu er einungis leitast við að leiðrétta augljóst ranglæti og samræma orlofsrétt verkafólks þeirri þróun vinnuvikunnar, sem almennt hefur átt sér stað á þeim tíma er liðinn er frá því er gildandi lagaregla var upp tekin, jafnframt því sem leiðrétt verði það misrétti, sem nú viðgengst milli starfsstétta hvað lengd orlofsins snertir.“

Líklegt er að einhverjum hv. þm. finnist hér vera farið inn á mál sem eðli sínu samkvæmt ætti að vera samningsatriði milli aðila vinnumarkaðarins, og víst er að launafólk, m. a. innan Alþýðusambands Íslands, hefur reynt að ná þessari leiðréttingu fram í samningum, en ekki tekist. Ég vil vegna þessa segja að ég tel það m. a. vera hlutverk þeirra manna, sem kjörnir eru til starfa í hv. Alþ., að stuðla að leiðréttingu mála sem ekki eru sanngjörn og augljóslega skapa misrétti.

Í grg. segir að í nokkrum tilfellum hafi stéttarfélög fengið þessa leiðréttingu í samningum, önnur ekki. Mismunandi tilhögun um ákvörðun orlofsdaga skapar því misrétti milli starfsstétta. Það misrétti teljum við flm. þessa frv. eðlilegt að sé leiðrétt.

Alkunna er að ríkisstjórnir á hverjum tíma lofa lagasetningu um hin og önnur félagsleg réttindamál til að greiða fyrir samningum. Nýlega er lokið gerð kjarasamninga sem hæstv. núverandi ríkisstj. greiddi fyrir með svokölluðum félagsmálapakka. Gerð þeirra kjarasamninga og væntanlegur eftirleikur er mál út af fyrir sig sem full ástæða væri til að ræða ítarlegar en gert hefur verið hér á hv. Alþingi. Þessar umræður eru þó ekki réttur vettvangur til þess.

Þó get ég ekki stillt mig um að vekja athygli á, vegna ummæla hæstv. viðskrh. í Sþ. í síðustu viku, að þeir kjarasamningar, sem gerðir voru, eru alfarið á ábyrgð hæstv. ríkisstj. Sú ríkisstj., sem hæstv. ráðh. situr í, stuðlaði að gerð þessara samninga, lagði línurnar um, hvernig semja ætti á almennum vinnumarkaði, með samkomulagi sínu við ríkisstarfsmenn. Ef nýgerðir kjarasamningar eru verðbólguhvetjandi, eins og hæstv. ráðh. fullyrti, ber hæstv. ríkisstj. á því fulla ábyrgð.

Herra forseti. Eins og ég sagði í upphafi máls míns tel ég að það frv. til l., sem hér er til umr., skýri sig að mestu

sjálft. Ég mun því ekki hafa um það fleiri orð að sinni. Ég vona að hv. þm. þessarar deildar séu okkur flm. þess sammála um að gera þessa sjálfsögðu og réttlátu breytingu á orlofslögunum.

Að loknum þessum umr. legg ég til að frv. verði vísað til hv. félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til félmn. með 16 shlj. atkv.

Álagning opinberra gjalda 1980, frv. (þskj. 36). — 1. umr.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er flutt til staðfestingar á brbl. nr. 65 24. júlí 1980.

Eins og öllum hv. þm. er kunnugt um var í ár í fyrsta skipti talið fram og lagt á eftir nýjum lögum um tekjuskatt og eignarskatt og nokkuð breyttum lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Breytingar samkv. þessum lögum höfðu áhrif á framtöl manna, en vegna þess, hversu síðbúin þessi lög voru, var framtalsgerðin einnig mjög síðbúin og þessar breytingar höfðu, ásamt þeirri aukavinnu sem fólst í endurmati atvinnurekstrarins, það í för með sér að framteljendur, einkum þeir sem stunda atvinnurekstur, urðu óvenjulega síðbúnir með framtöl sín. Við þetta bættist að starfsmenn skattkerfisins, sem vinna þurftu í fyrsta skipti eftir nýjum lagareglum og nýjum eyðublöðum, þurftu eðlilega nokkru rýmri tíma til að ljúka störfum sínum nú en endranær og breytt framkvæmd vélvinnslu hafði áhrif í sömu átt. Af öllum þessum ástæðum reyndist ekki unnt að ljúka álagningu fyrir það tímamark sem ákveðið er í 98. gr. tekjuskattslaga. Því var nauðsynlegt að setja brbl. sem heimiluðu nokkurt frávik frá almennum reglum við álagninguna nú í sumar.

Í 1. gr. frv. er almennur frestur til að ljúka álagningu framlengdur frá 30. júní til 31. ágúst og jafnframt heimilað að ljúka á mismunandi tíma álagningu á einstaka flokka gjaldenda innan sama umdæmis.

Álagningu á einstaklinga í Reykjavík, Reykjanesi og Norðurlandi eystra lauk fyrir 31. júlí, en álagningu á einstaklinga í öðrum skattumdæmum svo og álagningu á félög var lokið í ágústmánuði. Því miður reyndist óhjákvæmilegt af framkvæmdaástæðum að fresta álagningu á börn fram yfir hið almenna tímamark, sbr. 118. gr. tekjuskattslaga, og lauk henni 20. okt.

Ákvæði 2. og 3. gr. frv. fela í sér nauðsynlegar breytingar á innheimtureglum vegna þessarar frestunar á álagningu. Er þar kveðið á um að þeir gjaldendur, sem ekki fengu álagningu fyrir 1. ágúst, skuli greiða sömu fjárhæð í ágústmánuði og nam mánaðarlegri fyrirframgreiðslu á fyrri hluta ársins, en að sá munur, er reyndist á 1/5 hluta álagningar og þessari greiðslu, skyldi lagður við eða dreginn frá septembergreiðslu sama aðila. Þannig er reynt, eftir því sem verða má, að jafna greiðsluskyldu aðila þrátt fyrir að álagningu á þá lyki á mismunandi tímum.

Frv. þetta varðar einungis álagningu og innheimtu opinberra gjalda á árinu 1980 og er því ekki ætlað að hafa gildi til frambúðar, enda ættu þeir byrjunarörðugleikar, er gerðu brbl. þessi nauðsynleg, að vera yfirstignir við álagningu á næsta ári.

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að leggja til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 15 shlj. atkv.

Neðri deild, 15. fundur.

Miðvikudaginn 12. nóv., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Umræður utan dagskrár.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég veit að ekki hafa farið fram hjá neinum hv. alþm. þær óhugnanlegu fréttir sem okkur hafa borist í fjölmiðlunum síðustu daga varðandi umferðarslys. Eitt þessara slysa varð mér að sérstöku umhugsunarefni. Ég hef séð það á ferðum mínum víða erlendis að þar sem bifreið bilar á vegum úti geta bílstjórar og eiga að fara í farangursgeymslu bílsins, draga fram samanlagt aðvörunarmerki, sem þar á að geyma og koma því upp fyrir aftan bílinn til þess að önnur farartæki, sem eiga leið þar um, sjái, að um bilað farartæki er að ræða, og menn geti verið að vinna við það úti á akreininni. Ég átti tal við yfirlögregluþjón Reykjavíkurborgar, hr. Bjarka Elíasson, um þetta, og hann kannaðist vel við að þetta væri í reglugerðum og jafnvel lögfest erlendis, en svo væri ekki hér heima.

Þegar við ræddum áfram um þetta vandamál tjáði hann mér að umferðarnefnd svokölluð væri nú sest á rökstóla á ný og hefði hafið störf til að endurskoða umferðarlögin. Ég veit að hv. dm. fyrtast ekki við þó að ég leyfi mér að beina þeim tilmælum til hæstv. dómsmrh., sem fer með þessi mál, hvort hann vilji ekki óska eftir því við nefnd þessa, en formaður hennar mun vera lögreglustjórinn í Reykjavík, að athuga hvort ekki sé ástæða til að taka upp þetta nýmæli hér á landi og skylda bíleigendur til að hafa slíkt aðvörunarmerki í bílum sínum svo að það megi setja upp þegar svona stendur á. Ég held að með slíkri aðvörun getum við hjálpað til við að fyrirbyggja að annar slíkur atburður eigi sér stað eins og varð fyrir skömmu og hafði í för með sér hörmulegt dauðsfall.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Vegna tilmæla hv. 1. landsk. þm. vil ég taka þetta fram:

Það er eðlilegt að allir hugsandi menn leiti í huga sínum allra tiltækra ráða til að reyna að koma í veg fyrir hin alvarlegu og allt of tíðu slys í umferðinni. Hv. 1. landsk. þm. hefur nú bent á eitt atriði, þ. e. aðvörunarmerki sem víða erlendis er skylda að geyma í farangursgeymslu bifreiðar til að nota ef óhapp verður og bifreiðin verður að nema staðar á vegum úti. Ég mun að sjálfsögðu taka tilmæli hans til greina og fela þeirri nefnd, sem nú vinnur að heildarendurskoðun á umferðarlöggjöfinni undir forustu Sigurjóns Sigurðssonar lögreglustjóra í Reykjavík, að athuga þetta mál. Mér er kunnugt um að nefndin heldur nú tíða fundi og leitar allra ráða í þessum málum. Ég mun þegar í stað koma þessum tilmælum hv. þm. á framfæri við nefndina og biðja hana að athuga þau.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 79). — Frh. 1. umr.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Það er margt sem mælir með því, að verðbótaþáttur vaxta verði yfirleitt ekki skattlagður hjá lánveitendum og þá ekki heldur undanþeginn skatti hjá lántakendum. T. d. þyrftu þá seljendur íbúðarhúsnæðis í fjölmörgum tilfellum ekki að krefjast nálægt því eins mikillar útborgunar og nú er gert.

Við skulum hugsa okkur fullorðið fólk sem minnkar við sig húsnæði, fer í sérbyggðar íbúðir fyrir aldraða eða á dvalarheimili. Það selur hús sitt eða íbúð til að tryggja sig fjárhagslega í ellinni. Með núverandi kerfi þarf fólkið helst að fá eign sína að fullu greidda á borðið og leggja peningana inn á verðtryggðan bankareikning eða kaupa verðtryggð ríkisskuldabréf. Af hvoru tveggja eru vextir undanþegnir skatti. Ef sama fólk lánar kaupendunum verulegan hluta söluverðsins fær það fulla skatta af vöxtum af eigninni og einnig þótt mestur hluti þeirra sé í reynd verðbætur vegna verðbólgu. Auðvitað ætti fólkið að geta selt íbúðir sínar og fengið meiri hluta andvirðisins greiddan með skuldabréfi útgefnu af kaupanda til — við skulum segja — 10 ára. Bréfið þyrfti að vera verðtryggt, en með lágum vöxtum og a. m. k. ætti verðbótaþátturinn að vera skattfrjáls. Þetta mundi strax breyta miklu á fasteignamarkaðinum og auðvelda ungu fólki að kaupa sér eldri íbúðir.

Málin standa þannig núna að Byggingarsjóður ríkisins lánar óverulegan hluta kaupverðs eldra íbúðarhúsnæðis og reyndar einnig óverulegan hluta byggingarkostnaðar á hinum almenna markaði. Og það sem verra er: Miðað við stefnu núv. ríkisstj., eins og hún kemur fram í frv. til fjárlaga fyrir 1981, eru alls engar líkur á að þetta hlutfall fari hækkandi í næstu framtíð. Ungt fólk og aðrir, sem eru að kaupa og byggja, að ekki sé talað um þegar það er í fyrsta skipti, hafa engin önnur ráð en þau, ef þeir á annað borð hafa nokkur ráð, að taka vaxtaaukalán til skamms tíma eða önnur enn óhagstæðari lán. Síðan reynir fólkið að velta þessu á undan sér í mörg ár með nýjum og nýjum lánum, ef þau þá fást. Flestum eru þetta drápsklyfjar og fjölmargir gefast upp. Fasteignasalar segja að ungt fólk sé horfið af markaðinum og það segir sína dapurlegu sögu.

Félagslega kerfið hjálpar auðvitað mörgum og er það gott og blessað. En meiri hluti fólks hefur tekjur umfram þau mörk sem gefa rétt til þátttöku í því kerfi og sumir óska frekar af öðrum ástæðum að byggja eða kaupa á hinum almenna markaði. Vegna þessara aðstæðna í þjóðfélaginu, sem því miður er ekki sjáanlegt að fari batnandi með óbreyttri stefnu stjórnvalda, verður að koma ungu fólki og öðrum, sem eru að byggja og kaupa, til hjálpar, að ekki sé talað um þegar þeir eru að byggja eða kaupa í fyrsta skipti.

Herra forseti. Ég styð það meginefni frv. að hækka þau mörk sem lög um tekju- og eignarskatt setja um hámark þeirra vaxta sem frádráttarbærir eru við álagningu tekju- og eignarskatts. Aftur á móti tel ég rétt að þessi frádráttur sé áfram miðaður við kaup eða byggingu íbúðarhúsnæðis, en tíminn, sem þessum frádrætti er ætlað að gilda eftir kaup eða byggingu húsnæðis, verði lengdur verulega, a. m. k. tvöfaldaður frá því sem er í gildandi lögum.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Í fyrsta lagi ætla ég út af ummælum hv. þm. Magnúsar H. Magnússonar, 5. þm. Suðurl., að leiðrétta hluta af því sem hann sagði.

Þau lög, sem eru í landinu nú varðandi vaxtatekjur og munu gilda við álagningu skatts á árinu 1981 fyrir árið 1980, segja einfaldlega að allar vaxtatekjur, hvort sem eru af bankainnstæðum eða veðskuldabréfum hjá einstaklingum, séu skattfrjálsar. Það er mjög mikilvægt að þetta sé skýrt vegna þess að alls konar misskilningur er í gangi í þjóðfélaginu og einhvern veginn hefur mönnum ekki tekist að koma þessum ákvæðum til skila. Hitt er svo annað mál, að vaxtagjöld eru ekki frádráttarbær í öllum tilfellum. Þannig getur maður, sem skuldar 10 millj. kr. skuldabréf með vöxtum og á annað skuldabréf á móti, fengið skerðingu á vaxtafrádrætti sínum vegna eignarinnar. En frá og með árinu 1981, ef ekki verður gerð breyting á lögunum, munu vaxtatekjur hjá t. d. eldra fólki, sem selur húsnæði sitt og fær veðskuldabréf í staðinn, ekki verða skattskyldar. Þetta er eðlileg þróun og eðlileg breyting. Verðhækkun eigna þessa fólks, t. d. fasteigna, er ekki skattskyld. Það fær ákveðna vexti vegna rýrnunar veðskuldabréfa sinna og óeðlilegt að skattleggja slíkar tekjur. — Þetta vildi ég leiðrétta því að það er mikilvægt að menn túlki reglurnar rétt gagnvart því fólki sem á að búa við þær og er að gera alls konar ráðstafanir og selja eignir sínar í ákveðinni trú um ákveðnar reglur.

Varðandi það mál, sem hér er til umr. og hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson og Halldór Blöndal flytja varðandi hærra mark á vaxtafrádrætti, liggur það fyrir að mörk í núgildandi lögum eru miðuð við allt annað verðlag en nú er, þ. e. 1 500 þús. hjá einstaklingi og 3 millj. hjá hjónum. Ég er alveg sammála því, að þessi mörk verður að endurskoða, en að hækka þau í 4 millj. á einstakling er nánast það sama og að fella mörkin niður. Það er skoðun mín að það sé miklu betra að fella alveg niður þessi mörk en að hækka þau í 8 millj. hjá hjónum.

Hvaða fólk er það, sem getur borgað 8 millj. á ári í vexti? Það er ekki nema hátekjufólk sem getur það. Venjulegt launafólk stendur hreinlega ekki undir því að taka nema ákveðna upphæð að láni vegna þess að það sér enga leið til að standa undir svona háum lánum og borga af þeim. Þannig hefur það verið á undanförnum árum, að þeir, sem hafa fengið mestan vaxtafrádráttinn í þjóðfélaginu, eru fyrst og fremst þeir sem hafa haft tækifæri til að taka lán og hafa haft lánstraust í bönkum vegna framtíðartekna sinna. Hins vegar hafa þeir vextir í sjálfur sér ekki verið vextir í þeim skilningi, heldur að mestu leyti haldið í við verðrýrnun peninganna. Þannig hefur ríkissjóður hjálpað þeim mun meir til þess að komast yfir eignir sem mest mega sín í þjóðfélaginu. Þessu geta menn ekki gengið fram hjá.

Það hefur verið almenn pólitísk samstaða hér á Alþ. um að setja bæri einhver takmörk á vaxtafrádrátt. Hver sú takmörkun á að vera er undir ýmsu komið, en ég held að það sé raunhæfast að miða þá takmörkun við það sem almennt gerist hjá launþegum og það sem almennir launþegar geta staðið undir með sæmilegu móti.

Nú vil ég einnig taka fram í þessu sambandi, að það, sem er frádráttarbært núna, er aðeins greiddar verðbætur. Menn vita að verðbætur, sem falla á t. d. húsnæðismálastjórnarlán árlega, eru miklu meiri en þær verðbætur sem greiðast árlega, vegna þess að áföllnum verðbótum er deilt á allan lánstímann eða 25 ára tímabil. Af hámarksláni í húsnæðismálastjórn eru því ekki greiddar

á fyrsta ári nema kannske 400—500 þús. í verðbætur og vexti, jafnvel þótt það séu einar 4 millj. sem lánið hækkar um. Það er mikilvægt að menn skilji þarna á milli þegar menn eru að hugsa um þetta hámark.

Ég vil taka það fram, að ég er því sammála að hámarki á vaxtafrádrætti þurfi að breyta. En ef á næstum því að þrefalda það tel ég miklu hreinlegra að leggja það niður og fella það úr lögunum. Það hámark, sem hér er sett, hefur engan tilgang.

Annað atriði. Ég skil þetta frv. þannig, að gert sé ráð fyrir að hætt sé við að gera tilraun til að skilja á milli vaxta til kaupa á íbúðarhúsnæði og annarra vaxtaútgjalda. Sú skilgreining er felld niður í þessu frv. Vissulega er nokkrum annmörkum háð að skilja þarna á milli, en hugsun laganna er sú, að vaxtafrádrátturinn og þeir fjármunir, sem eru til ráðstöfunar í því skyni í þjóðfélaginu, komi fyrst og fremst því fólki til góða sem er að koma sér þaki yfir höfuðið, en þessi vaxtafrádráttur komi þeim ekki til góða sem hafa lokið því og eru að taka lán til annarra þarfa: bílakaupa, einkaneyslu og annars sem kannske skiptir ekki eins miklu máli og menn þurfa ekki eins á aðstoð samfélagsins að halda til að geta fullnægt. Þetta er mikilvægt í mínum huga. Það má með ýmsum hætti koma ungu fólki í húsakaupum til aðstoðar. Ég er þeirrar skoðunar, að það þurfi að auka þá aðstoð, en ekki endilega með því að hækka vaxtafrádráttinn sem mest, heldur geti einnig komið til greina að greiða niður að einhverju leyti þann mikla fjármagnskostnað húsnæðismálalánanna sem leggst á þetta fólk. Það er ein leiðin. Með vaxtafrádrættinum er í reynd ekki verið að gera neitt annað en að greiða þennan mikla fjármagnskostnað niður með óbeinum hætti. Þegar hæsta skattprósenta er 50% þýðir það að viðkomandi aðili greiðir þeim mun minni skatta og ríkissjóður verður af þeim mun meiri tekjum við það að vaxtafrádrátturinn er heimilaður.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég átti raunar von á að hv. 3. þm. Austurl. mundi tala í svipuðum dúr og hann gerði. Ég held að hann hafi í sambandi við þetta mál gleymt mörgum aðalatriðum málsins, þeim mannlegu þáttum sem beint snerta þetta mál, og honum hafi m. ö. o. láðst að tala út frá sjónarmiði hins almenna skattborgara, hins almenna launþega í landinu.

Eins og margsinnis hefur verið sýnt fram á leggst stighækkandi tekjuskattur fyrst og fremst á launþega. Þessi háa skattprósenta fellur fyrst og fremst á þá. Það liggur fyrir að ráðstöfunartekjur heimilanna hafa dregist mjög verulega saman á þessu ári, kaupmáttur hefur rýrnað, og hæstv. fjmrh. setti það markmið fram í fjárlagaræðu sinni að einkaneyslan mundi halda áfram að dragast saman á næsta ári. Jafnframt liggur það ljóst fyrir, ef ummæli einstakra ráðh. í blöðum og á öðrum vettvangi eru skoðuð, að ríkisstj. hyggst skerða þann kaupmátt sem náðst hefur með kjarasamningunum bæði í septembermánuði og í hinu almennu kjarasamningum sem nýlega er búið að skrifa undir. Ég álít að það sé afskaplega óheppilegt, á sama tíma og þannig er þrengt að kostum almennings í landinu, að auk þess sem skattprósentan hefur verið færð upp um 10% og nemur nú brúttó 65% skuli vera gerðar ráðstafanir til að þrengja kosti þeirra sem eru verst settir í þjóðfélaginu fyrir, mörg heimili hér í landinu sem hafa skuldaklafa.

Ég held að það hafi ekki farið fram hjá neinum manni að hæstv. forsrh. hefur boðið að hann muni beita fortölum til þess að bankarnir dragi útlánastarfsemi sína saman. Okkur er ekki kunnugt um að neinar sérstakar ráðstafanir hafi verið gerðar til að standa við þau fyrirheit sem gefin voru með húsnæðismálafrv., og hinir almennu lífeyrissjóðir, svo að ég taki t. d. Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, hafa hlutfallslega verið að draga saman endurlán sín. Þetta liggur allt saman alveg ljóst fyrir. Kostir fólks eru því ekki jafnmargir og jafngóðir og áður.

Ástæðan fyrir því, að hér er lagt til að vaxtafrádrátturinn verði undanþeginn tekjuskatti eins og áður, er einfaldlega sú, að við teljum að það fari ekki saman að afnema þá reglu um leið og launatekjur heimilanna eru að minnka. Ég held að það sé nógu erfitt fyrir menn að sætta sig við versnandi lífskjör af þeirri ástæðu þó hitt bætist ekki ofan á, að þannig eigi að koma aftan að mönnum í sambandi við vextina. Þó þetta hafi verið boðað í vor og fyrir tveim árum lagar enginn fjárhag sinn á þessum tíma og allra síst eins og vaxtakjörin hafa verið og lánskjörin, en vísitalan fást nú ekki lengur en til tveggja, þriggja eða fjögurra mánaða, og við vitum hvernig vaxtaaukalánin eru. Það ár, sem nú er að líða, og næsta ár munu því verða mjög þung í skauti. Ég ætla að biðja menn að hafa þetta í huga þegar þetta mál verður skoðað í nefnd.

Það sjónarmið hv. alþm., að það sé ýmsum annmörkum háð að skilja á milli skulda, sem stofnað er til vegna fasteignakaupa eða af öðrum ástæðum, er fyllilega réttmætt. En nú er það spurningin þegar Alþ. hyggst draga línu þarna á milli: Er sú vinna, sem þarna á að framkvæma, arðbær, — sú mikla vinna sem skattstofurnar hljóta að verða að leggja í ef skilja á milli vaxtanna? Er hægt að ímynda sér að þessi vinna geti orðið arðbær? Það held ég ekki. Ég held að þarna sé um enn einn annmarkann að ræða sem því fylgir að hafa tekjuskattinn allt of háan þannig að hann leggist á þurftartekjur almennings í landinu. Ég vek líka athygli á því, að þessi viðleitni beinist fyrst og fremst að launþegum vegna þess að þeir menn, sem standa í sjálfstæðum rekstri, hafa öll tök á að fela þessar vaxtagreiðslur ef þörf er á. Þarna er því enn um það að ræða að ríkisstj. hyggst beina stjórnvaldsaðgerðum sínum fyrst og fremst gegn launþegum í landinu, auk þess sem um mjög óarðbæra vinnu verður að ræða og allt of mikil vinna mun eftir þessu lagi eins og áður fara í það að eltast við launþegana sem skilvísastir eru, en hins vegar mun sitja á hakanum áfram að fylgjast með söluskattinum og ýmsu öðru því sem vissulega er þörf á að fylgjast miklu betur með.

Það kom fram í ræðu hv. 3. þm. Austurl. um annað mál, að hann taldi að skattprósentan væri ekkert aðalatriði í þessari umr., ef menn væru búnir að koma sér saman um ákveðna umgjörð skipti skattprósentan út af fyrir sig ekki máli. Þetta er mikill misskilningur. Ef tekjuskatturinn væri með eitthvað svipuðu sniði og legðist svipað á og hann gerði t. d. eftir viðreisnarráðstafanirnar á sínum tíma, þegar meðaltekjur í landinu voru tekjuskattsfrjálsar, þá væri almennt launafólk ekki jafnviðkvæmt fyrir atriðum eins og þessum og það er eftir þeim lögum sem nú gilda, þegar sífellt er seilst dýpra ofan í vasa skattborgaranna. Við skiljum allir að þegar stjórnvöld lýsa því yfir, að skattbyrðin eigi ekki að þyngjast frá þessu ári til hins næsta mun það í raun verða svo, að hún mun þyngjast. Forsaga málsins er slík að við vitum þetta, — eða hvernig hyggst ríkisstj., sem er ný-

búin að semja um 10% grunnkaupshækkun í landinu, minnka einkaneysluna á næsta ári nema hún ætli einhvern veginn að ná í þær launagreiðslur sem hún er nýbúin að semja um?

Annars er það svo um þetta mál eins og mörg önnur, sem snerta heimilin og afkomu fólksins, að stjórnarandstaðan hefur alls ekki í sínum höndum neinar upplýsingar um hvað ríkisstj. ætlar að gera í tengslum við gjaldmiðilsbreytinguna. Nú má vera að hv. 3. þm. Austurl. lumi á upplýsingum um að til standi að lækka tekjuskattinn mjög verulega, kannske um helming. Það mundi að sjálfsögðu breyta mínum viðhorfum og maður yrði reiðubúinn til að fallast á ýmislegt ef slíkt lægi fyrir. En því miður óttast ég að svo sé ekki.

Ég vil sem sagt fagna því að hv. 3. þm. Austurl. skuli vera reiðubúinn til að hækka þó mörk vaxtafrádráttar gagnvart húsbyggjendum, en ég vil líka biðja hann að íhuga að ýmsir aðrir hafa þurft á lánsfjárfyrirgreiðslu að halda en húsbyggjendur. Ég get nefnt sem dæmi t. d. leigjendur, ungt fólk, sem er við nám, eða menn, sem hafa orðið fyrir áföllum af ýmsum toga. Ýmsir hafa líka reist sér hurðarás um öxl með eyðslu og eru að reyna að koma sínum málum í lag. Ég held að það fólk sem hefur safnað upp eyðsluskuldum sé alls ekki hamingjusamasta fólkið og ég held að í þvílíkum tilvikum bitni það oft á þeim sem síst skyldi, kannske ekki fyrst og fremst á þeim sem eyðir, heldur þeim sem eru í kringum hann. Þegar vextirnir eru orðnir þetta háir, 40—50%, þegar launin eru að dragast saman, meðan kaupmátturinn er að rýrna þar sem fyrir liggur að ríkisstj. ætlar að minnka einkaneysluna á næsta ári og draga enn saman það ráðstöfunarfé sem heimilin hafa handa á milli, þá held ég að það sé óhjákvæmilegt að koma til móts við þetta fólk í sambandi við vaxtafrádráttinn.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Það er rétt með hálfum huga að ég hætti mér í stólinn að ræða við svo vísa menn eins og hv. þm. Halldór Blöndal, sem greinilega elskar alla. Hann er einn þeirra, sem hafa mest haldið því á loft að það þurfi að tryggja öllum sparifjáreigindum fulla vexti í takt við verðbólguna, og talar svo hinn daginn um að útlánsvextir séu allt of háir. Þetta er fulltrúi þess flokks í hv. Alþ. sem mest berst fyrir því að lögmálið um framboð og eftirspurn ráði hér öllu. Peningar eru vara, ef má orða það þannig, sem mikil eftirspurn er eftir í landinu. Hann er með þessu frv. að leggja til að peningar verði stórgreiddir niður þannig að skuldakóngar landsins geti keypt peninga í stórum stíl á útsöluprís. Ef raunveruleg ást á launþegum ræður því sem hv. þm. Halldór Blöndal er að segja hér, þá eru það nokkuð einkennilegir launþegar í mínum augum sem geta greitt 8 millj. á ári í vexti. Það eru a. m. k. ekki almennir launþegar sem gera það.

Ég hef ævinlega verið þeirrar skoðunar, að vaxtafrádráttur til skatta almennt sé röng stefna. Það væri svo sem alveg eftir hv. þm. Halldóri Blöndal og öðrum slíkum að prédika að ég sé á móti ungu fólki í landinu sem er að koma yfir sig húsnæði o. s. frv., o. s. frv. En mér er alveg sama. Ég er ekkert hræddur við þá kjósendur frekar en aðra. Það er að mínum dómi rangt að vera að greiða niður peninga, og vitlausast er það þegar það er gert í verðbólguástandi eins og nú er í þjóðfélaginu.

Þeir, sem eru að koma yfir sig húsnæði í fyrsta skipti, unga fólkið, gætu fengið aðstoð við það með allt öðrum hætti og ef allur vaxtafrádráttur yrði tekinn út þannig að menn hefðu engan, ekki einu sinni 1500 þús. kr. vaxtafrádráttarheimild, þaðan af síður 8 millj., — ef það er gersamlega tekið út þyrftu skattstofurnar ekki að vera að eyða miklum tíma og tilkostnaði í að skilja á milli vaxta, ef ættu að vera breytilegar aðferðir við það. Einfaldast er auðvitað að fella niður gersamlega heimild til að draga vexti frá skattskyldum tekjum. Aðstoðin við þá, sem eru að koma yfir sig húsnæði í fyrsta skipti, gæti verið með allt öðrum hætti og ætti að vera það. Þá væri sama reglan látin gilda um alla, að þeir fengju aðstoð við að byggja yfir sig, eignast íbúð eða hús í eitt skipti á ævinni. Þá hefðu allir nákvæmlega jafna stöðu í þeim efnum og þyrfti ekkert að vera að rugla þessu almennt saman við vaxtakostnað í þjóðfélaginu.

Herra forseti. Það væri vissulega ástæða til þess að einhver tæki sig fram um að svara hv. þm. Halldóri Blöndal í hans almennu efnahagsmálavangaveltum, sem hann kemur hér með í hvert einasta skipti sem hann talar um hvað sem er, en ég ætla ekki að gera það núna. Ég vil hins vegar leggja áherslu á að niðurgreiðsla peninga með þessum hætti, sem tíðkuð hefur verið hér í þjóðfélaginu lengi, ýtir undir að menn safni skuldum. Þjóðfélagið hefur sem sagt verið að styðja við þá hugsun að verðlauna þá sem skulda, en hegna þeim sem ekki safna skuldum. Ef á að aðstoða ungt fólk eða aðra sem eru að koma yfir sig húsnæði, sem menn gera venjulega ekki nema einu sinni á ævinni, á að gera það með allt öðrum hætti en að leyfa skattafrádrátt. Ég hefði því lagt til að í stað þess að hækka skyldi fella niður allan vaxtafrádrátt, en leysa vandann með öðrum hætti.

Flm. (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. 5. þm. Suðurl., Magnúsi H. Magnússyni, fyrir góðar undirtektir undir þetta mál. En ég get ekki látið hjá líða að gera nokkrar aths. við mál bæði síðasta ræðumanns, hv. 4. þm. Suðurl., Garðars Sigurðssonar, og hv. 3. þm. Austurl., Halldórs Ásgrímssonar, og skal byrja á þeim fyrrnefnda, Garðari Sigurðssyni.

Hann flytur þá skoðun, sem er góðra gjalda verð og ég veit að nýtur stuðnings víða í þjóðfélaginu, að peningar séu á engan hátt greiddir niður, þ. e. menn greiði eins og framboð og eftirspurn segi fyrir um á hverjum tíma fyrir fjármagnið. Þetta fannst mér sérstaklega athyglisvert að heyra úr munni þm. frá Alþb. vegna þess að það er grundvallarstefna Alþb., eins og hún er sett fram í efnahagsstefnu þeirra, að vexti í þjóðfélaginu eigi að lækka. Við heyrum það dag eftir dag í Þjóðviljanum og dag eftir dag þegar forsvarsmenn Alþb. ræða um efnahagsmál, að ein höfuðmeinsemd í íslensku efnahagslífi, ein aðalástæðan fyrir því, að atvinnuvegir þjóðarinnar standa eins illa og raun ber vitni, séu vextirnir, hinir háu vextir sem greiddir séu og þess vegna beri að lækka þá. Þess vegna er það sérstaklega athyglisvert að heyra þá skoðun frá einum af þm. Alþb., að peningar skuli fylgja framboði og eftirspurn.

Ég tók það sérstaklega fram þegar ég flutti framsögu fyrir þessu frv., að við flm. bærum ekki hag svokallaðra skuldakónga neitt sérstaklega fyrir brjósti, þ. e. þeirra manna sem hafa aðstöðu til að taka mikið af lánum, óeðlilega mikið af lánum e. t. v., auka eignir sínar á þann veg og láta verðbólguna síðan vinna með sér. Ástæðan fyrir þessu frv. okkar er fyrst og fremst sú, að við gerum

okkur grein fyrir að sú mikla vaxtabyrði, sem nú hvílir á fólki, ekki síst þeim sem eru að byggja hús, er að sliga menn. Það er hægt að segja með almennum orðum, eins og hv. þm. Garðar Sigurðsson segir, að fara skuli aðrar leiðir til að aðstoða þetta fólk. En við erum með þessu frv. að reyna að horfast í augu við vandamálið eins og það er í dag. Sú staðreynd liggur fyrir, að í áratugi hafa vextir verið frádráttarbærir. Ég veit ekki hversu marga áratugi það hefur verið, en það er víst að vextir hafa ávallt verið frádráttarbærir frá sköttum og sú hefð hefur grópast mjög inn í hugi fólks að svo sé. Þessu er breytt í einu vetfangi nú og fyrst við álagningu næsta árs standa menn frammi fyrir því, að þessi regla, sem verið hefur í gildi, takmarkast mjög verulega. Við teljum að eins og ástandið er, eins og viðhorfin eru sé einfaldasta leiðin og sú fljótvirkasta að halda þessari gömlu reglu þangað til menn geta komið sér saman um einhverja aðra aðferð til að aðstoða húsbyggjendur, hvort sem það er með niðurgreiðslu vaxta eða fjármagnskostnaðar, eins og hv. þm. Halldór Ásgrímsson lagði til, eða á einhvern annan hátt. En um það liggja engar till. fyrir, þannig að ég held að sú leið, sem við bendum á hér, sé auðveldasta leiðin, þ. e. að taka upp þá reglu, sem hefur gilt í áratugi, og koma þannig til móts við það fólk sem á í miklum erfiðleikum með húsbyggingar sínar og þær miklu byrðar sem slíkt skapar fólki.

Ég fagnaði þeirri yfirlýsingu hv. 3. þm. Austurl., að hann teldi að þau mörk, sem eru í lögunum frá því í febrúar, væru of lág og þau væru miðuð við annað verðlag og rétt væri að hækka þau. Hann taldi hins vegar að það væri of hátt, sem við lögðum til, að hækka markið upp í 4 millj. fyrir einstakling eða 8 millj. fyrir hjón. Auðvitað má ávallt um það deila hvar þau mörk eiga að vera.

Ég er hins vegar ekki sammála því, sem fram kom hjá honum m. a., að það væri aðeins hátekjufólk sem gæti greitt og greiddi svo háa vexti. Ég hef séð framtöl hjá ungu fólki sem stendur í húsbyggingum og það er með ólíkindum hvað vaxtabyrði er mikil og þung á slíku fólki. Þær fjárhæðir, sem margt af þessu fólki greiðir í vexti eða í fjármagnskostnað, vexti og vísitölubætur á hverju ári, standa í engu hlutfalli við þær tekjur sem það fólk hefur. Þetta er vegna þess séríslenska fyrirbæris, sem við þekkjum, að menn fleyta sér áfram á skammtímalánum sem mæta hvert öðru, menn taka hvert lánið á eftir öðru til stutts tíma, borga gamla lánið upp með hinu nýja og mjaka sér þannig áfram hægt og hægt út úr fjárhagserfiðleikunum þangað til jafnvægi hefur fengist í fjármálin eftir það mikla átak sem það er að koma sér upp þaki yfir höfuðið. Ég hygg því að þó að þetta séu háar vaxtagreiðslur miðað við það sem vitað er um tekjur hjá öllum almenningi, hjá öllu launafólki, sé það samt svo, að margt af því fólki, sem telst til almenns launafólks, beri ótrúlega háa vaxtabyrði vegna lána sinna.

Hv. þm. Halldór Ásgrímsson gat þess réttilega um t. d. húsnæðismálastjórnarlánin, að nú væru aðeins greiddar verðbætur sem teldust vextir í þeim skilningi sem lögin segja fyrir um og væru frádráttarbærar. Það er rétt samkv. því kerfi sem nú hefur verið tekið upp hjá húsnæðismálastjórn. Hitt er annað mál, að það eru mörg lán í gangi vegna þess að það er tiltölulega nýlega sem þetta kerfi var tekið upp, — það eru mörg lán í gangi, bæði hjá húsnæðismálastjórn og hjá lífeyrissjóðum, þar sem fullar vísitölubætur eru greiddar út og teljast til útgjalda á árinu. Ég gat þess t. d. í framsöguræðu minni með frv., að lán, sem veitt voru t. d. úr Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóði starfsmanna Reykjavíkurborgar á árunum 1978 og 1979, eru með hæstu lögleyfðu fasteignavöxtum eins og þeir eru á hverjum tíma. Þeir vextir eru núna 38%, þannig að menn greiða af tiltölulega litlu láni, 2.3 millj. kr. láni sem þeir tóku árið 1979, í vexti á þessu ári 874 þús. kr. Þetta er bara eitt lán af mörgum lánum sem margt fólk hefur þurft að taka til að eignast þak yfir höfuðið.

Ég legg áherslu á að þetta frv. miðast fyrst og fremst við að koma til móts við þá erfiðleika sem þetta fólk á við að glíma núna. Það miðar að því að bregðast við brennandi vandamáli sem hvílir á herðum mjög margra, ungra sem gamalla, sem í húsbyggingum standa.

Við höfum líka gert ráð fyrir að ekki yrði skilið á milli lána til íbúðarhúsnæðis og annarra lána. Ég get vissulega fallist á margt af því sem hv. þm. Halldór Ásgrímsson sagði um að þegar út í svokölluð eyðslulán væri komið, þá væri óeðlilegt að vextir væru frádráttarbærir. Hins vegar er skattstofum fengið nú mjög mikið vald til að vega og meta hvort lán séu í rauninni tekin til húsbygginga eða ekki. Ég kem enn að því sérstaka fyrirbæri hér á Íslandi varðandi lán til húsbygginga, — þessi mörgu lán sem menn eru að taka hvert á eftir öðru til að greiða með niður gömlu lánin. Í fljótu bragði virðist oft og tíðum ekkert samhengi vera á milli húsbygginga og slíkra lána, sem e. t. v. eru tekin mörgum árum eftir að byggingu lauk eða kaup áttu sér stað, og þess vegna ákaflega auðvelt fyrir skattstofur að meta það þannig að lánin standi ekki í sambandi við húsbyggingar þó að svo sé í raun. Þess vegna fannst okkur, að skattstofunum væri fengið ákaflega mikið vald á að meta þetta, og töldum að jafnvel þótt einn og einn óverðugur flyti með væri eðlilegt að taka upp gömlu regluna um að allir vextir ættu þarna undir að koma.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um málið. En mér þótti sérstaklega athyglisverð yfirlýsing hv. 4. þm. Suðurl. um að sú regla ætti að gilda í þjóðfélaginu, að framboð og eftirspurn á peningum ætti að ráða því endurgjaldi sem menn greiddu fyrir þá.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Ég verð að segja það, sem flestir stjórnarþm. þyrftu raunverulega sí og æ að vera að endurtaka, að það er undarlegt hve margir hv. sjálfstæðismenn leggjast lágt hér í hv. d. í málflutningi sínum á allra handa máta. Þeir eru að nudda sér utan í krakka út af skattamálunum, hágrátandi, hlutum sem þeir eru sjálfir búnir að margsamþykkja alla áður. En eitt er líka sem fer hálfpartinn í taugarnar á mér, að heyra jafnrólegan og yfirvegaðan mann, að því er virðist, fyrrv. borgarstjóra í Reykjavík, hv. þm. Birgi Ísl. Gunnarsson, vera að snúa út úr máli mínu hér á ómerkilegasta hátt. Ég átti ekki von á því. Hann virðist vera heiðarlegur á framhliðinni. (**HBl:** Hvernig gerði hann það?) Ég hef ekki verið að mæla með því, að farið sé almennt eftir einhverjum lögmálum um framboð og eftirspurn. Ég var að benda á að flm. þessarar till. eru einmitt hörðustu baráttumenn þeirrar stefnu að láta framboð og eftirspurn ráða í þjóðfélaginu, — og fleiri raunar. Ég sé þarna lærisvein Hayeks út við dyr og lærisveina Thatchers hér til hægri og í öllum áttum. En að ég sé einn af þeim eru auðvitað ósannindi af versta tagi.

Ég var aðeins að benda á ósamræmið í málflutningi

þessara manna. Menn geta ekki bæði verið með háum vöxtum og móti háum vöxtum, sami maðurinn. Það er ómögulegt. En með þessum vaxtafrádráttaraðferðum er í raun verið að greiða niður peninga, menn fá peninga á útsölu eða skuldakóngarnir, sem skulda mest, græða mest á þessu. Menn eru að mæla með því sem sagt, að menn græði á verðbólgunni með því að hafa vaxtafrádrátt almennt eftir þessari reglu.

Ég vil leysa málið „öðruvísi," eins og hefur verið sagt áður í öðrum málum. Þegar Sjálfstfl. er að koma með till. í málum eins og olíugjaldi vill hann leysa það „öðruvísi." Af hverju má ég ekki benda á það, að ég vilji leysa það öðruvísi, alveg eins og þeir? (Gripið fram í.) Ég hef nefnilega bent á það, hvaða leið ég vil fara. Ég vil leysa þennan vanda í húsnæðislánakerfinu sjálfu. Þá þurfa skattstofumenn ekkert að vera í vandræðum með að skipta vöxtunum niður, hvað fer í húsnæðiskostnað og hvað fer í annað. Ef þetta er leyst þarna á einum stað í eitt skipti á ævinni fyrir hvern og einn, þá standa allir jafnir í þeim efnum. En þessir menn eru auðvitað að hugsa um allt aðra hagsmuni þó að þeir séu að reyna að segja að þeir elski launþega í dag, hv. þm. Halldór Blöndal. Nei, því miður, við þekkjum þá, við erum búnir að þekkja þá nógu lengi til þess að vita að það er bara yfirskin. Það eru ekki neinir almennir launþegar sem borga 8 millj. kr. í vexti á ári. (**HBl:** En sjómennirnir?) Ég ansa ekki neinu fjasi af þessu tagi.

Ég ætla mér hins vegar ekki að flytja neinn lærðan fyrirlestur um það nákvæmlega, hvernig á að útfæra þessar kenningar mínar í þessum efnum. En þær geta ekki verið flóknar því málið er einfalt. Hins vegar er auðvelt að fresta því og fresta, eins og ævinlega gerist hér í öllu kerfinu. Það virðist vera regla númer eitt að fresta öllum málum skjóta þeim á frest hvað eftir annað.

Ég verð að segja, vegna þeirra orða hv. þm. Birgis Ísl. Gunnarssonar að um þetta liggi ekki neinar tillögur fyrir í dag, að fyrst þeir voru að gera sér það ómak að flytja till. í þessum efnum — af ást sinni á launþegum eins og það heitir, sem maður verður var við núna á haustdögum úr herbúðum þessara manna, bæði úr Garðastrætinu og annars staðar — þá ættu þeir heldur að leggja heilann í bleyti um það, hvernig væri hægt að leysa þetta í eitt skipti fyrir öll á þeim stað þar sem það á að gera.

Herra forseti. Maður er nú orðinn langþreyttur á því að vera að neita því að hafa sagt þetta og hitt. En ég hélt að ég ætti síst eftir að verða fyrir því sem ég hef orðið fyrir í umr. að undanförnu, að mér væri núið því um nasir að ég væri með hávaxtastefnunni í þjóðfélaginu. Kannske hlustar þessi maður aldrei þegar ég tala hér, þá sjaldan það er. En því fer fjarri, mjög fjarri, að ég sé með þeirri stefnu, allra síst varðandi þá peninga sem fara í afurðalánin, þar sem beitt hefur verið að mínum dómi mjög vitlausri leið og íþyngjandi. Og þegar hæstv. ráðh. Hjörleifur Guttormsson talar hér klukkutímum saman um íslenska orkustefnu, þá gæti ég talað líka hér klukkutímum saman um íslenska okurstefnu á sjávarútvegi og framleiðslugreinum þjóðarinnar vegna vaxtabyrði.

En það er svona á flestum sviðum. Menn láta sér detta það ótrúlegasta í hug. Meira að segja varð sá sjentilmaður, hv. 1. þm. Vestf., til þess að býsnast yfir því hér í langri ræðu hvað ég væri flokksþægur, kannske eitt af því sem ég átti síst von á.

Alþt. 1980. B. (103. löggjafarþing).

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Mér hefur skilist það á flestum hv. þm. í þessari deild að við stæðum frammi fyrir miklum verðbólguvanda og við stæðum frammi fyrir miklum efnahagserfiðleikum. Menn hafa talað hér daglega um þetta og spurt: Hvað ætla menn að gera í því? Þm. Sjálfstfl. koma hér skipti eftir skipti með fyrirspurnir af þessu tagi. Hv. þm. Halldór Blöndal talaði um það, að ég hefði ekki sjónarmið hins almenna launþega í huga þegar ég ræddi þessi mál. Ég taldi mig einmitt vera að tala um þessi mál út frá sjónarmiðum hins almenna launþega. Við virðumst þá a. m. k. ekki leggja sama skilning í það hugtak. En þeir koma hér dag eftir dag og ætla að gera allt fyrir alla. Þeir ætla að lækka tekjuskatt mikið. Hv. þm. Halldór Blöndal hefur lýst því. Vissulega væri gott að geta lækkað tekjuskatt mikið. Þeir ætla að hækka vaxtafrádráttinn. Þeir ætla að afnema barnaskatta. Ég bíð eftir brtt. þeirra í sambandi við fjárlagafrv. Eða hafa þeir hugsað sér almennt þann málflutning hér í vetur, að það eigi að lækka alla skatta og útgjöld ríkisins eigi að vera óbreytt? Er það sú efnahagsstefna sem þeir ætla að reka á þessu þingi? Mér sýnist að svo sé. Það er út af fyrir sig mjög þægilegt að segja sem svo, að allir vextir skuli vera frádráttarbærir, og það er einmitt það sem þeir eru að leggja hér til.

En sannleikurinn er sá, að það voru gerðar miklar breytingar á skattalögunum á s. l. vetri. M. a. kemur fram í grg. með því frv. að *ósamræmi milli meðferðar vaxta í* atvinnurekstri og vaxta einstaklinga sé óæskilegt og mjög hættulegt, vegna þess að það skapi millifræslutilhneigingar, eins og segir í grg.: „Slíkt ósamræmi er mjög óheppilegt og skapar tilhneigingu til millifærslu eigna og skulda. Það hefur þótt nauðsynlegt að finna leið til að afnema eða draga úr þessu ósamræmi. Til greina kemur að taka upp hliðstæðar reglur um einstaklinga og lagt er til að gildi um atvinnurekstur."

Niðurstaðan varð sú, að það þótti ófært að taka upp svokallaða tekjufærslu frá einstaklingum eins og er í atvinnurekstri. Sannleikurinn er sá — og ég vil leiðrétta hv. þm. Halldór Blöndal því að hann sagði að þetta beindist fyrst og fremst að launþegum — sannleikurinn er sá, að vextir í þeim skilningi sem við leggjum í orðið, vextir á Íslandi eru almennt ekki frádráttarbærir í atvinnurekstri eins og málum er fyrir komið í dag. Hér var því verið að reyna að finna leið til að ekki kæmi högg á almenna launþega. Og í forsendum laganna og í grg. kemur þetta m. a. fram, með leyfi hæstv. forseta:

„Meginsjónarmiðið er að létta fólki að komast yfir húsnæði sem er hæfilegt til eigin nota. Hinir tekjuhærri stofna almennt til meiri fjárfestingar og standa undir meiri vaxtakostnaði. Takmarkalaus vaxtafrádráttur kæmi því fyrst og fremst þeim til góða."

Ef það frv., sem hér er til umr., yrði samþykkt, þá væri það fyrst og fremst til hagsbóta fyrir þá tekjuhæstu. Jafnvel þótt menn reyni að velta á undan sér skuldum þarf enginn að segja mér það, að venjulegur launamaður geti velt áfram skuldum með 8 millj. í vaxtakostnað á ári. Ég hef þá allt annan skilning á orðunum venjulegur launamaður og allt annan skilning á orðinu hátekjumaður heldur en hv. þm. Sjálfstfl. Samkvæmt þeirra mati er hátekjumaður, maður sem hefur a. m. k. yfir 20 millj. í tekjur á ári. En að mínu mati eru þau mörk talsvert neðar.

Í grg. skattalagafrv. í fyrra segir áfram, með leyfi hæstv. forseta:

„Vilji til slíkrar takmörkunar hefur verið áberandi í pólítískri umræðu um frádráttarbærni vaxta, en hins vegar hefur ávallt komið skýrt fram að taka verði tillit til þeirrar kynslóðar fólks sem heyr harða baráttu að byggja sér og sínum framtíðarheimili. Við mat á hæfilegu hámarki má m. a. líta til þess, hve fólk með almennar tekjur getur staðið undir miklum greiðslum. Erfitt er að finna ákveðna viðmiðun þar sem fólk leggur oft mikla vinnu af mörkum til að ná takmarki sínu. En almennt má segja að hámarksfrádráttur, 1 500 þús. kr. hjá einstaklingi og 3 millj. kr. hjá hjónum, sé innan þessara marka."

Hér er auðvitað miðað við þann tíma þegar þetta var samið, og síðan hefur allt verðlag hækkað um a. m. k. 60%. Þetta var sett á blað sumarið eða haustið 1979 og átti að gilda fyrir árið 1980, en nú er um það að ræða sem á að gilda fyrir árið 1981 svo að ljóst er að hér þarf að gera breytingu. Og enn segir í grg.:

„Lögin gera einnig ráð fyrir að til frádráttar teljist vextir og áfallnar verðbætur á afborganir. Með þessu er fyrst og fremst litið til þeirrar byrði sem lánin eru á viðkomandi skattþegn, en ekki verðbóta sem koma til greiðslu eftir langan tíma. Útlánastefna, sem gerir ráð fyrir lágum vöxtum og verðbótum, gerir það að verkum, að greiðslubyrði lækkar í fyrstu og hefur það áhrif á hæfilegt hámark frádráttar."

Það er út af fyrir sig alveg rétt, að það eru í gangi ýmis eldri lán með háum vöxtum. Þau lán hafa rýrnað mikið á síðustu tveimur árum, þannig að ég á ekki von á því að fólk, sem er með slík lán, verði í verulegum vanda statt vegna þeirra. Unga fólkið, sem núna er að koma yfir sig heimili, er miklu meira áhyggjuefni.

Herra forseti. Ég skal ekki orðlengja um þetta frekar. Ég vil mótmæla því, að ég hafi ekki rætt þessi mál út frá sjónarmiðum hins almenna launþega, a. m. k. eins og ég skil það hugtak. Ég tel, eins og þetta frv. er orðað, að fyrst og fremst sé verið að verja hagsmuni hálaunamanna, og þá má vel vera að það sé stefna þeirra sjálfstæðismanna, að sú takmörkun, sem þarf að verða á einkaneyslu á næsta ári með einum eða öðrum hætti, megi ekki koma við einn né neinn, hvorki hinn lægst launaða né hinn hálaunaða.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Þetta gerast allundarlegar umræður og þó vekur það mesta furðu mína, að hv. síðasti ræðumaður skuli standa upp hvað eftir annað og fárast út í þennan frv.-flutning í sama orðinu og hann viðurkennir að mikil nauðsyn sé á þeirri breytingu sem lagt er til að gerð verði með flutningi frv. Hann er búinn ítrekað að benda á að þeim upphæðum, sem eru í gildandi lögum, þurfi að breyta. Þetta var séð fyrir þegar þessi lög voru sett. Það var bent á það þá, að þessar upphæðir væru of lágar. Og eins og hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson benti á hér áðan, þá var bent á þau miklu viðbrigði sem það mundu verða fyrir skattborgarana að fara úr því kerfi að hafa fullan frádrátt fyrir allar vaxtagreiðslur sínar og yfir í þá miklu lækkun sem lögin kveða á um. Þeir gerðu nefnilega ekki ráð fyrir neinni verðbólgu á tímabilinu sem liðið er síðan. Stuðningsmenn ríkisstj. hafa líklega reiknað með a. m. k. tvöfaldri niðurtalningu á þessu tímabili, niður á við. En hún hefur orðið það upp á við, eins og allir vita. Ég fæ því ekki séð að menn þurfi að hafa mörg orð um þetta. Aðaltalsmaður stuðningsmanna stjórnarinnar, sem hefur hvað mest vit og menntun til þess að tala um þessi mál, viðurkennir nauðsyn þess að aðalefni frv. nái fram að ganga. Okkur getur greint á um hver upphæðin eigi að vera. En hann viðurkennir að það þurfi að hækka þær upphæðir sem í gildi eru. Og það er meginmálið. Ég tek undir það með honum hins vegar, að það getur verið álitamál hvort þetta eigi að vera 3 eða 4 millj. á einstakling.

Þegar við tölum um ungt fólk, sem er að byggja, ber okkur að hafa það í huga, að ungt fólk ræðst nú ekki í byggingu nema báðir aðilar séu vinnandi. Það eru ekki fá dæmi þess, — ekki frekar hér á suðvesturhorninu, kannske síður, en víða úti um land og það í kjördæmi hv. þm. Halldórs Ásgrímssonar, — að tveir slíkir einstaklingar skili 16—18, jafnvel 20 millj. kr. árstekjum. Það þekkist vel, og verður enginn til þess að bera á móti því, að það fólk tilheyri svokölluðum launamannahópum. Ég veit auðvitað ekki hvað þessir herramenn telja launafólk vera. Það fer auðvitað eftir því, hvort þeir eru innan stjórnar eða utan. Ég veit a. m. k. að 1978 töldu þeir alla, hvort sem það voru hálaunamenn eða láglaunamenn, vera launafólk. Og þá var vináttan ekki bundin við þá ást á launafólki sem átti upptök sín í Garðastræti, eins og hv. þm. Garðar Sigurðsson var að tala um áðan. Þá var líka talað um ást á launþegum sem átti upptök sín á Grettisgötu 3. Og þá voru allir elskaðir. Nú þykir þeim hin versta skömm að því, að eitthvað af þeim loforðum, sem þá voru gefin, skuli vera færð í frv.-búning og reynt að rétta nokkuð af allan þann loforðaflaum sem var gefinn. Það þykir hinn mesti galli. En ég geri ráð fyrir að það verði okkar höfuðmál á þessu hausti og á þinginu yfirleitt að benda á þau svik gagnvart launþegunum sem þessir sömu menn segjast öllum öðrum frekar elska.

Ég geri ráð fyrir að hv. þm. Garðari Sigurðssyni, 4. þm. Suðurl., — sem á orðið verra með að sitja hér í salnum en jafnvel annar hv. ritari deildarinnar, — að honum sé vel kunnugt um þá launþega, sem ekki verður á nokkurn hátt hægt að stía frá þessum hópi, því að þess eru fjöldamörg dæmi, að þeir geti komist upp í miklar tekjur sum árin — bæði liðin og væntanlega og vonandi árin fram undan — og það verði til þess að þetta fólk ráðist í það stórfyrirtæki í dag að efna til íbúðarbyggingar eða kaupa á hálfbyggðu húsi eða íbúð. Þetta höfum við þekkt og þekkjum frá fyrri tíð. Þetta fólk verður auðvitað að vinna, og það vinnur myrkranna á milli, sem enn þá er hægt vegna þess að við höfum búið við á undanförnum árum og búum enn við næga atvinnu. Undir slíkum kringumstæðum getur þetta fólk komist í mjög háar tekjur. Okkur sjálfstæðismönnum þykir sjálfsagt að stuðla að því, að þetta fólk eignist íbúð, eigið húsnæði. Ef það vill leggja mikið á sig meðan það vill og getur, þá á ekki að refsa því fyrir með því að loka fyrir þennan möguleika, sem hefur verið á undanförnum áratugum, alla vega þau ár sem Sjálfstfl. hefur fengið að ráða nokkru um stefnu í húsbyggingarmálum. Við höfum verið mestir talsmenn þess hér á Íslandi meðal stjórnmálaflokka, að einstaklingarnir sjálfir eignuðust húsnæði, en frá þeirri stefnu hefur mjög verið sveigt hin síðari árin. Ég er alls ekki að halda fram að fleiri geti ekki átt hlut að góðu máli. Á ég þá að sjálfsögðu við að ég tel af hinu góða það átak sem gert hefur verið til stryktar byggingu verkamannabústaða. Ég tek fram, að ég er ekki að gagnrýna það.

Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta,

herra forseti. En ég vil aðeins undirstrika að þetta frv. er flutt af þm. Sjálfstfl. og það er ítrekað tekið undir það efnislega af aðaltalsmanni Framsfl. og þeirra stjórnarliða allra um fjárhagsmál hér í deildinni. Ég vænti þess, að menn geti þar með látið málið fram ganga. En í guðs bænum, við skulum reyna að forðast það, að við fáum klukkustundaræður frá hv. þm. Garðari Sigurðssyni ofan á þær löngu ræður sem flokksbróðir hans, iðnrh., flytur hér í deild og drepur þar með allan áhuga manna á umræðum um íslenskan iðnað.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil nú leiðrétta það fyrst hjá 3. þm. Austurl., að það sé ekki svo að vextir séu frádráttarbærir almennt í rekstri. Auðvitað er það svo, þó svo að tekjuuppfærslan hafi komið til skjalanna, og veit ég að hann segir þetta ekki af vanþekkingu, heldur hefur bara ekki athugað málið nógu vel og þetta dottið upp úr honum að vanhugsuðu máli.

Ég kvaddi mér hljóðs að þessu sinni af því ég sá að hæstv. fjmrh. var kominn inn, og vil minna á atriði í sambandi við skattamál sem voru rædd hér fyrir nokkrum dögum. Þá vakti ég athylgi á því, að í jafnmikilli verðbólgu og nú er, hækkuðu tekjur ríkissjóðs meira en útgjöldin. Og ég leyfði mér að viðhafa þau orð, að allir þeir menn, sem eitthvað þekktu til fjárlagagerðar, vissu þetta. Hæstv. fjmrh. steig þá hér upp í ræðustólinn og reyndi að hrekja þessi ummæli mín, en hefur sennilega ekki verið búinn að lesa fjárlagaræðuna sína þá, því að í henni segir hann svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Á þessu ári er staða ríkissjóðs í viðunandi jafnvægi í fyrsta sinn um árabil. Á fyrstu átta mánuðum ársins er talið að verðlag hafi hækkað um 58%. Á þessu sama tímabili jukust tekjur ríkissjóðs um rúmlega 60% miðað við sama tímabil í fyrra, en gjöld munu hafa aukist um 50%. Skýringin á bættri stöðu ríkissjóðs er því fólgin í hvoru tveggja, að tekjur hafa aukist um meira en verðlag hefur hækkað, en útgjöld hafa hækkað minna en verðlag. Af þeim tölum, sem ég nefndi, er þó ljóst að langtum minni útgjaldahækkun en nemur verðlagsbreytingum á þessu átta mánaða tímabili er meginskýringin á því, að ríkissjóður stendur nú betur að vígi en á sama tíma í fyrra."

Svo mörg voru þau orð. Þau sanna að ég hafði rétt fyrir mér í orðaskiptum mínum hér við hæstv. fjmrh. um daginn ef marka má þann hluta fjmrh. sem skrifaði þessa ræðu. En það mun verða svo í þessu eins og oft áður, að ríkisstj. verður hér að rífast við sjálfa sig og veit hvorki upp né niður. (**Fjmrh.:** Í hverju hafði þm. rétt fyrir sér?) Ég var að tala um það, að ég hefði sagt hér um daginn að vegna hinnar miklu verðbólgu hefðu tekjur ríkissjóðs vaxið meira en útgjöldin. Það kæmi þannig niður, það væri þumalfingursregla og vitað. Þess vegna gæti hæstv. fjmrh. gumað af góðri stöðu ríkissjóðs núna, að hann hefði passað upp á það að verðbólgan æddi áfram, eins og kemur fram í fjárlagaræðunni.

Ég vil svo aðeins ítreka það sem ég sagði áðan: Beinir, háir tekjuskattar beinast fyrst og fremst að launafólki. Launafólk, sem ræðst í íbúðarbyggingar á ári eins og þessu, er náttúrlega ekki lægst launaða fólkið í þjóðfélaginu, því að það fólk hefur engin tök á að gera það, hefur einfaldlega ekki ráð á því. Sú regla að aðskilja vextina felur í sér mjög mikla vinnu og útlátasama hjá skattstofunum, jafnvel svo að nauðsynlegt getur orðið að fjölga starfsmönnum. Þessi vinna er óarðsöm og gefur lítið í aðra hönd, auk þess sem eftirlitið beinist að því fólki sem engu getur skotið undan. Miklu nær væri, ef ríkisvaldið vildi reyna að afla aukinna tekna með aukinni vinnu á skattstofunum, að beina athyglinni að þeim þáttum þar sem við vitum að skattsvikin eru, auka eftirlitið þar, en láta þá einstaklinga, launþegana, í friði. Skattarnir eru nógu háir, og eins og ég sagði áðan liggur það fyrir, að ríkisstj. hyggst enn hækka tekjuskattana á næsta ári og umfram allt rýra ráðstöfunartekjurnar, draga úr lífskjörunum, eins og fram kom í ræðu hv. 3. þm. Austurl.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að leiðrétta strax misskilning hv. þm. sem ég vænti að hlýði á mál mitt. Það, sem kom fram í fjárlagaræðunni, sannar ekki á nokkurn máta það sem hann hafði haldið fram áður á þingfundi. Það er hinn mesti misskilningur. Hann var að tala um að bæði gjöld og tekjur hefðu aukist meira en fjárlög gerðu ráð fyrir og þá væri það meginregla að tekjurnar ykjust meira en útgjöldin. Ég sagði að þetta væri alrangt, hitt væri sönnu nær, að tilhneiging væri í þróun ríkisfjármála til þess að útgjöldin hækkuðu meira en tekjurnar, þó ekki væri þarna stór munur á. En í fjárlagaræðunni var alls ekki verið að fjalla um þetta atriði. Í fjárlagaræðunni var verið að bera saman heildarhækkun útgjalda og heildarhækkun tekna milli ára, frá árinu 1979 og til ársins 1980, en ekki eins og var í hinu tilvikinu, þar sem verið var að bera saman fjárlögin og raunverulega þróun. Þetta er auðvitað tvennt gjörólíkt. Auðvitað er skýringin á þessum orðum í ræðunni fyrir fjárlagafrv. ósköp einfaldlega sú, að við settum okkur fjárlög í vetur sem voru raunhæf. Þau urðu að gera ráð fyrir meiri hækkun tekna en útgjalda til þess að ekki yrði stórfelldur halli á ríkisbúskapnum. Og þessi áætlun hefur staðist. Það er kjarni þessa máls.

En það vill nú svo til, að fjárlögin eru alls ekki til umræðu eða eiga ekki að vera til umræðu neitt sérstaklega í sambandi við þetta frv. Og það er kannske við hæfi að segja örfá orð um það áður en að ég lýk máli mínu, úr því að ég er á annað borð kominn hér í ræðustól.

Ég vil vekja á því athygli, að frv. um breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt var flutt hér á Alþ. í desembermánuði fyrir tæpu einu ári af páv. fjmrh., Sighvati Björgvinssyni, eftir að málið hafði verið undirbúið allrækilega marga undanfarna mánuði og margir höfðu komið þar við sögu. Síðan var þetta frv. samþykkt hér á Alþ. í marsmánuði. En þá vantaði að gera breytingar á skattstiganum. Það vantaði að gera breytingar á skattstigum og ýmsar leiðréttingar á frádráttarliðum og öðru sem varðar skattvísitölu. Þarna var um að ræða ýmsar tæknilegar breytingar á skattalögunum sem býsna víðtæk samstaða var um í þinginu. Og ég held ég muni það rétt, að nokkurn veginn allir alþm. greiddu þessum brtt. atkvæði. Það má vera að þar hafi verið einhverjar undantekningar, en ég minnist þess, að t. d. fjh.- og viðskn. Nd. skilaði samhljóða áliti um þær breytingar, sem gerðar voru á frv., og stóð að samþykkt þess. Og ein breytingin, sem þar var gerð og því gerð bersýnilega á ábyrgð allra flokka hér í þinginu, var sú, að sett skyldi þak á vaxtafrádrátt. Ég vil að það komi skýrt fram, að hér var um að ræða breytingu á tekjuskattslögum sem allir þingflokkar stóðu að — með fáum eða engum undantekningum. Ég man ekki nákvæmlega hvort einhverjir

skáru sig þar úr, en þeir voru þá mjög fáir. A. m. k. var ljóst að allir þingflokkar stóðu að þessum breytingum.

Hins vegar átti þessi sérstaka breyting um vextina ekki að taka gildi við álagningu í sumar, heldur við álagningu á árinu 1981. Í frv. var gert ráð fyrir ákveðinni upphæð, sem væri hámark þess vaxtafrádráttar sem leyfilegur væri, en sú upphæð er bersýnilega orðin úrelt vegna verðþróunar í landinu. Það er því sjálfgefið eins og tvisvar sinnum tveir eru fjórir, að þessari upphæð hefði örugglega verið breytt núna í vetur þegar gerðar yrðu aðrar breytingar á tekjuskattslögunum. Ég hef ekki þessa grein fyrir framan mig og man ekki hvort þessi upphæð breytist sjálfkrafa í samræmi við skattvísitölu, sem er vel hugsanlegt, eða hvort gera þarf aðrar ráðstafanir til að breyta henni, annaðhvort með reglugerðarbreytingu eða lagabreytingu. En það skiptir ekki máli, því að það er alveg ljóst að þessari tölu hefði að sjálfsögðu verið breytt, hún hefði verið verulega hækkuð. Þess vegna finnst mér satt að segja hálfgerð tímaeyðsla að dvelja í mjög langan tíma yfir þessu frv., vegna þess að hér er um að ræða mál sem bersýnilega kemur til meðferðar þingsins. Þegar þar að kemur. Ég held þess vegna að eðlilegra væri að geyma sér umræður um þetta mál þangað til það verður. (**Gripið fram í:** Hvenær verður það?) Ég geri ráð fyrir að það verði öðru hvorum megin við áramótin, en ég get ekki fullyrt nákvæmlega hvenær það verður. En ég minni að lokum á það, að hér er um að ræða það stóra mál: Á að hafa þak á vaxtafrádrættinum eða ekki? Ég held að sú skoðun hafi sigrað hér í þinginu með yfirgnæfandi fylgi þm., að það sé eðlilegt og rétt að hafa þak á þessum vaxtafrádrætti og allt annað sé ósanngjarnt og óeðlilegt, sérstaklega gagnvart láglaunafólki. En hver þessi takmörk eiga nákvæmlega að vera, um það geta auðvitað alltaf verið skiptar skoðanir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv. (þskj. 38). — 1. umr.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Lagafrv. þetta er flutt til staðfestingar á brbl. nr. 69/1980, en þau brbl. voru gefin út í tengslum við gerð samnings um félagsleg málefni ríkisstarfsmanna í Bandalagi háskólamanna milli fjmrh. fyrir hönd ríkisstj. annars vegar og Bandalags háskólamanna hins vegar. Þessi samningur var undirritaður 8. sept. s. l. Gert er ráð fyrir því, að við lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna sem taka til félagsmanna Bandalags háskólamanna í þjónustu ríkisins, bætist nýr kafli um atvinnuleysisbætur. Þessum nýju lagaákvæðum er ætlað að tryggja þessum starfsmönnum rétt til atvinnuleysisbóta á sama hátt og ríkisstarfsmönnum innan Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, sbr. brbl. nr. 68/1980 og frv. til l. um staðfestingu á þeim brbl. sem einnig hafa verið lögð fram hér á Alþingi.

Ákvæðin í þessu frv. eru frábrugðin þeim ákvæðum, sem fjalla um atvinnuleysisbótarétt félagsmanna í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja í tveimur atriðum. Í fyrsta lagi ná ákvæði þessa frv. einungis til þeirra félagsmanna í Bandalagi háskólamanna sem starfa hjá ríkinu, og í öðru lagi er nefnd sú, sem ákveða skal atvinnuleysisbætur og úrskurða á annan ágreining sem upp kann að koma, einungis skipuð þremur mönnum, einum frá Bandalagi háskólamanna, einum frá fjmrn. og einum skipuðum af Hæstarétti.

Herra forseti. Hér er um að ræða frv. sem tengist gerð kjarasamninga við opinbera starfsmenn á s. l. sumri, en eitt af höfuðatriðum þess samkomulags var einmitt það, að opinberir starfsmenn nytu réttar til atvinnuleysisbóta eins og aðrir starfandi launþegar. Hér er þó ekki gert ráð fyrir því, að stofnaður sé sérstakur sjóður í þessu skyni ellegar þessir starfsmenn fái aðild að Atvinnuleysistryggingasjóði, heldur gengið út frá því, að hugsanlegar atvinnuleysisbætur séu greiddar úr ríkissjóði, en að fylgt sé nákvæmlega sömu reglum og gilda um bætur úr Atvinnuleysistryggingasjóði.

Herra forseti. Ég legg til að lokinni þessari umr. verði þessu frv. vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða efnislega það frv. sem hér hefur verið lagt fram og flutt framsaga með af hæstv. fjmrh. En þetta frv. ásamt nokkrum örðum frv., sem eru til staðfestingar á brbl. frá því í sumar og í tengslum við gerð kjarasamninga, eru þess virði að þau séu skoðuð með tilliti til formlegrar hliðar málsins.

Þá vil ég fyrst greina frá því, að mér finnst það heldur óhrjálegt hvernig gengið er frá slíkum frumvörpum og þá fyrst og fremst hvernig aths. slíkra frv. eru unnar, því að þær segja bókstaflega ekki nokkurn skapaðan hlut um innihald frv., heldur er aðeins um að ræða endurprentun á efni frv. með því að birta eitt fskj., brbl. sjálf. Mér er kunnugt um að þetta hefur verið gert oft áður og mun vera síður, en mér finnst það vera ósiður, og það eru tilmæli mín, að aths. við frv. til staðfestingar á brbl. séu unnar með öðrum og betri hætti en gert er í þessu tilviki og öðrum samsvarandi tilvikum.

Þá finnst mér eðlilegt að fram komi í aths. slíkra frv. hve mikill kostnaður fylgi þeim réttarbótum sem fást með frv. á borð við þessi. Það er ljóst að hér er um að ræða framlag ríkisins í kjarasamningum, hér er um að ræða aukin réttindi, lögbundin réttindi, og samkv. góðri reglu, sem ég held að samin hafi verið af núv. hæstv. valdhöfum hér á landi, mun eiga að birta með lögum hve mikið þau koma til með að kosta. Mér er ljóst að það er erfitt að meta það í því einstaka tilviki sem um getur í þessu frv., en ég sakna þess í öðrum álíka frv.

Þá vil ég víkja að því, hvort brýna nauðsyn hafi borið til að brbl. væru sett á sínum tíma. Mér finnst ekki koma nægilega skýrt fram hjá hæstv. fjmrh., sem reyndar er lögfræðingur og þekkir þess vegna vel 28. gr. stjórnarskrárinnar, að um brýna nauðsyn hafi verið að ræða. Ég veit reyndar að þetta hugtak í stjórnarskránni hefur verið teygt og togað í allar áttir, en mér finnst ástæða til þess að spyrja hvort ekki hafi nægt einfalt loforð ríkisstj. um framlagningu á frv. á borð við þetta, en ekki endilega brbl., eins og gripið var til og er reyndar gripið til hér á landi í tíma og ótíma og er einn af ósiðum varðandi þessi mál. Það er beinlínis orðið hættulegt að mínu mati, — og ég tek fram að þessi gagnrýni mín er ekki einungis á núv. hæstv. ríkisstj., heldur á þær ríkisstj. sem á undan fóru. Það er trú mín, að það hefði mátt leysa mál eins og þetta og fleiri með öðrum hætti, einungis með einföldum loforðum, nema loforð ríkisstj. séu ekki tekin gild lengur í

þessu þjóðfélagi, og það er þá athyglisvert, ef það fæst staðfest hér í umr. á Alþ. að slík einföld loforð séu ekki tekin gild.

Í þriðja lagi vil ég minnast á það, sem kallaðir hafa verið félagsmálapakkar þessarar hæstv. ríkisstj., en hér er nánast um að ræða anga af því máli öllu. Það er athyglisvert fyrir þá sem eiga sæti á löggjafarsamkomunni, hvernig löggjafarstarfið er í raun af þeim tekið með svokölluðum félagsmálapökkum. Í raun og veru fer pólitíska baráttan og löggjafarstarfið orðið fram í kjarasamningum á milli launþega og vinnuveitenda með atbeina ríkisvaldsins í stað þess að slík mál eiga auðvitað að ræðast á hv. Alþ. þar sem menn eru kjörnir af þjóðinni til þess að fara með slík völd. Það mun hafa verið ætlunin og hugmynd þeirra, sem komu á fót lýðræði í þessu landi og öðrum, að löggjafarstarfsemin færi þannig fram, að hér á Alþ. kæmu fram frv. sem síðan væru rædd, meðrök og mótrök kæmu fram, nefndir störfuðu að málum og umsagna væri leitað. Þetta er sú aðferð sem yfirleitt er notuð. En á síðari tímum hefur þetta verið að breytast í það horf, að ríkisstjórnir leggja fram á Alþ. margvísleg frv. til staðfestingar á brbl. tengd kjarasamningum og öðrum málum og binda þannig hendur meiri hl., þess meiri hl. sem styður ríkisstj. á hverjum tíma, með þeim hætti, að þegar í þingsali er komið er í raun og veru ekkert annað að gera en að segja já og amen við þeim frv. sem hæstv. ríkisstj. leggur fram á hverjum tíma í sambandi við kjarasamninga. Á þetta minnist ég hér, því að hér er framkvæmdavaldið, hér er ríkisstj. vísvitandi að færa valdið frá löggjafarsamkomunni og yfir til allt annarra aðila í þjóðfélaginu.

Ég vil vekja athygli á þessu máli sérstaklega hér vegna þess, að mér þætti eðlilegra að ríkisstj., sem vill binda hendur sínar, gerði það með einföldum loforðum. Hæstv. ríkisstj. getur að sjálfsögðu lofað að hlutast til um að frv. verði lagt fram á Alþ. og það samþykkt, en mér finnst það vera nánast út í bláinn að binda hendur stjórnarþm. með þeim hætti sem siður er að gera. Þessi gagnrýni á ekki eingöngu við um þá hæstv. ríkisstj. sem nú situr. Hér er ég að ræða almennt um þessi mál.

Mér finnst ástæða fyrir okkur að hugleiða þetta mál í fullri alvöru. Þetta er ekki mál sem er þannig vaxið að menn hafi á því skoðanir eftir því hvar í flokki þeir starfa. Þetta er mál sem hlýtur að koma við starf hvers einasta þm. hér á hv. Alþingi.

Hitt er svo annað mál, að það hefur borið á því í seinni tíð hjá vissum ríkisstj. fremur en öðrum, að félagsmálapakkar hafa reynst vera loforð sem menn selja tvisvar. Þannig getur minnihlutaflokkur á Alþ., flokkur, sem fær fá atkvæði í almennum kosningum, sem ekki á sér viðreisnar von að mynda meiri hl. á Alþ. nema í samstarfi við aðra, farið inn á Alþ. með sín mál inn um bakdyrnar. Það gerist með þeim hætti, svo að ég taki dæmi, að ákveðinn angi sama stjórnmálaflokks biður fulltrúa sína í — við skulum segja stjórn verkalýðsfélags eða framámenn verkalýðshreyfingarinnar að setja fram ákveðin pólitísk skilyrði fyrir því, að kjarasamningar náist, og síðan reynir minni hl. ríkisstj. að koma málinu fram í gegnum ríkisstj. undir þeim þvingunum sem allir þekkja úr kjarasamningum. Með þessum hætti er í raun og veru verið að stilla löggjafarsamkomunni algerlega upp við vegg og takmarka völd hennar. Að þessu standa hv. þm., sem aðild eiga að ríkisstj., og menn verða að átta sig á hvert stefnir í þessum efnum.

Þessi orð mín má ekki skilja á þann veg, að ég sé andvígur ýmsum þeim réttarbótum eða réttindabreytingum sem koma fram í svokölluðum félagsmálapökkum. Ég er einungis að benda á það, að með þessum starfsháttum getum við verið að grafa undan því starfi, sem við erum kjörin til að sinna hér á hv. Alþingi.

Eins og öllum er kunnugt var fjárlagafrv. lagt fram með þeim hætti að stór upphæð var lögð til hliðar. Það kemur fram, að þá upphæð ætlar ríkisstj. að nota annars vegar til þess að greiða fyrir svokallaða félagsmálapakka og hins vegar til að standa undir nauðsynlegum efnahagsaðgerðum í sambandi við gjaldmiðilsbreytinguna. Miklar umr. hafa farið fram á hv. Alþ. á undanförnum dögum um þetta mál, sérstaklega vegna fsp. í Sþ. frá hv. þm. Þorv. Garðari Kristjánssyni. Eins og allir vita hefur hæstv. ríkisstj. skotið sér undan að svara grundvallarspurningum. Ég vek athygli á þessu máli í þessum umr. vegna þess, að hér er verið að fjalla um brbl. sem sett voru til þess að efna loforð í kjarasamningum. En á sama tíma fær Alþ. ekki upplýsingar um það, hvernig ríkisstj. ætlar að standa að efnahagsaðgerðum sem hafa margfalt meiri áhrif á nýgerða kjarasamninga. Mér finnst þess vegna eðlilegt að láta á það reyna hér og nú, hvort hæstv. fjmrh., getur í þessum umr., — þótt mér sé fullljóst að það komi málinu ekki við í þrengstu merkingu þess frv. sem hér er til umr., — hvort hann vilji vera svo lítillátur að skýra þau ummæli sín sem koma fram í fjárlagaræðunni, þar sem hann segir, með leyfi forseta:

„Þess vegna mun ríkisstj. leita sambands við aðila vinnumarkaðarins á næstu vikum og freista þess að ná sem víðtækustu samkomulagi um efnahagsaðgerðir, sem hljóta að miða að því að draga úr víxlhækkunum og sjálfvirkni efnahagskerfisins og stuðla að því að verja þær kjarabætur láglaunafólks sem náðust í nýgerðum kjarasamningum."

Mér finnst eðlilegt að þegar þau mál, sem varða kjarasamningana, fara til nefndar, þá geti hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar gert sér grein fyrir því, að hve miklu leyti verið er að efna kjarasamninga, annars vegar með þeim frv., sem hér liggja fyrir til umr., og hins vegar með öðrum þáttum í félagsmálapökkum, og svo hins vegar, við hverju launþegar og vinnuveitendur þessa lands megi búast á næstunni, þegar um er að ræða efnahagsaðgerðir sem nokkrir hæstv. ráðh. hafa aðeins minnst á í sínum ræðum, en enginn hefur fengist til hér á hv. Alþ. að gera nákvæmlega grein fyrir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Kjarasamningar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, frv. (þskj. 39). — 1. umr.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Það lagafrv., sem hér er til umr., er flutt til staðfestingar á brbl. nr. 68 9. sept. 1980. Þessi brbl. voru gefin út í tengslum við gerð aðalkjarasamnings við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og í tengslum við þá samninga um félagsleg málefni opinberra starfsmanna sem gerðir voru milli fjmrn. fyrir hönd ríkisstj. annars vegar og BSRB og BHM hins vegar í kjölfar aðalkjarasamningsins við BSRB. Frv. fjallar um breytingu og viðauka við lög nr. 29 frá 1976, um kjarasamning Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.

Í 1. gr. er gert ráð fyrir því, að lögin nái einnig til

starfsmanna sjálfseignarstofnana sem starfa í almannaþágu samkv. lögum, til stofnana sem eru í fjárlögum eða njóta fjárframlaga til launagreiðslna úr ríkissjóði eða af daggjöldum, enda komi til samþykki viðkomandi stofnana. Með þessu heimildarákvæði er sem sagt opnuð leið til þess, að þeir félagsmenn BSRB, sem nú falla utan ramma kjarasamningalaga, geti orðið aðilar að samningum BSRB og ríkisins, en til þessa hefur skort lagaheimild til slíks. Til þess að svo megi verða er þó áskilið að samþykkt viðkomandi stofnana komi til, þ. e. að þær afhendi fjmrh. umboð til að semja fyrir sína hönd við samtök starfsmanna.

Þá er í 2. gr. frv. gert ráð fyrir því, að 8. gr. laganna orðist svo: „Kjarasamningar skulu vera skriflegir. Kveðið skal á um lengd samningstímabils í aðalkjarasamningi."

Það hefur lengi verið baráttumál Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, að samningstíminn verði samningsatriði, en ekki bundinn í lögum við tvö ár eins og verið hefur fram að þessu. Í 3. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að við lögin bætist nýr kafli, X. kafli, og fjallar hann um atvinnuleysisbætur til handa félagsmönnum BSRB, en seinasta mál á dagskrá hv. deildar fjallaði einmitt um þann þátt atvinnuleysisbótamálsins sem sneri að Bandalagi háskólamanna. Í þessu frv., sem snýr að félagsmönnum BSRB, er efni þessa nýja kafla á þessa leið:

Félagsmenn BSRB, sem ekki njóta ákvæða 14. gr. laga nr. 38/1954, þ. e. um atvinnuleysisbætur, skulu njóta atvinnuleysisbóta sambærilegra við annað launafólk, í samræmi við gildandi lög um atvinnuleysistryggingar, einkum IV. og V. kafla laganna, og framkvæmd þeirra á hverjum tíma. Bótaréttur verður m. a. háður því skilyrði, að atvinnulaus starfsmaður hafi sannanlega ekki neitað annarri vinnu sem boðist hefur, sbr. 16. gr. laga um atvinnuleysistryggingar og túlkun hennar á liðnum árum. Ríkið skal annast útgjöld vegna atvinnuleysisbóta ríkisstarfsmanna, en sveitarfélög skulu annast útgjöld vegna atvinnuleysisbóta til starfsmanna sinna, hvert fyrir sig eða fleiri sameiginlega, eftir því sem þau sjálf ákveða. Gert er ráð fyrir að félmrh. geti sett reglur um atvinnuleysisbætur til starfsmanna sveitarfélaga, að fengnum tillögum Sambands ísl. sveitarfélaga og að höfðu samráði við stjórn BSRB. Sérstök nefnd skal ákveða atvinnuleysisbætur og úrskurða ágreining sem upp kann að koma. Nefndin skal skipuð tveimur fulltrúum frá BSRB, einum frá fjmrn. og einum frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, en einn skal skipaður af Hæstarétti.

Við umr. um seinasta mál á dagskrá kvaddi sér hljóðs hv. þm. Friðrik Sophusson og gerði nokkrar aths. við það frv. sem stendur í nánum tengslum við málið sem hér er nú á dagskrá, og skal ég nú fara nokkrum orðumum það sem fram kom hjá honum.

Hann kvartaði yfir því í fyrsta lagi, að greinargerðir þessara frv. til staðfestingar á brbl. væru fátæklegar í hæsta máta, og held ég að varla verði undan því komist að taka undir þessi orð, því að með þeirri venju, sem fylgt hefur verið og fylgt er við framlagningu þessa frv., að birta einungis efni brbl. sem sett eru án þess að gera neina frekari grein fyrir efni frv. eða einstökum greinum, þá er í raun og veru brotin sú meginregla sem gildir um önnur frv. hér í þinginu, að gerð sé grein fyrir málinu sér á parti í sérstakri grg. Má eiginlega segja að það eina sem segi um frv., þegar þessi aðferð er notuð, séu inngangsorð forseta Íslands sem venjulega eru þó mjög stuttaraleg eðli máls samkv. Ég tel þessa ábendingu hv. þm. fullkomlega réttmæta og að taka þurfi til athugunar að breyta þessari venju og ganga frá frv. með venjulegum hætti. En það verður ekki gert héðan af með þessi frv. og verður að skoðast á síðara stigi.

Í öðru lagi spurði hv. þm. hvort hægt væri að segja að uppfyllt væri það ákvæði stjórnarskrárinnar, sem kveður á um það, að brbl. megi gefa út ef brýna nauðsyn beri til. Ég held að þessi spurning hafi komið upp í huga manna næstum því jafnoft og brbl. hafa verið gefin út. Það er mjög umdeilt pólitískt atriði hverju sinni, hvort brýna nauðsyn beri til að brbl. séu gefin út. En staðreyndin er sú, að hér á landi hefur þetta stjórnarskrárákvæði ævinlega verið túlkað nokkuð frjálslega og það algerlega lagt í vald viðkomandi ríkisstj. að meta, hvort brýna nauðsyn beri til. Á þetta reyndi nokkrum sinnum fyrir Hæstarétti fyrir fjöldamörgum árum, en Hæstiréttur komst ávallt að þeirri niðurstöðu, að það skyldi vera mat viðkomandi ríkisstj., hvort skilyrði stjórnarskrárinnar væru uppfyllt hvað þetta snertir. Ég held að ég geti leyft mér að fullyrða að það hafi verið skoðun ríkisstj. þegar þessi brbl. voru gefin út, að brýna nauðsyn bæri til að þau yrðu gefin út. Og skýringin á því er ósköp einfaldlega sú, að það var farið að dragast úr hófi fram að komið yrði á kjarasamningum hér á landi. Ekki höfðu verið gerðir nýir kjarasamningar um þriggja ára skeið, og t. d. höfðu kjarasamningar opinberra starfsmanna verið lausir frá miðju ári 1979. Það var ljóst, að kjarasamningagerð við opinbera starfsmenn gæti ýtt undir samninga við aðra launamenn, og því mætti ekki draga það, ef nokkur kostur væri, að ganga frá slíkum samningum.

Þeir samningar, sem gerðir voru í sumar, höfðu ótvírætt marga kosti frá efnahagslegu sjónarmiði. Hér var um að ræða hóflega samninga með tiltölulega litlum launabreytingum, en þó langmestum launabreytingum hjá þeim, sem neðstir eru í launastiganum, og síðan hægt dvínandi upp á við, eftir því sem launin verða meiri. Þetta voru því sannarlega launajöfnunarsamningar, og vissulega er mjög mikilvægt að ríkið skyldi geta gefið hinum almenna vinnumarkaði slíkt fordæmi með frjálsum samningum við opinbera starfsmenn.

Þeir, sem voru ofan við miðjan launastigann, fengu sem sagt enga hækkun, og það er í samræmi við stefnumótun núv. ríkisstj. þegar hún var mynduð, að áherslu yrði að leggja á lægri launin og stuðla að launajöfnun í þessari samningalotu. En til þess að unnt væri að fá menn til að samþykkja stefnumótun af þessu tagi varð auðvitað eitthvað annað að koma í staðinn, því að óneitanlega verður því ekki á móti mælt, að kaupmáttur launanna hefur farið jafnt og þétt dvínandi seinasta árið fram að því að þessir samningar voru gerðir.

Við vitum öll skýringuna á því, að kaupmátturinn hefur farið dvínandi. Skýringin er einfaldlega sú, að verðbótavísitala mælir ekki jafnmikla hækkun og framfærsluvísitala, bæði vegna þess, að miðað er við breytingar sem verða kunna á viðskiptakjörum, og í öðru lagi vegna þess, að nokkrir liðir framfærsluvísitölu eru dregnir frá við útreikning á verðbótavísitölu. Sá tími, sem liðið hefur frá því að þessi ákvæði voru sett í lög, hefur verið tími talsvert mikillar viðskiptakjararýrnunar. Þar af leiðir að kaupmáttur launa hefur hægt og þétt farið minnkandi og augljóst mál að það kemur ekki eingöngu niður á láglaunafólki, heldur á öllum launamönnum.

Ég held að það hafi verið augljóst mál hverjum sem á

horfði, að ekki var auðvelt að gera samning af því tagi, sem ég var nú að lýsa, öðruvísi en að jafnframt væri gerður samningur um ýmisleg félagsleg réttindamál, sem varða miklu fyrir opinbera starfsmenn. Það voru einkum þrjú réttindamál sem þeir lögðu hvað mesta áherslu á. Í fyrsta lagi að þeir fengju rýmkaðan samningsrétt, í öðru lagi, að þeir fengju atvinnuleysisbætur á við aðra launamenn, og í þriðja lagi, að gerðar yrðu nokkrar breytingar á lífeyrislögum opinberra starfsmanna.

Ég held að það sé ósköp einfalt mál, að samningar hefðu ekki verið gerðir í ágústlok, þeir hefðu dregist um skeið, sennilega um nokkurra mánaða skeið, ekki hefði verið hægt að ganga endanlega frá þessum atriðum. Og það er ekki rétt, að ríkisstj. hefði getað lofað því að beita sér fyrir því að frv. um þetta efni yrðu lögð fram á Alþ., vegna þess að reynslan er sú, að það dregst mjög oft lengi að Alþ. afgreiði mál, og forsenda þess, að samningar af þessu tagi yrðu gerðir, var að sjálfsögðu sú, að þessi réttindamál kæmu til framkvæmda um leið og samningurinn væri undirritaður eða um leið og samningurinn hefði verið samþykktur. T. d. var það mikið áhersluatriði af hálfu forustumanna Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, að einmitt atvinnuleysistryggingarnar tækju gildi strax, að það frestaðist ekki í kannske hálft ár eða jafnvel lengur, að einmitt það atriði kæmi til framkvæmda.

Að lokum minntist hv. þm. Friðrik Sophusson á það, að á undanförnum dögum hefðu verið bornar upp margar spurningar um væntanlegar efnahagsaðgerðir ríkisstj., en ekki hefðu fengist skýr svör við því, hvenær þessara aðgerða væri að vænta eða í hverju þær yrðu fólgnar. Ég held að það hlyti að teljast verulegt nýmæli ef stjórnarandstaðan fengi ævinlega svarað öllum spurningum sem bornar eru fram og eru þessa eðlis. Ég held að það verði að horfast í augu við það í þetta sinn eins og oft áður, að ríkisstj. sér ekki ástæðu til að opinbera aðgerðir sínar með löngum fyrirvara eða upplýsa stjórnarandstöðuna um þær, síst af öllu ef ýmsir þættir málanna hafa enn ekki verið ákveðnir eins og er í þessu tilviki. Ég vil hins vegar segja það, að efnahagsaðgerðir eru auðvitað stöðugt í gangi hjá sérhverri ríkisstj. og þessi ríkisstj. hefur beitt sér fyrir endurteknum efnahagsaðgerðum af ýmsu tagi, enda hefur það verið hennar aðalvandi að halda hjólum atvinnulífsins gangandi og koma í veg fyrir að alvarleg stöðvun yrði í atvinnurekstri. Og ég vil minna á í hverju þessar aðgerðir í efnahagsmálum hafa verið fólgnar.

Fyrsta efnahagsaðgerðin var samþykkt fjárlaga á s. l. vetri.

Önnur efnahagsaðgerðin var samþykkt skattalaga á s. l. vori. Ef hvorugt þessara mála hefði náð fram að ganga vegna allsherjar stjórnleysis hér á Alþ. og í þjóðfélaginu, þá býst ég við að efnahagsástandið væri nú allmiklu verra en það er.

Þriðja aðgerðin í efnahagsmálum, sem tók nokkurn tíma, var undirbúningur lánsfjáráætlunar sem vissulega varðar allt efnahagslífið verulega miklu.

Fjórða aðgerðin í efnahagsmálum var kjarasamningur við opinbera starfsmenn, og var mikil vinna í það lögð að tryggja almenna kjarasamninga í þjóðfélaginu. En gerð kjarasamninga er auðvitað undirstaða þess, að efnahagslíf og atvinnulíf geti gengið með eðlilegum hætti. Og nú höfum við lagt fram nýtt fjárlagafrv. og erum með í undirbúningi nýja lánsfjáráætlun.

Því hefur verið lýst yfir, að von sé á efnahagsaðgerðum í byrjun næsta árs í tengslum við væntanlega gjaldmiðilsbreytingu. Ég vil fullvissa alla hv. þm. um það, að efnahagsaðgerðir verða engar framkvæmdar nema að vandlega undirbúnu máli og eftir að ítarleg samráð hafa farið fram við aðila vinnumarkaðarins, bæði vinnuveitendur og þá ekki síður verkalýðshreyfingu. Hins vegar er ljóst að það tekur nokkurn tíma að gera sér grein fyrir því, hver staða mála er eftir gerð nýrra kjarasamninga og eftir að fjárlagafrv. hefur verið lagt fram, þannig að meta megi með fullu raunsæi hver er áætluð verðlagsþróun að öllu óbreyttu á næsta ári. En forsenda þess, að hægt sé að undirbúa samræmdar efnahagsaðgerðir, er auðvitað sú, að menn hafi í höndunum sem gleggstar upplýsingar um það, hver þróunin er líkleg að verða.

Nú segja menn kannske að búið sé að spá því, hver verðbólgan verði, og það vanti ekki spádómana frá Verslunarráði Íslands eða spádómana frá Vinnuveitendasambandinu og ýmsa aðra spádóma sem fram hafa komið. En ég vil vekja á því athygli, að eitt af grundvallaratriðunum í sambandi við þessa spádóma var það, hver yrði vísitala, framfærsluvísitala og verðbótavísitala 1. nóv., og þar voru uppi spádómar um mjög háar tölur. Við skulum sjá fyrst hvort þær rætast. Ég minnist þess, að í sjónvarpsumræðum fyrir einum mánuði átti ég í nokkrum sviptingum við fyrrv. fjmrh., Matthías Á Mathiesen, sem fullyrti að framfærsluvísitalan mundi hækka um 13% núna 1. nóv. og 1. des. Ég hélt því fram, að þarna væri ofáætlað og líklegt væri að hækkunin yrði um eða undir 11%, eins og ég mun hafa sagt í þessum umr. Ég hef glögga vitneskju um það, að þessi skoðun mín reyndist rétt og lægri talan, sem nefnd var í þessum umr., sú tala sem ég nefndi, um eða undir 11%, er rétta talan. Mun það væntanlega koma í ljós þegar kauplagsnefnd gefur upplýsingar um hækkun framfærsluvísitölu, annaðhvort í dag eða á morgun eða næstu daga.

Kjarni málsins er sem sagt sá að í þessum spádómum um verðbólgu höfðu t. d. Vinnuveitendasambandið og Verslunarráð bersýnilega mjög ofáætlað hækkun vísitölu nú 1. nóv., sem kemur til framkvæmda 1. des. Þessi atriði öll þarf auðvitað að taka með í reikningana áður en frá þeim er gengið og áður en viðræður við aðila vinnumarkaðarins hefjast, sem ég geri ráð fyrir að verði á næstu vikum. En auðvitað segir það sig sjálft, að ekki er hægt að gera hér grein fyrir þessum væntanlegu aðgerðum þar sem endanlegar ákvarðanir um þær hafa alls ekki verið teknar og þær hafa ekki verið ræddar með þeim hætti við aðila vinnumarkaðarins sem stjórnarsáttmálinn gerir ráð fyrir.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 19. fundur.

Fimmtudaginn 13. nóv., kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfa — varamenn taka þingsæti.

Forseti (Jón Helgason): Mér hafa borist eftirfarandi bréf:

„Reykjavík, 12. nóv. 1980.

Birgir Ísl. Gunnarsson, 6. þm. Reykv., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda til þess að sitja þing

Sameinuðu þjóðanna og mun því ekki geta sótt þingfundi næstu vikur leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Sjálfstfl. í Reykjavík, Ragnhildur Helgadóttir, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Sverrir Hermannsson,
forseti Nd."

Ragnhildur Helgadóttir hefur áður átt sæti á þessu þingi og býð ég hana velkomna til starfa.

Þá er hér annað bréf:

„Reykjavík, 12. nóv. 1980.

Sighvatur Björgvinsson, 3. þm. Vestf., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Alþfl. í Vestfjarðakjördæmi, Gunnar R. Pétursson rafvirki, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Sverrir Hermannsson,
Forseti Nd."

Með þessu fylgir hraðskeyti:

„Í kosningum til Alþingis 2. og 3. des. 1979 hlaut Gunnar R. Pétursson, Fjöllum 13, Patreksfirði, kjör sem 1. varaþm. Alþfl. í Vestfjarðakjördæmi. Kjörbréf Gunnars póstlagt í dag.

F. h. yfirkjörstjórnar Vestfjarðakjördæmis
Jón Ólafur Þórðarson,
formaður."

Þá er hér þriðja bréfið:

„Reykjavík, 12. nóv. 1980.

Ólafur G. Einarsson, 3. þm. Reykn., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Sjálfstfl. í Reykjaneskjördæmi, Sigurgeir Sigurðsson bæjarstjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að þér látið fram fara í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Sverrir Hermannsson,
forseti Nd."

Eins og fram kemur í þessum bréfum hafa tveir þeir síðast töldu ekki átt sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og þarf því að fara fram rannsókn á kjörbréfum þeirra. Vil ég biðja kjörbréfanefnd að taka þau til athugunar, og verður gefið fundarhlé á meðan. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Jósef H. Þorgeirsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur haft til athugunar kjörbréf Sigurgeirs Sigurðssonar bæjarstjóra á Seltjarnarnesi, sem er 1. varamaður Sjálfstfl. í Reykjaneskjördæmi og tekur sæti fyrir Ólaf G. Einarsson, 3. þm. Reykn.

Enn fremur kjörbréf Gunnars R. Péturssonar rafvirkja, sem er 1. varaþm. Alþfl. í Vestfjarðakjördæmi og tekur sæti fyrir Sighvat Björgvinsson.

Kjörbréfanefnd er sammála um að leggja til að þessi kjörbréf verði bæði metin gild.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 36 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnin.

Sigurgeir Sigurðsson og Gunnar R. Pétursson undirrituðu drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Jón Helgason): Þeir Gunnar R. Pétursson og Sigurgeir Sigurðsson hafa undirritað eiðstaf og býð ég þá velkomna til starfa á Alþingi.

Áhrif tölvuvæðingar á skólakerfi landsins, þáltill. (þskj. 99). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Samgöngur um Hvalfjörð, þáltill. (þskj. 11). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 37 shlj. atkv. og umr. frestað.

Landhelgisgæsla, þáltill. (þskj. 16). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 41 shlj. atkv. og til utanrmn. með 41 shlj. atkv.

Nýting ríkisjarða í þágu aldraðra, þáltill. (þskj. 27). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 40 shlj. atkv. og umr. frestað.

Varnir gegn hættu af snjóflóðum, þáltill. (þskj. 53). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 39 shlj. atkv. og umr. frestað.

Aldurshámark starfsmanna ríkisins, þáltill. (þskj. 63). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 42 shlj. atkv. og umr. frestað.

Vegurinn undir Ólafsvíkurenni, þáltill. (þskj. 65). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 40 shlj. atkv. og umr. frestað.

Félagsbú, þáltill. (þskj. 75). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 41 shlj. atkv. og umr. frestað.

Björgunarnet, þáltill. (þskj. 82). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till vísað til allshn. með 41 shlj. atkv. og umr. frestað.

Bygging útvarpshúss, þáltill. (þskj. 55). — Ein umr.

Flm. (Markús Á. Einarsson): Herra forseti. Till. þá, sem hér er tekin til umr. flyt ég vegna þess óeðlilega og um margt óskiljanlega dráttar sem orðið hefur á byggingu útvarpshúss við Háaleitisbraut í Reykjavík, en grunnur þess hefur staðið opinn og beðið athafna í tvö ár. Þótt fé sé fyrir hendi í byggingarsjóði stofnunarinnar og þrátt fyrir óskir forráðamanna hennar og yfirlýstan ásetning hæstv. menntmrh. hefur ekki tekist að leysa þann hnút sem málið illu heilli hefur lent í.

Það mun hafa verið í tilefni 40 ára afmælis Ríkisútvarpsins fyrir 10 árum að skriður komst á húsbyggingarmál stofnunarinnar, en þá skipaði þáv. menntmrh., Gylfi Þ. Gíslason, byggingarnefnd og hélt hún sinn fyrsta fund 28. des. 1970. Hófst þá fljótlega undirbúningsstarf, sem staðið hefur óslitið síðan. Ráðinn var hönnunarstjóri, Karl Guðmundsson verkfræðingur, og arkitektar, þeir Helgi og Vilhjálmur Hjálmarssynir. Einnig var leitað eftir ráðgjöf erlendra sérfræðinga og varð úr að einkum var stuðst við reynslu af byggingu útvarpshúss Íra að tillögu Sambands útvarpsstöðva Evrópu. Reykjavíkurborg tryggði Ríkisútvarpinu 5.6 hektara lóð við Háaleitisbraut, og er reiknað með að þar sé nægilegt framtíðarrými bæði fyrir hljóðvarp og sjónvarp. Við hönnun var síðan í samráði við samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir ákveðið að stefna að byggingu sem rúmaði bæði hljóðvarp og sjónvarp.

Eftir 7½ árs undirbúning var það almennt ánægjuefni er hafin var jarðvegsvinna við grunn útvarpshússins árið 1978. Var í starfsáætlun gert ráð fyrir að hljóðvarpið gæti flutt í nýbyggingu árið 1983 og sjónvarp ári síðar. Þetta fór þó því miður á annan veg eins og allir vita. Framkvæmdir stöðvuðust með öllu að lokinni jarðvegsvinnu og situr allt við það sama í því efni nú tveim árum síðar. Þessi langa töf á framhaldi verksins á sér stað þrátt fyrir þá sérstöðu þessarar byggingarframkvæmdar hvað varðar fjármögnun sem Framkvæmdasjóður Ríkisútvarpsins skapar.

Í 14. gr. útvarpslaga nr. 19/1971 segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Í sjóð, er nefnist Framkvæmdasjóður Ríkisútvarpsins, skal leggja 5% af brúttótekjum stofnunarinnar. Fé Framkvæmdasjóðs skal verja til að tryggja viðunandi húsnæði og tækjakost fyrir starfsemi Ríkisútvarpsins.“

Með lögum nr. 49/1979 um breytingu á útvarpslögum var framlagið í Framkvæmdasjóð hækkað úr 5% í 10%. Var Vilhjálmur Hjálmarsson, fyrrv. menntmrh., flm. þess frv. Ég tel óhætt að fullyrða að svo til allir þeir, sem um málefni Ríkisútvarpsins hafa fjallað, líta á Framkvæmdasjóð sem byggingarsjóð sem standa eigi undir kostnaði við að koma upp framtíðarhúsnæði fyrir stofnunina. Hins vegar mun sú skoðun hafa verið á kreiki innan samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir, að hlutverk sjóðsins ætti að vera víðtækara og ætti hann t. d. að fjármagna nýja langbylgjustöð. Er þar e. t. v. kominn hluti skýringar á töf framkvæmda, — töf sem þó hefur án efa bæði orðið byggingu útvarpshúss og langbylgjustöðvar til tjóns. Ég vil í þessu sambandi vitna í orð Vilhjálms Hjálmarssonar í umr. um frv. um hækkun framlags til Framkvæmdasjóðs hinn 8. maí 1979, en þá lét hann m. a. eftirfarandi orð falla, með leyfi forseta:

„Í útvarpslögum eru fyrirmæli um að leggja 5% af brúttótekjum Ríkisútvarpsins í Framkvæmdasjóð, það er skylt að gera það. Ég hygg að einkum hafi verið haft í huga, þegar það ákvæði var tekið upp í lögin, bygging og búnaður útvarpshúss.“

Þessu mótmælti enginn á þeim tíma, og ég vek auk þessi athygli á því, að vilji flestra hv. alþm. vorið 1979 til að hækka framlag í Framkvæmdasjóð á vafalaust rætur að rekja til þeirrar staðreyndar, að framkvæmdir höfðu þá nýverið átt sér stað við grunn útvarpshússins og ljóst að nú skyldi húsinu komið upp. Umr. um frv. Vilhjálms snerust eingöngu um byggingu útvarpshúss. Hæstv. menntmrh. Ingvar Gíslason hefur mjög tekið í sama streng hvað varðar þetta atriði. Nægir að geta ummæla hans í þættinum Víðsjá 29. ágúst s. l., en þar sagði hann m. a. að ljóst væri að gert væri ráð fyrir að Framkvæmdasjóð ætti að nota til að koma upp eigin húsnæði fyrir Ríkisútvarpið. Með leyfi forseta vil ég svo vitna til orða Vilhjálms Hjálmarssonar í umr. um fyrrgreint frv. hinn 10. maí 1979, þar sem hann sagði — með leyfi hæstv. forseta:

„Og svo er annað atriði, sem ég vil nefna núna og ég kom ekki inn á við 1. umr., að nú er allt tilbúið til að bjóða út næsta áfanga útvarpshúss. En samstarfsnefnd hefur verið hikandi að samþykkja fyrir sitt leyti að fara í útboð vegna þess að ekki væri séð fyrir fjármögnuninni allt verkið á enda, því að ákvæði eru í lögum um að þess skuli gætt, að framhaldið sé tryggt, þegar farið er af stað með einn tiltekinn áfanga. M. a. þess vegna held ég að samþykkt þessa frv. væri ákaflega nauðsynleg fyrir framgang þessa verks sem allir virðast lýsa sig samþykka, þ. e. byggingu útvarpshúss.“

Af framangreindu dreg ég þá ályktun, að ekki geti leikið neinn vafi á um þann skilning hv. alþm. að nota skuli Framkvæmdasjóð til byggingar útvarpshúss og því fráleitt að tefja framkvæmdir um tvö ár á grundvelli efa í því efni. Ljóst er að leitun er að framkvæmd á vegum ríkisins sem fer af stað með jafntraustan fjárhagsgrundvöll og væntanleg bygging útvarpshúss. Talið er að í Framkvæmdasjóðnum verði um næstu áramót um 1.3 milljarðar kr. Í framkvæmda- og kostnaðaráætlun frá fyrri hluta þessa árs var áætlaður byggingarkostnaður, miðaður við verðlag 1. jan. 1980, 5 750 millj. kr. fyrir hús sem rúmaði bæði hljóðvarp og sjónvarp, en það mun

á septemberverðlagi vera rúmar 7 000 millj. kr. Miðað við byggingartíma 1980—1986 hefði sjóðurinn alfarið staðið undir kostnaði út árið 1982 og hefði því fyrst komið til beinna framlaga á árinu 1983 eða — sem líklegra er — að lán hefðu þá verið tekin sem sjóðurinn stæði síðar skil á.

Gerðar hafa verið áætlanir um tvo minni áfanga þar sem einungis er reiknað með að leysa úr vanda hljóðvarps í byrjun. Á verðlagi 1. jan. 1980 kostaði ódýrari kosturinn 3 100 millj. kr. Er í því sambandi athyglisvert að staða Framkvæmdasjóðs er á svipuðum forsendum áætluð 3 030 millj. kr. um áramót 1983—1984. Það hlýtur að vera íhugunarefni, að samkv. þessu á að vera unnt að byggja yfir hljóðvarpið á grundvelli tekna Framkvæmdasjóðs eins sér, en húsnæðisvandræði þess hluta stofnunarinnar eru óskapleg, eins og ég mun víkja að síðar.

Ég vil geta þess, að hæstv. menntmrh. Ingvar Gíslason hefur ítrekað lýst á opinberum vettvangi vilja sínum til að leysa þetta húsbyggingarmál farsællega. Nægir í því sambandi að nefna grein hans: „Ríkisútvarpið í tekjusvelti", sem birtist í Tímanum 9. ágúst 1980, svo og svör hans í Víðsjárþættinum 29. ágúst sem áður var nefndur. Þar sagði hann m. a. efnislega um ástæður þeirra tafa sem orðið hafa á framkvæmdum, að Ríkisútvarpið sé gert ófrjálst að því að nota framkvæmdasjóð sinn eins og reglur um sjóðinn gera ráð fyrir og komi það aðallega fram í því, að samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir hafi ekki viljað leggja til við fjárveitingavaldið að hafist verði handa um áframhald húsbyggingar fyrir Ríkisútvarpið, jafnvel þó að augljóst sé að stofnunin ræður yfir verulegu fé til þessa verkefnis og þurfi ekki að sækja til ríkissjóðs í því efni. Kvaðst hann mundu gera þá kröfu, að þessum hömlum á byggingu útvarpshúss verði aflétt. Ég vil gjarnan að litið sé á þessa till. mína sem stuðning við þann ásetning sem þarna kom fram í máli hæstv. ráðh. Hömlunum verður að aflétta.

Áætlanir hafa verið gerðar um ýmsa möguleika hvað varðar áfangaskipti við byggingarframkvæmdir, og eiga ákvarðanir um slíkt því ekki að geta tafið fyrir. Einnig eru teikningar og útboðsgögn til fokhelds ástands svo til tilbúnar, hvaða leið sem valin verður, og því væntanlega unnt að hefjast handa með stuttum fyrirvara.

Ég mun nú víkja aðeins að húsnæðisvandræðum Ríkisútvarpsins og þá fyrst að hljóðvarpinu, þar sem ástandið er orðið ákaflega slæmt. Auk mikilla þrengsla er húsnæðið, sem útvarpið hefur til afnota á Skúlagötu 4, leiguhúsnæði, og mun oftar en einu sinni hafa verið óskað eftir því að það flytti burt, þar eð stofnanir þær sem húsnæðið eiga, þurfa á því að halda fyrir sína starfsemi. Rétt er að nefna nokkur dæmi um þrengslin á Skúlagötunni.

Á fréttastofu hljóðvarps starfa samtals 16 menn. Í einum vinnusal, sem er tæpir 80 m² að stærð, eru 12 skrifborð. Þar eru oftast 5—6 menn við vinnu samtímis og stundum mun fleiri. Mikill umgangur er á fréttastofunni og hávaði og kveður stundum svo rammt að þessu, að fréttamenn sjá sér ekki annað fært en að fara heim með vinnu sína. Ekki er með góðu móti unnt að ræða í síma um viðkvæm málefni, því að oft standa gestir á gólfinu í salnum svo til við hlið þess sem talar. Við þessar aðstæður er ætlast til að fréttamenn skrifi fréttir og fréttaskýringar, sem síðan eru undir smásjá almennings umfram annað efni útvarpsins, m. a. undir smásjá hv. alþm.

Vegna Morgunpóstsins var á sínum tíma komið upp kytru eða búri á gangi 5. hæðar til þess að umsjónarmenn þáttarins fengju nokkra aðstöðu til undirbúnings dagskrárliða.

Alvarlegt dæmi um afleiðingar þrengslanna átti sér stað nú í haust, er fréttamenn sáu sér ekki fært að halda þættinum Víðsjá áfram í vetur þrátt fyrir eindregnar óskir útvarpsráðs. Báru þeir ekki síst við slæmri vinnuaðstöðu og ófullnægjandi húsnæði. Þarna er komið dæmi um að fella verður niður ágætan útvarpsþátt beinlínis vegna aðstöðuleysis á Skúlagötu 4.

Tónlistardeild Ríkisútvarpsins hefur ekki farið varhluta af þrengslum fremur en aðrar deildir. Í þessu mikilvægasta hljómplötusafni landsins er nú svo komið, að menn eru hættir að kaupa plötur að öðru leyti en því sem nauðsynlegt telst til að fylgjast með poppinu. Allir skápar eru þar fullir. Auk þess vantar fólk til skrásetningarvinnu, en þótt það fengist væri ekkert pláss fyrir það. Spjaldskrá mun vera gamaldags og fullnýtt og engin aðstaða til endurnýjunar. Lýsing á tækjabúnaði hljóðvarps verður í svipuðum dúr þótt „moll" eigi reyndar betur við vegna ástandsins. Tæki, sem flest eru talin hafa 10 ára endingartíma, hafa verið notuð í um það bil 20 ár. Bilanatíðni mun vera há og langt er frá því að tækin uppfylli þær tæknikröfur sem gerðar eru nú á dögum til útsendingar dagskrár. Ég hygg að ég taki í rauninni ekki of sterkt til orða þegar ég staðhæfi að starfslið hljóðvarps vinni á hverjum degi afrek með því að koma út þeirri dagskrá sem við þrátt fyrir allt njótum.

Starfslið sjónvarps á ekki síður við ýmis vandamál að stríða sem það leysir furðuvel úr. Þar er þó sá munur á, að um eignarhúsnæði er að ræða, þar sem þrengsli eru miklu minni en á Skúlagötunni. Þó er það svo, að útlendingar reka upp stór augu er þeir sjá að öll stúdíóvinna fer fram í einum sjónvarpssal. Segja má að hann sé sæmilega stór að flatarmáli, en lofthæð er allt of lítil. Er erfitt að ná víðri mynd og nær ómögulegt að sýna heildarmynd af t. d. stórum kór eða hljómsveit á borð við sinfóníuhljómsveit. Segja má að í sjónvarpinu sé ekki síst þörf á sérstöku fréttastúdíói og svo geymslum, sem nú munu vera í leiguhúsnæði.

Ég vænti þess, að þau dæmi, sem hér hafa verið tekin um vinnuaðstöðu starfsliðs Ríkisútvarpsins, sýni svo að ekki verði um villst að úrbóta er þörf og það svo fljótt sem auðið er.

Flestir munu samdóma um að Ríkisútvarpið sé öflugur og mikilvægur menningar- og fjölmiðill og reyndar eini fjölmiðillinn sem með nokkrum rétti getur talist fjölmiðill þjóðarinnar allrar. Einnig má leiða að því gild rök, að um ákaflega ódýra fjölmiðlun sé að ræða fyrir notendur, þegar litið er á það dagskrármagn sem berst inn á hvert heimili í landinu. Fjarri fer þó að möguleikar hljóðvarps og sjónvarps séu fullnýttir og nægir að nefna vöntun skipulegrar fræðslu sem dæmi, en hún gæti bæði verið til stuðnings í skólum og í þágu fullorðinsfræðslu.

Hver svo sem þróun útvarpsfjölmiðlunar verður er víst að Ríkisútvarpið mun um ófyrirsjáanlega framtíð teljast meðal mikilvægustu stofnana þjóðarinnar sem hlúa beri að eftir mætti. Eigi stofnunin á næstu 50 árum að gegna með sóma jafnþýðingarmiklu hlutverki og hún óneitanlega hefur gegnt undanfarin 50 ár verður ekki hjá því komist að búa henni þá aðstöðu sem til þess þarf. Nýtt

útvarpshús mun á örfáum árum gerbreyta aðstöðu til dagskrárgerðar og útsendingar með bestu gæðum og verður þá unnt að koma til móts við eðlilegar óskir almennings um fjölbreyttari og betri dagskrá. Ég er eindregið þeirrar skoðunar, að ekki verði undan því vikist að hefja þegar á nýjan leik framkvæmdir þar sem frá var horfið fyrir tveim árum. Ég tel að með samþykkt frv. um hækkun framlags í Framkvæmdasjóð Ríkisútvarpsins vorið 1979 hafi hv. alþm. sýnt ótvíræðan jákvæðan hug til byggingar útvarpshúss og með því verið að tryggja að fé væri til reiðu þar eð framkvæmdir voru að hefjast. Ég álít að formlega sé ekkert því til fyrirstöðu, að stjórnvöld leysi nú þegar úr þeim hnút sem tafið hefur byggingarframkvæmdir. Væri ánægjulegt ef málið leystist með svo skjótum hætti að þessi till. reyndist óþörf. Verði málið hins vegar enn tafið svo mánuðum skipti lít ég á það sem ótvírætt merki þess, að nauðsyn sé að Alþ. ítreki vilja sinn í þessu efni.

Herra forseti. Að svo mæltu legg ég til að till. verði að lokinni umr. vísað til allshn.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Að ræða málefni Ríkisútvarpsins á hinu háa Alþingi er að vera eins og hrópandinn í eyðimörkinni. Ég verð að hryggja hv. flm. þeirrar ágætu till., sem hér er til umr., með því, að hann talar líklega fyrir jafndaufum eyrum og ég hef gert hér frá því að ég kom inn á þing og byrjaði að reyna að ýta á eftir þessu máli. Að vísu hefur mönnum snúist hugur, a. m. k. nokkrum þeim sem gegn þessu máli hafa talað, ekki hér í þingsölum, heldur í bakherbergjum, og skoðun mín er sú, að þetta mál strandi á örfáum embættismönnum og örfáum stjórnmálamönnum.

Það nær ekki nokkurri átt, að einhver merkasta menningarstofnun þessarar þjóðar skuli kúldrast í þeim kytrum sem hún gerir í dag.

Ég vil þakka flm. fyrir flutning þessarar till. Svona till. þyrfti nánast að flytja á þessu háa Alþingi á hverjum degi ef skriður ætti að komast á málið.

Ég vil minna menn á það, að það tók Framkvæmdastofnun ekki langan tíma að reisa stórhýsi við Rauðarárstíg í Reykjavík. Af hverju skyldi það hafa verið? Það var vegna þess að þeir menn, sem þar störfuðu, þekktu húsakynni sem þeir unnu í, og þeir vildu fá betri húsakynni. Þess vegna vildi ég nú gera það að till. minni, að hæstv. forseti Sþ. beitti sér fyrir því, að helstu andstæðingar smíði útvarpshúss fengju að starfa í leyfi frá þingi — þó ekki væri nema einn dag — í Ríkisútvarpinu, hljóðvarpi. (**Gripið fram í:** Hverjir eru það?) Ætli það komi ekki í ljós við umr. þessa máls.

Ég vil minna á það, að sorgarsaga Ríkisútvarpsins er gömul. Hana má rekja allt aftur til daga Jónasar Þorbergssonar. Jónas Þorbergsson lét af miklum stórhug teikna glæsilegt útvarpshús. Lóðin var tilbúin, hún var á Melunum. Færustu arkitektar og hljóðfræðingar voru fengnir til verksins. Teikningarnar voru unnar fyrir stórfé, líkan var gert. Líkanið er nú í kjallara Vatnsendastöðvarinnar á Vatnsendahæð. Teikningarnar rykfalla einhvers staðar. Ég óttast mjög, að þessi saga ætli að endurtaka sig núna vegna skilningsleysis stjórnmálamanna og ekki síst embættismanna á mikilvægi þessarar stofnunar.

Ég hef alltaf litið svo á, að afskipti fjmrn. af fjárreiðum Ríkisútvarpsins hafi nálgast það að vera lögbrot. Ég hef litið svo á, að Framkvæmdasjóður Ríkisútvarpsins hafi raunverulega verið tekinn eignarnámi, og ég tel fráleitt að nokkrir embættismenn, sem ég vil fullyrða að hafa mjög takmarkað vit á málefnum Ríkisútvarpsins, geti stöðvað þetta mál á þann hátt sem gert hefur verið.

Það kom skýrt fram hjá flm. þessarar till., að Ríkisútvarpið hefur yfir að ráða umtalsverðu fjármagni, en hið háa Alþingi hefur á undanförnum árum sífellt verið að ganga á tekjustofna Ríkisútvarpsins, eins og tekjur af innflutningi sjónvarpstækja og fleira slíkt.

Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta mál, herra forseti. En ég vil hvetja til þess, að menn reyni nú að taka saman höndum á 50 ára afmæli Ríkisútvarpsins og stuðla að því, að hægt verði að dæla vatninu upp úr grunninum stóra og fara a. m. k. að gera þar sökkla, þó ekki væri annað, og láta ekki útrölumenn og svartagalssrausara stöðva þessa framkvæmd eins og gerst hefur. Ég vil líka af þessu tilefni þakka hæstv. menntmrh. fyrir þann skilning sem hann hefur sýnt á þessu máli. Hann hefur nýverið skrifað fjvn. bréf og reynt að ýta á eftir því að framkvæmdir gætu hafist við smíði útvarpshúss. Það er að vísu dálítið sérkennilegt, að ráðh. skuli rita fjvn., eftir að fjárlagafrv. er komið í hendur þingsins, um slíkt mál. Auðvitað hefði átt að ganga frá því máli innan ríkisstj. áður en fjárlagafrv. var sent þinginu. Engu að síður tek ég viljann fyrir verkið í þessu máli, og ég geri ráð fyrir að menntmrh. sé áfram um það að geta fært Ríkisútvarpinu þá gjöf á 50 ára afmæli þess, að heimilað verði að hefja smíði á útvarpshúsi.

Ég vann sjálfur í þessari stofnun í 11 ár. Ég veit alveg hvað ég er að tala um. Ég veit um þau þrengsli, ég þekki þau þrengsli sem þar eru, og ég fæ ekki skilið hvernig menn geta gert þær kröfur til Ríkisútvarpsins, hljóðvarps sem þeir gera í dag og ætlast til þess að séu uppfylltar á þeim forsendum sem fyrir hendi eru.

Ég vil eingöngu í þessu máli skora á hið háa Alþingi að sýna þessari stofnun, einhverri merkustu menningarstofnun þjóðarinnar, þá virðingu og þá tillitssemi á hálfrar aldar afmæli að leyfa henni í fyrsta skipti í 50 ár að byggja yfir sig. Ríkisútvarpið hefur frá upphafi verið á hrakhólum með húsnæði. Það leigði hjá Landssímanum eða Pósti og síma í Landssímahúsinu, það leigði hjá Silla og Valda á Klapparstíg, það leigir núna hjá Hafrannsókn, og Hafrannsóknastofnunin hefur fulla þörf fyrir það húsnæði sem Ríkisútvarpið notar nú. Sýnið þið þess vegna þeirri stofnun, sem við státum af sem menningarþjóð, góðri og merkri stofnun sem vinnur sitt verk frá 6 á morgnana til 11 og 12 á kvöldin, — sýnið henni þá virðingu að leyfa henni að hefja smíði á eigin húsi. Það væri verðug gjöf Alþingis til Ríkisútvarpsins á hálfrar aldar afmælinu.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég sé ástæðu til að fagna því, að þessi till. kom fram. Í grg. tekur flm. það fram, að hann vilji með þessu styðja viðleitni mína til þess að reyna að þoka fram því málefni að byggja yfir Ríkisútvarpið. Það, sem í grg. stendur, er að mínum dómi mjög glöggt, stutt yfirlit um staðreyndir þessa máls. Einnig vil ég leyfa mér að þakka síðasta ræðumanni, hv. 6. þm. Norðurl. e., fyrir þau orð sem féllu hjá honum í þessu máli.

Það er mikið fagnaðarefni, að Alþingi tekur málefni Ríkisútvarpsins til meðferðar. Því miður er það nú svo, að ýmis mál liggja fullmikið í láginni, eru of lítið rædd hér á hv. Alþingi. Þau verða eins og út undan í annarri

mikilvægri umr. Og því er ekki að leyna, að málefni Ríkisútvarpsins eru nú með þeim hætti, að brýn nauðsyn er að hv. alþm. og ég vil segja þjóðin öll fylgist vel með málefnum stofnunarinnar.

Satt að segja leist mér ekki á blikuna þegar ég kom í febrúarmánuði að sem yfirmaður þessarar stofnunar og mér var gerð grein fyrir hvernig hagur stofnunarinnar var á ýmsa vegu, þ. á m. það sem hver maður mátti reyndar vita og ég vissi reyndar, að það voru mjög alvarleg höft á byggingarmálum stofnunarinnar, — höft sem mörgum munu þykja óeðlileg og eru það að mínum dómi. Eigi að síður eru þessi höft fyrir hendi og ekki þægilegt úr að skera hvað rétt er að gera í því. Ég skal fúslega viðurkenna það, að ég hef viljað reyna að beita mér þannig í þessu máli að höftin á útvarpshúsinu, byggingu þess, yrðu leyst með samkomulagi milli þeirra aðila sem hafa deilt um hvernig framgangur þessa máls skyldi vera. En vel má vera að það sé ekki rétta leiðin að bíða eftir því, að slík lausn fáist. Ég hef þó heldur kosið að fara þá leið en að beita einhverri sérstakri hörku, sem e. t. v. væri möguleiki fyrir menntmrh. að gera, hafi hann tiltekinn skilning á því, hvaða rétt sjóðurinn hefur, — sjóður sem menntmrn. hefur yfirráð yfir. En ég skal viðurkenna það, að ég hef fram að þessu og mun að sinni velja þá leið að reyna að leysa þetta mál með samkomulagi við fjmrn. og samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir, sem er ráðgjafi fjmrn. í þessum efnum.

Það er rétt, sem fram kemur hér og mér þykir ánægjulegt að sjá í grg. hjá hv. flm., að hann hefur þar eftir mér ummæli sem komu fram í viðtali við Ríkisútvarpið í sumar og ég tel vera mjög mikilvægt að menn átti sig á, og ég fann að hv. 6. þm. Norðurl. e. kunni góð skil á, að þessi bygging hefur fyrst og fremst stöðvast fyrir áhrif frá samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir sem hefur ekki treyst sér til þess að leggja til við fjmrh. og Alþ., að framkvæmdir haldi áfram í þessu máli. Þetta voru þau orð sem ég notaði í viðtali við útvarpið í sumar, og þau koma rétt til skila í grg. fyrir þessari þáltill. Mér þykir vænt um að hv. flm. hefur veitt þeim athygli, og ég er einnig glaður að verða þess var, að hv. 6. þm. Norðurl. e. hefur líka áttað sig á að þetta er þungamiðjan í þessu máli.

Sannleikurinn er sá, að það er búið að stöðva þessa framkvæmd þrátt fyrir yfirlýstan vilja a. m. k. tveggja ef ekki þriggja menntmrh., og er það út af fyrir sig umhugsunarefni, hver staða ráðh. getur stundum verið gagnvart ýmsum nefndum og ráðum hér í ríkiskerfinu.

Ég vil lýsa því hér yfir, sem ég hef áður margsinnis gert, að ég tel að ekkert þurfi um það að efast, að Framkvæmdasjóði Ríkisútvarpsins er ætlað það hlutverk, ég vil segja honum er eingöngu ætlað það hlutverk að koma varanlegu húsi yfir starfsemi Ríkisútvarpsins. Ég tek ekki undir þá skoðun, sem einnig hefur komið fram og er m. a. ástæðan til þess, að samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir hefur hikað við að ráðleggja fjmrh. og Alþingi að veita heimildir til áframhaldandi framkvæmda. Ég vil taka það skýrt fram, að ég tel að efnum sjóðsins eigi ekki að verja til þess að kosta aðrar framkvæmdir en húsbygginguna og það sem henni fylgir sérstaklega. Ég tel að hann sé ekki að þessu leyti almennur fjárfestingarsjóður Ríkisútvarpsins, heldur er hann húsbyggingarsjóður. Þetta er ákaflega mikilvægt atriði og úr því verður að fást skorið, hvor skoðunin er rétt. Ef Alþ. samþykkir þá þáltill. sem hér er flutt, þá tel ég að Alþ. hafi lýst vilja sínum til þess að hafist verði handa að nýju við framkvæmdir á byggingu útvarpshússins í Reykjavík, eftir þeim skilningi sem ég hef hér verið að lýsa um hlutverk Framkvæmdasjóðs Ríkisútvarpsins.

Ég vil líka leiða athygli hv. alþm. að orðum þeirra hv. flm. þessarar þáltill. og hv. 6. þm. Norðurl. e. hér áðan um aðstöðu starfsmanna Ríkisútvarpsins. Það er mjög nauðsynlegt að menn leiði hugann að því, hver starfsaðstaða þeirra er. Það voru tekin hér dæmi, m. a. frá fréttastofu. Hv. 6. þm. Norðurl. e. þekkir þá starfsaðstöðu vel af eigin raun, því að hann vann lengi á fréttastofunni, og hv. flm. þessa máls er útvarpsráðsmaður og þekkir því af eigin reynd einnig hvernig starfsaðstaða starfsfólksins er í stofnuninni. Ég held að það sé mjög hollt fyrir hv. alþm. að gefa gaum þessum orðum þeirra.

Það er náttúrlega ekki glæsileg mynd af starfsaðstöðu þar sem fréttastofan hefur 12 skrifborð í 80 m² herbergi. Þarna er þó um að ræða býsna vandasama vinnu sem innt er af hendi, — vinnu sem þarf stundum meira og minna að vinna í trúnaði. Jafnframt þarf auðvitað að hafa góða vinnuaðstöðu fyrir menn sem eru að semja vandasaman texta sem á að flytja í hljóðvarp eða sjónvarp og fólk á að njóta. Það er ekkert smámál hvernig búið er að starfsmönnum sem vinna slík störf. Þetta er aðeins eitt dæmið um það, hversu illa er að þessari stofnun búið.

Það hefur líka verið rifjað upp hér og minnt á það, að Ríkisútvarpið er með elstu menningarstofnunum starfandi með þjóðinni. Ríkisútvarpið er að verða 50 ára gamalt. Það hóf starfsemi sína 20. eða 21. des. 1930 við lítil efni, en þó nokkurn stórhug á þeirri tíð. Þessi stofnun er nú að verða 50 ára. Og ég held að það sé alveg ljóst, að það eru fáar stofnanir í þessu landi, fáar opinberar stofnanir, sem eru í jafnnánum tengslum við almenning í landinu og Ríkisútvarpið, og hefur svo verið alla tíð. Þess er einnig ánægjulegt að minnast, að yfirleitt hefur Ríkisútvarpið notið mjög góðrar forustu. Til starfs við Ríkisútvarpið hafa frá fyrstu tíð, valist mjög góðir menn, — menn sem þjóðin hefur bæði metið og hlustað á, haft ánægju af að hlusta á og eiga þannig andleg tengsl við, ef svo má segja, enda hefur Ríkisútvarpinu tekist þetta vel. Það er því sannarlega kominn tími til þess, að Alþ. og ráðamenn þjóðarinnar sýni þessari stofnun það í verki, að hún sé einhvers metin af þjóðinni. Og ég þori að fullyrða það, að þó að vel sé við Ríkisútvarpið gert, bæði í byggingum og öðru, þá mun það ekki hafa það í för með sér að almenningur líti á það sem bruðl eða sukk, heldur þvert á móti er ég sannfærður um að almenningur mun líta á það sem sjálfsagðan hlut, að vel sé að Ríkisútvarpinu búið.

Hv. 6. þm. Norðurl. e., sem hefur sýnt málefnum Ríkisútvarpsins mikinn áhuga hér á þingi frá fyrstu tíð, sem ekki er óeðlilegt þar sem hann þekkir vel til stofnunarinnar, minnist hér á sorgarsögu Ríkisútvarpsins í byggingarmálum. Ég skal viðurkenna það, að þó að ég sé orðinn það gamall, að ég man eftir því þegar Ríkisútvarpið var stofnað — og það er líklega elsta minning sem ég á í huga mínum — þá kann ég ekki byggingarsögu Ríkisútvarpsins svo vel að ég treysti mér til þess núna lítt undirbúinn að rekja hana í smáatriðum. En hitt er víst, að sú saga er hin mesta sorgarsaga. Þó held ég að hápunktur þeirrar sorgarsögu sé þegar Ríkisútvarpið hafði á árunum í kringum 1950, á þeim árum sem Jónas Þorbergsson var forstjóri Ríkisútvarpsins, safnað í bygg-

ingasjóð mjög stórum fúlgum sem nægðu til þess að koma upp myndarlegu húsi yfir stofnunina. Þá er stofnunin nálægt því að vera 20 ára gömul, 19—20 ára gömul, þegar kominn er myndarlegur sjóður til þess að byggja yfir stofnunina, og þá var, eins og kom reyndar fram í ræðu hv. 6. þm. Norðurl. e., þegar komið svo langt, að það var búið að teikna og hanna hús yfir stofnunina og velja því stað, svo að lítið annað var að gera en hefjast handa um bygginguna. En ég kann naumast að greina frá því, — þetta er orðin 30 ára gömul saga, — hvernig þessi sjóður hvarf. Það var horfið frá byggingu útvarpshúss af einhverjum ástæðum, erfiðleikatímar voru þá, fjárfestingarhömlur voru á þessum tíma mjög miklar og einhvern veginn fór það svo, að það voru settar hömlur á útvarpshúsbygginguna í kringum 1950 eða fyrir 30 árum. Og svo fór, að þessi sjóður gufaði upp í verðbólgu næstu ára.

Ég ætla nú að beina því til hv. alþm., hvort þeir kjósi að sagan endurtaki sig, að sá sjóður, sem nú er fyrir hendi og forráðamenn útvarpsins segja mér að kunni að nema um 2 milljörðum kr., mjög bráðlega eyðist líka fyrir verðbólgu eða fyrir önnur vandræði í fjármálastjórn Ríkisútvarpsins. Og ég vil beina því til hv. alþm., að þeir hafa hér mikla ábyrgð, kannske ekki hver og einn sem einstaklingur, en a. m. k. má segja að þingið í heild ber hér mikla ábyrgð, að ekki fari eins og fór, þegar húsbyggingarsjóður Jónasar Þorbergssonar, sem ég leyfi mér að kalla svo, eyddist og gufaði upp fyrir það að hann var aldrei nýttur í því skyni sem honum var ætlað, heldur hvarf í verðbólguhítina.

Ég skal ekki hafa mörg fleiri orð um þetta. Ég lýsi því yfir, að ég tel að þessi till. eigi ekki aðeins rétt á sér, heldur komi hún að gagni. Það er gagnlegt, að vakin sé athygli á málefnum Ríkisútvarpsins, húsbyggingarmálum þess og öðrum málefnum, og að þessu leyti er ástæða til að fagna framkomu þessa máls. Ég geri mér nú vonir um að mjög fljótlega rætist úr í þessu efni og hægt verði að koma því svo fyrir að bygging útvarpshússins hefjist á næsta ári, því það er rétt, þó að illt sé fyrir ráðh. að viðurkenna það, að það er nánast ein nefnd, valdamikil nefnd í stjórnkerfinu, sem fyrst og fremst hefur lagst gegn því að haldið sé áfram húsbyggingunni að sinni. Ég vil þó taka fram, að mér dettur ekki í hug að halda að sú ákvörðun nefndarinnar að leggja það ekki til að haldið sé áfram húsbyggingunni sé einhver endanlegur dómur. Auðvitað er þetta bráðabirgðaákvörðun nefndarinnar. Eigi að síður er þessi ákvörðun ekki þannig að hægt sé að sætta sig við hana, og ég tel hina mestu nauðsyn á að reynt verði að létta þessum hömlum af, og að því leyti til fagna ég framkomu þessarar till. Ég efa ekki að hún verður til þess að margir hv. alþm. — og kannske embættismenn og þjóðin öll — fái rétta mynd af því, hvernig staða þessa máls er, og að það leiði til þess að þessum hömlum verði létt af áður en langir tímar líða. Og þegar ég tala um áður en langir tímar líða, þá á ég að sjálfsögðu við að það verði nú áður en fjárlagaafgreiðslu lýkur. Upp úr því hef ég lagt innan ríkisstj., að málefni Ríkisútvarpsins, þ. á m. byggingarmálin, verði almennt málefni Alþingis í meðferð fjárlaga. Á meðan sá undirbúningur stendur mun ég treysta því, að á þeim málum verði tekið svo að leiði til jákvæðrar lausnar með samkomulagi að kalla. En verði það ekki, þá er ekki um annað að gera fyrir mig en að beita öðrum ráðum til þess að knýja þessa húsbyggingu fram, og þá á ég við það, að ég neyti þess réttar sem ég tel mig hafa sem ráðh. til að ákveða að þessi bygging skuli ganga fram og halda áfram á næsta ári fyrir það fé sem til er í húsbyggingarsjóði. Ég tel að Ríkisútvarpið eigi þennan sjóð, sé fjárráða hvað varðar þennan sjóð, og að því leyti til kann svo að fara, að ég muni beita því valdi sem ég hef yfir sjóðnum. En að sjálfsögðu kýs ég heldur að það sé fullt samkomulag innan Alþingis, innan ríkisstj., í embættiskerfinu um þetta mál og það leysist á þann hátt, því að það er að mörgu öðru að hyggja í málefnum Ríkisútvarpsins.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Lokaorð hæstv. menntmrh. valda því, að ég sé ekki ástæðu til að halda hér neina ræðu. Ég ætla þó, úr því ég kem í stólinn og er búinn að biðja um orðið, að harma það valdboð sem hann boðar. Það er tilgangslaust að vera að koma hér með tillögur. Ráðh. hefur vald og hann er búinn að segja að hann muni nota það hvernig sem málið annars er rætt hér á Alþ. eða hvaða ákvörðun sem hér kann að verða tekin nú.

Ég harma slíkar hótanir, tel þær ótímabærar hvenær sem þær koma fram.

Ég ætla að snúa ræðu minni svolítið við. Hv. þm. Árna Gunnarssyni vil ég segja það: Það á engin ríkisstofnun, hvaða afmæli sem hún á, skilið einhverja sérstaka afmælisgjöf. Þetta eru ópersónulegar stofnanir þjóðarinnar, hvaða hlutverki sem þær gegna. Aftur á móti ber að sjá starfsfólki fyrir viðunandi starfsskilyrðum hvenær og hvar sem er, án tillits til þess, hvað stofnanir eru gamlar eða hvenær þær eiga afmæli. Það eru margar stofnanir á vegum ríkisins í húsnæðisvanda. Stjórnarráðið sjálft er í húsnæðishraki og það hlýtur að eiga afmæli við og við.

Ég ætla ekki að beina orðum mínum til forseta á sama hátt og hv. þm. Árni Gunnarsson gerði og biðja hann um að skora á þá þm., sem ekki hafa tekið til máls, að koma hingað upp og tjá sig, hvort sem þeir eru með eða á móti. Menn verða að vera frjálsir að því, án þess að forseti skipti sér af því, hvenær þeir tala í málum og tala ekki í málum. En svona er málflutningur þeirra Alþfl.-manna þegar þeir fara á kostum, eins og einn þeirra segir oft.

Hitt vil ég gera að talsverðu atriði, að forseti beiti sér fyrir því, að þm. fái að kynna sér teikningar og sjái líkan og staðsetningu þessa útvarpshúss í skipulagi borgarinnar. Ég vildi þá gjarnan hafa umr. á eftir um málið, vegna þess að sem borgarfulltrúi verð ég að segja það, að þegar ég sé líkan af því voðalega bákni sem húsið er í því borgarhverfi þar sem það er, á að vera innan um aðrar stórbyggingar, þá óttast ég þann kostnað sem verði við þessa byggingu sem ég held að sé umfram þarfir Ríkisútvarpsins. Áður en ráðh. fer að beita því valdi sem hann telur sig hafa, vona ég því að þm. geri sér ferð til Þróunarstofnunar Reykjavíkurborgar og kynni sér teikningarnar, kynni sér húsið í útliti eins og það stendur í líkani þar.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri, ræða mín er óþörf eftir hótanir hæstv. ráðh. En ég verð að lýsa furðu minni á því, úr því að ráðh. hefur svona mikinn áhuga á framgangi þessa gríðarlega stóra máls, sem öðru hvoru er í fréttum útvarps, útvarpsmennirnir sjálfir eru að minna á öðru hvoru, að hann skyldi ekki skrifa fyrr það bréf sem hann skrifaði eftir að frv. til fjárlaga var lagt fram, að hann skyldi ekki hafa augun opin fyrir því að tala við aðra ráðh. í ríkisstj. áður en fjárlagafrv. var lagt fram.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að deila við hv. þm. Albert Guðmundsson um þetta frekar. Ég lýsti því, hver afstaða mín til þessa máls væri. Ég sagði að ég hefði viljað leysa þetta deilumál með friði og samkomulagi. Hins vegar stend ég á því, að ég tel að Ríkisútvarpið hafi umráð þessa sjóðs, og það mun koma til athugunar síðar, hvernig staðið verður að því að gera útvarpið í raun fjárráða hvað snertir þennan húsbyggingarsjóð.

En það, sem mér fannst vera ástæða til að taka undir í sambandi við ræðu hv. þm. Alberts Guðmundssonar, er að í meðferð þessa máls og meðferð fjárlaga fái þingið tækifæri til að kynna sér teikningarnar að húsinu og sjá líkan af húsinu. Það finnst mér alveg sjálfsagt, og ég skal gera mitt til þess að líkan af húsinu verði aðgengilegt í húsakynnum Alþingis til sýnis og teikningar þá jafnframt. Það er auðvitað lágmarkið að sú n., sem fær þetta mál sem við erum að ræða nú, þessa þáltill., fái til athugunar teikningarnar og líkanið af húsinu, sem ég hygg að sé auðvelt að fá til sýnis. Undir þetta vil ég mjög taka, að alþm. fái sem allra best tækifæri til að kynna sér útlit hússins, teikningar að því og þær hugmyndir sem menn hafa um áfanga byggingarinnar.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég kem hér til að lýsa ánægju minni yfir því, að þessi þáltill. hefur verið lögð fram. Ég tel hana mjög tímabæra miðað við þá stöðu sem er nú í þessu máli.

Ég vil lýsa því yfir, að mér finnst það ekki orka tvímælis að Framkvæmdasjóður Ríkisútvarpsins sé byggingarsjóður útvarpsins sem nota eigi til byggingar útvarpshúss. Og ég hef aflað mér upplýsinga um það, enda man ég vel að þegar umr. fór fram um till. hv. páv. þm. Vilhjálms Hjálmarssonar um að auka framlag til sjóðsins úr 5% í 10% voru þm. almennt sammála um að það væri rétt og sjálfsögð ráðstöfun til að koma hreyfingu á þetta mikla mál.

Það væri vissulega freistandi í þessu sambandi að ræða hér um samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir, valdsvið hennar og þá kannske fyrst og fremst um hvort hún ræður við það hlutverk, sem henni er ætlað samkvæmt lögum eða hvort það er æskilegt að slík nefnd hafi það hlutverk sem lögin gera ráð fyrir. Það hefur komið fram og er raunar alltaf að koma fram núna á hverjum einasta degi þegar er verið að ræða um opinberar byggingar, að það eru vankantar á því að þessi ágæta nefnd ráði við þetta hlutverk, bæði að því er varðar undirbúning mála og það hlutverk, sem hún hefur einnig, að segja til um hvort áform um opinberar byggingar séu þess eðlis að eðlilegt sé að láta framkvæmdir fara af stað. Þetta er umhugsunarefni sem ég held að við hv. þm. verðum að skoða í ró og næði og átta okkur á því, hvort hér er ekki þörf á að gera breytingu.

Það er ljóst að þau verkefni, sem Ríkisútvarpið glímir við, eru vissulega risavaxin. Umfram byggingu nýs útvarpshúss, sem allir sjá að er brýn nauðsyn og er raunar þjóðarskömm að ekki skuli hafa enn þá verið hafin sú bygging, þá er ljóst að langbylgjustöð útvarpsins er verkefni sem verður að fara að sinna því að gamla stöðin er að hrynja að mati sérfræðinga. Það á eftir að leggja stórfé í styrkingu og aukningu dreifikerfis hljóðvarps og sjónvarps um landið. Þetta þekkjum við. Einnig skortir hljóðvarp og sjónvarp — sérstaklega hljóðvarp, — öll ný tæki sem nútíminn krefst á þessu sviði. Það er í þessu máli sem mörgum öðrum að mínu mati mjög brýnt að útvarpið setji upp vandaða fjárfestingaráætlun um öll þessi verkefni. Þegar ég segi: vandaða fjárfestingaráætlun á ég við að sú áætlun sé grundvölluð á þeim möguleikum sem bæði útvarpið sem stofnun og þjóðin hafa til að framkvæma þetta verkefni á eðlilega stuttum tíma.

Það væri vissulega freistandi að hefja hér umr. um fjárhagsvanda hljóðvarps og sjónvarps almennt. Það liggur fyrir í umr. að taprekstur á þessu ári á stofnuninni er sennilega yfir 1 milljarð. Það er margt sem þarna kemur til greina. Það væri t. d. freistandi að ræða um hvernig stendur á því, að þjóðfélagsgerðin skuli vera þannig að bókstaflega er komið í veg fyrir það með ýmsum ákvæðum í vísitölukerfi okkar að svona stofnun geti tekið eðlilegt gjald fyrir þjónustu sína. Um þetta mætti hafa langt mál, en ég ætla ekki að gera það hér. Þessi mál eru nú til meðferðar hjá fjvn. Það verður að segja eins og er: Því miður leysir fjárlagafrv. sjálft, eins og það liggur fyrir, ekki þennan vanda nema veruleg breyting verði gerð. Ég vil segja það hér, að við þm. getum ekki látið hjá líða að horfast í augu við þá staðreynd að þetta mál verðum við að leysa hér við afgreiðslu fjárlaga þegar að því kemur.

Bréf hæstv. menntmrh., sem hér hefur verið nefnt, til fjvn. hefur ekki enn verið tekið fyrir í n. Mér finnst eðlilegt að þegar til afgreiðslu fjárlaga kemur fyrir árið 1981 verði fjvn. búin að taka ákveðna afstöðu til byggingar útvarpshússins. Mér finnst ástæðulaust annað en fjvn. geri það. Ég tel að miður væri farið ef ekki væri hægt að finna lausn á þessu máli, ekki hvað síst þegar sú staðreynd liggur á borðinu, að framkvæmdasjóður útvarpsins, sem er ávaxtaður á vaxtaaukabókum, mun a. m. k. að því er varðar byggingu yfir hljóðvarpið standa algjörlega undir þeirri byggingu. Og ég tel að hvað sem líður því valdi, sem samstarfsnefnd um opinberar byggingar hefur samkvæmt lögum, hljóti að verða að rjúfa þessi tengsl í þessu máli og Alþ. sjálft að taka afstöðu til þess og draga ekki lengur að hægt verði að hefja þessa byggingu sem þegar hefur verið grafinn grunnur fyrir. Um það verðum við að sameinast.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Það er vissulega ánægjuiegt að menningarmál skuli vera á dagskrá í hv. þingi. Það mætti fjalla verulega um þennan málaflokk allan og reyndar fleiri mál, einkum og sér í lagi miðað við þær upplýsingar sem komu fram í hv. fjvn. og síðasti hv. ræðumaður minntist örlítið á í sinni ræðu.

Það kemur í ljós, að baráttan við vísitöluhækkanir setur svip sinn á stöðu menningarmálanna ekki síður en annarra mála í þjóðfélaginu, þar á meðal má benda á Þjóðleikhúsið, auk þess sem Ríkisútvarpið er í miklum fjárhagsörðugleikum. Á það hefur verið bent rækilega, að verði ekki úrbætur í þeim málum verður engin innlend dagskrárgerð í íslenska Ríkisútvarpinu, hvorki hljóðvarpi né sjónvarpi, þegar liðir eru nokkrir mánuðir af næsta ári. Þetta eru vissulega varnaðarorð. Það er ekki verið að fjalla um upphæðir í hundruðum milljóna, heldur upphæð sem nemur líklega nálægt 1 milljarði. Sýnir það best hvílíkar fjárhagsáhyggjur forráðamenn þessarar stofnunar hljóta að hafa varðandi dagskrárgerðina.

Annað dæmi um skuldir opinberra fyrirtækja má nefna, Póst og síma. Ég veit ekki hvort það hefur komið fram, en það mun vera staðreynd að fjmrn. verður að borga út starfsmönnum Pósts og síma um næstu mán-

aðamót án þess að um slíkar fjárhæðir sé að ræða í sjóðum þeirrar stofnunar einfaldlega af því að hún er komin langt umfram fjárhagsáætlun sína. Allir peningar eru búnir og hækkanir á gjöldum hafa ekki fengist að ósk stofnunarinnar, aðeins 9% hækkun, og þykir þó ýmsum nóg um. Þannig má oft leika sér með tölur. Það má koma í ræðustól í fjárlagaræðu og tala um stöðu ríkissjóðs, en þegar málið er grannt skoðað kemur í ljós að flestallar ríkisstofnanir og opinberar stofnanir sem háðar eru gjaldskrárákvörðunum ríkisstj., líða önn fyrir og þar er um mikinn fjármagnsskort að ræða.

Ég ætla ekki að fjalla hér um teikningar eða byggingarkostnað útvarpshússins sem rætt er um vegna þáltill. frá hv. þm. Markúsi Á. Einarssyni. Það er hins vegar ljóst að þetta mál hefur strandað í kerfinu á dálítið skringilegan hátt. Í raun og veru held ég að þar séu ýmsir þættir að verki. Hér hefur verið minnst á nokkra þeirra.

Það er ágreiningur um hlutverk byggingarsjóðsins. Ljóst er að sumir aðilar, þ. á m. þeir sem sæti eiga í samstarfsnefndinni um opinberar framkvæmdir, telja að byggingarsjóðurinn eigi að standa undir kostnaði við ýmislegt fleira en sjálft húsið. Það er þó ekki ágreiningur um að hann eigi að ná til tækja og búnaðar, en þegar rætt er um langbylgjukerfið og dreifikerfið kemur annað hljóð í strokkinn.

Á fundi útvarpsmanna og samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir á sínum tíma varð niðurstaðan sú, að forráðamenn útvarpsins skyldu gera heildarframkvæmda- og fjárfestingaráætlun fyrir Ríkisútvarpið til nokkurra ára, þar sem ekki væri einungis minnst á útvarpshúsið, heldur á annan kostnað, svo sem kostnað við að byggja upp langbylgjusenda, sem nú eru löngu úr sér gengnir, eins og raunar hefur komið fram hér í umr. Því miður hafði það dregist, og á meðan það dróst að hagsýslan og samstarfsnefndin fengju þessar upplýsingar notaði samstarfsnefndin það sem skálkaskjól og aðhafðist ekki í málinu, notfærði sér þennan ágreining, notfærði sér það tómlæti, sem Ríkisútvarpið sýndi, til að sitja á málunum. Þannig er um að ræða gífurlegt sambandsleysi milli tveggja opinberra stofnana, milli fjárlaga- og hagsýslustofnunar og útvarpsins og þá um leið milli fjmrn. og menntmrn.

Það er athyglisvert að fyrrv. menntmrh., Vilhjálmur Hjálmarsson, var settur af núv. hæstv. menntmrh. sem formaður útvarpsráðs. Mér er kunnugt um að Vilhjálmur Hjálmarsson ætlaði sér í þeirri stöðu að halda áfram því starfi sem hann hóf með fyrstu skóflustungunni að útvarpshúsinu fyrir tveimur árum u. þ. b. Því miður hefur útvarpsráð ekki þau völd, en vegna stöðu sinnar situr hann þó sem einn af þremur stjórnendum fyrirtækisins og áhrifamaður um þessi mál. Það er því leitt til þess að vita, að hann skuli nú lenda í þeirri stöðu að fá ekki þessu máli framgengt þótt flokksbróðir hans sé menntmrh.

Eftir að hafa hlýtt á hæstv. menntmrh. verð ég að taka undir þau ummæli hv. þm. Alberts Guðmundssonar, að það er aldeilis furðulegt hvaða stefnu svona mál geta tekið, sem verða á milli í kerfinu. Þannig fær hv. fjvn. bréf frá hæstv. menntmrh. þar sem hann biður fjvn. um að greiða fyrir þessu máli. Þetta hlýtur auðvitað að leiða til þess að maður spyr hæstv. menntmrh.: Talaði hann ekki við hæstv. fjmrh. sem er hæstv. fyrrv. menntmrh.? Og af því að hæstv. fjmrh. er hér staddur langar mig til að spyrja hann: Mundi hann ekki eftir þessu máli þegar hann skipti um ráðherrastól?

Ég held að hér sé verið að breiða yfir þetta mál. Ég held að sannleikurinn sé sá, að hér er verið að setja á svið sjónleik sem byggist á því að ríkisstj. er að þvo sér eins og þegar köttur þvær sér. (**Gripið fram í:** Eins og hvað?) Eins og þegar köttur þvær sér. Ég veit að hæstv. ráðh. Ingvar Gíslason kannast við það. Hann er utan af landi. Þar er mikið af slíku skepnum. — En það má lýsa þessu með því, að ríkisstj., hæstv. ráðh., tali ekki saman, komi sér ekki saman um hvernig eigi að haga þessum málum. Málið er sagt stranda í kerfinu hjá embættismönnum sömu hæstv. ráðh. Annar ráðh. skrifar síðan fjvn., sem er nefnd sem tekur við fjárlagafrv. sem hæstv. fjmrh. flytur hér á þinginu, og svo koma allir hér í ræðustól og segja að það sé ófært að ekki skuli vera byrjað á útvarpshúsinu. Þetta er skemmtilegur sjónleikur, en ég verð að segja að það hefði verið huggulegra fyrir þá, sem í alvöru vilja fá byggt hús, að verkin væru látin tala, en ekki bara orðin.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég fagna þeirri þáltill. sem hér er komin fram, en sérstaklega vil ég þó fagna því, að ráðh. hefur nú gert það upp við sig að hann ætli að hafa sigur í þessu máli. Það er ástæðulaust að láta svo sem menn viti ekki hvaða nefnd er um að ræða og hverjir þar hafa völdin.

Ég kann því dálítið illa að hér hafa tveir komið upp og farið eins og köttur í kringum heitan graut þegar þeir hafa verið að tala gegn þessu máli. Aftur á móti eru kettirnir ekki taldir með skepnunum þar sem ég þekki til. Ég vona að hæstv. menntmrh. sé það jafnframt ljóst þegar hann hefur gefið yfirlýsingu sína um að hann ætli að hafa sigur í þessu máli, að eftir því verður tekið, og hann má vita að hann hefur stuðning þm. úr Framsfl. til þeirra verka. Það er því rétt að það komi alveg skýrt fram hér á Alþ. hverjir það eru sem ætla að stöðva það að Ríkisútvarpið eignist hús fyrir eigið fé.

Hitt er svo annað mál, að það er ekki óeðlilegt að þingheimi verði gerð grein fyrir því, hvaða stærðir er verið að tala um, því að vissulega er rétt að gætt sé hófsemdar á þessu sviði sem öðrum.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Það var kannske ekkert sérstakt tilefni til þess að ég færi að koma aftur í ræðustól. Ég felldi mig ágætlega við margt af því sem hv. 10. þm. Reykv. var að segja hér, að mörgu leyti ágætlega. Hann kastaði að vísu nokkrum hnútum í þessum leik, eins og við gjarnan gerum hér á hv. Alþ. En í sambandi við það sem ég sagði áðan um vilja minn til að koma þessu máli fram og hvernig ég hef unnið að því, þá finnst mér þó rétt að ég endurtaki það mál nokkuð til að útskýra hvað ég átti við. Það kemur ákaflega vel fram í hinu margfræga bréfi mínu til fjvn. Alþ., sem af einhverjum ástæðum hefur verið mistúlkað eða lagt út eins og það væri eitthvert óvenjulegt bréf, sem ég tel að alls ekki sé. Þetta er stutt minnisblað nánast sem ég hef skrifað fjvn. henni til minnis við meðferð fjárlaga að því er varðar þessa stofnun sem við erum að ræða um hér, Ríkisútvarpið.

Það, sem ég legg áherslu á í þessu bréfi, er m. a. þessi klausa: „Brýnt er að finna lausn á þeim margslungna vanda sem hér er um að ræða“ — þá er ég að tala um Ríkisútvarpið, bygginguna og fleiri mál — „og óskað eftir góðu samstarfi við fjvn. í þessu sambandi.“

Þetta er í raun og veru það sem ég hef fyrst og fremst lagt áherslu á, að allir þættir stjórnkerfisins vinni saman.

En ég tók það fram í ræðu minni áðan, enda væri ekki alveg rökrétt mitt mál ef ég segi ekki hver skoðun mín er, að ég tel að Ríkisútvarpið hafi fullt vald á byggingarsjóðnum. Hins vegar hef ég ekki talið rétt að fara að beita því valdi af einhverri hörku nú á þessari stundu meðan verið er að reyna að samhæfa störf allra þátta ríkiskerfisins, bæði hvað varðar Alþingi og stjórnarráðið og einstakar nefndir á vegum Alþingis og stjórnarráðsins. Það fer ekkert milli mála, að ég tel að útvarpið hafi fullt forræði þessa sjóðs og að það sé mjög óheppilegt að samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir skyldi setja þessi höft á framkvæmdina og sem sagt á fjárræði og forræði sjóðsstjórnarinnar, útvarpsins, og ég vil að það mál verði leyst með góðu, en ef það tekst ekki hef ég leyft mér að minna á það, að ráðh. hlýtur að hafa vald í þessu máli og á að hafa rétt til að nota það fé, sem í sjóðnum er, til þeirra þarfa sem sjóðnum er ætlað að sinna. En ég legg mikla áherslu á gott samstarf í þessu sambandi. Ég tel að fjvn. eigi að fylgjast með þessu máli, vita hver vandinn er og vinna að lausn hans í samstarfi við ríkisstj. rétt eins og siður er í hvert sinn sem fjárlög eru til meðferðar. Ekkert fjárlagafrv. er fullkomið. Ekkert fjárlagafrv. er lagt fram sem einhvers konar lokatilskrift. Það er ekkert „afgert" mál. Það er þingsins að fjalla um fjárlagafrv., og ég held að allir ráðh. verði að leita til þingsins, ekki ég einn, heldur allir ráðh. Þeir vilja eiga samstarf við fjvn. og þurfa að hafa samstarf við fjvn. Menn nálgast fjvn. kannske með mismunandi hætti, en ég hef kosið að gera það með þessu stutta minnisblaði um málefni Ríkisútvarpsins sem ég tel öðrum málum brýnni af þeim málefnum sem heyra undir mitt rn.

Flm. (Markús Á. Einarsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að lýsa ánægju minni með þann hug sem komið hefur fram í máli hæstv. menntmrh. og þeirra hv. þm. sem tekið hafa til máls. Ég túlka ummæli þeirra á þann veg, að þau hafi í öllum meginatriðum verið jákvæð.

Í tilefni ummæla hv. 3. þm. Reykv., Alberts Guðmundssonar, vil ég taka undir að þm. fái að sjá og kynna sér teikningar að útvarpshúsinu. Hann ræddi einnig um að þarna væri e. t. v. um mikið bákn að ræða. Ég vil því undirstrika það, sem ég lét reyndar koma fram í máli mínu áðan, að það hafa vissulega verið gerðar áætlanir um áfangaskipti í þessu efni, þannig að það er ekki við því að búast og e. t. v. ekki eðlilegt að byggingin rísi öll í einum áfanga. Ég nefndi tvo minni áfanga sem gerðar hafa verið áætlanir um og teikningar munu að mestu vera tilbúnar að, alla vega að fokheldu ástandi.

Að lokum vil ég einfaldlega ítreka það sem mér finnst skipta hér máli, að grunnur þessa væntanlega húss er tilbúinn, fjármagn er í öllum aðalatriðum tiltækt og teikningar upp að fokheldu ástandi eru svo til tilbúnar, hver svo sem sá áfangi verður sem valinn verður fyrst. Það er því að mínu mati nærri því ótækt að örfáir menn geti með umræðum um túlkun á hlutverki Framkvæmdasjóðs Ríkisútvarpsins stöðvað þetta mál svo langan tíma sem nú er orðið.

Loksins vil ég benda á að fyrir hv. Alþ. liggur núna till. um merkingaskyldu ríkisframkvæmda. Hvernig skyldi nú skiltið við Háaleitisbrautina verða? Skyldi þar standa: Í þessari holu átti að rísa útvarpshús? Það má aldrei verða, heldur verður sem fyrst að koma þar upp skilti sem á stendur: Hér byggir Ríkisútvarpið útvarpshús.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Umræður utan dagskrár.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Tildrög þess, að ég kveð mér hljóðs utan dagskrár, eru atvik sem ég hef komist í tæri við undanfarna daga.

Við lifum á tímum jafnréttis. Allir tala um jafnrétti og vilja sinna þeim efnum. Hæst ber kröfur kvenna. Samtök kvenna hafa eflst. Konur hafa skynjað betur það misrétti sem þær hafa þurft við að búa til þessa. Djarfhuga konur hafa sótt fram og framkallað úrbætur sem vissulega eru þjóðfélagi okkar til sóma. Þrátt fyrir marga sigra er þó langt í land, ekki aðeins hvað varðar kvenréttindi, heldur og á fleiri sviðum.

Sennilega er skortur á jafnrétti hvergi eins grimmilegur og gagnvart feðrum sem eignast barn í óvígðri sambúð. Má nefna ýmis skelfileg dæmi. Þau eru mörg og eru alltaf að koma upp.

Þessa dagana er í gangi mál af þessu tagi. Barnsfaðir hafði búið með barnsmóður sinni í þrjú ár. Barn þeirra var næstum eins árs þegar þau slitu samvistum. Barnsmóðirin skildi barnið eftir í höndum tengdamóður sinnar er hún hvarf á braut. Hún sótti barnið um hálfum mánuði síðar og kom því í fóstur annars staðar. Af eðlilegum ástæðum sóttist barnsfaðirinn, sem komist hafði í tilfinningasamband við barnið, eftir því að umgangast það. Hann kemst þá að því að það er honum fyrirmunað og að barnsmóðirin hyggst gefa barnið vandalausum. Piltinum brá fyrst er upplýst var að samkv. forneskjulegum íslenskum lögum kæmi honum það í raun ekki við. Réttur hans er enginn. Barnsmóðir má gefa barn sitt án samþykkis barnsföður. Mótmæli duga ekki. Lögin kveða skýrt á um að móðirin ein ráði því, hvað af barninu verður.

Í því dæmi, sem ég er hér að greina frá og er að eiga sér stað þessa dagana, er svo háttað að umræddur barnsfaðir leitar fast eftir því að mega fá barnið til uppeldis. Foreldrar hans bjóða honum aðstoð við uppeldi þess, og foreldrar barnsmóðurinnar gera það einnig. Allir þessir aðilar reka sig á vegg. Rétturinn er samkv. gildandi lögum hjá barnsmóðurinni.

Samkv. upplýsingum, sem ég hef aflað mér hjá félagsráðgjöfum hér í Reykjavík, eru hliðstæð mál til meðferðar alltaf annað slagið. Feðrum er fyrirmunað að umgangast börn sín. Feður þurfa að þola það himinhrópandi ranglæti, að barnsmóðir ein ráði því hvort hún ættleiði barn sitt. Í gildandi ættleiðingarlögum ber að leita umsagnar þess aðila sem eigi þarf að samþykkja ættleiðingu. Sú umsögn skiptir hins vegar engu máli. Barnsmóðir ræður.

Í fyrra féll dómur í Hæstarétti í máli þar sem faðir krafðist umgengnisréttar við dóttur sína. Dómarar Hæstaréttar voru ekki sammála um niðurstöðuna. Meiri hl. féllst á kröfu barnsmóður, sem neitaði barnsföður að umgangast barn sitt. Í niðurstöðu dómsins segir að í lögum nr. 87 frá 1947, er fjalli um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, séu engin ákvæði um rétt föður til umgengni við óskilgetið barn sitt. Þá er áréttað í niðurstöðu dómsins að verulegur munur sé á réttarstöðu

skilgetinna og óskilgetinna barna, sérstaklega að því er varðar afstöðu foreldra þeirra. Í dómsniðurstöðunni segir einnig, með leyfi forseta:

„Það er gömul skipan, að faðir óskilgetins barns hafi eigi umgengnisrétt við barn sitt án samþykkis móður, meðan hún hefur forræði þess. Verður því eigi breytt nema með lögum."

Tveir hæstaréttardómarar skiluðu séráliti í þessu máli og í niðurstöðu annars þeirra, þ. e. Ármanns Snævarr, er vitnað í allöra lagaþróun í þá átt að gera hlut sambúðarfólks að ýmsu leyti svipaðan og hjóna. Þá getur hann þess, að fyrir Alþ. liggi frv. að barnalögum sem þá hafði þrisvar verið lagt fyrir Alþingi.

Áðurgreint frv. hefur nú verið lagt fyrir Alþ. í fimmta sinn. Nú hefur þetta frv. verið margendurskoðað og betrumbætt og tekur af það misrétti sem nú gildir hvað varðar rétt barnsmóður til að gefa barn sitt án samþykkis föður og það veitir barnsföður svokallaðan umgengnisrétt. Er hæstv. dómsmrh. talaði fyrir frv. óskaði hann eftir að afgreiðslu þess yrði flýtt. Nú eru liðnir 18 dagar síðan frv. var vísað til allshn. Nd. Samkv. upplýsingum, sem ég hef aflað mér, hefur það ekki enn verið rætt í n. Frv. liggur óafgreitt meðan fjöldi manns þarf um sárt að binda vegna þeirrar grimmdar sem núverandi lög hafa dæmt þá til að lúta.

Ég greindi frá atburði áðan sem nú er að eiga sér stað. Barnsfaðir sér á eftir barni sínu, sem hann hefur bundist tilfinningaböndum, til vandalausra án þess að fá nokkuð að gert. Móðirin, sem ekkert vill með barnið hafa að gera, gefur barnið. Fjölskylda hennar mótmælir, en fær engu ráðið. Fjölskylda hans mótmælir, en fær engu ráðið. Lögin eru skýr. Barnsfaðirinn er réttlaus.

Þar sem enn er nokkur umþóttunartími áður en gengið verður endanlega frá málum, því að þrír mánuðir þurfa að líða frá því að barn er gefið þangað til það er staðfest, sá ég ástæðu til að reifa þetta mál hér. Ég bið hv. þm. að hafa í huga að ég er ekki að tala um einsdæmi. Þetta er alltaf að ske. Þeir eru fjölmargir sem gera sér grein fyrir þessu misrétti. Það er athyglisvert að undanfarin ár hafa kvenfélög og sambönd þeirra lagt á það feikilega áherslu að frv. að barnalögum verði samþ. Jafnréttisráð hefur og látið málið mjög til sín taka. Hér er ekki um kvenréttindi að ræða. Hér er ekki endilega um karlréttindi að ræða. Hér er um sjálfsögð mannréttindi að ræða.

Að síðustu skora ég á hv. allshn., og þá einkum formann hennar, að flýta afgreiðslu frv. að barnalögum og ég mælist til þess að þingforsetar sjái svo um að málið fái hraða afgreiðslu. Það má ekki bíða lengur.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Ég vil nota þetta tækifæri til að taka undir orð hv. 3. landsk. þm. Hér er stórt mál og alvarlegt á ferðinni. Og ég vil taka undir það, að hér virðist vera um að ræða misrétti gagnvart öðru foreldri, þ. e. í þessu tilfelli föður. Ég vil leyfa mér að hvetja allshn. Nd. til að flýta afgreiðslu frv. til barnalaga svo að það geti fengið eðlilegan framgang í þinginu.

Efri deild, 13. fundur.

Fimmtudaginn 13. nóv., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Þingfararkaup alþingismanna, frv. (þskj. 92, n. 108). — 2. umr.

Alþt. 1980. B. (103. löggjafarþing).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Eins og þm. er kunnugt var kosin í haust þingfararkaupsnefnd með sérstökum hætti. Hana skipa nú forsetar þingsins og formenn þingflokkanna. Var þessari nefnd falið að hafa forgöngu um samkomulag þingflokkanna um frv. það sem hér liggur fyrir til afgreiðslu um þingfararkaup alþm.

Það hafa á vegum þingsins farið fram verulegar umr. um þetta mál innan þingflokkanna. Það frv., sem hér liggur fyrir, er niðurstaða þess samkomulags sem gert hefur verið milli þeirra.

Nefndin hefur fjallað um þetta frv., og eins og hv. þm. er kunnugt eru á þessu efni ýmsar skoðanir innan þingsins, þótt niðurstaðan hafi orðið sú sem hér greinir. Í nefndinni ræddu menn ýmsar greinar frv., en niðurstaðan varð, í ljósi þess hvernig að þessu máli hefur verið unnið og hvernig það er til komið, að mæla með því við hv. d. að það verði samþykkt. Ég ætla þess vegna ekki að hafa langa framsöguræðu fyrir þessu áliti. Hv. þm. Jón Helgason, forseti Sþ., og hv. þm. Helgi Seljan, forseti þessarar deildar, eru fyrstu tveir flm. frv. og í Nd. mun forseti þeirrar deildar, Sverrir Hermannsson, mæla fyrir því. Í framsöguræðu 1. flm. komu fram helstu röksemdir sem liggja að baki því, að nú er farin sú leið að fela Kjaradómi ákvörðun um kjör alþm. með þeim hætti sem greint er í þessu frv.

Ég vil svo í trekaað lokum skilning á tveimur greinum frv.

Í 1. gr. er kveðið á um það, að $^{1}/_{12}$ hluti kaupsins komi til greiðslu 1. hvers mánaðar, og er þar eðlilega átt við $^{1}/_{12}$ hluta árskaups, en ekki heildarkaupsins fyrir kjörtímabilið þó hægt kunni að vera að lesa það út úr samhengi greinarinnar. Rétt er að taka það skýrt fram, að átt er við $^{1}/_{12}$ hluta árskaups. Enn fremur er rétt að ítreka það, eins og kom fram hjá hv. 1. flm. frv., að í 11. gr. er ætlast til þess, að fram fari mat á vinnuframlagi þeirra þm. sem greinin tekur til.

Það er von okkar, að þetta frv. verði til þess að þing og þjóð verði ásáttari með það, með hvaða hætti þessum málum sé skipað, þótt sjálfsagt megi lengi deila um það, hvort þingið eigi að fela aðila utan þings ákvörðunarvald um þetta efni og þá með hvaða hætti, til hvaða atriða slíkt eigi að taka og hvernig beri að ákveða það. En eins og ég gat um áðan var það skoðun okkar nm. eftir umr. um málið á tveimur fundum nefndarinnar að leggja til að frv. yrði samþykkt í óbreyttri mynd.

Hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson var fjarverandi afgreiðslu málsins eins og fram kemur í nál.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—14. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Efri deild, 14. fundur.

Fimmtudaginn 13. nóv., að loknum 13. fundi.

Þingfararkaup alþingismanna, frv. (þskj. 92). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 16. fundur.

Fimmtudaginn 13. nóv., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Viðskiptafræðingar, frv. (þskj. 48). — 1. umr.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég endurflyt hér frv., sem flutt var á síðasta þingi, en fékk ekki afgreiðslu, frv. til l. um rétt manna til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga. Þetta mál skýrir sig að mestu sjálft. Ég vil taka það fram, að frv. er nú flutt með nokkurri breytingu sem m. a. er gerð vegna þess að aths. komu fram á fyrra þingi þegar málið var til umr.

Efni frv. er það sem fram kemur í 1. gr., að rétt til að kalla sig viðskiptafræðinga og hagfræðinga eða nota heiti, sem felur í sér orðið viðskiptafræðingur eða hagfræðingur, hafa þeir menn hér á landi sem fengið hafa til þess leyfi ráðh. Þeir, sem hafa lokið prófi úr viðskiptadeild Háskóla Íslands, þurfa ekki slíkt leyfi ráðh.

Þetta frv. um rétt manna til að kalla sig ákveðnu stöðuheiti er mjög í samræmi við gildandi lög um ýmsar aðrar stöður og ekki óeðlilegt að þetta frv. sé flutt. Það er gert samkv. sérstakri beiðni frá Félagi viðskipta- og hagfræðinga. Hins vegar hef ég orðið við réttmætum ábendingum nokkurra hv. þm. frá því í fyrra um að breyta í 2. gr. hvað það varðar hverjir skuli hafa úrskurðarvaldið um hvaða skólar séu viðurkenndir og hvaða viðskiptafræðingar og hagfræðingar skuli viðurkenndir til þess að njóta þessara starfsheita.

Eins og frv. var upphaflega frá hendi Félags viðskipta- og hagfræðinga mátti segja að valdið væri þeirra megin í því að skera úr um hvaða menn skyldu gjaldgengir í þessu sambandi. En eins og frv. er núna er nægilegt fyrir ráðh. að leita álits Félags viðskipta- og hagfræðinga og ýmissa annarra aðila, sem ráðh. kynni að ákveða, um hverjir skuli njóta þessa starfsheitis. Úrskurðarvaldið er sem sagt ótvírætt í þessu efni í höndum rn., en þó þannig, að leitað sé álits Félags viðskipta- og hagfræðinga. Þetta var áður þannig orðað, að menn fundu að því í umr. í fyrra hversu mikið vald sjálft stéttarfélagið hefði til að ákveða þetta.

Þess munu víst dæmi úr öðrum lögum um rétt manna til að kalla sig tilteknum starfsheitum, að félagsskapur þeirra hefur mikið ákvörðunarvald í þessu. En ég tek undir þær ábendingar sem fram hafa komið, að ekki er ástæða til að halda lengra á þeirri braut, heldur er vissulega miklu eðlilegra að rn. hafi þarna úrskurðarvald.

Eins og menn sjá er þetta frv. ekki mikið að vöxtum og einfalt að efni og ekki ástæða til að hafa um það mörg orð. Ég legg til, herra forseti, að þegar þessari umr. er lokið verði málinu vísað til hv. menntmn.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Örstutt um þetta mál.

Ég er stuðningsmaður þessa litla frv. Það er flutt, eins og kom fram, að beiðni félags hagfræðinga og viðskiptafræðinga.

Ég vil taka það fram, sem mér fannst ekki koma nægilega skýrt fram í framsöguræðu hæstv. ráðh., að þessu starfsheiti fylgja engin sérréttindi. Ég vil leggja á það sérstaka áherslu vegna þess að ég tel varhugavert ef verið er að lögbinda starfsheiti með sérréttindum í lögum. Hér er ekki um það að ræða, heldur fyrst og fremst hitt, að eftir að fjölbrautaskólarnir tóku upp viðskiptasvið var opin leið fyrir þá, sem útskrifuðust þaðan, að kalla sig viðskiptafræðinga. Vegna þess ruglings, sem slíkt kynni að skapa, er eðlilegt að gera mun á stöðuheitum. Það hlýtur að vera til hagsbóta fyrir allan almenning.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 15. fundur.

Mánudaginn 17. nóv., kl. 2 miðdegis.

Útvarpslög, frv. (þskj. 44). — 1. umr.

Flm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Frv. það, sem ég hef leyft mér að flytja til breyt. á útvarpslögum, fjallar um það í stuttu máli, að Ríkisútvarpið fái að nýju tolltekjur af innflutningi sjónvarpstækja og hluta til þeirra.

Ég hygg að ekki þurfi að fara um það mörgum orðum, svo kunnugt er það mönnum, að Ríkisútvarpið hefur lengi átt við fjárhagsörðugleika að etja, mjög verulega örðugleika. Á árinu 1979 var rekstrarhalli Ríkisútvarpsins — sjónvarps 358.5 millj. kr. og rekstrarhalli hljóðvarpsins 86.1 millj. Ljóst er að á yfirstandandi ári stefnir í mjög verulegan hallarekstur hjá stofnuninni, sennilega tvöfaldar tölurnar frá árinu 1979.

Ástæðurnar fyrir þessum mikla halla eru einkum af tvennum toga: Ríkisútvarpið naut lengi vel tekna af aðflutningsgjöldum á sjónvarpstækjum, en það kom upphaflega til á árinu 1964 og var í gildi allt til ársins 1976 þegar það var numið úr lögum. Heimild til að láta þennan tekjustofn renna til Ríkisútvarpsins var numin brott nánast þegjandi og hljóðalaust. Ég hygg að það hafi raunar komið ýmsum hv. þm. á óvart þegar í ljós kom að þá breytingu var búið að gera.

Sem sagt er í þessu frv. gerð till. um að útvarpslög kveði svo á, að Ríkisútvarpið fái þennan tekjustofn að nýju um takmarkaðan tíma.

Ef Ríkisútvarpið hefði notið þessa tekjustofns á árinu 1979 hefði hann fært því um 1157 millj. kr. til uppbyggingar dreifikerfis og til kaupa á tækjum og búnaði.

Í ár er líklegt að tekjur ríkissjóðs af innflutningi sjónvarpstækja nemi um 1 milljarði. Ríkisútvarpið fær ekkert af því fé, en þess í stað er stofnuninni af hálfu ríkissjóðs boðið 450 millj. kr. lán. Þrengri fjárhagur Ríkisútvarpsins hefur komið að verulegu leyti niður á framkvæmdum við dreifikerfið, við dreifingu og styrkingu sjónvarpsdreifikerfisins og svo einnig kaupum á tækjum og búnaði. Framkvæmdir við dreifikerfið hafa verið í algeru lágmarki og það sama gildir um kaup á tækjum til sjónvarpsrekstrarins.

En önnur meginástæðan fyrir þessum fjárhagsvanda Ríkisútvarpsins er sú, að afnotagjöld eru reiknuð inn í vísitölu framfærslukostnaðar og hafa þar með áhrif í átt til kauphækkana ef þau hækka. Þess vegna hefur verið rík tilhneiging hjá stjórnvöldum til að leyfa ekki nema mjög óverulegar hækkanir á afnotagjöldum.

Það er ekki óeðlilegt að gerður sé samanburður á áskriftarverði dagblaða og afnotagjaldi útvarps og sjónvarps. Þegar Ríkisútvarpið hóf göngu sína, fyrir réttum 50 árum í næsta mánuði, var afnotagjald útvarps 30 kr. á ári, en það sama ár var áskriftarverð dagblaðs 24 kr. á ári þannig að útvarpsáskriftin var 6 kr. dýrari en áskrift að dagblaði. Nú er það hins vegar svo á árinu 1980, að samanlagt afnotagjald útvarps og svarthvíts sjónvarps er 59 100 kr., en það er ívið ódýrara en árs áskrift að dagblaði. Þarna hefur því sigið á ógæfuhliðina fyrir þessari stofnun. Ég held að ef menn hugleiða hlutfallið, sem þarna er á milli, sé yfir flestu kvartað í sambandi við útvarp og sjónvarp öðru en því, að afnotagjöldin séu of há.

Hér er sem sagt gert ráð fyrir að útvarpið fái þessar tekjur næstu þrjú ár. Það er miðað við þrjú ár í þeirri von að á þeim tíma fáist eðlileg leiðrétting á afnotagjöldum stofnunarinnar þannig að hún þurfi ekki á mörkuðum tekjustofnum að halda, heldur geti starfað eðlilega innan ramma tekna sinna af afnotagjöldum og auglýsingum.

Um þessar mundir eru uppi áætlanir um húsbyggingu fyrir Ríkisútvarpið. E. t. v. sýnist ekki öllum eitt um þá framkvæmd, en hitt er ljóst, að Ríkisútvarpið — og einkum hljóðvarpið — býr við gersamlega óviðunandi aðstöðu í húsnæðismálum og raunar að því er varðar alla starfsaðstöðu. Þótt byrjað væri á fyrirhugaðri nýbyggingu Ríkisútvarpsins nú strax er alveg ljóst að það mundu líða a. m. k. 3—5 ár þangað til starfsemin gæti flust þangað. Það liggur því fyrir að á næstunni verður að gera ráðstafanir til að leysa húsnæðisvanda Ríkisútvarpsins með einhverjum hætti. Það mun kosta verulegt fjármagn.

Sömuleiðis er líka ljóst, að alveg á næstunni verður að hefjast handa um framkvæmdir við nýja langbylgjustöð. Loftnetsmöstur langbylgjustöðvarinnar á Vatnsenda eru komin mjög til ára sinna, jafngömul útvarpi hér, og eru að mati sérfræðinga að hruni komin og nánast kraftaverk að þau skuli enn standa. Gæti svo farið, ef gerði hér verulegt hvassviðri, að þau stæðust það ekki. Þá væri þessari stofnun illa komið. Ég hef ekki séð birtar neinar áætlanir um hvernig fjármagna skuli byggingu nýrrar langbylgjustöðvar, en þó er alveg óhjákvæmilegt að í það verði ráðist. Það er ekki hægt að búa við þá áhættu sem fylgir því að töluverður hluti landsins verði án útvarps í einhvern ákveðinn tíma, meðan verið er að reisa ný loftnetsmöstur.

Af því, sem ég hef hér rakið, held ég að ljóst hljóti að vera að Ríkisútvarpið er fjárhagslega aðkreppt stofnun og valda því aðgerðir stjórnvalda, sem annars vegar hafa numið brott fasta tekjustofna og hins vegar synjað um eðlilegar hækkanir afnotagjalda.

Það eru gerðar miklar kröfur til útvarpsins. Það á í senn að vera eitt mesta menningartæki þjóðarinnar og ekki síður öryggistæki í þágu allra landsmanna. Það er sannarlega ekki vansalaust hvernig að þessari stofnun hefur verið búið. Þessi breyting er í þá átt hugsuð að bæta fjárhag og stöðu útvarpsins og stuðla þannig að því að það megi betur þjóna hlutverki sínu sem menningarstofnun allra landsmanna.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og menntmn.

Umr. frestað.

Neðri deild, 17. fundur.

Mánudaginn 17. nóv., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Alexander Stefánsson): Mér hefur borist svohljóðandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Sjálfstfl. í Vest-

urlandskjördæmi Valdimar Indriðason framkvæmdastjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Friðjón Þórðarson,
2. þm. Vesturl."

Valdimar Indriðason hefur áður átt sæti á Alþingi og þarf því ekki að rannsaka kjörbréf hans. Ég býð hann velkominn til starfa.

Þingfararkaup alþingismanna, frv. (þskj. 92). — 1. umr.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. á þskj. 92, frv. til l. um þingfararkaup alþingismanna. Okkur hefur borist þetta frv. frá hv. Ed., sem afgreiddi málið fyrir skemmstu, en þar náðist mjög góð samstaða um þetta mál.

Frv. og undirbúningur þess var unnið af þingfararkaupsnefnd, en hún var kosin nú með þeim sérkennilega hætti að hana skipa forsetar Alþingis ásamt með formönnum þingflokka. Þetta hefur verið unnið vandlega og vel vandað að undirbúningi málsins og allir þingflokkar hafa fylgst náið með því og tekið þátt í undirbúningnum þannig að óhætt er að hafa skammar signingar nú þegar mælt er fyrir því.

En frv. er þess efnis, að héðan í frá skuli laun og kjör alþm. ákveðin af Kjaradómi. Hingað til, eins og menn þekkja, hafa launin verið miðuð við ákveðin launaflokk í kerfi opinberra starfsmanna eða starfsmanna ríkisins, hin síðari árin hjá starfsmönnum í Bandalagi háskólamanna á vegum ríkisins, en þingfararkaupsnefnd haft með höndum að úrskurða um önnur kjör. Við samþykkt þessa frv., verður í lög tekið að þessi atriði skuli öll heyra undir Kjaradóm til úrskurðar.

Annað í þessu sambandi er óþarft að taka sérstaklega fram. Úrskurður Kjaradóms skal að jafnaði gilda frá 1. okt. til 30. sept. ár hvert, en nú í fyrsta skipti er ákvæði til bráðabirgða um að hann skuli gilda frá 1. maí í ár til 30. sept. næsta ár.

Ég legg svo til, herra forseti, að máli þessu verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari umr. og fjh.- og viðskn.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Ég vil fyrst lýsa yfir stuðningi við þetta frv. sem hv. þm. Sverrir Hermannsson hefur mælt fyrir.

Ég vil rifja það upp, að fyrir allmörgum árum upphófst nokkur gagnrýni á kjaramál þm. Af minni hálfu var það aldrei gagnrýnt út af fyrir sig, að þm. hefðu of há laun. Ég er þeirrar skoðunar, að þm. eigi að hafa há laun. Og af hverju eiga þeir að hafa há laun? Það er til þess að þeirra peningalega staða sé þannig að þeir séu engum háðir. Af þeim ástæðum eiga þm. að hafa há laun.

Það, sem var gagnrýnt, var svo hins vegar allt annað. Það var í fyrsta lagi gagnrýnt að þm. skyldu ákveða laun sín sjálfir. Það er vond regla og verður ævinlega til þess að varpa á Alþingi villandi ljósi. Það, sem einnig var gagnrýnt, voru skattamál — sú staðreynd að hlunnindi, sem þm. fengu, bílastyrkir og annað slíkt, voru ekki færð inn og út á skattaskýrslum. Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir kvaddi sér hljóðs utan dagskrár, að mig minnir fyrir ári eða tveimur, um þessi efni. Ég hygg að þetta hafi nú verið lagfært og er það af hinu góða. Í þriðja lagi var það gagnrýnt á sínum tíma að þm. fengu greitt fyrir ferðir sem þeir sannanlega fóru ekki. Því var komið svo fyrir a. m. k. í einu kjördæmi þessa lands, — ég vil nefna það, það var Vesturlandskjördæmi, — að menn fengu reiknaðan meðaltalskostnað af leiðinni Reykjavík-Stykkishólmur-Reykjavík og fengu þetta greitt 24 sinnum. Þetta er náttúrlega aðferð sem mig langar til að nota stór orð yfir, en stilli mig um. Og í fjórða lagi var það gagnrýnt, og ég veit ekki hvort hæstv. samgrh. kynni einhverju við það að bæta, en það var altalað, að menn flygju í kjördæmi sín, en legðu fram bensínnótur í staðinn. Hver einasti hv. þm. veit við hvað er átt í þessum efnum. Svo var komið þegar verðbólgan hér var meira nýjabrum og ekki óðaverðbólga, að menn voru orðnir gersamlega siðlausir og skynlausir á hvað heimilt væri í þessum efnum.

Ég vil hins vegar segja að ég met mikils þann kjark sem fram hefur komið í málflutningi hv. þm. Sverris Hermannssonar um þessi mál. Ég veit að honum finnst Alþ. vera hálfaumingjalegt þegar það hefur afsalað sér þessu valdi. Og aldrei hef ég heyrt að hann hafi með einum eða neinum hætti misnotað aðstöðu sína. Hann hefur þvert á móti verið baráttumaður fyrir tilteknu grundvallarsjónarmiði sem Alþ. skyldi hafa.

Saga þessa máls er sú, að sá, sem fyrstur flutti hér frv. um Kjaradóm, var hv. þm., sem þá var, Gylfi Þ. Gíslason. Við Eiður Guðnason endurfluttum þetta frv., þegar við komum hér inn á þing, mjög snemma á 100. löggjafarþinginu árið 1978. Þá fékk það ekki hljómgrunn. Þegar launamál þingmanna komust í hnút eina ferðina enn s. l vor gerði hæstv. forsrh. þessa hugmynd að sinni og sparkaði þá drengilega aftan í samþingismenn sína og vildi nú að málin væru lögð í Kjaradóm.

Þetta er auðvitað tilraun. Alþ. getur hvenær sem er tekið þessi mál að sér aftur ef það svo kýs. Ég vil aðeins minna á það, um hvaða gagnrýni liðinna ára hefur snúist. Sumt hefur verið fært til betri vegar. En ég endurtek, herra forseti, að ég styð þetta frv.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða efnislega það frv. sem hér liggur fyrir, en vegna orða síðasta hv. ræðumanns vil ég láta koma skýrt fram að það voru missagnir í ræðu hans. Ég skal ekki fullyrða hvort missagnir hafa verið á mörgum stöðum, en mér er kunnugt um að það var hv. fyrrv. þm. Ellert B. Schram sem samdi og var flm. ásamt Gylfa Þ. Gíslasyni að frv. varðandi þingfararkaup alþingismanna, eins og skýrt og greinilega kom fram í umr. um það mál á þeim tíma, þegar hv. þm. Vilmundur Gylfason og Eiður Guðnason endurfluttu þá till. með lítils háttar breytingum.

Þetta vildi ég láta koma skýrt fram þannig að allir fái maklega um sig mælt í bókum Alþingis. Hitt er svo annað mál, að ég er einn þeirra sem studdu það grundvallaratriði sem síðasti hv. ræðumaður ræddi um, og ég fagna því eins og hann, að nú skuli langflestir þm. vera komnir á sömu skoðun og fyrrv. hv. þm. Ellert B. Schram hafði og bar fyrstur fram á sínum tíma í frv.-formi á Alþingi.

Jósef H. Þorgeirsson: Herra forseti. Það er örstutt aths. út af máli hv. þm. Vilmundar Gylfasonar.

Hann lét þess getið í ræðu sinni að þm. Vesturl. fengju greiddar 24 ferðir á leiðinni Reykjavík-Stykkishólmur-Reykjavík. Ég kannast ekki við þessa reglu og mótmæli henni harðlega. Þeir þm. Vesturl. sem ég hef haft samband við núna, kannast ekki heldur við þessa reglu. Það

er því ekki að furða að næsti þáttur í ræðu þm. fjallaði um siðleysi. Það var vel að vonum.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að ræða þetta frv. við 1. umr. þar sem till. er komin um að því verði vísað til hv. fjh.- og viðskn., en þar á ég sæti og fæ tækifæri til að láta þar í ljós skoðanir mínar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv. (þskj. 38). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 27 shlj. atkv.

Viðskiptafræðingar, frv. (þskj. 48). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til menntmn. með 29 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 79). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 28 shlj. atkv.

Kjarasamningar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, frv. (þskj. 39). — Frh. 1. umr.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Við framsögu þessa máls gaf hæstv. fjmrh. ærin tilefni til að mál þetta verði rætt á víðara grundvelli en efnið að öllu jöfnu gefur ástæðu til. Annars vegar ræddi hann frv., sem til umr. er, mjög afmarkað, en fór síðan í að ræða orsakir þeirra samninga sem að baki samkomulagsins um frv. eru, um hve góðir samningarnir við BSRB væru og um áhlaup ríkisstj. á verðbólguna. Hæstv. ráðh. ræddi jafnframt um verðbólguna almennt og efnahagsráðstafanir ríkisstj., sem hann kvað til þessa hafa verið framkvæmdar af ríkisstj., og taldi jafnframt upp undir fjórum töluliðum hverjar þær leiðir hefðu verið sem farnar hefðu verið til þessa. Fjórði liðurinn í aðgerðum ríkisstj. gegn verðbólgunni var svokallaðir frjálsir samningar opinberra starfsmanna og hæstv. fjmrh. Að mati hæstv. ráðh. eru þessir samningar efnahagsráðstöfun.

Það er ærin ástæða fyrir hv. þd. að nýta tækifærið, sem hæstv. ráðh. gefur með yfirlýsingum þessum, til umr. um öll þessi mál, því það hefur verið nær ómögulegt til þessa að fá nokkrar upplýsingar hjá hæstv. ráðh. og hjá hæstv. ríkisstj. í heild um einstaka þætti þessara mála eða um fyrirhugaðar ráðstafanir ríkisstj. í efnahagsmálum, sem þó hafa verið margboðaðar og mjög ítarlega í stefnuræðu hæstv. forsrh. En áður en ég kem að því eru hér nokkrar fsp. sem mig langar til að leggja fyrir hæstv. ráðh. varðandi efnisatriði málsins sjálfs.

Það, sem um er að ræða, er að gerðir hafa verið samningar og hæstv. ríkisstj. eða hæstv. fjmrh. fyrir hennar hönd hefur tekið að sér að tryggja framgang þessa frv. í deildum Alþ. til staðfestingar þeim samningi sem hann gerði við opinbera starfsmenn þess efnis, að ég tel að sumu leyti að jaðrað geti við skerðingu þeirra réttinda sem stjórnarskrá Íslands kveður á um. En varðandi eignarrétt í þessu máli leyfir hæstv. ráðh. sér, án þess að ræða nokkuð við forsvarsmenn eða eigendur þeirra stofnana sem frv. getur um, að semja við þriðja aðila um stöðu þessara stofnana, um rekstur þeirra og fjárhag. Það tel ég hefði átt að vera lágmarkskurteisi af hæstv. ráðh. og fulltrúum hans að ræða við þá aðila sem sjálfseignarstofnunum stjórna og eru í sumum tilfellum fulltrúar eigenda.

Með frv. er verið að samþykkja kvaðir á þessar stofnanir sem ekki liggur neitt fyrir um hvernig eigi að mæta eða leysa. Að vísu segir í 1. gr. frv. um kjarasamninga BSRB að til þurfi að koma samþykki viðkomandi stofnana. Ég leyfi mér að fullyrða að þegar um er að ræða önnur eins réttindi og fríðindi og er að finna í samningum opinberra starfsmanna fyrir það fólk sem ekki nýtur t. d. sambærilegra lífeyrisréttinda og þeir búa við, þá er auðvitað útilokað fyrir þessar stofnanir að standa gegn óskum starfsfólks um að taka þátt í og fá hlutdeild í slíkum fríðindum. Þetta hefur verið hægt og hefur verið gert fram til þessa, en það hefur verið gert á þann hátt, að viðkomandi stofnanir hafa notað heimildarrétt t. d. til aðildar að lífeyrissjóði og viðkomandi stofnanir hafa orðið að skrifa undir yfirlýsingu þess efnis, að þær væru reiðubúnar að greiða endurkröfu vegna verðtryggingarinnar frá ríkissjóði eða Tryggingastofnun ríkisins, sem fer með stjórn viðkomandi lífeyrissjóðs í þeim tilfellum sem þekkst hafa til þessa. Af illri nauðsyn hefur verið staðið á móti þessum réttindum fyrir þá sem ekki eiga lagalegan eða samningslegan rétt til þessa, en auðvitað hafa margir úr röðum þeirra, sem starfa á slíkum stofnunum, átt þennan rétt, læknar, a. m. k. sumir þeirra, hjúkrunarkonur og ýmsir sérmenntaðir aðilar sem eiga hlut að. Nú mun að sjálfsögðu vaxa ásókn í að fá þessa aðild, en ég sé ekki enn þá að nokkur möguleiki sé á að mæta þeirri ásókn nema hæstv. ráðh. hafi líka gert ráðstafanir til þess að koma á móti auknum kostnaði sem af því leiðir.

Þá má benda á atvinnuleysisbæturnar, sem eru sjálfsögð mannréttindi fyrir það fólk sem við stofnanir þessar starfa eins og alla aðra í þjóðfélagi okkar. Meðan við búum við það kerfi, sem þessar stofnanir búa við, verður að sjálfsögðu að gera ráð fyrir því, hvernig eigi að mæta þeim kostnaði sem ætlað er að geti fallið á þessar stofnanir vegna atvinnuleysisbóta. Gert er ráð fyrir í frv. að ef eigandinn er annaðhvort ríkið sjálft í sameign við sveitarfélag eða sveitarfélögin falli kostnaður þeirra á skattborgarana í báðum tilfellum, en ég veit satt að segja ekki hvert hæstv. ráðh. ætlar að þessi kostnaður eigi að falla hjá sjálfseignarstofnunum sem sumar hverjar verða að búa eingöngu að því fé sem kemur inn í vistgjöldum fólks sem borgar fyrir sig sjálft að öllu leyti eða stórum

hluta, en meginhluti tekna kemur frá slíku fólki, en lítill hluti frá sjúkratryggingum ríkisins, enda eru þær greiðslur ekkert annað en greiðslur fyrir veitta þjónustu, eins og hæstv. ráðh. einnig yrði að greiða fyrir ef hann t. d. færi í ferðalag og dveldi á hóteli.

Það eru þessi tvö atriði sem mér finnst að hæstv. ráðh. þurfi að útskýra nánar hér í hv. deild áður en málið fer til nefndar eða nefndin kanni nánar með hliðsjón af því sem ég hef sagt.

Ég skal viðurkenna fúslega að það hefur gengið nokkuð vel á liðnum árum að útskýra fyrir þeim, sem fara með þessi mál, erfiðleika þessara stofnana, og þar á ég við daggjaldanefnd. En staðreyndin er sú, að daggjaldanefnd er ekki ein í ráðum. Það er hæstiréttur yfir daggjaldanefnd sem úrskurðar um svokölluð daggjöld, ríkisstj. sjálf. Þar á meðal er hæstv. fjmrh., sem hvað þyngstur hefur verið fyrir þegar þurft hefur að leita til hæstv. ríkisstj. um að koma á móti verðbólguauka þeirra gjalda og til viðbótar þeim gjöldum sem sjúkratryggingarnar eiga að borga. Betri skilningur hjá daggjaldanefnd hefur m. a. fengist af því að þeir hafa betra upplýsingastreymi frá viðkomandi stofnunum og þeir hafa fallist á, sem er ekki aðeins skoðun, heldur staðreynd, að allt annað líkan verði að setja upp fyrir slíkar stofnanir en t. d. fyrir spítala á höfuðborgarsvæðinu eða sjúkrahús úti á landi. Það er allt önnur uppbygging á rekstrinum, það er allt önnur skipting á starfsfólki.

Það tók nokkur ár að koma viðkomandi ráðh. í skilning um að láglaunastefna hlýtur að hafa miklu meiri áhrif á rekstur þeirra stofnana sem eru að meginhluta til með láglaunafólk á lista sínum yfir launagreiðslur. Það er ekki nema eðlilegt að aðgerðir, sem beinast sérstaklega að því að bæta kjör þessa fólks, láglaunafólksins, komi hvað þyngst niður á slíkum stofnunum. Ég hef áður bent á, og hef reyndar bent á það bæði fyrr og síðar, að auðvitað er ekki hægt fyrir þessar stofnanir að standa á móti því að viðkomandi fólk, ef það hefur nokkurn möguleika á því að ná til þeirra góðu kjara sem um er að ræða hjá opinberum starfsmönnum, fái aðild að þeim góðu kjörum sem það fólk býr við, og vega lífeyrisréttindin þar mest.

Til viðbótar þessu hlýtur sú spurning að vakna, hvort baksamningar hafi verið gerðir um að starfsmenn ákveðinna starfsgreina hjá sjálfseignarstofnunum, sem BSRB hefur samið fyrir á ríkisspítölunum, verði að gerast meðlimir í félögum BSRB. Sá ótti hefur komið upp. Ég bendi á að í viðkomandi stöðum hafa oft og tíðum verið aðilar sem tilheyra félögum sem eru innan ASÍ eða jafnvel í félögum hjá öðrum landssamtökum. Ég hef ekki trú á því, að þetta sé svona, en gott væri ef n. vildi láta heyra frá sér varðandi þetta atriði til þess að það valdi ekki misskilningi út í frá.

Það, sem kom fram í ræðu hæstv. ráðh. varðandi 1. gr. frv., er að með samþykkt þessa frv. sé verið að áskilja samþykki viðkomandi stofnana við því, að þær afhendi hæstv. fjmrh. umboð til þess að semja fyrir sína hönd við samtök starfsmanna. Þetta eiga stofnanirnar að gera á sama tíma og þær hafa enga tryggingu fyrir því neins staðar frá, að neitt fjármagn komi á móti, að stofnanirnar fái neinar tekjur til að mæta þeim aukna kostnaði sem hæstv. ráðh. semur um. En það vita auðvitað allir, að þetta kemur nær því af sjálfu sér hjá þeim stofnunum sem eru í eigu ríkisins eða sveitarfélaganna.

Í ræðu sinni svaraði hæstv. ráðh. aðfinnslum sem höfðu komið fram í sambandi við mál sem var á dagskrá nokkru á undan, en í þessari ræðu tók hæstv. ráðh. undir þær aðfinnslur sem fram höfðu komið frá hv. 10. þm. Reykv. Friðrik Sophussyni, varðandi fátæklegan búnað slíkra frv. til staðfestingar brbl. frá ríkisstj., ekki aðeins þessari ríkisstj., heldur á hverjum tíma, þar sem þær grg., sem fylgdu frv., væru ákaflega lítils virði til þess að fá upplýsingar um hvert í raun og veru væri verið að fara með viðkomandi frv. Má vera að sumar af þeim spurningum, sem ég hef leyft mér að bera hér fram, séu einmitt fram bornar vegna þess að hvorki í frv. né ræðu hæstv. ráðh. hafi verð að finna nægar skýringar á viðkomandi atriðum.

Þessu næst sneri hæstv. ráðh. sér að því að ræða um kjarasamningana sem þátt í efnahagslegum aðgerðum. Hann sagði m. a. að þessir samningar hefðu ótvírætt marga kosti frá efnahagslegu sjónarmiði, hér hafi verið um hóflega samninga að ræða. Það er rétt, að hér er um að ræða mjög hóflega samninga þegar haft er í huga að kaupmáttur þessa fólks, eins og allra annarra á þessu landi, hefur verið að skerðast stórlega síðustu misserin — ekki aðeins frá því að þessi hæstv. ríkisstj. tók við völdum, heldur og ekki síður frá því að sú ríkisstj. tók við völdum sem lofaði því og gekk til kosninga og sigraði í kosningum á grundvelli þess, að kaupmátturinn skyldi ekki verða minni en hann varð eftir samningana 1977, svokallaða sólstöðusamninga.

Það vita auðvitað allir, hvernig þetta hefur farið, en þó mun ég koma aðeins að því síðar. En um leið og hæstv. ráðh. viðurkennir að þessir launajöfnunarsamningar hafi mikla virkni fyrir viðkomandi aðila, þá vitna ég aftur til þess sem ég sagði áðan um sjálfseignarstofnanirnar, sem frv. fjallar um, að þeir hljóta þá að hafa langmestu áhrifin á þær stofnanir sem eru með innan sinna vébanda 85—90% af starfsfólkinu í svokölluðum láglaunaflokkum.

Hæstv. ráðh. kom inn á það í umræðum sínum um efnahagsmál almennt, að verðbótavísitalan nú mældi ekki jafnmikla hækkun og framfærsluvísitalan, og kom réttilega inn á það líka, að þetta væri vegna þess að miðað væri við að ekki kæmu til framkvæmda inn í framfærsluvísitöluna allar breytingar sem yrðu á viðskiptakjörum. Það væru auðvitað nokkrir liðir sem væru dregnir frá við útreikning verðbótavísitölunnar. Þetta er, eins og hv. þm. muna, eitt af ákvæðum svokallaðra Ólafslaga sem allir vinstri flokkarnir, Framsfl., Alþfl. og Alþb., hrósuðu hvað mest og allir vildu þá Lilju kveðið hafa, ekki síst Alþfl., og má segja að Alþb. hafi gengið á hæla þeirra í því að hrósa þessum lögum. Í sjálfu sér má segja að það, sem hafi unnist með þessum lögum, hafi fyrst og fremst verið að staðfesta klókindi hæstv. páv. forsrh., Ólafs Jóhannessonar, sem vann frækinn sigur með því að fá þessi lög samþykkt, en þau voru einmitt í anda skoðana hans, Geirs Hallgrímssonar, Gunnars Thoroddsens o. fl. ráðh. sem áttu sæti í ríkisstj. 1974—1978 og héldu margoft fram að einmitt slíkar lagfæringar þyrftu að fást fram, breytingar á verðbótavísitölunni. En það var ekki fyrr en í stjórn komu Alþb. og Alþfl. að Ólafi Jóhannessyni tókst að ná þessu fram. Áður var það ekki hægt vegna þeirra sem ráða í verkalýðshreyfingunni. Þeir gátu ekki hugsað sér og töldu af hinu illa allt það sem gert yrði til breytinga á þessari verðbótavísitölu.

Niðurstaðan er sú, eftir að þetta kerfi er búið að vera í gangi, og er öllum augljós eins og hæstv. ráðh. viðurkenndi, að þetta kemur ekki aðeins niður á lág-

launafólki, heldur á öllum launamönnum. En að sjálfsögðu hlýtur það að koma hvað þyngst niður á þeim sem eru með lægstu launin. Það liggur í hlutarins eðli. Hinir launaháu verða síður varir við þá skerðingu sem af þessu hlýst. En ósköp er hjákátlegt að hlusta á það hér á hv. Alþ., að einn af frumkvöðlum þess, þm. sem stóð fyrir því ásamt flokksbræðrum sínum að koma ríkisstj. 1974—78 frá, skuli hafa gripið til sömu aðgerða og þá hefðu verið boðaðar af ráðh. og stuðningsþingmönnum þeirrar ríkisstj., að hann skuli hafa gripið til þess að telja það af hinu besta sem gert var, þvert ofan í sín fyrri orð, og standa nú upp á Alþ. og hrósa því sem hefur náðst út úr þessum aðgerðum, þessum ákvæðum Ólafslaga, þ. e. um rýrnandi og stórminnkandi kaupmátt launa vegna versnandi viðskiptakjara. Öðruvísi mér áður brá.

Nú sagði hæstv. ráðh. líka í þessari sömu ræðu að verðbólgan væri á fullri ferð niður á við. Það eru alveg furðulegir talnaleikir sem hafa verið viðhafðir í sambandi við þetta atriði. Í Þjóðviljanum 13. nóv. segir m. a. efnislega á þessa leið: Verðbólgan er á niðurleið, hún var 61% í fyrra, en 51% nú. Og síðan eru reiknaðir síðustu þrír mánuðirnir. Það eru teknar með í þann útreikning allar niðurgreiðslurnar, sem nema tugum milljarða króna, og framreiknað síðan til heils árs, og síðan leyfir hæstv. ráðh. sér — og reyndar ríkisstj. í heild — að fullyrða að verðbólgan sé á fullri ferð niður á við. Aðrar eins blekkingar hafa líklega sjaldan komið fram hér á hv. Alþ. eins og þessar fullyrðingar, sem hafa verið bæði í stuðningsblöðum ríkisstj. og hjá hæstv. ráðh. í sambandi við stöðu verðbólgunnar í dag.

Það var mjög góð skýring á þessu í Alþýðublaðinu fyrir skömmu og kemst nú ekki oft mikið fyrir í því blaði, en þetta komst þó í litla rammagrein á forsíðu blaðsins, þar sem á þetta var bent m. a., með leyfi forseta:

„Á seinustu fimm mánuðum í ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar árið 1979 hækkaði framfærsluvísitalan um 27%. Það þýðir 80% verðbólgu, framreiknað til heils árs. Næstu fimm mánuði í tíð minnihlutastjórnar Alþfl. hækkaði framfærsluvísitalan um 16—17%. Það þýðir 44% verðbólgu á heilu ári. Niðurstaðan er því sú, að á þeim rúma meðgöngutíma sem ríkisstj. Gunnars Thoroddsens hefur setið við völd, hefur hraði verðbólgunnar aukist úr 44% í 51% miðað við sambærilegar forsendur. Hraði verðbólgunnar hefur m. ö. o. aukist um tæplega fjórðung. Það er nú öll niðurtalningin."

En það hefur auðvitað komið í ljós í sambandi við þessar fullyrðingar, að öll markmið og allar áætlanir ríkisstj. um niðurtalninguna — um að verðbólgan mundi minnka og mundi verða þetta og þetta á ákveðnum tímum, ekkert af því hefur staðist. Nú síðast var ætlað að hún ætti að verða miklu minni en nú er, og það er meginmálið. En það er ekki meginmál, eins og virðist vera hjá hæstv. fjmrh., hvort hún sé 10.5, 11 eða 11.5% á einhverju ákveðnu tímabili. Samkvæmt stefnu ríkisstj. og með þeim aðgerðum, sem hæstv. ríkisstj. hefur gert til þessa, átti hún að vera miklu minni. Og það hefur brugðist. Eins hafa brugðist allar áætlanir þeirra í öll þau skipti sem verðbólguna átti að telja niður og hún átti að fara niður á við. Og það er meginmál.

Auk þess hefur auðvitað aldrei verið gegnið framar í þeirri ósvífni sem hefur oft og tíðum verið sýnd launafólki á Íslandi með blekkingum í sambandi við verðbætur launa eða vísitöluna sem liggur þar til grundvallar. Það hefur aldrei verið jafngegndarlaust reynt að svíkja og falsa þessa vísitölu til þess að koma í veg fyrir að þær launahækkanir, sem í kjölfarið áttu að koma, næðu fram. Þetta hefur verið gert m. a. með því að greiða niður kjöt sem ekki hefur verið til. Það hafa verið haldnar skyndiútsölur á smjöri og seld hundruð tonna, aðeins til þess að geta sýnst, til þess að sýndarmennskan gæti verið enn um sinn við völd í þessu þjóðfélagi og haldið áfram á sama hátt og hún byrjaði.

Það er að sjálfsögðu full ástæða til þess og Alþ. á fulla kröfu á að fá skýringar frá hæstv. ríkisstj. á því, hvaða leiðir ríkisstj. ætli að fara upp úr áramótunum í efnahagsaðgerðum sínum. Ríkisstj. hefur gefið út yfirlýsingar um að margar þýðingarmiklar og áhrifamiklar efnahagsaðgerðir muni fylgja í kjölfar myntbreytingarinnar um áramót, sem ein út af fyrir sig — eins og hér hefur margoft verið bent á — hefur nákvæmlega ekkert að segja í sambandi við baráttuna við verðbólguna, alls ekki neitt, og hefur ekkert upp á sig annað en kostnað fyrir þjóðarbúið í heild ef ekki fylgja einhverjar aðgerðir.

Það er sjálfsögð krafa, að nú láti ríkisstj. eitthvað heyra í sér áður en þessi mánuður líður. Síðari hluta þessa mánaðar eru að koma hingað til þings í Reykjavík fulltrúar um 53 þús. launþega víðs vegar að af landinu, sem hafa þá staðreynd fyrir framan sig, m. a. úr yfirlýsingu hæstv. fjmrh., að kaupmáttur hefur stórrýrnað í stjórnartíð núv. hæstv. ríkisstj., þrátt fyrir það að þessir ráðh. hafi komist í stjórn m. a. með stuðningi þessa sama fólks sem er að koma til ASÍ-þings í haust og kemur á fjögurra ára fresti, þeir hafi komist til valda í þjóðfélaginu meðfram vegna stuðnings einstaklinganna þar og vegna misnotkunar á einstökum verkalýðsfélögum innan heildarsamtaka verkalýðsins, sem jafnframt voru misnotuð af þessum sömu herrum óbeint. Það hefur verið gert óbeint í gegnum alla þá mútupakka sem hafa verið á ferðinni í þessu þjóðfélagi á undanförnum árum. Þeir hafa verið þar samhliða ágætum félagsmálapökkum.

Ég skal, herra forseti, láta þessu máli lokið, vil þó aðeins benda á eitt atriði til viðbótar úr ræðu hæstv. fjmrh. — eða reyndar fjögur: þau atriði sem hæstv. fjmrh. taldi til efnahagsaðgerða ríkisstj. fram að þessu.

Fyrsta efnahagsaðgerðin, sagði hæstv. ráðh., var að samþykkja fjárlög á s. l. ári. Verðbólgan hefði átt að vera komin ofan í núll því að það voru samþ. eða lögð fram tvenn fjárlög, meira að segja Alþfl. tókst að koma fram fjárlagafrv., en aldrei heyrði ég þá tala um það í forsendum fyrir því frv., að þeir væru sérstaklega að kveða verðbólguna í kútinn, enda held ég að allir, sem hafa fylgst með málum hér á hv. Alþ. á liðnum árum og efnahagsaðgerðum sem ríkisstj. á hverjum tíma hafa orðið að gera, viðurkenni að samþykkt fjárlaga er í sjálfu sér ekki efnahagsaðgerð. Að vísu geta fjárlög haft ákveðið stjórnunargildi. En fjárlög verður og á auðvitað að samþykkja á hverju ári, þannig að þetta var ekkert kraftaverk hjá hæstv. ríkisstj., henni bar lagaleg skylda til að fá samþykkt fjárlög. En fjárlög þau, sem voru samþykkt hér á Alþ. fyrri hluta þessa árs, voru verðbólgufjárlög, verðbólguhvetjandi í einu og öllu. Þótt innan ramma fjárlaga sé getið um niðurgreiðslur sem stöðvuðu um sinn framgang verðbólgu eða kannske rétt á meðan verið er að reikna út vísitölu launa, er ekki hægt að segja að það sé einhver sérstök aðgerð, efnahagsleg aðgerð í baráttunni við verðbólguna. Þetta er hinn mesti misskilningur.

Önnur efnahagsaðgerðin, sem hæstv. ráðh. gat um að

hann og hæstv. ríkisstj. hefðu afrekað á liðnu ári, var samþykkt skattalaga á s. l. vori. Hann hafði orðrétt, með leyfi forseta, þessi orð yfir eftir að hann hafði getið um þessar tvær efnahagsaðgerðir sínar:

„Ef hvorugt þessara mála hefði náð fram að ganga vegna allsherjarstjórnleysis hér á Alþ. og í þjóðfélaginu, þá býst ég við að efnahagsástandið mundi vera allmiklu verra en það er."

Ja, sei, sei. Það hefði bara verið algert stjórnleysi ef þetta hefði ekki verið samþykkt! Undir þetta getum við allir tekið heils hugar.

Heldur hæstv. fjmrh. virkilega að Alþingi Íslendinga hefði ekki komið saman fjárlögum án hans og þessarar hæstv. ríkisstj., að ég tali nú ekki um vegna þess að fullsmíðað fjárlagafrv. lá fyrir? Eða heldur hæstv. fjmrh. að Alþingi Íslendinga hefði ekki getað samþykkt þau skattalög sem þeir segja, þegar aðfinnslur eru uppi um núgildandi skattalög, að hafi verið samþykkt í tíð ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar og Gunnars Thoroddsens og Ólafs Jóhannessonar? Þurfi hins vegar að hrósa þeim eru þau gerð og samþykkt af núv. hæstv. ríkisstj. Sá sannleikur, sem í þeirri gagnrýni og hrósi hins vegar liggur, er að þau skattalög, sem voru samþykkt í stjórnartíð Geirs Hallgrímssonar, voru miðuð við að staðgreiðslu skatta yrði komið á, en nú er mikilvægum atriðum núgildandi skattalaga haldið óbreyttum frá því þá án þess að taka þá höfuðstaðreynd til greina.

Þriðja stóraðgerðin í efnahagsmálum, sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur framkvæmt á liðnu ári að mati hæstv. fjmrh., er að undirbúin var lánsfjáráætlun sem — eins og hann sagði — varðar vissulega verulega miklu fyrir allt efnahagslífið. Nú hef ég átt sæti á þingi um tveggja áratuga skeið og um langt árabil hefur verið samin og samþykkt hér á Alþ. svokölluð lánsfjáráætlun. Ég hef aldrei heyrt það fyrr, að þessi lánsfjáráætlun væri talin til mikilvægustu efnahagsaðgerða. Þetta er eitt af stjórnunartækjum ríkisstj. á hverjum tíma og það er bundið í lögum að samþykkja lánsfjáráætlun, svo að það verða allar ríkisstj. að gera, en að þetta sé einhver sérstök efnahagsaðgerð fæ ég ekki séð. Ekki eins og hún kom úr garði þeirra sem að henni unnu.

Að síðustu var fjórða aðgerðin í efnahagsmálum kjarasamningarnir við opinbera starfsmenn og sú mikla vinna sem í þá var lögð. Ég hef nokkuð getið um hlut þeirra og þau áhrif sem þeir hafa. Það hefur tekist með harmkvælum að ná fram fyrir aðra launþega í landinu hluta þess sem opinberir starfsmenn fengu í sínum samningum, aðeins hluta, vegna þess að þeir eiga alls ekki kost á og það er útilokað að þeir eigi kost á því að ná fram þýðingarmestu atriðunum sem opinberir starfsmenn njóta í sínu launakerfi, og þar á ég að sjálfsögðu við hinn verðtryggða lífeyrissjóð. Það er margt annað sem allur þorri launamanna í landinu nýtur ekki þótt opinberir starfsmenn njóti þess. Og það eru fleiri en ég sem telja að þeir samningar, sem gerðir voru nú milli opinberra starfsmanna og hæstv. fjmrh., hafi enn teygt bilið sem þegar þótti ærið á milli almennra launamanna annars vegar og svo opinberra starfsmanna hins vegar. Og satt að segja sé ég ekki fram úr því hvernig má ná þessum endum saman þannig að láglaunafólk í þessu landi megi vel við una, það fólk sem hvað frekast ætti að búa við verðtryggðan lífeyri í þessu landi. Ég held að það væri full ástæða til fyrir hæstv. ríkisstj. að reyna að ná höndum saman við alla aðila hér á þingi, ekki aðeins eigin flokksbræður, heldur stjórnarandstöðuna líka, til að ráða fram úr þessu mikla vandamáli. Ég minni enn einu sinni á það — ég hef gert það áður úr ræðustól á Alþ. — ég minni enn á það frv. sem tvívegis var lagt fram hér á Alþ. af þáv. þm. Guðmundi H. Garðarssyni, sem ég persónulega er sannfærður um að er þannig úr garði gert að það getur leyst þann vanda sem að er stefnt að leysa, enda veit ég að tillögur hans í þessum málum eiga mjög vaxandi fylgi að fagna innan verkalýðshreyfingarinnar.

Herra forseti. Að síðustu vil ég enn aðeins minna á að nú hafa verið lagðar fram tvær fsp. til hæstv. forsrh. hér á Alþ. um það, hvort ríkisstj. ætli að skýra annars vegar Alþingi og hins vegar fulltrúaþingi 53 þús. launþega frá því, í hverju hinar eiginlegu efnahagsaðgerðir ríkisstj. verði fólgnar upp úr áramótunum, sem ríkisstj. hefur lofað. Ég tel að þessir aðilar eigi kröfu á því, að ríkisstj. láti vita um í hvaða formi sú kjaraskerðing og kaupmáttarrýrnun eigi að verða sem nú er unnið að innan hæstv. ríkisstj. að koma á. Mér finnst að það eigi að vera svo mikill mannsbragur á þessum mönnum, að þeir geti komið og rætt þetta við viðkomandi aðila, þótt ég hins vegar hafi ekki þá trú á núv. hæstv. forsrh., að hann hafi kjark eða þor forsrh. 1958 sem kom þá á Alþýðusambandsþing sællar minningar. Hins vegar getur hæstv. ríkisstj. svarað bæði hér á þingi og tilkynnt þinginu sjálfu hvað sé fyrirhugað. Annars tel ég óhjákvæmilegt að Alþýðusambandsþing sjálft annaðhvort fresti sínu þinghaldi fram í marsmánuð eða að það samþykki að kalla saman nýtt þing í þann mund er þessar ráðstafanir birtast hjá hæstv. ríkisstj., þannig að löglega kjörnir fulltrúar alls þessa mikla fjölda eigi kost á því að taka afstöðu til þeirra á þingi sínu, hvort sem það heitir framhaldsþing eða aukaþing.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv.

Framleiðsluráð landbúnaðarins, frv. (þskj. 60). — 1. umr.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta til l. um breyt. á lögum nr. 15 1979, um breyt. á lögum nr. 101 1966, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarafurðum o. fl., er flutt til þess að leita staðfestingar Alþingis á brbl. sem gefin voru út hinn 23. júní s. l.

Áður en ég hef að skýra efni frv. tel ég rétt að rifja það upp, að á síðari árum höfum við átt í vaxandi erfiðleikum við að ná viðunandi verði fyrir landbúnaðarafurðir okkar erlendis. Þetta á þó einkum við um mjólkurafurðir því nú er svo komið, að fyrir flestar tegundir af ostum fáum við á Bandaríkjamarkaði aðeins sem svarar vinnslukostnaði, en þá um leið ekkert upp í framleiðslukostnað. Hvað snertir sauðfjárafurðir er staðan nokkuð önnur þar sem við fáum í kringum 35% af framleiðslukostnaði fyrir þær vörur erlendis. Þessar erfiðu markaðsaðstæður stafa auðvitað fyrst og fremst af þeirri miklu verðbólguþróun sem staðið hefur á Íslandi í fjölda ára og þó einkanlega nú á síðasta áratug. Framleiðslukostnaðurinn hefur vaxið miklu hraðar hér innanlands heldur en unnt hefur verið að mæta með verðhækkunum erlendis.

Á sama tíma hefur það gerst, að neysla landbúnaðarvara innanlands hefur ekki fylgt eftir fjölgun þjóðarinnar, og raunar má segja að í neyslu á flestum tegundum landbúnaðarafurða hafi orðið samdráttur á síðari árum, einkum þó á nýmjólk og smjöri. Forustumönnum bændasamtakanna hefur verið þessi þróun ljós og jafnframt hefur þeim verið ljós nauðsyn þess að bregðast við þessu ástandi. Þannig höfðu forustumenn bændasamtakanna óskað eftir því allt frá árinu 1972, að fá lögfestar heimildir í framleiðsluráðslögum sem beita mætti til áhrifa á framleiðsluþróun.

Síðari hluta vetrar 1979 voru samþykkt lög á Alþingi um breyt. á lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins sem fela í sér allvíðtækar heimildir til Framleiðsluráðs landbúnaðarins og bændasamtakanna til þess að hafa áhrif á framleiðslu búvara. Lögin heimila í fyrsta lagi að ákveða mismunandi verð á búvöru til framleiðenda, t. d. á þann veg að skerðing komi á verð fyrir ofan tiltekið framleiðslumagn, eins og gert var ráð fyrir í tillögum svokallaðrar sjö manna nefndar. Enn fremur er heimilt að ákveða framleiðendum fullt grundvallarverð fyrir tiltekinn hluta framleiðslunnar, en útflutningsverð fyrir það sem þar er umfram, og er þar átt við svokallað kvótakerfi. Þá er heimilt með samþykki ríkisstj. að greiða hluta af niðurgreiðslu til framleiðenda í samræmi við framleiðslumagn, allt að ákveðnu marki, en síðan lækkandi eftir því sem framleiðsla vex þar fyrir ofan. Einnig er heimilt, svo sem verið hafði í lögunum, að innheimta framleiðslugjald til verðjöfnunar, en tekið upp að það mætti vera mishátt eftir bústærð ef ástæða þætti til. Heimilt var að nota samtímis ofangreindar heimildir. Í lögunum var enn fremur veitt heimild til þess að leggja sérstakt gjald á innflutt kjarnfóður, en sú heimild var miklum takmörkunum háð sem gerðu lagaákvæðin mjög erfið í framkvæmd.

Aðalfundur Stéttarsambands bænda og Framleiðsluráð landbúnaðarins ákváðu á árinu 1979 að velja þá af þessum leiðum sem kölluð hefur verið kvótakerfi. Síðan hefur verið unnið að útfærslu á þessu kerfi og hefur sú vinna reynst meiri og erfiðari en flestir höfðu gert ráð fyrir í upphafi. Fljótt komu í ljós vankantar á kvótakerfinu sem lagaheimildir var talið skorta til að hægt væri að sneiða hjá. M. a. af þessum sökum var ákveðið að gefa út þau brbl. sem hér eru í frumvarpsformi lögð fyrir Alþingi.

Margar fleiri ástæður lágu til þeirrar ákvörðunar. Frv. og brbl. fela einkum í sér tvö efnisatriði. Í fyrsta lagi rýmkaðar heimildir til að mæta sérstökum ástæðum einstakra bænda, þegar greitt er mismunandi verð til framleiðenda eða beitt kvótakerfi. Einkum er um að ræða heimildir til að rýmka ákvæði kvótakerfisins hjá þeim sem höfðu nýlega hafið búskap eða lagt í miklar fjárfestingar og bjuggu við mikla fjármagnsbyrði. Margar fleiri ástæður gátu orðið þess valdandi, að nauðsynlegt var að rýmka ákvæði kvótakerfisins. Hafa þær komið í ljós eftir því sem áfram þokar þeirra vinnu sem lögð hefur verið í þetta kerfi. M. a. eru það sérstök áföll, sem menn hafa orðið fyrir, og fleira sem ekki verður rakið hér.

Í öðru lagi er í lögum þessum heimild til að leggja á allt innflutt kjarnfóður sérstakt gjald sem má vera allt að 200% af innkaupsverði vörunnar. Jafnframt eru veittar heimildir til þess að endurgreiða gjaldið að hluta eftir reglum sem Framleiðsluráð landbúnaðarins ákveður. Í brbl. eru ákvæði til bráðabirgða þar sem landbrh. er heimilað við gildistöku laganna að ákveða að leggja gjald á innflutt kjarnfóður þótt ákvörðun fulltrúafundar Stéttarsambands bænda um það efni liggi ekki fyrir, en aðalregla laganna er sú, að þær aðgerðir, sem gripið er til, séu eftir tillögum Framleiðsluráðs og í samræmi við samþykkt fulltrúafundar Stéttarsambands bænda.

Þegar í stað var ákveðið að nota heimildir laganna um kjarnfóðurgjald að fullu. Jafnframt var gefin út reglugerð um breytingu á reglugerð við framleiðsluráðslögin til samræmis við þær lagabreytingar sem brbl. fólu í sér. Reglugerðinni var enn breytt 29. ágúst, einkanlega í þá átt að gera ákvæði um undanþágur frá kjarnfóðurgjaldi skýrari og einnig að setja skýrari ákvæði um greiðslufrest og annað þess háttar er lýtur að innheimtu kjarnfóðurgjaldsins.

Eins og lögin gera ráð fyrir annast Framleiðsluráð landbúnaðarins framkvæmd þeirra. Var Framleiðsluráði þegar tjáð að nauðsynlegt væri að ákveða þegar endurgreiðslur eða undanþágur að hluta á kjarnfóðurgjaldi til þeirra sem stunda alifuglarækt og svínakjötsframleiðslu. Í reglugerð segir þó um undanþágur frá gjaldinu eða endurgreiðslu, að endurgreiðslan skuli þó að jafnaði vera innan þeirra marka, að niðurgreiðslur erlendis hafi ekki áhrif á söluverð á kjarnfóðri innanlands.

Samtímis þessum aðgerðum ritaði ég bréf til Framleiðsluráðs landbúnaðarins þar sem mælst er til þess, að fé það, sem innheimtist samkv. brbl. verði m. a. notað til að létta verðskerðingu kvótakerfisins þannig að fullt verð fáist fyrir fyrstu 300 ærgildisafurðir hvers bónda á lögbýli.

Nokkrar breytingar hafa orðið á framkvæmd laganna frá því þau voru sett. Í fyrstu var ákveðið að framleiðendur svínakjöts og alifugla og eggjaframleiðendur skyldu greiða 50% gjald af innfluttu fóðri. Þetta gjald var sem næst í samræmi við það ákvæði reglugerðarinnar, að að jafnaði skyldu niðurgreiðslur Efnahagsbandalagsins á fóðri, sem flutt er til Íslands, ekki hafa áhrif á verð þess hér innanlands.

1. ágúst var ákveðið að lækka þetta hlutfall í 40% frá og með 5. ágúst, sem var að nokkru leyti til samræmis við það, að lækkun hafði orðið á niðurgreiðslum Efnahagsbandalagsins á fóðri sem selt var til Íslands. Þá var samþykkt á aðalfundi Stéttarsambands bænda dagana 30. ágúst til 2. sept. að leggja til við Framleiðsluráð, að kjarnfóðurgjaldið yrði lækkað í 33.3%, og gerðar tillögur um eins konar kjarnfóðursskömmtun. Hefur kjarnfóðurgjaldið verið í samræmi við þetta frá 1. sept. s. l. og ákvörðun um þá hlutfallstölu verið staðfest til bráðabirgða.

Ástæður fyrir því, að nauðsynlegt var að leggja á kjarnfóðurgjald, eru margar. Í fyrsta lagi eru það markaðsaðstæður sem ég vék nokkuð að í upphafi ræðu minnar. Þrátt fyrir 6.8% fækkun mjólkurkúa haustið 1979 varð samdráttur í mjólkurframleiðslunni fyrstu 10 mánuði verðlagsársins 1979—80 aðeins 2.1%, en fyrstu 10 daga júnímánaðar kom 11% meiri mjólk til Flóabúsins — sem er langstærsta mjólkurbúið — heldur en á sama tíma í fyrra. Óvenjuleg árgæska var um land allt og heyskaparhorfur góðar. Verð á innfluttu kjarnfóðri var sennilega lægra en það hefur verið nokkurn tíma áður miðað við verð á nýmjólk. Þannig var meðalverð á kjarnfóðri 136 kr. í verðlagsgrundvelli landbúnaðarins 1. júní s. l., en verð á mjólkurlítra 306 kr. Það gat því

a. m. k. verið veruleg hvatning til þess fyrir bændur að nota kjarnfóður meira en góðu hófi gegndi til þess að framleiða sumarmjólk, en hún hefur skapað meginhlutann af þeim vanda sem við hefur verið að etja í mjólkurframleiðslunni og sölu mjólkurvara á síðustu árum. Að sumarlagi verður til stærsti hlutinn af vinnsluvörum mjólkurinnar sem þessum vandamálum hafa valdið. Þessar vinnsluvörur er ekki hægt að flytja úr landi fyrir hærra verð en svo, að rétt dugar fyrir vinnslukostnaði þegar best lætur, eins og áður er sagt. Þessi verðhlutföll mjólkur- og fóðurvara ásamt mikilli árgæsku hefðu getað sett af stað nýja sveiflu til aukningar í mjólkurframleiðslu sem hefði valdið stórvandræðum ef af hefði orðið.

Hið lága verð á innfluttu kjarnfóðri dró líka mjög úr viðleitni og hneigð til að bæta og auka innlenda fóðurframleiðslu og hefði kippt stoðunum undan rekstri grasköglaverksmiðjanna, ef ekki hefðu önnur ráð komið til, svo og valdið erfiðleikum í rekstri fóðurblöndunarstöðva sem reknar eru fyrir blöndun á innlendu fóðri.

Ég vil sérstaklega taka fram, að ég tel að það sé með öllu óeðlilegt að niðurgreiðslur Efnahagsbandalags Evrópu á fóðri, sem okkur Íslendingum eru óviðráðanlegar hafi áhrif á framleiðsluhætti hér á Íslandi og dragi úr möguleikum þeirra framleiðslugreina sem að mestu leyti nota innlent fóður. Við Íslendingar þurfum ekki síður en aðrar þjóðir að nota þau gæði, sem land okkar býður, og efla og bæta innlenda framleiðslu, enda þótt eðlilegt sé að leggja upp úr fjölbreytni í framleiðslugreinum þótt til þess þurfi að halda uppi nokkrum innflutningi. Ef við hefðum á hinn bóginn þurft að halda áfram að flytja inn niðurgreitt fóður frá Efnahagsbandalagslöndunum án gjaldtöku værum við í raun að létta þau framleiðsluvandamál, sem þessar þjóðir eiga við að etja, um leið og við værum að taka á eigin herðar þyngri bagga, sem gerðu vandamál landbúnaðarins erfiðari úrlausnar. Framleiðsla og markaðsvandamál íslensks landbúnaðar voru ærin fyrir þótt við værum ekki á þann veg að taka að okkur að hjálpa til við að leysa þau vandamál sem aðrar þjóðir eiga við að etja.

Þau vandamál, sem eru samfara erfiðum markaðsaðstæðum fyrir framleiðslu búvara, eru ekkert séríslenskt fyrirbæri og margar þjóðir Vestur-Evrópu eiga við svipuð vandamál að etja. Í ágúst s. l. gafst mér kostur á að kynna mér aðferðir Norðmanna við að hafa hemil á og beita stjórnun við mjólkurframleiðslu. Þær aðferðir þóttu mér nokkuð athyglisverðar.

Norðmenn hafa notað svokallað bónuskerfi þar sem greiddur er bónus, allt að 7 aurum norskum á hvern lítra mjólkur, þeim sem draga úr framleiðslu sinni eða halda henni í sama horfi og verið hefur. Jafnframt taka þeir gjald af kjarnfóðri, sem er það hátt að kjarnfóðurverð er 15% hærra en mjólkurverð á hvern lítra. Ef þetta gilti hjá okkur væri verð á kjarnfóðri, miðað við mjólkurverð 1. okt. s. l., 391 kr. Jafnframt er fyrirhugað hjá Norðmönnum að hækka kjarnfóðurgjaldið þannig að kjarnfóðurkíló verði 30—50% dýrara en 1 lítri mjólkur. Væri þessi regla tekin upp hér yrði fóðurverð hjá okkur, miðað við verð á mjólk 1. okt. s. l., 442—510 kr. á kg eða nokkuð sambærilegt við það, sem nú væri með 200% gjaldi á innflutt fóður, og þó heldur hærra. Þessar aðgerðir Norðmanna miða auðvitað að því að vernda innlenda fóðurframleiðslu, hafa hemil á mjólkurframleiðslunni og auka innlenda fóðurnotkun. Norðmenn hafa ekki útilokað það að grípa til kvótakerfis, ef þær aðgerðir sem hér hafa verið raktar að framan, duga ekki. En þeir létu þess getið, að það væri sú aðferð sem þeir vildu forðast í lengstu lög.

Það er auðvitað enginn gleðiboðskapur að leggja á kjarnfóðurgjald og slík ákvörðun verður ævinlega umdeild, en það var þó nauðsynlegt miðað við þær aðstæður sem voru ríkjandi á s. l. sumri. Það sýndi sig einnig að þessi leið er ákaflega virk til áhrifa á framleiðsluþróun, a. m. k. í mjólkurframleiðslu.

Talið er að samdráttur mjólkurframleiðslu á verðlagsárinu 1979—80 hafi verið 6 millj. lítra eða 5.2% þegar árið er talið í heild, en ég hafði áður getið þess, að samdráttur fyrstu 10 mánuði verðlagsársins var aðeins 2.1%. Á hinn bóginn urðu umskipti í framleiðslumagninu við það að kjarnfóðurgjaldið var lagt á, sem sýnir að það hefur verkað. Það hafði þau áhrif, sem að var stefnt, að halda aftur af framleiðsluaukningu á sumarmjólkinni og átti þátt í að draga hana saman. Í júlímánuði varð innvegin mjólk hjá ýmsum mjólkurbúum landsins þannig 10—15% minni en var á sama tíma í fyrra, og svipuð þróun hefur haldist síðan, þó þannig að í október hefur framleiðslan dregist enn meira saman hlutfallslega eða sem nemur 10.2%, sem er nokkuð mikið og meira en gert hafði verið ráð fyrir að mundi verða. Það er því augljóst að hafa þarf fulla gát á því, að framleiðsla á mjólk fari ekki um of niður. Enda þótt októbermjólkin hafi orðið lítil að þessu sinni er enn ekki ástæða til að ætla að samdráttur í mjólkurframleiðslunni sé að nálgast hættumörk.

Það er augljóst að kjarnfóðurgjald gefur mjög rýmilegt svigrúm til þess að mæta breytilegum aðstæðum í framleiðslu og hafa snögg og virk áhrif á framleiðslumagnið eftir því sem þróun framleiðslu og markaðsaðstæður gefa tilefni til. Enn fremur var það hlutverk kjarnfóðurgjaldsins að létta verðskerðingu kvótakerfisins, einkanlega á minni búunum, um leið og brbl. höfðu inni að halda ákvæði sem gerðu mögulegt að sníða af ýmsa mikla ágalla þessa kerfis sem komu í ljós við vinnslu málsins.

Kjarnfóðurgjaldið leggur ekki höft eða bönn á bændur. Allir eru sjálfráðir að því, hvað þeir kaupa af fóðurbæti með háu gjaldi eða hvort þeir spara við sig kjarnfóðurgjöf og nota meira heimafengin gæði. Með kjarnfóðurgjaldi er á engan hátt vegið að sjálfstæði íslenskra bænda. Mér er hugleikið að sjálfstæði og sjálfræði þeirra skerðist sem allra minnst við þær aðgerðir sem gripið er til til framleiðslustjórnunar.

Segja má að 33% gjald sé ekki ákaflega áhrifaríkt til stjórnunar eða líklegt til að hafa mikil áhrif á framleiðslu mjólkur. Ég hygg þó að miðað við það ástand sem nú er, að mjólkin hefur farið svo niður sem raun er á, sé gjaldið nógu hátt.

Við framkvæmd þessara laga hefur Framleiðsluráð ákveðið greiðslufrest til að greiða fyrir því, að þeir, sem annast innflutning og sölu á fóðri, eigi auðveldara með að mæta þessum ráðstöfunum. Vegna þessa greiðslufrests liggur enn ekki mikið fyrir um hvað kjarnfóðurgjaldið mun nema hárri upphæð á þessu ári. Það er í raun og veru að byrja að innheimtast í þessum mánuði og ekki enn hægt að gefa glöggar upplýsingar um hvað inn kann að koma vegna þessa gjalds. Þó er talið að frá því að gjaldið var lagt á eða frá 24. júní til júlíloka hafi gjaldið numið sem svarar 140—160 millj. kr.

Framleiðsluráð hefur lýst áhuga sínum á því að verða

við þeim tilmælum, sem beint var til þess um leið og lögin voru sett, að létta verðskerðingu af sem svarar 300 ærgildisafurðum hjá hverjum bónda á lögbýli, en Framleiðsluráð hefur þó tekið ákvörðun um að fyrstu 1000 millj., sem inn koma af kjarnfóðurgjaldinu, verði notaðar til að endurgreiða verðjöfnunargjald og verðskerðingu á mjólkurframleiðslu. Það þarf talsverðar fjárhæðir til að geta greitt að fullu fyrstu 300 ærgildisafurðir hvers bónda, en m. a. þess vegna hefur ríkisstj. ákveðið að beita sér fyrir því, eins og komið hefur fram á Alþ. fyrr, að 1700 millj. verði varið á lánsfjáráætlun næsta árs til að mæta halla á útflutningi. Verður það fé þá væntanlega notað í þessu skyni til viðbótar því sem inn kemur vegna kjarnfóðurgjalds.

Ég vil taka það fram, að ég tel að nauðsynlegt sé fyrir okkur Íslendinga, bæði fyrir bændastéttina og þjóðina í heild,að laga framleiðslu búvara að markaðsaðstæðum. Ég hef skýrt þær aðstæður nokkuð í örfáum orðum að því er snertir mjólkurframleiðsluna, þar sem erlendi markaðurinn hefur í raun og veru hrunið af ástæðum sem flestir þekkja og rakið hefur verið að nokkru. En við þurfum að hafa í huga að þær samdráttaraðgerðir, sem gripið er til, mega ekki verða til þess að gengið sé of langt. Það þarf að fara að í þessum efnum með hófsömum hætti eftir að sýnilegur árangur hefur fengist af þeim aðgerðum sem gripið er til.

Ég vil taka það fram, að samdráttaraðgerðir í búvöruframleiðslu hafa ekki einungis í för með sér erfiðleika fyrir bændur og landbúnaðinn. Það er þegar farið að sjást að þær hafa einnig í för með sér erfiðleika fyrir úrvinnslustöðvarnar, fyrir mjólkurbúin og fyrir ýmis þjónustufyrirtæki sem sinna landbúnaðinum sem atvinnuvegi. Ef um verulegan samdrátt verður að ræða munu afleiðingar þess samdráttar koma fram í erfiðri stöðu slíkra fyrirtækja.

Ég hef getið hér um hvernig þessi mál standa nú hvað snertir mjólkurframleiðsluna. Rétt er að minnast þess í því sambandi, að haustið 1979 fækkaði mjólkurkúm um 6.8%, nautgripum í heild heldur meira, og er eðlilegt að það komi fram í minnkandi framleiðslu.

Í sauðfjárframleiðslunni hefur einnig orðið samdráttur á þessu ári. Hustið 1979 fækkaði sauðfé í landinu um 11% eða um nálægt 95 þús. fjár, og að þessu sinni hefur orðið um verulega fækkun á sláturfé að ræða. Samkv. bráðabirgðatölum er reiknað með að heildarslátrun dilka í haust hafi orðið um 824 200 eða 139 þús. dilkum færra en í fyrra. Dilkar reyndust verulega þyngri í haust en á s. l. hausti dilkakjötsframleiðslan hefur ekki rýrnað nálægt því eins mikið og tala sláturdilka bendir til. Er talið nú að dilkakjötið, sem komið hefur til sláturhúsanna, hafi numið 12 070 tonnum, en var í fyrra 12 540 tonn. Meðalþungi dilka er talinn hafa verið í haust 14.64 kg, en var í fyrra 13.03 kg. Heildarmagn af kindakjöti, sem vigtað hefur verið inn hjá sláturleyfishöfum í haust, mun hafa verið nálægt 13 380 tonnum á móti 15 156 tonnum haustið 1979, sem sýnir að 1776 tonnum minna af kindakjöti kemur á markað í haust en í fyrra. Ástæða er til að vekja athygli á því, að hér er um bráðabirgðatölur að ræða, en þessar tölur sýna einnig að miklu meiri munur er hvað snertir kjöt af fullorðnu á þessum tveimur haustum en hvað dilkakjötið snertir, sem er eðlilegt miðað við þá fækkun sem varð í stofninum á síðasta hausti.

Ég hef látið þá skoðun í ljós, að ég telji nauðsynlegt, ef við ætlum að halda uppi byggð um landið allt, eins og ég held að öll þjóðin stefni að, og miðað við að við þurfum að draga saman mjólkurframleiðsluna þannig að hún nálgist það að mæta innanlandsmarkaði, þá sé nauðsynlegt að halda sauðfjárstofninum í svipuðu horfi og verið hefur því ella mundi samdrátturinn valda of miklum erfiðleikum fyrir bændastéttina, fyrir úrvinnslufyrirtækin og fyrir þjónustugreinar sem sinna landbúnaði. Sú keðja erfiðleika, sem svo mikill samdráttur mundi hafa í för með sér, hlyti að leiða til þess að okkur tækist ekki að halda byggð með svipuðum hætti og nú er og við stefnum að að verði í landi okkar.

Þessar skoðanir hef ég margoft látið í ljós. Ég tel að í öllum þessum málum þurfum við að fara að með hófsemd og ekki stefna að því að gera erfiðleikana meiri en ástæða er til, en við getum þó þurft að grípa til skjótvirkra ráðstafana sem verða til þess að við náum þeim markmiðum sem við höfum stefnt að, eins og gert var í sumar til að draga úr framleiðslu mjólkur miðað við þær aðstæður sem þá voru og ég hef hér lýst.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa um frv. fleiri orð. Ég leyfi mér, herra forseti, að óska eftir því, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 20. fundur.

Þriðjudaginn 18. nóv., kl. 2 miðdegis.

Styrkur til bygginga orlofsheimila verkalýðssamtakanna, fsp. (þskj. 22). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Áður en ég sný mér að hinni efnislegu hlið fsp. þykir mér rétt að geta þess, að fyrir u. þ. b. 20 árum var á fjárlögum ákveðinn styrkur til orlofsheimilis verkalýðssamtakanna. Þar var átt við eitt heimili sem Alþýðusamband Íslands hafði þá fyrirhugað að byggja. Það var á þessum sama tíma, þegar núv. hæstv. forsrh. gegndi störfum fjmrh., að texta þessarar fjárveitingar var breytt í fjárlagaundirbúningi á þann veg, að þetta væri styrkur til orlofsheimila, ekki bundinn við neitt eitt heimili og ekki bundinn við ein verkalýðssamtök, heldur öll þau verkalýðssamtök sem stæðu fyrir og í slíkum byggingum.

Við afgreiðslu fjárlaga á yfirstandandi ári, en þau voru samþykkt 2. apríl s. l., var veitt til þessara mála, til bygginga orlofsheimila verkalýðssamtakanna, 80 millj. kr. Daginn eftir, 3. apríl, sendi ég fyrir hönd sjómannadagssamtakanna í Reykjavík og Hafnarfirði umsókn til félmrn. um styrk af þessu framlagi til byggingar þjónustuhúss, sem verið er að byggja í orlofshúsahverfi þessara samtaka í Grímsnesi, en þar er nú 21 orlofshús sem sjómannafélögin allt frá Akranesi til Grindavíkur eiga, ásamt húsum sem samtökin sjálf eiga. Þetta hús er stórt og glæsilegt og það er bara eftir að tengja vatn og annað þess háttar núna, húsið er nær fullgert.

Ekki var hægt að verað við þessari ósk, en í bréfi 24. júní, sem er undirskrifað af einhverjum Backman, skrifað fyrir hönd ráðh., segir svo, með leyfi forseta:

„Þann 3. apríl s. l. barst félmrn. bréf frá yður þar sem þess er óskað, að sjómannadagssamtökunum í Reykjavík og Hafnarfirði sé veittur styrkur úr þeirri fjárveitingu

á fjárlögum ársins 1980 sem ætluð er til orlofshúsa verkalýðssamtaka.

Ráðuneytið verður því miður að tilkynna yður það hér með, að ekki hefur reynst unnt að verða við þeirri beiðni, sérstaklega með tilliti til þess, að þegar var búið að gera ráð fyrir ákveðinni skiptingu fjárins á grundvelli tillagna frá ASÍ. Þess í stað hefur félmrn. snúið sér til sjútvrn. um möguleika á því, að yður verði veittur styrkur úr gengismunarsjóði, og stendur sú athugun yfir. Er yður vinsamlegast bent á að snúa yður að sjútvrn. vegna þessa erindis."

Þótt ekki hafi verið rætt um þetta bréf sérstaklega við hæstv. félmrn., þá er bersýnilegt að við þurfum ekki að fá nein ráð úr félmrn. til þess að tala við aðila í sjútvrn., enda var ekki verið að sækja um eitt eða neitt þangað, heldur úr þessum sameiginlega sjóði sem hv. Alþingi Íslendinga hefur samþykkt að veita úr til þessa málefnis. Og ef það eru einhverjir aðilar úti í bæ sem eiga að skipta þessu sé ég ekki annað en að Alþ. verði að taka upp annan hátt á þessari úthlutun og fjvn. sjálf verði að úthluta þessu fé til umsækjenda.

Fsp. mín á þskj. 22 er í sex liðum, og ég sé ekki ástæðu til að vera að lesa fsp. upp, en hún fjallar um það efnislega, ef þm. hafa ekki fsp. hjá sér, hverjir hafi fengið þetta fé á árunum 1979 og 1980 og á hvaða byggingarstigi o. s. frv. viðkomandi byggingar eru.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Hv. 1. landsk. þm. hefur borið fram fsp. til mín varðandi styrki til byggingar orlofsheimila verkalýðssamtakanna, og veiti ég við þeirri fsp. eftirfarandi svar:

1) Til byggingar orlofsheimila verkalýðssamtakanna voru í fjárlögum veittar 48 millj. kr. árið 1979 og 80 millj.kr. árið 1980. Í fjárlagafrv. ársins 1981 er gert ráð fyrir 112 millj. í þessu skyni.

2) Árið 1979 fengu þessir aðilar styrki: ASÍ vegna Ölfusborga 10 millj. kr., Alþýðusamband Vestfjarða vegna orlofsbúða í Vatnsfirði 10 millj. kr., Alþýðusamband Norðurlands vegna Illugastaða 10 millj. kr., Alþýðusamband Austfjarða 10 millj.kr., orlofsbúðir Svignaskarði 5 millj. kr., Hið íslenska prentarafélag 1.5 millj. kr., Múrarafélag Reykjavíkur 1.5 millj. kr. Samtals 48 millj. kr.

Um það leyti sem fjárlög höfðu verið afgreidd var ákveðin eftirfarandi skipting á framlögum þessa árs:

ASÍ 15 millj. kr., Alþýðusamband Vestfjarða 11 millj. kr., Alþýðusamband Norðurlands 20 millj. kr., Alþýðusamband Austfjarða 20 millj. kr., orlofsbúðir Svignaskarði 11 millj. kr., Hið íslenska prentarafélag 3 millj. kr. Samtals 80 millj. kr.

Ekki er unnt að gera nákvæma grein fyrir byggingarstigi umræddra framkvæmda hvort ár fyrir sig. En verkefni þau, sem þessir styrkir fóru til, voru samkvæmt upplýsingum aðila í stórum dráttum sem hér segir:

1) ASÍ: Ríkisstyrkurinn hefur farið til uppbyggingar Ölfusborga. Þeirri uppbyggingu er nú lokið hvað varðar einstök orlofshús, en þau eru 37. Eftir er að byggja upp svokallaða heildaraðstöðu sem fyrirhuguð hefur verið frá upphafi samkvæmt skipulagi orlofssvæðisins. Þær framkvæmdir, sem nú eru á dagskrá, eru m. a. lagfæring útivistarsvæðis. Fjárframlög eigenda eru talin hafa numið 78 millj. kr. árið 1979, en 83 millj. kr. árið 1980.

2) Alþýðusamband Vestfjarða: Framlag til Alþýðusambands Vestfjarða hefur farið til uppbyggingar orlofsbyggingar í Vatnsfirði. Þeirri uppbyggingu er ekki lokið hvað varðar einstök orlofshús eða heildaraðstöðu. Eftir er að ganga frá umhverfi þeirra 14 húsa sem þegar hafa verið byggð. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um byggingu fleiri orlofshúsa á svæðinu, en samkvæmt skipulagi eiga þau að verða 30 talsins. Framlög eigenda eru talin hafa numið 230 millj. kr. árið 1979, en 50 millj. kr. á þessu ári.

3) Alþýðusamband Norðurlands: Fé því, sem komið hefur í hlut Alþýðusambands Norðurlands, hefur verið varið til þess að múrhúða svonefnt kjarnahús og ganga frá ýmsum lagfæringum orlofssvæðisins að Illugastöðum. Á árinu 1979 varð kjarnahúsið fokhelt og lokið var við byggingu sex nýrra sumarhúsa en á þessu ári hefur kjarnahúsið verið gert tilbúið undir tréverk og múrhúðað. Enn fremur hefur næsta umhverfi verið lagfært. Á svæðinu hefur þegar verið byggt 31 orlofshús. Auk ríkisframlags var varið 84 millj. kr. til smíði nýrra orlofshúsa og framkvæmda við sameign á árinu 1979. Ekki liggur fyrir endanleg tala um kostnað við framkvæmdir á þessu ári.

4) Alþýðusamband Austurlands: Framlag það, sem kom í hlut Alþýðusambands Austurlands á árinu 1979, var notað til þess að standa straum af hönnunarkostnaði 19 nýrra orlofshúsa að Einarsstöðum á Fljótsdalshéraði, en 11 hús hafa þegar verið byggð þar. Þessa árs styrkur hefur ekki verið notaður enn sem komið er, en honum verður varið til framkvæmda við hin fyrirhuguðu orlofshús sem ráðgert er að hefjist á næstunni. Um leið og framkvæmdir hefjast eiga félögin að greiða 25% af áætluðum kostnaði, en hann var áætlaður 15 millj. kr. á hvert orlofshús. Síðan eiga félögin að greiða eftir því sem framkvæmdum miðar.

5) Orlofsbúðir Svignaskarði: Styrknum, sem kom í hlut orlofsbúða að Svignaskarði 1979, var varið til þess að greiða kostnað við lagningu þriggjafasa raflínu að orlofshúsunum, en nægjanlegt rafmagn fékkst ekki með þeirri einfasa línu sem fyrir var. Félögin 19, sem í hlut eiga, greiddu sjálf vegna þessara framkvæmda 10.6 millj. kr. Þessa árs styrkur hefur allur farið í framkvæmdir til fegrunar umhverfis orlofshúsanna, til gerðar útivistarsvæða og vegagerðar. Reiknað er með því, að kostnaður vegna framkvæmda á þessu ári verði nálægt 19 millj. kr. og framlag félaganna verði því um 8 millj. kr. Að Svignaskarði hafa þegar verið byggð 30 orlofshús.

6) Hið íslenska prentarafélag: Framlag það, sem Prentarafélagið hlaut á árunum 1979 og 1980, rann til orlofsheimila þess í Miðdal í Laugardalshreppi í Árnessýslu. Var því varið til vegalagningar á orlofssvæðinu og um það og ræktunarframkvæmda svo og endurbóta og breytinga á orlofshúsum félagsins. Heildarkostnaður vegna þessara verkefna á þessum tveimur árum nemur um 15.7 millj. kr. svo að eigið framlag hefur verið um 11.2 millj. kr.

7) Múrarafélag Reykjavíkur: Styrkur sá, sem Múrarafélagið hlaut árið 1979, rann til byggingar nýs orlofsheimilis í Öndverðarnesi í Grímsneshreppi. Bygging hófst í maí 1979, en húsið var tekið í notkun í júnímánuði s. l. Næstum öll smíðavinna við húsið var sjálfboðavinna félaga í Múrarafélagi Reykjavíkur. Auk þess greiddi félagið til þessara framkvæmda 3.1 millj. kr. á árinu 1979, og samkvæmt bráðabirgðauppgjöri hefur það lagt fram 6.3 millj. kr. á þessu ári. Þá hefur félagið einnig varið rúmlega 5 millj. kr. hvort umræddra ára til annarra

framkvæmda á orlofssvæði sínu, svo sem til vegagerðar, vatnsveitufranikvæmda o. fl.

Árið 1979 bárust ekki umsóknir frá öðrum aðilum en þeim sem styrki hlutu á því ári og ég hef hér gert grein fyrir. En auk þeirra, sem styrk fá á þessu ári, sóttu tveir aðilar um styrk sem synja varð vegna þess að fjármunir voru ekki fyrir hendi. Í fyrsta lagi var þar um að ræða umsókn frá Sjómannadagsráði í Reykjavík og Hafnarfirði, sem sótti um styrk til byggingar þjónustumiðstöðvar orlofshúsahverfisins Hraunboga í landi Hraunkots í Grímsnesi. Og í öðru lagi var um að ræða beiðni frá Grafíska sveinafélaginu, sem sótti um styrk til kaupa á orlofshúsi.

Ég vænti þess, herra forseti, að ég hafi þar með svarað þeim fsp. sem til mín var beint. Ég vil svo aðeins segja vegna ummæla hv. fyrirspyrjanda áðan um þessi mál og skiptingu fjármagns, að ég tel út af fyrir sig eðlilegt að í tengslum við ákvörðun fjárlaganna reyni menn í félagi að átta sig á því, hvernig þessum fjármunum yrði hugsanlega skipt á næsta ári. Ég tel slíkt ekkert óeðlilegt. Þvert á móti tel ég það í rauninni að mörgu leyti heppilega reglu, sem sjálfsagt er að taka til athugunar.

Fyrirspyrjandi (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ég leyfi mér að þakka hæstv. ráðh. fyrir skilmerkileg svör, þótt það verði hins vegar því miður að segjast, að þær upplýsingar, sem hann hefur fengið frá viðkomandi aðilum, eru hvergi nærri fullnægjandi. Það kemur í ljós þegar maður skoðar þessi svör. En áður en ég ræði þau vil ég taka það skýrt fram, að allt það, sem hér hefur verið drepið á og gert hefur verið, er vissulega þýðingarmikið og á fullkominn fett á sér, þótt ég telji hins vegar að í þessum svörum ráðh. komi í ljós að í þessari fjárveitingu sé allmikil misskipting á ferðinni. Að vísu spurði ég aðeins um tvö s. l. ár vegna þess að ég hafði rökstuddan grun um að þannig væri í pott búið, að það væru sömu aðilar sem fengju fjármuni úr þessum sjóði til ráðstöfunar ár eftir ár. Svar ráðh. sannar það einmitt og um leið að kannske þyrfti að hafa til athugunar líka, og þá tek ég undir það sem hæstv. ráðh. sagði um frekari úthlutun á slíku fé í framtíðinni, að það þarf auðvitað að fylgjast betur með hvernig þessu fé sé varið, til hvaða hluta. Auk þess tel ég ekki neitt því til fyrirstöðu, að settar verði fram einhverjar kröfur um að viðkomandi aðilar skili einhverju á móti, annaðhvort í fjármunum eða vinnu. Það er auðvitað alveg útilokað, að sumir aðilar geti alltaf gengið í opinbera sjóði og fengið allt sitt á þurru úr þeim án þess að leggja nokkuð að sjálfum sér til þess að ná fram eða koma slíkum verkefnum í höfn.

Eftirlaun aldraðra, fsp. (þskj. 87). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Eins og hv. þm. vita voru í des. s. l. samþykkt lög um eftirlaun til aldraðra. Veigamesta atriði laganna var það, að þeir, sem unnið hafa í 15 ár eða meira eftir 1955 og áttu engin eða lítil lífeyrissjóðsréttindi, fengu verðtryggð lágmarksréttindi sem jafngiltu því, að þeir hefðu verið fullgildir meðlimir í lífeyrissjóði í 15 ár. Þeir, sem unnið hafa skemur en 15 ár á þessu tímabili, fá hlutfallslega minni réttindi, nema um örorku eða dauðsföll sé að ræða, en um maka- og örorkubætur gilda samkvæmt lögunum mun rýmri reglur.

Ef um verkamann er að ræða eða mann með svipuð laun er upphæðin, sem hér um ræðir, álíka há og fullur ellilífeyrir eða full tekjutrygging almannatrygginga. M. ö. o.: þeir, sem engar tekjur hafa aðrar en ellilífeyri og tekjutryggingu, fá nálægt 50% hækkun á heildartekjum sínum á grundvelli þessara laga, sumir eitthvað minna, margir meira, og fer það eftir þeim tekjum sem menn hafa haft. Þeir, sem unnið höfðu í 15 ár við gildistöku laganna og vinna áfram, fá aukin réttindi sem því nemur, einnig þeir sem unnið hafa lengur en til 70 ára aldurs. Þetta er mjög stór áfangi á leiðinni til samræmds og samfellds lífeyrisréttindakerfis fyrir alla landsmenn. En ég tel því miður, ég er hræddur um og þekki reyndar nokkur dæmi þess, að framkvæmd laganna hafi ekki enn verið sem skyldi. Á ég þá við það, að enn eru margir sem réttindi eiga án þess að vita af því og sækja þar af leiðandi ekki um þessar bætur. Á þessu þarf strax að finna lausn, t. d. með því að láta tölvur þær, sem skattayfirvöld nota, gera skrá yfir alla sem réttindi gætu átt samkvæmt þessum lögum. Það ætti með nútímatækni að vera auðvelt. Ég hef margfalda reynslu fyrir því, að þótt auglýst sé eftir umsóknum og þótt auglýst sé vel, sem ekki hefur verið gert í þessu tilfelli, þá séu samt margir, ekki síst þegar gamalt fólk á í hlut, sem ekki fylgjast með slíkum auglýsingum og vita því ekki um rétt sinn. Sem dæmi get ég nefnt að bæjarstjórn Vestmannaeyja ákvað á sínum tíma að fella niður fasteignagjöld aldraðs fólks og öryrkja eftir ákveðnum reglum og auglýsti það vel, t. d. í öllum bæjarblöðunum sem berast inn á svo til hvert heimili í kaupstaðnum. Eigi að síður sendu fáir þeirra, sem rétt áttu til lækkunar eða niðurfellingar þessara gjalda, inn umsóknir. Framkvæmdinni var þá breytt þannig að þriggja manna útsvarsnefnd kaupstaðarins var falið að finna hvaða fólk ætti þennan rétt og síðan voru gjöldin sjálfvirkt felld niður eða lækkuð. Þetta var ekki ýkjamikið verk. Eitthvað svipað verður að gera varðandi framkvæmd laganna um eftirlaun til aldraðra. Og með þeirri tölvutækni, sem skattyfirvöld hafa nú yfir að ráða, á þetta að vera auðvelt.

Með hliðsjón af framansögðu hef ég leyft mér á þskj. 87 að bera fram eftirtaldar fsp. til hæstv. heilbr.- og trmrh.:

1) Hve margir hafa fengið greiðslur samkv. II. kafla laga um eftirlaun til aldraðra?
2) Hve miklar eru þessar greiðslur samtals?
3) Hvað líður setningu reglugerðar samkv. 18. gr. um nánari ákvæði um framkvæmd laganna?

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Lög um eftirlaun til aldraðra, nr. 97 1979, öðluðust gildi 1. jan. s. l. og komu í stað laga nr. 63 1971 ásamt síðari breytingum, um eftirlaun aldraðra félaga í stéttarfélögum. Með þessum nýju lögum varð sú veigamikla breyting að aldraðir, sem ekki áttu rétt samkvæmt lögum um lífeyrissjóð bænda né samkv. lögum um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum, öðluðust lífeyrisrétt, þ. e. væru þeir fæddir árið 1914 eða fyrr, hefðu þeir náð 70 ára aldri og látið af störfum og ættu þeir að baki a. m. k. tíu ára réttindatíma að því er varðar lífeyrisgreiðslur.

Við lauslega útreikninga, sem fyrrv. hæstv. heilbr.- og trmrh. lét gera, taldist honum svo til að fjöldi nýrra lífeyrisþega samkv. ákvæðum þessara nýju laga yrði 3 000—3 500 talsins. Frá áramótum s. l. og til þessa dags hafa hins vegar aðeins 222 — ég endurtek 222 — fengið

rétt samkv. II. kafla laga um eftirlaun aldraðra, en ekki 3 000—3 500. Alls hafa um 400 hins vegar sótt, en eftir er að úrskurða um rétt þeirra sem þarna eru umfram töluna 222.

Það er alveg augljóst mál, að hér hefur það gerst að fjöldi manna veit ekki um rétt sinn. Hér skortir á að stjórnvöld hafi kynnt sem skyldi þessi lög og þessi ákvæði þegar þau tóku gildi í upphafi. Það var ekki fyrr en á miðju þessu ári að umsjónarnefnd eftirlauna aldraðra vakti athygli á því, hversu fáir væru í raun og veru komnir með þann rétt sem þarna er um að ræða. Og í framhaldi af því og nánari könnun málsins, svo og því, að þessi mál hafa verið til meðferðar í viðræðum ríkisstj. við ASÍ núna að undanförnu, höfum við ákveðið að setja í gang kynningarherferð til þess að fólk átti sig á þeim rétti sem felst í þessum lögum.

Hv. þm. spyr hve miklar greiðslur samtals hafi farið út samkv. II. kafla laga um eftirlaun aldraðra. Frá og með áramótum til 1. nóv. s. l. nema þessar greiðslur 124.6 millj. kr. Gert var hins vegar ráð fyrir 1 350 millj. kr. til að standa straum af kostnaði vegna þessara nýju eftirlauna og uppbóta á þau. Fyrstu tíu mánuði ársins hefur eingöngu verið varið sem nemur 9.2% af þessari fjárhæð. Er reyndar hið sama að segja um þetta og fjölda umsækjenda, að þetta skýrist af því, að menn hafa ekki vitað um rétt sinn vegna þess að rétturinn hefur ekki verið kynntur mönnum sem skyldi.

Hvað líður setningu reglugerðar samkv. 18. gr. um nánari ákvæði um framkvæmd laganna, spyr hv. þm. að lokum. Því er til að svara, að þegar jafnviðamikil lög og lög um eftirlaun til aldraðra eru sett þykir tilhlýðilegt að hafa heimildarákvæði fyrir ráðh. til þess að setja reglugerð um nánari framkæmd laganna. Þau lög, sem verið er að fjalla um hér, hafa hins vegar aðeins verið í gildi skamma stund. Reynslan sýnir að ýmsu er þarna ábótavant sem þarf að lagfæra og hefði ekki verið lagað með einfaldari reglugerðarsetningu fyrst og fremst. Með hliðsjón af því hefur reglugerðarsmíði verið frestað. Ákvörðun um reglugerð í þessum efnum verður að taka með hliðsjón af þeirri heildarniðurstöðu sem liggur væntanlega fyrir fljótlega af þeirri reynslu sem fengist hefur af lögum um eftirlaun aldraðra.

Ég held að þessi lög séu ákaflega glöggt dæmi um það, að þegar stjórnvöld taka ákvarðanir um mikilsverð réttindamál komast þau ekki til skila öðruvísi en að þeim sé komið með skipulegum hætti á framfæri við það fólk sem réttindanna á að njóta. Ég hygg að í þessu tilviki sé þetta misræmi í rauninni jafnvel hróplegra en í mörgum öðrum tilvikum. Þetta minnir okkur á það, að það lífeyrissjóðakerfi sem við erum hér með í landinu er orðið allt of flókið og þvælulegt eins og það er. Umsjónarnefndarkerfið er þannig að fjöldi fólks, sem þarna á rétt, áttar sig ekki á því, að það eigi þann rétt. Af þeim ástæðum liggur það nú fyrir, að eftir tíu mánaða framkvæmd laganna um eftirlaun aldraðra, II. kafla þeirra, hafa 400 sótt um lífeyri samkv. kaflanum, enda þótt gert hafi verið ráð fyrir að 3 000—3 500 manns í landinu ættu þennan rétt.

Ég vænti þess, herra forseti, að ég hafi svarað þeirri fsp. sem til mín var beint.

Fyrirspyrjandi (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Ég þakka hæstv. heilbr.- og trmrh. fyrir greinargóð svör. Í svörum hans kom í ljós að það, sem ég var hræddur um, er á rökum reist, þar sem vel innan við 10% þess fólks, sem réttindin á eða ætlað var að ætti þessi réttindi, hefur fengið þau og aðeins liðlega 12% af þeim, sem réttindin hugsanlega eiga, hafa sótt um. Vonandi fá þeir þau réttindi.

Ég vil undirstrika mjög þá nauðsyn, sem ég var að tala um áðan, að finna einhverja aðra leið. Auðvitað væri hægt að auglýsa betur en gert hefur verið. kynna þetta betur. En ég held að það fáist aldrei nein góð leið önnur en sú að láta tölvur skattstofanna finna þetta fólk. Það er tiltölulega auðvelt fyrir tölvurnar að finna þetta fólk, gera lista yfir þá, sem kunna að eiga rétt, og láta einhverja embættismenn vinna þetta þannig, að treysta megi á að fólkið sæki. Við höfum reynslu af þessu, eins og ég sagði, úti í Eyjum, og það gekk ekki. Svona lagað gengur ekki nema það sé unnið úr þeim upplýsingum sem skattayfirvöld hafa yfir að ráða. — En ég endurtek þakklæti mitt til ráðh. fyrir greinargóð svör.

Breytt verðgildi íslensks gjaldmiðils, fsp. (þskj. 510). — Frh. einnar umr.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Fsp. hv. þm. Þorv. Garðars Kristjánssonar hafa margir tekið eftir og umr. hafa orðið athyglisverðar hér á hv. þingi, einkum og sér í lagi vegna grafarþagnar hæstv. ráðh. þegar til þeirra hefur verið beint fsp. varðandi efnahagsaðgerðir sem menn hafa boðað í hálfkveðnum vísum að undanförnu. Það er athyglisverðast enn fremur við þessar umr., að hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson — sem nýlega gaf út þá yfirlýsingu í útvarpsumræðum að hann mundi verja ríkisstj. falli, sem er orðalag sem annar ágætur hv. þm. hefur notað um þessa ríkisstj. — hann hefur beðið um orðið, en fallið frá því jafnframt. Þessi þögn æpir á þingheim.

Í umr., sem fóru fram hér fyrir skömmu, fór hæstv. utanrrh. fram á að umr. yrði frestað til þess að gefa hæstv. ráðh. Tómasi Árnasyni færi á að komast hér í þingsali — hann hefur verið erlendis — til að svara þeim fsp. sem beint hefur verið til hans. En hæstv. ráðh. Tómas hefur einmitt verið manna kjarkaðastur í ríkisstj. og lýst því yfir, að til aðgerða þurfi að grípa, og m. a. sagt að fresta þurfi verðbótagreiðslum á laun 1. des. n. k. Nú bíður þingheimur eftir því að fá að vita hvort ljóst verður fyrir Alþýðusambandsþing til hvaða efnahagsaðgerða á að grípa í sambandi við gjaldmiðilsbreytinguna. Það er kominn tími til þess að hæstv. ríkisstj. geri hreint fyrir sínum dyrum. Sá maður, sem einn hefur haft kjark til að segja eitthvað, er kominn til landsins. Þingheimur og þjóð bíða eftir svari.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Sú fsp., sem hér er á dagskrá, var borin upp á sínum tíma af hv. þm. Þorv. Garðari Kristjánssyni og fjallaði um það, hvort ríkisstj. vildi taka til endurskoðunar fyrirætlanir um breytt verðgildi íslensks gjaldmiðils með tilliti til þess, að sú aðgerð sé ekki liður í víðtækri stefnumótun og framkvæmd til að ráða bót á verðbólgunni og koma á stöðugleika og jafnvægi í efnahagslífi þjóðarinnar og geti því aukið á upplausn og vantrú manna á gjaldmiðlinum í stað þess að treysta hann.

Ég svaraði þessari fsp. hér í Sþ. 4. nóv. s. l. og gerði það aðallega í tveimur liðum. Í fyrsta lagi var ég sammála

fyrirspyrjanda um það, að nauðsynlegt væri að gera efnahagsráðstafanir í tengslum við fyrirhugaðar gjaldmiðilsbreytingar, og vísaði til þess, að hæstv. forsrh. kom inn á þetta mál í sinni stefnuræðu og boðaði hreinlega slíkar aðgerðir. Í öðru lagi greindi ég frá því, að ég hefði rætt þetta mál við Seðlabanka Íslands til þess að heyra viðhorf Seðlabankans um það, hvort til greina kæmi að breyta þessu máli eða fresta þeirri breytingu sem fyrirhuguð er og lög hafa verið sett um og reglugerð um framkvæmd á. Svörin, sem ég fékk frá Seðlabankanum, voru á þá leið, að hætt væri við að það kæmi til öngþveitis í efnahagsmálum, viðskiptamálum og atvinnumálum ef þetta yrði gert, vegna þess að það væri hætt að framleiða gömlu seðlana og myntina og þess vegna yrði ný mynt að koma inn í hagkerfið um eða upp úr áramótunum, þegar af þeirri ástæðu væri raunverulega útilokað að fresta þessu. Með þessu svari hef ég í raun og veru svarað þeirri fsp. sem hér er til umr.

Hins vegar hafa svo hv. stjórnarandstæðingar haft tilhneigingu til þess að snúa þessu upp í eins konar eldhúsumræður og ræða almennt um stjórnmálin, spyrja ríkisstj. um fyrirætlanir hennar í sambandi við aðgerðir í efnahagsmálum. Um það get ég sagt það eitt, að verið er að fjalla um þessi mál í ríkisstj., þau eru öll í deiglunni. En það er ekki komið svo langt að hægt sé að leggja það fyrir þing. Það verður áreiðanlega gert eins og venja er þegar ríkisstj. gerir þýðingarmiklar ráðstafanir í efnahagsmálum.

Ég hef ekki farið í neina launkofa með það, að horfurnar séu þannig fram undan — og hef þá vísað sérstaklega til verðbólgunnar og þess sem nokkurn veginn blasir við í þeim efnum ef ekkert er að gert — að nauðsynlegt sé að gera ráðstafanir í efnahagsmálum. Það fer því ekkert á milli mála hver mín skoðun er í þeim efnum, og ég held að það sé einnig skoðun ríkisstj.

Eins og ég sagði áður vísaði ég til stefnuræðu hæstv. forsrh., einnig til þess sem segir í aths. við fjárlagafrv., að það verði gerðar ráðstafanir í efnahagsmálum í tengslum við gjaldmiðilsbreytinguna, þannig að hér hefur raunverulega komið fram hvað fyrirhugað er í þessum málum án þess að gerð hafi verið grein fyrir því í einstökum atriðum í hverju ráðstafanir verði fólgnar. Og það stafar eingöngu af því, að það er ekki búið að afgreiða þau mál í ríkisstj. Þess vegna er auðvitað ekki færi á því enn að ræða þau í einstökum atriðum hér á hv. Alþ., en verður áreiðanlega gert þegar ríkisstj. hefur tekið ákvarðanir í þessum málum.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Umr. um þessa fsp. var frestað í fsp.-tíma í fyrri viku vegna þess að hæstv. viðskrh. var erlendis og hinir níu — eða hvað þeir voru margir sem þá voru mættir hér af ráðh. — gátu ekki svarað fsp. sem kom fram hjá fjölmörgum þm. Ég hefði haldið að það svar, sem hæstv. viðskrh. gaf nú, hefði getað komið fram í umr. fyrir viku. Það var ekki burðugra en það. En ef hæstv. ráðh. er eitthvað að hneykslast á því, að stjórnarandstæðingar skuli hafa leyft sér að bera fram fsp. um ráðstafanir ríkisstj. í efnahagsmálum, þá er það í framhaldi af því sem ríkisstj. hefur sjálf sagt í þessum efnum.

Forsrh. segir í stefnuræðu sinni að myntbreytingin eigi í fyrsta lagi að auka traust manna á krónunni og þá verði hún komin í hóp annarra gjaldmiðla á Norðurlöndum. Það verða sennilega einhver afföll ef hún heldur áfram með sama hætti til áramóta. En síðan segir hann: „Þessi hugarfarsáhrif geta því aðeins orðið að gagni, að aðrar ráðstafanir fylgi sem sannfæri almenning um að alvara sé á ferðum til þess að treysta gildi krónunnar og veita verðbólgunni viðnám. Samfara þessari breytingu hefur ríkisstj. í huga margháttaðar efnahagsaðgerðir." Hún er búin að hafa þessar aðgerðir í huga frá því að hún var mynduð 8. febr. og sendi þingið heim í hálfan mánuð, en það kemur aldrei neitt frá henni. Og þegar þeir eru hér við, þessir ráðh., þá sitja þeir eins og klessur á hverjum einasta fundi og hafa aldrei nokkra skoðun.

Í stefnuræðu forsrh. segir enn fremur: „Unnið er að nýjum vísitölugrundvelli sem ætti að geta gengið í gildi í kringum áramótin." Er til of mikils mælst, þegar komið er til loka nóv., að þessir háttvirtu herrar hafi einhver úrræði, eitthvað fram að færa? Hefur verið rætt við verkalýðshreyfinguna um vísitölugrundvöllinn? Nú er kominn tími til fyrir hv. 7. þm. Reykv. að tala, því að hann hefur ekki talað svo mikið undanfarna mánuði.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég heyri að ráðh. þrír — ég kalla þá nú ekki Gísla, Eirík og Helga — eru að hvísla um það sín á milli að Tómas sé hugrakkur að koma hér upp í stólinn. Það er meira en hægt er að segja um þá. Mér fannst svarið ekki röggsamlegt né skýrt miðað við þau fyrirheit sem hæstv. utanrrh. gaf okkur fyrir viku um það, að hann mundi beina því til hæstv. viðskrh. að hann reyndi að svara þeim spurningum sem hér kæmu fram. Nú hefur verið haft eftir hæstv. viðskrh. í dagblöðunum að hann hafi í hyggju að fresta 1. des. — eins og Jónas Árnason í Delerium búbónis forðum frestaði jólunum — eða kannske þeim efnahagsaðgerðum eða vísitölubótum sem þá eiga að ganga í gildi, og hefur hann haft um það stór orð, hvaða afleiðingar það mundi hafa fyrir þjóðarbúið ef öll þessi holskefla, allar þessar umsömdu launahækkanir gangi fram sem hæstv. fjmrh. hafði frumkvæðið að að semja um mánaðamótin ágúst-september. Mér er kunnugt um að ýmsir af forustumönnum verkalýðshreyfingarinnar líta það mjög alvarlegum augum, eins og við fleiri sjálfstæðismenn, ef ekkert hefur komið fram, áður en Alþýðusambandsþingi lýkur, um þau kjaraskerðingaráform sem ríkisstj. hefur sannarlega boðað, bæði í blöðum, í álitsgerðum og í þessum ræðustól.

Hv. 1. landsk. þm., Pétur Sigurðsson, gerði þessi mál að umræðuefni hér í gær. Ég veit ekki hvort hv. 7. þm. Reykv., formaður Verkamannasambands Íslands, Guðmundur J. Guðmundsson, er honum sammála um það, að ástæða sé fyrir verkalýðshreyfinguna til að vera vakandi á verðinum, að reyna að standa vörð um þau launakjör sem ríkisstj. hafði sjálf frumkvæði að því að semja um og síðan voru tekin upp á hinum frjálsa vinnumarkaði löngu síðar. Og ég vil einnig minna á í þessu sambandi, að hæstv. ríkisstj. á óuppgerðan reikning við launþega út af þeim tveim prósentum sem skorin voru niður 1. sept. 1978 með loforði þá um að beinir skattar yrðu lækkaðir, en það var aldrei gerð nein tilraun til að efna það. Ég held að hæstv. fjmrh. ætti að svara þessari spurningu skýrt og skorinort: Hyggst hann beita sér fyrir því núna, maðurinn sem fór fram undir því vígorði fyrir síðustu alþingiskosningar að hann mundi standa vörð um lífskjörin, ætlar hann sem fjmrh. að skila launþegum því sem ranglega var frá þeim tekið þegar hann var menntmrh.?

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Ég var í hópi þeirra sem biðu með eftirvæntingu eftir því, að hæstv. viðskrh. gæfi svör við þeim mikilvægu spurningum sem hér hafa verið fram bornar. Mér er spurn: Gæti hæstv. ríkisstj. létt þagnarskyldunni af þessum hæstv. ráðh. svo að hann gæfi okkur hlutdeild í vitneskju sinni? Það var auðheyrt á öðrum hæstv. ráðh. hér fyrir nokkru að það var hæstv. viðskrh. sem bjó yfir þeirri vitneskju sem eftir var beðið.

Það er ljóst — og löngu ljóst — að verðbólgan á Íslandi er komin af því stigi að vera einvörðungu efnahagsvandamál, hún er sálfræðilegt vandamál. Ríkisstj. hæstv. er það vitanlega ljóst, enda er það mjög haft á orði af hennar hálfu að gjaldmiðilsbreytingin eigi að hafa fyrst og fremst í för með sér hugarfarsbreytingu. Og til hvers? Til hvers á að breyta þessu hugarfari? Á að breyta trausti manna á krónunni vegna þess að þessi margnefnda króna okkar verði trausts verð, eða á að breyta trausti manna á krónunni og horfa svo upp á það að fólk hafi verið blekkt? Það er rétt, vafalaust verður hér um hugarfarsbreytingu að ræða.

Herra forseti. Erindi mitt í ræðustól er að bera fram eftirfarandi spurningu til þess ráðh. sem því kynni að geta svarað, eftir atvikum hæstv. forsrh., hæstv. fjmrh. eða viðskrh. — eða þeirra allra saman eftir því hver þeirra vill taka að sér að svara: Hvað kostar þessi hugarfarsbreyting?

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Einhver undarlegasta ríkisstj., sem nokkru sinni hefur setið á Íslandi, er sennilega núv. ríkisstj. Hún er bæði mállaus og heyrnarlaus og sennilega vantar hana líka hin skilningarvitin sem aðrir hafa. Hún er gagnslaus með öllu. Það er engu hægt að svara. Það er bara setið, setið og beðið, og þeir vita ekki einu sinni eftir hverju þeir bíða. Stuðningsmennirnir eru orðnir hundleiðir og óánægðir, en þegja þó. Þeir eru búnir að gleyma því sumir hverjir, að þeir eru umbjóðendur láglaunafólksins í landinu, en þegja. Einhvern tíma voru þeir harðari, þeir karlar. En nú eru þeir orðnir grautlinir og hræddir.

Ég held að það sé fullkomin ástæða til, herra forseti, að það komi að því næstu daga að stjórnarandstaðan verði að kveðja sér hljóðs utan dagskrár, en nota sér ekki hérna tveggja mínútna ræðutíma, og gera þar allítarlega grein fyrir ástandi þessarar ríkisstj. eða réttara sagt starfsleysi hennar og getuleysi á öllum sviðum. Ég spyr einu sinni enn: Hvar er unnið að nýjum vísitölugrundvelli? Hvar er verið að vinna að honum? Það eru nógir aðstoðarmennirnir, a. m. k. í forsrn. Þar er ekki verið að skera við nögl. Og ekki heldur kaupið þeirra. (**ÓRG:** Það vita allir hvar er verið að vinna að honum.) Er þá verið að vinna að honum í sölunum í Alþb.? (**ÓRG:** Nei, á Hagstofunni.) Hagstofan á ekki að leggja nýjan vísitölugrundvöll. Og ef formaður þingflokks Alþb. veit það ekki, þá hefur verið sagt í svokölluðum Ólafslögum að það eigi að hafa samráð við aðila vinnumarkaðarins, við launafólkið í landinu. En það er sennilega allt komið á Hagstofuna samkv. upplýsingum formanns þingflokks Alþb.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Hér hefur komið fram að það væru hinar og þessar stofnanir, hinar þörfustu stofnanir, sem fjölluðu um þau vandamál sem ríkisstj. stendur frammi fyrir í sambandi við verðbólguþróunina. Ekki hefur þó verið minnst á þann félagsskapinn sem líklega stæði næst hæstv. forsrh. og rn. hans að leita til, en þá á ég við Sálarrannsóknafélag Íslands. Hann hefur nefnilega áður átt þátt í því, að kona nokkur var fengin norður að Kröflu til þess að ríða þar um á priki og leita að gufu, og mætti vel hugsa sér að fá hana aftur til þess að gera úttekt á aðgerðum ríkisstj. í verðbólgumálum.

Mér finnst ódrengilegt að vera ítrekað að ýta undir hv. þm. Guðmund J. Guðmundsson og spyrja um afstöðu hans til kaupmáttar, kjara launþega og verðbólgunnar almennt. Félag hans, Verkamannafélagið Dagsbrún, átti fulltrúa í Ríkisútvarpinu í gærkvöld sem hélt þar erindi um daginn og veginn. Sá maður hefur verið kjörinn á Alþýðusambandsþing við hlið Guðmundar J. Guðmundssonar. Hann skýrði frá því, að frá því í sept. 1978 hefði kaupmáttur rýrnað um 11.5%, minnir mig að hann hafi sagt. Og hann hafði hin verstu og háðulegustu orð um þá forustu sem væri fyrir þeim og þjóðinni allri í sambandi við baráttuna gegn verðbólgunni.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Það hefur nú farið svo sem mig grunaði raunar fyrir fram, að hæstv. viðskrh. hefur litlu getað svarað þótt eftir honum hafi hér verið beðið að ósk hæstv. utanrrh. Ég held að ekki verði hjá því komist að vekja enn einu sinni athygli á því fullkomna virðingarleysi sem hæstv. ríkisstj. sýnir Alþingi Íslendinga. En látum það vera. Það er sagt að fólkið beri einhverja virðingu fyrir sjálfu sér. Og það er verið að móðga íslenska þjóð með því framferði sem hæstv. ríkisstj. nú sýnir. Hún neitar viku eftir viku að svara einföldum spurningum. Hún neitar að upplýsa nokkurn skapaðan hlut um þær ráðstafanir sem hún þykist ætla að gera í sambandi við myntbreytinguna. Auðvitað viljum við í stjórnarandstöðu aðstoða hæstv. ríkisstj. til þess að þessi athöfn, myntbreytingin, geti borið tilætlaðan árangur. Við getum það ekki nema við fáum að vita hvað fyrir stjórninni vakir.

Mín skoðun er sú, að það sé óðs manns æði að fara út í þessa myntbreytingu nú um áramótin. Og það er auðvitað engin afsökun að Seðlabankinn geti ekki prentað einn seðil í viðbót, t. d. 50 eða 100 þús. kr. seðil, meðan aðlögunartími líður. Það er út í bláinn. Það er ekki Seðlabanki Íslands sem á að ráða þessu, heldur Alþingi Íslendinga.

Það má raunar segja líka að samtök eins og Alþýðusambandið eigi heimtingu á því nú, þegar þing þess kemur saman á mánudaginn, að fá að vita hvað ríkisstj. hyggst fyrir. Og nú hefur einmitt verið útbýtt svohljóðandi fsp. til hæstv. forsrh. frá hv. þm. Pétri Sigurðssyni:

„Munu fulltrúar 53 þús. launþega, sem mæta til ASÍ-þings 24. nóv., fá skýrðar fyrirhugaðar ráðstafanir ríkisstj., sem boðaðar voru í stefnuræðu forsrh. að fylgja mundu í kjölfar myntbreytingarinnar?“

Það hefur margsinnis verið skorað á hæstv. forsrh. að koma hér upp í ræðupúltið í nokkrar mínútur, leyfa mönnum að sjá framan í sig og heyra hvað hann hefur hér að flytja.

Ég er sammála hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni um það, að þetta er langversta ríkisstj. sem Íslendingar hafa haft. En ég vissi raunar rétt áður en hún var mynduð, að hún mundi verða það, og lýsti því yfir í þessum ræðustól. Og ég er hissa á því, að jafnskarpur maður og hv. þm. Matt-

hías Bjarnason skuli fyrst vera að uppgötva þetta núna, jafnaugljóst og það er.

En ég skora á hæstv. forsrh. að koma hér upp í ræðustólinn, og ef hann vill ekki svara fsp. okkar annarra þm., þá að gera tilraun til að svara þessari fsp. hv. þm. Péturs Sigurðssonar og það nú strax, því það eru aðeins örfáir dagar þangað til þing Alþýðusambandsins kemur saman, og ég get ekki ímyndað mér annað en að farið verði eftir tillögum Péturs Sigurðssonar um að fresta því þingi ef ríkisstj. getur ekki sagt eitt einasta orð um hvað hún hyggst fyrir.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Hver hv. þm. eftir annan kemur hér upp í ræðustól og segir að ríkisstj. svari engu sem hún sé spurð um. Það mætti kannske byrja á því að benda þessum hv. þm. á hvaða mál er hér til umr. Þeir virðast því miður sumir annaðhvort hafa gleymt því eða ekki haft það í huga þegar þeir stígu í stólinn.

Það, sem hér liggur fyrir, er fsp. frá hv. alþm. Þorv. Garðari Kristjánssyni um það, hvort ríkisstj. vilji taka til endurskoðunar fyrirætlanir um breytt verðgildi íslenska gjaldmiðilsins. Þetta er málið sem hér liggur fyrir. Þessu er búið að svara skýrt og skorinort af þeim hæstv. ráðh., sem fsp. er beint til, viðskrh.

Ég vil aðeins endurtaka það hér, sem í rauninni ætti ekki að þurfa, að það er ekki ætlun ríkisstj. né Seðlabanka að breyta þeirri ákvörðun, að nýr gjaldmiðill komi til framkvæmda um næstu áramót, eins og samþykkt hefur verið með lögum á Alþingi og undirbúið nú um langa hríð. Þessari ákvörðun verður ekki breytt og liggja til þess margar ástæður. Ef ætti að fresta því hefði hv. þm. átt að flytja í tæka tíð frv. til l. um breyt. á þeim lögum sem ákvarða þessa gjaldmiðilsbreytingu og hvenær hún skuli koma til framkvæmda. Það eru margar ástæður til þess, að nú er ógerningur að breyta þeirri ákvörðun, enda vafalaust mjög hæpið að gera það.

Ég þarf í rauninni ekki að fara um þetta fleiri orðum. En þegar hér á Alþ. liggja fyrir ákveðnar fsp. með þinglegum hætti, þá rísa þm. upp og krefjast þess að undir þeim sama lið sé svarað alls konar fsp. sem þeir eru að bera fram í umr. Þetta er gjörsamlega óþinglegt atferli.

Varðandi þær tvær fsp., sem þeir hafa borið fram til mín, hv. þm. Halldór Blöndal og Pétur Sigurðsson, er sú krafa borin fram hér, að þeim fsp. sé svarað nú í umr. um allt aðra fsp., allt annað þingmál. Ég held að hv. þm. ættu að reyna að átta sig á þingsköpum. Það er vissulega undarlegt að þingvanir menn skuli leyfa sér slíkar fjarstæður sem þessa. Þessum fsp. báðum, sem nú hafa verið bornar fram með þinglegum hætti, verður að sjálfsögðu svarað þegar þær koma hér á dagskrá. Það liggur fyrir.

Þær fsp., sem krafist er að svarað verði nú, eru sem sagt með ýmsum hætti og fjalla um ýmislegt.

Eitt vil ég þó aðeins minnast á í sambandi við allar þessar sífelldu fullyrðingar um að verðbólgan æði áfram stjórnlaust og vaxandi og ríkisstj. hafist ekkert að. Það, sem nú liggur nýjast fyrir af upplýsingum og birt hefur verið opinberlega, er þetta: Frá byrjun til loka síðasta árs var verðbólgan 61%, en hún var, liðlega 60% þegar ríkisstj. tók við. Eftir síðustu hækkun framfærsluvísitölu, umreiknað til 12 mánaða á ársgrundvelli, er verðbólgan 51%. Með öðrum orðum og það vita allir: verðbólgan er minni nú en hún var á síðasta ári og þegar ríkisstj. tók við. Þetta liggur fyrir, þetta eru staðreyndir. Til samanburðar má benda m. a. hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni á það, að þegar við sátum saman í ríkisstj. sem tók til starfa haustið 1974, þá reyndum við auðvitað að glíma við verðbólguna og fá hana niður, en á fyrstu tólf mánuðum þeirrar ríkisstj. óx verðbólgan um 55%. Ég segi þetta ekki í ádeiluskyni á einn eða neinn, hvorki okkur sjálfa né aðra. Þetta er staðreynd. Þó höfðum við fullan vilja á því og áhuga á því að draga úr henni. Hún fór sem sagt heldur vaxandi þessa fyrstu mánuði, og á tólf fyrstu mánuðum þeirrar ríkisstj. var hún 55%.

En ég vil taka það fram út af þeim fsp. sem nú dynja yfir menn hér undir þessum ákveðna dagskrárlið, fsp. um gjaldmiðilinn, að ég ætla ekki að fara að svara þeim á þessari stundu, mun gera það á sínum tíma þegar þær koma réttilega fyrir. Sem dæmi um það, sem ætlast er nú til að svarað sé, er hvað hugarfarsbreyting íslensku þjóðarinnar kosti. Ég held að hv. fyrirspyrjandi geti gert sér það í hugarlund sjálfur, að svona fsp. er ekki hægt að svara á stundinni. Þó að allir hagfræðingar þjóðarinnar væru settir í gang mundi þeim reynast erfitt að svara því, hvað hugarfarsbreyting íslensku þjóðarinnar í verðlagsmálum muni kosta.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Það mátti helst skilja á hæstv. forsrh. í ræðu hans hér á undan, að ég sem fyrirspyrjandi að fsp., sem hefur verið lögð fram í Sþ., hefði óskað eftir að þeirri fsp. yrði svarað nú. Þetta er hinn herfilegasti misskilningur. Hins vegar á hæstv. forsrh. til þann sérstaka eiginleika að geta látið skína í gegnum orð sín hitt og þetta sem er víðs fjarri sannleikanum.

Það, sem hefur hér átt sér stað, er að hæstv. forsrh. hefur ekki tekið eftir því hvað hefur gloprast út úr hæstv. meðráðherrum hans. Þær umr., sem hér hafa orðið, hafa orðið m. a. vegna yfirlýsinga hæstv. viðskrh. er hann gaf svar við þeirri fsp. sem borin var fram í sambandi við myntbreytinguna. Og ekki nóg með það. Það hefur einnig verið umræða vegna stefnuræðu hæstv. forsrh. sjálfs, sem var send okkur þm. um miðjan október, skömmu eftir að þing kom saman, en í henni eru boðaðar efnahagsaðgerðir í kjölfar myntbreytingarinnar. Því er eðlilegt eftir yfirlýsingu hæstv. viðskrh. að spurningar komi upp hjá þingheimi um hvort sé ekki farið að móta neitt þær aðgerðir sem boðaðar eru — eða hefur hæstv. ríkisstj. ekkert gert í sambandi við þessi mál frá því að hún boðaði víðtækar aðgerðir í baráttu sinni við verðbólguna þegar hún tók við völdum í febr. s. l.? Og er þá nema eðlilegt að ég spyrji að því, hvort einhver svör verði lögð fyrir þá fulltrúa ASÍ sem koma saman og eru fulltrúar 53 þús. Íslendinga, hvort það komi ekkert svar til þeirra um við hverju þeir megi búast af þessari ríkisstj. — og ég kalla þetta einu og sömu ríkisstj. allt frá 1978 — til viðbótar við 11.5% kaupmáttarrýrnun frá því í sept. 1978? Þessir menn koma saman á fjögurra ára fresti og eiga skilyrðislaust alla vega siðferðilega kröfu á því að hæstv. ráðh. segi þeim hvaða efnahagsaðgerðir séu fyrirhugaðar.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég skil ekki þennan óróleika í hæstv. forsrh. Ég hef ekki spurt hann um það sem liggur skriflegt fyrir.

Ég get rifjað það upp, að ég bar fyrir viku fram stutta fsp. sem hægt var að svara með einu orði, jái eða neii. Ég fékk ekki við þeirri fsp. neitt svar þannig að ég sagðist

mundu bera hana fram með skriflegum hætti. Það hefur ekki orðið neinn ágreiningur milli okkar, mín og forsrh., um það mál þótt það sé ekki á dagskrá í dag. Ég vil að það komi fram, að ég hef ekki ítrekað það mál.

Á hinn bóginn vil ég leiðrétta það hjá hæstv. forsrh., að verðbólgan sé ekki nema 51%. Það eru til fleiri vísitölur en þær sem eru greiddar niður með smjöri. Mér skilst að smjörið hafi aldrei komið til Austurlands. Ég veit ekki hvað hv. þm. Egill Jónsson segir um það. Það er hægt að greiða niður vísitöluna með þeim hætti, en verðbólgan er sú sama eftir sem áður. Það er kjarni málsins. Það skildi hæstv. forsrh. áður en hann settist í þessa ríkisstjórn.

Hann var að tala um það áðan að kannske væri ráð að kalla saman alla hagfræðinga og viðskiptafræðinga landsins. Ég held að það sé of seint hvað hann snertir.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að andmæla þeim skilningi hæstv. forsrh. að það sé óþinglegt að bera fram þær fsp. sem við stjórnarandstæðingar höfum gert nú við þessar umr. Þær eru hluti þessa máls. Ég vil eins og hæstv. forsrh. vísa til þess þskj. sem við erum að fjalla hér um. Fsp. er um breytt verðgildi íslensks gjaldmiðils, en við skulum líta á hvernig fsp. hljóðar, með leyfi hæstv. forseta, og það er svona:

„Vill ríkisstj. taka til endurskoðunar fyrirætlanir um breytt verðgildi íslensks gjaldmiðils, með tilliti til þess að sú aðgerð sé ekki liður í víðtækri stefnumótun og framkvæmd til að ráða bót á verðbólgunni og koma á stöðugleika og jafnvægi í efnahagslífi þjóðarinnar og geti því aukið á upplausn og vantrú manna á gjaldmiðlinum í stað þess að treysta hann?"

Þetta er mergurinn málsins. Af öllu þessu stafa þessar umr. Það er sá ótti okkar sem felst í því, að verðgildisbreytingin, sem á að hafa í för með sér hugarfarsbreytingu að mati ráðh. eins og ég gat um í fyrri ræðu minni, verði blekking ein vegna þess að samhliða séu ekki gerðar viðeigandi ráðstafanir til að ráða bót á verðbólgunni og þvert gegn tilgangi sínum muni hún auka vantrú manna á gjaldmiðlinum í stað þess að treysta hann. Þetta eru svo hrapalleg mistök að þm. eru í fullum rétti að spyrja um þetta mál þó með mismunandi orðalagi sé.

Svo getur hæstv. forsrh. komið hér í ræðustól og sagt að það sé óþinglegt að spyrja um hvenær þeirra ráðstafana sé að vænta sem eru hluti, ekki einungis hluti heldur forsenda, þess máls sem hér er verið að spyrja um. Þess í stað færir hæstv. ráðh. fram hér hinar mestu blekkingar um staðreyndir máls í sambandi við verðbólguna. Að vísu skákar hæstv. ráðh. í því skjólinu að almenningur á Íslandi er orðinn leiður á tali um verðbólgu, gjörsamlega hættur að treysta því sem við stjórnmálamenn segjum um það mál, og lenda þar flestir því miður í einum og sama báti. Þess vegna er það, að hæstv. ráðh. kann að haldast það uppi í einhverjum hópi að fá menn til að trúa því, að rétt sé sem hann segir þegar hann heldur því fram að verðbólgan sé á niðurleið. En það er gert með afskaplega einkennilegum reikningskúnstum þar sem dæmið sjálft og útkoman eru alls ekki byggð á sömu forsendum. Þess vegna er ekki hægt að setja jafnaðarmerki þar á milli.

Herra forseti. Ég taldi mig vera að tala um þingsköp. Gefst mér tækifæri til að halda áfram?

Hæstv. forsrh. átaldi það harðlega að þm. skyldu leyfa sér að koma með beinar spurningar sem hann taldi að væru alls ekki hluti þessa máls. Ég hef ekki orðið vör við að það þætti óþinglegt í umr. um þingmál að spyrja í tengslum við málið, eins og nú er gert. Það er enn þá leyfilegt eftir þingsköpum að aðrir en fyrirspyrjandi taki til máls um fsp. Ég hef ekki orðið vör við að það þætti óþinglegt að draga fram atriði sem geta varpað ljósi á það mál sem um er fjallað. Og til þess að það verði betur ljóst, hvort hér er raunverulega um þá óhæfu í málatilbúnaði í ríkisstj. að ræða sem við stjórnarandstæðingar höldum fram, alveg kjörið tækifæri fyrir hæstv. ríkisstj. að skýra frá því, ef gjaldmiðilsbreytingin er svo einföld að hún hafi svo sem ekki neitt kostað, hugarfarsbreytingin sem ég leyfði mér að kalla svo í ræðu minni með skírskotun til ummæla hæstv. forsrh. og fleiri ráðh. Meiningin hjá hæstv. ríkisstj. er, að því er virðist, að blekkja þjóðina með því að reyna að breyta hugarfari hennar með verðgildisbreytingunni og gera ekkert annað til að bæta úr efnahagsástandi þjóðarinnar, en láta verðbólguna æða áfram og halda fram blekkingum með tölum um staðreyndir mála.

Hæstv. ráðh. sagði að það þyrfti æðimarga hagfræðinga til að geta svarað því, hvað þessi aðgerð kostaði. — Það er ekki von að hægt sé að svara fsp., eins og hér er lögð fram á þskj., fyrst reglusemin er ekki meiri á þessu heimili en svo að menn geta ekki einu sinni svarað því hvað jafneinföld afmörkuð aðgerð kostar. Það hljóta þó að vera til reikningar einhvers staðar í þjóðarbúskapnum um hrein tæknileg atriði, eins og þau sem við stöndum frammi fyrir um næstu áramót þegar við tökum núllin aftan af krónunum okkar. Þeir hljóta að vera til einhvers staðar. Með venjulegum reikningsaðferðum væri hægt að leggja saman og draga frá og segja okkur hvað þetta kostar. (**Gripið fram í:** Er þetta um þingsköp, forseti?) Þetta er um þingsköp. Ég er að andmæla því, hv. þm., að sjálfur hæstv. forsrh. landsins komi og ætlji að þm. leyfi sér að bera fram með öðru orðalagi fsp. um það sem þessi dagskrárliður fjallar um og er nauðsynlegur hluti þess máls. (Gripið fram í.) Hv. þm. fékk óátalið að grípa fram í fyrir mér. Ég hlýt, herra forseti, að fá að svara því þegar hv. þm. fá að grípa inn í efnisatriði ræðu. Það félag, sem hv. þm. nefndi, hefur löngu lokið aðalfundi sínum og fundarsköp þar eru ekki hér til umr. Það væri brot á þingsköpum ef væri farið að tala um það. — En það er engin ástæða til þess að óbreyttir þm. sitji þegjandi undir þeim ákúrum hæstv. forsrh. að þeir brjóti þingsköp með því að ræða um það sem stendur skýrum stöfum í þskj. er þeir hafa í höndum.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Mér finnst það mjög miður að hæstv. forsrh. stendur hér að lokum upp, þegar flestir þm. höfðu talað tvisvar í sambandi við þessa fsp., og gefur þm. almennt áminningu fyrir að þeir hafi farið út fyrir umræðuefnið þó að umræðuefnið sé tengt því: ráðstafanir sem á að gera jafnhliða myntbreytingunni. Það er það sem um hefur verið að ræða allan tímann og ég tel að þeir, sem hafa hér tekið til máls, hafi haft fullan rétt til að ræða það. En rétt þegar hann er búinn að ljúka þessum áminningarorðum sínum byrjar hann sjálfur að tala um það stóra afrek ríkisstj. að hafa lækkað verðbólguna. Það er sennilega einnig í sambandi við myntbreytinguna að hans dómi. Ég ætla ekki að fara efnislega út í það, því ég bað um orðið til að ræða um þingsköp, en ég vil benda hæstv. forsrh. á að byrja á að reyna að sannfæra höfuðmálgagn ríkisstj., Dagblaðið, um þetta afrek ríkisstj. að koma verðbólgunni niður því

að Dagblaðið hefur ekki skilið hæstv. forsrh. enn og telur að verðbólgan æði áfram stjórnlaust og vitlaust, eins og við vitum að hún gerir.

Mér finnst líka eðlilegt í sambandi við myntbreytinguna að ræða um hvar er á vegi statt frv. um nýjan vísitölugrundvöll. Ef ríkisstj. er að vinna að nýjum vísitölugrundvelli held ég að stjórnarandstaðan megi fylgjast með því. Það er ekkert einkamál ríkisstj. Það er ekkert síður keppikefli stjórnarandstöðuþingmanna að vinna að nýjum vísitölugrundvelli. Það hafa allir flokkar lýst því yfir. Og með málefnasamningi ríkisst. Ólafs Jóhannessonar haustið 1978 ákváðu þeir flokkar, sem að þeirri stjórn stóðu, að vinna að breyttum vísitölugrundvelli. Þeir eru því í fullri starfsþjálfun, bæði Alþb. og Framsfl., hvað þetta snertir.

Herra forseti. Ég skal ekki hafa þessi orð miklu fleiri, en varðandi hugarfarsbreytinguna langar mig að segja aðeins fjórar setningar þó að það sé ekki beint um þingsköp: Maður einn, sem var töluvert blautur sem við köllum, fór til að fá lækningu á þessum veikleika sínum. Hann kom eftir nokkra mánuði heim í byggðarlag sitt. Hann varð að koma við í kaupstað þar sem var áfengisútsala og lenti aftur á því, eins og áður en hann fór á hælið. En þegar hann kom heim í litla byggðarlagið og þeir sögðu: „Og kemur þú nú fullur aftur," þá sagði hann: „Ja, það gerir ekki mikið til, en hugarfarsbreytingin, hún var stórkostleg." Og hún er það líka hjá ríkisstj.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Aðeins örfá orð vegna útreikninga hæstv. forsrh. á verðbólgunni fyrr og nú.

Við notum fjöldann allan af vísitölum, óteljandi margar næstum því, og við notum þær á allan mögulegan máta. Við berum saman ársgrundvöll, þriggja mánaða grundvöll, og allt þar á milli. Ýmsir stjórnmálamenn leika sér með þetta fram og til baka og fá þær tölur sem þeim henta í það og það skiptið, bera sem sagt saman ósambærilega hluti. Það gerir hæstv. ríkisstj. nú og hæstv. forsrh. Oft og tíðum að undanförnu fellur hann í þá gröf. Mér finnst að þá sé farið að taka í hnúkana þegar ríkisstj. beitir slíkum aðferðum.

Víðast hvar er verðbólga reiknuð út mánaðarlega og verðhækkanir frá byrjun til enda mánaðar yfirfærðar á ársgrundvöll. Þannig er verðbólgustigið reiknað út hjá öllum nálægum þjóðum. Við höfum aftur á móti nákvæman útreikning á þriggja mánaða fresti og yfirfærum það síðan á ársgrundvöll. Það er auðvitað rétt þó það sé ekki eins nákvæmt og annars staðar er notað. Hæstv. forsrh. notar þriggja mánaða tímabilið núna — það síðasta — og yfirfærir það á ársgrundvöll og fær út úr því að vísitalan nú sé um 51%. Þetta er auðvitað rétt. Hins vegar gerir hann sig sekan um að nota allt aðra aðferð þegar hann reiknar út verðbólguna áður en núverandi hæstv. ríkisstj. tók við. Þá notar hann ársgrundvöll.

Síðasta þriggja mánaða tímabilið áður en núverandi ríkisstj. tók við, þ. e. frá 1. nóv. 1979 til 1. febr. 1980, hækkaði verðbólgan um 9.1%, og þá nota ég verðvísitölu framfærslukostnaðar eins og venjulega er gert í þessum efnum, 9.1% sem segir á ársgrundvelli 41.2%, ekki 61% eins og nú er haldið fram. Um sumarið 1979 var vísitalan aftur á móti eða verðbólgan reiknuð á sama hátt 80%.

Það er hægt að leika sér með tölur og það gera óvandaðir stjórnmálamenn. Mér finnst það vera fyrir neðan virðingu hæstv. ríkisstj.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Hæstv. viðskrh. sagði að öllum væri ljós nauðsyn þess að gera ráðstafanir í efnahagsmálum. Ég get verið innilega sammála hæstv. ráðh. um það. Sannast best að segja hélt ég að öllum hefði verið þessi nauðsyn ljós við stjórnarmyndunarviðræðurnar s. l. vetur og stjórnarmyndunarviðræðurnar hefðu átt að snúast um að komast að niðurstöðu um slíkar efnahagsaðgeðir.

Það voru einstaka menn svo auðtrúa, þegar núverandi ríkisstj. var mynduð að halda að til grundvallar henni lægi skilningur á þessari nauðsyn og samkomulag um slíkar efnahagsaðgerðir. En tíminn hefur liðið og í ljós hefur komið að það var ekki komist að niðurstöðu um neinar aðgerðir í efnahagsmálum, þótt nauðsynin væri brýn. Á þriggja mánaða fresti höfum við heyrt framsóknarmenn kalla upp um nauðsyn þessara aðgerða. Við höfum á sama tíma séð Alþb.-menn yppta öxlum og við höfum orðið þess áskynja að þriðji aðilinn í ríkisstj. má ekki mæla, sýna skoðun, er „stikkfrí."

Þessi leiksýning endurtekur sig í þessum umræðum. Þetta er þriðja umr. um fsp. um myntbreytingu. Lög um myntbreytingu voru í gildi þegar þessi ríkisstj. var mynduð, og auðvitað var það verkefni ríkisstj., þegar hún var mynduð, að gera sér grein fyrir hvaða efnahagsaðgerðir ættu að fara á undan og samhliða þessari myntbreytingu. Ríkisstj. hefur ekki gert skyldu sína að þessu leyti. Í þessum umr. hefur verið spurt um hvaða efnahagsaðgerðum ríkisstj. hygðist standa fyrir. Ekkert svar. Þá var tekið til bragðs að spyrja hvenær þingheimur fengi að vita um ráðagerðir ríkisstj., fengi þingheimur að vita um þær fyrir 1. des., fengi Alþýðusamband Íslands að vita um þetta fyrir 24. nóv. Eftir viku mun ASÍ-þing verða sett og loforð Framsfl. og Alþb. liggur fyrir um að engar efnahagsráðstafanir verði gerðar nema með samþykki verkalýðshreyfingarinnar, ekki eingöngu í samráði við verkalýðshreyfinguna, eins og stendur í málefnasamningi ríkisstj., heldur með samþykki verkalýðshreyfingarinnar. Nú vil ég hafa mjög náið samráð og samvinnu við aðila vinnumarkaðarins og þ. á m. verkalýðshreyfinguna, en ég vil ekki afsala völdum Alþingis til aðila utan löggjafarsamkomunnar. En þetta loforð liggur fyrir og þess vegna var spurt um hvort fyrirhugaðar efnahagsráðstafanir verði kynntar fyrir þessar dagsetningar, en ekki síst hvort efnahagsráðstafanirnar verði hér til meðferðar á löggjafarþingi fyrir n. k. áramót þegar myntbreytingin fer fram. Ef efnahagsráðstafanir eiga að hafa einhverja þýðingu til hugarfarsbreytingar meðal Íslendinga og myntbreytingin að gera gagn er alveg ljóst að ráðstafanirnar verða að koma á undan myntbreytingunni sjálfri. Við höfum heyrt hæstv. viðskrh. og aðra ráðh. ræða hér fjálglega um að holskeflan 1. des. n. k. verði slík að síðan verði við ekkert ráðið, og enn er spurt: Hvenær fær þingheimur upplýsingar um þessar efnahagsráðstafanir?

Ég held að þögn ríkisstj., hæstv. forsrh. jafnt og hæstv. viðskrh., hæstv. utanrrh., að ég tali nú ekki um ráðh. Alþb., eigi sér skýringu í því, að það er ekkert samkomulag um efnahagsaðgerðir. Hæstv. ráðh. vita ekki sitt rjúkandi ráð.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Fyrir um það bil hálfum mánuði sagði hæstv. viðskrh. í umr. einmitt undir þessum dagskrárlið eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Eftir að grunnkaupshækkanir urðu, þ. e. samkvæmt síðustu samningum, verður ekki komist hjá að gera efnahagsráðstafanir."

Eftir að hæstv. ráðh. hafði svo mælt spurðu þm. eðlilega: Hverjar eru þær ráðstafanir sem hæstv. viðskrh. er að boða? Ég trúi því ekki að jafnþingreyndur maður og hæstv. forsrh. telji það óeðlilegt, þegar ráðh. í ríkisstj. gefur þannig upp boltann í umr. með yfirlýsingu, að þm. spyrji nánar um þetta tiltekna atriði.

Það var gengið á hæstv. viðskrh. út af þessum umr. og hann spurður hvað hann væri að boða með slíku tali. Eftir nokkurt þóf sagði hæstv. viðskrh. síðar í þessum sömu umr., með leyfi forseta:

„Það hefur ekkert verið sagt að þær ráðstafanir, sem um er talað, eigi að beinast gegn launafólki."

Þetta er rétt, en ég spyr: Vill hæstv. viðskrh. eða hæstv. forsrh., ég tala nú ekki um hæstv. fjmrh. eða félmrh., þá ráðh. í núverandi ríkisstj. sem telja sig fulltrúa öreiganna í landinu, gefa hér yfirlýsingar um að komandi ráðstafanir umtalaðar beinist ekki gegn launafólki? — Ég er ekki í neinum vafa um að sams konar fyrirspurn bíður á vörum hv. þm. Guðmundar J. Guðmundssonar, hvort sem hann hefur nú uppburði til þess að koma hér upp í ræðustól og spyrja eða hvort að hann gerir það á öðrum vettvangi, en það skiptir ekki meginmáli.

Ég skora á hæstv. viðskrh. að minnsta kosti, sem viðhafði þessi ummæli undir þessum dagskrárlið fyrir um hálfum mánuði, að gefa þá yfirlýsingu hér, að væntanlegum efnahagsráðstöfunum verði ekki beint gegn launafólki í landinu. Ef hann gerir það geta menn verið rólegri að því er varðar þing Alþýðusambandsins. En það fer ekki hjá því, að ef hæstv. ráðh. sitja áfram þegjandi og svara engu til, tala í dylgjum og undir rós, hlýtur þing Alþýðusambandsins að krefjast þess af hæstv. ráðh. að þeir segi til um hvaða ráðstafanir hér er verið að tala um. — Og ég er viss um að hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson verður í þeim hópi sem spyr hvað ákafast.

Sigurgeir Sigurðsson: Herra forseti. Venja mun að nýir þm. ræði um eigin frv. í fyrsta skipti og er það yfirleitt kölluð jómfrúarræða. Fyrir mér fer í þetta fyrsta skipti eins og stúlkunni sem réðst til Ríkisskips hérna um árið, því að eftir fyrsta daginn sagði hún: „Hér verð ég ekki lengur jómfrú."

Hér hefur mikið verið talað um væntanlega myntbreytingu og menn hafa verið að reyna að fá fram ákveðin svör við fyrirspurnum um aðgerðir sem ættu að fylgja þar í kjölfarið. Sem nýr þm. hér inni og varaskeifa kemur mér það dálítið spánskt fyrir sjónir að heyra engan óbreyttan stjórnarliða taka hér til máls. Þeir sitja hér með sælubros á vör og brosa góðlátlega að þessum fyrirspurnum okkar. Þetta finnst mér benda til þess, að þegar hafi verið ákveðnar einhverjar aðgerðir sem þeim hefur verið trúað fyrir, en við hinir fáum ekki um að heyra.

Ég tala eins og mér býr í brjósti um þetta. Mér finnst menn tala nokkuð kæruleysislega um efnahagsmálin hér. Menn grípa fram í. Ég játa fúslega að mér finnst mínir flokksmenn ekki vera þar neitt sérstaklega til fyrirmyndar. Þó verð ég að segja eins og er, að þeim er vorkunn. Þeir eru hér umbjóðendur fyrir stóran hluta þjóðarinnar sem óskar skýrra svara um hvað hæstv. ríkisstj. hyggst fyrir í sambandi við myntbreytinguna.

Ég er einn af mörgum sem trúði á að hægt væri að koma á þeirri hugarfarsbreytingu sem hér um ræðir.

Þó að ráðh. hafi ekki treyst sér til að svara hv. þm. Ragnhildi Helgadóttur held ég að ég muni það orðrétt að skrifstofustjóri Seðlabankans sagði að myntbreytingin kostaði 600 millj. Þetta er þó tala sem ég mundi vilja að ráðh. staðfestu ef þeir vissu betur.

Ég er farinn að taka mér ráðherravald. Þetta er kannske það sem koma skal, það veit enginn sína ævina. En mér finnst þetta alvörumál, sem hér er á dagskrá, vera slíkt að gjarnan mætti eyða í það meiri tíma. Mér finnst ráðh. gera frekar lítið úr fyrirspurnum okkar með því að virða okkur ekki svars. Ég óska þess innilega, og er þar ekki að tala með neinum útúrsnúningum, heldur sem — ja, nýfalleruð jómfrú, að við fengjum að heyra þá alvöru og þann boðskap sem við okkur hlýtur að blasa um n. k. áramót.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Hv. þm. Karvel Pálmason hlýtur að vera einhvers staðar nálægt. (**Gripið fram í:** Hann er hérna, ráðh.) Ég vildi aðeins, herra forseti, rifja upp að ég var í raun og veru búinn að ræða þá fullyrðingu hv. þm. Karvels Pálmasonar að ég hefði lagt til að það yrði eingöngu tekið á launamálum í sambandi við efnahagsráðstafanirnar.

Ég vil aðeins, til þess að það gleymist ekki, endurtaka að ég hef lagt áherslu á samræmdar aðgerðir í efnahagsmálum og lagt áherslu á það atriði að erfitt væri að ná verðbólgunni niður nema taka á öllum helstu kostnaðarþáttum verðlagsins og þar á meðal er verð á vöru og þjónustu, landbúnaðarvörum, fiski, vextir og verðbætur launa svo og gengi. Það er alveg óþarfi fyrir hv. þm. að vera að snúa út úr þessu. Ég hef aldrei haldið því fram að taka ætti sérstaklega og einvörðungu á launamálum. Hins vegar hef ég sagt að ástæða væri til að lækka skatta til að tryggja kaupmátt lægri launa í landinu. — Ég vildi aðeins taka þetta fram til að það væri algerlega skýrt af minni hálfu hvað ég hefði sagt um þessi efni, og þá ætla ég að hv. þm. hafi vísað til ræðu sem ég flutti við 1. umr. fjárlaga fyrir skömmu.

Ég hef nú svarað fyrirspurninni tvisvar sinnum og tel ekki ástæðu til að svara henni í þriðja sinn, þ. e. þeirri fyrirspurn sem hér er á dagskránni. Hins vegar liggja ýmsar munnlegar fyrirspurnir hv. þm. fyrir. Ég tel ekkert óeðlilegt þó að þm. spyrji um efnahagsráðstafanir. Það er ekkert óeðlilegt út af fyrir sig, en ekki er hægt að ætlast til þess að þeim sé svarað nema það sé dagskrármál sem þar er um að ræða.

Ég vil endurtaka að það er enginn vafi á að efnahagsaðgerðir af hálfu ríkisstj. verða að sjálfsögðu lagðar fyrir Alþ. og ræddar, eins og jafnan hefur verið. (**Gripið fram í:** Fyrir jól?) Ég skal ekkert segja um neinar dagsetningar í því efni, en þær verða ræddar þegar að þær hafa endanlega verið ákveðnar af hálfu ríkisstj. og af þeim aðilum sem standa að ríkisstj.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil koma þeirri leiðréttingu að við mál hæstv. viðskrh., að það verður ekki litið á fiskverð öðruvísi en að telja a. m. k. að það eigi sinn þátt í launum þeirra stétta sem að fisköflun vinna, og á ég þar við fiskimennina. Ef þetta hefur farið

fram hjá hæstv. ráðh., sem er þm. fyrir Austurlandskjördæmi, þykir mér það leitt. En ég fullvissa hann um að hókus-pókus aðferðir við fiskverð um næstu áramót munu ekki ganga jafngreiðlega og gerðist haustið 1978 þegar þáv. hæstv. ríkisstj., og þ. á m. hæstv. ráðh. Tómas Árnason, hafði milljarða af íslenskum fiskimönnum í þeim aðgerðum sem gerðar voru þá.

Fyrirspyrjandi (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Mér þykir rétt að segja hér þó ekki sé nema nokkur orð í þessum umr. um fsp. mína og þó það væri ekki til annars en lýsa ánægju minni yfir þeim miklu umr. sem þessi fsp. hefur hlotið. Það er ákaflega eðlilegt að það séu miklar umr. um svo veigamikið mál sem hér um ræðir, og umr. sýna að það var ekki vanþörf á að hreyfa þessu máli hér í þinginu.

Ég vil með nokkrum orðum segja það sem mér finnst aðalatriði þessa máls.

Það eru vissar staðreyndir sem liggja augljósar fyrir. Það er augljós staðreynd að ekki liggur núna fyrir hver sú heildarstefna er í efnahagsmálunum sem gjaldmiðilsbreytingin á að fylgja. Þetta er staðreynd. Það er staðreynd, að það eru líka allir sammála um að ekki sé ráð að gera gjaldmiðilsbreytingu nema sem lið í heildarráðstöfunum. Þetta mál hlýtur því að snúast um heildarráðstafanir í efnahagsmálunum. Og það er ekki nóg að þær ráðstafanir liggi ekki enn fyrir: Aðspurðir geta ráðh. ekki gefið okkur neitt til kynna um það nú á elleftu stund hverjar þessar ráðstafanir eigi að vera.

Það er auðvitað eðlilegt að þm. hafi nokkrar áhyggjur af þessu og það komi fram í hinni miklu þátttöku þm. í þessum umr. og það komi fram í spurningum þm. Það er ekkert óeðlilegt við þetta. Það eru þvert á móti eðlileg viðbrögð og lýsir því að mönnum er órótt út af þessu máli.

Það eru mjög slæm tíðindi að heildarstefna skuli ekki núna liggja fyrir. En það, sem er verst í þessu efni að mínu viti, er að tíminn er hlaupinn frá okkur. (Forseti hringir.) Herra forseti. Hvað er mér ætlaður langur tími? (Gripið fram í.) Já, og hvað hef ég talað lengi? **(Forseti:** Þú hefur talað tvær mínútur.) Já, ég vil vekja athygli forseta á því að samkv. 32. gr. þingskapa er gert ráð fyrir að fyrirspyrjandi geti talað jafnoft og ráðh. sem svarar. Þó er ég ekki að segja að ég ætli að gera það. Hæstv. ráðh. hefur talað fjórum sinnum. Ég hef áður talað tvisvar. Ég hafði látið mér detta í hug að tala núna þennan ræðutíma og tel mig eiga hann samkv. þingsköpum. Ég vil vekja athygli hæstv. forseta á þessu og held að þetta fari ekki á milli mála.

Ég sagði að tími okkar væri hlaupinn. Það, sem ég á við með því, er að jafnvel þó að það kæmi heildarstefna og jafnvel þó að það væri eitthvað haldbært í þeirri stefnu, en ég efast um hvort tveggja, er það of seint fram komið. Það er ekkert vit í því að ætla að gera svo örlagaríka ráðstöfun sem gjaldmiðilsbreytinguna nema vera búinn að undirbyggja það með löngum fyrirvara með ákveðinni stefnuskrá og freista þess að skapa það traust meðal almennings í landinu á þeim aðgerðum sem er alger forsenda fyrir því að þær heppnist. Og það er ekki nóg með að það sé þýðingarmikið að þær heppnist. Við stöndum í þeim vanda að það geti verið að þessar ráðstafanir hafi þveröfug áhrif við það sem til er ætlast vegna þess hvernig að er staðið. Og þá erum við að hella olíu á verðbólgubálið. Og við erum kannske að glata um allanga framtíð því tækifæri sem sjálfsagt var að nota undir réttum kringumstæðum með gjaldmiðilsbreytingunni, því að við gerum ekki svona breytingar annað hvort ár eða á nokkurra ára fresti.

Vegna þess að þetta mál er svo alvarlegt sem raun ber vitni um hef ég í þessum umr. áður borið brigður á að það væri ekki hægt að fresta núna þessari aðgerð. Ég hef borið brigður á það, sem hæstv. viðskrh. hefur eftir embættismönnum í Seðlabankanum, að ekki sé hægt að fresta aðgerðinni eða það sé erfitt. En ég segi: Það eru svo miklir hagsmunir í veði að það verður að athuga það miklu raunhæfar en gert hefur verið hvort ekki er hægt að ryðja úr vegi þeim framkvæmdaörðugleikum sem kunna að vera á því að fresta þessu máli núna.

Hæstv. forsrh. sagði áðan að við í stjórnarandstöðunni hefðum getað borið fram frv. um að breyta lögunum. Það er alveg rétt. En við kusum að vekja athygli á vandanum með þessum hætti, gerðum það fyrir mánuði. Og með því að bera fram þessa fsp. og leggja hana fram á Alþ. hnipptum við í hæstv. ríkisstj. Við höfum með þessum vinnubrögðum viljað taka mið af því, hve alvarlegt og viðkvæmt þetta mál er. Við höfum með því að aðvara ríkisstj., með því að gefa henni ráð viljað reyna að styðja hana til jákvæðrar niðurstöðu í svo þýðingarmiklu máli. Við höfum talið að þetta væru eðlilegustu vinnubrögðin í því skyni.

Forseti (Karl Steinar Guðnason): Í tilefni af orðum síðasta ræðumanns vil ég geta þess, að í 32. gr. þingskapa segir svo: „Ráðh. má að jafnaði ekki tala oftar en tvisvar og þm. ekki nema tvisvar."

Fyrirspyrjandi (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Mér þykir miður að þurfa að biðja um orðið núna aftur, en mér fannst það liggja í orðum hæstv. forseta að ég kynni ekki þingsköp í þessum efnum sem ég vék að í ræðu minni áðan. Ég fullyrði að þingsköp gera ráð fyrir því, ef greinin er öll lesin, að það sé jafnræði á milli fyrirspyrjanda og þess sem svarar. Því hef ég engu við að bæta það sem ég sagði áðan.

Forseti (Karl Steinar Guðnason): Ég hef ekkert frekar um þetta að segja, en bið menn að lesa þingsköpin. Þau skýra sig best sjálf.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það eru örfá orð út af ummælum hæstv. viðskrh. Ég verð þó að segja fyrst að hæstv. ráðh. má eiga það, að hann hefur kjark til þess að koma hér í ræðustól og tala. **(GJG:** Það hefur þú líka.) Það vissi Guðmundur J. Guðmundsson fyrir. Það eru engin ný sannindi.

Ég held að það hafi mátt skilja ummæli hæstv. viðskrh. í ræðu hans áðan á þann veg, að þau væru að hluta til svar við þeirri fsp. sem hér var borin fram í umr. fyrir um hálfum mánuði, þ. e. spurningunni um hvað þýddu boðuð orð hæstv. viðskrh. um efnahagsráðstafanir í kjölfar kjarasamninga. Hæstv. ráðh. nefndi nokkur atriði, sem hann taldi að þyrfti að gera undir samheitinu „samræmdar aðgerðir", og þar á meðal verðbótaþátt launa, fiskverð o. fl. Skertur verðbótaþáttur launa einn og sér þýðir kjaraskerðingu og breytingu á samningum launþega sem gerðir voru í haust. Þar með skil ég orð hæstv. viðskrh. á þann veg, að hann sé hér að boða breytingu á þeim kjarasamningum sem gerðir voru 27.

okt. s. l. Verði undir heitinu „samræmdum aðgerðum" tekinn þessi kostur og breytt því sem um hefur verið samið er verið að breyta gildandi kjarasamningum.

Hæstv. ráðh. segir að ég sé að snúa út úr. Látum það liggja milli hluta. En málgagnið Tíminn, blað hæstv. viðskrh., segir á forsíðu 7. nóv. s. l., með leyfi hæstv. forseta:

„Verðstöðvun og engar verðbætur 1. des.? „Og hafin verði raunhæf niðurtalning með gjaldmiðislbreytingunni," sagði Tómas Árnason á Alþingi í gær", þ. e. 6. nóv.

Einhver hafði þau orð um þessi ummæli blaðamannsins að hann hlyti að hafa verið hálfsofandi. Ég vil nú spyrja hæstv. viðskrh. hvort málgagn hans, Tíminn frá 7. nóv. s. l., fari hér með staðlausa stafi. Ef svo er ber hæstv. ráðh. auðvitað skilyrðislaust að leiðrétta þetta málgagn og þá um leið að vara almenning við því að trúa a. m. k. öllu sem þetta málgagn Framsfl. og ríkisstj. segir um vissa þætti þessara mála.

Ég ítreka sem sagt að ég skildi ummæli hæstv. viðskrh. áðan á þann veg, að það sé í bígerð, kannske búið að ákveða í innsta hring hæstv. ríkisstj. skerðingu á þeim samningum sem gerðir voru af aðilum vinnumarkaðarins 27. okt. Í ljósi þess hlýtur komandi Alþýðusambandsþing að krefjast skýrra svara frá hæstv. ríkisstj. um hvað annað fylgi með í þeim pakka sem nú er verið að búa til.

Sameinað þing, 21. fundur.

Þriðjudaginn 18. nóv., að loknum 20. fundi.

Nýting silungastofna, þáltill. (þskj. 101). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Vegagerð, þáltill. (þskj. 106). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Verslunarþjónusta í dreifbýli, þáltill. (þskj. 112). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Bygging útvarpshúss, þáltill. (þskj. 55). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Neðri deild, 18. fundur.

Þriðjudaginn 18. nóv., kl. 4 síðdegis.

Málefni Flugleiða, frv. (þskj. 34, n. 116 og 121, 122). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Það mál, sem hér er til umfjöllunar, hefur hlotið allítarlega meðferð hér á Alþ. og mun ég því reyna að stytta nokkuð mál mitt, því að við höfum verið þeirrar skoðunar í fjh.- og viðskn. Nd., sem höfum unnið að þessu máli, að það bæri að hraða málinu eins og hægt væri, og við höfum reynt að vinna að málinu samkv. því.

Þetta mál, sem hér er til umr., þ. e. frv. til l. um málefni Flugleiða, og hér er flutt af hæstv. ríkisstj., má rekja með einum eða öðrum hætti til hins svokallaða Atlantshafsflugs. Þetta flug er og hefur verið áhættuflug og hefur skapað félaginu margvíslega erfiðleika. Orsakir þessara erfiðleika hafa verið til umfjöllunar lengi, en það, sem fyrst og fremst kemur þar til, eru ytri skilyrði. Skilyrði á þessari flugleið eru gjörbreytt. Áður ríkti nokkur takmörkun á því, hverjir gætu þar flogið, en nú er ekki um slíkar takmarkanir að ræða lengur. Þetta er að sjálfsögðu fyrst og fremst ástæðan.

Hins vegar er ýmislegt annað sem ekki hefur hjálpað til í þeim erfiðleikum. Það hefur tekið félagið of langan tíma að laga sig að þessum aðstæðum. Yfirbyggingin hefur verið mikil, það hefur verið ólga meðal starfshópa innan félagsins, og því má segja að ýmislegt í stjórnun félagsins hafi farið miður en gott hefði verið, og ég skal ekki rekja það hér. Hins vegar vil ég segja það, að margt má af þessari sögu læra og það er sjálfsagt að gagnrýna þróun þessara mála. Þar hafa átt sér stað mistök. Hins vegar tel ég, að við ættum að reyna að læra af þessari sögu.

Það er eðli alls atvinnurekstrar að mínum dómi að þegar vel gengur aðlagast kostnaðurinn tekjunum. Menn eyða eftir því sem þeir hafa handa í milli. Það er ýmislegt sem þarf að gera og vantar að gera og kostnaðurinn aðlagast tekjunum. Þegar verr fer að ganga og illa stendur á er aftur á móti erfiðara að koma kostnaðinum niður þegar tekjurnar fara að lækka. Við þetta vandamál hafa Flugleiðir augljóslega átt að stríða, og við getum einnig hugsað okkur svipað dæmi, ef ríkissjóður Íslands og ýmis fyrirtæki í þjóðfélaginu yrðu fyrir slíkum áföllum sem þarna hafa átt sér stað. Ég á von á því, að það mundi standa í ýmsum að aðlaga sig þeim aðstæðum sem þá mynduðust. Ég er ekki að segja með þessu að allt hafi þarna verið rétt gert. Ég er ekki þeirrar skoðunar. Ég vil hins vegar viðurkenna það, að hér er um mikið vandamál að ræða sem ég held að væri hollt fyrir ýmsa að setja sig inn í. Það væri mikið vandamál að skera niður fjárlög ríkisins um nokkra milljarða eða nokkra tugi milljarða. Ég býst við að það mundi standa í ýmsum. Það er einnig vandamál að segja upp starfsfólki svo hundruðum skiptir. Þessar andstæður hafa komið fram í þessu máli.

Nm. í fjh.- og viðskn. eru, að því er ég best veit, sammála um að það sé ástæða til að hafa miklar áhyggjur af framtíð Atlantshafsflugsins. Ég orðaði það svo, eftir að ég hafði hlýtt á mál manna varðandi framtíð þessa flugs, að það væri svipað og vera staddur á miðunum úti fyrir Austurlandi í hinni frægu þoku sem þar ríkir oft langtímum saman. Menn sjá ekki þar til lands, og mér sýnist að það sjái enginn til lands í þessu máli. Hins vegar hefur verið tekin sú ákvörðun að halda þessu flugi áfram í tilraunaskyni, en formaður stjórnar félagsins, sagði

aðspurður, hversu lengi þessu flugi væri hægt að halda áfram, — hann sagði: svo lengi sem vit er í.

Auðvitað er erfitt að meta það, hversu lengi er vit í að halda áfram þessu flugi. En ég vil segja það sem mína skoðun, að það er ekki vit í því að ganga svo langt að við sökkvum dýpra og dýpra í skuldafen sem erfitt verður að komast upp úr. Það er vissulega réttlætanlegt að halda þessu flugi áfram af ýmsum ástæðum. Það er réttlætanlegt vegna þess að það er margt fólk sem vinnur við það og hefur mikla hagsmuni. Það gæti einnig verið réttlætanlegt vegna þess að menn sjá bjartari tíð og vonast til að skilyrðin muni lagast. Því miður er ekkert sem bendir til þess, að hinir gömlu góðu tímar, eins og menn orða það, komi aftur á þessari flugleið. Það er ekkert sem bendir til þess, að ríkisstj. Bandaríkjanna muni breyta um flugmálastefnu, svo að ekki er von til að á þessari flugleið verði slíkur hagnaður sem áður var. Hins vegar vita menn að það mun að sjálfsögðu kom að því, að hin stóru flugfélög geti ekki lengur borið uppi það mikla tap sem er á þessari flugleið. En enginn veit hvenær það verður og hvenær markaðurinn verður með eðlilegum hætti. Um þetta getum við ekkert fullyrt á þessari stundu. Ég get út af fyrir sig samþykkt að halda þessu áfram um nokkurt skeið, en ég er sannfærður um að það mun ekki líða á löngu þar til þessi mál koma aftur til meðferðar hér á Alþingi.

Ég ætla, herra forseti, ekki að ræða almennt meir um málefni þessa félags og vil því snúa mér að því nefndarstarfi sem við höfum innt af hendi og ég mæli hér fyrir, en undir það skrifa ásamt mér hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson, Matthías Á. Mathiesen, Matthías Bjarnason, Ingólfur Guðnason og Albert Guðmundsson.

N. hefur rætt þetta mál á allmörgum fundum. Við fengum við upphaf okkar nefndarstarfs bréf frá Flugleiðum hf., dags. 11. nóv. 1980, og stjórnarformaður félagsins, Örn Ó. Johnson, kom á okkar fund, skýrði þetta bréf og sjónarmið félagsins og svaraði ýmsum fsp. og veitti okkur upplýsingar. Þá kölluðum við einnig á fulltrúa frá Starfsmannafélagi Arnarflugs hf., en Starfsmannafélagið hafði ritað n. bréf og komið þar á framfæri ábendingum og óskum, og okkur þótti rétt að tala við fulltrúa þessa félags vegna þessa bréfs og einnig vegna þess að í nál. Ed. komu fram atriði sem varða þessi samtök. Þá kom einnig á fund n. hæstv. samgrh. og veitti okkur ýmsar upplýsingar og svaraði þeim fsp. sem fram komu.

Það, sem við höfum fyrst og fremst fjallað um, eru þau skilyrði sem koma fram í nál. frá Ed., og skal ég nú rekja þau nokkuð.

Fyrsta skilyrðið er þess efnis, að aukningu hlutafjár ríkisins í 20% verði komið til framkvæmda fyrir næsta aðalfund. Í bréfi Flugleiða hf. segir: „Stjórn félagsins samþykkir fyrir sitt leyti að hlutast til um það, að hlutafjáreign ríkissjóðs í Flugleiðum hf. verði aukin í 20%.“ Má því segja að stjórnin hafi samþykkt þetta atriði. Hv. þm. Matthías Á. Mathiesen og Matthías Bjarnason vilja taka fram, að þeir eru andvígir því að ríkissjóður auki hlutafjáreign sína, og hv. þm. Albert Guðmundsson vill einnig taka fram, að hann telur rétt að auka hlutdeild ríkissjóðs í félaginu í 20% sem tryggingu fyrir áhrifum og eftirliti með rekstri Flugleiða hf. á meðan umrædd fyrirgreiðsla stendur, en telur, að ríkissjóði beri skylda til að selja hlutabréfin þegar fjárhagsstaðan batnar og ríkisábyrgðin fellur brott.

Í öðru lagi kom fram í áliti Ed. að starfsfólki eða samtökum þess verði á sama tíma gefinn kostur á að eignast hlutafé fyrir a. m. k. 200 millj. kr. og þannig stuðlað að því að sameiginlegt atkvæðamagn starfsfólks nægi til kjörs eins fulltrúa í stjórn. Stjórn félagsins hefur tjáð í nefndu bréfi og formaður stjórnarinnar á okkar fundi að félagið hafi þegar hrundið í framkvæmd útboði hlutafjár að fjárhæð 234 millj. 974 þús. kr. til starfsmanna félagsins og telur þess vegna að þetta skilyrði sé uppfyllt.

Í n. urðu allmiklar umr. um áhrif starfsfólks í félaginu og hvernig það væri best tryggt. Ég er þeirrar skoðunar, að það sé góð regla í öllum stærri hlutafélögum, að starfsfólk eigi aðild að stjórninni eða fulltrúar starfsfólks, ekki vegna þess að það eigi þar hlutabréf, heldur vegna þess að það sé þar starfandi. Við töldum í n. að það væri mikilvægt að efla samstöðu og áhrif starfsfólks í stjórn félagsins og það mundi verða til þess að auka ábyrgð starfsfólksins og þá mundi félaginu vegna betur. Í þessu sambandi viljum við benda á og fram kemur í okkar nál. það sem stendur í 47. gr. laga um hlutafélög, en þar stendur:

„Í samþykktum er heimilt að veita stjórnvöldum eða öðrum rétt til að tilnefna einn eða fleiri stjórnarmenn.“

Þegar hlutafélagalöggjöfin var til meðferðar á Alþ. á sínum tíma þótti rétt að hafa þann möguleika, að starfsfólk gæti átt sæti í stjórnum hlutafélaga, ekki vegna þess að það ætti þar hlutafé, heldur sem fulltrúar starfsfólksins og vinnuaflsins í félaginu. Það er því ekkert því til fyrirstöðu, að starfsfólkið geti kosið eða tilnefnt stjórnarmenn í félag sé það ákveðið í samþykktum viðkomandi félags. Hitt er svo annað mál, að þegar um er að ræða félag sem hefur starfað um langan tíma og ætti að ákveða sjálft að starfsfólkið fái aðild að stjórninni með fullum réttindum, þá er þar um allflókið lagalegt atriði að ræða og mjög líklegt að það mundi teljast stangast á við 77. gr. laganna og yrði litið svo á að það væri verið að takmarka rétt þeirra hluthafa sem fyrir eru í félaginu, takmarka rétt og áhrif þessara hluthafa til þess að tilnefna menn í stjórn. Það er hins vegar ekkert því til fyrirstöðu samkv. núgildandi lögum að starfsfólki verði veitt aðild að stjórnum hlutafélaga án atkvæðisréttar, og við teljum, að starfsfólk Flugleiða hf. eigi að fá tækifæri til að tilnefna fulltrúa á þessum grundvelli, þ. e. á grundvelli laga um hlutafélög, og samþykktum félagsins verði breytt í þessu skyni. Félag allra starfsmanna tilnefni fulltrúa þessa að undangenginni kosningu í þeirra samtök. Þetta viljum við setja fram og koma á framfæri við ríkisstj. og bæta því við þau atriði er fram komu í meirihlutaáliti frá hv. fjh.- og viðskn. Ed.

Í þriðja lagi kom fram í nál. fjh.- og viðskn. Ed. að aðalfundur Flugleiða verði haldinn fyrir lok febr. 1981 og kosin ný stjórn í samræmi við breytta hlutafjáreign, en framhaldsaðalfundur haldinn síðar ef þörf krefur. Í bréfi Flugleiða hf. kom fram, að samkv. 67. gr. laga um hlutafélög skal leggja fram ársreikning og skýrslur endurskoðenda á árlegum aðalfundi hlutafélags, og samkv. 10. gr. samþykkta Flugleiða hf. skal leggja ársreikninginn fram á aðalfundi og stjórnin skýra frá hag félagsins á liðnu ári áður en gengið er til stjórnarkosninga. „Í öðru lagi er bent á,“ og nú vitna ég í bréf Flugleiða hf., „að samkv. 18. gr. samþykkta félagsins skipa 9 menn aðal-

stjórn þess og 3 menn varastjórn. Á aðalfundi 1981 skal kjósa 5 menn í aðalstjórn, en kjörtímabil þeirra 5 manna, sem úr stjórn félagsins ganga þá, lýkur fyrst við lok aðalfundar það ár. Kjörtímabil þeirra fjögurra manna, sem kosnir voru í stjórn félagsins á aðalfundi 1980, er til loka aðalfundar 1982. Af tæknilegum ástæðum er fyrst hægt að reikna með því að ársreikningur félagsins geti legið fyrir í apríl 1981, og er því fyrirsjáanlega ekki raunhæft að boða til aðalfundar fyrr en í apríl á næsta ári. Með vísan til framanritaðs samþykkir stjórn félagsins að hraða nausynlegum undirbúningi aðalfundar 1981 og boða til hans svo fljótt sem mögulegt er." Síðan kemur: „Stjórn félagsins tekur þó fram, að ef það er ófrávíkjanleg krafa ríkisstj. að til aðalfundar félagsins verði boðað og hann haldinn fyrir lok febr. 1981 og þeir stjórnarmenn, sem kjósa skal á þeim fundi, verði kosnir þá þegar, er stjórnin reiðubúin til að boða til aðalfundarins með dagskrá þar að lútandi sem þá verði tekin ákvörðun um á fundinum."

Það þótti rétt að reyna að afla lagalegra skýringa á þessu atriði og fengum við í okkar hendur bréf það varðandi, sem hæstv. samgrh. fékk, og vil ég vitna í það hér. Þar kemur fram:

„Í 67. gr. laga nr. 32/1978, um hlutafélög, segir, að aðalfund skuli halda eftir því sem samþykktir ákveða, þó aldrei sjaldnar en einu sinni á ári og aldrei síðar en innan 9 mánaða frá lokum hvers reikningsárs. Á aðalfundi skal leggja fram ársreikninga og endurskoðunarskýrslu.

Samkv. upphafi 10. gr. samþykktar Flugleiða hf. frá 28. 4. 1980 skal halda aðalfund eigi síðar en 30. júní ár hvert. Stjórn Flugleiða telur útilokað, að ársreikningur geti verið tilbúinn í febrúar 1981 og er það án efa rétt. Hins vegar er ekkert því til fyrirstöðu, að haldinn verði aukafundur í febrúarmánuði, sbr. 68. gr. l. nr. 32/1978 og 12. gr. samþykktanna. Samkv. 2. mgr. 47. gr. laganna skal hluthafafundur kjósa stjórn hlutafélags. Ekki er lagaskilyrði að það sé aðalfundur hlutafélagsins. Samkv. 18. gr. samþykktanna skipa 9 menn stjórn félagsins og auk þess eru varamenn þrír. Kjörtími aðalmanna er tvö ár, en varamanna eitt ár. Aðalmenn skiptast í tvo hópa. 4 aðalmenn eru kosnir á aðalfundi 1980 og kjósa skal 5 menn á aðalfundi 1981. Ef kjósa á alveg nýja stjórn á hluthafafundi í febr. eða aðalfundi í apríl er ekki annað til ráða en að öll stjórnin, bæði aðalmenn og varamenn, segi af sér stjórnarstörfum, sbr. 48. gr. laganna, miðað við hluthafafund í febr. eða aðalfund í apríl.

Í þessu sambandi vil ég benda á, að í samþykktum Flugleiða hf., 17. gr., er ákveðið að samþykktum félagsins megi breyta á hluthafafundi þar sem hluthafar, sem hafa umráð yfir $^2/_3$ hlutum hlutafjárins, eru mættir og tillaga hlýtur $^4/_5$ hluta greiddra atkv. Þessi heimild nær til stjórnarkjörs. Í þessu sambandi vil ég benda á 2. mgr. 47. gr. laganna, en þar segir, að í samþykktum megi fela stjórnvöldum að nefna til einn eða fleiri stjórnarmenn, þó aldrei meiri hl. Ef ákveðið verður að fresta breytingum á stjórn til aðalfundar í apríl þurfa aðeins þeir 4 stjórnarmenn, sem kosnir voru í apríl, að segja af sér, þar sem kjörtímabil annarra stjórnarmanna rennur út á fundinum."

Þetta var álit Benedikts Sigurjónssonar á þessu atriði sem mér þykir rétt að vitna til. Í því er í reynd ekkert annað gert en að rekja staðreyndir samþykkta og staðreyndir laga, og má af því sjá að það er ekkert því til fyrirstöðu að haldinn sé hluthafafundur í febr. sem taki á dagskrá stjórnarkjör í hlutafélaginu Flugleiðum hf.

Í fjórða lagi kom fram í nál. frá Ed. að starfsmannafélagi Arnarflugs væri gefinn kostur á að kaupa hlut Flugleiða í Arnarflugi. Um það segjum við í okkar nál.:

„Nm. eru sammála um að Starfsmannafélagi Arnarflugs sé gefinn kostur á að kaupa hlut Flugleiða hf. í Arnarflugi hf."

Matthías Á. Mathiesen tekur fram að óeðlilegt sé að gera þær kröfur til fyrirtækis, sem leitar aðstoðar ríkisins, að það selji eignir sínar nema til þess að bæta fjárhagsstöðu eða koma fram stefnumótun löggjafans. Að því tilskildu er eðlilegt að starfsmönnum viðkomandi fyrirtækis sé gefinn kostur á að kaupa hlutabréfin.

Í bréfi Flugleiða hf. kemur fram að forráðamenn þeirra eru tilbúnir að ganga til viðræðna um þetta mál, og við erum því sammála, sem kom fram í nál. frá fjh.- og viðskn. Ed., að starfsmönnum þessa félags verði gefinn kostur á að kaupa þessi hlutabréf.

Í fimmta lagi kom fram í nál. fjh.- og viðskn. Ed. að ársfjórðungslega verði ríkisstj. gefið yfirlit yfir þróun og horfur í rekstri Flugleiða. Um þetta eru allir sammála og stjórn félagsins telur þetta eðlilegt og því ekki meira um það að segja.

Í sjötta lagi kom fram í nál. Ed., að „fram fari viðræður ríkisstj. og Flugleiða um nýjar reglur varðandi hlutafjáreign í fyrirtækinu, sem m. a. takmarki atkvæðisrétt einstaklinga og fyrirtækja sem hlut eiga í Flugleiðum."

Um þetta atriði segir í þeirri grg. sem við fengum:

„Í 6. lið bréfs samgrn. er einungis farið fram á viðræður um atkvæðagildi hlutabréfa o. fl. Flugleiðir hf. fallast á slíkar umræður. Það skal hins vegar viðurkennt, að hér er um margslungið mál að ræða sem þarfnast mikillar athugunar. Samkv. 6. mgr. 9. gr. samþykktanna má enginn fara með meira en $^1/_5$ hluta atkv. í félaginu fyrir sjálfan sig eða aðra samanlagt né heldur gefa öðrum umboð til að fara með atkv. fyrir þá eign sem kann að vera umfram $^1/_5$ hluta hlutafjárins og telst ekki til atkvæða. Ákvæðum um rétt hluthafa að þessu leyti er erfitt að breyta, sbr. 77. gr. laganna. Allir, sem verða fyrir slíkri réttarskerðingu, verða að gjalda henni jákvæði."

Þar sem um þetta þurfa að fara fram talsverðar kannanir og viðræður, sem mér skilst að Flugleiðir séu reiðubúnar að hefja, sé ég ekki ástæðu til að eyða um það fleiri orðum.

Við viljum benda á og tökum það fram í okkar nál., að við höfum ekkert við það að athuga að nefndar viðræður fari fram. Við viljum hins vegar benda á að hér er verið að tala um réttarskerðingu einstakra aðila, en um það segir m. a. í 77. gr. hlutafélagalaga:

„Samþykki allra hluthafa þarf til þess að ákvarðanir um eftirtaldar breytingar í félagssamþykktum verði gildar." Þar eru talin upp þrjú atriði og í þriðja lagi stendur: „Að takmarka heimild hluthafa til meðferðar á hlutum sínum eftir ákvæðum 19. og 20. gr. er skylda hluthafa til að þola lausn á hlutum sínum án þess að um slit félagsins sé að ræða."

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta atriði, en vil aðeins ítreka þá skoðun n., að við sjáum ekkert því til fyrirstöðu, að slíkar viðræður fari fram, en viljum hins vegar benda á að okkur sýnast verulegir annmarkar á framkvæmd þess, að slík niðurstaða geti orðið.

Í sjöunda lagi kom fram í nál. fjh.- og viðskn. Ed. að

Norður-Atlantshafsfluginu verði haldið fjárhagslega aðskildu eins og frekast er unnt. Um þetta eru allir sammála, og stjórn félagsins segir í sínu bréfi, að hún hafi þegar samþykkt að svokallað Norður-Atlantshafsflug félagsins verði fjárhagslega og reikningslega greint frá öðrum rekstri félagsins svo sem kostur er.

Herra forseti. Ég hef nú gert grein fyrir því starfi sem við höfum unnið í fjh.- og viðskn. Nd. um þetta mál. Við hefðum gjarnan viljað hafa tíma til þess að athuga betur ýmsar tryggingar fyrir þeim ábyrgðum sem þarna eiga að eiga sér stað. Við vorum hins vegar þeirrar skoðunar, að þessu máli yrði að ljúka hið allra fyrsta og það væri ekkert annað að gera en að tryggja þessar samgöngur og veita þessa ríkisábyrgð með þeim skilyrðum sem fram eru sett. Þess vegna töldum við það frambærilegt, að við eyddum ekki meiri tíma í rannsókn þessa máls og athugun á því, og miðað við það, sem við segjum í nál. og tökum þar fram, og einstakir nm. hafa þar fyrirvara um nokkur atriði eins og fram kemur í nál., þá leggjum við til að frv. til l. um málefni Flugleiða hf. verði samþykkt.

Frsm. minni hl. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti minni hl. fjh.- og viðskn. þessarar virðulegu deildar. Flugleiðamál ætla að því leyti að verða lík Kröflumálum, að Alþfl. stendur einn að því að reyna að bjarga þessu vandræðamáli í höfn, jafnvel þó seint sé. Brtt. þær, sem ég mæli fyrir, eru að öllu leyti þær sömu og hv. þm. Kjartan Jóhannsson mælti fyrir í Ed. fyrir nokkrum dögum. Þó eru tvö frávik, það fyrra stærra, hið síðara smærra.

Lagt er til að 2. liður skilyrða þeirra, sem ríkisvaldið setur Flugleiðum gegn fjármagnsfyrirgreiðslu, sé á þá leið, að samtökum starfsfólks og síðan einstaklingum, sem við fyrirtækið vinna, verði gefinn kostur á því að kaupa hlutafé í Flugleiðum hf. fyrir a. m. k. 200 millj. kr., m. a. í því skyni að auka almennt áhrif starfsfólks á stjórn fyrirtækisins. Þá er einnig gert ráð fyrir því, að starfsfólk kjósi sérstaklega mann í stjórn fyrirtækisins. Í þeirri lagabreytingu, sem ég er hér að tala fyrir, er lagt til að hann skuli kosinn almennri óhlutbundinni kosningu, þar sem sérhver einstaklingur, sem hefur starf hjá Flugleiðum hf. að aðalatvinnu, skuli hafa eitt atkv., sem sagt reglan: einn maður eitt atkv. Það er ekki verið að leggja til að þegar starfsfólk velur sér stjórnarmann, þá skipti hlutabréfaeign þess máli að því er varðar vægi atkv. Þá er lagt til að stjórnarmaður teljist ekki rétt kjörinn nema hann hafi hlotið minnst 50% atkv. Náist sú niðurstaða ekki í fyrstu kosningu skal kjósa aftur á milli þeirra tveggja sem flest atkv. hlutu og þá er kosningin bundin.

Stjórn samtaka starfsfólksins hjá Flugleiðum hf. skal sjá um framkvæmd kosningarinnar samkv. okkar till., svo sem gert er ráð fyrir í þessum brtt. við lagafrv.

Nú er því að vísu að bæta við, að ég fagna því, að það er nokkur munur á grg. þeirri, sem meiri hl. leggur fram hér í Nd., frá því sem meiri hl. lagði til í Ed., og það er að nokkru leyti tekið tillit til þessara atriða og þessara tillagna. Á hinn bóginn er það ljóst, að grg. hefur ekki lagagildi, og í annan stað er textinn í þessari grg. mjög svo loðinn. Þm. greiða ekki atkv. með grg. svo að Ed. fær ekkert meira að segja um þetta mál. Og enn þá fremur var það loðið í ræðu hv. þm. Halldórs Ásgrímssonar, og guði sé lof að enn standa mál þannig, að ræður, sem hér eru fluttar, hafa ekki lagagildi. Hugsið ykkur t. d. ef allt það, sem veltur fram af munni hv. þm. Stefáns Valgeirssonar, hefði lagagildi jafnóðum og talað væri. Þetta er kjarni málsins og þetta er ástæðan fyrir því, að við höfum lagt svo mikið upp úr því, við jafnaðarmenn, að þetta yrði bundið í lögum.

Hin breytingin er smærri. Hún er í 3. lið og lagt er til að aðalfundur verði haldinn hjá Flugleiðlum hf. ekki í febr., eins og frv. ríkisstj. gerir ráð fyrir, heldur í mars. Þessu valda tæknilegar ástæður, sem Örn Ó. Johnson, forstjóri Flugleiða hf. hefur gert væntanlega fjh.- og viðskn. í báðum deildum grein fyrir.

Stórt atriði er einnig hitt, að við jafnaðarmenn leggjum mikið upp úr því, að þessi skilyrði verði ekki sett í grg., heldur bundin sem lagatexti. Við lítum svo til, að ef það á annað borð er ætlun ríkisvaldsins að fara eftir þessum skilyrðum og í framtíðinni hvorki að hygla Flugleiðum hf. né herða fastar að ólinni á hálsinum á þeim, þá sé nákvæmlega sama hvort það stendur í grg. eða lagatexta. En það, að þetta stnadi í lagatexta er trygging bæði fyrir Flugleiðir hf., einnig fyrir Arnarflug hf. sem getið er um í 4. lið þessara skilyrða. Lagatexta virða menn, en það er margföld reynsla fyrir því, að grg. með lagafrv. eru ekki pappírsins virði.

Ég vek á því athygli, að á árinu 1978, nánar tiltekið á dögunum fyrir 1. des., deildu þáv. stjórnarflokkar hart um efnahagsráðstafanir. Alþfl. hafði lagt til að fara inn á þá braut sem síðar er farið að kalla niðurtalningu. Ekki náðist samkomulag um að setja þetta í frumvarpstextann, en þetta var sett í grg. Við vorum margir mjög uggandi um að grg. reyndist nokkurs virði. Það reyndist og vera rétt mat. Þessari grg. var aldrei framfylgt og hún reyndist vera einskis virði.

Sömu sögu held ég að megi segja nú. Ef það vakir fyrir ríkisvaldinu að fara að þessum skilyrðum og ganga hvorki lengra né skemmra, þá ætti því beinlínis að vera akkur að því að fá þennan texta felldan inn í lög. Því má svo bæta við, að það er heimilt samkv. hlutafélagalögunum frá 1978, að minni hl. stjórnar sé kosinn eftir öðrum leiðum en beinum tengslum við fjármagnseign. Hv. þm. Halldór Ásgrímsson gerði raunar grein fyrir þessu í sinni framsöguræðu. Þessi till. okkar er því í fyllsta samræmi við hlutafélagalögin sem samþ. voru á árinu 1978.

Því má svo bæta við, að öll meðferð þessa máls er ekki aðeins vitlaus, heldur óþingleg, það að menn séu að skipta texta í greinargerðum, að grg. meiri hl. fjh.- og viðskn. í þessari d. er önnur en grg. meiri hl. í Ed. Þegar starfsfólk hjá Flugleiðum, stjórn Flugleiða, fólkið hjá Arnarflugi fer að taka til þess, eftir hverju á það þá að fara: meiri hl. í Ed., meiri hl. í Nd. eða yfir höfuð engum? Þetta er sagt til undurstrikunar þess, að þessi nýja aðgerð að setja ágreiningsmál í grg. er kolvitlaus, hún er óþingleg, enda eru grg. til alls annars. Grg. eru til þess að dómarar síðar meir, sem eru að dæma eftir lögum, geti áttað sig á því, hvað vakti fyrir sé eitthvað óskýrt í lagatextanum. En það að ætla að setja stefnumótun fram í grg. sem menn þora ekki að setja inn í sjálfan lagatextann, það er óþinglegt og það er óþingræðislegt að hafa þá aðferð, enda mun málið ekki koma aftur til Ed., heldur verður það væntanlega afgreitt héðan.

Ég minni enn á örlög efnahagsráðstafananna fyrir 1. des. 1978. Og þá minni ég á það, að við höfum, jafnaðarmenn, viljað setja inn í lagatexta að skylda Flugleiðir til að taka upp atvinnulýðræði, ekki fara eftir hlutafjáreign, heldur að taka upp atvinnulýðræði, og mér er raun að því, ef það er rétt, sem mér sýnist að sé að gerast,

að til að mynda fulltrúar Alþb. ætla að verða til þess að fella þetta ákvæði, skilja eftir loðinn texta í grg. — og sannið þið til: örlög hans verða þau sömu og örlög grg. með efnahagsráðstöfunum 1. des. 1978.

Herra forseti. Ég vil fara öðruvísi að en frsm. meiri hl. Mér er ljóst, að það er beðið eftir úrslitum þessa máls, og ég mun ekki tefja tímann frekar.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Það var hafður töluvert annar háttur á vinnubrögðum fjh.- og viðskn. Nd. en í Ed. Í Ed. var málið lengi til meðferðar, ekki svo mjög innan n., heldur öllu meira í fjölmiðlum: í blöðum, útvarpi og sjónvarpi, mikið sýnt af myndum um leið. En nm. Í Nd. og formaður fjh.- og viðskn. Nd. höfðu þann hátt á að fara eftir gamla laginu. Málin voru rædd innan þeirra veggja þar sem n. sat og kallaðir til þeir menn sem upplýsingar gátu gefið. Ég er sennilega orðinn það full-orðinn, að ég kann betur við þessi vinnubrögð heldur en nýmóðins vinnubrögð þeirra Ed.-manna.

Það er margt sem er gagnrýnisvert í sambandi við meðferð þessa máls. Það er í fyrsta lagi það, að þegar mál eins og þetta, sem þarfnast þess að kalla æði marga til fundar og samræma þarf sjónarmið, þá hefur sú regla almennt gilt hér í Alþ., að nefndir í báðum deildum starfa samtímis til þess að hraða afgreiðslu málsins, og ef sú regla hefði verið viðhöfð, þá væri þetta mál fyrir þó nokkru afgr. sem lög frá Alþingi. Ég tel að með því hafi afgreiðsla þessa máls dregist úr hömlu að óþörfu.

Ég ætla að reyna að komast hjá því að fara inn á þau atriði sem frsm. meiri hl. n. ræddi um. Mig langar til þess að fara nokkrum orðum um þetta frv. og sérstaklega um ýmsa mjög mikilvæga þætti Flugleiðamálsins, en ég ætla þó að reyna að stytta mál mitt eins og frekast er hægt, því að ég hef mikinn áhuga á því, eins og sennilega flestir þm. d., að afgreiða þetta mál þegar á þessum degi. Það er búið að vera það lengi í meðförum þingsins og þar áður í meðförum ríkisstj.

Ég get ekki tekið undir orð hv. frsm. minni hl., Alþfl., Vilmundar Gylfasonar, að það sé mikilvægt atriði að setja skilyrði inn í þessi frv., skilyrði um það sem búið er að samþykkja og ganga frá, t. d. skilyrði um að setja það í lög, að Norður-Atlantshafsfluginu verði haldið fjárhagslega aðskildu eins og frekast er unnt, skilyrði um að ársfjórðungslega verði ríkisstj. gefið yfirlit yfir þróun og horfur í rekstri Flugleiða og skilyrði um að aukningu hlutafjár ríkisins í 20% verði komið til framkvæmda fyrir næsta aðalfund. Þessi skilyrði hafa Flugleiðir samþykkt þegar og því engin ástæða til þess að setja þau inn í sjálf lögin. Hins vegar get ég vel skilið hv. þm., að hann kvartaði yfir því, að þeir kratar hefðu verið gabbaðir við setningu Ólafslaganna svokölluðu, eins og hann hafði á orði. En það er líka í þeim ágætu lögum, sem honum fannst þá og var mjög ánægður með, — það eru líka ákvæði sem hafa verið þverbrotin þótt þau séu í sjálfum lögunum, svo að þetta er ekki til þess að gera, finnst mér, að ágreiningsefni. Önnur atriði skal ég koma örlítið meira inn á.

Eins og frsm. n. sagði, lýstum við því yfir í nál., Matthías Á. Mathiesen og ég, að við erum andvígir því, að ríkissjóður auki hlutafjáreign sína í félaginu. Við teljum ekki ástæðu til þess, að ríkið sé endilega að auka hlutafjáreign sína í þessu félagi upp í 20%. Það hefur ekki komið fram nein ósk um það fyrr en frá ríkisstj. að gera þetta, og ég sá enga ástæðu til þess að við þurfum endilega að fylgja þeirri beiðni ríkisstj. eftir. Hins vegar hefur stjórn Flugleiða samþ. þetta fyrir sitt leyti.

Um 2. gr., þá hefur þegar verið boðið út það hlutafé sem um er rætt. Vorið 1977 var ákveðin hlutafjáraukning hjá Flugleiðum, en forkaupsréttur fyrri hluthafa að þeim rann út 1. jan. 1978. Sú upphæð, sem nú er boðin út og hefur verið boðin út, er 243 millj. 974 þús. kr., og um þetta hefur stjórn Flugleiða sent bréf til allra starfsmanna félagsins fyrir þó nokkru og þar tilkynnt að hún hafi ákveðið að bjóða starfsmönnum félagsins þessi hlutabréf þannig að hver starfsmaður geti fengið hlut fyrir 200 þús. kr. Og við þetta útboð voru starfsmenn sem höfðu hug á því að kaupa hlutabréf jafnframt beðnir að tilkynna um kaupin fyrir 15. nóv., eða fyrir þremur dögum. Ég hringdi í morgun út á Flugleiðir til þess aðila, sem hefur með þetta að gera þar, og spurði hvað hefði nú selst af þessum bréfum. Svarið, sem ég fékk, var að það hefðu selst til starfsmanna hlutabréf fyrir 6 millj. kr. Áhuginn var ekki meiri en þetta. Kannske er ekki við því að búast að áhugi sé mikill, hvorki hjá starfsmönnum né öðrum, því að félagið hefur verið í brennidepli nú um nokkurra mánaða skeið og hefur komið fram á opinberum vettvangi og haft eftir meira að segja ráðh. í ríkisstj. að það væri mjög dregið í efa að Flugleiðir gætu tryggt þá ábyrgðarbeiðni sem hér liggur fyrir. Slíkt tal allt hlýtur að hafa í för með sér að álit á hag og viðgangi þessa félags hefur rýrnað stórkostlega og þá ekki síður utanlands en innanlands. Þetta sýnir mönnum að það er skaði að því að halda uppi málflutningi eins og margir hafa gert undanfarna mánuði.

Mér er það alveg ljóst og ég tek það fram fyrir mitt leyti, að ég hef margt út á rekstur Flugleiða að setja og vafalaust má gagnrýna með fullum rökum fjölmargt í rekstri félagsins. En það er nú einu sinni þannig, að menn verða að muna eftir því, að það voru starfandi hér tvö flugfélög, Loftleiðir og Flugfélag Íslands, sem háðu harða samkeppni sem mönnum þótti of mikið um. Þó að samkeppni sé góð er hér um takmarkaðan markað að ræða, og það er líka mikilvægt atriði að ekki séu of margir um þennan takmarkaða markað. Hins vegar verður auðvitað að veita þeim, sem fá einhvers konar einkarétt, mikið aðhald þannig að þeir noti sér ekki það að ekki sé samkeppni fyrir hendi. Ríkisvaldið á sínum tíma hvatti mjög til sameiningar þessara félaga. Það var á dögum fyrri vinstri stjórnar Ólafs Jóhannessonar, að samgrn. eða samgrh., sem þá var Hannibal Valdimarsson, beitti sér mjög fyrir þessu og það voru sett skilyrði þá fyrir ábyrgð sem um var beðið. Í bréfi, sem lagt var fram af samgrn. til Flugfélags Íslands og til Loftleiða, bauð ríkisvaldið margvísleg fríðindi ef þessi félög sameinuðust í eitt félag. Þessi fríðindi eða þessi fyrirheit voru kynnt hluthöfum í báðum félögum og þau hafa vafalaust haft mjög mikil áhrif á atkvæði manna í báðum þessum félögum með því að félögin sameinuðust. En í þessu bréfi samgrn. frá júní 1973 segir að hið sameinaða félag fái einkarétt á öllu áætlunarflugi til útlanda. Það er ekkert klipið þarna utan af. Í öðru lagi fái hið sameinaða félag sérleyfi til áætlunarflugs á öllum aðalflugleiðum innanlands. Og í þriðja lagi fái hið sameinaða félag forgangsrétt til leiguflugs til og frá útlöndum eftir því sem við verður komið. Og síðar segir: „Telur rn. ekki neina ástæðu til að gera ráð fyrir að breyting verði á þessari stefnu þótt yfirstjórn félaganna verði sameinuð, nema síður sé. Rn. minnir á að opinber stjórnvöld hafa átt

frumkvæði að sameiningartilraunum flugfélaganna og hlýtur rökrétt afleiðing þeirrar stefnu að vera sú, að sameinað flugfélag eða núverandi flugfélög, sem verða undir þess yfirstjórn, verði tilnefnd til að njóta allra þeirra réttinda til reglubundins áætlunarflugs á erlendum flugleiðum sem Ísland hefur samkv. loftferðasamningum og það eða þau vilja nýta."

Þetta er afdráttarlaus yfirlýsing, afdráttarlaus stefna, sem þáv. ríkisstj. tók, og þessari stefnu hefur ekki verið breytt af ríkisstj. sem komið hafa síðan. Það hefur því komið mönnum á óvart þegar hæstv. samgrh. veitti leyfi til flugrekstrar félagi sem hefur eingöngu stundað fragtflug á þessum tímum. Við þá miklu erfiðleika, sem Flugleiðir eiga við að stríða og hafa átt við að stríða, tel ég hættulegt að fara inn á þessa braut, og í bréfi, sem lá fyrir n., vitna Flugleiðir í yfirlýsingu um að rn. hafi tekið þá ákvörðun að móta nýja stefnu í flugmálum. Ég tók ekki þátt í umr. um skýrslu samgrh. um Flugleiðamálið, en ég hef löngun til þess að hæstv. ráðh. skýri hér á eftir, hvort þetta sé rétt, að samgrn. ætli að móta nýja stefnu, hvort það sé með samþykki, vitund og vilja núv. hæstv. ríkisstj. að það eigi að breyta frá þeirri stefnu sem hefur verið í gildi frá sameiningu félaganna og samkv. loforði ríkisstj. frá 1973. Mér finnst vera mjög mikilvægt atriði að fá um þetta hreinar og skýrar yfirlýsingar, hvort hér sé að vænta einhverra breytinga frá því sem verið hefur.

Mig langar einnig til þess að endurvekja hér spurningar sem hv. þm. Friðrik Sophusson lagði fyrir ráðh. í þessum umr. varðandi Iscargo, þess efnis, hvort þetta félag skuldi opinber gjöld vegna starfsmanna, hvort það skuldi lífeyrisgreiðslur vegna starfsmanna og þá í þriðja lagi jafnframt hvort það hafi staðið í skilum um leigukaupsamning vegna Lockheed Electra vélarinnar. Mér finnst þetta allt mikilvægt og svo jafnframt hitt: Er þetta félag byggt á traustum fjárhagslegum grundvelli? Þarf þetta félag að fara út í flugvélakaup og telur hæstv. ráðh. að það sé hyggilegt nú, eins og Flugleiðir standa, alls ekki með fullnýttan flugflota, að fara yfir í það að leyfa nýjum aðila að keppa um flug á erlendum mörkuðum? Er það líka kannske kveikjan að því, að starfsmenn Arnarflugs fá þann mikla áhuga á að eignast hlutabréf Flugleiða? Hefur þeim verið gefið undir fótinn að fá flugrekstrarleyfi á leið erlendis? Hefur þess verið gætt og er það öruggt að það sé þá ekki um leið verið að þrengja hinn veika rekstrar- og efnahagsgrundvöll Flugleiða? Erum við nær því takmarki að halda uppi samgöngum, bæði innanlands og við önnur lönd, ef við ætlum að veikja veikan grundvöll, sem fyrir er, við þær erfiðu samkeppnisaðstæður sem nú er við að etja í flugmálum?

Ég ætla að koma í örfáum orðum inn á Atlantshafsflugið. Ég vil taka það fram, miðað við það öryggisleysi og þann mikla hallarekstur, sem er á þessu flugi, að ef ekki er séð að hér verði stórfelld breyting á til batnaðar, þá er auðvitað ekkert vit í því fyrir jafnlítið félag og Flugleiðir eru að halda áfram þrotlausri keppni við risana sem eru á þessari flugleið. Því held ég að það eigi ekki að verða ágreiningsmál, hvorki á milli Flugleiða og ríkisstj. né Flugleiða og Alþ., að fara þarna mjög varlega. Við eigum auðvitað að leggja kapp á að halda uppi flugi til Norðurlanda og til Bretlands og frá Íslandi til Bandaríkjanna. Um það deilum við sjálfsagt ekki, ekki nokkur maður. Og vitaskuld verður að nýta eins og hægt er aðra leiguflugsmöguleika fyrir Flugleiðir og þá fyrir aðra ef Flugleiðir geta ekki fullnýtt þá möguleika. En Flugleiðir hafa þetta loforð og við þetta loforð verður að standa, a. m. k. er ekki hægt einn góðan veðurdag að segja: Nú höfum við gersamlega skipt um stefnu, rétt eftir að við erum búnir að ábyrgjast stórt lán fyrir þetta félag, því að það er ekki grundvöllurinn til þess að þá sé hægt að standa við ábyrgðina. Á þetta vil ég sérstaklega benda.

Það hefur ekki komið fram, held ég, í þessum umr. og er því nauðsynlegt að taka það fram, vegna þess hvað oft er talað um að örfáir stórir aðilar eigi hlutabréf í Flugleiðum, — og víst er það rétt, það eru stórir aðilar í þeim hópi, — en við skulum ekki gleyma því, að hluthafar í Flugleiðum eru um 3000 talsins. Þetta er ekki lokað félag, síður en svo, og hafa allir Íslendingar getað nú, frá því að hluthafar neyttu ekki forkaupsréttar síns, frá 1. jan. 1978 getað keypt bréf í Flugleiðum. Flugleiðir eru opið félag fyrir alla landsmenn. Ég sá í nýkomnu starfsmannablaði Flugleiða, sem þeir kalla Flugpóstinn, að meira en 50% hlutafjár, eins og það er núna, sé í eign starfsmanna félagsins. Þá er þar auðvitað átt við bæði núv. og fyrrv. starfsmenn.

Í sambandi við 3. liðinn hef ég litlu við að bæta þær ágætu skýringar sem frsm. meiri hl. n. gaf, en ég vil aðeins benda á það, að ég lít ekki svo á að þetta skilyrði sé svo afdráttarlaust, að ef þeir hluthafar, sem kjörnir voru í fyrra í stjórn Flugleiða, vilja ekki segja af sér á aðalfundi í vetur eða vor, þá vitaskuld halda þeir samkv. samþykktum félagsins sæti í stjórninni þangað til þeir eiga samkv. samþykktum félagsins að ganga úr stjórn. Stjórn Flugleiða hefur bent á þetta atriði, en hún er aftur reiðubúin að vinna að því, að þessi breyting verði gerð og þannig komið til móts við óskir ríkisstj.

Um 6. liðinn í till. ræddi frsm. mjög ítarlega og þar hef ég litlu við að bæta. Ég vil aðeins segja það, að ég tel að það komi mjög til greina að takmarka heimild hluthafa til meðferðar á hlutum í félögum, en það verður ekki gert með því að setja einhverju einu hlutafélagi slík skilyrði. Það finnst mér vera fráleitt. Ef menn hugsa sér að koma í veg fyrir hringamyndanir verður að setja löggjöf um hringamyndanir. Ég persónulega er mjög opinn fyrir því að slík löggjöf sé sett. Þessu vil ég aðeins bæta við það sem frsm. kom inn á áðan.

Í sambandi við 4. skilyrðið segir hér: „Nm. eru sammála um að Starfsmannafélagi Arnarflugs sé gefinn kostur á að kaupa hlut Flugleiða hf. í Arnarflugi." Matthías Á. Mathiesen, sem er veikur og getur því ekki tekið þátt í þessum umr., tekur fram að óeðlilegt sé að gera þær kröfur til fyrirtækis, sem leitar aðstoðar ríkisins, að það selji eignir sínar nema til þess að bæta fjárhagsstöðu eða koma fram stefnumótun löggjafans. En að því tilskildu telur hann eðlilegt að starfsmönnum viðkomandi félags sé gefinn kostur á að kaupa hlutabréf. Ég vildi ekki vera með í þessari bókun og vildi eiginlega gjarnan að þessi bókun hefði ekki komið fram, þó að ég geti tekið undir orð Matthíasar Á. Mathiesens, að það er óeðlilegt, þegar maður kemur í banka og biður um lán, að bankastjórinn segi við hann: „Já, þú skalt fá lánið, góði minn, ef þú selur honum vini mínum bílinn þinn" — eða eitthvað þess háttar — „þá er allt í lagi að fá lánið." Þess vegna tek ég auðvitað undir það, að þetta skilyrði er óeðlilegt. Hitt er annað mál, og þá kem ég inn á það, hvers vegna ég vildi ekki vera með sérstaka bókun þarna í nál., að með tilliti til þess loforðs, sem lá fyrir frá stjórnvöldum frá 1973 og ég las upp áðan, fengu Flugleiðir, eða réttara sagt hafði Flugfélag Íslands þá allar aðalleiðir hér

innanlands, allar leiðir sem gáfu einhverjar verulegar tekjur. Flugfélag Íslands sóttist ekki eftir mögru leiðunum. Þær voru sumar að vísu ekki til í byrjun, það voru ekki flugvellir á öllum þessum stöðum, en það sóttist aldrei eftir því að fá þessa minni staði og keypti aldrei til þess minni flugvélar fyrir styttri flugbrautir. Þess vegna álít ég að sú stefna liggi algerlega fyrir, að Flugfélagið hafi fengið sitt í þessum efnum og þurfi því ekkert að seilast eftir öðru. Og með tilliti til þess, að ég er trúr þeirri skoðun, að stórir aðilar eigi ekki að ráða algerlega ferðinni, þá tel ég langt frá því að vera óeðlilegt að Flugleiðir selji hlutabréf sín Arnarflugi. En hins vegar tel ég að Flugleiðir eigi ekki að selja hlutabréf sín í Arnarflugi nema þeim sem býður best, því að þeim veitir sannarlega ekki af að fá hæsta söluverð þeirra bréfa og sem allra fyrst greitt út. Þetta var ástæðan fyrir því, að ég var ekki þarna með bókun eins og Matthías Á. Mathiesen, því að ég tel að Flugleiðir hafi ekki sóst eftir þessum fámennari leiðum, ef má svo að orði komast, og því geti þær látið sér nægja það sem þær hafa í þessum efnum. Ég tel að það sé engin nauðsyn á því, að þær séu endilega að sækjast eftir því að eiga þetta félag, það séu ýmsir aðrir aðilar í þessu landi, sem hafa unnið ágætt og merkt starf í flugmálum, sem megi í þessu tilfelli einnig líta á og jafnvel betur en gert hefur verið.

Þegar við lítum á afgreiðslu fjh.- og viðskn. Nd., þá má kannske segja, þegar menn líta yfir nál. frá Ed., að ákvæðin séu mun mildari eins og Nd. gengur frá þeim, en þá er því við að bæta, að þá er komið svar frá Flugleiðum og Nd. gafst líka ráðrúm til þess að leita upplýsinga og skýringa, eins og formaður n. gat um áðan.

Ég sagði áðan, að ég ætlaði ekki að flytja um þetta langt mál. Ég vildi aðeins koma þessum aths. fram og ósk um það, að hæstv. ráðh. svari þessum spurningum mínum, því að ég tel að þetta mál sé búið að vera nógu lengi fyrir Alþ. og nauðsyn sé á því að Alþ. afgreiði málið. Ég vona að það verði afgreitt með þeim hætti, að þessi mikilvæga starfsemi bíði ekki hnekki, því að ef hún gerir það, þá bíða flugsamgöngur í landinu almennt mikinn hnekki og það getur skapast alvarlegt ástand ef þetta félag getur ekki haldið áfram eðlilegum rekstri.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég skal reyna að verða ekki til þess að fresta og tefja afgreiðslu þessa máls sem hér er til umr. Ég ætlaði raunar að beina nokkrum spurningum til hæstv. samgrh. og hann kannske heyrir til mín.

Ég er tvímælalaust þeirrar skoðunar, að afgreiðsla á þessu máli, eins og nú er, sé orðin bæði brýn og nauðsynleg. Þó finnst mér mikið á skorta að þm. hafi fast land undir fótum þegar þeir afgreiða þetta mál nú. Ástæðan fyrir því er einföld og hv. þm. Matthías Bjarnason nefndi þar nokkur atriði sem brýna nauðsyn ber til að fá á hreint.

Ég vil beina þeirri fsp. til hæstv. samgrh., hvort í hans rn. sé í raun og veru farið að starfa að stefnumótun í flugmálum Íslendinga. Ég vil benda á nokkur atriði sem nú liggja ljós fyrir. Flugleiðir eiga í umtalsverðum fjárhagsörðugleikum, sem þingið hyggst leysa úr að nokkru leyti. Á sama tíma og Flugleiðir eiga við þessa erfiðleika að stríða er það eitt af ákvæðum þess frv., sem hér liggur fyrir, að Flugleiðir selji Arnarflugi hlutabréf sín eða starfsmönnum Arnarflugs. Það hlýtur að gefa það til kynna að hugmyndin sé að Arnarflug starfi áfram. Og á hvaða grundvelli gerir það það? Það hlýtur auðvitað að gera það á þeim grundvelli, að félagið fái einhverjar áætlunarleiðir, annaðhvort í áætlunarflugi eða leiguflugi. Ég vil benda á það, að krafa um sölu á hlutabréfum í þessu tilviki jafngildir þeirri kröfu, að Arnarflug starfi áfram í samkeppni við Flugleiðir.

Ég vil í þriðja lagi benda á það, að nýverið var flugfélaginu Iscargo veitt flugrekstrarleyfi og auk þess nú fyrir skömmu leyfi til áætlunarflugs til Amsterdam. Það er kannske rétt að benda á það, að hluti af eignum þessa félags er nú á nauðungaruppboði. Ég fæ ekki betur séð en að stefna samgrn. þessa stundina sé sú, að á Íslandi starfi þrjú flugfélög. Ef þetta er sú stefna í flugmálum sem samgrn. hyggst móta, þá er, á sama tíma og reynt er að bjarga Flugleiðum úr þeim erfiðleikum, sem félagið á við að stríða, verið að skafa utan af þeim möguleika sem flugfélagið á til þess að bjarga sér sjálft. Þetta er ekki stefna, þetta er stefnuleysi.

Þessi atriði þurfum við að fá á hreint vegna þess að Flugleiðamálið mun að mínum dómi koma inn í sali þessarar háu samkundu, löggjafarsamkundunnar, snemma á næsta ári þegar það fjármagn, sem nú er verið að hjálpa félaginu með, er uppurið. Það gerist fljótlega á næsta ári, ef mönnum er það ofarlega í huga að halda áfram Norður-Atlantshafsfluginu frá Lúxemborg, eins og mér heyrist á þeim sem hér hafa talað og mestu ráða um þessi mál.

Ég hef lýst þeirri skoðun minni og það hefur verið rauði þráðurinn í öllu mínu máli í sambandi við Flugleiðamálið, að Norður-Atlantshafsflugið sé dauðadæmt flug, eigi enga framtíð fyrir sér og það sé nákvæmlega það sama og að henda peningunum út um gluggann að reyna að styrkja það flug. Ég er þeirrar skoðunar, að jákvæðu hliðarnar á Norður-Atlantshafsfluginu í þeirri mynd, sem hæstv. samgrh. vill að verði stuðlað að, sé í þá veru að fluginu verði haldið áfram ekki mikið breyttu frá því sem verið hefur undanfarin ár. Þetta er óráðsía og þetta er rangt. Þetta er rangt mat á þeim staðreyndum sem fyrir liggja um afkomu — ekki bara Flugleiða á þessari flugleið, heldur allra flugfélaga sem þar fljúga, að undanteknu líklega einu, þ. e. Laker-fyrirtækinu.

Ég vil auk þess benda á að talað er um atvinnuöryggi stórs hóps manna í sambandi við það að halda áfram Norður-Atlantshafsfluginu. Þetta atvinnuöryggi er atvinnuöryggi hálaunahópa Flugleiða. Þetta er það ljóta í þessu dæmi, vegna þess einfaldlega að sá samdráttur, sem þegar hefur orðið hjá Flugleiðum, hefur bitnað harðast á hinu óbreytta starfsfólki, t. d. ræstingarkonunum sem hljóðlaust hafa unnið sín störf í 10—15 ár hjá félaginu. Þar hefur samdrátturinn þegar orðið, því fólki hefur þegar verið sagt upp og þar verður ekki um fjölgun að ræða þótt ríkisvaldið hlaupi undir bagga með Flugleiðum núna. Það, sem ríkisvaldið er að gera, er að halda uppi atvinnu þeirrar stéttar sem hæst hefur launin hjá félaginu. Þetta er það ljóta í dæminu.

Ég vil einnig benda á það vegna þeirrar kröfugerðar og þeirra skilyrða sem Flugleiðum eru sett með þessu frv. og ég er að mörgu leyti mótfallinn, að ég minnist þess ekki, að á hinu háa Alþ. hafi ríkisvaldið hlaupið undir bagga með atvinnugreinum — samgöngur eru atvinnugrein — t. d. landbúnaði, sjávarútvegi, iðnaði, þegar illa hefur árað, með skilyrðum sem eru nokkuð í líkingu við þau sem hér liggja fyrir. Eða hafa skilyrði fylgt ákvörðunum í fjárl. um útflutningsuppbætur? Svari sá sem kann skil á

því. — Þetta er auðvitað fáránlegt. Allt þetta mál frá upphafi er fáránlegt. Frá því að þetta mál kom hér til umr. á þingi er búið að þyrla upp slíku moldviðri í málinu gagnvart einstaklingum og fyrirtækinu sjálfu að það mun vera dæmafátt í sögu þingsins á undanförnum árum.

Ég vil segja þá skoðun mína afdráttarlausa, að flugið, eins og raunar hv. frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. greindi frá, yfir Norður-Atlantshaf er vitleysa. Það er vitleysa að halda áfram stuðningi eða hefja stuðning við það flug vegna þess, eins og hann sagði sjálfur orðrétt, ef ég man nákvæmlega, að „það mun koma inn á borð þessarar hv. samkundu mjög fljótlega aftur." Þá er spurningin einfaldlega sú, hvort hv. þm. Halldór Ásgrímsson er að stuðla að því með forustu í þessu máli í þeirri virðulegu n., sem hann gegnir formennsku í, að við förum nú að byrja á nýju útflutningsuppbótakerfi, því ekkert er þetta annað. Og það, sem hlýtur að liggja ljóst fyrir einnig er að ef Alþ. ætlar fljótlega að veita enn meiri stuðning til Flugleiða, sem hlýtur að gerast á næsta ári, einfaldlega vegna þess að Lúxemborgarmenn hafa bundið sinn stuðning við heilt ár, þá getum við ekki látið okkar eftir liggja í þeim efnum, — ef það á svo að koma hér inn í þessa hv. stofnun, þá hljótum við að verða að samþykkja frekari stuðning ef eftir honum verður óskað. Það gefur auga leið. Ég hef varað alvarlega við þessum þætti málsins og einfaldlega kannske vegna þess að forráðamenn Flugleiða hafa sjálfir viðurkennt það, bæði með ákvörðun sinni um að fella þetta flug niður og í þeim ummælum, sem þeir hafa látið eftir sér hafa, að þetta flug sé vonlaust. En ríkisvaldið vill halda því áfram og svo skal það vera.

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umr. Ég vil fá afdráttarlaus svör frá hæstv. samgrh. um það, hvort mótun flugmálastefnu sé komin eitthvað á veg og hvort hún sé þá í þeim anda sem þegar liggur fyrir, þ. e. þrjú flugfélög með flugrekstrarleyfi sem hafa heimildir til þess að fljúga millilandaflug til ýmissa staða í heiminum, á milli Íslands og annarra landa, og hvort það sé raunverulega stefnan, að svo eigi að vera áfram, á sama tíma og verið er að reyna að aðstoða fyrirtæki sem varð eitt, Flugleiðir, vegna þess að ríkisvaldið beitti sér fyrir samruna tveggja flugfélaga á sínum tíma. En nú virðist vera að vaxa á þessu nokkurt æxli og minnir mig á amöbur, þau dýr sem eru býsna klók við að æxlast og fjölga sér.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að taka þátt í þessum umr. og stend eingöngu upp vegna þess að til mín er beint ákveðnum spurningum. Satt að segja hélt ég að þessum spurningum hefði verið allítarlega svarað og um þau atriði rætt í umr. um skýrslu mína og því óþarfi að endurtaka það hér og nú. En ég vil þó ekki skorast undan þar sem sérstaklega er beint til mín ákveðnum spurningum að nýju.

Hv. þm. Matthías Bjarnason las hér upp áðan úr þeirri stefnuyfirlýsingu, sem segja má að hafi komið frá fyrrv. samgrh. eða við sameiningu flugfélaganna. Hann las m. a. lokaorð einnar greinar bréfs þar sem segir að Flugleiðir skuli hafa einkarétt til flugs á leiðum sem þær kjósa að sinna. Þannig mun nokkurn veginn orðrétt til orða tekið í þeirri grein, a. m. k. efnislega er það svo. Ég vil svara því strax, að engin ákvörðun hefur verið tekin um að breyta því.

Hv. þm. spurði um Iscargo. Ég upplýsti hér í umr. um skýrsluna að sama umsókn eða svipuð umsókn frá Arnarflugi kom fyrir flugráð fyrir fáum árum þegar ég sat í flugráði. Þá greiddi ég þeirri umsókn atkv. mitt, m. a. vegna þess að þá höfðu Flugleiðir ekki sinnt þeirri leið í mörg ár og ekki sýnt áhuga á því. Þegar forustumenn Iscargo ræddu við mig nú sagði ég þeim að þetta yrði að sjálfsögðu að fara fyrir flugráð og það væri engin breyting ráðgerð á þeirri stundu á þeirri stefnu sem mörkuð var á sínum tíma en ég mundi hins vegar hugleiða þetta ef flugráð sæi sér fært að mæla með því. Það er engin launung, ég hef nefnt það hér hvað eftir annað, að ein meginástæðan fyrir því, að ég samþykkti þetta, var sú, að flugráð samþykkti umsóknina með shlj. atkv. eða 4, einn sat hjá. Eflaust hefur flugráð gert þetta með tilliti til þess, að Flugleiðir hafa ekki sinnt þessari leið í 13 ár. Að vísu er það rétt, að fram kom í bráðabirgðaáætlun, sem kom frá félaginu í skýrslu frá 8. sept., að það hyggðist taka upp flug til Amsterdam í sumar, — ég segi bráðabirgðaáætlun því að sú áætlun var aldrei send samgrn. eins og formlega ber að gera. En sú staðreynd lá fyrir, að Flugleiðir hf. höfðu ekki sinnt þessari leið í 13 ár.

Hér var jafnframt um það spurt, hver væri fjárhagur Iscargo. Samkv. loftferðalögunum ber flugfélögum að senda inn reikning fyrir 1. apríl ár hvert. Þetta gerði Iscargo og ég kynnti mér það sem þar kemur fram. Þar kemur fram að nokkur halli varð á rekstri félagsins á síðasta ári, en þar kemur ekkert fram sem bendir til þess að þar sé um alvarleg vanskil að ræða. Mér er hins vegar kunnugt um að þar munu vera einhverjir rekstrarfjárerfiðleikar. Ég hef spurt viðskiptabanka, hvort það væri eitthvað sem þeir teldu alvarlegt, en ekki fengið upplýsingar um að svo væri. Einhverjir rekstrarfjárerfiðleikar munu þó vera sem viðskiptabankinn tekur eflaust til meðferðar, þegar það félag leitar eftir fyrirgreiðslu, ef til flugvélakaupa kemur. Mér er kunnugt um það, að félagið hefur athugað kaup á hagstæðri vél, svonefndri Electravél. Hún er mjög hagstæð til sameinaðs fragt- og farþegaflugs, en eftir því sem ég best veit eru þær athuganir ekki komnar á lokastig. Sú flugvél mun vera töluvert hagkvæmari með tilliti til eldsneytisnotkunar heldur en 727-100 vélar Flugleiða. Ber þar satt að segja mjög mikið á milli, þannig að mér er tjáð af þeim mönnum, sem hafa kannað rekstrargrundvöll fyrir sameinað fragt- og farþegaflug til Amsterdam, að fyrir því sé enginn grundvöllur með 727-100 vélar, en hins vegar telur sá maður, sem þetta hefur kannað, að það muni vera með Electravél. Mér er kunnugt um að þetta er í athugun hjá félaginu og alls ekki endanlega ákveðið. Það fer eflaust eftir því, hvernig félaginu gengur að festa kaup á slíkri vél, fjármögnun og þess háttar. Engin beiðni hefur komið til samgrn. um aðstoð í því sambandi.

Ég hef einnig tekið skýrt fram og tjáð forustumönnum félagsins, að þeir skuli alls ekki gera ráð fyrir því, nema þá að breyttri stefnu, að þeim verði veitt farþegaflugsleyfi í áætlunarferðum á aðrar leiðir þar sem um beina samkeppni við Flugleiðir yrði að ræða. Þetta liggur hreint fyrir.

Hv. þm. Matthías Bjarnason spurði einnig að því eða a. m. k. gaf til kynna að e. t. v. væri eitthvað slíkt að baki áhuga starfsliðs Arnarflugs á kaupum á hlutabréfum þeim sem Flugleiðir eiga í félaginu. Þar liggur ekkert að baki sem alþjóð er ekki kunnugt. Það hefur greinilega komið fram, m. a. á blaðamannafundi með starfsliði Arnarflugs, að það vill gjarnan fá einhverjar leiðir sem

Flugleiðir hafa ekki áhuga á að sinna. Þetta kom fram m. a. í dagblöðum nýlega. Þar nefndu þeir m. a. Zürich, sem Flugleiðir fljúga ekki til. Ég vil taka það skýrt fram að þeim hefur engu slíku verið lofað. Að sjálfsögðu yrði umsókn um slíkt að fara sína leið og skoðast á grundvelli þeirrar stefnu sem mörkuð verður.

Ég vil taka undir það sem hv. þm. Matthías Bjarnason sagði um hringamyndanir. Ég verð að viðurkenna að þetta hefur valdið mér mikilli umhugsun í sambandi við Flugleiðir. Þetta mál var hér til umr. á hinu háa Alþ. 1974—1975 og þá einmitt mjög á þetta minnst. Menn vöruðu við því sem var að gerast. Ég get ekki annað en hugsað til þessa þegar til mín koma svo að segja vikulega menn sem kvarta undan einveldi Flugleiða á mikilvægum þáttum. Mér er t. d. tjáð nú af ferðaskrifstofunum, að Flugleiðir séu að hefja það sem þær kalla skipulag ferða innanlands í gegnum sína ferðaskrifstofu, Úrval, sem þær hafa aldrei haft áður. Allir sjá hvað þeirra eigin ferðaskrifstofa hefur stórum betri aðgang að því að skipuleggja ferðir ferðamanna, sem koma með Flugleiðum hingað til lands, heldur en hinar. Hinar ferðaskrifstofurnar segjast hafa áhyggjur af þessu, það hafi ávallt verið þegjandi samkomulag að Flugleiðir færu ekki inn á það að skipuleggja innanlandsferðir fyrir eigin flugfarþega.

Til mín hafa komið ferðaskrifstofumenn jafnframt og sagt og kvartað undan því, að þeir hafi í ekkert annað hús að venda hérlendis þegar þeir óska eftir leiguflugi, og gefið mér dæmi um það, hvernig þeir hafi verið dregnir á svari. Ég man ekki betur en þegar 1975 hafi legið fyrir frá einum hótelaðila upplýsingar um að því hóteli hafi verið kerfisbundið ýtt til hliðar með ferðamenn sem til landsins koma með Flugleiðum, vegna þess að félagið taldi réttara að beina slíkum farþegum á eigin hótel, og jafnvel nefnd dæmi um að stórir hópar, sem höfðu samið við þetta hótel, voru frá því teknir með undirboði af því félagi sem flutti þá hingað til landsins. Þetta er satt að segja nokkuð alvarlegt mál og hlýtur að vekja menn til umhugsunar um hvert stefni í þessu máli. Þess vegna tek ég undir það með hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni, sem mér fannst koma greinilega fram í hans orðum, að hann hefur áhyggjur af þessu einnig. Þetta kom einnig fram í ræðu hv. þm. Vilmundar Gylfasonar og tek ég undir það. Það er áhyggjuefni þegar á einar hendur kemur svo mikið einveldi á mikilvægum þætti okkar mála.

Þetta vil ég nú taka undir, því að þetta hlýtur að koma inn í þá stefnumörkun sem um er að ræða, og kannske þarf Alþ. að hugleiða í náinni framtíð hvort ekki á að setja hömlur við því, að einn aðili geti ráðið yfirgnæfandi meiri hluta, hótelrýmis í þessu landi, ráðið yfir öllu farþegaflugi til og frá landinu, eins og varð eftir að Flugleiðir keyptu Arnarflug, hvort slíkt félag eigi að reka ferðaskrifstofu sem hefur alla aðstöðu til að beina viðskiptum til þeirrar skrifstofu fram hjá öðrum sem hér eru reknar af ýmsum dugmiklum einstaklingum og samtökum.

Hv. þm. Árni Gunnarsson ræddi einnig um stefnumörkun og þessi þrjú flugfélög. Flugfélögin eru að sjálfsögðu þrjú nú, en eitt er eingöngu með fragtflug. Arnarflug flytur að sjálfsögðu farþega, en það er í höndum Flugleiða í raun og veru hvaða leiðir það félag fær.

Ég vil upplýsa um stefnumörkunina, að að henni er ekki hafin vinna í samgrn. Hins vegar hef ég rætt þetta við hæstv. forsrh. og er með í undirbúningi að fá hina færustu menn, menn sem eru hlutlausir og geta skoðað málin af víðsýni, eru sem sagt hvorki tengdir Flugleiðum, Iscargo, Arnarflugi né öðrum og geta gert till. um stefnumörkun á þessu sviði flugmála. Engin ákvörðun er tekin um stefnubreytingu. Það er misskilningur, sem kemur fram í upphafi bréfs Flugleiða sem hv. þm. Matthías Bjarnason las áðan, að ákveðið sé að breyta um stefnu. Um það hefur engin ákvörðun verið tekin og verður ekki tekin nema að undangenginni ítarlegri athugun. Innanlandsflugið er orðinn hinn mesti frumskógur. Það er rétt sem hv. þm. Matthías Bjarnason sagði, að Flugleiðir hafa fengið þær leiðir sem arðmestar eru, en fyrir bragðið berjast í bökkum fjölmörg lítil flugfélög um landið sem leita af miklu kappi eftir því að fá einhverja af þessum leiðum sem gæfi þeim rekstrargrundvöll. Þau eru orðin í öllum landshlutum svo að segja, þessi flugfélög, og Arnarflug þar að auki að hluta í skjóli Flugleiða farið að fljúga innanlands. Ég held því að nauðsynlegt sé að skoða hvort unnt er að skipuleggja þessi mál betur einnig innanlands. Flug til útlanda vil ég einnig athuga, m. a. hvort ekki er a. m. k. rétt að eitthvert annað flugfélag veiti samkeppni með leiguflugi, þannig að einhver samanburður sé þá fyrir hendi um rekstrarafkomu þessara flugfélaga. Eru menn allir hárvissir um það, að rekstur Flugleiða sé með slíkum ágætum að engan samanburð þurfi? Ég get ekki treyst því. Ég held að það væri mjög hollt ef hér væri eitthvert flugfélag sem unnt væri að bera saman við þegar reksturinn er metinn. Og ég verð að segja það t. d., að í áætlun þeirri, sem Flugleiðir gerðu þegar þær höfðu í huga að hverfa frá Norður-Atlantshafsfluginu, kemur fram, að þær hugsa sér að hækka flugfargjöld til Bandaríkjanna frá júlí 1980 til júlí 1981 um 35% og upp í 355 dollara. Það er þrisvar sinnum hærra fargjald héðan til Bandaríkjanna með viðkomu á Gander heldur en kostar frá London til New York í dag. Þetta eru líka hagsmunir fyrir Íslendinga. Er alveg öruggt að við þurfum að þola þetta? Ég spyr. (**Gripið fram í:** En hvers vegna vill þá ráðh. styðja við Norður-Atlantshafsflugið?) Ég kem að Norður-Atlantshafsfluginu á eftir. Reyndar get ég gert það strax. En ég segi sem sagt, að þarna er margs að gæta og ég get ómögulega staðið upp og sagt að ég sé sannfærður um að stjórn Flugleiða og Flugleiðir sinni þessum málum á þann máta sem allra bestur er fyrir okkur Íslendinga í dag. Ég get ekki fullyrt það.

Ég skal svo koma að Norður-Atlantshafsfluginu sem hv. þm. Árni Gunnarsson hefur gert mjög að umræðuefni og lagt ríka áherslu á og nefnt rauða þráðinn í sínum ræðum að bæri að leggja niður. Ég er ekki eins hárviss um þetta og hv. þm., sem hefur eflaust kynnt sér þessi mál — ég efast ekki um það. T. d. liggur fyrir bréf frá Cargolux þar sem óskað er eftir því, að félagið fái leyfi til að hefja flug í gegnum Keflavík til New York. Þeir virðast treysta sér til þess. Þeir hugsa sér að gera það með 747-þotu. Það yrði fyrst og fremst fragtflug, en gæti þó tekið 12 farþega í farþegarými þeirrar vélar. Einnig hefur komið fram mjög ákveðið hjá þeim sérfræðingum, sem Lúxemborgarstjórn hefur teflt fram í viðræðum, að þau stjórnvöld telja að grundvöllur kunni að vera fyrir blandað fragt- og farþegaflug. Ég er ekki svo sannfærður að ég geti sagt af eða á, eins og hv. þm., að þetta komi ekki til greina. Ég tel það þess virði að það sé athugað, því að þarna er um gífurlega hagsmuni að ræða. Ég tel það þess virði að það sé athugað. Ef Norður-Atlantshafsflugið heldur áfram eins og allt bendir nú til, þá mun

sú athugun hefjast strax. Ég hef rætt símleiðis við samgrh. Lúxemborgar um þessi mál nýlega. Hann er mér sammála um að þessi athugun þurfi að fara fram og fyrst og fremst á slíku blönduðu flugi. Auk þess hafa stjórnvöld í Lúxemborg lýst því yfir, að sé vilji til þess hjá okkur Íslendingum að skoða þetta muni þau ekki snúa sér annað á meðan. Mér sýnist það líka nokkurs virði. Mér finnst þar ekki miklu til fórnað að skapa svigrúm til þess að skoða þetta flug áður en aðrir hefja flug á þessari leið.

Hins vegar vek ég athygli á því, að eftir að stjórn Flugleiða hafði ákveðið að fella flugið niður, þá gerði ég, fyrst og fremst að tillögu Loftleiðaflugmanna og annarra þeirra sem við þetta flug starfa, till. um að stofnað yrði nýtt flugfélag sem annaðist þetta með Lúxemborgarmönnum. Ég viðurkenni fúslega að það var miklu erfiðari leið. Þess vegna var það, að þegar stjórn Flugleiða á fundi hjá mér 12. sept. s. l. sagði, að hún hefði áhuga á því að reyna þetta innan vébanda Flugleiða, sýndist mér fyrir mitt leyti sjálfsagt að verða við þeirri hugmynd. Ég vil hins vegar taka það mjög skýrt fram, að það verður að vera stjórn Flugleiða sem ákveður þetta. Og það liggur fyrir bréflega að bæði hluthafafundur og stjórn óski eftir að gera þessa tilraun.

Vel má svo fara, að þessu verði ekki haldið áfram eftir 1. okt. 1981. Ég yrði ekkert undrandi á því. En þá lít ég svo á, að stjórnvöld hafi þó gert skyldu sína í því að fá skoðað í grunninn hvort þetta er yfirleitt fært, — skyldu sína m. a. með tilliti til fjölmargra starfsmanna. Ég harma að segja þarf upp mörgum, ég vona ekki mörgum ræstingarkonum, en mörgum óbreyttum starfsmönnum. Mér finnst þó farið heldur leiðinlegum orðum um mjög góða flugmenn, sem hjá félaginu starfa, þegar hér er stöðugt verið að gefa til kynna að þeir séu ekki maklegir þess að þessu flugi sé haldið áfram. Við Íslendingar eigum sem betur fer ákaflega gott starfslið í fluginu sem hefur verið til fyrirmyndar og er viðurkennt um allan heim. Ég held að það sé mikils virði fyrir okkur að reyna að halda þeirri starfsstétt öflugri. Íslenskir flugmenn hafa flogið víða erfiðar leiðir og lagt mikið af mörkum. Þó að ég harmi að ekki tekst að ráða allt það starfslið, sem þarna var áður, t. d. í landi, þá er þó til nokkurs að vinna að fá endurráðið fluglið að stórum hluta og ítarlega tilraun gerða með framhald á Norður-Atlantshafsfluginu.

Ég vona að ég hafi svarað bæði spurningu hv. þm. Árna Gunnarssonar og því sem til mín var beint úr sæti hér áðan. Ég legg ekkert ofurkapp á þetta. Mér þykir það vera skylda stjórnvalda að sýna viðleitni til þess að þetta megi reyna. Stjórnvöld verða þá ekki sökuð um að hafa látið boltann niður falla og ekki gert þessa tilraun. Þetta mun verða skoðað mjög vandlega á næstu vikum.

Ég fagna því, hvað n. hefur tekið vel á þessu máli og afgreitt það fljótt. Ég get tekið undir það, sem frá meiri hl. n. hefur komið um þau skilyrði sem verði sett. Ég vil taka það fram, að ég hef þegar rætt við formann félagsins um þessi skilyrði, og reyndar liggur fyrir svar frá félaginu. Ég hef gert honum grein fyrir því, að að sjálfsögðu beri ríkisstj. skylda til þess að sjá um að þessi skilyrði verði uppfyllt. Ég hef vakið athygli hans á þeirri umsögn sem ég fékk frá Benedikt Sigurjónssyni hæstaréttardómara um leiðir til þess að uppfylla skilyrðin. Ég vona því að á þessu verði enginn dráttur.

Ég vil einnig segja það um álit hv. málsvara minni hl., að ég get tekið undir ýmislegt sem hann sagði í sinni ræðu. Ég er honum t. d. alveg sammála um að það væri mjög æskilegt ef Flugleiðir gætu þróast í eins konar almenningshlutafélag. Ég er þeirrar skoðunar, að þegar um nánast algera einokun er að ræða á svo gífurlega mikilvægum þætti í okkar málum, þá séu tvær leiðir sem komi til greina. Annað er ríkisrekstur, sem öll lönd Vestur-Evrópu hafa og satt að segja vakti undrun mína þegar ég kynnti mér það. Meira að segja þjóð eins og Vestur-Þjóðverjar á um 80% í Lufthansa, og svo er um hvert einasta land sem hefur veitt slíkt einkaleyfi. Þetta er ein leiðin. Ég er tregur til að fara þessa leið. Ég tel eins konar almenningshlutafélag og sérstaklega með mikilli aðild starfsliðs, sem ég álít stuðla að friði og góðum starfsanda, æskilegra. Ég held hins vegar að það verði að hafa lengri aðdraganda og ekki unnt að setja inn í þessi lög ákvæði í þessa veru. Spurning er hvort ekki verður að taka það fyrir sérstaklega, m. a. þá í þeim viðræðum sem kveðið er á um að fram skuli fara við forustu Flugleiða. Ég vek hins vegar athygli á því, að samkv. landslögum, eins og fram hefur komið, getur einn hluthafi neitað því, að hluthafaréttur verði skertur á nokkurn máta. Ég óttast því að útilokað reynist að ná slíku atriði fram. Erfitt er að ná samþykki allra hluthafa sem eru um 3000.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir þau svör sem hann gaf, en vil þó leiðrétta örfá atriði.

Hann sagði að ég væri þeirrar skoðunar, að það væri óæskilegt að Flugleiðir hefðu jafnfjölbreytta starfsemi og þær hafa. Það, sem ég sagði til viðbótar því, sem hv. frsm. meiri hl. n. gerði að umræðuefni, var í sambandi við 6. skilyrðið, að ég væri alfarið á því að setja löggjöf sem hindraði að hér væri um hringamyndanir að ræða. Þá átti ég ekkert frekar við Flugleiðir en marga aðra aðila í landinu. Það voru ekki orð mín, að Flugleiðir mættu ekkert reka nema flugvélar eða eiga nema flugvélar. Ef það er annar skyldur atvinnurekstur sem tryggir betur rekstur einhvers fyrirtækis, þá sé ég ekkert athugavert við það. Það er það sem ég á við með þessu. En ég er alfarið opinn fyrir því, að slík löggjöf sé sett og þá almennt.

Hæstv. ráðh. sagði að hann hefði ekki í huga að þrengja að Flugleiðum í áætlunarflugi. En síðan kom aftur annar kafli þar sem hann segir að nauðsynlegt sé að veita Flugleiðum samkeppni. (**Gripið fram í:** Það kann að vera nauðsynlegt.) Kann að vera, já. Í næstsíðasta kafla ræðunnar gerir ræðumaður síðan mjög að umræðuefni jafnvel að Flugleiðir okri á fargjaldi milli Íslands og Bandaríkjanna eða a. m. k. selji óhæfilega dýrt. Það, sem ég á við, er þegar ráðh. talar um að það kæmi helst til greina ríkisrekstur flugfélags eða þá að starfslið eigi flugfélag. Hvers vegna má ekki almenningur í landinu eiga samgöngufyrirtæki eins og flugfélag með frjálsum framlögum? Ég sagði áðan og vitnaði þar í starfsmannablað Flugleiða, að eigendur að yfir 50% hlutabréfa væru núv. eða fyrrv. starfsmenn. Það eru sennilega fá félög á landinu þar sem starfsmenn eiga jafnmikil ítök. Ég vitnaði líka í það, að Flugleiðir eru ekki félag örfárra manna. Þetta er félag 300 hluthafa, sbr. upplýsingar í blaði félagsins.

Við skulum ekki fara að eyða tíma í umr. um ríkisrekstur og einkarétt. Ég held að þó ríkisrekstur sé, megi ýmislegt út á hann setja. Hæstv. ráðh. veit að ég og fleiri erum ekki sérstaklega ánægðir með margvíslegan

samdrátt í þjónustu t. d. Pósts og síma. Við höfum rætt það á öðrum vettvangi, ég ætla ekki að eyða tíma í það. Þetta eru því ekki alveg heilagar kýr, þó að rekið sé af ríkinu, nema síður sé.

Við vitum að víða a. m. k. í Evrópu hafa stjórnvöld tekið þá ákvörðun að fela einu félagi allt áætlunarflug til og frá viðkomandi landi. Þetta er staðreynd hvað t. d. snertir bæði Írland, Belgíu, Holland, Sviss, Austurríki, Finnland og frændþjóðir okkar þrjár: Dani, Norðmenn og Svía. Þar er einn aðili fyrir þrjú lönd. Svo á í þessu litla landi að vera nauðsynlegt að það séu tveir eða fleiri aðiljar sem eigi að annast þetta flug í harðri samkeppni, eins og við horfðum upp á fyrir æðimörgum árum á milli Loftleiða og Flugfélags Íslands.

Hæstv. ráðh. sagði að Flugleiðir hefðu ekki sinnt flutningum á milli Hollands og Íslands og því væri ekkert óeðlilegt að Iscargo hefði fengið þetta leyfi. Það veit hæstv. ráðh. og það vitum við öll hér, að það er ekkert verkefni fyrir heila flugvél að annast flutninga á milli Hollands og Íslands, svo að þetta eru engin rök. Þetta þýðir auðvitað í reynd, að annaðhvort gengur þessi rekstur ekki hjá Iscargo eða þá hitt, að þeir verða að fá frekari leyfi til farþegaflutninga til þess að þessi rekstur geti staðið undir sér. Það er talað um að félagið kaupi vélar. Síðan er aftur skilyrði að Flugleiðir selji vélar. Þetta fer að verða undarlegur sósíalismi, og ég er hræddur um að afi hans Vilmundar, sem hér situr á Alþ., hefði kallað þetta á sínum tíma „sósíalisma andskotans," eins og hann orðaði það við annað tækifæri.

Ég sagði áðan að ég ætlaði ekki að verða til þess að lengja þessar umr. Ég endurtek þakkir mínar til ráðh., en ég taldi óhjákvæmilegt að gera þessar aths. við málflutning hans.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég hafði fjarvistarleyfi frá þingfundum í dag. Ég hef því ekki fylgst með þeim umr. sem hér hafa átt sér stað um Flugleiðamálið, en vil þó að gefnu tilefni standa hér upp og segja nokkur orð.

Það kom fram í máli hv. síðasta ræðumanns, að ráðh. hefði talað um há fargjöld Flugleiða. Ég vona að ég hafi skilið það rétt. (**MB:** Það kom fram hjá ráðh.) Ég þakka hv. 1. þm. Vestf. fyrir að staðfesta að ég hef skilið það rétt.

Ég vil nefna lítið dæmi. Um síðustu helgi átti sér stað hér milliríkjaleikur í handknattleik milli Vestur-Þýskalands og Íslands. Handknattleikssambandinu eða íþróttahreyfingunni, sem er fjárvana, bar skylda til að hafa hér erlenda dómara við þann leik, hjá því verður ekki komist. Af tilviljun frétti Handknattleikssambandið að Flugleiðir bjóða svonefndar „Week-end flugferðir" hingað til Íslands fyrir eitthvað um 202 þús. kr. fargjald fram og til baka og dvalarkostnað þann tíma sem viðkomandi er hér, ég man ekki hvort það eru 3 eða 4 dagar. Handknattleikssamband Íslands hefði getað notað sér þetta og sparað sér líklega um 500—600 þús. kr. á mann hefði það fengið réttar upplýsingar þegar forráðamenn þess gengu eftir þeim á Flugleiðaskrifstofunni hér í Reykjavík. Í staðinn var fargjaldið aðra leiðina á mann 258 þús. kr. eftir þeim upplýsingum sem ég hef, sem sagt tvisvar sinnum á mann, þeir voru tveir, að við bættum 30 þús. kr. dvalarkostnaði á mann. Þá geta menn séð að upplýsingarnar, sem Íslendingar fá hér heima, eru allt aðrar en þær sem útlendingum er boðið án þess að leita eftir erlendis. Eitthvað er bogið við fargjöldin, en ég ætla ekki að gera þau frekar að umræðuefni vegna þess að ég veit ekki hve langt var farið í þær umr. og hve mikið þær snerta það mál sem hér er á dagskrá nú.

Eins og fram kemur í nál. tel ég sjálfsagt að ríkissjóður eignist 20% hlutdeild í félaginu Flugleiðum hf. Hugsunin bak við það er ekki sú, að ríkið eigi að vera rekstraraðili að Flugleiðum. Flugleiðir eru hlutafélag sem er í eign einstaklinga og hefur þróast á eðlilegan hátt og orðið stórveldi. Það hefur komist í vanda sem er stærri en hið almenna peningakerfi eða bankarnir hér ráða við að leysa. Það er ekkert óeðlilegt, vegna þess hve flugsamgöngur eru áríðandi fyrir okkur, á eylandi langt úti í norðurhöfum, að ríkissjóður hlaupi undir bagga og aðstoði fyrirtækið, en aðstoði það á sama hátt og almennt er gert þegar fyrirtæki leita aðstoðar peningastofnana, meðan fyrirtækið er í þessum vanda, en dragi sig síðan til baka þegar fyrirtækið hefur staðið við allar sínar skuldbindingar og ríkisábyrgð er fallin niður.

Þessi hugsun mín er tengd þeirri von, að fyrirtækið nái sér á strik og geti staðið við skuldbindingar sínar. Nú skal ég ekki segja um hvort það getur gert það. Ég lagði þá spurningu fyrir formann stjórnar Flugleiða, þegar hann kom á fund fjh.- og viðskn. sem ég á sæti í, hvort skuldbindingar félagsins, bæði gamlar og þær sem koma til viðbótar, séu ekki orðnar það miklar að vafasamt sé hvort tekjur félagsins, þótt vel gangi, nægi til að standa undir vöxtum og afborgunum og til að reka fyrirtækið. Svar það, sem ég fékk, var afskaplega óákveðið. Hann sagðist vona að tekjurnar nægðu til þess að standa undir vöxtum og afborgunum af þeim lánum, sem hvíla fyrir á fyrirtækinu, og þeim skuldbindingum, sem nú koma til viðbótar á félagið. Ég vona það líka. Og vegna þess að ég vona að félagið komist út úr þeim örðugleikum sem það nú er í, þá vil ég standa að því að lögbinda þetta, setja þetta í lög, en ríkinu beri þá skylda til að losa sig við þau hlutabréf, sem það eignast í félaginu nú, í samráði og samstarfi við stjórn fyrirtækisins þegar þar að kemur.

En nú er ég ekki alveg nógu sannfærður um að Flugleiðir komist út úr þessum vanda, þó að ég vilji gera ráð fyrir því og vona með formanni stjórnar Flugleiða að svo verði. Þess vegna legg ég á það alla áherslu, að stjórn Flugleiða standi við það fyrirheit, sem felst í svari hennar, að Flugleiðir selji sinn hlut í Arnarflugi. Ég skal skýra hver mín afstaða er og af hverju ég segi það. Það er ekki vegna þess, að það sé stórt fjárhagsatriði í öllum þessum vanda að Flugleiðir selji 57% af 120 millj. kr. hlutabréfum samtals í Arnarflugi, heldur vegna þess að ef Flugleiðir ná sér ekki upp úr þeim vanda þrátt fyrir þá fyrirgreiðslu sem þær eru nú að fá, þá vil ég ekki að þær dragi með sér niður í því hruni, sem hlýtur þá að verða, eina flugfélagið sem þá verður með þekkingu á erlendum mörkuðum og milliríkjasamskiptum í flugmálum, en Arnarflug hefur talsverða reynslu og þekkingu á því að reka millilandaflug. Ef Flugleiðir eiga 57% af Arnarflugi og illa tekst til að rétta Flugleiðir við, þá eigum við ekkert flugfélag, og það er vegna þess, að ég vil halda þessum varnagla, að ég legg áherslu á að Flugleiðir selji sín hlutabréf.

Ég skrifa undir þetta nál. þrátt fyrir það að orðalag á 4. lið sé ekki alfarið að mínu skapi. Með leyfi hæstv. forseta ætla ég að lesa upp fyrstu setninguna, hún hljóðar svo:

„Nm. eru sammála um, að starfsmannafélagi Arnar-

flugs sé gefinn kostur á að kaupa hlut Flugleiða hf. í Arnarflugi."

Ég vona að menn gangi til þessara umr. með opnum augum um að hér erum við að skylda Flugleiðir til að selja starfsmannafélagi Arnarflugs hlutabréfin og þar með erum við að búa til það sem ég kalla, — það getur vel verið að það sé ekki rétt heiti, en ég kalla lokað hlutafélag. Við erum að skylda Flugleiðir til að selja ákveðnum aðila hlutabréf Flugleiða. Þar með erum við ekki að opna félagið, eins og ég tel að nauðsynlegt sé um starfsemi eins og flugsins almennt, að opna hlutafélögin miklu meira, því að þáttur flugfélaganna er ekki minni en skipafélaganna í sjálfstæði þjóðarinnar. Það á ekki að vera í höndum örfárra manna. Það á að vera í höndum eins margra Íslendinga og vilja taka þátt í starfseminni.

Ég ætla ekki að segja meira um þetta mál. En það er eitt í viðbót sem ég ætla að biðja hæstv. ráðh. um að hlusta á, því að mig langar til þess að vita hvort hann getur svarað þessari spurningu: Hvað er eiginlega að ske í Flugleiðum? Ég las í einhverju dagblaði í dag, að þær séu að fjárfesta í nýju flugfélagi í Nígeríu. Hvað er að ske? Erum við að samþykkja fjárframlag til útvíkkunar á starfsemi Flugleiða? Þegar ég las þetta í morgun spurði ég sjálfan mig: Er verið að blekkja mig sem þm. til að samþykkja fyrirgreiðslu til félags sem er í vanda, eða erum við að lauma inn nýju fjármagni, ríkiskapítali, til þess að útvíkka starfsemi félagsins? Og því spyr ég hæstv. ráðh.: Hvað er að ske? Ef hann getur svarað nú þætti mér vænt um það, en þessi spurning er eflaust óvænt fram komin og því get ég sætt mig við að hann svari henni síðar.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22:5 atkv.
3.—4. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 122, inngangsorð, felld með 23:5 atkv.
Brtt. 122,1 felld með 20:7 atkv.
Brtt. 122,2 felld með 25:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JS, KP, MHM, GP, VG, ÁG, BGr.

nei: IGuðn, IGísl, ME, JÞ, MB, SS, PP, PJ, RA, SkA, SV, StH, SteinG, SvG, AS, EH, VI, FrS, GS, GeirH, GJG, HÓ, HÁ, HBl, SvH.

ÓÞÞ, AG, RH, GHelg. greiddu ekki atkv.
4 þm. (HG, MÁM, PS, ÞS) fjarstaddir.
5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég hef ekki í annað sinn verið óánægður með stjórn forseta á atkvgr., en ég fæ ekki séð hvernig það fær staðist, eftir að upphafleg atkvgr. felldi innganginn að þessu öllu saman, að þá sé hægt að hafa atkvgr. um það sem á eftir kemur. Ég tek því ekki þátt í atkvgr.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Þegar löggjafarvald, þ. e. umboðsmenn skattgreiðenda, veita fyrirtæki fjármagnslega fyrirgreiðslu, þá á sama löggjafarvald, þ. e. sömu umboðsmenn skattgreiðenda, að setja skilyrði. Það er svo lærdómsríkt út af fyrir sig að landslýður fái að sjá hvern hug kommúnistar bera til atvinnulýðræðis. Hér er verið að leggja til atvinnulýðræði. Það er lærdómsríkt fyrir starfsfólk Flugleiða sem og aðra launþega í þessu landi hvernig kommúnistar bregðast við. Ég segi já.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Að vísu er ekki vanþörf á að breyta 5. gr. þessa frv. Í henni er prentvilla sem í hugum margra breytir málinu talsvert. Hér hefur verið upplýst að greininni hafi verið breytt munnlega í hv. Ed., bæði af frsm. n. og hæstv. forseta. Ég hef aldrei vitað til þess að það væri nægilegt til að breyta efni lagagreinar. Ég sé ekki að það sé hægt að afgreiða þetta hér úr d. nema annað tveggja liggi fyrir: þskj. prentað upp með leiðréttingu eða þá að fram verði borin skrifl. brtt. og hún samþ. á þann veg sem gengið er út frá að við séum að gera. Annars fer málið frá okkur samþ. nákvæmlega í þeirri mynd sem það liggur hér fyrir.

Í annan stað vil ég geta þess, að ég tók í fyrstu atkvgr. um þessa brtt. afstöðu til hennar. Þar með eru allir liðirnir felldir, þar sem það fram gengur af orðalagi inngangsins. Að vísu getur orðalag greinarinnar staðist án þess að inngangurinn fylgi, en inngangurinn er þannig að efni til, að þar með hlýtur að mega líta svo á að skilyrðin séu fallin.

En að því er þetta einstaka atriði varðar, þá er ég út af fyrir sig ekki mótfallin því, en vegna þess að ég tel mig ekki geta tekið þátt í atkvgr. um mál sem ég er búin að fella, þá get ég ekki tekið afstöðu til þess aftur í sömu atkvgr. og greiði því ekki atkv.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Vegna aths. hv. 6. þm. Reykv. vil ég taka fram, að ég hef gengið úr skugga um að prentvillan í 5. gr. var leiðrétt af hæstv. forseta Ed. og það er bókað. Handamunur eins og sá, að það skyldi ekki færast milli deilda, getur ekki haft úrslitaáhrif í þessu efni. (**RH:** Herra forseti. Hvað er það þá sem á að bera undir atkv. í þessari d.?) Í þessari hv. d. Þetta er einfalt mál og fljótlesið. Á ég að gefa fundarhlé meðan menn glöggva sig á hvað þeir eru að samþykkja? — Ég hef verið viðstaddur slíka athöfn sem þá, að forseti hefur úrskurðað langa till. fallna vegna þess að felldur var inngangur eða formálsorð. Og ég hefði getað beitt því, en það ákvað ég að gera ekki og held þess vegna áfram atkvgr. þar sem frá var horfið.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég skal gera grein fyrir atkv. mínu stutt og laggott. Af nákvæmlega sömu ástæðum og hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir gerði grein fyrir hér áðan greiði ég ekki atkv.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Hv. þm. greiðir ekki atkv. og lét þess getið á hlaupum niður í sæti sitt, að hér væri um ólöglega atkvgr. að tefla.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég vil í sambandi við þessa atkvgr. vekja athygli á því sem segir í nál. meiri hl. fjh.- og viðskn., en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Undirritaðir nm. telja mikilvægt að efla samstöðu og áhrif starfsfólks í stjórn félagsins. Í 47. gr. laga nr. 32/1978, um hlutafélög, segir: „Í samþykktum er heimilt að veita stjórnvöldum eða öðrum rétt til að tilnefna einn eða fleiri stjórnarmenn." Við teljum rétt að starfsfólk fái tækifæri til að tilnefna fulltrúa á þessum grundvelli og samþykktum félagsins verði breytt í þessu skyni.

Félag allra starfsmanna tilnefni fulltrúa að undangenginni kosningu."

Hv. þm. Vilmundur Gylfason leggur til að kosinn verði fulltrúi með fullum réttindum í stjórn félagsins. Við fyrstu athugun okkar á þessu máli kom í ljós, að þetta stangast á við lög um hlutafélög og samrýmist ekki landslögum eins og þau eru í núverandi formi. Ég segi því nei.

Brtt. 122,3—8 felld með 26:7 atkv.

5. gr. samþ. með 24:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GJG, HÓ, HÁ, IGuðn, IGísl, ME, MB, SS, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, SV, StH, SteinG, SvG, ÞS, AG, AS, EH, VI, GS, SvH.

nei: JS, KP, MHM, GP, VG, ÁG, BGr, RH.

GHelg, HBl, JÞ, FrS, GeirH greiddu ekki atkv.

3 þm. (HG, MÁM, PS) fjarstaddir.

6 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Þar sem fyrir liggja þau skilyrði, sem ríkisstj. setur fyrir veitingu þessara ríkisábyrgða, og ég treysti því, að við þau verði staðið samkv. því sem ráðh. hefur lýst yfir, þá get ég fellt mig við greinina og segi því já.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Eins og öll þessi mál eru í pottinn búin, þá er ríkisstj. með þessari till. fengið mikið og gersamlega óeðlilegt vald. Ég treysti ekki núv. hæstv. ríkisstj. fyrir þessu valdi og ég treysti ekki hæstv. samgrh. svo sem hann hefur klúðrað þessu máli nú á síðustu mánuðum. Ég segi nei.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Öfugt við það sem hv. síðasti ræðumaður sagði, segi ég já.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Með skírskotun til grg. hv. þm. Vilmundar Gylfasonar segi ég nei.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég greiddi atkv. gegn till. á þskj. 122 sem flutt var af Vilmundi Gylfasyni, öllum liðum þeirrar till. Þessi 5. gr. snýst fyrst og fremst um skilyrði eins og þau birtast í nál. á þskj. 94 og þskj. 116. Ég tel, að sumt í þessum skilyrðabálki sé þess efnis, að erfitt sé að sætta sig við þau, og nefni sérstaklega fjórða atriðið, sem er mjög varhugavert í því sambandi. Þar er verið að skapa fordæmi sem getur haft mikla hættu í framtíðinni. Þar er um það að ræða, að ákveðnum, tilteknum hópi sé gert hærra undir höfði en öðrum. Hefði skilyrðið verið með þeim hætti, að þar væri um almennt útboð að ræða til þess að laga rekstrarstöðu fyrirtækisins, hefði afstaða mín verið öðruvísi. En þar sem nú hefur verið fellt, að skilyrðin taki lagagildi, og þau eru aðeins í nál. treysti ég því, að farið verði að þeim sjónarmiðum sem ég hef hér lýst, og tel ekki ástæðu til þess að greiða atkv. gegn þessari grein, en kýs að sitja hjá.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Ég hef satt að segja ekki allt of mikla sannfæringu fyrir ýmsum atriðum í þessari grein. En þar sem fasistinn Vilmundur Gylfason sagði nei, þá hlýtur að vera rétt að segja já. Ég segi já.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég veit eiginlega ekki hvað ég á að segja, hvernig ég á að koma spurningunni að, en ég vildi gjarnan biðja hv. 4. þm. Suðurl. um að koma hingað og endurtaka það sem hann sagði. (**KP:** Hann er genginn úr salnum.) Ef hann viðhefur þau orð að kalla hv. þm. fasista, þegar hann kemur hingað upp í þennan hv. ræðustól til að lýsa ákvörðun sinni um afstöðu í atkvgr., þá ber forseta að víta slíkt orðbragð.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Ég er af sjómannaþjóð og þoli þess vegna vel gusur. Ég notaði orðið kommúnisti. Hv. þm. Garðar Sigurðsson er að svara fyrir sig og ég skil hann vel.

6. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 36 shlj. atkv.

Neðri deild, 19. fundur.

Þriðjudaginn 18. nóv., að loknum 18. fundi.

Málefni Flugleiða, frv. (þskj. 34). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 34 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 36 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HÓ, GHelg, HÁ, HBl, IGuðn, IGísl, ME, JS, JÞ, KP, MHM, MB, SS, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, GP, SkA, SV, StH, SteinG, SvG, VG, ÞS, AG, AS, ÁG, BGr, EH, VI, FrS, GS, GeirH, GJG, SvH.

RH greiddi ekki atkv.

3 þm. (HG, MÁM, PS) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Af illri nauðsyn segi ég já.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Alþfl. hefur gert tilraun til þess að fá fram nokkrar breytingar á þessu frv. sem ég tel að hefðu horft mjög til bóta. Það hefur ekki tekist. En hér er á ferðinni mjög mikilvægt mál sem ég vil styðja. Ég segi já.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Ríkisstj. hefur staðið með þeim hætti að undirbúningi og umfjöllun þessa máls, að það er ekki fýsilegt að standa að afgreiðslu þess þegar af þeirri ástæðu. Vegna 2. gr. frv. og vegna þeirra skilyrða, sem ríkisstj. setur og fest hafa verið á þskj. tel ég enn ófýsilegra að taka þátt í afgreiðslu þessa frv. En mér er ljóst að einhvern veginn verður að sjá til þess að flugið geti haldið áfram. Mál þetta er komið í hinn mesta hnút og Alþ. í rauninni sett upp að vegg. Þess vegna treysti ég mér ekki til þess að greiða atkv. gegn frv., mér er ljóst, að það þarf að ganga fram, en ég kýs samt af þeim ástæðum, sem ég hef um getið, að sitja hjá og greiði því ekki atkv.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 130).

Efri deild, 16. fundur.

Miðvikudaginn 19. nóv., kl. 2 miðdegis.

Manntal 1981, frv. (þskj. 119). — 1. umr.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Í lögum frá 1920 um manntal á Íslandi er ákveðið að taka skuli almennt manntal um land allt þau ár er ártalið endar á 0, og skal það fara fram 1. desember. Aðalmanntöl voru tekin á 10 ára fresti frá 1920—1960 samkv. þessum lögum. En manntal var fellt niður árið 1970 samkv. sérstakri lagaheimild. Ástæðan til þess var sú, að talið var að með tilkomu þjóðskrár hefðu aðstæður breyst þannig að ekki væri lengur þörf á manntali, enda spöruðust við það opinber fjárútlát.

Eins og búist var við kom í ljós að upplýsingar þjóðskrár um mannfjölda og skiptingu hans eftir aldri, hjúskaparstétt, stöðum á landinu o. fl. reyndust fullnægjandi og þurfti ekki að taka manntal þessara upplýsinga vegna.

Þegar til kom skorti hins vegar mikið á að fyrir lægju upplýsingar um atvinnu, menntun og húsnæði landsmanna, er gætu komið í stað upplýsinga um þessi atriði sem fengjust með manntalsskráningu. Hér hefur verið um að ræða tilfinnanlegan upplýsingabrest, og niðurstaðan hefur aðallega af þessum sökum orðið sú, að almenn eining muni nú vera um það hjá þeim sem kunnugir eru þessum málum, að nauðsynlegt sé að taka manntal í meira eða minna hefðbundnu formi á næsta ári.

Manntal samkvæmt lögunum frá 1920 hefði átt að fara fram 1. des. nú í ár. Hins vegar er talið æskilegt að færa manntalsdaginn aftur um tvo mánuði, eða til 31. jan. 1981, aðallega í því skyni að íbúaskrár miðað við 1. des. 1980 frá þjóðskránni verði tiltækar sem hjálpargögn við manntalsskráninguna. Til þessa flutnings manntalsdags hefði þurft lagabreytingu. Þar við bætist að gerbreyttar aðstæður síðan manntalslögin frá 1920 voru sett gera óhjákvæmilegt að sett verði sérstök ný lög með breyttum og nýjum ákvæðum um það manntal sem nú stendur fyrir dyrum. Nú er lagt til með þessu frv. að sveitarstjórnir annist framkvæmd manntals 1981 allsstaðar á landinu. Samkv. lögunum frá 1920 var það bæjarstjórnar að gera það í kaupstöðum, en annars staðar á landinu var þetta hlutverk sóknarprests. En við tilkomu þjóðskrár 1953 tóku sveitarstjórnir að fullu við umsýslu almannaskráningar af prestunum auk þess sem sveitarstjórnir eiga mikilla hagsmuna að gæta í sambandi við skráningu mannfólksins.

Við undirbúning manntals á árinu 1981 hefur Hagstofan haft samráð við ýmsa aðila sem samkv. eðli máls eiga rétt á að hafa áhrif á tilhögun manntalsins. Auk Sambands íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborgar eru samráðsaðilarnir þessir: Fasteignamat ríkisins, Félagsvísindadeild Háskóla Íslands, Framkvæmdastofnun ríkisins, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Húsnæðismálastofnun ríkisins, Jafnréttisráð og Þjóðhagsstofnun.

Um frekari skýringar og upplýsingar um þetta mál vísast að öðru leyti til ítarlegrar grg. sem fylgir frv.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Íslendingar hafa borið gæfu til þess að hafa öðrum þjóðum ítarlegri upplýsingar um fólksfjöldaþróun í landinu. Þessar heimildir hafa gefið fræðimönnum og reyndar þjóðinni allri möguleika á að fylgjast náið með þróun þjóðhátta og annarra einkenna.

Árið 1970 gerðist það hins vegar, að í fyrsta sinn í nær tvær aldir féll niður gerð manntals. Við það skapaðist stór eyða í þá mikilvægu kortlagningu þróunar þjóðarinnar sem fyrri manntöl höfðu veitt fræðslu um.

Sú staðreynd, að manntal var ekki tekið 1970, var einkanlega bagaleg fyrir þá sök, að síðustu 20 ár hafa verið eitthvert mesta breytingaskeið í sögu íslensku þjóðarinnar. Ber því vissulega að fagna því, að nú hefur verið lagt fram frv. til l. um manntal 31. jan. 1981. Það manntal mun væntanlega gefa fræðimönnum og áhugasömum almenningi möguleika á því að kynnast til hlítar ýmsum þeim grundvallarbreytingum sem orðið hafa á félagsháttum og fólksfjöldaeinkennum Íslendinga á síðustu tveim áratugum. Manntalið, sem tekið var 1960, var lengi í úrvinnslu, eða nánar til tekið í níu ár. Slík framkvæmd má ekki einkenna það manntal sem nú hefur verið lagt fram frv. um á Alþingi.

Með nútíma tölvuvæðingu og úrvinnslukunnáttu ætti ekki að þurfa nema í hæsta lagi 1—2 ár þar til niðurstöður manntalsins geta legið fyrir. Það frv., sem hér er lagt fram, kveður fyrst og fremst á um framkvæmd manntalsins, og sjálfsagt eru flest þau ákvæði nauðsynleg. Þó vil ég vekja athygli á því, að sú aðferð að fela hverri sveitarstjórn að ákveða hvaða tilhögun skuli höfð á framkvæmd manntalsins í umdæmi hennar að því er varðar dreifingu eyðublaða og söfnun skýrslna að lokinni skráningu getur skapað margvíslegar hættur á því að framkvæmd manntalsins verði með mismunandi hætti í einstökum sveitarfélögum, einkum og sér í lagi ef yfirferð frumgagnanna er falin fólki sem hefur ekki hlotið leiðbeiningu og aðstoð við það fyrirfram. Finnst mér þess vegna fyllilega koma til greina að setja í ákvæði þessa frv. nánari heimildir fyrir Hagstofu Íslands til að setja reglur um það, með hvaða hætti eyðublaðanna skuli aflað að lokinni skráningu og þau yfirfarin áður en manntalstökunni lýkur.

Manntal var ekki tekið 1970, að mínum dómi þjóðinni til vansa og fræðum um Íslendinga til mikils tjóns. Það er satt að segja frekar hlálegt að við skulum hafa meiri og ítarlegri upplýsingar um íslenska þjóð í upphafi 18. aldar heldur en við höfum um íslenska þjóð á síðustu 20 árum. En slík var skýrslugerðarkunnátta embættismanna konungsins á fyrri tíð að við nútímamenn höfum með því að láta manntalið fyrirfarast 1970 gert okkur seka um vítaverða vanrækslu í þessum efnum. Þess vegna finnst mér koma til greina að í þessi lög verði jafnframt bætt skylduákvæði um framkvæmd næsta manntals, að það skuli framkvæmt árið 1990 eða 1991, þannig að það liggi strax fyrir nú, að þjóðin hefur sett sér það markmið að halda við þeirri mikilvægu hefð að Íslendingar hafi á 10 ára fresti ítarlegar upplýsingar um þær félagslegu breytingar sem orðið hafa með þjóðinni. Beini ég þess vegna þeirri hugmynd til þeirrar nefndar, sem fær þetta frv. til skoðunar, að í lögin verði sett ákvæði þessa efnis.

Ég gat um það áðan, að það hefði tekið Hagstofu Íslands níu ár að vinna úr manntalinu 1960 og að nauðsynlegt væri að koma í veg fyrir að slíkur dráttur yrði á þessari úrvinnslu. En jafnframt þarf að tryggja að

manntalið nýtist til þeirra rannsókna og þeirrar fræðilegu umfjöllunar sem nauðsynleg er ef Íslendingar eiga að geta öðlast hliðstæða þekkingu á sínum högum, samsetningu og einkennum þjóðarinnar og t. d. Norðurlandabúar hafa hjá sér. Þess vegna finnst mér ákvæði 9. gr. frv. allt of ströng. Þau eru þess eðlis, að Hagstofa Íslands gæti ef hún vildi, — ég skal ekki leiða neinar líkur að því hér, hvort nokkrar slíkar skoðanir eru þar uppi, — en hún gæti, ef hún vildi, hindrað eðlilega rannsóknarmeðferð þeirra gagna sem aflað er með manntalsgerðinni. Nú er það svo með þessi gögn, að það má hæglega vinna úr þeim án þess að einkahagir manna komi þar nokkuð við sögu eða persónubundnum upplýsingum sé blandað inn í það.

Mér finnst þess vegna nauðsynlegt að í meðferð nefndar verði orðalag 9. gr. endurskoðað á þann veg að heimila viðurkenndum rannsóknarstofnunum og opinberum rannsóknaraðilum í landinu, hvort sem það eru stjórnsýslustofnanir eða menntastofnanir, aðgang að frumgögnum manntalsins til nánari fræðilegrar úrvinnslu, án þess þó að upplýsingar um einkahagi manna tengist á nokkurn hátt slíkri úrvinnslu. Ákvæði um að úrvinnslu skýrslna eigi Hagstofan ein að annast og hlutaðeigandi starfsmenn hennar skuli bundnir þagnarskyldu er í sjálfu sér óeðlilegt miðað við núverandi tæknistig slíkrar úrvinnslu, sem væntanlega verður á þá leið, að hvert einasta eyðublað verði gatað inn í tölvuvélarnar og þær vinni síðan úr þeim gögnum eftir þeim aðferðum sem slík tækni er byggð á.

Þagnarskylda í hefðbundinni merkingu þess orðs á varla við um slík atriði, en ætti kannske frekar við um teljarana sjálfa eða þá starfsemi, sem fram á að fara á vegum sveitarstjórnanna, og kannske nauðsynlegra að láta slíkt ákvæði ná til þess þegar menn safna persónubundnum upplýsingum í sínu nánasta umhverfi, oft í fámennum sveitarfélögum.

Herra forseti. Þó að ég hafi notað þetta tækifæri hér til þess að koma á framfæri ýmsum athugasemdum og ábendingum varðandi þetta frv., þá ber ekki að skilja það svo, að meginerindi mitt hér sé að gagnrýna það þótt ábendingarnar hafi skipað meiri sess í mínum málflutningi. Ég vil eindregið og aftur fagna því, að nú hefur verið ákveðið með framlagningu þessa frv. að beita sér fyrir því, að manntal verði framkvæmt í upphafi árs 1981 og við nútímamenn sinnum þannig þeirri upplýsingaskyldu okkar, sem bæði söguleg hefð þjóðarinnar í manntölum krefst að við höldum við og nútímakröfur um upplýsingar og rannsóknir á félagslegum einkennum þjóða fela í sér að nauðsynlegt er að séu fyrir hendi hverju sinni, einkum og sér í lagi ef við viljum geta framkvæmt samanburð á einkennum íslenskrar þjóðar við helstu nágrannaþjóðir okkar í Evrópu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Útvarpslög, frv. (þskj. 44). — Frh. 1. umr.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Frv. þetta fjallar um að Ríkisútvarpið fái að nýju tolltekjur af innflutningi sjónvarpstækja og hluta þeirra.

Hv. flm., 5. þm. Vesturl. hefur mælt fyrir þessu frv. og rakið þá sögu sem liggur því til grundvallar, og ég hef ekki ástæðu til að endurtaka hér neitt af því sem hann sagði, enda er ég að öllu leyti sammála hv. flm. um það, hvernig hann leggur málið fyrir og hver þörf er á að Ríkisútvarpið fái að nýju þennan tekjustofn.

Hv. flm. reifaði nokkuð í sinni framsögu fjárhagsástand Ríkisútvarpsins, hver rekstrarhallinn var á síðasta ári, árið 1979, og fyrirsjáanlegur rekstrarhalli á því ári sem nú er að líða. Hann benti á hvernig þetta hefur komið niður á framkvæmdum við styrkingu sjónvarpsdreifikerfisins og kaupum á tækjum til sjónvarpsins. Hann nefndi stórverkefni sem bíða Ríkisútvarpsins, svo sem að byggja útvarpshús, að reisa ný loftnetsmöstur og koma upp langbylgjustöð o. fl.

Þetta orkar ekki tvímælis, og ég tek undir þetta allt saman. Þessar tolltekjur, sem við erum núna að ræða um, voru til komnar og ákveðnar Ríkisútvarpinu strax þegar sjónvarpið var sett á fót. Nefndin, sem vann að því að undirbúa stofnun sjónvarpsins, lagði þegar til að sjónvarpið fengi þennan tekjustofn, og það var þegar samþykkt og lögleitt. Þessi tekjustofn hafði mjög mikla þýðingu, og hafði þeim mun meiri þýðingu sem meira var keypt af sjónvarpstækjum. En þegar nokkur tími var liðinn fór af eðlilegum ástæðum að draga úr þessum kaupum, sem voru mest meðan verið var að koma sjónvarpinu á í helstu þéttbýlisstöðum landsins. Þá fór Ríkisútvarpið að finna fyrir því, að þessi tekjustofn var að bresta eða hafði ekki jafnmikla þýðingu og áður. En um sama leyti og þetta skeður eru uppi umræður um það, hvort taka eigi upp litasjónvarp hér á landi. Það voru ýmsar hliðar á því máli og menn litu það á þeim tíma nokkuð misjöfnum augum. Það voru færð ýmis rök fyrir því að taka upp litasjónvarp. Eitt af því, sem fært var fram í því sambandi, og ein af forsendum þess að ákvörðun var tekin um að koma litasjónvarpi á hér á landi var sú, að tekjur Ríkisútvarpsins og sjónvarpsins af þessum tekjustofni mundu aukast mjög vegna innflutnings nýrra tækja sem hlaut að fara í kjölfar þeirrar ákvörðunar að taka upp litasjónvarp. Í þessu sambandi var m. a. bent á hve mikla þýðingu þetta hefði til þess að leiðrétta ýmislegt ranglæti sem hafði viðgengist og allir voru sammála um að yrði að leiðrétta. Það var í þessu sambandi t. d. nefnt, að um leið og þetta yrði væri hægt að ljúka þegar því sjálfsagða verkefni að sjónvarpsvæða alla sveitabæi landsins. Það er þess vegna ljótur leikur sem hefur verið leikinn í þessu máli. Það hefur ekki verið staðið við það sem lofað var. Sumar af þeim forsendum, sem skákað var fram fyrir þeirri ákvörðun að taka upp litasjónvarpið, hafa brostið vegna þess að þessi tekjustofn hefur verið að miklu leyti tekinn frá Ríkisútvarpinu. Þetta er því ljót saga.

Nú sagði hv. flm. frv. í framsögu sinni fyrir þessu máli að hann vonaðist til að eðlileg leiðrétting á afnotagjöldum Ríkisútvarpsins fengist svo fljótt að það yrði komist hjá þeim markaða tekjustofni sem þetta frv. gerir ráð fyrir, þ. e. að Ríkisútvarpið fái tolltekjur af innfluttum sjónvarpstækjum.

Það er ágætt að vera bjartsýnn, og ég er sjálfur oft bjartsýnn. En ég verð að segja það hér, að ég er ekki sérlega bjartsýnn í þessu efni. Ég var 19 ár í útvarpsráði og barðist þar alltaf fyrir þeim málstað að hækka afnotagjöldin og hafa þau hærri en þau voru á hverjum tíma. Ég var alltaf þar í fylkingu og það voru raunar flestir í

útvarpsráði. En það var sama hvaða ráðherra var, úr hvaða flokki hann var, það var alltaf að vissu leyti eins og að berja höfðinu við steininn. Ég er því ekki sérlega trúaður á að það fáist nægileg leiðrétting með breyttum afnotagjöldum.

Ég sagði áðan að ég væri algjölega samþykkur þeim rökum sem hv. flm. færði fram fyrir þessu frv. Ef eitthvað er, þá er ég kannske meira samþykkur þeim heldur en hann sjálfur vegna þess að ég tel að þau rök séu svo sterk, að á grundvelli þeirra komi ekki annað til greina en að ganga svo frá þessu máli að tekjur Ríkisútvarpsins af innfluttum sjónvarpstækjum verði ekki tímabundnar. Það verði því fellt úr þessu frv., að þessi tekjustofn verði aðeins til þriggja ára, heldur verði engin tímamörk á þessu. Ef Ríkisútvarpið verður svo fjáð einhvern tíma að það þarf ekki á þessu að halda er hægur vandi að bæta úr því síðar.

Með tilliti til þessa hef ég leyft mér að flytja brtt. á þskj. 49 sem felur í sér þá breytingu á þessu frv., að það verði ekki tímabundinn, heldur verði það ótímabundinn tekjustofn sjónvarpsins að hafa tolltekjur af innfluttum sjónvarpstækjum.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs til þess að taka undir rök hv. þm. Eiðs Guðnasonar sem hann færði fram í framsöguræðu sinni með þessu lagafrv. Ég geri ráð fyrir að okkur muni ekki greina stórlega á um það atriði sem lýtur að tímamörkum, þ. e. þriggja ára tímamörkunum sem þetta mundi gilda. Það er eðlilegt að hv. þm. Eiður Guðnason setji slík mörk í frv. sitt með tilliti til þess, að það er nú yfirlýst stefna Alþfl. að beita sér gegn mörkuðum tekjustofnunum, og þetta mun, ef mig minnir rétt, vera fimmta málið sem flutt er af hálfu Alþfl.-manna um nýja markaða tekjustofna síðan lýst var af hálfu flokksins yfir algjörri andstöðu gegn mörkuðum tekjustofnum.

Þetta átti ekki að vera illkvitnislegt innskot. Það væri óverðugt í sambandi við þetta mál. Ég mundi prýðilega fella mig við þriggja ára mörkin, því að svo er um ýmis gjöld sem Alþ. samþykkir árlega að þau eru kölluð tímabundin, svo sem tímabundið vörugjald sem afgreitt hefur verið í þessu virðulega húsi árlega á undanförnum árum, æ með því fororði að þetta sé nú í allra síðasta sinn.

Ég hygg að hv. þm. hafi síst ýkt lýsingu sína á fjárhag Ríkisútvarpsins og þeirri baráttu sem þessi aldna stofnun hefur mátt heyja nú að viku liðinni í 50 ár eða hálfa öld. Upprunalega var allvel séð fyrir tekjum stofnunarinnar þegar verið var að byggja hana upp: í fyrsta lagi með því að ætla henni einkasölu á öllum innfluttum útvarpstækjum og í öðru lagi með því að haga svo afnotagjaldi, sem notendur greiddu, að nægði til rekstrar og um árabil þó það ríflega að hægt var að leggja fé í sjóð. Ég vil minna hv. þm. á það, að árið 1947 átti Ríkisútvarpið peninga í sjóði sem nægt hefðu til þess að byggja allmyndarlegt útvarpshús, í tíð Jónasar heitins Þorbergssonar útvarpsstjóra. Þó fór það nú svo, að byggingarsjóður Ríkisútvarpsins var tekinn með valdboði ríkisstj. til þess að byggja Þjóðleikhús, samtímis því sem Ríkisútvarpið var knúið til þess með sérstökum ríkisstjórnaraðgerðum að lána verulegan hluta af þessum peningum, óverðtryggðum, til almennra íbúðabygginga á Reykjavíkursvæðinu.

Ég hygg að brtt., sem hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson hefur lagt hér fram, skipti ekki sköpum í sambandi við málið. Ég held að í henni felist nokkurt raunsæi. Sjálfur sagði hann okkur frá því, hvernig hann barði höfðinu í 19 ár við steininn, vakti raunar þá spurningu hjá mér, hvort ekki væri mesta guðs mildi að annaðhvort skyldi ekki hafa brotnað, höfuðið eða steininn. Og nú stendur hv. þm. Eiður Guðnason, sem jafnframt er útvarpsráðsmaður, í því sama. Ég hygg að tillaga Þorvalds Garðars sé byggð á nokkru raunsæi, en tel ekki að hún skipti sköpum.

Aftur á móti vil ég boða það nú, að ég mun bera fram brtt. á þá lund, að Ríkisútvarpið fái að nýju einkasölu á útvarpstækjum og þá sjónvarpstækjum með, þar sem ég teldi hyggilegt að allar tekjur af innflutningi þessarar tækja til landsins rynnu til þess að standa straum af útvarpsrekstri, ekki aðeins sá hluti sem til ríkisins fellur. Með þeim hætti gætum við drýgt enn fremur og réttlætt tekjur Ríkisútvarpsins af verslun með þessi tæki.

En sem sagt, ég ítreka stuðning minn við frv. og við málflutning hv. þm. Eiðs Guðnasonar er hann mælti fram með því.

Davíð Aðalsteinsson: Herra forseti. Ég get út af fyrir sig tekið undir flest þau rök sem hér hafa komið fram. Það er óþarfi að telja upp þau margvíslegu vandræði sem stafa af fjárþröng Ríkisútvarpsins. Því miður er það svo, eins og fram hefur komið, að hallarekstur mun verða e. t. v. í lok þessa árs um einn milljarð. Og frá því hefur verið greint, að flutningur íslensks efnis í þessum mikilvæga menningarfjölmiðli okkar muni dragast stórlega saman á næsta ári. Þetta eru uggvænleg tíðindi með tilliti til þess, að við höfum flestir þá hugsun að þessi mikilvægi fjölmiðill, þ. e. útvarp og sjónvarp, skuli vera í höndum opinbers aðila.

Frjálsan útvarpsrekstur hefur stundum borið á góma, kannske sjónvarpsrekstur líka. Við skulum huga að þeim ríku skyldum sem okkur eru á herðar lagðar að þessi stofnun búi ekki við eilíft fjársvelti. Við skulum huga að því, að eftir því sem við erum þröngsýnni og fastari fyrir með að greiða úr starfsemi þessara stofnana, þeim mun meiri hætta er á að starfsemin riðlist og hreinlega detti niður á ýmsum sviðum.

Ég ætla ekki að fara ofan í þetta frv., það skýrir sig sjálft. Hins vegar vil ég ekki á þessari stundu lýsa yfir afdráttarlausu fylgi við það. Ég vil bíða eftir því, hvað kemur út úr yfirlýsingum hæstv. menntmrh. Hann hefur gefið yfirlýsingar hér á hinu háa Alþingi um það, að málefni Ríkisútvarpsins verði tekin til gaumgæfilegrar athugunar og úrgreiðslu — ef ég hef skilið rétt — í tengslum við fjárlagaafgreiðsluna. Ég vil bíða eftir því, hvað út úr því kann að koma.

En að endingu: Mér sýnist að þar verði ekki um aðra niðurstöðu að ræða en að þessu mikla menningartæki okkar verði bjargað, þ. e. sjónvarpi og útvarpi, að það verði að tryggja að rekstur þess haldi áfram með eðlilegum hætti.

Flm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka þeim hv. þm., sem hér hafa talað, mjög góðar undirtektir við þetta frv. mitt til breytingar á útvarpslögum. Ég sakna þess raunar, að hæstv. menntmrh. skuli ekki vera viðstaddur þessa umræðu, því svo langt sem mitt skamma þingminni og þingseta nær minnist ég þess ekki að hann hafi látið sig vanta við nokkra umræðu um Ríkisútvarpið og jafnan tekið upp hanskann fyrir þá stofnun og mælt til hennar af hinum mesta velvilja. Ég

sakna þess, að hann skuli ekki hafa verið hér viðstaddur og tjáð sig um þetta mál. Raunar treysti ég því í ljósi allra hans stórorðu yfirlýsinga um ágæti Ríkisútvarpsins og nauðsyn þess að greiða götu þess fjárhagslega að ekki muni skorta velvilja hans til að þetta frv. nái fram að ganga. Og af þeim undirtektum hv. þm. hér í deild, sem þegar hafa komið fram, vonast ég til og þykist vita að þetta frv. muni eiga greiðan gang í gegnum þingið. Öðruvísi er ekki hægt að skilja þau ummæli sem hér hafa verið látin falla.

Um þá brtt., sem hv. 4. þm. Vestf. mælti fyrir áðan, vil ég aðeins segja það, að hún gengur nokkru lengra en frv. mitt gerir ráð fyrir. Og vegna þeirra orða, sem hv. 4. þm. Norðurl. e. lét falla um afstöðu Alþfl. til markaðra tekjustofna, þá er það rétt sem hann sagði, að Alþfl. hefur lýst andstöðu við þá heildarstefnu sem felst í því. En það þýðir ekki að afnema eigi alla markaða tekjustofna. Slíkt verður auðvitað aldrei hægt. Hins vegar er ástæðulaust að fjölga þeim mikið og rík ástæða til að taka þá til endurskoðunar hvern fyrir sig með ákveðnu árabili, vegna þess að markaðir tekjustofnar takmarka auðvitað möguleikana á virkri fjármálastjórn. Þess vegna ber að stefna að því að fækka þeim. Ég held að þessi aðferð, að ákveða þá til ákveðins tíma, taka þá síðan til endurskoðunar, fella þá niður eða samþykkja að viðhalda þeim um ákveðið tímabil til viðbótar, sú aðferð sé mjög æskileg og ætti í rauninni að gilda um velflesta ef ekki næstum alla markaða tekjustofna.

Hv. 4. þm. Vestf., Þorv. Garðar Kristjánsson, sagði réttilega áðan að leikinn hefði verið ljótur leikur gagnvart Ríkisútvarpinu. En ef mig misminnir ekki voru það hans ágætu flokksbræður og ríkisstj., sem hann studdi, sem léku þennan ljóta leik sem aldrei skyldi leikinn verið hafa.

Varðandi þá brtt., sem hv. 4. þm. Norðurl. e. boðaði hér, um að taka upp að nýju einkasölu á útvarpstækjum og sjónvarpstækjum, þá hygg ég að það leysi ekki vanda Ríkisútvarpsins þó gert yrði að nýju. Það væri í andstöðu við þá viðskiptahætti sem hér tíðkast nú orðið, og ég er ekki sannfærður um að ríkisrekstur á þessum innflutningi mundi vera í fyrsta lagi sérlega hagkvæmur, í öðru lagi að hann mundi af sjálfur sér bæta þjónustu við neytendur og í þriðja lagi að hann mundi skila þessari stofnun verulegum tekjum. Ég held að þessari stofnun eigi að afla tekna með réttum afnotagjöldum, með eðlilegri ákvörðun afnotagjalda.

Eins og kom fram í máli hv. 4. þm. Vestf. hefur verið alveg sama hvaða ráðherrar hafa setið í stjórn. Það hefur engu máli skipt. Þessi stofnun hefur alltaf barist í bökkum fjárhagslega og aldrei fengið eðlilegar hækkanir á afnotagjöldum. Eins og ég hygg að hafi komið fram í minni framsöguræðu kostaði það töluvert meira árið 1930, þegar útvarpið hóf göngu sína, að borga afnotagjald af útvarpstæki í eitt ár en að vera áskrifandi að dagblaði. Nú kostar það sömu fjárupphæð að vera áskrifandi að dagblaði í eitt ár og að njóta þjónustu útvarps, sem útvarpar einar 17—18 klst. á dag, og að njóta þjónustu sjónvarps, sem sjónvarpar 25 klst. í viku. Það misvægi, sem þarna hefur skapast, þarf að leiðrétta, og það er auðvitað eðlilegast að gera það með því að hækka afnotagjöldin, því undan flestu öðru er kvartað um útvarp og sjónvarp, a. m. k. í mín eyru, en að afnotagjöldin séu of há.

Ég vil svo að endingu þakka að nýju þeim þm., sem hér hafa talað, góðar undirtektir við þetta mál og þykist viss að það eigi greiðan og auðveldan gang í gegnum báðar deildir þingsins.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Hv. 5. þm. Vesturl. lagði áherslu á þau orð mín, að það hefði verið leikinn ljótur leikur gagnvart Ríkisútvarpinu. Hann lét þess jafnframt getið, að minn flokkur hefði verið við stjórn þegar þetta skeði. Allt er þetta rétt. En það er huggun í þessu efni þegar haft er í huga að slík framkoma af mínum flokki er undantekningin sem staðfestir regluna, að hann leikur ekki ljóta leiki. Í þessu sambandi er og rétt að minnast þess, að síðan þetta skeði hafa verið þrjár ríkisstjórnir á Íslandi, og Sjálfstfl. í engri þessari ríkisstjórn. Ég efast um að Sjálfstfl — ef hann hefði verið í þessum ríkisstjórnum — hefði verið svo lengi að hugsa sig um að leiðrétta það sem skakkt var gert í þessu efni.

Og aðeins eitt orð í sambandi við hina mörkuðu tekjustofna. Ég ætla ekki að fara að halda hér tölu fyrir mörkuðum tekjustofnum. Það er margt rétt sem hv. 5. þm. Vesturl. segir í því efni. En ég vil segja að það gegnir allt öðru máli með markaðan tekjustofn fyrir Ríkisútvarp heldur en venjulega. Ríkisútvarpið hefur algera sérstöðu að einu leyti. Ríkisútvarpið þarf að hafa sem mest sjálfstæði. Það er engin ríkisstofnun sem ætti að hafa meira sjálfstæði heldur en Ríkisútvarpið, vegna þess að með þeim hætti verður best undirbyggt það sem er höfuðatriði varðandi ríkisfjölmiðla, að þeir séu hlutlausir eða hlutlægir í sinni fréttastarfsemi. Það verður best gert með því að gera þessa ríkisfjölmiðla sem mest óháða ríkisvaldinu. Þetta er það sem hefur gerst annars staðar, þar sem ástand í þessum málum er til fyrirmyndar að þessu leyti, eins og t. d. í Bretlandi. BBC er þannig byggt upp, að það er miklu sjálfstæðara og óháðara beinum afskiptum ríkisvaldsins heldur en t. d. Ríkisútvarpið hér. Á þessari forsendu hef ég alltaf barist fyrir því, að Ríkisútvarpið sé byggt upp með sérstökum afnotagjöldum og það hafi fast markaða tekjustofna og þurfi ekki að sækja beinlínis undir handhafa ríkisvaldsins í hvert skipti sem afgreidd eru fjárlög ríkisins.

Þetta vildi ég aðeins að kæmi hér fram að gefnu tilefni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til menntmn. með 12 shlj. atkv.

Orkulög, frv. (þskj. 90). — 1. umr.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég hef ásamt þm. Agli Jónssyni, Eyjólfi Konráði Jónssyni, Guðmundi Karlssyni og Salome Þorkelsdóttur lagt fram frv. það til orkulaga sem hér er til umræðu.

Hér er um að ræða frv. um skipulag orkumála. Á undanförnum árum hefur verið mikil umræða um skipulag orkumála. Er það ekki að ófyrirsynju. Mikilvægi þessara mála fyrir þjóðarbúskapinn í bráð og lengd orkar ekki tvímælis, og ör þróun, breytt viðhorf og nýjar þarfir kalla nú á skipulag við hæfi og trausta yfirstjórn orkumála. Með þessu frv. er lagt til að þessu markmiði verði náð með setningu nýrra orkulaga.

Í jan. 1977 skipaði þáv. iðnrh., Gunnar Thoroddsen,

nefnd til að endurskoða orkulög og gera tillögur um heildarskipulag og yfirstjórn orkumála. Nefnd þessi skilaði tillögum sínum í okt. 1978. Samt hafa enn ekki verið sett ný orkulög. Frv. það, sem hér er lagt fram, er að stofni til það sama sem nefnd þessi gerði tillögur um. Hins vegar eru frávik í tveimur veigamiklum atriðum, þar sem er skipulag raforkuvinnslunnar og hlutverk og skipulag Orkustofnunar. Í nefndinni var ágreiningur um skipulag raforkuvinnslunnar og var skilað tveim tillögum um það efni, en í þessu frv. er að finna aðra þeirra.

Frv. það til orkulaga, sem hér er lagt fram, mótast af víðfeðmi þess viðfangsefnis sem við er að fást. Samt greinast nýmæli frv. í þrjá meginþætti. Er þar um að ræða nýmæli sem varða rannsóknir á orkulindum landsins, eðli þeirra og skilyrðum til hagnýtingar þeirra, nýmæli í skipulagi orkuvinnslunnar og dreifingu orkunnar og nýmæli er varða hlutverk og skipulag Orkustofnunar, Orkuráðs og Orkusjóðs.

Það hefur verið hlutverk Orkustofnunar að annast þann þátt orkumálanna sem viðkemur rannsóknum og skyldum viðfangsefnum. Verður að telja grundvallaratriði í framkvæmd orkumálanna að þau verkefni, sem Orkustofnun er falið að sjá um, fari vel úr hendi. Hér er því mest um vert að Orkustofnun hafi sem best tök á að gegna sínu mikilvæga hlutverki. Þær tillögur, sem varða Orkustofnun, miða því í meginatriðum að því að 1) styrkja stjórnun stofnunarinnar; 2) hnitmiða verksvið stofnunarinnar við rannsóknir á orkulindum landsins, áætlanagerð um orkubúskapinn og aðstoð og ráðgjöf um stefnumótun í orkumálum; 3) efla áhrifavald stofnunarinnar og þátt hennar í heildarstjórn orkumálanna.

Með tilliti til þessa er lagt til að Orkustofnun sé fengin þingkjörin stjórn á þann veg, að Orkuráði sé ætlað það verkefni auk þess að hafa með höndum stjórn Orkusjóðs svo sem nú er. Þá gerir frv. ráð fyrir að sú starfsemi, sem nú heyrir undir Orkustofnun í einu eða öðru formi, en varðar ekki meginhlutverk stofnunarinnar, verði fengin öðrum aðilum í hendur. Hins vegar er Orkustofnun fengið í hendur veigamikið verkefni við gerð orkumálaáætlunar sem lagt er til að lögð sé fyrir Alþ. og gegna á mikilvægu hlutverki við stefnumótun í orkumálum.

Tillögur frv., sem varða orkuvinnslu og orkudreifingu, hafa það meginmarkmið að komið verði við sem mestri hagkvæmni í framkvæmdum og rekstri í orkubúskap þjóðarinnar. Tilgangurinn með því er að stuðla að sem bestri hagnýtingu orkulinda landsins, svo að fullnægt verði orkuþörf með innlendum orkugjöfum og við sem lægstu og jöfnustu orkuverði um allt land. Varðar mestu að skipulag raforkuvinnslunnar miði að þessu.

Frv. gerir ráð fyrir að meginraforkuvinnslan verði á hendi eins fyrirtækis, þar sem er Landsvirkjun. Jafnframt er gert ráð fyrir að sjálfstæð orkufyrirtæki í hinum einstöku landshlutum geti einnig annast orkuvinnslu, eftir því sem efni standa til.

Heildarstjórn raforkuvinnslunnar er komið á fót í formi samvinnu sem fyrirtækjunum, er hafa á hendi orkuvinnslu, er gert að hafa. Samvinna þessi lýtur að skipulegri yfirstjórn, er varðar byggingu orkuvera og samrekstur þeirra. Reglur um þetta efni mótast mjög af þeirri sérstöðu Landsvirkjunar að bera ægishjálm yfir öll orkuvinnslufyrirtæki landsins. Er og staða Landsvirkjunar mjög efld frá því sem verið hefur, með því að henni er ætlað að gegna aðalhlutverki í yfirstjórn raforkuvinnslunnar, svo sem fram kemur í reglum um 1) skipun samvirkjunarráðs, 2) eignaraðild að stofnlínum og 3) samrekstur orkuveranna.

Samkv. frv. er reiknað með að fyrirtæki sveitarfélaga eða sameignarfélög ríkisins og viðkomandi sveitarfélaga hafi á hendi raforkudreifingu og rekstur hitaveitna, hvert í sínu umdæmi. Er þá gert ráð fyrir að þessi landshlutafyrirtæki geti einnig annast raforkuvinnslu.

Í frv. er ekki að finna ákvæði um skipulag eða form landshlutafyrirtækja né heldur um að þau skuli sett á fót. Leiðir það af eðli málsins. Þátttaka sveitarfélaga í landshlutafyrirtækjum þýðir að þau verða ekki stofnuð nema að vilja þeirra. Enn fremur hljóta viðkomandi sveitarfélög að hafa um það að segja, hvernig fer um eignaraðild, hlutverk, stjórnun og almenna uppbyggingu hvers landshlutafyrirtækis. Slík fyrirtæki geta því orðið með mismunandi móti eftir aðstæðum og viðhorfum í hinum einstöku landshlutum. Þess vegna er ekki unnt að setja almenn ákvæði í lög sem kveða á um þessi efni. Það ber og að hafa í huga, að hvert landshlutafyrirtæki fyrir sig hlýtur að vera stofnað með sérlögum.

Gert er ráð fyrir að Rafmagnsveitur ríkisins verði lagðar niður jafnóðum og aðstæður leyfa. Leiðir þetta af því, að rétt þykir, svo sem ég áður sagði, að landshlutafyrirtæki hafi á hendi raforkudreifinguna. Verður þá ekki ástæða til að halda áfram rekstri Rafmagnsveitna ríkisins til orkuvinnslu, þar sem önnur orkufyrirtæki með aðild ríkisins verði fær um slíkt. Með tilliti til þessa er ríkisstj. veitt heimild til að láta af hendi eignir Rafmagnsveitna ríkisins til annarra orkufyrirtækja í landinu með þeim skilmálum sem um semst. Framkvæmd þessa fer fyrst og fremst eftir því, hvort landshlutafyrirtækjum eða sveitarfélögum verði gert kleift að taka við eignum Rafmagnsveitna ríkisins í viðkomandi landshluta. Starfsemi Rafmagnsveitna ríkisins getur hvergi orðið lögð niður, nema þar sem tryggt er að fyrir hendi sé annar aðili fær um að halda uppi þeirri þjónustu sem um er að ræða. Þess vegna verður þetta fyrirtæki ekki lagt niður í einum áfanga, heldur smám saman, eftir því sem aðstæður leyfa.

Þá eru ákvæði um ráðstöfun og afhendingu á þeim 132 kílóvolta stofnlínum sem ríkið hefur látið byggja. Lagt er til að þessar stofnlínur verði í eigu Landsvirkjunar. Þá er og gert ráð fyrir að skilmálar um afhendingu þessara eigna verði við það miðaðir, að unnt sé að selja raforku frá stofnlínukerfinu samkvæmt einni gjaldskrá.

Þó að uppistaða sumra kafla í þessu frv., sem hér er lagt fram, sé úr orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967, er þar um veigamiklar breytingar að ræða. Þannig er I. kafli frv., sem kveður á um stefnumótun, algjört nýmæli. Veigamiklar breytingar eru og í II., III. og IV. kafla frv., sem fjalla um Orkuráð og orkumálastjóra, Orkustofnun og Orkusjóð. Þá er um nýsmíði að ræða þar sem er V. kafli frv. sem kveður á um orkuveitur. Þó er þar ekki um veigamiklar efnisbreytingar að ræða. En í þessum kafla frv. eru samræmd og felld saman ákvæði um héraðsveitur og hitaveitur sem er að finna í IV. og V. kafla gildandi laga.

Í VI. kafla er um að ræða nýmæli er varða skipulag orkuvinnslunnar. Þá er VII. kafli frv. nýmæli um skipulag orkudreifingar. Almennu ákvæðin í VIII. kafla frv. eru aftur á móti hliðstæð og samsvarandi ákvæði í gildandi lögum.

Í frv. þessu er ekki að finna þá kafla í gildandi lögum sem fjalla um vinnslu jarðhita og verndun jarðhitasvæða,

jarðhitavirkja og eftirlit með þeim. Samkv. frv. þessu er lagt til að orkulög nr. 58 frá 29. apríl 1967 falli úr gildi, en þó ekki III. og VII. kafli laganna sem um þetta fjalla. Þykir betur fara á að hafa sérlög um þessi efni en ákvæði um þau í almennum orkulögum.

Í þessu frv. er ekki að finna ákvæði um Rafmagnsveitur ríkisins nema sem varða afhendingu á raforkuverum og dreifikerfi fyrirtækisins. Með því að gert er ráð fyrir að starfsemi Rafmagnsveitna ríkisins verði lögð niður eftir því sem aðstæður leyfa þykir ekki ástæða til að breyta gildandi lögum um það fyrirtæki. Samkv. frv. þessu heldur því IX. kafli orkulaganna frá 1967 um Rafmagnsveitur ríkisins gildi sínu.

Í frv. þessu er ekki heldur að finna ákvæði sem varða Jarðboranir ríkisins og samsvara VIII. kafla núgildandi orkulaga. Er gert ráð fyrir að Jarðboranir ríkisins verði teknar undan rekstrarstjórn Orkustofnunar. Samhliða þessu frv. er því flutt sérstakt frv. um Jarðboranir ríkisins er felur í sér þær breytingar sem af þessu leiðir. Þykir betur fara á því að hafa sérlög um þessi efni heldur en að kveða á um þau í almennum orkulögum.

Ég mun nú víkja að einstökum köflum frv. og skýra meginbreytingar og nýmæli sem hér er um að ræða.

Kem ég þá fyrst að I. kafla um yfirstjórn og stefnumótun. Hér er um það nýmæli að ræða, að gert er ráð fyrir að meginmarkmið í orkumálum þjóðarinnar verði sett fram í sérstakri orkumálaáætlun til langs tíma. Með tilliti til reynslunnar má halda því fram, að á fáum eða engum sviðum opinberra fjármála sé þörfin brýnni fyrir vandaðan undirbúning ákvarðanatöku en í orkumálum, og kemur þar einnig til að einstakar orkuframkvæmdir eru oft mjög fjárfrekar. Löggjafinn hefur áður talið ástæðu til að ákveða slíka málsmeðferð um einstaka mikilvæga málaflokka, svo sem vegamál, hafnamál og raunar einnig framkvæmdir á sviði heilbrigðismála. Þar sem einstakir áfangar orkumálaframkvæmda eru einatt mjög umfangsmiklir þykir rétt að miða hér við 10 ára áætlunartímabil, en með hliðsjón af óstöðugleika íslensks efnahagslífs þykir jafnsjálfsagt að gera ráð fyrir að breytingar aðstæðna krefjist endurskoðunar á áætluninni á fjögurra ára fresti eða oftar.

Gert er ráð fyrir að Orkustofnun og virkjunaraðilar vinni saman að gerð orkumálaáætlunar í umboði ráðh. Þetta eru þeir aðilar sem ætlað er að hafa á hendi þau verkefni er mestu skipta um framtíðarstefnumörkun á þessu sviði. Að sjálfsögðu yrði leitað til annarra aðila við gerð áætlunarinnar, eftir því sem aðstæður gæfu tilefni til. Sérstaklega er gert ráð fyrir að gætt sé samræmis milli orkumálaáætlunar og annarrar áætlunargerðar til langs tíma á vegum ríkisins.

Orkumálaáætluninni er ætlað að setja fram leiðir til þess að fullnægja skynsamlegri orkunotkun þjóðarinnar á áætlunartímabilinu á sem hagkvæmastan hátt og gera í því sambandi grein fyrir nýtingu á orkulindum landsins, innflutningi á orkugjöfum og verðlagningu á orku. Þá skal í áætluninni sett fram fjármagnsþörf á áætlunartímabilinu og gerð grein fyrir því, hvernig staðið skuli undir fjármagnsútgjöldum, þ. e. afborgunum og vöxtum af lánsfé.

Ég kem þá að II. kafla frv., um Orkuráð og orkumálastjóra. Hér eru gerðar tvær meginbreytingar á Orkuráði frá gildandi lögum. Annars vegar er fjölgað í Orkuráði úr fimm í sjö menn. Hins vegar er gert ráð fyrir varamönnum, sem er ekki í núgildandi lögum. Fjölgun í Orkuráði er gerð til að stuðla betur að því, að allir stjórnmálaflokkar geti átt fulltrúa í ráðinu. Þá er Orkuráði fengið mjög aukið hlutverk, þar sem er stjórn Orkustofnunar sem það hefur ekki haft með að gera. Jafnframt er Orkuráði falið að vera stjórn Orkusjóðs eins og verið hefur.

Ég vík þá að III. kafla frv., sem fjallar um Orkustofnun. Hér er að finna margar breytingar frá gildandi lögum um hlutverk Orkustofnunar. Hin veigamesta er sú er varðar orkumálaáætlun og ég hef áður getið um. Þá er ekki lengur gert ráð fyrir að Orkustofnun hafi yfirumsjón með eftirliti með raforkuvirkjum til varnar hættu og tjóni af þeim, þar sem Rafmagnseftirlit ríkisins er nú orðið sjálfstæð stofnun. Fellt er niður ákvæði um að Orkustofnun skuli fylgjast með rekstri rafmagnsveitna, hitaveitna, orkuvera og annarra meiri háttar orkumannvirkja, þar sem hér er um óraunhæft verkefni að ræða. Á hinn bóginn er tekið inn það nýmæli, að við rannsóknir um hagkvæma nýtingu orkugjafa skuli sérstök áhersla lögð á aðgerðir til orkusparnaðar. Enn fremur er það nýmæli, að rannsaka skuli með hverjum hætti innfluttir orkugjafar verði hagnýttir í orkubúskap þjóðarinnar með sem mestri hagkvæmni. Þá er það nýmæli, að Orkustofnun skuli uppfræða almenning um það sem orkunotendum má koma að gagni. Gert er ráð fyrir að þessi þjónusta Orkustofnunar sé veitt í samvinnu við orkuveitur og samtök þeirra.

Þá eru ákvæði um hlutverk Orkustofnunar allbreytt að orðalagi frá samsvarandi ákvæðum í gildandi lögum. Þau eru stytt, einfölduð og gerð skýrari, án þess að um efnisbreytingar sé að ræða. Í þessum kafla frv. er kveðið á um deildaskiptingu Orkustofnunar. Nú eru verkefni Orkustofnunar í sex deildum: raforkudeild, jarðhitadeild, jarðkönnunardeild, skrifstofu- og hagdeild, Jarðboranir ríkisins og Jarðvarmaveitur ríkisins. Í samræmi við það markmið að binda verkefni Orkustofnunar fyrst og fremst við ráðgjöf, rannsóknir og áætlanagerð, en efla stofnunina á þeim vettvangi, er gert ráð fyrir að taka undan stofnuninni framkvæmdir og umsvif sem ekki heyra beint undir þessa starfsemi. Með tilliti til þessa er ekki gert ráð fyrir þrem af þeim sex deildum Orkustofnunar sem nú eru. Mun þá Orkustofnun starfa í þrem deildum samkv. þessu frv., þ. e. vatnsorkudeild, jarðhitadeild og skrifstofu- og hagdeild.

Ég er þá kominn að III. kafla þessa frv., sem fjallar um Orkusjóð, og skal víkja nokkrum orðum að honum. Hér er gert ráð fyrir að hlutverk Orkusjóðs sé að stuðla almennt að hagkvæmum orkubúskap þjóðarinnar, auk hagnýtingar orkulinda landsins, svo sem nú segir í lögum. Þá er það og nýmæli, að fjárhagslegur stuðningur Orkusjóðs skal ná til rannsókna á sviði orkumála auk framkvæmda eins og verið hefur. Þá er að finna það nýmæli, að Orkusjóður verði efldur til að tryggja framkvæmd orkumálaáætlunar, sem ég hef áður gert grein fyrir, eftir því sem með þarf. Hins vegar er felldur niður hinn óraunhæfi tekjustofn, sem sjóðnum er ætlaður samkv. núgildandi lögum, þar sem er rekstrarhagnaður af Rafmagnsveitum ríkisins og Jarðborunum ríkisins. Í þessum kafla er talin upp sú lánafyrirgreiðsla, sem Orkusjóði er heimiluð. Þar segir m. a. að heimilt sé að veita lán úr Orkusjóði til orkuveitna vegna framkvæmda. Þetta ákvæði nær til allra orkuveitna, bæði rafveitna og hitaveitna. Þetta er breyting frá núgildandi lögum sem gera ekki ráð fyrir lánum til hitaveituframkvæmda þó að

sjóðurinn hafi fengið nokkurt fjármagn á síðustu árum til þessara framkvæmda.

Enn fremur er um að ræða þá breytingu frá núgildandi lögum, að Orkuráð ákveður lánveitingar og einstakar greiðslur úr Orkusjóði, í stað þess sem er í núgildandi lögum, að Orkuráð geri tillögur um þessi efni og leita þurfi staðfestingar ráðherra á þeim tillögum. Hins vegar er gert ráð fyrir að Orkuráð geri tillögur til ráðherra um ráðstöfun stofntillaga til rafveitna í strjálbýli, svo sem verið hefur.

Ég kem þá næst að V. kafla frv., sem fjallar um orkuveitur. Hér er að finna almenn ákvæði um öll orkufyrirtæki, hver svo sem orkugjafi eða orkutegund er. Er þetta gagnstætt því sem er í núgildandi orkulögum, þar sem m. a. er sérkafli um héraðsrafmagnsveitur og annar kafli um hitaveitur. Með þessum hætti næst meiri samræming á ákvæðum um rafveitur og hitaveitur, enda er gert ráð fyrir þeim möguleika, að eitt og sama fyrirtækið geti haft á hendi hvort tveggja. Í þessum kafla eru skilgreindar hinar ýmsu tegundir orkuveitna. Þá er hér fjallað um leyfi til að reisa og reka raforkuver. Ekki þykir ástæða til að krafist sé hliðstæðs leyfis til að byggja og reka hitaveitur frekar en verið hefur. Er hér um sams konar ákvæði að ræða og í núgildandi lögum, nema stærðarmörkum raforkuvera er breytt. Í stað þess, að leyfi Alþingis hefur þurft til að reisa og reka raforkuver stærra en 2 mw., er hér miðað við 5 mw. Og í stað þess, að nú þarf leyfi ráðherra til að reisa og reka raforkuver stærra en 0.2 mw., er hér miðað við 1 mw. Enn fremur er hér kveðið á um veitingu einkaleyfis orkuveitna til dreifingar og sölu á tilteknu svæði um tiltekinn tíma á hliðstæðan hátt og í núgildandi lögum, jafnt fyrir rafveitur sem hitaveitur, án tillits til þess hver eigandi orkuveitunnar er. En hér eru ákvæðin einfölduð og samræmd og gilda um orkuveitur almennt. Hins vegar eru í gildandi lögum sérákvæði annars vegar um rafveitur og hins vegar um hitaveitur. Þar er einkaleyfisveitingin ýmist bundin við sveitarfélög eða samtök þeirra eða sveitarfélögum veittur forgangsréttur undir vissum kringumstæðum, jafnframt því sem framsal einkaleyfis getur verið heimilað.

Þá er í þessum kafla að stofni til um að ræða efnislega óbreytt ákvæði sem gilda nú um rafveitur. En hliðstæð ákvæði er nú ekki að finna í þeim kafla gildandi orkulaga sem fjallar um hitaveitur. Hér er gert ráð fyrir að þessi ákvæði taki til orkuveitna, hvort heldur er rafveitna eða hitaveitna. Ákvæði þessi varða skyldur einkaleyfishafa, gjaldskrár o. fl.

Ég kem þá að VI. kafla frv., sem fjallar um orkuvinnslu. Hér er gert ráð fyrir að Landsvirkjun hafi á hendi meginraforkuvinnslu, en landshlutafyrirtæki geti hvert á sínu veitusvæði reist og rekið raforkuver. Ef landshlutafyrirtæki, sem fyrir eru eða stofnuð kunna að verða, óska ekki að annast orkuvinnslu eða engin landshlutafyrirtæki eru fyrir hendi, getur Landsvirkjun reist þar og rekið raforkuver. Með landshlutafyrirtækjum er hér átt við sameignarfélög ríkis og viðkomandi sveitarfélaga, sameignarfélög sveitarfélaga eða fyrirtæki eins sveitarfélags. Þetta er um raforkuvinnsluna.

Um hitaveitur segir að það sé hlutverk sveitarfélaga eða sameignarfélaga þeirra að reisa og reka orkuver hitaveitna þar sem hagkvæmt þykir. Hlutverki sveitarfélaga getur í þessu sambandi, ef svo ber undir, verið gegnt með þátttöku í orkufyrirtæki sem aðrir en sveitarfélög eiga aðild að, sbr. Orkubú Vestfjarða og Hitaveitu Suðurnesja, sem ríkið er aðili að. Að öðru leyti fjallar þessi kafli mikið um stjórnun á raforkuvinnslunni í landinu. Hér er gert ráð fyrir að koma á heildarstjórn virkjunarframkvæmda og stofnlínukerfisins. Rétt þykir að aðilar að þessari stjórnun séu eigendur meginorkuvera, og er miðað við 5 mw. stærðarmörk. Þetta þýðir að nú féllu undir þetta ákvæði Landsvirkjun, Rafmagnsveitur ríkisins, Laxárvirkjun, Orkubú Vestfjarða, Andakílsárvirkjun og Hitaveita Suðurnesja. Enn fremur er gert ráð fyrir að eigendur aðalorkuflutningskerfis landsins séu aðilar að þessum samtökum sem eru nefnd Samvirkjunarráð. Samkv. þessu getur fjöldi aðila, sem standa að Samvirkjunarráði, verið breytilegur, ýmist fjölgað eða fækkað. Ný landshlutafyrirtæki gætu verið stofnuð og fyrirtæki, sem fyrir eru, sameinast, svo sem Laxárvirkjun verið sameinuð Landsvirkjun, allt eftir því hver þróun mála verður.

Samvirkjunarráð skal skipað einum manni frá hverju orkufyrirtæki, nema Landsvirkjun skal hafa jafnmarga menn og hinir eru til samans. Þessi ákvæði um skipan Samvirkjunarráðs taka mið af þeirri staðreynd, að Landsvirkjun annast nú meginorkuframleiðslu landsins. Þess vegna þykir eðlilegt að það fyrirtæki hafi jafnmarga menn í Samvirkjunarráði og önnur fyrirtæki til samans. Það þýðir, að ákvarðanir á vettvangi ráðsins verða ekki teknar nema með samþykki Landsvirkjunar né getur Landsvirkjun komið málum fram nema komi til samþykki fleiri.

Í þessum kafla er að finna ítarleg ákvæði um hlutverk Samvirkjunarráðs. Um það efni segir í fyrsta lagi, að hlutverkið sé að samræma framkvæmdir á sviði orkuvinnslu með tilliti til staðsetningar, stærðar og tímasetningar nýrra virkjana, svo að tryggi sem best hagkvæmni og öryggi fyrir landsmenn.

Í öðru lagi segir að hlutverkið sé að gera tillögur til ráðherra um einstakar virkjunarframkvæmdir og um það, hvaða orkufyrirtæki skuli ætlað að reisa og reka einstök ný orkuver.

Í þriðja lagi segir að hlutverkið sé að samræma framkvæmdir við stofnlínukerfið með tilliti til samrekstrar orkuveranna.

Í fjórða lagi er tiltekið það hlutverk að annast gerð orkumálaáætlunar í samvinnu við Orkustofnun.

Í fimmta lagi segir að hlutverk Samvirkjunarráðs sé að semja álitsgerðir með lagafrv. um virkjunarframkvæmdir.

Í sjötta lagi segir að hlutverk þess sé að gera tillögur um gjaldskrár.

Hér er um að ræða ákvæði til að tryggja sem best að þjóðhagslegra sjónarmiða sé gætt í virkjunarmálum og einstakar orkuveitur fari ekki sínu fram án tillits til þess, enda er það í raun sameiginlegur hagur allra fyrirtækjanna, að náð sé sem mestri hagkvæmni og öryggi með framkvæmdum í orkumálum. Þar sem framkvæmdir eru í verkahring þessara fyrirtækja hljóta þau að eiga mikið undir sér og mat þeirra á málum þessum vegur því þungt. Samráð fyrirtækjanna og tillögugerð er því best fallin til að stuðla að markvissri stefnumótun og þjóðhagslega réttri ákvarðanatöku stjórnvalda, sem koma til með eftir sem áður að hafa lokaorðið um þessi efni.

Í þessum kafla er einnig brugðist sérstaklega við þeim nýju viðfangsefnum sem verða við samtengingu hinna ýmsu landshluta í eitt samveitusvæði. Er því Samvirkjunarráði einnig ætlað það hlutverk að hafa hönd í bagga

með tæknilegri framvindu stofnlínukerfisins. Og í þessum kafla er ríkisstj. veitt heimild til að leysa upp og leggja niður rekstur Rafmagnsveitna ríkisins, eftir því sem aðstæður leyfa og henta þykir. Gert er ráð fyrir að eignir Rafmagnsveitna ríkisins gangi til fyrirtækja, sem kunna að verða stofnuð til að taka við viðkomandi rekstri eða fyrir hendi eru, svo sem Landsvirkjun eða landshlutafyrirtæki, og hef ég áður vikið að þessu efni.

Þá er gert ráð fyrir að Landsvirkjun taki við eignarráðum á þeim stofnlínum, sem ríkið hefur þegar látið byggja, þ. e. Norðurlínu, Austurlínu og Vesturlínu. Er gert ráð fyrir að þessar stofnlínur verði afhentar með þeim skilmálum sem um semst. Er þá átt við að afhendingarkjörin stuðli að því, að komið verði á sömu gjaldskrá fyrir raforkusölu frá stofnlínukerfinu. Þykir rétt að það sé gert frekar með beinu stofnframlagi frá ríkissjóði heldur en rekstrarstyrkjum. Með byggingu þeirra stofnlína, sem hér um ræðir, er gert sérstakt átak til samtengingar allra landsfjórðunga, en það er forsenda þess, að landið allt verði eitt samveitusvæði. Þykir því rétt að þessar grundvallarframkvæmdir, sem ríkið sjálft hefur tekið að sér, séu fjármagnaðar beint úr ríkissjóði, en frekari framkvæmdir séu bornar uppi af viðkomandi framkvæmdaaðilum, enda þá ekki gert ráð fyrir að ríkissjóður standi sjálfur framvegis undir stofnlínuframkvæmdum.

Þá er hér gert ráð fyrir að Landsvirkjun annist samrekstur orkuvera landsins. Þykir það leiða af sjálfur sér, þar sem Landsvirkjun yrði í senn eigandi meginorkuveranna og stofnlínukerfisins. Enn fremur er gert ráð fyrir að sama gjaldskrá gildi fyrir raforkusölu frá öllum úttaksstöðum stofnlínukerfisins, eins og ég hef þegar vikið að.

Ég kem þá að VII. kafla frv., sem fjallar um orkudreifingu. Hér er mörkuð sú stefna, að það skuli vera hlutverk sveitarfélaga að annast dreifingu raforku, en ríkið geti samt komið þar við sögu ef henta þykir. Gert er ráð fyrir að umdæmi landshlutafyrirtækja og annarra rafveitna taki mið af landfræðilegum og stjórnunarlegum aðstæðum, svo að náð verði sem mestri hagkvæmni í raforkudreifingunni.

Ég hef þá lokið að fara yfir kafla frv. nema lokakaflann sem fjallar um almenn ákvæði. Eins og ég hef áður sagt eru hin almennu ákvæði frv. hliðstæð samsvarandi ákvæðum í gildandi lögum. Það er gert ráð fyrir í þessu frv., ef samþ. verður, að lögin taki gildi 1. jan. n. k. Ég viðurkenni að það er nokkur bjartsýni, að búið verði að afgreiða frv. svo snemma, þó að það þyrfti ekki að vera útilokað. En aðalatriðið er að sjálfsögðu að við fáum sett ný lög um skipulag orkumála.

Mér þykir að lokum, herra forseti, rétt að draga saman til glöggvunar meginbreytingar og nýmæli sem felast í þessu frv. En þar er um að ræða:

1. Langtímaáætlun skal gerð um orkubúskap þjóðarinnar, til 10 ára hið minnsta, og skal leggja árlega fyrir Alþingi skýrslu um framvindu áætlunarinnar.

2. Eigendur raforkuvera skulu koma á fót Samvirkjunarráði er fari með heildarstjórn raforkuvinnslunnar.

3. Gert er ráð fyrir að Landsvirkjun hafi á hendi orkuvinnslu þar sem landshlutafyrirtæki koma ekki til greina, en landshlutafyrirtæki geti hvert á sínu veitusvæði reist og rekið orkuver.

4. Heimilt verði að afhenda raforkuver og dreifikerfi Rafmagnsveitna ríkisins til annarra orkufyrirtækja.

5. Heimilt verði að fela Landsvirkjun eignarráð á þeim stofnlínum sem ríkið hefur þegar látið byggja, þ. e. Norðurlínu, Austurlínu og Vesturlínu.

6. Gjaldskrá fyrir raforkusölu verði hin sama á öllum útsölustöðum stofnlínukerfisins.

7. Orkuráð skal skipað sjö mönnum í stað fimm, sem verið hafa, og sjö varamönnum, sem engir hafa verið.

8. Orkuráð skal hafa á hendi stjórn Orkustofnunar auk Orkusjóðs, sem verið hefur.

9. Jarðboranir ríkisins eru teknar undan rekstrarstjórn Orkustofnunar.

10. Orkustofnun er leyst undan því hlutverki að annast hagnýtar jarðfræðilegar kannanir, m. a. vegna neysluvatnsleitar.

11. Tækninefnd Orkustofnunar er lögð niður.

12. Orkustofnun er falið sérstaklega að vinna að orkusparnaði.

13. Orkustofnun er falið sérstaklega að uppfræða almenning um orkumál.

14. Orkusjóður verði efldur eftir því sem með þarf til að tryggja framkvæmd orkumálaáætlunar.

15. Orkusjóði er fengin almenn heimild til að veita orkuveitum lán til hitaveituframkvæmda.

16. Orkusjóði er heimilað að veita einstaklingum lán til hitaveituframkvæmda.

17. Orkuráð tekur ákvarðanir um lánveitingar úr Orkusjóði í stað tillögugerðar til ráðherra.

18. Rýmkaðar eru heimildir til að reisa raforkuver án leyfis stjórnvalda.

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til að þegar þessari umr. er lokið verði frv. vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Um það frv., sem hér liggur fyrir og hv. 4. þm. Vestf. er 1. flm., að mætti margt segja. Ég vil við þessa umr. fara um það nokkrum orðum og um mál sem tengjast skipulagi orkumála í landinu og nokkrum þáttum sem varða undirbúning að endurskoðun orkulaga.

Frv. er að meginstofni byggt á nál. svokallaðrar skipulagsnefndar orkumála, sem starfaði á árunum 1977—1978, eins og hv. flm. hefur gert grein fyrir. Sú nefnd, sem hann var raunar formaður fyrir, var sammála um margt, en hún klofnaði um mikilvægasta þáttinn í endurskoðun orkulaga, þ. e. skipulag orkuvinnslunnar. Þar var formaður nefndarinnar, hv. flm. þessa frv., í minni hl. Hann flytur nú það minnihlutaálit í þessu frv., og þar eru enn boðaðar hugmyndirnar um landshlutafyrirtæki sem heimilt sé að stunda raforkuvinnslu. Þar kveður einnig við þann tón ítrekað, að stefnt skuli að því að Rafmagnsveitur ríkisins verði lagðar niður jafnóðum og aðstæður leyfa, eins og um er fjallað í 32. gr. frv. og vikið er að í allmörgum orðum í grg. með frv.

Nýmæli frá tillögum skipulagsnefndar orkumála, fyrir utan kaflann um orkuvinnslu sem er minnihlutaálit úr þeirri nefnd, er einvörðungu að finna í 4. og 7. gr., þar sem kveðið er á um að Orkuráð skuli annast stjórn Orkustofnunar og um deildaskipan Orkustofnunar. Við yfirlestur á frv. og samanburði við nál. sá ég ekki aðra þætti sem til nýmæla gætu talist frá því sem um var fjallað í nál. á sínum tíma.

Nú vil ég ekki segja það hér, að allt sé ótækt í þessu frv. Þar eru vissulega nokkur atriði sem talist geta nýtileg og ættu að verða til athugunar er ráðist verður í heildarend-

urskoðun orkulaga, en hún hefur verið á dagskrá á vegum iðnrn. frá því að umrædd nefnd, skipulagsnefnd orkumála, sem hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson var formaður fyrir, skilaði áliti sínu.

Það, sem mestu máli varðar, er hins vegar ekki í þessu frv. í því formi að hægt sé að taka undir það eða mæla með samþykkt þess. Þar á ég sérstaklega við kaflann um orkuvinnslu og orkudreifingu. Frv. þetta er þannig ekki tímabært, og það gengur raunar á svig við þá þróun sem nú er í gangi í sambandi við þessi mál. Ég vanmet þó engan veginn framlagningu þessa frv. af hálfu viðkomandi hv. þm. Þeir lýsa hér sínum tillögum og viðhorfum til þessara mála. Ég hefði að vísu vænst þess, að fyrrv. formaður skipulagsnefndar og hv. 1. flm. þessa frv. hefði rætt við mig sem iðnrh. um áform sín um að nýta nál. með þessum hætti, og vil ég þó ekki fullyrða neitt um að ég hefði lagst gegn því að hann flytti það hér inn á þing í tillöguformi. En álitsgjörð þessi var, eins og fram hefur komið, unnin í þágu og að beiðni iðnrn. á sínum tíma.

Til að rökstyðja þá skoðun mína, að frv. þetta sé ekki tímabært og beri ekki vott um að reynt sé að taka tillit til þeirrar þróunar sem í gangi er í sambandi við skipulagsmál orkumála, vil ég hér víkja að nokkrum þáttum sem snerta þessi efni og orkulögin sérstaklega og hljóta að verða til athugunar þegar í alvöru verður tekið á því verkefni, sem æskilegt er að geti orðið fyrr en seinna, að endurskoða orkulögin frá árinu 1967.

Ég vil þá fyrst víkja að raforkuvinnslunni og því sem gerst hefur í sambandi við þann þátt mála frá því að umrætt nál. kom fram í okt. 1978. Í þeim mánuði skipaði iðnrn. aðra nefnd til að undirbúa stofnun landsfyrirtækis til orkuöflunar. Var hún kölluð skipulagsnefnd um raforkuöflun. Þetta var gert í samræmi við ákvæði í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar, sem þá hafði fyrir skömmu verið mynduð, þess efnis, að komið verði á einu landsfyrirtæki er annist meginraforkuvinnslu og raforkuflutning um landið eftir aðalstofnlínum. Nefnd þessi skilaði áliti eftir fárra mánaða starf í febr., 1979. Hún lagði til að myndað yrði landsfyrirtæki úr núverandi Landsvirkjun, Laxárvirkjun og auk þess byggðalínunum, sem svo hafa verið kallaðar, og yrði þetta gert í formi útvíkkunar á fyrirtækinu Landsvirkjun. Viðkomandi eignaraðilar skyldu gera með sér sameignarsamning um slíkt landsfyrirtæki og yrði hann undanfari nauðsynlegra lagabreytinga. Þá var gert ráð fyrir því í tillögum þessarar nefndar, sem voru samhljóða, að hið nýja landsfyrirtæki beitti þegar í upphafi sömu heildsölugjaldskrá á öllum sölustöðum. Í nefnd þessari áttu sæti: Tryggvi Sigurbjarnarson, sem var formaður, Helgi Bergs bankastjóri, Egill Skúli Ingibergsson borgarstjóri Reykjavíkur, Jakob Björnsson orkumálastjóri, Jóhannes Nordal seðlabankastjóri, Kristján Jónsson rafmagnsveitustjóri, Magnús E. Guðjónsson framkvæmdastjóri Sambands ísl. sveitarfélaga og Valur Arnþórsson stjórnarformaður Sambands ísl. samvinnufélaga.

Í framhaldi af þessu nál., sem fram kom í febr. 1979, óskaði iðnrn. eftir því við Reykjavíkurborg og Akureyrarbæ, að þessir aðilar tilnefndu menn í samninganefndir um gerð sameignarsamnings og um samningu lagafrv. um nýtt landsfyrirtæki, nýja Landsvirkjun. Samninganefndir þessar, sem settar voru á laggirnar skömmu eftir þessa beiðni rn., unnu mikið og gott starf og skiluðu tillögum um hvort tveggja verkefnin sem þeim voru falin, sameignarsamning og frv. til l. um nýja Landsvirkjun. Þessu áliti var skilað með svofelldri yfirlýsingu af hálfu viðræðunefndanna, með leyfi hæstv. forseta:

„Samninganefndir Akureyrarbæjar, Reykjavíkurborgar og ríkisins hafa náð samkomulagi um sameignarsamning vegna útvíkkunar á starfssviði og eignaraðild Landsvirkjunar. Einnig hafa nefndirnar samið frv. til nýrra laga um Landsvirkjun. Nefndirnar eru sammála um að leggja til við umbjóðendur sína að sameignarsamningurinn verði staðfestur, með fyrirvara um að frv. til nýrra laga um Landsvirkjun verði samþykkt af Alþingi.

6. júlí 1979.

Með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar,
fyrir hönd samninganefndar, kosinnar af
bæjarráði Akureyrar 8. mars 1979
Valur Arnþórsson,
Ingólfur Árnason,
Helgi Bergs,
Freyr Ófeigsson,
Knútur Otterstedt.

Með fyrirvara um samþykki borgarstjórnar Reykjavíkur,
fyrir hönd samninganefndar, kosinnar af
borgarráði Reykjavíkur 20. mars 1979
Sigurjón Pétursson,
Björgvin Guðmundsson,
Kristján Benediktsson.

Fyrir hönd samninganefndar, skipaðrar af iðnaðarráðherra 27. mars 1979
Tryggvi Sigurbjarnarson,
Pálmi Jónsson,
Helgi Bergs,
Magnús E. Guðjónsson."

Þessar tillögur að sameignarsamningi og frv. til l. um Landsvirkjun voru lagðar fyrir eignaraðila væntanlegs fyrirtækis, og samþykkti bæjarstjórn Akureyrar samninginn, að ég hygg samhljóða, 11. sept. 1979. Þá samþykkti ríkisstj. þessa gjörð fyrir sitt leyti í byrjun okt. 1979 og heimilaði flutning umræddra lagafrv. En það var raunar stuttu síðar að sú ríkisstj. fór frá völdum.

Sameignarsamningur þessi og tillögur, er honum fylgdu, náðu hins vegar ekki samþykki í borgarstjórn Reykjavíkur. Þar greiddu borgarfulltrúar Sjálfstfl. atkvæði gegn þessum samningi og einn borgarfulltrúi Alþfl. slóst í þann hóp og reið baggamuninn um það, að þessi mikla undirbúningsvinna var stöðvuð með þeirri atkvgr. sem þarna fór fram og unnin fyrir gýg í bili.

Ég tel nauðsynlegt að rifja það upp hér, að forusta Alþfl. virtist að öðru leyti vera heils hugar samþykk þeirri stefnu sem þarna var að unnið, þó að einn af borgarfulltrúum flokksins skærist úr leik á örlagaríku augnabliki í sambandi við þetta mál.

Meginástæðan fyrir því reiðuleysi, sem segja má að ríki nú í skipulagi orkumála, er fyrir utan umrætt óhappaverk borgarfulltrúa Alþfl. ósamlyndi og misjöfn viðhorf innan Sjálfstfl. í sambandi við skipulag orkumála og margt sem að þeim lýtur bæði fyrr og síðar. Um meginatriði þessara mála er að öðru leyti samstaða í öðrum stjórnmálaflokkum. Sjálfstfl. hefur skorið sig þarna úr, þar sem viðhorfin eru mjög ólík innan flokksins. Þannig hefur það komið fram, að hluti flokksmanna, forustumanna flokksins og þingmanna flokksins,

var eindregið fylgjandi þeirri stefnu sem ég hef hér greint frá og fyrir lá í sambandi við sameignarsamning og lagafrv. að nýrri Landsvirkjun. Og í undirbúningsnefnd að þessu máli, í viðræðunefnd ríkisins var hv. þm. og núv. hæstv. landbrh. Pálmi Jónsson.

Á sama fundi og bæjarstjórn Akureyrar samþykkti sameignarsamninginn 11. sept. 1979 samþykkti hún einnig að fela fulltrúum sínum í stjórn Laxárvirkjunar og Landsvirkjunar samkvæmt gildandi lögum um Landsvirkjun, ef ske kynni að Reykjavíkurborg hafnaði samningnum. Þetta skyldi gert á grundvelli gildandi laga um Landsvirkjun, sem ég ætla að vitna hér til, og hljóðar þannig, 17. gr. laga nr. 59 frá 1965:

„Eigendum Laxárvirkjunar er heimilt að ákveða, að Laxárvirkjun sameinist Landsvirkjun. Náist ekki samkomulag milli eigenda Landsvirkjunar og Laxárvirkjunar um eignarhlutdeild aðila og nýjan sameignarsamning, skulu dómkvaddir menn meta eignir hvors fyrirtækis fyrir sig og fer þá eignarhlutdeildin eftir því mati. Verði eignarhlutur ríkisins samkvæmt þessu undir helmingi, er ríkisstj. heimilt að ákveða, að ríkissjóður leggi Landsvirkjun til nýtt fjárframlag eða taki að sér greiðslu skulda þannig að tryggð verði helmingseign af hálfu ríkisins. — Eftir sameiningu Laxárvirkjunar við Landsvirkjun skulu aðilar skipa sjö menn í stjórn fyrirtækisins, í hlutfalli við eignarhlutdeild, þó þannig, að allir aðilar eigi a. m. k. einn mann í stjórn þess. Ráðh. skipar formann úr hópi þingkjörinna fulltrúa og fer hann með tvö atkvæði við atkvæðagreiðslur stjórnarinnar, ef heimild í 1. mgr. til að tryggja ríkissjóði helmingseign hefur verið notuð, en ella með eitt atkvæði."

Samkvæmt þessari lagagrein, 17. gr. laga um Landsvirkjun, getur Laxárvirkjun með ákvörðun af hálfu stjórnar gengið inn í Landsvirkjun og sameinast fyrirtækinu. Iðnrn. hvatti í upphafi ekki til að þessi heimild yrði hagnýtt, heldur taldi eðlilegra að reynt yrði að ná með vönduðum undirbúningi samstöðu um þessa niðurstöðu mála. En þegar það lá fyrir, að ekki var meirihlutavilji í borgarstjórn Reykjavíkur fyrir þessu, þá ákvað bæjarstjórn Akureyrar fyrir sitt leyti að beita þessu heimildarákvæði, og iðnrn. lagði hið sama fyrir fulltrúa ríkisins í stjórn Laxárvirkjunar. Með bréfi stjórnar Laxárvirkjunar 5. nóv. 1979 til nr. og til stjórnar Landsvirkjunar óskaði Laxárvirkjun eftir að viðræður um sameiningu fyrirtækjanna hæfust hið fyrsta. Páv. iðnrh. Bragi Sigurjónsson fylgdi málinu eftir fyrir hönd rn. Bæjarstjórn Akureyrar gerði og samþykkt um málið. Borgarráð Reykjavíkur samþykkti 27. des. 1979 að borgarráðið komi fram fyrir hönd Reykjavíkurborgar í fyrirhuguðum viðræðum.

Í jan. 1980 tilnefndi páv. iðnrh. fulltrúa af hálfu ríkisins í viðræðunefnd, og var Jóhannes Nordal seðlabankastjóri skipaður til að hafa forustu fyrir viðræðunum. 12. maí s. l. var svo bætt við mönnum í þessa nefnd með tilliti til stjórnarskipta sem orðið höfðu.

Síðan hafa verið haldnir fimm formlegir fundir þessara þriggja viðræðunefnda og auk þess hafa átt sér stað fundir milli fulltrúa Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar. Um skeið ríkti ágreiningur milli fulltrúa Reykjavíkur innbyrðis, en á síðasta fundi, sem haldinn var 8. okt. s. l., komu fram vísbendingar um að samkomulag kynni að nást milli fulltrúa Reykjavíkurborgar innbyrðis um það, hversu meta skyldi verðmæti mannvirkja Landsvirkjunar og Laxárvirkjunar, og þar með um eignarhlutdeild aðila á móti ríkinu. Og fram komu yfirlýsingar frá fulltrúum Akureyrarbæjar um að þeir væru reiðubúnir til að leita samkomulags um þessi efni. Næsti formlegi fundur þessara viðræðunefnda er fyrirhugaður fyrri hluta desembermánaðar.

Ég hef talið, herra forseti, ástæðu til að rekja stöðu þessa máls, þessa mikilvæga þáttar í sambandi við skipulag orkumálanna, hv. þdm. til glöggvunar og til glöggvunar fyrir þá n. sem fær þetta mál til meðferðar. Iðnrn. hefur ekki viljað grípa inn í þessar umleitanir og viðræður um samruna Laxárvirkjunar og Landsvirkjunar með lagaboði. Réttur Laxárvirkjunar, til að óska eftir sameiningu þessara tveggja orkuvinnslufyrirtækja er að mati rn. skýr samkv. lögum um Landsvirkjun. Fleiri þættir tengjast þessu máli vissulega, eins og byggðalínurnar, sem ættu þó að geta fylgt á eftir í sambandi við stofnun öflugs fyrirtækis til raforkuvinnslu og meginraforkudreifingar, eins og stefnt hefur verið að allt frá árinu 1978, og raunar fyrr ef grannt er skoðað, því þessi mál voru til meðferðar að nokkru leyti með sama hætti í tíð vinstri stjórnarinnar 1971—1974. Hér er því á ferðinni undirbúningur sem getur stefnt að sama marki og fyrirhugað var á árunum 1978—1979.

Þá vil ég geta þess, að málefni Orkustofnunar eru í sérstakri athugun um þessar mundir, hafa raunar verið það um skeið, og þá með sérstöku tilliti til þess, að stofnað yrði það raforkuvinnslufyrirtæki fyrir landið allt sem ég hef gert hér að umræðuefni. En því til viðbótar skipaði iðnrn. sérstakan starfshóp 1. ágúst s. l. til að gera tillögur um endurbætur á innra skipulagi og stjórnsýslu Orkustofnunar. Var þetta gert í samráði við Orkustofnun, ríkisendurskoðun og fjárlaga- og hagsýslustofnun, og eiga þessir aðilar auk rn. fulltrúa í starfshópnum. Frá Orkustofnun eru þar þrír fulltrúar, þ. e. orkumálastjóri og tveir fulltrúar starfsmanna. Gert er ráð fyrir að þessi starfshópur skili tillögum til rn. fyrir n. k. áramót.

Þá eru það Jarðboranir ríkisins. Gert er ráð fyrir í því frv., sem hér er til umr., að sett verði um þær sérstök lög og tekinn út úr orkulögum sá kafli sem um þær fjallar. Um það mál er það að segja, að einnig þar er unnið að greiningu mála af sérstökum starfshópi sem á að gera tillögur um úrbætur á rekstrarlegri og fjárhagslegri stöðu Jarðborana ríkisins og raunar einnig Jarðvarmaveitna ríkisins. Í þeim hópi eru fulltrúar frá Orkustofnun og fjárlaga- og hagsýslustofnun, og Raunvísindastofnun Háskólans á einnig fulltrúa í þeim starfshópi auk iðnrn.

Í þessu frv. er sem eðlilegt er vikið að Orkusjóði, og ég vil greina frá því, að varðandi málefni hans er einnig unnið að athugun. Varðar hún einkum fjármál Orkusjóðs, viðskipti hans við ríkissjóð, orkufyrirtæki og lántakendur. Athuga skal hvort þörf sé á að lánveitingar til fyrirtækja eins og Rafmagnsveitna ríkisins, Orkubús Vestfjarða og e. t. v. fleiri aðila eigi framvegis að fara í gegnum sjóðinn, en að því hefur verið fundið, að að því væri kostnaðarauki fyrir þessi fyrirtæki. Þá á þessi starfshópur að athuga um lánskjör þeirra lána, sem sjóðurinn tekur og endurlánar, og gera tillögur til breytinga ef þurfa þykir. Einnig er honum ætlað að greina lánastreymi til hitaveitulána og gera tillögur til einföldunar og betra yfirlits varðandi þau. Það er óeðlilegt að fyrirtæki, sem eru að reisa hitaveitur, njóti mjög misjafnrar aðstöðu í sambandi við lánskjör, eins og nú má segja að ríki, þegar sumar veitur fá erlend lán til afnota, aðrar fá lán úr Lánasjóði ísl. sveitarfélaga og í þriðja lagi er um

lánveitingar að ræða úr Orkusjóði, en kjör á þessum lánum eru misjöfn eins og hv. þm. mun kunnugt. Þannig má segja að flestir þeir þættir, sem miklu máli skipta og snúa að orkulögum, séu í athugun, hver með sínum hætti, eins og ég hef hér gert grein fyrir.

Herra forseti. Ég mun senn ljúka máli mínu. En ég sé ástæðu til að rifja hér upp ákvæði í stjórnarsáttmála er varða það mál sem hér er til umr. Þar segir:

„Sett verði lög um skipulag orkumála, um meginraforkuvinnslu og raforkuflutning, þar sem m. a. verði ákveðin samræmd heildarstjórn þessara mála og tryggð heildsala raforku til almenningsveitna við sama verði um land allt. Skipulag orkudreifingar verði tekið til endurskoðunar."

Að endurskoðun orkulaga verður unnið í ljósi niðurstaðna af viðræðum um sameiningu Landsvirkjunar og Laxárvirkjunar, og þegar fram eru komnar tillögur þeirra starfshópa sem nú eru að vinna að einstökum þáttum.

Ég vil svo að endingu segja um það frv., sem hér er til umr., að það er út af fyrir sig góðra gjalda vert að hv. þm. sýni þessum málum áhuga. Þetta frv. er ein tilraun af mörgum hjá Sjálfstfl. til að leita að stefnu flokksins í orkumálum. Hv. 1. flm. frv. er mikill áhugamaður um orkumál og velviljaður í þeim efnum og hefur þar stutt að mörgu gagnlegu. Ég hlýði gjarnan á orð hans, en þeim ráðum, sem fram koma í nefndu frv., tek ég með fullum fyrirvara, eins og hefur komið fram í máli mínu, og ég tel ekki tímabært að ráðast í endurskoðun orkulaga með þeim hætti sem gerð er tillaga um í þessu frv., þó að þar megi finna þætti sem gagnlegir geta orðið, enda gerðar tillögur um af sérstakri nefnd sem leit á þessi mál fyrir nokkrum árum og náði um þau samstöðu að hluta til.

Herra forseti, ég læt máli mínu lokið.

Umr. frestað.

Neðri deild, 20. fundur.

Miðvikudaginn 19. nóv., kl. 2 miðdegis.

Framleiðsluráð landbúnaðarins, frv. (þskj. 60). — Frh. 1. umr.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Áður en ég kem að því að ræða dagskrármálið sjálft finn ég mig knúinn til að bera fram við hæstv. forseta aths. vegna þess hversu háttað er 1. umr. um þau brbl. sem hér eru á dagskrá.

S. l. mánudag mælti hæstv. landbrh. fyrir frv. og hafði ég kvatt mér hljóðs um málið. Strax að lokinni ræðu ráðh. frestaði forseti umr. og sleit fundi. Mér er það ljóst, að til þessa geta legið þær ástæður að fram hjá þessum og þvílíkum agnúum verði ekki komist. En ég vil beina því til hæstv. forseta að það er óeðlilegt og torveldar málefnalegar rökræður, bæði á Alþ. og í fjölmiðlum, að ráðh. mæli fyrir frv. sem ágreiningur er um, en andsvörum verði ekki komið við á sama fundi, eins og nú hefur gerst um það dagskrármál sem hér er til umr. Því ber ég fram þessa gagnrýni á slíka stjórn umr. við hæstv. forseta, að ég vænti þess, að ef knappt er um fundartíma fresti forseti flutningi máls sem þessa svo að ekki sé rofin eðlileg samfelld rökræða um málið.

Þá vil ég einnig vekja athygli á því, að ég kýs að ráðh. sé viðstaddur þessa umr. — Ég get hætt við að segja það, sem ég var byrjaður á því að ráðh. gekk nú í salinn svo að ég get hafið mína ræðu þess vegna.

Eins og ég hef þegar lýst er hér til umr. frv. til l. um breytingu á framleiðsluráðslögunum, þ. e. brbl. sem hæstv. landbrh. fékk sett um Jónsmessuleytið á s. l. sumri og nú er farið fram á að hv. Alþ. fullgildi. Á aðalfundi Stéttarsambands bænda, sem haldinn var á Kirkjubæjarklaustri um mánaðamótin ágúst—sept. s. l., gerði hæstv. landbrh. grein fyrir þessum brbl. Hann greindi frá því, að lögin hefðu verið sett að tillögu stefnumörkunarnefndar, sem hann nefndi svo, en í henni eiga sæti Egill Bjarnason ráðunautur, Helgi Seljan alþm. og Hákon Sigurgrímsson framkvstj. Það vekur athygli að nm. skyldu sameinast um að gera tillögu um 200% gjaldtöku af kjarnfóðri í fyrstu tillögum um stefnumörkun — ráðstöfun sem með grófum hætti mismunar búvöruframleiðendum svo geysilega sem raun ber vitni og ég mun leiða rök að í máli mínu.

Brbl. er gert að breyta tilteknum atriðum í lögum nr. 15 frá 1979 sem hæstv. þáv. landbrh., Steingrímur Hermannsson mælti fyrir snemma í des. 1978 og Alþ. samþykkti að fjórum mánuðum liðnum. Alþ. tók sér góðan tíma til þess að ræða frv. þá og breytti því í veigamiklum atriðum frá upphaflegri gerð. Þrátt fyrir hina miklu umfjöllun á Alþ. eru lögin um kvótann og fóðurbætisskattinn mjög umdeild meðal þeirra sem þau snerta helst. Þar var þó leyfilegt hámark kjarnfóðurgjalds ekki nema 100% álagning. Efnisatriði þeirra eru umdeild, ekki síst kvótakerfið, en ákvæði um það er erfitt í framkvæmd, m. a. að því er varðar alla undirbúningsvinnu.

Aðalfundur Stéttarsambands bænda 1979 ákvað að beita kvótakerfinu til framleiðslustjórnunar á árinu 1980: á mjólk allt árið og á sauðfjárafurðir innlagðar haustið 1980. Ekki var talið fært að nýta í þessu skyni heimild til töku kjarnfóðurgjalds að sinni vegna harðæris og lítilla heyja á árinu 1979. Þessi ákvörðun stéttarsambandsins var svo tilkynnt bændum með sérstöku bréfi haustið 1979.

Ég ætla að bændur hafi almennt séð það fyrir, að ekki tjóaði að halda við tölu búfjár við þær aðstæður að kvótinn skerti afurðaverðið í jafnríkum mæli og tilkynnt hafði verið. Af þeim sökum bjuggu bændur sig undir það, sem í vændum var, með því að fækka fénaði á fóðrum og draga með þeim hætti úr framleiðslu mjólkur og kjöts. Samkv. hagskýrslum var fækkun búpenings haustið 1979, þessi: Sauðfé fækkaði um því sem næst 95 þús. fjár eða um 10.6%. Mjólkurkúm fækkaði um 7.1%, kvígum um 18.9%, geldneytum um 10% og kálfum um 9%. Af þessu má sjá að bændur tóku mið af þeim ráðstöfunum, sem þeim höfðu verið tilkynntar, og fækkuðu fénaði á fóðrum verulega.

Sauðfé var nú 10.6% færra en sett var á vetur 1978. Afleiðingar þess liggja að sjálfsögðu ekki fyllilega fyrir enn þá, en horfur eru á að framleiðsla dilkakjöts sé um 5—7% minni en haustið 1979 þó að vegna árgæsku sé meðalfall dilka í haust sennilega allt að því 2 kg þyngra en haustið 1978. Ef fjárfækkunin hefði ekki komið til væri framleiðslan miklu meiri en í fyrra.

Með sama hætti má sjá það af fækkun mjólkukúa um 7.1% og kvígna um 18.9%, að bændur gerðu ráð fyrir að semja sig að kvótakerfinu og feta sig í átt til minnkandi

mjólkuframleiðslu. Fækkun þeirra gripa, sem eru mjólkurkúastofninum til endurnýjunar, — þ. e. ungviði nautgripanna allt í senn: kvígum fækkar um 18.9%, vetrungum um 10% og kálfum um 9%, — leiðir til þess að draga úr þeirri framleiðslu til frambúðar án harkalegra erfiðleika og án þess að reikna með verulegu tekjutapi á einstakan grip í fjósi.

Mér sýnist að áður en fór að gæta að nokkru ráði áhrifa þeirra brbl., sem hér eru rædd, hafi mjólkurframleiðslan dregist saman á landinu öllu frá 1. jan. til 31. júlí 1980, miðað við sama tímabil 1979, um 4% eða um 2 710 655 lítra. Niðurstaða mín er sú, að framleiðsla dilkakjöts hefur minnkað, eftir því sem best verður séð, um 5—7% og mjólkurframleiðslan frá áramótum til júlíloka um 4%. Þótt þessi árangur hafi náðst með því að beita kvótanum svokallaða stendur óhaggað að hann er meingallaður. En fyrst honum er beitt er ótækt að hefja slíka stórsókn á kjör bænda sem álagning 200% álags á kjarnfóður er þegar það bætist við fyrri aðgerðir. Með hliðsjón af þessum niðurstöðum verður ekki betur séð en að setning brbl. þeirra, sem hér eru til umr., hafi verið óþörf og auk þess harkaleg aðför að rekstraröryggi búskapar í landinu, aðför að rekstri svínabúanna, aðför að rekstri alifuglabúanna og aðför að rekstri kúabúanna, en snerti ekki rekstur sauðfjárbúanna, hvorki við þessa bráðu aðgerð á sumarmánuðunum, svo sem augljóst er, né heldur þegar til lengri tíma er litið, þar sem rannsóknir sýna að ná má góðum árangri á sauðfjárbúunum, þ. e. í hámarksafurðum í kjötframleiðslu, án þess að nota erlent kjarnfóður. Innlent fóður virðist vera fullnægjandi til þeirra hluta.

Talið er af landbrh. og fleiri að brýna nauðsyn hafi borið til að lögfesta ákvæði 1. gr. frv. Skoðun mín er sú, að svo hafi ekki verið. Það skal að vísu viðurkennt að 4. mgr. a-liðar 1. gr. framleiðsluráðslaganna frá 1979 er mjög óljóst orðuð, þrátt fyrir umfjöllun um þau lög á Alþingi svo mánuðum skipti. En þegar unnið var að samningu reglugerðar, sem í téðri lagagr. er ákveðið að setja, voru menn á þeirri skoðun að ekki væri unnt að tryggja rétt bænda, en það er gert ráð fyrir í þeirri grein að tryggja rétt bænda. Ekki er unnt að tryggja þann rétt frumbýlinga né annarra með öðru móti en því að taka tillit til aukins fjármagnskostnaðar búanna þar sem hann er langt umfram viðurkenndan fjármagnskostnað í verðlagsgrundvelli, og eru ákvæði um það í reglugerð. Ég tel því að ekki hafi verið fyrir hendi nauðsyn til að setja um það atriði brbl.

Þá liggur næst fyrir að gera á því athugun hvort brýna nauðsyn hafi borið til að setja brbl. um álagningu 200% kjarnfóðurgjalds. Það var sett í lög 1979 að heimilt væri að leggja á innflutt kjarnfóður allt að 100% gjald. Eins og ég hef fyrr greint frá ákvað aðalfundur Stéttarsambands bænda 1979 að nota ekki þá heimild að svo stöddu. Hins vegar var ákveðið að beita takmörkunum eða kvóta á mjólkurframleiðsluna 1980, og 15. júní s. l., eða rúmri viku áður en brbl. voru sett, sem hér eru til umr., skrifar Hákon Sigurgrímsson framkvæmdastjóri Stéttarsambands bænda og birtir í búnaðarblaðinu Frey eftirfarandi ákvörðun um útborgun mjólkursamlaganna, með leyfi hæstv. forseta:

„Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur ákveðið mánaðarlega útborgun fyrir innlagða mjólk til áramóta. Útborgunarhlutföllin eru eftirfarandi:

Febrúar 85% grundvallarverðs, mars 75%, apríl 75%, maí 75%, júní 65%, júlí 65%, ágúst 65%, sept. 75%, okt. 80%, nóv. 80%, og des. 85% grundvallarverðs.

Að meðaltali er þetta 75% útborgun. Munur á hæstu og lægstu útborgun er 20%. Ekki er endanlega ákveðið, hvort eftirstöðvar verða greiddar sem föst krónutala ofan á þessa útborgun eða sem prósenta.

Það skiptir miklu máli fyrir framleiðendur, að þeir hafi þessa ákvörðun Framleiðsluráðs í huga þegar þeir skipuleggja framleiðslu sína. Ætti þetta að verða mjólkurframleiðendum hvatning til að draga úr framleiðslunni að sumrinu, en auka hana að vetrinum. Engum dettur þó í hug að slík breyting verði gerð á skömmum tíma, þótt auðvitað megi strax draga nokkuð úr sumarframleiðslunni með minni fóðurbætisgjöf."

Með hliðsjón af þessu, sem ég hér hef vitnað til og var birt bændum í búnaðarblaðinu Frey, kom það bændum mjög á óvart að fá án nokkurrar viðvörunar yfir sig þetta geysiháa kjarnfóðurgjald, sem í upphafi var beitt að fullu og er 200% skattur.

Þegar framleiðsluráðslögin komu til 1. umr. 11. des. 1978 sagði núv. hæstv. landbrh. þetta m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Þó settur væri flatur skattur á kjarnfóður, eins og gert er ráð fyrir með þessu frv., t. d. 25—30%, eins og hæstv. ráðh. orðaði, þá mundu þeir betur stæðu í bændastétt, ekki síst mjólkurframleiðendur, láta sig það engu skipta, því þrátt fyrir það væri stórkostlegur hagnaður að því að gefa mjólkurkúm kjarnfóðrið. Hins vegar mun þetta fyrst og fremst hitta þá sem eru í erfiðleikum með rekstrarfjárstöðu sína og geta ekki greitt þessa vöru, þegar hún hækkar í verði. Þeir, sem eru lakar stæðir í bændastétt, mundu fyrst og fremst verða fyrir barðinu á þessari skattlagningu, það mundi koma niður á þeirra búrekstri og e. t. v. leiða til þess að þeir kæmust í þrot.

Þetta er mjög hættuleg leið, sem á þó sínar röksemdir og þarf mikillar athugunar við. Við vitum að afkoma bændastéttarinnar er mjög misjöfn. Í röðum bænda eru margir, sem betur fer, sem búa við ágæta afkomu og hafa sæmilega rekstrarfjárstöðu. En þeir eru kannske jafnmargir sem búa við bága afkomu og mjög þrönga rekstrarfjárstöðu. Skattlagning af þessu tagi mundi fyrst og fremst koma niður á þessum mönnum. E. t. v. væri þetta liður í því að skipuleggja fátækt meðal bænda á Íslandi." — Þetta eru orð hæstv. núv. landbrh.

Þessi ummæli verða til í tilefni af skatti sem var áætlaður miklu lægri en í brbl. var ákveðið. Þetta eru þó orð að sönnu. En hvað má þá segja um skatt sem er 170% hærri en þá var rætt um? Í lögunum var gert ráð fyrir að gjaldið legðist á bændur og fengist ekki uppi borið af hækkuðu verði framleiðsluvaranna, og enn gilda þau ákvæði eftir að brbl. tóku gildi. Í framsöguræðu sinni s. l. mánudag sagði hæstv. landbrh. svo að kjarnfóðurgjaldið hefði haft þau áhrif sem að var stefnt með setningu brbl. í sumar. En mér er þá spurn: Að hverju var stefnt og til hvers hefur sú gjaldheimta leitt? Sá stórhækkaði kjarnfóðurskattur, 200%, sem innheimtur var eftir lagasetninguna í sumar öllum að óvörum, hefur orðið til þess í enn ríkari mæli en fyrri ákvæði um kjarnfóðurgjald að skipuleggja fátækt meðal bænda á Íslandi, eins og hæstv. landbrh. orðaði það.

Ekki er enn hægt að sjá hverjar afleiðingar verða af setningu brbl. svo að óyggjandi sé. Þó er séð nú þegar, að skatturinn hefur valdið framleiðendum ómældum erfiðleikum vegna rekstrarfjárerfiðleika, þótt nokkuð mis-

jafnt sé eftir búgreinum. Útlit er fyrir að þeir aðilar, sem voru búnir að áforma að hafa nokkur svín og eggjaframleiðslu í smærri stíl til að drýgja tekjur sínar þegar framleiðsla mjólkur og kjöts hafði dregist saman, hætti ýmist við þau áform eða gefist upp við að hagnýta þau, og nokkra veit ég um sem hafa nú þegar lagt þær hjálparbúgreinar niður. Hinir stærri framleiðendur standa þessar álögur betur af sér enn sem komið er. En alla vega er kjarnfóðurgjald af þessari stærð þess valdandi, þegar það er lagt á fyrirvaralaust og með þeim fyrirmælum í lögum að það teljist ekki til kostnaðar við framleiðsluna, að það munu fáir standast.

Hæstv. landbrh. sagði við þessa umr. að á því þyrfti að hafa fulla gát að mjólkin yrði ekki of lítil, ekki mætti ganga of langt í því efni. Hvernig hefur þessa verið gætt? Rétt er að vekja á því athygli, að ekki verður mjólkurframleiðslunni stjórnað með svo auðveldum hætti að gefa út fyrirskipun um að framleiða mismikla mjólk frá einum mánuði til annars. Svo einfaldar í meðhöndlun eru mjólkurkýrnar ekki. Það þekkja bændur vel, að ef nytin dettur af einhverjum orsökum verulega úr kúm mun erfitt að græða þær upp að nýju á sama mjólkurskeiði. En vegna ummæla hæstv. ráðh. er rétt að athuga hvort þess hafi verið gætt að stofna ekki til þess að um mjólkurskort verði að ræða.

Um áhrif brbl. á mjólkurframleiðsluna eftir 31. júlí 1980 hef ég ekki tölur fyrir landið í heild, en eftir því sem þróunin hefur verið hjá Mjólkurbúi Flóamanna má nokkuð marka ástand þeirra mála í heild. Þó rak ég augun í það í morgun í Tímanum að gefnar voru upp tölur um hvernig þessi mál stóðu í októberlok, og ef treysta má þeim heimildum hefur samdrátturinn orðið frá því um áramót 7.8% rýrnun miðað við sama tíma í fyrra. En í Mjólkurbúi Flóamanna minnkaði mjólkurframleiðslan í ágústmánuði um 16.2%, í sept. um 5.34% og í okt. um 16.18%. Á Suðurlandi einu hefur mjólkurframleiðslan minnkað frá síðustu áramótum um 5.43%, þ. e. um 2 millj. lítra eða um 1.6 millj. lítra eftir að áhrifa brbl. fór að gæta á miðju síðasta sumri. Við þetta get ég svo bætt því, sem fram kemur í þeirri frétt sem ég gat um að hefði verið í Tímanum í morgun, að mjólkurminnkunin í okt. hefur orðið 19.2% samdráttur yfir landið í heild, miðað við sama mánuð í fyrra. Mestur varð samdrátturinn hjá mjólkursamlaginu á Blönduósi eða um 34%, þar næst á Höfn í Hornafirði 30.6%, hjá Mjólkurbúi Flóamanna og KEA var mjólkin nú 17.2% minni en í fyrra. Hjá öðrum mjólkursamlögum er samdrátturinn sem hér segir: Borgarnesi 23%, Hvammstanga 23.7%, Sauðárkróki 21.2% og Húsavík 19.3%. Sú mynd, sem hér liggur fyrir og við höfum fyrir augum, er hvorki framleiðendum né neytendum til uppörvunar.

Ég lýsi andstöðu minni við kjarnfóðurgjald sem lagt er á með þeim hætti sem gert var á s. l. sumri öllum að óvörum og ofan í ráðstafanir sem Stéttarsamband bænda hafði ákveðið að gera og tilkynnt um eins og lög mæla fyrir — ráðstafanir sem gert var ráð fyrir að mundu draga úr framleiðslu búvara og ég þykist hafa sýnt fram á að muni hafa gert það.

Ég sýndi fram á það í máli mínu að komið hefði í ljós að þær ráðstafanir, sem Stéttarsamband bænda ákvað að beita, hefðu dregið úr framleiðslunni, og þótt ekki megi skilja mál mitt svo, að ég telji kvótakerfið eðlilegasta tækið til framleiðsluþróunar, þá vil ég undirstrika að það er óþarft og ótækt að herða á vandræðum bænda með þeim hætti sem gert var í sumar með innheimtu svimhárra upphæða af flestum búgreinum til viðbótar þeim takmörkunum sem í gangi voru. Sú skattheimta kemur mjög misjafnt niður, eins og ég hef þegar leitt í ljós, og er vandséð að sumir þeirra, sem skatturinn hitti harðast, *standi af sér þá árás, heldur gefist hreinlega upp.*

Þá verður ekki litið fram hjá því, að engin ákveðin fyrirmæli eru í brbl. um ráðstöfun þess fjár sem innheimt er og er í raun skattur á búrekstur í landinu. Þar eru hins vegar heimildir um endurgreiðslur eftir innlögðum afurðum, endurgreiðslur eftir bústærð, endurgreiðslur eftir landshlutum og endurgreiðslur eftir búgreinum í einstökum landshlutum. Þetta eru flausturslega unnar tillögur og óljós lagafyrirmæli, svo að ekki sé meira sagt.

Það kom fram í máli hæstv. landbrh. fyrr við þessa umr. að hann hugðist skrifa Framleiðsluráði landbúnaðarins og mælast til þess að kjarnfóðurgjaldið yrði hagnýtt til þess að þeir bændur, sem hafa minni framleiðslu en 300 ærgildisafurðir, fái fullt verðlagsgrundvallarverð fyrir framleiðslu sína. Þar er um enn eina tillöguna að ræða sem vekur tortryggni meðal bænda og gengur þvert á fyrri tilkynningar Framleiðsluráðs, en það hefur stjórn þessara mála með höndum lögum samkv. Í því sambandi má rifja upp ummæli hv. þm. Stefáns Valgeirssonar á aðalfundi Stéttarsambands bænda samkv. fundargerð sem birt er í Frey, blaði nr. 18 1980, en hann segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Síðan ræddi hann lánareglur Stofnlánadeildar og ályktun bændafundar Eyfirðinga og sagði það skilning eyfirskra bænda, að þeir væru látnir þrígreiða sömu vöntun í gegnum samdrátt bústofns vegna kvóta, innvigtunargjald og kjarnfóðurgjald."

Á sama tíma og slíkur skilningur er fyrir hendi er lagt til að annar hópur bænda nái fullu grundvallarverði. Aðgerðir eins og þær sem þessi brbl. fjalla um og tillögur ráðh. um ráðstöfun kjarnfóðurgjaldsins eru ekki til þess fallnar að efla samhug bænda né styðja þá í því að standa af sér þann vanda sem þeir standa frammi fyrir um þessar mundir, og er það illa farið.

Herra forseti. Þar sem ég á sæti í þeirri n., sem fær þetta frv. til meðferðar, sé ég ekki ástæðu til að fara um það frekari orðum við 1. umr. og læt því máli mínu lokið.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég mun stytta mál mitt vegna mjög ítarlegrar ræðu hv. 2. þm. Suðurl., sem ég tek undir, og þarf ekki að koma inn á þriðja atriðið sem hann rakti þar. En ég tel samt rétt að bæta örfáum atriðum við til að skýra viðhorf mín til málsins nánar.

Í fyrsta lagi get ég ekki fallist á að það samrýmist þingræðislegum venjum okkar og hefðum og í rauninni stjórnarskrá lýðveldisins að skattalögum sé breytt með brbl., sérstaklega ekki eins og stendur á í sambandi við þessi brbl. þar sem engar þær breytingar urðu, frá því að Alþ. var sent heim um vorið þangað til brbl. voru gefin út um mánuði síðar, er gætu réttlætt þessa skattheimtu. Það kom líka í ljós, þegar hæstv. landbrh. gerði grein fyrir þessum brbl. í Ríkisútvarpinu, að fyrir honum vakti fyrst og fremst að koma aftan að bændum, þar sem hann taldi að þessi löggjöf mundi ekki ná tilgangi sínum að öðrum kosti, og viðhafði þau orð, að ef þessi lög hefðu verið sett fyrr hefðu bændur getað búið sig undir þennan fóðurbætisskatt, slíkt væri með öllu óeðlilegt og þess vegna hefði verið nauðsynlegt að láta þau koma svo mjög

óvænt sem raun ber vitni. Eins og ég segi: Þau stangast í rauninni á við stjórnarskrána, eru stjórnarskrárbrot.

Á hinn bóginn efast ég ekki um að ef dómur félli í þessu máli mundi með einhverjum hætti vera hægt að koma málinu í gegnum Hæstarétt, og skírskota ég í því sambandi til nýfallins dóms Hæstaréttar um réttmæti afturvirku laganna frá 1978 þar sem tókst að skáskjóta málinu í gegn. Þó lá það fyrir að sami meiri hl. var ekki fyrir öllum greinum laganna í Hæstarétti. Það voru sem sagt engir þrír þeirra hæstaréttardómara, sem um málið fjölluðu, sammála um að allar greinar þeirra afturvirku skatta samræmdust ákvæðum stjórnarskrárinnar. Í þessu máli er um það að ræða að brbl. hafa haft mjög víðtæk áhrif á framleiðslu bænda og raunar afkomu landbúnaðarins í heild og þess fólks sem byggir afkomu sína á þeirri framleiðslu sem hér um ræðir. Þess vegna er augljóst mál að afleiðingar þess, að þessi lög yrðu nú dæmd ógild og óheimil, yrðu þvílíkar að það yrði í rauninni næstum því óhugsandi að Hæstiréttur mundi treysta sér til að kveða upp slíkan dóm.

Ég tel að þessi brbl. séu afturvirk að því leyti, að þegar þau voru sett og undirskrifuð lá ekki fyrir að meiri hl. þingsins væri sammála slíkri lagasetningu. Þannig kom það skýrt fram á fundi í Eyjafirði, sem þeir voru báðir á hv. 2. þm. Norðurl. e., Stefán Valgeirsson, og hæstv. landbrh., að sá fyrrnefndi var ekki samþykkur setningu brbl. Ég skal ekki segja um hvernig hann greiðir atkv. í deildinni núna, en enginn vafi er á að honum yrði a. m. k. ákaflega óljúft að greiða þessu frv. atkvæði sitt eins og það er, og ég veit að hann yrði með öllu ófáanlegur til að leggja nafn sitt við þá framkvæmd laganna sem var í sumar. Eini möguleikinn á því, að brbl., eins og þau voru framkvæmd í sumar, hafi meiri hl. Alþ. á bak við sig, er því sá, að hæstv. landbrh. geti skotið sér á bak við krata í málinu. Að öðrum kosti er útilokað að meiri hl. sé á Alþ. fyrir þeirri framkvæmd sem var á þessu máli í sumar.

Það talar sínu máli um hversu mikil völd framkvæmdavald er farið að taka sér, að bæði þjóðin og Alþ. á í vök að verjast. Ég sé ekki betur en það sé jafnvel að verða tímabært að afnema með öllu heimild framkvæmdavaldsins til að gefa út brbl. A. m. k. er óhjákvæmilegt að kveða skýrt á um að óheimilt sé að leggja nýja skatta á með brbl., nema þá undir þeim einu kringumstæðum að þeir, sem slík lagasetning bitnar á, ættu kost á tafarlausri meðferð dómsvaldsins á málinu þannig að hæstaréttardómur gæti fallið svo snemma að í rauninni væri hægt að dæma viðkomandi brbl. dauð og ómerk.

Það er oft svo, að óréttmætar og vanhugsaðar aðgerðir stjórnvalda geta gerbreytt viðhorfi manna til laga, jafnvel grundvallarlaga, og svo held ég að sé í þessu tilviki, því að hæstv. landbrh. beitir sér vitandi vits fyrir aðgerðum sem honum er kunnugt um að höfðu ekki meiri hl. Alþingis á bak við sig í þeim hópi sem studdi ríkisstj. Að þessu leyti eru þessi brbl. óvenjuleg og forkastanleg.

Það er líka annað atriði í sambandi við þessa löggjöf sem er mjög íhugunarvert. Á undan þeim hæstv. landbrh., sem nú er, hafði annar landbrh. hálfur ári áður markað sína stefnu, hæstv. núv. sjútvrh. Hann byggði á samþykkt Stéttarsambandsþings og beitti sér fyrir því, að kvótakerfi yrði upp tekið á bændur. Nú vita allir menn, að framkvæmd þessa kvótakerfis var fylgt eftir með hangandi hendi, og það vita líka allir, að bændur höguðu sér afskaplega misjafnlega. Sumir reyndu að koma til móts við þetta kerfi. Sumir tóku þann kostinn að fækka gripum sínum og reyna með þeim hætti að koma til móts við þau sjónarmið sem voru á bak við það að Stéttarsambandsþing ákvað að taka kvótakerfið upp. Aðrir bændur tóku þann kostinn að skella skollaeyrum við þessu og láta sem ekkert væri.

Nú er það komið í ljós, að fjölmargir bændur í landinu, ekki síst í Eyjafirði, hafa sætt verulegum áföllum, í fyrsta lagi vegna kvótans og í öðru lagi vegna þess að fóðurbætisskatturinn bitnar náttúrlega fyrst og fremst á mólkurframleiðendum, enda sést á tímasetningu brbl. að ekki var til þess ætlast að fóðurbætisskatturinn kæmi neitt við sauðfjárbændur. Þessir bændur hafa því orðið fyrir mjög verulegum áföllum, og þegar ofan á þessi áföll bætist óréttlát og vanhugsuð skattalöggjöf og harðindi, sem yfir dundu, er augljóst mál að víða í bændastétt er það svo, að menn mega þakka fyrir að geta þraukað af þessi góðæriskarðindi af náttúrunnar völdum, en hörðu harðindi af manna völdum, vegna þess að á bændastéttinni skellur nú stjórnleysið í efnahagsmálum, stjórnleysið í útflutningsmálum landbúnaðarins, stjórnleysið í gjaldeyrismálum.

Sú stefna, sem núv. hæstv. ríkisstj. markaði gagnvart framleiðsluatvinnuvegunum, sérstaklega gagnvart útflutningsatvinnuvegunum, kemur með fullum þunga á bændur landsins, og þrátt fyrir það að hæstv. landbrh. hafi hvað eftir annað látið fögur orð falla um að sér sé mjög í mun að sá iðnaður, sem byggir t. d. á sauðfjárafurðum, geti fengið að starfa óhindrað liggur það fyrir, að síðan hann varð landbrh. hefur mjög hallað undan fæti hjá þessum iðngreinum, ólíkt því sem var hjá þeirri ríkisstj. sem hann hefur haft gaman af að gagnrýna upp á síðkastið og kennd er við formann hans, hv. 1. þm. Reykv.

Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um að enginn atvinnurekstur getur staðist það að kúvent sé á hálfs árs fresti í framleiðslumálum hans, eins og landbúnaðurinn hefur orðið að þola, og ég þarf ekki heldur að fara mörgum orðum um að enginn bóndi getur vænst þess að bú hans skili sómasamlegum arði ef athafnir stjórnvalda eru með þeim hætti að ekki sé hægt að gera rekstraráætlun fram í tímann, ef menn geta búist við að ótímabærar og ófyrirsjáanlegar skattaálögur stjórnvalda skelli á þeim þá og þegar og umsvifalaust. Í fyrsta skipti hefur þetta náttúrlega þau áhrif að margur bóndinn verður fyrir óvæntum búsifjum sem gera honum erfitt um vik, t. d. að standa í skilum og ljúka við framkvæmdir sem hann hefur hafið. Þetta veldur því, að á næsta ári, t. d. nú í sumar, verður yfir því vakað hvort við því megi búast að hæstv. landbrh. hafi einhverja aðra lausn svipaða í vasanum, hvort hann muni aftur reiða svipuna. Ég sé ekki annað en það sé alger lágmarkskrafa til hæstv. landbrh. að hann gefi um það yfirlýsingu að samskonar hækkun og varð á s. l. sumri verði ekki gerð hið næsta sumar. Það er líka að fara aftan að hlutunum að ímynda sér að hægt sé að bæta rekstrargrundvöll heillar atvinnustéttar með því að auka rekstrarkostnaðinn, auka rekstrarútgjöldin og leggja á nýja skatta sem haldið er utan við verðákvörðun.

Ég vil svo að síðustu vekja athygli á því, að í ræðu hæstv. viðskrh. í Sþ. í gær kom fram að í sambandi við fyrirhugaðar efnahagsráðstafanir ríkisstj. væri núna rætt um að enn ætti að skerða hlut bóndans. Nú væri fróðlegt að fá um það upplýsingar og raunar óhjákvæmilegt í sambandi við það mál, sem hér liggur fyrir, og í sambandi

við úrvinnslu þess í n., á hvaða stigi þessar umr. séu í ríkisstj. og hvernig það er hugsað. Í öðru lagi vil ég segja þetta í sambandi við skattalögin, eins og ég minntist lítillega á áðan: Nú voru mikil harðindi víða um land á árinu 1979. Margur bóndinn kom þá svo frá rekstri sínum að hann var jafnvel neikvæður þegar upp var staðið. Á hinn bóginn eru skattalög með þeim hætti, að þar er ekki tekið tillit til þess, að þvílíkt og annað eins geti hent. Nú langar mig að spyrja hvort landbrn. hafi beitt sér fyrir því, að sérstök athugun verði gerð á framkvæmd skattalaganna hvað varðar bændur á harðindasvæðunum, og í framhaldi af því einnig, hvort sú athugun hafi verið látin ná til annarra þeirra á harðindasvæðunum sem orðið hafa að sæta þeim afarkostum sem hér um ræðir.

Ég skal svo ekki, herra forseti, hafa þessi orð miklu lengri að sinni, því þær breytingar, sem m. a. þessi löggjöf gerir óhjákvæmilegar á stjórnarskránni, verða teknar upp á öðrum vettvangi, vonandi í sambandi við þá endurskoðun stjónarskrárinnar sem nú fer fram. En það er náttúrlega með öllu útilokað að ráðh. geti tekið sér slíkt vald sem hér um ræðir, þegar fyrir liggur að í hópum stuðningsmanna hæstv. ríkisstj. var ekki meiri hl. á Alþ. fyrir þeirri framkvæmd fóðurbætisskattsins sem hæstv. ráðh. þvingaði fram á s. l. sumri.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Hv. þm. Steinþór Gestsson flutti langa ræðu um það frv., sem hér er til umr., og gagnrýndi það og meðferð þessara mála allharkalega. Hv. þm. hóf ræðu sína með því að rekja það, að sett hefðu verið lög um breytingu á lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins, nr. 15/1979, síðla þings veturinn 1978—1979. Hann rakti að þessi lög væru umdeild, ekki síst, eins og hann orðaði það, kvótakerfið. Nú vil ég taka það fram enn einu sinni, þó að ég hafi gert það margsinnis í annan tíma, að þessi tilteknu lög ákveða ekki kvótakerfið.

Í þessum lögum eru margar heimildir, eins og ég raunar rakti í framsöguræðu minni fyrir þessu máli. Þær heimildir eru m. a. í því horfi að Framleiðsluráði landbúnaðarins er heimilt með staðfestingu landbrh. að greiða mishátt verð til bænda, sem yrði þá miðað við framleiðslumagn, og er það til þess m. a. að ná því sjónarmiði sem kom fram í tillögum svokallaðrar sjö manna nefndar, sem starfaði um þessi málefni á árunum 1977—1978. Enn fremur eru í lögunum heimildir til að beita kerfi sem kallað hefur verið kvótakerfi, þ. e. að fullt verð fáist greitt fyrir hluta framleiðslumagnsins, en aðeins útflutningsverð fyrir það sem afgangs er. Þessi heimild er til í lögunum. Enn eru heimildir í þessum lögum til að greiða hluta af niðurgreiðslum á landbúnaðarvörum beint til bænda ef það þykir henta og skynsamleg leið finnst til þeirra hluta. Þessar leiðir er hægt að fara, að því er lögin greina, ýmist eina sér eða fleiri saman. Enn er og heimilt, eins og verið hafði í lögum, að leggja á sérstakt framleiðslugjald eða verðjöfnunargjald, sem má vera mishátt eftir framleiðslumagni. Allar þessar heimildir eru þess eðlis og til þess settar að gefa bændasamtökunum val um kosti, til þess að taka þá kosti sem þeim finnst að séu best við hæfi hverju sinni og líklegastir til árangurs í því að hafa áhrif eða stjórn á framleiðslumagni. En í þessu er ekkert um það að lögin ákveði að kvótakerfi skuli beitt. Enn eru í þessum lögum heimildir til að leggja á kjarnfóðurgjald, en eins og ég sagði í fyrri ræðu minni eru þær heimildir ákaflega takmarkaðar og þröngar þannig að framkvæmd þeirra virtist mundu vera það erfið að út í það var ekki farið.

Hv. þm. Steinþór Gestsson taldi sig leiða rök að því, að brbl. hefðu verið óþörf og að það hefði verið ófært að setja þessi lög, ófært að hefja stórsókn með kjarnfóðurskatti, eins og hann orðaði það, að afkomu bænda. Hv. þm. rakti réttilega þá fækkun bústofns, sem varð haustið 1979, sem ég dreg ekki úr að sumpart hafi verið vegna þess, að ákveðið hafði verið að beita stjórnunaraðgerðum í landbúnaðarframleiðslu, en einnig að veruleg leyti vegna þess, að árferði var þá erfitt, heyafli lítill. Fóðurskorturinn hefur þó kennt bændum að þeir skuli ekki setja á í algjöra óvissu, ekki síst þegar þeir vita að hvergi í landinu var hey að fá ef illa færi í einhverjum tilteknum byggðarlögum eða jafnvel hjá einstökum bændum. Sjálfsagt var að haga ásetningi með þeim hætti sem þá var gert og er til lofs um íslenska bændastétt.

Um samdrátt í framleiðslu, sem hv. þm. taldi stafa af þessum orsökum, þarf ekki að fara mörgum orðum. Ég rakti þau efni í fyrri ræðu minni, en ég bendi á að það er ónákvæmt hjá hv. þm. að miða við tímabilið frá 1. jan. til júníloka vegna þess, þó ekki muni miklu, að kjarnfóðurgjald hafði verið lagt á 24. júní og þá þegar varð breyting í mjólkurframleiðslunni sem kemur inn í það tímabil sem hv. þm. miðaði við. Hins vegar var það svo á fyrstu 10 mánuðum verðlagsársins, sem hefst 1. sept. 1979, að samdráttur varð í mjólkurframleiðslu aðeins 2.1% og fyrstu 10 daga júnímánaðar varð aukning í mjólkurframleiðslu miðað við innvegna mjólk til Flóabúsins verulega meiri, um 11% meiri en á sama tíma árið áður.

Nú værum við ekki að tala um að æskilegt væri að koma á framleiðslutakmörkunum og ná framleiðslu niður á landbúnaðarafurðum, á mjólkinni, ef við værum ekki knúðir til þess af markaðsaðstæðum. En við erum knúðir til þess hvað mjólkurframleiðsluna snertir. Erlendi markaðurinn hefur brugðist. Því veldur, eins og margoft hefur fram komið, verðlagsþróun innanlands og markaðsaðstæður erlendis og ýmsar efnahagsaðgerðir sem gripið er til í viðskiptalöndum okkar. Þess vegna erum við knúðir til að draga saman mjólkurframleiðsluna þannig að við nálgumst það mark að framleiða fyrir innlenda markaðinn.

Það er svo, að neysla mjólkur og mjólkurafurða hér á landi er nálægt 100 millj. lítra mjólkur. Á síðasta ári, árinu 1979, var framleiðsla mjólkur nálægt 117 millj. lítra. En á síðasta verðlagsári hafði þegar orðið samdráttur um 5.2% eða rétt rúmlega 6 millj. lítra. Framleiðslumagnið er því, miðað við það verðlagsár eða í lok þess, 31. ágúst s. l., miðað við heilt ár, um 111 millj. lítra eða nálægt 10% umfram innanlandsneyslu. Ég tel að við þurfum að nálgast það mark að samhæfa framleiðslu og neyslu meira en þarna hefur þegar komið fram. Það er greinilegt að kjarnfóðurgjaldið, sem lagt var á í sumar, hefur átt veigamikinn þátt í að ná þessum markmiðum. Það var það sem ég átti við þegar ég sagði í fyrri ræðu minni hér fyrir örfáum dögum að augljóst væri að þessar aðgerðir hefðu verkað og að þær hefðu stefnt að því að ná þeim markmiðum sem ætlast var til.

Ef til vill mætti spyrja hv. þm. hvaða markmið það eru sem hann vill hafa fyrir augum í þessum efnum, hvort hann óskar eftir að við höldum áfram að framleiða mjólk og mjólkurafurðir sem ekki tekst að selja á erlendum mörkuðum fyrir meira en vinnslukostnað, eins og nú er

þegar best lætur. Því miður er ástandið svona. Ég skal fyrstur manna taka undir að við getum aukið framleiðslumagn ef við fáum betri markaði, en því miður er ástandið svona núna og fyrir því ástandi getum við ekki lokað augunum. Það er aftur önnur saga, að þessu samdráttarskeiði, sem er óhjákvæmilegt í mjólkurframleiðslunni, þarf að mæta með aukinni aðstoð af hálfu hins opinbera og það þarf að mæta því þannig að bændum sé gert kleift að komast yfir þá erfiðleika sem þessum samdrætti fylgja.

Það er rétt hjá hv. þm. Steinþóri Gestssyni, að í október hefur mjólkin farið meira niður en búist hafði verið við. Ég hygg, miðað við reynslu á síðasta ári, að þar komi fram árssveifla í mjólkurframleiðslunni sem sé í tengslum við þá fækkun kúastofnsins sem rakin hefur verið í þessum umr., því að þegar er farið að draga úr þessum samdrætti miðað við það mjólkurmagn sem inn hefur komið það sem af er nóvembermánuði. Um það er þó ekki unnt að spá. Það er vitaskuld réttilega sagt hjá hv. þm. Steinþóri Gestssyni, að það verða ekki gefin fyrirmæli um það til kúnna hversu mikið þær eigi að mjólka á hverjum og einum tíma, en það hefur sýnt sig að hægt er með stjórnunaraðgerðum í sambandi við fóðurverð að hafa veruleg áhrif á framleiðslumagn hverju sinni.

Hv. þm. gagnrýndi harkalega, og það gerði einnig hv. síðasti ræðumaður, að brbl. hefðu verið sett á fyrirvaralaust og þau hefðu komið á óvart, það hefði enginn átt von á þessu o. s. frv. Ég tel á hinn bóginn að það hefði verið mikið glapræði, miðað við þær aðstæður, sem ríktu í framleiðslumálum annars vegar og í sambandi við þær horfur, sem voru um heyafla og tíðarfar og margt annað sem ég hirði ekki að nefna nú, ef það hefði verið hafinn undirbúningur þessara laga í sumar með umræðum á opinberum vettvangi. Það hefði verið mikið glapræði, eins og þá var allt í pottinn búið. Það var hyggilegt að setja þessi lög á með nokkurri skyndingu miðað við það ástand sem þá var ríkjandi. Ef það hefði ekki verið gert er vissa fyrir því, eins og hér hefur verið sagt og raunar vitnað til, að þeir betur stæðu, þeir betur megandi hefðu birgt sig upp af fóðri. Til þeirra hefði þessi aðgerð, sem vissulega var harkaleg, ekki náð. Hún hefði ekki verkað á framleiðslu þeirra, sem voru venjulega stærstu aðilarnir í þessum efnum. Enn fremur hefði það verið svo, að þeir aðilar, sem nota mjög mikið kjarnfóður, mjög mikið innflutt fóður, jafnvel svo skiptir nokkrum tonnum á dag, hefðu átt hægt með að birgja sig upp þannig að til þeirra hefði þessi gjaldtaka ekki náð í fyrstu lotu og þannig komið fram ófyrirgefanlegt misrétti.

Út af því, hvort það hafi verið réttlætanlegt eða hvort það stangist á við stjórnarskrána, eins og hv. síðasti ræðumaður var með bollaleggingar um, að setja þessi brbl., vil ég aðeins taka það fram, að bollaleggingar hv. þm. Halldórs Blöndals um að ríkisstj. hafi ekki meiri hl. á bak við þessa lagasetningu eru tilefnislausar. Þær bollaleggingar eru út í hött eins og ýmislegt fleira sem frá þeim hv. þm. hefur komið í seinni tíð. Ég skal ekki hafa fleiri orð um það efni.

Hv. þm. Steinþór Gestsson vitnaði til orða minna á þingi, að ég ætla 1978, þar sem sagði að ég teldi að 25—30% skattur á fóðurbæti komi ekki við þá betur stæðu og hefði lítil áhrif á framleiðslumagn. Þetta er út af fyrir sig allt rétt og stendur enn í dag. 25—30% eða 33% skattur, sem nú er í gildi, er ekki sérstaklega sterkur til áhrifa á framleiðsluna. Hann er ekki mjög áhrifaríkur ef ekki er öðrum ráðum beitt. Hins vegar var fóðurbætisgjaldið ákveðið 200% til að hafa þessi miklu áhrif, til þess að bændur, mjólkurframleiðendur, gæfu ekki innfluttan fóðurbæti í stórum stíl og áhrifin kæmu þá þannig fram.

En út af þeim orðum, sem hér hafa fallið, að með þessu væri um stórkostlega skattlagningu á bændur að ræða og hér væri gerð aðför að rekstri þeirra og efnahag, vil ég aðeins segja það, að enginn er knúinn til að gefa mjög mikið kjarnfóður að sumarlagi ef um sæmilega beit er að ræða fyrir mjólkurkýr. Það er mönnum í sjálfsvald sett, hvort og hversu mikið þeir kaupa af þessu fóðri, og þeir geta þá hagað sínum framleiðsluháttum í samræmi við það. Ef ef þetta gjald hefði ekki verið sett á og framleiðsla mjólkur hefði orðið — við skulum segja 3 millj. eða 4 millj. lítra meiri en raun varð á og ekkert fé hefði verið lagt fram af hálfu ríkisins til að mæta þeirri framleiðslu eða engir peningar hefðu dottið af himnum ofan, þá hefðu bændur í raun og veru fengið minna en ekkert fyrir þessa framleiðslu. Útflutningsverðið hefði aðeins greitt vinnslukostnaðinn þegar best lét og þá var ekkert eftir til að greiða bóndanum upp í þann rekstrarkostnað sem hann hafði lagt í. Því segi ég: Þá hefðu bændur fengið minna en ekkert, nema unnt hefði verið að finna pólitíska vilja fyrir því að bæta enn við aukna aðstoð ríkisins til þess að bæta upp þá framleiðslu. Þetta verða menn að hafa í huga þegar þeir dæma þessa hlið mála.

Gjaldið var sem sagt ákveðið svo hátt sem raun varð á til að hafa áhrif á framleiðslumagn. Ef gjaldið hefði verið ákveðið lágt, t. d. 25—30 eða 33%, hefði það ekki verið ákveðið til að hafa mikil áhrif á framleiðslumagn, heldur til þess eins að safna fé í verðjöfnunarsjóð til endurgreiðslna til bænda. Það kemur algjörlega heim og saman við það sem ég sagði í þeirri þingræðu sem hv. þm. Steinþór Gestsson vitnaði til áðan.

Um það, hvort lögin séu óljós eða óglögg, eins og hv. þm. orðaði það, vil ég aðeins segja þetta:

Í brbl. eru gefnar heimildir til endurgreiðslna á kjarnfóðurgjaldi. Þar eru ekki fyrirmæli um hvernig þeim endurgreiðslum skuli háttað eða til hverra þátta þeim skuli varið. Megininntak þessara laga og megininntak lagasetningar af hálfu Alþ. upp á síðkastið varðandi breytingar á lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl. er að gefa auknar heimildir til Framleiðsluráðs og Stéttarsambands bænda, rýmka þær heimildir sem fyrir voru í lögum. Þar á meðal er þetta, sem hv. þm. kallaði óljóst eða loðið, að veita breytilegar heimildir til endurgreiðslu eftir innlögðum afurðum, eftir bústærð, eftir landshlutum og eftir búgreinum í einstökum landshlutum.

Vel má vera að þessi upptalning sé ekki nægilega tæmandi. Hitt er ljóst, að það getur verið misjafnt ástand í einstökum landshlutum. Það getur þurft að beita þessu. Það getur verið um kal og sérstök harðæri að ræða í tilteknum landshlutum þó það sé ekki annars staðar. Það getur verið um mjólkurskort að ræða á tilteknu afmörkuðu svæði þó að sé ekki annars staðar. Það getur sem sagt þurft að mæta breytilegum aðstæðum og til þess eru lögin sett. Þau hafa það inntak að gefa heimildir til þess að hægt sé að mæta breytilegum aðstæðum í framleiðslu, veðurfari og fóðurbirgðum.

Hv. þm. Steinþór Gestsson lýsti andstöðu við brbl. og andstöðu við fóðurbætisgjald eins og það var lagt á s. l. sumar. Það var vitaskuld í fullu samræmi við þá ræðu sem

hann flutti hér. Nú talaði hv. þm. ekkert hlýlega um þær aðgerðir aðrar sem unnið er að í þessum málum, þar á ég við kvótakerfið, en látum það vera. Hv. þm. hefur flutt hér ásamt öðrum till. til þál. á þskj. 111. Í grg. þessarar þáltill. segir m. a. svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Sjálfstfl. er andvígur því fyrirkomulagi í stjórn framleiðslumála er byggist á framleiðsluskömmtun eða kvótafyrirkomulagi, eins og sú aðferð er jafnan nefnd."

Þarna kemur það fram. Hv. þm. er andvígur aðgerðum sem nú eru í gangi og Stéttarsamband bænda og Framleiðsluráð landbúnaðarins hafa undirbúið og valið af þeim leiðum sem lög heimila. Ég skal ekkert áfellast hv. þm. fyrir þetta, en enn segir í sömu grg., með leyfi forseta:

„Notkun kjarnfóðurs hefur tekið breytingum eftir verðlagi þess á hverjum tíma, sem síðan hefur komið fram í aukinni framleiðslu. Þetta sýnir, að kjarnfóðurgjald er áhrifamikil leið til að stjórna framleiðslu á búvörum."

Miðað við þetta ætti hv. þm. að hafa mælt með þessu frv., en ekki á móti því. Ég verð að segja það, að ég varð fyrir nokkrum vonbrigðum með að finna þennan tvískinnung í málflutningi hv. þm. annars vegar og þeim þskj., sem hann ásamt öðrum leggur fyrir Alþ., hins vegar.

Málið, sem við höfum við að etja, er þetta: Mjólkurframleiðslan er meiri og hefur verið meiri en við höfum markað fyrir. Við höfum í lögum ákveðna verðtryggingu frá ríkinu til að mæta halla af útflutningi búvara. Þessi verðtrygging dugar ekki til þess að fullu verði verði náð. Það er sameiginleg stefna bændasamtakanna og það hefur verið vilji stjórnmálaafla í landinu að draga úr þessum mismun og að nálgast það í mjólkurframleiðslunni að við færum hana til samræmis við innlendan markað. Þessum málum fylgja erfiðleikar. Þó að þeim fylgi erfiðleikar verðum við samt að taka á þeim. Við getum ekki búið við þetta ástand ótiltekinn tíma til frambúðar. Þess vegna verðum við að beita þeim ráðum sem verka í því efni að ná takmarki okkar. Og ég held að það blandist fáum hugur um að þau brbl., sem nú er leitað staðfestingar Alþingis á, hafi verið sú aðgerð sem mest hefur verkað og er þess vegna rökrétt til að framfylgja því sem bæði bændasamtökin og Alþingi hafa talið rétt að stefna í þessum málum.

Auðvitað var margt fleira í ræðu hv. þm. Steinþórs Gestssonar sem ástæða hefði verið að ræða nánar. Ég tel þess þó litla þörf, enda þótt þetta séu mál þess efnis, að þau séu það flókin og viðamikil að þau megi ræða í mjög löngu máli. Ég vil þó aðeins leiðrétta eitt sem fram kom hjá hv. þm. Steinþóri Gestssyni. Hann sagði að ég hefði sagst hafa ritað bréf til Framleiðsluráðs þar sem ég hefði mælst til þess að þeir, sem hefðu minni framleiðslu en 300 ærgildi, fengju fullt verð fyrir framleiðslu sína. Þetta er ekki alls kostar rétt. Staðreyndin er hins vegar að ég ritaði Framleiðsluráði bréf með samþykki ríkisstj. Þar sem ég mæltist til þess að fyrstu 300 ærgildisafurðir hvers bónda yrðu greiddar fullu verði. Það er allt annað því það nær yfir fyrstu 300 ærgildisafurðir stórbændanna einnig. Á þessu er mikill munur. — Þetta vildi ég aðeins taka fram, ef hv. þm. hefur misskilið þetta, en vel má vera að það hafi verið. Það ætti þá að liggja ljóst fyrir núna.

Þá gat hann þess, að í frv. væru engin fyrirmæli um ráðstöfun fjárins. Þess er vitaskuld ekki þörf að koma því að í brbl., því að það vinnst nægur tími til þess fyrir Alþ. að fjalla um þann þátt málsins. Ef Alþ. kýs að setja ákveðin fyrirmæli um hvernig fénu, sem inn kann að koma, verður ráðstafað er nægur tími til þess enn þá. Það var engin þörf á því á vordögum á þessu ári.

Ég skal ekki eyða orðum að ræðu hv. 7. landsk. þm. umfram það sem þegar hefur verið gert. Ég vil aðeins svara því, sem var spurning hans í lokin til mín sérstaklega, hvort landbrn. hefði ákveðið að gera könnun á framkvæmd skattalaga gagnvart bændum á harðindasvæðunum, eins og hann orðaði það. Síðsumars, í ágústmánuði, var ákveðið af fjmrh., sem fer með skattamál í landinu, að láta gera sérstaka könnun á því, hvernig skattalögin og framkvæmd þeirra hefðu komið við bændur. Sú athugun stendur yfir og er ekki lokið. En ég hef látið þess getið annars staðar að ég tel að það verði að gera breytingar á skattalögunum hvað snertir áhrif þeirra á bændastéttina.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að ræða bollaleggingar hv. 7. landsk. þm., hvorki um landbúnaðarmálin, eins og þau komu fram í ræðu hans, né um ákvæði stjórnarskrárinnar og annað sem þar voru höfð orð um.

Umr. frestað.

Umræður utan dagskrár.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Í fundarsköpum Alþingis er komist svo að orði um málfrelsi ráðh.: „Ráðh. mega tala svo oft sem þeim þykir þurfa, sbr. þó næstu mgr. hér á eftir og niðurlagsákvæði 38. gr." — En fremur segir, með leyfi hæstv. forseta, í 37. gr.: „Forseti gefur þm. venjulega færi á að taka til máls í þeirri röð, er þeir beiðast þess. Þó getur hann vikið frá þeirri reglu við ráðh. og frsm., svo og til þess, að ræður með og móti málefni skiptist á, eða til þess, að þm. geti gert stutta leiðréttingu eða athugasemd, er snertir sjálfan hann."

Ég get ekki séð að þessar heimildir eða leiðbeiningar um málfrelsi ráðh. réttlæti að hæstv. landbrh. hefur nú tvívegis fengið orðið. Í fyrra skiptið fékk hann orðið á síðasta fundi rétt um klukkan fjögur og talaði þá í umdeildu máli í hálftíma. Nú fékk hæstv. ráðh. orðið fyrir 40 mínútum, en þá voru tveir hv. þm. búnir að kveðja sér hljóðs og annar þessara þm., hv. 2. þm. Norðurl. e., Stefán Valgeirsson, hefur lýst því yfir á fundi þar sem hæstv. ráðh. var, að hann væri andvígur þeirri framkvæmd brbl. sem var í sumar, auk þess sem fyrir liggur að hann var fjarverandi er þessi brbl. voru rædd á þingflokksfundi. Ég get þess vegna ekki séð annað en að ég verði að gera athugasemd við það, að hæstv. ráðh. skuli geta gefið hér yfirlýsingar um skoðanir þm. sem eru á mælendaskrá, án þess að þeir hafi tækifæri til að svara fyrir sig sjálfir, og gagnrýna að hann skuli hvað eftir annað fá að hlaupa hér í ræðustólinn í lok ræðutíma án þess að einstakir þm. fái að svara fyrir sig.

Ég vil svo að öðru leyti aðeins segja að ég kann vel við röggsemi hæstv. forseta og finnst hann réttlátur í dómum sínum, en þess vegna harma ég þau mistök sem honum hafa orðið á gagnvart hæstv. landbrh.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég vil taka það fram, að varaforseta mínum, hv. 1. þm. Vesturl., hefur ekkert orðið á þegar hann gaf hæstv. landbrh. orðið í þessu máli.

Það liggur alveg ljóst fyrir, að það er föst siðvenja að í málaflokki og umr. um málaflokk viðkomandi ráðh. fær hæstv. ráðh. orðið eins fljótt og auðið er. Þetta er hér um bil ófrávíkjanleg regla, en forseti hefur þó auðvitað leyfi til að bregða út af henni. Eins og málum er háttað nú sé ég ekki að ástæða hafi verið til þess, þar sem mjög efnismikil ræða hafði verið flutt í málaflokknum sem hæstv. ráðh. taldi nauðsyn á að koma andsvörum við, og er málið, eins og ég sagði, tekið út af dagskrá.

Þingfararkaup alþingismanna, frv. (þskj. 92, n. 132 og 133). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Það þekkja flestir aðdraganda þessa máls.

Launakjör alþm. hafa verið ákveðin af þfkn. fram á þennan dag. Í upphafi þings var kjörin þfkn. með allsérstæðum hætti, en aðalverkefni hennar var að undirbúa frv. til l. um þingfararkaup alþm. Það frv., sem hér liggur fyrir, er árangur af því starfi og hefur verið rætt í öllum þingflokkunum og verið þar til umfjöllunar um nokkurt skeið.

Ég ætla ekki að fara að endurtaka þau sjónarmið sem hafa verið uppi varðandi þetta mál. Það kom fram í fjh.- og viðskn. í morgun að ýmsir höfðu um það efasemdir að rétt væri að þessi mál færu úr höndum þingsins, en hins vegar væri ekki um annað að ræða úr því sem komið væri.

Hv. þm. Albert Guðmundsson tekur ekki þátt í afgreiðslu málsins og hv. þm. Matthías Á. Mathiesen var fjarverandi. Ég vil taka það fram, að hv. þm. Matthías Á. Mathiesen er veikur og gat þess vegna ekki sótt fund nefndarinnar. Hins vegar taldi hann rétt að skila áliti varðandi þetta mál og gerði það eftir að fundi okkar lauk. Þess vegna er nál. sem ég mæli fyrir ekki frá meiri hl. fjh.- og viðskn. í reynd heldur frá fjh.- og viðskn. þar sem hv. þm. Matthías Á. Mathiesen gat ekki komið því við að vera á þeim fundi.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa lengra mál um þetta frv., en vil að endingu endurtaka að fjh.- og viðskn. leggur til að frv. verði samþykkt.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Eins og hv. frsm. fjh.- og viðskn. tók fram er hv. 1. þm. Reykn. veikur, en taldi þrátt fyrir það rétt að skila nál. til þess að það kæmi fram að ekki væru allir þm. samþykkir þessari meðferð málsins. Hann skilaði svofelldu nál., með leyfi forseta:

„Það er skoðun mín, að Alþingi eigi að ákvarða um þau mál, sem hér um ræðir, hér eftir sem hingað til."

Ég kvaddi mér hljóðs vegna þess að ég er sammála hv. 1. þm. Reykn. Ég tel að það sé ekki til þess að auka veg Alþingis að flytja þetta hefðbundna vald úr sölum Alþingis í hendur annarra aðila. Ég álít að Alþ. hefði ekki átt að láta undan þeim þrýstingi sem hefur komið frá rauðvínspressunni í sambandi við þetta mál, en halda áfram að afgreiða það hér eftir sem hingað til.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. hv. deildar tók ég ekki þátt í afgreiðslu þessa máls á fundinum, en vil með nokkrum orðum gera grein fyrir afstöðu minni og þá hvers vegna ég tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Eins og líka kemur fram var hv. þm. Matthías Á. Mathiesen fjarverandi í veikindafríi, en lætur í ljós skoðun sína í nál. sem þegar hefur verið minnst á. Ég vil lýsa því yfir að ég hefði gjarnan viljað vera með á því nál., en vegna fjarveru þm. átti ég ekki kost á því og ekki var haft samband við mig.

Ég sætti mig illa við að senda vandamál, er varða á einhvern hátt rekstur Alþingis, til ákvörðunar úti í bæ. Ég tek undir það, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að Alþ. sé hér á flótta undan utanaðkomandi þrýstingi, og tel það miður. Ég gat vel sætt mig við að þfkn. yrði lögð niður og hefði talið það eðlilegt. En ég tel jafneðlilegt að eins og rekstur Alþingis almennt er á ábyrgð þingforseta, þá sérstaklega forseta Sþ., hefðu kjaramál þm. verið fengin í hendur þingforsetum og þar með ábyrgð öll á rekstri Alþingis sameinuð í einu og sömu höndum. En þar sem ákvörðun um að láta undan þrýstingi sem er utanaðkomandi, og viðurkenna þar með vanmátt alþm. til að taka ákvörðun um eigin mál virtist vera ríkjandi, þá taldi ég mig ekki geta tekið þátt í afgreiðslu málsins í n., en læt kyrrt liggja, m. a. vegna þess að ég vildi ekki tefja framgang málsins.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Örfá orð út af þessu máli.

Það er ekki nýtt að kjör alþm. séu til umr. á hv. Alþingi, og í sjálfu sér er heldur ekkert nýtt að heyra um það skiptar skoðanir hvernig með þau mál eigi að fara. Ég tek undir það, sem hér hefur verið sagt, að með ákvörðun á þennan hátt sé Alþ. að láta undan þrýstingi. Ég hef verið þeirrar skoðunar, að þm. verði að vera við því búnir og taka þá kvöð á sig, þótt óvinsæl sé, að ákvarða þetta sem annað.

Ég skal ekki gera þetta að neinu deilumáli hér. Mér er ljóst að yfirgnæfandi meiri hl. þm. er á þeirri skoðun, að þessi mál eigi að leysa með þeim hætti sem nú er lagt til. Við því er auðvitað ekkert að segja. En ég hygg að það komi fljótlega gagnrýni frá rauðvínspressunni, sem svo var nefnd áðan af hv. þm. Pétri Sigurðssyni, þegar það kemur fram, sem ég hygg að verði, að almennt hækki laun þm. mjög verulega frá því sem þau eru nú við það að málið fer þennan veg. Þá segja hinir sömu sem gagnrýnt hafa að Alþ. ákvæði þessi sjálft: Þetta vissu þeir helvískir. Þess vegna fóru þeir þessa leið. — Ég er alveg viss um að þetta verður tónninn í þeim mönnum sem hafa gagnrýnt hvað mest launakjör alþm. eins og þau hafa verið ákveðin. Ég hefði því talið æskilegast þingsins vegna og sóma þess jafnframt að það héldi málinu áfram í sínum höndum, ákvarðaði það og léti lönd og leið þrýstihópa sem hafa að verulegu leyti með rangtúlkunum og beinlínis ósannindum gert kjör alþm. tortryggileg í augum almennings í landinu. Það er ekki langt síðan ég las í Dagblaðinu hrein ósannindi að því er þessi mál varðaði.

En ég ætla ekki að fara að efna til neinna umr. Ég lýsti því yfir í þingflokki mínum að ég mundi ekki beita mér gegn þessu máli þó að ég hefði þessa skoðun, en ég taldi rétt vegna þeirra umr., sem hér hafa orðið um málið, að láta skoðun mína koma fram.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég vil lýsa furðu minni á þeim málflutningi sem kemur fram í ræðum

manna undir þessum dagskrárlið, vegna þess að þetta mál hefur öðrum málum fremur verið rætt í þingflokkunum að gefnu tilefni í haust og reyndar í sumar. Það er ekki rétt, sem hér hefur verið haldið fram, að um utanaðkomandi þrýsting hafi verið að ræða í þessum efnum. Það hafa verið fluttar bæði þáltill. og frv. um þessi mál fyrr og ég er einn þeirra alþm. sem hafa stutt þá skoðun, að Kjaradómur eigi að fjalla um kjara- og launamál þm. Sú skoðun byggist ekki á því, að um áróður eða utanaðkomandi þrýsting hafi verið að ræða og allra síst frá svokallaðri rauðvínspressu, heldur byggist hún á allt öðrum atriðum.

Við skulum átta okkur á því, að þfkn. var lítið annað hlutverk ætlað en að fylgja ákveðnum launaflokki Bandalags starfsmanna ríkis og bæja þannig að vald hennar var orðið tiltölulega lítið. Það er stundum talað um sjálfstæði Alþingis og virðingu Alþingis, og það er alveg rétt, að auðvitað finnst okkur öllum og sjálfsagt miklu fleiri skorta talsvert á virðingu Alþingis. En ég held að þetta mál sé lítið framlag til þeirrar umr. Valdið hér á landi er stundum greint í þrennt, eins og í öðrum lýðræðisríkjum: í framkvæmdavald, dómsvald og löggjafarvald. Ég veit ekki betur en Kjaradómur ákveði launakjör hæstaréttardómara. Þar er um svipað að ræða og hér er verið að ræða um þegar alþm. eiga að taka laun samkv. úrskurði Kjaradóms.

Ég er sammála nál. meiri hl., sem liggur fyrir í þessu máli, og mun styðja þetta mál. Hitt er svo önnur saga, að þau tíðindi, sem gerðust s. l. vor þegar einstakir þm. útbreiddu óhróður um störf þeirra manna sem við höfðum kosið í þfkn., eru kapituli í málinu út af fyrir sig, en skipta litlu þetta frv., þótt ég viti að það hefur breytt afstöðu sumra. Það mál var bæði ráðh. og vissum þm. til vansæmdar og virðing Alþingis verður ekki meiri af slíkum málflutningi.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Það er eitt af grundvallaratriðum í stjórnskipun eins og þeirri sem við höfum, að mismunandi þættir ríkisvaldsins eigi að hafa eins konar eftirlit hver með öðrum, vera eins konar hemlar hver á annan. Þannig gegnum við því hlutverki hér á löggjafarþinginu að fylgjast vandlega með framkvæmdavaldinu og ríkisstj. og dómstólarnir fylgjast með afleiðingum af því sem báðir þessir aðilar gera. Ég tel því, að síður en svo sé neitt við það að athuga að Alþ. ákveði að utanaðkomandi aðili skuli setja taxta fyrir kaupgjald og önnur kjör alþm.

Ég held að það sé viðurkennt að þjóðhöfðingjar, forseti í okkar tilviki, konungar og drottningar annars staðar, séu æðstu aðilar stjórnvalda hver í sínu ríki. Hví í ósköpunum skyldi forsetinn ekki ákveða sín kjör sjálfur ef hann hefði sama stolt og sumir þm. hafa hér? En hverjum dettur slíkt í hug? Ég veit ekki betur en fjárveitingavaldið úthluti þjóðhöfðingjum kaupi og öðrum kostnaði í öllum löndum þar sem ég hef til frétt.

Þar sem þing hafa haft í eigin höndum ákvörðun á kaupgjaldsmálum þm. hefur reynslan yfirleitt orðið sú, að hinn raunverulegi ákvarðandi er ríkisstj. Ríkisstj. er á hverjum tíma háð ýmsum pólitískum sveiflum, og hefur hvað eftir annað komið fyrir, að óviðkomandi pólitískir atburðir hafa haft áhrif á eðlilegar ákvarðanir um kjör þm.

Ég tel að sú hugmynd, að Alþ. sé svo hátt yfir aðra hafið í þessu landi að það geti ekkert vald frá sér látið og eigi að ráða öllum sínum málum, sé valdahroki. Ég held að alþm. ættu að skoða vandlega kostnað Alþingis, hvernig hann hefur rokið upp úr öllu valdi og mun víst vera kominn hátt á þriðja milljarð, og íhuga það, að svo miklir menn erum við að venjuleg endurskoðun eða önnur prófun á þessum kostnaði eða gagnrýni á honum á sér ekki stað. Einir allra manna í þessu landi getum við sem stofnun gefið út ávísanir nokkurn veginn eftir vild og það er enginn sem vefengir þær.

Ég tel að þetta frv. sé eðlilegt skref sem við hefðum átt að taka fyrir löngu. Það hafa eldri þing — breska þingið — fyrir nokkru stigið sams konar spor. Það var nefnd manna utan þings sem tók ákvörðun um hver launakjör þm. ættu að vera þar, og geri ég ráð fyrir að röksemdir hafi verið svipaðar þar, en þeir stigu þetta skref þó. Ég tel að efni þessa frv. sé sjálfsagt og við hefðum átt að vera búnir að gera þetta fyrir löngu.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég vil nú láta þess getið, að það er fullmikið sagt hjá hv. 4. þm. Reykv. að Alþ. hafi ekki bókhald sitt og reiður í lagi eða að Alþ., eins og hv. þm. sagði, geti gefið út ávísanir án þess að nokkur hafi með uppgjör á þeim málum að gera. En forsetar hafa tekið ákvörðun um og hafa fengið samþykki ríkisbókara fyrir því, að allt bókhald Alþingis verði fært þangað frá og með 1. janúar n. k. Þetta er ákveðið og þetta vil ég upplýsa að þessu gefnu tilefni.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Það er stutt aths. vegna orða sem féllu hjá hv. 10. þm. Reykv., Finnbjörg Sophussyni.

Ég hefði ekki staðið hér upp og talað eins og ég talaði né Matthías Á. Mathiesen, 1. þm. Reykn., lagt fram nál. sitt nema vegna þess að við höfum báðir fyrirvara í þingflokki okkar um stuðning við þetta frv. og höfðum alltaf fyrirvara á. Síðast þegar þetta var rætt í minni viðurvist þar skýrði ég formanni þingflokks frá því um leið og ég fór af fundi, að ég mundi ekki styðja frv., en ég mundi hins vegar ekki tefja að það næði fram því að ljóst væri að mikill meiri hl. væri með þessari leið.

Það hefur ekki komið hér fram, en það er nú kannske mál og má vera að rétt sé að draga það fram vegna orða síðasta hv. ræðumanns, að þegar talað er um að hér megi kannske líta svo á að um valdahroka sé að ræða hjá þinginu ef það vil halda þessu valdi áfram hjá sér, þá geta líka verið aðrar hvatir til, sem ég bið hv. þm. og aðra að hafa í huga, þegar Kjaradómur kveður upp sinn dóm. Það er, að ef Kjaradómur er sjálfum sér samkvæmur er ljóst að laun alþm., þegar dómur verður kveðinn upp, munu stórhækka til þess að haldið verði í við sambærilega aðila á hinum frjálsa launamarkaði og reyndar hjá þeim aðilum líka sem nú búa við Kjaradóm. Það er þetta sem kannske er meginmál hjá mér og við hefðum átt að varast, að það verður erfiðara fyrir Alþ. á eftir að koma fram fyrir íslenska launamenn og segja við þá: Viljið þið gera svo vel og klípa aftan af launum ykkar þó að það verði ekkert fordæmi frá Alþ. þar um. — Mér er hins vegar kunnugt um að Alþ. hefur á undanförnum misserum margítrekað gert það.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég ætlaði ekki að hafa mörg orð um þetta frv., en ég vil þó láta þess getið, að ég tel engan veginn að frv. sé óumdeilanlegt eða gallalaust. Það virðist hins vegar nokkuð ljóst að

yfirgnæfandi meiri hl. þm. óskar eftir því, að frv. nái fram að ganga í þessum búningi. Ég mun ekki setja mig upp á móti því þó að ég telji að vísu að sum ákvæði þess hefðu þurft nánari athugunar við.

Ég held að það sé líka rétt, sem kom hér fram hjá sumum ræðumönnum áðan, að allar líkur séu á að afleiðingin af samþykkt þessa frv. verði sú, að þm. geti átt von á talsverðum kauphækkunum sem kannske skella yfir á versta tíma þegar þeir eru að ætlast til þess af öðrum landsmönnum að gerðar séu hóflegar kröfur. Þetta getur svo sannarlega komið sér afar illa og verið mjög óheppilegt.

Ég verð hins vegar að segja það, að mér þykir dálítið vafasamt þegar þær skoðanir heyrast hér, að eðlilegast væri að hafa ekki mörg orð um þetta frv. og réttast væri að láta það fljóta hér í gegn umræðulaust, eins og ég skildi einna helst hv. þm. Friðrik Sophusson áðan, því að satt að segja tel ég að það væri Alþ. til lítils sóma að láta mál eins og þetta læðast í gegnum þingið meira eða minna umræðulítið eða umræðulaust.

Ég verð að segja að mér finnst furðulegur hraði á þessu máli, að það skuli vera ætlun forseta að ljúka umr. og gefa ekki hv. þm. Matthíasi Á. Mathiesen, sem þó skilar séráliti, kost á því að mæla fyrir séráliti sínu við 2. umr. málsins. Mér finnst það mjög sérkennilegt, svo að ekki sé meira sagt, og mundi telja það sjálfsagða kurteisi forseta við hv. samflokksmann sinn að gefa honum kost á að mæla fyrir nál. sínu.

Ég ætla svo ekki að hafa mörg frekari orð um málið, en láta þess getið, að sú grein frv., sem að vísu hefur orðið fullt samkomulag um milli þeirrar nefndar, sem undirbjó málið, en ég er hvað mest óánægður með, er 11. gr. frv. sem hljóðar svo:

„Nú gegnir alþm. starfi hjá ríki eða ríkisstofnun með þingmennsku. Skal hann þá njóta launa hjá ríki eða ríkisstofnun samkv. mati viðkomandi rn., þó aldrei hærri en 50%."

Ég hefði talið eðlilegast að því hefði verið slegið föstu, að alþm. gegndu ekki öðrum fastlaunuðum störfum. (Gripið fram í.) En ég mun ekki flytja till. þess efnis. Nei, ég mun ekki gera það þó að skoðun mín sé að eðlilegast væri að þannig væri á málinu haldið. Ég ætla að beygja mig fyrir því samkomulagi sem hefur tekist um þetta mál og er, eins og menn vita, samkomulag allra þingflokka. Ég tel hins vegar enga ástæðu til að dylja það, að ég er óánægður með þetta ákvæði og ég er sérstaklega óánægður með að það skuli vera háð mati viðkomandi rn. hversu há prósentan skuli vera. Ég tel að þarna sé boðið upp á að eitt rn. úrskurði hana á einn veg og annað rn. á annan veg og geti því orðið hið herfilegasta ósamræmi. Ég hefði talið að þarna þyrfti einn aðili að vera úrskurðaraðili og tryggja að samræmi væri.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa orð mín fleiri. Ég efast ekkert um, að frv. þetta fer óbreytt í gegnum þingið, og ég mun ekki koma í veg fyrir það, en ég hefði talið það lágmarksskyldu forseta að sjá til þess, að sá þm., sem ekki getur verið hér mættur vegna veikinda og hefur skilað séráliti í málinu, fái aðstöðu til að mæla fyrir því.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég vil taka fram, að ég veit ekki hvar mundi lenda ef afgreiðsla brýnna mála á hinu háa Alþingi ætti að fara eftir heilsufari einstakra þm. Framkomu minni við flokksbræður mína sem aðra ætla ég að ráða sjálfur.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég þakka hæstv. forseta fyrir aths. við orð mín áðan og alveg sérstaklega fyrir þær upplýsingar, að forsetar hefðu nú á 103. löggjafarþingi Íslendinga tekið þá ákvörðun að alþingiskostnaður skuli færður af ríkisbókhaldi eins og annar rekstur ríkisins. Ég met mikils þá hugsun sem á bak við þá ákvörðun forsetanna er, af því að ég tel að Alþ. eigi að sæta sem líkastri meðferð öllum öðrum opinberum rekstri.

Það virðist svo af ræðum manna, að það sé gengið út frá því sem vísu að dómur sá, sem á samkv. þessu frv., ef af lögum verður, að taka ákvarðanir um kjör alþm., hljóti að stórhækka laun þm. Mér finnst í hæsta máta óviðeigandi að þm. gefi slíkar yfirlýsingar, jafnvel þótt þeir telji sig hafa vissu um að svo sé eða meti stöðuna svo. Þetta er móðgun við dóminn. Og ég vil taka það fram fyrir mína hönd, að ég hef stutt tillögur um þessa aðferð í fjöldamörg ár, síðan þær komu hér fyrst fram, og afstaða mín byggist því ekki á getgátum um hvort dómurinn muni verða alþm. hagstæður eða ekki. Ég vil finna skásta kerfi sem við getum fundið til að þm. fái nokkurn veginn eðlileg laun miðað við það sem gerist í landinu. Það er svo oft þegar við sjálfir, og þar af leiðandi þeir sem ráða fyrir meiri hl. á þinginu, eigum að ákveða þetta að upp koma þessi orð: Það er óþægilegt að þm. fái kaupbreytingu núna, — rétt eins og heyrðist áðan. Ef menn vilja fara eftir því, að það er yfirleitt alltaf pólitískt óþægilegt ef þm. fá launabreytingar, er kannske rétt að við lögfestum að við skulum hafa 20—30% lægra kaup en einhverjar viðmiðunarstéttir. Ég sé enga betri leið til að forðast þau eilífu pólitísku óþægindi sem gera þetta að viðkvæmnismáli ár eftir ár, en láta aðila utan þings taka þessa ákvörðun.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—14. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Neðri deild, 21. fundur.

Miðvikudaginn 19. nóv., að loknum 20. fundi.

Þingfararkaup alþingismanna, frv. (þskj. 92). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 21:1 atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 134).

Sameinað þing, 22. fundur.

Fimmtudaginn 20. nóv., kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Jón Helgason): Mér hefur borist svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 18. nóv. 1980.

Magnús H. Magnússon, 5. þm. Suðurl., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Alþfl. í Suðurlandskjördæmi, Ágúst Einarsson útgerðarmaður, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Sverrir Hermannsson,
forseti Nd."

Hér með fylgir kjörbréf Ágústs Einarssonar og vil ég biðja kjörbréfanefnd að taka það til athugunar. Verður gefið fundarhlé á meðan. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur haft til athugunar kjörbréf Ágústs Einarssonar, sem er 1. varaþm. Alþfl. í Suðurlandskjördæmi. Kjörbréfanefnd gerir engar aths. við kjörbréfið, leggur til að kosning verði tekin gild og kjörbréfið samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 44 shlj. atkv.

Forseti (Jón Helgason): Ágúst Einarsson hefur áður átt sæti á Alþingi og undirritað eiðstaf og býð ég hann nú velkominn til starfa.

Efnahagsráðstafanir ríkisstjórnarinnar, fsp. (þskj. 102). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal): Herra forseti. Á þskj. 102 hef ég leyft mér að flytja svo hljóðandi fsp. til hæstv. forsrh.:

„Mega alþm. gera ráð fyrir því, áður en þeir fara heim í jólaleyfi, að þeir fái að sjá á borðum sínum till. ríkisstj. í sambandi við þær ráðstafanir, sem hún telur nauðsynlegt að gera vegna myntbreytingarinnar sem fram á að fara um áramót?"

Þessi fsp. er flutt af því tilefni, að við umr. um myntbreytinguna og boðaðar efnahagsráðstafanir samtímis henni var þeirri spurningu þráfaldlega beint til ríkisstj., hvenær þm. yrðu kynntar þessar till. Upp úr hæstv. ráðh. dróst ekki orð sem máli skipti.

Fyrir tveim dögum gerði hæstv. forsrh. verðbólguna að umræðuefni, og ef dæmt er eftir málflutningnum, var hann hvorki bjarteygur né heiðarlegur eins og Jón úr Vör skáld hefur lýst öðrum sjálfstæðisráðherra í þessari ríkisstj. Hæstv. forsrh. sagði sem sagt að verðbólgan væri á þessari stundu 51%, en hefði verið liðlega 60% þegar ríkisstj. hefði tekið við, eða eins og hann sagði orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Eftir síðustu hækkun framfærsluvísitölu, umreiknað til 12 mánaða á ársgrundvelli, er verðbólgan 51%. M. ö. o. og það vita allir að verðbólgan er minni nú en hún var á síðasta ári og þegar ríkisstj. tók við. Þetta liggur fyrir, þetta eru staðreyndir."

Svona lítur málflutningur hæstv. forsrh. út. Frá 1. nóv. í fyrra til 1. febr. í ár varð hækkun framfærsluvísitölu 42% miðað við ár. Ber að skilja það svo að verðbólgan hafi verið 42% þegar þessi ríkisstj. tók við, eins og reikningsaðferð hæstv. forsrh. gefur í skyn? Nei, vitaskuld ekki. Í báðum tilvikum hefur verðbólgan verið meiri, óhjákvæmilegum hækkunum hefur verið haldið niðri, atvinnuvegirnir og raunar þjóðarbúið í heild hefur verið rekið með halla. Á tímabilinu frá 1. febr. til 1. maí hækkaði framfærsluvísitalan um 64% og hækkun hennar til 1. febr. n. k. verður svipuð. Ef framfærsluvísitalan er lögð til grundvallar og hliðsjón er tekin af byggingarvísitölu, hækkun hennar til 1. jan., má búast við að verðbólgan sé á þessu augnabliki ekki undir 55—56% — og raunar yfir 60% ef ekki hefði komið til niðurgreiðslnanna til að skekkja framfærsluvísitöluna sem raunverulegan mælikvarða á útgjöld heimilanna. Frá 1. nóv. til dagsins í gær hefur dollar hækkað um 3.26%, sem samsvarar 58.7% á ári.

Herra forseti. Ég hef í tengslum við þessa fsp., eins og eðlilegt er, nokkuð gert að umræðuefni hugmyndir hæstv. forsrh. um verðbólguna og þróun hennar. Ég þarf ekki að ítreka fsp. mína hér í ræðustólnum, hún liggur fyrir á þskj. 102.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Spurt er hvort alþm. megi gera ráð fyrir því, áður en þeir fara heim í jólaleyfi, að þeir fái að sjá á borðum sínum till. ríkisstj. í sambandi við þær ráðstafanir sem hún telur nauðsynlegt að gera vegna myntbreytingarinnar sem fram á að fara um áramót. Í stefnuræðu minni á Alþ. 23. okt. s. l. er komist svo að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Sú breyting á ísenskri krónu, sem verður nú um næstu áramót, er í meginatriðum formbreyting, en hefur einnig raunverulegt gildi. Hún á í fyrsta lagi að auka traust manna á krónunni. Þegar hver króna verður hundrað sinnum meira virði en nú, þá er hún komin í hóp annarra gjaldmiðla á Norðurlöndum. En þessi hugarfarsáhrif geta því aðeins orðið að gagni, að aðrar ráðstafanir fylgi sem sannfæri almenning um að alvara sé á ferðum til þess að treysta gildi krónunnar og veita verðbólgunni viðnám. Samfara þessari breytingu hefur ríkisstj. í huga margháttaðar efnahagsaðgerðir.

Gagnger athugun og endurskoðun er nú hafin á þeirri víðtæku sjálfvirkni sem nú á sér stað ýmist samkv. lögum, samningum eða venjum um verðlag, vexti, kaupgjald, lán og önnur atriði er verulegu skipta um þróun efnahagsmála. Þessi sjálfvirkni og víxlhækkanir eiga sinn mikla þátt í verðþenslunni. Um þessi mál verður haft samráð við þau samtök, sem hlut eiga að máli.

Þetta var úr stefnuræðunni 23. okt. Rækileg könnun fer nú fram á hugmyndum og till. um aðgerðir í efnahagsmálum. Útreikninga þarf að gera og áætlanir. Á

þessu stigi er ekki vitað hvenær þessum undirbúningi lýkur og því er ekki unnt að gefa yfirlýsingu um það sem fsp. felur í sér.

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal): Herra forseti. Svarið var eins og vænta mátti. Það er skáldleg taug í hæstv. forsrh., en innihaldið var nánast ekki neitt.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég verð nú að taka undir með hv. þm. Halldóri Blöndal fyrirspyrjanda, að menn voru ekki miklu nær eftir svar hæstv. forsrh. Það er enn eftir 10 mánaða starfsferil ríkisstj. verið að reikna og reikna og ekki hægt að segja hvort till. verði kunngerðar hér á þingi fyrir jól eða ekki, en myntbreytingin á að fara fram 1. jan. n. k. Þetta eru auðvitað engin svör. En í Morgunpóstinum í morgun var viðtal við hæstv. viðskrh. og hann endurtók að vísu fréttatilkynningu ríkisstj., að verðbólgan væri að hjaðna, en sagði að nú væri búið að hlaða byssuna að nýju og það mætti búast við 70% verðbólguvexti frá byrjun til loka næsta árs, hvorki meira né minna. Aðrar spár segja 80—90%.

Nú er spurningin: Hver hefur hlaðið verðbólgubyssuna? Launasamningar hafa farið eftir kokkabókum ríkisstj. Að vísu sögðu hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. að það mættu engar grunnkaupshækkanir eiga sér stað. En þeir gerðu samninga við opinbera starfsmenn sem urðu forsenda fyrir 10—11% grunnkaupshækkun á almennum vinnumarkaði, og þetta sagði hæstv. viðskrh. að væri að hlaða verðbólgubyssuna að nýju. Hver hlóð verðbólgubyssuna að nýju? Það er hæstv ríkisstj. sem hefur hlaðið verðbólgubyssuna og er þess vegna orsök þeirrar verðbólguöldu sem hæstv. viðskrh. gerði að umtalsefni. Nú er spurningin: Í hvaða átt stefna væntanlegar efnahagsráðstafanir? Í hvaða átt beinir hæstv. ríkisstj. verðbólgubyssunni? Beinir hún verðbólgubyssunni að almennum lífskjörum landsmanna? Eða beinir hún verðbólgubyssunni e. t. v. til þess að stytta sjálfri sér aldur? Nema hvort tveggja verði.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Dagsetning fyrir krónuskipti hefur fyrir löngu verið ákveðin. Miklar athuganir hafa farið fram á slíkum krónuskiptum, bæði áður fyrr og snemma á þessu ári. Sérfræðingar, sem um það fjölluðu, voru um eitt sammála, að meginráðstafanir til að gera krónuskiptin varanlega gagnleg yrðu að gerast fyrir skiptin, meginráðstafanir vegna krónuskiptanna verða að gerast áður en skipt er um mynt, en ekki eftir á.

Nú eru liðnir 10 mánuðir og enn fást þau einu svör, að mál séu í athugun. Því miður er ógerningur annað en segja að þessi óvenjulega tregða ríkisstj. hafi valdið og valdi þjóðinni mikilli óvissu, sem hlýtur að auka verðbólgubálið, og að þessi loðnu svör sýni ótvírætt stjórnleysi í efnahagsmálum.

Það eina, sem hefur komið fram í opinberri tilkynningu nú nýlega, var fullyrðing um að ríkisstj. hefði tekið við 60% verðbólgu. Það er orðaleikur eins og oft áður um það efni. Þeir reikna sjálfir út við hverju þeir hafi tekið, það hefði alveg eins mátt reikna 20—30 ár aftur í tímann og segja að þeir hafi tekið við 1000% verðbólgu eða eitthvað svoleiðis.

Samkv. sérstakri rannsókn, sem gerð var af Efnahagsstofnun þegar núv. ríkisstj. tók við, hafði verðbólguaukning á 4 mánuðum þar á undan verið 16—17%, sem framreiknað á ársgrundvöll er 42%. Ég endurtek það sem hv. þm. Magnús Magnússon sagði hér síðast og við höfum sagt áður, að það er ómerkilegt af ríkisstj. að leika slíkan talnaleik í fölsunarskyni.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil gjarnan — ef ég má, með leyfi hæstv. forseta — spyrja hvort ekki séu nákvæmlega sömu ráðstafanir sem þarf að gera nú eins og þurfti að gera þegar myntbreytingin var ákveðin. Hver ráðlagði þessa myntbreytingu? Hvaða ráðstafanir í efnahagsmálum voru fyrirhugaðar samfara myntbreytingunni þegar hún var samþ.? Hafa forsendur fyrir myntbreytingunni breyst síðan hún var ákveðin? Ef svo er tel ég rétt að fresta myntbreytingunni.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Það er eins og fyrri daginn þegar hv. þm. varpa fram fsp. til hæstv. ríkisstj. að svör gefast ekki. Hæstv. forsrh. vitnar í stefnuræðu sína, en í stefnuræðunni stóð ekki nokkur skapaður hrærandi hlutur sem hægt var að átta sig á og upplýsa kynni þetta mál. Jafnframt hefur hann haft þann hátt á að vitna í stefnuskrá hæstv. ríkisstj. og þar er sömu sögu að segja. Þetta er því fyrir menn eins og að fljúgast á við mikið af ull sem ekki er einu sinni í böllum.

Það var með ólíkindum að hlýða á yfirlýsingu sem gekk út frá forsrn. um það að verðbólga hefði minnkað. Það er búið að sýna fram á með hvaða hætti þeir útreikningar eru gerðir. Það eru rangar forsendur. Þetta eru hreinar falsanir, og hæstv. viðskrh. upplýsti í viðtali rétt fyrir 8 í morgun að þeir í hæstv. ríkisstj. væru búnir að hlaða byssuna á ný og stefndi nú rakleiðis í 70% verðbólgu. Engin svör gefast við því, hvort ríkisstj. hafi ráðstafanir í undirbúningi. Hún segir það að vísu, en ekki hvenær og ekki hvers eðlis. Ríkisstj., sem tók við fyrir 10 mánuðum, segir núna hæstv. forsrh.: Það þarf að gera útreikninga og það þarf að gera áætlanir. — Einhvern tíma hefði hann vísað til sjálfs stjórnarsáttmálans um það, að þar væru áætlanir og þar væri það sem á skyldi byggja, þær ráðstafanir sem fram skyldu fara. Það er mála sannast að hæstv. ríkisstj. veit ekki sitt rjúkandi ráð. Við heyrum ókyrrðina í framsóknarmönnum, en það er eins og fyrri daginn, það er ekki mikið upp úr þeim iðraþrautum leggjandi. Ég verð að segja það eins og er, að ég sárvorkenni þeim mönnum sem gera sér grein fyrir því hvert stefnir, en fá ekki með neinu móti opnað augu þessarar hæstv. ríkisstj. Ég veit um marga hv. þm. sem sjá í hvaða voða stefnir, en verða við það að búa að fá engar upplýsingar fremur en við í stjórnarandstöðunni um hvert stefnir og hvert halda skal.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Það hefur verið vakin athygli á því, hvað hæstv. viðskrh. sagði í útvarpi í morgun. Eitt af því, sem kom fram í hans máli þar, var að hann teldi, að kjararýrnunin yrði 6% frá þessum tíma á þessu ári til sama tíma næsta árs, og hann byggði það á könnun. Ég spyr hæstv. viðskrh.: Hvaða könnun var það? Vill hann koma hér og segja frá því, hverjir könnuðu þetta mál fyrir hann? Það væri athyglisvert ef hann léti okkur vita á hvaða könnun þetta er byggt. Þetta má að vísu teljast til staðreyndar, en það er gott til þess að vita að einhver ríkisstofnun eða annar aðili hefur kannað þetta mál.

Auk þess sem mikið hefur verið talað um niðurtalningu sem ég tek lítið mark á og reyndar enginn orðið, þá er ljóst að opinberar stofnanir eru reknar með miklum

halla. Þær þurfa að fá gjaldskrárhækkanir umfram það sem þær hafa beðið um. Það þýðir að vísitalan hækkar. Svar hæstv. ríkisstj. virðist vera það að breyta vísitölugrundvellinum. Um þetta hefur verið talað í nokkra mánuði. Engin svör fást. Hvar stendur það mál? Er það mál hjá Hagstofunni? Hvar stendur þetta mál?

Hæstv. forsrh. hefur lesið aftur stefnuræðu sína, og það væri út af fyrir sig ágætt að heyra hana aftur ef hún segði eitthvað, en það gerði hún ekki. Þar stóð aðeins að koma ætti í veg fyrir sjálfvirkni. En hvernig er það hægt án þess að gerbreyta vísitölukerfinu þannig að kjör skerðist? Þetta er fsp. í beinu framhaldi af þeirri sem varpað hefur verið fram til hæstv. forsrh.

Hér í þingsalnum situr einn ágætur hv. þm. sem heitir Ólafur Ragnar Grímsson. Hann sat í efnahagsnefnd á sínum tíma. Sú n. lauk störfum fyrir mánuðum, og þá var tilkynnt að niðurstöðurnar kæmu eftir eina viku. Sú vika er löngu liðin. Hann situr hér í þingsalnum og þegir. Þessi hv. þm. hefur stundum haft rænu á því að taka til máls, jafnvel óbeðinn. Nú bíða menn spenntir eftir því, hvort hann treystir sér til þess að segja hvað sú nefnd hafði á prjónunum, hvort hann þorir að koma hér upp í ræðustólinn og segja Alþýðusambandsfulltrúunum hvað gera skuli. Menn bíða eftir svari frá honum. Hann hefur stundum sýnt kjark. Þingheimur tekur jafnframt eftir því, að Guðmundur J. Guðmundsson er horfinn.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Hv. þm. Albert Guðmundsson bar hér í fyllstu kurteisi fram eina fsp. til hæstv. forsrh. Hún var á þá leið, hvort ekki væru nú sömu forsendur fyrir eða öllu heldur hvort ekki væri nauðsyn á sömu ráðstöfunum nú og fyrirhugaðar voru þegar lög voru samþ. um gjaldmiðilsbreytingu. Við vitum það, stjórnarandstæðingar, að hæstv. forsrh. virðir okkur ekki svars. Hann hefur ekki gert það, hve ítarlega sem við höfum spurt hann. En nú vill svo til að hv. þm. Albert Guðmundsson hefur hingað til varið þessa ríkisstj. falli. Hann er ekki stuðningsmaður ríkisstj. og hefur aldrei verið, sem betur fer, en hann lýsti þó yfir að hann mundi verja þessa stjórn falli.

Ef við stjórnarandstæðingar eigum ekki heimtingu á því og íslenska þjóðin að fá að vita um skoðanir hæstv. forsrh. og fá svör við einföldum spurningum, þá skyldi maður þó ætla að maður eins og hv. þm. Albert Guðmundsson ætti heimtingu á þeirri sjálfsögðu kurteisi af hálfu hæstv. forsrh. að hann svaraði svo einföldum spurningum. Það var líka athyglisvert, að hv. þm. lýsti yfir að ef ekkert yrði að gert væri hann hlynntur því að fresta gjaldmiðilsbreytingunni. Það er ég líka. Við stjórnarandstæðingar höfum boðist til að aðstoða ríkisstj. við undirbúning að gjaldmiðilsbreytingunni, ef *hún á að fara fram 1. jan. Við erum enn þá reiðubúnir til* þess. En við getum það auðvitað ekki nema við náum samstarfi við ríkisstj., við fáum einhverjar upplýsingar um hvað það sé sem hún hyggst gera, hvað það sé sem felist í lopanum sem birtist í stefnuræðu hæstv. forsrh. Frá þeim manni koma aldrei svör við einu eða neinu. Þó er þetta forsrh. lýðveldisins Íslands. Ég trúi því ekki, að þessari umr. verði svo lokið hér í dag að hæstv. forsrh. móðgi hv. þm. Albert Guðmundsson með þeim hætti að virða hann ekki svars, að svara hér engu. Ég skora á hann að svara fsp. hv. þm.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Hæstv. ráðh. verður svarafátt. En þrátt fyrir það vil ég freista þess að spyrja þá tveggja spurninga, hæstv. forsrh. og hæstv. viðskrh., og gjarnan hefði ég viljað beina þeim spurningum einnig til hæstv. fjmrh. sem því miður hefur fjarvistarleyfi.

Ef gengið er út frá verðbólguspá þeirri sem hæstv. viðskrh. kynnti í Morgunpóstinum í morgun og mun vera gerð af Þjóðhagsstofnun svo að ég býst ekki við að hún sé vefengd, nema þá að hún sé of varleg eins og spár frá þeirri stofnun yfirleitt eru, og skal ég út af fyrir sig ekki lasta það, — ef gengið er út frá þessari spá um 70% verðbólguaukningu frá byrjun til loka næsta árs, þá er hækkun verðbólgu frá meðaltali yfirstandandi árs til meðaltals næsta árs milli 65 og 70%. En eins og kunnugt er er fjárlagafrv. og væntanleg lánsfjáráætlun byggð á því, að verðbólguvöxturinn að meðaltali frá yfirstandandi ári til næsta árs verði ekki nema 42%. Nú fáum við þm. ekki neina vitneskju um það, hvaða ráðstafanir gera skuli, ekki eingöngu í tengslum við myntbreytinguna, heldur einnig til þess að hafa til hliðsjónar í sambandi við afgreiðslu fjárlaga og lánsfjáráætlunar. Forsendur fjárl. og lánsfjáráætlunar eru algerlega brostnar eins og sjá má af þessari spá. Þess vegna er spurning mín til ráðh.: Hvenær verða þær upplýsingar gefnar, eða ætlar hæstv. ríkisstj. að fresta afgreiðslu fjárl. og lánsfjáráætlunar fram yfir áramót? Þetta var fyrri spurningin.

Seinni spurningin er: Hvað hyggst ríkisstj. gera varðandi framkvæmd svokallaðra Ólafslaga í sambandi við vaxtabreytingu? Samkv. *þeim lögum á fullkomin* aðlögun vaxta og verðbólgustigs að hafa átt sér stað fyrir lok þessa árs. Samkv. þessu þyrftu vextir að hækka um 10 prósentustig eða úr 46% í 56%, ef um vaxtaaukalán er að ræða. Spurning mín er því sú: Hvernig ætlar ríkisstj. að standa að vaxtaákvörðunum?

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Út af fsp. hv. 1. þm. Reykv. vil ég taka þetta fram:

Því er yfir lýst og ætti ekki að dyljast fyrir neinum, að ríkisstj. mun beita sér fyrir því og leggja til við Alþingi að lengja þann aðlögunarfrest verðtryggingar, sem ákveðinn er í lögum um stjórn efnahagsmála. Þessu var lýst yfir í stefnuræðu 23. okt. á þá lund, að ríkisstj. telur að lengja þurfi aðlögunarfrestinn um eitt eða tvö misseri. Þetta liggur fyrir.

Í öðru lagi vitnar hv. þm. í að nú sé spáð 70% verðbólgu á næsta ári og það stangist gersamlega á við þær tölur sem fjárlagafrv. byggir á. Hér fer hv. þm. gersamlega villur vegar, vegna þess að þær hugmyndir, sem nefndar hafa verið um 70% verðbólgu á næsta ári, eru á því byggðar að ekkert verði að gert, heldur að allt haldi áfram án þess að nokkrar aðgerðir komi til. Nú er *því margyfirlýst og hv. þm. vita það ósköp vel, að ríkisstj.* undirbýr margháttaðar aðgerðir til þess einmitt að veita viðnám gegn verðbólgunni.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Hæstv. forsrh. kippti með sér stefnuræðunni og lofaði okkur að heyra tilvitnun í hana að sjálfsögðu, sem enginn hafði grætt á að lesa áður.

Hæstv. forsrh. telur menn fara villa vegar þegar þeir vísa til þess að upplýst hafi verið af sjálfum hæstv. viðskrh. að verðbólgan stefni í 70%. Ég verð að segja það, að ég hef það mikið álit á hæstv. viðskrh. að ég tek hann trúanlegan. En hér er tönnlast á því, að það eigi að

hefja aðgerðir. Þetta var sagt við myndun þessarar hæstv. ríkisstj. Ráðh. þurfa að vísu tíma áfram til útreikninga og til skipulagningar á verkum sínum. En ekkert annað fáum við að vita en að það eigi að framkvæma aðgerðir. Þeir hlytu að upplýsa okkur um hvað stæði til ef þeir vissu það sjálfir. Ekki er um gengisbreytingar að tefla, sem þeir þurfa trúlega að halda leyndum, vegna þess að gengið hrapar frá degi til dags, og Alþb., sem samþykkir að vísu þetta gengishrap sem munar tugum prósenta yfir árið, mun áreiðanlega ekki eftir yfirlýsingum að dæma frá því fyrr og síðar fallast á neina stórfellda gengisbreytingu. Þetta er því ekki leyndarmál sem þarf að skýla, eða ef svo er, þá þurfum við að fá að vita það.

Það var stefnumið að verðgildi íslensks gjaldmiðils yrði svipað gjaldmiðlum annarra Norðurlanda. Hversu lengi á það að standa? Hafa ekki komið nýjar fréttir um það, að reikna megi með því að krónan hrapi um 30% gagnvart þeim á næsta ári — eða er þetta rangminni mitt?

Ég marka hæstv. „kommissar" í frii, Tómas Árnason, þegar hann segir frá því í morgunútvarpi að búið sé að hlaða byssuna, hæstv. ríkisstj. sé búin að hlaða sína byssu, og þá er bara eftir að taka í gikkinn. Spurning er hvort það verður gert á Alþýðusambandsþingi. (**Gripið fram í:** Hvert er byssunni miðað?) Trúlega munu ýmsir hafa löngun þar til þess að taka í gikkinn, ef þeir verða sviknir um að fá upplýsingar um hvað til stendur, eins og var megininntak í loforðum hæstv. samgrh. í þeirri kosningabaráttu sem háð var í nóv.—des. 1979, þar sem hann tók fram fyrst og síðast að það yrðu höfð nákvæm samráð og samvinna við launastéttirnar í landinu um efnahagsráðstafanir þær sem gerðar yrðu.

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal): Herra forseti. Hæstv. forsrh. hefur loksins fengist til þess að gefa eina tímasetningu hér. Hann talar um að tilteknum aðgerðum verði frestað í eitt eða tvö misseri. Honum hefur farið fram þessar síðustu mínútur. En ég verð að hryggja hann með því, að við efumst um að þau orð standi. Hæstv. ríkisstj. hefur ekki komið sér saman um neitt í efnahagsmálum. Hún hefur látið reka á reiðanum. Hún er nýbúin að semja við launamenn í frjálsum samningum án þess að til verkfalls kæmi. Það kallar hæstv. viðskrh. að hlaða byssuna, á sama tíma og fyrir liggur að verðbólgan er á hraðri uppleið. Á meðan þessar hækkanir fara inn í verðlagið: 10% hækkun eða 11% um mánaðamótin ágúst—sept. og hækkunin núna 1. des., segir hæstv. forsrh. að hún sé á niðurleið. Það mætti kannske spyrja hæstv. forsrh. öðruvísi: Getur hann lofað okkur því, að verðbólgan verði ekki nema 42% núna til 1. febr. frá 1. nóv. eins og hún var í fyrra? Getur hann sagt já við því, að við megum treysta því? Hann er að tala um að hann standi sig betur en kratastjórnin. Fáum við þetta litla orð: já, hæstv. forsrh.? Treystir hann sér á þessari stundu til að játa því, að verðbólgan verði ekki meiri frá 1. nóv. núna til 1. febr. heldur en á sama tíma í fyrra. (**Gripið fram í:** Hann fer létt með það.) Ekki eitt einasta orð. Samt er hann að hrósa sér af því hér alltaf af og til hvað honum hafi tekist betur en hv. þm. Benedikt Gröndal. Hann var líka að tala um það hér á þriðjudaginn, að á fyrsta árinu hjá ríkisstj. hv. þm. Geirs Hallgrímssonar hefði verðbólgan orðið 55%. Þorir hæstv. forsrh. að lofa því á þessu augnabliki, að verðbólgan frá 8. febr. 1980 til 8. febr. 1981 verði minni? Enn kemur ekkert einasta orð.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Hann er sérkennilegur, þessi stríðsdans sem hv. þm. Sjálfstfl. dansa í kringum hæstv. viðskrh. Fyrir tveimur vikum gaf hæstv. viðskrh. út yfirlýsingu og daginn eftir kom formaður Sjálfstfl., nýkominn frá útlöndum, á baksíðu Morgunblaðsins og lýsti því yfir, að það væri ekkert að marka þessa yfirlýsingu, hún væri marklaus. Nú kemur hv. þm. Sverrir Hermannsson og lýsir því hins vegar yfir, að hann taki ávallt mark á yfirlýsingum hæstv. viðskrh., enda séu þeir í „kommissara"-bræðralagi. Nú vil ég aðeins beina því til þm. Sjálfstfl., að þótt formaður flokksins fái ekki að ráða línu flokksins í öllum málum, þá tækjum við þó höndum saman um að í þessu máli fái hv. þm. Geir Hallgrímsson að hafa rétt fyrir sér. (Gripið fram í.) Ég held að margar af þeim yfirlýsingum, sem hæstv. ráðh. hefur verið að senda frá sér á undanförnum vikum og Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu hefur dansað hér í kringum, séu réttar metnar af hv. 1. þm. Reykv. heldur en hv. 4. þm. Austurl. (**Gripið fram í:** Marklausar?) Það má vel vera, að hæstv. viðskrh. hafi lýst því yfir í morgun að það hafi verið einhverjar verðbólgubyssur hlaðnar undanfarið. Það má vel vera. En ef sú hleðsla hefur einhvers staðar farið fram, þá er ég þeirrar skoðunar að hún hafi einkum og sér í lagi farið fram í þeim málaflokkum sem heyra undir hæstv. ráðh., þ. e. í verðlagsmálum, bankamálum og erlendum lántökum.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Það fór ekki á milli mála, að þar sem síðasti ræðumaður fór var sá sem valdið hafði. Hann hafði ráð hæstv. forsrh. og hæstv. viðskrh. í hendi sér. Hann gat veitt hæstv. viðskrh. ákúrur, og raunar var ræða hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar stórárás á viðskrh. og framsóknarmenn. Og það er nokkur ástæða til þess, vegna þess að hingað til hafa þeir haft nokkuð stór orð um nauðsyn baráttu gegn verðbólgu, en koðnað niður við tal frá Alþb.-mönnum eins og síðasti ræðumaður viðhafði.

Vegna ummæla hæstv. forsrh. um lengingu aðlögunartíma vaxta og verðbólgu samkv. Ólafslögum, þá er það dæmi um hvað þessi hæstv. ríkisstj. er sein að hugsa, sein að framkvæma. Þegar í vor, snemma á valdaferli ríkisstj., var tilkynnt hér á Alþ. að ríkisstj. hefði í huga að lengja að þessu leyti aðlögunartíma Ólafslaga, en enn er ekkert frv. þar að lútandi komið fram. Og jafnvel þótt aðlögunartíminn yrði lengdur, þá er staðreynd að það ætti samkv. þeim lögum að hækka vexti um 2 prósentustig a. m. k. Því spyr ég hæstv. forsrh. eða aðra ráðh. sem því geta svarað: Er ætlunin enn að hækka vexti nú um mánaðamót?

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Þessar umr. fara nú að verða ansi athyglisverðar. Hér gerist það að einn nm. í svokallaðri efnahagsmálanefnd hæstv. ríkisstj. kemur í ræðustól, segir reyndar ekkert um störf þessarar nefndar, beinir síðan spjótum sínum að hæstv. viðskrh. og telur að hann sé að hlaða verðbólgubyssu, nefnir í því sambandi bankamálin og gjaldskrármálin. Þetta verður ekki skilið öðruvísi en svo, að formaður þingflokks Alþb., hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, sé að segja að aðgerðir eða aðgerðaleysi hæstv. bankamálaráðh. sé helsti verðbólguhvatinn í þessu landi, — það sem ekki sé gert eða gert í bankamálum, útlánaþenslan væntanlega og gjald-

skrárákvarðanir, sé það sem helst veldur verðbólgunni í þessu landi.

Mig langar til þess að rifja upp ummæli þessa sama hv. þm., formanns þingflokks Alþb., þegar hann sagði um formann Framsfl., hæstv. ráðh. Steingrím Hermannsson, að blaðrið í Steingrími væri mesta efnahagsbölið á Íslandi. Nú hefur þessi sami hv. þm., formaður þingflokks Alþb., komið í ræðustól, snuprað hæstv. ráðh., sagt að verðbólgan eigi rætur hjá hæstv. viðskrh., og það vekur athygli, að sá hinn sami, sem stundum hefur verið kallaður kjarkmaður hinn mesti og drengur góður og allt það, situr og þegir undir öllu saman. Hvar er kjarkurinn, Tómas?

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Hv. stuðningsmenn ríkisstj. hafa dyggilega gegnt því heföbundna hlutverki í slíkum umr. að sitja í stólum sínum og segja ekki neitt. Eins og þing er nú skipað kemur engum á óvart að einn skyldi þó ekki geta setið á sér, hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, og hann kvartaði um „stríðsdans", en var ekki lengi að taka þátt í dansinum. Hvernig gerði hann það? Með því að skjóta úr launsátri á þann ráðh., viðskrh., sem hann sjálfur styður, svo að það var falleg mynd — eða hitt þó heldur — sem hann bætti inn í þessar umr.

Það má kalla þetta „stríðsdans". En það, sem hér er að gerast hefur gerst í þrem þáttum í svörum við fyrri fsp. sem var svipaðs eðlis, og það, sem mun gerast í sambandi við fleiri tilefni er eingöngu að stjórnarandstaðan gegnir þeirri skyldu sinni að krefja ríkisstj. um upplýsingar um hvert hún stefni í stærsta og alvarlegasta vandamáli þjóðarinnar. Stjórnarandstöðunni ber að knýja út úr ríkisstj. upplýsingar um þetta mál. Það minnsta, sem stjórnin getur gert, er að segja hvað hún ætlar sér að gera, hvernig hún ætlar sér að stjórna, þó ekki væri nema nokkrar vikur fram í tímann.

Það er tilviljun að þessar umr. hafa fallið inn í fsp.-tíma. Þær geta átt rétt á sér víða annars staðar. En það er óhjákvæmilegt að þessum „stríðsdansi", sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson kallaði svo, muni ekki linna fyrr en ríkisstj. sýnir þjóðinni þá virðingu að gefa henni upplýsingar um hvaða stefnu hún hafi í efnahagsmálum, ef hún hefur hana nokkra.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Það var sagt af síðasta ræðumanni, að þessar umr. væru framhald af umr. sem voru um fsp. mína varðandi breytingu á gjaldmiðlinum. Það er rétt. Enn þá er verið að krefja ríkisstj. um svör.

Það er einn þáttur þessa máls sem ég vil koma inn á og tel ástæðu að gera. Ég hef litið svo á að í þessum umr. hafi komið fram hjá hæstv. viðskrh. að ef það væri möguleiki á að fresta breytingunni á gjaldmiðlinum, þá væri hann til viðtals um slíkt. Hann hefur a. m. k. ekki sagt að hann væri ekki til viðtals um það. En hann hefur borið Alþ. þær upplýsingar frá Seðlabankanum, að þetta væri ekki hægt vegna þess að þá yrðu vandræði á næstu mánuðum með seðlaveltuna, það væri ekki nægilegt magn af seðlum fyrir seðlaveltuna eins og þyrfti að vera.

Ég hef sagt áður að ég ber brigður á þessar upplýsingar. Ég hef athugað þetta mál síðan ég vék að þessu síðast í þessum ræðustól. Þá kom það í ljós, sem er staðreynd og má vera öllum ljóst, að seðlaveltan á hverju ári er mest í desembermánuði. Hún er miklu meiri í desembermánuði en aðra mánuði vegna viðskipta í jólamánuðinum. Það er staðreynd líka, að seðlaveltan fer minnkandi á næstu mánuðum eftir des. Þetta geta menn lesið í opinberum skýrslum frá Seðlabankanum. Nú spyr ég hæstv. viðskrh., þegar það er upplýst að það kunni að vera fullkominn möguleiki á því að fresta gjaldmiðilsbreytingunni vegna framkvæmdaörðugleika að þessu leyti, hvort hæstv. ráðh. vilji beita sér fyrir þessari frestun. Ég hef ástæðu til þess að spyrja um þetta vegna þess að það hefur margsinnis komið fram hjá hæstv. ráðh., að við erum sammála um að það þurfa að vera fyrir hendi vissar forsendur til þess að gjaldmiðilsbreytingin nái tilgangi sínum og við erum sammála um að þessar forsendur eru ekki fyrir hendi í dag.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég hef áður svarað fsp. hv. þm. Þorvalds Garðars um gjaldmiðilsbreytinguna og hef engu við það að bæta. Það hefur spunnist inn í þessar umr. tilvitnanir í ýmislegt sem ég hef látið frá mér fara á undanförnum vikum. Það er aðallega þrennt — eða raunar fernt sem ég hef sagt í þessu sambandi.

Í fyrsta lagi hef ég fjallað um verðbólgustigið eins og það er nú, og það er enginn ágreiningur um að það er rúmlega 50% á ársgrundvelli. (Gripið fram í.) Það hefur verið rökstutt hér áður og skal ég ekki þræta um það frekar.

Í öðru lagi hef ég vakið athygli á því, hvert horfi ef ekkert yrði að gert í efnahagsmálum, engar ráðstafanir yrðu gerðar af hálfur hæstv. ríkisstj. í efnahagsmálum, hvað mundi þá ske á næsta ári. Þetta er byggt á bráðabirgðaathugunum, sem fram hafa farið í Þjóðhagsstofnun, og er því ekki tekið úr lausu lofti. Álitið er að þá mundi verðbólgan verða um 70% þegar kemur fram á seinni hluta næsta árs.

Í þriðja lagi hef ég látið í ljós ótta um þessa þróun eins og fleiri hv. þm. og hef ekki farið í neinar grafgötur með það, eins og ég hef sagt áður, að þessi þróun sé stórhættuleg af mörgum ástæðum.

Í fjórða lagi hef ég gert grein fyrir skoðunum Framsfl. og gerði það við 1. umr. fjárl. sem fór fram hér á sínum tíma. Talaði ég af hálfu Framsfl. sérstaklega og gerði þá grein fyrir skoðunum flokksins í sambandi við aðgerðir í efnahagsmálum og þær eru kunnar.

Varðandi ummæli hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar vil ég segja:

Hér hefur nú stjórnarandstaðan gert hríð að ríkisstj., og það hefur náttúrlega vakið athygli þm. að þá kemur hv. þm., formaður þingflokks Alþb., og gerir sérstaka aukahrinu að mér í þessu sambandi. Hann minntist á þrjú atriði:

Í fyrsta lagi ræddi hann um verðlagsmál. Um verðlagsmálin er það að segja, að ríkisstj. hefur sett ákveðin mörk um verðlagsákvarðanir. Ef farið hefur verið fram yfir þau hefur það verið gert í ríkisstj. Ekki veit ég eitt einasta dæmi þess, að samþykktar hafi verið verðlagsráðstafanir sem eru umfram þau mörk sem samþ. hafa verið, án þess að það hafi verið gert af ríkisstj. allri.

Í öðru lagi heyra útlán banka undir bankastjóra. Þó að bankarnir falli undir viðskrn. eru bankarnir sjálfstæðar stofnanir. Útlán banka heyra undir viðskiptabankana og Seðlabankann, og það hafa á þessu ári farið fram margar umræðulotur á milli mín og bankanna í sambandi við útlánin — margar umræðulotur. Það er rétt, að útlán bankanna hafa verið meiri en æskilegt hefði verið. En

það er þrátt fyrir það að um það hafi verið rætt ræki lega af minni hálfu við bankana.

Í þriðja lagi hefur engin breyting orðið varðandi erlendar lántökur, bæði til skamms tíma og langs tíma, frá því sem áður hefur verið. Framkvæmdin hefur verið svipuð því sem áður hefur verið. Hún er í höndum langlánanefndar sem fjallar um lengri lán. Það hafa í einstökum tilfellum verið samþ. lengri lán í ríkisstj. eins og t. d. í sambandi við togarakaup eins og hér hefur verið rætt áður og var rætt hér í vor á hv. Alþ. Það hefur ekki orðið nein stefnubreyting í þessum efnum af mínum völdum, þannig að mér finnst ekki ástæða til þess, að hv. þm. eigi að vera að skemmta skrattanum með svona tali þegar gerð er sérstök hríð að ríkisstj. eðlilega af hálfu stjórnarandstöðunnar. Það er ákaflega eðlilegt, að stjórnarandstaðan geri hríð að ríkisstj. Það er það sem gerist á þjóðþingum þar sem þingræði ríkir og stjórn og stjórnarandstaða takast á. Mér finnst að hv. þm. ætti nú að sitja kyrr í sæti sínu í staðinn fyrir að ganga í lið með stjórnarandstöðunni í þessum efnum.

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal): Herra forseti. Hæstv. viðskrh. sagði að verðbólgustigið væri 51% eins og það er núna. Ég hygg að hæstv. viðskrh. viti að hækkun byggingarvísitölunnar til 1. jan. verður varla undir 63% og líklega meiri, því að eins og við vitum vega launahækkanir mjög þungt í byggingarvísitölunni. Ef tekin er hliðsjón af væntanlegri hækkun byggingarvísitölunnar og haldið sig við 51% hækkun framfærsluvísitölunnar er ógerningur að halda því fram, að verðbólgustigið, eins og það er núna, sé 51%. Lægsta hugsanleg tala er 55—56%.

Herra forseti. Ég vil svo bera fram stutta fsp. Ég hygg, að hæstv. ráðh. hafi allir tvær mínútur þegar þeir taka til máls í fsp.-tíma. (**Forseti:** Það er misskilningur hjá hv. þm. Það eru 10 mín. sem ráðh. eru leyfðar í fsp.-tíma.) Það er ekki rétt.

Sigurgeir Sigurðsson: Herra forseti. Það hefur lítið orðið um svör við fsp. sem hér hafa verið bornar fram, þannig að þm. verða sennilega eins og aðrir landsmenn að giska á svörin sjálfir. Ég minnist þess, það er ekki það langt síðan við sjálfstæðismenn vorum að boða okkar efnahagsráðstafanir. Ég man þær tölur sem í þeim voru fólgnar. Við töluðum um að margnefnd leiftursókn, sem þá var að vísu vopnlaus, friðsöm leiftursókn, en á nú greinilega að framkvæma með valdi, átti að færa verðbólguna niður á ársgrundvelli um 15—20%. Þetta töldum við að mundi þýða um 10% á fjárl. Það þarf ekki reikningsglöggan mann til að sjá það, ef á að koma verðbólgu, sem metin er 70% á ársgrundvelli, niður í 42%, eins og fyrirhugað er í fjárlagafrv., þá er meiningin að koma verðbólgunni niður um 28% til meðaltals næsta árs. Í framhaldi af þessu er hægt að halda áfram að gefa sér þær forsendur, að miðað við núverandi fjárlagafrv. þýðir þetta efnahagstilfærslu í þjóðfélaginu upp á líðlega eitt hundrað milljarða. Eg held að við hljótum að verða að gera ráð fyrir því, ef þessar tvær tölur eru bornar saman, að þetta sé sú útkoma sem þar á að koma.

Það virðist vera besta ráðið fyrir hv. þm. orðið til þess að fá upplýsingar að vakna snemma á morgnana og hlusta á Morgunpóstinn, því að á morgnana eru ráðh. ekki búnir að brynja sig og Páll Heiðar og hans lið virðast hafa einstakt lag á að koma þeim á óvart og fá þá til að tala í svefnrofunum meira en þeir segja hér niður frá eftir hádegi.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þetta meira. Mér sýnast líkur benda til þess, ef ekki er mótmælt að efnahagsráðstafanir, sem gerðar verða í næsta mánuði, feli í sér ekki minni tölu en 100 milljarða kr.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég á örfá orð vantöluð við hæstv. viðskrh.

Ég vil byrja á að lýsa yfir að ég er honum algjörlega sammála um að það var ljótt af hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni að taka til máls, því að svo höllum fæti stóð ríkisstj. fyrir í þessum umr.

Hæstv. ráðh. sagði að hann væri búinn að svara fsp. minni um breytingu á gjaldmiðlinum og hann hefði engu við það að bæta. Ég verð nú að segja að þetta er nokkuð mikil kokhreysti. Þessi sami hæstv. ráðh. er búinn að gefa Alþ. yfirlýsingu um að gjaldmiðilsbreytingunni verði ekki frestað vegna erfiðleika á seðlaveltu, sem leiðir af því að það hafi ekki verið gerðar nægar ráðstafanir til þess að láta prenta gömlu seðlana. Það er upplýst í þessu máli, að seðlaveltan er mest í desember, og það er kappnóg af seðlum og mynt í desember. Það er upplýst, að seðlaveltan minnkar árlega næstu mánuði eftir desember. Og svo segir hæstv. ráðh: „Ég hef engu við að bæta." Hann þarf ekki að gera neina grein fyrir því sem hann er að halda fram í þessu máli. Hvað halda þessir ráðherrar eiginlega að þeir séu? Eru þeir hættir að reikna með að Alþingi Íslendinga sé til? Dettur ráðherrum í hug að það sé hægt að víkjast undan að gefa eðlilegar upplýsingar og skýringar á þeim fullyrðingum sem þeir eru að gefa Alþingi? Nei, það er ekki komið svo enn þá.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Varðandi seinustu orð hv. þm. Þorv. Garðars Kristjánssonar vil ég enn þá einu sinni, líklega í fjórða sinnið, ítreka það, hvernig ég svaraði fsp. hans sem hann er raunar enn að ræða um.

Ég svaraði henni þannig, að það væri ekki að mínu mati hægt að fresta þeirri ákvörðun, að myntbreytingin færi fram um áramótin, þegar af þeirri ástæðu, — ég held ég hafi orðað það þannig, — að Seðlabankinn hefði sagt mér aðspurður að það mundi valda öngþveiti í efnahags- og atvinnumálum ef það yrði gert, af ástæðum sem ég hef tilgreint áður í hv. Alþingi.

Í öðru lagi svaraði ég því til, að ríkisstj. ætlaði sér að gera efnahagsráðstafanir í tengslum við gjaldmiðilsbreytinguna, og vitnaði til stefnuræðu hæstv. forsrh. og fjmrh. í því efni. Ég efast ekki um heiðarleika hv. þm. En hverju á viðskrh. að svara Alþ. þegar hann hefur rætt þetta mál við bankastjóra Seðlabankans og fengið þessi svör? Hverju á hann að svara Alþingi? Það er misskilningur að ráðh. hafi tilhneigingu til þess að hundsa Alþingi, síður en svo. Ég held að yfirleitt reynum við ráðh. að upplýsa það sem spurt er. Hitt er annað mál, að það er skoðanaágreiningur milli stjórnar og stjórnarandstöðu — það er annað mál — og deilur. Menn geta deilt og eiga að deila. Það er heilbrigt. En ég vildi aðeins segja þetta í tilefni af seinustu orðum hv. þm. Þorv. Garðars Kristjánssonar, af því hann efaðist um að ég færi hér með rétt mál í þessu sambandi.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég hef aldrei efast um það, að hæstv. viðskrh. skýrði rétt frá

þeim svörum sem hann fékk í Seðlabankanum. En hæstv. ráðh. spurði: Hvað á ég að gera þegar ég fæ þessi svör? Ég skal segja honum hvað hann á að gera. Hann á núna að athuga málið sjálfstætt á grundvelli þeirra upplýsinga sem ég hef hér greint frá og hann getur sjálfur sannfært sig um með því að lesa opinberar hagskýrslur.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Menn hafa rætt hér mikið um verðbólgu og myntbreytingu, og það bregður svo við að nú, þegar stjórnarandstaðan biður um svör, er engu svarað. Það er svarað út í hött. Menn verða engu nær af þessum umr. Við í stjórnarandstöðunni viljum gjarnan fá að vita hvað fram undan er. Það er greinilegt að innan ríkisstj. er mikill ágreiningur á milli flokkanna sem standa að ríkisstj. Það kom fram hér áðan. Mig langar til að spyrja hvort náðst hafi eitthvert samkomulag innan ríkisstj. um efnahagsaðgerðir, hvort deilurnar séu miklar, magnaðar, og væri gaman að fá svör við þessu annaðhvort frá forsrh. eða viðskrh., sem nú hefur verið snupraður hér á ómerkilegasta hátt.

Það vekur og athygli, að hv. þm. Albert Guðmundsson fær engin svör við sínum fsp., og hlýtur það að marka eitthvað.

Fram undan er Alþýðusambandsþing. Það er í næstu viku sem það hefst. Þar verður vissulega spurt að því, hvað eigi að gera, hvert eigi að beina verðbólgubyssunni og á hverja eigi að skjóta. Það fer ekki hjá því, að launamenn óttast að það verði einmitt þeir sem verði fyrir skothríðinni. Ég spyr því viðskrh., hvort það sé meiningin hjá honum og félögum hans í Alþb. að fara svo að, þegar Alþýðusambandsþingi er lokið, að taka þá upp byssuna og byrja að skjóta. (**Forseti:** Ég vil aðeins geta þess, að það verður á eftir tekin fyrir fsp. um efnahagsráðstafanir frá Pétri Sigurðssyni, þar sem fjallað verður um svipað mál. Ég vildi spyrja hv. 6. landsk. þm. hvort hann vilji ræða núna um þessa fsp.)

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég er ekki alveg sammála þeim hv. þm. sem hér hafa komið og sagt að ekkert hafi fengist út um það í þessari hrinu, hvað hæstv. ríkisstj. hyggst gera. Að vísu hefur ekki verið mikið um bein svör. En það er oft svo að það er hægt að lesa í það sem menn segja — (Gripið fram í.) já, og líka segja ekki. Ég er því þeirrar skoðunar, að þessi hríð að ríkisstj. hafi orðið til nokkurs gagns til þess að átta sig á því, hvað a. m. k. sumir hæstv. ráðh. vilja gera. Það er ekki þar með sagt að það sé orðin eining um þær aðgerðir.

Það var sagt hér áðan af hv. þm., ég held Benedikt Gröndal, að hv. þm. Ólafur Ragnar hefði skotið úr launsátri á hæstv. viðskrh., og það er út af fyrir sig rétt. En formaður þingflokks Alþb. skaut úr launsátri á fleiri ráðh. en hæstv. viðskrh. Það vill nefnilega svo til að hæstv. fjmrh. hefur haft uppi yfirlýsingar, þó að lengra sé um liðið en hjá hæstv. viðskrh., í sama dúr og hæstv. viðskrh. hefur talað hina síðustu daga. Með þessu skoti frá hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni er hann einnig að skjóta að ráðh. Alþb. í ríkisstj.

Ég held að það sé alveg augljóst, að það er vilji a. m. k. einhverra ráðh. innan hæstv. ríkisstj. að skerða þá kjarasamninga sem gerðir voru 27. okt. s. l. Það liggur fyrir. Það er sá boðskapur sem Alþýðusambandsþing stendur frammi fyrir, að það er í undirbúningi innan hæstv. ríkisstj., hvort sem það er langt eða skammt á veg komið, að ógilda þá kjarasamninga sem nú er nýbúið að gera. Í ljósi þess hlýtur Alþýðusambandsþing að krefjast skýrra svara um það af hæstv. ríkisstj., hversu langt á að ganga í því að skerða kjörin. Það er ekkert vafamál, að það á að gera. Spurningin er þessi: Hvað á að skerða mikið? Það er það sem málið snýst um eftir þær umr. sem hér hafa átt sér stað um þetta mál, en ekki hvort það verður gert. Hversu mikið?

Efnahagsráðstafanir, fsp. (þskj. 118). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Nú þegar forleiknum er lokið langar mig að sjálfsögðu til þess að koma minni fsp. að. Hæstv. forsrh. hefur verið svo vinsamlegur að bjóðast til þess að svara henni, þótt ekki sé hann skyldugur til þess enn þingsköpum samkvæmt. Hann er á förum til útlanda og ætlar líklega að hitta vin sinn þar, hæstv. dómsrh., og þeir í sameiningu að taka á móti Gervasoni í Kaupmannahöfn.

Fsp. mín á þskj. 118 er borin fram, eins og sú fyrri sem hér var rædd, í kjölfar ýmissa yfirlýsinga úr röðum einstakra ráðh. síðustu mánuðina, einnig umræðna sem orðið hafa hér á Alþingi að undanförnu vegna fsp. um myntbreytinguna.

Á Alþýðusambandsþingi 1976 voru fulltrúar 40 þús. félagsmanna, en á þing Alþýðusambandsins, sem hefst n. k. mánudag, koma saman fulltrúar um 53 þús. félagsbundinna launþega. Á þessu þingi er að finna fulltrúa fólksins sjálfs úr félögunum sem valdið hafa samkvæmt skipulagi ASÍ og íslenskri löggjöf, samningsvaldið og verkfallsvaldið. Hvergi verður að finna næstu fjögur árin jafnfjölmennan hóp sem nær stendur því að teljast fulltrúar vinnandi fólks á Íslandi. Þar á móti getur engin valdalaus 43 eða 50 manna nefnd vegið, því síður 15 manna nefnd Alþb.-manna sem virðist hafa það helst fyrir stafni að flytja pakka frá pólitískum ráðh. til sinna félagsmanna, svo þeir festist enn frekar í sessi í sínum verkalýðsfélögum. Þakkirnar koma svo til baka í lotningarfullum stuðningi við þá ráðherra sem svo alþýðlega dreifa skattpeningi almennings.

Formannaráðstefnur eru á engan hátt sambærilegar við Alþýðusambandsþing, og það er sambandsstjórn Alþýðusambandsins, sem er kjörin á landsvísu, ekki heldur ef hún er kosin á sama hátt og á þingi ASÍ 1976. En þá gerðust þau undur í lýðræðislandi okkar að tveir stjórnmálaflokkar, Alþb. og Alþfl., beittu sér fyrir því, að fulltrúar á þinginu og aðrir verkalýðsforingjar, sem studdu Sjálfstfl. og Framsfl. í landsmálapólitík, yrðu útilokaðir frá öllum áhrifastöðum innan verkalýðshreyfingarinnar. Það tókst að ná þessari sovétstefnu fram og hún varð að veruleika innan Alþýðusambandsins og Verkamannasambands Íslands.

Þegar núv. ríkisstj. tók við var ákveðin svokölluð niðurtalningarleið, leiftursókn aftur á bak, og með henni gefin loforð sem engin hafa staðist. Allar aðgerðir núv. ríkisstj. hafa mistekist. Þeir hafa stóraukið skattaálögur, svo að meira er en sögur fara af áður. Vísitalan hefur verið fölsuð á ósvífnari hátt en nokkurn tíma áður, henni breytt skömmu fyrir gildistöku með niðurgreiðslum, bæði raunverulegum og óraunverlulegum. Og með óraunverulegum á ég að sjálfsögðu við niðurgreiðslur á kjöti sem ekki er til.

Af sjómönnum hafa verið hafðir milljarðar króna með stjórnvaldsákvörðunum um fiskverð. Framámaður í

höfuðvígi Alþb. í Verkamannafélaginu Dagsbrún, sem er væntanlegur fulltrúi á Alþýðusambandsþingi, segir að frá því í sept. 1978, þegar núv. stjórnarsamsteypa tók við í raun, — því það er aðeins hægt að tala um andlitslyftingu sem hafi orðið á þeirri samsteypu á síðasta vetri og þar til nú, — sé kaupmáttarrýrnunin orðin 11.5%. Og hann kennir m. a. Ólafslögum um, sem allir vinstri flokkarnir fögnuðu sem hinu rétta skrefi. Í morgunútvarpi er sagt að hæstv. viðskrh. hafi boðað 6% kaupmáttarrýrnun til viðbótar ef engar ráðstafanir verði gerðar fram á næsta ár. Á þessu vinstristjórnartímabili má því horfa fram á 17.5 stigs kaupmáttarrýrnun.

Í stjórnarsáttmála núv. ríkisstj. er lofað að við verðbólguna verði ráðið. Niðurtalningin hefur brugðist. Í stefnuræðunni, sem við fengum í hendur um miðjan okt., eru boðaðar efnahagsaðgerðir í kjölfar myntbreytingar. Og hún tekur gildi um áramót eins og hér hefur margoft komið fram. Vísitala framfærslukostnaðar mun hækka um nálægt 12% nú í nóvember. Samkvæmt þessu ættu laun að hækka um 10—11% 1. des. n. k. Að meðtalinni 9—10% grunnkaupshækkun frá 1. nóv. hefðu laun þá hækkað um eða yfir 20% á u. þ. b. einum mánuði. Verði víxlgangur verðlags og launa óheftur og gengið lækkað til þess að halda útflutningsatvinnuvegunum gangandi er hætt við að framfærsluvísitalan hækki vart minna en 14% *frá nóv. til febr. n. k. og frá febr. til maí yrði hækkunin* líklega meiri. Með þessu yrði verðbólgan komin yfir 60% fyrir mitt næsta ár og stefndi hærra á síðari hluta ársins, ef aðeins yrði um sýndarplástra að ræða eins og hingað til, og þá mundi markið verða komið að því sem Verslunarráð og Vinnuveitendasamband hafa spáð.

Herra forseti. Ég er alveg að ljúka máli mínu. Það er alveg ljóst að út úr þessu verður ekki komist nema með margþættum og yfirgripsmiklum aðgerðum sem þurfa að mati sérfræðinga að ganga lengra og verða sársaukafyllri en þær þurftu nokkurn tíma að vera 1978 ef tækifærið hefði verið notað þá. Ríkisstj. stendur nú frammi fyrir daglegri gengisfellingu. Það er hætt við, og hefur verið talað um það innan ríkisstj., að gengið þurfi að falla um næstu áramót og það stórkostlega, það verði jafnvel að taka verðbótavísitöluna úr sambandi að miklu eða öllu leyti. Þetta vita ráðh. En um þetta vita ekki væntanlegir fulltrúar á Alþýðusambandsþingi. Málgagn ríkisstj., Tíminn, tekur undir það í gær, að þessir fulltrúar, sem koma til þings, eigi að fá að vita hvaða aðgerðir séu í vændum hjá ríkisstj. Og það hefur verið bent á það réttilega hér, að það liggur fyrir loforð bæði frá Framsfl. *og Alþb. um að það verði engar efnahagsráðstafanir* gerðar án samþykkis verkalýðshreyfingarinnar. Það er hún sem er að koma saman á mánudaginn kemur, og það verður ekki hægt að ná aftur til hinnar raunverulegu íslensku verkalýðshreyfingar fyrr en eftir fjögur ár.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Það er spurt um hvort fulltrúar 53 þús. launþega, sem mæta til Alþýðusambandsþings 24. nóv., muni fá skýrðar fyrirhugaðar ráðstafanir ríkisstj. sem boðað var í stefnuræðu forsrh. að fylgja mundu í kjölfar myntbreytingarinnar. Þessari fsp. hefur verið svarað að nokkru leyti í sambandi við fsp. á þskj. 102 sem rædd var hér áðan. Eins og ég tók þá fram er svo tekið til orða í stefnuræðunni, sem hv. fyrirspyrjandi vitnaði til, að marghátt aðar efnahagsaðgerðir séu fyrirhugaðar af hálfu ríkisstj. í sambandi við myntbreytinguna. Það er, eins og ég tók fram áðan, í gangi rækileg könnun og þá að sjálfsögðu, eins og vera ber, m. a. á vegum Þjóðhagsstofnunar. Það er í gangi rækileg könnun á hugmyndum og tillögum um aðgerðir í efnahagsmálum, og til þess þarf að gera margvíslega útreikninga og áætlanir. Þessum undirbúningi verður ekki lokið á þeim tíma sem þing ASÍ stendur yfir og því ekki unnt að verða við þeim óskum sem fram koma í fsp. hv. þm. Hins vegar vil ég undirstrika það, sem segir í stefnuræðunni um þetta mál í samræmi við stjórnarsáttmálann, að um þessi mál verður haft samráð við þau samtök, sem hlut eiga að máli, og þá að sjálfsögðu ekki síst Alþýðusamband Íslands.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Og þar höfðum við það. Hæstv. forsrh. hefur lýst yfir að fulltrúaþingi íslensku verkalýðshreyfingarinnar, Alþýðusambandsþingi, sem haldið verður nú á næstunni, verði ekki gerð grein fyrir þeim ráðstöfunum sem fyrirhugaðar eru í efnahagsmálum. Svarið var blákalt nei. Og þá hafa menn það. Nú geta menn flett upp í stjórnarsáttmála og aðgætt hverju var lofað um samvinnu og samráð, og menn geta rifjað upp fyrir sér kosningaloforð Framsfl., að ég tali nú ekki um Alþb., um samvinnu og samráð.

Hæstv. forsrh. sagði í fyrra svari sínu, að ekki væri hægt að svara til um nein úrræði sem þeir hefðu á prjónunum *vegna þess að útreikningar og áætlanir væru óunnin*. Nú bætti hann við til frekari fyllingar svari sínu: Það er eftir að kanna hugmyndir og tillögur og gera útreikninga og áætlanir. Og þá er víst svarið fullkomnað.

Ég skipti mér ekkert af þeim umgengnisvenjum sem þeir tíðka, hæstv. stjórnarsinnar, sín á milli. Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson kom hér og lýsti því yfir, að það væri ekkert að marka hæstv. viðskrh. Mér þykir miður að Tómas fóstri hefur horfið af vettvangi. Hann vitnaði þar til þess, að hv. 1. þm. Reykv. hafði lýst yfir í Morgunblaðinu að þegar hæstv. viðskrh. ryki upp til handa og fóta og hefði í frammi sverar yfirlýsingar, þá fylgdu því oft litlar aðgerðir, hann lyppaðist oft niður jafnóðum.

En hvað er það sem Ólafur Ragnar Grímsson, hv. þm., gerir Tómas Árnason, hæstv. viðskrh., ómerkan fyrir nú? Það er þegar hæstv. viðskrh. er að vara við því að byssan sé hlaðin, — hlaðin með öflugu púðri og drepandi höglum. Það er það sem hann er að vara við, 70% verðbólgu. Og hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson kemur hér upp og tilkynnir að það sé ekkert að marka þennan hæstv. ráðh. Þetta er í samræmi við það sem hann tilkynnti hér í sumar og lýsti yfir að blaðrið í hæstv. samgrh., formanni Framsfl., væri orðið að efnahagsvanda. Hvað var hæstv. ráðh. Steingrímur Hermannsson þá að tala um? Hann var að lýsa vanda útflutningsatvinnuveganna. Hann var að lýsa því, hvernig væri að snarast um þar. Hann var að lýsa því að atvinnufyrirtækin væru að stöðvast. Og hvað fylgir því? Þetta var kallað blaður. Nú er því lýst yfir, þegar hæstv. viðskrh. varar við þeim háska sem fram undan er, að það sé ekki mark á honum takandi.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Það er margt sérkennilegt við þennan fund, sem nú stendur yfir. Ég geri fastlega ráð fyrir að varðandi fsp. sé að verulegu leyti farið eftir óskum ráðh., a. m. k. þykja það góðir siðir hjá forsetum, og ég efast ekkert um að núv. forseti fylgi því.

Í fyrsta lagi er það föst venja hér á Alþingi að haldinn er einn fyrirspurnafundur á viku, á þriðjudögum. Þess

eru sárafá dæmi, að fimmtudagurinn sé tekinn að mestu leyti undir fsp. líka. Hvað kemur til?

Svo skulum við athuga að hæstv. forseti hefur sett á dagskrá 16 fsp., en hann tekur tvær út úr. Þetta eru hvort tveggja fsp. um stefnuna í efnahagsmálum, í raun og veru sama málið sem tók allan fyrirspurnatímann s. l. þriðjudag og er búið að taka meiri hlutann af tveimur fyrirspurnatímanum þar á undan. Ef við gerum ráð fyrir að hæstv. forseti geri þetta samkvæmt óskum forsrh., þá hlýtur að vakna sú spurning: Hvað kemur til? Þeir vita að það muni verða hér „stríðsdans", eins og einn stjórnarþingmaður kallaði það, það muni verða deilt hart á ríkisstj. og hún krafin svara um efnahagsmál. Af hverju kallar stjórnin málið yfir sig á þennan hátt? Hún getur hæglega látið þetta bíða fram undir jól þegar enginn tekur eftir umræðum í jólaönnum.

Við skulum einnig athuga að seinna í dag eða í kvöld hefst flokksþing Alþb. Og á mánudaginn kemur saman þing ASÍ sem er beint tilefni þeirrar fsp. sem nú hefur verið mælt fyrir. Það skyldi þó ekki vera að eitthvert samhengi sé á milli þessara tveggja þinga og þess, að ríkisstj. er kappsmál að bregða frá þingvenjum og hún óskar eftir að taka þessi tvö mál fyrir, sem sagt reyna að afgreiða þetta allt saman áður en þessi tvö þing hefjast.

Það er sýnilegt að ríkisstj. hefur áhuga á að þessi þing fari þannig fram að þau séu ekki bundin af því, að ríkisstj. hafi neina stefnu eða neina ákvörðun tekið um þessi mál. Það er sýnilegt. Ríkisstj. ætlar að láta þetta vera allt í lausu lofti, sem kann að vera pólitísk nauðsyn fyrir hana. *Og síðan ætlar hún sér sjálfsagt að athuga einhvern tíma* eftir á og þá með tilliti til þess, hvað þessi tvö þing úti í bæ hafa að segja, hvernig hægt er að halda stjórninni lifandi áfram, því það verður vandamálið um þessi áramót, jafnvel meira en sjálf krónan.

Það hefði verið miklu eðlilegra að hæstv. forsrh. hefði farið á fund Alþýðusambandsþings og gert hreint fyrir dyrum stjórnarinnar. Ég ætla ekki að ganga svo langt að segja, þó það sé freistandi, að það hefði verið eðlilegt að hann færi á hitt þingið líka.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ég tel nauðsynlegt strax á þessu stigi að leiðrétta misskilning og tilgátur hv. þm., sem hér talaði seinast, um það, hvers vegna þessi tvö mál, þessar tvær fsp. eru nú teknar á dagskrá. Allt var það út í loftið sem hann var að geta sér til. Svarið er ósköp einfalt. Þessar fsp. báðar áttu að vera á dagskrá n. k. þriðjudag. Þá stendur þannig á að ég verð ekki hér, verð á fundi forsætisráðherra Norðurlanda. Þess vegna óskaði ég eftir því, að þessar fsp. yrðu teknar fyrir nú svo að ég gæti svarað þeim þegar. Það er því ekki við hæstv. forseta sameinaðs þings að sakast né heldur er nein ástæða til að vera með ýmiss konar tilgátur eða hugaróra um það. Þetta er ákaflega einfalt mál. Þessi er ástæðan til þess, að fsp. eru teknar fyrir núna. Það er eftir minni ósk til þess að geta svarað þeim nú og það þyrfti ekki að dragast vegna fjarveru minnar.

Hins vegar er e. t. v. ástæða til þess að minnast almennt á fsp. Mér finnst það sé nokkurt umhugsunarefni bæði fyrir hæstv. forseta og fyrir þm. almennt. Sú breyting var gerð á þingsköpum fyrir nokkrum árum að ákveða fyrirspurnarform sem er að nokkru leyti tekið eftir breskri fyrirmynd þar sem það hafði reynst vel að þm. gætu gert stuttar fsp. sem yrði svarað af ráðh., oft mörgum á dag. Þetta fyrirkomulag var tekið upp hér og bundið í þingsköpum hversu lengi menn mættu tala. Fyrirspyrjandi má, ef ég man rétt, tala í fimm mínútur, ráðh. í tíu mínútur og síðan hafa þingmenn tveggja mínútna ræðutíma ef þeir óska þess. Tilgangurinn með þessu fyrirkomulagi er auðvitað sá, að menn geti gert skriflega eða formlega fsp. sem þeir fái svarað innan tiltekins frests, þá venjulega innan viku, og að því sé svarað með tiltölulega stuttu og greinargóðu svari ráðh. Þetta er tilgangurinn með þessum ákvæðum. Það hefur aldrei verið tilgangurinn og er þvert á móti tilganginum að gera fsp. eða umr. undir slíkum lið að almennum stjórnmálaumræðum sem taka meginhluta dags eða meginhluta þingfundar. Nú liggja fyrir þessum fundi, sem hófst klukkan 2, 16 fsp. Það hefur ekki komist að nema ein fsp. og nú er önnur til umr. þannig að megnið af fsp. kemst alls ekki að. Þessar löngu umr. um fsp. eru andstæðar anda og tilgangi ákvæða um þær í þingsköpum, þar sem gert er ráð fyrir að hver fsp. taki ekki nema tiltölulega stuttan tíma svo að unnt verði að koma að sem allra flestum fsp. sem fyrir liggja.

Ég segi þetta ekki sérstaklega út af umr. um þessa fsp. núna, það hefur ekki reynt á það, en segi það sem almenna aths. og vil biðja hv. þm. að hafa þetta í huga.

Fyrirspyrjandi (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Það er rétt svo að maður kemst að að þakka hæstv. forsrh. fyrir svarið við fsp. minni, en það vil ég gera hér með og eins og ég gat um í upphafi minnar fsp. staðfesta það, að hann óskaði eftir að svara þessari fsp. nú þegar, sem er *eðlilegt vegna þess að hún er stað- og tímabundin við það* þing sem nú er að hefjast, fjölmennasta íslenskt fulltrúaþing sem kemur saman. Varðandi almennar hugleiðingar hans um fyrirspurnatímann og hvernig umr. eru um fsp. finnst mér það mjög athugandi og get tekið undir margt *af því sem hann sagði þar.*

En það breytir ekki þeirri staðreynd, að í svari hæstv. forsrh. kemur fram að það er ekki samstaða um nein úrræði innan ríkisstj. í sambandi við þann voða sem fram undan er og hæstv. byssumaður, viðskrh., hefur haft á *orði hér og víðar. Þeir standa frammi fyrir því,* þessir 460—470 fulltrúar sem koma alls staðar að af landinu n. k. mánudag, að þeir geta komið hingað og gert samþykktir og gert kröfur og farið heim aftur án þess að vita nokkurn hlut um það, hvað eigi að ske í sambandi við þá *samninga sem stór hluti þeirra er nýbúinn að gera.*

Það er hins vegar alrangt hjá hæstv. viðskrh., sem kom fram hér í þinginu fyrir nokkrum dögum, að það væri búið að skapa vinnufrið. Það er langt frá því, einfaldlega vegna þess að hvert einasta verkalýðs- eða launþegafélag á Íslandi, *alla vega held ég öll innan* ASÍ, eru með ákvæði í samningum sínum þess efnis, að ef gengið verður fellt eru samningar lausir. Ég býst við að inn í samninga þeirra félaga, sem eiga eftir að gera samninga, muni nú bætast ákvæði þess efnis, að ef samningum — nýgerðum samningum — verður hróflað með lögum þessarar ríkisstj., — sem hefur lofað að snerta aldrei við neinu slíku og hefur lofað öllu fögru í sambandi við aukningu kaupmáttar, sem þegar hefur verið sýnt fram á og sannað að hún hefur svikið og gengið miklu lengra en nokkur önnur ríkisstj. á Íslandi fyrr og síðar í að rýra kaupmátt með beinum aðgerðum sínum, — að þá muni verða tekið upp í samninga þeirra ákvæði um að samningar verði lausir um leið og slíkt verður gert. Auk þess er eftir að semja um fiskverð um áramót, og ég geri ráð fyrir, ef ég þekki

íslenska fiskimenn rétt, að þeir muni þá um leið reyna að sækja nokkuð af því sem frá þeim hefur verið stolið á síðustu misserum.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Þetta eru vissulega merkilegar umr. fyrir margra hluta sakir. Þær eru merkilegar vegna þess, að hér er verið að reyna að hafa uppi á efnahagsstefnu ríkisstj. og í umr. um það telur forsrh. Íslands ástæðu til og æskilegt að flytja okkur fræðilegar bollaleggingar um fyrirspurnir. Þetta eru merkilegar umr. fyrir okkur stjórnarandstöðuþingmenn. Þær eru merkilegar fyrir stuðningsmenn þessarar ríkisstj., sem bundu sjálfsagt einhverjar vonir við hana í upphafi. Og síðast en ekki síst eru þetta vissulega merkilegar umr. fyrir þjóðina alla. Hér hefur verið spurt um það, hvort fyrir muni liggja, þegar Alþýðusambandsþing kemur saman, tillögur ríkisstj., hvort þær verði kynntar þar. Svarið er nei. Annarra spurninga er spurt, og svarið við þeim er ýmist útúrsnúningar eða æpandi þögn. Og hver er svo niðurstaðan af þessu öllu saman? Hún er auðvitað sú sem raunar hefur lengi verið vituð, að innan ríkisstj. er engin samstaða í efnahagsmálum, — og það sem meira er, að núv. ríkisstj. hefur enga stefnu í efnahagsmálum. Það þarf í rauninni í þessu sambandi einskis frekar að spyrja, nema þá helst hvenær ríkisstj. hafi hugsað sér að gefast upp. Þess getur varla verið langt að bíða.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Það er ekki að furða þótt hæstv. forsrh. kveinki sér við þeim fsp. sem hér hafa verið bornar fram. Honum og öðrum hæstv. ráðh. hefur verið svarafátt. Ég skal ekki ræða hvort það sé þinglegt að bera fram slíkar fsp. sem hér hefur verið gert. Ég held að það sé engum vafa bundið að svo sé. Þar að auki get ég huggað hæstv. forsrh. með því, að hefðu þessar fsp. ekki verið bornar fram eða ræddar með þeim hætti sem raun ber vitni, þá er enginn vafi á því, að ástæða var til að kveðja sér hljóðs utan dagskrár og þá hefðu þessar umr. væntanlega verið langtum lengri, enda er fátt hægt að segja í tveggja mínútna ræðutíma.

Það er upplýst, að hæstv. ríkisstj. ætlar ekki að kynna efnahagsaðgerðir, hvorki hér á þingi né á þingi ASÍ. Ég vek enn á ný athygli á því, að bæði Framsfl. og Alþb. eru skuldbundin ekki eingöngu að kynna ASÍ og aðilum vinnumarkaðarins eða samtökum launþega efnahagsaðgerðir, heldur liggur fyrir loforð þessara tveggja flokka að ekkert verði gert nema með samþykki launþegasamtakanna. Það er ekki eingöngu talað um samráð við launþegasamtökin, heldur samþykki þeirra. Á þeim grundvelli skýtur það skökku við, að ríkisstj. ætlar ekki einu sinni að kynna fyrirhugaðar efnahagsaðgerðir á þingi ASÍ. En við vitum hvaða markmiði þessar efnahagsaðgerðir eiga að ná. Þær ættu að sögn — eða þá ályktun mátti draga af orðum hæstv. forsrh. — að ná verðbólgunni niður úr nálægt 70% í 42%, og það eru auðvitað aðgerðir sem geta og hljóta að koma við einhvern. En í því sambandi, þegar hæstv. forsrh. mótmælir því, að rétt sé að ganga út frá verðbólguspánni um 70% verðbólgu á næsta ári vegna þess að þar sé ekki gert ráð fyrir neinum efnahagsaðgerðum, vil ég minna á umr. sem fram fóru hér fyrr á árinu milli hæstv. ráðh. og hv. þm. Lárusar Jónssonar, þegar ráðh. vildi meina að verðbólgan á þessu ári yrði ekki nema 40%, en hv. þm. Lárus Jónsson sagði að hún yrði yfir 50%. Nú er komið á daginn hvor hafði á réttu að standa.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Aðeins örfá orð um dagskrá í tilefni af því sem hæstv. forsrh. sagði e. t. v. ekki að ástæðulausu um fsp. almennt.

Ég vil byrja á því að telja það vera grundvallartilgang fsp. hér á Alþ. að kalla fram upplýsingar — ekki fyrir þm. sjálfa, heldur fá upplýsingar á opinberum vettvangi sem þm. telja að þjóðin þurfi að fá. Auðvitað getum við persónulega spurt ráðh. Ég tel tvímælalaust að þær fsp., sem við höfum verið að tala um þrjár í röð, séu allar þinglegar. Þær eru allar um einföld efni og má svara þeim í tiltölulega stuttu máli. Meira að segja var hægt að svara einni þeirra með já eða nei.

Hitt er svo annað mál, að þar sem fsp. eru tíðkaðar erlendis snýst mestur vandinn um það, hvers konar framhaldsfyrirspurnir þm. eru leyfðar. Hæstv. forsrh. nefndi breska þingið sem fyrirmynd, en þar situr forseti í stól sínum og úrskurðar jafnóðum hvort framhaldsfyrirspurn, sem þm. kemur með, er leyfileg eða ekki. Þá dæmir hann eftir því, hvort honum finnst eðlilegt að heimta að ráðh. svari framhaldsfyrirspurn án þess að hafa þann undirbúningstíma sem honum er annars ætlaður í þingsköpum.

Núverandi fyrirkomulag á fsp. var samþ. 1972. Það er tiltölulega nýtt. Fyrir þann tíma voru engin tímatakmörk, sérstaklega ekki hjá ráðh., og þá gerðist það ærið oft að ráðh., sem voru ánægðir með frammistöðu sína í einhverju máli og vildu koma því á framfæri, fengu þm. til að leggja fram fsp., svo stóðu þeir upp og fluttu hálftíma fyrirlestur. Þetta var afnumið og ræðutími beggja skorinn niður 1972. Ég var í þeirri nefnd sem starfaði í nokkur ár að undirbúningi þess máls og var 1. flm. að frv. þegar það var lagt fram og endanlega afgreitt 1972.

Eitt af meginatriðunum, sem rætt var í sambandi við breytinguna 1972, var hvort ætti að takmarka umr. um fsp. við fyrirspyrjanda og ráðh., sem svarar, og leyfa engum öðrum að tala um þá fsp. Þetta var alvarlega rætt og margir voru þeirrar skoðunar, að svona ætti þetta að vera. En hitt varð ofan á, að takmarka málfrelsi ekki svo mikið. Þess vegna var ákveðinn tveggja mínútna ræðutími fyrir alla þm. og þar með var umræðum boðið heim.

Ég er sammála hv. 1. þm. Reykv. um það, að ef þessar umr. hefðu ekki orðið í fsp.-tíma, þá hefðu þær orðið utan dagskrár, og ef ekki utan dagskrár, þá á einhvern annan hátt, vegna þess að öll þing þurfa að geta komið að stórpólitískum umr. sem ekki geta beðið eðlis síns vegna. Vill þing hafa einhverjar leiðir til að slíkar umr. geti farið fram. Þess vegna sagði ég fyrr í þessum umr., að það væri tilgangslaust fyrir ríkisstj. að fara undan í flæmingi því að hún yrði að svara þeim spurningum sem liggja hér til grundvallar.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í þær lærðu umr. sem hér hafa farið fram núna að undanförnu um þingsköp. Ég hef ekki þá þingreynslu að ég treysti mér til þess.

Ég vil aðeins segja almennt út af þeim málum sem hér eru rædd, að það er öllum augljóst, öllum þeim sem standa að ríkisstj. og væntanlega öllum öðrum hv. þm., að hér á landi er við að glíma alvarlegan efnahagsvanda sem verður að taka á, en samkv. stjórnarsáttmála núv. ríkisstj. og yfirlýsingum stjórnarflokkanna hlýtur slíkt að

gerast í samráði við samtök launafólks og hafa það markmið að vernda þau lífskjör sem um hefur verið samið. Þetta eru þau grundvallaratriði sem menn hljóta að ganga út frá.

Umr. hér í dag bera hins vegar ekki fyrst og fremst vitni um það, að menn séu að velta vöngum yfir því, með hvaða hætti eigi að taka á þessum vanda. Menn eru hér í rauninni, ákveðnir fulltrúar stjórnarandstöðunnar, að lýsa vonbrigðum sínum yfir því, að þeim tókst ekki þrátt fyrir tilraunir um 10 mánaða skeið að koma í veg fyrir gerð kjarasamninga. Það voru gerðir kjarasamningar, undirritaðir af báðum aðilum vinnumarkaðarins, frjálsir kjarasamningar, eins og það er kallað. Skemmdarverk dugðu ekki til að tefja þá nema talsverðan tíma, en ekki til þess að spilla fyrir hugsanlegri niðurstöðu. Og vegna þessara vonbrigða, þessara sáru vonbrigða stjórnarandstöðunnar, er nú reynt að magna hér upp á hv. Alþ. spennu vegna Alþýðusambandsþingsins. Hv. þm. Pétur Sigurðsson og hv. þm. Karvel Pálmason eru að hefja hér inni í þingsölum eins konar formræður fyrir Alþýðusambandsþingið. Þeir vilja freista þess að skapa fyrir þingið á hinum almenna vettvangi spennu og illindi þannig að þeir hafi þar sem mest fyrir sinn snúð. Þetta er hinn ljóti tilgangur með þessum umr. Hann er ekki sá, að menn vilji af alvöru leita lausnar á þeim efnahagsvanda sem allir vita að íslenska þjóðin á við að glíma.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Það er vissulega réttmæt fsp., sem hér liggur fyrir, og ekki óeðlilegt að leitað sé eftir því, hvaða efnahagsráðstafanir séu fyrirhugaðar, þegar Alþýðusambandsþing er á næsta leiti. En svörin, sem við höfum fengið hér á s. l. tveim tímum, þegar þetta hefur verið rætt, eru næsta óljós og mjög loðin.

Nú hef ég verið að velta því fyrir mér, hvort hægt sé að reyna aðra leið til að fá einhver svör fram á þessum fundi sem gefi launþegum einhverja vísbendingu um hvort efnahagsráðstafanirnar, sem fyrirhugaðar eru, muni á einhvern hátt skerða nýgerða kjarasamninga. Í stjórnarsáttmála ríkisstj. segir að ríkisstj. muni ekki setja lög um almenn laun nema allir aðilar að ríkisstj. séu um það sammála, enda sé haft samráð við samtök launafólks. Þetta segir okkur það, að allir aðilar að ríkisstj. verði að vera sammála um þær efnahagsráðstafanir sem gerðar verða, ef þær snerta launamálin að einhverju leyti. Ég minnist þess, að í stefnuskrá Alþb., sem ég held að hafi verið gefin út fyrir kosningar 1978 eða 1979, ég man það nú ekki orðrétt, en þar stóð eitthvað á þá leið, að undir engum kringumstæðum mætti skerða gerða kjarasamninga. Því vil ég spyrja hæstv. félmrh., sem hér er inni, en það kom ekki fram í hans máli hér áðan: Treystir félmrh. sér til þess að gefa yfirlýsingu um það hér og nú, að ráðstafanir, sem gerðar verði í efnahagsmálum, muni ekki skerða nýgerða kjarasamninga launþega?

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það eru tvær aths. að gefnu tilefni.

Hv. 11. þm. Reykv., Ólafur Ragnar Grímsson, komst svo að orði í Þjóðviljanum hinn 15. ágúst s. l., þegar hann var að skýra niðurstöður efnahagsmálanefndarinnar, en þar átti hann sæti, — hann sagði m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Þótt innan nefndarinnar hafi komið fram mismunandi áherslur á einstök atriði, þá tel ég að þessi hugmyndaskrá geti orðið grundvöllur að heilsteyptri stefnu í efnahagsmálum sem feli í sér víðtækar aðgerðir gegn verðbólgu á næstu misserum, verulegar breytingar á rekstrargrundvelli atvinnuveganna, nýskipan bankakerfisins, afurðalánum og uppstokkun vaxtamálanna."

Svo mörg voru þau orð, og nú spyr ég: Hvað dvelur Orminn langa? Hvar eru aðgerðirnar? Hvenær er þeirra að vænta? Hvað hefur breyst? Eða er þetta blaður eins og svo oft hjá þessum hv. þm.?

Mig langar til að spyrja hæstv. félmrh., sem ég hef þrásinnis hér í ræðustóli, bæði á síðasta þingi og eins á þessu þingi, spurt og hvatt til að koma hér upp í ræðustólinn og skýra frá hugmyndum sínum um hvernig hann ætli að koma verðbólgunni niður án þess að skerða gildandi kjarasamninga. Hann hefur ævinlega skorast undan þessum umr., aldrei fengist til að taka þátt í þeim. Nú spyr ég hann: Er hann reiðubúinn til þess að setja ráðherrastól sinn að veði, að ef væntanlegar efnahagsaðgerðir skerða að einhverju gerða kjarasamninga, þá sé hann reiðubúinn til þess að fara úr ríkisstj.? Ég spyr. Já eða nei? Er hæstv. félmrh. á þessari stundu reiðubúinn til þess að svara því játandi, að hann muni yfirgefa ríkisstj., fara úr ráðherrastólnum, ef þær efnahagsráðstafanir, sem ríkisstj. Gunnars Thoroddsens beitir sér fyrir nú, skerða á einhvern hátt nýgerða kjarasamninga? (**EKJ:** Það er hann áreiðanlega ekki.) Svar hans sýnir að það, sem hann sagði áðan, var sagt í áróðursskyni, það var sagt gegn betri vitund, vegna þess að þessi hæstv. ráðh., sem hvatti til Alþingis götunnar meðan hann var ritstjóri Þjóðviljans, er þegar farinn að leggja á ráðin um það, hvernig hann geti dulbúið aðgerðir gegn launafólkinu í landinu, hvernig hann geti brugðist þeim mönnum sem sömdu í frjálsum samningum við ríkisstj. um mánaðamótin ágúst-sept. Skemmdarverk, ef þau hafa verið unnin og tafið samninga við opinbera starfsmenn, þá voru þau skemmdarverk unnin innan ríkisstj., en ekki fyrir utan hana.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Ég vil að gefnu tilefni spyrja hæstv. félmrh. í hverju þau skemmdarverk eru fólgin sem hann var að tala um hér áðan. Það væri afskaplega fróðlegt að fá að vita hver þau eru.

Það er athyglisvert við þessar umr. hér, að það fæst ekki eitt einasta orð upp úr ríkisstjórnarmönnum um það, hvað gera eigi í efnahagsmálum. Leyndin er alveg yfirgengileg. Það hefur verið starfandi hér efnahagsnefnd og ýmsar umr. farið fram um þessi mál. Ráðh. hafa gefið yfirlýsingar um það hvernig þeir ætli að fara að þessu, en þegar spurt er um hvað ríkisstj. hyggist gera verður fátt um svör.

Fulltrúar á Alþýðusambandsþingi munu spyrja sömu spurninga og hér er spurt, og ég er viss um, að þeir gera sér í hugarlund að ríkisstj. ætli um áramótin að fella gengið hrikalega, hún ætli að skerða kjarasamninga, hún ætli að breyta vísitölunni. Það er vegna þessara fyrirætlana sem stuðningsmenn ríkisstj. þora ekki að svara hér. Þeir kjósa að þegja.

Ef einhver ríkisstjórnarmaður kemur hér upp og fullyrðir að þetta sé ekki ætlunin, þá höfum við fengið svar.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Það er ljóst, að það er tilgangslaust að spyrja frekar í þessum umr. Við fáum aðeins að heyra glefsur úr gömlum ræðum. Þó er ljóst að svar við þeirri spurningu, sem lögð var fram undir þess-

um dagskrárlið, er neitandi. Það breytir ekki því, að umr. um þessi mál eiga fullan rétt á sér eins og fjölmargir hv. þm. hafa fjallað um. Hér er um að ræða efnahagsstefnu ríkisstj., hvort hún sé til, í hverju hún felist og til hvaða aðgerða eigi að grípa, einkum og sér í lagi vegna nýgerðra kjarasamninga.

Þá koma fram ásakanir af hálfu stjórnarsinna og talað er um ábyrgðarleysi af hálfu stjórnarandstöðunnar. En ég bendi á að hún er fyllilega ábyrg. Engin yfirboð hafa komið hér frá stjórnarandstöðunni, og ég segi fyrir mig, að ég styð heils hugar eðlilegar aðgerðir í efnahagsmálum til að koma í veg fyrir verðbólgu.

Óvinir þessarar ríkisstj. eru ekki í þessum efnum í hópi andstæðinga hennar á þingi. Óvinir þessarar ríkisstj. sitja í ríkisstj. sjálfri. Við skulum skoða þetta mál aðeins nánar? Hver er það sem fær skellinn af því að niðurtalningin mistekst? Verður það Alþb.? Svarið er nei. Það verður Framsfl. sem tapar á því að niðurtalningin mistekst. Alþb.-ráðh. geta glott við tönn. Hver fær skellinn af því ef stjórnin springur vegna aðgerða í efnahagsmálum sem snerta kjaramálin? Verður það Alþb.? Svarið er nei, vegna þess að Alþb., flokkur öreiga og verkalýðs, er að vernda smælingjana og verkalýðinn. Það tapar ekki á því. Alþb.-menn geta setið hjá og glott við tönn.

Hér var talað um skemmdarverk af hálfu stjórnarandstöðunnar. Ég held að það sé starfandi fimmta herdeild í stjórnarherbúðunum sjálfum. Það kom glöggt fram einmitt þegar síðustu fsp. var svarað, þegar hv. þm. og formaður þingflokks Alþb. kom hér upp og beindi spjótum sínum — ekki að stjórnarandstöðunni, heldur að hæstv. viðskrh. Þannig verður þessi leikur leikinn og þegar er ljóst hvert stefnir. Þetta vil ég segja vegna þess að það blasir við eftir þessar umr.

Ég lýsi því yfir, að hæstv. forsrh. á samúð mína í baráttu sinni í ríkisstj. gegn þeim skemmdarverkaöflum sem hann á við að glíma innan sjálfrar stjórnarinnar.

Að lokum vil ég þakka öllum þeim fjölmörgu hv. framsóknarmönnum sem tóku til máls í þessari umr.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það verður nú greinilegra með hverjum deginum sem nær líður Alþýðusambandsþingi, að þeir fulltrúar Alþb., sem sæti eiga hér á hv. Alþ., verða órólegri. Það kom greinilega í ljós, hafi menn fylgst með hæstv. félmrh. hér í ræðustól áðan. En ég kem nánar að því síðar.

Ég verð að segja það, að ég hef oftast nær litið upp til hæstv. núv. forsrh. og talið mér nokkurn sóma að því, og ég vil taka það fram, að ég hef ekki glatað allri trú á hann enn. En það urðu mér geysileg vonbrigði að heyra núv. hæstv. forsrh. lýsa því yfir, að ríkisstj. — ég met það svo að hann hafi talað fyrir ríkisstj. alla — ætli alls ekki að virða Alþýðusambandsþing þess að greina því frá hvaða efnahagsráðstafanir ríkisstj. ætlar sér að gera. Það urðu mér geysileg vonbrigði að virða þannig að vettugi fulltrúa yfir 50 þús. launþega sem nú eru að koma saman. Við hvern á að hafa samráð um efnahagsgerðir ef ekki Alþýðusambandsþing þegar það situr á rökstólum og verið er að undirbúa efnahagsráðstafanir af hálfu ríkisvaldsins? Ég vil spyrja hæstv. félmrh. og þá Alþb.-ráðh. aðra, sem hér eru inni: Hafa þeir fallist á þá ákvörðun hæstv. forsrh. að segja nei við Alþýðusambandsþing um að það fái að vita um fyrirhugaðar efnahagsráðstafanir? (**Gripið fram í:** Ert þú í Alþýðusambandinu?) Hafa þeir fallist á það? Ég er einn fulltrúinn þar og tel mig eiga jafnan rétt á við alla aðra. Hafa þessir hæstv. ráðh. samþykkt neiið við Alþýðusambandsþing um upplýsingar? Og ég ítreka fsp. sem kom fram hjá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur áðan, ég ítreka þá fsp. til hæstv. félmrh.: Vill hann hér og nú, á síðasta þingdegi Alþ. fyrir Alþýðusambandsþing, lýsa yfir að Alþb. standi ekki að neinum þeim ráðstöfunum sem skerði nýgerða kjarasamninga Alþýðusambandsins frá 27. okt.? Lýsi hann því ekki hér yfir fyrir hönd ráðh. Alþb., þá tek ég það svo að þeir ætli sér að skerða þessa samninga og hafi raunar þegar ákveðið það.

Út af því, sem hæstv. ráðh. sagði áðan um skemmdarverk og umr. þær sem nú hafa farið hér fram, vil ég aðeins segja þetta: Það var hvorki ég né hv. þm. Pétur Sigurðsson sem ákváðum þessar umr. Það var hæstv. forsrh. sem óskaði sérstaklega eftir því, að þessar umr. færu fram nú. Það gæti verið hugrenningarefni fyrir hæstv. félmrh. að spyrja sjálfan sig um það, vegna hvers hæstv. forsrh. gerði þetta. (Forseti hringir.) Herra forseti. Ég er alveg að ljúka máli mínu.

Hæstv. félmrh. sagði áðan að það hefði verið reynt að koma í veg fyrir samninga með skemmdaraðgerðum það 10 mánaða tímabil sem tókst ekki að koma saman samningum. Það er þegar yfirlýst og vitað og var raunar vitað allan þennan tíma, að mesti þrándurinn í götu þess, að samningar gætu tekist, var hæstv. ríkisstj. sjálf. Fulltrúar Alþb. innan verkalýðshreyfingarinnar voru líka að nokkru leyti, ef ekki að verulega leyti þrándur í götu þess, að eðlilegir og æskilegastir samningar tækjust á vinnumarkaðinum. Skemmdarverkamenn af því tagi að koma í veg fyrir samninga og koma í veg fyrir eðlilegar aðgerðir í efnahagsmálum er fyrst og fremst að finna innan Alþb.

Ég vil minna á það líka að lokum, að það var hæstv. félmrh. sem einn allra ráðh. líklega í Íslandssögunni hefur orðið að afturkalla bréf sem sent hefur verið inn á samningafund hjá aðilum vinnumarkaðarins. Það bréf kom í veg fyrir það um tíma að samningar gætu haldið áfram. Félmrh. Alþb. er sá eini allra íslenskra ráðh. sem hefur orðið að éta með þeim hætti ofan í sig það sem í slíku bréfi stóð.

Ég ítreka fsp. til hæstv. félmrh.: Vill hann lýsa því yfir hér, að Alþb. standi ekki að neinum þeim efnahagsráðstöfunum sem skerða nýgerða kjarasamninga Alþýðusambandsins?

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Í þessum umr. hafa talað fjórir hv. þm. Alþfl. Þeir hafa ekki spurst fyrir um það, heldur fullyrt allir að ríkisstj. ætli sér að skerða gerða samninga við verkalýðssamtökin, og þeir hafa ætlað að rifna af vandlætingu yfir þessu sem þeir þannig búa sér til. Mér finnst ástæða til þess í sambandi við þessar ræður hv. Alþfl.-manna að minna á það, að þegar þáv. formaður þeirra, hv. þm. Benedikt Gröndal, lagði fram drög að málefnasamningi í lok jan. s. l. var m. a. kafli þar um launa- og kjaramál. Þar segir m. a.:

„Á árinu 1980 skulu ekki gerðir launasamningar, sem fela í sér neina hækkun á grunnkaupi.“ Enn fremur: „Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 13/1979, svonefndra Ólafslaga, um greiðslur verðbóta á laun, skulu verðbætur ekki hækka umfram 5% í hvert sinn 1. mars, 1. júní, 1. sept. og 1. des.“

Þetta er yfirlýst stefna Alþfl. og allra þeirra fjögurra hv. þm. sem hér hafa talað: að banna frekari verðbætur en þarna er greint, m. ö. o. skerða samninga og ganga gegn þessum ákvæðum um verðbætur í lögum. Þá er spurningin þessi, ef mér leyfist nú einu sinni í þessum umr. að bera fram eina fsp., og hún er þá til hv. þm. Karvels Pálmasonar: Er það ekki alveg ljóst, að í framboðsræðu sinni til forseta Alþýðusambands Íslands muni hann undirstrika skýrt og skorinort þessa stefnu sína og Alþfl., að verðbætur skuli skertar þannig að þær verði alls ekki meiri en 5%?

Fyrirspyrjandi (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ég ætla að gera aðeins meira en aths. Ég á eftir tveggja mínútna ræðutíma.

Mér þykir allhlálegt að hlusta á hæstv. félmrh. koma upp og tala eins og hann talaði. Jú, hann viðurkennir í sinnu stuttu ræðu að það sé við alvarlegan efnahagsvanda að glíma. Það er hárrétt. Það, sem við höfum spurt um, er: Hefur ríkisstj. fundið upp ráð við þessum efnahagsvanda eins og hún hefur boðað, eins og reyndar hæstv. núv. félmrh. boðaði í kosningabaráttunni 1978? Hvar eru þessi ráð? Við höfum verið að spyrja um þau. Og vegna þess að hann minntist á það jafnframt, að það ætti að hafa samráð við alþýðu þessa lands, þá báðum við um að fá upplýsingar um hvaða ráðstafanir þetta væru, þegar hinn eini og rétti og sanni grundvöllur verkalýðssamtakanna á Íslandi er staddur hér í Reykjavík á þingi sínu sem aðeins er haldið fjórða hvert ár. (Gripið fram í.) Nei, það verður ekki gert samkv. svari forsrh. Og er það ekki hlálegt þegar þessi verðandi guðfaðir Alþb. er að tala um að vernda lífskjör sem hafa unnist í nýgerðum samningum, — er þetta ekki hlálegt, — maðurinn sem lofaði að koma samningunum frá 1977 í gildi í kosningaspjalli sínu 1978? En hvað hefur skeð? Það hefur verið sýnt hér fram á að kaupmátturinn hefur rýrnað frá því að hann settist í ríkisstj. 1978. Kaupmátturinn hefur rýrnað um 11.5%. Og ef ekkert verður að gert mun hann rýrna um 6% á næstu mánuðum. Það má vera að þeim takist að halda núverandi samningum þannig að þeim verði ekki breytt í þeim efnahagsaðgerðum sem fram undan eru. En það mætti kannske bæta einni spurningu við: Verður ekki kaupmátturinn rýrður áfram hér eftir sem hingað til samkv. reynslu íslenskra launþega fram til þessa af hinni ágætu öreigastjórn — eða hitt þó heldur — með öðrum aðgerðum?

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Hæstv. félmrh. tók það fram, sem rétt er, að grundvöllur þessarar stjórnarsamvinnu væri samráð og samvinna við launþegasamtökin, enda segir svo á 1. blaðsíðu í stjórnarsáttmála, með leyfi hæstv. forseta: „Ríkisstj. leggur höfuðáherslu á að leysa þau mál með samstarfi og í samráði“ — þ. e. launamálin. Þá vitum við það. En fyrir fulltrúaþing launþegasamtakanna í landinu, sem kemur saman fjórða hvert ár hefur hæstv. forsrh. lýst því yfir að ekki muni verða lögð þau úrræði sem hæstv. ráðh. segja að muni sjá dagsins ljós, sem þeir hyggjast framkvæma í efnahagsmálum. En það er fleira sem ASÍ-þingfulltrúar þurfa að aðgæta, því að á bls. 2, í 4. lið, er tekið fram að ríkisstj. leggi áherslu á samvinnu við samtök launafólks um átak í atvinnumálum, eins og frá er greint í öðrum liðum málefnasamningsins. Ég held að þeir ASÍ-fulltrúar þyrftu að spyrja eftir þessu líka.

Hér kemur hæstv. félmrh. upp og lýsir því yfir, að reynt hafi verið að spilla fyrir þeim samningum sem tókust á vinnumarkaðinum núna. Ég krefst þess að fá að vita með hvaða hætti það var gert og af hverjum. Ég þekki hins vegar vinnubrögðin í gegnum áratugina af hálfu Þjóðviljans og þessa manns, hæstv. ráðh. Við þekkjum þau frá 1977, hvernig var beitt áróðri af hans hálfu og hans blaðs og ólöglegum verkföllum til þess að hrinda fram verðbólguskriðu, magnaðri en nokkru sinni fyrr, fyrir utan þá sem við höfum nú fyrir augunum. Hann verður að nefna dæmi þess, hverjir unnu að því að spilla fyrir samningagerð hjá launþegasamtökunum nú. Annars er þetta markleysa og út í hött.

En það er fleira sem þyrfti að spyrja um. Hér eru stjórnlagafræðingar, þeir geta kannske sagt okkur hvað sú ríkisstj. á að gera samkv. þingræðisreglum sem fær ekki neinu áorkað í höfuðstefnumiðum sínum. Og Framsóknarráðh., hæstv. utanrrh., þyrfti að svara því, hvað hann eigi að gera, því að þeir hafa sjálfir lýst yfir að ekki er byrjað á þeirri niðurtalningu, ekki byrjað á ráðstöfunum í verðlagsmálum sem eru höfuðatriði og stefnumið þessa sáttmála.

Við í stjórnarandstöðunni vitum hvað okkur ber skylda til innan tíðar. Það er að bera fram vantraust á slíka ríkisstj.

En á hverju eigum við von þegar hæstv. Framsóknarráðh., viðskrh. og samgrh., formaður Framsfl., vara við hinu gífurlega hættuástandi, þegar það er nefnt annað tveggja af hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni, formanni þingflokks Alþb.: þvaður eða í hinn stað að ekki sé mark takandi á þeim mönnum sem með þessi aðvörunarorð fara?

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það er alvarleg þversögn í þessum málflutningi stjórnarandstöðunnar sem gerir það að verkum að allar þær ræður, sem þeir hafa flutt hér í dag, eru markleysa. Þeir segja á annan veg að ríkisstj. sé gersamlega tillögulaus í efnahagsmálum, hafi engar tillögur, engar hugmyndir og ekki neitt. Á hinn bóginn koma þeir hér, frambjóðendur til forsetakjörs á Alþýðusambandsþingi og aðrir fulltrúar á Alþýðusambandsþingi, og æsa sig yfir því, að ríkisstj. skuli ekki greina frá því sem hún sé þegar búin að ákveða. Vill ekki hv. stjórnarandstaða gera það upp við sig í eitt skipti fyrir öll, hvort hún ætlar að halda því fram, að ríkisstj. sé stefnulaus í efnahagsmálum, eða hvort hún ætlar að halda því fram, að ríkisstj. hafi svo harða og klára stefnu í efnahagsmálum, að hún þori ekki að sýna hana á Alþýðusambandsþingi? (**HBl:** Hvar eru þínar tillögur?) Ég kem að því, góði, bíddu rólegur. — Það er ekki hægt að halda þessu hvoru tveggja fram nema menn vilji bara leika sér að því að forheimska sjálfa sig og þjóðina. Allur málflutningur stjórnarandstöðunnar í dag hefur gengið út á þetta tvennt.

Svo spyr hv. Halldór Blöndal um till. okkar. Ég skal segja Halldóri Blöndal það, að ég hef ekki haft kynni nema af tveimur ríkisstj., en vinnubrögðin í þessari ríkisstj. að stefnumótun í efnahagsmálum eru hátíð hjá þeim vitleysisgangi sem tíðkaðist þegar Alþfl. var í ríkisstj., eru hátíð hjá þeim seinagangi sem tíðkaðist þegar Geir Hallgrímsson var forsrh. Hvernig voru vinnubrögðin þá? Jú, Geir Hallgrímsson skipaði nefnd til þess að kanna verðbólguvandann. Hún starfaði í tvö ár og skilaði svo till. sem ríkisstj. gat ekki farið eftir. Hver

voru vinnubrögðin í Alþfl.? Þau voru að lýsa hvað eftir annað yfir, utan stjórnar, utan þingsala sem hér á þingi, hvað hann vildi gera, þannig að það var ekki nokkur starfsfriður innan ríkisstj.

Ástæðan fyrir því, að ég skaut svona vinsamlega að hæstv. viðskrh. hér í dag, er að mér hefur fundist upp á síðkastið að hann væri að falla í þær freistingar að taka upp nýja stílinn í Alþfl. (**PS:** Var það laust skot?) Já, það var laust skot. Þess vegna vil ég segja það, að samstarfið í efnahagsnefnd ríkisstj. var gott. Hún skilaði góðum till. og það er þegar farið að framkvæma sumar þeirra. (**HBl:** Hvaða tillögur er farið að framkvæma?) Hv. þm. Halldór Blöndal fylgist lítið með því, hve skammt duga yfirlýsingar þm. Sjálfstfl. Í umr. um fjárl. belgdi Matthías Á. Mathiesen sig yfir því, að 1. des. mundi vísitalan verða 14%, og lagði síðan í öllum sínum málflutningi út af því. En hver var raunin? Hún var miklu minni. (**GeirH:** Hvað var hún?) Ef hv. þm. Geir Hallgrímsson hefur ekki fylgst með því, hver vísitalan er, þá vænti ég þess, að svokallaður forystumaður stjórnarandstöðunnar kynni sér efnahagsmálin betur áður en hann kemur næst hér annað hvort til þess að tala eða grípa fram í. (**GeirH:** Hvað er miklu minna?) Það er miklu minna? (**GeirH:** En 14%). 10% eru miklu minna en 14%, hv. þm. Geir Hallgrímsson. (**HBl:** Þú ert búinn að missa málið.) Nei, nei, langt frá því. Það er rétt sem Benedikt Gröndal og hæstv. forsrh. hafa sagt hér, að það væri vissulega tilefni til þess að sýna fram á þversagnirnar í málflutningi stjórnarandstöðunnar hér, bæði Sjálfstfl. og Alþfl.

Ég ætla að ljúka ræðu minni, herra forseti, með því að segja tvennt:

Hv. stjórnarandstaða þarf ekki að óttast að vinnubrögðin í þessari ríkisstj., a. m. k. eins og ég þekki hana, muni skapa hér sundrungu í efnahagslífi landsins. Þvert á móti, þessi ríkisstj. hefur sýnt það nú þegar í vinnubrögðum sínum í efnahagsmálum að hún hefur markað alger þáttaskil, bæði frá ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar og frá þeirri ríkisstj. sem Alþfl. tók þátt í. Ég vil að lokum spyrja hv. þm. Karvel Pálmason: Þorir hann á Alþýðusambandsþingi að leggja fram kjaraskerðingartillögur Alþfl. frá því í sept. 1978, kjaraskerðingartillögur Alþfl. frá því í des. 1978, kjaraskerðingartillögur Alþfl. frá því í apríl 1979, kjaraskerðingartillögur Alþfl. frá því í sept. 1979 og kjaraskerðingartillögur Alþfl. frá því í jan. 1980, og láta greiða atkv. um þær á Alþýðusambandsþinginu? (**Gripið fram í:** Ef þær verða betri en ykkar).

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Það situr síst á sumum hér í þingsölum að tala um belging, og ég held að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson ætti að lesa betur efnahagsmálatillögur Alþfl. heldur en að tína út úr þeim eitt og eitt brot. Þetta er ómerkilegur málflutningur.

Sama verður að segja, því miður, um málflutning hæstv. forsrh. Ég vil minna á það, að þetta er í fjórða skipti hér á hinu háa Alþingi að ríkisstj. er krafin sagna um efnahagsstefnuna, og þetta er líka í fjórða skipti að stjórnarandstaðan verður fyrir því, að það er eins og að tala í tóma tunnu, það er ekkert í henni. Og hvað situr svo eftir af þeim umr. sem hér hafa farið fram í hér um bil tvær og hálfa klukkustund? Það situr eftir að það hafa engin svör fengist, enda er stefnan engin.

Í öðru lagi eru hæstv. forsrh. og hæstv. viðskrh. ósammála um það, hvernig ástandið sé í raun og veru.

Í þriðja lagi gagnrýnir hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson þann ráðh. í ríkisstj. sem ég tel að hafi af mestri ábyrgð og festu talað um efnahagsmálin.

Þetta skilur þessi umr. eftir. Ágreininginn innan ríkisstj. og það, að Framsfl. stendur í dag í nákvæmlega sömu sporum og Alþfl. stóð í þeirri ríkisstj. sem Ólafur Jóhannesson stofnaði til.

Ég er þeirrar skoðunar, að þessi umr. skilji það eftir, að núv. hæstv. ríkisstj. sé ófær um að gegna skyldum sínum. Ég er þeirrar skoðunar, að þessi umr. skilji það eftir, að núv. hæstv. ríkisstj. muni ekki starfa lengur en fram í febr.-mars á næsta ári. Ég er þeirrar skoðunar og legg þann skilning í þá umr., sem hér hefur farið fram, að það beri að leggja fram tillögu um vantraust á núv. ríkisstj.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég mótmæli harðlega málflutningi hæstv. forsrh. þegar hann dregur þrjár eða fjórar línur út úr plaggi sem er ekki stefna Alþfl. í efnahagsmálum, heldur hugmynd sem flokkurinn lagði fram sem umræðugrundvöll í sambandi við myndun ríkisstj. Þessar fáu línur, sem hann dregur út, eru auðvitað það neikvæða, en hann sleppir öllu hinu og m. a. því, að þetta plagg, sem var unnið af sérfróðum mönnum, þeim sömu sérfræðingum sem aðrir flokkar nota hér og treysta, hefði örugglega tryggt það að verðbólgan í lok ársins hefði orðið 30%, þannig að hagur launþega hefði við þær skipulegu aðstæður í launamálum, sem þarna var gert ráð fyrir með öðrum aðgerðum, staðið betur, að ég hygg, heldur en hann stendur í dag.

Ég vil taka fram að Sjálfstfl. var þá óklofinn og fyrir hans hönd og varaformanns flokksins fengu þessar tillögur ágætar undirtektir svo það er ekki að ástæðulausu að okkur gruni að hæstv. forsrh. sé móttækilegur fyrir eitthvað slíkt — slitið úr samhengi eins og hann gerir sjálfur við plaggið.

Varðandi hans hátign Ólaf Ragnar Grímsson vil ég segja honum það, að fulltrúar í verkalýðsfélögunum á Íslandi þekkja vel efnahagstillögur undanfarinna ára. Allar þær tillögur, sem hann ruddi úr sér og kallaði kjaraskerðingartillögur Alþfl., eru vel kunnar verkalýðsleiðtogum. Þó hefur farið svo að þeir hafa ekki í áratugi kosið eins marga Alþfl.-menn á Alþýðusambandsþing og nú. það er svarið við hávaðanum og látunum í þessum hv. þm.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil varpa til hæstv. félmrh. þeirri spurningu, hvort hann vilji beita sér fyrir því í sambandi við efnahagsaðgerðirnar að kaupmáttur sólstöðusamninganna náist.

Varðandi ummæli hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar vil ég segja að það var athyglisvert, að þessi hv. þm. gerði annað tveggja að varpa fram staðhæfingum, sem hann gerði enga tilraun til að standa við, eins og þeirri, að sumar till. efnahagsnefndarinnar væru þegar komnar til framkvæmda, án þess að hann treysti sér að nefna eitt einasta dæmi um það. (Gripið fram í.) Það hefur engin tillaga efnahagsmálanefndarinnar komið til framkvæmda þar, heldur hefur einungis verið frestað að framkvæma lög. Engin jákvæð aðgerð hefur átt sér stað, það er bara venjulegt aðgerðaleysi ríkisstj. og við skulum ekki tala um það. Það hefur engin tillaga efnahagsnefndarinnar komið til framkvæmda, ekki ein einasta, svo að kunnugt sé, svo að þarna fór hv. þm. með algert fleipur

eins og hann er vanur þegar sá gállinn er á honum. Á hinn bóginn horfði hann alltaf til baka. Við vorum, bæði ég og hv. þm. Pétur Sigurðsson, sem flutti þessa fsp. og ég fsp sem fyrr var til umr. í dag, að reyna að beina umr. fram á við, hvað við tæki. Við þm. getum haldið langar ræður hér um fortíðina og deilt um það sem liðið er. En spurningin er um þá ríkisstj. sem nú situr: Hvað ætlar hún að gera? Af hverju telur hún að hún hafi rétt til að sitja þarna? Ég verð að segja að það kom mér ekkert á óvart þótt hæstv. forsrh. sliti setningar úr samhengi, það er altítt. Hann reynir gjarnan með þvílíkum brögðum að verja eigin málefnaskort. En þegar hann er spurður mjög ótt og títt og nákvæmt kemur í ljós að lokum að málstaðurinn er bágur. Hann hefur ekkert fram að færa. Hann myndaði ríkisstj. um ekki neitt. Hann þóttist bjarga sæmd Alþingis, en smánin er núna fyrir framan okkur í hverju horni, hverjum krók, í rjáfrinu og niðri í kjallara, ef undan eru skildir starfsmenn þingsins og stjórnarandstaðan.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég var að bíða með að kveðja mér hljóðs þar til ég gengi úr skugga um hvort hetjan mikla, hæstv. félmrh., ætlaði sér að svara eða ekki svara þeim fsp. sem til hans hefur verið beint. Það er ljóst af þögn hans, að hann er ekki mikill kjarkmaður. Hetjan frá baráttunni fyrir „samningarnir í gildi" og „kosningar eru kjarabarátta" er nú guggnuð, orðin liðleskja í flosmjúkum ráðherrastól.

Það er kunnugt, að Alþb. hefur farið í ríkisstj. með því fyrirheiti annars vegar að hverfa af braut gengisfellingar. Gengisfelling hefur aldrei verið meiri en í tíð ríkisstj. Alþýðubandalagsins. Í tíð núv. ríkisstj. mun verð dollarans væntanlega hækka um meira en 50% á einu ári, og eftir slíkt gengisfall íslensku krónunnar blasir meira að segja við stórfellt gengissig í einu stökki, svo að orðalag hæstv. viðskrh. sé notað, um næstu áramót. Þetta eru efndir Alþb. varðandi þetta atriði.

Hinn þátturinn, sem Alþb. hefur lagt megináherslu á, er að forðast kaupmáttarrýrnun, kjaraskerðingu. Hv. þm. Pétur Sigurðsson hefur fjallað um þá hlið málsins og efndir Alþb. að því leyti. Það skortir meira en 20% á að samningarnir frá júní, sólstöðusamningarnir, séu í gildi, og kjararýrnun eingöngu í tíð núv. ríkisstj. er sjálfsagt á þessu ári 5—6%. Þetta eru efndir Alþb.-manna á þessu sviði.

Ég vil aðeins, herra forseti, bæta því við, að hæstv. félmrh. kvartaði yfir því, að menn vildu ekki ræða hér með hvaða hætti eigi að taka á hinum alvarlega efnahagsvanda. Ég vek athygli á því, hverjum það er að kenna. Það er hæstv. ráðh. sem hér hafa setið fyrir svörum. Þeir hafa ekki viljað ræða hvaða úrræði væru til lausnar efnahagsvandanum. Það er ekki stjórnarandstöðunni að kenna.

Ég vil vekja athygli á því, að nú þegar Alþýðusambandsþing kemur saman eru þó fyrir hendi upplýsingar um það, að gengisfall hefur verið geigvænlegt og verður enn geigvænlegra á næsta ári. Sömu helgina og Alþýðusambandsþingið lýkur störfum mun verð landbúnaðarvara væntanlega hækka um 15—20%, og fyrir liggur að vísitalan er fölsuð með niðurgreiðslum og smjörútsölu sem lokið er. Með þetta veganesti fara þeir Alþb.-menn og þeir stjórnarsinnar á Alþýðusambandsþing og ætla að sér sé trúað. En þeim verður ekki trúað þar frekar en landsmenn muni trúa þeim í framtíðinni.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Í fyrri ræðu minni áðan lagði ég á það áherslu, að það yrði að grípa hér til ráðstafana vegna efnahagsvandans, þær ráðstafanir hlytu að hafa það markmið að vernda þau lífskjör sem um var samið, og við það verður staðið af hálfu Alþb. — (**HBl:** En af hálfu ríkisstj.?) — svo lengi sem Alþb. er í ríkisstj. En það er annars makalaust að heyra það hér aftur og aftur, að í hvert skipti sem rætt er um efnahagsmál á Alþ., af hvaða tagi sem þau eru, skuli hv. 1. þm. Reykv. koma hér upp og kenna stjórnarandstöðunni, verkalýðshreyfingunni og þjóðviljanum um að hafa rifið þá ríkisstj. á hol og eyðilagt hana árið 1977, — þá stjórn sem hann var í forustu fyrir 1974 til 1978. Með þessu er hv. þm. að lýsa því yfir, að í rauninni hafi allar þær aðgerðir, sem hans stjórn efndi til, verið réttar, rökréttar, nauðsynlegar og óhjákvæmilegar. Hann er að lýsa því yfir, að það hefði bara verið misskilningur hjá þjóðinni að kjósa hann ekki aftur 1978 til þess að hafa forustu fyrir ríkisstj. og þá Framsfl. um leið.

Hvernig væri staðan gagnvart launafólki í þessu landi ef þau lög hefðu verið í gildi áfram sem þessi hv. þm. beitti sér fyrir að sett væru, kaupránslögin í febr. og maí 1978? Þessi lög höfðu það inni að halda, að álög hvers konar á laun voru skert um 50% á hverju vísitölutímabili. Hefðu þessi lög verið í gildi, hvað væri þá næturvinnuálag núna? Það væri milli 15 og 20% á dagvinnukaup og eftirvinnuálag væri neikvætt um ca. 20%. Það eru þessar „trakteringar", sem þessi hv. þm. er áfram að bjóða íslenskri alþýðu með því að lýsa yfir að það hafi í rauninni ekki verið hann, heldur þjóðviljinn, sem kom í veg fyrir að þessar efnahagsaðgerðir næðu fram að ganga. Það var komið í veg fyrir það að síðustu með kosningaúrslitunum, lýðræðislegum kosningaúrslitum í landinu 1978. Auðvitað svíða þessum hv. þm. þau kosningaúrslit og þær afleiðingar sem þær kosningar höfðu fyrir stöðu hv. þm., bæði út á við og inn á við, án þess að ég fari lengra út í þá sálma.

Vinstri stjórnin, sem mynduð var 1. sept. 1978, setti samningana í gildi. Hún afnam kaupránslögin. 1. gr. fyrstu laga vinstri stjórnarinnar fjallaði um það, að kaupránslögin frá því í febr. og frá því í maí 1978 væru afnumin. Þetta meginatriði stendur þarna upp úr og liggur fyrir.

Það liggur auðvitað einnig fyrir, að á þeim tíma, sem liðinn er frá því að svokölluð Ólafslög tóku gildi, hefur átt sér stað skerðing á kaupmætti launa frá því sem ella hefði verið. Það er alveg ljóst. Það stafar af þrennu. Það stafar í fyrsta lagi af því, að miðað er við viðskiptakjör sem hafa farið stöðugt versnandi á þessum tíma hér í landinu, og sú viðmiðun hefur vafalaust komið illa við marga, þessi viðmiðun. Það stafar af því, að önnur viðmiðun er höfð við launalið bóndans og áfengi og tóbak í vísitölunni en áður var. En ég minni á það, við hvaða aðstæður þessi lög voru knúin fram. Og ég minni líka á það að síðustu, að núna í nýgerðum kjarasamningum í lok ársins 1980 tókst að rétta kaupmáttinn við með samningum sem launamenn og atvinnurekendur undirrituðu.

Hverjir frömdu skemmdarverkin? Svarið við þeirri spurningu held ég að væri eðlilegast að menn reyndu að bera upp í Valhöll, í aðalherbúðum Sjálfstfl. Þar eru þeir menn sem reyndu að beita sér fyrir því undir drep að

stöðva það að gerðir væru kjarasamningar undir núv. ríkisstj.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Hæstv. félmrh. ókyrrðist mjög undir minni ræðu og mér þykir vænt um að hann gat ekki setið á sér og stóð upp, eins og hann átti að gera langtum fyrr. En hann þurfti að fara nokkuð langt aftur í tímann til þess að þykjast bera af sér sakir. Ég fullyrði það, að menn væru betur settir nú og launþegar væru betur settir nú hefðu febrúar- og maílögin 1978 náð fram að ganga og bera árangur. Eftir setningu þessara laga var kaupmátturinn 10% hærri eftir maílögin heldur en hann er núna og 5% hærri eftir febrúarlögin en hann er núna. Allir útreikningar hæstv. ráðh. um yfirvinnuálög og annað því um líkt eru út í hött. Þessi lög áttu að gilda til ársloka 1978. Með þeim hætti hefðum við fengið viðnám gegn verðbólgu, — nauðsynlegt viðnám. Það var skemmdarverk Þjóðviljans og verkalýðsforingja Alþb. sem komu í veg fyrir það og leiddu yfir okkur þá verðbólguholskeflu sem ógnað hefur lífskjörum okkar allt frá haustinu 1978 til þessa dags.

Það hefur komið í ljós af þessum umr., að núv. hæstv. ríkisstj. hefur engin úrræði. Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson sagði það vera mótsögn að við segðum að annaðhvort hefði ríkisstj. engin úrræði eða hún vildi ekki segja frá þeim. Sú skýring getur verið til grundvallar þögn ríkisstj., að hún þori ekki að sýna úrræði sín fyrir þing ASÍ. En ég held að hin skýringin sé líklegri, að engin samstaða sé um úrræði innan ríkisstj. og hún beri þar sama svip og aðrar vinstri stjórnir.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það er aðeins til að leiðrétta hæstv. félmrh. sem gegn betri vitund hélt því fram áðan að ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar hefði komið samningunum í gildi. Þetta segir hann vísvitandi rangt. Við skulum byrja strax fyrstu dagana, þegar fyrsta kaupránið fór fram, sem var þannig háttað að beinir skattar voru hækkaðir stórkostlega, af því að þeir voru ekki inni í vísitölunni, og niðurgreiðslur m. a. auknar á nautakjöti sem fyrir löngu var uppselt, en hins vegar látið koma til lækkunar á kaupgjaldsvísitölu. Þetta var gert viku af sept. eða 10 daga af sept. eða svo og látið gilda aftur fyrir sig til 1. ágúst. Þann tíma fengu launþegar að engu bættan, þar var um fyrsta kaupránið að ræða. Í öðru lagi var kauprán 1. des. í sambandi við lögin þá. Skattalækkunin, sem vó 2%, kom aldrei til framkvæmda. Og ég skora á hæstv. félmrh. að skýra nú þegar frá því, hversu mikil útgjöld ríkissjóðs voru í sambandi við þau 3% sem stolið var af launþegum og kallað var félagslegar umbætur. Hæstv. félmrh. viðurkenndi kaupskerðinguna og kjararánið í sambandi við Ólafslögin. Og í fjórða og síðasta lagi setti hann gerðardóm á sjómenn með brbl. sem aldrei voru tekin fyrir hér á Alþingi.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Enn varð hæstv. forsrh. til þess að valda mér vonbrigðum með ræðu sinni, þegar hann leyfði sér að slíta úr samhengi og lesa upp nokkur orð úr umræðuplaggi sem var til meðferðar þegar stjórnarmyndunarviðræður voru á sínum tíma. Ég ætla ekki að fara út í það, vegna þess að hv. þm. Benedikt Gröndal hefur svarað því. En það skyldi nú ekki vera, að launþegar almennt talað stæðu betur að því er varðar kaupmátt síns kaups heldur en þeir gera nú hefði verið farið að þeim ráðum, með þeim ráðstöfunum sem líka var gert ráð fyrir að gera að því er varðaði lækkun á sköttum og bætur að því er varðaði tryggingamál, sem núv. ríkisstj. undir handarjaðri og handleiðslu núv. hæstv. heilbr.- og trmrh. neitaði alfarið að semja um við verkalýðshreyfinguna á sama grundvelli og gert var við BSRB.

Það er nauðsynlegt, að það komi inn í þessar umr. hver varð til þess að neita alfarið að fara skattalækkunarleiðina fyrir láglaunafólk. Það var núv. hæstv. heilbr.- og trmrh. og núv. hæstv. fjmrh. sem neituðu Alþýðusambandinu um það alfarið að fara inn á leið skattalækkana að því er varðaði lágtekjufólk. Og það voru þessir sömu ráðh. sem neituðu því alfarið við Alþýðusambandið, að aðilar innan Alþýðusambands Íslands, einstaklingar í þeim félögum, fengju sömu lífeyrisréttindi og þessir sömu ráðh. sömdu um við BSRB. Alþb. varð til þess að neita alfarið sambærilegum lífeyrisréttindum fyrir verkafólk innan ASÍ og samið var um við BSRB, og það neitaði alfarið þeirri meginkröfu Verkamannasambands Íslands að fara skattalækkunarleiðina fyrir lágtekjufólk. Þetta eru staðreyndirnar.

Að lokum vil ég vekja athygli þingheims á því, að hæstv. félmrh. hefur ekki svarað þeim tveim fsp. sem til hans var beint hér áðan.

Fyrri fsp. var: Gáfu Alþb.-ráðh. samþykki fyrir þeirri neitun sem forsrh. boðaði hér til Alþýðusambandsþings um að það fengi vitneskju um efnahagsráðstafanir? Samþykktu ráðh. Alþb. þessa neitun á hendur Alþýðusambandsþingi?

Í öðru lagi var hann spurður og hefur ekki svarað enn: Vill hann lýsa því hér yfir fyrir hönd Alþb. í ríkisstj., að það verði ekki gerðar neinar þær ráðstafanir í efnahagsmálum sem skerði nýgerða kjarasamninga Alþýðusambandsins frá 27. okt.?

Geri hann þetta ekki, að svara báðum þessum fsp., verður ekki öðruvísi litið á heldur en Alþb. hafi samþ. neitunina til Alþýðusambandsþings, og þá verður í öðru lagi að líta svo á, að Alþb. hafi fallist á skerðingu á nýgerðum kjarasamningum.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég ætla aðeins að gera örstutta aths. og vekja athygli þingheims á því, að hv. þm. Karvel Pálmason, frambjóðandi í forsetakjöri til Alþýðusambands Íslands, þorði ekki að svara þeim spurningum sem ég bar fram áðan. Hann þorði ekki að svara því, hvort hann væri maður til að leggja kjaraskerðingartillögur Alþfl. frá öllum þeim dagsetningum síðan í ágúst 1978 fram í jan. 1980 sem ég minnti á áðan. Karvel Pálmason þorir ekki að leggja feril Alþfl. og stefnu hans fyrir næsta Alþýðusambandsþing. Það er stóra niðurstaða þessarar umr., að þessi frambjóðandi til forsetakjörs á Alþýðusambandsþingi þorir ekki að standa við stefnu eigin flokks.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er engin ástæða til þess að láta hv. þm. Ólaf Ragnar Grímsson, sendisvein félmrh. í þessum umr., hafa síðasta orðið í þeim.

Ég vil aðeins segja út af því sem hann sagði, að ég tók hér fram að hv. þm. Benedikt Gröndal hefði svarað þeim aðdróttunum, sem forsrh. var með og voru þær sömu og hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson nefndi. En til viðbótar þessu vil ég aðeins minna hv. þm. Ólaf Ragnar Grímsson á það, að núv. hæstv. fjmrh. lýsti því margsinnis yfir, um það bil sem samningar voru að fara af stað eftir að

ríkisstj. tók við völdum, að það væri ekki grundvöllur til neinna grunnkaupshækkana við ríkjandi aðstæður. Það var stefna Alþb. og er. Hæstv. fjmrh. lýsti þessu yfir margítrekað í viðtölum, bæði við blöð og Ríkisútvarp, og þessa ætti hv. þm. að minnast. Þetta voru þær till. sem Alþb. hafði að því er varðaði samningana.

Fyrir það, sem Ólafur Ragnar Grímsson er að tala í sambandi við till. Alþfl. frá fyrri tíð, svara ég ekki. Ég vil hins vegar segja það, að hefði verð farið að umræðugrundvelli sem Alþfl. lagði fram í stjórnarmyndunarviðræðunum síðustu, þá hefðu kjör launþega í landinu og þá fyrst og fremst þeirra, sem þarf að rétta hlut fyrir, þ. e. láglaunafólksins, staðið betur, — hefði verið farið að þeim till. sem voru þó ekki, eins og hér hefur verið tekið fram, stefna Alþfl. Þar var um að ræða hugmyndir að samræmingu ef um væri að ræða samkomulag við ríkisstj., sem vitanlega hefði ekki verið mynduð alfarið á efnahagsstefnu eins flokks, hvorki Alþfl. né annars.

Ég vil aðeins að lokum segja varðandi þessi mál öll saman, að það stendur upp úr þessum umr. að fulltrúar Alþb. í ríkisstj. hafa ekki þorað að segja hér af eða á hvað það er sem þeir eru nú að brugga til þess að skerða kjör launafólks í landinu, sem þeir sjálfir, að vísu sjálfskipaðir, þykjast vera bestu umboðsmenn fyrir.

Umræður utan dagskrár.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég kveð mér aðeins hljóðs um þingsköp til að vekja athygli á því, að fyrst á þessum fundi tilkynnir forseti útbýtingu þskj. 93, máls nr. 86, till. til þál. um iðnþróunarstefnu, en þingmál eru orðin 118. Ég vil gjarnan óska skýringa á þessu.

Forseti (Jón Helgason): Vegna fsp. hv. 1. þm. Reykv., þá hef ég ekki það skjal í höndunum sem ég las hér í upphafi fundar. Hins vegar var ég nú að tilkynna þetta þskj. (Gripið fram í.) Ég skal afla mér upplýsinga um það hjá skjalaverði, hvernig á þessu stendur.

Sameinað þing, 23. fundur.

Fimmtudaginn 20. nóv., að loknum 22. fundi.

Olíuhöfn og birgðastöð í Helguvík, þáltill. (þskj. 110). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Stefnumörkun í landbúnaði, þáltill. (þskj. 111). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Innkaup opinberra aðila á íslenskum iðnaðarvörum, þáltill. (þskj. 115). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Samkeppnisaðstaða Íslendinga, þáltill. (þskj. 120). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Fjölskylduvernd, þáltill. (þskj. 127). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Nýting silungastofna, þáltill. (þskj. 101). — Ein umr.

Flm. (Vigfús Jónsson): Herra forseti. Ég er hér flm. að till. til þál. um aukna nýtingu íslenskra silungastofna. Meðflm. mínir eru hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson, Sverrir Hermannsson, Pétur Sigurðsson og Halldór Blöndal. Þáltill. er á þskj. nr. 101 og svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta kanna ástand íslensku silungastofnanna og beita sér fyrir stóraukinni nýtingu þeirra í öllum þeim vötnum, sem hæf þykja til slíks, hvort heldur er í byggðum eða óbyggðum."

Allir ættu að geta verið sammála um það að nýta auðlindir lands og sjávar svo sem best má vera. Eitt af því, sem til auðlinda telst hér á landi og út undan hefur orðið hvað nýtingu snertir, eru hin fjölmörgu fiskivötn bæði í byggðum og óbyggðum. 80 þessara vatna eru yfir einn ferkm. að stærð, og þau, sem fisk fóstra, munu skipta hundruðum. Ég hef það fyrir satt, að á Melrakkasléttu einni saman séu fiskivötn svo tugum skipti. Eftir því sem menn vita best er ársframleiðslugeta íslenskra vatna frá 15—40 kg af fiski á hektara.

Samkv. því má ætla að samanlögð ársframleiðslugeta þeirra kunni að nema þúsundum tonna. Daginn í dag eru velflest stöðuvötn á Íslandi sáralítið eða ekkert nýtt. Eftir því sem ég kemst næst er Mývatn e. t. v. eina vatnið á landinu þar sem silungastofnarnir eru fullnýttir, a. m. k. ef um er að ræða stærri vötn. Í þeirri fortíð, er fæðuöflun Íslendinga var mjög erfið og fólk barðist við hungurvofuna, var sóknin í fiskivötnin mun meiri og silungastofnunum víða haldið í hæfilegri stærð, þannig að fiskstofninn næði eðlilegum þroska. En eftir því sem fæðuöflun fólks varð auðveldari, eftir því minnkaði sóknin í vötnin og offjölgun silungastofnanna kom til, með þeim afleiðingum að nú er fjöldi vatna ofsetinn og silungurinn í þeim svo rýr að hann er óhæfur til manneldis.

Það er engu líkara en íslensku silungastofnarnir og fiskivötnin hafi horfið í skuggann fyrir hinni árangursríku laxarækt í fallvötnunum. En menn skyldu athuga það, að fleira er matur en feitt kjöt, og það er álit margra, að íslensku stöðuvötnin búi yfir engu minni verðmætum en fallvötnin hvað fisk snertir ef þeim væri sómi sýndur.

Með tilliti til þess, að ljóst er að hinar hefðbundnu búgreinar hér á landi munu ekki veita mörg ný atvinnutækifæri á næstu árum, og einnig þess, að ef eðlileg búseta fólks á að halda áfram í sveitunum, hlýtur að vera skynsamlegt að hefjast handa um mun betri nýtingu veiðivatnanna. Slík nýting hlýtur að bjóða mörg atvinnutækifæri og mikla verðmætasköpun í formi fjölbreyttrar matvælaframleiðslu, bæði fyrir innlenda og er-

lenda markaði. En því nefni ég erlenda markaði að ég veit til þess, að íslensk fyrirtæki, sem fást við matvælaiðnað, hafa áhuga á íslenskum silungi og telja sig geta selt hann erlendis og sum munu meira að segja hafa gert það. Þar á ég einkum við Þingvallamurtuna. Hún hefur verið flutt út niðursoðin og þótt góð markaðsvara.

Íslenskir silungastofnar eru auðvitað mjög misjafnir að gæðum, og hygg ég að þar valdi mestu um offjölgunin. Fækkun í stofnunum hlýtur því að verða mikið verkefni og því mikilvægt að í því sambandi verði upp teknar svo skjótvirkar og ódýrar veiðiaðferðir sem við verður komið. En það er frumatriðið að kanna ástand stofnanna og haga aðgerðum samkv. því, og kemur þá fleira til greina en fækkun, t. d. kynbætur og stofnskipti í vötnum. Einnig má trúlega bæta lífsskilyrði sumra vatna án mikils tilkostnaðar, e. t. v. flytja silung í fiskilaus vötn. Það hefur sums staðar verið gert hér á landi og hefur tekist.

En hér kemur fleira til greina en matvælaframleiðsla því að skilyrði til sportveiði í vötnunum ættu að geta orðið næsta takmarkalítil ef rétt er á haldið. Til þess að svo megi verða þarf þar margt að gera, t. d. að stórauka kynningar- og leiðbeiningarstarfsemi í sambandi við vötnin og leggja vegi, byggja sumarhús og koma upp bátum með fullkomnum öryggisútbúnaði. Í raun og veru er búnaður báta, sem notaðir eru á veiðivötnum hér á Íslandi, alveg sérstakt mál og þyrfti að taka það miklu fastari tökum. Slysatíðni á íslenskum vötnum hefur jafnan verið ótrúlega mikil og hún verður vart minnkuð með öðru en bættum öryggisbúnaði bátanna og leiðbeiningastarfsemi.

Á undanförnum árum hefur réttilega mjög verið rætt um nauðsyn þess að auka fjölbreytni í íslenskum landbúnaði. Tel ég nýtingu veiðivatnanna einn álitlegasta kostinn hvað það snertir og mundu margir aðrir en bændur njóta góðs af því. Hefur m. a. verið bent á að trúlegt er að slík nýting mundi tengjast mjög matvælaiðnaði og eins ferðamannaþjónustunni sem er orðin nokkuð mikil í landinu eða mikilvæg, má segja. En til þess að sú nýting, sem hér um ræðir, megi takast, þarf, eins og áður er að vikið, stórauknar rannsóknir og leiðbeiningaþjónustu og mætti í því sambandi taka með sjógöngusilunga því að einnig þeir hafa verið hornreka hvað fiskrækt snertir. Veiðimálastofnunin hefur að vísu sýnt þessu máli áhuga, en hana skortir bæði tæki og mannafla til þess að skjótur árangur geti náðst. Mér virðist hér vænlegast til árangurs að styrkja þær stofnanir sem forustu geta veitt í rannsóknum og stefnumörkun í fiskræktarmálum, auk þess sem eyða þarf því furðulega áhugaleysi og tómlæti sem ríkt hefur um þessi mál.

Ég vil vekja athygli á því, að þær búgreinar, sem við stundum í landinu, eru mjög misfljótar til svörunar. Við skulum taka t. d. ef við förum að rækta skóg. Þó að ég sé ekki að hafna skógrækt er það staðreynd, að hún svarar ekki tilkostnaði fyrr en eftir áratugi. Aftur á móti ef við tökum fiskivötn til ræktunar án fullrar nýtingar, þá svarar það tiltölulega mjög fljótt, e. t. v. eftir 2—3 ár, og að því leyti til tel ég að þessi kostur sé mjög aðgengilegur. Við Íslendingar stöndum nú frammi fyrir því, að stofnar sjávarfiska eru líklega ofnýttir meira og minna, og þá dreg ég í efa að við höfum efni á því að nýta ekki betur þessar auðlindir.

Herra forseti. Ég vona að ég hafi sannfært menn um það, að hér sé um gott mál að ræða, það fái gott fylgi, og ég læt því máli mínu lokið.

Davíð Aðalsteinsson: Herra forseti. Ég get í flestu, ef ekki öllu, tekið undir með hv. fyrsta flm. þessarar þáltill. og raunar öllum flm. hennar.

Í grg. með till. er vikið að þeim fjölþættu möguleikum sem felast í aukinni nýtingu á okkar silungsstofnum. Það er alveg ljóst að þarna er um allverulega auðlind að ræða sem ekki hefur verið nýtt á undanförnum fjölmörgum árum. Hv. flm. vék aðeins að því sögulega samhengi sem þar er um að ræða. Þjóðfélagslegar aðstæður hafa breyst allverulega með tilliti til nýtingar á þeim stöðum þar sem rækta má fisk, t. d. upp til heiða, þar sem eru mjög fengsæl vötn eða voru það áður á tíð. Það er allkostnaðarsamt að stunda veiðar og stunda þær nytjar svo sem æskilegt væri.

Auk þeirrar matvælaframleiðslu, sem það gæti leitt af sér að rækta upp þau stöðuvötn til fisknytja sem þessi till. gerir vissulega ráð fyrir, vil ég jafnframt taka undir að stórkostlegir möguleikar eru að því er varðar sportveiði og þau tækifæri freistandi sem slíkt gæti gefið fyrir utanaðkomandi fólk, þéttbýlisbúa t. d. Ég vil jafnframt taka undir það, að það, sem till. gerir ráð fyrir, er af því tagi að það gæti jafnframt leitt til verulegrar aukningar á atvinnutækifærum, og það er atriði sem við erum daglega að ræða, bæði innan þings og utan, að auka atvinnutækifærin og treysta byggðina um landið.

Ég lít svo á að þessi till. sé einn þáttur þeirrar framleiðslubreytingar sem nú gengur yfir í landbúnaði. Eins og kunnugt er tilheyra þessi mál landbúnaði, og kannske fyrst og fremst á þeim forsendum tek ég heils hugar undir þessa till. og það sem hún gerir ráð fyrir. Eins og kunnugt er hefur fiskrækt skilað allgóðum árangri víða um land. En hún hefur verið fyrst og fremst á forsendum laxveiða eða vegna ræktar á laxastofninum, og á því eru út af fyrir sig góðar og gildar skýringar sem við þekkjum raunar öll, svo að það er óþarfi að rekja það hér. Ræktun nytjasilunga hefur orðið út undan, því miður. Ég tel þó að ef okkur tekst að bregðast eðlilega við getum við bjargað þarna stórkostlegum hlutum fyrir horn, og ég vænti þess, að menn verði samtaka í því efni.

Ég þekki aðeins til vatnasvæðis á Arnarvatnsheiði. Mér er kunnugt um, að það er allveruleg ásókn í að stunda þar veiði, og ég veit jafnframt, að það er mjög vinsæl íþrótt að fara þangað upp eftir og renna fyrir fisk. En allt þetta starf, hvort sem það er ræktun eða nytjar, kostar skipulag, kostar allmikla vinnu og áhuga. Ef á að takast að koma þessum málum eins og mörgum öðrum í sæmilegan farveg kostar það mikla vinnu. En árangurinn verður sjálfsagt mestur, ef framkvæmdin, eins og ég vænti, verður í höndum áhugasamra aðila, eins og er um flest annað.

Ég vil að endingu lýsa yfir fylgi við till. og tel að hún sé af því tagi að hún stofni til þess að nýta frekar okkar auðlindir, okkar landkosti, auka atvinnu og síðast en ekki síst að treysta búsetu í þessu landi.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég vil líka lýsa yfir stuðningi mínum við þessa till., en ég vil samt að þessi umr. endi ekki þannig að það komi ekki hér fram, að það hefur verið unnið dálítið að þessum málum á undanförnum árum. Ég held að það hafi verið sagt af hv. frsm. og 1. flm. þessarar till., að það sé bara eitt vatn í landinu sem sé fullnýtt, þ. e. Mývatn. Ég er áhugamaður í sambandi við fiskrækt og hef farið í nokkur vötn og kynnt mér ögn

þessi mál, þó að sú vitneskja sé auðvitað mjög takmörkuð því að þarna er um stór svæði að ræða. Ég veit ekki betur en að t. d. Veiðivötn séu að dómi þeirra, sem hafa umráðarétt yfir þeim, í sjálfu sér fullnýtt. Þar er takmörkuð mjög veiði í sumum vötnunum vegna þess að þeir telja að ekki sé vogandi að veiða þar eins mikið og ásóknin er í þessi vötn.

Ég þekki líka töluvert til vatnanna á Melrakkasléttu og sum þau vötn — kannske eru þau fá, en þau eru þó til — eru fullnýtt að dómi þeirra manna sem þekkja þar til. En það er dálítið einkennilegt með vötnin á Sléttu, að það eru mjög fá vötn þar sem þýðir að renna t. d. og reyna að veiða með stöng, fiskurinn tekur ekki, og það eru ekki eingöngu þau vötn sem eru ónýtt. Því hefur verið haldið fram, að í þeim vötnum þar sem er mikið af silungi, taki hann síður. Ég kom t. d. til bónda í sumar, sem nýtir sitt vatn alveg, og hann vissi til þess, að einu sinni í öll þau ár sem hann hafði verið þar hefði fiskur tekið á spón eða á stöng. Kannske fer þetta eitthvað eftir stofnum, ég veit það ekki, ég hef ekki þekkingu á því.

Ég vil líka að það komi fram, að nú hafa Stéttarsamband bænda og landbrh. stutt við það að menn fari að læra fiskrækt, og nú eru t. d. nokkrir menn að nema þá námsgrein í Noregi og annars staðar þar sem menn eru komnir lengra á veg en við að nýta sér þessi mál, og sérstaklega eru þeir að læra eldi á lax og silungi í sjó.

Þessi till. er samt tímabær að því leyti til, að það þyrfti að gera meira í þessum málum. En ég hygg að okkur vanti enn sem komið er nógu marga kunnáttumenn til þess að kanna ástandið og lífsskilyrðin í þessum vötnum, því að það er erfitt að gera sér fulla grein fyrir ástandi þessara mála nema láta kanna ástand vatnanna sem munu vera mjög breytileg frá einu vatni til annars.

Ég vona svo að þessi till. verði til þess að ýta frekar við þessum málum. Það er enginn vafi á því, að töluverður möguleiki er á að rækta silung í vötnum, þó að ég sé því miður hræddur um að sumir hverjir telji þessa möguleika meiri en þeir muni reynast.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að lýsa ánægju minni með þessa till. sem hefur komið fram um aukna nýtingu silungastofna. Þetta er auðvitað eitt af þeim stóru málum sem við höfum átt fyrir löngu að huga að.

Ég er búinn að tala oft hér á þessu háa Alþingi fyrir því, að íslenskir bændur notuðu veiðivötn sín og reyndu að rækta fisk í þeim vötnum sem dauð eru og létu grisja þau vötn sem ofsetin eru, vegna þess að staðreyndin er að það eru fleiri vötn á Íslandi sem eru ofsetin en þau sem eru dauð. Ég minnist þess sérstaklega vegna þess að fyrsta málið, sem ég flutti hér á Alþ., var um sérstakt gjald á veiðileyfi útlendinga, að sú till. var grundvölluð m. a. á því, að þetta gjald rynni í Fiskræktarsjóð sem síðan leysti úr þeim brýna peningavanda sem allir eru í sem stunda fiskrækt á Íslandi. Þá man ég eftir því, að hér á hinu háa Alþingi voru ýmsir sem fundu þessari till. flest til foráttu og töldu hreina skrílmennsku af undirrituðum að leggja fram till. af þessu tagi, þetta væri aðför að bændastéttinni. Ég er mjög ánægður og hrifst af því að hugur t. d. framsóknarmanna í þessu máli skuli hafa breyst í þessa veru. Ég er viss um að hv. þm., vinur minn Stefán Valgeirsson, er orðinn sammála mér um að okkur ber auðvitað að virkja þá tekjumöguleika sem við höfum til þess að efla Fiskræktarsjóð, sem er tómur sjóður og okkur til vansæmdar að hafa ekki reynt að bæta þar úr.

Það er svo með alla fiskrækt að hún kostar gífurlega fjármuni. Nú stendur yfir endurskoðun á lax- og silungsveiðilögunum, og ég á sæti í þeirri nefnd, sem endurskoðar þau lög. Þar hefur umtalsverður hluti af starfinu farið í að kanna hvernig efla megi Fiskræktarsjóð.

Ég get vel tekið undir það, að það er þarft verk og gott að auka nýtingu silungastofna. En við þurfum líka að finna fjárhagsgrundvöll, og ég hefði gjarnan viljað að á þessu þingi hefði verið endurflutt það frv. til l. sem þeir hv. þm. Stefán Jónsson, minnir mig, og hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson fluttu um stórkostlega eflingu Fiskræktarsjóðs. Fyrr en sá sjóður er kominn í lag og grundvöllur fenginn fyrir almennri fiskrækt í landinu er sáralítið hægt að gera.

Menn greinir nokkuð á um hagkvæmni þess að rækta upp veiðivötn. Sjálfur get ég tekið dæmi af mér persónulega. Ég hef í 8 ár ræktað upp lítið veiðivatn austur á Rangárvöllum. Þar settum við í bleikjuseiði úr Kollafirði fyrir 8 árum, en þetta var svokallað dautt vatn. Þetta hefur gengið það vel að upp úr þessu vatni tek ég nú vor og haust umtalsvert magn af fallegri bleikju sem er 4—5 og allt upp í 7 pund.

Þetta er slíkt ævintýri að með ólíkindum er. Það er m. a. af þeirri ástæðu, að ég hef alltaf litið svo á að bændur ættu að líta í kringum sig, kanna hliðarbúgreinar og þá einkum fiskbúskap, eins og það hefur verið nefnt.

En sem sagt, þessi till. er af hinu góða og ég er sannfærður um að sá dagur rennur upp, að Íslendingar eigi í veiðivötnum sínum, ám og lækjum einhvern mesta fjársjóð sem til er. Það er m. a. þess vegna sem ég og fleiri þm. höfum á vissan hátt gagnrýnt afstöðu embættismanna og stjórnvalda á hverjum tíma til þeirrar ræktunar sem farið hefur fram hjá Skúla Pálssyni í Laxalóni. Þar hefur hann verið að basla við að rækta regnbogasilungsstofn. Regnbogasilungur er með þeim ósköpum fæddur, að hann vex hraðar en nokkur silungategund sem við vitum um. Þetta er mjög góður átfiskur. Danir hafa milljarðatekjur á hverju ári af framleiðslu á regnbogasilungi sem seldur er niðursoðinn.

Nú er staðan í því máli sú, að um hér um bil aldarfjórðungsskeið hefur Skúli Pálsson verið að basla við að koma þessum stofni upp. Þetta er talinn af helstu vísindamönnum á sviði fiskræktar eini alheilbrigði regnbogasilungsstofninn í heiminum í dag, enda fær Skúli pantanir á hrognum fyrir tugi millj. kr. á hverju ári.

Ég get vel skilið þá embættismenn sem óttast að fisksjúkdómar kunni að hafa hlaupið í þennan stofn án þess að þar hafi fundist nokkuð kvikt, nokkur veira, nokkur baktería. En ég er þeirrar skoðunar, að í sambandi við till. af þessu tagi mætti líta til regnbogasilungsins t. d. sem af andstæðingum Skúla hefur stundum verið kallaður sporðminkur til þess að renna stoðum undir það, að þarna væri hættuleg skepna á ferðum.

Ég held að þessum þætti í fiskræktarmálum á Íslandi ætti að gefa meiri gaum, og auðvitað mun tíminn leiða það í ljós, að Skúli Pálsson fór rétta leið. Það má vera að það hafi verið einhver stirfni í samskiptum hans við embættismenn, því miður, og harma ég það mjög. En allt, sem lýtur að málum af þessu tagi, rennir stoðum undir búskap í þessu landi, rennir stoðum undir það jafnvægi sem við sækjumst flestir eftir að verði í búskap Íslendinga. Þetta er ekkert minna atriði í raun og veru

heldur en ræktun á laxveiðiám yfirleitt, og stangveiðimenn, t. d. erlendir, sækjast ekkert síður eftir góðum silungavötnum og silungsám heldur en góðum laxveiðiám.

Ég er þess vegna áfram um að þessi till. fái afgreiðslu sem fyrst og allt sem stefnir í þessa átt, og þó að hér sé ekki á ferðinni nein afgerandi lausn, nein kraftaverkasmíð, þá er þetta allt í áttina. Þetta er eitt af þeim sporum sem við erum að stíga smátt og smátt eftir því sem skilningur eykst á þessu stóra máli.

Flm. (Vigfús Jónsson): Herra forseti. Ég vil að sjálfsögðu þakka ágætar undirtektir. Mér fannst þó Stefán Valgeirsson aðeins misskilja mig. Það þýðir ekki endilega að vatn sé fullnýtt þó að þar sé veiddur svo mikill silungur að ekki sé fært að veiða meira. Ef við nýtum vatn til fulls, þá er einnig um það að ræða að bæta lífsskilyrðin. Hv. þm. Árni Gunnarsson sagði mjög merkilega sögu áðan sem sýnir hvað það getur þýtt að fullnýta vötnin.

Það að silungur taki ekki agn í einhverjum vötnum er ugglaust hárrétt. Ég hef heyrt þetta líka. En það þýðir ekki það, að ekki sé hægt að nýta vatnið, því að við stöndum hiklaust frammi fyrir því, að sum vötnin nýtum við mun betur með netaveiði en önnur með stöng.

Ég vil endurtaka þakklæti fyrir þessar ágætu undirtektir, og ég vona að þetta mál fái góða fyrirgreiðslu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Verslunarþjónusta í dreifbýli, þáltill. (þskj. 112). — Ein umr.

Flm. (Guðmundur Gíslason): Herra forseti. Ég hef hér lagt fram till. til þál. á þskj. 112 um bætt skilyrði til verslunarþjónustu í dreifbýli. Höfuðtilgangur till. er að benda á nokkra þætti sem valda erfiðleikum í umræddum rekstri. Ég vænti þess, að með þessu verði flýtt fyrir lagfæringum.

Till. hljóðar svo með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að vinna að bættri verslunarþjónustu í dreifbýli, m. a. með eftirgreindum hætti:

1. Skipaútgerð ríkisins verði efld á grundvelli áætlana útgerðarinnar.
2. Heimilað verði að selja eldri vörubirgðir verslana á endurkaupsverði.
3. Unnið verði að jöfnun orku-, síma- og flutningskostnaðar.
4. Byggðasjóði verði heimilt að lána til verslunarbygginga í dreifbýli með sama hætti og til annarra atvinnuvega."

Eins og segir í reglugerð eru ýmis ytri skilyrði verslunar í dreifbýli ekki sambærileg við það sem gerist á höfuðborgarsvæðinu eða nærri stórum innflutningshöfnum. Bent hefur verið á nauðsyn þess að efla starfsemi Skipaútgerðar ríkisins, enda er ljóst að flutningar á sjó eru tvímælalaust hagkvæmastir þar sem um miklar vegalengdir er að ræða.

Á umliðnum árum hafa verið unnar nokkrar athuganir á þessum málum. Má í því sambandi nefna starf millinefndar um verðjöfnun á vöruflutningum, sem skilaði áliti í okt. 1976, og einnig á starf strandferðanefndar, sem skipuð var af samgrh. 12. júní 1978, en hún hefur unnið að tillögugerð um endurbætur á rekstri Skipaútgerðarinnar. Í áfangaskýrslu nefndarinnar frá því í ágúst 1980 eru tilgreindar helstu niðurstöður og till., með leyfi forseta:

„Sú undirbúningsvinna, sem fram hefur farið, hefur leitt til þess, að nú eru að mestu tilbúnar teikningar og lýsing af skipum, sem uppfylla þær kröfur sem gera þarf til nýrra strandferðaskipa um tæknilegan búnað og hagkvæmni í rekstri. Rekstraráætlun hefur verið gerð fyrir útgerðina miðað við að þrjú skip verði smíðuð og lagt í aðra þá fjárfestingu sem þarf að fylgja, svo sem vöruskemmu í Reykjavík og tækjabúnað.

Niðurstaða rekstraráætlunar er að frá árinu 1982 þurfi ekki rekstrarframlag frá ríkissjóði til rekstrarins að frátöldum fjármagnskostnaði, þ. e. afborgun og vöxtum, og frá árinu 1985 muni reksturinn bera sig í heild að fjármagnskostnaði meðtöldum og jafnvel skila hagnaði.

Mun mikilvægari telur nefndin þó þann árangur sem fyrirsjáanlegur er í bættri þjónustu við landsmenn og minni þungaumferð á vegum. Í rekstraráætluninni er reiknað með að flutningsgjöld haldist óbreytt miðað við annað verðlag frá því sem það hlutfall var í apríl á þessu ári eða þar um bil. Ljóst er þó að kostnaður við upp- og útskipun mun lækka um um það bil helming. Einnig má reikna með að afslættir frá höfnum úti á landi aukist og heildarlækkun flutningskostnaðar geti orðið á bilinu 10—30%, sem kæmi neytendum til góða. Að sjálfsögðu er lækkunin mun meiri þegar flutningar færast af bílum á skip.

Arðsemi fjárfestingarinnar í heild hefur verið metin. Er þá miðað við forsendur rekstraráætlunarinnar. Annars vegar eru metin áhrif á rekstur fyrirtækisins sjálfs og hins vegar þjóðfélagslegur ávinningur miðað við fast verðlag, þannig að þeir vextir, sem reiknast, eru sambærilegir við vexti af verðtryggðum lánum.

Fyrirtækisleg arðsemi, afkastavextir, reiknast um 20%, og sé tillit tekið til óvissu má fullyrða að hún sé á bilinu 15—25%. Þjóðfélagsleg arðsemi svarar á sama hátt til 40—50% afkastavaxta.

Tillaga:

1. Á grundvelli framanritaðs er gerð sú tillaga, að smíðuð verði þrjú skip af þeirri gerð, sem rætt er um í skýrslu þessari, fyrir Skipaútgerð ríkisins.
2. Ákvörðun um smíðina verði þó bundin því, að samkomulag náist við hlutaðeigandi stéttarfélög um mönnun og vinnutilhögun um borð.
3. Tveir möguleikar koma til greina varðandi útboðstilhögun: a) Skipin verði boðin út á alþjóðlegum markaði. b) Samið verði í samráði við iðnrn. við innlenda stöð eða stöðvar um smíði án útboðs.

Sé ákveðinn vilji fyrir hendi að nýta fjárfestingu þessa til innlendrar iðnþróunar virðist síðari kosturinn betri. Ekki er þó hér unnt að fullyrða, hvaða áhrif þessir valkostir hafa á kostnað við smíðina.

Í framhaldi af þessari till. verður þó að taka fram, að aðrir þættir í uppbyggingu útgerðarinnar verða að fylgja ef sá árangur á að nást sem hér er lýst. Einnig þarf að tryggja að aðstaða í höfnum úti á landi verði fullnægjandi og í samræmi við þá möguleika, sem skipin bjóða upp á."

Þannig liggja nú fyrir till. um bættan tækjakost Skipaútgerðarinnar, og er fullkomin ástæða til þess að skora á stjórnvöld að vinna ötullega að framgangi þeirra mála og stuðla með því að lækkun flutningskostnaðar og aukinni

ferðatíðni, sem kemur íbúum landsbyggðarinnar mjög til góða.

Til frekari jöfnunar á flutningskostnaði almennt eru ábendingar áðurnefndrar mþn. um verðjöfnun vöruflutninga athyglisverðar, þar sem rætt er um beitingu skattkerfisins í því skyni. Í till. nefndarinnar segir, með leyfi forseta:

„Skattkerfinu verði breytt í því skyni, að jafna aðstöðumun vegna mismunandi framfærslukostnaðar. Eitt aðalmarkmið sérhvers skattkerfis er að stefna að skattajöfnuði. Skattajöfnuður er að vísu ekki áþreifanlegt eða mælanlegt hugtak, sem hægt er að skilgreina í eitt skipti fyrir öll. Hins vegar er almennt viðurkennt að skattajöfnuður feli í sér að fólk, sem býr við sömu aðstæður, eigi að greiða sambærilega skatta og gjaldþol manna sé þýðingarmikið varðandi skattlagningu, þannig að mismunandi gjaldþol eigi að leiða til mismunandi skatta."

Hugmynd nefndarinnar um beitingu tekjuskattsálagningar virðist mun aðgengilegri en stofnun verðjöfnunarsjóðs í þessu sambandi. Þó má reiknað með að aukið eftirlit með búsetuskráningu fólks þyrfti að koma til svo komið verði í veg fyrir misnotkun.

Takist að hrinda í framkvæmd nefndum breytingum á rekstri flutninga og jöfnun þess kostnaðar stuðlar það óhjákvæmilega nokkuð að því að bæta úr þeim erfiðleikum sem verslun í dreifbýli býr við vegna mikilla vörubirgða sem til eru komnar af stopulum samgöngum. Engu að síður er nauðsyn að heimila versluninni að selja vörubirgðir á endurkaupsverði. Er þetta að því leyti mikilsverðara fyrir verslun í dreifbýli, að þar er veltuhraði birgða oftast mjög lítill og er því útsöluverð vöru oft lægra en endurkaupsverð sömu vöru í næstu sendingum. Af þessu skapast mikil rýrnun þess fjármagns, sem bundið er í birgðum, og hætt er við að það geti riðið starfseminni að fullu í slíkri verðbólgu sem nú er.

Við endurmat vörubirgða yrði miðað við ákveðinn verðlagsgrundvöll á hverjum tíma, verðlagsgrunn, sem viðurkenndur og uppgefinn yrði af opinberum aðilum. Ekki er ástæða til að ætla að endurmat birgða orsaki aukinn mismun í vöruverði þar sem notuð yrði ákveðin viðmiðun við hverja breytingu.

Nokkrir stórir kostnaðarliðir í rekstri verslunar eru mjög mismunandi eftir staðsetningu í landinu. Má í því sambandi nefna orku- og símakostnað. Á undanförnum árum hefur verið unnið að jöfnun símakostnaðar, en þar þarf enn að bæta úr. Er þar um að ræða stórt hagsmunamál fyrir verslun í dreifbýli því mest öll vöruútvegun á sér stað símleiðis.

Jafnframt samræmingu símgjalda þarf að vinna að gagngerum endurbótum á símakerfinu, því þó víða sé orðið sjálfvirkt samband við þéttbýlli staði eru bilanir tíðar, álag og sambandsleysi varanlegt.

Orkukostnaður er mjög misjafn eftir aðstæðum. Bæði er þar um að ræða mismun á raforkutöxtum og einnig mismunandi möguleika á hagkvæmum hitagjöfum. Verslun í dreifbýli býr víða við þann kost að verða að nota rafmagn eða olíu til upphitunar, þar sem ekki er völ á hitagjöfum svo sem hitaveitu. Óþarft er að fjölyrða um óhagkvæmni olíunotkunar, enda öllum ljós eins og verðþróun þeirrar vöru er. Hins vegar er ástæða til að benda á það misræmi sem fyrir er í landinu á verði raforku. Er knýjandi að þar verði bætt úr hið bráðasta.

Til uppbyggingar verslunarhúsa hefur atvinnuvegurinn verið hornreka hvað varðar útvegun lánsfjármagns. A. m. k. hefur ekki verið um sambærilega möguleika að ræða við það sem aðrir atvinnuvegir hafa átt kost á.

Byggðasjóður hefur haft það hlutverk að jafna búsetuskilyrði í landinu með ráðstöfun lánsfjár. Þrátt fyrir það hefur Byggðasjóður ekki lánað til verslunarhúsa í dreifbýli. Reglur Byggðasjóðs miðast í flestum tilfellum við það að veita viðbótarlán er nemi 10—25% af framkvæmdakostnaði þegar stofnlánasjóðir hafa samþ. lánshæfni framkvæmdar. Til að leiðrétta þann mismun, sem nú ríkir í þessum efnum, þarf því að breyta reglum sjóðsins þannig að heimilt verði að lána til byggingar verslunarhúsa í dreifbýli. Verði í því sambandi gerð úttekt á ytri skilyrðum verslunarinnar til ákvörðunar um mörk þau er skapi lánshæfni.

Það er von mín að þau atriði, sem ég hef með till. þessari vakið athygli á, verði tekin til rækilegrar skoðunar og endurbætur gerðar.

Herra forseti. Að umr. lokinni legg ég til, að till. verði vísað til atvmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 17. fundur.

Mánudaginn 24. nóv., kl. 2 miðdegis.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum, frv. (þskj. 79, n. 138). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Stefán Guðmundsson): Herra forseti. Hér er fjallað um frv. til l. um breyt. á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum, nr. 5 13. febr. 1976. Efni þess er þetta:

„1. gr. Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða og orðist svo:

Áður en útflutningsgjald er lagt á samkv. 2. gr. skal draga frá fob-verðmæti saltsíldar framleiddri á síldarvertíð 1980 kr. 15 600 fyrir hver 100 kg innihalds vegna umbúðakostnaðar og kostnaðar við sérstök hjálparefni.

Útflutningsgjald skal ekki innheimt af ediksöltuðum síldarflökum eða söltuðum síldarflökum sem verkuð eru á svipaðan hátt, framleiddum á síldarvertíð 1980, til sölu í löndum Efnahagsbandalags Evrópu.

2. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi."

Sjútvn. Ed. hefur fjallað um frv. og mælir samhljóða með samþykkt þess.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Olíugjald til fiskiskipa, frv. (þskj. 18, n. 144). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Stefán Guðmundsson): Herra forseti. Hér er til meðferðar frv. til l. um breyt. á lögum nr. 3 1. febr. 1980, um tímabundið olíugjald til fiskiskipa, sbr. lög nr. 11 11. apríl 1980, er svo hljóðar:

„1. gr. 1. gr. orðist svo:

Þegar fiskiskip selur afla í innlendri höfn, eða afhendir afla sinn til vinnslu án þess að sala fari fram, skal fiskkaupandi eða fiskmóttakandi greiða útgerðarmanni eða útgerðarfyrirtæki olíugjald, er nemi 7.5% miðað við fiskverð eins og það er ákveðið af Verlagsráði sjávarútvegsins. Hið sama gildir þegar fiskiskip selur afla sinn öðru skipi til löndunar í innlendri höfn. Olíugjald þetta kemur ekki til hlutaskipta eða aflaverðlauna.

2. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu ákvæði þeirra taka til fiskafla og hlutaskipta frá 1. okt. 1980 til loka árs 1980, nema aðilar að kjarasamningum sjómanna og útvegsmanna komi sér saman um önnur hlutaskipti."

Sjútvn. Ed. hefur fjallað um þetta frv. Því miður varð ekki samkomulag í nefndinni um að mæla með samþykkt frv. óbreytts, og skila þeir því séráliti annars vegar Ólafur Björnsson og hins vegar Guðmundur Karlsson og Egill Jónsson. Meiri hluti sjútvn. Ed. leggur hins vegar til að frv. verði samþ. eins og það liggur hér fyrir. Undir það rita Stefán Guðmundsson, Guðmundur Bjarnason, Gunnar Thoroddsen og Geir Gunnarsson.

Olíugjald utan skipta var tekið upp með lögum 2. mars árið 1979. Lög þessi voru sett til að mæta að nokkru þeirri miklu holskeflu er olíuhækkanirnar urðu í íslenskum sjávarútvegi. Sjálfsagt hafa þeir, er um þessi mál fjölluðu þá, varla séð fyrir hvað þessar olíuverðshækkanir ættu eftir að leiða yfir sjávarútveg okkar, og því er nú verið að breyta þessu olíugjaldi að ég held í sjöunda sinn. Ýmist er það til lækkunar eða hækkunar. Þannig hefur jafnan verið reynt að nota þetta kerfi til að gera hinar miklu sveiflur á olíuverðinu sem bærilegastar þeim er þær hafa mátt þola.

Þeirri hugmynd hefur verið varpað fram að taka það fjármagn, sem hér um ræðir, úr sameiginlegum sjóði landsmanna og bæta útgerðinni þannig þann kostnaðarauka sem er í dag áætlaður rétt um 6.5 milljarðar á heilu ári. Á árinu 1975 var unnið að endurskoðun á sjóðakerfi sjávarútvegsins sem flestum þótti vera orðið að hálfgerðu skrímsli. Og í febrúar árið 1976 var lögfestur mikill uppskurður á sjóðakerfinu sem örugglega varð til mikilla bóta. Ég óttast að með þeirri hugmynd að taka þetta úr sameiginlegum sjóði sé í raun verið að byrja að undirbyggja nýtt sjóðakerfi í sjávarútveginum og því er ég andsnúinn. Um þá aðferð, sem nú er búið við, má sjálfsagt deila, eins og hæstv. sjútvrh. sagði er hann talaði fyrir þessu frv. Ég er því sammála, að hér má verða breyting á. En ég er andsnúinn því að breyta aðeins breytinganna vegna. Á vegum sjútvrn. er nú unnið að því að finna færari leið en áður hefur verið farin og er vonandi að niðurstaða fáist sem allra fyrst í því máli, í sem mestri sátt við þá hagsmunaaðila er hér eiga hlut að. Ég legg þunga áherslu á að þær reglur, sem settar verða verki sem hvati til olíusparnaðar.

Úr því að ég nefni þetta get ég ekki stillt mig um að nefna þann árangur sem náðst hefur með brennslu svartolíu í stað gasolíu nú á örfáum árum. Láta mun nærri að af 87 togurum brenni ríflega 50 þeirra svartolíu í dag. Sparnaður í krónutölu vegna brennslu svartolíu í stað gasolíu nemur því rúmlega 6 milljörðum kr. Ef allur togaraflotinn brenndi hins vegar gasolíu væri hlutdeild olíukostnaðar í heildartekjum útgerðarinnar 23% í stað 18—19% nú. Togarafloti landsmanna eyðir á núverandi verðlagi hvorki meira né minna en um 27 milljörðum í olíuna eina seman og ef við tækjum loðnuskipin með er trúlegt að eyðsla þeirra sé á bilinu 6—9 milljarðar kr. Af þessu sést hversu gífurlega stór þáttur þessi olíukostnaður er í rekstri skipa okkar og hversu mikið við eigum raunverulega þarna óunnið.

Eins og hæstv. sjútvrh. sagði í þessari deild er hann talaði fyrir þessu frv. var útgerðin að mati Þjóðhagsstofnunar rekin með um 10% halla fyrir fiskverðsákvörðun. Til að mæta þessum halla með fiskverðshækkun einni hefði orðið að hækka fiskverð um um það bil 18—20%. Það var talið ógerlegt og því var farin sú leið að hækka fiskverðið um 8%, en olíugjaldið um 5%.

Eins og fram kemur í grg. með þessu frv. hefur verð á gasolíu hækkað frá því í júní í sumar um 35.3%, en svartolíuverð um 22.9%. Á árinu 1978 var hlutfall olíu af heildartekjum útgerðarinnar 12—13%. Nú er þetta orðið 18—19%. Frá ársmeðaltali 1978 hefur fiskverð

hækkað um 150%, en olíuverð um hvorki meira né minna en 396.8%. Ég vil með þessu reyna að sýna fram á þann mikla vanda sem hér er við að fást.

Þegar þetta olíugjald var fyrst tekið upp í mars 1979 sagði einn af talsmönnum Sjálfstfl. í umræðum hér á Alþ., með leyfi hæstv. forseta:

„Ég og minn flokkur fögnum því að það skuli vera tekin ákvörðun um að mæta hækkunum á olíuverði með þeim hætti að útgerðin fái þessa hækkun að nokkru leyti uppi borna. Ég tel sömuleiðis að eðlilegt sé að þetta gjald komi ekki til hlutaskipta eða aflaverðlauna."

Þetta sögðu fulltrúar Sjálfstfl. þá. Núverandi formaður Alþfl. og þáverandi sjútvrh., Kjartan Jóhannsson, lagði frv. fram í mars 1979, og ekki þarf hér og nú að rifja upp ummæli hans og rökstuðning þá fyrir þessu máli. Á tímabilinu des. 1978—febr. 1979 kostaði hver lítri af gasolíu til fiskiskipa 57.50 kr. En í mars 1979 hækkaði gasolían í 68.90 kr., hver lítri hækkaði um 11.40 kr. Undir þessum kringumstæðum var olíugjaldið upphaflega lagt á. Kjartan Jóhannsson sagði þá m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Hækki olíuverðið enn, t. d. í 100 kr. hver lítri, verður tekjuskiptingarvandinn í sjávarútvegi mun erfiðari viðfangs. Þrengist þá hagur sjávarútvegs í heild að óbreyttu markaðsverði afurða afar mikið og reyndar þjóðarbúsins alls, og þyrfti þá stórkostlegri aðgerðir en nú eru ráðgerðar."

Þetta var álit fyrrv. sjútvrh. Hann nefndi olíuhækkun í 100 kr. Gasolíuverðið er nú hvorki meira né minna en rúmlega 210 kr. hver lítri.

Ég er undrandi á því, að þeir þm., sem á Alþ. sitja og gerþekkja hag útgerðarinnar, skuli bregðast svo við í þessu máli sem raun ber vitni, — menn sem margoft hafa staðið að breytingum á þessu olíugjaldi og raunar innleitt þessa aðferð. Erfiðleikar íslensks sjávarútvegs eru margvíslegir. Þar kemur margt til er þrengir kosti þessarar undirstöðuatvinnugreinar þjóðarinnar, svo sem gífurlegir styrkir samkeppnisþjóða okkar til sjávarútvegs viðkomandi landa, stóraukinn vaxtakostnaður atvinnuveganna, miklar veiðitakmarkanir sem beitt hefur verið og ekkert lát virðist vera á, síhækkandi olíuverð og þar af leiðandi m. a. gífurlega miklar hækkanir á veiðarfærum, enda mun nú varlega áætlað að vanskilaskuldir útgerðarinnar einnar séu rétt um 30 milljarðar kr. Hér þarf því frekast af öllu góðan skilning og hlutlægt mat á því ástandi sem sjávarútvegurinn á við að búa. Það er alþingismanna að sjá til þess, að áfram verði hægt að ýta skipi úr vör til sóknar á gjöful mið við Íslandsstrendur.

Frsm. 1. minni hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Ég hef tekið þá afstöðu, eins og nál. ber með sér, að leiða hjá mér afgreiðslu á þessari þriðju ákvörðun um olíuverð á þessu ári. Með frv. því, sem hér liggur fyrir, á að staðfesta fyrirheit ríkisstj. um hækkað olíugjald, sem var hluti af fiskverðsákvörðun sem gildir frá 1. okt. til áramóta. Tímabilið er því vel hálfnað.

Ekki verður deilt um að þær gífurlegu hækkanir sem orðið hafa á olíu síðustu ár, valda útgerðinni feikilegum vanda, og flest bendir til að ekki sé séð fyrir endann á þessum hækkunum. Hækkanir þessar eru ekki eingöngu á olíu, verðlag á veiðarfærum fylgir fast eftir.

Í áliti meiri hl. sjútvn. Nd. er talið að olíuvandann eigi að leysa á reikning alþjóðar. Undir það tók frsm. hér áðan og hæstv. sjútvrh. hefur látið svipað álit í ljósi.

Þótt ýmsir hafi haldið að útgerð hér sé meira eða minna rekin með ríkisstyrkjum vita hv. þm. að svo hefur ekki verið til þessa nema á vissum stöðum, viss fyrirtæki. Ljóst er þó að fyrr eða seinna kemur að því, að öll útgerðin lendir á ríkinu, haldi mál áfram að þróast eins og að undanförnu, og á ég þá ekki aðeins við olíuvandann.

Áður en til ríkisstyrkja kemur tel ég að athuga mætti hvort ekki væri nær að byrja á að létta af útgerð og fiskvinnslu einhverju af öllum þeim gjöldum og hvers konar pinklum sem á þessa atvinnugrein eru lögð í dag. Með því mætti hækka fiskverð nokkuð.

Oft heyrist talað um að vernda verði það sem kallað er samkeppnisiðnaður. Svo er nú komið, að slíkur iðnaður fær beint eða óbeint endurgreidd aðflutningsgjöld af öllum sínum þörfum.

Það er mál til komið að a. m. k. stjórnvöld geri sér grein fyrir því, að fiskveiðar okkar og vinnsla eru aldeilis ekki laus við samkeppni á mörkuðunum. Flestir keppinautar okkar eru farnir að reka sínar veiðar og vinnslu líkt og við rekum landbúnað og hafa sumir gert það lengi. Ég heyrði í fréttum nýlega að norskir útgerðarmenn krefjast þess að fá styrki á næsta ári sem svara til 170 milljarða ísl. kr. Þar fyrir utan mun vinnslan í Noregi gera sínar kröfur og þær ekki smáar. Fyrir þá, sem hugleiða nú að ríkið fari að styrkja útgerðina, vil ég, með leyfi forseta, rifja upp smávegis af því sem ég held að segja megi að ríkið hirði af veiðum og vinnslu. Ég gæti trúað að hv. þm. hafi það ekki alveg allt í höfðinu.

Stutt er síðan aðflutningsgjöld af vélum til fiskvinnslu voru að mestu felld niður, síðla árs 1978 að ég held. Nú mun þó yfirleitt greitt af þeim 6% í jöfnunargjald. Í jöfnun á hverju það er ætlað veit ég ekki. Þar til á þessu ári voru aðflutningsgjöld af lyftara, ef nota átti hann til þess að færa til fisk, yfir 100%, en ætti að nota hann í þágu samkeppnisiðnaðar, t. d. framleiðslu á kóka-kóla, voru aðflutningsgjöldin felld niður. Gjöld af varahlutum í þessi þarfatæki eru nú yfirleitt 18% vörugjald, 25—35% tollur og svo söluskattur 23.5—25.85 eftir því hvort greitt er í tolli eða verslun.

Um varahluti í fiskvinnsluvélar gildir að nokkru það sama. Mér er tjáð að séu varahlutir með skrúfugangi af einhverju tagi, sem þeir gjarnan eru, sé vörugjaldið 24%, tollur 35% og svo söluskattur ofan á allt saman.

Ég hef hér smásýnishorn af reikningum sem staðfesta það sem hér hefur verið sagt. Með leyfi forseta, hér er eitt lítið dæmi um varahluti í flatningsvél. Cif-verð er 118 þús., niður koma 376 þús. Ríkið hefur tekið til sín 151 þús. af þessum 376. Af smáhlut í veltigræjur á lyftara, sem kostar 1 900 þús., tekur ríkið 730 þús.

Sú var tíðin, að söluskattur og fleiri gjöld voru endurgreidd af varahlutum til véla og tækja í fiskiskipum ef upphæðin fór yfir 100 þús. kr. Skyndilega var þessu breytt í að endurgreiðslan miðaðist við 100 þús. kr., og síðar var endurgreiðslan bundin við 250 þús. kr. eða meira.

Í seinni tíð hafa félagsmálapakkar orðið vinsælir og slíkar aðgerðir gjarnan notaðar til að leysa vinnudeilur. Uppfylling á einum slíkum pakka mun hafa verið breyting á sjómannalögum sem samþ. var hér á síðasta þingi, 94. mál. Breytingin, sem gerð var þá á 18. gr. laganna, kveður m. a. svo á, að fullur hlutur og aðrar greiðslur skuli greiddar í allt að tvo mánuði í slysa- og veikindatilfellum. Ég leyfi mér að efast um að hv. þm. hafi gert sér grein fyrir hvað þeir voru að samþykkja með þessari

breytingu. Aflahlutir eru frábrugðnir öðrum launum og geta stundum orðið býsna háir. Skipstjórahlutur á loðnuskipi er 6.5% með orlofi af skiptaverði. Meðalskipstjórahlutur á mánuði þann tíma sem verið er að veiðum mun nú vera nálægt 6.8 millj., hásetahlutur 2.4 millj. og annarra skipverja þar á milli.

Fyrir meðaltúr 12 daga á minni skuttogurum með núgildandi fiskverði hefur skipstjóri um 1 400 þús. kr. með orlofi, háseti um 700 þús. Á minni bátum getur einn maður átt allt að 20% af aflanum. Fyrir þessum launum þarf vissulega að vinna og sveiflukennd eru þau. En veikist þessir menn eru þeir ekkert öðruvísi veikir en annað fólk. Fyrir smákveisu geta menn orðið eftir af heilum túr og læknisvottorð eru ekki vandfengin. Vissulega ber að tryggja að sá, sem verður fyrir slysi eða veikindum, lendi ekki á vonarvöl og þá fyrst og fremst verði hann lengi frá vinnu. Bætur í sem lengstan tíma veita því mest öryggi. Hér hefur það meginsjónarmið ekki verið haft í huga. Greiðslur fyrstu tvo mánuðina, þ. e. meðan staðgengisregla gildir, geta verið svo háar, að hæpið er að halda áfram útgerð ef maður forfallst. Það er einfalt reikningsdæmi ef menn vilja leggja það niður fyrir sér.

Nú hugsa menn e. t. v. að útgerðarmenn verði bara að kaupa tryggingu fyrir svona áföllum. Við höfum tryggingafélög til þess að menn geti tryggt sig fyrir greiðslum sem hæpið er að þeir geti staðið undir. Á þann veg er hægt að dreifa áhættu. Því er nú ekki að heilsa í þessu tilfelli. Það er það sem sker úr um að þessi lagabreyting er algjör óhæfa. Þessa áhættu tryggir ekkert tryggingafélag.

Það er skylda löggjafans að sjá um að útgerðarmenn geti tryggt sig fyrir þeim skyldum sem á þá eru lagðar með þessari lagabreytingu, eigi hún að standa áfram. Öllum hlýtur að vera ljóst að hverri krónu verður ekki náð nema einu sinni af útgerðinni, en það getur verið val um í hvað hún er tekin. Útgerðarmenn eru t. d. reiðubúnir til að samþykkja greiðslu í miklu lengri tíma ef upphæð er ákveðin og þá tryggingarhæf.

1. apríl 1978 samþykkti Alþingi breyt. á lögum um stimpilgjöld. Í athugasemd segir, með leyfi forseta: „Gert er ráð fyrir svipuðu heildargjaldi af skuldabréfum og tryggingabréfum með veði í framleiðsluvörum sjávarútvegs, landbúnaðar eða iðnaðar og verið hefur.“ Hvað sjávarútveginn varðar er reyndin sú, að stimpilgjöldin margfölduðust við þessa breytingu. Hvað varðar aðrar greinar þekki ég ekki. Í fyrstu voru þetta talin mistök sem sjálfsagt væri að leiðrétta. Því hafa ráðherrar lofað hver eftir annan, en við sama situr. Þessi stimpilgjöld eru hér á landi 1.5%, en mér er tjáð að í Danmörku séu þau 0.3%. Ætla mætti að stimpilgjöld væru ekki teljandi útgjaldaliður. Þau eru það að vísu ekki nema einu sinni ef keyptur er bátur og tekin lán út á hann, en fyrir afurðalán eru þau endurtekin á hverju ári og munu í ár hafa numið á meðalfrystihús 6—8 millj. kr.

Hér hafa verið nefnd nokkur dæmi um hvernig ríkið féflettir sjávarútveginn. Þessi mál og fleiri þeim lík tel ég að þurfi að athuga áður en farið er að tala um að ríkið þurfi að styrkja sjávarútveginn. Þá leið vil ég síðast fara og svo hygg ég að sé um fleiri útgerðarmenn og einnig sjómenn. Og best gæti ég trúað að það þvældist fyrir fulltrúum einkaframtaksins þegar á reyndi að leggja olíuskatt á alla landsmenn til að styrkja útgerðina. Betur sýndist mér við hæfi að þeir gengju fram í að koma í veg fyrir að þeir, sem af ábyrgð reka sína útgerð, verði keyrðir á hausinn með allt of stórum fiskiflota sem hefur stækkað fyrst og fremst fyrir pólitíska fyrirgreiðslu. Engum dettur í hug að þeir, sem eru að sækjast eftir togara í dag, láti sér til hugar koma að borga í þeim eina krónu. Þeim kræfustu dettur ekki einu sinni í hug að offra nokkrum krónum í hlutafé, þótt aðeins væri til málamynda. Nei, það skulu pólitískir vinir einnig útvega af almannafé. Ef stjórnir stofnana malda í móinn kemur bein fyrirskipun frá ríkisstj. Þegar togari er fenginn þarf hafnarbætur svo hann komist í heimahöfn. Næst þarf að stækka frystihúsið og að því loknu verður að byggja hótel fyrir farandverkafólkið, sem gjarnan er sótt alla leið til Ástralíu. Ekki er nóg með að stöðugt fjölgar togurunum. Nú stöndum við frammi fyrir því, að loðnuflotinn hlýtur að bætast í þorskveiðarnar. Þetta eru 52 stór og vel búin skip, mörg nánast jafngildi togara. Það er því ljóst að þorskurinn skiptist í fleiri staði á næstu vertíð. Það er fleira sem skerðir hlutinn en olíugjaldið.

Mesta kjaraskerðing, sem sjómenn hafa orðið fyrir undanfarin ár, er stöðug aukning flotans, og á þeirri kjaraskerðingu er ekkert lát. Hver togari, sem bætist við, fjölgar skrapdögum alls flotans um þrjá daga. Skrapdagar eru þegar á þessu ári 142 og þó fer þorskafli upp úr 400 þús. tonnum. Ekki er endalaust hægt að fjölga skrapdögum. Þeir stofnar eru einnig takmarkaðir og eru raunar fullnýttir flestir hverjir. Þar með liggur fyrir að ekki er annað að gera en binda þau skip, sem bætast við, eða önnur í þeirra stað. Besta lausnin til að draga úr þeim stórvanda, sem síhækkandi olíuverð hlýtur að valda, er að nota minna af henni til að ná þeim afla sem miðin geta gefið af sér með skynsamlegum hætti. Það gerum við aðeins með því að draga úr þeim flota sem við notum.

Hver togari notar í dag frá 600 þús. kr. til 1 millj. í olíu. Með því að draga úr honum um t. d. 25% er líklegt að við bætum afkomu sjómanna og útgerðar um nær sömu prósentutölu. Aukning flotans við þessar aðstæður hlýtur að koma allri útgerð alfarið á ríkisframfæri, burt séð frá olíugjaldi eða styrk í hvaða mynd sem væri.

Frsm. 2. minni hl. (Guðmundur Karlsson): Herra forseti. Það hefur nú þegar farið fram mikil umræða um þetta frv. og væri sjálfsagt að bera í bakkafullan lækinn að bæta þar mikli við, og mun ég ekki gera það.

Við Egill Jónsson skilum sérálíti og segjum hér: „Sú lagagerð, sem hér liggur fyrir, er enn ein sönnun þess ráð- og stjórnleysis sem nú ríkir í landinu. Í þriðja sinn á þessu ári er gripið til þess ráðs að breyta olíugjaldi til fiskiskipa, en með þeim hætti er falskur grundvöllur lagður að síðustu fiskverðsákvörðun. Augljóst er að hér er einvörðungu tjaldað til einnar nætur og því raunverulegri lausn vandans skotið á frest. Sérstaða þessarar breytingar á olíugjaldinu er fólgin í að sjómannasamtökin hafa lýst sig algerlega andvíg þessari ráðstöfun sem leiddi til þess, að sjómenn treystu sér ekki til að samþykkja síðustu fiskverðsákvörðun.

Við undirritaðir nm. teljum að hlut útgerðar vegna hækkunar á olíuverði eigi að bæta og erum reiðubúnir að eiga hlut að lausn þess vanda sem byggist á nýjum leiðum og samkomulag næst um milli hagsmunaaðila.“

Ég tel að sjómenn hljóti að gera kröfur um 30% hækkun á fiskverði um næstu áramót. Við vitum öll hver staða útgerðarinnar er. Eins og fram kom áðan eru vanskil hennar nú um 30 milljarðar kr. Við sjáum því

hvernig hún er í stakk búin að taka á sig hækkun. Mér sýnist að hlutur fiskvinnslunnar sé ekki sá að hún muni bera uppi fiskverðshækkanir nú um næstu áramót.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég vil aðeins gera örfáar aths. við það sem kom fram í ræðum minni hl. sjútvn. áðan, fyrst hjá hv. þm. Ólafi Björnssyni. Það er misskilningur hjá honum, að ég hafi nokkurn tíma lagt til að olíukostnaður yrði greiddur af almannafé. Ég hef aldrei gert það. Hitt er annað mál, að þessi hugmynd kom fram í áliti meiri hl. sjútvn. Nd., sem lagðist gegn frv., og er þar svo skýrð í grg. með áliti þess hluta nefndarinnar. Ég varpaði þá fram þeirri spurningu í umræðum í Nd., hvort unnt væri að fá frekari upplýsingar um hvar þetta fé ætti að taka, en fékk þær ekki.

Ég vil hins vegar taka mjög heils hugar undir það sem kom fram ekki síst í ræðu hv. þm. Guðmundar Karlssonar, að þetta mál þarf að leysa með samkomulagi sjómanna og útgerðarmanna. Að því er ötullega unnið, en það er hins vegar ákaflega erfitt mál í meðförum. Ég átti nú fyrir helgina fund með tveim sérfræðingum sem að þessu máli vinna. Því miður gáfu þeir mér ekki miklar vonir um að það miðaði í rétta átt, m. a. vegna þess að kröfur eru allákveðnar hjá sjómönnum um að a. m. k. verulegur hluti af vaxandi olíukostnaði verði greiddur af almannafé. Slíkar kröfur eru því fyrst og fremst frá þessum aðilum komnar. Ég hef ekki sagt neitt í þá veru.

Hv. þm. ræddi nokkuð ítarlega um fiskvinnsluna og ætla ég ekki að fara út í það hér, en vil leiðrétta eitt atriði sem kom fram í hans ræðu. Tollar af fjórum mikilvægum flokkum fiskvinnslunnar voru felldir niður s. l. vor í tengslum við fiskverðsákvörðun, en ekki í fyrra, en ég er honum alveg sammála um að gera þarf miklu meira. Hef ég því lagt á það áherslu, að samkeppnisiðnaður verði allur skoðaður, og hefur sérstök nefnd verið skipuð í því skyni að samræma tollagreiðslur af samkeppnisiðnaði, hvort sem þar er um að ræða fiskvinnslu eða annan almennan iðnað. Ég veit að enn er tollur greiddur af sumum vélum fiskvinnslunnar, en hv. þm. nefndi að tollur hefði verið felldur niður á s. l. ári. Það var s. l. vor.

Ég vil einnig taka undir það með hv. þm., að skipastóllinn er of stór. Þar verður að setja hömlur á. Það verður gert. Nú munu vera um sex togarar í smíðum innanlands, sem allir hafa farið í gegnum sjálfvirkar reglur Fiskveiðasjóðs, menn hafa sýnt fram á 15% eigið fjármagn og þá fengið þau lán sem leyfð eru. Ég skal ekki segja á þessari stundu hvort af byggingu allra þessara togara verður, því að rekstrargrundvöllur togara, eins og þeir kosta nú nýir smíðaðir innanlands og eflaust erlendis líka, er það hár að ég fæ ekki séð að hann sé fyrir hendi. Þessum reglum verður breytt. Það er nú til athugunar.

Að fækka skipum veit ég ekki hvernig verður gert. Mig minnir að nýlega hafi verið um það spurt utan dagskrár í hv. Nd., hvort ríkisstj. ætlaði ekki að koma í veg fyrir að einn togari yrði seldur af Suðurnesjum. Þetta mál hefur ekki komið til mín og mér er ekki kunnugt um að það hafi komið til ríkisstj. En mér heyrðist á þeirri umræðu sem þar fór fram og hv. 1. þm. Reykn. leiddi, að veruleg andstaða væri a. m. k. á Suðurnesjum gegn því að fækka þar togurum. Og ég kannast ekki við neinn stað þar sem menn væru a. m. k. af frjálsum vilja tilbúnir að taka þátt í slíku. Þvert á móti eru kröfur um fleiri togara æðimargar. Hefur verið staðið gegn þeim nema gagnvart þeim togurum sem smíðaðir hafa verið innanlands og hafa komist undir þær reglur um endurnýjun togara sem gilda nú hjá Fiskveiðasjóði. Aðeins ein undantekning hefur verið gerð samkv. tillögur Framkvæmdastofnunar ríkisins. Af byggðaástæðum hefur ríkisstj. fyrir sitt leyti samþykkt að Framkvæmdasjóður annaðist fyrirgreiðslu vegna kaupa á togara fyrir Raufarhöfn og Þórshöfn.

Ég minni á að á s. l. ári gerðist svipaður atburður. Þá var togurum fjölgað á Suðurnesjum. Togarinn Júlíus Geirmundsson, sem átti að fara úr landi, var seldur þangað, þannig að segja má að ekkert skip hafi farið úr landi, ekki a. m. k. af svipaðri stærð, fyrir það nýja skip sem keypt var.

Þessi skipamál eru mjög erfið og ég tek undir það með hv. þm., að þau þarf að skoða með tilliti til afkomu sjávarútvegsins og afkastagetu fiskstofnanna, og það er verið að gera.

Frsm. meiri hl. (Stefán Guðmundsson): Forseti. Ég vil aðeins leiðrétta það sem kom fram í ræðu Ólafs Björnssonar, 2. þm. Reykn., þar sem hann sagði að frsm. og ráðh. virtust vilja láta taka það, sem hér er verið að ræða um, úr sameiginlegum sjóði landsmanna. Ég velti því fyrir mér, hvernig þetta yrði í framkvæmd. Ég er því hins vegar eindregið andvígur, að sú leið verði farin, og spurning hvaðan og hvernig það fé verður fengið sem ætlað yrði til að greiða niður sjávarútveg á Íslandi.

Það, sem ég sagði um þetta, var einfaldlega að það væri verið að velta fyrir sér ýmsum leiðum í þessum efnum. Og ég lagði áherslu á að það ætti ekki að gera breytingar á þessu kerfi, ef við megum kalla það svo, aðeins breytinganna vegna. Og ég lagði enn þyngri áherslu á það, að þær breytingar, sem gerðar yrðu, yrði reynt að fá fram í sem mestri sátt við þá aðila sem hér eiga hagsmuna að gæta.

En ég undirstrika það, að ég sé ekki og á reyndar erfitt með að skilja hvernig hægt á að vera að ganga í sjóði landsmanna til að greiða niður þá undirstöðuatvinnugrein sem allt okkar líf hér byggist á.

Frsm. 1. minni hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Ég er ekki maður til að fara að standa í neinu karpi hér. Mér hefur líklega orðið það mismæli að segja að frsm. hafi talað um að það ætti að fara á ríkisframfæri, en líklega sagði hann „eftir öðrum leiðum", og þá þóttist ég vita hvaða aðrar leiðir það væru. Tímann hef ég ekki með mér svo að ég get ekki rætt þetta frekar við ráðh. að þessu leyti.

En mig langar að spyrja ráðh.: Hvað ætlar hann að flytja inn marga togara út á Júlíus Geirmundsson sem Kaupfélag Suðurnesja fékk á sínum tíma?

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Það var fyrrv. sjútvrh. sem flutti inn togara út á Júlíus Geirmundsson. Nú er kominn annar. (Gripið fram í.) Sá, sem nú situr, flytur ekki inn togara út á Júlíus Geirmundsson.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10:5 atkv.
2. gr. samþ. með 10:3 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10:2 atkv.

Orkulög, frv. (þskj. 90). — Frh. 1. umr.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Hæstv. iðnrh. hefur talað í máli þessu og flutt ítarlega ræðu. Ég sé ástæðu til þess að víkja nokkuð að henni.

Ég vil þó í upphafi taka fram að meginhluti ræðu hæstv. iðnrh. var um sameiningu Landsvirkjunar og Laxárvirkjunar. Ég mun ekki ræða það mál, sé ekki ástæðu til að gera það. En ég vek athygli á því, sem kemur fram af frv. sjálfu og í grg. þess og í ræðu minni þegar ég mælti fyrir frv., að samkv. því skipulagi orkuvinnslunnar, sem frv. gerir ráð fyrir, getur orðið af sameiningu Laxárvirkjunar og Landsvirkjunar. Skipulagið sem frv. gerir ráð fyrir, er þess eðlis, að þetta er algerlega opið. Og ég tel eðlilegt að hafa skipulagið opið í þessu efni þannig að það geti — að óbreyttu heildarskipulagi — hvort heldur orðið um sameiningu Landsvirkjunar og Laxárvirkjunar að ræða eða ekki. Þetta leiðir af því, að eðlilegt er að það sé komið undir þessum aðilum sjálfum hvort af þessari sameiningu verður eða ekki, og að mínu viti á ekki að lögbjóða það eða banna.

Í þessu sambandi sagði hæstv. iðnrh. að frv., sem hér um ræðir, gengi á svig við þá þróun mála sem orðið hafi í þessum efnum á undanförnum árum. Ég sé ekki að þessi fullyrðing fái staðist. Frv. gengur á engan hátt á svig við þá þróun sem orðið hefur í þessum efnum. En það er rétt, að frv. gengur á svig við þá stefnu sem hæstv. iðnrh. hefur túlkað í skipulagsmálum orkuvinnslunnar á undanförnum árum. Frv. gengur á svig við það m. a., að lögbundin sé sameining Laxárvirkjunar og Landsvirkjunar, eins og ég hef þegar gert grein fyrir.

Þá er það eitt atriði sem hæstv. iðnrh. leggur nokkra áherslu á. Hann telur sig geta rakið þá óvissu, sem er í þessum málum um framtíðarskipulag raforkuvinnslunnar, til ósamlyndis og misjafnra viðhorfa innan Sjálfstfl., eins og hann orðaði það. Hæstv. ráðh. gerði ekki grein fyrir hvað lægi á bak við þessa fullyrðingu. Hvernig á maður að geta sér til hvað hér er um að ræða? Ég veit ekki betur en það hafi verið mjög viðtæk samstaða í Sjálfstfl. einmitt um þessi mál, þannig að staðreyndin sé alveg þveröfug við það sem hæstv. iðnrh. er að ímynda sér.

Hæstv. iðnrh. lét þau orð falla í sinni ræðu, að þetta frv. væri ein af tilraunum, mörgum tilraunum hjá Sjálfstfl. til að leita að stefnu flokksins í orkumálunum. Þetta er eins og allsherjar leit að týndri rjúpnaskyttu eða eitthvað slíkt, bara allsherjar leit að stefnu flokksins. En hæstv. ráðh. gerði enga grein fyrir í hverju þetta væri fólgið. Og það er nokkurt undrunarefni.

Ég leyfi mér að fullyrða að á undanförnum árum hefur stefna Sjálfstfl. í þessum efnum verið mjög skýrt mörkuð. Það hefur komið þrásinnis fram á landsfundum flokksins. Og það kom einnig fram á síðasta landsfundi hans, sem haldinn var 3.—7. maí 1979. Þar segir í ályktun landsfundar Sjálfstfl., með leyfi hæstv. forseta:

„Sjálfstfl. mun í framtíðinni beita sér fyrir skipulagningu orkumála á þann hátt, að frumkvæði sjálfstæðra fyrirtækja fái notið sín á þessu sviði með aukinni þátttöku sveitarfélaga, einstaklinga og fyrirtækja þeirra. Landsfundurinn leggur áherslu á eftirfarandi:

1. Sjálfstæð fyrirtæki sveitarfélaga eða sameignarfélög ríkisins og viðkomandi sveitarfélaga hafi á hendi orkubúskap þjóðarinnar. Lýsir fundurinn yfir stuðningi við tillögur milli hluta skipulagsnefndar orkumála sem lagðar voru fram á síðasta ári." — Ég skýt hér inn í að það eru einmitt tillögurnar sem þetta frv. byggir á. — Í landsfundarályktun segir enn fremur:

„2. Heildarstjórn raforkuvinnslunnar skal komið á fót í formi samstarfs sem fyrirtækjunum, sem annast orkuvinnslu, verði gert að taka þátt í. Samvinna þessi skal lúta að skipulegri yfirstjórn er varðar byggingu orkuvera og samrekstur þeirra.

3. Hraðað verði samtengingu landsins í eitt raforkukerfi. Af hagkvæmnis- og öryggisástæðum verði orkuver landsins tengd saman í eitt aðalorkuflutningskerfi og þau rekin í fullkomnum samrekstri með fyllstu nýtingu orkugjafa, mesta rekstraröryggi og lægsta vinnslu- og flutningskostnað fyrir augum."

Mér sýnist furðulegt að nokkrum manni, sem hefur fylgst með opinberum umræðum um skipulag orkumála á undanförnum árum, skuli koma til hugar að halda því fram í alvöru, að Sjálfstfl. hafi ekki haft skýrt afmarkaða stefnu í þessum málum. Og það er furðulegt, að hæstv. iðnrh. skuli láta slíkt fara frá sér. Mér hefur aðeins komið í hug hvort á bak við þessa fullyrðingu gæti kannske legið sú staðreynd, að hæstv. iðnrh. er í nánu sambandi við ákveðna þm. Sjálfstfl. og situr í ríkisstj. með þeim — hvort hæstv. iðnrh. gangi út frá því, að þessir þm. Sjálfstfl. og hæstv. ráðherrar hafi kastað frá sér stefnu Sjálfstfl. í þessum málum. Ég sé ekki að neitt hafi komið fram í þessa átt.

Ég leyfi mér að fullyrða það, að hæstv. forsrh. sé samþykkur þeirri stefnu sem frv. þetta byggist á. Mér er ekki kunnugt um að nokkur breyting hafi orðið á afstöðu hæstv. forsrh. í þessum efnum. Það var hæstv. forsrh., þáv. iðnrh., sem skipaði skipulagsnefnd orkumála sem vann þetta mál í þeim búningi sem byggt er á í þessu frv.

Mér er ekki kunnugt um að samráðherra hæstv. iðnrh., hæstv. dómsmrh. Friðjón Þórðarson hafi breytt um stefnu í þessum málum. Hann hefur ef svo mætti segja, á undanförnum árum gengið fram fyrir skjöldu í röðum okkar sjálfstæðismanna ásamt fleiri góðum mönnum um að leggja áherslu á þá grundvallarstefnu sem frv. þetta byggist á, að landshlutafyrirtækjum sé heimilt að annast raforkuvinnslu ef viðkomandi landshlutar óska þess. Ég minni á í þessu sambandi að hæstv. dómsmrh. Friðjón Þórðarson var 1. flm. að frv. til l. um orkuiðnað á Vesturlandi sem flutt var á þinginu 1978—1979. Í frv. þessu er lagt til að á Vesturlandi verði stofnað nokkurs konar orkubú hliðstætt því sem gert hefur verið á Vestfjörðum.

Hvað er það sem getur fengið hæstv. iðnrh. til þess að vera með slíkar fullyrðingar, að það sé hver höndin upp á móti annarri í Sjálfstfl. út af þessu máli? Hann nefndi Pálma Jónsson, hæstv. landbrh., í þessu sambandi. En hann skýrði ekkert nánar frá því, hvernig það mætti vera. Ég vil fullyrða að hæstv. iðnrh. hefur ekki pálmann í höndunum í þessu efni. (**Gripið fram í:** Það hefur þú ekki heldur.)

En mér þykir tilefni til að víkja nokkuð að þeim ágreiningi sem ekki er í Sjálfstfl., heldur á milli Sjálfstfl. og þar með hæstv. forsrh. annars vegar og hins vegar hæstv. iðnrh. Þessi ágreiningur kristallaðist og kom glöggt fram í starfi skipulagsnefndar að orkumálum sem frv. þetta er byggt á. Til þess að skýra það mál í hnotskurn vil ég aðeins segja það, að samkv. stefnu Sjálfstfl. og þeirra, sem þá stefnu aðhyllast, er heimilt að mynda og reka landshlutafyrirtæki sem hafa orkuvinnslu með

höndum auk orkudreifingar. Hin stefnan — eins og ágreiningurinn kom fram í skipulagsnefnd orkumála — var sú, að það skyldu vera landshlutafyrirtæki sem önnuðust orkudreifingu og þau mættu ekki annast orkuvinnslu nema að því marki að orkuver færu ekki fram úr 5 mw. stærð. Þetta var það, sem ágreiningur var um og endanlega klauf þessa skipulagsnefnd orkumála. Þetta þýðir það, að samkv. stefnu Sjálfstfl. er t. d. Austfirðingum, fólkinu í kjördæmi hæstv. iðnrh., heimilt, ef það vill, að stofna landshlutafyritæki og hafa á hendi orkuvinnslu og þar á meðal Lagarfossvirkjun. En samkv. stefnu hæstv. iðnrh. hefur fólkið í þessu kjördæmi ekki leyfi til að stofna landshlutafyrirtæki til að annast raforkuvinnslu og ekki heimild til þess að fá eignarhald og hafa með höndum rekstur á virkjun í eigin kjördæmi, Lagarfossvirkjun. Ég skal ekki fjölyrða meira um þessi ágreiningsefni.

Hæstv. ráðh. komst svo að orði í ræðu sinni, að það væri ekki allt ótækt — eins og hann orðaði það — í þessu frv., — ekki allt ótækt. Það var ekki mikið sagt. En hvað er ótækt? Það kom ekki fram í ræðu hæstv. iðnrh., hvað væri ótækt í þessu frv. Og ég vil spyrja hæstv. ráðh.: Er það ótækt, að gert skuli vera ráð fyrir því, að það verði gerð ítarleg orkumálaáætlun til 10 ára, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir? Er það ótækt, að sett sé stjórn yfir Orkustofnun, þingkjörin stjórn, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir? Og er það ótæk stefna að styrkja Orkustofnun, hnitmiða störf Orkustofnunar við rannsóknir og ráðgjöf í orkumálum og efla áhrifavald Orkustofnunar, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir? Er þetta ótæk stefna, hæstv. iðnrh.? Ég spyr áfram: Er það ótæk stefna, að gert er ráð fyrir að Orkusjóður verði stórefldur? Hvað er ótækt við það að raforkudreifingin verði í höndum sveitarfélaga eða samtaka þeirra, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir? Og þarf það að vera ótækt, þó að skipulag raforkuvinnslunnar, eins og frv. gerir ráð fyrir, sé á þann veg, að það geti farið eftir vilja viðkomandi aðila, hvort Laxárvirkjun á að starfa sem sjálfstætt fyrirtæki og svo þau fyrirtæki sem í framtíðinni kann að vera vilji fyrir að stofna í einstökum landshlutum?

Nú skal ég ekki spyrja hæstv. ráðh. fleiri spurninga í þessu sambandi. Ég er sannfærður um að ýmislegt af því, sem ég hef hér vikið að, kannske flest, telur hæstv. iðnrh. ekki ótækt. Ég held að í ýmsum efnum greini okkur ekki eins mikið á um skipulagsmálin og halda mætti við fyrstu sýn.

Hæstv. ráðh. fór nokkrum orðum um það, að hin og þessi atriði, sem þetta frv. tekur til, væru í athugun: málefni Orkustofnunar væru í athugun, Jarðboranir ríkisins væru í athugun og það væri unnið að athugun á Orkusjóði. Já, það er margt verið að athuga. Og hæstv. ráðh. sagði í sinni ræðu í raun og veru að þessar athuganir hefðu hafist og staðið yfir í vinstri stjórninni frá árinu 1971 til 1974 og svo hafi verið haldið áfram að athuga í næstu vinstri stjórn á árunum 1978 og 1979. Það vantar þarna árinu 1974 til 1978. (Gripið fram í.) Já, það vantar árin 1974 til 1978. Það voru árin sem núverandi yfirmaður hæstv. iðnrh., hæstv. forsrh., fjallaði um þessi mál. (Gripið fram í.) Já, var sporgöngumaður um þá stefnu sem hér er um að ræða og þetta frv. túlkar. Ég efast ekki um að það sé gott samstarf milli hæstv. forsrh. og hæstv. núv. iðnrh. En verð ég ekki að halda mér við það, að þrátt fyrir það sé hæstv. forsrh. yfirmaður hæstv. iðnrh. í núv. ríkisstj.? Ég held að það fari ekki á milli mála.

Það er ekki nema eðlilegt að menn leiði hugann að því, hvað verði um orkustefnu núv. ríkisstj., því að ágreiningurinn er ekki innan Sjálfstfl., eins og iðnrh. vildi vera láta, ágreiningurinn er innan ríkisstj. Þar hlýtur ágreiningurinn að vera. Spurningin er sú, hvort undir forsæti Gunnars Thoroddsens verði framkvæmd stefna hæstv. ráðh. Hjörleifs Guttormssonar eða hvort hæstv. iðnrh. Hjörleifur Guttormsson muni framkvæma stefnu hæstv. forsrh. í þessu efni.

Ég viðurkenni það, að þetta er óþægilegt mál fyrir hæstv. ríkisstj. Og ég læt mér detta í hug að það sé einmitt það sem hæstv. iðnrh. hafði í huga þegar hann sagði í sinni ræðu að það væri ekki tímabært að koma með þetta frv. sem hér er til umr., — það væri ekki tímabært. Það er ekki tímabært ef á að bíða eftir því, að það verði samstaða og einhver heildarstefna ríkisstj. í þessu. En ég óttast að það verði seint tímabært að hreyfa þessum málum á hv. Alþ. ef á að bíða eftir því. Í raun og sannleika er þetta mál þess eðlis, að það er ekki hægt að bíða lengur í þessu efni. Það er ekki hægt að draga lengur að marka ákveðna stefnu í skipulagsmálum orkumálanna. Það verður að koma á betra skipulagi í þeim efnum en nú er. Og það er einmitt þetta frv. sem miðar að því.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Það mætti sitthvað segja um þann málflutning sem hv. 1. flm. þessa frv. viðhafði hér. Ég hafði vikið að því svo ítarlega í ræðu minni fyrr í þessari umr., að ég sé ekki ástæðu til að endurtaka það sem þar kom fram. Það er greinilegt, að hv. flm., Þorv. Garðar Kristjánsson, hefur eðlilega verulegar áhyggjur af ástandi þessara mála innan Sjálfstfl. — og eflaust ekki bara þessara mála, heldur margra fleiri þátta sem eru jafnvel enn þá alvarlegri en sá ágreiningur sem snýr að orkumálunum og skipulagi þeirra þar í flokki.

Hv. þm. hjálpaði til að greina þessi mál, ef litið er til sögunnar, með því að benda á það tímabil sem Sjálfstfl. fór með stjórnarforustu, 1974—1978, og ekkert gerðist í þessum málum annað en það, að reynt var að búa til stefnu í samræmi við hugmyndir hv. flm., þ. e. að brjóta niður raforkuöflunina, hvað skipulag snertir, eftir landshlutum. Það var sú hugsjón sem hann bar fyrir brjósti, og virðist enn þá lifa nokkuð í þeim hugmyndum þó að ljóst sé bæði af þessu frv. og málflutningi hv. þm. að hann er ekki lengur sérlega trúaður á að sú stefna eigi hljómgrunn eða sé líkleg til þess að ná fram að ganga.

Á tímabilinu 1974—1978 var leitast við, eflaust eftir ráðum hv. þm. Þorv. Garðars Kristjánssonar, að koma þeirri stefnu í framkvæmd, að raforkuiðnaðurinn í landinu og raforkuöflunin gerðist fyrst og fremst á landshlutagrundvelli, í fyrirtækjum sem stofnuð væru í hverjum landshluta. Það gerðist á þessu tímabili, að Orkubú Vestfjarða var stofnað, og það var eini árangurinn sem af þessari stefnu varð. Ég er út af fyrir sig ekki að lasta það, að sú tilraun var gerð á Vestfjörðum. Má vel vera að hún geti hentað þar, enda virtist ríkur áhugi á þeirri skipan mála þar í fjórðungnum. En hliðastæður áhugi kom ekki fram annars staðar þrátt fyrir mjög mikla leit og viðleitni stjórnvalda á þessum tíma að þröngva þessum hugmyndum — eða a. m. k. að ýta þessum hugmyndum fast að heimamönnum í hinum ýmsu landshlutum.

Við þekkjum þetta úr hugmyndinni um Norðurlandsvirkjun sem átti eflaust sinn þátt í hvernig á málum var tekið á þessu tímabili í sambandi við raforkuöflun á

Norðurlandi. Ég þekki þessa hugmynd af Austurlandi, þar sem settar voru nefndir af hálfu ríkisins og samkv. óskum iðnrn. á þeim tíma, einnig af hálfu heimamanna, til þess að leita stuðnings við það mál að stofna sérstakt orkuvinnslufyrirtæki og orkudreifingarfyrirtæki á Austurlandi. En niðurstaðan úr þeirri leit, sem þá fór fram, var sú, að ekki var nokkur áhugi t. d. á Austurlandi á því að hverfa að slíku ráði, — ekki nokkur áhugi.

Hér er hv. flm. að tala um það, að ég sé á móti því, að fólkið í héraði geti yfirtekið Lagarfossvirkjun og staðið fyrir slíku fyrirtæki sem hefði hana að uppistöðu. Ég vil gjarnan bjóða hv. þm. að heimsækja okkur Austfirðinga og ræða þessi áhugamál sín og leita eftir áhuga þar að lútandi. Hugmyndir komu fram um þetta í kringum 1970 hjá nokkrum mönnum, þ. á m. hjá einum ágætum þáverandi þm. Sjálfstfl., Jónasi Péturssyni. Þetta voru hugmyndir sem kannske var ekkert óeðlilegt að kæmu upp á þessum tíma, þegar ekki höfðu komið fram hugmyndir um samtengingu landshluta, a. m. k. ekki stuðningur við það að tengja raforkukerfi landshlutanna saman. En eftir að það er orðið staðreynd hafa þessar hugmyndir dofnað og raunar alveg hljóðnað í heilum landshlutum. Og það var dálítið athyglisvert þegar verið var að leita eftir því, hvernig í ósköpunum Austfirðingar ættu nú að eignast það raforkukerfi og þær virkjanir sem risnar voru á Austurlandi. Hvernig átti það að gerast, að þeir færu að kaupa sig inn í þetta fyrirtæki? Það kom margt fram, jafnvel nánast broslegt, í sambandi við leit að möguleikum að því leyti um þetta atriði. Ein hugmyndin var sú, að Austfirðingar reiknuðu sér markaðinn til verðs og legðu fram markaðinn sem ígildi peninga til þess að eignast fyrirtækin, sem risin voru, á móti ríkinu. Þetta er aðeins dæmi um hvernig að þessum málum var staðið á þessum tíma.

Meginatriði málsins er það, að hv. flm. þessa frv. vill ekki taka tillit til þeirrar þróunar, sem orðið hefur í raforkuiðnaði landsmanna á undanförnum árum, síðustu 10 árin, og viðurkenna að þær hugmyndir, sem voru á kreiki hér fyrir nokkrum árum, njóta ekki lengur hljómgrunns. Aðstæðurnar eru orðnar aðrar og spurningin er um að viðurkenna þessar breyttu aðstæður og endurmeta málin með eðlilegum hætti í ljósi þess. (**ÞK:** Hvaða breyttu aðstæður?) Þær breyttu aðstæður eru ekki síst að nú er búið að tengja saman hina einstöku landshluta og menn eru að líta til landsins alls í sambandi við raforkuöflun og meginflutning raforku og vilja einnig tengja það jöfnun á heildsöluverði raforku á einstökum afhendingarstöðum. Og það er aðeins að mínu mati til þess að tefja eðlilega framvindu mála að ætla enn að bíta sig fasta í hugmyndir, sem gátu út af fyrir sig verið góðra gjalda verðar fyrir alllöngu, og fara að smíða lög í kringum slíkar gamlar hugmyndir sem eiga sér nánast engan stuðning úti um landið. Vænlegra væri að hverfa að því ráði sem munaði nú ekki miklu að hv. flm. og formaður í skipulagsnefnd raforkumála 1977—1978 hefði valið. Það vantaði mjög lítið á, og hann var nánast að leita að útgönguleið. Og það má segja að það frv., sem hér liggur fyrir og hann hefur fengið nokkra hv. flokksbræður sína til að skrifa upp á með sér, beri einmitt vott um þetta, að hv. flm. var að leita að útgönguleið. Það er þó ekki nógu langt gengið í þeim efnum. Hann er enn þá við sitt gamla heygarðshorn í sambandi við framlagningu þessa frv. og þar vil ég benda á, ítreka aftur það dæmi sem gengur ljósum logum inni í frv. og sérstaklega í grg., að það eigi umfram allt að leggja Rafmagnsveitur ríkisins niður og að eignir þeirra gangi upp í þessi landshlutafyrirtæki sem hann endilega vill stofna.

Varðandi stöðu þessara mála innan Sjálfstfl., þá þekkir hv. flm. auðvitað miklu betur en ég þann skoðanaágreining sem hefur ríkt um þessi mál þar innan veggja, og ég ætla ekki að fara að taka af honum ómakið og útlista það. Það er miklu frekar að hann geri grein fyrir því með skilmerkilegum hætti. En þessi ágreiningur hefur auðvitað birst á undanförnum árum og er skjalfestur í mörgum gögnum. Hann hefur komið fram með svo áberandi og augljósum hætti að ekki þarf að fara langt í að rekja dæmi þar að lútandi. Mætti þó margt um það segja. Hins vegar er það raunalegt, að þessi ágreiningur hefur orðið til þess að töf hefur orðið á þeirri endurskipulagningu raforkuiðnaðarins í landinu, sem er knýjandi að gangi fram og okkur hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson greinir, held ég, ekki á um að er mjög æskilegt að fái lausn fyrr en síðar. En ég hef ekki talið réttmætt að fara að leggja hér fram lagafrv. í þinginu á meðan vissir þættir þessara mála eru í þróun, eru í mótun, á meðan í gangi eru samningaviðræður milli aðila sem munu taka af skarið um það m. a., hvort Laxárvirkjun og Landsvirkjun sameinist mjög fljótlega, og þá er væntanlega endanlega úr sögunni hugmyndin um Norðurlandsvirkjun sem sjálfstætt orkuöflunarfyrirtæki, þegar sú sameining hefur orðið. Og ég veit ekki annað en þróun mála sé í þá átt og þetta geti orðið niðurstaða fyrr en síðar.

Hv. þm. spurði um einstaka þætti frv. og hvort ég væri ekki sammála því, að þeir gætu horft til bóta. Ég tók svo til orða í máli mínu áður, að vissir þættir í þessu frv. væru þannig, að líta bæri jákvætt á þá þegar orkulög verða endurskoðuð í heild sinni. Þau atriði eru í skoðun, eins og ég hef fram tekið, og geta legið fyrir með gleggri hætti innan tíðar. Þau varða m. a. Orkustofnun, þau varða Orkusjóð og þau munu einnig varða raforkudreifinguna þegar þar að kemur. En ég hef talið eðlilegt að reynt yrði að gera upp spurninguna um raforkuöflunina og meginraforkuflutning áður en farið væri að líta til dreifingarinnar innan landshluta og hjá smásöluaðilum að þessu leyti.

Hv. þm. spurði t. d. hvort ég hefði á móti því, að Orkusjóður yrði stórefldur. Ég hef sannarlega ekki á móti því, að Orkusjóður verði efldur. En ég tel hins vegar að það þurfi ekki að felast í því endilega að fært sé meira fé í gegnum Orkusjóð en nauðsyn krefur og æskilegt er með tilliti til viðskiptaaðila Orkusjóðs með auknum tilkostnaði, eins og nokkur dæmi eru um. Þess vegna er m. a. verið að greina fjárstreymi í gegnum Orkusjóð og hvað sé eðlilegt að færist þar í gegn og hvað ekki.

Ég ætla ekki að taka tíma hv. þd. frekar í sambandi við þetta mál. Ég hef að sjálfsögðu ekkert á móti því, að menn viðri hér hugmyndir og leggi þær fram í frv.-formi, eins og hér hefur verið gert. Það getur vissulega verið gagnlegt. En það frv., sem hér liggur fyrir, er með þeim hætti, að það er ekki hægt að mæla með samþykkt þess. Það getur ekki orðið sú uppistaða í orkulögum sem setja þarf innan tíðar.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég skal nú takmarka mál mitt þó hér sé um að ræða málefni sem er ákaflega víðtækt, ákaflega mikilvægt og hægt væri að ræða mikið um.

Hæstv. ráðh. hélt sér við sama heygarðshornið og fór að tala um ágreining innan Sjálfstfl. í orkumálunum, en lagði áherlsu á að ég hefði áhyggjur af þeim ágreiningi. Ég held að við bætum okkur ekkert með því að ræða á þessum vettvangi frekar um þetta. Hæstv. iðnrh. telur sig þekkja betur til mála innan Sjálfstfl. heldur en ég geri. Ég leyfi mér að efast um það, þó að það kunni að vera náið samband milli hæstv. iðnrh. og nokkurra samráðherra hans úr Sjálfstfl. Ég gerði grein fyrir því, að það sé ástæðulaust að ætla að þar sé nokkurn bilbug að finna á þeim mönnum í þessu efni.

Hæstv. ráðh. lýsti þeirri stefnu, sem ég hef verið að túlka hér og liggur til grundvallar þessu frv., þannig, að það væri verið að brjóta niður raforkuvinnsluna eftir landshlutum. Þetta er nokkur einföldun á málinu og harla mikil mistúlkun. Það, sem liggur til grundvallar því, að menn vilja hafa möguleika á fleiri en einu raforkuvinnslufyrirtæki í landinu, er að menn sjá fram á að á þann hátt séu skapaðir möguleikar til þess að það geti orðið betri rekstur, hagkvæmari rekstur, samanburður, samkeppni í þessum efnum heldur en að hafa allt undir sama hatti. Og það er það, sem er aðalatriðið og á að vera megintilgangur skipulags í orkumálum, að það stuðli að sem hagkvæmustum rekstri. Það er ekki nægilegt að hafa sama orkuverð um allt land ef þetta orkuverð er hærra en það þarf að vera. Markmiðið er að hafa sama orkuverð og sem lægst um allt land.

Hæstv. ráðh. sagði að ég hefði borið það upp á hann, að hann væri á móti því að fólkið í kjördæmi hans stofni landshlutafyrirtæki, — sagði að þetta væri ekki rétt og fólkið vildi það ekki. Það, sem ég var að deila á hæstv. ráðh. fyrir, var að vera ekki sammála mér um að hafa slíkt skipulag, að fólki í hans kjördæmi gæti brugðið á þetta ráð, að stofna landshlutafyrirtæki, ef því þóknaðist að gera það, og þá ekki endilega í dag eða á morgun, heldur eftir lengri tíma. Ég sé ekki að samkv. skoðunum hæstv. iðnrh. sé neitt í hættu þó að þetta skipulag sé. Hann segir að almenningur á Austurlandi vilji ekki stofna landshlutafyrirtæki. Þetta frv. gerir ekki ráð fyrir að það sé beitt neinum þvingunum í þessu efni. Áherslan er á því, að þetta sé frjálst. Það er ekki annað sem ég er að tala um.

Hæstv. ráðh. sagði að það væri ekki hægt núna að tala um með sama rétti og fyrir nokkrum árum að koma á því skipulagi í raforkuvinnslunni, að landshlutafyrirtæki gætu starfað, það væru breyttar aðstæður. Og hvað sagði hann að væri breytt? Það er búið að tengja landshlutana saman í eitt samveitusvæði. Það er ástæðan. Ég furða mig nokkuð á að hæstv. iðnrh. skuli halda þessu fram, því að hér er hæstv. iðnrh. að rugla saman tæknilegu atriði og skipulagslegu atriði. Það er tæknilegt atriði að tengja landshlutana saman með stofnlínum. En það þarf ekki að hafa nein áhrif til eða frá á það skipulag sem við veljum. Það geta verið mörg raforkufyrirtæki í landinu þó það sé eitt samveitukerfi. Þannig er þetta yfirleitt í okkar nágrannalöndum, sem eðlilegt er að gera samanburð við. Og þannig er það á miklu viðtækari landssvæðum. Í heilum heimsálfum eða stórum hlutum af heimsálfum er eitt samveitukerfi. Engum hefur dottið í hug að það mætti ekki vera nema eitt framleiðslufyrirtæki þó að svo stæði á. Þetta er alger misskilningur. Ég hélt að það væri búið að kveða niður slíkan misskilning sem þennan.

Hæstv. ráðh. sagði að frv. þetta bæri vott um að ég hefði verið að leita útgönguleiða frá þeim vanda sem ég hefði verið kominn í með því að halda fram þeirri stefnu, sem ég hef túlkað. Ég held að þetta sé nú fullyrðing út í loftið, enda voru ekki nein rök færð fyrir henni. Hæstv. ráðh. sagði líka að þetta frv. væri ekki þess eðlis, að það gæti verið uppistaða í orkulögum, — ekki þess eðlis. Mér þykir þetta nokkuð stór fullyrðing hjá hæstv. ráðh. Þetta frv. byggir á störfum skipulagsnefndar um orkumál sem þáv. iðnrh. skipaði. Mér er málið skylt, ég var formaður þessarar nefndar. En ég vil leggja áherslu á það, að önnur nefndarstörf voru unnin af mönnum sem höfðu sérstaka þekkingu á þessum málum. Það var valinn maður í hverju rúmi. Í þessari nefnd voru t. d. ráðuneytisstjórinn í iðnrn., hæstv. iðnrh. Það var formaður í Sambandi ísl. rafveitna. Það voru tveir valinkunnir menn úr Framsfl., hæstv. núv. sjútvrh. og landsbankastjóri Helgi Bergs. Það var orkumálastjóri. Það var yfirleitt þarna á að skipa hinum hæfustu mönnum. (Gripið fram í.) Ég nefndi hann fyrst, en ég sagði að önnur störf hefðu verið unnin af þeim mönnum sem ég gaf þá einkunn að þar hefði verið valinn maður í hverju rúmi. Allir þessir menn voru sammála um allt nema mál sem varðaði skipulag raforkuvinnslunnar. Og það var á svo takmörkuðu sviði, að hæstv. iðnrh. sagði áðan að ágreiningurinn hefði verið svo lítill, það hefði verið greinilegt að ég hefði verið að leita að útgönguleið til þess að allir gætu verið sammála. Svo leyfir hæstv. iðnrh. sér núna að segja að frv., sem er svona unnið, geti ekki orðið nýtt sem uppistaða í orkulögum. Ég vil leyfa mér að mótmæla þessu fyrir hönd okkar allra, sem vorum í þessari nefnd. Og ég vona að hæstv. iðnrh. fylgi ekki eftir svona yfirlýsingum með því að leitast við að varpa fyrir róða þeim merku tillögum sem eru í þessu frv. um hin margvíslegu efni sem það fjallar um.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til iðnn. með 13 shlj. atkv.

Jarðboranir ríkisins, frv. (þskj. 89). — 1. umr.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég flyt frv. þetta um Jarðboranir ríkisins ásamt þm. Agli Jónssyni, Eyjólfi Konráð Jónssyni, Guðmundi Karlssyni og Salome Þorkelsdóttur.

Frv. þetta er flutt samhliða frv. til orkulaga og leiðir af breytingum sem þar er gert ráð fyrir að verði gerðar á Orkustofnun. Ég sé ekki ástæðu til við þessa umr. að fara að skýra það mál nánar, hver er grundvöllurinn fyrir þessu frv. Það hefur þegar verið skýrt í umr. um frv. til orkulaga.

Meginbreytingarnar, sem þetta frv. felur í sér frá gildandi lögum, eru:

1. Orkustofnun er ekki falið að annast rekstur Jarðborana ríkisins eins og verið hefur, heldur skal fyrirtækið lúta sérstökum framkvæmdastjóra sem ráðh. skipar.

2. Þá er um þá meginbreytingu að ræða, að ný ákvæði eru sett um starfshætti fyrirtækisins. Það þykir rétt að hafa sérlög um Jarðboranir ríkisins í stað þess að fjallað sé um slíkt fyrirtæki í almennum orkulögum svo sem verið hefur.

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til að frv. þessu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Varðandi þetta frv. um Jarðboranir ríkisins, sem hér var mælt fyrir, vil ég aðeins segja að það tengist því máli sem um var rætt hér áðan í deildinni, þ. e. skipulagi orkumála eða orkulögum öllu heldur, og ég vísa aðeins til þess, að ég tel ekki tímabært að taka afstöðu til þessa þáttar á meðan þessi mál eru til heildarathugunar og endurskoðunar á vegum stjórnvalda. Ég vil ekkert um það fullyrða, að það þurfi að vera óskynsamlegt að greina Jarðboranir ríkisins frá Orkustofnun skipulagslega og setja um það sérstök lög, eins og hér er gerð till. um, en ég tel að það þurfi mun betri athugun áður en slík ákvörðun væri tekin.

Alveg sérstaklega vil ég láta fram koma að það er nauðsyn á því að efla Jarðboranir ríkisins með ýmsum hætti, með tæknilegum búnaði og með eflingu á starfsliði sem að þessum málum vinnur. Það eru geysilega mikil verkefni sem bíða á sviði jarðborana og jarðhitavinnslu í landinu, þó að nú sjái fyrir endann á því máli sem eðlilega hefur notið forgangs, þ. e. að afla jarðhita til húshitunar. Á ég þá við það markmið, að takast megi að ljúka húshitun með jarðvarma, þar sem það er tæknilega unnt, að mestu leyti á næstu 3—5 árum. Eflaust verður að þeim tíma loknum hægt að bæta við með betri þekkingu og betri tækni og koma víðar upp hitaveitum, en það verður ekki jafnstórt verkefni og við höfum verið að glíma við og erum enn að glíma við í þessum efnum.

Það, sem við tekur, er m. a. að hagnýta jarðhitann í þágu atvinnurekstrar og iðnaðar í landinu af ýmsu tagi, og það mun ekki síst tengjast nýtingu á háhitasvæðum landsins. Ég tel því að Jarðboranir ríkisins eigi miklu hlutverki að gegna framvegis. En það er ekki réttmætt að fara að setja um þá starfsemi sérlög eða móta stefnu um það eins og stendur.

Ég gat um það fyrr hér í deild, að það er verið að fara yfir fjármál og rekstrarmálefni Jarðborana ríkisins sem hafa barist í bökkum, m. a. vegna þess að rekstur á þeirra tækjum hefur ekki verið eins hagkvæmur og skyldi og ekki fengist fjárveitingar til að nýta þessi tæki, enda er út af fyrir sig kannske ekki rétt að tækin ráði ferðinni, og sum af tækjum Jarðborana ríkisins eru ekki hin hagkvæmustu til þeirra verka sem við er að fást á þessu sviði hérlendis. Að þeim málum þarf einnig að hyggja.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég vil taka undir það sem hæstv. iðnrh. sagði um mikilvægi þeirrar starfsemi sem Jarðboranir ríkisins annast. Ég legg áherslu á þessi atriði, sem hæstv. ráðh. taldi upp, og tel að það sé ekki ofmælt sem hæstv. ráðh. sagði um mikilvægi þeirra.

En ég kemst að annarri niðurstöðu en hæstv. ráðh. um mikilvægi þess að flýta því að koma á betri og hentugri stjórn á þetta fyrirtæki. Hann telur að það sé ekki tímabært að gera það nú, málið þurfi að athuga nánar. Ég tel að það þurfi ekki lengri tíma til að athuga þetta mál og málið sé brýnt vegna þess að bætt skipulag í þessum efnum stuðlar að því, að betur náist þau markmið sem hæstv. ráðh. gerði ágætlega grein fyrir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til iðnn. með 11 shlj. atkv.

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, frv. (þskj. 125). — 1. umr.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda. Frv. þetta var lagt fyrir síðasta þing, en varð þá ekki útrætt. Því var fylgt úr hlaði með ítarlegri framsöguræðu og er tæpast ástæða til að fjölyrða um frv. í annað sinn. Þó er rétt að gera hér grein fyrir meginefni þess.

Í fyrra var frv. flutt samhliða frv. til l. um starfskjör launþega og skyldutryggingu lífeyrisréttinda svo og frv. til l. um skráningu lífeyrisréttinda. Frv. um starfskjör launþega og skyldutryggingu lífeyrisréttinda varð að lögum, en hinum málunum varð ekki lokið fyrir þingslit. Nú er þetta frv. því endurflutt, ásamt frv. um skráningu lífeyrisréttinda.

Árið 1974 voru sett sérstök lög um starfskjör launþega o. fl. Samkv. ákvæðum þeirra var öllum launþegum rétt og skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps. Fjármálaráðuneytinu var fengið um það úrskurðarvald, til hvaða lífeyrissjóðs iðgjöld skyldu greidd, yrði það ágreiningsmál. Ákvæði laganna um starfskjör launþega voru ekki talin ógilda ákvæði í lögum um einstaka lífeyrissjóði, en takmörkuðu sjóðsaðild við ákveðinn aldur eða ráðningu.

Það kom strax í ljós, þegar framkvæma átti lögin um starfskjör launþega, að margir launþegar áttu ekki sjálfsagðan aðgang að neinum lífeyrissjóði. Sem úrskurðaraðila var fjmrn. nokkur vandi á höndum og hvarf þá að því ráði, að höfðu samráði við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, að stofnaður var sérstakur lífeyrissjóður fyrir þá sem ekki áttu lögskylda eða samningsbundna aðild að öðrum lífeyrissjóðum. Fékk sjóður þessi nafnið biðreikningur lífeyrissjóðsiðgjalda og var sjóðnum sett reglugerð sem í flestum atriðum er samhljóða reglugerðum sjóða innan Sambands almennra lífeyrissjóða.

Fyrstu árin, er biðreikningurinn starfaði, voru sjóðsaðilar nær eingöngu úr röðum lausráðinna starfsmanna ríkisins. Á undanförnum árum hafa hins vegar margir tengst sjóðnum er starfa hjá öðrum en ríkinu. Má þar sérstaklega nefna ýmsa sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi. Um 11 þús. manns eiga nú aðild að biðreikningi lífeyrissjóðsiðgjalda. Sjóðurinn greiðir ellilífeyri, örorkulífeyri, maka- og barnalífeyri með sama hætti og aðrir sjóðir. Með tilkomu laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda bætast fjölmargir menn, sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, í hóp þeirra sem skyldir eru að greiða lífeyrissjóðsiðgjöld. Ljóst er að margir þessara manna eiga ekki rétt til aðildar hjá neinum ákveðnum sjóði. Þannig er og farið um ýmsa launþega er stunda svo sérhæfð störf að þeir hafa til þessa ekki tengst verkalýðsfélagi eða sjóðum á þeirra vegum. Nú eru tímamót og þykir því rétt að lögbinda sjóðinn er taki við af biðreikningi lífeyrissjóðsiðgjalda og verði samastaður þeirra sem ekki eiga lögskylda eða samningsbundna aðild að öðrum sjóðum. Stjórn hins nýja sjóðs, Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda, verður að verulegu leyti í höndum samtaka lífeyrissjóða og þannig verður reynt að tryggja að hinn nýi sjóður starfi í sem bestu samræmi við aðra lífeyrissjóði í landinu. Öll gerð þessa frv. er í samræmi við reglugerðir flestra lífeyrissjóða sem tengdir eru félögum innan ASÍ.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta frv., sem ítarlegri grein var gerð fyrir á vordögum, en legg til að að lokinni þessari umr. verði þessu frv. vísað til hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður barnakennara og Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, frv. (þskj. 136). — 1. umr.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Eins og öllum hv. þm. er kunnugt var gerður kjarasamningur á s. l. sumri milli Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og ríkissjóðs. Þessi samningur var borinn undir atkvæði félagsmanna í bandalaginu í byrjun septembermánaðar og samþykktur. Í tengslum við þennan aðalkjarasamning var samkomulag gert milli ríkisstj. og BSRB um nokkur félagsleg réttindamál opinberra starfsmanna. M. a. voru þar ákvæði um breytingar á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Og samkomulag sama efnis var gert við Bandalag háskólamanna í septembermánuði. Samkv. samkomulagi því, sem ríkisstj. gerði við BSRB og BHM um félagsleg réttindamál, skyldi gefa út brbl. um nokkur atriði, þ. e. um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og um breytingu á lögum um kjarasamning opinberra starfsmanna og kjarasamninga BSRB.

Í samkomulaginu við BSRB er einnig ákvæði þess efnis, að samræma skuli lög Lífeyrissjóðs barnakennara og lög Lífeyrissjóðs hjúkrunarkvenna lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, þannig að þær breytingar á lífeyrisrétti starfsmanna ríkisins, sem samið hafði verið um og komu til framkvæmda við útgáfu brbl. nr. 67/1980, næðu einnig til hjúkrunarkvenna og barnakennara í þjónustu ríkisins. Samræmingarstarf þetta skyldi unnið í samvinnu við fulltrúa viðkomandi stéttarfélaga.

Einnig varð að samkomulagi milli fulltrúa Kennarasambands Íslands og fjmrn. að flutt yrði frv. til l. um sameiningu Lífeyrissjóðs barnakennara og Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Með slíkri sameiningu ynnist tvennt: annars vegar aukið hagræði af því að fækka lífeyrissjóðum ríkisstarfsmanna og í öðru lagi að með því væri hægt að samræma lífeyrisréttindi sjóðfélaga í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Frv. þetta er því flutt í fullu samræmi við samkomulag fulltrúa Kennarasambands Íslands og fjmrh. sem tengdist gerð aðalkjarasamnings á s. l. hausti.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frv., en legg til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Neðri deild, 22. fundur.

Mánudaginn 24. nóv., kl. 2 miðdegis.

Stéttarfélög og vinnudeilur, frv. (þskj. 77). — 1. umr.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Eftir beiðni 1. flm., hv. 1. landsk. þm., legg ég til, að málinu verði vísað umræðulaust til félmn., og skoða það samþykkt ef enginn hreyfir andmælum. Þetta frv. flutti hann óbreytt á þingi s. l. vor og hefur nú birt framsöguræðu sína sem grg. með frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til félmn. með 24 shlj. atkv.

Framleiðsluráð landbúnaðarins, frv. (þskj. 60). — Frh. 1. umr.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég vil með örfáum orðum lýsa stuðningi mínum við þetta frv. sem hér er til meðferðar.

Ég tel að í frv. felist nauðsynleg leiðrétting á lögum sem þróuðust illa hér í Alþingi á 100. löggjafarþingi 1979. Hæstv. þáv. landbrh., Steingrímur Hermannsson, lagði fram frv. til framleiðsluráðslaga, samið af nefnd bænda. Það frv. hafði hlotið mjög vandlegan undirbúning og við töldum að það ætti meirihlutafylgi að fagna hér á Alþingi. En annað kom í ljós. Hv. fyrrv. þm. Lúðvík Jósepsson snerist gegn málinu, hæstv. núv. landbrh. hafði ýmislegt við það að athuga og þannig fór að landbn. deildarinnar breytti þessu frv., breytti því að mínu mati til óbóta, og úr því varð önnur lagasetning en bændur báðu um.

Vandi landbúnaðarins er að sjálfsögðu líka vandi þjóðfélagsins. Þessi vandi hefur ekki skapast nema að litlu leyti fyrir tilverknað bænda. 1972 var stjfrv. til framleiðsluráðslaga í undirbúningi og þar var ákvæði um fóðurbætisskatt. Þetta frv. var stöðvað, m. a. fyrir tilverknað Samtaka frjálslyndra og vinstri manna sem þá voru aðilar að ríkisstj. Þegar menn hófust handa aftur 1978 var vandinn orðinn margfaldur og bændastéttin illa sett. En bændastéttin er enn illa sett með framleiðsluráðslög sem illmögulegt er að framkvæma. Það kvótakerfi, sem við búum við, var gert flóknara en ástæða var til, og ég tel að stórbændasjónarmið hafi ráðið of miklu um þá aðferð sem endanlega var ákveðin um þennan kvóta. Það er t. d. miklu flóknara að miða við framleiðslumagn. Svona mætti lengi telja. Og smábændum og frumbýlingum tókst ekki að hlífa eins og óskir landbn. og þingheims þó stóðu til, vil ég álíta. Það er rétt ómögulegt að framfylgja þessum kvótareglum þannig að nokkurt réttlæti verði á og kvótakerfið er lítið skárra en verðjöfnunargjald, sem þó er versti kosturinn af öllum. Ég held að fóðurbætisskatturinn sé skásta leiðin af þeim sem menn hafa verið að fikra sig áfram með. Hann gefur líka tækifæri til nauðsynlegs sveigjanleika, t. d. hvað varðar tíðarfar og framleiðslumagn.

Þegar þessum skatti var skellt á í sumar snöggdró úr mjólkurframleiðslu, kannske óþarflega snöggt sums

staðar. Hv. þm. Steinþór Gestsson komst svo að orði í ræðu, sem hann flutti um þetta mál á síðasta fundi, að þessu gjaldi hefði verið skellt á án nokkurrar viðvörunar. Ég sé nú ekki að það hefði verið heppilegt að gefa út einhverja orðsendingu um það, að bráðum kæmi fóðurbætisskattur, og gefa mönnum tækifæri til að hamstra. Ég held að það hafi tekist mjög vel að koma þessum fóðurbætisskatti á þannig að menn hefðu ekki tækifæri til að birgja sig upp. Það urðu ekki um þetta mál blaðaskrif fyrr en það datt yfir. Það held ég að hafi verið rétt aðferð og heppileg að vera ekki að gefa þeim aðilum, sem fjársterkir voru og höfðu úr miklu að spila, tækifæri til að birgja sig sérstaklega upp. Ég tel að það sé engin frágangssök að flytja mjólk á milli landshluta, en svo horfir að við þurfum að gera það í vetur.

Hvað sauðfjárframleiðsluna varðar er fóðurbætisskattur ekki eins áhrifaríkur til að draga úr framleiðslu. Sauðfjárframleiðslan er ekki heldur eins varasöm, þó að um nokkra offramleiðslu verði að ræða, og mjólkurframleiðslan. Það er ekki eins hættulegt þó að sauðfjárframleiðslan fari eitthvað fram yfir notkun á Íslandi.

Varðandi hagsmuni sauðfjárbænda er hægt að taka fleiri atriði til athugunar, t. d. sláturkostnað, sem ég held að sé óhjákvæmilegt að fara að gefa meiri gaum að en við höfum gert. Við höfum gert miklar kröfur um aðstöðu til slátrunar sauðfjár og við viljum vandaða og hreina vöru, en mjög mikill kostnaður er slíku samfara. Það safnast hreint ótrúlegur kostnaður á slátrunina, t. d. dýralæknisskoðun, sem er orðin mjög dýr, o. s. frv., o. s. frv.

Verstu erfiðleikar bænda stafa þó kannske ekki af offramleiðslunni. Ég held að það brjálæðislega vaxtakerfi, sem við búum við, snerti enga heiftarlegar en bændur, og ég sé ekki hvernig mögulegt er fyrir allmarga af fátækari bændum eða skuldugri bændum að reka búskap með þessu vaxtakerfi, því að krónurnar velta hægt í búskapnum og það tekur tímann sinn að ávaxta fjármagn í landbúnaði.

Ég held að þetta frv. sé góð tilraun til að klóra í bakkann. Ég held að það sé nauðsynleg endurbót gallaðrar löggjafar. Ég styð þetta frv. og treysti því, að það verði samþ. óbreytt á Alþingi.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Það má segja að það séu dálítið merkilegar umr. sem hér fara fram. Tveir af hv. þm., sem hafa tekið til máls um þessi brbl. og lögin sem þau eiga að breyta, hafa komist þannig að orði, að kvótakerfið hafi verið gert of flókið í höndum landbn. 1979.

Þarna er um heimildir að ræða og heimildirnar að þessu leyti eru það rúmar að það er alveg í sjálfsvald sett bændasamtökunum og raunar landbrh. að setja reglugerð samkv. lögunum, eins og kom fram í máli hæstv. ráðh. þegar þetta mál var síðast til umr.

Það er alveg rétt, að frv. 1979 var breytt á margan hátt. En hvers vegna var því breytt? Því var breytt vegna þess að það var engin samstaða hér á Alþ. og það var ekki heldur samstaða meðal bændanna um að lögfesta það á þann veg sem það var lagt fram. Frv. frá 1979 var sent til allra búnaðarfélaga í landinu og annarra aðila sem höfðu hagsmuna að gæta af þeirri lagasetningu. Það komu umsagnir frá flestöllum búnaðarfélögunum og meiri hlutinn var einmitt á þá leið, að menn voru á móti fóðurbætisskatti og menn voru helst á því að reyna að taka upp einhvers konar kvótakerfi.

Það er alveg rétt, sem kom fram í ræðu hv. þm. Steinþórs Gestssonar, að þetta mál var lengi til umfjöllunar hér í þinginu. Það var verið að reyna að finna einhverjar leiðir til að koma því í gegnum þingið og það var ekki vandalaust. Það kann að vera að þau lög, sem var breytt á s. l. sumri með útgáfu brbl. sem er farið fram á að séu staðfest hér, hefðu átt að vera með einhverjum öðrum hætti. En það er algjör misskilningur að kvótakerfið eins og það er uppbyggt sé svo vegna laganna. Það verða menn að hafa í huga. Hér er í raun og veru engu verið að breyta nema í sambandi við þá sem bera mikinn fjármagnskostnað vegna nýlegra bygginga. Það er það eina.

Hins vegar var það aftur á móti með fóðurbætisskattinn. Menn voru yfirleitt í landbn. beggja deilda á því 1979, að það væri ákaflega óeðlilegt að leggja kjarnfóðurskatt á það magn sem menn töldu að væri hæfilegt miðað við það búmark sem var í raun og veru í allra huga, þó að það sé rétt hjá hæstv. landbrh., að það voru margar aðrar heimildir. Þetta var alls ekki einskorðað við kvótakerfið þegar það var lögfest, það er rétt, en hins vegar var umræðan, sem fór fram í n., fyrst og fremst miðuð við kvótakerfið.

Það getur ekki heldur verið í raun og veru eðlilegt og það getur ekki verið nein frambúðarstefna að leggja skatt á rekstrarvörur bænda. Það hefði verið að mínu mati og margra annarra eðlilegra í sambandi við þessi mál nú, að fyrst var talið nauðsynlegt að leggja kjarnfóðurskatt á allt kjarnfóður, þá hefði sá skattur farið til að borga niður aðrar rekstrarvörur, en ekki til annars. Ég hygg að það hljóti að koma að því, að slík stefna verði upp tekin hjá bændasamtökunum, enda eru margir bændur á þeirri skoðun, að önnur leið sé óeðlileg. Auðvitað er það rétt, að ef t. d. mjög lágt verð er á kjarnfóðri getur verið freistandi fyrir ýmsa að nota það meira en hóflegt er. En eins og lögin voru í raun og veru samþykkt og eins og Stéttarsambandsfundurinn ákvað 1979 að taka upp búmark átti sú leið í raun og veru að vera nægjanleg til að stjórna framleiðslunni, enda kemur það í ljós þegar farið er að skoða þessi mál, að það varð veruleg fækkun í bústofni sem var settur á á haustnóttum 1979. Það var af tvennum ástæðum: Það var vegna markaðsörðugleika, en það var líka vegna harðæris.

Ef menn athuga t. d. fækkun á mjólkurkúm og kvígum, þá fækkar mjólkurkúnum um rúmlega 7%, en kvígum um 19%, og slíkt hlaut að koma niður á framleiðslunni á þessu ári. Menn slátra ekki kvígum með fangi að jafnaði. Þar af leiðandi var augljóst að þessi minnkun hlyti að koma á síðari hluta ársins eða fyrst og fremst á síðasta sumri og þá sérstaklega á seinni hluta þess. Menn slátra ekki heldur kúm sem eiga að bera að vetrinum. Það leiðir til hins sama. Ef menn athuga því annars vegar minnkunina, sem hefur orðið, og hins vegar fækkunina er ótrúlegt að hún skyldi ekki hafa orðið meiri, ef menn taka bara þessar tölur. Hins vegar er verið að miða við ár, t. d. á Norðurlandi og Austurlandi, sem er það harðasta á öldinni. Þar af leiðandi var mjólkurmagnið minna á árinu 1979 fyrir norðan en í meðalári. Ætli það sé ekki líka skýringin á því, að samdrátturinn er ekki meiri miðað við síðasta ár en raun ber vitni. Ég held því að fóðurbætisskattinum sé í sjálfu sér kennt um samdráttinn meira en er raunhæft ef þessi mál eru skoðuð.

Eins og ég sagði áðan komst hv. þm. Steinþór Gestsson þannig að orði: „Þrátt fyrir þessa miklu umfjöllun,"

sagði þm. „á Alþingi eru lög um kvótann og fóðurbætisskattinn mjög umdeild meðal þeirra sem þau snerta helst.“ — Enn fremur sagði hv. þm.: „Ég ætla að bændur hafi almennt séð það fyrir, að ekki tjóaði að halda við tölu búfjár við þær aðstæður að kvótinn skerti afurðaverðið í jafnríkum mæli og tilkynnt hafði verið.“

Er það kvótinn sem skerðir þetta? Eru það ekki markaðsaðstæðurnar sem skerða þetta? Var betra að framleiða vörur sem við fengum ekkert fyrir? Ég held að sú leið, sem bændurnir hafa farið, hafi verið að reyna að gera þennan vanda minni en hann annars yrði með kvótanum. En kvótinn skapar ekki þennan vanda. Það er algjör misskilningur.

Til hvers er að framleiða mjólk sem fæst ekkert fyrir eða sama og ekkert? Var ekki betra að gera einhverjar ráðstafanir til að þessi mjólk yrði ekki framleidd? Ég held að um það sé að ræða. Ég held að það sé nokkuð mikil fjarstæða að ætla að bændasamtökin hafi að ástæðulitlu eða ástæðulausu gripið til einhverra ráða sem mundu rýra kjör bændanna. Ég held að málum sé öðruvísi varið. Og menn þurfa ekki að halda í þessari stöðu að allir séu á einu máli um hvaða aðferð er höfð í þessu efni. En ef menn á annað borð meina eitthvað með því sem þeir segja um að það eigi að halda byggðinni verður það ekki gert með öðru en stjórnun. Og ég verð að segja að ég er hissa á því þegar bændur, eins og t. d. hv. þm. Páll Pétursson, eru að tala um að fóðurbætisskattur sé skynsamlegasta leiðin í þessari stöðu. Eins og háttað er í landbúnaði, bæði með fóðuröflun og með verkun á fóðri, fer eftir sól og vindum hvernig til tekst á hverjum stað. Þeir, sem eru betur settir, geta miklu frekar framleitt með fóðurbætisskatti. Og það er enginn vafi á að ef sú leið yrði farin einvörðungu mundu margir þeir, sem eru efnaminni og í erfiðari aðstöðu að öllu leyti, verða að hætta búskap. Er það það sem við viljum? Ég hef staðið í þeirri trú, að það væri annað sem við vildum, við vildum byggja landið og við yrðum að gera ráðstafanir til þess.

Það kom líka fram í máli hæstv. landbrh. að það yrði að gera ráðstafanir vegna samdráttarins til þess að þeir bændur, sem yrðu að fækka búfé, hefðu möguleika á einhverjum öðrum tekjum. En það þarf að gera þetta á skipulegan hátt. Á það skortir enn því miður.

Ég ætla ekki að ræða þetta í löngu máli vegna þess að þetta mál fer í n. sem ég á sæti í. En þegar hæstv. landbrh. flutti framsöguræðu sína um þetta mál komst hann m. a. þannig að orði, með leyfi forseta:

„Enn fremur var á aðalfundi Stéttarsambands bænda dagana 30. ágúst til 2. sept. gerð samþykkt um að leggja til við Framleiðsluráð, að kjarnfóðurgjaldið yrði lækkað í 33.3%, og gerðar tillögur um eins konar kjarnfóðurskömmtun. Hefur kjarnfóðurgjaldið í samræmi við þetta verið 33.3% frá 1. sept. og hefur ákvörðun um þá hlutfallstölu verið staðfest til bráðabirgða“.

Nú vil ég spyrja hæstv. landbrh. hvernig eigi að skilja þessi orð „til bráðabirgða“. Er þess að vænta að breyting verði gerð á þessari gjaldtöku — eða hvað felst í þessum orðum?

Hæstv. landbrh. flutti ræðu á aðalfundi Stéttarsambands bænda þegar þetta mál var þar til umræðu. Þá skildu ýmsir fundarmenn mál ráðh. þannig, að ef fundurinn gerði tillögu um að kjarnfóðurskatturinn yrði lækkaður úr 40%, eins og hann var þá, niður í 33.3% gæti komið til álita að hann í embætti landbrh. færi ekki eftir slíkri samþykkt. Nú vil ég spyrja hæstv. landbrh. að því, hvort aðalfundarfulltrúar hafi misskilið mál hans eða hvort beint samband sé á milli þess, sem talið er að hafi legið í orðum hæstv. ráðh. á aðalfundi Stéttarsambands bænda, og orðanna sem ég vitnaði til — orðanna „til bráðabirgða“ í sambandi við þennan skatt.

Eins og ég hef áður komið að hér í máli mínu er mikil deila meðal bændanna um hvernig eigi að sigla út úr þeim vanda sem við blasir. Þegar við vorum að fjalla um þetta á Alþ. fyrir tveimur árum var það skoðun okkar margra að best færi á því, að bændasamtökin og Framleiðsluráð hefðu sem rúmastar heimildir að grípa til til að stjórna þessum málum, enda bæru þeir þá ábyrgð á framkvæmdinni. Það var aðeins í einu tilviki sem þetta var ekki gert. Það var í sambandi við kjarnfóðurskattinn. En þó var sett ákvæði til bráðabirgða sem var á þessa leið, með leyfi forseta:

„Fram til þess tíma, er tekist hefur að afla nauðsynlegra gagna, er heimilt að gjald samkvæmt b-lið“ — þ. e. kjarnfóðurgjald — „verði lagt á allt kjarnfóður, en endurgreiðist síðan eftir ákvæðum b-liðar.“

Þessarar heimildar hefur verið og var hægt að grípa til hvenær sem var og setja á 100% skatt. Það stendur að vísu í lögunum að það þurfi staðfestingu ráðh. á hverju og einu sem Framleiðsluráð að tillögu Stéttarsambandsfundar gerir samþykktir um. Hins vegar held ég að það hafi verið skoðun og sé ríkjandi skoðun meðal bænda að það sé aðeins á einn veg, þ. e. að ef Framleiðsluráð að tillögu Stéttarsambandsfundar vildi grípa til einhverra þeirra aðgerða sem ráðh. og ríkisstj. vildu ekki að gripið sé til, að þá gætu ráðh. og ríkisstj. komið í veg fyrir slíkar aðgerðir og ríkisstj. þurfi þá að gera aðrar ráðstafanir sem komi á móti þeim vanda sem er verið að glíma við hverju sinni.

Ég held að það hafi verið skilið svo, að ráðh. og ríkisstj. gætu aldrei gert þessar aðgerðir harðari en Stéttarsambandsfundur og Framleiðslráð legðu til, vegna þess líka að það eru þeir sem bera ábyrgðina á þessari framkvæmd. Það er af þeim ástæðum sem ég sé mig knúinn til að leggja fram þessar fsp. til hæstv. ráðh., því að það getur riðið á töluvert miklu hvort þarna er eingöngu um misskilning að ræða eða hvernig hann og ríkisstj. muni líta á hvernig framkvæmdin verður í framtíðinni á þessum málum. Þá verður að setja um það, að mínu mati, ótvíræðari fyrirmæli en kannske eru núna í lögunum.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til þess fyrir mig að hafa mörg orð um brbl. að þessu sinni eða við þessa umr. fram yfir það sem ég hef haft hér áður. Þó eru það örfá atriði í ræðum manna sem ég vil aðeins koma hér að.

Í fyrsta lagi vil ég geta þess, að ég sé ekki að það hafi haft neina þýðingu vegna þeirrar umr., sem fram fór frá minni hendi um þetta frv., að hæstv. landbrh. fór að rekja fyrir deildinni hversu margar heimildir væru um framleiðslustjórnun í lögunum sem sett voru hér á Alþ. 1979. Okkur var öllum ljóst að heimildir eru til ýmissa aðgerða af hendi stéttarsamtakanna og Framleiðsluráðs til þess að hafa vald á framleiðslustjórn, hafa vald á því, hversu mikið er framleitt af hinum einstöku landbúnaðarvörum.

Það þurfti ekki að benda mér á það heldur, að í lögunum var heimild til að setja á 100% kjarnfóðurgjald. Ég gat þess í ræðu minni að hún hefði verið til og því hefði verið óþarft að setja brbl. um 200% kjarnfóðurgjald. Ég

er alveg sannfærður um að það er ekki stór munur á því hverjar afleiðingar þessi gjaldtaka hafði, hvort sem um var að ræða 100% eða 200% kjarnfóðurgjald, því það er svo fjarstæðukennt að ætla sér að nota kjarnfóður að nokkru marki með því verðlagi hvort sem var, að mínum dómi.

Hæstv. ráðh. nefndi að ástæðan fyrir því, að þau brbl. voru sett sem hann gaf út í sumar, hafi verið sú, hversu lítið hafi gengið að minnka mjólkurframleiðsluna í landinu og gat þess, að á fyrstu 10 mánuðum verðlagsársins hafi orðið aukning á mjólkurframleiðslunni. Ég get vel ímyndað mér að þetta sé rétt. Ég hef ekki tölur fyrir mér sem sýna þetta, en ég dreg þetta ekki í efa. En ég vil benda á að fyrri hlutann af því tímabili voru engar hömlur á mjólkurframleiðslu. Það var ekki gert ráð fyrir neinum hömlum á mjólkurframleiðslunni á árinu 1979. Þær tóku ekki gildi fyrr en 1980 og vitaskuld höguðu menn framleiðslu sinni eftir því, hvenær aðgerðirnar fóru að verka til skerðingar. Þetta eru því trúlega réttar upplýsingar, ég dreg það ekki í efa, en er ekki nægileg ástæða til að byggja á þá ráðstöfun sem gerð var, og ég sný ekki aftur með að hún var harkaleg í ofanálag við þær ráðstafanir sem menn höfðu ákveðið að beita í þessu efni.

Hæstv. ráðh. spurðist fyrir um hvaða markmið ég vildi hafa í mjólkurframleiðslumálum. Ég vona að það sé ekki mjög langt á milli þeirra skoðana sem ég og hæstv. ráðh. höfum í því efni. En það, sem þarna skilur á milli, er að ég er ófús að fallast á að það hafi verið réttlætanlegt, þegar það var gert í sumar, að demba á þessu háa kjarnfóðurgjaldi. Reynslan undangengna mánuði hefur ekki sýnt að það hafi verið nauðsynlegt, og ég held að það hafi ekki heldur verið eðlilegt að setja þennan skatt á, þegar miðað er við hefðbundnar búgreinar, mjólkurframleiðendur eina, á þeim tíma sem það snertir sauðfjárframleiðendur ekki nokkurn skapaðan hlut hvort skatturinn var í gildi eða ekki. Ég held að það hafi verið bæði ranglátt og óhyggilegt að gera það. Það er mín niðurstaða.

Þá hafði hæstv. landbrh. orð á því, að ef þessi skattur hefði ekki verið settur á svona fyrirvaralaust hefði þeim, sem betri höfðu efnin, gefist tóm til að birgja sig upp af fóðurbæti. Ekki skal ég segja um það. En þeir bændur, sem ég þekki best, hafa fram að þessu átt fullt í fangi með að greiða þær rekstrarvörur, sem þeim er nauðsynlegt að hafa á búunum, og höfðu ekki möguleika á því að safna birgðum hjá sér af jafndýrum rekstrarvörum og fóðurbætirinn er. Og ég held að það hefði verið rétt að muna eftir því, að bændur hér margir hverjir eiga í erfiðleikum með rekstrarvörurnar og það hefði ekkert síður þurft að gjalda varhug við því, að þeir yrðu fyrir allt of miklum óþægindum af einmitt fóðurbætisgjaldinu, og frekar ástæða til en þess sem ég þóttist verða var í ræðu hæstv. landbrh. þegar hann sagði að þeir, sem hefðu haft með höndum fóðursöluna í landinu, hefðu fengið greiðslufrest til þess að draga úr of miklum óþægindum. Það er vel þess vert að enginn maður, enginn þegn í landinu verði fyrir meiri óþægindum en nauðsynlegt er. En það hefði þá líka þurft að muna eftir því, að bændurnir verða fyrir miklu, miklu þyngri áföllum í þessu efni en þeir sem annast fóðursölu í landinu.

Eins og ég sagði hér í upphafi sé ég ekki ástæðu til að fara öllu fleiri orðum um þetta frv. við þessa umr. fram yfir það sem ég gerði fyrr. Þó vil ég aðeins koma að því, sem hv. 2. þm. Norðurl. e. sagði hér og hafði það eftir mér, að kvótakerfið hefði valdið skerðingu á verði. Hann vildi telja að ég hefði farið hér með rangt mál, það væri ekki skerðing af kvótakerfinu, heldur skerðing vegna markaðarins. Þetta má segja að sé eins konar hráskinnaleikur því að vitaskuld er kvótakerfið sett á vegna þess að markaðurinn var erfiður, það er mér ljóst, en kvótakerfið réð hvernig sú skerðing kom niður. Það er það sem ég átti við. Kvótakerfið er flókið. Ég hef haldið því fram, að þrátt fyrir að kvótakerfið væri flókið hefði verið nauðsyn að ganga úr skugga um hvernig það kæmi út í framkvæmd áður en farið var að setja aðrar ráðstafanir í gang sem, eins og gert var í sumar, hafa komið mjög hastarlega við ýmsa framleiðendur.

Að þessu leyti og ýmsu öðru var ræða hv. þm. Stefáns Valgeirssonar dálítið vandræðaleg í þessu efni og hún sýndi mér í raun og veru ekki annað en það, sem ég vissi áður, að hann er áreiðanlega andvígur þeim brbl. sem hér eru til umr.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Hv. þm. Stefán Valgeirsson beindi til mín fsp. varðandi orðalag í framsöguræðu minni, þar sem ég lét þess getið, að ákvörðun Framleiðsluráðs landbúnaðarins um að færa kjarnfóðurgjaldið í 33.3% hefði verið staðfest til bráðabirgða. Tillaga Framleiðsluráðs, sem staðfest var, var með því orðalagi að tillaga væri gerð um þetta gjald í þessu horfi og með þeim skömmtunarkvótatakmörkunum, sem þar eru, fyrst um sinn. E. t. v. hefði verið nákvæmara að orða þetta í framsöguræðu minni þannig að segja að þessi breyting hefði verið staðfest fyrst um sinn. Þannig liggur í því máli og ekki neitt annað liggur þar á bak við. Ég tel að það séu engin tengsl á milli þessara orða í framsöguræðu minni og þeirra orða sem ég viðhafði á aðalfundi Stéttarsambands bænda s. l. haust. Það, sem ég átti við þar, sem sumir hafa kannske tekið með öðrum hætti, var að ég óskaði eftir því að skilja framkvæmd á þeim leiðum, sem farnar yrðu í meðferð þessara mála, og láta skýra fyrir mér áður en reglur yrðu staðfestar. Það tel ég mér skylt og eðlilegt að taka fram.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða frekar þær reglur sem nú eru viðhafðar við kjarnfóðurgjald og kjarnfóðurkvótakerfi sem í gangi er, en ljóst er að það er erfitt í framkvæmd og er vonandi að finnist greiðari leiðir í því en enn hefur verið hægt að koma auga á.

Ég vil svo segja að þessar umr. eru ekkert mjög langar, en þær hafa tekið þrjá fundi og ekki ástæða til þess að lengja þær mjög. Ég vil segja í sambandi við síðustu ræðu hv. þm. Steinþórs Gestssonar að á því tímabili sem hann vitnaði til í ræðu minni, tíu fyrstu mánuði síðasta verðlagsárs, varð 2.1% samdráttur í mjólkurframleiðslunni, ekki 2.1% aukning eins og hann taldi sig hafa heyrt eftir mér.

Ég vil einnig segja það varðandi þann árstíma sem skatturinn var lagður á, að ég taldi einmitt að það væri á heppilegum tíma. S. l. vetur var lítill heyforði til. Þá var fóður af svo skornum skammti í landinu eftir hið harða ár 1979 að það var ekkert um það að tefla að leggja kjarnfóðurgjald á og bændur þurftu að komast fram úr þeim vetri áður en farið væri að skattleggja kjarnfóður. En þegar vetri lauk og árgæskan s. l. vor og s. l. sumar tók við var ástandið með allt öðrum hætti og þannig að það var af þeim ástæðum og ýmsum fleiri, sem ég þarf ekki að endurtaka, nauðsynlegt að stíga þetta skref. Hvort það átti að vera 200% eða einhver önnur prósentutala, sem skatturinn var ákveðinn, má auðvitað deila um. Það lágu

hins vegar tillögur fyrir um 200% sem ég féllst á, og jafnvel þó 200% gjald legðist á fóður var samt hagstætt að gefa kjarnfóður hámjólka kúm, og það getur hv. þm. Steinþór Gestsson reiknað út, miðað við það verð sem þá var í gildi. Sú heimild, sem var í lögum um 100% álagningu kjarnfóðurgjalds, var háð svo miklum takmörkunum í framkvæmd samkvæmt lögunum að það var varla talið framkvæmanlegt. Þess vegna var sú leið ófær að grípa til með skyndilegum hætti, eins og nauðsynlegt var að gera á þessari stundu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til landbn. með 24 shlj. atkv.

Tollskrá o. fl. frv. (þskj. 76). — 1. umr.

Flm. (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 76, hef ég flutt ásamt hv. þm. Albert Guðmundssyni, Alexander Stefánssyni og Árna Gunnarssyni.

Í lögum nr. 120 frá 1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum, er ákvæði í 27. tölul. 3. gr. um ívilnanir á tollum af bifreiðum fyrir öryrkja. Þar er um að ræða ívilnanir öryrkjum til handa til bifreiðakaupa til einkaafnota eða til þess að komast leiðar sinnar til vinnu og annað þess háttar. Í 41. tölul. 3. gr. eru einnig ákvæði um ívilnanir á tollum af bifreiðum sem nota skal í atvinnuskyni, og sú grein hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Að lækka toll úr 90% í 40% af bifreiðum til bifreiðastjóra sem hafa akstur leigubifreiða til fólksflutninga, akstur sendiferðabifreiða eða kennslu í bifreiðaakstri að aðalstarfi. Enn fremur er heimilt að lækka toll úr 90% í 65% af bifreiðum til bifreiðastjóra sem hafa slíkan akstur að aukastarfi.“

Í 27. tölul., sem ég sé ekki ástæðu til að lesa allan hér, en það er sá tölul. sem fjallar um hin almennu bifreiðarkaup, stendur í 4. málsgr.:

„Aðilar, sem njóta tollaívilnunar samkv. 41. tölul., geta eigi jafnframt fengið tollívilnun samkvæmt þessum tölulið.“

Eins og mönnum mun kunnugt er töluvert um það að öryrkjar, sem hreyfihamlaðir eru eða á annan hátt ófærir um að stunda erfiðisvinnu, sækist eftir að stunda akstur leigubifreiða. Kaup á slíkum bifreiðum eru hinum fötluðu mjög erfið, enda oft um að ræða undanfarandi veikindi og tekjuleysi og slíkar bifreiðar mun dýrari en bifreiðar til einkanota. Ekkert tillit er hér tekið til öryrkja umfram aðra umsækjendur um atvinnubifreiðar vegna 4. málsgr. 27. tölul., sem fjallar um að aðilar, sem njóta tollívilnunar samkv. 41. tölul., geti eigi jafnframt fengið tollívilnun samkv. 27. tölul. Í raun er því aðstaða öryrkja til kaupa á bifreið í atvinnuskyni mjög svipuð og annarra sem á slík kaup hyggja. Nærri lætur að lækkun gjalda má nema allt að 750 þús. kr. og heildarlækkun að meðtöldu innflutningsgjaldi allt að 1 millj. og 500 þús. Lækkun tolla af bifreiðum til atvinnurekstrar er um 40%, eins og að ofan greinir. Segja má því að lækkun vegna örorku falli niður þegar um er að ræða kaup á bifreið í atvinnuskyni, þar sem sú ívilnun nýtist ekki vegna ákvæðis 4. mgr. 27. tölul. 3. gr. Varla fer þó á milli mála að sá, sem orðið hefur fyrir fötlun eða sjúkdómum, á allajafna við þrengri fjárhag að búa og akstur er e. t. v. eina starfið sem hann getur stundað. Sýnist því ekki ósanngjarnt að hann njóti frekari ívilnunar en hinn, sem heill er heilsu, enda allra hagur að starfsgeta hans nýtist eins og kostur er.

Með þessu frv. er lagt til að ívilnun hinum fötluðu til handa verði rýmkuð nokkuð eða um 20% þegar um kaup á bifreið til atvinnurekstrar er að ræða. Breytingin, sem hér er gerð till. um, er sú, að í 41. tölul. 3. gr. laganna bætist eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Sé um öryrkja að ræða, sem rétt ættu til ívilnunar samkv. 27. tölul. 3. gr., skal lækka toll um 20% til viðbótar.“

Ég held að hér sé um sanngirnismál að ræða sem þm. allra flokka hafa lýst stuðningi við. Um leið og ég fer fram á, að frv. verði vísað til hv. fjh.- og viðskn., skora ég á n. að afgreiða þetta frv. sem fyrst eða þannig að það geti komið til gagns við úthlutun bifreiða til öryrkja nú í febrúar.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Mér er fullljóst að röksemdir fyrir þessu frv. stafa af manneskjulegum hvötum einum saman, og ekki eitt augnablik dreg ég í efa þær hvatir. Þær einar liggja hér að baki. Ég vil hins vegar beina því mjög til þeirrar n., sem fær þetta mál til umfjöllunar, að undanþágum eins og þeim, sem hér er verið að leggja til, fylgir mikil misnotkunarhætta. Þessa misnotkunarhættu skulum við ekki vanmeta.

Þetta er aðeins ábending til þeirrar n. sem fær málið til meðferðar. Síðað þjóðfélag reynir að búa svo vel að öryrkjum sem frekast er kostur. Engu að síður vitum við að í kjölfar þess getur siglt annað og verra fólk sem reynir að nota sér þau fríðindi sem verið er að leggja til. Þetta segi ég um leið og ég viðurkenni og veit að að baki flutningi hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur og annarra þeirra sem á þetta plagg hafa skrifað, býr góður vilji einn. Það er ekki við þau að sakast, ekki heldur við það fólk sem er svo óhamingjusamt að búa við örorku af einhverju tagi. En þessu fylgir mikil misnotkunarhætta. Þetta vil ég biðja hv. n., sem tekur málið til athugunar, að taka til greina.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Í sambandi við þetta frv. þykir mér ástæða til að nota tækifærið og ítreka enn, sem raunar hefur komið áður fram í hv. deild á þessu þingi, þá ósk til hæstv. fjmrh., að þeirri endurskoðun á tollalögum að því er varðar tollaívilnun og lækkun innflutningsgjalda af bifreiðum til öryrkja, sem hefur farið fram eða fer fram í rn., verði hraðað mjög vegna þess að tíminn líður og senn er komið að því, að það þarf að fara að vinna að úthlutun á eftirgjöf fyrir árið 1981. Þess vegna er það mál mjög aðkallandi.

Það voru gefin um það fyrirheit í lok síðasta þings, að endurskoðun lægi fyrir í byrjun þessa þings. Ég kalla mjög eftir henni í sambandi við þetta mál og vil einnig endurtaka það sem þá kom einnig fram við umr., að það þarf að setja skýrari mörk í sambandi við tollalækkun eða niðurfellingu tolla af ýsmum tækjum fyrir fatlað fólk, en það hefur valdið miklum misskilningi í tollafgreiðslu og valdið mörgum öryrkjum eða fötluðu fólki erfiðleikum að óþörfu, að láðst hefur að skýra betur tollalöggjöfina að því er það varðar.

Fram hefur komið viljayfirlýsing frá hæstv. fjmrh. um að þessi endurskoðun komi fram á þessu þingi. Um leið

og ég ítreka með hv. frsm. þessarar till., að þetta mál fái að fara í gegnum þingið, vil ég nota þetta tækifæri til að ítreka þá kröfu til hæstv. fjmrh., að þessi endurskoðun fari að sjá dagsins ljós.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frv. (þskj. 109). — 1. umr.

Flm. (Sigurgeir Sigurðsson): Herra forseti. Ég flyt hér frv. um breyt. á lögum nr. 51 frá 9. júní 1980, um Húsnæðisstofnun ríkisins. Sú breyting, sem ég legg til með frv. þessu, er viðbót við 17. gr. nefndra laga og fjallar breyting mín um fjármögnun íbúðabygginga fyrir aldraða sem óska þess að eiga íbúðir sínar sjálfir á þessu æviskeiði sínu, svo sem flestir þeirra hafa átt fram til þessa. Ég held að það sé rétt á þessu stigi að ég lesi 17. gr. laganna eins og hún er í núgildandi lögum, herra forseti, en hún hljóðar svo:

„Lán samkv. 3. tölul. 11. gr. er heimilt að veita sveitarfélögum, stofnunum á þeirra vegum og/eða ríkisins eða félagssamtökum, sem byggja íbúðir, heimili eða dagvistarstofnanir fyrir aldraða eða dagvistarstofnanir fyrir börn.

Lánsfjárupphæð til íbúða fyrir aldraða má nema sama hlutfalli af byggingarkostnaði staðalíbúðar fyrir viðkomandi aðila og lánað er á því ári samkv. 1. tölul. 11. gr.

Lán til dvalarheimila aldraðra og dagvistarstofnana fyrir börn mega vera allt að helmingi byggingarkostnaðar."

Viðbót mín er sú, að við 17. gr. bætist, með leyfi hæstv. forseta:

„Heimilt er að veita sveitarfélögum eða félagssamtökum einstaklinga framkvæmdalán til byggingar verndaðra sölu/leiguíbúða aldraðra er nemi 75% byggingarkostnaðar.

Framkvæmdalánið endurgreiðist við sölu íbúða til notenda. Gert er ráð fyrir að 25% íbúða í hverjum áfanga yrði í eigu sveitarfélags eða félagasamtaka og haldi þeir aðilar lánum samkv. 2. tölul." — sem sagt hinum venjulegu lánum til leigu- og söluíbúða.

„Í reglugerð verði sett ákvæði um endursölu og/eða erfðarétt slíkra söluíbúða svo og skilgreiningu á verndaðum íbúðum," sem að ég hygg að muni ekki vera til.

Málefni aldraðra hafa verið mikið í sviðsljósinu undanfarið og hafa þær umræður verið með þeim hætti, að aldraðir hafa verið settir á bekk með ýmsum minnihlutahópum og opinberir aðilar ráðskast með mál þeirra án þess að eftir áliti þeirra væri leitað. Við Íslendingar höfum sérstöðu að mörgu leyti. Sérstaða okkar Íslendinga hefur m. a. verið í því fólgin, að íbúðaeign landsmanna er mjög almenn og hinn almenni borgari hefur kosið að tryggja hag sinn og fjölskyldu sinnar með því að eignast eigið húsnæði þegar á fyrstu árum hjúskapar. Óhætt er að fullyrða að þetta muni vera meginreglan. Þessi lagabreyting, ef samþykkt verður, hefur í för með sér að landsmenn ættu að geta verið lengur sjálfs sín herrar og þannig leyst sjálfir eigin mál svo sem hugur þeirra flestra stendur til. Þessi breyting, ef að lögum verður, hefði enn fremur þau áhrif að meira yrði byggt af íbúðum fyrir aldraða, bæði til sölu og leigu, en verið hefur þar sem hér kæmi til fé væntanlegra kaupenda, en fjárskortur sveitarfélaga hefur hingað til mjög hamlað framkvæmdum.

Talið er að byggja þurfi hér á landi 1500—1700 íbúðir árlega til að fullnægja íbúðaþörf landsmanna. Þessi tala er að vísu nokkuð á reiki. Sumir telja að þessi tala ætti að vera liðlega 2000 íbúðir, en ég held að hin talan sé nær lagi. Ég tel æskilegt að u. þ. b. 10% af þessum íbúðum verði næstu ár byggð sem verndaðar íbúðir fyrir aldraða og þá í svipuðum eignarhlutföllum og núverandi íbúðareign landsmanna gefur tilefni til.

Ótækt er að neyða aldraða til að afsala sér þeim mannréttindum að eiga húsnæði sitt óski þeir þess. Nýleg könnun, sem að vísu er bundin við eitt sveitarfélag, sýnir að aldraðir vilja mjög gjarnan taka þátt í að leysa eigin mál. Af 25 umsóknum um elliíbúðir komu 21 um söluíbúðir, en aðeins 4 um leigu. Benda má á að Félag aldraðra í Reykjavík, sem starfað hefur um árabil, hefur ekki ráðið við byggingarverkefni enn sem komið er sökum þess að aðilar hafa ekki átt fé eða haft aðgang að lánum til að brúa það bil sem skapast meðan á byggingu stendur til þess tíma að viðkomandi geti selt fyrri íbúð eða eign til að greiða fyrir nýja íbúð í vernduðu húsnæði. Fyrir sveitarfélög er hér líka um stórmál að ræða sem mundi auka mjög möguleika á byggingu íbúða í samvinnu við aldraða, og um leið draga úr eftirspurn eftir lóðum á almennum markaði þar sem fleiri eldri íbúðir kæmu í endursölu fyrir þá sem á stóru húsnæði þyrftu að halda. Eðlileg staðsetning íbúða aldraðra er í eldri hverfum, helst í nágrenni fyrri heimila ef mögulegt væri, þar sem erfitt er að staðsetja aðra byggð. Við höfum allt í kringum okkur dæmi um að slík staðsetning sé möguleg ef eftir er leitað.

Herra forseti. Samþykkt þessa frv., ef af verður, hefði í för með sér margs konar hagnað fyrir þjóðfélagið. Við tökum fullt tillit til þeirra öldruðu sem bjuggu í haginn fyrir okkur, sem nú teljumst á besta aldri, og nýtum krafta þeirra þeim og okkur í hag. Við gefum öldruðum í þessu verðbólguhrjáða þjóðfélagi jafna möguleika á við aðra til að varðveita fé sitt í fasteign sem samfélagið hefur skuldbundið sig til að endurgreiða á kostnaðarverði auk verðbóta hvenær sem á þyrfti að halda. Og síðast en ekki síst: Við gerum haustið í lífi landsmanna að tíma eftirvæntingar og jafnvel tilhlökkunar hóps samborgara sem finna sig fullgilda og eftirsóknarverða samverkamenn í uppbyggingu samfélagsins.

Herra forseti. Ég legg til að máli þessu verði vísað til hv. félmn. að umr. lokinni til eins skjótrar afgreiðslu og mögulegt er, því að ég tek það fram, að hér er um stórmál að ræða sem gæti haft mjög góðar afleiðingar og gott í för með sér bæði fyrir notendur og hinn almenna byggingarmarkað. Og síðast en ekki síst: Við mundum varðveita reisn eldri borgara okkar lengur og betur en við gerum nú.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til félmn. með 22 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 71). — 1. umr.

Flm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breyt. á lögum um tekju- og eignarskatt sem ég flyt ásamt hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni, Friðrik Sophussyni og Halldóri Blöndal.

Þetta mál, sem hér liggur fyrir, er ekki nýtt af nálinni og hefur verið rætt á öllum stigum þeirrar lagasetningar sem hér er lagt til að breyta. Þegar lögin komu fyrst til umr. hér í þinginu, sem sett voru 1978, voru menn strax mjög tortryggnir á ákvæði 59. gr. þeirra laga og varð um það allmikil umr. hér á fundum í Alþ. sjálfu og án efa í þingflokkunum flestum. Mér er það vel í minni, að ég tók þátt í umr. um þetta mál strax í undirbúningi og lýsti þá eins og ýmsir aðrir áhyggjum út af því, ef þetta ákvæði yrði þar að lögum. Ekki varð um það samstaða að fella ákvæðið niður á því stigi málsins, en gerð var tilraun til að beita sérstökum viðmiðunarreglum í sambandi við ákvörðun á tekjum og þess vænst, að það mundi nægja til þess að ekki hlytist skaði af, og það látið gott heita að sinni. Ýmsir voru þó vantrúaðir á það. Mér þykir rétt að minna á að þegar það frv. kom til umr. hér í hv. Nd. 1978 sagði hv. þáv. þm. Lúðvík Jósepsson þetta m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Mér er t. d. spurn hvernig á að ákveða laun, persónulaun, til trillubátamanns, sem gerir út í fjóra eða fimm mánuði lítinn trillubát, eða þess manns sem rekur atvinnubíl og þar getur verið um það að ræða að bíllinn sé ýmist rekinn hérna á höfuðborgarsvæðinu eða norður á Raufarhöfn, svo dæmi séu tekin. Vitanlega eru tekjumöguleikar þessara manna, sem hér eiga hlut að máli, geysilega misjafnir og það getur því verið miklum vandkvæðum bundið að ákvarða þessum mönnum réttlátar persónutekjur."

Eins og sjá má af þessu var hv. þm. mjög uggandi um að unnt væri að áætla mönnum tekjur eftir þessum reglum þannig að nokkurt vit væri í. — Það væri hægt að leiða hér fram ýmsa fleiri vitnisburði í þessu efni, en ég hirði þó ekki um að gera það að þessu sinni.

Það kom í ljós við nánari skoðun þessara mála, að þetta ákvæði væri líklegt til þess að valda verulegri mismunun í skattaálögum. Þegar lögin komu til endurskoðunar í ársbyrjun 1980 var þetta mál tekið upp hér í þinginu. Þá beittu einmitt þeir sömu þm., sem þetta frv. flytja, sér fyrir því að bera fram brtt. sem hneig í sömu átt og þetta frv. gerir. Að því sinni var þeirri brtt. hafnað á Alþ. með nokkrum atkvæðamun. En þess er vert að geta, og það er til umhugsunar, að allmargir sátu hjá við þá atkvgr. svo að það er ekki fjarri lagi að ætla að nú geti annað orðið ofan á í meðförum þingsins að þessu sinni, enda liggja nú fyrir niðurstöður um hver reynsla er fengin af þessu, þó að ég hafi ekki enn aflað mér upplýsinga, sem óyggjandi séu, frá skattyfirvöldum. Ég mun leitast við að útvega þær upplýsingar, við hversu marga menn þetta hefur komið og á hvern hátt, sem ekki liggja fyrir enn. Ég hygg að ég muni það rétt, að fyrir Alþ. liggur fsp. um þetta efni sem enn hefur ekki verið svarað, og síðast þegar ég vissi til var ekki þess að vænta alveg strax.

Það er skemmst frá því að segja, og það lýsir því nokkuð greinilega, hversu þetta hefur komið við álagninguna að þessu sinni, að risið hafa upp allmiklar mótmælaaðgerðir vegna þessara ákvæða í lögunum. Ég vil minna á að 7. okt. í haust voru hæstv. forsrh. og hæstv. landbrh. afhentar undirskriftir um 2000 bænda þar sem skorað var á ríkisstj. að beita sér fyrir því, að 59. gr. og samverkandi greinar núgildandi skattalaga yrðu afnumdar. Þessir 2000 bændur eða því sem næst, sem hér um ræðir, voru af takmörkuðu svæði á landinu, en það var ekki vegna þess að það væri ekki vissa fyrir að víðar væru menn sömu skoðunar, heldur vannst ekki tími til á þeim árstíma, sem þarna var til umráða, að leita vítt um land. Þessar undirskriftir munu fyrst og fremst vera komnar úr tveimur kjördæmum, Norðurlandi vestra og Vesturlandi, hluta af Vestfjörðum og hluta af Suðurlandi.

Það mætti ætla af því, sem ég hef nú sagt, að það væri fyrst og fremst um það að ræða að hér væri um óeðlilegar álögur á bændur að ræða. Það er að vísu rétt, að lagaákvæði sem þessi koma mjög illa við bændur, fyrst og fremst fyrir þá sök að sá atvinnurekstur sem landbúnaður er, hann er í langflestum tilfellum vettvangur einnar fjölskyldu og fellur því beint undir þetta ákvæði skattalaganna. En eins og komið hefur fram áður í máli mínu og í tilvitnuðum orðum eftir hv. fyrrv. alþm. Lúðvík Jósepssyni snertir þetta miklu fleiri aðila, og þó að þeir hafi ekki risið upp til andmæla í þessu efni er ekki síður vert að leitast við að taka tillit til þeirra og þeirra skoðana sem þetta á annað borð verkar á.

Ég hef orðið þess áskynja, að þetta hefur komið mjög illa við t. d. þá menn sem eru með smærri verslunarrekstur á sínum vegum, þar sem þeir starfa að mestu leyti einir við verslun. Ég vil minna á að í tímaritinu Frjálsri verslun hefur þetta verið gert nokkuð að umræðuefni. Þar er tekið dæmi af einum slíkum kaupmanni sem hafði dregið saman rekstur sinn af eðlilegum ástæðum. Matvöruverslunin færist meir og meir yfir á stærri markaði, en eigi að síður er erfitt fyrir þá, sem hafa verið með slíkan rekstur í smærri búðum, að hætta honum algjörlega og neytendurnir kæra sig ekki heldur um að svo verði. En hér er tilgreint dæmi um mann sem hafði orðið að draga saman rekstur sinn og starfaði nú einn. Hann taldi fram tekjur á skattframtali, sem honum virtust koma út úr versluninni, 3.6 millj. kr., en þá stóð verslunarreksturinn á núlli. Samkvæmt þeim lagafyrirmælum, sem eru í skattalögunum, bar skattstjóra skylda til að setja honum hærri tekjur og voru laun hans hækkuð í 6.4 millj. kr. og hækkuðu því um 2.8 millj. Þó að þessi sama fjárhæð hafi verið færð til gjalda á rekstrarreikningi og sem tap á atvinnurekstri hans, sem var færður yfir til næsta árs, breytir það ekki því, að til grundvallar við tekjuskatts- og útsvarsálagningu er lagt á 6.4 millj. í staðinn fyrir 3.6 millj. Það má öllum vera ljóst að slík ákvæði eru ekki samrýmanleg því sem maður getur kallað almenna réttlætiskennd, og það er ekki samrýmanlegt þeim hugmyndum sem við höfum um það, hvað eru tekjur sem hægt er að leggja á og hvenær er um eignaupptöku að ræða. Í þessu tilviki held ég sé komið einmitt mjög nálægt því sem segir að sé eignaupptaka.

Ég sé ekki ástæðu til þess að svo komnu máli að hafa mörg orð um þetta frv. Það er búið, eins og ég hef tekið fram, að vera hér til umfjöllunar í ýmsu formi áður og ég vænti þess, að menn séu þeirra umr. og þeirra athugana minnugir og vilji gaumgæfa þetta mál. En áður en ég lýk máli mínu vil ég aðeins koma að því, að á aðalfundi

Stéttarsambands bænda, sem haldinn var á Kirkjubæjarklaustri um mánaðamótin ágúst—sept. í haust, var samþykkt ályktun um þetta efni, samþykkt samhljóða. Ég vil hér, fyrst tækifæri gefst, kynna þá ályktun hv. þdm., með leyfi hæstv. forseta:

„Aðalfundur Stéttarsambands bænda 1980 telur að nú sé komið skýrt í ljós að gildandi skattalög mismuni skattgreiðendunum svo að óviðunandi sé. Fundurinn beinir því til stjórnar Stéttarsambandsins að kanna ítarlega, hvaða ákvæði laganna valdi þessu óréttlæti, og knýja á um að fá leiðréttingu á þeim er nái til álagningar þessa árs án þess að kært sé. Bendir fundurinn sérstaklega á 7., 53. og 59. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt í þessu sambandi. Þá skorar fundurinn á fjmrn. og ríkisskattstjóra að samræma vinnubrögð skattstofanna, því að algerlega er óviðunandi að skattþegnum sé mismunað eftir því í hvaða skattumdæmi þeir búa, eins og virðist koma fram í álagningu skatta á bændur á þessu ári."

Það er litlu við þetta að bæta. Ég vil þó geta þess, að þetta frv. tekur til ákvæða 7. gr., 31. gr. og 59. gr. laganna. Það tekur ekki til ákvæða 53. gr., enda var það ákvörðun okkar flm. að einskorða frv. við það efni sem við tókum til meðferðar á síðasta þingi í brtt. sem við bárum þá fram. Það er aðalatriðið að mínum dómi að fá leiðréttingu á því máli. Ákvæði 53. gr., sem ég tel vera vafasöm, þurfa enn þá nánari skoðunar við, en ég vildi ekki og kusum við ekki að svo komnu máli að taka það með í þetta lagafrv.

Ég vænti þess, að hv. Alþ. beri gæfu til að taka þannig á þessu máli að leiðrétting fáist á því óeðlilega ákvæði sem í lögunum er. Ég segi „óeðlilega ákvæði" vegna þess að það stríðir algerlega gegn þeirri hugmynd, sem við höfum um skattstofn, að leggja tekjuskatt á annað en raunverulegar tekjur. Vegna þess að þetta er sannfæring okkar höfum við lagt fram þetta frv. í trausti þess, að menn hafi nú séð að það á við rök að styðjast að þetta sé óeðlilegt ákvæði.

Ég vil svo leggja til, herra forseti, að frv. verði vísað að lokinni þessari umr. til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Ágúst Einarsson: Herra forseti. Þetta frv., sem hér er til umr., gerir í stuttu máli ráð fyrir afnámi á áætluðum tekjum hjá skattgreiðendum í sjálfstæðum atvinnurekstri. Ég vil lýsa mig andvígan frv.

Það er skoðun mín, að óánægja fólks við álagningu á tekjuskatti sé fyrst og fremst sprottin af því, hve sumir sleppa vel, miklu frekar en að það sé óánægja um þá upphæð sem menn verða að greiða í skatta. Ástæðan til að sumir hafa sloppið svo vel, er einmitt kerfið sem þetta frv. vill koma aftur á. Við skulum ekkert vera að blekkja okkur hér á hinu háa Alþingi. Það verður að viðurkenna að ýmsir hafa í krafti lítils einkarekstrar áætlað sér allt of lág laun og fært einkaneyslu á rekstur. Jafnframt hafa afskriftarreglur lengi leitt til þess, að menn hafa þrátt fyrir háar tekjur verið skattlausir. Ég vil ekki nefna neina sérstaka hópa sem þessa hafa notið, en ég held að við getum allir verið sammála um að þessir menn eigi að greiða tekjuskatt af sínum persónulegu tekjum eins og aðrir þjóðfélagsþegnar. Eina leiðin sem fær er til að koma í veg fyrir að skattalögin verði misnotuð eins og ég lýsti áðan, er að áætla mönnum tekjur, eins og gert er ráð fyrir, eins og ef þeir væru í vinnu hjá öðrum. Það er einnig staðreynd, að slíkar áætlanir skattyfirvalda hafa hingað til alltaf verið í lægri kantinum miðað við raunverulegar tekjur. Ég er ekki að halda því fram, að lög nr. 40 frá 1978 séu í þessu ákvæði hið fullkomnasta, en breytingu á lögunum samkv. þessu frv. tel ég alls ekki tímabæra, enda liggja ekki fyrir neinar tölur um áhrif þessarar álagningar á þessu ári, eins og reyndar kom einnig fram í máli frsm. fyrir þessu frv. Auðvitað geta komið upp erfið tilfelli varðandi þessa áætlun, en þá væri nær að reyna að móta reglur í frv. til að koma í veg fyrir slys. Það væri miklu nær en að leggja til afnám þess kerfis sem komið var á 1978, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir. Með þessu frv. finnst mér ekki vera farin rétta leiðin til að leiðrétta hlut sem er ekki víst að einu sinni þurfi að leiðrétta. Þess vegna ítreka ég aftur andstöðu mína við þetta frv.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég vil láta þess getið í tilefni af flutningi þessa frv., að skömmu eftir að álagningu var lokið á s. l. sumri í öllum skattumdæmum skipaði ég nefnd til að fjalla sérstaklega um álagningu skatta á bændur. Þessi nefnd var þannig skipuð, að í henni var einn fulltrúi tilnefndur af Stéttarsambandi bænda, einn fulltrúi tilnefndur af fjmrn., og er það Guðmundur Þorsteinsson bóndi á Skálpastöðum, en ríkisskattstjóri er formaður nefndarinnar. Stéttarsamband bænda mun hafa tilnefnt formann sinn, Gunnar Guðbjartsson, í nefndina.

Það liggur ljóst fyrir, að það er einkum tvennt sem bændur hafa gagnrýnt í sambandi við núverandi tekjuskattskerfi: Í fyrsta lagi það, að lögin gera ráð fyrir að heimilt sé að áætla mönnum tekjur. Það er ríkisskattstjóri sem hefur með þá áætlun að gera. Í öðru lagi er það tekjufærsla vegna skulda. Mönnum eru reiknaðar tekjur af óverðtryggðum eða lítt verðtryggðum skuldum. Að sjálfsögðu eru þessi ákvæði skattalaganna í fullu samræmi við það sem gerist með aðra skattgreiðendur og aðra sem líkt stendur á um. Þannig hefur ríkisskattstjóri heimild til þess að áætla tekjur ýmissa hópa, og á það sérstaklega við og er framkvæmt í þeim tilvikum þegar ekki eru taldar liggja fyrir nægilegar upplýsingar um raunverulegar tekjur manna.

Það er nokkuð ljóst, að hvað bændur varðar er hægt að finna ýmis dæmi þess, að illa settir, fátækir bændur hafa fengið töluvert mikla skatta vegna beitingar tveggja ákvæða. Sérstaklega á það við þegar þessum ákvæðum lýstur saman þannig að þau eiga bæði við viðkomandi skattþegn. Þá geta komið út nokkuð óvenjuleg og lítt skýranleg dæmi um miklar skattgreiðslur manns sem litlar tekjur hefur. Er því fyllsta ástæða til að athuga hvernig þessar reglur eru og hvernig þær hafa komið út í framkvæmd. Af þeirri ástæðu var nefndin skipuð. Hún hefur hins vegar enn ekki lokið störfum, hún hefur ekki skilað neinum tillögum frá sér eða neinni niðurstöðu um rannsókn sína og ég hef þess vegna ekki séð ástæðu til að gefa neina yfirlýsingu af minni hálfu um það, hver yrði stefna fjmrn. í þessum málum.

Það er ljóst, að það er ákveðnum vanda undirorpið að undanskilja sérstaklega einhverja ákveðna stétt manna. Á hinn bóginn er ljóst að þörf er á því að ríkisskattstjóri hafi heimild til að áætla á menn tekjur þar sem um er að ræða hátekjumenn sem nokkuð örugglega hafa verulegar tekjur almennt, en hafa hins vegar öll tök á því sjálfir að gefa upp þær tekjur sem þeim sýnist. En spurningin er auðvitað sú, hvort ekki er eftir öðrum leiðum hægt að hafa fullt eftirlit með því, hverjar eru

raunverulegar tekjur bænda, hvort ekki sé hægt að komast að því með því að gæta að viðskiptum þeirra við söluaðila. Í öllu falli er ljóst og óumdeilanlegt, að þessi ákvæði hafa komið mjög illa út þegar um er að ræða ýmsa fátæka og illa stæða bændur og er því ljóst að einhverjar ráðstafanir verður að gera í þessum efnum.

Stundum hefur verið sagt: Málið er í athugun. Svo er nú. Ég vænti þess, að þeirri athugun fari senn að ljúka og þegar henni lýkur verði mótuð skýr stefna í þessu máli af hálfu ríkisstj. og þingmeirihluta.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Þegar ég bað um orðið var það raunar fyrst og fremst til þess að kalla eftir yfirlýsingu frá hæstv. fjmrh., því að eins og kom fram í fjárlagaræðu hans á hv. Alþ. lýsti hann því yfir þar, að þetta ákvæði í skattalögum væri í sérstakri athugun og þyrfti að taka tillit til ýmissa erfiðleika sem fram hefðu komið, ekki síst að því er varðar skattlagningu á bændur.

Þegar skattalögin voru afgreidd á 102. löggjafarþingi var ljóst, eða ég geri ráð fyrir að það hafi verið ljóst flestum hv. þm., að í þessum lögum voru ýmis ákvæði, ýmis nýmæli sem erfitt var að sjá fyrir hvernig verkuðu í framkvæmd. Þess vegna var það, álít ég, nokkuð samróma álit flestra þm., að gera yrði ráð fyrir að þessi lög yrðu tekin til endurskoðunar í upphafi 103. löggjafarþings sem nú situr. Þarna voru mörg ákvæði sem erfitt var að sjá fyrir, eins og fram hefur komið.

Ég skildi afgreiðslu málsins þannig að skipuð yrði annaðhvort milliþinganefnd eða nefnd þm. til að endurskoða skattalögin sérstaklega. Ég stóð í þeirri meiningu alveg þangað til fyrir stuttu að svo yrði gert. Miðað við fyrri yfirlýsingar þm. var þetta nauðsyn. Alla vega eiga þó þm. að fjalla um svona viðamikla löggjöf. Það var svo mikið um lögin fjallað á síðasta þingi að fullkomin ástæða var til þess að svo yrði.

Það væri hægt að tala hér lengi um ýmis atriði sem hafa komið ákaflega furðulega út í álagningu skattanna. Ég ætla ekki að gera það hér. Ég vil þó taka undir það sem kom fram hjá hv. frsm., að það hefur t. d. sannast að ekki er sama í hvaða skattaumdæmi framkvæmd laganna er gerð. Það er mjög ólíkt eftir umdæmum. Þetta er mikilvægt atriði, því að ætlast er til þess að allir séu jafnir fyrir lögunum og ekki hvað síst í sambandi við skattaálögur.

Eins og nú er komið vil ég treysta því, að hæstv. fjmrh. sjái svo um að þessari endurskoðun laganna verði hraðað og það verði ekki aðeins tekin til athugunar ákvæðin í 59. gr. að því er varðar bændur, heldur einnig ýmis önnur ákvæði og agnúar sem á lögunum eru.

Það var ljóst, þegar Alþ. fjallaði um þessi skattalög sem voru sett 1978, að það væru ýmsar forsendur breyttar og fyrst og fremst það sem við allir vitum, að þau voru í upphafi miðuð við staðgreiðslukerfi skatta og þess vegna var augljóst að margt í þessum lögum þyrfti breytinga við.

Ég vil endurtaka það sem ég sagði áðan, að í sambandi við frv. sem hér er lagt fram, þó að taka megi undir margt sem hér hefur verið túlkað af hv. frsm., þá finnst mér aðalatriðið að endurskoðunin, sem ríkisstj. eða fjmrh. fyrir hönd ríkisstj. hefur boðað, verði lögð fram þannig að alþm. geti tekið afstöðu til málsins.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil aðeins láta það koma fram við þessa umr., að þegar skattalagafrv. það, sem hér er lagt til að breyta, var til umr. á frumstigi talaði ég m. a. gegn 59. gr. og flutti mál mitt í fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar, í þingflokki mínum og í hv. deild og lagðist gegn þessari grein og fleiri greinum þessara laga, sem ég taldi þá og tel enn stríða gegn réttlætiskennd minni. Ég vil bæta við, og það er undirstrikað með flutningi brtt. minnar og þeim mörgu undirskriftum sem borist hafa frá bændum, að grein þessi stríðir sérstaklega á móti réttlætiskennd fólksins í landinu. Mótmæli á borð við þau sem nú hafa borist frá bændum, — bændum, en ekki bændasamtökunum, — 2000 bændum, ef ég skil rétt, eru þau sömu og bárust frá samtökum atvinnuveganna á þeim tíma sem frv. var fyrst í athugun í nefndum.

Ég tek undir allt það sem flm. hefur sagt. Ég vona að honum takist betur en mér forðum að fá þessari grein breytt. En ég vil endurtaka að það eru fleiri greinar í þessu skattalagafrv. óréttlátar. Það getur vel verið að það komi úr hörðustu átt, en ég ætla samt að taka þá áhættu að segja þetta: Á sama tíma sem 59. gr. var samþ. var samþ. í fyrsta sinn að forseti Íslands og maki skuli vera skattfrjáls af öllum sínum tekjum. Hvers vegna þessar andstæður í samþykktum? Ég hef alltaf staðið í þeirri meiningu að forseti Íslands ætti — og það væri réttlætanlegt — að vera skattfrjáls af embættistekjum sínum, en ekki af aukatekjum. Segjum nú svo að ég hefði náð kjöri sem forseti Íslands. Átti ég þá — eða annar í minni stöðu — að vera skattfrjáls af öllu öðru sem ég hefði tekjur af? Það er ranglátt. Það er ekki rétt.

Annars vegar er þarna verið að hegna mönnum fyrir að hafa frumkvæði að uppbyggingu á atvinnurekstri. Ungir menn hafa stundum ekki tekjur sem svara eðlilegum launatekjum í mörg ár meðan á uppbyggingu atvinnurekstrarins stendur, en þá skal áætla þær hjá viðkomandi aðila. Það eru margir í sömu stöðu. Þessir 2000 bændur eru brot af þeim fjölda sem hefði skrifað undir hefði verið farið um landið allt, en flm. gat um, ef ég man rétt, að aðeins hafi verið um Suðurland og Norðurlandskjördæmi vestra að ræða.

Ég vil líka benda á annað í þessum skattalögum, eins og ég gerði á sínum tíma úr þessum ræðustól, þá grein sem fjallar um það ef fjölskylda vinnur saman. Við skulum taka dæmi: Ef sonur aðstoðar föður við að mála fyrirtæki hans eða mála heima hjá honum skal faðirinn gefa þá vinnu upp eins og um aðkeypta vinnu hafi verið að ræða vegna þess að sonurinn má ekki gefa þann hluta sem ríkið hefði fengið í tekjur ef faðirinn hefði keypt að, vinnuna af fagmönnum.

Ég verð að segja að það er furðanlegt hvernig hv. 5. þm. Suðurl. getur talað. Hér er t. d. um álagningu tekna á lítinn atvinnurekstur að ræða, sem ég held að hafi minni möguleika á því að færa einkaneyslu yfir á rekstur fyrirtækisins en stærri atvinnurekstur eftir að bókhald hefur verið endurskoðað, eftir að réttmæt skattyfirvöld hafa sannfærst um að fyrirtækið gefi rétt upp til skatts og þar af leiðandi bæði tekjur og útgjöld. Þegar réttir aðilar sjá að viðkomandi aðilar hafa ekki tekjur til að reikna sér ákveðna lágmarksupphæð skal samt sem áður bæta við þá upphæð við álagningu skatta. Það eru ekki allir ungir menn sem ganga inn í rótgróin fyrirtæki til að reka þau. Það eru frekar rótgrónu fyrirtækin sem færa einkaneysluna á fyrirtækisreksturinn.

Það er ýmislegt sem má taka upp og bæta í þessum skattalögum. Þau eru meingölluð. Ég vil benda á til viðbótar því sem ég hef nú sagt, að vald ríkisskattstjóra,

þó að það hafi verið mjög takmarkað í nefnd, er allt of mikið eins og það kemur fram í núverandi skattalögum og gerir ríkisskattstjóra og þá, sem með honum starfa, að nokkurs konar dómstól á lokastigi. Sem betur fer var eitt atriði fellt niður úr frv. að núverandi skattalögum. Hugsið ykkur að í frv. var skattstjóra heimilað að beita valdi áður en því var breytt og frv. varð að lögum. Hugsunin, sem kom fram var að ríkisskattstjóra skyldi heimilað að senda lögreglu til hvers sem var til að fá upplýsingar um þriðja aðila. Hvert stefnum við með svona hugsunarhætti og svona vinnubrögðum?

Ég lýsi stuðningi mínum við frv., sem hér liggur frammi, og hefði gjarnan viljað, eins og kom fram hjá hv. 1. þm. Vesturl., að skattalagafrv. yrði skoðað gaumgæfilega og gerðar á því breytingar, sem nauðsynlegar eru til þess að það misbjóði ekki réttlætiskennd fólksins, eins og það gerir í því formi sem það er í nú.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég er einn af flm. frv. sem hér er til umr. á þskj. 71, og ég skal hafa ræðu mína stutta.

Ég tel að umræður um skattsvik og ástæður fyrir skattsvikum, en þær eru oft til umr. í sölum hv. Alþingis, séu fyrst og fremst komnar til vegna þess að tekjuskattur er of hár. Þar liggur meginástæðan. Það er þess vegna sem allar þessar umr. urðu, og það er þess vegna sem þessi mikla leit að tillögum um fyrirbyggjandi aðgerðir stendur yfir ætíð þegar skattalögum er breytt.

Það gerðist þegar lögin frá 1978 voru samþ. hér á Alþ. að sett var þessi regla, sem menn sjá nú flestir hverjir að getur ekki gengið, þ. e. reglan um að vissum stéttum í þjóðfélaginu sé hægt að áætla tekjur án tillits til staðreynda. Það skal tekið fram, að bændur eru aðeins hluti þeirra sem þannig fara út úr þessu nýja skattakerfi. Fjöldi annarra sjálfstæðra atvinnurekenda lendir í þessu kerfi.

Það er auðvitað alveg rétt, sem hér hefur komið fram hjá hv. 5. þm. Suðurl., að sé horfið til gamla kerfisins má búast við einhverjum skattsvikum. En ég tel að hér sé of dýru verði keypt að eltast við þá sem svíkja undan skatti. Ég minni á að skattsvikarar, sem ég hef enga samúð með, bjarga sér ætíð sama hvaða kerfi er notað til að ná þeim.

Það, sem hefur gerst í þessu máli, er að sönnunarbyrðinni hefur verið snúið við. Það er afar óalgengt í lögum vestrænna ríkja að það sé gert. Það er aðeins gert þegar brýnir hagsmunir eru í húfi. Það er gert í áfengislöggjöf, tollalöggjöf og í refsilöggjöf í undantekningartilvikum, því að auðvitað hvílir sönnunarbyrðin á opinberum aðilum í þessum efnum.

Mig langar til þess, herra forseti, í lok ræðu minnar að vitna til ummæla ágæts lögfræðings sem hefur dálítið kannað þetta mál, en grein eftir hann birtist í Frjálsri verslun. Það mun vera sama greinin og hv. 1. flm. málsins vitnaði til í sínu máli. Lögfræðingurinn, sem er Baldur Guðlaugsson, segir svo í grein sinni, með leyfi forseta:

„Markmið löggjafarinnar er að ná til þeirra sem áður sluppu vel. Það kann að takast í einhverjum tilfellum, en er jafnframt keypt því dýra verði að aðrir eru að ósekju beittir órétti. Vitaskuld eru það þýðingarmeiri hagsmunir að menn njóti þeirrar verndar gagnvart skattyfirvöldum að vera ekki látnir gjalda skatta af meiri tekjum en þeir hafa aflað. Með lögunum er því verið að fórna meiri hagsmunum fyrir minni hagsmuni. Þá má benda á, að lögin hafa endaskipti á áður gildandi reglum hvað það varðar, að áður þurftu skattyfirvöld að sanna eða gera sennilegt að menn hefðu í reynd haft hærri tekjur en þeir töldu fram, en nú þurfa sumir menn að greiða skatt af hærri launum en þeir hafa talið fram, nema þeir geti talað skattstjóra inn á að lækka reiknaðar tekjur niður fyrir það sem ríkisskattstjóri ákveður. Sönnunarbyrðinni hefur sem sé verið snúið við.

Að lokum má spyrja: Standast þessi ákvæði skattalaganna? Vitanlega hlýtur lögfræðingur að fara varlega í að fullyrða mikið um það því um slíkt á Hæstiréttur síðasta orðið. Og óneitanlega hefur Hæstiréttur talið að margs konar misjafnlega réttlát skattlagning væri gild hvað sem líður eignarréttarákvæðum stjórnarskrárinnar.

Mörkin á milli heimilla eignarskerðinga í formi skatta og bótaskylds eignarnáms geta verið vanddregin. En svo mikið er víst, að það er engan veginn sjálfgefið að það standist samkv. stjórnarskránni að ákvarða mönnum laun eftir einhverjum tilbúnum viðmiðunarreglum og leggja síðan á skatta samkv. því, burt séð frá því hvaða tekjur þeir í raun og veru höfðu. Slík skattlagning fer að jaðra við eignarnám, ef hún fer þá ekki alveg yfir mörkin.“ — Hér lýkur tilvitnun í þessa ágætu grein Baldurs Guðlaugssonar lögmanns.

Ég vil skora á hv. þdm. að samþ. þessar breytingar, þegar þetta mál kemur aftur frá þeirri n. sem fær það til meðferðar og koma þannig í veg fyrir að menn, sem kjósa að vinna stuttan vinnutíma eða af einhverjum ástæðum hafa lægri tekjur en viðmiðunarreglurnar segja til um séu látnir greiða skatt af tekjum sem hvergi eru til.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 24. nóv.

Leyfi til útflutnings á saltfiski.

Svar viðskiptaráðherra við fyrirspurn Geirs Gunnarssonar og Matthíasar Bjarnasonar um leyfi til útflutnings á saltfiski, á þskj. 80, sent þm. 21. nóv.

1. a) Hverjum hefur verið veitt leyfi til útflutnings á saltfiski árið 1980?
   b) Til hvaða lands?
   c) Hversu mikið magn til hvers lands?
   d) Hvenær voru einstök leyfi veitt?

Svar:

Óverkaður saltfiskur

Dags.	Útflytjandi	Bretland	Frakkland	Svíþjóð	Grikkland	Ítalía	Portúgal	Spánn	Írland	Mexikó
9.01.80	SÍF	ca 15 tn								
22.01.80	—		ca 12 tn							
18.02.80	—			5 tn						
26.02.80	—				ca 800 tn					
26.02.80	—					1200 tn				
29.02.80	—					1,2 tn				
6.03.80	—						ca 700 tn			
20.03.80	—							ca 7000 tn		
18.04.80	—						ca 20.000 tn			
30.04.80	—								0,5 tn	
5.05.80	—					ca 5500 tn				
5.05.80.	—				ca 600 tn					
9.05.80	—					ca 6 tn				
27.05.80	—						20,2 tn			
6.06.80	—					ca. 6 tn				
23.06.80	—		22 tn							
24.06.80	—		2 tn							
24.06.80	—					ca 100 tn				
30.06.80	—									20 tn
30.06.80	—		15 tn							
5.08.80	—								24 tn	
5.08.80	—								ca 40 tn	
6.08.80	—							ca 4000 tn		
6.08.80	—				ca 1200 tn					
7.08.80	—						ca. 800 tn			
21.08.80	—		0.05 tn							
27.08.80	—								24 tn	
2.09.80	—		ca. 80 tn							
3.09.80	—		0,1 tn							
9.09.80	—					ca. 25 tn				
15.09.80	—								48 tn	
29.09.80	—		ca. 41 tn							
2.10.80	—				ca. 1100 tn					
6.10.80	—								ca. 24 tn	
13.10.80	—								ca. 37 tn	
16.10.80	—	ca. 180 tn								
24.10.80	—								ca. 72 tn	
3.11.80	—					ca. 38 tn				
3.11.80	—		ca. 200 tn							
11.11.80	—					ca. 20 tn				
		ca. 195 tn	ca. 372,1 tn	5 tn	ca. 3700 tn	ca. 6896,2 tn	ca. 21.580,2 tn	ca. 11.000 tn	ca. 269,5 tn	20 tn

Verkaður saltfiskur

Dags.	Útflytjandi	Brazilía	Martinique	Frakkl.	R.de.Panama	Fr. Guinea
3.01.80	SÍF	126,0 tn				
8.01.80	—		15,5 tn			
17.01.80	—			10,0 tn		
17.01.80	—				27,0 tn	
22.01.80	—			20,0 tn		
28.01.80	—	149,4 tn				
28.01.80	—	12,5 tn				
30.01.80	—					1,3 tn
30.01.80	—		12,8 tn			
30.01.80	—		31,4 tn			
12.02.80	—			20,0 tn		
12.02.80	—		10,0 tn			
5.03.80	—				54,0 tn	
10.03.80	—			12,2 tn		
16.03.80	—			15,4 tn		
24.03.80	—		5,0 tn			

Dags.	Útflytjandi	Brazilía	Martinique	Frakkl.	R.de.Panama	Fr. Guinea
14.04.80	SÍF		5,0 tn			
14.04.80	—					1,2 tn
28.04.80	—				27,0 tn	
28.04.80	—	15,0 tn				
7.05.80	—	54,8 tn				
13.05.80	—			17,9 tn		
5.06.80	—			13,1 tn		
5.06.80	—	98,1 tn				
5.06.80	—			17,6 tn		
9.06.80	—		5,0 tn			
19.06.80	—			12,8 tn		
30.06.80	—	35,6 tn				
7.07.80	—					1,3 tn
15.07.80	—			0,2 tn		
15.07.80	—				22,5 tn	
22.07.80	—		8,7 tn			
25.07.80	—			15,1 tn		
31.07.80	—			30,0 tn		
12.08.80	—	25,0 tn				
2.09.80	—		6,2 tn			
2.09.80	—			3,0 tn		
9.09.80	—	20,0 tn				
22.09.80	—			1,0 tn		
6.10.80	—					1,2 tn
10.10.80	—			12,0 tn		
13.10.80	—	15,6 tn				
20.10.80	—			15,3 tn		
3.11.80	—			3,0 tn		
4.11.80	—		5,8 tn			
	Samt.	552,0 tn	105,4 tn	218,6 tn	130,5 tn	5,0 tn

Dags.	Útflytjandi	Rep.du.Zaire	Guadaloupe	Portúgal	Belgía	Madeira
12.02.80	SÍF	42,7 tn				
26.02.80	—		2,5 tn			
29.02.80	—			ca. 500,0 tn		
10.03.80	—	50,0 tn				
16.03.80	—	13,0 tn				
16.03.80	—				3,5 tn	
23.04.80	—		1,2 tn			
13.05.80	—	25,0 tn				
20.05.80	—				6,7 tn	
5.06.80	—	18,0 tn				
9.06.80	—		1,3 tn			
7.07.80	—		2,5 tn			
22.07.80	—		1,9 tn			
23.07.80	—	ca. 155,0 tn				
2.09.80	—					6,5 tn
6.10.80	—		2,5 tn			
30.10.80	—	ca. 400,0 tn				
	Samtals:	703,7 tn	11,9 tn	ca. 500,0 tn	10,2 tn	6,5 tn

Söltuð fiskflök

Dags.	Útflytjandi	V.-Þýskaland	Ítalía	Spánn	Frakkland
8.02.80	SÍF	ca. 1000,0 tn			
8.02.80	—	60,0 tn			
12.02.80	—		ca. 50,0 tn		
12.03.80	—		ca. 150,0 tn		
31.03.80	—			10,0 tn	

Dags.	Útflytjandi	V.-Þýskaland	Ítalía	Spánn	Frakkland
14.04.80	SÍF			10,0 tn	
5.05.80	—		ca. 250,0 tn		
25.05.80	—			ca. 80,0 tn	
18.06.80	—	ca. 100,0 tn			
23.06.80	—			ca. 200,0 tn	
24.06.80	—	1,3 tn			
15.07.80	—		ca. 300,0 tn		
16.07.80	—		ca. 5,1 tn		
21.07.80	—		15,0 tn		
2.09.80	—		ca. 500,0 tn		
16.09.80	—	ca. 800,0 tn			
18.09.80	Ísl. umboðss.		4,5 tn		
29.09.80	SÍF				ca. 27,0 tn
20.10.80	—				4,0 tn
	Samtals:	ca. 1.961,3 tn	ca. 1.274,6 tn	ca. 300,0 tn	ca. 31,0 tn

2. a) Á hvaða verði var blautverkaður þorskur seldur? Verð á gæðaflokkum tilgreint.

Svar:

Vegið meðalverð cif pr. tonn á blautverkuðum þorski eftir markaðslöndun á tímabilinu 1. jan. til 13. okt. 1980 er svo sem hér greinir:

Stórfiskur 10/30

I	2801.00
II	2451.00
III	2150.00
IV	1860.00

Millifiskur 30/40

I	2626.00
II	2425.00
III	2112.00
IV	1785.00

Smáfiskur 40/60

I	2620.00
II	2495.00
III	1872.00
IV	1335.00

Smáfiskur 60/100

I	2520.00
II	2395.00
III	1798.00
IV	1225.00

3. Hvaða reglur gilda um veitingu leyfa til útflutnings á fiski og fiskafurðum?

Svar:

Reglur um veitingu leyfa til útflutnings á fiski og fiskafurðum hafa verið mismunandi eftir vörutegundum og eru breytilegar eftir markaðsaðstæðum á hverjum tíma. Sala og útflutningur á nokkrum helstu fiskafurðum okkar hefur þó lengst af verið í höndum eins eða tveggja aðila að verulegu leyti. Útflutningsfyrirkomulagi saltfisks, freðfisks, lagmetis og saltsíldar hefur verið háttað á þann veg. Það byggist m. a. á því, að yfirgnæfandi meirihluti viðkomandi fiskverkenda hefur kosið þá tilhögun á þessu sviði. Þannig hafa sölusamtök freðfiskframleiðenda annast sölu á freðfiski, þ. e. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og sjávarafurðadeild Sambands ísl. samvinnufélaga, sala saltfisks verið í höndum sölusamtaka saltfiskverkenda, Sölusambands ísl. fiskframleiðenda, og sala lagmetis á vegum sölusamtaka lagmetisframleiðenda, þ. e. Sölustofnunar lagmetis. Útflutningur og sala saltsíldar er í höndum Síldarútvegsnefndar, sem hefur haft einkaleyfi. Útflutningur saltsíldar er því ekki háður leyfisveitingum viðskiptaráðuneytisins. Annar útflutningur er ekki háður einkaleyfi.

Útflutningsleyfi eru yfirleitt veitt viðstöðulaust til ofangreindra samtaka eftir að verð og aðrir söluskilmálar hafa verið athugaðir. Mjög lítil brögð eru að því, að aðrir útflytjendur hafi selt saltfisk og freðfisk, enda framleiðendur yfirleitt aðilar að sölusamtökunum. Þó hefur útflutningur annarra aðila á freðfiski færst í vöxt í seinni tíð og hafa leyfi verið veitt, þegar talið hefur verið, að slíkur útflutningur hefði ekki truflandi áhrif á markaðinn og verðið verið hagstætt.

Útflutningur á öðrum fiski og fiskafurðum er þeim frjáls, sem uppfylla skilyrði um verslunarviðskipti og sölur á erlendum mörkuðum, um söluverð, gjaldeyrisskil og aðra söluskilmála, svo og hlíta öðrum reglum, sem í gildi eru um útflutning á hverjum tíma. Að sjálfsögðu þurfa SH, SÍS, SÍF og SL einnig að uppfylla slík skilyrði við útflutning á freðfiski, saltfiski og lagmeti.

Til þess að búa þannig um hnútana, að þessi skipan mála þjóni því meginmarkmiði að stuðla að sem bestum árangri við sölu á erlendum markaði, er þess jafnan gætt að hafa sem nánast samráð við útflytjendur og fiskframleiðendur um framkvæmd á ofangreindu fyrirkomulagi. Ennfremur hefur viðskiptaráðuneytið gert sér far um að fylgjast með ástandi og horfum á hinum ýmsu mörkuðum á hverjum tíma.

4. Af hvaða ástæðum hefur beiðni Ísporto um leyfi til útflutnings á saltfiski til Portúgal ekki verið svarað?

Svar:

Formælendur fyrirtækisins Ísporto hf. hafa talið sig hafa möguleika á að selja saltfisk til Portúgals. Þeir kváðust einnig í bréfi til viðskiptaráðuneytisins, dags. 2.

maí s. l., geta selt 500—1000 tn af ísuðum þorski til Portúgals. Til þess fengu þeir jákvætt svar frá ráðuneytinu, svo fremi sem söluverð og söluskilmálar reyndust viðunandi, enda hefur ísfiskur ekki verið áður seldur til Portúgals. Formleg umsókn um þann útflutning hefur þó enn ekki borist.

Útflutningur á saltfiski til Portúgals hefur alfarið verið í höndum SÍF, og innflutningur þar í landi verið í höndum ríkiseinkasölu á saltfiski frá 1974. Áður en ákvörðun er tekin um beiðni Ísporto hf. um útflutningsleyfi á saltfiski, er mikilvægt að gengið sé örugglega úr skugga um að umbeðinn útflutningur verði ekki til að trufla eða torvelda viðskiptin á sölu saltfisks. Álits hefur verið leitað hjá aðilum, sem vel þekkja til á þessum markaði, svo og meðal framleiðenda, sem beinna hagsmuna hafa að gæta. Hafa þeir mjög ákveðið lagst gegn veitingu útflutningsleyfisins.

Nokkuð hefur það verið á reiki hjá útflytjanda í hvaða ásigkomulagi fiskurinn ætti að seljast. Samkvæmt beiðninni, dags. 25. maí s. l., var gert ráð fyrir að hann væri keyptur nýr á hafnarbakka hér á landi og saltaður niður í lest á flutningaskipi, en samkvæmt annarri beiðni frá 13. ágúst s. l. er miðað við að um pækilsaltaðan fisk sé að ræða. Þeirri umsókn var síðan breytt þannig, að fyrirliggjandi beiðni nú er um 1000 tonn af blautverkuðum þorski, þar sem 50% verði I. flokkur, 25% II. flokkur og 25% III. flokkur.

Það er misskilningur hjá fyrirspyrjendum, að beiðni Ísporto um leyfi til útflutnings á saltfiski hafi ekki verið svarað. Fyrirtækinu hefur margoft verið tilkynnt, að ekki yrði tekin afstaða til umsóknarinnar fyrr en fyrir lægi staðfesting á því, að innflutningsleyfi hefði fengist í Portúgal. Ástæðan fyrir þessari afstöðu viðskiptaráðuneytisins er sú, að innflutningur á saltfiski í Portúgal hefur síðan 1974 verið í höndum ríkiseinkasölu og portúgölsk stjórnvöld hafa upplýst, að engin innflutningsleyfi hafi verið veitt á þessu ári fyrir saltfisk til annarra aðila. Á meðan þetta fyrirkomulag helst óbreytt er því tilgangslaust að ræða þetta mál frekar.

Hins vegar eru taldar horfur á því, að einhver breyting geti orðið á innflutningsfyrirkomulaginu í Portúgal í kjölfar þingkosninganna í október og forsetakjörs í desember. Þá getur verið tímabært að athuga gaumgæfilega, hvort hag sjávarútvegsins og þar með þjóðarhag sé best borgið með því að fjölga útflytjendum á saltfiski til Portúgals.

Að lokum skal tekið fram, að öll eru þessi viðskipti bæði vandasöm og viðkvæm. Á undanförnum árum hefur hlutur Íslendinga í viðskiptum við Portúgal verið hagstæður, þótt margir aðrir aðilar sæki fast á markaðinn.

Sameinað þing, 24. fundur.

Þriðjudaginn 25. nóv., kl. 2 miðdegis.

Rekstrar- og afurðalán landbúnaðarins, fsp. (þskj. 57). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Mál það, sem hér er til umræðu, er ekki alveg ókunnugt hv. þm., a. m. k. ekki þeim sem hér hafa setið í nokkur ár. Þannig er mál með vexti, að á haustþingi 1976 flutti ég till. til þál. um þetta mál og þá einn. Á næsta þingi voru flm. þessa máls tveir, Jóhann Hafstein, þáv. hv. þm. hafði bæst við, og síðan var það á árinu 1978 að meðflm. að þessari till. urðu þeir hv. þm. Jónas Árnason og Sighvatur Björgvinsson.

Þetta mál var til umræðu vorið 1978 og þá náðist samkomulag meiri hl. allshn. um afgreiðslu málsins. Það fékkst hins vegar ekki tekið til atkvæða hér í hv. Sþ. og það hefur verið ótrúleg fyrirstaða fyrir því að þetta mál fengi þinglega meðferð. En fyrir rúmlega einu og hálfu ári gerðist það, að Alþingi samþykkti ályktun um málið. Það var þál. Alþingis 22. maí 1979. Þar segir, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hlutast til um að settar verði reglur um rekstrar- og afurðalán landbúnaðarins, sem tryggi að bændur fái í hendur þá fjármuni, sem þeim eru ætlaðir, um leið og lánin eru veitt."

Hér eru sem sagt skýlaus fyrirmæli Alþingis til hæstv. ríkisstj. um að koma því svo fyrir að þeir, sem þessi lán eiga að fá, fái þau í raun og veru, en þau staðnæmist ekki einhvers staðar annars staðar.

Þrátt fyrir þennan langa tíma sem liðinn er hefur þessu máli ekki verið komið í höfn. Það má kannske segja að eigi sé sopið þótt í ausuna sé komið, en ég efast ekki um að núv. hæstv. viðskrh. hafi gert ráðstafanir til þess að nú, þegar hin miklu afurðalán verða veitt einmitt þessa dagana, verði séð til þess að vilji Alþingis nái fram að ganga, enda búum við í þingræðisríki og ráðherrar eru skyldir til þess að framfylgja vilja Alþingis ef þeir vilja sitja í hinum virðulegu stólum.

Bankarnir höfðu þetta mál nokkuð á hornum sér á tímabili, töldu að erfitt væri að koma því fyrir. Það gerðist raunar líka í sambandi við sjávarútveginn, að bankarnir færðust undan að framkvæma afurðalánagreiðslurnar þannig að hráefnisverð væri greitt refjalaust til þeirra sem fiskinn leggja inn. Er það þó ekki samjafnandi, vegna þess að fiskvinnslustöðvar sjávarútvegsins kaupa fiskinn og eiga hann sjálfar, en vinnslustöðvar landbúnaðarins eru með vöruna í umboðssölu og því heldur eiga auðvitað eigendur vörunnar að fá lánin sem þeim eru ætluð, en þau ekki að staðnæmast einhvers staðar annars staðar. En árið 1977, þegar hv. þm. Matthías Bjarnason var sjútvrh. gaf ríkisstj. svo hljóðandi yfirlýsingu, með leyfi forseta:

„Ríkisstj. hefur ákveðið að beita sér fyrir því, að viðskiptabankar sjávarútvegsins taki að sér að annast greiðslu hráefnisandvirðis til fikseljanda af nettóandvirði framleiðslulána. Greiðsla fari fram hverju sinni samkv. skrá sem fylgir birgða- og framleiðsluskrá fiskkaupanda. Hafi hluti af andvirði hráefnis verið greiddur fyrir fram af fikseljanda eða fikseljandi skuldbundið sig til að greiða skuld til kaupanda, skal draga þá fjárhæð frá samkv. upplýsingum fiskkaupanda."

Síðan staðfestir Seðlabanki með bréfi á þessu sama ári, 1977, að viðskiptabönkum sé skylt að framfylgja þessari ályktun. Þar segir orðrétt:

„Í framhaldi af viðræðum milli ríkisstj., Seðlabankans og Landsbankans og Útvegsbankans um framkvæmd á þessu atriði (þ. e. að greiða hráefnisverð til þeirra sem það áttu), þá hefur verið ákveðið að viðskiptabankarnir greiði af afurðaláni keypt hráefni, sem farið hefur til vinnslu viðkomandi afurða, og mun Seðlabankinn framvegis setja eftirfarandi skilyrði fyrir endurkaupum lána

út á sjávarafurðir. Fyrir liggi yfirlýsing fiskvinnslufyrirtækis þess sem lánið hefur fengið, þar sem eftirfarandi komi fram:

1. Hversu mikill hluti hráefnisverðmætis þess, er til vinnslu viðkomandi afurða gekk, hafi verið greiddur þegar af fyrirtækinu eða samið um greiðslufrest á.

2. Fyrirmæli til viðskiptabanka um að greiða það sem á kann að vanta af viðkomandi afurðaláni."

Þetta er síðan framkvæmt þannig í sjávarútvegi, er mér tjáð, að seljendur hráefnisins fái greiðslu ekki síðar en innan hálfs mánaðar frá því að fiskvinnslufyrirtækin fá peningana í hendur, en frystihúsin og aðrir fiskvinnsluaðilar fá þá alls ekki í hendur nema þeir skuldbindi sig til að koma peningunum til eigenda hráefnisins, þeim hluta sem þangað á að fara. Þetta hefur ekki náðst fram í landbúnaðinum enn þá, en ég þykist þess hins vegar viss, eins og ég sagði áðan, að núv. hæstv. viðskrh. muni upplýsa okkur um að nú hafi verið settar reglur um hvernig þessum málum verður fyrir komið nú næstu daga, þegar gífurlegar fjárhæðir, sem bændur eiga, fara út úr Seðlabankanum og til viðskiptabankanna, og með hvaða ráðum hann tryggi að bændur fái þessa peninga, en ekki einhverjir aðrir.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Hv. 5. landsk. þm., Eyjólfur Konráð Jónsson hefur gert grein fyrir fsp. til mín á þskj. 57 fyrsti liður fsp. er þessi: „Hverjar eru þær reglur, sem settar hafa verið um greiðslur rekstrar- og afurðalána beint til bænda í samræmi við fyrri mgr. þál. frá 22. maí 1979, sem er svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hlutast til um að settar verði reglur um rekstrar- og afurðalán landbúnaðarins, sem tryggi að bændur fái í hendur þá fjármuni, sem þeim eru ætlaðir, um leið og lánin eru veitt."

Landbrn. skrifaði 17. júlí 1979 bréf til Búnaðarbanka Íslands, Landsbanka Íslands og Seðlabanka Íslands vegna ályktunar Alþingis um að settar verði reglur um rekstrar- og afurðalán landbúnaðarins sem tryggi að bændur fái í hendur þá fjármuni, sem þeim eru ætlaðir, um leið og lánin eru veitt. Svör Búnaðarbankans og Landsbankans bárust í byrjun okt. 1979 og Seðlabankans í jan. 1980. Skal ég nú rekja nokkuð svör viðskiptabankanna.

Í þessu sambandi er nauðsynlegt að gera greinarmun á afurðalánum annars vegar og rekstrarlánum vegna framleiðslu sauðfjárafurða hins vegar. Afurðalán eru veitt gegn veði í afurðunum og er vandséð hvaða tryggingar aðrar gætu komið í þeirra stað. En hér er um sjálfsvörsluveð að ræða og verður lántakandi því að vera sá sem hefur afurðirnar í vörslu sinni. Af þessum sökum getur hver einstakur bóndi ekki verið lántakandi afurðalánanna. Þar með er þó ekki sagt að andvirði lánanna geti ekki runnið beint til bænda ef um það kæmu fyrirmæli frá lántakanda. Þegar afurðalánin eru veitt ber að greiða upp þau rekstrarlán sem áður hafa verið veitt.

Samkv. eðli málsins er óhjákvæmilegt að tengja þetta saman, en því, sem umfram það er, má að sjálfsögðu ráðstafa beint inn á reikning hvers bónda hjá banka, sparisjóði eða öðrum, enda hefði þá lántakandi í tæka tíð lagt inn hjá bankanum skrá þar að lútandi.

Hvað rekstrarlánin varðar koma tvær leiðir til athugunar. Sú fyrri er að hverjum bónda sé gefinn kostur á að vera lántakandi. Hver bóndi mundi þá snúa sér til þeirrar lánastofnunar, sem hann hefur viðskipti við, og yrði þá að sjálfsögðu að uppfylla öll viðskiptaleg skilyrði banka og sparisjóða, svo sem um tryggingar. Þessi leið hefur svo marga annmarka, að hún getur tæplega talist fær. Nefna má að hún mundi hafa í för með sér mikla vinnu og kostnað fyrir bændur og lánastofnanir. Þá má einnig gera ráð fyrir því, að til þess að tryggja greiðslu rekstrarlánanna af afurðalánum haustsins mundu bankarnir telja nauðsynlegt að krefjast ábyrgðar viðkomandi sláturleyfishafa á rekstrarlánunum.

Vegna þess samhengis, sem er milli rekstrar- og afurðalána, verður að telja æskilegast að lántakandi sé í báðum tilfellum sá sami, og er þá komið að síðari leið sem bankarnir mæla með, að sláturleyfishafar eða umboðsmenn þeirra verði áfram lántakendur líkt og verið hefur, en andvirði lánanna mætti ráðstafa að fyrirmælum lántakenda á þann hátt sem áður er lýst um afurðalán. Með því móti telja fleiri að tryggja megi að tilgangi þál. verði náð, þ. e. að bændur fái í hendur þá fjármuni, sem þeim eru ætlaðir, um leið og lánin eru veitt.

20. mars 1980 fól landbrh. nefnd, sem var starfandi til að gera tillögur um breytingar á rekstrar- og afurðalánum til landbúnaðarins, að gera tillögur til rn. um tilhögun afgreiðslu rekstrar- og afurðalána landbúnaðarins sem tryggi að bændur fái í hendur þá fjármuni, sem þeim eru ætlaðir, um leið og lánin eru veitt. Í þessari nefnd eiga sæti fulltrúar m. a. frá Stéttarsambandi bænda, sláturleyfishöfum, Seðlabanka Íslands, Búnaðarbanka Íslands og Landsbanka Íslands. Formaður nefndarinnar er Vilhjálmur Hjálmarsson fyrrv. alþm. Nefndin hefur ekki skilað tillögum.

Annar liður fsp. er á þessa leið: „Hvernig fyrirhuga bankarnir að haga greiðslu afurðalánanna nú á næstunni?"

Búnaðarbankinn og Landsbankinn gera ráð fyrir að haga greiðslu afurðalána landbúnaðarins í ár á sama hátt og undanfarin ár. Afurðalánin eru tengd greiðslu rekstrarlána sem veitt voru fyrr á árinu. Þau voru veitt sláturleyfishöfum svo sem verið hefur. Það, sem umfram er greiðslu rekstrarlána, verður greitt lántakendum, nema beiðni hafi borist frá þeim í tæka tíð um aðra ráðstöfun andvirðisins.

Þriðji liður fsp. er þessi: „Hafa einhverjir erfiðleikar verið samfara framkvæmd þeirri, sem Alþingi mælti fyrir um?"

Í því efni vísast til svars við 1. lið fsp. Eins og fram kom þar vinnur sérstök nefnd að athugun þessara mála. Ég hafði samband við formann nefndarinnar, Vilhjálm Hjálmarsson fyrrum ráðh. Hann skýrði mér frá því, að nefndin hefði hafið störf um þessi mál á s. l. vori en nefndarstörf legið niðri í sumar. Síðan hafi nefndin hafið störf á nýjan leik og muni skila áliti við fyrstu hentugleika.

Fyrirspyrjandi (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Mér er skylt að þakka svör hæstv. ráðh. þó að þau hafi nánast verið út í bláinn.

Fyrsta spurningin var þessi: „Hverjar eru þær reglur sem settar hafa verið um greiðslu rekstrar- og afurðalána til bænda" o. s. frv.

Samkv. fyrirmælum Alþingis á að setja slíkar reglur og átti að vera búið að því fyrir einu ári eða einu og hálfu. Hér kemur fram hjá hæstv. ráðh. beint og óbeint, að engar slíkar reglur hafi verið settar, það sé verið að ræða

þetta í einni nefnd af annarri.

Ég vitnaði hér til bréfs þáv. sjútvrh. frá 1977, Matthíasar Bjarnasonar, þar sem bankarnir ætluðu líka að færast undan því að framfylgja — að vísu ekki vilja Alþingis beint, hann lá ekki fyrir — en því sem samið hafði verið um og ríkisstj. hafði gefið yfirlýsingu um. Þeir voru ekki látnir komast upp með það. Þeim var sagt að setja reglurnar og þeir gerðu það samdægurs. Að það sé ekki hægt að láta bankana setja þessar reglur er auðvitað slíkur fyrirsláttur að það tekur ekki tali. Þetta svar er allsendis ófullnægjandi. Og þegar núna er sagt að bankarnir ætli að ráðstafa lánunum á sama hátt og verið hefur, hver heimilar þeim það? Alþingi hefur fyrirskipað að þeir skuli ekki gera það, þeir eigi að koma peningunum til bændanna, til þeirra sem eiga að fá þá. Og þá kemur hæstv. viðskrh. hér og les það bara upp eins og sjálfsagt mál að þetta skuli gert á sama hátt og áður, þó eitt og hálft ár sé liðið frá því að þáv. viðskrh., sem auðvitað gerði ekkert í málinu, var falið að sjá um þetta. Síðan kom viðskrh. Alþfl. — það er kannske varla von að mikið væri gert á þeim stutta tíma sem hann sat og var í starfsstjórn — en ég hafði svo sannarlega treyst því, að núv. hæstv. viðskrh. mundi framfylgja vilja Alþingis. Og ef það er hans hugmynd að greiða í dag eða á morgun allt þetta fé til annarra en þeirra sem eiga að fá það, þá er rétt að fá það hér fram, hvað þetta eru miklar upphæðir og hverjir lántakendurnir séu. Ég held að Alþingi eigi heimtingu á því.

Í þessum bréfum bankanna segir þó að það megi að sjálfsögðu ráðstafa peningunum inn á reikning viðkomandi bænda í bönkunum. Auðvitað má það og hefur alltaf mátt. Það hefur verið gert. T. d. lætur Sláturssamlag Skagfirðinga útibú Búnaðarbankans á Sauðárkróki færa peninga bændanna inn á þeirra eigin reikninga. Þetta er einfaldast í veröldinni, segir bankastjórinn mér, enda sá það hver maður í hendi sér. Í þessum bönkum eru vinnulaun manna færð inn á reikninga þeirra eftir launaskrá frá fyrirtækinu, alveg nákvæmlega á sama hátt og innleggsskrá frá Sláturssamlaginu er afhent bankanum og hann færir það inn á viðskiptareikninga mannanna sem eiga peningana. En í öðrum fyrirtækjum fær bóndinn ekki einu sinni hugmynd um það, hvar þessir peningar eru niður komnir, og enginn veit nokkurn tíma hvenær hann fær þá eða hvort hann fær þá yfirleitt, þó að varan sé nú í umboðssölu, en að það megi ekki koma þessu fyrir, vegna þess að það sé svo mikill kostnaður fyrir bændurna og vinnuna, er bara allt saman fyrirsláttur og gersamlega út í bláinn. Þetta er búið að ræða hér, eins og ég sagði áðan, í 3—4 ár og Alþingi sannfærðist um að þetta var allt saman fyrirsláttur. Svo kemur það núna upp einu sinni enn þá, að það séu einhverjir annmarkar á þessu.

Það er spurt að því beinlínis í fsp. hvort komið hafi fram einhverjir erfiðleikar við þessa framkvæmd. Það er varla von að hæstv. viðskrh. geti svarað því, hvort þeir hafi komið fram, vegna þess að þetta hefur aldrei verið reynt, líklega engum í kerfinu dottið í hug að reyna það. Þeir þykjast vera vaxnir hátt yfir Alþingi, þeim komi bókstaflega ekki nokkurn skapaðan hlut við hvað kjörnir fulltrúar þjóðarinnar segja. Þeir hafa þetta bara eins og þeim sýnist, eins og ákveðnum hring sýnist, þar sem valsað er með milljarðatugi af peningum bænda.

Ég fullyrði raunar að það sé langmesta vandamál landbúnaðarins, að bændur skuli ekki í 60—70% verðbólgu fá sína peninga, það skuli vera valsað með þá annars staðar. Ég held að það sé kominn tími til þess að Alþingi geri nýja ályktun, sem hlyti þá auðvitað að beinast að þeim sem eiga að framkvæma þessa hluti samkv. þeirra fyrirmælum, og svo sannarlega dettur mér það í hug, hvort viðskrh. treysti sér til að sitja í sínum stól ef hann ætlar bókstaflega ekkert í málunum að gera. Það er skylda hans í þingræðisríki að framfylgja vilja Alþingis eða standa upp úr stólnum ella. Svona einfalt er málið.

Svo er það aftur önnur fsp. sem verður á dagskrá hér á eftir og varðar útflutningsbætur og niðurgreiðslur. Ég á von á því, að hæstv. landbrh. geti frætt okkur eitthvað meira um gang þeirra mála heldur en viðskrh. hefur gert, að því er þennan fyrri lið fsp. varðar. En ég held að málið liggi ofurljóst fyrir og ég þurfi þess vegna ekki að taka upp meiri tíma hér. Það liggur sem sagt fyrir, að hæstv. ríkisstj., hæstv. viðskrh., hefur ekkert gert til að framfylgja vilja Alþingis, og mér skildist á honum að hann ætlaði sér ekkert að gera, hann ætlaði að láta þessa peninga streyma út. Þeir eru oft greiddir út 25. nóv. — það mundi vera í dag. Hann lofaði mér því að vísu í síðustu viku, þar sem ekki var hægt að fá fsp. svarað, að hann mundi sjá til þess, að peningarnir yrðu ekki greiddir út fyrr en málið hefði komið hér til umræðu. Ég vona að það standi, það sé ekki búið að færa þessa fjármuni til manna, sem ekki eiga þá, og komið verði í veg fyrir að það verði gert nú næstu daga, meðan Alþingi fær svigrúm til að taka nýjar ákvarðanir og sjá til þess að lög landsins séu ekki brotin, því að í þessu tilliti er þáltill. auðvitað lög.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Mér fannst svar hæstv. viðskrh. við fsp. Eyjólfs Konráðs Jónssonar vera vægast sagt mjög lélegt og léleg frammistaða hjá honum sem viðskrh. Hér er um að ræða framkvæmd á till. sem Alþingi hefur samþ. Það er ekki áskorun á ríkisstj. í þeirri till., heldur: „Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hlutast til um að settar verði reglur um rekstrar- og afurðalán landbúnaðarins, sem tryggi að bændur fái í hendur þá fjármuni, sem þeim eru ætlaðir, um leið og lánin eru veitt.“ Alþingi setur ráðherrum og þar með einnig viðskrh. fyrirmæli í þessum efnum. Hér er verið að fara í kringum málið eins og köttur í kringum heitan graut.

Það á að framkvæma skilyrðislaust vilja Alþingis í þessu máli, og það er ekki nokkur afsökun að bankarnir séu með tregðu, því að bankarnir eiga að hlýða Alþingi og ríkisstj., en ekki segja Alþingi og ríkisstj. fyrir verkum. Það er þetta sem er komið nóg af og allt of mikið er búið að gera af á undanförnum árum, að Alþingi er lítillækkað. Hér er um miklu stærra mál að ræða en þetta málefni landbúnaðarins. Það er líka um að ræða heiður Alþingis. Stendur Alþingi fyrir sínu eða stendur það ekki fyrir sínu? Ef ein ríkisstj. eða ráðh. vill ekki framfylgja viljayfirlýsingu Alþingis eða treystir sér ekki til þess, þá á hann auðvitað að segja af sér, sá sami ráðh. Og ef ríkisstj. sem situr telur eðlilegt að ráðh. framfylgi ekki skipunum Alþingis, þá á að bera það undir Alþingi, hvort sú ríkisstjórn nýtur virkilega trausts Alþingis sem þannig fer á bak við vilja þingsins.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég verð nú að segja það, að mér finnst með ólíkindum að hæstv. ráðh., sem svarar hér fsp. með þeim hætti sem þingheimur hefur hlýtt á og hlustar á andsvör þm., bæði hv. fyrirspyrjanda

og hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar, skuli sitja í sæti sínu án þess að gefa skýringar eða svara þessum hv. þm. Það er ljóst af máli þeirra þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar og Matthíasar Bjarnasonar, að þingheimi hefur verið gerð óvirðing. En mér finnst hæstv. ráðh. bæta við þá vanvirðu, sem þingheimi er sýnd, með því að gefa ekki nánari skýringar á hvernig á því stendur, að hann lætur sér aðgerðaleysi ríkisstj. og bankastofnana lynda. Það er talað mikið um að vald sé dregið úr hendi Alþingis og í hendur embættismanna, í hendur kerfisins, að fulltrúasamkoma þjóðarinnar ráði ekki stefnu og því síður framkvæmd. Í þessu máli hefur þingið markað stefnu og ákveðið framkvæmd, en kerfið hefur ekki látið sér lynda hvað þingið hefur mælt fyrir um. Spurningin í þessu máli er alvarlegri en efnisatriði fsp. í raun og veru segir til um. Spurningin er: Láta alþm. sér það lynda, að svona sé farið með viljayfirlýsingu löggjafarsamkomu þjóðarinnar? Alþm. geta ekki kvartað yfir því, að virðing Alþingis sé ekki mikil meðal almennings í landinu, ef þeir láta sér slíkt lynda.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég hef í rauninni ekki miklu við að bæta það sem ég sagði áður í mínu svari. Það kemur fram í svörum bankanna, að það séu viss vandkvæði á framkvæmd þessara mála. Nefnd, sem ýmsir fulltrúar frá bændasamtökunum og bankastofnunum eiga sæti í, er að fjalla um þetta mál og henni er ætlað að gera tillögur um tilhögun. Eins og fram kom hjá mér í mínu svari eru í þessari nefnd fulltrúar frá Stéttarsambandi bænda, sláturleyfishöfum, Seðlabanka Íslands, Búnaðarbankanum og Landsbankanum. Ég geri ráð fyrir að það sé ekki óeðlilegt að samtök bændanna komi þarna við sögu og fái tækifæri til þess að fjalla um það með hverjum hætti á að haga þessum málum til lengri framtíðar. Það eru ekki tímamörk í þál. Menn geta kvartað yfir því, að það taki sinn tíma að framkvæma hana, en það eru ekki tímamörk í henni þannig að það þýðir ekki það, að ekki verði farið að vilja Alþingis í þessum efnum. Ég mun bíða eftir tillögum þessarar nefndar. Ég skal að sjálfsögðu áfram ýta á að hún hraði störfum og geri tillögur um tilhögun þessara mála í samræmi við það sem til er ætlast. Ég hef engan áhuga á því, að vilji Alþingis verði ekki framkvæmdur, hvorki í þessum málum né öðrum, ef Alþingi hefur lagt fyrir ríkisstj. að framkvæma vissa hluti. En ég álít eðlilegt að bændurnir sjálfir og samtök þeirra fái tækifæri til að fjalla um þessi mál og hafa einhver áhrif á, hvernig þessari framkvæmd verður hagað, og þeir séu ekki sniðgengnir. Ég legg áherslu á það. Ég mun, eins og ég sagði áður, ýta á að nefndin skili sínum tillögum og síðan verði teknar ákvarðanir um framhaldið.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Aðeins í upphafi máls míns vil ég geta mér þess til, að þeir hv. þm. Sjálfstfl. þoli á þessum misserum óvirðingu fremur af hálfu annarra en núv. ríkisstj., en þar er náttúrlega um að ræða innanflokksmál Sjálfstfl. Þetta atriði breytir ekki því, að við höfðum nokkra ástæðu til þess að ætla að þáltill. — sem eins og um hefur verið getið fól í sér fyrirmæli til ríkisstj. um fyrirkomulag á þessum greiðslum til bænda — næði fram að ganga. Ég get verið alveg sammála því, að rétt sé að hafa samráð við bændur um framkvæmdaratriði. En ég staðhæfi að það hafi ekki þurft að skipa sérstaka nefnd af hálfu bændasamtakanna í þessu sambandi. Það lá fyrir vilji Alþingis um þetta mál, og ég hef á sama hátt og hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson innt eftir því fróða menn í bankakerfinu, hvort annmarkar séu á því fyrirkomulagi, að hver bóndi, sem það vill, tilgreini reikningsnúmer eða að hann fái ávísun senda heim til sín og fái greiðslu með þeim hætti, og svörin hafa verið ákaflega skýr: Á þessu er enginn annmarki.

Ég get ekki tekið undir þá hugmynd, sem ég ímynda mér að vísu að hafi ekki verið gjörhugsuð hjá hv. þm. Eyjólfi Konráð Jónssyni, að Alþingi álykti um þetta mál öðru sinni. Ég held að hv. Alþingi geti ekki verið að jagast við bankakerfið um svona mál. Viljinn hefur verið látinn í ljós og þá er að framkvæma hann.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Þar sem ég á sem fulltrúi Alþfl. sæti í þeirri nefnd sem fjallað hefur um afurða- og rekstrarlánin, þá tel ég rétt að það komi hér fram, að í umræðum í nefndinni hefur mál þetta verið athugað mjög gaumgæfilega. Staðreyndin er sú, að tæknilegir gallar á framgangi þess eru svo miklir, að það verður ekki hlaupið að því verki að beinar greiðslur til bænda komi þegar í stað. Hins vegar er sú leið fær, sem hv. síðasti ræðumaður nefndi, og hún hefur verið rædd. Á henni eru ekki umtalsverðir gallar. Málið er nú á lokastigi í þessari nefnd og hún mun væntanlega skila af sér áliti á morgun.

Fyrirspyrjandi (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Mér skildist á hæstv. viðskrh. að hann mundi ætla að láta þessi lán renna út eftir gamla siðnum nú næstu daga. Nú er það upplýst, að nefndin, sem hefur verið að starfa að málunum, mun skila af sér áliti á morgun. Það er áskorun mín til hæstv. viðskrh., að hann fresti þessum greiðslum í tvo til þrjá daga og gangi eftir því að nýjar reglur verði settar hjá bönkunum með svipuðum hætti og hv. þm. Matthías Bjarnason gerði í bréfinu sem ég las upp úr áðan, þar sem Seðlabankinn setti reglurnar samdægurs, því að það var auðvitað einfalt mál. Það er einfalt að gera það með nákvæmlega sama hætti og gert er við sjávarútveginn. En hitt er kannske enn þá einfaldara, að viðskiptabankarnir færi þetta beint inn á reikninga bændanna og peningarnir komi aldrei nálægt afurðasölufélögunum.

Það er sem sagt áskorun mín til viðskrh., að hann bíði í tvo, þrjá daga og skipi bankastjórum og öðrum fyrir í þessu efni, því að það vald hefur hann. Og honum er meira að segja skylt að framfylgja því valdi frá Alþingi.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég vil taka undir áskorun síðasta ræðumanns. En ég gat þess hvaða óvirðing Alþingi væri gerð að fara ekki eftir samþykktum þess. Ég nefndi það almenningsálit, sem væri vaxandi, að virðing Alþingis væri ekki sem skyldi meðal þeirra sem kysu til Alþingis vegna þess að Alþingi ætlaði sér ekki þann sess, það verkefni og það vald sem því samkv. stjórnarskrá landsins er fengið í hendur. Það er einnig mjög áberandi gagnrýni á stjórnvöld af almennings hálfu, sem ég held að hafi við rök að styðjast, og það er hve afgreiðsla mála gengur seint, hvað kerfið er þungt í vöfum. Og þau svör, sem við höfum fengið frá hæstv. viðskrh., sýna það og sanna. Ég held að það sé búið að gera þetta mál flóknara en ástæða er til og þess vegna hafi bankar fengið nægilegan umþóttunartíma til þess að koma vilja Alþingis í framkvæmd. Það er þess vegna

skylda hæstv. viðskrh. að svo verði gert nú í haust við útborgun lána.

Greiðsla útflutningsbóta og niðurgreiðslna til bænda, fsp. (þskj. 57). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Þessi fsp. er auðvitað náskyld þeirri sem rædd var hér rétt áðan, og ég treysti því svo sannarlega að greiðari og ánægjulegri svör fáist frá hæstv. landbrh. heldur en fengust frá hæstv. viðskrh., en við fáum að heyra þau hér á eftir.

Það er spurt sérstaklega að því, hvað líði athugun eða hvort frekari athuganir hafi farið fram á vegum Stéttarsambands bænda en þær sem gerðar voru á fyrri hluta árs og getið er um í bréfi sem dags. er 6. apríl 1979 og undirritað af Árna Jónassyni. Ég leyfi mér, herra forseti, að lesa upphaf þessa bréfs, því að það kann að varða mjög miklu að menn íhugi nú, þegar verið er að innleiða í íslenskan landbúnað nokkurs konar lénsskipulag með hinu illræmda kvótakerfi, hvort ekki sé hægt að leysa offramleiðsluvandamálið með miklu einfaldari hætti, á þann veg sem Stéttarsamband bænda vann mikið að athugunum á síðari hluta vetrar 1979. Bréfið er stílað til mín og upphaf þess er svona;

„Í framhaldi af viðræðum okkar Gunnars Guðbjartssonar í bréfum 12. og 16. febr. og viðtali okkar 22. febr. hef ég sett upp dæmi um að útflutningsbætur og niðurgreiðslur væru notaðar til greiðslu á frumstigi framleiðslunnar, þ. e. greiddar beint til bænda, með þeim takmörkunum sem þú nefndir í tillögu þinni og sem kemur enn fremur fram í bréfi þínu 16. febr. 1979.

Ég miða þessar greiðslur við einingar, sem ég kalla ærgildisafurð, þ. e. afurðir af einu ærgildi eins og þau hafa verið reiknuð við verðlagningu landbúnaðarafurða frá því að Sexmannanefnd hóf þá verðlagningu. Í einni ærgildisafurð eru 16.6 kg af dilkakjöti, tilsvarandi gæru, slátri og ull af einni kind, 155 lítrar af mjólk eða 15 kg af nautgripakjöti. Tölur þessar byggjast á landsmeðaltölum samkv. ásetningsskýrslum og innlögðum afurðum. Miðað er við verð eins og það var í des. 1978."

Síðan eru nefnd hér allmörg dæmi um það, hvernig hugsanlegt væri að haga beinum greiðslum til bænda með þeim hætti, að jafnframt yrði ráðið við hugsanlega offramleiðslu. Fyrsta dæmið og það sem mesta athygli hefur vakið er það að greiða 25% af grundvallarverði beint til bænda, t. d. með mánaðarlegum greiðslum, en síðan, þegar varan væri lögð inn að haustlagi, ef við tökum sauðfjárafurðir, þá yrði eingöngu greitt út 75% grundvallarverðsins, en hver og einn gæti framleitt eins og honum sýndist. Það kæmi þarna á sjálfkrafa takmörkun. Þeir, sem gætu framleitt fyrir 75% grundvallarverðsins, mættu það, enda væri þá fjárhagslega rétt að þeir gerðu það, en þá væri engin þörf á neinu kvótakerfi með þeim hætti sem nú hefur verið upp tekið.

Ég vil sérstaklega geta þess, að Búnaðarþing fjallaði um þetta mál vorið 1979, og í skýrslu Búnaðarþings segir, með leyfi forseta:

„Mál nr. 6, tillaga Eyjólfs K. Jónssonar um að hluti niðurgreiðslna og útflutningsbóta verði greiddur beint til bænda. Málið afgreitt með eftirfarandi ályktun sem samþykkt var með 24 shlj. atkv.:

Búnaðarþing telur að enn liggi ekki fyrir nægar upplýsingar til þess að unnt sé að taka efnislega afstöðu til þeirra hugmynda sem í tillögunni felast, en óskar eftir því við stjórn Stéttarsambands bænda, að hún láti fara fram fekari könnun á málinu."

Þess vegna spyr ég að því, hvort þessi frekari könnun hafi farið fram og hvað hún hafi leitt í ljós. Búnaðarþing hefur sem sagt ályktað mjög jákvætt í þessu efni, þó að einhvers staðar hafi verið fyrirstaða, sem maður veit ekki nákvæmlega hvar er að finna, og rennir þó kannske ýmsa grun í það.

Í 3. lið fsp. er einmitt að því vikið, hvort ekki væri hægt að afnema núverandi kvótakerfi með því að fara inn á einhverjar þær leiðir, sem Stéttarsamband bænda hefur unnið að athugun á, eins og ég greindi frá og las hér upp. Hérna er um geysimiklar fjárhæðir að ræða. Ég hef ekki allar nýjustu tölur um útflutningsbætur og niðurgreiðslur og þess vegna er 4. liðurinn einmitt um það, hve miklu þessar fjárhæðir nemi, en þegar þessi athugun var gerð síðari hluta vetrar 1979 var miðað við að helmingur útflutningsbóta og niðurgreiðslna yrði greiddur beint til bændanna, en hinn helmingurinn yrði áfram til verðjöfnunar, þannig að ekki var skrefið stigið út í þessum athugunum, langt frá því, heldur reynt að fikra sig áfram til þess réttlætis, að bændur eins og allir aðrir fengju þá fjármuni sem þeir eiga, sín vinnulaun greidd í peningum refjalaust. Eins og menn kannske vita þurfti með löggjöf árið 1930, lögum nr. 28, að skylda atvinnurekendur til að greiða verkkaup sjómanna og verkamanna í peningum. Þá var bannað innskriftarkerfi til þeirra atvinnustétta. En það hefur viðgengist til þessa dags í landbúnaðinum, illu heilli, og það er einn liðurinn í erfiðleikum landbúnaðarins.

Ég sagði hér áðan og stend við það, að kannske eru mestu erfiðleikar landbúnaðarins þeir, að bændur fái ekki sína fjármuni í hendur þegar þeir eiga að fá þá, heldur eru þeir í vörslu annarra.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi spyr hvað líði athugun þeirri sem ríkisstj. var falið að láta fara fram með ályktun Alþingis frá 22. maí 1979, síðari mgr., sem er svo hljóðandi:

„Jafnframt láti ríkisstj. fara fram athugun á því, hvernig heppilegast sé að koma við breytingum á greiðslum útflutningsbóta og niðurgreiðslna, þannig að þær nýtist betur."

Enn er spurt: „Hefur verið haldið áfram athugunum þeim, sem Stéttarsamband bænda hóf á fyrri hluta árs 1979 og gerði grein fyrir í bréfi til fyrirspyrjanda, dags. 6. apríl 1979?"

Í þriðja lagi er spurt: „Hefur verið kannað hvort unnt væri að afnema núverndi „kvótakerfi" með því að beita þeim aðferðum, sem framangreind athugun Stéttarsambands bænda beinist að?"

Og í fjórða lagi: „Hverjar yrðu þær upphæðir nú, sem fjallað er um í nefndu bréfi?"

Ég vil byrja á því að taka það fram, að með lögum nr. 15 frá 18. apríl 1979 er kveðið á um tilteknar ráðstafanir, sem Framleiðsluráði landbúnaðarins og Stéttarsambandi bænda er heimilt að grípa til þegar ekki næst fullt verð fyrir búvöruframleiðsluna, og er þá jafnframt ætlast til að þær ráðstafanir hafi áhrif á framleiðsluþróun. Meðal þeirra leiða, sem lögin heimila í þessu skyni, er að greiða, með samþykki ríkisstj., hluta af niðurgreiðslum til framleiðenda í samræmi við framleiðslumagn, allt að

ákveðnu marki, en síðan stighækkandi eftir því sem framleiðsla vex þar fyrir ofan. Með þessum ákvæðum hefur verið opnað fyrir lagalegar heimildir og lagalega möguleika til þess að unnt sé að greiða hluta af niðurgreiðslum á búvörur beint til bænda, svo sem fyrirspyrjandi leitar svara við.

Fleiri leiðir eru heimilar samkv. lögum þessum sem gefa Stéttarsambandi og Framleiðsluráði val um það, eftir því sem þeim samtökum sýnist best henta, hvaða leiðir eru farnar. Það er kunnugt, að af þeim leiðum, sem þau lög heimila, hefur verið valið kvótakerfi og kjarnfóðurgjald. Í svörum frá Stéttarsambandi bænda, sem ég hef leitað eftir varðandi framhald á þeim athugunum sem spurt er um í fsp., segir: „Ekki hefur verið unnið frekar að athugunum þeim sem Stéttarsamband bænda hóf árið 1979. Aðalfundur Stéttarsambands bænda 1979, sem haldinn var í ágúst það ár, ákvað að beita hinu svokallaða kvótakerfi til að draga úr framleiðslu nautgripa- og sauðfjárafurða, og var sú ákvörðun staðfest af landbrh. með bréfi, dags. 26. febr. s. l. Ekki þótti því ástæða til að vinna frekar að fyrrnefndum athugunum, enda engin tök á því vegna mikillar vinnu við undirbúning kvótakerfisins."

Í sambandi við 3. lið þessarar fsp. segir: „Ekki hefur verið gerð nein athugun á því, hvort unnt væri að afnema kvótakerfið með þeim aðferðum sem athugun Stéttarsambandsins beindist að."

Varðandi 4. lið fsp., um það, hvaða fjárhæðir hér er um að tefla, þá er skýrast að vitna til þess fjárlagafrv. sem nú liggur fyrir Alþ., en þar er gert ráð fyrir að útflutningsbætur verði á árinu 1981 12 milljarðar kr. og niðurgreiðslur 31 milljarður eða samtals, ef báðir þessir liðir eru teknir saman, 43 milljarðar kr. Rétt er að vekja athygli á því, að hluti af þessari fjárhæð fer til að greiða niður vaxta- og geymslukostnað á kjöti og mótframlag við Lífeyrissjóð bænda og nýtist því ekki til lækkunar framleiðslukostnaðar á frumstigi.

Í sambandi við þetta mál vil ég til viðbótar taka það fram, að s. l. sumar hreyfði ég þeirri hugmynd, bæði í ríkisstj. og við forustumenn bændasamtakanna og enn fremur á aðalfundi Stéttarsambands bænda, sem haldinn var á Kirkjubæjarklaustri um mánaðamótin ágúst-sept., að orlof og veikindaálag vinnuliðar verðlagsgrundvallarins væri tekið út úr grundvellinum og greitt beint til bænda. Þetta var ekki ný hugmynd. Áður höfðu þessar hugmyndir verið ræddar m. a. á Búnaðarþingi, og hv. þm. Páll Pétursson hafði flutt till. um þetta efni hér á hv. Alþ. Í framhaldi af þessum hugmyndum fóru fram miklar athuganir á framkvæmd málsins, sem sýndist í fyrstu lotu vera mjög jákvætt, stefna að því að lækka verð á búvöru og vera hagkvæm leið til niðurgreiðslu til bænda. En við athuganir á framkvæmd þess kom í ljós að framkvæmdaerfiðleikar voru svo miklir að ekki hefur enn tekist að finna nægilega greiðfæra leið til þess að að þessu væri horfið. Ég vil taka það fram, að hér er um hluta af þessu máli að ræða, hér er um eina leið að ræða af því sem hv. fyrirspyrjandi spyr í raun og veru um. En meðan ekki finnast greiðar framkvæmdaleiðir er ég mjög ófús að stuðla að því, að enn eitt kerfi flókinna reglna verði tekið upp í sambandi við landbúnaðinn. Því miður hefur ekki enn fundist einfalt kerfi til að koma þessu máli fram.

Ég vil svo aðeins taka það fram í sambandi við þessar fsp., að eftir því sem vinnukraftur í Stéttarsambandi bænda og hjá bændasamtökunum hrekkur til sem eðlilegast er að vinni þetta að meginhluta, tel ég eðlilegt að frekari athuganir fari fram á þessum leiðum.

Fyrirspyrjandi (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. svör hans. Það er ljóst, að hann lætur nú skoða þessi mál öll, og er það vel. Það er rétt, sem ráðh. sagði, að nú eru þegar í lögum frá því vorið 1979 heimildir til að fara þær leiðir sem þessi margumtalaða þál. einmitt fjallar um. Þessar athuganir hafa farið fram. Ég varð að vísu fyrir vonbrigðum með að ekki skyldi vera haldið áfram í striklotu, ef svo má segja, frá vorinu 1979 að athuga hvernig þessu máli yrði best fyrir komið. En þar er sú skýring á, að það var tekin ákvörðun um kvótakerfið, eins og hæstv. ráðh. minntist á, og vinnuafl hjá Stéttarsambandinu auðvitað mjög lítið.

En til viðbótar því, sem ég las áðan um ályktun Búnaðarþings vorið 1979, langar mig að lesa grg. sem fylgdi með þessari samhljóða ályktun um beinu greiðslurnar. Hún er örstutt og er svo hljóðandi, með leyfi forseta:

„Ýmsir hafa leitt hugann að því, hvort það fjármagn sem hið opinbera ver til niðurgreiðslna og útflutningsbóta búvara, kynni að nýtast betur í öðru formi en því sem beitt hefur verið. Hér er um háar fjárhæðir að ræða og full ástæða til þess að gaumgæfa vel alla möguleika um hagkvæmari notkun þess fyrir landbúnaðinn og þjóðarheildina.

Ljóst er að hugmyndin um að greiða hluta framleiðsluverðs beint til bænda með þessu móti krefst ítarlegrar skoðunar á mörgum þáttum framleiðslu- og sölukerfisins.

M. a. munu hugmyndir Eyjólfs K. Jónssonar vera í frumathugun hjá Stéttarsambandi bænda og því ekki tímabært fyrir Búnaðarþing að taka endanlega afstöðu til málsins." En eins og í ályktuninni segir er óskað eftir að þessi athugun haldi áfram.

Ég held að það sé misskilningur, að þetta þurfi að vera nokkurn skapaðan hlut flókið í framkvæmd, a. m. k. ekki neitt í líkingu við kvótakerfið, sem er náttúrlega hrein ófreskja og hlýtur að verða það. Ég hef ekki nokkra trú á því, — einhvern veginn rennir mig nú grun í að hæstv. landbrh. hafi það ekki heldur, — að kvótakerfið geti orðið varanlegt í íslenskum landbúnaði. Ég held að það yrði — vonandi ekki banabiti, en það mundi alveg áreiðanlega mjög setja landbúnað á Íslandi til baka og yrði síst til þess að hvetja ungt fólk til að snúa sér að landbúnaðarstörfum. Ég held að bændur séu meira og minna sammála um þetta, og þetta kvótakerfi verður vonandi ekki framkvæmt árum saman, því að þá er ekki vafi á því að illa mundi fara fyrir íslenskum landbúnaði.

En þegar rætt er um þessar útflutningsbætur og niðurgreiðslur, þá er kannske rétt að vekja á því athygli, að þegar hæstv. fjmrh. svarar hér skriflega fsp. frá hv. þm. Vilmundi Gylfasyni nú í haust, þá talar hann um að útflutningsfyrirtæki og söluaðilar séu endanlegir viðtakendur þessara fjármuna. Þeir eru það kannske í raun og þess vegna hægt að snúa sér út úr því með þeim hætti að svara á þennan veg. Auðvitað eru það hvorki söluaðilarnir né útflutningsfyrirtækin sem eiga þetta fé. Það eru engir aðrir en eigendur vörunnar, það eru bændur landsins, sem eiga þessa peninga. Stundum er því haldið fram, að það sé verið að viðurkenna að niðurgreiðslur séu eitthvað sérstaklega fyrir bændur, ef þær eru greiddar beint til þeirra, en það er auðvitað engin við-

kenning fólgin í því. Ef ríkisvaldið ákveður að greiða niður einhverja vöru, hvort það er landbúnaðarvara, innflutt vara eða hvað það nú er, þá eiga auðvitað peningarnir, sem notaðir eru til niðurgreiðslna, að fara til eiganda vörunnar. Það er hann sem á þessa peninga, ekki allt annað fólk. Þetta er svo einfalt mál að það ætti ekki að vefjast fyrir nokkrum einasta manni. Þess vegna eru auðvitað ekki útflutningsfyrirtæki og söluaðilar sem eiga að vera hinir endanlegu móttakendur. Það eru bændur landsins sem þessa fjármuni eiga.

Nú er hægt að sýna fram á það — ég vil segja í glöggu máli og mjög einföldu, en ekki að um sé að ræða flókið kerfi — að hægt væri að komast algerlega fram hjá öllu kvótakerfi og leysa offramleiðsluvandamál landbúnaðarins með því að haga niðurgreiðslunum og útflutningsbótunum þannig, að þetta gangi beint til bændanna að ákveðnum hluta, en þó aldrei nema upp í ákveðna bústærð, t. d. 500 ærgilda bú eins og var í dæminu sem ég nefndi áðan, það væri hámarksupphæðin, en þeir, sem vildu framleiða meira, mættu gera það fyrir 75% grundvallarverðsins. Þetta er svo einfalt og ljóst sem nokkuð getur verið. Ef þetta væri ekki nægilega stórvirkt mætti breyta þessum prósentum eða bústærðinni að einhverju leyti til eða frá um nokkur prósent fram og til baka, frá ári til árs jafnvel, og hafa þannig þessi stjórnunaráhrif. Það er ekkert flókið við þetta.

Ég endurtek svo þakkir mínar til hæstv. landbrh. og er honum auðvitað þakklátur fyrir að hann er að athuga þessi mál og nýtur auðvitað til þess aðstoðar ráðgjafa sinna.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Ég hafði hugsað mér að leggja örfá orð í belg um þá fsp. sem hér er til umr., vegna þess að ég tel að hún sé það mikillar athygli verð, að við eigum að ræða hana og ræða hana í alvöru.

Ég fylgdist vel með því, þegar Stéttarsambandið gerði þá einu könnun sem gerð hefur verið á því, hvernig það mundi koma út að breyta greiðslu útflutningsbóta og niðurgreiðslna í það horf sem gert var ráð fyrir með þessari tillögu Eyjólfs Konráðs Jónssonar. Og ég held að ég muni það rétt, að þegar athugað var hvernig sú aðferð kæmi út úr útsöluverði búvaranna, þá hafi komið í ljós að með því að hagnýta helming niðurgreiðslnanna í þessu skyni yrði örlítil hækkun á útsöluverði búvaranna, þannig að hann hefði þurft sennilega að hreyfa hlutfallstölur eitthvað meira til o. fl. Ég tel þess vegna — af því að athugunin stóð mjög stutt yfir — afar nauðsynlegt að halda áfram með þessa könnun.

Það er engin fjarstæða að láta sér detta í hug að þessi aðferð gæti leyst af hólmi það kvótafyrirkomulag sem nú er notað og ég hef sagt um áður í þessum ræðustól að væri hið erfiðasta í framkvæmd og mjög erfitt að hagnýta það þannig að það komi að fullum notum. Þess vegna tel ég mikla nauðsyn á að athugaðar séu allar þær hugmyndir sem fram koma, allt sem mönnum dettur í hug að geti orðið til þess að leysa af hólmi þá aðferð sem notuð hefur verið við framleiðslustjórnun. Ég vil þess vegna taka undir þá áskorun, sem hv. fyrirspyrjandi beindi hér til hæstv. landbrh., að hann hlutist til um að þetta verði athugað til hlítar, ekki einungis hjá Stéttarsambandi bænda, heldur einnig á vegum ráðuneytisins.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Ég lýsti hér yfir áðan, að ég hefði áhuga á því að athuga þessar leiðir frekar en gert hefur verið, og þarf ekki að ítreka það. Ég vil hins vegar taka það fram út af ræðu hv. síðasta ræðumanns, að hann sagði að við þá athugun, sem gerð hefði verið á árinu 1979, þá minnti sig að ef tekinn væri um helmingur af niðurgreiðslufé og greitt til bænda með þessari aðferð, þá kæmi það örlítið óhagstæðar út heldur en eftir þeirri aðferð sem nú gildir.

Nú vill svo til, að bæði hv. þm. Steinþór Gestsson og hv. fyrirspyrjandi Eyjólfur Konráð Jónsson hafa flutt till. til þál. um stefnumörkun í landbúnaði á þskj. 111 og þar birta þeir þennan útreikning á fskj. VI, sem er útreikningur Stéttarsambands bænda á þessu máli. Og það er mjög nærri því, eins og hv. þm. Steinþór Gestsson segir, að sé gert ráð fyrir að um helmingur niðurgreiðslna, eins og þær voru á fjárlögum ársins 1979, gengi beint til bænda, þá samsvaraði það um 25% framleiðslukostnaðar búvara, sem yrði þar með greitt beint til bænda, eins og hér hefur verið rætt um. Niðurstaðan úr þessum útreikningum er þannig, að með þessum hætti yrði verð á mjólkurlítra 70 kr. hærra en eftir þeirri aðferð sem notuð hefur verið og heildsöluverð á 1. flokks dilkakjöti 486 kr. hærra. Mér þykir rétt að vekja athygli hv. þm. á þessu fskj. með till. sem hann hefur flutt hér á Alþingi og varpar nokkru ljósi á þetta mál. Hér með er þó auðvitað ekki nema hluti sögunnar sagður, vegna þess að þó að leiðir fyndust til að jafna þennan mun, þá er eftir að ráða fram úr þeirri flækju, hvernig á að koma þessu til skila þannig að sanngjarnt sé. Og þar kemur m. a. til áltia hverjir teljast bændur og hverjir ekki. Hvernig á að fara með menn, sem stunda framleiðslu án þess að hafa lögformlega ábúð, auk allra annarra smáframleiðenda? Þarna eru mörg vafaefni — sem þeir vita sem gerst þekkja til í félagskerfi landbúnaðains — sem er býsna flókið að ráða fram úr og veldur því, að slík takmarkatilfelli verða, að þar er erfitt að finna leiðir til að framkvæma þetta þannig að sanngjarnt verði. Vel má vera að þær leiðir finnist, en því miður hefur reynst torsótt að finna þær enn sem komið er.

Páll Pétursson: Herra forseti. Mér kom það ekki á óvart, þegar sú till., sem hér hefur verið til umr. í dag, var afgreidd á Alþ. vorið 1979, að nokkurn meðgöngutíma þyrfti til þess að koma henni í framkvæmd. Allar umsagnir, sem um till. höfðu borist, voru neikvæðar, hvergi höfðu bændur tekið undir þessa till. eða þær hugmyndir sem hún boðaði, en hins vegar var búið að benda á fjöldann allan af agnúum á þessu máli öllu saman. Það var fullmikið upp í sig tekið hjá hv. flm. þegar hann sagði hér í fyrstu lotu, að Alþ. hefði sannfærst um réttmæti hugmynda hans. Alþ. lét það eftir honum að samþykkja þessa till. vegna þess að menn treystu svo vel vitsmunum hans og góðsemi. Og þar að auki gekk foringi stjórnarandstöðunnar, ef ég man rétt, hv. 1. þm. Reykv., mjög hart fram með liðsforingja sína um það að fá þetta samþykkt.

Það verður náttúrlega að búa við það, að Alþ. er búið að gera þessa ályktun. Og þá þýðir ekkert annað en reyna að gera gott úr því og finna eitthvert vitrænt fyrirkomulag til þess að framkvæma hana. Því miður tekur það nokkurn tíma og ég verð að biðja hv. 5. landsk. að sýna nokkra biðlund. En það er nú of langt gengið að segja að lög landsins séu brotin þó að ekki sé búið að framkvæma þetta, því að eins og fram hefur komið var tillagan ótímasett og er heldur í lausara lagi.

Ég vil vekja athygli á því að lokum, að sú aðferð sem hér er til umr., þ. e. að greiða útflutningsbæturnar og niðurgreiðslurnar eftir hugmyndum Eyjólfs Konráðs, það er svakalegasta kommúnistatillaga sem nokkurn tíma hefur verið flutt um landbúnaðarmál á Íslandi.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. fyrir að staðfesta það sem ég sagði í ræðu minni áðan um þær niðurstöður sem fyrir lágu eftir athugun sem gerð var hjá Stéttarsambandi bænda varðandi þessar tillögur. Ég er ánægður yfir því, að það sannaðist að ég hafði rétt fyrir mér í því.

Ég hafði orð á því hér og tók undir þá áskorun sem hér hafði komið fram um að þetta mál yrði athugað ofan í kjölinn. Það olli mér nokkrum vonbrigðum, að hæstv. landbrh. taldi erfiðleikum bundið í þessu sambandi að ákveða ýmislegt sem hann tiltók, eins og það, hverjir ættu að teljast bændur og hverjir ekki, hverjir ættu að taka við greiðslum og hverjir ekki. En ég sé ekki betur en þetta séu nákvæmlega sömu spurningarnar og þarf að svara í sambandi við kvótakerfið eins og það er byggt upp, svo að það er hægt að vinna þær tillögur samhliða. Ég treysti því, að það verði lagt til þess verks og farið í það verk af fullri einurð og ekki með neikvæðum huga.

Hv. þm. Páll Pétursson hafði orð á því hér áðan, að hann væri sannfærður um að það tæki nokkurn tíma að koma þessari till. í framkvæmd, enda er ef treysta má því sem hann sagði um það efni — tilkoma hennar algerlega óvenjuleg á hv. Alþingi. Ég hef aldrei heyrt það sagt fyrr af manni, sem hefur staðið með till. og samþykkt hana, að hann hafi gert það fyrir einhvern annan fremur en eftir eigin sannfæringu.

Fyrirspyrjandi (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Að því er varðar þau ummæli hæstv. landbrh., að erfitt sé að skera úr um hverjir séu bændur o. s. frv., þá hefur því að nokkru verið svarað hér af síðasta ræðumanni. En í þessum útreikningum Stéttarsambandsins og bréfi því, sem ég vitnaði til áðan og Stéttarsambandið ritaði mér, er einmitt gert ráð fyrir að miða greiðslurnar við lögbýli, þannig að þeir, sem eru með sportbúskap, eins og það stundum er kallað, mundu eingöngu fá þessa lægri greiðslu. En þeir mættu framleiða fyrir þessi 75%, 80, 60 eða hvað sem hlutfallið yrði. Og varðandi það, að þetta sé kommúnismi, þá er það nú góður brandari hjá vini mínum Páli Péturssyni. Uppbótakerfið og kerfið í heild, eins og það er rekið, er náttúrlega miklu meiri kommúnismi.

Ég vil aðeins, með leyfi herra forseta, lesa hér upp tvær eða þrjár setningar eftir þessum hv. þm., sem er nú talinn bóndi. Í umræðum á Alþingi 9. nóv. 1978 segir hv. þm. Páll Pétursson:

„Ég hef verið andstæðingur þessarar hugmyndar, en ég nenni ekki að standa í deilum um hana lengur og ég get verið stuttorður. Ég sé nefnilega fram á það, að vinur minn, hv. 5. þm. Norðurl. v., Eyjólfur K. Jónsson, er að vinna sigur í málinu, og þess vegna er ég ekkert að berja höfðinu við steininn með það og verð að óska honum til lukku með þann árangur sem hann hefur náð."

Og við skulum óska okkur öllum til lukku með að það er að nást árangur, hægt og bítandi, og hann verður vonandi mikill áður en langt um líður.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég vil nú bara vekja athygli á því, að þrátt fyrir þessa þáltill., sem var samþykkt, eru í gildi lög um þetta mál, og lög hafa meira gildi en ályktun. Á ég hér við þá lagagerð sem átti sér stað fyrir tveimur árum, þ. e. breytinguna um Framleiðsluráð landbúnaðarins. Það eru Framleiðsluráð og Stéttarsamband bænda sem hafa heimildir til að velja um leiðir til að stjórna framleiðslunni, og það kann að vera að hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson vilji gefa þeim einhver fyrirmæli um hvaða leiðir eigi að velja í þessu sambandi. Ég hygg samt að þessi lög standi fyrir sínu, þrátt fyrir allar vanhugsaðar tillögur sem hafa verið samþykktar hér á Alþingi.

Þjónusta Pósts og síma, fsp. (þskj. 42). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Á þskj. 42 hef ég leyft mér að bera fram svohljóðandi fsp. til hæstv. samgrh.:

„1. Eftir hvaða áætlun fer póst- og símamálastjórn í ákvarðanatöku um að leggja niður símstöðvar í dreifbýli án þess að sjálfvirkur sími taki við?

2. Hefur verið gerð eða er í gangi úttekt á póstþjónustunni í landinu með það fyrir augum, að íbúar jafnt í dreifbýli sem þéttbýli eigi sem greiðastan aðgang að viðunandi póstþjónustu?"

Ástæða þess, að ég ber þessar fsp. fram hér á hv. Alþ., eru almennar kvartanir í bréfum og fundum hreppsnefnda og annarra forráðamanna úr mínu kjördæmi vegna lélegs ástands í síma- og póstþjónustu, þá ekki hvað síst vegna þess að verið er að leggja niður eða áformað að leggja niður símstöðvar víðs vegar í Vesturlandskjördæmi, svo sem í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, Mýra- og Borgarfjarðarsýslum sem og í öðrum kjördæmum landsins, án þess að íbúar þessara svæða telji sig fá þá þjónustu í staðinn er tryggi öryggi þeirra. Þarna er um að ræða símstöðvar sem starfræktar hafa verið í áratugi. Ég dreg ekki í efa að stjórnendur Pósts og síma telja sig vera að leysa viss vandamál stofnunarinnar til sparnaðar fyrst og fremst og vissulega er í mörgum tilfellum um að ræða mikilvæga framför í aukinni þjónustu og sem lið í uppbyggingu sjálfvirks síma með því að tengja viðkomandi sveitasíma við sjálfvirka símstöð. En málið er því miður ekki svona einfalt.

Í fyrsta lagi eru ekki nema fáar sjálfvirkar símstöðvar með sólarhringsþjónustu og eru því viðkomandi svæði algerlega útilokuð að ná sambandi hversu mikið sem við liggur. Við þessar breytingar hefur ekki legið fyrir áform um að jafnframt verði settur upp sjálfsali, sjálfvirkur sími á aðgengilegum stað í hverri sveit sem þannig missir sína símstöð. Kemur þar einnig til að víða í sveitum er símkerfið mjög lélegt og úr sér gengið, þolir varla slæm veður, viðhald mjög erfitt og illa skipulagt. Hér er því um að ræða alvarlegt mál íbúa dreifbýlisins, það er réttlætiskrafa þessa fólks að fá öryggi í þessum málum, sama rétt og þéttbýlið, sjálfvirkan síma og jöfnun kostnaðar, sem er í raun og veru stórmál eitt sér. Það er almennur kvíði fólksins við þessar breytingar að leggja niður símstöðvar í sveitum. Slíkar breytingar má helst ekki gera nema tryggt sé:

1. Um leið og símstöðvar eru lagðar niður án þess að sjálfvirkur sími komi í staðinn verði notendur, meðan það ástand varir, tengdir við símstöð þar sem starfrækt er sólarhringsþjónusta og ekki komi um leið til hækkunar

símgjalda vegna breytinganna.

2. Settir verði upp jafnhliða sjálfsalar í hverri sveit, sem missir símstöð, á aðgengilegum stað fyrir íbúana.

3. Viðhald á símalínum á viðkomandi svæðum verði stóraukið og skipulagt upp á nýtt.

4. Það sem skiptir mestu máli: hraðað verði áætlun og framkvæmdum um sjálfvirkan síma um allt land, og ég vona að væntanleg sé ákvörðun um þetta mál sérstaklega. Ég tel vel koma til mála að tekin verði sú ákvörðun að heimila Pósti og síma að nota hluta söluskatts og útflutningstoll af efni og tækjum, sem stofnunin verður að greiða, í þetta ákveðna verkefni, þ. e. lagningu sjálfvirks símkerfis um landið. Á yfirstandandi ári mun t. d. söluskattsupphæð verða um 3 milljarðar og á næsta ári rúmir 4 milljarðar sem Póstur og sími greiðir vegna þessa.

Seinni liður fsp. minnar er um póstþjónustuna. Þetta er raunar nátengt. Um leið og símstöðvar eru lagðar niður er pósthirðing þar með úr sögunni. Sama er að segja um símstöðvar sem orðið hafa að stytta opnunartímann frá kl. 5 síðdegis föstudaga til mánudaga. Fellur þá niður ekki aðeins póstþjónusta, heldur er ekki möguleiki á því að senda símskeyti hvað mikið sem við liggur. Flutningakerfi mjólkurbifreiða er víða alls ekki notað til póstdreifingar þar sem ekki er greitt fyrir þá þjónustu. Þessi þýðingarmikli þjónustuþáttur er víðs vegar um land í óþolandi ástandi. Í mörgum sveitum verður fólk að fara tuga og jafnvel hundraða km leið til að koma ábyrgðarbréfi í póst eða ná í ábyrgðarbréf. Geta allir séð hversu áríðandi er að bæta hér um.

Herra forseti. Ég taldi nauðsynlegt að beina spurningum um þessi þýðingarmiklu mál dreifbýlisins til hæstv. samgrh. hér á hv. Alþingi og um leið vekja athygli á alvöru þessa máls.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég vil taka undir það með hv. fyrirspyrjanda, að hér er hreyft mjög mikilvægu máli sem nauðsynlegt er að ráða bót á og reyndar er verið að ráða bót á smám saman, en að sjálfsögðu, eins og á öðrum framkvæmdasviðum, hefur hraðinn farið eftir því, hvaða fjármagn er fyrir hendi. Ég vil t. d. í upphafi míns máls upplýsa að ekki hefur tekist að öllu leyti að standa við framkvæmdaáætlun Pósts og síma nú í ár. Póstur og sími greiðir framkvæmdir úr rekstri, rekstrarafgangur rennur til framkvæmda. Sérstök lán hafa yfirleitt ekki verið tekin til framkvæmda í símamálum, t. d. í sveitum né reyndar í þéttbýli. Hins vegar hef ég lagt á það áherslu, að Póstur og sími hækki ekki gjöld sín umfram þau mörk sem hafa verið sett, en *þetta hefur hins vegar leitt til þess*, að framkvæmdafé Pósts og síma í ár hefur vegna verðbólgu orðið takmarkaðra en að var stefnt.

Ég vil taka undir það með hv. fyrirspyrjanda, að þessum framkvæmdum þarf að hraða, en þá verða menn einnig að fjármagna slíkar framkvæmdir. Spyrjandi nefndi hugmynd um söluskatt. Að sjálfsögðu er það ekkert annað en fjármagn tekið frá ríkissjóði. Skiptir litlu máli hvort það heitir söluskattur eða annað.

Ég vil jafnframt upplýsa í upphafi míns máls, að verið er að endurskoða frv. sem hefur áður verið lagt fram um sjálfvirkan síma í sveitum landsins. Framkvæmdaáætlun er unnin af Pósti og síma, og ég geri ráð fyrir því að endurflytja það frv. mjög fljótlega.

Út af fsp. hv. þm. leitaði ég upplýsinga hjá Pósti og síma og ætla — með leyfi forseta — að lesa svar stofnunarinnar. Þar segir svo:

„Með tilvísun til bréfs samgrn., dags. 21. 10. 1980, móttekið 24. 10. 1980, varðandi fsp. á Alþingi, sbr. þskj. nr. 42, skal eftirfarandi upplýst:

1. Í þessum efnum er farið eftir fyrirmælum stjórnvalda um hagkvæmni, sparnað og aðhaldsaðgerðir eins og frekast er unnt. Þetta eru því þau meginsjónarmið sem ráða þegar m. a. handvirkar landsímastöðvar í dreifbýli eru lagðar niður. Hlutaðeigandi notendasímar eru þá tengdir til landssímastöðva með lengri þjónustutíma en þeir höfðu áður og helst næturþjónustu þannig að þjónustan batni nokkuð við breytinguna. Frumkvæðið að þessu leyti hefur legið hjá stofnuninni í þeim tilgangi að komast hjá miklum taprekstri á handvirkum landssímastöðvum til sveita.

Á undanförnum árum hafa þessar aðgerðir borið verulega góðan árangur. Til frekari skýringar skal þess getið, að þegar stöðvarstjóri á landssímastöð til sveita segir upp starfi er ævinlega athugað fyrst, hvort hægt sé að tengja hlutaðeigandi notendasíma til næstu landssímastöðvar í þéttbýli, áður en farið er að leita fyrir sér um nýjan stöðvarstjóra og væntanlega nýtt húsnæði fyrir landssímastöð. Þegar stöðvarstjórinn á Hjarðarfelli í Miklaholtshreppi sagði upp starfinu þar, svo að dæmi sé nefnt, var augljóst, að auðveldast var að tengja Hjarðarfell með tilheyrandi notendasímum annaðhvort til Stykkishólms eða til Borgarness. Þar eð línuleiðin til Stykkishólms er auðveldari hefði samtímis verið hægt að leggja niður fjórar aðrar landssímastöðvar á Snæfellsnesi sunnanverðu og um leið taka upp næturþjónustu í Stykkishólmi og þjóna símanotendum handvirkra stöðva í Dalasýslu líka. En þegar þessi mál voru athuguð og rædd við hlutaðeigandi heimamenn í sveitum á sunnanverðu Snæfellsnesi kom í ljós, að þeir telja svo að segja öll sín símaviðskipti vera við Borgarnes. Hugmyndin um tengingu til Stykkishólms var þar með úr sögunni. Því er eina leiðin, sem fær er til úrlausnar símnotendum Hjarðarfells, að tengja síma þeirra til Borgarness, en þar er starfsrækt næturþjónusta eins og kunnugt er. Landssímalínan frá Borgarnesi og vestur rúmar ekki fleiri sambönd að sinni. Aðrar landssímastöðvar verða því óbreyttar nú um nokkurt skeið."

Áður en ég kem að svari við 2. lið vil ég vekja athygli á því, sem kemur fram í þessu svari, að þegar um slíkar breytingar er að ræða er þess vandlega gætt að hafa samband við símnotendur á svæðinu. Ég hef rætt þetta bæði við póst- og símamálastjóra og fleiri starfsmenn þar, og þeir fullvissa mig um að það sé gert. Einnig, eins og kemur fram í svarinu, er þess gætt, að símaþjónusta verði ekki skert. Til tals kom að taka upp næturvörslu í Stykkishólmi til þess að símaþjónusta yrði þar með aukin á þessu svæði. Ég get jafnframt bætt við þær sérstöku upplýsingar, sem þarna koma fram um Snæfellsnesið, að vegna svipaðra framkvæmda í Dalasýslu er fyrirhugað að tekin verði upp næturþjónusta í Búðardal. Ég get einnig upplýst, að í hreppum í Strandasýslu, þar sem stöðvar verða lagðar niður að höfðu samráði við heimamenn, eins og staðið hefur fyrir dyrum í nokkurn tíma, verða settir upp sjálfvirkir símar á tveimur stöðum í þessum hreppum sem eru aðgengilegir fyrir íbúa svæðisins.

Ég kem þá að 2. lið fsp. og vísa enn til svars póst- og símamálastjóra, með leyfi forseta:

„2. Póstur er fluttur á landi eftir póstáætlun sem skipt-

ist í fjóra hluta: 1. Póstferðir með flugvélum. 2. Póstferðir með bifreiðum. 3. Póstferðir með skipum. 4. Póstútburður. Áætlun þessi gefur glögga mynd af póstferðatíðni eða dreifingu og er stöðugt í endurskoðun og póstgöngur í endurskipulagningu. Þannig hefur t. d. á undanförnum árum verið fjölgað landpóstferðum úr einni ferð í viku í tvær til fjórar ferðir. Í dreifbýlinu er almennur póstur ýmist fluttur heim á bæina eða afhentur í póstkassann við aðalveg. Í kaupstöðum og kauptúnum er almennur póstur á flestum stöðum borinn út fimm sinnum í viku. Undantekningar eru minnstu kauptúnin með bréfaútburð tvisvar til þrisvar í viku. Mikil aukning hefur orðið á póstflutningum milli staða með flugvélum. Bæði hafa áætlunarferðir verið nýttar meira og auk þess leiguflugvélar á nokkrum leiðum. Þá er unnið að því að bæta póstþjónustuna í dreifbýli þannig að landpóstar flytji allar tegundir póstsendinga til og frá bæjum í sveitum, svo sem bögglapóstsendingar, annist innheimtu á póstkröfum, inn- og útborgun póstávísana og gíróþjónustu. Er þessi þjónusta víða komin í gott horf.

Póststöðvar eru í öllum kaupstöðum og kauptúnum landsins og er í þeim opin afgreiðsla fyrir almenning á venjulegum viðskiptatíma, kl. 9—17, með örfáum undantekningum.

Framangreind póstáætlun fylgir hér með," segir í bréfinu. Það er heljarmikil bók, sem fyrirspyrjandi getur fengið í hendurnar ef hann óskar.

„Að lokum skal á það bent, að fyrir um það bil 6 árum var samin ritgerð um póstverkefni við viðskiptadeild Háskóla Íslands, um kostnaðarskiptingu milli póstþjónustu annars vegar og símaþjónustu hins vegar. Ritgerð þessi er hin athyglisverðasta og telja sérfræðingar að ekki hafi orðið hingað til þær grundvallarbreytingar, er raski niðurstöðu ritsins. Sé framangreind kostnaðarskipting lögð til grundvallar þegar rekstur áranna 1979 og 1980 er skoðaður kemur í ljós að rekstrarhalli póstþjónustunnar er sem hér segir: Árið 1979 var rekstrarhalli um 760 millj. kr. Árið 1980 var rekstrarhalli áætlaður um 1100 millj. kr.

Lengi hefur verið ljóst að innrituð blöð og tímarit hafa verið þungur baggi á póstþjónustunni. Ítarleg athugun á þjónustugreinum póstsins hefur leitt í ljós, að ef innrituð blöð og tímarit eru að magni til borin saman við heildarpóstmagnið verður tapið í sambandi við innrituð blöð og tímarit fyrir árið 1979 um 770 millj. kr. og fyrir árið 1980 um 1100 millj. kr. eða svipað og rekstrarhalli póstþjónustunnar. Nauðsynlegt er að finna réttláta lausn á þessu vandamáli svo fljótt sem verða má," segir að lokum í svarbréfi pósts- og símamálastjórnar.

Ég vil að lokum taka fram, að undan ýmsum breytingum, sem póst- og símamálastjórnin hefur gert á þjónustu sinni vegna þrýstings, sem ég hygg að sé ekki nýlega til kominn, um sparnað, hefur oft verið kvartað. Ég nefni t. d. þá ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar að loka sjálfvirkum stöðvum eftir kl. 5 á virkum dögum og laugardaga, og sunnudaga, sem ég er með í athugun. Ég hef óskað eftir að kannað verði hvort ekki væri hægt að hafa einhverja þjónustu á laugardögum. Ég nefni þetta sem dæmi og gæti nefnt fjölmörg fleiri, en tími minn er útrunninn.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hafa lagt þessar fsp. fram, og sömuleiðis vil ég óska eftir því við samgrh., að þm. fái skriflegt þetta svar póst- og símamálastjóra. Ég tel að á margan hátt hafi verið dregið úr þjónustu hjá Pósti og síma, ekki eingöngu í strjálbýli, heldur einnig á þéttbýlisstöðum. Ég minni t. d. á eitt atriði. Það var lögð niður símstöð í Hnífsdal á s. l. hausti og póstþjónusta sömuleiðis. Ég tel að það hafi getað gengið að leggja niður símaþjónustuna af því að það er sjálfvirk stöð, en að leggja niður póstþjónustuna var gerræði frá hendi Pósts og síma, því að mér er einnig kunnugt um að Póstur og sími hefur brotið eigin reglugerð með því að rífa niður sveitalínur án þess að hafa nokkurt samráð við oddvita eða sveitarstjóra í viðkomandi hreppum. Þetta vil ég biðja hæstv. samgrh. að athuga nánar. Það er ekki ætlun manna að draga úr þjónustu Pósts og síma þegar í öðru orðinu er verið að tala um að bæta hana. Það er á margan hátt verið að stíga skref aftur á bak í starfsemi þessarar virðulegu stofnunar. Ég hef hins vegar ekki heyrt mikið um það að minnka yfirstjórnina og sérfræðingana sem þar eru.

Fyrirspyrjandi (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. samgrh. fyrir svör hans og sérstaklega lýsa ánægju yfir því, sem kom fram í máli hans, að það er ákveðið að taka upp næturþjónustu við símstöðina í Búðardal, en nú um nokkurt skeið hafa örfáir fámennir hreppar í Dalasýslu orðið að greiða sjálfir algerlega þá næturvörslu, sem nauðsynlegust hefur verið talin á öllu Dalasvæðinu, í Búðardal. Þarna er því um mikilvægt mál að ræða, sem léttir verulega áhyggjum af íbúm Dalasýslu sem hafa nú undanfarið orðið fyrir því, að niður hafa verið lagðar a. m. k. ein, ef ekki tvær símstöðvar sem þar hafa lengi verið starfræktar, eins og á Neðri-Brunná og víðar.

Ég tel svar Pósts og síma að mörgu leyti athyglisvert og vil gjarnan taka undir það með hv. síðasta ræðumanni, að ágætt væri að fá þau svör skrifleg. Það hefur óneitanlega dregið úr þjónustunni. Eins og ég tók fram í mínu máli er visst framfaraspor að fá sveitasíma tengda beint við sjálfvirkan síma þar sem er næturvarsla, og ef það er liður í lagningu sjálfvirks síma, þá er það gott. Ég tel að aukin þjónusta á þessu sviði sé raunverulega grundvallaratriði í nútímaþjóðfélagi og þess vegna verðum við að stefna að því að fá þá þjónustu.

Ég ætla aðeins að nefna þingheimi dæmi um hinn mikla mun sem dreifbýli verður að greiða umfram Reykjavíkursvæðið í sambandi við símaþjónustuna. Það geri ég vegna þeirra umræðna sem fram hafa farið á opinberum vettvangi í sambandi við það, að ráðgert er að taka upp skrefatalningu á Reykjavíkursvæðinu. Ég hef hér upplýsingar um skrefafjölda á fyrsta ársfjórðungi 1980 og þar tek ég Reykjavík og dreifbýlið. Í Reykjavík er númerafjöldi heimilissíma 37 525, en seld skref eru 16 870 500. Í dreifbýlinu er númerafjöldinn 21 946, en þessi númer greiða 21 431 850 kr. Ef við tökum verslunarsíma, þá er númerafjöldinn á Reykjavíkursvæðinu 9071 og seld skref í Reykjavík á verslunarsíma eru 15 495 800, en í dreifbýlinu er númerafjöldi á verslunarsíma 3 636, en seld skerf 15 927 750. Heildarskerfasala Landssímans fyrsta ársfjórðung 1980 er 69 725 400. Ég nefni þetta til þess að sýna að þarna er gífurlegur mismunur á ferðinni sem fullkomin ástæða er til að skoða vandlega í sambandi við það þegar við erum í alvöru að tala um að nauðsynlegt sé að jafna lífskjörin í landinu. Þetta er ekki lítið atriði þegar að er gáð.

Ég vil að lokum endurtaka þakkir til hæstv. ráðh. fyrir þessi svör hans, og ég vonast til þess, að við verðum þeir menn, alþm. hér, að vinna að því ötullega að jafna þennan aðstöðumun og gera þær nauðsynlegu framfarir sem felast í því að koma sjálfvirku símakerfi á um allt land.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil, eins og aðrir sem hér hafa talað, þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir fsp. sem er á dagskrá. En hún gengur ekki nógu langt að mínu mati. Það er verið að leita eftir svari við því, eftir hvaða áætlun póst- og símamálastjórnin fer í töku ákvarðana um að leggja niður símstöðvar. Undir lið 2 er spurt um hvað hafi verið gert eða sé í gangi um úttekt á póstþjónustunni í landinu. Ég hefði viljað fsp. um hvað hafi verið gert í úttekt á póst- og símaþjónustunni í landinu.

Ég flutti hér frv. til breytinga á lögum um póst- og símaþjónustu á síðasta þingi. Hún gekk í þá átt að símar væru alls staðar á landinu. Við erum alls ekki búnir að símavæða landið. Við erum með bráðabirgðafyrirkomulag úti á landi. Þetta frv., sem ég vil minna á hér, var um að endurskoða starfsemi Pósts og síma í heild með það fyrir augum að leggja niður póst- og símaskólann, leggja niður allan innflutning á símatækjum og tólum, leggja niður alla fjárfestingu í varahlutum eða lögnum og láta starfsemi Pósts og síma hafa þá peninga sem fara í þessa starfsemi, því þetta er mikil og dýr starfsemi með birgðir varahluta og tækja. Sú starfsemi fari í hendur rafvirkja, og rafvirkjar læri sína iðn, símavirkjun, í Iðnskólanum. Síma- og póstþjónustan hafi þá ekki lengur þá þjónustu á hendi sem hún hefur nú, en peningarnir, sem hið opinbera lætur í þennan hluta póst- og símaþjónustunnar, gangi til þess að símavæða landið allt. Ég held að það væri hægt að gera það á tiltölulega skömmum tíma án þess að auka framlag til Pósts og síma í þeim tilgangi.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Það var ekki ætlun mín að ræða um þetta mál sérstaklega, en ræða hv. fyrirspyrjanda gaf mér tilefni til þess að segja nokkur orð.

Það var varðandi skrefafjölda þeirra, sem eru símnotendur úti á landi, og hinna, sem eru búsettir í Reykjavík. Um þessi atriði hafa farið fram umr. í hv. fjvn. og þaðan eru þessar upplýsingar komnar. Í n. kom einnig fram í umr., þar sem póst- og símamálastjóri var viðstaddur, að ætlunin er að taka upp svokallaða „Karlsonstalningu" hér í Reykjavík, en jafnframt var því lýst yfir af póst- og símamálastjóra, að það mundi ekki gerast án þess að skerfatalning væri tekin upp innan númerasvæða sjálfvirku stöðvanna úti á landi. Þannig verður Reykjavík ekki tekin út úr í þessu tilliti.

Það er auðvitað alltaf álitamál hve langt á að ganga í átt til jöfnunar á slíkum tilkostnaði eins og þessum, burt séð frá hver er stofnkostnaður eða rekstrarkostnaður opinberrar þjónustu. Í þessu tilviki tel ég ástæðu til þess að jafna nokkuð þann mun sem er á Reykjavíkursvæðinu og öðrum stöðum á landinu, ef það gengur fram, sem lofað hefur verið, að skrefatalning verði tekin upp jafnóðum á númerasvæðum úti á landi og hér á Reykjavíkursvæðinu.

Þá vil ég enn fremur minnast á það, að ætlunin er að utan mesta álagstímans verði ódýrari talning þannig að það er hægt að beina álagsþunganum meira inn á þann tíma sólarhringsins sérstaklega fyrir það fólk sem þarf á síma að halda og á erfitt um ferðalög, t. d. vegna elli og af öðrum ástæðum, og póst- og símamálastjóri virðist vera sammála um það.

Ég vil, ef hæstv. ráðh. kemur hér í ræðustól aftur, spyrja hann jafnframt að því, hvort eitthvað hafi verið gert í því máli sem Alþ. fjallaði um á sínum tíma, þ. e. að allir landsmenn stæðu jafnir að því að hringja til opinberra stofnana í Reykjavík. Það eru til heimildir fyrir því, að það séu svokallaðir öfugir teljarar í símum opinberra stofnana í Reykjavík.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Ég vil taka undir það að þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að leggja þessar spurningar fram og einnig þakka ráðh. svar hans. En ég gat ekki á mér setið að segja nokkur orð um það svar og sérstaklega um þann þátt þar sem sagt er að Póstur og sími sjái vandlega um það að hafa samband við notendur þegar breytingar eigi sér stað í sambandi við þjónustu símans. Ég held að því miður sé þessu algerlega öfugt farið. Þegar breytt var þjónustu símstöðvanna á utanverðu Snæfellsnesi, á Hellissandi, lokað á laugardögum og alla helgidaga, þá veit ég ekki til þess, að það hafi verið haft samband við neinn aðila á staðnum, heldur hafi sú skipun aðeins komið frá hv. yfirvöldum Pósts og síma. Nákvæmlega sama skeður þegar breytingar eiga sér stað á sunnanverðu Snæfellsnesi, þær sem lýst var í svari hæstv. ráðh. Okkur þm. Vesturl. var sagt frá því, að það ætti að loka stöðvunum á Hjarðarfelli, Furubrekku, Rauðkollsstöðum og Haukabrekku, þ. e. fjórum stöðum á sunnanverðu Snæfellsnesi, og það væri út af því að á Hjarðarfellsstöðinni hefði símstöðvarstjórinn sagt upp starfi. Þetta kom okkur svolítið á óvart. Eftir um hálfan mánuð, þegar ég átti leið vestur á Snæfellsnes og hitti símstöðvarsjórana á viðkomandi stöðum, kom það í ljós að þeim hafði ekki verið sagt frá þessu enn. Þeim hafði ekki verið sagt frá því, að til stæði að loka stöðvum þeirra, um það bil hálfum mánuði eftir að okkur þm. hafði verið tilkynnt um þetta. Þetta kalla ég svolítið annað en að hafa vandlega gætt þess að hafa samband við notendur, það var ekki einu sinni haft samband við starfsmenn símans.

Ég hef áhuga á að segja nokkur orð til viðbótar, ef ég brýt ekki mikið af mér, herra forseti, og nefna næturþjónustuna sem nú var nefnt að skyldi koma, en fram að þessum tíma hefur algerlega verið forsmáð á vissum svæðum, t. d. á Vesturlandi. Fyrirspyrjandi nefndi þar Búðardal. Sama er að segja um næturþjónustu gagnvart hreppum í námunda við Stykkishólm.

Þegar talað er um að síminn gæti mikils sparnaðar, þá held ég að því miður sé þar oft og tíðum um öfugmæli að ræða. Þannig hefur það a. m. k. verið gagnvart okkur vestur frá, að allt frá því að sjálfvirki síminn var lagður vestur í Þorpin á Snæfellsnesi hefur útbúnaður símans verið þannig, að hann hefur ekki nýst nema að hálfu leyti. En til þess að mætti nýta hann þurfti tiltölulega lítinn kostnað, en sá kostnaður var látinn liggja á milli hluta og síminn hafður hálfóvirkur á utanverðu Snæfellsnesi árum saman.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég vil aðeins koma inn á fáein atriði sem hv. þm. hafa nefnt í sínum ræðum.

Sjálfsagt er að dreifa svari póst- og símamálastjóra. Ég skal sjá til þess að það verði strax gert.

Um skerta þjónustu vil ég segja, að það er rétt að í sumum tilfellum getur verið um skerta þjónustu að ræða, t. d. í Hnífsdal. Ég kynnti mér það mál sérstaklega, ræddi m. a. við umdæmisstjóra þess umdæmis um málið. Mér er tjáð að þegar fyrir allmörgum árum — ég hygg að það hafi verið 1977 — voru gefin fyrirmæli um að símstöð og póstþjónusta skyldu lagðar niður í Hnífsdal. Það dróst hins vegar alllengi, til þess tíma að sagt var upp því húsnæði sem þessi þjónusta var í, og sömuleiðis óskaði sá starfskraftur, sem þar var, eftir því að verða fluttur á aðalstöðina á Ísafirði. Það var ekki fyrr en þetta lá fyrir að umdæmisstjórinn ákvað að leggja niður þessa þjónustu. Hins vegar til að mæta þjónustuþörf hefur útburður pósts verið aukinn og aðrar ráðstafanir gerðar til að bæta á annan máta það sem skert er. Hins vegar tek ég undir þetta, að þarna er um skerta þjónustu að ræða, þótt um það sé deilt í hve ríkum mæli hún er skert.

Ég nefndi einnig áðan í lok svars míns að Póstur og sími hefur víða lokað sjálfvirkum stöðvum eftir kl. 5 á virkum dögum og laugardaga og sunnudaga. Ég hef kannað það mál. Þessar stöðvar eru samtals 37. Ég hef óskað eftir því, að Póstur og sími athugi hvort ekki megi hafa þjónustu t. d. í tvo tíma á laugardögum. Ég hef ekki fengið endanlegt svar við þeirri athugun, en mér er þó tjáð að það muni kosta í heild líklega um 30—40 millj. kr. Það er e. t. v. ekki stór upphæð í mikilli veltu Pósts og síma, en margt smátt gerir eitt stórt. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar, að t. d. einhver slík þjónusta á útgerðarstöðum þar sem sjómenn kunna að eiga erfitt með að komast í síma yfir helgar, sé eðlileg og sjálfsögð, og ég mun fylgja því máli eftir.

Hitt er svo annað mál, að þegar rætt er um skerta þjónustu gleymist oft hvaða framfarir hafa orðið og bætt þjónusta. Það er ekki ýkjalangt síðan sjálfvirkur sími hóf yfirreið sína, ef ég má kalla það svo, um landið og hefur nú dreifst sem betur fer til þéttbýlisstöðva allra og víða í sveitum. Ekki er heldur langt síðan örbylgjusamband var tekið upp. Á næsta ári verður lokið við að koma upp örbylgjusambandi um landið allt. Ég vek t. d. athygli á því, að í ár er verið að koma á slíku sambandi frá Stykkishólmi í Patreksfjörð, sem margfaldar línufjölda inn í Vestfjarðakjördæmi. Hún er ekki lítils virði, sú bætta þjónusta sem þessu fylgir, hygg ég að við getum borið sem þurfum oft að hringja þangað vestur og erum lengi að ná sambandi sem slitnar svo iðulega þegar sambandi er náð. Þannig er jafnt og þétt unnið að mörgum og mikilvægum framförum. Ég tek hins vegar undir það að meira þyrfti að gera, og sérstaklega tel ég ákaflega mikilvægt að koma sjálfvirkjum síma til allra sveita landsins og mun leggja fram frv. um það á þessu þingi.

Ég get tekið undir það með hv. þm. Albert Guðmundssyni, að mörgu má breyta, eins og hann rakti, hjá Pósti og síma. Ég get m. a. upplýst að ég hef nýlega gert mínar aths. og breytingahugmyndir við reglugerð um þetta efni, þar sem ætlunin er að gefa innflutning tækja til að tengja við símakerfið frjálsan, þannig að þeir, sem fá til þess leyfi að vísu og hafa viss réttindi, geti annast slíkan innflutning. Ég er þeirrar skoðunar, að mjög margt hafi breyst að þessu leyti á undanförnum árum. Hér hefur orðið til stétt manna sem er vel kunnug og lærð á þessu sviði og getur sinnt slíkum málum, bæði viðgerðarþjónustu, tengingu, innflutningi og öðru, stórum betur en áður var, á meðan símaþjónustan var í sínum barndómi.

Ég fullvissa hv. þm. Friðrik Sophusson um að skrefatalning verður alls staðar um landið. Hún er þegar utan Reykjavíkur og nágrennis, en ætlunin er að skrefatalning verði um land allt.

Ég hef rætt við Póst og síma um það, hvort unnt væri að framkvæma hugmyndina um sama kostnað til opinberra stofnana hvaðan sem hringt er af landinu. Þetta er hægt, en er kostnaðarsamt, en ég hef ekki aðstöðu til að skýra það hér. Það felst í því að fjölga þarf sérhæfðum númerum.

Það verður víst lengi deilt um það, hvort sparnaðar sé gætt hjá Pósti og síma. Ég get tekið undir það með þeim, sem hér hafa um það fjallað, að meira má spara. Ég vil hins vegar leyfa mér að fullyrða að tilraun sé gerð til þess. En stofnunin er stór og kannske sums staðar pottur brotinn. Ég get hins vegar ekki tekið undir það, að jafnvel sé æskilegt að draga mjög úr ýmiss konar sérfræðistarfsemi þessarar stofnunar. Menn verða að gæta þess, að á þessu sviði eru byltingar fram undan. Ekki hefur mikið verið rætt um það, en hér uppi í Mosfellssveit var nýlega tekin í notkun stöð sem notar gerbreytt kerfi sem á eftir að bylta líklega allri símaþjónustu, svokallað „digital kerfi," og felur í sér gífurlega mikla möguleika. Sem betur fer hefur Póstur og sími haft þá starfskrafta sem hafa getað fylgst með slíkri þróun. Því held ég að beri út af fyrir sig að fagna, þótt gæta verði sparnaðar í yfirbyggingu þessara stofnana eins og annarra.

Ég kynnti mér alveg sérstaklega hvort haft hefði verið samband við símnotendur, — ég geri ekki ráð fyrir við hvern einstakan, en a. m. k. stöðvarstjóra t. d. á sunnanverðu Snæfellsnesi. Ég var fullvissaður um að það hefði verið gert. Ég skal ekki segja hvenær, en ég var fullvissaður um að það hefði verið gert áður en ákvörðun var tekin. Ég veit sjálfur að það var gert t. d. í Strandasýslu, þar sem ég þekki betur til. Þar hefur það verið gert oftar en einu sinni, og umdæmisstjóri þess svæðis var þar sérstaklega á ferðinni til að fjalla um þær breytingar sem þar eru fyrirhugaðar. Þetta tel ég sjálfsagt, ekki bara kurteisi, heldur eðlilegt á allan máta gagnvart þeim sem annars kunna að óttast að mikilvæg þjónusta verði skert. Ég mun leggja á það áherslu, að svo verði gert í framtíðinni.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Örfá orð. — Í fyrsta lagi vil ég taka það fram út af póst- og símstöð í Hnífsdal, að þar er um dálítið sérstakt mál að ræða vegna þess að fyrir lá, þegar Eyrarhreppur og Ísafjarðarkaupstaður sameinuðust, loforð frá opinberum yfirvöldum um að opinber þjónusta yrði ekki skert í Eyrarhreppi. Þess vegna hefur þetta mál kannske orðið stærra en það annars hefði orðið, og ég get ekki séð að það séu rök til að leggja niður póststöð þótt starfskraftur færist um set innan sama fyrirtækis. Auðvitað hefði verið hægt að ráða nýjan starfsmann. Þetta er einkum bagalegt í Hnífsdal vegna þess að þar er um verbúðarfólk að ræða sem þarf þá að gera sér ferð 4—5 km til þess að koma frá sér og sækja a. m. k. stærri póstsendingar.

Ég vil í öðru lagi þakka ráðh. það sem kom fram hjá honum varðandi það að nú væri kominn tími til þess að innflutningur á símtækjum yrði gefinn frjáls, og kannske er það merkilegasta yfirlýsing hans hér í dag í þessum tveimur ræðum. Hann sagði jafnframt að það kæmi til greina innan tíðar að viðgerðir á símatækjum yrðu í höndum á öðrum en póst- og símamálaþjónustunni. Ég

fagna þessum yfirlýsingum. Þetta eru merkilegar fréttir. Eftir þessu verður tekið.

Ég vil enn fremur fagna því, sem kom fram hjá ráðh., að skrefatalning verði tekin upp á sama tíma á öllum svæðum á landinu, og þá á ég við skrefatalningu innan hnútstöðva og innan sömu númerasvæðanna, en ekki eins og nú er gert.

Ég get líka tekið undir það sem hann sagði um nýju tæknina, að hún er auðvitað stórmerkileg. Það hefur verið fylgst með henni á vegum rannsóknaráðs og þar er starfandi nefnd sem fjallar um það mál sérstaklega. Þar er auðvitað um að ræða stórkostlegar framfarir sem Íslendingar geta fært sér í nyt bæði í fjarmiðlun á milli Íslands og annarra landa og eins innan landsins sjálfs.

Framkvæmd ákvæða í 59. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, fsp. (þskj. 46). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Bjarnason): Herra forseti. Á þskj. 46 hef ég leyft mér ásamt hv. þm. Stefáni Valgeirssyni að bera fram fsp. til hæstv. fjmrh. um framkvæmd ákvæða í 59. gr. laga nr. 40/1978, um tekjuskatt og eignarskatt, við álagningu opinberra gjalda nú í ár. Fsp. er í þremur liðum og er svo hljóðandi, með leyfi forseta:

„1. Í tilgreindri lagagrein er kveðið á um ákvörðun launa við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi. Sérstök ákvæði eru um viðmiðunartekjur þeirra er landbúnað stunda. Gaf ríkisskattstjóri út viðmiðunarreglur fyrir aðrar atvinnugreinar en landbúnað? Ef svo var gert, hvaða atvinnugreinar var þá um að ræða og hverjar voru meginforsendur þeirrar viðmiðunar?

2. Beittu skattstjórar ákvæðum tilgreindrar lagagreinar við álagningu árið 1980 í öllum skattumdæmum og var samræmi í viðmiðunar- og starfsreglum milli hinna einstöku umdæma?

3. Hvernig var háttað mati á aðstæðum: a) þar sem gæta skal aðstöðu viðkomandi aðila, aldurs hans, heilsu og starfstíma, umfangs starfsins og annarra atriða er máli skipta; b) þar sem taka þarf tillit til aðstæðna í landbúnaði hverju sinni, svo sem þess, ef bóndi nær ekki heildartekjum grundvallarbúsins vegna afurðaverðs, árferðis og annarra atriða er máli skipta?“

Tilgreind 59. gr. skattalaga felur í sér mikið vald og það vald er vandmeðfarið. Forsendur þess, að slík ákvæði eru sett í skattalög, þ. e. heimild til að ákvarða framteljendum laun eða viðmiðunartekjur, hafa trúlega eða sjálfsagt verið þær, að í gegnum árin hafa ýmsir aðilar, sem starfa við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, komist hjá því að greiða eðlileg gjöld til samfélagsins og taka á þann hátt þátt í uppbyggingu þess og rekstri, svo sem eðlilegt og réttmætt væri miðað við þann lífsmáta eða lífsstíl sem ýmsir þessir aðilar þó tileinka sér. Mörgum þeim, sem greiða verulegan hluta af tekjum sínum til ríkis og sveitarfélaga, hefur þótt harla ólíklegt að þar væru á ferð tekjulausir aðilar eða svo til, sem ekki hefðu efni á að greiða til samfélagslegra þarfa, svo sem framtöl þeirra hafa þó oft borið með sér.

Sú er að sjálfsögðu forsenda fyrir tilurð þessara lagagreinar, en í framkvæmd hennar er vandasöm ef vel og réttlátlega á til að takast. Sýnist nú ýmsum sem þegar hafi misbrestur á orðið. Í lagagrein þessari eru sérstök ákvæði um viðmiðunartekjur einnar atvinnugreinar, þ. e. landbúnaðarins. Þar segir, með leyfi forseta:

„Viðmiðunartekjur þeirra er landbúnað stunda skulu miðast við launaþátt í verðlagsgrundvelli landbúnaðarafurða.“

Því höfum við leyft okkur að spyrja í 1. lið fsp. hvernig hafi í raun verið farið með aðrar atvinnugreinar og hvernig þær viðmiðanir hafi verið fundnar. Gott væri og fróðlegt að heyra hverjar hafa verið áætlaðar tekjur ýmissa aðila í einkarekstri, svo sem bílstjóra, iðnaðarmanna, kaupmanna, lögfræðinga, tannlækna, svo að einhver dæmi séu tínd til á móti tekjum bóndans sem áætlaðar voru á sjöttu millj. kr.

Í 2. lið er spurt hvort beitt hafi verið sams konar viðmiðunar- og starfsreglum um allt land og hvort samræmi hafi verið í vinnuaðferðum í öllum skattumdæmum. Ég hef heyrt fullyrðingar um að svo hafi ekki verið. Sumir skattstjórar eða umboðsmenn þeirra eiga að hafa sagt að þeir treysti sér ekki til þess að breyta tölum og upplýsingum í framtölum, sem menn hafa undirritað að viðlögðum drengskap og staðfest að framtalsskýrslan sé gefin eftir bestu vitund. Þetta eru kannske ekki óeðlileg viðbrögð embættismannsins, þegar hann les áletraða yfirlýsingu á framtalseyðublaðinu og undirritun viðkomandi framteljanda. En eigi að reyna að framfylgja þessu umrædda lagaákvæði, þá er alveg óviðunandi að ekki sé beitt samræmdum aðferðum í öllum skattumdæmum.

Rétt eftir að fsp. þessar komu fram hér á Alþ. hafði samband við mig maður sem hefur með höndum sjálfstæðan atvinnurekstur. Gaf sá atvinnurekstur af sér mjög lágar nettótekjur á s. l. ári, og áleit maðurinn að samkv. viðmiðunarreglunum hefði átt að áætla tekjurnar verulega miklu hærri. En slíkt hafði ekki verið gert. Er hér um að ræða augljósa mismunun borið saman við önnur þekkt dæmi.

Í síðasta liðnum er spurt hvernig mat á mismunandi aðstæðum manna hafi verið framkvæmt. Geta skattyfirvöld fylgst með aðstæðum einstakra manna, svo sem þar sem aldur, veikindi eða aðrar persónulegar ástæður hafa áhrif á tekjuöflunarmöguleika, eða er ætlast til að hver og einn einstaklingur, sem fengið hefur á sig áætlun, en telur sig búa við einhverjar þær aðstæður sem leitt gætu til undantekninga, kæri álagninguna? Slíkt hlýtur að vera nánast óframkvæmanlegt í mörgum tilfellum, svo sem þegar heilar sveitir eða jafnvel landssvæði hafa orðið fyrir stórfelldum skakkaföllum vegna árferðis. Eða er ætlast til að viðkomandi stéttarfélög, hagsmunasamtök eða jafnvel sveitarstjórnir grípi inn í málið?

Hægt væri að spyrja margra fleiri spurninga varðandi mál þetta og setja fram ýmis dæmi um einkennilega framkvæmd skattayfirvalda á ákvæðum tilgreindrar lagagreinar svo sem um óeðlilegan mismun á tekjuviðmiðun einstaklinga annars vegar og hjóna hins vegar, áhrif áætlaðra tekna á tekjutryggingu ellilífeyrisþega og margt fleira. En ræðutími sá sem er ætlaður vegna fsp. leyfir ekki slíkt.

Að lokum væri fróðlegt að heyra frá hæstv. fjmrh., þó ekki sé um það spurt í fsp., hvað líði störfum þeirra nefnda sem settar hafa verið á laggirnar til að endurskoða skattalögin og fylgjast með framkvæmd þeirra.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Fsp. hv. þm. voru sendar ríkisskattstjóra til umsagnar. Borist hefur ítarlegt svar frá ríkisskattstjóra sem ásamt fylgigögnum

mundi taka um 30—40 mínútur að gera hér grein fyrir. Þar sem ræðutími ráðh. við að svara fsp. er aðeins 10 mínútur verður að flytja valda kafla úr þessum svörum og skal þess nú freistað.

Fyrsta spurningin var hvort ríkisskattstjóri hafi gefið út viðmiðunarreglur fyrir aðrar atvinnugreinar en landbúnað, hvaða atvinnugreinar hafi þá verið um að ræða og hverjar hafi verið meginforsendur þeirrar viðmiðunar.

Svar ríkisskattstjóra er: Hinn 5. maí 1980 gaf ríkisskattstjóri út og sendi skattstjórum viðmiðunarreglur samkv. ákvæðum 59. gr. áðurgreindra laga. Viðmiðunarreglur þessar eru ekki bundnar sérstökum atvinnugreinum nema að takmörkuðu leyti, svo sem meðfylgjandi eintak af viðmiðunarreglunum sýnir, enda þess ekki krafist samkv. ákvæðum laganna. Einstaklingar með eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi eru flokkaðir með tilliti til eðlis þeirra starfa, sem þeir hafa með höndum, en geta fallið undir flestar atvinnugreinar. Meginforsendur viðmiðunarupphæða eru byggðar á upplýsingum úr launakjarasamningum og enn fremur var stuðst við upplýsingar úr launaframtölum ýmissa aðila, sem unnin voru sem úrtak með það í huga að fá sem nákvæmastar upplýsingar um þessi atriði. Rétt þykir að taka fram að við ákvörðun á viðmiðunarupphæðum er almennt reiknað með álagi vegna framkvæmdastjórnar, um 20% hærri upphæð en ætla má að bein laun manns hefðu orðið ef hann hefði unnið starfið sem launþegi hjá óskyldum aðila. Álag þetta er byggt á sömu forsendum og lög nr. 14/1965 og reglugerð nr. 119/1965 um launaskatt kveða á um við ákvörðun stofns til launaskattsálagningar á menn með eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi.

Til viðbótar þessu svari ríkisskattstjóra er líklega rétt að vitna hér í gögn þau sem hann sendi með svarinu um meðaltalsviðmiðunarreglur til ákvörðunar endurgjalds gjaldárið 1980. Þar kemur fram að meðaltalsviðmiðunartekjur eru miðaðar við venjulegan vinnutíma, þ. e. 40 tíma á viku og lögbundið sumarfrí. Ef um yfirvinnu, ákvæðisvinnu eða umframgreiðslur almennt er að ræða í viðkomandi starfsgrein á hverjum stað ber skattstjóra að meta það til hækkunar.

1. Sérmenntaðir menn sem vinna við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi í sérgrein sinni með eða án aðstoðarfólks. Hér falla undir t. d. lyfjafræðingar, læknar, lögfræðingar, löggiltir endurskoðendur, ráðgjafa sérfræðingar hvers konar, verkfræðingar og þess háttar. Árslaun 8 millj. 100 þús. kr.

2. Stjórnendur í eigin atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, sem hafa greitt laun sem samsvara launum fyrir störf þriggja eða fleiri launþega á árinu. Hér fellur undir t. d. iðnaðar- eða iðjurekstur, innflutnings- eða útflutningsrekstur, verslun hvers konar, umboðssala, persónuleg þjónusta, sem fellur ekki undir stafliði a og d, þ. e. stafliði um sérmenntaða menn og iðnaðarmenn, sem vikið verður að á eftir, árslaun 7.5 millj. kr.

3. Menn sem vinna einir við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, en gætu þó hafa greitt laun sem samsvara launum fyrir störf eins eða tveggja launþega á árinu. Hér falla undir t. d. menn sem eru með sama atvinnurekstur og um ræðir í seinasta staflið, árslaun 6.4 millj. kr.

4. Iðnaðarmenn. Hér falla undir þeir menn sem vinna að iðngrein sinni að meginhluta. Ef stjórnun á mönnum og verkum er veigamikill þáttur í starfi þeirra, falla þeir undir 2. staflið, þ. e. stjórnendur í eigin atvinnurekstri. Undir þennan starflið falla í fyrsta lagi iðnaðarmenn við byggingarframkvæmdir hvers konar, járn- og vélsmíði, skipasmíði, blikksmíði og prentun, árslaun 4.9 millj. kr. Í öðru lagi iðnaðarmenn aðrir, árslaun 3.9 millj. kr.

5. Menn sem vinna við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi sem ekki fellur undir áðurgreinda stafliði, svo sem bifreiðastjórar, hreingerningamenn, stjórnendur vinnuvéla og þess háttar, árslaun 3.4 millj. kr.

6. Sjómenn sem starfa sem skipverjar við eigin útgerð. Árslaun skal miða við kaup og aflahluti samkv. kjarasamningum og hliðstæðum greiðslum til annarra skipverja á sama skipi.

7. Bændur. Þar er vísað til sérstakra meðaltalsviðmiðunarreglna sem bændur varða. Allt of langt mál yrði að rekja meðaltalsviðmiðunarreglur til ákvörðunar endurgjalds bænda, en ég vil hér aðeins stikla á örfáum grundvallaratriðum. Heildartekjur grundvallarbúsins eru reiknaðar 12 223 200 kr. á árinu 1979. Ef heildartekjur búsins eru lægri en þessari upphæð nemur ber að ætla að stærð búsins nái ekki stærð grundvallarbúsins, og eru því viðmiðunartekjur þessa manns lækkaðar í sama hlutfalli og heildartekjur eru lægri en heildartekjur grundvallarbúsins. Enn fremur er meðal annarra atriða tekið tillit til aðstæðna hverju sinni við ákvörðun viðmiðunartekna, svo sem þess ef bóndi nær ekki heildartekjum grundvallarbúsins vegna afurðaverðs, árferðis eða annarra atriða sem máli skipta, svo sem aldurs, heilsu og starfstíma, vinnu utan búrekstrar eða aðkeyptrar vinnu. Síðar í þessum sömu reglum segir: „Viðmiðunartekjur bónda, sem stundar einn búskap með eða án aðkeypts vinnuafls eða í samrekstri með öðrum en maka, teljast með hliðsjón af framangreindu vera 4 010 000 kr. Og áfram segir hér: Standi hjón bæði að búrekstrinum skal reiknað endurgjald hjónanna samtals eigi vera lægra en launaþáttur grundvallarbúsins eða 6 786 500 kr. Hreinum tekjum skal skipt milli hjóna í hlutfalli við vinnuframlag hvors um sig. Á sama hátt skal skipta rekstrartapi. Síðan er hér fjallað um hvernig reikna skuli börnum tekjur.

Önnur spurning hv. fyrirspyrjenda var hvort skattstjórar hafi beitt ákvæðum tilgreindrar lagagreinar, þ. e. 59. gr. laga nr. 40/1978, við álagningu árið 1980 í öllum umdæmum og hvort samræmi hafi verið í viðmiðunar- og starfsreglum milli einstakra skattaumdæma. Svar ríkisskattstjóra er:

Fyrirspyrjendur hljóta að eiga við hvort skattstjórar hafi við álagningu kannað sérstaklega hvort sérhver maður með eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi hafi fært sér til tekna eigi lægra endurgjald fyrir „starf sitt“ en ef hann hefði innt það af hendi fyrir óskyldan eða ótengdan aðila, eins og segir í ákvæði 2. mgr. 1. tölul. a-liðar 7. gr. skattalaganna. Ljóst er að eftir svo víðtækar breytingar sem gerðar voru á skattalögunum, og ekki síst við þær aðstæður sem voru á árinu 1980 til vinnslu skattgagna, voru framtöl skattaðila nánast lögð óbreytt til grundvallar álagningu í samræmi við ákvæði 59. gr. laganna eða með lágmarksbreytingum, eftir því sem aðstæður hjá hverjum skattstjóra leyfðu. Skattstjórar lögðu þó vinnu í að endurskoða þennan lið framtals eftir því sem tími og aðstæður leyfðu og þá í samræmi við viðmiðunarreglur og starfsreglur ríkisskattstjóra. Kann því að vera að einhver mismunur sé á meðferð þessa atriðis milli skattumdæma fyrir álagninguna, en sá mis-

munur ætti að hverfa við nánari yfirferð skattframtala nú í haust í þeim umdæmum sem áttu eftir að endurskoða þetta atriði til fullnustu.

Í lið þriðja þáttar fsp. er spurt hvernig háttað hafi verið mati á aðstæðum þar sem gæta skal aðstöðu viðkomandi aðila, aldurs hans, heilsu og starfstíma, umfangs starfsins og annarra atriða er máli skipta. Svar við þessum staflið fsp. er:

Það er alfarið í höndum skattstjóra að taka tillit til og úrskurða áður greindar aðstæður hvers og eins aðila með tilliti til þeirra upplýsinga sem aðili leggur fram með skattgögnum sínum. Ríkisskattstjóri setti fram meginreglur varðandi þetta atriði í bréfi, dags. 13. maí 1980, varðandi starfsreglur og leiðbeiningar vegna endurskoðunar á tekjuliðnum „reiknað endurgjald." Þar segir m. a.:

Við beitingu viðmiðunarreglna skal í öllum tilvikum taka tillit til þeirra aðstæðna viðkomandi aðila, hvort sem þær eru almennar eða varða hann einan, sem áhrif geta haft á teknaöflun hans, sbr. 3. málslið 1. mgr. 59. gr. og 4. málsl. varðandi þá sem landbúnað stunda. Geta þessar aðstæður leitt til þess, að endurgjaldið er ákvarðað ýmist hærra eða lægra en viðmiðunartekjurnar. Sú sérregla gildir þó um þá sem landbúnað stunda, að í 4. málsl. 1. mgr. 59. gr. er um að ræða lögmælt hámark viðmiðunartekna, þannig að þær aðstæður, er þar greinir, koma einungis til skoðunar til lækkunar á viðmiðunartekjum. Upplýsingar um aðstæður, er taka ber tillit til, geta komið fram á samræmingarblaðinu, á sérblaði eða með aths. á rekstrarreikningi. Einnig er unnt að fá fræðslu um aðstæður viðkomandi aðila á skattgögnum, er hann varða, svo sem á launaliðum skattframtals, á launamiðum, launamiðafylgiskjölum umsókn vegna 66. gr. o. s. frv. Ríkisskattstjóri hefur ekki sett fram aðrar reglur til skattstjóra um framkvæmd þessa atriðis, enda er hér um að ræða mál, sem mjög erfitt er að setja um nánar reglur þar sem nánast er fjallað um séraðstæður hvers aðila. Skattstjórar verða því að meta aðstæður hvers og eins aðila á grundvelli þeirra upplýsinga sem fyrir liggja hverju sinni.

Herra forseti. Ég á enn eftir að svara staflið b í þriðju fsp., og ég held að það verði að taka eitthvert tillit til þess ef fsp. eru mjög margþættar.

Spurt er, hvernig háttað var mati á aðstæðum þar sem taka þarf tillit til aðstæðna í landbúnaði hverju sinni, svo sem þess, ef bóndi nær ekki heildartekjum grundvallarbúsins vegna afurðaverðs, árferðis og annarra atriða er máli skipta.

Svarið er: Meðaltalsviðmiðunarreglur til ákvörðunar endurgjalds bænda, maka þeirra og barna gjaldaárið 1980 voru gefnar út með bréfi til skattstjóra, dags. 5. maí 1980, og síðar almennar reglur um áhrif vegna vöntunar afurðaverðs og vegna árferðis með bréfi, dags. 22. maí 1980. Í meðaltalsviðmiðunarreglunum frá 22. maí kemur fram að vöntun á afurðaverði ársins 1978 er talin hafa numið 8.75% af heildartekjum grundvallarbúsins það ár, sem að meðaltali leiddi til lækkunar heildartekna grundvallarbúsins á árinu 1979 um 752 691 kr. Jafnframt var tekið tillit til áhrifa árferðis 1979 og þar stuðst við útreikninga Stéttarsambands bænda, sem lagðir voru fram ásamt gögnum um meðalvigt dilkakjöts árið 1979, sem var nokkuð mismunandi á landinu. Meðaltalsafurðarýrnun á árinu 1979 var talin hafa numið 9.46%, sem lækkar launaþátt grundvallarbúsins um 367 304 kr. Þar sem áhrif þessa þáttar voru eins og áður segir mismunandi á landinu var stuðst við upplýsingar sláturhúsa um meðalvigt dilka milli áranna 1978 og 1979 þegar áhrif árferðis á tekjur bænda voru metin af skattstjórum.

Herra forseti. Ég tel að ég hafi svarað þeim fsp. sem hér komu fram, a. m. k. þeim skriflegu, en ég held að ég verði að láta bíða betri tíma að svara munnlegu fsp. sem fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda, enda ekki í svipinn neitt nýtt að frétta af þeim málum umfram það sem áður hefur komið fram opinberlega. Ég vil láta þess getið, vegna þess að hér er um allítarleg gögn að ræða, að ég mun láta ljósrita þessi gögn í nokkrum eintökum og geta menn þá væntanlega fengið þau á skrifstofu þingsins, þeir sem þess óska.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Bjarnason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans við fsp. okkar og þær upplýsingar og skýringar sem hann gaf. Ég geri mér grein fyrir því, að þetta er helst til viðamikið til þess að hægt sé að svara því ítarlega á stuttum ræðutíma eða aðeins 10 mínútum, svo að ég hefði mjög gjarnan þegið að fá að sjá hin skriflegu svör skattstjóra við þessum fsp.

Hæstv. ráðh. hefur nú gert okkur nokkra grein fyrir því, í stuttu máli samt, hver séu aðalatriði í svörum við þessum spurningum. Hann tekur hér til og greinir frá ákveðnum upphæðum sem settar hafa verið til viðmiðunar á einstaka starfshópa, og kemur þar í ljós að viðmiðunartekjur eru þar kannske frá 3 millj. eða rúmum 3 millj. og upp í 8.1 millj. á þá sem hæst hafa. Sýnist mér þá að tekjur bóndans liggi þarna um miðbik eða kannske jafnvel ofan við það, ef ég hef náð því rétt að tekjur grundvallarbús hafi verið áætlaðar hjá hjónum 6 786 500 kr. Að vísu kemur þá til frádráttar síðar það tillit sem taka skal til þess erfiða árferðis sem var á síðasta ári, og viðmiðunartekjur hafa almennt verið lækkaðar nokkuð og auk þess í einstökum tilfellum eftir því sem út hefur komið hjá hverju einstöku sláturhúsi eða afurðasölufyrirtækjum bænda.

Það er auðvitað margt fleira sem hefði mátt segja um framkvæmd þessa lagaákvæðis, eins og ég gat um í upphafi, og ég veit að lögin hafa komið sérstaklega hart niður á ýmsum bændum vegna árferðisins eins og það var og bændur náðu ekki þeim viðmiðunartekjum, sem lögin gerðu ráð fyrir, og hafa þess vegna þurft að greiða skatta í mörgum tilfellum af tekjum sem þeir sannanlega höfðu ekki. Ef við hugsum okkur að viðkomandi bóndi þurfi síðan að útvega sér lán fyrir þeim sköttum, sem hann þarf að greiða af tekjum sem ekki voru fyrir hendi, fær hann við skattlagningu þar næst á eftir tekjufærslu vegna skuldarinnar og síðan skatta af þeirri tekjufærslu, sem að vísu fellur undir aðra grein skattalaganna en þá sem hér er til umr., og þá eru þessar áætluðu tekjur farnar að hlaða utan á sig eins og snjóbolti.

Í þokkalega góðu árferði hefðu þessar áætluðu viðmiðunartekjur ekki komið svo mjög hart niður á bændum almennt, eftir því sem ég hef fengið upplýsingar um, og er það kannske ljósasta dæmið um að ekki hafi verið tekið eðlilegt eða nægjanlegt tillit til þess slæma árferðis sem þó var í fyrra og lögin reyndar gera ráð fyrir að tekið sé tillit til. Þá má einnig nefna dæmi um bónda sem litlar eða engar tekjur hafði af sínum búrekstri og fór og leitaði sér tekna á vinnumarkaði annars staðar til þess að bæta afkomumöguleika sína. Hann fær eftir sem áður fullar

viðmiðunartekjur, eftir því sem ég hef fengið upplýsingar um, og lendir fyrir vikið með hluta eða allar þessar aukatekjur, sem aflað var utan búsins, í háum skattþrepum og greiðir af þeim mikil gjöld.

Þá finnst mér, eins og ég kom aðeins inn á í framsögu minni fyrir fsp., óeðlilegt og óraunsætt ef það er rétt að þessar áætluðu tekjur hafi áhrif á þá tekjutryggingu sem ellilífeyrisþegum ber og tekjutryggingin sé skert vegna þessara viðmiðunartekna. Slíkt hlýtur að verða að lagfæra og er trúlegt að það sé gert, en þetta skapar auðvitað aukafyrirhöfn. Mér sýnist því ýmislegt benda til þess, að þetta lagaákvæði og þó kannske ekki síður framkvæmd þess verði að endurskoða og lagfæra, og það er von mín að það fái rækilega umfjöllun í þeirri nefnd sem það endurskoðunarverk vinnur þegar að því kemur. Ég vona að hæstv. fjmrh. sjái um að þeirri endurskoðun verði hraðað sem mest.

Ég óska eftir því að fá að sjá hin skriflegu svör ríkisskattstjóra við fsp. og endurtek þakkir mínar til hæstv. fjmrh. fyrir svörin.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég þakka fjmrh. fyrir svör hans, en ég held að það verði að reyna að ganga í það með meiri krafti að reyna að fá leiðréttingu á þessum málum. Ég er með fyrir framan mig blaðaúrklippu. Er þar viðtal við einn þann sem er í nefndinni sem á að athuga þessi mál, þ. e. Árna Jónasson, og hann kemst þannig að orði, að annaðhvort verði með þessu vísað úr bændastéttinni ungum mönnum með eignaupptöku eða þessir skattar verði aldrei innheimtir. Þetta er hans mat.

Það kemur líka fram hjá honum, að giftum mönnum eru reiknuð 45—48% af brúttótekjum búsins, en aftur á móti einhleypingum 24—28%.

Ég held að það séu svo mörg dæmi sem við höfum fyrir framan okkur í sambandi við hvernig útkoman er á þessum sköttum að það verði ekki undan því vikist að fá leiðréttingar á þessu máli. Árni nefnir einn skuldugan bónda sem er reiknaður 13 millj. verðbólgugróði út af skuldunum sem hann þó ræður ekkert við. Það gerir eignafærslan. (Forseti hringir.) Forseti, ég er nú annar fyrirspyrjandinn og ætti að fá meira en tvær mínútur a. m. k. (**Forseti:** Ekki samkv. þingsköpum.) — Það er dálítið einkennilegt að þetta skuli koma svona út. En maður, sem er við hliðina á honum og er með betur stæðum bændum sveitarinnar, fær samkv. sömu ákvæðum tekjufærslu til frádráttar þannig að ríkið borgar jafnvel hluta af útsvari hans.

Ég er á mælendaskrá í umr. um sama efni, sem kemur líklega fyrir á morgun, og mun þá bæta við þetta.

Sameinað þing, 25. fundur.

Þriðjudaginn 25. nóv., að loknum 24. fundi.

Hagnýting innlendra byggingarefna, þáltill. (þskj. 131). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Undirbúningur almennra stjórnsýslulaga til að auka réttaröryggi, þáltill. (þskj. 135). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Nýting silungsstofna, þáltill. (þskj. 101). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Verslunarþjónusta í dreifbýli, þáltill. (þskj. 112). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 33 shlj. atkv.

Opinber stefna í áfengismálum, þáltill. (þskj. 59). — Ein umr.

Flm. (Árni Gunnarsson): Herra forseti. Hér liggur fyrir till. til þál. um mörkun opinberrar stefnu í áfengismálum. Það hefur verið svo hér á landi að ríkisvaldið hefur ekki fram að þessu mótað neina opinbera stefnu í áfengismálum. Sú eina stefna, sem ríkisvald hefur mótað, er að ríkið skuli hafa einkasölu á áfengi og það sé ríkið sjálft sem verðleggi þennan varning. Önnur hefur stefnan ekki verið.

Flm. þessarar till. telja mjög tímabært að móta opinbera stefnu í þessum málaflokki, telja þetta vera orðið eitt stærsta heilbrigðismál þjóðarinnar og það mál sem nánast snertir hverja einustu fjölskyldu í landinu, hvert einasta heimili, beint eða óbeint.

Það er nú svo, að hér á hinu háa Alþingi hafa umr. um áfengismál yfirleitt farið heldur í taugar á þm. og umr. um þennan stóra þátt í öllu okkar lífi hafa sáralitlar verið. Það er rétt eins og þm. hafi veigrað sér við að ræða þennan málaflokk, kannske vegna þess að þeir standa í þeirri trú, að annaðhvort þurfi menn að vera alkóhólistar, annaðhvort fyrrverandi eða núverandi, eða bindindismenn til að geta fjallað um þessi mál. Þetta er hins vegar mesti misskilningur.

Þessi málaflokkur snertir hvern einasta mann í þjóðfélaginu. Þessi málaflokkur og afleiðingar ofneyslu áfengra drykkja er orðið svo alvarlegt mál að geðlæknar tjá mér að mjög umtalsverður hluti af þeim sjúklingum, sem fylla rúm í geðsjúkrahúsum hér á landi, séu þar vegna beinna eða óbeinna áhrifa af ofneyslu áfengra drykkja. Þetta er fyrir utan alla aðra þætti, slysaþætti, dauða manna og annað slíkt, svo stórt og umfangsmikið mál að okkur ber að ræða það, okkur ber að móta einhverja stefnu, eins og aðrar þjóðir eru nú að gera í stórum stíl. Ég vil minna á að þetta mál þótti orðið svo alvarlegt að það var tekið til sérstakrar umfjöllunar á þingi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Þar var um það fjallað og þar voru samþykktar áskoranir til ríkisstjórna aðildarþjóða um verulegt og

umtalsvert átak í þessum efnum.

Ég vil í upphafi máls míns geta þess, að eftir því sem næst verður komist munu um 5000 Íslendingar hafa hlotið meðferð vegna alkóhólisma á s. l. fimm árum, — 5000 Íslendingar. Þar af hafa um 600 manns notið vistar í Bandaríkjunum, 476 nutu til þess styrks frá Tryggingastofnun ríkisins og rúmlega 100 kostuðu sína meðferð sjálfir. Á deild 10 í Kleppsspítalanum og vistheimilinu á Vífilsstöðum, sem er í mörgum tilfellum framhald af deild 10, er um nálægt 3 500 innlagningar að ræða síðustu fimm árin. Vistheimilið á Vífilsstöðum var opnað í maí 1976. Um 2 500 manns hafa svo fengið meðferð á sjúkrastöð SÁÁ, sem fyrst var opnuð í Reykjavík 1. desember 1977, en hefur verið á Silungapolli síðan í maí 1979. Um 750 manns hafa notið framhaldsmeðferðar hjá SÁÁ að Sogni, en starfsemin þar hófst í ágúst 1978. Það er kannske rétt að geta þess, að nú bíða um 200 manns eftir því að komast að að Silungapolli, það bíða um 200 manns eftir því að fá meðferð vegna áfengissýki. Á Sogni er biðlistinn um tveir mánuðir, tveggja mánaða biðlisti eftir því að komast að á Sogni.

Ég er þeirrar skoðunar, að með þessar tölur í huga verðum við aðeins að hægja á okkur og líta í kringum okkur og athuga hvar við stöndum.

En það er annað atriði í þessu máli sem ég vil vekja sérstaka athygli á, að þótt Reykvíkingar hafi tiltölulega góðar aðstæður til að leita lækninga á þessum sjúkdómi eru aðstæður utan Reykjavíkur margfalt verri. Mig langar að nefna t. d. Akureyri og bæina við Eyjafjörð. Mig langar að vitna í bréf sem skrifað var þáv. heilbrrh., Magnúsi H. Magnússyni, í janúar 1979, með leyfi forseta. Þar segir um núverandi ástand á Akureyri:

„Samkvæmt lýsingu ríkir algert neyðarástand á Akureyri hvað varðar meðferð áfengissjúklinga eða allmiklu verra en nokkurn tíma hefur ríkt hér á höfuðborgarsvæðinu. Einnig er meðfylgjandi yfirlýsing Læknafélags Akureyrar í hverri þeir segja aðstöðu til afvötnunar vera mest aðkallandi þátt í bættri heilbrigðisþjónustu á Akureyri í dag. Ekki má gleyma öllum nágrannabæjunum, sem eiga í nákvæmlega sömu erfiðleikum í þessu efni. Sérstaklega er hér átt við Siglufjörð, Sauðárkrók og Húsavík, þar sem ástandið er mjög slæmt. Hvað smærri kauptún varðar, t. d. Dalvík, Ólafsfjörð, Raufarhöfn, Þórshöfn o. fl., er ekki vitað um stærð vandamálsins, en vissulega er það til staðar."

Með leyfi forseta vil ég einnig fá að vitna í bréf frá 11. okt. 1979, sem sent var þáv. heilbrh. Magnúsi H. Magnússyni. Þar er fjallað um afvötnunarstöð í Kristnesi, sem hefur verið mikið áhugamál manna norður á Akureyri, en þar segir:

„En tilkoma hennar þ. e. stöðvarinnar hefði auk þess önnur áhrif sem vert er að geta. Vöntun afvötnunarstöðvar hér veldur álagi á ýmsa þjónustu hér norðanlands og raunar einnig syðra. Það má nefna að næturlæknar hér á Akureyri tjá okkur að allt að helmingur vitjana þeirra verði á stundum til ölvaðs eða ölóðs fólks sem þeir verða oft að hverfa frá án viðunandi úrræða."

Þetta er lýsing á ástandi í höfuðstað Norðurlands, þar sem Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri hefur hlaupið undir bagga með þeim möguleikum sem Fjórðungssjúkrahúsið hefur til þess, sem eru afskaplega litlir.

Það má segja að hér á landi hafi allt frá árinu 1917 ríkt eins konar slökunarstefna í áfengismálum. Það kom fram við framlagningu fjárlagafrv. fyrir árið 1981, að þar eru ætlaðar 220 millj. kr. til bindindisstarfsemi og áfengisvarna í landinu, en þar er ekki talinn með sá kostnaður sem er vegna læknisþjónustu og óbeinna útgjalda ríkissjóðs vegna ofneyslu áfengis. Í Bandaríkjunum ver ríkið að mig minnir 6—7% ef ekki 8% af tekjum sínum af áfengissölu, sem eru söluskattur einkum og sér í lagi, til varna gegn ofneyslu áfengra drykkja. Hér á landi mun þetta hlutfall vera um 0.6%.

Ég held að við verðum líka, þegar við fjöllum um þessi mál, að líta aðeins á þær röngu tölur sem við höfum alltaf á bak við eyrað þegar við fjöllum um áfengisneyslu hér á landi, en það eru hinar opinberu tölur Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins. Þar er gefið upp að neysla áfengra drykkja hér á landi nemi um 3 lítrum á hvert mannsbarn á ári, en Bjarni Þjóðleifsson læknir og Tómas Helgason prófessor hafa ályktað að þessu til viðbótar megi reikna 1.35 lítra áfengisneyslu sem kemur fram í heimabruggun og smygluðu áfengi. Þetta er óskráð neysla og hún gildir auðvitað um önnur lönd einnig, og þess vegna verður samanburðurinn á svipuðu stigi þótt við tökum opinberar tölur eða þær tölur sem við búum okkur til með því að reyna að áætla neyslu utan hinnar skráðu neyslu.

Það kemur fram í merkri könnun, sem Tómas Helgason prófessor og fleiri hafa gert á áfengisneyslu hér á landi, að á árabilinu 1974—1979 hefur þeim, sem kallaðir eru bindindismenn, stórlega fækkað hér á landi. Annað er mjög athyglisvert í þessari rannsókn, að ungar konur eru farnar að slaga hátt upp í karlmenn í sambandi við drykkjuvenjur og ofneyslu áfengra drykkja. Hins vegar fækkar eldri konum sem neyta áfengis eftir þeim skala sem notaður er við þessa könnun. Þeim fækkar ef borið er saman við karlmenn. Í þessari skýrslu kemur einnig fram að tíðni áfengisneyslu hefur aukist talsvert hér á landi á þessu árabili. Annað athyglisvert, sem kemur fram í þessari athugun, er það, að neysla sterkra drykkja virðist hafa minnkað frá árunum 1974—1979 úr 23% í 16%. Hins vegar kemur í ljós að drykkjuvenjur hafa breyst talsvert, menn virðast hafa aukið svokallaða heimadrykkju. Hún eykst frá 1974—1979 úr 43% í 56% en drykkja að heiman — þar er aðallega átt við drykkju á veitingahúsum — minnkar úr 57 í 46%. Í því úrtaki, sem þessir læknar gera og talið er fyllilega rétt, þ. e. að það sé markvert úrtak um heildarneysluna hér á landi og meðferð á áfengi almennt, kemur í ljós að um 14% allra þeirra, sem spurðir eru, brugga áfengi heima og er reiknað með að þar sé um að ræða 52 500 flöskur af öli á ári. Eingöngu þessi drykkja bætir við heildarneyslu Íslendinga 0.4—0.5 lítrum á mann á ári. En eins og ævinlega kemur líka í ljós að það er tiltölulega fámennur hópur sem neytir áfengis í óhófi, þegar þess er gætt að 3.5% af þeim, sem spurðir eru, brugga 31 500 flöskur af þeim 52 000 sem fram koma í athuguninni. Talið er að af þeim, sem spurðir voru, hafi um 13.8% hættuleg einkenni alkóhólista. Ef þetta hlutfall er þverskurður af þjóðinni geta menn búið til einfalt reikningsdæmi og fundið út hve margir Íslendingar neyta áfengis þannig að þeir séu í hættu.

Mig langar, herra forseti, að vitna hér í íslenska haglýsingu, ritgerð á vorönn, sem tveir háskólanemar hafa gert, Ólafur Jón Ingólfsson og Ólafur Tryggvason. Hún fjallar um sölu og verðlagningu á áfengi hér á landi á tímabilinu 1969—1978. Þar kemur m. a. fram að á stríðsárunum síðari, 1938—1942, var hagnaður Áfeng-

is- og tóbaksverslunar ríkisins í hlutfalli við heildartekjur ríkissjóðs innan við 10%, en nær síðan hámarki 1944 og er þá 22.7%. Hefur hlutfallið aldrei verið hærra. Síðan hefur þetta hlutfall farið nokkuð sígandi og er 9.8% 1969.

Í þessari skýrslu kemur margt fróðlegt fram. Það er t. d. niðurstaða þessarar athugunar, að eftir því sem framboð á áfengi eykst, eftir því eykst drykkjan. Þetta kemur heim og saman við þær athuganir vísindamanna sem eru nú alfarið þeirrar skoðunnar, þeir sem mest fjalla um þessi mál, að það dugi ekki lengur að beina geir sínum að áfengissjúklingunum sjálfum, heldur verði að fara að snúa sér að áfenginu sem slíku og athuga hvaða möguleikar eru fyrir hendi á því að draga úr áfenigsneyslunni, draga úr möguleikum almennings á því að verða sér út um áfengi.

Í þessari ritgerð kemur fram niðurstaða sem mér finnst býsna merkileg og ég held að hafi ekki komið fram á þingi áður. Það er í sambandi við athugun sem nýlega var gerð að tilhlutan fjmrn., þar sem kannað var á fræðilegan hátt hve mikið áfengi mætti framleiða úr því magni bruggefna sem stærsti innflutningsaðili þessara efna flutti inn á árinu 1978. Niðurstöður þessarar athugunar leiddu í ljós, að úr því magni, sem flutt var inn árið 1978, mátti framleiða áfengi sem jafngilti 175 þús. lítrum af 40% sterku áfengi. Þannig held ég að mönnum hljóti að vera ljóst að sú viðbót, sem heimabruggunin hefur orðið á áfengisneyslu Íslendinga, er mjög umtalsverð.

Nú er ég persónulega þeirrar skoðunar, að um áfengismál og áfenigsneyslu þýði ekki að ræða af ofstæki bindindismanna né þeirri reynslu eingöngu sem fyrrv. alkóhólistar hafa og þau samtök sem berjast á þeim vettvangi, þ. e. SÁÁ. Ég held að hér verði ríkisvaldið almennt að koma til, menn verði að tala um þetta sem eitt af höfuðvandamálum þjóðarinnar á heilbrigðissviðinu, gera sér grein fyrir því, að hér er á ferðinni sjúkdómur, kvilli, faraldur sem við verðum að snúast gegn. Ég er tvímælalaust þeirrar skoðunar, að við hér á Íslandi stöndum núna í svipuðum sporum og Finnar gera. Finnar eiga við ógnvænlegt áfengisvandamál að stríða sem hefur aukist þar ár frá ári, þannig að það er nú orðinn slíkur faraldur að ekki ræðst við neitt.

Ég er þeirrar skoðunar, að margar leiðir komi til greina. Ég tel t. d. að það verði að eyrnamerkja ákveðinn hundraðshluta af sölu ÁTVR til fræðslustarfsemi. Ég gat þess áðan, að Bandaríkjamenn notuðu 6—7% — það er raunar 8% — af heildartekjum til fyrirbyggjandi aðgerða, en Íslendingar nota 2—3% af tekjum sínum af áfengissölunni. Það eitt út af fyrir sig er hneisa. Ég held að það sé hneisa fyrir íslensku þjóðina, „siðaða þjóð," að þegar áfengi var hækkað um 18% var það gert til að ná endum saman í fjárlögum, eins og kom fram í frétt frá fjmrn. á dögunum, en ekki til að hamla gegn áfengisneyslu. Til að ná endum saman í fjárlögum! Það er sem sé ógæfa hundruða og þúsunda manna sem er höfð að fjáraflaaðferð fyrir ríkissjóð. Nú er ég ekki að segja að það verði allir alkóhólistar sem bragði brennivín, sem betur fer, en því miður verða þeir allt of margir.

Ég held að það sé fyllilega athugandi að taka upp kerfi það sem Færeyingar nota, t. d. kortasöluna, og hún ætti að gilda líka um veitingahúsin, því að þá koma skattpeningarnir til skila. Ég held að þessi kort ætti að selja á 5 eða 10 þús. kr. hverjum þeim manni sem aldur hefði til að kaupa sér áfengi, og þyrfti að sýna þau í hvert skipti sem hann festi kaup á áfengisflösku.

Þá er ég þeirrar skoðunar, að það eigi að leggja skrásetningargjald á áfengisinnflytjendur. Ég vil ekki nefna neinar tölur í því sambandi, en mér finnst alveg ástæðulaust að tugir manna hér á landi hafi af því umtalsverðar tekjur að skrifa ÁTVR bréf einu sinni á ári um annaðhvort endurnýjun á umboðsleyfi fyrir einhverjar ákveðnar áfengistegundir eða innflutning, hafi síðan nákvæmlega ekkert fyrir og hirði tekjurnar af áfengissölunni. Hví skyldu þeir ekki greiða ríkinu skatta af þessum leyfum sínum?

Þá er ég þeirrar skoðunar, að kennarar, sem fá réttindi til kennslu í grunnskólum hér á landi, fái þau réttindi ekki nema því aðeins að þeir fari á námskeið, þar sem fjallað er um áfengismál, og gangi í gegnum ákveðinn skóla í þeim efnum, þannig að þekking þeirra á áfengismálum verði góð.

Ég vil benda á þá skoðun SÁÁ-manna, sem ég held að hafi hvað mesta þekkingu á þessum málaflokki af öllum sem um hann fjalla, að um 250 manns látist hér á landi á hverju einasta ári, beint eða óbeint af völdum áfengis, þ. e. af völdum ofneyslu áfengis. Ég vil líka benda á þann gífurlega fjölda manna sem á hverju ári er tekinn ölvaður við akstur. Hafa þm. hugleitt hvað að baki liggur þegar maður er tekinn ölvaður við akstur? Ég hygg að einmitt á þessu sviði sé að leita ástæðna sem leitt gætu til þess, að það mætti fyrirbyggja umtalsverðan fjölda af þeim ofneyslutilvikum sem við vitum um. Maður, sem ekur bíl undir áhrifum áfengis, hlýtur að vera þannig á sig kominn vegna áfengisneyslu og andlega að það sé ástæða til að félagsfræðingur spjallaði við hann, þó ekki væri meira, daginn eftir í stað þess að honum sé stungið í tugthús. Ég vil líka benda á að lögreglan í Reykjavík getur sagt þm. margar sögur af því, hvernig ástatt er, ekki eingöngu frá þeim mönnum, sem sjást áberandi ölvaðir, heldur hinum líka sem yfirleitt sést aldrei á, stunda sína vinnu daginn út og daginn inn, en neyta áfengis í óhófi engu að síður. Þessi tilvik eru miklu, miklu fleiri en nokkurn hér inni grunar. — Það, sem er kannske alvarlegast, er að ofdrykkja meðal húsmæðra er að færast mjög í aukana. Húsmæðrum, sem sitja einar heima eftir að börnin eru flogin úr hreiðrinu, er mjög hætt við að verða áfenginu að bráð.

Herra forseti. Í þessari till. til þál., sem þingflokkur Alþfl. flytur segir að Alþ. álykti að skora á ríkisstj. að hún láti nú þegar undirbúa tillögur að stefnu hins opinbera í áfengismálum, sem byggist á þeim grundvallaratriðum að dregið verði úr heildarneyslu vínanda, að stórauka skipulagða fræðslu og upplýsta umræðu um áfengismálastefnu, að skilgreina eðlilega uppbyggingu „meðferðarkeðju" og auka stuðning við áhugamannasamtök, að verslun ríkisins með áfengi leggi ríkisvaldinu þær skyldur á herðar að vinna gegn ofneyslu vínanda með fyrirbyggjandi starfi og fræðslustarfsemi og skyldi jafnframt hið opinbera til að liðsinna þeim er eiga við áfengisvandamál að stríða.

Síðan eru þessi stefnuatriði rökstudd og í grg. fjallað um þennan áfengisvanda, að ég vona á tiltölulega hlutlausan hátt. Þar er getið margvíslegra upplýsinga um áfenigsneyslu almennt, áhrif áfengisneyslunnar. Ég vil fara um það nokkrum orðum, með leyfi forseta:

„Í tölum frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni kemur fram, að á árabilinu 1960—1972 hafi framleiðsla í heiminum á léttum vínum aukist um 20%, á sterkum

vínum um 60% og á bjór um 80%. Í 25 löndum, þar sem fengist hefur nákvæmt eftirlit um áfengisneyslu, hefur neysla aukist um 30—500% á hvern íbúa."

Í þessum efnum ber þess að geta, að nýfrjálsu ríkin, t. d. Afríkuríkin, hafa orðið verst úti af þessum sökum.

„Að sama skapi hefur afbrotum, sem tengd eru áfengisneyslu, farið fjölgandi. Í nokkrum löndum er talið, að um 50% allra afbrota séu framin í tengslum við neyslu áfengis. Ofan á það bætast svo umferðarslys, slys á vinnustöðum og í heimahúsum."

Fjarvistir frá vinnu, samdráttur í afköstum og fleiri þættir eru af þessum toga spunnir. Það er ekki fjarri því að afbrotatalan hér á landi nái þessum 50 hundraðshlutum og eru þá talin með afbrot af hvaða tagi sem er, m. a. það að aka bíl ölvaður.

„Til misnotkunar áfengis má einnig rekja beina fátækt og vanrækslu heimilis og barna. Mikil aukning hefur orðið á tíðni sjúkdóma, sem eru beinlínis tengdir ofneyslu áfengis. Nefna má skorpulifur, nýrna- og hjartasjúkdóma og krabbamein. Tíðni sjálfsmorða meðal fólks, sem á við alvarlega áfengissjúkdóma að stríða, er 80 sinnum meiri en hjá öðrum.

Í Bandaríkjunum hefur verið reiknað út, að beinn kostnaður af völdum ofneyslu áfengis, þ. e. kostnaður heilbrigðisþjónustu og félagsmálaþjónustu, sé 25 milljarðar dollara á ári. Í flestum löndum, sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur fengið skýrslur frá, fer þessi kostnaður vaxandi með hverju árinu sem líður."

Í nákvæmri rannsókn, sem gerð var á tengslum áfengisneyslu og glæpa, kemur í ljós, að áfengi var með í spilinu í 13—50% allra nauðgana, 24—72% rána og 28—86% morða. Þá hefur verið sannreynt að það kemur mjög víða við sögu þegar börnum er misþyrmt, og þarf ekki að leita út fyrir okkar góða land til að finna dæmi um það.

„Það vakti mikla athygli á síðasta ári, er heilbrigðisráðherra Bandaríkjanna lagði skýrslu fyrir Bandaríkjaþing er staðfesti fyrri upplýsingar í skýrslu er hann lagði fyrir þingið 1974 um það tjón sem áfengisneysla hefur í för með sér. Er talið að áfengisneysla kosti Bandaríkjamenn nærri 43 milljarða dollara á ári þegar á heildina er litið. Áfengisneysla þar í landi er 10.2 lítrar af hreinum vínanda á hvern íbúa 14 ára og eldri."

Skiptingin á þessu tjóni er þannig, að framleiðslutap er áætlað 19.6 milljarðar, til heilbrigðismála 12.7 milljarðar, vegna bifreiðaslysa 5.1 milljarður, vegna ofbeldisglæpa 2.9 milljarðar, vegna félagsmála 1.9 milljarðar og vegna bruna 0.4 milljarðar. Tekið er fram í skýrslunni að þessar tölur séu varlega reiknaðar.

„Við setningu ársþings Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar í Genf haustið 1978 lagði aðalforstjórinn, Halfdan Mahler, áherslu á nauðsyn þess, að sem skjótast yrði rönd reist við áfengisbölinu í heiminum. Hann beindi þeim tilmælum til ríkja, sem aðild eiga að stofnuninni, að þau settu lög er stuðluðu að minni áfengisneyslu. Hann benti á, að tiltæk ráð væru hærra áfengisverð, minni framleiðsla, innflutningshömlur og fækkun dreifingarstaða áfengis."

Þessar tillögur koma mjög heim og saman við tillögur bandarískra heilbrrh., sem var getið áðan. Hann segir m. a. í tillögum sínum, að halda skuli áfengisverði háu m. a. með skattlagningu, fækka eigi vínveitingahúsum og áfengisútsölum, draga úr styrkleika áfengis, auka eftirlit með áfengisauglýsingum, hækka lögaldur vegna áfengiskaupa og setja reglur um ritun viðvarana á áfengisflöskur.

Ég vil benda á í þessu sambandi rannsókn sem þeir dr. Tómas Helgason, Jóhannes Bergsveinsson yfirlæknir og Gylfi Ásmundsson sálfræðingur gerðu nýlega, en um hana segir dr. Tómas:

„Þeir, sem bjuggu í þéttbýli, þar sem hægara var að nálgast áfengi en í dreifbýlinu, höfðu 13% líkur til að vera drykkjusjúkir og nærri 20% líkur til þess að verða ofdrykkju að bráð. En aðeins 4% karla, sem voru búsettir í dreifbýli, þegar þeir voru 14 ára, áttu á hættu að verða drykkjusýki að bráð."

Þetta telur dr. Tómas að komi mjög vel heim og saman við kenningar um að unnt sé að draga úr heildarneyslu áfengis með því að fækka dreifingarstöðum. Allar rannsóknir benda til þess, að fimmti hver maður, sem byrjar að neyta áfengis verði að líkindum ofdrykkjumaður. Þetta eru ekki fullyrðingar bindindismanna eða siðapostula af nokkru tagi. Þetta eru ekki fullyrðingar fyrrv. alkóhólista. Þetta eru vísindalegar staðreyndir sem ekki verður horft fram hjá.

Þá vil ég að lokum, með leyfi forseta, fá að lesa hér það sem ég tel að sé kjarni þessa máls:

„Vandamál af völdum áfengisneyslu eru nú þegar veruleg á Íslandi, en komast þó ekkert nálægt því sem þau eru í vínyrkjulöndum eins og t. d. Frakklandi, en þar er talið að um það bil helmingur af öllum útgjöldum til heilbrigðismála fari í að fást við heilsutjón af völdum áfengisneyslu. Það virðist því mjög tímabært fyrir lönd, sem ekki eru jafnilla á vegi stödd í þessum málum, að marka stefnu til að afstýra slíku ástandi.

Áfengisvandamál fylgja óhjákvæmilega áfengisneyslu. Nokkur hluti áfenigsneytenda getur ekki haft stjórn á neyslu sinni og skaða þeir sjálfa sig, fjölskyldu sína og samfélagið í heild (ofurölvun, ofbeldi, lögbrot, slys, vinnutap, hjónaskilnaðir, alkóhólismi, heilsutjón).

Áfengisbann er óframkvæmanlegt nú á tímum. Það skerðir gróflega persónurétt áfenigsneytenda, en mikill meiri hluti þeirra getur haft stjórn á neyslu sinni. Önnur vandamál við áfengisbann: smygl, heimabrugg, aukin lyfjaneysla, samskipti við ferðamenn o. fl.

Markmið áfengismálastefnu er því ekki hægt að setja hærra en að halda í lágmarki þeim vandamálum, sem af áfengisneyslu leiðir.

Leiðir að þessu marki skiptast í tvo meginflokka:

1. Aðgerðir til að fást við vandamál, sem þegar hafa skapast, og er þar langstærsta verkefnið meðferðarkeðja fyrir áfengissjúklinga (afvötnunarstöðvar, endurhæfingarstöðvar, félagsráðgjöf, drykkjumannahæli). Enn fremur skipulögð fræðsla í skólum og fjölmiðlum, stuðningur við áhugamannasamtök (SÁÁ, AA, bindindishreyfingu).

2. Fyrirbyggjandi aðgerðir. Sérfræðingar á sviði áfengismála eru sammála um eftirfarandi: a) Heildarneysla á áfengi í hverju samfélagi (á íbúa á ári) ræður tíðni áfengisvandamála í framtíðinni. T. d. ef heildarneyslan tvöfaldast, þá fjórfaldast áfengisvandamálin. b) Hægt er að stýra áfengisneyslu með verðlagningu og takmörkun á dreifingu. c) Það er því grundvallaratriði í áfengismálastefnu að halda heildarneyslu í skefjum.

Vegna eituráhrifa sinna og ávanahættu er áfengisneysla nær alls staðar háð eftirliti og takmörkunum." — Það má raunar skjóta því hér inn í, að það er nánast

furðulegt í siðuðum samfélögum, sem hafa viðurkennt áfengið sem neysluvöru, neysluvarning, að sett eru upp mikil bákn til þess að berjast gegn öðrum eiturefnum. Áfengið sem slíkt er í eðli sínu ekkert minna eiturefni en hass. Það er dómur lækna og sérfræðinga. Í þessu felst í hverju þjóðfélagi viss tvöfeldni, þ. e. að banna eitt eiturefni, en leyfa annað. Ég nefndi hassið sem dæmi. Það eru til fleiri eiturefni en hass. Ég er enginn stuðningsmaður þess. — „Hér á Íslandi hefur stjórntækjum áfengisneyslu (verðlagning og dreifikerfi) verið beitt meira en í flestum öðrum löndum. Nauðsynlegt er að þessi stýring eigi sér ekki eingöngu stað í lögum, heldur einnig í sterku almenningsáliti. Skipulagða fræðslu og upplýsta umræðu um áfengismálastefnu hefur vantað af hálfu stjórnvalda.

Heildaráfengisneyslu Íslendinga hefur verið haldið í skefjum með háu verðlagi og gisnu dreifingarkerfi. Með því að leyfa heimabrugg verða stjórntæki áfengisneyslu óvirk eða mun minna virk en ella.

Ef heildarneysla á alkóhóli eykst virðist skaðsemin jafnmikil hvort sem aukningin stafar af sterkum eða léttum vínum eða bjór. Hættan við bjórinn er að hann bætist hreinlega við þá neyslu, sem fyrir er, án þess að breyta henni að öðru leyti. Er þetta reynsla annarra þjóða, sérstaklega þar sem dreifing á bjór hefur verið með annarri matvöru. Það er hins vegar fræðilega mögulegt, að innleiða bjór þannig að hann ryðji úr vegi sterkari tegundum, en til þess þarf að beita markvisst verðlagningu og dreifingarkerfi.

Drykkjusiðir Íslendinga einkennast af sterkvínsdrykkju (85%) þar sem mikið magn er tekið á skömmum tíma. Erfitt er með stjórnaraðgerðum að breyta drykkjusiðum, en þó hafa stjórnvöld stuðlað að því að viðhalda þessum drykkjusiðum með því að verðleggja brennivín ódýrar en aðrar tegundir (a. m. k. til skamms tíma). Líkur benda til, að „ölvunardrykkja" leiði fremur til myndunar alkóhólisma heldur en ef sama magni er dreift jafnar yfir lengri tíma. Það má því leiða rök að því, að það sé til bóta að innleiða létt vín eða bjór í stað sterkra vína, ef það tekst án þess að auka heildarmagnið.

Að lokum er vert að benda á margvíslega möguleika ríkisvaldsins til að draga úr áfengisneyslu með einföldum ákvörðunum. Nefna má stöðvun allra áfengisveitinga á vegum hins opinbera og stofnana hins opinbera svo og stöðvun á sölu á tollfrjálsu áfengi." — Þá er átt við fríhafnir, flugvélar og skip raunar líka.

Það, sem ég hef nú lesið, er niðurstaða eins færasta sérfræðings Íslendinga á sviði áfengismála. Sá maður er læknir og hefur starfað að lækningu áfengissjúklinga og átt samstarf við flesta þá sem um þessi mál hafa fjallað. Hann veit því fullkomlega hvað hann er að tala um.

Herra forseti. Ég mun ekki orðlengja þetta meira, enda ræða mín orðin þriggja stundarfjórðunga löng, líklega sú lengsta sem ég hef haldið hér á þingi, enda ekki mikið fyrir að tala of lengi. En ég vil eindregið vænta þess, að þm. forðist að líta á þetta mál sem eitthvert einkamál Alþfl. Það er það ekki. Þetta er mál alls Alþingis og allra þm. þó að Alþfl. hafi lagt þetta mál fram hér á þingi um mörkun opinberrar stefnu. — Ég sagði að það væri ekki einkamál Alþfl. Drykkjuvandinn er ekkert meiri þar en annars staðar. (**Gripið fram í:** Ja, eitthvað er það.)

Ég vil fyrir alla muni biðja menn um að forðast að ræða þetta sem eitthvert sérstakt og einstakt og afmarkað mál. Þetta er mál sem kemur okkur öllum við sem hér erum inni. Ég man eftir því, að fyrir mörgum árum, þegar ég var þingfréttaritari hér á þingi, þótti það nánast nokkuð fínt þegar þm. komu ölvaðir á þing. Þetta er löngu liðin tíð. Það er líka löngu liðin tíð, vegna breytts almenningsálits, að það þyki fínt að vera drukkinn í vinnu eða timbraður í vinnu. Það er ekki lengur litið á slíkt sem einhver „sniðugheit." Menn eru farnir að átta sig á því, að hér er á ferðinni svo alvarlegt heilbrigðismál að fram hjá því getur enginn horft. Það er m. a. af þeim sökum að þetta mál er flutt hér á þingi. Ég vil í þeim efnum benda á að Norðmenn hafa nú þegar markað opinbera stefnu í áfengismálum og hafa náð ótrúlega miklum árangri í baráttunni gegn áfenginu með aðgerðum sem sumum þykja bera vott um þröngsýni og bjálfahátt, en eru fjarri því að vera það, einfaldlega vegna þess að sú stefna leitast við að draga úr heildarneyslu áfengra drykkja.

Helgi Seljan: Herra forseti. Ég vil þakka hv. 1. flm. þessarar till. fyrir bæði till. og eins ágæta og skorinorða framsögu fyrir þessu máli. Það er fjarri mér að þó að allur Alþfl. hafi raðað sér á þessa till. reikni ég með því að þetta sé eitthvert sérmál hans. Ég vona að okkur hinum leyfist þess vegna að blanda okkur í umr., eins og hann réttilega tók fram. Um það má kannske deila, hvort við í öllum flokkum hefðum ekki átt alveg eins og frekar að koma okkur saman undir forustu 1. flm. þessarar till. um ákveðin heildstæð atriði sem við gætum stefnt að og flutt í sameiningu inn í þingsalina. Að mörgu leyti hefði það verið æskilegra, en þar hefur hver maður sinn smekk.

Það ber að fagna opinskárri umræðu um áfengismálin hér í sölum Alþingis, og ég tek undir það, sem hv. 1. flm. sagði um það mál, að þær umr., sem hér hafa farið fram oft og tíðum, hafa ekki aðeins farið í taugarnar á mönnum, heldur sérstaklega í hláturtaugar manna. Áfengismálin hafa mjög oft verið gerð að eins konar gamanmálum á Alþingi. Ég hef aldrei skilið hvað menn hafa kæst oft innilega í þessum sölum þegar þau vandamál hafa komið til umr. Það hefur auðvitað að ýmsum misjöfnum þáttum þeirra verið vikið og á misjafnan hátt, en engu að síður ætti engum, sem hér er inni, að dyljast alvara þeirra mála ekki síst eftir að hafa heyrt ýmislegt af því sem hv. 1. flm. till. upplýsti okkur um áðan. Við vissum reyndar mörg um þetta fyrir og kannske flest eða öll, en það eru engu að síður staðreyndir sem aldrei verða of oft rifjaðar upp.

Ég er einn af hinum svokölluðu bindindismönnum sem hafa fengið á sig þann stimpil sem hv. 1. flm. minnist á áðan að væri ofstækisstimpill. Það kann að vera að þegar ég var á unga aldri formaður Sambands bindindisfélaga í skólum hafi ég verið á því stigi sem kalla má oftækisstigið, eins og sumir kalla. Raunveruleikinn, sem við blasir, hefur þó smám saman fært mig algjörlega að þeim sama raunveruleika og kennt mér að horfast blákalt í augu við þær staðreyndir sem fyrir liggja, viðurkenna sumar þeirra, neita að viðurkenna aðrar að vísu, — staðreyndir sem eigi ekki að vera óbreytanlegar. Því er það svo, að með viðræðum við fjölda aðila í þjóðfélaginu og reynslu áranna held ég að ég geti einungis talið mér það til tekna í þessum umr. að vera bindindismaður. Hins vegar getur vel verið að í sumum atriðum fari skoðanir mínar og ýmissa annarra hér inni ekki saman í öllum greinum, en það gildir jafnt um menn sem bragða áfengi og jafnvel drekka mikið og bindindismenn annars vegar og áfengisneytendur hins vegar.

Um skyldu Alþingis og skyldu löggjafans til að marka stefnu þarf ekki að fara mörgum orðum. En það er vissulega svo, að vandi fylgir þessari skyldu. Ég er sannfærður um í þessari umr. allri, sem hér verður á eftir og ég heyri nú þegar að verður mikil, sem betur fer, lítum við bæði misjöfnum augum á þennan vanda þrátt fyrir allt og við höfum býsna ólíkar skoðanir á honum og þó alveg sérstaklega þegar kemur að því, hvernig við eigum að leysa úr þessum vanda.

Þegar við ætlum að móta áfenigsmálastefnu finnst mér að við verðum að athuga tvennt alveg sérstaklega. Eigum við að hafa ríkjandi almenningsálit sem undirstöðu þeirrar stefnu, reyna að laga áfengismálastefnuna að því *almenningsáliti sem ríkjandi er varðandi áfengismál, eða* eigum við að setja upp ákveðin stefnumarkandi atriði, vinna að þeim og laða almenningsálitið síðan að þeim atriðum? Þetta er mjög til umhugsunar og má í raun og veru fara báðar leiðirnar og blanda þar einhverju saman eflaust. En án jákvæðs almenningsálits til slíkrar áfengismálastefnu, annaðhvort fyrir eða þá smátt og smátt, er óhugsandi að framkvæma hana. Þetta mæli ég af raunsæi bindindismannsins, þrátt fyrir að ég þykist vita nokkurn veginn örugga leið fram hjá áfengisvanda t. d. hjá sjálfum mér og öðrum slíkum.

Ég held nefnilega að hugarfarsbreyting með einhverjum hætti sé nauðsynlegust alls. Hv. 1. flm. kom inn á það áðan, að nú þætti ýmislegt varðandi áfengisneyslu ekki fínt. Þetta er að mörgu leyti rétt. En það eru aðrir þættir *sem hafa komið inn í staðinn sem þykja fínir og eru ekki* síður til umhugsunar en þeir sem hv. 1. flm. minntist á, bæði varðandi vinnu og vinnustaði, og tók sérstaklega sem dæmi þann vinnustað sem við erum á. Ég held nefnilega að ýmis tískufyrirbæri nútímans kalli á það, að unga fólkið og reyndar við hin einnig lítum einmitt á þetta sem nauðsynlegan þátt til dæmis í samkvæmis- og skemmtanalífinu — kannske fyrst og fremst. Í staðinn fyrir að mönnum þyki e. t. v. einhver vanvirða að því, án þess að ég vilji fullyrða að öllum þyki vanvirða að því að mæta drukknir á vinnustað eða timbraðir á vinnustað eða illa fyrir kallaðir held ég að mönnum þyki það enn sjálfsagðara að mæta ekki þannig í samkvæmi eða mæta ekki þannig til skemmtunar sér að þeir séu ekki meira og minna undir áhrifum.

Ömurlegustu dæmin, sem ég hef af því, eru þegar fólki er hóað saman í ýmis boð á vegum opinberra aðila og mönnum tekst á ótrúlegum tíma, kannske vegna þess að veigarnar eru ókeypis, að verða þar býsna ölvaðir, og ég tala nú ekki um þegar maður sér meiri hlutann af þeim aka á bílum sínum úr sömu samkvæmum. Inn á það atriði kom hv. 1. flm. og ég ætla ekki að fara nánar inn á það. En mig hefur oft langað til að fara fram á það við lögregluyfirvöld að þau athuguðu það sérstaklega eftir opinber boð af ýmsu tagi að mæta við lok þeirra og líta svolítið nánar á fólkið sem þar væri að koma út og gengi inn í bílana sína.

Ég skal ekki deila um hvað á að taka fram í svona till. Það er mjög erfitt að átta sig á því. Ég verð t. d. stöðugt í meiri vandræðum með hvernig taka skuli á þessum *málum. Ég hafði einu sinni á þessu einfalda lausn, sem* vikið er að efst á bls. 4, þ. e. áfengisbann. Ég held að hvað sem menn vilja segja um áfengisbannið, sem hér var í gildi áður fyrr, getum við líka tekið undir að þó að mörg mistök hafi þar e. t. v. verið gerð, margt farið öðruvísi en menn ætluðu, þá var það bann í heild til góðs. En við verðum líka að gæta að því, að að baki því banni stóð mjög öflugt almenningsálit í landinu. Annars hefði það ekki verið samþykkt með þeim hætti sem raun ber vitni.

Þegar menn segja að fólk kalli alltaf á meiri og meiri fjölbreytni, meira og meira framboð af áfengi, bendi ég á að þetta er ekki heldur rétt. Þetta er ekki heldur rétt þrátt fyrir allt. Þegar fólk, t. d. í tveimur sveitarfélögum nú við síðustu kosningar, minnir mig það vera, eða kosningarnar þar áður, stóð andspænis þeirri alvarlegu spurningu, hvort leyfa ætti áfengisútsölu í bæjarfélagi þeirra eða ekki, þá var yfirgnæfandi meiri hluti gegn þessu, felldi það að færa áfengið nær dyrum sínum, og voru þó bæði bæjarfélögin, að mig minnir, í nokkurri nálægð við aðalstöðvarnar.

Í fyrsta lagi er vikið hér að því grundvallaratriði að dregið verði úr heildarneyslu vínanda, og þá spyr ég auðvitað: Hvernig? Með hvaða hætti? Að því er nokkuð vikið í nánari skilgreiningu á þessari till. og það er m. a. vikið að verðlagningunni. Verðlagningin á áfengum drykkjum í dag ætti að geta verið nokkuð vegvísandi um þetta. Mér er sagt, án þess að ég viti það, að léttari vín séu t. d. fjórum til fimm sinnum ódýrari en t. d. þau sterkustu og þau sem eru kannske hvað mest drukkin og sú verðlagning hafi nokkuð lengi viðgengist hér að hækka verðlagningu léttu vínanna miklu minna en sterku vínanna. Engu að síður hefur þetta ekki breytt drykkjuvenjum Íslendinga og virðist hafa sáralítið gildi, nema, að því er þeir segja mér, sem best vita um þessi mál og hafa kynnt sér þetta best, m. a. aðilar hjá SÁÁ, *nema* e. t. v. helst hjá yngra fólki, þar beri nokkuð á þessu vegna hreinlega peningaleysis þess, skólafólks t. d. alveg sérstaklega.

Það er vikið að því að stórauka beri skipulagða fræðslu og upplýsta umræðu um áfengismálastefnu, og þá kemur auðvitað að því: Fyrst verðum við þá að marka stefnuna og átta okkur á því, hvernig við getum laðað fólk þar að, og þar kemur að hinum mikla vanda. Menn tala mikið um boð og bönn í þessu sambandi, og það verð ég að segja, að þegar kemur að þeim þætti hef ég sannarlega rekið mig á ofstæki. Það ofstæki kemur ekki frá bindindismönnum. Það ofstæki kemur frá öðrum, sem heimta að í þessu efni séu helst engin boð og engin bönn — alls ekki. Þetta fylgir þá því, að ef þessir menn halda áfram að miðla sinni speki varðandi það, að hér eigi að afnema öll *boð og bönn, verða þeir að réttlæta um leið alla þá* fylgifiska sem áfenginu eru samfara. Menn verða þá að taka undir það, að sjálfsagt sé að menn valdi óþægindum og óspektum, að menn svipti sig ráði og rænu að menn eyðileggi heimili sitt, að menn fremji hvers konar afbrot og jafnvel drepi menn. Menn verða að halda áfram alla leiðina ef menn vilja halda því fram, að í þessu tilfelli, einmitt varðandi áfengismálin, gildi engin boð og engin bönn. — Og ég sé meðal flm. þessarar till., sem hér um ræðir, einmitt menn sem hafa haldið þessu blákalt fram. — Það verður að átta sig á því, hvaða boðum og hvaða bönnum við getum staðið að og á hverju okkur er stætt gagnvart fólkinu í landinu.

Það er sagt hér á bls. 4 að áfengisbann mundi skerða gróflega persónurétt áfengisneytenda. Ég er ekki að neita þessari fullyrðingu. En ég bendi hins vegar á að áfengisneyslan hefur í för með sér oft og tíðum miklu meiri heftingu en nokkur boð og bönn geta haft í för með sér, — félagslega heftingu ýmiss konar þegar fólk lendir út í að geta ekki umgengist annað fólk en þá sem eru á sama báti og það. Ég tala ekki um þau ýmsu félagslegu

vandamál og heilbrigðislegu vandamál sem snerta vinnuafköst, sem snerta vanlíðan fólks, að ekki sé talað um móralinn eða raunverulega sjúkdóma og slys sem leiðir af áfengisneyslu. Ég er ekki að neita því, að áfengisbann sé harkaleg leið, en ég er að benda á að hefting af völdum áfengisneyslu er gífurleg og það er aldrei lögð of mikil áhersla á það því að enginn maður verður aumari þræll að mínu viti en sá sem verður áfenginu að bráð á þann hátt að vín og aftur vín er eina hugsun hans.

Síðan er vikið að því að skilgreina eðlilega uppbyggingu meðferðarkeðju og auka stuðning við áhugamannasamtök. Um þetta held ég að við getum verið fyllilega sammála. Stuðningur ríkisvaldsins við ýmis samtök, sem bæði berjast hér gegn með fyrirbyggjandi aðgerðum og eru eins til hjálpar, er vissulega nauðsyn. Við skulum ekki gera of lítið úr því, að allt of lítill hluti af þjóðartekjum okkar fer til þess að berjast gegn þessu vandamáli. Ég er hins vegar á því, að verslun ríkisins út af fyrir sig leggi ekki ríkisvaldinu neinar skyldur á herðar umfram það sem þyrfti annars að gera, síður en svo. Hvort sem væri yrðu skyldurnar ótvíræðar. Og ég fyrir mitt leyti, þrátt fyrir allt, held að það sé þó illskást að ríkið hafi með sölu á áfengi að gera úr því að hún er á annað borð leyfð.

Ég held að það þurfi alveg sérstakan stuðning við ungt fólk í þessum efnum. Ungt fólk, sem vill vinna að þessum málum sem betur fer er líka til þrátt fyrir allar hinar dökku hliðar, þrátt fyrir allt er vaxandi hópur ungs fólks sem vill berjast hér í gegn, hlýtur að vera hægt að virkja nákvæmlega eins varðandi áfengið og varðandi reykingarnar sem umtalsverður árangur hefur óneitanlega náðst í.

Á bls. 4 er vikið að fjöldamörgum atriðum sem vissulega vekja ýmsar hugleiðingar og hér væri hægt að tala um langt mál. Ég stansa t. d. við markmið áfengismálastefnu sem ekki er hægt að setja hærra en halda í lágmarki þeim vandamálum sem af áfengisneyslu leiðir. Ég hugsa þá með mér: Ætla menn þá að una ástandinu í dag? Ætla menn þá að sætta sig við það sem er í dag, með þá miklu áfengisneyslu sem er og miðað við það ástand, sem í dag er talað um, að einn af hverjum fimm vínneytenda verði alkóhólisti — eða þær tölur sem stundum eru nefndar: einn af hverjum tíu? Skiptir ekki máli hvor talan er rétt eða hvort einhver tala er þar á milli, — skiptir engu? Ætlum við að una því? Ég held að þeir, sem flytja till., og ábyggilega ekki hv. 1. flm., ætlist ekki til þess, að menn uni þessu ástandi, síður en svo. Ég held þess vegna að með áfengismálastefnu þurfi menn að setja markið hærra þrátt fyrir allt og hvernig sem menn ætla sér að komast að því marki.

Hér er vikið að heimabrugginu alveg sérstaklega. Það er mér kærkomið, að það skuli vera að því vikið. Hv. 1. flm. rakti það ágætlega hvernig innflutningur og sala á ölgerðarefnum hefur reynst í framkvæmd. Það vildi nefnilega svo til, að rétt eftir að þessi sala hófst vakti ég sérstaka athygli á henni og gerði margítrekaðar tilraunir til þess að þessi sala yrði stöðvuð. Þá var margbent á það, að hér væri ekki nema um sjálfsagt mál að ræða, menn flyttu inn efni, síðan yrði það að ráðast hvernig menn færu með þau og það væri síður en svo ástæða til þess að amast við því. Menn tóku meira að segja að sér hatramma vörn fyrir þetta, ekki hér í þessum sal, heldur fjöldamargir aðrir, því að um þetta talaði næstum enginn í þessum sal. Ég man eftir því, að hæstv. þáv. dómsmrh. Ólafur Jóhannesson svaraði fsp. minni um þetta efni og lýsti áhyggjum sínum varðandi þetta mál, sem vissulega þyrfti að taka til athugunar. En ég man ekki til þess að nokkur annar tæki undir áhyggjur mínar þá. Þvert á móti var það fullyrt æ ofan í æ úti í þjóðfélaginu, að sala þessara ölgerðarefna mundi örugglega ekki koma til með að hafa nein áhrif á áfengisneyslu Íslendinga, síður en svo. Sumir gengu svo langt að þeir fullyrtu að ef eitthvað væri mundi stórlega draga úr henni, þetta væri sá heimaiðnaður sem við ættum jafnvel að styrkja og vera í fremstu röð þegar við færum að byggja upp iðnaðarstefnu okkar o. s. frv.

Hér þarf sem sagt að staldra við, vegna þess að þegar við höfum verið að ræða um það, hvað langt við eigum að ganga varðandi takmarkanir á sölu áfengis, og ég tala nú ekki um ef komið er að áfengisbanni, þá hafa menn alltaf sagt: Áfengisbanni fylgja tveir ókostir umfram annað: smyglið annars vegar og heimabruggið hins vegar. Nú ríkir í þessu fullkomið frelsi og engu að síður eru það staðreyndir, sem allir viðurkenna í dag, að hvort tveggja viðgengst í ríkum mæli og heimabruggið ábyggilega, eins og hv. 1. flm. komst að orði áðan, í ríkara mæli en nokkru sinni þrátt fyrir allt frelsið í þessum efnum. Þetta vekur okkur til umhugsunar svo sannarlega, hvar við eigum að spyrna við fótum og hvað við eigum í þessu máli að gera.

Ég þekki orðalagið sem hér er varðandi sterk vín, létt vín eða bjór. Mér þykir vænt um að sjá fullyrðingu eins og þessa, sem er í þessari grein: „Hættan við bjórinn er að hann bætist hreinlega við þá neyslu, sem fyrir er, án þess að breyta henni að öðru leyti.“ Þetta eru orð að sönnu. En ég get hins vegar ekki annað en brosað, þó að tilefnið sé nú ekki broslegt, þegar sami ágæti sérfræðingurinn, sem ég veit að þarna er vitnað til, er að tala á eftir um fræðilega möguleika að innleiða bjór þannig að hann ryðji úr vegi sterkari tegundum, en til þess þurfi að beita markvisst verðlagningu og dreifingarkerfi. Mér þætti fróðlegt að vita hvernig þennan fræðilega möguleika ætti að framkvæma, enda held ég að þarna sé verið að samræma sjónarmið ákveðinna flutningsmanna í þessum efnum til þess að sú aðalmálsgrein, sem þarna stendur um hættuna af því að innleiða bjórinn, fari ekki of mikið í taugarnar á öllum þeim sem skrifa upp á tillöguna.

Síðan er komið að drykkjusiðum. Ég minnti lítillega á það áðan og skal ekki fara út í það frekar hér. Drykkjusiðir hafa vissulega tekið breytingum. Hin svokallaða „kanondrykkja“ hefur óneitanlega minnkað, sídrykkjan hefur aukist. Ég held að það fari ekkert milli mála. Menn eru á þeirri skoðun. Og spurningin er auðvitað um það, hvort er verra, hvort er líklegra til alkóhólisma t. d. Ég held að það fari ekkert á milli mála, að þeir, sem hafa gerst kynnst þessum málum varðandi vandamál áfengissjúklinga, eru ekki í neinum vafa um að stöðug drykkja, ekki mikil en stöðug, að maður ekki tali um sídrykkju, sé miklu líklegri til þess að menn verði alkóhólistar en „kanondrykkja“ nokkrum sinnum á ári. Það fer ekkert á milli mála. Ég held að allir séu um þetta sammála sem að þessu vinna. Ég hef enga aðra rödd heyrt. Þess vegna er ég ekki alveg samþykkur þeirri skilgreiningu sem hérna er: „Líkur benda til að „ölvunardrykkja“ (sem menn kalla „kanondrykkju“) leiði fremur til myndunar alkóhólisma heldur en ef sama magni er dreift jafnar yfir lengri tíma.“ Hér er það magnið á tímalengdinni og þróunin í þeim málum sem gildir. Þetta þróast hægt. Menn þróast hægt í áttina til þess að verða alkóhólistar

margir hverjir. Aðrir gera það auðvitað á styttri tíma. En ég held að það sé alveg ótvírætt, að í hinni stöðugu drykkju og neyslu áfengis alltaf öðru hvoru, að ekki sé nú talað um sídrykkjuna, sé alkóhólismahættan miklu, miklu meiri.

Ég skal svo sannarlega taka undir fræðsluþáttinn í þessum efnum. Auðvitað er fræðsluþátturinn, skipuleg fræðsla og hin upplýsta umræða, ekki fyrir hendi nema í mjög litlum mæli. Fræðsluþættir eða þættir af því tagi, sem voru t. d. í sjónvarpinu fyrir skömmu, hljóta samt sem áður þrátt fyrir allt að vekja til umhugsunar. Og stöðug umræða um þetta, vakandi umræða í þjóðfélaginu þannig að þetta sé ekki eins konar feimnismál og því síður gamanmál, hlýtur einnig að verða til þess að menn hugsi meira um vandann. Meinið er það, að þegar menn ræða um þennan vanda er hann einhvers staðar annars staðar. Hann er ekki hjá þeim sjálfum. Hann er ekki nálægt þeim sjálfum. Hann er einhvers staðar tölurvert langt í burtu frá hverjum einstökum.

Mér finnst að vandinn hljóti að vera í næstu nálægð við hvert einasta okkar, hætturnar og voðinn séu í næstu nálægð við hvert einasta okkar og við eigum þess vegna ekki að horfa á þetta mál úr þeirri fjarlægð sem menn gera oft og ekki heldur af þeirri vandlætingu í annarra garð sem heyrir nú að mestu fortíðinni til, en verður þó því miður vart við enn þá. Kannske eru það sumir af þeim, sem síst skyldi, sem láta vandlætinguna ná tökum á sér.

Um málið í heild mætti vissulega margt segja. Ég skal aðeins taka það fram, að ég vona sannarlega að núv. hæstv. dómsmrh. *taki á þessu máli alveg sérstaklega* og leggi helst sem fyrst fram opinbera stefnumörkun í þessum málum, sem við getum sem allra flest sameinast um.

Ég ætla aðeins í lokin, með leyfi hæstv. forseta, að benda á að þegar menn koma saman og gera ályktanir um þessi mál er það glöggt að menn eru nokkuð ráðþrota í því hvað gera skuli. Landssambandið gegn áfengisbölinu hélt fyrir skömmu þing sitt. Þar eru fulltrúar flestra stærstu félagasamtakanna í landinu. Ég er ekki að draga úr gildi þess sem þetta þing samþykkti, síður en svo, en það er þó glöggt að meginhlutinn af því, sem þar er samþykkt, er, þegar allt kemur til alls, hliðaratriði, þó mörg séu mikilvæg, og sýnir það að þar treysta menn sér ekki frekar en hér að taka raunhæft á þessum vanda. Til þess vantar meiri umræðu og virkari, að ég tali nú ekki um samræmingu þeirra skoðana sem uppi eru hjá þeim sem einlæglega vilja bæta hér úr. Þar þer okkur nefnilega dálítið saman, mér og hv. 1. flm., að við getum hvorugur okkar bent á í raun og veru nokkrar leiðir beinlínis sem við getum lagt til þegar í dag. Þeir hjá Landssambandinu gegn áfengisbölinu hvetja opinbera aðila eindregið til að beita sér gegn allri starfsemi er miðar að því að auka áfengisneyslu. Í því sambandi benda þeir á eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Landssambandið gegn áfengisbölinu skorar því enn einu sinni á alla opinbera aðila að hætta áfengisveitingum á sínum vegum. Ákvæði 16. gr. áfengislaga um bann við áfengisauglýsingum verði framfylgt af meiri festu en verið hefur. Umboðssala á áfengi í landinu verði endurskoðuð með sérstöku tilliti til áfengisvarna. Reynt verði að koma því svo fyrir, að sem fæstir einstaklingar hafi fjárhagslegan hagnað af sölu áfengis. Sölustöðum áfengis verði fækkað og sölutími styttur. Dregið verði með öllum tiltækum ráðum úr hagnaðarvon veitingastaða af áfengissölu og þar með úr eftirsókn eftir vínveitingaleyfum. Farið verði að lögum varðandi innflutning á áfengi. Ráðuneytum eða embættismönnum verði algjörlega óheimilt að veita afslátt af útsöluverði áfengis með tollfríðindum eða á annan hátt. *Óheimill* verði innflutningur efna og tækja til þess að auðvelda ölgerða áfengisbruggun í heimahúsum. Stöðvuð verði með öllu blöndun og sala hraðvíngerðarefna í landinu."

Ég get tekið undir hvert einasta atriði sem þarna er sagt. En ég bendi á að þetta er aðalályktun þessa landssambands og ekki frekar þar en í þessari till. eða í máli mínu nú er tekið beint og ótvírætt á vandanum með beinum og ákveðnum tillögum. Ég gæti kannske lagt fram mína gömlu till. um áfengisbann, en ég ætla að láta það bíða seinni tíma, þegar almenningsálitið verður orðið mér hagstæðara en það er í dag.

Jón Helgason: Herra forseti. Ég vil taka undir með þeim tveim ræðumönnum, sem hér hafa fjallað um þessa þáltill. um mörkun opinberrar stefnu í áfengismálum, að það er gott að ræða þessi mál hér. En við þurfum að gera meira en að ræða þau. Það þarf að verða eitthvað meira en umræðan. Við þurfum að ná einhverju takmarki í því máli sem till. fjallar um.

Ég hygg að allir séu sammála um að ástandið í áfengismálunum hjá íslensku þjóðinni hefur verið að versna síðustu ár og áratugi. Frsm. færði ýmis rök fram máli sínu til stuðnings. Hins vegar tel ég rétt að viðhorf séu nokkuð að breytast þannig að það er að verða meiri viðurkenning á því, hversu alvarlegar afleiðingar hin vaxandi áfengisneysla hefur.

Eitt er það sem frsm. minntist á, að nú þyrfti að fara að snúa sér að áfenginu sjálfu í staðinn fyrir að á síðustu árum hefur allt of mikið beinst að afleiðingunum. Við höfum kannske ekki gert of mikið að því að reyna að lækna afleiðingarnar, því það verður vitanlega að gera, en of lítið verið gert að því að reyna að koma í veg fyrir orsakirnar.

Frsm. ræddi hér um ofstæki bindindismanna og kenningu siðapostula. Þetta eru setningar sem oft hafa heyrst. En ég held að það, sem frsm. var að færa rök að í máli sínu, hafi verið einmitt þær staðreyndir sem af ýmsum hafa verið kallaðar ofstæki bindindismanna og kenningar siðapostula. Við vitum að það er viðleitni hjá þeim sem neyta áfengis, a. m. k. ákaflega mörgum, að fá sem flesta til að neyta þess með sér. Og eins og síðasti ræðumaður sagði, hv. 2. þm. Austurl., hefur gjarnan verið reynt að gera grín að bindindismönnum af þeim sem áfengis neyta. En það sem ég hef fyrst og fremst orðið var við sem kenningar bindindismanna er einmitt að benda á þær staðreyndir sem hv. frsm. benti rækilega á hér. Ég vil taka mjög stíft undir með honum að þetta er eitt af höfuðvandamálum þjóðarinnar. En bindindismennirnir hafa einmitt haldið því fram, að það væri hægt að draga úr neyslu áfengis með því að draga úr sölu þess og það væri hægt að halda heildarneyslu í skefjum, eins og kemur fram í ályktun sem kom frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni. Ég vil því taka heils hugar undir að Alþingi eigi að láta þetta mál til sín taka, og till. um það á mikinn rétt á sér hér á þingi.

Ég hafði rætt það aðeins við nokkra aðila eftir að þing kom saman, að við reyndum að ná viðtækri samstöðu um að flytja till. um þessi mál hér á þingi, en var ekki kominn lengra með það þegar þessi till. birtist. En ég verð að

viðurkenna að ég varð fyrir nokkrum vonbrigðum með það, að mér finnst að þessi till. marki ekki stefnu, a. m. k. ekki nægilega skýra. Í henni er skorað á ríkisstj. að undirbúa till. að stefnu hins opinbera í áfengismálum, og síðar er sagt að settar verði m. a. fram hugmyndir. Ég hefði talið æskilegt og vildi leggja áherslu á að sú n., sem fær þetta mál til meðferðar, reyndi að kveða nokkru fastar að orði. Mér finnst að ef þessi till. væri samþykkt óbreytt væri Alþ. að einhverju leyti að friða samviskuna með því að samþykkja till., en vísa málinu frá sér til ríkisstj. í stað þess að reyna að marka stefnuna sjálft í þessu mikilvæga máli með því að koma fram með einhver ákveðnari atriði.

Ég hef talið að eitt hið mikilvægasta í þessum málum væri að reyna að breyta viðhorfinu. Við vitum að yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar telur sjálfsagt að neyta áfengis, sjálfsagt að hafa það um hönd með máltíðum þegar vel á að vanda til. Ég held að það þurfi að hamra sem mest á því, hversu hættulegt þetta er, hversu afleiðingarnar eru slæmar og að það sé ekki sjálfsagt að hafa áfengi alls staðar á boðstólum.

Þetta hefur mér komið í hug þegar ég hef verið einhvers staðar á opinberum stöðum þar sem áfengi er veitt og standa þarf í stríði við það að fá eitthvað annað að drekka. Áfenginu er otað að hverjum einasta manni, en það þarf að standa í stríði við að fá eitthvað annað en það. Ég held að það ætti að banna það algjörlega með lögum að áfengi sé boðið á opinberum stöðum án þess að jafnframt séu á boðstólum óáfengir drykkir. Það er ekki lítill þrýstingur á að allir neyti áfengisins af þeirri venju sem nú tíðkast. Það eru ekki allir sem nenna að standa í því að biðja um eitthvað annað, og það þykir ekki fínt að standa með tómar hendur. Þetta er kannske ekki stórt atriði, en ég held þó að það gæti haft töluverð áhrif.

Ég ætla ekki að halda langa ræðu um þetta, til þess er ekki ástæða þar sem okkur er öllum ljós þessi vandi. Ég held að okkur sé einnig ljós sú ábyrgð sem á okkur hvílir í þessum málum. Þegar við lítum yfir hóp barna og unglinga verðum við, eins og ástandið er í dag, að spyrja okkur: Hve margra í þessum hópi bíður sú ógæfa að falla fyrir ofneyslu áfengis og verða þar misjafnlega mikið því áhangandi með ófyrirsjáanlegum afleiðingum og hörmungum? Ef við höfum þá mynd fyrir okkur held ég að við hljótum að vera sammála um að á þessum málum þarf að taka.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég skal ekki halda hér langa ræðu, en vil þó leggja inn nokkra umræðupunkta.

Eins og, vona ég, flest foreldri í þessu landi hefur ekki farið hjá því, að ég hafi reynt að lesa mér nokkuð til um þessi mál, og eitt get ég fullyrt, að till., sem hér liggur fyrir, gerir á of sterkan hátt ráð fyrir því, að það sé vitað hvað áfengissýki er. Það er ekki vitað. Um það held ég að öllum vísindamönnum beri saman. Það getur skipt verulegu máli, þegar ályktа skal um hvað gera skuli við áfengissýki, að við vitum raunverulega ekki hvaða fyrirbæri hún er. Mér er ljóst að til eru þeir hópar manna sem fullyrða að hér sé um líffræðilegan sjúkdóm að ræða, og ég skal ekki hafa á móti því né halda því fram. Ég veit það ekki frekar en þeir vísindamenn sem þessi mál hafa kannað. Uppi eru alls konar kenningar um það, sumar líklegar, aðrar ólíklegar.

En það, sem ég vildi frekar koma hér inn á, er félagslegi þátturinn í drykkjusýki. Ég vil taka strax fram, að ég tel fulla ástæðu til að álykta hér á Alþ. um drykkjuvanda Íslendinga því hann er auðvitað fyrir hendi. Hitt er svo annað mál, hvað gera skuli. Það er ýmislegt í málflutningi þeirra þingflokksmanna Alþfl. sem ég get ekki verið sammála vegna þess að þar tel ég að ýmsu sé haldið fram sem orkar meira en tvímælis. Nægir að benda á ýmislegt, sem þar kemur fram, sem ekki þarf mikla vísindalega aðferðafræðiþekkingu til að hafa á móti eða efast um.

Það nægir að nefna t. d. að hér er vitnað í rannsókn sem þeir dr. Tómas Helgason, Jóhannes Bergsveinsson og Gylfi Ásmundsson hafa gert og er tekin út úr augljóslega miklu lengra máli. Þar er fullyrt að vegna þess að menn í þéttbýli eigi auðveldara með að ná í áfengi hætti þeim frekar til að verða áfengissjúklingar en þeim sem búa í dreifbýli og eiga erfiðara með að ná í áfengi. Fyrsta spurning, sem hlyti að vakna við slíka fullyrðingu, er: Það skyldi nú aldrei vera hollara og eðlilegra líf að búa í dreifbýli.

Ég held nefnilega að við hljótum að taka með þann þátt, sem er óumdeilanlegur og ég held að flestir læknar mundu vera sammála um, að nokkrir andlegir erfiðleikar eru oft fylgifiskar eða orsök drykkjusýki. Þá getum við líka spurt okkur hvort þjóðfélag okkar sé ekki ágætis gróðrarstía fyrir drykkjusýki. Ég held nefnilega að það sé ekkert sérstaklega hollt líf sem við lifum á Íslandi þessa dagana. Og ég er satt að segja ekkert hissa á þó að það sé óhollara en það var. En það segi ég vegna þeirrar fullyrðingar, sem hér er haldið fram, að drykkjusýki hafi mjög aukist. Ég veit ekki hvort skýrslur og skrár eru til um þetta, það má vel vera. Nú leyfi ég mér að efast um rannsóknir á þeim málum hét fyrr á árum. En sé svo kæmi mér það ekki alveg á óvart að það héldist í hendur við þær þjóðfélagsbreytingar sem hér hafa orðið einmitt á þessum árum.

Það var líka minnst á það áðan að konur tækju nú meiri þátt í drykkju en áður. Það er líka hægt að spyrja sjálfan sig hvort gjörbylting í lífi kvenna kynni ekki að hafa haft áhrif á líf þeirra, jafnvel valdið þeim erfiðleikum. Allar breytingar kosta ákveðna erfiðleika. Það jafnrétti kvenna, sem áunnist hefur á síðustu árum, hefur auðvitað ekki gengið tollalaust yfir líf kvenna. Ekkert er einfalt í þessum heimi.

Ég vil ekki láta þessa umr. fara fram án þess að teknir séu inn í þetta mál þættir eins og vinnuþrælkun Íslendinga, erfiðleikar við öflun húsnæðis, þjóðfélagslegt misrétti, þar sem menn eru skattpíndir, og það segi ég þó að ég styðji núv. ríkisstj., á meðan aðrir nota peningana okkar án þess að borga nokkra skatta. Ég held líka að mannleg samskipti séu ekkert mjög holl á Íslandi. Ég held að við séum, eins og í öðrum auðvaldsþjóðfélögum, hrædd hvert við annað, við séum að keppa hvert við annað, við lifum ekki í hollu og æskilegu manneskjulegu samneyti. Ég er ekki í nokkrum vafa um það, þó ég sé enginn vísindamaður, að þetta hefur áhrif á drykkjusiði Íslendinga.

Við getum strax litið á unglingana okkar. Það segir mér enginn að 13, 12, 11 ára unglingar séu drykkjusjúkir. Það stenst ekki neina kenningu, hvorki að sjúkdómurinn sé líffræðilegur né félagslegur. Það er alveg sama hvora kenninguna við tökum, unglingur hefur ekki haft neinn tíma til þess að verða drykkjusjúkur. Af hverju drekka unglingarnir þá? Það skyldi nú aldrei vera vegna þess að þeim leiðist, þeir finna ekki tilgang, þeir

eygja ekki að hverju eigi að stefna. Þeir sjá ekki tilganginn með þjóðfélagi okkar. Þeim finnst það ekki nógu gott. Þeir sjá allt það sem við hinir fullorðnu höfumst að. Ég get vel skilið ungt fólk — ég á sjálf slíkt fólk — sem spyr: Að hverju erum við að keppa? Við heyrum aldrei annað en að það sé af hinu illa að greiða það sem okkur ber að greiða til þjóðfélagsins. Það trúir enginn á þetta þjóðfélag. Það er um að gera að svindla og svíkja það. Þetta unga fólk er opið og tiltölulega óspillt, og ég get afar vel skilið að það skilji ekki til hvers það á að vera að byggja upp þetta þjóðfélag, sem svona er skilað í hendurnar á því. Við skulum líka spyrja okkur um það.

Þrátt fyrir langa og ágæta bindindisræðu félaga míns, hv. þm. Helga Seljans, furðar mig á því, að hann skyldi ekki tala meira um þessa hlið málsins. Þess vegna minnist ég á hann að ég trúi ekki að við leysum þetta vandamál með því að banna áfengi. Við getum bannað hvað sem er. Ég er alveg sammála flm. þáltill. um það atriði. Ég tel mig t. d. mega borða sykur þó að sykursjúkir hafi ekki gott af honum. Ég tel það mannréttindi mín að geta fengið mér í glas hvenær sem mér sýnist. Það hlýtur að vera mín ábyrgð sem manneskju hvað ég geri mikið að því. Þess vegna held ég að bann sé ekki nein lausn.

Ég tek undir orð hv. 3. þm. Suðurl. um að það hefði verið æskilegt að við hefðum öll getað ályktað sameiginlega. Ég býst við að það sé hárrétt, að áhugi á drykkjusýki sé ekki einkamál Alþfl. En ég held að það þyrfti kannske að álykta hér að fram færi félagsleg rannsókn á því, hvort eitthvert samhengi sé á milli aðstöðu manna í lífinu og lífskjörum öllum og drykkjuskapar. Ég held að það sé tiltölulega yfirborðslegt að álykta eins og hér er gert. Við vitum skelfing lítið um þetta. Hins vegar er ég alveg sammála því, að vandinn er fyrir hendi, en hann ber að rannsaka áður en við förum að gera eitthvað til að koma í veg fyrir hann. Við skulum líka horfast í augu við staðreyndir eins og að í fjárlagafrv., sem við samþykkjum áreiðanlega innan tíðar, gerir íslenska ríkið ráð fyrir að græða 36.5 milljarða á innflutningi áfengis, fyrir utan það sem þeir innflytjendur græða sem hv. flm. till. minntist á áðan. Við vitum jafnframt að það kostar um 20 þús. kr. á dag að hafa áfengissjúkling á stofnun. Þetta eru staðreyndir sem við skulum aðeins hugsa um.

Hér segir: „að auka stuðning við áhugamannasamtök.“ Ég er alveg sammála því. Ég er m. a. s. meðlimur í Samtökum áhugamanna um áfengisvandamálið. Ég hef hins vegar ákveðnar efasemdir — engar fullyrðingar skal ég hafa í frammi — um hvort það er rétt að afhenda áhugamannasamtökum sjúkrastofnanir. Við getum spurt okkur sjálf: Ef áfengissýki er sjúkdómur, sem ég veit ekki, einhvers konar sjúkdómur er drykkjuskapur eða drykkjusýki, hvers vegna er þá ekki sá sjúkdómur meðhöndlaður á almennum sjúkrastofnunum undir handleiðslu sérfræðinga eins og aðrir okkar sjúkdómar? Allt þetta finnst mér þurfa að hugsa um. Við erum að reyna að byggja upp samhangandi heilsugæslukerfi í landinu, og ég vil ekki hoppa inn á þrýstihópa af *öllu tagi án þess að reyna að hafa einhverja yfirsýn yfir* málið í heild.

Ég skal ekki lengja umr. hér, mér er ljóst að það þurfa margir að komast að. Ég held að ræða þurfi þessi mál af fordómaleysi og frá sem flestum sjónarhólum. Ég held að það sé ákaflega hættulegt að tala um þessa hluti eins og hér hefur verið gert, fyrst og fremst frá því sjónarmiði að þar sem áfengi sé hljóti það að vera misnotað. Menn hafa t. d. ekki minnst hér á kannske af því að enginn þrýstihópur hefur myndast, allt það fólk sem gengur hér á lyfjum af öllu tagi. Það hefur einhvern veginn ekki komið upp á yfirborðið. Það hafa engin samtök verið stofnuð. Það var minnst hér á drykkfelldar húsmæður. Ég hygg að þær séu fleiri sem misnota lyf.

Við skulum horfast í augu við að við búum í þjóðfélagi þar sem verulegur vandi stafar af ofneyslu lyfja og áfengis. Ég held að þetta sé sameiginlegur vandi flestra kapítalískra ríkja. Við skulum nefnilega minnast á það, að félagi Karl Marx sagði einu sinni, meðal margs annars viturlegs sem hann sagði: Því aðeins hefur manneskjan takmark og tilgang að hún sé hluti af menningarlegri heild. Ég efast satt að segja stórlega um að við séum það í raun og veru, og ég held að það sé hættulegt og þess vegna held ég að okkur líði mörgum ekki nógu vel. Ég held að við ættum að ræða þessi mál í dálítið víðara samhengi. Ég tel að opinber stefna í þeim málum, er varða líðan þjóðarinnar, hljóti að vera betra þjóðfélag, réttlátara þjóðskipulag. Ég hygg að það væri besta ráðið við áfengisvanda, lyfjavanda, hvers konar manneskjulegum vandræðum, en ekki að banna áfengi, eins og félagi hv. 2. þm. Austurl. sagði áðan. Ég held að það leysi engan vanda.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Sem betur fer þekki ég ekki viðhorf unglinga sem hafa líkt viðhorf og síðasti hv. ræðumaður var að greina frá. Ég þekki það ekki sem betur fer. En ég þakka 1. flm. fyrir þessa till. og fyrir hans orð, þó ég hafi samt sem áður ýmislegt við sum atriðin að athuga. Það er annað mál.

Ég held að afskiptaleysi Alþingis í þessu mikla vandamáli sé í raun og veru varla skýranlegt eins og ástandið er í landinu. Þetta snertir, held ég, flestar fjölskyldur að meira eða minna leyti. Og eins og hefur komið hér fram er þetta mál svo erfitt að meira að segja ýmsir læknar og sálfræðingar standa ráðalausir eða ráðalitlir frammi fyrir þessum vanda. Ég held að það sé eina leiðin að reyna að skapa annað almenningsálit en er í landinu í sambandi við þessi mál og það þurfi að beita miklu meiri fræðslu.

Ég hef stundum, bæði hér í Reykjavík og á Akureyri, athugað ástandið 17. júní í þessum efnum. Mig hryllir við tilhugsuninni að rifja upp það sem bar fyrir augu á þessum kvöldum, bæði hér og þar, þar sem unglingar og börn allt ofan í tólf ára aldur veltust um undir áhrifum áfengis. Hvað er að?

Ég held að það sé fyrst og fremst að þessir unglingar eru í hóp, lenda saman í hóp og menn draga oft dám af sínum sessunaut. Það kann að vera að hinn langi vinnudagur verði að einhverju leyti til þess, þessir unglingar, þessi börn hafi losað fjölskyldutengslin og hafi leitað annars félagsskapar, sem er svo þessi þegar á götuna er komið.

Það er auðvitað alveg rétt, að lífið úti í dreifbýlinu er á annan veg. Það er sjálfsagt fyrst og fremst skýringin á því, að það eru færri, þó eru þeir nógu margir, sem hafa orðið þar áfenginu að bráð. Þó er ekki vandi í sjálfu sér að ná í áfengi hvar sem er ef menn vilja.

Ég held að þessi stofnun eigi að taka alvarlega til íhugunar hvaða hlut hún getur átt í því að hafa áhrif á almenningsálitið. Við, sem erum kallaðir ofstækismenn af því við brögðum ekki áfengi, megum ekki láta það aftra okkur frá að hafa meiri afskipti af þessum málum en bæði ég og ýmsir aðrir höfum gert um langt skeið. Ég

held við komumst ekki hjá því að sinna þessu máli eins og ýmsum öðrum, því þetta er ekki minnsta vandamálið. Ég held að þessi mál séu að verða versta og mesta vandamálið í landi okkar.

Ég ætla ekki að tala lengi. Hér eru margir búnir að tala og það er óþarfi að halda langa ræðu um þetta mál. Ég hefði þó haldið að betra hefði verið að sett hefði verið einhvers konar nefnd, kosnir einhverjir á þinginu eða tilnefndir til að koma fram með till. til stefnumörkunar í þessum málum.

Eitt er það sem ég get ekki látið hjá líða að minnast á, sem kom fram hjá frsm. þegar hann sagði að það væri skertur gróflega persónuréttur áfengisneytenda með áfengisbanni. En hver er þá réttur hinna? Hver er réttur hinna sem verða að þola áfengisneyslu á heimilum sínum, kannske dag eftir dag eða langtímum saman? Þarf ekki fyrst og fremst, a. m. k. ekki síður, að líta á þann rétt? Ég er ekki með þeim orðum að mæla með því, að við setjum áfengisbann. Hins vegar held ég að reynslan hafi sýnt að eftir því sem er erfiðara að ná í áfenga drykki sé drukkið minna, eftir því sem það sé auðveldara sé drukkið meira. Þetta er út af fyrir sig lærdómur ef menn eru sammála því að reynsla sé fyrir þessu.

Það má alveg segja það, ég tek undir það, að það er alveg furðulegt að það skuli hafa verið ýtt undir eða gert mögulegt heimabrugg í stórum stíl með því að leyfa innflutning á ýmiss konar bruggefnum. Það er eitt af því sem við þurfum að athuga hvernig á að fara með og hvort er ekki einfalt mál að banna slíkan innflutning. Þó að bæði mér og öðrum sé ekkert um boð eða bönn á það stundum við og ekki um annað að ræða.

Ég vona að þessi þáltill. verði til að vekja athygli meira á því vandamáli sem áfengisneysla og neysla ýmissa lyfja og vímugjafa hefur í för með sér, og að Alþ. manni sig upp og reyni að taka á þessu vandamáli föstum tökum, jafnvel fremur en öðrum.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég hef nú hlýtt á mál manna um hríð, og það verður að segja eins og er, að skoðanir eru skiptar. Það kom fram hjá einum aðila að hið rangláta þjóðfélag kapítalista væri orsök að drykkju Íslendinga. Ekki veit ég hvort það er í fræðum Karls Marx, að áfengisdrykkja sé fordæmd eða bönnuð, eða hvort þess er þar getið, að sælan sé svo mikil, náist það ríki, að þar þurfi ekki vín. Hitt veit ég aftur á móti, að Múhameðstrúarmenn hafa lagst gegn drykkju og hefur þó enginn staðið hér upp og mælst til þess að við tækum upp trú þeirra til að losa okkur við þetta vandamál.

Ég held að á meðan svona skýjaborgir koma fram sé lítil von til þess, að við snúum okkur að þessu vandamáli. Það er líka spurning hvort þetta sífellda tal um ofstækismennina leysi þessi mál. Ofstæki bindindismanna er talað um. Það leiðir fyrst og fremst hugann að þeirri spurninginu, hvað er að kunna sér hóf. Hvað er að kunna sér hóf? (**StJ:** Platon svaraði þeirri spurningu.)

Það koma fram hjá frsm., að áfengisvandamálið væri ekki einkamál Alþfl., og þar með var undirstrikað að það ættu fleiri aðilar við þetta vandamál að glíma en Alþfl. Í ljósi þess, að það sé ekki bara auglýsingamennska, heldur einnig alvara sem liggi á bak við þá þáltill. sem hér er sett fram, ákvað ég að taka til máls. Engu að síður geri ég ráð fyrir að summt af því, sem ég á eftir að segja hér á eftir, sé í algjörri andstöðu við mikinn meiri hluta þingsins.

Þegar menn snúa sér að svona vandamálum er yfirleitt byrjað á að minnast á kennarana. Þeir eiga að auka fræðslu sína, þeir eiga að leysa þessi mál. Þetta gildir líka þegar kynlífið er tekið fyrir. Þá snúa menn sér að kennurunum. Þeir eiga að veita fræðslu um þetta. Hvernig er svo samræmið hjá okkur Íslendingum? Hvenær verður unglingur sjálf sín ráðandi að íslenskum lögum? Er það þegar hann verður 20 ára? Nei, það er nú stórum fyrr. Engu að síður er sá fáránleiki í íslenskum lögum, að menn mega ekki kaupa áfengi fyrr en þeir eru 20 ára.

Ég tel að eitt af því fyrsta, sem ætti að gera ef við snúum okkur að vandamálinu sjálfu, sé að lækka þennan aldur niður í 18 ár t. d. Hvers vegna? Ef það er eitthvað til í skrafi hófdrykkjumannanna um að þeir kunni að drekka hlýtur að vera rétt að láta æskuna læra drykkjuvenjur á vínveitingastöðunum, en ekki á Hallærisplaninu. Það er alveg rökrétt. Og þrátt fyrir allt hef ég það mikla trú á hinum fullorðnu og drykkjuvenjum hófdrykkjumannanna að unglingarnir geti meira lært ef þeir fara á vínveitingahús og drekka þar en ef þeir fara í svokallaða „kanondrykkju". Það er líka lausn á hluta af hinum félagslegu vandamálum þessarar æsku sem er úthýst úr íslensku skemmtanalífi að stórum hluta. Hvernig í dauðanum dettur okkur í hug að sú æska, sem er að vaxa upp, sé svo ósjálfbjarga, sé svo aum að hún geti ekki náð sér í áfengi? Menn leystu þetta 14 og 15 ára gamlir þegar ég var að alast upp. Það var enginn svo aumur, ef hann ætlaði að ná sér í brennivín, að hann gæti ekki náð í það á þeim aldri. Við komum aftur á móti alveg í veg fyrir að æskan eigi kost á því að vera í flestum dansstöðum borgarinnar vegna þess að þar er selt áfengi.

Við þurfum alveg skilyrðislaust að skoða þetta mál frá grunni. Hvaða fræðslu vill hv. þm. taka fyrir? Hvað á kennarinn að segja? Á hann að segja barninu að það eigi ekki að neyta áfengis? Á hann að segja barninu að það séu miklar líkur á því, að ef það neyti áfengis verði það ofdrykkjunni að bráð? Á hann að segja því að neyta áfengis í hófi? Er það eitthvað af þessu sem hann á að segja eða snýst spurningin fyrst og fremst um hvort kennarinn er reiðubúinn að vera til fyrirmyndar í þessum efnum jafnt innan skólans sem utan, eins og erindisbréfið leggur honum skyldur á herðar?

Ég held að við þurfum að snúa okkur fyrst að hinum mikla áróðri sem er með drykkju og með reykingum í þessu landi, hinum gífurlega sterka áróðri sem er með neyslu þessara fíkniefna. Sterkasta auglýsing sem ég hef sé á ævi minni, svo sálfræðilegt og félagsfræðilegt snilldarverk að mig setti hljóðan, er kvikmyndin „Grease". Aðalhetjurnar í myndinni reykja ekki né drekka í einkalífi, en báðar standa uppi sem algjörir sigurvegarar í myndinni um leið og þeir hafa tekið upp þessar venjur. Myndin var sýnd við metaðsókn á Íslandi og árangurinn var auðsær fyrst á eftir. Reykingar jukust í hópi þeirra sem ég umgekkst á þessum tíma.

Hvað er það fyrsta sem við sjáum þegar við fáum menninguna frá Norðurlöndum í kvikmyndum til Íslands? Hér um bil hver einasti maður er látinn reykja. En það er búið að klippa allt kynlíf burt. Það er svo miklu, miklu hættulegra en áfengið og tóbakið. Það mundi spilla landi og lýð. Þorum við að snúast gegn þessu? Þorum við að gera okkur grein fyrir því, að meinleysislegar auglýsingar uppi á vegg eru smámunir miðað við svona áróður? Þorum við t. d. að banna það í sjónvarpi að þar sjáist menn reykjandi? Þorum við að ýta

myndum til hliðar og heimta að þær séu klipptar ef áfengisneysla í myndunum er á þann veg að hún leiði tvímælalaust til meiri drykkju? Ég segi nei. Við þorum alls ekki að gera þetta. Við erum ofstækismenn ef við tölum um svona lagað.

Það má vel vera að sumir telji að það vinnist stórir sigrar ef við samþykkjum hér að það verði að draga úr heildarneyslu vínanda og það verði að fækka áfengisútsölustöðum. Hvar? Á að leggja þá niður úti á landi? Þeir tala nú um dreifbýlisstyrkinn þar, — eiga reyndar við vökva sem strandferðaskipin sem koma að utan og flytja þeim. Eru menn að leggja til að áfengisútsala verði bönnuð hér í Reykjavík? Á að setja upp kvótakerfi á drykkjuna? Hvað eru menn að tala um? „Að skilgreina eðlilega uppbyggingu „meðferðarkeðju" og auka stuðning við áhugamannasamtök," stendur hér. Og svo stendur hér líka: „að stórauka skipulagða fræðslu og upplýsta umræðu um áfengismálastefnu". Það mun náttúrlega vera allt annað skraf en ég er að viðhafa hér sem þar er verið að tala um, allt aðrar umræður. Það eru virðulegar umræður í sjónvarpi með þremur eða fjórum læknum og nokkrum fyrrv. alkóhólistum og kannske að stjórnandinn sé hófdrykkjumaður.

Hins vegar kemur í seinustu greininni fram siðferðileg skilgreining sem ég vil taka undir og undirstrika sem rétta. Verslun ríkisins með áfengi leggur ríkisvaldinu skyldur á herðar. Þetta vil ég taka undir. Mér væri ósárt um þó hver einasta króna, sem kemur inn vegna sölu áfengis, færi í að draga úr þessu böli.

Við heyrum það gjarnan hjá stuðningsmönnum hófdrykkjunnar, að það sé stórkostleg skerðing á persónufrelsinu ef það verði sett á áfengisbann. Það er nú svo með persónufrelsið. Ég minnist þess, að ég las það í skóla í kennslubók í ensku að ágætur maður labbaði eftir götunni og veifaði stafnum sínum kringum sig og sló næsta mann í hausinn. Það vakti reiði þess sem varð fyrir högginu, og hélt hann því fram að ekki mætti gera þetta. Hinn svaraði: Ég er frjáls maður í frjálsu landi og má gera það sem mér sýnist. — En sá, sem varð fyrir högginu, átti svar við þessu og sagði: Þar sem nefið mitt byrjar endar þitt frelsi. — Ég held að þegar menn tala um frelsið í þessu sambandi mættu þeir líka stundum hugleiða hvaða rétt þeir eru að skapa börnum þessa lands. Hvar er þeirra réttur? Hvar er þeirra frelsi, að sitja uppi með þau áfengisvandamál sem þessi þjóð situr uppi með?

Einn af lærðustu félagsfræðingum þessa lands sagði við mig einu sinni þegar við ræddum þessi mál: Það tala allir um að Jón drekki, en það spyr enginn: Hvers vegna drekkur Jón? — Ég held að lausnin sé ekki kommúnismi, en ég trúi því að hægt sé að gera mjög margt róttækt til að auðvelda mannleg samskipti eða draga úr erfiðleikum einstaklinga til mannlegra samskipta. Það er hægt að gera þetta í skólum, það er hægt að gera þetta í frjálsum félagasamtökum og það er hægt að gera þetta með persónulegum ráðleggingum. Ég vænti þess aftur á móti, að Alþ. geri sér grein fyrir því og alþm., að þeir verða hlægilegir og þingið einnig ef þeir ætla að fara að segja æskunni, 17, 18, 19 og 20 ára, að drykkjuvandamál hennar séu vandamál þessa lands. Nei, þá skulum við byrja nær okkur. Það eru drykkjuvenjur hinna fullorðnu sem eru vandamál þessa lands. Það eru drykkjuvenjur opinberra starfsmanna m. a., toppa í þessu þjóðfélagi, sem bera þunga ábyrgð í starfi sínu. Ég held líka að hófdrykkjumenn megi hugleiða það í fullri alvöru, hvort þeir séu af göfuglyndi sínu e. t. v. reiðubúnir til að gefa örlítið eftir af sínu persónulega frelsi til að draga úr þessum bölvaldi.

Ágúst Einarsson: Herra forseti. Það er ekki ofmælt að áfengisvandamálið er alvarlegasta vandamál Íslendinga nú og þá að meðtöldum efnahagsmálunum. Það kemur fram í grg. með þessari þáltill. að það deyja árlega 250 manns hér á landi úr sjúkdómum sem rekja má beint eða óbeint til ofneyslu áfengis. — Það eru þrjú atriði sem ég vil drepa á í örstuttu máli.

Í fyrsta lagi vil ég benda á hið gífurlega starf sem sjálfboðaliðasamtök hafa unnið, svo sem AA og SÁÁ. Þar hefur verið unnið einstakt og fórnfúst starf sem hefur skilað verulegum árangri. Það hlýtur því að vera eitt af höfuðatriðum í stefnu ríkisvaldsins, í baráttu ríkisvaldsins við ofdrykkju, að styðja með fjárframlögum og öðrum aðgerðum þessi félagasamtök, því að þau hafa sýnt að þau hafa náð undraverðum árangri.

Í öðru lagi vil ég taka sérstaklega undir það atriði í þáltill. að reyna að halda fjölgun útsölustaða á áfengi í skefjum. Einnig vil ég benda á að menn hugsi betur um verðlagningu á víni. Þó að einu sinni hafi verið sagt að áfengi megi vera eins dýrt og hverjum sýnist, þá væri það alltaf þess virði þá er slíkt ekki rétt. Það eru takmörk fyrir öllu m. a. hvað hlutir geta kostað.

Ég held að ein flaska af venjulegu sterku víni kosti á bilinu 16—18 þús., ef ég man rétt, eftir síðustu hækkanir. Ef sams konar flaska kostaði til að mynda 32 þús. eða tvöfalt verð er ég ekki í vafa um að sala á þessum veigum mundi stórminnka, einfaldlega vegna þess að menn eiga ekki peninga fyrir þeim. Það er þessi takmörk á verðinu sem ég er að tala um.

Ég er ekki að tala um að hækka allt áfengi þannig, heldur reyna að halda verðlagi á léttu víni jafnvel eins og það er nú. Ég hef trú á því, eins og reyndar hefur verið að þróast á undanförnum árum með því að hækka sterka vínið meira en létta vínið, að sérstaklega yngra fólkið hefur farið meira yfir í létt vín. Heildarneyslan hefur ekkert aukist, en drykkjuvenjurnar hafa eitthvað batnað. Ég held að við ættum að reyna að halda áfram á þeirri braut að reyna að minnka neysluna. Neysluna er ekki mjög auðvelt að minnka hér á landi, því neysla Íslendinga á áfengi, hvort sem við miðum við skýrslur áfengisverslunar eða tökum líka inn í eitthvað áætlað magn af heimabruggi og smygli, er mjög lítil miðað við aðrar þjóðir. En það liggur fyrst og fremst í allt öðru, í bjórdrykkju og rauðvínsdrykkju og drykkju á þeim vínum sem eru þjóðareinkenni í landinu. Fimm ára börnum í Frakklandi er ekki gefin mjólk. Þeim er gefið rauðvín og þykir sjálfsagt og eðlilegt. Þetta er hluti af þjóðareinkennum þeirra og það er ekki okkar að setja út á það.

Einnig hefði ég trú á því, að ef farin yrði sú leið að hækka verð á sterkum drykkjum verulega, eins og er talað um, e. t. v. að tvö- eða þrefalda það, og halda léttu vínunum óbreyttum mundi það hamla gegn heimabruggun að verulegu leyti. Ef hægt væri að kenna Íslendingum að drekka, sem er ekki létt verkefni, held ég að þetta væri leið sem hægt væri að fara í þessu máli.

Þriðja atriðið, sem mig langaði til að benda á, er fræðsla. Þótt hv. þm. Ólafur Þórðarson hafi ekki mikla trú á því vil ég benda á verulegan árangur hvað varðar reykingar, sem hefur náðst á undanförnum árum einmitt

í skólum, og kennarastéttin á þakkir skildar. Ég veit ekki betur en að árangur sé að koma í ljós af þessari baráttu. Hann spurði: Hvað á að kenna? Hvað á að fræða? Á að segja nemendum að drekka hóflega? Ég held ekki. Ég held að eigi að skýra fyrir þeim hvað ofdrykkja sé.

Ég heyrði áðan hjá hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur að hún hafði ekki gert sér neina grein fyrir hvað ofdrykkja er, talaði að mínu mati af fullkomnu þekkingarleysi um þennan líffræðilega sjúkdóm sem er arfgengur að margra mati, — sjúkdómur sem menn geta verið haldnir þótt þeir smakki aldrei áfengi. Smábörn geta verið ofdrykkjumenn og bindindismenn geta líka verið ofdrykkjumenn þó að þeir smakki aldrei vín. Það eru einkenni ofdrykkjunnar sem koma fram þegar ofdrykkjumaður smakkar vín. Ofdrykkjumann er hægt að bera saman við sykursjúkling sem má ekki borða sykur. Það er líka eina lækningin fyrir ofdrykkjumann að hætta að drekka áfengi, en hann er jafnmikill ofdrykkjumaður samt sem áður. Það sama gildir með sykursjúklinginn, að þó hann borði ekki sykur er hann sykursjúkur eftir sem áður. Þetta eru atriði sem ég hélt að fólk vissi almennt, en ég sé að það er ekki almennt vitað hér. Það er þetta sem ég vildi láta börnin fræðast um í skólum, um orsakir þessara sjúkdóma, skaðsemi og þau félagslegu vandamál sem koma upp við ofneyslu á áfengi.

Það mætti tala lengi um þetta. Eitt atriði kom einnig fram í máli hv. 3. þm. Suðurl., Jóns Helgasonar, um veitingar í opinberum veislum. Mér finnst ekki nema sjálfsagt að hið opinbera gangi á undan með það að veita ekki sterka drykki í opinberum veislum. Það er svo langt síðan ég hef verið í opinberri veislu að ég man satt að segja ekki hvort þessu var hætt, en það var talað um það á sínum tíma að veita ekki sterka drykki í opinberum veislum. Það má vera að mig rangminni að þetta hafi þegar verið afnumið. Ef það er ekki er sjálfsagt að það verði gert.

Þessi þrjú atriði sem ég greip út úr: stóraukinn stuðningur sem ég vil láta áhugasamtökum í té, hækkun á verði sterkra drykkja og aukin fræðsla, eru að mínu mati mikilvægustu atriðin í þeirri væntanlegu stefnumótun sem við fjöllum hér um.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Ég kem hér fyrst og fremst til að lýsa stuðningi mínum við þessa þáltill. — 1. flm. hennar, hv. 6. þm. Norðurl. e., gerði ítarlega grein fyrir ástandi þessara mála og reyndar fleiri hv. þm. sem hér hafa talað.

Ég er sjálf lítið fyrir að halda langar ræður og sé ekki ástæðu til að gera það frekar nú. Það hefur margt athyglisvert komið fram í þessum umr. og áreiðanlega er þar ekkert ofsagt. Það hefur verið minnst á að hugarfarsbreytingar væri þörf. Það er alveg rétt, að hugarfarsbreyting hefur sem betur fer átt sér stað undanfarið og fer vaxandi. Ég held að flestir hafi orðið varir við það. Það er fyrst og fremst að þakka þeim mönnum sem hafa farið í meðferð vegna áfengisvandamála. Þetta er ekki lengur feimnismál hjá þeim. Þeir eru ekki lengur í felum, heldur koma þeir fram sjálfir og leggja sitt af mörkum við að upplýsa aðra, t. d. í skólunum. Þeir fara inn í skólana og tala þar um sín áfengisvandamál. Slík fræðsla er áreiðanlega mikils virði og til mikils gagns. En hvaða leiðir á að fara í þessum efnum og hver er árangursríkust? Ég er ekki tilbúin að tjá mig um það nú. En eitt er víst, að fræðsla og aftur fræðsla er mikils virði. Það verður að skoða þetta mál vel og hafa samráð við þá sem best þekkja til og þá ætti ekki að ganga fram hjá þeim sem eru reynslunni ríkari.

Ég vil ítreka stuðning minn í þessu máli. Ég tel það hvorki einkamál Alþfl. né flokkspólitískt mál. Áfengisvandamálið er ekki íslenskt fyrirbæri og ég stórefa að lausnin felist í Karli Marx eða fræðum hans, eins og hv. 8. landsk. var aðeins að ýja að áðan. Þetta er vissulega alvarlegt þjóðfélagsvandamál. Ég tek undir það með flm. till., að áfengisvandi Íslendinga er orðinn svo alvarlegur að stjórnvöld geta ekki látið hann afskiptalausan.

Flm. (Árni Gunnarsson): Herra forseti. Ég þakka þær undirtektir sem þetta mál hefur fengið. Ég er þeirrar skoðunar staðfestlega, að öll umr. um þetta mál sé af hinu góða. Það væri mjög freistandi að fara út í að svara ýmsu af því sem hér hefur verið borið á borð, misjafnlega greindarlegt sumt. Ég vil eingöngu segja það, að þegar ég vitnaði til þess, að bindindismenn kynnu að vera fullir af ofstæki í þessum málum, var það eingöngu til að draga upp andstæðar myndir af því hvernig um þessi mál ætti að tala og ætti ekki að tala.

Ég hefði kosið að heyra álit heilbr.- og félmrh. á þessu máli úr því að hann hefur verið viðstaddur þessa umr., því ekki heyrir það nú síst undir hans rn. að fjalla um þetta.

Ég vil taka skýrt fram, að í till. er þess getið, að haft skuli samráð við öll heildarsamtök í landinu, sem um þessi mál fjalla, áður en stefnan verður mótuð. Það er varla á færi eins þingflokks eða þingsins sjálfs að móta slíka stefnu án samráðs við þau samtök sem mest koma við þessi mál og mest fjalla um þau.

Þá kom einnig fram hjá einhverjum að þessi till. markaði ekki stefnu. Það er auðvitað fjarstæða. Þessi till. markar mjög ákveðna stefnu. Kemur það skýrt fram í till. sjálfri ef menn lesa hana vandlega. Auk þess nefndi ég nokkur dæmi í framsögu minni um ráð sem hægt væri að beita og beitt væri í öðrum löndum. Þannig var tekið skýrt fram hvaða aðferðum mætti beita.

Um hugleiðingar hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur ætla ég ekki að fara mörgum orðum. Það er rétt hjá henni, að ekki er vitað hvort áfengissýki er af efnafræðilegum orsökum eða arfgeng eða af hvaða ástæðum hún er. Þar greinir menn mjög á um orsök annars vegar og afleiðingar hins vegar. Ég get einnig tekið undir það með henni, að ekki er vafi á að firring nútímasamfélagsins á mjög umtalsverðan þátt í áfengisneyslu og aukningu á henni.

Ég segi að lokum, herra forseti, að ég vænti þess, að þessi umr. geti orðið upphaf einhverra þeirra umr. hér á þingi er geti leitt til þess, að hið opinbera marki afgerandi og ákveðna stefnu í áfengismálum. Í þeim efnum mætti svo sem byrja á því að hætta að veita áfengi í opinberum samkvæmum. Það er afskaplega einfalt mál og einföld ákvörðun að taka í stjórnarráði á fundi hæstv. ríkisstj. Það er svo ótalmargt sem má gera í þessu, og orð eru til alls fyrst.

Ég þakka öllum þeim, sem hafa tekið þátt í þessari umr., og þakka það kannske mest að menn hlógu ekki mikið undir þessari umr. Það voru ekki margir hér inni sem hlógu. Menn hafa líklega gert sér grein fyrir því, að hér er alvörumál á ferðum. Ég man eftir umr. hér á þingi um áfengismál þar sem hálfur salurinn veltist um á meðan var verið að tala um þau. Á meðan liggja menn fársjúkir svo tugum og hunduðum skiptir á sjúkrahúsum,

geðsjúkrahúsum og spítölum, um allt land og eru að deyja af þessum kvilla. En sem betur fer gerðist það ekki núna að mikið væri hlegið. Það hefur líklega orðið einhver breyting á afstöðu manna til vandans.

Olíuhöfn og birgðastöð í Helguvík, þáltill. (þskj. 110). — Ein umr.

Flm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Með þeirri till. til þál., sem hér er lögð fram, mun reyna á hvort hv. Alþ. vill taka af skarið um það, hvort hægt er að fá aflétt hættu- og vandræðaástandi sem bæjarstjórnir í Keflavík og Njarðvík hafa reynt að fá leyst úr árangurslaust í nær 20 ár.

11. nóv. s. l. voru þessi svokölluðu tankamál til umr. hér í Sþ. Þar kom fram í máli tveggja hæstv. ráðh., að mikið vantar á að niðurstaða sé fengin í hvernig með málið verður farið. Hvorugur ráðh. aftók að um málið yrði fjallað í ríkisstj. Af því, sem fram hefur komið, verður að ætla að þar eigi það ekki greiða leið.

Með því að samþykkja þá till., sem hér liggur fyrir, mundi hæstv. Alþ. taka af öll tvímæli og fela hæstv. utanrrh. að flýta málinu eins og tök eru á. Flm. vilja tryggja, að um málið verði ekki þras í ríkisstj., og taka undir þá skoðun hæstv. utanrrh., að málið heyri undir hann einan.

Ákvörðun um að velja olíustöð stað í Helguvík er tekin að vandlega athuguðu máli. Tekið hefur verið tillit til jarðfræðilegra atriða varðandi strauma vatns neðanjarðar, jarðskjálftavirkni, vindáttar og ölduhæðar, skipulags brunavarna, olíumengunarvarna og náttúruverndarsjónarmiða, svo nokkuð sé nefnt. Allt þetta er m. a. forsenda fyrir algjörum einhug sveitarstjórnarmanna um staðarvalið.

Í grg. með till. kemur fram í stuttu máli flest sem máli skiptir. Meðal fskj. er sýnishorn af samþykktum og bréfum sem bæjarráðin hafa látið frá sér fara á undanförnum árum. Allt of langt mál hefði verið að láta prenta allar þær skýrslur sem hafa verið fengnar um málið, m. a. frá Brunamálastofnun, Siglingamálastofnun, Hafnamálastofnun, Heilbrigðismálastofnun ríkisins, heilbrigðismálafulltrúa Suðurnesja og skipulagsstjóra ríkisins. Þá má geta þess, að talsvert mun liggja hjá varnarmálanefnd, þ. á m. skýrsla nefndar sem fyrrv. utanrrh. skipaði fljótt eftir að hann tók við embætti til að gera úttekt á olíutönkum varnarliðsins og leiðslum frá þeim að höfninni. Ekki hefur skýrsla nefndarinnar komið fyrir augu sveitarstjórnarmanna syðra.

Í framhaldi af þessari úttekt hefur verið unnið við að sandblása tankana að innan. Botnar í mörgum þeirra eru mjög illa farnir af tæringu. Komið hefur fyrir að sandblásturinn hafi farið í gegn. Í tæringarpollana er klístrað maki og síðan málað yfir. Að dómi fagmanna er þetta tjasl aðeins til bráðabirgða. Eftirlit af hálfu Íslendinga með þessari viðgerð er ekkert. Siglingamálastofnun eða deild þar hefur eftirlit með slíkum verkum hér á landi, en í þessu sem mörgu öðru virðast íslenskar reglur ekki gilda þegar kemur inn fyrir vallargirðinguna. Miðað við hvað næstu nágrannar eiga hér mikið í húfi leyfi ég mér að skora á hæstv. utanrrh. að sjá svo til að eftirlit verði eftirleiðis með viðhaldsvinnu olíutanka varnarliðsins. Mér er kunnugt um að Siglingamálastofnun er ekkert að vanbúnaði að taka þetta eftirlit að sér ef henni verður falið það.

Sveitarstjórnirnar í Keflavík og Njarðvík eru nú búnar að standa í nær þrjátíu ára stríði við varnarmáladeild um að létta þessari plágu af íbúunum, eins og fyrr er sagt. Oft hefur þetta verið til umræðu í blöðum og eitt sýnishorn af því hef ég hér úr Þjóðviljanum 19. 12. 1978, með leyfi forseta:

„Frá því 1974 hefur sem sagt ekkert verið gert í þessu alvarlega máli. Menn stinga einfaldlega höfðinu í sandinn og bíða þess rólegir að vatnsból Suðurnesja verði eyðileggingunni að bráð. Í þessari staðreynd speglast enn og aftur undirlægjuhátturinn gagnvart hernum í heiðinni. En það er ekki aðeins herinn sem ber ábyrgð, heldur ekki síður þeir embættismenn sem um málið hafa fjallað og stungið háskalegum niðurstöðum undir stól. Nýbökuðum ráðh. utanríkismála og heilbrigðismála og formanni varnamáladeildar og heilbrigðiseftirlits ber að hreinsa embætti sín af ábyrgðinni áður en það verður of seint. Fyrirrennarar þeirra í þessum embættum hafa í þessu máli sýnt slíkt fyrirhyggjuleysi að furðu gegnir, en slíkt hefur því miður verið einkenni fyrir samskipti Íslenskra ráðamanna við herinn." — Ég læt þetta duga af blaðamat.

Áður hefur komið fram hér á Alþ. að öll vatnsból Suðurnesjamanna eru í stórhættu vegna olíumengunar. Ég læt nægja að vísa til þeirra umræðna hvað þann þátt varðar. Hér skal hins vegar bent á að tankarnir og leiðslurnar hafa lengi staðið í vegi fyrir skipulagi. Hluta af svæðinu, sem þessi mannvirki teppa er nú rætt um sem væntanlegan miðbæ fyrir Keflavík og Njarðvík sameinuð í eitt sveitarfélag. Út yfir allt tekur þó sú hætta sem næsta byggð er í. Læt ég hvern og einn um að hugleiða hvað þá gæti skeð ef tankur gæfi sig skyndilega og olían flæddi að byggðinni. Stöðugur straumur stórra bíla með eldsneyti fyrir flugvélar gegnum Keflavík og suður Reykjanesbraut á Keflavíkurflugvöll er síður en svo hættulaus og mál að því glæfraspili linni. Við höfum leigt varnarliðinu tanka frá endurkomu þess árið 1951. Þeim væri vorkunnarlaust að leigja okkur horn í birgðastöð sinni, ef þeir fá að byggja hana, og létta þar með af þessum flutningum á fjölförnustu leið landsmanna.

Það var fyrst í tíð núv. utanrrh. að hlustað var á kröfur sveitarstjórnarmanna í Keflavík og Njarðvík um að fjarlægja tanka varnarliðsins. Hann mun hafa haft samband við æðstu menn NATO og í framhaldi af því skipaði hann nefnd til að ræða við fulltrúa NATO um lausn á málinu. Ráðh. gerði sér grein fyrir að hér var um stórt og alvarlegt mál að ræða. Hann skammtaði nefndinni stuttan tíma til að ljúka samningum og mun hafa tryggt framgang málsins ef samningar næðust. Nefndinni tókst að ljúka verki sínu nokkurn veginn á tilsettum tíma og ná samkomulagi sem bæjarstjórnirnar í Keflavík og Njarðvík hafa samhljóða með öllum atkvæðum lýst sínum fyllsta stuðningi við. Í báðum bæjarstjórnum eru fulltrúar allra stjórnmálaflokka. Sveitarstjórnir nágrannahreppanna hafa enga aths. gert við þetta samkomulag.

Síðan í maí hefur samkomulagið legið hjá varnarmáladeild án þess að frekar hafi verið aðhafst svo vitað sé. Ekkert hefur komið fram sem gefur tilefni til þess að efast um góðan hug núv. utanrrh. í málinu. Þó virðist það komið í strand. Samningar um meðferð á sorpi stóu í 15 ár, þ. e. sorphreinsun á vellinum. Öllum hér er kunnugt hvernig gengið hefur með flugstöðvarbygginguna. Eins og ljóst ætti að vera af því, sem hér hefur verið rakið,

þolir þetta svokallaða tankamál ekki sömu málsmeðferð. Framkvæmdir munu taka um 7 ár. Lengur en það verður ríkjandi ástand ekki þolað. Leiðsluna þarf að færa, eins og Njarðvíkingar hafa margbeðið um og loks voru vilyrði fyrir að gera í vor. Tankana, sem standa næst byggðinni, verður að taka úr notkun og helst eiga þeir að fara burt hið bráðasta.

Sá er munur á þessari framkvæmd og öðrum sem fjallað er um hér á hv. Alþ., að hún er okkur að kostnaðarlausu. Þeir menn munu til sem ekki mega heyra nefnt að NATO eða varnarliðið greiði kostnað við framkvæmdir hér á landi. Hugmyndinni um slíkt hefur verið valin nafngiftin „aronska" og þar með lögð að líku við að tekin væri greiðsla fyrir þá aðstöðu sem varnarliðið hefur hér. Hér skal engin afstaða tekin til hugmynda um „aronsku", hins vegar á það bent, að hér hefur verið í framkvæmd öfug ‚aronska" sem lengi bitnaði harkalega á sumum sveitarfélögunum fyrir sunnan. Þau höfðu árum saman bein útgjöld af varnarliðinu með því að sitja uppi með allt að 20% íbúanna gjaldfría varnarliðsmenn. Mörg fleiri dæmi mætti nefna um öfuga „aronsku" í samskiptum okkar við varnarliðið. Slíkt kemur ekki þessu máli við, en mætti taka upp sérstaklega.

Hér er um að ræða framkvæmd sem NATO getur ekki komist undan ef hér á að vera varnarlið um óákveðinn tíma, svo sem allar líkur benda til. Yfirmenn NATO hafa nú viðurkennt að ekki sé seinna vænna að hefjast handa. Það stendur á okkur að svara. Vandamálið er tilkomið vegna ákvörðunar hv. Alþingis á sínum tíma um að hér skuli vera varnarlið staðsett í Miðnesheiði. Það er því rökrétt að ætlast til þess, að hér á hv. Alþ. fáist úrskurður í málinu. Alþ. hefur skapað vandann og því ber að leysa hann. Þeir, sem telja ástæðu til að hafa hér varnarlið, hljóta að gera sér grein fyrir að því fylgir ýmislegt, m. a. birgðir af olíu. Aðstöðu til þess að hafa slíkar birgðir í landinu hljótum við að leggja til, en að sjálfsögðu gerum við kröfu til þess, að frá tönkunum og öðru sé gengið samkvæmt ströngustu reglum. Samkomulag það, sem hér um ræðir um olíubirgðastöð í Njarðvík, gerir ráð fyrir að fyllstu kröfur séu uppfylltar.

Trúlega mun eitthvað af þm. vilja afgreiða þetta mál með gamalkunnum söng: Ísland úr NATO, herinn burt. — Þá þm. vil ég minna á að ef þeir styðja þá ríkisstj., sem er við völd og engin áform hefur um að reka herinn burt með allt sitt dót, þá bera þeir fulla ábyrgð á því ástandi sem íbúar Keflavíkur og Njarðvíkur búa við vegna þessara olíutanka og þess sem þeim fylgir. Okkar krafa er að úr þessu verði bætt eins fljótt og mögulegt er.

Herra forseti. Ég legg til að þessu máli verði vísað til hv. utanrmn. og leyfi mér að vona að hún afgreiði það fljótt og vel.

Umr. frestað.

Efri deild, 18. fundur.

Miðvikudaginn 26. nóv., kl. 2 miðdegis.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum, frv. (þskj. 79). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Aflatryggingasjóður grásleppuveiðimanna, frv. (þskj. 123). — 1. umr.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég vona að forseti leyfi mér að mæla í einu lagi fyrir tveimur málum, þau eru svo náskyld, 1. og 2. máli á dagskrá þessa fundar, þ. e. frv. til l. um útflutningsgjald af grásleppuafurðum og frv. til l. um aflatryggingasjóð grásleppuveiðimanna.

Bæði þessi frv. eru flutt að ósk Samtaka grásleppuhrognaframleiðenda, skammstafað S.G.H.F. Þau eru samin í sjútvrn. að höfðu samráði við framkvæmdastjóra og stjórn samtakanna. Það er forsendan fyrir því, að fyrra frv., á þskj. 123, verði að lögum, að hið síðara, á þskj. 124, verði einnig lögfest eða m. ö. o.: þau fylgjist að. Greinargerðir fyrir frv. þessum eru allrækilegar og get ég að mestu vísað til þeirra, en vil þó drepa á nokkur höfuðatriði.

Þótt útflutningsgjald hafi verið lagt á grásleppuafurðir síðan 1966 og það hafi fyrst og fremst framan af runnið til hins almenna sjóðakerfis sjávarútvegsins hafa grásleppuveiðimenn ekki notið greiðslna úr því kerfi, svo sem bóta vegna aflabrests, fæðispeninga, greiðslu iðgjalds úr Tryggingasjóði fiskiskipa o. s. frv. Þótt gert hafi verið ráð fyrir því í reglugerðum Fiskveiðasjóðs um lánaflokka, að sjóðurinn lánaði fé til smíði fiskiskipa undir 12 brúttórúmlestum, sem ein fá leyfi til grásleppuveiða, telja grásleppuveiðimenn og það með réttu að mikill misbrestur hafi verið á því að þeir fengju slík lán.

Síðan lögin nr. 48 1972, um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins, voru sett hefur útflutningsgjald af grásleppuhrognum runnið til lagmetisiðnaðarins að öðru leyti en því, að síðan þeim lögum var breytt með lögum nr. 25 1978 hefur þó 1/3 hluti gjaldsins runnið til samtaka þeirra sem ég nefndi áðan og stofnuð voru árið áður, nánar til tekið 13. nóv. 1977. Áður höfðu grásleppuveiðimenn ekki með sér samtök sem gátu haft áhrif á álagningu útflutningsgjalds né hvernig því skyldi varið. Óhætt er að segja að allar ákvarðanir um þetta efni hafi verið teknar að þeim forspurðum, nema um þann hluta gjaldsins sem til þeirra rann 1978 og síðar. Þessi staðreynd mun mjög hafa ýtt undir stofnun umræddra samtaka.

Síðan Samtök grásleppuveiðimanna voru stofnuð í nóv. 1977 hefur meðlimum fjölgað óðfluga, en mest á þessu ári, eins og fram kemur í grg. Í grg. segir að meðlimir séu orðnir 298 sem eigi 186 báta, en síðan grg. var samin hefur bátunum fjölgað í 210 og er unnið að enn frekari eflingu samtakanna að þessu leyti.

Telja verður rétt, sem forsvarsmenn samtakanna fullyrða, að hér sé fyrst og fremst um að ræða menn og bátaeigendur sem stunda grásleppuveiðar sem atvinnugrein, en ekki sem ígripavinnu, og mun því liggja ljóst fyrir að mjög mikill meiri hluti þeirra, sem þannig stunda grásleppuveiðar, eru orðnir meðlimir í þessum samtökum. Á aðalfundi samtakanna 18. nóv. 1979 var samþykkt að fela stjórn félagsins að óska þess, að sjútvrh. beitti sér fyrir setningu laga um útflutningsgjald af grá-

sleppuafurðum og sjóðakerfi tengt því. Gerði stjórnin þetta með bréfi dagsettu 13. des. 1979. Árangurinn er svo lagafrv. þau sem hér eru nú flutt.

Frv. þessi eru ekki nýmæli í sjávarútvegi þótt þau séu nýmæli varðandi grásleppuútveginn. Við samningu þeirra hefur mjög verið stuðst við gildandi lög nr. 5 1976, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, og lög nr. 80 1971, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins. Auðveldaði það mjög samningu frv.

Söltun grásleppuhrogna til útflutnings á sér þó nokkra sögu. Hún mun að vísu hafa byrjað í mjög smáum stíl 1927 og aftur 1931 í smáum stíl eitthvað næstu árin. 1940 og 1941 var um að ræða smávegis hrognasöltun og síðan ekki aftur fyrr en 1945. Frá þeim tíma og til 1950 nam söltun á útflutningi langt innan við 1000 tunnur, og það er fyrst 1953 að framleiðslan fer yfir 2400 tunnur. Fór hún síðan vaxandi til 1961, að hún nam 5350 tunnum. Árið 1965 verða veruleg umskipti er framleiðslan komst í 8650 tunnur og þótt hún héldist undir þeim mörkum til 1969, er hún náði rúmlega 10 000 tunnum, var öll árin um talsverða framleiðslu að ræða. Eins og fram kemur í grg. fyrir frv. má segja að grásleppuhrognasöltun hafi verið stöðugur atvinnuvegur *síðan þótt sveiflur í magni hafi verið talsverðar. Minnst* var framleiðslan á síðari árum, 1974, þá 9311 útfluttar tunnur, en mest 1976, 21 429 tunnur, en á þessu ári um 16 765 tunnur. Meðalútflutningur á 11 ára tímabilinu 1970—1980, að báðum árum meðtöldum, nam 14 144 tunnum. Þá má geta þess, að hin seinustu ár mun hafa verið unnið hér heima í kavíar um 10—12% af ársframleiðslunni.

Af þessu má sjá að hér er um að ræða atvinnuveg sem ekki verður litið fram hjá, ekki síst vegna þess að grásleppuhrogn eru mjög verðmikil framleiðsla. Ef litið er á verð þessa árs miðað við dollaragengið 550 ísl. kr. í dollaranum hefur fob-verðmæti hverrar útfluttrar tunnu *numið um 165 þús. kr. og þá ársútflutningur tæplega* 2.8 milljörðum kr.

Fram til ársins 1976 var ekkert eftirlit með grásleppuveiðum. Þá var fyrst reynt að hafa hemil á því er ákveðið var að veiðar báta 8 rúmlesta og stærri skyldu háðar leyfum sjútvrn. Síðan hefur verið leitast við að ná æ sterkari tökum á þessum veiðum til að tryggja viðgang stofnsins, eins og fram kemur m. a. í upphafi almennrar athugasemdar við útflutningsgjaldafrv. Nú er svo komið að leyfi eru aðeins veitt eigendum báta 12 brúttólestir og minni. Meðalstærð grásleppubátanna mun liggja á bilinu 5—6 brúttórúmlestir.

Rannsóknir á grásleppustofninum hafa verið efldar á undanförnum árum, eins og fram kemur í því sem ég hef fengið frá Vilhjálmi Þorsteinssyni fiskifræðingi og vil leyfa mér, með leyfi forseta, að lesa:

„Rannsóknir á hrognkelsastofninum beinast aðallega að stofn-, stærðar- og veiðiþolsathugunum. Rannsóknir á hrognkelsum eru tiltölulega nýbyrjaðar ef miðað er við rannsóknir á flestum öðrum nytjafiskum. Sigfús Schopka stundaði þær 1971—1973 að Vilhjálmur Þorsteinsson tók við þeim 1974 og hefur annast þær síðan. Fram til 1977 voru rannsóknir þessar aukastarf, en 1978, 1979 og 1980 hefur Vilhjálmur Þorsteinsson haft þær sem aðalstarf.

Bráðabirgðaniðurstöður hafa verið notaðar árlega til að skýra hagsmunaaðilum og forstjóra Hafrannsóknastofnunar frá ástandi og horfum. Í árslok 1981 er áætlað að birtar verði nákvæmar niðurstöður athugana á aldurssamsetningu hrognkelsastofnsins og á veiðiskýrslum frá 1976 og 1981 sem verða þá notaðar við útreikninga á stofnstærð og veiðiþoli. Hér er um mjög mikilvægan áfanga að ræða og brýnt að þetta verkefni fái áframhaldandi fjárveitingu, en fjárskortur hefur háð því mjög undanfarin ár. Hvað varðar ástand þessa stofns hefur það verið nokkuð gott 1978 og 1980 og er útlitið svipað fyrir 1981. Þótt ástand sé sæmilegt á hrognkelsastofninum sem stendur hefur það ekki ávallt verið þannig og er nauðsynlegt að fylgjast vel með árlegum breytingum sem verða í framtíðinni.

Rannsóknirnar hafa leitt í ljós að hrognkelsi er 5—6 ára þegar það kemur fyrst til hrygningar og að 6, 7, og 8 ára grásleppa er yfirleitt undirstaða veiðanna. Hrognkelsin sækja að öllum líkindum á sömu svæði til hrygningar og þau ólust upp á fyrsta árið. Af þessu leiðir að ástand getur verið nokkuð mismunandi á hinum ýmsu veiðisvæðum eftir veiðiálagi og afkomu seiða. Gagnasöfnun verður af þessum ástæðum að vera mjög víðtæk og vel skipulögð og heildarúttekt eða spá gildir varla fyrir öll veiðisvæðin.

Sú reglugerð, sem nú er í gildi varðandi hrognkelsaveiðar, hefur ýmsa kosti til hagkvæmrar nýtingar hrognkelsastofnsins. Lágmarksmöskvastærð fyrir grásleppunet, 10.5 tommur, veldur því, að tiltölulega lítið veiðist af smærri grásleppu sem er að koma til hrygningar í fyrsta skipti. Veiðitímatakmörk valda því, að ávallt kemst töluvert af grásleppu til hrygningar, jafnvel á þéttsetnustu veiðisvæðunum. Æskilegt væri að dreifa sókninni meira en nú er því þótt sum veiðisvæði séu ofsetin veiðarfærum eru önnur þar sem engin sókn er þrátt fyrir grásleppugengd, en þessi svæði koma ekki þeim fyrrnefndu nema lítið til góða vegna ofangreindra ástæðna.

Einnig væri ástæða til að koma í veg fyrir niðurskurð grásleppu á miðunum, því að auk þess sem hér er verið að kasta verðmætu hráefni er verið að kasta hræjum á hrygningarsvæðin og uppeldissvæði seiðanna. Þar sem mikið af hrognkelsi er á sumum veiðisvæðum getur þetta valdið smitandi sjúkdómi og má segja að þar sé bókstaflega um sýklahernað að ræða.“ — Svo mörg voru orð fiskifræðingsins Vilhjálms Þorsteinssonar.

Ég vil endurtaka það, sem ég hef áður sagt, að framleiðendur grásleppuhrogna hafa til skamms tíma ekki getað haft áhrif á innheimtu útflutningsgjaldsins af framleiðslu sinni né ráðstöfun þess. Þetta má rekja til þess, að þeir höfðu engin samtök með sér. Nú þegar þeir hafa bætt úr því verður ekki fram hjá þeim gengið. Ég tel eðlilegt að samtök þeirra ráði því, hvort útflutningsgjald skuli lagt á afurðir þeirra og ef það er gert að því sé þá varið í þágu atvinnuvegarins sjálfs og þeirra sem við hann vinna á sama hátt og á sér stað um hið almenna útflutningsgjald af sjávarafurðum samkv. lögum nr. 5/1976, sbr. lög nr. 2/1980.

Í frv. er gert ráð fyrir að lagt verði útflutningsgjald á allar grásleppuafurðir, ekki aðeins grásleppuhrogn. Eru þá m. a. hafðar í huga hugmyndir um að nýta haus og búk grásleppunnar og innvols annað en hrognin sjálf, t. d. í fóðurmeltu.

Í 2. gr. frv. er gert ráð fyrir 4.5% útflutningsgjaldi sem skiptist þannig samkv. 3. gr.:

Í fyrsta lagi 30% til greiðslu á líf-, slysa- og örorkutryggingum þeirra sem grásleppuveiðar stunda. Fiskimenn hafa slíkar tryggingar hjá hinu opinbera trygg-

ingakerfi samkv. ákvæðum í sjómannalögum. Jafnframt hafa samtök þeirra gert sérsamninga við samtök útvegsmanna um enn frekari tryggingar af þessu tagi. Grásleppukarlar eru ekki aðilar að þeim samningum og ekki er um að ræða formlega kjarasamninga milli annars vegar eigenda grásleppubáta og sjómanna sem á þeim stunda veiðar og þá ekki heldur um umræddar tryggingar, enda eru ekki á þeim vettvangi samtök hliðstæð samtökum sjómanna og útvegsmanna almennt. Hins vegar er eðlilegt að grásleppumenn sitji við sama borð og aðrir fiskimenn að þessu leyti. Eins og fram kemur í grg. mun auðvelt í framkvæmd að kaupa slíka tryggingu fyrir slíkan hóp manna. Talið er fara best á því, að samtökin annist þetta verkefni fyrir allan hópinn, m. a. vegna þess, hversu rekstrareiningar eru margar og smáar.

Í öðru lagi er lagt til að 19% teknanna renni til sérstaks aflatryggingasjóðs grásleppuveiðimanna sem síðar verður að vikið.

Í þriðja lagi er lagt til að 18% teknanna renni til Fiskveiðasjóðs Íslands. Er það sama hlutfallstala og um ræðir í lögum nr. 2/1980, sbr. lög nr. 5/1976, um hið almenna útflutningsgjald af sjávarafurðum. Með þessari ráðstöfun verður það væntanlega tryggt að menn, sem hyggja á smíði eða endurbætur báta undir 12 brúttórúmlestum, fái hjá Fiskveiðasjóði eins og aðrir þá fyrirgreiðslu sem nú er mælt fyrir um í 3. lið 2. gr. reglugerðar nr. 278 frá 1. júlí 1979 fyrir Fiskveiðasjóð Íslands um lánaflokka. Stjórn sjóðsins virðist hafa leitt hjá sér slíkar lánveitingar.

Í fjórða lagi ber þess að geta, sem fram kemur í grg. fyrir frv. á þskj. 124 og raunar óbeint í b-lið 4. töluliðar 3. gr., að samtökin hyggjast koma sér upp í Reykjavík eða nágrenni birgðastöð. Er að því stefnt að safna saman grásleppuhrognum víðs vegar að af landinu í því skyni að ná hagstæðari farmgjöldum og til að skoða vöruna og stuðla þannig að því, að verkun, vigt og umbúnaður sé sem best. Er þetta m. a. gert vegna þess að söltunaraðilar eru margir og dreifðir og söltun hjá þeim flestum tiltölulega fáar tunnur. Kostnaðarsamt er því að láta skip, sem vöruna flytur út, safna framleiðslunni í fjölda hafna. Með því að safna sem mestu af hrognunum saman á einum stað er vafalaust hægt að komast að hagstæðari farmsamningum, auk þeirrar tryggingar á vöruvöndun sem í þessu felst.

Í þessum lið greinarinnar er gert ráð fyrir að 10% renni til rekstrar birgðastöðvarinnar, sem að öðru leyti er ætlast til að standi að mestu eða öllu leyti undir sér.

Einnig er samkv. 4. tölulið 3. gr. gert ráð fyrir að 20% útflutningsgjaldsins renni til samtakanna sjálfra til félagsmálastarfsemi. Þessi 20% gefa nokkru lægri tekjur en sá 1/3 hluti sem rennur til samtakanna nú og áður er drepið á. Með fjölgun meðlima aukast tekjur af félagsgjöldum, og ef tekjuafgangur verður er það á valdi aðalfundar að ráðstafa honum, t. d. til Fiskveiðasjóðs, Aflatryggingasjóðs, smíði eða kaupa eða jafnvel rekstrar birgðastöðvar eða verðbóta á framleiðslu hvers árs.

Í fimmta lagi telja samtökin rétt að 3% gangi samkv. 5. lið til sölustofnunar lagmetis þar sem þau hafa þar húsnæðisaðstöðu, aðgang að telexi og þess háttar.

Önnur ákvæði skýra sig sjálf, eru langflest tekin óbreytt úr lögum nr. 5/1976 með breytingum og fjalla um meðferð útflutningsskjala sem fer eftir þeim reglum sem almennt gilda í svona viðskiptum. Á sama hátt er ákveðið að ríkissjóður annist innheimtu útflutningsgjalds og skiptingu þess eftir gögnum ríkisbókhalds.

Loks skal á það bent, að í niðurlagi frv. í þskj. 124 er ákvæði til bráðabirgða um að frá 1. apríl 1981 til 1. maí 1982 skuli auk 4.5% gjaldsins, sem um getur í 2. gr. frv., innheimta 1% gjald er renni til þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins. Stjórn Samtaka grásleppuhrognaframleiðenda féllst á þetta sem sárabætur fyrir það, að lagmetisiðnaðurinn missir, ef frv. verður samþ., af tekjum af grásleppuhrognum sem hann hefur notið allt frá 1972, en tekið skal fram að átti ekki að standa nema til bráðabirgða.

Eins og ég hef áður getið er á þskj. 123 flutt frv. um aflatryggingasjóð grásleppuveiðimanna. Grásleppumenn hafa ekki átt rétt á bótum úr Aflatryggingasjóði sjávarútvegsins. Í frv. til l. um útflutningsgjald er gert ráð fyrir að 19% útflutningsgjaldsins renni í þennan sjóð, eins og áður er rakið. Ákvæði um greiðslur til grásleppumanna, bæði í frv., ef að lögum verður og reglugerð, sem sett yrði á grundvelli þeirra, eru og verða miklu einfaldari í sniðum en þau sem gilda um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins. Stafar það fyrst og fremst af því, að hér er aðeins um eina tegund af veiðiskap að ræða og einn stærðarflokk báta svo og sama verðmæti vörunnar, þ. e. hverrar útfluttrar tunnu. Að öðru leyti er hlutverkið hið sama.

Í reglugerð yrðu sett ákvæði um bótasvæði sem væntanlega yrðu með allt öðrum hætti en gilda um fiskiskipaflotann. Það þarf frekari könnunar við, eins og fram kemur í grg. Bótareglurnar eru teknar óbreyttar úr lögum nr. 80/1971, um Aflatryggingasjóð, og þótt þeim reglum kunni að verða breytt vegna fiskiskipaflotans bendir allt til þess, að þær geti gilt óbreyttar fyrir grásleppuveiðarnar þar sem, eins og áður segir, allt er þar einfaldara í sniðum.

Gert er ráð fyrir að hinn nýi sjóður, ef stofnaður verður, hafi sérstaka stjórn skipaða tveimur mönnum tilnefndum af grásleppuveiðimönnum sjálfum og einum tilnefndum af Fiskifélagi Íslands sem jafnframt yrði formaður sjóðsstjórnar. Er þess að vænta að Fiskifélagið tilnefni mann sem hefur langa reynslu og þekkingu af starfsemi Aflatryggingasjóðs sjávarútvegsins. Þá er og á að líta að Fiskifélagið safnar öllum gögnum um grásleppuveiðar og hrognasöltun og hefur auk þess í höndum margvísleg gögn sem að gagni geta komið í starfsemi sjóðsins. Fiskifélaginu er enda í 8. gr. gert að skyldu að láta sjóðstjórn í té allar nauðsynlegar upplýsingar sem hún þarfnast vegna ákvörðunar bóta.

Þeirri hugmynd hefur verið hreyft, að Aflatryggingasjóður grásleppuveiðimanna yrði í Aflatryggingasjóði sjávarútvegsins eða deild í honum og undir sömu stjórn. Samtök grásleppuveiðimanna eru þessu alfarið andvíg og benda m. a. á að þeir, sem þá stjórn skipa, hafi fæstir þekkingu á grásleppuveiðum og hagsmunamálum grásleppuveiðimanna, enda munu reglur um t. d. kvótasvæði verða allt aðrar en gilda fyrir fiskiskipaflotann. Þeir telja og, sem von er, að þeir búi sjálfir yfir þeirri þekkingu sem til þarf til að stjórn sjóðsins fari sem best úr hendi með góðri aðstoð reynds manns sem er tilnefndur í stjórnina af Fiskifélagi Íslands. Undir þessi sjónarmið leyfi ég mér að taka.

Að öðru leyti eru ákvæði frv., eftir því sem við á, í samræmi við ákvæði laga nr. 80/1971 um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, og tel ég ekki ástæðu til að ræða þau sérstaklega.

Að lokum vil ég vekja athygli á því, að gildistökuákvæði beggja frv. er 1. apríl 1981. Það er í samræmi við að þá falla úr gildi ákvæði laga nr. 25/1978 um svokallað fullvinnslugjald af grásleppuhrognum. Ef það er vilji hins háa Alþingis að frv. þessi verði að lögum er því æskilegt að það geti orðið fyrir þessi tímamörk.

Herra forseti. Að svo mæltu legg ég til að frv. báðum verði vísað til hv. sjútvn. að lokinni þessari umr.

Guðmundur Karlsson: Herra forseti. Grásleppuveiði var lengst af allveruleg hlunnindi í mörgum landshlutum, en er nú orðin verulegur atvinnuvegur. Ég er á því að við eigum að veita grásleppuveiðimönnum og þeim, sem þennan atvinnuveg stunda, eins mikið öryggi og kostur er og skapa þeim allar þær tryggingar sem hægt er, en aftur á móti verður mér hugsað við fyrsta yfirlestur þessa frv. hvort þessi sjóður ætti ekki betur heima í hinum almenna aflatryggingasjóði og þá sem deild í honum. Það kemur fram í grg. að þar séu fyrir menn sem best þekkja og hafi mesta reynslu og þekkingu í meðferð þessara mála. Eins er hitt, að ef þetta væri slík deild eða hluti af almenna sjóðnum væri þessum mönnum í sjálfu sér veitt meira öryggi en annars verður, ef þetta verður lítill og veikur sjóður. Eins er hins að gæta, hvort ekki er nú verið að stíga skref sem hefur annað og meira í för með sér. Fleiri menn geta farið fram á að hinum almenna aflatryggingasjóði verði skipt upp á milli hinna ýmsu veiðigreina. Detta mér þá t. d. fyrst í hug rækjuveiðisjómenn. Þeir hafa mjög mikla sérstöðu og ekki óeðlilegt að þeir gerðu kröfu um slíkt. Mér hefði ekki þótt óeðlilegt t. d. á sínum tíma að loðnusjómenn, þegar þeir nutu sem bestra kjara, og loðnuútgerðarmenn hefðu viljað stofna eigin sjóð og skapa sér þar ýmsa hagsmuni umfram það sem aðrir höfðu á þeim tíma og kæmu til með að hafa. Auðvitað hlýtur að verða rætt ítarlega í n. hvað rétt er í þessum efnum. Mér finnst ákaflega mikil spurning hvort hér er verið að stíga rétt skref og þess vegna þurfi n. að taka þetta til verulegrar athugunar og yfirvegunar. Að öðru leyti er ég algjörlega fylgjandi því, að við reynum að skapa þessum hóp manna allt það öryggi og allar þær tryggingar sem frekast er kostur.

Eins er um frv. um útflutningsgjaldið. Mér finnst að þar þurfi að gæta vel að. Þarna er allverulega brugðið út af þeirri skiptingu, sem er á hinu almenna útflutningsgjaldi, og t. d. tekið sérstaklega 20% til félagsmálastarfsemi og 10% til rekstrar birgðastöðvar. Þetta eru nýmæli við útflutningsgjöld og þetta þurfum við að athuga vandlega í nefnd. En að öðru leyti er ég sammála því, að þessum hóp manna verði sköpuð öll bestu skilyrði sem kostur er á.

Guðmundur Bjarnason: Herra forseti. Mig langar að fara að fordæmi hæstv. sjútvrh. og fara örfáum orðum um bæði þau frv. sem hér liggja fyrir á dagskrá í hv. deild og fjalla um málefni grásleppuverkenda og grásleppuveiðimanna.

Það er eins og fram kom í máli hæstv. ráðh., að grásleppuveiðimenn hafa staðið nokkuð utan við það kerfi, sem gilt hefur um fiskveiðar almennt, og ekki átt sömu réttindi í sjóðum, hvorki Aflatryggingasjóði né Fiskveiðasjóði, og vafalaust rétt og þarft að taka á málefnum þeirra. Ég vil þó láta það koma hér fram, þar sem ég hef verið að glugga í þessu frv. og haft samband við þá menn sem að þessu vinna, að þrátt fyrir að fram komi í grg. að starfsmaður Samtaka grásleppuhrognaframleiðenda hafi ferðast um landið og kynnt þessi mál fyrir hlutaðeigandi veit ég um ýmsa sem eru nokkuð stórir aðilar í þessari atvinnugrein og hafa lítið frétt af þessu máli og vita um hvað hér er á ferðinni. Þess vegna tek ég undir það með hv. þm. Guðmundi Karlssyni hv. 9. landsk. þm., að þetta verði allt saman að skoða mjög vel og ítarlega í sjútvn. þegar fjallað verður um þessi mál.

Það eru sérstaklega tvö atriði sem mér finnst að þurfi að skoða. Það er annars vegar, eins og hv. þm. nefndi hér í umr., hvort stofna beri sérstakan aflatryggingasjóð fyrir grásleppuveiðimenn sem kallar þá á sérstaka stjórn og sérstakt kerfi, hvort ekki muni vera mögulegt og hagkvæmara að hafa þetta sem deild í hinum almenna aflatryggingasjóði. Hins vegar er í frv. um útflutningsgjald af grásleppuafurðum fjallað um birgðaverkunar- og umpökkunarstöð í Reykjavík eða nágrenni. Hér held ég að sé verið að efna til byggingar og síðan rekstrar á stöð og starfsemi sem eigi eftir að verða nokkuð viðamikil og á ábyggilega eftir að kosta töluvert fjármagn.

Það er t. d. talað um að rök fyrir þessu séu að tryggja betur gæði vörunnar og ná samningum um hagkvæmari flutningskostnað. En það hlýtur að hafa í för með sér ákaflega mikinn aukaflutningskostnað að þurfa að flytja þessi hrogn, safna þeim um landið og flytja þau síðan til Reykjavíkur, skipa þeim hér upp og síðan skipa þeim aftur út.

Þar vil ég reyndar benda á fleiri atriði, sem þessi birgðastöð á að gegna, og sjálfsagt er eitthvað af því góðra gjalda vert. Ég vil geta þess að mér er kunnugt um að það hefur þótt hagkvæmara að sigla með þessi hrogn beint frá verkunarstöðum, safna þeim í eitt skip og sigla með þau beint til kaupenda erlendis. Ég held að það hafi tekist vel og gefið góða raun. Það hafa náðst mjög hagkvæm flutningsgjöld með þessu fyrirkomulagi þar sem stórir kaupendur eru við Limafjörð í Danmörku og þangað höfum við ekki beinar siglingar aðrar þannig að það hefur þótt hagkvæmara að fá til flutninga smærri skip og sigla með þetta beint frá framleiðslustað eða verkunarstöð til kaupendanna þar suður frá. Ég efast um að það form, sem hér er verið að tala um, geti gefið okkur ódýrari flutningsmöguleika eða geti leitt til ódýrari flutningskostnaðar.

Ég ætla ekki að fara um þetta fleiri orðum hér og nú. Ég vil aðeins leggja áherslu á að mér sýnist vera ýmislegt sem þurfi að skoða í þessu mjög gaumgæfilega og nákvæmar en ég held að hafi þegar komið fram í þeirri umræðu sem vafalaust hefur þó átt sér stað og farið fram á vegum samtaka grásleppuhrognaframleiðenda.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki vera langorður um þessi mál sem eru hér til 1. umr., en vil þó aðeins segja nokkur orð.

Það er lengi búið að vera baráttumál grásleppusjómanna að fá svipuð réttindi og aðrir sjómenn, og ég held að allir, sem nálægt þessu máli hafa komið, séu sammála um að það sé fullkomið og eðlilegt réttlætismál. Ég vil því taka undir þá meginhugsun sem kemur fram í þessum frv.

Ég held að það geti verið álitamál hvort fara eigi þá leið, sem hér er stungið upp á, og ég vil taka undir að það sé skoðað nánar. En þó vil ég segja frá því, að ég hef átt kost á að kynna mér þessi mál nokkuð. Við þm. Norðurl. e. vorum í sérstakri nefnd á sínum tíma sem fjallaði um

mál grásleppusjómanna þegar þeir urðu fyrir tjóni vegna hafíss, og þá komu upp mörg vandamál í sambandi við það tryggingakerfi sem þeir hafa við að búa. Þá voru þessi mál rædd í okkar hópi frá mörgum hliðum, m. a. hvort aflatryggingakerfi grásleppusjómanna væri ekki betur komið undir hinu almenna aflatryggingakerfi. Á því sáust ýmsir annmarkar. Ég vil því hvetja sjútvn. þessarar hv. deildar til að fara rækilega ofan í þetta mál með jákvæðum huga, hvort hér sé um þá einu réttu leið að ræða. Ég skal ekki leggja á þetta mat. Ég held að það séu gallar á báðum hugmyndunum, bæði að fella aflatryggingakerfi grásleppusjómanna undir hið almenna kerfi og að halda því sér, eins og hér er stungið upp á.

Í framhaldi af þeim fáu orðum, sem hv. þm. Guðmundur Bjarnason sagði um skipulag þessara mála, vil ég einnig hvetja til þess, að þær hugmyndir, sem hér koma fram um að grásleppusjómenn hafi möguleika á að hafa það kerfi, sem hér er stungið upp á, að safna sinni vöru saman á einn stað og hafa þannig yfirlit yfir sín sölumál. Þá leið á líka gaumgæfilega athuga með jákvæðum huga. Það kunna að finnast á því ýmsir annmarkar, en ég held að þarna sé á ferðinni merkileg hugmynd sem þurfi að skoða rækilega. — Ég vildi sem sagt hvetja til þess að sjútvn. kannaði þessi mál með opnum huga.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég er að sjálfsögðu ekkert undrandi á því, að menn velta vöngum yfir ýmsum ákvæðum þessa máls. Hér er um nýskipan að ræða sem þarf að skoða mjög vandlega. Tek ég undir það með hv. þm. sem á það hafa lagt áherslu. En ég vil láta koma hér fram, að ég tel að það hafi að vísu verið gert eins og kostur hefur verið á, en fylgt hefur verið því megingrundvallarsjónarmiði að skoða vandlega tillögur samtakanna sjálfra. Ég vek athygli á því, að þarna er um að ræða þeirra eigin ósk um að leggja á þá sjálfa gjald og því ekki ósanngjarnt að þeir hafi verulegt ákvörðunarvald um hvernig því gjaldi verður ráðstafað. Þetta hefur verið það grundvallarsjónarmið sem ég hef starfað eftir og rn. við að undirbúa þessi mál.

Ég vil t. d. upplýsa að ég var nokkuð efins um að rétt væri að stofna sérstakan sjóð, eins og menn hafa hér nefnt. En fram kom að þetta er eindreginn vilji samtakanna. Ég vil taka það fram að bæði framkvæmdastjóri þeirra og reyndar stjórn hafa gengið á minn fund og ég hef ekki orðið var við annað en að þar væri fullkomin samstaða um þá skipan sem hér er lögð til.

Ég held að birgðastöðin sé athyglisverð hugmynd, eins og kom fram hjá hv. þm. Lárusi Jónssyni áðan, sem eins og annað ber að skoða með opnum hug.

Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð, en vil taka undir það sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni. Ég vænti þess, að n. skoði þetta með opnum hug. Hún kveður að sjálfsögðu á sinn fund fulltrúa þessara samtaka ræðir við þá um þessi mál, en ég leyfi mér að vona að n. sjái sér fært að afgreiða málið þó fyrir þann tíma sem ég gat um í framsöguræðu minni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til sjútvn. með 14 shlj. atkv.

Útflutningsgjald af grásleppuafurðum, frv. (þskj. 124). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til sjútvn. með 14 shlj. atkv.

Olíugjald til fiskiskipa, frv. (þskj. 18). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10:4 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 163).

Almannatryggingar, frv. (þskj. 28, n. 139, 140). — 2. umr.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Ég leyfi mér að mæla fyrir nál. heilbr.- og trn. þessarar hv. deildar um frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

N. hefur fjallað um þetta mál á tveimur fundum. Á síðari fundinn komu tveir starfsmenn Tryggingastofnunar, þeir Hilmar Björgvinsson og Ólafur Björgúlfsson, og veittu n. upplýsingar. N. leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum og er till. flutt um þær á sérstöku þskj.

Áður en ég geri grein fyrir brtt. vil ég í örfáum orðum minna á þá aðalbreytingu sem frv. sem hér er til umfjöllunar, felur í sér. Það má segja að aðalbreytingin sé sú, að það verður heimilt samkvæmt frv. að hefja greiðslu meðlags svo fremi að barnsfaðernismál hafi verið höfðað. Það verður að líta svo á að þetta sé aðalbreytingin sem þetta frv. hefur í för með sér.

Ég vil svo leyfa mér að gera grein fyrir þeim brtt. sem getið var um áðan og eru á þskj. 140, við frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum. Brtt. eru á þá leið:

„1. Á undan 1. gr. (sem verður 2. gr.) komi ný grein, sem orðist svo:

4. mgr. 14. gr. orðist þannig:

Lífeyrisdeild Tryggingastofnunar skal greiða barnalífeyri þegar skilríki liggja fyrir um að barn verði ekki feðrað.

2. Á eftir 2. gr. (sem verður 3. gr.) komi svofellt ákvæði til bráðabirgða.

Þær mæður, sem þegar hafa höfðað mál fyrir gildistöku laga þessara, skulu njóta réttinda samkv. lögum þessum."

Fyrri breytingin, sem hér um ræðir, felur það í sér að nú skal greiða barnalífeyri ef ekki reynist gerlegt að feðra barn samkv. málsskjölum í stað heimildar áður.

Síðari breytingin er gerð vegna þeirra mála sem höfðuð hafa verið fyrir gildistöku þessara laga.

N. mælir eindregið með að þetta frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

Brtt. 140,1 (ný grein, verður 1. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

1. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 140,2 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Kosningar til Alþingis, frv. (þskj. 142). — 1. umr.

Flm. (Salome Þorkelsdóttir): Herra forseti. Á þskj. 142 hef ég leyft mér að flytja frv. til l. um breyt. á lögum nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

Ýmsar breytingar hafa verið gerðar á kosningalögum undanfarið í þeim tilgangi að auðvelda kjósendum að neyta atkvæðisréttar síns. Þetta frv. er einnig flutt í þeim tilgangi og einnig til þess að ógildum atkvæðum fækki. Það tekur mið af reynslu og breyttum þjóðháttum sem varða almennar kosningar í landinu. Ýmsu er ábótavant í gildandi lögum um kosningar til Alþingis. Er það bæði að ákvæði, sem fyrir eru, þurfa breytinga við og nýrra ákvæða er þörf. Frv. þetta varðar námsmenn búsetta á Norðurlöndum og aðra Íslendinga sem búsettir er erlendis um stundarsakir vegna starfa sinna, kjörskrárkærur, kjördag og kosningu utan kjörstaða.

Fyrir meira en áratug var námsmönnum á Norðurlöndum gert kleift að kjósa þótt þeir væru búsettir í öðru landi, en samkvæmt samstarfssamningi Norðurlanda mega menn aðeins eiga lögheimili í einu Norðurlandanna. Þess vegna hefur undanfarið borið mjög á örðugleikum við að koma atkvæðum námsmanna til skila. Það hefur þurft að kæra þá inn á kjörskrá og mörg atkvæði hafa tapast vegna búsetuleysis þeirra hér. Einnig hafa slík vandamál komið upp varðandi Íslendinga sem um stundarsakir dveljast erlendis vegna starfa sinna. Um þetta atriði er það frekar að segja, að Hagstofan hefur undanfarið með samkomulagi við stjórnmálaflokkana framkvæmt þetta, en það er ekki í lögum og því eðlilegt að slíkt atriði verði löggilt til að tryggja framkvæmd þess.

Í 2. gr. er gert ráð fyrir styttingu á kærufresti til sveitarstjórna. Fresturinn rennur nú út þremur vikum fyrir kjördag, en með nútímatækni er unnt að stytta hann í tíu daga fyrir kjördag, eins og hér er lagt til. Það er vitað mál, að kjósendur kanna ekki, hvort þeir eru á kjörskrá, svo löngu fyrir kosningar sem núgildandi regla gerir ráð fyrir, og leiðir það til þess, að allt of mörg mál þurfa að fara fyrir dómstólana, en sú aðferð kostar allt of mikla skriffinnsku og leiðir einnig til réttindataps vegna þess að málið fær ekki afgreiðslu hjá dómstólum nema viðkomandi sanni að hann hafi ekki haft möguleika á að kæra fyrir þriggja vikna frestinn.

Í 3. gr. er lagt til að ný málsgr. bætist við 21. gr. laganna í framhaldi af styttingu kærufrestsins og er það til að flýta dómsútskrift um breytingu á kjörskrá með símtali eða skeyti, en þessar dómsútskriftir hafa oft komið óþægilega seint.

Í 4. gr., um breytingu frá sunnudegi til laugardags, er þess freistað enn á ný að breyta um kjördag, en tillaga um það mun áður hafa verið flutt á Alþ. og ekki náð fram að ganga. Laugardagur er nú orðinn frídagur hjá flestum og áhugi manna á að fylgjast með talningu í fjölmiðlum veldur því, að vaxandi fjöldi landsmanna vakir nóttina sem atkvæði eru talin. Þess vegna er æskilegt að dagurinn eftir talningu sé frídagur.

Í hverjum kosningum er allmikið af vafaatkvæðum og ógildum vegna þess að listabókstafir eru illa skrifaðir. Það er hægt að fá svokallaða veltistimpla, sem henta mjög vel til að stimpla listabókstafina. Þessir stimplar eru gerðir hérlendis. Þá má gera þannig að þeir henti vel þeim, sem hafa lítinn mátt í höndum, og einnig, og ég vil sérstaklega benda á það, fyrir blinda. Það má segja að það sé réttlætismál fyrir þetta fólk að það fái sjálft að greiða atkvæði og hjálparlaust, sem það gæti gert ef þetta yrði samþykkt. Notkun stimplanna mundi skapa bæði aukið öryggi og flýta talningunni. Dómsmrn. yrði þá að löggilda þessa sérstöku stimpla og yrði falið að sjá kjörstjórnum fyrir löggiltum stimplum.

Ég vil geta þess í leiðinni, að ég hef fengið einn slíkan stimpil útbúinn með einum bókstaf og einnig í blindraletri. Mun ég láta hann fylgja með til n. sem tekur þetta mál fyrir.

6. gr. þarfnast ekki skýringar.

Að loknum þessum umr., herra forseti, legg ég til að málinu verði vísað til allshn.

Davíð Aðalsteinsson: Herra forseti. Ég vil leggja örfá orð í belg um þetta frv.

Ég vil taka það fram, að ég er mjög hlynntur því, að á komandi tímum verði gerðar breytingar á kosningalöggjöfinni. Eins og við þekkjum öll eru þar fjölmargir hortittir, ef ég má svo að orði komast. Framkvæmd kosninga, t. d. margvísleg tæknileg atriði, er þannig að þar er raunverulega alls ekki hægt að fylgja lögum. Hins vegar vil ég vekja athygli hv. þm., kannske fyrst og fremst flm., já, og þeirrar n. sem þetta frv. fær til meðferðar, á því, hvort 1. gr. frv. samrýmist stjórnarskrá okkar. Ég vil vekja menn til umhugsunar um það. Ég veit að frv. verður athugað vel í nefnd. Eins og hv. flm. kom inn á erum við bundin ákveðnum samningum við frændur okkar á Norðurlöndum.

Ég tók fram í upphafi míns máls, að ég væri fylgjandi því að færa kosningalöggjöfina til nútímahorfs. Hins vegar er ég í grundvallaratriðum á móti því að krukka í fá atriði. Ég vil frekast taka þá löggjöf til heildarskoðunar, en síður taka til umfjöllunar og breytinga einn og einn þátt þessarar löggjafar.

Flm. (Salome Þorkelsdóttir): Herra forseti. Vegna orða hv. 3. þm. Vesturl. varðandi 1. gr. vil ég ítreka það sem ég sagði áðan, að ég hafði samband við Hagstofu Íslands, sem sér um að útbúa kjörskrár, og fékk þar þær upplýsingar að þetta atriði væri framkvæmt að mestu leyti. Það er kannske meiri hætta á að það sé einhver misbrestur á að það gangi jafnt yfir vegna þess að þetta er ekki í lögum, en þetta er framkvæmt í samkomulagi við alla stjórmálaflokkana. Ég tel því eðlilegt að lögbinda það.

Varðandi að frekar ætti að taka alla löggjöfina til heildarskoðunar get ég verið sammála því út af fyrir sig og það verður væntanlega gert, en mér hefur sýnst að við megum bíða æðilengi eftir því, að stjórnarskráin og þá

um leið kosningalöggjöfin verði afgreidd í heild. Þau atriði, sem ég hef tekið hér út úr, eru meira „praktísk" atriði, sem menn hafa reynslu af og þarf að bæta, og ég held að það væri mjög gott og eðlilegt að þessi atriði, sem liggja á borðinu, verði tekin út úr, því að það mundi þá væntanlega stuðla að betri nýtingu atkvæðisréttarins þegar gengið verður til kosninga t. d. um stjórnarskrána þegar þar að kemur.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður bænda, frv. (þskj. 137). — 1. umr.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breyt. á lögum nr. 101 28. des. 1970, um Lífeyrissjóð bænda.

Mál þetta er flutt að beiðni stjórnar Lífeyrissjóðs bænda og á sér þá forsögu, að þegar lögin um Lífeyrissjóð bænda voru sett árið 1970 voru öldruðum bændum tryggð réttindi umfram það sem þeir ávinna sér með iðgjaldagreiðslum til sjóðsins. Um skilyrði fyrir bótarétti og um önnur ákvæði var höfð hliðsjón af ákvæðum laga um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum, sem sett höfðu verið fyrr á sama ári. Sá veigamikli munur er þó á bótaákvæðum, að réttindi aldraðra félaga í stéttarfélögum vegna tíma til ársloka 1969 miðast við launatekjur og eftir þann tíma við iðgjaldagreiðslur til hlutaðeigandi lífeyrissjóða, en réttindatíminn einn ræður nær undantekningarlaust þegar ákvarða skal greiðslur samkv. II. kafla laganna um Lífeyrissjóð bænda. Þótti eðlilegt að réttindi aldraðra bænda yrðu með þessum hætti, m. a. vegna þess að margir þeirra höfðu aðeins að litlu leyti notið góðs af þróun undanfarandi áratuga í átt til stærri búa og aukinnar framleiðslu. Á hinn bóginn leggur stjórn Lífeyrissjóðs bænda nú til að regla þessi verði ekki látin gilda lengur en til ársloka 1980, þ. e. að réttindi, sem menn ávinna sér eftir þann tíma, miðist alfarið við iðgjaldagreiðslur til sjóðsins og nemi, eins og kemur fram í 1. gr. frv., 1.8% fyrir hvert réttindaár, en það er það viðmiðunarhlutfall sem gildir í lífeyrissjóðum félaga í ASÍ.

Með breytingunni er dregið úr því misræmi er orðið getur milli lífeyrisréttinda manna, sem fæddir eru árið 1914 eða fyrr og öðlast rétt samkv. II. kafla laganna, og réttinda manna, sem fæddir eru árið 1915 eða síðar og ávinna sér rétt einvörðungu í sambandi við iðgjaldagreiðslur samkv. I. kafla laganna.

Herra forseti. Ég held að ekki sé þörf á að fara frekari orðum um þetta frv., sem horfir fyrst og fremst til samræmis í gildandi löggjöf um lífeyrisréttindi. Ég vil leyfa mér að leggja til að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

Neðri deild, 23. fundur.

Miðvikudaginn 26. nóv., kl. 2 miðdegis.

Tollheimta og tolleftirlit, frv. (þskj. 103). — 1. umr.

Flm. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Á þskj. 103 flyt ég ásamt hv. 4. þm. Vesturl., hv. 2. landsk. þm. og hæstv. dómsmrh. frv. til l. um breyt. á lögum nr. 59 frá 28. maí 1969, um tollheimtu og tolleftirlit. Breytingin er í því fólgin að upphaf 4. mgr. 7. gr. laganna orðist þannig:

„Auk aðaltollhafna eru hafnir í eftirtöldum kaupstöðum og kauptúnum tollhafnir samkv. lögum þessum:

1. Borgarnes, 2. Rifshöfn, 3. Ólafsvík, 4. Grundarfjörður, 5. Stykkishólmur, 6. Patreksfjörður o. s. frv."

Þessi breyting gengur út á það að bæta inn í greinina tveimur höfnum, þ. e. Rifshöfn og Grundarfjarðarhöfn.

Þetta frv. var flutt tvisvar áður, á 100. og 102. löggjafarþingi, og í hvorugt skiptið náði frv. fram að ganga vegna þess að það var svo liðið á þinghaldið.

Hér er um að ræða nauðsynlega aðgerð að okkar mati, en eins og stendur í tollalögum er tollhöfn höfn þar sem ferma má og afferma ótollafgreiddar vörur og geyma og tollafgreiða slíkar vörur án sérstakrar heimildar.

Ég þarf ekki að hafa langt mál um þetta. Það þýðir að ef frv. verður samþ. verða tollhafnir sem slíkar 22 í stað 20 eins og nú er. Þetta er að okkar mati eðlileg ráðstöfun. Á báðum þessum stöðum er mikil skipakoma. Bæði koma á þessar hafnir skip beint erlendis frá, sem þarf að tollafgreiða, og einnig er talsvert um að frá öllum þessum höfnum á norðanverðu Snæfellsnesi sé mikill útflutningur og hefur komið oftar en einu sinni fyrir, jafnvel oft í mánuði, að tollafgreiða þurfi skip frá þessum höfnum.

Ég ætla ekki að hafa lengri framsögu um þetta mál. Ég vísa til framsögu sem núv. hæstv. dómsmrh. flutti hér 28. jan. s. l. þegar þetta frv. var flutt í annað sinn. Þar komu fram þau meginrök og sögulegu rök sem væri eðlilegt að flytja með þessu frv.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 26 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 71). — Frh. 1. umr.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Þegar skattalögin voru til umfjöllunar á síðasta ári kom í ljós við umr. þá að eiginlega gat enginn hv. þm. sagt fyrir um hvernig þessi lög mundu koma út í öllum einstökum tilvikum. Af þeirri ástæðu lagði ég til að lögin yrðu ekki látin taka gildi á þessu ári, en það yrði athugað nánar hvernig þau hefðu komið út ef þau hefðu verið í gildi og agnúar yrðu þá sniðnir af lögunum eftir þeirri reynslu sem fengist. Strax þegar álagningin var komin óskaði ég ásamt hv. þm. Helga Seljan að eiga viðræður við hæstv. fjmrh. út af framkvæmdinni, út frá því að við sáum að í mörgum tilvikum eða nokkuð mörgum tilvikum var ekki hægt að

una því, hvernig álagning kom út. Fulltrúar bændasamtakanna mun einnig hafa gengið á fund hæstv. fjmrh.

Eins og kom fram í umr. hér í gær skipaði hæstv. ráðh. nefnd þar sem ríkisskattstjóri situr — hann er formaður — ásamt tveimur öðrum mönnum. Nú skilst mér, þegar nóvembermánuður er að líða, að þessi nefnd hafi lítið unnið enn þá. Ég held að það sé eðlilegt að ráðh. upplýsi í umr. um þetta mál, hvernig hann hyggst taka á þessum málum. Ég held að ýmsir bændur telji að það séu óeðlileg rólegheit á ríkisskattstjóra, sem á að hafa frumkvæði í þessu máli, og vil ég því mælast til þess, að hæstv. ráðh. ýti við honum og efnd verði þau fyrirheit, að í þeim tilvikum, þar sem er sýnilegt að um mikið óréttlæti er að ræða, verði leiðréttingar gerðar.

Þar sem ég þekki best til, í Norðurlandskjördæmi eystra, mun hafa verið sú framkvæmd, að það var tekið tillit til þeirrar rýrnunar sem varð á afurðum bænda, en til hins aukna tilkostnaðar, sem var af völdum harðærisins, var ekkert tillit tekið. Nú tel ég að slík framkvæmd sé ekki í anda laganna, og ég tel að það þurfi engum lögum að breyta til að lagfæra þetta. Það er vitað mál, að það er hægt að sanna það í óteljandi tilvikum að kostnaðurinn var miklu meira en tvöfaldur við eðlilegar aðstæður og í sumum tilvikum urðu bændur alveg tekjulausir. Er þá hægt að þola að það sé farið eftir þessari grein, og er það í anda þessara laga?

Það var birt grein eftir Sigurð Þórisson á Grænavatni. Þar tekur hann eitt dæmi um hvernig þetta kemur út. Hann segir að í vissum tilvikum séu áætlaðar tekjur sem við vitum ekkert til, en svo segir hann: Ég fæ ekki heldur betur séð en að með sömu útfærslu á lögunum næsta ár verði þessum hjónum reiknaðar tekjur vegna þessarar skuldar og nemi sú tekjufærsla 2 millj. 290 þús. kr. — Þessar tekjur í ár voru rúmar 5 millj. miðað við það dæmi sem Sigurður á Grænavatni tekur í grein sinni.

Ég minntist á það í þeim fáu orðum sem ég fór hér um í gær, haft hefði verið blaðaviðtal við einn af þeim sem eru í nefndinni sem hæstv. fjmrh. skipaði. Þar kemur fram hvað þetta getur komið afkáralega út í mörgum tilvikum. Hann kemst líka að þeirri niðurstöðu eða slær því fram í viðtalinu að hann viti ekki hvernig margir þessir ungu bændur kæmust út úr þessu, og á náttúrlega alveg það sama við bændur á harðindasvæðinu, og segir síðan: Annaðhvort verður þeim með þessu vísað úr stéttinni með eignaupptöku eða þessir skattar verða aldrei greiddir.

Nú er ég alveg sannfærður um, þar sem ég þekki töluvert hæstv. fjmrh., að hann muni ekki vilja una því að menn verði að flýja af jörðum sínum eða jarðirnar verði boðnar upp vegna skatta sem eru lagðar á tekjur sem menn hafa ekki haft. Þess vegna verður að hefjast handa og ýta á að eitthvað sé gert. Ég vil nú mælast til þess, að við þessa umr. láti hæstv. ráðh. okkur verða einhvers vísari um hvernig hann muni taka á þessum málum miðað við þau dæmi sem mér er kunnugt um að hæstv. ráðh. þekkir og jafnvel miklu betur en ég. — Ég segi fyrir mig, að ég hefði aldrei staðið að því að þessi lög fengju lagagildi nú ef ég hefði ekki treyst þeim yfirlýsingum, að þessir annmarkar yrðu sniðnir af þegar þeir kæmu í ljós. Ég og ýmsir aðrir höfum haldið að okkur höndum í þessu efni vegna þess að við höfum viljað bíða og sjá hverju fram yndi í þessum málum.

Ég vil að lokum minna á að ákvæðið í t. d. 59. gr. hefur áður verið í lögum einnig má segja að allir stjórnmálaflokkarnir beri raunar ábyrgð á þessum skattalögum eins og þau eru. En það réttlætir okkur ekki á nokkurn hátt, og þegar við sjáum hvernig þetta kemur út í vissum tilvikum verðum við að gera kröfur til þess, að staðið verði við þau loforð sem gefin hafa verið.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil taka undir það sem hv. þm. Stefán Valgeirsson sagði hér. Ég býst við að það sé rétt hjá honum, að ýmsir þm. hafi ekki áttað sig á því, hver framkvæmd þessarar lagagreinar yrði, og hafi þess vegna að vanhugsuðu máli greitt atkv. með skattalögunum eins og þau eru nú. Ég hefði þess vegna viljað beina því til hv. 3. þm. Austurl., formanns fjh.- og viðskn. að hann hraðaði afgreiðslu þessa máls úr n. og einnig þeirra tveggja frv. annarra sem lögð hafa verið fram um breytingar á skattalögunum og hjá n. liggja, til þess að hægt verði að afgreiða þau frv. fyrir jól. Þar á ég við frv. um barnaskattana í fyrsta lagi og í öðru lagi frv. um rýmkun á vaxtafrádrætti, sem við lögðum fram, ég og hv. 6. þm. Reykv.

Það er rétt hjá hv. 2. þm. Norðurl. e., að umrætt ákvæði tekur ekki tillit til afkomu manna. Menn geta þannig orðið að standa skil á háum sköttum jafnvel þótt um engar tekjur sé að ræða til að standa undir þeim og þeir geti þess vegna ekki staðið í skilum með skattana nema með því að taka lán fyrir þeim. Það hefur í slíkum tilfellum aldrei verið neinum tekjum til að dreifa þó svo ríkisvaldið skattleggi ímyndaðar tekjur, tilbúnar tekjur sem aldrei voru til.

Ég geri mér grein fyrir að þessi framkvæmd skattalaganna er afleiðing af harðri gagnrýni sem kom fram á sínum tíma. Hún er sprottin af því, að þeir menn, sem ferðinni réðu, hafa dregið rangar ályktanir af þeirri gagnrýni. Þess vegna eru lögin svona úr garði gerð.

Út af þeim einhliða málflutningi, sem hv. 2. þm. Norðurl. e. hafði hér í frammi, vil ég minna á að þessi lagagrein tekur til margra annarra en bænda; trillusjómanna, vörubifreiðastjóra, leigubifreiðastjóra, manna sem eru með sjálfstæðan atvinnurekstur, iðnaðarmanna, kaupmanna og ýmissa annarra, jafnvel lögfræðinga, — hæstv. fjmrh. er í þeirra hópi. Það eru því ekki bara bændur sem um er að ræða. Nú er mér kunnugt um að fram fer sérstök athugun á hvernig þessi ákvæði koma við bændastéttina. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. hvort sérstök athugun hafi verið gerð á því, hvernig þetta ákvæði tekur til harðindasvæðanna fyrir norðan í öðrum atvinnurekstri, eins og t. d. í trillubátaútgerð, og spyrja hann að því, hvenær niðurstöðu sé að vænta. Ég vil jafnframt minna á að skattlagning verður að vera almenn. Það er ekki hægt að fara þar í manngreinarálit, heldur verður skattlagningin að koma jafnt við alla borgara landsins. Ekki dugir að mismuna mönnum í þeim efnum. Ég vil sem sagt spyrja: Hvenær má vænta þess, að niðurstöður liggi fyrir úr þeirri sérstöku athugun sem gerð hefur verið á framkvæmd þessa ákvæðis? Hvenær geta alþm. vænst þess að fá skýrslu um það mál og hversu víðtæk er sú athugun?

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Í tilefni af umr., sem orðið hafa um þetta mál, og bollaleggingum manna í þessu sambandi finnst mér tilhlýðilegt að minna á hvernig skattálagning fer fram hér á landi. Ég vænti þess, að flestir hv. alþm. geri sér grein fyrir því, að fjmrn. og fjmrh. leggja ekki á skatta hér á landi, heldur eru

skattar lagðir á samkv. lögum frá Alþingi, af ríkisskattstjóra og skattstofunum. Fjmrn. hefur ekki ákvörðunarvald um hvernig þessi skattálagning fer fram eða hvort einhverjar leiðréttingar eru gerðar hjá einstökum hópum manna, heldur verður í öllum tilvikum að fara að lögum af hálfu þeirra stofnana sem með þetta fara. Aftur á móti hefur fjmrn. eftirlit með því, að skattálagning fari fram að lögum, og sérstaklega ber því að fylgjast með hvernig skattálagningin almennt kemur út þannig að unnt sé að gera þá tillögu um breytingar á lögunum eða aðrar leiðréttingar sem horfa til meiri sanngirni.

Strax og í ljós kom að m. a. bændasamtökin og einstakir bændur kvörtuðu yfir því, að álagning á bændur hefði verið ósanngjörn og óeðlileg í ýmsum tilvikum, var ákvörðun tekin um að skipa sérstaka nefnd, sem m. a. eru í tveir bændur, sem átti að gera sérstaka úttekt á þessari álagningu. Ég get tekið undir það sem hér hefur komið fram, að æskilegt hefði verið að þessi nefnd hefði þegar skilað af sér. Ég hef rætt þetta mál oftar en einu sinni við ríkisskattstjóra, sem er formaður nefndarinnar, og ég vænti þess, að nefndin skili af sér innan tíðar. En ég get ekki vefengt það, sem sagt er í þessu sambandi, að um gífurlegt verkefni sé að ræða að kanna, hvernig þessi álagning hefur farið fram, og gera úttekt á því, hvort mismunur hefur verið á álagningu í einstökum skattumdæmum, eins og þessari nefnd var sérstaklega ætlað að athuga, og að draga fram ósanngjörn dæmi og hversu algeng þau væru og hvort þar væri um mismunandi meðhöndlun að ræða o. s. frv. Ég held að það geti enginn neitað því, að þetta er gífurlega mikið verkefni. Þar sem það bætist nú við, að ríkisskattstjóri var frá vinnu um skeið, þá hefur ekki fengist niðurstaða, enda skilst mér að lengstum hafi verið beðið eftir útkeyrslu þeirra upplýsinga úr tölvum sem þörf var á í þessu sambandi. Ég hef því ekki talið neinn möguleika til að taka þetta mál upp til sérstakrar umræðu í fjmrn. eða ríkisstj. eða með þeim aðilum sem hér eru í samstarfi. Ég hef talið augljóst að við hlytum að bíða eftir niðurstöðum þessarar nefndar. Þegar niðurstaða er fengin er sjálfsagt að taka tillit til hennar við undirbúning breytinga á skattalögunum þannig að álagning á næsta ári yrði ekki með þessum annmörkum.

Hvað snertir bersýnilega ósanngirni við álagningu á s. l. sumri, eins og hv. 2. þm. Norðurl. e., Stefán Valgeirsson, nefndi áðan, verðum við að vænta þess, að í slíkum tilvikum hafi álagningin verið kærð og sé tekin til sérstakrar meðferðar af ríkisskattstjóra eða ríkisskattanefnd. Ég tel einsýnt að þeir gjaldendur, sem telja sig eiga um sárt að binda vegna þess að álagning hafi verið af einhverjum ástæðum sérstaklega ósanngjörn, hljóti að kæra álagninguna eða hljóti að hafa kært álagninguna og að málið sé tekið til sérstakrar meðferðar í framhaldi af því. En ég býst við að það sé ákaflega erfitt við það að eiga að setja almennar reglur núna undir áramót sem breyti þeirri álagningu sem fram fór í sumar. Ég býst við að þar sé ákaflega erfitt um vik. Það mundi þýða að það yrði að leggja á upp á nýtt á stórum svæðum, sem ég tel nánast útilokað úr því sem komið er. En þetta mun allt skýrast betur þegar niðurstaða nefndarinnar liggur fyrir.

Hv. þm. Halldór Blöndal, 7. landsk. þm., spurði að því, hvort fram hefði farið athugun á öðrum sviðum hliðstæð þeirri athugun sem gildir um bændur. Ég hlýt að svara þessari spurningu neitandi. Þess hefur ekki verið óskað, að slík rannsókn færi fram, og hún hefur ekki verið gerð. Hins vegar var skipuð, eins og um var talað s. l. vetur, sérstök nefnd með fulltrúum tilnefndum af þingflokkunum, og í þeirri nefnd áttu menn kost á og eiga kost á að koma fram sérstökum óskum um athugun eða úttekt á einstökum atriðum. Mér er ekki kunnugt um að slík ósk hafi komið þar fram. Ef fram kæmi sérstök ósk af þessu tagi er auðvitað vel hugsanlegt að gera slíka úttekt, en ég tek það fram, að rannsóknir og úttektir af þessu tagi eru geipilega dýrar og auðvitað verða að vera einhver takmörk fyrir því, hvað við stöndum í miklum stórræðum í þeim efnum.

Ég vil minna á í þessu sambandi, að ákvæði um heimildir ríkisskattstjóra til að áætla mönnum tekjur, ef sérstök ástæða þykir til, eru komin inn í skattalög vegna mikillar gagnrýni sem uppi var á gildandi skattalögum.

Ég held að þm. úr öllum flokkum hafi sameinast um að gera kröfu til þess, að ýmsum einstaklingum, sem hafa augljóslega og bersýnilega miklar tekjur, en hafa hins vegar tök á því að gefa upp til skatts það sem þeim sýnist, yrði ekki sleppt eins auðveldlega og verið hefur. Ég tel því fráleitt að fara ári síðar að fella niður öll ákvæði af þessu tagi úr skattalögum. Það má hins vegar vel vera að það þurfi að gera sérstakar ráðstafanir varðandi þá hópa sem er hægt að hafa eftirlit með með öðrum hætti. Það er hægt að fylgjast býsna vel með tekjum bænda í gegnum söluaðila landbúnaðarins, og það er mjög óeðlilegt að ætla mönnum háar tekjur þegar oft er kannske um að ræða verst settu þjóðfélagsþegnana. Og ég verð að taka undir það sem kom fram í umr. hér í gær um sama mál, þegar ég svaraði fsp. um þetta efni einmitt frá hv. þm. Stefáni Valgeirssyni, að manni finnst einkennilega lítill munur á þeim tekjum, sem áætlaðar eru á bændur annars vegar og svo hins vegar t. d. á lögfræðinga, tannlækna eða sérmenntaða menn ýmiss konar. Ég verð að segja að mér finnst munurinn furðulítill og óttast að ekki hafi verið um hárnákvæmt mat að ræða.

Ég vil að lokum segja það eitt, að ég hef gert ráð fyrir að bíða eftir niðurstöðum þeirra nefnda sem sérstaklega hafa unnið að þessum málum. Það gildir bæði um bændurna og einnig um einstæðu foreldrana. Ég geri ekki ráð fyrir að þessi mál verði til lykta leidd fyrir áramót. Ég geri mér í hæsta lagi vonir um að unnt yrði að koma saman frv. um breytingar á tekjuskattslöggjöfinni og það yrði þá til umræðu meðal stuðningsmanna ríkisstj. og hugsanlega yrði það lagt fyrir Alþ. fyrir jól. Þó er það ekki öruggt. Áreiðanlega yrði það ekki afgreitt fyrr en á næsta ári.

Vissulega væri æskilegt að búið væri að koma þessum málum öllum á hreint fyrir nýár, en því miður sýnist mér að við séum enn að velkjast með þau vandamál sem stafa af gerbreyttu skattakerfi. Það tekur sinn tíma. Það tók sinn tíma að leggja á. Við vorum seinir með álagninguna vegna þess hversu seint lögin voru afgreidd í vor, og við verðum seinir með þær úttektir og rannsóknir sem gera þarf í kjölfar hinnar nýju álagningar. Þar af leiðandi verðum við líka seinir að undirbúa frv. um breytingar á skattalögunum þannig að þess er alls ekki að vænta að þessi mál verði komin á hreint fyrir nýár.

Flm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Það hefur komið fram í umr. um frv. á þskj. 71 um breytingu á skattalögunum, að fjmrh. hefur skipað nefnd til að endurskoða áhrif þess atriðis sem hér er rætt um og frv. fjallar um. Hæstv. fjmrh. gat þess áðan að það væri

gífurlegt verk að kanna þau áhrif, hvernig þessi álagning hefði farið fram og hvaða afleiðingar hún hefði haft, og hann lauk máli sínu á þá leið að telja eðlilegt og sjálfsagt að við hlytum að bíða eftir niðurstöðu þessarar nefndar án þess að nokkuð væri aðhafst í málinu annað.

Hann gat þess, að það tæki tíma að kanna áhrif hinna nýju skattalaga og gera á þeim heildarbreytingar, og ég get vel fallist á að það sé rétt. En ég vil taka undir það, sem hv. 2. þm. Norðurl. e. sagði áðan í umr., að það eru óeðlileg rólegheit í því nefndarstarfi sem sett hefur verið í gang til að kanna þetta sérstaka ákvæði laganna vegna þess hvað það grípur hastarlega inn í hjá mörgum þeim manninum sem ekki er þess umkominn að bera af sér þær álögur sem á hann eru lagðar.

Ég vil geta um eitt dæmi sem ég hef um bónda sem er nú 75 ára gamall. Konan hans er sextug. Þau stunda lítinn búskap á jörð sinni. Þau kaupa ekki vinnukraft. Hann fær ellilífeyri, en hann hefur ekki enn tekið lífeyri úr Lífeyrissjóði bænda. Hjónin vinna, eins og ég sagði áðan, ein við búið, hafa þar af leiðandi lítinn rekstrarkostnað og þau eru skuldlaus. Bústofninn, sem var á búi þeirra 1979, var 5 kýr, en af því, eins og geta má nærri, að þau eru farin að vinna heldur hægar en áður ákváðu þau að fella þessar kýr haustið 1979 og hætta við kúabúskap. Þau höfðu áður 100 ær og hafa haldið þeim áfram. Tekjur umfram það, sem þetta bú gefur og niðurskurður á bústofninum að nokkru leyti, höfðu þau ekki.

Þegar þessi bóndi fór að gera upp búið sitt og gera sína skattskýrslu stóðu hjónin svo, að þegar reksturinn var settur í jafnvægi og rekstrarafgangurinn settur inn á persónuskýrsluna og þær tekjur sem hann hafði af sínum ellilífeyri, þá voru tekjurnar 2 358 908 kr. Skattstjórinn var hins vegar skyldugur til þess samkv. lögum að breyta þessu framtali til hækkunar. Hann bætti við tekjur þeirra rúmlega 1 millj. kr., sem að viðbættri tekjufærslu vegna endurmats eigna leiddi til rekstrartaps um 1 844 889 kr., sem var yfirfært til næsta árs. Þessi hjón, sem sannanlega höfðu ekki nema tæpar 2.4 millj. í tekjur, mega nú greiða í tekjuskatt 1 382 789 kr. og til sveitarfélagsins 786 660 kr. eða samtals 2 169 449 kr.

Mér sýnist að í ljósi þessa tilviks megi álykta að Alþ. hafi fatast alvarlega lagasetningin. Það eru mistök Alþingis að fá embættismönnum í hendur slíkar reglur að fara eftir að þær leiði til jafnaugljóss misréttis og átti sér stað í því tilviki sem ég var að greina frá. Og ég verð að segja að mér finnst það vera of mikil vænð að bíða eftir niðurstöðum nefndar, sem sýnilega ætlar sér að vinna verkið hægt, áður en leiðrétt eru mistök eins og þau sem hér er greint frá og ég veit að eru til mýmörg áþekk. Margir þeirra bænda, sem þetta kemur verst við, eru vanir því frá sínum fyrstu afskiptum af fjármálum og fjárhagslegri ábyrgð að standa skil á þeim gjöldum sem þeim eru lögð á herðar, og ég veit að þá langar ekki til að sofna þannig úr þessari veröld að þeir hafi neitað að greiða réttmæt gjöld. Það leggur okkur enn þá þyngri skyldur á herðar að leiðrétta þetta fyrir þá sök en annars hefði verið.

Ég á von á því að hinn mikli baráttumaður fyrir rétti alþýðunnar, hv. þm. Ágúst Einarsson, sem tók afstöðu gegn frv. við þessa umr., telji að hér sé um einangrað dæmi að ræða. En ég staðhæfi að svo er ekki. Enn hefur ekki fengist á því könnun hversu margar breytingar og hversu stórar þær eru sem skattstjórar hafa gert, en áhugi manna á því að koma fram breytingum á þessum ákvæðum skattalaganna tala sínu máli.

Ég hef greint frá því áður við þessa umr. að um 2000 bændur hafa sent ríkisstj. áskorun um að breyta þessu ákvæði skattalaganna, og það er rétt að geta þess, að fyrir stuttu bárust mér úr einni lítilli sveit á Suðurlandi, sem hafði orðið sein fyrir með undirskriftasöfnunina, þessar undirskriftir sem ég er hér með í höndunum og ég hef ekki getað skilað af mér enn þá. Sá hópur vildi þó ekki sitja hjá aðgerðalaus, en þar var um 25 einstaklinga að ræða.

Ég veit að margir þeirra, sem orðið hafa fyrir barðinu á þessum rangláta skatti, hafa kært þær álögur sem þannig eru ákvarðaðar, þar sem um er að ræða óverjandi óréttlæti og mismunun sem af því leiðir þegar þessum skattaákvæðum er beitt. En ekki er nægilegt að kæra. Ákvæðin verður að nema úr gildi. Skattgreiðendur hafa sýnt það með undirskriftum sínum að þeir telja hér um mikilvægt málefni að ræða. Það brýtur í bága við þá sjálfsögðu reglu að tekjuskattur skuli ekki lagður á ímyndaðar tekjur, heldur sannanlegar og raunverulegar tekjur, og það brýtur í bága við allar venjur í skattamálum að skylda skattstjóra til að setja mönnum tekjur án þess að rök hnígi að því að þær séu vantaldar. Það er því eðlilegt að almennur vilji komi fram um það, að fullkomin leiðrétting fáist á þessu máli, sem næst ekki fram með öðru móti en því, að lögunum verði breytt og sú breyting verði afturvirk þannig að skattar, sem lagðir hafa verið á nú í ár á grundvelli þessa umræddu ákvæðis, verði felldir niður án kæru, eins og ákvæðið til bráðabirgða með þessu frv. ber með sér að ætlast er til.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Það er ekkert nýtt fyrir mér hverjir það eru sem leggja skattana á. Hins vegar er það ekki heldur nýtt fyrir mér, að hæstv. fjmrh. ber skylda til að hafa eftirlit með þessari álagningu, og það er það sem ég tel að á skorti. Í 59. gr. laga um tekju- og eignarskatt segir m. a.:

„Viðmiðunartekjur þeirra, er landbúnað stunda, skulu miðast við launaþátt í verðlagsgrundvelli landbúnaðarafurða, þó að teknu tilliti til aðstæðna hverju sinni, svo sem ef bóndi nær ekki heildartekjum grundvallarbúsins vegna afurðaverðs, árferðis eða annarra atriða er máli skipta að mati ríkisskattstjóra."

Nú liggur það fyrir, að ríkisskattstjóri gaf þau fyrirmæli, að ekki yrði farið eftir árferðinu, þ. e. metinn aukinn tilkostnaður vegna harðærisins. En ég tel að þessi lagafyrirmæli kveði alveg skýrt á um að það skuli gert. Það þarf ekki að bíða eftir nefnd í sambandi við þetta atriði. Þetta er framkvæmdaatriði sem á að fara eftir lögum, en fyrir liggur að svo var ekki gert. Þegar farið var að ræða um þessi mál á vegum Stéttarsambandsins og þegar hæstv. ráðh. skipaði þessa nefnd, þá álitu bændur að það þyrfti ekki að kæra svona augljós atriði. (**Fjmrh.:** Hvað var það sem ekki var gert?) Að taka tillit til þess kostnaðarauka sem af árferðinu leiddi. Ég var að lesa upp úr lagagreininni, hæstv. ráðh., sem segir alveg skýlaust til um þetta.

Ég vil endurtaka áskorun mína á hæstv. ráðh. að gefa sér tíma til að greiða úr þessu máli, þó að ýmislegt sé að gera — ég veit það — þessa dagana. Þetta nær engri átt. Það eru ýmsir bændur í Norðurlandskjördæmi vestra sem líklega hafa kosið hæstv. ráðh. Kannske eru þeir ekkert ánægðir við hann ef hann sýnir það, þegar hann er

kominn í þennan stól, að hann sé algerlega búinn að gleyma þeim. Mér þykir það ekki líklegt.

Það eru ýmis fleiri atriði sem breyta þarf, en bændur hafa yfirleitt ekki kært, vegna þess að yfirlýsingar voru gefnar um að álagning yrði leiðrétt í þessum æpandi tilvikum. Það er t. d. í sambandi við ákvæðin um eignatilfærslu. Það kemur alveg það sama út í vissum tilvikum. Ég þarf ekki að koma að því frekar, þetta þekkja allir. Á fundi, sem ég var á norður í landi, tók til máls aldraður maður sem er enn þá skráður bóndi. Hann hefur lítinn búrekstur, en af því að hann var skráður bóndi voru honum ákvarðaðar tekjur sem hann ekki hafði, og þar af leiðandi missti hann af tekjutryggingunni. Þetta á auðvitað að lagfæra. Þetta á ekki einu sinni að þurfa að kæra. Og þetta er ekki fyrir það, að lögin séu gölluð að þessu leyti, heldur er framkvæmdin gölluð. Þó að þurfi, a. m. k. að því er bændurna áhrærir, að sjá til þess að láta 59. gr. ekki ná til þeirra, held ég að hægt sé að færa nægileg rök fyrir því, að það eru yfirleitt ekki bændur sem svíkja undan skatti. Ég held að það liggi yfirleitt í flestöllum tilvikum á hreinu um þeirra tekjur. En eins og hæstv. fjmrh. sagði er hrópandi ósamræmi í því, að ætla t. d. læknum, ég tala nú ekki um tannlæknum, 8.1 millj. kr. laun á sama tíma sem bónda eru t. d. ætluð 6 millj. 780 þús. kr. laun. Maður sér að þetta er svo fráleitt misræmi, að það tekur ekki nokkru tali. Ég ætla ekki að nefna þær tekjur sem ég hef heyrt t. d. að læknar hafi, en það eru margfaldar þessar tekjur, og það er enginn vafi á því að þeir hafa þær tekjur.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Mönnum hefur orðið tíðrætt um 59. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, en ég vil biðja menn að gleyma því ekki, að það má segja að aðalákvæðin séu í 7. gr. laganna. Þar stendur:

„Vinni maður við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skal hann telja sér til tekna eigi lægra endurgjald fyrir starf sitt en hefði hann innt það af hendi fyrir óskyldan eða ótengdan aðila.“

Þetta ákvæði er komið inn í lögin, eins og hér hefur komið fram, vegna þess að menn hafa talið sig sjá mikinn mismun milli þess að menn væru annars vegar launþegar og hins vegar eigin atvinnurekendur. Það hefur verið allbreið samstaða um að hér þyrftu einhverjar breytingar að koma til, og það er forsenda þess, að þetta grundvallarsjónarmið kom inn í lög, þ. e. að maður, sem vinnur við eigin atvinnurekstur, skuli reikna sér laun með hliðstæðum hætti og launþegi sem vinnur hjá honum.

Síðan kemur í 59. gr.: „Ef maður, er starfar við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi eða hjá aðila honum tengdum, telur sér til tekna af starfi þessu lægri fjárhæð en ætla má að launatekjur hans hefðu orðið ef hann hefði unnið starfið sem launþegi hjá óskyldum aðila, skal ákvarða honum tekjur af starfinu. Ríkisskattstjóri skal árlega setja skattstjórum viðmiðunarreglur til slíkrar ákvörðunar.“

Ég tel nauðsynlegt að deila þessu máli í nokkra þætti. Í fyrsta lagi eru margir sammála grundvallaratriðinu, sem kemur fram í 7. gr., að það sé eðlilegt að hliðstæðar reglur gildi um launþega annars vegar og þá, sem stunda atvinnurekstur, hins vegar. Síðan kemur aftur atriði í 59. gr. sem veldur enn meiri deilum að því er ég tel. Þegar þessi grein var samþykkt hér á Alþingi voru margháttaðar skýringar í framsögu og margháttaðir fyrirvarar. Ég er þess fullviss, að það á eftir að reyna á þessi atriði bæði fyrir ríkisskattanefnd og fyrir dómstólum. Ég veit ekki til þess að eitt einasta mál hafi enn verið úrskurðað hjá ríkisskattanefnd, hvað þá fyrir dómstólum. Það, sem við hljótum fyrst og fremst að spyrja okkur um í þessu sambandi, er þetta: Hefur löggjöfin brugðist eða hefur framkvæmdin að einhverju leyti brugðist eða hvað hefur brugðist?

Ég er þeirrar skoðunar, að ýmislegt hafi brugðist í framkvæmd þessara mála. Sannleikurinn er sá, að það hefur verið tilhneiging um langa hríð til að leggja miklu meira upp úr löggjöf um skattamál heldur en framkvæmd skattamála. Og ég veit að skattyfirvöld hafa átt í miklum erfiðleikum með að framkvæma þessi atriði, að sumu leyti vegna skorts á mannafla og einnig af ýmsum öðrum ástæðum. Mér sýnist t. d. að skattstjórar hafi haft þann hátt á, ef þeim hafa fundist tekjur viðkomandi aðila vera of lágar, að senda honum bréf og tilkynna honum að hann skuli hafa tilteknar tekjur. Ég er ekki samþykkur þessari framkvæmd mála hjá skattyfirvöldum. Ég tel að þeim hefði borið skylda til að skrifa viðkomandi aðila bréf og biðja um rökstuðning fyrir því, að hann reiknar sér þær tekjur sem hann tilgreinir á sínu framtali. Ég dreg mjög í efa að skattstjórar hafi heimild til að skrifa mönnum bréf og segja með einföldum hætti: Tekjur yðar ákvarðast þessar í samræmi við 59. gr.

Þetta eru atriði sem þurfa athugunar við. Spurningin er sú, á hvaða vettvangi það á að vera. Á Alþingi að bíða þess, að ríkisskattanefnd og dómstólar fjalli um þessi mál, eða telur Alþingi ástæðu til að verða fyrra til að breyta hér einhverju? Ég býst við að það sé mjög miklum erfiðleikum háð að lögfesta þær viðmiðunarreglur sem hér er talað um, en það kemur þó vissulega til greina. Það eru lögfest ýmis atriði sem á að taka tillit til, eins og aldur, heilsa, starfstími og umfang starfsins, og ég tel að lögin nái fyllilega yfir aðstæður sem hv. þm. Steinþór Gestsson rakti áðan varðandi tiltekinn mann. Mér þykir það nokkuð furðulegt, ef ekki er tekið tillit til slíkra aðstæðna, miðað við þau lög sem hafa verið sett um þessi mál. En þetta eru atriði sem þurfa vissulega athugunar við.

Vegna orða hv. þm. Halldórs Blöndals um að við mundum hraða afgreiðslu þessara mála í fjh.- og viðskn. vil ég taka það fram, að við höfum þegar tekið á dagskrá tvö frv. sem hann minntist hér á, annars vegar um svokallaða barnaskatta og hins vegar um vaxtafrádrátt, sem ég skal ekkert segja um hvenær við getum lokið við. En ég er reiðubúinn að beita mér fyrir því, að nefndin leggi nokkra vinnu í þetta atriði og kalli fyrir menn frá ríkisskattstjóraembættinu varðandi þessi atriði. Mér hefur fundist ganga hægt með störf þeirrar nefndar sem átti að vinna að þessum málum, og tel fyllilega eðlilegt að fjh.- og viðskn. reyni að setja sig sem best inn í þessi atriði. Hvort nauðsynlegt verður að gera breytingar á skattalögunum skal ég ekki um segja. Ég vil fá skýringar á ýmsum atriðum sem mér hefur fundist fara nokkuð úrskeiðis. Þetta þurfum við að meta. Hins vegar vil ég taka fram að ég er þeirrar skoðunar, að framkvæmdin hafi ekki verið með þeim hætti sem við hefðum getað vænst. En þá vil ég einnig segja, að vel má vera að við ætlumst oft og tíðum til of mikils af skattyfirvöldum miðað við þann mannafla og tæki sem þau eiga við að búa.

En það, sem mér finnst að athugunin þurfi fyrst og fremst að beinast að, eru viðmiðunartekjurnar og með hvaða hætti skattyfirvöld meta aðstæður. Taka menn

tillit til þeirra aðstæðna, sem teknar eru fram í lögunum? Taka menn tillit til þeirra aðstæðna, sem teknar voru fram í framsögu með málinu og hafa vissulega lagaskýringu? Þetta tel ég að þurfi allt saman að liggja fyrir áður en menn rjúka til og breyta lögum.

Ég veit vel að það eru til mörg dæmi þess, að menn hafi fengið óréttláta skattlagningu. Og vel má vera að þau dæmi séu þess eðlis, að það sé réttlætanlegt að breyta lögunum. En ég veit hins vegar um fjölmörg dæmi þess, að menn hafi ekki farið illa út úr þessari skattlagningu, og mér hefur skilist — enda þótt hreppar hafi kvartað hvað mest undan þessari skattlagningu — að einhverjir þeirra hafi beðið um að fá að hækka útsvarið vegna þess að útsvarsálagningin hafi verið svo lág í viðkomandi sveitarfélagi. Þetta þurfa menn líka að tíunda. Mér finnst að jafnvel þótt menn sjái óréttlæti á ýmsum stöðum, þá þurfi menn að athuga hvers eðlis það er og hvort nauðsynlegt sé að breyta löggjöf, því að það er nú svo í þessu þjóðfélagi, að menn gera alltaf mest úr þeim dæmum þar sem illa fer, en gera lítið úr þeim dæmum þar sem skattlagningin kemur út af fullu réttlæti. Mér hefur fundist menn gera mikinn mat úr þeim dæmum sem hafa komið fram um óréttláta skattlagningu sem ég hef séð og veit um, en ég veit að þau eru miklu fleiri þar sem skattlagningin hefur komið ágætlega út fyrir viðkomandi skattþegna og jafnvel mun betur en nokkru sinni áður.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður spurði hvort menn teldu að löggjafinn hefði brugðist eða hvort framkvæmdin hefði brugðist. Ég get tekið undir með hv. 2. þm. Norðurl. e., ég tel að hvort tveggja hafi brugðist, löggjöfin og framkvæmdin. Og ég held að Alþingi sé ekki svo óskeikul stofnun, að það geti ekki komið fyrir að afgreidd séu mál sem þurfi leiðréttingar við. Það kom fljótt í ljós að mönnum fannst ástæða til að fella niður síðari mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laganna og síðar að 59. gr. laganna ásamt fyrirsögn félli brott. Við, sem flytjum það frv. sem hér er til umr., lögðum til við umr. um breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt á síðasta þingi að þetta yrði fellt niður vegna þess að við höfðum fengið nákvæmar upplýsingar um það, að þessi ákvæði væru ekki réttlát og því væri rétt að fella þau niður strax. Því miður náði þessi tillaga ekki fram að ganga, en margir þeir hv. þm., sem stóðu að því að fella hana, hafa skipt um skoðun síðan og viðurkennt staðreyndir, og þeir eru ekkert minni menn fyrir það. Og ég sé að hæstv. landbrh. segir um þetta atriði í viðtali við Morgunblaðið, rétt eftir að þing kom saman í haust, orðrétt:

„Þarna kemur, að því er mér virðist, fram almennur og eindreginn vilji bænda á þeim svæðum er undirskriftasöfnunin tekur til, og ég tel að gaumgæfa þurfi vandlega að nema þessa 59. gr. og skyldar greinar úr gildi."

Þegar hann var spurður álits um áskorun um 2000 bænda um að afnumin verði þessi lagagrein um að áætla megi tekjur á bændur, en áskorunin var afhent landbrh. og forsrh. rétt um það bil sem Alþingi kom saman, segir landbrh.:

„Í framkvæmdinni hefur þetta reynst þannig, að þessi tekjuáætlun hittir aðeins efnaminni bændur og þá sem lent hafa í einhverjum erfiðleikum og óhöppum. Þeir, sem eru betur megandi og hafa stærri bú, munu á hinn bóginn ekki verða fyrir barðinu á þessu.

Sömu sögu er að nokkru að segja um tekjuuppfærslu á skuldum sem ýmis dæmi benda á að komi ákaflega illa út," bætir hann við.

Mér finnst þetta vera nokkuð annað en viðhorf hæstv. fjmrh. sem vill bíða eftir starfi nefndar í þessum efnum. En það er auðvitað ágætur háttur að taka upp, ef menn vilja ekki breyta einhverju sem þeir innst inni vita þó að er ranglátt, að leggja málið fyrir nefnd sem flýtir sér hægt, eins og margar nefndir gera, og vill láta bíða lengi eftir ákvörðunum sínum.

Ef við lítum á þessi ákvæði tekjuskattslaganna, þá er verið að færa allt of mikinn vanda yfir á framkvæmdaaðila við skattálagningu. Ég þakka hæstv. fjmrh. þær mikilvægu upplýsingar sem komu fram í ræðu hans, að fjmrn. leggi ekki skatta á. Ég hélt að flestir þm. eða allir meira að segja vissu þetta, en eigi að síður eru þetta merkar upplýsingar og sýna að hæstv. ráðh. hefur ekki sérstaklega mikið álit á þekkingu þm. í sambandi við álagningu skatta, fyrst hann sá sérstaka ástæðu til þess að taka þetta fram.

Ríkisskattstjóri fær þennan vanda í hendur og hann tekur greinina á þann veg, að hann ákvarðar ekki bændum tekjur, heldur setur hann meðaltalsviðmiðunarreglur til ákvörðunar endurgjalds á skattárinu 1980. Þetta sendir hann skattstjórum og þetta nær til fjölmargra aðila í þjóðfélaginu. Þessar meðaltalsviðmiðunartekjur, sem ríkisskattstjóri setur, eru miðaðar við venjulegan vinnutíma, þ. e. 40 tíma viku og lögbundið sumarfrí. Ef um yfirvinnu, ákvæðisvinnu eða umframgreiðslur almennt er að ræða í viðkomandi starfsgrein á hverjum stað, þá ber skattstjóra að meta það til hækkunar frá þessari meðaltalsviðmiðunarreglu. Þessum meðaltalsviðmiðunarreglum er skipt í fjóra flokka.

Í fyrsta flokki eru sérmenntaðir menn sem vinna við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi í sérgrein sinni með eða án aðstoðarfólks. Undir það falla t. d. lyfjafræðingar, læknar, lögfræðingar, löggiltir endurskoðendur, ráðgjafarsérfræðingar hvers konar og verkfræðingar. Þar er viðmiðunin 8.1 millj. kr.

Í öðrum flokki eru stjórnendur eigin atvinnurekstrar eða sjálfstæðrar starfsemi sem hafa greitt laun sem samsvara launum fyrir störf þriggja eða fleiri launþega á árinu. Undir þennan flokk fellur t. d. iðnaðar- eða iðjurekstur, innflutnings- eða útflutningsrekstur, verslun hvers konar, umboðssala og persónuleg þjónusta sem fellur ekki undir stafliði a og b. Hér er miðað við 7.5 millj. kr. árslaun.

Í þriðja flokki eru menn sem vinna einir við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, en gætu þó hafa greitt laun sem samsvara launum fyrir störf eins eða tveggja launþega á árinu. Hér falla undir menn sem eru með sama atvinnurekstur og um ræðir í staflið b. Hér eru ákvörðuð árslaun 6.4 millj. kr. Í þessum flokki eru bændur sem mest hefur verið rætt um.

Í síðasta flokknum eru iðnaðarmenn. Hér falla undir þeir sem vinna að iðngrein sinni að meginhluta, en ef stjórnun á mönnum og verkum er veigamikill þáttur í starfi þessara manna falla þeir undir 2. stafl. Í þessum flokki eru iðnaðarmenn við byggingarframkvæmdir hvers konar, járn- og vélsmíði, skipasmíði, blikksmíði og prentarar. Hér er miðað við 4.9 millj. kr. árslaun á þessu ári.

Ef við lítum á þetta, þá geta menn auðvitað haft um það mjög misjafnar skoðanir hvort þetta fari saman, enda er erfitt fyrir embættismenn að dæma um þetta

atriði. En þetta er ekki höfuðmálið. Höfuðmálið er það, að tekin sé almenn viðmiðun, heilar stéttir, þegar sannað er í mörgum tilfellum að af þessu leiðir hróplegt ranglæti eins og hv. 2. þm. Suðurl. sýndi fram á áðan. Ég gæti bætt mörgum dæmum við því að ég hef heyrt margan mann kvarta undan því að fá slíka viðmiðun. Það má að vísu segja eins og hv. 3. þm. Austurl.: Menn geta kært þessa álagningu. Vitaskuld geta þeir það. En ríkið gefur ekki eftir í innheimtunni. Það heimtar greiðslur, og þegar tekjuskattur fer jafnvel yfir það sem menn vinna sér inn, þá er erfitt að standa undir slíkum greiðslum, en það verða menn að gera og ljúka því á árinu. En það verður oft að bíða eftir úrskurði skattyfirvalda og allt til ríkisskattanefndar hvernig hún afgreiðir málið. Og það er ekki neinn smáskattur sem á þessa menn er lagður í þessu tilfelli. Ef þeir standa ekki í skilum verða þeir að borga háa dráttarvexti vegna ógoldinna skatta. Ef þeir borga og fá svo leiðréttingu eftir dúk og disk, þá fá þeir ekki þessa sömu vexti aftur sem þeir hafa ofborgað. Þeir fá ekki nema brot af þeim, ef ég man rétt. Það eru einhverjir smávextir eftir gömlu skattalögunum, ef ég man rétt, ég þori þó ekki að fullyrða það. En það er ekki nema brot af því sem dráttarvextirnir eru, svo að þetta er auðvitað í framkvæmdinni og við innheimtuna óskaplega ranglátt. Um það held ég að við þurfum ekki að deila.

Fjöldamargir, sem hafa fengið þessa áætlun langt umfram tekjur, hafa snúið sér til lögmanna eða til þingmanna sinna almennt og spurt hvað gera skuli, því að þeir sjá ekki fram á annað en verða gerðir gjaldþrota eða verða fyrir eignaupptöku af þessum sökum. Það, sem vafist hefur mest fyrir þessum aðilum, er hvort þeir eigi að leggja niður störf sín nú þegar eða þrauka til næstu áramóta, því að það er sjáanlegt, að ef ekki verður gerð hér breyting á muni á næsta ári koma ný áætlun fyrir það ár sem nú er senn að líða, sem ef að líkum lætur mun hækka um ekki minna en 50% frá þessum viðmiðunarreglum á árinu 1980. Og ef þessu heldur áfram eru þessir aðilar komnir í vítahring sem þeir ekki komast út úr.

Ég er alveg sannfærður um það, að þegar þessi breyting var gerð á skattalögunum var hún ekki samþykkt af þm. í þessum tilgangi. Hún var fyrst og fremst gerð til þess að ná í skottið á þeim sem hafa í raun og veru góðar tekjur og hafa sloppið vel við skatta, jafnvel árum saman. En hér er verið að hengja bakara fyrir smið, og þess vegna tel ég það ekki Alþingi til neinnar vansæmdar þó að það viðurkenni að hér þurfi breytingar við. Og ég sé enga ástæðu til þess að bíða eftir áliti þeirrar nefndar sem hæstv. fjmrh. var að tala um. Ég skil ekki hvernig hæstv. fjmrh., sem er góður og gegn maður og alveg örugglega vel innrættur og hefur talað fyrir smælingjana og þá, sem minnst mega sín í þjóðfélaginu, er nú orðinn svo harðsvíraður, eftir að hann settist í stól fjmrh., að það virðist vera orðið djúpt á fínu taugarnar. Hv. þm. Stefán Valgeirsson sagði að sennilega hefðu einhverjir bændur kosið hann síðast. Ég hugsa að þeir endurskoði mjög afstöðuna til hans ef hann talar svona á framboðsfundum næst í Norðurlandskjördæmi vestra og bíður eftir afgreiðslu nefndar í þessum efnum. Menn sætta sig ekki við það. Alþingi verður að viðurkenna þá staðreynd, að bæði hefur lagasetningin brugðist og framkvæmdin líka, án þess að ég ætli að fara að álasa ríkisskattstjóra eða öðrum. Það er ekki eðlilegt og ekki sanngjarnt heldur að leggja þennan vanda á hendur embættismönnum. Alþingi þarf að hreinsa sig af þessu með því að afnema þessi ákvæði, og að mínum dómi á að endurgreiða þennan ranglega álagða skatt sem lagður hefur verið á á þessu ári og innheimtur.

Páll Pétursson: Herra forseti. Það er búið að segja svo margt stórviturlegt í þessari umr. að það er litlu við að bæta. Það stóð aldrei til að skattalögin væru gallalaus. Það var að vísu ákaflega mikil samstaða um setningu þessara skattalaga hér í þinginu á sínum tíma, en þar fyrir stóð aldrei til að þau yrðu eilíf og óumbreytanleg. Og það hefur sjálfsagt aldrei hvarflað að neinum hér að ekki þyrfti í ljósi reynslunnar að skoða aftur eitt og annað í þessum lögum.

Hv. 3. þm. Austurl. ræddi um það áðan í ágætri ræðu sinni, að menn legðu meira upp úr löggjöfinni en reglunum. Það er sannarlega ástæða til að menn séu skýrmæltir í löggjöfinni, svo að ekki sé hægt að teygja hana og toga í framkvæmdinni þannig að allt annað komi út en menn hafa hugsað sér þegar lögin voru sett.

Það er út af fyrir sig ekki rökrétt og þaðan af síður siðlegt að leggja skatta á tekjur sem ekki eru til, — sannanlega eru ekki til. Ég játa það, að ég velti mjög fyrir mér þeirri aðferð sem þarna er viðhöfð við afgreiðslu málsins á sínum tíma, en mér sýndist eftir laganna hljóðan og útskýringum í nál. og hjá frsm. nefnda að þetta mundi vera í lagi, framkvæmdin mundi verða með þeim hætti að við það væri unandi. Ég viðurkenndi að þetta hafði allt saman tilgang, því að það gat þurft að ná í skottið á stöku manni. Það var ekkert mikið um þá í bændastétt, en aðeins kann það að vera til. Það er mjög óþægilegt fyrir bændur að lauma nokkru undan, a. m. k. í hefðbundnum búgreinum. Sölusamtök fylgjast mjög náið með því, hver framleiðsla manna er, og þeir geta lítið farið með hana annað en í gegnum sín sölusamtök. En sá atvinnurekstur kann að vera til, að það sé nauðsynlegt að hafa svigrúm til áætlunar.

Hins vegar datt mér aldrei í hug að þetta ákvæði, þessi lagagrein yrði túlkuð á þann hátt sem raun ber vitni. Og meira en það, hún er ekki alls staðar á landinu túlkuð eins. Það er misræmi í útfærslunni. Í flestum tilfellum er þetta þó í lagi að áætla en þó rekst maður á of mörg óþægileg dæmi, eins og hér hafa verið rifjuð upp í ræðustólnum, — dæmi sem eru á þann veg að ekki verður við það unað að hafa þetta svo til frambúðar.

Það er mjög áberandi misræmi á milli stétta, eins og hér er búið að margtaka fram. Það er líka mjög áberandi misræmi í því, hvernig hinir einstöku bændur fara út úr þessu, og á sumum getur útreiðin verið alveg hraksmánarleg. Það þarf að skapa eitthvert svigrúm með einhverjum hætti til þess að bjarga mönnum beint frá því að verða gjaldþrota, því að það var aldrei hugsun okkar með þessari grein. Hugsun okkar var að ná í skottið á mönnum sem væru að svíkja undan skatti einhverjar tekjur sem um munaði, en ekki að hundelta menn sem höfðu hér um bil ekkert, búa þeim til tekjur, leggja svo á þá skatt, sem er of hár fyrir þá, og kannske gera þá gjaldþrota eða ofbjóða gjaldþoli þeirra.

Þetta finnst mér að hæstv. fjmrh. ætti að hafa forgöngu um að laga. Það hlýtur að vera einhver leið til þess að koma til móts við menn í svona tilfellum, og ég held að þau séu ekkert ákaflega mörg. En eitthvað af þessu fólki hefur ekki haft hugsun á því eða snarræði til þess að kæra álagningu sína á skikkanlegum tíma og hljóta þannig leiðréttingu. Og það er þaðan af verra, að það kann að

vera að þarna sé verið að misbjóða okkar minnstu bræðrum.

Ég held að það hafi verið rétt af hæstv. ráðh. að setja nefnd í málið og athuga þetta á breiðum grundvelli. Og ég sé ekki annað en það sé sjálfsagt að bíða eftir þessari nefnd. Það er líka sjálfsagt af ráðh. að ýta á eftir athugun nefndarinnar þannig að hún liggi fyrir fljótlega. Á grundvelli þeirrar athugunar, sem nefndin gerir, verðum við svo auðvitað að velta því fyrir okkur, hvort ástæða sé til að breyta lögunum eða hvort hugsanlega sé nægilegt að breyta framkvæmd laganna, kippa framkvæmd laganna til þess forms að svona hlutir komi ekki fyrir.

Það eru í reglum, sem settar hafa verið um skattalög, fleiri atriði en hér er getið um, og líka frá gamalli tíð, atriði þar sem hefur verið farið öðruvísi að en við hugsuðum okkur að gert yrði. Kannske höfum við ekki haft nógan skilning á því, hvernig tæknileg vinna yrði. Útkoman hefur sem sagt orðið önnur en við ætluðumst til í sumum tilfellum. Þess vegna held ég að við verðum að doka við eftir nefndinni og á grundvelli þeirrar niðurstöðu, sem hún kemst að, verðum við að sjá hvort ástæða er til að breyta lögunum eða hvort reglugerðarbreyting eða fyrirmæli ráðh. til skattstjóra, ábendingar um hvað við höfum verið að meina, kynnu að duga. En ég vil undirstrika það, að ég held að við megum ekki ganga svo frá þessu máli að álagning fari svona fram aftur.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 21 shlj. atkv.

Tékkar, frv. (þskj. 154). — 1. umr.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Frv., sem hér liggur fyrir um breyt. á lögum nr. 94 frá 1933, um tékka, er lagt fram að beiðni stjórnar Reiknistofu bankanna. Þessu frv. er ætlað að stuðla að öruggari tékkaviðskiptum og auknu hagræði við vinnslu tékka hjá bönkum og sparisjóðum.

Íslenskir bankar hafa um rúmlega 5 ára skeið haft með sér samstarf um rekstur rafreiknis í Reiknistofu bankanna í því skyni að gera bönkum og sparisjóðum kleift að færa sér í nyt nútímatækni við bókun og aðra úrvinnslu tékka. Þessi tilhögun mála hefur reynst mikið framfaraskref í íslenskum bankamálum. Sérstaklega má nefna að tékkar eru nú fyrr bókaðir á hlutaðeigandi viðskiptareikning en áður var og hefur þannig tekist að koma í veg fyrir tékkakeðjumyndun sem um árabil hafði verið reynt að uppræta.

Því hagræði og öryggi, sem þessari tilhögun fylgir, eru þó takmörk sett. Þeir afgreiðslustaðir banka og sparisjóða, sem vegna fjarlægðar geta ekki komið við sendingu tékkanna sjálfra til Reiknistofunnar strax að afgreiðsludegi loknum, verða að senda tékka, sem þeir hafa tekið við á aðra banka, í pósti til höfuðstöðva bankans eða Seðlabanka Íslands. Nokkrir dagar geta því liðið frá því að banki eða sparisjóður veitir tékka viðtöku þar til tékkinn er bókaður. Þetta stafar af því, að tékkalög kveða svo á, að einungis afhending tékka til greiðslujöfnunarstöðvar jafngildir sýningu hans til greiðslu. Til að sanna megi greiðsluhlutfall á tékka með yfirlýsingu greiðslujöfnunarstöðvar verður tékkinn að hafa verið afhentur þangað. Sá dráttur, sem verður á bókun tékka á hlutaðeigandi viðskiptareikning vegna þessara lagaákvæða, veldur hættu á myndun tékkakeðju.

Á síðustu árum hefur víða rutt sér til rúms, t. d. í Danmörku og víðar, ný bókunartækni sem er m. a. til þess fallin að draga úr þessari hættu. Hér er um að ræða fyrirkomulag sem íslenskir bankamenn hafa valið heitið „skjalalaus greiðsluskipti," — orðalag sem ég á reyndar dálítið erfitt með að fella mig við, en það er notað. Í því felst að banki eða sparisjóður, sem tekur við tékka á annan banka eða sparisjóð, sendir greiðslujöfnunarstöð símleiðis færslu í véltæku formi til þess að stöðin geti bókað tékkann á viðskiptareikning viðkomandi reikningshafa. Tékkinn sjálfur er hins vegar geymdur á afgreiðslustað ásamt öðrum bókhaldsgögnum. M. ö. o. flýtir þessi tækni fyrir bókun tékka. Þau ákvæði tékkalaga, sem mæla fyrir um afhendingu sjálfra tékkanna, koma hins vegar í veg fyrir að íslenskir bankar og sparisjóðir geti tekið upp þetta fyrirkomulag, og með flutningi frv. er því lagt til að þessum lagaákvæðum verði breytt.

Um einstakar greinar frv., sem eru fjórar, vil ég segja örfá orð.

Í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir, að 31. gr. tékkalaga verði breytt þannig að í stað afhendingar banka á tékka til greiðslujöfnunarstöðvar nægi að banki sendi stöðinni tilkynningu um tékka. Nú þegar er víða fyrir hendi hjá bönkum og sparisjóðum úti á landi tölvubúnaður til að símsenda færslur í þessu skyni til Reiknistofunnar.

Í 2. gr. frv. er samræmingarákvæði varðandi afturköllun tékka. Hér er um mjög sjaldgæf fyrirbrigði að ræða og ekki ástæða til að fara um það fleiri orðum.

Í 3. gr. frv. er lagt til að 3. tölul. 1. mgr. 40. gr. tékkalaganna verði breytt á þann veg að greiðslufall megi sanna með dagsettri yfirlýsingu greiðslujöfnunarstöðvar um að næg innistæða hafi ekki verið fyrir hendi á þeim reikningi, sem við á, þegar bókunarfærsla um tékka barst stöðinni.

Að lokum vil ég nefna það, að hér á landi eru betri aðstæður til að framkvæma „skjalalaus greiðsluskipti" en víðast annars staðar þar sem allir afgreiðslustaðir fá bókun sína og greiðsluuppgjör á sama stað, þ. e. í Reiknistofu bankanna. Að öðru leyti vísa ég til aths. við frv.

Það má segja að hér sé nánast um að ræða tæknilegt mál til að gera bönkum og sparisjóðum fært að hagnýta sér nýjustu tækni í sambandi við rekstur.

Ég óska þess svo, herra forseti, að frv. verði vísað að lokinni þessari umr. til hv. fjh.- og viðskn. og vil mælast til þess við hv. n., að hún hraði afgreiðslu málsins eins og hún sér sér frekast fært.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Skráning lífeyrisréttinda, frv. (þskj. 126). — 1. umr.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um skráningu lífeyrisréttinda. Frv. sama efnis var lagt fyrir seinasta löggjafarþing, en varð þá ekki útrætt og er frv. endurflutt óbreytt.

Lífeyrissjóðir, viðurkenndir af fjmrn. eða lögbundnir, munu vera nú 95 talsins. Engin heildarskrá er til í landinu um hverjir eiga aðild að þessum sjóðum og því síður er til heildarskrá um réttindi aðila í hinum ýmsu sjóðum, en eins og kunnugt er getur sami maðurinn átt rétt í mörgum sjóðum.

Fjmrn. hefur að undanförnu unnið að því að safna saman efni í skrá um lífeyrisréttindi allra landsmanna. Þýðingarmesta framlagið til slíkrar skrár til þessa hefur komið frá Sambandi almennra lífeyrissjóða, en sambandið hefur gert nafnaskrár fyrir alla sjóði innan sambandsins. Biðreikningur lífeyrissjóðsiðgjalda, sem er til húsa í fjmrn. eins og kunnugt er, hefur einnig tengst þeirri skrá í samræmi við sérstakt samkomulag sem gert var við Samband almennu lífeyrissjóðanna.

Nafnaskrá sambandsins hefur að geyma 97 þús. nöfn og eru á skránni nöfn manna sem hafa greitt til allt að 7 lífeyrissjóða. Það mun algengt að einn og sami maður eigi aðild að 2—3 sjóðum.

Þegar þess er gætt, að margir og mjög stórir lífeyrissjóðir eiga ekki aðild að Sambandi almennu lífeyrissjóðanna er augljóst mál að aðild einstaklinga að mörgum sjóðum er mun flóknara viðfangsefni en fram kemur í nafnaskránni.

Þetta frv. er flutt til þess að tryggja með lögum greiðan aðgang almennings að upplýsingum um lífeyrissjóðsaðild og til að afla vitneskju um umfang þess tryggingakerfis sem lífeyrissjóðirnir mynda í landinu. Framkvæmd laga, sem sett voru á s. l. vori um starfskjör launþega og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, byggist beinlínis á því, að unnt sé að kanna hvort iðgjöld hafi verið greidd svo sem samningar og lög segja til um.

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að leggja til að að lokinni þessari umr. verði þessu máli vísað til hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Vélstjóranám, frv. (þskj. 14, n. 91). — 2. umr.

Frsm. (Ingólfur Guðnason): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um frv. til l. um breyt. á l. nr. 67/1966, um vélstjóranám. Menntmn. hefur fjallað um málið á fundi 5. nóv. og mælir með að frv. verði samþ., en fjarverandi afgreiðslu málsins voru Ólafur G. Einarsson, Friðjón Þórðarson og Vilmundur Gylfason.

Þetta frv. er mjög stutt, aðeins tvær greinar, og innihald þess er að þeir, sem lokið hafa fyllsta námi frá Vélskóla Íslands á hverjum tíma og hafa auk þess lokið sveinsprófi í vélvirkjun eða annarri málmiðnaðargrein, eigi rétt á starfsheitinu vélfræðingur.

Það er ekki mikið um þetta nál. að segja nema að n. er sammála aths. við lagafrv. Nefndinni þykir það mjög við hæfi að aðgreina þá menn, sem hafa aflað sér þessa mikla náms, frá þeim, sem minna nám hafa, og að þeir hafi annað heiti en vélstjórar sem geta haft mjög misjafnt nám, — að þeir, sem hafa fyllra námið, megi kalla sig vélfræðinga, en annarra starfsheiti sé vélstjórar.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu. Ég mæli með því, að þetta frv. hafi sinn gang.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3 umr. með 23 shlj. atkv.

Kennaraháskóli Íslands, frv. (þskj. 13, n. 141). — 2. umr.

Frsm. (Ingólfur Guðnason): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um frv. til l. um breyt. á l. nr. 38/1971, um Kennaraháskóla Íslands. Menntmn. Nd. hefur gert eina mjög smávægilega breytingu við 2. tölul. 1. gr. frv. að eitt orð í þeirri grein verði stytt nokkuð og hljóði 2. tl. því svo: „Þeir sem lokið hafa kennaraprófi eða framhaldsprófi frá Kennaraháskóla Íslands geta, ef þeir æskja þess, bætt við sig námi í Kennaraháskólanum og lokið þaðan prófi.“ Í frv. stendur: embættisprófi. Við vildum taka af allan vafa um, að þetta orð, embættispróf, yrði misskilið þannig að lesa mætti út úr lögunum að kennarar hefðu ekki próf til síns embættis.

Aðrar aths. gerði n. ekki við frv. og skrifuðu allir nm. undir nál.

Þessi afgreiðsla fór fram á fundi nefndarinnar 19. nóv. En nefndinni barst bréf frá Sambandi ísl. mynd- og handmenntakennara, sem er dags. 20. nóv. 1980, þar sem sambandið gerir nokkrar aths. við frv. Nefndin hefur á fundi sínum í morgun lítillega rætt þetta bréf, en hefur ekki tekið það að öðru leyti til afgreiðslu. Ég hygg að á síðari stigum muni n. ræða það og athuga hvort þær aths., sem þar koma fram, séu þess eðlis, að nauðsynlegt sé að athuga málið betur og gera á því enn frekari athugun.

Lögin um Kennaraháskóla Íslands eru að sjálfsögðu alltaf í athugun eða eiga að sjálfsögðu að vera til endurskoðunar eins og önnur lög. Í þessu sambandi vil ég geta þess, að í aths. við lagafrv. er þess getið, að í nóvembermánuði 1972 hafi verið skipuð nefnd til að endurskoða lögin og nefndin hafi skilað áliti 1976 og frv. verið lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi, en varð ekki útrætt. Frv. var að nýju lagt fyrir Alþingi árið eftir, þ. e. 99. löggjafarþing, með nokkrum breytingum, en hlaut ekki afgreiðslu á því þingi. Sem sagt, einhvers staðar í kerfinu er heildarendurskoðun á þessum lögum, en nú er það að ósk skólastjórnar Kennaraháskóla Íslands sem þessi örfáu atriði til breytingar koma fram. Er það fyrst og fremst gert til að breyta lögunum til samræmis við ákvæði í nýrri lögum, þ. e. lögum um embættisgengi kennara og skólastjóra.

Ég hef ekki fleiri orð um nál. og óska eftir því, að að þessari umr. lokinni verði málinu vísað til 3. umr. og menntmn.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég vil vekja athygli á nokkrum atriðum í sambandi við mál þetta.

Það er fyrst, að í aths. með lagafrv. kemur fram að breytingar þær, sem hér eru lagðar til, eru fáar og snerta lítið meginkjarna laganna um aðalmenntastofnun kennara og draga á engan hátt úr þörf á heildarendurskoðun laga um Kennaraháskóla Íslands. Aftur á móti eru hér teknar fyrir tvær breytingar. Önnur má segja að sé til samræmingar við þau lög sem Háskóli Íslands starf-

ar eftir, en hin breytingin er til komin vegna breytingar sem gerð var á lögum um embættisgengi kennara og skólastjóra. Sú breyting var gerð á lögunum 1978. Þar hygg ég að Alþ. hafi ekki að fullu athugað hvað það var að gera.

Það er nú svo, að vissulega er nauðsyn að menn lesi kennslufræði og sálar- og uppeldisfræði til að geta sinnt kennslustörfum. Hitt verður aftur á móti einnig að skoða, í hvaða hlutfalli það á að vera á móti almennri menntun. Með þeirri breytingu, sem gerð var, breyttist þetta hlutfall mjög uppeldis- og kennslugreinum í vil, þannig að ég hygg að við Íslendingar gerum nú um tvöfalt meiri kröfur til uppeldis- og kennslugreinanna heldur en eru gerðar í Danmörku og Noregi. Mér er mjög til efs að þetta sé rétt, og undir sumum kringumstæðum tel ég að þetta hafi orðið til þess að sá sem óhæfari var átti rétt á stöðu, og hæfari maðurinn hreinlega varð að víkja frá, sá sem hafði meiri menntun til að kenna það fag sem átti að kenna. Þess vegna vil ég að það komi hér fram, að þó mér sé ljóst að nauðsyn sé að breyta þessum lögum á þann veg sem lagt er til, ef lögin um embættisgengi kennara og skólastjóra eru óbreytt, þá áskil ég mér fullan rétt til að leggja til að þeim lögum verði breytt og látið reyna á það hér í þinginu, hvort við teljum ekki að þarna hafi hlutfalli verið raskað án þess að nægileg rök liggi fyrir því, að réttlætanlegt sé að við setjum mun meiri kröfur fram í þessu efni en gerðar eru t. d. í Noregi og Danmörku.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Það er út af þessum aths. hv. síðasta ræðumanns sem ég ætla aðeins að segja nokkur orð.

Það er auðvitað alltaf spurning um það, hversu mikill þáttur kennslufræði og uppeldisfræði á að vera í menntun kennara. En ég vil benda á það, eins og reyndar kom fram í ræðu hv. þm., að í lögum um embættisgengi kennara, sem samþ. voru fyrir tveimur árum, er gert ráð fyrir að 30 einingar séu grundvöllur undir það að kennari teljist fullgildur til skipunar í starf. Þessi lög voru sett fyrir tveimur árum og að sjálfsögðu hefur reynt á framkvæmd þeirra og því er ekki að leyna, að ýmsum þykir að þarna sé of í lagt.

En ég vil þó jafnframt benda á og undirstrika það, að ég held að það sé alveg brýn nauðsyn að í kennaramenntun sé veruleg áhersla lögð á kennslufræði og uppeldisfræði. Ég vil benda á að þessi krafa hefur verið uppi hjá kennarastéttinni, held ég, í 70 ár eða svo, reyndar allt frá því að skipulegt kennaranám hófst hér á landi. Ég hygg að það sé ljóst, að kennarastéttin hefur alla tíð talið það vera kannske hvað mest einkenni á sér fram yfir aðra, sem hæfir eru til kennslu út af fyrir sig í sérgreinum, að það, sem markar þá frá öðrum starfsstéttum, sé einmitt þekking á kennslufræði og uppeldisfræði. Að þessu leyti held ég að það sé alveg nauðsynlegt, að lögð sé þung áhersla á að þessar námsgreinar séu ævinlega verulegur þáttur í námi kennara. Hitt er auðvitað alltaf fær leið að breyta lögum og er ekkert við því að segja. Ég tel samt að rétt sé að kanna þetta mál mjög rækilega og ræða á ýmsum vettvangi áður en gengið verður í það að breyta þessu lagaákvæði sem sett var fyrir tveimur árum.

Það er að vísu rétt, að þetta er nokkuð þung skylda, 30 einingar, í þessari námsgrein. Eigi að síður er hægt að framkvæma þetta. Það er reynt að framkvæma þetta þannig að gefa þeim kennurum, sem ekki hafa hlotið þessa menntun, tækifæri til þess að öðlast þessa þekkingu með sérstökum námskeiðum. Slíkri námskeiðsstarfsemi hefur verið haldið uppi undanfarin ár og er reyndar enn.

Ég ætla ekkert að þrátta um hvort ákvæðið, sem komst í lög um þessa aukningu kennslufræðinnar og uppeldisfræðinnar, sé rétt eða ekki. Þetta er í lögunum og einhver ástæða mun hafa verið til þess, að svo var gert. Það er út af fyrir sig ekkert á móti því, að þessi mál séu tekin til umræðu og rædd, en ég held að það sé mjög nauðsynlegt að þau séu rædd á nokkuð víðum vettvangi meðal skólamanna. Þetta er eins og margt fleira, sem við fjöllum um hér faglegs eðlis, að hyggilegt er af alþm. að kynna sér þær ástæður, sem liggja þarna að baki, en hrapa ekki að því að breyta lögum án verulegrar athugunar og án þess að menn hafi kynnt sér hvað að baki liggur.

ATKVGR.

Brtt. 141 samþ. með 23 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 21 shlj atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Sameinað þing, 26. fundur.

Fimmtudaginn 27. nóv., kl. 2 miðdegis.

Veiðar og vinnsla skelfisks í Flatey, þáltill. (þskj. 149). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Tilraunageymir til veiðarfæratilrauna, þáltill. (þskj. 150). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Opinber stefna í áfengismálum, þáltill. (þskj. 59). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Sveigjanlegur vinnutími hjá ríkisfyrirtækjum, þáltill. (þskj. 56). — Ein umr.

Flm. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 56 að flytja þáltill. um sveigjanlegan vinnutíma hjá ríkisfyrirtækjum og ríkisstofnunum ásamt hv. þm. Salome Þorkelsdóttur og Ragnhildi Helgadóttur. Með leyfi hæstv. forseta hljóðar ályktunartillagan á þessa leið:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að

1) láta kanna, að hve miklu leyti sé hægt að koma við sveigjanlegum vinnutíma starfsmanna ríkisfyrirtækja og ríkisstofnana og

2) koma slíkri vinnutilhögun á, þar sem slíkt þykir henta."

Það er óþarfi fyrir mig að hafa mörg orð um þessa till. Hún hefur tvívegis verið flutt áður hér í sölum Alþingis og flestir hv. þm. eru því málinu kunnugir.

Eins og fram kemur í grg. hafa mörg fyrirtæki tekið þann hátt upp að hafa sveigjanlegan vinnutíma, bæði hérlendis og erlendis. Það kemur í ljós að á undanförnum árum hefur sú þróun átt sér stað víða í Evrópu og jafnframt í Bandaríkjunum að fleiri og fleiri fyrirtæki bjóða starfsmönnum sveigjanlegan vinnutíma, og jafnframt má sjá það á þróun mála í þessum efnum að horfið hefur verið frá því ráði, sem upphaflega var haft að markmiði í Bandaríkjunum, að stefna að fjögurra daga vinnuviku. Í stað fjögurra daga vinnuvikunnar hefur stefnan verið tekin á sveigjanlegan vinnutíma.

Tilgangurinn með sveigjanlegum vinnutíma og þá jafnframt með flutningi þessarar þáltill. er í fyrsta lagi að aðlaga vinnumarkaðinn þörfum fjölskyldunnar og einstaklinganna. Í öðru lagi á að auka eða koma á jafnræði með hjónum sem vinna úti, því að auðvitað er sveigjanlegur vinnutími ekki bundinn við annað kynið. Og í þriðja lagi má gera ráð fyrir að sveigjanlegur vinnutími verði til þess að starfsmenn séu meira við í vinnutímanum.

Það hefur ekki farið fram hjá neinum, sem fylgjast með málum hér á landi, að að undanförnu hafa fjölskyldumál verið í brennidepli. Skemmst er að minnast þess, að Hvöt, félag sjálfstæðiskvenna í Reykjavík, og Landssamband sjálfstæðiskvenna gáfu út bókina „Fjölskyldan í frjálsu samfélagi", en í henni er ítarlega rætt um ýmsa þætti þessara mála og m. a. eru þar gerð ítarleg skil þeirri tilhögun sem hér er gerð till. um. Þar er skýrt frá göllum og kostum fyrirkomulagsins og ég tel þess vegna óþarfa að tíunda þá þætti mjög ítarlega í þingræðu.

Þessu til viðbótar má geta þess, að á fundi, sem Jafnréttisráð hélt með aðilum vinnumarkaðarins 18. maí 1979, var fjallað um sveigjanlegan vinnutíma. Í ræðu, sem Jón Júlíusson, þáv. starfsmannastjóri Flugleiða, flutti á þeim fundi, kom greinilega fram, að samkv. könnunum, sem gerðar voru í því fyrirtæki, virðast bæði starfsmenn og stjórnendur vera sammála um að sveigjanlegur vinnutími sé betri kostur í þessu máli en hinn venjubundni vinnutími sem viðhafður var í því fyrirtæki til skamms tíma. Þessi sjónarmið, sem komu fram á ráðstefnu Jafnréttisráðs, falla að þeim sjónarmiðum sem áður höfðu komið fram og kynnt höfðu verið í þingræðum áður. Það er ósköp eðlilegt að Jafnréttisráð hafi gert þetta að umræðuefni því að auðvitað er sveigjanlegur vinnutími sterkt vopn í jafnréttisbaráttunni.

Þegar þetta mál var síðast til umr. hér á hv. Alþ. kom í ljós að till. á miklu fylgi að fagna meðal þm. og allir þeir, sem tóku þátt í umr. lýstu yfir stuðningi við tillöguna. Hins vegar hefur mér verið skýrt frá því, að í nefndarstörfum hv. allshn. Sþ. hafi komið fram sú mótbára, að sveigjanlegur vinnutími hljóti að vera hluti af kjarasamningamálum. Um þetta vil ég segja það, að í síðustu kjarasamningum opinberra starfsmanna má finna eftirfarandi klausu, með leyfi forseta:

„Einnig er heimilt að semja um rýmkun á dagvinnutíma og um ákveðið frjálsræði um hvenær vinnuskyldu er gegnt. Leitað skal samþykkis samningsaðila sérkjarasamnings þegar heimildar þessarar er neytt."

Í þessum kjarasamningi er sem sagt opnuð leið fyrir ríkisfyrirtæki og stofnanir að koma á sveigjanlegum vinnutíma. Ég vil sérstaklega taka það fram, að nú eru þau mótrök ekki til fyrirstöðu, að þetta þurfi að vera angi af kjarasamningi. Sá samningur liggur fyrir.

Næsta stig er auðvitað það, að ítarleg könnun fari fram um hvort ekki sé hægt að koma á sveigjanlegum vinnutíma. Ef það reynist að mati starfsmanna og stjórnenda er sjálfsagt að gengið verði í það mál.

Nú kann einhver að spyrja: En hvers vegna er aðeins vikið að ríkisfyrirtækjum? Ástæðan er einfaldlega sú, að það er ekki hægt með þáltill. að biðja ríkisstj. að koma á sveigjanlegum vinnutíma hjá starfsmönnum annarra fyrirtækja en ríkið rekur sjálft. Auk þess hafa fjölmörg fyrirtæki í einkaeign tekið upp þetta fyrirkomulag. Hér er aðeins verið að benda á leið sem einkareksturinn hefur farið í landinu og getur komið opinberum fyrirtækjum til góða, jafnt stjórnendum sem starfsmönnum.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að tíunda frekar rök fyrir þessari þáltill. Ég minni aðeins á að þetta er í þriðja sinn sem hún er flutt hér á hv. Alþ. Undirtektir hafa verið góðar. Mótbárur hafa komið fram um það, að kjarasamningar þurfi til að koma. Því hefur verið lýst í þessari ræðu, að þær dyr hafa opnast. Nú er ekkert til fyrirstöðu að þetta mál fari til hv. allshn. og komi þaðan aftur til síðari hluta umr. í Sþ. og fái þá samþykki Sþ.

Helgi Seljan: Herra forseti. Það eru örfá orð.

Ég tek fyllilega undir efni þessarar till. Ég held að hér sé gott mál á ferðinni og vel þarft allrar athugunar. Raunar var það svo í fyrra, að þetta mál var komið á afgreiðslustig í þeirri n. sem um það fjallaði, allshn., og ég lýsti þá yfir að ég væri reiðubúinn til að afgreiða málið út úr þeirri n. eins og það lá fyrir. En það voru önnur atvik og ekki þau, að nokkur í þeirri n. væri því ósammála, sem ollu því að málið var ekki afgreitt í n. þá.

Þarna getur komið til greina hagræðing um margt, ekki bara fyrir fólkið sem þarna vinnur, heldur einnig í kerfinu sjálfu, fyrir ríkið sjálft. Ég er ekki í nokkrum vafa um það, þó að auðvitað beri að vara við því að gengið sé of langt og eitthvert hömluleysi verði þarna á. Það er full ástæða til að vara við því, að menn geta kannske gengið of langt. Sumir taka sér kannske þennan sveigjanlega vinnutíma nú þegar og annað eftir því, sem kæmi þá til athugunar eflaust. En ég vil benda sérstaklega á eitt atriði sem ég held að slík tilhögun, sem þarna er vikið að í till., gæti auðveldað mjög.

Ég tók ekki eftir að það kæmi fram í máli hv. 1. flm., en ég er sannfærður um að ef svona tilhögun yrði komið á og virkilega vel eftir henni gengið mundi slíkt auka mjög þátttöku fatlaðra og auðvelda þeim að komast í störf hjá ríkinu og vinna þar eðlilegan vinnutíma. Ég tek sannarlega heils hugar undir meginefni till., kannske alveg sérstaklega með tilliti til þess, að þetta gæti auðveldað þeim þátttöku í atvinnulífinu á þennan hátt.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég vil taka undir efni þessarar till. og vænti þess, að hún fái framgang hér á hinu háa Alþingi nú. Ég vil aðeins skjóta þeirri hugmynd að, sem kom til umræðu í þingflokki Alþfl. þegar þessi till. var rædd þar, hvort ekki mætti víkka út svið þáltill., þ. e. að þessi könnun nái ekki eingöngu til ríkisfyrirtækja og ríkisstofnana, heldur verði hún einnig gerð í samráði við t. d. Alþýðusamband Íslands um möguleika á sveigjan-

legum vinnutíma í atvinnurekstri almennt í landinu. Þætti mér vel koma til greina að þessi könnun, ef hún verður að veruleika, verði nokkuð ítarleg og þess vegna sé ekki fráleitt að hugsa sér að víkka út talsvert svið þáltill. þannig að það næði einnig til þeirra, sem aðild eiga að Alþýðusambandi Íslands, og þeirra fyrirtækja sem auðvitað eru fjölmennust í landinu og eru í undirstöðuatvinnugreinum þjóðarinnar.

Ég vildi aðeins skjóta þessu að flm. till. vegna þess að ég tel að með þessu móti mætti gera till. mun virkari en hún er eins og hún liggur hér fyrir.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég vil eins og fyrri ræðumenn taka undir andann í þessari till. Ég er þeirrar skoðunar, að til nokkurs sé að vinna fyrir okkur í samfélagi þar sem við þurfum á að halda fleiri vinnandi höndum til að leysa aðkallandi verkefni, einmitt í landi þar sem auðnast hefur að halda uppi fullri atvinnu, þar sem þannig hefur verið haldið um stjórnartaumana að sneitt hefur verið hjá vandamálum atvinnuleysis, þveröfugt við það sem við ber í sumum löndum Vestur-Evrópu og þar á meðal Vestur-Þýskalandi, en þangað er upphafið að þessari formuðu hugmynd rakið, til Messerschmitt-fyrirtækisins í München þar sem ríkir atvinnuleysi og vandamálið er fremur að rýmt sé til fyrir fleiri vinnandi höndum við verkefni sem að því er virðist kalla ekki beinlínis að í efnahagskerfi þessara ríkja. Það er annað uppi hjá okkur. Við þurfum á fleiri vinnandi höndum að halda. Við getum rýmt til fyrir fólki sem ekki á hægt með að ganga til starfa á fastskorðuðum vinnutíma, hvorki hjá því opinbera né hjá einkafyrirtækjum.

Ég hygg að það sé gott að knýja á um að formleg athugun verði gerð á því, með hvaða hætti er hægt að stuðla að því að fjöldi fólks, sem ekki á hægt með að vinna dag hvern á tímabilinu frá 8 til kl. 4 eða 9 til kl. 5 að deginum, geti látið að sér kveða við störfin. Aftur á móti kemst ég ekki hjá því að vekja athygli á ákveðnum hættum sem fólgist gætu í því að losa of mikið um okkar meira og minna óþægilegu höft í sambandi við vinnutíma opinberra starfsmanna. Við verðum að sjá til þess, að hér verði ekki fundin afsökun, að niðurstaðan verði ekki sú, að fundin verði afsökun fyrir því að fólk láti sjá sig á öðrum stöðum en á vinnustaðnum sínum á þeim tíma sem það ætti að vera að vinna.

Ég er ekki mikill aðdáandi stimpilklukkunnar, en sé þó ýmsa kosti við hana. Stimpilklukkan er ekki neitt átrúnaðargoð í minni vitund, en hún gerir að vissu leyti sitt gagn. Ég vil við þetta tækifæri rifja upp umsögn okkar góða gamla húmanista hjá Ríkisútvarpinu, Vilhjálms Þ. Gíslasonar. Þegar einhver af deildarstjórum stofnunarinnar var að kvarta yfir því, hvað margir af starfsmönnum skytu sér undan því að stimpla sig inn og út úr vinnu, sagði Vilhjálmur Þ. Gíslason þessi merkilegu sannindi um stimpilklukkuna: „Stimpilklukkan er í sjálfu sér ágæt," sagði hann, „hún segir til um það, hvenær menn koma og hvenær menn fara, en hún segir ekkert til um það hvað menn gera á meðan." — Þetta eru að mínu viti ákaflega merkileg sannindi um stimpilklukkuna.

En ef til þess kæmi að hið opinbera kæmi sér niður á vinnuform og eftirlitsform sem hentaði til þess að við gætum látið opinberar stofnanir rýma til fyrir því fólki, sem ekki hentar að vinna samkv. gömlu aðferðunum og innan gömlu markanna, og við gætum með þeim hætti fengið dugandi starfsfólk í vinnu hjá ríkinu, þá væri eftir nokkru að slægjast. Ég er aftur á móti haldinn nokkrum ugg um það, enda þótt frómur sé hugur flm. þessarar till., að ýmsir þeirra, sem líta hýru auga til þess möguleika sem skapaðist um störf hjá því opinbera með þessum hætti, hafi kannske önnur markmið en beinlínis þau sem lúta að velferð þessara stofnana eða möguleikum að því að vinna þessi störf ákaflega vel. Við eigum það á hættu, ef ekki verður rétt staðið að hinu nýja skipulagi, að enn aukist möguleikar þess fólks, sem því miður finnst nú á meðal vor, sem ekki er beinlínis vinnufúst, kannske fúsara til að taka föst laun, til þess að skjóta sér undan starfi.

Ég ítreka að ég tel ákaflega æskilegt að sú könnun, sem hér er ráðgerð, fari fram. Það dregur alls ekkert úr stuðningi mínum við þessa till. þótt Hvöt og Landssamband sjálfstæðiskvenna séu við till. orðuð.

Það er nú haldið áfram að rekja höfundarrétt á þessari till. alla leið til frú Christel Kaemmerer, sem hafði orð á þessu við Hillert nokkurn sem er starfsmannastjóri hjá fyrirtækinu Messerschmitt. Eiginlega er eina spurningin, sem ósvarað er í þessu ítarlega fskj., þessi: Er frú Christel Kaemmerer ekki mælt á þýska tungu? Hún virðist hafa gefið hugmynd sinni heitið Variable Working Hours, sem síðan er tekið upp aftur á ensku síðar í þskj. Vel má vera að hér sé um að ræða ameríska eða enska konu með þýsku nafni sem vinnur hjá þýsku fyrirtæki. Það skiptir vitaskuld ekki meginmáli og þetta rýrir ekkert gildi till. — Ég lýsi yfir fylgi við hana, en vildi gjarnan að niðurstaðan af könnuninni yrði lögð fyrir hv. Alþ. á íslensku.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Sem einn af meðflm. þessarar till. vil ég lýsa ánægju minni með undirtektir hv. þm., sem hér hafa talað, og finnst ágætar ábendingar bæði þeirra hv. þm. Helga Seljans, 2. þm. Austurl., og hv. þm. Árna Gunnarssonar, 6. þm. Norðurl. e., og ummæli Stefáns Jónssonar, hv. 4. þm. Norðurl. e., svo langt sem þau náðu. En orð hans urðu mér tilefni þess að standa hér upp.

Það er í sjálfur sér ágætt að frumkvæði Hvatar verður ekki til þess að letja hv. þm. Hann fann einmitt hjá sér hvöt til að standa upp og lýsa yfir fylgi við málið, en á því voru þó nokkrir fyrirvarar. Hv. þm. gerði sérstaklega þann fyrirvara, að það bæri að varast að mál þetta félli í þann farveg að það skapaði um of los á vinnutíma starfsmanna ríkisins. Ég veit ekki hvort hv. þm. hefur lesið alla grg. sem till. fylgir, en í niðurlagi hennar er einmitt á það bent hvernig reisa má skorður við því að slíkt los og stjórnleysi komist á vinnutímann.

Hv. þm. benti á vissa hættu sem fælist í mannlegum breyskleika eða a. m. k. breyskleika sem margir menn eru haldnir og væri fólginn í því, að e. t. v. hefðu starfsmenn ekki fyrst og fremst í huga hagsmuni þeirrar stofnunar sem þeir vinna hjá. Það má vera að hér sé um nokkur sannindi að ræða. En ég sé ómögulega hvernig það fyrirkomulag, sem hér er bent á, gæti ýtt undir þennan breyskleika. Ég held þvert á móti að þeir, sem e. t. v. skila takmörkuðum afköstum miðað við þann tíma sem þeir leggja í vinnuna, gætu einmitt innt af höndum betra starf ef þeir ættu tök á því að hafa sveigjanlegan vinnutíma, m. ö. o.: fá vinnutíma sem væri betur við þeirra hæfi. Í grg. till. er bent á þá tilhögun, að sérstakur skyldu-viðverutími eða sérstakur kjarni felist í vinnutímanum, en aftur á móti væru frávik annaðhvort fyrir eða eftir

þann fasta vinnutíma þar sem svo hagaði til að verið gæti um sveigjanleik að ræða. Enn fremur er bent á það atriði í lok þessarar grg., sem ég vil sérstaklega draga fram, að vinnufélagar geti e. t. v. samið um vinnutíma sín á milli. Það háttar svo til um mörg störf sem unnin eru, að þessu er vel hægt að koma fyrir án þess að afköstin verði að neinu leyti lakari. Þetta er víða framkvæmt, t. d. í sumum heilbrigðisstofnunum þar sem t. d. tveir hjúkrunarfræðingar skipta á milli sín einni viku eða þá taka sína vikuna hvor. Þessi tilhögun hefur m. a. leitt til þess, að það verður minna um forföll í viðkomandi starfi. Sams konar dæmi gæti vafalaust víða verið að finna og gætu orðið víðar en nú er.

Mér finnst gott að hér hefur komið fram að þetta mál er ekki sérstaklega hagsmunamál kvenna, eins og oft hefur verið talað um. Vissulega er það svo að vissu marki. En það er almennt hagsmunamál þeirra sem hentar að geta sveigt vinnutíma að þörfum t. d. fjölskyldu eða annarra eininga, sem þeir vinna fyrir, eða þá að getu sinni eða heilsufari, eins og væri t. d. ef um fatlaða væri að ræða, eins og hér var bent á, eða aldraða. Þetta er að sjálfsögðu ekki einungis hagsmunamál þeirra sem störfin vinna, heldur þeirra sem störfin eru unnin fyrir, þeirrar stofnunar sem unnið er hjá, svo og hinna, sem viðkomandi þarf að sinna, eins og t. d. þegar um fjölskyldu er að ræða. Í þessu gætu falist möguleikar á því, að fjölskyldur ættu hægara með en nú er að sinna sjúkum, öldruðum og að sinna betur börnum. M. ö. o.: niðurstaðan er sú, að það hljóti að vera unnt, þannig að til hagsbóta verði fyrir alla þessa aðila, að koma málum fyrir svo sem á er bent í þessari tillögu.

Að því er varðar þýsku frúna enskumælandi vil ég gjarnan benda hv. 4. þm. Norðurl. e. á að fleiri hafa sinnt málum þessum en þeir sem eru af þýsku bergi brotnir að tala ensku sem aðalmál eða aukamál. Þessu máli hefur m. a. verið sinnt á vettvangi Norðurlandaráðs. Þar hefur mikið starf verið unnið í sambandi við möguleika þeirra sem ekki hentar að vinna fullan fastan og síákveðinn vinnutíma. Þessu vildi ég koma hér á framfæri og benda áhugamönnum um þetta efni á að til eru mörg skjöl á vegum stofnana Norðurlandaráðs sem að gagni gætu komið við athugun þessa máls.

Ingólfur Guðnason: Herra forseti. Ég kem hér upp til að þakka flm. fyrir að hafa flutt þessa till. til þál. og skiptir mig þá engu máli hvaðan upphafið er, hvort það er frá enskumælandi Þjóðverja eða hvaða mál eru töluð þar úti í heimi. Í raun og veru ætti ekki að þurfa að flytja þáltill. um svona sjálfsagt mál, vegna þess að þetta ætti að vera framkvæmdaatriði hjá hverju fyrirtæki um sig, hvort sem það eru ríkisfyrirtæki eða önnur fyrirtæki. Þetta er svo sjálfsagt að um það ætti ekki að þurfa að flytja tillögu.

Þm. hafa staðið hér upp og lýst sig samþykka þessum tillöguflutningi og eins ætla ég að gera. Hv. þm. Árni Gunnarsson talaði um að það væri e. t. v. ástæða til að færa till. út þannig að þessi athugun næði örlítið víðar en till. gerir ráð fyrir og þar væru kallaðir til umsagnar fleiri aðilar. Tel ég að það væri mjög til bóta ef þarna væri farið inn á víðara svið, svo sem að umsagnir verkalýðsfélaga og atvinnurekenda kæmu inn í þessa könnun.

Slíkur breytilegur vinnutími getur örugglega þýtt kjarabót fyrir allt starfsfólk, hvort sem eru konur eða karlar, og ég hygg að þetta gæti í ýmsum tilvikum verið ákaflega hagkvæmt fyrir hin ýmsu fyrirtæki. Ég er þess fullviss, að svo gæti verið, án þess að ég ætli að lýsa því hér frekar vegna þess að ég tel það óþarft.

Fyrirtækin eru margvísleg, eins og við vitum, og ýmsar hættur kynnu að leynast, eins og hér hefur lítillega verið minnst á. En að mínu mati mælir allt með því, að þessi athugun fari fram þannig að síðar liggi það ljósar fyrir ríkisfyrirtækjum og öðrum fyrirtækjum, hverjir kostir, hverjir gallar og hverjar hættur kynnu að leynast í þessu. — En mitt erindi hingað er að lýsa stuðningi við þessa tillögu.

Davíð Aðalsteinsson: Herra forseti. Ég fylli þann flokk sem lýsir ánægju sinni með þessa till. Ég geri það heils hugar.

Ég vil taka undir það, að í tengslum við sveigjanlegan vinnutíma mætti vissulega auka opinbera þjónustu án þess að það hefði aukinn kostnað í för með sér. Jafnframt gæti opinbera þjónustu verið að fá á hinum ýmsu tímum dags, sem er ekki nú á tímum, til þess að þeir, sem opinberu þjónustunnar þurfa að njóta, hinir ýsmu aðilar, eigi þess frekar kost í mörgum tilfellum en nú er.

Enda þótt þessi till. geri ekki ráð fyrir, eins og skýrt hefur verið úr þessum ræðustól, að ná til fleiri þátta en opinberrar þjónustu, þá vil ég taka undir það, sem raunar hefur komið hér fram, að sveigjanlegum vinnutíma þyrfti að koma við miklu víðar í atvinnulífinu. Ég er persónulega sannfærður um að slík tilhögun ylli meiri ánægju og meiri afköstum í atvinnulífinu. Jafnframt væri þetta hugsanleg leið til þess að draga úr spennu sem er tengd hinu mikla kapphlaupi við klukkuna dag hvern.

Að síðustu: Væri þetta ekki ágætt innlegg inn í þá miklu umræðu sem nú fer fram vegna fjölskyldunnar og þess, að við lítum öll svo á að hún sé hornsteinn þessa þjóðfélags? Er þetta ekki e. t. v. einn af stærri þáttum þess máls að treysta fjölskylduböndin, gera fólki frekar kleift að sinna einkahögum, sem í flestum tilfellum eru nátengdir fjölskyldunni sjálfri?

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég get víst ekki verið þekkt fyrir — sem stjórnarmaður í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja — annað en koma og taka undir þann hallelújakór sem hér hefur verið fluttur, einkum og sér í lagi þar sem ég hef í fyrsta skipti kynnst sveigjanlegum vinnutíma eftir að ég gerðist alþm. Hér ríkir sveigjanlegasti vinnutími sem mér er kunnugt um í þjóðfélaginu, þar sem vikur geta liðið milli þess sem maður sér þá þm. sem hér eiga að sitja. En ég skal ekki vera neikvæð. Ég skal taka undir þessa till. Auðvitað. Þetta er ein af þeim óteljandi þáltill. hér á Alþ. sem er ómögulegt að vera á móti.

Hins vegar hlýt ég að leyfa mér að koma þeim sjónarmiðum að, hvað þetta í raun og veru þýðir. Í þeirri stofnun, sem ég vann lengst af í, var prófaður svokallaður sveigjanlegur vinnutími, sem er nú ekki sveigjanlegri en svo, eins og hér er talað um í grg., að stúlkur máttu ráða því og reyndar starfsmenn — það vildi nú til að það var aðallega kvenfólk sem ég vann með — hvort þær kæmu klukkan 8 eða 9 á morgnana og hvort þær færu kl. 4 eða 5 á daginn. Og hvað gerðist? Jú, það gerðist nákvæmlega það, að þeir, sem kusu að koma kl. 8, unnu einum tíma lengur eftirvinnu.

Málið er nefnilega það, að það eru svo lág laun á Íslandi að næstum allir vinna meira en 8 stunda vinnu-

dag, og þá sé ég ekki hvað það þýðir, að Alþingi Íslendinga sé að álykta að hann skuli vera sveigjanlegur, þessi þrældómur. Málið er það, að vinnudagur er allt of langur vegna þess að launin eru allt of lág. Síðan hafa ábyrgir stjórnmálamenn komið auga á að þetta væri kannske ekki alveg eins og það ætti að vera. Blessuð litlu börnin okkar eru hætt að kunna að tala þegar gera má ráð fyrir að þau eigi að kunna það. Þau eru illa nærð í skólum landsins vegna þess að þau eru ein heima allan daginn, af því að við höfum ekki búið þeim dagheimili og dagvistarheimili. Svo getum við deilt um hvort þau séu nauðsynleg eða ekki. Þá finna þessir sömu stjórnmálamenn upp að nú sé best að fara að huga að einhverju sem heitir fjölskyldupólitík. Þetta er ekki lítið alvörumál.

Mér þætti gaman að heyra einhvern segja mér hvað er fjölskyldupólitík. Ég hef hingað til verið það barn að halda að störf stjórnmálamanna snerust um þrifnað manna og þrif í þessu landi, og það hélt ég að væri fjölskyldupólitík. Þetta er eins og hvert annað tískuorð sem ég vil helst ekki heyra hér í þingsölum. Það er langt fyrir neðan virðingu okkar að vera að klóra í bakkann með einhverju svona „fíniríi".

Ég hef ekki unnið mikið við framleiðslustörf, þó nokkuð þegar ég var stelpa í Hafnarfirði, og ég er ekki alveg tilbúin að sjá fyrir mér hvernig við sveigjum vinnutíma, þegar þarf að bjarga framleiðslu. Mér þætti gaman að heyra hv. 1. þm. Vestf. skýra út fyrir mér, hvernig það kæmi út, eða aðra þá þm. sem þeim málum eru kunnugir hér, hv. þm. Guðmund Karlsson o. fl. Ég vildi ræða við stúlkurnar, ég segi stúlkurnar vísvitandi vegna þess að lágtekjufólkið meðal opinberra starfsmanna er yfirleitt allt saman kvenfólk sem að stórum hluta á börn, — ég vildi ræða við þær eða láta flm. þessarar till. ræða við þær um hvað það skipti þær miklu máli hvort vinnutími þeirra verði sveigjanlegur, sem yfirleitt er 10—11 tímar. Ég hefði gaman af að ræða við verslunarfólk, afgreiðslufólk í verslunum og heyra hvað það segir við sveigjanlegum vinnutíma.

Þetta er svo yfirborðslegt og svo vanhugsað miðað við þær aðstæður sem við búum við, að það er með hangandi hendi að maður samþykkir svona tillögu. Auðvitað er ekkert hægt að gera annað. Ég er ekki á móti sveigjanlegum vinnutíma, síður en svo. En skoðun mín er sú, að launþegar þessa lands eigi ekki að vinna lengur en svo, að þeir geti samt sinnt börnunum sínum einhvern tíma sólarhringsins. Ástandið núna er þannig, að þeir geta það ekki, og þess vegna er ástand barna eins og það er og þess vegna er búið að finna upp eitthvað sem heitir fjölskyldupólitík.

Ef ég ætti að fara hér út í æðri pólitíska umræðu skal ég segja ykkur hvað er fjölskyldupólitík. Það er sósíalismi. En um það skulum við ræða seinna.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Hv. 8. landsk. þm. tók það skýrt fram, að hún ætlaði að vera jákvæð í þessu máli, og satt best að segja var ég glaður yfir því, eftir að hafa hlustað á ræðu hennar, að hún skyldi ekki vera neikvæð. En hvað um það, þessi þáltill. vekur mann til umhugsunar um það, við hvað sé raunverulega átt. Það stendur neðarlega á fyrri bls., að sveigjanlegur vinnutími hafi nánast hafist að frumkvæði Skeljungs 1974. Ég veit ekki betur en það hafi verið sveigjanlegur vinnutími í þessu landi frá landnámsöld. (**MB:** Þá hefur Skeljungur ekki verið til.) Þá hefur Skeljungur ekki verið til, segir hv. 1. þm. Vestf. — En þá vaknar þessi stóra spurning: Sveigjanlegur vinnutími í þessu landi hefur verið á þann veg, að menn hafa sveigt vinnutíma sinn að þörfum atvinnuveganna og að þörfum þeirra stofnana sem þeir hafa verið að vinna fyrir. Nú skilst mér að hugmyndin sé að snúa þessu við, það eigi ekki að sveigja vinnutímann að þörfum stofnananna, heldur að þörfum einstaklinganna sem vinna við þessar stofnanir. Við höfum stundum séð þetta til sveita á ríkisbúum, menn hafa unnið sínar 8 klst. og svo hefur ekki verið litið til verka hinn tímann. Oft hefur þetta komið dálítið skoplega út.

Ég hef aftur á móti ekkert við það að athuga, að ríkisfyrirtæki hafi fullt frelsi með hvort þau ráða starfsmenn í hálfs dags vinnu eða ráða þá til að hefja vinnu kl. 9 eða kl. 8 á morgnana. Mér er ekki einu sinni ljóst hvort það er bannað. Ég veit ekki annað en að innan fjölmargra ríkisstofnana sé sveigjanlegur vinnutími. Hvað með sjúkrahúsin? Hvað með skólana? Hvað með strætisvagna Reykjavíkur? Er ekki sveigjanlegur vinnutími hjá þessum stofnunum?

Spurningin í þessu sambandi hlýtur fyrst og fremst að snúast um eitt atriði, ef ég hef skilið það rétt sem hér er sett fram, þ. e. hvort hægt sé að vinna 40 stunda dagvinnu fyrir utan hin venjulegu dagvinnumörk. Er það ekki það sem verið er að tala um? Mér sýnist á einum hv. flm. að ég hafi hitt naglann á höfuðið, þetta sé umræðuefnið.

Þá vaknar fyrst sú spurning, hvort á bak við þessa till. búi ekki raunverulega að líka sé verið að leggja til að mismunur á launagreiðslum, eftir því hvort verkið sé unnið í dagvinnutíma, eftirvinnutíma eða næturvinnutíma, eigi að minnka. Það hlýtur að vera rökrétt. Ef atvinnurekandinn biður manninn að vinna verkið fyrir utan hinn venjulega dagvinnutíma á hann að borga eftirvinnu- eða næturvinnukaup, en ef sá sem er að leita eftir vinnunni biður aftur á móti um að fá að vinna fyrir utan hinn venjulega dagvinnutíma verði borgað dagvinnukaup.

Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar, að það sé allt of mikill launamunur á dagvinnu og eftirvinnu, og ég held að þetta kerfi hafi beinlínis stuðlað að því, að við vinnum miklu lengri vinnudag en skynsamlegt er talið samkvæmt öllum vinnurannsóknum sem framkvæmdar hafa verið. En aftur á móti sýnist mér að það gæti verið hagkvæmt hjá hjónum sem vinna úti, að þau ynnu ekki bæði á sama tíma utan heimilisins. E. t. v. er það hluti af þeirri fjölskyldupólitík sem rétt er að tala um.

En þessi till., þó samþykkt yrði, breytir engu um að það hlýtur fyrst og fremst að verða í kjarasamningum sem svona mál eru tekin upp og þau verða trúlega varla tekin þar upp nema fyrir frumkvæði launþegahreyfingarinnar.

Flm. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Ég vil fyrir hönd okkar flm. þakka þær undirtektir, sem þetta mál hefur hlotið í hv. Sþ., og enn fremur þakka þær ábendingar, sem komið hafa fram í þessum umræðum.

Það er alveg rétt, sem hv. 2. þm. Austurl. benti á, að með þessu móti og reyndar öðrum skyldum aðferðum má koma til móts við þá sem að einhverju leyti hafa skerta starfsorku. Að vísu blandast þar saman við önnur mál enn fremur, sem ég hygg að ástæðulaust sé að rekja, en get fyrir þá, sem nefndu þá bók sem er nýkomin út og gefin er út af Hvöt og Landssambandi sjálfstæðiskvenna, bent mönnum á að þar er lesning um þessi efni þannig að

það er óþarfi að fjölyrða um þau á þessu stigi málsins. (**StJ:** Enga bóksölu hér í þingsölum.)

Það kom fram hjá hv. 6. þm. Norðurl. e. að það væri eðlilegt að færa þessa till. út þannig að hún næði jafnframt til Vinnuveitendasambandsins og Alþýðusambands Íslands. Auðvitað hafa þeir við slíka könnun að gera. Ég held að hér verði ég aðeins að staldra við vegna þess að hér er komið að atriði sem reyndar nokkrir hv. þm. ræddu, hvaða áhrif þetta hefur á kjarasamninga, hvaða áhrif hefur þetta á afstöðu verkalýðsfélaganna. Við skulum ekki ganga þess dulin, að auðvitað eru skiptar skoðanir um þetta innan verkalýðshreyfingarinnar. Ég kannast við að í Bretlandi t. d. hafi könnun farið fram innan verkalýðshreyfingarinnar sem leiddi í ljós ýmislegt sem getur einmitt varpað ljósi á afstöðu hennar víðar en á Bretlandseyjum. Það var Stjórnunarstofnun Bretlands sem á árinu 1973 gekkst fyrir rækilegri skoðanakönnun um sveigjanlegan vinnutíma og í niðurstöðum þeirrar könnunar er greint frá viðhorfum launþegasamtaka til þessara nýmæla. Í örfáum atriðum má segja að niðurstöður hafi verið eftirfarandi:

1. Fram kom í þessari könnun að launþegar töldu að stjórnendur fyrirtækja gætu reynt að lengja vinnutíma starfsmanna þegar mörg verkefni lægju fyrir, en beint síðan frítíma starfsmanna að verkefnasnauðari tímabili. Með fortölum og aðhaldi gætu stjórnendur fyrirtækja dregið úr yfirvinnu og farið þannig á bak við kjarasamninga.

2. Þá krefjast launþegasamtökin þess, að félagar þeirra njóti ágóðans sem meiri framleiðni og minni fjarvistir skila í fyrirtækinu.

3. Þá gjalda verkalýðsleiðtogar varhug við sveigjanlegum vinnutíma vegna þess að hann getur raskað grundvellinum undir 8 tíma vinnudeginum, sem er árangur áratugalangrar baráttu verkalýðssamtakanna.

4. Þá er minnst á það í þessari skýrslu, að sveigjanlegur vinnutími dragi úr samstöðu starfsmanna, enda fækki samverustundum í vinnutímanum.

Það ber að líta á að bresku verkalýðssamtökin eru talin ákaflega íhaldssöm í þessum efnum, þ. e. í afstöðunni til breytinga á vinnutímanum, eins og mörg dæmi eru um. Hins vegar eru alþýðusamböndin á Norðurlöndum á allt annarri skoðun. Það var t. d. fyrir frumkvæði alþýðusambandsins sænska gert átak í þessum málum í Svíþjóð. Þar var það alþýðusambandið sem hafði forgöngu um málið. Það er rétt, sem hér kom fram, að á vettvangi Norðurlandaráðs hefur einnig heilmikið verið rætt um þessi mál og jafnframt hjá Efnahags- og framfarastofnun Evrópu. Þar var í apríl s. l. haldin ráðstefna um konuna á vinnumarkaðinum og þar kom fram, að sveigjanlegur vinnutími getur einmitt verið gott tæki til að koma á jafnræði karla og kvenna á vinnumarkaðinum. Á þetta vildi ég drepa.

Það kom engum hv. þm. á óvart að hv. 4. þm. Norðurl. e. skuli hafa fundið kjarnann í þessu máli öllu saman. Það er hans von og vísa að koma til leiks með hnitmiðuð sjónarmið og koma sér beint að kjarna málsins. Af því að ég veit að hann er ákaflega áhugasamur um þetta efni, eins og ræða hans bar rækilega vott um, vil ég upplýsa hann örlítið nánar, því hann lýsti yfir eindregnum stuðningi við þessa till., þannig að hann sé betur til þess fær í kjördæmi sínu og annars staðar að vinna tillögunni fylgi.

Það er munur á svokölluðum breytilegum vinnutíma og sveigjanlegum vinnutíma. Það er kallaður breytilegur vinnutími að vinnutími hefst alltaf á sama tíma hjá sama manni, þannig að einn kemur alltaf kl. 9, annar kannske alltaf kl. 10, sá þriðji alltaf kl. 8, en sveigjanlegur vinnutími er þannig hugsaður, að hver og einn hefur frjálst val á hverjum degi hvenær hann kemur innan ákveðinna marka. Vegna þess að hv. þm. óskaði eftir orði á þýsku um sveigjanlegan vinnutíma skal ég gefa honum það. Það heitir Gleitzeit. Ég vildi gefa honum þessar upplýsingar af því að ég veit að hv. þm. er mikill málamaður, um leið og ég þakka honum, eins og öllum öðrum, hans ágætu undirtektir.

Ég veit ekki hversu náið á að fara út í umr. um þessi mál og skyld að sinni. En ég varð fyrir nokkrum vonbrigðum með þau ummæli sem komu fram hjá hv. 8. landsk. þm., þar sem hún minntist á að í Tryggingastofnun ríkisins hefði verið reynt að koma á sveigjanlegum eða breytilegum vinnutíma. (**StJ:** Hvort var hann sveigjanlegur eða breytilegur?) Ja, það var ekki gott að átta sig á því af ummælum hv. þm. Ég býst við að meðlimur tryggingaráðs geti kannað það hjá hv. þm., sem er honum kærkomin og nærkominn í flokki og vísa þess vegna spurningunni frá mér. (**StJ:** Fyrst þm. veit þetta ekki á hann ekki að tala um það.) Þar sem mér finnst það eiga við skal ég koma því á framfæri til félaga í tryggingaráði að hér er eitthvert stjórnunarvandamál á ferðinni. Ef tilraun með sveigjanlegan eða breytilegan vinnutíma leiðir til þess, að starfsmenn fara að fá eftirvinnu út á það, er eitthvað að í stjórnun slíkrar stofnunar. Ég veit að þeir, sem eru í tryggingaráði og hafa áhrif á störf þeirrar stofnunar munu vinda bráðan bug að því að gera eitthvað í þessu máli. Ég mun þess vegna koma þeim tilmælum til þeirra.

Hv. 8. landsk. þm. sagði að orðið „fjölskyldupólitík" færi í taugarnar á sér, það væri tískuorð sem hefði lítið innihald. Ég er henni fullkomlega sammála. Í umræðum í sjónvarpi fyrir nokkru komu fulltrúar stjórnmálaflokkanna fram og belgdu sig út um fjölskyldupólitík og sumir sögðu að í þeirra flokkum væri fjölskyldupólitík sérstakur bálkur. Ég kom fram í þessum umræðum og tel mig hafa sagt það skýrt og skorinort, að ég teldi að fjölskyldupólitík væri ekki annað en það þegar þm. og aðrir stjórnmálamenn teldu sig við lagagerð og við framkvæmdir á lögum vera að koma viðhorfum til skila sem koma fjölskyldum til góða, að fjölskyldupólitík væri ekki eitthvað sem væri tekið út úr og einangrað. Það hlýtur að birtast alls staðar í starfi stjórnmálamanna.

Síðan sagði hv. 8. landsk. þm. að hún teldi að sósíalismi væri eina tegund fjölskyldupólitíkur sem hún hefði trú á. Þetta sagði hv. þm. í framhaldi af því að það væri nauðsynlegt að stytta vinnutímann og hækka launin. Ég vil segja það hér og nú, að stærsta fjölskyldumálið, stærsta atriðið í fjölskyldupólitík er að auka hagvöxt og arðsemi og það er ekki sósíalismi, — a. m. k. ekki sá sósíalismi sem birtist í stefnuyfirlýsingum Alþb. Þetta segi ég vegna þess að aukin arðsemi og meiri hagvöxtur eru grundvöllur þess, að úr meira sé að moða, bæði fyrir atvinnufyrirtæki og einstaklinga sem vinna hjá fyrirtækjum og enn fremur hjá ríkinu sem tekur til sín skatttekjur frá einstaklingum. Ég hygg að hv. þm. hafi verið að leggja áherslu á að einn flokkur öðrum fremur hefði á stefnuskrá sinni fjölskyldupólitík, en þá byggist hún að mínu mati á því fyrst og fremst að fólk geti unnið stuttan vinnutíma, haft há laun. Það gerist ekki nema við veljum

þær atvinnugreinar sem gefa okkur mest í aðra hönd. Það köllum við arðsamar atvinnugreinar. Þegar slíkt gengur fram í einhverju þjóðfélagi myndast hagvöxtur, sem er vöxtur þjóðarteknanna, það sem verður til skiptanna umfram það sem var til skipta áður.

Ég vona að í þessu máli hafi ég talað nægilega skýrt til þess að sýna fram á hver er raunverulegur grundvöllur þess að við getum stytt vinnutímann, sem ég er algerlega sammála hv. 8. landsk. þm. um að við verðum að stefna að. Svo geta aðrir þm. og þjóðin öll dæmt um hvor líklegri sé til þess að ná þeim árangri, sjálfstæðisstefnan eða sósíalisminn.

Hv. 5. þm. Vestf. vék að þessu máli og benti á að líkast til hefði verið sveigjanlegur vinnutími allt frá fornöld hér á landi. Ég veit að hann er þm. best að sér í fornum fræðum, og skal ekki etja kappi við hann í þeim efnum. En hann minntist jafnframt á ríkisbúin í þessu sambandi. Ég held að ég fari með rétt mál þegar ég segi að einmitt skortur á sveigjanlegum vinnutíma á ríkisbúunum hefur leitt til þess, að þau eru mun dýrari í rekstri en ella. Þá nota ég að vísu sveigjanlegan vinnutíma í örlítið annarri merkingu en við gerum venjulega þegar við tölum um hann, eins og t. d. í þessari þáltill. (**StJ:** Það er breytilegur vinnutími, sem þm. á við. — **ÓÞÞ:** Sveigðan að þörfum atvinnuveganna.) Af því að hér er gripið fram í af ýmsum stuðningsmönnum till. skal ég taka undir mál þeirra með því að segja að auðvitað er það megintilgangur þessarar till. að sveigja vinnumarkaðinn að þörfum fjölskyldunnar þannig að meira sé tekið tillit til einstaklinga og fjölskyldu en því miður hefur verið gert í þeirri iðnvæðingu sem hefur átt sér stað hér á landi. Þetta er auk þess jafnréttismál og hér hafa í umr. jafnframt orðið umr. um hvort þetta sé ekki hluti af því sem við köllum fjölskyldupólitík, hvað svo sem það annars þýðir.

Við flm. teljum að þessi þáltill., ef samþ. verður, hvetji til þess að menn gefi gaum að þessu efni. Ég viðurkenni fyrstur manna að hér er ósköp einfalt mál á ferðinni, en ég rifja upp þau gömlu sannindi að það eru stundum einföldu málin sem eru best.

Guðmundur Karlsson: Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að taka þátt í þessari umr., en þar sem hv. 8. landsk. þm. beindi þeirri spurningu til okkar Matthíasar Bjarnasonar, á hvern hátt þessu væri fyrir komið í sjávarútveginum úti á landi, verð ég að játa að ég er ruglaður í þeim hugtökum sem hér hafa verið notuð, breytilegur eða hreyfanlegur vinnutími. En ég býst við því, að hvergi hafi verið meiri sveigjanleiki í vinnutíma hér á landi en einmitt í frystiiðnaðinum. Það leiðir af því, að mjög margar húsmæður starfa í þessum atvinnuvegi og þær hafa í flestum tilvikum getað samið við stjórnendur fyrirtækjanna um að byrja á breytilegum tímum á morgnana. Ég minnist þess og það eru ekki mörg ár síðan að mjög margar húsmæðurnar mættu kl. 8 eða 9 á morgnana, en hlupu heim kl. 11 til að elda ofan í krakka og mann. (Gripið fram í.) Nei. Þegar kom að kvöldmat hlupu þessar blessaðar konur heim til að elda og komu síðan aftur eftir kvöldmatinn. En ég viðurkenni að víðast er það hugarfar ríkjandi úti á landi að fólk stendur meðan stætt er.

Enn er það, að vissulega vildum við — bæði stjórnendur og þeir sem í þessum atvinnuvegi vinnum — gjarnan sjá fram á þá tíma, að við gætum skammtað okkur vinnutímann eftir hentugleikum og helst ekki haft hann lengri en 8 tíma á dag. Þægilegast væri það og best. Mér finnst það dálítið táknrænt að þessi þáltill. skuli eingöngu miða við ríkisfyrirtæki og ríkisstofnanir og hér skuli vera það hugarfar ríkjandi að það séu þeir einir, ríkisfyrirtækin og opinberir starfsmenn, sem geti látið munaðinn eftir sér.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Eftirgjöf á gjaldi fyrir síma elli- og örorkulífeyrisþega, þáltill. (þskj. 62). — Ein umr.

Flm. (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Till. sú til þál., sem hér liggur fyrir, er flutt af mér og hv. þm. Albert Guðmundssyni. Till. þessi var flutt áður á 102. löggjafarþingi, en hlaut ekki afgreiðslu.

Á undanförnum árum hefur Reykjavíkurborg og fleiri sveitarfélög byggt íbúðir fyrir aldraða fólk. Einnig rekur Sjálfsbjörg slíka byggingu fyrir öryrkja, sem eru svo mikið fatlaðir að þeir þarfnast sérstaks húsnæðis, en geta þannig að mestu séð um sig sjálfir. Íbúar þessa húss njóta niðurfellingar af síma, og hið sama gildir um íbúa þriggja af fjórum íbúðarhúsum fyrir aldraða í Reykjavík. Hið sama gildir eflaust um nokkur slík hús sem fyrirfinnast í öðrum sveitarfélögum. Í hinu fjórða, húsinu nr. 27 við Dalbraut, sem Reykjavíkurborg hefur einnig byggt, og þrem hjónahúsum, sem tengd eru við það og eru þá aðskilin hús, hefur íbúum verið synjað um þessa niðurfellingu þar sem almenningssími sé í aðalhúsinu. Hið sama er þó að sjálfsögðu að segja um öll hin húsin. Nokkru meiri þjónusta er að vísu í húsunum við Dalbraut nr. 27, en þeir, sem það geta hugsa að öllu leyti um sig sjálfir, en greiða hærri húsaleigu en gerist í hinum húsunum.

Það þarf ekki að tíunda það hér enn einu sinni, hversu mikilvægt tæki sími er hinum öldruðu. Almenningssími í einu af mörgum húsum nægir þar alls ekki til.

Ég veit ekki hvort ég þarf eða á að vera að rekja gang þessa máls hér í þingi í fyrra. Svo að þingmönnum sé ljóst, hvað hér er um að ræða, ber að geta þess, sem í reglugerð stendur, reglugerð nr. 427 frá 1978, hverjir yfirleitt hafa rétt til þess að fá niðurfellingu á síma. En um það segir, með leyfi forseta:

„Skilyrði til að ársfjórðungsgjald megi fella niður eru:

a) Að viðkomandi elli- og örorkulífeyrisþegi njóti óskertrar uppbótar á elli- eða örorkulífeyri (tekjutrygging), samkv. 19. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar.

b) Að umsækjandi búi einn í íbúð, eða sé hann í hjónabandi eða öðru sambýli, þá uppfylli hver einstaklingur kröfur reglugerðar þessarar. Umsækjandi telst þó uppfylla skilyrði þessarar greinar enda þótt fólk undir tvítugsaldri dveljist á heimilinu.

c) Að ekki sé annar sími í íbúðinni."

Það er ekkert sem bendir til þess í reglugerð að gera skuli mun á íbúum í húsum, sem sérstaklega eru ætluð öldruðum, og íbúum í öðrum sambýlishúsum. En það, sem gerst hefur við Dalbraut 27, er að flest það fólk, sem þar býr, naut þessara fríðinda áður, en missir þau þegar það kemur í þetta sérstaka hús.

Nú gætu hv. þm. sagt: Hvers vegna er verið að flytja um þetta þáltill.? Er ekki nóg að hringja í hæstv. fjmrh. eða hæstv. samgrh. og segja þeim að kippa þessu í lag?

Svar mitt við því er einfaldlega þetta: Það hefur ekki tekist og ég hlýt þess vegna að óska eftir áliti þingsins á því, hvort þetta sé ekki réttlætismál.

Ég vil hins vegar geta þess, að við afgreiðslu þáltill. þessarar á s. l. vori var málinu vísað til Öryrkjabandalags Íslands sem mælti að sjálfsögðu eindregið með því. Þar er öllum ljóst að þetta er fáránlegt eins og það er. Síðan var málið sent til Póst- og símamálastjórnarinnar og í umsögn Jóns Skúlasonar segir orðrétt, að „stofnunin er því mjög mótfallin að þurfa að hafa með höndum frekari framkvæmdir hér að lútandi".

Ég er hér með í höndunum bréf forstjóra Pósts og síma. Það var mér raunar aldrei sýnt í fyrra, og ég furða mig á að formaður allshn. skyldi ekki ræða við mig efni þessa bréfs. Ég veit ekki til að Jón Skúlason hafi verið beðinn að segja álit sitt á þessum lögum. Hann var beðinn um álit á hvort þetta félli ekki að annarri almennri afgreiðslu. Hann segir hér hins vegar, með leyfi forseta:

„Enn fremur má upplýsa, að aukið vinnuálag hjá Póst- og símamálastofnun vegna þessa verkefnis, sem í dag er unnið á þessu sviði, nálgast þrjú ársverk og er ekki á það bætandi."

Hér er um að ræða líklega 70 íbúa, sem kynnu að eiga rétt á þessu, þó auðvitað ekki nærri allir því sumt af þessu fólki hefur ekki fulla tekjutryggingu vegna eftirlauna og þá kemur það ekki til greina.

Jafnframt segir Jón Skúlason, með leyfi forseta:

„Ég tel eðlilegast að hinum öldruðu sé greitt af almannafé bæði símaafnot sem annað og að Tryggingastofnun ríkisins sé falið það verkefni sem umrædd till. til þál. felur í sér."

Ég veit ekki til þess, að hann hafi verið beðinn um álit á þessu, og ég undrast satt að segja að formenn nefnda skuli í svona tilviki ekki ræða við flm. eða jafnvel bréfritara um að þetta sé ekki svar við því sem um var beðið.

Síðan er málið sent til umsagnar ráðuneytisstjóra samgrn. og þá tekur nú steininn úr. Svarið er hér upp á rúmar þrjár síður og fylgir löng kennsla í afgreiðslu á tekjutryggingu. Ég vil leyfa mér að fullyrða að þar hef ég ekkert að læra. Ég hef unnið við það árum saman. Allt, sem um það mál stendur, er rangt, en ég hneykslast ekki á því. Ráðuneytisstjóri samgrn. hefur enga ástæðu til þess að kunna neitt í útreikningi tekjutryggingar. Hins vegar er alveg meiningarlaust að vera að senda Alþingi kennslu í slíku. Niðurstaða hans er einfaldlega sú, með leyfi forseta, — já, ég leyfi mér að lesa eina grein úr þessu bréfi, með leyfi forseta:

„Orðalag till. á þskj. nr. 196 er óljóst og þokukennt, því henni lýkur á orðunum „enda uppfylli þeir skilyrði reglugerðarinnar að öðru leyti." M. ö. o.: enda þótt íbúi í sérbyggðri íbúð fengi eftirgjöf á símgjaldi vofði þó yfir honum sú hætta að missa tekjutrygginguna og um leið þessa eftirgjöf á afnotagjaldi síma síns."

Ég vil bara segja eitt um þetta. Þetta er eintómt rugl og kemur málinu ekkert við. Tryggingastofnun ríkisins fellir niður tekjutryggingu hafi lífeyrisþegi þær tekjur að hann eigi ekki rétt á henni. Póstur og sími þarf engar áhyggjur að hafa af því. Á þriggja mánaða fresti sendir Tryggingastofnun ríkisins lista unninn í tölvu stofnunarinnar um þá sem eru með fulla tekjutryggingu, og þeir eiga rétt á niðurfellingu á afnotagjöldum síma ef þeir búa einir. Þetta er einfaldasta mál til afgreiðslu sem hugsast getur. Ég verð líka að segja það hér, að mér finnst það lítilsvirðing við alþm., hver sem hann kynni að vera, að tala um að form og orðalag till. sé óljóst og þokukennt, sem hreinlega byggist á því að bréfritari skilur ekki hvað hér er verið að biðja um. Ég held að hægt hefði verið að fá þær upplýsingar svo að það væri ljóst.

Innihald þessara tveggja umsagna er sem sagt það, að Alþ. hafi haft rangt fyrir sér þegar það samþykkti að Póstur og sími felldi niður afnotagjald af síma þeirra sem hafa fulla tekjutryggingu. Um það má eflaust deila enn á ný á hinu háa Alþingi, en það er ekki mál embættismanna ríkisins að lýsa yfir því, hvort þeim finnst þau lög, sem við hér samþykkjum, rétt eða röng. Og það er harla lítil afsökun að bera því við, að þeir nenni ekki að standa í að framkvæma þau. Ég vil lýsa furðu minni á afgreiðslu þessa máls.

Ég vil segja það að lokum, að ég vænti þess, að hv. þm. skilji að hér er ekki verið að biðja um neitt annað en að þingið lýsi vilja sínum til að fólkið, sem býr í þessu húsi og þessum húsum við Dalbraut 27, njóti sömu réttinda og aðrir þeir sem svipað er ástatt um og þeirra réttinda sem þeir nutu áður. Ég hygg að ærið margir bíði mjög eftirvæntingarfullir eftir því, hvað þinginu finnst um þetta. Ég vil jafnframt taka það fram, að ef hæstv. samgrh. kynnir sér þetta mál og skrifar Póst- og símamálastofnuninni bréf og skipar henni að gera þetta er auðvitað ástæðulaust að málið sé hér til meðferðar á Alþingi. En þessi till. er flutt að þrábeiðni þessara íbúa, og ég hef ekki séð annan möguleika til þess að fá þetta mál afgreitt. Ég vænti þess, að það verði gert hér sem allra fyrst, og leyfi mér að senda það enn á ný til hv. allshn.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég vil segja það í upphafi míns máls, að Pósti og síma ber að sjálfsögðu að framkvæma þau lög sem frá Alþ. koma, — ef ég má leyfa mér að segja: sama hvað þau eru vitlaus. Ég er nefnilega á þeirri skoðun, að þessi lög séu heldur vafasöm. Ég vona að mér leyfist að segja það þótt það sé ekki beinlínis til umræðu.

Ég er einnig þeirrar skoðunar að tryggja beri öldruðum þessa nauðsynlegu þjónustu. Ég tek undir það, að nauðsynlegt er að fólk hafi efni á að hafa síma, ekki síst þeir sem eru líkamlega ekki fullfærir. Ég er hv. flm. sammála um það. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar, að það beri að gera í gegnum tryggingakerfið.

Ávallt er nokkur vandi að ákveða hvar á að draga mörkin. Ég hygg að ekki sé óeðlilega hætt við því, að stofnun, sem liggur undir miklum þrýstingi að gæta sparnaðar, sem er með rekstrarhalla o. s. frv., vilji heldur heimta inn fleiri símgjöld en færri. Þetta er fellt niður í dag og síðan annað á morgun og stofnunin missir af tekjum. T. d. er Póstur og sími með rekstrarhalla upp á hundruð milljóna í ár. Orðið hefur að draga úr framkvæmdum við sjálfvirkan síma í dreifbýli. Við getum vitanlega sagt að þetta sé ekki stór dropi í það haf, en margt smátt gerir eitt stórt. Ég er þeirrar skoðunar, að höfð sé röng aðferð og þurfi að taka málið upp í heild sinni að nýju og finna aðrar leiðir til að tryggja öldruðum, öryrkjum og fleiri aðgang að síma.

Ég skal viðurkenna að ég hef ekki kynnt mér þetta mál eins og mér ber að gera í raun og veru. Það hefur ekki rekið á mínar fjörur síðan ég kom í ráðuneytið. Hins vegar hef ég grun um að Póstur og sími hafi reynt að draga mörkin þannig að tryggja þeim, sem undir þessi lög falla, aðgang að síma fyrst og fremst sem neyðartæki, en ekki eins og kom fram hjá flm., sem almennt tæki til að

rabba við ættingja og fleiri, sem getur vissulega verið góðra gjalda vert. Þess vegna má vera tregða hjá stofnuninni að veita slíkan afslátt eða niðurfellingu gjalda þar sem talið hefur verið um hægan aðgang að almenningssíma að ræða. Ég veit að ákaflega erfitt er að draga mörkin. Hvenær er auðvelt að komast í slíkan síma? Verður hann að vera í sömu íbúð o. s. frv.?

Ég skil lögin þannig og reglugerðina, að ekki sé um að ræða einstaklingsherbergi, þeir sem þar búi eigi ekki að fá síma. En er það ekki næst? Það geta verið mörg einstaklingsherbergi saman og langt í síma í neyðartilfellum? Hvar á í raun og veru að draga mörkin? Mér sýnist að þeir, sem þannig er ástatt um, kunni engu síður að þurfa að komast skjótt í síma og geta jafnvel átt lengri leið í síma en þeir sem búa í íbúð þar sem kannske er sími á ganginum fyrir framan. Það litla, sem ég hef haft tækifæri til að kynna mér þetta mál, hefur einmitt slík dæmi borið á góma og virðist valda þeim, sem framkvæma, vissum efasemdum.

Ég legg eindregið til að sú n., sem fær þetta mál til meðferðar, kalli póst- og símamálastjóra fyrir sig og krefji hann upplýsinga um hvers vegna lögin hafa ekki verið framkvæmd. Ég skal gera það sama. Ég endurtek að vitanlega ber að framkvæma lögin, hvað vitlaus sem þau eru. Hins vegar kann vel að vera að ég beiti mér fyrir breytingu á þessum lögum og leiti leiða til að tryggja þeim, sem hér er um að ræða, símaþjónustu, jafnvel víðtækari en lögin gera ráð fyrir. Endurtek ég dæmið um þá sem búa í einbýlisherbergjum og þurfa vissulega ekki síður á slíkri þjónustu að halda en aðrir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Takmarkaður aðgangur erlendra herskipa og herflugvéla að landhelgi Íslands, þáltill. (þskj. 61). — Ein umr.

Flm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. 57 mál er till. til þál. um að takmarka aðgang erlendra herskipa og herflugvéla að 12 mílna landhelgi Íslands. Till. er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að undirbúa setningu nýrrar reglugerðar um aðgang erlendra herskipa og herflugvéla að 12 mílna landhelgi Íslands til að takmarka svo sem framast verður unnt þann aðgang. Reglugerðin verði í samræmi við væntanlegan hafréttarsáttmála og gefin út sem fyrst eftir að hann verður undirritaður."

Fyrir nokkrum vikum varð það slys austur við Japan, að eldur kom upp í sovéskum kjarnorkukafbát sem var skammt undan strönd Okinawa. Kafbáturinn varð á tímabili stjórnlaus og greip um sig ótti í Japan um að geislavirkni frá honum kynni að valda tjóni á mönnum og fiskimiðum. Sem betur fer fór svo að kafbáturinn var dreginn til lands í Vladivostok og kjarnorkumengun varð engin þó að manntjón muni hafa orðið eitthvert.

Það er athyglisvert fyrir okkur, að báturinn var oft innan japanskrar landhelgi meðan þessu fór fram, og hann var það í fullum rétti samkv. alþjóðalögum.

Þetta atvik varð m. a. til þess, að fulltrúar allmargra þjóða á Hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Genf í ágústmánuði gerðu að umræðuefni rétt herskipa og herflugvéla til að fara um landhelgi annarra ríkja og mæltu fyrir breytingum í þá átt, að þessi réttur yrði takmarkaður. Þeir munu að vísu ekki hafa flutt till. í þessa átt, en mér finnst sjálfsagt að Íslendingar styðji þennan málflutning og allt sem kann að verða gert í þessa átt.

Sú regla hefur lengi gilt, að herskip annarra þjóða, sem ekki eiga í ófriði þá stundina, hafi rétt til þess sem er kallað „meinlaus sigling" innan landhelgi ríkis. Þetta hefur til skamms tíma gilt um landhelgi, sem yfirleitt hefur verið 3 mílur, en er nú — m. a. hér hjá okkur Íslendingum — orðin 12 mílur. Það vil ég taka skýrt fram og biðja menn að gera sér fulla grein fyrir, að mál sem þetta koma ekki við 200 mílna efnahags- og mengunarlögsögu. Við og aðrir höfum mjög takmarkaðan rétt út að 200 mílum, — rétt er varðar efnahag, þ. e. auðlindir hafsins, og mengun, en hin eiginlega landhelgi er aðeins 12 mílur. Það er við hana miðað þegar rætt er um fullkomin yfirráð þjóðar yfir hafinu á sama hátt og þjóðin hefur yfirráð yfir eigin landi.

Þegar siglt er samkv. þessum gömlu reglum sem kallað er „meinlaus sigling" mun vera átt við, þó ekki sé það nákvæmlega tiltekið í þjóðarrétti, að herskip hafi vopnabúnað sinn slíðraðan, ef svo má að orði komast, og að siglt sé viðstöðulaust. Kafbátum hefur þó verið gert og er gert að sigla jafnan á yfirborði þegar svona stendur á. Þessar reglur gilda þó ekki þegar um er að ræða þröng sund sem eru eina leiðin frá einu hafsvæði yfir til annars.

Ástæðan til þess, að ég vek athygli á þessu máli hér á Alþingi,. er sú, að ekki langt frá landi okkar eru fjölfarnar siglingaleiðir kafbáta, þ. á m. bæði kjarnorkukafbáta þeirra, sem eru knúnir með kjarnorku, og svo þeirra sem bera kjarnorkuvopn. Við þetta mætti bæta bæði herskipum og herflugvélum annarra þjóða sem tíðförult er um nágrenni okkar.

Svo vill til að fyrir örfáum dögum gerðist það fyrir vestan land, að menn á Víkingi frá Akranesi sáu ljóslausan kafbát sem sigldi á yfirborði 4 mílur frá landi. Er þarna greinilega um að ræða tilvik sem þessar reglur hlytu að eiga við. Ég gerði tilraun til þess í gær að fá upplýsingar um hvað íslensk yfirvöld vissu um þetta mál, en það reyndist ekkert vera. Var mér tjáð að Landhelgisgæslan ætlaði að taka skýrslur af áhöfninni á Víkingi, en það hefði ekki verið gert enn.

Hér er í gildi tilskipun um „aðgang herskipa og herloftfara erlendra ríkja, er ekki eiga í ófriði, að íslensku forráðasviði". Þessi tilskipun var gefin út af Kristjáni X í júlí 1939 eða nokkrum vikum áður en heimsófriðurinn braust út, og er enginn vafi á að ríkisstj. Íslands hefur óskað eftir að þessi reglugerð væri gefin út. Þó að hún sé góð svo langt sem hún nær er augljóst að áður en langt líður verður að gefa út endurskoðaða reglugerð um þessi mál.

Herra forseti. Ég legg til að við frestun umr. verði till. vísað til utanrmn.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég tel að sú till., sem hér er flutt af hv. þm. Benedikt Gröndal, 4. þm. Reykv., sé góðra gjalda verð og hreyfi athyglisverðu máli, og ég legg á það áherslu sem mína skoðun og reyndar þingflokks Alþb., að eðlilegt sé að þessi till. fái mjög vandlega athugun í utanrmn. hv. Alþingis og að stuðlað verði að því, að þangað komi allar hinar bestu upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til að geta glöggvað sig á málinu, og í framhaldi af því yrði unnið að setningu þeirrar reglugerðar eða annarra stjórnvaldsákvarðana sem kann að þurfa í þessum efnum. Það kann að vera að

hér þurfi einnig lagaatbeina til, en ég átta mig ekki á því á þessu stigi, hvort svo er eða hvort reglugerðarsetning dugir.

Ég vil í þessu sambandi minna á það meginatriði, að vitaskuld stafar vandi þjóðarinnar í þessum efnum fyrst og fremst af því, að við erum með í landinu erlendan gest, bandarískt herlið, og þetta herlið skapar hættu fyrir þjóðina á hverjum tíma og eykur þann vanda sem við er að glíma fyrir þessa þjóð, m. a. varðandi meðferð mála eins og þeirra sem hreyft er af hv. 4. þm. Reykv.

Það er nauðsynlegt í þessu sambandi að hugleiða hvort ekki væri hugsanlegt að ná um það samkomulagi, ef hv. Alþ. áttar sig á því að hér sé stigið rétt skref, að ganga lengra og ákveða hér á Alþ. með meirihlutasamþykkt að Alþingi Íslendinga vilji að Ísland og landhelgi Íslands verði lýst kjarnorkuvopnalaust svæði, að tekin verði um það ákvörðun af hálfu Alþingis Íslendinga að Ísland verði lýst kjarnorkuvopnalaust svæði og hér sé bönnuð, í landhelginni og á landinu, umferð með kjarnorkuvopn með þeirri hættu sem slíkt veldur.

Ég held að í rauninni hljóti allir hv. alþm. að átta sig á því hvílík hætta er fólgin í því fyrir tilvist þessarar þjóðar ef ekki eru settar strangar skorður við meðferð og flutningi kjarnorkuvopna um þetta land. Og ég vil einnig leggja á það áherslu, að ég held að allir þm. hljóti að gera sér vel jóst að ef Alþingi Íslendinga lýsti yfir, að Ísland hlyti að eiga að vera kjarnorkuvopnalaust svæði og landhelgi Íslands, þá væri það stórkostlegt innlegg í baráttu þjóða heimsins fyrir afvopnun og friði. Eins og sakir standa núna í heiminum er ekki vanþörf á slíku innleggi. Staðreyndin er sú, að stórveldin virðast um þessar mundir vera að magna stríðsæsingaáróður sinn ef eitthvað er, miklu frekar en hitt. Þær yfirlýsingar, sem fram komu hjá einstökum aðilum, t. d. í forsetakosningunum í Bandaríkjunum, voru ákaflega ískyggilegar, svo að ekki sé meira sagt, í þessum efnum. Þar virtust þeir menn helst fá hljómgrunn sem hvöttu til mestra stríðsæsinga. Ástandið í Sovétríkjunum í þessum efnum er einnig mjög hrikalegt, svo sem innrásin í Afganistan er gleggst dæmi um.

Þetta eru málefni sem lítil þjóð eins og Íslendingar verður að glöggva sig alveg sérstaklega á. Og það er fleira í þessu. Menn þurfa að átta sig á ástæðunum fyrir því, að svo ófriðvænlega horfir í heiminum núna og menn skaka vopnin stórum hver að öðrum. Ástæðan er auðvitað sú, að auðlindastríðið í heiminum, baráttan um skiptingu auðæfa heimsins fer harðnandi. Hún fer stöðugt harðnandi og kann að verða þröngt fyrir dyrum lítillar þjóðar í þeim átökum um auðlindir heimsins, átökum á milli stórvelda og auðhringa, og þá verður nauðsynlegt fyrir þjóð eins og Íslendinga að taka ákvörðun sem lýsir öflum friðarins en ekki ófriðarins í þeirri alþjóðlegu umræðu sem fram fer. Hér gæti verið um að ræða stórkostlegt fordæmi Íslendinga, sem hefði áhrif um allan heim og gæti lýst öðrum þjóðum fram á veginn með svipuðum hætti og fordæmi Íslendinga gerði þegar landhelgi okkar var færð út í 12 mílur, 50 mílur og 200 mílur.

Ég vil einnig í þessu sambandi minna hv. Alþingi á að fyrir nokkrum árum urðu hér á þinginu verulegar umr. um friðlýsingu Norður-Atlantshafsins. Hv. þáv. þm. Jónas Árnason flutti um þau mál ítarlegar ræður hér á Alþingi og þau voru rædd rækilega úr þessum ræðustól. Ég tel einnig að friðlýsingarmálin ætti að skoða einmitt í tengslum við þá till. sem hér er flutt. Ég er sannfærður um að einnig þeir hv. alþm., sem telja nauðsynlegt fyrir Ísland að vera aðilar að Atlantshafsbandalaginu, hljóta að viðurkenna hvað væri jákvætt lóð á vogarskálar heimsfriðarins ef Ísland og Norður-Atlantshafið væru friðlýst svæði undir eftirliti Sameinuðu þjóðanna t. d., eins og mig minnir að reyndar hv. Alþfl.-þm. hafi lagt til í ákveðinni tillögu árið 1972 eða 1973, ef ég man rétt.

Ég taldi rétt að koma þessum sjónarmiðum hér á framfæri um leið og ég ræði um þessa tillögu. Það er væntanlega alveg ljóst með flutningi þessarar tillögu að tilgangur tillögugerðarinnar er að skapa þjóðinni aukið öryggi og friðvænlegra umhverfi en ella væri. Ég tel að með því að stíga slíkt skref gæti Alþingi í raun og veru verið, ef samstaða yrði um það, að koma til móts við þau sjónarmið sem Alþb.-menn hafa einkum staðið fyrir á Alþingi, koma til móts við þau sjónarmið annars vegar að lýsa Ísland kjarnorkuvopnalaust svæði með samþykkt og yfirlýsingu Alþingis og hins vegar að stuðla að friðlýsingu Norður-Atlantshafsins.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég vil lýsa stuðningi mínum við þá hugsun sem liggur að baki tillögunni. Ég held að hún sé réttmæt og tímabær.

Við tökum að sjálfsögðu mikla áhættu með dvöl herliðs í Keflavík. Ég vona að við séum sammála um að vilja ekki kjarnorkuvopnabúnað á Íslandi, og auðvitað hafa farið fram umr. hér úr þessum ræðustól í þá veru. Augljóslega getur mjög mikill háski stafað af herskipaferðum og herflugvélaferðum í nánd við Ísland, og það væri mikilvægt ef við gætum haldið frá okkur slíkum ferðalöngum.

Ég veit ekki hvort reglugerðarsetning er nægileg til þess að bægja þeim frá til fullnustu og aflýsa þetta svæði, en það er allténd viljayfirlýsing og þá er betur farið en heima setið.

Ég vil ekki draga úr hv. utanrmn. að stuðla að friði í heiminum ef hún getur lagt þar lóð á vogarskál.

Ég held að við ættum ekki að gera þetta að neinni almennri umræðu um dvöl hersins í Keflavík. Ég hef lýst afstöðu minni til hans áður og þarf ekki að endurtaka það. Ég held að við eigum að verða samferða í þessu máli og hafa um það góðan frið og ég vil þakka hv. flm. fyrir framtak þeirra og frumkvæði í málinu.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs til að lýsa stuðningi við meginefni þess máls sem hér er til umr.

Málið kemur væntanlega til hv. utanrmn., þar sem ég á sæti, og þar verður um það fjallað og skal ég þess vegna ekki eyða löngum tíma í að ræða það efnislega við fyrri hluta umr. Ég bendi aðeins á að gert er ráð fyrir að reglugerð verði þá fyrst gefin út þegar væntanlegur hafréttarsáttmáli hefur verið undirritaður. Ég er ekki viss um að svo lengi þurfi að bíða og kannske má huga að því að setja lög um þetta efni eða bæta frekari ákvæðum um það inn í þá löggjöf sem þegar er fyrir hendi. En allt kemur þetta sem sagt til skoðunar og aðalatriðið er að hér er þetta mál vakið upp og ekki fyrr en efni standa til og ég er flm. þakklátur fyrir að gera það. Við eigum báðir sæti í utanrmn. og munum þar ræða málið og án efa hafa samflot um afgreiðslu þess, hvert sem formið verður það sem hann leggur til eða þetta verður framkvæmt með einhverjum öðrum hætti og kannske eitthvað fyrr en

vera mundi ef beðið yrði eftir endanlegum hafréttarsáttmála, sem vonandi sér þó dagsins ljós fyrr en síðar.

En umr. um þetta gefur mér tilefni til að minnast á að enn er talsvert ógert í landhelgismálum okkar, þótt gífurlegir sigrar hafi þar unnist, og á ég þá sérstaklega við hafsbotnsréttindin suður af landinu. Það mál ætla ég ekki að ræða ítarlega nú, en aðeins greina frá því, að ég hef ítrekað á utanríkismálanefndarfundum tekið það mál upp og óskað aðgerða í því efni sem þegar hafa nokkrar orðið. En það er enginn efi á því að við eigum þar tilkall til réttinda ekki síður en Færeyingar, Írar og Bretar, sem allir gera tilkall til hafsbotnsins á þessu svæði, og þar þarf mjög vel að gæta íslenskra réttinda.

Það má aðeins geta þess hér, að ef t. d. miðlína væri látin ráða skiptingu milli Íslands og Færeyja mundi í Íslands hlut falla allur Hatton-bankinn og eiginlega langleiðina yfir að Rockall-svæðinu. Það er þegar búið að samþykkja hér á hinu háa Alþingi samstarf við Færeyinga í þessu efni og nokkrir fundir hafa verið með þeim og þegar munu hafa verið sendar svokallaðar „nótur" til Breta og Íra um þetta mál. Málið er sem sagt á hreyfingu, en það þarf, held ég, að hafa enn þá hraðari gang á þessum málum og reyna að fá einhverja niðurstöðu, a. m. k. að því er varðar samstarfið við Færeyinga, fyrir fund hafréttarráðstefnunnar, sem hefst snemma á næsta ári þannig að þetta mál kemur væntanlega til umr. á Alþ. áður en langt líður. — En ég taldi eðlilegt að vekja á þessu athygli nú, því að öll eru þessi mál nátengd.

Ég ætla ekki að fara að ræða hér um varnarliðið eða friðlýsingu, en gjarnan má á það benda að Norðurlandaþjóðir eru nú ýmist búnar að helga sér eða eru um það bil að helga sér bæði hafsbotn og yfirráðarétt yfir miklum hafsvæðum, sem nánast loka okkar hafsvæðum. Það er örlítið sund að vísu á milli Jan-Mayen-lögsögu og Noregs, en mest af þessu hafsvæði er þegar undir norrænum yfirráðum. Vissulega hljóta viðhorfin að breytast eftir því sem samvinna þessara ríkja eykst einmitt í hafréttarmálum og margrætt er að við eigum að hafa sem nánasta samvinnu við Færeyinga og Grænlendinga til þess að tryggja ekki bara fiskveiðar, heldur öll önnur réttindi á þessu hafsvæði, og þess vegna alveg sjálfsagt að við ræðum öfgalaust um allar hugmyndir, þ. á m. um það, hve langt sé unnt að ganga í friðlýsingu. Það er kannske ekki tímabært að gera það einmitt núna, en það mætti segja mér að síðar í vetur yrði þetta mál — öll þessi mál — í brennidepli, og við eigum að sjálfsögðu að leitast við að ná sem víðtækastri samstöðu.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Eins og hinir fyrri ræðumenn vil ég þakka flm. þessarar till. fyrir frumkvæðið.

Hér er um að ræða mál sem varðar hagsmuni okkar og öryggi ákaflega mikið. Enda þótt þessi till., sem hv. þm. Benedikt Gröndal mælti fyrir, lúti einungis að landhelgi okkar, 12 sjómílna svæðinu, sem að vísu er eðlilegt eins og málið er í pottinn búið og eins og tilefni þessa máls er, sem hv. frsm. greindi hér frá, beinir þetta þingmál, sem ég óska að nái fram að ganga, hugum okkar að landgrunnssvæðinu okkar, 200 sjómílna lögsögunni, og þeirri hættu sem af því stafar að risaveldunum helst nú uppi í krafti afls síns að stunda þarna, jafnvel nú á friðartímum, þess háttar herskipaleik með kjarnorkukafbátum sínum, kjarnorkuknúnum skipum, sem vissulega gæti stefnt lífsafkomu þessarar þjóðar í bráðan voða. Á því hefur ekki verið gerð nein lærð úttekt hvað af því mundi leiða eða kynni að leiða að þarna sykkju — ja, í slysi — kjarnorkuknúin herskip og færu þarna niður kjarnorkuvopn. Fullyrðingar, sem við höfðum áður heyrt frá hernaðarsérfræðingum um að engin hætta stafaði af kjarnorkusprengju, sem félli til jarðar og ekki spryngi, eða geislavirkum efnum hennar, eða færi í sjó, hafa reynst haldlausar þegar til kastanna kom. Að þessum málum þurfum við að huga, með hvaða hætti við getum bægt þessari hættu frá okkur.

Ég vil, af nákvæmlega sömu ástæðu og hv. þm. Eyjólfur Konráð, sneiða hjá því að ræða dvöl varnarliðsins á Íslandi í þessu samhengi. Ég hygg að það sé mjög aðkallandi að þm. úr öllum flokkum snúist við þessu sérstaka vandamáli, sem er yfirgangur flotaveldanna öflugu á þessu svæði í Norðaustur-Atlantshafi, sem okkur varðar mestu, og sú hætta sem okkur stafar af þessum herskipaleik þeirra hér á norðurslóð. Ég kemst eigi að síður ekki hjá því að gera þá játningu, að upprunalega þegar ég hugsaði um friðlýsingarhugmyndina bjó í huga mér sá möguleiki, og býr raunar enn, að við gætum með þeim hætti að friðlýsa Norðaustur-Atlantshafið með samstarfi, sameiginlegu átaki með Norðurlandaþjóðunum, losnað við herstöðina frá Íslandi, einmitt með þeim hætti ef við gætum komið á slíkri friðlýsingu með ábyrgð Sameinuðu þjóðanna og vilja granna okkar. Hér er um að ræða í tengslum við þessa þáltill., sem hér er um fjallað, annan arminn af þessu máli, sem snertir okkur ákaflega mikið, ekki aðeins vegna hersetunnar hérna, heldur auk hennar.

Hv. þm. Eyjólfur Konráð ýjaði í þá átt, að þetta væri eitt af þeim málum sem við ættum að ræða við granna okkar, sem hafa nú tök á þessari efnahagslögsögu okkar. Ég er honum alveg sammála um það og vil þá ekki sleppa Bretum út úr þessu. Einnig þeir eiga náttúrlega geysilegra hagsmuna að gæta í verndun lífríkis í Norðaustur-Atlantshafi. Og grunur minn er sá, að þeir menn, sem mest binda huga sinn á Bretlandseyjum við öflun fæðu fyrir þær eyþjóðir, kunni einnig að hafa áhyggjur af þessu máli.

Ég vænti þess, að þannig verði fjallað um þessa þáltill. í nefnd, að ljóst verði hvort við þurfum að fara út í lagasetningu eða hvort setning reglugerðar nægir að sinni. En einnig óska ég þess, að í beinum tengslum við þá þörfu og þakkarverðu þáltill., sem hér er borin fram, verði rætt um með hvaða hætti við getum tekið upp viðræður við granna okkar hérna í þessum kima Norður-Atlantshafsins um samstöðu í þessu máli, með hvaða hætti við getum reist skorður við því, að haldið verði áfram svo sem verið hefur að etjast á nú á friðartímum herskipum með hættuleg geislavirk efni innanborðs á þessu viðkvæma hafsvæði, og hvernig við getum tekið þetta mál þá út úr deilunni um hernaðarstöðuna á þessu svæði.

Ég verð að segja eins og er, að mér virðist, eftir því sem ég hef litið á kortið, að þessi dálitið óreglulegi þríhyrningur, sem er opið svæði enn þá frá Jan Mayen fyrst suður og síðan austur á bóginn þarna í miðju Norðaustur-Atlantshafinu, ætti að nægja Rússum og Bandaríkjamönnum til þess að reyna herskip hvorir annarra. Það er meira að segja ekki þokkalegt að hugsa til þess, að þeim skuli eigi að síður haldast það uppi á þessu svæði. Einnig hefur mér komið til hugar að þessi friðlýsing yrði með þeim hætti, að mönnum yrði meinað — þeim sem það vilja — að senda svona skip um þetta svæði og þau eigi

þar leið um út á frjálsan sjó. Það er ekki það sem til umræðu hefur verið. Ef mig minnir rétt hljóðaði samþykkt um friðlýsingu Indlandshafsins, sem þeir Ceylon-arbúar beittu sér einna helst fyrir, upp á það hvað herskip varðaði, að þau ættu sem fyrr greiða leið um þetta hafsvæði, en mættu ekki hafa þar dvöl og ekki stunda þar neins konar æfingar með vopnabúnað. Raunar hljóðaði hún upp á það líka, að þar yrðu engar herstöðvar. Við vitum af reynslunni að það hefur ekki tekist að tryggja að ekkert slíkt ætti sér stað í Indlandshafinu, en þarna liggur þó fyrir eindregin samþykkt þjóðanna um að svo skuli ekki vera. Það má vel vera að okkur mundi ekki takast það, Íslendingum, þó við hefðum til þess samflot með Norðmönnum, Færeyingum, Bretum og Grænlendingum, að koma í veg fyrir að þeir héldu þessum herskipaleik sínum á norðurslóðum með svo hættuleg tæki áfram á laun, en sameiginleg opinber viljayfirlýsing þessara aðila mundi þó nægja til þess að það yrði lýðum ljóst, að slíkt væri í okkar vanþökk, og gæti þá orðið e. t. v. fyrsta skrefið í áttina til þess að fá einbeittar og alvarlegar umræður á vettvangi Sameinuðu þjóðanna meðal þjóðanna um leiðir til að bægja frá slíkri hættu. Þegar til kastanna kemur má segja mér að það verði álit velflestra góðra manna í þessum löndum, að þessar heræfingar og þetta vopnaskak í Norðaustur-Atlantshafinu geti tæpast talist hagsmunamál alþýðu manna í þessum löndum og að menn geti fallist á það og sagt einarðlega við Bandaríkjamenn og Rússa í senn um þetta framferði: Góðu, farið þið með herskipin ykkar eitthvað annað. Stefnið ekki okkar hagsmunum í hættu með þessari leikfimi ykkar.

Og aðeins í lokin: Ég ítreka þakklæti mitt til flm. þessarar tillögu og óska þess, að það mál, sem með henni hefur verið vakið, megi leiða til þess, að við ræðum þessi stóru hagsmunamál okkar í góðri sátt hérna og án þess að festa þau á hinum fornu snögum sem gjarnan hafa viljað hindra eðlilegar umræður um mál eins og þetta hér á þingi.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég tel að Benedikt Gröndal, 4. þm. Reykv., hafi hér hreyft mjög nauðsynlegu og nýtu máli sem rétt sé að fái hér skjóta og greiða afgreiðslu. Mér sýnist hins vegar að það sé tilhneiging til þess, að umr. hneigist í nokkuð annan farveg og það gæti barnalegrar bjartsýni um vissar hugmyndir í því sambandi. Það er jafnvel gefið í skyn, að ef varnarliðið hyrfi héðan á brott mundi öll herskipaumferð í grennd við landið hverfa eins og dögg fyrir sólu. Ég held að þessu sé einmitt þveröfugt farið. Þá fyrst mundi kapphlaupið aukast ef þetta gerðist, þá mundu stórveldin vissulega keppast um að reyna að fara víðast um þetta svæði allt, þá hefði hér verið raskað ákveðnu jafnvægi og kapphlaupinu hefði verið hleypt af stað. Hvort sem mönnum líkar betur eða verr að varnarlið sé hér á landi og við tökum þátt í NATO, þá held ég menn verði samt að viðurkenna að á seinustu áratugum og eftir að þessi skipan mála komst upp hefur ríkt hér friður og bærilegt jafnvægi. Það byggist á því, að bæði stórveldin vita nákvæmlega hvar þau standa að því er þetta svæði heimsins varðar.

Ég held að líka sé barnalegt að ætla að einföld þál. Alþingis um að hér um slóðir yrði kjarnorkuvopnalaust svæði mundi valda því, að þeir, sem tala hæst um vopnabúnað í Bandaríkjunum, hættu því, það yrði eins og tappi upp í forsetaefnið Reagan. Ég hef ekki trú á því. Ég hef ekki heldur trú á því, að það mundi hafa þau áhrif að Rússar hyrfu út úr Afganistan. Sannleikurinn í þessu máli er auðvitað sá, að þó að það sé góðra gjalda vert að gefa yfirlýsingar af þessu tagi hljótum við ævinlega að skoða málin raunhæft. Stórveldin bæði standa grá fyrir járnum hvort frammi fyrir öðru. Það næst áreiðanlega ekki árangur eftir öðrum leiðum en þeim sem t. d. Willy Brandt hefur barist fyrir um slökunarstefnu, þar sem tortryggni sé eytt stórveldanna í milli og þar sem skrefin eru tekin hvert og eitt fyrir sig og með þeim skilningi að það eina, sem stórveldin geta sætt sig við, er að það ríki jafnvægi þeirra í milli.

Ég get vel hugsað mér að í framtíðinni gæti ákvörðun af þessu tagi verið liður í slökunarstefnunni. En einhliða ákvörðun mundi einungis verða til þess að skapa óróa. Ég held að það sé nauðsynlegt, að við gerum okkur grein fyrir þessu. Besta framlag okkar til þess að gera friðvænlegra í heiminum er vitaskuld að hvetja til þess, að þeim tilraunum, sem uppi hafa verið í slökunarátt og um gagnkvæma afvopnun stórveldanna, verði haldið áfram. Ég læt mig dreyma um að af slíku gætum við Íslendingar haft verulegan ávinning í framtíðinni.

Ég get tekið undir þau orð sem hér hafa fallið um hörmulega þróun í vopnabúnaði, stórkostlega fjármuni sem varið er til slíks á sama tíma og milljónir manna, tugmilljónir manna svelta. En einmitt þess vegna held ég að við eigum að leggja áherslu á að hjálpa til við þá slökunarstefnu sem Willy Brandt má teljast upphafsmaður að, en hefur að vísu átt í nokkrum erfiðleikum undanfarið. Það er lykillinn að því að draga úr vígbúnaðarkapphlaupinu með raunhæfum hætti. Það er lykillinn að því að leysa úr læðingi fjármuni og krafta til þess að mæta þeim hörmungum sem við búum við á ýmsum öðrum stöðum á jarðkringlunni.

En þetta segi ég einungis vegna þeirrar umr. sem hér hefur farið fram. Ég veit að það eru skiptar skoðanir um dvöl varnarliðsins hér á landi og það mál verður ekki útkljáð á neinn nýjan hátt hér á þessum stað í dag. En sú till., sem Benedikt Gröndal hefur flutt, er gott og nauðsynlegt mál og ég held að það væri sómi Alþingis að afgreiða það fljótt og greiðlega. Það er spor í rétta átt, það er spor sem ég tel að við eigum að stíga.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég get ekki látið hjá líða að segja hér fáein orð í tilefni af ummælum hv. 2. þm. Reykn., sem nú hefur yfirgefið þennan stól. Hann leggur á það áherslu, að það verði að skoða málin raunhæft, og það held ég að sé nákvæmlega það sem við gerum. Við þurfum að skoða þau raunhæft, hvaða hætta okkur stafar af vopnaskaki stórveldanna hér í Norður-Atlantshafinu, og við þurfum þess vegna að leggja á það áherslu, að Ísland lýsi því yfir að hér sé um að ræða kjarnorkuvopnalaust svæði og að við friðlýsum Norður-Atlantshafið. Af þessari ástæðu, vegna þess að við Alþb.-menn skoðum málin raunhæft setjum við fram kröfur okkar í þessum efnum.

Menn hafa væntanlega áttað sig á því, eftir þær upplýsingar sem komið hafa fram nú undanfarin misseri, að með áframhaldandi þróun bandarísku herstöðvarinnar í þá átt sem Ameríkumenn ætla henni er gert ráð fyrir því að gera Ísland að eins konar miðpunkti í kjarnorkuvopnakerfi Bandaríkjamanna. Slíkt leiðir hættu, stórfellda hættu yfir okkar þjóð, eyðingarhættu, útrýming-

arhættu, og ég held að það sé raunhæft að horfast í augu við þá hættu. En það er óraunhæft að setja sig í þær stellingar í þessum efnum, að ekki megi hrófla við þessu vegna þess að það raski einhverju jafnvægi milli Bandaríkjamanna og Rússa. Með því að lýsa þeirri skoðun, að einhliða ákvörðun skapi óróa, eins og hv. 2. þm. Reykn. gerði áðan, er hann að lýsa því yfir að við megum ekkert gera hér, við eigum að bíða eftir því sem þeirra hátignir, Leonid Brésnév og Ronald Reagan, semja um. Við eigum að bíða. Smáþjóðirnar í heiminum eiga ekkert hlutverk lengur, vegna þess að einhliða ákvörðun þeirra, Íslendinga, Dana eða hverra annarra — Tékka og Slóvaka mundi skapa óróa. Auðvitað mundi það skapa óróa í Moskvu og Washington, að þessar smáþjóðir rifu af sér þann klafa sem stórveldin reyna að leggja þeim á herðar. En það væri lóð á vogarskál heimsfriðar, það er ég sannfærður um. Þessi vopnaði friður, sem hv. þm. talar hér fyrir, er sú hætta sem blasir við lífi okkar Íslendinga hvern einasta dag. Hverjum einasta heilskyggnum manni hér í landinu hlýtur að vera ljóst hvaða háska slíkt hefur í för með sér.

En ástæðan til þess, að ég kem hér upp, er kannske ekki fyrst og fremst sú að segja jafnsjálfsagða hluti og ég hef hér rakið, vegna þess að þeir liggja öllum í augum uppi sem vilja hugsa þessi mál heiðarlega. Ástæðan til þess, að ég kem hér upp, er kannske fyrst og fremst sú, að það hefur enn þá einu sinni verið staðfest hér á hv. Alþingi, að Alþfl. vill í rauninni ganga miklu lengra í þessum efnum en nokkrir aðrir. Hann vill leggja örlög íslensku þjóðarinnar í hendurnar á Könum og Rússum. Það er sú niðurstaða sem blasir við eftir yfirlýsingu hv. þm. um að einhliða ákvörðun skapi óróa. — Svona mega Íslendingar ekki hugsa. Svona mega Íslendingar ekki hugsa vegna þess að þar með eru þeir að afsala sjálfstæði sínu í hendur erlendum stórveldum. Það viljum við ekki gera.

Flm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Ekki átti ég von á því, að þessi till., sem fjallar um framkvæmd á mjög þröngu sviði þjóðréttar, yrði til að hleypa af stað almennum umræðum um öryggismál okkar, þó að hitt sé að sjálfsögðu rétt, að skylt sé skeggið hökunni og þetta sé nátengt.

Ég vil í fyrsta lagi geta þess, að ekkert hef ég á móti því, að um þessi mál verði sett lög, ef það verður niðurstaða nefndar og Alþingis að rannsökuðu máli að þess gerist þörf. Ég vil minna á að Alþingi hefur fyrir tiltölulega skömmu sett heildarlöggjöf um landhelgismál, um 200 mílurnar eins og þær eru. Í þeirri löggjöf færðum við sjálfa landhelgina út í 12 mílur. Það er í sjálfu sér ekki óeðlilegt og hefur fullkomið lagagildi, að framkvæmd á landhelginni eins og fjallað er um í þeirri reglugerð sem ég legg til að verði endurskoðuð, sé gerð með reglugerð er byggist á heimild í landhelgislögunum. Við skulum sjá hver niðurstaðan verður af athugun um þetta.

Ég ætla ekki að fara ítarlega út í stærri efnisatriði sem hér hafa verið dregin fram. Ég vil fyrst taka það fram, að ég er sammála því sem hv. 2. þm. Reykn. sagði, að sambandið á milli herskipaferða og herflugvélaferða nærri landinu og varnarliðsins er ekki eins og hæstv. félmrh. sagði, að dvöl varnarliðsins auki þessa umferð, heldur hygg ég að hitt sé miklu nær sanni, að væri Ísland óvarið land mundi það freista miklu fleiri þjóða að koma nærri ströndum. Tilgangurinn með mörgum af þessum kafbátaferðum, sem eru þýðingarmestar, er að kafbátarnir komist ferða sinna án þess að andstæðingar þeirra viti af þeim. Um það snýst mikið af umsvifum sem eru hér á landi og í kringum okkur. Yrði landið hlutlaust gætum við ekki af eigin rammleik fylgst með því, hvort kafbátar sigldu við 12 mílur meðfram ströndinni. Ég held að við verðum að gera okkur þetta ljóst, hver svo sem skoðun okkar er í sjálfu sér á dvöl varnarliðsins, og þetta atriði hygg ég að ráði ekki úrslitum um afstöðu manna til þess.

Rætt er um að við lýsum því yfir, að Ísland sé kjarnorkuvopnalaust svæði. Þetta er stórmál, sem við höfum rætt sérstaklega hér á Alþingi hvað eftir annað og eigum sjálfsagt eftir að ræða. Ég sé ekki ástæðu til að fjalla um það frekar að öðru leyti en því, að ég ítreka þá staðföstu skoðun mína, að Ísland sé kjarnorkulaust svæði, því hafi verið í fyrsta lagi margyfirlýst af íslenskum ríkisstjórnum og þeir, sem helst hefðu áhuga á að vita hvort svo er eða ekki, viti vel um það sjálfir og hafi, eins og t. d. hefur komið fram í skálaræðum í Moskvu, fulla vitneskju um að hér sé í raun og veru kjarnorkulaust svæði. Samningar eru á þá lund, að það er ekki hægt að flytja hingað kjarnorkuvopn án leyfis íslenskra yfirvalda. Það er bannað samkv. varnarsáttmálanum, og það er einnig bannað samkv. samningnum um hindrun á dreifingu kjarnorkuvopna, sem Ísland, Sovétríkin og Bandaríkin eru aðilar að með tugum annarra þjóða.

Þá var minnst á hugmyndina um friðlýsingu Norður-Atlantshafsins. Að sjálfsögðu er hugmyndin um að friðlýsa einstök svæði hnattarins stórkostlega merkileg og væri æskilegt að hægt væri að fara inn á þá braut og tengja síðan svæðin saman þangað til þau næðu í kringum jarðkringluna. En minnst var á Indlandshafið sem fyrst var gerð samþykkt um í þessa átt af Sameinuðu þjóðunum. Sú samþykkt var gerð svo snemma, að þá höfðu stórveldin enn ekki neinn vígbúnað á þessu hafi. Tækifærið var því einstakt til að koma hugmyndinni til framkvæmda. En því miður hefur það ekki tekist. Vígbúnaður beggja risaveldanna á Indlandshafi fer stöðugt vaxandi og hafa þau sjálfsagt sínar ástæður fyrir því.

Þegar talað er um friðlýsingu eru mál örlítið flóknari en svo, að hægt sé að taka hugmyndina, sem fram kom fyrst um fjarlæg höf þar sem lítil hernaðarumsvif voru í þá tíð, og ætlast til að hún geti átt við Norður-Atlantshafið. Ég er þeirrar skoðunar, að verði unnt að fara friðlýsingarleiðina muni Norður-Atlantshafið verða síðasti hlutinn af hnettinum þar sem sú framkvæmd kæmist á. Það er ekki vegna þess að það skorti staðfestu eða vilja hjá smáþjóðum eins og okkur eða öðrum sem búa við Norður-Atlantshaf, heldur eru það eingöngu landfræðilegar ástæður sem ráða því, að þetta svæði er talið svo mikilvægt og risaveldin viðhafa svo mikið vopnaskak á þessu svæði sem raun ber vitni.

Varðandi hugmyndirnar um friðlýsingu er þó rétt að geta þess sem hæstv. félmrh. drap á, að Alþfl. varð fyrstur til að setja þær fram í þskj. Það voru almennar hugleiðingar um öryggismál Íslands til langrar framtíðar, að við gætum látið okkur dreyma um að afvopnunarmál og friðlýsing kæmust það langt að þetta svæði yrði friðlýst á vegum Sameinuðu þjóðanna, en þá væri Ísland tilvalið til þess að verða eftirlitsstöð Sameinuðu þjóðanna með afvopnun á þessu mikilvæga svæði. Ég tel að einmitt þetta, sem hæstv. ráðh. minnti á, sé andstætt þeirri hugmynd hans að Alþfl. vilji ganga lengra í vopnaskaki en

aðrir hér á landi. Það er þvert á móti, að óskir okkar í þessum efnum eru sjálfsagt hinar sömu og allra annarra, en það er mismunandi hve raunhæfum augum menn líta á veruleikann. — [Fundarhlé.]

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég hefði gjarnan viljað, að frsm., hv. þm. Benedikt Gröndal, hefði verið kominn í salinn nú þegar við höldum umr. áfram, og þó enn fremur hv. þm. Kjartan Jóhannsson, form. Alþfl. Ekki vegna þess að ég ætli að taka þátt í þeim deilum sem hann vakti sérstaklega varðandi hersetu á Íslandi. Ég hygg að hv. þm. Kjartan Jóhannsson hafi — hvort dulvitundin var þar að verki, veit ég ekki — ekki með þessari ræðu sinni gyllt mjög þetta ágæta þingmál, sem fyrirrennari hans í formennsku hjá þeim Alþfl.-mönnum mælti hér fyrir mjög svo málefnalega. Enn er ég þeirrar skoðunar, að þessa þáltill. og efni hennar og þau mál, sem þessi þáltill. vekur til umhugsunar um, öryggismál Íslands og hagsmunamál okkar, þessarar fiskveiðiþjóðar, beri ekki að ræða beint í tengslum við hið forna og nýja deilumál okkar alþm., það hvort hér eigi að vera herstöð eða ekki. Vitaskuld tengist þetta mál herstöðinni á Keflavíkurflugvelli. Það er ósköp eðlilegt að við Alþb.-menn nefnum hættuna, sem af herstöðinni stafar að okkar dómi, í tengslum við þetta mál. En fráleitt er að drepa meginmáli þessarar þáltill. á dreif með almennum umræðum um herstöðvarmálið.

Ég vil vekja sérstaka athygli á þingmáli, sem hv. þm. Benedikt Gröndal mælti fyrir hér á hv. Alþingi árið 1973, þar sem kveðið er mjög ljósum orðum að hugmyndinni um herstöðvalaust Ísland og raunar friðlýsingu hafsvæðisins umhverfis það. Þar segir í 1. mgr. þáltill., að Alþingi feli ríkisstj. að láta rannsaka hvort Ísland geti verið óvopnuð eftirlitsstöð í sambandi við það öryggisbandalag sem landið er aðili að, en síðar meir á vegum Sameinuðu þjóðanna. Þetta er 1. mgr. þeirrar þáltill.

Nú er það svo, að tímarnir og hin heimspólitíska staða breytast á skemmri tíma heldur en sjö árum. Við gerum okkur öll grein fyrir því, að þegar hv. þm. Benedikt Gröndal mælti fyrir þessari þáltill. fyrir sjö árum stóð svo á að Íslendingar áttu nánast í vopnuðu stríði við annan stærsta aðilann að Atlantshafsbandalaginu, því bandalagi sem átti að vernda þetta land og verja það. Við áttum í raunverulegum átökum við breska flotann á þeim tíma og því eðlilegt að hugir þeirra forustumanna Alþfl., sem hafa verið mjög eindregnir stuðningsmenn aðildar að Atlantshafsbandalaginu og stuðningsmenn hinnar amerísku herstöðvar hér á landi, beindust að því, hvort leita mætti annarra úrræða til þess að tryggja öryggi landsins og hagsmuni þjóðarinnar á hernaðarsviði. Þetta var hugsun þeirrar forustu sem þá var í Alþfl.

Þar kom að landhelgisdeilan var til lykta leidd. Við fengum 200 sjómílna efnahagslögsögu eftir að hafa háð grimmilega baráttu, fyrst fyrir 50 mílna lögsögunni, sem þáv. forustumaður Alþfl., fyrrv. utanrrh. Emil Jónsson, kallaði pólitíska ævintýramennsku að við skyldum ráðast í, að færa þangað út. Það hefur líka verið skipt um forustu í Alþfl. síðan. En ég ætla að þegar málin verða skoðuð ofan í kjölinn hafi ekki orðið þar nein grundvallarstefnubreyting í þeim málum sem lúta að öryggismálum landsins né að því stóra hagsmunamáli sem þáltill. sú, sem hv. þm. Benedikt Gröndal gerði hér grein fyrir, lýtur að.

Ég geri mér ekki alveg ljósa grein fyrir hvernig það yrði rökstutt, að við fylgdumst miklu betur með herskipaferðum í kringum Ísland eða ferðum kafbáta innan landhelgi okkar vegna herstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli en við ella mundum gera. Hv. þm. Benedikt Gröndal sagði okkur í framsöguræðu sinni frá því atviki nú fyrir skemmstu, er ókennilegur kafbátur sást á yfirborði innan fjögurra sjómílna frá landi hér fyrir vestan. Það voru skipverjar á Víkingi sem sáu þennan kafbát, og þrátt fyrir veru varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli vitum við ekki hvers konar kafbátur þetta var eða hverrar þjóðar. Það hefur ekki einu sinni verið gengið úr skugga um það með vottum þeirra varnarliðsmanna, hvort þar var um kafbát að ræða eða ekki.

Ég vil ekki einu sinni leiða getum að því, hvaðan andstaðan gegn friðlýsingarhugmyndinni yrði hörðust, af hálfu hvors risaveldanna sú andstaða yrði hörðust. Hitt er mér alveg ljóst, að það væru hagsmunir okkar að stugga herskipum risaveldanna burt úr efnahagslögsögu okkar eða lýsa a. m. k. eindregið yfir því og einum rómi, að svona framferði vildum við ekki hafa innan okkar efnahagslögsögu og á okkar fiskislóð.

Vegna þeirra ummæla hv. þm. Benedikts Gröndals, að auðveldara hefði verið að friðlýsa Indlandshafið heldur en Norður-Atlantshafið, vil ég gera þá athugasemd, að ef mig minnir rétt er Indlandshafið allt að því fjórum sinnum sinnum stærra að flatarmáli heldur en það svæði sem gengur undir nafninu Norður-Atlantshaf, hvað þá ef við tölum um Norðaustur-Atlantshafið, og þar búa miklu fleiri þjóðir. Við Norður-Atlantshafið koma þó ekki til álita nema þessi tvö risaveldi sem uppi halda þessum atgangi sínum umhverfis landið okkar, náttúrlega styrkt litlum flotadeildum frá öðrum Atlantshafsbandalagsríkjum sem raunverulega skipta engu máli í þeim leik.

Ég lýsi enn yfir stuðningi við þessa þáltill. Alþfl., enda þótt núv. formaður flokksins hafi ekki í ræðu sinni styrkt þá hugsun mína, að nokkur alúð liggi á bak við tillöguflutninginn af hálfu Alþfl., a. m. k. ekki af hans hálfu, enda má það til sanns vegar færa, að það sé fremur vegur fyrrv. formanns flokksins, sem af þessu máli vaxi, en hins síðarnefnda. Ég lýsi yfir stuðningi við þessa till. og þeirri trú minni, að hugsunin; sem að baki henni liggur, geti orðið kveikja að víðtækara samstarfi um það hagsmunamál okkar að vernda fiskislóðina okkar fyrir hugsanlegri eitrun eða eyðileggingu af völdum geislavirkra efna og í öðru lagi að samstarfið sem að því lúti að tryggja öryggi þessa lands með öðrum hætti en þeim að taka þátt í hinum gráa leik sem leikinn er í nafni ógnarjafnvægis, sem kallað er. Það hlýtur að verða markmið okkar, hvað svo sem verður um hrunadansinn milli risaveldanna, að kappkosta að nýta hvern þann möguleika sem við sjáum til að tryggja að þessi þjóð haldi áfram að vera til.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Umræður um þessa þáltill. hafa að nokkru leyti snúist upp í það að verða almennar umræður um varnarmál, enda ekki óeðlilegt. Hins vegar er það furðulegt þegar hv. þm. Stefán Jónsson kemur hér í þennan ræðustól og talar um að við skulum ekki „drepa á dreif umræðum um þessa tillögu með því að fara að ræða þessi mál almennt", en gerir það síðan sjálfur í kjölfar flokksbróður síns, hæstv. félmrh., sem því miður er ekki lengur hér í þingsalnum. Ég hefði þó gjarnan viljað að hann væri hér, vegna þess að ég ætlaði að beina til hans nokkrum orðum. Þetta er furðuleg hræsni hjá hv. þm. Stefáni Jónssyni og raunar einkenni á öllum umræðum þeirra Alþb.-manna um þessi mál.

Eitt og annað hefur komið hér fram sem ástæða er til að drepa á.

Hæstv. félmrh. vildi ekki ræða almennt um slökunarstefnu, eins og honum var þó gefið tilefni til, heldur vildi um það eitt tala, að herskip stórveldanna, ættu að vera einhvers staðar annars staðar en hér. Þetta er auðvitað góðra gjalda vert allt saman, og auðvitað væri ákjósanlegast að vera laus við alla slíka umferð og öll slík tól og tæki. En við verðum að horfast í augu við raunveruleikann eins og hann er. Alþb. virðist ekki aðeins lifa í heimi sem er utan efnahagslegrar hugsunar, heldur oft í heimi sem er utan allrar rökrænnar hugsunar.

Ég er ekkert hissa á því, að hæstv. félmrh. skyldi standa hér upp og snúa þessari umræðu upp í það að tala almennt um varnarmál Íslands, vegna þess að hann er nýkjörinn formaður þess flokks sem lengst hefur haft það á stefnuskrá sinni, að Ísland hætti þátttöku í vestrænu varnarsamstarfi og að varnarliðið, sem hér dvelst, fari burt. Þetta er allt skiljanlegt þegar haft er í huga að Alþb. situr nú í fjórða sinn í ríkisstjórn sem ætlar ekkert að gera í þessum málum að þess óskum. Alþb. hefur auðvitað ævinlega fórnað fyrir ráðherrastólana því stefnumáli sínu, að héðan ætti varnarliðið að hverfa og við að hætta þátttöku í samstarfi vestrænna þjóða. Það er skiljanlegt að nýkjörinn formaður þurfi nú, þegar þetta gerist í fjórða skiptið í ríkisstjórn, að róa sitt fólk.

Ýmislegt af því, sem hæstv. félmrh. sagði, er þess eðlis, að það kallar á að krafist sé nánari skýringa. Hann sagði t. d. að nú væri verið að gera Ísland að miðpunktinum í kjarnorkuvopnakerfi Bandaríkjamanna. Því er eðlilegt að spyrja: Með hvaða hætti er verið að gera það? Hvaða breytingar er verið að gera hér á eðli varnarstöðvarinnar eða varnarstöðinni sjálfri? Hvaðan kemur hæstv. félmrh. þessi vitneskja? Þetta væri fróðlegt að fá að vita.

Hann sagði líka að Alþfl. vildi ganga lengra í þessu máli. Lengra en hvað sagði hann ekki, lengra en hverjir. En það er auðvitað alveg rétt, að Alþfl. vill að hér séu varnir, en það vill Alþb. ekki.

Annað atriði, sem hér hefur borið mjög á góma og menn hafa talað stórum orðum um, er friðlýsing og kjarnorkuvopnalaus svæði. Allt er þetta góðra gjalda vert. Enn verðum við þó að horfast í augu við raunveruleikann. Í norrænum umræðum hefur þessa hugmynd um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum afar oft borið á góma. Hins vegar hafa þær umræður ævinlega hljóðnað þegar minnst hefur verið á það, að slíku kjarnorkuvopnalausu svæði hlyti það auðvitað að fylgja, að herstöðvar Sovétríkjanna á Kólaskaga yrðu lagðar niður. Það hlyti að fylgja þar með og vera í beinu samhengi við þetta. Þar er eitthvert mesta víghreiður veraldarinnar, mörg hundruð ferkílómetra herstöð þar sem saman er safnað einhverjum mesta vopnabúnaði sem sögur fara af, rétt við þröskuld Norðurlandanna. Þá hljóðna venjulega þessar umræður um sinn.

Eins og fram hefur komið hér í þessum umræðum er búið að marglýsa því yfir, að Ísland sé og muni verða kjarnorkuvopnalaust land. En það er bara eins og Alþb. trúi ekki ráðherrum eigin ríkisstjórna þegar þeir tala um þessi mál. Það hefur ekki gerst einu sinni, tvisvar eða þrisvar, það hefur gerst langtum oftar.

Ég ætla ekki, herra forseti, að hafa þessi orð öllu fleiri, en ég ítreka ábendingu mína um tvískinnung þeirra Alþb.-manna þegar þeir tala annars vegar um að það megi ekki drepa umræður um þessa tillögu á dreif með því að fara að ræða um þessi mál almennt, en hefja sjálfir síðan, eins og hæstv. félmrh. gerði og hv. þm. Stefán Jónsson bergmálaði hér áðan, almennar umræður um varnarmálin. Af því tilefni stóð ég hér upp. Ýmsum fullyrðingum þeirra í þessum efnum má ekki láta ómótmælt hér á hinu háa Alþingi.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ekki vegna þess að hv. síðasti ræðumaður, Eiður Guðnason, minntist ekki á þáltill., sem hér er til umr., heldur aðeins til að rifja upp, með leyfi forseta, athugasemd sem kom í huga mér 1978 þegar blaðamenn spurðu mig að því, hvernig okkur gengi að mynda stjórn með Alþfl., eins og hann hefði ólík viðhorf til varnarmálanna þeim sem við hefðum. Þá kom þessi athugasemd í hug:

> Út úr neyð er engin leið,
> sem okkur verði greið að rata
> í samvinnu við Árna og Eið,
> úrbeinaða Nató-krata.

Umr. frestað.

Merkingaskylda við ríkisframkvæmdir, þáltill. (þskj. 67). — Ein umr.

Flm. (Skúli Alexandersson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja ásamt með hv. þm. Sigurði Magnússyni svohljóðandi till. á þskj. 67:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að hlutast til um að við allar nýbyggingar og meiri háttar framkvæmdir á vegum ríkisins, ríkisstofnana og við framkvæmdir, sem ríkið er a. m. k. helmingsaðili að, verði við upphaf framkvæmda sett upp skilti sem á verði skráðar upplýsingar um framkvæmdina. Slíkt skilti verði uppi allan framkvæmda- eða byggingartíma.

Félmrh. setji reglugerð um gerð slíkra skilta."

Það er kannske rétt að taka það fram einnig, að þessi till. var flutt áður, á síðasta þingi, en fékk þá ekki afgreiðslu. Þá var meðflm. minn að tillögunni hv. þm. Guðrún Hallgrímsdóttir.

Um efni till. segjum við flm. í grg. m. a.:

„Mikið skortir á það að upplýsingar um það, sem er að gerast á vegum ríkisins, bæði í sambandi við félagslega starfsemi og framkvæmdir, séu fyrir hendi eða séu veittar á eðlilegan og aðgengilegan hátt, án þess að sérstaklega sé eftir leitað. Almenningur á sæmilega greiðan aðgang að upplýsingum um hversu mikið fé er veitt til hinna ýmsu verkefna á fjárlögum hvers árs, en upplýsingar um það, hvernig féð nýtist — í hvað fjármagnið fer, koma sjaldan fram þannig að almenningur hafi aðgang að. Þar sem mannvirki eru reist á vegum ríkisins og kostuð af almannafé er sjálfsagt að þau séu vel merkt, þannig að byggjandinn, þ. e. almenningur, sjái, hvað sé verið að framkvæma á hans kostnað, og geti fylgst nokkuð með hvernig framkvæmdum miðar áfram."

Og enn segjum við í grg.:

„Með samþykkt þeirrar þáltill., sem hér er lögð fram, væri stigið skref í þá átt að veita á aðgengilegan og ódýran hátt nokkrar upplýsingar um framkvæmdir á vegum ríkisins, auk þess sem samþykki hennar áorkaði því, að aðrar upplýsingar, sem sjálfsagt er að veittar séu við allar framkvæmdir, hvort sem er á vegum ríkisins eða einstaklinga, kæmu fram."

Við bendum einnig á í grg. hvernig merkingar skyldu eiga sér stað. Þar er sagt:

„Framkvæmdir má merkja með stóru og greinargóðu skilti er komið verði fyrir á áberandi stað. Upplýsingar á slíku skilti væru t. d.: Heiti mannvirkis, byggingaraðili, tilgangur, nöfn verkfræðings, arkitekts og annarra hönnuða, verktaka og stjórnenda. Kostnaðaráætlun þyrfti að sýna og geta um upphafsár framkvæmda og áfangaskipti ef um meiri háttar framkvæmdir er að ræða. Útlits- eða yfirlitsmynd er æskileg þar sem því verður við komið."

Svo sem fram kemur í þessari grg. er það skoðun okkar flm., að upplýsingar til almennings um framkvæmdir á vegum ríkisins séu af skornum skammti. Heyrst hefur bæði frá stjórnmálamönnum og fjölmiðlum að ekki sé nógu vel séð fyrir því, að almenningi séu veittar upplýsingar um hvað sé að ske á vettvangi hinna ýmsu stofnana framkvæmdavalds og dómsvalds. Ég man þó ekki sérstaklega eftir því, að sá þáttur, sem þessi till. fjallar um, hafi nokkru sinni verið gerður að umtalsefni á vettvangi fjölmiðla, og að mínu mati er það furðuskrýtið, að svo skuli aldrei hafa verið gert.

Þær upplýsingar, sem till. gerir ráð fyrir að veittar verði, tel ég vera svo sjálfsagðar og aðferðina til að veita þær svo auðvelda að það er reyndar furðulegt að till. sem þessi skuli ekki vera óþörf á því herrans ári 1980. Því er þó ekki að heilsa. Um það er ekki að ræða við ríkisframkvæmdir, að almenningi séu veittar þær upplýsingar sem embættismönnum bæri eðli málsins vegna að veita. Slíkar upplýsingar er þó auðvelt að veita með því að skrá helstu atriði um framkvæmdina á skilti sem sett væri á áberandi stað nærri þeim stað þar sem framkvæmdin væri í gangi.

Upplýsingaskylda og veittar upplýsingar á þessum vettvangi ættu að geta orðið til þess, að embættismenn og stofnanir ríkisins gerðu sér frekar grein fyrir því en nú virðist vera, að það er sjálfsagt og um leið nauðsynlegt að veita sem mestar upplýsingar um athafnir ríkisvaldsins og þá um leið að átta sig á því, að upplýsingar í formi skýrslna, sem stundum koma ekki fyrr en ár eða meira er liðið frá atburðum, eru gagnslitlar ef ekki er jafnframt notuð kynningaraðferð sem hægt er að beita á tímabili framkvæmda og aðgerða.

Þess er getið í grg., að auk upplýsingaskyldunnar, sem er aðalatriði þessarar till. að mati flm., gæti framkvæmd hennar orðið mönnum hvatning til að stilla framkvæmdatíma í hóf. Ef upplýsingaþjónusta er innt af hendi á réttan hátt verður hún alltaf í eðli sínu gagnrýnin. Það hljóta að koma betur fram mistök og rangar ákvarðanir og um leið betur í ljós það sem vel er gert. Menn hafa þá betri aðstöðu til að meta hvort þetta eða hitt er rangt eða rétt.

Manni býður í grun að tregðan hjá embættismönnum við að veita þær upplýsingar, sem till. okkar gerir ráð fyrir, sé m. a. sú, að þeir óttist gagnrýni eða afskiptasemi umfram það sem er þegar látið er vera að upplýsa mál.

Aðrir þættir sjálfsagðrar upplýsingaskyldu ríkisins, sem þjóna ætti með því að hafa uppi áberandi skilti og merkingar, eru jafnilla ræktir af okkar embættisliði og merkingar framkvæmda og mannvirkjagerðar. Ég á þar t. d. við hinar ýmsu stofnanir ríkisins og fyrirtæki. Ríkisfyrirtæki eða stofnun er eign almennings. Oft er þar einnig um almenna þjónustustofnun að ræða. Það ætti því að vera frumskylda þeirra manna, sem taka að sér að stjórna þessum stofnunum, að sjá um að almenningur, eigendurnir, viti um tilvist þessara stofnana, bæði þeir, sem þurfa að njóta þjónustu þeirra og hafa viðskipti við þær, og einnig þeir, sem eiga að njóta þeirra réttinda einna að vita um tilvist þessara félagslegu stofnana.

Annað atriði, sem að þessum þætti lýtur, er sú staðreynd, að ríkisgeirinn í þjóðfélagi okkar, þjónustu- og atvinnurekstur ríkisins, á ekki að vera í felum. Við eigum að vera stolt af því, hvað við höfum kosið að hafa marga þætti á vegum samfélagsins, og við eigum að hafa fulla einurð á því að láta bera á þessum samfélagslega þætti í þjóðfélaginu, — engu síður að láta bera á honum en þætti einkaframtaksins. En það hefur ekki verið gert, nema síður sé. Þennan þátt, þótt mikilsverður sé, legg ég ekki höfuðáherslu á hér, heldur hitt, að sjálfsagðar upplýsingar séu veittar og séu aðgengilegar um starfsemi og stofnanir ríkisins.

Það þarf ekki langt að fara hér í höfuðborginni til þess að á vegi manns verði ómerkt eða lítið merkt ríkisstofnun. Það er næstum sama hvers eðlis stofnunin er, lítillætið er næstum alls staðar jafnmikið. Þetta bendir til áhugaleysis á viðskiptavinunum eða þeim sem þjónustu skulu njóta frá stofnuninni. Þarna skal þó undanskilja bankana og fáar stofnanir aðrar.

Nokkrar stofnanir hafa sett upp málamyndaskilti í glugga eða útihurð eða við inngang, oftast ólesanleg nema komið sé mjög nálægt. Mætti ég nefna Orkustofnun, Vegagerð ríkisins og sum ráðuneyti. Hitt vill þó verða reglan, að hafa enga merkingu, t. d. aðalstöðvar Pósts og síma. Þar er aðeins merking sem bendir á venjulega símaafgreiðslu. Að þar séu aðalstöðvar eins stærsta, ef ekki stærsta fyrirtækis landsins, miðað við starfsmannatölu, er erfitt að hugsa sér. Ráðuneyti í Arnarhvoli og víðar eru ómerkt, Skipulag ríkisins, húsameistaraembættið og svona má næstum endalaust telja. Ef farið er er upp á Akranes ber þar fyrir augu eitt stærsta iðnfyrirtæki á Íslandi sem er að fullu í eigu Íslendinga. Slíkt fyrirtæki hlýtur að vera merkt. Svo er þó ekki. Á því eru engar merkingar. Ég á þar við Sementsverksmiðju ríkisins. Ef farið er dálítið lengra norður og vestur að Hvanneyri, höfuðmenntasetri á sviði landbúnaðar á Íslandi og ýmissar annarrar landbúnaðarstarfsemi, er engar upplýsingar að sjá um staðinn né starfsemina.

Svona má lengi telja. Ég vona að hv. alþm. séu mér sammála um að þarna þurfi að verða breyting á með því að sett verði upp skilti við eða á ríkisstofnun með heiti stofnunar og í sumum tilfellum upplýsingum um þá starfsemi sem þar fer fram.

En þess ber einnig að geta sem vel er gert. Í þessum efnum tel ég að ein ríkisstofnun sé til fyrirmyndar, en það er Landsspítalinn. Merkingar á lóð Landsspítalans eru mjög greinargóðar, vel staðsettar og auðveldar aflestrar.

Till. okkar fjallar um merkingar nýbygginga og framkvæmda ríkisins. Þegar á annað borð er farið að fjalla um upplýsingaskyldu vakna ýmsar spurningar og í þessu sambandi þessi: Er það ómaksins vert að skylda aðila til upplýsingaþjónustu á þessu sviði meðan vitað er að það er látið ógert á mörgum öðrum sviðum þjóðfélagsins? Till. er flutt í þeirri trú, að svo sé. Hún er jafnframt flutt í þeirri trú, að með samþykkt og framkvæmd hennar komi annað á eftir, sumt af sjálfu sér, annað vegna aukins þrýstings frá almenningi, sem vonandi gerir sig ekki í framtíðinni ánægðan með það, að legið sé á sjálfsögðum upplýsingum um starfsemi ríkisins, t. d. í þeim tilvikum,

sem ég hef hér nefnt, og ýmsum öðrum þáttum sem ber að upplýsa um, t. d. réttindi í tryggingalöggjöf o. fl.

Við töldum því ekki rétt að tengja þessa till. skyldumerkingu ríkisstofnana né upplýsingaskyldu á víðara sviði, heldur að sjá hverju fram yndi ef þessi till. yrði samþykkt, sem ég vona að hv. alþm. veiti stuðning til, — og þá að sjá hvernig til tækist með framkvæmd hennar.

Herra forseti. Ég hef lokið framsögu minni fyrir þessari till. og legg til að henni verði að lokinni umr. vísað til atvmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Undirbúningur almennra stjórnsýslulaga til að auka réttaröryggi, þáltill. (þskj. 135). — Ein umr.

Flm. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég flyt á þskj. 135 till. til þál. sem hefur það hlutverk að styrkja einstaklinginn í þjóðfélaginu gagnvart hinu opinbera valdi. Till. heitir: Till. til þál. um undirbúning almennra stjórnsýslulaga til að auka réttaröryggi, og texti hennar er, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta hið fyrsta kanna hvort tímabært sé að sett séu hér á landi almenn stjórnsýslulög. Í því skyni sé skipuð nefnd til að fjalla um mál þetta og semja um það frv. ef ástæða þykir til. Skýrsla og tillögur nefndarinnar verði lagðar fyrir Alþingi eigi síðar en tveim árum eftir samþykkt ályktunar þessarar."

Till. þessi er varfærnislega orðuð eins og hv. þm. heyra. Ástæðan er sú, að hér er um algert nýmæli að ræða að því er til þingmála tekur. Till. um þetta efni hefur ekki verið áður flutt hér á Alþingi, en er þó tímabær.

Almenn stjórnsýslulög hafa tekið gildi í sumum nágrannalöndum okkar. Í Noregi hafa þau víðtækar reglur að geyma og hafa reynst vel. Í Svíþjóð hafa einnig verið samþykkt stjórnsýslulög og þar ríkir raunar öðruvísi kerfi um málsmeðferð hjá stjórnvöldum heldur enn í hinum löndunum, svo að það er nokkuð erfitt að bera aðstöðu þar saman við þá skipan sem hér ríkir, en þar í landi eru t. d. stjórnsýsludómstólar. Í Danmörku hefur verið undirbúið frv. til stjórnsýslulaga, sem var ekki nærri eins víðtækt og norsku lögin eru. Það frv. varð ekki að lögum. Þessu máli er þó engan veginn til lykta ráðið í Danmörku, en það er í deiglunni. Í Finnlandi er málefnið einnig á athugunarstigi.

Þessi þáltill., sem flutt er til þess að tryggja réttaröryggi einstaklinga gagnvart ákvörðunum stjórnvalda, er jafnframt til þess ætluð að gera athafnir framkvæmdavaldsins skýrari og traustari. Almenn stjórnsýslulög þurfa að hafa að geyma ákvæði sem með ýmsum hætti veita rétti borgaranna vernd í skiptum þeirra við framkvæmdavaldið. Í þeim þurfa að vera reglur um málsmeðferð stjórnvalda, viss lágmarksskilyrði sem meðferð framkvæmdavalds þarf að lúta til þess að réttaröryggis sé gætt.

Ég vil víkja nokkru nánar að því sem ég á við þegar ég tala um viss lágmarksskilyrði. Vil ég þá fyrst nefna rannsóknarskyldu stjórnvalda, þ. e. skyldu til að leita nauðsynlegra upplýsinga varðandi mál, sem til úrlausnar er, og skyldu til þess að leita álits þess aðila, sem ákvörðun stjórnvalds eða stjórnvaldsathöfn beinist að.

Í öðru lagi þarf að vera lögfestur réttur aðila til þess að tjá sig áður en ákvörðun er tekin eða athöfn framkvæmd, m. ö. o. andmælaréttur aðilanna.

Í þriðja lagi þarf að fella skyldu á stjórnvald til þess að veita upplýsingar um öll málsatvik, annars kæmi andmælarétturinn ekki að fullu haldi. Um það atriði er raunar fjallað í frv., sem oft hefur verið lagt fram hér á Alþingi, um upplýsingaskyldu stjórnvalda, en ekki hefur náð fram að ganga. Ástæðan hefur einfaldlega verið sú, að mönnum hafa þótt undantekningarákvæði í því frv. vera of mörg til þess að málið gæti raunverulega náð þeim tilgangi sínum, sem vissulega er einnig að tryggja betur en nú er rétt einstaklinganna gagnvart hinu opinbera.

Í fjórða lagi þarf að kveða á um vanhæfi stjórnvalds, og í fimmta, stjötta og sjöunda lagi um rökstuðning, form og birtingu ákvörðunar.

Menn gætu spurt: Hafa ekki málsaðilar á Íslandi rétt til að tjá sig áður en handhafar framkvæmdavalds í okkar litla þjóðfélagi taka ákvarðanir? Hvernig má það vera, að slíkt sé unnt án þess að málsaðili viti af, það verði um seinan að gera athugasemdir og ráðstöfun verði gerð, sem e. t. v. kann að skerða rétt hans?

Það er vissulega svo, að í íslenskum lögum eru reglur á víð og dreif um skyldur stjórnvalds til að leita umsagnar þess er málið varðar. En þær reglur, sem gilda um þetta, eru svo dreifðar og handahófskenndar að fyllsta þörf er á því að lögfesta um það almenna reglu. Ég mun skýra frá því, hvað varð öðru fremur kveikjan að því, að ég leyfði mér að flytja þessa tillögu.

Nú á dögunum var kveðinn upp dómur í Hæstarétti Íslands út af átta og hálfs árs gömlu máli austan af landi, þar sem eignarnám var ógilt vegna þess að vanrækt hafði verið að leita umsagnar landeiganda áður en ákvörðun var tekin. Ef skýr fyrirmæli hefðu verið í lögum, þegar þessi ráðstöfun var gerð, hefði aldrei komið til þessarar málaflækju og kostnaðarsamra aðgerða af hálfu ýmissa aðila. Ég ætti e. t. v. að útlista nánar, hvað um var að ræða í þessu tilviki, og vík þá að fleiri atriðum sem skýra þetta mál örlítið nánar.

Svo stóð á, að hreppsnefndin í Fellahreppi hafði óskað eftir því með bréfi til félmrn. frá því í apríl 1972 að fá heimild til að taka eignarnámi land þar sem ný byggð var að rísa, en eins og kunnugt er hefur risið byggð við Lagarfljótsbrú síðustu áratugi, norðan eða vestan brúarinnar. Þessu máli lauk nú í þessum mánuði, átta og hálfu ári síðar. Ef til vill er því í raun og veru ekki endanlega lokið, því að úrslit málsins urðu þau, að samþykki félmrn., sem veitt var í febr. 1973 við eignarnámi á landspildu við norðurenda Lagarfljótsbrúar, var ógilt ásamt ákvörðunum matsnefndar um eignarnámsbætur sem teknar höfðu verið með heimild í þessu samþykki ráðuneytisins. Það, sem hér hafði gerst, var að rn. hafði, eins og skylt var eftir skipulagslögum sem heimila eignarnám, leitað umsagnar skipulagsnefndar um beiðni hreppsnefndar þessa hrepps, en umsagnar landeiganda hafði ekki verið leitað. Hreppsnefndin sjálf hafði ekki á ótvíræðan hátt sagt landeiganda frá eignarnámsbeiðni og skipulagsstjórn hafði ekki heldur samband við eigandann.

Hæstiréttur taldi að skylt hefði verið að veita eigandanum færi á að skýra viðhorf sitt til málaleitunar hreppsnefndarinnar áður en málefnum var ráðið til lykta í rn. Það athyglisverða við þessa niðurstöðu er, að tekið er fram í dómnum að um þessa skyldu sé ekkert ákvæði í

skipulagslögum. Ég nefni þennan dóm til þess að sýna með dæmi hve bagalegt er að hafa ekki glöggar lagareglur um málsmeðferð hjá stjórnvöldum. Og þetta mál er ekki eina dæmi þess, að við dómstóla landsins sé deilt um slíkar reglur.

Það væri e. t. v. of langt mál að rekja fleiri dóma þar sem byggt var á þessu atriði. En ég vil aðeins nefna annan ef hv. þm. hefðu áhuga á. Þar er um að ræða dóm sem féll 1972 í máli Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins og fiskvinnslustöðvar á Vestfjörðum. Deilt hafði verið um verðjöfnunargjald vegna útfluttrar rækju. Var í þessu máli óvenjulega rækilega fjallað um starfshætti stjórnvalda. En þar var því haldið fram, að viðhlítandi rökstuðning hefði skort fyrir niðurstöðu stjórnar Verðjöfnunarsjóðs og verðákvörðun hafði dregist lengur en mátti vera. Fleiri slík atriði komu til athugunar í þessu máli. Ákvörðun stjórnar Verðjöfnunarsjóðs hafði verið mótmælt á þeim grundvelli, að hún hefði í raun ekki rannsakað hag rækjuframleiðenda áður en hún komst að niðurstöðu. Og önnur mótmæli voru byggð á því, að framleiðendur rækjunnar hefðu ekki átt kost á að tala máli sínu.

Ég rek þetta mál ekki frekar. Niðurstaðan varð þó sú þarna, að fiskvinnslustöðin tapaði því. En ég nefni þetta mál til þess að fram komi að margs konar sjónarmið þarf að hafa í huga þegar leyst er mál eins og t. d. það sem þarna var til umfjöllunar, sem var gjaldskyldan til Verðjöfnunarsjóðs. Af þessu má e. t. v. ráða, hve margsluugið það svið er, sem ég leyfi mér að koma inn á með þessari þáltill., og hve mikið tjón er að því, að óvissa sé á þessu sviði. Það getur verið mjög erfitt að fá hnekkt stjórnvaldsákvörðunum þar sem nokkurra meginreglna um málsmeðferð hefur ekki verið gætt, sérstaklega þegar þessar meginreglur eru ekki skýrt skráðar í lögum.

Í grg. þessarar till. er minnst lítillega á meginreglur sem er að finna í lögum um tekju- og eignarskatt. Það má nefna ýmis fleiri ákvæði í íslenskum lögum sem fela í sér rétt manna til að tjá sig um ákvörðun stjórnvalds. Þau eru mörg. Ég get af handahófi nefnt hér nokkur til þess að hv. þm. sjái hve ólík þau eru og tilviljun háð hverju sinni, hvort þau eru sett í lög eða ekki.

Hér er t. d. ákvæði úr lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins þar sem segir í 11. gr. að jafnan skuli starfsmanni, sem víkja skuli úr stöðu, veittur kostur á að tala máli sínu áður en ákvörðun er tekin, ef þess er kostur. Ég nefni annað dæmi. Gömul tilskipun frá 1789 gildir um ráðstafanir til viðurhalds á eignum kirkna og prestakalla á Íslandi og því sem þeim fylgir. Og þar voru þeir svo nákvæmir að segja í 8. lið, með leyfi hæstv. forseta:

„Ef presturinn, sem fjarverandi er, hefur eigi sjálfur veitt neinum umboð til að gæta réttar síns við úttektina, þá skal sýslumaður skipa til þess fullveðja mann á kostnað hans."

Ég nefni dæmi úr lögum um Háskóla Íslands þar sem segir í 24. gr. að „áður en brottrekstur stúdents sé ráðinn skal leita umsagnar háskóladeildar stúdents. Einnig skal veita stúdent kost á að svara til saka."

Allmörg ákvæði eru í lögum um náttúrvernd þar sem kveðið er á um skyldu til að leita umsagnar aðila sem ákvarðanir kunna að snerta.

Mörg ákvæði eru í lögum um vernd barna og ungmenna og ekki síður í hinum nýju barnalögum, sem gildi taka ef frv. til barnalaga, sem hér liggur fyrir, verður samþykkt. Svo má lengi telja. Ég mun láta hv. n., sem mál þetta fær til meðferðar, í té lista yfir þau lagaákvæði íslensk þar sem þessi regla hefur verið lögfest, en þessi listi hefur verið tekinn saman af ungum lögfræðingi, Ingibjörgu Rafnar, og felur í sér nokkuð tæmandi upptalningu á þeim ákvæðum sem er að finna í íslenskum lögum um þetta efni.

Ég legg mikla áherslu í máli mínu á þetta atriði, hina svonefndu andmælareglu, vegna þess að ég tel að hún sé sú regla sem snertir e. t. v. hina einstöku borgara mest. Það er sérstök þörf á lögfestingu hennar, einkum þegar ákvörðun stjórnvalds felur í sér einhverja skerðingu á rétti borgarans eða hagsmunum hans. En til þess að þessi regla komi að fullu haldi og fólk eigi ævinlega kost á því að gæta hagsmuna sinna gagnvart framkvæmdavaldinu þurfa menn í fyrsta lagi að vita af því, að málið er í gangi, í öðru lagi þurfa menn að eiga aðgang að öllum gögnum málsins sem ákvörðun kann að byggjast á, og í þriðja og síðasta lagi og ekki síst að eiga kost á að tjá sig um málið.

Um atriðið sem ég nefndi fyrst, þ. e. skyldu stjórnvalds til rannsóknar á því máli sem um er fjallað, eru þó nokkur dæmi í íslenskum lögum. Segja má að þau séu líka nokkuð handahófskennd. Það eru allglögg fyrirmæli í sambandi við ýmsar stöðuveitingar, og mikilvæg fyrirmæli um rannsóknarskyldu eru í barnaverndarlögum. Ég nefni fyrirmæli sem vakið hafa nokkra umræðu og eru sérstaklega þess eðlis, að þau veita hinu opinbera rétt til að kanna ýmis gögn sem eru í einkaumsjá aðilanna. Svo er t. d. í skattalögum, þar sem segir í 1.—3. mgr. 94. gr. skattalaganna frá 1978, að öllum aðilum sé skylt að láta skattyfirvöldum í té ókeypis allar nauðsynlegar upplýsingar sem þau beiðast og unnt er að láta þeim í té, enn fremur geti nánar tilgreind skattyfirvöld vegna skatteftirlits krafist þess, að framtalsskyldir aðilar leggi fram til könnunar bókhald sitt og ýmis önnur tilgreind plögg, og loks að þessir aðilar hafi aðgang að framangreindum gögnum og aðgang að starfsstöðvum framtalsskyldra aðila og birgðageymslum, og heimild til að taka skýrslu af hverjum þeim sem ætla má að geti gefið upplýsingar er máli skipta. Ég nefni þessi atriði hér sem dæmi um það, hve handahófskenndar reglur gilda um þetta atriði í íslenskum lögum.

Eitt þeirra atriða, sem þyrftu að vera í almennum stjórnsýslulögum, eru reglur um vanhæfi framkvæmdavalds til að taka tiltekna ákvörðun. Svo getur staðið á, að viðkomandi embættismaður sé e. t. v. sjálfur málsaðili eða aðili hafi með einhverjum hætti nána hagsmuni af ákvörðuninni. Þá gætu þurft að koma til reglur, sem væru sambærilegar því sem gildir t. d. um dómstóla, þegar dómari þarf að víkja sæti.

Í stuttu máli: Hugmyndin á bak við þessa þáltill. er sú, að í störfum framkvæmdavaldsins verði gætt öryggis í líkingu við það sem gert er í störfum dómsvaldsins. Til þess er þeim mun meiri ástæða sem það er staðreynd að framkvæmdavaldið þenst æ meira út. Menn geta á vegum framkvæmdavalds tekið ákvarðanir án þess að gæta þess fyllilega að taka mið af ummælum eða andmælum þeirra einstaklinga, sem í hlut eiga, og stundum án þess að hyggja að markalínunni milli verksviðs Alþingis og framkvæmdavalds. Síðarnefnda atriðið, um árekstur framkvæmdavalds og löggjafarvalds, er stórt mál, en það er ekki til umræðu í sambandi við þessa till., heldur fyrst og fremst hagsmunir einstaklinganna.

Mergurinn málsins er, að nauðsynlegt er að setja

framkvæmdavaldinu eðlilegar reglur um málsmeðferð með skýrari lögum. Svo getur verið að framkvæmdavaldið hafi fengið í hendur lög, sem ætluð eru til þess að greiða fyrir, vernda og hjálpa einstaklingunum, en þess sé þó ekki gætt, að valdið vaxi ekki takmarki sínu yfir höfuð. Menn geta því misst tök á því sem raunverulega er verið að gera, þ. e. einstaklingarnir, sem standa á bak við ríkisvaldið, hafa e. t. v. ekki yfirsýn yfir þær ákvarðanir sem þá varða. Þegar svo er komið er hætt við að ríkið skerði þann rétt sem því var ætlað að vernda. Í þjóðfélagi þar sem stjórnmálaöfl, er telja ríkisforsjá annarri forsjá betri, hafa náð jafnsterkum tökum og raun er á Íslandi — þar er enn meiri þörf á slíkum almennum lagareglum er vernda réttaröryggi einstaklinga.

Ég leyfi mér, herra forseti, að láta þessar útlistanir duga um það mál sem hér er á dagskrá. Ég vonast til þess, að hv. þm. úr öllum flokkum geti sameinast um þetta hagsmunamál almennings. Ég held að málið þurfi nákvæma athugun og til slíkrar löggjafar þurfi mjög að vanda. En svo mikið efni liggur þó þegar fyrir, bæði hér á landi og í nágrannalöndum okkar, um þetta atriði, að það ætti ekki að vera ofætlun að ljúka þessu verki innan þeirra tímamarka sem gert er ráð fyrir í tillögunni.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég vil fagna þeirri hugsun sem liggur á bak við þá þáltill. sem hér er borin fram, að auka þurfi réttaröryggi einstaklinga og tryggja skuli betur en gert er athafnir framkvæmdavaldsins, þannig að ekki komi til afturvirkni e. t. v. um átta ára skeið, eins og gerðist varðandi eignarnám það sem átti sér stað austur á fjörðum. Hins vegar verð ég að lýsa því yfir, að mér finnst eins og hv. flm. sé það ekki fullkomlega ljóst sjálfum, hvort hann telji að þörf sé á þessum lögum hér á landi. Það kemur skýrt fram í þáltill. sjálfri. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Í því skyni sé skipuð nefnd til að fjalla um mál þetta og semja um það frv., ef ástæða þykir til."

Þetta „ef" væri ekki þarna ef það væri ekki einhver vafi að dómi flytjanda. Og ég vil alfarið mótmæla því, að það sé meiri þörf á slíkri lagasetningu hér á landi en annars staðar af þeirri ástæðu sem fram var borin, að hér væru við völd þeir aðilar sem vildu svo mikla ríkisforsjá að þeir vildu troða einstaklingunum um tær.

Ég vænti þess aftur á móti, að menn leggi slíkar hugsanir til hliðar og slíkan ágreining, sem af þeim sprettur, ef þeim er fram haldið af fullri alvöru, sem mér er ekki ljóst, enda vildi ég þá fá skýr dæmi um slíkt. Ég vil þess vegna undirstrika það, að ég er hlynntur því, að sú könnun fari fram sem þáltill. gerir ráð fyrir, en í ljósi þeirrar niðurstöðu, sem könnunin leiðir til, verði tekin ákvörðun um hvert framhaldið verður.

Flm. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég var satt að segja farin að hafa samviskubit af því að tala hér yfir svo mörgum tómum stólum, en var jafnframt þakklát þeim fáu hv. þm. sem sitja hér í salnum og voru viðmælendur mínir í þessu sambandi. Hafi mér ekki tekist að koma því til skila, vil ég taka fram að ég var að rökstyðja nauðsynina á því að setja slík lög með tilteknum skýrum ákvæðum. Þá vil ég, um leið og ég þakka hv. 5. þm. Vestf. fyrir undirtektir hans við þá hugmynd sem hér liggur að baki, skýra það fyrir honum og öðrum hv. þm., að ég tel mikla þörf á því að slík lög séu sett hér á landi. Orðalag þessarar till. er, eins og ég vék að í upphafi máls míns áðan, varfærnislegt, og til að segja það berum orðum, þá er tilgangurinn sá að fá hv. alþm. til að samþykkja till. Ég efast ekki um hvað á eftir fer, því að ég hygg að þeir, sem athuga þetta mál, komist æ betur að þeirri niðurstöðu, að það verði að setja viss almenn ákvæði í stjórnsýslulög hér á landi um meðferð máls fyrir stjórnvöldum. Það þarf að setja ákvæði um rannsóknarskyldu stjórnvalda, um andmælarétt aðila, um vanhæfni stjórnvalds, um rökstuðning ákvörðunar. Allt þetta eru atriði sem eru mjög mikilvæg að þessu leyti. Og ég þakka hv. 5. þm. Vestf. fyrir spurningu hans, því að hún gaf mér tækifæri til að draga þessi atriði saman og leggja á það áherslu, að ég er persónulega þeirrar skoðunar, að slík lög séu einstaklingum á Íslandi nauðsynleg.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Bætt nýting sjávarafla, þáltill. (þskj. 157). — Fyrri umr.

Flm. (Gunnar R. Pétursson): Herra forseti. Það hefur um árabil verið stolt okkar Íslendinga að framleiða fiskafurðir í hæsta gæðaflokki. Nú ber svo við, að þær raddir heyrast á síðari tímum að gæðum hafi farið hrakandi. Ég ætla ekki að leggja neinn dóm á hvort það sé einhverjum að kenna, því það þykist ég vita að enginn gerir það að gamni sínu að framleiða lélega vöru. En margt getur komið til, m. a. að afli berist hraðar og meiri að landi en svo að hægt sé að vinna hann það tímanlega að úr aflanum fáist fyrsta flokks vara.

Í gegnum árin hef ég fylgst með auknum þrýstingi á sjómenn um betri meðferð á afla, og ég veit að ég fer með staðreyndir þegar ég segi að það sé viðburður, ef fiskur kemur skemmdur á land, og tel að útgerð og sjómenn standi þar feti framar fiskvinnsluhúsum í meðförum hráefnis. Nú er það svo, að margt getur valdið, m. a. að húsin séu ekki útbúin því geymslurými sem þarf til að taka á móti stórum förmum af togurum. Það er vitað mál, að í allstóran hluta frystihúsa vantar kæligeymslur til að geyma aflann óskemmdan þar til vinnsla getur farið fram. Dæmi eru til þess, að fiskur, sem að landi hefur komið og lent í fyrsta flokki upp úr skipi, hefur síðan að hluta til lent í skreið, og það sem verra er, í mjölvinnslu, en það tel ég vera hámark niðurlægingar að þurfa að setja þennan dýra fisk, sem sjómönnum er bannað að veiða stóran hluta úr árinu, í þró. Þar á ég að sjálfsögðu við þorskinn.

Spyrja má hvort það sé ekki arðbær fjárfesting að aðstoða þau frystihús, sem ekki hafa næga kæligeymslu fyrir kassafisk af togurum, að koma sér upp slíkum geymslum. Það er augljóst mál, að fjárhagslega hlýtur það að vera neikvætt fyrir rekstur frystihúsa að kaupa togarafarm af fyrsta flokks fiski og þurfa að geyma hann í 4—8 daga og fá þá stóran hluta hráefnisins í þriðja eða fjórða flokk vegna þess að ekki tekst að vinna aflann nógu hratt og geymslur eru ekki sem skyldi. Því hafa komið upp hugmyndir um stjórnun á löndun togara. Þá er að sjálfsögðu átt við tilfærslur milli löndunarhafna.

Í ljósi þess, sem ég hef hér sagt, leyfi ég mér, herra forseti, að leggja fram eftirfarandi þáltill. ásamt meðflm. mínum, hv. þm. Árna Gunnarssyni og Ágúst Einarssyni. Till. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela sjútvrh. að skipa nefnd til að

athuga hve mikil brögð eru að því, að fiskvinnslufyrirtæki taki við fiski af fiskiskipum örar en vinnslugeta leyfir. Einnig verði hlutverk nefndarinnar að kanna að hve miklu leyti minnkandi gæði frystra afurða megi rekja til þess, að fiskurinn liggi óunninn í landi. Nefndin skal skila áliti um úrbætur og hafa í huga hvort möguleiki er á stjórnun á löndun afla, fyrst og fremst togara."

Í grg. segir: „Gefa má gaum að orðum sjútvrh. um, að á næsta ári megi reikna með 150 skrapdögum hjá togaraflotanum, og út frá því hafa í huga hvort nýting fiskiskipaflotans yrði ekki betri ef stjórnun fisklöndunar kæmi í stað fleiri fiskiskipa.

Þar eð löngu er viðurkennt að fiskiskipastóll landsmanna er orðinn nægilega stór og jafnvel of stór þykir flm., að það hljóti að vera þjóðhagslega hagkvæmt að auka nýtingu flotans, og telja, að aldrei megi koma fyrir að landburður af fiski á einstaka stað valdi því, að íslenskur fiskur glati þeim gæðastimpli sem hann hefur haft á erlendum markaði."

Herra forseti. Að lokinni þessari umr. legg ég til að till. verði vísað til atvmn.

Valdimar Indriðason: Herra forseti. Hér er hreyft allviðamiklu máli sem er lengi búið að vera til umræðu og í brennidepli hjá hagsmunasamtökum og fjölmiðlum. Eins og hv. flm. gat um er það rétt, að meðferð á hráefni hjá íslenskum togarasjómönnum og skipshöfnum almennt hefur farið mjög batnandi hin síðustu ár, og ég vil segja að hún sé orðin til fyrirmyndar nú þegar við löndun á íslenskum markaði. Aftur á móti hefur nokkuð borið á því á erlendum markaði, því miður, einkum á enska markaðnum, að skip hafi verið of lengi í túrnum og ekki skilað þeirri vöru þangað sem með þurfti. Það er þá fyrst og fremst sá fiskur sem veiddur er hér á sumartíma við slæmar aðstæður, netafiskur sem í flestum tilvikum þolir mjög illa að fara á erlendan markað.

Hv. flm. varpaði fram þeirri spurningu, hvort móttaka í landi væri nógu góð fyrir þennan fisk. Það er rétt, að á mörgum stöðum er misbrestur á því, að móttökuskilyrði séu nógu góð, og ég tek undir það, að þarna þarf verulega um að bæta. Eitt frumskilyrðið fyrir því að geta skilað góðri afurð úr frystingu er að hafa góðar móttökur og kæligeymslur.

Á síðari árum hefur frystihúsavinna orðið verksmiðjuvinna hvað atvinnuöryggi snertir. Þar hefur verið leitast við að skapa fólki fasta og stöðuga vinnu, í stað þess að áður var það þannig, að þegar hráefni skorti var fólkið rekið heim og sagt: Þið verðið kölluð næst. — Sem betur fer erum við komin af þessu stigi. Þess vegna þarf að leitast við að fá sem mesta jöfnun á það hráefni sem landað er á hinum einstöku veiði- og vinnslustöðvum. Þar held ég að potturinn sé hvað mest brotinn, og það held ég að sé brýnt að kanna, að þróunin hefur orðið sú, að það eru komin í mörgum tilvikum of mörg og of stórtæk veiðiskip til að landa á hinum smærri stöðum þar sem er ekki nokkurt bolmagn til að koma þessum afla undan, þó að unnið sé fram undir miðnætti á hverju kvöldi og flestar helgar. Og þá fer þetta hráefni auðvitað ekki í þann gæðaflokk sem efni stóðu til.

Það þarf að vinna að betri jöfnun á hráefninu í landinu, en aftur á móti er það erfiðleikum bundið að fá skipshafnir til að sigla á milli hinna einstöku staða til að landa aflanum. Því vilja skipshafnir ekki una. Við skulum gera okkur það ljóst, að við getum ekki sagt skipshöfnum að landa á þessum staðnum þennan túrinn og hinum staðnum hinn túrinn. Það er einnig erfitt að flytja skip á milli hafna þar sem þau á annað borð eru komin á þessa staði. Hins vegar er jafnhörmulegt að horfa á það, að nokkrir staðir á landinu sitja uppi hráefnislitlir eða jafnvel hráefnislausir, staðir sem eru með allvel búin frystihús og ágætt vinnuafl. Þessi mál verða sjálfsagt rædd hér á hv. Alþ. í næstu viku, ef marka má fsp. sem fram eru komnar, en ég stillti mig ekki um að koma hér aðeins fram með þetta sjónarmið. Þarna þarf að koma meiri jöfnun á. Það er engin bót að því að flytja inn skip til þeirra staða sem hafa ekki meira vinnuafl en svo, að þeir þurfa að flytja inn erlent vinnuafl í stórum stíl til að geta unnið aflann, meðan aðrir staðir standa uppi með tæki og gott innlent vinnuafl, en geta ekki starfað vegna hráefnisskorts. Því miður höfum við of mörg dæmi um þetta.

En ég fagna þessari till. og er því meðmæltur, að þetta verði kannað vel og leitað ráða til að jafna hráefninu sem mest og við megum á öllum tímum stuðla sem allra mest að því að senda frá okkur vandaða og góða vöru og gera íslenskan fisk að eftirsóttri vöru á erlendum mörkuðum.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Hér er hreyft stóru máli. Mér hefði fundist að þetta mál hefði þurft að vera hér svolítið lengur á borðum okkar svo að við hefðum verið betur búin undir að ræða það. Og vitaskuld hefði verið æskilegt að hæstv. sjútvrh. hefði verið hér og við hefðum heyrt skoðun hans á þessu mikilsverða máli. Ég hef frétt að ástæðan til þess, að málið er tekið á dagskrá nú sé sú, að 1. flm. er að hverfa héðan af þingi. Það er því eðlilegt að það komi til umræðu nú.

Ég vil ekki taka undir það að taka þennan eina þátt þessara mála undan til umræðu, gæði fiskafla og gæði framleiðslu. Ég hefði talið að þessi till. hefði þurft að vera miklu víðtækari og að þarna hefði líka verið tekið til athugunar hvernig bæta mætti þann afla sem að landi berst. Ég vil ekki gera lítið úr því sem gera þarf í sambandi við verkunina sjálfa. Eins og síðasti ræðumaður, hv. þm. Valdimar Indriðason, benti á eru ýmsir þættir þar sem þarf að laga. En ég vil líka benda á það, að í sambandi við aflann, sem kemur að landi, eru margir þættir sem nauðsynlegt er að taka til alvarlegrar athugunar og gera betrumbætur á. Ég hefði talið eðlilegra að þessi till. hefði náð yfir það einnig.

Það er kannske ekki rétt að vera að rifja upp það sem frsm. sagði, að það væri viðburður að skemmdur fiskur kæmi að landi. Ég tel að það sé allt of algengt að slíkt eigi sér stað, að skemmdur fiskur berist á land, bæði frá togurum og bátum. Við þurfum ekki annað en hugsa aðeins til síðasta sumars. Við vitum að rétt fyrir lokunardagana þá átti það sér stað, að mjög mikill togarafiskur barst að landi og sumir togarafarmar voru mjög skemmdir. Mér er t. d. kunnugt um einn togara sem þá kom með afla að landi sem ekki hafði tekist að slægja fyrr en rétt áður en hann kom í heimahöfn. Það þarf ekkert að segja manni að við slíkar aðstæður sé verið að koma með úrvalshráefni að landi. Þarna eru ýmis vandamál sem þarf að skoða. Það er ekki hægt að sakfella einn eða neinn í þessu efni, en ég held að þetta séu atriði sem eigi ekki að breiða yfir, heldur þurfi að athuga.

Fyrir nokkrum dögum var sýnd mynd í sjónvarpi um línuveiðar. Það er viðurkennt, að línufiskur sé einhver allra besti fiskur sem að landi berst. Ég varð því aldeilis hissa að sjá það sem sjónvarpsmyndavélarnar mynduðu

um borð. Það var dregið og dregið, en það var ekki snert á því að blóðga fiskinn. Það var komin full stía af óblóðguðum fiski. Við vitum að nákvæmlega þetta sama gerist á meginhluta togaraflotans. Það tekst ekki að sinna þessum sjálfsagða þætti, að blóðga fiskinn áður en gengið er til slægingar, og vegna þess er verulegur hluti fisksins skemmdur. Ég er ekki að dæma einn eða neinn fyrir þetta, en það eru þarna ákveðnir þættir sem þarf að leita lagfæringar á.

Hitt er rétt, og ég get að vissu leyti tekið undir það, að skipulagning á löndun sé þannig að vissar fiskvinnslustöðvar taki allt of mikinn fisk til sín og þar eigi sér stað skemmdir í vinnslu. Og á móti því verður ekki borið, að það sé verið að vinna allt að því átta daga gamlan fisk. Maður hefur heyrt að þar sem einn togari er t. d. verði fiskurinn varla nokkurn tíma yngri vegna þess að það er reynt að láta vinnuna ná saman, fiskurinn verði ekki búinn fyrr en næsti farmur togarans kemur og sjaldan er styttri tími en átta dagar á milli landana. Vitaskuld er sú skipulagning allt annað en ákjósanleg.

Það hefur hvarflað að mörgum, að sú þróun, sem orðið hefur í freðfiskssölu á Bandaríkjamarkaði, sú sölutregða eða þau þyngsli, sem þar hafa átt sér stað fyrri hluta ársins í ár, hafi kannske m. a. verið því að kenna, að við höfum ekki verið að bjóða þar eins góða vöru og við höfum gert undanfarin ár, og þetta þurfi að íhuga. Þetta hefur einnig verið nefnt af ráðamönnum, jafnvel ráðherrum, að þarna sé þörf á athugun.

Ég lýsi stuðningi mínum við þessa till., en mér finnst hún ná of skammt, það séu fleiri þættir sem þurfi að skoða, — ef eigi að rannsaka þá hlið málsins sem að vinnslunni snýr, þurfi jöfnum höndum að rannsaka meðferð fisksins á veiðitíma eða meðan hann er í skipunum. Ég held að það sé ekki mikið hægt að gera upp á milli netafisks og togarafisks varðandi gæði. Ef hugað er vel að netaveiðum skila netin mjög góðum fiski, en þar kemur aftur það til, að bræla getur spillt aflanum. Ég tel samt að það hafi oft og tíðum verið gert of mikið úr því, hvað netafiskur sé lélegt hráefni, og ég held að með ákveðinni stjórnun sé hægt að taka þar í taumana og fá miklu betra hráefni en hingað til hafa gengið sögur af.

Ég hef t. d. heyrt að sumir netabátar hagi sér þannig að vera jafnvel með allt að tvo veiðarfæraganga í sjó. Slíkt er náttúrlega algerlega vítavert og væri rannsóknarvert. Könnun á þess háttar atvikum þyrfti einmitt að falla inn í tillögu eins og þessa, því að þetta þarf að stöðva. Á sama máta tel ég að þurfi að koma í veg fyrir að togarar leyfi sér, þegar allt að því er komið fullfermi — og það á sér kannske stað fyrst og fremst þegar keppni er um að ná síðustu fiskunum í land fyrir lokunardaga — þá leyfi þeir sér að bæta við allgóðum slatta, sem stundum getur orðið í bestu togun 50—60 tonn. Það þarf að koma í veg fyrir að slíkt eigi sér stað, að verið sé með vafasömum aðferðum að skemma mjög mikið af hráefni sem í hendur þeirra berst.

Ég held að þetta sé allt samtvinnað mál og æskilegt væri að í þeirri nefnd, sem þetta fær til meðferðar, yrði kannað hvort ekki væri hægt að breikka grunninn undir þessari tillögu þannig að fiskverkunin og fiskveiðarnar í heild væru kannaðar og til þess væri kjörin nefnd sem rannsakaði betri meðferð í fiskvinnslu og fiskveiðum.

Guðmundur Karlsson: Herra forseti. Það er nú orðinn árlegur viðburður að till. sé flutt um bætta nýtingu sjávarafla hér í Alþingi, og það er sannarlega ekki að ástæðulausu. Þetta er varanlegt vandamál og því ástæða til að athuga það.

Ég vil taka undir það með síðasta ræðumanni, að þetta er mál sem þarf að skoða í heild. Við skulum gera okkur grein fyrir því, að það er orðin gífurleg breyting í veiðitækni, t. d. um borð í skuttogaraflota okkar. Þegar þeir fara að veiða með flotvörpu taka þeir hal sem eru kannske allt upp í 30—40 tonn. Það segir sig sjálft, að þeir fáu menn, sem þarna eru um borð, eru ekki búnir að ganga frá þessari veiði fyrr en að alllöngum tíma liðnum. Þá er þess líka að gæta, að það eru takmörk fyrir því, hve mikið þessi skip framleiða af ís á hverjum sólarhring, og af því leiðir einnig, að þau geta ekki gengið frá þessum afla sem skyldi.

Eins er hitt, að enginn vafi er á því, að margir netabátanna nota of mikið af veiðarfærum, þeir eru með of mikið af netum úti. Þar skortir mjög á eftirlit, að fylgst sé með því, hver veiðarfæranotkunin er. Þó að ákveðnar reglur séu settar er þeim ekki framfylgt.

Síðan getum við ekki gengið fram hjá því, að eðli fiskveiðanna er það, að fiskurinn gengur hér í sterkum göngum og aflinn berst á stuttum tíma. Hjá því verður ekki komist að mikið berist á land, svo að ég held að frystihúsin og fiskvinnslustöðvarnar komist seint hjá því að taka heldur meira inn en þær geta afkastað, a. m. k. sama daginn. Og það er óhætt að segja það, að hér hefur orðið gífurleg framför í því að geyma hráefnið í landi frá því að það berst í land og þar til það fer til vinnslu. Ég er því ekki sannfærður um að mesta vandamálið sé endilega hjá fiskvinnsluhúsunum. En þar fyrir ber ekki að gera lítið úr þeirri þróun sem orðin er nú á seinni árunum með uppbyggingu togaraflotans og sérstaklega á minni stöðum þar sem kannske einn skuttogari er og lítið frystihús. Þar hlýtur það að leiða af sjálfu sér, að stefnt er að því að láta aflann af skipinu duga meðan það er úti í næsta túr, svo að síðasti fiskurinn, sem unninn er hverju sinni, er orðinn æðigamall í geymslu, fyrst um borð í skipi og síðan í vinnsluhúsinu. Þetta er aftur á annan veg hjá þeim húsum sem þannig eru búin, að þau vinna bæði frystan fisk, saltfisk og skreið. Þau ættu í flestum tilvikum að geta skilað betri vöru.

Við megum heldur ekki gleyma því, að hér við Ísland er misviðrasamt og hjá því verður aldrei komist að fiskveiðarnar verði fyrir talsvert miklum áhrifum af því og veðráttunnar vegna berist hráefnið misjafnlega gott að landi. Mér er sagt af þeim mönnum sem best þekkja til, að loðnubátunum hafi verið settar ákaflega stífar skorður s. l. vetur um veiðar á netafiski. Þeir áttu að gera að fiskinum um leið og hann kom inn fyrir borðstokkinn, ísa hann í kassa og landa honum þannig. En því miður varð reynslan sú, að þetta varð sá netafiskur sem fékk hvað verst mat af öllum þeim fiski sem barst að landi. Sannleikurinn er sá, að við vitum ekki enn þá hvernig á þessu stóð. En það er staðreynd, að það skiptir ákaflega miklu máli hvar fiskurinn er veiddur, í hvernig æti hann er og eins á hvaða tíma ársins. Stundum er fiskur þannig að það er útilokað að koma honum í sæmilegu ástandi til lands. Ég held að flestar tilraunir, sem gerðar hafa verið til að skipuleggja löndun, hafi til þessa mistekist, en þar fyrir er ekki ástæða til að gefast upp.

Það er rétt, að því miður hefur framleiðsla okkar heldur versnað. Gæði hennar eru ekki lengur sem skyldi. Til þess liggja margar orsakir og þá ekki síst einmitt þessi, að

fiskurinn, sem er unninn hjá frystihúsum sem byggja fyrst og fremst á einum togara, er alltaf orðinn gamall og því lélegur. Við megum ekki gleyma því, að nú mætum við í flestum tilvikum mjög aukinni og harðnandi samkeppni, ekki síst frá Kanadamönnum og öðrum Evrópuþjóðum. Það þýðir náttúrlega um leið að kaupendur gera mun stífari kröfur en áður var og þess vegna liggjum við miklu betur við höggi frá þeim. Það er alltaf erfiðara að vinna á kaupendamarkaði eins og nú er. Það er staðreynd, að framboð er meira en eftirspurn og því gera kaupendurnir miklu harðari kröfur um gæði en áður var.

Vissulega er ástæða til að skoða þetta mál. Ég held að þurfi að skoða það alveg frá byrjun til enda og gera sér grein fyrir því, hvar veilurnar eru. En ég er ekki viss um að mestu veilurnar sé að finna í fiskvinnslustöðvunum. Ég held að margar þeirra hafi náð þeim árangri í meðferð á fiski og þeirri nýtingu sem við er að búast og til er hægt að ætlast, en það verði að leita að uppruna þessa vanda í mjög mörgum tilvikum annars staðar.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Hér er til umræðu till. til þál. um bætta nýtingu sjávarafla. Það verður auðvitað ekki deiluefni, að öll viljum við bæta nýtingu sjávarafla. Hitt er svo annað mál, að hér er aðeins gripið á hluta af þeim vanda sem þar er við að etja, og það vekur til umhugsunar hvort þessi mál verði nokkurn tíma leyst nema með gerbreyttri fiskveiðastefnu.

Sú fiskveiðastefna þyrfti að byggjast á því að samræma veiðar, vinnslu og markað og standa þannig að framleiðslunni að um jafna atvinnu landverkafólks verði að ræða. Ég get tekið undir það, að það er erfitt að ná þessum markmiðum. Þetta er raunverulega spurningin um það, hvort við komumst af veiðimannastigi yfir í hjarðbúskap. Og ég vil bæta því við, að ég legg mikið upp úr því, að íslenskir sjómenn, eigendur fiskvinnslutækja í landi og allir þeir hagsmunaaðilar, sem þarna koma við sögu, reyni að ná víðtækri samstöðu á þessu sviði. Því miður hefur farið svo, að það er fyrst og fremst um skæklatog að ræða milli landshluta. Einn stendur upp og lofar netaveiði og talar um að henni sé hallmælt og vekur athygli á því, að það hefur gleymst að blóðga línufisk í veiðiferð sem sýnd var í sjónvarpinu. Einn tekur sig til og ver meðferð aflans í landinu, en annar leggur áherslu á að allt sé í lagi á sjónum. Meðan við teljum okkur hvert og eitt að staðaldri vera að verja mjög ákveðið vissan hagsmunahóp, en tökum málið ekki fyrir út frá hinu sjónarhorninu, svo að við náum heildarárangri, þá held ég að við sitjum uppi með það, að af og til berst á land mikið magn af afla með lítið geymsluþol — mjög lítið geymsluþol. Það má vera að hægt sé að segja að lítið af aflanum sé skemmt þegar hann kemur að landi, en hann hefur mjög lítið geymsluþol. Og hann berst það ört að, að fiskvinnslustöðvar hafa ekki undan með þeim mannafla, sem þær hafa, að vinna þennan afla. Svo koma tímabil þegar landverkafólk fær enga vinnu. Þetta er náttúrlega í einu orði sagt, ekki hægt. Við höfum ekki efni á því að standa svona að þessu.

Ég er alveg sannfærður um að það verður að setja ákvæði um það, að togarar megi ekki vera lengur að veiðum en vissan tíma, þannig að það sé hámarksaldur á þeim fiski sem komið er með að landi. Ég er alveg sannfærður um að það verður að fylgja því eftir, að það sé hámarksfjöldi neta hjá skipum. Og ég er alveg sannfærður um að það er ekki orðið úrelt að það þurfi að blóðga fiskinn. En ég harma það aftur á móti, að þótt okkur hafi miðað áfram í því að verna fiskinn í sjónum hefur okkur ekkert að ráði tekist betur að standa að því að ná heildaryfirstjórn á veiðunum. Þar hefur framförin orðið lítil. Og það kom fram í ræðu hv. 9. landsk. þm., sem er mjög kunnugur þessum málum, að hann taldi að það hefði orðið afturför hvað gæðin varðaði — gæði þeirrar vöru sem við erum að selja úr landi.

Ég legg á það þunga áherslu, að við verðum að hætta þeirri hatrömmu deilu sem hefur verið innanlands um þessi mál og hefur byggst á skæklatogi. Hver landshluti og hver staður hefur viljað verja sína hagsmuni mjög grimmt í þessum efnum, og við höfum ekki náð þeim árangri sem skyldi. Ég hef enga trú á þessu skrapdagakerfi. Ég hef enga trú á því. Ég held að mönnum hljóti að fara að verða það ljóst, að við náum aldrei nema mjög takmörkuðum árangri með því móti. Og ég vona að hagsmunaaðilarnir, sem eru Alþingi til ráðuneytis um þessi mál, geri sér grein fyrir því, að æskilegast er að þeir nái samstöðu um ákveðnar tillögur og að við komum þeim á framfæri, en að Alþingi þurfi ekki að fara út í það að berja fram ákveðna lausn sem væri kannske í óþökk mjög margra. Ég tel að við þurfum að sýna vissa biðlund enn gagnvart hagsmunasamtökum í þessum efnum, en ég veit ekki hversu lengi Alþingi getur beðið áður en það lætur það mál alvarlega til sín taka, að gæði þeirrar framleiðslu, sem við erum að senda úr landi og okkar lífskjör byggjast á, fari versnandi. Það er ekki verjandi að bíða lengi eftir lausn í þeim efnum.

Flm. (Gunnar R. Pétursson): Herra forseti. Það gleður mig, að menn virðast hafa áhuga á þessu máli, og hefði farið vel á því, eins og einn hv. þm. sagði, að sjútvrh. væri hér í salnum.

Það kom fram hjá einum hv. þm., að talsvert beri á skemmdum í fiski sem er seldur á erlendum markaði. Ég er satt að segja þeirrar skoðunar, að það mætti gjarnan draga allmikið úr þeirri sölu, vegna þess að mér finnst að sala á þessu hráefni okkar beint, óunnu, sé ekki eðlinu samkv. hagkvæm.

Spurningin var um það líka, hvort skipshafnir mundu una því að landa annars staðar en heima hjá sér. Því miður hefur það verið svo í gegnum árin, að sjómenn eru ekki spurðir um það, hvar þeir eigi að landa og hvar þeir vilji landa, heldur verða þeir að gefa það eftir að landa þar sem þeim er sagt. Síldarsjómenn hafa ekki landað heima hjá sér. Loðnusjómenn landa ekki heima hjá sér. Vertíðarbátar á vertíðum landa ekki heima hjá sér. Þetta er ekki spurningin um það. Ég held að sjómenn séu ekki fyrirstaðan, þeir hafi aldrei verið fyrirstaða.

Hv. 4. þm. Vesturl. lýsti skemmdum fiski sem kom á land úr togarafarmi á s. l. sumri. Það skal ég ekki segja um. Upplýsingar mínar hef ég aftur á móti frá nokkrum frystihússtjórum og er haft orðrétt eftir þeim, að það er alger viðburður ef það kemur skemmdur fiskur í land.

Eins og sjá má miðast till. fyrst og fremst við togara, svo að það er kannske eðlilegt að talið berist meira að þeim, en það má gjarnan ræða um fleira en togara. Það kemur fram hjá hv. 4. þm. Vesturl. einnig, að netafiskur sé ekki lélegt hráefni. Síðan kemur fram hjá hv. 5. þm. Vestf. að þetta sé skæklatog, einn hæli þessu og annar hinu. Það er ekki rétt hjá hv. 5. þm. Vestf. að þetta sé skæklatog. Mismunurinn er sá, að það er ekki sama hvaðan gert er út. Það er alls ekki sama hvort gerður er út

netabátur frá Ísafirði eða frá Rifi eða Ólafsvík, það er mikill mismunur, og t. d. frá Vestmannaeyjum. Ég satt að segja þekki þar ekki til nú. Og mig langar að upplýsa hv. 5. þm. Vestf. um það líka, að útivistarhámark er á togurum í dag.

Það er eitt sem mér finnst að hafi komið fram í máli manna og þá sérstaklega hjá hv. 9. landsk. þm., að það er hálfgert feimnismál að athuga hvernig ástand frystihúsa er í landinu. Það er staðreynd, eins og ég sagði áðan, að ég þekki ekki nógu vel til í Vestmannaeyjum. Þeir voru mjög framarlega þar þegar ég fór þaðan. Hvort þeir eru framarlega enn eða hafa dregist aftur úr, það þori ég ekki að segja um. En ég þekki til víða annars staðar og það veit ég, að þar eru gömul frystihús og þau eru engan veginn undir það búin að taka við stórum förmum af fiski. Það er fullkomin ástæða til þess fyrir ríkisvaldið, sem er að skenkja þessum sömu byggðarlögum togara, að sjá til þess að hægt sé að vinna aflann þegar hann kemur í land. Og það er alls ekki hægt að segja að það sé afsökun eða til sóma að hengja fyrsta flokks þorsk upp í skreið. Hann á ekki að vera í skreið og hann á ekki heldur að fara í saltfisk. Hann á að fara í frystar afurðir, sérstaklega þegar þess er gætt, að menn fá ekki að veiða allan þann fisk sem menn gætu veitt, flotinn er orðinn svo stór í dag að hann fer létt með að veiða allan þann fisk sem má veiða. Ég er sannfærður um að það er ekki nokkur kúnst að koma þeirri stjórnun á löndun að skipin séu ekki eins og einn hv. þm. sagði, að taka auka hal rétt fyrir lokunardag og fylla sig þannig.

Guðmundur Karlsson: Herra forseti. Það er rétt, sem fram hefur komið í máli hv. þm. Ólafs Þórðarsonar, að mikið af þeim vandamálum, sem nú eru uppi, stafar af fiskveiðistefnunni.

Það er auðvelt að tala um að samræma veiðar, vinnslu og markað, en það er miklu erfiðara að framkvæma það. Þá hlýtur fyrst og fremst að verða að ganga út frá markaðinum sem byrjunarþætti, og það er oft ansi erfitt að sjá fyrir þær sveiflur og þá þróun sem þar á eftir að verða.

Ég er að vísu sammála honum um það, að æskilegt væri að hætta skæklatogi og átökum. En við skulum gera okkur grein fyrir hvert stefnir í sambandi við fiskveiðarnar og fiskvinnsluna. Við vitum að flotinn er of stór, fiskvinnsluhúsin eru mörg og afkastamikil, en hráefni of lítið, fiskframboðið of lítið. Þess vegna er staðreynd, að við megum einmitt búast við auknu skæklatogi og auknum átökum milli landshluta.

Það kom fram hjá hv. frummælanda, að sjávarútvegurinn væri ekkert vandamál og það væri mikið um það, að skip lönduðu ekki í heimahöfnum. Ef við viljum skoða þetta af sanngirni er það staðreynd, að þetta hefur breyst gífurlega á seinni árum. Það er hreint ekki orðið mikið um það, að skip landi ekki einmitt í heimahöfnum. Ég held að allflestir skuttogarar landi einmitt í heimahöfn, að svo miklu leyti sem þeir landa þá ekki erlendis, en það hefur auðvitað alltaf viðgengist. Og við skulum gera okkur grein fyrir því, að sjómennirnir hafa æðisterk ítök og áhrif um það, hvar skipin landa. Síðasta dæmið er það sem gerðist fyrir fáum dögum, að það átti að snúa við síldveiðibáti, sem var á leið til Danmerkur, og láta hann landa hérna heima. En mannskapurinn neitaði og því hélt báturinn áfram og selur nú fyrir það lága verð sem þar er verið að selja fyrir.

Að það sé feimnismál að athuga ástand frystihúsa í landinu er eins mikill misskilningur og frekast getur verið. Ég hygg að fá fyrirtæki hafi verið eins mikið athuguð af almannavaldinu og einmitt frystihúsin. Það hefur verið gerð hver könnunin og athugunin á eftir annarri einmitt á frystihúsum og ástandi þeirra í landinu. Það eru til stórar og þykkar skýrslur og bækur um þetta frá Framkvæmdastofnun, og þar getur hver einasti maður, sem vill, kynnt sér ástand frystihúsa að segja má hvar sem á landið er litið.

Að fyrsta flokks þorskur eigi frekar að fara í frystan fisk en skreið og saltfisk er svolítill misskilningur. Ég held að fisk verði yfirleitt að vinna í þá afurð sem gefur bestan arð á hverjum tíma og skilar sem bestri útkomu. Að hann skuli endilega fara í einhverja eina vinnslu öðrum fremur er algjör misskilningur. Það hlýtur að byggjast á söluverði og þeirri nýtingu og þeim arði sem hann skilar hverju sinni.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Ég stend hér aðeins upp til að taka undir þá skoðun hv. þm. Ólafs Þórðarsonar, að það skrapdagakerfi, sem verið hefur í gildi og stefnt er að að verði í gildi á næsta ári, sé ekki sú lausn sem æskileg sé. Ég tek undir það, og mín skoðun er reyndar sú, að ef gæðaeftirlit væri hert og sú stefna væri tekin upp að halda utan um hráefnið okkar þannig að út úr því kæmi alltaf fyrsta flokks vara, hvort sem hún færi í salt eða skreið eða í gegnum frystihúsin, þá þyrfti ekki þetta skrapdagskerfi. Ég er nokkurn veginn viss um að ef hert væri á eftirliti með togurum, úthaldsdagar þeirra takmarkaðir og gengið ríkt eftir því, að ekki yrði unninn eldri fiskur en fimm daga eða eitthvað þess háttar, væri hægt með aðeins þeirri einu leið að takmarka þann afla sem að landi þyrfti að berast. Einnig þyrfti að takmarka netafjölda til að auka gæði netafisksins yfir hávertíðina, því að það vitum við og það er ekkert launungarmál, að þar er oft fiskað meira af kröftum en að það sé verið fyrst og fremst að skipuleggja það að góður fiskur komi í land.

Bannstefnan hefur einmitt þau áhrif, eins og ég nefndi hér áðan, að það kemur meira og meira af vondum fiski. Það er reynt að fiska af kröftum það tímabil sem leyfilegt er og reynt að ná eins miklu í land og mögulegt er á þeim stutta tíma sem leyft er, þannig að þessi nái svolítið meiru en hinn af þeim skammti sem leyft er að veiða. Ég held að við eigum ekkert að metast um það, hver sé mestur sökudólgur, en það hefur verið hálfgert feimnismál bæði hvernig farið er með fiskinn í fiskvinnslustöðvunum og hvernig farið er með hann á veiðitímabilinu. Þetta eru feimnismál, sem við höfum ekki þorað að taka á, eða höfum ekki getað tekið á kannske réttara sagt. Ég held að fleiri og fleiri geri sér grein fyrir því, að það sé fyrst og fremst með gæðaeftirlitinu sem eigi að stjórna fiskveiðinni.

Ég þakka flytjanda þessarar till. fyrir að hafa fært þetta mál inn á hv. Alþingi, þó að það hefði getað verið betri tími til umræðunnar heldur en nú var valinn.

Flm. (Gunnar R. Pétursson): Herra forseti. Ég ætla að nota tækifærið, ef mér gefst það ekki aftur í náinni framtíð að standa hérna, til að víkja að tali manna um að takmarka útivistardaga togara. Sannleikurinn er sá, að það er alls ekki hægt. Togari getur sneisafyllt sig á 2—3 dögum og hann má kannske vera 5 daga úti. Þá er hann búinn að veiða miklu, miklu meira en nýtanlegt væri þegar í land er komið. Það þýðir ekkert að tala um að

takmarka útivistardagana, það er bara tóm vitleysa.

Svo langar mig aðeins að nefna það sem fram kom hjá hv. 9. landsk. þm. Ég verð að segja að það eru alveg splunkuný sannindi ef skreið er orðin jafnverðmæt og frystur fiskur í fyrsta flokki. Það eru alveg splunkuný sannindi. Mér finnst það alveg furðulegur málflutningur hér á hinu háa Alþingi að koma með þetta hingað inn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 27. fundur.

Þriðjudaginn 2. des., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Jón Helgason): Mér hefur borist eftirfarandi bréf:

„28. nóv. 1980.

Guðmundur J. Guðmundsson, 7. þm. Reykv., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Alþb. í Reykjavík, Guðrún Hallgrímsdóttir verkfræðingur, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Sverrir Hermannsson,
forseti Nd.."

Guðrún Hallgrímsdóttir hefur áður átt sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og hefur rannsókn á kjörbréfi hennar farið fram. Býð ég hana velkomna til starfa nú.

Raforka til húshitunar, fsp. (þskj. 22). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 22 að flytja svofellda fyrirspurn til hæstv. iðnrh. um raforku til húshitunar:

„Hefur dregið úr eftirspurn eftir raforku til upphitunar húsa á veitusvæðum Rafmagnsveitna ríkisins síðustu mánuði? Ef svo er, hver er ástæðan að mati rn.?

Eru dæmi þess, að húshitun með raforku sé dýrari en með olíu eftir að olíustyrkur er dreginn frá upphitunarkostnaði, miðað við núgildandi verð á olíu og rafmagni?"

Eins og hv. þm. muna voru samþ. ný lög á Alþ. í fyrra um styrki til niðurgreiðslu á verði olíu til húshitunar. Þessir styrkir voru nokkuð hækkaðir frá því sem áður var og heimildir veittar til viðtækari niðurgreiðslu á olíu en áður. Voru ætlaðir 4 milljarðar til að greiða þessa olíustyrki í fyrra. Í ár eru ætlaðir til þessara þarfa samkvæmt fjárlagafrv. 5 milljarðar kr., og hækka styrkirnir einungis um 25% í 50% verðbólgu þannig að það er verið að rýra raungildi þessara styrkja á sama tíma sem ætlunin er að innheimta með orkujöfnunargjaldi svokölluðu 13 milljarða kr. í ríkissjóð.

Það hefur flogið fyrir, að einstaka menn telji sig heldur betur komna með það að fá olíustyrki og hita hús sín með olíu en að óska eftir raforku til upphitunar. Það hefur heyrst að þetta hafi skeð og að dregið hafi úr eftirspurn eftir raforku til húshitunar af þessum ástæðum.

Ég vil lýsa þeirri skoðun minni, að ég held að hæstv. ríkisstj. sé ekki á réttri leið ef hún ætlar sér að draga úr þessum vanda með því að lækka olíustyrkina að raungildi, eins og hún sýnist ætla að gera, heldur ætti að gera eitthvað í málefnum Rafmagnsveitna ríkisins þannig að raforka til húshitunar yrði betri kostur í öllum tilfellum en að nota erlenda niðurgreidda olíu.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég ætla að svara fsp. hv. þm. Lárusar Jónssonar varðandi raforku til húshitunar, en eins og fram kom hjá honum er fsp. svo hljóðandi:

„Hefur dregið úr eftirspurn eftir raforku til upphitunar húsa á veitusvæðum RARIK síðustu mánuði? Ef svo er, hver er ástæðan að mati rn.?

Eru dæmi þess, að húshitun með raforku sé dýrari en með olíu eftir að olíustyrkur er dreginn frá upphitunarkostnaði, miðað við núgildandi verð á olíu og rafmagni?"

Til svars við þessari fsp. vil ég upplýsa eftirfarandi um verðlagningu raforku til húshitunar hjá Rafmagnsveitum ríkisins:

Um skeið var við það miðað, að verð á raforku til húshitunar fylgdi verði olíu til húshitunar að frádregnum olíustyrk. Þessu var hins vegar breytt þannig að á raforku til húshitunar var látin koma sama hækkun og á aðra gjaldskrárliði, en raforkan ekki látin fylgja olíuverðshækkunum sjálfkrafa. Gerðist það fyrst á miðju ári 1979. Í framkvæmd hefur þetta verið þannig, að verð raforku breytist ekki á sama tíma og olíuverð og hafa hækkanir á raforkuverði að jafnaði komið til seinna en hækkanir á olíuverði.

Eins og kunnugt er miðast greiðslur olíustyrkja við fjölskyldustærð, en ekki raunverulegan kyndingarkostnað húsráðenda, og er samanburður olíuverðs, að frádregnum olíustyrk, og raforkuverðs nokkrum erfiðleikum bundinn. Hefur verið við það miðað, að kostnaður fjögurra manna fjölskyldu, sem býr í 400 rúmmetra húsi, væri sambærilegur með olíu og raforku. Með samþykkt laga um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar á s. l. vori var olíustyrkur slíkrar fjögurra manna fjölskyldu aukinn nokkuð og var raforkuverð þá sambærilegt við kyndingarkostnað með olíu þegar tekið hafði verið tillit til olíustyrkja. Þegar ég segi „sambærilegt" er við átt að það var nánast hið sama á þeim tíma þegar þessi upphæð var ákveðin miðað við þessar forsendur. Síðan hafa orðið breytingar á olíuverði og raforkuverði og hefur raforkuverð hækkað minna en olíuverð síðan í vor. Eftir breytingar á verði og gjaldskrám í nóvember er talið að kynding með raforku sé allt að 23% ódýrari en kynding með olíu að frádregnum olíustyrk.

Fyrri liður fsp. var þannig: „Hefur dregið úr eftirspurn eftir raforku til upphitunar húsa á veitusvæðum RARIK síðustu mánuði? Ef svo er, hver er ástæðan að mati ráðuneytisins?"

Samkvæmt upplýsingum frá Rafmagnsveitum ríkisins er talið að dregið hafi úr eftirspurn eftir raforku til upphitunar og á það sínar eðlilegu skýringar. Bent er m. a. á eftirfarandi ástæður:

1) Á ýmsum þeim stöðum, þar sem rafhitun er mikil, er þegar komin rafhitun í 60—70% húsa. Það ræðst af ýmsum ástæðum hvenær þau hin eldri hús, sem eftir eru, sækja um rafhitun. Kostnaður við að breyta kynditækjum yfir í rafhitun er verulegur og ráðast menn helst í slíkar breytingar þegar kynditæki eru úr sér gengin. Flest ný hús á slíkum svæðum sækja um rafhitun. Er raunar gert ráð fyrir að slík skipti verði á orkugjöfum í samræmi við lög um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar, en gert er ráð fyrir nokkrum aðlögunartíma þar að lútandi.

2) Þess er að geta, að á ýmsum þéttbýlisstöðum, þar sem áður var gert ráð fyrir rafhitun, er nú unnið að eða er til athugunar að leggja hitaveitur eða varmaveitur kyntar með raforku og svartolíu, svokallaðar fjarvarmaveitur. Þessir staðir eru m. a. Egilsstaðir, Höfn, Seyðisfjörður,

Þorlákshöfn, Hella, Hvolsvöllur, svo og Ólafsvík, Stykkishólmur og raunar fleiri. Þegar framkvæmdum er lokið við varmaveitur á þessum stöðum hafa verið settar á stofn varmaveitur á flestum stöðum á landinu með fleiri en 1000 íbúa og mörgum þar sem íbúar eru færri. Segja má því að þéttbýlisstaðir með rafhitun séu fyrst og fremst hinir fámennari staðir.

Þá er spurt: „Eru dæmi þess, að húshitun með raforku sé dýrari en með olíu eftir að olíustyrkur er dreginn frá upphitunarkostnaði, miðað við núgildandi verð á olíu og rafmagni?"

Því er til að svara, að eins og vikið var að hér á undan miðast greiðsla olíustyrks við fjölskyldustærð, en ekki beint við raunverulegan kyndingarkostnað viðkomandi húsnæðis. Þegar um er að ræða fámennar fjölskyldur í húsnæði sem er tiltölulega dýrt að kynda er kyndingarkostnaður að frádregnum olíustyrk tiltölulega hærri en hjá stórum fjölskyldum í húsnæði sem ódýrt er að kynda. Þessi kostnaður er að sjálfsögðu háður aðstæðum. Þannig er vafalaust hægt að finna dæmi um að verð á raforku og hitaveitu sé hærra en olíukynding að frádregnum olíustyrkjum þegar um óhagstæða fjölskyldustærð er að ræða með tilliti til þessa og óhagstætt húsnæði.

Með samþykkt laga um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar var dregið nokkuð úr áhrifum fjölskyldustærðar á olíustyrki, auk þess sem niðurgreiðslur voru auknar verulega. Þá hafa breytingar á verði olíu og raforku ekki orðið samtímis. Frá ágúst 1979 hefur verð gasolíu hins vegar hækkað um 54%, en verð raforku um 30%.

Eins og af framansögðu sést er samanburður erfiðleikum bundinn og háður aðstæðum einstaklinga. Má raunar segja að það er fyrst og fremst í litlu húsnæði, þar sem íbúar eru tveir eða fleiri, leiða má líkur að því, að slíkir aðilar geti talið sér hagkvæmt að búa við olíukyndingu miðað við núverandi kerfi. Raforkuverð er hins vegar nú til muna lægra en olíuverð að frádregnum olíustyrk, en komið geta til einstaklingsbundin tilvik þar sem innlendir orkugjafar eru dýrari en olíukynding að frádregnum olíustyrk, eins og ég hef getið um.

Að mínu mati er eðlilegt að hafa verðlagningu innlendra orkugjafa þannig að ætíð sé fyrir hendi hvati til að taka þá fram yfir innflutta orku miðað við sambærilegar aðstæður.

Þótt ótvíræð nauðsyn sé á að hlaupa undir bagga með þeim, sem búa við hina dýru olíukyndingu, má ekki ganga of langt í þeim efnum, eins og tillögur komu raunar fram um í þinginu í fyrravetur þegar menn voru með hugmyndir um að fara út í að greiða olíuna niður um allt að 60% eða þar um bil. Segja má að með ákvörðunum um upphæð olíustyrkja samkvæmt lögum um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar hafi verið teflt á tæpasta vað með niðurgreiðslu á olíu, en síðan hefur dregið verulega sundur með kostnaði við olíukyndingu og rafhitun þannig að það eitt út af fyrir sig getur verið nokkurt áhyggjuefni af öðrum forsendum. Ef litið er til þjóðhagslegra æskilegra fjarvarmaveitna t. d. kemur í ljós að raforkuverð er nú í lægsta lagi til að þær geti borið sig án meðgjafar, en að því lýtur raunar önnur fyrirspurn sem hér er á dagskrá og ætla ég ekki að fjölyrða um það.

Fyrirspyrjandi vék að því í máli sínu áðan, hvort ekki ætti fremur að gera eitthvað í málefnum Rafmagnsveitna ríkisins en að lækka að tiltölu olíustyrkina, eins og raunar hefur gerst síðan þeir voru ákveðnir á s. l. vori. Ég ætla ekki að fara að lengja mál mitt með því að rekja þær mörgu aðgerðir sem verið hafa í gangi og eru í gangi til að efla og bæta stöðu Rafmagnsveitna ríkisins. Þar er sem sagt unnið að mörgum þáttum, en það hefur komið fram í nýlegri greinargerð, sem ég hef fengið frá til kvöddum aðilum, að sé litið á tilkostnað við orkuöflun vegna rafhitunar sé verðlagning á raforku til húshitunar nokkuð undir þeim kostnaði sem fer í orkuöflunina og hafa verið nefnd 17% í því sambandi — Ég vil benda á að forsendur í sambandi við slíka útreikninga hljóta að vera matsatriði, og ég vil ekki segja að sú tala sé óyggjandi, síður en svo, en þetta vildi ég að kæmi hér fram.

Fyrirspyrjandi (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans sem voru skýr og greinargóð. Í þeim kom fram að það hefur verið á ferðinni visst vandamál í framkvæmd olíustyrkja sem í sumum tilvikum, eins og hann komst að orði, hafa dregið úr eftirspurn eftir innlendum orkugjöfum, en þó einungis í undantekningartilfellum. Ég vil lýsa ánægju minni yfir því, að þetta hefur ekki orðið verulegt vandamál þó að í það hafi stefnt á tímabili.

Ég vek enn athygli á því, að hæstv. ríkisstj. hugsar sér á næsta ári að innheimta 13 milljarða kr. í almenna skattheimtu af öllum landslýð með svokölluðu orkujöfnunargjaldi, en ætlar að greiða til baka 5 milljarða í olíustyrki af þessu fé og einungis að leggja 1.5 milljarða í svokallaðar félagslegar framkvæmdir hjá Rafmagnsveitum ríkisins. Ég vil ítreka þá skoðun mína, að hér hljóti að vera pottur brotinn. Það er augljóst mál að það er ekki réttlætanlegt að taka þannig 8.5 milljarða til almennra þarfa ríkissjóðs í orkujöfnunargjald af fólki, en haga þannig þessum málum að ekki renni nema þessir 6.5 milljarðar til olíuniðurgreiðslu og til að laga rekstrarstöðu Rafmagnsveitna ríkisins.

Ég held að þarna sé helst pottur brotinn í stefnu hæstv. ríkisstj. á þessum sviðum. Látum vera að það sé réttlætanlegt, að niðurgreiðsla á olíu hækki ekki nema um 25% milli áranna 1980 og 1981 þrátt fyrir yfir 50% verðbólgu. En þá væri heiðarlegra og eðlilegra af hæstv. ríkisstj. að leggja í meira mæli þá fjármuni, sem hún ætlar að innheimta af landslýð í orkujöfnunargjald, til þarfa Rafmagnsveitna ríkisins og gera þannig innlenda orku hagkvæmari fyrir fólk til að hita upp híbýli sín.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég vil mótmæla þeirri skoðun, sem hér hefur verið látið að liggja, að olíustyrkur hafi verið of mikill til þeirra aðila sem hafa þurft að kynda upp íbúðarhús sín með olíu. Það þekkja allir, sem eru frá þeim svæðum þar sem olía hefur verið notuð, hvílíkur baggi olíukostnaðurinn hefur verið heimilunum. Hins vegar liggur það ljóst fyrir í þeirri stöðu, sem við erum komin í nú, að eðlilegt væri að athuga hvort með lánafyrirgreiðslu væri ekki hægt að koma þeirri breytingu hraðar á að menn tækju upp raforku í staðinn fyrir olíu hvar sem það er hægt. Ég vil þó vekja athygli á því, að eins og háttað er orkumálum þessa lands virðist ekki vera um neina afgangsorku að ræða á þessum vetri.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Það er hér verið að ræða mál sem varðar niðurgreiðslu á olíu. Þegar við tölum um niðurgreiðslu á olíu er það á þeim

grundvelli að það þurfi að jafna aðstöðu fólks í landinu, jafna það bil sem er á milli þeirra, sem eru á olíukyndingarsvæðunum, og hinna. Það hefur verið mesti vandinn í þessu máli að koma slíkri jöfnun á. Þessi jöfnun er núna að mínu viti ekki nægilega mikil. Það er vandinn sem við er að fást.

Hæstv. iðnrh. gaf þær upplýsingar, að upphitun með raforku væri nú 23% ódýrari en með olíu, og upphitun með flestum hitaveitum er miklu ódýrari, eins og kunnugt er. Af þessu má sjá að það, sem við þurfum að einbeita okkur að í þessu máli, er að auka olíustyrkinn. Við þurfum að gera það í bráð. En aðalviðfangsefnið er að hraða framkvæmdum sem nauðsynlegt er að gera til þess að við getum komist sem mest hjá því að nota olíu til upphitunar húsa. Í því efni hefur verið gert mikið að undanförnu. Hæstv. iðnrh. vék að fjarvarmaveitum sem hann taldi upp að væri í undirbúningi á ýmsum stöðum á Austfjörðum og einum, að mig minnir á Snæfellsnesi. En það er ekkert á móti því að það komi hér fram, að brautryðjandastarf í þessu efni hefur verið unnið af Orkubúi Vestfjarða. Það er þegar búin um nokkurt skeið að vera í starfrækslu slík fjarvarmaveita á Ísafirði og er hún nú í stækkun. Þá er í undirbúningi slík framkvæmd í Bolungarvík og á Patreksfirði.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. mikið, en vegna orða, sem hér hafa fallið varðandi niðurgreiðslu á olíu, vil ég ítreka að í þessu efni verða menn að fara að með nokkurri gát og hafa auga á verðlagningu á innlendum orkugjöfum og hvað það kostar að koma innlendri orku í gagnið, þ. á m. hitaveitum, jarðvarmaveitum. Það er ekki svo, að orkan fljóti sjálfkrafa upp úr jörðinni þar sem menn þurfa á að halda. Það er a. m. k. óvíða svo. Þar er því um verulegan kostnað að ræða. Það er með auga á þessu sem við hljótum að taka á þeim málum sem varða jöfnun á húshitunarkostnaði.

Samanburður við gamlar og mjög arðbærar hitaveitur er ekki eðlilegur í þessum efnum eða getur ekki verið ráðandi, — mér liggur við að segja: því miður. Ef þarna væri gengið eitthvað til muna lengra en nú er hlyti að draga til þess, að menn yrðu að fara að greiða niður hina innlendu orkugjafa. Það ráku menn sig einmitt á þegar farið var ofan í þessi mál hér, m. a. í hv. fjh.- og viðskn. Nd., í fyrra þegar frv. um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar var til meðferðar, að þarna þurfti að gæta sín í sambandi við ákvörðun um þessi efni. Ég held að það detti engum í hug að fara að mæla með því, að við tökum upp allsherjarniðurgreiðslu á innlendum orkugjöfum, þar sem verið er að taka þá í gagnið þar sem verulegur kostnaður er, þó að það geti komið til álita í einstöku tilviki að brúa það bil, ég vil ekki neita því.

Varðandi upphæð olíustyrksins eru menn að tala um að olíustyrkurinn sé allt of lágur, og það er eflaust þannig séð frá sjónarhóli þeirra sem þurfa að greiða olíuna. Hverjum húseiganda eða því fólki, sem undir þessum kostnaði stendur, þykir vissulega nóg um sem eðlilegt er. En sumir þeir, sem hér töluðu áðan, stóðu fyrir því í tíð ríkisstj. 1974—1978, að verðgildi olíustyrks rýrnaði stórlega á þeim tíma. Haustið 1978 var svo komið að olíustyrkur var aðeins 2600 kr., en síðan s. l. vor er hann um 20 þús. og veitti út af fyrir sig ekki af að bæta þar mjög verulega við.

Eitt efni er það sem rétt er að nefna í þessu sambandi, og það er þörfin á orkusparnaði og alveg sérstaklega á einangrun húsnæðis. Sem betur fer hefur Húsnæðisstofnun ríkisins nú tekið upp lán í þessu skyni, að vísu mjög takmörkuð á þessu ári, en við þau verður aukið, að mér er tjáð, verulega á komandi ári og það er alveg sérstök nauðsyn á slíku. Ég vænti að á því verði hert.

Það var fundið að því af hv. fyrirspyrjanda áðan, að orkujöfnunargjaldið skilaði sér ekki í því skyni sem nafn þess bendir til. Það var gert ráð fyrir því með þessum lögum, að þetta gjald rynni í ríkissjóð, og þegar það var samþykkt var ljóst að aðeins hluti þess kæmi til ráðstöfunar í sambandi við þessi efni með beinum hætti. Fyrir utan þann 6½ milljarð, sem hann nefndi, er auðvitað hægt að rifja það upp, að ríkissjóður stendur undir stórfelldum greiðslum sem lúta að því að koma innlendum orkugjöfum í gagnið. Má þar m. a. nefna fjármagnskostnaðinn af byggðalínunum sem menn geta lesið sér til um hver er áætlaður á næsta ári í fjárlagafrv.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég vil leggja hér nokkur orð í belg.

Það er ljóst öllum, sem hafa kynnt sér vandamál þeirra sem hafa orðið að búa og verða að búa við olíukyndingu, hversu gífurlegt vandamál það er. Skal ég ekki ræða um það frekar. Það ætti að vera öllum hv. þm. nægjanlega ljóst. En það, sem ég vil leggja áherslu á í þessum umr., er fyrst og fremst að ég held að allir hafi verið sammála um nauðsyn þess að nýta innlenda orkugjafa til upphitunar, og ég veit ekki betur en það sé á stefnuskrá hæstv. ríkisstj. að hraða framkvæmdum á því sviði. Hefur verið talað um að um væri að ræða þriggja ára verkefni að koma því í framkvæmd þannig að innan þess tíma yrði olíukynding húsa svo til úr sögunni. Þetta er kjarni málsins sem ég tel að verði að hafa í huga þegar er verið að ræða þessi mál.

Ég vil nota tækifærið og segja það hér, að mér finnst óeðlilegt hvað það hefur dregist árum saman, að ekki hefur verið hægt að fá um það raunverulegar upplýsingar, hvernig gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins er samsett. Þetta er atriði sem oft hefur verið spurt um og reynt að fá svör við, en svör hafa ekki fengist.

Að mínu mati ætti að vera sjálfsagt að raforkuverð til upphitunar húsa væri það lágt að það hvetti til breytinga. Ég get þó ekki stillt mig um, fyrst ég er kominn hingað, að minna á að margir þéttbýlisstaðir, eins og kom fram í ræðu hæstv. ráðh., hafa verið að undirbúa fjarvarmaveitur þar sem er ekki fyrirliggjandi heitt vatn. En við, sem búum á þessum svæðum, höfum ekki fengið svar við því enn, hvaða verð Rafmagnsveitur ríkisins geta boðið í samningum um slíkar fjarvarmaveitur. Þetta er stórmál sem ég vænti að fáist upplýsingar um áður en langur tími líður.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Mér fannst að hæstv. iðnrh. væri að láta að því liggja eða ýja að því, að það væru til menn sem létu sér detta í hug að greiða niður innlenda orkugjafa til húshitunar, og mér kom til hugar að hann hefði kannske misskilið það sem ég var að segja áðan. Ég held að enginn láti sér detta slíkt í hug. En ég held að áherslan í þessum málum sé ekki á réttum stað þegar menn óttast að það kunni í einstaka tilfellum að vera svo, að rafmagnsupphitun geti undir vissum kringumstæðum verið dýrari en upphitun með olíu. Það er í slíkum undantekningartilfellum að naumast tekur því að

tala um það í þessu sambandi.

Ég held að það sé engin hætta á ferðum. Við erum ekkert nálægt því að hugsa um að hætta að nota innlenda orkugjafa til upphitunar húsa. Það er ekkert nálægt því. Það munar núna um 23% á kostnaði við upphitun með olíu og rafmagni þegar reiknað er með niðurgreiðslunni. Hvað vita menn um hvað niðurgreiðslan verður mikil í næstu framtíð? Hvað vita menn um olíuverðið? Það eru ekki til nokkurs staðar ábyrgir menn í landinu sem láta sér detta í hug að draga eitthvað úr viðleitni og framkvæmdum til þess að taka í notkun innlenda orkugjafa. Slíkt er algjör fásinna. Og það er ekki í anda þess að koma á jöfnuði í þessu meðan menn láta sér nægja að það sé 25% munur á hitunarkostnaði. Það er ekki nægilegt jafnrétti. En það kann að vera nægilegt til að beina athyglinni frá aðalatriði málsins í þessu efni.

Kaupmáttur tímakaups verkamanna, fsp. (þskj. 22). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég hef á þskj. 22 leyft mér að flytja fsp. til hæstv. félmrh. um kaupmátt tímakaups verkamanna. Fsp. er svo hljóðandi:

„Hver er meðaltalskaupmáttur tímakaups verkamanna fyrsta, annan og þriðja ársfjórðung 1980 samkv. reglum sem Kjararannsóknarnefnd notar við útreikning sinn miðað við:

a) kaupmáttarstig 100 fyrir „sólstöðusamninga," þ. e. annan ársfjórðung 1977,

b) kaupmáttarstig 100 eftir „sólstöðusamninga," þ. e. þriðja ársfjórðung 1977?

Hversu mikil er hækkun vísitölu framfærslukostnaðar frá því um „sólstöðusamninga" (annan ársfjórðung 1977) og til núgildandi vísitölu?"

Eins og hv. þm. er kunnugt hefur ýmislegt gengið á í íslenskum efnahags- og þjóðmálum frá því á miðju sumri 1977 þegar gerðir voru kjarasamningar. Þá skömmu áður hafði þjóðarbúið orðið fyrir gífurlegum viðskiptakjaraskell. Ég held að ég muni það rétt, að á tveimur árum hafi viðskiptakjör þjóðarinnar versnað um 30%. Engu að síður voru gerðir kjarasamningar á miðju sumri árið 1977 sem höfðu í för með sér mikla hækkun almennra launa í landinu, og á næsta ári voru kosningar þar sem vígorðin „kosningar eru kjarabarátta" og „samningar í gildi" voru höfð á oddinum. Ég held að það sé mjög lærdómsríkt fyrir þingheim allan og þjóðina að fá sem gleggstar upplýsingar um hvað hefur gerst frá þessum tíma til dagsins í dag, ekki síst að því er varðar kaupmátt og hver verðrýrnun krónunnar hefur orðið á sama tíma.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Á þskj. 22 flytur hv. þm. Lárus Jónsson, 3. þm. Norðurl. e., fsp. um kaupmátt launa og beinir henni til félmrh. Hann ætlar ekki að víkjast undan því að svara þessari fsp. En ég vil benda á það til glöggvunar, að þær stofnanir, sem eiga að hafa með höndum skrár um upplýsingar af þessu tagi, eru Hagstofan, Þjóðhagsstofnun og Kjararannsóknarnefnd. Hagstofan er auðvitað sjálfstætt ráðuneyti, en Þjóðhagsstofnun heyrir undir forsrn. og ég man ekki betur en Kjararannsóknarnefnd geri það líka. En ég ætla sem sagt að svara fsp. allt að einu.

Það er fyrst spurt í a-lið um kaupmátt launa miðað við 100 á öðrum ársfjórðungi 1977. Svarið er: Á fyrsta ársfjórðungi 1980 112, á öðrum ársfjórðungi 1980 107.3, á þriðja ársfjórðungi 1980 107.8. Miðað við þriðja ársfjórðung 1977 sama sem 100 er svarið þetta: 94.9 á fyrsta ársfjórðungi 1980, 90.9 á öðrum ársfjórðungi 1980, 91.3 á þriðja ársfjórðungi 1980.

Hækkun vísitölu framfærslukostnaðar frá öðrum ársfjórðungi 1977 til þriðja ársfjórðungs 1980 er 261.9% og er það byggt á áætlun að hluta. Vísitala framfærslukostnaðar var 730.76 stig 1. maí 1977, en 2600.08 stig 1. ágúst 1980 og hafði hækkað á tímanum um 255.8%.

Hv. þm. minntist hér aðeins á þróun viðskiptakjara og taldi að þegar kjarasamningar voru gerðir 1977 hafi viðskiptakjör verið í verulegri lægð. Það er mikill misskilningur. Viðskiptakjör á árinu 1977 voru allt að 20% betri en þau eru núna. Á árinu 1977 voru viðskiptakjör 108.5 á móti 100 1972. Á þessu ári eru sambærilegar tölur niðri undir 90. Ég hef ekki tölur fyrir síðasta ársfjórðung eða þriðja ársfjórðung 1980 við höndina, en sambærilegar tölur eru niðri undir tölunni 90. Viðskiptakjörin fóru á fyrsta ársfjórðungi 1980 niður í 91.2 og á fjórða ársfjórðungi 1979 niður í 90.1, þannig að viðskiptakjörin á árinu 1977 eru einhver þau hæstu sem verið hafa á áratugnum sem nú er að kveðja. Hæstu og bestu viðskiptakjör, sem um er að ræða á þeim áratug, voru á árinu 1973. Þá voru viðskiptakjörin 115.3 á móti 100 árið 1972. Það er því misskilningur hjá hv. þm. að viðskiptakjörin á árinu 1977 hafi verið slæm. Þau voru mjög góð miðað við það sem við eigum við að búa nú.

Ef við tökum hins vegar árið 1976 eru viðskiptakjörin nokkru lakari en þau eru árið 1977, eða 100.1, svipuð og árinu 1972. Ef við athugum kaupmátt kauptaxta og þróun þeirra miðað við sambærilega viðskiptakjarastærð, sambærilega getu þjóðarbúsins, og setjum árið 1976 á 100 lítur dæmið þannig út, að 1977 er kaupmáttur kauptaxta 112, 1978 120, 1979 119 og 1980 114. Ef við lítum í þessu sambandi á kaupmátt ráðstöfunartekna á mann og miðum við árið 1975 sama sem 100 er kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann 102.3 árið 1976, 114.6 árið 1977, 123.8 árið 1978, 123 árið 1979 og 119.2 árið 1980. Ef við tökum aftur þróunina frá 1976 og athugum þrjár stærðir samhliða fram til 1980, þ. e. hvernig kaupmáttur kauptaxta hefur breyst, hvernig kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann hefur breyst, hvernig kaupmáttur þjóðartekna á mann hefur breyst og hvernig viðskiptakjör hafa breyst, kemur í ljós að viðskiptakjör á árinu 1980 eru mun lakari en á árinu 1976, líklega um 10% lakari. Þetta er það fyrsta. Annað er það, að kaupmáttur þjóðartekna á mann hefur á þessum sama tíma aukist um 6.3%. Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann hefur aftur á móti á sama tíma aukist um 16.5% og kaupmáttur kauptaxta hefur á sama tíma batnað um 13.9%.

Ástæðurnar fyrir þeirri skerðingu, sem orðið hefur á kaupmætti launa á undanförnum misserum, eru fyrst og fremst fólgnar í ákvæðum svonefndra Ólafslaga þar sem gert er ráð fyrir ferns konar frádrætti við útreikning verðbótavísitölu. Þar er í fyrsta lagi um að ræða frádrátt vegna hækkunar olíustyrks. Í öðru lagi er þar um að ræða frádrátt vegna þeirrar meðferðar sem áfengi og tóbak fær nú í vísitölu framfærlsukostnaðar. Í þriðja lagi er þar um að ræða frádrátt sem stafar beint frá launalið bóndans í búvörugrundvellinum. Og í fjórða lagi hefur verið frádráttur frá verðbótum á laun vegna verulegrar

viðskiptakjararýrnunar sem þjóðarbúið hefur orðið fyrir. Þegar þetta allt er skoðað finnst skýringin á því, af hverju kaupmáttur launa hefur rýrnað. En hinu megum við ekki gleyma, að árið 1980 stóðu yfir í níu mánuði kjarasamningar. Það var ekki fyrr en undir lok ársins að þeir kjarasamningar tókust, og undir lok þess árs tekst að hífa kaupmátt launa mjög verulega upp frá því sem er að jafnaði á árinu.

Spurningin er hins vegar sú, og um það snýst hugur manna talsvert núna í þeirri umræðu sem fram fer um efnahagsmál, hversu tekst að varðveita þann kaupmátt launa sem samið var um í síðustu kjarasamningum. Um þau mál var rætt hér í allmikilli umr. á hv. Alþingi á dögunum og ég ætla ekki að bæta þar neinu við að sinni, en menn hljóta að sjá af þeim tölum, sem ég hef lesið, að launafólk hefur tekið þátt í því að leysa þann vanda sem þjóðarbúið hefur orðið fyrir vegna hins mikla viðskiptakjaraáfalls.

Fyrirspyrjandi (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég biðst forláts á því, að ég hef valið skakkan ráðherra til að svara fsp. minni. En ástæðan fyrir því, að ég taldi að félmrh. væri réttur aðili til að svara þessu, er sú, að launa- og kjaramál eru að sjálfsögðu mjög nátengd ráðherrasviði hans.

Ég þakka hæstv. ráðh. svörin, en í þeim kom mjög glöggt fram að áður en kjarasamningar voru gerðir nú á dögunum var kaupmáttur kauptaxta verkamanna orðinn nánast hliðstæður því, sem hann var fyrir „sólstöðusamninga," og hann var kominn um 10% niður fyrir það kaupmáttarstig sem samið var um í „sólstöðusamningunum." Það hafði gerst á þessu tímabili, eins og fram kom í svari ráðh. þegar hann svaraði hver hefði orðið hækkun framfærsluvísitölu, að það var jafngott að eiga 28 íslenska aura í „sólstöðusamningunum" 1977 og er að eiga eina krónu núna. Þannig hefur verðbólgan geisað áfram.

Hæstv. ráðh. sagði að tekist hefði að hífa kaupmáttinn upp í kjarasamningunum í haust, en eins og menn vita og birt hefur verið opinberlega í blöðum gerir Þjóðhagsstofnun ráð fyrir að kaupmátturinn rýrni á næsta ári eigi minna en 5—6%.

Ég vil taka undir það með hæstv. ráðh. að það er mergur málsins núna að varðveita kaupmátt launa. Það þýðir náttúrlega að gera verður ráðstafanir í efnahagsmálum þannig að hægt sé að koma í veg fyrir þá óðaverðbólgu sem hér geisar. En hæstv. ráðh. lét ekki svo lítið að upplýsa okkur og það hefur ekki verið hægt að fá upplýsingar um það hér á hinu háa Alþingi, hvernig hæstv. ríkisstj. hugsar sér að gera þetta. Niðurtalningin er enn á stefnuskrá hennar og það eina sem við fáum að vita um ráðstafanir hennar og stefnu í efnahagsmálum, en hún hefur gefist eins og raun ber vitni og Þjóðhagsstofnun spáir hvorki meira né minna en 70% verðbólgu á næsta ári frá upphafi árs til ársloka að óbreyttri stefnu í efnahagsmálum.

Ég skal ekki fjölyrða frekar um þetta. En það eru mjög athyglisverðar upplýsingar sem hér hafa komið fram. *Meginefni þeirra er að* það hefur orðið veruleg kjararýrnun á þessu tímabili og nú eru slagorðin „kosningar eru kjarabarátta" og „samningana í gildi" dauð.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hafa komið þessari fsp. á framfæri og sömuleiðis hæstv. ráðh. fyrir svör hans, sem eins og hv. fyrirspyrjandi benti á leiða í ljós að fjarri fer að haldið hafi verið loforðið um „samningana í gildi." Það er afsakað með versnandi viðskiptakjörum. Á móti versnandi viðskiptakjörum — sem þykja að vísu alvarleg staðreynd — um 15% á tveim árum er gert lítið úr því, að á árunum 1974 og 1975 versnuðu viðskiptakjör um 25—30% og þess vegna var eðlilegt að nokkurn tíma þyrfti í viðskiptakjarabata áður en unnt væri að rétta við kaupmátt launa á þeim árum. En viðskiptakjararýrnun á árunum 1979 og 1980 skýrir ekki hvernig á því stendur, að ekki hefur verið haldið loforðið „samningarnir í gildi" og að kaupmáttur er nú 10% minni en hann var fyrsta ársfjórðung eftir „sólstöðusamninga" vegna þess að þjóðarframleiðslan hefur þó vaxið á þessum tíma og þjóðartekjur á mann eru taldar vera álíka á þessu ári og á árinu 1977. Þess vegna ætti kaupmáttur tímakaups og halda í við það.

Ég vildi aðeins benda á að viðskiptakjararýrnunin nú er ekki skýring eða afsökun fyrir að Alþb. hefur ekki staðið við óskertan kaupmátt launa og haldið samningum *í gildi.*

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Kjarni þessa máls er sá, að á þeim tíma, sem nú er liðinn af árinu, og 1979 hefur íslenska þjóðin orðið fyrir stórfelldu áfalli af hækkuðu verði innfluttra olíuvara, og það er auðvitað fásinna og fjarstæða að ætla sér að horfa fram hjá því og segja: Þetta er enginn vandi, þetta er einfalt mál við að glíma. Ástæðan fyrir því, að kaupmáttur launa hefur rýrnað, sem ég dreg enga dul á og dettur ekki í hug, er fólgin í því, að viðskiptakjör þjóðarbúsins, að tekjur þjóðarbúsins hafa rýrnað frá því sem var.

Hv. þm. rakti hér nokkur atriði í þessum efnum og ég vil stuttlega víkja að því.

Hann talaði um kaupmátt þjóðartekna á mann. Það er rétt að kaupmáttur þjóðartekna á mann hefur aukist um 6.3% frá 1976. Það er *eitt af heilum valdaárum ríkisstj.* Geirs Hallgrímssonar. Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann á sama tíma hefur aukist um 16.5% og kaupmáttur kauptaxta hefur á sama tíma aukist um 13.9%. Það liggur einnig fyrir, að á áratugnum 1970—1980 jókst kaupmáttur ráðstöfunartekna hér í landinu á bilinu 50—60%. Þessar staðreyndir liggja hér fyrir og þær sjá allir heilskyggnir menn sem kunna að lesa sig fram úr talnadálkum.

Varðandi það atriði, hvort Alþb. hafi svikið það loforð að setja samningana í gildi, þá vísa ég því algerlega á bug. Fyrsta verk vinstri stjórnarinnar haustið 1978 með lögum um kjaramál frá 1. sept. 1978 var fólgið í því að afnema lögin frá í febr. og frá í maí 1978. Það var 1. gr. fyrstu laga þessarar ríkisstj. Hún stóð fast við það fyrirheit, að kaupránslögin voru afnumin og samningarnir settir *í gildi að öllu öðru leyti en því, að hæstu laun* opinberra starfsmanna báru samkv. þessum lögum, eins og menn muna, nokkuð skertar verðbætur. Að öllu öðru leyti voru samningarnir settir í gildi. Síðan gerist það, að teknar eru um það ákvarðanir að breyta nokkuð verðbótaútreikningi með tilliti til áfengis og tóbaks og launaliðar bóndans í visitölunni, það er tekin ákvörðun um að taka tillit til versnandi viðskiptakjara við útreikning verðbóta á laun og það er tekin ákvörðun um að hækki olíustyrkur með óbeinni skattlagningu af einhverju tagi eigi það ekki sjálfkrafa að hafa í för með

sér kauphækkanir í landinu.

Þetta er það sem hefur gerst. Þetta eru staðreyndirnar sem liggja fyrir í málinu.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Þingheimur heyrði vandlætingartóninn í hæstv. félmrh. þegar hann var að fárast yfir því, að þm. hefðu ekki nægilegan skilning á þeim erfiðleikum sem þjóðarbúið hefði orðið fyrir vegna olíuverðshækkana undanfarið. Það hefur enginn dregið í efa þá erfiðleika. En nefndi þessi þáv. hv. þm., núv. hæstv. ráðh., einu orði á þeim tíma langtum meira áfall, langtum meiri verðhækkun olíu á árunum 1973 og 1974? Hann tók þá slíkt áfall þjóðarbúsins, sem var hér um bil helmingi meira hvað viðskiptakjararýrnun snerti, ekki alvarlega. Hann hafði ekki skilning á því þá. En við í stjórnarandstöðunni núna höfum mjög góðan skilning og undirstrikum að þetta hlýtur að hafa áhrif á hag allra landsmanna.

Hæstv. ráðh. talaði í fyrri ræðu sinni um að kaupmáttarskerðingin ætti rætur sínar að rekja til Ólafslaga. Hver bar ábyrgð á Ólafslögum? Var það ekki hæstv. ráðh.? Greiddi hann ekki atkv. með þeim lögum? Og var ekki hæstv. ráðh. í síðustu ræðu sinni að tíunda þrjú eða fjögur atriði sem þau lög hefðu breytt frá samningum vinnuveitenda og launþega, „sólstöðusamningunum" sem hæstv. ráðh. lofaði að setja í gildi? Hann játaði í þessum ræðustól að hann hefði skert þá samninga, skert kaupmáttinn samkvæmt þeim samningum, hann hefði svikið loforðið um „samningana í gildi." Þetta er játning hæstv. ráðh. fyrir þingheimi og þarf ekki frekar vitnanna við.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég leyfi mér að fagna því, að hv. formaður Sjálfstfl. hefur skilning á vanda þjóðarbúsins eða a. m. k. lýsti hann því yfir áðan. Ég skal til samkomulags við hann láta það koma hér fram, þannig að það sé á hreinu af minni hálfu, að auðvitað var vandi þjóðarbúsins mikill á þeim árum sem hann nefndi. En af hverju stafaði sá vandi á árunum 1974 og 1975? Hann stafaði af stórfelldum olíuverðshækkunum sem rýrðu mjög viðskiptakjör þjóðarbúsins. Hins vegar vil ég minna hv. þm. á það, vegna þess að ég var sæmilega samviskusamur blaðalesandi á þessum tíma, að einkamálgagn hans, Morgunblaðið, hélt því mjög stíft fram á miðju ári 1974, um það leyti sem vinstri stjórnin var að fara frá, að sá vandi, sem þá væri við að glíma vegna olíuverðshækkananna, væri „smámunir." Ég man vel eftir þessu orði sem var notað í ákveðnum greinum í Morgunblaðinu á þeim tíma.

Staðan er sú sem ég lýsti hér áðan varðandi Ólafslög, og það er ljóst hverjir bera ábyrgð á þeim. Alþb. var aðili að þeirri ríkisstj. og mér dettur ekki í hug að víkjast undan ábyrgð á þeim stjórnarathöfnum frekar en öðrum. Á það vil ég hins vegar leggja ríka áherslu, að kjarasamningar hafa nú verið gerðir þar sem meðal annars er gert ráð fyrir að verðbótaákvæði Ólafslaga séu í rauninni í gildi áfram samkvæmt þeim samningum sem nú hafa verið gerðir.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Það eru athyglisverðar umræður sem verða hér vegna fsp. frá hv. fyrirspyrjanda. Það kom fram í ræðu hæstv. félmrh., að árið 1977 hefðu viðskiptakjörin verið mjög góð, síðar versnuðu þau, en þrátt fyrir það, þegar sú ríkisstj. sem þá starfaði, ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar, reyndi að bregðast við, þá var búið til slagorðið „kosningar eru kjarabarátta." Nú átti að verja launin hvað sem tautaði og raulaði. Þeir sömu aðilar og tóku síðan við völdum eftir kosningarnar 1978, meðal annarra hæstv. félmrh., settu síðan í lög 1979 að taka skyldi tillit til viðskiptakjara og nokkurra annarra atriða sem hæstv. ráðh. lýsti mjög vel og hann er stuðningsmaður við.

Nú hafa nýlega farið fram kjarasamningar og það er öllum ljóst að í kjarasamningum er aðeins því skipt sem til skiptanna er. Verði farið fram á meira í slíkum samningum gerist það eingöngu með þeim hætti að verðbólgan er látin ná endum saman. Þjóðhagsstofnun, sú stofnun sem hæstv. ráðh. minntist á í máli sínu, hefur reiknað út og sent frá sér yfirlýsingu um að verðlag komi til með að hækka um 70% frá áramótum núna til næstu áramóta. Á sama tíma stendur hæstv. félmrh. að því hér á hv. Alþ. að leggja fram fjárlög og í verðlagsforsendum þeirra fjárlaga segir að verðbólgan verði 42%.

Nú spyr ég hæstv. félmrh.: Væri ekki nær að hann kæmi hér og segði við okkur þm. og þjóðina, hvernig hann ætlar að koma þessu heim og saman og talaði á því mannamáli sem menn skilja hér í landinu? Það er sannarlega kominn tími til þess, að hann horfi fram á veginn, en horfi ekki alltaf um öxl.

Ég vil benda á að það hefur líklega aldrei verið fundið upp betra slagorð en „kosningar eru kjarabarátta" vegna þess að kjör fólksins í landinu eru mörkuð með stjórnarstefnu. Hæstv. ríkisstj., sem hér situr nú, hefur með aðgerðaleysi í stóriðjumálum orðið til þess að kjörin eru rýrð. Hún hefur með aðgerðum sínum í togarakaupamálum orðið til þess að kjörin rýrna og versna. Svo kemur hæstv. ráðh. hér upp í ræðustól og talar um eitthvað sem hefur gerst einhvern tíma og einhvern tíma. Hvernig væri að hann kæmi sér að efninu?

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég vonast til þess að hv. þm. hafi tekið eftir því, að hæstv. félmrh. sagði að það hefði verið allt í lagi að svíkja kosningaloforðið „samningarnir í gildi" með Ólafslögum vegna þess að sú skerðing hefði verið staðfest með samningum verkalýðsfélaga og vinnuveitenda nú á dögunum. Þetta var afsökun hans fyrir undangengnu samningsloforðabroti um „samningana í gildi."

Ég vildi vekja athygli á þessu og leyfi mér, herra forseti, að bæta því við, að hæstv. ráðh. eða félagi hans, hæstv. fjmrh., sagði í upphafi árs að það væri ekki grundvöllur fyrir grunnkaupshækkanir á þessu ári. Nú segir hæstv. félmrh. að hækkanir samkvæmt síðustu samningum eigi að bæta kaupmátt launa frá því sem er í dag. Sannleikurinn er sá, að Þjóðhagsstofnun spáir 5% kaupmáttarrýrnun frá þessum tíma til sama tíma næsta ár. Þessir samningar bæta því miður ekki kaupmáttinn.

Og hvað er ríkisstj. núna að fjalla um? Hún er að fjalla um hvort hleypa eigi út í verðlagið 20% hækkun landbúnaðarvara eða hvort eigi að reyna að blekkja sjálfa sig með auknum niðurgreiðslum. Ég held að hæstv. félmrh. geti ekki sannfært einn eða neinn um að kaupmáttur launa sé aðaláhugamál hæstv. ríkisstj. sem með aðgerðaleysi sínu horfir fram á sífellt rýrnandi hag launþega í landinu.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Það er ljóst að við eigum fram undan

mikinn verðbólguvanda. Um það var rætt hér á dögunum. Það þarf ekki að endurtaka það. Ríkisstj. hefur verið að kanna þá möguleika og er að fjalla um hvernig hægt sé að taka á þeim vanda. Niðurstöður eru engar í þeim efnum. En þessi athugun ríkisstj. hefur það markmið að vernda kaupmátt launanna, að vernda lífskjörin í landinu.

Það er mikill misskilningur, sem mér finnst koma fram hjá hv. 1. þm. Reykv., að kaupmáttur launa rýrni á næsta ári vegna kjarasamninganna. Sú rýrnun sem þarna er verið að tala um á kaupmætti launa, er auðvitað frá þeim kjarasamningum sem gerðir voru. Auðvitað hefði rýrnunin verið þeim mun tilfinnanlegri sem kjörin hefðu verið lakari áður en þessi ferill í kaupmættinum hefst.

En það er alveg augljóst mál af hverju þessi rýrnun á sér stað. Það er af frádráttarliðunum, sem við vorum að tala um hérna áðan, og svo líka vegna þess, að kaupmáttur launanna fer svo langt niður fyrir hvern verðbótadag að meðaltal ársins verður ekki eins gott og það þyrfti að vera og í rauninni er gert ráð fyrir að þyrfti að vera. Þetta er í raun og veru meginatriðið og meginskýringin á því, að hverju kaupmáttur launanna fer niður á árinu.

Hins vegar snýst umræðan um það núna, og um það þurfum við að ræða betur síðar, með hvaða hætti er hægt að tryggja kaupmátt launanna betur en þarna er gert. Ríkisstj. hefur lagt á það áherslu að slíkt gerist ekki nema með samkomulagi og samráði við verkalýðssamtökin í landinu. Þá umræðu ætla ég ekki að hefja hér núna.

Ég get ekki svarað hv. þm. Friðrik Sophussyni um hvaða ráðstafanir það eru sem ríkisstj. hefur á döfinni í þessum efnum. Ákvarðanir hafa ekki verið teknar, en þær eru í undirbúningi.

Það var annars ansi athyglisvert sem kom fram hjá hv. þm. Friðrik Sophussyni, að eitt af því, sem gerði það að verkum að ríkisstj. væri að skerða kaupið í landinu, væri að hún hefði ekki tekið ákvörðun um fleiri erlend stórfyrirtæki. Þetta sýnir ákaflega vel hvað klukkan slær á því heimilinu.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Upplýsingarnar halda áfram að berast okkur frá hæstv. ríkisstj. um það, að verið sé að ræða um með hvaða hætti eigi að vernda kjör launafólks í landinu, og endurteknar yfirlýsingar um það, en niðurstaða er engin. Ítrekaðar eru yfirlýsingar um að haft verði samráð við samtök verkalýðsins. Samt liggur það fyrir, að allsherjarþing verkalýðsins, haldið á fjögurra ára fresti, er nýliðið og þrátt fyrir hinar fögru yfirlýsingar var það með öllu foraktað af hálfu hæstv. ríkisstj. Umræðan snýst sem sagt um hvað gera eigi, en niðurstaða er engin og bráðum heldur hæstv. ríkisstj. upp á ársafmæli sitt. Í gær var viss örlagadagur í lífi þessarar þjóðar. Vandamálin eru gífurleg í efnahagslífi hennar. Þetta vita allir. Við þráspyrjum hér á hinu háa Alþingi, sem á kröfu á að fá að vita hvað til stendur, en svörin eru engin af því að niðurstaða er alls engin.

Settur var þó saman í ársbyrjun sáttmáli mikill, stjórnarsáttmáli, um hvernig skyldi á málum tekið. Má ég spyrja hæstv. viðskrh. eða hæstv. samgrh., form. Framsfl., hvort það sé ekki rétt munað, að aðaltillögur þeirra í efnahagsmálum heiti „niðurtalningarleiðir" og hvort þeirra sé ekki rækilega getið og þau ráð útlistuð í þessum sáttmála? Var það ekki ein leiðin sem átti að fara, og má ekki lesa, eftir því sem hæstv. forsrh. segir, úr stjórnarsáttmálanum um þær leiðir og aðferðir sem beita átti? — Samt er alls engin niðurstaða fengin í þessum hrikalegu vandamálum sem við blasa.

Ég beini þeirri eindregnu fyrirspurn til hæstv. viðskrh., hvort ekki sé rétt eftir tekið að Framsfl. hafi ítrekað lýst því yfir, að með engum og alls engum hætti hafi verið tekið til við þau ráð sem þeir helst lögðu til í sambandi við verðbólgu í landinu og kjörin yfirleitt, niðurtalningarleiðina. Er þetta ekki rétt skilið?

Við þessu vildi ég helst fá svör og að þeir kæmu nú hingað og segðu okkur frá því, hvers vegna standi þann veg á sem raun ber vitni.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Í gildandi lögum eru ákvæði um skyldur hæstv. ríkisstj. til að hafa samráð við launþegasamtökin í landinu. Hæstv. ráðh. Svavar Gestsson, nýkjörinn formaður Alþb., sagði áðan að ríkisstj. hefði mikinn áhuga á því að framfylgja þessari lagaskyldu sinni. Mér er ekki kunnugt um að hæstv. ríkisstj. hafi í nema eitt skipti haft það sem hún kallar „samráð" við verkalýðshreyfinguna í landinu. Þá bauð hæstv. forsrh. nokkrum hóp manna til síðdegiskaffidrykkju í ráðherrabústaðnum. Þar var veitt kaffi og smákökur. Þetta er eina samráðið sem við launþegasamtökin í landinu hefur verið haft síðan hæstv. ríkisstj. tók við.

Einn þm. ríkisstj. leyfði sér þá að spyrja forsrh., milli þess sem hann drakk kaffi og neytti af kökunum, hvað hann hefði hugsað sér að gera í einhverju tilteknu máli, mig minnir fyrir 1. des. Þetta mun hafa verið sá ágæti stjórnarþingmaður Alexander Stefánsson. Hæstv. forsrh. svaraði einhvern veginn á þessa lund: Ja, það er nú það. Hvað hefur hv. fyrirspyrjandi til málanna að leggja? — Þetta er samráðið hjá hæstv. ríkisstj.

Vorið 1978 var haldinn útifundur hér í Reykjavík að tilhlutan verkalýðshreyfingarinnar og páv. stjórnarandstöðuflokka vegna þess að páv. ríkisstj. hafði sett lög sem stórkostlega skertu kjarasamninga sem hún sjálf hafði skrifað upp á. Þá var hæstv. ráðh. Svavar Gestsson ritstjóri Þjóðviljans. Það væri greiði við hann og flokk hans að gefa honum leiðarann, sem hann skrifaði í Þjóðviljann, til lestrar í dag, vegna þess að þegar þessi mótmælaalda reis vorið 1978 var kaupmáttur taxtakaups undir hægri ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar meiri en hann er undir ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens með aðild Alþb.

Herra forseti. Afrek Alþb. í ríkisstj. og Framsfl. og Gunnars Thoroddsens eru þau, að kaupmátturinn fyrir síðustu kjarasamninga var minni en vorið 1978 undir íhaldsstjórn Geirs Hallgrímssonar. Það var verið að reyna að rétta þennan halla við með síðustu kjarasamningum, en Þjóðhagsstofnunin spáir því, að ef núv. ríkisstj. heldur áfram með sama aðgerðaleysinu og hún hefur viðhaft til þessa muni þeir samningar ekki leiða til annars en 5—6% kaupmáttarrýrnunar á næsta ári. Það er ekki ónýtt fyrir Alþb. að bera ábyrgð á þessu.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Hv. 4. þm. Austurl. sagði áðan að núverandi hæstv. ríkisstj. hefði foraktað þá sem sóttu Alþýðusambandsþing. Þetta er ekki rétt. Ég er að vísu ekki vanur að taka upp hanskann fyrir ráðh. hæstv. núv. ríkisstj., en ég get ekki gert annað nú því að hæstv. félmrh. kom í þinglok og bauð þingheimi öllum upp á miklar og góðar veitingar. Sjálfur efa ég ekki að gæðin hafi verið að skapi þeirra sem þar voru. Alla vega leyndu áhrifin sér ekki.

En mér þykir það merkileg yfirlýsing sem kom frá ráðh. varðandi þá staðreynd, að í raun hafi verið samið um Ólafslög í síðustu samningum, það hafi í raun verið staðfest af samningsaðilum íslenskrar verkalýðshreyfingar að þau ættu að standa eins og þau eru í íslenskum lögum í dag. Þessari fullyrðingu hæstv. ráðh. ber ekki saman við alla fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar sem komu á síðasta Alþýðusambandsþing. Það voru þó nokkur atkvæði á móti því í þingbyrjun á sínum tíma þegar örfáir voru mættir til leiks og gluggapússarinn franski fékk sín meðmæli og sína áskorun samþykkta. En það var hins vegar samþykkt einróma af nær öllum þingfulltrúum að skora á hæstv. ríkisstj. og Alþ. að fella niður umrætt ákvæði í Ólafslögum.

Hér hefur verið minnst á, að hæstv. ríkisstj. hafi lofað að hafa fullt samráð við verkalýðshreyfinguna, og Alþb. að minnsta kosti og ég held Framsfl. líka hafa jafnframt lofað því að ekkert yrði gert nema rætt yrði við þau samtök og haft fullt samráð. Er það hluti þess samráðs að ætla sér að ganga alveg á móti þeim vilja meginþorra allra launþega á Íslandi sem kom fram í þessari samþykkt þeirra á síðasta Alþýðusambandsþingi? Ég spyr.

Flugsamgöngur við Vestfirði, fsp. (þskj. 100). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason): Herra forseti. 29. maí s. l. var samþykkt hér á Alþingi svo hljóðandi þáltill., þ. e. þál. um athugun á úrbótum á flugsamgöngum við Vestfirði:

„Alþ. ályktar að fela samgrh. að láta athuga nú þegar með hvaða hætti tryggja megi sem bestar og öruggastar flugsamgöngur við Vestfirði.

Athugun þessi skal fyrst og fremst beinast að eftirfarandi:

1. Lýsingu og öryggistækjum vegna aðflugs og lendingar á Ísafjarðarflugvelli.

2. Endurbótum og lengingu á flugbrautinni við Holt í Önundarfirði og flugbrautinni í Bolungarvík með það í huga að þær gegni því hlutverki að vera varavellir fyrir Ísafjarðarflug.

3. Öryggisútbúnaði og lýsingu á Þingeyrarflugvelli.

4. Lýsingu og öryggistækjum vegna aðflugs og lendingar á Patreksfjarðarflugvelli.

Athugun þessari skal hraðað svo sem frekast er kostur."

Þessi þál. var samþ., eins og áður segir, 29. maí s. l.

Ég hef vegna þessarar samþykktar leyft mér að bera fram á þskj. 100 fsp. til samgrh. svo hljóðandi:

„Hvað líður framkvæmd ályktunar Alþingis frá 29. maí s. l. um athugun á úrbótum í flugsamgöngum við Vestfirði?"

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég vil fyrst upplýsa að eftir að þessi þál. var samþ. s. l. vor var málið sent flugráði til meðferðar, sem mun hafa beðið flugmálastjórn að sinna þessu máli, og þar hefur vinna verið í gangi að því. Sumt liggur fyrir og annað ekki, sem ég mun koma að hér á eftir. Jafnframt vil ég upplýsa að að ósk Fjórðungssambands Vestfjarða skipaði ég nefnd til að vinna að alhliða athugun á samgöngumálum á Vestfjörðum og m. a. og ekki síst hvernig þau yrðu tengd þeirri heilsugæslu sem þar eins og annars staðar er safnað á fáa staði. Sú nefnd hefur, að því ég best veit, þegar fjallað um þetta og hefur reyndar einnig óskað eftir að fá vissar upplýsingar sem ég mun einnig rekja á eftir.

Ég skal svo koma að einstökum þáttum þáltill.

Í fyrsta lagi er óskað eftir því, að athuguð verði lýsing og öryggistæki vegna aðflugs og lendingar á Ísafjarðarflugvelli. Þetta mál hefur reyndar lengi verið í athugun. Ég vil vekja athygli á því, að þegar árið 1978 var komið upp miðlínusendi í Ísafjarðardjúpi, sem er gífurlega mikill öryggisþáttur fyrir aðflug á Ísafjarðarflugvelli og kannske meiri en menn gera sér í fljótu bragði grein fyrir. Einnig var þetta sama ár komið upp fjarlægðarmæli fyrir Ísafjarðarflugvöll að Ögri. Einnig hann er mjög mikið öryggistæki. Þetta kemur hvort tveggja til viðbótar við þau tæki sem þarna voru áður. Að vísu var radarinn þar með lagður niður, enda miðlínusendirinn miklu öruggara tæki en radarinn var, en radíóviti hefur verið í Ögri áður og var nánast eina tækið til staðsetningar við aðflug að Ísafirði og alls kostar ófullnægjandi. Úr þessu hefur sem betur fer verið bætt.

Þá hefur farið fram nokkur athugun á lýsingu Ísafjarðarflugvallar. Í fyrsta lagi hefur farið fram athugun í samráði við Félag ísl. atvinnuflugmanna eða öryggisnefnd þess félags á aðflugshallaljósum á Ísafjarðarflugvelli. Því miður koma þau ekki að gagni. Til að aðflugshallaljós geti komið að gagni þarf aðflug að vera beint að brautinni nokkra fjarlægð. Eins og þeir, sem þarna þekkja til, vita er ekki um það að ræða. Aftur á móti hef ég óskað eftir því eftir nokkra athugun að gert verði ráð fyrir lýsingu á Ísafjarðarflugvelli. Að vísu upplýsir öryggisnefnd Félags ísl. atvinnuflugmanna og sömuleiðis hefur flugmálastjóri upplýst að snúningssvæði flugvéla þarna á Ísafirði sé allt of þröngt til þess að unnt sé að leyfa aðflug að Ísafjarðarflugvelli með lýsingu. Það stafar af þeim fjallahring sem þarna er fyrirstaða, en hins vegar væri unnt að leyfa umferð minni flugvéla um völlinn, og það tel ég ákaflega nauðsynlegt einmitt til þess að bæta úr því, sem ég nefndi áðan, samgöngum vegna heilsugæslustöðva. Þess vegna óskaði ég eftir þessu þegar í fyrra. Í tillögum þeim, sem flugráð sendi frá sér beint til fjvn. nú, var þetta hins vegar ekki tekið með. Ég hef skrifað fjvn. og bent á, hve nauðsynlegt þetta er vegna heilsugæslustöðvarinnar, og óskað eftir því, að þessi liður verði tekinn inn nú. — Ég vona þá að svarað sé sæmilega 1. lið.

Um 2. lið, sem fjallar um endurbætur og lengingu á flugbrautinni í Holti í Önundarfirði og flugbrautinni í Bolungarvík með það í huga að þær gegni því hlutverki að vera varavellir fyrir Ísafjarðarflug, hefur töluvert verið fjallað. Í ljós kemur að það eru til allt of litlar veðurmælingar til samanburðar. Þess vegna hefur verið óskað eftir slíkum veðurmælingum. En það verður að segjast, því miður, að það tekur nokkurn tíma. Það er ekki hægt að byggja slíkan samanburð á veðurmælingum á þessum stöðum á einum vetri. Það þarf lengri tíma til að gera sér grein fyrir því. Af viðræðum, sem ég hef átt við sérfróða menn, eru efasemdir um að Bolungarvíkurbrautin geti nokkru sinni nægt af öryggisástæðum sem varaflugvöllur fyrir Ísafjörð, a. m. k. fyrir stærri flugvélar. Því hefur athygli beinst meira að Holti, en reyndar einnig verið ákveðið að skoða Þingeyrarflugvöll í því sambandi. Þar eru til meiri veðurfarsupplýsingar og því auðveldara um samanburð. Þessi samanburður er því

í fullum gangi. Hitt er svo annað mál, að þarna þarf fleira að skoða. Það þarf að sjálfsögðu að tryggja betur en orðið er samgöngur á milli slíks flugvallar og Ísafjarðarsvæðisins.

Um öryggisbúnað og lýsingu á Þingeyrarflugvelli vil ég segja það, að þangað hefur verið keyptur fullkominn slökkvibúnaður sem að mati öryggismanna var talið það mikilvægasta fyrir þann flugvöll. Lýsing hefur verið á dagskrá. Það hagar að vísu betur til en á Ísafjarðarflugvelli að því leyti, en þó hefur á þessu stigi málsins ekki verið talið rétt að setja þar upp fasta lýsingu. Þar eru að sjálfsögðu til öryggisljós sem notast má við í neyðartilfellum. En lýsing mun þó verða á dagskrá mjög fljótlega. Aftur á móti er nú ákveðið að setja svokallaðan markvita við Göltinn eða hjá Galtarvita, sem mun stórlega bæta öryggi flugvéla sem í slæmum veðurskilyrðum þurfa að fara þar niður til lendingar á flugvellinum á Þingeyri. Jafnframt er í athugun og reyndar komið inn á áætlun að setja radíóvita við Þingeyri og þá markvita þar líka, sem mundi stórlega bæta aðflug að því leyti til, að það yrði þá styttra við sæmileg skilyrði. Hins vegar eru aðstæður þarna þær, að það er erfitt að ná vélum niður við Þingeyri í mjög slæmum skilyrðum.

Talið hefur verið rétt að láta Patreksfjarðarflugvöll ganga að sumu leyti á undan í þessum málum og kem ég þá að 4. lið þessarar þál., þ. e. lýsingu og öryggistækjum vegna aðflugs og lendingar á Patreksfjarðarflugvelli. Þar er því að svara, að nýr og fullkominn slökkvibúnaður hefur verið keyptur til Patreksfjarðarflugvallar og á Patreksfirði verður í þessum mánuði lokið við að setja upp aðflugshallaljós og aðflugsljós, þannig að sá völlur verður sá fyrsti á Vestfjörðum með slíkri lýsingu, enda aðstaða þar best í þessu sambandi.

Ég vil segja það að lokum, að flug er Vestfjörðunum ákaflega mikilvægt vegna samgönguerfiðleika á landi. Því var fullt samkomulag um að auka verulega fjármagn til flugvalla á Vestfjörðum á yfirstandandi ári, og ég vænti þess, að svo geti orðið áfram. Ég er sammála því, sem mér finnst fyrst og fremst liggja í þessari þáltill., að leggja beri höfuðáherslu á öryggismálin. Það tel ég að hafi verið gert. Það hafa verið skiptar skoðanir um lýsingu vegna erfiðrar aðstöðu. M. a. hafa flugmenn margir hverjir lagst gegn lýsingu, óttast að hún kunni að leiða til þess, að farið verði að fljúga á erfiða flugvelli við slæma aðstöðu. En vegna heilsugæslunnar er lýsingin aftur komin til athugunar og nú lögð áhersla á að fá hana, sérstaklega á meginflugvöllinn.

Um aðra flugvelli þarna ætla ég ekki að ræða, því ekki er um þá sérstaklega spurt, en vil þó geta þess, að unnið er að lengingu á vellinum á Bíldudal, þannig að hann verði af öryggisástæðum fullnægjandi, og sömuleiðis að stórbættum öryggistækjum fyrir flugvöllinn á Suðureyri, sem er einn af þeim varasömustu á svæðinu og má ekki heldur gleymast, m. a. gert ráð fyrir aðflugshallaljósum inn á þann flugvöll.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. svörin. Ég hef ýmislegt við þau að athuga að sjálfsögðu.

Hæstv. ráðh. sagði að málið hefði verið sent flugráði, að mér skildist strax. Ég hef þær upplýsingar bestar, að það hafi þá einhvers staðar týnst á leiðinni því að það mun ekki hafa komið til flugráðs fyrr en nokkuð seint, að því er ég best veit. Ég vil ekki saka hæstv. ráðh. um það. En líklega vegna þessa m. a. hefur sú athugun, sem vinna átti svo fljótt sem auðið væri, farið seinna í gang en ella. Hæstv. ráðh. segir að vinnan sé nú í gangi. Ég rengi hann ekki. En út af þeirri nefnd, sem hæstv. ráðh. nefndi hér, á vegum Fjórðungssambandsins, sem hann hafði óskað eftir að gerði endurskoðun á samgöngubótum að því er varðaði Vestfirði, þá var engin ástæða að mínu viti til að geyma þetta mál þeirri nefnd. Hér var um að ræða afmarkað verkefni sem Alþingi var búið að ályktа um og átti að framkvæma.

Ég dreg ekkert í efa að því er varðar miðlínusendinn og fjarlægðarmælana. Það var allt komið áður en þessi þáltill. var samþykkt.

Að því er varðar lýsinguna frá sjónarhóli flugmanna má vel vera að þeir telji ýmis vandkvæði öryggisins vegna á því að lýsa Ísafjarðarflugvöll. En meginástæðan fyrir þessari þáltill. er að fá úr því skorið hvort og þá með hvaða hætti hægt sé að tryggja betur samgöngur við þennan landshluta sem er svo til einangraður langtímum saman, byggir að verulegu leyti vetrarmánuðina einvörðungu á flugsamgöngum og þær geta lagst niður, eins og hér hefur margoft verið komið inn á og vakin athygli á, ekki svo dögum skiptir, heldur svo vikum skiptir án þess að nokkrar samgöngur séu við t. d. nyrðri hluta Vestfjarða.

Varðandi skrif hæstv. ráðh. til fjvn. hafa fjvn. ekki mér vitanlega borist nein tilskrif frá hæstv. ráðh. að því er þetta varðar. Það mun þá vera á leiðinni. Það er ekki komið það ég best veit. (Gripið fram í.) Kannske er það einhvers staðar í kerfinu. En það hefur ekki komið til fjvn. að því er ég best veit.

Varðandi Bolungarvík og veðurmælingar þar, sem eru allt of litlar að því er hæstv. ráðh. segir og taki nokkurn tíma að fá úr því skorið, hvað þar sé um að ræða, vil ég aðeins segja að hefði þessi þáltill. verið samþykkt fyrir um þremur árum, þegar hún var fyrst borin fram hér á Alþ., lægju væntanlega fyrir núna niðurstöður þeirra veðurmælinga sem til þyrfti. En eins og þingheimur veit beitti hæstv. ráðh. sér gegn því, að þetta mál næði fram að ganga, fyrir þremur árum.

Ég hef í sjálfu sér ekki miklu við þetta að bæta. Ég tek undir það með hæstv. ráðh. að vissulega þarf að sinna fleira en í þessari þáltill. er tekið á að því er varðar flugsamgöngur við Vestfirði. Að sjálfsögðu er það fagnaðarefni, að bæði er unnið að lagfæringu á flugbrautinni á Bíldudal og vonir standa til þess, að fjármagn fáist til að gera Suðureyrarflugvöll betur úr garði en er nú. Mér er tjáð, og dreg það ekki í efa, að hann sé einn af þeim flugvöllum vestra sem er hvað hættulegastur og því brýn nauðsyn að lagfæra hann. En ég ítreka að ég vænti þess, að hæstv. ráðh. líti svo á þetta mál að niðurstöður að því er varðar innihald þáltill., sem Alþ. hefur tjáð sig um og samþykkt, liggi fyrir á komandi ári þannig að hægt verði að snúa sér að því að gera þær úrbætur í flugsamgöngum við Vestfirði sem nauðsynlegt er að gera til að tryggja Vestfirðingum eðlilegar samgöngur við aðra landshluta.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég tek undir mikilvægi þess að hefjast handa í þeim efnum sem fsp. fjallar um, en ég kveð mér hér hljóðs eingöngu vegna þeirra orða hæstv. ráðh., að hann hafi skipað nefnd til að gera athugun á samgöngumálum Vestfirðinga með tilliti til heilsugæslu. (**Sjútvrh.:** Meðal annars.) Meðal annars, já.

Ég vil beina þeim tilmælum til hæstv. samgrh., að það

er kannske jafnframt og ekki síður mikilvægt að sinna heilsugæslu Vestfjarða en samgöngunum. Heilsugæsluverkefni er þannig sinnt á Vestfjörðum að fullbúin er heilsugæslustöð á Patreksfirði, en vantar að verulegu leyti öll áhöld til hennar, en á Ísafirði hafa framkvæmdir svo að segja verið stöðvaðar. Það hefur verið leikið tvö ár í röð að bjóða út fyrir þau framlög sem eru á fjárlögum þegar árið er næstum því á enda. Þar með er framkvæmdafé látið brenna upp í báli verðbólgunnar. Og nú er svo háttað þessum málum að engu er svarað, sem fram kemur frá heimamönnum, af Innkaupastofnun ríkisins. Ég vil beina þeim tilmælum til hæstv. samgrh., hvort hann vilji ekki vegna þess að heilbrrh. er ekki við eða fjmrh., taka þessi mál upp í ríkisstj. og spyrjast fyrir um hvað valdi því, að framkvæmdir séu stöðvaðar með þessum hætti. Þriðja heilsugæslustöðin er á Hólmavík. Til hennar hefur ekki fengist byrjunarfé til framkvæmda nú árum saman. Vona ég að menn átti sig á því við afgreiðslu fjárlaga að svo búið má ekki standa lengur.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Sem flugráðsmaður vil ég gjarnan upplýsa að af samtals 2 milljörðum og 100 millj. kr., sem flugráð hefur gert tillögur um vegna verklegra framkvæmda á sviði flugmála á komandi ári, eru tillögur um 396 millj. til Vestfjarða, og ég held að ég megi segja að allar þær tillögur sem borist hafa flugráði frá þm. og ráðh., hafi verið teknar þar til greina. Því til viðbótar höfum við í flugráði gert tillögur um flugstöðvarbyggingu á Þingeyri og flugbrautarlengingu á Flateyri. Ef þessar tillögur okkar verða samþykktar til viðbótar við það, sem flugráð leggur þegar til, fer framlagið líklega upp í 450—500 millj. kr. Ég held því að í flugráði hafi verið tekið tillit til óska þm.

En það er eitt sem ég vil undirstrika nú. Þær óskir, sem hafa borist frá Vestfjarðaþingmönnum, hafa ekki hlotið neinn forgang. Við höfum tekið til greina óskir þm. og óskir, sem hafa komið til okkar, skulum við segja, í flugráði, að eins miklu leyti og við höfum mögulega getað. Það hefur verið stefna mín í flugráði, og ég leyfi mér að segja okkar þm. sem þar erum, að reyna að taka eins mikið tillit til þeirra óska, sem berast frá þm. til flugráðs, og mögulegt er. Ég hef þá reynslu síðan ég kom hér til starfa, að eftir að fjárlög eru samþykkt af ríkisstj. hafa komið fram tillögur um að bæta við hér og bæta við þar. Ég tel því betra að hafa allar þessar tillögur inni frá upphafi þannig að þm. geti staðið saman við gerð fjárlaganna, en komi þá ekki með kröfur eftir að fjárlög hafa verið samþykkt.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég átti satt að segja ekki von á öðru en hv. þm. Karvel Pálmason hefði sitthvað við svör mín að athuga, eins og mér finnst ég hafa heyrt áður hér í þinginu og verður seint svo að hann verði alveg ánægður með svörin. Það er ekkert við það að athuga. En ég vil aðeins upplýsa út af því, sem kom fram hjá honum, að bréfið fór frá rn. 4. júlí. Það er skjalfest. Ég verð að viðurkenna að ég hef heyrt að það hafi eitthvað velkst á milli manna þarna, flugráðs og flugmálastjórnar, en 4. júlí fór það frá rn.

Ég vil jafnframt segja að ég hef tekið þátt í ítarlegum umræðum um öryggismál flugsins á Vestfjörðum, því að við Vestfjarðaþingmenn þekkjum það ekki síst og vitum hvað þar er víða varhugavert flug, og mér hefur þótt ég fá mjög góðar undirtektir undir það bæði hjá flugmálastjóra og hjá flugráði. Ég held því að það sé fullur skilningur á þessu þar. Hitt er svo annað mál, að það er ætíð spurningin hvað er hægt að hrinda miklu í framkvæmd á skömmum tíma. En ég veit að hv. þm., a. m. k. Vestfjarðaþm., hafa aðgang að samanburði sem fjórðungssamband Vestfjarða gerði á fjárveitingum, og þar munu þm. geta séð að veruleg aukning varð til flugmála á Vestfjörðum á þessu ári.

Eins og ég sagði áðan hefur flugráð ætíð tekið þessum málum vel. En ekki voru allar tillögur mínar teknar með því að ég mælti fyrir því alveg sérstaklega á fundi með flugráði að lýsing á Ísafjarðarflugvelli yrði tekin inn af þeim ástæðum sem ég hef rakið, vegna heilsugæslustöðvarinnar. Flugráð sá sér ekki fært að taka það með í sínar tillögur. Það stafaði af því, að það komu aðrir liðir inn, og flugráð mat þá eflaust enn mikilvægari. En ég hef skrifað fjvn. bréf og ég held að það hljóti að verða hjá fjvn., ef ekki í dag, þá á morgun, ég trúi ekki öðru, því að ég hef a. m. k. skrifað undir það og það er farið frá mér, þar sem ég gerði þessa aths. og benti á mikilvægi lýsingar á Ísafjarðarflugvöll af þessum ástæðum.

Nefndin, sem ég hef skipað, er skipuð að ósk Fjórðungssambandsins. Mér fannst ástæða til að biðja hana einnig að skoða þetta mál af því að þetta er svo stór þáttur.

Mér er vel kunnugt um það, sem hv. 1. þm. Vestf. sagði um heilsugæslumálin, og skal með ánægju gera mitt til að vekja athygli á því. Hitt er svo annað mál, að ég hef barist við þetta kerfi bæði sem ráðh. og þm. árum saman og mér hefur ekki gengið vel, verð ég að viðurkenna. (**Gripið fram í:** Eigum við ekki að afnema það?) Ég er til í það, jú. Eigum við ekki að rugla saman reytum okkar í því skyni?

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason): Herra forseti. Það eru örfá orð út af þeim upplýsingum sem hv. þm. Albert Guðmundsson gaf áðan. Hann gat þess, að það hefði verið tekið tillit til allra óska sem borist hefðu frá þm. og ráðh. Hæstv. ráðh. var að upplýsa núna að ekki hefði verið tekið tillit til óskar hans varðandi ljós á Ísafjarðarflugvöll. Svo sagði hv. þm. Albert Guðmundsson að í tillögum flugráðs væri gert ráð fyrir flugstöð á Þingeyri og flugbraut og ljósum á Flateyri. Engar slíkar tillögur hafa borist fjvn. frá flugráði og höfum við þó fengið lista frá flugráði yfir þær fjárveitingar sem það leggur til að fari til þessara mála. Á þeim lista er hvorki flugstöð á Þingeyri né flugbrautarljós á Flateyri.

Þetta vildi ég láta koma fram. Vel má vera að þetta eigi eftir að koma, en enn sem komið er hefur fjvn. ekki séð slíkar tillögur.

Tilkynningarskylda íslenskra skipa, fsp. (þskj. 100). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja hér fram þrjár spurningar til hæstv. samgrh. Það er í fyrsta lagi: Hvað hefur ríkisstj. gert til þess að gera Landssíma Íslands kleift að sjá um að *til séu strandstöðvar til að framfylgja lögunum um tilkynningarskyldu íslenskra skipa?*

Í lögum frá 13. maí 1977 segir að Landssími Íslands skuli sjá um að strandstöðvar séu til móttöku þessara tilkynninga og áframhaldandi sendingar þeirra til eftirlitsmiðstöðvar. Landssíminn skal einnig sjá um að

skipum á þeim hafsvæðum hér við land, sem búa við mjög slæm móttökuskilyrði, verði bætt aðstaðan með uppsetningu nýrra strandstöðva. Hér er um bein fyrirmæli að ræða.

Nú eru liðin þrjú og hálft ár frá því að þessi lög tóku gildi. Það hefur margt verið vel gert í þessum efnum. Slysavarnafélag Íslands hefur gert hverja samþykktina eftir aðra og skorað á stjórnvöld að ljúka þessum framkvæmdum sem allra, allra fyrst. En þó að vel hafi verið unnið á vissum svæðum eru einkum þrjú svæði þar sem ekki er hægt að segja að Landssíminn geti annast þessa sjálfsögðu skyldu, en það er að tryggja metrabylgjusamband á hafsvæðinu við sunnanverða Vestfirði og á djúpmiðum Breiðafjarðar og að tryggja metrabylgjusamband fyrir Norðvesturlandi frá Almenningum að Horni um Skagafjörð að Húnaflóa.

Tvær seinni spurningarnar fjalla um þetta atriði. Hvenær verður ráðist í þessar framkvæmdir til þess að það sé tryggt að lögum sé fullnægt? Bátar á Húnaflóa og á þessu svæði öllu, sem ég hef hér gert að umræðuefni, geta ekki staðið við skuldbindingar um tilkynningarskyldu vegna þess að til þeirra heyrist ekki. Hér er orðið um það brýnt mál að ræða að ekki er hægt að una því, að beðið sé lengur með úrbætur hvað snertir þessi tvö svæði.

Ég get í leiðinni, þó ég spyrji ekki beint um það, bent á þriðja svæðið sem líkt er ástatt um, þ. e. að tryggja metrabylgjusamband út af Héraðsflóa og við sunnanverða Austfirði á milli Nesradíós og Hornafjarðarradíós. Það eru þessi þrjú svæði sem eru algjörlega á eftir. Rétt er að vekja líka athygli á því, að einmitt á svæði eins og Húnaflóasvæðinu er mikið um smábáta sem ekki geta komið tilkynningum um staðsetningu frá sér og því er mjög mikilvægt öryggismál að koma metrabylgjusamböndum upp á þessum svæðum. Vænti ég þess, að hæstv. ráðh. geti nú svarað, hvenær það verður gert, og þá jafnvel um leið, hvað þessar úrbætur koma til með að kosta mikið fé fyrir hvort svæði um sig.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég vil segja það í upphafi máls míns, að ég tel ákaflega mikilvægt að ljúka sem allra fyrst þeim framkvæmdum sem hér er spurt um. Er um öryggismál að ræða sem alls ekki má dragast. Og ég vil segja það strax, að þegar ég fór yfir framkvæmdir Pósts og síma í vor lagði ég á það ríka áherslu að þessar framkvæmdir yrðu látnar ganga fyrir eins og frekast væri unnt þrátt fyrir niðurskurð sem varð að gera á framkvæmdum Pósts og síma vegna fjárskorts. Ég hef því í tilefni fsp. óskað eftir því, að Póstur og sími upplýsti hvað þessu liði, og skal svara fsp. með tilvísun til þess.

Fsp. á þessu þskj. fjallar um framkvæmd laga um tilkynningarskyldu íslenskra skipa með því að tryggja metrabylgjusamband fyrir Norðvesturlandi, Vestfjörðum og Breiðafirði, en greinist síðan í þrjár spurningar almenns og sérstaks eðlis.

Um strandstöðvar póst- og símamálastjórnarinnar almennt má segja að unnið hafi verið að endurnýjun og aukningu undanfarin ár eins og fé hefur fengist, og hefur fjöldi metrabylgjustöðva sérstaklega verið aukinn. Í ár mun fjárfestingin nema 170 millj. kr. og á framkvæmdaáætlun 1981 er gert ráð fyrir 380 millj. kr. í þessu skyni. Jafnframt þurfa allar strandstöðvar að vera útbúnar til fjarskipta á einhliða bandi fyrir árslok 1981 samkv. alþjóðasamþykktum. Stefnt er að því að auka og bæta tækjabúnað núverandi strandstöðva m. a. með fjölgun fjarstýrðra senda og viðtækja, en slíkt hefur orðið gerlegt fyrir þá aukningu sem átt hefur sér stað í símalínukerfinu um landið. Þetta má segja um hinar almennu endurbætur á þessu sviði og kemur fram í þessu svari að þær eru víðtækar.

Þörfin á endurbótum er á öllum stöðum og að því stefnt að þeim verði lokið fyrir árslok 1981. En um hin einstöku svæði, sem vikið er að í fsp., skal tekið fram að á framkvæmdaáætlun póst- og símamálastjórnarinnar fyrir 1981 er gert ráð fyrir metrabylgjustöð á Austurnúpi á Skaga, sem þjóna mun Norðvesturlandi frá Almenningum að Horni um Húnaflóa og Skagafjörð. Vegna Breiðafjarðarsvæðisins skal upplýst, að gert er ráð fyrir því og reyndar verið að ljúka við að reisa örbygljustöð á Kleifaheiði. Hún er hluti af símalínukerfi sem mun stórauka línufjölda til Vestfjarða. Metrabylgjustöð sú, sem nú er á Patreksfirði, mun alveg á næstunni flutt í þessa örbylgjustöð og þá mun metrabylgjusamband vera tryggt á hafsvæðinu við sunnanverða Vestfirði og á djúpmiðum Breiðafjarðar.

Ég vil jafnframt geta þess, þó ekki sé sérstaklega að því spurt, að lokaverkefnið að mati Pósts og síma í uppbyggingu slíks kerfis umhverfis landið allt, sem er stöð á sunnanverðum Austfjörðum, er einnig á framkvæmdaáætlun 1981 og mun sú stöð verða á Hafnarnesi við Fáskrúðsfjörð.

Í máli fyrirspyrjanda kom fram, að hann óskaði eftir sundurliðun á kostnaði við þessi einstöku verkefni. Því miður er ég ekki með hana hér, en get að sjálfsögðu aflað hennar. Ég var með heildarkostnaðartölur fyrir endurbætur á svæðinu á öllu kerfinu. Jafnframt er þess að geta, að sumt af þessu er tengt almennum endurbótum á símakerfinu, eins og t. d. stöðin á Kleifaheiði, og verður ekki aðskilið frá því. En ef hv. fyrirspyrjandi óskar sundurliðunar á kostnaðartölum er velkomið að útvega þær og get ég gert það fljótt.

Stefán Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. 1. þm. Vestf. fyrir að hreyfa þessu máli hér, en hann varð mér þar aðeins fyrri til.

Ástand þessara mála á Skagafirði og Húnaflóa ásamt miðunum þar út af er vægast sagt svo slæmt að við svo búið má vart standa öllu lengur. Hér er um mikið öryggismál að ræða fyrir þá er sjósókn stunda og óviðunandi að þurfa að búa við slíkt öryggisleysi sem hér um ræðir.

Samkv. skipaskrá eru um 40—50 bátar á Skagafjarðar- og Húnaflóasvæðinu sem róa meira og minna á innmið. M. a. er þar um rækjubáta að ræða. Þessir bátar þurfa að inna af hendi tilkynningarskyldu og njóta ýmissar þjónustu, eins og gefur að skilja. Þegar dimmt er orðið hafa þessir bátar alls enga möguleika á að hafa samband við Siglufjarðarradíó vegna erfiðra skilyrða á millibylgjum, eins og kom reyndar fram áðan hjá hv. fyrirspyrjanda.

Eins og ég sagði er þetta ástand algerlega óviðunandi og verður að bregða skjótt við og koma upp örbylgjustöð yst á Skaga. Ég fagna því sem hér kom fram frá hæstv. sjútvrh., þar sem hann skýrði frá því að nú væri ákveðið að koma slíkri stöð upp á komandi ári. Hér er um mikið öryggismál sjófarenda að ræða. Ég treysti því, að það standi, sem hæstv. sjútvrh. sagði, og við sjáum framkvæmdir á komandi ári, a. m. k. á þessu svæði sem ég gerði að umræðuefni, en þar þekki ég einna best til.

Fyrirspyrjandi (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. samgrh. svör hans við þessum fsp. og hefði haft af því ánægju að fá upplýsingar síðar um sundurliðun kostnaðar í sambandi við þessar framkvæmdir.

Samkv. þessu svari er ætlað að á næstunni verði búið að framfylgja lagaskyldunni svo að hægt sé að framkvæma tilkynningarskyldu íslenskra skipa með því að tryggja metrabylgjusamband fyrir þessi þrjú svæði. Í svari ráðh. segir hann að það muni verða gert í síðasta lagi á árinu 1981, og ber að fagna því. En ástandið, sem þarna er og hefur verið, hefur verið vandræðaástand og mikið öryggisleysi fyrir sjófarendur á þessu svæði.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Ég þakka hv. 1. þm. Vestf. fyrir að hafa borið fram þessa fsp. Hún er viss áréttíng á þáltill. sem er til umfjöllunar í þinginu og flutt er af okkur Pétri Sigurðssyni í sambandi við strandstöð á Gufuskálum.

Ég varð fyrir vonbrigðum með það svar sem hér birtist og sjútvrh. flutti. Ég bjóst við að þessi mál stæðu betur en þar kom fram, og ég harma ef á að fara að leysa þessi mál, þ. e. metrabylgjukerfið í kringum landið, með fjarstýrðum stöðvum. Við skulum bara láta okkur detta í hug hvað hefði skeð ef hefði þurft að nota slíkar stöðvar á Austfjörðum í gær, hvaða möguleikar hefðu verið til þess að leysa vandamál slysavarna eða tilkynningarskyldu í gegnum fjarstýrðar stöðvar þegar allar símalínur voru bilaðar. Ég vil láta það koma fram, að mín skoðun og margra þeirra, sem að slysavarnamálum vinna, og margra sjómanna er sú, að það sé alls ekki verið að leysa þessi vandamál með því að byggja einhvers staðar fjarstýrðar stöðvar. Sú hugmynd Landssímans að leysa þessi mál með því að byggja fjarstýrða stöð t. d. fyrir Breiðafjörð á Kleifaheiði er alls ekki til þess að leysa þau vandamál sem bent er á í þáltill. okkar Péturs Sigurðssonar um strandstöð á Gufuskálum.

Með því að hugsa til þess, sem á sér stað í sambandi við rafmagnstruflanir og annað þess háttar, þó ekki sé rætt um bilanir á þeim stöðvum sem á að fjarstýra, liggur það fyrir að öryggið, sem þær veita, er lítið. Ef á að ætlast til þess, að þessum öryggismálum verði fullnægt, verður að gera það með strandstöðvum sem byggðar eru upp án þess að þær séu fjarstýrðar frá stöðvum langt í burtu, í þessu tilfelli frá stöð sem yrði í Reykjavík. Ég tek ekki undir að það sé verið að leysa það öryggismál, sem er uppsetning metrabylgjunnar umhverfis landið, með því að koma upp fjarstýrðum stöðvum á Hafnarnesi og á Kleifaheiði og Skaga. Ég vænti þess að það verði litið til annarra lausna og þessum málum komið í lag á öðrum grundvelli en þeim, að það verði byggt á fjarstýrðum stöðvum.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil eins og aðrir, sem hér hafa tekið til máls, þakka hv. 1. þm. Vestf. fyrir að hafa vakið athygli á þessu máli, og ég harma um leið að aðrir, sem ætluðu að vekja athygli á málinu, voru ekki nógu fótfráir. En öll orð, sem hér hafa fallið, ber að sama brunni, að lögin um tilkynningarskyldu eru hin þýðingarmestu fyrir öryggi þeirra, sem stunda fiskveiðar hér í kringum land, og reyndar miklu fleiri aðila. Í þeim lögum var skýrt kveðið á um hvernig ætti að ná þessu markmiði þannig að tilkynningarskyldan yrði virk, og það var með kerfi slíkra stöðva sem hv. síðasti þm. gat réttilega um. Ég tek undir hans orð um það. Ég hef ekki ótrú, slíkt má ekki segja í dag, á þeim framförum sem verða í tæknimálum á hverjum degi, má segja. Það má vera að hægt sé að leysa þetta á þann hátt sem Landssíminn vill leysa það. Ég er hins vegar hræddur um að það náist ekki fyrst um sinn að leysa það sem tillögumaður að umræddri þáltill., sem talaði hér áðan, vill leysa og ætlast var til að leyst yrði með lögum um tilkynningarskyldu íslenskra skipa.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég vil endurtaka það sem ég sagði áðan, að hér er um öryggismál að ræða og ber ekki að fórna þar neinu. En ég vil taka undir það sem hv. síðasti ræðumaður sagði: Ég held að það sé dálítið varasamt að vísa á bug fjarstýrðum stöðvum. Í svari mínu sagði ég að aukið yrði öryggi m. a. með fjarstýrðum tækjum. Ég vil vekja athygli á því, að með því radíósambandi, sem verið er að setja nú á frá Stykkishólmi að Kleifaheiði, er fjölgað línum á því svæði, ef ég man rétt, úr 12 í yfir 100. Þar er því orðin allt önnur aðstaða en áður var. Ég skal með ánægju grennslast eftir því hjá Pósti og síma, hvort ætla megi að öryggi sé á einhvern máta fórnað með þessu. En ég held að þau séu svo gífurlega miklar framfarir í þessum fjarskiptum að ekki beri að hafna fjarstýrðum stöðvum nánast nafnsins eins vegna, af því að þær eru fjarstýrðar.

En ég skal með ánægju — og tel það skyldu mína reyndar — grennslast fyrir um hvort einhverju sé með þessu móti fórnað.

Ingólfur Guðnason: Herra forseti. Eins og aðrir, sem hér hafa tekið til máls, vil ég þakka fyrirspyrjanda, hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni.

Hér er um mjög mikilvægt mál að ræða fyrir þá sem það varðar. Ég fagna því, að það eru væntanlegar úrbætur á þessu sviði, og vonast til þess, að þær verði gerðar á öruggan hátt. En til þess að undirstrika mikilvægi þess, að úrbætur fáist á þessu sviði, og til þess að undirstrika það ófremdarástand, sem ríkir á þessu sviði, ætla ég til skýringar að geta þess, hvernig þetta er í minni heimabyggð.

Frá Hvammstanga verða bátar að sigla í klukkutíma áður en þeir eiga þess kost að láta vita, að þeir séu farnir á hafið og á sama hátt geta þeir síðast látið vita af sér þegar þeir eiga klukkutíma siglingu eftir í land. Þetta eru smáir bátar sem eru gerðir út frá Hvammstanga, en það eru einnig gerðir út bátar frá Blönduósi. Það eru einmitt þessa dagana líklega sjö bátar sem róa frá Hvammstanga. Þetta eru yfirleitt litlir bátar. Í skammdeginu og illum veðrum getur eitt og annað gerst á einum klukkutíma. Mér er einnig sagt að aðeins tveir bátar, sem róa frá Hólmavík, hafi það sterkar stöðvar að þeir geti látið vita af sér úr heimahöfn.

Ég segi þetta aðeins til að undirstrika, hversu alvarlegt ástandið er, og þakka aftur hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni fyrir að hafa flutt þessa fyrirspurn.

Varaflugvöllur fyrir millilandaflug, fsp. (þskj. 107). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Bjarnason): Herra forseti. Tilefni þess, að ég leyfi mér ásamt hv. þm. Árna

Gunnarssyni að bera fram á þskj. 107 fsp. til hæstv. samgrh. um varaflugvöll fyrir millilandaflug, er að í fréttum dagblaða fyrri nokkru er sagt frá blaðamannafundi sem flugmálastjóri, Agnar Kofoed Hansen, boðaði til mánudaginn 10. nóv. s. l. Þar kom m. a. fram, að nú bæri nauðsyn til að ákveða, hvar varaflugvöllur fyrir millilandaflug skyldi vera, og hefjast án frekari tafar handa um framkvæmdir við hann. Þá er einnig greint frá því, að nefnd hafi verið kosin til að fjalla um málið og hún hafi nú skilað áliti um hvaða flugvöll bæri að velja til að gegna greindu hlutverki. Formaður þessarar nefndar er Jóhannes Snorrason yfirflugstjóri.

Í frétt Tímans 11. nóv. segir orðrétt, með leyfi forseta: „Jóhannes Snorrason sagðist persónulega hafa skrifað bæði Ragnari Arnalds og Steingrími Hermannssyni um nauðsyn þess að ákveða varaflugvöll fyrir millilandaflugið. Nú væri búið að ákveða völlinn, en ýmislegt þyrfti samt að gera við hann til þess að hann væri gjaldgengur sem slíkur."

Vegna þess sem hér er sagt frá, að búið sé að ákveða völlinn, án þess að gera nánari grein fyrir ákvarðanatöku, svo og vegna annarra atriða í fréttum þessum höfum við leyft okkur að bera fram svo hljóðandi fsp.:

„1. Hvaða aðila ber að taka ákvörðun um varaflugvöll fyrir millilandaflug, sé þess talin þörf?

2. Hefur slík ákvörðun verið tekin og ef svo er, hverjar eru meginforsendur hennar?

3. Hafi ákvörðun ekki verið tekin, er hennar þá að vænta? Hvaða staðir koma helst til greina og hver eru aðalrökin með og móti hverjum þeirra?"

Fyrir nokkrum árum, nánar tiltekið 23. jan. 1976, skipaði samgrh. nefnd til að gera úttekt á íslenskum flugvalla- og flugöryggismálum í heild. Nefndin skilaði skýrslu um niðurstöður sínar og tillögum til ráðh. 30. nóv. 1976. Nefnd þessi fjallaði nokkuð um hugsanlegan varaflugvöll fyrir millilandaflugið án þess þó að kveða endanlega upp úr um æskilegasta staðinn. Taldir eru upp sex hugsanlegir flugvellir, þ. e. Reykjavík, Sauðárkrókur, Akureyri, Húsavík, Egilsstaðir og Höfn í Hornafirði. Síðar í ályktuninni segir svo, með leyfi forseta:

„Fyrir stórar millilandaflugvélar, t. d. DC-8-63, koma aðeins þrír framangreindra flugvalla til greina, einkum með tilliti til aðflugsskilyrða og þróunarmöguleika flugbrauta. Vellir þessir eru Sauðárkrókur, Húsavík og Egilsstaðir (Snjóholt)."

Þá er í skýrslu nefndarinnar gerð nokkur grein fyrir veðurfarsathugunum á þessum flugvöllum og reiknað út nýtingarhlutfall sem er svo líkt að ekki er gert ráð fyrir að veðurfarsþátturinn muni hafa áhrif á val flugvallarstæðisins. Hins vegar mun áætlaður fjárfestingar- og rekstrarkostnaður flugvallarins verða algerlega afgerandi við ákvarðanatöku. Ég vek sérstaka athygli á því, að í þessari skýrslu er veðurfarsþátturinn ekki talinn skipta sköpum, sem hins vegar virðist valda mestu og e. t. v. ráða úrslitum um þá ákvarðanatöku sem nú er sögð brýn, ef dæma má af áðurgreindum blaðafréttum. Ég leyfi mér enn að vitna til fyrrgreindrar skýrslu, en þar segir, með leyfi forseta:

„Gerð varaflugvallar fyrir stórar millilandaflugvélar er fyrst og fremst hagkvæmnisatriði við flugrekstur slíkra flugvéla, þ. e. hvort hagkvæmara sé að flytja aukaeldsneytisbirgðir fyrir flug til varaflugvallar í Skotlandi eða reka slíkan flugvöll á Íslandi. Nefndinni er ekki kunnugt um að fyrir liggi beiðni Flugleiða hf. eða annarra flugfélaga um gerð slíks flugvallar. Berist stjórnvöldum slík beiðni, er rétt að gerð verði nánari samanburðaráætlun um fjárfestingar- og rekstrarkostnað hinna þriggja flugvalla og sú lausn valin, sem hagkvæmust teldist."

Þetta var úr áliti nefndarinnar sem starfaði á árinu 1976. Síðan hafa litlar umræður orðið um þetta mál, a. m. k. opinberlega, og okkur fyrirspyrjendum hefur ekki verið ljóst að málið væri á því stigi sem virðist hafa komið fram á fyrrgreindum blaðamannafundi. Með breytingum á flugvélakosti undanfarin ár hljóðnuðu þær raddir sem mesta ástæðu og þörf töldu fyrir varaflugvöllinn, og nú er útlit fyrir verulegan samdrátt í millilandaflugi, svo sem alþjóð er að sjálfsögðu ljóst eftir allar umræðurnar um vanda Flugleiða. Það kann að vera að sá vandi væri ekki alveg eins stór og raun ber vitni hefði hér á landi verið til vel búinn varaflugvöllur fyrir millilandaflugið og vélar félagsins því nýst betur, en líklegt er þó að slíkt hefði ekki skipt sköpum þar eð lendingargjöld og önnur flugvallagjöld á aðalflugvelli, þ. e. í Keflavík, hefðu orðið að vera hærri til að standa straum af rekstri varaflugvallarins.

En nú telur flugmálastjóri það eitt mest aðkallandi verkefni í flugmálum að koma upp nauðsynlegum varaflugvelli fyrir millilandaflugið. Vissulega ber að fagna því ef svo er í raun. Það hlýtur að fela í sér ákveðin fyrirheit um aukna flugumferð og umsvif í þessari starfsemi og síðan ýmsum þjónustugreinum sem af þessu leiðir. E. t. v. skapar slíkur varaflugvöllur aukna möguleika fyrir og áhuga hjá öðrum flugfélögum til að hafa viðkomu hér á landi á ferðum sínum um heiminn. Ég er ekki nógu fróður um þessi mál til að gera mér fulla grein fyrir slíku, en vissulega væri ánægjulegt ef svo væri.

Ég hef ekki séð tillögur þeirrar nýju nefndar, sem að undanförnu hefur starfað að þessum málum, en sé eitthvað að marka skýrslur nefndarinnar, sem starfaði 1976, og þær niðurstöður, sem sú nefnd komst að og ég hef vitnað til, þá virðist margt þurfa að athuga, sem varðar fjárfestingarkostnað, nýtingu, arðsemi og fleira hvað varðar hinn nýja eða væntanlega varaflugvöll, og því fróðlegt að heyra svör ráðherra.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Á þskj. 107 spyrja hv. 5. þm. Norðurl. e., Guðmundur Bjarnason, og hv. 6. þm. Norðurl. e., Árni Gunnarsson, um ákvarðanatöku vegna varaflugvallar fyrir millilandaflug. Ég gæti að vísu svarað þessu í mjög stuttu máli og upplýst að engin slík ákvörðun hefur verið tekin, en tel þó rétt að fara fáeinum orðum um þessa fsp., þótt almenns eðlis verði.

Ég geri ráð fyrir því, eins og reyndar kom fram í spurningu hv. þm., að kveikjan sé þær fréttir sem nýlega hafa birst um nauðsyn á byggingu slíks varaflugvallar. Reyndar má segja að það sé ekki nýtt. Það hefur oft verið á þetta bent og réttilega verið á það bent, að ef slíkur varaflugvöllur væri fyrir hendi hefði hann getað sparað, t. d. í millilandaflugi okkar, mjög mikið fjármagn fyrir flugfélögin því að þá gætu þau flogið með miklu minna eldsneyti, þyrftu ekki að hafa eldsneyti til þess að komast til flugvalla sem liggja langt í burtu, jafnvel aftur til upphafsstaðar. Í því felst mikill kostnaður að bera slíkan umframþunga og í því er aðallega sparnaðurinn fólginn að hætta því.

Nú hafa þessi mál aftur verið á dagskrá og mun flugráð s. l. vor hafa ákveðið að leita álits þeirra íslensku flugfélaga sem reka stórar millilandaflugvélar, þ. e. Flug-

leiða hf., Iscargo hf. og Arnarflugs, um fullnægjandi varaflugvöll á Íslandi, m. a. þá hvar þessi flugfélög teldu nauðsynlegt að koma á slíkum flugvelli. Eftir því sem ég veit best munu engin svör hafa borist frá þessum flugfélögum. Flugráð fól síðan sérstakri nefnd, sem er skipuð fulltrúum umræddra flugfélaga og öryggisnefndar Félags íslenskra atvinnuflugmanna, að veita umsögn um val slíks millilandaflugvallar. Nefndin skilaði sameiginlegri skýrslu þar sem Sauðárkróksflugvöllur var lýstur heppilegastur til að gegna framtíðarþörfum sem varaflugvöllur í millilandaflugi um Keflavík og/eða Reykjavík.

Í bréfi til rn., dags. 10. okt. s. l., greinir flugráð frá því sem ég hef nú upplýst, þ. e. þessari bráðabirgðaniðurstöðu nefndarinnar, en bendir jafnframt réttilega á að frekari athuganir og upplýsingar séu nauðsynlegar, m. a. um fjárhagslega hagkvæmni er leiddi af tilveru slíks varaflugvallar, og sömuleiðis sé nauðsynlegt að gera áætlanir um kostnað, uppbyggingu og rekstur slíks flugvallar. Rn. hefur fyrir sitt leyti talið eðlilegt að þessi athugun haldi áfram, og ég fyrir mitt leyti samþykkti það með áritun á fyrrnefnt bréf, þar sem ég lýsi því, að ég tel málið athyglisvert og þarfnist nánari athugunar, eins og fram kemur í bréfi flugráðs. Þessi athugun mun síðan hafa verið í gangi á vegum nefndarinnar sem ég gat um áðan.

Í bréfi nefndarinnar koma fram ýmsar athyglisverðar upplýsingar og ætla ég, með leyfi forseta, að drepa á fáeinar. Þar segir m. a.:

„Sameiginlegt er með öllum þeim flugvöllum, sem til greina koma, að næturflugsmöguleikar eru mjög takmarkaðir. Talið er rétt að allt næturflug sé miðað við blindflugsaðflug. Allir nefndir flugvellir teljast nothæfir til lendingar þegar Keflavík er lokað.“ Vísast í því sambandi til skýrslu flugvallanefndar, sem hv. þm. gat um áðan, um samanburð á skilyrðum. — „Auk þeirra þátta, sem um hefur verið getið, teljum við nauðsynlegt að taka tillit til þess, hvort valinn varaflugvöllur verði veðurfarslega opinn einnig þegar Keflavíkurflugvöllur er opinn þannig að hægt sé að skrá viðkomandi flugvöll sem varaflugvöll í þeim tilfellum.“

Til grundvallar hefur nefndin lagt eftirfarandi kröfur, sem teljast nauðsynlegar til þess að flugvöllur teljist fullnægjandi varaflugvöllur fyrir stærri millilandaflugvélar:

a. Lengd flugbrautar sé minnst 2287 metrar eða 7500 fet.

b. Burðarþol sé ekki minna en LCN 80, hvað sem það nú þýðir, ég hef það ekki hér við höndina, en það mun vera burðarþol fyrir stærstu vélar, m. a. breiðþotur.

c. Umhverfi flugvallar sé slíkt, að blindflugsaðflug sé óhindrað í báðar áttir og leyfi a. m. k. CAT-1 aðflug, hvað sem það nú þýðir. (**Gripið fram í:** Category 1.) Já, ég veit. Að vísu category 1. En hvað þýðir category 1 nánar útlistað? (**Gripið fram í:** 600 fet.) 600 fet, segir fyrrv. flugráðsmaður. — Enn fremur sé umhverfið slíkt, að flugmenn, sem ekki eru kunnugir staðháttum, telji völlinn nothæfan varaflugvöll.

Síðan fjallar nefndin, eins og fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda, um þá flugvelli, sem taldir hafa verið koma til greina, og kemst næst því að fullnægja þessum skilyrðum. Lengd flugbrautar þar er 2014 metrar. Jafnframt segir svo:

„Talið er mögulegt að lengja hana tiltölulega kostnaðarlítið um 290 metra til norðurs og 60 metra til suðurs. Þannig fengist brautarlengd sem er 2364 metrar fyrir lendingu til norðurs og 2264 metrar til lendingar til suðurs.“

Jafnframt segir svo: „Með verulegum kostnaði má nánast fá ótakmarkaða brautarlengingu til suðurs. Undirstaða vallarins er góð, umhverfi flugvallarins er ákjósanlegt og óhindrað aðflug úr báðum áttum.“

Um þetta er svo nánar fjallað. Er velkomið að afhenda hv. fyrirspyrjendum bréfið, en ég sé ekki ástæðu til að lesa meira upp vegna þess að svarið við fsp. er í raun og veru einfalt. Það hefur engin ákvörðun verið tekin og málið er enn í athugun.

Í 1. lið er spurt: Hver tekur slíka ákvörðun? — Að sjálfsögðu verður fjárveitingavaldið að taka slíka ákvörðun og þar með hv. Alþingi. Til að útbúa slíkan flugvöll þarf mikið fjármagn sem ekki liggur fyrir enn þá og er eitt af því sem þarf að skoða. Beiðni um slíkt er að sjálfsögðu unnt að leggja fyrir Alþingi og þar með ákvörðun um gerð slíks flugvallar.

2. liður er: Hefur slík ákvörðun verið tekin? — Hún hefur, eins og ég hef margsagt, alls ekki verið tekin?

3. Hafi ákvörðun ekki verið tekin, er hennar þá að vænta? Hvaða staðir koma helst til greina? Hver eru aðalrökin með og móti hverjum þeirra? — Tillagna er að vænta frá flugráði og þá verður væntanlega nánar fjallað um þá staði sem koma til greina, en ég gat áðan um Sauðárkróksflugvöll sem að mati nefndarinnar kemst næst því að koma til greina. Um Húsavíkurflugvöll segir m. a.:

„Flugbrautin er 1560 metrar, en talið mögulegt að lengja hana í 2700 metra. Lenging þyrfti að vera til norðurs, því með lengingu til suðurs yrði aðalflugtak illa staðsett og líklega ekki hægt að fá hallageisla fyrir aðflug úr suðri. Það er talið að undirstaða flugvallarins sé óviss, þar sem byggt er á hrauni. Umhverfi vallarins er betra en á Egilsstöðum og Akureyri. Hindrun við suðurenda flugbrautar gerir aðflug óhagstæðara en á Sauðárkróki, sem er hindrunarlaus. Staðsetning flugvallarins er í það lengsta frá Húsavíkurkaupstað til að nota slökkvilið staðarins fyrir flugvöllinn. Fjarlægð til næsta byggðarlags er vel við unandi, en fjarlægð frá Keflavík 50 sjómílum lengri en til Sauðárkróks þannig að það þyrfti meira eldsneyti til að nota hann sem varaflugvöll.“

Um Egilsstaði segir: „Brautarlengd á Egilsstöðum er 1500 metrar, en hægt að lengja brautina í 1800 metra. Nauðsynlegt yrði að skipta alveg um jarðveg. Aðflugsskilyrði eru ekki góð, umtalsverðar hindranir í aðflugi. Aðrir flugvellir, sem til greina koma, eru nær Keflavíkurflugvelli.“

Um Akureyri segir: „Nefndin telur að möguleiki til blindflugs á Akureyri sé fyrir ofan það mark sem nauðsynlegt telst til að nota þann flugvöll sem varaflugvöll í millilandaflugi.“

Þetta bráðabirgðamat útilokar því að nefndarinnar mati Akureyrarflugvöll og jafnframt Egilsstaðaflugvöll. Matið virðist þá liggja á milli Húsavíkur og Sauðárkróks, en eins og ég gat um áðan telja þeir Sauðárkróksflugvöll fullnægja betur settum skilyrðum. Hins vegar sagði mér einn ágætur umhverfismáður fyrir nokkrum dögum, að ætti að lengja Sauðárkróksflugvöll til suðurs þyrfti að loka þar ákveðnu síki sem mundi hafa miklar og alvarlegar afleiðingar og kannske hækka vatnsborð um hálfan metra. Hver veit hvað því fylgir?

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Bjarnason): Herra

forseti. Ég vil þakka hæstv. samgrh. fyrir svör hans við fsp. okkar hv. þm. Árna Gunnarssonar. Það er auðvitað, eins og vænta mátti, margt sem þarf að skoða í þessu máli og kemur fram í svari hans nú þegar varðandi þær kannanir sem hafa nýlega verið gerðar af nefnd sem hefur unnið að þessum málum.

Hæstv. ráðh. telur varla aðra velli en á Húsavík og Sauðárkróki koma til greina í þessu sambandi og bendir þó á það, sem einnig kom fram í blaðafréttum og í nefndaráliti, að Sauðárkróksflugvöllur hafi þar ýmsa möguleika fram yfir. Þetta finnst mér muni skjóta nokkuð skökku við það sem fram hefur komið í könnunum eða athugunum sem áður hafa farið fram, en ég ætla að sjálfsögðu ekki að deila um það. Ég óska eftir að fá þær upplýsingar eða það álit sem samgrh. sagði hér frá og las upp úr. Það er fróðlegt að sjá það og bera saman við fyrri athuganir sem hafa átt sér stað í þessu sambandi.

Mér finnst að auðvitað hljóti öryggismál að ráða miklu og trúlega mestu þegar slíkt er athugað, en ákaflega margt fleira þarf þó að skoða í sambandi við rekstur og nýtingu vallarins að öðru leyti. Ég vil til fróðleiks láta það koma fram hér, að umferð um Húsavíkurflugvöll hefur vaxið gríðarlega á síðustu 10 árum. Í samanburði við aðra flugvelli er það langsamlega mest. Þar hefur farþegafjöldi vaxið á tímabilinu 1971—1979 úr 4 224 í 14 897 eða um 253%. Sambærilegar tölur fyrir Sauðárkrók eru 6 044 farþegar 1971 og 10 813 farþegar 1979, sem er 79% aukning. Aðrir flugvellir, eins og Akureyri, Egilsstaðir, Ísafjörður og fleiri, eru með um og yfir 100% aukningu, en farþegaaukning og umferð um Húsavík virðist hafa aukist langsamlega mest á þessu tímabili.

Þá má geta um aðstæður á Húsavík til þess að taka við miklu fjölmenni, stórum farþegahópum. Þar er gott hótel í nágrenni og líka skammt til hótelrýmis í Mývatnssveit svo og heimavistarskóla í næsta nágrenni, svo að eitthvað sé talið. En þetta þarf auðvitað allt saman að athuga mjög ítarlega ef og þegar að því kemur að ákveða þetta endanlega.

Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa ályktun sem mér hefur borist. Hún er gerð á fundi í bæjarstjórn Húsavíkur hinn 27. nóv. 1980 og hljóðar svo:

„Bæjarstjórn Húsavíkur skorar á flugmálayfirvöld að flýta framkvæmdum við Húsavíkurflugvöll og auka fjárveitingar til þessara framkvæmda.

Jafnframt skorar bæjarstjórn Húsavíkur á alþm. kjördæmisins að fylgja fast eftir auknum framkvæmdum við flugvöllinn og að þeir beiti sér fyrir fjárframlögum til framkvæmda.

Þá minnir bæjarstjórn Húsavíkur á margar yfirlýsingar sérfróðra manna um ágæti og hagkvæmni Húsavíkurflugvallar sem varaflugvallar fyrir millilandaflug, bæði hvað varðar aðflugsaðstöðu, veðurfar og framkvæmdakostnað, auk hinnar ágætu aðstöðu Húsavíkur til móttöku ferðamanna.

Bæjarstjórn Húsavíkur skorar því á flugmálayfirvöld og viðkomandi stjórnvöld að fá hlutlausa erlenda aðila til þess að meta hvar á landinu sé best aðstaða fyrir alþjóðlegan varaflugvöll sem svari ítrustu alþjóðlegum kröfum."

Þarna er auðvitað fjallað um fleira en varaflugvöllinn, en ég vildi að þetta kæmi hér fram. Ég vonast til þess, að þegar að því kemur að taka ákvörðun um varaflugvöll fyrir millilandaflugið verði allir þættir skoðaðir mjög gaumgæfilega og ákvörðun tekin að vel yfirveguðu máli, en ekki tilviljanakennt eða eftir geðþótta einhverra fárra aðila, og að þá verði jafnframt, auk þess sem öryggisþátta verði auðvitað gætt til hins fyllsta, skoðaðir allir aðrir rekstrar- og arðsemisútreikningar og möguleikar Húsavíkurflugvallar.

Ég endurtek þakkir mínar til hæstv. samgrh.

Stefán Guðmundsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Þótt það mál, sem hér er til umræðu, sé vissulega áhugavert og um það margt hægt að segja eru því miður ekki aðstæður til þess hér og nú undir þessum kringumstæðum.

Í sambandi við þá fsp., sem þeir hv. þm. Norðurl. e., Guðmundur Bjarnason og Árni Gunnarsson, hafa lagt hér fram um varaflugvöll fyrir millilandaflugið, vil ég vona að ekki verði farið að efna til deilna um staðarval, því svo afgerandi og ákveðin samhljóða skoðun kemur fram í áliti þeirra sérfræðinga, er fengnir voru til umsagnar um staðarval varaflugvallar fyrir millilandaflugið. Í umsögn þessara manna kemur óyggjandi fram að Sauðárkróksflugvöllur sé heppilegastur flugvalla til að gegna þessu hlutverki. Kemur þar mjög margt til sem veldur því áliti.

Vegna ummæla hv. þm. Guðmundar Bjarnasonar áðan og þess, sem hann las upp úr samþykkt bæjarstjórnar Húsavíkur, þar sem m. a. er mælt með því að kveðja til erlenda aðila til að skoða þessi mál, vil ég taka fram að ég tel heppilegra og skynsamlegra fyrir okkur að treysta þeim flugmönnum íslenskum, sem þjóna okkur og fljúga til þessara valla, betur en einhverjum erlendum aðilum.

Það er nauðsynlegt að taka þessa ákvörðun fljótt og búa þennan varavöll þannig að hann geti sem best sinnt þessu hlutverki sínu. Hér er um mjög mikið öryggismál að ræða, bæði fyrir millilanda- og innanlandsflugið. Hér er einnig um mikið fjárhagslegt atriði að ræða hvað flugfélögin varðar, en þau þurfa ávallt að hafa svo miklar eldsneytisbirgðir í þeim flugvélum, er hér fara um, að þær geti flogið til og frá Íslandi án lendingar, til annars flugvallar í Evrópu, ef Keflavíkurflugvöllur er lokaður.

Með tilkomu varaflugvallar eins og till. er gerð um mundu umframeldsneytisbirgðir millilandavélanna verða hverfandi þáttur, sem aftur á móti gæfi möguleika til aukinnar nýtingar flugvélanna. Þótt ég geti um þennan þátt undirstrika ég þó að það, sem mestu varðar, er það sem að öryggi lýtur, og þar ber okkur skylda til að búa sem best um.

Herra forseti. Ég kom hér til að leggja áherslu á mikilvægi þess, að ákvörðun verði tekin sem allra fyrst um varaflugvöll fyrir það flug sem um Ísland fer. Samhljóða álit færustu manna um staðarval liggur fyrir. Það er von mín, að ekki verði farið að deila um þá niðurstöðu og tefja þannig framgang þessa hagsmunamáls flugsins og þeirra er að því starfa. Það hlýtur að vera ósk allra þm., að nauðsynlegar framkvæmdir verði hafnar við varaflugvöll og þær geti hafist sem allra fyrst.

Páll Pétursson: Herra forseti. Það er ljóst, að ákvörðunin hefur ekki verið tekin enn þá um þennan varaflugvöll, en það liggur í augum uppi að það verður að taka hana fyrr en síðar. Menn hafa hér rakið þær röksemdir sem nauðsynlegt er að hafa í huga. Þó hefur ein gleymst. Hún er sú, að Sauðárkróksflugvöllur er nær Keflavíkurflugvelli en Húsavíkurflugvöllur, þannig að það er tals-

vert kostnaðarminna að fljúga þangað til lendingar en að þurfa alla leið til Húsavíkur eða til Austurlands. Ég get ekki séð — hvort sem menn velta þessu lengur eða skemur fyrir sér — að niðurstaðan geti orðið önnur en er í bréfi þeirrar nefndar sem vitnað hefur verið til, nefndar Jóhannesar Snorrasonar. Þar segir, með leyfi forseta:

„Með tilliti til ofanritaðs er það sameiginleg skoðun nefndarinnar, að Sauðárkrókur sé hagstæðasta valið um varaflugvöll í millilandaflugi og mæti þeim kröfum sem gera verði til slíks flugvallar."

Það er annað veðurkerfi, eins og menn vita, þarna fyrir norðan heldur en hér fyrir sunnan, og Sauðárkrókur kemur ákaflega vel út í því sambandi. Í samanburði nefndarinnar kemur það líka fram, að norðaustanátt er lakari á Húsavík heldur en á Sauðárkróki.

Helgi Seljan: Herra forseti. Það er nú ekki hægt annað en taka nokkurn þátt í þessum orðaskiptum, þó að takmörkuðu leyti sé.

Ég vil taka undir það hjá hv. þm. Guðmundi Bjarnasyni, að ég held að hér þurfi að athuga alla þætti mjög vel áður en ákvörðun verður tekin, hér megi engin geðþóttaákvörðun ráða. Það er útilokað annað en að minna á þær miklu umræður sem hafa orðið um varaflugvöll fyrir millilandaflug á undanförnum árum og ýmsar sveiflur hinna færustu manna í þeim efnum, þar sem þær hafa verið æðimiklar.

Stundum hafa hinir færustu menn í þessum efnum talið að enginn staður væri til þess kjörnari en Egilsstaðir að taka við hlutverki slíks varaflugvallar. Nú heyrir maður raddir annarra manna — sem eflaust eru jafnfærir eða á svipaðan máta — sem telja annan flugvöll koma til greina. Ég vil ekki dæma um færni þeirra, enda hef ég ekki mikla sérþekkingu á því.

Það er ljóst, að við eystra þurfum verulegar endurbætur á okkar flugvöll og það kostar töluvert að gera þar myndarlegan flugvöll. Hins vegar er alveg ótvírætt að það þarf að gera hvort sem er. Ég vil þess vegna skjóta því hér að, að það er vitanlega okkar krafa eystra að á næstu árum verði allir möguleikar kannaðir varðandi nýjan flugvöll á Egilsstöðum og að hinir færustu menn taki þá til greina, að með tilkomu slíks nýs og fullkomins flugvallar, sem vissulega verður þar að koma, verði sá möguleiki skoðaður ekki síður en hann var skoðaður á árum áður, þegar Egilsstaðaflugvöllur var í raun og veru talinn hinn sjálfsagðasti í þessum efnum. Ég dreg ekki í efa álit þeirra mætu manna sem um það fjölluðu þá.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Ég kvaddi mér eingöngu hljóðs til að finna að fullyrðingasemi manna, sérstaklega því, að hv. þm. Helgi Seljan sagði að það þyrfti nýjan flugvöll fyrir austan hvort sem er. Það er auðvitað alger misskilningur. En ég vil segja það í þessu máli, að síðan við fengum norður-suður brautina á Keflavíkurvöll hefur þörfin fyrir annan millilandaflugvöll minnkað vegna þess að þar er hægt að lenda í 98 eða 99% tilfellum. Þau tilfelli, sem hindra lendingu þar, eru þegar við fáum sunnan- eða suðaustanátt með þoku og þá er svipuð átt fyrir norðan en þokulaus. Ef menn ætla sér að fara út í að tryggja hér varaflugvöll, þá er bersýnilegt, ef menn eru að hugsa um kostnað, að þessi flugvöllur er til á Sauðárkróki. Það þarf að lengja hann örlítið, kannske um 200 metra, en hann er til. Þar er góð undirstaða, og það eina, sem þarf að gera í raun og veru er að malbika brautina. Þarna eru þegar komin blindlendingartæki og hægt að lenda eftir þeim í báðar áttir. En gera má ráð fyrir því, að í þessum tilfellum yrði eingöngu lent til suðurs. Ég held að það sé tímaeyðsla að vera að rífast um það, hvort völlurinn eigi að vera þarna eða annars staðar, vegna þess að hann er svo gott sem til. Nýr völlur á Egilsstöðum kostar milljarða, jafnvel milljarðatugi, en það kostar 100 millj. að ganga algjörlega frá þessum velli á Sauðárkróki.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil fyrst þakka þeim hv. þm. sem lögðu fram þá fsp. sem hér er til umr. Það er sjálfsagt að þessi mál verði skoðuð betur áður en endanleg ákvörðun verður tekin um það, hvar varaflugvöllurinn verði. Hitt er athyglisvert, að hver stuðningsmaður ríkisstj. á fætur öðrum stendur hér upp til þess að tala um flugvallarmál, vitaskuld vegna þess að þeir finna sárt til þess, að fé til flugvallargerðar er mjög skorið niður í því fjárlagafrv. sem fyrir liggur. Þar er einungis gert ráð fyrir að gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 30% á sama tíma og fyrir liggur yfirlýsing um það frá hæstv. viðskrh., að verðbólgan á næsta ári verði í kringum 70%. Það liggur því fyrir, að framkvæmdafé verður skorið mjög verulega niður á næsta ári umfram það sem gert var á þessu ári, og það er skýringin á þessum óróleika stuðningsmanna ríkisstj. Menn leita allra bragða til þess að fá aukafjárveitingar til flugvallargerðar í sínu kjördæmi. Mér sýnist á hinn bóginn að áhugi sé nægur fyrir því hér í þingi, eftir þeim ræðum sem hér hafa verið haldnar, að ná samkomulagi um að auka eitthvað það fé sem varið verður til flugvallagerðar á næsta ári, en hins vegar verði eyðsla minnkuð í staðinn. Það hefur verið höfuðeinkenni núv. ríkisstj. og þeirrar vinstri stjórnar, sem var á undan henni, að þyngja skattana til eyðslu en auka ekki framkvæmdir með ríkisfé heldur verja í sífellt auknum mæli lánsfé til framkvæmda.

Ég vona því, herra forseti, að þessar umræður megi verða kveikja að því, að þm. reyni að koma sér saman um það, hvernig megi draga úr eyðslunni, en á hinn bóginn verja meira fé til þarflegra og nytsamra og nauðsynlegra framkvæmda.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég vil taka undir það, að gerð verði úttekt á því, hvar sé hagkvæmast að hafa millilandaflugvöll. Það er ekki nýtt mál að slíkt sé gert. Það hefur meira að segja verið sett fjárveiting á fjárlögum í einn slíkan flugvöll, við Snjóholt á Austurlandi, og hafa verið gerðar miklar áætlanir um hvað sú uppbygging muni kosta. Mér sýnist hins vegar að það sé einmitt búið að gera þennan varaflugvöll. Það er búið að gera hann á Sauðárkróki, að mestu leyti án þess að ákvörðun hafi nokkru sinni verið tekin um það. Sannleikurinn er sá, að stjórn fjárveitinga í flugmálum á undanförnum árum hefur verið með eindæmum. Fé hefur verið veitt í ýmsar framkvæmdir, m. a. í Snjóholt, flugvöllinn á Höfn í Hornafirði og ýmsa aðra flugvelli. Síðan hefur þetta fé verið notað eftir því sem viðkomandi stofnun hefur þótt sér best henta hverju sinni og án þess að þm. eða Alþingi hafi verið spurt um það. Mér sýnist í reynd, án þess að ég ætli að leggja á það nokkurn dóm — það má vel vera að það sé þjóðhagslega hagkvæmast að byggja þennan flugvöll á Sauðárkróki — að gera verði þá kröfu að slíkar ákvarðanir séu teknar, bæði í þessu tilfelli og öðrum sem snerta fjármál ríkisins, áður en viðkom-

andi stofnun leyfir sér að vaða út í framkvæmdir, hafandi hvorki samþykki Alþingis né fjárveitingar til.

Stefán Guðmundsson: Herra forseti. Það er aðeins örstutt. — Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Garðari Sigurðssyni fyrir ummæli hans hér. Hann talar af þekkingu á þessum málum, hann hefur starfað að þeim. Hann kom raunverulega að kjarna þessa máls og sagði það sem um þetta mál þurfti raunverulega að segja.

En ég kom líka upp til að bæta því við og til þess að fyrirbyggja misskilning út af þeim fregnum sem hæstv. sjútvrh. og samgrh. flutti hér, að það væru kannske möguleikar á að Skagafjörður færi undir vatn ef völlurinn ætti að lengjast um einhverja tugi metra til suðurs og nálgaðist Víkina sem kölluð er og suðurendi þessarar flugbrautar liggur að. Þetta er svo mikil fásinna að, ég ætla að biðja hæstv. ráðh., vegna þess hvað hann er kunnugur staðháttum hjá okkur Skagfirðingum, að trúa alls ekki þessum sögum og ekki halda þeim á lofti, því það er hrein fásinna að tala svo um þetta.

Ég ætla ekki frekar að fjölyrða um þetta hér. Ég vildi bara segja það í sambandi við þær tölur sem hér komu fram um farþegafjölda, bæði um Húsavíkurflugvöll og Sauðárkróksflugvöll, að um það þarf ekkert að ræða. Við þurfum vitaskuld að byggja upp flugvelli bæði á Húsavík og fyrir austan og vestan. Flugvellirnir þurfa vitaskuld að koma. Við erum að tala um varaflugvöll sem öryggisþátt millilandaflugsins. Það er afgerandi og tvímælalaus niðurstaða þeirra manna, sem best þekkja til, að þar verði Sauðárkróksflugvöllur fyrir valinu. Það liggur ljóst fyrir. Ég undirstrika það og færi um leið fyrirspyrjendum þakkir fyrir að vekja máls á þessu, en ég vil líka undirstrika nauðsyn þess, að ákvörðun verði tekin og skrefið stigið til fulls í þessum efnum.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Þau undur hafa gerst, að hv. 6. landsk. þm. hefur verið öllum öðrum hógværari í málflutningi hér í þinginu í dag. Hann hefur aðeins leitað eftir því að fá varaflugvöll fyrir Ísafjarðarflugvöll og nauðsynlegustu umbætur á sama tíma og uppi er kröfugerð um það hér um bil í hverju kjördæmi að fá varaflugvöll fyrir millilandaflug. Ég vænti að ráðh. hugleiði þetta og taki hógværðina fram yfir mestu hörku í þessum efnum.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Bjarnason): Herra forseti. Ég vil ekki efna til neinna deilna um þetta mál hér. Ég tók það fram, þegar ég mælti fyrir fsp., að ég teldi að þetta þyrfti að skoða mjög ítarlega og það væru enn ýmsir þættir í þessu máli sem ekki hafa verið skoðaðir nægjanlega vel. Þar má nefna sumt af því sem þegar hefur komið fram í þessum umræðum.

Hv. þm. Garðar Sigurðsson taldi að þetta væri svo til búið og gert, ákvörðun hefði átt sér stað með lengingu flugvallar á Sauðárkróki, sem var náttúrlega framkvæmt á þann hátt, að það var yfirleitt framkvæmt fyrir fjármagn sem búið var að úthluta á aðra staði. Þarna var unnið fyrir umframfjármagn, vegna þess — eins og fram kom hjá öðrum hv. þm. hér í umr. — að þrátt fyrir ákveðnar fjárveitingar og markaðar til ákveðinna staða hefur ekki alltaf verið unnið eftir því.

Ég vil aðeins geta um það í sambandi við að farþegatala skuli ekki vera höfð í huga, að ég tel að auðvitað hljóti nýting flugvallanna að hafa mikið að segja og hana verði að skoða ásamt öðru. — Nú hleypur tíminn auðvitað frá, af því ég er búinn að tala áður í þessum umræðum, en það væri margt fleira sem mig hefði langað að geta aðeins um, t. d. í sambandi við veðurfarið, sem kom fram hjá hv. 1. þm. Norðurl. v. Það er ljóst, að það er munurinn á veðurfari sunnanlands og norðanlands sem þarna á að skipta mestu máli. Þó hef ég vissan grun um það og hef heyrt einhvers staðar áður, að oft sé meiri líking með veðurfari á Suðvesturlandi og Norðurlandi vestra heldur en austur í Þingeyjarsýslum. Má þar til marks nefna veðurfar oft á undanförnum árum, eins og óþurrkasumur og fleira sanna. Það er margt fleira sem hefði þurft að koma hér fram, en tími minn leyfir það ekki, því miður.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs vegna þess að mér þykir ómaklega vegið að fyrirsvarsmönnum flugmála. Ég held að þeir hafi unnið gott verk á undanförnum árum, og þeim hefur orðið mikið úr þeim peningum sem til ráðstöfunar hafa verið. Það er náttúrlega ekki hægt að ætlast til þess af þeim, að þeir skipti um hraun í Aðaldalnum, það er svo mikið verk. Þess vegna verður náttúrlega eitthvað meyrara fyrir bragðið undir þeim flugvelli heldur en á Sauðárkróki. Flugmálastjórn hefur tæknileg skilyrði til að vita hvað hún er að gera.

Ég held að það sé alveg tvímælalaust, að það er nauðsyn á varaflugvelli. Fyrrverandi flugráðsmaður sagði hér áðan að í 98% tilfella væri þetta í lagi. En ef eitt eða tvö prósent tilfella skortir á, þá er ekki hægt að segja að um fullt öryggi sé að ræða. Þegar flugvél leggur af stað frá Ameríku verður hún að hafa eldsneytisbirgðir ekki einasta til Keflavíkur, heldur til næsta varaflugvallar, ef Keflavíkurflugvöllur skyldi lokast áður en hún nái þar lendingu.

Ég held að það liggi ljóst fyrir, að því fé, sem varið hefur verið til hins ágæta flugvallar á Sauðárkróki, hefur verið vel varið. Einungis vantar herslumuninn til að fullgera hann, og það er langskynsamlegasta ráðið.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég er enginn sérfræðingur í þessu máli, en ég held að það sé hyggilegt að gerð sé rannsókn, eins og hæstv. samgrh. hefur tjáð okkur, og ákvörðun verði byggð á þeirri rannsókn. Hins vegar á ég heima mitt á milli þessara flugvalla, í Aðaldal og Sauðárkróki, og mér kemur ákaflega á óvart ef það er mat þessara manna, að það séu eins miklar líkur til að hægt sé að lenda á Sauðárkróki og t. d. í Aðaldal þegar er lokað er hér. En málið er fyrst og fremst það, að þetta verði athugað frá öllum hliðum og ákvörðun verði tekin sem byggð verði á þeirri athugun.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að blanda mér í það, hver fær þennan millilandaflugvöll, því að ég hélt ég hefði tekið nógu skýrt fram að það er langt í ákvarðanatöku. Ég bið menn að fara ekki að búa til millilandaflugvöll áður en við erum búin að fá niðurstöðu. Ég ætla aðeins, til að gera mönnum ljóst hvað þarna er margt óvisst, að spyrja t. d.: Fyrir hvað ætlið þið að gera millilandaflugvöll? Er það fyrir 727-vélar? Ef við ætlum að gera það, þá geta þær lent á Akureyri nú þegar. Og þá er alveg tvímælalaust nóg að malbika Sauðárkróksflugvöll eins og hann er. Eða ætlið þið að gera flugvöll fyrir DC-8? Þá er spurningin: Verður Norður-Atlantshafsfluginu haldið áfram eftir ár? Þá þurfum við lengri flugvöll. Þær flugvélar geta

ekki lent á Akureyri og ekki aðstaða til að koma þeim inn til Akureyrar með góðu móti. Þá yrði þetta líklega annaðhvort Sauðárkróksflugvöllur eða t. d. Húsavík — eða Egilsstaðir, eða kannske allir þrír ef menn vilja hafa nógu mikið öryggi. Eða ætlum við að fara að byggja millilandaflugvöll fyrir breiðþotur, sem fljúga yfir Atlantshafið núna og stansa hvergi, og reyna að sannfæra þá, sem þeim fljúga, um að þeir geti tekið með sér minna bensín og sparað á því að lenda hér og taka eldsneyti til viðbótar o. s. frv.? Málið er langt, langt frá því að vera komið í höfn. Ég vil aðeins lýsa þeirri skoðun minni, að ég held að við þurfum fyrr varaflugvöll fyrir Ísafjörð heldur en varaflugvöll fyrir breiðþotur sem fljúga milli London og New York núna.

En varðandi það að Sauðárkrókur fari undir vatn, sem ég skaut inn í áðan, þá var það satt að segja mjög kunnugur maður sem varaði mig við þessu og sagði að ef Síkinu yrði lokað þarna suður af — (**Gripið fram í:** Því verður ekki lokað.) Það er nefnilega það, já. Það er hins vegar ekki með í þeim kostnaði sem þarna hefur verið nefndur. Og þessi maður fullyrti að það að loka Síkinu og færa töluvert suður útrásina hækkaði að öllum líkindum vatnsborð á svæðinu um hálfan metra, en ég sel það ekki dýrara en ég keypti það. En ef svo er, þá er mönnum að mæta þar sem umhverfismenn eru, svo það er kannske rétt að hv. þm. séu ekki heldur að bóka millilandaflugvöll á þessu stigi.

Orkuverð til fjarvarmaveitna, fsp. (þskj. 129). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Eiður Guðnason): Herra forseti. Ég hef á þskj. 129 leyft mér að bera fram fsp. til orkumrh. varðandi orkuverð til fjarvarmaveitna. Spurt er hver sé stefna ríkisstj. að því er varðar orkuverð til fyrirhugaðra fjarvarmaveitna á þéttbýlisstöðum á Snæfellsnesi.

Athuganir hafa leitt í ljós að fjarvarmaveitur eru mjög hagkvæmar í a. m. k. þremur þéttbýlisstöðum á Snæfellsnesi, þ. e. Ólafsvík, Grundarfirði og Stykkishólmi. Raunar hefur þegar verið hafinn nokkur undirbúningur þessa máls, a. m. k. á tveimur stöðum á Snæfellsnesi, og það ekki að ástæðulausu, því að hinn 15. ágúst 1979 skrifaði hæstv. iðnrh., þáv. og núv., þingmönnum Vesturlands bréf varðandi borun hitastigulsholu á Snæfellsnesi, sem leitað var eftir að gerð yrði til að ganga úr skugga um hvort þar væri jarðhita að finna. Í þessu bréfi segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Vekur rn. sérstaka athygli á því mati Rafmagnsveitnanna og Orkustofnunar, að fjarvarmaveitur séu álitlegar í Ólafsvík, Grundarfirði og Stykkishólmi, og sé ekki eftir neinu að bíða með að hefjast handa um undirbúning fjarvarmaveitna á þessum stöðum. Telur Orkustofnun enga ástæðu til að bíða með slíkt eftir niðurstöðum hitastigulsholu, þar sem líkurnar á nýtanlegum jarðhita séu mjög litlar."

Þetta er bréf frá hæstv. iðnrh. til þingmanna Vesturlands.

Nú er skemmst frá því að segja, að á þessum stöðum, a. m. k. í Ólafsvík og Stykkishólmi, hefur þegar verið hafinn undirbúningur að þessu, enda lá fyrir tilboð frá Rafmagnsveitum ríkisins um það, hvert orkuverð til slíkrar fjarvarmaveitu yrði. Nú hefur hins vegar brugðið svo við samkv. þeim upplýsingum sem ég hef bestar, að Rafmagnsveitur ríkisins treysta sér ekki lengur til að standa við það tilboð sem gert var um orkuverð, hið sama og gerður var samningur um á Höfn í Hornafirði, ef mér skjátlast ekki. Með því að Rafmagnsveitur ríkisins hafa ekki treyst sér til að standa við áður gert tilboð eða umsögn um orkuverð hafa skapast margvísleg vandræði á þessum stöðum. Menn voru farnir að huga að framkvæmdum og höfðu skipulagt sína vinnu með tilliti til þess, að þetta yrði eitt meginverkefni næsta árs. Því er nú spurt: Hver er stefna ríkisstj. varðandi þetta orkuverð? Það má vel vera að þetta orkuverð sé nú ekki hærra en svo að það nægi ekki fyrir kostnaði, en þá hlýtur auðvitað mjög að koma til athugunar að litið verði á orkusölu með þessum hætti til fjarvarmaveitna, a. m. k. til að byrja með, eins og ýmsar félagslegar framkvæmdir á vegum Rafmagnsveitna ríkisins, þannig að hugsanlegt sé að greiða niður með einhverjum hætti orkuverðið í ákveðinn tíma. — En um það er sem sé spurt, hver sé stefna ríkisstj. að því er varðar orkuverð til þessara fyrirhuguðu fjarvarmaveitna á Snæfellsnesi.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Hv. þm. Eiður Guðnason spyr hér hver sé stefna ríkisstj. að því er varðar orkuverð til fyrirhugaðra fjarvarmaveitna á þéttbýlisstöðum á Snæfellsnesi. Hann hefur í inngangi gert grein fyrir ástæðum fyrir þessari fsp. sem ég skil ofurvel að er fram borin. Og ég kannast við tilvitnun í bréf frá rn. sem ég sendi varðandi þetta mál, líklega fyrir rösku ári eða sumarið 1979. Svar mitt er á þessa leið:

Fordæmi slíkrar verðlagningar af hendi Rafmagnsveitna ríkisins er til fjarvarmaveitna á Höfn í Hornafirði og á Seyðisfirði. Þar hefur verðið á orku frá kyndistöð verið miðað við 50% af verði til beinnar rafhitunar og að verð til notenda væri 90% af því verði. Á þeim tíma, þegar samningur milli Hafnarhrepps og Rafmagnsveitna ríkisins var gerður, var fyrrgreind viðmiðun talin eðlileg og átti að tryggja báðum rekstraraðilum viðunandi afkomu, þ. e. Rafmagnsveitum ríkisins vegna kyndistöðvar og Hafnarhreppi vegna dreifikerfis. Verð á raforku til hitunar hefur síðan ekki fylgt verðlagsþróun í landinu. Þess vegna skilar sú verðviðmiðun, sem áður var getið, rekstraraðilum þessara veitna ekki fyllilega nægum tekjum til að standa undir kostnaði nema eitthvað komi til greiðslu á milli.

Stefna stjórnvalda er sú, að fyrst og fremst verði innlendir orkugjafar notaðir til húshitunar og í því sambandi verði stefnt að sem mestum sveigjanleika í vali þeirra. Til lengri tíma litið þarf að stefna að því, að verðlagning á raforku til hitunar standi undir kostnaði við orkuöflun og dreifingu, og þyrfti það raunar að gilda fyrir raforkuiðnaðinn í heild. Ég gat um það fyrr í dag í umræðum í sambandi við aðra fsp., að að mati sérfræðinga, sem hafa verið að líta á þessi mál fyrir rn. nú alveg nýlega, vanti um 17% á það að greiðsla fyrir rafhitun, eins og henni er nú háttað, standi undir kostnaði við öflun og dreifingu orku í þessu skyni. En eins og ég sagði í því sambandi skiptir auðvitað miklu að forsendur séu glöggar, og ég hef ekki lagt sérstakt mat á þær.

Verðlagning á raforku til húshitunar nú tekur mið af kyndingarkostnaði með niðurgreiddri olíu. Verð til beinnar rafhitunar er í dag um 55% af olíukyndingarkostnaði miðað við tilteknar meðaltalsforsendur án niðurgreiðslu, en 77% af olíuverði með niðurgreiddri olíu. Iðnrn. lítur svo á, að ofangreind verðviðmiðun, sem

samið hefur verið um til fjarvarmaveitna til þessa, sé í sjálfu sér eðlileg að því gefnu, að raforka til hitunar sé verðlögð í samræmi við tilkostnað. Á það vantar hins vegar nokkuð, eins og ég hef greint frá, og veldur þar mestu að eðlilegt er talið að rafhitunarkostnaður sé lægri en olíukyndingarkostnaður við sambærilegar aðstæður. Nauðsynlegt er að tryggja að valdar séu hagkvæmustu leiðirnar í húshitun litið til lengri tíma, og má niðurgreiðsla á innfluttri orku ekki ganga svo langt að hún raski eðlilegum viðmiðunum og vali í þessum efnum á meðan núverandi átak til að útrýma olíu stendur yfir.

Fjarvarmaveitur á nokkrum þéttbýlisstöðum til viðbótar, m. a. á norðanverðu Snæfellsnesi, eins og hér er til umr., eru taldar þjóðhagslega hagkvæmar, og ekki er útilokað að þar takist að afla jarðvarma. Rn. mun stuðla að því, að unnt verði að móta stefnu um húshitunarmál á þessum stöðum hið fyrsta, og hafa um það samvinnu við viðkomandi aðila, þ. e. sveitarstjórnir og Rafmagnsveitur ríkisins.

Hv. fyrirspyrjandi gat um þann möguleika, að um yrði að ræða svipaða fjárhagsfyrirgreiðslu og tekin hefur verið upp varðandi félagslegar framkvæmdir á vegum Rafmagnsveitna ríkisins. Um slíkt hafa engar ákvarðanir verið teknar, en vissulega er það einn möguleiki jafnframt því sem ég hef vikið að hér, að verð á raforku verði á einhverju tímabili fært sem næst kostnaðarviðmiðun þannig að endar nái hér saman.

Mér er það fyllilega ljóst, að viðkomandi byggðarlög hafa þörf fyrir að stefna liggi sem fyrst fyrir í þessu máli, og því vil ég stuðla að því, að svo geti orðið.

Hv. fyrirspyrjandi vék að því, að áhugi hefði verið og væri á því, að leitað yrði jarðvarma á norðanverðu Snæfellsnesi, og mér hafa borist á liðnum árum ítrekuð erindi frá þm. kjördæmisins um að stuðla að því, að það yrði gert. Reynt hefur verið að afla fjár í þessu skyni, en það hefur aldrei fengist nægt fjármagn til að ráðast í þessa borun, og óskað hefur verið eftir því að hún yrði gerð á kostnað Orkusjóðs eða á kostnað ríkisins, vegna þess að mikilli óvissu sé háð að árangur náist. Ég er að vænta þess, að hægt verði á komandi ári að standa að borun sem er fyrirhuguð milli Grundarfjarðar og Stykkishólms. Það skiptir vissulega nokkru fyrir tilhögun í uppbyggingu hugsanlegrar varmaveitu á þessum stöðum, sem ég vænti að ráðist verði í hvort sem jarðvarmi finnst eða ekki. Því tel ég að hraða beri þeirri aðgerð þrátt fyrir þá umsögn sem vitnað var til áðan, en hún varðaði hitastigulsholu í upplýsingaskyni.

Ég get getið þess í þessu sambandi, að þeir útreikningar, sem farið hafa fram miðað við núverandi raforkuverð, benda til þess, að ef brúa ætti bilið með tilfærslu í raforkuverði til Rafmagnsveitna ríkisins, þá þyrfti að selja orkuna ekki á 50% af rafhitunarkostnaði, heldur 59.5% og það mundi þá vera hlutur sveitarfélagsins sem á vantaði, 40.5%, sem ekki mundu nægja fyrir kostnaði af þeirra framkvæmdum að óbreyttu. En ég ítreka að ég hef áhuga á að það verði hægt að leysa úr því sem ósvarað er í þessu máli. Það er fyrst nú mjög nýlega að upp hefur komið óvissa í sambandi við verðlagninguna í þessum efnum, eins og hv. fyrirspyrjandi eflaust veit um. Það hefur verið lagt kapp á það af rn., m. a. í tengslum við undirbúning lánsfjáráætlunar, að farið sé ofan í saumana á þessu máli sem engan veginn er einfalt í sniðum. Þurfa þar ýmsir að að koma áður en ákvarðanir eru teknar.

Eitt er hægt að fullyrða nú þegar í sambandi við húshitun á þessum umræddu stöðum á Snæfellsnesi, að það væri óráð annað en sveitarfélögin héldu sig ákveðið við vatnskerfi í sambandi við nýbyggingar á þessum stöðum, þar sem hugað hefur verið að varmaveitu, til þess að loka ekki fyrir þann möguleika. Og það er trú mín, að niðurstaðan verði sú, að í þessar veitur verði ráðist, og ég skil að þm. svæðisins hafa áhuga á að það verði fyrr en seinna. Ég deili raunar þeim áhuga með þeim.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir þá fsp., sem hér er til umr., og einnig svar ráðh.

Fyrirspyrjandi lýsti dálítið þróun mála á Snæfellsnesi í sambandi við það að losna við olíuhitun og koma upp fjarvarmaveitum. Þessi mál eru komin á það stig, að báðir staðirnir, Stykkishólmur og Ólafsvík, voru — ef ég man rétt — komnir á lánsfjáráætlun á síðasta ári eða búið að stilla þeim upp til þeirra hluta á síðasta ári, þó að þeir hafi ekki komist inn. Það var í tillögum rn. í fyrra að þessir staðir fengju fjármagn til þessa. Grundarfjörður var ekki kominn eins langt inn í dæmið, og við á Hellissandi höfðum ekki enn þá fengið grænt ljós til þess að undirbúa slíka veitu, kannske má segja núna: sem betur fer. En aðstaða staðanna allra er þá orðin jöfn í dag. Sá umþóttunartími, sem fór til þess að kanna það að koma upp fjarvarmaveitu með hitun aðallega frá raforku, hefur orðið til þess að vissu leyti að frestað hefur verið allri könnun á jarðhita á Snæfellsnesi.

Ég er fyrst og fremst kominn hingað upp til að leggja áherslu á það, að enn verði þeim málum ekki frestað. Ég vænti þess, að staðið verði við þau orð, sem ráðh. sagði áðan um það, að á næsta ári mundi verða borað milli Grundarfjarðar og Stykkishólms, ekki verði látið við það sitja að sú athugun fari fram, heldur verði einnig á utanverðu nesinu gert átak í þessum málum.

Mig langar einnig til að skjóta einni spurningu til hæstv. ráðh., sem er óvíst að hann geti svarað nú. Ég var að frétta í gær að tengivirkikerfið við Ólafsvík eða aðalspennirinn, sem átti að tryggja að við á utanverðu Snæfellsnesi hefðum nægilega orku næsta vetur, hefði komið bilaður til landsins eða væri óvirkur og yrði ekki notaður á næstu mánuðum. Það mundi þýða að það liðu níu mánuðir þar til úr þessu yrði bætt. Ég hefði gaman af — þó að seinna væri, þó að svör um þetta væri ekki hægt að gefa hér — að vita hvort atvik gætu raunverulega verið þessi, að undirbúningur undir verk væri á þann veg, verk sem búin væru að vera í uppsetningu í jafnlangan tíma og spennivirkið sem hefur verið í byggingu við Ólafsvík, að þegar svo á að fara að setja upp lokaverkfærið, þá komi í ljós að það sé bilað og það taki eina níu mánuði að fá þetta mannvirki í lag, frá þeim degi sem það átti að fara í gang.

Fyrirspyrjandi (Eiður Guðnason): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. iðnrh. eða orkuráðh. fyrir svör hans við fsp. minni, en það kom skýrt og greinilega í ljós, að ríkisstj. hefur enn sem komið er enga stefna markað í þessu máli. Hins vegar fagna ég þeim áhuga sem ráðh. kveðst hafa á því, að þessi mál nái fram að ganga, enda er hér tvímælalaust um einstaklega þjóðhagslega hagkvæmar framkvæmdir að ræða. Um það er enginn ágreiningur og það tók ráðh. réttilega fram. Hins vegar er sá vandi, sem við er að etja hér, þess eðlis, að Raf-

magnsveitur ríkisins gera þessum tilteknu stöðum nánast tilboð um verð. Í góðri trú hefja forustumenn þessara sveitarfélaga síðan ýmiss konar undirbúning. Síðan kemur í ljós að þetta tilboð Rafmagnsveitna ríkisins um orkuverð stendur ekki vegna þess, eins og ráðh. skýrði hér áðan, að það er ekki talið nægja fyrir kostnaði. Þetta setur þessi sveitarfélög auðvitað í gífurlegan vanda. Hér er um geysilegt hagsmunamál að ræða fyrir alla íbúa þessara staða. Þess vegna held ég að það sé mjög brýnt, að ákvörðun verði tekin hið fyrsta um þetta, hvað ríkisstj. hugsar sér að gera og hvernig á að leysa hitunarmál þessara staða.

Vissulega ber að fagna því, ef loksins verður nú í það ráðist að bora tilraunaholur á norðanverðu Snæfellsnesi til að kanna hvort þar sé um jarðhita að ræða. Það er skoðun Orkustofnunar og kom fram í bréfi orkuráðherra, sem ég vitnaði til áðan, að engin ástæða sé til að bíða með framkvæmdir við fjarvarmaveitur eftir því að borað verði. Ég legg áherslu á það, að hið fyrsta verði tekin ákvörðun þannig að þessum stöðum, þar sem fjarvarmaveitur eru sýnilega mjög hagkvæmar, verði gert kleift að halda sínu striki og halda áfram undirbúningi þessara framkvæmda sem eru, eins og hér hefur komið fram, vissulega þjóðhagslega hagkvæmar. Um það þarf ekki að deila.

Sameinað þing, 28. fundur.

Þriðjudaginn 2. des., að loknum 27. fundi.

Launasjóður rithöfunda, þáltill. (þskj. 69). — Fyrri umr.

Flm. (Halldór Blöndal): Herra forseti. Ég hef ásamt níu þm. öðrum leyft mér að endurflytja till. til þál. um Launasjóð rithöfunda, svo hljóðandi með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skipuð verði hið fyrsta, að tilhlutan menntmrn., nefnd til að athuga og endurskoða lög nr. 29/1975, um Launasjóð rithöfunda, og reglugerð þeim lögum samkvæmt.

Nefndin skal skipuð eftir tilnefningu þingflokkanna og skila áliti áður en næsta reglulegt Alþingi kemur saman."

Í grg. kemur m. a. fram að till. sama efnis hafi verið flutt á síðasta þingi vegna mikillar óánægju og andmæla fjölmenns hóps rithöfunda út af síðustu úthlutun starfslauna úr Launasjóði rithöfunda í mars s. l. Nú vil ég segja það fyrst, að þetta er ekki í fyrsta skipti sem ýfingar hafa orðið með mönnum, m. a. listamönnum, út af skáldalaunum eða starfslaunum þeim til handa. Eru af því ýmsar sögur, sumar skemmtilegar, eins og þegar Matthías Jochumsson skáld, — sem að vísu er nú ekki talinn bær lengur til þess að vera í úrvalsbók fyrir unglinga í grunnskólum, hann er meðal þeirra skálda sem þar eru óverðug, þótt menn eins og Einar Bragi eigi þar mörg ljóð eða Dagur Sigurðarson, — en þegar Matthías Jochumsson var prestur á Akureyri vænti hann þess einu sinni að fá frá bæjarsjóði nokkur skáldalaun, en því var synjað. Þá sagði hann þar sem hann stóð uppi á Sigurhæðum:

Þegar ég heyrði þinglokin,
þá hljóp í mig gikkurinn.
Þá sagði ég við hann Manga minn:
„Mígðu nú yfir söfnuðinn."

Þannig hafa skáld brugðist við með misjöfnum hætti þegar um það hefur verið að ræða að úthluta þeim opinberu fé, annaðhvort sem skáldalaunum eða starfslaunum eða hvað það er kallað. Það er m. a. vegna þess, að í þessum efnum er enginn stórisannleikur til. Viðbrögð ýmissa rithöfunda og skálda, sem fylgjandi eru öllum stjórnmálaflokkum, á öllum aldri, nú sýna það, að ýmsum þykir sem núverandi tilhögun Launasjóðs, Rithöfundasjóðs og skáldalauna sé gagnrýniverð og þurfi endurskoðunar við. Tímarnir hafa breyst, og það er eðlilegt, að þessi mál séu í endurskoðun, eins og raunar er viðurkennt af Rithöfundasambandinu þar sem það hefur sjálft kjörið nefnd til að athuga þessi mál.

Ef fjárlög eru skoðuð sést líka að hér er ekki um lítið fé að ræða. Á þessu ári er gert ráð fyrir að í Launasjóð rithöfunda komi 163 millj. kr. Það er að vísu allmiklu minna fé en undanfarin ár ef verðbólgan er tekin inn í dæmið. Ef þetta fé ætti að fylgja verðbólgunni og borið væri saman við árið í fyrra þyrfti féð að vera 194 millj. rúmar. Það vantar m. ö. o. 31 millj. upp á að Launasjóðurinn haldi verðgildi sínu. En það er nú eins og ýmislegt annað sem rýrnað hefur í verðbólgunni, sumpart vegna skilningsleysis stjórnvalda. Í Rithöfundasjóðinn renna 80 millj. kr. og til listamannalauna 76 millj. Hér er sem sagt um verulegt fé að ræða, auk þess sem starfslaunum til listamanna er úthlutað með ýmsum öðrum hætti, þau koma annars staðar frá líka, dvalarstyrkir og annað.

Ég held þess vegna að varla geti verið umdeilt að um þessi mál þurfi að hugsa og átta sig á breyttum viðhorfum, m. a. vegna þess mikla fjár, sem hér er um að ræða, og líka vegna hins, að ekki hefur verið staðið við fyrirheitið, sem gefið var í tíð ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar, að viðmiðun skyldi tekin af söluskatti á bókum. Á árinu 1976 var söluskattur á bókum 20%. Nú hefur hann hækkað upp í 23.5%. Þó svo að ekki liggi fyrir fullnægjandi upplýsingar um það, hversu hárri upphæð söluskattur á bókum nemur, held ég að allir séu sammála um að töluvert vanti þarna upp á til að brúa bilið. Þetta þyrfti að fást upplýst og fært til betri vegar.

Í Þjóðviljanum hinn 29. apríl s. l. er fjallað um þessi mál. Formaður Rithöfundasambandsins, Njörður P. Njarðvík, lætur þar þau ummæli falla, að um persónulegar ofsóknir sé að ræða hjá þeim rithöfundum sem mótmæltu úthlutuninni. Á hinn bóginn komst einn af þeim mönnum, sem fyrir mótmælunum stóðu, svo að orði, að til þess að komast í hæstu flokka í Launasjóði rithöfunda þyrftu menn að uppfylla tvö skilyrði: að styðja núverandi formann Rithöfundasambandsins og vera í eða á Alþb. Þannig gengu fullyrðingarnar á víxl, og eins og ég sagði áðan var síður en svo að þarna væri um einlitan hóp að ræða frá pólitísku sjónarmiði. Jón Óskar skáld skrifaði um þessi mál stutta grein í Morgunblaðið hinn 10. maí þar sem hann segir m. a. svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Meðal þess, sem birst hefur í blöðunum, hef ég orðið hvað mest hissa á ummælum formanns Rithöfundasambandsins. Hann segir eftirfarandi í blaðaviðtali:

„Í 3. gr. laga Rithöfundasambands Íslands er tekið fram að það taki ekki þátt í baráttu stjórnmálaflokka né

hlutist til um listastefnur, stjórnmálaskoðanir eða trúarbrögð. Ég verð þess vegna að líta svo á, að þessi undirskriftalisti feli í sér persónulegar ofsóknir á hendur þeim rithöfundum, sem nú hafa fengið starfslaun í tveim efstu flokkunum."

Síðan segir Jón Óskar frá sjálfum sér, með leyfi hæstv. forseta: „Það munar um minna. Það eru stór orð frá þeim manni sem á að heita formaður samtaka rithöfunda og vitanlega um leið sá maður sem á að gæta hagsmuna **allra** félagsmanna Rithöfundasambandsins eða „lima" þess, eins og einum höfundi þótti betur hæfa að kalla okkur sem höfðum skrifað nöfn okkar undir mótmæli. Og hvernig þykir fólki röksemdafærslan? Sökum þess að Rithöfundasamband Íslands tekur ekki þátt í stjórnmálabaráttu o. s. frv. mega rithöfundar ekki heimta það, að pólitískar skoðanir komi ekki til greina við úthlutun opinberrar nefndar á fé til rithöfunda, þá á það að fela í sér persónulegar ofsóknir á hendur öðrum rithöfundum. Þarna er raunverulega verið að gefa í skyn, að höfundar eigi að þegja, þegar þeim blöskrar það sem þeir telja misrétti. Og ég vil biðja fólk að staldra við þetta orð formannsins: ofsóknir. Það sem af er ævinni hef ég frekar reynt að koma öðrum höfundum til hjálpar, eftir því sem ég hef getað, einnig þótt það hefði í för með sér nokkra tvísýnu fyrir sjálfan mig. Ég get því ekki stillt mig, ef á að *fara að telja mig með ofsóknarmönnum íslenskra rithöfunda*, að lýsa fyrirlitningu minni á slíku orðbragði forustumanns samtaka okkar. Ég verð að segja: Nú þykir mér nóg komið.

Athyglisverðar eru þær hugmyndir, að gagnrýni á störf nefndarinnar hljóti að merkja það, að höfundarnir í efstu flokkunum séu taldir óverðugir launa sinna. Ætli kröfur verkalýðsins um meiri launajöfnuð í þjóðfélaginu merki það, að hann telji alla þá, sem hærri laun hafa, óverðuga launa sinna? Það vantaði raunar ekki fyrr á árum, að alþýðunni væri borið það á brýn, að allar kröfur hennar um jöfnuð stöfuðu af öfundsýki gagnvart þeim sem lifðu í allsnægtum. Slíkar skoðanir heyrast ekki lengur á vettvangi stjórnmálanna, og er nýlunda að slík „rök" skuli nú höfð á lofti í deilum rithöfunda. Þó fer manni fyrst að renna kalt vatn milli skinns og hörunds þegar maður les yfirlýsingu frá nýkjörnu rithöfundaráði, yfirlýsingu sem beinist gegn félögum þeirra sem í ráðinu sitja. Þar segir svo m. a.:

„Rithöfundaráð átelur þær árásir á skoðanafrelsi rithöfunda, er felast í mótmælaskjali 46-menninganna, og telur þær til þess eins fallnar að vinna gegn hagsmunum rithöfunda."

Það er rétt svo að maður trúi því, að slík svo heimskuleg ásökun á hendur stórum hópi rithöfunda skuli koma frá rithöfundaráði sem þannig misbeitir valdi sínu, og er vonandi að slíkt dragi ekki langan dilk á eftir sér."

Þessi ummæli Jóns Óskars skálds sýna ljóslega að skoðanir eru mjög skiptar meðal skálda og rithöfunda um þetta mál og fylkingar öndverðar. Það er á hinn bóginn ljóst, eins og ég sagði áðan, að í þessum efnum sem öðrum er enginn stórisannleikur til. Nauðsynlegt er að gaumgæfa hver reynslan hefur orðið af Launasjóðnum. Ég vil í því efni sérstaklega vekja athygli á því, að í stjórn hans eru einungis þrír menn. Ég tel að hér sé of mikið í húfi til þess að hægt sé að sætta sig við að fleiri sjónarmiða gæti ekki. Ég held að matið á úthlutuninni verði of einhæft og þess vegna sé nauðsynlegt að fjölga í stjórn Launasjóðsins. Ég hef átt viðtal og skipst á skoðunum við fjölmarga menn um það, hversu starfslaunum til rithöfunda verði best fyrir komið, starfslaunum til málara — og listamanna yfir höfuð að tala, og enginn þeirra, sem ég hef rætt þetta mál við, hefur mótmælt því að athuguðu máli, að talan þrír sé hættulega lág, hún bjóði hættunni heim, ýti undir tortryggni, eins og raunin *hefur á orðið. Nógu mörg sjónarmið koma ekki fram.* Og menn telja sig ekki hafa aðgang að svo fámennri stjórn, svo ólíkur og stór hópur sem hann er, sem við ritstörf fæst.

Ég hef orðið var við það hjá ýmsum, að þeir hafa misskilið þá gagnrýni sem fram hefur komið á úthlutun úr Launasjóði rithöfunda þannig, að við, sem þetta frv. flytjum, séum á móti því að ríflega sé veitt úr sjóðnum til einstakra manna. Það er síður en svo. Vitaskuld er nauðsynlegt að þeim mönnum, sem hafa það að vinnu sinni að sinna ritstörfum, gefist kostur á því að helga sig list sinni. Oft og tíðum kostar það raunar miklar fórnir af hálfu fjölskyldna þessa fólks, sem aftur veldur því, að úthlutun úr Launasjóðnum verður miklu viðkvæmara mál en ella mundi. En einmitt sú staðreynd, að það getur verið kannske ekki aðeins réttlætanlegt, heldur blátt áfram eðlilegt, að sömu menn hljóti starfslaun ár eftir ár, gerir það enn auðsærra en ella, hversu skynsamlegra það væri að sjónarmiðin í stjórn sjóðsins væru víðari og fleiri *um að ákveða fjárveitingar úr honum.*

Þá hefur einnig komið fram sú gagnrýni, að núverandi fyrirkomulag ýti undir það að skáld og rithöfundar kasti höndum til verka, gefi of fljótt út bækur sínar. Það hefur einnig heyrst, að ýmsir gefi út ómerkilega bæklinga til málamynda, aðeins til þess að koma til greina við úthlutun á fé sem varið er til ritverka eða ritstarfsemi af opinberri hálfu.

Ég vil ekki á þessu stigi málsins fara út í samanburð á einstökum rithöfundum. Ég vil ekki gera þá að umræðuefni. Það hefur ekki verið háttur manna á Alþingi hin síðari ár að fara út í slíkan samanburð. Ég vil á hinn bóginn vekja athygli á því í sambandi við heiðurslaunin, eins og ég hef raunar oft gert áður, að ég tel það fullmikla íhaldssemi af Alþingi að halda sig þar við töluna 12, gjarnan megi fjölga þeim, sem heiðurslaun þiggja, og vera rausnarlegri á fé og láta það fylgja verðbólgunni, sem ekki hefur verið hin síðari ár.

Ég vil einnig vekja athygli á því, að rithöfundar og raunar listamenn yfir höfuð hafa lítið öryggi í ellinni. Þeir hafa ekki aðgang að neinum lífeyrissjóði og verða oft að búa við mjög bág kjör þegar elli sækir þá heim og þeir eru þrotnir að starfskröftum. Ég held þess vegna að það sé mjög áríðandi mál, mikið réttlætis- og nauðsynjamál og raunar menningarmál fyrir okkur, ef við íhugum hversu mikið við Íslendingar eigum rithöfundum að þakka, sem hafa varðveitt tungu okkar og þjóðararf, að sæmilega sé búið í ellinni um þá, sem halda merkinu uppi. Ég hef ekki á þessu stigi málsins tillögur um það, hvernig ég vilji halda á þessu máli, en ég vek athygli á að brýn nauðsyn er á því, að listamönnum sé gefinn kostur á aðild að einhverjum lífeyrissjóði með viðunandi hætti og þeim þannig tryggðir sómasamlegir ellidagar eftir að verkdeginum lýkur.

Ég veit ekki hvort ástæða er til að ég lengi mál mitt. Tillagan, sem hér liggur fyrir, er afskaplega einföld. Ég get ekki skilið að um hana geti orðið nokkur ágreiningur. Hér er um mjög verulegt fjármagn að ræða sem úthlutað er af Launasjóði rithöfunda. Till. felur það eingöngu í

sér, að nefnd skuli skipuð eftir tilnefningu þingflokkanna til þess að endurskoða lög um Launasjóðinn, og ef þessi nefnd kæmist að þeirri niðurstöðu, að þar væri hvergi hægt að hagga neinum staf til betri vegar, þá mundi álitsgerðin að sjálfsögðu verða á þá lund, þá mundi næsta Alþingi fá það álit frá þessari nefnd. Ef á hinn bóginn niðurstaðan verður sú, að sitthvað megi lagfæra í ljósi reynslunnar, að þetta verk sé ekki fullkomið frekar en önnur verk, — ef mönnum sýnist að rétt sé að sjóndeildarhringurinn sé víðari hjá þeim sem útdeila þessu fé, eða þá ef menn vilja girða fyrir jafnharða gagnrýni og kom fram á s. l. vetri, þá mundi niðurstaða nefndarinnar líka verða á þá lund.

Í grg. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Tillaga þessi felur ekki í sér ákveðnar tillögur um breytingar hér að lútandi, það yrði hlutverk væntanlegrar þar til skipaðrar nefndar. Þó skal á það bent, að vænlegra virðist að stjórn Launasjóðsins, sem fer með úthlutun starfslaunanna, væri fjölmennari en nú er, t. d. fimm eða sjö menn í stað þriggja. Þannig væri tryggð meiri yfirsýn, fleiri sjónarmið kæmu fram og um leið væri dregið úr þeirri hættu, að óeðlilega mikið vald safnaðist á hendur eins eða tveggja manna í sjóðsstjórninni.

Þá bæri einnig að skoða þá hugmynd, hvort ekki væri farsælast, þegar öll kurl koma til grafar, að stjórn Launasjóðsins yrði skipuð af Alþingi, en samkv. núverandi skipan er það stjórn Rithöfundasambands Íslands sem tilnefnir alla stjórnarmenn, þrjá talsins. Til Launasjóðsins var stofnað með lögum frá Alþingi og sjóðurinn nýtur árlega framlaga af almannafé."

Um þá hugmynd, sem þarna kemur fram, vil ég ekkert segja fram yfir það sem þarna stendur, en greinilegt er, eins og ég vék að áðan, að milli rithöfunda sjálfra ríkir mikil misklíð nú. Gagnrýni á framkvæmd eða úthlutun Launasjóðsins hefur verið mjög óvægin og þess vegna töldum við óhjákvæmilegt að flytja þessa tillögu og freista þess, að meiri friður skapaðist um þessi mál eftir því sem hægt er.

Ég vil svo leggja til, herra forseti, að þessu máli verði vísað til allshn.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Á fundi Rithöfundasambands Íslands, sem haldinn var 5. júní 1979 um endurskoðun laga um Launasjóð rithöfunda og sérstaklega var boðað til um þetta efni, var samþykkt að ekki væri ástæða til að breyta lögum eða reglugerð sem nú eru í gildi. Lögin eru frá árinu 1975. Fundurinn var fremur fámennur þó að ég hafi ekki nákvæma tölu.

Á aðalfundi sambandsins s. l. sumar kom fram tillaga um að reglugerðin frá 1977 yrði endurskoðuð, og samþykkti fundurinn það einróma. Á þeim fundi, sem var mjög fjölmennur að vanda — ég hef að vísu ekki heldur nákvæma tölu um fundarsókn þar, þótti eðlilegt að verða við þessari tillögu. Voru þrír rithöfundar kosnir í nefnd sem skila skyldi tillögum fyrir næsta aðalfund að ári liðnu. Í nefndina voru kosnir rithöfundarnir Ingimar Erlendur Sigurðsson, Vilborg Dagbjartsdóttir og Jón Kjartansson frá Pálmholti. Engar tillögur komu fram um að lögin þörfnuðust endurskoðunar, heldur einungis reglugerðin.

Það kemur okkur, sem í Rithöfundasambandinu erum, dálítið spánskt fyrir sjónir að flm. þeirrar þáltill., sem hér liggur fyrir, sjái ástæðu til að flytja hana á meðan nefnd á vegum sambandsins sjálfs situr að störfum. Ég held að fæstir rithöfundar telji þingskipaða nefnd færari um að endurskoða reglugerðina eða lögin en fulltrúa rithöfunda sjálfra.

Nokkrar umræður urðu á síðasta löggjafarþingi vegna úthlutunar úr sjóðnum og gerðu nokkrir hv. þm. tilraun til þess að gera úthlutunarnefndina tortryggilega. Sú nefnd er skipuð af menntmrh. til þriggja ára hverju sinni að tilnefningu Rithöfundasambandsins og skulu þeir menn ekki vera félagar í sambandinu né heldur sitja lengur en eitt kjörtímabil. Er það einkum gert til þess að koma í veg fyrir að ákveðinn bókmenntasmekkur hafi hugsanlega áhrif til langframa á úthlutun. Ég lagði þá áherslu á það í umræðunum, að engum væri greiði gerður með þeim málflutningi sem þar fór fram. Rithöfundasambandið er ekkert annað en hagsmunafélag þess fólks sem fæst við ritstörf. Eftir að það var stofnað og allir rithöfundar sameinuðust í eitt samband hefur orðið bylting í samningsaðstöðu rithöfunda. Nægir þar að nefna rammasamning þeirra við útgefendur, við leikhús og útvarp. Að þessum verkefnum hefur sambandsstjórnin einbeitt sér á undanförnum árum, og hafa allir rithöfundar notið góðs af þeim störfum sem mikil vinna hefur verið lögð í.

Sé þessi þáltill. fram komin í framhaldi umræðnanna á síðasta löggjafarþingi, og það heyrðist mér á máli síðasta hv. ræðumanns, tel ég hana til mikils tjóns fyrir sambandið. Sá málflutningur er einungis til skaða þar sem hann fjallar um úthlutun úr sjóðnum. Auðvitað fá ævinlega færri en um sækja, en það er af þeirri ástæðu einni, að of lítið fé er í þessum sjóði. Á fjárl. nú eru áætlaðar 163 millj. 622 þús. kr. og hækkar framlag því aðeins um 49 millj. frá síðasta ári. Vitaskuld hlýtur að vera vandaverk að velja og hafna, þegar úthlutun fer fram, en það er jafnframt ljóst, að menn þurfa að uppfylla ákveðin skilyrði til þess að fá starfslaun. T. d. verða menn, sem ætla að fá starfslaun í meira en tvo mánuði, að leggja niður aðra launavinnu og fæstir rithöfundar geta það.

Ég get ekki varist því, að mér þætti farsælla fyrir sambandið að flm. till., sem sumir sitja í fjvn., einbeittu sér að því að hækka þessa fjárhæð í þágu íslenskrar tungu og menningar — og ég vil taka undir það með hv. flm., að vissulega sér þetta fólk um að viðhalda íslenskri tungu — heldur en vera að leggja til að menntmrn. skipi nefnd til að vinna verk sem þegar er verið að vinna á vegum sambandsins sjálfs.

Hv. frsm. hafði áhyggjur áðan af því, að rithöfundar væru ekki aðilar að lífeyrissjóðum. Ég er ansi hrædd um að fæstir rithöfundar geti sinnt svo skrifum sínum að þeir þurfi ekki nauðsynlega að vera við önnur störf. Og ég hygg að langflestir rithöfundar eigi aðild að öðrum lífeyrissjóðum vegna þeirra starfa, sem þeir hafa unnið, annarra en ritstarfa. Vissulega skal ég taka undir það, að æskilegt væri að menn, sem hafa sýnt að þeir eru til gagns við ritstörf, gætu sinnt þeim eingöngu. En um það má raunar deila. Ég er ekki alveg viss um að það henti öllum rithöfundum að fást við ritstörf eingöngu. Það kynni að vera, að menn teldu sig þurfa að vera í nánara samneyti við atvinnulífið, við fólkið í landinu, og ritstörf þeirra nytu góðs af því. En við skulum ekki fara út í þá sálma hér.

Ég vil hins vegar í sambandi við fram komna till. til þál. benda á að í dag barst öllum hv. þm. bréf frá Rithöfundasambandi Íslands þar sem þessari till. til þál. er harðlega mótmælt. Í bréfi formanns Rithöfundasam-

bands Íslands segir svo, með leyfi forseta:

„Stjórn Rithöfundasambandsins lítur á þessa þáltill. sem beint tilræði við Launasjóð rithöfunda, enda reynsla fyrir því, að fylgifiskur þingkjörinna nefnda, sem úthluta launum og styrkjum til listamanna, sé pólitískt kvótakerfi fremur en listrænt mat. Yfirgnæfandi meiri hluti félagsmanna í Rithöfundasambandi Íslands er andvígur slíkri tilhögun og því til sönnunar fylgir hér yfirlýsing 126 rithöfunda um andstöðu við þingkjörna stjórn Launasjóðsins."

Þessi undirskriftalisti fylgir hér með, eins og áður segir, og undir hann skrifar ríflegur helmingur félagsmanna Rithöfundasambandsins. Það eru ekki ómerkari rithöfundar en Guðmundur Gíslason Hagalín, Halldór Laxness, Kristján Eldjárn, Tómas Guðmundsson, auk fjölmargra annarra. Ég held að Rithöfundasambandið hafi svarað því, hvern vilja það hefur í þessu máli.

Sannleikurinn er sá, að það sýnist vera eitthvert áhugamál ákveðinna afla að rifta því samkomulagi sem nú hefur ríkt um nokkurra ára skeið innan Rithöfundasambandsins eða meðal félaga í Rithöfundasambandinu. Sú var tíðin, að rithöfundar skiptust í tvö félög sem voru mjög pólitískt lituð. Nokkrir ágætir menn tóku að sér að reyna að sameina rithöfunda í eitt samband og hefur tekist að vinna í þágu rithöfunda án þeirra pólitísku illdeilna sem áður ríktu milli þessara tveggja hópa. Ég held að það sé ákaflega mikið til skaða ef verið er að reka fleyg í þessa samvinnu, því að eins og ég sagði áðan eiga rithöfundar töluvert undir því, að Rithöfundasambandið haldist í heilu lagi.

Ég skal engan dóm leggja á það, hvers vegna þessir 43 rithöfundar komu með sínar undirskriftir við úthlutun á síðasta ári. Ég býst við að það séu alltaf einhverjir sem finnst fram hjá sér gengið. Ég rakti það nokkuð í ræðu á síðasta löggjafarþingi vegna þessa máls, að það er ákaflega erfitt að sjá að menn hafi verið látnir gjalda einnar eða annarrar pólitískrar skoðunar. Ég vil minna hv. þm. á að ég las hér lista yfir þá sem höfðu fengið laun úr þessum sjóði, og ég hygg að flestir hafi séð að þar voru á blaði flestir þeir rithöfundar sem ætla mætti að yrðu fyrir valinu við slíka úthlutun. Ég held þess vegna að Rithöfundasamband Íslands ætti að fá að vera í friði, fá að ákveða sjálft hvort það telur ástæðu til endurskoðunar laga sinna, og a. m. k. væri óhætt að bíða eftir niðurstöðu þeirra manna sem tekið hafa að sér að endurskoða reglugerðina. Hins vegar má benda á, vegna þess sem hv. flm. sagði áðan er hann var að tala um söluskatt af bókum, að það var skrýtinn talnaleikur. Ég held að það sé ljóst, að á síðasta ári hafi söluskattur af bókum numið um 700 millj. kr. Hins vegar er um að ræða 163 millj. sem renna í Launasjóð rithöfunda. Ég held því að við ættum að skilja það í eitt skipti fyrir öll, að rithöfundar eru engir beiningamenn í íslensku þjóðfélagi. Þeir framleiða mikil verðmæti, bæði andleg og fyrir efnishyggjumenn ekki síður efnisleg. Það væri gaman að taka það saman, hversu mörgum einstaklingum í þjóðfélaginu rithöfundar sjá fyrir vinnu við bókagerð, þannig að ég held að það sé alveg ástæðulaust að breiða sig út með einhverri góðsemi yfir starfslaun listamanna. Þeir eru ekki að biðja um neina ölmusu. Þeir vinna miklu meira en fyrir þessum peningum sem þeim er úthlutað. Hitt er annað mál, að þeir hafa svo lengi sem elstu menn muna fengist við sín ritstörf hvort sem þeir hafa fengið starfslaun eða ekki. Hinu er ekki að neita, að samningsréttur rithöfunda hefur orðið allur annar. Þar hafa verið unnir merkir áfangar af núverandi stjórn, og ég vil biðja menn lengstra orða að vera ekki að gera tilraunir til að reka fleyg í þetta samstarf. Ég get einnig bent hv. flm. á, að þó nokkrir rithöfundar, sem í fyrra skrifuðu undir mótmælaplaggið, skrifa einnig undir þann mótmælalista sem hér liggur fyrir.

Ég mun að sjálfsögðu ekki hafa á móti því, að þessi þáltill. fari til n., en ég vil biðja þá nm., sem koma til með að fjalla um hana, ef þeir eru yfir höfuð nokkrir hér, að reyna að koma í veg fyrir að Alþingi Íslendinga fari að blanda sér í innanfélagsmál Rithöfundasambands Íslands.

Flm. (Halldór Blöndal): Herra forseti. Það hafa kannske einhverjir alþm. fengið þetta bréf frá stjórn Rithöfundasambands Íslands, en mér hefur ekki borist það í hendur, mér var ókunnugt um þetta þegar ég flutti ræðu mína áðan.

En ég vil segja fyrst út af ræðu hv. 8. landsk. þm., að mér þótti gæta í máli hennar mikillar þröngsýni sem getur spillt fyrir þessu máli. Ég held að það sé alveg sama hvaða nöfnum er flaggað, hvort maðurinn heitir Guðmundur G. Hagalín, Halldór Laxness eða Kristján Eldjárn sem flaggað er, þá liggur fyrir að innan Rithöfundasambands Íslands eru skiptar skoðanir um þetta mál. Menn geta rétt upp hendur eins og þeir vilja í því efni. Það breytir engu um þá staðreynd, að innan Rithöfundasambandsins ríkir nú mikill klofningur vegna þessa máls. Það kom raunar líka fram í máli þessa hv. þm., sem jafnframt telur sig rithöfund, að hún óttast það mjög og hafði varnaðarorð uppi vegna þess að hún taldi að e. t. v. yrði rekinn fleygur í Rithöfundasambandið þannig að það klofnaði á ný í tvö félög eins og forðum. Ég held þess vegna að sú neikvæða afstaða, sem þessi hv. þm. hafði og eins og lýsir sér í bréfi formanns Rithöfundasambands Íslands, geti ekki gert annað en spilla fyrir þessu máli og valda tjóni.

Ég hef aðeins litið yfir þau nöfn sem þarna standa undir. Þar á meðal eru fleiri en einn sem hafa persónulega talað við mig um þessa till. og lýst áhuga sínum á málinu. Er ég nú farinn að halda að rithöfundar eigi kannske að skrifa nafn sitt örlítið sjaldnar og meina þá meira með undirskriftinni. Ef menn skrifa undir hvað eina sem þeim er rétt, bera ekki virðingu fyrir sínum penna og eru undir hverju því undirskriftaplaggi sem þeir fá að sjá og komast í snertingu við, þá get ég ekki tekið þvílík nöfn alvarlega, satt að segja.

Ágreiningur var uppi á s. l. vetri. Það liggur líka fyrir, að stjórn Launasjóðsins hefur orðið vör við það í sinni úthlutun nú í vetur, að hún er undir gagnrýni. Hún mun þess vegna, eftir því sem ég ætla, fara gætilegar að en á s. l. vetri og hafa víðari sjónarhorn.

Ég heyrði að hv. þm. var eitthvað að grípa fram í. (**GHelg:** Leiðrétta.) Ég geri ráð fyrir að hann fái hér orðið eins og aðrir. Ég vona það að minnsta kosti. En þessi tillöguflutningur hefur að mínu viti gert gagn, eins og fram mun koma.

Ég vil svo að öðru leyti vísa á bug ummælum þessa hv. þm. um það, að ég sé að reyna að spilla fyrir rithöfundum. Það er algerlega úr lausu lofti gripið. Mér kemur ekkert á óvart þótt í bréfi eða ályktun frá stjórn Rithöfundasambands Íslands sé því mótmælt að þingkjörin nefnd úthluti úr Launasjóðnum. Við skulum láta það

liggja á milli hluta. Þá hlið málsins er hægt að athuga. Sumir eru þeirrar skoðunar. Ég hef ekki verið sannfærður um að það sé betri lausn, og það er þess vegna ekki mín skoðun, þó ég sé síður en svo á móti því að sú leið verði könnuð. En ég held að það sé óhjákvæmilegt til þess að hreinsa andrúmsloftið að fram fari athugun á þessu máli, að reglugerð og lög Launasjóðsins fái endurskoðun í ljósi reynslunnar. Ég get ekki skilið að það skaði einn né neinn, og ég fullyrði að það mun auðvelda baráttu rithöfunda og skálda fyrir bættum starfsskilyrðum í framtíðinni ef hægt verður að eyða þeirri tortryggni sem upp hefur komið. Þessi tortryggni hefur komið upp, harðar ásakanir hafa komið fram í blöðum í sambandi við síðustu úthlutun úr Launasjóði rithöfunda. Það skiptir engu máli hversu margir menn skrifa undir plögg um það, að sú gagnrýni hafi ekki komið fram. Gagnrýnin var mjög hörð og óvægin frá ýmsum af virtustu rithöfundum og skáldum landsins og ýmsum flokksbræðrum þessa hv. þm. Ef menn vilja líta fram hjá þessu og ef menn telja að þessir menn eigi engan rétt, þá hljóta þeir að snúast gegn þessu máli hér. Ef þeir telja að minni hlutinn í Rithöfundasambandi Íslands sé ekki þess verður, að rödd hans megi heyrast, þá hljóta þeir að vera andsnúnir þessari tillögu. Ef menn á hinn bóginn telja að þm. sé nokkur vandi á höndum, að þm. eigi að hlusta á þær gagnrýnisraddir sem komið hafa fram, þá hljóta þeir að álíta rétt að fyrir næsta Alþingi verði lögð fram endurskoðun á Launasjóðnum og yfirlit um starf hans. Það getur ekki valdið neinu tjóni, engan skaðað, mundi þvert á móti auðvelda þær lagfæringar og leiðréttingar sem rithöfundar höfðu sjálfir í huga þegar þeir samþykktu í sínum samtökum að reglugerð Launasjóðsins yrði endurskoðuð.

Það er nú einu sinni Alþingis að hafa fjárveitingavaldið og umsjón með því, hvernig opinberu fé er varið. Þess vegna getur Alþingi ekki skorast undan því að fylgjast með þessu eins og ýmsu öðru. Og eins og ég sagði áðan: þetta er ekki bara Launasjóður rithöfunda. Við getum líka víkkað þessa till. út. Fé er varið til listamanna með ýmsum öðrum hætti. Við skulum t. d. líta á starfslaun listamanna sem fimmfölduðust á þessum fjárlögum miðað við í fyrra, ef ég man rétt. Því fé er fyrst og fremst varið til myndlistarmanna. Það væri líka fróðlegt að fylgjast með framkvæmd þeirra mála. Ég vil vekja athygli á því, að mikill uppgangur hefur verið hjá tónlistarmönnum. Ég minni enn fremur á það, að ýmis leikhús eiga í fjárhagslegum erfiðleikum og listastarfsemi yfirleitt í landinu. Þess vegna held ég að það væri jafnvel til bóta að víkka þessa till. út og láta hana ná almennt til opinberra framlaga til listastarfsemi. Það getur engan skaðað, engan sakað.

Þröngsýnin, sem kemur fram í bréfi Rithöfundasambandsins, er ótrúleg miðað við það, að rithöfundar ættu að vera víðsýnni menn en þar kemur fram. Og um þá rithöfunda, sem hafa skrifað nafn sitt undir einhver mótmæli, er það fyrst og fremst að segja, að þeir mótmæla einungis því, að þingkjörin nefnd úthluti úr Launasjóðnum. Að öðru leyti eru þeir ekki á móti því, að lög um Launasjóð rithöfunda verði endurskoðuð og reglugerð. Þar er þess vegna ekki um það að ræða að mótmæla þeirri till. sem hér er fram borin, enda er hvergi minnst á það í henni, að stjórn Launasjóðsins eigi að vera þingkjörin, — hvergi á það minnst. Þessi undirskriftasöfnun styður því að engu leyti þau orð hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur, að ekki sé ástæða til þess að endurskoðun fari fram á því opinbera fé sem veitt er til rithöfunda með ýmsum hætti, að því sé gaumur gefinn, hvort ekki megi verja því fé betur og með öðrum hætti. Og rétt í þessum svifum sá ég enn nöfn tveggja rithöfunda á þessu blaði sem báðir hafa sagt við mig að þeir telji að sjö menn eigi að vera í stjórn Launasjóðs rithöfunda, en ekki þrír. Ég sá í þessum svifum tvo til viðbótar, þannig að ég þykist sjá að þetta nái ekki til enduskoðunarinnar sjálfrar, enda vafasamt að hægt sé að færa rök fyrir því, að betur sjái þrír menn en sjö, þegar um það er að ræða að meta og vega hvaða rithöfunda eigi að taka fram yfir, hvaða verk eigi fyrst og fremst að verðlauna hverju sinni til þess að þau verði unnin.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Hér liggur fyrir till. til þál., og það, sem vekur kannske fyrst undrun mína, er að hún skuli vera borin upp í Sþ., en ekki í annarri hvorri deildinni, þannig að hún fari til menntmn. svo sem ég hefði talið eðlilegt.

Ég get byrjað á því að lýsa þeirri skoðun minni, að það verður ekki svo skipað þessum málum að allir verði ánægðir, hvort heldur þessu verður úthlutað af sjö manna nefnd, þriggja manna nefnd eða þó peningar verði auknir sem til úthlutunarinnar verða. Ég verð líka að lýsa því yfir, að ég lít ekki svo á að söluskattur af bókum sé framlag rithöfunda. Söluskatturinn er framlag þeirra, sem greiða fyrir þessar bækur, hann er skattur þeirra ef við skoðum það ofan í kjölinn.

Það vekur einnig undrun mína, að hv. formaður þessara samtaka skuli telja það máli sínu til framdráttar í bréfi, sem hann sendir alþm., að bera það á þá, að það sé aðeins um pólitískt kvótakerfi að ræða fremur en listrænt mat þegar þm. úthluti slíkum styrkjum sem þessum, eftir að hafa fengið það á sig frá 43 rithöfundum, að nefndin, sem kosin er af rithöfundum, hafi ekki gætt þess að úthluta eftir hæfileikum, heldur bera þeir það á hana, að hún hafi látið pólitískt mat ráða.

Ég held að þessi lög frá 1975 hafi ekki verið reynd að fullu og mér sýnist vitlegt, þegar um svo unga lagasetningu er að ræða, að láta reyna meira á framkvæmd þeirra en gert hefur verið, og það sé ekki nauðsyn að fara út í endurskoðun þessara laga. Mikill meiri hluti rithöfunda telur að þeir eigi sjálfir að fá að sjá um þessa úthlutun. Ég er hlynntur því, að á það verði látið reyna, hvort þeir bera ekki gæfu til þess að leysa þau mál meira í friði en verið hefur. En ef svo fer, að deilurnar halda áfram að vera jafnharðar, kæmi vissulega til greina að endurskoða þetta, þó að mér sýnist að þeim málum verði aldrei svo skipað að alger friður verði þar um.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Hér er til umr. till. til þál. um Launasjóð rithöfunda. Eins og fram kemur í grg. var till. sama efnis flutt á síðasta þingi og það er, eins og hér hefur reyndar komið fram, vegna mikillar óánægju og andmæla fjölmenns hóps íslenskra rithöfunda út af síðustu úthlutun starfslauna úr Launasjóði rithöfunda í mars s. l. Sú endurskoðun, sem hér er lagt til að verði framkvæmd, mundi að dómi flm. geta komið í veg fyrir deilur af því tagi sem uppi hafa verið. Till. felur ekki í sér ákveðnar tillögur um breytingar. Það yrði hlutverk væntanlegrar þar til skipaðrar nefndar.

Ég á því erfitt með að skilja að rithöfundar, sem eru ánægðir með núverandi fyrirkomulag, skuli ekki þola að

þessi mál verði endurskoðuð, einmitt vegna óánægju, að þeirra áliti, minni hluta í hópi rithöfunda. Ég sé satt að segja enga annmarka á því, að nefnd á vegum Alþingis endurskoði lög sem það hefur sett, jafnvel þrátt fyrir það að Rithöfundasambandið sé að endurskoða þetta mál. Rithöfundar verða þá væntanlega betur undir það búnir að gefa umsagnir ef til þeirra verður leitað. Ég leyfi mér að mótmæla því alfarið, að þáltill. sé tilræði við Launasjóð rithöfunda. Það felst mikill misskilningur í þessu áliti þeirra, að svo sé. Og mér finnst það furðulegt, að rithöfundar skuli óska eftir því eða gera kröfu um að þessari till. verði vísað frá. Ef þeir vilja halda sig við lýðræðislegar reglur, sem ég efast ekki um að þeir vilja, þá sýnist mér ekki óeðlilegt að einmitt þetta mál sé skoðað af þeim sem settu lögin upphaflega.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Aðeins örstuttar leiðréttingar á því sem menn hafa sagt hér. — Hvorki hefur stjórn Rithöfundasambandsins né rithöfundar sjálfir úthlutað launum úr sjóðnum, heldur þriggja manna nefnd sem tilnefnd er af Rithöfundasambandinu. Og eins og ég sagði áðan, og þá held ég að þetta hljóti að geta legið nokkuð ljóst fyrir, er sú nefnd kjörin til þriggja ára og má ekki verða kosin aftur, og þessir þrír menn mega ekki vera félagar í Rithöfundasambandinu. Það er þess vegna gersamlega út í hött að væna formann Rithöfundasambandsins um áhrif á úthlutun, eins og ég held að hv. þm. hljóti þar með að verða ljóst.

Það hefur verið talað hér um þröngsýni stjórnar Rithöfundasambandsins. Ég held að það sé einmitt tilraun til þess, að allrar víðsýni sé gætt, að það sé ekki þingkjörin nefnd sem úthlutar launum úr Launasjóði rithöfunda. Það er kannske ekki alveg út í hött að óttast þá einmitt pólitíska flokkadrætti sem oft hafa sett svip sinn á slíkar úthlutanir, þótt ég vilji taka það fram, að það hefur staðið til stórbóta. Nægir þar að nefna úthlutunarnefnd listamannalauna sem óvenjulega hljótt hefur verið um. Ég held að óánægja þessara 43 rithöfunda í fyrra hafi ekki verið óánægja gagnvart lögunum né Rithöfundasambandinu, heldur þá e. t. v. þessum þrem mönnum sem nefndina skipuðu. Þeir geta haft sínar meiningar um það, en þeir menn verða ekki nema þriggja ára kjörtímabil og þá kemur önnur úthlutunarnefnd, þannig að ég held að það leysist af sjálfu sér.

Eins og ég benti á áðan hafnaði fjölmennur aðalfundur Rithöfundasambandsins endurskoðun á lögunum, en einmitt á þeim fundi, sem var haldinn í júní á s. l. sumri, báru fulltrúar hinna 43 fram tillögu um, að reglugerðin yrði endurskoðuð, og hver einasti fundarmanna greiddi því atkvæði. Úr því að þess var óskað var það talið alveg sjálfsagt og þrír fulltrúar rithöfunda kosnir í nefnd til að endurskoða reglugerð.

Ég held að við getum öll verið sammála um að æskilegast sé að rithöfundar og aðrir listamenn ráði sem mest sínum ráðum sjálfir. Ég held að ekkert okkar langi í of mikla flokkspólitíska afskiptasemi um viðkvæm mál eins og úthlutun úr sjóðum rithöfunda. Ég held að við höfum dæmin fyrir okkur fyrir austan tjald þar sem stjórnmálamenn eru að gefa línuna í þeim efnum. Ég held að okkur langi tæplega til að taka upp þá siði.

Til þess að mönnum sé alveg ljóst út á hvað þessi undirskriftasöfnun gengur, þá er, með leyfi forseta, textinn fyrir ofan nöfnin sem hér segir:

„Við undirrituð, félagar í Rithöfundasambandi Íslands, erum andvíg því, að Alþingi breyti lögum um Launasjóð rithöfunda þannig að þingkjörin nefnd úthluti úr sjóðnum. Við teljum að val stjórnar Launasjóðs rithöfunda eigi að vera í höndum samtaka rithöfunda sjálfra eins og verið hefur."

Það er kannske ekki alveg að furða þó að rithöfunda gruni til hvers þessi leikur sé gerður, því að í grg. segir svo, með leyfi forseta, hvað sem flm. segir svo um það mál:

„Þá bæri einnig að skoða þá hugmynd, hvort ekki væri farsælast, þegar öll kurl koma til grafar, að stjórn Launasjóðsins yrði skipuð af Alþingi." Vegna þessara orða er þessi undirskriftalisti auðvitað til kominn.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um það. En ég held, að innan Rithöfundasambands Íslands hafi ríkt meiri friður undanfarið en verið hefur um langt skeið, og ég held, að það sé mjög til skaða að fara að hrófla við lögum sem raunar voru samþykkt 1975. Við alþm. hljótum líka að ætlast til þess, að lög séu þannig úr garði gerð að ekki þurfi að vera að gera að því leik á fárra ára fresti að endurskoða það sem hér er samþykkt.

Ég held að þessi lög hafi reynst nokkuð vel. Það hefur ekki annað háð þessari úthlutun en fyrst og fremst of litlir peningar. Allir rithöfundar eru sammála um það, að rithöfundar ættu að geta fengið þau laun sem þeir sækja um. Það er sótt um þessi laun til ákveðins verkefnis í ákveðinn tíma, og hefði sjóðurinn nægilega peninga ætti auðvitað ekki að þurfa að koma til neins mats. Vegna þess að peningarnir eru ekki nógir verður nefndin að setjast niður og meta hvað er talið æskilegra að gert sé heldur en annað, og um það hljóta — eins og hv. þm. Ólafur Þórðarson sagði áðan — auðvitað alltaf að verða einhverjar deilur. En ég tel ekki að þessar deilur hafi verið af þeirri stærðargráðu á s. l. ári að nokkur ástæða sé til þess að fara að skipa hér nefnd á hinu háa Alþingi til að endurskoða lögin. Ég held að hv. þm. hafi ýmislegt annað og þarfara að gera.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Erindi mitt hér í ræðustólinn er í fyrsta lagi það, að ég vil lýsa stuðningi við þá till. sem hér er borin fram. Ég þarf ekki að rökstyðja það með mjög mörgum orðum, það hefur verið gert hér áður. En ég vil aðeins í þeim fáu orðum, sem ég á eftir að segja hér, benda á það, að mér sýnist það bréf, sem alþm. ýmsir, kannske allir, hafa fengið frá Rithöfundasambandi Íslands í dag, vera tvenns konar. Annars vegar er það afmarkað álit stjórnar rithöfundasjóðsins sjálfs, sjálf stjórnin, sem skrifar okkur bréf, og þar kemur ekki fram, að mér sýnist, annað en álit hennar á þessum málum. Og mér sýnist að hún geri því skóna, að búið sé að ákveða hvað eigi að koma út úr þeirri endurskoðun sem áætlað er að gera á lögunum um rithöfundasjóð. Það er algerlega ósæmilegt að ætla það.

Hv. 8. landsk. þm. hafði þau orð um það hér áðan, að það væri öðrum en rithöfundum óviðkomandi, eða innanfélagsmál rithöfunda, og mér skildist jafnvel að það væri Alþingi óviðkomandi, hvort lög um Launasjóð rithöfunda væru endurskoðuð eða ekki. Vitaskuld er þetta hin mesta firra. Nægir að benda á það, að sjaldan er farið að öllu leyti að tillögum þeirra aðila, sem lög snerta þegar þau eru til endurskoðunar á Alþingi.

Annars vegar var í umslaginu, sem til mín kom, sá listi sem hér hefur verið rætt um, og það er aðalefni þeirra, sem á hann skrifa, að andmæla því, að lögunum verði

breytt í þá átt, að þingkjörin nefnd úthluti úr sjóðnum. Það er ágætt að vita þetta fyrir fram, en út af fyrir sig eru þetta engin andmæli gegn þeirri þáltill. sem hér liggur fyrir til umræðu.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa mörg orð um þetta og lengi ekki mál mitt um það. Það kom hér fram í umræðunum, í ræðu hv. 8. landsk. þm., að fyrir eina tíð og alloft hefði verið óánægja með úthlutun á listamannalaunum, en upp á síðkastið hefði verið hljóðara um það en áður hefði verið. Mér er ekki kunnugt um vegna hvers það hefur verið. Ég held að sú breyting hafi þó ekki verið gerð, að listamenn sjálfir stæðu að því að tilnefna menn í úthlutunarnefnd. Það koma fram, eins og hér hefur verið tekið fram af öðrum, veruleg óánægja með úthlutun úr rithöfundasjóði á s. l. vetri, og það er ekki nema eðlilegt að þá sé flutt till. til þál. í þá átt sem hér er gert, til þess að reyna að fyrirbyggja að slík óánægja verði árviss, eins og var eina tíð um úthlutun listamannalauna.

Flm. (Halldór Blöndal): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þetta frekar en orðið er nema lítið. Í fyrsta lagi er það svo um Launasjóð rithöfunda, að ég ætla að a. m. k. tveir af þeim, sem þar sitja, eigi rétt á greiðslum úr sjóðnum, þar sem gert er ráð fyrir því í lögunum, að rétt til greiðslu eigi íslenskir rithöfundar og höfundar fræðirita. Ég hygg að a. m. k. tveir af þeim, sem sitja — ég man nú ekki um Fríðu Sigurðardóttur, en hinir tveir, bæði Björn Teitsson og Sveinn Skorri, fullnægja því að vera höfundar fræðirita. Þeir hafa gefið út fræðirit. (**GHelg:** Þeir eru ekki félagar í sambandinu.) Það er ekkert um það. (**GHelg:** Þeir skulu ekki vera félagar.) Í hverju, í þjóðfélaginu? (**GHelg:** Í Rithöfundasambandinu.) Rithöfundasambandið kemur þessu máli ekkert við. Menn þurfa ekkert að vera félagar í Rithöfundasambandinu til þess að fá fé úr Launasjóði rithöfunda. Það er alger misskilningur. Eitt af virtustu skáldum þessa lands hefur ekki séð ástæðu til þess að ganga í þann félagsskap, síðar en svo, þó honum hafi verið boðið það, og ef flett er upp í félagatalinu gæti hv. þm. áttað sig á því, hver það er. Hér er sagt: „Rétt til greiðslu úr sjóðnum hafa íslenskir rithöfundar og höfundar fræðirita. Heimilt er og að greiða úr sjóðnum fyrir þýðingar á íslensku." Þetta er þess vegna ekki bundið við Rithöfundasamband Íslands, það er alls ekki eini aðilinn að þessu máli, og þess vegna alls ekki hægt að tala um þetta mál jafnþröngt og hv. þm. gerði sig sekan um áðan. Þetta snertir ýmsa aðra og verður að tala um það frá víðari sjónarhóli og stærri og hærri sjónarhóli en stundum er.

Ég vil einnig taka það fram, án þess að ég ætli að halda þessu miklu lengur áfram, að það er ósköp eðlilegt að meiri friður sé um úthlutun á því fé sem úthlutunarnefnd listamannalauna skammtar. Það hefur ekki fylgt verðbólgunni undanfarin ár. Ætli menn megi vænta þess að fá þar kannske 200—300 þús. kr. á þessu ári? Hver nennir að vera að rífast út af því? Það er ekki einu sinni hægt að láta heiðurslaun Alþingis halda verðgildi sínu. Það hefur einmitt komið fram hjá úthlutunarnefnd listamannalauna, að hún telur óhjákvæmilegt að taka þessi mál öll til endurskoðunar, ekki aðeins það fé sem Alþingi skammtar þannig til sérstakrar úthlutunar og nemur hátt í 100 millj. samtals, kannske 76 millj. samkv. fjárlagafrv., heldur líka það fé sem veitt er úr Rithöfundasjóðnum, Launasjóðnum, sporslurnar sem menntmrn. er með og sporslurnar sem eru uppi í menntamálaráði og ýmislegt annað. Hverjir stjórna ýmsu sem Háskólinn er með? Og ég spyr líka: Er það eðlilegt, ef t. d. á prófessorum við Háskóla Íslands hvílir ritskylda og þeim er þess vegna gert samkv. sínu skipunarbréfi og kjarasamningi að skrifa svo og svo mikið á ári hverju, — er þá rétt að þeir geti einnig vænst þess að fá fé úr Launasjóði rithöfunda eins og verið hefur? Það er ýmislegt við þetta að athuga, og það hefur komið fram hörð gagnrýni á það, m. a. frá mönnum sem skrifa undir þetta plagg sem rithöfundar hafa núna sent frá sér, að þeir telja að ýmsir fræðimenn eigi ekki jafnan rétt og þeir á fé úr Launasjóði rithöfunda. Á það hefur líka komið gagnrýni frá þeim sömu mönnum og undir þetta skrifa einmitt vegna þess að undirskriftirnar taka ekki til þeirrar þáltill. sem hér um ræðir. Ef svo hefði verið hefði það verið sagt berum orðum. Maður skyldi a. m. k. ætla það, þegar saman eru komnir margir af helstu rithöfundum landsins, að þeir geti sent frá sér þrjár eða fjórar setningar á svo skýru máli að skiljist og maður þurfi ekki að fara í grafgötur með hvað þeir eru að segja.

En það er rétt, að það er ekkert eftirsóknarvert fyrir Alþingi að kjósa í stjórn Launasjóðs rithöfunda og þarf heldur ekki að vera nauðsynlegt ef víðsýni er gætt við skipan sjóðsstjórnarinnar og nógu margir menn eru látnir vera í stjórninni til þess að sæmilegur friður haldist innan Rithöfundasambandsins og þeir menn, sem þar eru, skiptist ekki í flokka. Þótt annar hópurinn sé stærri, eins og nú er og venjulega er þegar menn skipast í flokka, þá segir það ekki þar með að minni hópurinn sé réttlaus eða þurfi endilega að hafa rangt fyrir sér. Það er síður en svo.

Ég skil satt að segja ekki við hvað er átt þegar sagt er að innan Rithöfundasambandsins ríki meiri friður en um langt skeið. Ég held að það hafi ekki verið jafnmikill ófriður í Rithöfundasambandinu um langt skeið og á þessu ári, þegar rithöfundar eru svo tugum skiptir, jafnvel hver einasti rithöfundur farinn að skrifa á sitt hvort plaggið og sumir á bæði, og eru ekki aðeins í stríði hver við annan, heldur við sálina í sjálfum sér, og geta ekki áttað sig á því, hvorum megin þeir eiga að standa. Og hreinskilnin er ekki meiri en svo, að sumir menn tala við mig á götum úti og lýsa áhyggjum sínum, en svo fæ ég frá þeim plagg um hið gagnstæða. Þeir virðast skrifa undir hvað eina sem þeim er rétt eftir nýrri línu. Munu þeir flestir vera rauðleitir sem það gera, enda vanir því að fá nýjar línur, röndóttar og rósóttar og flekkóttar og jafnvel bíldóttar.

Nei, sannleikurinn er sá, að Alþingi hefur skyldur gagnvart sjálfu sér og öðrum. Hér er um verulegt fé að ræða, sem úthlutað er til lista með margvíslegum hætti, og það þarf að huga að því. En ég get fallist á það, að till. kunni að vera of einhæf og þess vegna sé rétt að þessi endurskoðun sé látin ná til fleiri þátta en Launasjóðsins eins. Því þætti mér rétt að nefndin hugaði að því og lagaði till. í meðförum sínum í þá átt. Mætti þá kalla til ekki aðeins rithöfunda, heldur einnig tónlistarmenn, myndlistarmenn og ýmsa aðra og fá hjá þeim sannar fréttir um það, hvort þeim þyki þeirra málum þannig komið, að ekki megi betur fara.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 2. des.

Öryggismál varðandi þyrlurekstur.

Svar samgönguráðherra við fyrirspurn Eiðs Guðnasonar um öryggismál varðandi þyrlurekstur, á þskj. 128, sent þm. 2. des.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. Hve margar þyrlur hafa verið skráðar í íslenska flugflotanum og hvenær?
2. Hve margar af þessum þyrlum eru enn í rekstri, og hver hafa orðið endalok þeirra sem ekki eru lengur á loftfaraskrá?
3. Telur samgönguráðherra ekki nauðsynlegt að fram fari nú þegar ítarleg athugun á öllum öryggisþáttum (viðhaldi, þjálfun og eftirliti) þessarar greinar flugrekstrar hér á landi?

Skriflegt svar óskast.

Svar:

1. Fjöldi á skrá og hvenær skrásettar. Fjöldi enn í rekstri og afdrif annarra.

Samtals hafa verið skrásettar 12 þyrlur hér á landi. Af þeim eru fjórar enn á skrá, en aðeins tvær eru í lofthæfu ástandi, þ. e. TF-ATH, af gerðinni H-269, tveggja manna þyrla í eigu fr. Albínu Thordarsen, og TF-RÁN, af gerðinni S-76, í eigu Landhelgisgæslunnar.

Nánari upplýsingar um skrásetningardag og feril koma fram í sérstakri töflu.

2. Þörf sérstakrar athugunar á öryggisþáttum þessa flugrekstrar.

Hafa ber í huga, að þyrluflug fer eðli sínu samkvæmt oft fram í lágum flughæðum, þar sem hættar er við misvindi og ýmsum hindrunum. Við björgunarstörf þurfa þyrlur enn fremur oft að athafna sig við mjög erfið veðurskilyrði. Þessir þættir geta því haft veruleg áhrif á slysatíðni þyrla. Rétt er einnig að benda á eftirfarandi atriði:

a) Enginn einn samnefnari virðist fyrir orsökum slysa og óhappa í þyrlurekstri hér á landi.
b) Hvað varðar eigin þyrlur Landhelgisgæslunnar, eða þær þyrlur, sem á hennar vegum hafa verið, hefur ekkert komið fram, sem bendir til að viðhaldi þyrlanna hafi verið ábótavant, enda hefur Landhelgisgæslan lagt þunga áherslu á góða viðhaldsþjónustu.
c) Þjálfun þyrluflugmanna hefur almennt verið í samræmi við lög og reglugerðir hér á landi, sem yfirleitt eru strangari á þessu sviði en í öðrum löndum.
d) Eftirlit með flugrekstri, þar með töldum þyrlurekstri, er falið loftferðaeftirliti flugmálastjórnar, og er eins náið og kostur er. Til þess að efla slíkt eftirlit þarf aukningu sérhæfðs starfsliðs. Einn flugstjóri hóf störf hjá loftferðaeftirlitinu á s. l. ári, en ráðning hans hefur enn ekki fengist staðfest.

Þrátt fyrir framangreint er eðlilegt, að fram fari ítarleg könnun á öllum þáttum þyrlurekstrar hér á landi með það fyrir augum að öryggi verði eflt.

Yfirlit yfir þyrlur skráðar hér á landi.

Nr:	Skrás.	Tegund	Eigandi/Rekandi	Dags. skrás.	Örlög
1.	TF-HET	Bell-47	Elding Trading Co.	10. júní 1949	Skilað aftur til Bandaríkjanna í sept. 1949.
2.	TF-EIR	Bell-47	SVFÍ & Landh.gæslan	30. apríl 1965	Brotlenti á Rjúpnafelli s/Kerlingafjalla 29. sept. 1975. Orsök var sviptivindi og misvindi. Flugmaður og einn farþegi sluppu ómeiddir. Þyrlan ónýt.
3.	TF-DIV	B-305	Andri Heiðberg	9. febr. 1967	Brotlenti eftir hreyfilbilun í Fáskrúðsfirði, 29. sept. 1975. Flugmaður slapp ómeiddur, en þyrlan eyðilagðist.
4.	TF-HUG	Bell-47	Landhelgisgæslan	29. mars 1973	Skemmdist í nauðlendingu eftir hreyfilbilun við Kópavogshæli 13. febr. 1977. Flugmaður og einn farþegi sluppu ómeiddir. Þyrlan er enn til í vörslu Landhelgisgæslunnar.
5.	TF-MUN	Bell-47	Landhelgisgæslan	19. des. 1973	Skemmdist í nauðlendingu vegna hreyfilbilunar við Vogastapa, árið 1975. Flugmaðurinn slapp ómeiddur. Þyrlan er enn til í vörslu Landhelgisgæslunnar.
6.	TF-GNÁ	S-62A	Landhelgisgæslan	21. febr. 1972	Eyðilagðist í nauðlendingu á Skálafelli 3. okt. 1975, eftir að drifkassi í stéli brotnaði. Flugmaður og einn farþegi sluppu ómeiddir.
7.	TF-LKH	S-55	Þyrluflug hf.	6. jan. 1975	Fórst við Hjarðarnes í Hvalfirði 17. jan. 1975. Flugmaðurinn og sex farþegar biðu bana. Líkleg orsök: Misvindi og hleðsla.
8.	TF-DEF	B-305	Andri Heiðberg	3. febr. 1975	Eyðilagðist í nauðlendingu eftir bilun stélskrúfu, við Urðarhólmavatn s/Arnarvatnsheiðar, 21. júlí 1978. Flugmaður slasaðist.
9.	TF-GRO	H-369	Landhelgisgæslan	7. apríl 1976	Flaug á loftlínu og eyðilagðist við Búrfellsvirkjun, 17. nóv. 1980. Flugmaður slapp ómeiddur, einn farþegi meiddist nokkuð.
10.	TF-AGN	H-269	Hitatæki hf.	19. nóv. 1976	Flaug í jörðina og eyðilagðist, er flugmaður reyndi sjónflug í vondu veðri, á Mælifellssandi norðan Mýrdalsjökuls, 25. apríl 1977. Flugmaður og einn farþegi urðu úti á leið til byggða.
11.	TF-ATH	H-269	Albína Thordarson	25. maí 1980	Albína Thordarson hefur leyfi til flugreksturs og rekur hún þyrluna. Flugmenn Landhelgisgæslu hafa flogið og flugvélvirkjar gæslunnar annast viðhald.
12.	TF-RAN	S-76	Landhelgisgæslan	22. ágúst 1980	Landhelgisgæslan rekur þyrluna.

Efri deild, 19. fundur.

Miðvikudaginn 3. des., kl. 2 miðdegis.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 164). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Álagning opinberra gjalda 1980, frv. (þskj. 36, n. 174). — 2. umr.

Frsm. (Guðmundur Bjarnason): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. Ed. hefur fjallað um frv. til laga um álagningu opinberra gjalda á árinu 1980 og innheimtu þeirra á síðari hluta þess árs.

Frv. þetta er staðfesting á brbl. sem gefin voru út 24. júlí 1980 og eru til komin vegna þeirra aðstæðna sem sköpuðust þar sem nú skyldi leggja á samkv. nýjum lögum um tekju- og eignarskatt. Það varð að veita nýjan frest eða lengja frest til að ljúka álagningu opinberra gjalda vegna þess hversu viðamikil þessi lög voru og framkvæmd þeirra, og síðan varð að kveða á hvernig haga skyldi innheimtu í ágústmánuði vegna þessa lengda framtals- og álagningarfrests í þeim umdæmum þar sem álagningu var ekki lokið. Það er kveðið svo á í lögunum að þessi greiðsla, ágústgreiðslan, skyldi vera 20% af þeirri fjárhæð sem fyrirframgreiðslan var ákveðin samkv. lögum nr. 1/1980. Síðan er gerð grein fyrir því, að þetta skuli jafnast út til hækkunar eða lækkunar, eftir því sem álagning endanlega gefur tilefni til, í septembermánuði.

Nefndin hefur sem sagt rætt þetta frv. á fundi sínum og mælir með því, að það verði samþykkt. Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru Gunnar Thoroddsen, hæstv. forsrh., og hv. alþm. Kjartan Jóhannsson. Undir nál. ritar hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, formaður, Guðmundur Bjarnason, Davíð Aðalsteinsson, Eyjólfur Konráð Jónsson, með fyrirvara, og Lárus Jónsson, með fyrirvara.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Mál það, sem hér er til umr. og afgreiðslu, er nánast tæknilegt atriði varðandi innheimtu opinberra gjalda á yfirstandandi ári. Við hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson höfum skrifað undir nál. með fyrirvara til að undirstrika að samþykkt okkar á þessu frv., sem er tæknilegs eðlis, felur á engan hátt í sér samþykki okkar við skattaálagningarstefnu núv. hæstv. ríkisstj.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Eins og kemur fram í nál. var ég fjarstaddur afgreiðslu þessa máls og reyndar seinasta fund n. og er heldur ósáttur við að þrátt fyrir að ég hafði bent á, að ég mundi ekki geta mætt á þeim tiltekna tíma sem nefndarfundur var haldinn, var hann haldinn engu að síður.

En um þetta frv. er það að segja, eins og kom fram í máli hv. síðasta ræðumanns, 3. þm. Norðurl. e., að hér er um tæknilega útfærslu að ræða sem ekki verður auðséð hvernig hægt hefði verið að framkvæma öðruvísi en einhvern veginn í þessa veru. Ég er samþykkur þessu frv. og samþykkt þess þó að í því felist náttúrlega engin ábyrgð eða nokkur stuðningur við þá skattaupphæð sem ákveðin var af hæstv. ríkisstj.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Manntal 1981, frv. (þskj. 119, n. 170, 171). —2. umr.

Frsm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Allshn. hefur fjallað um frv. til l. um manntal 31. jan. 1981 og leggur til einróma að frv. verði samþykkt með brtt. sem nefndin flytur á þskj. 171 og ég mun gera grein fyrir hér á eftir. Nefndin ræddi við hagstofustjóra, sem gaf henni margháttaðar upplýsingar um fyrirhugaða framkvæmd allsherjarmanntalsins í lok janúar.

Þegar frv. þetta var hér til 1. umr. komu fram frá hv. 11. þm. Reykv., Ólafi Ragnari Grímssyni, nokkrar ábendingar, m. a. um hvort ekki væri rétt að binda það í lögum að manntal skyldi fara fram á 10 ára fresti og þá næst í byrjun níunda áratugsins. Það varð niðurstaða nefndarinnar, að menn voru sammála um að ekki væri rétt að binda þetta ákvæði í lögum. Ýmsar forsendur, tæknilegar og annars konar, gætu verið breyttar þá og því ekki rétt að binda það nú að þetta skuli fara fram með þessum hætti. Hins vegar var það og er skoðun nefndarmanna, að stefna beri að því að hér verði tekið manntal á 10 ára fresti.

Sú brtt., sem nefndin varð sammála um að flytja á þskj. 171, er í þá veru að taka af tvímæli og gera orðalag nokkuð skýrara en var. Sú breyting, sem lögð er til, er að við bætist setning sem svo hljóðar, með leyfi forseta:

„Heimilt er þó að láta viðurkenndum rannsóknaraðilum og opinberum stofnunum í té upplýsingar skráðar á manntal, enda sé þá nöfnum og auðkennisnúmerum einstaklinga sleppt."

Þetta er eingöngu gert til þess að taka af öll tvímæli um að opinberar stofnanir, t. d. eins og Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Þjóðhagsstofnun, eigi greiðan aðgang að þeim upplýsingum, sem manntalið geymir, án þess að þær séu þó bundnar eða tengdar einstaklingum.

Nefndin varð sammála um að leggja til þessa breytingu og það er gert í fullu samráði við hagstofustjóra. Nefndin leggur sem sagt til að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu sem hún flytur á þskj. 171.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Það er einungis örstutt fsp. til formanns nefndarinnar.

Það eru margir sem álíta að lögheimili séu ekki rétt skráð hjá ýmsum íbúum þessa lands. Bar þetta mál nokkuð á góma í nefndinni eða aðgerðir til að tryggja að menn skrái lögheimili sín rétt. Þetta skiptir verulegu máli fyrir ýmis sveitarfélög. Því er til að mynda haldið fram, að raunverulegur íbúafjöldi í Reykjavík sé meiri en tölur gefa til kynna vegna þess að ýmsir, sem búi hér í raun og

sannleika og ættu að eiga hér lögheimili, skrá sig annars staðar.

Frsm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Því er til að svara varðandi þessa spurningu, að þetta sérstaka mál bar ekki á góma í viðræðum við hagstofustjóra. Hins vegar held ég að ljóst sé, eftir að nefndarmenn höfðu rætt við hann, að Hagstofan hefur fullan hug á því og þeir aðrir aðilar, sem standa að framkvæmd þessa manntals, að það gefi sem gleggsta og réttasta mynd af því, hvernig íbúatölu er háttað og hvar á landinu menn eiga heimili. Þess vegna hlýtur þetta einnig að koma þar til álita. En auðvitað er rétt að við síðari umfjöllun þessa máls verði þessari ábendingu sérstaklega komið á framfæri við hagstofustjóra.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 171 (ný 9. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
10.—11. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður barnakennara og Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, frv. (þskj. 136, n. 175). — 2. umr.

Frsm. (Guðmundur Bjarnason): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. Ed. hefur tekið til umfjöllunar frv. til l. um sameiningu Lífeyrissjóðs barnakennara og Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.

Eins og segir í aths. við frv. þetta er það flutt í tilefni þess, að 20. ágúst 1980 var undirritaður aðalkjarasamningur milli Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs. Þá var jafnframt gert samkomulag milli ríkisstj. og BSRB um nokkur félagsleg réttindamál opinberra starfsmanna. Í framhaldi af því hefur verið gert samkomulag við BSRB þess efnis að samræma skuli lög Lífeyrissjóðs barnakennara lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Lagafrv. þetta er því flutt í samræmi við það samkomulag sem Kennarasamband Íslands og fjmrh. hafa gert með sér.

Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt. Fjarverandi við atkvgr. voru hæstv. forsrh. Gunnar Thoroddsen og hv. þm. Kjartan Jóhannsson. Tveir hv. þm., Eyjólfur Konráð Jónsson og Lárus Jónsson, undirrita nál. með fyrirvara.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Eins og fram kom í máli frsm. hv. fjh.- og viðskn. rituðum við Eyjólfur Konráð undir þetta nál. með fyrirvara. Ég vil taka það fram í sambandi við þann fyrirvara, að hann er ekki gerður vegna þess að við teljum að þetta mál sé á einn eða annan hátt óæskilegt. Þvert á móti teljum við að það sé spor í rétta átt í lífeyrismálum að sameina þessa tvo lífeyrissjóði. Við teljum einnig að annað frv., sem við rituðum undir með fyrirvara, um Lífeyrissjóð bænda, sé spor í rétta átt. Hins vegar liggur fyrir hv. deild frv. frá ýmsum sjálfstæðismönnum — ég var því miður fjarverandi þegar það var lagt fram þó að ég hefði gjarnan viljað vera flm. þess — um breytta stefnu í lífeyrismálum í heild, sem er mjög mikið nauðsynjamál. Við vildum þess vegna undirstrika þá skoðun okkar, að á þessum lífeyrismálum þurfi heildarendurskoðun. Því skrifum við með fyrirvara undir bæði þessi nál.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Hér gildir hið sama um afgreiðslu og fyrr og einnig sú athugasemd mín, að ég hafi ekki haft tækifæri til að sækja þennan fund.

Í frv. sem slíku felst hagræðing ein. Ég er því samþykkur þessu frv. Hins vegar mun væntanlega gefast tækifæri síðar til að líta á lífeyrismál opinberra starfsmanna í heild. Ég vil að það komi fram hér, að á þessu stigi a. m. k. er fyrst og fremst um að ræða hagræðingaratriði sem ég legg til að verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður bænda, frv. (þskj. 137, n. 176). — 2. umr.

Frsm. (Guðmundur Bjarnason): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. Ed. hefur einnig tekið þetta frv. til l. um breyt. á lögum nr. 101 28. des. 1970, um Lífeyrissjóð bænda, sbr. lög nr. 35/1972, lög nr. 67/1974, lög nr. 3/1977, lög nr. 64/1977 og lög nr. 25/1980 um breyt. á þeim lögum, til skoðunar.

Hér er um að ræða samræmingu á lífeyrisréttindum bænda og er frv. flutt samkv. tillögu stjórnar lífeyrissjóðsins. Eins og fram kemur í athugasemdum við frv. er ætlunin að „með breytingu þessari yrði dregið úr misræmi er orðið getur milli lífeyrisréttinda manna, sem fæddir eru árið 1914 eða fyrr og öðlast rétt samkv. II. kafla laganna, og réttinda manna sem fæddir eru árið 1915 eða síðar og ávinna sér rétt einvörðungu í samræmi við iðgjaldagreiðslur samkv. I. kafla laganna."

Nefndin varð sammála um að mæla með að þetta frv. verði samþykkt. Það er svo með þetta eins og hin tvö fyrri málin sem við höfum fjallað hér um og fjh.- og viðskn. tók fyrir á þessum fundi, að fjarverandi við afgreiðsluna voru hæstv. forsrh. Gunnar Thoroddsen og hv. þm. Kjartan Jóhannsson og þeir hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson og Lárus Jónsson undirrituðu með fyrirvara.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Eins og fram hefur komið hafði ég ekki tækifæri til að sitja þennan nefndarfund.

Það er auðvitað nauðsynlegt að bændur njóti sem bestra lífeyrisréttinda í ellinni, svo mjög sem það kerfi, sem Alþingi hefur komið á, hvetur þá til að slíta sér út fyrir aldur fram. En það er óvenjulegt við þetta frv. eins og það liggur hér fyrir og varðar greinilega fjárhagsleg atriði, þ. e. í þessu tilfelli útgjöld Lífeyrissjóðs bænda, þar sem verið er að breyta réttindum, að ekki sé gerð nein grein fyrir því, hvaða áhrif það hefur á stöðu sjóðsins að breyta réttindunum með þessum hætti. Er það svo, að útgjöld sjóðsins minnki við þessa breytingu þannig að það sé þá verið að skerða rétt hluta af bændastéttinni, eða er það svo, að útgjöld sjóðsins aukist við þessa

breytingu? Sé hið síðara tilvikið, hvaða fjárhæð er þá um að ræða og er öruggt að lífeyrissjóðurinn geti staðið undir því? Auðvitað er ekki gagn að auknum réttindum ef sjóðurinn getur ekki staðið undir þeim. Verður ekki ráðið með einhlítum hætti af þeim texta, sem hér liggur fyrir, hvort heldur er. Þess vegna óska ég upplýsinga um þetta efni, hvort þetta minnki eða auki útgjöld sjóðsins og hvaða fjárhæð þar sé um að ræða, þannig að mönnum geti verið ljóst um hvaða fjárhæð á að skerða réttindi bænda eða öfugt og hvernig sjóðurinn muni þá geta staðið undir því.

Frsm. (Guðmundur Bjarnason): Herra forseti. Varðandi þessar fsp. hv. þm. Kjartans Jóhannssonar vil ég upplýsa að það var ekki um það beðið og ekki farið ofan í það á nefndarfundinum, hversu miklar breytingar væri þarna um að ræða. Mér sýnist af texta frv. að þarna sé fremur gengið í þá átt að útgjöld sjóðsins mundu lækka, verði frv. samþ. Mér virðist svo á þeim aths. sem fram koma við frv. Ég er ekki heldur með við höndina ræðu hæstv. fjmrh. þegar hann mælti fyrir frv. þessu í deildinni, þannig að ég get því miður ekki gert nánari grein fyrir því á annan hátt en vitna til aths. í frv. og jafnframt gera grein fyrir því, að það var ekki gerð sérstök úttekt á því eða ekki um það rætt sérstaklega á nefndarfundinum, hvort og hversu mikla upphæð væri þarna um að ræða.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég hef áður gert grein fyrir fyrirvara okkar hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar við þetta mál. Hann er einvörðungu í því fólginn, að við teljum að það þurfi að gera frekari róttækar breytingar á öllu lífeyrissjóðakerfi allra landsmanna.

Ég vil í sambandi við það, sem hér hefur komið til umræðu, hvort um sé að ræða auknar greiðslur lífeyrissjóðsins, taka undir það sem kom fram hjá hv. þm. Guðmundi Bjarnasyni. Það var ekki upplýst á þessum fundi að svo væri, enda frv. nánast um það að samræma réttindi bænda til lífeyrisgreiðslu. Ég get ímyndað mér að þar sé um óverulegar auknar greiðslur að ræða.

Hins vegar bar það á góma einmitt á þessum nefndarfundi, að það vill oft verða mjög mikill misbrestur á því um stjfrv. að ákvæði svonefndra Ólafslaga séu virt og kostnaðaráætlun fylgi þeirri lagasmíð sem veldur auknum útgjöldum úr ríkissjóði. Það er því miður svo, að það eru ekki einu ákvæði þeirra ágætu laga sem eru illa í heiðri höfð. Það er ástæða til að taka mjög undir það. Ég held að það sé heilbrigð innanhúsregla fyrir Alþingi og ríkisstj., hver sem hún er, að hafa í heiðri, hvort sem það er í lögum eða ekki, að varðandi öll frv., alla vega stjfrv., sem fela í sér aukin útgjöld, sé „gerð grein fyrir því, þegar verið er að setja viðkomandi lög hver útgjöld þau hafa í för með sér og að menn gangi þá með opin augu í að smíða þau lög.

Forseti (Helgi Seljan): Út af þessum umræðum held ég að væri rétt að kynna sér hvort hæstv. fjmrh. væri í húsinu. Hann gæti svarað þessum spurningum ef hann væri við. Við gefum örstutt hlé á meðan það er athugað.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Það fengust ekki svör við þessum spurningum. Frsm. meiri hl. hafði það á tilfinningunni, að þetta þýddi minni útgjöld fyrir sjóðinn. Hv. þm. Lárus Jónsson hafði það á tilfinningunni, að þetta þýddi meiri útgjöld fyrir sjóðinn. (Gripið fram í.) Óverulega meiri, en samt meiri. Þetta stangast nokkuð á.

Mér sýnist rétt að þegar svona er mál í pottinn búið ljúkum við ekki 2. umr. fyrr en allar upplýsingar liggja fyrir. Ég geri ekki ráð fyrir að það muni tefja framgang málsins. 3. umr. gæti farið fram jafnframt síðari hluta 2. umr. mín vegna.

Mér finnst ekki rétt að þessari umr. sé lokið án þess að þessar upplýsingar liggi fyrir. Ég óska hér með eftir því við forseta, að málinu verði frestað.

Forseti (Helgi Seljan): Ég skal verða við ósk hv. 2. þm. Reykn. Ég ætla hins vegar að doka við með það að taka málið alveg út af dagskrá ef vera kynni að hæstv. fjmrh. kæmi í húsið áður en við hefðum lokið dagskrá þessa fundar. Þá mætti fá svör við þessu. Umr. um þetta mál er því frestað um stund, en það ekki tekið út af dagskrá alveg í dag. Það er rétt að sjá til vegna þess að gott væri að ljúka umr. Við fáum á okkur á næstunni töluverðan slatta af frv. úr Nd. og best væri að ljúka sem mestu sem er á dagskránni í dag ef unnt er. — En ég skal fúslega verða við ósk 2. þm. Reykn.

Umr. frestað.

Heilbrigðisþjónusta, frv. (þskj. 158). — 1. umr.

Flm. (Helgi Seljan): Herra forseti. Á þskj. 158 höfum við hv. þm. Egill Jónsson, Davíð Aðalsteinsson og Ólafur Björnsson leyft okkur að flytja frv. til l. um breyt. á lögum um heilbrigðisþjónustu.

Þetta er stutt frv. 1. gr. þess er um það, að við 1. mgr. lið 1 í 13. gr. laganna bætast orðin: Þar er þó einnig heimilt að ráða aðstoðarlækni hluta úr ári. — Hér er átt við H1 stöðvarnar.

2. gr.: Við 14. gr. laganna bætist ný mgr., 14.12. svohljóðandi: Nú hefur læknir unnið við heilsugæslustöð H1 í samfleytt þrjú ár, og á hann þá rétt á að hljóta eins árs leyfi með fullum launum til framhaldsnáms hér á landi eða erlendis, enda fylgi því skuldbinding um áframhaldandi þjónustu í minnst þrjú ár við heilsugæslustöð H1.

Þetta er auðskilið mál, að ég hygg, og ég vil leyfa mér að lesa yfir grg. sem fylgir þessu frv. Hins vegar kann hér að vera um nokkurt álitamál að ræða sem rétt er að taka rækilega fyrir í heilbr.- og trn. og athuga vel alla þætti. Það er okkur ljóst, sem þetta mál flytjum, að einkanlega þarf að athuga 2. gr. Ég hygg að varðandi 1. gr. þyki allsjálfsagt mál að þarna verði með einhverjum hætti úr að bæta. En í grg. segir svo, með leyfi forseta:

„Þegar lögin um heilbrigðisþjónustu voru sett 1973, hafði ástandið í læknamálum landsbyggðarinnar verið með öllu óviðunandi.

Ekki síst var það tilgangur nýrrar löggjafar að bæta hér verulega úr. Í kjölfar löggjafarinnar og mikilla framkvæmda í heilsugæslumálum úti á landi hefur mikil breyting orðið á til batnaðar og þróunin stefnir í rétta átt, til alhliða bættrar þjónustu á sviði heilsugæslu um allt land.

Enn ber þó á nokkurn skugga. Erfiðlega hefur gengið að fá lækna að H1 stöðvunum — þeim heilsugæslustöðvum þar sem aðeins skal starfa einn læknir.

Hér er um stöðvar að ræða sem velflestar þjóna þeim

svæðum, sem afskekktust eru eða verst í sveit sett hvað snertir samgöngur, miklar fjarlægðir eða nálægð við sjúkrahús. Þörfin á góðri og öruggri heilsugæslu er því hvergi brýnni né meir knýjandi og því má einskis láta ófreistað til að unnt sé að fá lækna þar til starfa og til sem lengsts tíma.

Ýmsar tillögur hafa verið uppi um úrbætur, ef takast mætti að laða menn fremur til starfa á þessum stöðum.

Landlæknir hefur að vonum látið þessi mál mjög til sín taka, enda brennur vandinn hvað heitast á honum, og m. a. reifaði hann á s. l. vetri ýmsar hugmyndir sínar til úrbóta í þessu efni við heilbrigðis- og trygginganefndir þingsins. Þeim er nú að miklu leyti komið hér í frv.-form, því full ástæða er til nánari umfjöllunar viðkomandi nefnda og þingsins í heild um þetta málefni."

Ég vil taka fram í þessu sambandi að landlæknir hefur mjög óskað eftir því, að þetta mál kæmist með einhverjum hætti hér inn, og ég tel ekkert óeðlilegt við að það sé gert, hefði reyndar talið æskilegast að þetta fylgdi í kjölfar breytinganna sem væntanlegar eru á heilsugæslulögunum í heild sinni. En eftir þeim þarf að bíða töluvert. Hér er um afmörkuð atriði að ræða, sem ég hef rætt við hæstv. heilbrrh. um hvort væri nokkuð til fyrirstöðu að kæmu hér inn sérstaklega. Kvað hann svo ekki vera, enda tel ég að þetta stangist ekki neitt á við þá heildarendurskoðun sem nú er í gangi varðandi málið í heild, þ. e. lögin um heilbrigðisþjónustu.

Í grg. segir áfram að þessar hugmyndir hafi m. a. komið fram hjá læknum sem á H1 stöðvum hafa starfað og þá alveg sérstaklega hugmynd númer 1 í 1. gr. frv., sem er um leið meginatriði hugmyndanna og örugglega sú virkasta. Hér er um að ræða þá heimild að ráða aðstoðarlækni hluta úr ári.

Margir hafa gegnt störfum með mikilli prýði á H1 stöðvunum, en það eru mjög fáar stöðvar, því miður, sem njóta þess að þar séu menn með svipuðu hugarfari og t. d. ég hef best dæmi um úr mínu kjördæmi með Þengil Oddsson á Vopnafirði. Hann hefur gegnt þar starfi með mikilli prýði. Hann hefur t. d. lagt alveg sérstaka áherslu á að einhver heimild af þessu tagi fáist. Heimildin er ekki til nú vegna þess að þar yrði þá eingöngu um staðgengil að ræða er hér kæmi til greina að ráða hluta úr ári, tvo til þrjá mánuði yfir t. d. erfiðasta tímann, annasamasta tímann, mann í starf með héraðslækninum, en um leið mundi það auðvelda þeim hinum sama að taka að sér hlutverk staðgengils einnig. Hann mundi kynnast aðstæðum á staðnum og mundi eiga auðveldara með að taka að sér áframhaldandi starf, enda líka um lengri tíma að ræða og auðveldara viðureignar. Ég held að þessi skoðun Þengils og margra fleiri lækna á H1 stöðvunum sem þar hafa starfað sé rétt og þetta leysi sem sagt bæði vanda þeirra og annir miklar og eins staðgengilsmál þeirra líka að nokkru leyti.

Greinarnar skýra sig sjálfar, en í þeim er ætlað að ýta undir það, að menn fáist fremur til starfa á H1 stöðvum, þar sem aðstaða öll og álag er með öðrum hætti en þar sem fleiri koma til. Því er lagt til í 1. gr. frv., að við bætist sú heimild, að við H1 stöðvar megi ráða aðstoðarlækni hluta úr ári. Sama er að segja um þau ótvíræðu og mikilvægu hlunnindi sem lögð eru til í 2. gr., með þeirri skuldbindingu sem þar fylgir. Hvati ætti þetta að vera alveg án efa.

Nú er hérna um miklu vafasamara atriði að ræða og okkur flm. er það vel ljóst að réttindum af þessu tagi, sem fylgir jafnframt þó skuldbinding, fylgir vissulega alltaf einhver vafi. Ég bendi á það þó varðandi læknanema, að svipaður háttur hefur áður verið uppi varðandi læknanemana, ekki þó varðandi leyfi þeirra til starfa á fullum launum, enda þeir ekki komnir í starf, heldur varðandi námsstyrki til þeirra og stuðning við nám þeirra gegn vissri skuldbindingu um að gegna læknisstarfi á eftir. Þetta fyrirkomulag reyndist á sínum tíma misjafnlega að vísu, en í mörgum tilfellum vel.

Nú vil ég ekki leggja dóm á það, hver árangur yrði af þessu. En meðan þessir læknar búa við þær aðstæður sem þeir búa í dag held ég að það sé ótvírætt, að hér yrði um nokkuð aukna tryggingu að ræða að þessir læknar störfuðu lengur á H1 stöðvum. Það er kannske meginmálið fyrir fólkið sem býr í þessum héruðum að stöðugleiki í læknamálum á H1 stöðvunum sé meiri en hann er. Það er kannske aðalatriðið. Samband milli læknis og sjúklinga er vissulega mjög náið og þarf að vera náið. Þar þarf að ríkja ákveðið trúnaðartraust. Hin sífelldu læknaskipti, við höfum af því reynslu sem búum úti á landi, eru slæm fyrir íbúana og óheillavænleg í alla staði. Til viðbótar því verður afleiðingin oft sú, að fólk leitar meira annað þar sem meiri er stöðugleiki, á H2 stöðvarnar jafnvel, til lækna sem þar eru og grónir í starfi.

Ég hef dæmi um þetta frá tíðum læknaskiptum úr læknishéraði mínu Eskifjarðarlæknishéraði, þar sem voru áður um skeið alltíð skipti. Þá var hinn ágæti læknir uppi á Egilsstöðum, Guðmundur Sigurðsson. Þegar nýir menn voru að koma kusu menn frekar að fara upp í Egilsstaði og hitta þann ágæta mann, sem þar sat, og leita ráða hjá honum. Þeir þekktu til hans og þekktu hann nokkuð vel. Ég held þess vegna að það sé ekki lítið atriði að meiri festa skapist í læknamálum þessara stöðva. Það er einmitt atriði sem þarna er vikið sérstaklega að.

Að vísu hefur landlæknir viljað ganga enn lengra en við gerum í þessu frv. Bæði hefur hann viljað hafa þessa skuldbindingu styttri, hann hefur viljað hafa skuldbindinguna aðeins tvö ár, og hann hefur viljað hafa réttinn til eins árs leyfis líka eftir tvö ár. Við fórum bil beggja varðandi þetta, miðað við þær umræður sem höfðu farið fram í nefndinni í fyrra um þetta, og vorum með þrjú ár áður en leyfið væri tekið og þrjú ár í skuldbindingu á eftir, en þetta verður allt athugað betur í nefnd og einnig það atriði hvort hér eigi að vera um þennan hvata að ræða eða ekki, sem geta vel verið skiptar skoðanir um.

Landlæknir hefur bent á fleiri atriði sem gætu verið hvetjandi í þessu efni. Hann hefur t. d. bent á að í stöður við heilbrigðisstofnanir eða í stöður heilsugæslulækna skuli starfsaldur læknis við H1 stöð teljast fimm ár fyrir hver þrjú ár. Við treystum okkur ekki til að taka þetta inn, en við teljum þetta vissulega athyglisvert og vísum þessu, eins og frv. í heild og öðrum atriðum sem landlæknir mun kynna á fundum nefndarinnar, til skoðunar í nefndum þingsins og einnig til skoðunar rn. varðandi frekari framkvæmd þessa atriðis og einnig varðandi hugmyndir landlæknis um frekari fríðindi sem falla að 2. gr. þessa frv.

Ég hygg að ekki þurfi að hafa lengri framsögu. Það er mjög nauðsynlegt að á þessu máli verði tekið á einhvern hátt og það tryggt að meiri festa skapist í læknamálum H1 stöðvanna, þó við flm. vitum allir að vandinn er læknaskorturinn almennt. Það er kannske svolítið broslegt að vera að tala um læknaskort eins og við framleiðum mikið af þessum ágætu mönnum, en engu að

síður er hann staðreynd. Menn una ekki hérlendis, þeir fara utan, þeir þurfa mjög að sérhæfa sig, og er ekkert nema gott um það að segja, en endirinn verður svo oft sá, eins og menn þekkja, að þeir ílendast erlendis og við njótum ekki þeirra góðu starfskrafta sem við annars ættum í raun og veru og eigum í raun og veru vissa heimtingu á að fá að njóta.

Ég vil svo leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 11 shlj. atkv.

Efri deild, 20. fundur.

Miðvikudaginn 3. des., að loknum 19. fundi.

Álagning opinberra gjalda 1980, frv. (þskj. 36). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Manntal 1981, frv. (þskj. 186 (sbr. 119)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Lífeyrissjóður barnakennara og Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, frv. (þskj. 136). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 24. fundur.

Miðvikudaginn 3. des., kl. 2 miðdegis.

Afgreiðsla máls úr nefnd.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Hinn 27. okt. s. l. lögðum við þrír þm. Sjálfstfl. fram frv., einfalt í sniðum, þess efnis að álagður tekjuskattur, útsvar, sjúkratryggingagjald og kirkjugarðsgjald á börn, sem voru innan 16 ára aldurs á tekjuárinu 1979, skyldi falla niður á skattárinu 1980 og koma til endurgreiðslu þar sem gjöld þessi hafa verið greidd. Í „Beinni línu" í Ríkisútvarpinu kom það fram, að hæstv. forsrh. var þeirrar skoðunar, að mistök hefðu átt sér stað þegar börn voru skattlögð með þessum hætti, og lofaði því, að þetta mál yrði tekið til afgreiðslu og leiðréttingar. Þessu máli var vísað til fjh.- og viðskn. hinn 10. nóv. s. l., en síðan hefur hvorki heyrst stuna né hósti frá nefndinni. Nú er það fsp. mín til formanns nefndarinnar, hvar þetta mál sé statt, hvort hugmyndin sé að málið fái eðlilega afgreiðslu á þessu ári. Samkv. eðli þessa frv. hefði þn. átt að taka það til afgreiðslu þegar í stað til þess að það kæmi að haldi. Ég álít að það sé Alþingis að kveða upp úr um þetta mál, en ekki þn., og óska eftir því, að hæstv. forseti beiti sér fyrir því, að málið komist úr n. og verði tekið hér til 2. umr. svo sem þingsköp mæla fyrir.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að sitja hér fyrir svörum. Hitt er svo annað mál, að ég er reiðubúinn að veita hv. þm. Halldóri Blöndal allar upplýsingar um þetta mál. Hann tjáði mér fyrir nokkrum mínútum að hann ætlaði að fara að tala um þetta mál utan dagskrár. Ég hef ekki haft ráðrúm til að láta ná í fundargerðabók nefndarinnar, en bað starfsmann þingsins um að gera það. Það hefði verið betra ef ég hefði getað rakið málið upp úr fundargerðabók nefndarinnar.

Mál þetta var strax tekið fyrir í nefndinni, það var sent til umsagnar með eðlilegum hætti og ég er reiðubúinn að halda fund í nefndinni um þetta mál hvenær sem er. Hitt er svo annað mál, að ég mun ekki beita mér fyrir því í fjh.- og viðskn. að mál séu þar afgreidd fyrr en þau hafa hlotið eðlilega meðferð. Það er eins með þetta mál og önnur, að það hefur hlotið fyllilega eðlilega meðferð í nefndinni. Einn flm. frv. er í nefndinni. Ég veit að hann getur ekki síður en hv. þm. Halldór Blöndal talað vel fyrir þessu máli. Það var full samstaða í nefndinni um meðferð þessa máls. Ég vísa því algerlega til föðurhúsanna, að þetta mál hafi ekki hlotið þar eðlilega afgreiðslu, og eins því, sem hv. þm. sagði, að nefndin ætti ekki að ákveða þetta mál, heldur Alþingi. Að sjálfsögðu á nefndin að fjalla um það áður en það kemur til afgreiðslu hér, og það mun hún gera og mun gera það þegar hún hefur fengið þær umsagnir sem hún telur nauðsynlegar í málinu, en ekki fyrr.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég vil taka það fram, að ég mun verða við ósk hv. 7. landsk. þm. um að fylgjast með þessu máli. Hv. 3. þm. Austurl., formaður fjh.- og viðskn., hefur gert frambærilega grein fyrir meðferð málsins.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég man eftir því, að hv. 3. þm. Austurl. hefur hraðað skattamálafrv. í gegnum fjh.- og viðskn. og ýmsum frv. sem snerta fjármál ríkisins. Ég hygg á hinn bóginn að þarna komi fram að hann

var öndverður þessu máli í upphafi. Ég vil einnig að það komi fram, að síðast í morgun sat ég fund menntmn. beggja deilda þar sem um það var að ræða að koma frv., sem enn hefur ekki verið lagt fram á Alþingi í gegnum þingið á þessu ári. Það er þess vegna alger útúrsnúningur að halda því fram, að þrjár vikur séu ekki nægilegur tími til að skoða jafneinfalt mál og hér um ræðir.

Ég ítreka það sem ég sagði áðan: Hæstv. forsrh. hefur talað þannig, að ástæða er til að ætla að hann sé málinu fylgjandi. Þess vegna ríður á að málið nái fram að ganga sem fyrst, komist til þd., til þess að það verði afgreitt fyrir jól.

Grunnskólar, frv. (þskj. 98). — 1. umr.

Flm. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Þetta frv., sem flutt er á þskj. 98 og hefur málsnúmerið 88, er endurflutt á þessu þingi og var flutt fyrir tveimur árum hið fyrra sinn. Að þessu sinni flytjum við frv. í sameiningu þrjú. Flm. ásamt mér eru þeir hv. þm. Halldór Blöndal og Friðrik Sophusson.

Ég vil strax taka það fram, að þótt svo standi á, að flm. þessa frv. séu eingöngu sjálfstæðismenn, er það svo almennt að efni til að ég hygg að það sé ekkert því til fyrirstöðu að þm. úr öllum flokkum geti sameinast um að koma því áfram. Ég vona a. m. k. að svo verði.

Efni þessa frv. er í raun og veru mjög einfalt. Aðalatriði þess er að tryggja rétt foreldra til þess að fylgjast betur með því starfi, sem fram fer í grunnskólunum, og eiga aðild að þeim ákvörðunum sem þar eru teknar og varða börn þeirra. M. ö. o.: þetta frv., ef samþ. verður, á að stuðla að því, að foreldrar geti sinnt þeirri skyldu og ábyrgð sem á þeim hvílir í uppeldi barna þeirra.

Þessi ábyrgð hefur verið viðurkennd víða um heim *með því að viðurkenna foreldrum til handa rétt til þess*, að þær stofnanir, sem starfa við hlið og til hjálpar heimilum að uppeldi barna, taki mið af þeirri ábyrgð sem hvílir á foreldrum að þessu leyti. M. ö. o.: það hefur verið viðurkennt í t. d. mannréttindasáttmála Evrópuráðsins, að virða skuli rétt foreldra til að tryggja að uppeldi og fræðsla sé í samræmi við trúar- og lífsskoðanir þeirra. Þetta atriði þykir vera mjög sjálfsagt í öllum lýðræðisríkjum Evrópu og þar sem við höfum verið aðilar að mannréttindasáttmála Evrópuráðsins um langt skeið þykir eðlilegt að sú skuldbinding, sem við tökumst á hendur með aðild að þeim sáttmála, sé staðfest í lögum landsins. Það er ekki einasta að það sé eðlilegt, eða að það sé mitt álit að það sé eðlilegt, heldur er það beinlínis skylda sem löndin takast á hendur þegar þau gerast aðilar að slíkum yfirlýsingum. Það er þjóðréttarleg skuldbinding. Það er útbreiddur misskilningur að mannréttindasáttmálinn hafi lagagildi á Íslandi. Svo er ekki. En hitt er annað mál, að við erum skuldbundin til að sjá svo um að ákvæði laga séu í samræmi við innihald hans.

Það er ástæða til þess á þeim tímum sem hið opinbera kerfi þenst sífellt út að tryggja einstaklingunum þann rétt, sem sjálfsagður er, að hafa áhrif á þær ákvarðanir sem þar eru teknar, því að það eru einstaklingarnir sem byggja upp þetta kerfi og standa á bak við það. Þess vegna er í 1. gr. þessa frv. lagt til að í stefnumörkunargrein grunnskólalaganna verði bætt við þessu atriði sem ég nefndi og tekur mið af mannréttindasáttmála Evrópuráðsins og er fólgið í því að virða rétt foreldra eða forráðamanna, svo að notað sé orðaval grunnskólalaganna, til að tryggja að menntun og fræðsla gangi ekki gegn trúar- og lífsskoðunum þeirra. Enn fremur er í þessari grein kveðið á um að í skólastarfinu skuli forðast einhliða áróður um slíkar skoðanir eða um álitaefni og ágreiningsmál í þjóðfélaginu. Þetta eru atriði sem ég get varla ímyndað mér annað en að samviskusamir uppfræðarar og kennarar hljóti að vera samþykkir. Auk þessa er þarna um atriði að ræða sem tryggir sjálfsögð mannréttindi foreldra og barna á þann veg að uppeldisaðilar, bæði heimilin og skólarnir, séu samstiga í uppeldismarkmiðum sínum. Það er alveg ljóst, að það atriði er til þess fallið að stuðla að andlegu öryggi barnanna sem námið stunda. Ég hygg raunar að þetta atriði sé svo sjálfsagt að það sé nánast af vangá að það sé ekki þegar skráð í grunnskólalögum.

2. og 3. gr. frv. fjalla um ýmsar upplýsingar sem veittar eru um nemendur eða af nemendum sjálfum um sig og sína hagi í skólastarfinu.

2. gr. frv. felur í sér breytingu á 57. gr. grunnskólalaganna, sem fjallar um upplýsingar um vitnisburði nemenda. Þar er gert ráð fyrir að skólastjóra sé heimilt að veita þessar upplýsingar að fengnu samþykki forráðamanna vegna fræðilegra rannsókna, enda sé krafist fullrar þagnarskyldu. Og enn fremur: Ef um er að ræða víðtæka fræðilega rannsókn, *sem ætla má að hafi* verulegt gildi, þurfi ekki einu sinni samþykki skólastjóra og fræðslustjóra, en menntmrn. sé heimilt að mæla svo fyrir að þær séu veittar, enda sé leyfisveitingin birt opinberlega. Hér er bent á Lögbirtingablaðið sem slíkan vettvang og þar væri þess getið, hverjum leyfið væri veitt og í hvaða skyni.

Þetta felur í raun og veru ekki í sér hugmynd um breytta framkvæmd frá því sem ætlað var þegar grunnskólalögin *voru sett, heldur má segja að hér sé um* að ræða ákvæði sem felur í sér það sem kallað er á stofnanamáli „fyrirbyggjandi aðgerð." Það er tryggilegar gengið frá þessu atriði með þessari breytingu en er nú í gildandi lagagrein um þetta efni, en þar stendur einfaldlega nú, með leyfi hæstv. forseta:

„Óheimilt er að veita upplýsingar um vitnisburði nemenda öðrum en þeim sjálfum og forráðamönnum þeirra, nema nauðsyn beri til vegna flutnings nemenda milli skóla. Þó skal heimilt að veita öðrum þessar upplýsingar vegna fræðilegra rannsókna, enda sé krafist fullrar þagnarskyldu."

Í breytingunni, sem lögð er til í frv., er vikið að því nánar, hvaða skilyrðum þurfi að fullnægja, en vitanlega er mjög teygjanlegt hvað teljist fræðileg rannsókn.

Í 3. gr. frv. er vikið að frekari atriðum sem um væri að ræða í rannsóknum og könnunum sem fram færu í skólunum. Að sjálfsögðu er gert ráð fyrir að slíkar kannanir geti farið fram, enda er sérstakur kafli í grunnskólalögunum um skólarannsóknir þar sem gert er ráð fyrir ýmiss konar könnunarstarfi í þeim tilgangi að endurbæta fræðslustarfið í skólunum. En í þessu tilfelli er rannsóknarandlagið lifandi manneskja, þ. e. barn í grunnskólanum er sá miðill sem á að upplýsa það sem rannsakað er. Þegar svo stendur á er eðlilegt að gæta þurfi fleiri sjónarmiða en þegar rannsóknarmenn, t. d. á sviði raunvísinda, eiga við sýnishorn í tilraunaglasi eða tilraunadýr í búri. Barnið í skólastofunni hefur sjálfstæð mannréttindi og ber að taka tillit til sömu atriða í umgengni við

það og við fullorðið fólk. Raunar þarf enn meiri tillitsemi gagnvart barninu. Það er vegna þess að fáir aðilar í þjóðfélaginu hafa eins slæma aðstöðu og börnin til að vera kunnugir að öllu leyti bæði eigin rétti og svo hinu, að hvaða leyti hann kynni að rekast á við þær spurningar sem lagðar væru fyrir í viðtækum könnunum sem fram færu í skólanum.

Í þessari grein er gert ráð fyrir að menntmrn., fræðslustjórum, skólastjórum, kennurum og öðrum starfsmönnum grunnskóla svo og námsstjórum og starfsmönnum við ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu sé heimilt að stunda fræðilegar rannsóknir í skólunum og heimill aðgangur að gögnum þeirra. Þessir aðilar skulu þó skýra rn. frá því fyrir fram ef þeir framkvæma slíkar rannsóknir. Rn. skal þá setja nauðsynleg skilyrði sem rannsóknin þurfi að fullnægja, sem auðvitað ætti að vera sjálfsagt. Í frv. er tekið fram og lagt til að það standi í lagagr. um þetta atriði að ef skilyrðunum sé ekki fullnægt geti rannsóknin ekki farið fram. Það þurfi að líta til fræðilegs gildis og það þurfi að líta til menntunar og reynslu þeirra, sem rannsóknina vilja stunda, og rannsókna- og úrvinnsluaðferða. Enn fremur þurfi leyfi fræðslustjóra, skólastjóra og forráðamanna barnanna. Í flestum tilvikum er þetta vitanlega auðsótt. Í þessari frvgr. er líka tekið fram að rn. geti jafnvel leyft rannsóknirnar gegn áliti fræðslustjóra og skólastjóra ef ætla má að þær hafi verulegt gildi. Ef rannsóknin varðar ekki einkahagi eða skoðanir nemenda, heimilishagi þeirra, hagi forráðamanna, nemenda eða annarra þarf ekki leyfi forráðamanna. Menntmrn. getur leyft samkv. þessari frvgr., ef samþ. yrði, öðrum en þeim aðilum, sem upp voru taldir nú, fræðilegar rannsóknir í grunnskólum og á gögnum skólanna, en um leyfi til þeirra rannsókna fari þó eftir fyrri málsgr. Það þarf sem sé leyfi fræðslustjóra og skólastjóra, og ef um er að ræða heimilishagi forráðamanna nemenda eða annarra eða einkahagi eða skoðanir nemenda þarf einnig leyfi forráðamanna. En leyfi samkv. þeirri málsgr. ætti aðeins að veita ef fyrir liggur rannsóknaráætlun og starfsmenn við rannsóknina hafa nægilega menntun og reynslu, rannsóknin hafi verulegt fræðilegt gildi og með trúverðugum hætti sé gætt hagsmuna sem varða friðhelgi einkalífs.

Ég hef vikið sérstaklega að þessu atriði og rakið með þessum orðum það sem raunar stendur í frv., vegna þess að ég hef orðið þess vör að innihald frv. hefur verið túlkað mjög ranglega á þann veg, að ekki sé gert ráð fyrir að neinar félagslegar kannanir geti farið fram í skólanum. Það er alrangt. Það er vitanlega viðurkennt að slíkt getur haft mikið gildi, en tilgangur frv. er að ganga frá því í lögum að fullt tillit sé tekið til þess, að skólastofan er allt annars konar rannsóknarstaður en tilraunastofa raunvísindamanns. Skólastofan er með fjölda mannlegra einstaklinga sem hafa sinn sjálfstæða rétt er mönnum ber að taka fyllsta og trúverugt tillit til. Enn fremur má geta þess, að ef ekki liggja fyrir nákvæm ákvæði um þetta atriði getur orðið um töluverðar truflanir á skólastarfi að ræða. Mér hafa tjáð skólamenn að rannsóknir utanaðkomandi aðila á hinum margvíslegustu hlutum hafi orðið til nokkurrar truflunar á skólastarfinu.

Þetta eru þau sjónarmið sem til greina koma að því er varðar þennan kafla frv., en aðalatriði þess er í heild að tryggja að áhrif heimilanna, áhrif foreldranna verði meiri í skólanum og það þyki sjálfsagt að taka mið af því, að börnum beri réttur til þess að alast upp hjá foreldrum sínum og foreldrum beri réttur til þess að stjórna uppeldi þeirra.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. hefur, sýnist mér, góðan tilgang, eins og fram kemur í grg. þess og eins og mér virtist í meginatriðum vera túlkað af frsm. hér og þeim sem það flytja, en eins og fram kemur er tilgangurinn með þessu frv. að leggja áherslu á að vernda beri friðhelgi einkalífsins, sporna gegn pólitískum áróðri og virða rétt foreldra til að fræðsla í skólum gangi ekki gegn trúar- og lífsskoðunum foreldranna. Þetta er góður tilgangur að mínum dómi, og ég get sagt með sanni að markmið af þessu tagi í skólamálastefnu er mér að skapi. Ég geri þá kröfu, að friðhelgi einkalífs sé alls staðar virt í opinberu lífi og hvarvetna í þjóðfélaginu og þá kröfu, að friðhelgi einkalífs sé alls staðar virt í opinberu lífi og hvarvetna í þjóðfélaginu og þá ekki síst í skólum landsins. Þetta tel ég vera grundvallaratriði í því þjóðfélagi sem ég vil búa í og geri kröfur til. Ég tel líka að pólitískur áróður megi ekki eiga sér stað í skólafræðslu, og ég tel kennurum skylt að haga þannig kennslu sinni að hún gangi ekki vísvitandi gegn trúar- og lífsskoðunum foreldra barnanna. Allt þetta get ég tekið undir og ég tel það skyldu kennara að temja sér hlutlægni í fræðslustarfi, og ég legg áherslu á þetta orð: „hlutlægni," og að þeim beri að forðast sem verða má öll afskipti af einkahögum nemenda og láta sem þeir viti sem minnst af trú þeirra og lífsskoðun öðruvísi en í þeim tilgangi að virða slíkt. Ég sé því ekki neinn mun á viðhorfum mínum í þessu efni og flm. þessa frv. og get því tekið undir það með hv. 6. þm. Reykv., að þetta frv. er vissulega mjög almenns eðlis. Ég held líka að það megi fullyrða að alþm. aðhyllist almennt þessi viðhorf og reyndar almenningur yfirleitt í þessu landi. Ég held að það geti varla verið ágreiningur um að skólarnir virði friðhelgi einkalífs og sporni gegn vísvitandi áróðri í pólitík og trúarefnum.

En hitt kann svo aftur að vera hugleiðingarefni, hvort grunnskólalögin tryggi nægilega vel, eins og þau eru orðuð nú, að þessum markmiðum verði náð. Ég vil taka það fram, að ég hef ekki á móti því, að það efni sé rætt og athugað eins og hv. þm., sem þetta frv. flytja, hafa gert. Það er engin löggjöf fullkomin, síst af öllu er orðalag löggjafar fullkomið, og hversu traust sem löggjöf annars kann að vera er alveg ljóst að hún er háð eða undirorpin breytingum og þá skiptir ekki máli hversu vel er annars til hennar vandað. Þetta getur vissulega átt við grunnskólalögin sem öll önnur lög og lagabálka. Reynslan verður að skera úr í þessu efni og grunnskólalög eru ekki hafin yfir gagnrýni.

En þó vil ég leyfa mér í þessu sambandi að taka það fram í sambandi við framlagningu þessa frv. og geta þess, sem ég tel mjög mikilvægt að menn fái upplýsingar um, að um þessar mundir er nefnd, sem fyrir tveimur árum var skipuð til að endurskoða grunnskólalögin, að ljúka störfum. Innan fárra daga er von á áliti þessarar nefndar og þar mun að finna ýmsar upplýsingar um framkvæmd eða hvernig til hefur tekist um framkvæmd grunnskólalaga nr. 63/1974, og auk þess hef ég frétt, þó að ég hafi ekki séð nál. enn, að það séu býsna margar tillögur um breytingar á einstökum greinum og köflum laganna, þannig að af þessu má verða ljóst að áður en langt um líður er trúlegt, að lögð verði fyrir Alþ. skýrsla um framkvæmd grunnskólalaga til þessa, og trúlegt, að mjög

fljótlega komi einnig fram frv. til breytinga á grunnskólalögum byggt á þeirri skýrslu. Ég hef að sjálfsögðu þann fyrirvara á um þetta, að mér hefur enn ekki borist álit endurskoðunarnefndar grunnskólalaga, en eins og ég segi er það væntanlegt mjög fljótlega og eftir því sem ég best veit er þar um ítarlegt nefndarálit að ræða og ýmsar tillögur til breytinga á grunnskólalögum. Ég vil alveg sérstaklega geta þessa í sambandi við þetta frv. og frekari umfjöllun þess hér í þinginu, t. d. í þn. En að öðru leyti tek ég ekki að svo komnu neina afstöðu til frv., síst af öllu hvað varðar smáatriði þess, eins og þau koma fram í frv., og túlkun þeirra hv. þm. sem bera það fram.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Frv. það, sem hér hefur verið lagt fram, snertir hvern einasta mann í þessu landi og ég vil byrja á að geta þess, að ég er samþykkur þeim anda sem liggur á bak við frv., ef ég túlka hann jákvætt, þ. e. að virða beri trúar- og lífsskoðanir manna og virða beri rétt foreldra yfir börnum sínum. En jafnánægður og ég er með þennan anda er ég óánægður með þann texta sem hér er. Ég tel að það eigi að tryggja virðingu fyrir trúar- og lífsskoðunum forráðamanna á þann veg, að hér á landi eigi að vera fræðsluskylda, en ekki skólaskylda, og þar með sé fullnægjandi trygging fengin fyrir forráðamenn barnanna.

Hitt atriðið, að kennari megi í engu fræða um eitt eða neitt ef einhver af forráðamönnum þess nemanda, sem á hlýðir, er á annarri skoðun, er hrein og klár vitleysa. Hvað um áfengislöggjöfina? Ef einn skyldi vera ákaflega hlynntur því, að allir drykkju jafnmikið og þeir vildu, má þá kennarinn ekki tala um áfengi í skólanum, foreldri eins barnsins hefði þá stöðvunarvald? Ef eitt barnið skyldi eiga stjórnleysingja fyrir foreldra má hann þá ekki tala um uppeldi, t. d. að það sé eðlilegt að nemendur mæti á réttum tíma í kennslustund, sitji í stólum sínum og þar fram eftir götunum? Hvernig er hugsunin í þessu? *Við erum í veröld þar sem jafnt og þétt koma inn í* þjóðfélag okkar fleiri og fleiri sem eru á annarri skoðun en meiri hluti þessarar þjóðar. Eiga þeir að fá algert neitunarvald innan skólakerfisins? Ef Múhameðstrúarmaður settist hér að og ætti barn í skólanum þýddi það að sá bekkur ætti ekki að fá neina kennslu í kristnum fræðum? Ég held að við verðum að gera okkur örlitla *grein fyrir því, hvað verið er að samþykkja í þessum* efnum.

Það er nú svo og mun verða, að trúar- og lífsskoðanir manna fara ekki saman. Lýðræðishugsunin er byggð á því, að meiri hlutinn hafi rétt til að hafa rangt fyrir sér. Bjarni heitinn Benediktsson orðaði þetta svo:

„Og ég held að það verði að mæta sérvitringum á þann veg að gefa þeim foreldravaldið yfir börnunum, þannig að það sé fræðsluskylda í landinu, sem mundi þýða það, að þeir yrðu þá sjálfir að sjá um fræðslu á þeim börnum, sem þeir ættu, ef þeir neituðu að senda þau í skóla á Íslandi."

Í 2. gr. þessara laga er komið að því efni, hvort heimilt sé að veita upplýsingar um vitnisburð nemenda öðrum en þeim sjálfum og forráðamönnum þeirra. Þegar grunnskólalögin voru samþ. á sínum tíma voru við velflesta skóla á Íslandi sjóðir sem einhverjir höfðu gefið til minningar um sína foreldra, skólastjóra eða aðra. Þetta voru verðlaunasjóðir til að verðlauna nemendur sem sköruðu fram úr. Samkv. lögunum, eins og þau eru nú, er óheimilt að veita verðlaun neinu barni fyrir góða ástundun í skólanum. Ég minnist þess, að ég hringdi sem skólastjóri í páv. menntmrh. og tjáði honum hvernig komið væri. „Jahá, er þetta svona bölvað," sagði hann. „Ég veit ekki hvað á að segja, ég veit ekki hvað á að gera, en ég veit hvað ég mundi gera ef ég væri í Mjóafirði." Og ég setti mig í hans spor, hvað hann mundi gera í Mjóafirði, og hegðaði mér samkvæmt því.

Ég er sammála því, að skólinn á ekki að verða til þess að koma á framfæri neikvæðum upplýsingum um nemandann, *auglýsa vanmátt hans á einu eða öðru sviði. En* ég tel það ákaflega hæpið uppeldisfræðilega séð að koma í veg fyrir að nemandi, sem hefur lagt sig fram, megi njóta þess álits í samfélagi sínu sem hann þannig hefur áunnið sér. Mér er ekki ljóst hvort sundkennarinn hefur heimild til að gefa upp tímann á nemendunum í sundkeppni. Hann er að gefa vitnisburð um nemandann. Við þurfum að hafa þessi lög víðari. Þannig komumst við nær því að virða það sem ég mundi kalla rétt einstaklingsins og rétt foreldranna.

Ég get tekið undir það með flm., að tilraunastarfsemi og rannsóknastarfsemi í skólum á að vera þannig framkvæmd að aldrei komi til þess að börn eða foreldrar þurfi að líða fyrir slíkt. Í því sambandi eru m. a. félagsfræðilegar rannsóknir hvað hvimleiðastar. Ég minnist þess, að einu sinni voru send út gögn til skóla á Íslandi þar sem börnum var ætlað að svara löngum spurningalistum. Þar var spurt um hvaða dagblöð foreldrarnir læsu. Þar var spurt um viðhorf til Rússa, Bandaríkjamanna, Norðmanna og margra annarra þjóða. Eftir að hafa lesið þennan spurningalista var ég sannfærður um að lesa mætti út úr honum nokkuð vel, hverrar stjórnmálaskoðunar foreldrar barnanna væru, og ég framkvæmdi ekki þessa skoðanakönnun. Engu að síður var það hálærður maður sem stóð að henni. Ég er því flm. fullkomlega sammála varðandi það atriði, að það þurfi skýlaust ráðherraleyfi ef á að fara að framkvæma einhverjar rannsóknir í skólunum.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri, en vænti þess að í umr. um þessi mál reyni menn að ná samstöðu á dálítið breiðari grunni en hér er fram settur.

Flm. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir undirtektir hans við þetta *mál og vonast til þess, að í hinum nýju tillögum, sem* koma frá endurskoðunarnefnd grunnskólalaga sem hann skýrði hér frá, séu ákvæði sem eitthvað eru í þá veru sem hér er lagt til.

Að því er varðar ræðu hv. 5. þm. Vestf., sem nú lauk máli sínu, eru nokkur atriði sem mig langar til að víkja að. Að vísu ræddi hv. þm. að miklu leyti um annað en það sem í þessu frv. stendur.

Hv. þm. gagnrýndi ákvæði sem verið hafa í gildi á Íslandi áratugum saman. Hann gagnrýndi ákvæði sem samþ. var í Evrópusáttmálanum um mannréttindi árið 1952. Fræðslulögin tóku gildi 1907, þannig að hv. þm. þarf kannske að taka til hendi ef á að breyta vissum atriðum sem það vörðuðu, en ekki beinlínis þetta frv.

Hv. þm. setti fram visst grundvallarsjónarmið í sambandi við fræðsluskyldu og skólaskyldu. Það er í sjálfu sér gott eitt um það að segja að vekja athygli á muninum á þessu tvennu, en það ætla ég ekki að ræða efnislega.

Hv. þm. vék reyndar að einu atriði enn sem er ekki heldur nýtt í þessu frv. Hann gagnrýndi það fyrirkomu-

lag, að viss leynd eða þagnarskylda væri í sambandi við vitnisburði nemenda. Það ákvæði er í grunnskólalögunum sem nú gilda. Það er ekki nýtt í þessu frv. Hins vegar eru viss ákvæði í þessu frv. um hvernig með þetta skuli fara og að í vissum tilfellum megi einmitt frá þessu víkja. Sjálf þagnarskyldan um þetta atriði þarf þá ekki heldur að valda sérstökum umr. hér.

En ég vil víkja nánar að þeim orðum sem hv. þm. lét falla um þá grein frv. sem tekur mið af ákvæðinu í Evrópuráðssáttmálanum. Það ákvæði er frá 1952 og er lagt til að það sé tekið inn í stefnumótandi grein grunnskólalaganna, en ákvæðið fjallar um rétt forráðamanna til að tryggja að menntun og fræðsla séu í samræmi við trúar- og lífsskoðanir þeirra.

Hv. þm. nefndi dæmi sem ég er alveg hissa á að skuli koma frá skólamanni, eins og ég veit að hv. þm. er. Hann hlýtur að vita hvernig þessi mál eru í framkvæmd. Ef svo stæði á að nemandi kæmi frá heimili sem væri Múhameðstrúar, eins og hv. þm. nefndi, eða foreldrar óskuðu af öðrum ástæðum eftir því, að barni þeirra væru ekki kennd kristin fræði, þá er það framkvæmt svo í íslensku skólakerfi, að í slíkum tilvikum geta foreldrarnir óskað þess, að barninu sé gefið leyfi úr kennslustundum í kristnum fræðum. Það er ekki þar með sagt að allur bekkurinn færi á mis við þessa fræðslu. Þetta hefur verið talið sjálfsagt í mörgum skólum landsins. Ég man eftir því sjálf, að þegar ég var í barnaskóla átti ég skólasystur sem átti foreldra er voru aðventistar. Það þótti sjálfsagt að þessi stúlka ætti frí á laugardögum og þótti ekkert við það að athuga. Slíkt fyrirkomulag er ósköp vel framkvæmanlegt, en rétturinn til þess þarf að vera fyrir hendi.

Hv. þm. nefndi fleiri sérkennileg dæmi. Hann nefndi dæmi um það, að mér skildist, að kennari væri stórdrykkjumaður. Hv. þm. spurði: Má þá kennari ekki tala um áfengi? — Að sjálfsögðu má hann tala um áfengi. En hann mætti ekki segja við nemendur sína: Þið skuluð, krakkar mínir, ef þið viljið vera reglulega hress um helgar, kaupa ykkur eina ginflösku og drekka úr henni. — Með því væri hann að halda því að þeim, að æskilegt væri að þau hefðu þessi viðhorf hans. Það tel ég að fari yfir þau mörk hlutlægni sem hæstv. menntmrh. lagði hér réttilega áherslu á.

Hv. þm. nefndi líka dæmi um það, ef svo stæði á að kennari væri stjórnleysingi, hvort hann mætti þá ekki tala um að menn kæmu á réttum tíma eða sætu kyrrir í sæti sínu. Ég skil þetta ekki alveg, því að mér finnst ekki líklegt að þetta væru atriði sem stjórnleysinginn vildi sérstaklega halda að nemendum sínum. Ég hygg að stjórnleysinginn hefði ekki af því minnstu áhyggjur þó að krakkarnir kæmu of seint í tíma eða hlypu út um alla stofu í kennslustundum ef þeim sýndist svo.

Mér finnst einhvern veginn að þessi dæmi, sem hv. þm. nefndi, séu til að finna sér eitthvað til sem e. t. v. væri hægt að setja út á frv. En þessi atriði standast ekki. Svo einfalt er það.

Það á vitanlega að gera þá kröfu til þeirra, sem annast grunnskólafræðsluna, að þeir miðli þekkingu sinni af fyllstu hlutlægni. Það er sjálfsögð lágmarkskrafa til þess að þeir séu færir um að gegna þessu starfi. Á það atriði er lögð áhersla með þessari frvgr., sem hér er skráð, og á það atriði hefur verið lögð áhersla og það raunar viðurkennt í alþjóðlegum sáttmálum um margra áratuga skeið. Mig furðar á því, að upp skuli koma raddir á Íslandi sem sjá eitthvað við það að athuga eða finnst það eitthvað tortryggilegt. Ég held í raun og veru að þær raddir hljóti að hafa komið upp vegna einhvers misskilnings eða ótímabærrar tortryggni.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Hv. flm. þessa frv., Ragnhildur Helgadóttir, fór að vitna í dæmisögur sem hún sagði að ég hefði sagt hér áðan. Það vildi svo til, að hún sneri því gersamlega við sem ég sagði. Ég verð þá að tala miklu hægar ef athygli hennar nær ekki þeim talhraða sem var í fyrra skiptið.

Það er fyrst til að taka, að það er munur á fræðsluskyldu og skólaskyldu. Sá munur liggur í því, að fræðsluskylda leggst á ríkið á þann veg, að það er skyldugt að sjá til þess að börnin njóti fræðslu ef þau að vilja foreldranna eiga að fara í skóla. Skólaskylda leggur aftur á móti þá skyldu á börnin, að þau skulu fara í skóla og þau skulu mæta og hlýða á fræðsluna. Þarna er mikill réttindamunur. Það er allt annað að mega njóta réttindanna eða vera skyldugur til að sitja uppi með þau.

Ég taldi að Íslendingar hefðu gert rétt frá 1907 og til þess tíma er þeir breyttu lögunum og tóku upp skólaskyldu. Hún er búin að vera mjög stuttan tíma hér á Íslandi, kom með grunnskólalögunum. Ég tel jafnframt að með þessu móti hafi þeir fullnægt þeim ákvæðum, að foreldrarnir gætu komið í veg fyrir að trúar- og lífsskoðanir þeirra væru vanvirtar af skólunum. Ég er þeirrar skoðunar enn að svo sé.

Ég minntist ekki á það áðan að kennari væri stórdrykkjumaður. Ég tók hitt dæmið, sem mun vera í flestum bekkjardeildum á Íslandi, að eitthvert barnanna eigi ofdrykkjumann fyrir föður eða mann sem drekkur mikið vín. Mín spurning var sú til hv. flm., hvort kennaranum væri þá heimilt að halda því fram, að það væri skaðsamlegt t. d. að drekka áfengi og það bæri að draga úr slíku. Það sama gilti að mínu viti gagnvart tóbaki.

Ég efa að það sé rétt að færa einstökum foreldrum neitunarvald gagnvart hópnum. Flm. talaði um að það væri þá hægt að taka viðkomandi nemanda úr tímum. Vissulega er það framkvæmanlegt. En skólaskyldan gerir ráð fyrir að sú leið sé ekki farin. Fræðsluskyldan hefði ekkert við þá leið að athuga. Einmitt þess vegna vil ég undirstrika það, að ég tel að þeim markmiðum, sem sagt er að séu tilgangur með flutningi þessarar lagabreytingar, verði auðveldara að ná með því að breyta ákvæðum um fræðsluskyldu og skólaskyldu en með þeirri breytingu sem hér er lögð til.

Að svo mæltu vona ég að þessi misskilningur sé úr sögunni.

Flm. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Ég held að misskilningur sé nú að nokkru leyti úr sögunni, þ. e. minn misskilningur er úr sögunni, misskilningur á sögunni um drykkjumanninn, því að það er rétt að ég skildi hv. þm. svo, að sá, sem drykki of mikið af áfengi í dæminu sem hann tók, væri kennarinn, en ekki foreldri barnsins. En eftir að hv. þm. hefur útskýrt sögu sína vil ég svara spurningu hans.

Hann spurði hvort þá væri ekki heimilt að mínu áliti að kennarinn fræddi börnin um skaðsemi áfengis. Að sjálfsögðu væri það heimilt. Skaðsemi áfengis er vísindaleg staðreynd hvað sem líður skoðun kennarans. Þetta er sjálfsagt. Börnin eiga að fá þekkingu í skólanum. Þau eiga að fá fræðslu og ekki síst um vísindalegar stað-

reyndir. Þetta sýnist mér vera gersamlega vandalaus spurning.

En það var annar misskilningur í ræðu hv. þm., sem ég sé mig til knúna að leiðrétta og gerir það að verkum að ræða hv. þm. fól í sér töluvert mikla tímaskekkju. Hv. þm. var enn að tala um að réttara væri að hafa fræðsluskyldu en skólaskyldu. Það mætti ræða það mál fram og aftur. Ég hugsa að hv. þm. geri sér flestir ljósan mun á fræðsluskyldu og skólaskyldu. En fræðsluskyldan var lögleidd 1907 og skólaskyldan líka. Það var ekki löngu seinna, eins og hv. þm. sagði. Skólaskylda var lögleidd frá 10 ára aldri barna árið 1907, þannig að það þarf kannske að fara aftur í umræður Alþingis frá þeim tíma, og þær mun vera að finna hér uppi á lofti, til að kynna sér öll þau rök sem þá voru færð fram í því sambandi. Hygg ég að það væri of langt mál að fara út í það núna, enda fjallar þetta frv. ekki um það.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til menntmn. með 22 shlj. atkv.

Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins, frv. (þskj. 172). — 1. umr.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. á þskj. 172, sem er um breytingar á lögum nr. 80/1971 um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, þ. e. á II. kafla þeirra laga sem fjallar um áhafnadeild sem greiðir hluta fæðiskostnaðar fiskimanna annarra en á togurum sem eru yfir 500 brúttólestir að stærð, en á þeim hafa skipverjar frítt fæði.

Á árinu 1969 var ákveðið að hluti af útflutningsgjaldi skyldi renna til áhafnadeildarinnar í því skyni að hún greiddi hluta af fæðiskostnaði áhafna á fiskibátum. Var þetta gert í samræmi við samkomulag milli samtaka sjómanna og útvegsmanna með það fyrir augum að létta fæðiskostnað áhafna á fiskibátum í átt að því sem þá var á togaraflotanum, en áhafnir á togurum höfðu frá upphafi haft frítt fæði í samræmi við samninga við togaraeigendur. Að öðru leyti er aðdragandinn að stofnun áhafnadeildar rakinn í upphafi grg. fyrir frv.

Strax í upphafi, og svo er enn, var ákveðið að flokka fiskiskipin, sem fæðisgreiðslur tóku til, í þrjá stærðarflokka og voru greiðslur misháar eftir þeim flokkum: lægstar í smæsta flokknum og hæstar í stærsta flokknum. Undir þann flokk komu svo skuttogarar undir 500 brúttórúmlestum þegar þeir komu til sögunnar. Bæði þessi atriði, þ. e. upphæð fæðisgreiðslna og stærðarflokkar skipa, voru bundin í lögum.

Óhætt er að segja að svo til strax bar á því, að ekki gætti samræmis í upphæðum fæðisgreiðslna á milli hinna þriggja stærðarflokka skipanna. Nokkuð var reynt að bæta hér um með lögum nr. 53/1974, er stærðarflokkun skipanna var breytt svo og upphæð fæðisgreiðslna. Samt náðist ekki æskilegur árangur. Eftir frekari breytingum var lengi vel ekki leitað, líklega vegna þess hve lagabreytingar eru svifaseinar og þungar í vöfum. En við þetta hefur það síðan bæst, að teknar hafa verið upp á seinustu árum loðnuveiðar í stórum stíl og hlutur hinna minni skuttogara í fiskveiðum hefur stóraukist. Hafa menn því hallast að því, að taka þurfi upp nýtt fyrirkomulag um flokkun skipastólsins með tilliti til fæðisgreiðslna og þurfi þá engan veginn að vera um að ræða stærðarflokkun eina saman. T. d. má hugsa sér að loðnuflotinn verði í sérflokki og togaraflotinn einnig. Líklega verður áfram um stærðarflokkun bátaflotans að ræða, þótt það sé ekki einhlítt. Í því sambandi hefur m. a. verið rætt um sérstöðu útilegubáta og jafnvel síldveiðibáta eftir að síldveiðar eru orðnar umfangsmikill útgerðarþáttur á ný eftir að Suðurlandssíldarstofninn rétti við og þær stunda skip víðs vegar að af landinu.

Eins og ég hef þegar sagt hafa þessi mál verið töluvert til umræðu og framarlega í kröfugerð sjómanna hefur verið ósk um að fæðið verði að fullu greitt. M. a. voru kröfur um þetta háværar í deilu sjómanna og útvegsmanna á Ísafirði s. l. vetur. Þeirri deilu lauk m. a. eftir að lofað hafði verið að fæðisgreiðslur til sjómanna skyldu teknar til endurskoðunar. Ég hét því að beita mér fyrir þessu. Afhenti ég sáttasemjara bréf þar sem ég segi m. a., með leyfi forseta:

„Ég tel rétt, að deiluaðilar sendi stjórn Aflatryggingasjóðs bréf þar sem óskað er eftir ýmsum lagfæringum, m. a. um samræmingu tveggja efstu flokkanna, og að nýr flokkur verði stofnaður vegna útileguskipa sérstaklega. Athugun á slíkum breytingum er þegar hafin. Að því er ég best veit er þörf lagabreytinga. Fyrir slíkum lagabreytingum mun ég beita mér eins og frekast verður talið fært."

Aflatryggingasjóði var ritað eins og ég lagði þarna til. Sjálfur ræddi ég við formann aflatryggingasjóðsstjórnar alloft um málið. Málið var þegar tekið til meðferðar og fjallað um það á mörgum fundum. Í ljós kom fljótlega að málið var ekki eins einfalt, ef því átti að gera góð skil, og e. t. v. var talið. Upplýsingasöfnun tók töluverðan tíma, sérstaklega frá hinum ýmsu minni bátum. Niðurstaða stjórnar Aflatryggingasjóðs varð jafnframt sú að mæla með því við mig, að frv. það, sem hér liggur nú fyrir flutt og ég mun nú lýsa, yrði flutt.

Eins og af þessu kemur fram eru hugmyndir manna um þessi efni vart fullmótaðar. Til þess að svo megi verða þótti rétt að vita hvort löggjafinn vildi leggja sitt af mörkum til að auðvelda úrlausn þessa vandamáls, og mun ég nú lýsa meginkjarna frv.

Í 2. mgr. 2. gr. frv. er lagt til að upphæð fæðisgreiðslna og flokkun skipa verði ákveðin með reglugerð í stað þess að þessi atriði séu bundin í lögum. Er það að sjálfsögðu gert á grundvelli þess sem ég lýsti áðan um flókna samsetningu flotans sem erfitt er að ákveða án tíðra breytinga í lögum. Við setningu reglugerðar yrði að sjálfsögðu leitað atfylgis samtaka fiskimanna og útgerðarmanna, enda er þetta þeirra mál fyrst og fremst. Ég hef trú á að takast megi gott samstarf samtakanna um þetta efni í samráði við stjórn Aflatryggingasjóðs og sjútvrn. En ekki er að efa að við flokkun skipa og ákvörðun fæðispeninga yrði með hliðsjón af greiðslugetu áhafnadeildar unnið að því að greiðslur sem hlutfall af fæðiskostnaði verði sem allra jafnastar milli þeirra skipaflokka sem í reglugerðinni verða ákveðnir. Einn meginkosturinn við að hafa þessi ákvæði í reglugerð í stað laga er að mjög fljótlegt er að endurskoða reglugerðina að höfðu samráði við hagsmunaaðila ef ágallar eða misrétti eða breyttar aðstæður við útgerð og veiðiskap koma upp á yfirborðið.

Við samningu frv. var tækifærið notað og efnisröðun lagfærð. Þannig eru ákvæðin um alla sem rétt eiga á

fæðisgreiðslum sett í sömu grein, þ. e. 15. gr., en þau voru áður bæði í 15. og 17. gr. 17. gr. fjallar nú aðeins um reglugerðina og hvernig hún skuli sett.

Þá eru lagfærð ákvæði 2. mgr. 23 gr. laganna þannig að þau taki aðeins til togara yfir 500 brúttórúmlestum að stærð, enda hefur hún verið þannig framkvæmd í reynd eftir að minni skuttogararnir komu til sögunnar. Orðalaginu „fæðiskostnaði lögskráningarskyldra sjómanna á fiskibátum" er að sjálfsögðu breytt í „fæðiskostnaði lögskráningarskyldra sjómanna á fiskiskipum" vegna tilkomu minni skuttogara eftir að lögin voru sett.

Þá er loks lagt til að lög nr. 48/1973, um rétt fiskimanna á opnum fiskibátum, verði numin úr gildi þar sem þau eru felld inn í frv. þetta. Sama gildir um lög nr. 53/1974, sem fjalla um breytta stærðarflokkun fiskiskipa og breytta upphæð fæðisgreiðslna, en þau lög falla um sjálf sig ef efnisatriði þau, sem þau fjalla um, verða framvegis ákveðin með reglugerð.

Í niðurlagi 3. mgr. 2. gr. frv. er gert ráð fyrir að lögin verði afturvirk og að ákvæði umræddrar reglugerðar skuli gilda frá 1. júní 1980. Að vísu er ljóst að uppgjör aftur í tímann, einkum yfir sumarmánuðina þegar mikið er um afleysingamenn, er ýmsum annmörkum háð. Það er hins vegar staðreynd, að stefnt var að því að breytingin gæti komið til framkvæmda frá og með 1. júní s. l., og segja má að gefið hafi verið undir fótinn með það í svari við fsp. hér á Alþingi s. l. vor. Þótt málið hafi reynst flóknara en talið var og undirbúningur þess tekið lengri tíma en ella tel ég rétt að við þessa tímaáætlun sé staðið. Ég vil jafnframt upplýsa að fjárhagur Aflatryggingasjóðs er það góður að þetta veldur ekki af þeim ástæðum vandræðum.

Vissulega er allerfitt að áætla kostnaðarauka sem áhafnadeild mun hafa af þeim breytingum sem stefnt er að. Talið er að langmestur kostnaður muni stafa af því að gera leiðréttingu á fæðisgreiðslum loðnusjómanna og sjómanna á minni skuttogurum og sé líklegt að greiðslur til þeirra þurfi að hækka um um það bil 25% til að jöfnuður náist við aðra. Kostnaður af þessari hækkun frá 1. júní til 1. des. er talinn munu nema um 163 millj. kr. og þá til ársloka um 180 millj. kr. Með áætluðum hækkunum á matvörulið framfærsluvísitölu gæti þessi kostnaður samtals orðið um það bil 450—500 millj. kr. á næsta ári, þ. e. hækkaðar greiðslur á fæðispeningum til sjómanna. Það skal að vísu skýrt tekið fram, að slík spá, sem byggir á hækkun matvöruliðarins m. a., er ýmsum erfiðleikum háð.

Varðandi fjárhagsstöðu áhafnadeildar er þess að geta, að hún stóð lengi framan af í járnum, en vegna vaxandi afla og hagstæðs erlends afurðaverðs hefur hún styrkst mjög mikið hin síðari ár. Það kom fram m. a. í setningarræðu fiskimálastjóra á Fiskiþingi 24. þ. m. að áætlað ráðstöfunarfé deildarinnar 1. nóv. s. l., þar með taldar áætlaðar og óinnkomnar tekjur af útflutningsgjaldi, væri rúmlega 1.4 milljarðar. Er mér kunnugt um að þessi áætlun er varfærnislega gerð. Einnig er mér óhætt að segja að þeir, sem best þekkja, munu líta svo á að ekki sé ástæða til að svo komnu að ætla að þau auknu útgjöld, sem þær breytingar, sem hér er stefnt að, muni hafa í för með sér fyrir deildina, muni valda henni greiðsluerfiðleikum. Er þá reiknað með svipuðum aflabrögðum og verið hafa undanfarið og svipuðu verðlagi á útfluttum sjávarafurðum. En vegna þeirrar afturvirkni, sem gert er ráð fyrir í frv., og vegna þeirra uppgjörserfiðleika sem hún kann að hafa í för með sér, eins og ég hef áður bent á, vek ég jafnframt athygli á nauðsyn þess að hraða afgreiðslu frv. þannig að unnt sé að setja reglugerð samkv. 2. gr. þess sem allra fyrst og hafa þá umræddа afturvirkni sem allra stysta.

Að svo mæltu, herra forseti, legg ég til að frv. þessu verði vísað til hv. sjútvn. að lokinni þessari umr.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég fagna því, að þetta frv. skuli nú hafa séð dagsins ljós, og sérstaklega fagna ég þó því, að gert er ráð fyrir að standa við það loforð, sem gefið var varðandi lausn sjómannadeilunnar á Vestfjörðum, og ákvæði frv. muni gildi frá 1. júní 1980. Það er þó ástæða til að vekja athygli á því, eins og raunar kom fram hjá hæstv. ráðh., að enn er ekkert um það séð hver fæðispeningagreiðsla kann að verða. Það á nú að ákveða með reglugerð, en var áður bundið í lögum, þannig að allt er óljóst um það. Ég vek líka athygli á því, að hér er það að mér sýnist helst rn. sem ræður þessu. Það á að vísu að leita umsagnar þeirra aðila, sem tilnefna fulltrúa í stjórn Aflatryggingasjóðs, svo og Fiskifélagsins. Þessir aðilar eru umsagnaraðilar, en endanlega er það þó rn. sem kemur til með að ráða niðurstöðunni.

Ég skal ekki hafa um þetta fleiri orð. Ég á sæti í þeirri n. sem frv. mun fara til og þá gefst frekari kostur á að fá upplýsingar um málið. En ég vil nota þetta tækifæri til að fagna því, að þetta frv. er fram komið og vænti þess, að greiðslurnar verði í þeim anda sem lofað var á sínum tíma, en það á auðvitað eftir að sjást frekar í reglugerðarákvæðum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til sjútvn. með 25 shlj. atkv.

Söluskattur, frv. (þskj. 167). — 1. umr.

Flm. (Ágúst Einarsson): Herra forseti. Frv. það, sem ég mæli fyrir, flyt ég ásamt þeim hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni, Guðmundi G. Þórarinssyni og Árna Gunnarssyni. Frv. gerir ráð fyrir að fella niður söluskatt af vogum og rafeindatækjum til mælinga og skoðunar í fiskiðnaði.

Hér er um að ræða breytingu á lögum um söluskatt. Til nánari skilgreiningar á tækjum þessum má benda á þær vörulýsingar sem eru í tollskrám undir tollskrárnúmerunum 84.20, 90.15 og 90.28. Í tveim fyrrgreindu flokkunum eru vogir skilgreindar og síðasti flokkurinn á við rafeindatæki til mælinga og skoðunar. Þar sem vörur þessar eru þegar skilgreindar í tollskrám munu ekki koma upp nein vandkvæði varðandi framkvæmd lagafrv. þessa.

Meginröksemdum fyrir þessu frv. má skipta í tvo flokka. Annars vegar er það hagræði fyrir fiskiðnaðinn og hins vegar stuðningsaðgerð við rafeindaiðnað hérlendis.

Sú skoðun hefur undanfarin ár rutt sér æ meira til rúms að líta á fiskiðnað Íslendinga sem þá atvinnugrein sem einna mesta framtíð eigi fyrir sér. Það hefur átt sér stað á síðustu árum ánægjuleg hugarfarsbreyting hjá stjórnvöldum varðandi vélvæðingu í fiskiðnaði. Þannig hefur söluskatti verið aflétt af flestum fiskvinnsluvélum og er

það hrósvert. Fiskvinnsluvélar eru að langmestu leyti innfluttar, en því miður hefur eigi skapast hérlendis öflugur vélaframleiðsluiðnaður á sviði fiskvinnsluvéla. Ber að fagna sérhverri viðleitni ríkisvaldsins til að létta af gjöldum hjá fiskiðnaðinum til að gera honum kleift að komast á auðveldari hátt yfir tæki sem bætt geta nýtingu og aukið framleiðsluna og stuðlað að meiri hagræðingu í vinnslunni sjálfri. Niðurfelling söluskatts á þeim tækjum, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, er mjög brýnt hagsmunamál fyrir fiskiðnaðinn og ekki síst fyrir hinn ört vaxandi rafeindaiðnað Íslendinga.

Hérlendis hefur byggst upp á undanförnum árum mjög athyglisverður iðnaður á sviði rafeindafræði. Þessi iðnaður byggist fyrst og fremst á hugviti og skipulagningu, en er ekki mjög mannfrekur né þarf mikla fjárfestingu. Vissulega er nauðsynlegt í þessum iðnaði að lagt sé í verulegan hönnunarkostnað þeirra vara sem framleiddar eru.

Á undanförnum árum hafa risið upp nokkur fyrirtæki sem hafa sýnt og sannað að þau geta ekki einungis framleitt mjög góðar vörur fyrir íslenskan fiskiðnað, heldur gætu orðið með réttum stuðningi leiðandi fyrirtæki á heimsmarkaði. Mig langar til að nefna hér fyrirtækið Pólinn á Ísafirði sem náð hefur ótrúlegum árangri í vinnu sinni. Póllinn hefur þróað og framleitt mjög fullkomnar vogir til notkunar í fiskiðnaði. Er það mál manna, sem kynnst hafa þessari framleiðslu, að hér sé um tæknibyltingu að ræða. Einnig má geta fjölmargra annarra framleiðsluvara frá Pólnum sem reynst hafa mjög vel þar sem þær hafa verið notaðar.

Mig langar sérstaklega að vekja hér á hinu háa Alþingi athygli á vél frá Pólnum sem nú er verið að reyna í fyrsta sinn í frystihúsi Íshúsfélags Ísfirðinga á Ísafirði. Hér er um að ræða vélasamstæðu sem raðar fiskflökum saman í pakkningu, pakkar hverju flaki í lofttæmdar umbúðir, vigtar flökin og pakkar þeim síðan. Hér er um að ræða ótrúleg tæki sem munu auka nýtingu og spara yfirvigt og mannafla þegar þau eru komin í fulla framleiðslu og notkun í frystihúsum landsins.

Það sést e. t. v. best á því, hve stórkostlegum árangri þetta fyrirtæki á Ísafirði hefur náð, að hjá því vinna einungis 40 manns og þar af ekki nema rúmlega fjórðungur við framleiðsluna sjálfa.

En það er rétt í þessu sambandi að geta einnig annarra fyrirtækja í þessum rafeindaiðnaði, svo sem vélsmiðjunnar Völundar í Vestmannaeyjum og fyrirtækisins Örtölvutækni sem framleiðir olíunotkunarmæla sem eru ekki einungis notaðir í skipum hérlendis, heldur einnig fluttir út.

Þessi iðnaður hefur sýnt svo að ekki verður um villst að Íslendingar eru fullkomlega færir um að þróa og smíða fullkomin tæki sem stuðla að betri nýtingu fiskafla, betra eftirliti og hagkvæmari stjórnun innan sjávarútvegsins. Það ríður ekki hvað síst á því fyrir okkur Íslendinga að fylgjast vel með þessari þróun og efla þennan iðnað þegar höfð er í huga sú örtölvubylting sem þegar hefur hafið innreið sína.

Ljóst er að á næstu árum muni eiga sér stað stórfelldar framfarir á sviði rafeindafræði í öllum atvinnugreinum. Þessi þróun er þegar hafin erlendis, og það er ánægjulegt að sjá að Íslendingar hafa með framangreindum fyrirtækjum tekið forustu í þessum málum innan alþjóðlegs fiskiðnaðar. Það ætti því að vera augljóst að efla ber þá starfsemi, sem byggist á íslensku hugviti, í stað þess að leita til útlanda um kaup á slíkum tækninýjungum.

Ég nefndi fyrr í máli mínu að fjölmargar fiskvinnsluvélar væru þegar undanþegnar söluskatti. Flestar þessara véla eru fluttar inn frá útlöndum. Það er ekki nema réttlátt, þegar hér byggist upp iðnaður sem getur selt vörur sem standa erlendri framleiðslu framar, að sá iðnaður sitji við sama borð og aðrir fiskvinnsluvélaframleiðendur.

Það er augljóst að niðurfelling söluskatts á tækjum þessum, eins og gert er ráð fyrir í frv., mun leiða til meiri útbreiðslu þessara vara hérlendis og kæmi þannig þessum iðnaði mjög vel í auknum tekjum. Forráðamenn helstu fyrirtækja í þessari grein hafa sagt við mig að þeir mundu meta samþykkt þessa frv. mjög mikils. Söluskattur er orðinn það hár að aðilar í fiskiðnaði hugsa sig um tvisvar við kaup á sérhverri tækninýjung sem greiða þarf söluskatt af. Niðurfelling söluskattsins mun koma fiskiðnaðinum mjög til góða og verða hvatning enn fleiri aðilum í fiskiðnaði til að festa kaup á þessum tækjum.

Hér er einungis um að ræða lítið skref til aðstoðar bæði rafeindaiðnaðinum og sjávarútvegi í heild í heimi vaxandi samkeppni. En það er sjálfsagt að íslenskir framleiðendur standi ekki valtari fótum en erlendir vélaframleiðendur.

Þar sem hér er um að ræða tæki sem fyrst og fremst stuðla að meiri nákvæmni, en ekki að því að ná endilega meira út úr hverju fiskflaki með því að ganga nær hráefninu, mun notkun þessara nákvæmnistækja leiða til verulegs gjaldeyrisauka fyrir þjóðarbúið. Til að mynda má nefna vandamál yfirvigtar, sem mjög er til baga í íslenskum fiskiðnaði. Með vogum þeim, sem hér hafa verið framleiddar, hverfur þetta vandamál vegna nákvæmni tækjanna. Jafnframt munu rafeindatæki, sem notuð eru og munu verða notuð, auka alla nákvæmni í eftirliti og gera eftirlit í fiskiðnaðinum yfirleitt fljótvirkt og ná því markmiði, sem menn stefna almennt að í fiskiðnaði, að fylgst verði betur með framleiðslunni á einstökum stigum vinnslunnar. Þannig mundi framleiðni aukast verulega. Það óverulega tekjutap, sem ríkissjóður verður fyrir við niðurfellingu söluskatts af vörum þessum, verður miklu meira en vegið upp við þá auknu útbreiðslu þessara tækja í íslenskum sjávarútvegi sem kæmi fram í auknum gjaldeyristekjum í þessari atvinnugrein til hagsbóta fyrir þjóðarbúið allt.

Ég geri það að tillögu minni að frv. verði vísað til fjh.- og viðskn. að lokinni þessari umr.

Guðrún Hallgrímsdóttir: Herra forseti. Í því frv. til l., sem hér var mælt fyrir, er lagt til að fella niður söluskatt á ákveðnum tækjum í ákveðnum tilgangi. Ég held að flestir, sem til þessara mála þekkja, telji þetta með öllu óframkvæmanlegt, en þótt það væri framkvæmanlegt tel ég í því felast ákaflega lítinn stuðning við íslenskan iðnað, — í þessu tilfelli við þann iðnað sem hér er talað um, hinn unga íslenska rafeindaiðnað. Mikill hluti þessarar framleiðslu er enn þá, því miður, innfluttur. Ég tek hins vegar ríkulega undir þær kröfur, sem komu fram í máli frsm., að styðja beri þessa grein iðnaðar, og ég bendi á að íslenskur fiskiðnaður býður stórbrotna möguleika til að byggja upp alíslenskan rafeindaiðnað þar sem íslenskt hugvit og tæknikunnátta fá notið sín. Smæð heimamarkaðarins er víðast hvar þröskuldur fyrir iðnþróun hjá okkur hérlendis, en íslenskur fiskiðnaður er svo umfangsmikill að erlend fyrirtæki vilja töluvert á sig leggja

til að ná þeim markaði. Það hefur sýnt sig hvað snertir aðrar fiskvinnsluvélar. Hér þarf því að bregða skjótt við, en með allt öðrum hætti en lagt er til í þessu frv.

Ég vil minnast á örfáar almennar stuðningsaðgerðir og er þar fyrst að taka lánamál. Fyrirtæki í rafeindaiðnaði þurfa t. d. að liggja með stóran og dýran „lager" af hlutum til framleiðslu sinnar, en þessi „lager" er ekki veðhæfur. Einnig þarf að auka skilning meðal þjóðarinnar á að nota íslenskan búnað, en ekki innfluttan. Þá kemur það til, að enn er ekki búið að fullhanna þau kerfi sem hér koma að mestu gagni fyrir íslenskan fiskiðnað. Það er raunverulega eftir að hanna heildarkerfi til tölvuúrvinnslu. Hér gæti hið háa Alþingi komið af myndarskap inn og stutt við íslenskan rafeindaiðnað. — Ég vildi aðeins benda á þetta.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég vil taka undir þá meginhugmynd sem er að baki þessa frv., sem ég skil svo að auðvelda eigi íslenskum fiskiðnaði að nýta þá nýjustu tækni sem nú ryður sér mjög til rúms. Hitt veit ég að er rétt, sem kom fram hjá síðasta hv. ræðumanni, að vera kann erfitt um niðurfellingu söluskatts. En það eru fleiri gjöld þarna á lögð, eins og vörugjald t. d. og í sumum tilfellum tollur.

Ég vil jafnframt upplýsa að í athugun, sem fram fer á vegum sjútvrn. á aðgerðum til að auka framleiðni í fiskiðnaði, hefur mjög verið staldrað við ýmsa svona kostnaðarliði. Gæti ég talið upp ýmislegt fleira en rafeindavogir, þó að þær séu einn stærsti möguleikinn til framfara á þessu sviði. Ég tek undir allt það sem hv. frsm. sagði um framfarirnar þar. Mætti ýmsu við það bæta. En ég get einnig nefnt t. d. tölvur sem hafa rutt sér mjög til rúms í stærri fiskvinnslufyrirtækjum. Það eru mikil gjöld heimt af slíkum tölvum og er því kostnaðarsamt að koma þeim upp. Af öðrum óskyldum hlutum mætti t. d. nefna þurrefnasíur, sem geta leitt til verulegs sparnaðar með endurheimtun hráefnis sem annars fer út með vatninu, en gjöldin af slíkum síum eru að öllum líkindum meiri en hagkvæmnin eða a. m. k. meiri en fæst á einu ári í endurheimt hráefnis. Er þá annar stofnkostnaður ótalinn. Ég hygg að opinber gjöld séu þar álíka mikil og stofnkostnaðurinn, þannig að menn leggja ekki í slíkt eins og er þegar fjármagnskostnaður er jafnframt mikill. Því er verið að athuga ýmsa slíka þætti sem væru til hagsbóta fyrir fiskiðnaðinn, og hafa þessi mál reyndar þegar verið rædd í ríkisstj. Jafnframt er á vegum fjmrn. starfandi nefnd sem er að endurskoða tolla á ýmsum innfluttum vörum. Þessi mál hafa einnig komið til hennar kasta. Sömuleiðis hefur mjög borið á samanburði á svokölluðum samkeppnisiðnaði og fiskiðnaði. Ég beitti mér fyrir því s. l. vor að felld voru niður aðflutningsgjöld af fjórum slíkum tollaflokkum, þar sem fiskiðnaðurinn bjó tvímælalaust við stórum óhagstæðari kjör að þessu leyti en svokallaður samkeppnisiðnaður. Ég tek það fram, að ég veit ekki hvað er meiri samkeppnisiðnaður en fiskiðnaðurinn í dag, en hann hefur samt ekki notið náðar slíkrar nafngiftar. Þess eru dæmi, að unnt hefur verið að flytja inn tæki í súkkulaðigerð annars vegar og sleppa við aðflutningsgjöld vegna samkeppni við innflutt súkkulaði, en hins vegar orðið að greiða mjög há aðflutningsgjöld ef sams konar tæki er flutt inn til fiskvinnslu. Nokkur leiðrétting var á þessu gerð s. l. vor. Jafnframt voru fengnir menn til að gera samanburð á þessum iðnaði öllum. Þótt fiskur sé ekki fluttur inn í landið er hér samkeppnisiðnaður ýmist á innlendum eða erlendum markaði, og þarf að samræma þá aðstöðu sem við er búið.

En ég stóð fyrst og fremst upp til að taka undir þann meginanda sem í frv. er. Þarna er mikið verk að vinna og gott til þess að auðvelda okkar fiskvinnslu að afla sér tækja til aukinnar framleiðni.

Flm. (Ágúst Einarsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir undirtektir undir þetta mál og fagna sömuleiðis yfirlýsingum hans um þá stefnu sem hann er að vinna að: að létta af ýmsum gjöldum og álögum varðandi tæknivæðingu í fiskiðnaði.

Hann nefndi hér samkeppnisiðnað og fiskiðnað og taldi fiskiðnaðinn vera samkeppnisiðnað. Ég fagna því vegna þess að þetta er gamalt baráttumál fiskiðnaðarins. Raunverulega, ef ég má orða það þannig, er fiskiðnaðurinn eini iðnaðurinn hérlendis sem stendur í verulegri samkeppni — reyndar ekki innanlands, heldur á erlendum mörkuðum. Fiskiðnaðurinn er eini iðnaðurinn hér sem stendur í samkeppni við erlendan fiskiðnað, sem er stórlega ríkisstyrktur í öllum löndunum í kringum okkur, eins og menn vita.

Hv. þm. Guðrún Hallgrímsdóttir kom hér upp og taldi að ekki væri hægt að framkvæma frv. Þetta var sagt án nokkurra röksemda og er býsna einkennilegur málflutningur að halda því fram án rökstuðnings, að ekki sé hægt að framkvæma eitthvað. Ég lýsti í framsöguræðu minni þeim tollaflokkum, sem um væri að ræða, sem gera yfirleitt kleift að framkvæma þetta. Þykir mér býsna einkennilegur málflutningur hv. þm. að rökstyðja ekki fullyrðingar sínar. En ég get tekið undir það sem hún sagði, að stórauka ber lánafyrirgreiðslu til íslensks rafeindaiðnaðar. Það styð ég fyllilega.

En það er ekki það sem fjallað er um í þessu frv. Eins og ég sagði í framsögu minni er hér um að ræða lítið skref, en í rétta átt. Þetta mál, sem um er fjallað í frv., er það mál sem brennur á fiskiðnaði sem er að tölvuvæða sig og auka stórlega fjárfestingu sína einmitt á þeim sviðum sem þetta frv. fjallar um. Þetta mál brennur ekki einungis á fiskiðnaðinum, heldur langar mig til að vitna aftur í þau ummæli sem framleiðendur þessara tækja höfðu við mig, að þeir mundu meta þetta frv. mjög mikils ef samþ. yrði. En samþykkt þessa frv. firrir okkur engan veginn því að styðja enn meira við bakið á þessum iðnaði og þá með þeim aðgerðum og þeim hugmyndum sem hæstv. sjútvrh. lýsti m. a. áðan.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25. shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum, frv. (þskj. 79). — 1. umr.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. á þskj. 79 um breytingu á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum nr. 5 13. febr. 1976.

Hér er um að ræða annars vegar að veita afslátt frá útflutningsgjaldi sem nemur kostnaði við umbúðir saltsíldarverkunar og er þessi afsláttur ákveðinn í frv. 15 600 kr. fyrir hver 100 kg innihalds vegna umbúðakostnaðar

og kostnaðar við sérstök hjálparefni. Í 2. mgr. frvgr. er hins vegar gert ráð fyrir að innheimta ekki útflutningsgjald af ediksöltuðum síldarflökum eða söltuðum síldarflökum sem verkuð eru á svipaðan hátt, framleiddum einnig á síldarvertíð 1980, til sölu í löndum Efnahagsbandalags Evrópu.

Núverandi útflutningsgjald er 5.5% af fob-verðmæti útfluttra sjávarafurða og er það hin almenna regla. Í eldri lögum um útflutningsgjald — áður en þeim var breytt 1976 með breytingum á sjóðakerfi sjávarútvegsins — var heimilað að draga frá fob-verðmæti saltsíldar ákveðna fjárhæð vegna umbúðakostnaðar. Var þessi heimild t. d. notuð 1975. Eins og fyrr segir var þessi heimild svo felld niður, enda útflutningsgjald þá lækkað verulega og reynt að afnema sem flest sérákvæði.

Síldarsöltun hefur algjöra sérstöðu að því er varðar umbúðakostnað. Tunnurnar eru fluttar inn og síðan út aftur nokkrum mánuðum seinna og eru þá að meðaltali nær fimmtungur af því verðmæti sem útflutningsgjald er lagt á. Í öðrum greinum fiskvinnslu er umbúðakostnaður innan við 3% af tekjum.

Kostnaður við hverja tunnu og einkum kostnaður við sérstök hjálparefni, svo sem krydd og sykur, hefur hækkað verulega frá því í fyrra, þegar hann var um 10 100 kr., í um 15 600 kr. Er sú tala lögð til grundvallar.

Jafnframt er í 2. mgr. gert ráð fyrir að fella niður útflutningsgjald af ediksöltuðum síldarflökum. Það var talið nauðsynlegt vegna þess að síðustu árin hefur Efnahagsbandalagið kosið að leggja hækkandi toll á innflutning saltaðrar síldar inn í Efnahagsbandalagið og er jafnframt rætt um það nú að hækka þann toll mjög verulega, nefndar tölur allt upp í 20%, sem mundi að sjálfsögðu koma fullkomlega í veg fyrir að slík síld verði þangað flutt. Tollurinn mun nú vera 5%.

Jafnframt er staðreyndin sú, að eins og hv. þm. vita hefur nokkur sölutregða verið á síld. Að vísu hafa samningar um saltaða síld tekist — ég leyfi mér að segja: vonum framar. Hins vegar hafa verið verulegir erfiðleikar með sölu á frystri síld og ekki séð hvernig því lýkur. Till., sem í frv. felst, mun stuðla að nokkuð aukinni sölu. Var því ákveðið að leggja frv. fram og leita heimilda til að fella niður útflutningsgjald af sérsaltaðri síld og ediksaltaðri síld.

Hér er ekki um neinar stórar upphæðir að ræða. Um þetta er fullkomið samkomulag með hagsmunaaðilum þ. e. sjómönnum, saltendum og útflytjendum. Reyndar er þetta forsenda fyrir því samkomulagi sem varð um verðákvörðun á síld.

Herra forseti. Að lokinni þessari umr. leyfi ég mér að leggja til að málinu verði vísað til 2. umr. hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til sjútvn. með 23 shlj. atkv.

Eftirlaun aldraðra, frv. (þskj. 177). — 1. umr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það frv., sem hér er lagt fram, er flutt í samræmi við fyrirheit ríkisstj. í sambandi við lausn kjaradeilu Alþýðusambands Íslands og atvinnurekenda í október s. l.

Í samkomulagi um lífeyrismál á milli aðila vinnumarkaðarins lýsa þeir yfir að þeir séu sammála um að frá 1. des. 1980 skuli lífeyrisréttur samkv. lögum um eftirlaun til aldraðra miðast við grundvallarlaun eins og þau eru samkv. kauptaxta 1. des., 1. mars, 1. júní og 1. sept. ár hvert í stað dagsetningar mánuði síðar. Í yfirlýsingu ríkisstj., er hún gaf við gerð kjarasamninganna, var heitið lagabreytingu í samræmi við fyrrgreint fyrirkomulag. Tilgangur þessarar breytingar er að lífeyrir samkv. lögum um eftirlaun til aldraðra breytist á sama tíma og verðbætur á laun, þannig að lífeyrisþegar þeir sem í hlut eiga njóti hækkunar lífeyris vegna hækkunar verðbóta með sama hætti og launþegar.

Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða um mál þetta, herra forseti, og legg til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég fagna þessu fram komna frv., en hér er verið að auka réttindi þeirra sem hafa rétt samkv. lögum um eftirlaun til aldraðra. Þó sakna ég þess í þessu frv., að ekki skuli vera gerð nánari grein fyrir hvernig kostnaðarskiptingin eigi að vera samkv. því og hverjir raunverulega standi straum af auknum réttindum til ellilífeyrisþega. Hér er um að ræða, eins og fram kom hjá hæstv. félmrh., lið í lausn kjaradeilunnar. En við hljótum að spyrja: Hver stendur undir þeim auknu réttindum sem frv. þessu fylgja? Eru það sjóðir launþega sjálfra sem gera það? Þó að það komi ekki beint fram hér held ég að sé ljóst að það séu lífeyrissjóðirnir og Atvinnuleysistryggingasjóður sem eigi að standa undir þessum auknu réttindum. En ekki felst í þessu frv. eða grg. nein nánari skilgreining á þessu. Það kemur fram síðast í grg.: „Kostnaður af greiðslu lífeyris samkv. II. kafla laganna er hins vegar miklum mun minni og sá útgjaldaauki, sem frv. felur í sér fyrir kostnaðaraðila samkv. 25. gr. laganna, er hverfandi." Hér stendur „hverfandi," en ég held að það sé nauðsynlegt að þm. fái upplýst hver þessi kostnaðarskipting er og það sé ekki nægjanlegt fyrir þm. að tala um að kostnaður sé „hverfandi." Við verðum að fá að vita hver kostnaðurinn er.

Þegar eftirlaunafrv. var til umr. vorið 1979 var því harðlega mótmælt af ýmsum þm. að verið væri að leggja auknar byrðar á Atvinnuleysistryggingasjóð. Fæðingarorlof var að vísu þá fyrir byrði á Atvinnuleysistryggingasjóði, en nú er stefnt að því að létta því af. En á sama tíma og fæðingarorlofi verður létt af Atvinnuleysistryggingasjóði er gert ráð fyrir nýjum byrðum á Atvinnuleysistryggingasjóð, sem felst í frv. um eftirlaun, og þó ég muni ekki nákvæmlega töluna minnir mig að ég hafi heyrt talað um töluna 800 millj. kr.

Einn harðasti andstæðingur þess vorið 1979 að leggja auknar byrðar á Atvinnuleysistryggingasjóð var Eðvarð Sigurðsson. Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, grípa niður í ræðu hans hér á þingi þegar hann talar um að leggja eigi auknar byrðar á Atvinnuleysistryggingasjóð. Hann segir á einum stað, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég verð að segja það, að það er a. m. k. frá mínum bæjardyrum séð hreint og beint ömurlegt að núv. hæstv. ríkisstj. skuli standa að slíkri aðför að Atvinnuleysistryggingasjóði sem hér er gert."

Á öðrum stað segir þessi sami páv. þm.:

„Ég held að það sé algjörlega ljóst, að eins og lífeyrismálum er komið í landi okkar sé engan veginn sæmandi aðferð að senda þeim, sem átti að aðstoða,

reikninginn fyrir kostnaðinum á sama tíma og stór hluti lífeyrisþega hefur fulltryggðan lífeyrissjóð á kostnað skattgreiðendanna í landinu. Ég held að með þessu sé slík mismunun gerð að það eigi ekki að líðast."

Fleira mætti tína til úr þessari ræðu Eðvarðs Sigurðssonar, en ég sé ekki ástæðu til þess frekar.

Því er ástæða til að spyrja hér nú, þar sem þetta var liður í lausn kjaradeilunnar: Er það með samþykki verkalýðshreyfingarinnar að þessi leið sé farin til að fá þessi auknu réttindi, þ. e. að að hluta til séu þarna lagðar byrðar á Atvinnuleysistryggingasjóð? Kannske er hægt að spyrja líka, — því ég sé ekki hvað það er sem sérstaklega réttlætir að leggja auknar byrðar á Atvinnuleysistryggingasjóð, byrðarnar eru þar fyrir hvort sem það er í formi fæðingarorlofs eða aukinna réttinda til eftirlauna aldraðra, og þó það sé e. t. v. heldur minna núna en var með fæðingarorlofinu eru þetta engu að síður byrðar, — að spyrja hvort verkalýðshreyfingin hafi samþykkt þá leið, sem farin er til að auka þessi réttindi, og hvort eitthvað hafi verið hugað að því að styrkja á einhvern hátt stöðu Atvinnuleysistryggingasjóðs, þá kannske í formi þess að huga að einhverri annarri tekjuöflunarleið fyrir hann.

Ég held að það sé nauðsynlegt að þetta komi fram og einnig að það komi fram nákvæm kostnaðarskipting, hvernig þessi auknu réttindi skiptast milli aðila.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Áður en langur tími líður mun koma fyrir hv. Alþingi frv. til l. um breyt. á lögum um eftirlaun aldraðra, sem gerir ráð fyrir að aukið verði við þremur stigum lífeyrisréttinda og það kostað af Atvinnuleysistryggingasjóði, eins og gert er ráð fyrir í þeirri yfirlýsingu sem ríkisstj. gaf 27. okt. s. l. við frágang kjarasamninga. Ég tel að það sé eðlilegt að ræða þessi atvinnutryggingasjóðsmál við þá umræðu.

Í frv., sem hér er um að ræða, er einungis verið að færa til dagsetningar. Kostnaðaraukinn af þessu vegna ársins 1980 er að því er varðar ríkissjóð talinn vera hverfandi. Þá á ég við tölu sem er innan við 10 millj. kr. Hér er einungis verið að færa til dagsetningu þannig að nettóútgjöldin eru í rauninni þau sömu. Það er verið að segja það eitt, að lífeyrisgreiðslurnar megi hækka frá 1. des. í staðinn fyrir 1. jan. o. s. frv. Það er það eina sem í þessu frv. er.

Ég hef engan áhuga á að skjóta mér undan því að svara fsp. hv. þm., en ég minni bara á að frv. um þessi sérstöku þrjú stig varðandi lífeyrisréttindin og þar með Atvinnuleysistryggingasjóð kemur til umr. hér á Alþ. áður en langur tími líður. Auðvitað kemur það fram, eins og hv. þm. er kunnugt, í yfirlýsingu ríkisstj. frá 27. okt. s. l. að jafnframt er tekin ákvörðun um að fella kostnað af fæðingarorlofi af Atvinnuleysistryggingasjóði.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 26 shlj. atkv.

Hollustuhættir, frv. (þskj. 148). — 1. umr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Frv. það sem ég mæli hér fyrir um hollustuhætti og hollustuvernd er samið af stjórnskipaðri nefnd sem páv. heilbr.- og trmrh., Matthías Bjarnason, skipaði í ágústmánuði 1978 og falið var að endurskoða lög nr. 12/1969, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með hliðsjón af fenginni reynslu og enn fremur að semja drög að nýrri heilbrigðisreglugerð.

Í upphafi voru skipaðir í nefndina eftirtaldir menn: Ingimar Sigurðsson deildarstjóri í heilbr.- og trmrn., formaður, dr. med. Jón Sigurðsson fyrrv. borgarlæknir, Þórhallur Halldórsson framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar, Hrafn V. Friðriksson yfirlæknir, forstöðumaður Heilbrigðiseftirlits ríkisins, og Albert K. Sanders bæjarstjóri í Njarðvíkum.

Fljótlega eftir að nefndin tók til starfa tók hún þá ákvörðun, að höfðu samráði við páv. heilbr.- og trmrh., Magnús H. Magnússon, að gera tillögur um sameiningu þeirra stofnana svo og samvinnu þeirra nefnda og annarra aðila sem með mál á þessu sviði fara. Í framhaldi af þessari ákvörðun var Guðlaugur Hannesson forstöðumaður Matvælarannsókna ríkisins skipaður í nefndina. Enn fremur var Eyjólfur Sæmundsson fyrrv. deildarverkfræðingur hjá Heilbrigðiseftirliti ríkisins og núverandi Öryggismálastjóri ráðinn sérstakur ráðgjafi nefndarinnar með hliðsjón af mengunarmálefnum.

Meiri hluti nefndarinnar, þ. e. allir nema Hrafn V. Friðriksson, skilaði endanlegu áliti í lok maímánaðar s. l. í formi frv. til nýrra laga ásamt ítarlegri grg. og aths. Var brugðið á það ráð að gefa út álit nefndarinnar í fjölriti og fylgir eitt eintak með til hvers þm. auk þess sem unnt er að fá eintök í heilbr.- og trmrn. Er álit þetta gefið út sem rit heilbr.- og trmrn. merkt nr. 1 1980 og er það miklu ítarlegra en aths. með frv. þessu. Bendi ég mönnum — og einkum þá hv. þingnefnd — sérstaklega á að kynna sér þetta rit, en það hefur að geyma fróðleik um þessi mál sem ekki er að finna annars staðar í samandregnu máli.

Ég ákvað í sumar að leggja frv. þeirra fimm nefndarmanna, sem að tillögunum standa, óbreytt fyrir Alþ., en án skuldbindinga af hálfu þeirra flokka sem að ríkisstj. standa. Ég tel nauðsynlegt að Alþ. fái þetta mál til meðferðar og hv. heilbr.- og trn. þingsins geti áttað sig glögglega á því. Hér er um mál af því tagi að ræða að ég tel eðlilegt að þingið grandskoði það um leið og það fær meðferð.

Því er ekki að neita, að um jafnviðamikið mál og hér um ræðir kunna að vera mjög skiptar skoðanir og tel ég því að frv. þurfi að fá mjög gaumgæfilega umfjöllun á hv. Alþ. Taldi ég því ástæðulaust að breyta neinu í frv. eins og það lá fyrir í tillögum meiri hluta nefndarinnar.

Í sjálfu sér sé ég ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um þetta frv. þar sem því fylgir mjög ítarleg grg. Hins vegar vil ég fara nokkrum orðum um það, hvernig nefndin starfaði á þeim tíma sem hún hafði þetta mál til meðferðar, og eins gera grein fyrir helstu nýmælum og breytingum sem frv. felur í sér.

Nefndin gekk frá sínum fyrstu drögum á vormánuðum 1979 og sendi þau til umsagnar mjög margra aðila sem þessi mál snerta, jafnt opinberra sem óopinberra. Flestallir þessara aðila skiluðu umsögnum um tillögudrögin og tel ég því að þegar hafi verið fjallað um frv. þannig að nokkurt mark sé á takandi. Reyndi nefndin að samræma sjónarmið aðila eins og unnt var að hennar mati.

Það er álit þeirra, sem að frv. standa eða tillögunum í nefndinni, að tilgangur með frv. sem þessu hljóti að vera að reyna að tryggja landsmönnum svo heilnæm lífsskilyrði á öllum sviðum þjóðlífsins sem unnt er að veita

hverju sinni. Í því skyni skuli leitast við að samræma kröfur um hollustuhætti um allt land og koma á viðhlítandi eftirliti með þeim, þ. e. hollustueftirliti. Yfirumsjón með því starfi, matvælaeftirliti, mengunarvörnum og rannsóknum þessu tengdum, skuli vera í höndum ákveðinnar stofnunar. Daglegt eftirlit sé hins vegar í höndum hollustufulltrúa samkv. gildandi lögum um heilbrigðisfulltrúa, sem starfa á vegum hollustunefnda sveitarfélaga í samræmi við skiptingu landsins í hollustueftirlitssvæði. Hollustueftirliti er ætlað að firra landsmenn svo sem verða má hvers konar óhollustu, skaðlegum og óæskilegum utanaðkomandi áhrifum á heilsu þeirra og jafnframt að stuðla með almennri fræðslu og á annan hátt að bættu heilsusamlegu umhverfi og andrúmslofti úti og inni, hollum mat og drykk, auknum þrifnaði almennings og bættri umgengni. Verksvið er margþætt, eins og upptalning 2. og 3. gr. frv. ber glögglega með sér.

Samkv. frv. er gert ráð fyrir að landinu verði skipt í hæfilega mörg og stór eftirlitssvæði til að tryggja annars vegar markvisst eftirlit, sem nær til allra þátta á öllu eftirlitssvæðinu, og hins vegar nægilega mannmörg til að unnt verði að gera kröfur um æskilega menntun eftirlitsmanna. Einnig er gert ráð fyrir að fram komi skýr ákvæði um valdsvið hollustueftirlits með það fyrir augum að ná fram nauðsynlegum umbótum, en samhliða verði ákvæði um sérstaka úrskurðarnefnd til að tryggja sem best rétt þeirra sem eftirlit er haft með.

Til að ná þessu markmiði leggur nefndin til í frv., sem hér liggur fyrir, eftirfarandi nýmæli:

Í 1. gr. frv. er lögð til ákveðin stefnuyfirlýsing, þ. e. að lögunum sé ætlað að skapa grundvöll til að tryggja landsmönnum svo heilnæm lífsskilyrði sem á hverjum tíma séu tök á að veita. Þetta skal vera megintilgangur laganna.

Lagt er til að með markvissum aðgerðum skuli unnið að því að ná þessu fram, m. a. með því að gera eftirlitið sem virkast með umhverfi svo og öllum þáttum sem snerta hollustuhætti, heilnæmi matvæla og enn fremur að vernda þau lífsskilyrði sem felast í ómenguðu vatni og hreinu andrúmslofti. Enn fremur er lögð áhersla á skyldur opinberra aðila til að veita alhliða fræðslu og upplýsingar um þessi mál fyrir almenning.

Gert er ráð fyrir því í frv., að það nái yfir alla starfsemi og framkvæmd, sem haft geti í för með sér mengun lofts, láðs og lagar, að svo miklu leyti sem það er ekki falið öðrum með sérstökum lögum eða alþjóðasamþykktum.

Eins og menn vita er íslensk mengunarvarnalöggjöf mjög fábreytt og reyndar fá fyrirmæli nema í sérlögum um einstaka þætti og stofnanir og eru þau á engan hátt tæmandi. Hér er lagt til að bót verði ráðin á þessu, þannig að lög um hollustuhætti og hollustuvernd nái einnig yfir mengunarvarnir. Ekki er ætlast til að þau nái yfir þau mengunarmálefni sem þegar gilda sérlög um og alþjóðasamþykktir. Má sem dæmi nefna lög nr. 51/1970, um Siglingamálastofnun ríkisins, en þar er Siglingamálastofnun ríkisins m. a. falið að annast mengunarvarnir í sjó í samræmi við alþjóðasamninga frá 1966 um losun úrgangs í sjó.

Samkv. frv. tekur mengun yfir það þegar örverur, efni og efnasambönd geta valdið óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinkun lofts, láðs eða lagar. Þannig er ekki verið að hrófla við náttúruverndarlöggjöfinni frá 1970 á einn eða neinn hátt, því ekki er ætlast til þess, svo dæmi sé tekið, að jarðrask af manna völdum falli hér undir.

Í frv. er lagt til að sett verði ein hollustuverndarreglugerð fyrir landið allt, þar sem skuli vera ákvæði um tiltekin atriði sem talin eru upp í frv. Hér er um að ræða efnislega svipað ákvæði og er í 10. gr. núgildandi laga, nema ekki er ætlast til þess að í hollustuverndarreglugerð, þ. e. samkv. gildandi lögum um heilbrigðisreglugerð, verði kveðið á um þá þætti sem sérlög geyma ákvæði um. Skulu þá sem dæmi nefnd nýsett lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46 frá 1980. Ég legg áherslu á að hér geta komið til greina margs konar sérlög sem kunna að skarast við starfsemi samkv. þessu frv. og er þá ekki ætlast til að þessi almennu lög grípi þar inn í. — Auk þessa er farið inn á nýjar brautir sérstaklega hvað snertir matvæli og reglur um töku sýna og úrvinnslu þeirra.

Ég vil sérstaklega geta þess, að í frv. er lagt til að notað verði annað orð um samheiti yfir þessi mál, þ. e. orðið „hollusta," og það komi í staðinn fyrir orðið „heilbrigði," sem notað er í dag, svo sem hollustunefnd í stað heilbrigðisnefndar, hollustufulltrúi í stað heilbrigðisfulltrúa o. s. frv. Varðandi þessa orðanotkun, þ. e. þar sem orðið „hollusta" er tekið í staðinn fyrir orðið „heilbrigði," skal það sagt, að meiri hl. nefndarinnar taldi að orðið „heilbrigði" ekki réttnefni í lögum sem þessum, sbr. orðið „heilbrigðisþjónusta," en um hana gilda sérstök lög. Þetta frv. fjallar öðru fremur um vernd gegn ytri áhrifum sem valdið geta óhollustu, tjóni á heilsu manna, en ekki um heilbrigði einstaklinganna og heilbrigðisþjónustuna. Orðið „hollusta" hefur að vísu tvenns konar merkingu, eins og menn vita, þar sem það getur bæði táknað heilnæmi og tryggð og trúmennsku. Heiti frv. á þó að girða fyrir misskilning og er lipurt í munni. Er ólíklegt að almenningur tileinki sér ekki réttan skilning á heitinu þegar fram í sækir.

Ég vil í þessu sambandi vísa nánar til álits dr. Jakobs Benediktssonar, fyrrv. ritstjóra Orðabókarinnar, en nefndin fór fram á álit hans á orðunum „hollusta" og „heilbrigði" og samsettum orðum úr þeim í þessu sambandi. Álit dr. Jakobs Benediktssonar fylgir með áliti nefndarinnar í grænu bókinni sem hv. þm. hafa fengið fyrir nokkru í hendur.

Í framhaldi af tillögu nefndarinnar um að undir lögin verði felld ákvæði um mengunarvarnir er lagt til að ráðh. setji sérstaka mengunarvarnareglugerð að höfðu samráði við önnur ráðuneyti sem með þessi mál fara. Er hér um nýmæli að ræða.

Eitt af nýmælum frv. er að gert er ráð fyrir að ekkert sveitarfélag skuli vera án viðhlítandi hollustueftirlits og þjónustu hollustufulltrúa. Þetta er eitt stærsta vandamálið hvað snertir samræmingu hollustueftirlits í landinu, því víðast hvar er ekki um neina slíka þjónustu að ræða og það oft hjá þeim aðilum sem hafa með höndum mjög viðkvæma matvælaframleiðslu. Verði þetta hins vegar að lögum á að vera girt fyrir slíkt.

Í frv. eru lögð til skýr ákvæði um hvernig hollustunefndir eigi að starfa út á við og innbyrðis og enn fremur að hverju þær skuli fyrst og fremst vinna. Ákvæði um hollustunefndir, verksvið þeirra og framkvæmdaratriði eru miklu ítarlegri í frv. þessu en í gildandi lögum og er það gert til þess að afgreiðsla nefndanna verði vandaðri en oft hefur verið hingað til.

Eitt veigamesta nýmæli frv. er ákvæði um stofnun

Hollustuverndar ríkisins, en þeirri stofnun er ætlað að hafa yfirumsjón með hollustueftirliti, matvælaeftirliti, mengunarvörnum og rannsóknum þessu tengdum og á hún að sjá um framkvæmd þessa í samræmi við frv. þetta, reglugerðir og ákvæði annarra laga og reglna.

Verkefni stofnunarinnar yrði m. a. að vinna að samræmingu hollustueftirlits í landinu. Stofnuninni er ekki ætlað það sem við köllum beint hollustueftirlit nema í undantekningartilvikum, þar sem kosið er að halda óbreyttu fyrirkomulagi og fela sveitarfélögum slíkt áfram, en þó á allt annan veg en hingað til.

Stofnuninni er sérstaklega ætlað að halda uppi fræðslu fyrir almenning um mál, er varða hollustu, og standa fyrir námskeiðum fyrir þá aðila sem vinna að þessum málum og enn fremur að standa fyrir menntun og fræðslu fyrir hollustufulltrúa. Á slíkt hefur skort til þessa og er hér um að ræða einhver mikilvægustu ákvæði frv.

Stofnuninni er ætlað að vera hollustunefndum og hollustufulltrúum til trausts og halds og veita þeim þá þjónustu sem tiltæk er. Enn fremur skal hún annast upplýsingar og tilkynningar til fjölmiðla þannig að slíkt komi frá einum og sama aðila.

Gert er ráð fyrir að við stofnunina starfi sérstök stjórn, sem ráðh. skipar og ýmsir aðilar tilnefni í, og að stjórnin fari með stjórn málefna stofnunarinnar undir yfirstjórn heilbrigðisráðherra.

Hollustuvernd ríkisins er skipt í þrjár deildir samkvæmt frv., þ. e. deild sem annast hollustueftirlit, deild er annast skal rannsóknir og deild er annast skal mengunarvarnir. Gert er ráð fyrir forstöðumanni fyrir hverri deild, þ. e. þremur forstöðumönnum, auk þess sem gert er ráð fyrir sérstökum framkvæmdastjóra. Með þessu er lagt til að starfsemi Matvælarannsókna ríkisins, Heilbrigðiseftirlits ríkisins og Geislavarna ríkisins verði sameinuð í einni stofnun og undir einni stjórn. Tel ég slíkt fyrirkomulag tvímælalaust til bóta, m. a. vegna þess að þannig verði unnt að koma í veg fyrir tvíverknað auk þess sem slíkt ætti að hafa í för með sér sparnað þegar fram í sækir sé rétt á málum haldið.

Enn fremur er gert ráð fyrir í frv. að Eiturefnanefnd, Áfengisvarnaráði og Manneldisráði verði sköpuð aðstaða innan þessarar stofnunar og þar verði um mjög náið samstarf að ræða. Eins og sakir standa er ekki talið ráðlegt að fella þessa aðila undir verksvið stofnunarinnar, en á næstu fimm árum gæti slíkt verið raunhæft og verði sérstaklega að því unnið.

Auk þess er stofnuninni ætlað að taka við málefnum samkv. lögum nr. 27 1977, um ráðstafanir vegna tóbaksreykinga, en á vegum rn. er unnið að gerð nýs frv. um þau mál og verður væntanlega gert ráð fyrir í því frv. að Hollustuvernd ríkisins fari með framkvæmdaratriði varðandi tóbaksvarnir, enda telst það á allan hátt eðlilegt að okkar mati.

Stofnuninni er falið að hafa sem nánasta samvinnu við Náttúruverndarráð, Vinnueftirlit og Siglingamálastofnun um öll mál er varða mengunarvarnir við atvinnurekstur og þess háttar.

Í gildandi lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit er gert ráð fyrir að sveitarfélög geti sett sér heilbrigðissamþykktir um einstaka þætti þar sem gerðar eru ríkari kröfur en í heilbrigðisreglugerð, en hún kom út 1972. Að öðru leyti fylgja engar skýringar þannig að ákvæði þessi eru á margan hátt haldlítil. Í frv. því, sem ég mæli hér fyrir, er hins vegar lagt til að sérstakur kafli fjalli um samþykktir sveitarfélaga, þar sem tryggt verði þeim sveitarfélögum sem kjósa að setja sér sérstakar samþykktir að ákvæði slíkrar samþykktar verði virkari en nú gerist. Þannig er m. a. lagt til að heimilt sé að setja í slíkar samþykktir ákvæði um tiltekin atriði, svo sem gjaldtöku vegna leyfa, leigu eða veittrar þjónustu og enn fremur ákvæði um sérstakar tryggingar. Samþykktir sem þessar hafa oft og tíðum sætt litilli virðingu og jafnvel verið þverbrotnar. Enn fremur gerir frv. ráð fyrir að sé leyfi, leiga eða þjónusta tengd notkun fasteignar séu gjöld tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign. Er hér um nýmæli að ræða. Tel ég að verði þessi ákvæði lögfest hvað snertir hollustusamþykktir sveitarfélaganna muni sveitarfélögunum ganga miklu betur að fylgja eftir þeim reglum sem þau kjósa að setja á þessu sviði, sérstaklega hvað snertir umhirðu alla, svo sem sorpeyðingu og holræsamál. Fengju sveitarfélögin þá t. d. heimildir til að kveða á um sérstaka gjaldtöku til að koma frárennslismálefnum sínum í viðunandi horf, en eins og menn vita eru þau einhver mesta brotalöm í hollustukerfi landsins.

Gert er ráð fyrir því, að landinu verði skipt í ákveðin hollustueftirlitssvæði og er gerður greinarmunur á hollustueftirlitssvæðum og starfssvæðum hollustunefnda, en þau eru sveitarfélögin sjálf. Samkv. frv. eru hollustueftirlitssvæðin ellefu, þ. e. þrem fleiri en læknishéruðin samkv. lögum nr. 57/1978, um heilbrigðisþjónustu, en þau taka mið af kjördæmaskipuninni sem og lögum um grunnskóla um fræðsluhéruð og um aðstoð við þroskahefta hvað snertir þjónustusvæðaskiptinguna. Með því að koma á ákveðinni eftirlitssvæðaskiptingu eins og gert er ráð fyrir verður unnt að koma til leiðar einu af grundvallaratriðum frv., sem er að ekkert sveitarfélag skuli vera án þjónustu hollustufulltrúa. Svæðin eru ellefu, en ekki átta, eins og í áður tilvitnuðum lögum, og byggist það á landfræðilegum ástæðum svo og þeirri venju sem skapast hefur á þessu sviði á undanförnum árum. Þannig má sem dæmi nefna að Seltjarnarneskaupstað er þjónað frá Reykjavík, þannig að eðlilegast er að þessi tvö sveitarfélög haldi því starfi áfram. Hvað snertir Suðurnesjasvæðin sérstaklega er skipan þessi fyrir hendi þegar í dag og hið sama má raunar segja um Hafnarfjarðarsvæðið.

Gert er ráð fyrir að á hverju hollustueftirlitssvæði starfi svæðisnefnd, sem skal skipuð formönnum hollustunefnda á svæðinu. Svæðisnefndunum er falið að skipuleggja og samræma hollustueftirlitið, ákveða aðsetur hollustufulltrúa og annast ráðningu þeirra. Svæðisnefndum er ætlað að skipuleggja hollustueftirlitið í samvinnu við hlutaðeigandi hollustunefndir og sveitarstjórnir í samráði við Hollustuvernd ríkisins. Hér er því ekki um framkvæmdanefnd að ræða í þeim skilningi, heldur er ætlast til þess að hún komi saman tvisvar á ári eða svo til að sinna þessum tilteknu málum. Enn fremur er svæðisnefndum ætlað að annast árlega skýrslugjöf um ástand og horfur í hollustuháttamálum á viðkomandi svæðum.

Í frv. er að finna nýmæli hvað snertir starf hollustufulltrúanna sjálfra. Þar er gert ráð fyrir að þeir séu sérmenntaðir á sviði hollustueftirlits, en ráðherra skal heimilt, að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins, að setja reglugerð um sérmenntun, réttindi og skyldur hollustufulltrúa, en slíku er ekki til að dreifa nú. Heilbrigðisfulltrúar sveitarfélaganna, sem nú starfa, hafa mjög mismunandi menntun, allt frá háskólamenntun til

reynslumenntunar og allt þar á milli. Gert er ráð fyrir að þessir aðilar haldi fullum réttindum samkvæmt frv. þannig að hér er ekki verið að skera á eitt eða neitt, heldur er verið að horfa til framtíðarinnar.

Í frv. eru ítarlegri ákvæði um valdssvið og þvingunarúrræði en eru í gildandi lögum. Samkv. gildandi lögum hafa heilbrigðisnefndir mjög mikið vald til afskipta af öllu er snertir hollustuhætti, en þar eru hins vegar engin ákvæði um hvernig beita skuli þessu mikla valdi Í frv. er reynt að ráða þar bót á með því að kveða á um hvernig hollustunefnd skuli starfa þurfi hún að knýja á um framkvæmd ráðstafana er varða hollustumál. Þannig er t. d. lagt til að í fyrsta lagi beiti hollustunefndir áminningum, í öðru lagi áminningum og tilhlýðilegum fresti til úrbóta þar sem slíkt á við og í þriðja lagi að stöðvuð verði viðkomandi starfsemi eða notkun að öllu leyti eða að hluta til, þ. e. sé um að ræða alvarleg tilvik eða ítrekuð og þá jafnframt ef aðilar sinna ekki úrbótum innan tiltekins frests. Í reynd má segja að margar heilbrigðisnefndir hafi starfað á þennan hátt, en ástæða er til að lögfesta þetta sérstaklega, m. a. vegna þeirra sem eftirlit er haft með. Hollustufulltrúum er fenginn sami réttur og hollustunefndum nema hvað varðar stöðvun, en þá þarf hollustunefnd að staðfesta slíkt. Samkv. gildandi lögum eru hollustufulltrúar nær valdalausir og þurfa að bera allt undir heilbrigðisnefndir. Slíkt gengur ekki þar sem oft þarf að bregðast mjög skjótt við og erfitt kann að reynast að ná heilbrigðisnefndum saman.

Lagt er til að kostnaður við vinnu, sem hollustunefnd lætur framkvæma þar sem aðili vanrækir að vinna verk sem hollustunefnd hefur fyrirskipað í samræmi við gildandi lög, sé tryggður með lögveðsrétti í viðkomandi húsi, lóð eða faratæki í tvö ár eftir að greiðslu er krafist, sé um að ræða vanhirðu, óþrif eða heilsuspillandi aðstæður í húsi, á lóð eða farartæki. Þessi lögveðsréttur er ekki fyrir hendi í gildandi lögum, en yrði að mati allra, sem til þekkja, mjög til bóta og mundi létta störf hollustunefnda verulega þar sem sveitarstjórn hefur áður greitt fyrir viðkomandi verk. Þannig ætti slíkur lögveðsréttur frekar að hvetja hollustunefndir til framkvæmda en gildandi lög gera, þar sem meiri trygging er fyrir því, að verkið fáist endurgreitt.

Meðal nýmæla má enn fremur nefna að hollustunefndum er sérstaklega heimilað að gefa fyrirmæli um meðferð og notkun matvæla og annarra vara þar sem settum reglum hefur ekki verið framfylgt. Lagt er til að nefndirnar geti þá eftir atvikum lagt hald á slíkar vörur eða fyrirskipað förgun þeirra, teljist slíkt nauðsynlegt. Slík ákvæði eru ekki fyrir hendi og hefur oft komið til harðvítugra deilna vegna þessa og hafa störf heilbrigðisnefnda samkv. gildandi lögum oft sætt gagnrýni vegna slíkra ákvarðana. Fer því best á því að leiða slíkar reglur í lög, enda hljóta þær að teljast á allan hátt eðlilegar. Hér er ekki um það að ræða að hollustunefnd leggi eignarhald á viðkomandi matvæli eða vörur, heldur eingöngu að um hald sé að ræða til að tryggja rétta meðferð eða þá til þess að vörunum verði fargað vegna óhollustu þeirra.

Hvað snertir valdssvið Hollustuverndar ríkisins sem stofnunar er gert ráð fyrir að það verði að mestu óbreytt miðað við vald Heilbrigðiseftirlits ríkisins samkv. gildandi lögum. Að vísu er gert ráð fyrir nokkrum leiðréttingum varðandi ýmis framkvæmdaratriði, sem ég tel ekki ástæðu til að nefna hér, en hvað snertir sýnatöku er sérákvæði varðandi Hollustuvernd ríkisins. Gert er ráð fyrir að stofnunin taki sýni þar sem starfræksla og notkun fer fram og að slíkt verði gert í samráði við viðkomandi hollustunefndir til þess að komið verði í veg fyrir að margir aðilar séu að taka sýni án þess að vita hver af öðrum.

Í frv. er lagt til að vísa megi til Hollustuverndar ríkisins ágreiningi um framkvæmd laganna, hollustuverndarreglugerðar, mengunarvarnareglugerðar, hollustusamþykktar sveitarfélaga og ákvarðana hollustuyfirvalda annarra en taldar eru upp sérstaklega í 29. gr., 1. og 2. tölul., og í 31. gr., en í þeim greinum er sérstaklega fjallað um ráðstafanir vegna almenningsheilla, eða vegna alvarlegrar hættu á óhollustu eða vegna deilna milli yfirvalda og stofnana. Enn fremur er gert ráð fyrir að vísa megi úrskurði stjórnar Hollustuverndar ríkisins til sérstakrar úrskurðarnefndar sem í eiga sæti þrír aðilar, einn tilnefndur af Hæstarétti og skal hann vera embættisgengur lögfræðingur, einn tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einn af landlæknisembættinu.

Ég hef hér að framan reynt að gera í stuttu máli grein fyrir helstu nýmælum frv., en nýmælin eru að sönnu mörg og fleiri en ég tíndi til sérstaklega.

Í frv. er leitast við að tryggja rétt þeirra aðila sem starfa við þær stofnanir sem lagt er til að sameinaðar verði, og hið sama má segja um starfsmenn sveitarfélaganna er að þessum málum vinna. Í þessu tilviki bendi ég sérstaklega á bráðabirgðaákvæði frv.

Á s. l. vori voru samþ. hér á Alþ. lög er marka tímamót, þ. e. lög nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. S. l. sumar starfaði á vegum félmrn. sérstök úttektarnefnd á þessum lögum undir forustu Hallgríms Dalbergs ráðuneytisstjóra. Var nefndinni m. a. falið að kanna hugsanlega skörun þessa frv., sem ég mæli hér fyrir, við áðurgreind lög. Í þessari úttektarnefnd átti m. a. sæti Ingimar Sigurðsson deildarstjóri, formaður þeirrar nefndar er samdi þetta frv. Samkv. niðurstöðum úttektarnefndarinnar eiga ákvæði þessa frv. ekki að rekast á ákvæði laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, þegar af þeirri ástæðu að hér er um almennt lagafrv. að ræða sem gilda á að svo miklu leyti sem sérlög ná ekki yfir viðkomandi atriði eða þar sem sérlög eru ekki til. Úttektarnefndin taldi hins vegar að lög nr. 46/1980 breyttu nokkru afskiptarétti stofnana á þessu sviði og að hætta kynni að verða á ákveðinni skörun hvað snertir hollustueftirlitið.

Með lögum nr. 46/1980 er Vinnueftirlit ríkisins sett á laggirnar og því ætlað að fara með ákveðinn þátt hollustumála, þ. e. innan vinnustaðanna. Hollustunefndum sveitarfélaganna og Hollustuvernd ríkisins er ætlað að sinna þessum málum almennt. Enn fremur má nefna að Framleiðslueftirlit sjávarafurða fer með tiltekinn málaflokk á þessu sviði. Úttektarnefndin lagði því til í áliti, sem hún skilaði mér á öndverðu hausti, að 31. gr. frv. þessa yrði breytt á þann hátt að gert yrði ráð fyrir sérstakri samstarfsnefnd sem í ættu sæti forstöðumenn Hollustuverndar ríkisins, Vinnueftirlits ríkisins og Framleiðslueftirlits sjávarafurða.

Ég leyfi mér að leggja hér með tillögur úttektarnefndarinnar fyrir hv. heilbr.- og trn. og bið nefndina að taka þetta mál til alveg sérstakrar umfjöllunar, enda hygg ég að það sjónarmið, sem liggur að baki tillögunni, sé í góðu samræmi við þau viðhorf sem komu fram á hv. Alþ. við afgreiðslu laganna um aðbúnað,

hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Ég sé ekki ástæðu til þess, herra forseti, að fjalla ítarlegar um einstaka þætti þessa frv., en legg til að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn. Þar sem hér er um viðamikið mál að ræða vil ég einnig fara þess á leit við hv. n., að hún hafi, ef um það verður samstaða í n., samstarf við hv. heilbr.- og trn. Ed.

Umr. frestað.

Kennaraháskóli Íslands, frv. (þskj. 166). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Vélstjóranám, frv. (þskj. 14). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Sameinað þing, 29. fundur.

Fimmtudaginn 4. des., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Jón Helgason): Mér hefur borist eftirfarandi bréf:

„Reykjavík, 3. des. 1980.

Ólafur Jóhannesson, 5. þm. Reykv., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Reykjavík, Haraldur Ólafsson dósent, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Helgi Seljan,
forseti Ed."

Haraldur Ólafsson hefur áður átt sæti á þessu þingi og býð ég hann velkominn til starfa.

Flugvellir í Austurlandskjördæmi, þáltill. (þskj. 178). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Starfsreglur Póst- og símamálastofnunar, þáltill. (þskj. 161). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Kennsla í útvegsfræðum, þáltill. (þskj. 162). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Árangur nemenda í grunnskólum og framhaldsskólum, þáltill. (þskj. 168). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Sveigjanlegur vinnutími hjá ríkisfyrirtækjum, þáltill. (þskj. 56). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Takmarkaður aðgangur erlendra herskipa og herflugvéla að landhelgi Íslands, þáltill. (þskj. 61). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Eftirgjöf á gjaldi fyrir síma elli- og örorkulífeyrisþega, þáltill. (þskj. 62). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Merkingaskylda við ríkisframkvæmdir, þáltill. (þskj. 67). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Undirbúningur almennra stjórnsýslulaga til að auka réttaröryggi, þáltill. (þskj. 135). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Bætt nýting sjávarafla, þáltill. (þskj. 157). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til atvmn.

með 36 shlj. atkv.

Stóriðjumál, þáltill. (þskj. 32). — Fyrri umr.

Flm. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um stefnumótun í stóriðjumálum sem við 19 alþm. Sjálfstfl. flytjum og greint er frá á þskj. 32. Efni till. er, eins og hún ber með sér, um stefnumótun í stóriðjumálum og lagt er til að Alþingi setji á stofn nefnd er starfi að slíkri stefnumótun.

Lagt er til að nefndina skipi sjö menn, kjörnir hlutfallskosningu á Alþingi að loknum hverjum alþingiskosningum. Jafnmargir varamenn skulu kjörnir á sama hátt. Nefndin skipti að öðru leyti með sér verkum.

Í till. er greint frá verkefnum nefndarinnar og skal ég síðar víkja að þeim.

Ástæðan til flutnings þessarar till. er auðvitað sú, að okkur finnst lítið að gert í þessu mikilvæga hagsmunamáli þjóðarinnar, að marka stefnu og kanna möguleika til framkvæmda í stóriðjumálum, í orkufrekum iðnaði. Það mun hafa verið 19. okt. 1978, að þáv. iðnrh., Hjörleifur Guttormsson, lagði niður nefnd sem hafði verið skipuð og setið að störfum í raun allt frá 28. sept. 1971 og fjallaði um viðræður við erlenda aðila sem áhuga hefðu á þátttöku í orkufrekum iðnaði ásamt Íslendingum.

Nú er hæstv. iðnrh. sá hinn sami og lagði þessa nefnd niður og hefur ekki sýnt af sér nein þau merki að hann hyggist starfa að þessum málum af neinum krafti. Það er út af fyrir sig athyglisvert, að það var þáv. iðnrh., Magnús Kjartansson, sem skipaði þá nefnd 28. sept. 1971 sem hæstv. iðnrh. Hjörleifur Guttormsson lagði niður fyrir tveim árum.

Það má út af fyrir sig rekja þessa sögu lengra aftur í tímann. Hinn 5. maí 1961 skipaði þáv. iðnrh., dr. Bjarni Benediktsson, menn í stóriðjunefnd til að kanna möguleika á vinnslu alúmíníums hér á landi. Varð sú nefnd til þess að undirbúa svokallaða álsamninga, sem reyndar var fjallað um einnig síðar í þingmannanefnd þar sem tveir fulltrúar frá hverjum þingflokki áttu sæti og áttu aðgang að öllum þeim gögnum, sem lágu til grundvallar samningum við Swiss-Aluminium á sínum tíma.

Þótt ekki sé lengra farið út í forsögu málsins er alveg ljóst að nú er öðruvísi að málum staðið, að stöðvun er á komin og ekki sinnt þessum mikilvægu hagsmunamálum í efnahags- og þjóðhagsmálum okkar sem vera ber. Það er skoðun okkar sjálfstæðismanna, að nauðsynlegt sé að gera hér breytingu á. Við unum ekki þessu aðgerðaleysi og teljum illa farið að ekki hafi í raun verið að þessum málum starfað af neinum krafti s. l. rúm tvö ár, en viðræður við erlenda aðila hafa í raun ekki átt sér stað svo nokkru nemi eftir að lög um járnblendiverksmiðjuna voru samþykkt hér á Alþingi í maí 1977.

Það er ljóst, að við höfum möguleika á því að nýta orkulindir okkar mjög verulega. Í grg. okkar flm. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í orkulindum landsins er að finna grundvöll að nýrri sókn til betri lífskjara, líkt og sjávarútvegurinn var í upphafi þessarar aldar. Bætt lífskjör og atvinnuöryggi landsmanna eru höfuðmarkmið þeirrar atvinnustefnu sem fylgja þarf. Það er því meginverkefni nú að hagnýta hin gífurlegu verðmæti sem fólgin eru í orkulindum landsins. Í því efni er nú mest um vert að móta stefnuna í stóriðjumálum með það fyrir augum að hagnýta orkulindir landsins til framleiðslu iðnaðarvara til útflutnings."

Það er ljóst, að í landbúnaði verður ekki um mörg ný störf að ræða, ef ekki verður þar beinlínis fækkun mannafla í framtíðinni. Og sömuleiðis eru sjávarútveginum skorður settar vegna fiskveiðitakmarkana.

Fyrir kosningarnar í fyrra lögðum við sjálfstæðismenn áherslu á í stefnuyfirlýsingu okkar, er bar heitið Frelsi til framfara, að skapa þyrfti 15 000 ný störf næsta áratug. Mig langar til þess að minnast á örfá atriði úr þeirri stefnuyfirlýsingu, með leyfi hæstv. forseta. En þar segir m. a.:

„Með markvissri stefnu ríkisvalds er hægt að stórauka afköst atvinnuvega þjóðarinnar. Sjálfstfl. vill tryggja næga atvinnu fyrir alla landsmenn á þann hátt að skapa hvetjandi umhverfi fyrir arðbæra atvinnustarfsemi í landinu. Það er ljóst, að atvinnulífið getur veitt næga atvinnu og greitt há laun fyrir alla landsmenn um ókomna framtíð, ef stjórnvöld skapa atvinnustarfsemi eðlileg og hvetjandi starfsskilyrði. Helsta hættan á atvinnuleysi og landflótta felst í óraunhæfum og þarflausum afskiptum ríkisvaldsins af atvinnustarfsemi og einstaklingum, sem leiðir til lakari lífskjara alls almennings en annars mætti ná.

Atvinnuöryggi og stöðvun landflótta er þungamiðja atvinnustefnu Sjálfstfl. Á næsta áratug munu um 15 000 manns bætast á vinnumarkaðinn. Nauðsynlegt er að tryggja þessu fólki arðbæra vinnu og laun og lífskjör sem jafnast á við það sem best gerist í nágrannalöndum okkar. Þessu markmiði er hægt að ná með því að beina framkvæmdafé þjóðarinnar til eflingar og framfara í hinum hefðbundnu greinum atvinnulífsins og til nýrra arðbærra atvinnugreina. Einungis á þann hátt er unnt að tryggja landsmönnum næga atvinnu og góð lífskjör í framtíðinni."

Í þessari stefnuyfirlýsingu okkar, Frelsi til framfara, er bent á það, að þjónustugreinar hafi að undanförnu tekið til sín um 64% af nýjum starfsmönnum, sem þýðir tæplega 10 þús. af 15 þús. manna viðbót við vinnuaflið á næsta áratug. En með því að nauðsyn beri til að draga úr ríkisumsvifum og auka framleiðslu þjóðarbúsins sé ekki rétt að gera ráð fyrir að meira en helmingur af nýjum störfum eða 7 500 störf verði til í þjónustugreinum ýmiss konar, og er þá átt við verslun, viðskipti, samgöngur, ferðamál, svo og heilbrigðismál, mennta- og menningarmál, en aftur verði 7 500 störf í framleiðslugreinum þjóðarinnar á næsta áratug. Og þess er getið, að með markvissri atvinnustefnu geti sjávarútvegur, iðnaður og stórvirkjanir á sviði orkufreks iðnaðar skapað þau störf.

Rétt er að það komi fram, að undanfarið hafa verið töluverðar umræður um brottflutning fólks úr landinu. Sumir hafa í þeim umræðum komist svo að orði, að verið væri að flytja atvinnuleysið út og það væri m. a. skýring á því, að ekki hefði hingað til borið á atvinnuleysi í atvinnuleysisskráningu.

Það er ljóst, að brottflutningur fólks úr landinu er meiri en svo, að Alþingi geti lokað augunum fyrir þeirri staðreynd og skotið sér undan þeirri skyldu að gera þær ráðstafanir sem löggjafarsamkomunni ber skylda til að gera til að stöðva þessa þróun, ekki síst þegar það er haft í huga, að ætla má að þeir, sem flytjast burt af landinu, séu ekki síst þeir sem hafa hlotið meiri menntun og þjálfun en aðrir og hafa þess vegna skilyrði til þess með starfi sínu hér á landi að skapa grundvöll fyrir störfum fleira

fólks en ella.

Það er ekki að ófyrirsynju, að við sjálfstæðismenn höfum staðnæmst við stefnumótun í stóriðjumálum og framkvæmdum í orkufrekum iðnaði, með tilvísun til þess er ég þegar hef rakið um þann auð sem við Íslendingar eigum í orkulindum landsins. Sá auður er engum til gagns ef hann verður ekki nýttur, og því hvetjum við eindregið til frekari framkvæmda á því sviði.

Það er og ljóst, að samkeppnisstaða þeirrar orku, sem fá má úr orkulindum okkar, hefur stórbatnað að undanförnu. Má í því sambandi nefna að samkeppnisstaða íslenskrar vatnsorku hefur stórbatnað vegna hækkunar almenns orkuverðs samhliða hækkun olíuverðs. Mengunarvarnir í kolakyntum orkuverum og öryggisvandamál í kjarnorkuverum hafa og orðið til þess, að orkuverð almennt fer hækkandi. Um leið fer þeim stöðum fækkandi sem boðið geta ódýra vatnsorku. Þá er þess og að geta, að framleiðsla með þessari orku hér á Íslandi mun njóta sín betur í framtíðinni en áður, vegna þess að fengist hefur tollfrjáls aðgangur fyrir iðnaðarvörur að Evrópumarkaði og almennt hafa tollar lækkað í iðnaðarlöndum. Þá má og nefna að spáð er aukningu eftirspurnar eftir ýmsum afurðum orkufreks iðnaðar og þá sérstaklega áli. Jafnvel er talað um þreföldun álframleiðslunnar næsta aldarfjórðunginn ef mæta eigi eftirspurninni. Í þessu sambandi er auðvitað rétt að hafa í huga að um sveiflur getur verið að ræða, eins og fram *kemur í Morgunblaðinu í morgun hvað snertir járn*blendi, þótt álmarkaðurinn sé hins vegar ágætur.

Þegar á þetta allt er litið er engum blöðum um það að fletta, að við eigum að nýta orkulindir okkar með því að stofna til orkufreks iðnaðar. Það hafa að vísu átt sér stað nokkrar umræður um það, hve miklar orkulindir okkar væru í raun. Lúðvík Jósepsson, fyrrv. form. Alþb., hafði orð á því, ef ég man rétt, í setningarræðu sinni á landsfundi Alþb. fyrir skömmu, að vatnsorka okkar væri ekki óþrjótandi, hún nægði í raun ekki nema til 40 ára ef byggt væri á almennri orkuþörf og vexti hennar í framtíðinni. Það liðu ekki margir dagar þar til önnur grein birtist í Þjóðviljanum eftir annan Alþb.-mann, Tryggva Sigurbjarnarson verkfræðing, sem hefur ekki síst starfað að orkumálum, þar sem hann mótmælti þessari skoðun þáv. formanns. Alþb. mjög sterklega og taldi að ef ekki væri um annað að ræða en almenna orkuþörf, þá mundi vatnsorka okkar nýtast til ársins 2100. Og hann taldi vafasamt, ef ég skildi hann rétt, að afkomendur okkar yrðu okkur afskaplega þakklátir. A. m. k. hefði sú orka, sem rynni óbeisluð til sjávar fram til þess tíma, ekki gert þeim kynslóðum gagn sem næstar kæmu okkur til að erfa landið.

Það liggja fyrir skýrslur um hvað er tiltækt af orku, og vil ég geta um það, að samkv. þeim spám er gert ráð fyrir *að um næstu aldamót verði sú mynd hvað snertir raf*orkugetu og nýtingu raforku, að búið væri að nýta 6000 millj. kwst. eingöngu með þeirri stóriðju sem nú er í rekstri, en hún nýtir um 2000 millj. kwst. Hin almenna orkunotkun, ef svo má að orði komast, mundi ekki verða nema 4000 millj. kwst. um næstu aldamót. En með nýrri stóriðju væri leikur einn að hafa tiltækar 10000 millj. kwst. með virkjun hagkvæmasta vatnsaflsins, og þá væri möguleiki að þrefalda orkufrekan iðnað fram að aldamótum. Sumum væri það e. t. v. áhyggjuefni, að hér væri um of miklar framkvæmdir að ræða í orkuverum, við mundum spenna bogann of hátt. En því er ekki svo farið, síður en svo, vegna þess að til þess að fá fram slíka orkuvinnslu þyrfti um fimm nýjar stórvirkjanir eða stækkun núverandi virkjana á næstu tveim áratugum. Og ef við tökum til samanburðar hve stórar í sniðum þessar orkuframkvæmdir væru, þá er það svo, að framkvæmdir í virkjunarmálum þyrftu ekki að vera nema með sama hraða á næstu 20 árum og á síðustu 15 árum — eða réttara sagt, svo að engum misskilningi valdi, að framkvæmdir á ári hverju þyrftu ekki að vera meiri en hafa verið undanfarið. Ég held að þegar hagsmunir þeir, sem í húfi eru, eru hafðir í huga, þá blandist engum hugur um að hér er boginn ekki spenntur of hátt, heldur er hér um svo bráðnauðsynlegar og hagkvæmar framkvæmdir að ræða að það væri ófyrirgefanlegt ef við Íslendingar létum þetta tækifæri okkur úr greipum ganga.

En hver er þá staða okkar hvað snertir nýtingu raforku um næstu aldamót ef þetta gengi fram? Ég held að það sé rétt að fara örfáum orðum um það til þess að sýna fram á hvílíkan afturhaldsáróður Alþb.-menn hafa í frammi með fyrrv. formann sinn í broddi fylkingar. Þótt við Íslendingar værum búnir að nýta 10000 millj. kwst. af raforkugetu okkar um næstu aldamót, þá væri þar ekki nema um 1/3 hluta af hagkvæmu virkjanlegu vatnsafli okkar að ræða, og ættum við þá í raun algerlega eftir að nýta orkulindir þær sem felast í jarðvarmanum, en talið er að þar sé unnt að virkja til raforkunýtingar a. m. k. um 20000 millj. kwst. Við þurfum því ekki að hafa áhyggjur af að hér sé verið að ganga um of á auðlindir landsins eða spilla fyrir komandi kynslóðum. Þvert á móti er hér um að ræða nýtingu orkulindanna sem eru endurnýjanlegar og koma því áfram komandi kynslóðum að gagni þótt af þeim sé tekið með þeim hætti sem ég hér hef gert grein fyrir.

En þá gæti ég vel hugsað mér að úrtöluraddir Alþb.-manna, þess afturhalds í efnahags- og framfaramálum sem þessum, muni vekja máls á því, að stórvirkjanir og orkufrekur iðnaður hafi ýmsar hættur í för með sér. Á þær úrtöluraddir höfum við Íslendingar vissulega hlýtt áður, en ekki látið hafa þau áhrif á okkur, að við höfum hætt við nauðsynlegar framkvæmdir, þótt óneitanlega hafi sérstaklega komið fram á síðustu árum að þessar úrtöluraddir hafa hægt á nauðsynlegri framfarasókn. Við munum það, að þegar rætt var um stórvirkjun í Þjórsá að Búrfelli, þá var haft á orði að þetta væri tæknilega miklum örðugleikum bundið, ísvandamálið væri óleysanlegt, það væri langtum skynsamlegra að virkja minna, annaðhvort minna í Þjórsá, 70 mw. í stað fyrirhugaðra 210 mw., eins og ákveðið var, eða fara í smávirkjanir. Það er engum vafa bundið, að það var m. a. vegna ísvandamála óraunhæft að fara eingöngu í 70 mw. áfangavirkjun í Þjórsá, og bæði sú áfangavirkjun sem og leið minni virkjana í Brúará eða annars staðar hefði leitt til mun *dýrara rafmagns til íslenskra orkunotenda, hvort heldur* heimila eða fyrirtækja, en raun ber síðar vitni á grundvelli stórvirkjana. Og það er álsamningurinn við Swiss-Aluminium sem var forsenda þess að unnt var að ráðast í stórvirkjun í Þjórsá.

Við höfum heyrt þann samning gagnrýndan vegna of lágs orkuverðs. Við skulum hafa í huga að um þetta orkuverð var samið áður en til orkukreppunnar kom og olíuverðshækkana. En þótt svo hafi verið, þá hefur þessi samningur gert okkur það gagn, að við höfum allar götur síðan búið við langtum ódýrara rafmagn til eigin nota, Íslendingar, heldur en ef þessi samningur hefði ekki

verið gerður. Og við höfum þar að auki notið góðs af rekstri álverksmiðjunnar og eftirfarandi iðnaðarrekstri.

Við munum það líka, að getið var um hættu á áhrifum alþjóðaauðvaldsins. Einn af þm. Alþb. sagði í þingræðu, með leyfi forseta:

„Það, sem er höfuðatriðið í sambandi við tilkomu þessa erlenda hrings, eru áhrif hans á íslensk stjórnmál. Þessi auðhringur verður á næstu áratugum sterkasti aðilinn í íslenskum stjórnmálum."

Þetta var sagt fyrir um tæpum 15 árum. Ég held að enginn kannist við áhrif Swiss-Aluminium á íslensk stjórnmál eða geti fundið þeim áhrifum stað.

Þá var og, mjög um það talað af hálfu Alþb.-manna, að *slík stóriðja og orkufrekur iðnaður mundi verða vinnustaður fyrir neðan virðingu okkar Íslendinga, láglaunavinnustaður sem gerði kröfu til innflutnings erlends verkafólks jafnvel.* Einn þm. Alþb. spurðist t. d. fyrir um það, hvernig færi ef þessi erlendi hringur flytti inn erlent verkafólk sem hann réði fyrir lægri kjör. En hver hefur reynslan orðið? Vinnustaðir eins og álverið í Straumsvík og járnblendiverksmiðjan eru eftirsóttir vinnustaðir. Hjá þessum fyrirtækjum á sér stað minni breyting starfsfólks en á öðrum vinnustöðum. Og það er staðreynd, að fólk er betur launað á þessum vinnustöðum heldur en annars staðar í atvinnulífinu. Þess vegna eru þessir vinnustaðir eftirsóttir.

Þá var og mjög um það talað, að hætta væri á mengun og umhverfisröskun, og skal ég ekki gera lítið úr nauðsyn þess, þegar um orkufrekan iðnað og raunar alla mannlega starfsemi er að ræða, að gætt sé að umhverfisvernd og mengunarvörnum. En sem betur fer hefur svo vel tekist til, að fullkomnustu mengunarvarnir hafa verið settar upp í báðum þessum verksmiðjum. Í upphafi var að vísu ekki nægilega vel að því staðið hvað álverið snertir, en skýringin var að þá voru ekki meiri eða betri mengunarvarnir en gerðar voru kröfur um. En með eftirfarandi samningum hefur tekist að sjá svo um, að miklum framkvæmdum í mengunarvörnum verður lokið á næsta ári í álverksmiðjunni í Straumsvík. Og hrakspár eins og þm. Alþb. höfðu uppi um það, að svæðið frá Reykjavík og suður á Reykjanes yrði óíbúðarhæft, hafa sem betur fer reynst fjarri lagi.

Staðreyndin er sú, að þessar framkvæmdir hafa orðið til þess að við höfum aukið gjaldeyrisöflun okkar um 20%. Talið er að á næsta ári muni 1/5 hluti tekna okkar í erlendum gjaldeyri stafa af rekstri þessara verksmiðja og sölu framleiðslu þeirra erlendis. Og það er ekki svo lítið þegar við tökum það til samanburðar, að nú er útlit fyrir að greiðslubyrði afborgana og vaxta af erlendum lánum nemi samsvarandi upphæð.

Það er heldur ekki lítils virði, þegar við höfum í huga þessa orkusölusamninga, að orkusölusamningurinn við ÍSAL hefur í raun greitt fyrir Búrfellsvirkjun með miðlunarmannvirkjum og orkuflutningslínum, Geithálsspennistöð og gasaflsstöð við álverið á 25 árum.

Það fer því ekki á milli mála, að við höfum haft af þessu hið mesta gagn og fyllsta ástæða er til þess að halda áfram á þessari braut. Þá er ekki með því sagt að vanrækja eigi aðra atvinnuvegi og byggja t. d. ekki áfram á landbúnaði og sjávarútvegi eða almennum iðnaði.

Í þeirri mannaflaspá, sem ég gat um að stefnuyfirlýsing okkar sjálfstæðismanna fyrir síðustu kosningar hefði haft inni að halda, er einmitt gert ráð fyrir því, að í almennum iðnaði verði um 3000 ný störf á næstu tveim áratugum.

Við sögðum í stefnuyfirlýsingu okkar, sjálfstæðismenn, fyrir síðustu kosningar um iðnað og stóráták til að nýta innlendar orkulindir eftirfarandi:

„Iðnaður mun á næstu árum gegna stórauknu hlutverki í atvinnulífi þjóðarinnar. Innlendum iðnaði þarf að skapa skilyrði til að auka framleiðni sína og fara inn á nýjar brautir svo að hann styrkist og geti greitt há laun, bæði í samkeppni við innflutning og á erlendum markaði. Gerðar verði ráðstafanir til þess, að hann njóti jafnrar aðstöðu og starfsskilyrða og aðrar innlendar atvinnugreinar og erlend iðnfyrirtæki. Hraðað verði á næsta kjörtímabili áframhaldandi uppbyggingu þeirra stóriðjufyrirtækja sem fyrir eru hér á landi, og þegar verði *hafinn undirbúningur að einu nýju stórfyrirtæki á sviði* rafefnaiðnaðar og stefnt að því, að framkvæmdir við það geti hafist á kjörtímabilinu. Stefnt verði að því, að almenningur eignist hlutafé í því og einnig þeim stóriðjufyrirtækjum, sem fyrir eru í landinu, en að öðru leyti ráðist samstarf við erlenda aðila á þessu sviði af því, sem hagkvæmt er talið á hverjum tíma."

Og enn fremur: „Í óbeisluðum orkulindum landsins eru fólgin gífurleg verðmæti. Orkulindir þessar eyðast ekki þótt þær séu hagnýttar, heldur endurnýjast sífellt. Sjálfstfl. telur bæði eðlilegt og nauðsynlegt að nýta þessar auðlindir til að byggja upp atvinnulíf og bæta lífskjör þjóðarinnar. Skipulag orkumála verði við það miðað, að frumkvæði sveitarfélaga, einstaklinga og fyrirtækja þeirra fái notið sín á þessu sviði. Hraðað verði nýtingu jarðvarma og raforku til húshitunar og iðnaðar og stefnt að því, að Íslendingar verði sjálfum sér nógir í orkuframleiðslu fyrir aldamót. Enn fremur verði á kjörtímabilinu ráðist í tvær stórvirkjanir vegna uppbyggingar stóriðju auk minni framkvæmda til að auka raforkuvinnsluna á næstunni."

Og enn fremur: „Haldið verði áfram af fullum krafti rannsóknum á orkulindum landsins, og gengið verði frá frumhönnun og umhverfiskönnun á öllum hagkvæmustu virkjunarkostum í fallvötnum landsins."

Og þá tel ég rétt, einmitt í framhaldi af þessum orðum í stefnuyfirlýsingu okkar sjálfstæðismanna, að fara nokkrum orðum um hvaða virkjunarframkvæmdir eru hér helstar á dagskrá á næstunni. Er þar, hygg ég, sammæli manna, að einkum sé um að ræða Fljótsdalsvirkjun, Blönduvirkjun og Sultartangavirkjun eða aðra virkjun í Þjórsá.

Ég skal ekki hér kveða upp úr um það, hvern þessara virkjanakosta eigi að velja fyrst, og tel það ekki heldur aðalatriðið, heldur hitt, að þeir séu valdir hver á eftir öðrum í óslitinni framkvæmdaröð og jafnvel svo, að nauðsynlegt sé á einhverju tímabili að hafa tvennt í takinu í senn, ef við eigum að ná því markmiði að þrefalda orkufrekan iðnað til aldamóta og tryggja atvinnuöryggi landsmanna með þeim hætti og í öðrum atvinnugreinum, sem munu styrkjast við uppbyggingu orkufreks iðnaðar.

Ég hlýt í sambandi við Fljótsdalsvirkjun að vitna til þess, að á fundi sveitarstjórnarmanna á Austurlandi og þingmanna Austurlandskjördæmis, sem haldinn var að tilhlutan og á vegum Sambands sveitarfélaga á Austurlandi í Vopnafirði 23. ágúst s.l., var eftirfarandi ályktun einróma samþykkt:

„Fundur Sambands sveitarfélaga á Austurlandi um orkumál, haldinn á Vopnafirði 23. ágúst 1980, lýsir ánægju sinni með samstöðu þingmanna Austurlands-

kjördæmis í virkjunar- og atvinnumálum fjórðungsins. Fundurinn vill leggja áherslu á eftirfarandi atriði:

1. Virkjunarmál. Til að nálgast þau markmið Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, að í fjórðungnum sé til staðar nægileg orka með sem mestu öryggi og við sem lægstu verði, er virkjun í fjórðungnum grundvallaratriði.

2. Orkufrekur iðnaður. Fundurinn telur nauðsynlegt að nú þegar verði hafinn undirbúningur að orkufrekum iðnaði í fjórðungnum."

Í þriðja lagi er svo ályktun um verðlagsmál, sem liggur fyrir utan verksvið mitt að þessu sinni. Enn fremur voru samþykktar einróma á aðalfundi Sambands sveitarfélaga á Austurlandi undirtektir við fram komna samþykkt sveitarstjórna á Reyðarfirði og Eskifirði, sem gerð hafði verið nokkru áður um orku- og atvinnumál og gerði ráð fyrir orkufrekum iðnaði á Reyðarfirði.

Þarna var um að ræða samstöðu manna úr öllum stjórnmálaflokkum — og umboðsmaður hluta þeirra er hæstv. iðnrh., sem ég vænti að brjóti ekki þessa samheldni þeirra, sem á Austurlandi búa, með því að stöðva framgang áhugamála þeirra. Það er ljóst, að um Fljótsdalsvirkjun verður ekki á næstunni að ræða með hagkvæmum hætti nema orkufrekur iðnaður sé reistur á Reyðarfirði eða annars staðar á Austurlandi, vegna þess að hagkvæmni Fljótsdalsvirkjunar byggist á því, að virkjunaráfanginn er stór og til þess að koma orkuframleiðslunni í verð þarf slíkan kaupanda sem orkufrekt iðnaðarfyrirtæki er.

Ef ég vík að Blönduvirkjun, þá sýnist þar vera um mjög hagkvæman virkjunarkost að ræða, sem e. t. v. er ekki af þeirri stærð að orkufrekur iðnaður sé forsenda þeirrar virkjunar, en ljóst er að hagkvæmni þeirrar virkjunar mundi og verða miklum mun meiri, hún mundi koma miklu fyrr í gagnið, ef orkufrekur iðnaður er þar samhliða, hvort heldur er á Norðurlandi eða annars staðar á landinu.

Ég vil svo víkja að verkefnum þeim, sem nefnd til stefnumótunar í stóriðjumálum á að hafa samkv. þáltill. okkar sjálfstæðismanna, en þar er sagt í fyrsta lagi: „Að kanna hagkvæmni framleiðslugreina, sem til álita koma á sviði orkufreks iðnaðar, með tilliti til orkuverðs, flutningskostnaðar og markaðsmöguleika."

Mér hefur verið sagt að það þurfi ekki nema 10—15 svokölluð mannár, starf 10—15 reyndra manna í eitt ár, til þess að tengja saman þá kosti, sem við höfum í orkufrekum iðnaði, og gera sér grein fyrir með hvaða hætti einn kosturinn getur tengst öðrum og styrkt hann eða þá. Það er auðvitað sjálfsagt að leggja alla áherslu á að slíkri vinnu sé lokið sem allra fyrst, svo að við höfum í höndum öll þau gögn, sem nauðsynleg eru, þegar áfram er haldið í samningum við væntanlega eigendur orkufreks iðnaðar. Þó er það svo, að málin liggja það skýrt fyrir nú þegar að aðallega munu þrjár vörutegundir koma til greina að mati þeirra sem best þekkja.

Það er helst aukin álframleiðsla. Ál er vafalaust mikilvægast þeirra vörutegunda, sem hér er mögulegt að framleiða í stóriðju, en heimsframleiðslan er nú um 13 millj. tonna og eftirspurn fer vaxandi. Hér er e. t. v. ekki síst ástæða til þess að staðnæmast við frekari úrvinnslu í hálfunnar eða fullunnar álafurðir, en í samningum við ÍSAL er einmitt gert ráð fyrir því, að fyrirtækið og Alusiuisse veiti atbeina sinn til þess, að unnt verði að hefja slíka úrvinnslu hér á landi. Því miður hefur ekki orðið úr þeim framkvæmdum og ástæða er til að hefja nýtt átak til þess að gera þann möguleika að veruleika.

Aðrar vörutegundir, sem til greina koma, eru kísiljárn og hreinn kísilmálmur.

Framleiðsla allra þessara vörutegunda krefst mikillar orku. Þær eru mjög verðmætar miðað við þyngd og eftirspurn eftir þeim hefur farið vaxandi. Að sjálfsögðu þarf að kanna frekari möguleika á því, hvort hér megi fá með hagkvæmum hætti hráefni til annars orkufreks iðnaðar, t. d. magnesíumframleiðslu.

Hér er og sjálfsagt að kanna, hvort til er í landinu hráefni sem unnt er að nýta í orkufrekum iðnaði, t. d. í sambandi við einangrunarframleiðslu og saltframleiðslu, en hæstv. iðnrh. hefur lofað niðurstöðum rannsókna á hagkvæmni þeirra framleiðslugreina fyrir lok þessa árs. Ég hef þegar getið um að í stefnuyfirlýsingu okkar sjálfstæðismanna er gert ráð fyrir að unnið sé að því að kanna með hvaða hætti við getum orðið sjálfum okkur nógir, Íslendingar, fyrir næstu aldamót um eldsneytisframleiðslu.

Í öðru lagi er það verkefni nefndarinnar samkv. þáltill. að kanna möguleika á samvinnu við erlenda aðila á sviði tækni, markaðsmála og fjármögnunar stóriðju. Ég held að það fari ekki á milli mála, að hvaða skoðanir sem menn hafa á aðild útlendinga að stóriðjuframkvæmdum sé nauðsynlegt að kanna möguleika á samvinnu við erlenda aðila á sviði tækni, markaðsmála og fjármögnunar stóriðju. Hér er auðvitað um tækni að ræða, sem við Íslendingar höfum ekki tileinkað okkur í öllum greinum, þótt það hafi stórkostlega þýðingu, hve vel við Íslendingar höfum þó tileinkað okkur tækni í álframleiðslu og járnblendiframleiðslu og hve vel Íslendingum í þeim verksmiðjum hefur tekist til. En markaðsmálin eru auðvitað forsenda þess, að unnt verði að ráðast í framkvæmdir, að það sé markaður, eftirspurn eftir framleiðslunni, og slík könnun verður ekki gerð nema í samvinnu við erlenda aðila.

Loks er rætt um samvinnu við erlenda aðila um fjármögnun stóriðju, sem ég held líka að við getum verið sammála um að sé nauðsynleg, burt séð frá eignaraðild að þessum fyrirtækjum, vegna þess að enginn gerir væntanlega ráð fyrir því, að eiginfjármyndun í landinu sjálfu sé nægileg til þess að lána til slíkra stórframkvæmda. Þannig geri ég ekki ráð fyrir því, að þarna sé komið að ágreiningsmálum í sjálfu sér hvað verkefni nefndarinnar snertir. En í þriðja lið er sagt í ályktunartillögum, að nefndin eigi að „gera tillögur um stóriðjuframkvæmdir, sem hagkvæmt þykir að stofna til. Skal þar kveðið á um eignaraðild fyrirtækja, fjármögnun, orkuöflun og orkuverð og önnur rekstrarskilyrði og staðsetningu iðjuvera."

Hér getur auðvitað komið til ágreinings á milli flokka og milli manna, en það er einmitt tilgangur með nefndarskipuninni að greina þann ágreining og leitast við að jafna hann, ef mögulegt er. Starfsemi þessarar stóriðjunefndar er auðvitað nauðsynleg til þess að gera ákveðnar tillögur um stóriðjuframkvæmdir og hafa ákveðið samstarf og samvinnu og frumkvæði að slíku samstarfi og samvinnu við aðra aðila, svo að unnt sé að gera tillögur um slík fyrirtæki og hvernig gera skuli þau að veruleika. Slík nefnd ætti að gera löggjafarsamkomunni og framkvæmdavaldinu grein fyrir tillögum, hvernig eignaraðild skuli háttað, fjármögnun, orkuöflun og hvaða orkuverð liggi til grundvallar og önnur

rekstrarskilyrði væntanlegra iðjuvera, þ. á m. staðsetningu þeirra.

Staðsetning iðjuvera getur verið mjög mikilvæg til framkvæmdar á byggðastefnu, eins og þeir Austfirðingar hafa komið auga á. Það yrði mikil lyftistöng fyrir Austurland ef orkufrekur iðnaður yrði þar starfræktur. Og raunar vil ég rifja það upp, að álverksmiðjan í Straumsvík hefur verið byggðastefnu mjög mikil lyftistöng, vegna þess að skatttekjur frá álverksmiðjunni hafa verið notaðar til þess að fjármagna framkvæmdir byggðastefnu. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að hluti af skatttekjunum fór í Byggðasjóð, eða forvera Byggðasjóðs á sínum tíma, einmitt til þess að bæta landsmönnum í öðrum landshlutum upp þær framkvæmdir, sem áttu sér stað á Suðvesturlandi, og hefur það gert sitt gagn. Raunar má einnig á það benda, að þróun síðustu 10 ára eftir að álverksmiðjan hóf starfsemi sína hefur ekki sýnt að um frekari flutning manna hingað til Suðvesturlandsins væri að ræða, heldur hefur einmitt sú þróun stöðvast áberandi.

Ég vil ítreka það, að við sjálfstæðismenn viljum ekki slá því föstu, með hvaða hætti í hverju tilviki fyrir sig um alla framtíð eigi að haga eignaraðild fyrirtækja eða þátttöku erlendra aðila í orkufrekum iðnaði. Við teljum að það eigi að fara eftir atvikum hverju sinni og taka eigi afstöðu til þess eftir því sem mál liggja fyrir þegar ákvörðun er tekin. Ég vil þó geta um það, að hér er auðvitað um áhættufyrirtæki að ræða og að svo miklu leyti sem við Íslendingar getum ekki haft í okkar höndum alla þræði þessa máls þessara framleiðslufyrirtækja getur verið rétt og nauðsynlegt að erlendir aðilar taki áhættuna af rekstri þessara fyrirtækja að einhverju leyti. Þá á ég við að ef við höfum ekki vald á hráefnaöflun eða við höfum ekki vald á markaðsmálum sem tryggi þessum fyrirtækjum hráefni eða markað, þá kunni að vera nauðsynlegt að hafa ákveðna samvinnu við erlend fyrirtæki og þau taki áhættuna af rekstri þeirra að nokkru leyti. Það er líka rétt að loka ekki augunum fyrir því, að mörg þessara fyrirtækja eru þess eðlis, að fyrstu árin eru erfið. Fyrstu rekstrarár álverksmiðjunnar í Straumsvík voru erfið. Á það hefur verið bent, m. a. af fyrrv. formanni Alþb., Lúðvík Jósepssyni, að álverksmiðjan hafi verið rekin með tapi nokkur ár og járnblendiverksmiðjan sé rekin með tapi sem stendur. Þess vegna eru menn ekki á eitt sáttir, að það hafi verið skynsamlegt að öllu leyti fyrir Íslendinga að eiga meira en helming af járnblendiverksmiðjunni, heldur sé sú stefna skynsamlegri að búa svo um hnútana að við Íslendingar getum smám saman eignast þessi fyrirtæki, eftir því sem við sjálfir viljum, á ákveðnu tímabili, miðað við þá reynslu sem fengist hefur af fyrirtækjunum og þeim árangri sem þau hafa sýnt í raun. Þetta er sú leið, sem Norðmenn hafa farið, og við höfum af fordæmi þeirra ákveðinn lærdóm að draga. Í ályktun okkar sjálfstæðismanna er einmitt lögð áhersla á það, að við búum svo um hnútana að við Íslendingar verðum smám saman eignaraðilar að fyrirtækjunum. Í þessu efni verður og að hafa í huga að reisa okkur ekki hurðarás um öxl fjárhagslega. Ég gat um það, að greiðslubyrði erlendra lána og vaxta væri að nálgast fimmtung af gjaldeyristekjunum. Og það skiptir máli, þegar um mörg önnur verkefni en orkufrekan iðnað er að ræða, að sjá svo um að við séum á hverjum tíma borgunarmenn fyrir erlendum lánum, sem við tökum, og fjárhagsgreiðslum í sambandi við þau. Við stefnum í of miklar erlendar lántökur vegna annarra framkvæmda og útgjalda heldur en bundin eru orkufrekum iðnaði eða framfarasókn á þeim vettvangi, og því er ástæða til að nefna þetta sérstaklega.

Ég sé ekki ástæðu til á þessu stigi málsins að fjalla öllu meir um þessa þáltill. okkar sjálfstæðismanna, en vil þó leggja áherslu á að við teljum eðlilegt að hér sé um nefnd að ræða sem starfi ekki tímabundið. Við gerum till. um að hún sé kosin hlutfallskosningu á Alþingi að loknum hverjum alþingiskosningum. Við sjáum fyrir að hér er um verkefni ekki eingöngu næstu ára, heldur og áratuga að ræða, og það er eðlilegt að ákveðið samhengi sé í þessu starfi, burt séð frá því hvaða ríkisstj. er við völd hverju sinni. Reynslan sýnir okkur, m. a. með niðurlagningu viðræðunefndar um orkufrekan iðnað í októbermánuði 1978, að slík slit og stöðvun á þjóðnýtu og þjóðnauðsynlegu starfi eru til skaða, og við viljum tryggja að áfram sé unnið að þessum verkefnum á ábyrgð löggjafarsamkomunnar, í tengslum og góðu samstarfi við framkvæmdavaldið á hverjum tíma, og höfum því þennan hátt á um nefndarskipun.

Ég tel svo ástæðu til, áður en ég lýk máli mínu, að nefna að á þskj. 8 er till. til þál. um aukningu orkufreks iðnaðar sem þm. Alþfl. flytja. Þar er einnig gerð till. um nefnd sjö þm. sem fjalli um stórfellda aukningu á orkufrekum iðnaði. Ég tel, þótt till. okkar sjálfstæðismanna sé e. t. v. nokkru nákvæmar útfærð að ýmsu leyti, að efnislega sé um sama tilgang að ræða með þáltill. þessum, og tel auðsætt, að n. sú, sem fjallar um þessar till., geri tilraun til og vonandi takist að samræma þær. Í raun sé ég ekki ástæðu til annars en að ætla að allir þm., hvar í flokki sem þeir standa, geti fallist á að hefja nú starf á þessu sviði. Þótt ég hafi bent á það afturhald, sem afstaða Alþb. ber vitni um á þessi sviði sem ýmsum öðrum, vil ég ekki útiloka þann möguleika, að hæstv. iðnrh. geti fengið flokksmenn sína til þess að vera raunhæfari á þessu sviði en málflutningur margra þeirra ber vitni um.

Það er till. mín, herra forseti, að þáltill. þessari verði vísað til allshn. og umr. frestað.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Það er nú ekki ýkjalangt um liðið síðan rætt var um till. sem efnislega er mjög svipuð, eins og hv. flm. þeirrar till. sem hér er til umr. gat raunar um í lok ræðu sinnar og taldi sig geta stutt. Við þá umr. gerði ég allítarlega grein fyrir viðhorfum mínum til þeirra mála sem hér um ræðir, þ. e. til orkufreks iðnaðar, og get e. t. v. haft mál mitt eitthvað styttra með því að vísa til þess, sem þá kom fram. En þó verður ekki hjá því komist að fjalla hér um marga af þeim þáttum sem flm. þeirrar þáltill., sem hér er til umr., bera fram og 1. flm., formaður Sjálfstfl., vék að í framsöguræðu sinni áðan.

Það er annars nokkuð táknrænt fyrir aðstæðurnar á stjórnarandstöðuheimilinu, að þeir flokkar sem þar eru, skuli ekki geta náð saman um mál sem þeir virðast þó vera samstæðir um, þ. e. í sambandi við orkufrekan iðnað í landinu og hvernig að þeim málum skuli staðið. Það eru greinilega ekki mikil tengsl þarna á milli, nema huglæg tengsl sem ekki virðist vanta. En fyrir okkur, sem í ríkisstj. störfum, er það sannarlega fagnaðarefni að verða vitni að þessari sundrungu í einu málinu eftir annað. Ég vil þó út af fyrir sig ekki að mál mitt sé skilið svo, að ég setji Sjálfstfl. og Alþfl. algerlega í eina sæng í þessum málum, stóriðjumálunum svokölluðu. Ég hef þó

von um það, að hugur Alþfl. í þeim efnum sé annar en Sjálfstfl., þ. e. stjórnarandstöðuliðs Sjálfstfl., og það geti verið meiri von til þess, að Alþfl. eigi eftir að sjá sig um hönd, heldur en líkur benda til varðandi stjórnarandstöðuarm Sjálfstfl.

Áður en ég vík hér að ýmsum þáttum, sem snerta málflutning hv. 1. flm. þessarar till., vil ég víkja nokkrum orðum efnislega að henni og þá í fyrstu ræða spurninguna um þá nefnd sem hér er lagt til að kosin verði sérstaklega til þess að hafa með hendi undirbúning að orkufrekum iðnaði í landinu til mjög langs tíma, nánast ótiltekið. Ég tel ekki þörf á né ástæðu til þess að efna til nefndakjörs af því tagi sem hér er lagt til, ekki frekar en fólst í till. Alþfl. Ég tel hins vegar mjög mikilsvert að um þessi stórmál eins og önnur atvinnumál þjóðarinnar ríki gott samstarf á milli framkvæmdavalds og þingsins, og ég tel að það eigi að endurspeglast í samstarfi framkvæmdavaldsins og þeirra nefnda sem Alþingi kýs og starfa á þingtíma og þurfa að fá heimildir til að starfa einnig milli þinga að þeim málum sem þær varða. Þar á ég m. a. við atvmn. Sþ. og iðnaðarnefndir beggja deilda Alþingis í sambandi við þau mál sem hér um ræðir, en þessar þingnefndir eiga einmitt að taka á þeim málum sem upp koma í sambandi við orkuöflun og iðnaðaruppbyggingu í landinu, og því er mjög mikilsvert að þær séu inni í málum á undirbúningsstigi, fylgist með þeim og láti að sér kveða í þeim efnum, og síst skyldi ég hafa á móti því, að frá þeim kæmu tillögur til rn. í sambandi við þessi efni. En það er kannske ástæðan fyrir því, að bæði Alþfl.-menn og stjórnarandstöðulið Sjálfstfl. vill nú reyna að fara að endurvekja stóriðjunefndina frá viðreisnartímabilinu, að þeir vilja búa svo um að það verði ekki unnið að þessum málum í sem nánustu samstarfi við þingið, heldur kannske fram hjá þinginu, óháð þinginu, því að eins og menn tóku eftir í málflutningi hv. flm. áðan lagði hann einmitt áherslu á nauðsynina á samhengi í þessum málum, óháð því hverjir væru við stjórnvölinn, og þá e. t. v. óháð því, hvernig Alþingi er skipað. Mér er spurn: Hví ekki að fela þeim nefndum, sem Alþingi kýs hverju sinni í viðkomandi málaflokka, að taka á þessu?

Ég vil líka benda á það, að ekki er skynsamlegt að vera að kljúfa út úr einn þátt atvinnulífs í landinu með þeim hætti sem hér um ræðir, vegna þess að á því er rík nauðsyn að menn horfi til allra átta í sambandi við atvinnuuppbyggingu hjá okkur og þeir aðilar, sem þar standa fyrir — hvort sem það eru rn. eða stefnumótun á vegum þingsins, — viti hver af öðrum og hafi skipulegt samstarf. Það er að sjálfsögðu verkefni framkvæmdavaldsins að taka við þeim tillögum, sem frá Alþingi koma, og vinna að útfærslu þeirra, og iðnrn. hlýtur eðli málsins samkv. að eiga að vera forustuaðili á þessu sviði af hálfu framkvæmdavaldsins.

En hvernig bjó Sjálfstfl. að iðnrn. sem stofnað var í valdatíð hans? Hvernig bjó hann að því í sambandi við möguleika á meðferð þessara veigamiklu mála? Þegar ég kom í þetta rn. sem ráðh. haustið 1978 voru þeir menn teljandi, ekki aðeins á fingrum annarrar handar, heldur mun færri, sem ætlað var að sinna iðnaðarmálum að einhverju leyti. Ég má raunar segja að það hafi verið einn fulltrúi sem hafi getað helgað sig þessum viðamikla málaflokki. En að orkumálum og alveg sérstaklega orkufrekum iðnaði og því sem að honum laut, að þeim málum skyldi unnið utan rn. eða fram hjá rn. A. m. k. liggur það fyrir, að tengslin voru ekki ýkjamikil þar á milli á þeim tíma þegar Sjálfstfl. var við völd og hv. fyrsti talsmaður þessarar þáltill. leiddi ríkisstj.

Nú er stefnt að skipulegri verkaskiptingu á vegum iðnrn., m. a. að koma á fót sérstakri orkunýtingardeild sem hafi með höndum að vinna að málum sem snerta hagnýtingu orkulindanna, þ. á m. varðandi orkufrekan iðnað og annan iðnað sem byggist á orkulindum, svo og varðandi þætti eins og orkusparnað, sem mikið hefur verið unnið að að undanförnu. Ég tel vera mikla þörf á því að efla stjórnarráðið og atvinnumálaráðuneytin alveg sérstaklega, til þess að þau hafi burði til að veita þá forustu og sinna þeirri vinnu sem nauðsynleg er í sambandi við stefnumörkun á sviði atvinnumála, bæði til að flytja tillögur inn í þingið og til að taka á tillögum sem koma frá þinginu í þessum efnum. Jafnhliða því þarf að treysta tengsl við þær stofnanir, sem við höfum þó nokkrar, sem geta tekið á málum, en þannig er að rn. búið, a. m. k. þar sem ég þekki til, að það er ekki hægt að segja að þau hafi möguleika á því að hagnýta sér þær stofnanir, sem undir þau heyra, með þeim hætti sem skynsamlegt væri og til þess að eðlilegt samhengi sé í vinnubrögðum.

Við vinnu og undirbúning að jafnviðamiklum og margslungnum málum og uppbygging stóriðnaðar er á vegum landsmanna sjálfra — og á það legg ég áherslu — þarf ákveðna forustu íslenskra stjórnvalda. Flm. þessarar þáltill. kvarta undan því, að þessi mál skuli ekki fyrst og fremst vera í höndum stóriðjunefndar eins og þeirrar er hér starfaði á sjötta áratugnum og undirbjó hinn dæmalausa álsamning sem hv. flm. varði meiri hlutanum af ræðutíma sínum til að réttlæta og dásama, eða þá að nefnd um orkufrekan iðnað, sem síðar starfaði, skyldi vera lögð niður. Undan því er mjög kvartað af flm. Þessum nefndum báðum var það sammerkt, að meginhlutverk þeirra var að ræða við útlendinga er hingað leituðu fanga, en frumkvæði og þekkingaröflun varðandi orkufrekan iðnað var á þessum tíma sáralítil af hálfu íslenskra stjórnvalda. Sú breyting, sem síðar hefur orðið, ber vitni um nýjar áherslur, innlenda forustu í þessum efnum, íslenskt frumkvæði og forustu fyrir þeim atvinnurekstri sem hér þarf að rísa með orkulindirnar að bakhjarli. Þetta endurspeglast í stjórnarsáttmála núv. ríkisstj. þar sem segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkið stuðli að uppbyggingu meiri háttar nýiðnaðar er m. a. byggi á innlendri orku og hráefnum, enda verði slíkur nýiðnaður og frekari stóriðja á vegum landsmanna sjálfra.“

Einnig er gert ráð fyrir að rannsóknir á sviði orkumála og orkunýtingar verði efldar og mörkuð samræmd orkustefna til langs tíma. Undirbúningur að slíkri stefnumótun stendur nú yfir á vegum iðnrn. og ríkisstj. Ég hef greint frá því nýlega hér á Alþingi, í umr. um svipaða þáltill. og hér liggur fyrir, að stefnt sé að því að leggja slíka stefnumörkun fyrir Alþingi til kynningar væntanlega fyrir lok yfirstandandi þings, þannig að þingflokkum og hlutaðeigandi þingnefndum gefist kostur á að fjalla um slíka stefnumótun og koma á framfæri sínum sjónarmiðum áður en till. yrði lögð fram til endanlegrar meðferðar hér í þinginu.

Ég gat þess áðan, að frsm. þessarar till., hv. 7. þm. Reykv., hafi varið drjúgum hluta af tíma sínum til að réttlæta þá stóriðjusamninga, sem gerðir hafa verið til þessa, og þá alveg sérstaklega álsamninginn. Það er vissulega eðlilegt, að þessi hv. þm. og þeir, sem að baki

honum standa, hafi áhyggjur af þeim samningi og því áliti sem landsmenn hafa á þeirri samningsgerð að fenginni reynslu. Ábyrgðina á þeirri samningsgerð bar viðreisnarstjórnin, eins og rakið hefur verið, og það er full ástæða til að fara nokkrum orðum um þennan samning og reynsluna af honum kannske frá dálítið öðrum sjónarhól en hv. flm. gerði áðan. Ég vil þó áður en ég kem að því, vekja athygli á að þeir tveir samningar um orkufrekan iðnað, sem hér hafa verið gerðir á síðustu 10—12 árum, eru með mjög ólíkum hætti. Að baki síðari samningnum, þótt gagnrýnt sé af okkur Alþb.-mönnum hvernig að honum var staðið að lokum og hvenær hann var gerður, — að baki honum lá allt annar hugsunarháttur heldur en lá að baki samningsgerðinni um álverið í Straumsvík.

Við tókum eftir því, að hv. 1. þm. Reykv. vék einmitt að því, að skoðanir væru nú mjög skiptar um það, hvort *réttmætt hefði verið að íslenska ríkið stæði sem meirihlutaaðili* að baki þess fyrirtækis sem reist hefur verið á Grundartanga í Hvalfirði. Og það er kannske vegna þeirrar fréttar, sem lesa má á útsíðum í málgagni Sjálfstfl. einmitt í dag, um hvernig horfir efnahagslega fyrir þessu fyrirtæki eins og stendur, að þm. hefur áhyggjur af þessu. En það var ekki síst það atriði sem bent var á af þeim sem gagnrýndu þá samningsgerð á sínum tíma. Ég er hins vegar í hópi þeirra sem vænta þess, að þar fari ekki eins *illa og horfir, að það verði breyting á í sambandi við* efnahagslegar horfur Járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga. Við skulum vona að svo verði, en þar horfir því miður ekki vel á þessum tíma. En ef litið er á ýmsa þætti þeirrar samningsgerðar, m. a. varðandi orkuverð og verðtryggingu, þá er þar býsna ólíku saman að jafna. Mikið vantaði þó á að þar væri staðið að með þeirri fyrirhyggju sem þyrfti, og tekið var inn í þann samning á lokastigi hans ákvæði sem veitir nánast hinum erlenda aðila *neitunarvald í sambandi við endurskoðun á orku*verði, og það er býsna afdrifaríkt þegar þannig er staðið að málum. Það var rifjað upp á sínum tíma í umræðum hér á hv. Alþingi og ætla ég ekki að fara um það frekari orðum.

Við skulum þá víkja að því flaggskipi sem Sjálfstfl. gumar af þegar litið er til baka og flokkurinn vill lýsa upp þá stefnu sem hann telur sig hafa borið fram í sambandi við stóriðjumálin hér á liðnum tíma, eins og segir í grg. með þessari þáltill.: „Stóriðjustefna Sjálfstfl. hefur þegar sannað gildi sitt og gefur mikil fyrirheit í framtíðinni. Þessi reynsla kallar nú á nýjar framkvæmdir og öflugri í stóriðjumálunum.“ Það er engin iðrunarmerki að finna á hv. 1. flm. þessarar till. í sambandi við samningsgerðina um álverið í Straumsvík. Þvert á móti staðhæfði hann að þar hefði verið staðið að á hinn besta hátt, og það er sú reynsla sem væntanlega á að endurnýja í þeim samningum sem hér er verið að hvetja til að gerðir verði fyrr en seinna.

Meginrök formælenda fyrir samningnum um álverið í Straumsvík voru:

1. Að tryggja skyldi stöðugleika í gjaldeyristekjum landsmanna.
2. Að fást ætti lægra raforkuverð til almennings að þessum samningi gerðum.
3. Að ríkið fengi verulegar skatttekjur samkv. samningnum.
4. Að fjölþættur úrvinnsluiðnaður ætti að rísa í tengslum við þetta stóriðjuver.

Við skulum líta nánar á þessi atriði og þá fyrst á gjaldeyristekjurnar. Þar er gjarnan veifað brúttótölum, eins og hv. 1. þm. Reykv. gerði áðan, sem séu nálægt 20% — oftar eru þó nefnd 15% sem er kannske nær lagi — af brúttógjaldeyristekjum þjóðarinnar. Hitt gleymist, að Íslenska álfélagið, ÍSAL, flytur inn sem svarar um 8% af vöruinnflutningi til landsins, ef tekið er meðaltal tímabilsins 1969—1977. Auk þess flytur Alusuisse út fjármagn í formi alls kyns þjónustu, afskrifta og vaxta, þannig að hreinar gjaldeyristekjur verða langtum minni en halda mætti við fyrstu sýn. Hinar raunverulegu gjaldeyristekjur, sem rekja má til fyrirtækisins, eru þær sem ÍSAL greiðir fyrir raforku, og það er ekki ýkjamikið, og greiðslur í laun til starfsmanna, svo og framleiðslugjald og greiðslur fyrir hafnaraðstöðu, svo og lítils háttar fyrir matvæli og þjónustu. Þetta er aðeins um fjórðungur af vergum gjaldeyristekjum fyrirtækisins, fjórðungur af umræddum 20%, sem gjarnan er hampað, eða 15%, í mesta lagi á bilinu 3—4% af heildargjaldeyristekjum þjóðarinnar, en ekki 15% í reynd eins og oft er látið að liggja. En jafnvel þessi 3—4% sem nettógjaldeyristekjur af heildargjaldeyrisöflun Íslendinga segja ekki alla sögu. Þar er enn of í lagt. Þetta eru ekki hreinar gjaldeyristekjur, ef litið er á fjármagnskostnað af orkumannvirkjunum, sem þurfti til að selja auðhringum raforkuna á gjafverði. Ef þessir þættir eru teknir með, svo sem *eðlilegt er, mun láta nærri að um engar teljandi gjald*eyristekjur sé að ræða s. l. 10 ár af þessum minnisvarða erlendrar stóriðju í landinu.

Þá skulum við koma að öðrum þætti þessa máls, raforkuverðinu, sem samkv. orðum hv. 1. þm. Reykv. á að hafa fært landsmönnum miklu ódýrari raforku á þeim árum sem liðin eru síðan samningurinn var gerður.

Samningurinn um raforkuverðið var ásamt öðru sterklega gagnrýndur af talsmönnum Alþb. allt frá *upphafi, en viðreisnarliðið, sem knúði samninginn fram*, taldi þvert á móti að með honum fengist tryggt lægra raforkuverð til almenningsþarfa í landinu. Reynslan hefur sýnt hverjir höfðu rétt fyrir sér í þeim efnum. Það er sama hvernig á málið er litið varðandi raforkuverðið. Þar eru skipti okkar við auðhringinn eins og á milli höfuðbóls og hjáleigu, nýlenduherra og hálfnýlendu, og búið svo um hnúta að undir erlend lög og erlendan gerðardóm er að sækja í sambandi við hugsanlega endurskoðun þessa máls. Að *nafninu til hefur raf*orkuverðið hækkað vegna endurskoðunar er knúið var á um af vinstri stjórninni 1971—1974 og um var samið á árinu 1975, og það var víst sú leiðréttingu sem hv. þm. var að nefna hér og hefði mátt vera eitthvað meiri með tilliti til olíuverðshækkunarinnar fyrri 1973—1974. Að nafninu til hefur raforkuverðið hækkað úr 3 millum bandarískum í 6.5 mill nú, en sé miðað við fast verðlag hefur hækkunin engin orðið, fyrst og fremst vegna verðbólguþróunar í Bandaríkjunum, en um verðið er samið í dollurum. Þrátt fyrir þetta, þrátt fyrir þessa endurskoðun fyrir fimm árum greiðir álverið sama verð í reynd fyrir raforkuna og í upphafi og fékk raunar heimild til að auka umsvif sín með stækkun álversins í þokkabót út á umrædda endurskoðun.

Um 1970 jafngiltu 1000 gwst. af orku samkv. álsamningnum um 120 þús. tonnum af gasolíu, sem fá mátti fyrir andvirðið. En með núverandi verði fengjust hins vegar aðeins um 20 þús. tonn af gasolíu, 20 þús. í staðinn fyrir 120 þús. 1970. Auðvitað gat enginn séð

fyrir þá þróun sem hefur orðið á olíuverði á þeim tíma sem liðinn er, en þetta dæmi sýnir að það orkuverð, sem álverið greiðir í dag, er komið langt út úr eðlilegu samræmi við almennt orkuverð í heiminum, svo að ekki sé fastar að orði kveðið.

Orkufrekur iðnaður er skilgreindur sem iðnaður þar sem orkukostnaður er hátt hlutfall af framleiðsluverðmæti. Undir þennan flokk fellur álbræðsluiðnaðurinn. En spurningin er hvort álbræðslan í Straumsvík er orkufrekur iðnaður. Líklega ætti svarið að vera, ef alls er gætt, að svo sé alls ekki ef miðað er við orkukostnaðinn hjá þessu fyrirtæki. Staðreyndin er nefnilega sú, að orkukostnaðurinn hjá ÍSAL er ekki nema tæp 7% af framleiðslukostnaði, á meðan hann er almennt ekki undir 15% hjá áliðnaði í heiminum. Til samanburðar má nefna að orkukostnaður í loðnuverksmiðjum hérlendis er a. m. k. helmingi hærri, eða um 15% af framleiðslukostnaði, en þær hafa hingað til ekki verið taldar til orkufreks iðnaðar, og hærri er hann hjá fleiri greinum iðnaðar hér, eins og sements- og grasкögglaverksmiðjum.

Framleiðslukostnaður í nýjum virkjunum, sem m. a. þarf að reisa vegna þessa samnings um álverið, er ekki 6.5 mill eins og við fáum nú, heldur 18 mill. Álverið í Straumsvík greiðir nú 6.5 mill upp í þessi 18 mill sem framleiðslukostnaður er af nýaflaðri orku, eða um 10 kr. á kwst. sem kostnaðurinn við nýja orkuöflun nemur, þ. e. söluandvirðið er aðeins um þriðjungur af framleiðslukostnaði á raforku nú. Mismunurinn, nær 6 kr. á kwst., er þannig kostnaðurinn fyrir þjóðfélagið að selja þessa orku eða afla sambærilegrar orku í staðinn. Auðvitað kemur inn í þetta mál að um 600 starfsmenn vinna í álverinu. En þau atvinnutækifæri eru sannarlega dýru verði keypt og engin spurning að unnt hefði verið að skapa verkefni við þjóðhagslega arðbærari störf.

Í raun mætti leiða að því rök, þótt ég sé ekki að gera hér till. um það, að hagkvæmt væri að skrúfa fyrir þetta stóriðjuver, álverið, í áföngum og spara með því sem svarar heilli stórvirkjun. Slíkt væri raunar langsamlega ódýrasti virkjunarkostur landsmanna nú, þar sem þarna er ráðstafað um 1200 gwst. af raforku, eða tæpum helmingi þess sem framleitt er í landinu, á sama tíma og orka frá nýjum virkjunum kostar um 6 kr. meira en álverið greiðir á hverja kwst. Hvað er hv. 1. þm. Reykv. að fara þegar hann er að halda því fram hér, að þessi samningur og Búrfellsvirkjun, sem reist hafi verið í tengslum við hann, hafi lækkað almennt raforkuverð í landinu á þeim tíma sem síðan er liðinn?

Nettóhagnaður af því að hætta raforkusölu til ÍSALs gæti því orðið allt að því 7 milljarðar, þegar orkan væri fullnýtt fyrir innlendan markað. Þessa upphæð yrði auðvitað að bera saman og vega á móti öðrum þjóðhagslegum tekjum af álverinu, m. a. framleiðslugjaldinu, sem nam á árinu 1979 hálfum milljarði kr. Þetta nefni ég hér til þess að sýna mönnum fram á hvers konar minnisvarði það er sem Sjálfstfl. reisti sér með þessum samningi, sem við erum njörvaðir við til ársins 1994 og raunar með litlum sveigjanleika þá til endurskoðunar, og gildi hans skal vera nokkuð fram á næstu öld eða til ársins 2014.

En komum þá að þriðja atriðinu sem hér hefur verið til umræðu oft áður, skatttekjunum af þessu fyrirtæki. Við skulum líta á það dálítið nánar. Skatttekjur til ríkisins frá þessu fyrirtæki, álverinu, sem er stolt og lýsandi fordæmi leiftursóknarliðs Sjálfstfl. í atvinnumálum, — í sköttunum, sem fyrirtækinu er gert að greiða, koma fram samfélagslegu tekjurnar sem við höfum af stóriðjufyrirtæki sem þessu, það sem m. a. er notað til réttlætingar því að ráðstafa nær helmingi af einni helstu auðlind okkar, raforkunni, til þessa fyrirtækis. Skattgreiðslur ÍSALs reiknast sem ákveðið framleiðslugjald af hverri smálest áls sem skipað er út frá bræðslunni. Þessi skattur breytist með heimsmarkaðsverði á áli, en þannig að hann lækkar hlutfallslega miðað við framleiðsluverðmæti, sem þýðir að fyrir Alusuisse verður framleiðslugjaldið, þegar fram líða stundir, enn léttari byrði en nú er, og er hún nú vægast sagt smánarlega lítil. Framleiðslugjaldið er jafnframt háð afkomu ÍSALs á þann veg, að það má aldrei verða hærra en nemur 55% af nettóhagnaði. Þetta hlutfall er út af fyrir sig ekki óeðlilegt. Mergur málsins er hins vegar sá, að nettóhagnaðinum getur Alusuisse stjórnað að vild sinni með því að ákveða verð á aðföngum til ÍSALs og verð á framleiðslunni. Það hefur líka komið á daginn, að álverið sýnir oftast slæma rekstrarafkomu, en með því móti hefur verið safnað stórfelldri skattinneign hjá ríkinu. Hv. alþm. ætti að vera nokkurt umhugsunarefni sá áhugi sem þetta erlenda fyrirtæki hefur á að standa fyrir stöðugum taprekstri í fyrirtæki hér uppi á Íslandi.

Ég hef látið taka saman yfirlit yfir árlegar tekjur og heildartekjur af þessum meginskatti af álverinu þann tíma sem það hefur starfað. Samtals nema þær greiðslur á tímabilinu 1969—1979 2 169 300 þús. kr. á verðgildi hvers árs eða sem svarar 216 millj. kr. á ári að meðaltali. Ef reiknað er í erlendri mynt nema heildarskattgreiðslur ÍSALs á 10 árum um 12 millj. dollara. Á sama tíma hefur ÍSAL hins vegar, eins og ég gat um áðan, safnað stórfelldri skattinneign hjá ríkissjóði. Nam sú inneign í árslok 1979 hvorki meira né minna en 6 millj. dollara, sem er helmingur af skattgreiðslum ÍSALs allt tímabilið. Þetta má teljast búskapur í lagi eða hitt þó heldur, og eru þó vafalítið ekki öll kurl komin til grafar varðandi viðskipti við þetta erlenda stóriðjufyrirtæki og óskabarn hins erlenda stóriðjuliðs innan Sjálfstfl. Staðreyndin um skatttekjur ríkisins af álverinu er því þannig, að nettóskattar álversins hafa numið um það bil 600 þús. dollurum á ári eða um það bil þrem dollurum árlega á hvert mannsbarn í landinu. Miðað við núverandi gengi nemur þessi upphæð um 1700 kr. á mann eða um 7 þús. kr. á hverja fjögurra manna fjölskyldu í landinu. Ætli þær krónur séu ekki farnar til baka í hærra raforkuverði en ella hefði orðið, ef við hefðum ekki gert þennan nauðungarsamning?

Það hefur oft verið bent á að þótt álverið fengi orkuna ókeypis þyrftum við ekki að hækka orkuverð til almennings nema um 10%. Við þetta má bæta að hefði álverinu verið sleppt við að greiða framleiðslugjald þessi 10 ár sem það hefur starfað, hefðu skattgreiðslur fjögurra manna fjölskyldu á ári einungis þurft að vera um 7 þús. kr. hærri miðað við núverandi gengi, vel að merkja til að vega á móti tekjutapi ríkisins sem af því hefði leitt. Hvað segja hv. þm. um slíka samninga? Mundu ekki einhverjir telja þetta nauðungarsamninga, sem hluti sjálfstæðismanna telur sér til hróss og telur þegar hafa sannað gildi sitt? Í grg. með þáltill. þeirra stendur:

„Þessi reynsla kallar nú á nýjar framkvæmdir og öflugri í stóriðjumálunum."

Þá er ótalinn mengunarþátturinn, jafnt innra sem ytra, hjá fyrirtæki þessu, sem sparað hefur sér ómæld útgjöld

og safnað gróða út á linkind íslenskra stjórnvalda við upphaflega samningsgerð um fyrirtækið. Hv. fyrsti talsmaður sjálfstæðismanna í þessu máli leyfði sér í framsöguræðu sinni áðan að halda því fram, að ekki hafi verið tiltækir neinir möguleikar á því að leysa umhverfismál verksmiðjunnar á þeim tíma betur en gert var þegar um fyrirtækið var samið. Hann ætti að leita sér fyllri upplýsinga um aðstæður á árinu 1968 og 1969 í þessum efnum áður en hann endurtekur slíka dæmalausa fjarstæðu hér á hv. Alþingi.

Flúormengunin, sem frá þessu fyrirtæki hefur komið, svarar til um 7 millj. kg. sem borist hafa út í andrúmsloftið þann tíma sem fyrirtækið hefur starfað, og brennisteinstvísýringsmengun er sögð hafa vaxið að undanförnu og er raunar meiri en kemur frá járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga, og er það þó sú mengun sem menn hafa helst haft áhyggjur af í tengslum við það fyrirtæki. Fyrrv. heilbrmrh., Magnús Kjartansson og Matthías Bjarnason, tóku á þessu máli þannig að eftir mikinn þrýsting og eftirrekstur tókst loks að knýja fyrirtækið til aðgerða í mengunarvörnum sem nú eru smám saman að komast í gagnið.

Herra forseti. Ljóst er hvað fyrir þeim hluta Sjálfstfl. vakir sem að flutningi þessarar till. stendur. Þær hugmyndir sáust í leiftursóknarplaggi flokksins fyrir síðustu kosningar, þar sem rætt var um a. m. k. þrjár stórverksmiðjur á vegum útlendinga, og það hefur raunar verið rifjað upp hér. Hér er að vísu látið að því liggja í grg., að *Íslendingar eignist stóriðjufyrirtækin í landi sínu eftir því* sem tímar líða og þeim vex fiskur um hrygg, eins og það er orðað af svo mikilli reisn í grg. með þessari tillögu. Þetta er trú flm. þessarar þáltill. á getu Íslendinga til að standa sjálfir fyrir uppbyggingu atvinnulífs í landinu. Vitað er um menn í þessum hópi sem telja að við eigum hvergi nærri að koma meiri háttar iðnrekstri, en láta útlendinga alfarið um slíkan rekstur. Ég leyfi mér þó að vona að í hópi flm. þessarar till. finnist menn sem hafa aðra skoðun á málinu en lesa má út úr till. og málflutningi 1. flm. hennar.

Það væri langt mál ef taka ætti á þeim mörgu firrum sem fram komu í máli hv. 1. þm. Reykv. áðan, og ég ætla ekki að taka tíma þingsins til þess að fara langt út í þau efni. En ég vil drepa á örfá atriði áður en ég læt máli mínu lokið, kannske fyrst það sem lætur minnst yfir sér, að áhrif Swiss Aluminium á íslensk stjórnmál hafi engin orðið á þessu tímabili. Ég held að hv. 1. flm. þáltill. hafi afsannað þessa staðhæfingu mjög rækilega í sínum málflutningi. Hvernig má það vera, að erlendur auðhringur eignist formann stærsta stjórnmálaflokks landsins sem megintalsmann sinn á löggjafarsamkomu þjóðarinnar? Vegirnir eru ekki alltaf beinir. Þeir eru oftar krókóttir, þegar fjármálalegir hagsmunir eiga í hlut, og hið alþjóðlega auðmagn, sem að baki álversins í Straumsvík stendur og fyrirtækjum af þeirri gerð. Hv. flm. dró mjög í efa að við hefðum efnahagslegt bolmagn til að standa fyrir uppbyggingu orkufreks iðnaðar í landinu. Hann færði fram sem dæmi að við greiddum um fimmtung af okkar gjaldeyrisöflun í vexti og afborganir lána. Ég hef ekki upplýsingar um þessa tölu á árinu 1980, en á árinu 1979 var þetta hlutfall samkv. nýlegum upplýsingum 12.8%. Ég geri ráð fyrir að það hafi eitthvað hækkað á yfirstandandi ári eða komi til með að gera það, en það hefur farið lækkandi á undanförnum árum. Og hvað eru menn að draga hér upp grýlur af þessu tagi til þess að færa rök fyrir því, að við Íslendingar getum ekki verið forustuaðilar í uppbyggingu af þessu tagi?

Það er verið að tortryggja það, ala á tortryggni um það af stjórnarandstöðunni, og það skil ég ofurvel, að ekki sé staðið að undirbúningi orkumála, orkumannvirkja og iðnaðaruppbyggingu í landinu með þeim hætti sem æskilegt væri. Það er mjög eðlilegt, að stjórnarandstaðan reyni að halda slíku fram. En við skulum aðeins athuga þetta dæmi nánar. Það hefur verið unnið að því þau ár, sem ég hef nálægt þessum málum komið, að undirbúa með skipulegum hætti næstu virkjunarframkvæmdir í landinu, nauðsynlegar virkjunarframkvæmdir, sem jafnt þjóna hinum almenna markaði og þeim iðnaði sem skynsamlegt verður að byggja hér upp með orkulindirnar að bakhjarli. En ef Sjálfstfl. hefði mátt ráða, og sérstaklega sá armur hans sem hér mælir gegnum þessa þáltill., hefðu ekki verið miklar líkur á því, að þær hugmyndir, sem hv. 1. þm. Reykv. var að bera hér fram og reyna að gera að sínum, að virkjað yrði á Austurlandi eða Norðurlandi næst fyrir landskerfið, — þá hefðu ekki verið miklar líkur á því, að við slíkt væri hægt að standa. Þau mál hafa að vísu ekki verið gerð upp enn, en það kemur að því á komandi ári, að ákvarðanir þarf að taka í þeim efnum, og ég dreg ekkert af um nauðsyn þess að það verði gert og þá verði litið til fleiri þátta en bara næstu virkjunar. Við þurfum að koma okkur upp áætlun um meginaðgerðir í orkuöflun landsmanna til langs tíma og ganga þar skipulega til verks og gæta þess að dreifa virkjunum með skynsamlegum hætti um landið, bæði til öryggis fyrir landsmenn og aukinnar hagkvæmni.

Það var verið að lauma því að hér í leiðinni, að virkjun á Austurlandi og væntanlega á Norðurlandi líka væri ekki hagkvæm eða fært að ráðast í hana nema hengja hana beint aftan í orkufrekan iðnað og þá helst iðnað af því tagi sem Sjálfstfl. mælir hér sérstaklega fyrir. Það liggur fyrir tölulega frá sérfræðingum, sem bráðabirgðaniðurstaða að vísu, að allar þær stórvirkjanir, sem lengst eru komnar hvað undirbúning snertir og voru nefndar áðan í framsöguræðu hv. þm. Geirs Hallgrímssonar, eru hagkvæmar miðað við almenna orkunotkun í landinu eina sér og að virkjun á Austurlandi er hagkvæmari að þessu leyti heldur en virkjun við Sultartanga, þó að eingöngu sé miðað við almennan markað og þann kostnað sem væri af að flytja umtalsverðan hluta þessarar orku um langan veg. Svo hagkvæmur er þessi virkjunarkostur. *Ég er ekki þar með að segja að við getum ekki hugsað til* þess að koma upp orkufrekum iðnaði á Austurlandi eða víðar úti um landið. Það er annað mál. En menn eiga að varast nauðhyggju af því tagi sem hér er fram borin, að við getum ekki ráðist í hagkvæmar virkjanir í landinu án þess að binda þær samningum um orkusölu jafnframt og helst fyrir fram, eins og hér er mælt fyrir, og það kannske með þeim kjörum eða réttara sagt ókjörum sem við þekkjum af reynslunni.

Í sambandi við undirbúning að orkustefnu er nauðsyn að hyggja að iðnaðarstefnu og einstökum þáttum hennar, og ég held að hv. flm. þyrfti ekki langt að leita. Hann hefði ekki þurft að gera annað en að spyrja mig að því hér á fundi í hv. þingi eða utan funda, að hverju verið sé að hyggja í þessum efnum á vegum iðnrn. Ég gæti bent honum á að það eru ekki þrjár afurðir sem fyrst og fremst koma til álita í sambandi við orkufrekan iðnað á Íslandi í framtíðinni, heldur þurfum við að hyggja þar að mörgum fleiri þáttum. Og þó að þeir þættir, sem hann nefndi, geti

komið til álita og eigi að koma til álita með öðrum eru þó margir meinbugir á t. d. í sambandi við álframleiðsluna vegna einokunaraðstöðu þeirra örfáu hringa sem standa að þeirri framleiðslu. En það eru aðrir þættir sem þarna eiga að vera og eru með.

Iðnrn. hefur leitað eftir auknu fjármagni til að standa fyrir könnun þessara mála, og ég vænti að það fjármagn fáist vegna athugana á komandi ári. Ég get nefnt hér sem dæmi nokkra kosti sem þarna þarf að skoða og verja fjármagni til fyrr en seinna: Magnesíumframleiðsla, sem gæti byggst á alíslenskum aðföngum, orku sem og hráefni. Framleiðsla á natríumklórati til stuðnings við aðra saltvinnslu sem nú er í undirbúningi á Reykjanesi. Framleiðsla á kísilmálmi, sem horfir þó skár um en varðandi kísiljárnið, vegna þess að það er notað til íblöndunar í áliðnaði, en ekki í stáliðnaði, sem stendur ekki sérlega vel á þessum dögum. Það er framleiðsla á innlendu eldsneyti, sem er kannske ekki minnsta málið í þessu samhengi. Það er framleiðsla á léttari eldsneytistegundum úr svartolíu. Það er úrvinnsla úr áli, sem hv. flm. nefndi og var mjög otað að mönnum þegar álsamningurinn var gerður, ásamt athugunum sem tengjast álframleiðslu. Það er hugsanleg framleiðsla á þungu vatni og það er hugsanleg framleiðsla á pappír, sem hefur verið til umræðu. Þetta eru nokkur dæmi um kosti sem þegar er verið að líta á og taka þarf betur á á næstunni, hvort geta verið fýsilegir, vænlegir til að ráðast hér í af okkur Íslendingum undir íslenskri forustu og forræði. Og sannarlega þarf að tengja slíkar athuganir athugunum á orkuöflun í landinu.

Í sambandi við staðarval fyrir stóriðju, fyrir orkufrekan iðnað, sem hv. flm. þessarar þáltill. ætla þessari nefnd að taka á, er það að segja, að þegar er að starfi nefnd með fulltrúum frá þeim stofnunum, sem þetta mál helst varðar, sem ætlað er að taka á þessu máli við sveitarstjórnir á landinu þar sem áhugi kemur fram í sambandi við staðsetningu á meiri háttar iðnrekstri. Í þeim efnum þarf sannarlega fyrirhyggju. Þær athuganir geta tekið langan tíma og skiptir miklu máli að vel ráðist um slíkt.

Ég geri ekki lítið úr byggðaþættinum í sambandi við iðnaðaruppbyggingu hjá okkur og þá einnig varðandi orkufrekan iðnað. En það var dálítið seinheppið, dæmið sem hv. 1. flm. kom hér fram með í sambandi við byggðastefnuna sem fylgdi niðursetningu álversins í Straumsvík á sínum tíma. Þó að nokkurt fé hafi runnið til Byggðasjóðs af því lága framleiðslugjaldi sem þetta fyrirtæki hefur greitt á þeim tíma, þá hygg ég að mínusarnir séu margfalt fleiri sem fylgt hafa staðsetningu þessa stóriðjuvers einmitt hér í höfuðþéttbýli landsins á þeim tíma sem það var gert og ákveðið.

Nei, góðir hv. þm., það er ekki vænlegt að lýsa fylgi eða standa að stuðningi við þá till., sem hér liggur fyrir, og þá hugsun sem að baki henni liggur og hér hefur verið svo skilmerkilega framreidd af hv. 1. flm. tillögu. Ég er honum afar þakklátur fyrir að hafa skýrt mál sitt með þeim ljósa hætti sem fram kom í orðum hans og að hann skyldi einmitt kjósa að lyfta því flaggi sem Sjálfstfl. telur að eigi að vera í fararbroddi í þessum málum — álverið í Straumsvík og hliðstæðir samningar — sem tákni fyrir þá stefnu sem hann vill bera fram í sambandi við uppbyggingu orkufreks iðnaðar í landinu.

Herra forseti. Að lokum vil ég aðeins rifja það upp, að Alþb. hefur fjallað um atvinnumál á nýlegum landsfundi sínum. Það fjallaði flokkum fyrr um orkumál og mótaði þar skýra stefnu sem þm. eiga aðgang að og lá fyrir á árinu 1976 og á var minnt í samþykktum landsfundar Alþb. Um orkufrekan iðnað segir í samþykkt þess fundar, með leyfi hæstv. forseta:

„Orkufrekur iðnaður og efnaiðnaður í tengslum við innlendar orkulindir lúti íslenskum lögum og reglum og sé örugglega undir forræði landsmanna. Slíkur iðnrekstur þarf að taka mið af efnahagslegum og félagslegum sjónarmiðum og kröfum um umhverfisvernd. Alþb. hafnar erlendri stóriðju, en leggur áherslu á skipulegan og vandaðan undirbúning og uppbyggingu orkufreks iðnaðar, sem m. a. byggi á innlendum aðföngum og skili viðunandi orkuverði. Á þessu sviði er margra kosta völ sem þjóðin þarf að hagnýta á komandi árum."

Þetta var samþykkt Alþb. í þessum efnum. En við fjölluðum að sjálfsögðu um aðra þætti orkumála og ég ítreka það, að iðnaðaruppbyggingu, hvort sem um er að ræða almennan iðnað eða orkufrekan iðnað, á ekki og má ekki slíta úr samhengi við aðra atvinnuþróun í landinu og áætlanir þar að lútandi.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Eitt af fyrstu málum þessa þings var till. frá þingflokki Alþfl. um að skipuð yrði þingmannanefnd til að fjalla um orkufrekan iðnað. Þessi till. hefur þegar verið rædd við fyrri umr. og er komin til nefndar.

Nú er til umræðu önnur till., frá þm. Sjálfstfl., sem fjallar um sama meginefni. Er í sjálfu sér ekki óeðlilegt að stjórnarandstöðuflokkarnir flytji slíkar till. hvor í sínu lagi, heldur er það miklu frekar eðlilegt. Hæstv. iðnrh. virðist ekki hafa gert sér grein fyrir að þó að flokkar verði að vinna saman í ríkisstj., þá er engin ástæða til þess að stjórnarandstöðuflokkar þurfi að hanga saman á sama hátt, vegna þess að þeir geta byggt stjórnarandstöðu sína á mismunandi rökum. En hér kemur samt saman áhugi beggja flokkanna á því meginatriði, að Íslendingar verði nú að snúa sér rösklega að hagnýtingu þeirra orkulinda sem eru ónotaðar í landinu og íslenska þjóðin nýtur öfundar fyrir meðal annarra þjóða á þessum tímum hinnar miklu orkukreppu.

Munur er á till. okkar Alþfl.-manna og till. sjálfstæðismanna í nokkrum atriðum. Þeir gera ekki ráð fyrir að hér sé um þingmannanefnd að ræða, og þeir fjalla á nokkuð annan hátt um hugsanlega þátttöku erlendra aðila í uppbyggingu stóriðju. Við Alþfl.-menn höfum lagt það mál þannig fram að við teljum Íslendinga nú að fenginni verulegri reynslu eiga marga kosti og geta ráðið því í hverju tilviki, hvort við viljum reisa verksmiðjur algerlega í eigu okkar sjálfra og á okkar vegum, hvort við viljum hafa að einhverju leyti — hvað snertir fjármagn, tækni og fleiri atriði — samband við erlenda aðila, eða í þriðja lagi hvort það yrði í einhverjum tilvikum talið rétt þrátt fyrir allt að heimila erlendum aðilum að reisa og eiga fyrirtækið alveg. Allir þessir möguleikar eru fyrir hendi og við verðum að meta það eftir aðstæðum, þegar við höfum ákveðið hvaða verkefni við ætlum að taka fyrir, hver þessara leiða er skynsamlegust fyrir okkur.

Hæstv. iðnrh. sagði í offorsi rétt áðan að það væri tilgangur með þessum till. að ganga fram hjá Alþingi. Ég veit ekki hvaðan honum kemur slík firra, ekki síst þegar það liggur fyrir, að till. Alþfl. er um að kjósa nefnd alþm. til að fjalla um þessi mál. Samt sem áður segir ráðh. slíkan þvætting. Hann talar um að slík verkefni megi fá nefndum þingsins, iðnaðarnefndum, og þar megi vinna

undirbúningsstarf og leggja fram till. til rn. Þarna afhjúpar hæstv. ráðh. fáfræði sína í því, hvernig þingið og stjórnkerfi okkar starfar. Hann virðist ekki hafa hugmynd um það, að þingnefndir eru kosnar til hvers þings og þær missa umboð sitt þegar að þinglausnum kemur. Þær eru ekki til á milli þinga að undantekinni utanrmn. og geta því ekki starfað að varanlegum verkefnum eins og við erum að tala um og hljóta að taka langan tíma. Hitt er svo annað mál, að bæði Alþfl.-menn og aðrir hafa rætt um það, að þessu þyrfti að breyta og skapa þingnefndum annan starfsgrundvöll. En á meðan það er ekki gert er þýðingarlaust fyrir hæstv. iðnrh. að tala um hluti sem samkv. kerfi okkar, þingsköpum og öðrum lögum, eru ekki mögulegir. Hann hefði átt að kynna sér þetta og fá einhvern til að skrifa nokkrar skýrslur fyrir sig um það.

Ástæðan til þess, að tvær till. frá heilum flokkum hafa nú verið lagðar fram um stóriðju og þörfina á því að **(Gripið fram í:** Tveimur flokkum?) Tveimur, tveimur ólíkum flokkum, — það hafa verið fluttar till. af tveimur flokkum, hvorum í sínu lagi, eins og ég var að ræða um fyrir örskammri stundu. Ástæðan til þess er auðvitað sú, að Íslendingar hljóta nú að snúa sér að því að hagnýta orkulindir sínar, sem eru besti möguleikinn sem við eigum kost á til þess að auka verulega framleiðslu og framleiðni í landinu, auka þannig tekjur þjóðarinnar og útvega atvinnu, sérstaklega fyrir þær þúsundir manna sem munu koma á vinnumarkaðinn á næstu árum.

Enn fremur er það ástæða fyrir þessum tillöguflutningi, að það er rétt sem hæstv. iðnrh. segir: það þarf ákveðna forustu í stóriðjumálum. En staðreyndin er sú, að þessi forusta hefur ekki verið fyrir hendi. Sú ræða, sem hæstv. ráðh. flutti hér á undan mér, er glöggt dæmi um það, að hann er sjálfur andstæðingur stóriðju, hvað sem segir í loðnu orðalagi í samþykktum Alþb. af því að það þorir ekki að stíga skrefið til fulls. Þessi ræða, sem var gersamlega neikvæð og árásarræða á orkufrekan stóriðnað á Íslandi, leiðir það í ljós sem menn vita — og það er illt til þess að vita, að slík ógæfa hafi gerst að andstæðingur stóriðju skuli vera iðnrh. þjóðarinnar, ég tala nú ekki um með flokk eins og Alþb. á bak við sig. Alþb. er auðvitað andstætt þessum málum, þó að það reyni á landsfundi að samþykkja eitthvert snoturt orðalag. Hver einasti maður, sem fylgdist með fréttum af þessum landsfundi, fann að eitt meginatriðið, sem fram kom, voru gagnárásir á stóriðju. Þær komu fram í því, að fyrrv. formaður flokksins hafði vikum saman starfað að því að afla sér upplýsinga, m. a. frá stóriðjuverum eins og álverinu, og lagði fram vissar upplýsingar sem áttu að vega þungt á móti slíku fyrirtæki. Hann hafði sem sagt látið reikna út að það hefði orðið nokkurra milljóna tap á rekstri álversins og járnblendiverksmiðjunnar, og þetta átti að sýna að fásinna væri að ráðast í slík fyrirtæki. Ekki skal ég draga í efa að rétt hafi verið reiknað. En við skulum minnast þess, að í heiminum hafa ýmsir aðilar og ýmis fyrirtæki grætt ótalda milljarða bæði á stálframleiðslu, og þar með járnblendiframleiðslu, og á álframleiðslu. Það er bara spurning um hvar þessi gróði er. Hann mun verða á þessari framleiðslu áfram, enda þótt hún sé háð nokkrum sveiflum eins og flestar atvinnugreinar virðast vera. (**Iðnrh.:** Það er spurning hver græðir.) Spurningin er auðvitað hver græðir, og það er líka spurning um hvernig gróðinn er reiknaður og hvernig slík atvinnustarfsemi kemur þjóð til góða.

Hugmyndir um stóriðju eru ekki nýjar í Alþb. Ég man vel eftir því, fyrir þó nokkrum árum, að Einar Olgeirsson, sem var hylltur á þessum landsfundi í tilefni af 50 ára afmæli stofnfundar Kommúnistaflokks Íslands, stóð hér upp aftur og aftur og talaði um glæsilega iðnaðarframtíð Íslendinga. Hver átti þessi stóriðja að vera? Hann lýsti því nákvæmlega. Það var verið að leggja olíuleiðslur frá Sovétríkjunum alla leið vestur til Austur-Þýskalands, að strönd Eystrasalts, og þaðan átti að flytja olíuna til Íslands, en hér átti að reisa „petrokemiskan" iðnað. Það er rétt að gefa örlitla mynd af hugsuninni og kann að vera, ef hinir krókóttu vegir fjármagnsins á bak við mál eins og þetta — krókóttir eru þeir vissulega, ekki neita ég því — lægju eitthvað annað en verið hefur hingað til, þá væri afstaða sumra Alþb.-manna önnur en hún er í dag.

Stóriðjumál, bæði samningurinn um álverið og síðan um Grundartangaverksmiðjuna, eru með mestu málum sem rædd hafa verið á Alþingi undanfarin ár. Umræður um þessi mál stóðu vikum saman og voru feiknalega harðar. Ég tók þátt í þeim báðum og mér urðu þær minnisstæðar. Ég tel að umræðan um Grundartangaverksmiðjuna hafi verið stórum harðvítugri. En eitt er öruggt, að þegar rætt var um álsamningana hreyfðu Alþb.-menn lítilli gagnrýni um þau atriði sem nú eru dregin fram sem einhvers konar föðurlandssvik í þeim samningum.

Grundartangadeilan var mun harðari og gerðu Alþb.-menn tilraun til að gera um hana þjóðarhreyfingu. Þeir létu sér ekki nægja andstöðuna hér í salarkynnum Alþingis, heldur var efnt til fundar í skóla í Borgarfirði skammt frá verksmiðjusvæðinu. Þar var auðvitað safnað saman hópi af Alþb.-mönnum af öllu Vesturlandi, en svo voru þarna auðvitað íbúar úr hreppunum í kring. Og hvílík ósköp áttu eftir að dynja yfir þessar vesalings sveitir eftir þeim lýsingum sem stórskáld eins og Jónas Árnason, sem var leiðtogi þessarar hreyfingar, flutti í ræðum sínum! Það var eins og svart, drepandi ský mundi leggjast yfir þessar sveitir og drepa þar allt líf, bæði mannskepnuna og aðrar skepnur.

Það vill svo til, að vegna frétta frá landsfundi Alþb.-manna hefur Alþýðublaðið leitað sér nokkurra tíðinda af því, hvernig reynslan sé í þessum efnum. Ég skal sleppa frásögnum og viðtölum við ráðamenn í Hafnarfirði og á Akranesi, sem nú er vegna verksmiðjunnar blómlegasti kaupstaður landsins og með mestan vöxt í íbúatölu og afkomu. En við skulum líta á örfáar setningar af því sem oddviti Skilmannahrepps, Sigurður í Lambhaga, segir við blaðamann Alþýðublaðsins. Þetta er tiltölulega lítill hreppur þó hann hafi allnokkurt landrými, gott og verðmætt. Ekki man ég íbúatöluna, ætli hún sé ekki 200—300. Hann segir frá því, að beinar tekjur hreppsins af verksmiðjunni verði um 70 millj. kr. á þessu ári og heildartekjur hreppsins á þessu ári 110 millj. Þessi hreppur verður líklega einn af auðugustu hreppum landsins við hliðina á nágrönnum sínum í Hvalfjarðarstrandarhreppi, sem eru svo heppnir að hafa tvö stórfyrirtæki.

Þá segir hann frá því, hvað hreppurinn ætli að gera við þessa peninga. Það er ýmiss konar fjárfesting sem verður vafalaust öllum íbúum hans og nágrannahreppa til góða, og skal ég ekki fara út í það. Það er byrjað að undirbúa nýjan þéttbýliskjarna við Lambhaga, sem ég efast ekki um að muni rísa á tiltölulega fáum árum, og hann segir: Járnblendiverksmiðjan hefur hleypt nýju blóði í framkvæmdir á vegum hreppsins, og hér er góður hugur í

mönnum. Sömu sögu gætu þeir sagt í Hafnarfirði.

Svo er hér að lokum úr þessu viðtali: Sigurður var spurður um viðhorf íbúanna almennt til járnblendiverksmiðjunnar. Hann kvað aðbúnað í verksmiðjunni til fyrirmyndar og starfsmenn væru mjög ánægðir, enda væru þeir tiltölulega hátt launaðir. Úrtöluraddir, sem heyrst hefðu í upphafi um byggingu verksmiðjunnar, væru nú að mestu þagnaðar. „Verksmiðjan færir okkur drjúgar tekjur, og það er erfitt að sjá önnur en jákvæð áhrif fyrir hreppinn og íbúa hans, enda væru viðhorf þeirra til verksmiðjunnar á eina lund."

Þetta er sagt tveim árum eftir að íbúar þessa hrepps voru allmargir á fundi, boðaðir af Alþb., og hlustuðu á þá skelfingarlýsingu, sem ég hef fáar heyrt verri, um hvað þeirra biði ef þessi ósköp mundu dynja yfir.

Það er erfitt að reikna tölulega hvað fæst út úr fyrirtækjum eins og hér er um að ræða, en ég vil gera aths. við það, að hæstv. ráðh. telur óeðlilegt að tala um bruttógjaldeyristekjur. Ég held að það sé það venjulega, sem við gerum, vegna þess að svo að segja allir atvinnuvegir þurfa á gjaldeyri að halda til þess að geta framleitt það sem þeir flytja úr landi. Tölur um gjaldeyrisöflun sjávarútvegs, landbúnaðar og annars iðnaðar eru yfirleitt nefndar bruttótölur og þar er alls staðar um að ræða meira eða minna sem kemur á móti. Hitt vissum við frá upphafi, að hráefnisflutningur hingað til lands, t. d. í sambandi við álið og raunar báðar verksmiðjurnar, mundi kosta töluverðan gjaldeyri sem dregst frá. En fyrr má nú vera að stofna tvö fyrirtæki, sem eru á góðum vegi með að tryggja okkur upp undir 20% af bruttógjaldeyristekjum. Þó ekki væru nema 3%, þá vildi ég gjarnan fá nokkrar verksmiðjur, sem gæfu okkur 3% nettó í gjaldeyrisaukningu. Það eru miklir peningar. Prósentin eru ekki nema 100.

Fjandskapur hæstv. ráðh. í garð stóriðju, sem gekk í gegnum ræðu hans alla, náði auðvitað hámarki sínu þegar hann skýrði okkur frá því, að hann hefði verið að reikna út hvað gerðist ef hann léti skrúfa fyrir rafmagnið til álversins í Straumsvík. Hann kemst að þeirri niðurstöðu, að það sé hagkvæmasta orkuframkvæmd sem við getum gert í landinu. Mér þykja það tíðindi, að iðnrh. landsins skuli sitja á skrifstofu sinni og reikna út hvað gerðist ef skrúfað yrði fyrir rokuna til þessa fyrirtækis. Ég er viss um að þeim 600 mönnum, sem vinna í verksmiðjunni, mundu þykja þetta nokkur tíðindi. Það getur verið að sumir hafi meira gaman af reikningskúnstum en aðrir, en það sýnir oft innrætið, hvað það er sem menn eru að slá upp í dæmi og leika sér að. Menn hafa heyrt ýmsar bollaleggingar um hvað hæstv. ráðh. væri að gera á skrifstofunni, því að það er vitað að hann er vinnumaður með afbrigðum og eyðir þar löngum tíma. En ekki hélt ég að þær fréttir mundu verða svo furðulegar þegar þær bærust út. (**Iðnrh.:** Þetta heyra fleiri.)

Á landsfundi Alþb. var talað um það, m. a. af þeim nýkjörna og ágæta formanni sem flokkurinn fékk á fundinum, hvað Alþb. væri valdamikið í landinu. Annar ræðumaður, sem var held ég einn af tveim eða þrem höfuðframsögumönnum fundarins, talaði mikið um að Alþb. hefði stöðvunarvald. Þetta er rétt. Þeir treysta á það sem þeir kalla stöðvunarvald, t. d. í sambandi við ýmislegt sem er á döfinni í varnarmálum, og þeir treysta tvímælalaust á það, eins og reynsla er þegar fengin af, að þeir geti beitt stöðvunarvaldi sínu í stóriðjumálunum og það muni ekkert gerast annað en samfelld framleiðsla af skýrslum og myndun nýrra starfshópa og nefnda til þess að gera enn nýjar skýrslur — og ekkert gerist.

Ég vek athygli manna á því, að þeir hæla sér af stöðvunarvaldi sínu. Ég vil biðja menn að íhuga þetta vandlega, því að þetta þýðir að minnihlutaflokkur, sem hefur innan við 20% af atkvæðum og þingfylgi, getur fengið vilja sínum framgengt og stöðvar stórmál sem hin 80% eru meira eða minna sammála um að séu æskileg fyrir þjóðina. Að möndlið með ráðherrastóla og ráðuneyti skuli geta valdið því, að einn flokkur öðlast slíkt vald sem þetta, er auðvitað fráleitt, hvað þá að menn séu svo ósvífnir að nota sér stjórnarmyndanir til að reyna að skapa minni hluta þetta ólýðræðislega og óeðlilega stöðvunarvald. Það er hægt að fyrirgefa mönnum ef þeir eru þeirrar skoðunar með sjálfum sér, greindir og gegnir menn eins og t. d. hæstv. iðnrh., þó þeir séu útölumenn í máli eins og því sem við erum að tala um, jafnvel andvígir því, þegar það er af sannfæringu, sem ég tel að sennilega sé. En hitt, að beita pólitískum hrossakaupum til að minnihlutaflokkur í landinu geti öðlast stöðvunarvald í sjálfri ríkisstj. landsins, er pólitískt brask af verstu tegund, — pólitískt brask sem er andlýðræðislegt og hefur þau áhrif að hindra eðlilegar lýðræðislegar ákvarðanir sem meiri hlutinn er örugglega fylgjandi. Þetta er tvímælalaust ósiðlegt, svo að ég noti eitt af orðum hins nýja stíls. (Gripið fram í.) Skelfing er ég feginn að heyra hv. þm. Stefán Jónsson kalla fram í, því að ég var satt að segja farinn að hafa alvarlegar áhyggjur af því, að hann hefur ekki látið heyra slíkt í sér lengi. Ég hélt að honum væri farið að förlast, en það er gott að svo er ekki.

Herra forseti. Sú till., sem hér er til umr., fer vafalaust til nefndar, og er eðlilegt að hún fari til sömu nefndar og till. Alþfl. um sama meginefni. Ég er þeirrar skoðunar, að sá munur, sem er á till., sé ekki svo mikill eða þess eðlis, að það eigi ekki að vera möguleikar á því að leysa hann. En ég vil láta í ljós von um að flokkarnir, sem standa að ríkisstj. og hægt er að kalla lýðræðissinnaða — það er reyndar ekki nema einn flokkur og flokksbrot, sjái sóma sinn í að beita stöðvunarvaldi sínu sem meiri hl. til að stöðva stöðvunarbrölt Alþb. og að úr sveit þeirra fáist þm. til að skoða þetta mál og ræða það alvarlega, vegna þess að það er enginn efi á því, að við verðum að snúa okkur að hagnýtingu orkunnar til að bæta lífskjör okkar og tryggja þau á næstu áratugum.

Ég tel að við verðum að reisa a. m. k. 4—6 stóriðjuver fram til aldamóta. Það liggur fyrir og er hverjum manni ljóst, að forusta í þessum málum er ekki fyrir hendi, heldur ríkir úrtölustefna í iðnrn. Alþingi verður því sjálft að taka forustuna. Þessar till. lúta báðar að því að svo verði gert og því fyrr því betra.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég er enginn draumóramaður og mér líst ekkert sérstaklega vel á þá till. sem hér er til umr., og þaðan af síður líst mér á þá framsögu sem fylgdi henni. Þegar eitthvað blæs á móti er alltaf hætta á því, að einhverjir missi trúna á þjóðlega bjargræðisvegi og fyllist af vesöld og vonist til að einhverjir aðrir komi og bjargi þeim. En hlutirnir gerast ekki svona.

Ef þessi till. væri framkvæmd til hins ítrasta, þá væri þetta náttúrlega einfaldasta og fljótvirkasta leiðin til að steypa þessu þjóðfélagi á hausinn. Ég held að gamla stóriðjunefndin, sem hér er gerð tilraun til að endurvekja, sé dýrasta nefnd sem nokkurn tíma hefur starfað á

Íslandi. Ég er þá ekki að telja eftir kaupið hennar, sem að vísu var allnokkuð, heldur er ég að tala um þá samninga sem gerðir voru í kjölfar þeirra nefndarstarfa. Við þolum ekki mjög marga svona samninga.

Fyrsti flm., hv. 1. þm. Reykv., Geir Hallgrímsson, og hv. þm. Benedikt Gröndal eru skoðanabræður alfarið í þessu máli, og þeir vitnuðu til góðrar reynslu. Hæstv. iðnrh. taldi hins vegar þessa reynslu slæma. Ég er sammála iðnrh. um að það er að vísu rétt, að ýmsir einstaklingar hafa hagnast verulega á þessum framkvæmdum og fyrir starfsemi þá sem þar fer fram, en þegar allt kemur til alls borgar náttúrlega þjóðfélagið stórfé með þessum fyrirtækjum. Þegar raforkan kostar 10 kr. kwst. úr nýrri virkjun og ekki fæst fyrir hana nema 3.90 kr. í járnblendiverksmiðjunni og 3.61 kr. hjá álverinu, þá verka þessi fyrirtæki eins og tilberarnir forðum, sem hlupu undir málnytupeninginn. Og raforkuver okkar eiga að geta verið, ef skynsamlega er á haldið, okkar málnytupeningur.

Raforkuverð til stóriðju á Íslandi hefur verið með þeim hætti — eins og hér er rækilega búið að lýsa af hæstv. iðnrh. — að ekki er viðunandi og eiginlega varla sæmandi að tala um það. Á 99. löggjafarþingi fluttum við hæstv. núv. menntmrh., Ingvar Gíslason, till. til þál. um raforkusölu á framleiðslukostnaðarverði til stóriðju, þar sem við lögðum til að kosin yrði sjö manna nefnd sem fengi það verkefni að semja og leggja fyrir Alþingi frv. til l. um raforkusölu til orkufreks iðnaðar. Frv. þetta átti að móta reglur sem tryggðu það, að ætíð væri greitt a. m. k. meðalframleiðslukostnaðarverð á raforku í landinu frá orkufrekum iðnaði og menn gengju ekki frá samningum öðruvísi en með því fororði. Til þess þyrfti náttúrlega að endurskoða árlega raforkusölusamninga og leiðrétta þá.

Það er dálítið fróðlegt að fylgjast með hvernig þróunin hefur verið í orkusölu Landsvirkjunar til álversins. Þegar álverið tók til starfa 1969 borgaði það 68% af því verði sem Rafmagnsveitur ríkisins urðu að greiða Landsvirkjun. En nú, 1980, er þetta komið niður í líklega 25%. Á þessu sér maður þróunina. Bent hefur verið á að álverið hefur tapað — eða það segist hafa tapað stórfé á þeim tíma sem það hefur verið starfrækt í Hafnarfirði. E. t. v. er þetta bókfærsluatriði, maður veit ekkert um það. Ég geri ráð fyrir að sú niðurstaða sé rétt, að gróði hringsins sé fluttur úr landi og þetta sé reikningslega látið koma svona út hjá okkur. En við höfum engin tök á að reisa rönd við því. Við vitum sjálfir að á Grundartanga er bullandi tap. En svo tala forráðamenn járnblendiverksmiðjunnar digurbarkalega um að taka ákvörðun um að reisa þriðja ofninn á Grundartanga, eins og þeir þurfi ekkert að spyrja Alþingi að því. Ég lagðist á sínum tíma bæði gegn Union Carbide-samningnum og Elkem-samningnum, og einnig lagðist ég gegn stækkun álversins, þannig að ég get nokkuð djarft úr flokki talað. Menn eru að tala um að það þurfi að skapa uppvaxandi þegnum þjóðfélagsins starfsskilyrði, en það er ekki þægilegt að gera það með öllu dýrari hætti en með þessum stóru fyrirtækjum. Þetta eru voðalega dýr fyrirtæki og það fást ekki mörg atvinnufyrirtæki fyrir stórfé. Það er ekki sama hver þessi stóriðnaður er, og auðvitað komum við til með að reisa einhver fyrirtæki í orkufrekum iðnaði. En það er ekki heldur sama hver á fyrirtækið. Ég vil taka það fram, að eignarfyrirkomulag að járnblendiverksmiðjunni samræmist stefnu Framsfl. sem mótuð var á 17. þingi flokksins 1978. Ég vil nú, með leyfi forseta, lesa örfáar setningar úr þeirri stefnuskrá:

„Þingið lýsir sig andvígt þeirri stefnu að hleypa erlendum auðhringum inn í atvinnulíf Íslendinga. Samstarf við erlenda aðila um orkufrekan iðnað komi aðeins til greina í einstökum tilfellum, enda sé þess ætíð gætt, að meiri hluti eignaraðildar sé í höndum Íslendinga. Starfsemi slíkra félaga skal háð íslenskum lögum og dómsvaldi, enda njóti þau ekki betri lögkjara en sambærileg íslensk fyrirtæki. Þingið varar við rekstri þeirrar stóriðju sem kann að vera hættuleg heilsu og umhverfi manna og valda óeðlilegri félagslegri og líffræðilegri röskun. Telur þingið að mengunarvaldandi stóriðja samræmist ekki íslenskum aðstæðum og sé andstæð óskum fólksins í landinu. Leggja ber áherslu á að leitað verði eftir hentugum iðnaði fyrir landbúnaðarbyggðir og önnur fámenn byggðarlög í því skyni að koma í veg fyrir byggðaröskun."

Orkulindir okkar eru mikill auður og þær ber okkur að sjálfsögðu að nýta. En við þurfum að gera það með fyrirhyggju. Við þurfum að gera það þannig að það henti okkar þjóðfélagi og æskilegri framtíðaruppbyggingu þess. Hér var verið að segja frá því áðan, að árnar rynnu engum til gagns til sjávar óbeislaðar. En óbeislaðar orkulindir eru, þegar nánar er að gáð, varasjóður til framtíðarinnar í orkusveltandi heimi. Það er alls ekki svo, að þær séu ekki eign í sjálfu sér, þó að ekki sé virkjað örar en þjóðfélaginu hentar.

Ég vil leggja sérstaka áherslu á það, að atvinnuuppbygging á Íslandi verður að vera í höndum Íslendinga sjálfra. Þeir verða að hafa tögl og hagldir í hverju einasta fyrirtæki. Það er óbærileg staða fyrr en varir ef þeir hafa það ekki, og það hefur komið sér vel á Grundartanga, þó að mínum dómi hefði mátt ganga þar betur frá, að hafa þó formlega meirihlutaaðild í stjórn þess fyrirtækis.

Það hefur verið upplýst í þessum umræðum, að á vegum iðnrn. er fylgst vel með þróun á möguleikum orkunýtingar. Og ég held að það sé ekki mjög brýnt að samþykkja þessa till., og alls ekki óbreytta, vegna þess að ég tel að hlutirnir séu í sæmilegu lagi hjá núv. ríkisstj.

Umr. frestað.

Iðnaðarstefna, þáltill. (þskj. 93). — Fyrri umr.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Þessi till. til þál. um iðnaðarstefnu, sem nú hefur verið tekin á dagskrá og flutt er af ríkisstj., er að mörgu leyti svo óvenjuleg hvað form og þinglega stöðu hennar snertir, að ég sé mér ekki annars kost en að fá að tefja örlitla stund til að ræða um þingsköp og þá til þess að spyrja og fá skýringar á nokkrum atriðum varðandi það, hvernig ríkisstj. hugsar sér að þetta mál gangi fyrir sig innan ramma eðlilegra þingstarfa og þingskapa.

Það er mjög sjaldgæft að ríkisstj. flytji till. af þessu tagi. Ríkisstj. flytur oft þáltill. um stjórnskipun og utanríkismál, en ekki um mál sem þetta, það er óalgengt.

Hér á landi er venjan sú, að ríkisstj. móti sína stefnu í samráði við þá, sem styðja hana, og tilkynni síðan þá stefnu eins og þingsköp mæla fyrir um. Síðan koma einstök atriði fyrir Alþingi í lagafrv. og á annan hátt, eftir því sem nauðsyn krefur. En nú hefur — að því er ég best fæ

séð — einn mikilsverður kafli stjórnarsáttmálans verið tekinn út úr, umskrifaður dálítið ítarlegar en hann er í stjórnaryfirlýsingunni, og hann er lagður fyrir Alþingi sem þáltill. til samþykktar, og sagt er að nú eigi Alþingi að móta iðnaðarstefnu ríkisstj. Ég vil því varpa fram þeirri spurningu, hvort ríkisstj. sé með þessu að bjóða stjórnarandstöðunni til samninga innan ramma þingstarfa um stjórnarstefnuna í iðnaðarmálum. Ef svo er, þá er það nýmæli, sem kemur dálítið á óvart og ég er ekki alveg búinn að átta mig á.

Þar sem ég lít svo á að hér sé um að ræða hluta af stefnu ríkisstj., till. sem hún flytur um iðnaðarstefnu, ber þá að líta á þessa till. sem trauststilllögu á hæstv. iðnrh. eða ríkisstj.? Það er hægt að flytja trauststillögur alveg eins og vantrauststillögur og hefur oft verið gert. Ef svo er að þessi till. um mótun iðnaðarstefnu er í raun og veru trauststillaga, hvað gerist þá ef Alþingi kemur því ekki í verk eða lýkur því ekki að samþykkja hana eða vísar henni frá? Ætlar þá hæstv. iðnrh. eða kannske stjórnin öll að segja af sér? Þetta er formsatriði sem mér finnst mikilvægt fyrir okkur þm. að fá einhverja hugmynd um.

Nú skulum við athuga mjög fljótlega hvað gerist í sambandi við flutning þessarar tillögu. Ríkisstj. flytur ályktunartillögu og biður Alþingi um að gera þál. þess efnis, að Alþingi feli ríkisstj. að framkvæma eigin stefnu í iðnaðarmálum! Til hvers er þetta? Þetta eru vinnubrögð sem ég á erfitt með að skilja, ég sé ekki tilganginn í þeim.

Við skulum taka annað. Þetta er ítarleg og vel unnin till., en hún er morandi af hugmyndum eða efnisatriðum sem gera ráð fyrir stórfelldum fjárútlátum sem annaðhvort þyrftu fjárveitingar til eða þá lán sem Alþingi þyrfti að leyfa. Hvernig kemur þetta út? Ríkisstj. flytur þáltill., biður Alþingi að gera ályktun þar sem þessari sömu ríkisstj. er falið að útvega fé til iðnaðarþarfa. M. ö. o.: ríkisstj. er falið að biðja þetta sama Alþingi um fjárveitingar eða samþykkt á lánum svo að það fáist fé sem þessi sama ríkisstj. getur síðan notað í iðnaðarþágu. Ég skil ekki hver tilgangurinn er með þessum leik. Þetta er eins og boltaleikur. Alþingi og ríkisstj. kasta þessu á milli sín og ekkert gerist auðvitað. Af hverju getur ekki ríkisstj. beðið um fé eins og eðlilegt er og eins og gert er í fjárlagafrv.?

Þá er enn eitt um það, hvað gerist með þessari till. Í henni eru nefnd ýmis ágæt mál: starfsumhverfi, hollustuhættir verkafólks og náttúruvernd, sem Alþingi er nýlega búið að samþykkja mikla lagabálka um. Nú flytur ríkisstj. þáltill. þar sem hún biður Alþingi um að gera svo vel að álykta að fela ríkisstj. að framkvæma löggjöf. Þetta er það sem um er að ræða. Vita ekki ráðherrar í þessari ríkisstj. að það þarf enga þáltill. til að segja þeim að þeir eigi að framkvæma löggjöf? Þetta er algerlega órökrétt og eiginlega óskiljanlegt, hvernig menn hugsa sér þetta í þinglegu samhengi. Ríkisstj. ber skylda til að framfylgja þeim lögum sem Alþingi setur, og það þarf ekki að ræða frekar.

Nú á þetta mál væntanlega að fara til nefndar. En hvað á sú n. að gera? Ég hef það fyrir satt, að hæstv. ráðh. hafi lagt mikla vinnu í þetta mál og með starfshópum og rn. hafi hann verið upp undir ár að ganga frá plagginu. Á þá n. að samþykkja þetta að óathuguðu máli eða á hún að fara ofan í saumana á þessu efnislega? Ætli það þurfi þá að vera minna en ársvinna hjá henni, því að það tók ár að koma plagginu saman eða eitthvað nálægt því? Eða var það ætlun ráðh., að n. ætti að afgreiða þetta í skyndi, athugunarlaust? Með því að flytja stefnu sína í iðnaðarmálum sem þáltill. er ríkisstj. búin að bjóða heim brtt., og þær eru þegar komnar fram frá einum þm. Sjálfstfl. Og þá kemur aftur þessi spurning: Er ríkisstj. að bjóða Alþingi, sérstaklega stjórnarandstöðunni, samninga um stefnu ríkisstj. í iðnaðarmálum? Þetta er algert nýnæmi í mínum augum.

Svo kemur það sem kannske er veigamesta atriðið. Það hefur verið deilumál í sambandi við þingsköp mestalla þessa öld, hvort Alþingi geti ákveðið fjárveitingu með ályktun. Þessi deila hefur ekki verið útkljáð. Það var nýlega fjmrh. sem neitaði að ansa þáltill. ef þær kostuðu peninga, nema Alþingi hefði sérstaka fjárveitingu við hliðina. Svo eru til fræðimenn sem segja: Ef ráðh. eyddi einhverjum peningum í sambandi við þál. yrði það ekki talið honum til saka. En þar sem þessi till. um iðnaðarstefnu er með marga liði sem kosta stórar upphæðir, þá finnst mér mikilvægt að vita hvernig hæstv. ráðh. hugsar sér þetta. Telur hann að Alþingi sé að skuldbinda sig með því að samþykkja þetta? Telur hann að ríkisstj. öðlist heimildir í sambandi við útvegun fjár eða lántöku ef Alþingi samþykkir þessa till.? Við verðum að vita hvað við erum að gera þegar við afgreiðum þessa till., og það er ekki lítið atriði ef þannig væri litið á, að Alþingi afhenti ríkisstj. stóra sneið af fjárveitingavaldinu. Ég tel að þessu verði menn að gera sér grein fyrir og að þetta sé óútkljáð mál. Það er enginn bókstafur til sem leysir þessa gömlu deilu sem stingur alltaf öðru hverju upp kollinum.

Ég vil endurtaka það, að ég sé ekki að þessi till. skapi neitt annað en vandræðalegan boltaleik milli ríkisstj. og Alþingis og ekkert gerist. Ríkisstjórnir móta ekki stefnu sína á þennan hátt. Þær gera það sjálfar í samráði við sína stuðningsaðila hér á Íslandi, og síðan er það venjan, að þær tilkynna þessa stefnu sína. Það er gert ráð fyrir því í þingsköpum, og mér finnst þetta bera keim af því sem tíðkast í sumum öðrum löndum í austurátt héðan, að stjórnin leggur fram svona plögg og svo eru þau samþykkt á þinginu með lófataki og þá er komin stefna.

Ég vil gjarnan fá skýringar hjá hæstv. ráðh. á því, hvernig hann hugsar þetta mál. Ég tel að svona tillögur — við höfum séð eða heyrt um fleiri — séu þinglega mjög varhugaverðar. Ég ætla þó ekki, hæstv. forseti, að halda því beinlínis fram, að þetta sé óþinglegt, en það er nærri þeim mörkum. Og ég mundi gefa hæstv. ráðh. þau ráð, ef hann þiggur nokkur slík frá mér, að draga þessa till. til baka og gefa síðan Alþingi skýrslu, gera þar grein fyrir þessari stefnumótun, sem hann hefur unnið í rn. sínu, og láta síðan það, sem Alþingi þarf að taka ákvarðanir um, þar á meðal fjárveitingar og lánsheimildir, koma eftir venjulegum leiðum. Það er sú venjulega leið, en þessi nýja aðferð er klúður sem tekur mikinn tíma, bæði frá Alþingi og vafalaust fleirum, og er mjög vafasöm í framkvæmd. — Ég þakka þolinmæði hæstv. forseta.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Það er ekki óeðlilegt, að hv. 4. þm. Reykv. bryddi hér upp á því málefni sem hann fjallaði um þegar hann talaði um þingsköp, því að það er óvenjulegt, svo að ekki sé meira sagt, að ríkisstj. standi að þáltill. um svo viðamikið efni eins og hér er til umr. Hans mál er þess vegna vissulega umhugsunarefni og þess virði, að það sé rætt sérstaklega vegna fordæmisgildisins.

Um það hins vegar, hvort umræður um iðnaðarmál eigi að fara fram vegna skýrslu eða vegna þáltill., skal ég

ekki fjalla undir þessum lið. Aðalatriðið er fyrir mig að umræður um iðnaðarmál komist inn á hv. Alþingi, svo nauðsynlegar sem þær hljóta að vera. Ég tel að sjálfsögðu að hér sé verið að bjóða þingheimi upp á stefnumótun, það sé verið að bjóða upp á það, að stjórnarandstaðan fái rétt til að hafa áhrif á stefnumótun löggjafans í þessum efnum, og ég tel það vissulega geðfelldara heldur en að vita til þess, að ákveðinn stjórnmálaflokkur, sem hefur mikinn minni hl. á Alþingi, geti haft stöðvunarvald í ríkisstj., eins og reyndin mun vera að sögn fulltrúa slíkra afla. Við þekkjum það frá fyrri tíð, að ákveðnir ráðherrar hafa lagt fram stefnu í vissum málaflokkum, og er skemmst að minnast stefnu landbrh. sem birtist í þáltill.-formi, en varð ekki útrædd.

En það er annað mál, sem varðar þingsköp, sem ég vil ræða hér sérstaklega og fá svör hæstv. ráðh. við fsp. þar að lútandi. Það snertir röð á þskj., því að það er athyglisvert, að þetta mál, sem er 86. mál þingsins á þskj. 93, er skráð í bókum hjá skjalaverði með þeim hætti, að það sé þáltill. iðnrh. Ég hafði spurnir af þessu, og vegna áhuga míns á þessum málum beið ég eftir því að fá að sjá þetta þskj. og það kom ekki fram fyrr en vikum síðar. Ef rétt hefði verið staðið að málum hefði málsnúmerið átt að vera 118, sem þýðir að þetta mál hefði átt að vera 41. mál dagskrár þessa fundar í dag, 41. mál dagskrárinnar. Þessu máli er kippt fram fyrir með mjög óeðlilegum hætti, og þess vegna, herra forseti, vek ég athygli á þessu, að ég tel að hv. Alþingi eigi rétt á að vita hvort hægt sé að fá geymd málsnúmer með þessum hætti, ef menn vilja láta færa sig ofar á dagskrá funda, og geta með þeim hætti komið sínum málum hraðar í gegnum þingið en gert er undir venjulegum kringumstæðum. Þar á ofan hefur málið síðan verið fært til og er rætt miklu fyrr en önnur mál sem komu fyrr fram á þinginu, þ. á m. mál sem ég er 1. flm. að. En ég skal viðurkenna það, að þáltill. hæstv. ráðh. er um efni sem er mun mikilvægara, og ég læt mér það lynda, ekki síst er ég veit að á næsta ári get ég hugsanlega fengið geymd númer hjá Alþingi.

Forseti (Jón Helgason): Vegna fsp. hv. síðasta ræðumanns vil ég aðeins taka það fram, að þskj. eru yfirleitt afhent skjalaverði áður en þau fara í prentsmiðju og þá skráir hann þau með númeri. Þannig er það með flest mál. Síðan verður það að fara eftir því, hve langan tíma það tekur að ganga frá þeim í prentsmiðjunni, hvenær þau koma þaðan og er útbýtt hér.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Þessi umræða byrjaði með svolítið óvenjulegum hætti. Ég skal ekki kvarta undan því út af fyrir sig þó að menn beri hér fram fsp. um þingsköp, eins og nú hefur verið gert. Ég held að ég þurfi ekki að eyða mjög löngu máli til þess að koma á framfæri skýringum við hv. 4. þm. Reykv. í sambandi við það sem hann vék að sérstaklega. Ég skil út af fyrir sig að hann vilji gjarnan geta túlkað þetta mál svo, að það snúist um traust eða vantraust á ríkisstj., og kannske enn frekar um traust eða vantraust á mig sem ráðh., því að ég las það hér á haustdögum í forsíðufyrirsögn í hans litla flokksblaði, að eftir slíku vantrausti væri sérstaklega óskað, og ég hef heyrt það í málflutningi hv. þm. síðan, að hann hefur miklar áhyggjur af meðferð mála sem snerta það svið sem ég fer með í ríkisstj.

En svo vill til að hv. 4. þm. Reykv. var utanrrh. um skeið í ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar og hefði, ef hann hefði sjálfur mátt ráða, trúlega verið lengur í því embætti og ekki fært sig á milli stóla eins og reyndin varð haustið 1979. Og í þessari ríkisstj. stóð hann að samþykkt og framlagningu frv. sem hefur orðið öðrum frumvörpum nafntogaðra síðan og gengur undir nafninu Ólafslög. Í þessum Ólafslögum svonefndum, lögum nr. 13 frá 1979, er sérstakur kafli um framfarir í atvinnuvegum og hagræðingu í atvinnurekstri. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta, í upphafi 22. gr.: „Ráðuneyti einstakra atvinnuvega skulu hafa forgöngu um gerð atvinnuvegaáætlana hvert á sínu sviði.“ Og 24. gr. þessara sömu laga er svohljóðandi: „Ríkisstj. leggur atvinnuvegaáætlanir fyrir Alþingi sem þáltill. eða lagafrv., eftir því sem við á.“ Þetta er lögfest með góðu samþykki hv. þm., sem þá var ráðh., og minnist ég margra ljúfra stunda úr samstarfi við hann þá, sem því miður varð styttra en ég hefði kosið.

En varðandi áhyggjur hans af þessu máli formsins vegna, þá er ég til með að líta með honum í austurátt. Ég vil þó ekki líta mjög langt eftir fordæmum í þá áttina, en mér er kunnugt um að á Norðurlöndum er það mjög tíðkað að leggja stefnumarkandi þáltill. varðandi mjög mikilvæga þætti þjóðmála fyrir þjóðþingin og láta þau fjalla um þær. Ég held að við getum vel tekið upp það fordæmi, og það er raunar gert hér í mjög veigamiklum málaflokkum, að flytja slíkar þáltill. sem gefa vísbendingar um æskilegar fjárveitingar, en eru að sjálfsögðu ekki bindandi í sambandi við fjárútvegun eða fjárútlát sem fjvn. og Alþingi fer með. Nægir að nefna þar vegáætlun til nokkurra ára og hafnaáætlanir til nokkurra ára, sem ekki eru bindandi svo mér sé kunnugt. Mér sýnist raunar að hér sér kjörið efni fyrir hv. þm. til þess að fjalla ítarlega um í svo sem einu útvarpserindi. Ég viðurkenni fúslega að hann hlýtur að hafa miklu meiri reynslu af Alþingi og starfsháttum þess heldur en ég vegna langrar setu sinnar, en eitthvað hefur nú fennt yfir minni hv. þm. frá því að hann stóð að samþykkt Ólafslaga ásamt mörgum fleiri um það form sem er viðhaft í þessu máli.

Um framlagningu málsins og fsp. hv. þm. Friðriks Sophussonar hefur hæstv. forseti þegar svarað með þeim skýringum sem hann veit bestar eflaust. Ég kann ekki neinar skýringar á því frekar, og ég vona að það komi ekki að sök hafi þarna orðið um einhverja tilfærslu að ræða í sambandi við nr. á þskj., en það er sem sagt ekki að minni ósk neitt sem hefur gerst í því máli.

Mig langar þá að víkja að dagskrármálinu, þeirri till. til þál. um iðnaðarstefnu sem hér er til umr. Slík till. var fyrst lögð fram skömmu fyrir þinglok vorið 1979, en kom þá ekki til umr. Hún var aftur lögð fram óbreytt haustið 1979, en varð þá ekki heldur rædd vegna skjótra þingslita. Þáltill. er nú flutt með nokkrum breytingum, enda önnur ríkisstj. við völd. Endurspeglar till. nokkrar nýjar áherslur úr stjórnarsáttmála ríkisstj. og auk þess er höfð hliðsjón af margháttuðum aðgerðum í iðnaðarmálum á því eina og hálfa ári eða þar um bil, sem liðið er frá því að slík þáltill. var fyrst lögð fram. Ég flutti hana þá sem iðnrh. með samþykki ríkisstj., en fyrirvara af hálfu einstakra ráðh. í þáv. ríkisstj. varðandi viss efnisatriði, eins og fram kom í grg. Nú er till. hins vegar flutt af ríkisstj. og er það ánægjuefni að samstaða hefur tekist um þessa stefnumörkun á undirbúningsstigi.

Við undirbúning till. var að því stefnt, að um hana gæti skapast allvíðtæk samstaða. Bakgrunn að þessari stefnumörkun myndar álit samstarfsnefndar um iðnþró-

un sem lagt var fram í maí 1979 og enn er lagt fram sem fskj. með þessari þáltill. Í samstarfsnefndinni, sem enn starfar á vegum ráðuneytisins, eiga sæti níu menn með víðtæk tengsl og reynslu í iðnaðarmálum. Var eitt af meginverkefnum nefndarinnar að undirbúa fyrir ráðuneytið drög að iðnaðarstefnu sem hafa mætti til hliðsjónar við opinbera stefnumörkun á þessu sviði. Kann ég nefndinni þakkir fyri ötult starf að þessu máli svo og fyrir mörg önnur verkefni sem hún hefur fjallað um fyrir ráðuneytið varðandi iðnaðarmálefni.

Með till. þeirri til þál., sem hér er lögð fram , er gerð tilraun til að móta samræmda stefnu í iðnaðarmálum af hálfu hins opinbera og fá fram sem skýrasta afstöðu Alþingis til þess, hver eigi að vera þáttur iðnaðar í þeirri þróun atvinnulífs sem sýnist nauðsynleg á næstu árum. Mikilvægt er að skapa samstöðu um þær aðgerðir sem nauðsynlegar eru taldar eigi iðnaðurinn að geta gegnt því hlutverki að verða ein meginundirstaða framfara í atvinnu- og efnahagslífi á komandi árum. Þess er vænst, að með skýran vilja Alþingis í þessu máli að bakhjarli geti stjórnvöld og stofnanir og samtök iðnaðarins tekið með virkari hætti en ella væri á þeim fjölmörgu vandamálum, sem enn standa í vegi fyrir eðlilegri þróun iðnaðar, og búið iðnaðinum hagstæðari skilyrði til vaxtar.

Margt bendir til að við Íslendingar stöndum á tímamótum í atvinnumálum þar sem hagnýta þurfi mun fjölþættari kosti en hingað til. Þannig verði auk öflugs sjávarútvegs og fiskiðnaðar að koma til fjölbreyttur iðnaður, sem m. a. byggi á og vaxi upp af þeirri þekkingu og reynslu sem við höfum öðlast í hefðbundnum atvinnugreinum hingað til. Af öðrum þáttum, sem rennt geta stoðum undir öfluga innlenda iðnþróun, má nefna ýmsar hráefnaauðlindir og innlenda orku svo og ýmis önnur náttúruskilyrði og hugvit til að framleiða samkeppnishæfar iðnaðarvörur til heimanota og útflutnings. Þessu nýja hlutverki sínu fær iðnaðurinn ekki valdið nema til komi breytt viðhorf gagnvart málefnum hans og honum verði markvisst sköpuð skilyrði til vaxtar.

Eins og fram kemur í meðfylgjandi áliti samstarfsnefndar um iðnþróun ríkir nú meiri óvissa um þróun í atvinnumálum og varðandi atvinnuöryggi á næstu árum en áður hefur verið talið og gætu verið fram undan miklar breytingar á þróun atvinnulífs og skiptingu vinnuafls í landinu eftir atvinnugreinum.

Byggðadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins hefur reynt að meta líkurnar á breytingum í atvinnuvegum landsmanna á næstu árum og ástæður er að baki liggja. Vísast um það efni til grg. og fskj. með till. Fyrir liggur að talsvert hefur verið um brottflutning fólks úr landi umfram aðflutta á undanförnum árum, ekki síst á árunum 1976 og 1977, er um 1000 fleiri fluttust úr landi en til landsins árlega. Þótt samsvarandi tala hafi verið komin niður í 525 manns, eða orðin nær helmingi lægri í fyrra, er ástæða til að hafa áhyggjur af slíkri þróun sem talar sínu máli þótt ástæður fyrir tilfærslu fólks milli landa séu margar og sumpart aðrar en áður fyrr.

Traust atvinnulíf og góð lífskjör í víðtækri merkingu með félagslegu öryggi og aðstöðu til menningarlífs og hollra tómstundaiðkana eru gæði sem ráða í vaxandi mæli viðhorfi fólks til búsetu. Þótt atvinnuöryggi hafi verið hér meira en í grannlöndum okkar um hríð verðum við að hafa vakandi auga á blikum, sem á lofti eru einnig að því leyti, og bregðast við í tæka tíð.

Ég mæli síður en svo með einhliða áherslum í uppbyggingu atvinnulífs í landinu. Þar þurfum við að huga vel að úrbótum og þróun í atvinnuvegum okkar sem vel hafa reynst og enn geta skilað miklu til viðbótar ef skynsamlega er að málum staðið, ekki síst varðandi nýtingu lífrænna auðlinda lands og hafs. En til að treysta efnahagslegan grunn í þjóðarbúskap okkar og draga úr álaginu á þær auðlindir, sem sumpart eru ofnýttar, hljótum við að stefna að því að byggja hér upp arðvænlegan iðnað til viðbótar þeim, sem fyrir er, og leitast við að tryggja bætta framleiðni á því sviði sem öðrum.

Í sókn eftir hagvexti og framleiðniaukningu verður hins vegar að slá varnagla varðandi félagsleg áhrif og gæta þess það taka þau með í reikninginn og samfélagslegan kostnað í heild, þar með talin umhverfisáhrif af iðnþróun og iðnvæðingu.

Vöxtur iðnaðarframleiðslu hefur orðið mun meiri en vöxtur þjóðarframleiðslu s. l. áratug. Útflutningur iðnaðarvara hefur farið vaxandi. Að áli undanskildu hefur útflutningur iðnaðarvara vaxið úr því að vera 4% af heildarútflutningi árið 1970 í 8% 1979. Sérstaklega er ánægjuleg hin mikla aukning sem orðið hefur í útflutningi ullarvara. Mikil aukning hefur orið í utflutningi iðnaðarvara, án áls og kísiljárns fyrstu níu mánuði yfirstandandi árs. Er aukningin þar í magni talið um 27%. Hagur útflutningsiðnaðarins hefur og farið batnandi á seinni hluta þessa árs.

Mig langar þá að víkja að nokkrum greinum sem standa í mestri samkeppni við erlendar iðnaðarvörur, en það eru sælgætisgerð, húsgagna- og innréttingasmíði, fataiðnaður, pappírsvöruiðnaður, veiðarfæraiðnaður, hreinlætisvöruiðnaður, málningariðnaður, kex- og kökugerð, raftækjaiðnaður og málm- og skipasmíði. Allar þessar greinar iðnaðar eiga í samkeppni og sumar hverjar hafa barist í bökkum. Leitast hefur verið við að athuga breytingar á framleiðsluverðmæti, vinnsluvirði og vinnuafli í þessum greinum á árabilinu 1970—1978. Framleiðslumagn þessara greina er talið hafa aukist um 69% á tímabilinu 1970—1978, á meðan iðnaðarframleiðslan í heild hefur vaxið um 60%. Framleiðsla í þeim greinum, sem í mestri samkeppni eiga, hefur því vaxið meira en iðnaðarframleiðslan. Vil ég þó með þessum samanburði engan veginn gera lítið úr þeim erfiðleikum sem einstakar greinar eiga við að glíma.

Þjóðarframleiðslan óx á sama tímabili um 48%. Aftur á móti hefur hlutdeild þessa samkeppnisiðnaðar í heildaratvinnuframboði íslensks iðnaðar lækkað úr 35.3% árið 1970 í 33.7% árið 1978 eða um 4.5%. Hér er skýringa sérstaklega að leita í verulegri fækkun starfsmanna, m. a. í húsgagnaiðnaði, pappírsiðnaði og sælgætisiðnaði. Nákvæmir útreikningar hafa ekki verið gerðir nýlega á markaðshlutdeild samkeppnisgreina iðnaðarins, en í skýrslu Þjóðhagsstofnunar, sem heitir Hagur iðnaðar og kom út í febrúar 1977, er talið að markaðshlutdeildin hafi farið minnkandi öll árin á fyrri hluta áratugarins, þ. e. 1970—1975.

Breytingar á framleiðsluverðmæti, framleiðslumagni og vinnuafli eru mjög mismunandi í einstökum greinum iðnaðar. Þær greinar, sem hafa aukið framleiðslu sína mest, hafa ekki fjölgað starfsfólki sínu í takt við framleiðslubreytingar á s. l. áratug. Nú er talið að um 17 þús. manns starfi í iðnaði, en það eru um 17% af starfandi fólki á vinnumarkaði.

Eins og áður er getið töpum við fleira fólki úr landi en hingað flyst, og margvíslegar breytingar eru fyrirsjáan-

legar í atvinnulífi sem þrengt geta að á vinnumarkaði. Líkur benda til að iðnaður þurfi að taka við a. m. k. 2500 manns til viðbótar, ef vel ætti að vera, á næstu þremur árum og um 2000—2500 manns að auki fram til ársins 1988, eða alls um 4500—5000 manns, miðað við að þátttaka kvenna í atvinnulífi haldi áfram að vaxa svo sem verið hefur. Hugsanlega gæti þörf fyrir ný störf orðið mun meiri ef veruleg aukning yrði á framleiðni í iðnaði og fækkun í einstökum greinum hans. Aukin þjónusta gæti þó vegið hér nokkuð á móti svo og að sjálfsögðu styttur vinnutími, sem er ein mikilvægasta breytingin sem verða þarf í okkar atvinnulífi.

Á undanförnum árum hefur mikið verið rætt um nauðsyn iðnþróunar og að breikka þurfi undirstöður efnahagslífsins. Stjórnvöld hófu alvarlegar tilraunir til skipulegrar stefnumótunar í iðnaðarmálum í byrjun sjöunda áratugarins, m. a. í tengslum við inngöngu Íslands í EFTA. Síðan hafa öðru hverju verið gerðar tilraunir til skipulegs átaks, svo sem með tækniaðstoð Sameinuðu þjóðanna upp úr 1970, störfum iðnþróunarnefndar 1973—1975, iðnkynningarstarfsemi á árunum 1976—1977 og margháttuðum aðgerðum hin síðustu ár. Þrátt fyrir þessa viðleitni hefur vantað samræmda iðnaðarstefnu af hálfu hins opinbera.

Í upphafi þáltill., sem hér er til umr., eru sett fram meginmarkmið sem lagt er til að Alþingi álykti að fela ríkisstj. að beita sér fyrir á sviði iðnaðar og við framkvæmd iðnaðarstefnu. Það er í fyrsta lagi að örva framleiðni í íslenskum iðnaði þannig að framleiðnistig hans verði sambærilegt við það sem gerist í helstu viðskiptalöndum og skilyrði skapist fyrir bætt lífskjör. Í öðru lagi að stuðla að hagkvæmri fjárfestingu til að fjölga störfum í iðnaði og tryggja fulla atvinnu með hliðsjón af aðstæðum í öðrum atvinnugreinum og áætlunum um fjölda fólks á vinnumarkaði. Í þriðja lagi að leggja sérstaka áherslu á að efla iðnað á þeim sviðum þar sem innlendir samkeppnisyfirburðir geta nýst til arðbærrar framleiðslu á vörum og þjónustu jafnt fyrir heimamarkað sem til útflutnings. Í fjórða lagi að bæta starfsskilyrði og að auka áhrif starfsfólks á vinnustöðum og koma í veg fyrir skaðleg áhrif af völdum iðnvæðingar á náttúru landsins og umhverfi. Og í fimmta lagi að tryggja forræði landsmanna yfir íslensku atvinnulífi og auðlindum og stuðla að æskilegri dreifingu iðnaðar og jafnvægi í þróun byggðar í landinu.

Þannig eru orðuð meginmarkmiðin í þessari þáltill. Um þessi markmið vænti ég að skapast geti víðtæk samstaða bæði hér á Alþingi og úti í þjóðlífinu. Vissulega eru þau almennt orðuð og er það með ráði gert. Frekar má vænta þess, að skoðanir greinist varðandi leiðir er vísað er til, og þó einkum er á framkvæmd reynir um einstaka þætti. Annað væri óeðlilegt.

Áður en ég drep hér á einstaka þætti, er varða aðgerðir af hálfu opinberra aðila til að ná settum markmiðum, vil ég vitna í grg. um þau meginviðhorf til iðnþróunar sem liggja að baki till., en þau eru sett fram með svofelldum hætti í 12 liðum á bls. 5—6 í þskj.:

Í fyrsta lagi, að vinna þurfi að iðnþróun með samhæfðu átaki fyrirtækja og samtaka og stofnana iðnaðarins og opinberra aðila.

Í öðru lagi, að leggja verði mikla áherslu á þróun iðnaðar á næstu árum, með sérstöku tilliti til aukins útflutnings iðnaðarvara.

Í þriðja lagi, að búa þurfi iðnaðinum hagstæð vaxtarskilyrði með því að jafna aðstöðu hans og annarra atvinnuvega. Þegar teknar eru ákvarðanir um aðalatriði efnahagsmála verði sérstaklega gætt að áhrifum þeirra á iðnaðinn.

Í fjórða lagi, að skapa þurfi þannig jarðveg fyrir iðnþróun að frumkvæði sem flestra fái notið sín við margbreytileg viðfangsefni og horft sé til sem flestra kosta, en ekki eingöngu byggt á afmörkuðum sviðum iðnaðar.

Í fimmta lagi, að lögð verði áhersla á að efla sérstaklega þær greinar og fyrirtæki sem hafa góð vaxtarskilyrði og geta veitt varanlega samkeppnisyfirburði. Iðnaður með háa framleiðni getur að jafnaði greitt góð laun og þannig valdið miklum margföldunaráhrifum á atvinnu í þjónustugreinum. Endurmeta þarf stöðu greina sem fara halloka í samkeppni, en gjalda varhug við óraunhæfri aðstoð eða verndaraðgerðum.

Í sjötta lagi að kanna sérstaklega með hvaða hætti verði unnt að nýta orkulindir landsins þannig að landsmenn haldi forræði í þeirri uppbyggingu og að hún samrýmist að öðru leyti þjóðfélagslegum markmiðum sem víðtæk samstaða getur tekist um.

Í sjöunda lagi að stuðla að aðlögun og nýsköpun í iðnaði með því að hvetja til vöruþróunar, markaðsleitar og rannsóknar- og þróunarstarfsemi í fyrirtækjum. Slíkar aðgerðir séu örvaðar m. a. með fjárhagslegri aðstoð hins opinbera, tæknilegum stuðningi frá stofnunum iðnaðarins og aðgerðum í skattamálum.

Í áttunda lagi að auðvelda iðnaðinum að takast á við stærri verkefni en hingað til og styðja sveitarfélög til að greiða fyrir iðnþróunaraðgerðum í landshlutunum, t. d. með ráðningu sérhæfðra starfsmanna og byggingu iðngarða.

Í níunda lagi að stuðla að nýsköpun í iðnaði m. a. með því, að ríkið eitt sér eða í samvinnu við aðra aðila taki þátt í stofnun meiri háttar nýiðnaðarfyrirtækja. Stjórn ríkisins á eigin atvinnurekstri þarf að samræma og gera hana markvissari. Athuga ber það form að setja eignarforræði yfir helstu fyrirtækjum í ríkiseign á eina hendi. Gera þarf auknar arðsemiskröfur til ríkisfyrirtækja og ráðstafa mætti arði af slíkum fyrirtækjum til þróunar og uppbyggingar nýiðnaðar.

Í tíunda lagi að auka áhrif starfsfólks á eigið vinnuumhverfi og efla skilning þess á daglegum viðfangsefnum og stöðu sinni í framleiðslunni. Þessi viðleitni getur stuðlað að bættum rekstrarárangri fyrirtækja og jafnframt vakið starfsfólk til umhugsunar um félagslegt inntak vinnunnar.

Í ellefta lagi að forðast að vaxandi iðnaður leiði til óæskilegrar röskunar á náttúru landsins og félagslegu umhverfi. Iðnvæðing og aukin framleiðsla má ekki verða á kostnað heilbrigðs umhverfis eða skynsamlegrar nýtingar auðlinda.

Í tólfta lagi að tryggja að breytingar á atvinnuháttum stuðli að sem bestu jafnvægi í þróun byggðar í landinu og ekki skapist misvægi sem leiði til verulegrar byggðaröskunar. Sérstaklega þarf að huga að iðnaði sem treyst geti búsetu í sveitum og smáum byggðakjörnum og aukið fjölbreytni í atvinnuframboði.

Þetta er tilvitnun í grg. með þáltill., en í sjálfri till. er á eftir upptalningu meginmarkmiða vikið að leiðum til að ná þeim markmiðum fram. Ég vil víkja að þessum leiðum nokkrum orðum til glöggvunar fyrir hv. þm. og þingnefnd sem málið fær til meðferðar.

Þar er í upphafi bent á vegvísandi áætlanir fyrir ein-

stakar iðngreinar. Slík áætlanagerð er þegar hafin og hefur verið glímt við hana fyrr á árum, en hún er brýnni nú en nokkru sinni fyrr, ekki síst til þess að bæta stöðu þeirra greina sem eiga í erfiðri samkeppni og reynsla þarf að fást á með því að bæta framleiðni þeirra, hvort eigi sér lífsvon hér til lengdar miðað við þá fríverslun sem við búum við. Dæmi um greinar, sem taka þarf slíku taki, er málmiðnaðurinn í landinu, skipasmíðaiðnaðurinn í landinu. Unnið er að verkefnum á því sviði. Margt fleira mætti nefna.

Þá er vikið að því, að áætlanir þurfi að gera um einstök verkefni í nýiðnaði, og er þá átt við meiri háttar verkefni eða nýjar greinar. Ég get tekið dæmi um eina slíka grein sem hyggja þarf mjög vel að á næstunni, en það er efling rafiðnaðar að meðtöldum rafeindaiðnaði, en eins og menn þekkja af miklu umtali um örtölvuna og áhrif hennar á atvinnurekstur má vænta mikilla breytinga vegna þess að slíkur búnaður verði tekinn í notkun. Þurfum við Íslendingar ekki aðeins að huga að nýtingarmöguleikum slíks búnaðar, heldur framleiðslumöguleikum á þessu sviði.

Sama gildir um nýiðnað sem byggt gæti á innlendum hráefnum, þ. á m. innlendum steintegundum. Þar eru athuganir í gangi sem sumar hverjar eiga sér langan aðdraganda, eins og athuganir á sjóefnavinnslu, en einnig vil ég nefna athuganir á steinullarframleiðslu og athuganir á brotajárni. Þó að það hráefni sé að vísu aðflutt til landsins liggur það hér að hluta til engum til gagns eða er flutt úr landi.

Margt fleira mætti þarna til telja, t. d. ilmenít til títanvinnslu, sem nokkrar athuganir hafa farið fram á, en huga þarf mun betur að.

Raunar er það álit sérfróðra aðila, að við getum á þessu sviði haslað okkur völl í ýmsum greinum í sambandi við svokallaða sílíkat-tækni, sem tengist m. a. sementsiðnaði og úrvinnslu úr innlendum steinefnum, þar sem við gætum í krafti okkar orkulinda gert steinefni okkar að nýtilegum varningi.

Þetta á að sjálfsögðu einnig við um orkunýtinn eða orkufrekan iðnað, sem þegar hefur verið til umræðu hér í þinginu í dag og ég ætla ekki að ræða um sérstaklega í þessu samhengi.

Varðandi meginþátt þeirra leiða, sem að er vikið í þáltill., þá er þar um að ræða ábendingar um aðgerðir af hálfu hins opinbera sem gera þurfi til þess að örva iðnþróun. Ef við lítum aðeins á þá þætti — og skal ég þó ekki staldra lengi við hvern þeirra — þá eru þar fyrst nefnd starfsskilyrði sem búa þurfi iðnaðinum hliðstætt öðrum atvinnugreinum. Það liggur fyrir og er, held ég, viðurkennt af þeim sem hlutlægt vilja líta á málin, að býsna mikið skortir á að iðnaðurinn njóti í reynd jafnræðis á við okkar góðu og hefðbundnu atvinnugreinar í ýmsum efnum. Tilfinnanlegast tel ég þetta vera á sviði aðgangs að fjármagni, ekki síst í sambandi við lán, þ. á m. rekstrar- og afurðalán. Um þetta hafa verið teknar saman upplýsingar sem sýna t. d. að ef litið er á heildarútlán innlánsstofnana til einstakra atvinnuvega sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu, þá kemur í ljós að á árunum 1970—1978 hefur hlutfall iðnaðarins í heildarútlánum innlánsstofnana hrapað niður um nær helming, eða um 2.3 prósentustig af vergri þjóðarframleiðslu, á meðan staða annarra atvinnugreina hefur ekki rýrnað neitt viðlíka, landbúnaðurinn þó lækkað úr 3% í 2.6% á þessu tímabili, en sjávarútvegurinn haldið sínum hlut með 5.9%. Þetta tek ég hér sem dæmi til skýringar á þeirri áherslu sem lögð er á að jafna aðgang þessarar mikilvægu atvinnugreinar í sambandi við fjármagn.

Þetta varðar einnig reglur sem eru í gildi hjá viðskiptabönkum varðandi vöru- og birgðalán iðnfyrirtækja. Þær reglur eru með allt öðrum hætti en reglur um útlán á landbúnaðarafurðir og fiskafurðir, þannig að fyrirtæki, sem þurfa að standa undir verulegum vörubirgðum í iðnaði, standa mun verr að vígi. Einnig vantar almennar heimildir varðandi ríkisábyrgðir í sambandi við slíka framleiðslu, ef við ætlum að gera ráð fyrir því í reynd, að hér verði veruleg iðnþróun á næstunni.

Á sviði skattamála hefur verið bent á mismunun sem er til athugunar á vegum ríkisstj. og raunar fyrirheit um að stíga þar skref til jöfnunar, t. d. í sambandi við aðstöðugjöld, þar sem iðnfyrirtækjum er ætlað að bera hærri aðstöðugjöld en fyrirtækjum í öðrum greinum.

Margt fleira er fram borið í þessu efni af talsmönnum iðnaðarins, þó að skoðanir séu skiptar um réttmæti þess í einstökum atriðum eða möguleikum á að ná fram slíkri jöfnun á skömmum tíma.

Sérstök nefnd á vegum ríkisstj. vinnur að því að greina þessa þætti, og þess er að vænta að gleggri upplýsingar liggi fyrir innan tíðar.

Þá er vikið að gengisákvörðunum og mikilvægi þess, að horft sé til hagsmuna iðnaðarins í sambandi við meiri háttar ráðstafanir í okkar efnahagslífi. Þar skiptir gengisskráningin auðvitað verulegu máli og ákvarðanir sem teknar eru í tengslum við hana. Hér er að sjálfsögðu ekki verið að gera því skóna, að iðnaðurinn geti orðið ráðandi um gengismál, hliðstætt og gerist um okkar meginútflutningsatvinnuveg, sjávarútveginn. En ef við ætlum að byggja upp iðnað í landinu og meðan hann er ekki öflugri en hann er, þá verðum við að taka ríkulegt tillit til hans í sambandi við meiri háttar efnahagsaðgerðir, ef við viljum ekki kippa stoðum undan starfandi fyrirtækjum og vaxtarmöguleikum nýrra fyrirtækja og nýrra greina.

Vikið er að nauðsyn þess að efla lánasjóði iðnaðarins. Um það mætti fara mörgum orðum, en það, sem stingur sérstaklega í augu þegar litið er til lánasjóðanna, er að útlánahlutfall þeirra er mun lægra til raunhæfrar fjárfestingar heldur en gerist í öðrum atvinnugreinum, og hefur þó ýmislegt færst til betri vegar í þeim efnum hin síðustu ár varðandi útlánagetu aðalstofnlánasjóðsins, Iðnlánasjóðs. Hér hafa orðið breytingar til bóta, en að sjálfsögðu þarf að tryggja aukið fjármagn til iðnaðar, ekki síst í gegnum sjóði iðnaðarins, því að slíkt er ein mikilvægasta forsenda iðnþróunar.

Bent er á rannsókna- og þróunarstarfsemi sem leggja þurfi mikla áherslu á í sambandi við iðnþróun. Þar hefur Rannsóknaráð ríkisins unnið mikilvægt starf á undanförnum árum. Í gildi er sérstök langtímaáætlun um rannsóknar- og þróunarstarfsemi í þágu atvinnuveganna sem fengið hefur staðfestingu Alþingis og raunar ríkisstj. líka. Þarna þurfum við að hafa sérstakt auga á iðnaðinum, því að það liggur fyrir að miðað við vinnsluvirði í iðnaði er hlutfallið — í samanburði við t. d. það sem varið er til rannsókna og þróunar í fiskvinnslu og landbúnaði — margfalt lægra, raunar nær tífalt lægra þegar litið er til iðnaðar. Það er ekki síst hlutur iðnfyrirtækjanna sjálfra sem á vantar í þessu sambandi. Því er ætlun stjórnvalda að hvetja fyrirtæki til að leggja í kostnað að þessu leyti, og í athugun er að leggja fram eða gera tillögur um skattalegar aðgerðir til þess að hvetja til slíkrar rann-

sóknar- og þróunarstarfsemi á sviði iðnaðar, sérstaklega að því er snýr að iðnfyrirtækjunum.

Þjónustustofnanir iðnaðarins eru að sjálfsögðu einn þýðingarmesti þátturinn í opinberri fyrirgreiðslu við iðnað. Þar er fyrst og fremst um að ræða Iðntæknistofnun Íslands, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og Útflutningsmiðstöð iðnaðarins. Tvær hinar fyrr töldu eru ríkisstofnanir, en að Útflutningsmiðstöð iðnaðarins eiga samtök iðnaðarins og fleiri aðild og fjármögnun er ekki með beinum hætti úr ríkissjóði lögum samkvæmt, því að Útflutningsmiðstöðin er ekki ríkisstofnun að formi til. Hlutur hennar hefur batnað verulega hin síðustu ár, en það þarf að festa hana í sessi og koma styrkari fótum undir hana fjárhagslega.

Ég vil alveg sérstaklega leggja áherslu á þýðingu þess að efla Iðntæknistofnun á næstu árum. Það eru gerðar verulegar kröfur til þessarar stofnunar sem eðlilegt er, miklu meiri en möguleikar eru á að hún geti sinnt með því fjármagni sem til hennar hefur runnið á undanförnum árum. Þarna þarf að verða á mikil breyting. Stofnunin þarf að verða þess megnug að bjóða þjónustu við flestar iðngreinar, auk þróunarverkefna, og það þarf að örva hana til að afla sér tekna og fá framlög úr ríkissjóði á móti, tekna sem komi frá starfandi fyrirtækjum, en einnig frá sjóðum iðnaðarins, og þar gæti ríkisvaldið lagt fram ákveðið hlutfall á móti.

Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins gegnir skilgreindu hlutverki lögum samkvæmt og afar þýðingarmiklu. Þarf ekki annað en að benda á þá vá sem steðjar að þeim mannvirkjum sem reist hafa verið á undanförnum árum vegna svokallaðra alkalískemmda, en þar vinnur Rannsóknastofnun nú að leiðum til úrbóta. Þetta snertir raunar allt hið stóra svið byggingariðnaðarins, þar sem leita þarf leiða til að ná niður kostnaði, annars vegar að stuðla að skynsamlegri varmanýtingu með góðri einangrun íbúðarhúsnæðis til að draga úr hitunarkostnaði og einnig varðandi byggingarefni. Í því sambandi minnist ég þáltill. um notkun léttsteypu sem komin er fram í þinginu, en ekki er til umræðu.

Um þjónustustofnanir iðnaðarins mætti tala langt mál, en ég ætla ekki að hafa þau fleiri hér. Ég vil aðeins ítreka það, að gera þarf mun betur við þessar stofnanir og gera þeim kleift að vera þjónustustofnanir í orðsins fyllstu merkingu, bjóða þjónustu við fyrirtækin og við iðngreinarnar þannig að þær verði öflugur stuðningsaðili við þá iðnþróun sem hér þarf að ná fram.

Þegar hefur verið vikið að fjármagnsfrekum nýiðnaði, þ. á m. orkufrekum iðnaði. Auk forustu framkvæmdavaldsins og stefnumörkunar af hálfu Alþingis reynir þar á margar innlendar stofnanir sem taka þurfa þátt í undirbúningi nýiðnaðarverkefna. Auk Iðntæknistofnunar, sem ég hef nefnt, hljóta að koma að því verki Orkustofnun og Framkvæmdastofnun ríkisins svo og verkfræðistofur og margir fleiri aðilar.

Það er mjög brýnt að afla sem mestrar þekkingar hér innanlands, en einnig að sjálfsögðu erlendis frá, til þess að við séum í stakk búnir til að meta með eðlilegum hætti möguleika til uppbyggingar nýrra fyrirtækja. Í því sambandi eru Norðurlöndin að mínu mati ákjósanlegur samstarfsvettvangur, bæði vegna þeirra margháttuðu viðskipta, sem við eigum við þau, og vegna möguleika á að afla fjárhagslegs stuðnings við þróunarverkefni úr samnorrænum sjóðum. Eru reyndar þegar dæmi um slíkt samstarf.

Ég hef þegar vikið að nauðsyn þess, að staðið sé skipulegar að iðnrekstri á vegum ríkisins, stjórnun og samræmingu í starfi þeirra fyrirtækja sem fyrir eru. Eins og málum er nú háttað ríkir mikil sundurvirkni á þessu sviði. Iðnfyrirtæki eru undir mörgum ráðuneytum og sáralítil — ef nokkur — tengsl eru á milli stjórna þeirra. Safnast því ekki fyrir sú reynsla, sem gæti orðið öllum til gagns ef menn bæru sig saman um verkefnin og skipuleg tengsl væru milli þessara fyrirtækja.

Minnst er á það í þessari þáltill. og grg., að til álita komi að setja slík ríkisfyrirtæki skipulagslega á eina hendi, ef svo má segja. Er þá hugsað til forms sem ríkir t. d. í Svíþjóð og raunar einnig í Finnlandi. Fyrirtæki þessi eru kölluð „statsbolag" þar í löndum og hafa verið nefnd eignarhaldsfyrirtæki á íslensku. Að sjálfsögðu þarf að athuga slík skipulagsmál vel áður en ákvarðanir eru teknar. Það er eitt af þeim verkefnum sem vinna þarf að.

Ég tel að samræming og samstarf aðila, sem standa fyrir iðnrekstri á vegum ríkisins, þurfi einnig að ná til iðnþróunar og iðnþróunarverkefna. Eins og stendur má segja að fáir aðilar hafi bolmagn til að taka myndarlega á meiri háttar þróunarverkefnum. Skortir þar bæði mannafla með reynslu til að vinna að slíkum þáttum, en einnig eru annmarkar á ráðstöfun fjármagns af ríkisins hálfu til slíkra verkefna, eins og við höfum fengið reynslu af t. d. á yfirstandandi ári, þar sem veitt var fé til nýiðnaðarverkefna samkv. lánsfjáráætlun.

Iðnþróun sem víðast um land er þáttur sem gefa þarf ríkulegan gaum og þegar er að vikið. Nú þegar liggur fyrir talsvert af byggðaáætlunum sem unnar hafa verið m. a. á vegum Framkvæmdastofnunar ríkisins. Í þeim eru sérstakar iðnþróunaráætlanir sem unnar hafa verið fyrir heila landshluta. Það þarf að vinna að því með skipulegum hætti, að slíkar áætlanir komist í framkvæmd — það úr þeim sem reynist við nánari skoðun bitastætt — og þar skiptir mjög miklu að stuðst sé við frumkvæði í landshlutunum sjálfum. Bygging iðngarða er einn þátturinn í þessum áformum. Hefur verið mótuð löggjöf um lánafyrirgreiðslu við sveitarfélög til að koma upp iðnaðarhúsnæði, og nýlega hefur verið sett reglugerð um slíka iðngarða sem einkum yrðu reistir á vegum sveitarfélaga eða iðnþróunarfélaga og sjóða sem þegar eru í mótun úti um landið. Má þar t. d. nefna Iðnþróunarsjóð Sambands sveitarfélaga á Suðurlandi. Sérstakir iðnþróunarráðunautar eru þegar í starfi eða að hefja störf úti í landshlutunum. En það er brýnt að skapa festu fyrir þá starfsemi og að ríkið tryggi eðlilegan stuðning við hana, svo að hún falli ekki niður, heldur komist á í sem flestum landshlutum.

Opinber innkaup eru einn þáttur stefnumörkunar í iðnaðarmálum sem mikið er til umræðu. Liggja þegar fyrir ýmsar tillögur og ábendingar um hvernig að slíkum málum skuli unnið. Ég vænti þess, að áður en langt um líður verði hægt að leggja fram skilmerkilegar tillögur um það, hvernig standa megi að slíkri opinberri innkaupastefnu iðnaðinum að gagni svo og viðskiptavinum innanlands, því að hér þarf að vera um gagnkvæma hagsmuni að ræða.

Þetta mál varðar iðnþróun í víðum skilningi, því að með því að efla heimamarkaðinn með opinberri innkaupastefnu fær iðnaðurinn að sjálfsögðu sterkari bakhjarl sem einnig getur skapað möguleika á útflutningi, þó síðar verði. Í tengslum við þetta þarf að gæta þess að koma hönnun og undirbúningi verka sem mest á hendur

innlendra aðila til að nýta og efla verkþekkingu hér innanlands. Þetta tengist raunar þörfinni á að móta hér starfsemi um stuðning við innlenda verktaka sem ábendingu er að finna um undir 19. lið í þessari þáltill.

Staða samkeppnisiðnaðar okkar hvað varðar aðflutningsgjöld skiptir verulegu máli. Þar hefur talsvert verið að gert — og raunar mikið, svo sem réttmætt er — til þess að létta aðflutningsgjöldum af þeim greinum sem eiga í harðri samkeppni við innflutning. Þessi mál hafa verið í greiningu á yfirstandandi ári og þegar hafa verið stigin skref í framhaldi af henni. En það þarf sem fyrst að ganga lengra og létta af samkeppnisiðnaðinum, þeim iðnaði sem í reynd á í verulegri samkeppni við innflutning, aðflutningsgjöldum, þannig að þau verði honum ekki til íþyngingar.

Þarna þarf vissulega að vera um að ræða stöðugt endurmat, því að inn á svið koma nýjar greinar sem flokkast mega undir samkeppnisiðnað. Slíkt verður vissulega alltaf matsatriði. Ég get nefnt eina slíka grein sem ekki hefur öðlast þann þegnrétt að teljast samkeppnisiðnaður þó að óskir séu uppi um það, en það er byggingariðnaðurinn í landinu.

Ein leið til að ná þeim markmiðum, sem stefnt skuli að, er m. a. ábending um eiginfjármyndun fyrirtækja. Ég held að það sé mjög mikilsvert atriði í uppbyggingu iðnaðar, eins og raunar atvinnustarfsemi almennt í landinu, að takast megi að koma eiginfjármyndun fyrirtækja í viðunandi horf. Allt of víða hefur hún verið of veik og fyrirtækin því staðið höllum fæti. Myndarlegt spor til leiðréttingar á þessu sviði var stigið með nýjum skattalögum sem eiga að auðvelda fyrirtækjum að koma undir sig fótum með eðlilegum hætti að þessu leyti. Það er eðlilegt að á þessa nýju löggjöf verði látið reyna og málin verði endurmetin í framhaldi af þeirri reynslu sem af henni fæst á næstu árum.

Ég vil víkja nokkrum orðum að því sem snýr að réttindum og ábyrgð starfsmanna, en það eru málefni sem snúa auðvitað að öllum atvinnuvegum í landinu og þá ekki síst að iðnaðinum. Þau varða samtök starfsmanna, verkalýðshreyfinguna í landinu, en þau varða einnig þá sem fyrir fyrirtækjunum standa. Ég tel að hér þurfi að þróast rekstrarform, gjarnan með fjölbreytilegum hætti, þar sem hlutdeild starfsmanna verði aukin. Þetta gildir um ríkisrekstur, samvinnufélög og sameignarfélög, en einnig um einkarekstur og blönduð rekstrarform. Hér reynir á frumkvæði og áhuga verkalýðshreyfingarinnar og starfsmannafélaga vilji menn í reynd sækja fram á þessu sviði. En ég tel að það sé kannske einn af mikilvægustu þáttum í lýðræðisátt í landinu, að áhrif starfsmanna verði í reynd virkari í atvinnulífinu. Þarna er um margháttaða reynslu að ræða erlendis, í Vestur-Evrópulöndum, á Norðurlöndum og víðar, sem rétt er að horfa til þegar unnið er að stefnumótun á þessu sviði, en frumkvæðið verður hér fyrst og fremst að koma neðan að, þó að eðlilegt sé að ríkið sjálft veiti starfsmönnum sínum eðlilega hlutdeild í stjórn fyrirtækja á sínum snærum.

Fyrir iðnþróun í landinu skiptir afar miklu máli að fræðslumál, sem snerta iðnaðinn, færist í annað og betra horf en nú er. Mikið hefur verið talað um það á undanförnum árum, að efla þurfi verkmenntun í landinu. En miklu minna hefur gerst á þessu sviði en skyldi. Því er það eitt af þýðingarmestu atriðum opinberrar iðnaðarstefnu að treysta verkmenntun, bæði verkmenntun innan skólakerfisins og ekki síður fræðslustarfsemi innan starfandi fyrirtækja. Í þessu sambandi þyrfti vinnumarkaðurinn að verða sveigjanlegri og opnari en nú er, þannig að menn geti með auðveldari hætti tileinkað sér nýja þekkingu og færst á milli starfsgreina. Rígskorðuð hólfun innan fagsamtaka og faggreina er ekki það sem koma skal að mínu mati, þar þarf frekar að vinda ofan af heldur en í hina áttina. Ávöxtur tækniframfara þarf að ná til sem flestra. Margir horfa með nokkrum kvíða en einnig von til örtölvualdarinnar umtöluðu sem geti fært okkur styttan vinnutíma. Sumir kvíða því, að ef ekki sé rétt á málum haldið geti hún leitt af sér fjöldaatvinnuleysi. Á þessu þarf að ná skipulegum tökum sem varða ekki síst fræðslustarf í þessum efnum, en að sjálfsögðu einnig að deila þeim verkum, sem til falla í þjóðfélaginu, á sem flestra hendur jafnhliða styttum vinnutíma.

Ég gat þess áður í ræðu minni, að upplýsingar um stöðu iðnaðar væru allt of fátæklegar og ekki nógu nýlegar. Þannig höfum við ekki fyrirliggjandi nýrri upplýsingar um hlut einstakra iðngreina í innanlandsmarkaði okkar en frá árinu 1977. Það nær auðvitað engri átt að búa þannig um hnútana, og skiptir mjög miklu að hagrannsóknir og upplýsingasöfnun varðandi iðnaðinn í landinu, einstakar greinar hans og þróun innan fyrirtækja, liggi fyrir sem næst nútíðinni svo að hægt sé með hliðsjón af slíkum upplýsingum að meta árangur af þróunar- og endurbótastarfi innan fyrirtækjanna.

Í lok þeirra leiða, sem vikið er að í þáltill., er nefnt starfsumhverfi, nauðsyn mengunarvarna og umhverfisverndar. Verulegar lagabætur hafa fengist fram að undanförnu í þessu sambandi. En það þarf meira en bókstafinn einan, það þarf að tryggja framkvæmd þessara laga. Skiptir miklu að þeir aðilar, sem að þessu eiga að vinna, heilbrigðisyfirvöld og stofnanir á þeirra vegum, eins og Heilbrigðiseftirlit ríkisins, hafi tök á að tryggja framkvæmd þessara mála. Sama gildir um aðila eins og Náttúruverndarráð, sem einnig sinnir þessum málum. Vissulega hefur mikið áunnist í vissum greinum varðandi starfsumhverfi, ekki síst þegar litið er til fiskvinnslufyrirtækja í landinu. En innan margra iðnfyrirtækja okkar er ástandið á þessu sviði enn með öllu óviðunandi. Gildir það einnig um ytra umhverfi og mengun frá fyrirtækjum, þ. á m. fiskimjölsverksmiðjum í landinu. Ríkið sjálft þarf að taka sig á í sambandi við fyrirtæki á sínum vegum að þessu leyti og ganga fram með góðu fordæmi. Það er mjög brýnt að samræma tök stjórnkerfisins á þessum þáttum og færa helst viðkomandi málaflokka saman á einn stað innan stjórnkerfisins.

Herra forseti. Íslensk stjórnvöld vinna nú að því í samvinnu við hagsmunaaðila að móta stefnu í atvinnumálum og um stuðning af opinberri hálfu við æskilega þróun. Við teljum okkur eiga þar margra kosta völ og stöndum þannig að ýmsu leyti betur að vígi en rótgrónar iðnaðarþjóðir Vesturlanda, sem eru á leið niður í dýpsta öldudal eftirstríðsáranna í efnahagslegu tilliti, með sáralítinn hagvöxt, vaxandi verðbólgu og atvinnuleysingja sem skipta tugum milljóna. Vissulega förum við Íslendingar ekki varhluta af þessari alþjóðlegu kreppu, hún á drjúgan þátt í þeim efnahagserfiðleikum sem blasað hafa við þjóðinni síðustu mánuði og misseri. Það skiptir afar miklu máli að við beitum endurnýjunarhæfni og nýsköpunarmætti, sem til staðar er í íslenskum auðlindum og atvinnulífi, til að vinna okkur út úr erfiðleikunum í bráð og treysta lífskjör og hagsæld í landinu til lengri tíma

litið. Við undirbúning þessa starfs og stefnumótun í atvinnulífinu þurfum við að hafa sýn til þróunar efnahagsmála í umheiminum, ekki aðeins í grónum iðnríkjum, heldur engu síður í þeim ríkjum þriðja heimsins, sem nú sækja fram með iðnvæðingu, þótt við ramman reip sé að draga hjá mörgum þeirra, þar sem m. a. er við hið alþjóðlega auðhringaveldi að fást. Sókn þeirra þjóða, sem brutust undan nýlenduáþján við lok síðustu heimsstyrjaldar og síðar inn á svið iðnvæðingar, og kröfur þeirra um sanngjarna hlutdeild í gæðum jarðar og heimsviðskiptum hlýtur að kalla á miklar sviptingar í efnahagslífi og gerir m. a. vart við sig í gjörbreyttum samkeppnisaðstæðum og erfiðleikum í mörgum greinum iðnaðar, eins og fjölmörg dæmi blasa við um í nágrannalöndum okkar á Norðurlöndum og í Vestur-Evrópu og raunar einnig hérlendis. Þar nægir að nefna trefja- og fataiðnað, sem hefur raunar rétt sig furðanlega af hér, skógerð og skinnaiðnað.

Annar stórfelldur breytingavaldur, en að nokkru af sömu rót runninn, þ. e. undanhaldi gömlu nýlendustefnunnar, er stökkið í orkuverði á síðustu sjö árum. Við þetta bætast félagslegar kröfur og aukið vald verkalýðshreyfingar víða um lönd.

Allir þessir þættir og fleiri ótaldir gera það brýnna en ella að hver þjóð hugi sem best að hagkvæmustu þróunarkostum og þeim bakhjarli sem hún á í auðlindum, þekkingu og hugviti. Vaxandi tilhneiging til að draga úr frjálsræði í alþjóðaviðskiptum og hverfa á ný inn fyrir tollmúra og taka upp verndaraðgerðir talar sínu máli um þá óvissu og togstreitu sem einkennir efnahagsmál samtímans. Er því eðlilegt að þjóðir hyggi grannt að öryggi sínu varðandi undirstöðuþætti efnahagsstarfsemi í hverju landi, m. a. á sviði orkumála, og vilji greiða nokkuð fyrir að draga úr óvissu og líkum á stóráföllum. Að því hljótum við Íslendingar sem eyþjóð einnig að hyggja.

Við framkvæmd þeirrar iðnaðarstefnu, sem hér er mælt fyrir, er að mörgu að hyggja eins og hér hefur verið bent á. Þar skiptir forysta af opinberri hálfu miklu máli, en hér er hvorki mælt með ofstjórn né einhliða ríkisforsjá fyrir atvinnulífið. Þvert á móti skiptir miklu að virkja krafta og frumkvæði sem flestra, ekki síst starfsfólksins sjálfs á hverjum vinnustað. Skortur á samhæfingu á störfum og stefnu hinna fjölmörgu aðila, sem í reynd hafa áhrif á gang mála, er sá þáttur sem öðrum fremur hefur staðið í vegi fyrir æskilegri þróun iðnaðar. Í fámennu og tiltölulega fjármagnsvana þjóðfélagi ber brýna nauðsyn til sameiginlegs átaks margra aðila til að koma umbótum í framkvæmd. Á sviði iðnþróunar hefur vöntun á stefnumörkun haft í för með sér sundurvirkni í störfum opinberra stofnana sem iðnaðinum þjóna, lánasjóða iðnaðarins og samtaka hans, með þeim afleiðingum að ekki hefur tekist að koma ýmsum nauðsynjamálum fram.

Að fenginni afstöðu Alþingis til þeirra stefnumiða, sem sett eru fram í þessari þáltill., þurfa stjórnvöld og samtök iðnaðarins og aðrir aðilar, er málið varðar, að samstilla krafta sína og hrinda þeim aðgerðum í framkvæmd sem till. felur í sér, m. a. með breytingu á löggjöf, aðgerðum innan iðngreina og í einstökum fyrirtækjum. Sú reynsla, sem fengist hefur af starfi samstarfsnefndar um iðnþróun til þessa, bendir til að þar sé æskilegt samstarfsform til að tengja þá aðila sem láta sig málefni iðnaðarins varða. Í framhaldi af mótun iðnaðarstefnu skiptir miklu að skapa sem víðtækasta samstöðu um framkvæmd hennar og tryggja að einstök mál verði farsællega til lykta leidd. Iðnrn. mun beita sér fyrir framgangi iðnaðarmálefna innan stjórnkerfisins og nýta þar m. a. þann samráðsvettvang sem ég nefndi áðan innan samstarfsnefndar um iðnþróun.

Herra forseti. Ég treysti því, að meðferð þessa máls hér og umræða um það innan þingsins og afgreiðsla þingsins á þessari iðnaðarstefnu verði til farsældar fyrir atvinnulíf í landinu, verði til þess að tekið verði með skilmerkilegri hætti á málefnum þessa þýðingarmikla atvinnuvegar. Við þá málsmeðferð þarf að hafa auga á öðru atvinnulífi í landinu þannig að við stillum saman okkar bjargræðisvegi.

Ég legg til að að umr. þessari lokinni verði málinu vísað til hv. atvmn.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns taka það fram, að ég fagna framkominni þáltill. á þskj. 93. *Þrátt fyrir þær umræður, sem áttu sér stað fyrr á* þessum fundi um þingsköp, tel ég það þakkarvert þegar hér á hv. Alþ.gefst tækifæri til þess að ræða um iðnaðarmál, um iðnþróun. Það kann að sjálfsögðu að þykja skringilegt þegar ríkisstj. biður Alþingi að fela ríkisstj. að fylgja ákveðinni stefnu í iðnaðarmálum, en slík stefnumótun gefur okkur samt sem áður tækifæri til að ræða þessi mál og það ber auðvitað að virða.

Ég get þó ekki orða bundist um það, að mér finnst óvenju hratt vera farið með þetta mál í gegnum þingið, ekki síst þegar tekið er tillit til þess, að á undan þessu máli á dagskrá þessa fundar eru mál, sem jafnvel eru enn brýnni en þessi stefnumótun, mál eins og landbúnaðarmálin annars vegar og vegamálin hins vegar, hvort tveggja mál sem hafa verulega þýðingu fyrir hv. Alþingi á þessu ári, því að í þeim er að finna ákvæði sem snerta fjárútlát og þurfa að koma til kasta m. a. fjvn. áður en fjárlög fyrir næsta ár verða afgreidd.

Mér finnst þó áhugi hæstv. ráðh. vera áhugaverður í þessum efnum og um leið þakkarverður. Ég mun ekki í þessari ræðu minni ræða till. í smáatriðum efnislega. Mér gefst kostur á því að kanna þetta mál rækilega í n. þar sem ég á sæti, í hv. atvmn. Sþ.

Við höfum, nokkrir þm. Sjálfstæðisfl., lagt fram brtt. við till. til þál. um iðnaðarstefnu. Þær brtt. er að finna á þskj. 187. Þessir þm. eru auk mín þeir Jósef H. Þorgeirsson, Matthías Á. Mathiesen, Þorvaldur Garðar Kristjánsson og Pétur Sigurðsson. Áður en ég lýsi þeim till. sem koma fram á þessu þskj., vil ég þó gefa nokkrar skýringar á því, hvers vegna við flytjum tillögurnar.

Á landsfundi Sjálfstæðisfl. 1979 var samþykkt ítarleg ályktun um stefnumótun í iðnaði. Þar var vakin athygli á þeim tímamótum sem íslenskur iðnaður stendur nú á, en um næstu áramót falla niður að fullu tollar á innfluttum samkeppnisvörum. Eftir það býr iðnaðurinn við opna alþjóðlega samkeppni eins og sjávarútvegur hefur lengi gert. Þá var í ályktuninni bent á hinar breyttu aðstæður sem óvissan í orkumálum heimsins og vaxandi iðnvæðing þróunarlandanna hafa skapað. Loks var í ályktuninni lögð áhersla á þá þróun, að iðnaðurinn taki í vaxandi mæli við því hlutverki að vera vaxtarbroddur atvinnulífsins og undirstaða batnandi lífskjara. Á grundvelli þessa var ályktað að keppa bæri að eftirfarandi markmiðum í iðnaðarmálum:

1) Að iðnaðurinn njóti jafnrar aðstöðu og starfsskilyrða á öllum sviðum og sjávarútvegur og erlend iðn-

fyrirtæki sem iðnaðurinn keppir við.

2) Að sköpuð verði nauðsynleg almenn skilyrði til þess að einkarekstur og einstaklingsframtak geti þrifist hér á landi.

3) Að gerðar verði sérstakar ráðstafanir til þess að auðvelda einkaframtakinu að fara inn á nýjar brautir, bæði starfandi fyrirtækjum og nýjum.

4) Að stefnt verði að skipulagningu raforkuvinnslu og orkufreks iðnaðar með forgöngu ríkisins en með aukinni þátttöku einkaaðila í iðnaði. Gengið verði til samstarfs við erlenda aðila eftir því sem hagkvæmt er á hverjum tíma, en stefnt að virkari þátttöku innlendra aðila.

5) Undirbúningur verði hafinn að innlendri eldsneytisframleiðslu með raforku með því að reisa tilraunaverksmiðju.

Samstarfsnefnd um iðnþróun sem skilaði áliti vorið 1979, kemst í aðalatriðum að sömu niðurstöðu varðandi forsendur iðnþróunar, eins og sést á fskj. þáltill. Telur samstarfsnefndin það grundvallaratriði iðnþróunar að komið verði á jafnræði með iðnaði og sjávarútvegi til að skapa vaxtarforsendur fyrir iðnað. Þá er samstarfsnefndin þeirrar skoðunar, að ekki verði unnt að veita vaxandi fjölda ungs fólks á vinnumarkaði góða atvinnumöguleika nema lögð verði mikil áhersla á eflingu arðvænlegs iðnaðar með góða möguleika á vaxandi framleiðni á allra næstu árum. Samstarfsnefndin telur einnig að gera þurfi á raunsæjan hátt ráð fyrir hlut orkufreks iðnaðar í uppbyggingu atvinnulífsins í landinu.

Þáltill. hæstv. ríkisstj. byggir í meginatriðum á áliti samstarfsnefndarinnar sem, eins og að framan er lýst, fellur í flestum atriðum ágætlega að ályktun landsfundar Sjálfstfl. Sjálfstæðismenn ættu því að geta stutt tillöguna.

Við teljum samt, flutningsmenn brtt., ástæðu til að gera vissar breytingar á þáltill. Mun ég nú skýra þær í einstökum atriðum.

Á þskj. 187 er að finna átta brtt. Sú fyrsta er á þá leið, að í kaflanum um markmið komi, með leyfi forseta:

„Nýr liður verði nr. 1 og hljóði þannig: Að byggja iðnþróun á grundvelli frjáls framtaks einstaklinga og samtaka þeirra og örva þessa aðila til nýrra átaka á sviði nýjunga í framleiðslu.“

Í sambandi við þessa till. er rétt að taka það fram, að okkur þykir ástæða til að undirstrika þetta grundvallarmarkmið iðnaðarstefnu, sem fylgja ber að okkar áliti og hefur reyndar stuðning í skýrslunni frá samstarfsnefnd um iðnað.

2. tölul. í brtt. okkar á þskj. 187 er á þessa leið, með leyfi forseta:

„Liður 1 verði nr. 2, liður 2 verði nr. 3, liður 3 verði nr. 4 og síðan komi nýr liður nr. 5:

Að nýta sem best þá möguleika til iðnaðarframleiðslu, sem felast í innlendum orkulindum, m. a. með hraðri uppbyggingu orkufreks iðnaðar í samvinnu við erlenda aðila eftir því sem hagkvæmt er á hverjum tíma. Liður 4 verði liður nr. 6 og liður 5 nr. 7.“

Þetta eru þær till. sem við flytjum um markmiðin. Við viljum með þessu tryggja að það komi fram í markmiðum iðnaðarstefnu hvernig best verði staðið að nýtingu innlendra orkulinda, raforku og jarðvarma. Til þess verði m. a. hraðað uppbyggingu orkufreks iðnaðar í samvinnu við erlenda aðila eftir því sem hagkvæmt er á hverjum tíma. Eðlilegt er og sjálfsagt að nýting þessara auðlinda verði snar þáttur í iðnþróun næstu áratuga.

Í sambandi við þetta mál er rétt að benda á það, sem reyndar hefur komið fram í umræðum á hv. Alþingi fyrr, að lítið hefur áunnist í því að efna til úrvinnslu iðnaðar á þeim sviðum sem stóriðja er rekin hér á landi. Enn fremur hefur lítið verið kannað hvernig hægt er að samnýta t. d. hafnir, veitukerfi o. fl. fyrir stóriðjuna annars vegar og annan iðnað hins vegar, sem gæti notið stuðnings af stóriðjunni með slíkri samnýtingu. Enn fremur hefur lítill gaumur verið gefinn þeim tækifærum sem kynnu að leynast í hugsanlegum samningum við erlenda aðila um að hingað til lands komi tækni með sérmenntuðum mönnum sem við gætum haft gagn af í iðnþróunarmálum.

Fyrr á þessum fundi í dag urðu umræður um stóriðjustefnu sjálfstæðismanna. Í þeim umræðum tók hæstv. iðnrh. til máls um stefnu sjálfstæðismanna og hafði þá flest á hornum sér. Ég tel að ástæðan fyrir því hafi fyrst og fremst verið sú, að á nýafstöðnu Alþýðubandalagsþingi kom mikil gagnrýni fram á hæstv. ráðh., m. a. frá kjósendum hans á Austurlandi sem hafa þá skoðun að stóriðja geti verið framtíðarlausn að hluta fyrir þann landshluta. Það kom enn fremur fram í ræðu hæstv. ráðh. um stóriðjumálin, sem þessi þáltill. fjallar jafnframt um, að hann talaði eins og barn um þau mál og sérstaklega um virkjunarkostinn. Hann sagði í sinni ræðu að líkast til væri sá virkjunarkostur æskilegastur, ef skilja mátti orð hans eins og þau voru sögð, að loka Straumsvíkurverksmiðjunni. Þetta er lausnarorð hæstv. iðnrh. á þeim vanda sem er uppi í orkumálum þjóðarinnar. Í framhaldi af þessum ummælum sínum fór hæstv. iðnrh. út á hála braut. Hann ræddi í ræðu sinni um áhrif erlendra auðhringa á stjórnmálamenn hér á landi án þess að gefa nokkrar viðhlítandi skýringar á því, hvað hann ætti við. Slíkur málflutningur er auðvitað hæstv. ráðh. til háborinnar skammar, og er þá alveg sama í hvers konar dulargervi hann reynir að koma slíkum málflutningi.

Hæstv. ráðh. hefur hælt sér af því að hafa lagt niður stóriðjunefnd svokallaða. Um þetta var leiðari í Þjóðviljanum í janúar 1979 þar sem svo segir, með leyfi forseta:

„Hjörleifur Guttormsson iðnrh. hefur á síðustu vikum og mánuðum tekið hressilega til í ráðuneyti sínu.“ — Ég skýt því inn að það var eftir núv. forsrh. — „Það heyrir til tíðinda þegar ráðh. tilkynnir á einu bretti að hann hafi lagt niður tólf nefndir á vegum ráðuneytis síns og leyst frá störfum 72 nefndarmenn og ritara. Öðrum þræði er þessi tiltekt skýr vottur um stefnubreytingu í iðnrn. og að hinu leytinu er um að ræða verkalok nefnda eða tilgangsleysi þeirra við breyttar aðstæður. Í samræmi við samstarfsyfirlýsingu stjórnarflokkanna hefur t. d. viðræðunefnd um orkufrekan iðnað verið lögð niður. Með þeirri ráðstöfun er lögð áhersla á að engin áform eru uppi um það að efna til frekara samstarfs við erlenda auðhringa um stóriðju á Íslandi í náinni framtíð. Það virðist einnig vera heillavænlegra sjónarmið, að iðnrn. sjálft annist könnun á öllum hugmyndum um orkufrekan iðnað á Íslandi og skipi til þess starfs nefndir í hverju einstöku tilfelli í stað þess að loka slík mál inni í fastanefnd. Hættan er sú, að atorkusamir umboðsmenn erlendra auðhringa reyni að finna sér bakdyraleið að íslenskum orkulindum með símötun slíkrar nefndar á gylliboðum.“

Meira les ég ekki úr þessum leiðara Þjóðviljans frá 3. jan. 1979.

Núv. hæstv. forsrh., sem var iðnrh. áður en núv. hæstv. iðnrh. tók við þeirri stöðu, skrifaði um þetta grein í

Morgunblaðið 10. jan. 1979 undir heitinu: „Áramótaskaup iðnaðarráðherrans." Þar sagði hann í upphafi, með leyfi forseta:

„Margt er sér til gamans gert um áramót. Hjörleifur iðnaðarráðherra Guttormsson gerði sér afrekaskrá og kom á framfæri við fjölmiðla. Fréttamenn fögnuðu skrá þessari, enda eru íþróttafréttir vinsælar og hafa forgang í fjölmiðlum. Það hlaut að teljast til meiri háttar tíðinda í íþróttaheiminum, að einn maður hefði í einni lotu lagt að velli tólf nefndir með sex tylftir manna innanborðs. Hefur margur orðið frægur af minna tilefni."

Hér lýkur þessari tilvitnun í hæstv. forsrh. sem jafnframt er fyrrv. iðnrh.

Það kemur fram og á það var lögð sérstök áhersla í Þjóðviljanum, að hæstv. iðnrh. hefði lagt niður stóriðjunefndina. En hver setti nú þessa stóriðjunefnd á stofn? Ja, líkast til var það íhaldið. Eða voru það kannske kratarnir? Nei, svarið er að það var Magnús Kjartansson sem setti þessa nefnd á laggirnar í sept. 1971. Þessi nefnd hafði lokið störfum og hæstv. iðnrh. lagði hana niður. Þjóðviljinn tók málið upp og sagði að nú yrði heldur betur stefnubreyting, því nú ættu erlendir auðhringir ekki aðgang að íslenskum stjórnmálamönnum. Og það er nákvæmlega þessi sami málflutningur sem enn þá heyrist hér á hv. Alþingi í ræðum hæstv. iðnrh. Þó er hann búinn að sitja í rn. þennan tíma. Sumir virðast læra seint.

En hvert var hæstv. ráðh. að skjóta sínum skotum hér áðan — fyrr á fundinum, þegar hann talaði um áhrif erlendra auðhringa á íslenska stjórnmálamenn? Ég er hér mér bréf sem er dagsett 21. maí 1974. Það er á hausi iðnrn., merkt I/152, og er stílað til herra Malone, Vicepresident, Union Carbide Corporation, og hefst á þessum orðum: „Kæri herra Malone."

Í þessu bréfi er fjallað um jákvæðar undirtektir undir stóriðjuhugmyndir Union Carbide hér á landi. Og þar segir m. a. í lauslegri þýðingu:

„Fyrst og fremst vil ég staðfesta að ríkisstjórnin og ég erum þeirrar skoðunar, að skilyrðin, sem samið var um, séu aðgengileg fyrir okkur í öllum aðalatriðum. Og við höfðum og höfum enn mikinn áhuga á því að koma stóriðjunni á sem allra fyrst.

Yðar einlægur."

Og hver haldið þið nú að skrifi undir þetta bréf? Einhver íhaldsráðherrann? Einhver kratarráðherrann? — Nei, undir þetta bréf skrifar fyrrv. iðnrh. Magnús Kjartansson.

Getur það virkilega verið, að hæstv. núv. iðnrh. komi hér í ræðustól á hv. Alþingi og sendi flokksbróður sínum þetta skeyti með þessum hætti? A. m. k. á meðan hann talar ekki á skýrara mannamáli en hann gerir hér í ræðustól verður málflutningur hans skilinn með þeim hætti. Ég vænti þess, að hæstv. ráðh. sjái að sér, hann tali ekki í slíkum hálfkveðnum vísum. En þurfi hann að vara íslensku þjóðina við einhverjum íslenskum stjórnmálamönnum, þá á hann að tala hreint út. Til þess er ætlast af honum.

Við flytjum átta brtt. við leiðirnar sem nefndar eru á 1. bls. í till. til þál. á þskj. 93. Með 1. till. er vakin athygli á þeim vanda sem við blasir þegar lög um jöfnunargjald og aðlögunargjald falla úr gildi í árslok 1980. Hin afar óheppilegu uppsöfnunaráhrif söluskattsins munu þá á ný verka óheft og óbætt. Með síðustu hækkun ríkisstj. á söluskatti hefur vandinn enn vaxið. Virðisaukaskattur virðist eina lausnin sem haldbær er til lengdar. En til þess að hann geti tekið gildi í ársbyrjun 1981 þarf að hefja undirbúning nú þegar. Reyndar er það orðið of seint. En í stjórnarsáttmála hæstv. ríkisstj. er lofað að kanna og athuga þetta mál, og vissulega væri fengur að því, ef hæstv. iðnrh. vildi vera svo góður — þegar hann tekur aftur til máls í þessari umræðu — að skýra frá hvernig það starf gengur. Samræmd álagning aðstöðugjalds og launaskatts á alla framleiðslustarfsemi í landinu er mikilvæg forsenda fyrir því jafnræði með atvinnuvegum sem stefnt er að í þessari þáltill. Sömu sögu er að segja um endurkaup rekstrarlána.

Með 2. brtt. á þskj. 187 er viðbót þar sem lögð er áhersla á mikilvægi þess, að takmörkuðu fjármagni til fjárfestingar sé varið á þann hátt, að ekki komi til skerðingar lífskjara, en slíkt er óhjákvæmilega afleiðingin ef arðsemi fjárfestingar, sem fé er veitt til, er ekki höfð að leiðarljósi. Þetta á jafnframt stuðning í skýrslunni sem samstarfsnefndin um iðnþróun gaf út á sínum tíma og er fskj. með till. hæstv. ríkisstj.

Með 3. brtt. er lögð áhersla á að fleiri aðilar en ríkisvaldið taki þátt í uppbyggingu fjármagnsfreks nýiðnaðar. Auk þess felur viðbótartillagan í sér þann skilning, að þegar sagt er: „lúti íslenskum yfirráðum", sé átt við lögsögu. Þessi viðbót er í samræmi við þá stefnu sem fram kemur í þáltill. Sjálfstfl. um stefnumótun í stóriðjumálum og telja verður að þingmeirihluti sé fyrir, eins og kom fram í umræðum fyrr á þessum fundi.

4. brtt. þarfnast ekki skýringa. Þetta ákvæði var í textanum síðast þegar þáltill. hæstv. ríkisstj. var lögð fram — og þá í nafni hæstv. iðnrh. eins — en hefur fallið út af einhverjum ástæðum síðan. Sama má segja um 5. brtt., hún þarfnast ekki skýringar.

Með 6. brtt. við leiðirnar í þáltill. hæstv. ríkisstj. er greininni breytt í það horf sem áður var og er í þeim anda sem iðnaðarskýrslan er skrifuð í.

Um 7. brtt. vil ég segja þetta: Á sama tíma og hæstv. iðnrh. stendur að till. um eflingu fjárfestingar í iðnaði, m. a. með ráðstöfunum í skattamálum, hefur hann staðið að álagningu nýbyggingargjalds sem beinlínis hefur þann tilgang að draga úr fjárfestingu í atvinnuhúsnæði. Lagt er til að það verði fellt niður þegar í stað eða verði a. m. k. ekki endurnýjað um næstu áramót. Jafnframt má benda á að flestir fjárfestingarlánasjóðir, þ. á m. Iðnlánasjóður og Iðnþróunarsjóður, veita nú einungis fullverðtryggð eða gengistryggð lán, og það stuðlar að því, að fjármagn rennur til arðvænlegra verkefna í iðnaði.

Varðandi 8. brtt. eru flm. þeirrar skoðunar, að hér eftir sem hingað til eigi almenn iðnþróun að byggjast fyrst og fremst á framtaki einstaklinganna. Þeim og samtökum þeirra verði sköpuð nauðsynleg almenn skilyrði til nýrra átaka á þessu sviði. Við erum jafnframt andvígir mismunun milli rekstrarforma. Jafnræði á að ríkja og sömu reglur og sami aðbúnaður á að gilda um hin margvíslegu félags- og rekstrarform einstaklinga. Þá eru flm. brtt. sammála þeirri skoðun samstarfsnefndar um iðnþróun, að samtök iðnaðarins, bæði atvinnurekendur og launafólk, verði hvött til að taka upp umræður um aðild starfsmanna að rekstrarábyrgð og hlutdeild í afkomu fyrirtækja í þeim tilgangi að efla efnahagslegt lýðræði í atvinnurekstri og bæta árangur við framleiðslu.

Ég hef nú lýst brtt. okkar nokkurra sjálfstæðismanna sem við höfum flutt á þskj. 187. Ég sagðist ekki mundu

fjalla um einstök atriði í till. hæstv. ríkisstj., en vil þó gera undantekningu um tvo liði.

Í fyrsta lagi vil ég nefna 8. tölulið í leiðunum, en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórn á iðnrekstri ríkisins verði samræmd og gerð markvissari með tilliti til iðnþróunar. Þannig verði skipulagslegt forræði slíks iðnaðar í höndum aðila er hafi fjárhagslegt bolmagn til að undirbúa og standa fyrir arðvænlegum nýiðnaðarverkefnum."

Það getur verið dálítið erfitt að átta sig á hvað þetta þýðir nákvæmlega. En hæstv. ráðh. fór nokkrum orðum um þennan tölulið í framsöguræðu sinni áðan og minntist í því sambandi á eignarhaldsfyrirtæki „holding company" eða „„statsbolag", sem hann nefndi svo úr sænskri tungu. Að okkar áliti þýðir þessi grein ekkert annað en það sem samstarfsnefndin um iðnþróun er að segja í kaflanum um stofnun nýiðnaðarfyrirtækja á bls. 171 í grænu bókinni, sem er fskj. með þáltill. Þar segir, með leyfi forseta:

„Samstarfsnefndin leggur áherslu á nauðsyn þess, að greiðari aðgangur fáist að lánsfé til fjárfestinga í iðnaði og hærra hlutfall verði lánað en verið hefur, enda réttlæti arðsemi fjárfestingarinnar lánið. Verði þannig unnt að virkja frumkvæði einkaaðila og fyrirtækja til fjárfestingar í myndarlegum nýiðnaðartækifærum. Það er skoðun samstarfsnefndarinnar, að frumkvæði eða a. m. k. hlutdeild ríkisins verði óhjákvæmileg í stofnun margra stærri nýiðnaðarfyrirtækja. Sýnist nefndinni nauðsynlegt að tekið sé gagngert á því máli með einhverjum hætti. Til álita gæti komið að setja allan iðnrekstur á vegum ríkisins undir eitt eignarhaldsfyrirtæki (holding company), sem m. a. hafi það markmið að fara með hlutverk hins raunverulega eiganda gagnvart fyrirtækjum sem ríkið á aðild að. Þannig fáist eðlilegt eftirlit með rekstrinum og þess gætt, að hann sé í samræmi við eðlilegar arðsemiskröfur og að ákvarðanir eigandans séu teknar með skjótum hætti og verði ekki pólitískt bitbein milli ráðuneyta. Pólitískar ákvarðanir, sem hafa í för með sér skuldbindingar sem draga úr arðsemi eða auka stofnkostnað, séu aðskildar frá arðsemissjónarmiðum og þá reiknaðar sérstaklega til kostnaðar sem Alþingi eða ríkisstj. taki síðan ákvörðun um." — Ég skýt því hér inn í, að hér er átt við svokallaða félagslega þætti, eins og t. d. koma fram í tillögum Rafmagnsveitna ríkisins.

„Eignarhaldsfyrirtækið þyrfti að hafa fjárhagslegt bolmagn og sjálfstæði til að stofna ný fyrirtæki, sem metin eru arðvænleg, og geti látið fara fram rannsóknir og þróunarstarfsemi til undirbúnings lokaákvörðun. Gæti það þannig tekið á móti hugmyndum ýmist frá opinberum stofnunum (Iðntæknistofnun Íslands o. fl.), sem vinna að þróunarmálum, eða sveitarfélögum, fyrirtækjum eða einkaaðilum og tekið þátt í stofnun fyrirtækis með þeim hætti sem hentar hverju tilfelli.

Arður af fyrirtækjum og hlutabréfum í ríkiseign rynni til eignarhaldsfyrirtækisins svo og hugsanlegt andvirði seldra bréfa eða eignir uppleystra hlutafélaga. Væri stjórninni heimilt að ráðstafa slíkum tekjum í nýjan rekstur eða fyrirtæki sem æskilegt og arðvænlegt sýndist að byggja upp."

Það, sem hér hefur verið lesið úr skýrslu samstarfsnefndarinnar, er ákaflega athyglisvert, því að með þessari hugmynd er hugsanlega unnt að tengja saman tvö mikilvæg markmið: Annars vegar það markmið að hreyfa fjármagn sem nú er bundið í opinberum iðnaðarfyrirtækjum. Það getur ekki verið annað en sanngirnismál fyrir íslenska skattgreiðendur og eigendur þess fjármagns, sem er bundið í iðnaðarfyrirtækjum er standa í samkeppni við önnur fyrirtæki, að það fjármagn sé hreyft og notað til annars ef kaupendur finnast að fyrirtækjunum. Það fjármagn, sem þannig fengist með beinni hlutabréfasölu eða með sölu hlutabréfa að einhverju marki, er síðan hægt að nota til þess að byggja upp ný iðnfyrirtæki, sérstaklega í áhættusömum rekstri. Þannig má vinna að þessum tveimur markmiðum samhliða. Ávinningurinn af þessu breytta fyrirkomulagi má segja að sé þessi:

1. Sá tími, sem það tekur að undirbúa og setja á stofn af ríkisins hálfu ný atvinnutækifæri, styttist til muna.
2. Ný atvinnutækifæri og áhættusöm fá greiðari aðgang að fjármagni en áður.
3. Hægt verður að koma opinberum framleiðslufyrirtækjum á sama rekstrargrundvöll og einkafyrirtækin starfa á, en það er ákaflega mikilvægt.
4. Pólitískt þukl með atbeina fyrirtækjanna útilokast, t. d. með niðurgreiðslum á framleiðsluverði til að hafa áhrif á vísitölu, en slíkt þekkist eins og menn vita.
5. Möguleikar á virkum verðbréfamarkaði opnast og forsendur fyrir sparnaði í hlutabréfum.
6. Dregið er úr stöðnuðum og úreltum ríkisafskiptum af framleiðslustarfseminni.

Þetta rifja ég hér upp vegna þess, að við hljótum að leggja þennan skilning í 8. tölul. þáltill., og er það í sama anda og skýrsla samstarfsnefndarinnar er skrifuð í.

Mér finnst full ástæða til að hefja og halda áfram umræðum um mjög markvert efni álits samstarfsnefndar um iðnþróun, en því miður gefst ekki á þessum þingfundi tækifæri til að efna til langra umræðna um þau mál. Ég kemst þó ekki hjá því að benda á örfá atriði sem mér finnst einkum vera merkileg í þessari skýrslu sem þáltill. er grundvölluð á. Ég vil í fyrsta lagi nefna kaflann um hálaunaiðnað á bls. 47, þar sem fram kemur mikilvægi þess, að við veljum hálaunaiðnað fremur en aðrar iðngreinar. Í lok kaflans segir, með leyfi forseta:

„Þetta þýðir að áherslu ber að leggja á framleiðslu gæðavöru sem ekki er í samkeppni við stórframleiðslu á algengum vörum eða á fjármagnsfrekan iðnað. Leita ber leiða til að notfæra sér þá sérstöðu, sem auðlindir og náttúrufar landsins bjóða upp á, svo og þá menningu og eðlislæga kosti, sem búa með þjóðinni. Eins er mikilvægt að virkja áhuga og dugnað hvers og eins við framleiðslustörfin til skapandi þátttöku og ábyrgðar við mótun og uppbyggingu iðnaðarins. Þannig er stefnt að hálaunaiðnaði."

Á þetta legg ég áherslu, því að við vanrækjum stundum í umræðum um iðnað að taka nægilegt tillit til hugmyndanna og hvers virði hugmyndir eru í framleiðslustarfseminni. Enn fremur er þessi texti mikil stuðningsyfirlýsing við einkaframtak og einstaklingsframtak í iðnþróunarmálum.

Varðandi tollamálin er alveg skýrt hvað samstarfsnefndin leggur til. Hún gerir þar ákveðnar tillögur, sem eru sömu tillögur og komu fram á Alþingi fyrir tveimur árum í frv. sem ég var flm. að ásamt þm. frá þremur öðrum stjórnmálaflokkum en Sjálfstfl. Sú tillaga fékk góðar undirtektir og mikinn stuðning hæstv. iðnrh. á þeim tíma. Frv., sem var um niðurfellingu aðflutningsgjalda af aðföngum til iðnaðar, fór til hæstv. fjh.- og viðskn. Nd. og þaðan kom hún í því formi, að lagt var til

að henni yrði vísað til ríkisstj., eins og segir orðrétt í nál., með leyfi forseta:

„Nefndin er sammála um að markmiði þessu þurfi að ná. Efni frv. er nánast samhljóða niðurstöðu samstarfsnefndar um iðnaðarmál, en sú nefnd hefur starfað á vegum iðnrn. Flm. frv. eru þm. úr öllum þingflokkum. Því sýnist víðtæk samstaða vera um efni frv.

Þar sem nefndinni er ljóst að ýmsir framkvæmdaörðugleikar munu verða við framkvæmd slíks ákvæðis í lögum, eins og frvgr. er orðuð, leggur nefndin til að frv. verði vísað til ríkisstj., sem sjái um að frv. verði samið um þetta efni og flutt á næsta þingi, þar sem með því verði best tryggð örugg framkvæmd málsins."

Ég saknaði þess satt að segja úr ræðu hæstv. iðnrh., að hann gerði þessu máli fyllileg skil. Ég heyrði reyndar að hann tók undir þau sjónarmið, að vinna þyrfti frekar að þessu máli og það hefði verið til vinnslu að undanförnu í fjmrn. og iðnrn. En mér finnst eins og mál þetta hafi fengið miklu hægari meðferð og meðhöndlun en efni stóðu til í upphafi, og ég vildi gjarnan heyra frá hæstv. ráðh. hvernig á því stendur. Félag ísl. iðnrekenda hefur látið fara frá sér fréttatilkynningu til fjölmiðla þar sem þetta mál er tekið fyrir og því lýst, hvernig hæstv. ráðh. hefur staðið að málinu. Þar segir frá því, að óskað hafi verið upplýsinga frá Félagi ísl. iðnrekenda og Landssambandi iðnaðarmanna. Ráðuneytinu hafi verið send 230 tollskrárnúmer til athugunar. Síðan hafi hinn 20. ágúst komið fréttatilkynning frá iðnrn. þar sem fjallað var um hagsbætur fyrir iðnað. Þá hafi verið sagt að endurskoðuninni lyki fyrir 1. okt. n. k. Enn þá virðist þetta mál vera með þeim hætti, að ógerlegt er að skilja hvað dvelur, og ég vil allra vinsamlegast biðja hæstv. ráðh. að segja þingheimi nákvæmlega hvað er til fyrirstöðu. Svo oft hefur þetta mál komið hér á borð þm. með einum eða öðrum hætti og slík skýr svör eru forsenda fyrir því, að við vitum hvort við þurfum að flytja þetta mál í frv.-formi inn í þingið aftur.

Því miður gefst ekki tími til þess hér að fjalla frekar um þetta mál. En þetta er brýnt viðfangsefni og ég fagna því vissulega, að hæstv. iðnrh. hafi skilning á því og komi með þessi mál inn í þáltill. En það væri betra að sjá framkvæmd en skilning. Framkvæmdin er stundum meira virði.

Um skattamálin get ég verið stuttorður þótt mikilvægir kaflar séu um þau í grænu bókinni. Ástæða er þó til að benda á að launaskattur er ekki greiddur af fiskveiðum. Enn fremur má benda á að sjávarútvegur og fiskvinnsla greiða lægri aðstöðugjöld en almennur iðnaður, og enn fremur er það regla í íslenskum skattarétti, að sjómönnum sé heimilað að draga 10% frá heildartekjum sínum af fiskveiðum áður en til tekjuskattsálagningar kemur. Áætlað hefur verið að þetta valdi skekkju í gengisskráningunni sem nemur 3.6%, og er *það lítilræði miðað við þá skekkju sem almennt virðist* vera á gengisskráningu hér á landi, ef marka má orð hæstv. samgrh. og hæstv. viðskrh., en þeir hafa látið sér um munn fara miklu hærri tölur en þessa ef koma eigi genginu á réttan kjöl.

Ég hef minnst á það áður og það kom enn fremur fram hjá hæstv. ráðh., að aðlögunargjaldið rennur út um næstu áramót. Reyndar er þetta mál ekki gleggra en svo, að í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir aðlögunargjaldi á næsta ári sem nemur 2.7 milljörðum. Nú er starfandi nefnd, ein nefndin enn, á vegum ríkisstj. um þetta mál. Sú nefnd var skipuð í haust. Hún hefur ekki enn skilað áliti. Gert er ráð fyrir 2. umr. fjárlaga í næstu viku og gert er ráð fyrir að fjárlög verði afgreidd í þar næstu viku. Ekkert heyrist frá þessari nefnd og iðnaðurinn bíður, hefur ekki fengið fullkomin svör um það, hvernig þessum málum verður háttað á næsta ári. Fjárlagafrv. segir eitt, nefnd er að störfum og hæstv. iðnrh. talar á því máli að ógerlegt er að sjá hvað fyrir hæstv. ríkisstj. vakir.

Ég þarf ekki heldur að fara mörgum orðum um verðlagsmálin í „grænu bókinni", en ég vil lesa hér örstuttan kafla um verðlagsmálin, sem sýnir hve nauðsynlegt er að hæstv. ríkisstj. snarbreyti stefnu sinni í verðlagsmálum til þess að koma til móts við þá stefnu sem boðuð er í þáltill. og byggð er á áliti samstarfsnefndarinnar. Á bls. 75 í álitinu segir, með leyfi forseta:

„Þess eru nokkur dæmi, að verðlagseftirlitið hefur beinlínis dregið úr öflugri samkeppni í einstökum greinum með beinum ákvörðunum um verð og með því að þröngva vörum með mjög mismunandi gæðum og kostnaðarsamsetningu undir sama flokk. Slíkar aðgerðir hafa að sjálfsögðu mjög óhagstæð áhrif fyrir þróunarviðleitni og geta beinlínis leitt til samtaka framleiðenda og/eða seljenda um verðmyndun. Er hagsmunum neytenda varla þjónað með slíku."

Fyrir hv. Alþingi liggur þáltill. um alkalískemmdir, sem er afar stórt og mikilvægt mál, því að í ljós hefur komið að skemmdir í steinsteypu hér á Reykjavíkursvæðinu eru svo miklar að viðgerðir munu kosta marga milljarða kr. Mér er sagt að tvær steypustöðvar, Ok og Verk, sem á sínum tíma tóku efni sem ekki var virkt með sama hætti og aðrar steypustöðvar notuðu, hefðu farið á hausinn af því að þær fengu ekki að hækka verð á steinsteypu í hlutfalli við það, að þær höfðu betra efni að bjóða. Það má vel vera að þau mistök í verðlagsmálum hafi leitt til þessa milljarðataps. Ég nefni þetta sem dæmi um það, hvernig stirð og ósveigjanleg verðlagsstefna getur hugsanlega valdið — skulum við segja — miklum skaða.

Þessi þáltill., sem hæstv. ríkisstj. hefur lagt fram á Alþingi, er út af fyrir sig ágæt í mörgum atriðum. Þó skiptir öllu máli að hún verði framkvæmd. Því miður er ég ekki eins sannfærður um það, þó svo að hæstv. ríkisstj. fari þess á leit við hv. Alþingi, að hv. Alþingi biðji hæstv. ríkisstj. um að fara eftir þessari till. ef hún verður að þál. *Ef hins vegar hæstv. ríkisstj. vill fá hjálp við þessa* stefnumótun, þá erum við tilbúnir að veita þá aðstoð. Það höfum við gert með því að leggja fram nokkrar brtt., og það munum við gera í nefndarstarfi í hv. atvmn. með því að fara rækilega ofan í þessi mál. En eftir stendur að það er auðvitað framkvæmdin sem skiptir öllu máli.

Stefnumótun í iðnaðarmálum er ekki sérlenskt fyrirbæri. Um allan heim og þó einkum og sér í lagi á Vesturlöndum hefur á undanförnum árum verið mikið rætt um stefnumótun í iðnaði, alveg eins og hæstv. iðnrh. benti réttilega á í sinni framsöguræðu. Alþjóðasamtök hafa tekið þessi mál upp og rætt þau mjög ítarlega, ekki síst vegna þess að erfiðlega hefur árað hjá þróuðustu iðnaðarþjóðum veraldar. M. a. gekkst Efnahags- og framfarastofnun Evrópu fyrir ráðstefnu í maí s. l. í Madrid. Af Íslands hálfu tóku þátt í þessari ráðstefnu fjórir menn, þeir Jafet S. Ólafsson starfsmaður iðnrn., Vilhjálmur Lúðvíksson formaður samstarfsnefndarinnar, sem margoft hefur verið getið í þessum umr., Þórður Friðjónsson hagfræðingur, aðstoðarmaður

forsrh., og Þorvaldur Alfonsson framkvæmdastjóri Iðnþróunarsjóðs, fyrrv. aðstoðarmaður forsrh. þegar hann var iðnrh., þannig að segja má að þar hafi nokkurs konar landslið lagt land undir fót og farið til Spánar. Þessi ágæta nefnd skilaði skýrslu. Í henni gætir skilnings á því, út á hvað iðnaðarstefna á að ganga. Í þessari skýrslu segir á bls. 7, með leyfi forseta:

„Í stórum dráttum má segja að eftirfarandi hafi komið fram um iðnaðarstefnu sem flestir virtust sammála um:

1. Iðnaðarstefna er skilgreind sem yfirlýsing stjórnvalda til samfélagsins (aðila iðnaðarins) um þau markmið, sem stefnt skuli að, og þær leiðir, sem farnar skuli, og tæki, sem notuð verði.

2. Undirstöðuatriði jákvæðrar, árangursvænlegrar iðnaðarstefnu eru sem allra mest frelsi í viðskiptum milli landa og svæða. Öfl markaðarins verði látin ráða ákvörðunum um framleiðslu eins mikið og frekast er unnt og haldið við breiðri ákvarðanatöku og frumkvæði í þeim efnum. Iðnaðarstefna á að vera vaxtarstefna, en ekki varnarstefna. Aðeins með vaxtarstefnu er hægt að uppfylla efnahagslegar og félagslegar óskir á hendur atvinnulífinu. Aðalþættir iðnaðarstefnu séu hagstæð almenn skilyrði fyrir arðbæran rekstur fyrirtækja. Inngrip stjórnvalda til að verja fyrirtæki gegn afleiðingum samkeppni verði aðeins í neyðartilvikum og miðist þá við að greiða fyrir sem skjótastri aðlögun fyrirtækjanna eða stöðvun rekstrar ella. Aðgerðir stjórnvalda til að styðja við nýsköpun í iðnaði verði aldrei til þess að afvegaleiða viðskiptalegan hugsunarhátt hjá fyrirtækjum. Stefnumótun og aðgerðir stjórnvalda miði að því að skapa einhug og samstöðu um eflingu iðnaðar og þannig byggt á gagnkvæmum stuðningi stjórnvalda, fyrirtækja, samtaka launþega og iðnrekenda og stofnana iðnaðar, svo og velvilja og skilningi almennings, ekki síst starfsliðs í iðnaði.“ — Síðan er talað um heppileg samkeppnisskilyrði, sem ég fer ekki nánar út í, en er í sama anda og ég hef hér lesið.

Þessi skýrsla er mjög ánægjuleg, og ég vil þakka hæstv. iðnrh. fyrir að hafa staðið að því meðal annarra að senda þessa valinkunnu menn til Spánar og taka þátt í þessari ráðstefnu og skila þessari góðu skýrslu.

Þessi skýrsla styður hugmyndir sem settar eru fram í áliti samstarfsnefndarinnar um iðnþróun, og hún styður jafnframt meginatriðin sem koma fram í stefnu Sjálfstfl. í iðnaðarmálum. Ég get þess vegna sagt að lokum að ég er vongóður um það, að sú umræða, sem fer fram hér á Alþingi, og sú stefnumótun, sem fer fram í hv. n. á grundvelli þessarar þáltill., allar þessar umræður hljóta að stefna í þá átt, að einstaklingsframtak komi í stað ríkisafskipta, viðskiptafrelsi í stað hafta, arðsemi í stað pólitísks þukls og hagvöxtur í stað stöðnunar. Um þetta virðast sem betur fer allir vera sammála.

Ég hef, herra forseti, farið hér nokkrum orðum um þáltill. hæstv. ríkisstj. í iðnaðarmálum og skýrt brtt. okkar nokkurra sjálfstæðismanna sem ég vænti að hv. atvmn. Sþ. taki til athugunar og felli að þáltill.

Umr. frestað.

Efri deild, 21. fundur.

Mánudaginn 8. des., kl. 2 miðdegis.

Lífeyrissjóður Íslands, frv. (þskj. 113). — 1. umr.

Flm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Ég hygg að menn geti verið sammála um að mál það, sem hér er nú til umræðu, sé meðal meiri háttar mála þessa þings, fram að þessu að minnsta kosti, enda hafa lífeyrismálin verið mjög í sviðsljósinu að undanförnu og ekki að ófyrirsynju, því að segja má að lífeyrissjóðakerfi landsins sé meira og minna að hrynja til grunna og raunar kannske fjármálakerfið í heild. En þó hygg ég að alvarlegast sé ástandið að því er varðar lífeyrissjóðina, og þarf ekki að færa að því mörg eða mikil rök. Það er alkunna, að sumir þessara sjóða eru í bókstaflegum skilningi að verða gjaldþrota og geta ekki sinnt því hlutverki sem þeir voru stofnaðir til að gegna.

Mér er það ljóst og flm. þessa frv. um Lífeyrissjóð Íslands, að margt orkar tvímælis við þá endurskoðun sem verður að fara fram á lífeyrissjóðakerfinu — og raunar grundvallarbreytingar — því að gamla kerfið er gengið sér til húðar, eins og ég áðan sagði. Það er þess vegna ekki hugmynd okkar að reyna að halda til streitu eins og öllu sem hér er á drepið og um fjallað. Á hinn bóginn leyfum við okkur að vænta þess, að hv. þdm. skoði þetta mál gaumgæfilega og beri saman við aðrar hugmyndir og að þetta mál fái nána skoðun í þeirri nefnd sem það væntanlega fer til.

Þetta mál er raunar ekki alveg nýtt af nálinni. Guðmundur H. Garðarsson, þáv. þm., lagði fram á Alþingi í ársbyrjun 1976 frv. til l. svipaðs efnis og frv. það sem nú er sýnt, og raunar lagði hann það fram að nýju haustið 1978. En litlar sem engar breytingar hafa fram að þessu orðið á hinu gamla lífeyrissjóðakerfi, þó að nokkuð hafi að vísu verið reynt að lappa upp á það í tengslum við samninga sem launþegar hafa gert árið 1976, 1977 og raunar líka í árslok 1979.

En þessi bráðabirgðaákvæði og úrbætur — skulum við kalla það — gilda aðeins til ársloka 1982 og hvað þá tekur við veit enginn. Algert öryggisleysi er ríkjandi fyrir launþega í þessum efnum. Við flm. teljum að í þessu frv. felist eina raunhæfa lausnin í grundvallaratriðum um framtíðarskipun lífeyrismálanna. A. m. k. hef ég ekki komið auga á hugmyndir sem gætu orðið til verulegra úrbóta og ekki byggja á þeirri grundvallarhugsun sem hér er fram sett. En markmið breytingarinnar er það, að allir hafi sama rétt til fullnægjandi ellilífeyristrygginga á grundvelli ævitekna, jafnframt því sem tryggt er að allir njóti ákveðins lágmarks ellilífeyris sem sé í samræmi við framfærslukostnað og verðlagsþróun á hverjum tíma.

Það er einnig veigamikið atriði í þessu frv., að það tryggir öllum konum jafnan rétt til ellilífeyris á við karla, óháð því hver staða kvennanna er í þjóðfélaginu, þannig að húsmæður t. d. eigi sömu réttindi og aðrar vinnandi konur. Þá er í fyrsta skipti með þessu frv. gerð tillaga um að fæðingarlaun séu felld inn í lífeyristryggingakerfið með eðlilegum hætti, því að þar eiga þau heima. Þetta mál verður vafalaust rætt í tengslum við aðrar hugmyndir sem fram hafa verið settar, ýmist í tillögugerðum hér í þingi eða annars staðar, og það er von okkar, að Alþingi ljúki ekki svo störfum á þessum vetri að ekki verði einhver löggjöf sett um lífeyrisréttindi landsmanna til þess að koma í veg fyrir algert öngþveiti sem fram undan er.

Þær hugmyndir, sem við setjum hér fram, eru byggðar á svonefndu gegnumstreymiskerfi í stað uppsöfnunarkerfis þess sem við hefur verið búið áður. Menn vita hvað þetta þýðir, þ. e. að hin árlegu iðgjöld verði notuð til að greiða lífeyri manna sem í sjóðum hafa kannske lengi verið, en eiga þar mjög takmörkuð lífeyrisréttindi þar sem verðbólgan hefur gjöreytt sjóðunum, eða er vel á vegi með að gera það. En nú starfa sem kunnugt er um 100 lífeyrissjóðir missmáir og margir mjög vanmátta.

Að samningu þessa frv. — eða frv. svipaðs eðlis sem hér var áður flutt og ég gat um — hafa starfað auk 1. flm. þá, Guðmundar H. Garðarssonar, m. a. þeir Oddur Ólafsson fyrrv. alþm. og dr. Pétur H. Blöndal tryggingafræðingur, sem er að miklu leyti höfundur þessa frv. og hefur gert rækilega grein fyrir sjónarmiðum sínum í ýmsum blaðagreinum, eins og hv. þdm. mun vera kunnugt um. Hann hefur vakið á því sérstaka athygli, hve gífurlegur aðstöðumunur lífeyrisþega er, annars vegar þeirra, sem njóta verðtryggðs lífeyris, og hins vegar þeirra, sem taka greiðslur úr óverðtryggðum sjóðum. Það þekkja þjóðfélagsþegnar allir og eru farnir að gera sér grein fyrir að við svo búið er útilokað að þessi mál standi því að ranglætið er svo algert.

En það er ekki einungis að ranglæti sé ríkjandi á þessu sviði, heldur er hér um raunverulegan frumskóg að ræða. Það er varla nokkur maður sem skilur orðið upp né niður í þessu margslungna kerfi, og það eykur einmitt enn á óréttlætið, að menn ganga stundum ekki eftir lífeyrisréttindum sínum, þeim litlu sem þeir kynnu að hafa, vegna þess að þeir gera sér ekki grein fyrir hvar réttarins er að leita í þessum frumskógi. Það þarf helst sérfræðinga í tryggingamálum til að botna í þessu öllu saman, og er mér raunar sagt að þeir muni fáir sem til botns í þessu geta komist — í þessu þjóðfélagslega ranglæti, sem ég leyfi mér svo að nefna. T. d. má benda á það, að þetta kerfi er komið í margar deildir. Það eru sjálfir lífeyrissjóðirnir, sem menn þekkja, og þeir starfa allir meira og minna með mismunandi hætti og hafa mismunandi aðstöðu. Þá eru lífeyrisgreiðslur úr almannatryggingum einnig og þær eru margslungnar. Enn er nokkuð sem kallað er umsjónarnefnd og greiðslur frá henni og síðan uppbætur á þær greiðslur sem koma úr lífeyrissjóðunum. Enginn almúgamaður getur í rauninni reiknað út eða gert sér grein fyrir því, hver réttindi hans séu. Fer það eftir ásókn manna og eftir því hverjum er leiðbeint og hverjum ekki.

Í sambandi við ellilífeyrisgreiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins á sér ekki stað nein uppsöfnun fjármagns eins og kunnugt er. Peningarnir, sem til þessa fara, eru heimtir með sköttum, beinum eða óbeinum, af landslýðnum. Það er því í sjálfu sér ekki neitt nýtt af nálinni að tala um gegnumstreymiskerfi í tryggingamálum þótt það eigi að gera hér með öðrum hætti og sameina á einn stað í Lífeyrissjóð Íslands.

Svo er komið í lífeyrissjóðunum sumum, að fróðum mönnum telst til að iðgjaldagreiðslur muni kannske nægja til eins eða tveggja ára lífeyrisgreiðslna þar til allt væri uppurið. Og svo einkennilegt sem það kann að virðast versna lífeyrisréttindi manna eftir því sem þeir hafa lengur verið í sjóðunum, því að gömlu greiðslurnar þeirra, svara ekki lengur til neinna upphæða.

Það eru ýmsar hugmyndir uppi um stofnun samtryggingarkerfis lífeyrissjóðanna sem þróast mundi síðan í einn lífeyrissjóð. En hætt er við því, að miklir erfiðleikar verði samfara slíku fyrirkomulagi, og enn fremur er þetta svo margslungið, eins og áðan var á drepið, að enginn mundi í rauninni vita hvernig þetta allt saman liti út, þegar það væri komið í höfn eins og menn hefðu hugsað sér það.

Þrátt fyrir þá staðreynd, að allir launþegar greiði núna sem svarar 10% af launum sínum til lífeyrissjóðs, þá greiðir Tryggingastofnun ríkisins bróðurpartinn af öllum lífeyrisgreiðslum. Árið 1979 voru lífeyrisgreiðslur frá Tryggingastofnun 29 milljarðar á móti tæpum 10 milljörðum frá lífeyrissjóðunum. Mönnum finnst þetta kannske einkennilegt, en svona er þetta samt. Tæpir 26 milljarðar af lífeyrisgreiðslum Tryggingastofnunarinnar voru framlag ríkissjóðs. Til þess að mæta þessum greiðslum þarf árlega að skattleggja landsmenn sérstaklega — og auka við verðbólgu — og síðan koma þessi 10% sem launþegar og vinnuveitendur greiða. Þetta byggist auðvitað á því, að mikið af því fé, sem inn í lífeyrissjóðina kemur, fer til uppsöfnunar sjóða sem síðan brenna upp í verðbólgunni. Mér sýnist það gersamlega óviðunandi, að fólk sé skyldað til mikils sparnaðar með þessum hætti. Síðan er því lánað eigið fé, og nú á allháum vöxtum og með verðtryggingu, og þó að þessu sé þannig háttað þá eru þessir sjóðir stöðugt að eyðast og verða gagnslausir. Einhverjir kynnu að segja að það hafi verið hagræði fyrir mig og aðra hér áður fyrr að fá lán úr lífeyrissjóðum til húsbygginga og að mín kynslóð hafi kannske óbeint eða einhverjir einstaklingar hennar getað hagnast á því. En þessu er ekki einu sinni til að dreifa lengur, að unga fólkið nú geti með þessum hætti „hagnast" á verðbólgunni, því að sjóðirnir eru þó að reyna að klóra í bakkann með því að verðtryggja eigur sínar að einhverju leyti og þá eru þessi hagstæðu lán ekki lengur fyrir hendi.

En í þessu gegnumstreymiskerfi byggjast tekjurnar og lífeyrisgreiðslurnar á verðlagi þess tíma þegar menn njóta þeirra. Í grg. frv. eru talin upp fimm meginmarkmið sem hugmyndin er að ná, og leyfi ég mér að geta þeirra hér, með leyfi forseta:

„1. Að tryggja öllum, sem eru komnir á ellilífeyrisaldur, að lokinni starfsævi viðunandi og mannsæmandi lífsviðurværi.

2. Að veita örorkulífeyrisþegum öryggi og viðunandi tryggingarbætur.

3. Að auka barnalífeyri og bæta aðstöðu þeirra sem verr eru settir í þjóðfélaginu.

4. Að tryggja foreldrum fæðingarlaun.

5. Að einfalda lífeyriskerfi þjóðarinnar og útrýma misrétti."

Gert er ráð fyrir því, að hæstu lífeyristryggingagjöld muni verða um 60% af meðaltekjum þess manns sem lífeyrinn fær. Það er ekki talið óeðlilegt, að maður, sem náð hefur 67 ára aldri, geti vel bjargast af um það bil 60% þeirra meðaltekna sem hann hefur haft á starfsævi sinni, að sjálfsögðu miðað við núvirði, því að margir hafa þá komið sér fyrir og komið upp börnum sínum o. s. frv.

Það er raunar gert ráð fyrir því, að um talsverðan jöfnuð verði að ræða, að tilfærsla fjármuna verði frá þeim, sem best mega sín í þjóðfélaginu, til að tryggja hag hinna, sem við verst kjörin hafa búið og erfiðast eiga uppdráttar. En grundvallarhugsunin er þó sú, að menn séu ekki að taka út peninga neinna annarra, heldur eru það fjármunir sem menn hafa sjálfir lagt fram á langri starfsævi sem koma þeim að notum í ellinni. Þó eru settar ákveðnar viðmiðanir, þannig að settur er ákveðinn stuðull fyrir tekjur hvers árs — það yrði kannske heldur langt mál að útskýra þetta hér í ræðu minni, það er gert í frv. — en þó að einhverjir séu tekjulausir eða með mjög litlar tekjur, þá er þeim samt áætlaður slíkur tekjustuðull, sem er um það bil helmingur af meðaltekjum í þjóðfélaginu á viðkomandi ári. Og þetta er miðað við 50 ár, allt að 50 árum aftur í tímann. Menn kynnu kannske að halda að þetta yrði flókið í framkvæmd, en svo virðist þó ekki vera þegar það er skoðað niður í kjölinn, vegna þess að það eru eingöngu fengnar heildarlaunagreiðslur viðkomandi árs eftir skattskýrslum, sem fyrir liggja í ýmis konar greinargerðum og Hagstofan getur unnið, og síðan settur á það stuðull miðað við þær krónur sem þá voru í gildi. Menn fá stuðul sem er nefndur 1 fyrir laun sem eru í samræmi við meðaltekjurnar, en hærri stuðul ef þeir hafa verið með hærri tekjur — þó aldrei meira en töluna 3 eða þreföld meðallaunin, hversu háar tekjur sem þeir hafa — og aftur á móti aldrei lægri en hálfan eða 0.5, hversu lágar sem tekjurnar hafa verið og jafnvel þótt þær væru engar.

Síðan er þetta sett upp í tiltölulega einföld dæmi, og á að vera hægt að reikna það út án mikillar fyrirhafnar. Er þetta í frv. og grg. nefnt tekjuhlutfall, en ég hef kallað það hér meðalstuðul svo að menn skilji það betur, vegna þess að sum þessara nýyrða geta verið erfið þegar menn sjá þau í fyrsta sinn. Ég skal játa að svo fór fyrir mér þegar ég byrjaði að reyna að setja mig — (**Gripið fram í:** Jafnvel í annað sinn.) Jafnvel í annað sinn. Já, það er víst alveg áreiðanlega rétt, að svo fór fyrir mér þegar ég byrjaði að reyna að kynna mér þetta mál, að mér fannst það býsna flókið, og raunar líka í annað sinn sem ég las frv. En þegar maður skoðar það niður í kjölinn og einnig skýringar þeirra, sem inni í málinu eru — ekki endilega skriflegar, heldur fær tækifæri til að ræða við þá um dagleg dæmi, þá virðist þetta vera miklu einfaldara. Ég held að það fari svo, að ef þetta yrði lögfest nákvæmlega í þessu formi eða eitthvað svipuðu, þá mundu allir menn strax geta áttað sig á hver réttindi þeirra væru, þ. e. um leið og þeir fengju upp gefinn sinn stuðul vissu þeir hver réttindi þeirra væru, vegna þess að þau miðast við meðaltekjur, verðtryggðar meðaltekjur. Að vísu er ekki hægt að vita það nákvæmlega fyrir fram, það þarf kannske að leiðrétta það þegar mikil verðbólguþróun er, og það þarf að bæta vísitölubótum ofan á, en engu að síður lítur dæmið þannig út, að hver og einn á að geta skilið það og vitað um réttindi sín.

Á sama hátt má kannske segja að þegar verið er að tryggja heimavinnandi konum lífeyrisréttindi, þá virðast þær töflur, sem upp hafa verið settar hér í grg., vera flóknar. Svo er þó ekki þegar nánar er að gáð. Þó að kona hafi ekki beinar launatekjur, þá fær hún alltaf þennan hálfa stuðul, sem ég kalla svo, eða 0.5. Síðan fær hún uppbót sem svarar til hærri launa mannsins, þannig að bæði hjón fá sinn ákveðna stuðul og njóta hans þegar að lífeyrisgreiðslum kemur. En allt er þetta mjög rækilega útfært í grg. og því ástæðulaust að eyða hér meiri tíma í að fara lengra út í það.

Þá er gert ráð fyrir fæðingarlaunum, eins og ég minntist á áðan, þriggja mánaða fæðingarlaunum hið minnsta, og getur hvort foreldra sem er fengið þessi fæðingarlaun.

Það er eitt öngþveitið hér varðandi fæðingarlaunin, sem ákveðið var hér á hinu háa Alþingi að greidd skyldu úr Atvinnuleysistryggingasjóði, að þau geta komið mjög ranglátlega út. Það eru dæmi þess sem ég þekki, að í þeim fjölskyldum sem fátækar geta talist — og það eru því miður til fátækar fjölskyldur, t. d. í flestum sjávarþorpum, þó þær séu kannske ekki margar og atvinna sé mikil — að það er einmitt fátæka fólkið sem ekki nýtur fæðingarlaunanna. En ef kona, sem kannske hefur lengi unnið heima, fer svo að vinna í frystihúsi í eitt eða tvö ár — og á efnaðan eiginmann, tekjuháan — og ef hún skyldi eignast barn þá nýtur hún þessara réttinda, en hins vegar ekki sú konan sem verulega þyrfti á þeim að halda. Hér er um ranglæti að tefla sem verður að uppræta, og það er einmitt gert ráð fyrir að það verði gert með þessum lögum og er nánar skýrt.

Hér er gert ráð fyrir að iðgjaldagreiðslurnar verði allar greiddar af viðkomandi einstaklingi, ekki verður lengur um það að ræða, að vinnuveitendur greiði hluta iðgjalda til lífeyrissjóðsins. Að sjálfsögðu munu laun hækka sem nemur þeirri greiðslu sem nú kemur frá vinnuveitendum, en síðan er það sjóðfélaginn, launþeginn, sem greiðir allt gjaldið til lífeyrissjóðsins.

Og þá spyrja menn: Hvert verður þetta gjald? Hvernig er unnt að tryggja öllum mannsæmandi kjör á efri árum, gagnstætt því sem nú er? Og þarf þá ekki að greiða miklu meira en nemur þessum 10% sem menn hafa greitt fram að þessu beint til lífeyrissjóðanna? En því er alls ekki þannig farið, heldur þvert á móti. Að vísu sýna þessar tölur að í heild fara til ellilífeyrisgreiðslna, örorku- og barnalífeyrisgreiðslna og til fæðingarlauna samanlagt um 12.3% af heildartekjum allra einstaklinga í landinu, þ. e. 7.8% til ellilífeyrisgreiðslna 3.9% í barnalífeyri og 0.57% í fæðingarlaunin. En sagan er ekki öll sögð með þessu, því að geysilegar fjárhæðir eru greiddar með öðrum hætti til lífeyristrygginga, þ. e. til almannatrygginga. Á árinu 1979 greiddu atvinnurekendur og sjóðfélagar um 29 milljarða í iðgjöld til lífeyrissjóða. Það eru um 5.5% af heildartekjum manna á aldrinum 16—67 ára eða á venulegum starfsaldri. Þá greiddu atvinnurekendur og ríkissjóður 31 milljarð til lífeyristrygginga almannatrygginga eða 5.8% af heildartekjum. Síðan eru minni greiðslur, eins og þær sem ég gat um áðan, sem Atvinnuleysistryggingasjóður greiðir og umsjónarnefnd og hvað það allt saman heitir. En segja má að í stórum dráttum yrðu greiðslur manna mjög svipaðar til þessa nýja sjóðs og þessa gegnumstreymiskerfis eins og menn greiða núna beint til þessara þarfa án þess að njóta þeirra gæða í neitt svipuðum mæli og vera mundi ef þetta frv. næði fram að ganga.

En þá spyrja menn: Hvað verður þá um núverandi lífeyrissjóðakerfi? Hvað verður um alla lífeyrissjóðina sem lögverndaðir eru, eignarrétturinn er verndaður samkv. stjórnarskránni? Gufa þessir sjóðir upp?

Það er alls ekki gert ráð fyrir því. Í fyrsta lagi er hugmyndin sú, að menn geti haldið áfram viðbótarlífeyristryggingum með því að starfrækja lífeyrissjóðina og hafa þá um það frjálsar hendur. En að sjálfsögðu verður að tryggja þar ýmiss konar lágmarksskilyrði og gera allt í samráði við stjórnvöld, og hafa verður eftirlit með því, að það verði framkvæmt með heilbrigðum hætti. En það er fleira sem þessir sjóðir geta gert. Það er ekki ótítt í ýmsum nágrannalöndum okkar, t. d. Vestur-Þýskalandi, að launþegar og samtök þeirra eigi mjög gilda sjóði, sem m. a. er varið til útlána, ýmist til félagsmanna eða þá til ýmiss konar atvinnufyrirtækja, jafnvel til þess að kaupa hlutabréf eða skuldabréf og taka beinan þátt í atvinnulífinu. Hver sjóður um sig fær rétt til að aðlaga sig þessum breyttu aðstæðum. Menn geta haft, ef þeim svo sýnist, breytilegt fyrirkomulag að hluta til. T. d. kynnu menn, sem eru tiltölulega tekjulágir, kannske að hluta til að vilja fá sér aukalífeyristryggingu og að einhverjum hluta að vera með lánasjóði eins og núna er. Aðrir mundu vafalaust vilja ávaxta fé með öðrum hætti, í ríkisskuldabréfum eða í ýmiss konar verðbréfum.

Til að menn fái nokkra mynd af þessu má geta þess, að til þessara lífeyrisgreiðslna var á árinu 1979 varið 61.7 milljörðum kr., og raunar hefur á árinu 1980 bæst við þessa liði. Þetta er úr hinum ýmsu stofnunum, frá Tryggingastofnun, þessari umsjónarnefnd, Atvinnuleysistryggingasjóði o. s. frv. Hins vegar hefur ekki verið greitt út úr kerfinu nema tæpir 40 milljarðar. 22 milljarðar af þessari upphæð hafa farið til svokallaðrar uppsöfnunar í lífeyrissjóðina, þ. e. rétt rúmur þriðjungur þessa fjár. Þetta gæti verið gott fyrirkomulag ef sjóðirnir gætu þá sinnt hlutverki sínu. En það geta þeir því miður ekki þrátt fyrir þetta, vegna þess að uppsöfnunin hefur naumast við verðbólgunni. Og gamlar eignir sjóðanna, sem bundnar eru t. d. í óverðtryggðum skuldabréfum og ýmiss konar lélegum pappírum, gufa auðvitað upp eins og dögg fyrir sólu. Þessir miklu fjármunir nýtast því hvorki beint til lífeyrisgreiðslna né heldur til að greiða fyrir mönnum t. d. í sambandi við lánveitingar. Það er þess vegna ekki ofsögum sagt, að kerfið í heild er hrunið til grunna.

Ég hefði gjarnan viljað fjalla lítillega um hverja einstaka grein frv., en skal þó ekki eyða í það miklum tíma, enda held ég að meginatriðið sé þegar komið fram í mínu máli. Ég vil aðeins benda á að það eru þrjár meinlegar villur í frv. sjálfu og rétt að það komi fram í framsöguræðu. Í 2. mgr. 14. gr. segir að hafi einstaklingur ekki „tekið fram." Þar á auðvitað að standa „talið fram." Og í 16. gr. þar sem segir: Væntanlegt ævitekjuhlutfall einstaklings, sem ekki er orðinn 67 ára gamall, skal vera meðaltal leiðréttra tekjuhlutfalla hans þau almanaksár sem „leiðu eru" á auðvitað að standa „sem liðin eru" o. s. frv. Í b-lið 24. gr. stendur orðið „fjórðung" þar sem á að standa „3/4", þ. e. að menn vinni sér inn 3/4 þess sem þar um ræðir. Það er rétt að þetta komi fram í framsögu minni.

Nú kynnu menn að segja að ekki væri brýn þörf á því að kollvarpa öllu lífeyrissjóðakerfinu á þann veg sem hér er gert ráð fyrir, því að gegnumstreymissjóðir gætu verið margir, það væri hægt að breyta núverandi sjóðum á þann veg. Þeir sem gleggst þekkja til þar sem þetta kerfi hefur verið reynt, t. d. í Þýskalandi, þar sem gegnumstreymissjóðir munu vera einungis þrír, benda á að meira að segja þar hafi komið fram verulegir annmarkar vegna þess að þarfir sjóðanna eru mismunandi. Það byggist t. d. á því, að aldursflokkar geta verið mjög mismunandi í hinum ýmsu sjóðum. Þar sem mikið er af ungu fólki greiðir það óbeint lífeyri hinna eldri, en þar sem aftur á móti er mjög margt eldra fólk eru þessar greiðslubyrðar miklu erfiðari fyrir sjóðinn. Þess vegna kynni sá sjóður að verða að taka hærri iðgjöld og því væri hann ekki eins líklegur til að laða að sér nýja félaga. Talið er að þetta kerfi nái ekki tilætluðum árangri nema lífeyrissjóðurinn sé einn. Lífeyrissjóður Íslands er hann hér nefndur.

Raunar eru áratugir síðan hér á hinu háa Alþingi var mikið rætt um lífeyrissjóð fyrir landsmenn alla, og fleiri og fleiri hallast að því, að sú skipan sé eðlilegust, og þá um leið, að út úr tryggingakerfi landsins, út úr almannatryggingum verði tekið þetta hlutverk.

Hitt er auðvitað alveg ljóst, að þó að þessi sjóður tryggi að nokkru hag þeirra, sem verst eru settir og litlar tekjur hafa haft, eins og ég áðan rakti, þá verða auðvitað áfram starfandi ýmiss konar félagsmálastofnanir til að sinna þeim sem vegna sjúkleika eða af öðrum óviðráðanlegum ástæðum geta ekki lifað af þessum fjármunum. Það dettur víst engum annað í hug.

Nú er öryggisleysið langsamlega mest hjá þeim sem við einna lökust lífskjör hafa búið alla sína ævi. Hér er gert ráð fyrir að jafna þennan aðstöðumun mjög mikið og að smám saman verði því marki náð, að menn búi við alljöfn kjör á efri árum, þó að hitt sé rétt að þetta eru réttindi sem menn eru að kaupa sér og þess vegna verður þar auðvitað munur á. Hins vegar er stefnt að því að uppræta það óréttlæti, að einstakir menn geti kannske fengið gífurlegar upphæðir úr tveimur, þremur eða fjórum verðtryggðum sjóðum, jafnvel hækkað stórlega í launum þegar þeir hætta að starfa. Í lýðfrjálsu þjóðfélagi, sem vill kalla sig siðmenntað, er ekki hægt að búa við slíkan ófarnað til langframa.

Herra forseti. Ég skal ekki tefja fundinn lengur því að færi gefst á að ræða mál þetta áfram. En ég legg til að málinu verði vísað til fjh.- og viðskn. (Gripið fram í.) Já, forseti úrskurðar það.

Davíð Aðalsteinsson: Herra forseti. Það er víst, að hér er um mjög mikið mál að fjalla, þetta frv., sem lagt hefur verið fram og hefur legið frammi um allnokkurt skeið, um Lífeyrissjóð Íslands. Ég ætla mér ekki að ræða hér lengi um þetta frv., ég vil aðeins fara örfáum orðum um það.

Eins og hv. flm. vék að hafa verið miklar umræður um lífeyrismál í landinu og munu verða á næstu misserum. Ég vil minna á að núv. ríkisstj. hefur gefið fyrirheit um að komið verði á lífeyrissjóði fyrir alla landsmenn. Nú er það svo, að ekki hefur litið dagsins ljós neitt í þá veru, hvernig slíkum lífeyrissjóði yrði fyrir komið. En ég lít á það frv., sem hér liggur fyrir sem lofsvert innlegg í þá umræðu sem fram hefur farið og mun fara fram um lífeyrissjóðsmál almennt.

Ég vil taka undir það — sem augu flestra eru raunar að opnast fyrir— að það lífeyrissjóðakerfi, sem við búum við í dag, má kalla kraðak, svo notuð séu óvönduð orð. Sannleikurinn er sá, að fjöldi landsmanna botnar hvorki upp né niður í fjölmörgum þáttum þess kerfis. Þeir fjölmörgu, sem eiga að njóta hinna ýmsu réttinda, verða að setja sig inn í reglur sem þeim mörgum hverjum reynist mjög erfitt að átta sig á. Auk þess, eins og komið hefur fram margsinnis, eru margir lífeyrissjóðirnir alls ekki í stakk búnir að sinna því hlutverki sem þeim vissulega var í upphafi hverjum og einum ætlað.

Það frv., sem hér liggur fyrir, og sú meginskipulagsbreyting, sem gert er ráð fyrir að fylgi því, þ. e. gegnumstreymiskerfið, er auðvitað grundvallarbreyting miðað við lífeyrissjóðina eins og þeir eru í dag. Segja má að í greiðslum almannatrygginga ríki eins konar gegnumstreymiskerfi. Það er út af fyrir sig rétt. En það er á öðrum forsendum. Ef farið verður út í þessa breytingu hlýtur maður að leiða hugann að þeim gífurlega sparnaði sem átt hefur sér stað í þjóðfélaginu á forsendum lífeyrissjóðanna. Þeir hafa verið með stærri sparendum í þessu landi. Ég vil minna á að í síðustu lánsfjáráætlun var gert ráð fyrir því, að innan ramma hennar mundi verða lánað úr lífeyrissjóðum 21.5 milljarðar króna af 50 milljarða ráðstöfunarfé. Þarna er um gífurlegar fjárhæðir að ræða.

Í þessu frv. er ýjað að því, að núverandi lífeyrissjóðir haldi áfram störfum, þ. e. að þeir verði áfram reknir sem eins konar lánasjóðir. Þetta er vafalaust gert til að brúa bilið, þ. e. kasta ekki öllu þessu fyrir róða. Hins vegar vil ég vekja athygli á því, að þegar við erum að gera breytingar í þá veru sem þetta frv. gerir ráð fyrir, þá verðum við auðvitað að gæta þess að vera ekki að koma upp öðru bákni. Við verðum að gæta þess vel. Til þessa verks, að gera róttækar skipulagsbreytingar á lífeyrissjóðakerfinu, verðum við að ganga alfarið með hugarfari einföldunar jafnframt því að tryggja öryggi þegnanna í lífeyrismálum. En mér finnst einföldunin skipta afar miklu máli, svo að fólkið viti sem best að hverju það gengur í hverju tilviki.

Ég held að það sé alveg sama hvernig við lítum á umfjöllun þessara mála, þ. e. lífeyrissjóðsmálanna, um þau verður að nást mjög breið samstaða. Og að sjálfsögðu ákveðum við ekki framtíðarskipan þeirra úr ræðustól hér á Alþingi. Til þess að finna varanlega lausn, sem allra flestir geta sætt sig við, þarf að leita samráðs og umfjöllunar vítt og breitt um þjóðfélagið. Samstaða er höfuðatriðið.

Ég vænti þess, að þetta frv. fái skoðun í nefnd, og ég vil endurtaka, að ég tel það virðingarvert og jafnvel lofsvert innleg í þá umræðu sem fram hefur farið og fram mun fara um lífeyrissjóðamál.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Núverandi lífeyrissjóðakerfi er eins og bætt og götótt flík. Sumir njóta mikils réttar, aðrir lítils sem einskis. Við Alþfl.-menn álítum að í fyrirkomulagi lífeyrissjóðamálanna, eins og það er núna, sé eitthvert argasta misrétti sem fyrirfinnst í þessu þjóðfélagi. Það er smánarlegt, að margt aldrað fólk nýtur sama og engra réttinda, á sama tíma og þess finnast dæmi, að aðrir búa við margföld réttindi.

Það var og er stefna Alþfl. að taka eigi upp einn lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn, að lífeyrisréttur allra landsmanna verði samræmdur. Fyrir þessu höfum við talað aftur og aftur. En þróunin hefur orðið allt önnur. Hún hefur orðið það kerfi sem við búum nú við, sem einkennist af miklu misrétti, smánarlegu misrétti. Og kerfið í heild er bæði ónýtt og óréttlátt að okkar dómi.

Jóhanna Sigurðardóttir og fleiri þm. Alþfl. hafa flutt þáltill. um þessi mál, þar sem stefna okkar birtist. Í ýmsum greinum fer saman það sem í þeirri þáltill. er og það sem hér er flutt frv. um. Mismunur er hins vegar um ýmis atriði. Ég skal ekki fara út í það á þessari stundu að rekja hvað saman fer og í hverju mismunurinn liggur. En ég vænti þess, að hugarfarið á bak við hvort tveggja sé hið sama, nefnilega að vilja bæta úr því misrétti, sem hér ríkir, og í raun og sannleika að stefna að því, að hér sé einn lífeyrissjóður fyrir alla landsmenn.

Það er eðlilegt að menn hafi haft áhyggjur af því, eins og hv. síðasti ræðumaður hafði, að verulegur hluti af sparnaði í þjóðfélaginu hefði gerst í gegnum lífeyrissjóðakerfið. Það er líka þess vegna sem við höfum talið, Alþfl.-menn, að sparnaðinn þyrfti að efla með öðrum

hætti, m. a. í gegnum stjórn peningamála og hvernig haldið væri á vaxtamálum, þannig að sá sparnaður, sem myndast í þjóðfélaginu, væri ekki eingöngu skyldusparnaður. Nú er annað uppi á teningnum í raun og sannleika. Menn tala um að 20 milljarðar eða svo hafi komið úr lífeyrissjóðakerfinu inn í lánsfjáráætlun á vegum ríkisstj. á þessu ári. En ef við lítum fáein ár fram í tímann, þá verður ástandið öfugt. Þá verður ekki sá sparnaður í þessu kerfi við núverandi aðstæður að þaðan komi nein króna. Það virðist liggja fyrir, að lífeyrissjóðirnir eru yfirleitt að fara á hausinn. Þeir lána þá varla ríkinu mikið fé.

Það er þess vegna ekki einungis að við þurfum að vinda bráðan bug að því að finna nýtt kerfi í þessum efnum, heldur stöndum við frammi fyrir því, að það, sem menn hafa talið að væri sparnaður og kæmi til uppbyggingar í þjóðfélaginu í gegnum þetta kerfi, það er að hverfa. Það er líka af þeim sökum nauðsynlegt að taka þessum málum nýtt tak.

En því minnist ég á þetta að annað eitthvert mesta óréttlæti, sem viðgengst í þjóðfélaginu, er á sviði húsnæðismála. Það er „barbarískt" þjóðfélag, það er villimannlegt þjóðfélag sem ætlar ungu fólki að afla kannske 3/4 hluta af íbúðarverði á fáeinum árum með snöpum og vinnuþrældómi, með því að skríða fyrir ættingjum og bankastjórum og jafnvel með því að svíkja undan skatti. En þetta er kerfið sem við búum við. Þessi mál eru samtvinnuð, eins og þau liggja fyrir núna, vegna þess að lífeyrissjóðirnir hafa lánað mikið til íbúðabygginga. En þeir munu ekki geta lánað til þeirra hluta þegar þeir eru farnir á hausinn.

Þessi tvö mál, lífeyrissjóðamálin og húsnæðismálin, eru að dómi okkar Alþfl.-manna meðal mestu misréttismála sem uppi eru í þessu þjóðfélagi. Og hver sá, sem skoðað hefur gögn um þróun og stöðu lífeyrissjóðanna, og hver sá, sem litið hefur kringum sig til þess að sjá afkomu eldra fólks og til þess að sjá hvernig ungt fólk slítur sér út við að eignast húsnæði, hann hlýtur að vilja nú taka á þessum málum, að vilja nú byggja upp ný kerfi í húsnæðismálum og í lífeyrissjóðamálum.

Ég fagna því frv. sem hér er flutt. Það hefur verið flutt frv. í þessa veru áður af öðrum þm. Sjálfstfl. Ég vænti þess, að hv. Alþingi fari nú bráðum að manna sig upp í það að taka á þessum málum báðum. Og þó að fyrirheit séu um það í núverandi stjórnarsáttmála, þá vona ég að það verði ekki til þess að þetta mál verði látið dankast eins og allt annað sem í þeim stjórnarsáttmála er.

Flm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Ég kveð mér aðeins hljóðs til að þakka fyrir þær undirtektir sem mál þetta hefur fengið hjá hv. 3. þm. Vesturl. og hv. 2. þm. Reykn. Ég átti von á því, að þetta mál fengi góðar undirtektir, a. m. k. hjá þessum tveimur hv. þm., og það stóð ekki heldur á því. Ekkert kýs ég frekar en sem besta samstöðu og á sem breiðustum grundvelli í þessu máli. Og þar sem svo vill nú til, að þessir tveir hv. þm. eiga sæti í fjh.- og viðskn., þar sem ég á einnig sæti, og einhver vafi var um það, hvert þetta mál skyldi fara, þó að lífeyrissjóðsmál hafi verið í fjh.- og viðskn. að undanförnu, þá leyfi ég mér að leggja til að málið fari þangað, í fullu trausti þess að þar geti náðst algjör samstaða, ekki endilega um þetta frv., alls ekki án breytinga og mikillar íhugunar og skoðunar, heldur samstaða um að koma þessum málum á heilbrigðan grundvöll.

Ég held að ég geti tekið undir svo til hvert einasta orð sem þessir hv. þm. sögðu hér. Ég held að við séum algjörlega sammála í þessu máli, hvað sem ágreiningi líður um önnur mál.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Kennaraháskóli Íslands, frv. (þskj. 166). — 1. umr.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. sem flutt var í Nd. og hefur fengið umfjöllun og afgreiðslu þeirrar hv. deildar. Ég vil geta þess, að frv. var afgreitt þaðan með aðeins einni orðalagsbreytingu, þar sem orðinu „embættisprófi" var breytt í „prófi". Að því leyti til má segja að frv. hafi gengið nánast breytingalaust í gegnum Nd.

Ég vil geta þess, að í lögum um Kennaraháskólann, sem voru samþykkt árið 1971, var gert ráð fyrir að lögin yrðu endurskoðuð tveimur árum eftir gildistöku laganna. Það fór reyndar svo, að þessi lög voru endurskoðuð af nefnd sem þáv. menntmrh. skipaði til þess. Þessi nefnd skilaði allviðamiklu áliti í júní 1976. Þessu áliti fylgdi frv. að breytingum á kennaraháskólalögunum. Þetta frv. hefur verið lagt a. m. k. tvívegis fyrir hv. Alþingi, en hefur ekki náð fram að ganga og virtist afgreiðsla þess ekki eiga mikinn hljómgrunn. Hins vegar hef ég orðið þess áskynja, að forráðamenn Kennaraháskólans, rektor og skólastjórn, telja að það séu tiltekin atriði í kennaraháskólalögunum, tiltekin atriði þó ekki séu þau stór, sem eðlilegt og reyndar réttlætanlegt og sjálfsagt sé að breyta, hvað sem líður viðameiri breytingum á þessum lögum, eins og gert var ráð fyrir í frv. endurskoðunarnefndarinnar á sinni tíð.

Ég hef því orðið við þeim tilmælum rektors og skólastjórnar Kennaraháskólans að flytja það frv. sem hér liggur fyrir. Það er aðeins í fjórum greinum og er tiltölulega einfalt að efni til.

Eins og fram kemur í grg. eru þessar breytingar bæði fáar og snerta ekki meginkjarna laganna. En eigi að síður, það sem felst fyrst og fremst í þessum breytingum er að aðlaga kennaraháskólalögin þeim breytingum sem orðið hafa á lögunum um Háskóla Íslands. Kennaraháskóli Íslands stendur að sínu leyti jafnfætis Háskólanum, og því er eðlilegt að reynt sé að samræma þau lög sem gilda um þessar stofnanir, og segja má að það sé það sem fyrst og fremst felst í þessu frv. sem er í fjórum greinum og hefur gengið gegnum Nd. og verið samþykkt þar svo til óbreytt, aðeins með þessari litlu breytingu sem ég nefndi, og er nú hér til 1. umr.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að fara öllu fleiri orðum um þetta frv. nú, en ég vænti þess, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og til menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til menntmn. með 11 shlj. atkv.

Vélstjóranám, frv. (þskj. 14). — 1. umr.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég flyt hér frv. til l. um breyt. á lögum nr. 67/1966, um vélstjóranám. Þetta mál var lagt fyrir Nd. og hefur fengið þar umfjöllun og hefur nú verið vísað til þessarar hv. deildar. Málið var þar rætt að sjálfsögðu við þrjár umræður og fór þar til nefndar. Menntmn. fjallaði um þetta mál og lagði til að það yrði samþykkt óbreytt eins og það var upphaflega lagt fram, og þannig birtist frv. nú hér.

Efni þessa frv. er það einvörðungu, eins og segir í fyrri grein frv., að sá, sem lokið hefur fyllsta námi frá Vélaskóla Íslands og hefur auk þess lokið sveinsprófi í vélvirkjun eða annarri málmiðnaðargrein, á rétt á starfsheitinu vélfræðingur.

Þetta frv. er flutt samkv. sérstakri beiðni Vélstjórafélags Íslands. Starfsheitið vélstjóri tekur nú til manna sem hafa mjög mismunandi menntun, allt frá því að vera með réttindi fyrir allra minnstu bátavélar og til manna sem lokið hafa mjög löngu vélstjóranámi sem tekur mörg ár, allt að því eins og um háskólanám sé að ræða. Það er megintilgangur með flutningi þessa frv., að þeir, sem lokið hafa lengsta námi í vélfræði, fái að kalla sig vélfræðinga.

Þetta orð, vélfræðingur, var notað um eitt skeið yfir vissa tengud af tæknifræðingum, en ég hygg að það sé ekki lengur notað og enginn maður kalli sig því starfsheiti. Að því leyti sýnist mér vera óhætt og eðlilegt að leggja til að þeir vélstjórar, sem lengstu námi hafa lokið, fái að kalla sig þessu starfsheiti. En eins og ég segi hefur þetta mál gengið gegnum Nd. og var samþykkt þar algerlega óbreytt að tillögu menntmn. Ég legg til, herra forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. nú að lokinni 1. umr. og til menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til menntmn. með 12 shlj. atkv.

Verðjöfnunargjald af raforku, frv. (þskj. 188). — 1. umr.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breyt. á lögum nr. 83/1974, um verðjöfnunargjald af raforku, sbr. lög nr. 99/1979, um breytingu á þeim. Í gildandi lögum um verðjöfnunargjald af raforku er ákveðið að lögin gildi til ársloka 1980. Með frv. þessu er lagt til að lögin verði framlengd um eitt ár og gildi til ársloka 1981. Þá verði tekin upp heimild til að lækka gjaldið um mitt ár 1981 í allt að 16%.

Verðjöfnunargjald af raforku er innheimt af allri raforkusölu í smásölu annarri en til húshitunar og nemur gjaldið 19 prósentustigum sem lögð eru á sama stofn og söluskattur er lagður á. Gjaldinu er varið til að styrkja fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins til verðjöfnunar, en Rafmagnsveiturnar fá 80% og Orkubú Vestfjarða 20%. Með hliðsjón af að álagning gjaldsins hefur verið til nokkurrar endurskoðunar þykir rétt að rifja upp nokkur atriði varðandi verðjöfnunargjaldið.

Frá 1970 til 1974 voru í gildi lög nr. 17/1970 um ráðstafanir til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins. Samkv. ákvæðum þeirra laga var kveðið á um að þeir „aðilar, sem selja raforku í heildsölu til dreifiveitu eða beint til notenda frá aðalorkuveitu, skulu greiða í Orkusjóð verðjöfnunargjald sem verja skal til ráðstafana til bóta á fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins samkv. nánari ákvörðun stjórnar sjóðsins," eins og sagði í þeim lögum. Verðjöfnunargjaldið miðaðist við það magn afls og orku, sem hlutaðeigandi aðili hafði til sölumeðferðar, og við afl og orku mælda hjá kaupanda. Gjaldið var ákveðið sem visst aflgjald fyrir hvert kw. og síðan orkugjald miðað við kwst. Fyrirkomulag þetta var mjög flókið og þótti þungt í vöfum.

Með lögum nr. 83/1974, um verðjöfnunargjald af raforku, var tekið upp núverandi fyrirkomulag á innheimtu verðjöfnunargjalds af raforku. Verðjöfnunargjaldið var hækkað verulega til að ráða bót á miklum fjárhagsvanda Rafmagnsveitna ríkisins. Ákveðið var að greiða skyldi 13% verðjöfnunargjald í Orkusjóð af seldri raforku á síðasta stigi viðskipta, þ. e. lagt á sama stofn og söluskattur. Gjaldinu skyldi varið til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins. Með stofnun Orkubús Vestfjarða var ákveðið að hluti gjaldsins skyldi renna til þess. Ákveðið var að gjaldið legðist á samhliða söluskatti og að rafokrusala til hitunar skyldi undanþegin á sama hátt og hún er undanþegin söluskatti. Lög þessi voru sett til eins árs í senn, en hafa verið framlengd nánast óbreytt síðan að efni til.

Við framlengingu laganna fyrir árið 1979 var ákveðið að hækka gjaldið úr 13% í 19% og verja þeim viðbótartekjum, sem þannig fengjust, sérstaklega til að minnka þann mikla mun sem var á verði raforku hjá Rafmagnsveitum ríkisins og rafveitum sveitarfélaganna. Í aths. með frv. þessu er sýnt hvernig mismunur á verði raforku til heimilsnota milli Rafmagnsveitna ríkisins og Rafmagnsveitu Reykjavíkur hefur minnkað úr 82.2% niður í 27.8% frá ágúst 1978 til nóv. 1980, eins og fram kemur í töflu í lok fylgiskjalsins. Er í þeim samanburði reiknað með að notendur Rafmagnsveitna ríkisins á heimilistaxta séu með 4500 kwst. notkun á ári og sex gjaldeiningar.

Það hefur oft verið gagnrýnt, að verðjöfnunargjald af raforku og söluskattur verki ekki verðjafnandi, þau leggist hlutfallslega ofan á grunnverð rafveitna og því hærra sem grunnverðið er því hærra sé gjaldið. Vegna þessa hefur verið í athugun hvort rétt sé að breyta verðjöfnunargjaldinu í fast gjald á orkueiningu. Í ljós hefur komið að verulegir erfiðleikar eru taldir á að leggja fast gjald á kwst., þar sem innbyrðis verðmismunur eftir notendum og nýtingartíma hjá hverri rafveitu sé jafnvel meiri en mismunur milli samsvarandi notkunar hjá mismunandi rafveitum. Fast gjald á kwst. mundi breyta þessu hlutföllum verulega og þyrfti að tengjast umfangsmikilli endurskoðun á gjaldskrám, sem raunar eru nýlega um garð gengin hjá Rafmagnsveitum ríkisins og Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

Með minnkandi verðmun á sambærilegum töxtum er einnig síður ástæða til slíkrar breytingar. Í frv. þessu er því gert ráð fyrir óbreyttu fyrirkomulagi á verðjöfnunargjaldi, a. m. k. á næsta ári. Verðjöfnunargjald af raforku var á sínum tíma lagt á til að bregðast við verulegum fjárhagsvanda Rafmagnsveitna ríkisins, eins og ég gat um áðan. Oft hafa verið gerðar athuganir á ástæðum fyrir þeim vanda og hafa meginniðurstöður jafnan verið þær, að Rafmagnsveitunum væri ætlað að sinna félags-

legum framkvæmdum og orkusölu á ýmsum stöðum þar sem markaður stendur engan veginn undir tilkostnaði. Enn fremur hafa lánskjör verið óhagstæð og fyrirtækinu var ekki séð fyrir neinu eiginfé um árabil. Orkuöflun Rafmagnsveitnanna var lengst af mjög kostnaðarsöm og þurfti víða um land að framleiða raforku með dísilvélum. Með hækkandi olíuverði keyrði um þverbak í þeim efnum. Þessar erfiðu aðstæður bitnuðu mjög á viðskiptavinum Rafmagnsveitnanna þannig að raforkuverð til þeirra var um skeið orðið næstum tvöfalt miðað við verð hjá rafveitum sveitarfélaga, og hið sama gilti um Orkubú Vestfjarða við stofnun þess.

Við vanda Rafmagnsveitnanna og Orkubús Vestfjarða hefur verið brugðist með markvissum aðgerðum. Í stjórnarsáttmála ríkisstj. er kveðið á um að unnið skuli að verðjöfnun á orku. M. a. beri ríkissjóður kostnað af félagslegum framkvæmdum Rafmagnsveitna ríkisins og framkvæmdum, sem þeim er falið að annast, og með hliðsjón af því verði einnig tekið tillit til stöðu Orkubús Vestfjarða. Með aðgerðum í raforkumálum hefur á undanförnum árum náðst verulegur árangur í að draga úr mismun á raforkukostnaði víðs vegar um landið og má í því sambandi minna á eftirtalið:

1. Tilkostnaður Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða við orkuöflun hefur lækkað verulega með lagningu orkuflutningslína og minnkandi raforkuframleiðslu með dísilvélum í kjölfarið.

2. Það sjónarmið hefur nú verið viðurkennt, að ríkissjóður leggi Rafmagnsveitum ríkisins til fé vegna framkvæmda sem nauðsynlegt reynist að ráðast í, en ekki eru fjárhagslega arðbærar frá sjónarmiði fyrirtækisins.

3. Gerð hefur verið leiðrétting á heildsölugjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins þannig að hún er nú í meira samræmi við kostnað við að spenna raforkuna niður fyrir rafveitur sveitarfélaga og kostnað vegna þess taps sem verður í dreifikerfinu.

Með ofangreindum aðgerðum og fyrir tilstyrk verðjöfnunargjaldsins hefur tekist að minnka verðmun á milli rafveitna sveitarfélaga og Rafmagnsveitna ríkisins svo að munur er nú um 25—30% á heimilistaxta Rafmagnsveitna ríkisins og Rafmagnsveitu Reykjavíkur og raunar minni munur ef litið er til gjaldskráa nokkurra annarra sveitarfélaga. Verðmunur til viðskiptamanna í atvinnurekstri hjá Rafmagnssveitum ríkisins og Rafmagnsveitu Reykjavíkur er mjög mismunandi eftir stærð notenda og nýtingartíma þess afls sem keypt er. Smáir og stórir notendur greiða tiltölulega hærra verð hjá Rafmagnsveitum ríkisins en hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur, en miðlungsstórir notendur með góðan nýtingartíma afls greiða tiltölulega hærra verð hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Marktaxti, sem notaður er í landbúnaði, er tiltölulega hagstæður notendum Rafmagnsveitna ríkisins, en þess má geta, að sá taxti var þó færður nokkuð til, þannig að eitthvað hækkaði hann við endurskoðun sem nýlega er um garð gengin á töxtum Rafmagnsveitnanna.

Af ofangreindu má sjá að mikið hefur áunnist við að ná fram jöfnuði í raforkuverði að undanförnu. Gjaldskrár ofangreindra fyrirtækja eru ekki eins uppbyggðar og verður því ávallt nokkur munur milli einstakra notendahópa. Á næstunni er stefnt að frekari aðgerðum til verðjöfnunar þannig að ekki síðar en á miðju ári 1981 verði verðmunur samkv. heimilistaxta hjá Rafmagnsveitum ríkisins og Rafmagnsveitu Reykjavíkur ekki yfir 20%. Við ákvarðanir þar að lútandi verður þó að sjálfsögðu að taka mið af rekstrarafkomu Rafmagnsveitnanna þegar kemur fram á næsta ár. Lagt er til að tekin verði upp heimild til að gjaldið verði lækkað úr 19% í 16% um mitt næsta ár. Til álita kemur að nota þá heimild ef fjárhagur Rafmagnsveitnanna batnar, svo sem vænst er, en það er m. a. mjög háð þróun verðlagningar á raforku og breytingu á gengi íslensku krónunnar, en mikill hluti lána Rafmagnsveitnanna er í erlendum gjaldeyri.

Ég hef túlkað það viðhorf áður hér á hv. Alþingi, að eðlilegt væri að reyna að lækka þetta gjald þegar búið væri að rétta af stöðu Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða þannig að viðunandi geti talist hvað snertir verðlagningu á orku með hliðsjón af verðlagningu á raforku hjá öðrum rafveitum sveitarfélaga. Enn sem komið er er ekki náð því marki sem viðunandi geti talist, en hugsanlegt er að á komandi ári verði efni til þess að lækka verðjöfnunargjaldið lítillega eða um 3%. Tekin verður afstaða til þess, hvort sú heimild verður notuð, þegar þar að kemur, en heimildin er vísbending af hálfu flytjenda þessa frv. um það, að til þess sé hugsað að lækka gjaldið strax og fært þykir. Ástæðurnar fyrir því, að staðan er slík, eru nokkuð margþættar og koma fram í því, sem ég hef hér greint frá, og þá ekki síst þeirri stefnu, að ríkið sem eigandi Rafmagnsveitnanna hefur lagt þeim til eigið fjármagn nú að undanförnu og svo er ætlunin að verði samkv. fjárlagafrv. sem liggur fyrir þinginu.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari umr. hér í hv. þingdeild og til hv. iðnn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til iðnn. með 13 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður bænda, frv. (þskj. 137, n. 176). — Frh. 2. umr.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs vegna fsp. sem mér er sagt að hafi komið fram við umræður um þetta þingmál, frv. um Lífeyrissjóð bænda. Fsp. mun hafa verið borin fram af hv. 2. þm. Reykn., Kjartani Jóhannssyni, og var þess efnis, hvort samþykkt þessa frv. mundi hafa kostnaðarauka í för með sér fyrir ríkissjóð. (**KJ:** Eða sjóðinn, ef það er öfugt, hver kostnaðarbreytingin væri og hjá hverjum.) Ég leitaði mér upplýsinga um þetta atriði þar sem ég hafði staðið í þeirri trú, að samþykkt frv. hefði ekki í för með sér neinn kostnaðarauka fyrir ríkissjóð, og ég fékk það staðfest að svo væri ekki. Ég held ég geti leyft mér að fullyrða að hér er ekki heldur um að ræða kostnaðarauka fyrir lífeyrissjóðinn. Hér er um það að ræða, að verið er að samræma réttindi þeirra, sem fá réttindin út á iðgjöld, annars vegar og hins vegar þeirra, sem fá þau út á þann tíma sem þeir hafa starfað sem bændur. Ég held að hér sé sem sagt eingöngu um samræmingaratriði að ræða.

Eins og kemur fram í grg. er sá veigamikli munur á bótaákvæðum annars vegar í þessum lögum og hins vegar í lögum um eftirlaun aldraða, að réttindi aldraða félaga í stéttarfélögum vegna tíma til ársloka 1969 miðast við launatekjur og eftir þann tíma við iðgjaldagreiðslur til hlutaðeigandi lífeyrissjóða. En réttindatíminn einn ræður nær undantekningarlaust þegar ákvarða

skal greiðslur samkv. II. kafla laganna um Lífeyrissjóð bænda. Þetta er verið að samræma, það er verið að tryggja að þessir tveir hópar manna, — annar hópurinn getur öðlast réttindi miðað við tíma og hinn hópurinn miðað við iðgjaldagreiðslur, — það er verið að tryggja að þessir hópar standi jafnt að vígi.

Herra forseti. Ég vænti þess, að sú útskýring, sem hér hefur verið gefin, sé nægileg. Það er ekki stórfellt atriði sem hér er um að ræða, en þó nauðsynlegt samræmingaratriði sem kostar hvorki ríkissjóð né Lífeyrissjóð bænda auknar fjárgreiðslur.

Davíð Aðalsteinsson: Herra forseti. Ég stíg ekki hér í stólinn af því að ég vantreysti svörum ráðherra, síður en svo. Ég vil aðeins staðfesta það sem hann var að segja hér. Ég vil leyfa mér að lesa hér upp bréf frá Pétri Sigurðssyni, framkvæmdastjóra lífeyrissjóðsins, sem gæti verið innlegg í þessar útskýringar allar saman. Með leyfi forseta, hljóðar bréfið á þessa leið:

„Með þessari breytingu á lögum Lífeyrissjóðs bænda er stefnt að því að draga nokkuð úr því misræmi í eftirlaunagreiðslum sem að öllu óbreyttu mun skapast milli bænda, sem fæddir eru 1914 og fyrr og fá eftirlaun sem miðast eingöngu við fjölda búskaparára eftir 55 ára aldur, og hinna, sem fæddir eru eftir 1914 og munu fá eftirlaun sem miðast við iðgjaldagreiðslu þeirra til sjóðsins.

Þessi breyting á lögunum mun ekki hafa nein áhrif á eftirlaun þeirra aðila sem þegar eru komnir á greiðslur frá sjóðnum. Sama er að segja um öll réttindi til ársloka 1980, þau munu standa óbreytt. Aftur á móti hefur breytingin þau áhrif á t. d. eftirlaun bónda, sem fæddur er 1912 og kemur á eftirlaun á árinu 1982, að fyrir tímabilið 1967 til og með 1980 fær hann eins og hingað til fastákveðin réttindi sem samsvara iðgjaldagreiðslu af grundvallarbúi, en fyrir 1981 fær hann raunverulega áunnin réttindi miðað við iðgjaldagreiðslu það ár."

Ég held út af fyrir sig að þetta hljóti að vera skýrt. Það er útilokað að meta fjármunalegar breytingar fram í tímann, miðað við það að við vitum ekki hverjar iðgjaldagreiðslurnar verða út frá launum og út frá framleiðslumagni hjá hinum einstöku bændum. Þetta er útilokað að vita fram í tímann.

En af því að ég er nú staðinn hér upp vil ég aðeins minna á einn þátt er varðar lífeyrisgreiðslur til fólks í sveitum. Það er auðvitað rétt, að á Lífeyrissjóði bænda hafa verið gerðar breytingar allnokkrum sinnum, eins og hv. þm. er kunnugt, fyrst og fremst til þess að leitast við að aðlaga starfsemi sjóðsins breyttum aðstæðum svo að hann sinni sínu hlutverki af meira réttlæti. Á liðnu þingi var t. d. gerð sú breyting, að aldursmark sjóðþega var lækkað úr 20 í 16 ár. Sömuleiðis voru teknir inn launþegar í landbúnaði. Smám saman hefur starfsemi sjóðsins verið löguð að breyttum aðstæðum. En þrátt fyrir það er drjúgur hópur fólks í sveitum landsins, aldraðra og öryrkja, sem ekki nýtur lífeyris frá Lífeyrissjóði bænda. Það eru nokkrir tugir manna sem um er að ræða. Þess var vænst, að lög um eftirlaun aldraðra, sem samþykkt voru á s. l. vori, mundu bæta þarna úr, en það hefur komið á daginn að þau gera það alls ekki. Lögin eru því miður þannig sniðin, að örfáir úr hópi þessa umrædda fólks, sem ég minntist á, fá úrlausn sinna mála. Eins og ég tók fram er þarna ekki um stóran hóp að ræða, en ég minni þó á þetta hér. Vonandi verður málið vandlega skoðað og réttlætis gætt og þörfum þessa fólks sinnt í framtíðinni.

En varðandi það frv., sem hér er til umræðu — og ég gerðist svo djarfur að bæta við og lesa upp bréf frá Pétri Sigurðssyni framkvæmdastjóra lífeyrissjóðsins, — þá held ég að nóg sé komið af skýringum.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Eins og deildin sjálfsagt man var það mat tveggja manna í hv. fjh.- og viðskn., sem um þetta hefur fjallað, annars vegar að þetta mundi þýða aukin útgjöld fyrir sjóðinn og hins vegar að þetta mundi þýða minni útgjöld fyrir sjóðinn. Það var því ekki nema von að þeir, sem fjarstaddir voru afgreiðslu málsins í nefnd, vildu fá svör við því, hvort heldur væri um auknar eða minni greiðslur að ræða.

Nú get ég ekki sagt að það bréf eða sá málflutningur, sem uppi var hafður hér af hv. 3. þm. Vesturl., sanni neitt í þessum efnum, hvorki um aukningu né að greiðslur muni minnka úr sjóðnum. Mér var það fyllilega ljóst, að hér var um kerfisbreytingu að ræða, eins og kom fram í þessu bréfi, þar sem verið er að taka upp viðmiðun við iðgjöld frekar en fastákveðin réttindi sem höfðu gilt áður. Um það snerist spurningin ekki. Hæstv. fjmrh. hefur haldið því fram, að þetta muni ekki hafa aukakostnað í för með sér, hvorki fyrir lífeyrissjóðinn né heldur ríkissjóð. Fyrir því voru ekki lögð fram nein töluleg gögn. Þetta hafði hann eftir áreiðanlegum heimildum, eins og það heitir í fréttum. Og í sjálfu sér verða menn þá að gera það upp við sig, hversu áreiðanlegar menn telja þessar heimildir. En sönnur hafa engar verið færðar á þetta.

Hitt er augljóst, að ef þetta hefur ekki aukinn kostnað í för með sér, hvorki fyrir lífeyrissjóðinn né ríkissjóð, þá eru bara tveir möguleikar fyrir hendi. Annaðhvort er jafnmikill tilkostnaður eða þá að hann er minni. Annaðhvort eru minni útgjöld eða jafnmikil útgjöld af hálfu ríkissjóðs og lífeyrissjóðsins. Það er því hugsanlegt samkvæmt þeim svörum, sem hér hafa fengist, að með þessu frv. sé í rauninni verið að skerða rétt bænda, því að varla minnka útgjöld sjóðsins öðruvísi en að réttur stéttarinnar sem heildar, þegar hún er komin á eftirlaunaaldur, hafi verið skertur. Ég spurðist einmitt fyrir um það í þessari deild, hvort heldur væri. Og það hafa þá fengist svör við því, að svo framarlega sem hér er um breytingu að ræða er gengið í hlut bændastéttarinnar, þá eru þau réttindi, sem hún nýtur, minni. Svo framarlega sem hér er um breytingu að ræða á útgjöldum, þá hlýtur það að vera, hæstv. ráðh.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Neðri deild, 25. fundur.

Mánudaginn 8. des., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Alexander Stefánsson): Mér hefur borist eftirfarandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sinnt þingstörfum um sinn leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Vestfjarðakjördæmi, Sigurgeir Bóasson skrifstofustjóri, Bolungarvík, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Steingrímur Hermannsson,
2. þm. Vestf."

Sigurgeir Bóasson hefur áður átt sæti á Alþingi og býð ég hann velkominn til starfa.

Fuglaveiðar og fuglafriðun, frv. (þskj. 15). — 1. umr.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir um fuglaveiðar og fuglafriðun, hefur víst verið flutt alloft hér á hv. Alþingi, en ekki fengið neina lokaafgreiðslu og er nú flutt enn einu sinni og af minni hálfu til þess að kanna hver hugur er raunverulega í hv. þm. til þess að fjalla um þetta mál og fá úr því skorið, hvort það er möguleiki að fá á því lokaafgreiðslu.

Frv. þetta er samið af nefnd sem menntmrh. skipaði 29. jan. 1977 til þess að endurskoða gildandi lög um þetta efni, þ. e. lög nr. 66/1966. Í nefndinni áttu sæti Runólfur Þórarinsson, sem var formaður, Ásgeir Bjarnason formaður Búnaðarfélags Íslands og dr. Arnþór Garðarsson prófessor, formaður fuglafriðunarnefndar. Í skipunarbréfi nefndarinnar var þess beiðst, að hún hefði samráð við stjórnir Æðarræktarfélags Íslands, Dýraverndunarsambands Íslands, Fuglaverndarfélags Íslands, Hins íslenska náttúrufræðifélags og aðra þá aðila er hún teldi rétt að ráðgast við. Þá var tekið fram að markmiðið með endurskoðuninni væri fyrst og fremst að leita leiða til þess að tryggja eðlilega vernd fuglalífs í landinu og þá þannig að skynsamlegt hlutfall héldist milli hinna ýmsu tegunda. En nefna má að sumum mávategundum t. d. hefur fjölgað mjög að undanförnu til tjóns fyrir aðrar fuglategundir, svo sem æðarfuglinn sem er einn mesti nytjafugl þessa lands.

Við og við hafa farið fram miklar umræður um fuglafriðun og fuglaveiðar og þær breytingar eða þá röskun sem orðið hefur á fuglalífi í landinu. Má nefna að æðarvarpseigendur kvarta mjög undan ágangi vargfugls, deilt er um rjúpnastofninn og áhyggjuefni er hve fátt er orðið um erni. Orsakir þeirra breytinga, sem orðið hafa eru margar og nauðsynlegt að ráðstafanir til skynsamlegrar verndunar og úrbóta hvíli á grunni vísindalegra rannsókna, en þær taka oft langan tíma og kosta verulega fjármuni.

Öll umhverfis- og náttúruverndarmál eru mikilsverð og þarf að kappkosta að þar haldist í hendur skynsamleg nytjun gæða landsins og eðlileg friðun og verndun. Hvorki má búa við rányrkju, sem hefur stundarhagnað að leiðarljósi, né friðunarstefnu sem jaðrar við ofsatrú. Hvort tveggja ber að varast. Þess vegna er brýn nauðsyn að efldar séu vísindalegar rannsóknir á þessum sviðum svo að unnt sé að taka ákvarðanir um friðun og nytjun gæða landsins með hliðsjón af niðurstöðum rannsókna. Þetta er traustasti grundvöllurinn sem völ er á, þótt vísindamönnum geti auðvitað skjátlast eins og öðrum dauðlegum verum.

Til þess að bregða nokkru ljósi yfir þau vandamál, sem taka þarf til meðferðar í sambandi við þetta lagafrv., má nefna að vernda þarf og efla æðarvarp og einnig að vernda og stuðla að fjölgun arna. Hér er þó óneitanlega um andstæður að ræða, þar sem eigendur æðarvarps eru engan veginn sáttir við það, að þeir eigi að verða fyrir búsifjum af friðun arnarins, en engum dettur hins vegar í hug að stuðla að því, að örnum verði útrýmt vegna æðarvarpsins. Ýmis svipuð dæmi mætti nefna þannig að hér er vandsiglt milli skers og báru. Nefna má að nánast eiga sér stað stöðugar deilur um rjúpnastofninn. Dr. Finnur Guðmundsson hafði um langt skeið unnið að umfangsmiklum rannsóknum á íslenska rjúpnastofninum í því skyni að reyna að leysa þá gátu, hvað veldur sveiflum í stofninum. En dr. Finnur féll frá áður en því verki yrði lokið. Ýmsum öðrum rannsóknum er þörf að sinna í ríki náttúrunnar og hefur menntmrn. hvað eftir annað farið fram á fjárveitingar í því skyni, en að mestu án árangurs. Þanni hefur ár eftir ár verið farið fram á fé til rannsókna á álftastofninum, en stundum er mjög kvartað undan ágangi álfta og gæsa, einnig fé til rannsókna á æðarfuglum, örnum og svo hvaða tjóni hrafnar og svartbakar valda.

Þá var farið fram á fé til rannsókna á tjóni af völdum villiminks og refa. Refarannsóknir fara nú fram. Rannsóknir varðandi hreindýrin þurfa að fara fram, ekki síst nú vegna fyrirhugaðra virkjunarframkvæmda á Austurlandi sem e. t. v. eyðileggja nokkurn hluta af beitilandi dýranna. Þrátt fyrir þetta fékk rn. ekki fé til rannsóknanna. Hins vegar hefur Orkustofnun lagt fram fé til rannsóknanna af sínu umráðafé og standa þær nú yfir, en af þátttöku rn. hefur ekki getað orðið.

Við fyrri umr. á Alþingi um frv. til l. um fuglaveiðar og fuglafriðun hefur verið að því vikið, að ekki væri þar skýrt kveðið á um rétt manna til fuglaveiða, þ. e. þeirra sem ekki eiga sjálfir veiðilönd. Ákvæði frv. eru hin sömu og gildandi laga, þ. e. að íslenskum ríkisborgurum skuli heimilar fuglaveiðar á afréttum og almenningum utan landareigna lögbýla. Hins vegar er það alveg rétt, að mikil óvissa ríkir um skilgreiningu þess, hvað séu almenningar og afréttir, og hafa hlotist af deilur, t. d. í sambandi við rjúpnaveiðar. Hér er um allflókið lögfræðilegt vandamál að ræða og þarf í þessu sambandi vel að hyggja að réttindum jarða eða landeigenda annars vegar og hins vegar hins fjölmenna hóps þéttbýlismanna sem unir því illa að vera meinaður aðgangur að veiðilöndum. Væri æskilegt að finna form fyrir því, að landeigendur fengju tekjur af sölu veiðileyfa og þéttbýlismenn ættu þess kost að kaupa þau, en jafnframt yrðu skilmerkileg ákvæði sett í lög um rétt manna til að veiða þótt þeir eigi ekki veiðilönd. Þarf að lögfesta skipulag þessara mála áður en til frekari og alvarlegri árekstra kemur en orðið er.

Ég hef hugsað mér að láta athuga þetta sérstaklega, annaðhvort með skipun nefndar eða ráða til þess menn með öðrum hætti. Og e. t. v. væri það verkefni þingnefndar að vinna að athugun þessa atriðis. Hins vegar sá ég ekki ástæðu til þess að bíða með að leggja frv. á ný óbreytt fyrir Alþingi, því að líklegt er að nokkurn tíma taki að leysa þennan hnút og vel mætti samþykkja frv. nú og breyta veiðiréttarákvæðum þess síðar, ef skynsamleg og friðsamleg lausn fæst á þeim vanda.

Þótt frv. sé lagt fram óbreytt, eins og ég hef tekið fram, vil ég vekja athygli á því, að e. t. v. kynni að vera ástæða að athuga um þrjú atriði. Í fyrsta lagi, hvort ekki er rétt að þyngja sektarákvæðin frá því sem er í frv. og hvort ástæða er til að veita svo langan frest sem 10 ár til þess að breyta fjölskotabyssum í tvískotabyssur og í þriðja lagi hvort ekki sé rétt að taka upp verðlaunaveitingar til bænda, ef arnarungi kemst upp í landareign þeirra.

Hvað varðar sektarákvæðin vil ég geta þess, að á undanförnum árum hafa erlendir menn hvað eftir annað gert tilraunir til að handsama fálkaunga og flytja úr landi. Sumarið 1976 fundust t. d. fimm fálkaungar í ferðatöskum á Keflavíkurflugvelli. Sumarið 1978 kom maður sá á ný til Íslands sem grunur lék á að átt hefði fálkaunga þá sem fundust í ferðatöskunum. Var fylgst náið með ferðum hans á Norður- og Vesturlandi í nokkra daga og benti margt til þess, að hann væri hér í þeim erindum að handsama fálka. Var honum að lokum vísað úr landi.

Sumarið 1980 tókst að koma í veg fyrir að menn frá Austurríki flyttu úr landi fimm fálkaunga og fjóra smyrilsunga, sem þeir að lokum viðurkenndu að hafa handsamað hér á landi, þótt þeir í fyrstu teldu sig hafa náð þeim á Grænlandi. Samkv. gildandi lögum um fuglaveiðar og fuglafriðun hlutu Austurríkismennirnir aðeins 25 þús. kr. sekt fyrir tiltæki sitt, og sýnir það glöggt að brýna nauðsyn ber til að stórhækka sektarákvæði fuglafriðunarlaga. Sektarákvæðin í frv. miðast við fyrri hluta árs 1978, en nefna má að vísitala vöru og þjónustu hefur samkv. upplýsingum Hagstofu Íslands þrefaldast frá 1. mars 1978 til 1. nóv. 1980.

Herra forseti. Ég skal nú ekki hafa mál mitt öllu lengra. Ég tek það fram, að ég tel mikilvægt að n. taki afstöðu til frv. með eða móti. Ég legg það fram enn einu sinni til þess að fá úr því skorið, hvern hljómgrunn málið hefur í raun og veru. Þótt ágreiningur kunni að vera um einstakar greinar í frv. finnst mér varla ástæða til þess að dæma frv. í heild út frá því. Og ég leyfi mér svo að lokum, herra forseti, að óska þess, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til menntmn. með 25 shlj. atkv.

Stéttarfélög og vinnudeilur, frv. (þskj. 43). — 1. umr.

Flm. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breyt. á lögum nr. 80 11. júní 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur. Grundvallarhugmyndin, sem flutt er í þessu frv., er sú, að vinnustaðurinn verði grundvallareining þegar samið er um kaup og kjör, en kerfið verði ekki lárétt eins og stundum er kallað og nú er. Það skal tekið fram í upphafi, að það hvarflar ekki að flm. að nákvæmlega þessi útfærsla sé hin eina rétta. Verður vikið að því síðar. Hins vegar er verið að framkvæma hér mjög róttæka breytingu á því kerfi sem samningar um kaup og kjör ganga eftir, sem sé þá, að vinnustaðurinn verði gerður að grundvallareiningu. Áður en lengra er haldið vil ég biðja hv. alþm. að gæta þess mjög að rugla ekki saman aðalatriðum og aukaatriðum í þessum efnum. Aðalatriðið er það og það eitt, að vinnustaðurinn sé gerður að grundvallareiningu. Hitt eru aukaatriði og útfærsluatriði.

Eins og gert er ráð fyrir í þessu frv. er við það miðað, að vinni á vinnustað 25 eða fleiri fastráðnir starfsmenn, þá eigi þeir að mynda það sem kallað er starfsgreinafélag. Þetta orð er tekið úr hugmyndafræði Alþýðusambands Íslands, en á árunum 1956—1962 ályktaði það mjög í þessa veru og var jafnan talað um starfsgreinafélög. Það skal viðurkennt, að það orð kann að vera misvísandi. En þó er hægt að ná, hygg ég, samkomulagi um það, að orðið „starfsgreinafélag" sé notað í þessum skilningi. Það er sem sé gert ráð fyrir því, að vinnustaðir, sem hafa fleiri en 25 fastráðna starfsmenn eða vinnuseljendur, eins og það er kallað í frv., myndi slík félög og þá gildi einu við hvaða sérstarf þeir hafa unnið áður.

Við getum tekið sem dæmi að hjá fyrirtækinu Hagkaupum í Reykjavík er einn vinnuveitandi eða vinnukaupandi. Hins vegar starfar þar fólk á saumastofum, í eldhúsi, í verslunum og við fleiri og fleiri störf. Það er gert ráð fyrir því, að allt þetta fólk gangi í eitt og sama félagið. Á hinn bóginn má það ekki misskiljast, að hér er ekki verið að leggja til að hin eldri stéttarfélög leggist af. Þau hafa eftir sem áður margvíslegu hlutverki að gegna með sérmenntað fólk innan sinna vébanda, og auðvitað heldur það uppi bæði virðingu og vegi sinnar sérmenntunar. Hinu má ekki gleyma, að elsta og stundum er sagt virðulegasta verkalýðsfélag landsins, Hið íslenska prentarafélag, sem er stofnað 1892, var í upphafi menningarfélag ekki síður en baráttufélag um kaup og kjör. Og eftir stendur hvernig fara skuli t. d. með lífeyrissjóði, hvort þeir gangi inn í þessi starfgreinafélög eða hin eldri verkalýðsfélög fari með þá eins og nú er. Til þessa síðasta er ekki tekin afstaða í þessu frv.

Hvort talan 25 er nákvæmlega rétt, á það legg ég heldur engan dóm. Tekið er fram í grg. með þessu frv., að vel megi hugsa sér aðra tölu. Á frumstigi, þegar við vorum að vinna þetta frv., reiknuðum við með tölunni 10. Það má einnig hugsa sér aðra útfærslu, sem sé þá — vegna þess hvað hér er um róttæka breytingu að ræða — að breytingin eigi sér stað í áföngum þannig að þetta gangi í gildi um félag, sem hafi fleiri en 100 félaga, um áramótin 1981—1982, þau sem hafi fleiri en 50 komi ári seinna og svo koll af kolli, því að vitaskuld eru margir hræddir við eins róttæka breytingu og þá sem hér er verið að leggja til.

Í ítarlegri grg. með þessu frv. er rakin nokkuð saga málsins. Ég veit að hv. alþm. hafa kynnt sér þetta og það ætti að vera óþarfi að lesa grg. nú. En saga málsins skiptir þó allmiklu máli. Fram að 1938 gilti hér á Íslandi lögmál frumskógarins í samningum um kaup og kjör. Þetta lögmál frumskógarins verkaði þó þannig, að það var orðið nokkurt samkomulag um það, að a. m. k. stærri verkalýðsfélögin hefðu réttindi til að semja um kaup og kjör, þó mikið væri um verkfallsbrot og alls konar leiðindi, enda var ríkjandi án laga anarkismi í þessum efnum. Ég vil vísa til þess, sem Vilmundur Jónsson, þm. Alþfl., þá, sagði í þingræðu um þetta mál, en hann var einn af talsmönnum Alþfl. árið 1938. Hann sagði, með leyfi forseta:

„Verkfallsrétturinn er nú á engan hátt lögverndaður. Allur svokallaður „réttur" til verkfalla er fólginn í því, að þau eru liðin af þeim sem valdið hafa í þjóðfélaginu — á meðan það verður — en ekki því, að þau séu leyfð. Með verkfallsbrjótum, jafnvel meðlimum þess verkalýðsfé-

lags, sem í verkfalli á, má gera þennan „verkfallsrétt“ að engu. Fyrir venjulegar aðgerðir verkalýðsfélaga til að hindra verkfallsbrot má samkv. hinum íslensku hegningarlögum dæma menn til þungra refsinga og jafnvel til betrunarhúsvinnu.“

Og síðar í ræðu sinni sagði Vilmundur Jónsson:

„Á þessu ári“ þ. e. 1938 — „er fyrst að telja,“ — og þá er verið að réttlæta frv. sem þá var til umræðu, „að réttur verkamanna til að stofna verkalýðsfélög og til að vera í verkalýðsfélögum er tvímælalaust viðurkenndur og lögverndaður með 1. gr. frv. Hér á eftir verða verkalýðsfélögin ekki aðeins félög, heldur félög sem hafa löglegan tilgang. Engar hundakúnstir lögfræðinga í dómarasæti geta komist í kringum það.“

Ég er þeirrar skoðunar, að þeir, sem á árinu 1938 mæltu með frv. um stéttarfélög og vinnudeilur eins og það þá var, hafi haft rétt fyrir sér. Andstæðingarnir voru einkum úr Kommúnistaflokki Íslands, en einnig Héðinn Valdimarsson sem á þessum tíma er einmitt að ganga úr Alþfl. og til samvinnu við það sem á þessum mánuðum er farið að kalla Sameiningarflokk alþýðu — Sósíalistaflokkinn, svo að persónulegir hagsmunir kunna að hafa skipt einhverju í afstöðu Héðins að því er þetta mál varðar á sínum tíma. En Þjóðviljinn á þeim tíma og þrír þm. Kommúnistaflokksins snerust ásamt Héðni af mikilli heift gegn þessu frv. Ísleifur Högnason, þm. Kommúnistaflokksins, sagði m. a. í þingræðu um þetta mál:

„Ef þetta vinnulöggjafarfrv. verður að lögum, markar það tímamót í sögu íslenskrar verkalýðsbaráttu. Með því er fyrsta sporið stigið í áttina til þess að gera íslenska verkamenn að þrælum.“

En nú er svo komið, að þetta umdeilda frv. frá 1938 er orðið að frv. sem menn eru farnir að líta á sem sjálfsagðan náttúrurétt. Og ég hef jafnvel stundum á tilfinningunni að forustumenn í launþegahreyfingunni, jafnvel á ýmsum aldri, viti ekki af lögunum frá 1938, heldur haldi að hér sé um að ræða áunninn náttúrurétt. Það er auðvitað hinn mesti misskilningur, því að lögin frá 1938 eru eins og hvert annað mannanna verk, góð eða vond eftir atvikum, gölluð mikið eða lítið eftir atvikum.

Það urðu gríðarlegar deilur um þetta mál 1938 og margir þeir, sem síðan hafa unnið með þessum lögum, — ég nefni sem dæmi mann sem er nýhættur á Alþingi, Eðvarð Sigurðsson, hann var einmitt í þeirri sveit sem barðist gegn lögunum 1938, en virðist nú telja að hér sé um að ræða hið eina sanna form í þessum efnum.

Annar vandi, sem strax rís í þessum efnum, er hvort setja skuli lög. Á löggjafinn yfir höfuð að skipta sér af svona málum? Því er til að svara, að mér er kunnugt um að starfsmenn hjá tveimur fyrirtækjum a. m. k. hafa reynt fyrir sér með að stofna starfsgreinafélög. Hér er um að ræða Flugleiðir og Morgunblaðið. Það eru setningar í gömlu lögunum frá 1938 sem beinlínis koma í veg fyrir þetta, og þar af leiðir að ef starfsgreinafélagakerfið á að verða hér kerfi næstu ára og áratuga, þá verður að breyta lögum, hvort sem forustumönnum í launþegahreyfingunni líkar betur eða verr. Þetta verður ekki gert nema með lagabreytingu. Slíkt hégómamál eins og hitt, hvaðan frumkvæðið kemur í þessum efnum, hvort það komi frá verkalýðshreyfingunni sjálfri eða Alþingi, það held ég að sé meira deila um keisarans skegg. En sagan gekk einnig þannig fyrir sig í þessum efnum, að á miðjum sjötta áratugnum, árunum frá 1950—1960, fara að vakna raddir innan verkalýðshreyfingarinnar um að fyrirkomulagið sé bæði dauft, gamaldags og sinni alls ekki kröfum nútímasamfélags, og fjögur Alþýðusambandsþing í röð, 1956, 1958, 1960 og 1962, ályktuðu um að þetta væri æskilegasta fyrirkomulagið. Þetta var í forustutíð Hannibals Valdimarssonar í Alþýðusambandinu. Fjögur þing í röð ályktuðu í þessa veru. Samt hefur ekkert gerst af því að löggjafinn hefur aldrei tekið málið upp. En löggjafinn verður að gera það ef svona hugmyndir eiga að verða að lögum.

Af hverju hefur ekkert gerst? Ég held að töluvert af svarinu liggi í ummælum sem höfð eru eftir Guðmundi J. Guðmundssyni, formanni Verkamannasambands Íslands og hv. þm., og kom fram í Rétti við umræður um þessi mál árið 1976. Guðmundur sagði: „Kannske er líka einhver smákóngapólitík í þessu, en það eru fyrst og fremst þeir, sem eru hæst launaðir, sem eru harðastir á móti því. Þeir þola ekki lýðræðið, þeir vita að þeir ófaglærðu eru fleiri.“ Ef til eru meðmæli með þessu frv., þá held ég að það séu þessi ummæli sem höfð eru eftir hv. þm. Guðmundi J. Guðmundssyni.

Ég legg á það áherslu, að við gerum ráð fyrir að stéttarfélög muni starfa áfram. Þau hafa bæði virðulegum og sögulegum tilgangi að gegna, einnig menningarlegum tilgangi, en auk þess að vera sínum mönnum til halds og trausts, jafnvel þó þeir semji með fyrirkomulagi starfsgreinafélaganna. Einn vandi er þá eftir. Hvað með þá sem vinna á vinnustöðum þar sem eru færri starfsmenn en 25, þ. e. 24 eða færri? Frv. gerir ráð fyrir því, að í slíku tilviki, — ég nefni verslanirnar í Reykjavík sem vega mjög þungt í þessum efnum, — verði starfsfólk þeirra áfram í sínu stéttarfélagi, Verslunarmannafélagi Reykjavíkur, og þar verði samið samkv. hinu eldra kerfi, — en þó, ef hver einasti starfsmaður í litlu fyrirtæki kýs að semja í starfsmannafélagi, þá megi hafa starfsmannafélög: ef 17 vinna við fyrirtæki og allir þessir 17 eru sammála um að semja heldur beint við atvinnurekanda, þá megi þeir gera það.

Einn kost við þetta frv. hygg ég vera þann, — og það er mjög veigamikið atriði þó að það vegi ekki þungt í grg., — að ég er sannfærður um að þetta kerfi mundi mjög draga úr verðbólgu hér. Við vitum hvernig samningar um kaup og kjör hafa gengið fyrir sig. Menn semja og standa svo upp báðir og segja: „Ábyrgðarlausir samningar, það er ekki til innistæða fyrir þessu.“ Ríkisvaldið kemur þá til skjalanna og færir til, t. d. með gengisfellingu, til handa frystihúsum eða öðrum þeim sem í hlut eiga. Ef starfsfólkið semur beint við vinnuveitandann, þá er ekki samið um önnur verðmæti en þau sem til eru. Úr hinum ábyrgðarlausu afskiptum ríkisvalds af kjaramálum og kaupgjaldsmálum, sem eru orðin allt of mikil, mundi auðvitað mjög draga ef þetta fyrirkomulag yrði lögfest. Þá ber þess og að gæta, að samkv. þessu fyrirkomulagi er hægt að hafa eftirfarandi hátt á: Við getum nefnt 1500 manna byggðarlag einhvers staðar á landsbyggðinni. Segjum svo að í því byggðarlagi séu 3, 4 eða 5 fyrirtæki sem hafi 25 starfsmenn eða fleiri. Segjum líka að það sé gott verkalýðsfélag á staðnum og verkalýðsstjórnin njóti mikils trausts. Þá geta öll þessi þrjú frystihús og tvö iðnfyrirtæki framselt verkalýðsfélaginu samningsrétt sinn og það semur þá við vinnuveitandann. Valdið er fært til launþegans. Í öllum tilvikum ræður hann. Enn fremur er gert ráð fyrir því í 1. gr. frv., að það sé ekki aðeins hægt að stofna starfsgreinafélög, heldur starfsgreinabandalög.

Ef t. d. öll frystihús í Reykjavík vilja vera saman í bandalagi og standa og falla hvert með öðru, þá mynda þau auðvitað bandalög og þá eru þau komin saman öll og þá stendur vinnukaupandinn á móti. Allur réttur í þessum efnum er færður til launþegans samkv. þessu.

Nú má enn segja að mikil rök með þessari aðferð, sem raunar koma fram í þingtíðindum fjögurra þinga Alþýðusambands Íslands, séu þau, að líkurnar aukast á því, að atvinnulýðræði, þ. e. þátttaka starfsmanna í stjórnum fyrirtækja, verði talið æskilegt, að slíkt fyrirkomulag fylgi í kjölfarið. Sama gildir um efnahagslýðræði, sem sé það, að starfsfólk taki út hluta af launum sínum sem hlutabréf í fyrirtækinu. Samskiptin verða öll önnur ef þetta fyrirkomulag er tekið upp.

Ég vek athygli á því, að í 6. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að lög þessi öðlist gildi 1. jan. 1982. Frv. var lagt fram í endaðan okt., hygg ég. M. ö. o.: það er gefið rúmlega eitt ár til aðlögunar. Og það verður að vera þannig, að verkalýðshreyfingin hafi eitt ár eða tvö, frá því að Alþingi hefur samþykkt þetta, til þess að aðlaga sig breyttum aðstæðum.

Ég lít alls ekki trúarlegum augum á þetta frv. Það hvarflar ekki að mér, að þetta sé hin eina og sanna útgáfa. Nú fer frv. í n., í allshn. væntanlega, það var sent í allshn. 1938 þegar það var til umr. þá. Auðvitað gerir flm. ráð fyrir því, að þetta frv. verði sent öllum verkalýðsfélögum í landinu til umsagnar og höfð náin samráð við þau, teknir í það 2—3 mánuðir — eða góður tími — til að heyra undirtektir þeirra. Ég er sannfærður um að það er hik á sumum forustumönnum í verkalýðshreyfingunni. En það er ekkert hik á hinum almenna launþega úti á vinnumarkaðinum. Hann vill þetta. Auðvitað verðum við að viðurkenna það, að við alþm. erum íhaldssamir í kjördæmamálum líka, vegna þess að við erum að vernda okkar persónulegu valdahagsmuni. Þetta er eðli málsins og ósköp venjulegt lífsviðhorf. Við skulum viðurkenna að þetta er svona. Sömu sögu er að segja úr verkalýðshreyfingunni. Ég hygg að forustumennirnir þar margir hverjir snúist gegn þessu vegna þess að þeir óttast að valdakerfið komi til með að breytast og þeir kunna ekki á hið nýja valdakerfi eins og þeir kunnu á það gamla.

Ég vil svo láta fylgja með skilgreiningu á því, hvað átt er við með starfsgreinafélagi, sem raunar er getið neðst á bls. 9 í grg. með þessu frv. Þar segir, með leyfi forseta:

„Með „starfsgreinafélagi" er átt við að allir þeir, sem vinna að sömu framleiðslu á vöru eða inna af hendi sömu þjónustu og selja vinnu sína til sama vinnukaupanda, séu saman í starfsgreinafélagi. Starfsgrein er þá skilgreind sem vinna að tiltekinni framleiðslu, óháð því hvaða sérstaka starfi tiltekinn einstaklingur gegnir. Þannig væru allir þeir, sem vinna við flug, að selja vinnu sína einum og sama vinnukaupanda, í sama starfsgreinafélagi, hvort sem þeir fljúga flugvélum, færa bókhald, vinna við þvotta eða rafvirkjun. Þeir, sem vinna í verksmiðju, hjá skipafélagi eða í stærri verslun, væru þá saman í starfsgreinafélagi."

Eitt má nefna enn. Það er jafnlaunastefnan. Reynslan bæði í álverinu og á Grundartanga hefur sannað að þegar menn semja með þessum hætti, þá taka menn meira tillit til síns minnsta bróður heldur en þegar menn semja eins og nú er gert. Það er meiri jafnlaunastefna ríkjandi í Straumsvík og á Grundartanga en í nokkru öðru sambærilegu fyrirtæki hér á landi. Guðmundur J. Guðmundsson hefur mjög fjallað um þá staðreynd, að svona kerfi þýði meira jafnlaunakerfi en það kerfi sem nú er.

Nefndin, sem fær þetta frv., mun væntanlega senda það mörgum til umsagnar og það tel ég bæði rétt og skylt. Ég vísa hins vegar á bug rökum eins og þeim, að Alþingi komi þetta mál ekki við, vegna þess að Alþingi setti árið 1938 lög um stéttarfélög og vinnudeilur, þó að menn átti sig ekki alltaf á því. Það eru lög í landinu og mér er kunnugt um það, að til að mynda fólk hjá Flugleiðum fór og athugaði sinn lögfræðilega rétt, hvort hægt væri að stofna slíkt félag. Svarið var nei, það er ekki hægt nema Alþingi breyti lögum í þessum efnum. Og ég held því fram, að það sé kveifarskapur og kerlingarmennska af verstu tegund, — og þá á ég við kerling í merkingunni lítill karl, — ég held að það sé slík kveifarmennska og kerlingarskapur af verstu gerð þegar menn bera því við, að löggjafanum komi þessi mál ekki við, vegna þess að þetta eru lög og lögunum verður að breyta ef á að vera hægt að gera þetta með þessum hætti. M. ö. o.: ég mæli fyrir mjög ítarlegu samráði við verkalýðshreyfinguna um þessi efni, en endanleg ákvörðun er hjá Alþingi. Og ef sú tillfinning mín er rétt, að fólkið sjálft í landinu vilji þessa breytingu, en hún strandi fyrst og fremst á forustumönnum í verkalýðshreyfingunni, þá tel ég Alþingi ekki aðeins rétt, heldur skylt að taka fram í fyrir verkalýðsforustunni og standa með fólkinu, á móti foringjunum. Þess vegna held ég að það sé brýnt að Alþingi geri þetta. Það getur ekki verið tilviljun, að Alþýðusambandsþing undir forustu Hannibals Valdimarssonar samþykki fjögur þing í röð að þetta kerfi væri hið æskilega. Það hljóta að vera mikilvæg rök fyrir því, að þetta sé ekki komið í gegn, að menn eru að þenkja um valdahagsmuni sína. Þegar við rifjum enn upp þá staðreynd, að a. m. k. hjá tveimur fyrirtækjum hafa menn athugað, hvort þetta sé hægt, og komist að því, að það sé ekki hægt samkv. núgildandi lögum, þá eru lögin, svo góð sem þau voru 1938, beinlínis farin að tefja fyrir framþróun í þessum efnum.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að lengja mál mitt mjög. Ég vísa til ítarlegrar grg. sem þessu frv. fylgir. Ég vísa til þess, að þetta er ekki stefna Alþfl., þetta er frv. sem flutt er af einstaklingi. Samband ungra jafnaðarmanna hefur hins vegar haft þetta mál á stefnuskrá sinni. Félag ungra jafnaðarmanna í Reykjavík hefur lýst yfir fullum stuðningi við þetta frv., en engu að síður er þetta hér í þinginu flutt sem einstaklingsfrv. Stefna Alþfl. er enn þá ekki í þessa veru að því er þessi mál varðar. Ég vil vera hreinskilinn og bæta því við, að það eru skiptar skoðanir innan okkar flokks um þessi efni.

Herra forseti. Ég legg síðan til að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til allshn., eins og gert var 1938, og síðan til 2. umr. Og ég vil enda mál mitt á því, að biðja þá n. sem við frv. tekur, að hafa sem nánust samráð við verkalýðsforustuna. En samráðin við verkalýðsforustuna mega ekki vera svo náin að verkalýðurinn sjálfur gleymist, vegna þess að þetta mál er ekki fyrir verkalýðsforingjann, heldur fyrir verkalýðinn, ekki fyrir forustumanninn í launþegafélaginu, heldur fyrir launþegann, fyrir hinn almenna mann. Ég þykist hafa það rétt á tilfinningunni, að það sé meiri hrifning hjá hinum almenna manni á þessu heldur en hjá þeim sem með forustuna fara. Við megum ekki gleyma því mannsins eðli, að hljóti maðurinn völd og frama á hann það til að verja völd sín og frama með kjafti og klóm. Það

er eðlilegt og kannske ekkert við því að segja. En Alþingi á ekki að hlusta einasta á verkalýðsforustuna, heldur einnig verkalýðinn. Alþingi á ekki einasta að hlusta á forustufólkið í samfélaginu, heldur það fólk sem heldur uppi þjóðlífi hér úti um hinar víðu og breiðu byggðir landsins.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það frv., sem hv. þm. Vilmundur Gylfason flytur hér og hefur mælt fyrir, kallar auðvitað á býsna miklar umr. Hins vegar eru mörg mál á dagskránni í dag og ég veit ekki alveg hvað við komumst langt með þessa umr. núna. Hugsanlegt er að henni yrði frestað nú, en haldið áfram einhvern tíma síðar, en það er auðvitað mál sem hv. flm. og hæstv. forseti yrðu að koma sér saman um. En hér er auðvitað um að ræða, í þessu frv., mjög mörg atriði sem kalla á nokkuð ítarlega umr. að mínu mati.

Ég vil einnig segja varðandi málsmeðferð, að það er mín skoðun að frv. af þessu tagi eigi að vísa til hv. félmn. Þetta eru lögin um stéttarfélög og vinnudeilur. Það er eðlilegt að þau mál, sem þar eru, fari til félmn. Það er hins vegar ákvörðun forseta hvernig hann hagar því máli.

Varðandi þetta mál held ég að við verðum aðeins að átta okkur á því, — og ætla ég að reyna að lengja ekki þessar umr. mikið, — að vinnulöggjöfin er fyrst og fremst rammi um samskipti aðila vinnumarkaðarins. Hún er lög um leikreglur aðila vinnumarkaðarins hvors gagnvart öðrum. Vinnulöggjöfin kveður í raun og veru ekki á um skipulag þessara aðila innbyrðis hvors um sig, hvorki Vinnuveitendasambandsins né verkalýðssamtakanna. Það eina, sem sagt er í vinnulöggjöfinni um þessi mál, er það, að félagssvæði megi aldrei vera minna en eitt sveitarfélag. Þetta er í raun og veru það eina sem þarna er tekið til varðandi skipulag verkalýðssamtakanna sjálfra.

Ég held að það sé mjög óvarlegt að fara að taka ákvörðun um það hér á hv. Alþ., hvernig skipulagi verkalýðssamtakanna á að vera háttað. Ég tel það vera mjög óvarlegt. Ég er ekki að draga úr því, að það hefur gengið hægt, eins og hv. þm. sagði, hjá Alþýðusambandinu — svo að ekki sé fastar að orði kveðið — að laga skipulag sitt að samþykktum Alþýðusambandsþings frá 1960. Engu að síður held ég að þetta mál sé þannig vaxið, að það sé alveg óhjákvæmilegt að það séu samtökin sjálf sem setji sér þessar leikreglur.

Mér finnst dálítið villandi í þessu sambandi notkun hv. þm. á orðinu „starfsgreinafélag." Í rauninni tel ég hann vera að tala hér um vinnustaðafélag. Hann er fyrst og fremst að tala um vinnustaðafélag. Ég lít þannig á, miðað við þá túlkun sem hefur verið uppi í Alþýðusambandinu, að starfsgreinafélag sé félag manna sem starfa að sömu meginverkefnum, að t. d. væru starfsmenn í frystihúsum í Reykjavík, skulum við segja, í einu starfsgreinafélagi, en ekki að þeir gætu stofnað hver í sínu frystihúsi sitt vinnustaðarfélag þannig að það yrði þá eitt hjá Fiskiðjuverinu, eitt hjá Bæjarútgerðinni og eitt hjá Hraðfrystistöðinni o. s. frv., eins og gert er ráð fyrir í frv. Ég held því að það sé dálítið villandi að nota orðið „starfsgreinafélag" eins og hv. þm. setur þetta hér upp.

Eins er það ljóst að hann gerir í rauninni ráð fyrir að um leið og yrði heimilt með sérstökum lögum að stofna verkalýðsfélög af þessu tagi fari félögin, eins og þau eru nú, áfram með samningsrétt, þannig að hann gæti orðið tvöfaldur eða þrefaldur eftir atvikum. Mér finnst þetta vera málefni sem rétt sé að staldra við. Ef þessi leið væri farin að fullu, sem hv. þm. ræðir um, þ. e. að alls staðar væru komin á svona vinnustaðafélög, þá held ég að yrði mjög hætt við því, að verulega stór hópur launafólks, t. d. farandverkafólk og fleiri slíkir, yrði í raun og veru ófélagsbundinn og utan verkalýðssamtakanna í landinu smám saman. Eins og við vitum hefur það verið þannig, að það hefur nánast verið um að ræða skylduaðild að verkalýðsfélögunum. Þetta finnst mér vera atriði sem við eigum að taka tillit til.

Í rauninni er ekkert sem bannar, — vil ég vekja athygli hv. þm. og flm. á, — að samið sé um kjör á hverjum stað fyrir sig, burt séð frá svæði verkalýðsfélagsins. Það er ekkert sem bannar það. Þess vegna hefur það hvað eftir annað gerst, að samið hefur verið um laun allra starfshópa á hverjum vinnustað. Þannig hefur verið samið fyrir starfsmenn í álverksmiðjunni í Straumsvík, það hefur verið samið hjá járnblendiverksmiðjunni og það hefur verið samið fyrir starfsmenn hjá ríkisverksmiðjunum. Þannig er í raun og veru ekkert sem bannar að svona sé að málum staðið ef viðkomandi atvinnurekendur og starfsmenn og verkalýðsfélög fallast á það.

Ég held að það sé þó í rauninni meginatriðið í þessu, að frv. þetta fjallar um skipulagsgerð verkalýðssamtakanna og breytingu á þeim, en ekki meginatriði vinnulöggjafarinnar, sem eru samskiptareglur verkalýðs og atvinnurekenda. Það mætti vitna í margar ræður, mörg frumvörp og margar greinar um þessi mál sem hér hafa komið fram á hv. Alþ. á undanförnum 40 árum. Ég ætla ekki að fara langt út í þá sálma. Ég vil þó vitna í umr. sem fram fóru hér á Alþ. fyrir allmörgum árum um þáltill. um stéttarfélög og vinnudeilur, sem mig minnir að þm. Sjálfstfl. hafi flutt á þeim tíma. Í þeim umr. sagði þáv. þm. Hannibal Valdimarsson:

„Og það hef ég tekið fram," segir hann, „að ég er mjög vantrúaður á, að til bóta verði breytt í verulegum atriðum íslenskri vinnulöggjöf, nema þær breytingar séu undirbyggðar með nokkurn veginn samkomulagi í aðalatriðum, bæði Vinnuveitendasambands Íslands og Alþýðusambands Íslands. Og ég hygg," segir Hannibal Valdimarsson áfram, „að hver sú ríkisstj., sem flanaði af stað með gjörbreytingu á íslenskri vinnulöggjöf án þess að undirbyggja breytingarnar á þann veg, væri ekki að skapa íslensku þjóðfélagi aukna farsæld."

Í mjög ítarlegri ræðu, sem Hannibal Valdimarsson flutti um þetta mál hér á hv. Alþ., rekur hann rækilega hvernig þessum málum er háttað í grannlöndum okkar. Hann bendir m. a. á að Danir hafi í rauninni enga vinnulöggjöf, heldur séu reglur um samskipti aðila vinnumarkaðarins mótaðar af hefðum á allmörgum áratugum. Hann leggur á það áherslu, að lög og reglur um vinnulöggjöf hafi verið lítt eða ekkert breyttar um margra áratuga skeið. Eina breytingin, sem við höfum gert á vinnulöggjöfinni nú á síðari árum, er hins vegar breytingin um sáttastörf í vinnudeilum þar sem hlutur sáttasemjara er festur með skarpari hætti í lögum en áður var.

Nú vil ég taka það fram, að auðvitað á Alþ. að ræða um mál eins og þetta. En það er fráleitt að Alþ. fari að skipa fyrir um innri skipulagsmál frjálsra samtaka í landinu. Ég minni hv. þm. Vilmund Gylfason og aðra einnig á það, að það getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir kjör launafólks ef þetta vinnustaðaskipulag væri tekið upp. Hugsum okkur á stöðum, hv. þm., þar sem um er að ræða einn meginatvinnurekanda, segjum t. d. kaupfélag, sem á nærri öll atvinnufyrirtæki í viðkomandi litlu byggðarlagi.

Ég er hræddur um að það gæti orðið þröngt fyrir dyrum launamanna í samningum við slíkan einn aðila við þær kringumstæður. Ég mundi óttast um stöðu launamanna þar sem um væri að ræða tiltölulega mjög sterkt vald eins atvinnurekanda á öllum meginframleiðslutækjum byggðarlagsins. Ég held að með tilliti til þessa og margs annars eigi að skoða þetta mál mjög vandlega.

Ég vil einnig minna á að þm. leggur mikla áherslu á að við slíkar aðstæður verði ekki samið um önnur verðmæti en þau sem til skiptanna eru á hverjum vinnustað eða í hverri starfsgrein. Þetta mundi vitaskuld þýða að þeir menn, sem vinna hjá fyrirtækjum sem eru með tiltölulega bága afkomu, yrðu með lakari laun, enda þótt við teldum réttlætanlegt frá þjóðhagslegu sjónarmiði að þessi fyrirtæki haldi að sjálfsögðu áfram að starfa. Ef tekið hefði verið tillit til þessarar afkomu, t. d. við ákvörðun launa nú á undanförnum árum, er t. d. alveg ljóst að þeir, sem starfa hjá frystihúsum á Suðurnesjum, væru með heldur lægra kaup en þeir sem starfa hjá frystihúsum á ýmsum öðrum stöðum. Ég held að það þurfi að halda þannig á málum að verkalýðshreyfingunni og launafólki í landinu sé forðað frá hættum eins og þetta gæti haft í för með sér.

Ég tek það fram, að það er margt annað sem um þetta frv. hv. þm. mætti segja, en ég ætla ekki að fara að efna hér til eldhúsdagsumræðna um málið. Það þyrfti í raun og veru og væri fróðlegt að ræða það hér miklu ítarlegar. Ég vildi aðeins koma á framfæri örfáum aths. núna. Auðvitað verða hæstv. forseti og flm. svo að ákveða hvað um þessa umr. verður frekar. En vegna þess, hvað mörg mál bíða á dagskránni í dag, kýs ég að hafa mál mitt ekki lengra að sinni.

Umr. frestað.

Verðgildi íslensks gjaldmiðils, frv. (þskj. 156). — 1. umr.

Flm. (Ágúst Einarsson): Herra forseti. Frv. það, sem ég mæli hér fyrir, fjallar um breytingu á lögum um breytt verðgildi íslensks gjaldmiðils. Í þessu frv. er gert ráð fyrir að fresta væntanlegri gjaldmiðilsbreytingu um eitt ár. Flm. ásamt mér að þessu frv. eru allir þm. Alþfl. í Nd. Alþingis.

Það er því rétt að rifja upp að Alþfl. stóð heill og óskiptur að því að styðja núverandi lög um breytt verðgildi gjaldmiðilsins. Hundraðföldun íslensku krónunnar var eitt af þeim atriðum sem við Alþfl.-menn lögðum mikla áherslu á fyrir kosningarnar 1978. Gjaldmiðilsbreytingin var einnig grundvallarhugmynd í tillögum Alþfl. sem lagðar voru fram eftir kosningarnar 1979. Í þeim tillögum myndaði gjaldmiðilsbreytingin ramma um aðrar efnahagsaðgerðir. Það ber því eitthvað nýrra við að við Alþfl.-menn skulum nú, tæpum tveimur árum eftir að við stóðum að samþykkt fyrrgreindra laga hér á hinu háa Alþingi, flytja frv. um að fresta gildistöku þessara sömu laga. Ástæðurnar fyrir þessu er þó mjög ljósar.

Efst í hugum okkar hafa verið frá fyrstu tíð hin jákvæðu áhrif gjaldmiðilsbreytingarinnar. Gjaldmiðilsbreyting gefur einstakt tækifæri fyrir hvaða stjórn sem er að hrinda í framkvæmd ýmsum nauðsynlegum efnahagsaðgerðum. Það hafa nú á undanförnum vikum farið fram miklar umr. hér á hinu háa Alþingi um fyrirhugaða gjaldmiðilsbreytingu. Það er víst, að það er óhugur í mörgum varðandi þessa breytingu. Það er ekki ætlun mín að snúa þeirri umr., sem hér á eftir að fara fram um þetta frv., upp í eldhúsdagsumr. um efnahagsstefnu ríkisstj. Sú umr. hefur þegar farið fram hér í sölum Alþingis.

Nú er ljóst að um næstu áramót munu ekki verða framkvæmdar neinar efnahagsráðstafanir af núv. ríkisstj. Það skal ekki lagður á það dómur hér, hvenær eða hvort efnahagsráðstafanir ríkisstj. sjá dagsins ljós. Það er ekki efni þessa frv. né tilgangur. En við verðum að minnast þess, hvernig þessi lög eru til komin. Nauðsyn þess að breyta verðgildi íslensks gjaldmiðils er augljós. Það var ekki umdeilt fyrir tæpum tveimur árum þegar lögin voru samþykkt. En meginröksemdirnar fyrir samþykkt frv. voru þær, að samhliða gjaldmiðilsbreytingunni gæfist einstakt tækifæri til að framkvæma ýmsar róttækar efnahagsráðstafanir sem allir stjórnmálaflokkarnir eru sammála um að verði að framkvæma.

Þáv. viðskrh., Svavar Gestsson, núv. félm.- og heilbrrh. og formaður Alþb., flutti framsögu fyrir frv. á sínum tíma. Þeir, sem þá áttu sæti á Alþ., minnast vafalaust enn hinnar ítarlegu og góðu framsöguræðu sem hæstv. ráðh. flutti fyrir máli þessu. Þar rakti hann m. a. hina sögulegu þróun íslensks gjaldmiðils, en lagði einkum áherslu í sambandi við frv. á að þáv. ríkisstj., ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar, mundi ætla að nota tímasetningu breytingarinnar til að leggja fram ýmsar efnahagstillögur. Hæstv. ráðh. sagði þá m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Þótt gjaldmiðilsbreyting hafi vitaskuld engin áhrif á þróun verðbólgu út af fyrir sig má engu að síður ætla að hún gæti orðið brýning til að takast á við vandann af meiri einurð en áður og þannig orðið tákn nýs tímabils í stjórn efnahagsmála.“

Auk þess sagði hæstv. ráðh. í umr.:

„Hugsunin með þessu frv. og þeirri verðmiðilsbreytingu, sem það felur í sér, er fyrst og fremst sú að vera þáttur í heildaraðgerðum, að vera spori á stjórnvöld og almenning til að takast af alvöru á við þau efnahagsvandamál sem nú er við að glíma.“

Fulltrúar Sjálfstfl. tóku mjög í sama streng svo og þm. Alþfl. Það var því ljóst að þegar þm. afgreiddu ofangreint frv. um breytt verðgildi íslensks gjaldmiðils var það hugsun og tilgangur þeirra allra að þetta tækifæri yrði ekki látið ónotað, tímasetning gjaldmiðilsbreytingarinnar mætti ekki líða hjá án þess að aðrar aðgerðir fylgdu. Það ætti því öllum að vera ljóst hver var andi laganna þegar þau voru samþykkt. Þar sem nú er ljóst að þessi megintilgangur laganna verður ekki uppfylltur er það skylda þm. að sjá til þess að framkvæmd breytingarinnar verði frestað.

Nú er það ekki nýtt að þessari skoðun sé haldið fram á þessu ári, og vissulega hefði frv., sem ég mæli hér fyrir, átt að vera komið fram fyrr. Það er í raun furðulegt að hæstv. ríkisstj. hafi ekki haft forgöngu um að fresta þessu máli. Slíkt hefði verið eðlilegt og ríkisstj. hefði getað treyst á aðstoð stjórnarandstöðunnar við framkvæmd þessa máls.

En vissulega má virða það ríkisstjórnarflokkunum til vorkunnar, að þeir bjuggust sennilega við að þeir gætu nýtt gjaldmiðilsbreytinguna samhliða efnahagsaðgerðum. Þannig sagði einn af skarpari stuðningsmönnum þessarar ríkisstj., hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson, í

viðtali við Alþýðublaðið 26. júlí s. l., með leyfi hæstv. forseta:

„Miðað við þær tillögur, sem nú eru ræddar innan stjórnarflokkanna, er ég bjartsýnn á að gjaldmiðilsbreytingin komi heppilega inn í fyrirhugaðar aðgerðir, því að það er gert ráð fyrir að þessar aðgerðir verði farnar að skila árangri einmitt um það leyti sem gjaldmiðilsbreytingin á að eiga sér stað.“

Þessi ummæli hv. þm. hafa því miður ekki ræst. En hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson var örugglega ekki einn um það af stuðningsmönnum ríkisstj. að telja að áhrif efnahagsaðgerða yrðu komin fram nú undir árslok.

Þar sem þessar aðgerðir hafa ekki komið fram, sem voru tilgangur upphaflegrar lagasetningar og eindreginn vilji stuðningsmanna þessarar ríkisstj. svo og stjórnarandstöðu, eiga menn að sýna þann manndóm að snúa bökum saman og fresta gjaldmiðilsbreytingunni þar til betur stendur á. — Þetta er ekki einungis skoðun stjórnarandstöðuþm. Í viðtali við Alþýðublaðið 2. des. s. l. eða fyrir tæpri viku sagði hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Ég er í grundvallaratriðum sömu skoðunar og s. l. sumar þegar ég sagði, að efnahagsráðstafanir væru forsenda þeirrar gjaldmiðilsbreytingar, sem á að fara fram í janúar. Verði ekki gripið til efnahagsaðgerða fyrir gildistíma gjaldmiðilsbreytingarinnar finnst mér réttlætanlegt að fresta breytingunni.

Ég vonast hins vegar til þess, að margumræddar efnahagsaðgerðir, „sagði hv. þm.,“ verði samþykktar í þessum mánuði og að stjórnarflokkarnir geti komið sér saman um haldbærar lausnir. Ég veit, að það er mikið unnið vegna þessara ráðstafana í augnablikinu, og ég veit það líka, að Framsfl. gengur fram til þess verks með það í huga að koma efnahagsráðstöfununum í framkvæmd og að ná samstöðu innan ríkisstj. Hvort það tekst eða ekki verður tíminn að leiða í ljós og ekki er nú langur tími til stefnu, en það hefur sína kosti.“

Síðan segir þm. áfram: „Ég tel gjaldmiðilsbreytinguna út í hött ef ekki tekst samstaða um víðtækar efnahagsráðstafanir. Engar ráðstafanir, engin gjaldmiðilsbreyting.“

Þetta hafði einn af ábyrgari stjórnarþm. um þessa frestun að segja fyrir sex dögum.

Það er ekki ágreiningsefni meðal stjórnmálaflokkanna á Alþingi, að það sé heppilegt við réttar aðstæður að breyta verðgildi gjaldmiðils. Sömuleiðis er ekki umdeilt að gjaldmiðilsbreyting sé heppileg aðgerð í tengslum við aðrar ráðstafanir. Tilgangsleysi þessarar gjaldmiðilsbreytingar við núverandi aðstæður kemur best fram í því, að það verður nauðsynlegt eftir 5—6 ár að taka eitt núll aftan af krónunni og 5 árum seinna að taka annað núll aftan af ef þróunin fær að halda áfram eins og stefnir. Reyndar er í þessum tölum ekki gert ráð fyrir nema 50% verðbólgu, en við þekkjum aðra spádóma sem ég ætla ekki að fara út í.

Frestun breytingarinnar um eitt ár gerir ríkisstj. kleift að vinna að sínum málum, móta sína efnahagsstefnu, eins og hún hefur margoft lýst yfir að hún ætli að gera, leggja síðan þær tillögur fram á næsta ári og framkvæma þannig að gjaldmiðilsbreytingin í árslok 1981 verði vonandi lokapunktur í þeim aðgerðum. Ef svo fer er tilgangi breytingarinnar náð. Það er ábyrgðarleysi að framkvæma slíka aðgerð eins og nú á að gera um áramót. Slíkt mun einungis valda glundroða í þjóðfélaginu og veikja trú manna enn meira á gjaldmiðli okkar.

Mig langar að koma að þeim röksemdum sem verða vafalaust bornar á borð gegn þessu frv. Ég á ekki von á því, að nokkrir hv. þm. muni halda því fram, að gjaldmiðilsbreytingin sé nauðsynlegur liður í enfahagsráðstöfunum ríkisstj. Sömuleiðis á ég ekki von á því, að nokkur hv. þm. haldi því fram, að gjaldmiðilsbreytingin um næstu áramót muni hafa jákvæð áhrif á hugsunarhátt fólks í baráttunni gegn verðbólgunni. Nei, þær röksemdir, sem munu heyrast gegn þessu frv., verða þær, að þetta sé ekki framkvæmanlegt með svona stuttum fyrirvara. Þetta væri þá fyrsta málið sem ég hef nokkurn tíma heyrt um að ekki væri tími til að taka skynsamlega afstöðu í. Vissulega er tíminn skammur, en með góðum vilja og samheldni hefur okkur Íslendingum tekist að vinna bug á miklu, miklu stærri vandamálum en þeim sem samhliða væru frestun gjaldmiðilsbreytingarinnar.

Það er í fyrsta lagi vitað, að seðlavelta er alltaf mest í desembermánuði og minni mánuðina þar á eftir, og í öðru lagi er ekkert annað, sem á að breytast um næstu áramót, en verðgildi krónunnar. Það er ekkert annað í þjóðfélaginu, í efnahagslífi þjóðarinnar, sem á að taka einhverjum stökkbreytingum um næstu áramót. Það er ekkert sem kallar á að það megi ekki nota áfram gömlu seðlana eftir 1. jan. eins og við munum gera fyrir þann tíma.

Reyndar er komin upp sú furðulega staða vegna bankaverkfallsins, sem byrjaði á miðnætti s. l., að peningar verða lítið notaðir á næstunni ef verkfallið leysist ekki. Ég tel að það sé ekkert vafamál, þótt bankamannaverkfallið dragist eitthvað á langinn, að hægt verður að leysa öll vandamál sem skapast af skorti á peningum. Verkfallið hefur í för með sér önnur vandamál sem ég ætla ekki að ræða hér, en það vandamál að skortur sé á peningum er leyst með öðrum hætti. Fólk gefur út ávísanir og fyrirtæki gefa út skuldaviðurkenningar, sem eru fullgildar greiðslur nákvæmlega eins og peningar.

Það er vitað að í íslensku efnahagslífi eru ávísanir notaðar miklu meira en í flestum öðrum löndum. Þetta á sér orsök í því, að seðlastærðin er allt of lítil, og hefði mátt bæta úr því fyrir löngu. Þegar maður hugsar til þess, að stærsta mynteining á Íslandi, 5000 kr. seðill, samsvarar ekki lengur 10 dollara seðli, sjáum við hvað hefur verið rangt gert undanfarin ár.

Það er ekkert á móti því, í því millibilsástandi sem mundi skapast við að prenta og útbúa meira magn af seðlum ef núverandi seðlamagn reyndist ekki nægjanlegt, að hvetja fólk meira til að nota ávísanir. Þetta er reyndar gert nú þegar í bankamannaverkfallinu. En vissulega er búið að leggja í nokkurn kostnað vegna gjaldmiðilsbreytingarinnar. Aðalkosturinn er vafalítið myntsláttan sjálf og prentun seðla. Sá kostnaður tapast alls ekki, því að hér er um ekkert annað að ræða en fjárfestingu sem nýtist að ári liðnu.

Einnig hafa kaupmenn lagt í töluverðan kostnað við endurmerkingar á vörum, en vitanlega er hægt með ýmsum aðgerðum að létta þeim kostnaði af viðkomandi þannig að einstakir aðilar í þjóðfélaginu verði ekki fyrir fjárhagslegu tjóni vegna frestunarinnar.

Það er búið að auglýsa töluvert og gefa út bæklinga. Það hefur auðvitað kostað nokkuð, en það skiptir ekki máli hvort það hafa verið gefnir út einhverjir bæklingar eða auglýst töluvert mikið í sjónvarpi um breytinguna. Sá kostnaður er smáræði samanborið við þann mikla

kostnað sem hlýst af því fyrir þjóðarbúið að nýta ekki þessa gjaldmiðilsbreytingu sem lið í efnahagsráðstöfunum. Það er erfitt að meta gjaldmiðilsbreytinguna til peninga, en ég held að flestir geti verið sammála um að sá hagnaður er verulegur.

Þeir hæstv. ráðh. og alþm., sem hér hafa í fyrri umr. talið varhugavert að fresta gjaldmiðilsbreytingunni, bera því við, að of skammur tími sé til stefnu, og vitna þá gjarnan í sérfræðinga Seðlabankans. Þessi röksemd er sú eina sem hægt er að leggja fram með nokkurri skynsemi gegn þessu frv. Þess vegna er athyglisverðast að heyra álit þess manns sem best skynbragð ber á þau mál frá sjónarmiði framkvæmdarinnar. Hér á ég við aðalbankastjóra Seðlabanka Íslands, dr. Jóhannes Nordal. Á fimmtudagsmorgun s. l. var viðtal við dr. Jóhannes Nordal í Morgunpóstinum í útvarpinu þar sem hann sagði m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Ég vil ekki halda því fram, að það sé tæknilega ómögulegt að fresta gjaldmiðilsbreytingunni. Það er allt hægt að gera. Það veldur óþægindum. Og ef henni er bara frestað um eitt ár, eins og nú er lagt til, hefði það í för með sér að við mundum þurfa að framleiða allmikið á næsta ári af gömlu myntinni og gömlu seðlunum til notkunar í örfáa mánuði með verulegum kostnaði."

Þetta hafði sá maður að segja um frestunina sem þekkir gjörla framkvæmdina. Hann telur frestunina mögulega. Þar sem einungis skynsemi mælir með frestun af þeim ástæðum, sem ég hef rakið, og það er hægt að framkvæma hana ber okkur skylda til að hraða afgreiðslu þessa máls hér á hinu háa Alþingi.

Herra forseti. Að lokum þetta: Með því að láta gjaldmiðilsbreytinguna koma til framkvæmda um næstu áramót er verið að brjóta anda lagasetningarinnar frá vordögum 1979. Það er verið að gefast upp fyrir ákveðnu tæknivandamáli sem er ofmetið af einstökum embættismönnum, en þó ekki af yfirmanni Seðlabankans. Það er verið að svipta þjóðina tiltrú á gjaldmiðli okkar og það er verið að glata einstæðu tækifæri til að snúa við þeirri hættulegu efnahagsþróun sem ríkt hefur hér undanfarin ár.

Að lokinni þessari umr., herra forseti, geri ég það að tillögu minni að frv. verði vísað til fjh.- og viðskn.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Þegar rætt er um frv. þar sem gert er ráð fyrir að fresta gjaldmiðilsbreytingu, en að undanförnu hafa farið fram umræður um það mál, vil ég leyfa mér að vekja athygli á því, að á meðan hv. 1. flm. flytur hér sitt sjónarmið varðandi það að frestað verði gjaldmiðilsbreytingu 1. jan. n. k. situr ekki einn einasti ráðh. í ríkisstj. inni í þingsalnum. Hæstv. félmrh. hefur verið hér til hliðar, en enda þótt vitnað hafi verið til orða hans þegar frv. um gjaldmiðilsbreytinguna var flutt, heyrir þetta mál ekki undir hans rn. og því eðlilegast að aðrir ráðh., þ. e. hæstv. forsrh., hæstv. viðskrh. eða hæstv. fjmrh., væru hér til andsvara og gerðu grein fyrir sínum sjónarmiðum með tilliti til þess sjónarmiðs sem kom fram í Ríkisútvarpinu fyrir nokkrum dögum hjá dr. Jóhannesi Nordal seðlabankastjóra.

Það eru allir sammála um að gjaldmiðilsbreyting er mjög vandasöm. Til þess að hún nái tilætluðum árangri þarf að gera efnahagsráðstafanir til að vekja tiltrú fólks á ný á gjaldmiðilinum. Ljóst er að engar efnahagsráðstafanir eru sjáanlegar og Alþ. hefur ekki fengið svar um hvort það fái yfirleitt að sjá tillögur um efnahagsráðstafanir áður en til gjaldmiðilsbreytingarinnar verður gengið. Nú nálgast þann dag sem framkvæma skuli gjaldmiðilsbreytinguna. Þá gerist það í fyrsta skipti að bönkunum er lokað vegna launadeilu bankastarfsmanna og stjórnar bankanna. Það er því skoðun mín, herra forseti, að það beri að fresta þessum umr. þannig að tækifæri gefist til að hlusta á sjónarmið þeirra ráðh., sem með þessi mál fara, og að Alþ. sé sýnd tilhlýðileg virðing og mál ekki rædd þegar ráðh. sýnast ekki geta sótt þingfundi eins og þeim ber skylda til.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég vil taka undir það sem síðasti ræðumaður sagði. Ég tel það nánast vanvirðu við hv. deild að hér skuli ekki sitja inni neinn af þeim ráðh. sem ættu raunverulega að fjalla um það stórmál sem hér er á ferðinni, ekki fjmrh., ekki viðskrh. og ekki hæstv. forsrh.

Það væri kannske rétt að skjóta þeirri spurningu til hæstv. forseta þessarar deildar, sem ætti að hafa nokkurt samband við hæstv. ríkisstj., hvort það gæti verið að þessir ráðh. væru að undirbúa einhverjar efnahagstillögur.

Forseti (Alexander Stefánsson): Vegna ummæla eða aths. hv. þm. vil ég taka það fram, að þar sem hv. 5. þm. Suðurl., sem er varaþm., er að hverfa af þingi í dag hafði forseti þessarar deildar lofað honum að flytja framsögu fyrir þessu frv. hér í deildinni í dag. Það var vitað að viðkomandi ráðh. voru ekki í þinginu, en samt sem áður óskaði hv. þm. eftir því að hafa framsögu um málið.

Ég hafði raunar ákveðið, áður en umr. um þingsköp hófust hér að fresta umr. um þetta mál og taka það út af dagskrá og er það gert hér með.

Umr. frestað.

Sparisjóðir, frv. (þskj. 105). — 1. umr.

Flm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Frv. það, sem er flutt á þskj. 105 um breyt. á lögum nr. 69 frá 1941 um sparisjóði, fjallar um þá grein laganna þar sem rætt er um ábyrgðir sem viðkomandi stofnanir geta gengið í. Þær eru mjög takmarkaðar, en með breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins frá því s. l. vor er gert ráð fyrir að innlánsstofnanir takist á hendur ábyrgð vegna lána, vegna afborgana og vaxta af lánum sem Húsnæðisstofnun eða þeir sjóðir, sem þar til heyra, hafa lánað einstaklingum. Til þess að svo megi verða gagnvart sparisjóðunum þarf að gera breytingu á 20. gr. laganna og fjallar þetta frv. um það. Gert er ráð fyrir að sparisjóðunum sé kleift að annast þá fyrirgreiðslu sem ætluð er í löggjöf um Húsnæðisstofnun ríkisins, þ. e. annast fyrirgreiðslu vegna Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um frv., en vísa til grg. og leyfi mér að leggja til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég tel það frv., sem hér er flutt, allrar athygli vert. Ég vildi bara láta það koma fram hér, að að undanförnu hefur Húsnæðisstofnun ríkisins staðið í viðræðum við lánastofnanir um þessi mál sem leiðir af samþykkt hinna nýju laga, þar sem

gert er ráð fyrir að fleiri en ein stofnun geti haft með þessa þjónustu að gera. Áður var það, eins og menn vita, veðdeild Landsbankans ein, en nú er gert ráð fyrir að það geti verið fleiri stofnanir, enda takist um það samningar. Ég kem hér með því sjónarmiði mínu á framfæri, að það sé nauðsynlegt að hv. n., sem um málið fjallar, kynni sér hið gersta á hvaða stigi þessi mál eru hjá Húsnæðisstofnuninni um leið og málið verður afgreitt í nefnd.

Flm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Út af orðum hæstv. ráðh. get ég upplýst það, að þetta frv. er einmitt flutt vegna þess að í þeim umræðum, sem fram hafa farið og hann gat um áðan, hefur komið í ljós að athuguðu máli að sparisjóðunum væri ekki heimilt að annast þá fyrirgreiðslu sem löggjöfin um Húsnæðisstofnunina gerir ráð fyrir. Þess vegna og til þess að hægt sé að framfylgja þeirri löggjöf hvar sem er á landinu og af hvaða peningastofnun sem er er þetta frv. flutt í samráði við stjórn Sambands sparisjóða og að mér er tjáð með vitund bankaeftirlits og þeirra aðila sem hafa fjallað um þá samninga sem ráðh. gat hér um áðan. Að sjálfsögðu mun fjh.- og viðskn. skoða það mál þegar þessu frv. hefur verið vísað til nefndar.

Til þess að slíkt fyrirkomulag sem hér er gert ráð fyrir geti tekið gildi um næstu áramót þyrfti að hraða afgreiðslu þessa frv. Það er von mín að það verði gert þannig að það verði að lögum fyrir áramót.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 164). — 1. umr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það frv., sem hér er flutt um breytingu á lögum um almannatryggingar, hefur þegar hlotið meðferð í hv. Ed. Alþingis og fékk þar samhljóða afgreiðslu. Meginefni frv. má segja að komi fram í 1. gr. þess þar sem segir:

„Lífeyrisdeild Tryggingastofnunar skal greiða barnalífeyri þegar skilríki liggja fyrir um að barn verði ekki feðrað."

Hér er verið að kveða á um með afdráttarlausum hætti að jafnvel þó að ekki sé unnt að feðra barn eftir að stefnt hefur verið í máli eigi barnsmóðir rétt á barnalífeyri, en mæður hafa á undanförnum árum oft orðið að bíða árum saman eftir niðurstöðu í þessum efnum. Hér hefur verið um að ræða mikið óréttlæti. Það frv., sem hér er á dagskrá, gerir í rauninni ráð fyrir að samræma almannatryggingalögin þeim anda sem felst í frv. til barnalaga sem liggur nú fyrir hv. deild.

Í annan stað er það efnisatriði þessa frv., að skiladagar Innheimtustofnunar sveitarfélaga til Tryggingastofnunarinnar á meðlögum verði tíðari en verið hefur.

Ég tel ekki ástæðu, herra forseti, til að fjölyrða um þetta mál og legg til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 23 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 181). — 1. umr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. 18. og 19. mál dagskrárinnar, þ. e. 147. mál Nd., þskj. 180, og 148. mál Nd., þskj. 181, eru náskyld mál og ég hef leyfi hæstv. forseta til að mæla fyrir þessum frv. nú samtímis, eins og oft gerist á hv. Alþ. þegar um skyld mál er að ræða.

Ég vík fyrst að frv. til l. um fæðingarorlof, 147. máli Nd.

Eitt af þeim félagslegu réttindamálum, sem ríkisstj. lýsti yfir að hún mundi beita sér fyrir í tengslum við gerð kjarasamninga Alþýðusambandsins 27. okt. s. l., var fæðingarorlof til handa öllum konum, jafnt útivinnandi sem heimavinnandi. Frv. það, sem hér er flutt um fæðingarorlof, er byggt á framangreindri yfirlýsingu ríkisstj. og felur í sér þau efnisatriði sem þar er að finna.

Samkv. núgildandi fyrirkomulagi njóta íslenskar konur fæðingarorlofs að vissu marki: Í fyrsta lagi samkv. ákvæðum kjarasamninga stéttarfélaganna, en í öðru lagi samkv. ákvæðum laga um atvinnuleysistryggingar. Í báðum tilvikum er réttur til fæðingarorlofs bundinn atvinnuþátttöku eða aðild að stéttarfélagi. Í kjarasamningum eru ákvæði mörg og mismunandi um þetta efni. Samkv. kjarasamningum Verkamannasambands Íslands er fæðingarstyrkur kvenna, sem unnið hafa eitt ár eða lengur hjá sama atvinnurekanda, dagvinnukaup í aðeins þrjár vikur. Samkv. kjarasamningum Verslunarmannafélags Reykjavíkur á kona, sem unnið hefur hjá sama atvinnurekanda, rétt til óskerts kaups í 12 virka daga ef hún er fjarverandi vegna barnsburðar. Í kjarasamningum Landssambands iðnverkafólks er svokallaður fæðingarstyrkur kvenna, sem unnið hafa eitt ár eða lengur hjá sama atvinnurekanda, dagvinnukaup í tvær vikur. Samkv. kjarasamningum Starfsmannafélagsins Sóknar eiga starfsmenn, sem unnið hafa í eitt ár hjá sama atvinnurekanda, rétt á dagvinnukaupi í þrjár vikur. Fæðingarorlof nær einnig til þeirra Sóknarstarfsmanna sem vinna hluta úr degi samfellt og skulu greiðslur þá miðast við hlutfallslegan vinnutíma. Starfsmenn, sem unnið hafa þrjú ár eða lengur og taka verða frí frá starfi vegna barnsburðar, fá þriggja mánaða leyfi frá starfi á dagvinnukaupi. Í kjarasamningum Hins íslenska prentarafélags er gert ráð fyrir að fæðingarstyrkur kvenna, sem unnið hafa eitt ár eða lengur hjá sama atvinnurekanda, sé dagvinnukaup í þrjár vikur. Í kjarasamningum Áburðarverksmiðjunnar, Sementsverksmiðjunnar og Kísiliðjunnar er gert ráð fyrir að vegna barnsburðar skuli konur sem unnið hafa samfellt í eitt ár eða lengur hjá verksmiðjunum, halda óskertum launum í allt að þrjá mánuði, enda mæti konan aftur til vinnu að fæðingarorlofi loknu. Konur, sem starfa hjá Járnblendifélaginu skulu halda óskertum launum í allt að 6 vikur vegna barnsburðar hafi þær unnið samfellt eitt ár eða lengur hjá félaginu.

Til viðbótar samningsbundnum rétti hjá almennum verkalýðsfélögum hafa síðan komið greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði samkv. lögum nr. 56/1975, sbr. reglugerð nr. 14/1976. Almenna reglan er sú, að kona þarf á síðustu tólf mánuðum fyrir barnsburð að hafa stundað vinnu, sem tryggingarskyld er samkv. lögum um atvinnuleysistryggingar, í a. m. k. 1032 dagvinnustundir, eða 516 dagvinnustundir sé um reglu-

bundna hálfs dags vinnu að ræða. Upphaf greiðslu í fæðingarorlofi hjá Atvinnuleysistryggingasjóði miðast við laun fyrir 8 klst. dagvinnu eins og þau eru á hverjum tíma samkvæmt byrjunarlaunum næstlægsta taxta Verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík, með nokkrum skerðingum þó. Samkv. 3. gr. reglugerðar um fæðingarorlof eru framantalin réttindi kjarasamnings og atvinnuleysistrygginga samofin með þeim hætti, að Atvinnuleysistryggingasjóður greiðir fæðingarorlof fyrir þann tíma sem á vantar að launagreiðsla frá atvinnurekanda í fæðingarorlofi nemi 90 bótadögum. Heildarréttur íslenskra kvenna á vinnumarkaði er því 90 bótadagar samanlagt samkv. kjarasamningum og ákvæðum um Atvinnuleysistryggingasjóð.

Ákvæði um barnsburðarleyfi fyrir starfsmenn ríkisins byggjast ekki á kjarasamningum, heldur er þau að finna í reglugerð um orlof og veikindaforföll ríkisstarfsmanna, 11. gr. Samkv. henni á kona rétt á að vera fjarverandi vegna barnsburðar á fullum launum í samtals 90 daga. Til fullra launa telst meðaltal yfirvinnu eða álagsstunda fyrir síðustu sex mánuði. Ef lengri frátafir eru nauðsynlegar að dómi lækna skal meta það eftir ákvæðum um veikindaforföll. Ákvæði um barnsburðarleyfi opinberra starfsmanna eru að ýmsu leyti fábrotin, en með tímanum hafa myndast ákveðnar reglur varðandi framkvæmdina og má þar nefna að kona nýtur ekki launa í barnsburðarleyfi nema hún hafi verið a. m. k. 6 mánuði í starfi hjá ríkinu þegar barnið fæðist.

Samkvæmt kjarasamningum Sambands íslenskra bankamanna skal fastráðin kona eiga rétt á að vera fjarverandi með fullum launum í samtals þrjá mánuði og skal um uppgjör fyrir yfirvinnu farið eftir ákvæðum um veikindi í kjarasamningum. Séu lengri frátafir nauðsynlegar að dómi trúnaðarlæknis skal meta þær eftir ákvæðum um veikindadaga. Þar gilda ákvæði um barnsburðarfrí ef kona tekur kjörbarn.

Á síðasta Alþingi var lagt fram frv. til l. um fæðingarorlof. Frv. þetta var samið af nefnd sem skipuð var af heilbr.- og trmrh. til að endurskoða lög um almannatryggingar. Allir þingflokkar tilnefndu menn í nefndina. Frv. þetta gerði ráð fyrir að allar konur, sem forfölluðust frá vinnuráðningu vegna barnsburðar, skyldu eiga rétt til dagvinnulauna í a. m. k. þrjá mánuði í fæðingarorlofi. Konur utan vinnumarkaðar og konur, sem höfðu í mánaðarlaun undir mánaðarupphæð sjúkradagpeninga, skyldu hins vegar eiga rétt á fæðingardagpeningum í þrjá mánuði sem svöruðu til sömu upphæðar og fullir sjúkradagpeningar hverju sinni. Ýmis fleiri atriði voru í frv. þessu sem voru til bóta, og í heild hafði frv. að geyma athyglisverð framfaraspor í fæðingarorlofsmálum, en hlaut samt sem áður gagnrýni fyrir ýmis atriði og var vísað til ríkisstj. til frekari athugunar s. l. vor.

Frv. það, sem hér er flutt, gerir ráð fyrir að nú verði lögfestur lágmarksréttur fæðingarorlofs til allra foreldra á hinum almenna vinnumarkaði, auk þeirra sem eru heimavinnandi. Frv. þessu er ætlað að leysa af hólmi þau ákvæði núgildandi fyrirkomulags fæðingarorlofs, bæði í Atvinnuleysistryggingasjóði og í kjarasamningum verkalýðsfélaganna, sem að framan voru talin, þó þannig að hvorki er verkalýðsfélögum óheimilt að semja um betri rétt í framtíðinni né heldur er gert ráð fyrir að frv. skerði betri heildarrétt sem verkalýðsfélög hafa í kjarasamningum sínum nú þegar, sbr. síðustu mgr. 1. gr. Hins vegar tekur þetta frv. ekki til opinberra starfsmanna og bankamanna, sem nú þegar búa við þriggja mánaða fæðingarorlof, eins og áður var upp talið. Sá réttur þessara starfsmanna er heildstæður og utan þess kerfis sem frv. þetta er að leysa af hólmi.

Frv. er nýmæli í lögum um almannatryggingar. Það gerir ráð fyrir að öllum foreldrum, sem lögheimili eiga á Íslandi, verði tryggt fæðingarorlof í þrjá mánuði. Fæðingarorlofsgreiðslur eru hins vegar allt frá því að vera fullar svokallaðar viðmiðunargreiðslur á fæðingarorlofstímanum og niður í 1/3 af viðmiðunargreiðslum á fæðingarorlofstímanum og er þá fyrst og fremst byggt á atvinnuþátttöku viðkomandi. Gert er ráð fyrir að foreldri, sem hefur hálfa til fulla atvinnuþátttöku á almennum vinnumarkaði eða 1032—2064 dagvinnustundir á síðustu tólf mánuðum fyrir töku fæðingarorlofs, eigi rétt á óskertum mánaðarlegum fæðingarorlofsgreiðslum í þrjá mánuði eins og viðmiðunargreiðslur eru á hverjum tíma. Viðmiðunargreiðslur fæðingarorlofs eru samkv. 1. gr. frv. 530 221 kr. á mánuði miðað við 1. des. og skulu þær taka breytingum ársfjórðungslega í samræmi við kaupbreytingar eins og þær verða í 8. flokki kjarasamnings Verkamannasambands Íslands, efsta starfsaldursþrepi.

Þegar um er að ræða foreldri sem hefur fjórðungs til hálfa atvinnuþátttöku, þ. e. 516—1031 dagvinnustund á síðustu tólf mánuðum fyrir töku fæðingarorlofs, skerðist viðmiðunargreiðsla um 1/3. Með þessari atvinnuþátttöku á viðkomandi því rétt til 2/3 af mánaðarlegum greiðslum í þrjá mánuði. Sé foreldri utan vinnumarkaðar, heimavinnandi eða með fjórðungs atvinnuþátttöku eða minna, þ. e. 515 stundir og minna á síðustu tólf mánuðum, skerðast viðmiðunargreiðslur um 2/3 og á því viðkomandi rétt á 1/3 hluta fullra viðmiðunarlauna í þrjá mánuði. Hins vegar gerir frv. ráð fyrir því í næstsíðustu mgr. 1. gr., að foreldri sé heimilt, ef um það næst samkomulag við atvinnurekanda, að semja um lengra fæðingarorlof eða sveigja það að eigin ósk, með óbreyttum greiðslum þó. Þannig má gera ráð fyrir að það geti þjónað hagsmunum margra foreldra að taka lengra fæðingarorlof eða jafnvel skipta því, en hvorugt á að hafa áhrif á viðmiðunargreiðslur í fæðingarorlofi. Þetta ákvæði frv. er því aðeins til áréttingar á því, að fæðingarorlof getur verið sveigjanlegt ef aðilum sýnist svo.

Í frv. þessu er nú gert ráð fyrir að allt fæðingarorlof greiðist úr lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins. Ef að lögum verður fellur því niður greiðsluskylda atvinnurekenda samkv. kjarasamningum að svo miklu leyti sem ekki er um betri heildarrétt að ræða. Í stað þess er í sérstöku frv. gert ráð fyrir breytingu á almannatryggingalögum hvað varðar þátttöku atvinnurekenda í lífeyrisdeild almannatrygginga og er greiðslubyrði þeirra aukin sem því nemur þar.

Gegn framvísun vottorðs læknis og sönnun á launagreiðslum og atvinnuþátttöku viðkomandi greiðir Tryggingastofnun ríkisins fæðingarorlofsgreiðslur. Hins vegar er gerð ráð fyrir því á síðari stigum, að um greiðslufyrirkomulag og sönnun á launagreiðslum og atvinnuþátttöku þurfi að setja nánari reglur í reglugerð.

Gera má ráð fyrir að í fyrstu verði ákveðnum vandkvæðum bundið fyrir ýmsa hópa kvenfólks að sanna atvinnuþátttöku sína eða störf sem mættu jafngilda atvinnuþátttöku. Er t. d. enginn vafi á því, að konur bænda, sjómannskonur og konur, sem stunda atvinnu-

rekstur, og þær, sem stunda nám með heimilsstörfum, gætu átt í erfiðleikum með að sanna launagreiðslur og atvinnuþátttöku. Í þessu sambandi verður annaðhvort að miða við persónulega sönnun um launagreiðslur og atvinnuþátttöku, eins og frv. gerir reyndar ráð fyrir, eða reyna að móta einhverjar ákveðnar reglur varðandi hvern hóp um sig. Ef sú regla er tekin upp að byggja alfarið á persónulegum upplýsingum einstaklings mætti gera ráð fyrir að skattaskýrslur viðkomandi væru ákveðin sönnun, en þó er sá meinbugur á því, að þegar réttur til fæðingarorlofs skal metinn er atvinnuþátttaka síðustu tólf mánuði fyrir barnsburð lögð til grundvallar og gæti því skattaskýrsla, sem miðar við áramót, verið takmörkuð sönnun um slíkt. Varðandi konur bænda sérstaklega mætti t. d. byggja á búreikningum viðkomandi bús eða annarri sönnun um atvinnuþátttöku viðkomandi konu í búrekstrinum. Ýmsar aðrar upplýsingar gætu komið til greina í þessu sambandi, en hugsanlega er þó eðlilegasta niðurstaðan sú að móta ákveðna reglur hvað sérstakar starfsgreinar snertir og reyna þar með að nálgast það meðallag, sem eðlilegast og sanngjarnast er, og láta það gilda um alla í þeirri starfsgrein.

Allir, sem eru heimavinnandi, njóta samkv. ákvæðum frv. a. m. k. þriðjungs viðmiðunargreiðslna í þrjá mánuði. Það er sá grundvallarréttur sem byggt er á í þessu frv. Öll atvinnuþátttaka, sem nær því að vera meiri samanlagt síðustu tólf mánuði en 515 klst. eða fjórðung úr meðalári, bætir þann rétt um helming og verður því að finna sanngjarna og eðlilega lausn á því, hvernig slíkt skuli metið í afmörkuðum tilvikum þar sem erfitt er um sönnun.

Ekki þóttu tök á því í þessu frv. að marka ákveðna stefnu hvað þessar starfsgreinar snertir og hugsanlega aðrar sem erfitt eiga með sönnun á vinnuframlagi sínu. Gera verður ráð fyrir að tíminn og reynslan leiði í ljós hvernig eðlilegast sé að meta hin einstöku störf. Er því lagt til að ráðh. sé, eins og áður segir, veitt heimild til setningar reglugerðar um nánari útfærslu greinarinnar.

Þau efnisatriði, sem mestu máli skipta og frv. þetta hefur að geyma, auk þeirra sem áður eru talin, eru eftirfarandi:

1) Ef um fleirburafæðingu er að ræða framlengist fæðingarorlof um einn mánuð, sömuleiðis ef sjúkleiki barns krefst nánari umönnunar foreldris. Þörf fyrir slíka framlengingu á fæðingarorlofi ber að sanna með almennu læknisvottorði, en síðan skal það vottorð staðfest af tryggingaráði.

2) Sé móður nauðsynlegt af heilsufars- eða öryggisástæðum að hefja töku fæingarorlofs meira en einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag skal hún eiga rétt á fæðingarorlofsgreiðslum í þann tíma sem nauðsyn krefur til viðbótar þrem mánuðum, þó þannig að aldrei verði heildarfæðingarorlof lengra en samtals fjórir mánuðir.

3) Í frv. þessu er gert ráð fyrir að fæðingarorlof falli niður frá og með þeim degi að telja er foreldri lætur barn frá sér vegna ættleiðingar, uppeldis eða fósturs eða til varanlegrar dvalar á stofnun. Er því gert ráð fyrir að foreldrar fái réttinn til fæðingarorlofs þar til barni er ráðstafað. Þegar um er að ræða slík tilvik og einnig ef um er að ræða fæðingu andvana barns eða fósturlát sem jafna má til fæðingar skal fæðingarorlof þó aldrei vera minna en einn mánuður að lokinni fæðingu.

4) Ættleiðandi foreldri, uppeldis- eða fósturforeldri skulu njóta allt að tveggja mánaða fæðingarorlofs vegna töku barns til fimm ára aldurs.

5) Þá er gert ráð fyrir að óheimilt sé að láta barnshafandi konu eða foreldri í fæðingarorlofi gjalda þess með uppsögn úr starfi, nema gildar og knýjandi ástæður séu fyrir hendi. Samkv. gildandi rétti er íslenskt verkafólk almennt óvarið fyrir uppsögnum úr starfi að öðru leyti en því, að fylgja ber ákvæðum laga og kjarasamninga um uppsagnarfrest. Atvinnurekendur íslenskir hafa fullkomlega á valdi sínu að segja upp starfsfólki meðan þeir fylgja reglum um fresti, og er því naumast hægt að tala um atvinnuöryggi eða tryggingu fyrir vinnu á þessu sviði. Í frv. þessu er hins vegar gert ráð fyrir að því aðeins sé heimilt að segja barnshafandi konu upp starfi eða foreldri í fæðingarorlofi að ástæður uppsagnarinnar séu knýjandi og gildar. Með því er auðvitað átt við að geðþóttaákvarðanir séu ekki heimilaðar undir þessum kringumstæðum, heldur verði ástæður að liggja í knýjandi hagsmunum. Hér má nefna sem dæmi um knýjandi ástæður: lokun fyrirtækis, flutning þess í annað byggðarlag eða jafnvel gjaldþrot.

Kostnaðaráætlanir fæðingarorlofs byggjast á forsendum um atvinnuþátttöku kvenna, sem litlar upplýsingar eru til um, og eru því að sumu leyti óljósar. Gróft reiknað er talið að um 60% af konum séu útivinnandi með um 2640 af þeim 4400 árlegu fæðingum sem gengið er út frá í þessum dæmum. Af þessum 2640 konum er talið að um 70% séu í fullu starfi, en hinar í hlutastörfum. Telja verður þetta rýmilega áætlað og að kostnaður kunni að verða minni en sem nemur þessum áætlunum. Í núverandi greiðslukerfi fæðingarorlofs, sem framkvæmt er af Atvinnuleysistryggingasjóði, höfðu eingöngu þær konur rétt á greiðslum sem voru félagar í stéttarfélögum, eins og áður segir. Miðað við að talið er að árið 1980 hafi um 1500 konur notið þessa kerfis hefði kostnaður Atvinnuleysistrygginasjóðs orðið um 1850 millj. kr. á næsta ári hið minnsta. Ég tel reyndar að þessi tala sé til muna of lágt áætluð hér. Þessum greiðslum er nú létt af sjóðnum, en kostnaði skipt á milli ríkissjóðs og atvinnurekenda. Hlutur atvinnurekenda greiðist sem 2% af öllum tegundum launa og rennur hann til lífeyrisdeildar Tryggingastofnunar samkv. sérstöku frv. sem ég mæli fyrir hér á eftir.

Samkv. þessu frv. er full viðmiðunargreiðsla fæðingarorlofs, miðað við 1. des. 1980, 530 221 kr. á mánuði. Þessi réttur jafngildir álíka greiðslu og þær konur njóta nú úr gildandi kerfi sem eiga þrjú börn. Fyrir allar konur, sem eiga þrjú börn eða færri, þýðir þetta hvort tveggja í senn réttarbætur og hærri greiðslur. En það, sem skiptir kannske meira máli, er að í frv. þessu er gert ráð fyrir að heimavinnandi konur fái nú í fyrsta skipti fæðingarorlof. Má gera ráð fyrir að hér sé um að ræða u. þ. b. 2000 konur á ári hverju sem nú öðlast fæðingarorlofsrétt í fyrsta skipti.

Herra forseti. Ég vil taka það fram að lokum, að tilgangurinn með fæðingarorlofi er sá, að konur fái tækifæri til að ná sér eftir þá áreynslu sem barnsburður vissulega er. En tilgangur þess er einnig sá, að foreldrar geti annast barn sitt á fyrsta æviskeiði þess. Þrátt fyrir öll sjónarmið í uppeldismálum og deilur um hlutverk heimila, fjölskyldna og dagvistarheimila í nútímasamfélagi hljóta allir að vera sammála um að fyrsta æviskeiðið verður barnið að geta notið foreldra sinna beggja sem mest. Að slíku ber þjóðfélaginu að stuðla. Þrír mánuðir

eru vissulega ekki langur tími til fæðingarorlofs og greiðslur ekki ýkjaháar. En líta má á þetta sem skref í rétta átt. Ef til vill verður þessi réttur aukinn síðar í sókn okkar til bætts og betra mannlífs og aukins jafnaðar með öllu fólki.

Ég vil síðan í framhaldi af þessu, herra forseti, leyfa mér að mæla fyrir frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum, sem er einnig á dagskránni, 148. mál. Frv. þetta er flutt í tengslum við frv. um fæðingarorlof.

Fæðingarorlofsfrv. gerir ráð fyrir að létt verði af atvinnurekendum og Atvinnuleysistryggingasjóði þeim fæðingarorlofsrétti sem gildandi er. Gert er ráð fyrir að fæðingarorlof verði framvegis greitt úr lífeyrisdeild almannatrygginga, verði það frv. að lögum. Slíkt þýðir auðvitað verulegan útgjaldaauka fyrir lífeyrisdeildina, en samkv. ákvæðum 20. gr. almannatryggingalaga eru útgjöld lífeyristrygginga borin uppi af ríkinu að 86%, en af atvinnurekendum að 14%. Aukin þátttaka atvinnurekstrarins í lífeyristryggingum verður því að koma til til þess að vega á móti því sem af atvinnurekstri er létt og til þess að tryggja eðlilega þátttöku atvinnurekstrar í hinum auknu útgjöldum lífeyristrygginga vegna fæðingarorlofs.

Með breytingum, sem gerðar voru á almannatryggingalögum 1978, sbr. nú 25. gr. laganna, á að jafna framlagi atvinnurekenda niður á þá með iðgjaldi sem reiknað er sem hundraðshluti af greiddum launum eftir sömu reglum og nú gilda um útreikning launaskatts. Þessi hundraðshluti, sem standa á undir kostnaðarhluta atvinnurekenda af lífeyristryggingum, skal ákveðinn með reglugerð. Samkv. reglugerð nr. 94/1979, sem auk annars fjallar um þennan hluta, er gjaldstofn lífeyristryggingaiðgjaldsins sami og gjaldstofn launaskatts og gjaldstigi 2%. Í raun er því um að ræða 2% gjald af öllum launum, þannig að 14%-reglan er tæplega til í framkvæmd. Með þeim breytingum, sem hér eru lagðar til, er ætlast til þess, að 2%-reglan verði lögfest, en fallið frá ákveðinni prósentuskiptingu milli ríkisins annars vegar og atvinnurekenda hins vegar. Gert er ráð fyrir, að reynslan sýni að 2% gjald af launum gefi nokkra hærri fjárhæð en sem nemur 14% hlutdeild í lífeyristryggingum, og er því tillaga um lögfestingu 2%-gjaldsins gerð í samráði við atvinnurekendur og með þeirra samþykki. Það, sem á vantar, að fengnum 2% atvinnurekenda, greiðir ríkið í samræmi við áætluð útgjöld ársins eða endanlegt uppgjör hvers árs. Kemur því ekki til að krafist verði neinnar viðbótar frá atvinnurekendum, þar sem framlag þeirra er nú orðið 2% af gjaldstofni liðins árs. Ráðh. getur því ekki breytt framlögum atvinnurekenda í samræmi við breyttan grundvöll fjárhagsáætlunar, eins og núgildandi 21. gr. laganna heimilar. Hið sama gildir um reikningslok og hækkun á næsta árs framlagi vegna of lágra framlaga liðins árs. Ef frv. þetta verður að lögum mun regla þessi auðvelda allar framkvæmdir til muna.

Í samræmi við 1. gr. frv. gerir 2. gr. þess ráð fyrir nauðsynlegum breytingum á 21. gr. almannatryggingalaganna.

Sömu sögu er að segja um 3. gr. Lagt er til að 25. gr. núgildandi laga falli niður, enda er hún óþörf ef 1. gr. þessa frv. verður að lögum, en greinin fjallar um framlög atvinnurekenda og iðgjöld sem nú taka miklum eðlisbreytingum ef frv. þetta verður að lögum.

Á það skal lögð áhersla að lokum, að frv. þetta er flutt, eins og áður segir, í tengslum við frv. til l. um fæðingarorlof og er byggt á þeirri kerfisbreytingu, að fæðingarorlofi verði létt af Atvinnuleysistryggingasjóði og atvinnurekendum að svo miklu leyti sem frv. um fæðingarorlof tekur til þeirra ákvæða. Samkv. frv. til l. um fæðingarorlof tekur lífeyrisdeild almannatrygginga nú við fæðingarorlofi til allra kvenna og er því nauðsynlegt að gera þær lagabreytingar á almannatryggingalögum sem frv. þetta gerir ráð fyrir.

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til að þessum frv. báðum, 147. og 148. máli Nd., verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn. Ég vil vinsamlegast fara þess á leit við n., að hún freisti þess eins og frekast er kostur að ljúka afgreiðslu þessara mála þannig að þau geti orðið að lögum fyrir jól.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég vil taka til máls í sambandi við 147. málið, fæðingarorlof, og lýsa stuðningi við málið. Þar segir í 1. gr.:

„Foreldri, sem lögheimili eiga á Íslandi, eiga rétt á þriggja mánaða fæðingarorlofi samkv. ákvæðum þessarar greinar."

Þetta er stórmál í raun og veru og mál sem hefur verið á stefnuskrá — ég held allra stjórnmálaflokka á Íslandi hin síðari árin að koma í framkvæmd. Ég minni á það hér, að í þáltill., sem samþykkt var á síðasta þingi, var lögð sérstök áhersla á að við endurskoðun almannatryggingalöggjafar yrði sérstaklega tekið fyrir að fæðingarorlofi yrði komið á fyrir allar fæðandi konur hér á landi og ætti réttur til fæðingarorlofs að vera sá sami fyrir allar konur, hvort sem væru útivinnandi eða heimavinnandi.

Ég vil koma því á framfæri, að ég er óánægður með það ákvæði þessa frv., að ekki skuli vera jafn réttur allra foreldra í landinu þegar tekin er ákvörðun um að greiða fæðingarorlof. Mér finnst of mikill mismunur gerður að t. d. heimavinnandi húsmæður, ef ég má orða það svo, skuli ekki eiga kost á að fá nema einn mánuð í fæðingarorlof. Eins og við vitum eru margvíslegar ástæður fyrir því, að konur hafa ekki möguleika á að komast á vinnumarkað til að vinna sér þann rétt sem er til tekinn í 1. gr. þessa frv. Það þarf ekki að nefna þær ástæður, þær eru augljósar og margvíslegar. M. a. kemur til greina mikil ómegð á heimilum þannig að konur hafi alls ekki möguleika til að fara á vinnumarkað til að ná sér í þennan rétt. Sömuleiðis getur orkað tvímælis að það eigi að vera að binda þennan sjálfsagða rétt við klukkustundavinnu á vinnumarkaðinum. Mér finnst að stíga hefði átt þetta skref til fulls og gera allar fæðandi konur eða öll foreldri í landinu jafnrétthá hvað þetta snertir.

Ég ætla ekki að fara að flytja hér neina ræðu um þetta mál. Mér finnst að þetta sé réttindamál. Ég hef haft þá skoðun frá því að ég fór að hafa afskipti af félagsmálum og taka þátt í stjórnmálum, að þetta væri eitt af þeim sjálfsögðu málum sem ætti að berjast fyrir í okkar þjóðfélagi, þar sem við viljum gjarnan skara fram úr í ýmsum félagslegum aðgerðum.

Ég hef haft í huga, eftir að ég sá þetta frv. um fæðingarorlof, að flytja brtt. við það. Mun ég leggja brtt. fram mjög fljótlega til að tefja ekki fyrir framgangi málsins.

Ég vil nota þetta tækifæri til að lýsa undrun minni á að ekki skuli vera komin nú þegar fram áskorun á okkur hér á hv. Alþingi, jafnvel fjöldaáskoranir, um að allir hafi sama rétt á þessu sviði. Hvar er nú Jafnréttisráð og kvenréttindahreyfingin í landinu? Mér finnst að þetta sé einmitt gott dæmi um að þarna sé jafnvel sofið á verðin

um. Fyrst á annað borð er verið að hreyfa svona þýðingarmiklu máli, sem allir virðast sammála um að nái fram að ganga, finnst mér ástæða til að vekja athygli á því, að ekki er gert ráð fyrir að allir hlutaðeigandi fái að njóta sama réttar á þessu sviði.

Ég vil endurtaka, að ég mun leggja fram brtt. í þessu máli áður en það fer lengra til lokaafgreiðslu.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Hér voru reifuð tvö frv. samtímis og má segja að það hafi verið eðlilegt þar sem þau eru náskyld að efni til. Ég ætla þó fyrst og fremst að gera að umræðuefni frv. til l. um fæðingarorlof. Ég tel að ef það verður samþykkt óbreytt sé Alþingi Íslendinga að taka upp nýja stefnu varðandi almannatryggingar. Þá á að fara að taka upp þá reglu að greiða úr almannatryggingum eftir því hverjir einstaklingarnir eru, en ekki eftir því, hvað um er að vera. Þá væri jafnaðlilegt að taka upp þá kenningu að greiða misjafnan ellistyrk til manna eftir því, hvort þeir hefðu verið ráðherrar eða verkamenn, svo að dæmi sé tekið.

Ég vil undirstrika það alveg sérstaklega, að et t. d. ung stúlka í peningaleysi tæki sig til og gæfi alþm. barnið sitt ætti hann samkv. þessum lögum að fá sérstakan fæðingarstyrk. Ég hygg að hver og einn einasti maður, sem skoðar frv. og gerir sér grein fyrir að það er ekki um það að ræða lengur að atvinnuleysistryggingar eigi að greiða fæðingarstyrk, hljóti að gera sér grein fyrir því, að þá er forsendan fyrir því að atvinna manna ráði úrslitum um styrkinn gjörsamlega brostin, ef einhver réttlætisvitund er eftir.

Ég trúi því ekki að óreyndu að þetta frv. fari óbreytt í gegnum þingið.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég vil byrja á að fagna því frv. sem hér er fram komið um fæðingarorlof. Reyndar er það furða, þegar svona merkt mál er á dagskrá eins og þetta frv., að ekki skuli fleiri þm. sjá ástæðu til að sitja hér í þingsölum og hlýða á umræður um þetta mál.

Í þessu frv. eru þrjú merk nýmæli sem ég fagna sérstaklega. Það er í fyrsta lagi réttur heimavinnandi foreldris til fæðingarorlofs, í öðru lagi að viðurkenndur er réttur ættleiðandi foreldris, uppeldis- og fósturforeldris til fæðingarorlofs, sem ég tel mjög merk nýmæli, og að föður er nú í fyrsta skipti heimilt að taka fæðingarorlof í allt að einn mánuð. Í frv. því, sem hv. þm. Magnús H. Magnússon lagði fram á sínum tíma, var einnig gert ráð fyrir þessum nýmælum, en telja verður að samkv. því frv. hefðu fleiri feður notfært sér þann rétt þar sem þar var miðað við að þeir héldu dagvinnulaunum sínum í fæðingarorlofi. Á hinn bóginn er með þessu frv. komið til móts við óskir verkalýðshreyfingarinnar um að fæðingarorlof greiðist nú úr almannatryggingum.

Ég mun ekki gera neinar aths. við frv. sem hér liggur fyrir, nema að því er snertir orlofs- og lífeyrissjóðsgreiðslur sem ekki er gert ráð fyrir í þessu frv.

Samkv. frv. Magnúsar H. Magnússonar hefðu foreldrar haldið orlofs- og lífeyrissjóðsgreiðslum í fæðingarorlofi, og tel ég það mikinn galla á þessu frv., að ekki skuli ráð fyrir því gert, að foreldrar í fæðingarorlofi haldi þessum réttindum. Sú fæðingarorlofsgreiðsla, sem hér er gert ráð fyrir, 530 221 kr. á mánuði miðað við 1. des., er því ekki raunhæf tala, þar sem lífeyris- og orlofsréttindi koma ekki til. Að frádregnu orlofi og 6% iðgjaldi atvinnurekenda í lífeyrissjóð, sem launþeginn missir í fæðingarorlofi, verður þessi upphæð ekki nema um 454 þús. kr., og í þrjá mánuði yrðu orlofs- og lífeyrissjóðsgreiðslur um 228 þús. af heildarfæðingarorlofsgreiðslunum, sem eru um 1590 þús. kr. í þrjá mánuði. Greiðslur þeirra, sem taka fæðingarorlof að $^2/_3$ hluta skerðast um 151 961 kr. Greiðslur foreldris, sem tekur fæðingarlaun að $^1/_3$ hluta heildargreiðslna, skerðast um 75 980 kr. Ekki verður heldur hjá því komist að benda á að opinberir starfsmenn halda þessum réttindum í fæðingarorlofi, og mælir því öll sanngirni með að launþegar innan ASÍ haldi þessum réttindum einnig. Ég vil því freista þess að flytja ásamt hv. þm. Karvel Pálmasyni brtt. við þetta frv. Ég tel mjög brýnt að þessi brtt. fái meðferð í nefnd samhliða frv., en hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Aftan við 8. mgr. komi eftirfarandi málsliðir:

Af fæðingarorlofsgreiðslum sínum greiðir foreldri á vinnumarkaðinum 4% í lífeyrissjóð og lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins 6% á móti. Auk þess greiðir lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins 8.33% orlofsfé á orlofsreikning viðkomandi foreldris hjá Póstgíróstofunni."

Ég tel nauðsynlegt að þessi brtt. komi hér fram núna til þess að hún fái meðferð í nefnd. Ég vil svo að lokum vona að þm. geti sameinast um þessa brtt. þannig að foreldrar haldi lífeyris- og orlofsgreiðslum í fæðingarorlofi. Ég vil leyfa mér að afhenda þessa brtt. forseta.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég þakka þær góðu undirtektir sem hafa komið fram við þetta frv.

Ég tel að í orðum hv. þm. Ólafs Þórðarsonar hafi komið fram viss misskilningur, en það verður tími til að leiðrétta hann við meðferð málsins hér í þinginu.

Varðandi brtt. hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur vil ég segja það, að upphæðin, sem þarna er áætluð á mánuði, er allrífleg miðað við þau laun sem almennt eru greidd á vinnumarkaði. Hún er t. d. talsvert yfir dagvinnukaupi Sóknarstúlkna, iðnverkafólks og þeirra sem taka laun eftir töxtum Verkamannasambands Íslands. Hugsunin var sú, að þetta væri það ríflegt að gjöldum eins og orlofsgjöldum og því um líku væri í raun og veru gert ráð fyrir þarna. Það var með opnum augum þess vegna að orlofs- og lífeyrissjóðsprósentunni var sleppt. Það var meira að segja tekið fram í yfirlýsingunni sem við lögðum fram í viðræðum við Alþýðusambandið 27. okt.

Þetta var til skýringar, en svo getur n. auðvitað glöggvað sig nánar á málinu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn., með 24 shlj. atkv.

Fæðingarorlof, frv. (þskj. 180). — 1. umr.

Forseti (Garðar Sigurðsson): Menn hafa rætt þetta frv. jafnhliða hinu, sem á dagskrá var. Enginn hefur kvatt sér hljóðs og er umr. lokið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 24 shlj. atkv.

Sameinað þing, 30. fundur.

Þriðjudaginn 9. des., kl. 2 miðdegis.

Störf stjórnarskrárnefndar, fsp. (þskj. 42). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jóhann Einvarðsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 42 að leggja fram svo hljóðandi fsp. til hæstv. forsrh. varðandi störf stjórnarskrárnefndar:

„Hverjir verða næstu áfangar í starfi stjórnarskrárnefndar?

Er tryggt, að tillögur nefndarinnar varðandi breytingar á kjördæmaskipan og kosningafyrirkomulagi liggi fyrir með svo góðum fyrirvara, að unnt verði að afgreiða þær fyrir lok kjörtímabilsins?"

Hinn 6. maí 1978 samþykkti Alþingi þáltill. um skipan nýrrar stjórnarskrárnefndar og var tekið fram, að nefndin skyldi skila innan tveggja ára álitsgerð og tillögum um endurskoðun stjórnarskrárinnar og taka sérstaklega til meðferðar kjördæmaskipun, kosningaákvæði stjórnskipunarlaga, skipulag og starfsemi Alþingis og kosningalög. Í málefnasamningi ríkisstj. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórnarskrárnefndin, sem vinnur að endurskoðun stjórnarskrárinnar, ljúki störfum fyrir árslok 1980, þannig að Alþingi hafi nægan tíma til þess að ljúka afgreiðslu stjórnarskrár- og kjördæmamálsins fyrir lok kjörtímabilsins."

Í sjálfu sér þyrfti framsaga mín vegna þessarar fsp. ekki að vera lengri. En ég lýsi óánægju minni með þann drátt sem virðist hafa orðið á störfum nefndarinnar því að í dag, 9. des. 1980, liggja engar tillögur fyrir. Það eina, sem komið hefur frá nefndinni, í ágúst s. l., er safn hugmynda, sem fram hafa komið varðandi breytingar á kjördæmaskipan, en engar tillögur frá nefndinni.

Ég ætla ekki hér og nú að ræða efnislega þær hugmyndir, sem fram hafa komið í þessari skýrslu, eða koma með nýjar. Ég vek einungis athygli á því, að íbúar Reykjaneskjördæmis geta ekki öllu lengur unað við það mikla óréttlæti sem fram hefur komið í misvægi atkvæða eftir landshlutum. Í því sambandi bendi ég á að hafi kosningalögin frá 1959 verið réttlát, sem ég vil ekkert fullyrða um, varðandi skiptingu þm. milli kjördæma þá er kominn tími til endurskoðunar þessara laga vegna mikillar fjölgunar kjósenda í sumum kjördæmum, einkum í Reykjaneskjördæmi, umfram önnur. Í Reykjaneskjördæmi hefur kjósendum fjölgað um 143% frá haustinu 1959, en t. d. í Vestfjarðakjördæmi einungis um 8%, svo að dæmi sé tekið. Á öllu landinu hefur kjósendum fjölgað um 49% á sama tímabili, en um 29% utan Reykjavíkur og Reykjaness.

Ég tel að hér sé um svo flókið og margþætt mál að ræða að ekki megi dragast öllu lengur að tillögur nefndarinnar liggi fyrir svo Alþ. hafi nægan tíma til að ræða þær og afgreiða fyrir lok kjörtímabilsins. Ég skora því á hæstv. forsrh. að beita sér fyrir því, að nefndin ljúki störfum hið allra fyrsta og skili síðan tillögum um breytingar, og því til áréttingar hef ég lagt fram þessa fsp., en ekki til þess að hefja almennar umr. um, á hvern hátt breyta ætti lögum um kosningar og kjördæmaskipan, eða koma fram með tillögur til breytinga að þessu sinni.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Í ágústmánuði s. l. sendi stjórnarskrárnefnd þingflokkunum tvær skýrslur um endurskoðun stjórnarskrárinnar. Fyrri skýrslan fjallaði sérstaklega um allmörg — ég ætla 19 — efnisatriði sem koma til athugunar við endurskoðun stjórnarskrárinnar, fyrir utan breytingar á kjördæmaskipun og kosningafyrirkomulagi. Í síðari skýrslunni var hins vegar fjallað um þau mál, þ. e. kjördæmaskipun og kosningafyrirkomulag.

Í umræðum í nefndinni um kjördæmamálið hafa verið nefnd og rædd þrjú grundvallaratriði:

Í fyrsta lagi að hin nýja kjördæmaskipun skuli tryggja jafnrétti milli stjórnmálaflokka í landinu þar sem tryggt er, eftir því sem unnt er, að Alþingi verði rétt spegilmynd af stjórnmálaástandinu og fylgi flokkanna eins og það er á hverjum tíma. Þetta fyrsta grundvallaratriði, sem rætt hefur verið í nefndinni frá fyrstu fundum, er sem sagt um jafnrétti á milli stjórnmálaflokka.

Í öðru lagi hefur verið rætt um það stefnumið að jafna sem mest vægi atkvæða í hinum ýmsu kjördæmum.

Í þriðja lagi hefur svo verið rætt um það grundvallaratriði að gefa kjósendum meira svigrúm en nú er til að kjósa persónulega, þ. e. að kjósa ekki aðeins lista og flokka, heldur velja sér frambjóðendur eða persónur.

Þessi þrjú grundvallaratriði, sem ég rakti hér, hafa verið leiðarljós nefndarinnar frá upphafi og hafa störf hennar og greinargerðir miðast mjög við þau.

Í þessari skýrslu sinni bendir nefndin fyrst á það, hvaða breytingar koma helst til greina í sambandi við kjördæmaskipunina, og þá hefur það verið mjög haft í huga að byggja í meginatriðum á núverandi kjördæmaskipun. Í skýrslunni er fjallað um hugsanlega fjölgun þm., ef það þætti, eins og verið hefur um fyrri kjördæmabreytingar, eina leiðin til að fullnægja meginsjónarmiðunum. Enn fremur er fjallað um breytingar á reglum um úthlutun uppbótarsæta. Einnig hefur verið rætt um það, hvort ætti að fjölga kjördæmum landsins með hliðsjón af breyttri búsetu landsmanna síðan núverandi kjördæmaskipun var ákveðin.

Í skýrslunni eru ræddar ýmsar aðrar leiðir sem koma til greina varðandi nýja kjördæmaskipun. M. a. eru tvær leiðir sem talið er að trauðla komi til greina. Önnur er sú, að landið verði allt eitt kjördæmi með hlutfallskosningum. Það var um skeið á stefnuskrá eins stjórnmálaflokksins, en hann hefur fallið frá því og hafnað þeirri leið. Hin leiðin, sem flestir telja að vart sé fær, er einmenningskjördæmi án uppbótarsæta. Ég undirstrika það: einmenningskjördæmi án uppbótarsæta.

Nefndin bendir á ýmsar leiðir í sambandi við kjördæmamálið, svo sem það kerfi, sem á Írlandi gildir, og það kerfi, sem í Vestur-Þýskalandi gildir. Hvor leiðin um sig hefur marga kosti og ýmsa fylgismenn. Einnig er bent á það í skýrslunni, að margvíslegar leiðir séu til þess að auka vald kjósendanna til persónulegs vals frambjóðenda í kjördæmi.

Stjórnarskrárnefndin hefur óskað eftir því, að þessar skýrslur hennar yrðu ræddar í þingflokkunum og nefndinni verði látið í té álit þeirra á þeim atriðum sem þær fjalla um. — Ég vil taka fram í þessu sambandi í tilefni af ræðu hv. fyrirspyrjanda, að það var að sjálfsögðu mjög rætt innan nefndarinnar hvort hún ætti beinlínis að gera ákveðnar tillögur um lausn þessara mála án þess að bera

sig áður saman við þingflokkana. Margir hafa verið þeirrar skoðunar, að það væru fyrst og fremst þingflokkarnir sem yrðu að taka afstöðu til breytinga á kjördæmaskipuninni, og sú leið varð ofan á og talin heppilegust vinnubrögð að nefndin safnaði upplýsingum, gerði nokkurt mat eða úttekt á ýmsum helstu leiðum, sem til greina koma, léti fara fram útreikninga og afgreiddi málið þannig til þingflokkanna svo að þeir hefðu þar efnivið og upplýsingar sem grundvöll undir sínum umræðum. Þegar þingflokkarnir hefðu lokið þessum athugunum sínum létu þeir nefndinni í té niðurstöður sínar og þá ynni nefndin úr því og gerði lokatillögur í þessu máli. Næstu áfangar í starfi stjórnarskrárnefndar munu því verða að taka málið í heild til frekari umræðu þegar álit þingflokkanna og tillögur í þessum efnum liggja fyrir. Nú má vel vera að þar sem í þingflokkunum yfirleitt er vitað um nokkuð skiptar skoðanir í þessum efnum skili þingflokkarnir ekki ákveðnum endanlegum tillögum sínum til nefndarinnar, heldur ýmsum ábendingum. En nefndin mun, þegar þingflokkarnir hafa látið frá sér heyra, bæði um kjördæmaskipunina og önnur efni, vinna úr þeim tillögum og gögnum áfram og skila sínum tillögum.

Auk kjördæmaskipunar vinnur nefndin — og hefur unnið að sjálfsögðu — að athugun fjölmargra atriða annarra. Það var á 1. eða 2. fundi nefndarinnar sem lagður var fram verkefnalisti með, að ég ætla, 27 atriðum sem menn töldu að þyrftu að koma til umræðu og athugunar í sambandi við endurskoðun stjórnarskrárinnar. Um þorra þeirra atriða er fjallað í annarri skýrslu nefndarinnar sem þingflokkunum var einnig send.

Varðandi síðari spurningu hv. þm. er það ætlun nefndarinnar, að tillögur hennar um breytingar á kjördæmaskipun og kosningafyrirkomulagi liggi fyrir með það góðum fyrirvara að unnt verði að afgreiða þær fyrir lok kjörtímabilsins. Að því er snertir sjálfan mig mun ég sem formaður nefndarinnar vinna að því, að svo megi verða.

Fyrirspyrjandi (Jóhann Einvarðsson): Herra forseti. Ég vil í fyrsta lagi þakka svör hæstv. ráðh. við spurningum mínum, en ég árétta það, sem ég sagði áðan, að það liggja engar tillögur fyrir. Það er skoðun mín að nefndin eigi að leggja fram ákveðnar tillögur til þingflokkanna, en ekki raunverulega kasta þessum spurningum öllum eða tillögugerð til þingflokksstjórnanna eða þingflokkanna sjálfra. En ef við þingflokkana er að sakast skora ég á formenn þeirra að hraða störfum sínum þannig að störf þingflokkanna verði ekki til að tefja þetta mál, sem er mjög aðkallandi, og tefja þannig störf Alþingis í að ljúka umræðum og tillögugerð í þessu máli.

Það má að sjálfsögðu nefna ýmis atriði sem leggja beri áherslu á í þessu máli, eins og ráðh. minntist sjálfur á áðan, t. d. jöfnun atkvæða milli flokka, jöfnun atkvæðavægis milli kjördæma, möguleika kjósenda til að hafa meiri áhrif á val frambjóðenda og þm. og margt fleira. En ég skal ekki hafa langt mál um þetta.

Ég ítreka þakkir mínar til ráðh. fyrir svör hans og skora á þingflokkana og stjórnarskrárnefndina að ljúka störfum hið allra fyrsta, svo að það komi ekki til að það verði að taka þetta mál til skyndiafgreiðslu á örfáum dögum í lok kjörtímabilsins eða fyrir næstu kosningar.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Það er að sjálfsögðu ekki efni til að hefja hér almennar umr. um stjórnarskrármálið, enda ekki til þess ætlast af fyrirspyrjanda hálfu.

Hæstv. forsrh. greindi hér frá þeim meginatriðum, sem stjórnarskrárnefndin hefur haft að leiðarljósi í störfum sínum, og jafnframt greindi hann frá því, sem öllum er auðvitað kunnugt, að stjórnarskrárnefnd skilaði skýrslu til þingflokkanna í ágústmánuði s. l. þar sem fjallað er um ýmsa kosti í sambandi við breytingar á stjórnarskrá og kjördæmaskipan. En síðan segir hæstv. forsrh. að nefndin muni taka málið til meðferðar að nýju þegar þingflokkarnir hafi skilað áliti til nefndarinnar. Það gefur mér tilefni til þess að spyrja hvort stjórnarskrárnefnd hafi tekið sér frí frá störfum á meðan hún bíður eftir þessum álitsgerðum frá þingflokkunum. Ef ekki, þá langar mig til þess að vita hve margir fundir hafi verið haldnir síðan skýrslan var gefin út í ágústmánuði og hvort nefndin sé þá á launum, öll eða hluti hennar, eða hvort starfsmaður nefndarinnar sé á launum áfram eða ekki.

Ég vil svo benda sérstaklega á það, að hér er talað um að menn geri sér vonir um að nefndinni geti borist tillögur þingflokkanna þannig að nægilegur tími gefist fyrir lok kjörtímabils að leggja fram tillögur. Ég minni á þál. sem stjórnarskrárnefnd starfar eftir, en þar segir svo:

„Skal hin nýja nefnd skila innan tveggja ára álitsgerð og tillögum um endurskoðun stjórnarskrárinnar og taka sérstaklega til meðferðar kjördæmaskipun, kosningaákvæði stjórnskipunarlaga, skipulag og starfshætti Alþingis og kosningalög."

Ég les út úr þessu að það hafi verið reiknað með beinum tillögum frá nefndinni innan tveggja ára. En svo virðist ekki lengur vera ætlað.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Í sögu lýðveldisins hafa á ýmsum tímum verið skipaðar stjórnarskrárnefndir. Þær hafa allar, utan sú sem nú situr, starfað mjög lengi og skilað litlum árangri. Ég held að sú stjórnarskrárnefnd, sem nú situr, sé frábrugðin fyrirrennurum sínum hvað það snertir, að hún hafi mun fyrr en nokkrar aðrar nefndir afgreitt þann hluta málsins sem felst í því að kortleggja í grófum dráttum hvaða breytingar á stjórnarskránni kæmu hugsanlega til greina. Nefndin hefur skilað Alþingi og þingflokkunum fyrir röskum þremur mánuðum skýrslum um það efni.

Nú er ljóst að þessi stjórnarskrárnefnd er ekki frekar en aðrar samkoma viturra manna sem eiga að sitja einir sér og í einangrun og taka ákvörðun um hvernig breyta beri stjórnarskránni. Allir þeir, sem í nefndinni sitja, eru þar sem fulltrúar þingflokka og það er höfuðatriði málsins. Allir voru stjórnarskrárnefndarmenn sammála um að áður en lengra væri haldið væri nauðsynlegt að þeir, sem þingflokkarnir hefðu valið sem sína fulltrúa í nefndina, hefðu skýrari mynd af því en þeir hafa nú, hvaða afstöðu þingflokkarnir hafa til þeirra fjölmörgu atriða sem í þessum skýrslum er drepið á, sem eru ekki aðeins kjördæmabreytingar, heldur fjölmargt annað. Þess vegna held ég að það sé ljóst — og vil láta það koma fram hér — að næsti leikur þessa máls er hjá þingflokkunum. Það er þá verkefni okkar, sem erum formenn þingflokkanna, að tryggja að umræður fari fram um skýrslurnar. Og ég vil láta það koma hér fram, að þingflokkur Alþb. mun í þinghléi vegna jóla og nýárs taka þessi mál til sérstakrar umfjöllunar.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég held að það sé gagnlegt að umr. af þessu tagi fari hér fram. Það órétt-

læti, sem við blasir, er náttúrlega gífurlegt, eins og allir þekkja, og allir flokkar hafa látið í ljós ósk um að úr því verði bætt að því er varðar vægi atkvæða hjá kjósendum í mismunandi landshlutum.

Ég geri ráð fyrir að allir þm. hér þekki hugmyndasafn nefndarinnar, sem var rakið hér ítarlega af hæstv. forsrh. En það er hins vegar athyglisvert, að ekki hafa komið fram neinar óskir um tímasetningar að því er varðar afstöðu þingflokkanna til þessa máls. Hættan er sú, að málið tefjist óþægilega lengi og það verði til þess, að það komist í eindaga. Það má auðvitað ekki gerast. Það, sem fyrir okkur liggur þá fyrst og fremst, er að tryggja framgang þessa máls.

Nú liggur það fyrir, að nefndin sem slík mun ekki móta afstöðu í málinu öðruvísi en með beinum umsögnum frá þingflokkum. Ég held að það sé æskilegt að sem víðtækust samstaða geti verið innan þingsins um þær breytingar sem gerðar verði. Þess vegna held ég að það sé nauðsynlegt að þingflokkarnir sjálfir, fulltrúar þeirra eða formenn þingflokkanna hafi frumkvæði um að þegar í stað hefjist viðræður milli þingflokkanna um hvaða leið þeir geti helst hugsað sér í þessum efnum. Ég segi þetta vegna þess að það er augljóst að nefndin sem slík gerir tæplega ráð fyrir því að móta afstöðu öðruvísi en að fengnum umsögnum þingflokkanna, og ég held að það sé betra að slík samtöl fari þá strax fram þingflokkanna í milli frekar en þeir álykti hver í sína áttina.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Út af orðum hv. fyrirspyrjanda vil ég ítreka það, að eftir vandlega athugun voru þau vinnubrögð ákveðin sem ég hef hér lýst, ekki þannig að stjórnarskrárnefndin setjist að störfum og móti endanlegar tillögur í þessum efnum og sendi þær síðan Alþingi, heldur þvert á móti, hún undirbúi málið til þess að gera þingflokkunum auðveldara það verk að gera upp hug sinn, ræða málið og ná niðurstöðu. Ég er sannfærður um að þetta hafi verið heppilegustu vinnubrögðin.

Að sjálfsögðu er starfað áfram að þessum málum eftir að skýrslurnar fóru til þingflokkanna, og ef einhver heldur að ekkert sé unnið að þessum málum nema á nefndarfundum er það misskilningur. Það er unnið að ýmiss konar álitsgerðum, greinargerðum og könnun ýmissa atriða. Ég get nefnt að meðal annars sem unnið hefur verið að síðan þessar skýrslur voru sendar til þingflokkanna, eru mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar sem þurfa mjög endurskoðunar við þar sem stjórnarskráin er rúmlega 100 ára gömul. Að því er þetta atriði snertir, mannréttindakaflann, hefur auðvitað margt breyst á þeim tíma, sumt orðið úrelt, þarf að breyta þar efni og orðalagi og bæta við ýmsum ákvæðum sem síðar hafa komið upp, enda höfum við mannréttindasáttmála bæði frá Sameinuðu þjóðunum og Evrópuráði og mjög ítarleg ákvæði í ýmsum hinum nýrri stjórnarskrám. Allítarleg greinargerð hefur verið samin um þennan kafla síðan og verið tekin fyrir og rædd í nefndinni.

Ég veit ekki hvort það væri nú við hæfi, sem hér kom fram, að stjórnarskrárnefndin færi að setja Alþingi og þingflokkum ákveðinn tímafrest. Það kom ekki upp sú hugmynd í nefndinni og ég fyrir mitt leyti tel mjög vafasamt að hún fari að setja sig á svo háan hest að setja þingflokkunum slík skilyrði. Auðvitað verða þeir að hafa þann tíma sem þeir þurfa, þó að æskilegt sé að umræðum og niðurstöðum verði hraðað.

Við vitum það öll, sem hér sitjum á þingi, að þessi mál ýmis og alveg sérstaklega kjördæmamálið eru ákaflega erfið viðfangs og þarfnast ríflegs tíma. Hins vegar vil ég undirstrika að að sjálfsögðu er unnið áfram að fjölmörgum þeirra atriða, sem þurfa endurskoðunar við í stjórnarskránni, meðan flokkarnir fjalla um þessa skýrslu.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Af því, sem hæstv. forsrh. hefur sagt hér, liggur það nú ljóst fyrir, að stjórnarskrárnefnd mun ekki koma fram með neinar hugmyndir eða tillögur um breytingar á kjördæmaskipun og kosningalögum. Mér sýnist því eðlilegt framhald vera, eins og hér kom fram áðan, að þingflokkarnir taki sín í milli upp viðræður um þetta mál og freisti þess að ná fram lausn og sameiginlegum tillögum á útmánuðum á næsta ári þannig að héðan verði ekki farið af þingi næsta vor öðruvísi en að hægt sé að ná samstöðu eða sem mestum og bestum meiri hluta í því að breyta kjördæmaskipun og kosningalögum.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Í máli fyrirspyrjanda kom það fram, að sú þróun hefur átt sér stað, frá því að kjördæmaskipun var seinast breytt, að Vestfirðir hefðu enn tapað hlutdeild í mannfjölda á Íslandi. Ekki bendir það nú til þess að völd þeirra né áhrif séu of mikil á hinu háa Alþingi. Ég vil alfarið vara menn við hugleiðingum um að taka kosningalögin ein og kjördæmabreytingu út úr umræðum um stjórnarskrá. Eigi að gera róttækar breytingar, eins og mér skilst að hér séu uppi hugmyndir um, hlýtur að vera spurning um skiptingu valdsins á milli hinna ýmsu svæða, hvort sem það er fært til sveitarfélaga eða samtaka sveitarfélaga frá hinu háa Alþingi, áður en slíkt fer á umræðustig. Ég tel t. d. fráleitt að Vestfirðingar sitji uppi með verri kosti varðandi sjálfsákvörðunarrétt til fiskveiða út af Vestfjörðum undir innlendri stjórn en þeir höfðu undir danskri.

Jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar, fsp. (þskj. 107). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Á síðasta þingi var mikið rætt um niðurgreiðslu á olíu til upphitunar húsa. Urðu margháttaðar umr. um það mál, bæði í Sþ. og í deildum þingsins. En það var ekki fyrr en mjög var liðið á síðasta þing að það kom fram stjfrv. varðandi þetta mál. Það var frv. um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar. Þetta frv. þótti betra en þau lög sem þá giltu, en verulega gallað að ýmsu leyti. Þess vegna var það, þegar frv. var samþ. á Alþingi að þá voru allir, sem tjáðu sig um þetta efni, sammála um að frv. þetta væri svo gallað að það yrði þegar í stað að hefja endurskoðun á því, ef að lögum yrði, til að betrumbæta það. Samkvæmt þessari skoðun er það tekið fram í nál. um frv. frá fjh.- og viðskn. Ed. að þó að nauðsynlegt hefði verið að samþykkja frv. teldu einstakir nefndarmenn að nauðsynlegt væri að taka það til gagngerðrar endurskoðunar. Eins og málin stóðu var n. sammála um að mæla með samþykkt frv., enda — eins og segir í nál. — verði unnið að endurskoðun laganna með sérstöku tilliti til efnisþátta sem koma fram á þskj. 112 og 157. Í framsögu með þessu sagði frsm. n., hv. þm. Guðmundur Bjarnason, að n. væri sammála um að leggja til að frv.

yrði samþykkt, enda yrði fljótlega unnið að endurskoðun laganna með sérstöku tilliti til efnisþátta sem koma fram á þskj. 112 og 157.

Við umr. um frv. sagði hæstv. viðskrh., með leyfi hæstv. forseta: „Ég vil aðeins segja það að lokum, að ég mun beita mér fyrir því, að frv., ef að lögum verður, sem ég efast raunar ekki um, verði endurskoðað í þá veru sem segir í nál. á þskj. 619." En á þskj. 619 er tekið fram, að það eru þskj. 112 og 157 sem á að hafa til hliðsjónar við endurskoðunina. Og hver eru þessi þskj.?

Þskj. 112 er frv. um niðurgreiðslu á olíu til upphitunar húsa sem ég ásamt þremur öðrum þm. bar fram á síðasta þingi, þeim hv. þm. Tómasi Árnasyni, Stefáni Jónssyni og Eiði Guðnasyni. Þetta frv. var um niðurgreiðslu á olíu, ítarlegt frv. þar sem gert var ráð fyrir gjörbreytingu í ýmsum atriðum á því skipulagi sem hefur verið í þessum efnum.

Hvað var hitt þskj. sem vitnað var í, nr. 157? Það var till. til þál. um framkvæmdaáætlun í orkumálum vegna húshitunar, sem ég ásamt níu öðrum sjálfstæðismönnum flutti. Þar er gert ráð fyrir að gert verði markvisst átak til að leysa þessi mál til frambúðar, þ. e. að losa okkur við olíuna sem orkugjafa til upphitunar húsa.

Það leikur enginn vafi á því, að mjög þýðingarmikið er að það verði af efndum á þeirri endurskoðun sem lofað var þegar lög nr. 53/1980, um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar, voru samþ. á Alþingi. Þess vegna hef ég leyft mér að spyrja hæstv. viðskrh. hvort hann hafi látið hefja þessa endurskoðun og ef svo er hvenær frv. verði lagt fyrir Alþingi með tilliti til þeirrar endurskoðunar. Ég vænti þess, að ég fái jákvæð svör um þetta.

Ég tók fram, að hæstv. viðskrh. var meðflm. minn að því ágæta frv. sem á að taka tillit til við endurskoðunina, og þó að það væri reyndar einkennilegt að það mál skyldi daga uppi eftir að einn af flm. þess var orðinn yfirmaður þessara mála og tekinn við sem viðskrh., þá þykir mér sem yfirlýsingar hæstv. viðskrh. bendi til þess að hann sé enn þá trúr þeim anda og því efni sem kom fram í okkar sameiginlega frv.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Fsp. hv. þm. Þorv. Garðars Kristjánssonar er í tveimur liðum. Fyrri liðurinn er svo hljóðandi: „Hefur viðskrh. látið hefja endurskoðun á lögum nr. 53/1980, um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar?"

Í nál. frá fjh.- og viðskn. Ed., þskj. 619, á síðasta Alþingi segir m. a., með leyfi hæstv. forseta: „... er n. sammála um að leggja til að frv. verði samþykkt, enda verði unnið að endurskoðun laganna með sérstöku tilliti til efnisþátta sem koma fram á þskj. 112 og 115." — Þar sem lögin komu ekki til framkvæmda fyrr en í júnímánuði s. l. tel ég æskilegt að fá meiri reynslu á framkvæmdina áður en endurskoðun fer fram. Ég mun beita mér fyrir að nefnd til endurskoðunar laganna verði skipuð fyrir lok vorþingsins 1981.

2. liður fsp. er á þessa leið: „Ef svo er, hvenær má vænta þess, að lagt verði fram á Alþ. frv., sem byggir á endurskoðun þessari?"

Með tilliti til svars við 1. lið gæti það orðið á haustþingi 1981 ef ástæða þætti til.

Í nál. frá fjh.- og viðskn. Nd., þskj. 558, á síðasta Alþingi segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Nefndin er sammála um að óska eftir að Alþingi verði gerð grein fyrir framkvæmd laganna fyrir þinglok 1981." — Hef ég hugsað mér að gefa Alþingi slíka skýrslu fyrir lok vorþingsins 1981.

Fyrirspyrjandi (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. fyrir svar hans. En ég verð að láta þess getið, að mér kom það mjög á óvart.

Það var ekki gert ráð fyrir, þegar talað var um þessi mál í fjh.- og viðskn. Ed. eða í umr., a. m. k. í hv. Ed., að það ætti að bíða eftir einhverri skýrslu um framkvæmd laganna. Það var gert ráð fyrir að fljótlega yrði hafist handa um endurskoðun laganna, en það þyrfti ekki að bíða eftir neinni reynslu af þessum lögum. Menn samþykktu og mæltu með samþykkt frv. á þeirri forsendu, að hafist yrði strax handa um endurskoðun á því þegar að lögum yrði. Það var talið þess eðlis, að rétt væri að ákveða fyrir fram að endurskoða það, og þá var það óháð því, hvaða reynsla kynni að verða af þessu og hvaða skýrsla yrði gefin um þetta áður en þingi lyki árið 1981. Það var gengið út frá því og það var forsenda fyrir samþykkt frv., að þegar í stað eða fljótlega yrði hafin endurskoðun á lögunum. Frsm. fjh.- og viðskn. Ed. tók beinlínis fram að það væri vilji n., að fljótlega yrði hafist handa, ekki að það yrði beðið eftir einhverri skýrslu um þetta mál þar til þingi yrði lokið árið 1981. Þetta er alveg nýtt viðhorf sem fram kemur í þessum efnum, og ég vil leyfa mér að mótmæla þessari skoðun.

Hæstv. viðskrh. gaf ekki tilefni til þess að ætla, þegar hann ræddi þessi mál í umr. um frv., að það ætti að viðhafa þessi vinnubrögð. Þvert á móti, hann talaði eins og við hinir, sem lögðum áherslu á að strax eða fljótlega yrði hafin endurskoðun á þessu máli. Og það er heldur engin tilviljun að það var vitnað í frv. sem ég ásamt viðskrh. og tveim öðrum hv. þm. flutti um þetta efni. Það er sumt nokkuð dularfullt í þessu máli. Hæstv. viðskrh. Tómas Árnason er, áður en hann verður viðskrh., meðflm. að þessu góða frv. sem hann telur nauðsynlegt að miða endurskoðunina við. Hvernig má það nú vera að maður, sem kemst til æðstu metorða eftir að þetta góða frv. er borið fram, — æðstu metorða í þeim málaflokki sem það varðar, skuli ekki gerast spurgöngumaður fyrir því að fá þetta góða mál afgreitt, heldur fer hann þær krókaleiðir að bera fram afleitt frv., að hans eigin mati og allra sem þar komu nálægt, en lofa því, að það verði endurskoðað og það verði bætt og þá tekið tillit til hans góða frv. sem hann skeytti ekki um að fá samþ.? Gott væri að fá skýringar á þessu. Þá skýrðist kannske eitthvað frekar þessi einkennilega afstaða hæstv. ráðherra.

Egill Jónsson: Herra forseti. Það er ákaflega gagnlegt að þetta mál skuli hafa komið á dagskrá einmitt þessa dagana. Ég tek að sjálfsögðu undir það sjónarmið, sem hefur komið fram í þessum umr., hversu mikilvægt er að fylgjast með löggjöfinni og því, hvernig hún kann að hafa reynst. Hitt skiptir hins vegar miklu meira máli, hvað Alþ. kann að gera núna við afgreiðslu fjárlaga í sambandi við olíustyrk.

Ég færði rök að því, þegar málið var til afgreiðslu í Ed. á s. l. vori, að tekjurnar, sem kallaðar væru inn til ríkissjóðs til að mæta þeim útgjöldum sem löggjöfin gerði ráð fyrir, væru miklu hærri en það sem gengi til þessara verkefna. Það er þess vegna ákaflega þýðingarmikið að fá svör við því núna, hvort gengið verður út frá svipuðu hlutfalli og áður var, hvort þeir tekjustofnar, sem voru lagðir á þjóðina til að mæta þessum útgjöldum, yrðu

látnir ganga áfram til þessara verkefna eða einhverra annarra. Um þetta vil ég alveg sérstaklega spyrja og ítreka hér og fá svör við því.

Ég undirstrika þetta alveg sérstaklega vegna þess, að þó að lögunum verði breytt og þó að löggjöf verði bætt þýðir það engan veginn að því fylgi einhverjar sérstakar úrlausnir á þeim vandamálum sem þeir eiga við að búa sem þurfa að kynda híbýli sín með olíu.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Það er alveg rétt hjá hv. fyrirspyrjanda, að við vorum samflutningsmenn að ágætu frv. um þessi mál í fyrrahaust, og gæti ég sagt margt um það, eins og ég hef raunar áður gert. En það er nú þannig, eins og hv. þm. er kunnugt, að einu sinni var komist svo að orði, að veröldin liti dálítið öðruvísi út af tröppum Alþingishússins en Landsbankans. Það koma inn í þetta fleiri þættir sem þarf að sinna, eins og fjáröflunarþátturinn. Það er auðvitað meginatriðið í þessu máli að afla fjár til að jafna hitunarkostnaðinn í landinu.

En það eru fleiri atriði, sem koma inn í málið, og þar á meðal að ég held að þm. séu yfirleitt sammála um að það verði lögð áhersla á að reyna að útrýma erlendum orkugjöfum í sambandi við upphitun húsa í landinu, þ. e. að hraða lagningu hitaveitna, hraða notkun rafmagns til upphitunar til þess að þetta verði mögulegt. Þarna eru viss mörk sem í sumum tilfellum eru dálítið erfið, þ. e. að upphitun húsa með olíu að frádregnum olíustyrk verði ekki ódýrari en verður með innlendum orkugjöfum. Þessi mál eru dálítið vandleyst, ég viðurkenni það. Eins og nú standa sakir háttar þannig til, a. m. k. í sumum tilvikum, að þessi mörk eru þannig, að upphitun með olíu að frádregnum olíustyrk er sennilega ódýrari en með innlendum orkugjöfum. Það eru ekki mörg tilvik, en þau eru til. Þannig er á ýmislegt að líta í sambandi við þetta mál.

Ég vil leggja á þetta áherslu, en um leið er ég sammála hv. fyrirspyrjanda um að fram fari endurskoðun á þessum lögum. Dagsetningar hafa aftur á móti ekki verið ákveðnar. Það var ekki orðað þannig, að þegar í stað yrði hafist handa um endurskoðun laganna, heldur verði unnið að endurskoðun þeirra. Þess vegna er það, að ég hef lýst því yfir, að ég mundi beita mér fyrir því, eins og ég sagði í svari mínu, að nefnd til endurskoðunar laganna verði skipuð fyrir lok vorþingsins.

Það eru viss ákvæði í þessum lögum sem er dálítið erfitt að framkvæma og þá sérstaklega í sambandi við upphitun með raforku. Það er t. d. verið að leggja hitaveitur víða í landinu og menn bíða beinlínis eftir því að fá hita frá hitaveitum, en á sama tíma eiga menn kost á að fá rafmagn til upphitunar á þeim sama stað. Þannig eru erfiðleikar á að framkvæma lögin og t. d. svipta menn á slíkum stöðum olíustyrk þegar þeir bíða beinlínis eftir því að fá hitaveitur, eins og á Akranesi svo ég nefni dæmi. Það liggur fyrir að innan tíðar fær Akranes hitaveitu. Þar geta menn auðvitað fengið rafmagn til upphitunar, en það dettur engum í hug að ætlast til þess, að þeir á Akranesi taki inn til sín rafmagn, sem kostar e. t. v. 1—2 millj. kr., í nokkra mánuði eða jafnvel hálft ár eða svo og síðan fari þeir inn á hitaveitukerfið.

Í þessum málum eru ýmis framkvæmdaratriði sem ekki liggur alveg beint við hvernig á að framkvæma, og þess vegna hef ég hikað við tafarlausa framkvæmd vissra ákvæða laganna, þ. e. um að menn fái ekki olíustyrk ef menn eiga kost á rafhitun. Þar sem stendur á eins og t. d. á Akranesi verður að taka tillit til sérstakra aðstæðna. Ég held það sé hyggilegt að hinkra aðeins við með þetta. En ég er sammála hv. fyrirspyrjanda um að endurskoðun á að fara fram, og ég mun ekki, ef ég sit í þessu embætti, láta undir höfuð leggjast að beita mér fyrir því. Ég hef, eins og ég sagði áður, hugsað mér að beita mér fyrir því, að nefnd verði sett í málið. Mig minnir að ég hafi sagt í fyrra, — ég er nú ekki alveg viss um það, en mig minnir að ég hafi sagt í fyrra í umræðum um málið, að það færi best á því að það yrði nefnd sem þingflokkarnir ættu fulltrúa í. Og ég held að það sé skynsamlegt. Þetta er mál sem er þannig vaxið að það nær að sumu leyti út yfir flokkadeilur. Menn eru nokkuð sammála um að það sé sanngjarnt að ekki sé mjög mikill munur á upphitunarkostnaði húsnæðis eftir því hvar menn eru búsettir á landinu.

Egill Jónsson: Herra forseti. Ég vil ekki alveg sleppa hæstv. viðskrh. út um bakdyrnar í þessu máli þó hann kunni kannske að óska þess. Ég ítreka fsp. mína, sem ég bar fram áðan, um það, hvernig fjárreiðum þessara mála er háttað. Það hefur grundvallarþýðingu í þessum efnum hvaða fjármagn á að kalla inn til þessa, reyndar liggur það nú fyrir, en hvort því verði dreift áfram til þessara verkefna eða einhverra annarra. Og mér er alls ekki ljós þörf á endurskoðun á löggjöfinni nema það sé tryggt að fyrir hendi sé fjármagn til þessara verkefna, en það verður að ákvarðast þessa dagana, einmitt núna þegar fjárlög eru afgreidd.

Ég vil svo að endingu benda á að það er nokkuð annar tónn í hæstv. viðskrh. núna, og reyndar hefur það komið fram hjá fleiri hæstv. ráðh., í sambandi við húshitunarkostnað og þá erfiðleika, sem fólk hefur orðið að taka á sig vegna slíks kostnaðar, en var á s. l. ári. Þá voru menn gjarnan að bera saman mismuninn á milli fólksins í þessu landi, — mismuninn á því, hvað það væri miklu kostnaðarsamara að búa við þennan orkugjafa til upphitunar en ýmsan annan — og þá var m. a. verið að segja frá því, hvaða áhrif þetta gæti haft á byggðina í landinu. Nú virðist svo, eins og kom fram í ræðu hæstv. ráðh. áðan og hefur komið fram í umr. hér fyrr á Alþingi, að menn hafi mestar áhyggjur af samkeppninni við rafmagnið, sem er mörgum sinnum kostnaðarsamara en hitaveiturnar. Það er sem sagt komin upp ný staða og helst verður maður að álykta að það sé komin upp ný stefna í þessum málum hjá hæstv. ríkisstj.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Nei, það er engin ný stefna mörkuð af hálfu hæstv. ríkisstj. í þessu máli. Stefnan er óbreytt. Ég geri ráð fyrir að því fjármagni, sem var ákveðið til þessara mála á fjárlögum fyrir þetta ár, — það voru, að því er mig minnir, 4 milljarðar í olíustyrkinn og 500 millj. kr. til annars í sambandi við upphitunarmálin, — verði ráðstafað eins og til hefur verið ætlast. Það er hins vegar ekki lokið afgreiðslu fjárlaganna fyrir næsta ár, en á fjárlagafrv. eru, að því er mig minnir, 5 milljarðar í þessu skyni. Það er alger misskilningur hjá hv. þm., að það sé um að ræða stefnubreytingu í þessum efnum. Og það er enginn nýr tónn í þessu af minni hálfu. Þm. er ekki nógu músíkalskur. Það er engin ástæða til þess að staðhæfa að það sé nýr tónn í þessu. En þetta er eigi að síður mikið vandamál, m. a. af þeim ástæðum sem ég minntist á hér áður, að það háttar ólíkt

til með innlenda orkugjafa. Það er alveg ljóst, að Alþ. þarf að taka þessi mál upp til endurskoðunar, ég er sammála fyrirspyrjanda um það, en ég tel eftir atvikum ekki rétt að sú endurskoðun hefjist fyrr en menn sjá svolítið betur fram úr þessum málum.

Það er enn eitt atriði sem ástæða er til að benda á. Flestir eru sammála um að á komandi árum verði áframhaldandi hækkun á olíuverði. Hvað hún verður hröð og með hverjum hætti, um það eru menn ekki sammála. Þetta sveiflast til og frá eins og verið hefur á þessu ári. Það hafa orðið gífurlegar sveiflur á þessu ári. Á tímabili var t. d. gasolíuverð komið niður í rúmlega 270 dollara tonnið, en er nú aftur komið upp í líklega um 330 dollara, eftir því sem ég heyrði seinast. Þetta hefur skeð á örstuttum tíma, líklega tveimur mánuðum eða svo. Það eru því miklar sveiflur í þessu. En ég held að menn séu sammála um að verðið fari hækkandi, og það ýtir auðvitað undir að við þurfum að endurskoða þessi mál. Ég er sammála því. Spurningin er hvenær sú endurskoðun á að hefjast.

Fyrirspyrjandi (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Mér þykir gott að heyra það sem hæstv. ráðh. sagði, að haldið verði áfram að greiða niður olíu til upphitunar húsa og að allri þeirri upphæð, sem nú er gert ráð fyrir í fjárlagafrv., verði varið í því skyni. En ég vil láta það koma hér fram, að ég efast stórlega um, og er þá ekki mikið sagt, að sú upphæð nægi til þess. Ég tel að hún nægi alls ekki til þess, að olían verði greidd hlutfallslega jafnmikið niður og á þessu ári, vegna hinnar miklu hækkunar sem hefur orðið á olíuverði.

Hæstv. ráðh. sagði að það stæði ekki í nál., sem hér hefur komið til umr., að það ætti að endurskoða lögin strax. Þetta er rétt. En frsm. n. tók fram, eins og ég hef áður greint, að það ætti að gera fljótlega. Það þýðir að það ætti að vera byrjað á því verki nú.

Annars kvaddi ég mér hljóðs til að bera sakir af hæstv. viðskrh. Það var ástæðan til þess að ég kvaddi mér hljóðs. Hann sagði að heimurinn liti öðruvísi út frá tröppum Landsbankans en hér í Alþingi. Hvað þýðir þetta? Hæstv. ráðh. er raunverulega að segja að hann hafi ekki verið ábyrgur gerða sinna þegar hann bar fram umrætt frv. ásamt mér og fleiri hér á síðasta þingi, það hafi verið óábyrgt mál, en þegar hann kom í stjórnarráðið hafi hann séð þetta. Ég mótmæli þessu. Ég tel að hæstv. ráðh. hafi verið með fullri rænu þegar hann skrifaði undir það frv. sem hann var meðflm. að. En mér finnst hins vegar ástæða til þess, að það komi fram hér, að ég efast miklu frekar um allt hans látæði eftir að hann kom í stjórnarráðið.

Verslun og innflutningur á kartöflum, fsp. (þskj. 129). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Egill Jónsson): Herra forseti. Á milli þess árs, sem nú er senn að líða, og næstliðins árs hafa verið skarpari veðrabrigði en almennt gerist í veðurfari á Íslandi. Fáar greinar í íslenskum landbúnaði eru viðkvæmari fyrir veðráttu en garðrækt og þá sérstaklega kartöflurækt, sem hér er spurst fyrir um, enda var mismunur á uppskeru garðávaxta á milli þessara tveggja ára meiri en dæmi eru um í annan tíma. Árið 1979 var þannig ár uppskerubrests, árið 1980 var hins vegar árgæska í garðrækt. Það var af þessari ástæðu sem bændurnir í þessu landi stóðu agndofa um mánaðamótin júlí og ágúst, þegar uppskera kartaflna var mánuði fyrr en almennt gengur og þeir höfðu tilkynnt um það með nægum fyrirvara, að þeir væru þess albúnir að sjá um að fullnægja markaðsþörfinni hér innanlands, að innlendi markaðurinn var fullur af erlendri uppskeru.

Það er óhjákvæmilegt að það liggi alveg skýrt fyrir, hvað mikið magn af erlendum kartöflum var flutt inn eftir að bændurnir í þessu landi voru þess albúnir að sjá um kartöflumarkaðinn. Þar sem hér var um algera sérstöðu að ræða í sambandi við verslun með íslenskar landbúnaðarvörur, er erlend framleiðsla var látin ryðja þeirri íslensku út af markaðnum, verður að fást hér staðfest hvort þetta er fyrir atbeina stjórnvalda eða réttara sagt, að hve miklu leyti þetta er fyrir atbeina stjórnvalda. Það er með þetta í huga sem menn spyrja nú um hvaða afleiðingar þetta kunni að hafa í för með sér, spyrja um hvað uppskeran var mikil á s. l. ári og hverjar horfur eru á að hún nýtist fyrir bændurna í þessu landi. Þá er sérstaklega vísað til þess, sem að framan er lýst, hvaða áhrif muni hafa á afkomu kartöflueframleiðenda þessi nýja landbúnaðarstefna að flytja inn kartöflur þegar nægilegt er til af þeirri vöru í landinu.

Þá er líka alveg nauðsynlegt að það liggi fyrir, hvað menn hyggist gera til að koma kartöfluframleiðslunni í verðmæti. Það er í beinu samhengi við þetta að fá líka svar við þeirri spurningu, hvernig sé háttað afurðalánum út á kartöfluframleiðslu s. l. hausts. Allt fram að þessum tíma hefur þar verið um sáralitla fyrirgreiðslu að ræða. Ef hún er með öðrum hætti en varðandi aðra landbúnaðarframleiðslu fást væntanlega svör við því, hverjar séu ástæður fyrir slíkri ákvörðun.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Hv. þm. Egill Jónsson hefur lagt fram fsp. í fimm liðum. 1. tl. er svo hljóðandi: „Hver var ástæðan fyrir því, að á s. l. hausti voru kartöflur fluttar til landsins eftir að auðvelt var að fullnægja markaðsþörfinni með framleiðslu innanlands?"

Það hefur verið venja á undanförnum árum að Sexmannanefnd hefur heimilað stjórn Grænmetisverslunar landbúnaðarins að setja sérstakt verð á sumaruppskeru á kartöflum í ágústmánuði, nægilega hátt til þess að bændur sjái sér hag í því að hefja uppskeru á kartöflum til sölu þó að þær séu eigi fullsprottnar. Sú heimild hefur hins vegar verið bundin því skilyrði, að einnig séu á boðstólum ódýrari kartöflur, að öðru jöfnu innfluttar, þannig að neytendur eigi þess kost að velja á milli dýrrar sumaruppskeru á kartöflum og ódýrari kartaflna. Í sumar sem leið var hafður sami háttur á.

Þegar í undirbúningi var að hefja sumarsölu á íslenskum kartöflum komu fram óskir kartöfluframleiðenda um að tekið yrði sérstakt tillit til þess í hærra verði til þeirra, að verulegur uppskerubrestur og tap varð á kartöfluframleiðslu haustið 1979. Það kom ekki fram af hálfu þeirra við þessar umræður, að hugsanlega yrði uppskera á kartöflum haustið 1980 meiri en nokkru sinni áður og jafnvel svo mikil að mundi nægja fyrir neysluþörf okkar fram á haustið 1981. Svo sem kunnugt er hefur það verið svo undanfarna áratugi, að kartöfluframleiðsla okkar hefur ekki nægt markaðnum. Oftast hefur það verið svo, að sumaruppskera á kartöflum, sem ekki hafa verið

fullsprottnar, hefur fremur valdið meiri en minni þörf á að flytja inn kartöflur til að fullnægja markaðsþörfinni.

Þegar sumarsala á íslenskum kartöflum hófst í byrjun ágústmánaðar var verð til bænda ákveðið 450 kr. á kg af óflokkuðum kartöflum, sem mun láta nærri að hafi verið 50% hærra en það verð sem sexmannanefnd ákvað á íslenskum kartöflum sem bráðabirgðahaustverð í sept. s. l. og gilti til 1. des. s. l. Ekki var talið að bændur vildu taka upp kartöflur, sem voru í fullri sprettu, til sölu fyrir lægra verð en 450 kr. á kg. Þetta háa verð var hins vegar háð því, að jafnframt væru til sölu ódýrari kartöflur þannig að velja mætti á milli þess að kaupa nýuppteknar íslenskar kartöflur á tiltölulega háu verði eða ódýrari innfluttar kartöflur.

Framkvæmd innflutnings á kartöflum á sumarmánuðum s. l. árs var með sama sniði og hefur verið á undanförnum árum. Það má deila um hvort rétt sé að leyfa það frjálsræði í verðlagningu á sumaruppskeru á kartöflum sem verið hefur gegn því að jafnhliða séu á boðstólum ódýrari innfluttar kartöflur, svo sem skýrt hefur verið frá. Eigi að hafa strangari reglur um takmörkun á innflutningi erlendra kartaflna á sumarmánuðum mundi það leiða til strangara aðhalds í verðlagsmálum en verið hefur fyrir innlenda framleiðendur og jafnframt yrðu þeir að vera tilbúnir að fullnægja markaðsþörfinni samkv. fyrirskipun Grænmetisverslunar landbúnaðarins, þó svo að þeim þætti það verð, sem Sexmannanefnd ákvæði fyrir sumaruppskeruna, of lágt til að svara auknum kostnaði við hana og því uppskerutapi sem verður þegar kartöflur eru teknar upp í sprettu.

Svo sem kunnugt er hefur ríkisstj. hækkað niðurgreiðslu á verði kartaflna eftir því sem verðlag þeirra hefur hækkað, en til þess var á fjárlögum yfirstandandi árs ráðstafað 3120 millj. kr. 5. ágúst s. l. kom til framkvæmda hækkun á niðurgreiðslu á verði fleiri búvara. Þegar kom fram yfir 20. júlí varð ljóst að þær erlendu kartöflur, sem til voru, mundu þrjóta í lok mánaðarins. Þegar farið var að leita eftir kartöflum erlendis kom í ljós að örðugleikar voru á að ná kartöflum með litlum fyrirvara, en jafnframt var ljóst að hækkun niðurgreiðslna mundi örva sölu á kartöflum og leiða til vöntunar ef ekki yrði að gert.

Hinn 4. ágúst komu rúm 166 tonn af erlendum kartöflum til landsins og viðbótarfarmur, tæp 168 tonn, átti að koma fljótt á eftir. Þessar kartöflur voru allar pantaðar seinni hluta júlímánaðar. Föstudaginn 1. ágúst voru allar kartöflur uppseldar hjá Grænmetisversluninni og hafði verið reynt að jafna kartöflum milli verslana á síðustu dögum. Kartöflur þær, sem komu 4. ágúst, seldust allar á tveimur dögum. Hins vegar dróst nokkuð að seinni farmurinn kæmi og varð því aftur skortur á kartöflum, þótt nokkuð framboð yrði á innlendum kartöflum í fyrstu og einkum þó annarri viku ágústmánaðar. Seinni farmurinn kom 12. ágúst og var það seinna en vonir stóðu til og þurft hefði vegna þess að þannig stóð á skipaferðum. Alls voru flutt inn í ágúst 333.8 tonn af kartöflum, þar af 52.8 tonn af stórum steikarkartöflum, sem nauðsynlegar voru, m. a. vegna þess að í sumaruppskeru hér fást ekki nógu stórar kartöflur til slíks nota. Miðað við sölu í júlímánuði var innflutningur í ágúst rúmlega 13 daga neysla.

Niðurstaða þessa máls er því sú, að innflutningur í ágúst var til þess ætlaður að neytendur ættu kost á að velja milli nýrra, dýrra kartaflna og annarra ódýrari, eins og að jafnaði hefur verið í ágústmánuði. Takmarkað framboð var á innlendum kartöflum fram til 10. ágúst, en þá jókst framboðið. Ef nákvæmlega hefði verið hægt að sjá þróunina fyrir og ráða yfir skipaferðum hefði sá farmur, sem kom 4. ágúst, þurft að koma viku fyrr og einnig sá farmur sem kom 12. ágúst, og þá hefði sennilega enginn talað um óþarfan innflutning kartaflna. Engar aðrar kartöflur voru fluttar inn í ágúst og auðvitað engar kartöflur fluttar inn í haust, svo sem spurt er um í fsp.

Til viðbótar þessu vil ég taka það fram út af orðum hv. fyrirspyrjanda um að tilkynnt hafi verið af hálfu framleiðenda með nægum fyrirvara að þeir væru þess albúnir að sjá um markaðinn í ágústmánuði, að sú tilkynning hefur ekki borist rn.

Í 2. lið er spurt: „Hve miklu nam innflutningur á kartöflum í ágústmánuði s. l. og hvaða afskipti hafði landbrh. af ákvörðun um þann innflutning?"

Ég hef þegar greint frá því, hvað innflutningurinn var mikill. Ég vil vekja athygli á því, að í 3. gr. reglugerðar um Grænmetisverslun landbúnaðarins, mat og flokkun kartaflna og grænmetis segir svo, með leyfi forseta:

„Grænmetisverslun landbúnaðarins skal ávallt fylgjast vel með uppskeruhorfum, uppskeru og birgðum af kartöflum og öðrum matjurtum í landinu, svo hægt sé að stilla innflutningi á vörum þessum svo í hóf, að hann torveldi ekki sölu á innlendri framleiðslu. Þó skal þess gætt, að ætíð séu til nægar birgðir af þessum vörum við hæfilegu verði, eftir því sem við verður komið."

Afskipti rn. af þessum innflutningi voru ekki önnur en þau, að mælast til þess að framfylgt væri þeim ákvæðum sem hin tilvitnaða reglugerðargrein mælir fyrir um.

Í 3. lið er spurt: „Hve mikil var kartöfluuppskeran hér á landi á s. l. hausti?"

Samkv. skýrslu yfirmatsmanns garðávaxta var uppskera sölukartaflna, sem reiknað var með að kæmu á markað, 115 778 tunnur. Til viðbótar við þetta magn hefur verið áætlað að verulegt magn af kartöflum færi beint til heimanota hjá þeim sem ekki setja sínar kartöflur á markað.

Í fjórða lagi er spurt: „Sé áætlað að kartöfluuppskeran sé umfram innanlandsþarfir, með hvaða hætti er þá áformað að nýta uppskeruna?"

Svar: Í 5. gr. reglugerðar, sem fyrr er nefnd, segir svo, með leyfi forseta:

„Grænmetisverslun landbúnaðarins ber að athuga á hvern hátt sé hagkvæmast að gera verðmætan þann hluta kartöfluframleiðslunnar, sem er umfram innlendar þarfir hverju sinni, t. d. með útflutningi eða á annan hátt, eftir því sem aðstæður leyfa."

Nokkrar athuganir hafa þegar verið gerðar á útflutningi kartaflna. Örðugt er um markað fyrir íslenskar kartöflur erlendis, bæði vegna lágs verð erlendis og þess einnig, að neytendur í nágrannalöndum þekkja lítið eða ekki þau afbrigði sem við ræktum mest af, svo sem rauðar íslenskar, Helgu og Gullauga. Þó mun Gullauga nokkuð þekkt víða í Skandinavíu. Bintje er eina afbrigðið sem ætti auðveldlega að seljast, en af þessari tegund hefur ekki fram til þessa verið ræktað nægilega mikið fyrir innlendan markað. Frekari athuganir mundu fara fram eftir áramót á sölu íslenskra kartaflna, en ýmsir spá að þá muni rýmkast um markaði í Evrópu.

Þá vil ég geta þess, að í undirbúningi er stofnun verksmiðja á Svalbarðsströnd til að framleiða kartöfluflögur,

steiktar kartöflur, svokallaðar franskar kartöflur, sem vonir standa til að geti tekið til starfa um miðjan vetur, jafnvel í febrúarmánuði. Hefur rn. útvegað sérstakt fjármagn til að greiða fyrir þessu máli. (Forseti hringir.) Herra forseti. Ég á eftir að svara einum tölul. fsp., ef ég mætti kom því að.

Í fimmta lagi er spurt: „Gilda sömu reglur um greiðslur afurðalána út á kartöflur eins og aðrar framleiðsluvörur landbúnaðarins? Ef svo er ekki, í hverju eru þær þá frábrugðnar?"

Svar: Endurkaup afurðalána út á kartöflur frá Seðlabanka Íslands eru háð hverju sinni ákvörðun bankastjórnarinnar um hversu mikið verði lánað út á kartöflubirgðir í hlutfalli við skilaverð kartaflna, sem er óniðurgreitt heildsöluverð að frádregnum sjóðagjöldum. Til mjólkurafurða og kindakjöts er lánað 48.5% af skilaverði. Til kartöfluframleiðenda hafa lánin oftast numið 30—40% af skilaverði. Á s. l. hausti og nú á þessum vetri hafa þau numið 31% af skilaverði eða 7700 kr. á tunnu. Lánin eiga að greiðast upp eigi seinna en eftir 6 mánuði og þarf heimild bankastjórnarinnar fyrir lengri lánsfresti.

Landbrn. hefur átt viðræður við stjórn Seðlabanka Íslands um þessi mál, m. a. um frekari lánafyrirgreiðslu, en niðurstöður þeirra viðræðna liggja enn ekki fyrir. Reiknað er með því, að viðskiptabankarnir veiti viðbótarlán að sínum hluta sem geti numið allt að 14% af skilaverði, en nokkur misbrestur mun hafa verið á þessari fyrirgreiðslu viðskiptabankanna og eru þau mál nú til athugunar.

Fyrirspyrjandi (Egill Jónsson): Herra forseti. Það langsamlega mikilvægasta í svari hæstv. ráðh. var sú kveðja sem hann sendi bændum í þessu landi, þar sem hann sagði að þeir hefðu ekki boðið fram þessa vöru í neinu magni um mánaðamótin júlí og ágúst, heldur einungis óskað eftir því að fá hátt verð fyrir þessa framleiðslu. Nú vill svo til, að fyrir örfáum dögum var haldinn fundur kartöfluframleiðenda hér í Reykjavík, þar sem m. a. var fjallað um þessi mál, og sat ég þennan fund. Ég veit því mætavel um hvað bændum eða framleiðendum fór á milli og Grænmetisverslun landbúnaðarins. En rétt til þess að skýra það fyrir hæstv. ráðh., svo að hann viti þó það sem er sannleikanum samkvæmt í þessu efni, skal ég lesa hér upp 1. gr. í tillögu sem þar var samþykkt:

„Lýst er fullri ábyrgð á hendur Grænmetisverslunar landbúnaðarins og landbrh. vegna innflutnings kartaflna eftir 1. ágúst 1980, þegar fyrir lá að innlendir framleiðendur gátu annað markaðsþörf kartaflna."

Það liggur fyrir að úr öllum framleiðslusvæðunum, norðan úr Eyjafirði, héðan af Suðurlandi og austan úr Austur-Skaftafellssýslu, var búið að tilkynna að það væri komin haustuppskera strax upp úr mánaðamótum.

Það var ekki skýrt sem ráðh. sagði um afskipti rn. Út af fyrir sig hefði verið gagnlegra að fá frekari skýringu á afstöðu hans en að heyra allan þann lestur sem ráðh. viðhafði í sambandi við reglugerðir. En það mætti þá kannske spyrjast fyrir um það í framhaldi af þessu, hvort það sé venjum samkvæmt að greiða niður erlendar kartöflur, eins og væntanlega var gert á s. l. hausti. Það eru væntanlega einhverjir aðrir en bændurnir hér á Íslandi sem hafa tekið ákvörðun um að fluttar væru inn kartöflur til landsins og þær greiddar niður í samkeppni við íslenskar kartöflur. Ég trúi því varla, að ráðh. vilji segja hér á Alþ. að það hafi verið Framleiðsluráð landbúnaðarins eða Grænmetisverslunin sem hafi tekið þá ákvörðun. Spurningin er nefnilega sú: Var þetta ekki einn þátturinn í vísitöluleiknum? Var þetta ekki einn þátturinn í niðurtalningunni sem á að lækka verðlagið í þessu landi? Ég vænti þess, að hæstv. ráðh. svari því.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi sagði að ég hefði sent bændunum í landinu kveðju þar sem ég hefði tíundað það, að þeir hefðu óskað eftir háu verði, en ekki boðið fram nægilegt magn af kartöflum á réttum tíma. Hann vitnaði til þess, að hann hefði setið fund fyrir fáum dögum þar sem samþykkt hefði verið gerð um þessi mál. Það hefði m. a. verið skýrt í einni tillögunni, sem samþ. var, að nægilegt magn hefði verið á boðstólum. Ég verð að taka það fram, að ekki er nægilegt að gera slíkar samþykktir að hausti til því að ákvörðun um innflutning var tekin í júlímánuði, eins og fram kom í svari mínu. Og í mínu svari kom það fram, að dráttur á skipaferðum olli því, að innflutningur á því tiltölulega litla magni, sem flutt var inn í ágústmánuði, varð seinna á ferðinni en æskilegt hefði verið.

Ég vil aðeins segja það út af þessu efni, að það er snemma sumars ákaflega erfitt að sjá það fyrir, bæði fyrir bændurna í landinu og fyrir þá aðila sem eiga að stjórna þessum málum, fyrst og fremst Grænmetisverslun landbúnaðarins og Framleiðsluráð og landbrn., hvað kartöfluuppskeran muni verða mikil og hvað hún muni verða snemma á ferðinni. Þess vegna verður að reyna að mæta þessum málum á þann veg, að ekki verði skortur á kartöflum í landinu. Til þess að hafa þá fyrirhyggju voru pantaðar kartöflur erlendis frá í júlímánuði. Þá hafði engin yfirlýsing borist rn. Ég endurtek það: Hvað sem líður samþykktum kartöflubænda í nóv. hafði landbrn. engin yfirlýsing borist um það í júlímánuði að ekki væri þörf á innfluttum kartöflum í byrjun ágúst. Það má vel vera að slíkar ályktanir eða viðtöl hafi farið fram við einhverjar aðrar stofnanir, sem um þessi mál fjalla, en það hefur ekki borist mér til eyrna.

Ég vil segja það út af fsp. hv. þm. um niðurgreiðslu á innfluttum kartöflum, að slíkt er ekki nýlunda. Hins vegar var að þessu sinni ákveðið, og það er nýtt, að greiða einnig niður innlendar kartöflur sem voru á sumarverði, og það var gert m. a. til að greiða fyrir sölu þeirra á innlendum markaði.

Fyrirspyrjandi (Egill Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins tvö atriði.

Hið fyrra er út af því sem ráðh. sagði um að það væri erfitt að meta hvernig uppskera yrði að haustinu á kartöflum. Hann er nú þekktur fyrir að vera einn flinkasti sauðfjárbóndi á landinu. Ég mundi ekki gefa honum háa einkunn fyrir þekkingu á garðrækt. Ætli það sé ekki einhver besta vísbendingin í þessum efnum hvernig vorið kom? Jörð var klakalaus strax í maímánuði. Reyndar lá þá alltaf fyrir að uppskera yrði góð.

Hitt atriðið, sem ég vildi mega þakka ráðh. fyrir, var það sem hann sagði, og það virtist helst vera að þar hefði gætt mikils velvilja frá hans hendi, um að það skyldu þó vera greiddar niður innlendar kartöflur með sömu krónutölu og þær erlendu. Það er þó með þeim hætti að ekki er sérstaklega þakkarvert.

Kostnaður við myntbreytinguna, fsp. (þskj. 159). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Umræður um gjaldmiðilsbreytingu hafa verið á dagskrá mjög að undanförnu. Þær hafa snúist um þá spurningu, hvaða ráðstafanir ríkisstj. hygðist gera samfara myntbreytingunni. Alþingi og reyndar þjóðinni allri er kunnugt um þau svör. Þar hafa engin svör fengist og ekki einu sinni gefið í skyn að Alþ. muni gert kunnugt, áður en það fer heim í jólaleyfi, hverjar þær ráðstafanir eru sem ríkisstj. hyggst gera.

Ég hef á þskj. 159 beint þeirri fsp. til hæstv. viðskrh., hver væri heildarkostnaðurinn við framkvæmd myntbreytingarinnar: í fyrsta lagi kostnaður við myntsláttuna, í öðru lagi kostnaður opinberra aðila, annar en sá kostnaður sem af myntsláttunni leiðir, og síðast hver væri áætlaður kostnaður einkaaðila.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Hv. þm. Matthías Á. Mathiesen hefur spurt í þremur liðum: „Hver er áætlaður heildarkostnaður við framkvæmd myntbreytingarinnar 1. jan. 1981: a) kostnaður við myntsláttuna; b) kostnaður opinberra aðila, annar en myntsláttan; c) kostnaður einkaaðila?"

Þar sem Seðlabankinn á lögum samkv. að framkvæma gjaldmiðilsbreytinguna hef ég snúið mér til hans vegna þessarar fsp. hv. þm. og svör mín byggjast á upplýsingum Seðlabankans.

Heildarkostnaður Seðlabankans við gjaldmiðilsskiptin og verðgildisbreytinguna 1. jan. n. k. er áætlaður um 1041 millj. kr. og skiptist þannig:

1. Nýir seðlar og mynt. Undirbúningsvinna, hönnun o. fl. 26 millj. kr. Framleiðslukostnaður, þar með talinn gröftur og gerð prent- og sláttumóta, birgðir áætlaðar til tveggja ára, 793 millj. kr. Dreifing nýja gjaldmiðilsins, eyðing hins gamla o. fl. 63 millj. kr.
2. Kynning og auglýsingar. Útgáfa og dreifing bæklinga 39 millj. kr. Auglýsingar í hinum ýmsu fjölmiðlum 75 millj. kr. Önnur kynning 15 millj.
3. Annar kostnaður áætlaður 30 millj. kr. — Samtals 1041 millj. kr.

Til frádráttar þessari fjárhæð kemur sala á gamalli mynt til bræðslu, sem áætluð er um 200 millj. kr., auk afskrifta á seðlum og mynt sem ekki kemur til innlausnar, en þar getur orðið um verulegar fjárhæðir að ræða.

Enda þótt verðgildisbreyting hefði ekki komið til var óumflýjanlegt að endurskoða gjaldmiðilinn frá grunni með útgáfu nýrra seðla og myntar, sem fullyrða má að hefði kostað svipað og sá kostnaður sem greindur er undir 1. lið hér að framan, þ. e. um kostnað við gerð nýrra seðla og myntar. Má fullyrða að gjaldmiðilsskipti voru orðin mjög aðkallandi og að sá kostnaður sem þeim fylgir, muni skila sér fljótt aftur á margan hátt.

Ljóst er að gjaldmiðilsbreytingin mun hafa í för með sér aukið álag og sérstakan tilkostnað hjá fyritækjum og stofnunum. Er þar helst að telja áhrif hennar á bókhald og reikningsskil, verðmerkingar, skýrslur, eyðublöð og vélbúnað, þar með talin breyting sjálfsala, stöðumæla og margt fleira. Hins vegar hefur hin öra verðbólga orðið þess valdandi, að skapast hafa aðstæður sem beinlínis auðvelda aðlögun þessara aðila að gjaldmiðilsbreytingunni og þar með draga úr sérstökum útgjöldum hennar vegna. Má í því sambandi nefna að sökum tíðra verðbreytinga hefur víðast verið tekinn upp vélbúnaður til verðmerkinga auk sívaxandi véla- og tölvubókhalds. En veigamesti þátturinn er myntbreytingar undanfarin ár, niðurfelling auranna, en með hundraðföldun krónunnar felst sami fjöldi tölustafa í hverri upphæð. Engin nákvæm kostnaðaráætlun hefur verið gerð um þennan þátt breytingarinnar, enda yrði að gera ítarlega könnun hjá hinum einstöku aðilum til þess að slík áætlun væri marktæk.

Að endingu er rétt að minna á að þegar á árinu 1977 var hafinn undirbúningur á vegum Seðlabankans að útgáfu nýrra seðla og myntar. Hafði hin öra verðrýrnun krónunnar þá þegar riðlað svo seðla- og myntkerfinu að gagnger uppstokkun á því var óhjákvæmileg. Þar sem ítrekað höfðu komið fram raddir um að taka bæri upp nýja og stærri mynteiningu benti Seðlabankinn þá á að hagkvæmt væri að gera það samtímis fyrirhuguðum breytingum á gjaldmiðlinum og yrði beinn kostnaður vegna verðgildisbreytingar tiltölulega lítill umfram það sem hvort sem er hefði fljótlega orðið að leggja í, eins og áður segir.

Ég vona að þetta svar svari fsp. hv. þm.

Fyrirspyrjandi (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Svar við þessari fsp., sem hæstv. ráðh. hefur nú gefið, er að mínum dómi ekki fullnægjandi eins og fsp. er lögð fram.

Það má vel vera að það sé ekki möguleiki á því að áætla hver kostnaður t. d. einkaaðila sé í sambandi við þessa hluti né heldur opinberra aðila annarra en Seðlabankans, sem sér um myntsláttuna. Ráðh. gerði grein fyrir þeim kostnaði eins og Seðlabankinn í erindi eða bréfi til hans gerði grein fyrir. Ég held að hér sé um að ræða töluvert háar upphæðir, án þess að ég vilji nefna þær, það væru að sjálfsögðu ágiskunartölur. En ég held að einmitt það, að þessar tölur eru ekki handbærar, sýni okkur að hér var ekki að staðið eins og skyldi strax frá upphafi.

Reikningsmeðferð aura eftir myntbreytinguna, fsp. (þskj. 159). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Í sambandi við myntbreytinguna hef ég á sama þskj. beint þeirri fsp. til hæstv. fjmrh., á hvern hátt ríkissjóður fyrirhugaði að framkvæma upptöku aura vegna myntbreytingar: a) við greiðslu almennra krafna; b) við greiðslu launa eða bóta almannatrygginga; c) við skráningu fjárhæða í bókhaldi ríkissjóðs og ríkisstofnana.

Ég gerði mér grein fyrir því, að eins og kerfi ríkisbókhaldsins hefur verið allt frá 1973 sýndist mér að hér yrðu mjög mikil vandkvæði á framkvæmd ef framkvæmdir yrðu eins og gert hafði verið ráð fyrir.

Síðan þessi fsp. var lögð fram hefur hæstv. ráðh. lagt fram frv. sem hann sjálfsagt gerir grein fyrir í svari við fsp. minni.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Hv. þm. Matthías Á. Mathiesen hefur borið fram fsp. í þremur liðum varðandi það, á hvern hátt ríkissjóður fyrirhugi að framkvæma upptöku aura vegna myntbreytingarinnar.

A-liður fsp. lýtur að greiðslu almennra krafna og

svarið er: Ríkissjóður mun greiða almennar kröfur eins og reikningar gefa tilefni til, en þó þannig að greiðslur verði lægstar í 5 aurum. Ljóst er að með þeirri ákvörðun, að reikningar geti verið með öðrum upphæðum en greiddar eru, mun myndast misræmi milli fjárhæðar í kassa og talna í bókhaldi.

Spurt er hvernig framkvæmd verði greiðsla launa og bóta almannatrygginga og svarið er: Allt frá 1961 hefur ríkissjóður greitt laun í heilum krónum. Hið sama hafa flestir aðrir vinnuveitendur gert er færa launabókhald í skýrsluvélum. Í framhaldi af setningu laga um breytt verðgildi íslensks gjaldmiðils gerðu Skýrsluvélar ríkisins og Reykjavíkurborgar viðskiptavinum sínum ljóst að eigi væri í öllum tilvikum laust sæti fyrir kommu innan þeirra kerfa er nú væru notuð við launaúrvinnslu og bókhald. Gerð nýrra kerfa væri tímafrek og kostnaður við þá vinnu næmi tugum millj. kr. Sams konar vandamál eru ljós hjá mörgum sveitarfélögum. Fjmrn. hefur rætt það mál við aðalviðsemjendur ríkissjóðs um kjaramál, hvort það mundi verða efni í gagnrýni af þeirra hálfu yrðu einstakar tegundir launa reiknaðar í heilum krónum, tímakaup yrði hins vegar í aurum og aðrar þær stærðir sem margfaldaðar verða. Að undangenginni athugun viðsemjenda ríkissjóðs á launabókhaldi og hugsanlegum frávikum, sem líklegt er að komi til greina í þessi tilviki, hafa fulltrúa launþega tjáð fjmrn. að þeir teldu slíkan útreikning eigi andstæðan hagsmunum umbjóðenda sinna. Í samræmi við framanritað er við það miðað að launagreiðslur og bótagreiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins verði í heilum krónum.

Þriðji liður fsp. varðar skráningu fjárhæða í bókhaldi ríkissjóðs og ríkisstofnana. Svarið er: Frv. til l. um að öll opinber gjöld verði greidd í heilum krónum hefur verið lagt fyrir Alþingi. Eins og ég hef áður greint frá er við það miðað, að allar launagreiðslur ríkissjóðs verði í heilum krónum. Skráning alls tekjubókhalds og launabókhalds verður því í heilum krónum. Greiðslur úr ríkissjóði munu skráðar í heilum krónum þótt þær verði inntar af hendi í aurum. Sá mismunur er fram kemur milli fjárhæða í kassa og niðurstöðu bókhalds er meðhöndlaður með sama hætti og gert verður þegar reikningar enda á 1, 2 eða 3 aurum, en verða greiddir með 5 aurum.

Herra forseti. Ég vænti þess að með þessu svari sé fsp. hv. fyrirspyrjanda svarað.

Fyrirspyrjandi (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svarið. En það kom spánskt fyrir þegar hann las hér upp svarið og þar kom fram, að það væri ekki laust sæti fyrir kommu. Spurningin er þá, hvort svo er komið í ríkiskerfinu að þar sé allt orðið fullt af slíkum aðilum og þess vegna hafi ekki verið möguleiki á að gera þessa myntbreytingu öðruvísi en að koma hér fram með frv. til l. og gera breytingu á ríkisbókhaldinu til þess að hægt sé að koma öllu fyrir.

Mér var ljóst alla tíð þegar rætt var um myntbreytinguna hverjir erfiðleikar væru hér á ferð, og þess vegna varpaði ég fram þessari fsp. til ráðh. Hann hefur gefið þau svör sem eru fullnægjandi undir vissum kringumstæðum að mínum dómi, en staðfesta að tæknilega hefur ekki verið þannig að þessum málum staðið í upphafi að það hafi þess vegna verið ástæða til hins mikla hraða sem hafður var á í þessum efnum. Við höfum því orðið vitni að því þessa dagana, að það eru engar ráðstafanir ráðgerðar í sambandi við myntbreytinguna og ekki verið einu sinni hægt að gefa þá yfirlýsingu, að Alþ. fengi vitneskju um þær áður en myntbreytingin ætti sér stað.

Það er alveg óvíst hver kostnaðurinn verður af þessari umfangsmiklu gjaldmiðilsbreytingu. Það er að vísu ljóst hvað Seðlabankinn kemur til með að þurfa að leggja út og að það eru víða mjög miklir tæknilegir erfiðleikar sem ekki hafa verið skoðaðir ofan í kjölinn. Nú á seinustu dögunum áður en myntbreytingin á sér stað upplýsist það, eins og ráðh. sagði, að ekki var pláss fyrir kommu í kerfinu og þess vegna verður að gera þá breytingu sem frv., sem hann gerði grein fyrir áðan, gerir ráð fyrir. Allt staðfestir þetta það sem við sjálfstæðismenn höfum sagt í sambandi við myntbreytinguna, að að henni hefur ekki verið staðið með þeim hætti sem allir eru í raun og veru sammála um að nauðsynlegt hefði verið.

Vestfjarðalæknishérað, fsp. (þskj. 159). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Þ. Þórðarson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. sem er svo hljóðandi:

„Hvað dvelur ráðh. í að skipa héraðslækni fyrir Vestfjarðalæknishérað?"

Samkv. lögum frá Alþingi 6. maí 1978, með leyfi forseta, er gert ráð fyrir þeirri skipan mála sem ég vil nú lesa hér upp:

„Ráðherra skipar einn af starfandi heilsugæslulæknum héraðsins sem héraðslækni til fjögurra ára í senn."

Til þess að mönnum sé ljóst, hvað fer úrskeiðis ef þetta er ekki gert, leyfi ég mér að lesa upp 7. gr.:

„Í hverju héraði skal starfa heilbrigðisráð.

Heilbrigðismálaráð skal þannig skipað að héraðslæknir er formaður ráðsins, en sveitarstjórnir héraðsins kjósa aðra ráðsmenn að loknum hverjum sveitarstjórnarkosningum. Skulu þeir kosnir úr hópi fulltrúa í stjórnum heilsugæslustöðva eða sjúkrahúsa, og skal hver slík stofnun jafnan eiga einn fulltrúa í heilbrigðismálaráði héraðsins."

Svo kemur hér neðar á bls.: „Gerð tillagna og áætlana um framgang og forgang verkefna á sviði heilbrigðismála í héraði." — Þetta eru verkefni. — „Skipulagning á starfi heilbrigðisstofnana í héraði og rekstri í þeim mæli sem sveitarstjórnir verða ásáttar um." — Og svo í 8. gr.: „Héraðslæknir er sérstakur ráðunautur heilbrigðisstjórnar um hvað eina er við kemur heilbrigðismálum héraðsins."

Þar sem ekki hefur verið fylgt ákvæðum laga, nema það hafi verið gert eftir að þessi fsp. kom fram, liggur ljóst fyrir að sú forusta, sem hugsuð var heima í héraði til aðhalds fyrir ríkisvaldið, er ekki til staðar. Hún er alfarið óvirk eins og að þessum málum hefur verið staðið. Ég tel að það skýri að nokkru þá staðreynd, að byggingarframkvæmdum við heilsugæslustöð á Ísafirði og sjúkrahúsbyggingu þar miðar lítt áfram. Samkv. þeim upplýsingum, sem ég hef um kostnað, má gera ráð fyrir að það sé 9 ára framkvæmdatímabil eftir með sama hraða. Hér er að mínu viti um mjög alvarlegt mál að ræða. Ég vænti þess, að ráðh. geri annað tveggja að taka á sig rögg og skipa héraðslækni ellegar að hann leggi til breytingu á þessum lögum þar sem forræði heima í héraði er þá alfarið falið sveitarstjórnarmönnum. En ég vil ekki, áður en ég heyri svör hans, rekja þessi mál frekar.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Með lögum

nr. 56/1973 var sett á stofn Vestfjarðahérað, eins og hv. þm. er kunnugt, sem tók yfir svæðið frá Kollafirði að Geirólfsnúpi á Ströndum, og átti aðsetur héraðslæknis að vera á Ísafirði. Í ákvæðum til bráðabirgða í lögunum frá 1973 var hins vegar gert ráð fyrir að sá kafli laganna sem fjallaði um læknishéruð, tæki ekki gildi fyrr en Alþingi tæki um það sérstaka ákvörðun. Tók sá kafli laganna aldrei gildi og voru héraðslæknar aldrei skipaðir í héruð samkvæmt lögunum frá 1973

Með nýjum lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 57 frá 1978, var gert ráð fyrir breyttu fyrirkomulagi í þeim kafla laganna sem fjallaði um læknishéruð og heilbrigðismálaráð, og var þá einnig gert ráð fyrir að stofnað yrði Vestfjarðalæknishérað sem tæki yfir Austur- og Vestur-Barðastrandarsýslur, Vestur-Ísafjarðarsýslu, Ísafjarðarkaupstað, Bolungarvíkurkaupstað, Norður-Ísafjarðarsýslu og Strandasýslu. Fljótlega eftir að lögin tóku gildi varð 1978 var sett reglugerð um starfshætti heilbrigðismálaráða svo og erindisbréf fyrir héraðslækna, svo sem 7. og 8. gr. laganna gera ráð fyrir. Héraðslæknar voru skipaðir í öll héruð nema Vestfjarðahérað. Ástæða þess, að ekki var skipaður sérstakur læknir í Vestfjarðahérað, var sú, að enginn heilsugæslulæknir var þá skipaður í það hérað. Allir starfandi læknar voru þar settir læknar og ekki þótti tiltækilegt að skipa sem héraðslækni mann sem ekki yrði í héraðinu til frambúðar, þar sem verkefni heilbrigðismálaráða eru þess eðlis, að nauðsynlegt er að um nokkuð samfellt starf þess manns, sem tekur að sér forstöðu ráðsins, sé að ræða.

Það var enn þannig í ársbyrjun 1980, að enginn læknir var skipaður heilsugæslulæknir í Vestfjarðaumdæmi, og svo er enn. Mér er ljóst að það getur haft og hefur sjálfsagt haft neikvæð áhrif á þróun heilbrigðismála í Vestfjarðahéraði að þar skuli ekki hafa verið heilbrigðismálaráð og héraðslæknir. En rn. væntir þess, að sú breyting verði að læknaskipti verði ekki svo ör á þessu svæði sem verið hefur þannig að unnt reynist að skipa einn af heilsugæslulæknum héraðslækni á þessu landssvæði eins og á öðrum stöðum í landinu.

Ég vænti þess, að í svari mínu hafi komið fram skýringar á því, hvernig á því stendur að ekki hefur verið skipaður héraðslæknir í Vestfjarðaumdæmi samkv. lögunum frá 1978. Það er einfaldlega vegna þess að það hefur ekki verið skipaður heilsugæslulæknir neins staðar í umdæminu. Það hafa aðeins verið settir læknar til skemmri tíma við heilsugæslustörf.

Ég held að það sé nokkur misskilningur, sem fram kom í inngangsorðum hv. þm., að heilbrigðismálaráðum sé fyrst og fremst ætlað að hafa aðhald að stjórnvöldum. Ég held að tilgangurinn með heilbrigðisráðunum sé fyrst og fremst að skipuleggja og gera tillögur um skipulagningu heilbrigðisþjónustu og sjúkrahúsamála í hverju héraði fyrir sig.

Það kann vel að vera að skortur á skipun héraðslæknis í Vestfjarðaumdæmi hafi háð að nokkru þróun mála þar undanfarin ár. Þó minni ég á það í þessu sambandi, að við höfum búið á undanförnum misserum við býsna sérkennilegar pólitískar kringumstæður. Vorið 1978 voru lögin um heilbrigðisþjónustu sett. Haustið 1978 tekur til starfa í landinu ný ríkisstjórn og setur sín fyrstu fjárlög haustið 1978. Árið 1979 er stjórnarfar hér í landinu allt með losaralegum brag, án þess að ég fari ítarlega út í af hverju það stafaði, og þess vegna m. a. verður ekki tekið á þessum málum eins heildstætt og vera ætti í fjárlögum ársins 1980. I frv. til fjárlaga fyrir árið 1980, sem lagt var fram í febrúar það ár af hæstv. fyrrv. fjmrh. Sighvati Björgvinssyni, var gert ráð fyrir 2000 millj. kr. til sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva í landinu öllu. Í meðferð Alþingis var þessi upphæð hækkuð í liðlega 3000 millj. kr. Í fjárlagafrv. þessa árs er gert ráð fyrir 4300 millj. kr. til sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva. Það er ljóst að sú upphæð dugir ekki. Fjvn. mun nú á næstunni gera grein fyrir sínum niðurstöðum í þessum efnum og vil ég ekki fara nánar út í þá sálma hér.

En ég held að þrátt fyrir það, sem hér hefur komið fram varðandi skipan héraðslæknis á Vestfjörðum, sé meginvandinn í heilbrigðismálum Vestfjarðahéraðs ekki sá skipulagsvandi sem hér er ræddur. Ég held að meginvandinn sé af öðrum toga, m. a. hafi ekki verið til nægir fjármunir til skiptanna til að verja í þær framkvæmdir sem unnið er að í héraðinu.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs vegna þeirra ummæla hv. 5. þm. Vestf., þegar hann fylgdi fsp. sinni úr hlaði, að skipun heilsugæslulæknis eða héraðslæknis fyrir Vestfirði hefði haft áhrif á framkvæmdir í heilbrigðismálum Vestfjarða. Þetta er algjör misskilningur. Stærsta framkvæmdin, sem þar er og hefur verið, er við sjúkrahús og heilsugæslustöð á Ísafirði og þar er starfandi byggingarnefnd. Sú byggingarnefnd var að störfum löngu áður en lögin um heilbrigðisþjónustu voru samþykkt 1978. Svar hæstv. heilbr.- og trmrh. við þessari fsp. er alveg rétt. Það kemur fram í því svari, af hverju þessi skipan var ekki gerð. Ég var ráðh. heilbrigðismála eftir að lögin voru samþykkt 1978 og gekk frá þessum veitingum í fullri sátt og samlyndi við lækna í öllum öðrum kjördæmum. En af þessum ástæðum, sem ráðh. gat um, var ekki hægt að skipa lækni í Vestfjarðahérað. Hefur ráðh. lýst af hverju það hefur stafað. En þetta hefur ekki minnstu áhrif á framkvæmdir sem búið er að hanna og ákveða löngu fyrir gildistöku laganna frá 1978 og er slíkt algjör misskilningur hjá hv. þm. Það, sem skiptir nú mestu máli, er að þm. almennt, og þá ekki síst þm. Vestf., standi sig í sambandi við fjárveitingar til þeirra mikilvægu verkefna sem verið er að vinna að, en ekki hvort það er skipaður heilsugæslulæknir fyrir Vestfjarðalæknishérað. Það væri æskilegt að það væri gert, en hitt er enn þá brýnna og mikilvægara.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Þ. Þórðarson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. heilbrrh. svar hans og þó sérstaklega þann hluta svarsins sem snerti fsp.

Ég nenni ekki að deila um hvort þessi lög séu nauðsynleg eða ekki. Það er staðreynd að ekki er farið eftir þeim í einu kjördæmi þessa lands. Og alvarlegast af þessu öllu saman er sú staðreynd, að það skuli ekki vera skipaður neinn læknir við heilsugæslustöðina á Ísafirði, þar skuli aðeins vera um menn að ræða sem starfa þrjá mánuði eða sex. Það sér hver einasti maður að svona lagað getur ekki gengið. Höfuðástæðan er sú, að aðstaða öll er orðin svo léleg að hún laðar ekki nokkurn mann að til starfa.

Ég ber fulla virðingu fyrir þeirri byggingarnefnd sem er að starfa fyrir vestan og vinna að því að fjármagn komi í þessa byggingu. En hún er ekki virts svars. Bréfum hennar er ekki svarað hér syðra, m. a. bréfum sem hún hefur sent framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins.

Ég tel fulla nauðsyn á því, að það verði skipaður héraðslæknir fyrir Vestfirði. Verði það ekki gert mun ég bera fram tillögu um breytingu á þessum lögum þar sem öðrum aðilum sé ætlað að fylgja eftir þeim þrýstingi sem þarf til þess að menn telji Vestfirði með, ekki aðeins þegar skattheimta fer fram, heldur einnig þegar útdeilt er fjármunum til félagslegs réttlætis eins og til heilbrigðismála í þessu landi.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það eru nokkur orð út af síðustu orðum hv. 5. þm. Vestf.

Ég tek undir það, að auðvitað er höfuðmálið að farið sé eftir því, sem Alþ. hefur ákvarðað í þessum efnum, og þá fyrst og fremst að því er varðar byggingu þess mikla mannvirkis sem er nú í byggingu og hefur verið undanfarin ár og lítur út fyrir að verði mörg næstkomandi ár ef ekkert verður að gert. Það reynir á í þeim efnum nú næstu daga hvernig sá meiri hluti, sem ríkir á Alþ., afgreiðir fjárveitingarnar til heilsugæslustöðvarinnar og sjúkrahússins á Ísafirði. Þar reynir ekki síst á 5. þm. Vestf. að láta sjá hvers hann er megnugur í því að hækka þær fjárveitingar sem þarf til þess að sjáanlegur árangur verði í þessari byggingu og hægt verði að taka hana í notkun á næsta ári. Eins og málið stendur núna er ljóst að þær tillögur, sem fyrir liggja, verða til þess að ekki kemst í framkvæmd næstu tvö árin það sem átti að gerast í ár. Meginmáli skiptir að núverandi stjórn, meiri hl. hér á Alþ., sjái svo um að til þessa verkefnis verði veitt það fjármagn sem þarf til að koma því í gagnið. Það er mergurinn málsins varðandi þetta.

Af því að hér var drepið á framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins er full ástæða — það gefst þó ekki tími til að ræða það sérstaklega í þessum umr. — til að ræða sérstaklega til hlítar hvernig hún hefur að málum staðið. Það er með slíkum endemum að vart hygg ég að finnist nein dæmi slíks sem þar hefur átt sér stað. Því þarf að breyta og koma í lag. Það verður einnig tekið eftir því, hvort núverandi meiri hl. hér á Alþ. styður að að því verði unnið að koma því máli í lag ásamt fjárveitingunum.

Sameinað þing, 31. fundur.

Þriðjudaginn 9. des., að loknum 30. fundi.

Vararaforka, þáltill. (þskj. 192). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Launasjóður rithöfunda, þáltill. (þskj. 69). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til allshn. með 31 shlj. atkv.

Efri deild, 22. fundur.

Þriðjudaginn 9. des., kl. 4.30 síðdegis.

Lífeyrissjóður bænda, frv. (þskj. 137). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Ferðagjaldeyrir, frv. (þskj. 193). — 1. umr.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um álag á ferðagjaldeyri. Eins og kunnugt er hefur verið lagt 10% gjald á andvirði erlends gjaldeyris til greiðslu á dvalarkostnaði erlendis öðrum en viðurkenndum kostnaði nemenda og sjúklinga og áhafnagjaldeyri. Gjaldið hefur runnið í ríkissjóð.

Þetta frv. felur einungis í sér að sama gjald og verið hefur nú um tveggja ára skeið er framlengt. Ég vil leyfa mér að leggja til að að lokinni þessar umr. verði málinu vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. lagði til að frv. það, sem hér er til umr., yrði samþykkt. Það var að vonum, það er stjórnarfrumvarp. En ef litið er á sögu þessa máls og eðli þess, þá er það ekki að vonum að menn leggi til að slíkt gjald sem þetta á ferðagjaldeyri sé lagt á.

Þetta gjald var upphaflega sett árið 1978, í september að mig minnir, með brbl. og var þá einn liður í heildaraðgerðum sem páv. vinstri stjórn lagði fyrir Alþingi varðandi kjaramál og efnahagsmál. Þá var gert ráð fyrir að þetta gjald stæði aðeins eitt ár.

Ég verð að viðurkenna að það mun rétt vera, að þessi brbl. hafi haft litla þýðingu í raun og lítið bætt úr ástandi efnahagsmálanna. Frá því sjónarmiði kynni að vera ástæða til þess að framlengja þetta ákvæði laganna. En ég held að málum sé þannig komið, að það breyti engu um heildarástand efnahagsmála í þessu landi hvort þessi skattur er framlengdur eða ekki.

Sannleikurinn er sá, að þetta gjald er einkennandi fyrir þá stefnu að leggja hvers konar gjöld á almenning þar sem við verður komið, undir einhverju yfirskini oft og tíðum tilbúnu eins og í þessu sambandi. En hinn raunverulegi tilgangur er að afla fjár í ríkishítina og til þess fjárausturs sem staðið er fyrir af hálfu stjórnvalda.

Það er mál til komið að þessu linni. Ég geri mér ekki vonir um að þessu linni þannig, að það verði brotið blað í þessu efni með afstöðunni til þessa frv. En það er þó spor í rétta átt að afnema þessi lög, framlengja þau ekki.

Þetta vildi ég láta koma hér fram, einnig með tilliti til þess, að ég á ekki sæti í þeirri nefnd sem kemur til með að fjalla um málið. En ég vona svo sannarlega að hv. fjh.- og viðskn. athugi þessi mál í hinu rétta ljósi. Þá efast ég ekki um að menn kæmust að þeirri niðurstöðu, að skattinn á ferðagjaldeyrinn ætti að leggja niður.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Minnsta mynteining við álagningu opinberra gjalda, frv. (þskj. 198). — 1. umr.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Það er meginefni þess frv., sem ég mæli hér fyrir, að allir skattar og opinber gjöld skuli lögð á í heilum krónum, þannig að lægri fjárhæð en 50 aurar skuli færa niður í næstu heila krónu, en 50 aura eða hærri fjárhæð skuli hækka upp í næstu heila krónu.

Fyrir nokkrum árum tók ríkisbókhaldið í notkun tölvukerfi vegna bókhaldsúrvinnslu ríkisins. Í kerfi þessu er ekki gert ráð fyrir aurum í fjárhæðum. Við gjaldmiðilsbreytinguna um næstu áramót hundraðfaldast verðgildi gjaldmiðilseiningar og aurar verða teknir upp að nýju, eins og kunnugt er. Að því er bókhaldskerfi ríkisins varðar felur þessi breyting í sér fjölgun sæta um eitt í mjög mörgum tilvikum við bókun fjárhæða, þ. e. komman fyrir framan aura kemur inn í fjárhæðina.

Í fljótu bragði gæti virst sem hér væri um auðleyst vandamál að ræða. En staðreyndin er sú, að með tilkomu aura og þar með tilkomu kommunnar inn í fjárhæðina verður óhjákvæmilegt að endurskipuleggja allt tölvubókhaldskerfi ríkisins, ef ekki er gripið til sérstakra ráðstafana. Auk hinnar gífurlegu vinnu, sem af slíkri endurskipulagningu leiðir, fylgir henni óhemjukostnaður, sem m. a. felst í breytingum á eyðublöðum og forritum fyrir tölvuvinnslu og uppsetningu útskrifta úr tölvu.

Þetta frv. er því flutt í sparnaðarskyni og til einföldunar við álagningu og innheimtu opinberra gjalda og skýrir sig að öðru leyti sjálft.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um mál þetta, en vísa til grg. og athugasemda með frv. og legg til að því verði vísað að lokinni þessari umr. til hv. fjh.- og viðskn.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Mál það, sem hér er til umr., kemur væntanlega til þeirrar nefndar, sem ég á sæti í, og þar verður auðvitað um það fjallað. Ég hef ekki kynnt mér það, en mér skilst að þessi breyting þurfi fram að ganga ef myntbreyting fer fram nú um áramót. Hæstv. fjmrh. virtist ganga út frá því sem alveg öruggu, að myntbreyting verði, en ég er ekki alveg viss um það, því að mér skilst að jafnvel sé ekki öruggt að hæstv. ríkisstj. — þó að stjórnarflokkarnir stæðu sæmilega saman — hafi meiri hl. til að hindra breytingu á lögum um myntbreytingu, enda er frv. fram komið um það í hv. Nd.

Eins og hv. þm. vita hefur hv. alþm. Albert Guðmundsson lýst því yfir, að hann muni greiða atkv. með því að myntbreytingu verði frestað, þar sem engar ráðstafanir séu gerðar samhliða henni.

Í annan stað skilst mér að hv. þm. Guðrún Helgadóttir muni hætta stuðningi við ríkisstj. á morgun eða hinn daginn, sbr. yfirlýsingu sem hv. þm. hefur gefið, og allir vita að hún er mjög stefnuföst og mun áreiðanlega hvergi hvika í sínum yfirlýsingum og staðhæfingum. Þess vegna kemur kannske ekki til þess, að við þurfum að hraða þessu máli. En það verður að sjálfsögðu tekið til skoðunar í nefndinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Vegalög, frv. (þskj. 197). — 1. umr.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 6 25. mars 1977. Ég geri það fyrir hönd samgrh. sem er ekki á þingi nú eins og hv. þm. er kunnugt.

Þetta frv. er flutt til efnda á því fyrirheiti sem ríkisstj. gaf í sambandi við launakjarasamninga Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands, að ríkisstj. mundi á yfirstandandi Alþingi leggja fram frv. til l. um breyt. á vegalögum þess efnis, að orlofshúsnæði verkalýðsfélaga yrði undanþegið gjaldi því sem um ræðir í frv. þessu.

Ekki er unnt að segja nákvæmlega hve mikið tekjutap sýsluvegasjóðanna yrði af frv. ef að lögum verður. Veldur því einkum óvissa um til hve margra orlofsbústaða undanþága frv. nær.

Við vegalagabreytingu 1975 var talið að sumarbústaðir væru alls 2 522, en fjöldi orlofsheimila launþegasamtaka og landssamtaka launþega var ekki áætlaður sérstaklega. Það er erfitt að gera nákvæma grein fyrir fjölda þessara orlofsheimila, en talið er að þau séu einhvers staðar á bilinu 250—500. Ef miðað er við hærri töluna og að greitt sé lágmarksgjald, sem á þessu ári er 24 800 kr. er ljóst að af 500 húsum yrði skatturinn 12 millj. 400 þús. kr. Á móti því greiðir ríkissjóður 250% og yrði því tekjumissir sýsluvegasjóðanna alls 31 millj. kr. á ári nái þessi breyting fram að ganga.

Það skal tekið fram, að kostnaður sýsluvegasjóða við þá vegi, sem beinlínis hafa verið lagðir vegna þessara orlofshúsahverfa, hefur yfirleitt verið hverfandi hingað til og í flestum tilvikum enginn, þar sem vegir milli eldri umferðaræðar og húshverfa þessara hafa oftast verið lagðir af byggjanda og á hans kostnað, en síðar að byggingu lokinni sótt til sýslunefndar um að þeir væru teknir í tölu sýsluvega og það þá gert.

1. gr. frv. hljóðar svo: „1. málsl. 24. gr. laganna orðist þannig:

Undanskildar vegaskatti samkv. 23. gr. eru allar kirkjur, skólahús, þinghús, félagsheimili, vitar og orlofsheimili í eigu stéttarfélaga launþega eða starfsmannafélaga.“

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að hafa um þetta fleiri orð. Að lokinni þessari umr. legg ég til að málinu verði vísað til samgn.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég hafði ekki kynnt mér þetta frv. fyrr en núna meðan hæstv. viðskrh. var að mæla fyrir því. Fyrst kom mér í hug, þegar ég sá kirkjur þarna, að hæstv. ríkisstj. væri nú farin að gefa fyrir sálu sinni. En ég komst að þeirri niðurstöðu, eftir því sem ráðh. hélt áfram ræðu sinni, að svo væri ekki, því að þetta hefði áður gilt um kirkjur, en það væri

ákvæðið um orlofsheimili í eigu stéttarfélaga launþega eða starfsmannafélaga sem væri nýjungin í þessu frv.

Ég vil strax segja það, að ég hygg að þetta sé sjálfsagt. Og síst vil ég stuðla að því, að ríkisstj. sviki það sem hún hefur lofað. Það er þá gott til þess að vita, að í þessu tilfelli verði það ekki. Ég mæli með samþykkt frv.

En ég vil leyfa mér að koma með eina spurningu til hæstv. ráðh. Hæstv. ráðh. sagði í ræðu sinni að það væri erfitt að gera nákvæma grein fyrir fjölda þeirra orlofsheimila sem um er að ræða, en talið væri að þau væru á bilinu 250—500. Mér finnst þetta nokkuð mikil ónákvæmni, af því að ég geri ráð fyrir að hægt sé að koma við talningu í þessu sambandi. Þetta eru engar stjarnfræðilegar tölur. Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh., hvernig standi á því, að ríkisstj. getur ekki sagt nákvæmar um þetta en svo, að hér sé um að ræða 250—500 orlofsbústaði. Hefur verið gerð tilraun til að koma tölu á þessi orlofsheimili og hefur það reynst óframkvæmanlegt? Er þetta því hrein ágiskunartala, 250—500, eða hefur engin tilraun verið gerð til að telja þessi orlofsheimili? Hvernig víkur þessu við, hæstv. ráðh.?

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég þóttist heyra það á ræðu hv. þm. Þorv. Garðars Kristjánssonar, að ríkisstj. hefði þegar gefið fyrir sálu sinni og væri þar af leiðandi hólpin. (Gripið fram í.) Þetta fer saman, sálarlaus ríkisstj. er vonlaus.

Varðandi spurningu hv. þm. get ég ekki svarað þessu. Ég geri ráð fyrir að það hafi ekki verið gerð nákvæm talning á þessum orlofsheimilum, heldur hafi verið giskað á að fjöldinn væri einhvers staðar á þessu bili. En ég ætla að vona að þegar menn reyna að gera sér grein fyrir því, hvaða afleiðingar það mundi hafa ef þetta frv. yrði að lögum, þá yrði breytingin ekki meiri en þessi 31 millj. sem þarna er reiknað með að tekjumissir sýsluvegasjóðanna verði, þannig að þau séu ekki fleiri en 500 í mesta lagi.

Það er alveg rétt hjá hv. þm., að þetta er ákaflega ónákvæm tala, 250—500, og bendir til þess, að ekki hafi farið fram talning. Það er alveg augljóst mál. En því get ég ekki svarað. Ég veit ekki hverju menn eiga að lofa. Ætli ég verði ekki að reyna að lofa því fyrir hönd hæstv. samgrh., að hann láti telja húsin og geri hv. þd. grein fyrir því þegar þeirri talningu er lokið.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. viðskrh. fyrir það þýðingarmikla loforð, sem hann hefur gefið hér um að orlofsheimilin skuli verða talin. Og mér þykir enn þá vænna um það, að hann skuli gera þetta líka af tillitssemi, að því er mér skildist, til hæstv. samgrh.

En það var ekki rétt, sem fram kom í orðum hæstv. viðskrh., að ég hefði sagt, að ríkisstj. væri búin að gefa fyrir sálu sinni vegna þess að kirkjur ættu að njóta þessara hlunninda. Ég hygg að það hafi komið fram hjá mér, að það hafi skeð fyrir tíð núv. ríkisstj., og því verði ekki mótmælt, þannig að núv. ríkisstj. hefur ekki gefið fyrir sálu sinni. En það breytir ekki því, að hæstv. ríkisstj. ætti ekki að láta marga daga líða án þess að gera það, því að það er of seint að iðrast eftir dauðann.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Það mætti halda af ræðum hæstv. viðskrh. og hv. 4. þm. Vestf. að þeir væru staddir á fundi í Sálarrannsóknarfélagi, en svo mun ekki vera. Kannske leysist þessi deila þeirra án þess að fá hjálp þaðan. En varðandi það frv., sem hér liggur fyrir, legg ég áherslu á að það verði samþykkt fljótt. Frv. er þáttur í samkomulagi milli Alþýðusambands Íslands og ríkisstj. um afnám á því óréttlæti sem hefur viðgengist varðandi orlofshús verkalýðsfélaga. Á þau eru lögð hvers konar gjöld, furðulegustu gjöld, af sýslum, af sveitarfélögum, sem engu hafa til kostað og hafa ekkert með þessar byggðir að gera. Því er mjög eðlilegt að afnema þær kvaðir sem á þeim hafa verið.

Það eru væntanleg frv. um fleiri atriði er lúta að afnámi þessara kvaða, og ég vona að menn geti sameinast um að samþykkja þetta frv. Vissulega hefði verið hægt að telja orlofsheimilin og birta nákvæma tölu í grg. Það er til nákvæm tala yfir þau. En aðalatriðið er að með samþykkt þessa frv. er verið að afnema það óréttlæti sem viðgengist hefur og skapað verkalýðsfélögum fjárhagsbyrði án nokkurrar nauðsynjar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til samgn. með 13 shlj. atkv.

Neðri deild, 26. fundur.

Þriðjudaginn 9. des., kl. 4.30 síðdegis.

Fiskimálasjóður, frv. (þskj. 173). — 1. umr.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breyt. á lögum nr. 89 5. júní 1947, um Fiskimálasjóð, með síðari breytingum, og hef framsögu fyrir hönd sjútvrh. sem hefur lagt frv. fram sem stjfrv.

Eins og hv. þm. er kunnugt er fé Fiskimálasjóðs varið aðallega í tvennum tilgangi: annars vegar til styrkveitinga og hins vegar til lánveitinga, eftir því sem fé sjóðsins hrekkur til. Lögin um Fiskimálasjóð hafa bundið hverja lánveitingu við tiltekna hámarksupphæð. Þessi hámarksupphæð hefur verið hækkuð á nokkurra ára fresti eftir aðstæðum og getu sjóðsins. Síðast var þessi hámarksupphæð hækkuð í 2 millj. kr. árið 1978. Stjórn Fiskimálasjóðs er sammála um að geta sjóðsins og aðrar aðstæður leyfi að þessi upphæð verði nú hækkuð í 5 millj. kr. 1. gr. frv. fjallar því um það, að í stað 2 millj. í 5. gr. komi 5 millj., og 2. gr., að lögin öðlist þegar gildi.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta einfalda lagafrv. fleiri orð, og að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til sjútvn. með 21 shlj. atkv.

Álagning opinberra gjalda 1980, frv. (þskj. 36). — 1. umr.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um álagningu opinberra gjalda á árinu 1980 og innheimtu þeirra á síðari hluta þess árs.

Tildrög þessa frv. eru þau, að 24. júlí s. l. voru sett brbl.

um þetta efni vegna ýmissa framkvæmdaatriða sem vörðuðu álagningu skatta á s. l. sumri. Eins og kunnugt er urðu skattalög nokkuð síðbúin á þessu ári, voru ekki afgreidd frá Alþingi fyrr en í aprílmánuði s. l. Af þeim ástæðum og með hliðsjón af því, að verið var að gjörbreyta skattakerfinu, urðu skattstofur seinar fyrir að leggja á skatta. Ýmis vandkvæði hlutust af því og varð því að gefa út brbl. sem veittu heimild til að álagning mætti fara fram með öðrum formlegum hætti en gert er ráð fyrir í lögunum, þ. e. að frestað væri álagningu á börn og lögaðila. Einnig var óhjákvæmilegt að taka upp sérstaka fyrirframgreiðslu skatta í ágústmánuði í þeim skattaumdæmum þar sem álagningu var ekki lokið fyrir 1. ágúst. Allt heyrir þetta nú liðinni tíð til. Hér er um að ræða mál sem ekki hefur áhrif fram í tímann, heldur horfir einungis til að gera upp liðinn tíma. Málið hefur verið afgreitt af hv. Ed. og kemur nú til Nd. Vil ég leggja til, herra forseti, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 21 shlj. atkv.

Nýbyggingargjald, frv. (þskj. 195). — 1. umr.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Í árslok 1978 var lagt sérstakt nýbyggingargjald á flest mannvirki önnur en íbúðarhúsnæði. Tilgangur þessarar gjaldtöku var tvíþættur: annars vegar að afla ríkissjóði tekna, en hins vegar að takmarka fjárfestingar í nýbyggingum og draga þannig úr verðþensluáhrifum sem óheft fjárfesting á þessum vettvangi leiddi til.

Gjald þetta hefur aldrei gefið ríkissjóði miklar tekjur, og er áætlað að á þessu ári gefi það einungis rúmar 200 millj. kr. Gjald af þessu tagi getur vissulega átt rétt á sér til að draga úr fjárfestingu um skeið, en minni ástæða þykir til þess nú en var þegar gjaldið var lagt á. Þess vegna er hér lagt til að gjaldið falli niður, og er frv. það, sem hér er til umr., þess efnis.

Herra forseti. Ég legg til að lokinni þessari umr. verði þessu máli vísað til hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 21 shlj. atkv.

Stimpilgjald, frv. (þskj. 199). — 1. umr.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breyt. á lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald.

Eins og öllum hv. alþm. er kunnugt er fyrirhugað að breyting verði á verðgildi íslensks gjaldmiðils um næstu áramót. Vegna þessarar breytingar þykir eðlilegt að breyta þeim ákvæðum laga um stimpilgjald, sem hafa að geyma krónutöluviðmiðun, til samræmis við hið breytta verðgildi íslensku krónunnar. Jafnframt er með þessu frv. lagt til að nokkrar minni háttar breytingar verði gerðar á öðrum ákvæðum laga um stimpilgjald. Þar sem rætt er um krónur í þessu frv. er átt við nýkrónur. Það skal skýrt tekið fram, að með þessu frv. er ekki verið að hækka stimpilgjaldið. Lögin verða því óbreytt að efni til eftir samþykkt þessa frv. Hér er einungis um formbreytingu að ræða, fyrst og fremst í samræmi við breytingu á verðgildi íslensks gjaldmiðils eða í tengslum við gjaldmiðilsbreytinguna.

Herra forseti. Ég held að það sé ástæðulaust að fjölyrða um þetta mál, sem að sjálfsögðu þarf að fá afgreiðslu fyrir n. k. áramót, en ég legg til að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 21 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður barnakennara og Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, frv. (þskj. 136). — 1. umr.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um sameiningu Lífeyrissjóðs barnakennara og Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.

Frv. þetta er flutt sem stjórnarfrv. og hefur hlotið afgreiðslu Ed. og kemur nú til hv. Nd. Frv. er samið í beinu framhaldi af gerð aðalkjarasamninga á s. l. sumri. Eins og kunnugt er var undirritaður aðalkjarasamningur milli starfsmanna ríkisins í BSRB og ríkissjóðs í ágústmánuði s. l. Þessi samningur var síðan samþykktur í allsherjaratkvæðagreiðslu félagsmanna BSRB.

Samkvæmt samkomulagi því, sem ríkisstj. gerði við BSRB og BHM um félagsleg réttindamál, skyldi gefa út brbl. um nokkur atriði, þ. e. um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og um breytingu á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna og kjarasamninga BSRB. Í samkomulaginu við BSRB voru ákvæði þess efnis, að samræma skyldi lög Lífeyrissjóðs barnakennara og Lífeyrissjóðs hjúkrunarkvenna lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, þannig að þær breytingar á lífeyrisrétti starfsmanna ríkisins, sem samið hafði verið um og komið höfðu til framkvæmda við útgáfu brbl. nr. 67/1980, næðu einnig til hjúkrunarkvenna og barnakennara í þjónustu ríkisins. Þetta samræmingarstarf hefur nú verið unnið. Frá því er nánar greint í grg. frv., og lagafrv. þetta er ávöxtur af þessu samræmingarstarfi.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta frv., en vísa til frekari útskýringa í grg. frv. og aths. við það. Ég vil leyfa mér að leggja til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég hef að sjálfsögðu ekkert við það samræmingarstarf að athuga, sem unnið hefur verið varðandi jafnan rétt lífeyrisþega, hvort sem þeir eru aðilar að Lífeyrissjóði barnakennara eða Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Það má einnig segja, að jákvætt geti verið að sameina lífeyrissjóði ef sú stefna verður almennt upp tekin í landinu að sameina þá. Hins vegar virðist mér liggja ljóst fyrir að það verði Lífeyrissjóður barnakennara sem hafi af því mikinn skaða ef þessi sameining á sér stað. Hann er fjárhagslega sterkur, en hinn lífeyrissjóðurinn, lífeyrissjóður ríkisstarfsmanna, hefur að hluta til setið uppi með það, að fjármálaráð-

herrar hafa fengið að ráðskast með vissan hluta af fjármunum hans, sem hefur á engan hátt bætt hans stöðu. Ég tel ekki rétt að fara út í þessa sameiningu eins og hér er lagt til. Þess vegna áskil ég mér allan rétt til að greiða atkv. gegn þessu frv. þegar það kemur til afgreiðslu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 21 shlj. atkv.

Manntal 1981, frv. (þskj. 186 (sbr. 119)). — 1. umr.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þetta frv. til l. um manntal er samið af hagstofustjóra, er hefur um það haft náið samráð við Samband ísl. sveitarfélaga, Reykjavíkurborg, Fasteignamat ríkisins, Framkvæmdastofnun ríkisins, félagsvísindadeild Háskóla Íslands, heilbr.- og trmrn., húsnæðismálastjórn ríkisins, Jafnréttisráð og Þjóðhagsstofnun. Aðalefni þess er þetta:

Samkvæmt gildandi lögum er gert ráð fyrir því, að manntal fari fram á Íslandi tíunda hvert ár, það ár sem endar á núlli. En fyrir tíu árum, 1970, var ákveðið að fella manntal niður vegna þess að þá hafði Þjóðskráin nýlega tekið til starfa og gerðu menn sér vonir um að þær upplýsingar, sem hún hefði að geyma, gerðu manntal óþarft. Reynslan hefur hins vegar sýnt að svo er ekki, því að Þjóðskrána vatnar ýmsar upplýsingar, svo sem um atvinnu, menntun og húsnæði, sem af ýmsum ástæðum er æskilegt og í rauninni nauðsynlegt að afla. Niðurstaðan af könnun þessa máls hefur því orðið sú að leggja til að almennt manntal fari fram á Íslandi 31. jan. 1981.

Allshn. Ed. fékk málið til meðferðar og mælti með frv. og var það samþykkt þar með einni brtt. sem n. flutti á þskj. 171.

Ég legg til, herra forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. allshn. Þar sem frv. felur í sér að manntal fari fram í lok janúar næsta árs er nauðsynlegt að frv. nái fram að ganga og verði að lögum áður en þingi verður frestað fyrir jól.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Frv. þetta og hugmyndir um manntal hafa verið ræddar í sveitarstjórnum og þar á meðal að sjálfsögðu í borgarstjórn Reykjavíkur. *Ég vil lýsa þeirri skoðun minni, að hér sé* ekki um manntal að ræða eins og það orð gefur ástæðu til að skilja manntöl. Ég lít á það, sem hér er verið að kanna, sem hreinar persónunjósnir og mun leggjast gegn þessu frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég vil byrja á því að færa fram þakkir fyrir það að fá að mega taka hér til máls utan dagskrár um afar brýnt mál. Jafnframt vil ég þakka hæstv. forsrh. fyrir að taka mjög jákvætt undir það þegar ég í morgun bað hann um að svara hér spurningum er varða aðlögunargjald.

Eins og allir hv. þm. vita var aðlögunargjaldi því, sem nú er í gildi, komið á með lögum nr. 58 1979, sem tóku gildi á miðju ári 1979. Í 7. gr. laganna segir að tekjum af gjaldinu á árinu 1979 skuli varið til sérstakra iðnþróunaraðgerða samkvæmt nánari ákvörðun ríkisstj. að *fengnum till. iðnrh.* Á sama hátt skal tekjum af gjaldinu á árinu 1980 varið til eflingar iðnþróun samkvæmt ákvæðum fjárlaga.

Þeirri upphæð, sem inn kom 1980, var skipt, og samkvæmt tekjuáætlun fjárlaga 1980 var það gert þannig með samkomulagi milli iðnaðar- og fjármálaráðherra að helmingur af aðlögunargjaldinu kæmi til ráðstöfunar á árinu 1980, en það, sem eftir stæði, yrði greitt á árinu 1981. Ráðstöfun gjaldsins var ákveðin þannig, að til Iðnrekstrarsjóðs runnu 500 millj. kr., iðnþróunaraðgerða 80 millj., nýiðnaðarverkefna 100 millj., starfsþjálfunar 140 *millj.*, *svæðisáætlana um iðnþróun* 30 millj., eða samtals 850 millj. Í endurskoðaðri áætlun um tekjur 1980 — á þessu ári — er talið að aðlögunargjaldið skili um 1900 millj. kr. Í fjárlagafrv. fyrir 1981 er gert ráð fyrir útgjöldum alls 1 milljarði og 50 millj. kr. á fjárlagaliðnum nr. 11 221, sem heitir Lánasjóðir iðnaðarins og aðlögunargjald. Sú fjárhæð er mismunur áætlaðra tekna 1980 og þeirrar upphæðar, sem skilað var árið 1980, þ. e. 1900 mínus 850, sem gerir 1 milljarð og 50 millj. kr.

Það er deilt um hvernig aðlögunargjald ársins 1980, sem kemur til útgreiðslu 1981, skuli verðbætt. Auðvitað ræður þar mestu hvenær skil verða á árinu 1981, og væri gott að fá svar við því í umr. sem vonandi fara hér á eftir.

Í 3. gr. fjárlagafrv. er tekjuliður undir liðnum 231, sem heitir aðlögunargjald, upp á 2.7 milljarða. Ekkert hefur komið fram í hv. fjvn. sem bendir til þess, að þessi liður eigi að taka breytingum. Hins vegar hefur hæstv. viðskrh. sagt það skýrt og skorinort, bæði í dagblöðum, útvarpi og einnig í ræðu er hann flutti við 1. umr. fjárlaga, að hann legðist gegn þessu gjaldi og teldi að ekki yrði hjá því komist að leggja það niður um næstu áramót eins og ávallt hafi verið ætlunin. Hins vegar sagði hæstv. iðnrh. í Morgunblaðinu í dag eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég hef flutt um það bæði formlegar og óformlegar tillögur, að aðlögunargjald verði framlengt. Í ríkisstj. flutti ég formlega tillögu um að gjaldið yrði framlengt og *síðan lagt niður í áföngum*, þ. e. að það yrði 2% á næsta ári, 1% árið 1982 og félli síðan niður í lok þess árs, sagði Hjörleifur Guttormsson iðnrh. í viðtali við Morgunblaðið í gær um aðlögunargjaldið. „Ég tel, að þetta gæti orðið mjúk lending, og hef trú á því, að það sé hægt. Í því tilefni vísa ég til tilurðar gjaldsins árið 1979. Þá var einnig sagt, bæði af erlendum aðilum og fulltrúum utanríkisþjónustunnar, að það væri ekki mögulegt, en það var samt sem áður samþykkt einróma þá, og ég tel að það væri einnig hægt að ná því marki nú."

Og í lok þessarar fréttar segir hæstv. ráðh.:

„*Framlenging aðlögunargjaldsins og niðurfelling í áföngum* hefði á engan hátt stangast á við gefin loforð, það veit ég." Og lýkur þar tilvitnun í hæstv. iðnrh.

Aðalatriði þessa máls er að iðnaðurinn telur stöðu sína vera lakari en hinna hefðbundnu atvinnuvega, þ. e. landbúnaðar og sjávarútvegs. Í því sambandi, eins og allir hv. þm. vita, hefur verið bent á aðflutningsgjöld af aðföngum til iðnaðar, en á sínum tíma var flutt um það frv. hér á

hv. Alþ. af mér ásamt hv. þm. Árna Gunnarssyni, Kjartani Ólafssyni og Ingvari Gíslasyni, núv. hæstv. menntmrh. Í öðru lagi hefur verið bent á skattamálin. Iðnaðurinn hefur talið sig hlunnfarinn varðandi launaskatt sem hann greiðir í frekari mæli en aðrir atvinnuvegir. Einnig er bent á virðisaukaskattinn sem kemur sérstaklega illa við iðnaðinn. Reyndar segir í stjórnarsáttmála núv. hæstv. ríkisstj. að athuga eigi um virðisaukaskattinn, eins og kemur fram í stjórnarsáttmálanum undir liðnum ríkisfjármál, tölulið 6, og er óþarfi að lesa það því að þann sáttmála kunna allir.

Til að kanna þetta mál allt saman flutti hæstv. iðnrh. tillögu í ríkisstj. 30. mars s. l. Í útskrift úr fundargerðarbók hæstv. ríkisstj. segir, með leyfi forseta:

„Iðnrh. bar fram svohljóðandi tillögu um samanburðarathugun á starfsskilyrðum iðnaðar, sjávarútvegs og landbúnaðar:

Ríkisstj. samþykkir að fram fari samanburðarathugun á starfsskilyrðum iðnaðar, sjávarútvegs og landbúnaðar með tilliti til samkeppnisstöðu í útflutningi og á heimamarkaði. Verði að því stefnt að skapa atvinnuvegunum sambærilega aðstöðu, m. a. með tilliti til mismunandi álagningar opinberra gjalda sem leiði til óhagstæðrar gengisskráningar fyrir einstaka atvinnuvegi. Jafnframt verði gerð athugun á lækkun á sölugjöldum á fjárfestingarvörum og hjálpartækjum með tilliti til jöfnunar á samkeppnisaðstöðu og aukinnar framleiðni svo og á breytingu á stimpilgjöldum. Skipuð verði nefnd til að vinna að þessu máli og verði við það miðað að hún skili áliti fyrir 1. júlí n. k. Í nefndinni verði m. a. fulltrúar frá hagsmunasamtökum í viðkomandi atvinnuvegum.

Vegna lækkunar sölugjalda og stimpilgjalda verði gert ráð fyrir allt að 300 millj. kr. tekjumissi ríkissjóðs á síðari hluta ársins 1980. — Samþykkt."

Með erindisbréfi frá hæstv. forsrh. var síðan nefnd manna skipuð. Í henni eiga sæti Jóhannes Nordal seðlabankastjóri, formaður, Ingi R. Helgason, Árni Benediktsson, Pétur Sigurðsson og Árni Kolbeinsson. Verður að skilja það svo, að þetta séu fulltrúar hagsmunaaðila, eins og nefnt er í samþykkt hæstv. ríkisstj.

Það, sem vekur nokkra furðu í sambandi við þetta mál, er að erindisbréf er dagsett 9. sept., en samþykktin í hæstv. ríkisstj. er, eins og ég sagði áður, 30. mars, og ætlunin var þá að nefndin skilaði áliti fyrir 1. júlí, en í almanakinu, sem ég nota dags daglega, er 1. júlí framar í almanakinu en 9. september.

Mig langar til að spyrja hæstv. forsrh. hvað líði störfum þessarar nefndar sem þarna var skipuð, þar sem hún hefur afskaplega mikil áhrif á það, hvað verður um stöðu iðnaðarins þegar aðlögunargjaldið fellur niður.

Þetta er sá þáttur sem snýr að iðnaðinum, en jafnframt hefur heyrst og gengið um það sögur að nefna eigi til sögunnar nýjan tekjustofn í staðinn fyrir aðlögunargjaldið. Þá er komið að því atriði, sem kannske einkennir þessa hv. samkomu hér, að tekjustofn, sem fundinn er upp í ákveðnu skyni, í þetta sinn til þess að vernda iðnaðinn vegna ójafnrar samkeppnisaðstöðu hans, er felldur niður, en í staðinn er settur skattur til þess að ná inn sömu tekjum og áður. En þær tekjur eiga væntanlega að renna síðan beint í ríkissjóð. Það væri ástæða til að fá fréttir af þessu ef satt reynist. Ég veit að hæstv. fjmrh. er manna fúsastur til að gefa upplýsingar um þessi mál og má vænta þess, að hann taki til máls hér á eftir og geri grein fyrir því, ef það kemur ekki fram hjá hæstv. forsrh., hvað sé að frétta af þessu máli eða hvort það komi til með að gerast sem við vonum flest — a. m. k. sum hver — að þegar aðlögunargjaldið fellur niður falli sá skattur niður fyrir fullt og allt, en ekki komi annar tekjustofn í staðinn.

Sem sagt, ég vil beina þeirri fsp. til hæstv. forsrh., hvernig gangi störf nefndar þeirrar, sem hann skipaði 9. sept., og hvenær megi búast við að þeim störfum ljúki. Það væri vissulega ástæða til að spyrja jafnframt um það, hvort hæstv. iðnrh. hafi fallið algjörlega frá niðurtalningu aðlögunargjaldsins, sem er hans skoðun. Og í þriðja lagi, sem ég minntist á í sambandi við hæstv. fjmrh., hvort um nýjan tekjustofn sé að ræða og verðbætur greiddar o. s. frv. En ég legg ekki mikið upp úr því, að þeim spurningum verði svarað að sinni, því að ég veit að hæstv. forseti gefur mér aðeins stuttan tíma og okkur til þess að ræða þetta mál. Engu að síður er það mjög nauðsynlegt og aðkallandi, fyrir hv. fjvn. annars vegar og fyrir samtök iðnaðarins hins vegar, hvað þá fyrir skattgreiðendur þessa lands, að fá að vita hvert stefnir í þessum málum og hver sé í raun stefna hæstv. ríkisstj.

Ég þakka, herra forseti, fyrir að fá tækifæri til að ræða þetta mál hér í sölum hv. deildar.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Í þessu fyrirspurnaflóði hv. þm. utan dagskrár um iðnaðarmál, skattamál, aðflutningsgjöld, fjárlög o. fl. beindi hann einni fsp. til mín, þ. e. varðandi þá nefnd sem skipuð hefði verið til að gera samanburðarathugun á starfsskilyrðum atvinnuveganna. Ég mun að sjálfsögðu svara þeirri spurningu.

9. sept. skipaði ríkisstj. nefnd til að gera samanburðarathugun á starfsskilyrðum iðnaðar, sjávarútvegs og landbúnaðar með tilliti til samkeppnisaðstöðu í útflutningi og á heimamarkaði. Verði að því stefnt að skapa atvinnuvegunum sambærilega aðstöðu, m. a. með tilliti til mismunandi álagningar opinberra gjalda, sem leiðir til óhagstæðrar gengisskráningar fyrir einstaka atvinnuvegi.

Jafnframt var nefndinni falið að gera athugun á lækkun á sölugjöldum af fjárfestingarvörum og hjálpartækjum með tilliti til jöfnunar á samkeppnisaðstöðu og aukinnar framleiðni svo og á breytingu á stimpilgjöldum.

Í þessa nefnd voru skipaðir dr. Jóhannes Nordal seðlabankastjóri, formaður, og fjórir aðrir nefndarmenn eftir tilnefningu iðnrn., sjútvrn., landbrn. og fjmrh., þeir Ingi R. Helgason hæstaréttarlögmaður, Árni Benediktsson framkvæmdastjóri, Pétur Sigurðsson mjólkurfræðingur, Árni Kolbeinsson deildarstjóri í fjmrn.

Á þeim þrem mánuðum, sem nefndin hefur starfað, hefur hún aflað verulegra gagna um þessi mál og haldið allmarga fundi. Enn hefur hún ekki skilað áliti, enda kannske ekki von. Nefndin er að störfum, og við væntum þess, að góðs árangurs megi vænta af starfi hennar.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég vona að hæstv. forsrh. drukkni ekki í fyrirspurnaflóðinu, enda virðist vera eins og að skvetta vatni á gæs að spyrja hann þessara spurninga allra, því að hann reyndi að svara einni, en gat ekki. Enn stendur ósvarað hvernig á því standi að nefnd, sem átti að skipa 30. mars og skila áliti fyrir 1. júlí, var skipuð 9. september og hefur enn ekki skilað áliti. Allir bíða í óvissu, enginn er nær um stefnu ríkisstj. og málið stendur þannig í dag að við vitum ekkert meir eftir þessar umræður en áður.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Það er ekki að ófyrirsynju að hv. þm. Friðrik Sophusson hefur kvatt sér hljóðs utan dagskrár til þess að spyrjast fyrir um fyrirætlanir ríkisstj. varðandi aðlögunargjaldið. Í blöðum heyrast mismunandi yfirlýsingar ráðh. um framtíð aðlögunargjaldsins. Aðlögunargjaldið fellur brott um næstu áramót. Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir tekjum af því. Ekkert frv. hefur verið lagt fram á Alþ. um framlengingu þess. Því er ekki að furða þótt þm. spyrjist fyrir um það, hver ætlunin sé, þegar tíu dagar eða svo eru til þinghlés vegna jólanna.

Ég vil í tilefni þessa láta þá skoðun mína koma fram, að þetta mál sé dæmigert um störf eða starfsleysi ríkisstj., stefnu eða stefnuleysi ríkisstj. Ríkisstj. vissi, þegar hún settist í valdastólana, að aðlögunargjaldið var aðeins til ársloka. Ríkisstj. vissi að ráðh. hennar margir hverjir og þar á meðal þeir, sem um málið áttu að fjalla, höfðu skuldbundið sig gagnvart erlendum viðskiptaaðilum, Efnahagsbandalagi og efnahagssamvinnu Evrópuríkja að framlengja ekki aðlögunargjaldið. Engu að síður kemur ríkisstj. því ekki í verk að marka stefnu hvað við skuli taka þegar aðlögunargjaldið rennur út. Og ríkisstj. kemur sér enn ekki saman nú þegar þrjár vikur eru til áramóta og tíu dagar til þinghlés, hvað gera skuli. Okkur í stjórnarandstöðunni er sagt að 2. umr. um fjárlagafrv. eigi að fara fram í þessari viku, á fimmtudaginn kemur. **(Gripið fram í:** Á föstudaginn.) Já, það er ekki að furða þó þeirri umræðu sé seinkað, en ég hafði ekki nýrri fréttir. Gott að fá þessa frá fjvn.-manni. En engu að síður liggja ekki á lausu upplýsingar sem þessar.

Þá má enn fremur nefna að samkvæmt svokölluðum Ólafslögum er skylda ríkisstj. að láta lánsfjár- og fjárfestingaráætlun næsta árs fylgja fjárlagafrv. Í grg. fyrir fjárlagafrv. var gert ráð fyrir því, að þessi áætlun lægi fyrir um mánaðamótin okt.—nóv. Nú er komið fram undir miðjan desember. Það er liðinn einn og hálfur mánuður frá því að ríkisstj. hét þingheimi að þessi áætlun yrði lögð fram. En við höfum ekki séð neitt bóla á þessari áætlun enn þá. Það er lágmarkskrafa að hún verði í höndum þm. nokkrum sólarhringum fyrir 2. umr. fjárlaga. Ríkisstj. hefur brotið lög, og þetta er ekki eina dæmið um brot ríkisstj. á Ólafslögum.

Ég held að það verði líka að aðvara ríkisstj. um það, að Alþ. er engin sjálfsafgreiðslustofnun. Það er ekki virðingu Alþingis samboðið að hrúga á borð þm. örfáum dögum fyrir þinghlé málum sem ætlast er til að fái afgreiðslu áður en jólaleyfi hefst. Þetta á við um hvort tveggja varðandi aðlögunargjaldið og varðandi lánsfjár- og fjárfestingaráætlunina, og það á við t. d. þriðja málið sem er dæmigert um fálmkennd vinnubrögð ríkisstj., þ. e. ákvarðanir og stefnuleysi ríkisstj. í vaxta- og verðtryggingarmálum. Hér hefur verið boðað á Alþ. allt frá því í vor, að fram yrði lagt frv. um framlengingu aðlögunartíma Ólafslaga hvað snertir vexti og verðtryggingu, en ég hef ekki orðið var við það frv. enn í dag. Ég veit að það er stór biti að kyngja fyrir ráðh. Alþb. að fallast á framlengingu aðlögunartíma Ólafslaga hvað snertir vexti og verðtryggingu vegna þess að það ákvæði Ólafslaga sögðu þeir sér vera allra óljúfast að samþykkja. Og þess vegna hlýtur það að vera stór biti í kok fyrir þá að gleypa þetta ákvæði, jafnvel svo kokvíðir sem þeir stundum geta verið, og staðfesta með framlengingu aðlögun vaxta, verðtryggingar og verðbólgu.

Ég nefni þessi þrjú dæmi til sönnunar og vitnisburðar um getuleysi núv. ríkisstj. sem jafnvel stjórnarandstöðunni rennur til rifja.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Vegna orða hv. þm. Geirs Hallgrímssonar, 1. þm. Reykv., sem spurðist fyrir um lánsfjáráætlun, vil ég minna á það, að þegar fjárlög voru lögð fram lá fyrir í fjárlagafrv. yfirlit um lántökur ríkisins og ríkisstofnana varðandi A- og B-hluta fjárlagafrv. Hins vegar voru ýmsir aðrir þættir lánsfjáráætlunar ógerðir þegar fjárlög voru lögð fram, og átti það fyrst og fremst við áætlaðar lántökur einkaaðila og einkafyrirtækja, en áætlanir af því tagi eru yfirleitt undirbúnar af Seðlabankanum, og svo í öðru lagi útlán fjárfestingarsjóða, en áætlanir um það efni hafa verið gerðar af Framkvæmdastofnun og stjórn hennar.

Þegar ég mælti hér fyrir frv. til fjárlaga þegar nokkuð var liðið á nóvembermánuð lét ég þess getið, að nokkuð hefði dregist að fjmrn. fengi tillögur annars vegar frá Framkvæmdastofnun og hins vegar frá Seðlabanka um þessa tvo þætti lánsfjáráætlunar sem enn voru ófrágengnir, því að um það bil sem mælt var fyrir frv. voru að berast fyrstu tillögur frá þessum aðilum. Það var því þá þegar sýnt, að framlagning lánsfjáráætlunar mundi töluvert dragast og að hún mundi tæpast koma fram fyrr en í þessum mánuði. Ég vil upplýsa það hér, að lánsfjáráætlun er nokkurn veginn frá gengin og ætti ekki að vera neitt til fyrirstöðu að hún yrði lögð fram fyrir jól, nema þá helst það, að nú er skollið á verkfall bankamanna, en starfsmenn Seðlabankans hafa gjarnan lagt hönd á plóginn við lokafrágang áætlunarinnar. Þetta veldur vissum framkvæmdaerfiðleikum við að ganga frá áætluninni með þeim hætti sem venja hefur verið.

Ég held að það sé því þegar sýnt að lánsfjáráætlunin muni ekki verða lögð fram fyrir 2. umr. fjárlaga, en ég geri mér vonir um að svo verði í næstu viku.

Hv. þm. Friðrik Sophusson spurðist fyrir um það áðan, hvort önnur tekjuöflun kæmi í staðinn fyrir aðlögunargjald inn í fjárlagafrv., en í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að tekjur af aðlögunargjaldi nemi 2 800 millj. kr. Ég held að ástæðulaust sé að hafa svarið við þessari spurningu í mörgum orðum. Ég hef áður gert grein fyrir því, að önnur tekjuöflun kemur þarna í staðinn og hún mun birtast í frumvarpsformi á borðum þm. annaðhvort síðar í dag eða á morgun.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þegar menn kveðja sér hljóðs utan dagskrár og hafa áður samband við þann ráðh. sem á að spyrja, þá er æskilegt að menn greini glöggt frá því, um hvað eigi að spyrja. Þegar hv. fyrirspyrjandi ræddi við mig í morgun sagðist hann mundi spyrja um störf þeirrar nefndar sem við höfum hér rætt um, en ekki um einhverjar dagsetningar, hvenær málið hefði fyrst komið til umræðu í ríkisstj. og verið fjallað um það þar. Þær dagsetningar hefði ég getað athugað nánar hefði hann minnst á að hann ætlaði að spyrja um slíkt. En það er auðvitað ekki neitt aðalatriði málsins. Aðalatriðið er það, að þessi nefnd er að störfum með þessu viðtæka verkefni og við væntum góðs af starfi hennar.

Varðandi þær umr., sem hér hafa annars farið fram, virðast þeir hv. fyrirspyrjendur, hv. 10. og 1. þm. Reykv., vilja taka nú upp utan dagskrár 2. umr. fjárlaga, því að

margt af því, sem þeir hafa hér talað, verður auðvitað til umr. þegar fjárlögin koma úr nefnd til 2. umr.

En varðandi það atriði, sem var meginefni í ræðu hv. fyrirspyrjanda, aðlögunargjaldið, þá er kannske ekki að undra þó að hafi þurft nokkurn tíma til að skoða það mál frá öllum hliðum. Það var lögð áhersla á af hálfu samtaka iðnaðarins á sínum tíma að þetta aðlögunargjald yrði á lagt. Ákveðið var að það skyldi standa í 18 mánuði, frá miðju síðasta ári til loka þessa árs. Frá Félagi ísl. iðnrekenda hafa m. a. komið fram ákveðnar óskir um framlengingu þessa gjalds. Að sjálfsögðu þurfti að kanna hvort þætti tiltækilegt að leggja það til við Alþ., og eftir að það mál hafði verið gjörla kannað, m. a. með öflun upplýsinga frá þeim samtökum, sem við erum í og hér eiga hlut að máli, og einnig frá þeim, sem tóku þátt í þessum viðræðum, varð niðurstaðan sú, eins og hæstv. viðskrh. hefur skýrt frá, að ekki þætti fært að fara fram á framlengingu á þessu gjaldi vegna þess, hversu afdráttarlausar yfirlýsingar hefðu verið gefnar af Íslands hálfu í þessu sambandi þegar gjaldið var lögleitt. Niðurstaðan hefur því orðið sú, að þetta gjald verður ekki framlengt. Hins vegar er ætlunin að leita heimildar Alþingis til annarrar fjáröflunar í staðinn til þess að standa undir kostnaði við þau verkefni sem aðlögunargjaldið átti að gera. Þetta verður að sjáflsögðu rætt nánar í sambandi við það frv. og við afgreiðslu fjárlaganna.

Hv. 1. þm. Reykv. varð undrandi á því, að nú, hálfri annarri viku, eða um það bil, áður en Alþ. yrði frestað fyrir jól, kæmu ýmis frv. á borð þm. Ég held að þau séu teljandi, þau þing, ef þau eru nokkur á síðari áratugum, sem það hefur ekki gerst, að um svipað leyti og fjárlög eru til afgreiðslu til 2. og 3. umr. eru lögð fram ýmis frv., t. d. um framlengingu gjalda sem standa í beinu sambandi við fjárlögin. Þessi frv. eru yfirleitt afgreidd fyrir jól eins og fjárlögin. Þess eru hins vegar dæmi, að sum slík tekjuöflunarfrv., sem fjárlögin þó byggjast á, hafa ekki verið afgreidd fyrr en eftir áramót. Þess eru dæmi frá fyrri tíð. Mér finnst því að hv. 1. þm. Reykv. þurfi ekki að undrast það. Maður gæti haldið eftir ræðu hans hér, að hann hefði ekki setið fyrr á þingi, hvað þá setið í ríkisstjórn. Hins vegar er skylt að þakka það, að hann lýsti yfir nokkrum klökkva og í rauninni samúð yfir því, að ríkisstj. ætti í erfiðleikum með að leysa vandamál þau sem steðja að þjóðinni. Það er ánægjulegt fyrir okkur, að í stað hugleiðinga um að flytja vantraust á ríkisstjórnina skuli hann lýsa yfir samúð og klökkva yfir því að hún eigi í erfiðleikum.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. forsrh. fyrir ágætar ábendingar. Ég er honum þakklátur einkum og sér í lagi vegna þess, að ég hef átt möguleika á því fyrr á ævinni að kynnast hans ágætu ábendingum, bæði í skóla og svo síðar í þingflokki, og ég met það mjög mikils að hafa lært af honum, því að eins og allir vita er hann manna best að sér um allar þingvenjur.

Þannig er ég honum þakklátur fyrir þessa ábendingu. En það stóð nú þannig á í þessu máli, að ég hafði samband við aðra hæstv. ráðherra í þessari ríkisstj., hæstv. fjmrh. Ragnar Arnalds og hæstv. iðnrh. Hjörleif Guttormsson, í morgun út af þessu sama máli, því að ég vissi að þetta heyrði undir fleiri en einn hæstv. ráðh. Reyndar talaði ég ekki við þann hæstv. ráðh. sem ég hefði kannske helst átt að tala við, en það er hæstv. viðskrh., sem á sínum tíma var hæstv. fjmrh., einmitt þegar þessi mál fóru í gegnum þingið, og ég biðst afsökunar á því. En ástæða þess, að ég þurfti ekki að tala við þann hæstv. ráðh., var einfaldlega sú, að hann hefur skýrt og skorinort sagt hvað hann vill gera í þessu máli. Hinir hafa farið með löndum. Og ekki eru þeir neinu nær á þessum fundi. Það eina athyglisverða, sem hefur komið fram á þessum fundi, er að við eigum von á nýju frv. um tekjustofn sem á að kosta ákveðin verkefni og þá væntanlega endurgreiðslur á gjaldi sem þegar er búið að heimta í ríkissjóð.

Það, sem auðvitað skiptir mestu máli fyrir iðnaðinn, er að jafnaður verði þessi munur, sem sífellt er verið að tala um og búið er að jagast um í 10 ár. Allar ríkisstjórnir eiga sök á að það loforð hefur ekki verið efnt. Þar er engum einum um að kenna.

Nú hefur það gerst, að hæstv. iðnrh. hefur lagt fram þáltill. í Sþ. í nafni hæstv. ríkisstj., þar sem hæstv. ríkisstj. fer fram á að hv. Alþ. samþykki stefnu í iðnaðarmálum og beini því síðan til hæstv. ríkisstj., að hún framkvæmi þá stefnu. Með þessu er auðvitað ríkisstj. að bjóða að stjórnarandstaðan á Alþingi taki þátt í stefnumótuninni, hafi áhrif á þá stefnu sem ríkisstj. hefur lagt grundvöll að. Þær umr., sem hér hafa farið fram utan dagskrár, eru liður í iðnaðarstefnu, ekki til langs tíma, eins og kemur fram í þáltill. hæstv. iðnrh., heldur í bráð. Eru þessi mál þó nefnd í iðnaðarstefnu hæstv. iðnrh. En það er stundum þannig, að þegar komið er að kjarna málsins má ekkert ræða, og svo er nú.

Mér þykir það leitt, ég segi það alveg eins og er, að hafa ekki fengið skýrari svör. Við því er ekkert að segja, þau eru ekki fyrir hendi.

Að lokum vil ég aðeins ítreka þakkir mínar til hæstv. forsrh. fyrir svörin, þótt lítil væru, og eins fyrir ágætar ráðleggingar.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Það voru e. t. v. mannlegar skýringar hæstv. fjmrh. á því, hvers vegna lánsfjár- og fjárfestingaráætlunin var ekki fram komin, en ekki voru skýringar hans. stórmannlegar. Sú áætlun, sem átti að fylgja frv. til fjárlaga í upphafi þings, átti samkvæmt grg. fjárlaga að leggjast á borð þm. um mánaðamótin október—nóvember. Hvers vegna var það ekki efnt? „Jú," sagði ráðherra, „það stóð á Framkvæmdastofnun." Ég veit að hæstv. forseti eða forráðamenn Framkvæmdastofnunarinnar kunna skýringar á því. — Önnur ástæða, önnur afsökun. Hvers vegna var ekki þessi áætlun lögð fram á þeim tíma sem heitið hafði verið að leggja hana fram? Jú, það var Seðlabankanum að kenna. Ég býst við að forráðamenn Seðlabankans eigi skýringar á því, ekki síður en forráðamenn Framkvæmdastofnunar. En hvers vegna var ekki hægt að leggja lánsfjár- og fjárfestingaráætlunina fram nokkrum sólarhringum fyrir 2. umr. fjárlaga? Jú, þá var gripið í hálmstráið: Það er skollið á verkfall bankastarfsmanna. Ég tel að þetta sé glöggur vitnisburður um hvað lágt risið er nú á hæstv. fjmrh. og ríkisstj. í heild sinni, að þurfa að grípa í slíkt hálmstrá. Ég þykist nærri því fullviss að Samband ísl. bankamanna muni ekki telja það verkfallsbrot, ef hæstv. fjmrh. settist sjálfur niður við skriftir og lyki gerð þessarar lánsfjár- og fjárfestingaráætlunar með starfsmönnum sínum. Og utan úr sal er skotið fram ábendingu um að það mætti alltaf sækja um undanþágu.

En mikið skelfing er þetta lágt ris og lélegar og lítilmannlegar skýringar á aðgerðaleysi og úrræðaleysi einnar ríkisstjórnar.

Hæstv. forsrh. nefndi að það væri ekki óalgengt að ýmis frv. væru lögð á borð þm. skömmu fyrir áramót í tengslum við afgreiðslu fjárlaga. Það er ekkert einsdæmi, en slík frv. hafa verið fyrr á ferðinni hjá öðrum ríkisstjórnum, annaðhvort vegna þess að það var fyrirsjáanlegt, að þau þurfti að leggja fram, og samstaða var innan ríkisstjórnar að leggja þau fram, eða þá að búið var að gera aðrar ráðstafanir í tíma, sem ekki er til að dreifa núna. Hér hefur verið nefnt aðlögunargjaldið og hér höfum við nefnt lánsfjár- og fjárfestingaráætlunina. Ég minntist á framlengingu aðlögunartíma Ólafslaga í sambandi við vexti og verðtryggingu sem engin svör hafa fengist við.

Hæstv. forsrh. var undrandi að ég skyldi sýna ríkisstjórninni samúð, en boða ekki í þess stað vantraust. Ég held sannast best að segja að ríkisstj. þurfi á mikilli samúð að halda, svo hörmulega sem hún hefur staðið sig í verki. Og það er alveg rétt hjá hæstv. forsrh., að sá tími kann að koma og er e. t. v. ekki langt undan, að eina samúðarkveðjan, sem ríkisstj. þarf á að halda, sé vantraust, svo að hún verði losuð undan því verki sem hún er ekki fær um að inna af hendi.

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, frv. (þskj. 196). — 1. umr.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Haustið 1978 var í fyrsta sinn ákveðið að leggja sérstakan skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði, og var þessi skattur lagður á á árinu 1979. Með lögum nr. 29 1980 var á síðastliðnum vetri ákveðið að framlengja þennan skatt um eitt ár, og skyldi hann lagður á öðru sinni í ár. Áætlað er að skattur þessi skili í ríkissjóð á þessu ári tekjum sem nemi um 1 440 millj. kr. Í fjárlagafrv. fyrir árið 1981 er gert ráð fyrir að þessari skattlagningu verði haldið áfram. Af þessum sökum er þetta frv. lagt fram, og er það samhljóða gildandi lögum um skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fara frekari orðum um þennan kunningja hv. þm., svo oft sem hann hefur verið hér á ferðinni áður, og vil því einungis leggja til að lokum að þessu frv. verði vísað til hv. fjh.- og viðskn. að lokinni þessari umr.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Það er eins með það mál, sem hér er til umr., og nýbyggingargjaldið, sem með ræðu hæstv. fjmrh. fyrr á þessum fundi var verið að gera till. um að fella niður, að það var haft að yfirvarpi, þegar þessum skatti var komið á, að koma ætti í veg fyrri verðþenslu og verðbólguþróun. Þessi sérstaki skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði er auðvitað fyrst og fremst settur á laggirnar til þess að ná tekjum inn fyrir ríkissjóð, enda kemur í ljós að hann er ekki felldur niður eins og nýbyggingargjaldið, en einu rökin, sem komu fram í ræðu hæstv. ráðh. fyrir því að fella niður nýbyggingargjaldið, voru þau að sá skattur skilaði litlu í ríkissjóð. Mér er nær að halda að yfirvarp þessa vinstri skatts, sem má gjarnan nefna svo því hann var settur á stofn haustið 1978 af ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar, hafi verið vísvitandi blekking.

Nú hefur það skeð frá þeim tíma, að stefnubreytingar hefur orðið vart í röðum framsóknarmanna á þinginu. Þannig sagði hæstv. sjútvrh. Steingrímur Hermannsson í útvarpsræðu um stefnuræðu forsrh. hinn 23. okt. í Sþ. eftirfarandi, með leyfi forseta: „Í því sambandi“ — þetta er um endurskoðun á skattalögum — „leggjum við framsóknarmenn mikla áherslu á niðurfellingu nýbyggingargjalds, eins og ráð er fyrir gert og fullt samkomulag er um. Við teljum einnig skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði vafasaman nú, þar sem dregið hefur úr þenslu á því sviði og upphaflegum markmiðum með honum því náð. Við teljum nauðsynlegt að endurskoða álagningu eignarskatts, einkum einstaklinga. Við viljum einnig lagfæra þá agnúa á tekjuskattslögunum sem komið hafa í ljós og menn gátu að sjálfsögðu búist við í svo viðamiklum breytingum. Við viljum athuga 59. gr. skattalaganna, sem heimilar að áætla mönnum tekjur, og viljum lagfæra skatta á einstæðum foreldrum, svo eitthvað sé nefnt. Um þetta allt hefur verið rætt í ríkisstj. og menn þar sammála um slíka endurskoðun, enda er hún komin í gang. Vænti ég þess, að árangur sjáist fljótlega.“

Árangur sjáist fljótlega, sagði hæstv. samgrh. Steingrímur Hermannsson um það þegar hann lagði til að felldur yrði niður sá skattur sem hæstv. fjmrh. boðar nú að eigi að fá líf enn um sinn.

Hæstv. samgrh. er ekki eini framámaður Framsfl. sem hefur látið skoðanir í ljós í þessu máli því að hæstv. viðskrh., sem var hæstv. fjmrh. þegar þessum skatti var komið á laggirnar, sagði í ræðu um fjárlög í Sþ. 6. nóv. s. l., með leyfi forseta:

„Við umræður um skattamál hér á hv. Alþ. á s. l. vetri lét ég þau orð falla, að ég fylgdi því að framlengja skatta á skrifstofu- og verslunarhúsnæði á þessu ári, en væri þó þeirrar skoðunar, að þetta mál þyrfti að taka til endurskoðunar á yfirstandandi þingi. Slík skattlagning kemur þungt niður á bæði samvinnuverslun og annarri verslun, sérstaklega þó í strjálbýlinu, en þar hefur verslun barist í bökkum á undanförnum árum.

Í þriðja lagi hef ég svo lýst yfir andstöðu minni við það ákvæði 59. gr. skattalaganna, að mögulegt sé að leggja á menn skatt af hærri tekjum en menn sannanlega hafa.“

Hér kemur fram, eins og í ræðu hæstv. samgrh., von um að þessi skattur verði lagður af, en annað kemur nú upp á teningnum. Mér finnst ástæða til að vera uggandi um aðra skatta þegar í ljós kemur að vonir framsóknarmanna, framsóknarráðherra, bresta í þessu skattamáli. Hvernig fer þá fyrir hinum málunum, skattalækkunum sem þessir tveir broddar Framsfl. boðuðu á Alþingi fyrir skömmu? Kannske er ástæðunnar að leita í ræðu sem hæstv. heilbr.- og trmrh. flutti þegar þessi skattstofn var til umræðu á síðasta þingi. Þá sagði hæstv. félags- og heilbr.- og trmrh. — sem þá var reyndar óbreyttur þm. — með leyfi forseta:

„Ég er hlynntur því, að sá skattur, sem hér er um að ræða, sérstakur skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði, verði framlengdur. Þetta er skattur sem fráfarandi vinstri stjórn lagði á fljótlega eftir að hún kom til valda, og ég tel eðlilegt að framlengja hann. Ég tel að það ætti að byrja á öðrum en fyrirtækjum og slíkum aðilum ef ætti að létta skattbyrði hér í landinu.“

Þetta voru orð hæstv. heilbr.- og trmrh. Og í þessu máli eins og stundum áður hefur það verið stefna Alþb. í skattamálum sem hefur orðið ofan á.

Í sambandi við þetta frv. er ástæða til að minnast á það jafnframt, að í 3. gr. frv. er — eins og í núgildandi lögum — gert ráð fyrir að þessi sérstaki skattur sé ákveðið hlutfall af fasteignamatsverði. Fyrir örfáum dögum var

fasteignamat hækkað, að ég held um 58%. Ég veit að allir hv. þm. þekkja þá þróun á fasteignamarkaðnum sem hefur orðið að undanförnu. Það hefur gerst, að fasteignaverð hefur staðið í stað um langan aldur og er langt innan þeirra marka sem fasteignamatið hækkaði nú síðast. Þessi skattur — sem hæstv. ráðherrar Framsfl. vildu láta leggja niður, en hæstv. fjmrh. fékk fram að fram yrði haldið a. m. k. í eitt ár í viðbót — kemur því til með að hækka mun meira en fasteignaverð hefur hækkað.

Herra forseti. Ég lýsi yfir andstöðu við þetta frv. Við sjálfstæðismenn höfum ætíð verið andsnúnir slíkum sérstökum skatti sem mismunar atvinnuvegunum og hefur verið á komið á fölskum forsendum. Við áttum þær vonir, að í lið með okkur hefðu gengið hæstv. ráðherrar Framsfl., en nú kemur í ljós eins og stundum áður, að það er ekki þeirra stefna sem ræður í skattamálunum, það er stefna hins skattaglaða hæstv. fjmrh.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Það hafa farið fram umr. hér í dag sem varða fjármál ríkisins, varða afgreiðslu fjárlaga. Bæði er það, að ríkisstj. er með til umr. frv. um skattlagningu, og svo hitt, að á því hefur verið vakin athygli utan dagskrár hvernig unnið er að fjárlagagerð. Þar hefur ekki frekar en í öðru fengist vitneskja um það, með hvaða hætti ríkisstj. hyggst koma saman því fjárlagafrv. sem fyrir Alþingi liggur nú. Allt þetta sýnir í raun og veru hvernig að þessum málum er staðið og hefur verið staðið.

Fyrr á þessum fundi var rætt frv. um afnám laga um nýbyggingargjald. Nú er til umr. frv. til l. um framlengingu sérstaks skatts á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Hv. 10. þm. Reykv. benti á hver hefði verið forsendan fyrir þessari skattlagningu á sínum tíma, þ. e. 1978, þegar ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar hafði tekið við. Í ræðu þáv. hæstv. fjmrh. kom fram að nauðsynlegt var talið til þess að ná árangri í glímunni við verðbólguna og tryggja jafnframt viðunandi lífskjör almennings að draga úr þeirri geysilegu fjárfestingu og spennu sem hefði verið í landinu. Þegar nú er verið að ræða frv. til l. um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði er búið að ræða um frv. til l. um afnám nýbyggingargjalds. Ef þetta er skoðað sést best það stefnuleysi sem er hjá núv. hæstv. ríkisstj. Hafi hún hugsað sér að nota skattlagningu til að framkvæma þá stefnu sem fram kom í ræðu ráðh. í ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar, þá hefði fyrst af öllu átt að framlengja frv. til l. um nýbyggingargjald og hafa þannig áhrif á það, að um nýbyggingar yrði ekki að ræða nema þá í mjög takmörkuðum mæli. Ef ríkisstj. vildi hins vegar koma til móts við atvinnuvegina í landinu, þá hefði átt að fella niður frv. um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. En það er alls ekki nein stefna, það er algert stefnuleysi hjá hæstv. ríkisstj. hér eins og annars staðar. Það, sem ræður að sjálfsögðu að hennar dómi, er hvor skatturinn gefur meiri tekjur í ríkissjóð. Það er skatturinn á húsnæði því sem nú er notað við atvinnurekstur.

Við sjálfstæðismenn höfum lýst yfir því, að við munum fella niður þessa skatta þegar við fáum tækifæri til. Því miður hefur það tækifæri enn ekki komið. Það eru hins vegar í ríkisstj. sjálfstæðismenn sem gengu fyrir kjósendur á sínum tíma og lýstu þessu yfir. Og hv. 10. þm. Reykv. vakti áðan athygli á ummælum ráðherra Framsfl., að þeir væru nú búnir að skipta um skoðun frá því 1978. Meira að segja taldi hæstv. sjútvrh. að þeir hefðu náð fram þeim markmiðum sem höfð voru í huga þegar lögin voru sett, og þessir tveir ráðherrar, sem vitnað var til, lýstu sig hlynnta því að fella niður þessa skatta. En þessir hæstv. ráðherrar úr Sjálfstfl. og Framsfl. ráða hér ekki ferðinni. Það eru ráðherrar úr þriðja flokknum, sem á sæti í ríkisstj., ráðherrar Alþb. Það kemur glöggt fram í sambandi við það frv. sem um er fjallað. Það vekur vissulega athygli, þegar komið er fram að jólum og það eru seinustu dagar þings, að lagt er fram frv. um framlengingu á sköttum. Eftir 2—3 daga fer fram 2. umr. fjárlagafrv. og ætlað er að þingið afgreiði það á þeim sömu fölsku forsendum og voru þegar frv. var lagt fram á haustdögum, þ. e. gert ráð fyrir verðlagsþróun frá upphafi árs til loka um 30% og meðalverðlagsþróun frá miðju ári 1980 til miðs árs 1981 um 42%. Þegar Þjóðhagsstofnun hefur látið frá sér upplýsingar um að tölurnar verði ekki 30—40, 40—50 eða 50—60, heldur 65—70%, þá ætlast ríkisstj. til þess, að Alþingi gangi frá fjárlagafrv., sem byggist á forsendum sem ekki eiga aðeins eftir samkv. þessu að tvöfaldast, heldur rúmlega það. Þetta eru atriði sem vert er að skoða þegar þessar umr. fara fram.

Þá er það líka athyglisvert sem hér kom fram áðan hjá hæstv. fjmrh. að þeirri lánsfjáráætlun, sem nú er verið að gera fyrir árið 1981, er ekki ætlað að sjá dagsins ljós fyrr en komið er fram yfir áramót, og eru þau vinnubrögð nú endurtekin frá því fyrr á þessu ári. Ég minnist þess, að þegar lánsfjáráætlanir fyrir árin 1976 og 1977 voru lagðar fram á þingi — þá sem nýsmíði — gagnrýndu stjórnarandstæðingar, m. a. núv. hæstv. fjmrh., hversu seint lánsfjáráætlunin væri lögð fram. Það var reynt að flýta þessu, og lánsfjáráætlun fyrir árið 1978 var lögð fram og var til umfjöllunar þegar 2. umr. fjárlagafrv. fyrir árið 1978 fór fram. En vinstri stjórninni, ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar, og þeim flokkum sem að henni stóðu, Alþb. og Alþfl., fannst að koma þyrfti í veg fyrir að það gerðist aftur, að lánsfjáráætlun væri ekki lögð fram þegar fjárlagafrv. væri lagt fram. Þeir töldu þess vegna skynsamlegast og best til að tryggja þetta að lögbinda það. Það var bundið í efnahagslögum, sem enn eru í gildi, að lánsfjár- og framkvæmdaáætlun, sem nú er nefnd svo, skyldi lögð fram með fjárlagafrv. Nú sjá menn efndirnar, enda hefur ekki verið farið eftir þeim lögum — eins og margoft hefur verið bent á hér af hálfu okkar stjórnarandstæðinga — hvorki í þessu né öðru. Þetta sýnir að ekki var ætlunin að setja löggjöf sem gæti styrkt efnahagsstjórn landsins, heldur hefur það sjálfsagt verið hugsunin — eins og við bentum á á sínum tíma — að það væri gert til að friða Alþfl. sem þá átti aðild að ríkisstj. og var með upphlaup af og til eins og Framsfl. hefur verið með í þeirri ríkisstj. sem nú situr.

Þá má enn fremur benda á að hér í umr. er tilkynnt af hæstv. fjmrh. að þm. megi búast við að lagt verði á borð þeirra frv. um nýja skattheimtu. Hv. 1. þm. Reykv. vék að því sérstaklega, að komið væri að afgreiðslu fjárlaga, aðeins 10 dagar þar til þing hverfur heim í jólaleyfi, og enn hafa ekki sést á borðum þm. þau tekjuöflunarfrv. sem gert er ráð fyrir að fjárlagafrv. byggist á. Það er rétt, að oft á tíðum hefur það verið með síðari skipunum að frv. hafa verið flutt um framlengingu gjalda. Þó hefur í grg. fyrir fjárlagafrv. jafnan verið á það bent, að samþykkja þurfi framlengingu til að ná saman endum, og ég minnist þess ekki, að svo seint hafi verið lagt fram frv.

— ef því hefur þá á annað borð verið ætlað að komast fram fyrir afgreiðslu fjárl. Vissulega er rétt að það hefur gerst, að tekjuöflunarfrv. hafa verið samþ. eftir að fjárlög hafa verið afgreidd á Alþingi. Þá hafa það verið nánast skattstigafrv., og það hafa verið vinstri stjórnir sem hafa gert það. Það hefur verið gagnrýnt hér á Alþ. og ekki talið til eftirbreytni. Jafnvel hefur verið talið að það jaðri við að teljast brot á stjórnarskránni.

Enn má benda á, þegar þessar umr. fara fram, að það er ætlan núv. hæstv. ríkisstj. að viðhalda öllum þeim sköttum sem lagðir hafa verið á frá því í sept. 1978. Má ætla að á árinu 1981 muni þessir skattar nema 60—70 milljörðum kr. Fjárlagafrv. er með rangri vísitölu með tilliti til tekjubreytinga á milli ára. Þeirri skattvísitölu eða setningu hennar er ætlað að gefa ríkissjóði tekjur, stundartekjur, sem nema yfir 10 milljörðum kr. Á næsta ári fara því vinstri skattarnir að nálgast 85—90 milljarða kr. umfram það sem hefði verið ef skattalög þau, sem giltu árin 1974—1978, hefðu nú verið í gildi.

Ég vil vekja athygli á þessu við 1. umr. þessa frv. Ég tel að með þessu frv. sé enn verið að sliga atvinnulíf þjóðarinnar. Og það sýnir sig, að hér er um að ræða stefnuleysi ríkisstj. Hér er um að ræða fálmkennd vinnubrögð ríkisstj. Hér er um að ræða skattaálögur sem sliga atvinnulífið og gera það að verkum, að ráðstöfunarfé heimilanna er minna nú en það hefur verið um margra ára bil. Sjálfstæðismenn eru andvígir þessu frv. og munu að sjálfsögðu greiða atkv. gegn því.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég harma það enn einu sinni, að þetta frv. til l. um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði skuli nú vera til endurnýjunar. Ég hef áður sagt hér, þrisvar sinnum áður, að ég líti á þetta frv. sem hluta af eignaupptökustefnu og sú stefna er andvíg lífsskoðunum mínum. Ég mun því nú sem áður beita mér gegn framgangi þessa máls þó að ég geri ekki ráð fyrir að það beri meiri árangur nú en áður.

Hér er um að ræða þeim mun ósanngjarnara mál þar sem þolendum þessa er gert að greiða sérstakan eignarskatt til opinberra aðila af öðru en eignum sínum. Í 3. gr. er tekið fram að greiða skuli þennan umrædda skatt af leigulóðum einnig, þótt leiga hafi að sjálfsögðu þegar verið greidd til viðkomandi opinberra aðila af sömu lóðum. Hér er því um að ræða tvísköttun opinberra aðila af lóðunum. Ég held að atvinnufyrirtæki almennt — og skiptir þá ekki máli rekstrarform fyrirtækja, hvort þau eru í einkaeign, hlutafélög eða samvinnufélög — þoli þessa skattheimtu ekki miklu lengur. Ásókn þessara fyrirtækja í lánsfé á dýru verði til rekstrar er löngu, löngu úr hófi fram. Ég lýsi því andstöðu minni enn einu sinni við þetta frv.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Það væri e. t. v. hægt að spyrja að því, hvenær svokallaðar hægri stjórnir hafi getað stjórnað fjármálum ríkisins án þess að nota hæstu skattlagningu hverju sinni. Það væri ekki úr vegi að spyrja hv. 1. þm. Reykn., ég geri ráð fyrir að hann gæti e. t. v. manna best svarað því, hvort það er ekki rétt. (Gripið fram í.) Að hinar svokölluðu hægri stjórnir hafa oftast nær notað þá hæstu skatta sem hægt er að leggja á.

Það er alveg rétt, að við framsóknarmenn höfum látið í ljós andúð á þessum sérstaka skatti á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, við teljum hann hafa verið lagðan á sem illa nauðsyn. Það er ekkert leyndarmál, enda hefur því verið lýst yfir. Því hefur einnig verið lýst yfir, að við munum beita áhrifum okkar, eftir því sem við höfum möguleika til, til að láta endurskoða alla skattheimtu ríkisins eða tekjuöflun ríkisins til að losna við slíka skattlagningu sem þessa. Við erum að sjálfsögðu reiðubúnir til samstarfs við aðra um að afla ríkissjóði tekna á heppilegri hátt.

Hins vegar tel ég að það ætti að vera öllum hv. alþm. ljóst, að eins og ástatt er í efnahagsmálum í dag er ekki hægt að leggja niður skatta til tekjuöflunar fyrir ríkissjóð nema aðrir tekjumöguleikar komi í staðinn. A. m. k. gerum við framsóknarmenn okkur það alveg fyllilega ljóst, að ekki er hægt við þessar aðstæður að leggja niður þennan skattstofn öðru vísi en að hækka t. d. almennan eignarskatt eða söluskatt. Hækkun almenns eignarskatts nú væri hróplegt ranglæti sem hefði alvarlegri afleiðingar en framlenging þessa skatts á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. En það verður að segjast eins og er, að eins og ástandið virðist vera ber sú mikla aukning á byggingum þess konar húsnæðis, sem orðið hefur, gleggst vitni um það, að sumir virðast geta borið þennan skatt. Það þarf ekki að fara víða hér um Reykjavíkurborg til að sjá dæmi þess, t. d. hið nýja hús verslunarinnar. Eigendur þess virðast ekki vera í vandræðum með að byggja þrátt fyrir þessa skattlagningu. Ég er ekki með þessum orðum að réttlæta þessa skattlagningu á einn eða neinn hátt. Hún er gerð af illri nauðsyn. Ástandið er þannig, eins og ég hef áður sagt, að við verðum að hafa þennan tekjustofn til þess að koma fram þeim verkefnum sem ríkissjóður þarf að inna af hendi við þessar aðstæður. Þess vegna er ekki um annað að ræða en að framlengja þennan skatt — eða koma með aðra skattlagningu ef menn vilja það heldur. En ég sé ekki möguleika á því, að hægt væri að réttlæta almennan eignarskatt eins og ástandið er í þjóðfélaginu í dag.

Mér þótti rétt að láta þetta koma fram við þessar umr., því að það virðist henda, þegar menn eru að ræða slík mál, að þeir gleymi kjarna málsins, að við stöndum í vanda sem við ættum sameiginlega að vera menn til að leysa.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Út af fsp. hv. 1. þm. Vesturl., hvort hægri stjórnir nýti ekki alltaf skattstofnana meir en aðrar, eða að fullu eins og hann orðaði það, held ég að ég fari rétt með, þá get ég gefið honum þær upplýsingar hér af blaði, sem ég hef frá Þjóðhagsstofnun og ég veit að hann hefur undir höndum líka, ef miðað er við tekjur á tilteknum árum og hlutfall álagðra skatta — hvort heldur af tekjum ársins sem teknanna er aflað eða ársins sem skattarnir eru greiddir á — þá kemur í ljós að á árunum 1975, 1976 og 1977 er hlutfallið álagðir skattar af tekjum greiðsluárs 11.4%, 12.5% og fer niður í 10.6% árið 1977. Þetta eru tölur frá Þjóðhagsstofnun frá því 6. febr. á þessu ári, og ég held að þær hafi ekki breyst nema þá að það hafi orðið til lækkunar. Ef svo er athugað árið 1978, þá hefði þetta hlutfall verið 11.6% án þeirrar löggjafar sem ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar beitti sér fyrir, en fer í 12% með þeim. Það þýðir að vinstri stjórn er tekin við og þá um leið hækkar hlutfallið. Þetta fer á árinu 1979 í 13.2% og árið 1980 í 13.9% samkv. þessum tölum.

Ef við svo skoðum nýjasta heftið af Hagtölum mánaðarins getum við séð þetta hlutfall og þá miðað við þjóðarframleiðslu. Þá kemur einmitt í ljós að 1974 er

hlutfallið tekjur ríkissjóðs miðað við þjóðarframleiðslu 26.7%, 1975 26.5%, 1976 26.8%, 1977 26.3%. Samkv. þessum tölum — sem ég held að séu þó ívið lægri eftir endurskoðun á þjóðarframleiðslu — er hér um að ræða tekjur ríkissjóðs sem hlutfall af þjóðarframleiðslu frá 26.3% upp í 26.8% í tíð ríkisstj. frá 1974—1978. (**Fjmrh.:** Og dúndrandi ríkishalli.) Dúndrandi ríkishalli, sagði hæstv. fjmrh. Það er rétt, á árinu 1975 var dúndrandi ríkishalli. En hann á sínar skýringar, vegna þess einfaldlega að 1974, þegar ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar tók við, tók hún við þeirri mestu verðbólgu sem verið hafði í landinu. Það er búið að slá það út að sjálfsögðu núna, því að það eru komnar nýjar vinstri stjórnir síðan, enda er 50% verðbólga, sem menn töluðu um 1974, ekki talin í dag í sjónmáli, heldur 70%.

Ef við athugum örlítið líka hvernig breyting á þjóðarframleiðslu varð 1975, þá kemur fram að hún minnkaði stórlega. Ég vildi gjarnan að hæstv. fjmrh. skoðaði útgjöld ríkisins sem hlutfall af þjóðarútgjöldunum. Þá kemur einmitt í ljós að hlutfallið er nákvæmlega það sama 1973, 1974, 1975, 1976 og 1977, en sem hlutfall af þjóðarframleiðslu er það minna 1975 vegna þess að þjóðarframleiðsla minnkaði og það var verðbólga í landinu sem hafði þessar afleiðingar. Síðan má ekki gleyma því, að í maímánuði 1974 eru samþykkt af þáv. ríkisstj. ný útgjöld upp á 2 milljarða 250 millj. kr., á pappírnum að vísu einhverjar tekjur upp í þetta. Þetta voru útgjöld ríkissjóðs frá og með júnímánuði og út það ár, sem á 12 mánuðum á þessu tímabili voru u. þ. b. 4 milljarðar. Þetta kom allt saman inn í ríkissjóðsdæmið 1975, þannig að hallinn, sem þá var, á sínar skýringar.

Ef við höldum okkur að spurningu hv. þm. og skoðum árið 1978, þá voru tekjur ríkissjóðs — nú erum við að tala um tekjurnar, ekki um útgjöldin — þá voru tekjur ríkissjóðs sem hlutfall af þjóðarframleiðslu ekki 26, ekki 27, heldur 28.3%. Þá er ekki lengur hægri stjórn, eins og hann orðaði það, þ. e. samstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. Þá er komin vinstri stjórn og hlutfallið af ríkistekjunum 2% hærra hjá vinstri stjórn heldur en hjá ríkisstj. 1974—1978, sem hv. þm. vildi segja að hefði verið hægri stjórn. Árið 1979 var þetta hlutfall 29.5%.

Nú eru þessar tölur teknar í síðasta mánaðaryfirliti frá Seðlabankanum og spá hans er að tekjur ríkissjóðs verði 28.6% af þjóðarframleiðslunni 1980. Þetta sýnir að það eru vinstri stjórnir í þessu landi sem þyngja skattbyrðina, auka skattana. Það var einmitt þetta sjónarmið sem kom fram hjá hv. þm. í ræðu hans áðan, að þessa skatta verður að leggja á til að ná saman endum. En að það hvarflaði að hv. þm., að hægt væri að draga úr útgjöldum ríkissjóðs og þar á móti kæmi niðurfelling á þeim sköttum sem við höfum verið að tala um og munum tala um á næstu dögum, á það var ekki minnst. Við skulum gera okkur grein fyrir því, að á þessu tímabili, 1978—1980, hefur hlutfall ríkistekna til opinberra framkvæmda minnkað úr 25% niður í 15%. Þetta segir okkur að það er búið að hlaða á ríkissjóð nýjum og nýjum pinklum í rekstrargjöldum sem veldur því, að ríkissjóður hefur ekki fjármagn til að annast opinberar framkvæmdir eins og áður hafði verið gert, þ. e. nota sama hlutfall af ríkistekjunum, 25%. Og það þótti mönnum á árunum 1974—1978 alls ekki nægilega mikið, þeim sem þá voru í stjórnarandstöðu.

Ég vildi aðeins láta þetta koma hér fram vegna þeirra hugleiðinga og óbeinnar fsp. sem hv. 1. þm. Vesturl. bar fram. Ég held að það hafi sýnt sig af því, sem hér hefur verið sagt, að það eru vinstri stjórnir á Íslandi sem þyngja skattbyrðina. Það hefur sýnt sig hvaða vinstri stjórn sem verið hefur við völd í landinu.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að taka frekari þátt í þessum umr. en ummæli 1. þm. Vesturl. gáfu tilefni til að standa upp aftur.

Það er miklu alvarlegra mál en fjölmargir gera sér grein fyrir, ef ekki er hægt að leggja niður bráðabirgðaskatta þótt árin líði og endurnýjun á þeim fari fram svo til reglulega — skatta sem aldrei var gert ráð fyrir að festust í því fjármálakerfi sem þjóðfélagið hefur búið sér til, heldur hafa átt að vera til að leysa tímabundin verkefni. Þessi skattur var á sínum tíma lagður á einungis til að auka tekjur ríkissjóðs, en átti ekki að standa undir neinu sérstöku tímabundnu verkefni. Ég verð að segja alveg eins og er, að ég batt vonir við að þessi óhappaskattur yrði ekki endurnýjaður, hvað þá að hann yrði reglulega endurnýjaður.

Ég ætla ekki að deila um það, hvort hægri stjórnir eða vinstri stjórnir hafi verið vitrari við stjórn á þessu blessaða landi okkar. Ég held við höfum aldrei haft neina sérstaka hægri stjórn. (Gripið fram í.) Ég veit ekki hvað hv. 1. þm. Reykn. meinar með því. Ég lít á alla flokkana sem vinstri flokka, sama hvað þeir kalla sig. En ég er hræddur um að það sé kominn tími til þess, að alþm. fari að gera eitthvað af því sem þeir hafa verið að tala um. Menn úr öllum flokkum tala um að það þurfi að lækka þetta og lækka hitt. En síðan ég kom til setu á Alþingi og síðan ég byrjaði að fylgjast með stjórnmálum hef ég aldrei orðið var við annað en að þm. hafi beitt hugviti sínu til að finna nýja og nýja skatta til að mæta síauknum kröfum, m. a. um nýjar framkvæmdir sem þjóðfélagið hefur bókstaflega ekki efni á að standa í. Við erum að fjárfesta langt umfram það sem er eðlilegt á bókstaflega öllum sviðum. Það er staðreynd sem ekki verður frá vikið, hvort sem menn vilja eða vilja ekki, að í framkvæmdum verður að vera ákveðið eigið fé. Það þýðir ekki að reka þjóðfélagið á yfirdrætti. Það þýðir ekki að reka nokkurn skapaðan hlut á yfirdrætti, hvað þá þegar yfirdrátturinn er orðinn 100% af fjármagninu sem til þarf. Ég vil meina að þjóðfélagið sé rekið á þessum yfirdrætti sem ég er að vara við. Ég hef áður sagt úr þessum ræðustól að vísitölubréfin svokölluðu eða verðtryggðu ríkisskuldabréfin eru ekkert annað en yfirdráttarfé sem ríkissjóður hefur til ráðstöfunar á hverjum tíma. Ég get ítrekað það sem ég hef sagt hér áður og það nýlega. Ég tók sem dæmi lán sem var ársgamalt. Það var 30 millj. kr. fyrir ári. Þetta er vísitölulán og eftir eitt ár, þegar afborgun og vaxtagreiðsla hafði farið fram, stóðu eftir 43 millj. Þetta 30 millj. kr. lán varð eftir afborgun og vaxtagreiðslu 43 millj. Þá sjá menn hvert stefnir og í hvers konar þjóðfélagi við störfum, hvers konar þjóðfélag við höfum búið til.

Ég held að það sé kominn tími til þess, að framkvæmdavaldið beiti hugmyndum sínum til að komast hjá þessari síauknu skattheimtu sem hvílir á þjóðfélaginu, og það er alls ekki með það í huga að finna upp nýja skatta þegar ég tala á móti þeirri skattheimtu sem hér er á dagskrá nú. Stefnan verður að vera sú, hún verður fljótt að verða sú, að skilja meira eftir af launatekjum hjá fólkinu í landinu og gera fyrirtækjum kleift að standa undir meiri framkvæmdum en opinberum aðilum,

minnka þar af leiðandi framkvæmdir á vegum hins opinbera. Þetta þýðir að sjálfsögðu breytta stjórnarhætti, það sjá allir. Við verðum að stefna að því að minnka þarfir ríkissjóðs. Þörfum ríkissjóðs er fullnægt með síhækkandi álögum, hvort sem það er í tollheimtu eða annarri opinberri skattheimtu. Það getur ekki gengið til lengdar, það sjá allir.

Ég ætla ekki að hafa þessa ræðu lengri eða leggja meira til málanna um það dagskrármál sem hér er rætt. En ég held að öllum sé ljóst að þjóðin rís ekki undir því sem þegar er búið að leggja á hana. Og ég vona að það sé kominn tími til þess að við skiljum það, áður en sá snjóbolti, sem við höfum búið til, hleður á sig meira en ég gat um áðan, þegar ég tók dæmi um 30 millj. sem nú eru orðnar að 43 millj. eftir 12 mánaða bið í banka.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Það væri vissulega freistandi að hefja hér miklar umræður í sambandi við þau mál sem við höfum verið að minnast á hér. Ég get tekið undir með hv. 3. þm. Reykv., að vissulega væri full þörf á því að taka þessi mál til rækilegrar umræðu og skoðunar til þess að finna út það réttláta kerfi sem við væntanlega erum allir sammála um að þörf sé á að finna í þessum málum.

Við vorum að setja réttlátara skattakerfi í lög, eða þeir sem gerðu það 1978. Þar var mikil vinna á bak við lagagerðina. Ég minnist þess, að maður heyrði hina ýmsu stjórnmálaspekinga og ráðamenn á þeim tíma lýsa því yfir, að nú væri fundið réttlátt skattakerfi og skilvirkt, skattakerfi sem ætti að verða til þess að allir þegnar þjóðfélagsins byggju við visst réttlæti á þessum sviðum. Við erum nú á árinu 1980 að sjá hvernig þessi skattalög hafa reynst, afleiðingar þess koma sjálfsagt til umræðu síðar og leiða væntanlega til leiðréttingar.

Það, sem ég sagði í fsp. minni þegar ég nefndi hægri stjórn, var einfaldlega vegna þess að hv. 5. þm. Reykv. lagði svo mikla áherslu á orðið vinstri stjórn að mér fannst ástæða til að spyrja hann alveg sérstaklega um ágæti stjórnunarhæfileika á hægristjórnartímabili, sem ég geri þá ráð fyrir að hann hafi viljað eigna sínum stjórnartíma.

Það væri sjálfsagt hægt að tala langt mál um þær kröfur sem við gerum til þjóðfélagsins á hverjum tíma. Við viljum meiri félagslegar aðgerðir, við viljum fullkomnara tryggingakerfi og við viljum sjálfsagt — eins og hv. 3. þm. Reykv. sagði réttilega — fjárfesta umfram getu til þess að öðlast þau lífsþægindi sem íslenska þjóðin vill búa við. Í svari hv. 1. þm. Reykn. kom eiginlega fram það sem ég var að biðja hann um að svara. Raunverulega svaraði hann því skilmerkilega þegar hann las upp úr öllum skýrslunum. En auðvitað sleppti hann ýmsu sem gerir það að verkum, að þessi samanburður er ekki eins óhagstæður fyrir hann og e. t. v. fyrir okkur sem stöndum í því að bera ábyrgð á stjórn landsins í dag. Auðvitað sleppti hann ríkishallanum, ástandi í ríkisfjármálum á þessum árum. Auðvitað sleppti hann einnig að bera saman efnahagsástandið í heiminum og nefna olíukreppuna sem hefur sett efnahagskerfi hverrar stórþjóðarinnar á fætur annarrar úr skorðum, hvað þá þau áhrif sem þetta ástand hefur fyrir okkur, þessa litlu þjóð sem hefur mjög einhæfa möguleika á flestum sviðum.

Ég hélt að öllum væri ljóst að við Íslendingar erum háðari utanríkisviðskiptum en flestar aðrar þjóðir miðað við þær aðstæður sem við búum við í dag. Þetta er lýsandi dæmi um ástandið í raun og veru, og við ættum ekki að þurfa að vera hér að karpa um það, hvort við þurfum að halda uppi ákveðinni skattlagningu þegar alvarlegt efnahagsástand blasir við. Auðvitað veit hv. 1. þm. Reykn. ósköp vel hvernig efnahagsástandið er. Hann er meira að segja að fletta einni bókinni nú, Hagtölum mánaðarins, sem sýnir honum alveg eins og okkur hinum hvaða vandamál það eru sem við búum við í dag og erum að reyna að finna lausn á til að fleyta okkur áfram svo að þjóðin bíði ekki skipbrot og við getum haldið þeirri meginstefnu sem við erum þó allir sammála um: að reyna að tryggja öllum atvinnu í landinu.

Eins og ég sagði áðan ætla ég ekki að fara að halda hér neina eldhúsdagsræðu eða leiða umræðurnar út fyrir það svið sem þær eiga að fjalla um, þ. e. framlengingu á þessum sérstaka skatti sem við erum sjálfsagt ekkert sérstaklega ánægðir með. En eins og ég sagði hér í upphafi vil ég heldur þola það að þurfa að framlengja þennan skatt um eitt ár enn heldur en að taka upp nýja skattlagningu, þ. e. almennan eignarskatt, sem væri sennilega eina úrræðið í staðinn. Þess vegna vil ég heldur af tvennu illu famlengja þennan skatt um sinn.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Vegna þess, sem hv. 1. þm. Vesturl. sagði, vil ég aðeins minna á það sem sjálfstæðismenn sögðu á haustþingi 1978. Þeir bentu á það, að þáv. ríkisstj. færi rangt að. Hún ákvað að auka ríkisumsvifin og til þess að halda jöfnuði í ríkisfjármálunum beitti hún aukinni skattheimtu. Ef haldið hefði verið því striki sem þá var komið og við hefðum haft ríkisumsvifin í svipuðu hlutfalli 1978 og 1977, þá hefðum við ekki þurft á þeirri skattheimtu að halda sem ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar beitti sér þá fyrir og verið er að leggja til við Alþingi að framlengja nú.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég lýsi ánægju minni með það, að hæstv. fjmrh. er kominn í salinn. Um leið vil ég gefa hv. 1. þm. Vesturl. þær upplýsingar, að þegar skattalögin voru afgreidd 1978 voru þau afgreidd með nafnakalli í minni deild. Ég taldi þau lög meingölluð og afstaða mín gegn þeim er skráð í þingtíðindum frá þeim tíma.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 21 shlj. atkv.

Efri deild, 23. fundur.

Miðvikudaginn 10. des., kl. 2 miðdegis.

Frídagar sjómanna á fiskiskipum um jólin, frv. (þskj. 207). — 1. umr.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um frídaga sjómanna á fiskiskipum um jólin og geri það fyrir hönd sjútvrh. sem er fjarstaddur í opinberum erindagerðum eins og kunnugt er.

Þetta frv. er stutt og auðskilið. Í 1. gr. þess segir að á tímabilinu 23.—27. des. ár hvert skuli allir sjómenn á íslenskum fiskiskipum eiga a. m. k. þriggja sólarhringa

leyfi í heimahöfn skipsins. Í 2. gr. stendur að brot gegn lögum þessum varði sektum og í 3. gr. að lög þessi öðlist þegar gildi.

Með 3. gr. laga nr. 96 frá 8. sept. 1978 var svo ákveðið, að frá 1. des. 1978 og þar til um annað hefur verið samið skuli grunnlaun og tilhögun verðbóta á laun haldast óbreytt eins og ákveðið er frá 1. sept. 1978 samkv. almennum kjarasamningum, sem gerðir voru á árinu 1977 og fyrstu mánuðum 1978, og samkv. lögum þessum, eins og orðrétt segir í 3. gr. Ein af forsendum þessarar lagasetningar var niðurfelling hluta þeirra verðbóta á laun sem koma áttu til framkvæmda hinn 1. des. 1978. Í stað skerðingar verðbóta, sem af þessu leiddi hét þáv. ríkisstj. samtökum launþega og bænda sérstökum félagslegum umbótum sem síðar var látið leita samkomulags um við hin ýmsu samtök.

Meðal þess, sem samtökum sjómanna var heitið, var lögfesting frídaga fyrir alla sjómenn á fiskiskipum yfir jólahátíðina. Ástæðan til þess dráttar, sem orðið hefur á efndum þess, er eindregin andstaða útgerðarmanna og samtaka þeirra. Hins vegar hafa samtök sjómanna á fiskiskipum aldrei hnikað frá að gefin loforð í þessu efni verði efnd. Hafa að undanförnu komið áskoranir frá áhöfnum flestra togara hér á landi um efndir loforðsins.

Ég vil aðeins segja það um loforð af þessu tagi, að þó að það hafi kannske ekki verið alveg fullkomin yfirlýsing telur núv. utanrhh., þáv. forsrh., að þarna hafi verið um að ræða ígildi loforðs.

Á undanförnum árum hefur þróunin orðið sú, að fiskibátar og minni togarar hafa verið í heimahöfnum yfir jólahátíðina, enda hefur sú tilhögun hentað vel með tilliti til jóla- og nýársfría vinnslustöðva í fiskiðnaði. Í nágrannalöndum okkar er það orðin venja að fiskiskipum, bæði togurum og bátum, hefur verið stefnt til heimahafna um miðjan desember og þá gjarnan unnið að viðhaldi skipanna um þetta leyti árs. Er víst ekki ofsagt að við Íslendingar erum allra þjóða harðastir í sjósókn og því hefur þessi vani ekki verið tekinn upp hér í jafnríkum mæli og t. d. hjá frændum okkar á hinum Norðurlöndunum.

Aðalrökin hjá þeim útgerðaraðilum, sem eru andstæð slíkri lagasetningu og hér um ræðir, eru þau, að fortakslaus stöðvun fiskiskipa geri siglingar á erlenda markaði, sem eru bestir um þetta leyti, ókleifar, en auk þess leggja þeir áherslu á það óhagræði og tjón sem slík stöðvun valdi þeim útgerðum sem eiga og reka mörg skip, þar sem þau verða að leggja niður veiðar samkv. frv. þessu. Hvað sem þessum röksemdum líður ber að standa við gefin loforð og þar sem ekki hefur reynst unnt að ná samkomulagi er þetta frv. komið fram, enda er óeðlilegt að við Íslendingar skerum okkur úr öðrum þjóðum um frídaga til handa fiskimönnum okkar á mestu hátíð kirkjuársins. Auk þessa hefur, eins og ég sagði áður, þróunin hér heima orðið sú, að allir minni togararnir, sem eru líklega um 70 talsins, hafa verið í heimahöfn um jólin svo og allur bátaflotinn. Það eru aðeins stóru togararnir sem ekki hafa verið það, en ég hygg að þeir séu rúmlega 15 eða kannske eru þeir 17 nákvæmlega talið.

Ég vil leyfa mér, herra forseti, að gera tillögu um að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 13 shlj. atkv.

Samningur um gagnkvæma aðstoð í tollamálum, frv. (þskj. 191). — 1. umr.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um gagnkvæma aðstoð í tollamálum. Ég geri það fyrir hönd utanrrh. sem er fjarstaddur í opinberum erindum.

Þetta frv. fjallar, eins og heiti þess ber með sér, um það samkv. 1. gr. að ríkisstj. sé heimilt að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um gagnkvæma aðstoð í tollamálum, en samningurinn er prentaður sem fskj. með frv.

2. gr. fjallar um það, að þegar samningurinn hefur öðlast gildi að því er Ísland varðar skuli ákvæði hans hafa lagagildi hér á landi.

3. gr.: Fjmrh. setur nánari reglur um framkvæmd þessara laga.

4. gr. er um gildistöku, að lögin öðlist gildi þegar í stað.

Þetta frv. er lagt fyrir Alþ. til þess að afla heimildar fyrir ríkisstj. til fullgildingar á samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um gagnkvæma aðstoð í tollamálum svo og að veita ákvæðum samningsins lagagildi hér á landi.

Fyrir rúmum 20 árum var tekið upp náið samstarf milli Norðurlandanna um tollamálefni. Samstarfi þessu hefur verið stjórnað af tollstjórum landanna, Norænna tollasamvinnuráðinu (NTR), og hefur stofnskrá þess hlotið staðfestingu ríkisstjórna landanna, að því er Ísland varðar með bréfi fjmrh. 4. ágúst 1960 og aftur 26. sept. 1975. Hlutverki ráðsins er lýst í stofnskránni og tekur það til allra þátta tollamálefna, bæði norrænna og alþjóðlegra. Samstarfið er talið hafa gefist allvel og hefur haft í för með sér talsverðan árangur, bæði almennt og í einstökum málefnum.

Á fundi ráðsins í Moss í Noregi 1977 var frekari formfesting á þessu samstarfi rædd. Á þeim fundi var skipuð sérfræðinganefnd til að semja uppkast að samningi sem leggja skyldi fyrir næsta fund ráðsins. Sá fundur var haldinn í Helsingfors í september 1979 og var uppkast nefndarinnar samþykkt þar með minni háttar breytingum. Hefur síðan verið unnið að þýðingu samningsins á öll Norðurlandamálin og jafnframt samdar framkvæmdareglur til nánari útfærslu samningsins. Samningurinn öðlast gildi þremur mánuðum eftir að öll Norðurlöndin hafa fullgilt hann. Gert er ráð fyrir gildistöku framkvæmdareglnanna á sama tíma.

Aðstoð sú, sem í samningnum felst, er þrenns konar. Það er í fyrsta lagi aðstoð við framkvæmd tollalaga almennt, þ. e. álagningu tolla og annarra inn- og útflutningsgjalda svo og að haldnar séu reglur um inn- og útflutning. Í öðru lagi er aðstoð við innheimtu tolla og annarra gjalda. Og í þriðja og síðasta lagi er aðstoð til að koma í veg fyrir, rannsaka og upplýsa brot á tollalöggjöfinni. Samningurinn tekur til tolla og annarra opinberra gjalda sem ákvörðuð eru af tollyfirvöldum.

Samvinnu þessa verður að telja eðlilegt framhald þess samstarfs sem stofnað hefur verið til, m. a. með ályktun Tollasamvinnuráðsins í Brussel frá 5. des. 1953, um

gagnkvæma aðstoð tollyfirvalda til að koma í veg fyrir smygl. Ísland gerðist aðili að Tollasamvinnuráðinu árið 1971 og aðili að fyrrnefndri ályktun frá 1. maí 1973. Af hálfu Tollasamvinnuráðsins hefur síðan verið samþykktur nýr texti að alþjóðasamþykkt um gagnkvæma aðstoð tollyfirvalda aðildarríkjanna til að koma í veg fyrir brot á tollalögum, rannsaka þau og sækja til saka fyrir þau. Samþykkt þessi var undirrituð af Íslands hálfu hinn 29. júní 1978 með fyrirvara um staðfestingu.

Auk þeirrar fjölþjóðlegu samvinnu um tollamál, sem Ísland hefur tekið þátt í, hafa íslensk tollyfirvöld hin síðari ár haft mikilsverða óformlega samvinnu við tollyfirvöld einstakra ríkja til að tryggja rétta álagningu tolla og annarra inn- og útflutningsgjalda svo og að tollalöggjöf sé að öðru leyti virt. Að því er varðar samvinnu Íslands og Sambandslýðveldisins Þýskalands hefur nú verið komið á formlegum samskiptum á þessu sviði með samningi milli landanna frá 11. okt. 1977. Samningnum var veitt lagagildi hér á landi með lögum nr. 44 frá 10. maí 1978 og tók hann gildi hinn 11. okt. sama ár, sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum, C-deild, nr. 9 frá 1978. Hliðstæður samningur milli Íslands og Póllands um samstarf og gagnkvæma aðstoð í tollamálum var undirritaður hinn 24. okt. s. l. og tekur hann gildi 29. des. n. k.

Aukin samskipti þjóða kalla óhjákvæmilega á ýmiss konar eftirlit með vöru- og farþegaflutningum á milli landa, — eftirlit sem eðli málsins samkvæmt getur ekki orðið fullkomlega virkt nema tryggð sé samvinna milli tollyfirvalda viðkomandi landa. Um slíka samvinnu er rétt að settar séu reglur þar sem kveðið sé á um réttindi og skyldur aðila. Eins og fram kemur hér að framan hafa Norðurlöndin orðið ásátt um einstök ákvæði slíks samnings um gagnkvæma aðstoð í tollamálum og er frv. þetta lagt fram til að afla heimildar til fullgildingar á samningnum og veita einstökum ákvæðum hans lagagildi hér á landi.

Ég geri ekki ráð fyrir að það sé pólitískur ágreiningur um þetta mál, enda er þetta í raun og veru framhald af samvinnu sem hefur staðið um langt árabil milli Norðurlandaþjóðanna. Ég vil mælast til þess við þá n., sem fær þetta mál til meðferðar, að hún hraði afgreiðslu þess eins og kostur er þannig að það megi koma því fram fyrir jólahlé þingsins.

Að lokinni 1. umr. leyfi ég mér að leggja til að frv. verði vísað til fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 14 shlj. atkv.

Tímabundið vörugjald, frv. (þskj. 194). — 1. umr.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breyt. á lögum um sérstakt tímabundið vörugjald, en þessi lög eru góðkunningi hv. alþm. fyrir hver jól. Þau eru að stofni til frá árinu 1975, en hafa tekið nokkrum breytingum til hækkunar, voru hækkuð jafnt og þétt þegar á leið áratuginn, en hafa nú verið óbreytt um tveggja ára skeið og enn er lagt til að lögin verði framlengd um eitt ár.

Herra forseti. Þar sem hér er um að ræða óbreytta framlenginu á gildandi lögum og málið er vel þekkt í þingsölum sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um það, en legg til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Það frv., sem hér er til umr., er eitt af fjölmörgum frv. sem eftir er að afgreiða fyrir áramót til þess að tekjuáætlun fjárl. fái staðist. Mér sýnist að það hefði verið hægt að flytja þetta og fleiri frumvörp fyrr þannig að hv. Alþ. gæti betur um þau fjallað.

Ég vil vekja athygli hv. deildar á því, að þetta frv. er framlenging á sérstöku vörugjaldi sem hækkað var á árinu 1979 um 6 prósentustig og er ætlað að halda áfram á næsta ári. Þessi hækkun ein mun leggja 11 milljarða kr. skattaálögur á þjóðina á næsta ári. Þeir nýir og hækkaðir skattstofnar, sem hæstv. núv. ríkisstj. og fyrri vinstri stjórn beittu sér fyrir frá árinu 1978, frá því á voru lagðir sérstakir skattaukar þá, afturvirkir skattar, virðist mér að nemi hvorki meira né minna en 60 milljröðum kr. á næsta ári samkv. tekjuáætlun fjárlagafrv. Þetta er einn þátturinn í þessu skattahækkanaflóði.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frv. út af fyrir sig, en endurtek að mér sýnist að ríkisstj. hefði mjög auðveldlega getað sýnt Alþ. þá virðingu að leggja þessi frumvörp, sem hún er að leggja fram núna, fram fyrr. Svo er raunar um fleiri mál að því er varðar afgreiðslu fjárlaga. T. d. minnir mig að standi í aths. við fjárlagafrv. að lánsfjáráætlun yrði lögð fram í byrjun nóvember. Nú er farið að líða nokkuð langt á desember og ekki sést gripurinn.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Hv. þm. Lárus Jónsson hélt því fram áðan, að þetta frv. væri einn þátturinn í einhverju óskilgreindu skattaflóði sem væri að flæða yfir. Ég vil mega koma á framfæri leiðréttingu. Þetta frv. og lögin eru óskilgetið afkvæmi hv. þm. Lárusar Jónssonar og ekkert annað.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Það gerist nú æ tíðara að hæstv. ráðh. láta skapið hlaupa með sig í gönur hér á hinu háa Alþingi. Ég sagði áðan að hæstv. fyrrv. vinstri stjórn hefði hækkað þetta gjald á árinu 1979 um 6% og þessi 6% legðu á þjóðina á árinu 1981 samkv. tekjuáætlun hæstv. fjmrh. 11 milljarða kr. Þetta er skilgetið afkvæmi hæstv. ráðherra.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Það er ánægjulegt að hv. þm. Lárus Jónsson skuli viðurkenna faðerni sitt að króganum. En hitt eru engin tíðindi, að krógar stækka stundum þegar þeir eldast.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 18 shlj. atkv.

Fóstureyðingar, frv. (þskj. 200). — 1. umr.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., felur í sér að þrengd sé heimild til fóstureyðinga.

Samkv. gildandi lögum er fóstureyðing heimil af þrenns konar ástæðum, þ. e. í fyrsta lagi af félagslegum

ástæðum, í öðru lagi af læknisfræðilegum ástæðum og í þriðja lagi ef konu hefur verið nauðgað eða hún orðið þunguð sem afleiðing af öðrum refsiverðum verknaði.

Með þessu frv. er lagt til að fella niður að félagslegar ástæður geti heimilað fóstureyðingu og af þessu leiðir aðrar breytingar sem í frv. felast.

Þetta er í þriðja sinn sem ég flyt frv. samhljóða þessu. Ég hef í bæði skiptin flutt ítarlega framsögu fyrir málinu. Ég þykist vita, að hv. þm. hafi lagt hana vel á minnið, og sé ekki ástæðu til þess nú, í annað sinn á árinu 1980, að flytja ítarlega framsögu um þetta mál. Það er mjög kunnugt hvað hér er um að ræða.

Ég hef áður ítarlega lýst þeirri þróun sem hefur verið í þessum málum frá því 1975 þegar núgildandi lög um þetta efni voru sett og lögfest var að heimila fóstureyðingar af félagslegum ástæðum. Ég hef bent í máli mínu á þá þróun sem hefur verið áberandi víða erlendis og í þeim löndum sem næst eru okkur, að það er tilhneiging og beinar aðgerðir í þá átt að þrengja heimildir til fóstureyðinga. Ég hef í máli mínu lagt áherslu á að félagslegur vandi verði ekki leystur nema með félagslegum ráðstöfunum og það sé að hlaupast frá vandanum að grípa til þess úrræðis að eyða mannlegu lífu af félagslegum ástæðum. Ég hef í máli mínu lagt áherslu á það, að til grundvallar þessari afstöðu liggja siðferðileg sjónarmið og að það verði að hafa í huga ákveðið lífs- og manngildismat sem ekki leyfi að tekið sé mannlegt líf af félagslegum ástæðum.

Og nú flyt ég þetta frv. í þriðja sinn. Það er svo í raun og veru, að eftir því sem ég flyt þetta mál oftar, eftir því er meiri þörf á að endurflytja frv. Það er vegna þess hver þróunin er í þessum málum.

Á síðasta ári, þ. e. árinu 1979, voru fóstureyðingar 563 að tölu. Er þetta ekkert umhugsunarefni, hv. þm? Eru viðbrögð við þessum ótíðindum í nokkru samræmi við það lífs- og manngildismat sem við temjum okkur í öðrum efnum? Hve lengi á þögnin og sinnuleysið að vera andsvar okkar við mestu mannfórnum sem þjóð okkar nú færir. Hv. þm., er ekki kominn tími til að taka afstöðu? Geta menn horft lengur aðgerðalausir á það sem er að gerast meðal okkar? Það er okkur ekki eiginlegt. Það er ómanneskjulegt. Slíkt er andstætt siðgæðishugmyndum okkar, íslenskri menningu og íslenskri arfleifð.

Við viljum gera allt sem í okkar valdi stendur til að vernda líf sjómanna okkar, eflum öryggi þeirra og beitum hvers konar slysavörnum. Þetta dregur stórlega úr þeim mannfórnum sem þjóðin yrði ella að færa. Samt sem áður drukknuðu 22 menn á síðasta ári, þ. e. árið 1979. Við hörmum þetta um leið og það er hvatning til enn öflugri aðgerða til að koma í veg fyrir þessi slys. Á sama tíma, þ. e. á síðasta ári, misstum við í fóstureyðingum 563 mannslíf. Hvað um það, hv. þm.?

Við viljum gera allt sem í okkar valdi stendur til að vernda líf vegfarenda, bætum umferðarmenninguna og aukum öryggið. Samt sem áður létu 27 menn lífið í umferðarslysum á síðasta ári. Við hörmum þetta um leið og við herðum þann ásetning okkar að vinna enn betur að því að koma í veg fyrir þessi slys. Á sama tíma, þ. e. á síðasta ári, misstum við í fóstureyðingum 563 mannslíf. Hvað um það, hv. þm.?

Við sjáum vá fyrir dyrum þar sem eru fólksflutningar úr landi. Við viljum umfram allt að þeim linni því að okkar fámenna þjóð hefur ekki efni á að missa þetta fólk. Íslenska þjóðin hefur því sögulega hlutverki að gegna að halda uppi í þessu landi sjálfstæðu ríki með öllu sem því fylgir. Okkur finnst þetta sjálfsagt og eðlilegt og getum ekki hugsað okkur annað en að halda okkar sjálfstæðu tilveru. En það hljóta samt að vera takmörk fyrir því, hvað fámennið leyfir. Einhvers staðar eru takmörkin fyrir því, hve margar hendur þarf til að geta haldið uppi sjálfstæðu ríki og hagnýta auðlindir okkar til lands og sjávar. Það er því ekki að ófyrirsynju að við hrökkvum við þegar við heyrum um brottflutning fólks úr landi. Á síðasta ári nam brottflutningur fólks umfram innflutta 525 mönnum. Við hörmum þetta og sjáum að við svo búið má ekki standa. Á sama tíma, þ. e. á síðasta ári, misstum við í fóstureyðingum 563 mannslíf. Hvað um það, hv. þm.?

Já, hvað um það? Eigum við að halda áfram að gera ekki neitt í þessu mikla alvörumáli? Ekki getur neinn verið með því að svo haldi áfram sem nú horfir í fóstureyðingarmálum. Ekki fagnar neinn því, að við skulum missa 563 mannslíf í fóstureyðingum á einu ári. Við hljótum öll að fyllast óhug við þessi ótíðindi. Hvers vegna þá að sitja auðum höndum? Er ekkert hægt að gera?

Jú, það er ekki síður hægt að bægja frá vá fóstureyðinganna en að bjarga mannslífum á öðrum vettvangi. Það vill svo til, að meginfjöldi fóstureyðinga er framkvæmdur af félagslegum ástæðum. Því neitar enginn, að félagsleg vandamál eru fyrir hendi. Bágar heimilsástæður vegna ómegðar eða alvarlegs heilsuleysis á heimili eða þroskaleysis móður geta skapað félagsleg vandamál. En spurningin er: Hvernig á að bregðast við þeim vanda? Það á ekki að gera með því að veita heimild til fóstureyðinga. Þjóðfélag, sem leyfir fóstureyðingar af félagslegum ástæðum, lítur fram hjá hinum raunverulega vanda, sættir sig við óleyst vandamál. Félagslegur vandi verður ekki leystur nema með félagslegum ráðstöfunum.

Þetta er svo augljóst mál að ekki ætti að þurfa að hafa orð á því, en samt haga menn sér svo sem félagslegar framfarir séu fólgnar í mannfórnum. Það á að halda áfram á sömu óheillabrautinni. Til þess að sporna við því þarf að gera ráðstafanir sem ekki eru taldar eftir.

Kvensjúkdómadeild Landspítalans annar ekki lengur fóstureyðingum til viðbótar öðrum verkefnum sínum. Þess vegna er nú ráðgert að koma upp við Landspítalann dagdeild til að annast fóstureyðingar. Er þá gert ráð fyrir að konur komi á deildina að morgni, en fari heim að kvöldi, eftir að fóstureyðingin hafi farið fram. Gert er ráð fyrir að þær konur, sem hafi aðstæður til þess að geta legið heima eftir aðgerðina, notfæri sér þessa þjónustu. Með þessum hætti er verið að leysa vandamál kvensjúkdómadeildar Landspítalans. En hér er líka verið að mæta þróuninni og framtíðarþörf. Frá því 1974 hefur fóstureyðingum fjölgað um 150% og það er augljóst hvert stefnir ef ekki er brugðið á annað ráð.

Og það er einmitt það, sem þetta frv. leggur til, að við bregðum á annað ráð, að við leyfum ekki, heimilum ekki fóstureyðingar af félagslegum ástæðum. En þá er gert ráð fyrir að félagslegur vandi verði leystur með félagslegum ráðstöfunum. Í samræmi við það hef ég borið fram annað frv., sem nú hefur verið útbýtt hér í deild, þ. e. frv. um breytingar á lögum um almannatryggingar.

Þar er gert ráð fyrir margháttuðum aðgerðum til þess að bæta úr vanda einstæðra mæðra. En það er ekki nóg með það. Það er líka gerð tillaga um að bæta úr vanda

mæðra sem búa í hjónabandi eða óvígðri sambúð, ef þær eiga við að búa þann félagslega vanda sem samkv. gildandi lögum heimilar fóstureyðingu. M. ö. o.: ástæður, sem nú heimila fóstureyðingar, eiga að vera ástæður til þess að heimila sérstaka félagslega aðstoð í staðinn til viðkomandi mæðra. Það er á grundvelli þessara sjónarmiða sem þetta frv. er borið fram sem við nú ræðum.

Þetta er í þriðja sinn sem ég ber fram þetta frv. Það hefur ekki hlotið afgreiðslu í tvö fyrri skiptin. Ég er að vona að það verði allt þegar þrennt er og að þetta frv. fái afgreiðslu á þessu þingi. Ég leyfi mér að vona þetta af ýmsum ástæðum. En þessi skoðun mín er mér ofarlega í huga vegna þess að það líður varla sá dagur að menn ræði ekki þetta mál við mig hvar sem er á förnum vegi, hvar sem þeir hitta mig. Ég er ekki í nokkrum vafa um að það er vilji hins þögla meiri hluta í þessu landi að það verði breytt um stefnu í fóstureyðingarmálunum í samræmi við það frv. sem hér er til umr. Og ég vil leyfa mér að vona og ég hef raunar þá trú, eins og kom fram í orðum mínum áður, að enginn af okkur þm. sé ánægður með það ástand sem nú er í þessum málum. Ég hef ekki trú á því og kemur það ekki til hugar. Ég leyfi mér að ganga út frá því, að við séum öll sammála um að nú verði að stinga við fótum í þessu efni og bregða á það ráð sem gert er ráð fyrir í frv. mínu.

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Helgi Seljan: Herra forseti. Hér hefur verið flutt af hálfu hv. flm. þessa frv. alvöruþrungin ræða og ég ber fulla virðingu fyrir þeim skoðunum sem þar komu fram. Þetta mál hefur áður verið rætt í hv. deild og ég skal ekki lengja umr. nú um það. Áhersluatriði mín skulu vera tvö, hafa reyndar komið fram áður.

Varðandi öll þessi mál hefur skoðun mín verið sú, að að undangenginni bestu ráðgjöf og fræðslu færustu aðila væri það hiklaust sjálfsákvörðunarréttur konunnar sem í öndvegi ætti að sitja. Í því efni skal enn ítrekuð sú meginskoðun mín, að í yfirgnæfandi hluta tilfella sé þetta neyðarúrræði konunnar. Sér til gamans gerir konan það ekki að láta eyða fóstri sínu. Fullyrðingar ýmissa í þessa átt, ekki hv. flm., en ýmissa sem maður hefur heyrt til, eru ekki svaraverðar í rauninni.

Hitt áhersluatriðið snertir fjölgun fóstureyðinga. Þar er vissulega um alvarlegar tölur að ræða eða getur verið um alvarlegar tölur að ræða. En þar er ekki allt sem sýnist. Það var margra grunur, studdur veigamiklum *rökum og nær óyggjandi, að fyrir rýmkun þessara* ákvæða, sem nú er lagt til að þrengd verði, hefðu viðgengist hér í allríkum mæli ólöglegar fóstureyðingar, jafnvel framkvæmdar við hættulegar aðstæður eða hæpnar, vægast sagt. Um þetta eru engar tölur til að sjálfsögðu, en inn í myndina ber þó vissulega að taka þetta. Það var einnig staðreynd, að til útlanda fór ærinn hópur til fóstureyðinga. Tölur, sem hafa verið nefndar í umr. áður um þetta mál, tel ég ekki marktækar. Ég held að við höfum engar tölur þar um. En hér var þó engu að síður um verulega háa tölu að ræða. Þá tölu, ósannað að vísu hve há hefði verið, ber vissulega að taka inn í myndina einnig.

Þá ber að skoða alveg sér í lagi varðandi þá fjölgun, sem hv. flm. vék hér að, meðal hvaða aldurshópa aukningin hefur verið mest. Ég tek fyllilega undir með honum, að sú fjölgun er vissulega íhugunarefni sem ber að athuga vel og rækilega. Mér hefur verið tjáð það af aðilum, sem nokkuð þekkja til, að aukning sé mest meðal tveggja aldurshópa, þ. e. mjög ungra kvenna og þeirra sem eru í efri mörkum, ef svo má segja, í aldri og hafa haft til þess gild rök, heimilislega og heilsufarslega, að láta eyða fóstri.

Um málið sjálft má lengi deila, mörk um meðgöngutíma og réttlætingu yfirleitt hvað snertir hinn félagslega þátt, sem hv. flm. vék sérstaklega að, o. s. frv. Ég ætla ekki að gera það hér og mun ekki gera. En miðað við fyrra áhersluatriði mitt, um sjálfsákvörðunarrétt konunnar, fer ekki á milli mála að ég vil fara hér að öllu með gát varðandi þrengingar og íhuga málið, eins og hv. flm., mjög vel áður en breyting verður á.

Ég tek svo fyllilega undir með honum varðandi hinar félagslegu ráðstafanir. Þar þarf og á að sækja fram. Það er hægt að taka heils hugar undir það. Ég fullyrði hins vegar að það geti út af fyrir sig aldrei leyst allan vandann. Reyndar tók hv. flm. fram dæmi um þau atriði sem slíkar ráðstafanir gætu ekki leyst. Við vitum báðir að slík dæmi eru til.

Ég skal svo víkja að því sem sagði varðandi mæðralaunin. Ég tek undir með hv. flm. um það, að vissulega er ástæða til að styðja að ýmsum lagfæringum þar. Ég hef flutt sjálfur um það tillögu og ég vænti að þar verði uppi tillaga til úrbóta og einkanlega þó hvað snertir mæðralaun með einu barni. Er sérstaklega brýnt að við lagfærum það. Það er hins vegar sérmál og að miklu leyti ótengt þessu, þó að ég skilji vel meiningu hv. flm. með því að tengja þessi tvö mál saman. Það má eflaust gera það með nokkrum rétti að hluta til, en að sjálfsögðu kemur aldrei til greina að hægt sé að setja fullt jafnaðarmerki þarna á milli.

Davíð Aðalsteinsson: Herra forseti. Ég skal ekki hafa mörg orð um það frv. sem er til umr. Ég vil þó segja örfá orð.

Ég tjáði mig á liðnu þingi, þegar þetta frv. var þá til umr., á þann veg, að ég treystist ekki á því stigi til að lýsa yfir fylgi við það, en ég lýsti yfir fylgi við fjölmargt af því, sem fram kom í ræðu hv. flm., og geri það sömuleiðis nú.

Ég ætla ekki að tína hér upp tölur eða ýmislegt það sem komið hefur fram að því er varðar framkvæmd fóstureyðinga. Ýmislegt að því lútandi er dálítið yfirborðskennt. Það er ekki hægt að vita í smáatriðum hvað þar gerist raunverulega. En ég neita því ekki, að sá gífurlegi fjöldi fóstureyðinga, sem tölur vitna um, setur vissulega að manni ugg. Og það er mála sannast, að eftir 1975 varð gífurleg fjölgun á fóstureyðingum. Þá er ekki óeðlilegt að menn segi sem svo: Það er á forsendum rýmkunar heimilda sem var gerð með lagabreytingunni 1975, þ. e. fóstureyðingar eru heimilaðar á forsendum félagslegra ástæðna. Nú þykir mér út af fyrir sig forvitnilegt að fá það nánar útskýrt, ef hægt væri að fá nánari útskýringar á því, ekki hér í þessari hv. deild, heldur þegar þetta mál er komið til nefndar, hvernig lögin eru framkvæmd, hvort er um það að ræða að farið sé of frjálslega með þennan þátt laganna, þ. e. fóstureyðingar af félagslegum ástæðum. Ég lýsi því hér yfir, að sem formaður heilbr.- og trn. mun ég beita mér fyrir því, að n. kynni sér, eftir því sem tök eru á, framkvæmd laganna eftir 1975 og geri jafnvel samanburð við fyrri ár. Þetta kann að vera allnokkurt verk, en ég tel það skyldu okkar,

sem í þeirri n. sitjum, að vinna það verk, eins og ég tók fram áðan, eftir því sem tök eru á. Það er fjölmargt sem vert væri að ræða, en það er aðeins eitt sem ég vil taka fram. Það er vitað að fjölmargir aðilar í þjóðfélaginu vildu gjarnan taka fósturbörn. Ég leyfi mér að efast um það, án þess að ég vilji fullyrða nokkuð að það sé nægilegt upplýsingastreymi á milli heilbrigðisstofnana okkar og þess hóps í þjóðfélaginu sem hugsanlega vildi taka að sér þau börn sem af einhverjum orsökum eru því miður ekki velkomin í þennan heim.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta frekar, en vætni þess, að heilbr.- og trn. þessarar hv. deildar verði samstíga í því að athuga framkvæmd þeirrar löggjafar sem hér er fjallað um.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Hv. 2. þm. Austurl. sagði að tölur um fjölgun fóstureyðinga segðu ekki alla söguna því að það hefðu verið ólöglegar fóstureyðingar og konur hefðu í stórum stíl, eins og hann orðaði það, farið til útlanda. Þessu sjónarmiði hefur mjög verið haldið fram og hv. þm. er ekki einn um það. En ég held að hér sé um miklar ýkjur að ræða. Ég neita því ekki, að eitthvað hafi verið um þetta, en ég held að það hafi ekki verið svo mikið að það breyti nokkru um þá niðurstöðu að lögin frá 1975 eru meginorsök að aukningu fóstureyðinga.

Hv. þm. sagði að það væru óábyggilegar tölur sem væru til um hve margar konur hefðu farið til útlanda. Ég held að það séu ekki óábyggilegar tölur. Ég er hér með tölur sem ná ekki yfir allt í þessu efni, en gefa vísbendingu, og þær tölur eiga að vera öruggar. Mér skilst að það hafi verið einkum til Bretlands sem konur leituðu til að fá fóstureyðingu fyrir árið 1975. Nú get ég gefið þær upplýsingar, að samkvæmt heilbrigðisskýrslum heilbrigðisstjórnarinnar í Bretlandi fyrir árið 1974 kemur fram að það eru 23 íslenskar konur sem létu eyða fóstri í Bretlandi á því ári, — 23 íslenskar konur. Ég held að þessar upplýsingar, sem ég tel að verði ekki vefengdar, bendi rækilega til þess, að sú fullyrðing mín sé rétt að lögin frá 1975 og það ákvæði þeirra, að félagslegar ástæður heimili fóstureyðingar, séu meginástæðan fyrir þeirri uggvænlegu þróun sem við stöndum frammi fyrir með fjölgun fóstureyðinga.

Hv. 2. þm. Austurl. vék nokkuð að úrræðum til að ráða bót á félagslegum vanda. Við erum sammála um að félagslegar aðgerðir hljóta að koma þarna að gagni. En þó var að skilja á máli hv. þm. að það væri ekki einhlítt að félagslegar aðgerðir kæmu að gagni. Ég er honum sammála um að félagslegar aðgerðir, hverjar sem þær eru, hve miklar sem þær eru, geta aldrei orðið fullkomin trygging fyrir því, að fyrir öllu sé vel séð í upppeldi eins barns. Börn geta notið hins besta uppeldis og atlætis við fátækt, og ríkidæmi er engin trygging í þessu efni. Ég er sammála hv. 2. þm. Austurl. ef það er þetta sem hann meinar. En ég er ekki sammála honum ef hann meinar að undir einhverjum kringumstæðum eigi að leyfa fóstureyðingar af félagslegum ástæðum. Ég tel, eins og ég hef áður skýrt rækilega, að slíkt sé flótti frá vandamálinu og samræmist ekki þeim siðferðisreglum sem við Íslendingar höfuð viljað tileinka okkur.

Hv. 3. þm. Vesturl. sagði að það væri sumt yfirborðslegt sem kæmi fram í tölum sem væru nefndar í sambandi við fóstureyðingar. Ég er honum sammála um að tölur segja ekki allt í þessu efni. Við getum verið sammála um það. En það vil ég segja honum að veruleikinn er miklu dekkri en þessar tölur benda til.

Hv. þm. sagði að það væri fróðlegt að vita hvernig lögin væru framkvæmd. Víst er ekkert nema gott um það að segja, að menn hafi sem gleggstar upplýsingar um það. Ég hef fyrr, þegar ég hef mælt fyrir þessu máli, farið nokkuð út í þá sálma. Ég sagði í upphafi að ég ætlaði ekki að fara að endurtaka meginefni þess sem ég hef áður sagt um þetta mál. En ég vil segja það hér og fullyrða, að lögin eru þannig framkvæmd að jafna má til þess, að fóstureyðingar séu frjálsar nema þegar fóstrið hefur náð miklm þroska. Ég vil fullyrða þetta. Ég minni hv. þm. líka á það, að í umr. 1975 um frv. að lögunum deildu menn um hvað þeir vildu hafa fóstureyðingar frjálsar. Sumir vildu ganga skemmra, aðrir vildu ganga lengra en bókstafur þessara laga, sem nú gilda, segir til um. En oddviti þeirra manna, sem vildu hafa ákvæðin sem frjálsust, sagði þegar frv. var komið í þann búning sem það var afgreitt: Gott og vel, þetta gerir ekkert til vegna þess að frv. er þannig að í framkvæmd verður um frjálsar fóstureyðingar að ræða. — Þetta geta menn séð í umr. um málið. Og þessi maður hafði alveg rétt fyrir sér. Það hefur komið fram sem hann hélt fram.

Aðeins eitt atriði sem ég skal að lokum víkja að. Það er atriði sem hv. 2. þm. Austurl., svo að ég komi aftur að honum, vék að. Hann sagði að það væri sín skoðun að sjálfsákvörðunarréttur konunnar ætti að gilda í þessu efni. Ég ber ákaflega mikla virðingu fyrir þeirri skoðun, að sjálfsákvörðunarréttur eigi að ríkja og hver og einn maður eigi að hafa leyfi til að ráða sér sjálfur, ráða fyrir sér. En ef þessi réttur á að vera einhvers virði verða einhver takmörk að vera. Og takmörkin hljóta að vera þau, að það hafi enginn leyfi, enginn sjálfsákvörðunarrétt til þess að tortíma mannlegu lífi, sem fæðist til þess að hafa sama sjálfsákvörðunarrétt fyrir sig.

Það hefur oft verið talað um sjálfsákvörðunarrétt og í mörgum samböndum. Kannske er eitt það frægasta í því efni sjálfsákvörðunarrétturinn sem deilt var um á hinum sögulegu fundum, — kappræðum sem fram fóru á sléttum Bandaríkja Ameríku fyrir 120 árum og tveim árum betur. Þar áttust við tveir menn.

Annar þeirra, einn glæsilegasti stjórnmálamaður Bandaríkjanna, þekktur og viðurkenndur, barðist fyrir sjálfsákvörðunarrétti hinna einstöku ríkja Bandaríkjanna. Samkv. þessum sjálfsákvörðunarrétti áttu hin einstöku ríki að hafa rétt til þess að fjötra svarta menn í þrældóm. Ríkin áttu að hafa sjálfsákvörðunarrétt til þessa.

Hinn maðurinn, sem andmælti þessu, var ekki þekktur þá. En hann kom með þá skoðun, að hversu þýðingarmikill sem sjálfsákvörðunarrétturinn væri gæti hann aldrei þýtt það, að leyfilegt væri að gera það sem væri rangt í sjálfu sér og það væri rangt í sjálfu sér að binda nokkurn mann í þrældóm.

Af þessum málum varð stór saga, miklir atburðir og borgarastyrjöld. En nú finnast ekki menn sem halda því fram, að Stephen Douglas hafi haft á réttu að standa, en Abraham Lincoln á röngu. Menn geta talað um sjálfsákvörðunarréttinn í ýmsum samböndum og frelsið. Við skulum dá það. En það verða að vera takmörk fyrir sjálfsákvörðunarrétti, fyrir frelsi. Og ef það eiga að vera einhver takmörk hljóta það að vera þau takmörk sem banna að tortíma mannlegu lífi af hvaða ástæðum sem er.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Ég ætla ekki að flytja hér ræðu um það alvarlega mál sem hér er á dagskrá og hv. 4. þm. Vestf. flytur nú í þriðja sinn á hv. Alþ. því að málið hefur ekki náð fram að ganga. En það var ein setning sem kom mér til þess að fara hér í ræðustól. Hann minntist á að hann væri sannfærður um að hinn þögli meiri hluti væri samþykkur þessu frv. Mér er ljúft að lýsa því hér yfir, að ég tilheyri þeim hópi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 13 shlj. atkv.

Efri deild, 24. fundur.

Miðvikudaginn 10. des., að loknum 23. fundi.

Lífeyrissjóður hjúkrunarkvenna, frv. (þskj. 212). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Við gerð kjarasamninga ríkissjóðs við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og Bandalag háskólamanna á s. l. hausti varð samkomulag milli aðila um ýmis mál sem snerta lífeyrissjóði sem starfsmenn ríkisins eiga aðild að. Eitt af þeim atriðum, sem samkomulag varð um, var að lögum um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna, nr. 16/1965, og lögum um Lífeyrissjóð barnakennara, nr. 85/1963, skyldi breytt í samráði við stjórnir hlutaðeigandi stéttarfélaga til samræmis við þær breytingar sem samkomulagið milli starfsmanna ríkisins gerði ráð fyrir í lífeyrissjóðamálinu. Að höfðu samráði við Kennarasamband Íslands varð sú niðurstaða að sameina skyldi Lífeyrissjóð barnakennara Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og hefur verið flutt frv. þess efnis hér á Alþingi.

Það frv., sem hér er flutt um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna, hefur að geyma öll þau efnisatriði sem tilgreind eru í samkomulagi fjmrn. við BSRB og BHM. Þessi efnisatriði eru skýrð í yfirliti sem fylgir með frv. og er mjög ítarlegt og glöggt og gott yfirlit yfir þær breytingar sem felast í þessum frumvörpum öllum. Ég vil sérstaklega benda á það, vegna þess að hér er á einum stað dregið saman yfirlit um öll helstu efnisatriði þessara breytinga sem eru æðimargar. En ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þau, vegna þess að þessi atriði koma auðvitað ekki síður til umræðu þegar fjallað er um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, sem þegar hefur verið gerð grein fyrir, en það mál er til meðferðar á Alþ., eins og kunnugt er, og það í þessari deild.

Auk þessara efnisatriða, eins og ég áður sagði, sem gilda um lífeyrismálin almennt, hefur verið gert samkomulag um nokkrar aðrar breytingar sem ekki voru teknar inn í þetta frv. vegna þess, hversu síðbúnar þær urðu, en samkomulag varð um þessar breytingar milli fjmrn. og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja fyrir nokkrum dögum. Fjmrn. hefur komið þessum brtt. á framfæri við fjh.- og viðskn. Ed., og ég vænti þess, að þær hinar sömu brtt. verði teknar til athugunar við afgreiðslu á þessu máli.

Herra forseti. Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að fjalla frekar um mál þetta, enda er það í fullu samræmi við aðallífeyrissjóðamálið, þ. e. varðandi Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Jöfnunargjald, frv. (þskj. 213). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Tvö gjöld hafa verið lögð á innfluttar iðnaðarvörur á undanförnum árum. Bæði þessi gjöld hafa að hluta til runnið til stuðnings innlendum iðnaði. Hér er annars vegar um að ræða jöfnunargjald, sem numið hefur 3 prósentustigum á ýmsa flokka innlends innflutnings, og í öðru lagi aðlögunargjald, sem hefur verið lagt á sömu vöruflokka, einnig 3%. Bæði þessi gjöld hafa verið tímabundin og háð framlengingu frá ári til árs. Þau falla því bæði úr gildi um n. k. áramót að öllu óbreyttu.

Það er af aðlögunargjaldinu að frétta, að ljóst virðist að það verður ekki framlengt nú um áramótin, enda hefði þá þurft að liggja fyrir nú þegar samningur eða samkomulag við EFTA um það mál, en sá samningur liggur ekki fyrir. Eins og kunnugt er hafa verið skiptar skoðanir um hvort eðlilegt væri að leita eftir framlengingu þessa gjalds. Við höfum marigr verið þeirrar skoðunar, að rétt væri að leita eftir því. Þannig hefur iðnrh. gert um það tillögu að svo verði gert, og nokkrar áþreifingar munu nú hafa farið fram. En niðurstaðan er sú, að aðlögunargjaldið verður ekki framlengt, a. m. k. ekki að sinni, og fellur því niður. Aftur á móti eru full rök fyrir því og ekkert haft við það að athuga, að hitt gjaldið, jöfnunargjaldið, verði framlengt.

Jöfnunargjaldið er rökstutt með því, að söluskattur leggist á ýmis aðföng innlends iðnaðar. Þegar jöfnunargjaldið var fyrst ákveðið var reiknað með því, að um yrði að ræða tímabundna ráðstöfun og gjaldið félli niður jafnhliða því sem virðisaukaskattur yrði tekinn upp í staðinn fyrir söluskatt, en með upptöku virðisaukaskatts yrði eytt þeim svokölluðu uppsöfnunaráhrifum sem talin eru fólgin í núgildandi söluskattskerfi.

Hins vegar er ljóst, að enn verður einhver dráttur á því, að upp verði tekinn virðisaukaskattur hér á landi í stað núgildandi söluskattskerfis. Ýmsar ástæður eru þess valdandi, að ekki verður um sinn af upptöku virðisaukaskatts. Ljóst er að sá skattur hefur í för með sér verulega skriffinnsku umfram það sem er um álagningu söluskatts. Einnig yrði að fækka þeim mörgu undantekningum sem gilda nú um álagningu söluskatts. Hann legðist þá af fullum þunga á landbúnaðarvörur og hefði í för með sér verulegan kostnaðarauka fyrir heimilin í landinu og þar með verulega hækkun á verðbótavísitölu með þeim afleiðingum fyrir verðþróunina í landinu sem það hlyti að hafa. Auk þess er rétt að minna á að um-

fangsmiklar breytingar hafa verið gerðar á innheimtu tekju- og eignarskatts á þessu ári, sem óhjákvæmilega hafa lagt þungar byrðar á starfslið skattkerfisins.

Gert er ráð fyrir að staðgreiðslukerfi skatta verði tekið upp innan tíðar. Væntanlega verður lagt fram frv. um það mál síðar í vetur og er þar gert ráð fyrir að staðgreiðslukerfi skatta gæti komið til framkvæmda tveimur árum eftir að Alþ. hefur samþ. ákvörðun þess efnis. Talið er heldur óráðlegt að ráðast í umfangsmiklar breytingar á söluskattskerfi á sama tíma og verið er að vinna að þessu gífurlega mikla verkefni sem staðgreiðslukerfið og upptaka þess er, og einnig er ljóst að undirbúningur undir setningu laga um virðisaukaskatt og framkvæmd hans krefst nánari athugunar. Með hliðsjón af þeirri óvissu, sem er um það, hvenær upptaka virðisaukaskatts gæti komið til framkvæmda, er lagt til með þessu frv. að gildistími innheimtu jöfnunargjalds verði framlengdur ótímabundið.

Ég sé ekki ástæðu til að gera frekari grein fyrir þessu gjaldi vegna þess að það er eins í öllum aðalatriðum og verið hefur og leggst á sömu skattstofna eða sömu innfluttu vörurnar. Hins vegar eru nokkrar breytingar gerðar á núgildandi lögum, sem fyrst og fremst eru ýmiss konar formbreytingar til hægðarauka og til skýringar, og er gerð grein fyrir þeim í aths. við einstakar greinar frv.

Í þessu sambandi, þegar rætt hefur verið um jöfnunargjald og aðlögunargjald, hafa menn spurt að því, hvort tekjuhlið fjárlaga væri ekki ofáætluð, þar sem þar væri gert ráð fyrir innheimtu aðlögunargjalds upp á 2.8 milljarða og nú væri ljóst að sá gjaldstofn félli niður. Ég vil upplýsa í því sambandi að væntanlega verður lagt fram í dag eða á morgun frv. hér í þinginu um hækkun á svonefndu tollvörugjaldi, sem er gjald sem lagt hefur verið á sælgæti og gosdrykki og gilt hefur um mjög langt skeið. Þetta gjald er orðið um það bil 10 ára gamalt og það hefur staðið kyrrt, það hefur verið eins að krónutölu til um mjög langt skeið, þannig að það hefur farið rýrnandi með hverju árinu sem liðið hefur. Sérstaklega hefur það rýrnað mjög verulega á seinustu árum þegar hinn mikla verðbólga hefur geisað sem allir hv. alþm. þekkja. Hér er því fyrst og fremst um það að ræða að verið er að samræma gjaldið þeirri verðþróun sem átt hefur sér stað á nokkrum undanförnum árum. Álagning þessa gjalds kemur ekki aðlögunargjaldinu við á einn eða neinn hátt í raun og veru. Það er aðeins þáttur í tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs.

Hins vegar hlýtur það að koma til álita, hvað verði sérstaklega gert fyrir iðnaðinn. Það er mál sem ekki er með öllu útkljáð því að ljóst er að áframhaldandi álagning jöfnunargjalds er ein sér ekki nægileg stuðningsaðgerð í þágu iðnaðar. Hlýtur því að koma til greina að eitthvert gjald sé sérstaklega lagt á til þess bæði að veita iðnaðinum aukinn aðlögunarfrest að tollalækkunum, sem átt hafa sér stað á undanförnum árum, og aukinn aðlögunarfrest til samkeppni við innfluttar iðnaðarvörur. Eins er hitt, að iðnaðurinn þarf á auknum stuðningi að halda með beinum framlögum, eins og átt hefur sér stað í kjölfar álagningar aðlögunargjalds. Því gjaldi hefur verið varið til að styrkja nýjar iðngreinar, m. a. er ráðgert að á næsta ári, þegar lokauppgjör innheimts aðlögunargjalds frá árinu 1980 fer fram, verði því fjármagni að verulegum hluta varið til Iðnrekstrarsjóðs. Það er enginn vafi á að við þurfum á töluvert miklu fjármagni að halda til að tryggja eflingu iðnaðar í landinu í takt við fólksfjölgun og til að tryggja aukið framleiðsluverðmæti þjóðarbúskaparins. Í þessu sambandi gæti komið til álita að hækka jöfnunargjaldið úr 3% í t. d. 3.5% eða 4% eða jafnvel 5%.

Það mál hefur verið til umræðu í ríkisstj. Það hefur komið til álita að hækka jöfnunargjaldið eitthvað á sama tíma og aðlögunargjaldið er fellt niður, til að ganga til móts við óskir iðnaðarins í þessum efnum. Um það hafa engar ákvarðanir verið teknar og þess vegna er þetta frv. flutt með óbreyttri skattprósentu frá því sem áður var. En það má segja að full rök séu fyrir því, að þetta gjald gæti verið heldur hærra en það er nú vegna þess að það er miðað við uppsöfnunaráhrif söluskatts og söluskattur var allmiklu lægri, þegar þetta gjald var fyrst ákveðið, en hann er nú. Það gætu því verið full rök fyrir því að hækka þetta gjald, t. d. úr 3 í 4%. Þetta mun vafalaust koma til athugunar í fjh.- og viðskn., þegar hún fær málið til meðferðar, og verður þá tækifæri til að gera þessa breytingu á frv., ef mönnum þykir sérstök ástæða til. Því viðbótarfjármagni, sem með því fengist, yrði þá varið í þágu iðnaðarins. En þar sem málið þarf einnig nánari skoðunar við hjá Fríverslunarbandalaginu og í viðskrn. voru ekki efni til þess að ríkisstj. tæki neinar ákvarðanir um þetta áður en frv. væri lagt fram. Er því gert ráð fyrir því, eins og ég sagði áðan, að málið verði tekið til nánari athugunar í fjh.- og viðskn. deildarinnar.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál, en legg til að málinu verði að lokinni umr. vísað til hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Neðri deild, 27. fundur.

Miðvikudaginn 10. des., kl. 2 miðdegis.

Hollustuhættir, frv. (þskj. 148). — Frh. 1. umr.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Líklega eru ekki margir hv. alþm. sem hafa gengið lengra í því en ég að gagnrýna ýmislegt af því sem hefur komið hér á borð okkar þm. til afgreiðslu og fallið hefur undir svonefnda félagsmálapakka. Ég þykist hafa haft ærna ástæðu til þess og hef m. a. bent á tvö sígild dæmi:

Annars vegar það þegar stórir og sterkir aðilar innan heildarsamtaka verkalýðsins, Alþýðusambandsins, njóta styrks og stuðnings ráðamanna til þess að hafa af öðrum minni aðila, sem ekki hefur jafnmikið sér til verndar, og það sem af hinum minni máttar er haft er flutt til hinna sterkari í formi aukinna fríðinda og til þess að tylla nokkuð betur undir þá sem þar ráða ríkjum. Þegar ég hef sagt þetta, þá hef ég að sjálfsögðu átt við skerðinguna á fiskverðinu haustið 1978, en þá voru hin gegndarlausustu svik höfð uppi við íslenska fiskimannastétt, og er enn ekki bætt nema að sáralitlu leyti það sem af þeim var tekið þá, þótt loforð væri á móti um að svo yrði gert.

Annað dæmi hef ég bent á oftar en einu sinni. Það eru svik ráðherra sjálfra og stuðningsmanna þeirra hér á Alþingi við eigin brbl. á undirmenn í farmannastétt sumarið 1979.

Sjálfsagt væri hægt að tína upp lengri lista, en ég bendi á þetta vegna þess að það er andstæða þess sem hér er á ferð. Ég ætla að nota þetta tækifæri sérstaklega til að fagna þessu frv., sem tæpast verður rætt að þessu sinni — alla vega ekki við 1. umr. — öðruvísi en að jafnframt verði rætt nokkuð um lögin sem samþykkt voru hér á s. l. vori um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Þessir lagabálkar eru tengdir hvor öðrum og hafa það að markmiði að bæta aðbúnað á vinnustöðum, auka hollustuhætti og öryggi og koma í veg fyrir að heilsa bili eða hún bíði tjón af umhverfi mann á vinnustað. Auk þess koma undir þann lagabálk mörg önnur atriði sem varða almenna hollustuvernd í þjóðfélaginu hjá borgurunum almennt, þótt þeir falli ekki undir þetta víðtæka hugtak: launþegi.

Ég sé enn frekar ástæðu til að fagna annars vegar því frv., sem nú liggur frammi, og um leið lögunum frá því í vor um vinnuvernd vegna þess, að hvort tveggja á uppruna sinn í tíð þeirrar ríkisstj. sem ég studdi á sínum tíma, — ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar sem var við völd 1974—1978. Bæði þessi mál voru fyrst til umræðu og til samþykktar á Alþýðusambandsþingi 1976 og voru svo tekin upp í kröfugerð verkalýðssamtakanna í hinum víðtæku samningum 1977. Í því samkomulagi, sólstöðusamkomulaginu, varð það að samkomulagi milli vinnuveitenda, launþegasamtakanna og ríkisstj. sem þriðja aðila, að farið yrði í gagngera endurskoðun þessara mála, og í ráðherratíð Matthíasar Bjarnasonar, hv. 1. þm. Vestf., var skipuð fyrsta nefnd þeirra aðila sem hófu endurskoðun á þessum málum.

Af skiljanlegum ástæðum hefur orðið nokkur töf á því, að fullbúið frv. kæmi fram hér á Alþingi um þessi mál. Nokkur skýring er sú sem nú kom fram hjá hæstv. heilbr.- og trmrh. fyrir nokkrum dögum hér í hv. d. þegar hann var að mæla með öðru frv., sem hann kvað hafa tafist vegna sérstakra erfiðleika innan þáv. ríkisstj. á haust- og vetrarmánuðum 1978 og fram á árið 1979. Má vera að eitt og annað þá hafi valdið einhverjum töfum á þessu frv., eins og hann gat um að hefði átt sér stað í sambandi við málið sem hann var að mæla fyrir. En það er að baki og því ber að fagna, að frv. er komið fram, og enn fremur því, að frv. um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum er orðið að lögum.

Á síðasta Alþýðusambandsþingi átti ég sæti í starfsnefnd þingsins sem fjallaði einmitt og ályktaði um vinnuvernd. Ég sé sérstaka ástæðu til að skýra alþm. frá því — líklega verða ekki aðrir til þess hér — að ég hef sjaldan orðið var við eins almenna ánægju og gleði yfir lagasamþykkt Alþingis. Ég held að allir, sem þar áttu hlut að máli, hafi gert sér grein fyrir því, að hvort tveggja mun þetta kosta peninga, bæði fyrir atvinnuvegina og fyrir ríkissjóð. Hins vegar telur hinn almenni launþegi á Íslandi að hér sé svo mikið í húfi og um svo mikið hagsmunaatriði fyrir sig að ræða, að þeir meta það vel eins og vert er.

Það hefur komið fram við athugun á lögunum um vinnuvernd, sem tóku gildi í vor, að þar er viss hætta á ferðinni um eitt og annað. Okkur hefur þegar verið bent á það og engin ástæða til að draga úr því, að það þurfi að skoða mjög nákvæmlega í meðferð nefndar. En ég ber hins vegar engan kvíðboga fyrir því, að ekki muni finnast lausn þar á. Og einn fulltrúi vinnuveitenda hefur reyndar sagt að hann vonaði að ekkert af þeim athugasemdum, sem ég gat um við hann, mundi eiga við rök að styðjast, heldur mundi lausn finnast í meðferð þeirra sem fara með stjórn málanna beggja eða með framkvæmd laganna. Að sjálfsögðu væri mikið komið undir því, að til þess veldust hæfir menn sem hefðu til að bera samkomulags- og samstarfsvilja. En það mun rétt hjá þeim sem hafa bent mér og öðrum á agnúa þessa frv., að auðvitað ber að varast að halda við því smákóngafyrirkomulagi sem viðgengist hefur við framkvæmd þeirra laga sem enn gilda um þessi mál og reyndar á fleiri sviðum í okkar landi. Það hefur t. d. verið bent á að æskilegt gæti verið á hinum minni stöðum úti um land, að það væri embættismaður, en ekki starfsmenn í einhverju fyrirtæki, sem annaðist eftirlit á vinnustöðum, og þetta og annað eftirlit yrði sameinað í beina eftirlitsstofnun á viðkomandi stað. M. a. til þess að forðast undanlátsemi eftirlitsmanns vegna kunningsskapar, skyldleika eða tengsla væru þar embættismenn að störfum sem gætu litið á vandamálið frá faglegu sjónarmiði. Sjálfsagt er þetta eitt af því sem athuga þarf.

Ég ætla ekki að fara að ræða málið frekar efnislega nú við 1. umr. Þetta er svo mikið mál að það þarf að sjálfsögðu að skoða ítarlega í viðkomandi þingnefnd, sem ég á líka sæti í, og kalla til þá menn sem hún telur rétt að kalla á til að fá upplýsingar um atriði sem að hefur verið fundið. En mér sýnist, þegar ég les þau plögg sem fram hafa komið frá einstökum aðilum, að þær háu gagnrýnisraddir, sem voru uppi um viss ákvæði laganna um vinnuvernd og aðbúnað á vinnustöðum — og reyndar það lagafrv. sem hefur verið lagt fram líka, hafi ekki við rök að styðjast. Hefur t. d. verið bent á það af formanni Læknafélagsins, að margar af athugasemdum landlæknis, sem komu fram á s. l. vetri í sambandi við hið fyrra málið, hafi alls ekki átt við rök að styðjast og var vísað frá sem aðfinnsluverðum.

Áður en ég lýk máli mínu get ég ekki annað en vikið aðeins að þeirri þróun sem orðið hefur í þessum málum hjá okkur t. d. síðustu tvo áratugina, eða t. d. það tímabil sem ég hef átt sæti hér á Alþingi, svo að ekki sé farið lengra til baka. Það er enginn vafi að á fyrstu árum sjöunda áratugsins, þegar nýir menn komu til starfa í þýðingarmiklum embættum, t. d. framkvæmdastjóri þáverandi Iðnaðarmálastofnunar, Sveinn Björnsson, sem beitti sér fyrir margvíslegri kynningu á framkvæmd og hugmyndum manna í nágrannalöndum okkar og vestan hafs í samskiptum launþega og vinnuveitenda, að þau störf hans höfðu gífurleg áhrif á slíka þróun hér á næstu árum. Ég bendi t. d. á það, að þá strax má finna fyrstu hvöt þess, að samskiptaaðilar á vinnumarkaðinum leggist báðir á eitt um að endurbæta gildandi lög og reglur og nálgast eitthvað það sem fram var komið t. d. á Norðurlöndum í þessum málum. Ferðir, sem voru farnar til Norðurlanda til að kynnast samstarfsnefndunum svokölluðu, orsökuðu m. a. þetta. Að vísu áttu þær ekki upp á pallborðið hjá hv. alþm. Ég minnist þess, að ég flutti till. um að ríkisstj. hjálpaði aðilum til að koma slíkum nefndum á fót m. a. með kynningarstarfsemi. Þá voru það ráðamenn í Alþýðusambandi Íslands, sem máttu ekki heyra það eða sjá, að ríkisvaldið væri að skipta sér af slíkum málum. Er nú önnur tíðin þegar allt hreyfist í þá áttina, sem m. a. pólskur verkalýður er að forða sér frá,

en það er að flytja sem mest af ráðum verkalýðshreyfingarinnar upp í ráðuneyti. Bæði á þessu sviði og mörgum öðrum hefur gengið verr að koma fram ýmsum skynsamlegum málum á þessum og skyldum sviðum í samskiptum þessara aðila heldur en ella hefði orðið. Ég hef rætt við fleiri en einn úr röðum vinnuveitenda um þessi mál á liðnum árum, enda haft ærnar ástæður til þar sem ég hef oft verið í samningum fyrir það stéttarfélag sem ég hef verið í hátt á fjórða áratug, og hef m. a. fengist við marga þætti þessara mála í þeim samningum við okkar viðsemjendur, og ég hef orðið var við mikla hugarfarsbreytingu þar og meiri og betri skilning en verið hefur. Það leynir sér ekki, þótt þeir eins og aðrir hafi takmörkuð peningaráð á erfiðum tímum eins og íslenskur atvinnurekstur hefur alltaf búið við og mun alltaf búa við, að hugsunarhátturinn hefur breyst í það horf, að margir þeirra skilja að það er fyrirtækjunum til góða og um leið þjóðinni allri að gætt sé heilsu starfsmannanna og þeir hvorki ofkeyrðir í vinnu né aðbúnaður slæmur eða eiturefni eða slysavaldar geri lífið minna bærilegt en ella.

Ég minntist áðan á að tregðu gætti oft og tíðum hjá launþegasamtökunum. Ég minnist þess, að það eru yfir 15 ár síðan lagt var fyrir aðila frv. um vinnuvernd, sem hafði verið unnið að af milliþm. skipaðri fulltrúum launþega og vinnuveitenda, eitt fyrsta frv. sem samið var um ákveðinn hámarksvinnutíma í helstu atvinnugreinum, þó með undantekningum. Var það frv. sniðið eftir norskum lögum sem eru hluti af vinnuverndarlögunum norsku. Þótt vinnuveitendur væru þá reiðubúnir til að standa við sinn hluta af starfi í nefndinni, sem að þessu vann, fór svo, að þegar þingnefndin sendi Alþýðusambandinu þetta mál til umsagnar fannst forsvarsmönnum þess sér ekki skylt að svara fsp. frá nefndinni. Þar með dó það mál, og átti þó sæti í nefndinni og var 1. flm. að till. hér á hv. Alþingi maður sem átti eftir að gegna forsetastörfum í Alþýðusambandi Íslands um langt árabil.

Ég vil láta það koma fram hér við 1. umr. málsins, að ég fagna þessu frv. Ég geri mér grein fyrir því, að fram mun koma og við eigum sjálfsagt eftir í þingnefndinni að heyra ýmsar aðfinnslur og athugasemdir. En eftir að hafa hlýtt á þær ábendingar og eftir að hafa lesið frv. yfir og ýmis fskj. — þar á meðal aftur þau fskj. og aths. sem hafa komið fram varðandi hið fyrra frv., sem ég kalla, um vinnuverndina, — þá sé ég ekki að neitt sé því til fyrirstöðu, að hægt sé að vinna að því að þetta frv. náist fram hér á Alþingi á eðlilegum tíma. Ég endurtek svo þakkir mínar, ekki aðeins til hæstv. ráðh. fyrir að hafa komið frv. fram núna, heldur og til þeirra fjölmörgu sem hafa unnið að því að málið er komið þetta langt og inn í þingsalina til okkar.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Hv. 1. landsk. þm. hefur nokkuð rætt það frv. sem hér er til umr., og ég mun á sama hátt og hann ekki ræða frv. efnislega, til þess gefst tóm síðar þegar hv. n. hefur fjallað um frv., enda verður það án efa skoðað vandlega í þeirri n. sem fær málið til meðferðar. Varla verður samt sagt að þetta frv. hafi fengið mjög frábærar móttökur í stjórnarmálgögnum, því að leiðari eins blaðsins, Dagblaðsins, var á þann veg að þar var ráðist gegn frv. Þótt ég telji að það hafi verið gert af misskilningi, þá er það samt athyglisvert hvaðan sú gagnrýni kemur. Aðallega réðst blaðið að því, að verið væri að stofna til 224 nefnda, en að öðru leyti hirði ég ekki um að ræða það sem kom fram í leiðara þessum.

Ástæðan fyrir því, að ég kveð mér hljóðs við þessa umr., er sú, að á sínum tíma hafði ég sem nm. í hv. félmn. Nd. afskipti af lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, og eins og menn muna var það frv. keyrt í gegnum Alþingi af talsverðum hraða á síðasta þingi. Vegna þess, hvernig á stóð, ákvað n. að taka fram í sínu áliti nokkurs konar fyrirvara. Á þskj. 504 á 102. löggjafarþinginu kemur þessi fyrirvari fram og er svo hljóðandi, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir þau ákvæði til bráðabirgða í frv., þar sem gert er ráð fyrir að endurskoðun laganna skuli fara fram eigi síðar en fimm árum eftir gildistöku þeirra, telur n. nauðsyn bera til, vegna ágreinings um túlkun ýmissa ákvæða í frv. svo og marga óljósra atriða, að stjórnvöld láti í sumar gera úttekt á gildissviði og framkvæmd laganna, að því er varðar ýmsar stofnanir, ný lagafrv. og eldri lög, sem frv. gerir ráð fyrir að falli undir hin nýju lög að einhverju eða öllu leyti. Jafnframt verði lögð fram áætlun um rekstrarkostnað Vinnueftirlits og sparnað sem sameining stofnana leiðir til.

Nauðsynlegt er að þessi úttekt liggi fyrir áður en Alþingi kemur saman á ný næsta haust, svo að Alþingi geti gert viðeigandi lagabreytingar, ef ástæða þykir til, áður en lögin taka gildi 1. jan. 1981."

Hér lýkur tilvitnun í nál., sem er undirritað af öllum nm. hv. félmn. Nd.

Eitt af því, sem nefnt er í þessum fyrirvara, er hugsanleg skörun laganna um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og þess lagafrv. sem er hér til umr. í hv. d. Nýlega var skýrslu þeirri, sem unnin var í sumar af hæstv. félmrh., dreift á hv. Alþingi, en áður hafði þessi skýrsla verið send hv. félmn. Nd. Því miður urðu þau mistök í n., að formaður hennar lagði hana fram fullseint, þannig að nm. í félmn. hafa ekki haft skýrsluna við höndina nema í örfáar vikur. Það er því ástæða til að spyrja hæstv. ráðh. að því, hvort hann hyggist láta fara fram umr. um þessa skýrslu, hvort hún sé lögð fram hér á hv. Alþingi til þess að um hana fari fram umr. eða hvort hann ætlist til þess, að hv. félmn. Nd. segi álit sitt á skýrslunni með einum eða öðrum hætti.

Það eru nokkur atriði í þessari skýrslu sem ég tel ástæðu til að ræða örlítið við þessa umr., einkum og sér í lagi vegna þess að ég hygg að félmnm. hafi haft það m. a. í huga, að til laga um hollustuhætti yrði stofnað og þau sett á þessu þingi. Það eru örfá atriði sem mig langar til þess að biðja hæstv. ráðh. að fjalla um, tali hann aftur við 1. umr., þótt mér sé ljóst að hér sé farið á ystu brún, því að í raun og veru er verið að fjalla um annað mál, þótt náskylt sé. En ég réttlæti mínar gerðir og þessa ræðu með því, að sjálfur fór hæstv. ráðh. nokkrum orðum um þessa skýrslu í framsöguræðu með því frv. sem hér er til umr.

Mér finnst í fyrsta lagi nokkuð gagnrýnisvert að sömu menn og sömdu lögin skyldu vera látnir fara yfir þau með því gagnrýnishugarfari sem um var beðið í nál. félmn. Reyndar var það útvíkkuð nefnd sem var þar að störfum, en eigi að síður tel ég að þegar beðið er um gagnrýni á störf nefndar sé ekki góður siður að láta sömu menn skrifa þá skýrslu.

Það er alveg ljóst, að ein helsta ástæðan fyrir því, að efnt var til lagasetningar um vinnueftirlitið, var sú, að talið var að með þeim hætti væri hægt að sameina ýmsar stofnanir. Það kom fram bæði í fjárlagafrv. fyrir árið 1980 og eins í umr. um vinnueftirlitsfrv., að ýmsir töldu

að stofnun eins og Brunamálastofnunin yrði lögð niður. Í skýrslu þeirri, sem hér liggur fyrir hv. Alþingi og er gefin út af félmrn. og heitir Vinnuvernd I, er sagt frá því, að nefndin hafi s. l. sumar átt viðræður við forráðamenn Brunamálastofnunar. Nú er mér sagt að nefnd, sem hefur haft með það mál að gera, hafi lokið störfum. Mig langar til að spyrja hæstv. heilbr.- og trmrh. og félmrh. að því, út á hvað þessar nýju tillögur gangi. Ganga þær út á það leggja niður Brunamálastofnun, eins og hagsýslustjóri virðist hafa talið að gerast mundi með tilurð Vinnueftirlitsins, eða er þar um að ræða að Brunamálastofnunin eigi að vaxa meira frá því sem nú er — eða hver verður staða hennar í kerfinu? Þetta nefni ég hér vegna þess að ég hef rökstuddan grun um að skýrsla Guðmundar Magnússonar o. fl. sé tilbúin. Væri æskilegt í þessum umr. að fá upplýsingar um þetta mál hjá hæstv. ráðh.

Í öðru lagi langar mig til þess að minnast á atriði sem talsvert var rætt í n. á sínum tíma og enn fremur kom fram hjá fulltrúum landbúnaðarins og reyndar kemur fram í skýrslu félmrn. á bls. 11 og 12, en það er viðvíkjandi landbúnaðinum. Eins og hv. alþm. muna höfðu Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda ákveðinn fyrirvara við setningu laganna um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og töldu að ákvæði laganna gætu ekki gilt um landbúnaðinn. Á bls. 11 og 12 segir að nefndin, þ. e. endurskoðunarnefndin, sem í raun var sama nefndin og samdi frv. sem nú er orðið að lögum, hafi rætt þetta aftur við þá fulltrúa landbúnaðarins, sem ég fyrr nefndi, og samkomulag hafi orðið um að Búnaðarþing, sem haldið verður í febrúar n. k., fái þetta mál til meðferðar og semji reglugerð um þetta efni. Hér er um að ræða framsal hæstv. ráðh. til Búnaðarþings um reglugerð er varðar þessi mál í landbúnaðinum. Ég vil spyrja hæstv. ráðh. hvort í því framsali sé gert ráð fyrir því, að Búnaðarþing hafi frjálsar hendur um hvernig staðið verður að vinnueftirliti í landbúnaði. Slíkt getur auðvitað orðið til þess, að aðrar stéttir í landinu telji að þær geti haft sams konar reglugerðarvald um vinnueftirlit í sínum greinum. En eins og allir vita er gert ráð fyrir því, að vinnueftirlitið sé kostað af atvinnuvegunum sjálfum.

Í þriðja lagi langar mig til þess að spyrja hæstv. ráðh. að því, hvað hann telji um samstarf heilbrigðisþáttarins, þ. e. heilbrmrn. og þeirra aðila sem fara með vinnueftirlitið hins vegar, og hvort hann treysti sér til þess hér við 1. umr. um frv. um hollustuhætti og hollustuvernd að segja frá því, hver hans skoðun sé á viðhorfum sem birtast í hugmyndum Ingimars Sigurðssonar, sem er meginhöfundur þess frv. sem hér er til umr. Þar kemur fram að Ingimar vill treysta böndin á milli þessara aðila mun meira en gert er ráð fyrir í lögunum og reyndar í því frv. sem hér er til umr. Í þessu sambandi er reyndar ástæða til að minna á umsagnir frá Reykjavíkurborg á sínum tíma og þó einkum og sér í lagi frá Þórhalli Halldórssyni framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur í bréfi sem hann sendi til Arnar Bjarnasonar 25. ágúst 1980 og ég veit að hæstv. ráðh. hefur kynnt sér. (**Félmrh.:** Á þm. við hugmyndina um samstarfsnefnd?) Já, og vegna fsp. hæstv. ráðh. úr sal skal það tekið fram, að ég á við hugmyndir um samstarfsnefnd og jafnvel enn nánara samstarf og hvert álit hæstv. ráðh. sé á tengingu þessara tveggja þátta. En eins og ég hef vikið áður að í mínu máli var meginhugmyndin í upphafi að reyna að ná tökum á samræmingu á þessum sviðum öllum. Og ég tel reyndar að með því frv., sem hér er til umr., séu tekin ákveðin góð skref í þá átt.

Næst vil ég ræða um Framleiðslueftirlitið og þau viðhorf sem koma fram í skýrslunni á bls. 13 frá Jóhanni Guðmundssyni forstöðumanni Framleiðslueftirlits sjávarafurða. Þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Þess skal hér getið, að forstöðumaður Framleiðslueftirlits sjávarafurða, Jóhann Guðmundsson, sem var gestur nefndarinnar á fundum hennar 25. júlí og 8. ágúst 1980, ritaði félmrh. bréf, dags. 22. ágúst 1980, og boðaði athugasemdir af sinni hálfu við lög nr. 46/1980 „vegna skörunar við Framleiðslueftirlit sjávarafurða".

Nefndinni hafa engar athugasemdir borist frá forstöðumanninum og nefndarmenn ekkert frá honum heyrt frá því er hann sat á fyrrgreindum fundum með henni."

Mig langar til að spyrja hæstv. ráðh. hvort hann geti upplýst þingheim frekar um þessi mál og hvort hann kannist við það, að ríkisstj. — en það mál heyrir nú reyndar undir hæstv. sjútvrh. — hafi borist endurskoðun á skýrslu um starfsemi Framleiðslueftirlits. Eins og hv. þm. muna var áfangaskýrslu skilað á síðasta ári í þeim efnum, og ég hef rökstuddan grun um að nú hafi fyrir nokkru verið skilað skýrslu um þetta mál. Það er athyglisvert, þegar rætt er um samræmingu á hollustu- og vinnuverndarkerfinu, að taka þá inn í dæmið jafnframt Framleiðslueftirlit sjávarafurða auk annarra eftirlitsstofnana, sem reyndar er fjallað um í því frv. sem hér er til umr., og þá á ég við mengunarvarnir, geislavarnir og aðra slíka aðila sem tengjast þessum málum. Hafi hæstv. ráðh. einhverjar frekari upplýsingar um viðhorf Jóhanns Guðmundssonar, sem hann boðar í þessari skýrslu, en n. fékk ekki til sín, væri gott fyrir hv. þm. að fá upplýsingar um það. Jafnframt væri æskilegt ef hæstv. ráðh. gæti skýrt þingheimi frá því, hvort hæstv. ríkisstj. hafi borist lokaskýrsla frá þeirri nefnd sem sett var á laggirnar til að endurskoða hlutverk og stöðu Framleiðslueftirlits sjávarafurða, en það er mat margra að verulega megi draga úr kostnaði og umfangi þeirrar stofnunar.

Á bls. 15 í þessari skýrslu er fjallað um viðhorf landlæknis, en eins og allir muna gerðist það þegar lögin um vinnuvernd voru samþykkt, að landlæknir lýsti yfir andstöðu sinni opinberlega í fjölmiðlum. Landlæknir hefur komið sínum viðhorfum til skila samkv. þessari skýrslu. Hæstv. félmrh. er jafnframt hæstv. heilbrmrh. og mig langar til þess að heyra hann hér, við 1. umr. um þetta mál, segja þingheimi frá því, hvort landlæknir, hans undirmaður, sé ánægður með þá skipan mála og hvert álit hæstv. ráðh. sé á þeim umkvörtunarefnum sem komu fram frá landlækni, m. a. í blaðagreinum s. l. vor.

Á bls. 17 í skýrslunni um vinnuvernd, sem ég hef gerst ærið langorður um, er fjallað um kostnaðinn Ég rifja það upp, að eitt af því, sem kom fram í nál. hv. félmn. Nd., var einmitt það, að fyrir byrjun þessa þings lægju fyrir kostnaðaráætlunartölur sem snertu Vinnueftirlit ríkisins. Nánast það eina, sem sagt er um þessi mál í þessari skýrslu, er neðst á bls. 17, þar sem segir, með leyfi forseta:

„Hins vegar er stefnt að því, að eftirlitskerfið verði einfaldað og bundinn verði endir á það ófremdarástand, að tveir eða jafnvel fleiri aðilar hafi eftirlit og afskipti af sama vandamáli."

Þetta eru fögur fyrirheit, en ég efast um að þetta sé sú niðurstaða sem hv. félmn. bjóst við að fá, miðað við þann fyrirvara sem hún gerði í nál. s. l. vor og var forsenda

þess, að þetta frv. var afgreitt á því þingi. Á þetta minnist ég hér og nú, því að frá því að þessi skýrsla var skrifuð á sínum tíma í sumar eru liðnir nokkri mánuðir og þess vegna hefur hæstv. félmrh. gefist nægur tími til að vinna að þessum hugmyndum. Og reyndar veit ég að ný stjórn Vinnueftirlitsins hefur komið saman og rætt nokkuð þessi mál, þar á meðal um iðgjöld á næsta ári. Það væri æskilegt ef hæstv. ráðh. gæti upplýst þingheim um það við 1. umr. um frv. til l. um hollustuhætti og hollustuvernd.

Nú getur það komið í ljós í ræðu hæstv. ráðh., að hann telji fulla ástæðu til þess að félmn. Nd. ræði skýrsluna og um hana fari síðan fram umr. hér á hv. Alþingi. Sé það hugmynd hæstv. ráðh. er nauðsynlegt að slík umr. fari fram sem allra fyrst og alla vega fyrir jól, því að lögin taka gildi um áramót. Verði það ofan á, að hér fari fram umr. um þessa skýrslu, þá er auðvitað ástæðulaust fyrir hæstv. ráðh. að svara þessum spurningum öllum í dag á þessum fundi, því að þá er honum í lófa lagið að taka þær upp og gera þeim ítarleg skil í framsöguræðu sinni fyrir skýrslunni þegar hún verður tekin til umr. Sé það hins vegar ekki ætlunin, þá vildi ég beina þeim tilmælum til hæstv. ráðh., að hann reyndi að greiða fyrir því, að þær upplýsingar, sem hér hefur verið beðið um, komi fram við 1. umr. þess máls sem hér er til umr.

Ég ætla mér ekki að ræða almennt um efnisatriði frv. á þskj. 148. Ég efast ekki um að hér er um að ræða afrakstur af starfi manna sem hafa lagt sig fram um að vinna sitt starf sem best, og mér sýnist á frv. að þar sé margt til bóta. Það var þó athyglisvert, sem kom fram í framsöguræðu hæstv. ráðh., að hann sagði að frv. færi lagt fram án skuldbindinga um stuðning stjórnarflokkanna. Þetta er harla óvenjulegt orðalag, ef ég man rétt, og mig langar til að spyrja hæstv. ráðh. hvort þetta þýði það, að frv. hafi ekki fengið umræður í ríkisstj. eða hvort einhver fyrirvari sé af hálfu einhvers aðilans að stjórnarsamstarfinu eða hvort þetta sé aðeins orðalag sem hæstv. ráðh. notar til vara til þess að koma ekki hugsanlega í bakið á einum eða öðrum. En orðalagið var sérkennilegt því að þetta gerist venjulega ekki um stjórnarfrv.

Frv. til l. um hollustuhætti og hollustuvernd er frv. sem gerir ráð fyrir því, að lögin séu rammalög og taki ekki yfir þau svið sem við getum kallað sérsvið. Ég lýsi ánægju minni með að þetta frv. er komið fram, og ég veit að nm. í heilbr.- og trn. muni gera sitt til þess að þetta frv. nái fram að ganga á þessu þingi. Á það hefur verið bent, að slíkt sé nauðsynlegt. Hv. síðasti ræðumaður fór nokkrum orðum um það, og ég er honum fyllilega sammála í þeim efnum. Hitt er svo annað, að það er umhugsunarefni fyrir okkur þm. þessarar hv. d., þegar við gerum „samning" við hæstv. ráðh. — þá nota ég samningur innan gæsalappa — um að ákveðin störf séu unnin, ákveðin endurskoðunarstörf, skýrsla er gefin út, sem því miður — og það er reyndar ekki hæstv. ráðh. að öllu leyti að kenna — kom seint til nm., þá skuli ekki fara fram sérstök umr. um þá skýrslu. Ég vil þó nefna það, að enn er hægt að bjarga því máli við ef hæstv. ráðh. hefur lagt fram skýrsluna um vinnuvernd í trausti þess, að hún verði rædd hér á þinginu.

Að lokum vil ég aðeins ítreka þær óskir mínar, að ráðh. segi það annaðhvort klárlega hér, hvort hann ætlist til þess að skýrslan sé rædd fyrir jól, eða ef svo verður ekki, að hann geri þá frekari grein fyrir þeim fsp. og viðhorfum sem komu fram í þessari ræðu minni.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Fyrir þingið hefur verið lagt frv. til l. um hollustuhætti og hollustuvernd. Annars vegar hefur það borist okkur sem þskj. og hins vegar sem sérstakt rit, þar sem nafngreindir eru þeir sem að frv. standa, en í hinu tilfellinu mun frv. vera lagt fram af hálfu ráðh. Ég vil nú vekja á þessu athygli, því að mér sýnist að það sé nokkuð óvanalegt að mál berist til þingsins á tvo vegu eins og hér hefur gerst.

Það var fyrst og fremst tvennt sem ég vil þó gera hér að umræðuefni. Annað er það að setja lög um hollustuhætti og hollustuvernd eða að setja lög um nýja stofnun í þessu landi. Með þeirri lagasetningu, sem hér er verið að vinna að með því að leggja þetta frv. fram, er stefnt að því að setja hér á stofn nýja stofnun. Að vísu er um það rætt, að leggja skuli niður eða sameina aðrar stofnanir. Þetta er þess vegna um leið í reynd ný skattalög og nýjar ákvarðanir um útgjöld úr ríkissjóði. Ég vil vekja á því athygli, að við erum búnir á undanförnum árum að samþykkja þó nokkuð mikið af lögum sem við höfum vegna fjármagnsskorts ekki komið í framkvæmd. Ég vil minna á lög um heilsugæslustöðvar t. d. Það vekur þess vegna athygli mína, að það skuli svo skilyrðislaust vera lagt til að hér sé farið út í nýja stofnun.

Hitt atriðið, sem ég tel að sé fullkomið umhugsunarefni, er réttarstaða einstaklingsins annars vegar og stofnunarinnar hins vegar. Við höfum í þessu landi lifað við þau grundvallarlög, að menn séu kærðir ef þeir brjóta af sér, svo komi dómsúrskurður og að því búnu verði hafist handa um framkvæmdir af hálfu framkvæmdavaldsins til að framfylgja úrskurðinum. Hér er aftur á móti gert ráð fyrir að framkvæmdavaldið, í þessu tilfelli í formi nefndarinnar, skuli alfarið hafa þann rétt að ákveða hlutina, en svo þurfi einstaklingurinn að sækja sitt mál með lögum á eftir, til að kanna hvort hann hefur yfirleitt verið brotlegur eða ekki. Þetta stríðir alfarið á móti minni réttarvitund.

Það er t. d. á bls. 9 kveðið svo að orði: „Hollustunefndum er heimilt að gefa fyrirmæli um meðferð og notkun matvæla og annarra vara þar sem settum reglum hefur ekki verið fylgt. Nefndirnar geta lagt hald á slíkar vörur og fyrirskipað förgun þeirra teljist slíkt nauðsynlegt." Og svo neðar á sömu bls.: „Málskot fresta ekki upphaflegri ákvörðun stofnunarinnar."

Ef hliðstæðar reglur hefðu gilt varðandi það þegar menn eru dæmdir til dauða, þá hefðu þeir fyrst verið teknir af lífi, en svo haft rétt til að áfrýja sínu máli. Ég mælist eindregið til þess, þó að menn vilji nú koma lögum fram og tryggja aðbúnað um hollustuhætti og hollustuvernd, að viss grundvallaratriði í vestrænu réttarfari verði virt í þessum lögum.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Ég vil láta í ljós ánægju mína með það, að þetta lagafrv. er nú fram komið. Þótt ég hafi á sínum tíma átt þátt í undirbúningi málsins hef ég enn ekki vegna fjarveru haft tækifæri til að kynna mér frv. í lokafrágangi þess. Efnislega mun ég því ekki ræða málið á þessu stigi, enda gefst tækifæri til þess síðar.

Ég legg mikla áherslu á sameiningu þeirra mörgu stofnana sem eftirlit hafa með vinnustöðum, bæði til einföldunar og til þæginda fyrir viðkomandi aðila og til verulegs sparnaðar í opinberum rekstri, gagnstætt því sem hv. 5. þm. Vestf. hélt fram. Ég er sannfærður um að

miklum árangri má ná í þeim efnum. Þótt ég ræði málið á þessu stigi ekki efnislega vil ég ítreka ánægju mína með að málið er nú fram komið.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég vil fyrst þakka þær góðu undirtektir, sem þetta frv. hefur fengið, og vona að það sé til marks um það, að hv. Alþingi treysti sér til að afgreiða þegar á þessum vetri það viðamikla mál sem hér er á dagskránni. Í þeim umr., sem hér hafa farið fram, hafa menn vikið að öðru máli, sem hér var á dagskrá s. l. vor og vissulega kemur af eðlilegum ástæðum upp í hugann þegar rætt er um þetta mál, en það eru lögin um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980.

Ég vil fyrst víkja að þeim orðum og spurningum sem komu fram varðandi það mál frá hv. 10. þm. Reykv. Hann spurði hvort ég hygðist beita mér fyrir því, að fram færi sérstök umr. um þá skýrslu sem samin hefur verið og dreift á hv. Alþingi um það mál. Ég hafði hugsað þetta mál þannig, eftir að hafa lagt skýrsluna ásamt öllum fylgigögnum fyrir félmn. deildarinnar, að það væri í raun og veru fyrst og fremst á valdi n., hvort hún eða einstakir menn þar óskuðu eftir því að umr. færu fram um málið. Ég fyrir mitt leyti hef að sjálfsögðu ekkert á móti slíku, en mér finnst eðlilegast að þeir, sem í n. eru og höfðu með málið að gera s. l. vor, beiti sér í málinu ef þeir vilja að fram fari umr. um það. Ég hef síður en svo neitt við slíkt að athuga af minni hálfu.

Hv. þm. gagnrýndi nokkuð skipun þeirrar nefndar, sem vann að skoðun frv. í sumar. Ég taldi heppilegast að sama nefndin fengi athugasemdir við frv. til skoðunar og vann upphaflega gerð þess, vegna þess að þar eru þeir menn saman komnir sem handgengnastir eru efni frv. Ég man ekki betur — ég held að það sé alveg öruggt — en að ég hafi látið það koma fram í umr. á Alþingi í vor, að ég ætlaði mér einmitt að biðja þessa sömu menn að skoða lögin sérstaklega, og það komu engar athugasemdir fram við það af hálfu hv. þm.

Hv. 10. þm. Reykv. innti eftir starfi nefndar þeirrar sem kannar nú málefni Brunamálastofnunar ríkisins. Hún hefur ekki skilað mér endanlegu áliti svo að ég get ekki svarað til um það, hvað hún hefur um þessa hluti að segja. Hins vegar vísa ég til þess sem segir í tölul. 4.2 á bls. 9 í því gagni sem hér hefur verið dreift og heitir Vinnuvernd og hv. þm. vitnaði til, en þar kemur fram að nefndin, sem hefur unnið að þessum málum í sumar, telur „að eldvarnir á hvers kyns vinnustöðum séu mjög veigamikill hluti af öryggismálum þeirra, sem þar vinna, og falli þar af leiðandi undir lög nr. 46/1980. Telur nefndin eðlilegast að innan Vinnueftirlits ríkisins starfi sérstök deild er fjalli um brunavarnamál á sérfræðigrundvelli, en að eldvarnaeftirlit á vinnustöðum verði hluti af eftirliti eftirlitsmanna stofnunarinnar um land allt. Jafnframt verði eldvarnamálefnin hluti af verksviði öryggistrúnaðarmanna, öryggisvarða og öryggisnefnda er starfa innan veggja fyrirtækja og öryggisnefnda sérgreina samkv. lögum nr. 46/1980."

Hv. þm minntist á þann kafla sem hér fjallar um landbúnað. Það er rétt, að þegar málin voru til meðferðar hér á hv. Alþingi kom fram gagnrýni frá einstökum þm., m. a. hv. þm. Stefáni Valgeirssyni og fleirum, um það, að ekki væri nægilegt tillit tekið til sjónarmiða landbúnaðarins við gerð þess frv. sem þá lá fyrir þinginu. Niðurstaðan varð sú, að sett var inn ákvæði til bráðabirgða um að samin yrði fyrir mitt ár 1981 reglugerð um það, hvernig lög þessi snúi að landbúnaðinum í framkvæmd og fyrr tækju lögin í rauninni ekki gildi gagnvart landbúnaðinum. Það er sú niðurstaða sem varð á hv. Alþingi í vor.

Þegar þessi endurskoðunarnefnd ræddi síðan í sumar um málið við Stéttarsamband bænda og fulltrúa Búnaðarfélags Íslands, sem komu tvisvar sinnum á fundi nefndarinnar, varð niðurstaðan, að Stéttarsamband bænda gerði tillögur að því, hvernig þessi mál snertu landbúnaðinn, og að um þetta verði fjallað á Búnaðarþingi — eða eins og það er orðað: „Fulltrúi Stéttarsambandsins áréttaði á fundi með nefndinni, að hraða þyrfti samningu reglugerðarinnar, og varpaði því fram, hvort ekki væri skynsamlegt að Stéttarsambandið ynni að þessu verkefni nú í haust með það í huga, að Búnaðarþing fjallaði um málið í febr. 1981. Töldu nefndarmenn það góða hugmynd." Hér er að sjálfsögðu ekki um neitt valdaframsal að ræða af hálfu rn. Hér er aðeins um það að ræða, að Búnaðarþing og Stéttarsamband bænda munu gera tillögur, en ráðuneytið mun síðan koma þessum tillögum á framfæri við stjórn Vinnueftirlits ríkisins og síðan taka ákvarðanir í málinu.

Þá er það varðandi hugmynd um samstarf Vinnueftirlits ríkisins annars vegar og hins vegar hollustueftirlits ríkisins, sem er verið að tala um í því máli sem hér er á dagskrá. Það kom fram í endurskoðunarnefndinni að setja skyldi upp sérstaka samstarfsnefnd sem í eiga sæti forstöðumenn Hollustuverndar ríkisins, Vinnueftirlits ríkisins og Framleiðslueftirlits sjávarafurða. Skal þessi samstarfsnefnd koma sér saman um framkvæmd hollustueftirlits í takmarkatilvikum og gæta þess, að þessir aðilar fari ekki hver inn á annars svið né að mismunandi kröfur séu gerðar um sama eða sömu atriði. Með því að koma á slíkri samstarfsnefnd telur endurskoðunarnefndin að hægt verði að koma á föstu samráði um framkvæmd umrædds eftirlits og nánari verkaskiptingu og að á þennan hátt megi koma í veg fyrir skörun. Í framsöguræðu, sem ég flutti fyrir frv. því sem hér er á dagskrá, gerði ég grein fyrir því, að brtt., sem þarna er nefnd, er sett fram í góðu samráði við mig og ég mun koma henni á framfæri við þá n. sem um málið fjallar hér á hv. Alþingi. Ég er þeirrar skoðunar, að það sé skynsamlegt og nauðsynlegt að koma þegar í stað á slíkri samstarfsnefnd til að samhæfa starfsemi þessara stofnana.

Ég get hins vegar miklu minna sagt hv. þm. um Framleiðslueftirlit sjávarafurða. Mér hefur ekki borist skýrsla um endurskoðun á starfsháttum Framleiðslueftirlitsins og ég hef ekki heldur orðið var við það, að félmrn. hafi fengið svör eða það hafi fengið sérstakt bréf, eins og boðað er í aths. nr. 6.1 á bls. 13 í þessu skjali um Vinnueftirlit ríkisins. Ég get því í rauninni lítið um það mál sagt.

Varðandi landlækni, þá hefur hann gert ýmsar athugasemdir við þetta sem m. a. komu fram í blaðagreinum um það leyti sem málið var til afgreiðslu hér á Alþingi. Þegar endurskoðunarnefndin var að störfum í sumar kvaddi hún á sinn fund landlækni og aðstoðarlandlækni og óskaði eftir skriflegum brtt. þeirra eða ábendingum í sambandi við frv. um hollustuhætti og hollustuvernd. Þær brtt. eru ekki komnar, og ég get ekkert annað um málið sagt en að biðja hv. heilbr.- og trn. þessarar deildar að kalla landlækni og aðstoðar-

landlækni og óskaði eftir skriflegum brtt. þeirra eða ábendingum í sambandi við frv. um hollustuhætti og hollustuvernd. Þær brtt. eru ekki komnar, og ég get ekkert annað um málið sagt en að biðja hv. heilbr.- og trn. þessarar deildar að kalla landlækni og aðstoðarlandlækni á sinn fund og ræða við þá svo og forstöðumann Heilbrigðiseftirlitsins um það, hvað þeir hafi um málið að segja.

Í sambandi við kostnaðinn við þetta liggur auðvitað fyrir hvaða tillaga er gerð varðandi kostnað fyrir árið 1981. Ég veit ekki betur en hv. þm. sitji í fjvn. — eða a. m. k. sat hann þar — og mig minnir að talan í fjárlagafrv. sé 274 millj. kr. (**Gripið fram í:** Er þá miðað við að það sé í fullu starfi?) Það er miðað við það, að Öryggiseftirlit ríkisins eða það starfslið, sem þar hefur verið, flytjist mestallt yfir og síðan sé bætt við að auki þremur nýjum stöðum, ef ég man rétt, þannig að samtals verði við Vinnueftirlitið 18 stöðugildi. Forstöðumaður Öryggiseftirlitsins, Eyjólfur Sæmundsson, hafði lagt til að þarna yrði fjölgað upp í 30 strax, með 15 nýjum stöðugildum. Ég taldi ekki skynsamlegt að fallast á þá ósk strax vegna þess að mér finnst eðlilegast að svona stofnun þróist stig af stigi. Okkar tillögur urðu því þær, að bætt yrði við þremur stöðugildum til að byrja með og þá fyrst og fremst til að fullnægja þörf fyrir vissar lykilstöður svo sem stöðu embættislæknis sem á að starfa við Vinnueftirlitið, og stöðu efnaverkfræðings samkv. lögunum.

Hins vegar sýnist mér alveg ljóst, og það kom fram á þessum óformlega stjórnarfundi Vinnueftirlits ríkisins um daginn, að tölurnar í fjárlagafrv. eru of lágar. Ég minni á í þessu sambandi, að gert er ráð fyrir að stofnunin sé alfarið fjármögnuð af sama gjaldstofni og slysatryggingar Tryggingastofnunar ríkisins. Prósentan í slysatryggingunum hefur verið 0.352% á þessu ári, og í fjárlagafrv. — eins og það lítur út núna — er gert ráð fyrir að sú prósenta lækki nokkuð, þar sem hafi verið oftekið í rauninni með síðustu ákvörðun. Þessar gjaldtökur þarf að stilla af, og ég varð var við góðan skilning á því máli hjá þeim mönnum í stjórn Vinnueftirlits ríkisins sem ég hitti á óformlegum fundi nú á dögunum.

Hv. þm. spyr hvað það þýði, að frv. sé lagt fram án skuldbindingar að hálfu ríkisins. Hér er um að ræða tiltölulega mjög flókið mál tæknilega séð. Ég taldi því eðlilegast að málið væri lagt í hendur Alþingis, að Alþingi fái það til meðferðar án þess að verið sé að binda menn á einstaka þætti þess fyrir fram lið fyrir lið. Það var eingöngu það sem ég átti við með þeim ummælum sem hv. þm. vitnaði til. Síðan kom hér í ræðustól hv. 5. þm. Vestf. og kvartaði yfir því, að hér væri verið að setja upp nýja stofnun. Hann hefur greinilega meiri trú á vissu málgagni ríkisstj. en hv. 10. þm. Reykv., en það var innihaldið í leiðara Dagblaðsins á dögunum að verið væri að búa til nýtt bákn með þessari stofnun. Hér er verið að búa til eina nýja stofnun úr fimm stofnunum og nefndum sem eru þegar með starfslið í kerfinu. Hér er ekki verið að hlaða neinu upp í stórum stíl. Hér er með skipulagsbreytingu verið að gera tilraun til að koma í veg fyrir margverknað og tvíverknað. Það er því um að ræða reginmisskilning bæði hjá leiðarahöfundi Dagblaðsins, sem hv. 10. þm. Reykv. vitnaði til, og hjá hv. 5. þm. Vestf. — og hélt ég að við ættum ekki eftir að lifa það, að þessir tveir mætu menn gengju nákvæmlega í takt í almennum pólitískum málflutningi.

Hitt þótti þó hv. 5. þm. Vestf. miklu merkilegra, að það skyldi geta komið fyrir að í svona lagafrv. væri ákvæði um það, að farga mætti baneitruðum matvörum án þess að setja áður undirrétt og hæstarétt í málinu með viðeigandi tímatöfum, eins og það kerfi er nú hér í landinu. Það var á honum að skilja, að salmonellasýkillin ætti í rauninni að njóta alveg sömu verndar til að lifa og mannskepnan. Ég held að hv. þm. hafi misskilið málið í grundvallaratriðum. Það geta verið full rök fyrir því í mörgum tilvikum, að bráðnauðsynlegt sé að farga eitruðum eða skemmdum matvælum af ýmsum toga, og það er fáránlegt að láta sér detta í hug að keyra slík mál í gegnum okkar seinvirka réttarkerfi.

Að lokum þakka ég fyrir þær góðu undirtektir við málið í heild sem hér hafa komið fram hjá öllum ræðumönnum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 22 shlj. atkv.

Meinatæknar, frv. (þskj. 29, n. 205). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Heilbr.- og trn. hv. deildar hefur fjallað um málið á tveimur fundum og leggur til að frv. verði samþykkt án breytinga.

Jóhann Einvarðsson og Pálmi Jónsson, hv. þm. og hæstv. ráðh., voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—11. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Viðskiptafræðingar, frv. (þskj. 48, n. 185). — 2. umr.

Frsm. (Ingólfur Guðnason): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um frv. til l. um rétt manna til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga.

Menntamálanefnd Nd. hefur rætt frv. og mælir með því, að það verði samþykkt. Eins og getið var um í framsögu er þetta fyrst og fremst frv. sem bindur menntun og starfsheiti saman. Hér hafa ýmsir menn á ýmsum tímum kallað sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga og hafa menn ekki fyllilega vitað hver menntun lá að baki þessum starfsheitum. Með frv. er kveðið nánar á um menntun að baki starfsheitinu viðskiptafræðingur eða hagfræðingur.

Allir nefndarmenn í menntmn. hafa skrifað undir það álit nefndarinnar, að hún mæli með því að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Eftirlaun til aldraðra, frv. (þskj. 177, n. 206).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um frv. til l. um breytingu á lögum nr. 97 frá 1979, um eftirlaun til aldraðra. Nefndin hefur fjallað um málið og fengið sér til ráðuneytis Guðjón Hansen tryggingafræðing sem kom á fund hennar. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt. Fjarverandi afgreiðslu málsins voru hv. þm. Jóhann Einvarðsson og hæstv. landbrh. Pálmi Jónsson.

Ég vil hins vegar vekja athygli á því, að þau mistök hafa orðið við nál. þetta, og raunar einnig það nál. sem ég mælti fyrir hér áðan, að nafn Magnúsar H. Magnússonar hefur fallið niður. Ég vil biðja menn að afsaka það, að á einhvern hátt hefur þetta gerst, en hv. þm. Magnús H. Magnússon var sannarlega viðstaddur afgreiðslu þessara mála.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Grænlandssjóður, frv. (þskj. 30, n. 183, 184). — 2. umr.

Frsm. (Jósef H. Þorgeirsson): Herra forseti. Allshn. Nd. hefur haft til athugunar frv. Grænlandssjóð og fengið til ráðuneytis Sigurgeir Jónsson aðstoðarbankastjóra Seðlabankans. Nefndin er sammála um að mæla með því, að þetta frv. verði samþ., en flytur við það þrjár brtt.

Fyrsta brtt. varðar aðeins orðalag sem ekki skiptir máli. Önnur brtt. varðar það atriði, að í frv. er gert ráð fyrir að framlög í sjóðinn séu innt af hendi úr ríkissjóði á árunum 1980, 1981 og 1982, 75 millj. kr. hvert ár. Að athuguðu máli þótti ekki líklegt að hægt væri að greiða þetta framlag úr ríkissjóði á árinu 1980, og því leggur nefndin til að framlög í sjóðinn verði greidd á árunum 1981 og 1982, 125 millj. kr. hvort ár.

Þarna er sem sagt gert ráð fyrir lítils háttar hækkun á framlagi ríkissjóðs í þennan sjóð, en hins vegar kemur framlagið örlítið seinna í sjóðinn.

Það þykir nauðsynlegt og vel við hæfi, að þessi sjóður sé í stakk búinn til þess að taka til starfa á árinu 1982, en þá eru talin vera liðin 1000 ár frá því að Eiríkur rauði fór sína fyrstu ferð til Grænlands.

Þriðja brtt., sem nefndin flytur, varðar varðveislu sjóðsins. Í frv. er gert ráð fyrir að framlögum í sjóðinn sé tafarlaust breytt í erlendan gjaldeyri og þau varðveitt í erlendum gjaldeyri. Við verðum að gera okkur grein fyrir því, að þar sem þessi sjóður á eingöngu að úthluta $^{9}/_{10}$ hlutum af vaxtatekjum sínum má gera ráð fyrir því, ef sjóðurinn er varðveittur í erlendum gjaldeyri, að vaxtatekjurnar verði ekki verulega miklar. Hins vegar verður höfuðstóll sjóðsins gengistryggður. Það verður sem sagt ekki hvort tveggja mögulegt, að gengistryggja sjóðinn og hafa hann með háum vöxtum. Við í nefndinni leggjum því til að orðalagi verði vikið lítilsháttar við. Í stað þess, að ákveðið sé í frv. að sjóðinn skuli varðveita í erlendum gjaldeyri, viljum við orða það þannig, að sjóðinn megi varðveita í erlendum gjaldeyri, og ætlumst til að stjórn sjóðsins semji um það við Seðlabanka Íslands, sem á að annast varðveislu sjóðsins, hvaða leið verði valin í þessu efni.

Þessar breytingar, sem við leggjum til að gerðar verði á frv., eru allar gerðar í samráði við 1. flm. þessa máls.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Fyrir hönd flm., sem eru úr öllum þingflokkum, vil ég færa nefndinni bestu þakkir fyrir skjóta og ágæta afgreiðslu á þessu máli. Ég vil geta þess, að einmitt á meðan málið var hjá nefndinni komu hingað til lands í heimsókn fyrsti forsrh. Grænlendinga og með honum atvinnumálaráðherra og tveir aðrir menn. Þeir fréttu af þessu frv., eftir að þeir voru hingað komnir, og fylltust áhuga. Var auðheyrt á þeim, að þeim þótti þessi hugmynd sýna hina mestu vinsemd af hálfu okkar Íslendinga og gerðu sér vonir um að slíkur sjóður gæti orðið að raunhæfu gagni til þess sem hann er ætlaður.

Ég vil ítreka þakkir mínar og vænti þess að þessi hv. deild ljúki afgreiðslu málsins og að Ed. geri það líka skjótlega.

ATKVGR.

Brtt. 184,1 (ný 1. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 184,2 samþ. með 22 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 184,3 (ný 4. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
5.—8. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Tollheimta og tolleftirlit, frv. (þskj. 72). — 1. umr.

Flm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Á þskj 72 er flutt frv. til l. um breyt. á lögum um tollheimtu og tolleftirlit nr. 59 frá 28. maí 1969, með síðari breytingum. Þá er og á þskj. 73 flutt frv. til l. um breyt. á sömu lögum og á þskj. 74 flutt frv. til l. um breyt. á lögum nr. 120/1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum.

Það er öllum þessum frv. sameiginlegt, að þau eru flutt til þess að koma fram þeirri breytingu á lögum um tollheimtu og tolleftirlit, að hér á landi verði hægt að taka upp það fyrirkomulag sem tíðkast hefur víða í löndum í kringum okkur, að veittur er frestur á greiðslu aðflutningsgjalda. Þessi greiðslufrestur hefur oft verið nefndur tollkrít. Frv. á þskj. 72 er um það atriði sérstaklega, en frv. á þskj. 73 og 74 fjalla hins vegar um breytingu á lögum um tollheimtu og tolleftirlit og um tollskrá sem beinlínis er afleiðing af því að Alþingi samþykki það frv. sem ég nú mæli fyrir.

1. flm. frv. á þskj. 73 og 74, hv. 10. þm. Reykv. — sem jafnframt er 2. flm. frv. sem ég mæli hér fyrir — mun hér á eftir gera grein fyrir þeim tveimur frv. sem síðar eru á dagskrá þessa fundar.

Það er öllum kunnugt, sem fylgst hafa með innflutningsmálum okkar, að þeir aðilar, sem hafa innflutningsverslun að atvinnu, eru þess mjög fýsandi, að hægt sé að taka upp fyrirkomulagið sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Samtök þeirra hafa sýnt þessu máli mikinn áhuga, og ég fékk tækifæri til þess árið 1976 að sitja ráðstefnu hjá þeim og hlýða á þau sjónarmið sem þeir höfðu fram að færa í sambandi við þetta málefni.

Ég var þeirrar skoðunar eftir þær umræður, sem þar fóru fram, að hér væri um að ræða mjög athyglisvert mál sem vert væri að gefa gaum, og ég beitti mér því fyrir því, er ég gegndi embætti fjmrh., að skipuð var nefnd til að vinna að endurskoðun þessara laga. Í upphafi gerði ég ráð fyrir að haga störfum þessarar nefndar þannig, að fram kæmi frv. um tollkrít þar sem Alþingi gæti tekið afstöðu til þess máls sérstaklega. Ef Alþingi samþykkti það frv. héldi þessi nefnd áfram störfum og endurskoðaði lögin með tilliti til þeirrar samþykktar sem Alþingi þá hefði gert.

Nefnd þessi var skipuð ríkisendurskoðanda og tollstjóra og auk þess Júlíusi Sæberg Ólafssyni framkvæmdastjóra og Hjalta Pálssyni framkvæmdastjóra, en formaður var Ásgeir Pétursson bæjarfógeti, þáv. sýslumaður. Með nefndinni starfaði sem ritari hennar skrifstofustjórinn í fjmrh., Þorsteinn Geirsson. Nefndin skilaði áliti og ég vék að nokkrum atriðum úr því í ræðu minni á síðasta þingi. Þá fluttum við þessi frv., að vísu skömmu fyrir þinglok, en gafst þá tækifæri til að flytja hér framsöguræðu og jafnframt heyra skoðanir fulltrúa ríkisstj., þ. e. forsrh. og fjmrh. Málinu var þá vísað til fjh.- og viðskn. sem leitaði umsagna um það. Þegar við fjöllum um það nú ætti því að vera mun auðveldara fyrir fjh.- og viðskn. deildarinnar að hraða framgangi þess, ef um er að ræða vilja meiri hluta n. til þess að það nái fram að ganga.

Það er enginn vafi á því, að tollkrít eða greiðslufrestur á aðflutningsgjöldum leiðir til lægra vöruverðs í landinu auk þess sem það auðveldar og greiðir fyrir innflutningsversluninni með ýmsum hætti.

Niðurstaða nefndarinnar, sem ég skipaði, var sú, eins og fram kemur í grg. frv., að nefndin var sammála um að mæla með því, að tekin yrði upp tollkrít. Ef litið er á nöfn þeirra manna, sem sátu í nefndinni, kemur í ljós að hér eru annars vegar fulltrúar innflutningsverslunarinnar og hins vegar þeir aðilar sem gæta hagsmuna hins opinbera, tollstjóri og ríkisendurskoðandi, auk þess sem þáv. formaður í Félagi dómara, Ásgeir Pétursson, átti þar sæti. Allir þessir menn hafa því staðgóða þekkingu á þeim málum sem hér er fjallað um. Það ber og að undirstrika, að þeirra niðurstaða er samdóma, og það gæti e. t. v. verið leiðarljós fyrir ýmsa þá sem ekki eru gjörkunnugir tollafyrirkomulagi og greiðslu aðflutningsgjalda.

Í nál., sem hv. alþm. var öllum sent, er samdóma niðurstaða nefndarmanna, sem ég gat um áðan. Ég vil með leyfi forseta, lesa örstuttan kafla. Þar segir:

„Með hliðsjón af framangreindum forsendum og vísan til fylgiskjala leggur nefndin því einróma til við fjmrh. að tekin verði upp tollkrít hér á landi í því formi og með þeim takmörkunum sem lýst er í þessu nál. í einstökum atriðum. Að ósk ráðherra var rökum og forsendum safnað í framangreint nál. Telur nefndin samdóma að á grundvelli þessara upplýsinga sé fljótlegt að setja saman lagafrv., ef hæstv. ráðherra óskar, enda hefur allt meginefnið verið sett hér fram. Er hún jafnframt reiðubúin að vinna það verk fyrir næsta samkomutíma Alþingis."

Þegar kom fram á haustið 1978 hafði ekki verið og var ekki flutt frv. um þessi efni hér á Alþingi af hálfu ríkisstj., af hálfu þess fjmrh. sem þá gegndi embætti. Á síðastliðnu ári var ekki heldur lagt fram af hálfu ríkisstj. frv. varðandi þessi mál. En þegar umræður fóru fram hér á s. l. vori lýsti hæstv. forsrh. áhuga sínum á málefninu. Hann orðaði það svo í ræðu sinni, með leyfi forseta:

„Allt frá því ríkisstj. var mynduð hafa tillögur og hugmyndir um greiðslufrest á tollum og einföldun á tollmeðferð vöru verið til athugunar. Ráðuneyti, sem þetta mál snertir, hafa unnið að þessu og viðræður farið fram um málið milli ráðh. Í stjórnarsáttmálanum eru ákvæði þess efnis að greiða fyrir hagkvæmum innkaupum til lækkunar á vöruverði."

Síðan fjallaði hann örlítið um greiðslufrest á tollum eða tollkrít, en sagði svo að lokum, með leyfi forseta:

„Ég er því fylgjandi, að þessum frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn., og mundi ríkisstj. þá hafa samráð við n. um frekari könnun og meðferð þessa athyglisverða máls."

Nú gerðist það s. l. sumar, að ríkisstj. hafði ekki neitt samráð eða neitt samband við þá þm., sem sæti áttu í fjh.- og viðskn. á s. l. þingi, til þess að vinna að undirbúningi þessa máls af hálfu ríkisstj. Þegar svo hæstv. forsrh. flutti stefnuræðu sína hér í haust var ekki vikið að því einu orði að ríkisstj. hefði á sinni verkefnaskrá flutning eða undirbúning að flutningi frv. í þá veru sem þau frv. eru sem hér eru á dagskrá og fjallað er um í dag. Það urðu nokkur vonbrigði okkur flm. svo og þeim fjölmörgu sem áhuga hafa á þessu máli, að ekkert hafði heyrst frá ríkisstj. og sá áhugi, sem fram kom í ræðu hæstv. forsrh. í vor sem leið, virtist ekki lengur vera fyrir hendi. Við viljum því með flutningi þessa frv. freista þess að fá málið til afgreiðslu á þessu þingi og vonumst til þess, að þm. geri sér grein fyrir því, hversu þýðingarmikið þetta mál er fyrir innflutningsverslunina, og ekki aðeins fyrir innflutningsverslunina, heldur einnig fyrir neytandann, fyrir einstaklingana sem vöruna kaupa, því að um leið og verið er að gera innflutningsverslunina betur úr garði er verið að lækka vöruverð. Það skiptir í dag mörgum milljörðum hvað neytendur koma til með að hagnast á því að tollkrít verði hér upp tekin.

Ég ætla ekki að fara fleiri orðum um þetta frv. Ég vísa til þess sem ég sagði um málið á síðasta þingi, til grg., sem fylgir frv., og til grg., sem samin var af nefndinni sem ég á sínum tíma skipaði. Að lokum læt ég í ljós von okkar flm. — sem auk mín og hv. 10. þm. Reykv. eru hv. 6. þm. Norðurl. e., 3. þm. Reykv. og 4. þm. Austurl. — um greiðan framgang málsins. Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn. og tel að flutningur málsins á síðasta þingi geri það að verkum, að afgreiðslu þess verði hægt að hraða svo að það fái afgreiðslu áður en þingi lýkur, þegar við komum hér saman aftur eftir næstu áramót.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22. shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv.

Tollheimta og tolleftirlit, frv. (þskj. 73.) — 1. umr.

Flm. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Frv. á þskj. 73 og 74 eru af sama meiði og frv. á þskj. 72 um tollkrít, sem hv. 1. þm. Reykn. hefur mælt fyrir. Flm. eru þeir sömu að öllum þremur frv., hv. 1. þm. Reykn., 10. þm. Reykv., 6. þm. Norðurl. e., 3. þm. Reykv. og 4 þm. Austurl. Þessi frv. eru öll endurflutt. Þau voru lögð fram seint á síðasta þingi. Ekki gafst tími til að afgreiða þau á því þingi, enda komu þau, eins og ég sagði, seint fram, þó undirtektir væru mjög góðar.

Eins og allir vita hefur það verið áhugamál verslunarinnar um langt skeið að vörudreifingin verði sem greiðust og ódýrust. Það er markmið sem jafnframt hlýtur að koma öllum neytendum til góða. Í þessu sambandi má benda á að á viðskiptaþingi árið 1979 var samþykkt ákveðin stefnuyfirlýsing í þessum málum, þar sem í fyrsta lagi var óskað eftir því, að vöruskoðun yrði aðskilin tollafgreiðslu og meðferð tollskjala annars vegar og flutningi vörunnar hins vegar, þannig að vöru megi flytja beint frá skipi í vörugeymslu innflytjanda; í öðru lagi að gera tollyfirvöldum mögulegt að taka upp reikningsviðskipti við innflytjendur varðandi innheimtu aðflutningsgjalda; í þriðja lagi að kostnaður við tollheimtu og tolleftirlit sé borinn af ríkissjóði eins og við aðra löggæslu, enda nýtur hann teknanna auk þess sem stjórnvöld ákveða umfang eftirlitsins. Með því er stefnt að aukinni hagræðingu í störfum Tollgæslunnar.

Segja má að tollkrítarfrv. á þskj. 72 svari til annars liðar í ályktun þingsins, þar sem frá því er greint að æskilegt sé að tollyfirvöld megi taka upp reikningsviðskipti við innflytjendur vegna innheimtu aðflutningsgjalda.

Hins vegar er með þeim tveimur frv., sem ég mæli fyrir sem 1. flm., verið í fyrsta lagi að greiða fyrir innflutningi með fjölgun tollhafna og liprari reglum fyrir farmflytjendur og í öðru lagi að framlengja innflutningsleiðina, ef svo má að orði komast, alla leið til innflytjandans og láta reglur, m. a. um tolla og fleira, ná alla leið til geymslusvæðis innflytjandans. Í þessu sambandi má t. d. minna á afslátt vegna skemmdar eða vöntunar sem verður í flutningi. Þá ættu þær reglur að gilda eins á flutningsleiðinni frá skipi til geymslusvæðis innflytjandans sem kemur nánast í staðinn fyrir geymslusvæði farmflytjanda í dag.

Í þriðja lagi er lagt til að lagfærðar verði samskiptareglur tollyfirvalda annars vegar og farmflytjenda og innflytjenda hins vegar.

Í fjórða lagi er reynt að auðvelda flutningsmiðlurum störf, en flutningsmiðlarar eru þeir sem taka að sér flutning á vöru fyrir marga innflytjendur í senn og geta þannig náð ódýrari flutningi með slíkri samvinnu fleiri innflutningsaðila.

Í fimmta lagi er með þessum frv. og þá sérstaklega breytingum í frv. á tollskrárlögunum verið að gera ráð fyrir að framhaldsflutningur sé tollfrjáls. Getur það gefið Íslendingum möguleika á innflutningi til nágrannaþjóða sinna, t. d. þeirra sem búa í Færeyjum eða á Grænlandi, þannig að flutningur geti gengið til landsins og síðan héðan til þeirra landa. Í þessu sambandi er rétt að minna á þáltill. sem flutt var á síðasta þingi af Karli Steinari Guðnasyni og fleirum um tollfrjálst iðnaðarsvæði á Keflavíkurflugvelli, en þessi mál eru mjög skyld efnislega.

Í sjötta lagi eru síðan gerðar tillögur um breytingar á tollskrárlögum, ýmsar smærri tillögur, en þó ein nokkru stærri, um afnám bankastimplunar á tollskjölum. Ísland mun vera eitt af örfáum, ef ekki eina landið í heiminum þar sem bankastimplun er skilyrði fyrir því að farmbréf hafi lögmætt gildi. Á þetta minnist ég sérstaklega nú þar sem svo einkennilega vill til, að bankastarfsmenn eru í verkfalli á mesta annatíma. Það gerir að verkum að innflutningur og heimkeyrsla úr geymslum leggst niður vegna þess forneskjulega fyrirkomulags sem hér ríkir. Í 6. gr. frv. á þskj. 74 er einmitt gert ráð fyrir að viðurkenning viðskiptabanka falli niður úr 19. gr. laganna eins og þau eru í dag. Á þetta legg ég sem sagt sérstaka áherslu vegna bankaverkfalls, sem hefur mun víðtækari áhrif núna en ella, og sýnist vera um kerfi að ræða hér á landi sem er nánast einsdæmi, en hægt væri að greiða fyrir viðskiptum ef þetta væri lagt af.

Tilgangurinn með flutningi þessara tveggja frv. er að sýna í tillöguformi nokkrar breytingar sem eru til bóta að áliti flm. og einföldunar eða beinar afleiðingar tollkrítarinnar sem hv. 1. þm. Reykn. lýsti áðan. Eins og ég gat um hljóðaði þriðji liður stefnuyfirlýsingar viðskiptaþings 1979 á þá leið, að kostnaður við tollheimtu og tolleftirlit yrði borinn af ríkissjóði. Þegar verið var að útbúa þessi frv. á síðasta þingi, en þau eru endurflutt, töldu flm. rétt að skilja þetta atriði frá öðrum sem fram koma í frv., m. a. vegna þess, að ekki liggja fyrir nægilega góðar upplýsingar um hvernig þessum málum er háttað í öðrum löndum, og eins vegna hins, að ekki er ljóst hvort ríkissjóður verður fyrir einhverju tekjutapi af þeirri breytingu. Það er þó eðlilegt að menn velti fyrir sér hvort ástæða sé til að viss hluti kostnaðarins við tollheimtuna sé innifalinnn í vöruverðinu eða hvort kostnaður, sem þannig myndast, eigi að koma sérstaklega fram í fjárlögum eins og annar beinn löggæslukostnaður. Við flm. kusum að fara þá leið að geyma þetta atriði, en tökum fram í grg. að þetta sé mál sem þurfi að kanna, ekki síst þegar umræður um tollkrít eiga sér stað. Kemur því til greina að hv. fjh.- og viðskn., sem fær þessi mál væntanlega til meðferðar, taki þetta til athugunar ellegar að flutt verði þáltill. um að þessi mál verði sérstaklega könnuð.

Þegar þessi frv. voru til umræðu á síðasta þingi, reyndar á síðasta degi þess, kom fram mikill stuðningur við málið, eins og fram hefur komið bæði í ræðu minni og ræðu hv. síðasta ræðumanns. Hæstv. forsrh. tók til máls og hæstv. fjmrh. lýsti jafnframt sínum viðhorfum til málsins. Hv. síðasti ræðumaður hefur gert grein fyrir því sem fram kom í ræðu hæstv. forsrh., en þar var um mjög sterkan stuðning við þessi mál að ræða og hann tjáði þingheimi þá að um þessi mál hefði verið fjallað í ríkisstj. og þar væri stuðningur við málið. Hv. 3. þm. Reykv. tók til máls í þessum umræðum og gerði jafnframt fsp. varðandi tollvörugeymslur. Í svarræðu hæstv. forsrh. um það mál sagði hann m. a., með leyfi forseta:

„Hv. 3. þm. Reykv. drap í máli sínu á það sem gerðist fyrir allmörgum árum, þegar sett voru lög um tollvörugeymslur. Enginn vafi er á að þau lög hafa haft mikil jákvæð og góð áhrif. Það féll í minn hlut á þeim tíma sem fjmrh. að flytja frv. um tollvörugeymslur. Ég minnist þess vel, sem hv. þm. nefndi, að margvíslegir annmarkar voru taldir á því að fara þá leið og mikil tregða hjá ýmsum að leggja inn á þá braut. Það er hárrétt, sem hann

tók fram, að reynslan hefur sýnt hið gagnstæða, að þetta fyrirkomulag hefur orðið öllum til góðs. Ég vænti þess að eitthvað svipað verði um greiðslufrest á tollum eða tollkrít, þó að margir telji fram margvíslega annmarka og hættur í því sambandi muni það reynast vel og ekki verða ríkissjóði sá böggull sem sumir telja, heldur fara í gagnstæða átt, að þegar upp er staðið og nokkur reynsla komin á þetta fyrirkomulag muni allir telja að hér hafi verið rétt spor stigið." — Hér lýkur tilvitnun í ræðu hæstv. forsrh. þar sem hann lýsti skoðunum sínum á þessum frv. um leið og hann fjallaði um tollvörugeymslur sem eru angi á sama meiði og hér er verið að tala um.

Hæstv. fjmrh. tók enn fremur til máls við þessa umræðu og sagði í máli sínu m. a., með leyfi forseta:

„Ég hef hins vegar kynnt mér nál. og óskað eftir nánari athugun málsins og tel sjálfsagt að undinn verði bráður bugur að því að kanna til fulls hvort hér er ekki um framfaraspor að ræða.

Það er ljóst, að þetta nýja fyrirkomulag hefur verið gagnrýnt frá tveimur sjónarmiðum. Annars vegar er á það bent, að ríkissjóður verði fyrir allnokkrum tekjumissi af þessum sökum, og hins vegar er ótti um að sá tekjumissir hafi þensluáhrif í efnahagskerfinu og valdi aukningu peningamagns í umferð. Hitt er ljóst, að þetta nýja fyrirkomulag hefur margvíslega kosti og því nauðsynlegt og sjálfsagt að athuga það gaumgæfilega.

Ég tel nokkuð ljóst að þetta nýja kerfi verður tæpast tekið upp í einni svipan. Vafalaust þarf að koma því á hægt og þétt, svo að ekki verði um að ræða þensluáhrif í efnahagskerfinu og að ríkissjóður verði ekki fyrir verulegum skakkaföllum. Það þarf að velja hentugan tíma á árinu til að tryggja að ríkissjóði komi það ekki mjög illa að verða af tekjum þegar þessi skipan er upp tekin og að ekki sé þá á sama tíma verulegur hallarekstur á ríkissjóði eða skuldaaukning hjá Seðlabankanum. Af þessum ástæðum hef ég dregið þá ályktun, að hyggilegast mundi vera að taka upp nýtt skipulag af þessu tagi fremur á síðari hluta árs en fyrri hluta árs.

En ég sem sagt ítreka það sem ég hef þegar sagt, að ég tel sjálfsagt að þetta mál verði gaumgæfilega athugað á næstu vikum og nú í sumar undirbúið fyrir komandi þing að hausti."

Nú er komið haust, fram á vetur og líður að jólum og enn heyrist ekki hósti eða stuna frá hæstv. ríkisstj. En það er von okkar flm., að með þögn sinni sé hæstv. ríkisstj. að undirstrika stuðning sinn við þessi frv. sem hér liggja frammi. Því til stuðnings er rétt að benda á að einmitt á yfirstandandi ári er gert ráð fyrir að ríkissjóður sé rekinn með tekjuafgangi. Enn fremur hefur hæstv. fjmrh. sagt af stefnu sinni á næsta ári þannig, að aldrei hefur betur viðrað til þessa máls en einmitt núna að áliti hæstv. ráðh., ef taka má mark á skoðunum hans við umræðuna á Alþingi í fyrra.

Herra forseti. Ég hef reifað aðalatriði þeirra tveggja frv. sem ég er 1. flm. að. Ég geri það að till. minni, að að loknum umr. verði þessum frv. vísað til 2. umr. og til hv. fjh.- og viðskn., og ég geri mér vonir um, vegna góðra undirtekta í fyrra við þetta mál, að þau fái hraða og góða afgreiðslu hjá hv. n. og síðan hjá hv. Alþingi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 74.) — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður bænda, frv. (þskj. 137). — 1. umr.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breyt. á lögum um Lífeyrissjóð bænda. Þetta er ekki neitt stórmál og hefur ekki í för með sér neina umtalsverða breytingu á starfsháttum þessa sjóðs og enn síður að það hafi í för með sér útgjöld fyrir ríkissjóð eða lífeyrissjóðinn. Hér er eingöngu um að ræða samræmingu á kjörum þeirra lífeyrisþega sem lífeyri fá úr þessum sjóði, en fram til þessa hefur verið munur á því hvaða eftirlaun menn hafa hlotið, eftir því hvort þeir hafa öðlast réttindi miðað við starfstíma eða réttindi miðað við greiðslur til sjóðsins. Það hafa sem sagt verið tvenns konar viðmiðanir uppi hafðar í þessu sambandi og hér er verið að samræma þær því kerfi sem gildandi er hjá öðrum lífeyrissjóðum.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál, sem gerð er viðunandi grein fyrir í athugasemdum við frv., en legg til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 21 shlj. atkv.

Stéttarfélög og vinnudeilur, frv. (þskj. 43). — Frh. 1. umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Biskupskosning, frv. (þskj. 190). — 1. umr.

Frsm. (Ingólfur Guðnason): Herra forseti. Á þskj. 190 flytur menntmn. Nd. frv. til l. um biskupskosningar. Þetta frv. er í átta greinum og er því ætlað að koma í stað laga nr. 21 frá 1921 um sama efni, ef samþykkt verður. Núgildandi lög um biskupskosningar frá 1921 hafa engum breytingum tekið síðan, en með þessu frv. er gert ráð fyrir veigamiklum breytingum frá núgildandi lögum.

Frv. þetta, sem hér er flutt, var einróma samþykkt á kirkjuþingi því sem haldið var í nóvember s. l. og var sent dóms- og kirkjumrh. með beiðni um að það yrði flutt á Alþ. því sem nú situr. Samkv. beiðni dóms- og kirkjumrh. flytur menntmn. Nd. frv. nú.

Ég mun hér á eftir í stuttu máli gera grein fyrir þeim breytingum sem þetta frv. felur í sér í samanburði við þau lög sem nú gilda um biskupskosningar.

1. gr. frv. kveður á um kjörgengi til biskups, og er það í samræmi við þær reglur sem nú gilda, en í núgildandi lögum er sambærileg lagagrein svo hljóðandi, með leyfi forseta:

„Allir þjónandi prestar og prófastar þjóðkirkjunnar, sem og guðfræðikennarar háskólans, tilnefna 3 menn sem biskupsefni, er rétt hafa til embætta í þjóðkirkjunni, í þeirri röð er þeim þykir best við eiga."

Það er því mjög í anda eldri laganna sem 1. gr. frv. kveður á um biskupskjörgengi.

2. gr. kveður á um hverjir skuli eiga kosningarrétt við biskupskjör og felst í greininni ein af meginbreytingum frv. frá núgildandi lögum. Þar sem nú eru fleiri menn við störf hjá þjóðkirkjunni en þegar lögin frá 1921 voru sett er eðlilegt að kveða á í nýjum lögum, hver réttur þeirra sé, og leitast við að taka af öll tvímæli, eftir því sem kostur er.

Í 1. tölul. 2. gr. er leitast við að skilgreina hverjir lærðir menn skuli hafa kosningarrétt við biskupskjör. Í 2. og 3. tölul. 2. gr. felast svo meginbreytingarnar í frv. frá núgildandi lögum.

2. tölul. 2. gr. gerir ráð fyrir kosningarrétti þeirra kjörinna leikmanna, sem sæti eiga á kirkjuþingi þegar biskupskosning fer fram, svo og leikmanna, sem sitja í kirkjuráði, en eigi eru jafnframt kjörnir kirkjuþingsmenn. Eins og stendur munu þetta vera 8 leikmenn.

3. tölul. 2. gr. gerir ráð fyrir að einn leikmaður fyrir hvert prófastsdæmi, þó tveir frá Reykjavíkurprófastsdæmi, sé kjörinn af leikmönnum, sem sæti eiga á héraðsfundum, og hafi þeir kosningarrétt við biskupskjör. Prófastsdæmin í landinu eru 15 og mundu því 16 leikmenn fá kosningarrétt við biskupskjör samkv. 3. tölul. þessarar greinar frv. Samtals mundu því 24 leikmenn fá kosningarrétt við biskupskjör samkv. 2. og 3. tölul. 2. gr. frv. og er hér vissulega um nýmæli að ræða og áhrif leikmanna á biskupskjör tryggð. Vænti ég að breyting þessi, ef að lögum verður, verði kirkjunni til heilla og þyki spor í lýðræðisátt.

3. gr. frv. kveður á um kjörstjórn við biskupskosningar og er það fyrirkomulag mjög í anda þess sem almennt gerist um kosningar í þessu þjóðfélagi. Sé ég ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um greinina.

Sama má raunar segja um 4. gr. frv., en 4. gr. fjallar um kosningaathöfnina sjálfa og 5. gr. um kosningakærur.

Í 6. gr. frv. felst önnur aðalbreyting frá núgildandi lögum, en það eru ákvæði um úrslit kosninga. Samkv. núgildandi lögum frá 1921 skal tilnefna þrjá menn sem biskupsefni í þeirri röð sem þeim, sem kosningarrétt hafa, finnst best við eiga. Rétt kjörinn biskup er sá sem hlýtur $^{3}/_{5}$ hluta atkvæða og eru úrslit þá bindandi fyrir veitingavaldið. Ef enginn fær þann atkvæðafjölda skal embættið veitt einum þeirra þriggja sem flest fá atkvæði. 6. gr. frv. gerir aftur á móti ráð fyrir þeim möguleika að kjósa þurfi tvisvar, þ. e. ef enginn fær meiri hluta atkvæða í kosningum. Skal þá kosið öðru sinni með bundinni kosningu milli þeirra þriggja sem flest fengu atkvæðin. Er sá rétt kjörinn biskup sem þá fær flest atkvæði. — Hér finnst e. t. v. fleirum en mér að breyting sú, sem frv. gerir ráð fyrir, gangi í átt til aukins lýðræðis, þar sem frv. gerir ráð fyrir að vilji þeirra, sem kosningarrétt hafa samkv. frv., ráði að fullu hver verður biskup þar sem veitingavaldið hefur eingöngu áhrif á úrslit ef atkvæði verða jöfn milli efstu manna í síðari umferð kosninga.

7. gr. frv. fjallar um setningu reglugerðar og 8. gr. um gildistöku laganna. Einnig fjallar 8. gr. um kosningu kjörmanna úr prófastsdæmum og kosningu í kjörstjórn með tilliti til væntanlegra biskupskosninga á næsta ári, því á næsta ári er áætlað að biskupskosningar fari fram.

Það er von menntmn. Nd. að frv. þetta fái afgreiðslu nú fyrir jólaleyfi Alþingis því að fyrirsjáanlegt er að alllangan tíma mun taka að undirbúa kosningarnar, þ. e. útgáfa reglugerðar og kosning kjörmanna í prófastsdæmum, m. a. vegna árstíma.

Menntmn. beggja deilda Alþingis hafa á sameiginlegum fundi rætt frv. og fengið til viðræðu dr. Ármann Snævarr prófessor, m. a. í þeim tilgangi að flýta fyrir afgreiðslu frv. á Alþingi. Óska ég þess, herra forseti, að þér gerið það sem þér getið til þess að flýta afgreiðslu frv. um biskupskosningu hér í hv. Nd. Alþingis.

Að umr. lokinni óska ég eftir að málinu verði vísað til 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Forseti. Það er nú ekki sjálfgefið að málið fari ekki til nefndar þó það komi frá nefnd.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég er þeirrar skoðunar að það sé sjálfgefið, en hæstv. fjmrh. er annarrar skoðunar. (Gripið fram í). Með biskupskjörið, já. Nefndin flytur málið og voru sameiginlegir nefndarfundir hv. menntmn. Ed. og Nd. En ég hef ekkert á móti því að málið fái meðferð nefndar á nýjan leik, þó ég sjái þess enga þörf.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég vil taka það fram í þessu sambandi, að þess eru allmörg dæmi að mál séu flutt af nefndum þingsins, en þau eru þá nær ævinlega tekin til nánari skoðunar í nefnd á nýjan leik eftir að 1. umr. hefur farið fram. Ég gæti í fljótu bragði nefnt mýmörg dæmi þessa. T. d. vil ég nefna frv. um mannanöfn, sem á sínum tíma var flutt af menntmn. Ed. og var síðan vísað aftur til nefndarinnar. Ég vil nefna frv. um prestskosningar, sem var líka flutt af menntnm. og vísað aftur til nefndarinnar, og mörg önnur dæmi gæti ég nefnt. Ég held að þetta sé satt að segja viðtekin regla. Ef nefnd tekur að sér að flytja mál er það eingöngu formsatriði því að hún flytur það fyrir viðkomandi ráðh., en síðan fær hún það aftur, eftir að þm. hafa átt þess kost að segja sitt álit á málinu, og sendir það þá venjulega til umsagnar.

Ég tel að þetta sé eitt af þeim málum sem bæði ég og margir aðrir þurfa að fá einhverjar leiðbeiningar um hvaða afstöðu á að taka til. Ég segi fyrir mig, að ég hef ekki myndað mér mjög ákveðna skoðun í málinu, og tel alveg sjálfsagt að aðilar utan þingsins eigi þess kost að leiðbeina okkur þm. um hvað er skynsamlegt og hvað er óskynsamlegt í þessum efnum. Þess vegna fer ég eindregið fram á það, að málið sé tekið til meðferðar í menntmn. Nd., og geri það að tillögu minni að því verði vísað þangað.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Mér verður ekki mikið fyrir að verða við þessari ósk.

Matthías Á Mathiesen: Herra forseti. Ég held að það hafi aldrei gerst að máli, sem nefnd hefur flutt, hafi verið vísað til nefndarinnar aftur. Hins vegar hefur það gerst oft, sem hæstv. fjmrh. sagði áðan, að nefndin tekur málið til meðferðar og vinnur að því vegna þess að hún hefur flutt það. En ég held að óvanalegt sé að máli, sem nefnd flytur, sé vísað til hennar samkv. þeim venjum sem hér hafa verið.

Menntmn. þessarar hv. deildar flytur þetta mál, 1. umr. er lokið hér og áður en málið kemur til 2. umr. hefur nefndin að sjálfsögðu, — ég er sammála ráðh. í því, — leitað til þeirra aðila, sem hún telur rétt að leita til, og hefur fjallað um málið. Ég held að venjan sé sú, að formlega sé máli ekki vísað til nefndarinnar aftur eftir 1. umr. þegar svona stendur á.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Þess eru áreiðanlega mörg dæmi, að máli, sem flutt er af nefnd, sé ekki vísað til nefndar eftir 1. umr. um það, þrátt fyrir ummæli hæstv. fjmrh.

Um þetta frv. var fjallað í samvinnunefnd menntamála, eins og ég vil orða það, því það voru menntmn. beggja þd. sem fjölluðu um frv. og kölluðu á sinn fund höfund þess, dr. Ármann Snævarr prófessor. Það er einstaklega auðvelt að átta sig á þessu frv. og a. m. k. allir hinir gleggri alþm. geta skilið það á fáum mínútum.

Á hinn bóginn skal ég ekki mótmæla því, að allir kristilega sinnaðir þm. skoði þetta mál mjög vandlega, og mun þess vegna ekki telja fram fleiri athugasemdir að sinni.

Atkvgr. um vísun til nefndar frestað.

Sameinað þing, 10. des.

Verðlagsmál.

Svar viðskiptaráðherra við fyrirspurn Halldórs Blöndals um verðlagsmál, á þskj. 117, sent þm. 10. des.

Fyrirspurnin fjallar um lið 4 í kaflanum um verðlagsmál í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar. Undir þeim lið er kveðið á um að lækka megi vöruverð með ákveðnum aðgerðum, og spurt er, hvað gett hafi verið til þess að koma þessum aðgerðum í framkvæmd, hvað standi til að gera og hvenær. Í stjórnarsáttmálanum er aðgerðunum skipt í fimm undirflokka, a) til e), og er sérstaklega óskað eftir upplýsingum um c), d) og e).

a) Í þessum undirflokki er kveðið á um að efla skuli samtök neytenda til þess að þau geti gegnt því mikilvæga verkefni að gera verðlagseftirlit neytendanna sjálfra virkt.

Svar við a):

Ríkisstjórnin hefur komið því til leiðar, að fjárstyrkur til samtaka neytenda hefur verið aukinn, og væntir þess, að það muni efla samtökin og gera þeim kleift að stuðla enn frekar að því að gera neytendur virkari þátttakendur í verðlagsefnitliti. Ríkisstjórnin telur, að á tímum verðbólgu og spennu í efnahagslífinu verði ekki hjá því komist, að stjórnvöld hafi meira hönd í bagga með verðlagsþróuninni en ella, en hitt sé jafnljóst, að opinbert eftirlit geti aldrei komið í staðinn fyrir vakandi eftirlit og dómgreind hins almenna neytenda. Þess vegna mun ríkisstjórnin stuðla að virku neytendaeftirliti eins og kostur er.

b) Í öðru lagi er kveðið á um að auka verðlagskynningu af opinberri hálfu.

Svar við b):

Þessu stefnumiði hefur verið framfylgt af hálfu Verðlagsstofnunar með gerð verðkannana og birtingu á niðurstöðum þeirra. Stofnunin hefur átt góða samvinnu við samtök neytenda um gerð þessara kannana og mun því samstarfi verða haldið áfram. Þessi starfsemi hefur að undanförnu einkum beinst að fyrirhugaðri myntbreytingu um n. k. áramót, enda mikilvægt að framkvæmd hennar takist sem best.

c) og d)

Í c) er kveðið á um að haga skuli verðlagsákvæðum þannig að þau hvetji til hagkvæmra innkaupa og í d) að greiða skuli fyrir því, að unnt sé að lækka vöruverð með innkaupum í stórum stíl. Eðlilegt er því að fjalla um þessa undirflokka samtímis.

Svar við c) og d):

Á undanförnum árum hefur Verðlagsstofnun framkvæmt kannanir á innkaupsverði til landsins, bæði ein sérog í samvinnu við hin Norðurlöndin. Hafa þessar kannanir ótvírætt leitt í ljós, að innkaup til Íslands eru mun óhagkvæmari en til nágrannalanda okkar. Í framhaldi af þessum niðurstöðum var starfshóp embættismanna falin haustið 1978 frekari athugun málsins og skilaði hann áliti í janúar 1979, þar sem orsakir vandamálsins voru greindar. Í samræmi við undirflokka c) og d) hér að framan í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar var Verðlagsstofnun í febrúar á þessu ári falið áframhaldandi meðferð málsins. Hefur stofnunin unnið markvisst að málinu síðan og er þess að vænta að hún skili álitsgerð á næstu vikum. Hér er á ferðinni mjög stórt hagsmunamál fyrir þjóðina, sem ekki er auðvelt úrlausnar, en ríkisstjórnin bindur vonir við, að fljótlega geti tekist samvinna á milli hlutaðeigandi aðila um raunhæfar aðgerðir í því skyni að leiða málið til farsælla lykta.

e) Loks er í lið 4 kveðið á um, að hin nýju lög skuli koma til framkvæmda undir eftirliti Verðlagsráðs, sem fái bætta aðstöðu til að gegna hlutverki sínu.

Svar við e):

Sem kunnugt er voru lögin um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti samþykkt á Alþingi í maí 1978 og ætlað að taka gildi í nóvember sama ár. Gildistökunni var síðan frestað um eitt ár, jafnframt því sem nokkrum greinum laganna var breytt, einkum 8. greininni. Með þeirri breytingu, sem gerð var á greininni, var dregið nokkuð úr þeim frjálsræðisvanda, sem einkenndi lögin upphaflega, þar sem nú verður frjáls verðmyndun ekki heimiluð nema með samþykki ríkisstjórnar. Ríkisstjórnin telur að á meðan við búum við núverandi óðaverðbólguástand og sjálfvirk tengsl á milli verðlags og launa verði að feta brautina til frjálsrar

verðmyndunar mjög varlega. Við slíkar aðstæður leitar verðmyndunin ekki sjálfkrafa jafnvægis á sama hátt og annars, og telur ríkisstjórnin, að ekki verði hjá því komist að taka tillit til þess.

Þrátt fyrir framangreinda annmarka á því að hverfa yfir í frjálsara verðmyndunarkerfi hafa hin nýju lög engu að síður haft í för með sér allmiklar breytingar. Starfshættir Verðlagsráðs eru sjálfstæðari og faglegri en áður og hefur m. a. verið unnið að lagfæringum á ýmsum veigamiklum málaflokkum sem lengi hafa beðið úrlausnar. Væntanlega á það eftir að koma betur í ljós síðar. Einnig hafa Verðlagsráði og Verðlagsstofnun verið falin ný verkefni á sviði samkeppnis- og neytendamála, sem unnið hefur verið að. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því að sú stefnubreyting, sem mörkuð hefur verið með hinum nýju lögum, þróist áfram, en telur með hliðsjón af aðstæðum í efnahagslífi þjóðarinnar í dag óhjákvæmilegt að sú þróun gerist á lengri tíma.

Sameinað þing, 32. fundur.

Fimmtudaginn 11. des., kl. 2 miðdegis.

Iðnaðarstefna, þáltill. (þskj. 93). — Frh. fyrri umr.

Guðmundur G. Þórarinsson: Herra forseti. Ég vil sérstaklega fagna þeirri þáltill. sem hér er til umr. og fjallar um heildarstefnumörkun í iðnaðarmálum. Það er af mörgum ástæðum mikilvægt að Alþingi Íslendinga marki skýra stefnu til eflingar innlendum iðnaði.

Ég vil þakka iðnrh. þá miklu vinnu sem hann hefur unnið og látið vinna við undirbúning þessarar þáltill.

Ég er ósammála þeirri skoðun sem fram kom hjá hv. 4. þm. Reykv., Benedikt Gröndal, er þessi mál voru rædd hér í síðustu viku. Ef ég hef skilið hann rétt taldi hann að ríkisstj. ætti sjálf að móta þessa stefnu, það væri nánast tímasóun að láta Alþingi fjalla um hana.

Það er hlutverk Alþingis að fást við stefnumörkun sem þessa. Það er óæskilegt að ríkisvaldið taki við því hlutverki Alþingis. Mér finnst það einmitt í samræmi við stjórnskipan okkar lands að Alþingi marki stefnuna. Stefnumörkun framkvæmdavalds í svona málum er meira í ætt við einræði eða stjórnarfar kommúnistaríkja. Jafnframt gera Ólafslög ráð fyrir að stefnumörkun fari fram með þáltill. Það er líka mikilvægt við slíka stefnumörkun að stuðla að víðtækri samstöðu þegar litið er til langs tíma.

Auðvitað hníga að því margvísleg rök, að sérstaklega sé hér fjallað um það nú, á hvern hátt megi efla iðnað í landinu. Við hátíðleg tækifæri flytja stjórnmálamenn gjarnan ræður um það, að með vaxandi fólksfjölda á vinnumarkaði verði iðnaðurinn að taka við auknu vinnuafli. Því er mikil nauðsyn á samræmdri iðnaðarstefnu. Það er mikil nauðsyn á því að örva iðnþróun í landinu.

Það mál, sem þessi þáltill. fjallar um er mikið og gott mál.

Á hinn bóginn verðum við að gæta þess, að sú iðnþróun, sem við ræðum um, sú efling innlends iðnaðar, sem við tölum um, verði ekki bara ítarlegar tillögur fluttar hér á Alþingi, verði ekki bara langar ræður fluttar á Alþingi, heldur nái iðnþróunin út til iðnfyrirtækjanna sjálfra, að hér verði ekki bara um að ræða einhvers konar stofnanaiðnþróun, ekki bara eitthvert freðið skipulagshjal, ekki bara það, að ríkið velji iðnaðarkosti, að ríkið styrki ákveðnar iðngreinar eða efli iðnþróun með miðstýringu og hinum seinvirka og þunga ákvarðanaferli ríkisvaldsins, heldur ber að leggja áherslu á sjálfstæði og eflingu iðnfyrirtækjanna og nýta frumkvæði og framtak iðnrekendanna sjálfra. Jafnvel hinn framtakssamasti iðnrh. má sín einskis samanborið við framtak hinna fjölmörgu einstaklinga ef aðstæður eru örvandi. Því hljóta menn að velta nokkuð fyrir sér hinum ýmsu liðum sem fjallað er um í þessari þáltill., t. a. m. 15. liðnum, þar sem lögð er áhersla á eðlilega eiginfjármyndun fyrirtækjanna. Ég hygg að hún sé lykill að þróun og eflingu iðnaðar í landinu. Og auðvitað spyrja menn þá: Er ríkisstj. tilbúin að beita sér fyrir því sem talið er upp í þessari þáltill., eða er hér bara um að ræða upptalningu á nánast öllu því sem mönnum dettur í hug að gæti hugsanlega eflt innlendan iðnað? Í þessu sambandi vaknar líka sú spurning, hvaða breytingar þarf að gera og eru nauðsynlegar á núgildandi lögum til að vissir liðir þáltill. megi ganga fram, t. a. m. skattabreytingar sem hér er fjallað um. Er ríkisstj. tilbúin að beita sér fyrir þeim? Það verðum við að ætla. Plaggið eitt, þó ágætt sé, sem hér hefur verið lagt fram, leysir út af fyrir sig engan vanda. Það þarf að fylgja þessu máli eftir.

Mér virðist að þrátt fyrir ítarlegar tillögur og marga þætti, sem koma fram í þessari þáltill., sé ekki lögð nægileg áhersla á vöruþróun og markaðssetningu. Það er ekki nægilegt að framleiða vörur, leita að kostum og framleiða meira af vörum. Það er mikið atriði að þróa markaði. En jafnframt þarf að leggja áherslu á stjórnunarfræðslu og eflingu stjórnunar í iðnfyrirtækjum.

En hver skyldi staðan vera í þessum málum okkar, málum innlends iðnaðar, þegar nú er lögð fyrir Alþingi þessi ítarlega tillaga um iðnþróun? Mér virðist það vera svo, að þó að Íslendingar vilji gjarnan hafa mikið og hátt kaup, þó að Íslendingar vilji hafa mikil frí og helst mikið að gera, þá sýna þeir því ekki mikinn áhuga að kaupa innlendar vörur. Þar mættu Íslendingar standa miklu meira saman. Í þessari þáltill. er fjallað um opinbera innkaupastefnu, sem á að miða að því að opinberir aðilar kaupi innlendan iðnvarning. Ef ég man rétt eru ákvæði um þetta í stjórnarsáttmála þessarar ríkisstjórnar. Þetta er atriði sem lengi og oft hefur verið rætt, og menn hljóta að spyrja: Af hverju er þessu ekki komið í framkvæmd? Þurfa menn að fjalla um þetta mörgum sinnum hér á Alþingi? Þetta hygg ég að sé mál sem hægt væri að hrinda í framkvæmd ef menn bara legðu áherslu á.

Ég hygg að öllum alþm. hafi borist bréf frá Félagi íslenskra iðnrekenda, þar sem lýst er áhyggjum yfir niðurfellingu tímabundins aðlögunargjalds. Í þessu bréfi segir að samkeppnisaðstaða mikils hluta iðnaðarins muni versna um 3% og niðurfelling aðlögunargjaldsins muni þýða um 14 milljarða kr. á árinu 1981 fyrir iðnaðinn. Hér er auðvitað um alvarlegt mál að ræða. Hæstv. viðskrh. hefur talið að þannig hafi verið gengið frá málum, þegar þetta aðlögunargjald var lagt á á sínum tíma, að því hafi verið lofað, að það yrði fellt niður, og því sé brýnt að þetta gjald verði fellt niður nú um áramót. Það er auðvitað mikilsvert að Íslendingar standi við orð sín, töluð orð skulu standa, það er mikilvægt í alþjóðaviðskiptum. Og sjálfsagt hlýtur samviska hvers og eins

viðskiptum. Og sjálfsagt hlýtur samviska hvers og eins að vera sá ráðgjafi sem hann virðir mest þegar allt kemur til alls. Við skulum ekki heldur horfa fram hjá þeim gífurlegu hagsmunum sem Íslendingar eiga í fríverslun, niðurfellingu tolla af hinum fjölmörgu afurðum okkar sem við flytjum út til fríverslunarbandalaganna. Þar eru miklir íslenskir hagmunir í húfi. En þá hlýtur sú spurning að vakna: Halda önnur ríki þessa samninga? Halda önnur ríki þessa samninga um jafnréttisgrundvöll í fríverslunarmálum?

Eins og flestir, sem hér eru inni, vita, hafa á undanförnum mánuðum og jafnvel árum farið fram verulegar umræður í þessu landi um styrki og aðstoð við iðnrekstur í löndunum í kringum okkur, í þeim löndum sem við erum í fríverslunarbandalagi við. Og auðvitað hljóta menn að sjá að það er útilokað fyrir okkur eina að halda slíka samninga ef aðrir gera það ekki. Það verða allir að halda samninga, það er ekki hægt að halda samninga einhliða.

Á Norðurlöndunum eru gefnar út bækur um það, hvar og hvernig iðnrekendur í þeim löndum geti fengið aðstoð og styrki til að reka fyrirtæki sín. Í Svíþjóð hefur komið út Stödhandboken 1980, sem fjallar mjög ítarlega um þetta mál, talsvert mikil bók. Í Danmörku hefur komið út leiðbeiningarrit sem heitir Offentlige Støtteordninger. Og í Finnlandi er nýkomin út þykk bók sem fjallar um sérstakar stuðningsaðgerðir við iðnað þar í landi. Í Stödhandboken, sem Svíar hafa gefið út, er sérstök skrá yfir þær stuðningsaðgerðir sem hinar ýmsu greinar iðnaðar þar geta leitað eftir. Ef við tökum sem dæmi tréiðnað í Svíþjóð, þá skal ég nú ekki fullyrða hverning tréiðnaður er skilgreindur þar, hvort það er allt frá trjákvoðuiðnaði yfir í unnin húsgögn, en þar segir sérstaklega varðandi tréiðnaðinn, að hann eigi kost á aðstoð í Svíþjóð sem kölluð er omställningsstöd eða einhvers konar aðlögunarstyrkur. Hann á einnig kost á strukturgarantier, sem eru möguleikar á lánum þar sem bæði vextir og afborganir eru felld niður ákveðin tíma ef viss skilyrði eru fyrir hendi. Hann á sérstaklega kost á því sem hér er kallað exportstöd eða einhvers konar aðstoð við útflutning. Og hann á kost á því sem kallað er utbildningsstöd eða menntunar- og fræðslustuðningur og aðstoð.

Þetta hljóta menn að horfa talsvert nærnum augum á þegar þeir gæta þess, að einmitt innflutningur á húsgögnum og innréttingum á Íslandi er að mjög miklu leyti frá Norðurlöndum. Einhvers staðar heyrði ég því fleygt, að innflutningur á innréttingum og húsgögnum hafi numið nálægt 6 milljörðum á þessu ári. Þessi iðnaður ber sig afar illa hér hjá okkur. Hann hefur nú beðið um 40% toll til þriggja ára, og er skýrsla væntanleg um stöðu hans. Forustumenn þessa iðnaðar segja að fyrirtæki muni jafnvel hætta og starfsfólki verða sagt upp.

Það mun hafa verið sérstaklega upp úr olíukreppunni 1973 að löndin í kringum okkur, og þá ekki hvað síst Norðurlöndin, sáu að ýmis iðnaður þeirra ætti í bökkum að berjast. Þá voru teknar þær ákvarðanir að leggja þennan iðnað ekki niður, heldur styðja hann til þess að fólkið hefði vinnu og hægt væri að halda honum áfram. Svíar veittu þá sérstök lán þannig að þeirra fyrirtæki gátu byrjað að vinna vörur á lager, en Norðmenn gengu hreinna til verks og greiddu niður vinnustundir í fjölmörgum iðnaðargreinum til þess að unnt væri að selja framleiðsluvörurnar.

Það er jafnframt athyglisvert, að flestar þessar fríverslunarþjóðir, bæði innan EFTA og EBE, hafa ekki fundið aðrar leiðir til að berjast við innflutning frá láglaunalöndunum, t. d. í Asíu, en einhliða kvótasetningar um innflutning og tolla. Norðmenn eru taldir greiða nú 2.55 kr. norskar á hverja vinnustund í fata- og vefjariðnaði. Þó telja kunnugir að stuðningur Svía við fataiðnað hjá sér sé jafnvel enn þá meiri, en hann er í formi ýmiss konar aðstoðar, t. d. einhvers konar afskriftalána, lána, sem veitt eru af ríkinu, en síðan afskrifuð ef ákveðin skilyrði eru fyrir hendi. Mér er tjáð að fataiðnaður á Íslandi standi nokkuð vel eins og er, og ég skal ekki leggja dóm á hversu langt kann að líða þar til hann lendir í verulegri samkeppni við innflutning frá láglaunalöndum.

Okkur berast jafnframt fregnir af því, að Norðmenn styrki útgerð sína á þessu ári um 1400 millj. norskra kr., sem að mestu leyti muni fara sem einhvers konar launauppbót til sjómanna. Vissulega hefur þetta áhrif á það, hversu mikið verð útgerðin norska þarf að fá fyrir sinn fisk, fyrir sínar afurðir, og það getur haft áhrif á sölu frystra fiskflaka okkar til þessara fríverslunarbandalaga

Þarna er um gífurlega alvarlegt mál að ræða, og ég hygg að þau ráðuneyti okkar, sem þessi mál snerta, þurfi að leggja meiri áherslu á athugun á þeim. E. t. v. ætti að vera í þessari þáltill. einhver þáttur þar sem sérstaklega væri vikið að því, hvernig bregðast skuli við slíkum stuðningsaðgerðum samkeppnislanda okkar — stuðningsaðgerðum við iðnað sem flytur vörur hingað inn. Því er ekki að neita, að samkvæmt EFTA-samningi er ströng sönnunarbyrði á þeirri þjóð sem heldur því fram að önnur þjóð beiti stuðningsaðgerðum við sinn iðnað. Og það er alveg ljóst, að þessi erlendu ríki sem nota sérfræðinga og mikið fé og tíma til að fela þessar aðgerðir sínar þannig að hægt sé með lagakrókum að telja að þær falli ekki beint undir ákvæði EFTA-samningsins. Við tölum um það hér, að við munum verða að fella niður aðlögunargjaldið, sem lagt hefur verið á, til að halda jafnréttisgrundvelli í fríverslun vegna þess að við erum í fríverslunarbandalagi með þessum þjóðum. Ég held að við hljótum sérstaklega að verða að horfa á þennan þátt. Og ég vil vekja athygli á því, að í ársskýrslu EFTA fyrir árið 1979, þar sem sérstaklega er drepið á þetta aðlögunargjald Íslendinga, kemur fram að EFTA lítur svo á samkvæmt þeirri skýrslu, að aðlögunargjaldið hafi verið samþykkt til þess að iðnaður á Íslandi mætti njóta þeirrar iðnþróunar sem verið sé að fjalla um í sérstakri iðnþróunaráætlun er liggi fyrir Alþingi Íslendinga. Eins og menn vita er hér um að ræða þá iðnþróunaráætlun sem nú er til umræðu á Alþingi. Af stjórnmálalegum ástæðum fékkst þessi ályktun ekki afgreidd fyrir ári. Nú er hún til umræðu, og ekki þykir mér ólíklegt að það gæti einmitt verið ástæða til að athuga hvort ekki megi annaðhvort framlengja slíkt gjald sem aðlögunargjald eða koma við öðru í stað þess.

Í ljósi allra þessara atriða, í ljósi allra þeirra stuðningsaðgerða sem þessar samkeppnisþjóðir okkar beita við sinn iðnað, á sama tíma og okkur er tjáð að við verðum að halda ákvæði þessa samnings og getum ekki lagt á nein gjöld, þá held ég að Íslendingar verði að horfast í augu við það, að þetta mál verðum við að athuga miklu, miklu betur. Við getum ekki horft á það eins og blindar hænur, að iðnaðurinn sé nánast drepinn í höndum okkar með slíkum aðgerðum. Ef iðnþróun á Íslandi á bara að vera langar og ítarlegar þáltill., langar og ítarlegar ræður

á Alþingi, á meðan iðnaður utan við Alþingishúsið berst við slíkar aðstæður sem af aðgerðum bandamanna okkar í fríverslunarbandalögum leiðir, þá finnst mér þetta minna dálítið á rússnesku hefðarfrúrnar sem grétu fögrum tárum yfir leiksýningunni meðan ekill þeirra fraus í hel við að bíða þeirra fyrir utan leikhúsið.

Það er sagt að við megum ekki leggja tolla og aðlögunargjald á vegna jafnréttisgrundvallar og ákvæða í fríverslunarsamningum. Hins vegar er ljóst að bandamenn okkar beita beinum niðurgreiðslum, jafnvel undirboðum og styrkjum o. s. frv. Þetta verða Íslendingar að athuga. Einhliða getum við ekki haldið þessa samninga að fullu. Ég legg áherslu á að ráðuneytin, iðnrn. og viðskrn. fari ítarlega ofan í það sem hér er að ske og það sem allra fyrst. Á stjórnvöldum Íslendinga hvílir mikil ábyrgð að gera slíka samninga sem leggja kvaðir á atvinnugreinar í okkar landi, en veita keppinautum okkar e. t. v. jafnframt möguleika til að hafa rangt við á þennan hátt. Ég vil sérstaklega benda á það, að í stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu segir einmitt í 17. gr. um innflutning undirboðsvara og niðurgreiddra vara: „Enginn ákvæði þessa samnings skulu vera því til hindrunar, að aðildarríki geri ráðstafanir gegn innflutningi undirboðsvara eða niðurgreiddra vara í samræmi við aðrar alþjóðlegar skuldbindingar sínar.“ Og jafnframt er tekið fram, að engin ákvæði þessa samnings skuli vera því til fyrirstöðu, að aðildarríki geri þær ráðstafanir sem það telur nauðsynlegar ef mjög mikil breyting verður á innflutningi einstakra vara.

Heimildir eru því til í þessum samningi, og við fjöllum hér um mjög alvarlegt mál. Ég vil ítreka það, að stefnumörkunar er þörf. Ég vil ítreka það, að þáltill., sem hér liggur fyrir, er ítarleg, hún er þörf og hún er gott mál. Hún þarf að fá vandlega umfjöllun þessa Alþingis og það tekur tíma. En í málum iðnaðarins er nú brýnt að taka sérstaklega til athugunar þær aðgerðir sem samkeppnisþjóðir okkar hafa gripið til til að vernda sinn iðnað. Mér virðist af öllu þessu alveg ljóst að iðnaður okkar glímir við óeðlilega samkeppni, hann glímir við óeðlilega samkeppni sem hefur ranglega að skjóli fríverslunarsamninga. Mín skoðun er sú, að telji menn við þessar aðstæður nauðsynlegt vegna fyrri samninga að fella niður aðlögunargjald, þá komi vel til greina að hækka jöfnunargjald á móti. Umfram allt er þó mergurinn málsins, og ég vil enn ítreka það, að það er ekki nóg að gera samþykktir á Alþingi, það er ekki nóg að flytja hér ítarlegar tillögur og langar ræður. Athafna er þörf. Það þarf að hrinda þessum ákvæðum í framkvæmd. Og það gæti vel verið umhugsunarefni fyrir okkur að stytta ræðurnar um þessar þáltill. um nokkra klukkutíma og nota þann tíma sem vinnst til að koma ákvæðum tillagnanna í framkvæmd.

Umr. frestað.

Fræðsla um efnahagsmál, þáltill. (þskj. 201). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Ívilnanir til loðnusjómanna, þáltill. (þskj. 202). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Iðnaður á Vestfjörðum, þáltill. (þskj. 208). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Aðild Grikklands að Efnahagsbandalagi Evrópu, þáltill. (þskj. 210). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Efri deild, 25. fundur.

Fimmtudaginn 11. des., kl. 3.30 síðdegis.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 204). — 1. umr.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, er, ef svo má að orði komast, fylgifrv. með frv. til l. um breyt. á lögum nr. 25/1975, um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir, en það frv. ræddum við hér í hv. d. í gær.

Það er eins með þetta frv. og fyrra frv., sem við ræddum í gær, að þetta er í þriðja sinn sem frv. er fram borið. Ég hef í allítarlegu máli skýrt þetta frv. tvisvar áður fyrir hv. d. og síðast fyrr á þessu ári, svo að ég sé ekki ástæðu til að vera fjölorður um frv. núna. Ég hygg að hv. dm. sé efni þess svo kunnugt.

Frv. þetta er núna endurflutt með tveim breytingum. Annars vegar er upphæð mæðralauna samkv. 1. gr. hækkuð til samræmis við hækkað verðlag í landinu. Hins vegar er fellt niður ákvæði um barnsburðarbætur, þar sem nú liggur fyrir þinginu stjórnarfrv. um fæðingarorlof sem gert er ráð fyrir að nái fram að ganga, en þar er gert ráð fyrir að allir foreldrar eigi rétt á fæðingarorlofi.

Frv. það, sem við nú ræðum, felur í sér félagslegar ráðstafanir sem ætlað er að bæta úr þeim félagslegu ástæðum sem nú geta samkv. lögum heimilað fóstureyðingu. Lagt er til að þetta sé gert með breytingu á lögum um almannatryggingar. Hér er um að ræða verulega aukna aðstoð við einstæðar mæður og heimildarákvæði um slíkt hið sama til hjálpar konum í hjúskap eða í óvígðri sambúð sem eru hjálparþurfi.

Frv. hefur í för með sér eftirfarandi meginbreytingar á lögum um almannatryggingar:

1. Mæðralaun eru hækkuð mikið frá því sem nú er. Sú hækkun er mun meiri með einu barni og tveim börnum en með þrem börnum eða fleiri.

2. Tekin er upp ný bótagreiðsla til einstæðra mæðra vegna þeirrar röskunar á stöðu og högum sem barnsburður veldur þeim. Bætur þessar skulu vera jafnar að upphæð og ekkjulífeyrir almannatrygginga. Réttur til þessara bóta er í sex mánuði eftir barnsfæðingu. Hafi hin einstæða móðir annað barn á framfæri sínu undir 17 ára aldri á hún rétt á þessum bótum í 12 mánuði til viðbótar.

3. Þegar bætur samkv. 2. tölul. falla niður er tryggingaráði veitt heimild til að greiða einstæðri móður lífeyri er nemi að upphæð sem svarar allt að fullum ellilífeyri einstaklings samkv. 11. gr. ásamt tekjutryggingu samkv. 19. gr. sem verður 20. gr. laganna.

4. Tryggingaráði er veitt heimild til að ákveða að aðstoð, sem einstæðum mæðrum er veitt samkv. framansögðu, megi láta í té konum í hjúskap eða í sambúð ef um er að ræða fjárhagserfiðleika og aðrar bágar félagslegar ástæður sem samkv. núgildandi lögum geta heimilað fóstureyðingu.

Frv. þetta er flutt á þeirri forsendu að fóstureyðing leysi ekki félagslegan vanda, heldur þvert á móti. Þjóðfélag, sem leyfir fóstureyðingu af félagslegum ástæðum, lítur fram hjá hinum raunverulega vanda, sættir sig við óleyst vandamál. Félagslegur vandi verður ekki leystur nema með félagslegum ráðstöfunum. Frv. þetta miðar að því að svo verði gert.

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 12 shlj. atkv.

Flugmálaáætlun, frv. (þskj. 182). — 1. umr.

Flm. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Það frv. til l. um flugmálaáætlun, sem ég flyt hér, er samhljóða frv. sem Finnur Torfi Stefánsson flutti á 101. löggjafarþingi. Það varð þá ekki útrætt og er því endurflutt.

Það er skemmst frá að segja, að nauðsynlegt er að fyrir hendi sé samræmd stefna í samgöngumálum, hvers konar samgöngukerfi eigi að vera í landinu. Hingað til hafa verið gerðar áætlanir að því er varðar hafnir og vegi, en flugmálaáætlanir hafa ekki verið gerðar, og ég held það megi með sanni segja, að stefnan í flugmálum hafi verið heldur losaraleg a. m. k. En flug er auðvitað einn þátturinn í samgöngukerfinu og vissulega er ástæða til þess að gerðar séu áætlanir um þróun flugmála, um þróun flugsamgangna, með sama hætti og gert er varðandi þróun vegamála og hafnamála.

Ekki síst er ástæða til þessa með tilliti til þess, að flug hefur í raun og sannleika dregist aftur úr tæknilega séð hér á Íslandi miðað við grannlönd okkar á undanförnum árum. Það hlýtur að vera eðlilegt og sjálfsagt að menn geri sér grein fyrir því, hver sé eðlileg verkaskipting hinna ýmsu samgönguþátta, hvert sé hlutverk vegakerfisins, hvaða samgöngum eigi fyrst og fremst að halda uppi sjóleiðis og hvert sé hlutverk flugsins í samgöngukerfi þjóðarinnar. Það er bakgrunnurinn að þeirri till. sem hér er flutt. Við höfum líka reynslu af vegáætlunum og áætlunum í hafnamálum, og þó að framlög hafi ekki orðið eins mikil og menn hafa óskað held ég að þessi reynsla hafi verið að ýmsu leyti sú, að áætlanagerðin hafi verið til bóta. Ég held að flestir aðhyllist þá skoðun, að samgöngukerfi eigi að byggja upp þannig, að meginsamgöngur séu við vissa tiltekna kjarna hér og hvar á landinu, en síðan séu tengisamgöngur út frá þessum kjörnum. Segja má að nokkur þróun hafi átt sér stað í þessa átt að því er varðar flug, og reyndar líka að ýmsu leyti framkvæmdir í vegamálum, þar sem lögð er áhersla á að tengja nálægar byggðir við meginkjarnann. Sú þróun, sem hefur átt sér stað í þessa átt í flugmálum, er kannske fyrst og fremst á Austfjörðum og að nokkru leyti á Norðurlandi. En ekki hefur tekist að vinna þessu máli þann byr og það fylgi sem nauðsynlegt er. Og það er alveg ljóst, að til þess að flugið geti gegnt hlutverki sínu með eðlilegum hætti í þessari uppbyggingu verða áætlanir þeirra minni flugvéla, sem annast tenginguna við kjarnana eða milli kjarnanna og hinna smærri byggða, að geta staðist.

Það er forsenda fyrir því, að þær áætlanir geti staðist, að aðbúnaður á flugvöllum sé bærilegur, og reyndar er gífurlega mikið hagkvæmnismál að hægt sé að nota hagkvæmustu gerðir flugvéla. Þess vegna er vissulega ástæða til þess af hagkvæmnisástæðum að hyggja sérstaklega að fluginu. Ísland er stórt land, fámennt og strjálbýlt. Greiðar samgöngur hafa þess vegna meiri þýðingu hér en víða annars staðar. En einmitt vegna þess að landið er stórt og strjálbýlt er dýrara að koma samgöngum bærilega fyrir hér en hjá ýmsum öðrum. Við þurfum ýmislegt á okkur að leggja til að haga samgöngumálum okkar þannig að sem mestur afrakstur fáist af því fjármagni og vinnuafli sem til þeirra mála er veitt. Því miður hefur skort mjög á skipuleg vinnubrögð í þessu efni. Á undanförnum árum hafa ákveðnir þættir samgöngumálanna að vísu verið unnir eftir fyrirframgerðri áætlun, þar sem eru hafnargerðaáætlanir og vegáætlanir. Það er að sjálfsögðu spor í rétta átt. Hins vegar skortir mjög á skipulegan samanburð á möguleikum hinna ýmsu samgöngukosta, þ. e. hvers konar verkefni hentar hverjum samgöngukosti best, og svo að haga uppbyggingu samgöngukerfisins með hliðsjón af þessu.

Fjárfestingarstjórn hefur hingað til ráðist fyrst og fremst af því, hve mikið menn telja sig hafa aflögu til slíkra verkefna, ásamt tilviljunum og pólitísku skæklatogi. En einn þáttur samgöngumála, flugsamgöngur, hefur orðið mjög útundan. Um þennan þátt er engin stefnumótun og engin áætlanagerð. Það er ekki vitað um neinar sérstakar viðmiðanir sem menn hafi haft við fjárfestingarákvarðanir til flugmála, og enginn samanburður við aðra flutningakosti. Afleiðingin er sú, að flugvellir og búnaður til flugsamgangna eru áratugum á eftir því sem er í flestum nágrannalöndum, og nota þó Íslendingar flug meira en flestar aðrar þjóðir. Segja má að flug á Íslandi hafi vaxið og dafnað af sjálfu sér og vegna eðlislægrar arðsemi, en ekki vegna opinberrar stefnumörkunar. Á mikilvægum sviðum er það nú ríkjandi samgöngukostur og hefur útrýmt öðrum. Þetta gildir um alla fólksflutninga frá og að landinu og reyndar milli landshluta innanlands.

Arðsemi flugsins er kostur sem nýta ber enn betur og að því er stefnt með þessu frv. Menn kannast við þá kosti flugsins sem felast í hraða, þægindum, góðri orkunýtingu og tiltölulega litlum kostnaði við mannvirkjagerð miðað við aðra samgönguþætti. Flugið er líka tiltölulega ónæmt fyrir náttúruhamförum og eiginlega að ýmsu leyti óháðara veðri en t. d. samgöngur á landi, svo framarlega sem nægilegur búnaður er fyrir hendi. Þannig getur flugið verið fljótvirkt, ódýrt og öruggt. En það er ljóst, að kostir flugsins nýtast ekki jafnvel í öllum tilvikum. Flutningur þungavöru verður sjálfsagt áfram hagkvæmari á sjó. Vöru- og fólksflutningar á styttri vegalengdum eru hagkvæmastir á bifreiðum eða öðrum land-

flutningatækjum. En það er brýn þörf á nánari könnun og samanburði á þessu til að unnt sé að meta hlutverkaskiptinguna af skynsemi. Tölulegar upplýsingar um þetta efni eru tiltölulega litlar, eða a. m. k. illfinnanlegar. Þó hafa birst nokkrar töflur sem ástæða er til að vekja athygli á.

Í grg. með frv. er yfirlit yfir fólksflutninga á sérleyfisleiðum annars vegar og í innanlandsflugi Flugfélags Íslands hins vegar. Fróðlegt er að bera það saman, að það er álíka vegalengd sem flogin er í innanlandsflugi Flugfélagsins árið 1975 eins og sú sem ekin er í fólksflutningum á sérleyfisleiðum. En farþegafjöldinn er um 205 000 á þessu ári í innanlandsflugi Flugfélagsins og 490 000 á sérleyfisleiðum. Ef hins vegar er tekið tillit til fjarlægðarinnar kemur í ljós að flugið hefur vinninginn, því farþegakílómetrar eru þar 49 000 meðan farþegakílómetrar á sérleyfisleiðum eru rúmlega 31 000. Þetta hlutfall hefur ekki breyst neitt verulega frá þessum tíma. Í Fjármálatíðindum eru til nokkrar upplýsingar um þetta efni fyrir árið 1977, sem ég vil leyfa mér að vitna til, með leyfi forseta. Þar kemur í ljós að farþegakílómetrar í fólksflutningum á sérleyfisleiðum árið 1977 eru um 22 000, en í fluginu um 57 000. Þáttur flugsins í þessu samgöngukerfi er því greinilega mjög mikill og flugið flytur fleiri farþega í raun og sannleika heldur en sérleyfisleiðirnar gera.

Ekki þarf að fjölyrða um það, að meginhluti farþega til Íslands kemur með flugvélum. Á árinu 1977, sem tölur liggja fyrir um, komu um 71 þús. Íslendingar með flugvélum til landsins og um 73 þús. útlendingar. Þeir, sem með skipum koma, verða hins vegar einungis taldir í þúsundum. Á árinu 1973, sem nýjustu upplýsingar liggja fyrir um, eru það samtals 2 700 manns. Þetta er einungis til glöggvunar um það, hversu mikilvægt flugið er í samgöngum landsins.

Flugið hefur að sjálfsögðu fyrst og fremst sinnt fólksflutningum, en vöruflutningar bæði milli landa og innanlands hafa farið vaxandi, og víst er að að því er varðar vissar vörur á flugið betur við sem flutningatæki heldur en þær leiðir aðrar sem koma til greina í þessu efni.

Þáttur flugsins í samgöngum er þess vegna mjög mikilvægur. En þáttur flugsins gæti verið bæði mikilvægari, hagkvæmari og öruggari ef uppbyggingu þess væri sinnt með eðlilegum hætti og áætlanir gerðar um hvernig það mætti gera. Það er á þeim grunni sem þetta frv. er lagt fram.

Það má geta þess, að á árinu 1976 skilaði svokölluð *flugvallanefnd áliti og lagði fram sex ára áætlun um* uppbyggingu innanlandsflugsins. Það var líka samþykkt þál. vorið 1977 um að hliðsjón yrði höfð í öllum meginatriðum af tillögum flugvallanefndar og að við mat á forgangsröðun slíkra framkvæmda yrðu höfð í huga eftirfarandi atriði: öryggisbúnaður flugvallarins, aðbúnaður flugfarþega, fjöldi flughreyfinga og magn flugflutninga, ástand núverandi flugbrauta og/eða búnaður, mikilvægi flugs fyrir viðkomandi byggðarlag og loks þarfir millilandaflugs.

Hvorki hefur það gerst, að fylgt hafi verið tillögum svonefndrar flugvallarnefndar, né heldur fylgt fram þeirri þál. sem gerð var vorið 1977 um þessi atriði. Flugvallanefnd nefndi tiltekna fjárhæð, 900 millj. kr., í sínu áliti 1976. Lauslegt mat bendir til að framlög til þessara mála hafi ekki verið nema um þriðjungur þess sem þar var gert ráð fyrir.

Ég held að það sé ekki úr vegi að rekja fáeina þætti sem ástæða er til að hafa í huga þegar litið er á samgöngumál og samgöngukerfi. Ég held að ég nefni atriði sem stuðla að því að fólksflutningar færist æ meir yfir í *loftflutninga, — atriði sem verða að teljast sérstakir* kostir flugsins.

Í fyrsta lagi er það, að ef menn þurfa að komast í skyndingu milli fjarlægra staða er flugið eðlilegasti ferðamátinn. Það má líka nefna að mjög veigamikill þáttur í almannavörnum eru flugvellir og þá ekki síst neyðarflugvellir. Sjúkraflug hefur farið vaxandi með ári hverju og verður sífellt meira áríðandi í ljósi þess, að sjúklingar eða slasaðir eru oftast fluttir á stærstu sjúkrahúsin ef um meiri háttar slys er að ræða. Þess vegna er mikilvægt að sjúkravellir séu vel færir flugvélum og séu í nálægð sjúkrahúsa og þéttbýlla staða.

Þá er ástæða til að minna á að snjóþyngsli loka oft heilum héruðum, en það er ævinlega hægt að fljúga þegar veðri slotar og flugvöllur hefur verið ruddur, svo framarlega sem fyrir hendi eru tæki til að ryðja völlinn. Hins vegar þarf einatt að ryðja hundruð kílómetra af vegum áður en vegasamband næst.

Þá má benda á að flugið er mjög öruggur ferðamáti í samanburði við önnur samgöngutæki. Slysatíðni er lægri. Flugið sparar einnig tíma, og þeir, sem gera kostnaðarsamanburð á því að ferðast milli staða með flugi annars vegar og bifreiðum hins vegar, munu fljótlega komast að því, að sé vinnutími metinn til fjár og annar kostnaður sem er samfara því að fara landleiðina, þá sé flugið oft og tíðum ódýrari ferðamáti heldur en að fara akandi á bifreið.

Það, sem gera þarf, er að búa alla flugvelli lágmarkstækjakosti. Kröfurnar eru auðvitað misjafnar eftir því hvort um er að ræða áætlunarflugvöll eða flugvöll fyrir neiðartilvik, sjúkraflug. En ef einungis er litið á áætlunarflugvelli, þá held ég — og það kemur fram í þeirri grg. sem Finnur Torfi Stefánsson flutti fyrir þessu frv. á sínum tíma — að lágmarkskröfurnar megi telja upp í fjórum liðum. Ég ætla að leyfa mér að lesa þann hluta úr grg. sem fjallar um þessar lágmarkskröfur:

Það er í fyrsta lagi að fullkomin flugleiðsögutæki séu fyrir hendi, þannig að hægt sé að fljúga yfir að staðnum, og aðflugstæki, svo að fljúga megi niður að flugbraut af fullu öryggi í tiltekið lágmark. Brautarljós og aðflugshallaljós þurfa enn fremur að vera fyrir hendi vegna öryggis í lendingu.

Í annan stað er upp talið það er varðar flugbrautina eða flugvöllinn sjálfan. Flugbrautin sjálf þarf að liggja vel að vindáttum með sem minnstar hindranir á aðflugsleið, eftir því sem við verður komið. Undirbygging flugbrautar þarf að vera það hátt, að brautin þoli bleytu og hálku, helst steyptar eða malbikaðar brautir. Flugbrautir þurfa að vera girtar til þess að verja þær ágengni manna og búfjár. Á brautinni þarf að vera slökkvibúnaður, sem hentar viðkomandi flugvélategund, og björgunarbúnaður. Þar þarf að vera eftirlitsmaður sem hafi undir höndum a. m. k. fjarskiptatæki, vindmæli og hæðarmæli.

Í þriðja lagi er bent á að á flugvallarsvæðinu þurfi hús fyrir eftirlitsmann og farþega sem hafi að geyma a. m. k. herbergi fyrir stjórnun og afgreiðslu, nokkuð rúmgott herbergi fyrir farþega, jafnvel með kaffiaðstöðu, salerni, tækjageymslu og síma.

Loks er talið upp að á flugvallarsvæðinu þurfi aðgang að tæki til snjóruðnings, bremsumælinga og sandburðar.

Það, sem að framan er talið, eru lágmarkskröfur. Þó þessi aðstaða væri fyrir hendi teldist hún ekki fullkomin, segir í grg. með frv.

Ég held að ef hv. þm. svipast um í kringum sig og líta á aðbúnað á flugvöllum víðs vegar á landinu, þá sé þeim ljóst að það er langt frá því að þessum lágmarkskröfum sé yfirleitt fullnægt. Það eru einungis örfáir vellir, þar sem hægt er að segja að þessum kröfum sé fullnægt. Ætli þeir séu nema þrír: Keflavík, Reykjavík og Akureyri.

Sumt af því, sem hér er talið upp, er ekki mjög kostnaðarsamt, annað er auðvitað dýrt. En meginatriðið er að menn ætli fé til þessara mála, að stefna sé mörkuð og að samræmi sé í þeim fjárveitingum sem til þessara mála er varið.

Því frv., sem hér er flutt, er ætlað að vera grundvöllur skipulegs átaks í flugmálum Íslendinga, enda verði það að lögum, eins og ég vænti. Meginefni þess er að skylda ríkisstj. til að leggja fram með reglubundnum hætti flugmálaáætlun til samþykktar á Alþingi og haga stjórn flugmála eftir ákvæðum hennar.

Sú tilhögun, sem frv. byggir á, er sótt að meginefni til ákvæða vegalaga um vegáætlun. En þess ber að geta, að ekki eru í frv. gerðar tillögur um mörkun tekjustofna í þágu þessa verkefnis, heldur gert ráð fyrir að tekna verði aflað með almennum hætti. Er það í samræmi við ríkjandi meginsjónarmið um stjórn flugmála.

Ég tel að samþykkt þessa frv. eigi að geta verið lyftistöng fyrir flugmálin í landinu. Ég tel að það séu sjálfsögð vinnubrögð að gera flugmálaáætlanir, að gera áætlanir um þennan samgönguþátt eins og aðra. Og ég legg áherslu á það, að öryggissjónarmið verður að hafa mjög ríkt í huga við uppbyggingu flugvallakerfisins og flugsins á Íslandi. Ég tel að þau atriði hafi komið mjög greinilega fram í ræðu minni og í grg. með þessu frv.

Ég vænti þess, að hv. Alþingi geti samþykkt þetta frv., og legg til að því verði vísað til nefndar að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til samgn. með 14 shlj. atkv.

Efri deild, 26. fundur.

Fimmtudaginn 11. des., að loknum 25. fundi.

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, frv. (þskj. 125, n. 227). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um frv. til l. um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda. Fjh.- og viðskn. hefur rætt um þetta frv. á fundum sínum og mælir einróma með því að það verði samþykkt. Að vísu vil ég geta þess, að einn nm., Eyjólfur Konráð Jónsson, skrifar undir nál. með fyrirvara, en fjarverandi afgreiðslu málsins voru þeir Gunnar Thoroddsen og Lárus Jónsson.

Herra forseti. Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda er ætlað að vista það fólk sem ekki á vísa aðild að öðrum lífeyrissjóðum. Um 11 þús. manns eiga nú aðild að biðreikningi lífeyrissjóðsiðgjalda. Hér er því um að ræða lögbindingu sjóðs sem tekur við af biðreikningi lífeyrissjóðsiðgjalda.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Eins og frsm. n. gat um rita ég undir þetta nál. með fyrirvara. Fyrirvarinn byggist á því, að ég tel að þetta kerfi eins og það er, þessi biðreikningur og allt það sem verður núna lögfest væntanlega, sé með þeim hætti, að þar sé eingöngu tjaldað til einnar nætur og það sé einn liður í þeim frumskógi lífeyrissjóðanna sem verður að uppræta mjög fljótlega. En ég vil ekki standa í vegi fyrir því, að þetta verði núna lögfest. Það munu vera um 11 þús. nöfn á þessum biðlista og eins og ég sagði áðan er þetta hinn mesti frumskógur. En talið er að það muni verða eitthvað auðveldara að fást við þetta næstu mánuðina og misserin, þar til nýskipan lífeyrismála hefur komist á, með því að lögfesta þetta. Hef ég þess vegna staðið að meirihlutaálitinu þótt ég telji, eins og ég áðan sagði, að allt sé þetta hinn mesti óskapnaður.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—22. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Samningur um gagnkvæma aðstoð í tollamálum, frv. (þskj. 191, n. 228). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Eins og fram kemur í aths. með þessu frv. er það lagt fyrir Alþingi til að afla heimildar fyrir ríkisstj. til fullgildingar á samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um gagnkvæma aðstoð í tollamálum svo og að veita ákvæðum samningsins lagagildi hér á landi. Sú aðstoð, sem í samningnum felst, er þrenns konar: Í fyrsta lagi aðstoð við framkvæmd tollalaga almennt, þ. e. álagningu tolla og annarra inn- og útflutningsgjalda, svo og að haldnar séu reglur um inn- og útflutning. Í öðru lagi innheimta tolla og annarra gjalda. Í þriðja lagi aðstoð til að koma í veg fyrir, rannsaka og upplýsa brot á tollalöggjöfinni.

Nefndin hefur rætt þetta frv. og mælir með því að það verði samþ. Gunnar Thoroddsen og Lárus Jónsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins, en aðrir nm. mæla með samþykkt frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Efri deild, 27. fundur.

Fimmtudaginn 11. des., að loknum 26. fundi.

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, frv. (þskj. 125). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Samningur um gagnkvæma aðstoð í tollamálum, frv. (þskj. 191). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Vörugjald, frv. (þskj. 229). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um vörugjald. Lög þessi um vörugjald eru orðin nokkuð gömul í hettunni, hafa verið í gildi í rúman áratug og fela í sér álagningu nokkurs gjalds á gosdrykki og aðra óáfenga hressandi vökva og á nokkrar sykraðar vörur. Þessi gjöld voru lengi kölluð tollvörugjöld, en hafa nú á seinni árum borið nafnið vörugjald.

Fram undir þetta hefur gjaldið verið lagt á með ákveðinni krónutölu á tiltekið magn þessara vörutegunda, en með þessu frv. er lagt til að beitt verði hlutfallslegri álagningu í stað krónutöluálagningar. Jafnframt er gjaldið hækkað nokkuð til samræmis við verðþróun undanfarinna ára.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða mikið um þetta frv. sem er afskaplega einfalt í sniðum og fyrst og fremst fólgið í því, að verið er að samræma gjaldið þeirri verðþróun, sem átt hefur sér stað á undanförnum árum, og þar með að hækka það nokkuð. Ef gjaldið væri haft hlutfallslega jafnhátt nú og það var fyrr á þessum áratug mætti vafalaust hækka það allmiklu meira en gert er. Sérstaklega gildir það um sælgætið. Ekki var þó talin ástæða til að ganga lengra í þessum efnum en gert er í frv. vegna þess að jafnframt eru nokkur sérstök gjöld önnur á sælgætisvörum.

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að leggja til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

Neðri deild, 28. fundur.

Fimmtudaginn 11. des., kl. 3.30 síðdegis.

Biskupskosning, frv. (þskj. 190). — Frh. 1. umr.

ATKVGR. (frh.).

Frsm. (Ingólfur Guðnason): Herra forseti. Frv. það, sem hér á að fara að greiða atkvæði um, frv. um biskupskosningar, er flutt af menntmn. Nd. samhljóða. Einstakir nm. hafa áskilið sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. sem fram kunna að koma við frv., og sama rétt hafa að sjálfsögðu allir hv. þm. í Nd.

Við umr. um frv. í gær komu engar aths. fram, hvorki frá nm. né öðrum, sem gefa það til kynna að ástæða sé til að vísa frv. aftur til menntmn. Nd. Tel ég því að vísun þess þangað hafi engan tilgang og beri því að vísa frv. beint til 2. umr.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Fyrir liggur till. frá hæstv. fjmrh. um að málinu verði vísað til menntmn. Ég tel ástæðulaust annað en verða við því að bera þá till. upp. Það er ekkert sem mælir á móti því að málinu verði vísað þangað. Það eru til fordæmi fyrir hvor tveggju, að mál, sem nefnd hefur flutt, hafi gengið beint til 2. umr. án þess að vera vísað til nefndar og eins að hafa þann hátt á sem hér er lagður til.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Menntmn. beggja deilda hafa fjallað efnislega um þetta mál og hafa reynst vera sammála um það. Af þeim ástæðum sé ég enga ástæðu til að vísa málinu til menntmn. Ég skil áhuga hæstv. fjmrh., en tel það algjörlega ástæðulaust.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Menn æfa sig nú aldrei of mikið í kristindómnum.

Till. um að vísa frv. til menntmn. felld með 15:7 atkv.

Meinatæknar, frv. (þskj. 29). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Viðskiptafræðingar, frv. (þskj. 48). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Eftirlaun til aldraðra, frv. (þskj. 177). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Grænlandssjóður, frv. (þskj. 219 (sbr. þskj. 30)). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Stéttarfélög og vinnudeilur, frv. (þskj. 43). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til allshn. með 28 shlj. atkv.

Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins, frv. (þskj. 172, n. 217). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Sjútvn. hv. deildar hefur fjallað um þetta mál á fundum sínum. Málið fjallar um Aflatryggingasjóð, áhafnadeild. Þarna er fjallað um fæðisgreiðslur til sjómanna.

Meginbreytingarnar, sem gerðar eru á lögunum, eru um að færa meðferð þessa hluta laganna yfir í reglugerðir, því að það er þyngra að þurfa að lagfæra svo breytilega hluti í hvert sinn með lögum. Ég er með lögin frá 1971 í höndunum og fimm lagabreytingar við þau lög sem fjalla aðallega um þennan hluta þeirra. Það eitt ætti að vera nóg til að sýna mönnum að heppilegra er að hafa meðferð þessara mála í reglugerð.

Stjórn Aflatryggingasjóðs á að semja reglugerð og leita umsagnar allra hlutaðeigandi þegar breytingar eru á ferðinni. Þarf raunar ekki að hafa um þetta mörg orð, svo kunnugt sem það er hv. þm.

Nefndin fékk á sinn fund formann Aflatryggingasjóðs til þess að skýra málið. Hún stendur saman eins og fyrri daginn og leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Fiskimálasjóður, frv. (þskj. 173, n. 214). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. fjallar um að hækka hámarksupphæð Fiskimálasjóðs til lánveitinga úr 2 millj. í 5 millj. kr. Stjórn sjóðsins er sammála um að geta sjóðsins og aðrar aðstæður leyfi að þessi upphæð verði hækkuð sem segir í frv.

Nefndin hefur rætt málið á fundum sínum. Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Halldór Blöndal og Páll Pétursson, en viðstaddir nm. voru sammála um að leggja til að frv. yrði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr með 21 shlj. atkv.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum, frv. (þskj. 79, n. 216). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Þetta frv. fjallar um það í stuttu máli að draga skuli frá fob-verðmæti saltsíldar, sem er framleidd á þessari haustvertíð, 15 600 kr. fyrir hverja 100 kg tunnu vegna umbúðakostnaðar og annars slíks kostnaðar.

Sjútvn. hefur rætt þetta mál á fundum sínum og leggur til að frv. verði samþ. óbreytt. Það gildir um þetta mál, eins og öll þau þrjú sem hafa verið tekin fyrir núna, að tveir hv. þm. voru fjarstaddir afgreiðslu málsins, þeir Páll Pétursson og Halldór Blöndal. Nefndin leggur til að málið verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Verðjöfnun á olíu og bensíni, frv. (þskj. 211). — 1. umr.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breyt. á lögum nr. 34 18. febr. 1953, um verðjöfnun á olíu og bensíni.

Verðjöfnun á olíu og bensíni var tekin upp hér á landi með lögum nr. 34 frá 18. febr. 1953, þ. e. þeim lögum sem gerð er tillaga um að breyta. Í byrjun náði hún til bensíns, gasolíu, svartolíu og ljósasteinolíu. Hélst svo til 1975, þegar flugvélabensín var tekið í verðjöfnun. Með þessu frv. er lagt til að flugsteinolíu verði bætt við.

Ekki þótti ástæða til að taka flugsteinolíu með árið 1975 þegar flugvélabensín var tekið í verðjöfnun, þar

sem engin notkun hennar var þá utan Reykjavíkursvæðisins. Nú hefur þetta breyst. Skiptir það litlu flugfélögin úti á landi nokkru máli að verðjöfnun verði tekin upp og því þótti sanngjarnt að flytja þetta frv. Rekstur og umsvif litlu flugfélaganna úti á landi hafa aukist verulega á undanförnum árum, bæði austan-, norðan- og vestanlands, og svo er komið að þau eru með starfsemi sem er alveg fastur og ómissandi liður í samgöngumálum þessara fjórðunga. Þess vegna varðar það miklu að hægt sé að reka þau með eðlilegum hætti.

Sala flugsteinolíu 1979 var þannig, að tæplega 8% voru seld utan Reykjavíkur, en 92% í Reykjavík og Keflavík. Það sem af er þessu ári hafa rúmlega 9% verið seld úti á landi. Miðað við aðstæður í dag hefur verðjöfnun flugsteinolíu í för með sér um þriggja krónu hækkun á lítra í Reykjavík, en lækkun um nálægt 20 kr. á lítra úti á landi. Verðjöfnunin nær aðeins til þess magns sem selt er vegna innanlandsflugs.

Að öðru leyti vísa ég til aths. við frv.

Ég vil beina því til þeirrar n., sem fær þetta mál til meðferðar, að ein hlið málsins er nokkuð vandasöm í framkvæmd. Það er að tryggja að ekki verði um að ræða misnotkun þannig að menn hafi þetta eldsneyti til annarra nota en þeirra sem um er rætt í þessu frv. Það væri ástæða til þess fyrir n. að taka þetta atriði sérstaklega til athugunar þegar hún fjallar um málið.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta mál, sem er tiltölulega einfalt og skýrt, og óska þess að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv.

Orkulög, frv. (þskj. 155). — 1. umr.

Flm. (Ólafur Þ. Þórðarson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja til breyt. á orkulögum frá 1967, nr. 58. Þetta er aðeins breyting við eina grein laganna, 72. gr., og legg ég til að hún orðist svo:

„Ráðherra ákveður, að fengnum tillögum orkuráðs, vexti og önnur útlánakjör Orkusjóðs.

Lán, sem veitt eru samkv. 4. tölul. 71. gr., skulu vera að fullu endurgreidd sjóðnum eigi síðar en fimmtán árum eftir að hafist er handa um framkvæmdir til hagnýtingar þess jarðhita sem fundist hefur við leitina.

Náist enginn árangur við borun á tilteknu svæði fellur niður endurgreiðsluskylda lántaka samkv. 4. tölul. 71. gr.“

2. gr. þessa frv. hljóðar þá svo:

„Lög þessi öðlast þegar gildi.“

Ég hef í örfáum orðum leyft mér í grg. að rökstyðja þessa breytingu og leyfi ég mér að lesa hana einnig:

„Hér er lagt til að lánstími lána frá sjóðnum verði lengdur um tíu ár. Fimm ára lánstími, eins og nú er, gefur undir fæstum kringumstæðum kost á því að arðsemi framkvæmdarinnar greiði lánið. Hann er því of stuttur. Með þeirri stefnu í verðtryggingu útlána, sem fylgt er, hefur einnig verið talað um að lengja þurfi lánstíma útlána.

Hér er reyndar um svo sjálfsagt mál að ræða að það ætti ekki að valda deilum. Segja má að með þessu sé lánstíminn samræmdur lánstíma annarra stofnlánasjóða“.

Ég tel að hér sé um svo sjálfsagt mál að ræða að það eigi ekki að þurfa að eyða löngum tíma í að rökstyðja það frekar. Hver og einn, sem kynnir sér lánsfjáráætlanir okkar Íslendinga á seinustu árum, ætti að vera sér meðvitandi um hve miklum fjármunum við höfum verið að verja til orkumála og hversu annt okkur er um að sá málaflokkur njóti þess forgangs sem honum ber í þeirri orkukreppu sem við erum í. Í ljósi þess og vissu um að þetta mál valdi ekki neinum deilum hér í þinginu ætla ég ekki að hafa þessi orð fleiri.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég skil vel þær ástæður sem liggja fyrir flutningi þessa frv. frá hv. 5. þm. Vestfj., en með því er lagt til að lánstími jarðhitaleitarlána, sem veitt eru úr Orkusjóði, verði lengdur úr 5 árum í 15 ár. Ég vil fara um þetta frv. nokkrum orðum, m. a. til glöggvunar fyrir þá n. sem ég tel eðlilegt að athugi þetta frv. nánar.

Orkulög í núverandi mynd eru orðin 13 ára gömul og sýnir þetta atriði m. a. að lögin þurfa endurskoðunar við með hliðsjón af breyttum aðstæðum, m. a. á sviði jarðhitaleitar og jarðborana, og er nú að undirbúningi þess máls unnið á vegum iðnrn. M. a. starfar sérstakur vinnuhópur að athugun á málefnum Orkusjóðs undir forustu ráðuneytisstjórans. Í X. kafla orkulaga, um hlutverk Orkusjóðs, segir í 71. gr. 4. tölul., með leyfi hæstv. forseta:

„Að veita einstaklingum og opinberum aðilum lán til leitar að jarðhita með jarðborunum og öðrum aðferðum.“

Fram að árinu 1975 var lánsupphæðin 40% af kostnaði, en árið 1975 ákvað þáv. iðnrh. að hækka þetta hlutfall í 60% og þar með var áhætta Orkusjóðs aukin, þar sem í 72. gr. laganna segir orðrétt.

„Náist enginn árangur við borun á tilteknu svæði, fellur niður endurgreiðsluskylda lántaka samkv. 71. gr. 4. tölul.“

Framkvæmd þessara lánveitinga hefur verið þannig, að lán eru ekki veitt nema fyrir liggi meðmæli jarðhitadeildar Orkustofnunar til borunar á tilteknu svæði. Lánin eru fyrst og fremst hugsuð til þess að taka þátt í áhættu við jarðhitaleitina þar til nýtanlegur árangur næst. Þótt nokkrar holur hafi verið boðar á tilteknu svæði, sem ekki gáfu árangur, verða öll lán, sem veitt hafa verið til borunar þeirra, endurgreiðsluskyld 5 árum eftir að hafist er handa um að nýta árangur sem verða kann við framhald borunar á þessu sama svæði. Verulegur hluti þess fjármagns, sem til jarðhitaleitar er ætlað, hefur farið til að fjármagna boranir á svæðum sem þegar hafa verið tekin til vinnslu. Hér er ekki um áhættulán að ræða, þar sem lánin verða strax endurgreiðsluskyld, eins og segir orðrétt í 72. gr. laganna:

„Skulu vera að fullu endurgreidd sjóðnum eigi síðar en fimm árum eftir að hafist er handa um framkvæmdir til hagnýtingar þess jarðhita, sem fundist hefur við leitina.“

Í rauninni henta þessi lán ekki til slíkra borana, þar sem um svo skamman lánstíma hefur verið að ræða, en um önnur lán hefur ekki verið að ræða í þessu skyni. Með hliðsjón af þessu, af því að stöðugt er verið að færa sig út á erfiðari jarðhitasvæði með boranir, kæmi til álita að

hækka áhættuhlutfall Orkusjóðs, t. d. í 75%, með óbreyttum lánstíma, 5 árum, og lengja lánstíma þeirra lána sem ekki eru bundin áhættu, jafnframt því sem lánskjör væru endurskoðuð og færð til samræmis við kjör annarra fjárfestingarlánasjóða, en nú eru greiddir hæstu lögleyfðir fasteignalánavextir af þessum lánum.

Framkvæmd útlána Orkusjóðs til jarðhitaleitar er þannig, að sérstakt lán er veitt til borunar hverrar borholu þótt hjá sama aðila sé og á sama svæði. Það kæmi ennfremur til álita að gera hverja borun að áhættuborun, þ. e. breyta þeirri framkvæmdareglu að öll lán verði endurgreiðsluskyld strax og nýting hefst á tilteknu svæði, þannig að endurgreiðsla komi þá aðeins til framkvæmda að árangur verði nýttur úr holu sem lánað hefur verið til. Þessu mætti raunar ná fram með því að fella niður orðin „á tilteknu svæði" í setningunni í 72. gr. þar sem segir:

„Náist enginn árangur við borun á tilteknu svæði, fellur niður endurgreiðsluskylda lántakanda samkv. 71. gr. 4. tölul."

Álitamál er hvort rétt er að lengja lánstíma lána vegna jarðborana í 15 ár með hliðsjón af endingartíma borhola. Að áliti sérfræðinga er eðlilegt að afskrifa slíkar holur á 10 árum.

Ég sá ástæðu til að láta þessi sjónarmið koma hér fram til þess að þau verði athuguð í n. sem væntanlega fær mál þetta til meðferðar.

En í sambandi við jarðhitaleit og reyndar framkvæmdir, sem tengjast hitaveitumálum, er full ástæða til að endurskoða lánskjör til hinna einstöku framkvæmda, en þau eru misjöfn eftir því í hvaða sjóði er leitað. Er um þrjá sjóði að ræða sem veita lán í því skyni, þ. e. Lánasjóð sveitarfélaga, Orkusjóð og svo erlend lán, og það er býsna mikil mismunun, sem fram kemur í sambandi við þetta, eftir því úr hvaða sjóði einstakar veitur fá lán. En það, sem hér er um að ræða, snýst fyrst og fremst um jarðhitaleitina, jarðboranir, og ég met það við hv. flm. að hann hefur komið þessu máli hér á hreyfingu með tillögu þessari.

Flm. (Ólafur Þ. Þórðarson): Herra forseti. Ég þakka ráðh. vinsamleg ummæli um þessa lagabreytingu. Ég er honum sammála um að það er margt annað í þessum lögum sem vissulega væri þess virði að taka til athugunar, hvort sem það verður gert af þessari nefnd eða ráðh. mun beita sér fyrir því, að um breyt. á þessum lögum almennt verði að ræða. — En ég vil leggja til að þessu máli verði vísað til 2. umr. og iðnn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til iðnn. með 23 shlj. atkv.

Neðri deild, 29. fundur.

Fimmtudaginn 11. des., að loknum 28. fundi.

Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins, frv. (þskj. 172). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv..

Frsm. (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Það er aðeins vegna þess að ég gleymdi að minnast á það við 2. umr., að nm. veltu talsvert fyrir sér setningu í 2. gr. frv. þar sem segir að ákvæði reglugerðarinnar skuli gilda frá 1. júní 1980. Okkur þótti það vera lítil vinnuhagræðing að láta þau gilda frá þessum tíma. Þarna munu standa á bak við loforð ráðh. og vararáðh. og þótti okkur ekki ástæða til að hreyfa við því að svo komnu máli.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 29 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: FrS, GS, Geir H, GHall, GGÞ, GHelg, HÁ, IGuðn, IGísl, JE, JS, JÞ, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, RA, SighB, SkA, SV, SBó, SteinG, SvG, VG, ÞS, AG, AS, ÁG, SvH.

11 þm. (BÍG, EH, FÞ, HBl, HG, KP, MHM, PP, PJ, PS, BGr) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Fiskimálasjóður, frv. (þskj. 173). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22. shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum, frv. (þskj. 79). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 237).

Lántökur 1980 og 1981 og ábyrgðarheimildir, frv. (þskj. 215). — 1. umr.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Eins og kunnugt er voru afgreidd sérstök lánsfjárlög hér á vordögum sem heimiluðu fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1980 allt að 11 347 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar upphæðar í erlendri mynt. Jafnframt var fyrirtækjum með eignaraðild ríkisins svo og fyrirtækjum sveitarfélaga veitt heimild til erlendrar lántöku með ríkisábyrgð. Í þessu frv. er leitað heimildar til viðbótarlántöku allt að 4750 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

Lántaka þessi er nauðsynleg m. a. vegna annarrar verðlags- og gengisþróunar á árinu 1980 en gert var ráð

fyrir í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir þetta ár sem lánsfjárlög byggðust á. Einnig hefur reynst nauðsynlegt að auka framkvæmdir í nokkrum tilvikum til að ljúka heppilegum verkáföngum.

Í 2. gr. frv. er þessi upphæð sundurliðuð.

Þá er fyrst til að taka að sótt er eftir lánsheimild til að lána Rafmagnsveitum ríkisins til framkvæmda við Kröfluvirkjun og nemur sú fjárhæð 1111 millj. kr. Þessi upphæð er þannig til komin, að 744 millj. voru ætlaðar til borunar á nýrri holu við Kröflu, en 367 millj. vegna þess að framkvæmdakostnaður hefur þar farið fram úr áætlun vegna þess að fyrri áætlanir voru miðaðar við verðlag í ársbyrjun og reyndust því ekki eins raunhæfar og efni stóðu til.

Í öðru lagi er sótt eftir heimild til að lána Jarðvarmaveitum ríkisins til framkvæmda í Bjarnarflagi 300 millj. kr. Þar er um það að ræða að fjárveiting í lánsfjáráætlun til borunar einnar holu í þágu Kísiliðjunnar í Mývatssveit var ónóg og óhjákvæmilegt að bæta þar við til þess að framkvæmd þessi mætti verða að veruleika.

Í þriðja lagi er um að ræða að lána Rafmagnsveitum ríkisins til lagningar byggðalína 174 millj. kr. Þessi fjárhæð rennur fyrst og fremst til lúkningar Vesturlínu á Vestfirði, enda kom í ljós að fyrri áætlanir um fjármagnskostnað reyndust rangar og óhjákvæmilegt að bæta við 174 millj. vegna verðlagsbreytinga á tímabilinu.

Í fjórða lagi er þarna um að ræða almennar framkvæmdir á vegum Rafmagnsveitna ríkisins upp á 473 millj. kr. þar er um margvíslegar framkvæmdir að ræða, sem stóð þannig á fyrir að ekki var hægt að ljúka, verki í miðjum klíðum, og var því óhjákvæmilegt að vinna fyrir meira fé en ráð var fyrir gert í lánsfjáráætlun.

Í fimmta lagi er um að ræða að lána Orkusjóði til fjármögnunar á virkjunarrannsóknum 260 millj. kr. Á lánsfjáráætlun er þessi liður, virkjunarrannsóknir, en vegna umfangsmikilla rannsókna á möguleikum til virkjunar á Héraði — við skulum nefna það Fljótsdalsvirkjun — reyndist óhjákvæmilegt að gera þarna ráð fyrir meiri rannsóknum en áður hafði verið reiknað með og bættust þar við 260 millj. kr.

Þá er sótt eftir heimild til að lána Orkubúi Vestfjarða 300 millj. kr. til framkvæmda og til að mæta rekstrarhalla 1980 og skýrir það sig nokkuð sjálft. Forráðamenn Orkubúsins tjáðu okkur að þessi rekstrarhalli hefði verið fyrirsjáanlegur, en hins vegar hefði ekki verið gert ráð fyrir honum í lánsfjáráætlun, sem samþ. var í vor, og óhjákvæmilegt væri að gera þessa bragarbót.

Þá er um að ræða heimild til að lána Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar til að ljúka tengingu hitaveitu í Borgarnesi 620 millj. kr. Var þar fyrst og fremst um það að ræða, að þannig stóð á verkum að óhyggilegt og mjög óaðrbært hefði verið að hætta verkum í miðjum klíðum. Var því óhjákvæmilegt að bæta þessari fjárhæð við.

Enn er að nefna heimild til að lána Landhelgissjóði til kaupa á þyrlu. Þar er um að ræða gamlan kunningja alþm., sem lengi hefur verið á döfinni, en ekki verið tekin *formleg afstaða til af hálfu Alþingis. Ég hygg að einar* fjórar ríkisstjórnir beri meiri eða minni ábyrgð á þessum kaupum, enda þótt aldrei væri um þau fjallað formlega í lánsfjáráætlunum eða fjárlögum. Þetta eru auðvitað mjög óeðlileg vinnubrögð og forkastanleg, en svona er þetta nú og verða víst margir aðilar að taka á sig ábyrgð á því, hvernig að hefur verið staðið í þessu máli. Ég vil segja það fyrir hönd þessarar ríkisstj., að við gerðum ráð fyrir því þegar lánsfjáráætlunin var undirbúin í vor, að þessi þyrla kæmi til landsins eftir áramót, gengum út frá því og töldum því ekki nauðsynlegt að taka þessa þyrlu inn í lánsfjáráætlun, en seinna kom á daginn að þyrlan var til afhendingar í ágústmánuði og ekki væri hægt að skjóta því á frest að taka við henni. Hér er því leitað staðfestingar Alþingis á þeirri ákvörðun að veita henni viðtöku og gjalda kaupverðið fyrir.

Þá er hér um að ræða lán til undirbúnings félags um saltvinnslu á Reykjanesi að fjárhæð 60 millj. kr., en til þess að endanleg niðurstaða fáist um hvort arðvænlegt sé að setja upp saltvinnslufyrirtæki á Reykjanesi þarf að halda þar tilraunavinnslu áfram lengur en áður hafði verið ráð fyrir gert og þörf á þessu fjármagni upp á 60 millj. kr.

Næstseinasti liðurinn í 2. gr. hljóðar svo: „Til að greiða hlut ríkissjóðs í dráttarbrautarframkvæmdum 520 millj. kr.“ — Hér er eingöngu um að ræða bókfærsluatriði, því að þau mistök urðu við gerð lánsfjáráætlunar í vor að þessi liður var færður með atvinnufyrirtækjum, en ekki með opinberum framkvæmdum, eins og þó var ætlunin, og komu menn ekki auga á þessi mistök fyrr en málið hafði verið afgreitt hér á Alþingi. Hér var eingöngu um *að ræða venjulegar dráttarbrautarframkvæmdir, sem* Alþingi og ríkissjóður kosta að sínum hluta, og var því eðlilegt að þessi liður hefði verið í flokki opinberra framkvæmda í lánsfjáráætlun. En það var ekki og er gerð bragarbót með þessari tillögu.

Loks er um það að ræða að lána sveitarfélögum til hafnarframkvæmda 130 millj. og er það þáttur í sama máli sem ég nefndi nú, því að upphæðin í lánsfjáráætluninni 1980 er einmitt 650 millj. kr. og hefur skipst með þeim hætti að 520 falla í hlut ríkissjóðs, en 130 í hlut sveitarfélaga.

Í 4. gr. frv. eru ákvæði þessa efnis: „Fjmrh. f. h. ríkissjóðs er heimilt að taka lán allt að jafnvirði 25 þús. millj. kr. í erlendum gjaldeyri á árinu 1981 og verja andvirði þess til framkvæmda á vegum ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja eða endurláns til sveitarfélaga eða samtaka á þeirra vegum í samræmi við lánsfjáráætlun 1981“.

Þetta er óvenjulegt ákvæði, en á sér þó skýringar og eðlileg rök. Þannig stendur nú á, að sýnt er að lánsfjárlög verða ekki afgreidd fyrir áramót. Hins vegar er stefnt að því að gerð verði grein fyrir megindráttum lánsfjáráætlunar í næstu viku, áður en 3. umr. um fjárlög fer fram. Lánsfjárlögin veita heimildir til lántöku í tengslum og í samræmi við lánsfjáráætlun fyrir árið 1981 og væri því að öllu óbreyttu ekki hægt að taka lán fyrr en þau hefðu verið afgreidd. Hins vegar stendur svo á, að Íslendingum býðst fremur hagstætt lán með allgóðum kjörum á lánsfjármarkaði í Lundúnum og við höfum tekið frá dag, 12. jan. n. k., til að geta gengið frá þessu láni sem er á margan hátt sérstætt, m. a. til 25 ára og afborgunarlaust fyrstu 24 árin. Þess vegna þykir hagstætt að ganga frá þessari lántöku nú og veita heimild til hennar þannig að hún megi fara fram í janúar, en hins vegar er ekki áformað að verja þessu fé til neinna framkvæmda fyrr en lánsfjárlög hafa verið samþ. og lánsfjáráætlun hefur verið afgreidd hér í þinginu. Þetta er því einungis heimild til að taka lánið, en ekki til að nota það.

Ég vil taka það fram, að að athuguðu máli má vel vera að niðurlag 4. gr. þyki ekki vera nægilega ótvírætt í þessum efnum og það sé ekki nægilegt að segja hér að það megi verja andvirði þessa láns til framkvæmda á

vegum ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja eða endurláns til sveitarfélaga eða samtaka á þeirra vegum í samræmi við lánsfjáráætlun 1981, það þurfi beinlínis að segja að ráðstafa skuli þessu fé í samræmi við samþykkta lánsfjáráætlun eða í samræmi við lánsfjárlög fyrir árið 1981, sem kannske er skýrasta orðalagið í þessum efnum.

Ég veit að menn kynnu kannske að vilja túlka þetta á þann veg, að lánsfjáráætlun 1981 geti verið fyrirhuguð lánsfjáráætlun ríkisstj., sem kannske hefur ekki hlotið samþykki Alþingis, og þá sé ríkisstj. að taka forskot á sæluna með því að afla sér þessarar heimildar, áður en Alþingi hefur samþykkt lánsfjárlögin, og sé svo kannske farin að nota heimildina áður en lánsfjáráætlun hefur hlotið staðfestingu á Alþingi. Þetta var ekki ætlunin. Ætlunin er einungis sú, að ríkisstj. eigi þess kost að taka hagkvæmt lán sem stendur til boða nú, en er alls óvíst hversu lengi stendur til boða eða hvort verður jafnhagstætt að nokkrum mánuðum liðnum. Þetta lán er á margan hátt sérstætt og slík lán hafa ekki verið í boði á þessum markaði um langt skeið. Danir áttu kost á að taka lán af þessu tagi nýlega og gerðu það, og Íslendingum var boðið slíkt hið sama nýlega. Þykir eðlilegt að taka þessu boði. Þess vegna er frv. með þessu ákvæði flutt hér. Ef ekki stæði svo sérstaklega á væri ekkert því til fyrirstöðu að bíða með að ganga frá ákvæði af þessu tagi.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta mál, en legg til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Það hefur oft gerst á Alþingi síðustu dagana fyrir jól, að gagnrýni hefur verið höfð uppi af stjórnarandstöðu þegar hraði hefur verið mikill á afgreiðslu mála og ég tala nú ekki um þegar hillir undir að fjárlög koma til afgreiðslu. Sú gagnrýni hefur oft og tíðum ekki verið á rökum reist, og það hefur viljað brenna við að orð hafa fallið í hita umr. sem viðkomandi hefði kosið, þegar fram liðu stundir, að ekki hefðu verið sögð. Vinnubrögð og afgreiðsla mála á Alþingi nú, sér í lagi efnahagsmála, fjárlaga og lánsfjárlaga fyrir árið 1981, eru talandi dæmi hvað þetta snertir.

Hin landfleyga setning, sem sögð var á bæjarstjórnarfundi í Hafnarfirði endur fyrir löngu: „Það er sitt hvað hvað skrifað er og skrafað fyrir kosningar en framkvæmt eftir kosningar" — er höfð að leiðarljósi við afgreiðslu mála ríkisstj. sem við fjöllum um þessa dagana, og mér sýnist að ekki verði staðið við öll þau stóru orð sem núv. ráðamenn hafa látið falla þegar þeir báru ekki ábyrgð á stjórn landsmála.

Í stefnuræðu hæstv. forsrh. í októbermánuði gat hann þess að unnið væri að tillögum í sambandi við efnahagsmálin. Hveitibrauðsdagar ríkisstj. voru þá senn taldir og menn áttu von á að einhverjar raunhæfar tillögur til úrlausnar þeim mikla vanda, sem þá blasti við yrðu kynntar í ræðu forsrh., og menn áttu von á því að þegar fjárlagafrv. fyrir árið 1981 væri lagt fram væri þar að finna ýmsar tillögur fjmrh. varðandi þessi mál sem svo mjög eru tengd fjármálum ríkisins, þ. e. efnahagsmálum landsins. Ekkert kom fram í ræðu forsrh. og í fjárlagafrv. var ekki að finna nokkrar tillögur til lausnar á þessu mikla vandamáli. Það stefndi í tæplega 60% verðbólgu annað árið í röð, en talnaleik höfðu ýmsir ráðh. tamið sér frá því að þeir tóku við völdum í febrúarmánuði og sáu nú fram á að allur sá talnaleikur hafði vitaskuld verið eins og nýju fötin keisarans og það stefndi óðfluga, eins og ég sagði áðan, í tæpa 60% verðbólgu annað árið í röð.

Það kom fram í máli manna, að þeirri gjaldmiðilsbreytingu, sem fram skyldi fara um áramót og væri ætluð til að skapa tiltrú á íslenskan gjaldmiðil, skapa betra efnahagsástand en við höfðum búið við, skyldu gerðar ráðstafanir í efnahagsmálum. Um það voru allir sammála. Fram eftir ári heyrðum við í hæstv. ráðh. og þeir létu í ljós skoðanir sínar, og jafnvel í októbermánuði, þegar var farið að hilla undir að 1. des. rynni upp, gerðu þeir sér grein fyrir því, hvað var á ferðinni, en höfðu engar tillögur til úrbóta. Hér komu fram fsp. á Alþingi um ráðstafanir — og hver voru svörin? Jú, hæstv. viðskrh. kom hér upp í ræðustólinn og las upp úr stefnuræðu hæstv. forsrh. og hann las upp úr grg. fjárlagafrv. Þegar þessi lestur átti sér stað var farið að nálgast mánaðamótin nóv.— des. Það var því augljóst að engar tillögur voru á ferðinni í þessum efnum þá stundina.

Þá vildu alþm. aðeins fá að vita hvort ekki væri öruggt mál að þær tillögur, sem lagðar yrðu fram í sambandi við gjaldmiðilsbreytinguna, yrðu kynntar þm. áður en þeir færu heim í jólaleyfi. Því var ekki heldur hægt að lofa. Hæstv. forsrh. kom hér í ræðustólinn og gat engu lofað um að Alþingi fengi vitneskju um þessar ráðstafanir. Hæstv. viðskrh. gat ekki heldur gefið nein loforð.

Þannig hafa vikurnar liðið og nú, þegar til umr. er frv. til l. um lántökuheimildir fyrir árin 1980 og 1981 og 2. umr. fjárlaga er ætlað að fari fram hér á morgun, hefur enn ekkert heyrst og Alþingi enga vitneskju fengið. Þá gerist það að hæstv. forsrh. lætur hafa við sig útvarpsviðtal, þ. e. í gærkvöld, og þar er hann spurður um hvaða ráðstafanir hafi verið samþykktar af ríkisstj. og hvort þær komi til kasta Alþingis. Hæstv. forsrh. svarar þessari spurningu á þennan veg, með leyfi forseta:

„Þær efnahagsaðgerðir, sem um er rætt, eru margar þess eðlis, að það verður framkvæmdaatriði sem ekki þarf lagabreytinga við. Lagaheimildir eru til fyrir ýmsu sem til greina kemur. Það er hugsanlegt að fá samþykkt síðar, þ. e. þegar Alþingi kemur saman aftur. En um þetta er ekki hægt að fullyrða neitt í einstökum atriðum nú."

Af því, sem hæstv. forsrh. sagði í ríkisútvarpinu í gærkvöldi, má gera sér grein fyrir að Alþingi verða ekki kynntar þær tillögur sem ríkisstj. er nú að fjalla um, eins og hann lét þar koma fram en það er að mínum dómi þó sýnu verra, og nógu slæmt er hitt, að gefið er í skyn að þegar Alþ. hefur verið sent heim muni ríkisstj. beita bráðabirgðalagaákvæði stjórnarskrárinnar og málið koma svo til kasta Alþingis þegar það kemur saman á nýju ári.

Mín skoðun er sú, að það sé ekki hægt að sýna Alþingi meiri óvirðingu en gert er ef til slíks kemur. Vissulega hefur verið gripið til þess í jólaleyfi Alþingis að setja brbl., en þá hefur það ævinlega verið undir þeim kringumstæðum að aðstæður fyrir þingfrestun hafa ekki verið með þeim hætti að ástæða hafi verið til lagasetningar og málið þess vegna ekki komið til kasta Alþingis og ekki verið hægt að bíða þar til þing kæmi saman á ný.

Ég skal ekki fara fleiri orðum um hvernig staðið hefur verið að málum varðandi efnahagsráðstafanir. Ég tel að það sé með þeim hætti að þar verði ekki við unað og það sé skylda stjórnarandstæðinga að vekja athygli á slíku, svo forkastanlegt sem slíkt atferli er.

Þegar fjárlagaumr. fer fram og meiri hl. fjvn. hefur lagt

á borð þm. brtt. sínar kemur í ljós að því frv., sem lagt var fram í októbermánuði, er ekki ætlað að breyta nema að verulega litlu leyti. Fjárlagafrv., sem lagt var fram í október, gerði ráð fyrir 42% verðlagsbreytingum frá miðju ári 1980 til 1981, og var þá jafnframt gengið út frá því að verðlagsbreytingar frá upphafi árs 1981 til loka færu ekki yfir 30%. Þegar afgreiðsla fjárl. fer nú fram, aðeins tveimur mánuðum síðar, liggur fyrir álit Þjóðhagsstofnunar þar sem verðlagsþróunin á næsta ári er talin munu verða mun óhagstæðari en fjárlagafrv. gerði ráð fyrir. Engar breytingar eru gerðar á fjárlagafrv. og ætlað að afgreiða það frá Alþingi á jafnröngum forsendum og raun ber vitni þegar haft er í huga að það er mat Þjóðhagsstofnunar að efnahagsástandi sé nú svo komið að á næsta ári megi búast við að verðlagsbreytingar frá miðju ári 1980 til 1981 geti orðið 65% í stað 42%, sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir, og verðlagsbreytingar frá upphafi árs 1981 og til loka geti orðið um 70%, í stað þess að fjárlagafrv. gerir ráð fyrir 30%. Hér er um að ræða svo stórkostlega breytingu á þeirri spá sem Þjóðhagsstofnun hefur gert, frá því að fjárlagafrv. er lagt fram og þar til það er afgreitt, að frv. er nánast orðið úrelt sama dag og það hefur verið samþykkt.

Ég minnist þess að fjárlagafrv. fyrir árið 1974 var samþ. með nokkuð svipuðum hætti, enda kom í ljós að þegar árið 1974 var gert upp var ríkisreikningurinn um það bil 40% hærri en fjárlögin sem samþykkt höfðu verið. Til að ná þá endum saman voru teknar ákvarðanir um að fella niður útgjöld sem Alþingi vissi að ríkissjóður yrði að inna af hendi, enda kom í ljós að ekki aðeins þurfti ríkissjóður að greiða þau útgjöld, heldur miklu hærri upphæð með sérstakri ráðstöfun og ákvörðun sem tekin var vorið 1974. Þá á ég við þá geysilegu viðbót við niðurgreiðslur sem var ákveðin á þeim tíma, 2 milljarða 250 millj. kr. Við bentum á það við gerð fjárlaga í upphafi þessa árs, við bentum á það við samþykkt lánsfjárlaga fyrir þetta ár að um væri að ræða rangar forsendur, og þær skoðanir, sem við sjálfstæðismenn þá létum í ljós, hafa allar sýnt sig að vera réttar.

Í grg. með fjárlagafrv. var þess getið, að lánsfjáráætlun yrði lögð fram í byrjun nóvember. Lánsfjáráætlun var fyrst samin fyrir árið 1976. Hún var þá vitaskuld síðbúin á árinu 1975. Lánsfjáráætlun fyrir árið 1977 reyndist líka síðbúin. Það tókst þó með gerð lánsfjáráætlunar fyrir árið 1978 að leggja hana fram fyrir 2. umr. fjárl. En hvers vegna rifja ég þetta upp? Jú, einfaldlega vegna þess að þeir menn, sem nú fara með þessi mál, gagnrýndu þessi vinnubrögð sem voru þó byrjun á þýðingarmiklu verki sem ef rétt hefði verið að staðið gat haft mikil og góð áhrif fyrir efnahagsstjórn þessa lands.

Þegar þeir aðilar, sem gagnrýndu hvað mest lánsfjáráætlunargerðina á þessum árum, voru komnir til valda 1978 fannst þeim sjálfsagt að tryggja að það kæmi nú ekki fyrir aftur að lánsfjáráætlun yrði svo seint á ferðinni. Með lögum frá því í apríl 1979 varð lagaskylda að leggja lánsfjáráætlun fram með fjárlagafrv. Það merkilega hefur gerst, að eftir þessu lagaboði hefur ekki verið farið frekar en svo mörgu öðru í þessum lögum. Það hefur ekki einu sinni verið hægt að leggja lánsfjáráætlun fram á svipuðum tíma og gert hafði verið þegar um nýsmíði var að ræða, heldur var síðasta lánsfjáráætlun lögð fram þegar langt var liðið á það ár sem hún á að gilda fyrir. Við skyldum halda að með því móti hefði mönnum tekist að gera raunhæfari lánsfjáráætlun en þegar hún er þó gerð áður en lánsfjárárið gengur í garð. Svo er ekki og það sýnir einmitt það frv. sem hér er til umr.

Fjmrh. hefur hér í umr. í dag og í umr. á Alþingi fyrir nokkru gert grein fyrir að lánsfjár- og framkvæmdaáætlun 1981, eins og hún er nefnd, verði ekki lögð fram til afgreiðslu fyrr en á næsta ári. Skýringarnar, sem hæsv. ráðh. gaf, voru að tillögur frá Framkvæmdastofnun ríkisins hefðu borist svo seint, tillögur frá Seðlabanka Íslands, sem hefur unnið ákveðinn þátt lánsfjáráætlunarinnar, hefðu komið allt of seint og svo væri nú skollið á verkfall bankastarfsmanna og það hefði í för með sér að lánsfjáráætlun væri ekki hægt að afgreiða fyrir áramót.

Ég vék að því hér í upphafi, hversu oft gagnrýni manna á Alþingi hefði verið marklaus, og ég hef bent á, hversu gagnrýni þeirra manna sem nú fara með stjórn landsins, var marklaus og að öll þau stóru loforð, sem voru höfð í frammi á sínum tíma, hafi verið svikin æ ofan í æ. Þegar þetta frv. er nú til umr. treystir ríkisstj. eða fjmrh. sér ekki til að gera Alþingi grein fyrir framkvæmd lánsfjáráætlunar á árinu 1980. Þess í stað eru tekin upp ný vinnubrögð og þau mjög óvenjuleg, — svo óvenjuleg að fjmrh. sjálfur gat ekki orða bundist.

Í 1. gr. þessa frv. er lagt til að veita fjmrh. heimild til lántöku á árinu 1980 allt að 4 milljörðum 750 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar upphæðar í erlendri mynt miðað við gengi 1. ágúst 1980. Gengisbreytingar frá þeim tíma eru þó nokkrar. Ég hef þær ekki á reiðum höndum, en gæti vel ímyndað mér að þessi upphæð væri í íslenskum krónum 20% hærri en hún er á þskj. Fjmrh. staðfesti það í framsöguræðu sinni sem fram kom af hálfu sjálfstæðismanna við afgreiðslu lánsfjáráætlunar fyrir þetta ár. Hann sagði að lánsfjáráætlanirnar hefðu ekki verið eins raunhæfar og rétt hefði verið. Það var einmitt þetta sem við gagnrýndum. Lánsfjáráætlunin var ekki raunhæf og því er sú tala um lántöku hækkuð um 50% frá því sem lánsfjárlögin gerðu ráð fyrir. Það er sjálfsagt um að ræða gagnlegar framkvæmdir sem hér er verið að afla fjármagns fyrir, ég skal ekki efast um það. En það liggur í augum uppi að þegar eins óraunhæf lánsfjáráætlun er gerð og var gerð fyrir þetta ár verður eftirleikurinn samkv. því og útkoman það efnahagsástand sem við nú búum við.

Við skulum láta vera þó að fjmrh. treysti sér ekki enn til þess að gera Alþ. grein fyrir framkvæmd lánsfjáráætlunar 1980. Við skulum vona að hann geri það þegar Alþingi kemur saman eftir áramótin, þannig að þá verði hægt að sjá hvers konar óstjórn hefur verið á þessum málum í ár.

En þá kemur ákvæði 4. gr., sem er einstætt. Farið er fram á lántökuheimild upp á 25 milljarða án þess að nokkur grein sé gerð fyrir ráðstöfun þess fjármagns. Það mátti heyra á ræðu hæstv. fjmrh. að jafnvel honum var orðið nóg um að hafa lagt frv. þannig fram. Það kom fram í hugleiðingum hans, að sennilega væri til of mikils ætlast að Alþingi samþykkti þetta ákvæði óbreytt. Í hugleiðingum sínum gat hann þess, að ordalagi þessarar greinar væri kannske eðlilegt að breyta þannig að ráðstöfun þessa fjármagns kæmi aftur til ákvörðunar Alþingis þegar lánsfjárlögin, sem fylgja lánsfjár- og framkvæmdaáætlun, verða lögð fram.

Hann réttlætti þessa lántöku sem slíka með því, að hér væri um að ræða hagstætt lán, þ. e. lán sem er til langs tíma og endurgreiðist að 25 árum liðnum. Hins vegar gerði hann ekki grein fyrir þeim lánskjörum sem um væri

að ræða, en ég geri ráð fyrir að það standi ekki á þeim upplýsingum þegar þetta mál verður til meðferðar í hv. fjh.- og viðskn.

Vel má vera að hér sé um svo hagstæða lántöku að ræða að réttlætanlegt sé að hún fari fram, en það yrði þá að gerast með þeim hætti að Alþingi tæki ákvörðun og í þessum lögum væri sagt að Alþ. fjallaði um ráðstöfun þessa fjármagns þegar lánsfjárlögin, sem fylgja lánsfjár- og framkvæmdaáætlun, verða til umr. hér á þingi eftir áramót.

Þau vinnubrögð, sem hér eru viðhöfð, eru að mínum dómi einsdæmi. Það gerist sjálfsagt hér eftir sem hingað til að seinustu dagar þings eru ásetnir hjá þm. við afgreiðslu mála. En ég held að nú þegar þm. fara í jólaleyfi án þess að hafa heyrt frá ríkisstj. um hvað gera skuli í efnahagsmálunum, þegar þing fer nú heim í jólaleyfi og hefur verið haft til þess að afgreiða fjárlög, sem eru byggð á jafnfölskum forsendum og það fjárlagafrv. sem hér er til umr., og þegar þing fer heim í jólaleyfi og lánsfjáráætlun, sem lögum samkv. skal leggja fram um leið og fjárlagafrv., hefur ekki verið lögð fram einu sinni þegar fjárlagafrv. er afgreitt, þá fari Alþ. heim í jólaleyfi undir alveg einstökum kringumstæðum sem sýni betur en nokkuð annað það stefnuleysi, það stjórnleysi, það úrræðaleysi ríkisstj. sem situr í þessu landi.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Eins og öllum þm. er kunnugt er til þess ætlast, að samhliða fjárlagafrv. sé lögð fram lánsfjáráætlun hæstv. ríkisstj. og í framhaldi af því séu afgreiddar í lagaformi heimildir til hæstv. ríkisstj. til töku lána innanlands og erlendis samkv. þeirri áætlun sem hún á að leggja fyrir Alþingi. Þegar alþm. afgreiða heimildir til lánsfjártöku til ríkisstj. liggur það þannig ekki aðeins fyrir að þeir séu að heimila hæstv. ríkisstj. að taka tiltekin lán, heldur jafnframt hvað hæstv. ríkisstj. ætlar að gera við þá peninga sem Alþ. heimilar henni að taka til láns. Ég minnist þess hins vegar ekki að það hafi gerst, eins og mætti ætla af orðanna hljóðan í 4. gr. þessa frv., eða þess hafi nokkru sinni verið óskað af ríkisstj., að Alþ. gæfi út nokkurs konar óútfylltan tékka til hæstv. ríkisstj. þ. e. að Alþingi heimilaði hæstv. ríkisstj. að taka lán án þess að fyrir lægi til hvaða þarfa það lán ætti að ganga. Venjan er sem sé sú, sem hefur verið fylgt mjög fast á umliðnum árum, að þegar Alþingi er beðið um að gefa ríkisstj. heimild til töku lánsfjár sé það gert vitandi vits um til hvers eigi að nota þessa peninga. Þetta er hins vegar ekki tryggt eins og 4. gr. þessa frv. hér er orðuð. Hæstv. fjmrh. viðurkenndi raunar úr ræðustól áðan að þarna hefði sér orðið á í messunni, ef svo má segja, — en það skyldi þó ekki vera að hæstv. fjmrh. hafi ætlað sér að fá slíkan óútfylltan tékka frá Alþingi sem hann gæti síðan notað eins og honum sjálfum byði við að horfa.

Ef það er aðeins ætlun hæstv. ríkisstj. að fá nú heimild frá Alþingi til að mega taka lán erlendis, vegna þess að hagkvæmt lán bjóðist nú, og síðan sé það ráðagerð ríkisstj. að ráðstafa engu af því láni fyrr en fyrir liggi og samþ. verði hér á Alþ. lánsfjárlög, þar sem ráð verður fyrir gert hvernig eigi að verja hverri krónu af því lánsfé sem til láns á að taka, þá verður auðvitað að breyta 4. gr. þessa frv. til samræmis við það. Það verður væntanlega verkefni fjh.- og viðskn. að sjá til þess. Þetta er hægt að gera með tvennum hætti: Önnur aðferðin er að taka fram í greininni að enda þótt ríkisstj. væri heimilað að taka þetta lán, einfaldlega vegna þess að það reynist rétt, sem hún heldur fram, að þetta lán, sem til boða stendur nú, sé sérstaklega hagkvæmt, þá sé óheimilt að ráðstafa því láni að heild eða hluta nema fyrir liggi samþykkt Alþingis á lánsfjárlögum þeim sem væntanlega verða afgreidd eftir jól. Þetta er önnur aðferðin til að tryggja að hæstv. ríkisstj. sé ekki með þessum hætti að leggja út á nýjar og mjög vafasamar brautir í sambandi við viðskipti sín við Alþingi. Þá er tekið sérstaklega fram í greininni að ríkisstj. sé ekki heimilt að ráðstafa neinu af því láni, sem hún tekur, fyrr en búið sé að afgreiða lánsfjárlög með hefðbundnum hætti. Hin aðferðin er sú, sem m. a. var notuð af minnihlutastjórn Alþfl. þegar lánsfjárlög lágu ekki fyrir um s. l. áramót, að tilkynna Alþingi hvaða verkefni það séu sem nauðsynlega þurfi að útvega lánsfé til, svo að unnt verði að standa við skuldbindingar um framkvæmdir á fyrstu vikum nýs árs, og taka síðan fram í lagatexta að óheimilt sé að ráðstafa peningum til annarra þarfa en í slíkum lista væri um getið nema með heimild fjvn. Alþingis. Önnur hvor þessi útgáfa verður að vera á 4. gr. þessa frv. ef hæstv. ríkisstj. ætlar sér ekki að taka upp þau nýju vinnubrögð að leita heimildar Alþingis til að taka lán og eyða því svo án þess að fjárveitingavaldið hafi hugmynd um í hvað þeir peningar eigi að fara. Það getur vel verið að hæstv. fjmrh. hafi ekki orðið þessa áskynja fyrr en honum var gert það ljóst eftir að frv. hafði verið lagt fram á Alþingi í gær, en miðað við orð hans áðan verður að ætla að hann sé a. m. k. ekki andvígur því að önnur hvor þessara efnisbreytinga verði gerð á 4. gr. frv.

Herra forseti. Það er ekkert óvanalegt að nokkuð dragist að leggja fram lánsfjáráætlun og tilheyrandi fylgifrv. Eins og ég sagði er svo fyrir mælt að slík áætlun skuli lögð fyrir Alþingi nokkuð jafnsnemma og fjárlagafrv. Flestallar ríkisstj. hafa þó átt erfitt með að standa við þau fyrirheit, þó svo að þau fyrirheit séu nú orðin lagabókstafur. Hins vegar verður að líta svo á að núv. hæstv. ríkisstj. hafi ekkert sér til afsökunar að gera slíkt ekki. Hún hefur haft miklu meira en nógan tíma til að ganga frá lánsfjáráætlun.

Í fjárlagaræðu sinni tilkynnti hæstv. fjmrh. að áætlun þessi yrði lögð fram í nóvembermánuði, sem nú er liðinn fyrir nokkru, og ítrekuðum fsp. fjvn.-manna um, hvenær áætlunin yrði lögð fram, hefur ávallt verið svarað á þann veg, að hún væri í burðarliðnum. Mér er kunnugt um að langt er síðan búið var að undirbúa þessa áætlun til ákvarðanatöku. Ástæðan fyrir því, að hún hefur ekki enn verið lögð fram, er einfaldlega sú, að hæstv. ríkisstj. getur ekki tekið þá ákvörðun, sem búin er að vefjast fyrir henni nú vikum saman, hvað skuli standa í þessari áætlun og hvað ekki. Ástæðan fyrir því, að lánsfjáráætlun er ekki lögð fram, er ekki sú, að hún sé tæknilega vanbúin á einhvern hátt. Það er löngu búið að vinna það verk, sem þurfti til undirbúnings henni, af þeim mönnum og sérfræðingum sem um hafa fjallað. Ástæðan fyrir drættinum og seinaganginum er einfaldlega sú, að hæstv. ríkisstj. kemur sér ekki saman um hvað í þessari áætlun á að standa. Ráðh. í ríkisstj. eru enn að rífast um hvað hver um sig á að fá að ráða háum upphæðum í lánsfjáráætlun.

Hæstv. ráðh. hafa nú vikum saman gefið ádrátt um að ef þessi ágreiningur leysist ekki í dag leysist hann kannske á morgun, a. m. k. muni hann verða leystur undir næstu helgi. Þetta minnir mann á frásagnirnar af því, þegar fyrirrennarar Alþb. bjuggust við byltingunni

um næstu áramót. Alltaf búast ráðh. við því að nú sé hægt að leysa deilurnar, kannske ekki í dag og e. t. v. ekki á morgun, en alla vega um eða eftir helgina. En margar helgar hafa liðið og enginn ágreiningur hefur verið leystur og engin lánsfjáráætlun komið fram. (Gripið fram í.) Það er þó ekki lengra síðan en í gær að við formenn þingflokka sátum á fundi með hæstv. forsrh. — Ég veit nú ekki, herra forseti, nema hann sé búinn að segja af sér þingmennsku, því að hann sést orðið ekki í þingsölum, hvað annað svo sem hann hefur þarfara að gera. En gerum nú ráð fyrir að hæstv. forsrh. sitji enn á þingi. Hann er búinn að gera það lengi og ætlar sér sjálfsagt að vera þar lengi áfram. — En á fundi, sem við formenn þingflokka áttum með honum í gær, var m. a. verið að ræða plagg, sem hæstv. ríkisstj. afhenti okkur daginn áður, um hvaða mál ætti að afgreiða fyrir jólin. Eitt atriði í þessari upptalningu, en það var 21 mál sem hæstv. ríkisstj. ætlaði að afgreiða fyrir jól, var einmitt lánsfjárheimildalög. Síðast í gær sátum við á fundi með hæstv. forsrh. þar sem hann bað okkur stjórnarandstæðinga að fallast nú á að lánsfjárheimildalög yrðu afgreidd fyrir jól. Við sögðum að út af fyrir sig mundum við ekki setja okkur neitt á móti því. En þegar kom dálítið fram á fundinn upplýsti hæstv. forsrh. að þessi lánsfjáráætlun mundi sennilega ekki verða tilbúin fyrir jól. Það var sem sé fyrst eftir miðjan dag í gær sem það var gert uppskátt að samkomulag mundi sennilega ekki takast í ríkisstj. fyrir jól. Byltingin yrði sennilega ekki fyrr en um áramót. Samkomulag mundi að sjálfsögðu takast strax um eða eftir áramótin, um það þyrftu menn ekki að velkjast í vafa.

Hæstv. forsrh. fór þess á leit við okkur stjórnarandstæðinga, að við gerðum við hann samkomulag um að aðfgreiða öll þau mál á þessum fáu klukkustundum fram að jólahléi þm. sem til ráðstöfunar eru, að við afgreiddum með stjórnarflokkunum öll þau mál sem ríkisstj. teldi nauðsynlegt að afgreiða á þessum tíma, svo að þegar þm. færu í jólafrí væri búið að gera hreint á borðum okkar, það væri búið að gera hreint í Alþingi fyrir jólin, áður en jólafrí þm. hæfist, menn væru búnir að gera hreint fyrir sínum dyrum, þm. gætu sem sé farið í sitt heimahéraðbundna jólafrí þar sem öll þau vandkvæði, sem ríkisstj. teldi að þyrfti að leysa á starfstíma Alþingis fyrir jól, yrðu þá leyst. Við formenn þingflokka stjórnarandstöðunnar tókum mjög jákvætt í þessa málaleitan hæstv. forsrh. Við tjáðum honum að stjórnarandstaðan mundi fúslega geta fallist á að afgreiða þau mál, sem ríkisstj. teldi nauðsynlegt að fá afgreiðslu á, fyrir jól.

Hæstv. forsrh. þakkaði okkur formönnum þingflokka stjórnarandstöðunnar fyrir þessar undirtektir. Síðan gekk hæstv. forsrh. beint af okkar fundi og til samtals við fréttamann Ríkisútvarpsins. Þar varð ekki betur heyrt en hæstv. forsrh. upplýsti að þegar væri búið að ná samkomulagi milli stjórnar og stjórnarandstöðu um öll þau mál sem ríkisstj. teldi nauðsynlegt að afgreiða og eftir að búið væri að senda Alþingi heim í jólafrí, eftir að alþm. hefðu þannig gert hreint fyrir sínum dyrum, þá mundi hann grípa til þess úrræðis ásamt ríkisstj. að gefa út sem brbl. í nokkurra daga fjarveru þm. þau úrræði sem búið er að kalla eftir frá hæstv. ríkisstj. í allt haust. Það var ekki annað að skilja á hæstv. forsrh. en þetta væri hugmyndin. Hæstv. ráðh. kom beint af samningafundi við stjórnarandstöðuna, þar sem stjórnarandstaðan lýsti því yfir að hún væri öll af vilja gerð til að afgreiða öll þau mál sem hæstv. ríkisstj. óskaði eftir að fá afgreiðslu á fyrir jól, samþykkti allt sem ráðh. hafði beðið um. — Hæstv. forsrh. fór beint af þessum fundi til að tilkynna landslýð að hann hefði gert þetta samkomulag við hv. stjórnarandstöðu, þm. gætu sem sagt farið í sitt heimahéraðbundna jólaleyfi. Í hinu heimahéraðbundna fárra daga jólaleyfi þm. ætlaði hæstv. ráðh. síðan að gera ráðstafanir með lagasetningu sem Alþingi gæti staðfest seinna, þegar þing væri komið saman aftur. Þetta mundi nú ekki vera nefnd drengileg framkoma þingreyndasta stjórnmálamanns á Íslandi. Það ber ekki vott um mikinn drengskap, hæstv. ráðh. Pálmi Jónsson, að halda svona á málum.

Það er ósköp eðlilegt að okkur stjórnarandstæðingum, sem vorum nýkomnir frá því að gera samkomulag við hæstv. forsrh. um að afgreiða allt, sem honum datt í hug að biðja um, á þessum fáu klukkustundum, yrði nokkuð bilt við þegar við heyrðum orð hans í útvarpinu í gær. Ráðstafanir voru gerðar til að fá nánari upplýsingar um það hjá hæstv. forsrh., hvað í þessari yfirlýsingu hans fælist. Mjög lengi var í dag leitað að hæstv. forsrh. um alla Reykjavík til að fá þetta upplýst. Og það voru ekki aðeins við stjórnarandstæðingar sem voru að leita að hæstv. forsrh. Stuðningsmenn hans í Ed. Alþingis leituðu að ráðh. um alla Reykjavík vegna þess að hann hafði ekki sést á þingfundi og í hv. Ed. var ekki hægt að afgreiða mál af því að oddviti ríkisstj. sat ekki á þingi. Það tók talsvert langan tíma að hafa uppi á hæstv. forsrh. En honum datt ekki í hug að verða við þeim vinsamlegu tilmælum stjórnarandstæðinga að gefa eilítið nánari skýringar á ummælum ráðh. í útvarpinu í gærkvöld fyrr en e. t. v. á morgun.

Og hæstv. forsrh. situr ekki enn þá á þingi. Hvar er hæstv. ráðh.? Sumir segja að hann dveljist alla daga, ef hann mögulega getur komið því við, á Þingvöllum í andrúmslofti þeirra minninga og þeirrar tignar sem er yfir þeim stað. Það má vel vera að hann sé kominn upp á Þingvöll núna og leggist þar undir feld eins og annar nafntogaður stjórnmálamaður, þó að það sé nokkuð lengra síðan sá var valinn til þings en hæstv. forsrh. En það er auðvitað alveg fráleitt, að á sama tíma og við erum að reyna að afgreiða hér fyrir hæstv. ríkisstj. hvert málið á fætur öðru sé Ed. Alþingis verkefnalaus stundum saman vegna þess að oddamaðurinn í deildinni, hæstv. forsrh., hefur ekki tíma til að sitja á Alþingi. Hér erum við stjórnarandstæðingar búnir að sitja í allan dag afgreiðandi mál fyrir hæstv. ríkisstj. og forsrh., sem á sæti hérna næst mér við ráðherraborðið, sést ekki. Hann fæst ekki einu sinni til að gefa okkur skýringar á ummælum sínum í útvarpinu í gærkvöld, sem ganga gersamlega á snið við það heiðursmannasamkomulag sem við höfðum gert við þennan sama mann tveimur klukkutímum áður. Ég verð nú að segja eins og er, mínir ágætu þingbræður og systur, að það er varhugavert að gera samkomulag við slíka fursta. Og ef við stjórnarandstæðingar fáum ekki skýr og afdráttarlaus svör frá hæstv. forsrh. tel ég ekki vera nokkra ástæðu til þess að við séum að standa við það samkomulag sem við gerðum í gær við hæstv. ráðh. um að greiða götu allra þeirra mála sem hæstv. ríkisstj. kærir sig um að fá afgreidd frá Alþingi Íslendinga fyrir jólin.

Kannske verður hæstv. forsrh. kominn til þings á morgun eða kannske kemur hann hinn daginn, en kannske kemur hann ekki fyrir jól. Það verður að bíða og sjá. En hann ætlar sjálfsagt öllum öðrum þm. en sjálfum sér að sitja hér lon og don frá morgni til kvölds til að

afgreiða þau mál sem honum þóknast að biðja um stimpilinn á héðan frá deildum þingsins.

Herra forseti. Ég ræddi um síðara efnisatriði þessa frv., sem hér liggur frammi, í máli mínu áðan, þ. e. 4. gr., og benti á að það er alveg út í hött og óviðunandi með öllu að samþykkja 4. gr. eins og hún er óbreytt í frv. Alþingi hlýtur að breyta henni og það verður sjálfsagt gert í meðferð málsins í hv. fjh.- og viðskn. 2. gr. er hins vegar nokkuð annars eðlis en 4. gr. — 2. gr. fjallar um að gera upp, ef svo má segja, syndir yfirstandandi árs. Þar segir m. a. að vegna þess, að ýmis kostnaður hafi farið fram úr áætlun og ekki hafi verið unnt að ljúka æskilegum framkvæmdum o. s. frv., hafi ríkisstj. orðið að taka meira lán erlendis og innanlands en hún hafði heimild til. Hæstv. ríkisstj., þegar hún taldi sig ekki geta gert það sem hana langaði til að gera, brá á það ráð að taka lán umfram þær heimildir sem Alþ. afgreiddi til hæstv. ríkisstj. með samþykkt lántökulaganna á s. l. vori. Ég man eftir því í umr. um þau lög, að ég spurði hæstv. fjmrh. sérstaklega að því, hvort það væri ekki staðfastur ásetningur hans og ríkisstj. að sú fjárhæð, sem væri verið að afgreiða í lánsfjárheimildarlögunum, væri föst fjárhæð. Ég spurði hæstv. ráðh. hvort það mætti ekki treysta því alfarið að hæstv. ríkisstj. mundi ekki bregða á hið sama ráð og ríkisstj. sú sem Alþb. átti aðild að næst á undan gerði, þ. e. að gera sér leik að því að virða lög frá Alþingi um heimildir til lántöku innanlands og erlendis gersamlega að vettugi og ef henni þætti hún ekki hafa úr nógu að spila leitaði hún sér peninga sjálf í heimildarleysi. Hæstv. fjmrh. lýsti því yfir, að alþm. mættu treysta því. Hann lýsti því sérstaklega yfir, að ríkisstj. mundi ekki bregða á það ráð að bæta við lántökur innanlands og erlendis á árinu umfram það sem Alþingi heimilaði.

Þessu lýsti hæstv. fjmrh. formlega yfir aðspurður fyrir nokkrum mánuðum. Efndirnar á þessum skjalfestu loforðum hæstv. ráðh. sjást í 2. gr. Þar hefur ríkisstj. farið tæpum 5 milljörðum kr. fram úr þeim heimildum sem Alþingi gaf ríkisstj. með lögum um að hún mætti taka til láns erlendis og innanlands á því ári sem er að líða. Og hún hefur enga afsökun fyrir því að hafa látið sér verða þetta á, vegna þess að hæstv. ráðh. var sérstaklega spurður að því fyrir nokkrum mánuðum hvort hætta væri á því, að þetta yrði gert, og hann svaraði því neitandi. Auðvitað er það með öllu út í hött, herra forseti, að Alþingi afgreiði lög um heimildir til ríkisstj. til að taka lán erlendis eða innanlands ef þau lög eru gersamlega dauður bókstafur, ef hæstv. ríkisstj. starfar eins og þessi lög hafi aldrei verið afgreidd og séu ekki til. Þá er miklu heiðarlegra og betra að láta vera að setja lögin en að hæstv. ríkisstj. fái þau sett og brjóti þau síðan.

Ef hæstv. fjmrh. væri nú viðstaddur, sem hann er ekki frekar en hæstv. forsrh. og flestir hinir, að tveimur undanteknum, mundi ég spyrja hann að því, hvort það væri alveg ljóst að jafnvel þótt 4. gr. frv. yrði breytt þannig að Alþingi heimilaði honum ekki ráðstöfun á því lánsfé, sem þar er verið að biðja um heimild til að taka, nema með sérstökum skilmálum, yrði við þá afgreiðslu Alþingis staðið. En ég verð að segja eins og er, herra forseti, að miðað við reynsluna af þessari ágætu ríkisstj. og hæstv. fjmrh. væri ekkert að marka þá yfirlýsingu sem hæstv. fjmrh. gæfi spurður um þetta. Þess vegna tel ég að hafi verið nauðsynlegt að ganga rækilega frá öllum hnútum við afgreiðslu mála um lánsfjárheimildir og raunar fjárlög líka fyrir nokkrum mánuðum, þegar þau voru afgreidd hér á Alþ. síðast, þá sé enn nauðsynlegra að ganga tryggilega frá öllum saumum nú eftir þá reynslu sem menn hafa fengið af framkvæmd núv. hæstv. ríkisstj. á lögum sem Alþingi samþykkti og við alþm. fyrir nokkrum mánuðum.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Ég vil leggja ríka áherslu á 4. gr. í því frv. til laga sem hér er til umr., um lántöku á árunum 1980 og 1981 og ábyrgðarheimildir. Eins og hæstv. fjmrh. hefur raunar lýst í máli sínu er þessi grein afar sérstæð eins og hún stendur, því að ef þessi grein yrði samþ. með þessum hætti hefur hann sagt að síðan eigi að ráðfæra sig við fjvn. En hvað gerist ef ágreiningur rís milli fjvn. og ráðh. um ráðstöfun þessa fjár eins og greinin stendur núna?

Og ef Alþingi er búið að framselja þessa ávísun með þessum hætti er það auðvitað fullkomið virðingarleysi. Það er fullkomið virðingarleysi framkvæmdavalds í garð löggjafarvalds að fara fram á slíka ósk. 4. gr. er auðvitað afleit og með öllu óþingræðisleg eins og hún stendur þarna. Hins vegar virðist hæstv. ráðh. hafa gert sér grein fyrir þessu. Ég skildi orð hans svo áðan, að hann gæti vel hugsað sér breytingu á orðalagi greinarinnar til þess að það væri alveg ótvírætt að hér er aðeins um að ræða að taka lánið. Við verðum að treysta orðum hans um að þetta lán sé óvenjulega hagstætt. En síðan er það vitaskuld Alþingis að ákvarða með hverjum hætti þessum peningum verði eytt.

Hér er um að ræða fullkomið grundvallaratriði að því er varðar alla hugsunina í 2. gr. stjórnarskrárinnar um þrískiptingu valdsins. Ef farið er æ ofan í æ fram á að Alþingi ávísi óútfylltri ávísun með þessum hætti setur löggjafarvaldið niður andspænis framkvæmdavaldinu. Þetta er þess vegna röng aðferð. Þetta er raunar náskylt því sem hæstv. forsrh. Gunnar Thoroddsen sagði í útvarpi í gærkvöld. Hann sagði þá um það, sem gæti átt sér stað um jól, orðrétt: Það er hugsanlegt að fá samþykkt síðar, þ. e. þegar Alþingi kemur saman aftur. En um þetta er ekki hægt að fullyrða neitt í einstökum atriðum nú. — Hann er vitaskuld að tala um hugsanlega lagasetningu um jól og ekkert annað. Þessi þróun verður að fara að snúa við. Þessar tilraunir framkvæmdavaldsins til að fótumtroða löggjafarstofnunina aftur og aftur eru beinlínis hættuleg þróun.

Það er vegna þess þvílíkt „prinsip-mál" hér er á ferðinni sem ég hef kvatt mér hér hljóðs. Af stjórnarskrárlegum „prinsip-ástæðum" getur 4. gr. ekki staðið svo sem hæstv. fjmrh. hefur lagt til í þessu frv. til laga. En hann hefur gefið fyrirheit um að það sé hans vilji að þessu verði breytt í n. þannig að þolanlegt geti talist. Ég hygg að rétt sé að hinkra við og sjá í hvaða formi frvgr. verður þegar málið kemur úr fjh.- og viðskn.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Hér hafa málsvarar stjórnarandstöðuflokkanna, Sjálfstfl. og Alþfl., gert grein fyrir afstöðu sinni til þess frv. til l. um heimildir til lántöku á árunum 1980 og 1981 og ábyrgðarheimildir sem hér er til umr. og flutt er af hæstv. fjmrh. í umboði ríkisstj. Ég kveð mér hljóðs til að láta í ljós undrun mína og gagnrýna harðlega að hæstv. fjmrh. sýnir ekki deildinni þá virðingu að sitja þennan fund nema með höppum og glöppum og hefur ekki sést hér lengi nú. Báðir — og raunar allir — ræðumenn, sem hér hafa

talað, hafa fjallað efnislega um málið og gert ýmsar aths. Það er lágmarkskrafa að hæstv. ráðh. sé í salnum á meðan þessar umr. fara fram.

Athygli hefur verið vakin á því, að aðrir ráðh. hafa neitað að koma hér á fund, en lágmarkskrafan ætti þó að vera sú, að sá ráðh., sem flytur frv. í nafni ríkisstj., sé hér viðstaddur. Ég tel ekki ástæðu til þess að halda þessum umr. áfram meðan hann er ekki hér í salnum. Og þótt hann gangi nú inn í salinn hefur hann misst af aths. málsvara stjórnarandstöðunnar sem hann er skyldur til að hlýða á og svara eftir atvikum. Ég ætla mér ekki að fara að ítreka eða endurtaka þessar aths., en ég gagnrýni hæstv. ráðh. harðlega fyrir að sinna ekki þingskyldu sinni og ekki ráðherraskyldu sinni og fylgjast með umr. um það mál sem hann hefur flutt í deildinni. Þetta er vanvirða sem hann sýnir Nd. Alþingis með framkomu sinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 27 shlj. atkv.

Efri deild, 28. fundur.

Fimmtudaginn 11. des., kl. 5 síðdegis.

Meinatæknar, frv. (þskj. 29). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það frv., sem hér er um að ræða, hefur á þessu hv. Alþingi hlotið meðferð Nd. og verið afgreitt þaðan samhljóða. Nákvæmlega sama frv. var til meðferðar hér í hv. Ed. s. l. vor og hlaut þá fullnaðarmeðferð í þeirri deild. Frv. fjallar um það, hverjir hafi rétt til að kalla sig meinatækna á Íslandi og hvaða skilyrði menn þurfi að uppfylla til þess að mega gegn störfum meinatækna. Frv. er í 11. greinum og er með hefðbundnu sniði þegar um er að ræða svo kallaðar tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um frv. þetta, herra forseti, og legg til að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 12 shlj. atkv.

Viðskiptafræðingar, frv. (þskj. 48). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um rétt manna til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga. Þetta frv. var lagt fram í Nd. í fyrravor, en fékk þar ekki fullnaðarafgreiðslu. Það var lagt að nýju fyrir Nd. nú á þessu hausti með nokkrum breytingum og hefur fengið fullnaðarafgreiðslu í Nd. án þess að nokkur breyting væri á frv. gerð. Menntmn. Nd. fjallaði um málið og lagði þar til að það yrði samþ. óbreytt, og í því formi er frv. nú lagt fyrir þessa hv. deild.

Í 1. gr. frv. segir að rétt til að kalla sig viðskiptafræðinga, hagfræðinga eða nota heiti, sem felur í sér orðin viðskiptafræðingur eða hagfræðingur, hafi þeir menn hér á landi sem fengið hafa til þess leyfi ráðh., en þeir, sem lokið hafa prófi úr viðskiptadeild Háskóla Íslands, þurfi ekki slíkt leyfi ráðh.

Í 2. gr. er svo gert ráð fyrir því, að engum megi veita leyfi til að kalla sig þessum starfsheitum nema hann hafi lokið fullnaðarprófi í viðskiptafræði eða hagfræði við háskóla eða annan æðri skóla sem ráðh. viðurkennir sem fullgildan skóla og fullgilt nám í þeirri grein. Síðan er gert ráð fyrir því, að áður en ráðh. ákveður að veita manni starfsheiti af þessu tagi skuli hann bera það undir félagsskap þeirra, sem lokið hafa prófi héðan frá Háskóla Íslands í viðskiptafræðum, og þeirra, sem hagfræðingar eru nú og eru í félagsskap sem nefnist Félag viðskiptafræðinga og hagfræðinga. En ef ágreiningur verður um það, hvort maður hafi rétt til að bera þetta heiti, skal ráðh. skera úr.

Þetta frv. er með mjög svipuðu sniði og lög sem gilda um starfsheiti tiltekinna starfsstétta, þó að því leyti frábrugðið að í þessu frv. er lagt til að ráðh. hafi meira vald en oft mun tíðkast í löggjöf af þessu tagi. Í sumum lögum um svipað efni er það sjálf stéttin eða stéttarfélögin sem hafa nánast úrskurðarvald um þetta, en ég taldi, eftir að hafa kannað málið betur, óeðlilegt að veita stéttarfélagsskap slíkt vald. Eðlilegra væri að ráðh. skæri úr ágreiningi, en leitaði hins vegar álits viðkomandi félagsskapar, í þessu tilfelli Félags viðskiptafræðinga og hagfræðinga, ellegar annarra aðila sem ástæða væri til að leita umsagnar hjá.

Þetta mál er ekki stórt í sniðum eða mikið að efni. Ég held að það sé eðlilegt að veita viðskiptafræðingum og hagfræðingum þennan rétt. Þetta frv. er flutt samkv. beiðni og ósk Félags viðskipta- og hagfræðinga, og eins og ég hef áður greint frá hefur Nd. fjallað um málið og þar var það afgreitt á fundi í dag án þess að nokkur breyting væri gerð á frv. Og í því formi er það nú lagt fram hér í hv. Ed.

Ég legg til, herra forseti, að þessu máli verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari umr. og til hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til menntmn. með 11 shlj. atkv.

Eftirlaun til aldraðra, frv. (þskj. 177). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það frv., sem ég flyt hér, er lagt fram í samræmi við fyrirheit ríkisstj. í sambandi við lausn kjaradeilu Alþýðusambands Íslands og atvinnurekenda í okt. s. l., nánar tiltekið 27. okt. Frv. fjallar um breytingu á lögum um eftirlaun aldraðra og gerir ráð fyrir því, að lífeyrir samkv. þeim lögum megi taka breytingum á sömu dögum og almenn

laun í landinu, þ. e. 1. des., 1. mars, 1. júní og 1. sept., en hingað til hefur lífeyrir samkv. þessum lögum breyst 1. jan., 1. apríl, 1. júlí og 1. okt. Þetta frv. hefur ekki útgjöld í för með sér, heldur aðeins tilfærslu á útgjöldum. Mun það skakka að því er ríkissjóð varðar um það bil 4 millj. kr. á þeim hluta ársins 1980 sem eftir lifir.

Frv. hefur fengið meðferð í hv. Nd. og var afgreitt þaðan samhljóða. Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessar umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn., og legg á það áherslu, að málið fái afgreiðslu nú fyrir hátíðarnar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 11 shlj. atkv.

Grænlandssjóður, frv. (þskj. 219 (sbr. 30)). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Haraldur Ólafsson: Herra forseti. Það mál, sem hér liggur fyrir, tel ég vera eitt af þeim málum sem ætti að vera fullkomin samstaða um, þ. e. frv. um Grænlandssjóð. Grænlendingar eru næsti nágranni okkar og reyndar hafa Íslendingar verið í alveg sérstöku sambýli við þá þjóð, sem á Grænlandi býr, í nær 1000 ár. Það líður nú senn að því, að 1000 ár séu liðin síðan norrænir menn mættu fyrst Innúítum, og tel ég að okkur beri beinlínis skylda til að efla samstarf við þá þjóð, sem núna í fyrsta sinn í sögu sinni kemur fram sem sjálfstæður aðili að samfélagi þjóðanna.

Um nokkurt skeið hefur menningarsamband Íslands og Grænlands einkum verið á því sviði, að örlítill styrkur hefur verið veittur til náms í grænlensku til handa íslenskum mönnum, og hins vegar hefur nokkur hópur grænlenskra ungmenna dvalist hér, einkum og sér í lagi við búnaðarnám. Íslenskir vísindamenn hafa á undanförnum árum einnig tekið virkan þátt í náttúrufræðirannsóknum og fornleifarannsóknum á Grænlandi, og augljóst er, að á næstu áratugum muni samstarf Íslendinga og Grænlendinga um fiskveiðimál verða allvíðtækt.

Í menningarmálum á Grænlandi er nú mjög margt að gerast. Þar hefur risið stofnun sem er nokkurs konar akademía, þar sem sinnt er bæði tungu, fornri menningu og sögu landsins. Ég tel tvímælalaust að Íslendingar eigi að gera tvennt, bæði að senda menn til starfa við þessa akademíu og eins að veita grænlenskum mönnum möguleika á að stunda hérlendis rannsóknir og nám við íslenska skóla. Samkv. frv. því sem hér liggur fyrir opnast möguleikar á að sinna þessu tvíþætta hlutverki, námi Íslendinga á Grænlandi og Grænlendinga á Íslandi, og jafnframt að efla samstarf í efnahagsmálum, menningarmálum og yfirleitt öllum þeim málum sem snerta þessar nágrannaþjóðir báðar.

Herra forseti. Ég tel að þær brtt., sem fram hafa komið um eflingu sjóðsins, séu til bóta og mæli eindregið með að þetta frv. verði samþ. og að Alþingi sýni þar með vilja sinn til samstarfs við Grænlendinga, þessa gömlu og nýju nágranna okkar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Efri deild, 29. fundur.

Fimmtudaginn 11. des., að loknum 28. fundi.

Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins, frv. (þskj. 172). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breyt. á lögum nr. 80 16. sept. 1971, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, með áorðnum breytingum. Þetta frv. hefur verið til meðferðar í Nd. og er komið þaðan í þeim búningi sem birtist hér. Var það samþ. eins og það var upphaflega lagt fram, að ég ætla.

Með lögum nr. 74 frá 28. maí 1969 var bætt í lög um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins frá 1962 nýjum kafla um fæðisgreiðslur til sjómanna á fiskiskipum. Gildistími laganna hófst 19. febr. 1969. Með lögum þessum var ákveðið að lögskráningarskyldir fiskimenn og fiskimenn á þilfarsbátum, sem ekki eru lögskráningarskyldir, skyldu fá ákveðna upphæð greidda fyrir hvern dag á lögskráningartímabilinu til að standa straum af fæðiskostnaði sínum, og fór upphæðin eftir stærð fiskibátanna sem voru flokkaðir í þrjár stærðir. Með lögum nr. 48 frá 1973 var bætt við fkiskimönnum á opnum vélbátum. Togarar koma ekki við sögu þessara laga þar sem aðeins var um að ræða stóra togara, mest nýsköpunartogarana svonefndu, en eigendur þeirra áttu aðild að Félagi ísl. botnvörpuskipaeigenda og samkv. samningum þess við sjómannafélögin höfðu togarasjómenn frítt fæði. Það ákvæði gildir enn fyrir þá togara sem eiga aðild að FÍB, en það eru aðeins hinir stærri togarar, þeir sem eru stærri en 500 brúttórúmlestir.

Þegar minni togarar, aðallega skuttogarar undir 500 brúttórúmlestum að stærð, komu til sögu leiddi af sjálfu sér að skipverjar á þeim fengju greiddan hluta af fæðiskostnaði eins og bátasjómenn, þar sem þeir vinna eftir sams konar kjarasamningum og sjómenn á fiskibátum, enda eru eigendur báta og minni togara í sömu útvegsmannafélögum og gera sameiginlega kjarasamninga við sjómannafélögin fyrir bæði bátana og togarana. Upphæðir fæðisgreiðslna voru ákveðnar í lögum strax í upphafi og hafa alltaf verið misháar eftir stærð skipa, sem skipað var í þrjá stærðarflokka.

Þess mun fljótlega hafa orðið vart, að erfitt var að sjá til þess, að jöfnuður ríkti varðandi greiðslur til sjómanna á hinum ýmsu stærðarflokkum skipa. Reynt var að bæta nokkuð úr því með breyttri stærðarflokkun og nokkuð breyttum upphæðum greiðslna með setningu laga nr. 53 frá 1974, en þó ekki svo að fullnægjandi þyki. Mál þessi hafa verið rædd í almennum umræðum um kjarasamninga. Mun óhætt að fullyrða að bæði sjómenn og útvegsmenn séu almennt sammála um að nauðsyn beri til að lagfæra þær reglur, sem nú gilda um fæðisgreiðslurnar, þannig að stefnt sé að því að allir sjómenn á öllum flokkum fiskiskipa fái sama eða svipaðan hluta af fæðiskostnaði sínum greiddan. Vegna þess að atvik og að-

stæður breytast, eins og reynslan sýnir, er nánast ógerlegt að hafa ákvæði um fæðisgreiðslurnar bundnar í lögum, þar sem seinlegt er og umsvifamikið að gera á þeim tíðar breytingar. Stjórn Aflatryggingasjóðs, sem skipuð er mönnum tilnefndum af samtökum sjómanna og útvegsmanna, mun vera sammála um að best fari á því, að málum þessum sé skipað með reglugerð sem samtökin geti haft áhrif á hvers efnis verði. Samtök þessi eru auk Fiskifélags Íslands Alþýðusambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Félag ísl. botnvörpuskipaeigenda, Landssamband ísl. útvegsmanna og Sjómannasamband Íslands.

Á framangreindum forsendum er þetta frv. flutt. Að efni til er gildandi lögum ekki breytt að öðru leyti en því, að ákvæði 17. gr. þeirra, sbr. lög nr. 53 frá 1974 um stærðarflokka skipa og upphæð fæðispeninga, er numið brott, en í þess stað kemur ákvæði um að þessum þáttum skuli skipað með reglugerð. Efnisskipan er nokkuð breytt án þess að um efnisbreytingar sé að ræða, utan þess sem sagði hér á undan.

Ég sé ekki ástæðu til að rekja sérstaklega lið fyrir lið greinar frv., sem eru fimm með gildistökugrein. Ég hygg að ég hafi komið að helstu atriðum sem máli skipta í sambandi við efni frv. Ég leyfi mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

Fiskimálasjóður, frv. (þskj. 173). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breyt. á lögum nr. 89 5. júní 1947, um Fiskimálasjóð, með síðari breytingum. Þetta frv. kemur frá Nd. og var flutt þar og samþ. óbreytt. Þetta er einfalt mál og raunar sjálfsagt og í framhaldi af því sem oft hefur áður gerst. Það er raunverulega verið að færa upp vissar heimildir Fiskimálasjóðs í samræmi við hækkun verðlags í landinu. Fé Fiskimálasjóðs er varið, eins og kunnugt er, til eflingar í sjávarútvegi. Það er aðallega með tvennum hætti gert: Í fyrsta lagi með styrkveitingum samkv. 4. gr. laga sjóðsins og í öðru lagi með lánveitingum samkv. 5. gr.

Lögin hafa bundið hverja lánveitingu við tiltekna hámarksupphæð. Þessi hámarksupphæð hefur verið hækkuð á nokkurra ára fresti eftir aðstæðum og getu sjóðsins. Síðast var þessi hámarksupphæð hækkuð í 2 millj. kr. árið 1978.

Stjórn Fiskimálasjóðs er sammála um að geta sjóðsins og aðrar aðstæður leyfi að þessi upphæð verði nú hækkuð í 5 millj. kr. 1. gr. frv. fjallar því um það, að í stað 2 millj. kr. í 5. gr. laganna komi 5 millj. kr. — 2. gr. er um gildistöku.

Ég leyfi mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Sameinað þing, 33. fundur.

Föstudaginn 12. des., kl. 2 miðdegis.

Aðild Grikklands að Efnahagsbandalagi Evrópu, þáltill. (þskj. 210). — Ein umr.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. um að Alþingi álykti að heimila ríkisstj. að fullgilda fyrir Íslands hönd viðbótarbókun við samninginn milli lýðveldisins Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu vegna aðildar lýðveldisins Grikklands að bandalaginu og viðbótarbókun við samninginn milli lýðveldisins Íslands og aðildarríkja Kola- og stálbandalags Evrópu vegna aðildar lýðveldisins Grikklands að bandalaginu.

Þáltill., sem hér um ræðir, er lögð fram vegna aðildar Grikklands að Efnahagsbandalagi Evrópu og Kola- og stálbandalagi Evrópu hinn 1. jan. n. k. Af þessum sökum er talið eðlilegt að gera viðbótarbókanir við samninga Íslands við þessi Evrópubandalög svo að sams konar fríverslun geti farið fram milli Íslands og Grikklands og nú gildir milli Íslands og hinn níu aðildarríkja bandalaganna.

Aðildarlönd Fríverslunarsamtaka Evrópu, EFTA, höfðu með sér samráð vegna formlegra samningaviðræðna einstakra EFTA-landa um breytingar á samningum þeirra við Evrópubandalögin. Fóru viðræðurnar fram í Brussel fyrr á þessu ári. Viðbótarbókanirnar tvær voru undirritaðar þar af Íslands hálfu hinn 6. nóv. s. l. með fyrirvara um fullgildingu.

Við gildistöku viðbótarbókananna taka ákvæði viðskiptasamninga Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu og aðildarríkja Kola- og stálbandalags Evrópu um fríverslun með ýmsar vörur einnig til viðskipta Íslands og Grikklands. Af þessu leiðir ekki aðeins að tollar og gjöld, sem hafa sömu áhrif, falla þá niður á iðnaðarvörum, heldur og ýmsum sjávarafurðum og vörum sem unnar eru úr landbúnaðarafurðum.

Grikkland fær að vísu fimm ára aðlögunartíma varðandi tollalækkanir og magntakmarkanir á innflutningi nokkurra vara, en slíkt skiptir Ísland engu sérstöku máli vegna eðlis viðskipta landanna.

Viðskipti landanna á undanförnum árum felast svo til eingöngu í útflutningi á óverkuðum íslenskum saltfiski til Grikklands. Á árinu 1979 var útflutningur Íslands til Grikklands 1.2% af heildarútflutningi Íslands það ár. Voru 99.9% útflutningsins þangað sjávarafurðir, en aðalútflutningsvaran, óverkaður saltfiskur, nam 92.8% af útflutningi. Innflutningur Íslands frá Grikklandi á árinu var hverfandi eða 0.01% af heildarinnflutningnum það ár. Aðalinnflutningsvörurnar voru ávextir og grænmeti.

Viðskipti landanna á síðustu árum hafa verið með svipuðu móti og árið 1979. Þá var útflutningur óverkaðs saltfisks að magni til 4 661 tonn, en að verðmæti 3 milljarðar 183.6 millj. kr. Þó hefur magn og verðmæti aukist nokkuð á síðustu árum. Á árunum 1977—1979 var Grikkland fjórða mikilvægasta útflutningsland Íslendinga fyrir þessa vörutegund, með 11.6% af heildarútflutningi. Er því þessi markaður mikilvægur. Útflutn-

ingur hefur þó verið meiri á óverkuðum saltfiski til Portúgals, Spánar og Ítalíu, en Grikkland er eitt af fjórum þýðingarmestu viðskiptalöndum okkar að því er varðar óverkaðan saltfisk. Á þessu ári hefur selst álíka magn og í fyrra. Viðskiptasamningurinn milli Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu tekur ekki til saltfisks og leiðir vibótarbókunin við samninginn sem slík af þessum sökum ekki til lækkunar tolla eða annarra fríðinda. Hins vegar fékkst því framgengt í samningaviðræðum Íslendinga við Efnahagsbandalagið, að það mundi í tengslum við samningsgerðina tilkynna Íslendingum formlega þá ákvörðun gríska stjórnvalda að beita sömu reglum og önnur ríki bandalagsins frá 1. jan. 1981 um innflutning á söltuðum þorski og söltuðum þorskflökum.

Reglurnar eru í því fólgnar, að tollar hafa verið felldir niður um óákveðinn tíma, þ. e. allt að 13% tollur af söltuðum þorski og 20% tollur af söltuðum þorskflökum. Ekki er talin sérstök hætta á að núverandi niðurfellingu tolls á þessum saltfiski verði hætt. Af þessu leiðir að Grikkir munu fella niður innflutningstoll af óverkuðum saltfiski, sem talinn er jafngilda 0.4% af útflutningsverðmæti. Auk þess munu þeir fella niður þrenns konar gjöld, rösk 6% samanlagt, þegar þeir taka upp virðisaukaskatt innan nokkurra ára.

Af viðbótarbókununum mun hins vegar beinlínis leiða að söltuð beituhrogn og önnur söltuð matarhrogn en grásleppuhrogn, sem flutt hafa verið út til Grikklands á undanförnum árum, verða tollfrjáls. Tollurinn á þessum vörum hefur verið 11%.

Þótt ofangreindar tollalækkanir á saltfiski og söltuðum hrognum vegi ekki mikið í krónutölu, innan við 40 millj. miðað við útflutningsverðmæti árið 1979, eru þær þó til bóta. Þá er einnig girt fyrir það, að Grikkir hækki tollana á þessum vörum einhliða. Á hinn bóginn má nefna að helstu innflutningsvörur Íslands frá Gikklandi, ávextir og grænmeti, falla ekki undir bókunina og verður því engin breyting varðandi tollmeðferð þeirra.

Með hliðsjón af málavöxtum tel ég rétt að Ísland stígi skref í átt til aukinnar fríverslunar Evrópulanda með því að taka upp fríverskunartengsl við Grikkland við inngöngu þess í Efnahagsbandalag Evrópu og Kola- og stálbandalag Evrópu.

Með þáltill. þessari er farið fram á heimild Alþingis til þess, að ríkisstj. megi fullgilda viðbótarbókanir Íslands við þessi bandalög síðar í þessum mánuði. Ganga þær þá í gildi hinn 1. jan. n. k.

Rétt er að taka fram að lokum að ráðgert er að leggja fram frv. til l. um breyt. á lögum um tollskrá o. fl., nr. 120 31. des. 1976, vegna aðildar Grikklands að áðurnefndum Evrópubandalögum. Þessi væntanlegu lög mundu ekki hafa nein áhrif á viðskipti okkar í þessum efnum vegna þess að innflutningurinn er sáralítill, eins og ég hef greint frá áður. Með hliðsjón af því, að við flytjum talsvert út til Grikklands, en innflutningurinn þaðan er óverulegur, verður þessi viðbótarbókun okkur áreiðanlega hagstæð.

Ég held að það sé ekki ágreiningur um þetta mál hér á hv. Alþingi. Ég hef ekki orðið var við það. Ég vil því mælast til þess, að sú nefnd, sem fær málið til meðferðar, hraði afgreiðslu þess eins og kostur er til þess að hægt verði að fullgilda samninginn fyrir n. k. áramót.

Ég leyfi mér svo að leggja það til að till. verði að lokinni þessari umr. vísast til hv. utanrmn.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 40 shlj. atkv. og umr. frestað.

Fjárlög 1981, frv. (þskj. 1, n. 222, 230 og 235, 209, 220, 224, 234). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Fjvn. hefur fjallað um frv. til fjárlaga fyrir árið 1981 á 35 formlegum fundum auk fjölmargra funda í undirnefndum sem fjallað hafa um einstaka málaflokka, og áður en þing kom saman eða frá 1. okt. átti nefndin um 60 viðtöl við fulltrúa sveitarfélaga.

Vegna þess, hve mikill og vaxandi hluti þess tíma, sem nefndin hefur til umráða fyrir 2. umr., hefur farið í viðtöl, ákvað nefndin að taka upp þann hátt í fyrrahaust að ljúka viðtölum við sveitarstjórnarmenn áður en þing hæfist.

Afgreiðsla núgildandi fjárlaga varð með einstæðum hætti að því leyti, að þrjú fjárlagafrv. komu fram og störf fjvn. við fjárlagaafgreiðslu stóðu frá 1. okt. 1979 fram til páska s. l. vor. Sú tilhögun að ljúka viðtölum við sveitarstjórnarmenn fyrir þingsetningu í fyrrahaust auðveldaði nefndinni það óvanalega hlutverk að fjalla um þrjú fjárlagafrv. fyrir sama árið, og ég held að nm. geti verið sammála um að þessir breyttu starfshættir, sem aftur voru viðhafðir nú í haust, hafi dregið talsvert úr þeim tímaskorti sem einkennt hefur störf nefndarinnar á undanförnum árum vegna ásóknar í viðtöl við nefndina og aukið umfang viðfangsefnisins almennt.

Nefndin hefur notið aðstoðar hagsýslustjóra, Brynjólfs Sigurðssonar, og starfsliðs hans. Fyrir hönd nefndarinnar þakka ég þau störf og þá ekki síður starfsmanni nefndarinnar, Magnúsi Ólafssyni, fyrir mjög vel unnin störf nú sem endranær. Meðnefndarmönnum mínum öllum færi ég þakkir fyrir ánægjulegt samstarf, þolinmæði og umburðarlyndi í minn garð, en á það hefur reynt enn meira en áður vegna sérstakra anna minna við önnur störf lengst af samhliða fjárlagaafgreiðslunni.

Ég fagna því, að ávallt skuli ríkja í störfum nefndarinnar sá gamli, góði starfsandi, að fulltrúar stjórnarandstöðunnar leggja sig ekki síður fram en stjórnarsinnar við að tryggja að fjárlagafrv. fái afgreiðslu í tæka tíð. Þökk sé þeim fyrir drengilegt samstarf. Gætu fulltrúar stjórnarandstöðunnar þó sjálfsagt haft tilefni til að kvarta yfir ýmsu sem betur mætti fara í störfunum.

Eins og áður hefur reynst erfitt að tryggja að erindi berist svo tímanlega, að sanngjarnt sé að ætlast til að nefndin hafi tíma til að sinna þeim. Þó tel ég að talsvert hafi þokast í rétta átt í þessu efni. Nefndin kom því nú í fyrsta sinn formelga á framfæri við einstök ráðuneyti, að hún óskaði eftir því að athugasemdir og beiðnir um breytingar á fjárlagafrv. bærust fyrir 1. nóv. Á þessu varð nokkur misbrestur og afgreiðsla erinda frá ráðuneytunum mun væntanlega verða eitthvað í samræmi við það. Ég vænti þess, að öllum til þæginda komist sá háttur á sem nefndin óskaði eftir.

Það er síðan ástæða til að leggja á það áherslu, að þegar ríkisstj. hefur sameiginlega lagt fram fjárlagafrv. ætti ekki að þurfa að búast við því, eins og átt hefur sér stað, að yfir fjvn. rigni beiðnum frá einstökum ráðuneytum um útgjaldaaukningu sem nemur hundruðum millj.

kr., svo ekki séu nefndar hærri tölur. Einkum er það ekki til að auðvelda fjvn. starfið, þegar slíkum sendingum fylgja ekki svo mikið sem ábendingar um tekjuauka eða útgjaldalækkanir í staðinn.

Fjvn. leggur nú við 2. umr. fram tillögur um skiptingu fjárveitinga til svo til allra þátta verklegra framkvæmda í A-hluta fjárlagafrv. Enn fremur hefur nefndin lokið skiptingu safnliða sem nefndin annast sjálf skiptingu á, svo sem útgáfustyrkja, framlaga til héraðasafna og verndar gamalla bygginga, framlaga til að viðhalda byggð og halda uppi gistingu svo og til sjúkraflugs.

3. umr. bíða B-hluta fyrirtæki og heimildagrein að venju, auk þess ýmis einstök erindi svo og framlög til sjúkra- og hjúkrunarstofnana á vegum annarra aðila en ríkis- og sveitarfélaga. Enn fremur bíða 3. umr. málefni Landspítalans. Á milli 2. og 3. umr. mun fjvn. athuga hvernig best verði séð fyrir nauðsynlegustu byggingarframkvæmdum Landspítalans, og enn fremur er í athugun með hvaða hætti unnt væri að tryggja stofnuninni úrlausn varðandi kaup á sneiðmyndatæki, en á það hefur verið lögð þung áhersla.

Það fer ekki á milli mála, að erfitt er að gera sér heildarmynd af fjárlagaafgreiðslunni þegar upplýsingar skortir m. a. um endanlegt mat á tekjuliðum frv., og í raun ofætlun að í nál. og umfjöllun við 2. umr. geti komið fram raunhæft mat eða sú heildarmynd sem fyrir hendi ætti að vera við 2. umr. þingmáls, ekki síst þegar um er að ræða svo veigamikið mál sem fjárlögin eru.

Ég lagði á það áherslu fyrir 2. umr., að fyrir 2. umr. gæti legið fyrir endurskoðuð tekjuáætlun og brtt. við tekjuhlið. Því miður fór svo sem næstum ávallt fyrr við afgreiðslu fjárlaga, að nauðsynlegar upplýsingar fengust ekki. Þjóðhagsstofnun taldi ekki gerlegt að endurmeta tekjuáætlun fyrr en fyrir lægju innheimtutölur fyrir nóvembermánuð. Forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar mætti á fundi fjvn. hinn 3. des. s. l. og greindi nefndarmönnum frá áætlun um tekjur ríkissjóðs á þessu ári og hvers vænta mætti almennt um tekjuáætlun fyrir næsta ár, en stofnunin taldi ekki gerlegt að leggja fram nýja tekjuáætlun í tæka tíð fyrir 2. umr. eins og ég áður greindi. Hinn 9. des. s. l. barst eftirfarandi skýrsla frá Þjóðhagsstofnun varðandi tekjuáætlun fjárlaga fyrir árið 1981, með leyfi hæstv. forseta:

„Lauslegar áætlanir um tekjur ríkissjóðs á árinu 1980, sem gerðar eru á grundvelli innheimtutalna fyrstu tíu mánuði ársins og vísbendinga um nokkra liði í nóvember, benda til að í heild verði innheimta heldur meiri en gert var ráð fyrir í áætlun þeirri sem sett var fram í grg. fjárlagafrv. 1981. Breytingum er hins vegar misskipt, því að annars vegar má ætla að beinir skattar reynist mun verr en áður var talið, en óbeinir skattar reynist drýgri. Beinir skattar verða að líkindum a. m. k. 3 milljörðum kr. undir fyrri spá, og raunar þarf mikla bjartsýni til að halda sér við svo lítið frávik. Aðrir skattar og tekjur gætu á hinn bóginn reynst allt að 5 milljörðum umfram fyrri spá. Gangi þetta eftir yrðu heildartekjur 373.9 milljarðar í stað 371.9 milljarðar í fyrri spá.

Eins og jafnan er hætta á frávikum í lok ársins, og þó ekki síður í endanlegu uppgjöri tekna, þannig að allt er þetta óvissu undirorpið, ekki síst hvað varðar beina skatta. Ljóst er að þessar vísbeningar valda nokkurri breytingu á tekjuáætlun ársins 1981. Að hluta stafa breytingarnar af áhrifum kjarasamninga á þessu hausti, þótt ekki sé gert ráð fyrir breytingum á meginforsendum fjárlagafrv. hvað varðar framvindu kauptaxta, verðlags og kaupmáttar á næsta ári. Áhrifin koma fram með beinum hætti í launaskatti, en óbeint fram í aðflutningsgjöldum og veltusköttum vegna áhrifanna á innheimtu 1980. Loks hefur gjaldskrám verið breytt í tveimur mikilvægum tilvikum, þ. e. í bensíngjaldi og útsöluverði Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, og hafa þær breytingar áhrif á áætlanir næsta árs. Innheimta beinna skatta á þessu ári bendir til þess, að miðað við aðrar forsendur óbreyttar verði að reikna með lægra innheimtuhlutfalli 1981 en gert er í áætlun fjárlagafrv. og þar með minni tekjuheimtu. Ákvarðanir um breytingar á skattstigum og fleira hafa hins vegar ekki verið teknar enn sem komið er og því engu slegið föstu að svo stöddu um beina skatta í tekjuáætlun. Þjóðhagsstofnun mun endurskoða tekjuáætlun fjárlagafrv. 1981 næstu daga, strax eftir að innheimtutölur nóvembermánaðar hafa borist."

Þetta var skýrsla Þjóðhagsstofnunar.

Það hefur verið meginreglan í störfum fjvn. að þessu sinni að standa gegn óskum og kröfum um hækkun útgjalda, en erindi um aukin fjárframlög hafa borist svo hundruðum skiptir. Í raun má segja að nefndin reyni, eftir því sem rök standa til, að verja þann niðurskurð sem fjárlaga- og hagsýslustofnun og hæstv. ríkisstj. hafa framkvæmt á fjárlagabeiðnum stofnana ríkisins og annarrra aðila við samningu fjárlagafrv. Segja má að brtt. nefndarinnar á þskj. 209 og 220 séu aðallega tvenns konar. Tekið hefur verið nokkurt tillit til einstakra hækkunarbeiðna þegar í frv. hefur ekki verið gert ráð fyrir neinni hækkun í átt við almennar verðlagsbreytingar og nefndinni hefur ekki þótt ástæða til raunlækkunr í þeim mæli. Að öðru leyti er aðallega um að ræða tillögur um nokkra hækkun á framlögum ríkisins til verklegra framkvæmda frá því sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv., einkum þar sem um er að ræða niðurskurð að raungildi í málaflokkum sem stöðugt hafa verið skornir niður undanfarin ár í þeim mæli, að nefndin taldi ekki fært án viðbótarfjár að koma saman tillögum um skiptingu sem samrýmdust óhjákvæmilegum framgangi verka sem þegar eru komin áleiðis í framkvæmdum. Enda þótt einstakir framkvæmdaþættir hafi þannig verið hækkaðir talsvert og jafnvel þar á meðal þættir sem ekki hafa lækkað að raungildi undanfarin ár, svo sem framlag til sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva, sem hækkar samkv. tillögum fjvn. um 700 millj. kr. frá fjárlagafrv., þá er heildarupphæðin í raun svo knöpp miðað við þær framkvæmdir, sem nú er unnið við, að sjálfgefið er að ýmsir aðilar beri sig illa. Og raunin hefur orðið sú, sem jafnvel mátti búast við, að þeir bera sig verst er hæstu fjárveitingarnar fá, vegna þess að þar hefur verið fest mest fé sem kemur ekki að notum svo fljótt sem nauðsyn ber til, og jafnvel þessar hæstu fjárhæðir duga ekki til að ljúka áföngum með þeim hraða sem áætlaður var og sótt er eftir.

Brtt. fjvn. á þskj. 209 og 220 eru fluttar af allri nefndinni, en fulltrúar stjórnarandstöðunnar hafa þann fyrirvara um aðild að þeim brtt., að þeir hafa óbundnar hendur um fylgi við einstakar tillögur og áskilja sér rétt til að flytja brtt. eða fylgja brtt. sem fram kunna að koma, og þeir hafa sérstakan fyrirvara gagnvart einstökum tillögum nefndarinnar varðandi skiptingu fjár til sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva.

Mun ég nú rekja þær brtt. sem fjvn. flytur á þskj. 209 og 220.

Er þar fyrst æðsta stjórn ríkisins: Hús Jóns Sigurðssonar: Liðurinn hækkar um 5 millj. kr. og verður 35 millj. 462 þús. kr. Hér er um að ræða önnur rekstrargjöld.

Sérfræðileg aðstoð við þingflokka: Liðurinn hækkar um 9 millj. 940 þús. kr. og verður 76 millj. 205 þús. kr. á árinu 1981. Hér er um það að ræða, að liðurinn taki sömu hækkunum og áætlað er að launaliðir í frv. muni taka á næsta ári.

Forsrn.: Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og Þingvallanefnd: Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 3 millj. vegna líffræðirannsókna í Þingvallavatni og sértekjur hækka um 1.5 millj., enda greiðir Landsvirkjun helming kostnaðar við rannsóknirnar. Ríkisframlag hækkar því um 1.5 millj.

Menntmrn.: Háskóli Íslands: Launaliður lækkar um 853 þús. kr. hjá verkfræðideild vegna leiðréttingar, en staða dósents í rafmagnsfræði kemur í stað stöðu prófessors í tölvunarfræði.

Raunvísindastofnun Háskólans, nýtt viðfangsefni 27 millj. kr. Hér er um að ræða 12 millj. til rannsókna á gerð eldsneytis úr innlendu hráefni í samvinnu við erlenda aðila og 15 millj. kr. til rannsókna á nýtingu vindorku til húshitunar og smíði tilraunavindmyllu fyrir varmaveitu í Grímsey.

Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraháskólans: Þar er gjaldfærður stofnkostnaður hækkaður um 14 millj. kr. og verður 30 millj.

Íþróttakennaraskóli Íslands: Viðhald verður 9 millj. kr., en liður þessi féll niður við gerð fjárlagafrv. Hér er um að ræða viðhald á íþróttavöllum.

Fjölbrautaskólinn á Akranesi: Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 5 millj. kr. og verður 45 millj.

Framhaldsskóli á Selfossi: Hér er um lið að ræða sem var nýr í fjárlögum 1980, en féll niður í fjárlagafrv. 1981. Hér er lagt til að stofnkostnaður verði 40 millj.

Námsgagnastofnun, bókaútgáfa: Liðurinn hækki um 150 millj. kr., en mjög hefur verið talið skorta á undanfarið að stofnunin hafi getað gegnt hlutverki sínu með þeim fjárveitingum sem hún hefur fengið. Hér er því lagt til að hún fái 150 millj. kr. viðbót vegna bókaútgáfu.

Iðnskólar almennt: Þar er gjaldfærður stofnkostnaður um 23 millj. kr. og verður 183 millj., en sundurliðun kemur fram í sérstöku yfirliti í brtt. fjvn.

Tónlistarfræðsla: Liðurinn Tónlistarskólar, stofnkostnaður hækkar um 13.5 millj. kr., verður alls 15 millj. og skiptist eins og sýnt er í sundurliðun í brtt. fjvn.

Héraðsskólar, almennt: Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 21 millj. kr. og verður 301 millj. Sundurliðun er í sérstöku yfirliti í brtt. fjvn.

Skíðakennsla í skólum: Styrkurinn hækkar um 1.5 millj. kr.

Framlög til byggingar grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra: Liðurinn hækkar um 719 millj. kr. og verður 4 milljarðar 247 millj. og skiptist eins og sýnt er í sundurliðun í brtt. fjvn. Framlag til þessara framkvæmda hefur lækkað mjög að raungildi á undanförnum árum og hefði samkvæmt fjárlagafrv. lækkað enn frekar á árinu 1981.

Stofnanir afbrigðilegra barna: Nýr liður: Gjaldfærður stofnkostnaður 15 millj. kr. vegna búnaðar í eldri stofnunum. Ekki hefur verið talið kleift samkvæmt lögum um Framkvæmdasjóð öryrkja og þroskaheftra að greiða úr sjóðnum til þessa verkefnis, og er því lagt til að leysa vandann með sérstakri fjárveitingu að þessu sinni. Ég tel á hinn bóginn eðlilegt að séð verði til þess að Framkvæmdasjóðurinn leysi slík verkefni framvegis.

Dagvistarheimili, stofnkostnaður: Liðurinn hækkar um 300 millj. og verður 1100 millj. kr. Skipting á einstakar framkvæmdir er sýnd í brtt. fjvn. Miðað við framlög til annarra framkvæmdaþátta er allvel fyrir þessum þætti séð og mun hér vera um að ræða hæsta framlag til dagvistarmála að raungildi til þessa.

Náms- og fræðimenn: Liðurinn Menntastofnun Bandaríkjanna á Íslandi hækkar um 500 þús. kr. og verður 1.5 millj.

Liðurinn Styrkir til útgáfustarfa hækkar um 200 þús. kr. og verður 22 millj. og 200 þús. Liðnum er skipt af fjvn. og hefur nefndin þegar ákveðið skiptingu hans.

Liðurinn Starfsemi stúdenta hækkar um 390 þús. kr. og verður 1 millj. 200 þús. kr.

Fullorðinsfræðsla: Liðurinn Bréfaskólinn hækkar um 2 millj. 200 þús. kr. og verður 12 millj.

Liðurinn Námsflokkar hækkar um 2 millj. kr. vegna öldungadeildar í Hveragerði og verður alls 5 millj. kr.

Liðurinn Félagsmálanámskeið, sem er framlag til Samvinnuskólans vegna námskeiðahalds, hækkar um 200 þús. kr. og verður 3 millj.

Lagt er til að tekinn verði upp nýr liður: Heimilisiðnaðarskólinn 2 millj. kr.

Þjóðminjasafn Íslands: Liðurinn Til sveitarfélaga hækkar um 30 millj. kr. og verður 68 millj. Hér er um að ræða framlög til héraðasafna og styrki til viðhalds gamalla bygginga. Fjvn. hefur skipt þessum lið í samráði við þjóðminjavörð.

Lagt er til að tekinn verði upp nýr liður: Sjóminjasafn Íslands í Hafnarfirði 30 millj. kr.

Náttúruverndarráð:

Liðurinn Rannsóknarstörf við Mývatn hækkar um 2 millj. kr. vegna stofnkostnaðar og verður 8 millj. 588 þús. kr. Hér er um að ræða endurbætur á húsnæði, þ. e. á gamla prestsetrinu að Skútustöðum.

Listir, framlög: Liðurinn Listiðnaðarmál hækkar um 1 millj. kr. og verður 2 millj. sem skiptist sem hér segir: Sigrún Jónsdóttir 750 þús. kr. og Guðrún Vigfúsdóttir 750 þús. kr. Óráðstafað er ½ millj. kr.

Norræn samvinna: Liðurinn Norræna félagið hækkar um 1 millj. kr. og verður 3.5 millj.

Íþróttasjóður, bygging íþróttamannvirkja: Liðurinn hækkar um 50 millj. kr. og verður 700 millj. og skiptist eins og sýnt er í sundurliðun í brtt. fjvn. Þótt fjárveiting til íþróttamannvirkja hafi hækkað allnokkuð að raungildi á undanförnum árum miðað við það sem áður var skortir enn verulega á að unnt sé að standa við greiðslur á framlögum ríkisins eins og stefnt er að í lögum. Vegna þess hefur fjvn. undanfarin ár takmarkað allverulega fjölda þeirra mannvirkja sem fá fjárveitingu til byrjunarframkvæmda. Eins er gert að þessu sinni.

Viðeyjarstofa, endurbætur: Hér er aðeins um að ræða að breyta heiti liðarins. Hann heiti: Viðeyjarstofa og Nesstofa, endurbætur. Þetta er leiðréttíng á mistökum í prentun fjárlagafrv.

Æskulýðsmál: Liðurinn hækkar alls um 10 millj. 990 þús. kr. og skiptist hækkunin sem hér segir: Æskulýðsráð ríkisins hækkar um 1 millj. 800 þús. kr., Æskulýðssamband Íslands um 1 millj., Ungmennafélag Íslands um 7 millj. 100 þús. kr., Bandalag ísl. skáta um 400 þús. kr., Bandalag ísl. skáta vegna Úlfljótsvatns um 110 þús. kr.,

Bandalag ísl. farfugla um 70 þús. kr., Íslenskir ungtemplarar um 220 þús. kr., Landssamband KFUM og KFUK um 150 þús. kr., KFUM, starfsemi í Vatnaskógi 40 þús. kr., og KFUK, starfsemi í Vindáshlíð 100 þús. kr. Hækkun á framlagi til Ungmennafélags Íslands er við það miðuð, að hækkun til sambandsins og hækkanir til Íþróttasambands Íslands verði hlutfallslega sem næst jafnar þegar breytingar á framlögum til þessara aðila síðustu tvö árin eru teknar með í reikninginn.

Ýmis íþróttamál, Íþróttasamband Íslands: Liðurinn hækkar um 8 millj. kr. og verður 205 millj.

Ýmislegt í menntmrn.: Liðurinn hækkar alls um 43 millj. 390 þús. kr., þar af 1 millj. 100 þús. kr. vegna nýs liðar: Byggðasafn að Reykjum í Hrútafirði, 900 þús. kr. vegna nýs liðar: Náttúrugripasafn á Selfossi, 1 millj. kr. vegna nýs liðar: Minnisvarði um Egil Skallagrímsson á Borg á Mýrum, og 1 millj. kr. vegna liðar sem áður var í fjárlögum en hafði fallið niður: Svifflugfélag Íslands. Framlag til minnisvarða um Ara fróða að Staðarstað, 1 millj. kr., er lokagreiðsla.

Um aðra liði er vísað til brtt. fjvn., en viðfangsefnið Ýmis framlög 30 millj. kr. eru styrkir sem menntmrn. veitir til einstaklinga og samtaka að nokkru leyti að tillögu fjvn.

Þá er komið að landbrn.

Skógrækt ríkisins: Þær breytingar, sem lagðar eru til, eru aðeins tilfræslur á milli viðfangsefna án þess að um sé að ræða hækkun á framlagi í heild.

Landnám ríkisins: Nýr liður, 15 millj. kr., sem er til bæja á Hólsfjöllum. Framlag var til þessa í fjárlögum 1980, 20 millj. kr., en ekki var áætlað fyrir lið þessum í fjárlagafrv. fyrir árið 1981.

Landþurrkun: Liðurinn hækkar um 4 millj. 500 þús. kr. og sundurliðun á því er í brtt. fjvn.

Fyrirhleðslur: Liðurinn hækkar um 33 millj. 200 þús. kr. og skiptingin á einstakar framkvæmdir er einnig í brtt. fjvn.

Til frekari athugunar hjá fjvn. eru ráðstafanir vegna skemmda sem urðu vegna vatnsflóða á Austurlandi s. l. sumar.

Landbúnaðarmál, ýmis starfsemi: Liðurinn Landssamband ísl. hestamanna til leiðbeininga um hestamennsku hækkar um 100 þús. kr. Liðurinn Æðarræktarfélag Íslands hækkar um 100 þús. kr. Liðurinn Efnarannsóknastofa Norðurlands hækkar um 650 þús. kr. Liðurinn Búnaðarsamband Suðurlands, tilraunastöðvar hækkar um 5 millj. kr. og er þá í heildarupphæðinni gert ráð fyrir framlögum til tilraunastöðvanna í Laugardælum og Stóra-Ármóti.

Liðurinn Skógræktarfélag Íslands hækkar um 2 millj. 200 þús. kr.

Það er aðeins ein tillaga varðandi sjútvrn.: Hafrannsóknastofnun. Þar er nýr liður: Útibú í Ólafsvík 3 millj. kr.

Þá er komið að dóms- og kirkjumrn.

Almannavarnir: Liðurinn hækkar um 40 millj. kr.: 20 millj. kr. vegna færanlegrar stjórnstöðvar og 20 millj. kr. eru áætlaðar til varnargarðs við Vík í Mýrdal.

Þjóðkirkjan: Liðurinn Dómprófastsembætti í Reykjavík hækkar um 700 þús. kr. og verður 2.5 millj. kr. vegna skrifstofukostnaðar.

Þá koma liðir er varða félmrn.

Jafnréttisráð: Önnur rekstrargjöld hækka um 600 þús. kr. vegna vanáætlaðs húsnæðiskostnaðar.

Ýmis framlög: Liðurinn hækkar alls um 64 millj. 680 þús. kr. og er þar vísað til brtt. fjvn. um einstakar hækkanir á framlögum. Mestu hækkanirnar eru til Slysavarnafélags Íslands 32 millj. 380 þús. kr., og verður framlagið til samtakanna þá 97 millj. kr. Framlag til Alþjóðaárs fatlaðra hækkar um 10 millj. og verður 60 millj. kr. Framlag til Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra hækkar um 7.3 millj. og verður 22 millj. Aðrar hækkanir nema lægri upphæðum. En alls hækkar liðurinn Ýmis framlög hjá félmrn. eins og áður sagði um 64 millj. 680 þús. kr.

Er þá komið að heilbr.- og trmrn.

Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða, annarra en ríkissjúkrahúsa: Liðurinn hækkar um 700 millj. kr. og verður 5 milljarðar kr. og skiptist eins og sýnt er í sérstöku yfirliti í brtt. fjvn.

Í fjárlagafrv. var gert ráð fyrir að fjárveitingar til þessa verkefnis lækkuðu að raungildi frá núgildandi fjárlögum. Eins og við var að búast reyndist algjörlega ókleift að standa að málinu á þann veg, og hækkaði liðurinn í meðferð fjvn. um 700 millj. kr. í 5 milljarða, eins og ég áðan sagði. Er fjárveitingin til byggingar sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva líklega hin hæsta að verðgildi til þessa.

Þrátt fyrir þessa niðurstöðu náðist ekki full samstaða innan nefndarinnar um skiptingu fjárins. Eins og ég áður greindi er óánægjan mest hjá þeim aðilum sem fá hæstu fjárveitingarnar, einfaldlega vegna þess að á þeim stöðum, sem þar er um að ræða, hefur mest fjármagn verið bundið og þar er hvað mikilvægast að nýting fáist sem fyrst á því mikla fjármagni. Ég held að flestum, sem um þessi mál hafa fjallað, sé ljóst að hin háa hlutdeild ríkisins í þessum framkvæmdaþætti, 85% af kostnaði, hefur valdið meiri þrýstingi heimamanna um framkvæmdir en tekist hefur að ráða við, með þeim afleiðingum að svo margar og dýrar framkvæmdir eru nú í gangi í þessum málaflokki að jafnvel hærri fjárhæðir að verðgildi en nokkru sinni fyrr duga ekki til þess að þm. geti sæmilega við skiptingu unað. Við, sem stöndum að skiptingu fjárhæðarinnar án sérstaks fyrirvara, teljum að miðað við það heildarfjármagn, sem um er að ræða, hefði skipting á þann veg að veita enn stærri hluta fjárveitingarinnar til dýrustu verkefnanna gert hlut annarra aðila óviðunandi. Óhjákvæmilegt er að fjárveitingar í þeim mæli sem lagt er til komi til þeirra aðila annarra sem eru með sjúkrahús og heilsugæslustöðvar í byggingu. Óhjákvæmilegt er að mínum dómi að röðin fari að koma að þeim sem búa við algerlega óviðunandi aðstöðu varðandi heilsugæslu á stærstu þéttbýlissvæðunum þar sem fólksfjölgunin er mest. Óhjákvæmilegt er að framvinda þessara mála verði tekin til sérstakrar athugunar fyrir gerð næsta fjárlagafrv.

Liðurinn Ýmis heilbrigðismál hækkar um 91 millj. 120 þús. kr. Hjartavernd hækkar um 25 millj. kr., Krabbameinsfélagið um 40 millj. 620 þús.

Lagt er til að Sjúkraflug hækki um 11 millj. kr. og verði 30 millj. Fjvn. hefur þegar skipt liðnum á milli viðtakenda. Flugfélagið Ernir fær 10.5 millj., Flugfélag Norðurlands 6 millj., Flugfélag Austurlands 8 millj., Eyjaflug 3 millj. og óráðstafað er 2.5 millj. Í heild verður liðurinn 30 millj.

Starfslaun Ófeigs J. Ófeigssonar læknis hækka um 1.5 millj. og verða 4.5 millj.

Gæsluvistarsjóður, framlag: Liðurinn Gæsluvistarsjóður hækkar um 20 millj. kr. sem varið skal til mót-

tökudeildar fyrir áfengissjúklinga á Kristneshæli.

Fjárveiting til félagssamtakanna Verndar hækkar um 500 þús. kr. og verður 1.5 millj. kr.

Bindindisstarfsemi: Áfengisvarnir hækka um 4 millj. kr. vegna fræðslustarfs samstarfsnefndar um vímuefni, og framlag til Stórstúku Íslands hækkar um 3 millj. 200 þús. og verður 9.5 millj. kr.

Þá er röðin komin að fjmrn.

Styrktarfé og ýmis eftirlaun embættismenn: Liðurinn hækkar um 20 millj. 800 þús. kr. Sundurliðun kemur fram í brtt. fjvn. — Styrktarfé og ýmis eftirlaun, ekkjur. Liðurinn hækkar um 10 millj. 275 þús. Sundurliðun kemur einnig fram í brtt. fjvn. Með almennari lífeyrisréttindum lækkar raungildi framlaga til þessara liða smám saman á fjárlögum.

Næst kemur samgrn. Vegagerð ríkisins: Liðurinn Til einstaklinga og samtaka hækkar um 4.5 millj. kr. og verður 13 millj. kr. Lið þessum hefur fjvn. þegar skipt til aðila sem stuðla að viðhaldi byggðar og annast gistingu í dreifbýli.

Hafnamál: Hafnarmannvirki og lendingarbætur hækka um 391 millj. 500 þús. kr., en till. fjvn. nr. 132 á þskj. 209 fjallar um hafnarframkvæmdir vegna skipaiðnaðar. Þessi till. er dregin til baka til 3. umr. vegna frekari athugunar á uppsetningu í frv. Lagt er til að framlag til Hafnarbótasjóðs hækki um 39 millj. 150 þús. kr. Hann hækkar í réttu hlutfalli við hækkun á framlögum til hafnarmannvirkja samkv. lögum.

Sjóslysanefnd: Gjaldfærður stofnkostnaður er 10 millj. kr. sem skal varið til að gera fræðslukvikmynd um vinnuslys á sjó, og nýr liður: Yfirfærslur 2 millj. kr., sem skal ráðstafað til kynningar á björgunarneti.

Flugmálastjórn: Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 400 millj. kr. og verður 2 milljarðar 285 millj. kr. Sérstakt yfirlit í brtt. fjvn. sýnir skiptingu á þessum lið. Gert er ráð fyrir að fyrir þessari 4000 millj. kr. hækkun verði séð á lánsfjáráætlun. Hér er annars vegar um að ræða tækjakaupalán, 200 millj. kr., og hins vegar lán til malbikunarframkvæmda á flugvöllum, 200 millj. kr.

Ýmis framlög: Flugbjörgunarsveitir hækka um 3 millj. kr.

Veðurstofa Íslands: Liðurinn Veðurstöðvar hækkar um 19 millj. 995 þús. kr. vegna launa veðurathugunarmanna, sem breytast í samræmi við þær breytingar sem orðið hafa á launakjörum hjá Alþýðusambandi Íslands.

Þá eru næst liðir er varða iðnrn.

Eftirmenntun í iðju og iðnaði: Liðurinn hækkar um 6 millj. kr. Fjvn. mun skipta þessum lið í samráði við iðnrn.

Iðja og iðnaður, framlög: Iðnaður og önnur starfsemi á sviði iðnaðar hækki um 2 millj. 200 þús. kr., og nýr liður, Byggingaþjónustan, er 13 millj. kr. Liður þessi var í fjárlögum 1980, en féll niður við gerð fjárlagafrv. 1981.

Þá er komið að síðustu till. sem varðar Hagstofu Íslands, aðalskrifstofu: Laun hækka um 8 millj. 500 þús. kr. og Önnur rekstrargjöld um 21 millj. 700 þús. kr., en sýnt er að stofnunin mun ekki nota um 33 millj. kr. af fjárveitingu ársins 1980, sem ætlað var til sérstakra tímabundinna verkefna. Er þessi hækkun ætluð til að ljúka þeim verkefnum og færist þá aðeins á milli ára.

Ég hef þá lokið við að greina frá brtt. fjvn. Verði till. fjvn. á þskj. 209 og 220 samþykktar — aðrar en till. nr. 132 á þskj. 209 varðandi hafnarframkvæmdir vegna skipaiðnaðar, en eins og ég gat um áðan verður hún tekin aftur til 3 umr., þá hækkar útgjaldahlið frv. um 3 milljarða 474 millj. 667 þús. kr. Þar af nema hækkanir á gjaldfærðum stofnkostnaði ríflega 2 milljörðum 800 millj. kr. og af þeirri hækkun nemur hækkun vegna skólabygginga 835 millj. kr., vegna dagvistarheimila 300 millj., vegna íþróttamannvirkja 50 millj., vegna sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva 700 millj., vegna hafnarframkvæmda, þar með Hafnarbótasjóður, 430 millj., og vegna flugmála 400 millj. kr.

Frsm. 1. minni hl. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Í upphafi máls míns vil ég fyrir hönd okkar þremenninga, sem skrifa undir nál. 1. minni hl., þakka formanni fjvn. fyrir lipurð og þolinmæði í okkar garð. Ég þakka ritara nefndarinnar og hagsýslustjóra fyrir ómetanlega aðstoð og meðnm. okkar fyrir mjög ánægjulegt samstarf. Ég vil taka undir það með formanni fjvn. að ég held að samstarfið í fjvn. sé til fyrirmyndar.

Við þremenningar flytjum — eins og minni hl. fjvn. hefur oftast gert — fjölmargar sameiginlegar till. með meiri hlutanum, með venjulegum fyrirvara um að flytja eða fylgja brtt. Að þessu sinni treystum við okkur ekki til annars en að gera sérstakan fyrirvara um skiptingu nefndarinnar á liðnum Til byggingar sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva. Þar hefur verið farið á undanförnum árum of djarft í að hefja ný verk og er orðið óviðráðanlegt að skipta því fjármagni sem ríkisstj. og meiri hluti Alþingis skammtar í þennan lið, ef nokkur glóra á að vera í framkvæmdum á hverjum stað, einkum að stærstu verkefnunum. Vil ég þar t. d. nefna Ísafjörð og Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. Í Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri hefur neyðarástand verið að skapast undanfarið vegna þrengsla. Sú fjárveiting, sem hér er sett á blað, þýðir að verkið mun dragast og það neyðarástand vaxa sem þar er.

Ég endurtek þakkir okkar þremenninga til formanns fyrir ágætt samstarf í nefndinni. Ég get því miður ekki sagt það sama um hæstv. ríkisstj. Ríkisstj. þarf hverju sinni að taka ákvarðanir um þýðingarmikla þætti fjárlagagerðarinnar, eftir að fjárlagafrv. er komið fram. Mikilvægt er að þessar ákvarðanir séu teknar tímanlega svo að störf fjvn. Alþingis geti gengið með eðlilegum hætti. Því var svo sannarlega ekki að heilsa að þessu sinni. Ríkisstj. var jafnhikandi og ráðlaus í þessum ákvörðunum og hún hefur verið í stjórn efnahagsmála á öllum sviðum frá því hún settist að völdum.

Enn hefur fjvn. og þingheimur ekki fengið að sjá frv. til lánsfjárlaga fyrir 1981 þrátt fyrir skýlaus ákvæði í svonefndnum Ólafslögum um að frv. til lánsfjárlaga skuli lagt fram með frv. til fjárlaga og þrátt fyrir að í grg. fjárlagafrv. er hátíðlega lýst yfir því, að frv. til lánsfjárlaga verði lagt fyrir Alþingi í byrjun nóvember. Nú bendir allt til þess, að þetta frv. verði ekki lagt fram fyrr en eftir jólaleyfi þingmanna.

Vinnubrögð vinstri stjórnar Ólafs Jóhannessonar og núv. hæstv. ríkisstj. að því er varðar lánsfjárlög eru dæmigerð fyrir þykjustuleik og hringlandahátt þessara hæstv. ríkisstj. Ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar beitti sér fyrir lagasetningu á Alþingi þar sem fest er í lög að frv. til lánsfjárlaga skuli lagt fram jafnframt frv. til fjárlaga á hverju reglulegu Alþingi. Sjálf lagði þessi sama ríkisstj. frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1979 á Alþingi 21. febr. á því ári, 1979. Það var ekki afgreitt fyrr en alveg í þinglok, hinn 16. maí. Frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1980 var ekki lagt fram fyrr en 3. maí á síðasta þingi og afgreitt hinn 19.

maí og var því aðeins rúmar tvær vikur til meðferðar á hinu háa Alþingi. Þá stóð að sjálfsögðu sérstaklega á um þingstörf vegna vetrarkosninga og frestunar á afgreiðslu fjárlaga fram yfir áramót. En hæstv. núv. ríkisstj. hefur setið að völdum í rúma 10 mánuði og væntanlega vitað um ákvæði íslenskra laga um vinnubrögð á Alþingi. Hún gerir sér sjálfsagt líka ljósa grein fyrir því, hversu mikilvægt er fyrir farsæla stjórn efnahagsmála að tekin sé afstaða til fjárlaga og lánsfjárlaga samtímis. Samt sem áður er frv. til lánsfjárlaga ekki komið fram. Þetta eru að sjálfsögðu óviðunandi vinnubrögð, en ástæðan er auðvitað illvígar deilur og sundurlyndi í stjórnarherbúðunum.

Það lýsir glöggt því öngþveiti og stjórnleysi sem ríkir í efnahagsmálum þjóðarinnar, að allar verðlags-, launa- og kostnaðarforsendur, sem gengið var út frá þegar fjárlagafrv. var lagt fram fyrir tveimur mánuðum, eru nú gjörsamlega brostnar. Þá var frv. reist á þeim verðlagsforsendum að verðbreytingar milli áranna 1980 og 1981 yrðu 42% og verðlagshækkanir frá áramótum til ársloka 1981 um 31%. Þetta er í samræmi við þjóðhagsspá sem hæstv. forsrh. lagði fram á Alþingi í haust, eins og lög mæla fyrir um.

Nú tveimur mánuðum síðar hefur fjvn. að eigin ósk fengið í hendur skýrslu frá Þjóðhagsstofnun, dags. 21. nóv., sem nefnist: Lausleg áætlun um breytingar verðlags, launa og kaupmáttar á árinu 1981.

Í þessari skýrslu Þjóðhagsstofnunar er áætlað að verðlag hækki að meðaltali um 65% milli áranna 1980 og 1981 og 70% frá ársbyrjun til ársloka 1981. Þá er í nýju áætluninni gert ráð fyrir því, orðrétt: „að kaupmáttur kauptaxta allra launþega verði að meðaltali 2—3% minni á árinu 1981 en á þessu ári, þrátt fyrir grunnkaupshækkanir í haust."

Þessi áætlun Þjóðhagsstofnunar eða, eins og hún kallar það, framreikningur á víxlgangi kostnaðar og verðlags er miðaður við eftirfarandi meginforsendur. Ég vitna orðrétt í skýrsluna, með leyfi forseta:

„a) Að vísitölubinding launa verði samkv. gildandi lögum.
b) Að framkvæmd verðlagsmála verði óbreytt frá því sem verið hefur.
c) að gengið verði lækkað til þess að mæta áhrifum innlendra kostnaðarhækkana á hag atvinnuveganna."

Hér er verið að lýsa óbreyttri stefnu ríkisstj. í efnahagsmálum og afleiðingum hennar á næsta ári. Þjóðhagsstofnun segir í raun við ríkisstj.: Ef þið breytið ekki um stefnu og gerið róttækar ráðstafanir í glímunni við verðbólguna, þá er þjóðhagsspáin, sem hæstv. forsrh. lagði fyrir Alþingi í haust, algjör óskhyggja. Verðbólgan verður ekki rúmlega 30%, heldur verður hún tvöfalt meiri eða nálægt 70%.

Frá því í apríl í vor hefur hæstv. forsrh. ýmist fullyrt eða gefið í skyn að ríkisstj. hafi á prjónunum ný úrræði í viðureigninni við verðbólguna. Hann fullyrti þá í þingræðu og í sjónvarpi að ríkisstj. stefndi að því að koma verðbólgunni niður undir 40% á þessu ári. Ekkert hefur bólað á þessum úrræðum.

Í frv. til fjárlaga er tilgreind sérstök fjárhæð til efnahagsráðstafana, 12 milljarðar kr. Stjórnarandstaðan hefur margspurt hvenær þessar síðbúnu efnahagsráðstafanir sjái dagsins ljós, en allt kemur fyrir ekki. Síðast fyrir nokkrum dögum sagði Svavar Gestsson, formaður Alþbl., hæstv. félmrh., að efnahagsráðstafanir væru tíðræddar í ríkisstj., en niðurstaða væri engin. Orðrétt sagði hann: „Niðurstaða er engin."

E. t. v. skiptir litlu máli hvort svör fást við þessum spurningum. Nýjustu útreikningar Þjóðhagsstofnunar á verðbólguholskeflu næsta árs mundu þýða að 10 milljarða kr. á fjárlagaverðlagi skorti til þess, að unnt sé að halda sama niðurgreiðslustigi búvara á næsta ári og fjárlög gerðu ráð fyrir á árinu 1980. Sé einungis miðað við forsendur fjárlagafrv. um 42% verðlagshækkanir að meðaltali milli áranna 1980 og 1981 skortir 4.5 milljarða kr. til þess að standa undir sama niðurgreiðslustigi búvara og fjárlög 1980 gerðu ráð fyrir. Bróðurparturinn af því fé, sem ætlað er til sérstakra efnahagsráðstafana, mundi því í báðum tilfellum fara einfaldlega til þess að halda sama niðurgreiðslustigi og var ákveðið samkv. fjárlögum 1980.

Það gefur auga leið, að ógerlegt er að ræða ríkisfjármál við slíkar aðstæður í þjóðarbúskapnum án þess að fjalla almennt um efnahagsþróun síðustu ára, stefnu ríkisstj. í efnahagsmálum og horfurnar fram undan.

Núv. hæstv. ríkisstj. fylgir eindregnari vinstri stefnu í ríkisfjármálum og efnahagsmálum en þær ríkisstj. á síðasta áratug sem hafa sjálfar kallað sig vinstri stjórnir. Hún stefnir að aukinni skattheimtu annað árið í röð og hefur stórlega þyngt skattaálögur vinstri stjórnar Ólafs Jóhannessonar, sem þó voru ærnar fyrir. Á verðlagi fjárlagafrv. munu nýir og hækkaðir skattar síðan 1978 nema yfir 60 milljörðum kr. á næsta ári og með útsvarshækkunum, sem leyfðar voru í fyrra, verða skattaálögur til ríkis og sveitarfélaga um 70 milljörðum kr. þyngri á verðlagi fjárlagafrv. á næsta ári en verið hefði ef sömu skattareglur giltu og á miðju ári 1978. Þetta jafngildir rúmlega 1.5 millj. kr. á hverja fimm manna fjölskyldu í landinu.

Þessar tvær ríkisstj., sem báðar fylgja vinstri stefnu í skattamálum, bera ábyrgð á því, að hver einasta fjölskylda í landinu greiðir 1.5 millj. kr. í aukaskatt og útsvar á næsta ári fram yfir þær skattaálögur sem giltu áður en þær settust að völdum árið 1978.

Ríkisstj. þenur út útgjöld ríkissjóðs, jafnvel umfram skattahækkanirnar, eykur miðstýringu og ríkisafskipti auk þess sem hún beitir sér fyrir harkalegri verðlagshöftum en þekkst hafa hér á landi a. m. k. síðasta áratug. Slík haftastefna lamar atvinnulífið, skerðir lífskjör og hefur þveröfug áhrif í verðlagsmálum við það sem fylgjendur hennar segjast vilja. Öll fyrri reynsla og reynsla síðustu mánaða af þessari stefnu staðfestir þessar staðreyndir.

Til marks um að ríkisstj. heldur óðfluga áfram á braut vinstri stefnu er sú kúvending í húsnæðismálum, sem er innsigluð með þessu fjárlagafrv. Framlög úr ríkissjóði til byggingar íbúða á vegum einstaklinga eru freklega skorin niður í þessu frv. samtímis því sem slík framlög eru margfölduð til félagslegra íbúðabygginga. Þörf á byggingu verkamannabústaða fyrir láglaunafólk er mikil, en sú leið að skera niður framlög til annarra íbúðabygginga í sjálfseign um 4 600 millj. kr. hærri fjárhæð en sem nemur hækkun á framlögum til byggingar verkamannabústaða, eins og gert er í þessu fjárlagafrv., sýnir hvert er stefnt.

Ríkisstj. sver sig í ætt við vinstri stjórnir að öðru leyti. Hún lætur reka á reiðanum í peningamálum, fjárfestingarmálum og launamálum. Þrátt fyrir feluleik í verðlags- og gengismálum, í niðurgreiðslum og neðanjarðar-

hagkerfi, sem hún hefur komið á fót til þess að fara í kringum vísitöluna, fær hið vélgenga kerfi verðlags, launa, búvöruverðs- og fiskverðshækkana svo til óáreitt að viðhalda og magna óðaverðbólguna sem er í þann veginn að sliga atvinnuvegina og valda efnahagslegri og siðferðilegri upplausn í þjóðfélaginu.

Niðurtalning verðbólgunnar, sem er eina áþreifanlega stefnuyfirlýsing ríkisstj. í efnahagsmálum, hefur algjörlega brugðist. Samkv. henni átti verðbólga í ár að lækka í 31% frá ársbyrjun til ársloka, ef marka má grg. fjárlagafrv. fyrir yfirstandandi ár. Verðbólgan varð ekki 31%, heldur 55%, og er þó stórlega vantalin þar sem gífurlegum vanda í verðlagsmálum hefur verið frestað með óraunsæjum verðlagshöftum og falskri gengisskráningu.

Þetta skipbrot niðurtalningarinnar kemur ekki á óvart. Niðurtalningin er í raun harðvítugustu verðlagshöft sem upp hafa verið tekin hér á landi á þessum áratug. Hún felst í raun og veru í því að skipa með stjórnvaldsboði atvinnuvegunum að selja vöru sína og þjónustu undir sannanlegu kostnaðarverði.

Ekki hefur skort yfirlýsingar ráðh. um að ný úrræði væru til athugunar í ríkisstj. í viðureigninni við verðbólguna. Yfirlýsingar Steingríms Hermannssonar, formanns Framsfl., eru t. d. frægar að þessu leyti. Einn fjölmiðlaglaðasti stjórnarsinni á Alþingi sagði að þessar yfirlýsingar Steingríms væru að verða efnahagsvandamál. Síðan hefur nokkuð sljákkað í Steingrími. En yfirlýsingar hefur ekki skort frá öðrum ráðherrum. Þannig virðast hæstv. ráðherrar sjálfir gera sér grein fyrir haldleysi niðurtalningarinnar. Málin hafa verið þæfð og rædd í ríkisstj., efnahagsnefndir skipaðar, en allt kemur fyrir ekki, niðurstaða er engin, eins og hæstv. félmrh. orðaði það svo afdráttarlaust hér á hinu háa Alþingi.

Það er nú fullreynt, að ríkisstj. er sjálfri sér sundurþykk og er ráðlaus. Hún er þess vegna engan veginn fær um að marka stefnu í efnahagsmálum sem varðað getur veginn út úr því öngþveiti verðbólgu sem nú ríkir. Athyglisvert er að framsóknarmenn innan ríkisstj. sýnast hafa af þessu nokkrar áhyggjur. Þeir vakna á þriggja mánaða fresti, þegar vísitalan er reiknuð, og reka upp ramakvein í fjölmiðlum. Allt situr þó við hið sama og þeir sitja áfram í ríkisstj. sem heldur að sér höndum og hefst ekki að. Afleiðingin af þessu ráðleysi og þeirri vinstri stefnu, sem rekin hefur verið í íslenskum efnahagsmálum síðan 1979, er komin í ljós.

Ég sagði áðan að verðbólgan væri ekki 40% frá ársbyrjun til ársloka í ár, eins og hæstv. forsrh. lét sér um munn fara í apríl í vor, heldur 55%. Og Þjóðhagsstofnun spáir því, að verðbólgan nái nýju Íslandsmeti og verði 70% á næsta ári ef óbreytt stefnuleysi ríkir í efnahagsmálum. Þessi hrikalega verðbólga er að sjálfsögðu eitt helsta einkenni helsjúks efnahagslífs, en sjúkdómseinkennin eru því miður fleiri og fullt eins alvarleg. Þjóðarframleiðsla á mann, sem jókst um 5.2% árið 1977, stendur í stað á árinu 1980 og mun minnka ef spár Þjóðhagsstofnunar rætast á árinu 1981. Kaupmáttur taxtakaups launþega, sem minnkaði um 5% fyrri hluta þessa árs, mun minnka á næsta ári um svipaðan hundraðshluta. Halli á viðskiptum við útlönd verður nærri 100 milljarðar kr. á árinu 1980—1981, en á árinu 1978 var hagstæður jöfnuður á viðskiptum okkar við aðrar þjóðir. Erlend lán hafa hækkað í erlendri mynt frá áramótum 1977 til áramóta 1980 um 320 millj. dollara. Greiðslubyrði afborgana og vaxta af erlendum lánum hefur aukist verulega. Árið 1979 var greiðslubyrðin 12.8% af útflutningstekjum, á árinu 1980 er áætlað að þetta hlutfall hækki í 15.2% og að um áramót verði löng erlend lán í prósentum af þjóðarframleiðslu komin í 37% ef gengi væri skráð í samræmi við eðlilega afkomu útflutningsatvinnuveganna. Almennt er talið að hættumörk þessa hlutfalls, þ. e. upphæð langra erlendra lána í hlutfalli við þjóðarframleiðslu, sé á milli 33 og 34%.

Ég vík nú nánar að stefnunni í skattamálum frá því haustið 1978 þegar vinstri stjórn Ólafs Jóhannessonar komst til valda. Sú ríkisstj. hóf feril sinn með því að leggja afturvirka aukaskatta á þjóðina. Þessir aukaskattar voru m. a. 50% álag á tekju- og eignarskatt einstaklinga og hafa skattstigar síðan verið við það miðaðir að viðhalda þessum skattaálögum. Núv. hæstv. ríkisstj. hefur haft þá meginstefnu í skattamálum að viðhalda öllum vinstristjórnarsköttunum og herða á skattaálögum ár eftir ár. Ferill þeirra meirihlutastjórna, sem setið hafa að völdum síðan 1978 á sviði skattamála, sést í hnotskurn þegar skoðaðar eru tölur sem ég hef fengið frá Þjóðhagsstofnun um innheimtu skatta til ríkissjóðs sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu. Árið 1977 var þetta hlutfall 25% slétt, 1978 26.4%, 1979 27.8%, 1980 er áætlað að þetta hlutfall verði 28% og 1981 áætlar Þjóðhagsstofnun samkv. frv. til fjárlaga að þetta hlutfall fari upp í 28.3%. Ég endurtek að hér er um að ræða innheimta skatta ríkissjóðs eingöngu, skatta ríkissjóðs á innheimtugrundvelli sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu. Á þessu tímabili hafa skattar til ríkisins af vergri þjóðarframleiðslu hækkað um 3.3%. Þjóðarframleiðslan er áætluð næsta ár 1850 milljarðar kr., sbr. skýrslu forsrh. um þjóðhagsáætlun fyrir 1981. Skattahækkunin á næsta ári verður því rúmlega 61 milljarður kr. þannig reiknað. Að auki var sveitarfélögum heimilað fyrir forgöngu núv. ríkisstj. og meiri hl. hennar hér á hinu háa Alþingi að hækka útsvör um 10% í fyrra. Gæti sú skattahækkun numið 10—12 milljörðum á næsta ári. Viðbótarskattheimta á næsta ári af völdum þessara tveggja ríkisstj. er því, eins og ég sagði áðan, 1.5 millj. kr. á hverja fimm manna fjölskyldu í landinu.

Svo til sama útkoma fæst ef lagðar eru saman viðbótartekjur ríkissjóðs vegna nýrra og hækkaðra skattstofna frá haustinu 1978 á verðlagi fjárlagafrv. sem hér er til umr. Nákvæma sundurliðun á þessum aukaskattreikningi er að finna í nál. okkar þremenninga á þskj. 230. Ákvörðunin haustið 1978 um hækkun tekju- og eignarskatta að frádreginni lækkun sjúkratryggingagjalds, sem reiknað hefur verið með í tekju- og eignarsköttum æ síðan, þyngir þessa beinu skatta á næsta ári um tæpa 11 milljarða kr. Hækkun söluskatts um tvö prósentustig haustið 1979 hækkar skatta á næsta ári um 16 milljarða kr. Hækkun vörugjalds um sex prósentustig á sama tíma hækkar skatta á næsta ári um 10—11 milljarða kr. Skattgjald á ferðalög til útlanda, sem er nýr skattur á þessu tímabili, hækkar skatta næsta ár um 2.4 milljarða kr. Innflutningsgjald á sælgæti, sem er nýr skattur upp fundinn á árinu í ár, hækkar skatta á næsta ári um 1.2 milljarða kr. Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði hækkar skatta á næsta ári um 2.2 milljarða kr., en þar er einnig um nýjan skatt vinstri stjórnar Ólafs Jóhannessonar að ræða. Aðlögunargjald, nýr skattur á þessu tímabili, hækkar skatt á næsta ári um 2.7 milljarða kr., og þótt þetta gjald verði ekki framlengt tekur annað við sem á að vega heldur þyngra í skattheimtunni samkv.

frv. um vörugjald sem lagt var fram í gær. Hækkun verðjöfnunargjalds á raforku þyngir skatta á næsta ári um 1.8 milljarða kr., og skattahækkun á bensíni þyngir skattbyrðina á næsta ári um rúma 13 milljarða kr. umfram almennar verðlagshækkanir og bætast þeir skattar ofan á hækkað innflutningsverð á bensíni, en sú hækkun hefur verið gífurleg eins og kunnugt er.

Orkujöfnunargjald, sem lagt var á með lögum í fyrra og er í rauninni 1.5% söluskattsauki, þyngir skatta á næsta ári um 13 milljarða kr., og markaðar tekjur teknar í ríkissjóð nema 6.9 milljörðum kr., en frá þessum skattahækkunum dregst niðurfelling söluskatts á matvörur, sem ákveðin var haustið 1978, og lækkun tolla á tímabilinu. Niðurstaðan er heildarskattahækkun ríkissjóðs á verðlagi fjárlagafrv. 1981 um rúmlega 60 milljarða kr.

Ef sérstaklega er athugað hver fyrirhugað skattahækkun á árinu 1981 er til viðbótar þeim skattahækkunum, sem komnar voru til framkvæmda á árinu í ár, kemur í ljós að einum nýjum skattstofni er bætt við í fjárlagafrv.: *innflutningsgjaldi á sælgæti. Síðan hefur komið fram* nýtt frv. um hækkun á vörugjaldi, sem á að mér skilst að leysa aðlögunargjaldið af hólmi, en þyngir skattbyrðina meira en aðlögunargjaldið léttir af. Orkujöfnunargjald er lagt á allt árið 1981 samkv. frv., en aðeins hluta úr ári í fyrra, og þyngjast skattar á næsta ári um 8 milljarða kr. af þeim sökum. Eins og skattvísitalan er ákveðin í frv. mundi hún valda 2—3 milljarða kr. tekjuskattshækkun frá því í fyrra. Þá er enn ætlunin að þyngja skatt á bensíni umfram verðlagshækkanir. Samkv. áætlun Þjóðhagsstofnunar er stefnt að því í frv. að hækka skatt á bensíni um 14.4 milljarða kr. frá fjárlögum í ár, sem er 52.7% hækkun milli ára, og nemur hækkunin því umfram verðlagshækkanir samkv. forsendum frv. um 3 milljörðum kr. Frá þessum nýju hækkuðu skattstofnum dregst afnám nýbyggingargjalds, sem er áætlað að hafi í för með sér 300 millj. kr. tekjutap fyrir ríkissjóð á árinu 1981.

Útkoman úr þessu dæmi er sú, að milli áranna 1980 og 1981 þyngjast skattar enn um rúmlega 11 milljarða kr. að raungildi, þ. e. á verðlagi fjárlagafrv. 1981. Það vekur sérstaka athygli í þessu sambandi, að ætlunin er að innheimta 13 milljarða í svonefnt orkujöfnunargjald á árinu, sem er í raun söluskattsauki um 1.5 prósentustig, en greiða einungis af því 5 milljarða í olíustyrki, þ. e. í beina jöfnun á verði á olíu til upphitunar. Þessir styrkir hækka einungis um 25% samkv. frv. frá fjárlögum í ár, sem er augljóslega mikil lækkun að raungildi.

Þensla ýmissa rekstrar- og millifærsluútgjalda ríkissjóðs hefur verið verulega meiri en sem nemur þeirri hrikalegu skattahækkun, sem ég hef hér lýst. Þessi þensla ríkisútgjalda hefur valdið hallarekstri ríkissjóðs, niðurskurði *ýmissa framkvæmdaframlaga* og niðurskurði á fjárframlögum til sjóða og atvinnuvega. Ætla má að rekstrarútgjöld ríkissjóðs hafi hækkað að raungildi um 70—80 milljarða á þessu tímabili, mælt á verðlagi fjárlagafrv. Sem dæmi um þensluna voru um það bil 100 nýjar stöður samþykktar í fjárlagafrv. yfirstandandi árs og miklu fleiri í þessu fjárlagafrv., en mér hefur ekki tekist að fá yfirlit enn frá fjárlaga- og hagsýslustofnun um nýjar stöður í þessu frv. þó að ég hafi beðið um þessar upplýsingar fyrir 2—3 vikum. Ég veit ekki hvort þær eru eins margar. Vonandi koma þessar upplýsingar áður en fjárlagaafgreiðslu lýkur.

Sé vikið að niðurskurði á framkvæmdaframlögum, sem þessi eyðslustefna á sviði rekstrarútgjalda ríkissjóðs hefur í för með sér, má nefna, að framlög til hafnargerða eru einungis 78.2% að raungildi framlaganna á kjörtímabilinu 1974—1978 og þyrftu að vera 940 millj. kr. hærri 1981 til þess að halda sama raungildi. Til byggingar grunnskóla skortir samkv. brtt. fjvn. 1270 millj. kr. til að framlögin næsta ár haldi raungildi meðaltals áranna 1974—1978, en þá var hart deild á ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar fyrir niðurskurð á þessum framlögum einkum af Alþb.-mönnum, flokksmönnum núv. hæstv. fjmrh.

Sá óeðlilegi og nánast óþinglegi háttur var upp tekinn í tíð vinstri stjórnar Ólafs Jóhannessonar að skerða markaðar tekjur, sem eiga að renna til ákveðinna félagslegra þarfa samkv. lögum, og láta tekjurnar ganga í ríkissjóð. Dæmi er um þetta í þessu frv. þegar áformað er að skerða tekjur Erfðafjársjóðs og Byggingarsjóðs ríkisins og láta skerðinguna ganga í ríkissjóð. Samkv. lögum á erfðafjárskattur að renna í Erfðafjársjóð sem nota á t. d. til að styrkja endurhæfingarstöðvar fyrir fatlaða. Undir því yfirskini er skatturinn lagður á. Síðustu tvö ár hefur engu að síður verið ákveðið með öðrum lögum að láta hluta þessa skatts renna beint í ríkissjóð. Auðvitað er ekkert athugavert, nema síður sé við að fella niður skatta sem ráðstafa á til ákveðinna þarfa samkv. lögum, en slík fjáröflunarleið í ríkissjóð, sem farin hefur verið undanfarið með því að láta þessar skatttekjur ganga í ríkissjóð í stað þess að efla þau framfaramál sem þessir skattar eru innheimtir *til, er í hæsta máta óeðlileg. Í lögum eru* ákvæði um að tvö prósentustig af 2.5 af launaskatti skuli ganga í Byggingarsjóð ríkisins auk bygginarsjóðsgjalds. Engu að síður verður launaskattur og byggingarsjóðsgjald innheimt beint til ríkissjóðs samkv. fjárlagafrv. og einungis hluti af því, sem lögum samkv. á að renna til Byggingarsjóðs, fer þangað. Ríkissjóður hagnast sem hér segir á þessum tilfæringum um markaða tekjustofna miðað við gildandi lög:

Hluti erfðafjárskatts, sem rennur í ríkissjóð er 209 millj. kr., hluti skemmtanaskatts 130 millj. kr., byggingarsjóðsgjald 1386 millj. kr., hluti launaskatts 4600 millj. kr. Samtals krækir ríkissjóður í 6 milljarða 325 millj. kr. með þessum hætti samkv. fjárlagafrv. fyrir 1981.

Ég vek sérstaka athygli á því, að sá hluti launaskatts, sem nú er tekinn í ríkissjóð en á samkv. lögum að ganga til Byggingarsjóðs ríkisins, er reiknaður þannig: Lög ákveða að 2% launaskattur skuli renna til byggingarsjóðs ríkisins. Hér er um að ræða 16.4 milljarða kr. samkv. fjárlagafrv. Frá þeirri tölu dregst framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs, 4.3 milljarðar, og einnig framlag til Byggingarsjóðs verkamanna, 7.5 milljarðar kr., þannig að í þessu hefur verið tekið tillit til hækkaðs framlags ríkissjóðs af launaskatti í Byggingarsjóð verkamanna.

Hin gegndarlausa eyðslustefna í rekstrarútgjöldum ríkissjóðs hefur m. a. komið fram í því, að frá árinu 1979 hefur verið gripið til skerðingar lögboðinna framlaga ríkissjóðs til ýmissa stofnlána- og fjárfestingarlánasjóða. Þessi skerðing nemur verulegum fjármunum samkv. frv. til fjárl. fyrir árið 1981. Framlag til Stofnlánadeildar *landbúnaðarins er skert um 732 millj., til Lánasjóða* sveitarfélaga um 135 millj., til Fiskveiðasjóðs um 1337 millj., til Ferðamálasjóðs um 15 millj., til Félagsheimilasjóðs um 127 millj., til Hafnarbótasjóðs um 56 millj., til Aflatryggingasjóðs um 532 millj., til Fram-

kvæmdasjóðs öryrkja og þroskaheftra um 300 millj. og til Ferðamálaráðs hefur framlag verið skert um 166 millj. Allar þessar tölur eru frá fjárlaga- og hagsýslustofnun, en auk þess hef ég reiknað út að skerðing á framlagi ríkissjóðs að réttum lögum til Byggðasjóðs samkv. frv. 1981 sé hvorki meira né minna en 5700 millj. kr. Samtals er skerðing lögboðinna framlaga ríkissjóðs til ýmissa stofnlána- og fjárfestingarlánasjóða því 9107 millj. kr. samkv. fjárlagafrv.

Nú vil ég taka það skýrt fram, að það er alls ekki gagnrýni vert, þvert á móti, að draga úr lögboðnum útgjöldum ríkissjóðs. En þessi skerðing á framlögum ríkissjóðs til stofnlánasjóða, sem eru fyrst og fremst stofnlánasjóðir atvinnuveganna, er ekki gerð til þess að létta sköttum af þjóðinni. Þessi skerðing er ekki gerð til þess að lækka ríkisútgjöldin og skapa þannig svigrúm til skattalækkunar. Hún er gerð til þess að geta notað þetta fé til að auka þensluna í eyðslu- og rekstrarútgjöldum ríkissjóðs á öðrum sviðum. Og ég verð að segja að miklu hefði mér verið nær skapi að þessu fé hefði verið varið til sjóða atvinnuveganna samkv. lögum heldur en til að auka og þenja út ríkisbáknið svo sem gert hefur verið og stefnt er að af hálfu hæstv. ríkisstj.

Þessi mikla eyðslustefna í rekstrarútgjöldum ríkissjóðs á undanförnum árum hefur valdið verulegum hallarekstri á ríkissjóði þrátt fyrir hinar gífurlega miklu skattahækkanir, niðurskurð á framkæmdaframlögum, upptekt markaðra tekjustofna í ríkissjóð og niðurskurð á framlögum til fjárfestingarlánasjóða. Þrátt fyrir allt þetta hefur þessi eyðslustefna valdið verulegum halla á rekstri ríkissjóðs árin 1978 og 1979, og á yfirstandandi ári stefnir enn í hallarekstur ríkissjóðs þótt hann sé að vísu nokkru minni en áður. Ríkisfjármálin voru í jafnvægi á árinu 1978, þegar vinstri stjórnin settist að völdum. Hún gerði beinlínis ráð fyrir hallarekstri ríkissjóðs það ár og gerði margvíslegar ráðstafanir til þess að auka útgjöld ríkissjóðs, m. a. stórauka niðurgreiðslur. Þennan rekstrarhalla átti að vinna upp á árinu 1979. Því var þó þveröfugt farið og var rekstrarafkoma ríkissjóðs 23 milljörðum verri á desemberverðlagi í ár þessi þrjú ár, 1978, 1979 og 1980, heldur en fjárlög gerðu ráð fyrir, — 23 milljörðum kr. verri. Þessi niðurstaða er nánar rökstudd í nál. okkar þremenninga í l. minni hl. fjvn. og sé ég ekki ástæðu til að fara um hana frekari orðum.

Af því hefur verið nokkuð gumað af hæstv. ráðh., að afkoma ríkissjóðs væri mjög góð á þessu ári, ríkisfjármálin væru komin í jafnvægi. Hæstv. forsrh. reið á vaðið með þennan dýrðarsöng, og hæstv. fjmrh. hlaut að taka undir með honum þegar frá leið þótt hann hafi haft sig lítið í frammi við að tala um góða afkomu ríkissjóðs meðan á samningum við BSRB stóð, þegar hann talaði um að ekki væri grundvöllur fyrir grunnkaupshækkunum til ríkisstarfsmanna. Því miður er það svo samkv. minnisblaði, sem fjárlaga- og hagsýslustofnun lét fjvn. í té, dags. 6. nóv. s. l., að útlit er fyrir rekstrarhalla á ríkissjóði á þessu ári sem nemur rúmlega 2000 millj. kr. og ívið hærri greiðsluhalla. Þó hefur sýnilega verið tekin ákvörðun í ríkisstj. um að skera niður niðurgreiðslur miðað við ákvarðanir í fjárlögum um 1000 millj. kr. á þessu ári. Það þarf því meira en litla óskammfeilni til þess að hæla sér svo af stjórn ríkisfjármálanna sem hæstv. fjmrh. hafa gert á þessu ári, ef haft er í huga hversu djúpt þessir hæstv. ráðh. hafa seilst í vasa skattborgaranna. Það ætti að vera a. m. k. sumum ráðh. hæstv. ríkisstj. mikið umhugsunarefni, að enn lítur út fyrir hallarekstur ríkissjóðs þrátt fyrir 60 milljarða kr. heildarskattauka síðan 1978, og samkv. fjárlagafrv. er enn stefnt í 10 milljarða kr. íþyngingu skatta að raungildi á næsta ári til þess að ná endum saman.

Í nýútkomnu nóvemberhefti Hagtalna mánaðarins er athyglisverð grein um afkomu ríkissjóðs á yfirstandandi ári. Þar er svo komist að orði, með leyfi forseta: „Afkoma ríkissjóðs hefur verið skárri í ár en mörg undanfarin ár.“ Greinarhöfundur kemst að þeirri niðurstöðu, að skýringanna sé fyrst og fremst að leita í þrennu: 1. Að tekjur ríkissjóðs hafi í heild innheimst betur en fjárlög gerðu ráð fyrir, þ. e. skattar hafi verið þyngri á almenningi en fjárlög gerðu ráð fyrir. 2. Að stórkostlega hafi verið dregið úr niðurgreiðslum á árinu 1980 að raungildi miðað við árið 1979. 3. Að útgjöld ríkissjóðs fyrri hluta ársins hafi verið minni en ætla mátti vegna þess að greiðsluheimildir voru takmarkaðar áður en fjárlög gengu í gildi. Orðrétt segir um fyrstu tvö atriðin í þessari grein, með leyfi forseta:

„Á fyrstu níu mánuðunum í ár voru tekjur ríkissjóðs 58.7% meiri en á sama tíma í fyrra og gjöldin 51.6% meiri. Auk þess, sem fyrr er nefnt, þ. e. minni gjalda en ella vegna takmarkaðra greiðsluheimilda á fyrstu þremur mánuðum ársins, má án efa rekja orsakir bætts rekstrarjafnaðar ríkissjóðs að nokkru til tekjuaukandi aðgerða á seinni hluta árs 1979, en þá var söluskatturinn hækkaður um 2 prósentustig, í 22%, og neðra álagningarþrep hins sérstaka vörugjalds hækkað úr 18% í 24%. Sömuleiðis var söluskatturinn hækkaður um 1 ½% til viðbótar á s. l. vori, og skyldi tekjum af þeirri viðbót varið til jöfnunar á hitunarkostnaði.“ Enn segir orðrétt, með leyfi forseta: „Þessar hækkanir endurspeglast í því, að á tímabilinu jan.-sept. í ár gaf söluskatturinn tæpum 75% meira af sér en á sama tíma í fyrra og vörugjaldið 86% meira.“

Um niðurgreiðslurnar segir orðrétt, með leyfi forseta: „Á gjaldahliðinni er eftirtektarvert að niðurgreiðslur námu hér um bil sömu fjárhæð á fyrstu níu mánuðunum í ár og á síðasta ári, en frá 1978 til 1979 hækkuðu þær um 150% vegna stóraukinna niðurgreiðslna seint á árinu 1978.“

Hér fjallar óvilhallur aðili um afkomu ríkissjóðs á árinu 1980 og kemst að þeirri niðurstöðu, að skárri afkomu ríkissjóðs megi rekja til minni niðurgreiðslna á árinu 1980 heldur en 1979 og auk þess 1000 millj. kr. minni en fjárlög gerðu ráð fyrir og hins vegar stóraukinnar skattheimtu ríkissjóðs. Þegar þetta er skoðað er varla ástæða til að hrópa hátt og snjallt húrra fyrir því, að lítið brot af auknum sköttum umfram það, sem fjárlög höfðu áður gert ráð fyrir, kemur ríkissjóði til góða og niðurstaðan verður heldur skárri rekstrarafkoma en fyrr. Eftir stendur sú staðreynd, að sé litið yfir tímabilið frá 1978, tímabil vinstri stjórnar Ólafs Jóhannessonar og núv. ríkisstj., sem fylgir sömu stefnu í ríkisfjármálunum, er rekstrarafkoma ríkissjóðs 23 milljörðum kr. verri en fjárlög gerðu ráð fyrir á þessu tímabili þrátt fyrir alla skattana. Það er svo kapítuli út af fyrir sig, að mörg stór ríkisfyrirtæki, Póstur og sími, Ríkisútvarp og fleiri, eru rekin með milljarða halla, jafnvel sjúkrahúsa- og daggjaldakerfi hafa safnað milljarðaskuldum á árinu. Þar er í raun verið að fresta greiðslum úr ríkissjóði vegna þess að auðvitað borga sjúkratryggingar hallann þegar upp verður staðið. Ríkisbúskapurinn í heild er því með sama

marki brenndur í ár og 1978 og 1979 þrátt fyrir allar skattahækkanirnar.

Efnahagsþróunin á áratugnum, sem er að ljúka, einkenndist fyrst og fremst af tveimur óðaverðbólgutímabilum. Hið fyrra hófst á valdatíma vinstri stjórnar Ólafs Jóhannessonar. Þá var verðbólgan mæld á mælikvarða framfærsluvísitölu 49.7% frá ársbyrjun til ársloka 1974, en verðbólga á árinu 1971 var einungis 3.8%. Hlé varð á verðbólguvextinum 1975 og 1976, en síðan seig aftur á ógæfuhliðina eftir sólstöðusamningana 1977. Steininn tók úr eftir valdatöku vinstri stjórnarinnar 1978. Þá hækkaði verðlag um 60.7% frá ársbyrjun til ársloka 1979, og nú stefnir í enn meiri ógæfu, eins og ég hef komið hér að áður. Ferill verðbólgunnar á þessum áratug, eins og hann birtist í tölum í skýrslu um þjóðhagsspá, sem lögð hefur verið fyrir Alþingi, og framreikningi Þjóðhagsstofnunar, talar skýru máli um vinstri úrræði í efnahagsmálum og verðbólgu. Upphaf þess sérstaka verðbólguflóðs, sem við var að glíma á þessum áratug, má rekja beint til vinstri stjórnar Ólafs Jóhannessonar, hjöðnunartímabilið, sem varaði í tvö ár, 1975 og 1976, til ríkisstjórnar Geirs Hallgrímssonar og hið nýja verðbólgutímabil, sem hófst fyrir alvöru 1979, er á ábyrgð síðari ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar og núv. hæstv. ríkisstj. Hún framkvæmir sömu vinstri stefnuna í efnahagsmálum og vinstri stjórnir hafa áður gert.

Því er mjög haldið á lofti af formælendum núv. hæstv. ríkisstj., að nú sé við að glíma innflutta verðbólgu, þ. e. olíuverð og almennt innflutningsverð hafi hækkað gífurlega og leitt til þeirrar óðaverðbólgu sem hér ríkir. Þetta er mikil blekking og skýrir ekki það efnahagsöngþveiti og verðbólgu, sem nú ríkir, nema að mjög litlu leyti. Samkv. skýrslu forsrh. um þjóðhagsáætlun 1981 kemur fram að innflutningsverð hækkaði um 20% í erlendri mynt árið 1979, 12—14% 1980 og áætluð hækkun er 7—8% 1981. Þegar þessar tölur eru bornar saman við þróun verðbólgunnar innanlands sést að þessi innflutta verðbólga fer ört lækkandi árin 1979—1981. Þennan sama tíma fer innlend verðbólga mjög hækkandi samkv. útreikningum Þjóðhagsstofnunar, ef ekki verður gerbreytt um efnahagsstefnu.

Sú óðaverðbólga, sem nú ríkir hér á landi, er auðvitað fyrst og fremst heimatilbúin, og orsakanna er að leita í því ráðleysi og óskhyggju sem einkennt hefur allar vinstri stjórnir, sem setið hafa á Íslandi, og núv. hæstv. ríkisstj. Efnahagsstefna vinstri stjórna hefur nokkur megineinkenni. Í fyrsta lagi hafa þær sérstakt dálæti á verðlagshöftum, miðstýringu og hvers konar efnahagslegum feluleik. Í öðru lagi beita þær niðurgreiðslum, félagsmálapökkum og millifærslum í ríkum mæli. Í þriðja lagi fylgja þær eyðslu- og útþenslustefnu í ríkisfjármálum og fjárfestingu. Í fjórða lagi láta þær reka á reiðanum í peningamálum, fjárfestingarmálum og launamálum. Síðast en ekki síst beita þær hóflausum skattaálögum sem þó nægja ekki til að reka ríkissjóð með greiðsluafgangi.

Ég lýsti áðan afleiðingum þessarar stefnu í ríkisfjármálunum að því er varðar verðlagshöftin, félagsmálapakkana, niðurgreiðslurnar, millifærslurnar og efnahagslegan feluleik. Verður afleiðingum þeirrar stefnu skást lýst með orðinu „neðanjarðarhagkerfi". Þetta orð hefur að vísu verið notað í öðru samhengi. Ég held þó að það finnist vart skárra orð til þess að lýsa því fyrirbrigði sem er hinn mikli þykjustuleikur eða feluleikur vinstri stjórna í efnahagsmálum.

Það er bannað að selja vöru á sannanlegu kostnaðarverði, t. d. orku frá Hitaveitu Reykjavíkur, olíu, bensín eða brauð, svo að nokkur dæmi séu tekin. Hluta af raunverulegu verði er neðanjarðar. Fyrirtækin eru látin safna skuldum. Jafnvel sjúkrahús, sem rekin eru á daggjaldakerfi, hafa safnað milljarðaskuldum á þessu ári. Veigamikill þáttur í verðlagshöftunum eða efnahagslegum feluleik vinstri ríkisstjórna er það sem þær nefna stundum ranglega aðhald í gengismálum. Þær viðurkenna ekki það gengi krónunnar sem útflutningsatvinnuvegirnir þurfa til þess að hagkvæmur og eðlilegur rekstur útflutningsgreina geti borið sig þegar til lengdar lætur. Hluta sannanlegs kostnaðar við öflun gjaldeyris er þannig þrýst undir yfirborðið eða haldið neðanjarðar, ef svo mætti að orði kveða. Afleiðingarnar eru þær, að útflutningsatvinnuvegirnir eru reknir með halla og vaxandi skuldasöfnun. Á þessu ári er talið að gengið hefði þurft að vera 8—9% lægra til þess að útflutningsatvinnuvegirnir bæru sig. Þetta falska gengi frestar verðbólguflóði til næsta árs eða ára og dylur ýmis sjúkdómseinkenni efnahagslífsins, sem öll kæmu upp á yfirborðið ef slíkum feluleik væri ekki beitt.

Núv. hæstv. ríkisstj. er sannarlega ekki eftirbátur vinstri stjórna í þessum hráskinnaleik. Það þarf ekki að rekja þessa sögu frekar. Allar þessar ráðstafanir eru auðvitað gerðar til þess að fara í kringum vísitöluna, sem á þó á sama tíma að vera heilagur verðmælir á launakjör alls almennings. Reynslan hefur sýnt að þessi óskhyggja, feluleikur, ráðleysi, sem einkennir vinstri stjórnir í efnahagsmálum, hefur ekki eingöngu í för með sér óðaverðbólgu, heldur dregur þessi stefna úr þrótti atvinnuveganna. Þjóðarframleiðsla minnkar, þjóðartekjur á mann dragast saman, lífskjörin rýrna og kaupmátturinn minnkar.

Herra forseti. Um áramót tekur gildi nýr gjaldmiðill. Nýkrónan hefur hundraðfalt gildi gömlu krónunnar. Hér gafst gullið tækifæri til að endurvekja trú almennings á gjaldmiðlinum og stjórn efnahagsmála. Öflugar samræmdar ráðstafanir hefði þurft að gera til þess að varðveita verðgildi hinnar nýju krónu. Allar líkur benda til að á eins árs afmæli nýju krónunnar hafi hún fallið hraðar í verði en gamla krónan hefur nokkru sinni gert. Slíkt er öngþveitið og stjórnleysið í íslenskum efnahagsmálum. Því er hætta á að gjaldmiðilsbreytingin geti veikt trú fólksins á gjaldmiðlinum og lýðræðislegum stjórnarháttum enn meir en orðið er.

Við þær aðstæður, sem hér hafa verið raktar, er algerlega útilokað fyrir stjórnarandstöðu að flytja einstakar tillögur til breytinga á fjárlagafrv. til verulegs niðurskurðar, eins og þörf væri á, enda kæmi ekkert annað til en alger stefnubreyting í ríkisfjármálum og efnahagsmálum.

Herra forseti. Þetta frv. gengur þvert á stefnumið sjálfstfl., eins og rækilega hefur verið rakið hér að framan. Sama máli gegnir um meginstefnu ríkisstj. í efnahagsmálum. Er því allri ábyrgð á gerð fjárlaga lýst á hendur ríkisstj. og stuðningsmanna hennar.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég vil fyrst þakka hv. fjvn. fyrir hennar ágæta starf. Og ekki síður vil ég þakka stjórnarandstöðunni innan nefndarinnar fyrir góða samvinnu. Hinu get ég ekki neitað, að heldur þykir mér bragðdauf sú gagnrýni sem komið hefur fram af

hálfu stjórnarandstöðunnar. (**Gripið fram í:** Hún á eftir að lagast.) Satt að segja væri ekki mikið tilefni til að standa nú upp til andsvara ef ekki væri verið að tönnlast hér í hverri ræðunni af annarri — og á ég þá við ræður sem fluttar voru hér í gær — á því atriði, að lánsfjáráætlun skuli ekki fram komin. Ég álít þetta raus um lánsfjáráætlunina alveg sérstaklega innantómt, og ég tel óhjákvæmilegt að fara nokkrum orðum um það atriði málsins áður en menn eyða meiri tíma í þann þáttinn.

Staðreyndin er sú, að lánsfjáráætlun hefur yfirleitt ekki verið afgreidd fyrir áramót. Það er söguleg staðreynd. Það hefur ekki gerst á undanförnum árum — og líklega aðeins einu sinni — að lánsfjáráætlun væri afgreidd fyrir áramót. Ástæður fyrir þessu eru ýmsar, en ég held að segja megi að yfirleitt hafi kannske ekki fyrst og fremst staðið á fjmrn. í þeim efnum eða fjárlagaundirbúningi, vegna þess að lántökur til A- og B-hluta fjárlaga eru yfirleitt tilgreindar í fjárlagafrv., eins og var gert í því frv. sem hér var lagt fram í októberbyrjun. Það er staðreynd, að frá því að lög um lánsfjáráætlun liggja fyrir þarf ríkisstj. nokkrar vikur til þess að yfirfara till. og gera á þeim breytingar. Þetta er mjög viðamiklar og margþættar till. sem eðlilegt er að ráðh. gefi sér nokkurn tíma til að yfirfara. Og ég tel að það sé síður en svo seinagangur á málum þó að ríkisstj. þurfi hverju sinni að eyða svo sem þrem, fjórum vikum í að yfirfara lánsfjáráætlun áður en hún er lögð fram. En til þess að unnt sé að leggja lánsfjáráætlun fram með fjárlögum og afgreiða hana á haustmánuðum er augljóst mál að allir aðilar, sem að lánsfjáráætlun standa og undirbúa hana, verða að leggja fram gögn í þeim efnum í septemberbyrjun. Að þessu var stefnt og þess var eindregið óskað t. d., að Framkvæmdastofnun ríkisins skilaði tillögum sínum í ágústmánuði, þannig að hægt væri að taka þær til meðferðar. (**Gripið fram í:** Það stendur í íslenskum lögum, hæstv. ráðh.) Ég veit vel að það stendur í íslenskum lögum, að leggja eigi lánsfjáráætlunina fram í kjölfar fjárlagafrv., en ég er að gera hér grein fyrir því, að það var óframkvæmanlegt vegna þess að tillögur þeirra aðila, sem áttu að taka þátt í undirbúningi lánsfjáráætlunar, lágu ekki fyrir, þ. á m. tillögur frá stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins. Ég veit ekki til þess, að stjórnarandstæðingar í stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins hafi gert neinar athugasemdir við seinaganginn sem þar var á afgreiðslu þessa máls. Ég veit ekki til að framkvæmdastjóri Framkvæmdastofnunar ríkisins, hv. þm. Sverrir Hermannsson, hafi á nokkurn hátt gert grein fyrir því, hvers vegna Framkvæmdastofnun lagði ekki sínar tillögur fram þegar þess var óskað. (**Gripið fram í:** Þetta var 5. nóvember.) En staðreyndin er sú, að þær bárust ekki til fjmrn. fyrr en fyrstu dagana í nóvembermánuði. Og ég upplýsti það þegar ég mælti hér fyrir fjárlagafrv. 6. nóv. s. l., að ég hefði þá daginn áður fengið í hendur þessi gögn frá Framkvæmdastofnun. Þetta er staðreynd. (**Gripið fram í:** Lagabrotið blasir við.) Ég tel hins vegar að það sé þá oftúlkun eða rangtúlkun á efni þessara laga að segja að um eitthvert átakanlegt lagabrot sé að ræða, vegna þess að vel má skilja lagatextann á þann veg, að lánsfjáráætlunin eigi að fylgja í kjölfar fjárlagafrv. eins og hún hefur yfirleitt gert. (**Gripið fram í:** Vill ekki hæstv. ráðh. lesa lagagreinina? Ég er með hana hérna.) Ef ég fengi hana í hendur mundi ég gera það. (**Gripið fram í:** Hérna.) Já, ég þakka hv. þm. kærlega fyrir, ég hef síður en svo á móti því að lesa lagatextann. En hann er þannig:

„Ríkisstjórnin skal leggja fyrir Alþingi fjárfestingar- og lánsfjáráætlanir fyrir eitt ár í senn, og skulu þær fylgja fjárlagafrv.“.

Fjárlagafrv. var lagt fram í októberbyrjun, en af þeim ástæðum, sem ég hef hér gert grein fyrir, er bersýnilegt að einhver tímamunur verður þarna á að lánsfjáráætlun verði lögð fram, en hún mun greinilega fylgja í kjölfar fjárlagafrv. (**Gripið fram í:** Vill ekki ráðh. endurtaka ummæli um forstjóra Framkvæmdastofnunar sem hann viðhafði áðan?) Þykja hv. þm. þessi ummæli svo ánægjuleg að hann vill gjarnan fá að heyra þau tvisvar? Það er alveg sjálfsagt að verða við þeirri beiðni. Ég var að segja það hér áðan, að ég hefði ekki orðið var við að stjórnarandstæðingar í stjórn Framkvæmdastofnunar hefðu gagnrýnt það þar, að ekki skyldu liggja fyrir tillögur frá Framkvæmdastofnun um útlán Framkvæmdasjóðs til framkvæmdasjóðanna eða annarra stofnlánasjóða. Og ég veit ekki til þess, að þar hafi nokkru sinni verið um það rætt, að Framkvæmdastofnun væri að fremja lögbrot eða gera mikinn óskunda með því að hafa ekki tillögur sínar tilbúnar á þeim tíma sem fjmrn. óskaði eftir. Við óskuðum eftir því, að þessar tillögur lægju fyrir í ágústlok. En því miður fór það svo, að þær lágu ekki fyrir fyrr en um mánaðamótin október—nóvember. Það þekkja þeir, sem eiga sæti í stjórn Framkvæmdastofnunar, og það þekkir auðvitað sérstaklega framkvæmdastjóri Framkvæmdastofnunar ríkisins, hv. þm. Sverrir Hermannsson. (**Gripið fram í:** Stjórnarformaður.) Ég held að það væri nú langbest að hér talaði bara einn í einu og hv. þm. bæði um orðið á eftir. Þó að ég hafi út af fyrir sig ekkert við það að athuga að svara einni og einni spurningu, þá held ég að hitt sé þægilegra fyrir alla aðila.

En ég vil taka það fram í þessu sambandi, að ekki ber að skilja orð mín hér sem neinn áfellisdóm yfir stjórn Framkvæmdastofnunar eða framkvæmdastjóra þeirrar stofnunar. Ég geri mér fullkomlega grein fyrir því, að það er miklum vandkvæðum bundið að ganga frá útlánaáætlun Framkvæmdasjóðs, og mér dettur ekki í hug að halda að þessar till. hafi dregist vegna einhvers trassaskapar í Framkvæmdastofnuninni. Mér er nær að halda að þar sé um að ræða að upplýsingar hafi ekki legið fyrir frá stofnlánasjóðunum sjálfum. (**Gripið fram í:** Ekki heldur frá rn.) Ég held að það sé réttara að framkvæmdastjóri Framkvæmdastofnunar geri nánari grein fyrir því, sem mér er ekki kunnugt um að það hafi staðið á neinum upplýsingum frá rn. (Gripið fram í.) Já, það er þá betra að hann geri grein fyrir því. En ég held að staðreynd málsins sé einfaldlega sú, að það verk, sem þarna þarf að vinna, er unnið af fjöldamörgum aðilum, bæði fjárfestingarsjóðum og forstöðumönnum lánastofnana, og yfirleitt hafa þessar upplýsingar ekki legið fyrir fyrr en töluvert hefur verið komið fram á haust.

Af þessari ástæðu hefur yfirleitt ekki tekist að afgreiða lánsfjáráætlun fyrir áramót. En það verður ekki sagt, að staðið hafi á þeim hluta lánsfjáráætlunar sem lýtur að ríkisstofnunum og lántökum í þágu ríkissjóðs, enda koma áform um þær lántökur allar fram í fjárlagafrv. Hitt er staðreynd, sem ég hef margsinnis ítrekað hér og kom m. a. fram við 1. umr. fjárlaga, að till. frá Framkvæmdastofnuninni eða Seðlabankanum lágu ekki fyrir á þeim tíma sem þær hefðu þurft að liggja fyrir til þess að hægt hefði verið að framkvæma þetta lagaákvæði.

Ég vil í framhaldi af þessu upplýsa órólega þm. um það, þá sem hafa þungar áhyggjur af þessu máli, að

ákvörðun um lánsfjáráætlun liggur fyrir, hún liggur nú þegar fyrir endanleg frá ríkisstj. Þar er um að ræða áætlun um erlendar lántökur með niðurstöðutölu 134 milljarðar 848 millj. kr. Þarna er um að ræða lántökur til margvíslegra nauðsynjamála, og ber þar hæst lántöku í þágu Landsvirkjunar upp á 46 milljarða, lántökur í þágu hitaveitna upp á 17.4 milljarða, lántökur í þágu vegagerðar upp á 13 milljarða, lántökur til almennra framkvæmda Rafmagnsveitna ríkisins upp á 8.3 milljarða kr. og svo lántökur til byggðalína upp á 5.2 milljarða kr. Ég mun sjá til þess, að þegar búið verður að ganga frá þessum lánsfjárheimildarlista eins og hann liggur fyrir, þá verði hann afhentur fulltrúum stjórnarandstöðu og fjvn., og vænti ég þess, að það geti orðið síðar í dag.

Ég á ekki von á því, að þskj., þar sem gerð er grein fyrir lánsfjáráætlun, liggi fyrir fyrr en eftir helgi, væntanlega ekki fyrr en á þriðjudag eða miðvikudag, en það fer þó eftir því, hversu vel gengur í prentun. Hins vegar virðist ekki ástæða til að sækja það af neinu kappi að ganga frá frv. til lánsfjárlaga fyrir áramót, þar sem frv. verður bersýnilega ekki afgreitt fyrr en eftir áramót og eftir er að leggja talsverða vinnu í undirbúning þess, þannig að mjög tæpt er að það nái að birtast þm. fyrir jól. Því verður að því stefnt, að frv. liggi fyrir um leið og þing kemur saman eftir áramót. Að sjálfsögðu skiptir þetta ekki miklu máli, enda fyrst og fremst formsatriði að leggja frv. sjálft fram, en yfirlit um tillögur ríkisstj. um lánsfjáráætlun liggur sem sagt þegar fyrir og verður afhent fjvn. og fulltrúum stjórnarandstöðu væntanlega síðar í dag.

Herra forseti. Ég veit nú ekki hvort ástæða er til að fjölyrða miklu frekar um fjárlagaundirbúninginn. Þó get ég ekki látið hjá líða að fara örfáum orðum um það sem fram kom hjá síðasta ræðumanni, hv. 3. þm. Norðurl. e., Lárusi Jónssyni, þar sem hann fjallaði um stöðu ríkissjóðs. Hann hélt því blákalt fram, sallarólegur, að ríkisreikningur og fjárlagaframkvæmd hefðu verið í sérlega góðu jafnvægi í tíð ríkisstjórnar Geirs Hallgrímssonar og þegar hún fór frá, aftur á móti væru allar horfur á því, að um mikið ójafnvægi yrði að ræða á þessu ári.

Ég held að of snemmt sé að segja til um það, hvort einhver halli kunni að verða á ríkissjóði á þessu ári eða einhver afgangur. Ég held að enginn geti neitt um það fullyrt fyrr en árið er á enda. Hitt er nokkuð ljóst, að fjárlögin verða í talsvert miklu meira jafnvægi á þessu ári en verið hefur um mjög langt skeið. Og ég held að það sé alveg sama hvernig menn reyna að umsnúa staðreyndum, menn hljóti að verða að horfast í augu við þessa grundvallarstaðreynd.

Ég get upplýst hér til viðbótar því sem áður hefur komið fram, að nú liggja fyrir upplýsingar um gjöld ríkisins og tekjur í lok nóvember-mánaðar. Gjöld ríkisins voru núna í nóvemberlok 322.485 milljarðar. Tekjur voru hins vegar 326.459 milljarðar. Tekjur umfram gjöld voru því 3.974 milljarðar. Í áætlun fjmrn. — sem er endurskoðuð fjárlagaáætlun miðað við þær verðlagsbreytingar sem hafa orðið — var miðað við að gjöldin yrðu um 324.8 milljarðar, en tekjurnar 328.5 milljarðar, þ. e. að tekjur umfram gjöld yrðu í nóvemberlok um 3.7 milljarðar, eða 3.688 milljarðar. Mismunurinn er 286 millj., sem er rétt um 0.1% af heildarveltunni, og ég get leyft mér að fullyrða að munurinn á áætlunartölum og raunveruleikanum hefur ekki verið minni a. m. k. seinustu 6—7 árin. Ég er hér með samsvarandi tölur fyrir októbermánuð. Það hefur ekki verið reiknað út hvernig þessi útkoma er til samanburðar við nóvemberlok á undanförnum árum, en það hefur verið reiknað út hvernig útkoman var í októberlok miðað við útkomuna á seinustu árum.

Í októberlok var rekstrarhalli upp á 0.5% eða um 1.5 milljarða, en eins og ég sagði áðan er svolítill rekstrarafgangur í nóvemberlok.

Ef við lítum á útkomuna í októberlok á árunum 1976, 1977 og 1978 á núverandi verðlagi, þá er hallinn upp á 7.5 milljarða í októberlok 1976, 17 milljarða í októberlok 1977 og 12 milljarða í októberlok 1978, en það var einum mánuði eftir að vinstri stjórnin kom til valda og ríkisstjórn Geirs Hallgrímssonar hrökklaðist frá völdum, þá var sem sagt á núgildandi verðlagi 12 milljarða halli á ríkissjóði í októberlok. Og staðan var litlu betri í ágústlok þegar stjórnin fór frá. Það er nú allt jafnvægið sem hv. þm. Lárus Jónsson var að tala um hér áðan, sennilega um 11 milljarða halli þegar stjórnin fer frá, á núverandi verðlagi. Ég held að þessar tölur ættu að sýna nokkuð vel fram á hversu sótsvartar blekkingar voru hafðar hér uppi áðan af hv. þm. Lárusi Jónssyni þegar hann hélt því fram, að ríkisreikningurinn hefði verið í sérlega góðu jafnvægi þegar fjmrh. Geirs Hallgrímssonar, hv. þm. Matthías Á. Mathiesen, lét af störfum sem fjmrh. haustið 1978.

Ég ítreka það sem ég hef þegar sagt, að ég get ekkert um það fullyrt nákvæmlega hver útkoma ríkissjóðs verður í árslok, hvorum megin við strikið hún nákvæmlega verður, hvort það verður eitthvað örlítið í mínus eða örlítið í plús. En ég held að ég geti leyft mér að fullyrða það, að munurinn verður mjög lítill, á hvorn veg sem hann verður, og hann verður minni en verið hefur um mjög langt skeið. Það kalla ég jafnvægi í ríkisfjármálum.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því, að ráðh. notar hæpinn rétt sinn samkv. þingsköpum til þess að troða sér inn í umræður á milli þess sem frsm. nál. taka til máls við 2. umr. fjárlaga. Þetta er óvenjulegt og brýtur í bága við þá hefð sem hér hefur skapast, eins og ég hef þekkt hana á undanförnum árum. Ég vil leyfa mér að gera athugasemd við það, að málsmeðferð sé með þessum hætti, og óska eftir því, að stjórnarandstöðunni sé tryggt eðlilegt málfrelsi hér í sölum Alþingis. Ég vil vekja athygli á því, að á sama tíma og einstakir ráðh. haga sér þannig er þess óskað, að stjórnarandstaðan sýni ríkisstj. sérstakt umburðarlyndi og leggi sig fram um að koma málum í gegnum þingið, og langir málalistar eru lagðir fram.

Ég vil óska eftir því, að fundarstjórn verði hagað með öðrum hætti.

Forseti (Jón Helgason): Vegna orða síðasta ræðumanns skal ég taka það fram, að ég ræddi við frsm. 2. minni hl. áður en fjmrh. tók til máls.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég vil benda á að það, sem hér er að gerast nú, er fullkomlega óeðlilegt í umr. um fjárlög, 2. umr. eins og hér á sér stað, að fjmrh. skuli getað haldið hér langa ræðu þegar eftir að frsm. 1. minni hl. hefur flutt mál sitt, þá kemur hann hér upp og talar í tæpan hálftíma. Mér er kunnugt um samkomulag sem gert var á milli hans og frsm. 2. minni hl. í fjvn. Það var um það, að hann gerði stutta athugasemd við framsögu fyrir nál. 1. minni hl. Þetta tel ég fullkomlega óeðlilegt og megi ekki eiga sér stað.

Frsm. 2. minni hl. (Karvel Pálmason): Herra forseti. Ég verð nú að segja í upphafi, að hegðun hæstv. fjmrh. við þessa umr. er allundarleg. Hann óskar eftir því við hæstv. forseta að fá að gera stutta athugasemd, örstutta, orðaði hann, eftir að hv. þm. Lárus Jónsson lyki máli sínu. Það var borið undir mig og ég sá ekki ástæðu til að neita því. Að sjálfsögðu hefði hæstv. forseti getað úrskurðað það, að ráðh. fengi orðið, en hæstv. ráðh. sagði: í lengsta lagi fimm mínútur. Hann leyfir sér síðan að tala í nærri hálftíma. Og af hverju? Hann byrjaði á því að segja að stjórnarandstaðan væri bragðdauf hér í þessari umr. Þó sér hann ástæðu til að ryðjast hér inn í umr., áður en öllum frummælendum fyrir álitum hefur gefist tækifæri til að tala, og talar hér í hálftíma, sökum þeirrar gagnrýni sem fram kom á hæstv. ráðh. og ríkisstj. vegna fjárlagaafgreiðslunnar. Ég hygg að hér sé um einsdæmi af hálfu ráðh. að ræða, að ryðjast inn í umr. með þessum hætti áður en formælendum nál. hefur gefist tæifæri til að tala fyrir sínum nál. Það eitt út af fyrir sig sýnir hvað hæstv. ráðh. er órólegur einmitt vegna þess leiks sem hér er verið að leika að því er varðar afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1981. Ég hygg líka að aldrei hafi fyrr verið jafnmikil óvissa og óraunsæi í sambandi við afgreiðslu fjárlaga og hér er nú ætlast til að Alþingi viðhafi. Og það er hæstv. fjmrh. sem er fremstur í flokki með að framkalla slíkt óraunsæi. Þess vegna er hann eins órólegur og raun ber vitni.

Ég vil, áður en lengra er haldið, nota þetta tækifæri til að þakka formanni fjvn., hv. þm. Geir Gunnarssyni, og öllum mínum meðnm., bæði í stjórnaraðstöðu og stjórnarandstöðu fyrir ágætt samstarf í nefndinni, svo og starfsmanni nefndarinnar og forstjóra hagsýslustofnunar. Ég verð að segja það, að hv. þm. Geir Gunnarsson er ekki öfundsverður af að standa í þeim sporum formanns fjvn. undir handarjaðri þessarar hæstv. ríkisstj., svo reikul, ráðvillt og úrræðalaus sem hún er að því er varðar afgreiðslu fjárlaga og efnahagsstefnuna í landinu yfirleitt. En þessi sómamaður hefur sinnt sínu hlutverki sem formaður mjög svo vel, þrátt fyrir þennan annmarka, undir handarjaðri þessarar hæstv. ríkisstj.

Við 1. umr. fjárlaga í haust var allrækilega vikið að því, hversu hæpnar forsendur fjárlagafrv. væru, en eins og hv. þm. er kunnugt byggir frv. á 42% verðhækkunum frá miðju þessu ári til sama tíma að ári. Þetta er byggt á ímynduðum efnahagsráðstöfunum hæstv. ríkisstj. sem enn hafa ekki fengist neinar upplýsingar um þrátt fyrir margítrekaða eftirgrennslan svo vikum skiptir, m. a. ótal tilraunir utan dagskrár á hv. Alþingi til þess að knýja út úr hæstv. ráðh. svör um það, hvað hér ætti að gera í efnahagsmálum til þess að renna þeim stoðum undir forsendur fjárlagafrv. að þær væru trúverðugar. Það er auðvitað augljóst öllum sem vilja sjá, að forsendur fjárlagafrv., 42% verðlagshækkun frá miðju ári í ár til sama tíma að ári, eru óraunhæfar í alla staði fyrr en séð er hvaða ráðstafanir á að gera til að tryggja slíkar forsendur. Það liggur fyrir spá frá Þjóðhagsstofnun um 65% verðhækkun á sama tíma og fjárlagafrv. gerir ráð fyrir 42% verðhækkun. Hverjum dettur í hug að trúa hæstv. fjmrh. eða hæstv. ríkisstj. frekar í þessum efnum en Þjóðhagsstofnun, ef litið er til reynslunnar?

Hæstv. fjmrh. hafði að forsendu fyrir sínu fyrsta fjárlagafrv. fyrir yfirstandandi ár að verðhækkanir yrðu 31% frá upphafi árs til loka. Og hver er niðurstaðan? Reyndist þessi spá og forsenda hæstv. fjmrh. og ríkisstj. rétt? Nei, ekki aldeilis. Niðurstaðan er sú, að verðbólga yfirstandandi árs er a. m. k. 58% í staðinn fyrir 31% sem hæstv. fjmrh. þóttist geta spáð í sínu fjárlagafrv. Og hver trúir því í ljósi þessarar niðurstöðu, að forsendur þess fjárlagafrv., sem nú er verið að ræða við 2. umr., standist betur en hinar fyrri, ef menn taka mark á þeirri spá sem Þjóðhagsstofnun hefur fram sett og mér vitanlega enginn hefur vefengt?

Þau loforð, sem gefin voru fyrir um átta mánuðum í stjórnarsáttmála núv. hæstv. ríkisstj. um niðurtalningu á verðbólgu, hafa leitt til þess sem kallast getur upptalning á verðbólgu. Það sýna staðreyndir og á móti því getur enginn mælt.

Ég held að enginn trúi því í raun og veru, að það sé ástæða til þess að ætla að óbreyttu ástandi — út frá öðru er ekki hægt að ganga meðan hæstv. ríkisstj. leggur ekki á borðið þau úrræði sem hún ætlar að beita í efnahagsmálum — að núverandi forsendur fjárlagafrv. standist. Ekkert hefur komið fram enn sem rennir stoðum undir þá fullyrðingu í fjárlagafrv., að verðhækkanir verði ekki nema 42% á komandi ári. Miklu líklegra og trúverðugra að allra dómi er að á næsta ári endurtaki sig það sama og gerðist í ár og kannske miklum mun verra.

Það er augljóst öllum, eða ætti a. m. k. að vera, að þegar verið er að fjalla um fjárlagagerð er nauðsynlegt — og lög mæla raunar svo fyrir — að fjárfestingar- og lánsfjáráætlun sé höfð í umfjölluninni meðan fjárlagafrv. er til meðferðar á Alþingi, þannig að menn sjái líka þann þátt málsins, og ekki er þess síður þörf þegar boðaðar eru ráðstafanir í efnahagsmálum til að treysta forsendur fjárlaganna. Hvorugt þetta hefur fengist fram þrátt fyrir margítrekaðar eftirgrennslanir. Þetta er lögbrot, hvað sem hæstv. ráðh. segir. Og það er táknrænt, að hæstv. ráðh. í ríkisstj. kemur hér í ræðustól á Alþingi og afsakar lögbrot sitt með því, að einhverjir aðrir hafi líka brotið lögin. Það er toppurinn á þjóðfélaginu sem hér rís upp á Alþingi með hinum ólíklegasta hætti til að afsaka framkomu sína, sem er lögbrot, með því að einhver annar hafi gert það líka. Þetta er nú öll reisnin yfir hæstv. fjmrh. í þeirri stöðu sem hann nú gegnir.

Það er dæmigert, að hæstv. ríkisstj. skuli bjóða Alþingi upp á það að neita því um upplýsingar, annars vegar um lánsfjáráætlun og hins vegar þær efnahafsráðstafanir sem hún sjálf hefur tekið fram í fjárlagafrv. að eigi að gera, en enginn veit hvort verða gerðar, hvenær eða með hvaða hætti. Þessu hefur verið neitað í margar vikur. Alþingi hefur margspurt um þetta og engin svör hafa fengist. Í lögum er einnig ákvæði um samráðsskyldu stjórnvalda við aðila vinnumarkaðarins. Margítrekað var hér á Alþingi og í umræðum á Alþýðusambandsþingi um það spurt og þess krafist, að hæstv. ríkisstj. gerði Alþýðusambandsþingi grein fyrir því, hverjar efnahagsráðstafanir hún hyggðist gera. Hæstv. ríkisstj. neitaði líka því þingi um upplýsingar. Í því efni er jafnræði milli Alþingis og Alþýðusambandsþings, neiið var hið sama hjá hæstv. ríkisstj. Að mínu viti er með ólíkindum sú fyrirlitning og lítilsvirðing, sem hæstv. ríkisstj. sýnir Alþingi og raunar þjóðinni allri með slíkri hegðan. Og það er dæmigert, að slíkt skuli margendurtaka sig í tíð núv. hæstv. ríkisstj.

Svo að vikið sé enn að fjárfestingar- og lánsfjáráætluninni og því sem hæstv. fjmrh. sagði hér áðan, þá hefur hæstv. ráðh. ekki þótt nóg að hafa það tryggt í lögum sem lagaskyldu að leggja lánsfjáráætlun fram nú við umræðu

um fjárlög. Á bls. 168 í fjárlagafrv. sjálfu frá hæstv. ríkisstj. er loforð um það og sérstaklega tekið fram að í byrjun nóv. skuli fjárfestingar- og lánsfjáráætlun lögð fyrir Alþingi. En auðvitað var þetta svikið eins og flest annað í þessu máli. Og nú er upplýst að frágengin lánsfjáráætlun verður ekki lögð fyrir Alþingi fyrr en eftir áramót, líklega í janúarlok, þrátt fyrir lagaskylduna, þrátt fyrir fyrirheit og loforð hæstv. ráðh. í fjárlagafrv.

Og nú er lagt á borð hv. þm. frv. um lántökuheimildir sem nálgast það að verða neyðarlagasetning ef af verður, — neyðarlagasetning vegna þess, að hæstv. ríkisstj. stendur sig ekki í því sem henni ber að gera, að hafa slíka lánsfjáráætlun tilbúna til umfjöllunar jafnhliða fjárlagafrv.

Því er auðvitað haldið fram — og líklega að einhverju leyti, kannske miklu, með rétti — að oft hafi verið óvissuþættir við afgreiðslu fjárlaga. Það skal ég ekki um segja. En ég fullyrði að þann tíma, sem ég hef haft afskipti af þessum málum, hafi aldrei slík óvissa verið um fjárlagaafgreiðsluna, forsendur fjárlaganna, eins og nú er. Kannske hafa þm. einhvern tíma afgreitt fjárlög með bundið fyrir annað augað. En mér sýnist að hér sé ætlast til þess, af þm. afgreiði fjárlög fyrir árið 1981 með bundið fyrir bæði augun og kannske meira en það. Það er langt gengið þegar stjórnvöld ætlast til þess af alþm., að þeir afgreiði slíka lagasmíð án þess að fá þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að þeir geti áttað sig á hvað um er að ræða og hvað verið er að gera.

Ég tel í raun og veru ekki sæmandi að ætlast til þess, að Alþingi afgreiði fjárlagafrv. án þess að fá í hendur bæði lánsfjáráætlunina og þær tillögur sem ríkisstj. er að undirbúa, ætlar að gera nú á næstunni eða einhvern tíma, í sambandi við úrræði í efnahagsmálum. Án þessara upplýsinga og án þessara gagna má segja að fjárlagagerðin fyrir árið 1981 verði algert pappírsgagn og að engu hafandi. Það er ljóst. Í raun og veru ætti Alþingi ekki að láta bjóða sér slíka málsmeðferð. Það ætti í raun og veru að segja: Hingað og ekki lengra, og neita afgreiðslu á þessari mikilsverðu löggjöf fyrr en þessar upplýsingar liggja fyrir. Það er ábyrgðarleysi og hefur illar afleiðingar ef staðið er að afgreiðslu fjárlaga eins og hér er ætlast til að þm. geri.

Líklega komast menn ekki hjá því að ræða þetta mál nokkuð, kannske ítarlega, þó að um hnúta sé búið eins og ég hef verið að lýsa. Auðvitað kemur margt til í sambandi við umræður og afgreiðslu fjárlaga. Eitt er það, að hæstv. fjmrh. boðar á næsta ári gengissig upp á 33%. Og hvað þýðir þetta? Eins og allir vita á sér stað um áramót myntbreyting. Þá gengur samkv. auglýsingum í gildi margfalt verðmætari króna en við nú höfum. En hvað þýðir þetta boðorð hæstv. fjmrh. um gengissig á næsta ári, 33%? Það þýðir það, að þessi nýja króna verður í lok næsta árs orðin að 67 aurum í besta falli, haldi fram sem horfir varðandi stefnu ríkisstj. Og ef við höldum áfram á sömu braut allt til loka yfirstandandi kjörtímabils verður þessi nýja og verðmæta króna, sem menn nú tala um á næsta ári, orðin að 30 aurum í lok yfirstandandi kjörtímabils. Hver hefur þá árangurinn orðið? Og engum er að sjálfsögðu um að kenna svona stefnu og svona útkomu öðrum en þeim sem ráða ferðinni um stjórn landsins. Þetta gerist beinlínis vegna þess að stjórnvöld, núv. hæstv. ríkisstj. gerir ekki þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru og til var ætlast að gerðar yrðu til þess að árangur í þessu efni næðist, og menn í raun og veru gerðu ráð fyrir þegar ákveðið var að gera þessa breytingu á gjaldmiðlinum. Og þetta er það besta — ég undirstrika það — þetta er það besta sem hægt er að búast við, verði haldið áfram á þeirri braut sem núv. hæstv. ríkisstj. er á. Vissulega getur það farið enn verr í höndunum á hæstv. ríkisstj. Það gera menn sér ljóst. Hér er um að ræða að mínu viti svo alvarleg og ábyrgðarlaus vinnubrögð hjá hæstv. ríkisstj., að því er þetta eina atriði varðar, að þjóðin öll hlýtur að horfa með hryllingi til næstu ára ef svo heldur fram sem horfir.

Ef aðeins er vikið að nokkrum þáttum þessa fjárlagafrv., þá er ljóst að hér er verðbólgufrv. á ferðinni. Um það þarf ekki að deila. Verðbólgufrv. er þetta og verðbólgufjárlög verða það sem afgreidd verða, verði þau afgreidd í því ástandi sem allt bendir nú til að gert verði.

Þá er ljóst að frv. boðar skattahækkanir. Allt bendir til að hækkun tekjuskatts verði a. m. k. 5 milljarðar á næsta ári. Í þessu fjárlagafrv. úir og grúir af alls konar vanáætluðum útgjaldaþáttum, svo tugum milljarða nemur, fyrir næsta ár. Sem dæmi má nefna að t. d. til sjúkra- og lífeyristrygginga vantar a. m. k. 18 milljarða til að þessir þættir tryggingarnar geti staðið undir því sem þeim ber að gera á næsta ári, — 18 milljarða í þessa tvo þætti í Tryggingastofnuninni. Það er líka ljóst að Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna fá a. m. k. 5 milljörðum kr. minni ráðstöfunartekjur á næsta ári en þeir hefðu fengið samkv. áður gildandi lögum um báða þessa sjóði. Auk þess er það ljóst, að því er varðar Byggingarsjóð ríkisins og Byggingarsjóð verkamanna, að í algjört óefni stefnir um fjármögnun beggja sjóðanna. Það var upplýst við umræður um hið nýja húsnæðismálafrv., sem urðu hér fyrr á þessu ári, að með óbreyttri stefnu að því er varðaði fjármögnun sjóðanna vantaði 200 milljarða árið 1980 til þess að þeir gætu sinnt því verkefni sem þeim ber samkv. lögum. Og ástandið hefur versnað síðan, enginn efar það. Það þarf ekki að taka fram, svo augljóst er það.

Hér hef ég nefnt aðeins tvö dæmi um það, hvernig ástandið er varðandi óvissuþætti útgjalda. Ótalmörg fleiri dæmi mætti taka, mismunandi stór að vísu, en ótalmörg fleiri mætti nefna. Þá er augljóst að við þessa fjárlagaafgreiðslu verða margir stórir og brýnir málaflokkar illa úti. Ég nefni sem dæmi stóran málaflokk, brýnan og nauðsynlegan, sem er sjúkrahús og heilsugæslustöðvar. Heilbrmrn. taldi að til að sinna brýnustu verkefnum í þessum málaflokki þyrfti a. m. k. 7 milljarða á árinu 1981. Hér er talað um af hálfu hæstv. ríkisstj. og meiri hl. Alþingis að veita í þetta 5 milljarða, tveimur milljörðum minna en brýnustu verkefni krefjast. Og það er a. m. k. öllum þm. dreifbýlisins ljóst, að verkefnin þar beinlínis æpa á fjármagn til að bæta úr brýnustu nauðsyn og hinu versta ástandi í heilsugæslumálum margra staða víðs vegar úti um land.

Ég vil aðeins taka það fram að ég gerði bókun í fjvn. vegna skiptingar og ráðstöfunar á fjárveitingum til þessa málaflokks og einnig vegna hins, að ég tel að ekki sé tekið það tillit til gildandi laga sem ber að gera. Eins og hv. þm. mun kunnugt er það ákvæði í gildandi lögum, að hinir verst settu staðir eigi að njóta forgangs um fjárveitingar í þessum lið. Ég tel að afgreiðsla fjvn. á þessum málaflokki sé ekki í þeim anda sem lög gera ráð fyrir. Ég tel líka, og ég hygg að svo sé um fleiri þm., að framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins sé farin að ganga of langt í sambandi við þennan málaflokk, því að

hún er bæði farin að ráða fjárveitingartölunni á staðina og ráðsmennskast að miklu leyti með það, hvernig fjárveitingunum er varið á hinum ýmsu stöðum, og það er að mínu viti ekki í hennar verkahring. Með slíku ráðslagi er verið að draga úr höndum fjárveitingavaldsins það vald sem því ber.

Ég vil aðeins nefna sem dæmi um þetta byggingu sjúkrahúss og heilsugæslustöðvar á Ísafirði. Þar eru heimamenn ekki virtir svars svo mánuðum skiptir, engin samráð höfð við þá og erindum þeirra ekki svarað. Þó eru þeir þátttakendur í kostnaði við þessar byggingar. Það er nauðsynlegt að mínu viti að fjárveitingavaldið grípi hér í taumana. Auðvitað má alltaf deila um úthlutun fjárveitinga, en það er lágmark að mínu viti að fjárveitingavaldið afsali sér ekki með þessum hætti ákvörðun bæði um upphæð fjárveitinga og ráðstöfun þess fjár sem til er til framkvæmdanna. Á þessu verður að gera bragarbót. Það hlýtur að vera skýlaus krafa þm. að varðandi þessa stofnun verði breytt um vinnubrögð frá því sem nú er. Ég hygg að þau vinnubrögð, sem þar hafa verið viðhöfð, verði ekki öllu lengur liðin. **(Gripið fram í:** Hvar er hæstv. fjmrh.?) Hann þoldi ekki meira. Hann er horfinn úr salnum. (Gripið fram í.) Það er gott samband á milli hv. þm. Framsfl. og kommúnista.

Ég vil einnig víkja að þeim þætti fjárlaga sem tekur til íþróttamannvirkja annarra en skólamannvirkja. Þar stóð svo á samkv. þeim upplýsingum sem við fengum, að til að sinna brýnustu verkefnum þurfti 1500 millj. kr. Er þar um að ræða að styrkja áhugamannastarfsemi, sem á sér stað víðs vegar um landið og kannske er þörf á að styðja í miklu meira mæli en gert hefur verið til þessa. Eins og málin standa núna ætlar hæstv. ríkisstj. að setja í þetta 700 millj., ekki helminginn af því sem þarf til að bæta úr brýnustu neyð.

Og ég nefni aðra íþróttastarfsemi í landinu. Mér er tjáð að það kosti á fjórða milljarð á næsta ári að reka íþróttastarfsemina í landinu. Ég held að það sé eitthvað milli 190 og 200 millj. sem hér er verið að tala um að veita til þessarar starfsemi sem kostar á fjórða milljarð að reka. Og af þessum rekstrarkostnaði, sem er á fjórða milljarð, tekur ríkið til sín í tekjur á annan milljarð. Menn sjá á þessu hvernig farið er með þessa mjög svo sjálfsögðu og nauðsynlegu starfsemi vítt og breitt um landið.

Ég bendi á önnur skólamál og þá sérstaklega héraðsskóla og iðnskóla sem fá að mínu viti mjög slæma útreið við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1981.

Ég bendi líka á að samkv. frv. verður ekki eyri varið til nýrra framkvæmda í sveitarafvæðingu á árinu 1981, ef engin breyting verður hér gerð á. Það verða engar nýframkvæmdir í sveitarafvæðingu á árinu 1981, ef þau mál verða afgreidd hér eins og nú liggur fyrir að gera. Ég held að það sé gott að þm. almennt geri sér grein fyrir hvað það þýðir. Ég hygg að ef svo á að verða, þá verði að skera upp herör gagnvart ríkisstj. til þess að fá breytingar á því máli. Ég trúi ekki að menn uni því, að engin nýframkvæmd verði unnin í sveitarafvæðingu á næsta ári.

Þá vil ég við þessa umræðu vekja sérstaka athygli á því, að í frv. er gert ráð fyrir að olíustyrkurinn, þ. e. jöfnun á húshitunarkostnaði, hækki aðeins um 25% á sama tíma og verið er að spá nær 70% verðbólgu á næsta ári. Hér er augsýnilega enn af hálfu hæstv. ríkisstj. verið að auka þær byrðar sem íbúar olíusvæðanna bera. Voru þær þó ærnar fyrir, a. m. k. að mínu viti. Og það er annað alvarlegt í þessu máli. Þessar tekjur, sem eru 1.5 söluskattsstig, eru eyrnamerktar þessu verkefni. Tekjur af 1.5 söluskattsstigi eiga að fara til þessa. En 1.5 söluskattsstig gefur 13 milljarða á næsta ári. Af því eiga einvörðungu 5 milljarðar að fara til þessa verkefnis, á mismuninn, 8 milljarða ætlar hæstv. ríkisstj. að taka í ríkissjóð til ráðstöfunar. Þetta er þó eyrnamarkað þessu tiltekna verkefni. Hér er verið að leika þann leik að leggja á olíusvæðin skatt sem sagt er að eigi að renna til jöfnunar á húshitunarkostnaði, en láta meginpartinn af honum renna í ríkishítina. Mér finnst hér leikinn ljótur leikur af hálfu hæstv. ríkisstj., að nota sér neyð þeirra einstaklinga, sem við þetta búa, með þessum hætti.

Þá vekur að sjálfsögðu athygli hv. þm. að á lið, sem heitir Önnur rekstrargjöld í fjárlagafrv., er gert ráð fyrir 57.2% hækkun á sama tíma og forsendur frv. eru byggðar á 42% hækkun. Það á greinilega að leggja vel í rekstrurinn á ríkisbákninu miðað við forsendur fjárlagafrv. varðandi aðra þætti.

Svona mætti halda áfram að telja upp tiltekin atriði, tiltekna málaflokka, til að sýna hvert stefnir og hvert óraunsæi er í umfjöllun, forsendum og allri málsmeðferð á frv. og þá væntanlega fjárlagaafgreiðslunni. Ég hef hér aðeins vikið að nokkrum atriðum sem ástæða væri til að taka til umfjöllunar, en hér eru mýmörg atriði sem mætti ræða um og kannske væri æskilegt að ræða um miðað við eðlilegar kringumstæður. Ég sé þó ekki ástæðu til að fara um þau öllu fleiri orðum vegna þess að enn standa mál þannig, að forsendurnar, sem hér eru lagðar til grundvallar, standast ekki. Þær eru nú þegar gersamlega brostnar. Fyrr en við fáum að sjá þá tvo meginþætti, sem að fjárlagaafgreiðslunni og efnahagsstefnunni í heild lúta, lánsfjáráætlunin og þær efnahagsráðstafanir sem hæstv. ríkisstj. ímyndar sér að kunni að verða gerðar einhvern tíma, — fyrr en það liggur fyrir er gersamlega útilokað að gera sér neina heildargrein fyrir því, hvernig fjárlagaafgreiðslan mun koma út eða fjárlögin fyrir árið 1981. Hér er því stefnt í óefni. Hér er verið að afgreiða pappírsplagg ef svona verður að málum staðið. Ég vænti þess, að hæstv. ríkisstj. sjái svo um að ekki þurfi lengur að knýja á hennar dyr til þess að hún ljúki upp og leysi frá skjóðunni um þessar tvær meginforsendur fjárlagaafgreiðslunnar. Þær eru sá grundvöllur sem byggt er á og skiptir máli við endanlega afgreiðslu fjárlaganna fyrir komandi ár. Og það eru þessar tvær forsendur sem vantar.

Ég ítreka það svo, að verði ekki gerð grein fyrir þessum meginþáttum og lögð fram plögg þar að lútandi, þá er Alþingi sýnd meiri óvirðing en dæmi eru til um áður.

Ég skal herra forseti, fara að stytta mál mitt. Ég vil aðeins víkja að brtt. á þskj. 235, sem ég flyt fyrir hönd Alþfl. Þessar brtt. eru fluttar vegna þeirrar stefnu sem Alþfl. hefur í orði og í verki — meira en hægt er að segja um flesta aðra stjórnmálaflokka í landinu — að því er varðar skattamál og landbúnaðarmál.

Ég gat þess hér og því hafa þm. að sjálfsögðu gert sér grein fyrir, að enn hefur hæstv. ríkisstj. ekki fengist til að ráðstafa þeim 12 milljörðum sem hún ætlar til efnahagsráðstafana á komandi ári. Við þm. Alþfl. viljum því hlaupa undir bagga með hæstv. ríkisstj. og létta henni störfin við að skipta þessum 12 milljörðum til ráðstöfunar, fyrst hún treystir sér ekki til þess enn sem komið er að ákvarða með hvaða hætti það skuli gert.

Ég skal fara fljótt yfir sögu um brtt. á þskj. 236.

Það er í fyrsta lagi við 3. gr. varðandi tekjuskatt einstaklinga. Við leggjum til að þessi liður verði lækkaður um 13.8 milljarða, úr 56.2 milljörðum í 42.4 milljarða.

Síðan kemur liður nr. 2, sem er einnig breyting við 3. gr., þ. e. að byggingarsjóðsgjald af tekjuskatti einstaklinga verði lækkað úr 840 í 640 millj., sem er 200 millj. kr. lækkun.

Þá er breyting við sjúkratryggingagjaldið, að í staðinn fyrir 10 milljarða 550 millj. komi 7 milljarðar 550, þ. e. lækkun um 3 milljarða. — Og þá kem ég að því aftur, að hér er annars vegar um að ræða þá stefnu Alþfl. að lækka, helst að afnema í áföngum tekjuskatt á launatekjur. Við höfum haldið því fram, að miðað við kringumstæður í þjóðfélaginu í dag sé það raunhæfasta kjarabótin til handa launafólki að lækka tekjuskatt. Þetta er till. um það. Annars vegar er till. um lækkun á sjúkratryggingagjaldinu, sem er ætlað að ná til þeirra sem höfðu það lágar tekjur að þeir höfðu ekki tekjuskatt. Það næðist til þeirra með lækkun sjúkratryggingagjaldsins.

Þá er 4. brtt. við 3. gr., sem er um tekjuskatt félaga, þ. e. að hækka þann lið úr 10 milljörðum 250 millj. í 12 milljarða 250 millj. Hér viljum við hlaupa undir bagga með hæstv. fjmrh. í margra ára baráttumáli hans að láta félögin borga meiri tekjuskatt en þau hafa gert. Ég minnist þess, að hæstv. núv. fjmrh. hefur flutt margar till. um að stórhækka tekjuskatt á félögum, en í hans ráðherratíð lítur dæmið þannig út, að á sama tíma og tekjuskattur launafólks hækkar um 47% ætlar hann að hækka tekjuskatt á félögum um 2%. Við viljum hjálpa hæstv. fjmrh. í þessu margra ára gamla baráttumáli hans að hækka tekjuskattinn á félögum. Við göngum að vísu ekki eins langt og hann hefur gert, en eigi að síður er þetta stuðningur við hans mál.

Í 5. brtt. er gert ráð fyrir því að byggingarsjóðsgjald af tekjuskatti hækki úr 102 millj. í 122. Það er eðlileg afleiðing af því sem áður er gert.

Í sjötta lagi er það Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Þar er gert ráð fyrir 36.5 milljörðum. Hér er um að ræða að okkar mati vanáætlaða tölu um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Það hefur sýnt sig, að þessi liður hefur yfirlitt reynst hærri en gert hefur verið ráð fyrir í fjárlögum. Við leggjum því til, að liðurinn verði hækkaður um 3 milljarða, og teljum það raunhæft með tilliti til fenginnar reynslu.

Þá er komið að þeim þætti sem snýr að landbúnaðarmálunum. Alþfl. hefur verið ásakaður um fjandsamlega stefnu gagnvart landbúnaðinum. Ég sé að hv. þm. og bóndi Stefán Valgeirsson er nú sestur í sæti sitt og hlýðir væntanlega vel á. (**SV:** Ekki að ástæðulausu.) Það er rétt, það á að hlusta á gott mál. Hér er ekki um að ræða niðurskurð eða fjandsamlega stefnu gagnvart bændum, (**SvH:** Öðru nær.) Öðru nær já, oft ratast hv. þm. Sverri Hermannssyni satt orð á munn. Hér er um að ræða tilfærslu innan landbúnaðarþáttarins í fjárlagafrv., — tilfærslu, ekki niðurskurð nema að einu leytinu til, sem varðar útflutningsbætur á landbúnaðarvörur. Það hefur verið og er stefna Alþfl. að skynsamlegt sé að lækka þær upphæðir í áföngum. Nú er heimildin allt að 10%. Hér er lagt til að hún verði 9% og lækki þannig um eitt prósentustig.

Lagt er til í 7. brtt. að Jarðasjóður fái auknar tekjur. Jarðasjóður er til þess ætlaður að gera bændum, sem vilja hætta búskap, kleift að hætta. Skyldi það nú vera fjandsamlegt gagnvart bændastéttinni að gera þeim bændum, sem vilja hætta búskap, mögulegt að gera það? Nei, það er sannarlega ekki fjandsamlegt gagnvart bændastéttinni. Hér er lagt til að liðurinn hækki um 500 millj.

Í 8. brtt., sem fjallar um Veiðimálaskrifstofuna, er um það að ræða að hækka þann lið um 500 millj. Það er ljóst að sinna þarf betur ýmsum verkefnum þar að lútandi, og það viljum við styðja. Hér er því einungis um að ræða tilfærslu á annan þátt innan landbúnaðarmála.

Í 9. brtt. eru jarðræktarframlögin lækkuð. Miðað við þá stefnu, eða það ástand kannske frekar, sem nú er í landbúnaði, teljum við eðlilegt að draga úr aukinni túnarækt og beita aðgerðum til þess að hlúa að þeim hliðarbúgreinum sem menn eru nú að tala um og eru nauðsynlegar og eru taldar geta orðið bændastéttinni í heild og þjóðfélaginu þá um leið styrk stoð ef vel verður að þeim staðið.

Sama má raunar segja um 10. brtt., um framræsluna, og ég skal ekki hafa fleiri orð um hana.

Ég vék hér að úthlutun til uppbóta á landbúnaðarvörur áðan. Hér er 11. till. um 1.2 milljarða lækkun á þeim lið og er það í samræmi við þá stefnu, sem Alþfl. hefur haft og hefur, að skynsamlegt sé að draga úr þessu í áföngum.

Þá kemur 12. brtt., sem er nýr liður, stuðningur við nýjar búgreinar og ábatasamar hliðarbúgreinar. Hér er lagt til að taka inn 600 millj. til að sinna þessu mjög svo brýna, nauðsynlega og skynsamlega verkefni.

Þá er það 13. brtt., sem fjallar um Fiskifélag Íslands, þ. e. fiskræktardeild Fiskifélagsins, sem er mjög þörf stofnun. Lagt er til að hækka um 100 millj. framlag til þeirrar starfsemi.

14. brtt. er um Hafrannsóknastofnunina. Við leggjum til að hún fái 800 millj. til frumathugunar og undirbúnings á eldi sjávarfiska. Það mál hefur verið til umræðu í þinginu og er talið mjög svo stórt mál og ástæða til að ætla að það geti í framtíðinni gefið mjög mikla möguleika til þess að renna styrkari stoðum undir þjóðarbúskap okkar. Við teljum augljóst að því verki eigi að sinna, ekki í orði, heldur og á borði, og leggjum því til að til þessa verkefnis verði veittar 180 millj. kr.

Ég hef þá farið yfir þetta, að vísu í flýti, en í 15. og síðasta lagi — með tilliti til þess að við tökum ómakið af hæstv. ríkisstj. og ráðstöfum þeim 12 milljörðum sem hún treystir sér ekki til, þá leggjum við til í ljósi þess, sem hér er gert, að sá liður falli niður. Það er augljóst mál.

Eins og menn sjá af þessum brtt. er nokkur hluti af þeim þess eðlis, að þær koma ekki til ákvörðunar fyrr en við 3. umr. fjárlaga. Ég vil því herra forseti, strax taka það fram, að brtt. á þskj. 236 dreg ég til baka til 3. umr. Það sýnir þá stefnu sem við viljum gera tilraun til að koma að einhverju leyti inn í frv. Ég hef lýst því yfir, að eigi að afgreiða frv. með þeim hætti sem hæstv. ríkisstj. vill að verði gert, þá er hér gersamlega óraunhæft pappírsplagg. En við gerum þó tilraun til þess að koma einhverju lagi á nokkra tiltekna þætti frv., ef það mætti verða til þess að bæta, þó ekki væri nema að nokkru leyti, niðurstöður þess sem við erum hér að ræða um og ætlumst ábyggilega allir til að verði til hagsældar fyrir þjóðina í framtíðinni. Það verður ekki ef farið verður að þeim ráðum hæstv. ríkisstj. að afgreiða málið eins og það liggur nú fyrir.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég verð að byrja á að segja að það er slæmt að engir hæstv. ráðh. eru

hér til að hlýða á þessar umr. vegna þess að ég hafði reyndar ætlað mér að beina nokkrum spurningum til hæstv. fjmrh. Það verður ekki hjá því komist við þessa umr. að gera nokkrar aths. við það, hvernig staðið er að fjármögnun Byggingarsjóðs ríkisins í fjárlagafrv.

Fram kemur í fjárlagafrv. að gert er ráð fyrir 4300 millj. kr. framlagi úr ríkissjóði til Byggingarsjóðs ríkisins og ráð fyrir því gert að sjóðurinn hafi til ráðstöfunar 30 milljarða á næsta ári. Ef sú tala á að standast, 30 milljarða ráðstöfunarfé til sjóðsins, hlýtur því að fylgja gífurlega mikil lántaka sjóðsins á næsta ári, varla undir 20 milljörðum. Þegar frv. um Húsnæðisstofnun ríkisins var til meðferðar á síðasta þingi gagnrýndi Alþfl. þær breytingar, sem gerðar voru á framlögðu frv. Magnúsar H. Magnússonar, og taldi Alþfl. að fjármögnunarþætti Byggingarsjóðs ríkisins væri stefnt í mikla óvissu, en í frv. því, sem upphaflega var lagt fram um Húsnæðismálastofnun, var gengið út frá óbreyttum tekjum sjóðsins af launaskatti, sem voru 2%. Í 9. gr. laga um Húsnæðisstofnun er kveðið á um að fjár í Byggingarsjóð ríkisins skuli aflað með árlegum framlögum úr ríkissjóði af launaskatti, en í fjárlagafrv. kemur fram að svo er litið á að markaðir tekjustofnar Byggingarsjóðs ríkisins séu engir. Verður stórlega að draga í efa að þetta standist lagalega því að í gildandi lögum um launaskatt er kveðið á um að 2% af launaskatti skuli renna til Byggingarsjóðs ríkisins, og þeim lögum hefur ekki verið breytt. Samkv. þeim lögum ættu því að renna 15 milljarðar kr. til Byggingarsjóðs ríkisins eða 2% af launaskatti, sem gert er ráð fyrir í fjárlögum. Ef það hefur verið ætlun ríkisstj. á síðasta þingi, þegar lög um Húsnæðisstofnun voru samþ., að lækka þá upphæð af launaskatti sem renna átti til Byggingarsjóðs ríkisins, hefði því samhliða verið nauðsynlegt að breyta lögum um launaskatt. Byggingarsjóður ríkisins er því samkv. þessu snuðaður um rúma 12 milljarða kr., sem sjóðnum ber í rauninni að fá samkv. gildandi lögum um launaskatt, sem telja verður að ríkisvaldinu beri að fara eftir meðan þau eru ekki numin úr gildi. Er því nauðsynlegt að fá fram með hvaða rétti ríkisvaldið fer ekki að lögum um launaskatt og á hverju ríkisstj. byggir þegar hún ákveður Byggingarsjóði ríkisins 0.37% af launaskatti, en lögin um launaskatt kveða á um 2%. Er nauðsynlegt að hæstv. fjmrh. gefi þm. upplýsingar um þetta atriði, áður en þessari umr. lýkur, og á hverju ríkisstj. byggi þegar hún gengur fram hjá gildandi lögum í landinu.

Þegar frv. um Húsnæðisstofnun ríkisins var til umr. á síðasta þingi fór félmn. Nd., sem hafði frv. til meðferðar, fram á ýmsar upplýsingar frá Þjóðhagsstofnun, t. d. hvaða áhrif breytingar, sem gerðar voru á frv., hefðu á stöðu sjóðanna og hvaða áhrif hugsanlega skertir tekjustofnar sjóðsins hefðu á aukingu lántöku miðað við stefnu frv. Vegna þeirra upplýsinga, sem fram komu hjá Þjóðhagsstofnun, varaði Alþfl. mjög við hvaða áhrif það hefði á uppbyggingu og fjárhagsgetu Byggingarsjóðs ríkisins, ef tekjustofnar hans yrðu skertir, og benti á að þessar upplýsingar gæfu vísbendingu um að lántökur þyrftu að vera rúmlega 100 milljörðum meiri næstu 10 árin hvað Byggingarsjóð ríkisins varðar ef tekjustofn hans varðandi launaskatt yrði skertur.

Félmn. Nd. óskaði eftir því, eftir að þing kom saman nú í haust, að Þjóðhagsstofnun gerði nýja útreikninga á áætlaðri stöðu sjóðsins, miðað við þær upplýsingar sem fyrir lægju um tekjustofn á fjárlögum og áætlun Húsnæðisstofnunar um tekju- og útlánaáætlun. Þær upplýsingar liggja nú fyrir. Þar sem í ljós hefur komið á fjárlögum að ekki er áætlað meira framlag úr ríkissjóði af launaskatti en raun ber vitni er brýnt að þm. geri sér ljóst hvert muni stefna með Byggingarsjóð ríkisins ef ekki komi til veruleg aukning fjármagns úr ríkissjóði til Byggingarsjóðsins, en af fram komnum upplýsingum Þjóðhagsstofnunar nú er ljóst að sjóðnum er stefnt í verulega tvísýnu, svo að vægilega sé tekið til orða, og mun hann í reynd aldrei ná því að byggjast upp.

Ég skal ekki tefja tímann nú við þessa fjárlagaumr. með því að gera þeim upplýsingum tæmandi skil sem fram koma í þessari áætlun Þjóðhagsstofnunar, þó að reyndar væri full þörf á því, en vil drepa á þá aukningu sem þarf að verða á lántökum frá lífeyrissjóðunum gengið út frá þeim forsendum sem fyrir liggja í fjárlögum, sem ég tel tvímælalaust að þm. verði að glöggva sig á. Sú vísbending, sem fram kemur hjá Þjóðhagsstofnun, gefur grófa bendingu hvert stefnir ef óafturkræf framlög verða ekki stóraukin. Útreikningar stofnunarinnar eru miðaðir við forsendur fjárlaga, útlána- og tekjuáætlun Húsnæðisstofnunar og núgildandi kjör hjá lífeyrissjóðunum. Í dæmum Þjóðhagsstofnunar voru eingöngu reiknaðar lántökur hjá lífeyrissjóðunum, en ekki hjá Atvinnuleysistryggingasjóði og af skyldusparnaði, en þá væru lántökur til muna meiri. En þrjú dæmi voru tekin. Í fyrsta lagi er gengið út frá 1% tekjum Byggingarsjóðs af launaskatti, í öðru lagi 2% tekjum eins og hann á að hafa samkv. lögum um launaskatt og í þriðja lagi þeirri upphæð sem fram kemur í fjárl. Eftirfarandi kemur þá í ljós:

Lántökur hjá lífeyrissjóðunum, og þá eru lántökur hjá Atvinnuleysistryggingasjóði og af skyldusparnaði undanskildar, yrðu miðað við 1% framlag af launaskatti á tímabilinu 1980—2000 eða á 20 ára tímabili tæpir 380 milljarðar. Miðað við sama tímabil og 2% launaskatt áætlast þær 196.5 milljarðar og fjárlagadæmið eins og það nú er þýðir í áætluninni 490 milljarða lántökur hjá lífeyrissjóðunum á næsta 20 ára tímabili. Einnig er fróðlegt að líta á tímabilið 1980—1990, eins og var gert í vísbendingum Alþfl. s. l. vor, en þá benti Alþfl. á að frv., eins og það var samþykkt, benti til rúmlega 100 milljarða meiri lántökuþarfar Byggingarsjóðs ríkisins en upphaflegt frv. Magnúsar H. Magnússonar. Ef litið er á töflu þá sem Þjóðhagsstofnun hefur nú gert kemur í ljós, að 2% launaskattur, eins og upphaflegt frv. Alþfl. um Húsnæðisstofnun gerði ráð fyrir, þýddi 8.5 milljarða lántöku, en fjárlagadæmið nú þýðir á þessu 10 ára tímabili 217.7 milljarða lántöku eða um 132 milljörðum meira. Er því ljóst að aðvaranir Alþfl. á síðasta þingi hafa að því er þetta varðar átt við full rök að styðjast.

Í þessum gögnum Þjóðhagsstofnunar kemur einnig fram að þær lántökur, sem fram koma, miðað við forsendur fjárlaga séu meiri en svo, að þær teljist raunhæfar, og sjóðurinn nái engan veginn að byggjast upp. Bendir þetta til að stefna verði að töluvert hægari útlánaaukningu en gert hefur verið ráð fyrir fram að þessu eigi fjáröflun að vera með þeim hætti sem fram kemur í fjárlögum. Ef gengið yrði hins vegar út frá 2% launaskatti mundi sjóðurinn ná að byggjast upp og vöxtur tekinna lána stöðvast á árinu 1992, og verða þá nýjar lántökur orðnar minni en afborganir og vextir eldri lána. Einnig er vert að benda á að lánahlutfall er verulega á eftir því sem upphaflega var gert ráð fyrir, en í þessum

forsendum er gert ráð fyrir 25% lánahlutfalli 1981. Er það reyndar nánast sama lánsfjárhæð og hefði átt að gilda frá 1. jan. n. k. samkv. eldri lögum, og er það eitt út af fyrir sig verulegt umhugsunarefni.

Herra forseti. Ég skal ekki taka lengri tíma í þetta mál, en ég taldi nauðsynlegt að þessar upplýsingar kæmu fram varðandi það, að stöðu Byggingarsjóðs er stefnt í mikla tvísýnu í fjárlagafrv. og verður það að kallast fullkomið ábyrgðarleysi hvernig núv. hæstv. ríkisstj. ætlar að halda á þessum málum. Eins var nauðsynlegt að benda á að gildandi lög um launaskatt kveða á um 12 milljarða kr. meira framlag af hendi ríkissjóðs en ráð er fyrir gert í þessu frv., og hlýtur að verða að athuga það mál sérstaklega áður en fjárlög verða afgreidd, hvort lög heimila að hægt sé að afgreiða Byggingarsjóð ríkisins með þeim hætti sem fram kemur á fjárlögum.

Annað atriði þessa fjárlagafrv. vil ég einnig gera að umtalsefni í örstuttu máli, en það eru stórlega vanáætluð útgjöld Tryggingastofnunar ríkisins til sjúkra- og lífeyristrygginga. Ég óskaði eftir útreikningum á áætlun Tryggingastofnunarinar á útgjöldum stofnunarinnar fyrir árið 1981 til þessara mála nú í byrjun des., og ætla ég að þessi áætlun, sem nýlega var gerð, hafi verið send fjvn. til meðferðar. Í áætluninni, sem gerð var um lífeyristryggingagreiðslur fyrir árið 1981, kemur í ljós að um vanáætlun er að ræða miðað við útreikninga stofnunarinnar miðað við fjárlagafrv., og er um að ræða rúma 6.5 milljarða. Á sjúkratyggingadeild er um vanáætlun að ræða í fjárlagafrv. um rúma 12 milljarða. Stærstu útgjaldaliðir sjúkratryggingadeildar eru vistgjöld á sjúkrahúsum, en þar kemur helst fram vanáætlun á sjúkratryggingadeildinni. Í áætlun Tryggingastofnunar er gengið út frá daggjöldum á hverju einstöku sjúkrahúsi eins og þau voru frá 1. sept. 1980 og legudögum 1979 og þar er, eins og í fjárlagafrv., gert ráð fyrir 10.5% hækkun frá 1. des. og 15% meðaltalshækkun 1981. Einnig er reiknað með 2% árlegri aukningu. Á báðum þessum deildum er því samtals um vanáætlun að ræða upp á 18.5 milljarða svo að reikna verður með mun meiri útgjöldum til almannatrygginga en fram kemur í þessu fjárlagafrv.

Ég vil svo að lokum, herra forseti, mæla fyrir brtt., sem ég flyt á þskj. 234 við brtt. á þskj. 209, þess efnis að hækka liðinn Önnur rekstrargjöld til Jafnréttisráðs um 14 millj. Um er að ræða að fyrirhugað er, ef þessi fjárveiting fæst, að gefa út fræðslubækling fyrir verðandi foreldra og er hann hugsaður sem framlag til foreldrafræðslu. Útgáfa þessi er fyrirhuguð í samráði við heilbrigðisráð Reykjavíkurborgar, borgarlækni og landlækni og einnig hefur heilbrrh. verið kynnt málið. Allir þessir aðilar hafa tekið máli þessu vel og sýnt því mikinn áhuga. Hefur til að mynda landlæknisembættið boðið að aðstoða með því að sjá um dreifingu bæklingsins á allar heilsugæslustöðvar. Ég vil, með leyfi forseta, lesa örfáar línur úr bréfi frá landlækni þar sem lýst er stuðningi við þetta mál, en þar segir:

„Landlæknisembættið telur, að hér sé um mjög áhugaverða útgáfu að ræða, og vill styðja málið eftir mætti. Embættið telur, að bæklingurinn eigi skilyrðislaust erindi til lækna, og vill aðstoða með því að sjá um dreifingu bæklingsins á allar heilsugæslustöðvar."

Ég sé ekki ástæðu til að hafa frekari orð um þessa brtt., en vona að stuðningur fáist við málið hér á hv. Alþingi þannig að hægt sé að gefa út þennan fræðslubækling.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 234, 236 og 240, sem voru of seint fram komnar, samþ. með 31 shlj. atkv.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég leyfi mér að mæla fyrir brtt. sem ég hef lagt fram á þskj. 224.

1. brtt. er um launaskatt, þ. e. að tekjur Byggingarsjóðs ríkisins af launaskatti hækki úr 2 milljörðum 788 millj. 700 þús. kr. í 15 milljarða. Ég hafði hugsað mér að skýra ástæðurnar fyrir þessari till., en hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir hefur tekið að mestu leyti af mér ómakið í því efni. Hún ræddi í ræðu sinni áðan um stöðu Byggingarsjóðs ríkisins, fjárþörf hans og ástand mála og lýsti greinilega og réttilega hvernig þeim málum er varið. En það er einmitt með tilliti til ástandsins hjá Byggingarsjóði ríkisins sem þessi till. er fram borin. Þó er það ekki nema ein ástæðan.

Önnur ástæðan, sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir kom líka inn á, er að það ber skylda til þess að taka inn í fjárlagafrv. og samþykkja fjárlög með 15 milljarða kr. tekjum til Byggingarsjóðs ríkisins af launaskatti. Samkv. lögum frá 16. des. 1977 um breytingar á lögum um launaskatt frá 1965 eiga 2% af launaskatti að ganga í Byggingarsjóð ríkisins. Það eru lög, eins og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir gat um. Hún sagði að sér léki hugur á að heyra skýringar hæstv. fjmrh. á því uppátæki að fara ekki að lögum. Mér leikur forvitni á því líka. En ég tel mig ekki þurfa að fá nein svör frá hæstv. ráðh. í þessum efnum. Ég tel — og vil lýsa því hér yfir — að það sé ólöglegt athæfi af hæstv. ráðh. að ætla ekki í þessu fjárlagafrv. og fjárl. fyrir næsta ár 15 milljarða eða sem svarar 2% tekjum af launaskatti til Byggingarsjóðs ríkisins. Samkv. stjórnskipunarlögum landsins ber hæstv. ráðh. skylda til þess að gera þetta. Ef hann gerir það ekki fæ ég ekki annað séð en hann sé ábyrgur samkv. ráðherraábyrgðarlögum frá 1963, því að það varðar við þau lög ef ráðh. lætur ógert það sem honum ber stjórnskipuleg skylda til að gera.

Þriðja ástæðan, sem ég vildi koma inn á í sambandi við þessa till. um launaskattinn til Byggingarsjóðs ríkisins, er sú, að það er ákaflega hæpið að taka þessar tekjur af Byggingarsjóði ríkisins nema í samráði við aðila vinnumarkaðarins. Í samningum aðila vinnumarkaðarins, Vinnuveitendasambands Íslands og Alþýðusambands Íslands, 5. júní 1964, hinu svokallaða júnísamkomulagi, var tekið fram og ríkisstj. lýsti yfir, að til þess að koma endum saman í þeim samningum og gera Alþýðusamband Íslands og umbjóðendur þess ánægða með samningana skyldi leggja á launaskattinn, og var ákveðið að leggja launaskattinn til Byggingarsjóðs ríkisins sem stofnframlag. Þetta var tekið fram í forsendum fyrir brbl. um launaskatt sem gefin voru út sumarið 1964 og samþ. sem lög árið eftir, 1965, af Alþingi. Þannig er ekki ein báran stök í þessu efni og hver þeirra fyrir sig væri að mínu viti nægilegt til að gera þessa till. sjálfsagða.

Ég kem þá að 2. till. minni á þskj. 224, sem fjallar um að það séu veittar 600 millj. kr. til Landspítalans til kaupa á svokölluðu CT-tæki, whole-body scan, eins og það heitir á enskri tungu. Ég vil taka það fram, að það er prentvilla í þskj. Það á að vera CT-tæki eða Computerized tomography, sem á íslensku hefur verið þýtt tölvustýrð sneiðmyndataka. Það er nýtt hugtak í læknisfræði,

en er orðið vel þekkt í öllum nágrannalöngum okkar. Hins vegar er Ísland eina landið í Vestur-Evrópu sem hefur ekki yfir þessari nýju tækni í sjúkdómsgreiningu að ráða.

Það var í okt. 1979 sem enska verkfræðingnum Cofrey Hounsfield og bandaríska eðlisfræðingnum Alan Vormack voru veitt Nóbelsverðlaun í læknisfræði fyrir nýjung í notkun röntgengeisla við sjúkdómsgreiningu. Með þessari tækni má fá skýrari mynd af viðkomandi líkamshluta, sem tekin er mynd af, en þótt líffæri væri skorið í sundur og skoðað með berum augum og athugað þannig. Þessi tækni hefur valdið gerbyltingu í sjúkdómsgreiningu og farið sigurför um allan heim. Fyrstu CT-tækin voru einungis hönnuð fyrir skoðun á höfði og heila. Áður en CT-tæki kom til sögunnar var einungis hægt að fá mynd af heila á óbeinan hátt með því að fylla heilahólfin með lofti áður en myndir voru teknar og einnig með því að dæla inn skuggaefnum í heilaæðar. En slíkar skoðanir eru tímafrekar og óþægilegar fyrir sjúklinginn auk þess sem þær geta verið hættulegar. Sérstaklega er áhætta mikil hjá gömlu fólki. Með CT-tæki er hægt að gera þessar rannsóknir á skömmum tíma og án óþæginda fyrir sjúklinginn, auk þess sem rannsóknin er algerlega áhættulaus. Það, sem mest er þó um vert, er nákvæmni í sjúkdómsgreiningu með CT-tækni. Greina má minnstu æxli eða meinvörp, sem ekki var gerlegt áður. Mjög auðvelt er að greina blæðingar utan heila og inn í heila og greina má hvers konar heilarýrnun og drep eftir blóðtappa, svo að eitthvað sé nefnt. Tækni þessi hefur þróast ört frá því að kanna einungis höfuð og heila upp í alhliða tækni sem spannar rannsóknir á öllum líkamshlutum, svokallað whole-body scan.

Rétt er að geta þess, að fyrstu tækin á Norðurlöndum voru sett upp 1973 í Stokkhólmi og 1974 í Osló og Kaupmannahöfn.

Mesti ávinningurinn af whole-body scan er fyrir greiningu og meðferð krabbameins. Alhliða CT-tæki, whole-body scan, hefur verið á beiðni röntgendeildar Landspítalans fyrir tækjakaup frá því árið 1976 og hafa í því sambandi verið sendar margar greinargerðir til stjórnarnefndar ríkisspítalanna svo og heilbrrh., fjmrh., landlæknis og yfirstjórnar mannvirkjagerðar á landspítalalóð. Vegna tilkomu þessarar CT-tækni var m. a. hætt við kaup á sérstökum röntgentækjum til rannsókna á miðtaugakerfi, sem kostað hefðu um það bil 80 millj. kr. árið 1976, enda ljóst hvert stefndi.

Með þessari tækni eru mörkuð tímabót í nákvæmni sjúkdómsgreiningar og opnast möguleikar til réttrar sjúkdómsgreiningar á byrjunarstigi sjúkdóms, auk þess sem unnt er að komast hjá áhættusömum og oft mjög erfiðum rannsóknum. Þær sérgreinar, sem mest not hafa af þessari rannsóknartækni, eru taugasjúkdómafræði, krabbameinsgreining, öldrunarlækningar og kvensjúkdómar. Á taugasjúkdómadeild koma öll erfiðustu sjúkdómstilfelli í miðtaugakerfi til greiningar og til ákvörðunar um meðferð. Rannsóknir á taugasjúkdómum hafa vart lengur gildi nema fyrir sé niðurstaða tölvusneiðmyndatölu. Á Landspítalanum er eina taugalækningadeild landsins.

Þessi tækni gerir mögulegt að greina krabbamein fyrr en áður og unnt er að staðsetja meinsemd og meta útbreiðslu nákvæmlega, en það hefur ómetanlegt gildi fyrir ákvörðun meðferðar og er oft forsenda réttrar meðferðar og eftirlits að frummeðferð lokinni. Á Landspítalanum er eina krabbameinsmeðferðardeild landsins.

Í mörgum tilfellum gerir tækni þessi mögulegt að greina sjúkdóma hjá öldruðu fólki þegar almennt ástand leyfir ekki erfiðar rannsóknir. Einasta öldrunarlækningadeildin er hluti Landspítalans.

Langstærsta sérhæfða deildin fyrir kvensjúkdóma er við Landspítalann og þar gefin meðferð gegn krabbameini í legi og legholi.

Einustu sérhæfðu deildir fyrir lungnasjúkdóma og brjóstholsaðgerðir eru við Landspítala, en með CT-tækni opnast nýir möguleikar fyrir sjúkdómsgreiningu, sem eru ákvarðandi varðandi meðferð.

Einasta sérhæfða bæklunarlækningadeildin er við Landspítalann, en hin nýja tækni getur oft skorið úr um orsakir verkja í baki, sem ekki verða örugglega greindar með öðrum hætti.

Við Landspítalann eru þegar fyrir hendi eðlis- og tæknifræðideild er gætu sinnt viðhaldi og eftirliti slíks tækjabúnaðar.

Réttast er að keypt verði hole-body scan og það staðsett við Landspítalann með þau rök í huga sem ég hef hér vikið að. En til viðbótar má geta þess, að Landspítalinn er stærsta sjúkrahúsið og þjónar öllu landinu, auk þess sem hann er aðalkennslusjúkrahús landsins.

Og þá vil ég leyfa mér að minna á að um þessar mundir, eða n. k. laugardag, eftir viku, 20. des., eru 50 ár liðin frá því að Landspítalinn hóf starfrækslu sína. Um þessar mundir er haldið upp á þessi merku tímamót í heilbrigðissögu landsins. Þess er minnst þessa dagana með ýmsum hætti. Mér þykir það ekki orka tvímælis, að við, sem erum á hv. Alþingi eða hv. Alþingi minnist þessara tímamóta með því að ákveða að Landspítalinn fái þetta þýðingarmikla tæki sem skapar byltingu í heilsugæslu og læknismeðferð hér á landi.

Ég vona að það verði ekki ágreiningur um þetta mál. Og ég vil láta þess getið, að nú fyrir nokkrum mínútum, áður en ég gekk í þennan ræðustól, kom til mín hæstv. heilbrrh., Svavar Gestsson, og sagði að hann hefði tekið þetta mál núna upp í ríkisstj. og það væri samstaða um þetta mál. Það þykja mér mjög góðar fréttir. Mér skilst að það hafi gerst í dag.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta og vænti þess sannarlega að við getum öll sameinast um þetta þýðingarmikla mál.

Ég kem þá að síðustu till. minni á þskj. 224. Það er till. um að auka framlag til sveitarafvæðingar um 700 millj. kr.

Sveitarafvæðingin hefur staðið lengi yfir. Það eru margir áratugir síðan fyrst var farið að tala um hana og framkvæma nokkuð í því efni. Frá því á árinu 1953 má segja að hafi verið unnið markvisst að því að koma sveitarafvæðingunni á. En því er ekki lokið. Enn þá eru bæir eftir sem gert er ráð fyrir að verði tengdir samveitum. Þegar ég segi: „gert ráð fyrir," þá á ég við að árið 1975 samþykkti Orkuráð fyrir sitt leyti að stefnt skyldi að því að tengja alla bæi upp að 6 km meðalvegalengd milli bæja. Miðað við þessa samþykkt er nokkuð eftir. Þá var gert ráð fyrir að þeir bæir, sem væru í meira strjálbýli, vegalengdir væru meiri milli þeirra en þetta, yrðu aðnjótandi annarra ráðstafana til að aðstoða fólk þar, en þeir yrðu ekki tengdir við samveitur.

Tillaga mín miðar við að þessu verki sé lokið. Ég segi það þó með nokkrum semingi, vegna þess að gert var ráð fyrir því í tillögum Orkuráðs að það mundi þurfa um 800

millj. til að ljúka þessu verkefni á næsta ári. Þær tillögur voru gerðar snemma á þessu ári, en hér reikna ég með að við höfum, ef þessi till. verður samþykkt, 700—800 millj. í þessu efni. Till. mín gerir ráð fyrir 1200 millj. til sveitarafvæðingar. Það fé fer ekki allt í hina svokölluðu sveitarafvæðingu, heldur er gert ráð fyrir að 400 millj. af því a. m. k. fari í svokallaðar heimtaugar þar sem þarf að leggja rafmagn í ný hús á eldra veitusvæði.

Samkv. þessari till. er gert ráð fyrir að fé til þessa verði tekið af öðru framlagi sem frv. gerir ráð fyrir til orkumála, þ. e. tekið af 1700 millj. kr. til styrkingar dreifikerfis rafmagns í sveitum, en sá liður fjárlagafrv. er ætlaður til framkvæmda í sveitum landsins þar sem dreifikerfi er fyrir. Það er ákaflega þýðingarmikið verkefni og eru nú að hefjast framkvæmdir í því efni samkv. samþykkt sem Orkuráð gerði 1. mars 1979 um heildarframkvæmdaáætlun til átta ára. Að vísu er það fjármagn, sem frv. gerir ráð fyrir í þetta, ekki nægilega mikið til að ljúka þessari áætlun á næstu átta árum, nema þeim mun betur sé gert hin síðari ár, en samt sem áður geri ég það að tillögu minni, að 700 millj. séu af þessu teknar og eftir standi 1000 millj. Það er ekki góður kostur, ég viðurkenni það, en það er að mínu viti þó betri kostur en að láta það fólk, sem enn bíður eftir rafmagni, bíða enn þá lengur því að ef þessi till. er ekki samþykkt verður ekkert gert í hinni eiginlegu sveitarafvæðingu á næsta ári.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þessa till., en hún er miðuð við það að samkomulag fáist um þessa leið út úr miklum vanda. Auðvitað hefði ég kosið frekar að veitt hefði verið meira fjármagn úr ríkissjóði til orkumálanna í heild, en ég geri ekki á þessu stigi tillögu um það í trausti þess að við getum sameinast um þessa lausn, sem ætti að mínu viti að vera greiðfærari en hin, að leita eftir auknu fjármagni.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Af margvíslegum ástæðum og þá m. a. vegna fréttar í Ríkisútvarpinu í kvöld um brtt. Alþfl. við frv. til fjárlaga fyrir árið 1981, þar sem kom fram að í brtt. fælist einkum niðurskurður á liðum landbúnaðar með yfirfærslum til Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, vil ég gera nokkru nánari grein fyrir þeim brtt. sem Alþfl.-menn flytja og hv. þm. Karvel Pálmason, fulltrúi flokksins í fjvn., hefur lagt fram og gert nokkra grein fyrir.

Ég vil leggja höfuðáhersluna á að hér er ekki um að ræða eyðslutillögur eða útgjaldatillögur. Hér er um að ræða tilfærslu á fjármagni á milli liða fjárlaganna sem við teljum eðlilega og kemur heim og saman við þá stefnu sem Alþfl. hefur m. a. haft í landbúnaðarmálum og öðrum þeim málaflokkum sem þessar till. snerta.

Aðalatriði þessara till. eru þau, að gert er ráð fyrir að tekjuskattur einstaklinga verði lækkaður um 13.8 milljarða kr. og sjúkratryggingagjald um 3 milljarða kr. Þessir fjármunir fáist frá lið sem á fjárlögum er nefndur „Sérstakar efnahagsráðstafanir 12 milljarðar kr." En við komum einnig með tillögur um fleiri tekjuliði sem koma þarna á móti.

Í till. er gert ráð fyrir að byggingarsjóðsgjald af tekjuskatti einstaklinga verði einnig lækkað og þá um 200 millj. kr. Á móti komi á liðinn Tekjuskattur félaga hækkun um 2 milljarða kr. Við þennan lið vil ég staldra augnablik. Ég hefði kosið að fjmrh. sæti hér nú vegna þess að þetta hefur verið eitt af hans helstu baráttumálum á hinu háa Alþingi þ. e. að hækka tekjuskatt félaga. Ég minnist þess, að það hefur verið hans lausnarorð um margra ára bil hér á þinginu að það bæri að leggja hærri tekjuskatta á félög. Ég minnist þess líka, að hann veifaði hér einu sinni plaggi með nöfnum yfir eitt hundrað fyrirtækja sem voru tekjuskattslaus. Hvar er nú allur hugur hæstv. fjmrh. og þeirra Alþb.-manna í þá veru að hækka tekjuskatt á félögum? Hann virðist ekki vera fyrir hendi vegna þess að samkv. fjárlögunum eru félögin nánast tekjuskattslaus á næsta ári.

Í þessum till. Alþfl. er ráð fyrir því gert, að liðurinn Rekstrarhagnaður Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins hækki um 3 milljarða kr. Þessi liður er ákaflega eðlilegur að mínu mati, og ég tel að þetta geti verið þáttur í þeirri stefnu, sem ég vona að sé stefna flestra, að eðlilegt og sjálfsagt sé að hækka verð á áfengi til að draga ofurlítið úr áfengisneyslunni. Ég held að það geti enginn maður verið á móti þessari till. í sjálfu sér vegna þess að þetta er afskaplega þekkilegur og þægilegur tekjuliður.

Þá er ráð fyrir því gert í brtt. Alþfl., að Jarðasjóður verði stórefldur, framlag til hans verði hækkað um 500 millj. kr. Það kemur heim og saman við þá stefnu Alþfl., að það beri að aðstoða bændur sem vilja leysa upp bú sín og selja jarðir sínar. Í fjárlögum eru eingöngu ætlaðar til Jarðasjóðs 40.3 millj. kr. — og hvað skyldu nú verða keyptar margar bújarðir fyrir þá upphæð?

Þá er í brtt. gert ráð fyrir að framlag til Veiðimálaskrifstofu verði aukið um 500 millj. kr. Þetta framlag er til einstaklinga og samtaka, en heitir með öðrum orðum Fiskræktarsjóður. Hér á þingi — og ekki bara á þessu þingi, heldur á þingi Stéttarsambands bænda og fleiri aðila — hefur mikið verið rætt um að efla fiskrækt í landinu. Staða Fiskræktarsjóðs er sú, að hann er gersamlega tómur. Það eru ekki neinir fjármunir í honum. Hann getur ekkert lánað. Hann er tilgangslaus í eðli sínu vegna þess að honum eru ekki ætlaðir neinir tekjustofnar sem neinu máli skipta.

Þá vil ég nefna það, að í till. kemur fram að Alþfl. vill lækka jarðræktarframlög um 1.3 milljarða kr. Og af hverju skyldi hann vilja það? Hann vill ekki auka túnrækt í landinu á sama tíma og bændur sjálfir og samtök þeirra berjast við að reyna að draga úr landbúnaðarframleiðslunni. Þetta finnst okkur ákaflega eðlilegt og sjálfsagt að gera.

Sama máli gegnir um liðinn Framræsla sem flokkurinn gerir tillögu um að lækka um 215 millj. Það kemur heim og saman við það sem ég nefndi hér á undan, að draga beri úr túnrækt.

Þá leggur Alþfl. til enn einu sinni, og fer nú að verða eins og Kató gamli, að útflutningsuppbætur verði lækkaðar. Samkv. lögum mega útflutningsuppbætur vera allt að 10% af framleiðsluverðmæti, en Alþfl. hefur lagt til að þessi prósentutala eða þessi hundraðshluti yrði lækkaður í áföngum. Með þessu yrði þetta hlutfall lækkað í 9%. Þarna spöruðust 1200 millj. kr.

Þá kemur fram í till. Alþfl., sem kann að skjóta nokkuð skökku við vegna þess að ég hefði álitið að svona till. kæmi frá hv. framsóknarmönnum hér á þingi, en það er áætlun um að leggja fram 600 millj. til stuðnings við nýjar búgreinar og ábatasamar hliðarbúgreinar. Engin till. af þessu tagi kemur frá framsóknarmönnum. Það er af og frá. (**AS:** Ég taldi að þm. misskildi hvað væri átt við með jarðræktarframkvæmdum.) Onei, hv. þm. misskilur ekkert í þeim efnum, ekki nokkurn skapaðan hlut. En

það gæti verið að annar hv. þm., sem hér er í salnum og er fulltrúi Framsfl., misskildi það eitthvað. — Ég var hér að ræða um nýjar búgreinar og ábatasamar hliðarbúgreinar, sem Alþfl. leggur til í brtt. sínum að fái um 600 millj. kr., sem ráðh. gæti þá ráðstafað eftir hentugleikum.

Þá kem ég að öðrum lið sem einnig tengist fiskrækt. Í till. Alþfl. er gert ráð fyrir að Fiskifélag Íslands, fiskræktardeild, fái framlag sitt hækkað um 100 millj. kr. Þessi deild fær nú 26 millj., en við gerum ráð fyrir að liðurinn hækki í 126 millj. Fiskræktardeild Fiskifélags Íslands hefur gert stórmerkar rannsóknir á fiskræktarmálum á undanförnum árum af miklum vanefnum. Þess njóta allir landsmenn. Þessar rannsóknir þarf að stórefla og við viljum með þessari brtt. gera tilraun til að efla þessar rannsóknir.

Í sömu átt horfir sú brtt. sem gerir ráð fyrir að undir liðnum Hafrannsóknastofnun komi nýr liður sem heiti: Til rannsókna á eldi sjávarfiska 800 millj. kr. — Hér er á ferðinni stórmerkilegt mál. Hv. þm. Magnús H. Magnússon og sá sem hér stendur hafa flutt hér á þingi frv. til l. sem fellur í þát átt að hafin verði rannsókn á eldi sjávarfiska, sem gefið hefur mjög góða raun í Noregi, í Bretlandi og víðar um heim og talið er að geti valdið gjörbyltingu í þá veru að maðurinn sjálfur, en ekki eingöngu náttúruöflin, geti haft áhrif á stofnstærðir og stofngöngur. Þessu máli verða allir þm. að gefa gaum. Þetta er eitt af stærstu framtíðarmálum þessarar þjóðar. Við viljum með þessari brtt. okkar renna stoðum undir þær rannsóknir sem við teljum nauðsynlegt, að fari fram í þessum efnum á allra næstu árum, og viljum að verði unnar í samvinnu Hafrannsóknastofnunar, Fiskifélags Íslands og Háskóla Íslands. Við höfum nægan mannafla til að sinna þessu verkefni og við höfum allar aðstæður til að gera það.

Herra forseti. Ég skal ekki teygja þessa umr. á langinn. Ég vildi eingöngu gera grein fyrir þessum brtt. Alþfl., sem ekki eru niðurskurðartillögur á þætti landbúnaðarmála í fjárlögum, heldur millifærslur á milli liða. Þarna er einnig um að ræða átak í þá veru að lækka stórlega tekjuskatt einstaklinga og sjúkratryggingagjald og nota til þess þá fjármuni sem á fjárlögum eru nefndir „Sérstakar efnahagsráðstafanir 12 milljarðar kr.“

Ég tók fram í upphafi að hér væri ekki um að ræða útgjaldatillögur, eins og svo margar brtt. á fjárlögum eru. Þessar till. eru eingöngu millifærsla á milli liða í fjárlögunum sjálfum, og ég er sannfærður um að margir af þm. hér inni gætu tekið undir fjölmargar af þeim brtt. sem hér koma fram, þótt þeir séu fulltrúar ríkisstj. og ríkistjórnarflokkanna hér á þingi. En auðvitað geta þeir það ekki ef þeir verða negldir niður í stóla sína, eins og venjulega er gert við afgreiðslu fjárlaga þegar sagt er já öðrum megin og nei hinum megin gagngert í gegnum öll fjárlögin án tillits til þess, hvort brtt., sem fluttar eru, eru af einhverju viti eða ekki.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég vil taka undir það sem aðrir hafa sagt hér á undan mér, að við söknum hæstv. ráðh. í fundarsal hv. Alþingis. (Gripið fram í.) Ég heyri að formaður þingflokks Framsfl. hefur önnur orð um þetta en ég, en mér er kannske hlýrra til ráðh. en þeir vindar verða sem það blása eftir daginn í dag. Það er ástæða til að minnast á þetta hérna vegna þess að ég man eftir því, að það sama gerðist fyrr á þessu ári, þegar við 2. umr. fjárlaga vantaði ráðh. framan af kvöldi. En nóg um það. Auðvitað er hægt að koma fsp. beint til hæstv. ráðh. á eftir. Þá er spurning hvort það eigi að vera að tefja aðra hv. þm. með því að standa hér í ræðustólnum og tala yfir þeim.

Ég vil strax í upphafi máls míns, og það er mér ljúft og skylt, þakka hv. þm. Geir Gunnarssyni, formanni fjvn., fyrir samstarfið í fjvn. sem hefur verið ákaflega ánægjulegt, svo og vil ég þakka samnefndarmönnum mínum.

Ég þarf ekki í ræðu minni að fara mjög ítarlega út í fjárlagafrv. eða einstaka þætti þess, það hefur hv. þm. Lárus Jónsson gert, auk þess sem sjálfstæðismenn í hv. fjvn. hafa skilað mjög ítarlegu nál.

Því miður hefur það gerst nú, eins og stundum áður, að upplýsingar skortir þegar við ræðum fjárlagafrv. við 2. umr. og til skamms tíma, eða þar til rétt fyrir kvöldmat í dag, höfðum við ekki lánsfjáráætlun hjá okkur. Því miður hefur ekki gefist tími til að kynna sér uppkast að henni, en hún komst mjög seint til skila. Það er hins vegar alvarlegt mál að mínu mati þegar hæstv. fjmrh. kemur í ræðustól Alþingis og segir þá gagnrýni stjórnarandstöðunnar, að ekki skuli liggja fyrir lánsfjáráætlun, vera raus og innantóm orð. Slíkur talsmáti er auðvitað ófyrirgefanlegur þegar í hlut á hæstv. ráðh. sem átti þátt í að setja þau lög sem segja skilyrðislaust að lánsfjáráætlun eigi að fylgja fjárlagafrv. Um þetta ætla ég ekki frekar að fjalla að sinni, en auðvitað vekur þetta þær spurningar hvort ekki sé æskilegt og jafnvel nauðsynlegt að lánsfjáráætlun fái meðferð fjvn. Alþingis, einkum og sér í lagi vegna þess að í lánsfjáráætlun og fjárfestingaráætlun á hverjum tíma er verið að leggja grunninn að fjárlögum næstu ára.

En það er ekki aðeins lánsfjáráætlunin sem er seint á ferðinni. Öll skattamál hæstv. ríkisstj. eru óklár og tekjustofnafrv. óafgreidd, aðallega vegna ágreinings í hæstv. ríkisstj., eins og sést best á umr. sem hafa orðið um aðlögunargjaldið og hið nýja vörugjald sem nýlegt frv. um er hér á Alþingi. Hæstv. iðnrh. hefur sagt að hann hefði viljað viðhalda aðlögunargjaldinu og láta það síðan hverfa í áföngum. Hæstv. viðskrh. vildi leggja það niður En hæstv. fjmrh. gerði sér lítið fyrir og bjó til nýjan tekjustofn. Þá komum við að því, sem er kannske merkilegast í þessu öllu saman, að verndartollur, sem settur er á fyrir iðnaðinn í ákveðinn stuttan tíma, er gerður að skatti á iðnaðinn eingöngu í því skyni, að því er virðist, að ná fjármagni í ríkissjóð. Ef eitthvað er ósiðlegt í skattheimtu er slíkt ósiðlegt.

Í dag barst alþm. fréttatilkynning frá Félagi ísl. iðnrekenda um þetta mál, þar sem fjallað er um þessi nýju tekjulög ríkisstj. þar sem vörugjald er hækkað úr 480 millj. í 3 milljarða og 400 þús. og sá mismunur á að koma í staðinn fyrir þá 2.7 milljarða sem eru tekjumegin í frv. að aðlögunargjaldinu. Orðrétt, með leyfi forseta, segir í bréfi frá Félagi ísl. iðnrekenda:

„Félag ísl. iðnrekenda vill minna á að í lögum um aðlögunargjald er skýrt tekið fram, að tekjum af aðlögunargjaldi skuli varið til eflingar iðnþróunar, og þannig beinlínis tekið fram, að það sé ekki sérstakur tekjustofn fyrir ríkissjóð. Hér er því um nýja skattheimtu að ræða sem er alls óskyld niðurfellingu aðlögunargjalds.

Í dag hélt stjórn Félags ísl. iðnrekenda fund með framleiðendum í sælgætis-, öl- og gosdrykkjaiðnaði. Þar var ákveðið að mótmæla harðlega þessu frv. og á það bent, að nú þegar innheimti þessar iðngreinar

meira en 3.5 milljarða kr. á ári fyrir ríkissjóð í formi sérstaks tímabundins vörugjalds.

Á fundinum kom fram að verð á framleiðsluvörum þessara greina mun hækka stórlega verði frv. að lögum og mun það valda verulegum samdrætti í starfsemi fyrirtækjanna. Vegna þessa hafa þau tilkynnt vinnumálaskrifstofu félmrn. og Iðju að fjöldauppsagnir starfsmanna séu óumflýjanlegar komi til lagasetningar þessarar."

2. umr. fjárlaga fer fram með nokkuð sérkennilegum hætti af ýmsum ástæðum og einkum þó og sér í lagi vegna ástandsins í efnahagsmálunum. Stefna ríkisstj. er niðurtalningarstefna. Forsendur fjárlaga miðast við það og verðlagsforsendur eru því í fjárlagafrv. 42%. Hins vegar sýna nýjustu spár Þjóðhagsstofnunar allt annað eða fast að 70% verðlagsbreytingar á milli meðaltala áranna 1980 og 1981.

Öllum er ljóst að efnahagsaðgerðir eru nauðsynlegar. En það er ágreiningur í ríkisstj. um þau mál og þá sérstaklega á milli Framsfl. annars vegar og Alþb. hins vegar. Niðurstaða ríkisstj. mun að sjálfsögðu hafa verulegáhrif á fjárlög og ríkisfjármálin. Þegar talað er um niðurtalninguna, sem Framsfl. barðist harðast fyrir fyrir síðustu kosningar hlýtur það að vera ljóst öllum, sem eitthvað hugsa um stjórnmál, að pólitískar forsendur þeirrar stefnu eru roknar út í veður og vind. Slíkar aðgerðir er hægt að framkvæma á fyrstu mánuðum nýrrar ríkisstj., en það er stjórnmálalegt lögmál að þegar frá líður þýðir ekki að bjóða almenningi slíkar aðgerðir.

Það vekur einnig ugg í þessu sambandi, að ríkissjóður er eða virðist vera ónæmur fyrir verðbólgu. Tekjur ríkissjóðs eru að langmestu leyti með þeim hætti að þær eru á fullu verði þegar þær eru innheimtar, en útgjöldin eru að verulegu leyti föst og hækka ekki þótt verðbólga sé meiri eða minni.

Það er athyglisvert í sambandi við skattalög, að af fjölmörgum sköttum eru það átta skattar sem afla ríkissjóði 85% teknanna, en 60 ýmiss konar smáskattar ná inn 15 prósentunum. Og það kemur fyrir að innheimtukostnaður fer allt upp í 73% af skattheimtunni. Þetta bendir til þess, að nauðsyn sé á einföldun og uppstokkun í tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs.

Því er stundum haldið fram, að verðbólgan sé að verulegu leyti innflutt verðbólga. Því hefur einnig verið haldið fram, að það sé einhvers konar efnahagslegt lögmál að verðbólga á Íslandi sé u. þ. b. þrisvar sinnum meiri en í nágrannalöndunum og hefur verið vitnað til ýmissa tímabila til að finna rök fyrir þeim skoðunum. Sé þetta hins vegar skoðað nú kemur í ljós að mikil breyting hefur orðið á þessu sambandi innfluttrar verðbólgu og innlendrar verðbólgu.

Árið 1979 var innflutt verðbólga 20%, en innlend verðbólga 60.7%. 1980 var innflutt verðbólga 12—14%, en innlend verðbólga 55%. Og 1981 er því spáð, að innflutt verðbólga verði 7—8%, en innlend verðbólga 70%. Hér er talað í tölum í erlendri mynt og auðvitað eru tölurnar fyrir 1981 áætlaðar og þar á meðal eru áætlunartölur Þjóðhagsstofnunar. Þetta sýnir, svo ekki verður um villst, að jafnvel þreföld verðbólga miðað við nágrannaþjóðirnar er löngu orðin úrelt lögmál, ef einhvern tíma hefur verið lögmál, því nú má segja að verðbólgan sé frá fimm og upp í tíu sinnum meiri en innflutt verðbólga er.

Þessi verðbólga magnast án efa um næstu áramót,

þegar raunvaxtastefnan fær fullt gildi, án þess að gerðar séu um leið aðrar ráðstafanir til að létta útgjaldabyrði fyrirtækja og heimila. Það kom fram í ræðu hv. þm. í dag að það er almennur skilningur á Alþingi fyrir því, að verði ekkert að gert muni vextir hækka samkv. íslenskum lögum upp í raunvaxtamarkið um næstu áramót. Það hefur jafnframt komið fram, að ríkisstj. hyggst ekki setja lög fyrir áramót sem gætu breytt þessari niðurstöðu. Sést þetta m. a. á þeim lista sem ríkisstj. hefur látið frá sér fara um þau mál sem hún vill að fái afgreiðslu fyrir áramót.

Eitt er alveg ljóst varðandi efnahagsstefnu hæstv. ríkisstj.: Núv. hæstv. ríkisstj. fylgir lífskjaraskerðingarstefnu. Hún birtist m. a. í stækkun fiskveiðiflotans með opinberum framlögum og aðgerðaleysi í orku- og stóriðjumálum. Með úrræða- og aðgerðaleysi sínu hefur hæstv. ríkisstj. lagt grunninn að því, að á næstu árum verður hagvöxturinn miklu minni en þurft hefði að vera. Miklu minna er til skipta og kjörin rýrna. Í nál. sjálfstæðismanna er tafla yfir það, hvernig hagvöxtur hefur minnkað á tímum vinstri ríkisstjórna og hver spáin er á næsta ári. Þar kemur glögglega í ljós hve skaðleg áhrif efnahagsstefna ríkisstj. hefur á vöxt þjóðarframleiðslunnar.

Ég ætla ekki í þessari ræðu minni að fara ítarlega út í efnahagsmálin eða nefna marga þætti fjárlagafrv., en það eru þó örfáir þættir sem ég vil gera nokkur skil. Í fyrsta lagi mun ég fjalla um verðfeluleik ríkisstj., sem hefur leitt til neðanjarðarhagkerfis og skýrt er nánar í nál. sjálfstæðismanna. Í öðru lagi vil ég benda á nokkur loforð ríkisstj. eins og þau voru gefin í stjórnarsáttmála og eins og þau hafa síðan verið efnd í því fjárlagafrv. sem nú er til umr. Í þriðja lagi mun ég fjalla um skipan opinberra framkvæmda og nýtingu framkvæmdafjár ríkisins og ríkisstofnana. Í fjórða lagi mun ég fara nokkrum orðum um málefni Reykjavíkurborgar, einkum skuldir ríkis við borg á sviði heilbrigðismála. Og loks mun ég í örstuttu máli drepa á örfá tæknileg atriði við fjárlagagerð, sem mér finns ástæða til að leggja sérstaka áherslu á.

Þá vil ég víkja að fyrsta þættinum, sem fjallar um feluleikinn sem ríkisstj. iðkar í verðlagsmálum. Það er alveg ljóst, að vísitölubundnir kjarasamningar hafa haft mjög óheppilegar afleiðingar á ríkisfjármálin og leitt til þess, sem kalla má „neðanjarðarhagkerfi" og er lýst á bls. 6 á þskj. 230. Skulu hér tilfærð þrjú dæmi til skýringar.

Niðurgreiðslur á landbúnaðarafurðum eru samkv. fjárlagafrv. 31 milljarður. Þessir fjármunir fara í það að halda niðri vöruverði, en eru þó auðvitað fyrst og fremst hugsaðir til að halda niðri kaupgjaldi í landinu.

Annað dæmi, sem tilfæra má, er það, að ríkisframlag til Þjóðleikhússins verður á næsta ári a. m. k. 1300 millj. Þetta gerist þrátt fyrir að forráðamenn Þjóðleikhússins vilji hærra miðaverð og benda á það máli sínu til stuðnings að víðast erlendis kosta aðgöngumiðar að leikhúsum miklu meira en hér á landi. Þessi verðlagsstefna gagnvart Þjóðleikhúsinu leiðir síðan til þess, að önnur leiklistarstarfsemi verður ósamkeppnisfær og leitar því í auknum mæli til ríkis og sveitarfélaga. Þetta leiðir aftur til þess, að framlög ríkisins til slíkrar starfsemi stórhækka frá ári til árs. — Auk Þjóðleikhúss mætti nefna fjölmörg önnur fyrirtæki, svo sem Skipaútgerð ríkisins, RARIK og fleiri, en þau fyrirtæki hafa ekki verið tekin til alvarlegrar meðhöndlunar í hv. fjvn. og verður það ekki gert fyrr en á milli 2. og 3. umr.

Í þriðja lagi vil ég nefna forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum. Henni var komið á fót með lögum nr. 32/1979, en það var einn af „félagsmálapökkum" vinstri stjórnar Ólafs Jóhannessonar. Þetta var gert til að mæta eftirgjöf bænda á þremur prósentum á launalið verðlagsgrundvallarins í sambandi við efnahagsráðstafanir 1978. Árið 1981 fara samkv. fjárlagafrv. 175 millj. til þessa verkefnis, en hefði átt að vera á sjötta hundrað milljóna ef lögunum hefði verið fylgt. Þetta er enn ein afleiðing vísitölukerfisins. Þarna er um að ræða kostnað sem auðvitað á að koma fram í vöruverði eins og gerist í annarri framleiðslustarfsemi, en ekki í ríkisútgjöldunum, sem verður óhjákvæmilega í þeim feluleik sem ríkisstj. stundar í efnahagsmálunum.

Þá vík ég að öðrum þætti, sem eru þau loforð sem gefin eru og hafa verið gefin í stjórnarsáttmálanum, sem ríkisstj. var mynduð á, og enn fremur í fjárlagafrumvörpum.

Hæstv. ríkisstj. lofaði í stjórnarsáttmálanum að halda niðurgreiðslunum í ákveðnu hlutfalli við búvöruverð. Í fjárlagafrv. vegna fjárlaga yfirstandandi árs er miðað við að hlutfallið sé eins og það var 1. júlí 1979. Á yfirstandandi ári, árinu 1980, vantar 1 milljarð upp á að ríkisstj. hafi staðið við þetta loforð sitt, og fyrir næsta ár má segja að fjárvöntunin sé a. m. k. 4—5 milljarðar ef miðað er við verðlagsforsendur frv., en líkast til nær 10 milljörðum ef tekið er tillit til þeirra verðlagsforsendna sem koma fram hjá Þjóðhagsstofnun samkv. niðurstöðuspá.

Hér er ekki verið að mæla bót stefnuákvörðun hæstv. ríkisstj. í niðurgreiðslumálum, heldur einungis verið að benda á vöntun fjármagns ef standa á við gefin loforð ríkisstj. í stjórnarsáttmála og fjárlagafrv. (Gripið fram í.) Hér kallar hæstv. ráðh. fram í að þetta sé hrein vitleysa. Hann getur komið hér upp á eftir og fært orðum sínum stað. Ég bíð eftir því, að hann geri það með fullgildum rökum og taki þá tillit til þeirra orða sem koma fram í fjárlagafrv. yfirstandandi árs, þar sem þessi regla er tíunduð mjög rækilega. Sáttmáli stjórnarinnar verður ekki skilinn öðruvísi en sem staðfesting á því sem þar stendur. Ég veit að ég þarf ekki að lesa þetta fyrir hæstv. ráðh., en í þessi gögn get ég vitnað, ef hann kærir sig um, og get sýnt honum þau á eftir.

Sömu sögu er að segja um húsnæðismálin. Þá er von að sumir hverfi úr þingsalnum. Í kvöld hafa tveir ræðumenn gert þessu máli skil og í dag fjölluðu að sjálfsögðu frsm. minni hlutanna um þetta mál. Það þarf að rifja það upp, að í stjórnarsáttmála ríkisstj. er því heitið, að 5—7 milljarðar skuli ganga til húsnæðismála, og nefndir eru sérstaklega verkamannabústaðir og fleira slíkt í þeim efnum. Auðvitað töldu menn, þegar þessi loforð voru gefin, að þetta fjármagn ætti að koma til viðbótar því fjármagni sem áður hafði verið til ráðstöfunar samkvæmt lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins. Þegar fjárlagafrv. er skoðað kemur hins vegar í ljós að þarna vantar stórkostlega fjármuni upp á. Það, sem hefur gerst og breytir þessu loforði og mikla og stóra stefnumáli hæstv. ríkisstj., er einfaldlega það, að 1% launaskattsins er dregið í Byggingarsjóð verkamanna, en Byggingarsjóður ríkisins situr uppi nánast fjármagnslaus. Það má færa því stað, að það vanti fjölmarga milljarða í þetta dæmi. Lágmarkið er að það vanti 4.6 milljarða, en sumir telja að það vanti allt að 12 milljörðum í þetta dæmi. Þar á ofan virðist ríkisframlagið m. a. byggjast á gjaldstofni, byggingarsjóðsgjaldi, sem búið er að fella úr lögum. Má þá bæta 1400 millj. við fyrrgreindar tölur.

Fjárvöntun Byggingarsjóðsins á að mæta með lánum, en með áframhaldandi sömu stefnu verður sjóðurinn gjaldþrota eftir 10—15 ár. Þetta sést best á því, að sjóðurinn er aðallega fjármagnaður með lánum frá lífeyrissjóðum á 3.25% vöxtum, en útlánavextir sjóðsins til lánþega eru 2%.

Á þetta minnist ég vegna þess að hér er um svikið loforð ríkisstj. að ræða og vandanum eru ýtt til komandi ríkisstjórnar. En vegna þess að svo vel vill til að hæstv. ráðh. er staddur hér í salnum núna langar mig til að beina þeirri fsp. til hans, hvernig hann hyggist fjármagna Byggingarsjóð ríkisins þegar tekið er tillit til þess, að í hann vantar líklega u. þ. b. 15 milljarða kr. til þess að hann haldi þeirri útlánagetu sem til er ætlast, eða um 40 milljörðum, á næsta ári.

Á bls. 216 í fjárlagafrv. segir, með leyfi forseta:

„Auk þess er fyrirhuguð lántaka hjá lífeyrissjóðum og skyldusparendum, en skipting þeirra fjárhæða verður skýrð í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1981 og er þar af leiðandi ekki sett fram í yfirliti yfir sjóðinn í B-hluta fjárlagafrv."

Það má vel vera að ætlunin sé að taka þetta inn í lánsfjáráætlun. Ég vil spyrja hæstv. ráðh. hvort það sé meiningin. Á því lauslega yfirliti, sem ég hef fengið í hendur og ég held að ekki sé neitt trúnaðarmál, get ég ekki fundið þessar upphæðir og þess vegna vil ég biðja hæstv. ráðh. um að skýra út hvernig á því standi að þessir 15 milljarðar komi ekki til skila.

Einnig er rétt að geta þess, að það kom fram í viðtölum við forráðamenn Húsnæðismálastofnunar ríkisins, sem nú heitir reyndar Húsnæðisstofnun ríkisins, að þeir töldu að þessi lán væru umfram getu lífeyrissjóðanna og það væri farið út fyrir þann ramma, sem umsamið væri við lífeyrissjóði innan vébanda ASÍ, en það munu vera um 20% af þeim sjóðum sem mega renna til þessara verkefna samkv. samningi. Mér finnst það þurfa að koma hér fram hvar þessi 15 milljarðar eru. Eiga þeir að koma fram á lánsfjáráætlun? Eru þeir í því lauslega yfirliti sem dreift hefur verið til a. m. k. nokkurra þm.? Ef ekki, hvernig í ósköpunum er hægt að finna þessa milljarða í yfirliti yfir ríkisfjármálin? Auðvitað dettur mér ekki í hug að halda að þeir eigi að ganga til húsbyggingasjóðs utan fjárlaga eða lánsfjáráætlunar.

Það má halda áfram og telja upp loforð ríkisstj. og nægir að minna til viðbótar á orkujöfnunargjaldið sem var fundið upp til að veita olíustyrk til þeirra sem hita hús sín með olíu. Söluskattsaukinn eða orkujöfnunargjaldið gefur á næsta ári 13 milljarða, en aðeins 5 milljarðar eiga að ganga til olíustyrkja. Einhvern tíma hefði sjálfsagt einhverjum dottið í hug að nota sögnina „að stela" í þessu sambandi, en það er fjarri mér að nota slík orð.

Erfiðleikar eru hjá Lánasjóði ísl. námsmanna, eins og þeir vita sem eitthvað þekkja til þeirra mála. Og enn á ný er leitað eftir lánum til þess að hann geti fjármagnað það sem til er ætlast af honum. 3 milljarðar og 300 millj. koma á lánsfjáráætlun. Það gerir að verkum að sjóðurinn verður miklu seinni að byggja sig upp en boðlegt getur talist. Þetta segi ég sérstaklega vegna þess að hæstv. ríkisstj. hefur boðað verulegar breytingar á Lánasjóði ísl. námsmanna sem skila sér í auknum eigin tekjum til framtíðar, en til styttri tíma geta kostað ríkissjóð aukna fjármuni.

Næst vil ég ræða um skipun opinberra framkvæmda. Hv. formaður fjvn., Geir Gunnarsson, ræddi í framsöguræðu sinni um þá erfiðleika, sem hljótast af stofnkostnaði sjúkrahúsa, og nefndi í því sambandi 85%-regluna. Hér ætla ég ekki að fjalla um þessa tilfærslu verkefna á milli ríkis og sveitarfélaga og væri þó ærin ástæða til. Ekki ætla ég heldur að fjalla almennt um útboð opinberra framkvæmda, en minni á að við hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson höfum flutt um þau efni frv. á hv. Alþingi þar sem gert er ráð fyrir að almenn útboð verði stunduð meira en hingað til.

Það er eitt atriði sérstaklega, sem ég vil vekja athygli hv. þm. á varðandi opinberar framkvæmdir og skipan þeirra. Það er svokallað skilamat samkv. 20. gr. laga nr. 63 frá 1970, en þar segir, með leyfi forseta:

„Að lokinni verklegri framkvæmd og úttekt skal fara fram skilamat. Í matinu skal gerð grein fyrir því, hvernig framkvæmd hefur tekist miðað við áætlun. Enn fremur skal þar gerður samanburður við hliðstæðar framkvæmdir, sem þegar hafa verið metnar.

Ríkisendurskoðun setur nánari reglur um fyrirkomulag skilamats og sér um það, að greinargerðir um skilamat séu lagðar fyrir fjvn. Alþingis, samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir og eignaraðila."

Þessu ákvæði þessara ágætu laga hefur aldrei verið framfylgt. Ég hef á undanförnum dögum nokkuð kynnt mér þetta mál, og ég hef þær fréttir að færa að fyrir skömmu hefur það gerst, að ríkisendurskoðun og framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins ætla sér að koma skilamatinu á. Þá fyrst verður hægt að segja að hægt sé fyrir hv. fjvn. að meta árangur útboða og verka sem unnin eru á vegum ríkisins og ríkisstofnana og heyra undir lögin um skipan opinberra framkvæmda.

Ég ætla ekki frekar að fjalla um þetta skilamat, en legg áherslu á að hér er mjög merkilegt mál á ferðinni. Það vekur reyndar fjölmargar aðrar spurningar, t. d. hvort ekki sé kominn tími til að færa ríkisendurskoðun undir Alþingi, undir fjárveitingavaldið, hvort það sé ekki eðlilegra en sá háttur sem nú er viðhafður. Ég minni í því sambandi á till. sem hv. þm. Halldór Ásgrímsson hefur flutt á fyrri þingum.

Það þarf að breyta viðhorfum til aðferða við opinberar framkvæmdir. Vil ég nefna nokkur atriði í því sambandi.

Í fyrsta lagi þarf að meta samfélagslega arðsemi. Raunverulegur vilji verður skilyrðislaust að vera að baki hverri ákvörðun um framkvæmd, og er þá bæði framkvæmdakostnaður og rekstrarkostnaður hafður í huga og einnig sú nytsemd fyrir þjóðfélagið sem leiðir af viðkomandi fjárfestingu. Þetta er ákaflega þýðingarmikill liður. Koma verður í veg fyrir að áhugasamir hagsmunaaðilar og fylgnir sér vegi þyngra en þekking og skynsemi. Hafa verður í huga að ráðstöfun fjármagns í eina framkvæmd útilokar aðra. Það er engu líkara en þessa grundvallaratriðis sé ekki alltaf gætt fyllilega. Þessu til rökstuðnings má m. a. benda á að framkvæmdir eru stundum dregnar eftir að þær eru hafnar, e. t. v. árum saman, án þess að aðrar ástæður virðist sjáanlegar en þær að framkvæmdavaldið veigri sér við því að taka á sig þann kostnað sem leiðir af notkun viðkomandi mannvirkis.

Í öðru lagi þarf að liggja fyrir í upphafi framkvæmdatími og framkvæmdaröð framkvæmdanna. Sá tími, sem hver fjárfesting tekur, verður að miðast við að verkefninu sé lokið á skemmsta mögulega tíma út frá tæknilegum framkvæmdatíma og kostnaði. Oft er bent á að sé framkvæmd flýtt um of fylgi því viðbótarkostnaður. En hitt fylgir sjaldnar, að sé hægt á framkvæmd eykur það einnig kostnað. Það er dýrt að láta fjármagn liggja í ónotuðum mannvirkjum. Af þessu leiðir að fjármögnun verður að miðast við að hægt sé að fullnægja þessu skilyrði, þ. e. að framkvæmdatíminn sé eðlilegur, sem þýðir að takmörkuðu fjármagni má ekki dreifa á marga staði með þeim afleiðingum að engu verki er hægt að ljúka á hagkvæmasta tíma. Í ríkisbúskapnum úir og grúir af dæmum sem brjóta gegn þessari meginreglu.

Í þriðja lagi vil ég nefna að áfangaskipting er nauðsynleg. Það er nauðsynlegt að skipta hverju verkefni í sjálfstæða áfanga eftir því sem kostur er þannig að að loknum hverjum áfanga komist fjárfestingin í notkun, þ. e. ráðstafaðir fjármunir byrji að gefa arð. Þetta er vitaskuld grundvallaratriði þar sem mannvirki kemur samfélaginu að engum notum fyrr en það er tekið í notkun.

Í þessu sambandi má benda á ýmsar framkvæmdir sem hugsanlega hefði mátt standa að á hagkvæmari hátt ef þetta atriði hefði verið haft í huga. Það er þó rétt að benda á að á síðustu árum hefur í vaxandi mæli verið tekið mið af hugsanlegri áfangaskiptingu í áætlanagerð. M. a. hefur Háskóli Íslands tekið upp slíkt fyrirkomulag í uppbyggingu á kennsluhúsnæði á landspítalalóðinni. En það eru mál sem geymd verða til 3. umr.

Til þess að hagkvæm áfangaskipting geti átt sér stað mega ákvörðunartafir ekki koma til í kerfinu. Slíkar tafir geta orðið til þess að draga verulega úr hagkvæmni áfangaskiptinga. Jafnframt hefur það slæm áhrif á þá aðila að þurfa að sækja á um mannvirkjagerð til framkvæmdavaldsins. Kann þeim að þykja lítill skilningur í sparnaðarviðleitni þeirra, þess vegna sé í raun árangursríkast að byggja nógu stórt og skapa þannig sem mestan þrýsting á hið opinbera til að ljúka verkinu sem fyrst.

Þá þarf í fjórða lagi að tryggja fjármögnun strax. Endanlega þarf að ganga frá heildarfjármögnun áður en framkvæmdir hefjast. Þannig hefjist framkvæmdir ekki undir neinum kringumstæðum fyrr en heildarfjármögnun liggur fyrir og skiptir framkvæmdatíminn þar engu máli.

Í fimmta lagi er nauðsynlegt að það sé einn fjármögnunaraðili að hverri framkvæmd, en ekki skipt ábyrgð eins og nú er samkv. ýmsum lögum. Í hverju tilviki verði fjármögnun einungis á höndum eins aðila. Þegar fjármögnun og framkvæmd er í höndum tveggja eða fleiri aðila er hætta á að ýmis önnur sjónarmið en þau, sem eru þjóðhagslega hagkvæmust, ráði að einhverju leyti ferðinni. Þarflaust er að benda á dæmi um þetta, þar sem oft hefur verið bent á þetta atriði, og látið nægja að minnast á uppbyggingu heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa, eins og reyndar kom fram í framsöguræðu hv. formanns. Þetta yrði til þess að einfalda verulega ákvörðunarferilinn.

En í þessum efnum kallar margt annað einnig á breytingar. Í mörgum tilvikum er um flókinn feril að ræða þegar ákvarðanir eru teknar um opinberar framkvæmdir. Má þar minna t. d. á vegaframkvæmdir í landinu. Þingmenn kjördæma ráðstafa að miklu leyti því fjármagni sem til skiptanna er innan hvers kjördæmis. Þess vegna hafa hv. fjvn. og fleiri slíkar nefndir verið kallaðar bútunarnefndir, en ættu kannske frekar að kalla sig röðunarnefndir. Það er röðun verkefna sem skiptir máli, en ekki hvernir þær eru bútaðar niður.

Ég vil sérstaklega nefna í þessu sambandi hve hættu-

legt það er þegar þingmenn ákveðinna kjördæma taka sig saman um að færa til liði innbyrðis í kjördæminu og stofna jafvel með þeim hætti til framkvæmdar án þess að út í það sé hugsað, hve mikinn kostnað það hefur í för með sér til frambúðar. Ég þori að nefna eitt dæmi í sambandi við afgreiðslu þessara fjárlaga. Það er úr Norðurlandskjördæmi vestra. Fjármunir eru teknir úr hafnarframkvæmdum á Sauðárkróki eins og tillögur voru um, og settir í hafnarframkvæmdir á Blönduósi. Með slíku er í raun verið að stofna til framkvæmda sem hugsanlega geta kostað 2 milljarða af almannafé. Svo einfalt, jafnvel með einu símtali, er hægt að hefja framkvæmd. Sýnir þetta dæmi kannske best við hvaða erfiðleika er að etja og í raun að þessir erfiðleikar eru fyrst og fremst stjórnmálalegir.

Að lokum vil ég nefna það um opinberar framkvæmdir, að ég tel að um fastar fjárhæðir eigi að vera að ræða sem framlag ríkisins í þeim verkum, sem ríkið á aðild að, og það eigi að miðast við upphaflega áætlun, en ekki eins og staðið er að þeim verkefnum nú.

Ég hef gerst æðilangorður um þennan þátt, en það hef ég gert vegna þess að frá því að ég kom í fjvn., sem ekki er mjög langt, hefur mér blöskrað hvernig staðið er að þessum málum. Ég tel það vera eitt af stærri verkefnum Alþingis að fara að þeim ágætu lögum sem til eru um skipan opinberra framkvæmda. Það er þess vegna sem ég hef talað sérstaklega um þetta mál núna.

Ég vil þá snúa mér að Reykjavíkurmáli sem í raun er náskylt því sem ég var að tala um áðan og sýnir hvaða vandamál geta orðið til þegar um er að ræða skiptingu á fjárframlögum til einstakra verkefna.

Í bréfi borgarstjórans í Reykjavík, dags. 8. okt. 1980, til hv. fjvn. er rakið mjög nákvæmlega hvernir borgarstjórn Reykjavíkur telur að ríkið eigi að standa að endurgreiðslu á fjárframlögum vegna byggingar heilbrigðisstofnana í Reykjavík. Ég ætla ekki að lesa þetta bréf, það er óþarfi, en gefa hugmynd um hvað í þessu bréfi felst.

Þar kemur í ljós að sú fjárhæð, sem ríkið skuldar Reykjavíkurborg vegna bygginga sjúkrastofnana í Reykjavík til ársloka 1980, er 1267 millj. kr. Þá er aðeins í krónum talið eins og þær koma á hverjum tíma inn í verkin. Ágreiningur er á milli Reykjavíkurborgar og fjmrn. um hvernig þessa fjármuni eigi að greiða. Séu þeir metnir upp til verðlags eru þetta hvorki meira né minna en 5 milljarðar 832 millj. kr. Þá er ég að tala um upphæðir á sama grundvelli og fjárlagafrv. byggir á, sem er á byggingarvísitölunni 750, en það er við þá byggingarvísitölu sem sjúkrahúsakostnaðurinn miðast í fjárlagafrv. Þetta þýðir að skuld ríkisins við Reykjavíkurborg er jafnhá upphæð og er í frv. ætluð til allra sjúkrastofnana í landinu. Í heimildarákvæði 6. gr. frv. er liður sem heimilar ríkisstj. að gera í samráði við fjvn. Alþingis samning við Reykjavíkurborg um skuld við ríkissjóð vegna framkvæmda í heilbrigðismálum. Hafa verið gerðar sundurliðaðar kröfur af hálfu Reykjavíkurborgar, en samningaviðræður eru enn ekki hafnar.

Mér finnst ástæða til þess fyrir mig sem þm. Reykjavíkur að nefna þessi atriði sérstaklega og spyrja hæstv. fjmrh. hvort hann hafi kynnt sér þessi mál og hvort hann hafi hugmynd um það sjálfur, hvernig úr megi leysa. Til greina koma ýmsir þættir. Þar á meðal er Reykjavíkurborg tilbúin til að taka upp í þessa skuld ýmis landsvæði, sem eru nú í eign ríkisins, en eru í nágrenni Reykjavíkur.

Ég ætla ekki að fjalla frekar um þennan lið, en vil þó segja frá því, að á þingmannafundi Reykjavíkurþingmanna var ákveðið að halda sérstakan fund í janúar um þessi efni. Það er auðvitað gert vegna þess að í algjört óefni er komið í þessum málaflokki.

Fimmti þátturinn, sem ég vil nefna í ræðu minni, er nýjar aðferðir við fjárlagagerð. Ég skal vera stuttorður um þennan lið. Ég flutti ásamt nokkrum öðrum þm. Sjálfstfl. á síðasta þingi till. um nýja aðferð við fjárlagagerð. Hún hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar, að fjárveitingar hins opinbera verði óbundnar af fyrri fjárveitingum, þannig að verkefni komi til endurskoðunar frá grunni við fjárlagagerð. Því skorar Alþingi á ríkisstj. að beita sér fyrir því, að „rekstrar- og fjárhagsáætlanir" verði svo sem við verði komið reistar á svokölluðum núllgrunni."

Þetta mál var til meðferðar í hv. fjvn. á s. l. sumri. 23. júní 1980 var gerð svohljóðandi samþykkt í n., með leyfi forseta:

„Í tilefni af þáltill. um núllgrunnsáætlanir samþykkir fjvn. að gerð verði í samráði við fjárlaga- og hagsýslustofnun tilraun með nýjar aðferðir við áætlunargerð í tengslum við undirbúning fjárlaga 1981. Kemur þá til greina að velja eina eða tvær stofnanir sem hentugar þykja."

Því nefni ég þetta að fjárlaga- og hagsýslustjóri ákvað og tilkynnti nefndinni að hann ætlaði að beita sér fyrir slíkri könnun og gera tilraun á vegum hagsýslustofnunar fyrir eða við fjárlagagerðina vegna ársins 1981. Því miður hefur þetta verk tafist, en samkvæmt nýjustu upplýsingum er mér tjáð að ætlunin sé að gera slíka tilraun eftir áramótin, og ég veit að nm. í fjvn. bíða eftir því, að fjárlaga- og hagsýslustofnun hafi tíma til að gera slíkar tilraunir. Því miður hefur það gerst í þessum efnum eins og mörgum öðrum að við höfum látið undir höfuð leggjast að reyna nýjar aðferðir, við höfum verið of uppteknir við að hjakka í sama gamla farinu, sem gerir það að verkum að stundum sjáum við ekki upp fyrir þúfnakollana í kringum okkur.

Það eru fleiri atriði, sem mætti drepa á, sem hafa verið reynd víða erlendis varðandi fjárlagagerð, eins og aðferð sem kölluð er „sólsetursaðferð" og margir fleiri þættir sem ég gæti nefnt og hef reyndar gert fyrr á hv. Alþingi, en ég tel ekki ástæðu til þess að tefja umr. með núna.

Á þetta minni ég því að ég held að hagsýslustofnunin hafi á undanförnum árum ekki staðið fyllilega undir nafni. Það er ekki því fólki, sem þar vinnur, að kenna, heldur hinu, að lítill tími hefur verið til að sinna slíkum verkefnum og því miður virðist það vera algengt í ríkiskerfinu að lítill áhugi sé á nýjungum eins og þessum.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri að sinni. Ég hef tækifæri sem nm. til að ræða þessi mál í hv. fjvn. á milli umr. Mér þótti þó eðlilegt að minnast á þessi atriði hér sérstaklega af því að ég er ekki viss um að margir hv. þm. séu gjörkunnugir því mikla starfi sem fer fram í hv. fjvn. og hve mikilvægt það er fyrir Alþingi að þar sé staðið vel að málum.

Það hefur komið fram í þessum umr. að verðlagsforsendur fjárlagafrv. eru brostnar. Í stað þess að gert er ráð fyrir 42% verðlagshækkun á milli meðaltala áranna 1980 og 1981 segja nýjustu tölur Þjóðhagsstofnunar að þær tölur séu a. m. k. 68%. Efnahagsaðgerðir hæstv. ríkisstj. koma væntanlega til með að hafa mikil áhrif á niðurstöðutölur fjárlaga fyrir næsta ár. Á meðan frekari

upplýsingar berast ekki hv. Alþingi og hv. fjvn. er fjárlagafrv. auðvitað aðeins plagg sem byggt er á röngum forsendum.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég þakka hv. síðasta ræðumanni fyrir að taka af mér ómakið að tala hér mikið um Reykjavík og Reykjavíkurborg og þarfir hennar og þau erindi sem núv. borgarstjóri, stjórn og meiri hl. hafa sent fjvn. Hann hefur gert þeim erindum góð skil, en ég vil þó undirstrika að afskaplega lítið tillit hefur verið tekið til þarfa Reykjavíkurborgar í gerð þessara fjárlaga eins og frv. liggur nú fyrir.

Ég held að það hefi verið tekið til greina brot af einni ósk, þ. e. framhald B-álmu Borgarspítalans, þó ekki að fullu. Það er það eina sem tillit hefur verið tekið til ásamt því, að eitthvað rennur til byggingar sundlaugar við Grensásdeild Borgarspítalans, sem eins og allir vita er þjónustustofnun fyrir landið allt.

Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 234 brtt. ásamt 1. þm. Vestf. Matthíasi Bjarnasyni og leyfi mér að gera nokkra grein fyrir þeim.

1. till., undir II. tölulið á þskj. 234, er um að framlag til Íþróttasambands Íslands, sem ætlaðar eru 197 millj. til sinna starfa á næsta ári, verði hækkað um rúmar 100 millj. þannig að til Íþróttasambandsins verði ætlaðar 305 millj. kr.

Í þessu sambandi vil ég geta þess, að Íþróttasamband Íslands telur innan sinna vébanda um 80 þús. einstaklinga. Þar af eru 72 þús. Íslendingar af 220 þús. beinir iðkendur íþrótta og um 8 þús. leiðbeinendur og leiðtogar. Þá sjá hv. þm. að hér er ekki um nein smásamtök að ræða. Má kallast ganga kraftaverki næst að ekki skuli vera hærri upphæð ætluð til sambandsins — jafnvel samkv. minni till. — en raun ber vitni til að standa straum af því mikla starfi sem þarna er unnið. En skýringin er afskaplega einföld. Skýringin kemur fram í bréfi sem Íþróttasambandið skrifar menntmrh. 14. júlí. Með leyfi forseta vil ég lesa smápart af því bréfi, en þar kemur fram að gefin dagsverk til íþróttakennslu eru talin 24 þús. „Væri það metið til fjár með verðlagi eins og það er nú er um að ræða gefna vinnu við íþróttakennslu að upphæð 700 millj. kr. Sé tekið tillit til þessara miklu sjálfboðaliðsstarfa við sjálfa kennsluna er fjárveitingin, sem hér er farið fram á, tæplega 12% af heildarkostnaðinum. Í þessu sambandi ber svo jafnframt að hafa hugfast að við margvísleg stjórnunar- og leiðtogastörf eru u. þ. b. 6 þús. manns og er sú vinna hvergi metin til fjár í þessu erindi, enda mun erfiðara að finna þar raunverulegan vinnustundafjölda."

Þetta læt ég nægja að lesa upp úr erindi Íþróttasambands Íslands til menntmrh. varðandi þær fjárveitingar sem farið er fram á.

Ég held að ef menn hafa á annað borð hugboð um hvaða starf er rekið á vegum Íþróttahreyfingarinnar og undir forustu Íþróttasambands Íslands geti menn verið sammála um að ekkert af því, sem gert er í þjóðfélaginu, er meira fyrirbyggjandi og meira uppbyggjandi fyrir manninn en það starf sem þar er unnið. Það eru lagðar fram stórar upphæðir til að reyna að ná árangri eftir að unglingar eða fólk á besta aldri hefur leiðst út í alls konar vandamál, en það er minna hugsað um fyrirbyggjandi störf. Það er þetta fyrirbyggjandi starf sem er unnið í íþróttahreyfingunni, uppbygging bæði á andlegri og líkamlegri atorku og atgervi íslensku þjóðarinnar. Það er talað um að rækta landið. Það er talað um að leggja þúsundir milljóna í að rækta landið. En hvað með þjóðina sjálfa? Hvað með einstaklinginn, fólkið sem á að búa í landinu? Það þarf að hugsa meira um það en kemur fram í þessu frv. til fjárlaga. Því hef ég ásamt hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni leyft mér að flytja þessa till. um að framlag til Íþróttasambands Íslands verði hækkað upp í 305 millj. kr.

Ég vil taka það alveg sérstaklega fram, að hækkunartillaga þessi má ekki verða til þess að umræða verði um að lækka á einn eða annan hátt framlag til Ungmennafélags Íslands. Ungmennafélagið er nákvæmlega sams konar hreyfing og Íþróttasambandið. Þar vinna hlið við hlið tveir góðir samstarfsaðilar. Umngmennafélagið þarf á miklu meira fé að halda en nú er ætlað því til handa á fjárlögum. Ég vil undirstrika að hækkunarbeiðni mín til handa Íþróttasambandinu má ekki verða til þess að umræður skapist um að lækka það framlag sem Ungmennafélag Íslands fær.

Ég vil taka það fram, að innan Íþróttasambands Íslands eru 16 sérsambönd. Þau fengu af síðustu fjárveitingu 85 millj. Innan vébanda Íþróttasambandsins eru 27 héraðssambönd. Þau fengu 37 millj. kr. Svo eru önnur verkefni, sem Íþróttasambandið hefur á stefnuskrá sinni, sem ég gæti líka talað um. En ég vil bara minnast á sérsamböndin og héraðasamböndin til þess að þm. viti almennt að ungmennafélög og sérsambönd eða héraðssambönd um land allt fá beinan fjárstuðning af framlagi á fjárlögum til Íþróttasambands Íslands.

Ég tel mig ekki þurfa að hafa fleiri orð um Íþróttasamband Íslands og ungmennafélagsskapinn. Ég held að allir hv. þm. hljóti að þekkja þá starfsemi sem þar fer fram. Ef ekki, þá er kominn tími til þess, að þeir kynni sér hana. Ég skil ekki hvernig þeir geta verið þm. ef þeir þekkja ekki þá uppbyggingarstarfsemi sem þar fer fram.

Ég vil skjóta hér inn í dæmi um hvað skilningsleysið er algjört innan fjvn. Mér þætti vænt um ef fjvn.-menn, sem eru viðstaddir, hlustuðu. Að sjálfsögðu vona ég að orð mín nái eyrum hæstv. fjmrh.

Það er lækkaður styrkur til Ólympíunefndar Íslands. Verðbólgan gengur öfugt þar. (**Fjmrh.:** Það er ekkert Ólympíumót.) Er ekkert Ólympíumót? Maður lifandi! Ég álít að hæstv. ríkisstj. og þá fjmrn. ætti að kynna sér hvernig starfið fer fram, hvenær undirbúningur hefst undir Ólympíuleika. Undirbúningur undir þrenna til ferna Ólympíuleika fram í tímann er hafinn alls staðar í heiminum. Það er fyrir löngu byrjaður undirbúningur undir Ólympíuleika. Ég skil ekki hvers vegna á að lækka styrkinn. Halda menn að það sé hlaupið til og náð árangri á einhverju sviði í íþróttum með því að veita fé á síðustu stundu í slíka starfsemi? Þetta er mesti misskilningur. Ég ætla að vona að þessi hugsunarháttur sé ekki á öðrum sviðum. Ég er hér með till. á eftir um að fella niður styrki til blaðanna þar sem hækkunin hefur verið 70%. Íþróttahreyfingin nýtur ekki sama skilnings. Ég skil ekki framkomuna gagnvart Íþróttahreyfingunni. (**Gripið fram í:** En framkoman gagnvart blöðunum?) Ég kem að því aftur, hv. þm., ég kem að því rétt strax. Ég kalla það siðleysi þegar þingmenn, pólitískir aðilar, eru látnir skammta sér og sínum flokkum fé af almannafé á Alþingi, en ég kem að því seinna.

Þá höfum við leyft okkur að flytja samkv. IV. lið á þskj. 234. till. um aukið framlag til byggingar sjúkrahúsa í Reykjavík, þ. e. til B-álmunnar. Í frv. er gert ráð fyrir

framlagi að upphæð 635 millj. Reykjavíkurborg fór fram á 750 millj. kr. framlag þar. Við höfum hækkað það aðeins um 40 millj., upp í 675 millj.

Tillaga nr. V. á sama þskj. flytja Matthías Bjarnason, hv. 1. þm. Vestf., sem er 1. flm., og ég, en vegna fjarveru hans í kvöld mun hann tala fyrir þeirri till. við 3. umr. Ég vil aðeins segja það, að ég kynntist nokkuð þessari sjúkrahúsbyggingu á Ísafirði í sumar þegar ég átti tvívegis leið um Ísafjörð og skoðaði þá byggingu. Hún er á því framkvæmdastigi að ég held að það sé óviturlegt að reyna ekki að ljúka henni að verulegu leyti og taka hana í notkun sem fyrst þó að þessi upphæð geri lítið annað en að flýta fyrir. Ég skoðaði byggingar á vegum opinberra aðila víða um land, sem eru í gangi, einhverjum áföngum hefur verið náð, en bíða áframhaldandi fjárfestingar til að fjármagnið, sem þegar er komið, skili einhverju til baka. Þar álít ég rangt að staðið. — Við flytjum tillögu um að hækka framlag til sjúkrahússins á Ísafirði um 100 millj., úr 330 millj. í 430 millj. Eins og ég gat um mun 1. þm. Vestf., hv. þm. Matthías Bjarnason, gera frekari grein fyrir þessari till. seinna.

Á þskj. 234 leyfum við okkur, sömu þm., að flytja — það er VII. liður — till. um aukið framlag til Stórstúku Íslands. Í frv. er gert ráð fyrir 9.5 millj. til Stórstúku Íslands. Við gerum till. um að sú upphæð verði hækkuð upp í 20.5 millj. Ég veit ekki hvort menn gera sér almennt grein fyrir hvaða starf er unnið innan Stórstúku Íslands og af Stórstúku Íslands. Það kemur einhver háðsglampi í augu manna þegar talað er um Stórstúkuna. Talað er um að þetta sé einhver stofnun sem sé rekin af gömlum mönnum og hún sé kraftlaus. Þetta er rangt. Stórstúka Íslands er rekin af hugsjónamönnum. Það má segja að sumir þeirra teljist til aldamótakynslóðarinnar, en þetta eru menn sem borga frekar úr eigin vasa en að starfið verði ekki unnið. Stórstúka Íslands hefur þó 40 aðildarfélög um land allt og hún vinnur í þeim aldurshópum sem minnst ber á. Við veitum miklu fé og réttilega til þess að koma á réttan kjöl því fólki sem telst til áfengissjúklinga, en við tökum það eins og sjálfsagðan hlut að menn vinni fyrir ekki neitt og jafnvel borgi úr eigin vasa þegar er verið að vinna fyrirbyggjandi starf í yngstu aldursflokkunum. Ég segi nákvæmlega sama um það: Það er skilningsleysi manna sem ræður hér upphæðum. Það er eins og það sé af einhverri vorkunnsemi verið að sletta slatta og slatta í Stórstúku Íslands. Menn gera sér ekki grein fyrir hvaða starf er unnið þarna. Það er margþætt. — Mér verður reyndar hugsað til borgarstjórnar Reykjavíkur. Það er árlega stofnað nýtt leikfélag, ný hljómsveit eða eitthvað slíkt og lögum samkvæmt, samkvæmt fyrirmælum héðan frá Alþingi, skal sveitarstjórn gjöra svo vel og leggja það fram sem þarf til rekstrar að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. En svo þegar er komið að því, sem er uppbyggjandi eða fyrirbyggjandi starf á mönnunum sjálfum, fer allt í hnút.

Ég verð að segja alveg eins og er, að menn ættu að kynna sér starf þessara manna. Það fer ekki eftir aldri hvaða árangri menn ná. Þarna eru hugsjónamenn sem hafa lagt meira af mörkum úr eigin vasa en þeir fá frá opinberum aðilum til starfsins.

Þetta eru þær till. sem við hv. þm. Matthías Bjarnason flytjum. Það eru sem sagt till. varðandi Íþróttasamband Íslands, byggingu B-álmu Borgarspítalans, sjúkrahúsið á Ísafirði og Stórstúku Íslands. Samtals gerir þetta um 250 millj. Ég er stundum talinn af sumum hafa átt talsverðan þátt í því að þessi ríkisstjórn komst á laggirnar, en ég hef ekki verið kostnaðarsamur í tillögum eða tillitslaus við hana. En það getur vel komið að því. Og því segi ég að ég ætlast til þess, og fyrirgef ekkert, að tekið sé tillit til tillagnanna sem ég er með núna. Ég held að þær séu af þeim toga spunnar að þær séu réttlætanlegar hvernig sem á þær er litið. (Gripið fram í.) Meðflm. á ekki að hræða. Ég held að meðflm. væri frekar til þess að auka líkurnar á því að þetta nái fram að ganga. Hann er virtur þm. og hefur sýnt það hér á Alþingi að honum er að mörgu leyti vel treystandi, enda hefur hann gegnt mestu ábyrgðarstöðum sem Alþingi getur fengið nokkrum manni, þ. e. verið valinn til forustu ráðuneytis. Ég held að hann ætti því ekki að hræða. Hann stóð sig mjög vel í ráðuneytinu. Ég geri því ráð fyrir að hann verði frekar til þess að bæta þessar till. eða vekja traust á þeim en hitt.

En þá kem ég að þeirri hliðinni sem ég vona að þm. fagni hvað mest. Ég er ekki að gera tillögur um aukin útgjöld í sambandi við fjárlagagerðina. Ég er alveg þveröfugt að reyna að spara um 50 millj. á útgjaldahliðinni. Það geri ég með því að flytja hér ásamt sama þm. till. um að liðurinn Til blaðanna samkv. nánari ákvörðun ríkisstj. falli niður. Það eru 170 millj. Því til viðbótar leggjum við til að heimildarákvæði samkv. 6. gr. 5.17, um kaup á dagblöðum fyrir stofnanir ríkisins, falli niður. Sá liður segir ekki mikið í tölum. Það er heimildarákvæði. Ég hef ekki gert mér far um að leita upplýsinga um hvað mikið fór í þann lið s. l. ár, en ég býst við því — og ég leyfi mér að búast við því, að blöðin noti sér eins og hver annar kerfið hverju sinni, hvort sem öll dagblöðin eða ekki taka þessa ölmusu, þetta siðlausa framlag sem þm., pólitískir aðilar, skammta eigin málgögnum.

Ég er búinn að tala á móti þessum styrk síðan ég kom til setu á Alþingi og ég geri það enn. Og það er furðulegt, hvernig hann er til kominn: Með því að kasta fram till. á lokastigi afgreiðslu fjárlaga, við 3. umr., tvisvar sinnum þennan stutta tíma sem ég er búinn að sitja hér og hækka styrkinn um 100%. Hvað kemur svo núna?

Þá vil ég beina orðum mínum til hæstv. fjmrh. í framhaldi af því sem ég sagði áðan um Ólympíunefnd sem hafði 5.5 millj. kr. framlag, en er nú með 4 millj. í till. Blaðastyrkurinn er hækkaður um 70%, úr 100 millj. í 170 millj. Ég veit það ekki, en ég held að þetta sé mesta hækkun á einum lið í fjárlögunum. (**Fjmrh.:** Nei.) Er það ekki? Þá biðst ég afsökunar. En hvað sem því líður er um að ræða 70% hækkun og það tel ég enn þá meira siðleysi en að koma styrknum á. Það eru 250 eintök keypt á mánuði af hverju dagblaði. Áskriftargjald hefur verið 5 500 kr., en hefur nýlega hækkað um 27%. Það er gjaldið sem verður næst greitt af fólkinu í landinu. Það eru þá 250 sinnum það á mánuði fyrir hvert blað eða 1800 þús. kr. Þetta fer upp undir 130 millj. samtals og til viðbótar eru 170 millj. Það er þá 300 millj. kr. styrkur sem ég geri tillögu um að verði felldur niður.

En síðan kemur umdeilanlegur liður, sem ég ætla ekki að gera neina tillögu um, en hann bætist við það sem þm. og þingflokkar eru sammála um að skammta sér í sína starfsemi. Það eru 76 millj. kr. til þingflokkanna. Þarna skammta þm. þingflokkum sínum upp undir 400 millj. kr., hvort sem það er til blaða eða starfsemi flokkanna beint. Það er best að hver þm. geri upp sinn hug og síðan sína samvisku, en ég segi að þetta sé siðlaust.

Verði þessar till. allar samþykktar er ég alveg sannfæður um að þeim 50 millj., sem ég geri ekki till. um, er

hægt að koma fyrir á einhvern hátt þannig að að meira gagni geti komið en hjá dagblöðum sem ekki sýna öll rekstrarhalla. Samkvæmt nýjustu fréttum frá Dagblaðinu er það með í rekstrarafgang 11.5 millj. kr. Það er ekki mikið af mikilli veltu, en það tapar ekki. Það þarf ekki og fær ekki styrk af þeim fjárveitingum sem samþykktar eru til stjórnmálaflokkanna. En auk þess eru ekki nema tvö af þessum sex blöðum beint tengd stjórnmálaflokkunum, — það má segja þrjú af þeim. Ég bið innilega afsökunar. Ég gleymdi Alþýðublaðinu. Þá eru þau þrjú. En það getur ekki verið að þau fái mikið framlag af þessu. (**Gripið fram í:** Þau fá það hlutfallslega bætt.) Já, ég hef ekki þær upplýsingar, en ég tek þetta gott og gilt úr því að þm. veit það.

Þetta er það sem ég vildi segja um þessar till., sem ég leyfi mér að flytja hér ásamt hv. 1. þm. Vestf. Að sjálfsögðu áskiljum við okkur fullan rétt til að taka afstöðu til málsins við 3. umr. Þá vona ég að komi í ljós að það er mikill fengur fyrir hvern sem er að hafa samstarf við þann ágæta þm. sem Matthías Bjarnason er.

Frsm. 1. minni hl. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Aðeins örstutt athugasemd út af upphlaupi hæstv. ráðh. við umr. í dag, þegar hann braut áratugagamla þingvenju og tók til máls áður en frsm. nál. höfðu lokið máli sínu. (**Fjmrh.:** Með góðu samþykki þeirra allra.) Já, með svo góðu samþykki. Hæstv. ráðh. fékk athugasemdir um það hjá þeim sem átti eftir að tala.

Ég ætlaði ekki að ræða það. Það verður hver að hafa sín vinnubrögð. En það, sem ég vildi ekki láta ómótmælt, var að hæstv. ráðh. tók eitt atriði út úr ræðu minni og sagði mig hafa farið þar með staðlausa stafi og rangar tölur, en það var að því er varðaði afkomu ríkissjóðs á árinu 1978, við stjórnarskiptin þegar vinstri stjórnin tók við völdum.

Ég vil upplýsa hæstv. ráðh. um hvaðan ég hef þau ummæli. Ég sagði að þá hefðu ríkisfjármálin verið í jafnvægi, en ég hef það úr skýrslu fjárlaga- og hagsýslustofnunar, dags. 14. júlí 1978, um mánuði áður en stjórnarskipti urðu, og það mun vera síðasta skýrsla sem gerð var um ríkisfjármálin áður en stjórnarskipti urðu. Ég er hérna með blað úr þessari skýrslu og ég skal gefa hæstv. ráðh. það á eftir. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Meginniðurstöður þessarar endurskoðunar á horfum í fjármálum ríkisins á yfirstandandi ári, sbr. fskj. 1, eru þær, að gjöldin verði samtals 151 milljarður 354 millj. kr. á árinu eða 12 milljörðum 881 millj. hærri en í fjárlögum. Tekjur eru nú áætlaðar samtals 150 milljarðar 596 millj. kr., sem er 11.1 milljarði hærra en í fjárlögum.“ Og síðan segir: „Niðurstaðan leiðir þannig til 3 milljarða 158 millj. kr. greiðsluafgangs.“ — Þetta er áætlaður greiðsluafgangur á því ári um einum mánuði áður en stjórnarskipti urðu.

Hæstv. ráðh. veit að sjálfsögðu betur en ég að ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar tók þegar í stað, eftir að hún settist að völdum, ákvarðanir um stórfelldar greiðslur úr ríkissjóði og það var öllum ljóst að ekki yrði hjá því komist að ríkissjóður yrði rekinn með halla þá mánuði sem eftir lifðu af því ári. Á voru lagðir skattar sem menn vissu að mundu ekki innheimtast að hluta fyrr en á fyrri hluta ársins 1979. Því var ríkisstj. farin að tala um 16 mánaða ár, þ. e. 4 mánuði á árinu 1979, eftir 4 mánuði mundi verða kominn jöfnuður aftur á ríkisfjármálin. Það kann að vera, að þessar tiltektir þáv. ríkisstj. hafi gert að verkum að ríkisfjármálin hölluðust mjög á þessu ári.

Ég vildi sem sagt upplýsa hvaðan ég hef þessar upplýsingar. Hæstv. ráðh. kann að vefengja að þessar áætlanir séu réttar, en þær eru frá fjárlaga- og hagsýslustofnun frá þessum tíma og ég vil gjarnan gefa honum þetta blað. Hann gæti þá fengið upplýsingar um það hjá fjárlaga- og hagsýslustofnun hvort hér sé ekki farið með rétt mál, a. m. k. vitnað rétt í þessa skýrslu.

Að öðru leyti skal ég ekki fara orðum um ræðu hæstv. ráðh. Hann sagði, sem satt er og rétt og ég skal taka undir það með honum, að það væri sjálfsagt að dæma að leikslokum hvernig ríkisbúskapurinn kemur út á þessu ári. Hins vegar stendur það óhaggað, sem ég las upp úr Hagtölum mánaðarins sem eru nýútkomnar, hver meginskýringin er á afkomunni í ár. Hún er sú, að skattlagning á þjóðina hefur tekist betur en fjárlög gerðu ráð fyrir og niðurgreiðslur hafa orðið heldur minni en fjárlög gerðu ráð fyrir.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Það er alveg rétt, sem síðasti ræðumaður sagði, hv. 3. þm. Norðurl. e., að skattlagning hjá ríkisstj. hefði tekist býsna vel. Sérstaklega gildir það um einstaklinga og einstæða foreldra. Það hefur áður komið fram í umr. um skattamál að sú skattlagning hefur ríkisstjórninni tekist alveg einstaklega vel.

Hins vegar virðist svo sem skattlagning á fyrirtæki hafi ekki tekist að sama skapi, og mega menn þá vera minnugir þess, að núv. hæstv. fjmrh. hefur talað um það mörg orð úr þessum ræðustól þvílík hneisa, reginskömm og svívirðing það væri að fyrirtæki hér á landi væru skattlaus. Einhverra hluta vegan er það svo í frv. hæstv. fjmrh. að tekjuskattur á félög hækkar aðeins um 2.5%, úr 10 milljörðum í fyrra í 10 milljarða 250 þús. nú. Tekjuskattur á einstaklinga hækkar hins vegar ríflega 50%, ef ég man rétt. Nú væri fróðlegt að fá skýringar hæstv. fjmrh. á þessu, sem alla tíð þangað til hann settist í ráðherrastól hefur verið sérstakur áhugamaður um að fyrirtækin í þessu landi bæru sinn hluta af byrðinni. Og því spyr ég: Hvers vegna er svo misskipt nú? Væri fróðlegt að fá svör við því.

Hins vegar er víst til næsta lítils að spyrja hæstv. ráðh. hæstv. ríkisstj. um eitt eða neitt vegna þess að frá þeim fást engin svör. Á það hefur rækilega reynt hér dag eftir dag og viku eftir viku. Forsrh. hefur verið inntur eftir því margsinnis hverjar ráðstafanir ríkisstj. hefði í hyggju í efnahagsmálum. Frá honum hafa borist svör sem hafa engin svör verið. Mér er það að vísu engin nýlunda að hæstv. forsrh. svari ekki þegar spurður er. Ég hafði það starf í allmörg ár að spyrja spurninga sem fréttamaður og mér er ákaflega minnisstætt hversu einstaklega háll og sleipur hæstv. forsrh. var í þeim efnum að komast undan og koma sér hjá því að segja nokkurn skapaðan hlut þegar hann var spurður. Heldur hefur honum farið fram í þeirri list, ef eitthvað er, nú síðustu misserin.

Það væri e. t. v. freistandi að fara fáeinum almennum orðum um fjárlagafrv. sem hér er til umr. En það er nú orðið býsna áliðið kvölds og e. t. v. ekki ástæða til að halda mjög langa tölu um þetta dæmalausa frv. þar sem miðað er við að verðlag milli ára hækki hér um 42% þegar sýnt er, að hækkunin er nú þegar í kringum 70%, og það eina, sem ríkisstj. gerir, er að gefa út fréttatilkynningar um að verðbólga fari minnkandi. Það er víst gott svo langt sem það nær.

En í þessu frv. eru líka ákvæði um að 12 milljörðum skuli varið til sérstakra efnahagsaðgerða. Hér hefur dag eftir dag og viku eftir viku verið spurt um hverjar þessar aðgerðir séu. Við því fást engin svör vegna þess að um það hefur engin ákvörðun verið tekin og vegna þess að um það er engin samstaða í ríkisstj. Þegar þm. spyrja fá þeir svör sem eru engin svör og útúrsnúninga eina. Það er eiginlega dæmalaust hvað þingheimur, hvað stjórnarandstaðan hefur haft mikið langlundargeð að láta sér líka svona framkomu, og enn dæmalausara er að hæstv. forsrh. skuli leyfa sér þá framkomu sem hann hefur leyft sér í þessu máli.

En erindi mitt í ræðustól að þessu sinni var að mæla fyrir brtt. við fjárlög sem ég hef leyft mér að flytja ásamt hv. 3. þm. Reykv., Albert Guðmyndssyni. Sú till. gerir ráð fyrir að við bætist nýr liður í 4. gr. fjárlaga, að Hjartavernd, sú stofnun, fái 10 millj. kr. fjárveitingu til úrvinnslu og útgáfustarfsemi.

Nú er mér ljóst að fjvn. hefur í till. sínum gert tillögur um allnorka hækkun á framlagi til rekstrar rannsóknastöðvar Hjartaverndar. Það ber síður en svo að vanmeta. Hins vegar er það ljóst, að sú starfsemi, sem þarna fer fram og hefur farið fram s. l. 12 ár, er mjög mikilvæg. Þarna hafa tugir þúsunda einstaklinga verið rannsakaðir og þarna liggja gífurlega viðamikil gögn sem ekki hefur unnist tími og ekki verið til fjármagn til að vinna úr svo sem skyldi. Þær tekjur, sem stöðin hefur, og það framlag, sem henni hefur verið veitt, nægir ekki til að standa undir þessari starfsemi. Þegar hafa verið gefnar út 12 vísindalegar skýrslur sem reistar eru á þeim plöggum sem þessar rannsóknir hafa leitt af sér. Þær eru einkum og aðallega ætlaðar læknum og vísindamönnum til að byggja á þekkingu á þeim sjúkdómum, sem eru aðalviðfangsefni Hjartaverndar, og til að gefa vísbendingu um hvernig þar megi snúast við.

Ég held að rétt sé að hafa það í huga, þegar talað er um þessi mál, að þeir sjúkdómar, sem fengist er við að rannsaka á vegum Hjartaverndar, eru helmingur allra dánarmeina hér og þær aðgerðir, sem þarna er unnið að, eru fyrst og fremst fyrirbyggjandi. Þess vegna ætti það í rauninni að vera hinu opinbera kappsmál að veita fjármagn til þessarar starfsemi til að koma í veg fyrir aukin útgjöld á síðari stigum og til að bjarga mannslífum, svo talað sé umbúðalaust.

Sú úrvinnsla, sem þarna er í gangi og þarf að hjálpa á legg, miðar að því að vinna úr skýrslum um þá þrjá þætti sem taldir eru aðaláhættuþættir kransæðasjúkdóma, þ. e. blóðfitu, háþrýsting og reykingar. Þessum skýrslum er ætlað að leiða í ljós hvort breytingar hafi orðið á þessum þáttum hjá þátttakendum í heildarrannsókn stöðvarinnar á því 12 ára tímabili, sem hún hefur starfað, og hvort af því megi draga lærdóma. Í sambandi við það er starfshópur þriggja lækna reiðubúinn að vinna að þessum störfum. Skýrt skal tekið fram, að sú fjárveiting, sem hér er um að ræða, er ekki laun til þessara lækna eða til neinna aðila sem vinna að þessari rannsókn. Hún á eingöngu að fara til að greiða kostnað við tölvuvinnslu og útgáfu á niðurstöðum þessara rannsókna. Þeir læknar, sem að þeim vinna, taka ekki laun fyrir sína vinnu að þessu.

Það hefur komið skýrt fram hjá forustumönnum Hjartaverndar, að fáist ekki eitthvert fjárframlag til þessara úrvinnslustarfa verður að stöðva þessar vísindarannsóknir vegna þess að ekki er til neitt fjármagn til að sinna þeim. Það fjármagn, sem Hjartavernd hefur, rétt dugar fyrir rekstri stöðvarinnar. Þess vegna held ég að ekki sé til mjög mikils mælst þegar óskað er eftir því að veittar verði 10 millj. kr. til þessarar starfsemi á vegum Hjartaverndar, sem allir, hygg ég, geta verið sammála um að á fyllsta rétt á sér og léttir af hinu opinbera útgjöldum sem annars væru áreiðanlega tölurvert meiri. Þess vegna vonast ég til að þessi till. geti fengið þann stuðning sem dugir til þess að hún megi samþykkt verða.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Á þskj. 236 eru brtt., sem hv. þm. Karvel Pálmason talaði fyrir áðan. Ef maður á að taka bókstaflega ræðu hans og hv. þm. Árna Gunnarssonar eru þessar till. bornar fram af hreinum misskilningi, vegna þess að þeir þekkja ekki málið. Því sá ég mig til knúinn til að segja nokkur orð út af þessum tillögum.

Í jarðræktarlögum, sem voru samþykkt hér á hinu háa Alþingi 17. maí 1979, voru gerðar þær breytingar á eldri lögum sem ég vil rifja hér upp, með leyfi forseta:

„Heimilt er landbrh. í samráði við stjórn Búnaðarfélags Íslands að ákveða eftirgreind frávik frá ákvæðum þessarar greinar á næstum 5 árum:

a) Að skerða framlög til nýrra vélgrafinna skurða samkv. lið I a) á jörðum sem hafa 30 hektara túnstærð allt að 50%. Framlög vegna dýpkunar skurða og endurframræslu túna haldist óbreytt.

b) Að skerða á sama hátt framlög til plógræsa samkv. lið I c).

c) Að skerða framlög til túnræktar samkv. lið II a) og b) á jörðum sem hafa 30 hektara túnstærð allt að 50%.

d) Að skerða framlög til grænfóðurræktar samkv. lið II d) allt að 50%.

e) Að fella niður framlög til hagaræktar samkv. lið II e) nema grætt sé upp gróðurvana land.

f) Að skerða framlög til áburðargeymslna samkv. V. lið.

Ákvæði þessi gilda um framlög til framkvæmda sem unnar kunna að verða á árunum 1979—1984.

Landbrh. gerir, að höfðu samráði við stjórn Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, tillögu til ríkisstj. um ráðstöfun á því fé sem sparast samkv. staflíðum a)—f) til annarra verkefna sem lúta að framkvæmd þeirrar stefnu sem mörkuð er fyrir landbúnaðinn, svo sem:

a) Til að styrkja nýjar tekjuöflunarleiðir bænda og auka fjölbreytni í framleiðslu búvara.

b) Til að stuðla að bættri heyverkun.

c) Til hvers konar hagræðingar sem orðið getur til að bæta tekjur bænda án framleiðsluaukningar í nautgripa- og sauðfjárrækt."

Og svo segir: „Á árunum 1980—1985 skal á fjárlögum ætla til framkvæmda samkv. ákvæðum 10. gr., fjárhæð sem nemur meðaltali slíkra framlaga árin 1978 og 1979, á þá fjárhæð skal árlega greiða verðlagsuppbót í samræmi við ákvæði 1. mgr. þessarar greinar."

Þegar þessi lög voru samþykkt var sýnilegt að draga yrði úr landbúnaðarframleiðslunni, og til að fá eitthvert fjármagn til að breyta um framleiðslu í sveitum landsins varð að samkomulagi hér í hv. Alþingi að breyta jarðræktarlögum eins og ég hef hér lesið.

Ef það hefði verið mikill áhugi á því að farið væri út í fiskrækt eða út í aukabúgreinar hefði verið eðlilegra að Alþfl. eða sá fulltrúi hans, sem á sæti í fjvn., hv. þm.

Karvel Pálmason, hefði lagt til að þessir liðir hækkuðu þannig að þeir hefðu þá fjárveitingu sem lög mæla fyrir um að þeir skuli hafa. En það skortir um 765 millj. á að það sé þannig. Verður að ætlast til að það verði leiðrétt á milli 2. og 3. umr.

Á s. l. ári hafa þeir fjármunir, sem þannig fengust samkvæmt jarðræktarlögum, verið notaðir einmitt til að byrja á fiskrækt, til að efla og setja á stofn loðdýrabú og ýmislegt þess háttar. Það eru t. d. nokkrir ungir menn núna úti í Noregi að læra fiskrækt og m. a. hefur verið tekið fjármagn af þessum peningum til að styrkja þá til náms. En hér ætlast hv. Alþfl.-þm. til að þetta fjármagn sé tekið úr höndum Stéttarsambandsins til annarra nota en var markað í því samkomulagi sem ég vitnaði til áðan. Þeir leggja til að jarðræktarframlagið lækki um 1 milljarð og rúmlega 287 millj. og framlagið til framræslu um 215 millj. Ef það er meiningin að breyta framleiðslu í sveitum landsins, eins og ég taldi að hefði verið samkomulag um, var þetta eina fjármagnið sem til þess var ætlað. Og það er í sjálfu sér dálítið merkilegt að þessir menn, sem hér hafa talað, hv. Alþfl.-menn, og hvatt til þess einmitt að þetta sé gert, leggja í raun og veru til að það fjármagn sé skorið niður sem átti að nota til að gera það sem þeir eru fyrst og fremst að tala fyrir að verði gert. Þannig er málflutningurinn.

Í öðru lagi leggja þeir til að uppbætur á útfluttar landbúnaðarvörur verði lækkaðar um 1.2 milljarða. Nú vita allir að á meðan er verið að draga úr sauðfjárræktinni, sem er nú verið að rannsaka hvort sé þjóðhagslega hagkvæmt, kemur meira kjöt á markað en ef framleiðslan hefði verið í svipuðu horfi og áður. Sjálfsagt er ekki ætlast til þess, að þegar fækkað er sé þ·í, sem slátrað er til viðbótar, hent. Ég geri ekki ráð fyrir því. Þannig er þessi till. alveg út í hött og eiginlega merkilegt að hún skuli koma hér fram, miðað við þá umræðu sem hefur farið fram um þessi mál á undanförnum árum.

Ég vek athygli á þessum lögum, sem eru ekki nema rúmlega ársgömul, og ég vek athygli á því samkomulagi, sem var gert um leið og þessi lagasetning. Það verður að ætlast til þess, að við það samkomulag verði að fullu staðið þannig að hægt sé að breyta framleiðslunni, það sé hægt að fá eitthvert fjármagn til að setja á stofn aðra framleiðslu en í hinum hefðbundnu búgreinum. Og það verður að ætlast til þess, að bændasamtökin hafi veg og vanda af því og ábyrgð á því ásamt landbrh. að ráðstafa þessu fé.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég ætla að víkja undir lok umr. að ummælum nokkurra hv. þm. í þessum umr. og ber þar fyrstan að telja hv. þm. Karvel Vestfirðing Pálmason sem sendi mér nokkuð hressilegar kveðjur í upphafi síns máls. (**KP:** Ekki að ástæðulausu.)

Það vildi nú svo til, að ég taldi mér skylt að taka af þingmönnum það ómak að vera hér að eyða löngum tíma í fjas og japl um lánsfjáráætlunina og hvenær hún kæmi og hvenær mætti vænta hennar og annað eftir því, vegna þess að það var búið að afgreiða hana og hún var rétt ókomin til fjvn. Þess vegna óskaði ég eftir því við hæstv. forseta að taka til máls eftir að frsm. flokkanna úr fjvn. hefðu talað. Það stóð svo á, að annar þeirra var rétt að ljúka sinni ræðu. Ég ræddi það alveg sérstaklega við hv. þm. Karvel Pálmason, hvort hann vildi ekki vera á undan og hvort það væri ekki eðlilegt að hann lyki sér af áður en ég tæki til máls. En hann taldi það algeran óþarfa og það væri sjálfsagt að ég kæmi þessu fyrst að. Svo var það auðvitað hann sem var allra manna hávaðasamastur hér á eftir yfir þeirri ósvinnu og ósvífni af mér að ég skyldi ryðjast fram fyrir sig og taka til máls. Þetta veit hv. þm. að er dagsatt. Það, sem ég var að segja, veit hann að er dagsatt. Hann leyfði mér að fara fram fyrir sig og hvatti mig jafnvel til þess, en var svo allra manna hávaðasamastur á eftir. (**KP:** Ég kem á eftir.) Já, hv. þm. ætlar líklega að skáka í því skjóli að ég nenni ekki að svara honum. Hér var um tveggja manna tal að ræða og verður þá kannske fullyrðing að standa gegn fullyrðingu. En þannig var þetta. (**KP:** Hæstv. forseti veit líka um málið.)

Það er svo allt annað mál að eftir að ég tók til máls og gerði grein fyrir þessu atriði fengu ýmsir þm. mikinn áhuga á ýmsum þáttum þess sem sneru að lánsfjáráætlun og ég neyddist til að velja við það atriði heldur lengur en ég ætlaði, eins og oft kemur fyrir ræðumenn í þessum stól. Stutt ræða varð því kannske ekki eins stutt og hún var í upphafi ætluð, en þó ekki löng, held ég. Að minnsta kosti var hún miklu styttri en flestar þær ræður sem hv. þm. Karvel Pálmason flytur hér.

Ég var spurður nokkurra spurninga af hv. þm. Friðrik Sophussyni sem ég tel mér skylt að svara.

Það var í fyrsta lagi spurt um Byggingarsjóð ríkisins. Hann benti á að framlög til sjóðsins næmu aðeins 4.3 milljörðum og þó væri gert ráð fyrir að ráðstöfunarfé Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna yrði samtals 40 milljarðar samkv. áformum í grg. frv. Þetta er rétt. Þannig er þetta. Framlög til Byggingarsjóðs ríkisins eru 4.3 milljarðar, en Byggingarsjóður verkamanna fær hins vegar 7.5 milljarða eða samanlegt fá þessir sjóðir 11.8 milljarða. Það, sem á vantar til að ráðstöfunarfé sjóðanna geti orðið 40 milljarðar, eru ýmiss konar tekjuliðir, eins og verið hefur á undanförnum árum, m. a. lántökur hjá Atvinnuleysistryggingasjóði og skyldusparnaðarfé og lánsfé frá lífeyrissjóðum. Það er augljóst mál, að lánsfé frá lífeyrissjóðum verður að þessu sinni talsvert miklu meira hlutfallslega en það hefur verið á undanförnum árum. En þetta veldur því aftur á móti að lánsfé lífeyrissjóðanna til Framkvæmdasjóðs og til ríkisframkvæmda verður að sama skapi heldur minna, sem svo aftur mun valda því, að aðrar lántökur ríkissjóðs verða að sama skapi meiri. Allt þetta lánakerfi er auðvitað samfelld heild þannig að auknar lánveitingar á einu sviði hafa áhrif á lánveitingar á öðrum sviðum, og þar sem ráðstöfunarfé þessara tveggja vex úr 23 milljörðum á þessu ári í 40 milljarða segir það sig sjálft, að það veldur vissum vandkvæðum á öðrum sviðum lánastarfseminnar.

Það er rétt, sem hv. þm. benti á, að þessa er ekki sérstaklega getið á því blaði sem dreift var til fjvn. í dag, enda er þar fyrst og fremst um að ræða grg. fyrir erlendum lánötkum, en ekki heildarlýsingu á allri lánastarfseminni, eins og skýrsla um lánsfjáráætlun hlýtur auðvitað að vera og mun verða þegar hún verður lögð fram. Þetta er hins vegar sú beinagrind, sem lánsfjáráætlun er byggð á, ásamt útlánaáætlun Byggingarsjóðs ríkisins, sem er ekki þarna með. Vissulega er langt frá því að lánsfjáráætlun sem slík hafi verið lögð fram þó að þetta plagg hafi verið lagt fram, því það vantar sem sagt grg. og upplýsingar um fjöldamarga þætti lánakerfisins, m. a. hvernig útlán til einstakra fjárfestingarsjóða eiga að skiptast. Þessi beinagrind er þó megingrindin í lánastarfseminni og má segja að þegar þær ákvarðanir liggja fyrir, sem eru á þeim blöðum sem dreift var í dag, hafi

fyrir, sem eru á þeim blöðum sem dreift var í dag, hafi allar mikilvægustu ákvarðanirnar verið teknar og meginramminn verið fylltur, en síðan er auðvitað eftir að gera nánari grein fyrir þessu í smærri atriðum í lánsfjáráætlun.

Hv. þm. minntist hér á Lánasjóð íslenskra námsmanna, en framlag til hans er 8 milljarðar og lántaka 3.3 milljarðar eða samtals 11.3 milljarðar. Þetta er uggvænlega há upphæð, en miðast einfaldlega við núverandi lánareglur. Ef hins vegar verða samþykkt ný lög í framhaldi af gerð frv. sem nefnd hefur samið og margir munu kannast við, enda hefur álitsgerð nefndarinnar víða farið, mun þurfa talsvert aukið fjármagn til að standa fyrir lánastarfsemi sjóðsins umfram það sem gert er ráð fyrir í lánsfjáráætlun og fjárlögum.

Hv. þm. vék hér nokkuð að niðurgreiðslum og nefndi ákvæði stjórnarsáttmálans í því sambandi. Nú hef ég ekki þetta gullvæga plagg fyrir framan mig, en þó held ég að ég muni rétt að þar standi að niðurgreiðslur eigi að hækka í hlutfalli við hækkanir búvöruverðs. — Þar sem hv. þm. er svo elskulegur að lána mér þetta plagg get ég lesið það hér, en þar segir í 2. lið um verðlagsmál:

„Verðhækkanir á búvöru fylgi sams konar reglum," — þ. e. niðurtalningarreglum, — „enda verði niðurgreiðslur ákveðnar sem fast hlutfall af útsöluverði árin 1980 til 1981."

Nú vil ég benda á að niðurgreiðslur hafa þrívegis hækkað á þessu ári. Þær hafa hækkað í júníbyrjun, í ágústbyrjun og í nóvemberbyrjun. Það vill svo til að niðurgreiðslur hafa ekki verið hækkaðar á nákvæmlega sömu dagsetningum og verðlagshækkanir hafa verið bundnar við, en þó má segja að niðurgreiðslur hafi verið auknar jafnt og þétt á síðari hluta ársins eða frá því í júníbyrjun og þó að ég hafi ekki þá útreikninga fyrir framan mig er mér nær að halda að ekki sé mikill munur á annars vegar hækkun niðurgreiðslna og hins vegar hækkun búvöruverðs frá því í júníbyrjun. Ég get því miður ekki sagt um hvort niðurgreiðslurnar hafa aukist meira en nemur hækkun búvöruverðsins eða minna, vegna þess að ég hef ekki þá útreikninga fyrir framan mig, en mér er næst að halda að þarna sé ekki stór munur á. Það er einmitt þetta sem verið er að gera í framhaldi af stjórnarsáttmálanum og ákvæðum hans.

Hv. þm. nefndi að til þess að framkvæma ákvæði stjórnarsáttmálans og ákvæði fjárlaga um þetta efni hefði þurft að veita 1000 millj. til viðbótar í niðurgreiðslur á þessu ári. Ég hef raunar heyrt miklu hærri upphæðir nefndar. Menn hafa jafnvel verið að nefna að það þyrfti að hækka niðurgreiðslur um eina 10 milljarða á næsta ári til að standa undir þessu ákvæði stjórnarsáttmálans. (**Gripið fram í:** Miðað við nýjustu verðlagsforsendur spárinnar.) Já, auðvitað getum við ekki miðað niðurgreiðsludæmið við aðrar verðlagsforsendur en þær sem frv. að öðru leyti er miðað við. (Gripið fram í.) Það er alveg rétt, að miðað við 42% vantar í niðurgreiðsludæmið, eins og það liggur fyrir í fjárlögum, 4.5 milljarða. En vegna þess að mér fannst þessi fullyrðing um 1000 millj. bera keim af því, að nokkurs misskilnings gætti í þessum efnum, vildi ég nefna þetta hér. Það var greinilegt, að hv. þm. miðaði við allt annan tíma en ríkisstj. Ríkisstj. hefur ákveðið að miða þetta hlutfall niðurgreiðslna við búvöruverðið eins og það var á s. l. vori, en ekki eins og það var í byrjun ársins 1980.

Ég er hræddur um að talsvert af þeim misskilningi, sem fram kemur hjá ræðumönnum ýmsum hverjum um niðurgreiðslurnar, byggist á því að þeir átta sig ekki á að viðmiðunartímabilið hefst um mánaðamótin maí-júní, en ekki í ársbyrjun 1980. (**FrS:** 1. júlí 1979 samkvæmt frv. fyrir yfirstandandi ár.) Já, ég veit að það stendur á blaði sem hv. þm. hefur fengið mér í hendur og ég veit satt að segja ekkert úr hvaða frv. er eða hvaðan er fengið. (Gripið fram í.) Það getur verið komið úr ýmsum áttum. Það er tekið svo til orða hér á einum stað: Niðurgreiðslur eru hér áætlaðar 20 milljarðar á heilu ári, miðað við það niðurgreiðslustig, sem ákveðið var í júlí 1979, og breytingar síðar á árinu. — En þetta segir ekki að niðurgreiðslurnar eigi að aukast í sama hlutfalli og búvöruverðshækkunin hverju sinni frá því í júlí 1979 eða frá því í ársbyrjun 1980. Þegar þessi ríkisstj. kom til valda hafði hún ekki heimild til að hækka niðurgreiðslur vegna þess að heimildir fjárlagaáætlunar, sem samþ. var hér í ársbyrjun 1980, rúmuðu ekki auknar niðurgreiðslur. Þar af leiðandi lá nokkuð í hlutarins eðli og gat ekki komið til greina nein önnur viðmiðun en að miða við fyrstu hækkun búvöru um mánaðamótin maí-júní. Sé svona tekið til orða í einni setningu í þessu frv. er það væntanlega arfur úr frv. Tómasar Árnasonar vegna þess að grg. með frv. var að verulegu leyti byggð á grg. þess frv. (**Gripið fram í:** Í hvaða ríkisstj. situr hann?) Ýmiss konar orðalag var þaðan fengið, en hins vegar verð ég að segja að þetta orðalag er á engan hátt í mótsögn við það sem ég hef hér sagt. Það minnir einungis á hvernig niðurgreiðslutalan er upphaflega reiknuð, en segir ekkert til um hvernig þetta ákvæði stjórnarsáttmálans skuli framkvæmt. Það er tvennt ólíkt.

Hv. þm. Friðrik Sophusson nefndi hér skuld ríkissjóðs við Reykjavíkurborg vegna sjúkrahúsabygginga, en þar er um mjög háar og miklar upphæðir að ræða sem ég vefengi alls ekki að séu eins og hann nefndi áðan. Staðreyndin er sú, að Reykjavík hefur unnið töluvert fram fyrir sig í heilsugæslumálum og ríkissjóður hefur alls ekki haft undan að greiða framlag sitt á móti. Yfirleitt er það svo, að sveitarfélög, sem byggja heilsugæslustöðvar úti á landi, verða að sætta sig við að láta framkvæmdirnar vera nokkurn veginn í takt við það sem ríkið treystir sér til að greiða. En það vill svo vel til, að fjárhagur Reykjavíkurborgar hefur verið allrúmur um langt skeið vegna þess að Reykjavíkurborg hafði ýmsa þá tekjuliði um langt skeið sem önnur sveitarfélög höfðu ekki. Þess vegna voru tekjur Reykjavíkurborgar hlutfallslega hærri um mjög langt skeið en flestra annarra sveitarfélaga í landinu og þess vegna gafst Reykjavíkurborg kostur á að vinna nokkuð fram fyrir sig. Við þekkjum það, að Reykjavíkurborg varð á undan öðrum sveitarfélögum að leggja göturnar hér varanlegu slitlagi og hefur því auðvitað haft rúm fjárráð. Er þakkarvert að borgin skuli hafa lagt svo mikið fjármagn í sjúkrahúsbyggingar, en það þýðir auðvitað ekki að ríkissjóður geti staðið skil á mótframlagi sínu í einu vetfangi, heldur hlýtur það uppgjör að eiga sér stað með tíð og tíma.

Ég vil hins vegar taka undir það sem fram kom hjá hv. þm., að ef boðið er að greiða þessa skuld með því, að ríkið afhendi verðmæt lönd í nágrenni Reykjavíkur upp í skuldina þá tel ég að það komi mjög sterklega til greina. Raunar hefur það verið nokkuð rætt og athugað. Ég tel að ef samkomulag gæti tekist um þessa lausn málsins mættu báðir aðilar vel við una.

Ég þakka Lárusi Jónssyni, hv. 3. þm. Norðurl. e., fyrir

að vera einn af þeim sem hafa gefið mér blöð í dag, en hann rétti að mér tveggja ára gamalt blað stimplað fjárlaga- og hagsýslustofnun, en það mun vera frá því á miðju sumri 1978 — líklega frá því í júnímánuði 1978. Í því plaggi kom fram að páv. fjmrh. með embættismönnum sínum átti von á að yrði 3 milljarða greiðsluafgangur í árslok 1978. En þetta var því miður algert villuljós og plaggið er ekkert merkilegra fyrir það að það hafi verið sett fram á sínum tíma. Það var alveg jafnmikil blekking fyrir það. Það reyndist nefnilega á allt annan veg, eins og ég hef þegar gert grein fyrir. Ég bendi hér á að í skýrslu frá hagfræðideild Seðlabanka Íslands um þróun ríkisfjármála og um samskipti ríkisins við Seðlabankann, en þetta skjal er gefið út 24. nóv. 1980, segir, með leyfi forseta: „Skuld ríkissjóðs við Seðlabankann var komin í 11 milljarða 316 millj. í júnímánuði 1978 frá ársbyrjun.“ — Það er sem sagt til viðbótar við skuldasöfnunina frá fyrri árum á þessu eina ári komin 11 milljarða skuld við Seðlabankann. Hún fer upp í 12.6 í júlímánuði, hún fer upp í 14.5 í ágústmánuði, og þar skildi Sjálfstfl. við ríkisfjármálin og stjórn þeirra, blessunarlega fyrir landslýð. Síðan fer þessi skuld lækkandi. (**Gripið fram í:** Hæstv. ráðh. veit að skuld við Seðlabankann er mest um mitt ár.) Jú, það er út af fyrir sig alveg rétt, að þetta er ekkert nýnæmi, skuld er einna mest um mitt árið. En ég vek athygli á því, hvað sú fullyrðing, sem hér kom fram frá hv. þm., er í æpandi mótsögn við staðreyndir. Á þessum tíma er 14 milljarða skuldasöfnun við Seðlabankann, sem er á núgildandi verðlagi ekki minna en í kringum 30 milljarða, en t. d. á þessu ári hefur skuld ríkissjóðs við Seðlabanka á miðju ári, um svipað leyti, aldrei farið upp fyrir 7 eða 8 milljarða í mánaðarlok. Menn sjá hvílíkur reginmunur þarna er á. Og að ætla að fara að reyna að telja mönnum trú um að ríkisfjármálin hafi verið í einhverju sérstöku jafnvægi þegar Sjálfstfl. fór frá völdum á miðju sumri 1978 er auðvitað ekkert annað en sótsvört blekkingastarfsemi!

Ég verð að segja það, að ég hef afskaplega gaman af stjórnarandstæðingum eins og Lárusi Jónssyni þegar þeir eru að útskýra fyrir mönnum hvernig standi á því, að ríkisfjármálin skuli vera í jafnvægi. Þeir koma alltaf upp öðru hvoru og gefa á þessu skýringu og þá er alltaf skýringin þessi: Tekjurnar eru meiri og gjöldin eru minni. — Þetta er skýringin. Það eru stórtíðindi fyrir þm. að jafnvægi skuli nást með því tvennu móti, að tekjurnar verða meiri og útgjöldin minni, — stórmerkileg tíðindi. Það héldu auðvitað allir þm. að þetta væri einhver hókus-pókus og gert með einhverjum allt öðrum ráðum en að auka tekjurnar og minnka útgjöldin. Auðvitað gat jafnvægi ekki orðið með neinum öðrum hætti en þessum. En það þurfti líka að gerast og gerðist ekki fyrr en á þessu ári. (**Gripið fram í:** Ráðherrann á að beina spjótum sínum að Seðlabankanum. Ég las aðeins upp úr grein.) Ég held að hv. þm. verði að eiga sitt þras við Seðlabankann sjálfur og ekki vera að blanda mér í það.

Hv. þm. Eiður Guðnason spurði áðan um skatta fyrirtækja og vildi leggja mér það til lasts að ekki er áætlað í þessum fjárlögum að skattar á fyrirtæki aukist til jafns við ýmsa aðra skatta. Hann vildi sem sagt meina að með þessu væri ég að reyna að hlífa fyrirtækjunum, — maðurinn sem hefði verið að hrópa um að fyrirtækin hefðu verið skattlögð of lítið á sínum tíma. En þetta er einmitt misskilningur sem Alþfl. virðist haldinn ekki bara við þessa fjárlagaafgreiðslu, heldur líka á s. l. vetri. Alþfl. telur sig geta og talsmenn hans telja sig geta stjórnað skattlagningu á fyrirtæki með ákvörðunum um upphæðir í fjárlögum og þegar Alþingi ákveði að hafa fjárlagatöluna nógu háa sé aldeilis verið að pína fyrirtækin, en svo þegar fjmrh. vill hafa töluna eitthvað raunsærri og eitthvað lægri sé verið að hlífa þeim. Auðvitað ákveðast ekki skattaálögur á fyrirtæki eða yfirleitt á neina aðila af fjárlagatölunum. Það eru áætlunartölur sem þar er um að ræða. Skattgreiðslur fyrirtækja fara fyrst og fremst eftir ákvæðum skattalaga og eftir afkomu fyrirtækja og nettótekjum þeirra. Þegar spáð er að skattar fyrirtækja vaxi ekki eins og kannske margur maðurinn hefði viljað að þeir gerðu stafar það einfaldlega af því, að afkoma fyrirtækjanna er kannske ekki talin hafa batnað í sama hlutfalli og verðlagsþróunin í landinu. Þessar tölur eru að sjálfsögðu ekki búnar til á skrifborði fjmrh., heldur eru þetta áætlunartölur sem fengnar eru frá Þjóðhagsstofnun.

Ég verð hins vegar að segja að aðalatriði málsins er að skattlagning fyrirtækja er tvímælalaust í miklu heilbrigðara horfi en hún var á þeim tíma sem ég gagnrýndi þau mál hvað mest. Það hafa sem betur fer verið sett ný skattalög og þeim var verulega breytt á s. l. vetri, m. a. voru fyrningaprósentur talsvert hækkaðar og gerðar aðrar breytingar í þá átt að fyrirtæki greiddu skatta. En það má vel vera að fyrirtæki ættu að greiða enn meiri skatta en þau gera nú, og þá gerum við það ekki — hv. þm. Eiður Guðnason og ég — með því að deila um fjárlagatölurnar, heldur gerum við það með því að koma fram breytingu á skattalögunum. Ég er sannarlega fús til samstarfs við Alþfl. og alla aðila hér í þinginu um þær breytingar á skattalögum sem gott samkomulag getur tekist um og horfa til batnaðar. Ég minni á að við stjórnarsinnar höfum lagt hér fram frv. um sérstakan skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði, sem er auðvitað skattur á fyrirtæki fyrst og fremst, og ég treysti því fullkomlega að hv. þm. ásamt samþm. sínum úr Alþfl. styðji dyggilega við bakið á okkur við samþykkt á því frv. (**Gripið fram í:** Það væri nú annað hvort.) Já. (**KP:** Er ekki fullur stuðningur annars staðar frá?) Jú, vafalaust er víða stuðningur við það mál.

Ég vil að lokum segja að mér þykja afskaplega einkennilegar orðræður manna um að fjárlagafrv. sé bersýnilega byggt á röngum forsendum og því nánast einskis virði vegna þess að sumir ætla að verðbólga kunni að verða meiri en frv. gerir ráð fyrir. Það er alveg rétt, að frv. er miðað við 42% verðbólgu milli áranna 1980 og 1981 og að öllu óbreyttu spá ýmsir að verðbólga kunni að verða yfir 60% á næsta ári. Þetta er alveg rétt. En við gerum ráð fyrir því í ríkisstj., að efnahagsaðgerðir verði framkvæmdar í millitíðinni sem auðveldi okkur að ná niður verðbólgu, og við teljum að þetta verðbólgumarkmið, 42%, sé alveg jafnraunhæft og þegar fjárlagafrv. var samið og verði að vera það. Við verðum að ná þeim árangri.

Hins vegar verð ég að segja að bollaleggingar af þessu tagi verða að flokkast undir nýja tegund áróðurs við umfjöllun um fjárlagafrv. Lengst af var það svo, að fjárlagafrv. var alltaf á desemberverðlagi þess árs þegar frá því var gengið og það samþ. Það er fyrir örfáum árum að farið er að reyna að spá um verðbólgu á komandi ári og haga fjárlagatölum í samræmi við það. Hvað á þá að segja um öll frumvörpin sem samþykkt voru frá aldamótum og fram til þess tíma að farið var að taka mið af

verðbólgunni? Voru þau frv., sem þá voru gerð að lögum, tómar endaleysur? Auðvitað ekki. Auðvitað er þetta ekkert annað en áróður sem menn nota í mikilli málefnafátækt til að reyna að slá ryki í augu fólks. Við vitum allir þm. hvernig í því liggur, að fjárlög og ríkisreikningur raskast ekki í grundvallaratriðum, eða a. m. k. ekki mjög verulega, þó að verðbólga verði eitthvað meiri eða eitthvað minni en gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. Ástæðan er einfaldlega sú, að um 70—80% af útgjöldum fjárlaga eru laun og tryggingabætur og rekstrarkostnaður, sem hreyfast í takt við verðbólguna, og svo eru óbeinir skattar, sem líka hreyfast í takt við verðbólguna, í kringum 80% af tekjum fjárlaga, þannig að þegar verðbólga er eitthvað meiri eða eitthvað minni en fjárlög gera ráð fyrir getur þetta að vísu valdið einhverri skekkju í útkomu dæmisins, en sjaldnast mjög verulegri. Og því er venjulegast tómt mál um að tala að fjárlög séu byggð á sandi þó að þau hitti ekki nákvæmlega í þá prósentutölu verðbólgu eða verðlagshækkunar á næsta ári sem ráð er fyrir gert. Það gera þau raunar aldrei. Ég gæti trúað að leitun væri á nokkru einasta fjárlagafrv. sem flutt hafi verið og hafi verið nákvæmlega í takt við þá verðbólguþróun sem kom í ljós á árinu á eftir. Auðvitað er þetta ekkert annað en áróður og það heldur ómerkilegur áróður vegna þess að allir þm. vita betur.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um fjárlagafrv. að sinni, enda gefst tækifæri til þess síðar, en ég ítreka þakkir mínar til fjvn. og vænti þess, að jafnvel gangi að ganga endanlega frá þessu frv.

Frsm. 2. minni hl. (Karvel Pálmason): Herra forseti. Það var ekki ætlun mín að taka til máls aftur við þessa umr., en það virðist vera orðin föst venja hæstv. fjmrh. við hverja fjárlagaumr. að koma hér í pontu í lok umr. og tala í þeim dúr að framkalla svo og svo mikla umr. í áframhaldi af þeirri ræðu. (**Fjmrh.:** Er þm. farið að syfja?) Nei, ekki aldeilis. Ég er reiðubúinn, hæstv. ráðh., til að tala við þig í alla nótt. En það vill nú svo til, að hæstv. ráðh. hefur setið hvað minnst undir umr. um fjárlög líklega af flestum, ef ekki öllum hv. þm. þannig að hann ætti ekki að tala í þessum dúr. Menn vita hversu lengi hann sat undir 2. umr. fjárl. fyrr á þessu ári, þegar hans fyrsta fjárlagafrv. var afgreitt, og hvernig ástandið var þá. Hæstv. fjmrh. ætti því að spara sér öll svigurmæli í sambandi við þessi mál.

En það tilefni sem hæstv. fjmrh. gaf til að ég kæmi hér upp, voru þau ummæli hans, að hann hefði gert samkomulag um það við mig að hann fengi að taka til máls í umr. eftir að hv. þm. Lárus Jónsson lyki sínu máli, og meira að segja sagði hæstv. fjmrh.: Meira að segja óskaði Karvel Pálmason eftir því, að ég yrði á undan honum. — Hver er sannleikurinn í þessu máli? Hver er sannleikurinn? Mér ofbýður alveg hvað hæstv. ráðh. getur verið blygðunarlaus og óskammfeilinn í umr. og orðræðum hér á *Alþingi*.

Sannleikurinn er sá, og nú höfða ég til hæstv. forseta, því að ég veit, að hæstv. forseti man allan þráðinn í þessari sögu, og ég veit, að hann segir það eitt sem er satt og rétt: Hæstv. forseti sagði mér frá því að hæstv. fjmrh. hefði óskað eftir að gera örstutta aths. vegna tiltekinna ummæla sem fram höfðu komið í ræðu hv. þm. Lárusar Jónssonar, hvort ég hefði nokkuð við það að athuga. Ég sagði að að sjálfsögðu mundi ég ekki vera andvígur því, að hæstv. ráðh. fengi að gera örstutta aths., því að mér væri ljóst að hæstv. forseti gæti, hvað sem ég segði, hleypt hæstv. ráðh. að, þannig að það væri ekki á mínu valdi að stöðva það, — en örstutta aths. Ég fór síðan til hæstv. fjmrh. og spurði hann gagngert að því, — og ég vænti þess, að hvað sem öðru líður viðurkenni hæstv. fjmrh. það, svo slæmur sé hann ekki þó slæmur sé í sumum tilvikum, að ég hafi spurt hann einmitt um þetta, — hvort hann ætlaði að tala lengi. Og hann svaraði orðrétt: „Ég tala aldrei yfir 5 mínútur.“ — Ég hafði ekkert sérstakt við það að athuga. Það mátti kannske flokkast undir örstutta aths. hjá hæstv. ráðh. að tala í 5 mínútur. En steininn tekur úr þegar hæstv. ráðh. er kominn hér upp og talar í nær hálfa klukkustund. (**Fjmrh.:** Nei.) Nei. Hann segir nei.

Það er, eins og fleiri hafa tekið eftir en ég, líklega *einsdæmi í sögunni hér að hæstv. ráðh. fari með slíkum* flumbrugangi inn í umr. eins og hæstv. fjmrh. gerði í dag, að ryðjast inn í umr. með þessum hætti á fölskum forsendum og fara þar á bak við hæstv. forseta. Ég vil á engan hátt saka hæstv. forseta um þetta því að þarna sveikst hæstv. fjmrh. aftan að bæði honum og mér.

Það vekur undrun í mínum huga að hæstv. ráðh. skuli leyfa sér — það má nú víst ekki segja „ljúga“ hér í ræðustól, en að vera með slík helber ósannindi eins og hæstv. ráðh. viðhefur hér í ræðum. Ég hef að vísu búist við æðimiklu illu af sumum einstaklingum innan flokks hæstv. fjmrh. Sumir þeirra eru þó mjög góðir menn, eins og ég vitnaði um í dag og lít þá til hægri. En þegar slíkur málflutningur er viðhafður og það af ráðh. tekur, eins og menn segja fyrir vestan, steininn úr.

Ég skal ekki hafa um þetta öllu fleiri orð. En það er ljóst að hæstv. ráðh. er ber að ósannindum í þessu máli. Ég höfða aftur til hæstv. forseta. Ég treysti dómgreind hans og veit að hann fer með það eitt sem satt er og rétt í þessu máli. Ég hef hér rakið það og taldi ástæðu til þess vegna þess, hvernig hæstv. fjmrh. hagar sér í umr.

Forseti (Jón Helgason): Ég hef áður tekið það fram í þessari umr., að ég hefði rætt það við hv. 6. landsk. þm. hvort hann hefði við það að athuga að fjmrh. gerði aths. við ræðu frsm. 1. minni hl. Ég hef engu við það frekar að bæta.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Það er næstum því að maður biðjist afsökunar á því að koma hér í ræðustól núna því að ég ætla ekki að tala um það sem nú er orðið aðalmálið. Það er spurningin um hvor átti að tala á undan, hæstv. fjmrh. eða hv. þm. Karvel Pálmason. Það er spurningin um hvort aths. var stutt eða örstutt. Og það er spurningin um hve mikið hafi verið farið á bak við hv. þm. Karvel Pálmason og hæstv. forseta o. fl. En ég ætla ekki að ræða um þetta.

Hæstv. fjmrh. hélt hér alllanga ræðu og vék þá að ræðum ýmissa stjórnarandstæðinga. Ég saknaði þess, að *hann vék ekkert að minni ræðu. Ég get þess vegna ekki* þakkað honum fyrir það svar og ummæli um mína ræðu. Ég gæti látið mér koma til hugar að hæstv. ráðh. hefði ekki heyrt hana, því að ég er sannfærður um að hæstv. ráðh. hefði vikið að henni ef hann hefði heyrt hana. (**Fjmrh.:** Það var einskis spurt.) Það var einskis spurt. Taldi hæstv. ráðh. að það væri engin ástæða til að tjá sig um þá ræðu? Ég skil þetta svar þannig. En þá þarf ég ekki núna að fara að rifja upp það sem ég sagði við hæstv. ráðh., því að það kemur fram í framíkalli hans að hann

hefur hlýtt á það sem ég sagði.

Ég vík þá strax að erindi mínu núna í ræðustól. Það er sú till. sem ég geri á þskj. 224 um breytingar á framlagi af launaskatti í Byggingarsjóð ríkisins. Ég ætla ekki að fara að ræða núna um húsnæðismálin og stöðu Byggingarsjóðs ríkisins. Hv. þm. Karvel Pálmason, Jóhanna Sigurðardóttir, að ógleymdum Friðrik Sophussyni, hafa gert ítarlega grein fyrir því hörmulega ástandi, sem er í fjárhagsstöðu Byggingarsjóðs ríkisins, og þeim fyrirsjáanlegu erfiðleikum, sem sjóðurinn stefnir nú í. En ég legg til að liðurinn um launaskatt sé hækkaður úr 2 milljörðum 788 millj. 700 þús. kr. í 15 milljarða. Ég sé ekki hvernig hæstv. fjmrh. treystir sér til að standa að afgreiðslu þessa fjárlagafrv. nema hækka framlagið til Byggingarsjóðsins af launaskattinum til samræmis við það sem ég legg til.

Nú er það föst regla og þarf ekki að taka hér fram, að hæstv. fjmrh. er við fjárlagagerð bundinn af lagafyrirmælum um útgjöld ríkisins. Og við heyrum það ósjaldan, að hæstv. fjármálaráðherrar og raunar fleiri tala mikið um að það sé ekki mikið svigrúm við fjárlagagerð vegna þess að það sé svo mikið af útgjöldum ríkisins bundið með lögum. Nú veit ég að hæstv. fjmrh. veit þetta allt jafnvel og ég. Ég veit líka að hæstv. fjmrh. er samviskusamur maður og hann virðir og verður að virða þessa reglu. Ég geri ráð fyrir að það skorti ekkert á það nema í einu tilfelli, sem ég veit um, og það er varðandi Byggingarsjóð ríkisins. Í lögum frá 16. des. 1977 um breyt. á lögum um launaskatt er tekið fram að 2% af launaskattinum eigi að renna í Byggingarsjóð ríkisins sem stofnfjárframlag. Þessi lög eru í gildi í dag. Það leikur því engin vafi á að hæstv. fjmrh. verður að taka mið af þeirri staðreynd — ég segi: verður. Það er altekin regla, eins og ég vék að áðan, og það er skylda samkv. 42. gr. stjórnarskrárinnar, það er tekið fram í stjórnarskránni sjálfri. Samkv. þessu sýnist mér að í þessu máli sé ekki nema tvennt til fyrir hæstv. fjmrh.: annaðhvort að samþykkja brtt. mína á þskj. 224, sem ég hef rætt um, eða afnema lögin um launaskattinn frá 16. des. 1977. Það er ekki nema um tvennt að ræða. (**Fjmrh.:** Það er rétt.) Já, það er rétt, segir ráðh.

Ég vildi vekja athygli á þessu, því að það er mjög alvarlegt mál. Ég hef ekki neina löngun til að stefna hæstv. fjmrh. í vanda út af þessu máli. Þvert á móti. Ég vildi geta stutt hann í því að komast að réttri niðurstöðu, því að það er ekkert spaug að virða ekki þessa reglu. Ef hæstv. ráðh. gerði það ekki, og ég heyri að honum dettur ekki í hug að virða ekki þessa reglu, væri hann ábyrgur samkv. ráðherraábyrgðarlögunum frá 1963 vegna þess að þá hefur hann látið undir höfuð leggjast að sinna þýðingarmiklum þætti í sambandi við fjárlagagerðina, sem honum bar skylda að sinna samkv. stjórnarskrá ríkisins.

Ég sagði að hæstv. ráðh. hefði ekki nema um tvennt að velja. En nú vil ég ekki skiljast svo við þetta mál að taka ekki skýrt fram að annar kosturinn er náttúrlega miklu betri. Í raun og veru tel ég að ekki sé nema um annan kostinn að ræða. Með tilliti til þess, hver staða Byggingarsjóðs ríkisins er og staða húsnæðismálanna og hvert stefnir í þeim efnum, án þess að ég ætli að fara að tíunda það hér nú, er þessi leið sú að láta lögin um launaskatt vera óbreytt og samþykkja brtt. um hækkun framlags af launaskattinum til Byggingarsjóðs ríkisins á þskj. 224. Nú vil ég vænta þess, að hæstv. ráðh. tjái sig um þetta hér úr ræðustól. Og ég verð að segja að mér hefði fundist ástæða til þess að hæstv. ráðh. hefði gert það í ræðu sinni áðan, fyrst hann heyrði mál mitt þegar ég talaði fyrr í umr.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Það er alveg laukrétt hjá hv. þm., að í sambandi við framlög ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins er aðeins um tvennt að velja. Annaðhvort verður að gjalda 15 milljarða til sjóðsins eða það verður að gera breytingu á lögunum um launaskatt. En ég vek athygli á því, að þetta er ekki eina tilvikið þegar þannig stendur á. Það eru fjöldamörg tilvik um það í þessu fjárlagafrv. að breyta þurfi lögum til þess að greiðslur úr ríkissjóði séu í fullu samræmi við lög. Þetta á t. d. við flestalla stofnlánasjóðina, þetta á við lögin um búfjárrækt og jarðræktarstyrki og þetta á við mjög marga þætti fastra lögbundinna framlaga úr ríkissjóði.

Það var að störfum nefnd, sem átti að fjalla um hugsanlegar breytingar á lögbundnum framlögum úr ríkissjóði, og í henni áttu sæti þm. úr öllum flokkum. Þessi nefnd komst að þeirri niðurstöðu, að rétt væri að draga úr öllum hinum lögbundnu framlögum. Kannske voru nm. ekki nákvæmlega sammála í öllum tilvikum hversu mikið ætti að draga úr framlögunum í hverju einstöku tilviki, en þeir töldu þó að þessi framlög ættu öll að breytast. Það er gert í þessu frv. Það er gert ráð fyrir að þessum framlögum verði öllum breytt og þau stífð, þau skert töluvert umfram það sem lög gera ráð fyrir. Byggingarsjóður ríkisins er þarna engin undantekning, heldur er um það að ræða að hann fylgir reglunni hvað þetta snertir, þó vissulega verði að viðurkenna að skerðingin á framlaginu til Byggingarsjóðs sé hlutfallslega miklu, miklu meiri en skerðingin á framlögum til annarra stofnlánasjóða, einfaldlega vegna þess að framlagið til hans, sem áður var, gengur nú að verulegu leyti til Byggingarsjóðs verkamanna.

Ég minni á að þetta er ekki í fyrsta sinn sem lagt er fram frv. sem gerir ráð fyrir öðrum framlögum til sjóða en lög gera ráð fyrir. Þannig var þetta á árinu 1980 og þannig var þetta líka á árinu 1979, og raunar má vafalaust finna mörg önnur fordæmi fyrir þessu. Í öllum tilvikum hefur þessu verið þannig háttað, að lög hafa verið flutt, að vísu yfirleitt samþykkt allmiklu seinna en sjálft fjárlagafrv., sem gerðu ráð fyrir þessum ákveðnu skerðingum. Í því tilviki, sem hér um ræðir, er nákvæmlega eins ástatt, að í væntanlegum lánsfjárlögum er gert ráð fyrir ákveðum sem lögbindi upphæðirnar til stofnlánasjóðanna sem greindar eru í fjárlagafrv.

Það er vafalaust alveg rétt hjá hv. þm., að ráðh., sem ekki fara að lögum, ber að stefna fyrir landsdóm. Mönnum mætti því sýnast að þessir dómendur, sem verið hafa atvinnulausir í 62 ár og aldrei komið saman til fundar, færu nú að fá talsverð viðfangsefni. En ég ætla að vonast til þess, að ef Alþ. samþykkir fjárlagafrv. eins og það liggur nú fyrir og með þeim skerðingum á framlögum til fjárfestingarsjóða sem þar er gert ráð fyrir muni sami meiri hl. tryggja lagabreytingar svo að fullt samræmi verði á milli fjárlagaafgreiðslu og gildandi laga.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð.

Ég verð að segja að ég gerði ekki ráð fyrir að fjárlagagerð þessi væri til sérstakrar fyrirmyndar, en mér kom það nokkuð á óvart þegar hæstv. fjmrh. sagði að það væru mörg tilfelli um að útgjöld ríkisins samkv. fjárlaga-

frv. væru ekki í samræmi við gildandi lög. Ég held að hæstv. ráðh. hefði átt um leið eða áður en fjárlagafrv. var lagt fram að leggja fram frv. um breytingar á þessum lögum og þá líka um launaskattinn.

Hann sagði að þetta væri ekkert nýmæli í sambandi við tekjur Byggingarsjóðs, þetta hefði verið svo í fyrra og hittiðfyrra, en þá hefði verið gert út um þetta og breytt með lögum um lánsfjáráætlun. Þetta er alveg rétt. Þetta var gert í fyrra, það man ég. En hæstv. ráðh. lagði þá fram frv. um lánsfjáráætlun og það var afgreitt fyrir áramót. Sá er munurinn á þessu í fyrra og í ár.

Að gefnu tilefni vil ég aðeins segja að ég óska eftir að hæstv. ráðh. geri við 3. umr. nákvæma grein fyrir hvaða lög það eru sem hann telur að þurfi að breyta til þess að þetta fjárlagafrv. fái staðist. Það verður gengið eftir því, að hæstv. ráðh. geri grein fyrir þessu.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Það er sjálfsagt að verða við þessum tilmælum, sem hv. þm. bar fram. Hins vegar verð ég að leiðrétta það sem kom fram hjá honum áðan, því að frv. til lánsfjárlaga 1980 var borið fram hér í þingingu eftir að fjárlagafrv. hafði verið samþykkt. Nákvæmlega eins var þetta á árinu 1979. Þá var frv. til lánsfjárlaga borið fram hér í þinginu með lagabreytingum, sem vörðuðu stofnlánasjóðina, eftir áramót, í febr. 1979, en fjárlagaafgreiðslan fór fram í des. 1978. Þetta á sér því mörg fordæmi, og ég vil minna á að mjög mörg sambærilega fordæmi má finna í sambandi við afgreiðslu tekjuskattsmála hér á Alþingi. Það hefur hvað eftir annað komið fyrir að bornar væru fram tillögur um breytingar á tekjuskatti í t. d. nóv. eða des., fjárlög verið afgreidd í lok des., en breytingin á tekjuskattslögunum ekki afgreidd fyrr en kannske í febrúar- eða marsmánuði, en fjárlagafrv. þá miðað við áformaða breytingu á tekjuskattslögum. Það eru mörg dæmi þessa og raunar um marga aðra skatta. (**ÞK:** Má ég segja nokkur orð núna til að spara tímann, ég ætla ekki að tala meira? — Ég held að það sé ekki hægt að gera samanburð þarna á milli teknahliðar og útgjalda. Það gildir ekki það sama í þessu efni. Enn fremur mótmæli ég ekki því sem ráðh. sagði um afgreiðslu síðustu fjárl., en sú afgreiðsla var líka afbrigðileg og var ekki á eðlilegum tíma.) Allt var þetta afbrigðilegt, sem ég nefndi hér, en ég held að það sé nokkuð ljóst að ég hef bæði nefnt fordæmi um þetta úr tekjuhlið fjárl. og úr útgjaldahlið fjárl., og hvort sem menn líta á þessi mörgu fordæmi á liðnum árum sem góð eða vond eru þau fyrir hendi og það eru þessi fordæmi sem nú er verið að fylgja.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Umræður utan dagskrár.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Ég þakka forseta fyrir að leyfa umræður utan dagskrár á annasömum degi. Ég mun ekki misnota velvilja forseta með því að setja hér á langa ræðu og vona að orð mín verði ekki til þess, að hér hefjist almenn umræða um það sem ég geri að umræðuefni.

Tilefni þess,að ég kveð mér hljóðs, eru ákveðin orð hæstv. forsrh. í útvarpsviðtali í fyrrakvöld. Í gær var þess farið á leit við hæstv. forsrh., að hann ræddi við okkur hér í hv. Nd. um ummæli sín, en á það gat hann ekki fallist. Þess vegna er það, að ekki verður hjá því komist að trufla með þessum hætti 2. umr. fjárlagafrv. Raunar þarf ekkert að biðja afsökunar á því, svo mjög sem væntanlegar ráðstafanir ríkisstj. í efnahagsmálum hljóta að hafa áhrif á fjárlagagerð, en um þær væntanlegu ráðstafanir ætla ég einmitt að spyrja að gefnu tilefni.

Á undanförnum vikum hafa ótaldar tilraunir verið gerðar hér á hv. Alþingi til þess að fá upplýst hverjar ráðstafanir hæstv. ríkisstj. hygðist gera í efnahagsmálum fyrir næstu áramót eða þá í janúarmánuði. Engin svör hafa fengist við þessum spurningum. Af ummælum hæstv. forsrh. í nefndu útvarpsviðtali má þó ráða að einhverjar ráðstafanir verði gerðar þar sem hann segir það ásetning allra þeirra, sem að stjórninni standa, að reyna að ná saman um víðtækar efnahagsaðgerðir fyrir eða um áramót.

Nú er skammur tími til áramóta. Því verður að ætla að fyrirhugaðar ráðstafanir ríkisstj. séu komnar í þann búning að hægt sé að greina frá þeim í stærstu dráttum hér á hv. Alþingi. Því er hæstv. forsrh. beðinn enn einu sinni að greina þinginu frá því, hvað ríkisstj. hyggist fyrir.

Ef hæstv. forsrh. hins vegar telur sér ekki mögulegt að skýra frá þessu nú, þá spyr ég hann hvort hann muni gera það áður en þinghlé verður gert, sem væntanlega verður n. k. laugardag. Ef hann telur ekki horfur á því, þá spyr ég hvort ríkisstj. hyggist setja brbl. um meiri háttar efnahagsráðstafanir meðan þingið er ekki að störfum í desember- eða janúarmánuði n. k. Þessarar síðustu spurningar spyr ég að gefnu tilefni. Í áðurnefndu útvarpsviðtali í fyrradag er hæstv. forsrh. spurður hvort ráðstafanir hafi verið afgreiddar af ríkisstj. eða hvort slíkt muni bíða afgreiðslu Alþingis þegar það kemur saman í janúar. Þessum spurningum svarar hæstv. forsrh. á þá leið, að þær efnahagsaðgerðir, sem um sé rætt, séu margar þess eðlis, að það verði framkvæmdaatriði sem ekki þurfi lagabreytingar við, lagaheimildir séu til fyrir ýmsu sem til greina komi.

Látum nú þetta vera. Auðvitað getur ríkisstj. gert það sem hún vill hafi hún til þess heimildir. En hæstv. forsrh. bætt síðan við að það væri hugsanlegt að fá samþykkt síðar, þ. e. þegar Alþingi komi saman aftur. Hann bætir svo enn við að um þetta sé ekki hægt að fullyrða neitt í einstökum atriðum.

Með þessum orðum sínum lætur ráðh. að því liggja, að ríkisstj. muni gera það sem henni sýnist meðan þingið sé í frii. Ef lagaheimildir skortir til aðgerðanna verði úr því bætt með brbl. Þaðer út af fyrir sig að tala digurbarkalega til þjóðarinnar í útvarpsviðtali þannig að almenningur velkist ekkert í vafa um það, hver það er sem ræður. En nú er að vita hvort hæstv. forsrh. vill skýra þessi orð sín eða endurtaka hér á sjálfri löggjafarsamkomunni. Því er að lokum endurtekin þessi spurning: Ætlar ríkisstj. að setja brbl. um efnahagsráðstafanir í þinghléi hafi hún ekki aflað sér nauðsynlegra lagaheimilda og telji sig ekki geta beðið þar til Alþingi kemur saman að nýju?

Mér þykir satt að segja ekki til of mikils mælst við hæstv. forsrh. að hann svari þessum spurningum nú. Þær eru einfaldar og ættu ekki að reynast honum erfiðar.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Í stefnuræðu minni á Alþingi 23. okt. s. l. var sagt að ríkisstj. hefði í huga ýmsar efnahagsaðgerðir samfara gjaldmiðilsbreytingunni um næstu áramót. Eins og Alþingi hefur margsinnis síðan verið skýrt frá er unnið að

undirbúningi slíkra aðgerða. Nú sem fyrr útheimtir slíkur undirbúningur ítarlega könnun á áhrifum þeirra og samhengi. Meðan þessar aðgerðir eru á vinnslu- og umræðustigi er ekki tímabært að skýra frá þeim opinberlega. Verði þær tilbúnar áður en fundum Alþingis verður frestað nú fyrir jól verður Alþingi þegar skýrt frá þeim.

Mörg þeirra atriða, sem eru til umræðu, eru framkvæmdaatriði í verkahring ríkisstj. og opinberra stofnana. Meðan ekki er fullráðið með hverjum hætti efnahagsaðgerðirnar verða er ekki unnt að segja hver þörf kann að verða á nýjum lagaheimildum. Ef fundum Alþingis verður frestað með samþykki þess fram til síðari hluta janúarmánaðar hefur ríkisstj. heimild til að gefa út brbl., ef brýna nauðsyn ber til. Ríkisstj. getur ekki afsalað sér þeim rétti, en mun að sjálfsögðu nota þann rétt með aðgát eins og stjórnarskráin ætlast til.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Núv. hæstv. ríkisstj. tók við störfum í byrjun febrúarmánaðar s. l. Á ellefta mánuð hafa þingið og þjóðin beðið eftir því að hún hefðist handa til að gera það sem hún sagði í upphafi febrúarmánaðar að hún ætlaði að gera. Í stjórnarsáttmála hæstv. ríkisstj., sem birtur var í febr., voru tilteknar aðgerðir boðaðar. Við höfum enga þeirra séð enn. Í fjárlagafrv., sem hæstv. ríkisstj. lagði fram í upphafi starfsferils síns á s. l. vetri, var fram tekið að hún mundi með sérstökum aðgerðum sjá til þess að verðbólga á yfirstandandi ári yrði ekki meiri en 31%. Slíkar aðgerðir hafa aldrei komið fram. Verðbólgan er nú á bilinu 55—60%.

Á s. l. vori birti Þjóðhagsstofnun spá um líklega verðlagsþróun á yfirstandandi ári. Hæstv. forsrh. mótmælti þeirri spá og sagði ríkisstj. vera með aðgerðir í undirbúningi sem mundu hnekkja spánni. Þær aðgerðir hefur enginn lifandi maður séð enn.

Skömmu fyrir þinglausnir á s. l. vori urðu hér harðar deilur um líklega þróun í efnahagsmálum, þar sem hæstv. forsrh. — mér liggur nærri við að segja: lagði heiður sinn að veði fyrir því, að það, sem haldið væri fram af öllum sérfræðistofnunum þjóðfélagsins um líklega efnahagsþróun á yfirstandandi ári, mundi ekki reynast rétt þar sem ríkisstj. væri með aðgerðir í undirbúningi er mundu hnekkja því. Þær aðgerðir hefur enginn lifandi maður séð.

Í sumar tóku blöðin við því hlutverki að spyrjast fyrir um aðgerðir hæstv. ríkisstj. Þau upplýstu að hæstv. ríkisstj. hefði skipað ráðherranefnd. Sú ráðherranefnd komst ekki að neinni niðurstöðu. Þau upplýstu að þegar ráðherranefndin hefði verið lögð niður hefði ríkisstj. skipað sérstaka efnahagsnefnd. Efnahagsnefndin gerði tillögur sem sagt var að mundu verða birtar eftir örfáa daga. Þær tillögur hefur enginn séð.

Nokkru síðar var skipuð sérstök undirnefnd ríkisstj. til þess að yfirfara tillögur efnahagsnefndarinnar. Sú undirnefnd hefur enn engum tillögum skilað. Og nú fyrir nokkrum vikum var enn ný ráðherranefnd skipuð í málið, sem enn er að störfum og enn er að undirbúa það sem átti að leggja fram í upphafi valdaferils ríkisstj. á síðasta þingi. Það er því alveg ljóst, að tal ríkisstj. um hlutina, sem séu alveg að koma, er gersamlega út í hött. Í ljós hefur komið að hæstv. ríkisstj. ræður ekki einu sinni við að koma frá sér venjubundnum verkefnum sínum sem lög mæla fyrir um að sérhver ríkisstj. skuli gera á tilteknum tíma. Dæmið er lánsfjárheimildafrv. og afgreiðsla ríkisstj. á þeim málum sem lögum samkv. eiga að leggjast fram með fjárlagafrv. og afgreiða á fyrir áramót. Ekki einu sinni lögskyldum verkefnum sínum getur hæstv. ríkisstj. sinnt, hvað þá öðrum.

S. l. miðvikudag voru formenn þingflokka stjórnarandstöðunnar kvaddir á fund hæstv. forsrh. til þess, að hans ósk, að hafa samráð við hann og ríkisstj. hans um þinghaldið til jóla. Hæstv. forsrh. lagði fram á þessum fundi lista yfir öll þau mál sem ríkisstj. taldi nauðsynlegt að afgreiða fyrir jól. Þessi mál voru 21 að tölu. Þá kom í ljós í fyrsta sinn á öllu þessu þinghaldi að ríkisstj. var ekki búin á 11 mánuðum að komast að neinni niðurstöðu um, hvað hún ætlaði að gera, og óskaði ekki eftir því að fá eitt eða neitt af efnahagsúrræðum sínum afgreitt fyrir jól. Við formenn þingflokka stjórnarandstöðunnar lýstum því yfir, að við mundum leggja okkur fram um að greiða götu hæstv. ríkisstj. í flestu og við mundum greiða götu þess 21 máls sem ríkisstj. óskaði eftir að afgreidd yrðu. Aðrar óskir hafði hæstv. ríkisstj. ekki fram að færa.

Slíkt heiðursmannasamkomulag er mjög eðlilegt að gert sé um þinghald fram til jóla og um þinghlé, til þess að þingmenn þurfi ekki að eiga á hættu að þurfa að hætta við hálfnuð verk og geta ekki sinnt þeim viðfangsefnum sem löggjafarsamkoma þarf að sinna, þannig að ríkisstj. lendi í vandræðum við að stjórna landi í jólafríi þm. (Forseti hringir.) Herra forseti. Ég er alveg að ljúka máli mínu. Örskömmu eftir að þetta heiðursmannasamkomulag var gert við hæstv. forsrh. lét hann taka við sig viðtal í Ríkisútvarpinu þar sem ekki er hægt annað að segja en hann hafi fyllilega gefið það í skyn, að í kjölfar þessa heiðursmannasamkomulags við stjórnarandstöðuna sé það staðföst ákvörðun hans að beita bráðabirgðalagavaldi, þingmönnum gersamlega að óvörum, á þeim fáu dögum eftir áramót sem þeir verða fjarri þessum vinnustað. Ef hæstv. forsrh. getur ekki fullvissað okkur um að í hans huga nú og ríkisstj. sé alls ekki að stefna að neinni brbl.-setningu í janúarmánuði, — ef hæstv. forsrh. getur ekki fullvissað okkur um það nú, að slíkt sé á þessari stundu ekki ætlun hans og ríkisstj., þá tel ég að hæstv. forsrh. hafi með ómerkilegum hætti virt að vettugi drengskaparsamkomulag sem við hann var gert fyrir örfáum klukkustundum.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Hæstv. forsrh. hættir mjög til að vísa til stefnuræðu sinnar og annað tveggja vísar hann til hennar í upphafi máls síns eða stjórnarsáttmála. En það vill nú þannig til, að þó mönnum sé vísað á stefnuræðuna verða menn ekki upplýstari, af því að þar sagði ekkert, ekki nokkurn skapaðan hrærandi hlut um áform ríkisstj., eins og menn þekkja. Og enn eru svörin á þá leið, að unnið sé að undirbúningi, unnið sé að könnun, málin séu í vinnslu, þau séu á umræðustigi, ekki fullráðið til hvaða ráða verði gripið. Þetta bókaði ég hjá mér. Og í hvert einasta skipti sem spurt er hér á hinu háa Alþingi og kallað eftir þeim ráðstöfunum, sem hæstv. ríkisstj. þykist vera með í takinu, þá verða þessi sömu svör uppi höfð. (Gripið fram í.) Í 10 daga stóð tilhugalíf þessarar hæstv. ríkisstj. áður en þeir opinberuðu, og brúðarmeyjarnar lölluðu á eftir krullaðar, eins og hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson. (Gripið fram í.) Nýkomnir úr Karmenrúllulagningu. (Gripið fram í.) Síðan ekki söguna meir.

Í 10 daga voru þeir að taka ákvörðun um það, hvernig þeir ættu að bjarga Íslandi, og að því er manni skildist lá

svo mikið við, að það var aðeins klukkutíma spursmál um hvort það tækist. Þeir minntust eiðstafsins og samviskan bauð þeim að grípa til þessara bragða, og af því að svona lá við þjóðarheill voru látin lönd og leið þau vinnubrögð sem menn yfirleitt temja sér í samskiptum sínum og í félagsskap manna. Það var þá. En í 10 mánuði eftir þessa 10 tilhugalífsdaga hefur ekkert skeð, ekki nokkur skapaður hrærandi hlutur, alls engar ráðstafanir verið gerðar, ekkert viðnám veitt í einu eða neinu og fyrir því stöndum við frammi fyrir þessum ósköpum sem raun ber vitni. — Ég hef ekki fleiri orð um það.

En aðeins nokkur orð að gefnu tilefni, sem snertir auðvitað þetta mál, hæstv. forseti, svo að ég fer ekki út fyrir umræðusviðið, en það snýr einkum að hæstv. fjmrh. Það eru til lög í landinu sem kveða svo á — lög nr. 13 frá 1979, eins og menn þekkja — að ríkisstj. skal leggja — með leyfi hæstv. forseta — fyrir Alþingi fjárfestingar- og lánsfjáráætlanir fyrir eitt ár í senn og skulu þær fylgja fjárlagafrv. Það eru engin áform í þessari grein, þótt yfirleitt séu þessi lög útbíuð í einhverjum stefnumiðum og stefnumótun, sem er mjög óvenjulegt um lög og á ekki að tíðka, en í 19. gr. þessara laga segir, með leyfi hæstv. forseta: „Undirbúningur fjárfestingar- og lánsfjáráætlana skal vera á vegum ríkisstj. og skal Þjóðhagsstofnun, fjárlaga- og hagsýslustofnun, Seðlabanki Íslands og Framkvæmdastofnun ríkisins í samvinnu við einstök rn. annast nauðsynlega undirbúningsvinnu.“ Hér eru skýr ákvæði um hvernig þetta verkefni skuli unnið. Framkvæmdastofnunin tekur þátt í þessu verkefni og þessar fjórar stofnanir, sem þarna eru upp taldar, undir verkstjórn fjárlaga- og hagsýslustofnunar. Jafnan hefur það verið svo, að í júnímánuði hefur fjmrh., sá sem þá hefur setið í því embætti, haft forgöngu um að kalla þessa starfsstjórn saman. En núv. hæstv. fjmrh. hafði ekki þann hátt á eins og fyrirrennarar hans gerðu. Hann hefur aðeins í örskamma stund sýnt sig á einum fundi með þessum samstarfsaðilum. En látum það vera. Hér er mælt fyrir um hverjir vinna skuli.

Framkvæmdastofnunin hefur aðallega á sinni könnu að ganga frá lánsfjáráætlun fyrir hina ýmsu atvinnuvegasjóði eins og menn þekkja. Og rétt er það, að nokkuð dróst úr hömlu að hún gerði skil svo sem vera ber, en af eðlilegum og auðskiljanlegum ástæðum. Það er auðvitað vegna þess, að hér er allt á hverfanda hveli, þannig að forráðamenn lánastofnana og sjóða eiga ekki hægt um vik að standa skil á þessum verkum sínum. Allt að einu var það, að stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins, sem fjallaði um þetta mál í morgun, afgreiddi sinn hluta lánsfjáráætlunarinnar hinn 6. nóv. s. l. á fundi. Voru þá einstaka óvissuatriði þar afgreidd með, svo sem hvort á okkar könnu yrðu hitaveitur ýmsar, svo að ég nefni Eyrarhitaveitu, og menn þekkja við hvað er átt. Þarna var þessu skilað. En allt frá því í septembermánuði hafði framkvæmdastjóri lánadeildarinnar gengið eftir því nærri dögum saman við forstöðumann fjárlaga- og hagsýslustofnunar, hvað liði undirbúningi að gerð lánsfjáráætlunar. Hann hlaut að svara, eins og ástatt var hjá honum, að ekki væru efni til frekari vinnslu á því stigi málsins þar sem ýmsar veigamestu ákvarðanir ætti eftir að taka um gerð þessarar áætlunar. Stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins fjallaði um málið í morgun og vísaði gersamlega á bug þessum ásökunum hæstv. fjmrh., sem eru auðvitað gersamlega úr lausu lofti gripnar. Allir vita hvað veldur.

Herra forseti. Ég lýk máli mínu með því að vitna í dagblaðið Tímann, og ég veit að hæstv. forseti hefur þolinmæði með mér meðan ég geri það. Það hljóðar svo í Tímanum í dag:

„Ástæða til þess, að lánsfjárlögin verða ekki afgreidd nú fyrir hátíðir samhliða fjárlögum fyrir næsta ár, er þannig einkum sú, að ekki hefur náðst full samstaða í stjórnarliðinu um niðurstöðutölur.“

Hvar í ósköpunum er hæstv. fjmrh.?

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Í núv. ríkisstj. sitja tveir helstu lagakennarar í þessu landi og menn sem hafa átt verulegan þátt í því að móta hugsun lögmenntaðra manna um jafnvel tveggja kynslóða bil. Það, sem hér er að gerast og yfirlýsing dr. Gunnars Thoroddsens forsrh. í útvarpinu í fyrrakvöld, þar sem hann gefur sterklega í skyn að beitt verði bráðabirgðalagaheimild, sem hann kallar, nú um jólaleytið eða meðan þingi er frestað, er auðvitað brot gegn anda 2. gr. stjórnarskrárinnar. 2. gr. stjórnarskrárinnar kveður svo á, að valdaþættirnir þrír skuli standa jafnfætis og vera óháðir hver öðrum. Þetta er auðvitað öll hugsunin í þessu. Andi þessara laga stendur til þess, að jafnvægis sé gætt. Það brýtur gegn anda þessara laga að boða það nú, að það kynni að vera í bígerð að þingið skuli sent heim og síðan skuli verða sett brbl. Það brýtur gegn anda 2. gr. stjórnarskrárinnar. Vissulega er það svo, að slík stjórnarskrárbrot eru að fara fram. Þau fara fram nánast á hverjum degi. Dómarar úr Hæstarétti koma fyrir þingnefndir eins og hverjir aðrir pólitískir verslunarmenn og „agitera“ fyrir frumvörpum sem þeir hafa samið. Þetta er auðvitað brot á anda 2. gr. stjórnarskrárinnar. Þessir þrír valdþættir eiga að standa jafnfætis, og það er hrein ögrun og ósvífni þegar forsrh. segir í útvarpsviðtali: Lagaheimildir eru til. — Ég vil, með leyfi forseta, vísa í útskrift af þessu viðtali: „Lagaheimildir eru til fyrir ýmsu, sem til greina kemur. Það er hugsanlegt að fá samþykkt síðar, þ. e. þegar Alþingi kemur saman aftur. Um þetta er ekki hægt að fullyrða neitt í einstökum atriðum nú.“ Hér er forsrh. auðvitað að ögra þinginu og ögra þjóðinni. Hann er að boða það, að heimildum til brbl. kunni að verða beitt í jólafríi þingsins.

Í enskri sögu þekkja Englengingar það, að þegar Oliver Cromwell var leiður á þinginu sendi hann hermenn á hestum inn í þingið og sendi það heim. Það hefur ekki þótt vera fín gjörð í breskri sögu. Efnislega er nákvæmlega það sama sem forsrh. er nú að gera. Þinginu á að vera misboðið. Þingið á að hafa virðingu fyrir sjálfs sín hönd. Það er þetta virðingarleysi í allri þessari hugsun þessa lögmenntaða manns sem er yfirgengilegt.

Nú er það svo, að þessir leikir hafa verið leiknir áður. En ég spái því, að tímar séu að breytast í þessum efnum, að ný kynslóð líti öðrum augum á þessi efni. Það er kynslóðin, sem er að fara, sem svona hegðar sér. Lífskeðjan heldur áfram, guði sé lof. Þær aðferðir, sem hér er beitt þegar framkvæmdavaldið fótumtreður löggjafarvaldið, eins og auðvitað er hér verið að gera, þetta eru leikaðferðir í stjórnmálum sem við erum vonandi nú að sjá fyrir endann á. Það eru fullorðnir þm., sem áratugum saman hafa stundað stjórnmál bæði af starfi og af ástríðu, sem hegða sér með þessum hætti. Þetta er auðvitað óþolandi, og Alþingi, sem ber einhverja lágmarksvirðingu fyrir sjálfu sér, á auðvitað að mótmæla harðlega slíkum leikreglum sem forsrh. talaði fyrir í útvarpsviðtali í fyrra-

kvöld. Það er óþolandi með öllu, að fulltrúi og talsmaður framkvæmdavaldsins komi fram í útvarpi og boði setningu brbl., af því að brbl. eru neyðarréttur. Menn eiga að geta séð fyrir brbl. meðan þing situr enn þá, og þá auðvitað framlengir þingið sjálft sig. Bráðabirgðalagahugmyndir eru frá tímum þegar samgöngur voru erfiðar, þegar erfitt var að ná þingi saman, til þess að þetta neyðarvald væri til ef á þyrfti að halda. Þetta er auðvitað misnotkun sögulega, efnislega og lagalega á öllu því valdi sem hér er verið að tala um. Þetta er allt öðruvísi hugsað í stjórnarskránni, eins og sögufróður maður, sem setið hefur áratugum saman hér á Alþingi, veit auðvitað mætavel. Það er útúrsnúningur út úr anda stjórnarskrárinnar að beita brbl. með þessum hætti. (Forseti *hringir.*) — *Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu.*

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það er sérkennilegt með þá stjórnarandstöðu sem nú er á Alþingi, að venulega sefur hún vikum saman og svo hleypur hún hér upp í umr. með litlum fyrirvara, en miklum hávaða. Síðast gerðist það hér á Alþingi nokkrum dögum fyrir Alþýðusambandsþing. Nú er það greinilega að gerast hér aftur. En það er líkt með upphlaupinu fyrir Alþýðusambandsþing og því upphlaupi, sem er nú, að það einkennist af alvarlegri brotalöm sem gerir málflutning hv. stjórnarandstöðu að engu. Það er nákvæmlega sama brotalömin sem einkennir þessa umr. nú eins og einkenndi umr. síðustu daga fyrir Alþýðusambandsþing. Brotalömin er þessi:

Hv. þm. stjórnarandstöðunnar halda því fram samtímis, jafnvel í sömu ræðunni, eins og heiðursmaðurinn, hv. formaður þingflokks Alþfl., Sighvatur Björgvinsson, gerði hér áðan, að annars vegar hafi ríkisstj. engar tillögur í efnahagsmálum og þess vegna beri að samþykkja frv. Alþfl. um frestun myntbreytingarinnar. (**SighB:** Ég minntist nú ekkert á það.) Nei, það var hins vegar gert hér fyrir tveimur dögum. Á hinn bóginn hafi ríkisstj. í undirbúningi tillögur í efnahagsmálum og þess vegna sé ekki hægt að senda þingið heim, eins og hv. þm. Vilmundur Gylfason sagði áðan.

Ég beindi þeirri ósk til hv. stjórnarandstöðu í umr. fyrir Alþýðusambandsþing, að hún gerði upp við sig hvort hún ætlaði að halda því fram, að ríkisstj. hefði tillögur í efnahagsmálum, jafnvel svo myndarlegar og magnaðar tillögur að hún þyrði ekki að sýna þær, hvorki fyrir Alþýðusambandsþing né fyrir þinglok fyrir jól, eða hvort stjórnarandstaðan ætlaði að halda því fram, eins og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson gerði að mestu leyti í sinni löngu ræðu áðan, að ríkisstj. hefði engar tillögur í efnahagsmálum og þess vegna væri hér allt að fara til andskotans. (**Gripið fram í:** Hver er reynslan?) Það ætla ég að láta hv. stjórnarandstöðu um að dæma fyrir sjálfa sig. Ef reynslan er sú, að ríkisstj. hafi engar tillögur í efnahagsmálum, þá er engin þörf á að hafa neinar áhyggjur af því, hvað gerist í jólaleyfi eða hvað gerist yfirleitt á vettvangi ríkisstj. almennt. (**LJ:** Það er mesta áhyggjuefnið.) En það er ekki hægt á sama tíma, hv. þm., að halda því fram bæði að ríkisstj. hafi í undirbúningi og hafi jafnvel á sínum borðum svo magnaðar tillögur í efnahagsmálum, að þess vegna geti þingið ekki farið *heim í jólafrí, og svo á hinn bóginn að það verði að fresta* myntbreytingunni vegna þess að ríkisstj. hafi engar tillögur í efnahagsmálum.

Ég beini því vinsamlega til hv. stjórnarandstöðu aftur, nákvæmlega eins og ég gerði fyrir Alþýðusambandsþingið, að hún haldi nú nokkra fundi og komi sér saman um hvort hún ætlar að halda því fram og byggja sinn málflutning á því, að ríkisstj. hafi tillögur, eða á því, að ríkisstj. hafi ekki tillögur. (**Gripið fram í:** Hefur ríkisstj. tillögur eða ekki tillögur?) Það er ekki mitt að svara því. Það var ekki ég sem hóf þessar umr. utan dagskrár. Það er ekki ég sem fór þessa leið. Ég hefði ekki byggt málflutning minn á svona þversögn. En þetta er eina atriðið sem hv. stjórnarandstaða hefur byggt sinn málflutning á og ekki getað gert upp. Það mun fara nákvæmlega eins yfir þessum herramönnum hér í framtíðinni eins og fór fyrir liðsoddum þeirra á síðasta Alþýðusambandsþingi.

Hv. þm. Sverrir Hermannsson gerði að umtalsefni og nánast forsendu sinnar ræðu atburðina á 10 dögum í jan. og febr. fyrr á þessu ári. Það er nú með þá atburði og þátt hv. þm. Sverris Hermannssonar í þeim, að við hinir eigum mjög bágt með að taka þátt í þeirri umr. fyrr en böndin í Valhöll hafa verið á bók fest líkt og önnur fræg bönd í annarri byggingu voru á bók fest í öðru landi. Meðan við hinir höfum ekki fengið leyfi formanns Sjálfstfl. til þess að hlusta á böndin, sem eru lokið inni í skjalaskáp Sjálfstfl., hlýtur að vera mjög erfitt fyrir okkur að taka þátt í umr. með hv. þm. Sverri Hermannssyni um hvað raunverulega gerðist þessa frægu 10 daga. Ég vil því beina því til formanns Sjálfstfl., sem er mikill baráttumaður fyrir frjálsu orði og frjálsri umr. og frelsi almennt í landinu, að hann leyfi nú þingheimi og þjóðinni að hlusta á böndin í Valhallarpeningaskápnum, líkt og Nixon leyfði bandarísku þjóðinni að hlusta á böndin sem voru geymd í Washington-skjalaskápnum.

Að lokum vil ég segja það við hv. þm. Vilmund Gylfason, að það er skiljanlegt að honum komi í hug orð og athafnir Cromwells og afstaða hans til þinga almennt, því að fátt minnir nú meira á fyrirlitningu Cromwells á þingum heldur en þau orð sem hv. þm. Vilmundur *Gylfason hefur haft um síðasta flokksþing* Alþfl.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Kannske við hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson getum skipst á upplýsingum og hann geti frætt mig um ræður forkólfa Alþb. þegar ákveðið var að taka þátt í þessari ríkisstj. og hæstv. núv. fjmrh. fullvissaði efagjarna Alþb.-menn um að það væri allt í lagi að taka þátt í þessari ríkisstj. vegna þess að félagar Alþb. í ríkisstj. og samráðherrar þeirra yrðu bandingjar Alþb. í ríkisstj. Við skulum sjá til, Ólafur Ragnar Grímsson, varðandi þetta.

En ég get vel upplýst Ólaf Ragnar Grímsson um það, að það er hvort tveggja jafnámælisvert, að ríkisstj. hafi engar tilbúnar tilllögur til aðgerða í efnahagsmálum, og hitt, að hún hafi slíkar tillögur tilbúnar og vilji hvorki sýna þær tillögur Alþýðusambandsþingi né sjálfri löggjafarsamkomu þjóðarinnar. Og það eru eingöngu stjórnarliðar, sem geta svarað þeirri fsp. hvoru þessu sé til að dreifa. En ríkisstj. og stjórnarliðar eru jafngagnrýnisverðir hvor heldur skýringin er.

Það hefur verið minnst á það, að núv. hæstv. ríkisstj. hafi brotið ýmis ákvæði svokallaðra Ólafslaga. Hæstv. fjmrh. hefur t. d. brotið það ákvæði Ólafslaga í 7. gr. þeirra, að með fjárlagafrv. ár hvert skuli leggja fram áætlun er lýsi í aðalatriðum meginstefnu í ríkisbúskapnum næstu þrjú árin eftir lok þess fjárhagsárs sem fjárlagafrv. tekur til. Hann hefur haft fram á þessa

stundu rúma 10 mánuði til að undirbúa þetta og hann getur ekki kennt öðrum um þessa vanrækslusynd sína.

Bent hefur verið á það hér, að hæstv. fjmrh. hefur brotið 14. gr. svokallaðra Ólafslaga þar sem segir að fjárfestingar- og lánsfjáráætlanir fyrir eitt ár í senn skuli fylgja fjárlagafrv. Og hann hefur brotið það ákvæði sömu greinar, að áætluninni skuli fylgja stefnumótun í meginatriðum næstu þrjú árin eftir lok þess fjárhagsárs sem fjárlagafrv. tekur til. Hæstv. fjmrh. hefur gert veikburða tilraunir hér, lítilmannlegar tilraunir til að kenna öðrum um þessa vanrækslu sína, en honum hefur verið sýnt fram á að hann hefur eingöngu við sjálfan sig að sakast.

Það er líka rétt að vekja athygli á því, áður en fjárlög eru afgreidd, að svo er tilgreint í Ólafslögum, 6. gr., að áætlanir um tekjur og gjöld í fjárlagafrv. skuli gerðar á sömu meginforsendum og þjóðhagsáætlun og þær spár sem eru hluti hennar, þ. á m. um breytingar verðlags og launa, og þá er átt við þjóðhagsáætlun er fylgir stefnuræðu forsrh. á hverju hausti. En síðan segir í þessari sömu grein áfram: „Á sama hátt skulu þjóðhagsforsendur fjárlaga miðast við endurskoðaða þjóðhagsáætlun fyrir fjárhagsárið, sem í hönd fer, eins og hún liggur fyrir við afgreiðslu fjárlaga."

Þarna er gerður greinarmunur á þjóðhagsáætlun, sem fylgir stefnuræðu forsrh., og endurskoðaðri fjárhagsáætlun komandi árs. Nú liggur fyrir endurskoðuð þjóðhagsáætlun fyrir næsta ár sem leiðir allt annað í ljós heldur en þjóðhagsáætlun er fylgir stefnuræðu forsrh., og hefur verið gerð grein fyrir því hér af fyrri ræðumönnum. Annars vegar var verðbólguspá, er nam 42%, og hins vegar er um að ræða verðbólguspá, er nemur 65—70%, þannig að það er ekki unnt að afgreiða fjárlög, ef eftir lögum á að fara, nema fjárlögum sé breytt frá því sem þau eru nú við 2. umr. og þau færð í samræmi við þjóðhagsspá Þjóðhagsstofnunarinnar, eins og lög gera ráð fyrir. Það er því réttmæt krafa þm., að hæstv. ríkisstj. — og einkum og sér í lagi hæstv. fjmrh. — taki til og umreikni fjárlagafrv. í samræmi við kröfur þessarar lagagreinar. Og sannleikurinn er sá, að þetta gerir það að verkum, að réttast væri fyrir ríkisstj. að óska eftir bráðabirgðaheimildum um greiðslur úr ríkissjóði og fjalla um endurskoðun fjárlaga samhliða því sem hún fjallar um væntanlegar efnahagsaðgerðir, þannig að samræmi sé í hlutunum og bókstaf laganna og anda þeirra sé fullnægt.

Það er ekki að ófyrirsynju, að spurt er um hvort brbl. verði gefin út í jólaleyfi þm. þegar svona standa sakir. Það er t. d. alveg ljóst, að samkv. Ólafslögum á að hækka vexti um 10—12 prósentustig fyrir áramót ef engin lög eru samþykkt hér á Alþingi sem breyta 33. gr. Ólafslaga, ákvæði til bráðabirgða. Nú ætla ég að spyrja, þar sem ekki er tilkynnt í skrá ríkisstj. um lög eða lagafrv. sem samþykkja þarf fyrir áramót, hvort ætlunin sé að gefa út brbl. milli jóla og nýárs til þess að Seðlabankinn sé ekki skyldugur að hækka vexti um 10—12% — eða hvað ætlast ríkisstj. fyrir að þessu leyti?

Þetta leiðir hugann að því, að auðvitað er það krafa okkar þm. að vita hvort ríkisstj. ætlar sér að leggja fram tillögur í efnahagsmálum og fylgja þeim fram með bráðabirgðalöggjöf eftir að þingi verður frestað. Ég vil lýsa því yfir fyrir mína hönd og ég veit annarra stjórnarandstöðuþm., að við erum reiðubúnir að sitja hér áfram á þingi án sérstakrar þingfrestunar og fjalla um þau mál sem ríkisstj. telur nauðsynlegt að þingið og löggjafarsamkoman fjalli um, þ. á m. væntanlegar efnahagsaðgerðir, endurskoðun fjárlagafrv. o. s. frv. Ég er andvígur því að heimila frestun á fundum þingsins nema fyrir liggi ákveðin yfirlýsing af hálfu ríkisstj. um væntanlegar efnahagsaðgerðir og hvernig hún ætlar að standa að lagasetningu sem nauðsynleg kann að vera til þess að þær nái fram að ganga. Ég skil vel að ríkisstj. getur ekki afsalað sér valdi til brbl.-útgáfu þegar fundum þingsins er frestað, en hér er um lágmarkskröfu af hálfu þm. að ræða sem ég hef lýst hér á undan.

Ég þakka forseta sæmilega þolinmæði.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Það eru aðeins örfá atriði sem mér þykir rétt að svara.

Hv. þm. Ólafur G. Einarsson sagði að í gær hefði ég verið beðinn að svara utan dagskrár fsp. út af fréttaviðtali við mig þá kvöldið áður. Þetta er mjög málum blandað og í raun ekki rétt frá sagt. Ég minnist þess ekki, að ég hafi nokkurn tíma neitað að svara fsp. í þingi utan dagskrár þegar þær hafa verið bornar fram með eðlilegum vinnubrögðum og með eðlilegum fyrirvara. En það vita allir hv. þm., að þegar þess er óskað, að ráðh. svari utan dagskrár, þá er — auk þess að fá leyfi forseta til þess — ráðh. tilkynnt það, ég held undantekningarlítið eða undantekningarlaust fyrir hádegi sama dag.

Það, sem gerðist í gær, var að um kl. 4, þegar ég var á fundi uppi í stjórnarráði, er hringt til mín í ofboði og þess krafist að ég komi þegar í stað niður í þing til að svara fsp. frá hv. þm. Matthíasi Á. Mathiesen í Nd. út af þessum þætti. Auðvitað neitaði ég þessu, því að það eru engir mannasiðir eða þingsiðir að krefjast slíkrar umr. utan dagskrár og svara ráðh. fyrirvaralaust. Þar að auki var þetta mál með þeim hætti undarlegt, að hv. þm. Ólafur G. Einarsson, formaður þingflokks sjálfstæðismanna, var hjá mér uppi í stjórnarráði í gærmorgun, við áttum fund saman þá rúmum hálfum sólarhring eftir að ég hafði átt viðtal við útvarpið. Ekki minntist hann á það einu orði, að nokkur ástæða væri til þess að spyrja hér í Alþingi eitthvað út af því. Þetta hefur því líklega komið til síðdegis. Og kannske er sú skýring nærtækust, sem sumir hafa getið sér til, að hv. þm. Ólafur G. Einarsson hafi, eftir að hann gerði samkomulagið í fyrradag við okkur og hafði ekkert að athuga við fréttaviðtalið við mig í gærmorgun, — þá hafi hann eftir hádegi í gær kannske fengið bágt fyrir hjá einhverjum samþm. sínum eða flokksbræðrum fyrir að hafa leyft sér að semja á þennan hátt við ríkisstj.

Ég vil mótmæla því, að ég hafi neitað að svara fsp. utan dagskrár. Það er eingöngu vegna þess að þetta er borið fram með gersamlega óþinglegum hætti og þvert ofan í allar venjur.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson leyfir sér að viðhafa hér þau orð, að í kjölfar þess sem er kallað heiðursmannasamkomulag í fyrradag hafi ég með ómerkilegum hætti virt að vettugi drengskaparsamkomulag. Hvað er hv. þm. að fara? Fyrir þrem dögum sendi ég formönnum allra þingflokkanna skrá yfir 21 þingmál sem ríkisstj. óskaði eftir að fá afgreidd fyrir jól. Eftir að þeir höfðu haft þetta mál til meðferðar og getað athugað það óskaði ég eftir fundi með þeim í fyrradag. Þá höfðu þeir haft nærri sólarhring til þess að kanna málið. Ég skýrði þá þessa ósk okkar, og ég verð að segja það þessum tveim heiðursmönnum til hróss, að þeir tóku þessu ákaflega vel, sögðust ekkert sjá athugavert við það og hétu að standa að því að hægt væri með þinglegum

hætti að afgreiða þessi mál, þó að þeir væru auðvitað, eins og alltaf, efnislega andvígir einhverjum þessara mála. Á þessum fundi minntist hvorugur þeirra einu orði á að það væri skilyrði fyrir þessu samkomulagi, að ríkisstj. skýrði fyrir jólahlé frá fyrirhuguðum efnahagsráðstöfunum. Það hefur ekki verið minnst á það einu einasta orði, að það væri skilyrði að ríkisstj. gæfi ekki út brbl. í þessu þinghléi, — ekki minnst á það einu orði. Svo leyfir þessi hv. þm. sér að koma hér upp í ræðustól — og mun hafa haldið hér ræðu í Nd. í gær og talað í útvarp — með þessar gersamlegu ástæðulausu ásakanir og ómaklegu í minn garð, órökstuddar með öllu. Þetta er eitthvað sem hv. þingmaður eða kannske þessir tveir þingflokksformenn hafa báðir fundið út alllöngu eftir að þetta samkomulag var gert og eftir að ég átti viðtalið við útvarpið, vegna þess að einhverjum kann að hafa fundist — og það er ekki óhugsandi að einhverjum hafi fundist það — að þeir hafi gengið heldur langt í því að gera þetta samkomulag sem ég tel að þeim beri lof fyrir.

Hv. þm. Vilmundur Gylfason telur að brbl. — nú hef ég ekki í þessu fréttasamtali minnst einu orði á brbl. — en hv. þm. Vilmundur Gylfason telur að brbl. séu gersamlega úrelt og í rauninni ekki í samræmi við anda stjórnarskrárinnar eða okkar stjórnskipulags og í rauninni hreint neyðarúrræði. Það var nú þannig að hér var um stund, í tæpa 4 mánuði, ríkisstj. Alþfl., frá því í okt. og fram til febr., ríkisstj. Benedikts Gröndals. Á þeim stutta tíma sem hún starfaði kom hún því í verk að gefa út ekki ein, heldur níu brbl., sem ég held að sé algert met á jafnstuttum tíma. Og það vill nú svo til, að ein af þessum lögum voru gefin út af hæstv. þáv. dómsmrh., Vilmundi Gylfasyni. Hver er skýringin á þessu? Það er kannske eftir kenningu Vilmundar Gylfasonar, að hann lítur svo á að stjórnartímabil þeirra hafi verið eitt samfellt neyðarástand.

En fyrst ég er farinn að ræða við hv. þm. Vilmund Gylfason finnst mér skylt að minnast þess, að í Dagblaðinu í gær sendi hann mér kærar kveðjur í sambandi við taflmennsku o. fl., og er skylt að þakka þau vinsamlegu ummæli.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson kvartaði undan því áðan, að stjórnarandstaðan væri ekki nógu hörð og það liði nokkur tími svo að hann heyrði ekki nægilega mikið frá henni. Hann talaði um að hún svæfi vikum saman. En ég held að hann ætti að hyggja frekar að því, að ríkisstj. rumskar aldrei. Mér finnst líka ákaflega furðulegt að agnúast út í það, að forsrh. sé spurður í framhaldi af þeim yfirlýsingum sem hann gaf í útvarpið um það, að til álita kæmi í efnahagsaðgerðum að gefa út brbl., því að öðruvísi verða ummæli hans ekki skilin. Hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni fannst ekki eiga við að spyrja af þessu tilefni. Ég get ekki lagt öðruvísi út af texta þm. en sem svo, að hann ætlist ekki til að neitt mark sé tekið á því sem hæstv. forsrh. segir í útvarpið.

Áður hefur verið spurt af minna tilefni hér en því, að hæstv. forsrh. gefi það fyllilega í skyn í útvarpinu, rétt áður en þing fer í frí, að hugmyndin sé að gefa út brbl., því að öðruvísi verður hæstv. forsrh. ekki skilinn. En stjórnarandstaðan hefur dregið í efa, að tillögur væru fyrir hendi hjá ríkisstj., og byggt það á reynslu sinni í þessum efnum. Ég get ekki séð annað en hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hafi komist að sömu niðurstöðu, að það sé ekkert í undirbúningi hjá ríkisstj., úr því að honum finnst ekki viðeigandi að spyrja um það hér og nú, hvað hafi vakað fyrir forsrh., hvað verið sé að hugsa. (Gripið fram í.) Ég segi það enn og aftur, að mér þykir einkennilegt ef það á að geta farið saman að þykja ekki viðeigandi að spyrja af þessu tilefni og halda því fram, að eitthvað sé í undirbúningi. En hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson getur leyst úr þessu. Úr því að hæstv. forsrh. fæst ekki til að svara nægir þinginu auðvitað yfirlýsing frá formanni Alþb. um að Alþb. muni ekki standa að brbl.-setningu, því að ekki trúi ég að hæstv. forsrh. ætli sér að setja brbl. öðruvísi en þingmeirihluti sé fyrir því. Þetta er spurningin um það, hvort hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson ætlast til þess, að þingið og þjóðin líti svo á að yfirlýsing hæstv. forsrh. í útvarpinu sé algerlega ómark eða ekki, hvort hún sé jafnmikið ómark og allar aðrar yfirlýsingar sem hafa komið frá ríkisstj. um aðgerðir í efnahagsmálum.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Þessar umr. eru nú farnar að ganga nokkuð vítt og breitt þannig að ég tel ástæðu til þess að leggja áherslu á að við reynum að halda okkur við aðalatriði í þessu máli. Þessar umr. eru til komnar vegna þess, að menn óttast að hæstv. ríkisstj. ætli sér, meðan þingið er í jólaleyfi, að setja brbl. sem verði stefnumarkandi í efnahagsmálum landsins með sérstöku tilliti til gjaldmiðilsbreytingarinnar. En ríkisstj. hefur lofað að gera sérstakar ráðstafanir og móta heildarstefnu í efnahagsmálum til þess að gera gjaldeyrisbreytinguna mögulega, þannig að hún hafi tilætlaðan árangur, en verki ekki sem olía á verðbólgubálið.

Hæstv. forsrh. sagði áðan að verði tillögur ríkisstj. tilbúnar á meðan Alþingi situr, þá verði þær lagðar fyrir Alþingi. Já, mikil er sú náð. Við megum gera ráð fyrir þessu. Hæstv. forsrh. sagði síðan að ríkisstj. hefði heimild til, ef brýna nauðsyn bæri til, að setja brbl. og ætlaði ekki að afsala sér þeim rétti. Þetta er alveg rétt og ég skil þetta. Það er ekki verið að fara fram á það hér, að hæstv. ríkisstj. afsali sér þeim almenna rétti sem hún hefur til þess að setja brbl. samkv. stjórnarskrá ríkisins. Við erum alls ekki að tala um það. Við erum að tala um allt annað. Við erum að tala um það, að ríkisstj. setji ekki brbl. um efnahagsmálin, um þá stefnumótun sem hún hefur lofað í sambandi við gjaldmiðilsbreytinguna. Það er þetta sem við erum að tala um, annað ekki.

Það vill svo til og menn muna það, að í nóv. var rædd hér fsp. frá mér til hæstv. viðskrh. um gjaldmiðilsbreytinguna. Fsp. var á þá leið, hvort ríkisstj. sæi ekki ástæðu til þess að endurskoða fyrirætlanir um gjaldmiðilsbreytinguna. Það kom fram ótti bæði hjá mér og öðrum um það, að þessu máli væri stefnt í voða vegna þess að það lægju ekki fyrir neinar tillögur frá ríkisstj. í efnahagsmálum. Það voru í þrjá daga á þriggja vikna tímabili í nóv. umr. um þessa fsp. og það voru haldnar milli 50—60 ræður. Það voru fyrst og fremst stjórnarandstæðingar sem héldu þessar ræður. Það gafst ekki tækifæri til þess að þakka Framsókn fyrir eina einustu ræðu, að vísu talaði hæstv. viðskrh. Nær allir, sem töluðu, voru að spyrja um efnahagstillögunar, hverjar þær væru. Það fékkst ekkert svar við því. En þessar umr. urðu þó ekki árangurslausar, því að það fékkst svar við mjög þýðingarmiklu atriði í þessu máli. Það fékkst svar við því sem margir hreyfðu, en var sett sérstaklega skýrt fram af hv. þm. Matthíasi Á. Mathiesen. Hann spurði viðskrh., með

leyfi hæstv. forseta:

„Mega alþm. gera ráð fyrir því, að áður en þeir fara heim í jólaleyfi fái þeir að sjá hér á borðum sínum tillögur ríkisstj. í sambandi við þær ráðstafanir sem hún telur nauðsynlegt að gera vegna myntbreytingarinnar sem fram á að fara um áramót?"

Hæstv. viðskrh. sagði, með leyfi hæstv. forseta, í þessari sömu umr. (Forseti hringir.) Ég þykist vita að hæstv. forseti meini hvorki sjálfum sér né þingheimi að heyra það sem hæstv. viðskrh. sagði. Það var á þessa leið:

„Til þess að svara spurningu hv. þm. Matthíasar Á. Mathiesens vil ég aðeins segja það, að ríkisstj. mun að sjálfsögðu leggja sín mál fyrir Alþingi þegar hún leggur fram tillögur sínar um aðgerðir í efnahagsmálum. Um það þarf ekkert að efast. Ég ætla ekki að fara að tiltaka neinar ákveðnar dagsetningar við þetta tækifæri, en hv. þm. getur alveg treyst því, að ríkisstj. mun leggja fyrir Alþingi tillögur sínar um aðgerðir í efnahagsmálum, sem eru nauðsynlegar og geta að mínu mati ekki beðið lengi."

Þetta er sagt í umr. 4. nóv. s. l. Ég fæ ekki skilið þessa yfirlýsingu hæstv. viðskrh. öðruvísi en að í henni felist það, að ríkisstj. muni leggja tillögur sínar í efnahagsmálum til stefnumótunar í sambandi við gjaldmiðilsbreytinguna fyrir Alþingi áður en þær eru lögfestar. Það þýðir að þetta er loforð um það, að ekki verði sett brbl. um þessi efni. Og það er það sem þessi umr. snýst um, að það verði ekki sett brbl. um þetta efni. Ég vænti þess, að hæstv. ríkisstj. — nú sé ég að hæstv. forsrh. hefur gengið út undir þessari ræðu — en ég vænti þess, að hæstv. ríkisstj. geri sig ekki bera að því að gera hæstv. viðskrh. ómerkan af þessum orðum og þessu fyrirheiti sem hann hefur gefið okkur alþm. og hv. Alþingi.

Forseti (Jón Helgason): Vegna orða síðasta ræðumanns vil ég mótmæla þeim aðdróttunum í minn garð frá honum og hv. 4. þm. Austurl., að ég hagi fundarstjórn eftir því efni sem ræðumenn flytja.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Þar sem ég hóf þessar umr. vil ég þakka hæstv. forsrh. svör hans þótt í þeim væri satt að segja hin mikla teygja sem oft einkennir svör hæstv. ráðh. Ég spurði hér einfaldra en ákveðinna spurninga. Ég fæ ekki skýr svör. Hins vegar fara menn að tala hér um allt annað og þar á meðal gerir hæstv. forsrh. það.

Mér er alveg ljóst að þess verður ekki krafist af hæstv. ríkisstj., að hún afsali sér þeim rétti sem hún hefur til útgáfu brbl. Það, sem hér er hins vegar um að ræða, er að það er ekkert vitað hvað ríkisstj. hyggst fyrir. Hefur hún tillögur eða hefur hún ekki tillöur? Ekki svarar hæstv. forsrh. því, og hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson telur það ekki vera í sínum verkahring, merkilegt nokk. Sumir hefðu nú kannske haldið af athöfnum hans undanfarin misseri að það væri einmitt hann sem ætti að svara því. En hann telur svo ekki vera.

Hæstv. forsrh. sagði að ég hefði farið með rangt mál þegar ég sagði að hann hefði neitað að svara fsp. hér í hv. Nd. í gær. Ég viðhafði að vísu ekki þau orð, en söm var kannske meiningin þegar ég sagði að hann hefði ekki fallist á að ræða við okkur hér í gær. Ég hef aðrar upplýsingar en hann flytur hér. Hann segir að það hafi verið hringt í sig kl. 4 í gær og þess krafist, að hann kæmi hingað til fundar. Ég veit ekki betur en hv. þm. Matthías Á. Mathiesen hafi haft tal af forsrh. milli kl. 2 og 3, nánar tiltekið upp úr kl. hálfþrjú. Þá var þingflokksfundur hjá okkur og hv. þm. Matthías Á. Mathiesen fór þá til þess að tala við hæstv. forsrh. (**Gripið fram í:** Var ekki forsrh. á fundinum hjá ykkur?) Nei, hann var það nú ekki, aldrei þessu vant.

Varðandi það, sem alls ekkert kemur þessu máli við, hvað okkur fór á milli, hæstv. forsrh. og mér, á fundi sem ég var á hjá honum kl. hálftíu í gærmorgun, þá ræddum við ekki þetta mál. Fyrir því voru tvær ástæður. Í fyrsta lagi var það ekki erindi mitt við hann og í öðru lagi heyrði ég ekki útvarpsviðtalið sem allt þetta mál hefur nú sprottið út af. Þegar af þeirri ástæðu gat ég ekki rætt um það við hann eða haft aths. um viðtalið að gera þá.

Nokkuð hefur dregist inn í þessar umr. fundur okkar formanna þingflokkanna með hæstv. forsrh. Hæstv. ráðh. segir að á þessum fundi okkar hafi ekkert slíkt skilyrði komið fram, að ekki væru gefin út brbl. meðan þingið væri í fríi. Það er alveg rétt. Á það var ekkert minnst, einfaldlega vegna þess að forsrh. hafði þá ekki látið að því liggja, svo að ekki sé meira sagt, að brbl. yrðu gefin út. En það er einmitt það, sem hæstv. forsrh. gerði og hér hefur rækilega verið rakið, í því útvarpsviðtali sem hér hefur verið vitnað til. Og það er þess vegna sem þessi umr. hefur farið fram hér í dag.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég kom ekki hingað upp í ræðustól til að eiga orðastað við hv. þm. Ólaf Ragnar Grímsson, en það virðist svo komið að það megi einna helst ekki ávarpa forsrh. eða stuðningsmenn hans svo að þessi hv. þm. telji sig ekki knúinn til að koma ávallt upp og bæta um betur ef þessir aðilar hafa eitthvað að segja. Það verður þá að vera hans hlutverk, ég ætla ekki að hafa nein afskipti af því.

Það, sem ég var að óska eftir að fá svör við frá hæstv. forsrh., er mjög einföld spurning: Er ríkisstj. nú, áður en Alþingi fer heim í jólafrí, að ráðgera brbl.-setningu eða ekki? Ég hef ekki óskað eftir því, að hæstv. forsrh. gefi yfirlýsingu um að hæstv. ríkisstj. muni ekki nota þann neyðarrétt sem útgáfa brbl. er, ef eitthvað það gerist í fjarveru Alþingis sem gerir nauðsynlegt vegna þjóðarheilla eða slíkra ástæðna að setja brbl. Ég er ekki að óska eftir því að ríkisstj. afsali sér þessu valdi. Ég er að óska eftir svari við þessari einföldu spurningu: Ber að skilja orð hæstv. forsrh. í útvarpinu í fyrrakvöld svo, að þar hefi hann verið að boða að ríkisstj. sé að undirbúa brbl.-setningu á þeim skamma tíma sem eftir lifir frá því að Alþingi fer í jólafrí og þangað til Alþingi kemur saman aftur? Hæstv. forsrh. svaraði ekki þessari einföldu spurningu. Það segir meira en mörg orð. Því ítreka ég spurninguna til hæstv. forsrh.: Ber að skilja orð hans í útvarpinu þannig, að ríkisstj. sé nú að undirbúa brbl.-setningu sem hún hyggist láta koma til framkvæmda þegar Alþingi situr ekki að störfum fáa daga í jólaleyfi þm.?

Ég vek athygli hæstv. forseta á því, að hæstv. forsrh. og samráðherrar hans hafa margoft lýst því yfir, að samfara myntbreytingunni, sem á að taka gildi nú um áramótin, verði gerðar efnahagsráðstafanir sem enginn veit hverjar eru. Það er ítrekað um það spurt, hverjar þessar ráðstafanir muni vera. Engin svör hafa fengist við því fyrr en þá í fyrradag á fundi þingflokka stjórnarandstöðu og stjórnarflokka með forsrh., þar sem hæstv. forsrh. lýsti því yfir, að engar slíkar ráðstafanir yrðu lagðar fyrir Alþingi núna fyrir jólin. Það er síðan hann sjálfur sem á upptökin að

því að nýjar upplýsingar virðast koma fram, þegar hann nokkru síðar skýrir frá því í frétt í Ríkisútvarpinu, að vera kunni að slíkar ráðstafanir, sem hann skýrir okkur frá að ekki sé í huga ríkisstj. að leita til Alþingis með að lögleiða fyrir áramót, — að vera kunni að slíkar ráðstafanir verði í lög leiddar með brbl.-valdi eftir jól.

Ég spurði hæstv. forsrh. ítrekað að því, hvort það væru fleiri mál en þessi 21 á lista hæstv. ráðh. sem ríkisstj. vildi láta afgreiða áður en Alþingi færi í jólafrí. Hæstv. forsrh. tók fram að svo kynni að vera, að einhverjir aðrir ráðh. í ríkisstj. hefðu slíkar óskir, og tók við beiðni frá mér um að þeim yrði þá bætt við þennan lista. Það var ekki hægt að skilja af orðum hæstv. ráðh. annað en að ríkisstj. ætlaði ekki að leggja áherslu á afgreiðslu fleiri mála fyrir jól en á listanum eru.

Nú er hægt að fresta fundum Alþingis með tvennum hætti. Mönnum er í fersku minni að um s. l. áramót, þegar þm. fóru þá í jólaleyfi, var fundum Alþingis frestað með ákvörðunum forseta þingsins. Hæstv. forseti Sþ., sem þá var Jón Helgason eins og nú, tilkynnti úr forsetastól 21. des. árið 1979 að forsetar Alþingis hefðu ákveðið að fresta fundum Alþingis allt til 8. jan. eða í 18 daga. Þetta þýddi að þáv. ríkisstj. hafði ekki brbl.-vald. Hún gat ekki sett brbl. ef frestunin var þannig framkvæmd.

Það er einnig hægt að fresta fundum með samþykkt sérstakrar þáltill. þar um. Sé það gert hefur hæstv. ríkisstj. brbl.-vald. Ég vek athygli á því, að engin slík till. hefur enn verið lögð fram og engin slík till. er á þeirri málaskrá sem hæstv. forsrh. afhenti okkur formönnum þingflokka fyrir tveimur dögum með ósk um að afgreidd yrðu fyrir jól. Hæstv. ríkisstj. hefur sem sé ekki óskað eftir því, að Alþingi verði frestað með samþykkt þáltill. þar um. Ef slík till. kemur fram í kjölfar þessara umr. er það yfirlýsing af hálfu ríkisstj. um að hún ætli sér að fresta fundum Alþingis með þeim hætti, að hún muni setja brbl. á meðan þingið situr ekki að störfum.

Um hæstv. forsrh. sem sérstakan skákmann ætla ég ekki að fara mörgum orðum. En ég held að hann sé a. m. k. eini skákmaðurinn sem einatt er að tefla sjálfum sér.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Hv. síðasta ræðumanni verður tíðrætt um það, að ég hefi gefið í skyn í útvarpssamtali að gefin yrðu út brbl. í sambandi við efnahagsaðgerðir. Þetta er algerlega rangt og þessi rangtúlkun hans virðist vera grundvöllur að ræðuhöldum hans, löngum ræðuhöldum hér í Nd. í gær, ræðum hans í dag og stóryrðum hans í útvarpinu í gærkvöld. Það, sem ég sagði um þessi mál, var svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta, þegar spurt var um efnahagsaðgerðir:

„Efnahagsaðgerðirnar, sem um er rætt, eru margar þess eðlis, að þær eru framkvæmdaratriði sem ekki þarf lagabreytingar við. Lagaheimildir eru til fyrir ýmsu sem til greina kemur. Sumt er hugsanlegt að fá samþykkt síðar, þ. e. þegar Alþingi kemur saman aftur."

Við hvað er átt eða haft í huga með þessu?

Við getum tekið dæmi. Í sambandi við kjarasamninga er t. d. iðulega samið um og ákveðnir vissir hlutir, sem síðar verður leitað til Alþingis um samþykkt á, án þess að það sé um nein brbl. að ræða. Við getum tekið sem dæmi að í sambandi við efnahagsaðgerðirnar væri vilji ríkisstj. að lækka skatta á t. d. lágtekjufólki, eins og margir hafa óskað eftir, bæði verkalýðssamtök og ýmsir aðrir. Ef slíkt ætti að vera liður í efnahagsaðgerðum er auðvitað auðveld leið að ríkisstj. leggi fyrir Alþingi, þegar það kemur saman aftur, breyting í þessa átt á skattalögum.

Það er gersamlega heimildarlaust af hv. þm. Sighvati Björgvinssyni eða öðrum að leggja þessi ummæli mín í útvarpinu út á þá leið, að ég sé að boða brbl. um eitt eða annað. Það er alrangt.

Með þessu er ég auðvitað ekki að útiloka, eins og ég tók fram í svari mínu áðan, að vitanlega hefur ríkisstj. — þegar þingi er frestað með samþykki þess sjálfs — heimild til þess að gefa út brbl. og þeim rétti getur hún ekki og vill ekki afsala sér.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Mér kemur ekki á óvart að það skuli fara tvennum sögum af heiðursmannasamkomulagi sem hæstv. forsrh. hefur gert við formenn þingflokka Sjálfstfl. og Alþfl. Ég hefði satt að segja orðið undrandi á því, að einum sögum hefði farið af þeim fundi. En ég vil í þessu sambandi rifja upp eða leggja áherslu á að það er eðli heiðursmannasamkomulags, að báðir aðilar séu hreinskilnir og hreinskiptnir, báðir fái einhverja úrlausn sinna mála og umfram allt svör við brýnum og einföldum spurningum. Og það, sem liggur fyrir nú, er að við viljum fá að vita hvort ríkisstj. ætlar sér að stjórna með brbl. og reka þingið heim. Þetta er afskaplega einfalt. Hæstv. forsrh. sagði áðan að vitaskuld mundi hann svara fsp. ef þær væru bornar fram með þinglegum hætti. Ég hef ekki þessa reynslu af hæstv. forsrh.

Á þskj. 102 er fsp. til forsrh. um efnahagsráðstafanir ríkisstj. Þessari fsp. svaraði forsrh. aldrei, þótt hún væri tekin á dagskrá, þannig að ég hef þá reynslu, að það sé ekki einhlítt að fá svör við fsp. hér til forsrh. þótt þær séu bornar fram með þinglegum hætti.

Ég get í leiðinni líka þakkað hæstv. forsrh. fyrir það, að hann getur stundum verið skemmtilegur og komið manni á óvart, eins og þegar hann gaf út sérstaka fréttatilkynningu um þann mikla árangur sem náðst hefði af stefnu ríkisstj. og sýndi sig í því, að verðbólgan væri á undanhaldi. Af þessu höfðu menn gaman um allt land. Menn hafa líka gaman af þeim smámálum sem mest halda ráðh. uppteknum um þessar mundir, eins og t. d. Gervasoni eða alls konar langlokum um Helguvík.

Er Gervasoni af grundu fer
og Guðrún úr pólitík
á grynningar stjórnarbátinn ber,
hann brotnar í Helguvík.

Sannleikurinn er að sjálfsögðu sá, og það ætti hæstv. forsrh. að vera farinn að læra, að við ætlum okkur að fá hrein svör við því áður en við förum heim í jólaleyfi — **(Gripið fram í:** Er þessi jólavísa eftir hv. þm.?) Hún er eftir Móra. — Við ætlum að fá svör við því, hvort hæstv. forsrh. ætlar sér að stjórna með brbl. eða ekki. Svo einfalt er það.

Ég vil líka taka undir það sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sagði hér áðan. Í fyrra töldu menn ekki eftir sér að vera á þingi í janúar. Menn töldu þá nauðsynlegt, að mynduð yrði ríkisstj. til þess að framkvæma efnahagsráðstafanir hið allra fyrsta, og menn töldu ekkert eftir sér, þm. þá, að vera til taks ef það tækist. Við erum alveg sama sinnis nú. Að vísu tókst að bjarga sæmdinni í bili, ríkisstj. komst á koppinn, en síðan hefur bara ekkert gerst. Og við viljum alls ekki að forsrh. þurfi að bíða með það að leggja sín mál fyrir þingið. Við

skulum vera til taks allan tímann milli jóla og nýárs ef á þarf að halda. Það er alveg sjálfsagt að gera honum ekki ónæði, hæstv. forsrh. — Ég vil svo segja í leiðinni, af því að hann er nú varaformaður míns flokks, að hann gæti til tilbreytingar t. d. komið á þingflokksfund og sagt okkur hvort hann ætlaði að gefa út brbl. í þinghléinu.

Nei, sannleikurinn er sá, að ríkisstj. getur náttúrlega, ef hún hefur sterkan bakgrunn, ef á bak við hana er sterkt lið sem vill láta brjóta á sér, sýnt þinginu ofríki. En menn hafa orðið varir við að það eru býsna margar brotalamir í þessum stuðningsmönnum. Þeir eru reiðubúnir til þess að leggja sitt pólitíska líf undir, jafnvel fyrir franskan flökkustrák.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Örfá orð um þingsköp.

Þegar ég steig úr ræðustól rétt áðan gaf hæstv. forseti mér áminningu og sagði að ég hefði verið með ásakanir eða dylgjur í hans garð um að hann hagaði fundarstjórn eftir því, hvað menn væru að ræða. Ég vil leyfa mér að mótmæla þessu algjörlega sem röngu og tilhæfulausu. Það hefur ekki hvarflað að mér, hvorki nú né áður, að vera með nokkra gagnrýni eða meiningar um fundarstjórn hæstv. forseta. Ég verð að segja það, að hæstv. forseti hefur meira hugmyndaflug en ég hélt að hann hefði, að geta fundið eitthvað athugavert við það sem ég sagði, — og þegar ég segi, að hann hafi meira hugmyndaflug en ég hefði haldið, segi ég honum það ekki til lasts vegna þess að ég læt mér ekki detta í hug að nokkrum öðrum í þessum sal hafi dottið það sama í hug og hæstv. forseta.

En fyrst ég er staðinn upp — nú hætti ég að tala um þingsköp — vil ég spyrja hæstv. forsrh., af því að ég tók eftir að hæstv. forsrh. vék frá á meðan ég var að tala áðan, kannske hefur hann heyrt það, verið hér frammi. En aðalatriðið í því, sem ég sagði, var að ríkisstj. væri búin að lofa Alþingi því, að ekki yrðu sett brbl. um mótun efnahagsstefnu í sambandi við gjaldmiðilsbreytinguna, og að þetta loforð hafi verið fram borið af hæstv. viðskrh. í umr. hér í Sþ. 4. nóv. s. l. Hæstv. ráðh. sagði að þm. gætu alveg treyst því, að ríkisstj. mundi leggja fyrir Alþingi tillögur sínar um aðgerðir í efnahagsmálunum, sem eru nauðsynlegar og geta að hans mati ekki beðið lengi. (**Gripið fram í:** Er þetta orðrétt?) Ég las þetta orðrétt áðan. Það er orðrétt núna, nema ég sagði „geta að hans mati ekki beðið lengi." Hann sagði „að mínu mati" því að hann mælti þetta sjálfur. Annars er þetta alveg orðrétt. Nú vil ég spyrja hæstv. forsrh. hvort við megum ekki treysta því, að yfirlýsing hæstv. viðskrh. um þetta tiltekna afmarkaða efni standi. Ef hæstv. forsrh. segir að svo sé, hygg ég að við förum allir léttari í lund af þessum fundi.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Það fer ekki milli mála að viðtalið við hæstv. forsrh. í útvarpinu fyrir tveimur dögum og einnig það, sem á undan hefur gengið í sambandi við undirbúning efnahagsmála, hefur valdið nokkurri spennu á hv. Alþingi. Ég held að það sé ákaflega auðvelt að minnka þessa spennu eða láta hana hverfa með öllu með því að gefa hreinar og skýrar yfirlýsingar. Ég vitna í stefnuræðu forsrh. frá því í haust, þegar hann talaði um gjaldmiðilsbreytinguna. Hann segir:

„Hún á í fyrsta lagi að auka traust manna á krónunni. Þegar hver króna verður hundrað sinnum meira virði en nú, þá er hún komin í hóp annarra gjaldmiðla á Norðurlöndum. En þessi hugarfarsáhrif geta því aðeins orðið að gagni, að aðrar ráðstafanir fylgi sem sannfæri almenning um að alvara sé á ferðum til þess að treysta gildi krónunnar og veita verðbólgunni viðnám. Samfara þessari breytingu hefur ríkisstj. í huga marghátttaðar efnahagsaðgerðir."

Nú liggur það ljóst fyrir af yfirlýsingum ríkisstj. að gjaldmiðilsbreytingin á að taka gildi um áramót og þá spyr ég: Hefur þá öðrum aðgerðum, sem áttu að hafa hugarfarsáhrif á fólkið í landinu, verið frestað og hversu lengi hefur þeim þá verið frestað? Eru þær þá ekki tilbúnar, eftir því sem ríkisstj. hafði ásett sér þegar þessi stefnuræða var flutt?

Annað atriði í stefnuræðunni. Þar segir: Unnið er að nýjum vísitölugrundvelli, sem ætti að geta gengið í gildi í kringum áramótin. — Ég spyr einnig að því: Er vonlaust að nýr vísitölugrundvöllur geti gengið í gildi um áramótin? Ef svör við þessu eru á þann veg, að þessar aðgerðir verði ekki til um áramót og ekki fyrr en þing kemur aftur saman, þurfum við ekki að hafa neinar áhyggjur af því, að gengið verði fram hjá þinginu.

Ég vil líka nefna annað mál sem er mjög knýjandi um áramót, en það er fiskverðsákvörðunin. Ástandið í útflutningsmálum og kjaramálum sjómanna er með þeim hætti, að hér verður um risavaxið vandamál að ræða. Samhliða þeim heimatilbúna vanda, sem er, fylgir einnig vandinn vegna gífurlegrar olíuhækkunar fyrir fiskiskipaflotann sem og aðra landsmenn. Það er því eðlilegt að við alþm. viljum vera þátttakendur, þegar ríkisstj. leggur fram sínar tillögur, einnig varðandi þetta atriði.

Og þá kem ég að síðasta atriðinu sem ég ætla að gera hér að umræðuefni, en þar hefur farið lítið fyrir ákveðnum mönnum að undanförnu. Framsóknarráðherrarnir, einkum tveir, hæstv. sjútvrh. og hæstv. viðskrh., hafa gefið ítrekaðar yfirlýsingar, bæði hér á Alþingi við fjölmiðla og á fundum. Hæstv. sjútvrh. sagði á fundi á Vopnafirði í september að framsóknarmenn væru orðnir órólegir yfir aðgerðaleysi ríkisstj. í efnahagsmálum og það væri því tímaspursmál hvenær Framsfl. gæfist upp á þessu stjórnarsamstarfi. Nú langar mig að spyrja þann eina ráðh. sem er hér inni í þingsalnum frá Framsfl., hvort þessir ráðh., formaður flokksins og viðskrh., sem hafa lýst óánægju sinni með aðgerðaleysi ríkisstj., séu orðnir ánægðir allt í einu og hvaða breyting hafi orðið á og sömuleiðis hvort framsóknarráðherrarnir og Framsfl., sem hefur ekkert látið frá sér heyra, er alveg eins og hann sé rænulaus með öllu í umræðum nema þegar viðskrh. er við, — hvort Framsfl. vilji gefa hér yfirlýsingu um að hann muni ekki standa að aðgerðum í efnahagsmálum í þinghléi nema þing verði þá kallað saman fyrr en annars er ákveðið. Ef þessar yfirlýsingar liggja skýrar fyrir, annaðhvort frá hæstv. forsrh., hæstv. ráðh. Framsfl. eða einhverjum framámanni í Framsfl., þá held ég að þessi spenna verði ekki nein hér í þinginu. Það er mál að svara þannig að það þurfi ekki að vera tortryggni eða spenna eins og hefur verið núna undanfarna daga og þingið geti haldið áfram að afgreiða þau mál sem nauðsynlegt er að afgreiða fyrir jól.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Það er leitt til þess að vita, en það blasir þó auðvitað við sérhverjum hv. þm., að svör hæstv. forsrh. hafa verið samfelldur útúrsnún-

ingur. Hann vill augljóslega ekki svara þeim spurningum sem hann hefur verið spurður. Ég vil þá taka eitt mál út fyrir sviga, ef svo má að orði komast, og biðja forsrh. um að svara skýrt.

Það er alveg ljóst að samkv. efnahagslögunum, nr. 13 frá 1979, eiga að koma hér til framkvæmda raunvextir, þ. e. að vextir séu jafnháir verðbólgustigi, um áramótin 1980—81 eða um næstu áramót. Það er alveg ljóst, að verði ekkert gert er Seðlabankanum skylt, hvað sem mönnum annars finnst um þá ráðstöfun, að hækka vexti — hv. þm. Geir Hallgrímsson nefndi tölu — um 10—12%. Það yrði til þess að ákvæðum þessara laga væri fylgt. Þetta er alveg ljóst og alveg skýrt. Frá þessu verður ekki horfið nema ríkisstj. gefi út lög eða kalli þing saman milli jóla og nýárs. Ég spyr því forsrh. skýrrar og beinnar spurningar: Ætlar ríkisstj. að hafast ekki að, láta þá svokölluð Ólafslög koma til framkvæmda, eða ætlar hún að svíkjast aftan að sparifjáreigendum á dögunum milli jóla og nýárs og arðræna þá, eins og hún raunar hefur verið að gera hingað til? Sparifjáreigendur í landinu, sem flestir hverjir eru fullorðið fólk, eins og nýjar tölur sýna, eiga heimtingu á að hæstv. forsrh. svari þessari spurningu: Ætlar ríkisstj. að láta 33. gr. efnahagslaganna koma til framkvæmda eða ætlar hún á síðustu stundu að svíkjast aftan að sparifjáreigendum í þessu landi? Menn eru að gera, allir einstaklingar, fullorðið fólk sem aðrir, sínar fjármálaáætlanir fyrir sitt persónulega efnahagslíf. Þetta fólk á heimtingu á að fá svör við þessu. Það liggur einhvern veginn í loftinu vegna hótana hæstv. forsrh. í útvarpinu að slík lög verði sett og þá jafnvel lög af þessu tagi. Sparendur í landinu eiga heimtingu á því, að þessu sé svarað skýrt og afdráttarlaust: Er von á lögum af þessu tagi eða er ekki von á lögum?

Við setjum brbl. þegar brýna nauðsyn ber til. Hins vegar á það að vera svo, að það sé löggjafarvaldið sem setji lög og framkvæmdavaldið sem framkvæmir. (**ÓRG:** Hvaða brbl. setti þm. þegar hann var dómsmrh.?) Það var um kosningar 2. og 3. des., brýn nauðsyn, hv. þm. En það, sem hér skiptir máli, er hvort lög af þessu tagi verða sett.

Auk þess má bæta því við, að núv. ríkisstj. styðst við tæpan meiri hluta. Hv. þm. Guðrún Helgadóttir hefur lýst því yfir, að fari Gervasoni úr landi sé hún þar með orðin stjórnarandstæðingur. Þar með er tala stuðningsmanna ríkisstj. komin niður í 31. Svo vel þekki ég hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur að ég veit að hún er „prinsipkona" sem stendur við sín orð. Engin ástæða er til að ætla annað. En það er þó af öðrum toga.

Ég krefst þess og fullyrði að sparifjáreigendur eiga á því heimtingu að vita: Verða slík lög sett eða verða þau ekki sett? Þessu verður hæstv. forsrh. að svara og honum er óleyfilegt að vera með útúrsnúninga um þessi efni.

Brbl. setjum við þegar brýna nauðsyn ber til, eins og orðað er í stjórnarskrá. Ég spyr: Er það brýn nauðsyn að Alþingi fari í mánaðarfrí? Af hverju fara hv. þm. í svona langt frí? Skólabörn í landinu fara aftur í skóla 5. eða 6. jan. og því skyldu þm. hafa lengra leyfi en skólabörn í landinu? Ég segi fyrir mitt leyti að ég er fullkomlega tilbúinn að mæta hér þegar í stað milli jóla og nýárs ef á þarf að halda eða strax eftir nýár til að vinna þau verk sem ég hef verið kjörinn til: að setja lög í landinu. Ríkisstj. á ekki að setja lög. Það gerir löggjafarvaldið nema sérstaklega standi á, nema sérstakt neyðarástand sé. Þetta er hinn eiginlegi skilningur sem mönnum ber að leggja í stjórnarskrána.

Allt um það, þetta eru almennar vangaveltur. Ég krefst þess, að hæstv. forsrh. svari um vaxtamálin. Er hann sömu skoðunar og ég, að lagaákvæðin séu skýr og Seðlabankanum beri að fara eftir þeim? Ef svo er, ætlar hann sér þá að svíkjast aftan að sparifjáreigendum á síðustu stundu og arðræna þá eina ferðina enn?

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Það er eins og fyrri daginn, að lítið er um svör, þegar hæstv. forsrh. er spurður.

Ef ráða á þessa gátu held ég að sé hyggilegast að reyna að gera sér grein fyrir því, hvað hefur verið að gerast í stjórnarherbúðunum síðustu mánuði. Við, sem sitjum á hv. Alþingi, vitum að það hefur verið ágreiningur í hæstv. ríkisstj. um tvennt: Annars vegar efnahagsráðstafanir, sem staðið hefur til að gera frá því að stjórnin var mynduð, og hins vegar lánsfjárlögin. Framsfl. hefur gert það að skilyrði að efnahagsráðstafanir séu tilbúnar eða a. m. k. í burðarliðnum áður en lagafrv. til lánsfjárlaga fái að sjá dagsins ljós á hv. Alþingi. Nú hefur Framsfl. gefið grænt ljós í þessum málum og virðist því vera búinn að fá tryggingu fyrir því, að Alþb. hafi fallist á efnahagstillögurnar sem Framsfl. hefur flutt bæði nú og fyrr.

Forsaga þessa máls er sú, að snemma í sumar fluttu framsóknarþm. og ríkisstj.-menn Framsfl. tillögur í hæstv. ríkisstj. Þeim var ekki sinnt. Hæstv. sjútvrh. vogaði að nefna nokkur atriði í ræðu á Vopnafirði og hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, formaður þingflokks Alþbl., lokaði á honum kokinu með því að segja að blaðrið í Steingrími væri mesta efnahagsvandamálið. Nú leið nokkur stund og aftur voru framsóknarmenn á ferðinni og komu með nýjar tillögur. Þetta er öllum ljóst. Þessar tillögur fóru fyrir ríkisstj. Ekkert gekk. Hvorki gekk né rak. Hæstv. ráðh. Tómas Árnason leyfði sér á hv. Alþ. að hafa einhver orð um að til efnahagsráðstafana þyrfti að grípa. Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, formaður þingflokks Alþb., kom í ræðustól og lokaði á honum kokinu líka með því að segja að Tómas væri mesti verðbólguvaldurinn á Íslandi. Það sést hver stýrir þessari hæstv. ríkisstj.

Nú eru allir frestir, sem Framsfl. hefur sett í málinu, liðnir, 1. des. og ASÍ-þing, og Framsfl. hefur setið undanfarið í svokallaðri „krataklípu," en það er nafn á þeirri klípu sem myndaðist hér á hv. Alþ. fyrir jól 1978. En Framsfl. hefur nú losað tökin. Og hvernig skyldi standa á því? Það stendur þannig á því, að það eru í burðarliðnum efnahagsráðstafanir. Þess vegna er eðlilegt þegar hv. 1. þm. Vestf. kemur hér í ræðustól og spyr hæstv. menntmrh. hverjar þessar efnahagsráðstafanir séu sem þeir hafi fallið frá og þess vegna opnað fyrir lánsfjárlögin. Ráðh. neitar að svara. Enginn hv. þm. Framsfl. þorir að taka þátt í þessum umr. Þeir sitja og þegja. En hér er á þingi maður sem ég veit að er hugrakkari en aðrir, og það er formaður þingflokks Framsfl., hv. þm. Páll Pétursson. Ég skora á hann að koma hér í ræðustól og sýna þann manndóm, einn allra framsóknarmanna á þingi í dag, því ég veit að enginn þeirra þorir að tala um ríkisfjármálin hér á eftir, og segja okkur hvernig stóð á því, að Framsfl. hleypti lánsfjárlögunum í gegn núna. Hvaða tryggingu fengu þeir? Það væri vissulega góð jólagjöf til okkar þm. ef hv. þm. Páll Pétursson þyrði að láta sjá sig í ræðustólnum og segja okkur hvernig

á þessum málum stendur. — En ég veit að áður en hann kemur í ræðustólinn mun hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson að sjálfsögðu koma hér í stólinn og svara eins og hann er vanur.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það er greinilegt að næsta góðverkið gagnvart þinginu væri að beita sumum þeim aðferðum gagnvart hv. þm. Friðrik Sophussyni sem hann nefndi. Ég vil benda honum og öðrum þm. á að hve oft sem texti yfirlýsingar forsrh. í útvarpinu er lesinn og texti viðskrh., sem hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson var að lesa áðan, er í þessum textum hvergi vikið að brbl., heldur einfaldlega sagt í þeim báðum að Alþingi hljóti að fjalla um þessar tillögur. Það segir sig sjálft. Það hefur ekkert annað verið sagt, hvorki af hæstv. viðskrh. né hæstv. forsrh. Þess vegna er þetta upphlaup, eins og annað, gjörsamlega marklaust. Það hefur ekkert komið fram hjá hæstv. ráðh. né öðrum sem gefi tilefni til þessara yfirlýsinga. Það er ljóst. Það eru lok þessarar umr., jafnskýr og greinileg og voru lok umr. fyrir Alþýðusambandsþingið hér á sínum tíma.

Annars ætlaði ég aðallega að kveðja mér hér hljóðs til að tala við hv. þm. Vilmund Gylfason sem heldur áfram að vera sérstakur þm. sparifjáreigenda í landinu og hefur þó enginn maður gert sparifjáreigendum eins mikinn grikk með efnahagsstefnu sinni né láglaunafólki í landinu með hávaxtastefnu sinni og þessi hv. þm., — stefnu sem hann knúði Alþfl. til að beita á sínum tíma, enda hefur Alþfl. nú hafnað leiðsögn þessa hv. þm. og valið í staðinn þann þm. Alþfl. sem tregastur var til að ganga braut þessarar vitlausu hávaxtastefnu.

Staðreyndin er nefnilega sú, að sparifjáreigendur í landinu hafa sjálfir í verki hafnað vaxtastefnu Alþfl. Ef litið er á innlánstölur bankakerfisins á þessu ári kemur greinilega í ljós að sparifjáreigendur hafa í verki hafnað þeirri vaxtakenningu sem Alþfl. hefur haldið fram. Það kemur í ljós, að mesta innlánaaukning í bankakerfinu er í því innlánsformi sem ber lægstu vextina. Sparifjáreigendur hafa sjálfir í verki hafnað því margbrotna hávaxta- og vaxtaaukakerfi, raunvaxtakerfi, sem Alþfl. hefur barist hér fyrir. Það er staðreynd sem hv. þm., sjálfskipaður fulltrúi sparifjáreigenda í landinu, verður að horfast í augu við, að tölur bankakerfisins sýna að sparifjáreigendur á Íslandi hafa í verki hafnað stefnu hans. Sú vaxta- og efnahagsstefna, sem Alþb. hefur haldið fram og hélt fram á sínum tíma og heldur fram enn, er meira að skapi íslenskra sparifjáreigenda en sú hringavitleysa hávaxta og efnahagslegrar nauðhyggju sem hv. þm. hélt fram á sínum tíma, splundraði vinstri stjórninni út af og er á góðri leið með að splundra Alþfl. út af.

Páll Pétursson: Herra forseti. Vinnubrögð manna eru misjöfn og ég sé ekki að það sé ástæða til þess fyrir okkur framsóknarmenn að fara að svara fyrir forsrh. þegar menn eru að yrða á hann. Við erum ekkert að blása hér í ræðustólnum að óþörfu. Við teljum að það vinnist ekki verulega með umr. eins og hér hafa farið fram í dag. Við viljum stemma stigu við verðbólgunni, þessari brjálæðislegu verðbólgu sem hrjáir okkur. Það er unnið að því í ríkisstj. að finna ráð til þess að gera það. Sum eru fundin, önnur ekki. (**Gripið fram í:** Hver eru fundin?) Það kemur í ljós. — Við treystum því, að þessi vinna beri þann árangur sem til þarf og við viljum spara allar yfirlýsingar fram að þeim tíma.

Menn eru tortryggnir og halda að nú sé kannske ekki óhætt að halda jólin af því að skeð gæti að ríkisstj. ryki til og setti einhver ósköp af brbl. á meðan. Auðvitað verður hver ríkisstj. að hafa vald til að setja brbl. Hún verður að hafa þann rétt sem til þess þarf. En það er mjög óskynsamlegt að mínum dómi af ríkisstj. á hverjum tíma að vera að beita því valdi að þarflausu, beita því valdi nema endilega megi til. Við þurfum ekki að tortryggja stjórnarandstöðuna þannig að við getum ekki komið frá lagasetningu hér í þinginu. Ég held að við verðum að líta svo á, að í stjórnarandstöðu séu góðviljaðir, skynsamir og þjóðhollir menn, a. m. k. að mestu leyti, og við hljótum að gera ráð fyrir að þeir taki undir góð ráð sem við komum til með að leggja til mála hér.

Það er gott samstarf í þessari ríkisstj. og miklu betra samstarf en t. d. í þeirri ríkisstj. sem mynduð var hér 1978. Við erum ekkert að reyna að hafa skóinn hver niður af öðrum og við erum ekkert að hrópa hver að öðrum að þarflausu. (**SighB:** Framsóknarmenn hafa nú ekkert verið ánægðir, ekki satt?)

Það kom hér fram hjá hv. þm. Friðrik Sophussyni, að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hefði með einhverjum aths. „lokað kokinu á," eins og hann orðaði það, tveimur ráðh. Framsfl. Það vill nú svo til að við framsóknarmenn viljum hafa gott og elskulegt samstarf og höfum það líka við hv. 11. þm. Reykv., Ólaf Ragnar Grímsson, en við kippum okkur ekkert upp við það, og þaðan af síður að hann loki neitt á okkur kokinu sérstaklega, þó að hann reki aðeins upp hljóð öðru hvoru. Okkur þykir það svo sem ekkert betra, en við metum það svona eins og þakleka.

Sameinað þing, 34. fundur.

Laugardaginn 13. des., kl. 9 árdegis.

Fjárlög 1981, frv. (þskj. 1, n. 222, 230 og 235, 209, 220, 224, 234, 236, 240). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 38 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 236, 1—6 tekin aftur.
3. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 209. 1—5 samþ. með 41 shlj. stkv.
Brtt. 220,1 samþ. með 42 shlj. atkv.
Brtt. 209,6 samþ. með 47 shlj. atkv.
Brtt. 220,2—3 samþ. með 49 shlj. atkv.
Brtt. 209,7 samþ. með 46 shlj. atkv.
Brtt. 220,4 samþ. með 49 shlj. atkv.
Brtt. 209,8 samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 220,5—6 samþ. með 46 shlj. atkv.
Brtt. 209,9 samþ. með 42 shlj. atkv.
Brtt. 234,I tekin aftur.
Brtt. 209,10 samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 220,7 samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 209,11—36 samþ. með 51 shlj. atkv.
Brtt. 234,II tekin aftur til 3. umr.
Brtt.209,37—78 samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 236,7 tekin aftur.

Brtt. 209,79—82 samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 220,8 samþ. með 43 shlj. atkv.
Brtt. 236,8 tekin aftur.
Brtt. 209,83—85 samþ. með 46 shlj. atkv.
Brtt. 236,9—12 teknar aftur.
Brtt. 209,86—90 samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 236,13—14 teknar aftur.
Brtt. 209,91—93 samþ. með 42 shlj. atkv.
Brtt. 224,1 tekin aftur.
Brtt. 234,III tekin aftur.
Brtt. 209,94—113 samþ. með 45 shlj. atkv.
Brtt. 240 tekin aftur.
Brtt. 224,2 tekin aftur.
Brtt. 234,IV—V teknar aftur.
Brtt. 209,114 samþ. með 41 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: GGÞ, GHelg, GTh, HS, HG, IGuðn, IGísl, JE, JS, KSG, KJ, MHM, ÓRG, HÓ, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SighB, SkA, StefG, StJ, SV, SBó, SvG, TÁ, VG, ÞS, AG, AS, ÁG, BGr, DA, EH, EG, FÞ, GS, GeirG, GB, GHall, JH.

GK, HBl, JÞ, KP, LJ, MB, ÓE, PS, SalÞ, SteinG, ÞK, EKJ, FrS, GeirH greiddu ekki atkv.

5 þm. (HÁ, MÁM, SvH, BÍG, EgJ) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég óskaði eftir þessu nafnakalli til að gera grein fyrir því, að ég er andvígur þeirri uppbyggingu sem lögð er til grundvallar skiptingu á framlögum til sjúkrahúsa, en þar ákveða aðilar úti í bæ fyrir fram, hvaða áfangar skulu teknir til framkvæmda í sjúkrahúsabyggingum, og stilla Alþingi þannig upp við vegg að fjvn. og Alþingi eiga að rétta upp hendurnar eftir ákvörðunum sem teknar eru af stofnunum úti í bæ. Þær eiga ekki að ráða hér ferðinni. Ég tel það lítillækkandi fyrir fjvn. og Alþingi að láta slík vinnubrögð viðgangast ár eftir ár. Ég tek jafnframt fram, að ég er ekki á móti fjárveitingum til nokkurra mannvirkja sem þarna eiga sér stað, en þetta grundvallarsjónarmið er rangt og þess vegna er skiptingin í sjálfu sér óeðlileg og því greiði ég ekki atkv.

Brtt. 209,115—119 samþ. með 46 shlj. atkv.
Brtt. 234,VI tekin aftur.
Brtt. 209,120—123 samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 234,VII.1 tekin aftur.
Brtt. 209,124 samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. 209,125 samþ. með 44:1 atkv.
Brtt. 209,126 samþ. með 47:1 atkv.
Brtt. 236,15 tekin aftur.
Brtt. 234,VII.2 tekin aftur.
Brtt. 209,127 samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 209,128.1—18 samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 209,128.19 samþ. með 31:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: ÓRG, HÓ, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, StefG, StJ, SV, SBó, SvG, TÁ, ÞS, AS, DA, EH, EKJ, FÞ, GeirG, GB, GHall, GGÞ, GHelg, GTh, HS, HG, IGuðn, IGísl, JE, JH.

nei: ÓE, PS, SighB, VG, ÞK, ÁG, GK, HBl, JS, KSG, KJ, MHM, MB.

SalÞ, SteinG, AG, BGr, EG, FrS, GS, GeirH, JÞ, KP, LJ greiddu ekki atkv.

5 þm. (SvH, BÍG, EgJ, HÁ, MÁM) fjarstaddir.

7 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Sú hefð hefur verið viðurkennd, að þm. hvers kjördæmis færðu til fjármagn innan kjördæmisins til framkvæmda á sviði hafnamála. Ég vil ekki verða til að rjúfa þá hefð, þó að ég telji að þarna hafi þm. Norðurl. v. tekið nokkuð hæpna ákvörðun, og segi já.

Páll Pétursson: Herra forseti. Allir þm. úr Norðurl. v. eru samtaka um að byggja höfn á Blönduósi. Það er höfuðnauðsyn á þessari framkvæmd. Þarna er um að ræða mestu vöruflutningahöfn við Húnaflóa. Ég veit ekki hvort menn hafa kynnt sér þau hafnarskilyrði sem þar er búið við. Þar er bryggjustúfur út í opið haf. Það er ekki nema endrum og sinnum hægt að hemja skip við þennan bryggjustúf og verða þó stærri skip að standa aftur af honum. 70% af þeim vöruflutningum, sem þarna fara fram, af þeirri uppskipun sem þarna er gerð, verður að gera í nætur- eða helgidagavinnu vegna þess að skipstjórnarmenn, ef þeir komast þarna inn á annað borð í sæmilegu veðri, þora ekki að bíða því að hann er fljótur að rjúka upp þarna. Við erum sem sagt sammála um að fara í þessa framkvæmd og þess vegna segi ég að sjálfsögðu já.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Þótt allir bændur úr þessu kjördæmi, sem hér eiga sæti á þingi, telji það hina einu réttu leið að stækka þessa höfn, svo sem um hefur verið rætt þeirra á meðal og hér liggja till. fyrir um að leggja fé til, þekki ég til þess, að það eru tugir annarra hafna allt í kringum landið sem þetta fé væri betur komið í. Auk þess tel ég ekki nokkurn möguleika á að gera þarna neina höfn sem getur orðið höfn í þeirri merkingu sem hún þyrfti að verða til vöruflutninga, nema fyrir svo stórkostlega upphæð að engu tekur tali. Það, sem hér er verið að leggja til, er aðeins brot af því. Ef hv. þm. úr þessu kjördæmi hafa hins vegar með þessari ákvörðun sinni verið að leggja drög að því að komið verði upp stórskipahöfn til að flytja út afurðir væntanlegrar stóriðju í kjördæminu, sem væri t. d. rekin með orku frá Blönduvirkjun, væri hægt að tala um þetta. En ég tel þetta hina mestu vitleysu eins og er og segi því nei.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég vil vekja athygli hv. þm. á því, að þetta er ekki í fyrsta skipti sem veitt er fé til hafnarmála á Blönduósi. Það hefur verið fjárveiting til þessarar hafnar oft á undanförnum árum, enda eru hafnarframkvæmdir á Blönduósi á þeirri hafnaáætlun sem lögð hefur verið fyrir þingið, þó að þessi mál hafi hins vegar verið í nokkurri endurskoðun. Ég vísa til grg. hv. þm. Páls Pétursonar um þörf á hafnarbótum á Blönduósi og segi já.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Í ræðu minni í gær minntist ég á þetta mál og tók það sem dæmi um hvernig ekki ætti að standa að ákvörðunum þegar efna á til kostnaðar vegna hafnarmannvirkja. Ég vil nefna að hér er um að ræða hafnarmannvirki sem reyndar er á hafnaáætlun. Breytingar hafa verið gerðar á þeim áætlunum og þær eru óklárar, en heyrst hefur talað um 2 milljarða á hinni nýju áætlun. Á meðan svo stendur á tel ég óviðunandi að þm. eins kjördæmis geti fært fjárveitingu frá

öðru hafnarmannvirki til þessa mannvirkis. Ég tel það vera til vansa öllum vinnubrögðum, en mun samt sem áður ekki greiða atkv.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vek athygli á því, að að framkvæmdamætti leggjum við Íslendingar aðeins til helming þess sem Færeyingar leggja til hafnamála. Það er ekki rausnarlegt. Ég tel miklu skipta að þessu fé sé vel varið. Ég get ekki fallist á, að það sé einkamál þm. Sunnlendinga að fara út í hafnarframkvæmdir á Vík í Mýrdal eða Þykkvabæ, og tel að þetta fé væri betur komið í annarri höfn í Norðurlandskjördæmi vestra og að þetta fé muni ekki koma að gagni eins og þarna er lagt til að því sé varið. Ég legg áherslu á að ég vil að þetta fé renni til hafnargerðar í Norðurlandskjördæmi vestra, en vil ekki að það fari á þennan stað og segi nei.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Á sama tíma og tugir fiskihafna í landinu eru í algeru fjársvelti og vandræðaástand hefur skapast þar tel ég rangt að taka ákvörðun um hafnargerð á Blönduósi. Í fyrsta lagi tel ég að þessum fjármunum sé betur varið til hafnargerða á öðrum stöðum, t. d. á Sauðárkróki, sem þetta fjármagn er tekið frá, þar sem er mikil útgerð, eða á öðrum stöðum í þessu kjördæmi.

Það má enginn taka orð mín á þann veg, að ég sé á móti uppbyggingu á Blönduósi. Blönduós er fyrst og fremst þjónustumiðstöð og mjög heppileg iðnaðarmiðstöð og Alþingi á vitaskuld að standa með þessum stað í þeirri uppbyggingu. Þessir fjármunir verða ekki Blönduósi að neinu gagni, því að hér er um milljarðaframkvæmd að ræða. Það er rangt að þm. í einhverju ákveðnu kjördæmi geti þannig skuldbundið Alþingi langt fram í tímann. Ég vil ekki sættast á röksemdir hv. 5. þm. Vestf. í þeim efnum. Ef þm. Suðurlands kæmu sér saman um þá vitlausu tillögu að byggja höfn á Selfossi tel ég ekki ástæðu til þess fyrir aðra alþm. að taka undir slíka tillögu.

Ég tel að hér sé tekin mjög stefnumarkandi ákvörðun. Það er ekki eingöngu um þá peninga að ræða, sem hér er verið að færa til, sem koma Blönduósi að engu gagni á næsta ári, heldur þá stefnumörkun að byggja upp höfn fyrir nokkra milljarða. Ekki á að svo stöddu að fara út í slíkar framkvæmdir á meðan í fiskihöfnum í landinu er meira eða minna ólokið við verkefni sem er brýn nauðsyn að vinna. Því segi ég nei.

Brtt. 209,128.20—53 samþ. með 47 shlj. atkv.
Brtt. 209,129—131 samþ. með 49 shlj. atkv.
Brtt. 209,132 tekin aftur.
Brtt. 209,133—139 samþ. með 48 shlj. atkv.
Brtt. 224,3 tekin aftur.
Brtt. 209,140 samþ. með 47 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 209,140 tekin aftur.
Brtt. 224,4 tekin aftur.
5. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 234,VII.3 tekin aftur.
6. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv.

Efri deild, 30. fundur.

Mánudaginn 15. des., kl. 2 miðdegis.

Meinatæknar, frv. (þskj. 29, n. 245). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Heilbr.- og trn. þessarar hv. deildar hefur haft til umfjöllunar frv. til l. um meinatækna. Eins og kunnugt er eru starfsréttindi meinatækna nú vernduð í reglugerð, en hér er um að ræða lögverndun þess starfsheitis sem frv. fjallar um.

Heilbr.- og trn. leggur til að frv. verði samþykkt eins og það var afgreitt frá Nd.

Ég vil taka fram að Gunnar Thoroddsen var fjarverandi afgreiðslu málsins, en allir aðrir nm. skrifa hér undir.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—11. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Eftirlaun til aldraðra, frv. (þskj. 177, n. 246). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Heilbr.- og trn. þessarar hv. d. hefur haft til meðferðar frv. til l. um breyt. á lögum nr. 97 1979, um eftirlaun til aldraðra. Frv. *þetta var lagt fram í samræmi við fyrirheit ríkisstj. í* sambandi við lausn á kjaradeilu ASÍ og vinnuveitenda í okt. s. l.

Nefndin hefur fjallað um málið og leggur til að frv. verði samþ. eins og það var afgreitt frá Nd.

Gunnar Thoroddsen var fjarverandi afgreiðslu málsins. Aðrir nm. skrifa undir nál.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Ferðagjaldeyrir, frv. (þskj. 193, n. 238 og 241). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar hefur haft til meðferðar frv. til l. um álag á ferðagjaldeyri. Eins og fram hefur komið varð ekki einhugur í nefndinni um afgreiðslu málsins. Ég mæli hér fyrir áliti meiri hl. sem leggur til að frv. verði samþ.

Meiri hl. skipa Ólafur Ragnar Grímsson, sá sem hér stendur, Guðmundur Bjarnason, Kjartan Jóhannsson og Gunnar Thoroddsen.

Þeir sem skipa minni hl. eru Eyjólfur Konráð Jónsson og Lárus Jónsson og munu þeir mæla fyrir því áliti sem þeir leggja fram.

Frsm. minni hl. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Eins og þegar hefur komið fram klofnaði nefndin í afgreiðslu þessa máls. Við hv. þm. Lárus Jónsson skilum sérálíti og leggjum til að frv. verði fellt.

Þetta mál þekkja allir og óþarft að eyða að því mörgum orðum. Ég vil aðeins benda á að við getum þess í nál., að hér sé um að ræða skattheimtu á næsta ári nálægt 2.4 milljörðum kr., sem er hluti af skattránsstefnu núv. hæstv. ríkisstj. sem leggur aukalega á þjóðina í kringum 60 milljarða kr. á næsta ári — miðað við þá útreikninga sem stjórnin sjálf gerir — umfram það sem var áður en við tók þessi vinstri stjórn. Ég vil nú eiginlega kalla þetta einu og sömu vinstri stjórnina. Stefnan er óbreytt þó að afleiðingarnar verði náttúrlega sífellt verri og alvarlegri þegar slíkt stjórnleysi og upplausn gengur yfir þjóðina.

Það er um þennan skatt sérstaklega að segja, að auðvitað er mjög óæskilegt að vera með tvöfalt gengi á gjaldmiðlinum. Það er nú einu sinni svo, að Íslendingar eru eina vestræna þjóðin sem býr við gjaldmiðil sem ekki er sæmilega gjaldgengur á erlendri grund. Við vitum það Íslendingar, að lengi hefur verið litið á okkar peninga sem meira og minna verðlausa seðla erlendis, og ekki bætir úr skák að vera með tvöfalt gengi eða margfalt eins og hér var í eina tíð. Þetta gerir það líka að verkum, að svartamarkaður með gjaldeyri er varanlegur. Hann hefur lengi verið, en auðvitað er rétt gengisskráning það eina sem getur verið grundvöllur heilbrigðs fjármálalífs. Og það versta er kannske að nú, þegar fyrirhuguð er gjaldmiðilsbreyting, skuli síður en svo stytta upp í þessu efni. Miklu líklegra er hitt, að nýi gjaldmiðillinn verði í rauninni enn þá verðminni en sá núverandi — gagnstætt *því sem haldið er fram — og að enginn muni við honum* líta erlendis. Ég held að það sé alveg ljóst, að ekki er verið að styrkja gjaldmiðil Íslands, heldur að stofna til aukins öngþveitis og lélegri gjaldmiðils en við höfum nokkurn tíma áður haft.

Þess má einnig geta, að auðvitað er með öllu óeðlilegt að það séu einungis efnamenn sem geti ferðast til útlanda. Það hefur lengi verið svo, allt frá Íslandsbyggð, að ungt fólk hefur jafnan viljað geta notið þess að dveljast um tíma erlendis. Og þannig þarf það helst að vera, að menn geti kynnst sjónarmiðum annarra með dvöl í nágrannalöndum eða fjarlægum löndum, og þá eiga það auðvitað ekki að vera sérréttindi efnamanna einna að geta þetta, heldur æskilegast að öll alþýða geti leyft sér að sjá sig eitthvað um í veröldinni.

Þessir peningar, 2.4 milljarðar, eru eins og snjókorn í neðra, er mér víst óhætt að segja í þessum stól, í þessari skattheimtuhít, og ég held að það sé mjög misráðið að viðhalda þessu þegar kjör landsmanna rýrna jafnt og þétt, sérstaklega þeirra eignaminni og tekjulágu. Það er eins og alltaf sé sjálfsagt að níðast á því fólki. Það munar um þessa peninga hjá tekjulágu fólki og efnalitlu þó að forréttindamenn eða efnamenn geti vel greitt þetta. Þess vegna leggjum við eindregið til að þetta mál verði fellt, því að mælirinn er fullur.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 8:5 atkv.
2. gr. samþ. með 8:3 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10:1 atkv.

Tímabundið vörugjald, frv. (þskj. 194, n. 239 og 242). — 2. umr.

Guðmundur Bjarnason: Herra forseti. Fyrir hönd hv. alþm. Ólafs Ragnars Grímssonar, sem er skráður frsm., fjh.- og viðskn., mæli ég hér fyrir nál. meiri hl. Nefndin hefur fjallað um 156. mál deildarinnar, sem er frv. til l. um breyt. á lögum nr. 107 30. des. 1978, um sérstakt tímabundið vörugjald, sbr. lög nr. 33 29. maí 1980, um breyt. á þeim lögum.

Frv. sem þetta mun vera gamall kunningi hv. alþm., þar sem hér er um endurnýjun eða framlengingu eldri laga að ræða, og felur í sér framlengingu á innheimtu sérstaks vörugjalds, sem samkv. beinum ákvæðum laganna fellur úr gildi frá og með n. k. áramótum. Er nú lagt til að gjald þetta skuli greiða til og með 31. des. 1981. Í forsendu frv. til fjárlaga fyrir árið 1981 er gert ráð fyrir að lög þessi verði framlengd óbreytt. Jafnframt framlengingu á gildistíma laganna er lagt til að nokkrar breytingar verði gerðar á einstökum greinum. Er gerð grein fyrir þeim í aths. við frv. Þar mun einkum vera um að ræða að leitast er við að kveða sem skýrast á um ákvörðun vörugjaldsstofns og innheimtu sérstaks vörugjalds að öðru leyti. Einnig er lagt til að tekið verði upp í lögin ákvæði er feli í sér nánari skilgreiningar á verksmiðjuverði innlendrar framleiðsluvöru og vöru sem fær einhverja vinnslumeðferð eða pökkun hér á landi, og skal það lagt til grundvallar útreikningi sérstaks vörugjalds.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu frv., en í nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. segir:

„Nefndin hefur rætt frv. og mælir meiri hl. hennar með samþykkt þess."

Undir þetta skrifa hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, Guðmundur Bjarnason, Davíð Aðalsteinsson, Gunnar Thoroddsen og Kjartan Jóhannsson, en hann undirritar nál. með fyrirvara.

Frsm. minni hl. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Eins og kom fram hjá frsm. meiri hl. varð ekki samkomulag um afstöðu til þessa máls í fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar. Við Eyjólfur Konráð Jónsson höfum skilað sérálíti á þskj. 239. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Þetta frv. felur m. a. í sér framlengingu hækkunar á þessu gjaldi um 6%, sem lögð var á með brbl. af ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar haustið 1979. Þessi hækkun leggur 10—11 milljarða kr. skattaálögur á almenning á næsta ári, og er það hluti af 60 milljarða aukaskatti til ríkisins á þjóðina á næsta ári, miðað við verðlag fjárlagafrv., sem vinstri stjórn Ólafs Jóhannessonar og núv. ríkisstj. eru ábyrgar fyrir." Og síðan segir: „Við leggjum til að frv. verði fellt."

Það hefur komið til nokkurra orðaskipta, m. a. í þessari hv. deild, út af forsögu þessa skatts. Hefur þar komið fram að þetta gjald var fyrst lagt á í ríkisstjórnartíð Geirs Hallgrímssonar. Á þeim tíma hafði tekist að lækka gjaldið og það var yfirlýst stefna þeirrar ríkisstj. að lækka gjaldið og afnema það. En eins og hér segir í nál. tók ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar annan pól í hæðina og hækkaði gjaldið verulega með brbl. haustið 1978, á þetta nú að vera. Bið ég hv. þm. að leiðrétta þessa prentvillu þarna.

Ég held að óþarfi sé að fjölyrða um þetta. Hér er um að ræða hluta af því mikla skattahækkunarflóði, sem dunið hefur yfir frá þessum tíma og nákvæm grein hefur verið gerð fyrir í umr. um fjárlög hver er orðin. Ég endurtek að við leggjum til að frv. verði fellt.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég hef skrifað með fyrirvara undir nál. þar sem mælt er með samþykkt þessa frv. Það, sem ég vil sérstaklega benda á í þessu sambandi, er að hér var og er að sjálfsögðu um að ræða tímabundna ráðstöfun, en á sama tíma er ljóst að allt aðflutningsgjaldakerfi landsins þarf endurskoðunar við. Ég hef talið rétt að þetta yrði framlengt nú, en ég vil vekja athygli á því, að nauðsyn ber til þess að aðflutningsgjaldakerfið verði endurskoðað og þá um leið hvaða hlutverki vörugjald skuli gegna yfirleitt í tekjuöflun ríkissjóðs og hvernig það lagar sig að aðflutningsgjaldakerfinu almennt.

Þetta vil ég að komi hér fram vegna þess að ég tel brýnt að menn snúi sér að þessu verkefni sem allra fyrst og menn viti betur en nú hvar menn standa í þessum efnum, þó að stefnumörkun eigi sér stað. Þetta á ekki síst við með tilliti til stöðu iðnaðar í landinu og iðnþróunar sem hefur nokkuð verið til umræðu að undanförnu og gerir í raun og sannleika þeim mun brýnna að menn komi sér að þessu verki.

Frsm. minni hl. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Aðeins örstutta leiðréttingu. Mér missást þegar ég var að leiðrétta þetta þskj. áðan. Það er rétt, að þetta gjald var hækkað um 6% með brbl. sumarið eða haustið 1979. Haustið 1979, segir hæstv. ráðh. Hann kannast við þessa sögu.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11:5 atkv.
1.—5. gr. samþ. með 11:4 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, frv. (þskj. 35, n. 247, 248). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Guðmundur Bjarnason: Herra forseti. Í forföllum hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar mun ég nú gera grein fyrir nál. fjh.- og viðskn., en hún hefur haft til umfjöllunar í nokkurn tíma 34. mál deildarinnar, sem er frv. til l. um breyt. á lögum nr. 29 frá 29. apríl 1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, sbr. lög nr. 49 frá 1973 og lög nr. 21 frá 1975. Nefndin hefur haldið nokkra fundi um málið og m. a. kvatt á sinn fund til að fá nánari upplýsingar og útskýringar Höskuld Jónsson ráðuneytisstjóra í fjmrn. Frv. þetta er staðfesting á brbl. um sama efni sem

gefin voru út 9. sept. 1980 og eru hluti af samkomulagi í kjarasamningum milli BSRB og ríkisvaldsins.

Á þeim tíma, sem liðinn er frá setningu brbl., hefur komið í ljós að nokkrar frekari breytingar þarf að gera á lögunum svo að þau samrýmist betur gerðum kjarasamningum. Hefur nefndin farið yfir þau atriði og flytur brtt. á þskj. 248. Þó að skammur tími hafi unnist til að skoða þessi þskj. og bera saman við lögin mun ég þó reyna að gera nokkra grein fyrir þeim breytingum sem í þessu felast.

Í fyrsta lagi er lagt til að breyta 6. gr. frv. — það er breyting á 12. gr. laganna. Meginbreytingarnar þar eru:

Í 1. mgr. segir: „Hver sjóðfélagi, er greitt hefur iðgjöld til sjóðsins og er orðinn fullra 65 ára að aldri, á rétt á árlegum ellilífeyri úr sjóðnum.“ Hér falla niður úr greininni á eftir orðunum „til sjóðsins“ orðin: í fimm ár eða lengur.

Þá segir í 3. mgr.: „Lífeyrisréttur skal aukast um 2% fyrir hvert starfsár.“ Þar var áður í lögunum: „hvert ár“, en nú er lagt til að þarna komi: hvert starfsár.

Í 6. mgr. kemur innskot. Þar segir: „Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af launum þeim og persónuuppbót samkv. kjarasamningum, er á hverjum tíma fylgja“ o. s. frv. Orðunum „og persónuuppbót samkv. kjarasamningum“ er þarna bætt við. Þar er fjallað um persónuuppbót sem greidd er á lífeyri fyrir desembermánuð.

Í 7. mgr. þessarar gr. segir: „Hafi sjóðfélagi gegnt hærra launuðu starfi eða störfum í a. m. k. tíu ár fyrr á sjóðfélagatíma sínum í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins skal miða lífeyrinn við hæst launaða starfið“ o. s. frv. Orðunum „í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins“ hefur þarna einnig verið bætt við.

Fleiri breytingar eru ekki gerðar á þessari grein frv.

Í öðrum lið brtt. er lagt til að 9. gr. frv. breytist þannig, að 7. mgr. 12. gr. orðist svo: „Fyrir jafngildi hverrar tólf mánaða iðgjaldagreiðslu ávinnst réttur til ellilífeyris og örorkulífeyris.“ *Orðunum „og örorkulífeyris“* er þarna bætt við. Síðan segir áfram: „sem nemur 2% af viðmiðunarlaunum, og réttur til makalífeyris sem nemur 1% af viðmiðunarlaunum.“ Þessi síðustu orð: „og réttur til *makalífeyris sem nemur 1% af viðmiðunarlaunum*“ — er viðbót.

Þá kemur 3. liður brtt., sem er ný grein er verði 10. gr. frv. og fjallar um að 1. mgr. 13. gr. laganna orðist svo: „*Hver sjóðfélagi, sem ófær verður til að gegna því starfi*, sem hann hefur gegnt þangað til, og eigi á kost á öðru jafngóðu starfi við hans hæfi hjá stofnun þeirri, er hann hefur unnið hjá, eða annarri stofnun, sem tryggir starfsfólk sitt í sjóðnum, eða missi einhvern hluta af launum sínum sökum slíkrar örorku, á rétt á örorkulífeyri, ef tryggingayfirlæknir, í samráði við landlækni, metur örorkuna meiri en 10%.“ Þá kemur: „enda hafi sjóðfélaginn greitt iðgjöld til sjóðsins undanfarin þrjú almanaksár og a. m. k. í sex mánuði á undanfarandi tólf mánuðum.“ Þetta er viðbót við greinina, að öðru leyti er hún óbreytt.

Í 4. lið brtt. segir: „Ný grein er verði 11. gr. frv. 2. mgr. 14. gr. laganna hljóði svo: Upphæð makalífeyris er hundraðshluti af launum þeim og persónuuppbót skv. kjarasamningi, sem á hverjum tíma fylgja starfi því er hinn látni gegndi síðast.“ — Hér er orðunum „og persónuuppbót skv. kjarasamningi“ bætt inn í núverandi texta laganna.

Í upphafi 2. málsliðar er breyting frá lögunum. Þar segir: „Ef starfstími sjóðfélagans hefur verið 32 ár eða skemmri er hundraðshluti þessi 20% af greiddum launum að viðbættum 1% fyrir hvert iðgjaldagreiðsluár.“ Breytingin er aðeins sú, að í staðinn fyrir „30 ár“ er gerð till. um að komi: 32 ár.

Í 5. lið brtt. er lagt til að 10. gr. frv. verði 12. gr. og taki svofelldum breytingum: Orðin „sambýlismanni“ og „sambýliskonu“ í 2. málslið verði: sambúðarmanni og sambúðarkonu.

Þá er í 6. lið brtt. gert ráð fyrir nýrri grein sem yrði 13. gr. frv.:

„Í stað fjögurra fyrstu málsl. 17. gr. laganna komi: Nú lætur sjóðfélagi í lifanda lífi og af öðrum ástæðum en elli eða örorku af stöðu þeirri, er veitti honum aðgang að sjóðnum, og fellur þá niður réttur hans og skylda til að greiða framvegis iðgjöld til sjóðsins og réttur hans til örorkulífeyris.“ Hér eru nokkrir málsliðir felldir niður úr 17. gr. laganna, en hún hljóðaði svo áður: „Nú lætur sjóðfélagi í lifanda lífi og af öðrum ástæðum en elli eða örorku af stöðu þeirri er veitti honum aðgang að sjóðnum“ — það, sem fellur niður, hljóðar svo: „og á hann þá rétt á að fá endurgreidd með vöxtum iðgjöld þau er hann hefur greitt í sjóðinn. Stjórn sjóðsins ákveður vextina með hliðsjón af ávöxtun sjóðsins. Hafi hann verið sjóðfélagi í fimm ár, er hann lætur af stöðunni, getur hann með samþykki sjóðstjórnarinnar valið um hvort hann fær iðgjöld sín endurgreidd eða hann lætur þau standa inni í sjóðnum. Velji hann síðari kostinn fellur niður réttur hans og skylda til að greiða framvegis iðgjöld til sjóðsins og réttur hans til örorkulífeyris.“ Þessir málsliðir falla niður samkv. þessari brtt., en málsliðurinn orðist eins og ég las fyrst.

Í 7. lið brtt. á þskj. 248 er sagt: „11. gr. frv. verði 14. gr. og hljóði svo:

25. gr. laganna orðist svo: Nú verður almenn hækkun á áður úrskurðuðum elli-, örorku- og makalífeyri vegna almennrar hækkunar á launum opinberra starfsmanna, sbr. 12., 13. og 14. gr., og endurgreiðir þá ríkissjóður og aðrir þeir aðilar, sem tryggja starfsmenn sína í sjóðnum, Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins þá hækkun er þannig verður á lífeyrisgreiðslum.“

Breytingin, sem verður á þessari mgr., er sú, að inn kemur: „og aðrir þeir aðilar“ — þar sem rætt er um þá sem tryggja starfsmenn sína í sjóðnum.

Þá held ég að ég hafi gert nokkra grein fyrir þeim brtt. *sem felast í þskj. 248, en trúlega hefði mátt gera þeim* nokkru betri skil, ef tími hefði verið rýmri til að fara yfir þessi gögn sem svo seint var dreift í hv. deild.

Á fundum nefndarinnar kom fram að rétt og eðlilegt *væri að hið fyrsta færi fram ítarleg endurskoðun á öllu* lífeyrissjóðakerfinu sem stefni í þá átt að stofnaður verði einn lífeyrissjóður fyrir alla landsmenn. Hjá nefndinni eru nú til meðferðar frumvörp til laga um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna og Lífeyrissjóð Íslands, en trúlega verður ekki um þau fjallað fyrr en eftir áramót. Gefst þá tækifæri til að taka þessi lífeyrissjóðamál til nánari umfjöllunar og almennrar endurskoðunar.

Nefndin varð sammála um að mæla með samþykkt frv. með þeim breytingum sem fram koma á þskj. 248. Einstakir nm. gera þó sérstakar athugasemdir sem fram koma í nál., en það hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Nefndin hefur rætt frv. og mælir með því, að það verði samþykkt með þeim brtt. sem fluttar eru á sérstöku þskj. og samkomulag hefur orðið um milli fjmrn. og BSRB.

Eyjólfur Konráð Jónsson og Lárus Jónsson taka þó fram að þeir telja lífeyrissjóðsmál landsmanna í hinum mesta ólestri og fela í sér mikið misrétti og telja brýna nauðsyn á úrbótum í því efni, sbr. frv. um Lífeyrissjóð Íslands. Með hliðsjón af því að þetta frv., 34. mál, er liður í nýgerðum samningum við opinbera starfsmenn sé þó eðlilegt að lögfesta það.

Kjartan Jóhannsson tekur fram, að hann telur ástand lífeyrissjóðsmála í landinu í argasta ólestri og fela í sér eitthvert mesta misrétti sem viðgengst í landinu og þess vegna sé brýn nauðsyn að þegar verði hafist handa við uppstokkun þess og komið á sameiginlegum lífeyrissjóði og lífeyrisréttindakerfi allra landsmanna. Enn fremur bendir hann á að samkv. þeim lögum, sem hér eru til afgreiðslu, njóta menn lífeyris sem hundraðshluta af þeim launum, sem þeir gegndu síðast, og sjóðfélagi, sem dregur úr vinnu sinni fyrir aldurs sakir þegar líður á starfstímann, er þannig stórlega hlunnfarinn, en á hinn bóginn býður þetta upp á misnotkun kerfisins með takmörkuðu vinnuframlagi meginhluta starfstímans, en fullu starfi á síðustu starfsárunum. Þess vegna leggur Kjartan Jóhannsson áherslu á að þetta mál verði tekið til athugunar hið fyrsta.

Gunnar Thoroddsen var fjarverandi afgreiðslu málsins.“

Undir þetta rita: Ólafur Ragnar Grímsson, Davíð Aðalsteinsson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Guðmundur Bjarnason, Kjartan Jóhannsson og Lárus Jónsson.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Aðeins til að ítreka það, sem komið hefur fram hjá mér áður í þessari hv. deild og kemur einnig fram í nál., að lífeyrissjóðsmálin almennt eru í slíkum ólestri, að það má ekki dragast öllu lengur að úr verði bætt, að uppstokkun eigi sér stað á því kerfi sem nú er, því að hér er á ferðinni eitthvert versta misrétti í landinu.

Í annan stað vil ég benda á og geri það í þessu nál., að það frv., sem hér er til afgreiðslu, framlengir ákvæðin sem áður giltu, þess efnis, að upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af launum þeim er á hverjum tíma fylgja starfi því sem sjóðfélaginn gegndi síðast. Þetta er áreiðanlega í sumum tilvikum óréttlátt fyrirkomulag, í öðrum tilvikum getur komið til að kerfið verði í raun og sannleika misnotað, og í þriðja lagi leiðir þetta til frekari stöðnunar í opinberri starfsemi en nauðsynlegt væri. Þetta er augljóst vegna þess að í fyrsta lagi kann það að henta ýmsum að draga úr störfum sínum þegar líður á starfstímann. Mönnum er eiginlega meinað það með þeirri aðferð sem hér viðgengst. Sá, sem lætur það eftir sér að draga úr störfum sínum þegar hann eldist, er um leið að skerða lífeyrisréttindi sín. Þess eru dæmi, að menn hafa dregið þannig úr störfum sínum og skert lífeyrisrétt sinn um leið. Þetta er náttúrlega hörmulegt fyrirkomulag.

Í annan stað býður þetta kerfi upp á misnotkun af því tagi, að menn séu í tiltölulega litlu starfi, kannske hluta úr starfi, hálfu starfi, þriðjungi úr starfi, allt fram til síðustu mánaða starfstímans. Þá sprengi menn sig upp í það að vera í fullu starfi og fái þá full lífeyrisréttindi, greiðslur eins og um fullt starf sé að ræða, af því að þannig störfuðu þeir síðast. Þetta tel ég misnotkun á kerfinu.

Í þessari sömu grein er talað um að lífeyrisréttur skuli aukast um 2% fyrir hvert starfsár. Það er engin skilgreining í lögunum á því, hvað starfsár þýðir eða hvernig með það skuli fara. Það er eiginlega sams konar brotalöm í þessu ákvæði eins og því sem ég gat um áðan. Nú er það áreiðanlega til bóta í hinu opinbera kerfi að menn skipti um störf. Þá getur það átt við, þegar menn fara að reskjast, að menn séu að ýmsu leyti sáttir við það að fara í lægra launuð störf. En eins og lögin eru núna er mönnum refsað fyrir það. Þá skerðist lífeyrisréttur manna við það, að þeir fara í störf sem þeir eru að ýmsu leyti tilbúnir að fara í af því að þeir vilja létta af sér, og það gæti þýtt að meiri hreyfanleiki væri á mönnum í störfum. Ákvæði laganna, eins og þau eru, vinna þannig gegn því að menn hreyfi sig til í störfum, og þeir, sem hafa komist ofarlega í launastiga, verða að hanga þar, hvað sem það kostar, til þess að halda lífeyrisrétti sínum.

Ég geri þetta að umtalsefni vegna þess að ég held að þetta ákvæði, eins og það er, sé óhollt og það verði að finna betri skipan í þessum efnum sem komi ekki í veg fyrir að hreyfanleiki sé hjá fólki í opinberum störfum og þar sem viðurkennt sé að menn geti notið lífeyrisgreiðslna úr lífeyrissjóði miðað við það starf sem þeir hafa gegnt þegar best lét hjá þeim, en ekki endilega miðað við síðasta starfsárið.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Afstaða okkar sjálfstæðismanna kemur fram í nál. sem hér hefur verið lesið. Ég þarf ekki að bæta neinu við það, aðeins hnykkja á því, að það er okkar skoðun að það þurfi að vinda sér í að endurskoða allt lífeyrissjóðakerfi landsins. Og eins og fram hefur komið hér höfum við lagt fram frv. í þessari hv. deild sem innlegg í þá tiltekt sem þarf að gera á lífeyrissjóðakerfinu.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 248,1 (ný 6. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
7.—8. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 248,2 samþ. með 13 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 248,3 (ný grein, verður 10. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 248,4 (ný grein, verður 11. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 248,5 samþ. með 14 shlj. atkv.
10. gr. (verður 12. gr.), svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 248,6 (ný grein, verður 13. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 248,7 (ný 11. gr., verður 14. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
12. gr. (verður 15. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Efri deild, 31. fundur.

Mánudaginn 15. des., að loknum 30. fundi.

Ferðagjaldeyrir, frv. (þskj. 193). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12:4 atkv. og afgr. til Nd.

Tímabundið vörugjald, frv. (þskj. 194). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11:4 atkv. og afgr. til Nd.

Meinatæknar, frv. (þskj. 29). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 261).

Eftirlaun til aldraðra, frv. (þskj. 177). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 262).

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, frv. (þskj. 255). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 30. fundur.

Mánudaginn 15. des., kl. 2 miðdegis.

Söngmálastjóri og Tónskóli þjóðkirkjunnar, frv. (þskj. 6, n. 231, 232). — 2. umr.

Frsm. (Ingólfur Guðnason): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. menntmn. um frv. til l. um söngmálastjóra og Tónskóla þjóðkirkjunnar. Menntmn. hefur tekið frv. til athugunar og leggur til að það verði samþykkt með þeim breytingum sem prentaðar eru á þskj. 232. Einstakir nm. áskilja sér þó rétt til að flytja eða fylgja sérstökum brtt. sem fram kunna að koma. Fjarverandi afgreiðslu málsins í nefndinni voru Halldór Blöndal og Friðjón Þórðarson.

Þær brtt., sem nefndin gerir, eru fjórar.

Við 1. gr. gerir nefndin ekki brtt., en ræddi eitt orð sem kemur fyrir í 1. gr. frv., þ. e. orðið „litúrgía". Okkur þótti strax svolítið erfitt að sætta okkur við það, að þegar lesin eru íslensk lög verði nærri því að byrja á að grípa til orðabókar í erlendum málum og leita þar að þýðingu orðsins. Þó varð niðurstaðan sú eftir mikla leit, m. a. til málvísindamanna, en þeir gátu ekki gefið okkur haldgóð ráð um fullkomna þýðingu þessa orðs, að gera ekki tillögu um þýðingu á orðinu. En ég bið menn að líta til þessa orðs í framtíðinni og álít að síðar verði að fá gott orð í staðinn fyrir þetta erlenda orð. En þar verður að vanda meira til og kannske sýna meiri snilli heldur en okkur tókst. Við gerum ekki till. til breytinga þarna, en bendum á að þarna er breytinga þörf.

2. gr. frv. er óbreytt frá okkar hendi, en við 3. gr. gerum við aths. Þar stendur: „Heimilt er ráðh. að fengnum tillögum söngmálastjóra og biskups Íslands að ráða tvo menn til aðstoðar söngmálastjóra við raddþjálfun og söngkennslu." Við vorum sammála um að það væri óeðlilegt, þegar verið væri að tala um skóla, að ákveða í lögum hversu margir kennarar ættu að vera við skólann. Þess vegna gerum við till. um það, að fjöldi kennaranna verði ekki ákvarðaður í lögum, heldur ráði þróun skólans og fjárveitingar til hans fjölda kennara.

Við gerum einnig þá brtt. við 4. gr. frv., þar sem talað er m. a. um hverjum hljóðfærum skólinn skuli vera búinn, að ekki sé ákvarðað í lögum hver tækjakostur skólans eigi að vera, heldur hljóti að vera eðlilegt að þar ráði þörf og fjármunir hverju sinni. Því gerum við að till. okkar, að þar sem talað er um pípuorgel og píanó falli þau orð niður, þó að við gerum okkur hins vegar grein fyrir því, að þetta munu þykja sjálfsögð tæki í skóla sem slíkum.

Í 4. gr. kemur síðan aftur fyrir orðið „litúrgía" sem ég var að tala um áðan.

Við gerum einnig brtt. við 5. gr. frv., en þar segir: „Þeir, sem æskja inngöngu í Tónskóla þjóðkirkjunnar, skulu hafa hæfileika til tónlistarnáms." Okkur þótti það ekki viðeigandi, ef menn sækja um skólavist einhvers staðar, að það skuli ákveða fyrir fram, að þeir skuli hafa hæfileika til námsins, heldur hljóti það að koma á daginn hvernig þau mál þróast.

Við 7. gr. gerum við svo loks till. um að hún falli burt, en í frv. hljóðar hún þannig: „Störf organista skulu tengd

tónlistarkennslu, þar sem því verður við komið." Okkur þótti óþarft að setja þetta í lög. Þar væri verið að tala um að ákvarða það, að nemendur frá þessum skóla væru ákvarðaðir í einhvern tónlistarskóla. Okkur þykir líklegt að þróunin á hverjum stað leiði í ljós hvort það þyki æskilegt í hinum ýmsu tilfellum, að þessir menn taki að sér kennslu, en lögin taki ekki afstöðu til þess. Af þessu leiðir það, ef 7. gr. er felld brott, að 8. gr. verður 7. gr.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta, en legg til að málinu verði að umr. lokinni vísað til 3. umr.

ATKVGR.

1.—2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 232,1 samþ. með 23 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 232,2 samþ. með 23 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 232,3 (ný 5. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 232,4 (7. gr. falli brott) samþ. með 22 shlj. atkv.
8. gr. (verður 7. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Skráning lífeyrisréttinda, frv. (þskj. 126, n. 225). — 2. umr.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. til l. um skráningu lífeyrisréttinda. Frv. þetta var lagt fram á síðasta þingi og hlaut þar afgreiðslu frá nefnd. Mælti nefndin þá með samþykkt þess, en það stöðvaðist í meðförum deildarinnar.

Hér er um sjálfsagt mál að ræða að mínu mati. Lífeyrissjóðirnir leggja mikla áherslu á, að þetta mál nái fram að ganga, og hafa ritað nefndinni bréf um það á sama hátt og gert var á síðasta þingi. Gerði nefndin allt sem í hennar valdi stóð til þess að málið næði þá fram að ganga.

Ég tel ekki ástæðu til að rekja þetta mál frekar, vil aðeins ítreka þá einróma skoðun nefndarinnar, að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Nýbyggingargjald, frv. (þskj. 195, n. 226). — 2. umr.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. til l. um afnám nýbyggingargjalds. Þetta gjald er nú almennt þekkt. Það er út af fyrir sig ekki mjög algengur viðburður, að flutt sé frv. um að afnema skatta, og það var sérstök ánægja með það í fjh.- og viðskn. Náðu allir nm. samkomulagi um það og nefndin leggur eindregið til að frv. verði samþykkt. Ég sé ekki ástæðu til að gera grein fyrir þessu gjaldi. Það hefur komið svo oft hér til umr., að ég tel ástæðulaust að rifja það upp, en ítreka þá skoðun nefndarinnar, að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 164, n. 243). —2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Það frv., sem hér er til umr., gengur í aðalatriðum út á tvennt: Annars vegar eru rýmkuð þau skilyrði sem Tryggingastofnun ríkisins eru sett um greiðslu barnsmeðlaga til ógiftra mæðra. Lagt er til að nægilegt sé að barnsfaðernismál sé hafið til þess að greiðslur meðlaga byrji. Nú þarf meðlagsúrskurður að liggja fyrir og veldur þetta viðkomandi mæðrum í mörgum tilfellum miklum erfiðleikum. Leiðrétting á þessu er því mikil réttarbót þegar þannig stendur á.

Hins vegar er fjölgað greiðslu- og uppgjörsdögum Innheimtustofnunar sveitarfélaga við Tryggingastofnun ríkisins, en nú dragast greiðslur og uppgjör mjög úr hófi. Bindur þetta mikið fé fyrir Tryggingastofnun ríkisins, líklega nálægt 4 milljörðum um þessar mundir. Þetta er því mikið þarfamál líka.

Heilbr.- og trn. Nd. hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt eins og hv. Ed. afgreiddi það á þskj. 164.

Matthías Bjarnason, Guðmundur G. Þórarinsson og Pálmi Jónsson voru ekki viðstaddir afgreiðslu málsins.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, frv. (þskj. 125). — 1. umr.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég vil mæla hér fyrir frv. til l. um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda. Frv. þetta var flutt á hv. Alþingi á s. l. vori í fyrsta sinn, en náði þá ekki fram að ganga. Nú hefur það hins vegar verið flutt öðru sinni og hlotið afgreiðslu frá hv. Ed.

Þegar frv. var flutt á s. l. vori var það flutt samhliða frv. til l. um starfskjör launþega og skyldutryggingu lífeyrisréttinda svo og með frv. til l. um skráningu lífeyrisréttinda. Frv. um starfskjör launþega og skyldutryggingu lífeyrisréttinda varð að lögum, en hinum málunum varð ekki lokið fyrir þingslit, og eru því hér til meðferðar þau tvö frv. sem eftir var að afgreiða, þ. e. þetta og frv. um skráningu lífeyrisréttinda. Þessi frumvörp eru samin af

þeim fjölmennu nefndum sem unnið hafa í lífeyrissjóðamálunum á undanförnum árum og nefndar hafa verið 8 manna nefndin og 18 manna nefndin, að mig minnir.

Árið 1974 voru sett sérstök lög um starfskjör launþega. Samkv. ákvæðum þeirra var öllum launþegum rétt og skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps. Fjmrn. var fengið um það úrskurðarvald til hvaða lífeyrissjóðs iðgjöld skyldu greidd yrði það ágreiningsmál.

Það kom strax í ljós, er framkvæma átti lögin um starfskjör launþega, að margir launþegar áttu ekki sjálfstæðan aðgang að lífeyrissjóði. Sem úrskurðaraðila var fjmrn. vandi á höndum. Hvarf það að því ráði, að höfðu samráði við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, að stofna sérstakan lífeyrissjóð fyrir þá sem ekki áttu lögskylda eða samningsbundna aðild að öðrum lífeyrissjóðum. Fékk sjóður þessi nafnið Biðreikningur lífeyrissjóðsiðgjalda. Var sjóðnum sett reglugerð sem í flestum atriðum var samhljóða reglugerðum sjóða innan Sambands almennra lífeyrissjóða.

Fyrstu árin er biðreikningurinn starfaði voru sjóðfélagar nær eingöngu úr röðum lausráðinna starfsmanna ríkisins. Á undanförnum árum hafa hins vegar margir tengst sjóðnum sem starfa hjá öðrum en ríkinu. Má þar sérstaklega nefna ýmsa sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi. Um 11 þús. manns eiga nú aðild að Biðreikningi lífeyrissjóðsiðgjalda. Sjóðurinn greiðir ellilífeyri, örorkulífeyri, maka- og barnalífeyri með sama hætti og almennu lífeyrissjóðirnir, enda hefur sjóðurinn gert sérstakan samskiptasamning við Samband almennra lífeyrissjóða.

Með tilkomu laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda, sem samþykkt voru hér á Alþingi s. l. vor, bætast fjölmargir menn, sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, í hóp þeirra sem skyldir eru að greiða lífeyrissjóðsiðgjöld. Ljóst er að margir þessara manna eiga ekki rétt til aðildar hjá neinum ákveðnum sjóði. Þannig er og farið um ýmsa launþega er stunda svo sérhæfð störf að þeir hafa til þessa ekki tengst verkalýðsfélagi eða sjóðum á þeirra vegum. Nú eru tímamót og þykir því rétt að lögbinda sjóð er taki við af Biðreikningi lífeyrissjóðsiðgjalda og verði samastaður þeirra sem ekki eiga lögskyldaða eða samningsbundna aðild að öðrum sjóðum. Stjórn hins nýja sjóðs, Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda, verður að verulegu leyti í höndum samtaka lífeyrissjóða. Þannig er reynt að tryggja að hinn nýi sjóður starfi í sem bestu samræmi við aðra lífeyrissjóði í landinu.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi aðfaraorð fleiri um þetta frv. Það hefur hlotið afgreiðslu frá Ed. ágreiningslaust. Ég vil að öðru leyti vísa um efni frv. til aths. sem fylgja því.

Ég vil leyfa mér að leggja til að frv. verði vísað til hv.fjh.- og viðskn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Verðlag, frv. (þskj. 81). — 1. umr.

Flm. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Frv. á þskj. 81, 75. *mál þingsins, um breytingu á lögum nr. 56 frá 16.* maí 1978, um verðlag og samkeppnishömlur, er flutt ásamt mér af þeim hv. þm. Matthíasi Á. Mathiesen, Matthíasi Bjarnasyni og Albert Guðmundssyni.

Frv. þetta var flutt í Ed. á síðasta þingi og var þá vísað til hæstv. ríkisstj., sem enn hefur ekki gert neinar tillögur til breytinga á núverandi skipan verðlagsmála.

Nokkrar tilraunir hafa verið gerðar á undanförnum áratugum til að koma verðlagsmálum hérlendis í viðunandi horf, þannig að hér verði starfað samkv. svipuðu fyrirkomulagi og gert er í nágrannalöndunum. Sjálfstfl. og Alþfl. stóðu að svokölluðu Sonne-frv. 1969, en klofningur í ráðherraliði Alþfl. leiddi til þess, að ekki varð úr þeirri fyrirætlun. Ríkisstjórn Geirs Hallgrímssonar, sem í áttu sæti m. a. Gunnar Thoroddsen, hæstv. forsrh., og Ólafur Jóhannesson, hæstv. utanrrh., fékk hins vegar samþykkt frv. um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, lög sem eru nr. 56/1978 og áttu að taka gildi í nóv. 1978, en gildistökunni var frestað í eitt ár vegna skorts á undirbúningi við breytingarnar.

Formaður fjh.- og viðskn. Ed. árið 1978 var Jón Helgason, núv. hæstv. forseti Sþ., sem var frsm. fyrir nál. og sagði þá m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Í 1. gr. frv. er markmið og gildissvið laganna skilgreint þannig, að þau hafi það markmið að vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins og sanngjarnri skiptingu þjóðartekna með því að

a) vinna gegn ósanngjörnu verði og viðskiptaháttum,
b) vinna gegn óréttmætum viðskipta- og samkeppnisháttum svo og samkeppnishömlum, sem hafa í för með sér skaðlegar afleiðingar fyrir neytendur, atvinnurekendur og þjóðfélagið í heild.

Til þess að ná þessum tilgangi koma síðan í frv. margvísleg nýmæli, sem eiga að stuðla að því að gera okkur kleift að koma hér á því verðlagskerfi er hentar best við okkar aðstæður. Það á að reyna að fá fram þá kosti, sem frjáls samkeppni um verðmyndun kann að geta skapað, án þess að taka þá áhættu, að afleiðingin verði gagnstæð, því að með öflugu eftirliti á að fylgjast með verðlagsþróuninni og grípa í taumana, ef ástæða verður til. Það er því alger firra að halda því fram, að með þessu frv. sé stefnt að því að gefa kaupsýslumönnum og milliliðum tækifæri til að skammta sér laun. Það á að gefa þeim tækifæri til að sýna kosti frjálsrar samkeppni fyrir neytandann, en misnoti þeir það hefur verðlagsráð víðtækar heimildir til aðgerða."

Lýkur hér tilvitnun í ræðu hæstv. forseta Sþ., Jóns Helgasonar, en hann var frsm. og formaður hv. fjh.- og viðskn. Ed. þegar lögin gengu fram vorið 1978.

Eins og fram kemur í grg. á þskj. 81 hafa síðan verið samþykkt lög sem í raun gera verðlagslögin óvirk og færa öll völd í hendur ríkisstj. Núverandi ákvæði eru m. a. í 59. gr. Ólafslaga og reyndar í X. kafla þeirra laga öllum. Þar eru verðstöðvunarheimildir samkv. lögum nr. 121/1978 staðfestar. Ekki verður annað séð af umr. á Alþingi en að það sé aðeins einn stjórnmálaflokkur sem vill ríghalda í þessa fásinnu. Það er auðvitað Alþb. Sjónarmið þess náðu fram að ganga í Ólafslögum og núv. hæstv. ríkisstj. hefur ekki breytt um stefnu.

Fulltrúar Alþfl. á þingi hafa lýst yfir stuðningi við frjálsari verðlagningarreglur. Þar á meðal hefur hv. 2. þm Reykn. lýst yfir stuðningi við þessar hugmyndir í umr. í Ed. á síðasta ári. Hæstv. viðskrh. Tómas Árnason sagði í umr. í Ed. á s. l. vori m. a., með leyfi hæstv. forseta, í þessu máli:

„Ég fer ekkert leynt með það, enda liggur það fyrir í skjölum Alþingis, að ég var á sínum tíma fylgismaður hinna nýju verðlagslaga sem sett voru í maímánuði 1978, og ég hef ekki skipt um skoðun í þeim efnum síðan. Hins vegar er það annað sem við verðum auðvitað allir að hafa í huga, og það er að við lifum við samsteypustjórnarfyrirkomulag. Við verðum að gera það upp við okkur, þegar við tökum þátt í stjórnarsamstarfi, hvað það er af stefnumálum okkar sem við viljum gefa eftir til að ná fram öðru sem við teljum þá e. t. v. meira virði. Ástæðan fyrir því, að ég stóð að breytingu á verðlagslögunum á árinu 1979, var sú, að það var liður í stjórnarsamstarfi sem ég átti þátt í. Það er sú skýring, sem ég gef á afstöðu minni þá."

Til að ekki sé farið í grafgötur með skoðanir hæstv. ráðh. vil ég tilfæra örlítinn hluta úr ræðu sem hann flutti á aðalfundi Verslunarráðsins fyrr á þessu ári. Þar sagði hæstv. viðskrh. m. a., með leyfi forseta:

„Eins og kunnugt er voru hin nýju verðlagslög samþykkt á Alþingi í maí 1978, en tóku gildi í nóv. 1979. Þegar lögin voru fyrst samþykkt var hugmyndin með þeim að stefna meira og meira að frjálsræði í verðlagsmálum, en með þeim breytingum, sem gerðar voru á lögunum á árinu 1979, var anda þeirra því miður breytt í verulegum atriðum. Ég hef ekki farið leynt með þá skoðun mína, að frjálsari stefna í verðlagsmálum sé miklu líklegri leið til þess að lækka vöruverð í landinu heldur en aðhaldssöm prósentuálagningaraðferð. Ég þarf raunar ekki að gera grein fyrir þessari skoðun á þessum fundi, hún er augljós. Aðalástæðan er sú, að með prósentuálagningunni er kippt í burt vakningunni til þess að leggja aðaláhersluna á ódýr og hagkvæm innkaup. Auk þess stuðlar þessi prósenturegla að því að slæva verðskyn neytenda, þar sem treyst er á einhverja forsjá opinberra aðila, sem því miður er ekkert nema misskilin trúgirni."

Undir þessi sjónarmið vil ég taka. Það er sem sagt ljóst, að framsóknarmenn standa með frjálsri verðlagningu í raun, þótt þeir hafi um sinn fallist á önnur sjónarmið til að ná fram sameiginlegri stefnu samsteypustjórnarinnar sem Ólafur Jóhannesson myndaði sumarið 1978.

En nú er komin ný ríkisstj. með nýjan málefnasamning, og ég veit að liðsaukinn í henni er sömu skoðunar og hæstv. viðskrh. í þessum efnum. Í 4. tölulið kaflans um verðlagsmál í málefnasamningnum segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Unnið verði að lækkun vöruverðs, m. a. með eftirtöldum aðgerðum:

a. Að efla samtök neytenda til þess að þau geti gegnt því mikilvæga verkefni að gera verðlagseftirlit neytendanna sjálfra virkt.

b. Að auka verðlagskynningu af opinberri hálfu.

c. Að haga verðlagsákvæðum þannig, að þau hvetji til hagkvæmra innkaupa.

d. Að greiða fyrir því, að unnt sé að lækka vöruverð með innkaupum í stórum stíl.

e. Að hin nýju verðlagslög komi til framkvæmda undir eftirliti verðlagsráðs, sem fái bætta aðstöðu til að gegna hlutverki sínu."

Ég vek sérstaka athygli á síðasta atriðinu, því að það verður varla skilið á annan veg en þann, að hæstv. ríkisstj. ætli að breyta 8. gr. verðlagslaga í upphaflegt horf og fella úr lögum X. kafla Ólafslaga, ákvæðin sem ganga í aðrar áttir. Ég bið samt hæstv. viðskrh. að upplýsa mig og þingheim um það, hvort það sé ekki réttur skilningur. Og þá kemur spurningin: Hvenær verður það gert? Á að bíða eftir því, að niðurtalningin hefjist eða henni ljúki, en eins og allir vita er sú leið aldeilis ófær. Og hvað hefur hæstv. ríkisstj. gert til að önnur atriði verðlagsstefnunnar næðu fram, eins og henni er lýst í 4. tölul. kaflans um verðlagsmál í stjórnarsáttmálanum? Ég hygg að hæstv. ríkisstj. hafi harla lítið gert, m. a. vegna þess að allur tími hennar fer í verðlagsákvarðanir. Hæstv. ríkisstj. er ekkert annað en yfirverðlagsstjórn. Hún rembist við að taka á afleiðingum verðbólgunnar með úrelta verðlagsstefnu að vopni, en situr að öðru leyti úrræða- og aðgerðalaus. Frá þessu eru þó örfáar undantekningar, eins og t. d. heimild til hækkunar á vörubirgðum annars vegar og að nú nýlega var varahlutaverslun gefin frjáls að nokkru marki.

Þegar viðreisnarstjórnin var mynduð á sínum tíma var opnuð leið til frjálsari viðskiptahátta á ýmsum sviðum. Ýmsir töldu slíkt fráleitt og spáðu því, að landið yrði gjaldþrota á skömmum tíma. Niðurstaðan varð á þveröfuga leið. Viðskiptalífið blómstraði og lífskjörin bötnuðu. Svo kom tími verðstöðvana sem í reynd hefur verið mesta verðbólgutímabilið frá upphafi. Þetta sjá allir nema fulltrúar Alþb., en samt eru þeir látnir ráða ferðinni. Viðhorf þess og völd í þessu máli sjást best þegar athuguð eru ummæli fyrrv. hæstv. viðskrh., Svavars Gestssonar. Hann sagði orðrétt, þegar gildistökunni var frestað fyrst, í ræðu 25. okt. 1978 á Alþingi, með leyfi forseta:

„Það eru fleiri ástæður en tímafrekur undirbúningur sem mun leiða til þess, að lengja verður gildistökufrest þessara laga. Í samstarfsyfirlýsingu þeirra stjórnmálaflokka, sem mynda núv. ríkisstj., er kveðið á um að gildistöku 8. gr. laganna skuli frestað. Þá hefur athyglin beinst undanfarið að innflutningsversluninni vegna óeðlilega hás innkaupsverðs. Fer nú fram sérstök rannsókn á starfsháttum innflutningsverslunarinnar af þessu tilefni. Kann að reynast nauðsynlegt að gera breytingar á lögunum í samræmi við niðurstöður rannsóknarinnar. Enn fremur verður til athugunar hvort aðrar lagfæringar beri að gera á lögunum, t. d. á 8. gr. þeirra."

Hér lýkur tilvitnun í hæstv. fyrrverandi viðskrh. og núverandi fél.-, heilbr.- og trmrh. hæstv. ríkisstj.

Þessi tilvitnun, sem er úr ræðu hæstv. ráðh. á sínum tíma, sýnir að það voru Alþb.-menn sem fengu sín mál fram í þessum efnum í vinstri stjórn Ólafs Jóhannessonar, enda höfðu þeir viðskiptamálin þá hjá sér. Þetta sjónarmið staðfesti Þjóðviljinn, blað hæstv. fyrrv. viðskrh., þegar frv. að Ólafslögum var til umræðu á Alþingi. Í leiðara Þjóðviljans segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Í frv. var upphaflega gert ráð fyrir að frjáls álagning yrði grundvallarregla í viðskiptalífinu, en því hefur nú fyrir tilstilli Alþb. verið umsnúið á þann veg, að sú regla er nú í fyrsta sinn numin á brott úr íslenskum lögum og íhlutunarréttur og úrslitavald Verðlagsstofnunar og ríkisstj. í verðlagsmálum skýlaust viðurkennt." Eins og allir sjá af þessari tilvitnun er það Alþb. sem ræður stefnunni í þessum málum.

Sumir ráðherrar núv. hæstv. ríkisstj. una því hins vegar illa að vera kallaðir ráðherrar í vinstri stjórn, og slíkt lái ég þeim ekki. Það er því furðulegt, að enn skuli þurfa að bíða eftir stefnubreytingu í þessum efnum. Samt hafa verðlagsmálin verið rædd fram og aftur og skýrslur skrifaðar. Þeir, sem fylgst hafa með umræðunum, hafa gert

sér ljóst að verðlagseftirlit á Íslandi er aðeins eftirlit með reiknitölum vísitölunnar, en tryggir engan veginn lágt vöruverð. Verðlagshömlur hafa komið í veg fyrir hagkvæm innkaup, því að innflytjandinn tapar á lágu innflutningsverði í prósentukerfinu. Þannig hefur verðlagskerfið leitt til hærra vöruverðs og lakari lífskjara í reynd. Loks má álíta það afleiðingu rangrar verðlagsstefnu hve afgreiðslufólk í verslunum er lágt launað miðað við sumar aðrar greinar.

Nýlega, þ. e. í síðasta mánuði, flutti Ólafur Davíðsson forstjóri Þjóðhagsstofnunar erindi á félagsfundi Félags íslenskra stórkaupmanna. Í erindi hans kom fram að fyrirtækjum í innflutningi hefur fjölgað án þess að tala mannára, þ. e. fjöldi starfsmanna í fullu starfi allt árið, hafi vaxið. Þetta þýðir að fyrirtækin hafa smækkað. Má nefna í því sambandi að meðalstærð nýrra fyrirtækja í almennri heildverslun, í starfsmönnum talið, er eitt og hálft mannár. Þessi þróun á sér stað á sama tíma og almenn álagning minnkar vegna aðgerða verðlagsyfirvalda, en umboðslaun hækka að sama skapi. Núverandi verðlagskerfi verður því til þess, að fyrirtækjum í innflutningi fjölgar, þau smækka, tekjurnar af sjálfri vörusölunni minnka, en verða meiri í formi umboðslauna. Þetta þýðir í raun að verslunin er að flytjast meira og meira úr landi.

Þetta rennir enn stoðum undir nauðsyn breytinga. Á fyrrgreindum fundi var Ólafur spurður hvort verðbólgan kæmi í veg fyrir að verðlagskerfinu væri breytt í frjálslegra horf. Hann svaraði orðrétt, með leyfi forseta: „Það er ekki margt sem bendir til þess, að breytingar hefðu afgerandi áhrif á verðlagsþróunina. Það færi að vísu eftir því í hvaða efnahagsástandi það gerðist. Kerfið hefur e. t. v. reyrt menn fasta í ákveðin mót og það tæki sennilega tíma að aðlagast breytingum í þessum efnum. En ég hef þó ekki trú á að kerfið rígbindi menn þannig, að ekkert svigrúm sé til breytinga."

Á almennum félagsfundi Verslunarráðs 2. des. um verðlagsmál hélt formaður Verslunarráðsins ræðu. Í þeirri ræðu kom m. a. eftirfarandi fram, með leyfi hæstv. *forseta:*

„Um þessar mundir hækkar allt verðlag til jafnaðar um 1% á viku. Rætt er um að koma á sérstakri verðstöðvun um næstu áramót. Má því spyrja: Hvað kennir reynslan okkur í þessum efnum? Í fyrsta lagi: Samfelld verðstöðvun hefur verið síðan 1970, en verðlag hefur hækkað um 30% til jafnaðar á ári. Í öðru lagi: Í fyrra voru tvenn verðstöðvunarlög í gildi, en verðlag hækkaði um rúm 60% yfir árið. Í þriðja lagi: Fyrsta verðlagsnefndin tók til starfa árið 1938, en síðan hefur verið samfellt verðbólguskeið á Íslandi. Samt lærum við lítið af reynslunni, þótt reynslan hafi yfir 40 ár sýnt að verðmyndunarhöft séu gagnslaus í baráttu við verðbólguna og geri illt verra, þar sem þau leiða til óhagkvæmni í atvinnulífinu og hefta framfarir."

Þetta var tilvitnun í ræðu formanns Verslunarráðsins 2. des. s. l. á fundi hjá ráðinu, sem staðfestir reyndar sjónarmið sem flestallir menn hafa gert sér ljóst um aldir, allt frá því að fyrstu verðlagslög voru sett á dögum Hammurabis.

Verslunarráð Íslands sendi frá sér svo hljóðandi ályktun á þessum fundi 2. des., með leyfi forseta:

„Fundurinn telur að ekki verði lengur horft fram hjá augljósum göllum núverandi verðmyndunarkerfis. Verðbólgan æðir áfram. Verðmyndunarhöftin draga úr samkeppni og slæva verðskyn neytenda. Ekki síst leiðir það til óhagstæðari viðskiptakjara og óhagkvæmni í atvinnulífinu. Brýna nauðsyn ber því til að færa íslenska verðmyndunarkerfið til frjálsræðis, þannig að kostir frjálsrar verðmyndunar fái notið sín, fyrirtækjum og starfsfólki þeirra svo og neytendum til hagsbóta. Fundurinn hvetur Alþingi til að marka þá stefnu, að frjáls verðmyndun taki gildi strax. Skorar fundurinn á Alþingi að samþykkja frv. það til breytinga á lögum um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, sem nú liggur fyrir Alþingi, með þeirri breytingu að 8. gr. laganna kveði skýrt á að verðmyndun verði gefin frjáls." — Lýkur hér ályktun almenns félagsfundar Verslunarráðs sem haldinn var 2. des. s. l.

Í þessari ályktun kemur fram mikill stuðningur við viðhorf hæstv. viðskrh. í þessu máli. Það er eðlilegt að menn bíði eftir aðgerðum í þessu efni, en auðvitað er það best, ef þetta frv., sem við höfum flutt hér á hv. Alþingi fær stuðning. Ég tel, herra forseti, og það er mín trú, að frv. þetta eigi vísan stuðning a. m. k. þriggja stjórnmálaflokka á Alþingi.

Að lokinni 1. umr. óska ég þess, að frv. verði sent til hv. fjh.- og viðskn. deildarinnar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 29 shlj. atkv.

Samningur um gagnkvæma aðstoð í tollamálum, frv. (þskj. 191). — 1. umr.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. *til l.* um heimild fyrir ríkisstj. til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um gagnkvæma aðstoð í tollamálum. Ég mæli fyrir frv. fyrir hönd hæstv. utanrrh. sem er fjarstaddur. Þetta frv. kemur frá Ed. Þar var um það fjallað og það afgreitt samhljóða og enginn ágreiningur um málið, þannig að það liggur, að ég ætla, fyrir, að svo sé ekki í þinginu almennt.

Frv. fjallar um það í fyrsta lagi samkv. 1. gr. þess, að ríkisstj. er heimilt að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um gagnkvæma aðstoð í tollamálum. Samningurinn er prentaður sem fskj. með frv. þessu.

2. gr. frv. fjallar um það, að þegar samningurinn hefur öðlast gildi að því er Ísland varðar skuli ákvæði hans hafa lagagildi hér á landi.

3. gr. fjallar um að fjmrh. setji nánari reglur um framkvæmd þessara laga og 4. og seinasta gr. um að lögin öðlist þegar gildi.

Ég leyfi mér að vísa til aths. við lagafrv. og jafnframt beina þeim tilmælum til hv. fjh.- og viðskn., sem frv. verður eflaust vísað til, að hún hraði afgreiðslu þess eins og kostur er svo að þessi fullgilding geti farið fram fyrir áramót.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 26 shlj. atkv.

Tollskrá o. fl. frv. (þskj. 165). — 1. umr.

Flm. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Ég leyfi mér að flytja á þskj. 165 frv. til l. um breyt. á lögum nr. 120/1976, um tollskrá, með síðari breytingum. Er það um niðurfellingu á aðflutningsgjöldum af ungbarnamat samkv. upptalningu sem er í frv. og ég er ekki í nokkrum vafa um að allir hv. þm. hafa sjálfsagt kynnt sér vel og lesið grg. Ég er ekki heldur í nokkrum vafa um það, að hv. þm. hljóta að vera mér sammála um að ekki á að tolla — og síst af öllu eins hátt og raun ber vitni að gert er — barnamat eins og þar kemur fram.

Ég sé ekki ástæðu til að tala langt mál fyrir þessu frv., svo sjálfsagt sem það er, ef þessi matartegund er borin saman við önnur matvæli sem flutt eru inn og eru tollfrjáls og greint er frá í grg.

Ég vil leyfa mér að gera það að till. minni, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Tollskrá o. fl. frv. (þskj. 218). — 1. umr.

Flm. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Á þskj. 218 leyfi ég mér að flytja frv. til l. um breyt. á lögum nr. 120/1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum, ásamt hv. þm. Friðrik Sophussyni, Matthíasi Á. Mathiesen, Árna Gunnarssyni, Sverri Hermannssyni og Birgi Ísl. Gunnarssyni. Ég vil leyfa mér að lesa grg., með leyfi forseta, en hún hljóðar svo:

„Ákvæði um bankastimplun sem skilyrði þess, að unnt væri að fá vöru tollafgreidda, var nýmæli sem tekið var upp í tollskrárlögin 1976. Á það var bent, að með þessu ákvæði væri tekin upp óeðlileg hagsmunagæsla fyrir erlenda aðila, sem ætti sér fá eða jafnvel engin fordæmi erlendis svo að vitað væri. Nú hafa þær aðstæður komið upp með verkfalli bankastarfsmanna, sem engan hefur órað fyrir við lögfestingu framangreinds ákvæðis, að ekki er unnt að tollafgreiða vörur, enda þótt hægt sé að sanna heimild seljanda vörunnar fyrir afhendingu í hendur kaupanda, án þess að greiðsla í banka hafi farið fram."

Ég tel ekki ástæðu til að lesa frekar upp úr grg. Það, sem eftir er, á við þær aðstæður sem sköpuðust við bankamannaverkfallið sem nú er lokið.

Ég held að öllum sé ljóst að bankastimplun sem slík gegnir ekki annarri þjónustu, eins og kemur fram hér í þessari grg., en að gæta hagsmuna erlendra aðila, eigenda viðkomandi vöru, og þar með gera að engu þá möguleika sem almennt eru viðurkenndir um samskipti manna á milli, hvort sem það eru innlendir aðilar og erlendir annars vegar eða innlendir aðilar, sem hafa sams konar samskipti sín á milli. Ég álít að það sé hagsmunamál fyrir þjóðfélagið, að slík hagsmunagæsla fyrir erlenda aðila verði felld niður. Byggi ég það á því, að greiðslufrestur á erlendum vörum, innfluttum vörum, er svo til útilokaður þar sem innlendum aðilum er gert að skyldu að greiða að fullu andvirði vöru til erlendra aðila án þess að nauðsyn beri til. Innlendir aðilar þurfa í flestum tilfellum vegna rekstrarfjárskorts að greiða vöruna fyrir fram án þess að nauðsyn beri til, sem aftur á móti þýðir aukið álag á útlánagetu bankanna sem er takmörkuð fyrir. Ef þessi stimplun er afnumin geta innflytjendur tollafgreitt vöruna án þess að greiða hana í banka fyrr en varan er kannske seld og þannig skapast fjármagn til þess að greiða hana.

Aftur á móti er ekki hægt að afhenda vöruna fyrr en viðkomandi aðili hefur öðlast bankastimplun á vörureikninga, sem þýðir þá um leið að ríkistekjur af innfluttum vörum, þ. e. tollarnir, greiðast fyrr. Þó held ég að það sé viðkomandi aðilum í hag, bæði innheimtunnar vegna og ríkissjóðs vegna og eins innflytjendanna vegna, að þessi stimplun sé afnumin.

Ég legg til að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn. og það hljóti þar eins skjóta afgreiðslu og mögulegt er.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég er einn af flm. þessa frv. og vil þakka hv. 1. flm. fyrir það framtak hans að leggja þetta mál fram, sem mér finnst vera sjálfsagt og hann hefur gert ítarleg skil, enda hefur hann af þessum málum mikla reynslu. En ástæða þess, að ég kem hér upp, er sú, að sams konar ákvæði og er í 1. gr. þessa frv. er að finna á þskj. 74, í 68. máli, sem fjallar um breytingu á tollskrá og er fylgifrv. með svokölluðu tollkrítarfrv., sem hv. þm. Matthías Á. Mathiesen og fleiri þm. Sjálfstfl. og Alþfl. í deildinni hafa flutt. Því miður urðu engar umræður um þau frv. utan framsöguræðna sem fluttar voru. Hins vegar urðu miklar umræður um þessi mál á þinginu í fyrra, og þar boðaði hæstv. forsrh. að s. l. sumar yrði unnið að þessum málum. Og í ræðu hæstv. fjmrh. kom fram, að hann sýndi málinu jafnframt áhuga og taldi að það þyrfti að kanna vel og það ætti að gerast fljótlega, auk þess sem það kom fram í umræðunum, að þetta mál hefði verið til umræðu í hæstv. ríkisstj.

Nú stöndum við hér, hv. þm., og erum að flytja mál um breytingar á tollskrá. Við vorum rétt áðan að ljúka umræðu um breytingar á verðlagslögunum, sem eru jafnframt nauðsynlegar og við vitum að hafa yfirgnæfandi meirihlutafylgi þm. og reyndar mikið fylgi og yfirgnæfandi fylgi í hæstv. ríkisstj. En í þingsalnum situr einn hæstv. ráðh. Þeir koma hér með hvert málið á fætur öðru og ætlast til þess, að þm. stjórnarandstöðunnar sitji hér og greiði fyrir þeim málum með því að greiða götu þeirra, greiða atkv. með því, að þau komist til hv. nefnda fyrir jól. En áhugi þeirra á málum stjórnarandstöðunnar er með þeim hætti, að þeir treystast ekki til að sitja undir umræðum um þau mál, og hafa þó á fyrri þingum boðað það, að þeir væru sjálfir að undirbúa mál sömu tegundar. Þetta verður til þess, að ég vil beina þeim tilmælum mínum til hv. formanns fjh.- og viðskn. Nd., að hann ásamt þeim hv. þm., sem sitja í hv. fjh.- og viðskn., taki á þessum málum og vinni þau tiltölulega hratt, því ekki verður betur séð en hér sé á ferðinni mál sem eigi fylgi ríkisstj. Þá á ég við öll þau tollamál — að því meðtöldu sem hér er til umr. — sem hafa verið send til hv. nefndar, og auk þess frv. um verðlagsmálin sem á stuðning hæstv. viðskrh.

Ég vil leyfa mér að leggja áherslu á þetta, því að ég átti satt að segja von á að fá hér góðar umræður og yfirlýsingar frá hæstv. ríkisstj. um stuðning í þessum málefnum. Því miður eru viðkomandi hæstv. ráðherrar ekki viðstaddir þessar umræður, en vonandi táknar það ekki annað en það, að þeim líki vel að málið fái hraða og góða afgreiðslu hjá hv. nefnd. Ég veit að hv. formaður fjh.- og

viðskn. hefur að grundvallarsjónarmiði sömu hugmyndir og koma fram í öllum þessum frv., og ég treysti honum manna best til að fyljga fram þessum málum, sem örugglega hafa stuðning mikils meiri hl. þm. í hv. deild.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 27 shlj. atkv.

Orlof, frv. (þskj. 114). — 1. umr.

Flm. (Karvel Pálmason): Herra forseti. Á þskj. 114 hef ég ásamt hv. þm. Páli Péturssyni, Pétri Sigurðssyni og Árna Gunnarssyni leyft mér að flytja frv. til l. um breytingu á orlofslöggjöfinni. Hér er um að ræða breytingu á 11. gr. téðra laga og er breytingin sú að gera samningsaðilum vinnumarkaðarins, þ. e. verkalýðshreyfingunni og atvinnurekendum, kleift að semja um það fyrirkomulag á orlofsgreiðslum sem þessir aðilar telja sér henta.

Ég hef áður í framsögu fyrir frv. sem þessu gert grein fyrir meginástæðunum sem eru forsendur að þessari breytingu. Það er í fyrsta lagi, að við teljum óeðlilegt að löggjafinn standi í vegi fyrir því, að verkalýðshreyfingin geti samið um það við sinn viðsemjanda, að orlofsfé launþega sé greitt með þeim hagkvæmasta hætti sem er hverju sinni. Það er augljóst mál, að það er óeðlilegt af hálfu löggjafans að standa í vegi fyrir slíku. Í öðru lagi er hér gert ráð fyrir þeirri breytingu, að verkalýðsfélögin geti, telji þau sér það henta, samið á þann veg, að orlofsfé sé geymt og ávaxtað á þeim stað þar sem það er greitt inn, en ekki eins og nú er, að allt sé flutt suður til Reykjavíkur í póstgíró hjá Pósti og síma eða Seðlabanka og ávaxtað þar. Það er óeðlilegt, þegar um er að ræða svo gífurlega mikla fjármuni eins og hér um ræðir, að ekki sé reynt að halda þannig á málum að fjármagnið sé ávaxtað þar sem það fellur til.

Þetta eru þær meginbreytingar sem lagt er til að gerðar verði. Ég ítreka það, að það er óeðlilegt í hæsta máta að ríkisvaldið standi gegn slíkri breytingu og slíkri þróun.

Ég sé ekki ástæðu til þess nú að hafa frekari framsögu um þetta mál, en ég vil aðeins benda hv. þm. á fskj. sem prentað er með frv. og sýnir hversu miklar fjárhæðir er hér um að ræða. Á orlofsárinu 1979—1980 eru t. d. í Norðurlandskjördæmi eystra greiddar rúmar 900 millj. í orlofsfé. Það gefur auðvitað auga leið, að slíkar fjárupphæðir kæmu að betra gagni þeim sem þær eiga ef þær væru ávaxtaðar á þeim stöðum þar sem þær falla til. Á sama hátt kemur hér fram að t. d. í Vestfjarðakjördæmi eru tæplega 700 millj. kr. greiddar í orlofsfé á því orlofsári. Og svona mætti áfram telja.

Hér er því að mati okkar flm. um svo sjálfsagt réttlætismál að ræða, að það er með ólíkindum ef Alþingi ætlar að standa í vegi fyrir því, að slíkar breytingar séu gerðar á löggjöfinni um orlof. Og hvað sem líður andófi sumra gegn þessum breytingum — meira að segja sumra úr forustusveit verkalýðshreyfingarinnar og þá fyrst og fremst, að mér hefur virst, Alþb. — þá trúi ég því ekki fyrr en á verður tekið, að áframhald verði á því andófi sem þessir aðilar hafa sýnt í þessu máli hér á Alþingi. Ég treysti því, að Alþingi láti þetta mál nú frá sér fara í því formi sem frv. gerir ráð fyrir og enn einu sinni verði það ekki saltað.

Ég legg svo til, herra forseti, að að þessari umr. lokinni verði málinu vísað til 2. umr. og félmn. væntanlega.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Þegar kjarasamningar voru gerðir við ASÍ nú á haustdögum voru þessi mál mjög til umræðu. Þá var ákveðið að sérstök nefnd skyldi vinna að tillögum til úrbóta í þessu máli. Ég tel nauðsynlegt að þessi nefnd hafi fengið tækifæri til að ljúka störfum áður en frv. sem þetta er samþykkt og það verði niðurstöður hennar sem liggi til grundvallar breytingum á þessu sviði. Þess vegna finnst mér málið ekki jafntímabært hér á Alþingi og hv. frsm. telur. Ég er þeirrar skoðunar, að hér þurfi að verða breyting á. En sú breyting verður einnig að vera með þeim hætti, að sem hagkvæmast sé launþegum.

Launþegar hafa nú þá tryggingu, að þeir fá greitt orlof án tillits til þess hvort vinnuveitandi hefur gert skil á því eða ekki, sem er mjög mikilvægt atriði í þessu máli.

Ég vil aðeins ítreka að ég er sammála því, að á þessu eigi að verða breyting og eðlilegt að bankar landsins taki við þessari þjónustu, en tel hins vegar nauðsynlegt að málið verði flutt á grundvelli þeirrar niðurstöðu sem þessi umrædda nefnd kemst að, eins og skýrt kom fram í yfirlýsingu ríkisstj. í síðustu kjarasamningum við launþega í ASÍ og fulltrúar ASÍ voru sammála um að stefna bæri að.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Eins og hér hefur komið fram er það í þriðja skipti á stuttum tíma sem þetta mál hefur verið til umræðu hér á Alþingi. Það er ýmislegt í því, sem er forvitnilegt, m. a. að geyma féð heima í héraði í staðinn fyrir í Seðlabankanum, þó að Seðlabankinn sé kannske banki alls landsins fekar en stóru viðskiptabankarnir hérna í Reykjavík.

Ég hef aftur á móti margt við þetta að athuga og hef haft í bæði skiptin sem það hefur verið til umræðu og hef það enn. Og ég verð að hryggja vin minn, hv. þm. Karvel Pálmason, með því, að ég mun halda uppi nokkru andófi gegn málinu eins og ég hef gert fram að þessu. Ég vil sem sagt taka þessu máli með mikilli varúð, allt að því andstöðu.

Það er einkum þrennt sem ég hef við málið að athuga.

Í fyrsta lagi mundi þetta í mörgum tilvikum valda erfiðleikum hjá mönnum sem skipta um starf, vinna á fleiri en einum stað á sama orlofsári. Þá yrðu þeir að fara að safna saman bankabókum héðan og þaðan af landinu. Á þetta kannske helst við um sjómenn.

Í öðru lagi hefur verið gagnrýnt að Póstgíróstofan sé ekki nógu hörð í innheimtu. Þó er hún með a. m. k. einn lögfræðing í fullu starfi við innheimtu á þessum kröfum þegar um meiri háttar vanskil er að ræða. Ef þetta félli niður, hver á þá að taka við því? Ætla verkalýðsfélögin öll að fara að ráða sér lögfræðinga til að innheimta? Ekki trúi ég því, að bankarnir mundu standa í slíkri innheimtu. Ég er hræddur um að þetta mundi verða miklu meiri útþensla á bákninu heldur en núna er.

Í þriðja lagi og það er kannske alvarlegast og það kom hv. 3. þm. Austurl. inn á ber Póstgíróstofunni nú að greiða orlof á réttum tíma þó að kaupgreiðandinn hafi ekki staðið í skilum. Hver á að annast það ef þetta frv. yrði að lögum? Ekki hef ég trú á því, að bankar mundu gera þetta eða hafi yfirleitt nokkra lagalega heimild til að

standa í því að ábyrgjast slíkar greiðslur, og mér finnst ekki trúlegt að verkalýðsfélögin hvert fyrir sig færu að ganga í svona ábyrgð. Þarna held ég því að hljóti að verða mjög mikill misbrestur á ef þetta frv. yrði samþykkt.

Því hefur verið haldið fram — var haldið fram í fyrra og líka í hittiðfyrra af mörgum — að vextir af þessu fé hjá Póstgíróstofunni séu allt of lágir og starfsemin sé allt of dýr. Á orlofsárinu 1978—1979 voru meðalvextir á innlánsbókum í bönkum og sparisjóðum 26.5%. Þá greiddi Póstgíróstofan fyrir þetta fé 24% vexti. Það var allur munurinn það árið. En kostnaður við Póstgíróstofuna er greiddur af þessum vaxtamismun, mismuninum af þeim vöxtum, sem Póstgíróstofan fær hjá Seðlabankanum fyrir þetta fé, og hins vegar vöxtum þeirra sem eiga féð, þ. e. fólksins sem orlofsféð fær greitt.

Núna standa málin þannig, að Póstgíróstofan fær 40.5% vexti af innistæðunum hjá Seðlabankanum eða jafnmikið og af þriggja mánaða bókum, en fjmrn. á eftir að ákveða vexti af orlofsfénu fyrir yfirstandandi orlofsár. Þeir eru reiknaðir út eftir kostnaði Póstgíróstofunnar.

Heildarkostnaður síðasta árs hjá Póstgíróstofunni var 238 millj. Hv. 10. þm. Reykv. spurði um þetta s.l. vor, en þá hafði ég töluna ekki við hendina, en nú hef ég hana. Ég er sannfærður um, að sá kostnaður yrði ekki minni þó að hann færi að dreifast á banka úti um allt land og sparisjóði eða verkalýðsfélög. Hann mundi dreifast, en yrði ekki minni. Bankar virðast alltaf geta bætt við sig fólki og það virðist engu máli skipta, hvað reksturinn hjá þeim kostar, þannig að vel getur verið að það sé hægt að fela kostnaðinn einhvers staðar. Og verkalýðsfélögin hafa starfsmenn, svo að það getur vel verið að hægt væri að fela þetta. En ég er sannfærður um að heildarkostnaðurinn við þessa framkvæmd mundi vaxa, báknið mundi þenjast út, en ekki hið gagnstæða.

Herra forseti. Ég tel að samþykkt þessa frv. sé hæpin, að ekki sé meira sagt.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar, að í ræðum hv. þm. komi fram ákaflega úrelt viðhorf til þessa máls. Ég tel — og hef lýst þeirri skoðun minni margoft áður, a. m. k. þrívegis á hv. Alþingi — að það eigi að leggja orlofskerfið niður og atvinnurekendur eigi að greiða launþegum orlofið beint í launaumslagið.

Þessi millifærsluleið kostar Póst og síma á síðasta orlofsári, frá 1. maí 1979 til 1. maí 1980 — en veltan var 8 milljarðar — 238.2 millj. samkv. tölum sem ég hef fengið hjá Pósti og síma. Það er kostnaðurinn sem Póstur og sími telur að sé aðeins vegna þessa starfs, en vextirnir sem voru 24% þá hjá Seðlabankanum — gáfu 724.3 millj.

Ég tel að það sé verið að kasta peningum í súginn með þessum hætti, aðeins vegna þess að það er gamalt og úrelt trúaratriði verkalýðshreyfingarinnar, að almennt launafólk í landinu fari ekki í frí nema opinberir aðilar taki af þeim peningana, sem það á réttilega, og geymi þá á miklu lægri vöxtum en það fær í almennum sparisjóðsbókum. Og síðan, þegar fólki eru afhentir peningarnir, þá hljóti allir að fara í frí.

Ég spyr hv. þm.: Dettur einhverjum í hug að launamenn á Íslandi séu svo vitlausir, að þeir noti ekki peningana, ef þeim sýnist svo, til allt annarra hluta, t. d. að kaupa sjónvarp, bíl eða eitthvað allt annað en að fara í frí? Auðvitað gerir fólk það. Þar að auki eru þessir peningar — vegna þess að þeir eru teknir úr höndum launafólksins sem á þá — ávaxtaðir með miklu lakari hætti en gerist hjá þeim sem eru fastir launamenn og fá útborgað í launum í orlofsmánuði sínum, því það eru laun á kauplagi þeirra daga sem orlofið er tekið. Hér er verið að efna til hundraða millj. kr. kostnaðar sem er algjörlega óþarfur, ef við bara treystum fólkinu í landinu til að ávaxta sitt pund.

En ég segi það, að af tvennu illu er skárra að verkalýðsleiðtogarnir fái að leika sér með þetta fé sinna manna en að Póstur og sími sé látinn hafa það, eins og til skamms tíma var, í veltunni hjá sér. Nú er að vísu Seðlabankinn með þessa peninga. Þetta voru 8 milljarðar á síðasta orlofsári. En ég spyr: Til hvers í ósköpunum er verið að þessu? Ég sat einu sinni yfir í prófi þegar ég var að vinna í húsi í bænum þar sem var skóli. Það var kallað í mig, það vantaði kennara og ég sat yfir í prófi í einn tíma og fékk einhver laun fyrir það sem mér voru send. Ég vissi ekki einu sinni um að ég fengi laun fyrir það. Svo fékk ég tvisvar tilkynningu frá Pósti og síma, þar sem mér var sagt að ég ætti 50 kr. í orlofsfé og ég mætti ná í það. Það var ekki fyrir strætisvagnamiðanum. Svona er farið með peninga þessarar stofnunar. Þetta er auðvitað alveg út í bláinn.

Ég skil auðvitað gamla verkalýðsleiðtoga eins og hv. fyrrv. þm. Eðvarð Sigurðsson, sem varði þetta með kjafti og klóm. Þetta voru menn sem þurftu fyrir því að hafa að fá orlofslögin í gegn. Það markmið hefur náðst. Nú á tímum er miklu meiri völ á því, hvað fólk getur gert við peningana, og auðvitað er langhreinlegast að afnema þessi lög og láta launþegana milliliðalaust hafa þessa peninga á þeim tíma, þegar þeir hafa rétt á því. 8⅓% er náttúrlega talsvert fé. Það skiptir ekki sköpum, hvort það er hv. þm. Karvel Pálmason eða einhverjir aðrir sem ávaxta þessa peninga. Aðalatriðið er auðvitað það, að þetta eru peningar sem fólkið í landinu á og á að fá í sín launaumslög. En vegna þess að ég hygg að það séu fáir þm., sem hafa djörfung og dug til þess að standa með svo róttækum hugmyndum sem ég hef verið að lýsa hér, en hugsanlega gæti náðst meiri hl. fyrir till. hv. þm. Karvels Pálmasonar o. fl., þá styð ég auðvitað þá hugmynd því að hún er skárri kostur en hinn, sem er alveg út í bláinn.

Ég vek sem sagt athygli á því, hverjar vaxtatekjur Pósts og síma voru af þessu og hve mikinn kostnað Póstur og sími telur sig hafa af þessu. Auðvitað er þetta notað til að standa undir fjöldanum öllum af starfsmönnum hjá Póstgíróstofunni. Þetta er tilbúinn kostnaður, það er ekki hægt að meta hann með einum eða neinum hætti. En til hvers í ósköpunum eiga launamenn í þessu landi að vera að standa undir þessu? Þetta er algerlega út í bláinn. Þetta fólk á skilyrðislausan rétt á því að fá sína peninga í hendurnar strax.

Ég fagna því, að hæstv. ráðh. ætlar að taka til máls í þessu máli, því að ég veit að hann er framfarasinnaður og róttækur maður með afbrigðum. En þetta vekur upp aðra spurningu, sem ég ætla að beina til hæstv. ráðh., ef hann vildi gera svo lítið og svara þeirri spurningu, fyrst hann ætlar að koma í ræðustólinn: Hvað er að frétta af vaxtastefnu ríkisstj. sem kemur fram í Ólafslögum? Nú hlær hæstv. ráðh. Öll þjóðin hlær að þessum lögum með honum, þannig að ég lái honum ekki að hann skuli hlæja að þessum lögum. En fólkið í landinu — og þar á meðal sparifjáreigendur hlær ekki að ríkisstjórnum sem svíkja það. Það á hæstv. ráðh. að vita, að hann hlær einn að því. En sá hlær best sem síðast hlær, sem betur fer, og það

verður eftir næstu kosningar þegar almenningur í þessu landi fær að segja álit sitt á þeim stjórnarherrum sem hér sitja og hafa tekið sér bólfestu í ríkisstjórnarstólum um hríð.

Ég vil sem sagt nota tækifærið og spyrja hæstv. ráðh. fyrst hann tekur til máls: Hvað gerist um áramótin í vaxtamálum þeirra sem eiga fjármuni inni í bönkum landsins, sem hæstv. ríkisstj. hefur lofað að varðveita með öðrum hætti en hún gerir nú? Verða vextir hækkaðir eða ekki og verður efnt til brbl.? Ekki er að finna á listanum yfir frv. hæstv. ríkisstj. nokkurn skapaðan hlut um það, að hún ætli að hreyfa við vaxtamálunum, og þá hækka vextir líklega um 10 — 12%. Hæstv ráðh. hefur mikla réttlætiskennd. Hann styður auðvitað þann fjölda íslenskra sparenda sem leggur fjármuni í banka. Nema hann komi kannske hér í ræðustól og segi eins og hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson um daginn, að sparifjáreigendur hafi hafnað þessari stefnu með því að þeir veldu frekar að leggja inn á reikninga sem væru með miklu lægri vexti. Slíka svartnættisvitleysu hafa hv. þm. ekki heyrt um langan tíma, en það gerði auðvitað enginn aths. við það, vegna þess að það var hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson sem átti í hlut. En ég spyr sem sagt hæstv. ráðh. þegar hann kemur hér upp: Hvað verður gert í vaxtamálum um áramótin? Hvað ætlar hæstv. ríkisstj. að gera? Og það er ekki bara ég sem bíð eftir svari, heldur fjöldi annarra manna.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Varðandi það frv., sem hér liggur fyrir frá hv. þm. Karvel Pálmasyni og fleirum, vil ég taka undir þær aths. sem fram komu í þeim efnum hjá hv. 5. þm. Suðurl. og einnig hjá hv. þm. Halldóri Ásgrímssyni. Þessi mál eru nú í sérstakri athugun samkv. yfirlýsingu sem gefin var 27. okt. s. l., og ég held að það sé óskynsamlegt að fara að taka þennan þátt málanna út úr. Að þessari endurskoðun verður þannig staðið, að launamenn, væntanlega Alþýðusamband Íslands, munu fá aðild að þeirri endurskoðun eða nefndarskipun í því skyni, svo að ég býst við að hv. þm. Karvel Pálmason hljóti að vera sammála um það, að eðlilegt sé að sú athugun eigi sér stað.

Varðandi frv. að öðru leyti vil ég segja það, að í gildandi orlofslögum, nr. 87 frá 1971, er hvergi minnst á innheimtuaðila. Þar stendur aðeins að orlofsfé skuli greitt þannig að tryggt sé að launamaður fái það í hendur. Það er hins vegar í reglugerð nr. 150/1972 sem kveðið er á um það, að póststöðvar hafi ákveðið hlutverk í sambandi við innheimtu orlofs. Það er þess vegna í raun og veru reglugerðarmál, en ekki lagatextamál, eða hefur verið þannig, hvernig innheimtu orlofsfjárins er háttað, nema menn vilji breyta stefnu laganna og binda þetta í rauninni fastar en verið hefur. Ella tel ég ástæðulaust að vera að flytja sérstakt frv. um þetta, heldur væri eðlilegra að ákveða það með reglugerð, ef menn vildu breytingar. Þetta er smáatriði varðandi tæknilega hlið málsins, skiptir auðvitað ekki miklu máli efnislega, en tæknilega er það sem sagt þannig, að í núverandi orlofslögum eru engin ákvæði um innheimtuaðila.

Í grg. með frv. er talað um að innheimta orlofsfjár hafi verið mjög slök á undanförnum árum, og þar kemur reyndar líka fram að þetta sé allgamalt frv., og hafi komið fram tvisvar, þrisvar áður hér á Alþingi. Mér sýnist grg. reyndar bera það með sér, vegna þess að ég held að innheimtunni hafi farið dálítið fram á allra síðustu árum, og ég hygg að allir þeir, sem þekkja þar til, viðurkenni að svo er. Hins vegar má vafalaust bæta þar nokkuð úr.

Ég vil einnig minna á það í annan stað, að vextir eru 24% í dag af orlofsfé og voru í upphafi orlofsársins en það eru að meðaltali ekki miklu lakari vextir en greiddir voru að jafnaði á árinu næsta á undan, eins og kom fram í máli hv. 5. þm. Suðurl.

Hitt er svo annað í þessu máli, sem ég bið hv. þm. um að velta vandlega fyrir sér, og það er að núna er í rauninni um að ræða eins konar ábyrgð, bakábyrgð ríkisins á orlofinu. Hvernig ætla menn að koma þessari bakábyrgð fyrir ef þetta er fært út á einstaka staði, bæjarfélög eða landshluta? Ég held að þar sé um að ræða mál sem er vandasamt og ekki verði fram úr því leyst öðruvísi en þetta sé á einum stað.

Annað mál í tengslum við þetta er það, að einkenni íslenska vinnumarkaðarins er m. a. það, að talsverður fjöldi fólks flyst á milli staða á vertíðum, fer í framkvæmdir við stórvirkjanir og þess háttar. Hér er um að ræða allstóran hluta íslenskra launamanna. Það er hætt við því, ef slíku svæðisfyrirkomulagi væri komið upp eins og hv. þm. er að stinga upp á, að þessir menn, sem kallaðir eru stundum farandverkamenn nú í dögum, gætu misst niður rétt frá því sem er núna þegar orlofsinnheimtan er í höndum eins aðila. Ég held því að mjög margt mæli með því, að þetta verði haft á einni hendi, þó að það megi vafalaust bæta.

Ég minni á það í þessu sambandi, að Samband almennra lífeyrissjóða hefur núna nýlega samræmt allar lífeyrisréttarupplýsingar um allt land og komið þeim fyrir á einn stað. Það eru allir sammála um að þetta sé til bóta, þetta sé öryggisatriði fyrir launamenn frá því sem verið hefur. Ég hygg að það sama eigi við um orlofsféð.

Hv. þm. Karvel Pálmason þekkir vafalaust mjög vel eins og aðrir þm. hér, að það hefur verið ákaflega erfitt fyrir mörg verkalýðsfélög í landinu að innheimta ýmis gjöld, t. d. sjúkra- og orlofssjóðsgjöld. Það hefur verið ákaflega erfitt. Og það er erfitt fyrir þessi litlu félög t. d. að kosta dýra innheimtu í gegnum lögfræðinga á þessum gjöldum. Ég held sem sagt að hugmynd af því tagi, sem hér er um að ræða, eigi sér út af fyrir sig eðlilegar félagslegar skýringar, en ég held að hún yrði tæplega til bóta ef menn reyna að skoða málið í heild og meta stöðu orlofsþega í heild. Þess vegna vil ég vara mjög við því, að frv. af þessu tagi verði samþykkt. Það er sjálfsagt að skoða rökin í málinu, en hitt held ég þó að hv. þm. ættu að athuga fremst af öllu, að ef verkalýðshreyfingin í landinu hefur áhuga á að breyta þessum málum í grundvallaratriðum, þá er eðlilegast að koma því á framfæri í þeirri sérstöku nefnd sem fjallar um þessi mál í framhaldi af nýgerðum kjarasamningi. Það er óeðlilegt að mínu mati að fara að taka fram fyrir hendurnar á því starfi eins og sakir standa og hér er uppi tillaga um.

Ég vil aðeins í þessu sambandi geta þess, að það hefur verið kannað lauslega og óformlega, hvort hugsanlega væri heppilegra fyrir launamenn að orlofsféð yrði innheimt í gegnum bankana, en ekki í gegnum póstgírókerfið. Niðurstaðan er sú í fyrstu umferð a. m. k., að það yrði mun dýrara, að bankakerfið þyrfti meiri vaxtamun en póstgírókerfið þrátt fyrir allt tekur. Það finnst mér einnig benda til þess, að menn megi ekki flana að neinu í þessum efnum, eins og mér fannst koma fram í máli hv. 10. þm. Reykv. áðan.

Varðandi vaxtamálin að öðru leyti heyrir framkvæmd laga um efnahagsmál, laga nr. 13/1979, svokallaðra Ólafslaga, undir hæstv. forsrh. og fyrir ríkisstj. liggja engar tillögur um vaxtahækkun frá Seðlabankanum. Ákvarðanir í þeim efnum hafa ekki verið teknar nýlega af ríkisstj.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Við erum ekki óvanir því orðnir, þm., þótt ráðherrar svari ekki einföldum spurningum, og náttúrlega út í hött að spyrja hvort þeir vilji hlíta lögum. Jafnvel hér á löggjafarsamkundunni er svarað út úr ef spurt er um þau atriði. Ég held að hæstv. félmrh. verði að sýna þessari stofnun þá virðingu að útskýra örlítið nánar hvað hann átti við með sínum síðustu orðum, hvort hugmyndin sé sú, að ríkisstj. ætli sér að flytja frv. um breytingar á Ólafslögum, eða hver meiningin sé. Hann var einn af þeim mönnum sem hvað harðast töluðu fyrir því á sínum tíma, að Ólafslög væru sett — og væntanlega þá í því skyni að þau verði haldin. Ég held að hann verði að gera svolítið betur grein fyrir sínu máli.

Það var annað í ræðu hæstv. ráðh. sem er ekki heldur óvanalegt. Hann kom hingað upp til að skýra frá því, að sett hefði verið nefnd í málið og að ríkisstj. hefði gefið yfirlýsingu. Við erum nú vanir yfirlýsingum frá ríkisstj. og þær hafa ekki haldið, þær eru marklausar. Yfirlýsing ráðh. um aðgerðir í máli — í sömu ræðu og þessi sami ráðh. lýsir því yfir, að hann varði ekki um lög sem hann sjálfur beitti sér fyrir að sett voru á Alþingi— eru auðvitað einskis virði, haldlaus. Ég held þess vegna að það sé nauðsynlegt, að Alþingi sjálft taki þessi mál til ítarlegrar endurskoðunar, ræði þau í nefnd og fjalli raunverulega um þau og komist að niðurstöðu um það, hvernig þessum málum verði best fyrir komið. Ég held að það sé óhjákvæmilegt og launþegar eigi á því fullan rétt.

Ég vil einnig gjarnan fá nánari skýringar á því, hversu það má vera, að kostnaðarsamara yrði að reka þetta kerfi í tengslum við bankana en í sambandi við Póst og síma. Það kom ekki fram hjá ráðh. í hverju sá kostnaðarmunur er fólginn, hvort þjónusta Pósts og síma sé þá lakari en bankarnir gera ráð fyrir, á hvaða grundvelli sá samanburður var gerður eða hvað ráðh. lagði til grundvallar þegar hann talaði um að bankarnir yrðu að fá meira í sinn hlut heldur en Póstur og sími. Ég óska eftir nánari upplýsingum um það, hvað ráðh. hafði þar í huga.

Sigurgeir Bóasson: Herra forseti. Það frv., sem hér er til umr., er að mínum dómi að mörgu leyti athyglisvert, en þó tel ég að ýmsum spurningum sé ósvarað áður en hægt er að mæla með því.

Gallarnir á núverandi kerfi eru aðallega þrenns konar, eins og greint er frá í grg. Í fyrsta lagi hefur innheimta verið seinvirk. Í öðru lagi hafa vextir á orlofsfé verið lægri en almennt gerist. Í dag eru þessir vextir 24%, en á almennum sparisjóðsbókum 35%. Í þriðja lagi fara peningarnir út úr þeim umdæmum þar sem þeirra er aflað. Þetta eru megingallarnir við núverandi kerfi.

Ef við skoðum aðeins betur þessa galla, þá er ljóst að innheimtukerfið má bæta mikið án nokkurra sérstakru breytinga. Til þessa hefur innheimtukerfið verið mjög laust í reipunum. Samkv. reglum um greiðslu orlofsfjár ber atvinnurekanda að borga orlofsféð fyrir 10. næsta mánaðar, en hins vegar eru engin ákvæði um það, hvað gerist ef atvinnurekandinn gerir það ekki, gagnstætt því sem er um flest útgjöld fyrirtækja. En það eru, eins og öllum er kunnugt, ákvæði um það, að ef útgjöld eru ekki innt af hendi á gjalddaga, þá koma til dráttarvextir. Það segir sig sjálft, að þetta hefur leitt til þess að fyrirtækin dragi að greiða orlofsfé. Þetta eru kannske einu útgjöldin sem ekki eru háð dráttarvaxtareglunum. Þarna hefur verið klaufalega að staðið. Reyndar skilst mér að nú séu einhverjar breytingar fyrirhugaðar á þessum málum, með því að endurskoða eftir á hvernig greiðslum frá einstökum fyrirtækjum hafi verið háttað, þannig að tryggt sé að allir launþegar fái rétta vexti. Þetta er spor í rétta átt, en auðvitað hefði verið eðlilegt að setja í upphafi þær reglur, að fyrirtæki, sem borga ekki sitt orlofsfé á réttum tíma, borgi dráttarvexti, eins og gert er t. d. með greiðslur á lífeyrissjóðsgjöldum.

Í öðru lagi er spurningin um vextina, hvers vegna þeir eru 24% þegar almennir sparisjóðsvextir eru 35%. Ég kann ekki svar við þeirri spurningu. Mér skilst að þessir peningar séu ávaxtaðir í Seðlabankanum og mismunur á þeim vöxtum, sem þar fást, annars vegar og kostnaði Póstgíróstofunnar hins vegar ættu að vera þeir vextir sem hægt er að greiða orlofsþegum. Þessa vexti þarf auðvitað að hækka.

Hins vegar verður því ekki neitað, að núverandi kerfi hefur marga kosti, sérstaklega þá, að þarna er allt skráð á einum stað. Í því fyrirtæki, sem ég starfa við, eru launamiðar þrisvar sinnum fleiri en fjöldi starfsmanna er að meðaltali. Við byggjum mikið á aðkomumönnum, sem vinna kannske tvo mánuði hjá okkur, en fara síðan á einhvern annan stað og síðan þriðja staðinn. Þetta þýðir auðvitað að þessir menn fengju tvær, þrjár eða fjórar sparisjóðsbækur, ef farið yrði eftir þeim reglum sem hér eru lagðar til. Mér sýnist augljóst að ef þetta fyrirkomulag yrði tekið upp, þá mundi pappírsfarganið aukast í kringum orlofskerfið.

Hins vegar er kjarni málsins auðvitað þessi: Eru bankarnir tilbúnir að taka þetta amstur að sér og borga hærri vexti en Póstgíróstofan? Ef þeir eru tilbúnir til þess, þá eigum við að breyta þessu, annars ekki.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Hæstv. félmrh. svaraði þannig fsp. hv. þm. Friðriks Sophussonar um vaxtamál, að það vitnar um annað tveggja hjá hæstv. ráðh., yfirgripsmikla vanþekkingu ellegar hroka. Hann segir að ekki liggi fyrir ríkisstj. tillögur um vaxtahækkun frá framkvæmdanefnd, þ. e. Seðlabankanum. Með því ber að skilja hann svo, að ekki eigi að gera vaxtabreytingar nú um n. k. áramót.

Það er ljóst, að ríkisstj. er ekki annað en framkvæmdavald í landinu. Það er þessi stofnun hér, löggjafarvaldið, sem lögin setur. Með lögum nr. 13 frá 1979 var ákveðið að vextir skyldu breytast í áföngum í þá veru, að um n. k. áramót væri komið hér á svokölluðum raunvöxtum, annaðhvort með verðtryggingu eða með vaxtahækkunum. Margar stofnanir í þjóðfélaginu hafa hagað sér eftir þessu. Lífeyrissjóðirnir eru í vaxandi mæli að taka upp verðtryggingarkerfi. Má t. d. minna á stærsta lífeyrissjóð landsins, Lífeyrissjóð verslunarmanna, sem þessa reglu hefur tekið upp. En þegar ráðh. segir nú, að ekki liggi tillögur fyrir ríkisstj. og þess vegna muni ríkisstj. ekkert aðhafast, þá er það auðvitað yfirlýsing um það, að ekki sé áformað að standa við þessi lög, heldur skuli hér stunduð lögbrot af ríkisstj. Ríkisstj. er ekki til annars en að framkvæma þau lög, sem þessi stofnun setur

eða meiri hl. innan hennar, og það verður að berja það út úr hausnum á þessum ráðh. og öðrum, sem svo hafa talað, að halda eitthvað annað, halda að ríkisstj. sé eitthvað annað og merkilegra en tæki til að framkvæma lögin sem sett eru.

Hæstv. forsrh. var um það spurður hér fyrir helgina, hvort til stæði að breyta lögum þannig að vaxtahækkun, sem væntanlega verður ein 10%, komi ekki til framkvæmda. En því aðeins er löglega að þessu staðið að lögunum sé breytt, því að ríkisstj. setur ekki lög eftir hendinni. Það er önnur stofnun í þjóðfélaginu sem það á að gera. Ég endurtek það, að hér birtist annaðhvort miskunnarlaus hroki hjá hæstv. ráðh., sem nú bitnar og mun bitna á sparifjáreigendum, eða alveg feikileg vanþekking á eðli framkvæmdavaldsins annars vegar og löggjafarvaldsins hins vegar.

Þegar vextir áttu að hækka um nokkur prósent 1. mars á þessu ári urðu hér umræður utan dagskrár, vegna þess að ljóst var að ríkisstj. ætlaði ekki að framfylgja lögunum. Hæstv. viðskrh., Tómas Árnason, gekk þó ekki lengra en það að segja að hér væri aðeins um tímabundna frestun að ræða og auðvitað stæði til að framfylgja ákvæðum þessara laga, sem stundum eru uppnefnd og kölluð Ólafslög. Hæstv. viðskrh. gekk aldrei lengra en svo að segja að endastöðin í þessum aðgerðum yrði um áramótin 1980—81, eins og heitið væri með lögunum. Nú verða menn að skilja hvernig ákvæði til bráðabirgða í 33. gr. þessara laga er skilið af sparendum í þessu landi. Þeir hafa auðvitað átt von á því, að vextir væru ekki hækkaðir, heldur væri þeim breytt til móts við verðbólguna, og það hefur verið gert. Ef þessi lög hefðu verið framkvæmd og ef framkvæmdin hefði orðið á þriggja mánaða fresti eins og er um aðrar vísitölubreytingar í þjóðfélaginu, t. a. m. að því er varðar lög, þá væri verðbólgustigið ekki svo hátt núna sem raun ber vitni. En léleg eða engin framkvæmd þessara laga af hálfu ríkisstj., sem augljóslega trúir ekki á lögin í landinu, hefur ýtt undir spákaupmennsku og brask af miskunnarlausu tagi.

Ég ætla að það hafi verið hv. þm. Geir Hallgrímsson sem taldi að ef ákvæðum þessara laga væri fylgt um áramót, þá ættu vextir að hækka á bilinu 10—12%. Svo kann vel að vera, og auðvitað er það mikil hækkun. En sú hækkun er vegna þess að ríkisstj., sem setið hefur í landinu síðan í febr., hefur ekki trúað á þessi ákvæði laganna. Hún hefur ekki breytt vöxtum á þriggja mánaða fresti eins og til var ætlast, og núna er kominn uppsafnaður vandi, eins og stundum er kallað. Hæstv. forsrh. var margspurður um það hér fyrir helgina, hvort til stæði að gefa út brbl. til að breyta þessu. Hann svaraði hvergi, sat og steinþagði í sæti sínu. Og nú kemur hæstv. félmrh., sem augljóslega skilur ekki samspil framkvæmdavalds og löggjafarvalds, og segir: Það liggja ekki tillögur á borði ríkisstj. um að breyta vaxtastefnunni. Það var ekki nokkur leið að skilja hann öðruvísi en svo, að það verði ekkert aðhafst. En ef ekkert er aðhafst og ef engum lögum er breytt, þá er ríkisstj. að ganga fram fyrir skjöldu og brjóta lög, því að ákvæði þessara laga eru alveg ótvíræð, hvernig menn eiga að hegða sér. Og ég held að meira að segja hæstv. forsrh. skilji það mætavel, en hæstv. félmrh. hins vegar ekki. Eftir sem áður, ef ríkisstj. ætlar sér að gefa út brbl. — fái hún til þess heimild frá Alþingi — og ef sett væru lög, við skulum segja 30. des., þar sem boðað væri afturhvarf frá vaxtastefnunni, þá er það stór spurning, hvort sparifjáreigendur geti ekki höfðað mál gegn ríkisvaldinu vegna þess að réttur hafi verið brotinn á þeim. Það er margyfirlýst af hæstv. viðskrh. hér á Alþingi, að vitaskuld standi til að lögin komi til framkvæmda. Þau eiga að gera það núna á gamlársdag eða fyrsta dag á nýju ári. Og þetta loforð Tómasar Árnasonar jafngildir auðvitað skuldbindingu til handa sparifjáreigendum í þessu landi. En það er ómögulegt að skilja hæstv. félmrh. öðruvísi en svo, að hann vilji svíkja þessi loforð löggjafarvaldsins til handa sparifjáreigendum í landinu. Þeir eiga því heimtingu á að ráðh. kveði upp úr með það, hvað hann hyggist fyrir, hvað gert verði í þessum efnum.

Það skal fúslega viðurkennt, að sá lagabálkur, sem hér var settur í mars 1979 og hét lög um stjórn efnahagsmála, er ekki virðulegasti lagabálkur sem Alþingi hefur sett, vegna þess hvernig með hefur verið farið. Eitt var þó ljóst alveg frá upphafi, kom síðast fram í ræðu hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar hér fyrir nokkrum dögum, ein ákvæði þessara laga voru skýr og það eru vaxtaákvæðin. Þar fór ekkert á milli mála, enda hefur enginn þm. eða ráðh. dirfst að halda öðru fram. Talað hefur verið um það, þegar vextir hafa átt að hækka, en hafa ekki gert það á þriggja mánaða fresti, að þar væri aðeins um útfærslu- og framkvæmdaatriði að ræða, en ekki brot á stefnunni. Þetta er margyfirlýst — og ég endurtek það — af hæstv. viðskrh. Tómasi Árnasyni. Þær dylgjur um svik, sem hæstv. félmrh. fór hér með áðan, dylgjur um það, að ríkisstj. ætlaði að svíkja í þessum efnum, það er í fyrsta skipti sem framkvæmdavaldshafi í þessari stofnun kemur þeirri skoðun á flot.

Ég tel mig í fullum rétti til að krefjast þess fyrir hönd sparifjáreigenda, að ráðh. svari því, hvað hann ætlar að gera, hvað ríkisstj. ætlar að gera um áramót, og gefa okkur þá forsendu, að Alþingi afsali sér valdi til brbl.-setningar til handa þessari sömu ríkisstj. Og ég endurtek það, að jafnvel þó að svo fari að þeir fari að krukka í vaxtalögin og þori ekki eina ferðina enn að gera það sem löggjafarvaldið þó hefur lofað að gera, þá er alveg opin sú spurning, hvort sparifjáreigendur í landinu geti ekki höfðað mál á hendur hinu svikula ríkisvaldi, ef það er þetta sem stendur fyrir dyrum að gera.

Ég endurtek þá skoðun mína, að enn ein efnahagsleg ógæfan, sem yfir þessa þjóð hefur dunið, er sú, að þegar núv. hæstv. ríkisstj. var mynduð settust þar í valdastóla menn, sem trúðu ekki á hagstjórnartæki eins og vexti. Og það er auðvitað aldeilis afleitt, þegar menn þurfa að framkvæma stefnu sem þeir hafa ekki átt þátt í að móta. Slíkt veldur svikum, og það er það sem hér hefur gerst. Nú er hins vegar komið að vendipunkti þessa máls, vegna þess að dagurinn er að renna upp sem sparifjáreigendur höfðu getað miðað við þegar fé þeirra átti að vera að fullu verðtryggt. Og sem hann er að renna upp kemur hingað í ræðustól hæstv. félmrh. og gefur í skyn, dylgjar um það, að nú standi til að svíkja þessi loforð. Ég vil gjarnan heyra enn frekar hvað fyrir ráðh. vakir í þessum efnum.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Hv. þm., fjármagnseigandi í landinu, hefur lokið máli sínu og leggur mikið kapp á það, að ekki verði hvikað frá þeirri hávaxtastefnu sem hann hefur meðal annarra lagt þunga áherslu á. Hann sagði að þetta mál lægi alveg ljóst fyrir. Það væri enginn vafi á því, að þetta eða hitt væri lögbrot og þetta eða hitt væri ekki gert. Ég vil leyfa mér að lesa

þetta umrædda ákvæði 33. gr. Það hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Vaxtaákvarðanir á árunum 1979 og 1980 skulu við það miðaðar, að fyrir árslok 1980 verði í áföngum komið á verðtryggingu sparifjár og inn- og útlána, sbr. VII. kafla þessara laga um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár. Meginreglan verði sú, að höfuðstóll skuldar breytist með verðlagsþróun, en jafnframt verði nafnvextir lækkaðir. Afborganir og vextir reiknist af verðbættum höfuðstól. Verðtrygging verði reiknuð í hlutfalli við verðbreytingar. Samhliða verðtryggingu verði lánstími almennt lengdur og skal setja um þetta efni almennar reglur, þ. á m. um heimildir til skuldabréfaskipta af þessu tilefni."

Hvar stendur nú í þessum texta, að það sé lögbrot ef vaxtabreytingar eiga sér ekki stað á þriggja mánaða fresti? Það stendur hvergi. Þetta er ákvæði sem er einungis í kollinum á hv. þm., fjármagnseiganda Vilmundi Gylfasyni, en ekki í lagatextanum. Og ég vil aðeins skjóta því hér að og spyrja hv. þm. að því, hvort hann hafi ekki orðið var við það, að hver einasti sparifjáreigandi getur gengið í dag inn í banka og lagt fé sitt inn á verðtryggðan reikning og fengið sparifé sitt að fullu verðtryggt með ákveðnum vöxtum, og hvort hann hafi ekki líka orðið var við það, að menn geta fengið lán í bönkum verðtryggð þó að það sé kannske ekki í jafnríkum mæli og vera þyrfti.

Ég held að þessi lagagrein sé alls ekki þannig að hún verði bara túlkuð á einn veg. Ég held að það sé nokkuð ljóst, að hægt er að framkvæma þetta með ýmsum hætti. Og ég held að það sé satt að segja ákaflega æskileg og eðlileg stefna, sem farið hefur verið inn á, að sparifjáreigendum gefist örugglega kostur á að verðtryggja fé sitt með því að leggja það inn í banka. Allir sparifjáreigendur þurfa að eiga þess kost. Það er auðvitað spursmál hvort t.d. bindingin, sem nú er á þessu, er ekki of stíf, hvort ekki þarf að liðka þar til og stytta bindingartímann. En aðalatriðið er að menn eigi þessa kost. Hitt er hins vegar ekkert aðalatriði í málinu og alls ekki hægt að líta á það sem neina ótvíræða túlkun á þessum lagatexta, að öll lán í landinu — hvers eðlis sem þau eru — þurfi að vera verðtryggð eða á einhverjum svokölluðum raunvöxtum. Það er alls ekki um það að ræða. Ég tel að aðalatriði þessa máls sé að menn eigi kost á því að verðtryggja sparifé sitt í bankakerfinu með eðlilegum hætti, en það þurfi ekki endilega að þýða það, að allir vextir í landinu séu með einhverjum ákveðnum hætti.

Umr. frestað.

Afgreiðsla þingmáls.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Þess var óskað fyrir um það bil viku, að reynt yrði að afgreiða til nefndar og úr nefnd 12. dagskrármál þessa fundar, frv. um verðgildi íslensks gjaldmiðils. 1. umr. er ólokið, fáir á mælendaskrá og hv. fjh.- og viðskn. Nd. bíður eftir því að fá þetta mál til meðferðar vegna þess að svo háttar, að í nefndum þingsins hafa komið fram ábendingar um að fyrr en þetta mál sé afgreitt sé óeðlilegt að tekin sé afstaða til ýmissa mála sem því eru tengd. Við þm. Alþfl. höfum sérstaklega óskað eftir því, að þetta mál verði framsent til n. Samt líður hér hver fundurinn á fætur öðrum án þess að umr. um þetta mál sé lokið svo að hægt sé að taka það til meðferðar í fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar. Eins og hæstv. forseti hlýtur að gera sér ljóst er þetta mál tímabundið og verður að taka afstöðu til þess á annan hvorn veginn áður en þingið fer í jólaleyfi. Ég vil því eindregið æskja þess við hæstv. forseta, að þegar á næsta fundi verði mál þetta tekið fyrir, umr. lokið um það og því vísað til nefndar, svo að hægt sé að ljúka þar meðferð þess.

Forseti (Alexander Stefánsson): Vegna ummæla hv. þm. vil ég tilkynna það hér, að ákveðið er að nýr fundur í deildinni verði boðaður kl. 18. Ég mun sjá til þess, að þetta mál verði þar á dagskrá. Því miður hefur dagskrá þess fundar ekki enn þá verið útbýtt, en til hans verður boðað.

Neðri deild, 31. fundur.

Mánudaginn 15. des., kl. 6 síðdegis.

Söngmálastjóri og Tónskóli þjóðkirkjunnar, frv. (þskj. 257 (sbr. 6)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Skráning lífeyrisréttinda, frv. (þskj. 126). —3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Nýbyggingargjald, frv. (þskj. 195). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 164). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 263).

Ferðagjaldeyrir, frv. (þskj. 193). —1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um álag á ferðagjaldeyri. Frv. þetta hefur þegar verið samþykkt í Ed.

Mál þetta er gamall kunningi hv. alþm. — það má segja: ekki góðkunningi — og er þess efnis, að lagt skuli 10% gjald á andvirði erlends gjaldeyris sem gjaldeyrisbankarnir selja til greiðslu á dvalarkostnaði erlendis öðrum en viðurkenndum kostnaði nemenda og sjúklinga og áhafnagjaldeyri. Þetta gjald hefur verið lagt á tvö undanfarin ár og lagt er til að álagning þessi verði framlengd.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frv., en legg til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það þarf náttúrlega ekki að taka það fram, að ég er andsnúinn þessu frv. og get raunar ekki skilið hvernig á því stendur, að það skuli finnast svo margir menn á Alþingi að nægir til að tryggja framgang þessa frv.

1. gr. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Leggja skal 10% gjald á andvirði erlends gjaldeyris sem gjaldeyrisbankarnir selja til greiðslu á dvalarkostnaði erlendis öðrum en viðurkenndum kostnaði nemenda og sjúklinga og áhafnagjaldeyri. Gjaldið rennur í ríkissjóð og skal innheimt af gjaldeyrisbönkum eftir þeim reglum sem fjmrh. setur."

Eins og þessi grein ber með sér er það gert að sérstökum tekjustofni fyrir ríkissjóð ef menn þurfa að bregða sér út fyrir landsteinana. Ég held að það sé nauðsynlegt *strax nú við 1. umr. málsins að hæstv. fjmrh. upplýsi eftir* hvaða reglum sé farið í þessu sambandi. Þarna er talað um viðurkenndan kostnað nemenda og sjúklinga. Ég vil spyrja í sambandi við sjúklinga t. d.: Ef svo stendur á að móðir þarf að fylgja sjúku barni úr landi eða nákominn ættingi, hversu er þá háttað álagningu þessa gjalds? Er viðkomandi skyldmenni þá gert að greiða sérstakan skatt af nauðsynlegum dvalarkostnaði sínum erlendis til að standa straum af þessu? Ég held að það sé nauðsynlegt að fá það upplýst strax við 1. umr. hversu þessu er háttað, hvernig haldið er á þessum málum ef um það er að ræða, eins og oft er, að ættingjar þurfa að leggja í mikinn kostnað í sambandi við dýrar aðgerðir sjúklinga erlendis og annað því um líkt.

Ég vil í öðru lagi spyrja hæstv. fjmrh. að því, vegna þess að hann leggur þetta frv. fram eins og það er hér, hvaða sérstök rök hann færir fyrir því, að ástæða sé til þess að maður sleppi við skattheimtu af þessu tagi ef hann er lögskráður á skip eða flugvél. Hvers vegna eiga slíkir menn að losna við opinber gjöld, sem eru lögð á aðra borgara þessa lands?

Ég er alls ekki þeirrar skoðunar, að það sé einhver sérstakur lúxus að ferðast til útlanda, og vil m. a. rifja það upp, að það er einmitt orðinn verulegur liður í störfum verkalýðsfélaga að greiða fyrir því, að fólki í launþegafélögunum gefist kostur á ódýrum ferðum erlendis. Einnig er það orðin viðtekin venja á liðnum árum, að í ýmsum skólum er stofnað *til hópferða til útlanda.* Sá kostnaður fellur að sjálfsögðu í mörgum tilvikum á foreldrana. Þar er um mjög tilfinnanlegan kostnað að ræða sem óhægt er að komast undan.

Fjölmörg fleiri atriði mætti tína hér til. En kjarni málsins er að sjálfsögðu sá, að við búum ekki við heilbrigða gjaldeyrislöggjöf og gjaldeyrisviðskipti. Það er ekkert heilbrigt við það hvernig þeim málum er háttað. Eftir þeim spurnum sem ég hef haft af þeim efnahagsráðstöfunum sem nú eru ræddar töluvert í *ríkisstj., stendur jafnvel til að ganga skrefi lengra og taka* upp einhvers konar bátagjaldeyriskerfi nú eftir áramótin og að nýju að byrja að flokka gjaldeyrinn eftir tegundum eða taka upp ríkisuppbætur af einhverju tagi. Væri fróðlegt að fá upplýsingar um það í leiðinni ef einhverjar þvílíkar hugmyndir eru í uppsiglingu. Mig langar sem sagt til að fá röksuðning hæstv. ráðh. (**ÓÞÞ:** Hvaðan koma heimildirnar?) Heimildirnar um? (**ÓÞÞ:** Þessar fréttir um efnahagsaðgerðirnar.) Það er það sem gengur. (**Gripið fram í:** Gengur?) Já. Ég er ekki alveg sannfærður um, ég veit ekki, hvort þau ráð voru ráðin í Reykholti. Ég skal ekki segja það. En hitt veit ég, að mikið er um það rætt núna í sambandi við fiskverðið um áramótin og þær efnahagsráðstafanir, sem óhjákvæmilegt er að grípa til í kjölfar þess, að fella gengið mjög mikið, svo að ég upplýsi þm. Framsfl. um það, og hefur jafnvel verið rætt um í því sambandi að frysta gengishagnaðinn. Eftir því sem mér skilst hefur komið *til tals að gera upptækan hluta af* svokölluðum gengishagnaði af þeim fiski sem yrði í vinnslu eftir áramótin. Um þetta hef ég mjög lauslegar fregnir og væri fróðlegt að fá einhverjar nánari upplýsingar um þetta. (**Gripið fram í:** Þm. hefur engan rétt til þess.) Ég veit að hæstv. fjmrh. getur svarað þessu og fullvissað okkur um að ekki standi til að flækja gjaldeyrislöggjöfina meira en orðið er.

En mig langar til að fá rökstuðninginn fyrir því í fyrsta lagi: Hvers vegna er verið að mismuna mönnum varðandi gjaldeyri? Hvers vegna leggur hæstv. fjmrh. til að menn borgi mismikið fyrir gjaldeyrinn? Allir höfum við þó sama rétt til hans. Í öðru lagi: Hversu rúmar eru þær reglur? Hvað er talinn viðurkenndur kostnaður í sambandi við sjúklinga? Er það kostnaður þeirra manna sem óhjákvæmilega verða að fara með sjúklingunum til útlanda? Og í þriðja lagi vil ég spyrja hvernig hugtakið „nemandi" *er skilgreint eins og þetta er þarna lagt fram.*

Ég býst við því, herra forseti, að það liggi ekki á afgreiðslu þessa frv. Ég lagði fram í deildinni fyrir einum og hálfum mánuði frv. um afnám barnaskatta á þessu ári og það hefur ekki enn fengist tekið til 2. umr. hér þótt tæpur mánuður sé síðan því var vísað til nefndar. Ég geri ekki ráð fyrir, að þessu frv. liggi neitt á frekar, og býst þess vegna ekki við að nein áhersla sé á það lögð að frv. verði afgreitt fyrir áramótin.

Ég skal ekki vera á móti því, að frv. fái afgreiðslu í nefnd, en ég vil mótmæla því, að það sé gamall kunningi í deildinni. Það er náttúrlega vinstri kunningi í deildinni, en ekki gamall. Þetta gjald er lagt á af vinstri stjórnum, einn af vinstristjórnarsköttunum og á ekkert skylt við

þau frumvörp sem hér hafa gengið í gegnum deildina svo árum skiptir. Hitt er aftur skemmtileg tilviljun að hæstv. forsrh., sem á sínum tíma var fjmrh., þegar gjaldeyrismálunum var komið í sæmilegt horf með viðreisninni, og fylgismenn hans eða fylgihnettir skuli nú ætla að greiða fyrir þessu máli gegnum Alþingi. Það eru hálfdapurleg örlög, finnst mér, fyrir þann frjálslynda mann sem á sínum yngri árum beitti sér fyrir margvíslegum framfaramálum, sem hrifu okkur sem þá vorum ungir, og okkur þótti mikið til hans koma.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég er á sama máli og síðasti ræðumaður varðandi afstöðu til þess frv. sem hér er á ferðinni. Hér er verið að endurnýja skatt sem ég tel að sé mjög varhugaverður.

Hitt er svo annað mál, að það er skylt að taka fram að reglur um meðferð gjaldeyris hafa orðið frjálsari á undanförnum árum og það er til góðs. Stofnað hefur verið til gjaldeyrisreikninga einstaklinga í bönkum. Það ber að virða. En menn þurfa að átta sig á því, að meðan tvöfalt gengi og jafnvel margfalt er hér festist ekki fjármagn með sama hætti í slíkum reikningi. Gjaldeyrir gengur kaupum og sölum á yfirverði vegna þess að enn er um að ræða kvótafyrirkomulag á gjaldeyrissölunni þótt í þeim efnum hafi líka orðið framfarir.

Það er gömul hjátrú á Íslandi, að gengismál þessarar þjóðar þurfi að vera í eitthvað öðrum búningi en hjá öðrum þjóðum. Ég hygg að það sé kominn tími til að uppræta þá hjátrú. Auðvitað gilda sömu lögmál efnahagslífsins á Íslandi ef efnahagsstjórnin fylgir sömu reglum og annars staðar.

Það var minnst á heimildir áðan og menn höfðu í flimtingum að það hefðu flögrað fyrir ýmsar hugmyndir úr herbúðum ríkisstj. Ég get að vissu leyti tekið undir að þær heimildir eru ekki traustar, því að eins og allir vita virðast hæstv. ríkisstj. ekkert vera að hugsa um að efna til nokkurra aðgerða, ef ég hef skilið það rétt. En ein heimild er þó alveg traust. Það er dagblaðið Tíminn sem ég veit að hv. skrifari deildarinnar kannast við. Ágætur framsóknarmaður, Árni Benediktsson, sagði nýlega í Tímanum að það þyrfti að fella gengið um 20% um áramótin. Af því að hæstv. fjmrh. hefur beðið um orðið og ætlar að svara spurningum og ég veit að hann gerir það venjulega elskulega vil ég spyrja hann um það álit, sem kom fram í heimildinni, dagblaðinu Tímanum, að gengisaðlögunarsigið, eða hvað menn vilja kalla það, þurfi að verða 20% um áramótin til að koma til móts við þarfir fiskvinnslunnar í landinu. Mér finnst vera ástæða til þess að hann gefi þingheimi skýringar á þessum ummælum sem koma úr traustri og góðri heimild, sjálfu málgagni ríkisstj. Ég veit að fjmrh. verður ekki skotaskuld úr að svara þeirri spurningu.

Jafnframt er áhorfsmál hve langt á að ganga í þeim efnum að skattleggja það þegar menn þurfa að skipta um gjaldeyri og kaupa gjaldeyri. Tekjur af gjaldeyrisviðskiptum, umboðslaun og hitt og þetta samkv. fjárl. eru ekki bara þessir 2.4 milljarðar, heldur 6.6 milljarðar sem ríkið fær í skatta og gjöld í þessum og samsvarandi efnum. Þetta vildi ég líka láta koma fram þannig að menn átti sig á því, að álag á ferðagjaldeyri er ekki einasta féð sem ríkið fær í sinn hlut vegna gjaldeyriskaupa og sölu.

En vegna þess að það var spurt um heimildir má geta þess, að þær eru til. Það er dagblaðið Tíminn sem heldur því fram, og það er reyndar formaður frystihúsakeðju Sambandsins sem þar var á ferðinni, traustur maður og heill og góð heimild, að 20% gengisfall, gengissig eða gengisaðlögun þurfi um áramótin til að koma til móts við þarfir fiskvinnslunnar. — Gengið hefur verið miðað við þarfir fiskvinnslunnar hér á landi, eins og menn vita. — Af því að hæstv. ráðh. á erindi hér í stólinn verður hann kannske svo góður að láta þingheim vita um sín viðhorf til þessa máls.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Vegna orða hv. þm. Halldórs Blöndals um það skattgjald, sem hér er gerð tillaga um, vil ég rifja það upp, að upphaflega var þessi hugmynd rökstudd með því, að þeir, sem veldu þann kostinn að fara um landið í sumarleyfi sínu, þyrftu að greiða 20% söluskatt, sem þá var á allri þjónustu sem þeim var veitt, en aftur á móti fengju þeir, ef þeir færu til Suðurlanda, sams konar þjónustu án söluskatts og af ýmsum öðrum ástæðum miklu ódýrari. Mönnum þótti ekkert óeðlilegt að jafna þann mun sem er á kjörum í sumarleyfisferðum til útlanda annars vegar og innanlands hins vegar, með því að leggja sérstakt gjald á ferðagjaldeyri. Þetta rifja ég upp vegna þess að það eru kannske margir búnir að gleyma þessum rökum, en þau voru í fullu gildi á sínum tíma og þau eru áreiðanlega enn í fullu gildi. Söluskattur hefur síðan þetta gerðist verið hækkaður í 23.5%, en ekki er lagt nema 10% gjald á ferðagjaldeyrinn. Ég held að það séu ekki bara fjáröflunarrök sem liggja að baki þessu gjaldi, heldur líka viss efnahagsleg rök, — þau rök að hvetja fólk til sumarleyfisferða innanlands fremur en eyða gjaldeyri þjóðarinnar með ferðalagi til annarra landa.

Í öðru lagi spurði hv. þm. hverjar væru þær reglur sem giltu um innheimtu þessa gjalds. Ég verð að játa að þessar reglur voru settar af fyrirrennara mínum, líklega fyrir tveimur árum, og ég man ekki til þess, að þetta mál hafi nokkurn tíma komið á borð hjá mér, og ég þekki því ekki þessar reglur. Ég held hins vegar að það eigi að vera auðvelt að útvega þær og leggja þær fram þegar hv. nefnd fjárhags- og viðskiptamála fær þetta mál til meðferðar fyrir 2. umr. Ég skal reyna að tryggja að þessar reglur verði lagðar fram í nefndinni.

Hv. þm. Friðrik Sophusson bar fram fsp. um hvort von væri á 20% gengisfellingu, enda hefði það verið boðað í dagblaðinu Tímanum, að vísu ekki af blaðinu, en af manni sem hafði skrifað í blaðið. Það er ýmislegt skrifað í blöðin og kannske ekki allt laukrétt, eins og gengur, skiptar skoðanir um það sem þar stendur. Hitt vitum við, að gengisbreyting hefur verið í gangi í efnahagskerfi okkar um margra ára skeið, vikulegur viðburður a. m. k., oft daglegur viðburður, ekki hvað síst í valdatíð hv. þm. Geirs Hallgrímssonar. (**GH:** Þið sláið okkur út.) Við skulum ekki metast um það. — Lengi hefur gengisbreyting verið í gangi í efnahagslífi okkar, og ekki eru taldar líkur á að þar verði alger breyting á, sem langvarandi sé nema unnt sé að kveða niður verðbólguna sem við eigum við að glíma. En kannske verður nokkurt átak gert í þeim efnum á næstunni. Ég verð hins vegar að segja það, bara til að svara þessu á einfaldan hátt, að ég held að engin hætta sé á því, að 20% gengisfelling sé í aðsigi nú um áramótin.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh- og viðskn. með 21 shlj. atkv.

Afgreiðsla mála úr nefnd.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs vegna þess að ég sá að fyrir nokkrum mínútum var verið að dreifa tveimur nefndarálitum frá heilbr.- og trn. Nd. um frv. til l. um fæðingarorlof, breytingu á lögum um almannatryggingar, með síðari breytingum, og sömuleiðis nál. um frv. til l. um almannatryggingar frá 1. minni hl. heilbr.- og trn. Í báðum þessum nál. er sagt að Guðmundur G. Þórarinsson, Matthías Bjarnason og Pétur Sigurðsson hafi verið fjarverandi afgreiðslu málsins. Þessi mál hafa verið til umr. í nefndinni í örfáa daga.

Ég vil vekja athygli hæstv. forseta á því, að í þingsköpum Alþingis segir að formenn fastanefnda í hvorri deild, forseti og fyrri varaforseti skuli skipa eina nefnd, vinnunefnd, og sé forseti formaður hennar. Hún skal skipa fyrir um fundatíma og fundastaði nefndanna og sjá um að þeir rekist ekki á. Formaður heilbr.- og trn. Nd. hefur verið alveg sérstaklega hittinn á að boða n. til funda þegar ákveðnir nefndarmenn hafa verið boðaðir á fund í öðrum nefndum. Í tveimur tilfellum undanfarna daga hafa tveir formenn nefnda, sem eru báðir í Alþb., boðað fundi, annars vegar formaður sjútvn. Nd. og hins vegar formaður fjh.- og viðskn. Ed., sem boðaði nefndir beggja deilda til fundar, og í bæði skiptin boðar formaður heilbr.- og trn. Nd., 8. landsk. þm., Guðrún Helgadóttir, fund á nákvæmlega sama tíma. Þrátt fyrir að aths. séu gerðar kemst ekkert að hjá hv. formanni heilbr.- og trn. Nd. *Hún ætlar sér að halda áfram og segja:* Svona hef ég það og svona ætla ég að hafa það. M. ö. o.: hún æðir á veggina.

Á laugardaginn er haldinn fundur í heilbr.- og trn. Nd. eftir afgreiðslu við 2. umr. fjárlaga. Á þeim fundi mæti ég og einnig Pétur Sigurðsson. Pétur Sigurðsson tekur fram á þeim fundi að hann sé samþykkur frv. um fæðingarorlof og hann vilji skrifa undir nál., en hann vildi fá ákveðnar skýringar. Ég tek mig til og óska eftir ákveðnum skýringum og fer fram á að fulltrúar verði boðaðir á fundinn, en ekki skrifað bréf, vegna þess að ég eins og aðrir vildi flýta afgreiðslu málsins. Ég bað um að boðaðir yrðu á fund n. fulltrúar Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna. Frá öðrum kom aftur á móti að boða fulltrúa frá Stéttarsambandi bænda og fulltrúa frá Alþýðusambandi Íslands. Sömuleiðis átti að boða fulltrúa frá Sjómannafélagi Reykjavíkur að sérstakri beiðni Péturs Sigurðssonar. Pétur Sigurðsson tók fram á þessum laugardagsfundi að hann yrði erlendis eftir helgi og mundi því ekki vera við þegar næsti fundur yrði haldinn.

Á fund n. í morgun komu fulltrúar allra þessara aðila nema Sjómannafélags Reykjavíkur, en formaður n. skýrði frá því að hann hefði ekki getað mætt vegna þess að hann hefði þurft að vera á sáttafundi í kjaradeilu farmanna innan Sjómannafélagsins. Ég spurði, eftir að gestir voru farnir af fundinum í morgun, hvers vegna enginn fulltrúi hefði komið frá Vinnuveitendasambandi Íslands. Formaður skildi ekkert í því og sagðist skyldu athuga það.

Svo er boðaður fundur í dag, eftir að nokkuð margar spurningar höfðu komið fram á fundinum í morgun frá gestum, frá Stéttarsambandi bænda og frá Alþýðusambandi Íslands, og frá einstökum nm., og formaður beðinn að afla vitneskju um þær. Ég gerði þessa aths. varðandi Vinnuveitendasamband Íslands. Þá er boðaður fundur hér með örstuttum fyrirvara, sem á að hefjast kl. 15.45. Þá eru umr. í fullum gangi í hv. þd. og ég bjóst við að forseti mundi innan nokkurra mínútna hafa atkvgr. um mál sem lokið var umr. um og átti eftir að greiða atkv. um og koma til nefndar. En hann lét umr. fara fram til kl. 4 eða rúmlega 4 og þá hófst atkvgr. Þá kemur formaður heilbrn. og spyr hvort ég megi ekki vera að því að koma, þó að þingflokksfundatíminn hafi þá átt að vera byrjaður fyrir rúmlega 10 mínútum, og ég kem inn. Þá sé ég að nál. liggur handskrifað á borðinu og hjá formanninum eru Jóhann Einvarðsson, Pálmi Jónsson og Magnús H. Magnússon. Þegar ég sé að nál. liggur fullbúið á borðinu tel ég að ég hafi ekkert á slíkan fund að gera.

Mér er sagt að formaðurinn hafi látið hringja í framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambandsins kl. rúmlega 3 í dag til að koma á fund korter fyrir 4. Það getur staðið svo á hjá mönnum, að þeir geti ekki hlaupið á stundinni, jafnvel þó að þar sé jafnvirðulegur formaður í heilbr.- og trn. og núv. formaður er. Það þarf að boða þá með eitthvað lengri fyrirvara. En frekjan og yfirgangurinn er svo takmarkalaus að það er ekki hikað við að brjóta allar þingræðisvenjur í sambandi við afgreiðslu mála.

Nú kann einhver þm. að spyrja: Er ekki algengt að mál séu afgreidd í tímaþröng hér í hliðarherbergjum? Jú, það er algengt að afgreiða þannig lítil mál, einföld mál sem eru ágreiningslaus með öllu og er alveg sjálfsagt að afgreiða, og ég hef oft tekið þátt í því. En stórmál, viðamikil mál, sem þarf líka að vanda til, því að við verðum líka að hugsa til framkvæmdar þessa máls, eru ekki afgreidd á stigafundi á meðan bjallan dynur og atkvgr. fara fram. Það þekki ég ekki og þetta er 20. þingið sem ég sit.

Nú vil ég spyrja hv. formenn þingflokkanna að því, og þá ekki síður formenn þingflokka stjórnarandstöðunnar, sem ræddu við forsrh. eða hann við þá um daginn þegar hann fékk þeim 21-listann, hvort þeir hafi tekið að sér og hafi lofað því að öll slík mál færu í gegn eins og á færibandi, hvernig sem að vinnubrögðum væri staðið í nefnd, eða af formönnum nefnda. Ég vil einnig spyrja hæstv. forseta deildarinnar, sem nú starfar hér sem aðalforseti, hvort hann vilji ekki með tilliti til þingskapa, sem ég vitnaði í í upphafi, og með tilliti til þess, að þingið haldi virðingu sinni, gera kröfu til þess, að þessum nefndarformanni verði gert skylt að halda fund að nýju í n., þar sem málið væri tekið til afgreiðslu og þar sem væri staðið við það fyrirheit, sem n. var sammála um á laugardaginn var, að kalla til fundar — og þá með hæfilegum fyrirvara — þá aðila sem átti að leita umsagnar hjá.

Áður en ég fer úr ræðustólnum vil ég taka fram, að ég er í tveimur öðrum nefndum í þinginu, annars vegar í sjútvn. og hins vegar í fjh.- og viðskn. Nd., og ég ætla ekki að líkja saman vinnubrögðum formanns þessarar hv. n. og vinnubrögðum formanna þeirrar nefndar sem ég nefndi. Það er reynt að koma til móts við menn, reynt að hafa samvinnu við menn um afgreiðslu mála. Það er síst lakara að eiga samvinnu við flokksbróður þessa hv. nefndarformanns, Garðar Sigurðsson, en við Halldór

Ásgrímsson, formann fjh.- og viðskn. Nd., því að báðir leggja þeir sig fram um að hafa gott samstarf við nm., en láta ekki gusugang og fíflalæti ráða ferðinni í sambandi við afgreiðslu mála.

Ég endurtek óskir mínar til hæstv. forseta, að hann taki hér í taumana, því að þetta verður ekki til þess að flýta fyrir afgreiðslu þeirra mála sem eru á listanum, — ekki hvað mig snertir, — og ég hef sæmilega fætur að standa á hér í ræðustólnum ef til þess þarf að koma. Ég vil hins vegar ekki stofna til neins ófriðar hér í þingi á síðustu dögum fyrir jól. Ég vil gjarnan að mál séu afgreidd. Þó að það séu skiptar skoðanir hjá fulltrúum stjórnar og stjórnarandstöðu um nokkur mál vil ég á allan hátt greiða fyrir málefnum stjórnarinnar hvað þetta snertir. En ef þm. stjórnarliðsins helst uppi að beita slíkum vinnubrögðum sem þessi nefndarformaður hefur beitt er friðnum slitið hér í þingi. Ef menn vilja ná sáttum verður það ekki gert nema þetta mál verði tekið upp aftur. Um er að ræða mál sem við í n. erum efnislega sammála um, fæðingarorlofið. Það er aðeins eftir að fá frekari skýringar og leiðrétta til fulls það sem við teljum að sé ekki fyllilega nógu gott í frv. Þess vegna stóð ég hér upp, og ég þakka hæstv. forseta fyrir biðlund í þessu sambandi, en þetta gat ég ekki látið hjá líða að gera að umræðuefni.

Forseti (Alexander Stefánsson): Út af ummælum hv. 1. þm. Vestf. vil ég taka fram, að forseta þessarar deildar var algerlega ókunnugt um vinnubrögð í heilbr.- og trn. þingsins á þessum degi. Ég veit ekki betur en settar hafi verið ákveðnar reglur um fundatíma fastanefnda hér í þinginu, sem allir hafa fyrir framan sig. Um annað hlýtur það að gilda, eins og ég held að sé venja og kom fram hjá hv. þm., að byggt sé á samkomulagi í nefndum um vinnubrögð. Ég verð að vænta þess, að formenn fastanefnda gæti þess í hvívetna og leggi sig fram um að ná samkomulagi um meðferð mála þó að ágreiningur sé vissulega alltaf fyrir hendi.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég held að við verðum að gera okkur grein fyrir því, að það eru engar reglur í þingsköpum um hvernig nefndir eigi að starfa eða hversu marga fundi þær eigi að halda um mál eða hvort þær eigi að kalla menn til vitnisburðar á fundum eða hversu lengi þær eigi að hafa mál til meðferðar. Nefndir starfa einfaldlega stutt eða lengi, ítarlega eða í skamma hríð eftir því sem þær ákveða sjálfar eða meiri hl. þeirra ákveður. Nú þekki ég ekkert hvernig á stendur sérstaklega í því máli sem hér var til umr. Ég veit ekkert um hvernig vinnubrögð voru í sambandi við afgreiðslu þessa máls og get engan dóm fellt um það.

Ég held að það hljóti að vera keppikefli stuðningsmanna þessarar ríkisstj. að halda góðu samkomulagi við stjórnarandstöðuna um vinnubrögð. En ég vek athygli á því, að ef meiri hl. n. kemst að þeirri niðurstöðu, að tímabært og óhjákvæmilegt sé að afgreiða mál úr n. og ekki verði lengur dregið af einhverjum ástæðum, sem meiri hl. telur gildar, þá er ekki hægt að leggja fyrir forseta eða neinn annan að setja ofan í við nefnd eða formann nefndar. Þarna er nefndin sjálfstæð eining, sem afgreiðir sín mál á sjálfstæðan hátt eftir því sem vilji meiri hl. n. stendur til.

Hitt er allt annað mál, að ef síðar kemur fram kvörtun um það við 2. umr. málsins að málið hafi ekki hlotið næga athugun, það þurfi að kalla til ákveðna aðila og leyfa þeim að segja álit sitt á málinu, þá er ekkert því til fyrirstöðu, að viðkomandi nm., sem hefur slíkt í huga, snúi sér til formanns n. og óski eftir að annar fundur verði haldinn þar sem ákveðnum aðilum sé gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri fyrir lokaafgreiðslu málsins í deildinni.

Ég vildi sem sagt vekja athygli á þessu vegna þess að mér fundust ummæli hv. þm. nokkuð óeðlileg þar sem hann vildi ganga út frá því, að í þessum efnum væri við einhverja fasta reglu eða fasta venju að styðjast. Ég held að í þessum efnum gildi sú regla ein, að meiri hl. n. hefur fullt vald á að ákveða fyrir sitt leyti hvenær hann óskar eftir að skila nál. og hvort hann telur fært eða æskilegt að bíða lengur með afgreiðslu málsins. Þar getur enginn utanaðkomandi aðili, hvorki forseti deildarinnar né deildin í heild sinni, vandað um við meiri hl. nefndar. Meiri hl. hefur fullan rétt samkv. stjórnarskránni til að hafa þá skoðun á afgreiðslu málsins sem honum líkar. Ég held hins vegar að þetta ætti ekki að þurfa að vera neitt vandamál. Það ætti að vera hægt að leysa málið með því að viðkomandi nm. óskaði eftir því, að eftir að 2. umr. hefði farið fram og áður en 3. umr. færi fram í deildinni ætti sér stað einhver tiltekinn nefndarfundur um málið, sem viðkomandi nm. telur óhjákvæmilegt að eigi sér stað.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég tala að sjálfsögðu um þingsköp.

Ég leyfi mér að undrast stórlega þau orð, sem hér féllu, og leyfi mér að vísa öllum fullyrðingum um gusugang þangað sem þær eiga heima. Ég minni hv. 1. þm. Vestf. á að við höfum afgreitt þrjú mál frá nefndinni hingað til með samróma áliti nefndarinnar og við einstaklega ljúft samstarf nm., enda er mikil lúxusstaða að vera formaður í þessari nefnd þar sem í henni sitja tveir fyrrv. heilbr.- og trmrh. Þar hefur ekki borið nokkurn skugga á samstarf. Þess vegna kemur það mér afskaplega mikið á óvart að heyra þau orð sem hér féllu.

Ef við rekjum sögu þessara tveggja frumvarpa, sem nefndin á eftir óafgreidd, sem eru fæðingarorlof og 148. mál þingsins, er auðvitað alveg rétt að það hefur verið óeðlilegur hraði á afgreiðslu þeirra. Upphaf þess var, að þegar ráðh. mælti fyrir þessum frv. óskaði hann eftir að reynt yrði að greiða fyrir að þessi mál gengju fram fyrir áramót vegna þess að hér væri um ákvæði í kjarasamningum að ræða. Þetta hélt ég að hv. 1. þm. Vestf. væri fullljóst. Ráðh. bað jafnframt um að nefndir beggja deilda reyndu að hafa sem mesta samvinnu um þetta mál.

Það segir sig náttúrlega sjálft, þegar rúm vika er til jóla, þegar talað var fyrir frv., að tómt mál er að tala um fasta nefndafundi sem eru í hvorri deild einu sinni í viku. Það gat ekki komið neinum manni á óvart að halda yrði aukafundi í þessari nefnd. Ég ræddi við formann heilbr.- og trn. Ed., hv. þm. Davíð Aðalsteinsson, og hann tók því ljúflega, að við reyndum að hafa um þetta samstarf. Síðan var boðaður fundur, vissulega utan venjulegs fundartíma, enda var annað varla hægt því að fundir nefndanna falla alls ekki saman. Það er jafnframt rétt hjá hv. 1. þm. Vestf. að þá var hann upptekinn á fundi hjá sjútvn., og við því varð ekki gert. Hins vegar komu á þann fund þrír embættismenn, sem höfðu unnið að gerð þessa frv. og samningum við verkalýðshreyfinguna, og veittu þeim nm., sem mættir voru, gagnlegar upplýsing-

ar. Síðan ákváðum við formenn beggja nefndanna að Nd. skyldi taka málið að sér. Það hafa auðvitað verið haldnir aukafundir, það er ekkert launungarmál. Við höfum kallað til okkar fulltrúa aðila vinnumarkaðarins.

Varðandi það, sem hv. 1. þm. Vestf. sagði um aðild Vinnuveitendasambandsins, þá var það einungis slys í önnum laugardagsins að fulltrúi frá því var ekki boðaður. Hins vegar hringdi ég til framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambandsins sem tók þessari skýringu af afskaplega miklum skilningi, og ég bauð honum að koma á fund sem boðaður var í dag. Hann gat það því miður ekki, en kvaðst ekki hafa neinar meiri háttar aths. við frv. Mér gat ekki heyrst annað en hann skildi skýringu mína mjög vel og auðvitað harmaði ég að svona skyldi fara.

Fundurinn í dag var vissulega boðaður á þingfundatíma. Það var kannske eitt helsta atriðið í mikilúðlegri ræðu hv. 1. þm. Vestf. En því kann að hafa valdið mitt kunnáttuleysi, að ég ræddi málið ekki við forseta hv. deildar. Það er alveg rétt. Það gerði ég ekki, heldur boðaði menn á aukafund sem talað var um á fundinum í morgun að yrði haldinn síðar um daginn. Í millitíðinni hafði ég tekið saman þær breytingar sem n. gerði í morgun samkv. þeim aths. sem komu fram hjá gestum fundarins þá, en það var fundur í nefndum beggja deilda. Það, sem hv. 1. þm. Vestf. sá á borðinu hjá okkur þegar hann kom á fundinn, var vissulega ekki nál., heldur drög að nál. sem hver einasti formaður hlýtur að koma með tilbúin ef hann væntir þess að mál verði afgreitt.

Mér kemur sem sagt afskaplega spánskt fyrir sjónir hvar þessi gusugangur minn sem formanns hefur birst. Ég harma að hér sýnast ekki vera neinir þeir sem sitja með mér í nefndinni. — Þarna sé ég hv. þm. Magnús H. Magnússon. Mér er stórlega til efs að hann sé tilbúinn að taka undir þau orð sem hér féllu.

Ég er svo geðgóð manneskja að ég tek þetta eins og hvern annan gusugang sem maður gleymir strax og hann er afstaðinn. En ég vil taka það skýrt fram, að þessi n. hefur verið ákaflega sammála, sem sýnir sig í þremur samhljóða nál. Ég skal taka undir það, að mér finnst ekki ánægjulegt sem formaður nefndar að þurfa að reka svona á eftir máli, en ég tel að það sé dæmalaus hræsni ef hv. 1. þm. Vestf. hefur aldrei séð þau vinnubrögð á hinu háa Alþingi fyrr. Ég held að við könnumst öll við þetta. Ég hef ekki setið hér lengi, en mér sýndust ýmsar öldur skvettast hér fyrir þinglok á síðasta ári, og mér var tjáð þá að slíkt væri síður en svo nein nýlunda.

Vissulega er rétt að æskilegt væri að menn hefðu nógan tíma til að skoða svo mikilsvert mál, en þess skal þó getið, að áður hefur komið fram frv. um fæðingarorlof sem var grandskoðað. Fjölmargir komu þá á fundi með hinum ýmsu þm. Þetta frv. er því auðvitað ekki nein nýlunda einum eða neinum á hinu háa Alþingi.

Ég býst við, eftir því sem mér heyrist hér, að ég hafi leyfi til þess að verða við þeirri beiðni að halda annan fund. Skemmtilegra hefði mér þótt ef hv. 1. þm. Vestf. hefði hreinlega komið til mín og farið fram á það. Ég býst við að það hefði verið auðsótt. En ég skal kanna það. Ég er ekki nógu vel að mér um vinnubrögð þingsins. Mér heyrðist áðan að þetta væri hægt og ekkert er sjálfsagðara.

En mér finnst alveg ástæðulaust að ráðast með slíku offorsi að mér sem einhverjum versta formanni nefndar sem sögur fara af á hinu háa Alþingi. Ég leyfi mér að halda því fram, að ég eigi það engan veginn skilið.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég skal ekki verða langorður.

Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir þá stuttu kennslustund sem hann hélt yfir mér og öðrum þm. um þingsköp.

Hann sagði að meiri hl. n. réði algerlega ferðinni og þýddi þá ekkert fyrir minni hl. að vera að derra sig neitt. Það minnti mig á gamlan góðan bíleiganda á þeim árum þegar lítið var um bifreiðar. Hann hætti ásetlunarferðum til Þingvalla og fékk gagnrýni. Þá setti hann auglýsingu í blöðin og sagði: Engar Þingvallaferðir á sunnudögum. Hér talar sá sem valdið hefur og bílana. — Og mér skildist að hæstv. fjmrh. hefði bæði valdið og bílana í þessu máli.

Ég held að ég þekki þingsköp nokkurn veginn eins vel og hæstv. ráðh. Ég er ekki tornæmari yfirleitt en gengur og gerist, en auðvitað ekkert eldskarpur heldur, en ég held að ég þekki þingsköp. Ég furða mig á að ráðh., forustumaður í stjórnmálaflokki, þar í fremstu víglínu, skuli láta það út úr sér, að ein nefnd eða meiri hl. einnar nefndar geti gengið til endanlegrar afgreiðslu á máli á sama tíma og yfir stendur fundur í þd. Það fæ ég ekki skilið. Ég er þá svona tornæmur, því að ég get ekki skilið að fjórir menn í n. geti boðað nefndarfund og sagt: Við ætlum að afgreiða mál hvort sem þið hinir getið mætt eða ekki. — Ég sýndi þá samviskusemi að sitja hér á deildarfundi. Hér hefur verið boðað af forsetum allt frá því að ég kom hér á þing að þm. ættu að sitja á deildarfundum og standa að afgreiðslu mála. Ég hefði kannske komið fyrr á þennan nefndarfund ef ég hefði ekki verið að búast, eins og ég sagði áðan, við atkvgr. um nokkur mál. Þess vegna tel ég að afgreiðsla n. á þessum tveimur málum í dag sé ekki í samræmi við þingsköp og ekki í samræmi við skyldur þær sem lagðar eru á herðar þm. Þess vegna lít ég svo á, að þessi afgreiðsla sé ólögleg. Með því að leggja þetta nál. á borðið með þeim hraða og látum sem raun ber vitni er nefndarformaðurinn að útiloka mig frá því að taka þátt í afgreiðslu málsins. Hann er líka að ganga fram hjá því, sem Pétur Sigurðsson óskaði eftir á laugardaginn, en hann tók fram í áheyrn þeirra nm., sem þá voru mættir, að hann væri með málinu, og skýrði frá því, að hann mundi verða erlendis þegar málið yrði sennilega afgreitt, en ætlaði að skrifa undir nál. Það er iðulega sem nefndir og nefndaformenn taka tillit til þess, þó að nefndarmenn geti ekki setið lokafund, ef þeir óska sérstaklega eftir því að vera með á nál. Fram hjá þessu er líka gengið.

Það má segja að þetta sé orðinn hlutur. Þetta nál. er komið fram. Ég bjóst við að nefndarformaðurinn reyndi þó að ná einhverju samkomulagi eftir að hvessti í dag, en það var haldið áfram og nál. lagt fram. En það, sem mér finnst að skipti mestu máli er ekki afgreiðslan á þessum tveimur nál., heldur hitt: Er það með samþykki forseta hv. deildar að meiri hl. í n. getur tekið mál til endanlegrar afgreiðslu, gengið frá nál. á meðan á þingfundi stendur og viðkomandi nefndarmenn eru að gegna skyldum sínum? **(Fjmrh.:** Það eru fordæmi fyrir því.) Ég minnist þess, að þm. sem var nokkur ár eftir að ég kom á þing, Skúli heitinn Guðmundsson, neitaði alltaf að taka þátt í nefndarstörfum þegar deildarfundir væru, og menn urðu að beygja sig undir það. Þeir urðu oft að koma til hans aftur síðar og óska eftir að hann kæmi á fund þó það væri knappur tími. Hitt er alveg rétt, og það tók ég fram líka áðan í mínu máli, að fjölmörg minni háttar mál, sem eru

vel og vandlega undirbúin og liggja ljóst fyrir, hafa nefndir oft og einatt afgreitt í tímaþröng í þingi. Það mun ekki standa á mér frekar en áður að afgreiða slík mál. En ég sætti mig ekki við, eins og hefur verið gert í þessu máli, að ganga á þennan hátt fram hjá mönnum meðan á þingfundi stendur. Það er skylda nefndarformanns, hver sem hann er, að ganga ekki frá nál. á meðan þm. í nefndum telja sig verða að sitja á þingfundum. Það verður ekki gert nema með samkomulagi. Ég óska eftir að hæstv. forseti staðfesti annaðhvort að þetta sé rétt hjá mér eða þá hann segi frá sínum skilningi, en þá hljóta menn að taka ekki mjög alvarlega að þurfa að sitja þingfundi.

Forseti (Alexander Stefánsson): Út af orðum hv. 1. þm. Vestf. tók ég fram áðan að samkv. þingsköpum væru settar ákveðnar reglur um nefndafundi og fundastaði. Það hefur verið gildandi regla, eftir því sem ég best veit, að nm. hafa reynt að koma sér saman um fundatíma þar fyrir utan til þess að afgreiða mál, ekki síst þegar mjög er gengið eftir að koma þingmálum fram. Ég verð enn á ný að vonast til þess, að formenn nefnda reyni í lengstu lög að ná samkomulagi í samræmi við þá sjálfsögðu reglu. Ég segi það sem mitt persónulega álit, að mér finnst það ekki góður siður, að þegar fastafundir eru í þd. sé verið að boða nefndafundi um mjög viðamikil mál. En ég vænti þess, að nefndarformaður hv. heilbr.- og trn. og 1. þm. Vestf. geti náð samkomulagi um þetta mál.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Aðeins örstutt aths.

Það gleður mig að hv. 1. þm. Vestf. hefur einskorðað gagnrýni sína við þetta mál eitt. Þegar hann hóf mál sitt fyrr í kvöld talaði hann eins og þetta væri hin venjulega afgreiðsla mála heilbr.- og trn. Nd. Mér finnst síðari ræðan strax spor í sanngirnisátt.

Ég vil hins vegar taka það fram, að þegar ég bað hv. þm. að koma til fundar kl. korter fyrir fjögur mótmælti hann því ekki. Þetta upphlaup kom því, að því ég hygg, öllum viðstöddum mjög á óvart.

Þeir nm., sem fjarverandi voru, voru hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson, sem er veikur og hefur tilkynnt það hér í deildinni, og Pétur Sigurðsson, sem er erlendis. Það kann vel að vera að nafn Péturs hefði átt að vera á nál. Það taldi ég þó ekki rétt vegna þess að hann er erlendis. En hann hafði gert það sem allir nm. beggja deilda höfðu gert. Þeir höfðu lýst því yfir, að þeir mundu reyna að gera sitt til að flýta fyrir þessu máli.

Hinu er svo ekki að neita, að mér er alveg ljóst til hvers þetta er gert. Svo skulu hv. þm. dæma um hve drengilegt það er. Þessi ræða, sem hér var flutt af hv. 1. þm. Vestf., er til þess eins haldin að búa til fyrirsögn í Morgunblaðið sem á sér enga stoð, þ. e. að ófrægja hv. 8. landsk. þm. sem ónothæfan nefndarformann. Það má vel vera að það takist, og ber að óska þm. til hamingju með það, en síðari ræða hans bar þess öll vott að hann sæi sjálfur hversu ósanngjarnar þær ásakanir voru sem hér voru hafðar í frammi.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég ætlaði að láta þessari umr. lokið, en í stað þess að biðja afsökunar á framferði sínu eys þessi hv. þm. enn einni gusunni yfir þd. og þar með mig.

Það getur vel verið að það sé háttur hv. þm. að ætlast til þess, að ef hún opnar munninn hér á Alþingi eigi það að koma í blöðum með risafyrirsögnum. Ég er ekki að gera þetta mál að umræðuefni til að blöðin hampi því sérstaklega. Ég er fyrst og fremst að gera þetta að umræðuefni til þess að komið sé í veg fyrir að Alþingi sé lítilsvirt með jafnóhefluðum og ódrengilegum og fádæma fávíslegum vinnubrögðum og þessi nefndarformaður hefur gert sig sekan um. Það er kjarni þessa máls. Ég vil ekki að þessi vinnubrögð séu viðhöfð, hvorki af þessum nefndarformanni né öðrum. Þetta hélt ég að frúin hefði þegar skilið eftir fyrstu ræðu mína, en svo virðist sem hún telji að þetta hafi allt saman verið eðlileg vinnubrögð. Ég harma að til þessa þurfti að koma, en til þess hefur verið unnið, og hvenær sem þetta kemur fyrir mun ég verða einn af þeim sem standa upp til að mótmæla því.

En það sést á því, sem ég hef sagt, að ég þarf ekki að kvarta undan öðrum formönnum. Ég skal meira að segja bæta einum formanninum við sem hefur boðað mig á fundi og það með góðum fyrirvara. Það er formaður fjh.- og viðskn. Ed., sem hefur boðað nefndirnar til sameiginlegs fundar, og hann hefur ekki verið með sama gusugang og flokkssystirin, formaður heilbr.- og trn. Nd. Mætti hún þá reyna að læra eitthvað. — Hvað var formaðurinn að segja? (Gripið fram í.) Nei. Þó að hann hafi fengið orð fyrir gusugang stundum er hann ljós á við formann heilbr.- og trn. Nd.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég held að það sé áhugaefni allra þm., bæði í ríkisstj. og stjórnarandstöðu, að afgreiða í tæka tíð fyrir jólaleyfi þm. þau mál sem afgreiðslu þurfa við. Ég fæ ekki séð annað en hér hafi komið fram ósk frá hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni um að hv. formaður þeirrar n., sem hér er til umr., sýni eilitla lipurð í vinnubrögðum sínum með sama hætti og oft er óskað eftir að stjórnarandstæðingar sýni lipurð. Ég þykist hafa orðið var við að forseti þessarar ágætu deildar hafi beint sams konar orðum til formanns viðkomandi nefndar. Ég held að það sé rétt, með augun á framhaldi þingstarfa hér, að hv. þm. Guðrún Helgadóttir taki til athugunar að brjóta þann litla odd af oflæti sínu að boða nefndina formlega til fundar í fyrramálið og afgreiða þetta mál þá í sátt og samkomulagi við alla aðila. Ég fæ ekki séð að endanlega afgreiðsla þess úr þessari deild geti á nokkurn hátt tafist þó hv. þm. sýni það umburðarlyndi.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Aðalatriði þessa máls, sem hér er rætt, er innihald þeirra tveggja frv. sem hér hefur borið á góma. Mér heyrist að það geti verið góð samstaða um að ljúka afgreiðslu þeirra fyrir jól. Mér heyrist að þm. stjórnar og stjórnarandstöðu séu reiðubúnir til að stuðla að því. Brigslyrði breyta þar í rauninni engu. Efnisinnihaldið er aðalatriðið. Hv. 8. landsk. þm., Guðrún Helgadóttir, formaður heilbr.- og trn., hefur ekki hafnað á einn eða annan hátt þeirri málaleitan, sem hefur verið borin fram í þremur ræðum, að kvaddur verði saman fundur í nefndinni. En ég minni á að það er talsvert kappsmál að málið nái fram, enda skil ég það svo, að allir vilji í rauninni stuðla að því, sem er aðalatriðið í málinu.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það kemur mér ekki á óvart að þessi hæstv. ráðh. skuli tala um að það sé algjör óþarfi að mál fái skoðun í þinginu. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem sú rödd heyrist. Venjan er sú, þegar beðið er um að menn komi og ræði við nefndir og gefi upplýsingar að það sé vegna þess að viðkomandi nefndarmenn telja sig þurfa á frekari upplýsingum að halda sem gætu upplýst ýmislegt í sambandi við það mál sem til meðferðar er. Þess vegna var t. d. óskað eftir að fulltrúar frá Vinnuveitendasambandi Íslands mættu á fundi hjá nefndinni. Við því var búist að þeir hefðu eitthvað til málanna að leggja sem kannske gæti varpað nýju ljósi á þessi mál.

Ég verð að bæta því við, því að það er óhjákvæmilegt, að frv. hæstv. ríkisstj. eru þannig úr garði gerð að það er ekki eins og einhver óskeikull páfi hafi búið þau úr garði. Það er síður en svo. Það er margt þar sem leiðrétta þarf og betur mætti fara.

Athugasemdir hv. 1. þm. Vestf. eru líka réttmætar vegna þess að ef ríkisstj. og stuðningsmenn hennar ætlast til að þingstörf gangi greiðlega og mál nái fram að ganga, þá verða þeir að sýna lágmarkskurteisi, lágmarkshátttvísi. Á það hefur skort. Þessi hæstv. ráðh. hefur t. d. í dag þverskallast við að svara einföldum spurningum sem til hans var beint. Það er ekki í fyrsta skipti sem hæstv. ráðh. gera það. Ég sé að hæstv. fjmrh. er inni. Það má kannske spyrja hann um það sem hæstv. félmrh. neitaði að svara í dag. Mun ríkisstj. nú um áramótin, hæstv. fjmrh., standa við ákvæði Ólafslaga? (Gripið fram í.) Ég var að tala um þingsköp, herra forseti. Ég var að ræða um hversu háttað væri hér um samstarf þingsins og ríkisstj., að það mundi auðvelda framgang mála í þinginu ef einföldum spurningum væri svarað jafnóðum og þær eru bornar fram, en ekki þyrfti að ítreka þær hvað eftir annað. Ég var að vekja athygli á því, að hæstv. ríkisstj. fæst ekki til að svara þeirri einföldu spurningu, hvort hún ætli að standa við ákvæði Ólafslaga varðandi vaxtaákvæðin um næstu áramót.

Ég sé að hæstv. fjmrh. er svo upptekinn að tala við yfirkommann að hann gefur þessu ekki auga, en ég vil sem sagt ítreka það, að aths. hv. 1. þm. Vestf. voru að gefnu tilefni og til þess fallnar að bæta sambúð stjórnar og stjórnarandstöðu í framtíðinni og bæta vinnubrögð í þingnefndum.

Biskupskosning, frv. (þskj. 190, 233). — 2. umr.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Þar sem ég á sæti í menntmn. hv. deildar, sem hefur verið beðin að flytja frv. sem liggur fyrir á þskj. 190, 152. mál, en í n. var rætt um að einstakir nefndarmenn hefðu allan fyrirvara á hugsanlegum brtt., þá hef ég leyft mér að leggja fram brtt., sem eru á þskj. 233, og skal ég nú gera nokkra grein fyrir þeim.

Ég hef lagt til að 8. gr. orðist svo, með leyfi forseta:

„Lög þessi taka gildi 1. janúar 1981", en sleppt verði: „og fer eftir þeim um kosningu biskups á árinu 1981". Síðan haldi greinin áfram óbreytt: „Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 21 27. júní 1921, um biskupskosningu."

Ástæðan fyrir þessari breytingu er sú, að ég tel að það leiði af sjálfu sér, að verði frv. að lögum, sem taka gildi 1. janúar 1981, fari að sjálfsögðu kosning biskups á árinu 1981 að þeim.

En þetta var smáatriði. Ákvæði til bráðabirgða hef ég hins vegar lagt fram af eftirfarandi ástæðum:

Þeir leikmenn, sem nú eiga sæti á kirkjuþingi og í kirkjuráði, voru ekki kjörnir til þess hlutverks að taka þátt í biskupskosningu. Í lögum nr. 43 frá 1957 segir um hlutverk kirkjuþings, að það hafi — með leyfi forseta — ráðgjafaratkvæði og tillögurétt um öll þau mál, er kirkju, klerkastétt og söfnuði landsins varða og heyra undir verksvið löggjafarvaldsins eða sæta forsetaúrskurði. Það hefur og rétt til þess að gera samþykktir um innri málefni kirkjunnar, guðsþjónustu, helgisiði, fermingar, veitingu sakramenta og önnur slík. Þær samþykktir eru þó eigi bindandi fyrr en þær hafa hlotið samþykki kirkjuráðs, prestastefnu og biskups."

Kjörtímabil núverandi fulltrúa á kirkjuþingi rennur út 1982, biskupskosningar fara fram 1981. Því er ekki leynt í grg. með frv., sem hér liggur fyrir, að það sé samið að ósk kirkjuþings og biskups, en eins og menn vita eru fulltrúar á kirkjuþing kosnir til sex ára í senn, enda hafi frv. verið samþ. á síðasta kirkjuþingi í nóvember 1980. Beðið er um að afgreiðslu þess verði flýtt, einkum með tilliti til væntanlegra biskupskosninga.

Það hlýtur að vera óeðlilegt, að þeir, sem kusu fulltrúa til kirkjuþings, hafi þar með kosið þá til að kjósa biskup án þess að vera það ljóst á þeim tíma. Þá er tæpast eðlilegt að leikmenn á kirkjuþingi hafi með samþykkt þessa frv. á síðasta kirkjuþingi samþykkt eigin aðild að kjöri biskups. Varla er heldur eðlilegt að lagasetning fari fram með svo augljósu tilliti til eins ákveðins atburðar sem biskupskjörs 1981. Helst hefði frumkvæðið að sjálfsögðu átt að koma frá hinu háa Alþingi, en ekki kirkjuþingi. Mörg fordæmi munu þó um slíkt, þó að ekki sé það hin rétta leið lagasetningar. Lög skyldi helst setja til lengri tíma og með lengri tímamarkmið í huga. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er vissulega þannig úr garði gert að öðru leyti en hér hefur verið bent á.

Ég vil biðja hv. þm. að minnast þess, að Alþingi Íslendinga getur ekki veitt sjálfu sér með stjórnarskrárbreytingu meira vald en það hingað til hefur án þess að bera það undir vald kjósenda að nýju eða öllu heldur að bera eigið umboð að nýju undir þjóðina. Ég tel með öllu óeðlilegt að kirkjuþing geti frekar breytt völdum sínum án þess að fá nýtt umboð frá umbjóðendum sínum. Ég held að hv. alþm. hljóti við nánari skoðun að geta fallist á að þetta sé óeðlilegt.

Ég veit ekki, hvort það er rétt athugað hjá mér, og bið hv. alþm. að skoða það, en mér er ekki grunlaust um að lög um kirkjuþing og kirkjuráð íslensku þjóðkirkjunnar, nr. 43 frá 1957 kynnu einnig að þarfnast breytingar, einkum 14. gr., sem ég las rétt í þessu, um hlutverk kirkjuþings. Þó kann að vera að ný lög um biskupskosningu geti aukið eða bætt við hlutverk kirkjuþings. Ég hef ekki haft tíma til að athuga það, en a. m. k. sýnist mér að það sé með öllu óeðlilegt að kirkjuþing næstum skammti sér sjálft aðild að biskupskjöri, sem ljóst er að verður á árinu 1981, án þess að fulltrúar á kirkjuþingi fái til þess nýtt umboð.

Ég held að brtt. mínar geti ekki verið til neins skaða fyrir það annars ágæta frv. sem hér liggur fyrir. Ég vil biðja hv. þm. deildarinnar að íhuga hvort ekki sé eðlilegt að samþykkja það ákvæði til bráðabirgða sem hér er stungið upp á.

Frsm. (Ingólfur Guðnason): Herra forseti. Hér liggja fyrir deildinni brtt. við frv. til laga um biskupskosningu. Ég vil leggja nokkur orð í belg um þessar brtt. þar sem þær fresta, ef samþykktar yrðu, áhrifum leikmanna á væntanlegar biskupskosningar og yrði þá, við skulum segja: vonandi frestað í næstu 10—20 ár og þar með kæmi ákvæðið kannske aldrei til framkvæmda. Við vitum ekki hver áhugi manna verður á því þá.

Mér sýnist liggja ljóst fyrir að kjörnir leikmenn á héraðsfundum prófastsdæmanna og kjörnir fulltrúar til kirkjuþings og kirkjuráðs séu kjörnir til að annast hver þau mál sem fyrir koma hverju sinni, svo sem þau mál sem Alþingi felur þessum fundum. Ef þyrfti að ákveða hverju sinni að kjósa þá er eitthvert nýtt mál kæmi til umræðu á kirkjuþingi og þyrfti að hafa nýja fulltrúa þar vegna þess að fulltrúar hefðu ekki verið kosnir með tilliti til að þetta ákveðna mál kæmi til úrskurðar þingsins, þá væru ansi tíðar kosningar til kirkjuþings.

Mér sýnist því að með tilliti til þessa alls og eðlis málsins liggi ljóst fyrir að Alþingi geti falið kirkjuþingsfulltrúum það verkefni að taka þátt í biskupskjöri og eins geti Alþingi falið fulltrúum á héraðsfundum að taka þátt í atkvæðagreiðslu. Ég veit ekki hvort það hefði verið betur ráðið ef hefði verið vitað, þegar þeir voru kjörnir, að það væru biskupskosningar fram undan. Ég veit ekki hvort það hefði verið nokkuð heppilegri leið að það væri vitað þá þegar. En með tilliti til þess sem ég hef sagt, mun ég greiða atkvæði gegn þessari brtt.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Með tilliti til þess knappa tíma, sem þingið hefur til að afgreiða mál fyrir jól liggur að sjálfsögðu ljóst fyrir að út í hött væri að vera með þetta mál á dagskrá ef gildistaka aðalatriða þess ætti ekki að koma til framkvæmda á næsta ári. Það hefði þá engan tilgang að vera að fjalla um málið sérstaklega í kvöld. Í reynd er með þeirri tillögugerð, sem kemur frá hv. 8. landsk. þm., verið að leggja til að þetta frv. verði fellt. Að sjálfsögðu geta næstu þing gert allt sem þeim dettur í hug til að breyta lögum, semja ný eða annað, fyrir þarnæstu biskupskosningar. Ég veit ekki hvort okkur ber nauðsyn til þess nú einmitt á þessari stundu, nú í kvöld, að standa í að afgreiða lög sem koma e. t. v. ekki til framkvæmda fyrr en eftir mörg ár.

Það var tvennt sem mér virtist að flm. brtt. vildi leggja þunga áherslu á í málflutningi sínum. Annað var það, að frumkvæðið hefði átt að koma frá Alþingi, en ekki frá kirkjuþingi. Ég legg til að við skoðum þetta dálítið betur. Er það óeðlilegt að kirkjuþing, sem ætlað er að fjalla um málefni kirkjunnar, taki einmitt svona málefni til umfjöllunar? Hvaða málefni eru það sem kirkjuþing á að taka til umfjöllunar ef það eru ekki einmitt svona málefni? Það hefur löngum verið talað um að deilur á milli kirkjunnar annars vegar og hinna ýmsu þjóðþinga hafi verið til lítillar farsældar hafi þær upp risið. Ég fæ ekki séð hví Alþingi Íslendinga vill nú upphefja harðar deilur við kirkjuþing út af eins sjálfsögðu máli og hér er verið að leggja til af þeirra hálfu. Getum við farið að snúast gegn því, að lýðræði innan kirkjunnar sé aukið? Eru einhver rök fyrir því, að við snúumst gegn slíku? Ég segi nei.

Þá kemur hitt atriðið, að þegar fulltrúarnir voru kosnir hafi ekki verið vitað til þess, að þeir hefðu vald til að kjósa biskup. Nú vill svo til, að s. l. vetur, og þó réttara sagt í vor, vorum við að afhenda Alþýðusambandi Íslands mikið vald. Við vorum að afhenda því það vald að það ætti að kjósa fulltrúa í húsnæðismálastjórn ríkisins. Þá reis enginn upp í sölum þingsins og sagði að þegar menn voru á sínum tíma kosnir þar til valda hefði ekki verið vitað að þeir fengju þetta vald. Hvers vegna? Af því að hv. flm. þessarar brtt. er ljóst að þau rök, sem hún lagði aðaláherslu á, eru haldlaus og voru yfirborðið eitt í þessum málflutningi.

Það, sem fyrst og fremst virtist vera tilgangur málflutnings þm., var að færa umræður um biskupskosningarnar inn á Alþingi. Það tel ég fráleitt að við tökum upp. Ég tel sanngjarnt að við afgreiðum frv. þetta sem lög eins og kirkjuþing lagði til, en hefjum ekki deilur um hugsanleg áhrif þess gagnvart hugsanlegum prestum sem áhuga hafa á að verða kosnir í næstu biskupskosningu.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Ég á sæti í menntmn. og hef tjáð mig þar um þetta mál, en þar sem hér eru komnar fram brtt. og vegna almenns fyrirvara nm. um að þeir áskilji sér rétt til að flytja brtt. eða fylgja þeim verð ég að segja örfá orð.

Ég lýsi andstöðu minni við fram komnar brtt. hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur. Ég get ekki fallist á rök flm. og mér finnst þau ekki sannfærandi, þ. e. að þeir leikmenn, sem nú eiga að fá þetta vald til að kjósa biskup, hafi ekki verið til þess kjörnir á sínum tíma. Ég get ekki fallist á þessi rök. Mér sýnist þau bera keim af því, að leikmenn yrðu þá kjörnir eftir því hvern þeir hugsanlega mundu styðja af þeim sem gæfu kost á sér til biskups. Það geta menn, held ég, ómögulega vitað þegar þeir eru kjörnir, vegna þess að það er undir hælinn lagt hvort þeir vita hvort yfirleitt verður biskupskjör þegar þeir eru kosnir. Þótt biskupar hafi yfirleitt setið þar til þeir eru komnir á aldurstakmörk geta þeir fallið frá fyrr, eins og aðrir menn. Við getum því ekki séð fyrir hvort til biskupskjörs muni koma á kjörtímabili einhverra ákveðinna leikmanna. Ég hafna því þessari röksemd og tek undir það sem hv. þm. Ólafur Þórðarson sagði áðan.

Ég þarf ekki að hafa um þetta öllu fleiri orð. Ég legg áherslu á að þetta frv. er í samræmi við einróma samþykkt nýafstaðins kirkjuþings. Alþingi hefur satt að segja ekki séð sóma sinn í því yfirleitt að afgreiða mál frá kirkjuþingum með jákvæðum hætti. Mér sýnist vera kominn tími til þess, að svo sé gert. Ég mæli eindregið með því, að þetta frv. verði samþ. óbreytt.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Það er hægt að verða undrandi í sölum hins háa Alþingis ef það vekur undrun að biskupskjör skuli bera hér á góma þegar fyrir liggur frv. til l. um biskupskosningu. Ég held að það hljóti að vera með allra eðlilegustu málum að ræða hér einmitt á þessari stundu.

Ég ætla ekki að gera mikið mál úr þessu. Það er alveg greinilegt, að þeir hv. þm., sem hér hafa talað, skilja annaðhvort ekki röksemdir mínar eða vilja ekki skilja þær. Vitaskuld fer Alþingi í engu öðruvísi með frv., sem varða kristni og kirkju í landinu, en önnur frv. Það hlýtur að sjálfsögðu að vera hér til umr. Það frv., sem hér liggur fyrir, er að mínu viti prýðilegt frv. og ekkert á móti því að samþ. það. En að bera það á borð, að hér sé verið að búa

til frv. fyrir einar biskupskosningar, er auðvitað fjarstæða. Ég óska vissulega bæði núverandi biskupi og þeim næsta langra lífdaga. En ég er hrædd um að ég geti ekki á nokkurn hátt tryggt það, þannig að ég held að við verðum algerlega að gleyma því, hver ævitími biskupa getur orðið í landinu. Frv. hlýtur að þurfa að skoða hér með tilliti til þess, að það eigi lengi að duga, eins og væntanlega öll lagasetning á hinu háa Alþingi.

Hins vegar ofbýður mér þegar boðið er upp á samlíkingu af því tagi, að fulltrúar ASÍ fá setu í einhverju ráði eða nefnd eða að menn eru að hafa á það úrslitaáhrif, hvernig kristni og kirkju er stjórnað í landinu. Þá verð ég að segja að ég tel ekki að þarna sé um sambærileg mál að ræða.

Ég geri ráð fyrir, því miður, að hv. þm. hafi ekki gefist mikill tími til að kynna sér þetta frv. Við því er auðvitað ekkert að segja þó að þeir kjósi að verða við þeirri beiðni að afgreiða þetta hér. Ég tel að frv. sé þannig úr garði gert að það megi vel duga. En ég endurtek að mér finnst ekki sæmandi að stofnun eins og kirkjuþing, sem er kjörið til að vera ráðgefandi um öll þau málefni sem varða kristni og kirkju, taki skyndilega þá ákvörðun að láta gera frv. sem eykur vald þess til þess að það geti einnig tekið þátt í biskupskjöri. Mér finnst það ekki eðlilegur gangur mála þegar um lagasetningu er að ræða og mér finnst það, eins og ég sagði áðan, ekki í anda sjálfrar stjórnarskrárinnar.

Ég veit ekki hvort mönnum er kunnugt um að þau lög, sem nú gilda um biskupskjör, eru í þá veru að þar hafa einungis kosningarrétt þjónandi prestar, biskupsritari, kennarar við guðfræðideild og ég man ekki hvort það voru einhverjir örfáir aðrir. Leikmenn hafa ekki haft þar neinn rétt. Ég er síður en svo á móti því, að þeir kjörnir leikmenn til kirkjuþings, sem kosnir eru til þess sex ár í senn, fái þennan rétt. En ég held að flestum lögspekingum mundi koma saman um að það væri eðlilegt að þá leituðu þeir að nýju umboðs sinna umbjóðenda.

Ég skal ekki hafa um þetta fleiri orð. Þessi brtt. liggur hér frammi til atkvgr. Auðvitað er ekkert við því að segja hvernig hún fer. En ég held að það þurfi mikinn viðvaning á hinu háa Alþingi til að finnast ekkert undarlegt að lagagrein geti hljóðað á þann veg að lög þessi skuli taka gildi 1. jan. 1981 og síðan sé sérstaklega tekið fram að að þeim skuli fara við næstu biskupskosningar á því ári. Ég tel að það hljóti að leiða af sjálfu sér og hér sé einungis um leiðréttingu að ræða, en vel má vera að ég misskilji það ákvæði af einhverjum annarlegum sökum.

Við skulum gera okkur grein fyrir að við berum ábyrgð á réttlæti og lýðræði í landinu. Það er enginn vandi að hugsa sér, ég er ekki að segja að það hafi gerst, en það er enginn vandi að hugsa sér að slíkt frv. sé samið í ákveðnum tilgangi. Það er vitað um þessar fyrirhuguðu biskupskosningar. Á þennan hátt geta ákveðnir aðilar hugsanlega haft bein áhrif á hver verður biskup Íslands. Nú er ég langt frá því að segja að svo hafi verið. En möguleikinn er fyrir hendi og það er Alþingis að gæta þess, að slíkt gerist ekki. Þess vegna er þessi brtt. lögð fram.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Ég legg til að frv. það til 1. um biskupskosningu, sem hér er til umr. og flutt er af menntmn. þessarar hv. deildar, verði samþykkt óbreytt.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég vil strax segja mína afstöðu varðandi brtt. þá sem hér liggur fyrir, að ég er henni andvígur og mun greiða atkv. gegn henni.

Í mínum huga er það sjálfsagt mál að auka lýðræði innan kirkjunnar. Ég er þó ekki með því að segja að það eigi að taka allt saman gott og gilt sem frá kirkjuþingi kemur. Hv. þm. muna líklega allar þær umræður sem átt hafa sér stað út af þeirri skoðun og þeirri beiðni kirkjuþings að breyta lögum um prestskosningar. Ég tel að eftir þeirri beiðni kirkjuþings eigi alls ekki að fara. Þá væri verið að draga úr lýðræði frá því sem nú er. En hér er spurningin um hvort það á ekki að auka lýðræðið.

Hv. flm. brtt. sagði áðan að frv. væri prýðilegt eins og það lægi fyrir. Mér sýnist að hún segi með þessu að frv. sé prýðilegt að öðru leyti en því að leikmenn megi ekki kjósa núna, þeir verði að bíða. Þetta get ég ekki fallist á. Með þessu er verið, að mínu viti, að lýsa algjöru vantrausti á þá leikmenn sem samkv. frv. ættu að fá að taka þátt í biskupskjöri núna, en hv. flm. brtt. vill ekki að fái þann rétt. Það er algjört vantraust á þessa aðila og það kom raunar berlega í ljós í ræðu hv. flm. brtt. núna síðast, þegar kom að því að hún taldi að með frv. eins og það væri núna gætu þessir einstaklingar raunverulega ráðið því hver yrði fyrir valinu sem biskup næst.

Þarna er um fullkomið vantraust hv. þm. að ræða á þeim sem eiga nú samkv. frv. að fá að taka þátt í biskupskjöri, en ekki hafa fengið það til þessa. (**GHelg:** Er það vantraust á Alþ. að það geti ekki breytt kjördæmaskipaninni?) Ég er að tala um vantraust á þá sem hér er verið um að ræða.

Ég er sammála hv. flm. um að hér eigi að ræða málin. Okkur greinir ekki á í því. En ég er ósammála þessu atriði. Ég vænti þess að í þessu máli sem og sumum öðrum fari Alþ. að beiðni kirkjuþings og þeirri beiðni hæstv. kirkjumrh. að samþykkja frv. eins og það var lagt fram. Ég ítreka andstöðu mína við þá brtt. sem hér hefur verið lögð fram.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 233,1 felld með 21:3 atkv.
8. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 233,2 felld með 20:3 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Tímabundið vörugjald, frv. (þskj. 194). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til 1. um breyt. á lögum nr. 107 30. des. 1978, um sérstakt tímabundið vörugjald, sbr. lög nr. 33 29. maí 1980, um breyt. á þeim lögum. Frv. þetta hefur þegar verið samþ. af hv. Ed. og kemur nú til Nd.

Það gildir sama um þetta mál og frv. um ferðagjaldeyri

sem var hér áðan á ferðinni. Hér er um að ræða mál sem nokkrum sinnum áður hefur verið til meðferðar í þinginu, enda framlengt frá ári til árs. Það má þó segja að þetta mál sé öllu meiri kunningi alþm. en það fyrra því að það á rætur sínar að rekja allt til ársins 1975 þegar gjaldið var fyrst lagt á. Gjald þetta hefur farið hækkandi á síðari árum og hefur þó verið framlengt óbreytt seinustu tvö árin.

Herra forseti. Þar sem mál þetta er öllum hv. alþm. gjörkunnugt sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um það frekar, en legg til að því verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Þegar ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar tók við síðari hluta ársins 1978 reis mikil skattabylgja. Nýir skattar voru teknir upp og eldri skattar hækkaðir. Sú skattabylgja hefur ekki enn hnigið. Eitt af því, sem þá var gert, var að hækka vörugjaldið svokallaða, sem reyndar er stöðugt kallað „sérstakt tímabundið vörugjald", en hefur þó verið í gildi æði lengi. Eitt af því, sem þá gerðist, var að hækka verulega þetta vörugjald. Gjaldið var hækkað í 18% og síðar í 24%, en þar að auki voru allmargar vörur teknar sérstaklega út úr og vörugjald á þeim hækkað í 30%.

Þetta er, eins og ég segi, liður í þeirri miklu skattaöldu sem yfir okkur reið, og þessi hækkun, sem nú er lagt til að verði framlengd, felur í sér 10—11 milljarða kr. skattaálögur á almenning á næsta ári. Það er hluti af um 60 millj. kr. aukaskatti til ríkisins á þjóðina á næsta ári, miðað við verðlag fjárlagafrv. eins og það er nú og miðað við þá hækkun sem sú ríkisstj., sem ég gat um áðan, gerði á hinum ýmsu sköttum.

Ég tek það fram, að ég er andvígur þessu lagafrv. og mun greiða atkv. gegn því þegar það kemur til endanlegrar afgreiðslu hér í hv. deild. En þar sem það virðist vera einlægur ásetningur hæstv. ríkisstj. og stuðningsmanna hennar að samþykkja þetta frv., sbr. afstöðu stuðningsmanna hæstv. ríkisstj. í Ed., vil ég þó freista þess að fá fram litla breytingu á frv., litla breytingu á þessu gjaldi, sem er samhljóða brtt. sem ég flutti þegar þetta mál var hér til meðferðar á s. l. vori.

Ég flyt á þskj. 256 brtt. sem felur í sér að einn vöruflokkur falli úr, en það er vöruflokkur sem nú hefur 30% vörugjald, hljómplötur almennt. Þegar ég bar fram þessa brtt. hér í hv. deild í vor var það m. a. fundið að henni, að hún væri mjög seint fram komin og ekki hefði gefist færi á því að skoða hana í nefnd. Því flyt ég hana strax við 1. umr. um þetta mál hér í deildinni í von um að sú n., sem þetta frv. fær til athugunar, kanni þessa brtt. með góðum huga.

Ég vil rifja upp með nokkrum orðum helstu rök sem í mínum huga eru fyrir því að fella þennan vöruflokk brott.

Hljómplötur eru nú einhver mikilvægasti menningarmiðill sem við eigum yfir að ráða. Hin frábæra tækni til upptöku og afspilunar hefur gert að verkum að tónlist í þessu formi er nú almenningseign og fólk getur hlýtt á allar tegundir tónlistar á heimilum sínum, auk þess sem hljómplötur eru nú einhver fyrirferðarmesta tómstundaánægja ungs fólks.

Það er staðreynd, að þegar 30% vörugjald var lagt á hljómplötur í sept. 1978 dró verulega úr sölu á hljómplötum. Ég hef aflað mér upplýsinga um innflutning á hljómplötum s. l. þrjú ár. Árið 1977, síðasta heila árið sem plötur voru seldar án þessa vörugjalds, voru flutt inn — þetta er mælt í tonnum í innflutningsskýrslum — 76.6 tonn, 1978 minnkaði innflutningurinn niður í 71.5 tonn og 1979, fyrsta heila árið eftir að vörugjaldið var lagt á, minnkaði innflutningurinn niður í 58.6 tonn. Sala dróst saman um 25% milli áranna 1977 og 1979.

Þessar tölur sýna að almenningur hefur ekki í eins ríkum mæli og áður var og æskilegt hlýtur að teljast ráð á að njóta þessa einfalda og tiltölulega ódýra menningartækis. Meðalverð á innfluttri hljómplötu er nú u. þ. b. 15 þús. kr. Ef vörugjaldið félli niður mundi verð á hverri hljómplötu lækka um nokkurn veginn 23—25%. Ég held að ríkissjóður mundi ekki tapa miklu á þessari ákvörðun vegna þess að það má búast við að salan mundi aukast að nýju, væntanlega a. m. k. upp í það sem hún var 1977, áður en þetta háa vörugjald komst á, en aðrar tekjur, sem ríkið hefur af innflutningi hljómplatna, þ. e. söluskattur og tollar, mundu vega á móti því sem tekjur af vörugjaldi gefa af hljómplötum.

Þeir, sem eiga tök á því að ferðast erlendis og kynna sér verð á þessari vöru erlendis, sjá að verðmunur á hljómplötum hér á Íslandi og í öðrum löndum er óeðlilega mikill. Sjálfur er ég t. d. nýkominn frá Bandaríkjunum. Þar er hægt að fá þrjár til fjórar hljómplötur fyrir eina í búðum hér. Svipað verð er í Bretlandi. Það er nokkuð hærra í Skandinavíu, t. d. í Danmörku, en þó munar miklu á því sem hér er og þar. Þetta er ekki mikið mál fyrir ríkissjóð, en hins vegar mikið mál fyrir ótrúlegan fjölda fólks sem vill geta notið tónlistar á heimilum sínum, en hefur dregið það verulega við sig.

Með þetta í huga vonast ég til að þessi litla till. verði tekin til jákvæðrar athugunar hjá þeirri n. sem þetta mál fær til umfjöllunar og að þm. láti sannfæringuna ráða í þessum efnum, en ekki flokksböndin, eins og því miður gerðist þegar þetta mál var hér til meðferðar í fyrravor, en þá féll samhljóða brtt. með 17:19.

Ég vonast til þess, að fjh.- og viðskn., sem væntanlega fær þetta mál til meðhöndlunar, líti á þessa brtt. með velvilja.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég leyfi mér að taka undir þá brtt. sem hv. 6. þm. Reykv. hefur borið hér fram. Nú kann að vera sá galli á málflutningi hans, að hér virðist ekki vera reiknað út hvað þessi niðurfelling kynni að kosta, en ég vil beina þeim tilmælum til hæstv. fjmrh. að það verði athugað gaumgæfilega. Ég er sammála því og ég er næstum viss um að salan mundi aukast að sama skapi. Ég efast því um að tjónið yrði mjög tilfinnanlegt fyrir ríkissjóð. Hins vegar viðurkenni ég, að fram er komið frv. til fjárlaga, og beygi mig fyrir því, að sé þetta slík upphæð að skekki hún verulega frv. til fjárlaga kunni að vera erfitt að gera við því að þessu sinni.

En ég ítreka það, að ég er sammála hv. 6. þm. Reykv. Hér er um menningarmál að ræða og það er verulega til vansa hversu verð er hátt á hljómplötum, enda er það alkunna að fátt kaupa Íslendingar meira erlendis en einmitt hljómplötur vegna þess að verðmunur er verulegur.

Ég tel að hér sé hreyft mjög góðu máli sem beri að kanna vandlega í nefnd áður en því er hafnað.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, frv. (þskj. 225). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breyt. á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Frv. þetta hefur hlotið afgreiðslu í hv. Ed.

Frv. þetta er til komið í beinu framhaldi af kjarasamningum á s. l. hausti. Eins og kunnugt er var þá gerður aðalkjarasamningur milli ríkisins og BSRB og í tengslum við hann var fallist á að ríkisstj. beitti sér fyrir nokkrum breytingum er vörðuðu félagsleg réttindi launafólks í samtökum BSRB. Þar á meðal voru nokkur mikilvæg atriði sem snertu Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Í beinu framhaldi af þessum kjarasamningi voru gefin út brbl. 9. sept. s. l. þar sem samningsatriði þau, sem vörðuðu lífeyrissjóðsmál BSRB-manna, voru gerð að lögum. Brbl. eru með þessu frv. lögð fyrir Alþingi til staðfestingar.

Ég held að þessu máli hafi verið gerð svo ítarleg skil í umræðum um kjarasamninga opinberra starfsmanna að ekki sé þörf á því að fara mörgum orðum um þetta frv. En mikilvægustu greinum þess er þó rétt að vekja athygli á hér.

Það er í fyrsta lagi það ákvæði að fulltrúi frá Bandalagi háskólamanna eigi aðild að sjóðsstjórninni.

Í öðru lagi er skipan sjóðsstjórnarinnar breytt, þannig að sex menn skipa nú sjóðsstjórn. Þar af skipar fjmrn. þrjá stjórnarmenn, en starfsmenn ríkisins þrjá.

Í 3. greininni er gert ráð fyrir að sjóðfélagi greiði 4% af launum sínum í iðgjald til sjóðsins, en eins og kunnugt er voru greiðslur til sjóðsins heldur hærri en almennt gerist á vinnumarkaði og er þetta ákvæði til samræmis.

Í 4. gr. er svo eitt mikilvægasta ákvæði frv., að greiðslutími sjóðsins lengist úr 30 árum í 32 ár og lágmarksaldur sjóðfélaga er færður úr 20 árum í 16 ára aldur.

Í 6. gr. er mjög mikilvægt ákvæði þar sem endurvakin er sú regla, sem gilt hafði í þessum sjóði um margra áratuga skeið og raunar lengst af öldinni, að þeir, sem náð hafa samanlögðum 95 ára aldri og starfsaldri geta öðlast lífeyrisrétt, jafnvel þó þeir hafi ekki náð hinu almenna aldursmarki, 65 ára aldri. Þó er þessi réttur nú allmiklu þrengri en hann var fyrr á öldinni, því að sjóðfélagar verða að hafa náð 60 ára aldri að lágmarki til að öðlast þessi réttindi.

Í sambandi við útgjöld ríkissjóðs vegna þessa ákvæðis er rétt að hafa í huga að lítil útgjöld verða af þessum ástæðum fyrst um sinn. Kemur þar tvennt til, að mjög margir sjóðfélagar njóta 95 ára reglunnar nú þegar vegna fyrri ákvæða um þetta efni, og eins hitt, að reynslan hefur sýnt að það er aðeins lítill hluti sjóðfélaga sem notar sér þessa reglu, yfirleitt ekki nema 10—20% sjóðfélaga, og stafar það einfaldlega af því, að þeir, sem eru lengur í störfum hjá ríkinu, fá hærri lífeyrisprósentu en þeir sem hætta eftir 95 ára reglunni og þeir, sem hafa heilsu og kraft í sér til að starfa áfram, kjósa það langsamlega flestir.

Í 14. gr. frv. er ákaflega mikilvægt ákvæði, sem ekki horfir beinlínis lífeyrisþegum til hagsbóta, heldur telur ríkissjóður þvert á móti sér til hagsbóta að því ákvæði er náð fram. Þar segir:

„Lífeyrissjóðurinn skal ávaxta a. m. k. 30% af heildarútlánum sínum í verðtryggðum skuldabréfum ríkissjóðs, enda ábyrgist ríkissjóður og greiði einungis þann hluta hækkunar lífeyrisins sem lífeyrissjóðurinn getur ekki risið undir með tekjum sínum af vöxtum og verðbótum af þessum 30% af heildarútlánum.“

Staðreyndin er sú, að fram að þessu hefur lífeyrir opinberra starfsmanna verið verðtryggður af ríkissjóði að fullu þannig að lífeyrissjóðurinn hefur greitt lífeyrinn eins og hann er þegar starfsmaðurinn kemst á eftirlaunaaldur, en ríkissjóður hefur hins vegar greitt sérstaklega verðtrygginguna sem bætist ofan á. Í þessu ákvæði er gert ráð fyrir að a. m. k. 30% af útlánum sjóðsins séu í verðtryggðum skuldabréfum og þá er hægt að láta sjóðinn standa undir 30% af verðtryggingunni. Þetta er sjálfsagt sanngirnismál sem félagar í BSRB hafa fallist á, en ástæða er til að vekja á því athygli, að þetta ákvæði er líka afar hagstætt fyrir ríkissjóð.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta frv., en legg til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Mér þykir ástæða til að segja hér örfá orð í sambandi við þetta mál og annað því tengt.

Eins og hæstv. ráðh. gat um voru verulega aukin lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna með þeim samningum sem hæstv. ráðh. og ríkisstj. gerðu við BSRB á þessu ári. Í ljósi þeirra auknu réttinda hlýtur að vakna sú spurning, hvers vegna hæstv. fjmrh. og hæstv. ríkisstj. sáu sér ekki fært að koma til móts við aðildarfélög Alþýðusambands Íslands á sambærilegan hátt að því er varðar lífeyrisréttindi þessara félaga. Hvernig má það vera í ljósi fullyrðinga undanfarandi margra ára, t. d. fulltrúa Alþb., að það geti gerst annars vegar að hæstv. fjmrh. — hátt settur innan Alþb. — skuli veita BSRB-félögum lífeyrisréttindi eins og raun ber vitni og harðneita á sama tíma að veita félögum innan ASÍ sambærileg lífeyrisréttindi?

Hér eru hæstv. fjmrh. og ríkisstj. að skipa launþegum í tvo mjög ólíka lífeyrisréttindaflokka og verður það í ljósi fyrri yfirlýsinga og krafna af hálfu þeirra Alþb.-manna að teljast furðulegt. Líklega hefðu fáir trúað því, að slíkt gæti gerst þegar forustulið úr Alþb. væri sá sterki aðili að ríkisstj. sem sumir vilja vera láta, að Alþb. mundi með þessum hætti beita þjóðfélagsþegna slíku misrétti sem hér um ræðir. Það er ástæða til að vekja athygli á þessu, þegar hæstv. fjmrh. mælir fyrir þessu frv., og ástæða til að spyrja hann hvers vegna hann harðneitaði ASÍ og félögum innan þess um sambærileg lífeyrisréttindi við þau sem hann sjálfur skrifaði undir og beitti sér fyrir að BSRB fengi. Það vantar ekki að um það var krafa uppi af hálfu ASÍ. En henni var harðneitað. Má vænta að sams konar neitun haldi áfram að hljóma í munni hæstv. ráðh., eða má vænta þess, að betur verði tekið á móti félögum innan ASÍ hér eftir en hingað til í þessu máli? Það væri fróðlegt að fá vitneskju um vegna þess geysilega mikla misréttis sem hér er verið að beita launþega í þessu landi þegar annars vegar er miðað við BSRB-félaga og hins vegar félaga innan ASÍ.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ekki fannst mér seinasta ræða, sem hér var flutt, innihaldsrík í réttu hlutfalli við hávaðann.

Hv. þm. spyr, hvers vegna núv. ríkisstj. hafi ekki séð sér fært að koma til móts við launamenn á hinum almenna vinnumarkaði í lífeyrismálum. Á ég að trúa því, að einn af forustumönnum Alþfl. í verkalýðshreyfingunni hafi alls ekki tekið eftir því sem gerðist í lífeyrismálum almennu verkalýðsfélaganna í haust í tengslum við þá kjarasamninga sem þar voru gerðir? Á ég að trúa því að hv. þm. Karvel Pálmason sé svo niðursokkinn í atkvæðaveiðar á Vestfjörðum að hann viti ekkert hvað gerist í kjarasamningamálum á hinum almenna vinnumarkaði, að hann taki ekkert eftir því þegar t. d. er ákveðið að hækka tekjutryggingu um 5% í sumar og svo aftur um 5% á næsta ári, sem auðvitað kemur fyrst og fremst öllum þeim til góða sem ekki eru í opinberum lífeyrissjóðum? Tekjutryggingin er auðvitað þáttur í lífeyriskjörum allra þeirra sem ekki eru í verðtryggðum opinberum sjóðum og hækkun tekjutryggingar um 10% á einu ári kemur alveg sérstaklega til góða þeim félögum í lífeyrissjóðum Alþýðusambandsins sem hafa ekki aðrar tekjur.

Í öðru lagi er reynt að vekja á því athygli, að í þessum samningum var ákveðið að félagar í hinum almennu lífeyrissjóðum, sem njóta réttar samkvæmt lögunum um eftirlaun aldraðra, skyldu fá aukinn stigafjölda samkvæmt því kerfi sem gildir í þeim lögum. Með þessu ákvæði styttist þó bilið milli lífeyrisþega í hinum almennu lífeyrissjóðum annars vegar og hins vegar þeirra sem njóta greiðslna úr lífeyrissjóðakerfi opinberra starfsmanna.

Mér þykir það sem sagt harla merkilegt, að hv. þm. hafi verið svo upptekinn við að undirbúa Alþýðusambandsþing og þau stórmerkilegu tíðindi sem þar áttu að gerast að hann tæki ekki eftir stórmikilvægum ákvæðum og réttarbótum sem náð er fram í þágu skjólstæðinga hans og félaga í verkalýðshreyfingunni. Það er að vísu alveg rétt, að ef það er það sem hv. þm. á við, að ríkisstj. hefur ekki séð sér fært að samþykkja að ríkissjóður borgi verðtryggingu allra lífeyrissjóða í landinu, en það hefur heldur engin ríkisstjórn treyst sér til að gera. Ég veit ekki betur en flokksmenn — bæði fyrrverandi og núverandi flokksmenn — hv. þm. hafi verið í ríkisstjórn fyrr og síðar. Alþýðuflokksmenn áttu nú félags-, heilbr.- og trmrh. um langt skeið í mörgum ríkisstjórnum. Ég man ekki til þess að neinn af þeim mönnum, sem gegndu því starfi, hafi nokkurn tíma komið með þá tillögu að ríkissjóður greiddi verðtryggingu fyrir alla lífeyrisþega í landinu. Ég held að það sama gildi um ráðh. Samtaka frjálslyndra og vinstri manna, sem m. a. höfðu heilbrigðis- og tryggingamál og félagsmál. Ég minnist þess ekki að þeir hafi nokkru sinni gert tillögur um þetta efni.

Auðvitað er það ósköp einfalt að við verðum að gera ráð fyrir því, þegar lífeyrissjóðirnir í landinu verða allir orðnir verðtryggðir og bjóða verðtryggðan lífeyri, að atvinnurekendur standi undir þeim kostnaði ásamt launafólki eftir þeim reglum sem þá verða ákveðnar og að sjóðirnir, ef um sjóði verður að ræða, verði verðtryggðir þannig að fé þessara sjóða rýrni ekki í verðbólgunni. En að reikna með því, að ríkissjóður geti tekið upp á sína arma að borga allt það sem á vantar í þessum sjóðum, það er fjarstæða sem ég hef ekki heyrt nokkurn þm. eða ráðh. úr flokki hv. þm. halda fyrr fram. Auðvitað verður ríkið að láta sér nægja að greiða verðtryggingu fyrir sína starfsmenn og það á ekki að álasa ríkinu fyrir að gera það.

Ég verð að segja að leiðarahöfundur Alþýðublaðsins hefur komið mér býsna mikið á óvart á undanförnum mánuðum. (Gripið fram í.) Ja, ég þekkti þann mann að ýmsu góðu áður fyrr. Hann var m. a. í mínum flokki og hélt þá ekki uppi jafneinkennilegum málflutningi og hann hefur gert eftir að hann lenti í flokki með hv. þm. Karvel Pálmasyni. Ég veit ekki hvort það eru vond áhrif að vestan sem því valda. (Gripið fram í.) Já. Jæja, þeir lentu nú þarna saman félagarnir, í sama flokknum, hvor sem hafði áhrif á hinn. — En nú í seinni tíð heldur hann uppi þeim áróðri í blaði sínu dag eftir dag og viku eftir viku að kjarasamningar opinberra starfsmanna hafi verið hreint hneyksli. Ég er hræddur um að þetta þyki nokkur tíðindi meðal Alþýðuflokksmanna í hópi opinberra starfsmanna.

Ég fæ ekki betur heyrt en hv. þm. Karvel Pálmason sé að flytja hér inn í þingið þann róg og það níð um samtök opinberra starfsmanna sem ritstjóri Alþýðublaðsins hefur haft forustu um á undanförnum vikum. Ég tel það ekki hv. þm. Karvel Pálmasyni til hróss að ganga í þau fótspor og mundi vilja vara hann alvarlega við að halda áfram á þeirri braut.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Mér virðist á seinni ræðu hæstv. ráðh. að hann hafi verið utan við sig út af því sem ég var að tala um eða þá að hann hefur vísvitandi, sem ég vil nú síður trúa þó að ég neyðist kannske til þess, viljað snúa út úr og rangfæra það sem ég sagði.

Ég var ekki að spyrja um hvað hefði verið gert. Mér var kunnugt um hvað var gert í samningunum við ASÍ. Það, sem ég var að spyrja um, var einfaldlega hvernig það mætti vera að núv. hæstv. fjmrh. neitaði alfarið félögum innan ASÍ um sambærileg lífeyrisréttindi og hann samdi um við BSRB. Það var spurningin. Það var við þeirri spurningu sem ég bjóst við að fá svar. **(Fjmrh.:** Þú fékkst það.) Ekki er það svo í mínum huga.

Mér er fullkomlega kunnugt um það sem ríkissjóður lét af hendi rakna við þá samningsgerð sem fram fór í lok október s. l. og varðaði lífeyrismál. En ég vil benda hæstv. ráðh. á það líka, sem hann annað hvort veit ekki um eða hefur ekki viljað tala um, að sjóðfélagarnir sjálfir í lífeyrissjóðum innan aðildarfélaga ASÍ tóku á sig kvaðir vegna þessa. Hæstv. ráðh. veittu þessum sjóðfélögum innan Alþýðusambandsins góðfúslegt leyfi til að láta meira fé af hendi rakna úr sjóðum sínum til að bæta upp lífeyrinn. Þetta var einn þátturinn í samkomulaginu: Blessun hæstv. fjmrh. og félmrh., að sjóðirnir mættu sjálfir greiða meira. Þetta var allt örlætið.

Mér var fullkunnugt um hvað gerðist að því er varðaði tekjutryggingu og eftirlaun til aldraðra. Það var ekki mín spurning. Spurningin var einfaldlega sú, hvernig það gæti gerst, að Alþýðubandalagsráðherra mismunaði svo lífeyrisþegum hér á landi sem raun ber vitni þegar bornir eru saman þessir tveir hópar. Það var spurningin.

Mörgum mun hafa þótt nóg um það misrétti, sem var ríkjandi annars vegar innan lífeyrissjóðs BSRB og hins vegar innan hinna almennu lífeyrissjóða hjá ASÍ, þó að ekki bættist við. En það hefur gerst. Útreikningar, sem voru lagðir á borð í þessum samningum, sýna að verulega hefur verið aukið á misréttið og var það nóg fyrir. Það

ætti hæstv. ráðh. að vera kunnugt um. Hann ætti því ekki að tala eins og hann talaði áðan, nema hann sé vísvitandi að reyna að blekkja vegna þess að hann telur stöðu sína hæpna miðað við fyrri yfirlýsingar úr herbúðum eigin flokks.

Það mun vera rétt að Alþfl. hefur lengi átt heilbr.- og trmrh. og félmrh. Það er ekki ágreiningsefni í þessu máli. Ég er á engan hátt að hlífa þeim fyrir að hafa ekki gert meira þó að hæstv. núv. fjmrh. vilji skjóta sér á bak við það vegna þeirrar sjálfheldu sem hann sjálfur er kominn í og hans flokkur vegna fyrri afstöðu og þeirrar sem nú liggur fyrir.

Ég vísa því alfarið á bug sem rógi og níði, að ég hafi verið að innleiða í umr. á Alþ. róg og níð í garð opinberra starfsmanna. En það er engu líkara en hæstv. ráðh. hafi ákveðið staðfastlega að í hverju máli, sem hann talar um í þinginu hina síðustu og verstu daga, beri hann annað hvort ljúgvitni eða brigsli mönnum um allt annað en þeir hafa sagt í ræðustól.

Ég spyr enn: Hver var ástæðan fyrir því, að hæstv. fjmrh. misbauð mönnum svo herfilega sem raun ber vitni, játaði annars vegar lífeyrisréttindum í sambandi við BSRB-samningana neitaði þeim hins vegar í sambandi við þá samninga sem gerðir voru hjá ASÍ? Má búast við að þessu verði haldið áfram eða ætlar hæstv. ráðh. að taka breytingu í afstöðu til þessa máls og láta *lífeyrissjóðsþega innan Alþýðusambandsins hafa meiri* réttindi en nú er, — réttindi sem eru nær því að vera í samræmi við það sem hann samdi um við BSRB? Þetta er spurningin og það þýðir ekkert fyrir hæstv. fjmrh. að víkja sér undan að svara. Það verður eftir því tekið, hvort og þá hvernig hann svarar. Það er spurningin í dag.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að munnhöggvast frekar við hv. þm. Karvel Pálmason. Ef hann fullyrðir hér að hann þekki til þeirra samninga, sem gerðir voru í tengslum við almennu kjarasamningana í haust, á hann að vita að einn liðurinn í þeirri samningagerð var að stefnt skyldi að því að koma á samræmdu lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn á næstu tveimur árum. **(Gripið fram í:** Veit hæstv. ráðh. hver munurinn er núna?)

Ég verð að segja það, að *úr því að hv. þm. endurtekur* þessa spurningu sína sannar hann það fyrir öllum viðstöddum, að hann veit ekki, hvað fólst í þessum samningum, og hefur ekki fylgst með því.

Í þessum samningum var það einmitt eitt atriðið að ríkisstj. féllst á að beita sér fyrir því, að komið yrði á almennu samræmdu lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn og reyna að jafna kjör lífeyrisþega á þessu tímabili. En menn vita, að til þess að svo megi verða þarf að gera býsna róttækan uppskurð á lífeyrissjóðakerfinu. Það vita líka allir, að slíkur uppskurður verður ekki gerður á skömmum tíma, heldur þarf talsverðan undirbúning til. Sá undirbúningur er í fullum gangi. M. a. er sá undirbúningur fólginn í samþykkt þess frv. sem er til umr. nú í kvöld hér í Nd. Alþingis.

Ég held að það liggi nokkuð ljóst fyrir að hv. þm. hefur fylgst *illa með. Í fyrsta lagi veit hann ekki að bilið milli* almennu lífeyrissjóðanna og hinna opinberu sjóða stytt*ist verulega í þessum samningum, en það gerðist ein*faldlega með því að tekjutryggingin er annars vegar hækkuð og hins vegar verður stigafjöldi félaga, sem fá greiðslur samkvæmt lögum um eftirlaun aldraðra, aukinn. **(Gripið fram í:** Hver er munurinn núna, hæstv. ráðh.?) En þó er verulegur munur þar á. Það þekkjum við öll. Þennan mun verðum við að vinna upp. Það höfum við einsett okkur að reyna að gera. En það verður ekki gert með því að ríkissjóður borgi allan mismuninn. *Það virðist mega ráða af orðum hv. þm. að ríkisstj. hefði* átt að kippa þessu í lag með fáeinum pennastrikum í haust, öðruvísi hefði það ekki verið hægt, nema þá sú ósk hv. þm. hefði náð fram að ganga að réttur opinberu starfsmannanna hefði verið minnkaður þannig að hann yrði hliðstæður því sem almennu verkalýðsfélögin njóta nú. Öðruvísi var ekki hægt með einföldum ráðstöfunum á einni eða tveimur vikum að stytta þetta bil. Það var hægt að gera það á þann máta sem gert var, að hækka tekjutrygginguna og auka stigafjöldann, en til að jafna þennan mun algjörlega hefði orðið að svipta opinbera starfsmenn þeim rétti sem þeir hafa nú. Ég verð að segja að áróður Alþfl. og Alþýðublaðsins virðist beinast mjög í þá áttina, vegna þess að í hverjum leiðaranum á eftir öðrum býsnast leiðarahöfundur Alþýðublaðsins yfir þeim stórkostlegu réttindum sem opinberir starfsmenn njóta og er greinilega að reyna að vekja *misklíð milli* almennu lífeyrissjóðsfélaganna og opinberra starfsmanna.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta. En vegna þessarar spurningar, sem hv. þm. varpaði áðan fram er eðlilegast að hann kynni sér hvaða samningar voru gerðir í haust milli Alþýðusambandsins annars vegar og ríkisvaldsins hins vegar. Það er bersýnilegt af tveimur ræðum hv. þm., að hann hefur ekki hugmynd um hvað stendur í þessum samningum.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að eyða miklum tíma í þessar deilur, þegar við erum að reyna að ljúka hér þinghaldi, en vil koma hv. þm. Karvel Pálmasyni til aðstoðar í þessu máli.

Það vill þannig til, að mér var kunnugt um þá kröfugerð sem var uppi frá ASÍ í sambandi við lífeyrissjóðsmál. Það vantaði upp á eina 6 milljarða um það bil — ég man það ekki nákvæmlega — svo að hægt yrði að ganga að þeim kröfum. Ef hv. þm. vill styðja þær í einu og öllu getur hann flutt brtt. við fjárlögin. Ég sé að hann hefur *flutt hér fjöldann allan af brtt., en hann hefur ekki gert* tillögu um þetta. Það er ekkert annað að gera fyrir hann en að bæta henni þá við.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 21 shlj. atkv.

Verðgildi íslensks gjaldmiðils, frv. (þskj. 156). — Frh. 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 31 shlj. atkv.

Sameinað þing, 35. fundur.

Þriðjudaginn 16. des., kl. 2 miðdegis.

Landmanna-, Gnúpverja- og Holtamannaafréttir, fsp. (þskj. 152). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Árni Gunnarsson): Herra forseti. Í síðasta Heklugosi varð mikið tjón á gróðri á afréttum Flóa- og Skeiðamanna, Gnúpverja, Holtamanna og Landmanna. Mælingar sýndu að 210 km² gróðurlendis höfðu farið undir ösku. Ingvi Þorsteinsson magister telur að þetta jafngildi 170 km² algróins lands. Verst er ástandið á Gnúpverjaafrétti, þar sem aska eða gjóska þekur um 40% af heildargróðurlendi afréttarins. Á Landmannaafrétti þekur askan tæplega 40% af gróðurlendinu. Á hinum afréttunum urðu skemmdir minni, en þó umtalsverðar. Ingvi Þorsteinsson segir að hluti þess gróðurlendis, sem fór undir gjóskulag, sé ónýtur til frambúðar. Á þetta einkum við um Sölvahraun og Valafell á Landmannaafrétti. Á þessum afréttum skemmdist bæði hinn náttúrlegi gróður og svo nýgróður sem hefur orðið til við sáningu Landgræðslu ríkisins. Rýrnun á beitarþoli fyrrnefndra afrétta er frá 15—61%. Hlutfallslega er rýrnunin mest á Gnúpverjaafrétti. Gróðurlendi, sem þar eyðilagðist, hafði beitarþol fyrir um 8400 kindur, þ. e. fullorðið fé og lömb, í tvo og hálfan mánuð. Gróðurlendið á Landmannaafrétti hafði beitarþol fyrir um 3600 fjár, Flóa- og Skeiðamanna um 1900 fjár og Holtamanna um 1200 fjár. Þetta jafngildir því, að aska hefur fallið á gróðurlendi sem hafði beitarþol fyrir um 15 þús. kindur, ær og lömb.

Ekki þarf að fara um það neinum orðum hvert áfall þetta er fyrir bændur og fyrir þá viðleitni manna að græða upp örfoka land. Þar eð engar spurnir hafa borist af fyrirhuguðum aðgerðum vegna þessa tjóns höfum við hv. þm. Magnús H. Magnússon leyft okkur að bera fram fsp. sem hljóðar svo:

„Hefur landbrn., eða forustumenn landbúnaðarmála, gert einhverjar ráðstafanir til að kanna eða bæta úr því alvarlega tjóni sem varð á Landmanna-, Gnúpverja- og Holtamannaafréttum í síðasta Heklugosi og mun hafa umtalsverð áhrif á beitarþol beitilanda þeirra bænda sem reka fé á þessa afrétti?“

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Landgræðsla ríkisins hafa unnið að athugunum á afleiðingum Heklugossins 17. ágúst s. l. Þessar athuganir hafa verið gerðar fyrir hönd landbrn. Landbrn. hefur leitað til þessara stofnana um svar við þeirri fsp. sem hér er á dagskrá. Forstöðumenn beggja stofnana taka fram, að um bráðabirgðaniðurstöður sé að ræða og þurfi þess vegna að fylgjast með hvernig þessi mál þróast á næsta sumri.

Í svari frá Rannsóknastofnun landbúnaðarins segir svo:

„Nokkrum dögum eftir að Heklugosinu s. l. sumar lauk lét Rannsóknastofnun landbúnaðarins gera könnun á því, hve mikið gróðulendi hefði skemmst eða eyðilagst með öllu af völdum gossins. Tjón á gróðri af völdum hraungoss var lítið og nær eingöngu á mosa og eldri hraunum. Hins vegar olli öskufall miklu tjóni á gróðri. Um 210 km² lands með gróðri fóru undir ösku eða sem svarar til um 170 km² eða 17 000 hektarar algróins lands. Af því fóru um 47 km² nær alveg í kaf undir misjafnlega þykkt öskulag, en um 127 km² að auki huldust að verulegu eða miklu leyti.

Gróðurskemmdir urðu á fjórum afréttum, Landmannaafrétti, Gnúpverjaafrétti, Flóa- og Skeiðamannaafrétti og Holtamannaafrétti. Í töflu hér fyrir neðan er sýnt, hve mikið gróðurlendi var þakið ösku að öllu eða miklu leyti á hverjum afrétti, hve mikill hluti það var af heildargróðurlendi afréttanna og hverja rýrnun á beitarþoli öskufallið hafði í för með sér. En auk þessa náttúrlega gróðurlendis huldi askan víðáttumikil svæði sem Landgræðsla ríkisins hafði grætt upp á Landmanna- og Gnúpverjaafréttum.“

Í töflu kemur fram, að á Flóa- og Skeiðamannaafrétti er hálfþakið ösku 17.5 km², á Gnúpverjaafrétti alþakið ösku 9.3 km² og hálfþakið ösku 81.6 km², á Holtamannaafrétti hálfþakið ösku 13.6 km² og á Landmannaafrétti alþakið ösku 37.6 km² og hálfþakið ösku 10.4 km². Alls eru þetta 170 km² sem eru ýmist alþaktir ösku eða hálfþaktir ösku og ekki nákvæmlega eins og fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda, þar sem hann gerði því skóna að þetta landssvæði allt væri alþakið ösku. Síðan segir:

„Óhætt er að fullyrða, að mikill hluti þess gróðurlendis sem huldist algerlega ösku, er ónýtt til frambúðar þótt askan eigi eftir að fjúka af hæstu hnúkum og eitthvað skolist burt með vatni. Hér er fyrst og fremst um að ræða gróðurlendi á Sölvahrauni og Valafelli á Landmannaafrétti og í hluta Sandafells á Gnúpverjaafrétti. Erfiðara er að segja til um örlög þess gróðurs sem huldist ösku að miklu, en ekki öllu leyti. Á því svæði er víða margra cm þykk aska í rót og gróður orðinn mjög gisinn. Væntanlega og vonandi nær þetta land sér að miklu leyti að nýju. Það getur tekið mörg ár og er háð árferði og meðferð á landinu. Þetta land er nú afar viðkvæmt og gróður þess þarf að fá tækifæri til endurnýjunar án beitar eins lengi og þörf krefur. Það þarf því að friða landið um skeið.

Það gróðurlendi, sem huldist ösku að öllu eða miklu leyti á afréttunum, nægði sem beitiland fyrir 5370 ærgildi (en ærgildi er sama sem ein ær með 1.4 lömbum að meðaltali). Einn hektari af ábornum úthaga nægir að jafnaði fyrir tveimur ærgildum.“

Þessi umsögn Rannsóknastofnunar landbúnaðarins er undirskrifuð 28. nóv. s. l. af Ingva Þorsteinssyni magister.

Í umsögn frá Landgræðslu ríkisins segir svo:

„Starfsmenn Landgræðslu ríkisins fylgdust með síðasta Heklugosi alveg frá byrjun. Flogið var yfir öskufallssvæðin og myndir teknar af gróðurskemmdum. Undirritaðir eru í megin atriðum sammála niðurstöðum Rannsóknastofnunar landbúnaðarins um útbreiðslu vikur og öskufalls sem birtust í fjölmiðlum eftir gosið. Fjárlagafrv. fyrir árið 1981 gerir ekki ráð fyrir neinu fjármagni til þess að bæta þær miklu gróðurskemmdir sem urðu á s. l. hausti. Landgræðslan hefur ekki eins og er fjármagn til þess að kosta gróðurlendaaðgerðir. Haft hefur verið samband við sveitarstjórnir viðkomandi hreppa og ljóst er að draga þarf verulega úr upprekstri á þá afrétti sem harðast urðu úti, sér í lagi Landmannaafrétti. Auk þess er mikillar áburðardreifingar þörf, bæði á landgræðslusvæði sem fóru undir vikur og ösku og svo á

heimalönd í viðkomandi hreppum, til þess að taka við auknu beitarálagi vegna fækkunar á afréttum."

Undir þetta skrifar Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri.

Við þetta má svo bæta því, að við afgreiðslu fjárlaga við 3. umr. þarf að taka tillit til þessa máls og annarra í sambandi við afgreiðslu á fjárlagalið til landverndar- og gróðurverndaráætlunar. Er ekki um það neitt að segja á þessu stigi annað en þar er þörf að bæta úr þeim fjárlagatölum sem liggja fyrir í fjárlagafrv.

Fyrirspyrjandi (Árni Gunnarsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. hans ágætu svör og vil vekja á því athygli, sem hér hefur komið fram í ummælum hans, að það land, sem þarna varð fyrir skemmdum, verður að friða. Það jafngildir því að það verður að auka beitarþol heimahaga á þessum svæðum. Það liggur ekkert fjármagn fyrir eins og sakir standa til að dreifa áburði á þessa haga, sem eitt út af fyrir sig er nauðsynlegt að gera. Ég vænti þess þá, að við endanlega afgreiðslu fjárlaga við 3. umr. verði unnt að taka afstöðu til þessa svo mjög brýna verkefnis sem varðar hagi hundraða ef ekki þúsunda manna.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Ég þakka fyrirspyrjendum fyrir að hafa komið þessu máli á dagskrá á hv. Alþingi, þó að ég sé í nokkrum vafa um hvort enn sé komið í ljós hvernig á að bregðast við þeim vanda sem þarna hefur komið upp.

Það er að sjálfsögðu áríðandi að fylgjast með því, hvernig gróðri reiðir af með vorinu. Ég var þarna á ferð daginn eftir að gosið byrjaði og sá þær skemmdir sem eru að mínum dómi á mjög takmörkuðu svæði á mínum heimaafrétti, Gnúpverjaafrétti. En af þeirri reynslu, sem við höfum haft áður af vikurfalli í næsta nágrenni Heklu, þá hefur það reynst svo, að það verður varla séð hvernig þessar skemmdir muni verða fyrr en að vetri liðnum, þegar sést hvað verður um fok af þessum svæðum.

Ég vænti þess, að það verði minna tjón af völdum gossins en menn hafa áætlað við fyrstu athuganir, en eigi að síður er ljóst að það verður að sjálfsögðu að kosta einhverju til ef á að halda jafngóðum gróðri og halda uppi því beitarþoli sem á þessu landi var. En eins og ég sagði áðan er það, eftir því sem ég veit best, sem betur fer mjög takmarkað svæði sem er illa farið af þessum sökum. Á mjög stóru svæði er aftur á móti nokkurt öskufall, sem þó hylur ekki nema hluta af gróðurlendinu, og það ætla ég að gæti orðið algerlega jafngott ef það fengi áburðarskammt þar sem gróður er fyrir hendi. Á þessu svæði er náttúrlega mjög mikið um hrein öræfi og örfoka land, sem ég geri ekki ráð fyrir að verði kostað til að fara að bera á að svo komnu máli. En ég tel að það sé mjög veigamikið að fylgjast með þessu frá upphafi og í raun og veru naumast hægt að ákveða fyrr en með vorinu hversu miklar þær aðgerðir þurfa að vera.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Ég tek í raun og veru undir það sem hv. þm. Steinþór Gestsson sagði áðan og kemur nákvæmlega heim og saman við þann fyrirvara sem ég lét fylgja umsögnum þeirra stofnana sem hér eiga hlut að máli. En ég tel ástæðu til að það komi skýrar fram, að forstöðumenn beggja þessara stofnana lögðu á það áherslu, að hér væri um frumathuganir að ræða og þyrfti að fylgjast náið með framvindu þessara mála. Þetta tel ég nauðsynlegt að menn hafi í huga, og vonandi verður það tjón, sem hér hefur verið rakið, eigi jafnmikið og við horfir í fyrstu lotu.

Það er kannske fulldjúpt í ár tekið hjá hv. þm. Árna Gunnarssyni að segja að ekkert fjármagn sé til að bregðast við þessum vanda. Hið rétta er, að ekkert nýtt fjármagn er í fjárlagafrv. til þess að bregðast við vanda af þessu tagi, en fjárlagafrv. felur þó í sér talsverðar fjárhæðir til Landgræðslu ríkisins til að vinna að gróðurbótum og landgræðslu, enda þótt ég telji, eins og ég sagði í fyrri svarræðu minni, að það þyrfti að bæta um við endanlega afgreiðslu fjárlaga nú.

Fyrirspyrjandi (Árni Gunnarsson): Herra forseti. Í tengslum við þetta mál væri það hugleiðingarefni, hvort þarna væri ekki á ferðinni hlutverk Viðlagasjóðs, þ. e. hvort þetta gæti ekki heyrt beint undir þann verkefnalista sem Viðlagasjóður hefur, því að hann skal bæta tjón af völdum eldgosa m. a. — Ég vildi bara skjóta því inn í þessa umr.

Áfengisauglýsingar, fsp. (þskj. 159). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan): Herra forseti. Ég hef ásamt hv. 3. þm. Suðurl. leyft mér að flytja fsp. til hæstv. dómsmrh. um áfengisauglýsingar, á þskj. 159. Fsp. er stutt:

„Hvernig er framfylgt því ákvæði áfengislaga, sem leggur bann við hvers konar auglýsingum um áfengi?

Hvert er álit rn. á óbeinum auglýsingum, svo sem áfengiskynningum svokölluðum, sem bæði dagblöð og tímarit hafa gengist fyrir?"

Ég held að það fari ekki á milli mála að óbeinar auglýsingar eru orðnar býsna áberandi í blöðum sem tímaritum undir yfirskini alls konar kynninga. Það er óþarft að nefna dæmi um þetta, þau eiga að vera þekkt. Ég held að það þurfi að vera hér vel á verði, og ég treysti rn. til að gæta þess vel, að hér verði ekki misbrestur á.

Ég ætla að minna á það, að þó menn telji það e. t. v. ekki hafa mikla þýðingu, hvort um áfengisauglýsingar er að ræða eða ekki, tók ég sérstaklega eftir því í viðtali sjónvarpsins fyrir skömmu við frægan knattspyrnumann erlendan, sem hafði sigrast á sinni áfengissýki sem var orðin mjög alvarleg, að hann lagði alveg sérstaka áherslu á hver áhrifamáttur áfengisauglýsinga væri. Hann sagði að það væri ein mesta váin gagnvart t. d. unga fólkinu þar í landi hvernig áfengið væri stöðugt auglýst. Við höfum sem betur fer tekið upp þá stefnu að banna slíkar auglýsingar, en þá þarf einnig að gæta þess, að ekki sé laumast inn bakdyramegin og einhverjir smakkarar og aðrir slíkir komi á vettvang í blöðum og tímaritum og kynni þetta með óbeinum hætti á þann hátt að í raun og veru er ekki hægt að segja um þessa smakkara annað en að þeir séu með beinar áfengisauglýsingar. Ég vil gjarnan vita hvert álit rn. væri á þessu, því að þetta verður nú uppi í æ ríkara mæli og full ástæða til að gæta þess, að menn komist ekki þannig inn bakdyramegin. Eflaust getur verið eitthvað óhreint í pokahorninu hjá þeim sömu aðilum, þó ég vilji ekki fullyrða um það hér.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Í 16. gr. áfengislaga, nr. 82 frá 1969, segir um áfengisauglýsingar: „Áfengisauglýsingar eru bannaðar. Nánari

ákvæði skal setja í reglugerð." — Í 15. gr. reglugerðar um sölu og veitingar áfengis, nr. 118 frá 1954, segir: „Engum er heimilt að auglýsa áfengi eða einstakar áfengistegundir."

Ákvæði áfengislaga um bann við áfengisauglýsingum er að rekja a. m. k. til áfengislaga frá árinu 1928. Ákvæði hefur fyrst og fremst verið skilið sem bann við hefðbundnum áfengisauglýsingum, þar sem auglýstar eru áfengistegundir eða hvatning er til neyslu áfengis. Lögreglustjórum og handhöfum ákæruvaldsins ber að fylgjast með því, að áfengislög og þar á meðal ákvæði laga um bann við áfengisauglýsingum séu ekki brotin, eins og þeim ber að fylgjast með framkvæmd annarra laga. Eigi eru fyrir hendi sérstök fyrirmæli um hvernig slíku eftirliti skuli haldið uppi að því er áfengisauglýsingar varðar. Þessum aðilum ber að hafa frumkvæði á þessu sviði, ef þeir verða varir við slík brot, auk þess sem þeim ber að taka við ábendingum sem fram koma.

Telja verður að bannið við áfengisauglýsingum, eins og það hefur verið skilið, hafi verið virt í aðalatriðum og þar með komið í veg fyrir slíkar beinar auglýsingar. Einstök tilvik hafa þó komið upp og hafa leitt til ákæru og refsingar. Í sumum tilvikum hafa ábendingar eða athugasemdir lögregluyfirvalda verið teknar til greina. Önnur tilvik hafa leitt til ákæru eða refsingar.

Hins vegar eru tilvik, sem vikið er að í síðari lið fsp., óbeinar auglýsingar eða áfengiskynningar, oft erfiðari viðfangs. Augljóst er að allt tal um áfengi eða áfengistegundir fellur ekki undir auglýsingu. Slík tilvik eru þannig augljóslega takmarkatilvik og er þá oft erfitt að festa hendur á því, að um sé að ræða auglýsingu. Mat á því, hvort um auglýsingu er að ræða, getur lent hjá ríkissaksóknara sem þá kveður á um málsmeðferð. Tilvik þau, sem að er vikið og birst hafa í blöðum og tímaritum, eru sum hver þannig að eigi hefur þótt af hálfu lögregluyfirvalda eða ákæruvalds unnt að festa þannig hendur á efni að talið hafi verið rétt að hefjast handa um aðgerðir. Nokkur slík mál eru þó nú til meðferðar við embætti lögreglustjórans í Reykjavík.

Að því er varðar síðari spurninguna er það álit rn., að nauðsynlegt sé að fylgja eftir því meginatriði að áfengisauglýsingar séu óheimilar. Er nauðsynlegt að fá úr því skorið, hvort sú kynningarstarfsemi, sem um er að ræða, samrýmist gildandi ákvæðum. Ef svo er, kemur m. a. til álita hvort setja megi í reglugerð skýrari ákvæði, er taki af tvímæli, eða hvort rétt sé að kveða skýrar á um þetta efni í sjálfum áfengislögunum.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan): Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. svör hans. Ég fagna því sérstaklega, að það er til athugunar að taka þessar kynningar betur fyrir og kanna á hvern hátt megi stemma þar stigu við. Ég veit að áfengisvarnaráð, sem er ráðgefandi aðili fyrir ríkisvaldið í þessum efnum, hefur miklar áhyggjur af þróun þessara mála. Verður í sífellt ríkari mæli ástæða til að taka undir það með hæstv. dómsmrh. að þessi atriði verði skoðuð annaðhvort með harðari reglugerðarákvæðum eða þá beinum lagabreytingum, sem að þessu lytu, svo að við gætum sem best og sem fyrst losnað við þann ófögnuð sem nú ríður húsum í ýmsum blöðum og tímaritum.

Húsnæðismál póstþjónustunnar í Reykjavík, fsp. (þskj. 129). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 129 að leggja fram fsp. í fjórum liðum til hæstv. samgrh., yfirmanns póst- og símamála.

Svo sem kunnugt er hefur póstþjónustan í Reykjavík búið við erfið skilyrði í húsnæðismálum mörg undanfarin ár. Aðalpósthúsið í Reykjavík var byggt árið 1914 og var þá talin glæsileg bygging í höfuðstaðnum og er það reyndar enn. Þörfin fyrir umbætur á þessu sviði er brýn og fer ört vaxandi, svo sem skiljanlegt er. Segja má að það veki athygli á sinn hátt, hvernig búið er að póstþjónustunni á höfuðborgarsvæðinu í samanburði við símaþjónustuna, sem verið hefur samstarfsaðili póstþjónustunnar í tugi ára. Á hinn bóginn fer ekki milli mála að úti á landsbyggðinni hefur póstþjónustan notið góðs af miklum byggingarframkvæmdum er fylgt hafa hinni öru þróun í símamálum.

Hannibal Valdimarsson, sem var samgrh. 1973, virðist hafa talið úrbóta þörf í húsnæðismálum póstþjónustunnar og fylgdi því eftir með skipun sérstakrar nefndar er gera átti tillögur um skipan húsnæðismála póstþjónustunnar í Reykjavík „með tilliti til þess, að starfsemin svari kröfum tímans og verði framkvæmd á hagkvæman hátt fyrir landsmenn alla út frá þeirri miðstöð sem Reykjavík er í þessum málum fyrir landið í heild." Eftirtaldir menn voru skipaðir í nefndina á sínum tíma: Brynjólfur Ingólfsson ráðuneytisstjóri, sem var formaður hennar, Jón Skúlason póst- og símamálastjóri, Matthías Guðmundsson póstmeistari, Hörður Bjarnason húsameistari ríkisins og Tryggvi Haraldsson póstútibússtjóri, en hann var tilnefndur af Póstmannafélagi Íslands.

Árið 1976 kom loforð frá Reykjavíkurborg um lóð í nýja miðbænum í Kringlumýri, en 1977, ári seinna, virðist hafa orðið stefnubreyting í þessum málum. 1979 er grunnur tekinn og talað um bráðabirgðalausn á málefnum póstþjónustunnar í Reykjavík, en sú bráðabirgðalausn er ekki í meiri augsýn en það, að gert er ráð fyrir að byggingunni verði lokið 1983, en þetta er tveggja hæða bygging og 3600 m² hvor hæð.

Því er ekki að leyna að innan póstþjónustunnar finnst ýmsum að hægt hefði verið að grípa til annarra aðgerða, eins og t. d. að leigja bráðabirgðahúsnæði og reyna að komast að niðurstöðu sem gæti orðið varanlegri en sú bráðabirgðaniðurstaða sem menn virðast hafa komið sér saman um. Málið er auðvitað brýnt. Pósturinn hefur ekki yfir öflugum byggingarsjóði að ráða. Þótt sá sjóður sé reyndar til hefur hann orðið fyrir barðinu á verðbólgunni eins og margir aðrir slíkir sjóðir. Þess vegna, herra forseti, hef ég leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. samgrh.:

„1. Hvað líður störfum nefndar, sem skipuð var af samgrh. 1973 og falið var að gera tillögur um húsnæðismál póstþjónustunnar í Reykjavík?

2. Hvaða yfirvöld gáfu leyfi fyrir byggingu á vegum Póst- og símamálastofnunarinnar, sem verið er að hefja framkvæmdir við á lóð sem stofnunin hefur til afnota við Suðurlandsbraut?

3. Til hverra nota er þessi bygging ætluð í framtíðinni?

4. Hve mikið fjármagn hefur verið lagt fram til þessara tveggja framkvæmda, sem virðast vera af sama toga spunnar, þ. e. til afnota fyrir póstinn, og hverjar eru fjármála- og framkvæmdaáætlanir?"

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég skal svara eins og ég get og samkv. þeim upplýsingum, sem ég hef, þeim fjórum liðum sem fram koma í fsp. hv. þm.

1. liðurinn varðar nefnd þá sem skipuð var af samgrn. 1973, og mun hafa verið skipuð 16. júlí. Verkefni hennar var, eins og sagði í skipunarbréfi, að gera tillögu um skipan húsnæðismála póstþjónustunnar í Reykjavík „með tilliti til þess, að starfsemin svari kröfum tímans og verði framkvæmd á hagkvæman hátt fyrir landsmenn alla út frá þeirri miðstöð sem Reykjavík er í þessum málum fyrir landið í heild." Í nefndina voru skipaðir: Brynjólfur Ingólfsson ráðuneytisstjóri, formaður, Jón Skúlason póst- og símamálastjóri, Matthías Guðmundsson póstmeistari, Hörður Bjarnason húsameistari ríkisins og Tryggvi Haraldsson útibússtjóri. Jafnframt störfuðu með nefndinni Halldór S. Kristjánsson deildarstjóri sem ritari hennar, Birgir Breiðdal deildararkitekt hjá embætti húsameistari ríkisins og síðasta árið núverandi húsameistari ríkisins, Garðar Halldórsson.

Nefndin leit svo á hlutverk sitt, að henni bæri að ræða eða skoða frumhugmyndir í anda laganna um skipan opinberra framkvæmda, sbr. lög nr. 63/1970, þ. e. þessi framkvæmd yrði að falla innan ramma þeirra laga. Hún taldi að stefna bæri að því að starfsemi innan póstþjónustunnar, önnur en starfsemi hreinna útibúa, skyldi sameinuð í nýju húsnæði og húsrými miðast við áætlað umfang starfseminnar í lok þessarar aldar, en talið var að póstmagn mundi um það bil tvöfaldast til næstu aldamóta. Teikningar þær, sem nefndin stóð að og gerðar voru hjá embætti húsameistara ríkisins, voru byggðar á þessum forsendum.

Enda þótt ekki sé beinlínis tekið fram í skipunarbréfi nefndarinnar að hún skyldi gera tillögur um staðsetningu nýs pósthúss í Reykjavík taldi nefndin þó að ekki væri unnt að leysa verkefni þau, sem henni voru falin, á annan hátt en byggt væri á tiltekinum forsendum um staðarval. Urðu umræður um það atriði og bréfaskriftir og viðræður við hlutaðeigandi aðila hjá Reykjavíkurborg raktar í *fundargerðum nefndarinnar*. Þessi stefnumörkun nefndarinnar varð til þess, að hún leitaði strax á árinu 1973 eftir byggingarlóð fyrir fyrirhugað pósthús í Reykjavík. Var m. a. spurst fyrir um hvort lóð mundi fáanleg sunnan Miklubrautar í svonefndum Aldamótagörðum. Svar borgaryfirvalda var þannig, að gefinn var kostur á lóð fyrir aðalpósthús í svonefndum „miðbæjarkjarna," sem afmarkast af Miklubraut að norðan, framlengingu Bústaðavegar að sunnan, Kringlumýrarbraut að vestan og Háaleitisbraut að austan. Þetta svar var á því byggt, að því er síðar upplýstist, að engin lóð væri fáanleg á því svæði sem óskað var eftir, þ. e. í fyrrnefndum Aldamótagörðum, en staðsetningu á pósthúsinu þar taldi meiri hluti nefndarinnar sérlega heppilega vegna nálægðar við flutningamiðstöðvar póstsins, bæði með bifreiðum og flugleiðis. Síðan kom í ljós við endurskoðun á heildarskipulagi Reykjavíkurflugvallar í tengslum við athugun á byggingu innanlandsflugstöðva að möguleiki væri þar á heppilegri lóð fyrir pósthúsið.

Nefndin lagði málið fyrir þáv. samgrh. og ritaði hann borgarstjóranum í Reykjavík bréf, dags. 18. okt. 1979, þar sem sótt var um lóð á Reykjavíkursvæðinu samkv. afstöðumynd sem þá lá fyrir. Jafnframt tók rn. fram, að ef svar borgaryfirvalda yrði jákvætt mundi rn. afsala sér öllum rétti til lóðar þeirrar á miðbæjarsvæðinu sem gefið var fyrirheit um 23. sept. 1974. Nefndin varð sammála um að telja verki sínu formlega lokið þegar lóðarmálið væri endanlega útkljáð og mundi hún þá formlega skila af sér. Svar borgaryfirvalda hefur enn ekki borist þrátt fyrir skriflega ítrekun 29. apríl þessa árs og munnlegar ítrekanir bæði fyrr og síðar.

Þetta er, herra forseti, svar við 1. lið sp.

2., 3. og 4. lið fsp. svara ég með því að vísa til upplýsinga sem ég hef aflað mér frá Póst- og símamálastofnuninni og leyfi mér að lesa, með leyfi forseta.

Varðandi 2. tölulið fsp. segir svo:

„Á fundi póst- og símamálastjóra með þáv. samgrh., Ragnari Arnalds, þann 17. júlí 1979 ákvað ráðh. að framkvæmdir skyldu hefjast sem fyrst við fyrirhugaða póstbyggingu við Suðurlandsbraut samkv. fjárfestingaráætlun 1979, en á fjárlögum þess árs voru veittar 70 millj. kr. til byggingarinnar. Framangreind ákvörðun var staðfest af Magnúsi H. Magnússyni sem tók við starfi samgrh. í okt. sama ár. Byggingarleyfi var samþykkt á fundi byggingarnefndar 13. sept. 1979 og framkvæmdir við jarðvinnu hófust í okt. 1979 að undangengnu opinberu útboði."

Varðandi 3. tölulið fsp. segir svo, með leyfi forseta:

„Byggingu þessari, sem alls er um 3600 m^2, 18 þús. m^3, er ætlað að hýsa starfsemi póstrekstrardeildar póststofunnar í Reykjavík samkv. gildandi skipulagi, þ. e. bögglapóststofu, tollpóststofu og bréfa- og blaðadeild, auk þess hverfispósthús R-8. Er mikil þörf fyrir pósthús í þessu stóra verslunar- og iðnaðarhverfi. Starfsemi póstrekstrardeildar fer nú fram á mörgum stöðum í þröngu og óhentugu húsnæði og er mjög erfitt að koma við hagræðingu í rekstri. Auk þess eru nær engin bílastæði tiltæk fyrir viðskiptamenn. Hefði þurft að leggja í umtalsverðan kostnað vegna lagfæringar á núverandi húsnæði toll- og bögglapóststofunnar, sem hefði þó verið ófullnægjandi. Byggingunni er ætlað að leysa aðkallandi vanda í húsnæðismálum deildarinnar, skapa starfsmönnum betri starfsaðstöðu og veita viðskiptavinunum betri þjónustu. Er þess vænst, að með því að færa þessa starfsemi á einn og sama stað verði hægt að koma við hagræðingu og ná fram sparnaði í rekstri. Einnig er þess vænst, að með byggingu þessa húss og viðeigandi tækjabúnaði verði hægt að bæta póstþjónustuna og mæta þörfum hennar í næstu framtíð."

Varðandi 4. tölul. fsp. segir svo:

„Eins og greint var undir 2. tölulið voru á fjárlögum fyrir 1979 veittar 70 millj. til byggingarinnar. Á fjárlögum þessa árs eru 208 millj. kr. veittar til hennar. Í fjártillögum fyrir 1981 eru ætlaðar 600 millj. kr. Á árinu 1979 námu útgjöld til byggingarinnar 56.2 millj., en á yfirstandandi ári hafa þegar verið bókfærð útgjöld fyrir rúmlega 100 millj. kr. Miðað við 600 millj. kr. fjárveitingu á næsta ári er ætlað að hægt verði að gera byggingunna fokhelda fyrir árslok 1981 og ef nauðsynleg fjárveiting fæst á árinu 1982 er áætlað að hægt verði að taka bygginguna í notkun fyrir lok þess árs. Byggingarkostnaður er áætlaður 1560 millj. kr. miðað við núgildandi byggingarvísitölu að viðbættum kostnaði við frágang lóðar. Auk þess er áætlaður kostnaður vegna tækjabúnaðar 150—180 millj. kr. miðað við núverandi verðlag."

Ég vona þá að ég hafi svarað þeim liðum sem fram koma í fsp. hv. þm.

Ég vil segja það almennt um þetta mál, að ég tel mjög tímabært að þessu máli sé hreyft, og fagna því að athygli

er vakin á störfum þeirrar nefndar sem sett var á laggirnar 1973. Hún hefur starfað alllengi. Að vísu kemur fram að starf hennar hefur tafist þar sem ekki hefur fengist sú lóð sem nefndin telur viðunandi fyrir framtíðarstarfsemi póstþjónustunnar, en ég vona að úr því fáist leyst mjög fljótlega.

Ég tel jafnframt athyglisvert það sem fram kemur bæði í spurningum hv. þm. og því svari sem ég las frá Póst- og símamálastofnuninni um byggingu sem ráðist hefur verið í hér í Reykjavík. Þarna er augsýnilega um ákaflega mikla framkvæmd að ræða, sem ég verð að segja að mér sýnist ekki að hafi í undirbúningi verið áætluð eins og nauðsynlegt er að sjálfsögðu með allar slíkar framkvæmdir. Kostnaður þarna er ákaflega mikill og er eðlilegt að um það sé spurt, hvernig slík bygging, svo kostnaðarsöm sem hún er, falli inn í framtíðarhugmyndir um starfsemi Pósts og síma á höfuðborgarsvæðinu.

Fyrirspyrjandi (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir mjög góð og ítarleg svör við fsp. mínum.

Það er athyglisvert, sem kemur fram í svari hans, að engin lóð skuli hafa fengist frá Reykjavíkurborg undir miðstöð fyrir póstþjónustuna á höfuðborgarsvæðinu. Það eru reyndar aðrar upplýsingar en ég taldi mig hafa fengið annars staðar frá.

Ég á von á að það, sem kemur fram frá hæstv. ráðh., sé satt og rétt, en það þýðir að sú nefnd, sem skipuð var 1973, er enn að störfum.

Það kemur enn fremur fram í svari hæstv. ráðh., sem er athyglisvert, að í þessu svokallaða bráðabirgðahúsnæði, sem er á milli Suðurlandsbrautar og Ármúla, er ekki um að ræða framtíðarmiðstöð fyrir póstþjónustuna, heldur aðeins húsnæði fyrir einstakar póstrekstrardeildir, en það er tekið út úr heildaráætlun sem miðaði að því að leysa húsnæðismál póstþjónustunnar með einni varanlegri lausn.

Í þriðja lagi, og þar er ég alveg sammála því sem kom fram í svari hæstv. ráðh., virðist a. m. k. íhugunarefni hvernig staðið var að þessari byggingarframkvæmd í upphafi. Það er jafnframt athyglisvert hvernig fjármunum hefur verið varið miðað við áætlanir í fjárlögum. Því er ekki að leyna að ýmsir starfsmenn póstþjónustunnar eru uggandi um sinn hag þegar í ljós kemur að málið er leyst með bráðabirgðalausn, en á meðan því vindur fram er enn ekki séð fyrir þörfum póstmiðstöðvar í Reykjavík sem getur tekið við þeim miklu verkefnum sem pósturinn hlýtur að hafa með höndum í framtíðinni.

Ég vil að lokum aðeins ítreka þakkir mínar til hæstv. ráðh. og vona það og vænti þess að hann muni í starfi sínu vinna að því máli, að nefndin frá 1973 fái lausn frá störfum eftir að hún hefur lokið starfi sínu með þeim hætti sem hún telur vera vænlegastan til árangurs.

Smíði brúar á Ölfusá, fsp. (þskj. 169). — Ein umr.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Hv. þm. Ágúst Einarsson leyfði sér að bera fram á þskj. 169 fsp. til hæstv. samgrh. um smíði brúar á Ölfusá. Fsp. var borin fram í samráði við mig og fylgi ég henni því eftir. Fyrri hluti fsp. er svo hljóðandi:

„Hvernig miðar hönnun brúar á Ölfusá við Óseyrarnes, sem gert er ráð fyrir í núgildandi vegáætlun?"

Um þennan lið vil ég taka fram, að óskað er upplýsinga um þá undirbúningsvinnu sem hefur verið unnin. Reyndar er ekki gert ráð fyrir að hönnunin sjálf hefjist fyrr en á næsta ári samkv. vegáætlun, en fróðlegt væri að fá fregnir af því hjá hæstv. ráðh., hvernig þessu máli líður í áætlun, sérstaklega könnun á hinum mikilvæga félagslega þætti brúarsmíðarinnar.

Seinni liður fsp. er svo hljóðandi:

„Er ráðh. reiðubúinn að lýsa yfir vilja sínum, að hafist verði handa við smíði brúarinnar strax að lokinni hönnun?"

Um þennan mikilvæga lið fsp. óska ég að benda á eftirfarandi:

Í fyrsta lagi er alger einhugur allra Sunnlendinga um að brúin verði smíðuð. Á það jafnt við um þá hreppa og þá menn sem búa efst uppi í landinu, og þá sem búa niður við ströndina.

Í öðru lagi er það lífsspursmál fyrir Eyrarbakka og Stokkseyri, sjávarþorp sem hafa verið svipt höfnum sínum, að brúin rísi. Um mörg undanfarin ár hefur þessum plássum verið neitað um fé til endurbóta á höfnum sínum vegna þess að til standi að smíða umrædda brú, en ekkert hefur enn þá, því miður, bólað á þeirri smíði.

Í þriðja lagi er hætt á að gamla brúin við Selfoss laskist verulega í næstu meiri háttar jarðhræringum, en nýja brúarstæðið er utan jarðskjálftasvæða. Eins og allir vita er gert ráð fyrir Suðurlandsskjálftum, sem koma venjulega á einnar aldar millibili, hvenær sem er úr þessu. Brúin stendur á sjálfri sprungunni og gæti laskast alvarlega og farið af undirstöðum sínum að áliti sérfróðra manna.

Í fjórða lagi mun brúin gera svæðið frá Þorlákshöfn að Selfossi yfir Eyrarbakka og Stokkseyri að einni atvinnulegri og félagslegri heild með öruggum samgöngum.

Í fimmta lagi eru valkostirnir í reynd einungis tveir: Annaðhvort að byggja brúna eða leggja niður byggð í sjávarþorpunum, sem væri ólíkt dýrara fyrir þjóðarbúið.

Hér er um að ræða eitt mesta réttlætismál í framkvæmdum hérlendis og þess vegna er spurt um skoðun hæstv. ráðh.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég hef samkv. fsp. hv. þm. leitað mér upplýsinga um hvernig þessi mál standa svo að ég geti upplýst fyrst og fremst 1. lið fsp. Ég minni á að gert var ráð fyrir að þessi athugun yrði bæði kostnaðarathugun, þ. e. eins konar frumhönnun á brú, og einnig athugun á félagslegu mikilvægi slíkrar brúargerðar yfir Ölfusárósa. Um fyrra atriðið hefur Vegagerð ríkisins upplýst það sem hér segir, með leyfi forseta:

„Við gerð gildandi vegáætlunar var gert ráð fyrir að fé til hönnunar brúarinnar yrði veitt á árunum 1981 og 1982. Með hliðsjón af því hefur verið gert ráð fyrir, að hönnun hefjist eftir næstu áramót með gerð frumáætlunar, en verði að fullu lokið veturinn 1982 — 1983. Í samræmi við þetta hefur að undanförnu verið unnið að gagnasöfnun vegna hönnunarinnar. Aðaláhersla hefur verið lögð á vatnafræðilega könnun með tilliti til hugsanlegra breytinga á rennsli og mælingar vegna hennar. Einnig hefur verið gerð könnun á yfirborðshæð bergs við ósinn.

M. ö. o., eins og fram kemur í gögnum Vegagerðarinnar er verkið þegar hafið með þeim nauðsynlegu rannsóknum sem gera verður áður en unnt er að ráðast í

frumhönnun á svo miklu mannvirki sem hér er um að ræða. En Vegagerðin gerir ráð fyrir að hönnunarverkið geti hafist strax eftir áramótin ef á vegáætlun sem verður til endurskoðunar, er fé til hennar veitt, sem ég geri fastlega ráð fyrir.

Um athugun á hinum félagslega þætti vil ég upplýsa að Framkvæmdastofnun ríkisins var falin forsjá þess máls og í því skyni að vinna að því máli var skipuð samstarfsnefnd. Í þeirri samstarfsnefnd eiga sæti fyrir hönd samgrn. Ólafur S. Valdimarsson skrifstofustjóri, fyrir hönd Vegagerðar ríkisins Helgi Hallgrímsson forstjóri tæknideildar, fyrir hönd Samtaka sveitarfélaga í Suðurlandskjördæmi Hjörtur Þórarinsson framkvæmdastjóri, Þór Hagalín sveitarstjóri og Helgi Bjarnason verkfræðingur, fyrir hönd áætlanadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins Gunnar Haraldsson hagfræðingur og Tómas H. Sveinsson viðskiptafræðingur.

Á fundi sínum hinn 27. maí 1980 samþykkti stjórn Framkvæmdastofnunar að fela áætlanadeild að gera athugun á félagslegum áhrifum brúar yfir Ölfusá við Óseyrarnes. Skyldi höfð samvinna við samgrn., Vegagerð ríkisins og Samtök sveitarfélaga á Suðurlandi. Einnig er í samþykktinni gert ráð fyrir að haft sé samráð við Transportökonomisk institut í Noregi, en sú stofnun hefur einna mesta reynslu í slíkum athugunum á Norðurlöndum. Samstarfsnefndin, sem skipuð var eftir þessa samþykkt, hóf formlega störf sín 6. ágúst s. l. og hefur síðan komið saman reglulega. Áður höfðu verið haldnir nokkrir óformlegir fundir framangreindra aðila.

Athugunin mun skiptst í eftirfarandi þrjá höfuðþætti:

1. Almenna haglýsingu.
2. Vettvangskönnun og mat haglýsingar.
3. Niðurstöður og ályktanir.

Kaflinn um almenna haglýsingu er nú tilbúinn í handriti. Leitað hefur verið aðstoðar og upplýsinga, er fengist hafa, frá Transportökonomisk institut, sem fyrr var nefnd, varðandi fyrirhugaða vettvangskönnun. Gert er ráð fyrir að niðurstöður vettvangskönnunar liggi fyrir upp úr miðjum vetri og niðurstöður og ályktanir með vorinu. Haft verður náið samband um mál þetta allt við fyrrnefnda norska stofnun.

Rétt er að vekja athygli á því, að þetta er í fyrsta sinn sem hér á landi er gerð skipuleg athugun á félagslegum áhrifum samgöngumannvirkja. Í raun lýkur þeirri athugun ekki fyrr en nokkrum árum eftir að gerð brúarinnar lýkur. Hins vegar er nú að því stefnt að afla öruggra upplýsinga áður en hönnun getur hafist, en síðan verður fylgst með áhrifum brúarinnar og er það út af fyrir sig ákaflega lærdómsríkt fyrir framtíðarathuganir af þessu tagi.

Ég vona að 1. lið sé þannig svarað. Mér sýnist að undirbúningur undir hönnun að þessu mjög mikla verki sé í fullum gangi. Sumum kann að þykja það ganga nokkuð seint, en ég vil leggja áherslu á að til þess að slík hönnun megi fara vel úr hendi er mjög nauðsynlegt að allir þættir séu vel rannsakaðir. Til þess þarf að sjálfsögðu að hafa fjármagn. Vegagerðin hefur hafið undirbúning nú þegar þótt fjárveiting til hönnunarinnar sé ekki væntanleg fyrr en á árunum 1981 og 1982.

Ég á í meiri erfiðleikum með að svara 2. lið fsp. Ég er ófús til að gefa yfirlýsingu um vilja minn fyrr en ég sé a. m. k. niðurstöður af þeirri félagslegu athugun sem þarna fer fram. Ég teldi reyndar ekki sæmandi að gefa slíka yfirlýsingu áður en frumhugmyndir um kostnað við þessa brúarsmíði liggja fyrir. Ég vil hins vegar taka það skýrt fram, að ég tel að brúarsmíðin yfir Ölfusárósa sé ákaflega mikilvæg framkvæmd fyrir þetta svæði, tengi það að öllu leyti atvinnulega og félagslega miklu betur saman en nú er. Hún getur t. d. haft mjög mikil áhrif á útgerð a. m. k. stærri fiskiskipa á þessu svæði, sem er núna erfiðleikum bundin vegna þeirrar fjarlægðar sem er frá nánast eina löndunarstaðnum, í Þorlákshöfn, til svæða austan árinnar, eins og menn þekkja. Ég er af þessum ástæðum mjög hlynntur þessari framkvæmd. Ég ítreka vilja minn, ég er sannfærður um að brúin kemur einhvern tíma, en hvenær unnt verður að ráðast í þessa brú treysti ég mér ekki til að segja um fyrr en ég sé niðurstöður af þeim athugunum sem ég hef lýst.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir ágætt svar.

Fyrri liðnum var algerlega og mjög vel svarað. Ég tek mjög undir með honum þegar hann talar um mikilvægi félagslegrar könnunar, könnunar á félagslegum ávinningi, og eins það, hversu mikilvægt er að fá einmitt Transportökonomisk til að kanna þetta mál. Þeir hafa unnið fyrir norsk stjórnvöld einmitt að álíka mati um allan Norður-Noreg, meta hvort eigi að leggja vegi, byggja brýr eða nota ferjur í samgöngur og annað því um líkt út um eyjar og yfir firði. Ég vonast til þess, að sú rannsókn sýni að brúin verði hagkvæm þegar allt er tekið inn í dæmið.

Það er ekki hægt að ætlast til þess af hæstv. ráðh., að hann lýsi fortakslaust yfir því, að brúin verði smíðuð á ákveðnum tíma. Ég ætlast ekki til þess. En ég þóttist geta lesið úr svari hans að hann væri málinu mjög velviljaður og að svo fremi þessar niðurstöður verði hagrænt og félagslega jákvæðar ef þær, eins og ég er öruggur um, sýni góðan og jákvæðan árangur, þá muni ekki á honum standa að styðja þetta verk.

Ég þakka ráðh. fyrir góð svör.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Ég kem upp í ræðustólinn til að leggja á það áherslu og ítreka það, sem kom fram í máli hv. 5. þm. Suðurl., að almennur áhugi er á því að þessi brú verði reist yfir Ölfusá við Óseyrarnes. Hins vegar kemur mér nokkuð á óvart sú tregða sem er hjá hæstv. samgrh. að gefa yfirlýsingar um að hafist verði handa að lokinni hönnun þessarar brúar, sérstaklega vegna þess að ráðherrar í tveimur síðustu ríkisstjórnum hafa gefið yfirlýsingar um að það sé rétt komið að því að byggja þessa brú og í báðum þeim ríkisstjórnum hefur hæstv. samgrh. átt sæti.

Ég vil minna á að þegar hv. 5. þm. Suðurl. var samgrh. gat hann þess á „Beinni línu" í útvarpinu, að það hefði verið bundið í stjórnarsamning að þessi brú skyldi gerð, „eitt stykki brú," eins og hann orðaði það, og það væri alveg að því komið að hún yrði byggð. Ugglaust stendur málið þetta illa núna af því að hv. 5. þm. Suðurl. var ekki lengur samgrh. En í haust, 22. okt., var hæstv. forsrh. á „Beinni línu" í útvarpinu og þá var það einn af áhugamönnum um smíði brúarinnar sem hafði um það framtak að spyrja hann hvenær yrði hafist handa um Ölfusárbrú. Hann svaraði því til, að það væri snarplega að því unnið af ýmsum aðilum að hún kæmist á, og upplýsti að Ölfusárbrúin hjá Óseyrarnesi yrði til meðferðar í sambandi við meðferð fjárlaga og þó alveg sérstaklega í sambandi við lánsfjáráætlun. Ég held þá að ég verði að setja allt mitt

traust á lánsfjáráætlunina. Fjárlögin er ég búinn að sjá, en lánsfjáráætlunin er ekki komin fram nema í brotum. Ég vona að Ölfusárbrúin liggi í því brotinu sem ekki er komið upp á yfirborðið.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég verð að leiðrétta hv. 2. þm. Suðurl. Ég viðurkenni ekki að hafa átt sæti í tveimur ríkisstj. sem hafi gefið slíkar yfirlýsingar. Það getur ekki verið nema ein því að núv. ríkisstj. hefur ekki gert það. Ég kannast ekki við neina samþykkt frá núv. ríkisstj. varðandi Ölfusárbrú. (**SteinG:** Hvað segir forsrh. um það?) Ég verð að segja það. Ég kannast ekki við slíka samþykkt.

Hitt er svo annað mál, að ég vil endurtaka að ég er mjög velviljaður þessari framkvæmd, tel hana mikilvæga. En vita hv. þm. hvað hún kostar? Ég veit það ekki. Ég hef aldrei lagt í vana minn að gefa slík loforð áður en ég þekki staðreyndir málsins. Mér dettur það ekki í hug.

Ég endurtek það, að fyrst verður að ljúka þessari rannsókn. Ég tel hana vera á góðri leið. Það er unnið að henni eins og fjárveitingar leyfa. Ég vil jafnframt vekja athygli á því, að hv. þm. Suðurl. hafa það mjög á sínu valdi í sambandi við gerð vegáætlunar að ráðstafa fjármagni til slíkra rannsókna og auka það. Ég skal fyrir mitt leyti fyrst og fremst í höndum hv. þm.

Ég endurtek því að ég er velviljaður framkvæmdinni en áskil mér allan rétt til að skoða málið þegar niðurstöður af frumathugun liggja fyrir.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Það var ekki ætlun mín að taka þátt í þessum umr., en ég gat ekki á mér setið eftir að hafa hlýtt á hæstv. ráðh.

Ég vara eindregið við því, að þm. ákveðinna kjördæma sé gefið það vald að geta ýtt til fjármunum í kjördæmum sínum þannig að til framkvæmda sé stofnað áður en þær hafa verið rannsakaðar fullkomlega af þar til hæfum aðilum sem fara með þessi mál hér í landinu. Hitt er svo annað mál, að það er áreiðanlega alveg rétt, sem hefur komið fram í þessum umr., að þessi brú, sem mun sjálfsagt kosta 4 — 5 milljarða, er ekkert sérstaklega dýr í samanburði við einn togara. Af því að hæstv. samgrh. er einnig hæstv. sjútvrh. gat ég ekki á mér setið að koma í ræðustól og segja: Mikið skelfing hefði ég frekar viljað sjá togað úr einum togara þannig að hann næði yfir Ölfusá í stað þess að koma honum niður í Norðurlandskjördæmi eystra í Þórshöfn og Raufarhöfn og svæðinu þar í kring. Það kemur áreiðanlega til með að gera mjög mikinn skaða

Þetta vildi ég láta koma fram vegna þess að komið hefur í ljós að ríkisstj. hefur ráðstafað einum togara þarna fyrir norðan og það hefur þurft að toga þær upplýsingar út úr hæstv. ríkisstj., en á sama tíma er fyrirstaða við brúna yfir Ölfusá af skiljanlegum ástæðum. Ég bendi á þetta því að þessi brú kostar eitt togaraverð.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Aðeins örfá orð vegna þess að til tals kom samstarfsyfirlýsing stjórnar Ólafs Jóhannessonar, en það stendur, með leyfi forseta:

„Áhersla verður lögð á að leysa samgönguerfiðleika staða sem eiga af þeim sökum við vanda að glíma í framleiðslu svo og í félagslegum samskiptum."

Þetta fengum við Alþfl.-menn sett inn í þá samstarfsyfirlýsingu og það var Lúðvík Jósepsson, þáv. hv. þm., sem sagði: „Þetta þýðir víst eitt stykki brú."

En ég vil bæta því við, að Halldór E. Sigurðsson, fyrrv. samgrh., lýsti því yfir að þessi brú yrði byggð og hún yrði byggð í beinu framhaldi af Borgarfjarðarbrúnni

Það komu fram hugleiðingar um hve mikið brúin mundi kosta. Síðasta áætlun, að vísu lausleg, sem ég veit um, — hún er nú líklega orðin hálfs árs gömul eða þar um bil, — var 3000 millj. kr. og þá var meðtalinn upphleyptur og malbikaður vegur frá brúnni alveg að Eyrarbakka og að Þrengslavegi hinum megin.

Eggert Haukdal: Herra forseti. Því miður var ég fjarstaddur þegar þessr umr. hófust og tapaði af þeim, en ég fagna því, að minnst er á þetta mál, og þakka hv. þm. Magnúsi H. Magnússyni fyrir að vekja máls á því.

Því er ekki að leyna að þetta brúarmál er lengi búið að vera á döfinni, og um áhuga Sunnlendinga allra fyrir þessu máli þarf ekkert að efast. Hann er mikill og við hefðum sannarlega viljað að þessum málum hefði meira þokað, þar á meðal í ráðherratíð hv. fyrirspyrjanda, sem gaf stórar yfirlýsingar um brúarmálið, en því miður varð minna úr framkvæmdum á þeim tíma sem og síðan.

Það hefur verið vakin hér athygli á orðum forsrh. Um þau ætla ég ekki að segja annað en það, að ég held að hæstv. ráðh. hljóti að hafa átt við vegáætlun þegar hann mælti þessi orð. Ég vildi mega vænta þess, að algjör samstaða verði meðal þm. Sunnlendinga um að á vegáætlun í hönd komandi, þegar verður tekið til hennar, verði að sjálfsögðu veitt nægt fjármagn til að undirbúningi öllum og allri hönnun geti lokið þannig að alþm. og ríkisstj. geti síðan hið allra fyrsta tekið fullnaðarákvörðun um að í þessa brúargerð verði ráðist.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Aðeins örstutt aths. við það sem kom fram hjá hv. þm. Friðrik Sophussyni.

Augsýnilega misskildi hv. þm. þau orð mín, að þv. gætu haft áhrif á fjárveitingu í þessu skyni. Það heyrist mér hins vegar ekki hv. síðasti ræðumaður gera. Þm. hafa áhrif á hvernig því fjármagni, sem varið er til einstakra kjördæma, er skipt. Þarna er náttúrlega um að ræða að veita þá eitthvað meira til rannsóknarinnar. Hins vegar verð ég að taka mjög undir það, sem kom fram hjá hv. þm., að áður en í framkvæmdina er ráðist verður vitanlega að skoða vandlega hagkvæmni slíkrar framkvæmdar, eins og við höfum rakið hér áður. Þarna er því ekki um að ræða að veita fé á næsta ári til framkvæmdar við brúarsmíðina.

Hins vegar vil ég vekja athygli á því, að þegar er nú hér á dagskrá Þórshafnartogari. Við getum rætt hann undir öðrum lið.

Húsnæðismál, fsp. (þskj. 152). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Um þessar mundir er margur maðurinn mjög hugsandi út af húsnæðismálum og sérstaklega með tilliti til lánamála húsbyggjenda. Það er nú ekki nýtt að vísu. Húsnæðismálin eru allajafna mjög á dagskrá og þau eru fyrst og fremst á dagskrá vegna þess að það skortir fjármagn til að sinna þeim miklu og nauðsynlegu verkefnum sem eru fyrir hendi. En þó að þetta sé ekki nýtt mál liggur það núna fyrir með nokkuð óvenjulegum hætti. Aldrei hafa menn verið jafnhugsandi út af þessum málum og séð

jafnmikla vá fyrir dyrum í þessum efnum og nú. En það er dálítið sérstætt tilefni til þessa, vegna þess að því veldur ný löggjöf um Húsnæðismálastofnun ríkisins og yfirlýstur vilji hæstv. ríkisstj. í sambandi við fjármögnun Byggingarsjóðs ríkisins.

Það, sem skeði með setningu hinna nýju laga um Húsnæðisstofnun ríkisins, þ. e. lögum nr. 51/1980, var að skertir voru tekjustofnar Byggingarsjóðs ríkisins. Alltaf þegar þessi lög hafa verið endurskoðuð hefur verið leitast við að stíga spor í þveröfuga átt, þ. e. að auka og styrkja tekjustofna Byggingarsjóðs ríkisins. Það hefur ekki verið að ófyrirsynju vegna þess að Byggingarsjóður ríkisins hefur fjármagnað um 90 eða yfir 90% af öllum íbúðarhúsabyggingum í landindu á undanförnum árum og áratugum þannig að það hefur verið mest um vert í þessum efnum að efla Byggingarsjóð ríkisins.

Þegar ég tala um að tekjustofnar hafi verið skertir á ég við þá fyrirætlun núv. ríkisstj. að leggja ekki 2% af launaskattinum til Byggingarsjóðs ríkisins, sem gera núna a. m. k. 15 milljarða. Samkv. fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að veita af þessu fé aðeins 2.7 milljarða kr. Um leið og hæstv. ríkisstj. stendur fyrir þessum aðgerðum er hún ábyrg fyrir þeirri breytingu á lögunum um Húsnæðisstofnun ríkisins, að verkefni Byggingarsjóðs ríkisins eru stórlega aukin frá því, sem áður var, um leið og tekjustofninn er skertur. Það er þess vegna ekki von á góðu. Og það blasa við margs konar erfiðleikar í ýmsum samböndum vegna þessa máls. Með tilliti til þessa hef ég leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. félmrh. á þskj. 152. Fsp. er í fimm liðum.

Í fyrsta lagi er spurt að því, hvaðan Byggingarsjóði ríkisins verði útvegaðar 1200 millj. kr. til að leysa vanda sjóðsins fram til næstu áramóta. Þetta vandamál kom upp snemma í síðasta mánuði og var þá blaðamál m. a. og mikið áhyggjuefni stjórnarmanna í Húsnæðisstofnun ríkisins og því er spurt að þessu.

Í öðru lagi er spurt að því, hvort aflað hafi verið aukins fjár í Byggingarsjóð ríkisins á árinu 1980 til að mæta þörfum nýrra útlánaflokka sjóðsins án þess að dregið sé úr fjárstreymi til almennra íbúðalána.

Í þriðja lagi er spurt að því, hvað sé áætlað að hámarksupphæð almennra íbúðalána hækki mikið á árinu 1981 í hlutfalli við byggingarkostnað. Þetta er spurningin um hvað er áætlað að okkur miði áfram í þessum efnum, því að það er grundvallaratriði hvað mikið er lánað í hlutfalli við byggingarkostnað.

Í fjórða lagi er spurt um hvernig Byggingarsjóði ríkisins verði tryggt fjármagn til að mæta þeim tekjustofni sem sjóðurinn er sviptur af launaskatti. Ekki þarf að efast um mikilvægi þessa þáttar.

Að lokum er spurt að því, hvernig ráðstöfunarfé Byggingarsjóðs ríkisins verði skipt milli útlánaflokka á árinu 1981. Það er sérstök ástæða til að spyrja að þessu með tilliti til hinna auknu verkefna sem Byggingarsjóði ríkisins eru falin með hinum nýju lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég ætla að halda mig við þá fsp. sem hv. þm. hefur borið hér fram, þó margt mætti segja um inngangsaths. hans sem styðjast við fátt annað en óskhyggju stjórnarandstöðunnar sem oft kemur fram í garð núv. ríkisstj. en rætist seint, a. m. k. ekki enn.

Fyrst er spurt, hvaðan Byggingarsjóði ríkisins verði útvegaðar 1200 millj. kr. til að leysa vanda sjóðsins fram til næstu áramóta.

Svar: Fjárhæð sú, sem nefnd er í 1. lið fsp., bendir til þess, að spurt sé í tilefni af blaðafregn í Morgunblaðinu um að Byggingarsjóð ríkisins vanti 1200 millj. kr. frá lífeyrissjóðunum fyrir áramót til að geta staðið við venjubundnar lánveitingar á þessu ári. Svarið er því, að umrædd fjárhæð kemur frá lífeyrissjóðunum. Meira en helmingur fjárhæðarinnar var kominn 28. nóv. s. l.

Í öðru lagi er spurt: Hefur verið aflað aukins fjár í Byggingarsjóð ríkisins á árinu 1980 til að mæta þörfum nýrra útlánaflokka sjóðsins án þess að dregið sé úr fjárstreymi til almennra íbúðalána?

Svar: Með fjárveitingum á fjárlögum þessa árs og á lánsfjáráætlun var allvel séð fyrir fjármagnsþörf Byggingarsjóðs ríkisins á þessu ári, enda hefur húsnæðismálastjórn þegar veitt lán til umsækjenda í hinum hefðbundnu lánaflokkum með sama hætti og gert hefur verið á síðustu árum og vantar þar ekkert á. Til þess að mæta þörfum nýrra útlánaflokka var áætlaður 1 milljarður kr. á útlánaáætlun sjóðsins fyrir þetta ár. Ekki hefur þeirri fjárhæð allri verið varið til nýrra lánaflokka, enda voru reglugerðir um þá ekki gegnar út fyrr en í okt. s. l. Þrír nýir lánaflokkar hafa þó verið opnaðir til útlána á þessu ári, en það er til hjúkrunarheimila og dagvistarstofnana, til útrýmingar á heilsuspillandi íbúðum og til orkusparandi endurbóta á eldra húsnæði.

Samkv. yfirliti um Byggingarsjóð ríkisins frá 18. nóv. s. l. og samþykktum húsnæðismálastjórnar sama dag verða útlán sjóðsins, sem koma til greina á þessu ári, sem hér segir:

Leigu- og söluíbúðir sveitarfélaga 4062 millj. kr., leiguíbúðir fyrir aldraða og öryrkja 207 millj. kr., verkamannabústaðir 1041 millj. kr., ýmsir framkvæmdaaðilar 1395 millj., framkvæmdanefndaríbúðir 322 millj., nýbyggingarlán, þ. e. F-lán, 1., 2. og 3. hluti, 9321 millj., lán til kaupa á eldri íbúðum 5034 millj., lán til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis185 millj., vistheimili og dagvistarstofnanir 200 millj., til orkusparandi endurbóta á eldra húsnæði 70 millj. Samtals er hér um að ræða útlán upp á 22 milljarða kr.

3. spurning: Hvað er áætlað að hámarksupphæð almennra íbúðalána hækki mikið á árinu 1981 í hlutfalli við byggingarkostnað?

Svar: Samkv. hækkun byggingarvísitölunnar og venju undanfarinna ára ættu lán til íbúða að hækka um næstu áramót úr 8 millj. á hverja nýja íbúð í 12.1 millj. Um næstu áramót kemur hins vegar til framkvæmda veruleg breyting á þessu ákvæði. Frá þeim tíma eiga lánin að vera visst hlutfall af byggingarkostnaði svonefndrar staðalíbúðar samkv. hinum nýju lögum, nr. 51/1980, sem sett voru á síðasta Alþingi. Auk þess eru í þeim lögum ákvæði um að lánin skuli hækka fjórum sinnum á ári samkv. breytingum sem verða á vísitölu byggingarkostnaðar í landinu. Þá kemur einnig til framkvæmda um áramótin það ákvæði, að lánin verða miðuð við fjölskyldustærð umsækjenda. Verða því margvíslegar breytingar á fjárhæð lána til nýrra íbúða samkv. hinum nýju lögum. Tillögur um framvæmd þessara ákvæða eru nú í mótun hjá húsnæðismálastjórn og koma til ákvörðunar í félmrn. fyrir áramótin.

4. spurning: Hvernig verður Byggingarsjóði ríkisins tryggt fjármagn til að mæta þeim tekjustofni, sem sjóðurinn er sviptur af launaskatti?

Svar við þessari spurningu: Í frv. til fjárl. fyrir árið 1981 er framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins áætlað 4.3 milljarðar kr. Eigið fé sjóðsins er áætlað 9.2 milljarðar og eigið fjármagn því alls 13.5 milljarðar kr. Þá hefur sjóðurinn fjármagnað skyldusparnaðinn, sem áætlað er að nemi 3.4 milljörðum kr. Atvinnuleysistryggingasjóður hefur jafnan keypt skuldabréf af Byggingarsjóði ríkisins fyrir fjárhæð sem nemur framlagi ríkisins til tryggingarnna. Er það áætlað 3.6 milljarðar kr. á næsta ári. Til viðbótar þessum tekjustofnum sjóðsins er treyst á skuldabréfakaup lífeyrissjóðanna, en þeir hafa heitið því í samningum að kaupa skuldabréf af Byggingarsjóði ríkisins fyrir 20% af ráðstöfunarfé sjóðanna árlega. Hafa flestir sjóðanna staðið við þá samninga, þó að nokkuð vanti á að allir lífeyrissjóðir hafi staðið við skyldu sína í þessum efnum.

Í skýringum með fjárlagafrv. ríkisstj., sem nú er til meðferðar á hv. Alþingi, er gert ráð fyrir að Byggingarsjóður ríkisins hafi á árinu 1981 30 milljarða til ráðstöfunar í útlán og á það að vera viðunandi þegar haft er í huga að með hinum nýju lögum eru nokkur verkefni færð yfir til Byggingarsjóðs verkamanna, en hann fær verulega auknar tekjur á næsta ári. Alls verður varið um 40 milljörðum kr. til húsnæðislána á næsta ári úr báðum húsnæðislánasjóðunum, en í ár er upphæðin 24 milljarðar kr.

Á næsta ári er gert ráð fyrir að Byggingarsjóður verkamanna hafi um 10 milljarða kr. í framlag úr ríkissjóði af launaskatti, en á þessu ári nam framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs verkamanna um 500 millj. kr. Hér er því um að ræða verulegt stökk. Orðalag fsp. um að Byggingarsjóður ríkisins hafi verið sviptur tekjustofnum er villandi vegna þess að hluti af þessum tekjustofnum var fluttur yfir til Byggingarsjóðs verkamanna þar sem lögð er veruleg áhersla á að stórauka framkvæmdir við félagslegar íbúðabyggingar í landinu.

5. spurning: Hvernig verður ráðstöfunarfé Byggingarsjóðs ríkisins skipt milli útlánaflokka á árinu 1981?

Svar: Vinna er ekki hafin við gerð útlánaáætlunar fyrir Byggingarsjóð ríkisins á næsta ári. Það hefur ekki þótt tímabært á meðan ekki liggur endanlega fyrir hve mikið fjármagn sjóðurinn hefur til ráðstöfunar á næsta ári, en það liggur fyrir alveg á næstunni, og þegar það liggur fyrir mun húsnæðismálastjórn gera tillögur til félmrh. um skiptingu þess fjármagns á lánaflokka sem þarna er um að ræða, þ. e. 30 milljarða kr.

Þeirri spurningu, sem hv. þm. lagði meginherslu á, nr. 3, í sambandi við hlutfallið af byggingarkostnaði, er einfaldlega ekki hægt að svara núna vegna þess, að reglugerð um staðalíbúðir hefur ekki verið sett, og líka vegna þess, að nú á að miða við fjölskyldustærð í öllum tilvikum þannig að sums staðar getur orðið um að ræða mun hærra hlutfall af byggingarkostnaði en nú er þegar um er að ræða mjög litlar fjölskyldur. Ég treysti mér þess vegna ekki til að svara þessari spurningu í einstökum atriðum, en vænti þess, að hv. þm. taki svör mín og skýringar gild. Annað get ég ekki sagt um málið á þessu stigi.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar samþykkti að tillögu minni stefnumótun í húsnæðismálum og í húsnæðislánamálum sem byggðist á nokkrum einföldum undirstöðuatriðum.

Í fyrsta lagi var áætlað að byggja þyrfti 2000 íbúðir á ári fyrstu 5 árin en síðan 2100 íbúðir á ári.

Í öðru lagi var reiknað með að mjög fljótlega yrði því marki náð, að þriðjungur allra íbúðabygginga í landinu yrði á félagslegum grundvelli.

Í þriðja lagi var ákveðið að til félagslegu íbúðabygginganna yrði strax lánað 90% af byggingarkostnaði.

Í fjórða lagi var ákveðið að önnur nýbyggingarlán og reyndar fleiri lán hækkuðu í fyrirframákveðnum áföngum um ekki minna en 5% á ári í 80% byggingarkostnaðar ekki síðar en á árinu 1990.

Þetta er sú stefnumótun sem sú ágæta ríkisstj. samþykkti og allir flokkar sem að henni stóðu. Við þetta hefur verið staðið í stórum dráttum í því frv. sem endanlega var samþykkt. Aftur á móti kostar þetta peninga og ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar samþykkti þann þátt þannig: 1. Að halda óskertum núverandi mörkuðum tekjustofnum Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna. Þetta hefur ekki verið gert. Það vantar a. m. k. 5 milljarða í fjárlögum fyrir næsta ár upp á að þetta sé gert.

2. Að auka framlög ríkissjóðs og sveitarfélaga um 7.5% fyrsta árið, hækkandi í 50% á tíunda ári, en gæti eftir það farið ört lækkandi. Í krónum talið væri aukningin á fyrsta ári 0.8 milljarður og á tíunda ári 8 milljarðar, og er þá miðað við áætlað meðalverð ársins 1980.

3. Að auka lántökur til kerfisins frá því, sem verið hefur undanfarin ár, um 30% á fyrsta ári, vaxandi í 80 % á tíunda ári. Í krónum talið var þetta 4 milljarðar fyrsta árið, 13.6 milljarðar tíunda árið.

Ég hef því miður ekki tíma til að skýra þetta nánar, en í stórum dráttum er þetta þannig, að það vantar 12.1 milljarð í fjárlagafrv. upp á að Byggingarsjóði ríkisins sé séð fyrir þeim tekjum sem honum voru ætlaðar og a. m. k. 5 milljarða vantar þegar heildin er tekin, báðir sjóðirnir, Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna. Þessu er bjargað núna með lántöku. Næsta ári er bjargað með lántökum, þannig að 25% markið næst, — ekki 35% markið eins og upphaflega var gert ráð fyrir í mínu frv., heldur 25%.

En hvað þýða þessar lántökur? Það eru tekin lán með hærri vöxtum til styttri tíma en síðan er lánað út. Það þýðir að ef á að ná því marki, sem stefnumótunin byggði á og þó að við séum tveimur árum á eftir, þ. e. allt að 10% á eftir, þá vantar á fyrstu 10 árunum 217 milljarða kr. og ef við tökum 20 ár eru það 490 milljarðar sem vantar í auknum lántökum. Og tuttugasta árið, þegar sjóðurinn ætti samkv. upphaflegum áætlunum að standa undir sér og þyrfti ekkert framlag, þarf hann að bæta við sig 98 milljörðum í lántökum umfram það sem nú er og nálgast greiðsluþurrð í staðinn fyrir að verða svo öflugur að geta staðið sjálfur undir öllum nauðsynlegum lánveitingum.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Þorv. Garðari Kristjánssyni fyrir að leggja fram þessar fsp. ekki veitir af að ræða um húsnæðismálin. Því miður er tíminn stuttur.

En það er alveg sama hvernig þetta mál snýr. Það er fjárvöntun í húsbyggingarsjóð ríkisins. Og það er alveg sama hvað ráðh. segir um þetta efni. Það er staðreynd málsins að ríkissjóður hefur ekki staðið við sitt. Það eru engin lög í landinu sem heimila skerðingu á launaskattinum. Það hefur hæstv. fjmrh. viðurkennt. Dæmið stendur þannig, að þó að við leggjum báða sjóðina saman vantar a. m. k. 4.6 milljarða. Þá tölu fæ ég með því að taka Byggingarsjóð ríkisins ásamt verkamannasjóðnum.

Í fjárl. er gert ráð fyrir 4.3 milljörðum í framlag. Hins vegar eiga samkv. lögum að fara í þann hluta þessa kerfis 7.5 milljarðar, sem er 1 prósentustig, sumir segja 15 milljarðar sem er reyndar samkv. lögum. Þá er það byggingarsjóðsgjald, sem eru tæpar 1400 millj. En hvar er heimild í lögum til að leggja það á? Sú heimild hvarf úr lögum með gömlu húsnæðismálalögunum. Þetta er sem samt löglaust á a. m. k. tveimur stöðum og það vantar í allra minnsta lagi fjárframlag úr ríkissjóði upp á 4.6 milljarða.

Það er talað um 40 milljarða og gumað af því, eins og hæstv. ráðh. gerði áðan, en lánið, sem er verið að taka úr lífeyrissjóðunum, er líklega um 19 milljarðar. — Ætli það sé ekki einhvers staðar í kringum það úr sjóðunum á talsvert hærri vöxtum en útlánin segja til um. — Þetta þýðir, og það er staðfest og hefur komið frá Húsnæðisstofnuninni sjálfri, að samkv. þeirri stefnu, sem hæstv. ráðh. hefur markað, verður tryggingarsjóðurinn gjaldþrota innan skamms tíma. Þetta verða menn að hafa í huga. Þar að auki er algerlega óvíst hvort þessir sjóðir geta útvegað svo mikið fjármagn, enda er farið út fyrir rammann sem samið var um við Alþýðusamband Íslands og þá lífeyrissjóði á sínum tíma. Þess vegna er út í bláinn að tala um aukið framlag til þessara sjóða. Það stendur og það er staðreynd, að það er aðeins froða sem kemur úr munni ráðh. þegar hann talar um að hann og hæstv. ríkisstj. hafi gert eitthvað af viti í húsnæðismálunum. (**Félmrh.:** *Af hverju ertu svona reiður, hv. þm.?*) Ég er ekkert reiður. Ég er einungis að tala við þig á þínu máli.

Fyrirspyrjandi (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Hæstv. ráðh. er eitthvað taugaóstyrkur í þessu máli. Ef menn ræða það efnislega heldur hæstv. ráðh. að menn séu reiðir.

Hæstv. ráðh. sagði að inngangsorð mín varðandi þetta mál styddust við fátt annað en óskhyggju. Hann er að gera því skóna að það, sem mér gangi til, sé að óska þess, að fram undan séu í húnæðismálunum þeir erfiðleikar sem ég lýsti. Ég vil mótmæla ummælum sem þessum. Ég tel, hver sem ráðh. er, að ráðh., sem lætur annað eins út úr sér og þetta í jafnalvarlegu máli, sé ekki hæfur til að ræða þessi mál á málefnalegum grundvelli.

Hæstv. ráðh. sagði um fyrstu spuningu mína að hún væri til komin vegna þess að frétt um þetta mál, um erfiðleika Byggingarsjóðs ríkisins, hefði komið í Morgunblaðinu. Ég las þessa frétt í Þjóðviljanum. Það var viðtal við formann Húsnæðisstofnunar ríkisins og formaðurinn sagði að ráðh. eða rn. hans hefði lofað að leysa úr þessum málum. Það kann að vera að þetta hafi líka verið í Morgunblaðinu. Og ég er ekki að áfellast hæstv. ráðh. fyrir að taka til þessara ráðstafana einungis vegna þess að hann hafi séð þessa frétt í Morgunblaðinu. Honum er ekki alls varnað fyrst hann tekur þetta tillit til Morgunblaðsins.

Um aðra spurninguna sagði hæstv. ráðh. að það væri allvel séð fyrir fjármagnsþörfum Byggingarsjóðs ríkisins. *Ég efast um að nokkur maður á Íslandi, sem hefur nokkra nasasjón af ástandi þessara mála, mundi leyfa sér* að taka svo til orða nema hæstv. félmrh. Ég hef ekki tíma til að fara út í þetta mál nákvæmlega, en það hefur líka komið fram í máli annarra þm. hvernig ástand málanna er.

Hæstv. ráðh. var í þessu sambandi að hafa orð á útlánum til orkusparandi aðgerða og það væri allvel séð fyrir þeim. Þeir, sem hafa komist næst í þeim efnum, álíta að það verði búið að ná viðunandi árangri í þeim málum, *eins og það er nú þýðingarmikið, eftir ca. 100 ár* með vinnubrögðum hæstv. ríkisstj.

Þá sagði hæstv. ráðh. að það væri ekki hægt að svara því, hvað væri áætlað að hámarksupphæð almennra íbúðalána hækkaði mikið á árinu 1981 í hlutfalli við byggingarkostnað. Hann sagði að það væri ekki hægt að svara þessu og var að tala í því sambandi um staðalíbúðir og nýjar reglur. Allt eru þetta látalæti. Auðvitað er hægt að svara þessu. En sannleikurinn er sá, að hæstv. ráðh. kærir sig ekki um að svara því, vegna þess að í þeim efnum blasir við það sem verst er. Ég sagði í máli mínu áðan að við hefðum verið að reyna að stefna fram á við í þessum efnum. Fyrir 1960 og þegar Húsnæðisstofnun ríkisins tók fyrst til starfa voru þessi lán um eða yfir 20% af byggingarkostnaði. Um 1960 voru þau komin upp í um 30% af byggingarkostnaði og í lok næsta áratugs, um 1970, í rösk 40%. En núna eru þau komin niður í 30% og halda áfram að hraðfalla með sömu stefnu og núv. ríkisstj. hefur í þessum málum. Það er von að hæstv. ráðh. segi að það sé ekki hægt að svara spurningu um þetta efni.

Hæstv. ráðh. sagði að það væri blekking hjá mér þegar ég sagði að Byggingarsjóður ríkisins væri sviptur tekjustofnum. Það eru lífeyrissjóðirnir sem koma til sagði ráðh. En á ég að trúa því, að hæstv. félmrh., æðsti maður *húsnæðismála í landinu, geri ekki greinarmun á því*, hvort aðalbyggingarsjóður landsmanna fær óafturkræft framlag, eins og launaskatturinn gefur, eða hvort hann á að taka lán með vöxtum sem eru miklu hærri en útlánsvextir sjóðsins og beinlínis stefna að því að leggja sjóðinn í rúst?

Ég skal ekki gera það að ádeiluefni þó að hæstv. ráðh. gæti ekki svarað fimmtu og síðustu spurningunni, þ. e. um það hvernig verði skipt milli lánaflokka útlánum sjóðsins á næsta ári. Þó hefði ekkert verið óeðlilegt að það lægi fyrir ef allt væri ekki á hverfanda hveli í fjármögnun sjóðsins. Að því leyti skil ég að hæstv. ráðh. á erfitt með að svara þessari spurningu.

En það, sem verst er við svör hæstv. ráðh., er að þau lýsa betur en mín orð hvert ástand þessara mála er og það er hörmulegt.

Ég vil svo — mér mun hafa láðst það í upphafi — leyfa mér að þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans við fsp.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Þorv. Garðari Kristjánssyni, Friðrik Sophussyni og Magnúsi H. Magnússyni fyrir áhuga þeirra á húsnæðismálum og það innlegg sem þeir hafa komið hér með í þau mál þrátt fyrir knappan ræðutíma. Ég skil vel að erfitt sé að koma við málefnalegum aths. á þeim 2—4 mínútum sem menn eiga kost á því að ræða svona mál hér. Þannig er í sjálfu sér eðlilegt að það sé erfitt fyrir þá að fara út í þessi mál í smáatriðum. Ég held að við ættum að efna hér til almennrar umræðu um húsnæðismál síðar, *en það er mjög erfitt að gera það í fsp.-tíma vegna þess að* málið er viðurhlutamikið og stórt. Ég vil þó engan veginn víkjast undan því að taka þátt í umr. um þessi mál, vegna þess að ég er algerlega sannfærður um að þessi mál eru á réttri leið, gersamlega sannfærður um að ákvörðunin um hið félagslega íbúðabyggingakerfi er rétt.

Nú eru til í landinu 3500—3700 íbúðir byggðar á félagslegum grundvelli frá árinu 1929 þegar lögin um

verkamannabústaði voru sett fyrst. Núna gerum við ráð fyrir að svo mikið fjármagn verði veitt í þetta að þetta magn íbúða tvöfaldist á næstu 5—7 árum. Ég er sannfærður um að eftir 10 ár eða svo, þegar byggðar hafa verið 500—600 íbúðir á ári á þessum grundvelli, muni þessar íbúðabyggingar gerbreyta húsnæðismarkaðnum í landinu og samsetningu hans.

Ég ætla ekki að fara út í þetta í smáatriðum vegna þess að ég veit að þm. vildu svara mér mörgu og hafa ekki ástæður til þess í þessum knappa fsp.-tíma. Ég vil þó aðeins segja það út af orðum hv. þm. Magnúsar H. Magnússonar, að talið um 100 milljarða kr. vöntun á hverju ári er algerlega út í hött að mínu mati. Ég spyr hv. þm., og við skulum ræða það einhvern tíma seinna nákvæmlega: Hvenær hefði ríkissjóður, hvenær hefði lánsfjárkerfið — ég spyr í hreinskilni — bolmagn til þess að tryggja 100 milljarða á einu ári inn í húsnæðislánakerfið? Hvenær væri það mögulegt? Þessi uppsetning, eins og hún kemur þarna fram, stenst ekki í þessum efnum.

Það er verið að tala um að þarna vanti 100 milljarða á einu ári. Það er auðvitað algerlega fráleitt og stenst ekki. En ég vil segja það út af orðum hv. þm. um lífeyrissjóðina og kjörin á lánum þeirra, að þau eru ekki nógu góð og það verður að fara í það núna að ná nýjum og hagstæðari samningum við lífeyrissjóðina en nú er um að ræða.

Ég skal taka það aftur að hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson sé svo illa innrættur að hann óski eftir því, að allt húsnæðislánakerfið fari á annan endann og vá verði fyrir dyrum hjá húsbyggjendum í landinu. En einhvers staðar stendur það, að „falin er í illspá hverri ósk um hrakför sýnu verri,“ og stundum finnst mér að þessir hlutir séu settir þannig upp að menn beinlínis geri ráð fyrir að þetta húsnæðismálakerfi gangi ekki upp og það geri menn á þeim forsendum að menn slá striki yfir Byggingarsjóð verkamanna og það sem þar er að gerast. Það er ekki hægt. Það verður að horfa á þessa heild og hvaða breytingu hún hefur í för með sér.

Ég ætla ekki að tala hérna lengur. Ég vona að við höfum tækifæri til að spjalla um þessi mál nánar og ítarlegar hér á Alþingi síðar.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Aðeins örfá orð.

Ég er auðvitað sammála hæstv. félmrh. um að kjörin á lífeyrissjóðslánunum eru ekki nógu góð, því að það getur enginn sjóður lifað á því að taka lán með hærri vöxtum og til styttri tíma en hann lánar út. Það hlýtur að tæma sjóðinn, eins og reynsla er fyrir.

Ég hef aldrei talað um 100 milljarða á ári. Aftur á móti talaði ég um samtals 217 milljarða á næstu 10 árum og 490 milljarða á næstu 20 árum. Þetta er þannig. Það er fjárvöntunin og hún er reiknuð út af Þjóðhagsstofnun fyrir Húsnæðisstofnun ríkisins. Hæstv. félmrh. getur varla vefengt þær tölur. Vöntunin er, miðað við fjárlögin eins og þau eru núna sett upp og miðað við þær áætlanir sem gerðar hafa verið, verandi þó tveimur árum á eftir upphaflega frv., 25% á næsta ári, síðan 30%, 35% o. s. frv. Samt er viðbótarfjárvöntunin á hverju ári, þ. e. lántökuþörfin, á árinu 1982 5.9 milljarðar, verður 25.5 á tíunda ári, árinu 1990, og á árinu 2000 er vöntunin á einu ári 81.4 milljarðar á núverandi verðlagi. Ég er algerlega sammála hæstv. ráðh. um að það þýðir ekki að tala svona. Þetta er tóm vitleysa. M. ö. o.: kerfið er tóm vitleysa með þessari fjármálalegu uppsetningu. (**Félmrh.:** Framreikningar Alþfl. eru tóm vitleysa.) Þetta er reiknað út fyrir húsnæðismálastjórn ríkisins af Þjóðhagsstofnun og miðað við verðlag í dag. Ef hæstv. ráðh. telur að hann geti bætt við 81.4 milljarði á hverju ári á núverandi verðlagi inn í kerfið, þegar að þessu kemur, fer hann villur vegar og þess vegna — einmitt þess vegna — stenst kerfið ekki. Útlánareglurnar eru ágætar, en það er ekki séð fyrir fjármögnun kerfisins.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég verð að lýsa furðu minni á ummælum hæstv. ráðh., sem kemur hér upp og ætlar að róa þm. með því að það sé hægt að tala um húsnæðismálin síðar. Fyrir örfáum dögum var 2. umr. fjárlaga. A. m. k. þrír, ef ekki fjórir hv. þm. fjölluðu mjög ítarlega um húsnæðismálin og lýstu áhyggjum sínum. Hæstv. fjmrh. kom, þótt seint væri, til fundar um kvöldið, en hæstv. félmrh. lét hvergi sjá sig í þingsölum. Svo kemur hann upp, þegar hann er spurður, og segir: Við getum rætt þetta einhvern tíma síðar. — Slík framkoma á ekki að geta átt sér stað. Og það er hart að þurfa á fimm sinnum styttri tíma en hæstv. ráðh. hefur að etja kappi við hann í þessum umr.

Það er rétt, sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, að upplýsingarnar, hrakspárnar, eru frá efnahagsstofnun sjálfrar ríkisstj., Þjóðhagsstofnun. Þær sendi Þjóðhagsstofnun Húsnæðisstofnun og þaðan bárust þær félmn. Nd. hv. Alþingis. Þetta eru staðreyndir sem þar liggja fyrir, viðurkenndar af öllum mönnum sem geta viðurkennt hvað sé satt og hvað sé rétt. Hins vegar er varla hægt að sjá að hæstv. ráðh. sé í þeim hópi.

Annað mál eru vextirnir. Ég get tekið undir það með hæstv. ráðh. sem hann sagði í sambandi við þá. Það er auðvitað sama fjármagnið sem er tekið úr lífeyrissjóðunum og fært yfir í húsnæðislánakerfið með þessum hætti.

Og það er eitt að lokum. Það á enga stoð í lögum að taka fjármuni, sem um var samið á sínum tíma og er lögbundið 2% ofan á laun á Íslandi til að setja í húsnæðislánakerfið, og nota þá til allt, allt annars, eins og núv. hæstv. ríkisstj. leyfir sér að gera. Þessu verður að koma á framfæri við þjóðina, og þetta verður fyrr eða síðar að komast inn í höfuðið á hæstv. ráðh.

Fyrirspyrjandi (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Hæstv. félmrh. sagði að ég hefði skotið mér undan því að minnast á Byggingarsjóð verkamanna. Þetta er alveg rétt. Ég minntist ekki á hann. Fsp. víkur einungis að Byggingarsjóði ríkisins. En það væri tilefni til að ræða um Byggingarsjóð verkamanna, því að svo illa sem hæstv. ríkisstj. fer með Byggingarsjóð ríkisins, þá sýnist hún vera enn þá beinskeyttari í þeirri stefnu sinni að leggja Byggingarsjóð verkamanna í rúst.

Þetta er vegna þess að samkv. lögum hæstv. ríkisstj. er tekið fram að það skuli fjármagna með framlagi úr ríkissjóði af launaskatti eða á annan hátt allt að 30% af ráðstöfunarfé sjóðsins. Sveitarfélögin leggja til 10%. Þetta eru samtals 40%. Hvernig á að fjármagna 60%? Samkv. beinum ákvæðum laganna er það með lántökum þar sem vextir eru 3.25% í besta lagi, en á að lána út með 0.5% vöxtum.

Þetta er í fyrsta sinn í hinni merku og löngu sögu verkamannabústaðanna að vikið er frá þeirri meginstefnu að ríkið leggi fram allt ráðstöfunarfé til sjóðsins sem óafturkræft framlag. Það er vegna þess að kjör þessa

sjóðs verða samkv. eðli málsins að vera svo góð sem gert er ráð fyrir og hefur alltaf verið gert ráð fyrir, að það verður ekki staðið undir því nema á þann veg sem búið er að gera s. l. 50 ár, þ. e. með beinum framlögum 100% úr ríkissjóði.

Eftirlaun aldraðra, fsp. (þskj. 87). — Frh. einnar umr.

Enginn tók til máls.

Kaup á togara til Þórshafnar og Raufarhafnar, fsp. (þskj. 159). — Ein umr.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Þessi fsp. er borin fram af hv. þm. Ágúst Einarssyni og ég flyt hana áfram. Hann leyfði sér á þskj. 159 að bera fram fsp. til hæstv. sjútvrh. um kaup á togara til Þórshafnar og Raufarhafnar. Þar sem þetta mál hefur orðið nokkurt hitamál í fjölmiðlum tel ég rétt að upplýst verði um ýmis atriði þess þannig að staðreyndir liggi fyrir, en ekki getgátur einar. Fsp. er svohljóðandi:

„1. Hvert er kaupverð togarans?

2. Hve hár er breytingakostnaður við skipið eftir kaup?

3. Hvaða opinberir sjóðir lána til kaupanna, hve mikið og eftir hverra ákvörðun?

4. Hvað er framlag væntanlegra eigenda mikið?

5. Hefur verið lánað til útgerðarfélagsins vegna hlutafjárframlags?

6. Hve háa fjárhæð þarf að greiða árlega í vexti og afborganir af togaranum og hve mikið er áætlað árlegt aflaverðmæti togarans?"

Mig langar í framhaldi af fsp. að varpa fram tveimur eða þremur atriðum í sambandi við þetta mál.

Það er samdóma álit allra sem vilja vita, að togaraflotinn er of stór nú þegar og sérhver nýr togari gerir ekkert annað en rýra lífskjör sjómanna og fiskvinnslufólks. Það er einnig mikið vafamál, hvort atvinnumál á Þórshöfn og Raufarhöfn séu leyst til nokkurrar frambúðar þótt togari komi þangað. Menn minnast útgerðar Fonts frá Þórshöfn sem gekk mjög illa, en útgerð þess sama skips hefur síðar gengið vel frá öðru byggðarlagi. Ég minni á að togaraútgerð er mjög mismunandi eftir því frá hvaða stað hún er rekin. Dæmi um þetta er uppgangsstaðurinn Hornafjörður, en ekki er vilji til að gera út togara þaðan. Það hefði því væntanlega verið hægt að leysa vandamálið með öðru en togara. Einnig er vert að spyrjast fyrir um hvort aðrir staðir, sem búa ekki síður við öryggisleysi um atvinnu en Þórshöfn og Raufarhöfn, mega eiga von á togurum með svipaðri fyrirgreiðslu. Og í framhaldi af því væri fróðlegt að vita hvort eitthvað sé hæft í þeim fréttum, að aðilar í kjördæmi sjútvrh. séu um þessar mundir að huga að kaupum á togara í Frakklandi.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Segja má að þetta togaramál Þórshafnar og Raufarhafnar sé nú svo mikið rætt í fjölmiðlum að það sé að bera í bakkafullan lækinn að ræða það nú, en ég skal engu að síður reyna að svara fsp. eins og ég frekast get. Ég vil þó taka fram að það er vafamál hvaða ráðh. á að svara slíkri fsp., raunar eru kaupin sem slík viðskiptamál, en ég hef þó leitast við að afla þeirra upplýsinga sem beðið er um.

Áður en ég kem að spurningunum vil ég segja örfá orð um Þórshöfn og Raufarhöfn og það ástand sem þar hefur ríkt, sem að sjálfsögðu er grundvöllur að þeirri ákvörðun sem tekin hefur verið.

Ég vek athygli á því, að á árunum frá 1970—1976 var í samræmi við hraðfrystihúsaáætlun þá, sem Framkvæmdastofnun gerði, byggt nýtt frystihús á Þórshöfn og var þá miðað við þann afla sem eðlilegt var talið að gæti borist þarna á land með eðlilegri eflingu þeirrar bátaútgerðar sem þar hafði verið stunduð um langt skeið. En um það leyti sem húsið tók til starfa brást afli á heimamiðum Þórshafnar og einnig voru settar óvenjulega strangar reglur um fiskveiðar fyrir Norðausturlandi. Leiddi þetta til þess, að Fontur var keyptur til Þórshafnar. Eins og kunnugt er, var saga þeirrar útgerðar ein keðja óhappa og lauk henni með gjaldþroti Útgerðarfélags Þórshafnar hf.

Síðan Fontur hætti að landa á Þórshöfn hefur ekki borist nóg hráefni á land til að tryggja sæmilega nýtingu frystihússins né jafna atvinnu. Sem dæmi um þetta má nefna að atvinnuleysisdagar á Þórshöfn voru alls 3147 s. l. ár. Hvað hráefnisöflun varðar er ljóst að bátaflotinn getur ekki staðið undir stöðugri atvinnu yfir vetrarmánuðina. Aðeins um 12—13% bátaaflans berast á land á hinum sex mánuðum frá nóv. til aprílloka. En það má einnig nefna að mikill samdráttur hefur verið í bátaútgerðinni á Þórshöfn. 1979 var samanlagður tonnafjöldi báta stærri en 7 tonn 238 tonn, en í ársbyrjun 1980 aðeins 117 tonn. Atvinnuleysið hefur leitt til versnandi afkomu sveitarsjóðs, sem aftur dregur úr framkvæmdagetu hans, og þá eru einnig ábyrgðarskuldir vegna gjaldþrots Útgerðarfélagsins þungur baggi. Við þetta má svo bæta að reynslan hefur sýnt að þegar atvinnuástand er gott fjölgar íbúum. Hins vegar er einnig ljóst að atvinnuleysi og lækkun tekna leiðir fljótt til brottflutnings fólks, eins og á Þórshöfn s. l. tvö ár þar sem fólki hefur fækkað um 4.5%. Norðausturland er strjálbýll landshluti og þar má enginn hlekkur bresta. Hnignun eins staðar mun óumflýjanlega hafa áhrif á aðra staði og síðan á landshlutann í heild.

Með þessar staðreyndir í huga er ljóst að til að tryggja fulla atvinnu og jafnframt afkomu frystihússins og sveitarfélagsins er ákaflega eðlileg lausn að auka útgerð frá svæðinu. Í þeirri leið, sem ákveðið var að fara og ég mun lýsa nánar með lestri bréfa frá Framkvæmdastofnun, er ákveðið að togarinn skuli rekinn sameiginlega af aðilum á Þórshöfn og Raufarhöfn. Það er skuttogari fyrir — Rauðinúpur — á Raufarhöfn og hefur hann séð frystihúsinu þar fyrir hráefni. Samkv. áætlun byggðadeildar Framkvæmdastofnunar er aflaþörf beggja húsanna, miðað við jafna vinnu allt árið, um 10 500 tonn og vantar þá um 3300—3500 tonn til að því magni verði náð. Nýi togarinn ætti að geta brúað það bil.

Þetta mál hefur annars þróast þannig, að 12. maí s. l. fóru sex þm. Norðurl. e. úr öllum flokkum þess á leit við ríkisstj. að hún gerði ráðstafanir til að kaupa einn skuttogara erlendis frá til svæðisins. Með bréfi 6. júní s. l. óskaði forsrn. eftir umsögn Framkvæmdastofnunar ríkisins um bréf þm. Umsögn Framkvæmdastofnunar ríkisins barst 8. júlí s. l. og er þar lagt til, að útvegaður verði sameiginlegur viðbótartogari fyrir Raufarhöfn og Þórshöfn, og mælt eindregið með því, að ráðstafanir verði gerðar til þess hið fyrsta. Ályktun Framkvæmda-

stofnunar er frá 4. júlí. Ég tel rétt, með leyfi forseta, að lesa þá ályktun. Í þeirri ályktun segir svo:

„Stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins bendir á, að jafnt fyrri sem síðari athuganir á vegum stofnunarinnar á atvinnumálum Þórshafnar leiði í ljós að nauðsynlegt sé að gera ráðstafanir til að auka og jafna fiskafla á staðnum. Með því móti einu verður full atvinna tryggð á Þórshöfn og jafnframt góð afkoma frystihússins og sveitarfélagsins. Stjórnin telur að líkleg leið til að ná þessu markmiði, miðað við ríkjandi aðstæður, sé að fenginn verði togari nægilega stór til þess að geta náð til fiskimiða allt frá Vestfjörðum til Suðausturlands. Sá togari verði rekinn sameiginlega af aðilum á Raufarhöfn og á Þórshöfn, eins og gert er ráð fyrir í sérstöku samkomulagi. Jafnframt verði lögð áhersla á samræmingu rekstrar og náið samstarf fiskvinnslustöðvanna í þessum plássum. Mun Framkvæmdastofnunin bjóða fram aðstoð við skipulagningu þessa samstarfs og skipulag rekstrar fiskvinnslustöðvanna og togaraútgerðar."

Síðan er fjallað nokkuð um vegabætur, sem ég ætla ekki að lesa. — Jafnframt segir í fyrrnefndu bréfi frá 8. júlí, sem undirskrifað er af Sverri Hermannssyni forstjóra, með leyfi forseta:

„Eins og mál horfa í dag verður ekki annað séð en eina leiðin til að ná þeim árangri, sem stefnt er að, sé að útvegaður verði sameiginlegur viðbótartogari fyrir Raufarhöfn og Þórshöfn, og mæli ég eindregið með að gerðar verði ráðstafanir til þess hið fyrsta. Eru starfsmenn Framkvæmdastofnunar ríkisins tilbúnir til að taka þátt í undirbúningi þess máls."

Þetta mál var síðan rætt, bæði á fundi með fulltrúum stofnunarinnar og þm. úr kjördæminu, og eftir athugun á málinu þótti ljóst að ekki væri unnt að útvega þennan viðbótartogara innanlands nema þá með nýsmíði, sem augljóst var að þessir staðir mundu alls ekki ráða við. Ég hygg að ég þurfi ekki að fara út í það. Nýsmíðaður togari hér innanlands á þessum tíma, eins og t. d. togari sá sem verið er að smíða fyrir Bæjarútgerð Reykjavíkur, kostar einhvers staðar á milli 4.5—5 milljarða kr. Niðurstaðan varð því sú, að ríkisstj. samþykkti fyrir sitt leyti leyfi til að flytja inn togara og fól Framkvæmdastofnun ríkisins að hafa alla forgöngu og forsjá í málinu.

Hinir væntanlegu kaupendur festu þá kaup á norska togaranum Inge Iversen, sem var smíðaður á síðasta ári í Noregi. Þetta er mjög nýlegur togari. Togarinn er 49.5 metrar á lengd, 10.60 á breidd og mælist því 496 brúttólestir. Hann var sérstaklega styrktur til veiða í ís og í alla staði mjög vel útbúið skip. Væntanlegur skipstjóri, Ólafur Aðalbjörnsson, var í hálfan mánuð á skipinu á svæðinu milli Grænlands og Íslands og var hann mjög ánægður með eiginleika togarans. Að sögn væntanlegra eigenda hafa þeir ekki rekist á skip sem uppfyllir betur kröfur við íslenskar aðstæður.

Sem svar við einstökum spurningum í fsp. við ég upplýsa eftirfarandi:

Kaupverð togarans — það er 1. fsp. — samkv. kaupsamningi er 21 millj. norskra kr., sem samsvarar rúmlega 2400 millj. ísl. kr. á gengi 5. des. s. l.

2. Hve hár er breytingakostnaður við skipið eftir kaup?

Samkv. áætlun væntanlegra eigenda mun breytingakostnaður nema um það bil 6 millj. norskra kr., sem samsvarar tæplega 700 millj. ísl. kr. Hér er aðallega um að ræða kaup á spilum, uppsetningu spilkerfis, breytingar á millidekki svo og breytingu til að nota megi svartolíu.

3. Hvaða opinberir sjóðir lána til kaupanna, hve mikið og eftir hverra ákvörðun?

Í samræmi við lög nr. 28 frá 12. maí 1972 gengst ríkisstj. í ábyrgð fyrir 80% af kaupverði togarans, eins og fram kemur í bréfi fjmrn. til Framkvæmdasjóðs Íslands, dags. 6. okt. s. l. Þegar hefur verið sótt um lán í norskum banka fyrir þeim hluta, sem ríkisábyrgð fæst fyrir. Þau 20%, sem á vantar, lánar Byggðasjóður. Þar af mun helmingurinn vera erlent lánsfé og hinn helmingurinn Byggðasjóðsfé. Er þessi lánsfjármögnun í samræmi við samþykkt ríkisstj. 1. ágúst s. l., þar sem veitt er leyfi til að flytja inn skip til Raufarhafnar og Þórshafnar og Framkvæmdastofnun ríkisins jafnframt falið að hafa alla forgöngu í málinu. Það vil ég hins vegar taka fram, að í þeirri samþykkt er ekkert um það sagt, hve mikil þessi lánsútvegun frá Framkvæmdastofnun eigi að vera, heldur lagt í mat þeirrar stofnunar hvernig þetta mál yrði leyst. Á fundi stjórnar Framkvæmdastofnunar ríkisins 14. okt. s. l. var samþ. að útvega þessi 20%.

4. Hvað er framlag væntanlegra eigenda mikið?

S. l. sumar var stofnað hlutafélag af þeim aðilum sem koma til með að reka togarann. Það hlutafé var ákveðið 100 millj. kr. og heimild gefin til að innkalla 50% þess fyrir áramót. Ætlunin er að nota þetta fjármagn sem veltufé. Hlutafjárskiptingin er þannig, að aðilar í Þórshöfn, Svalbarðs- og Sauðaneshreppi eiga sameiginlega 60% hlutafjárins og aðilar í Raufarhafnarhreppi eiga 40%. Heimahöfn, útgerðarstaður, afgreiðsla og þjónusta við skipið eru á Þórshöfn. Skiptingu aflans verður þannig háttað, að Raufarhöfn fær 25%, en Þórshöfn 75%.

5. Hefur verið lánað til útgerðarfélagsins vegna hlutafjárframlagsins?

Ekki hefur verið lánað til útgerðarfélagsins í þessu skyni.

6. Hve háa fjárhæð þarf að greiða árlega í vexti og afborganir af togaranum og hve mikið er áætlað árlegt aflaverðmæti togarans?

Þar sem lán hafa ekki enn verið samþykkt og því hvorki vitað um lánstíma né vaxtakjör er erfitt að áætla árlegar greiðslur varðandi vexti og afborganir. Ef gengið er út frá að umsókn væntanlegra eigenda í þeim norska banka, sem þeir hafa sótt um lán til, verði samþykkt lætur nærri að fjármagnskostnaður, þ. e. afborganir og vextir, nemi um það bil 650—700 millj. íslenskra króna á næsta ári, en fari síðan minnkandi. Gengið er þá út frá núverandi verðlagi. Árlegt aflaverðmæti togarans er einnig erfitt að áætla, en full ástæða er þó til að halda að togarinn komi til með að skapa mikil verðmæti því að hér mun verða um að ræða eitt fullkomnasta skip íslenska togaraflotans. Ef miðað er við að togarinn fiskaði 4000 lestir, sem er kannske aðeins hærra en meðaltalið, mundi sá afli væntanlega leggja sig á ekki minna en 1000—1100 millj. kr. Það mun vera tæplega nóg fyrir öllum kostnaði fyrsta árið, en þó vera langleiðina í það.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. svörin.

Ég held að hérna höfum við notað afskaplega dýra aðferð til að leysa miklu minna vandamál. Það er sagt að það vanti svo og svo mikið af fiski. Það er rétt. En það vantar ekki fisk nema hluta úr ári, þannig að verulegan

hluta ársins verður þessi togari gerður út með siglingar eða eitthvað því um líkt í huga. Það verður ekki hægt að taka á móti afla skipsins nema hluta úr ári á þessum stað. Þarna er verið að kaupa rækjutogara og eytt í það hundruðum millj. kr. að breyta honum í venjulegan togara á sama tíma og við erum að breyta venjulegum togara hérna heima í rækjuskip. Það virðist ekki mikil skynsemi liggja þar á bak við. Ólíkt hefði verið ódýrara að leysa þetta með bátum en með togarakaupum. Þarna virðist í reynd hver einasta króna lánuð og áhætta eiganda í reynd engin.

Mitt mat er að það eigi engin skip að kaupa til landsins um einhvern tíma, t. d. í 5 ár eða svo. Aftur á móti er ekki hægt að líta fram hjá þeirri staðreynd, að bátaflotinn er orðinn gamall og úreltur, t. d. á Suðurlandssvæðinu. Í Vestmannaeyjum hefur bátum t. d. fækkað um 14 núna á tiltölulega stuttum tíma. Ég held því að við eigum að nota afkastagetu íslenskra skipasmíðastöðva til að endurnýja bátaflotann, ekki togaraflotann heldur bátaflotann, og leggja þeim skipum sem eru úrelt og óboðleg sjómönnum nú á tímum, gömul og úrelt og þyrftu mikinn viðgerðarkostnað. Ef við *hefðum þetta þannig mundi* flotinn fara minnkandi þrátt fyrir að skipasmíðastöðvarnar framleiddu skip, þ. e. bátana.

Það er hugsanlegt líka, af því að það er alltaf verið að skamma okkur fyrir að við stöndum okkur illa í þróunaraðstoð, að eitthvað af þeim skipum sem eru okkur úrelt geti komið að notum einhverjum vanþróuðum þjóðum úti í heimi. Ég skal ekkert um það fullyrða, en það mætti vel athuga það mál.

Úreldingarsjóð þarf aftur á móti að efla og við þurfum að endurnýja bátaflota okkar, sem er orðinn margra áratuga gamall að meðaltali.

Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svarið, en ég tel að þarna hafi verið mjög illa að málum staðið. Fjöldinn allur af sjávarplássum vill kaupa togara, en staðreyndin er sú, að togarar eru of margir í landinu. Auðvitað verður einhver að hafa yfirstjórn. Það verður einhver að hugsa um heill alþjóðar, en ekki bara einstakra byggðarlaga.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Þá heyrir maður hvernig hv. þm. Magnús H. Magnússon ætlar sér að leysa brýna þörf þeirra Vestmanneyinga fyrir ný fiskiskip — *nýja línuveiðara, nýja línu- og netabáta sem koma þurfa í* staðinn fyrir úrelt skip í Vestmannaeyjum — með hvaða hætti hann ætlar sér að halda við þeim skipastofni, sem við höfum á landinu í dag og höfum brýna þörf fyrir ný fullkomin skip vegna þess að þróun í fiskiskipasmíði heldur áfram. Ég vona að úrræði hv. þm. Magnúsar Magnússonar bitni ekki á öðrum en Sunnlendingum því að hráefnis verður ekki aflað til frystihússins á Þórshöfn með þeim hætti að selja þó sennilega það nýtilegasta og skásta úr íslenska bátaflotanum til vanþróaðra þjóða.

Það er alveg rétt, að útgerðin á Fontinum brást á Þórshöfn *af ákaflega skiljanlegum ástæðum*. Selt var skip nýkomið úr klössun, svikinni klössun, ónýtt skip. (**Gripið fram í:** Það var sokkið.) Það hafði sokkið. Að vísu þó ekki tvisvar eins og okkar hv. þm. Árna Gunnarssyni var einu sinni sagt. Það hafði sokkið einu sinni, var keypt í braski til Suðurnesja á sínum tíma, batnaði ekki í hirðuleysinu þar, en var síðan selt fyrir milligöngu ríkisstj. og banka 1977 til Þórshafnar.

Það kann að orka nokkuð tvímælis hvort kaup á þessum norska togara séu rétta úrræðið til hráefnisöflunar fyrir þá Þórshafnarbúa í frystihúsið sitt.

Við höfum rökstudda ástæðu til að ætla að kannske hefði mátt afla ódýrara togskips en þess arna. En þeir verða að fá skip sem dugir til þess að bæta 3 þús. tonnum af bolfiski við ársaflann ef þetta pláss skal blífa. Það er ábyggilegt.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Það var mjög ánægjulegt að heyra hv. þm. Stefán Jónsson segja að það orkaði mjög tvímælis hvort þetta væru rétt kaup. Ég held að það sé augljóst að á þessum kaupum eru ýmsir vankantar. Ég held að það geri meira en orka tvímælis. Ég held að þetta sé rangt.

Sannleikurinn er sá, eins og kom fram áðan í ræðu hjá hv. þm. Magnúsi H. Magnússyni, að þetta er mjög dýr aðferð. Það kom reyndar fram í ræðu ráðh. að yrði fjárþörf upp á um það bil 500 millj. kr. eða hálfan milljarð kr. á næsta ári vegna þessara skipakaupa. Það dæmi er auðvelt að reikna. Tekjurnar eru taldar um 1000 millj., — kannske 1100 ef menn eru sérlega bjartsýnir, en útgerðin hefur ekki gengið allt of vel á þessu landshorni, — en afborganir af lánum eru um 700 millj. kr. Það kostar um 750—850 millj. kr. að reka skip að öðru leyti, fyrir utan fjármagnskostnað. Heildarútgjöldin eru því áreiðanlega í kringum 1500 millj. kr. á útgerð þessa skips á næsta ári og tekjurnar um 1000 millj. kr. Menn skulu því vera við því búnir að þarna verði fjárþörf upp á hálfan milljarð á núverandi verðlagi til að halda þessu skipi gangandi. Ég held að það sé nokkuð þungur baggi fyrir Þórshöfn og Raufarhöfn að bera. Má mikið vera ef ekki fer eins og einhvern tíma áður, að undir þann bagga þurfi að hlaupa.

En það er annað sem er mjög alvarlegt í þessu máli. Ráðh. setti eigin reglur um það, að ef skip væri flutt inn til landsins skyldi annað flutt út í staðinn. Þessar reglur hafa nú verið þverbrotnar. Því hefur verið haldið fram, að með því móti að svona væri að málum staðið, að skip væri flutt út í staðinn, stækkaði skipastóllinn ekki. Þetta er rangt meðan við höfum skipasmíðastöðvar í landinu og ætlum að láta þær sinna einhverjum skipasmíðum, vegna þess að þá koma bara viðbótarverkefni til skipasmíðastöðvanna. Hér er því með tvennum hætti verið að stækka skipastólinn, bæði með því að leyfa yfirleitt innflutning við þessar aðstæður og í annan stað með því að fara ekki eftir eigin reglum. Og það hörmulegasta við þetta allt saman er það, að eins og ástatt er með fiskistofnana hjá okkur þýðir þetta ekkert annað en aukin útgjöld fyrir þjóðarbúið og rýrari afkomu sjómanna, útgerðar og landsins í heild. Togari, sem kostar 3 milljarða kr. og 850 millj. kr. — ja, við skulum bara segja 750 millj. kr.— að reka á hverju ári, kostar okkur 7 milljarða kr. í auknum útgjöldum á fjórum fyrstu árum sínum, — milljarða kr. sem hefur verið kastað á glæ.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Röksemdin fyrir því, að þessi lausn var fundin, er sú, að það vantaði afla á þá tvo staði sem eiga að fá aflann frá þessum togara. Ég held að við verðum að hafa það í huga, að það er miklu verra við að eiga þann skort, sem er á fiski í sjónum hér í kringum landið, heldur en í frystihúsunum á þessum ákveðna stað. Ég er hræddur um að þessi röksemd sé harla veigalítil þegar menn skoða hana ofan í kjölinn og kanna með sama hætti hvernig fara mundi ef við notuðum þessa röksemd alls staðar á landinu þar sem hægt er

að koma við auknu atvinnulífi.

Það hefur komið fram, að sú lífsskerðingarstefna, sem lýsir sér í þessum togarakaupum þýðir ekkert annað en það, að aðrir togarar á landinu þurfa að draga saman milli 4 og 6 daga á þorskveiðum hjá sér. Ofan á þetta bætist síðan það, að nú er vitað mál og búið að vera um nokkurn tíma að loðnuflotanum verður beitt á þorskveiðarnar upp úr áramótunum, þannig að það leggst allt á eitt í þessu máli, sem sýnir fram á hve vitlaus áhætta þetta er ofan á allt fjármálahneykslið.

En það, sem er kannske merkilegast í þessu sambandi, er hvernig Framkvæmdastofnunin kastar í fjölmiðlunum boltanum til ríkisstj. og ríkisstj. aftur til Framkvæmdastofnunarinnar. Ég held að þetta skólabókardæmi þurfi að gera upp við þjóðina. Ég sjálfur vona það virkilega, að útgerðin á þessum stað verði heimamönnum til góðs úr því sem komið er, og ég vona að þetta skip afli vel og að byggð aukist á þessum stöðum. En þetta mál er þannig vaxið, að það hefur ekki bara áhrif á þessum stöðum, heldur um land allt, til skerðingar á lífskjörum fólks. Ég vil þess vegna skora á hæstv. ráðh. — af því að hann hefur öll gögn í höndum — að láta birta opinberlega í blöðum öll bréf, öll skjöl, allar bréfaskriftir, sem hafa farið á milli hæstv. ríkisstj. og Framkvæmdastofnunar ríkisins, og yfirlýsingar og ákvarðanir um niðurstöður í þeim málum. Ef það væri gert væri kannske möguleiki að þetta mál gæti orðið okkur sú kenning, sem við þurfum á að halda.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Ég er sannfærður um að hér er á ferðinni eitt mesta fjármálahneyksli sem átt hefur sér stað í langan tíma. Rætt hefur verið um það hér, að Framkvæmdastofnun hafi átt stóran hlut að því, að þessi ákvörðun var tekin. Það má vel vera að menn beri það fyrir sig. Hins vegar vil ég greina frá því, að innan Framkvæmdastofnunar var verulegur ágreiningur um það, hvað skyldi samþykkja í þessum efnum, og þegar lögð var fyrir umsögn byggðadeildar um þetta mál, þá létum við í ljós, bæði ég og Ólafur G. Einarsson, að við teldum algerlega órannsakað hvort ekki væri hægt að leysa atvinnumál þessara byggða, sem vissulega eiga við vandamál að etja, á annan og hagkvæmari hátt.

Við sögðumst vera andvígir þessari ályktun og greiddum henni ekki atkv. Ég held að hvorugur okkar hafi gert ráð fyrir því, að þessi umsögn yrði síðan notuð sem aðalröksemd fyrir því, að þessi kaup eru gerð, en svo er reyndar gert. Á fundi í Framkvæmdastofnun síðar, þegar ljóst var að ríkisstj. hafði ákveðið að kaupa togarann og leitað var eftir fyrirgreiðslu Framkvæmdastofnunar, þá lét ég bóka sérstaklega að ég væri þessum kaupum andvígur, sérstaklega vegna þess að það væri vitað mál að fjölgun togara hefði einungis í för með sér rýrnandi kjör fyrir sjómenn og útveginn allan. Það segir sig sjálft, að til þess er ætlast að Framkvæmdastofnun láni 20% af kaupverði, en síðan taki ríkissjóður að sér að fjármagna hinn hlutann, þ. e. 80%.

Tíminn er því miður útrunninn svo að varla er hægt að fara í þetta að nokkru gagni, en ég vildi að þetta kæmi fram til þess að menn áttuðu sig á því, að það var alls engin eining um það í Framkvæmdastofnuninni að útkljá málin eins og gert var. Ég tel að ályktun byggðadeildar hafi ekki verið ígrunduð sem skyldi. Það hefði verið hægt að fara aðrar leiðir.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Síðasti hv. ræðumaður sagði að þetta mundi vera eitt mesta fjármálahneyksli sem hefði skeð. Ég vil bara benda hv. þm. á að líta sér nær. (**KSG:** Hvað áttu við?) Það er nú ekki tími til þess að ræða það mál. (**KSG:** Hvað áttu við?) Ég á við útgerðarfyrirtæki í Keflavík. (**KSG:** Hvað er það?) Hv. þm. Kjartan Jóhannsson sagði áðan að það hefði verið hægt að leysa þetta á annan veg. Ég vil bara minna hann á það, að önnur var afstaða hans þegar verið var að kaupa togara til Hafnarfjarðar.

Það, sem hefur ekki komið fram í þessu máli, er það, að fyrir Norðausturlandi er stórt svæði sem er algerlega bannað að toga á og þar af leiðandi verður að sækja á mið sem eru langt, langt frá. Af þessari ástæðu einni er eðlilegt að eitthvað sé gert fyrir þetta byggðarlag. Svo er líka önnur saga á bak við þessi kaup, nefnilega sú, að íbúar þessara byggðarlaga voru næstir í röðinni að fá leyfi fyrir togara og þá voru þeir neyddir til að kaupa annaðhvort ekkert skip eða kaupa skipið sem þeir keyptu, Suðurnes, sem var skírt Fontur.

Því miður er enginn tími til að ræða þessi mál hér. En ég sé ástæðu til að þakka ríkisstj. og Framkvæmdastofnun fyrir þátt þeirra í að leysa þetta mál. Ég vona að sú stund renni ekki upp, að þm. Norðurl. e. geti ekki horft kinnroðalaust framan í hvern sem er — hvort sem hann er á Reykjanesi eða annars staðar — vegna þessara kaupa. Við höfum allir staðið að þessu máli, hinir kjörnu þm. í Norðurlandskjördæmi eystra.

Eggert Haukdal: Herra forseti. Stjórn Framkvæmdastofnunar hefur sent frá sér fréttatilkynningu um þetta mál, sem birtist í blöðunum fyrir skemmstu, og ég vil vísa til hennar. En því til áréttingar vil ég segja að fyrir nokkrum árum samþykkti stjórn Framkvæmdastofnunarinnar að ósk þáv. ríkisstj. að lána ekki út á innflutt skip. Þessari ákvörðun hefur stjórn stofnunarinnar ekki breytt.

Eins og hv. þm. Friðrik Sophusson minntist á áðan, þá á ekki að þurfa í þessu máli að velta því á milli sín, hver átti forgöngu um þessi kaup. Að sjálfsögðu komu þau frá ríkisstjórnarborði. Það liggur í hlutarins eðli af öllum upplýsingum sem fyrir liggja í málinu. Ákvörðunin um skipið kom þaðan og ósk til stjórnar Framkvæmdastofnunarinnar um að greiða fyrir þessum 20%.

Ríkisstj. er yfirstjórn Framkvæmdastofnunar og þá skoðast afstaða stjórnar Framkvæmdastofnunarinnar í ljósi þess. En ég vil taka þetta fram: Að sjálfsögðu er það hlutverk Framkvæmdastofnunarinnar að greiða fyrir atvinnuuppbyggingu um allt land, og viðræður norðanmanna við stjórn Framkvæmdastofnunar voru vinsamlegar. En í þeim viðræðum kom fram að kaupverð togarans væri miklum mun lægra heldur en nú liggur á borðinu. Þar var aðeins talað um á annan milljarð, í hæsta lagi tvo. En það eru allt aðrar tölur sem liggja fyrir í dag. Og ég vil vísa til þess í því sambandi, að stjórn Framkvæmdastofnunar var nú nýverið að greiða fyrir togarakaupum innbyrðis á Reykjanesi. Ágætu skipi, sem fyrir lá að færi af svæðinu, var haldið þar kyrru með stuðningi Framkvæmdastofnunar, og þar var aðeins um að ræða liðlega milljarð.

Ég endurtek: Að sjálfsögðu hlýtur hlutverk Framkvæmdastofnunar alls staðar að vera að greiða fyrir atvinnumálum. En við skulum ekki vera að deila um hver

átti frumkvæðið að þessum kaupum. Það er ríkisstj. sjálf. Síðan skulum við hugleiða að það er komið að því að afgreiða fjárlög og staða Byggðasjóðs er nú slík, ef ekki fæst leiðrétting við 3. umr. fjárlaga á fjármagni til sjóðsins, að hann er á næsta ári algerlega vanmegnugur að sinna sínu hlutverki.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Við þurfum nýja fiskveiðistefnu, þar sem landshlutunum er ætlað visst aflahlutfall í þeim þorski sem berst á land. Það er fráleit stefna að halda því fram, að vissum sjávarþorpum á Íslandi eigi ekki að vera frjáls aðgangur að hafinu. Hún gengur ekki upp.

Hv. 5. þm. Suðurl. mætti hugsa til útgerðar frá Selfossi í dag á togara.

Ég vil bæta þessu við það sem hér hefur verið sagt um innflutning á skipum: Eru menn reiðubúnir að leggja þann skatt á sjávarútveginn, að hann þurfi að borga aukalega einn milljarð með hverjum togara vegna þess að hann er byggður innanlands? Eru menn reiðubúnir að leggja þann skatt á sjávarútveginn og ef menn eru ekki reiðubúnir að leggja þann skatt á sjávarútveginn, eru menn þá reiðubúnir að taka þann milljarð úr ríkissjóði og borga hann með þeirri innlendu skipasmíði, sem hér á sér stað? Þessu verða menn að svara, því að ákvörðun um það að banna innflutning á skipum er ákvörðun um að neyða íslenska útgerðarmenn til að kaupa skip á miklu hærra verði en þeir eiga kost á með öðru móti.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Ég endurtek að ég tel að hér sé á ferðinni eitt meiri háttar fjármálahneyksli sem ríkisstj. er frumkvöðull að. Framkvæmdastofnun á ekki hlut þar að máli, það er alveg ljóst, eins og kom fram hjá formanni stofnunarinnar. Og þar er annað sem væri gott að fá upplýst og hvíslað er hér manna á milli. Er það rétt, að borist hafi tilboð um togara sem kostaði einum milljarði minna en sá togari sem nú er verið að kaupa?

Ég vil geta þess í sambandi við þau orð formanns Framkvæmdastofnunar, að á síðasta fundi hafi verið greitt fyrir togarakaupum á Reykjanesi, að þar var Framkvæmdastofnun fyrst og fremst að hugsa um eigið fyrirtæki sem keypti 1/4 af þeim togara til þess að halda fyrirtæki gangandi sem Framkvæmdastofnun sjálf á. Annað skeði ekki þar.

Ég endurtek að ég er mjög andvígur þessum kaupum. Ég held að þessi kaup séu ekki til góðs fyrir þau byggðarlög nyrðra sem eiga við atvinnuvandamál að stríða. Það mun sagan segja okkur seinna. Og það sem verra er, með þessu er verið að ráðast á lífskjör sjómannastéttarinnar í landinu á svívirðilegasta hátt. Það er verið að rýra þau yfir heildina, því að það er útreiknanlegt, að því fleiri togarar, því fleiri skrapdagar fyrir hina sem eftir eru.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég vil taka undir orð hv. 6. þm. Suðurl., sem er formaður stjórnar Framkvæmdastofnunarinnar, það sem hann minnti þm. á hvernig ástand og horfur eru með framkvæmda- eða útlánafé Framkvæmdastofnunarinnar á næsta ári. Í fjárlagafrv. þrengir ríkisstj. verulega þetta ráðstöfunarfé með því að draga úr lögbundnum framlögum. Þróunin hefur orðið sú, að í staðinn fyrir að greiða 2% af gjaldahlið fjárlaga, sem var 1977, er þetta komið núna niður í 0.7% í fjárlagafrv. fyrir þetta ár og sömuleiðis í fyrra. Þrepin hafa verið þessi: frá 2 niður 1.5, síðan í 1.2 og þar næst í 1.6. Það eru líka uppi áform frá ríkisstj. í fjárlagafrv. um að gera Byggðasjóði skylt að taka 3150 millj. að láni erlendis. Síðan á að lána slíkt fjármagn til togarakaupa. Þegar vitað er að Fiskveiðasjóður er að hækka kröfu sína um að tekið sé allt að 20% af brúttóafla þessara togara, þá getur hver maður séð að þau útlán, sem eiga sé stað til togara, það fjármagn fæst aldrei til baka. Það sjáum við og vitum fyrir fram. Ef á að halda uppi innlendri skipasmíði í landinu verður auðvitað að breyta hér um stefnu, en ekki með þessu hætti.

Ég vil líka að það komi fram, að átta togarar, sem smíðaðir hafa verið innanlands á undanförnum árum, eru núna í vanskilum við Byggðasjóð einan upp á 1026 millj. í afborgunum og vöxtum fyrir utan dráttarvexti. Þessi þróun heldur áfram og hér verður vitaskuld að sporna við fæti og breyta um stefnu. Ef á að halda þessari innlendu skipasmíði áfram verður auðvitað að fá henni fjármagn beint, sem kemur þá til lækkunar á þeim skipum sem smíðuð eru innanlands, en ekki breyta því á þennan hátt og láta sjóðina brenna upp með þessum hætti, eins og núv. hæstv. ríkisstj. hefur verið að gera og er að gera með þessu fjárlagafrv. En tækifæri gefst í lok þessarar viku fyrir þm. að standa trúan vörð um Byggðasjóð, og þá sjáum við hverjir eru með honum og hverjir eru á móti.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): *Herra forseti.* Ég vil fyrst taka undir það sem kom fram hjá ýmsum sem hér hafa talað og m. a. hv. fyrirspyrjanda, að togaraflotinn er of stór fyrir þann þorskafla eða botnfiskafla sem við getum leyft. Þetta er alveg rétt. Ég vil hins vegar leggja á það ríka áherslu, að það ber að stuðla að því að togaraflotann megi endurnýja á eðlilegan hátt. Ég vil þó lýsa undrun minni á því, að þegar menn tala um, að togaraflotinn sé of stór, og hneykslast á því, að togari skuli koma á þetta svæði, þá minnist enginn á þá sex togara sem eru í smíðum innanlands. Þeir eru allir viðbætur við flotann, — allir, hver einasti.

Það var upplýst á mjög athyglisverðri ráðstefnu skipasmíðastöðvanna s. l. föstudag, að togari sá, sem verið er að smíða fyrir Bæjarútgerð Reykjavíkur, mun kosta um 5 milljarða. Og ég vil alveg sérstaklega taka undir það sem kom fram hjá hv. 1. þm. Vestf., að ef smíða á skipin innanlands — sem ég tek undir að er ákaflega æskilegt — þá er útilokað að færa það iðnaðarvandamál yfir á útgerðina. Það er útilokað mál. Ég vil hins vegar að það komi fram, að fulltrúar skipsmíðastöðvanna halda því fram að þessi samanburður sé ekki réttur, og hafa fært ýmis rök að því, að skipasmíði innanlands sé ekki að ráði a. m. k. dýrari en erlendis. Hins vegar get ég upplýst það, að ágætir útgerðarmenn úr Vestmannaeyjum, sem ég veit að hv. fyrirspyrjandi þekkir vel, hafa verið hjá mér oftar en einu sinni og sækja það mjög stíft að fá að láta smíða þrjá báta erlendis. Þeir halda því fram mjög ákveðið, að verð á þessum bátum hér innanlands sé um 80—90% hærra en þeir fá erlendis. Ég hef óskað eftir því, að þeir láti fara fram samkeppnistilboð svo að menn geti séð í raun og veru hver þessi verðmunur er. Reynt hefur verið að gera verðsamanburð en það er ákaflega erfitt á grundvelli þeirra lýsinga sem liggja fyrir.

Ég hef gaman af að vita hvort hv. fyrirspyrjandi mæli með því, að þessir ágætu útgerðarmenn kaupi sín skip

innanlands ef kostnaðarmunurinn er svona mikill. Þeir tjá mér að þeir treysti sér alls ekki til þess. Ég efast um að rétt sé að þvinga þá til slíks. En ég vil leggja á það áherslu, að hvort sem togari kemur erlendis frá, ef enginn fer í staðinn, eða hann er smíðaður innanlands, þá er það viðbót við flotann.

Smíðin innanlands hefur farið fram eftir nánast sjálfvirkum reglum. Menn hafa komið með 15% kostnaðarins sem eigið fé. Þannig voru þrír togarar samþykktir í fyrra og þrír samþykktir nú. Hv. fyrirspyrjandi spurði hvort mér væri kunnugt um togara sem ætti að kaupa frá Frakklandi til Vestfjarða. Það er mér ekki, ég hef ekki heyrt á hann minnst. Hins vegar virðist vera alveg endalaus áhugi á því að kaupa togara, því að það er stöðugur straumur slíkra málaleitana og menn hafa varla við að hafna alls konar hugmyndum um togarakaup. Er það furðulegt þegar maður heyrir um rekstrarafkomu togaranna, eins og kom fram hjá hv. 1. þm. Vestf. áðan og ég get reyndar rakið fjölmörg önnur dæmi um.

Ég verð nú að segja það, að ég er dálítið undrandi á því, að hv. þm. Kjartan Jóhannsson skuli halda áfram að kasta grjóti úr sínu stóra glerhúsi. Í hans stjórnartíð samþykkti Fiskveiðasjóður þrjá togara til smíði innanlands, og hv. þm. samþykkti að togari, sem búið var að selja úr landi, yrði fluttur inn til Keflavíkur. Ég efast ekki um að hv. þm. hefur gert það vegna þess að hann taldi skort á hráefni til þess svæðis. Ég veit það reyndar, því að um þetta var mikið rætt í ríkisstj. og hann taldi þörfina mjög mikla fyrir aukið hráefni til Keflavíkur. Og ég dreg enga dul á það, að ég féllst á það með hv. þm. þegar hann var sjútvrh.

Það er dálítið skrýtið að heyra hv. þm., sem sitja í stjórn Framkvæmdastofnunar, sverja af sér alla aðild að þessu máli. Satt að segja hélt ég að Framkvæmdastofnun hefði haldið nokkuð vel á þessu máli. (Gripið fram í.) Já, kannske einstakra þm., en ég tala um stjórnina sem heild. Og ég held að stjórn Framkvæmdastofnunar hafi ekkert að skammast sín fyrir í þessu máli. Stjórn Framkvæmdastofnunar og Byggðasjóður tóku málið ítarlega fyrir, og ef við eigum að treysta þeirri stofnun til nokkurs, þá er það þó að skoða byggðavanda. Ég er líka hér með í fórum mínum skýrslu byggðadeildar og ég sé ekki annað en þar séu færð rök fyrir , að það verði að færa togara inn á svæðið. Ég las upp áðan hluta af ályktun stjórnar stofnunarinnar og ég sé ekki að stofnunin þurfi að skammast sín fyrir það sem hún hefur gert í þessu máli. Á grundvelli þessarar samþykktar og þeirrar athugunar, sem mér var kunnugt um að hefði farið fram inni í Framkvæmdastofnun lengi á atvinnumálum Þórshafnar, ákvað ég að styðja þetta mál. Það er byggt á þeim niðurstöðum, sem fengust þar inn frá, og að mínu mati af þeim mönnum sem gerst þekkja til, m. a. undirskrifað af manni sem þekkir mjög vel til togaraútgerðar.

Ég ætla ekki að segja hverjum er hér um að kenna, eins og menn tala um. Kannske gætu þeir sagt: Hverjum er hér að þakka? Einhverjir mundu e. t. v. segja það. Hver á upphafið? Þm. fara fram á að þetta sé keypt, Framkvæmdastofnun vinnur þetta mjög vel. Ríkisstj. fellst á tillögur Framkvæmdastofnunar. Ég kannast hins vegar ekki við það, að í samþykkt ríkisstj. hafi neitt verið sagt um að lána 100%. Framkvæmdastofnun var falin forsjá málsins. Það má vel vera — ég efast ekki um að það sé rétt hjá hv. 6. þm. Suðurl. — að þeir hafi skilið málið svo. En ekkert var um það sagt í samþykkt Framkvæmdastofnunar. Ég vil að lokum taka undir það, og það er einlæg von mín, að útgerð þessa togara gangi vel og verði byggðarlaginu til vaxtar og eflingar. En ég get vel játað að ég hef vissar áhyggjur af því máli. Ég hef áhyggjur af því, að mér þykir togarinn orðinn nokkru dýrari en ég hefði talið æskilegt að hann væri. Hins vegar skal ég viðurkenna það, að ég hef ekki fylgst svo náið með hvernig þessi togari hefur aukist í verði, t. d. við þær breytingar sem á honum eru ráðgerðar. En ég endurtek að það er von mín að þetta gangi vel hjá þeim á Norðausturlandi.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 36. fundur.

Þriðjudaginn 16. des., að loknum 35. fundi.

Fjölskylduvernd, þáltill. (þskj. 127). — Ein umr.

Flm. (Haraldur Ólafsson): Herra forseti. Sú þáltill. sem hér liggur fyrir, hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að skipa nefnd til þess að undirbúa löggjöf um samræmda stefnu í málum er varða eflingu og vernd fjölskyldunnar með tilliti til mikilvægis hennar í þjóðfélaginu og gera henni kleift að sinna vel uppeldis- og umönnunarhlutverkum sínum.“

Þær miklu þjóðfélagsbreytingar, sem átt hafa sér stað á Íslandi á þessari öld, hafa gerbreytt hlutverkum ýmissa þjóðfélagsstofnana og skapað nýjar. Iðnaður og framleiðsla hafa færst út af heimilunum í miklum mæli, æ meira er keypt að, bæði varningur og þjónusta, menntun fer að miklu leyti fram utan heimilanna og jafnvel næsta umhverfis hvers og eins. Er það öfugt við það sem áður var, er störf lærðust mestan part á heimaslóðum.

Sú þjóðfélagsstofnun, sem einna elst er og áhrifamest, var fjölskyldan, alls staðar þekkt á byggðu bóli og alls staðar áhrifamikil um mótun hvers og eins. Hérlendis var fjölskyldan í senn framleiðslueining, uppeldisstöð og tryggingarstofnun einstaklinga. Iðnaður, matvælaframleiðsla og uppeldi fór fram í skauti fjölskyldunnar, á heimilum er voru sér næg um flest eða létu sér a. m. k. nægja það sem unnt var að afla í fátæku landi. Þessu er hvergi betur lýst en í skilyrðunum fyrir því, að stúlka væri fær um að stofna heimili. Það var er hún gat „breytt ull í fat, mjólk í mat og kennt barni bæn“. Skýli, fæði og siðfagurt uppeldi var undirstaða mannlífsins.

Þrátt fyrir hinar miklu breytingar, er átt hafa sér stað, og einkum þó hve fjölmargt, sem áður var einkamál hverrar fjölskyldu, er nú í verkahring opinberra aðila af ýmsu tagi, gegnir fjölskyldan enn veigamiklu hlutverki. Innan hennar mótast flestir unglingar og börn og þar fer fram afdrifaríkasti hluti uppeldis þeirra og sá hlutinn sem mestu skiptir að vel takist til um. Samskipti manna og hæfileikar til samlífs í þjóðfélaginu mótast á heimilum og í tengslum við þá eldri og yngri sem menn alast upp með. Það er ekkert einkamál hvernig uppeldi er háttað, og þjóðfélagið allt ber svip heimila. En framtíðarheill hvers einstaklings er að verulegu leyti komin undir því, hvaða veganesti hann fær frá bernskuheimili sínu. Þar geta skólar og uppeldisstofnanir bætt um og lagað til það sem mjög fer úrskeiðis, en skólinn hefur ekki tök á að bæta fyrir illan arf frá sundruðum og óhamingjusömum fjöl-

skyldum.

Að undanförnu hefur mikið verið rætt um fjölskyldupólitík. Flokkar landsins hafa látið þau mál til sín taka á þessu ári og nokkur umræða er hafin um helstu þætti málsins. Orðið „fjölskyldupólitík" er tæplega nógu gott. Nær er að kalla þetta fjölskylduvernd og hefur það verið notað í þeirri þáltill. sem hér er til umræðu. En við hvað er þá átt? Þetta er notað um úrræði sem stuðla að því að gera fjölskyldunni áfram auðvelt að vera mikilvægur kjarni þjóðfélagsins. Þar er lögð áhersla á mikilvægi hennar og nauðsyn á því að staða hennar verði viðurkennd og henni gert auðvelt að eflast til góðs fyrir land og lýð. Jafnframt er áhersla lögð á að ekki verði í neinu hvikað frá kröfum um jafnrétti karla og kvenna og jafnrétti allra manna.

Mikilvægur þáttur fjölskylduverndar er einmitt að stuðla að jafnri aðstöðu allra án tillits til kynferðis, stöðu, efnahags eða búsetu. Flm. telja að vegna þess áhuga, sem vaknaður er á málefnum fjölskyldunnar, sé nauðsynlegt að samræmd séu hin ýmsu sjónarmið flokka og hópa áhugafólks og þau komi fram í heildaráætlun um fjölskyldulöggjöf. Margt er það sem athuga þarf í þessu sambandi. Kanna þarf t. d. hvort einhver ákvæði laga og reglugerða stuðla að því að sundra fjölskyldum fremur en halda þeim saman. Í þessu sambandi verður að athuga tryggingamál, framfærsluskyldu, dagvistun, skólatíma, sifjalöggjöf, atvinnumál og vinnutíma. Er eitthvað í tryggingalöggjöf sem veldur því, að einhverjum aðilum sé hagur að því að leysa upp fjölskylduna? Er heppilegt að nema úr gildi ákvæði um gagnkvæma framfærsluskyldu foreldra og barna? Á að leggja alla áherslu á að sem flestir geti átt aðgang að dagvistarstofnunum, eða á að auðvelda foreldri eða foreldrum að annast börn sín heima? Á hvern hátt spillir sundurslitinn skólatími fjölskyldulífi og hagkvæmu heimilishaldi? Þarf ekki að athuga hver áhrif langur skóladagur hefur á börn og aðstandendur þeirra, og ber ekki að leggja áherslu á að börn og unglingar geti sótt sem flestar tegundir skóla í nágrenni við heimili sín? Gerir sifjalöggjöf nægilega mikið úr ábyrgð heimilis, ættingja á nánustu fjölskyldumeðlimum sínum? Getur sveigjanlegur vinnutími auðveldað fjölskyldunni að vera saman? Á hvern hátt stuðla skattalög að viðgangi eða hnignun fjölskyldunnar? Og síðast en ekki síst: Ber ekki að taka upp þá stefnu í launamálum, að dagvinna nægi til framfærslu meðalfjölskyldu? Og ræður ekki stefnan í húsnæðismálum ærið miklu um allra hag?

Þetta eru nokkrar af þeim spurningum sem svara verður þegar mótuð er stefna í fjölskylduvernd.

Herra forseti. Það er skoðun flm. að efla beri fjölskylduna og færa til hennar margt af því, sem að undanförnu hefur verið falið stofnunum af ýmsu tagi. Allar eru þær mikilvægar og þarfar, en því má ekki gleyma, að þær eru fyrst og fremst hugsaðar sem hjálparstofnanir, sem taka eiga við er önnur ráð þrýtur. Þróunin hefur hins vegar orðið sú, að þær taka að sér æ meira af verkefnum fjölskyldunnar. Draga verður í efa að slíkt stofnanauppeldi sé hollt fyrir þjóðfélagið og þegna þess. Það er nauðsynlegt að gera heimilunum kleift að annast ýmsa þætti umönnunar sem nú fara að mestu fram á stofnunum. Sem dæmi má nefna hvort ekki sé hagkvæmt að öldruðum sé gert fært að búa að sínu eða dveljast með sínu fólki í ríkara mæli en nú er stefnt að. Til þess að svo verði þarf að auka heimahjúkrun og heimilisaðstoð og enn fremur þurfa að koma til hvetjandi aðgerðir. Gera verður foreldrum mögulegt að dveljast mikið með börnum sínum, en til þess að svo verði þurfa margar starfsstéttir að breyta vinnutíma og vinnuálag þeirra að minnka. Væri ekki æskilegt að taka upp skólamáltíðir, svo að börn frá heimilum, þar sem báðir foreldrar eða aðilar, sem barn býr hjá, vinna úti, fái reglulegar máltíðir?

Þá er að minnast á eitt atriði enn sem miklu skiptir fyrir gott fjölskyldulíf. Það er aðstaðan til frístundastarfs og íþróttaiðkana. Opinberir aðilar geta margt gert til að auðvelda fjölskyldum samveru í frístundum og við íþróttir. Stefnumörkun í þeim málum getur haft veruleg áhrif á fjölskyldulíf.

Þetta eru nokkur atriði sem athuga verður þegar stefna er mörkuð um fjöskylduvernd. Megintilgangurinn með flutningi þessarar þáltill. er að ýta undir umræður um fjölskylduna og stuðla að því, að hafist verði handa um að móta tillögur um aðgerðir til verndar henni.

„Allar hamingusamar fjölskyldur eru eins, en óhamingjusamar fjölskyldur eru það hver á sinn hátt," sagði Tolstoj. Um hamingjusamar fjölskyldur er ekki margt að segja. Þær sjá yfirleitt vel um sig og sína. Það eru hinar óhamingjusömu fjölskyldur sem huga þarf að og finna leiðir til að bæta þær. Uppeldi og aðstaða barna og unglinga leggur grunninn að lífshamingju hvers og eins. Meginverkefnið er því að skapa góð uppeldisskilyrði og tryggja efnahagslegt og félagslegt öryggi foreldra og uppalenda.

Herra forseti. Heimili og fjölskylda eru grundvöllurinn, og hann verður að vera traustur. Efling fjölskyldunnar og vernd hennar er vænleg leið til að bæta mannlíf hér á landi. Opinská umræða um þetta mál er nauðsynleg. Þetta er stórt mál sem alla varðar, og skynsamlegar ákvarðanir um fjölskylduvernd geta sett mark sitt á þróun þjóðfélagsins um langa framtíð.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Iðnaður á Vestfjörðum, þáltill. (þskj. 208). — Ein umr.

Flm. (Sigurgeir Bóasson): Herra forseti. Á þskj. 208 hef ég leyft mér að flytja eftirfarandi till. til þál.:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að beita sér fyrir gerð áætlunar um eflingu iðnaðar og þjónustu á Vestfjörðum."

Tilefni þessarar þáltill. er það álit mitt, að á Vestfjörðum sé óeðlilegt misvægi í uppbyggingu atvinnulífsins og þjónustu mjög ábótavant og þess vegna sé þörf á að gera nú átak til að efla iðnað og þjónustu á Vestfjörðum með það markmið fyrir augum að skapa þar traustari byggð í framtíðinni. Það markmið tel ég mjög æskilegt, bæði vegna Vestfirðinga og þjóðarinnar í heild. Með þessari till. fylgir grg., sem ég mun nú hlaupa yfir.

Tækniframfarir og hagvöxtur hafa leitt til mikilla breytinga á atvinnuháttum og búsetu hér á landi. Á sama tíma hefur orðið mesta fólksfjölgun í sögu þjóðarinnar, en tala íbúa hefur þrefaldast frá aldamótum.

Á Vestfjörðum hefur þróunin á margan hátt verið ólík þróuninni í öðrum landshlutum. Um aldamót bjuggu 12 500 manns á Vestfjörðum, en 1. des. 1979 var íbúatalan 10 363 og eru Vestfirðir eini landshlutinn þar sem íbúum hefur fækkað frá aldamótum. Frá aldamótum til ársins 1940 var íbúafjöldi á Vestfjörðum svo til

óbreyttur, en upp úr því fór að gæta verulegrar fólksfækkunar allt til ársins 1972, en þá var íbúatalan lægst eða 9925. Frá þeim tíma hefur orðið nokkur fólksfjölgun og var íbúafjöldinn 10 363 1. des. 1979.

Ef við athugum þetta nánar, þá sést að á ýmsan hátt hafa Vestfirðir sérstöðu. Í fyrsta lagi hefur fækkun í sveitum orðið hlutfallslega meiri á Vestfjörðum en í öðrum landshlutum. Á árinu 1940 bjuggu 6396 Vestfirðingar í sveitum en 1. des. 1979 bjuggu aðeins um 2088 manns í sveitum á Vestfjörðum. Í öðru lagi hafa Vestfirðir sérstöðu að því leyti, að fjölgun í þéttbýli hefur orðið mun minni en í flestum öðrum landshlutum. Á árinu 1940 bjuggu 6547 í þéttbýli á Vestfjörðum samanborið við 8275 1. des. 1979 og er fjölgunin aðeins 6.2% á þessu tímabili. Á sama tíma hefur fólksfjöldi í þéttbýli á landinu öllu aukist um 140%. Í samanburði við aðra landshluta er fjölgun í þéttbýli á Vestfjörðum svipuðum og á Norðurlandi vestra, en í öllum öðrum landshlutum hefur fólksfjöldi í þéttbýli meira en tvöfaldast á þessu tímabili.

Með tilkomu skuttogaranna og mikillar uppbyggingar og endurbóta á fiskvinnslustöðvum hefur íbúum þéttbýlisstaða á Vestfjörðum fjölgað nokkuð hin síðari ár, en þó mjög mismunandi eftir stöðum. Í Bolungarvík t. d. hefur orðið mikil fjölgun, íbúum þar hefur fjölgað um 18.6% frá árinu 1975 til ársins 1979. Á Ísafirði hefur orðið nokkur fólksfjölgun allra síðustu ár, en á flestum öðrum þéttbýlisstöðum á Vestfjörðum hefur íbúafjöldi nokkurn veginn staðið í stað. Almennt má segja að þéttbýlisstaðir á Vestfjörðum hafi ekki tekið við því fóki sem vegna breyttra atvinnuhátta hefur flust úr sveitum og minni útvegsstöðum. Margar ástæður hafa valdið þessari þróun og er ein mikilvægasta ástæðan sú, að atvinnulíf á Vestfjörðum er einhæft og þjónustu á mörgum sviðum mjög ábótavant. Á töflu, sem fylgir þessari tillögu, er sýnd atvinnuskipting á Vestfjörðum og enn fremur skipting mannafla við iðnað.

Nýjustu upplýsingar um skiptingu mannafla á atvinnugreinar og landshluta eru frá árinu 1978. Samkv. þeim var mannafli á Vestfjörðum 5059 árið 1978. Heildarmannafli það ár var 100 912 og er hlutdeild Vestfjarða af heildarmannafla því um 5%. Ef atvinnuskipting á Vestfjörðum er athuguð nánar, þá kemur í ljós hve gífurlegt misvægi er í uppbyggingu atvinnulífsins. Vestfirðingar hafa mikla sérstöðu hvað varðar fiskveiðar og fiskvinnslu. En við þessar greinar störfuðu 40.1% mannaflans á Vestfjörðum á árinu 1978. Á landinu öllu störfuðu aðeins 13.7% heildarmannaflans við þessar greinar. Í samanburði við aðra landshluta starfa hlutfallslega flestir við fiskveiðar og fiskvinnslu á Vestfjörðum. Á hinn bóginn kemur hér einnig fram sérstaða Vestfjarða hvað varðar annan iðnað en fiskiðnað. Á árinu 1978 störfuðu aðeins 394 við annan iðnað á Vestfjörðum eða 7.8% mannaflans. Á landinu öllu störfuðu 17 638 við annan iðnað eða 17.5% heildarmannaflans. Í samanburði við aðra landshluta starfa hlutfallslega fæstir við annan iðnað á Vestfjörðum.

Eins og sjá má af töflu 2, var hlutdeild Vestfjarða miðað við mannafla aðeins 2.2% í öðrum iðnaði en fiskiðnaði á árinu 1978. Ef nánar er athugað hvernig mannaflinn við þennan iðnað skiptist á iðngreinaflokka sést hve hlutur framleiðsluiðnaður á Vestfjörðum er lítill.

Við matvæla- og drykkjarvöruiðnaði störfuðu 128 manns á árinu 1978. Á landinu öllu störfuðu 2 894 við þessar iðngreinar og er hlutdeild Vestfjarða miðað við mannafla 4.4% í matvæla- og drykkjarvöruiðnaði. Ef teknir eru saman allir aðrir iðngreinaflokkar framleiðsluiðnaðar, þ. e. vefjar-, fata- og skinnaiðnaður, trjávöruiðnaður, pappírsiðnaður, prentun og svo allur annar framleiðsluiðnaður, þá kemur í ljós að á Vestfjörðum störfuðu aðeins 85 manns við þessa iðngreinaflokka árið 1978. Á landinu öllu störfuðu hins vegar 8639 við þessar iðngreinar. Í heild er því hlutdeild Vestfjarða í þessum iðngreinaflokkum tæpt 1%, en eins og áður hefur komið fram var hlutdeild Vestfjarða um 5% af heildarmannafla á árinu 1978.

Hlutdeild Vestfjarða af heildarmannafla í verslun og viðskiptum var aðeins 2.7% á árinu 1978. Þetta segir sína sögu um stöðu verslunar á Vestfjörðum. Á árinu 1977 gerðu aðilar á vegum Framkvæmdastofnunar ríkisins könnun á verslun og þjónustu á Vestfjörðum. Niðurstaða þessarar könnunar varð m. a. sú, að verslunarþjónusta á Vestfjörðum væri víða mjög ófullnægjandi, vöruúrval mjög lítið, sérstaklega af ýmsum sérvörum, póstverslun við Reykjavík væri mikil og verslunarferðir til Reykjavíkur tíðar.

Vandi verslunar á Vestfjörðum er einkennandi fyrir dreifbýlisverslunina yfirleitt. Fjarlægð frá heildsölum veldur minni veltuhraða vörubirgða. Meiri vörubirgðir krefjast aukins rekstrarfjár, vaxtakostnaður verður meiri og stærra geymslurými nauðsynlegt. Við verslun með sérvörur verður þessi vandi sérstaklega mikill og veldur því, að margar verslanir treysta sér ekki til að hafa þær á boðstólum. Fleira má nefna, eins og kostnað við pantanaafgreiðslu og lánsviðskipti, en slíkan kostnað þurfa verslanir í þéttbýli ekki að bera.

Annar vandi smásöluverslunar á Vestfjörðum er uppbyggingarvandinn. Vegna lélegrar rekstrarafkomu hefur víða ekki tekist að skapa fjármagn til uppbyggingar, og stofnlán til byggingar verslunarhúsnæðis hafa ekki verið fyrir hendi nema að takmörkuðu leyti. Hér þarf Byggðasjóður að koma til, en til þessa hefur Byggðasjóður ekki lánað til byggingar verslunarhúsnæðis.

Herra forseti. Með hliðsjón af því, sem hér hefur verið rakið, er ljóst að mikið misvægi er í atvinnuuppbyggingu á Vestfjörðum og verslunarþjónustu ábótavant. Flutningur þessarar þáltill. er viðleitni í þá átt að úr þessu verði bætt. Eðlilegt er að sú áætlun, sem till. gerir ráð fyrir, verði unnin af Framkvæmdastofnun ríkisins í samvinnu við sveitarstjórnir á Vestfjörðum og Fjórðungssamband Vestfirðinga. Í framhaldi af því er eðlilegt að stofnlánasjóðum auk Byggðasjóðs verði falið að veita lán til þeirra framkvæmda sem áætlunin felur í sér.

Eins og við þekkjum öll hefur á undanförnum árum verið mikil uppbygging í sjávarútvegi og fiskvinnslu víða um land. Hefur Byggðasjóður komið þar við sögu. Hér hefur verið stigið fyrsta skrefið í framkvæmd byggðastefnunnar, en aðeins fyrsta skrefið. Ef markmið byggðastefnunnar eiga að nást hlýtur Byggðasjóður nú að snúa sér að öðrum verkefnum til að skapa fjölbreyttara atvinnulíf á landsbyggðinni og að uppbyggingu verslana í dreifbýli.

Einhæfir atvinnuvegir stuðla að óstöðugleika í búsetu. Fólk, sem af einhverjum ástæðum getur ekki unnið við fiskveiðar og fiskvinnslu, á erfitt með að fá starf við sitt hæfi og verður oft að flytjast búferlum þangað sem atvinnutækifærin eru fjölbreyttari. Þá laðar einhæft

atvinnulíf fólk ekki til búsetu, eins og reynslan sýnir ef athuguð er sú litla fólksfjölgun sem orðið hefur á flestum þéttbýlisstöðum á Vestfjörðum á undanförnum árum, þrátt fyrir mikla en einhæfa atvinnu.

Nálægð Vestfjarða við ein bestu fiskimið landsins og góð hafnarskilyrði valda því, að fiskveiðar og fiskvinnsla verða um ókomin ár aðalatvinnuvegir Vestfirðinga. Þá veldur fjarlægð Vestfjarða frá aðalmarkaðs- og orkuöflunarsvæði landsins því, að þar er ekki hagkvæmt að reka orkufrekan stóriðnað. Á hinn bóginn er það ljóst, að ákveðin fjölbreytni í atvinnulífi er nauðsynleg ef halda á uppi traustri byggð í landshluta eins og Vestfjörðum. Það er eitt meginmarkmiðið með þessari þáltill. að stuðla að fjölbreyttara atvinnulífi á Vestfjörðum.

Hitt skiptir ekki minna máli, ef halda á uppi traustri og vaxandi byggð úti um land, að verslunarþjónustan sé viðunandi. Málefni dreifbýlisverslana hafa mikið verið til umræðu á undanförnum árum, en í raun hefur lítið annað gerst. Nefndir hafa verið skipaðar og skýrslur samdar, en raunhæfar úrbætur ekki komist í framkvæmd. Það er því annað meginmarkmiðið með þessari þáltill., að úr þessu verði bætt hvað Vestfjörðum viðkemur, en hið sama á við um dreifbýlisverslanir víða um land.

Herra forseti. Við þessa grg. hef ég ekki miklu að bæta. Ég tel mig hafa lýst þeim forsendum sem liggja að baki þessari þáltill. Ég veit, að hv. alþm. vilja stuðla að traustri búsetu á landsbyggðinni, og vona því að þáltill. fái greiða leið gegnum þingið og komist til framkvæmda.

Herra forseti. Að lokinni þessari umr. legg ég til að till. verði vísað til hv. atvmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 16. des.

Umboðsmenn fyrir áfengi og tóbak.

Svar fjármálaráðherra við fyrirspurn Vilmundar Gylfasonar um umboðsmenn fyrir áfengi og tóbak, á þskj. 160, sent þm. 16. des.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. Hversu mikið magn af áfengi og tóbaki var selt úr Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins á fyrstu níu mánuðum þessa árs?
2. Hverjir eru umboðsmenn fyrir þennan varning? Nákvæmrar sundurliðunar er óskað.
3. Hefur ráðuneytið einhver tök á að meta hversu mikið af smygluðu áfengi og tóbaki hafi komið til landsins á sömu mánuðum?

Skriflegra svara er óskað.

Svar:

1. a) Áfengissala að magni 1. jan. — 30. sept. 1980.

	Selt magn lítrar	Hlutfall af sölu 1979 %	Styrkleiki %	Umreiknað í hreinan vínanda lítrar
Sterkir drykkir:	**962 045**	**70,3**		**388 130**
Brennivín	305 511	69,0	40,5	123 733
Aqua vitae ÁTVR	25 989	64,0	41	10 655
Hvannarótar-brennivín ÁTVR	13 586	64,2	41	5 570
Bitter-brennivín ÁTVR	3 487	66,7	41	1 430
Kláravín ÁTVR	32 929	61,3	41	13 501
Önnur brennivín (erl.)	1 892	109,4	breytil.	782
Vodka ÁTVR	24 913	67,2	45	11 211
Vodka (erl.)	263 407	87,5	breytil.	108 508
Koníak	11 361	80,2	42	4 772
Brandy	18 509	75,2	42	7 774
Viskí	83 316	85,1	43	35 826
Ginn ÁTVR	664	63,0	45	299
Ginn (erl.)	17 603	81,7	breytil.	8 212
Genever ÁTVR	10 702	50,1	40	4 281
Genever (erl.)	41 801	86,0	38	15 884
Romm	33 100	88,3	40	13 240
Líkjör	66 067	79,0	breytil.	19 569
Púns	7 208	70,3	40	2 883
Heit vín:	**454 811**	**66,1**		**88 840**
Portvín	18 575	74,3	20	3 715
Sherry	92 908	80,4	19	17 652
Madeira	433	62,0	20	87
Vermút	170 530	70,8	16	27 285
Dubonnet	18 901	78,6	18	3 402
Aðrar tegundir	153 464	54,4	breytil.	36 699
Borðvín:	**535 664**	**96,1**		**61 952**
Rauðvín	298 096	94,9	12	35 771
Hvítvín	148 816	94,2	11—12	16 370
Rínar- og Móselvín	68 292	122,2	11	7 512
Kampavín	4 895	69,0	12	587
Freyðivín	15 565	69,0	11	1 712
Samtals, allar tegundir	**1 952 520**			**538 922**

1. b) Tóbakssala að magni 1. jan. — 30. sept. 1980.

	Selt magn	Hlutfall af sölu 1979 %
Vindlingar	287 466 þús. stk.	77,1
Reyktóbak	34 072 kg	76,3
Vindlar	10 718 þús. stk.	71,3
Neftóbak	10 770 kg	77,4
Munntóbak	462 pk.	72,0

2. a) Umboðsmenn fyrir áfengi.

Albert Guðmundsson, heildv., Grundarstíg 12, Rvík
Árni Siemsen hf., Austurstræti 17, Reykjavík
Ásgeir Sigurðsson hf., Síðumúla 35, Reykjavík
Austurbakki hf., Borgartúni 20, Reykjavík
Bárður Guðmundsson, Úthlíð 8, Reykjavík
Bifreiðar og landbúnaðarvélar, Suðurlandsbr. 14, R.
Björn Jóhannsson, Miklubraut 18, Reykjavík
Björn Thors, Melabraut 70, Seltjarnarnesi
Cosmos hf., Hverfisgötu 50, Reykjavík
E. Þ. Mathiesen hf., Dalshrauni 5, Hafnarfirði
Heildverslunin Edda, Klettagörðum 11—13, Rvík
Egill Snorrason, Hringbraut 85, Reykjavík
Elding Trading, Hafnarhvoli við Tryggvagötu, Rvík
Emil Guðmundsson, Skeiðarvogi 67, Reykjavík
G. Helgason & Melsted hf., Rauðarárstíg 1, Rvík
Glóbus hf., Lágmúla 5, Reykjavík
Grímnir, Ásvallagötu 44, Reykjavík
Guðjón Hólm Sigvaldason, Skipholti 33, Reykjavík

Gunnar Ö. Skaftason, Laugavegi 13, Reykjavík
H. L. Björnsson, Grófinni 1, Reykjavík
H. Ólafsson & Bernhöft, Bergstaðastræti 13, Rvík
Halldór H. Jónsson, Hverfisgötu 4, Reykjavík
Halldór Marteinsson, Viðjugerði 10, Reykjavík
Hjalti Björnsson & Co., Vesturgötu 17, Reykjavík
Hrímfell hf., Ingólfsstæti 18, Reykjavík
Íslenska-ameríska verslunarfélagið, Tunguhálsi 11, R.
Íslenska-erlenda verslunarfélagið, Tjarnargötu 18, R.
J. P. Guðjónsson, Sundaborg 17, Reykjavík
Jóhann Ágústsson hf., Framnesvegi 7, Reykjavík
Jóhanna Tryggvadóttir, Klapparstíg 25, Reykjavík
Jón Hjaltason, Óðali við Austurvöll, Reykjavík
Jón Maríusson, Þórufelli 6, Reykjavík
Karl K. Karlsson, Tjarnargötu 10a, Reykjavík
Kjartan Guðmundsson, Grensásvegi 8, Reykjavík
Konráð Axelsson, Ármúla 1, Reykjavík
Kristján Árnason, Holtsgötu 6, Reykjavík
Lúðvík Andreasson, Brekkubæ 24, Reykjavík
Magnús Kjaran, umboðs- og heildv., Ármúla 22, Rvík
Marco hf., Mýrargötu 26, Reykjavík
Milutin Kojiç, Hávallagötu 47, Reykjavík
Nathan & Olsen, Ármúla 8, Reykjavík
Ólafur Kjartansson, Lækjargötu 2, Reykjavík
Pétur Karlsson, Framnesvegi 27, Reykjavík
Pétur Pétursson, heildverslun, Suðurgötu 14, Rvík
Polaris hf., Austurstræti 8, Reykjavík
Rák hf., Njálsgötu 65, Reykjavík
Róbert Arnar & Co., Látraströnd 30, Seltjarnarnesi
Rolf Johansen & Co., Laugavegi 178, Reykjavík
S. Stefánsson & Co. hf., Grandagarði 1b, Reykjavík
Sigurður Magnússon, Eskihlíð 23, Reykjavík
Sigurður Tómasson, Laugarásvegi 65, Reykjavík
Sigurgeir Sigurjónsson, Óðinsgötu 4, Reykjavík
Snyrtivörur hf., Sundaborg 9, Reykjavík
Sveinn Björnsson & Co., Austurstræti 6, Reykjavík
Sverrir Bernhöft hf., Garðastræti 13a, Reykjavík
Thule Trading, Vallarbraut 14, Seltjarnarnesi
Vangur hf., Vesturgötu 10a, Reykjavík
Þórður Sveinsson & Co., Haga við Hofsvallagötu, R.
Þorvaldur Guðmundsson, Hótel Holti, Reykjavík

2. b) Umboðsmenn fyrir tóbak og eldspýtur.
Albert Guðmundsson, heildv., Grundarstíg 12, Rvík
G. Helgason & Melsted hf., Rauðarárstíg 1, Rvík
Glóbus hf., Lágmúla 5, Reykjavík
Grímnir, Ásvallagötu 44, Reykjavík
H. Ólafsson & Bernhöft, Bergstaðastræti 13, Rvík
Halldór Marteinsson, Viðjugerði 10, Reykjavík
Haraldur Gíslason, Birkihlíð 22, Vestmannaeyjum
Hrund Þór, Hjálmholti 12, Reykjavík
Íslenska-ameríska verslunarfél., Tunguhálsi 11, Rvík
J. P. Guðjónsson, Sundaborg 17, Reykjavík
Kjartan Friðbjarnarson, Smyrlahrauni 22, Hafnarfirði
Konráð Axelsson, Ármúla 1, Reykjavík
O. Johnson & Kaaber, Sætúni 8, Reykjavík
Pétur Pétursson, heildverslun, Suðurgötu 14, Rvík
Rolf Johansen & Co., Laugavegi 178, Reykjavík
S. Stefánsson & Co. hf., Grandagarði 1b, Reykjavík
Samband ísl. samvinnufélaga, Sölvhólsgötu 4, Rvík
Sigurver sf., Óðinsgötu 5, Reykjavík
Steinar Petersen, Kambsvegi 36, Reykjavík

3. Nei.

Efri deild, 32. fundur.

Þriðjudaginn 16. des., kl. 5.30 síðdegis.

Fiskimálasjóður, frv. (þskj. 173, n. 254). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Stefán Guðmundsson): Herra forseti. Hér er nál. um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 89 5. júní 1947, um Fiskimálasjóð, með síðari breytingum. Meginefni frv. er að hækka þá fjárhæð, sem Fiskimálasjóður getur veitt til einstakra verkefna úr, 2 millj. kr. í 5 millj. kr. Stjórn Fiskimálasjóðs er sammála því, að geta sjóðsins leyfi þessa hækkun.

Nefndin hefur rætt frv. og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Egill Jónsson og Gunnar Thoroddsen voru fjarverandi þegar málið var afgreitt.

Undir nál. skrifa Stefán Guðmundsson, Guðmundur Bjarnason, Geir Gunnarsson, Guðmundur Karlsson og Kjartan Jóhannsson með fyrirvara.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Meðan lögin um Fiskimálasjóð eru í því formi sem þau eru nú virðist breytingin, sem hér er lögð til, ekki nema eðlileg með tilliti til verðlagsþróunar. Er reyndar spurning hvað hún endist lengi. Það gæti orðið mál að breyta aftur mjög fljótlega ef fer fram sem horfir.

Hitt er annað mál, að það er skoðun mín að ástæða sé til að hyggja að skipulagi þessa sjóðs og lögunum, sem um hann gilda, með tilliti til þess að færa það frekar í það horf, að sjóðurinn samsvari betur þeim þörfum sem fyrir hendi eru í sjávarútvegi núna.

Þessari ábendingu vildi ég koma á framfæri, og fyrirvari minn við samþykkt þessarar breytingar er bundinn því, að menn vindi sér í það að líta á skipulag og þar með lögin um þennan sjóð.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins, frv. (þskj. 172, n. 272). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Stefán Guðmundsson): Herra forseti. Hér er fjallað um nál. um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 80 16. sept. 1971, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, með áorðnum breytingum. Nefndin hefur fjallað um frv. á tveimur fundum og leitað álits fulltrúa Aflatryggingasjóðs, Sjómannasambands Íslands og Landssambands ísl. útvegsmanna á þessu máli.

Meginefni frv. er breyting á lögum um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, þeim þætti er kveður á um áhafnadeildina sem greiðir hluta fæðiskostnaðar fiskimanna, annarra en þeirra sem eru á togurum yfir 500 brúttótonn, en á þeim togurum hafa sjómenn frítt fæði.

Í 2. gr. frv. er að finna meginbreytingarnar frá gildandi lögum, sem felast í frv. þessu, þ. e. að ákvæðið um upphæð fæðisgreiðslna og flokkun skipa skuli sett með reglugerð í stað þess að vera bundið í lögum eins og nú er.

Það er ljóst að með þeirri afturvirkni, sem hér er reiknað með, til 1. júní 1980, er ákvæðið verulega erfitt í framkvæmd. Þrátt fyrir það er nefndin sammála um að mæla með samþykkt frv. óbreytts.

Undir nál. skrifa Stefán Guðmundsson, Guðmundur Bjarnason, Geir Gunnarsson, Guðmundur Karlsson, Kjartan Jóhannsson og Gunnar Thoroddsen.

Fjarverandi afgreiðslu málsins var Egill Jónsson.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Söngmálastjóri og Tónskóli þjóðkirkjunnar, frv. (þskj. 257 (sbr. 6)). — 1. umr.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Hér er um að ræða frv. til laga um söngmálastjóra og Tónskóla þjóðkirkjunnar. Það er í meginatriðum byggt á frv. sem samþykkt var á síðasta kirkjuþingi. Á frv. — eins og kirkjuþing gekk frá því — hefur dóms- og kirkjumrn. gert óverulegar breytingar og fylgja því skýringar.

Frv. var lagt fram á 102. löggjafarþingi, í þinglok vorið 1980, en hlaut ekki umfjöllun í þinginu.

Það er óþarfi að hafa mörg orð um þetta frv. Helstu nýmæli þess eru þau, að stofnaður verði Tónskóli þjóðkirkjunnar í tengslum við embætti söngmálastjóra, og það er eðlilegt framhald af þeirri starfsemi sem hefur þróast á undanförnum árum.

Ég held að frv. sé einfalt og auðvelt að átta sig á því. Það hefur verið samþykkt einróma í Nd., gerðar á því nokkrar breytingar þar, sem ég hygg að hafi verið til bóta. Ég vænti þess, að hv. Ed.-menn taki frv. vel og þeim lítist svo vel á það, að þeir geti afgreitt það nú fyrir þinghlé í syngjandi sólskinsskapi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til menntmn. með 12 shlj. atkv.

Skráning lífeyrisréttinda, frv. (þskj. 126). — 1. umr.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um skráningu lífeyrisréttinda, en frv. þetta hefur þegar verið afgreitt af Nd.

Frv. samhljóða þessu frv. var lagt fyrir seinasta þing, en varð þá ekki útrætt. Það voru raunar þrjú frv. sem þá voru flutt hér um lífeyrissjóðamál, en aðeins eitt þeirra afgreitt. Nú eru tvö þau sem eftir sátu til lokaafgreiðslu hér í þinginu, þ. e. þetta frv. um skráningu lífeyrisréttinda og frv. um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda.

Lífeyrissjóðir, viðurkenndir af fjmrn. eða lögbundnir, eru nú um 95 talsins. Engin heildarskrá er til í landinu um hverjir eiga aðild að þessum sjóðum og því síður hvaða réttindi menn eiga sem í þessum sjóðum eru.

Fjmrn. hefur að undanförnu unnið að því að safna saman efni í skrá um lífeyrisréttindi landsmanna. Þýðingarmesta framlagið til slíkrar skrár hefur komið frá Sambandi almennra lífeyrissjóða, en þetta samband hefur gert samnafnaskrá fyrir alla sjóði innan sambandsins. Biðreikningur lífeyrissjóðsiðgjalda hefur nú tengst þeirri skrá í samræmi við sérstakt samkomulag sem gert var við sambandið.

Frv. um skráningu lífeyrisréttinda er flutt til þess að tryggja með lögum greiðan aðgang almennings að upplýsingum um lífeyrissjóðsaðild og til að afla vitneskju um umfang þess tryggingakerfis sem lífeyrissjóðirnir mynda í landinu.

Það er nokkuð ljóst, að framkvæmd laga um starfskjör launþega og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, sem samþykkt voru á s. l. vori, byggjast á því, að unnt sé að kanna hvort iðgjöld hafi verið greidd svo sem samningar og lög segja til um.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frv. Nánari grein er gerð fyrir því í grg. og í athugasemdum með frv., en ég vil leyfa mér að leggja til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 14 shlj. atkv.

Nýbyggingargjald, frv. (þskj. 195). — 1. umr.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um afnám nýbyggingargjalds, en frv. þetta hefur þegar verið afgreitt af hv. Nd. Ég trúi ekki öðru en að það gleðji hjörtu flestra þm., að hér er gerð till. um að fella niður skatt sem ekki er sérstaklega vinsæll.

Það er nú svo, að flestir þeir skattar, sem ákveðnir eru, lifa góðu lífi áfram og miklu fremur að krógarnir stækki og vaxi, eins og hér var nýlega rætt um, en hitt, að þeir séu aflífaðir. En í þessu tilviki er sem sagt ætlunin að afnema þennan skatt, og ég vænti þess, að samstaða verði um það.

Ég leyfi mér að leggja til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 14 shlj. atkv.

Efri deild, 33. fundur.

Þriðjudaginn 16. des., að loknum 32. fundi.

Fiskimálasjóður, frv. (þskj. 173). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 286).

Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins, frv. (þskj. 172). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 287).

Efri deild, 34. fundur.

Þriðjudaginn 16. des., að loknum 33. fundi.

Biskupskosning, frv. (þskj. 190). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til menntmn. með 11 shlj. atkv.

Neðri deild, 32. fundur.

Þriðjudaginn 16. des., kl. 5.30 síðdegis.

Stimpilgjald, frv. (þskj. 199, n. 252). — 2. umr.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 36/1978, um stimpilgjald. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt.

Hér er fyrst og fremst um að ræða breytingar að því er varðar verðmæti íslensks gjaldmiðils 1. jan. n. k. og því nauðsynlegt að samræma lögin þeirri aðgerð.

Ég tel ekki ástæðu til að fjalla frekar um þetta mál en gert hefur verið og vil aðeins ítreka að nefndin leggur til að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
3.—12. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 35 shlj. atkv.

Álagning opinberra gjalda 1980, frv. (þskj. 36, n. 249). — 2. umr.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. til l. um álagningu opinberra gjalda á árinu 1980. Hér er um að ræða staðfestingu á brbl. sem gefin voru út sérstaklega með tilliti til þess hvað skattlagning var seint á ferðinni á árinu 1980 af ástæðum sem ekki þarf hér að rekja.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt, en hv. þm. Matthías Bjarnason, Sighvatur Björgvinsson og Matthías Á. Mathiesen undirrita nál. með fyrirvara.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Sparisjóðir, frv. (þskj. 105, n. 253, 276). — 2. umr.

Frsm. (Ingólfur Guðnason): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. fjh.- og viðskn. um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 69 frá 1941, um sparisjóði.

Nefndin hefur fjallað um þetta mál og haft samband við bankaeftirlit Seðlabanka Íslands og einnig við Samband ísl. sparisjóða og leitað álits þeirra aðila á frv. Nefndin komst að því við nánari athugun, að gera þyrfti fleiri breytingar á lögunum en fram kemur í frv. á þskj. 105, og hefur því samið brtt. og borið þær undir bankaeftirlitið og Samband ísl. sparisjóða. Hefur bankaeftirlitið ekkert við brtt. að athuga og Samband ísl. sparisjóða hvetur til að þær verði samþykktar.

Í nál. var gert ráð fyrir því, að þessar brtt. yrðu ekki tilbúnar fyrr en við 3. umr., en þær hafa nú verið lagðar fram hér í deildinni. Brtt. miðast fyrst og fremst við það að koma aðalefni frv., þ. e. heimild sparisjóða til að veita ábyrgð, inn í þann ramma sem sparisjóðalögin setja um fjárhagslegar skuldbindingar.

Fjárhagslegar skuldbindingar viðskiptamanna sparisjóðs eru takmarkaðar með ýmsu móti sem eðlilegt er. Þótti eðlilegt að bæta við þetta frv. ákvæðum, sem hnigu í sömu átt og núgildandi sparisjóðslög kveða á um, svo að enginn vafi léki á að til heildarskuldbindinga viðskiptamanna sparisjóðs teldust einnig ábyrgðir sem sparisjóðurinn veitti viðskiptamönnum sínum.

Ég hef ekki miklu fleiru við þetta að bæta, en nefndin er sammála um að mæla með samþykkt frv. og brtt. á þskj. 276.

ATKVGR.

Brtt. 276 teknar aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Biskupskosning, frv. (þskj. 190). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Lífeyrissjóður barnakennara og Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, frv. (þskj. 136, n. 251). — 2. umr.

Frsm. (Guðrún Hallgrímsdóttir): Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. fjh.- og viðskn. um frv. til l. um sameiningu Lífeyrissjóðs barnakennara og Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Frv. það, sem hér um ræðir, kveður á um að Lífeyrissjóður barnakennara verði sameinaður Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Með slíkri sameiningu vinnst tvennt. Það er í fyrsta lagi aukið hagræði að því að fækka lífeyrissjóðum ríkisstofnana, í öðru lagi samræming lífeyrisréttinda sjóðfélaga í Lífeyrissjóði barnakennara réttindum sjóðfélaga í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Fjh.- og viðskn. Nd. hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt. Undir nál. skrifuðu reyndar hv. þm. Matthías Bjarnason, Matthías Á. Mathiesen og Sighvatur Björgvinsson með fyrirvara og hv. þm. Albert Guðmundsson var fjarverandi afgreiðsluna.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Mér er forvitni á að vita hvert þetta mál hefur verið sent út til umsagnar. Mér er jafnframt forvitni á að vita hvernig hin nýja stjórn þessara sjóða verður skipuð og hvort talið er að dómi frsm. að þetta mál hafi verið kynnt hinum almennu félagsmönnum þessara lífeyrissjóða. Ég vil alfarið vísa því á bug, að til þess að samræma útlán sjóðanna eða önnur atriði í störfum þeirra hafi verið nauðsynlegt að sameina þá. Undir vissum kringumstæðum á sér stað allmikil hagsmunaskerðing ýmissa aðila með þessu tiltæki, og mér þykir óeðlilegt að mál sem þetta séu afgreidd með þeim hraða sem hér er viðhafður.

Frsm. (Guðrún Hallgrímsdóttir): Herra forseti. Ég vil benda hv. þm. á grg. sem fylgir þessu frv. Til frekari áréttingar vil ég lesa upp þau atriði í grg. sem skilgreina það samningsatriði sem hér er til umræðu:

„Í samkomulaginu við BSRB er ákvæði þess efnis, að samræma skuli lög Lífeyrissjóðs barnakennara og lög Lífeyrissjóðs hjúkrunarkvenna lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, þannig að þær breytingar á lífeyrisrétti starfsmanna ríkisins, sem samið hafði verið um og komu til framkvæmda við útgáfu brbl. nr. 67/1980, næðu einnig til hjúkrunarkvenna og barnakennara í þjónustu ríkisins. Samræmingarstarf þetta skyldi unnið í samvinnu við fulltrúa viðkomandi stéttarfélaga.“

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það er fróðlegt að það liggi fyrir, að þetta mál hefur ekki verið sent út til umsagnar. Og það er dæmi um þá færibandavinnu sem er verið að færa hér inn í þingið.

Ég fékk heldur ekkert svar við því, hvernig verður háttað stjórn þessa sjóðs eða hvort þar er alls ekki áformuð nein breyting. Mér er ljóst að í allsherjarkjarasamningum er hægt að semja um ýmsa hluti. En ég vil undirstrika það, að ég veit ekki til þess, að fulltrúar, sem þar voru kosnir til samningagerðar, hafi fengið það sem veganesti að þeim væri falið sérstaklega umboð til að leggja niður Lífeyrissjóð barnakennara.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég hygg að ástæðan til þess, að þetta mál hefur ekki verið sent til umsagnar, sé sú, að málið er komið frá kennarasamtökunum sjálfum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 35:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PP, PJ, RA, SighB, SkA, SV, SBó, SteinG, SvG, VG, ÞS, AG, AS, ÁG, BGr, BÍG, EH, FP, FrS, GHall, GGÞ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IGuðn, IGísl, JE, JS, JÞ, KP, MHM, MB, ÓE, GS.
nei: ÓÞÞ.

4 þm. (PS, SvH, GeirH, MÁM) fjarstaddir.
Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það hagar svo til, að í ráðherrastólum vors lands eru menn sem munu fá greiðslur úr tveimur eða fleiri lífeyrissjóðum. Þær greiðslur verða hærri en alþingismannslaun eru í dag. Með þeirri ákvörðun, sem hér er tekin, er réttur þeirra, sem hafa starfað hjá ríkinu, bæði hjá Lífeyrissjóði barnakennara og eiga þar fé og einnig hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, af þeim tekinn. Það eru hreinar línur, að þessir aðilar fá aðeins eina greiðslu úr sjóðnum. Mér finnst það hræsni af Alþingi að taka ákvörðun eins og þessa, áður en menn snúa sér fyrst að því sem snýr að þeim sjálfum, og segi því nei.

2.—3. gr. samþ. með 26:1 atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 34 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 181, n. 260, 266). — 2. umr.

Frsm. (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um frv. til l. um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum. Hér er um að ræða ákvæði um þann hluta útgjalda lífeyristrygginga sem atvinnurekendur skulu bera. Eins og mönnum er kunnugt hefur hingað til verið og er í núgildandi lögum ákvæði um það, að ríkið skuli greiða 86% útgjalda lífeyris-

trygginga, en atvinnurekendur 14%. Í raun hafa þetta verið áætluð 2%, þ. e. 2% gjald af öllum launum, þannig að þessi 14% regla hefur raunverulega ekki verið í framkvæmd. Það, sem hér er einfaldlega gert, er að lagt er til að gjaldstofn lífeyristryggingagjalda skuli vera hinn sami og gjaldstofn launaskatts og gjaldastigi 2%. Þetta hefur í raun og veru ekki aðrar breytingar í för með sér en að almannatryggingum er ekki gert að endurgreiða eða lækka iðgjald næsta árs hafi greiðsla verið hærri en áætlað var.

Nefndin hefur fjallað um málið á nokkrum fundum og kallað embættismenn og aðila vinnumarkaðarins á sinn fund og leggur til að frv. verði samþykkt. Einstakir nm. áskildu sér þó rétt til að flytja brtt. eða fylgja öðrum sem fram kunna að koma.

Guðmundur G. Þórarinsson og Pétur Sigurðsson voru fjarverandi afgreiðslu málsins.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Þetta frv. er flutt í tengslum við frv. um fæðingarorlof, sem ég auðvitað styð þó að mér finnist það á ýmsan hátt verra en það frv. sem ég lagði fram á hinu háa Alþingi s. l. vetur um sama efni. Ég verð, herra forseti, að fá að ræða það frv. um leið og þetta, því að brtt., sem ég tala hér fyrir, er í beinum tengslum við sjálft fæðingarorlofsfrv. Ég á fyrst og fremst við tvennt þegar ég tala um að það sé að sumu leyti verra en það frv. sem ég lagði fram. Annars vegar það, að mér finnst „prinsipielt" rangt að greiða mismunandi bætur frá Tryggingastofnun ríkisins vegna svipaðra kringumstæðna eins og nú er gert. Hins vegar tel ég fráleitt að atvinnurekendur skuli nú engan þátt eiga að taka í greiðslu fæðingarorlofs. Hugmyndir mínar voru þær, að atvinnurekendur greiddu rúmlega helminginn af heildarkostnaðinum, en ríkissjóður afganginn.

Með því frv., sem nú er lagt fram um fæðingarorlof, borgar ríkissjóður allan brúsann án þess þó að gert sé ráð fyrir því í fjárlögum. Og ekki nóg með það, að atvinnurekendur losni við að greiða kostnað vegna þessa nýja frv., heldur eru þeir einnig losaðir undan því að greiða það sem þeir hafa hingað til greitt, samið um og greitt. Það er mikill höfðingsskapur hjá núv. hæstv. ríkisstj. í garð atvinnurekenda. Sá sami höfðingsskapur lýsir sér reyndar á fleiri sviðum, t. d. í sífellt lækkandi hlut atvinnurekenda í tekjuskatti til ríkissjóðs á kostnað launþega, bæði í fjárlögum yfirstandandi árs og í frv. til fjárlaga fyrir 1981. Hann gæti orðið ansi langur, listinn sem hæstv. fjmrh. gæti nú lesið upp yfir tekjuskattslaus stórfyrirtæki, og sum þeirra á almannavitorði mikil gróðafyrirtæki, en það var, eins og hv. þm. muna, uppáhaldsiðja hans hér áður fyrr að lesa upp slíka lista. — En þetta er útúrdúr.

Mér er sagt að ekki þýði að leggja fram brtt. í þá átt, að atvinnurekendur greiði eitthvað af kostnaði við fæðingarorlofið, um það hafi verið samið úti í bæ, Alþingi geti þar engu breytt. En ég á bágt með að trúa því, að samið hafi verið um að þeir losnuðu við allar þær skyldur sem þeir sjálfir hafa samið um áður og greitt fram að þessu.

Á hinn bóginn finnst mér fráleitt að útivinnandi mæður missi rétt til orlofs og rétt í lífeyrissjóðum fyrir þann tíma sem þær njóta fæðingarorlofs. Þess vegna styð ég frv. hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur o. fl. á þskj. 203 sem leiðréttir þetta. En sú leiðrétting mun kosta um það bil 450 millj. kr. á ári.

Enn fremur hefur Jóhanna Sigurðardóttir flutt eða kemur til með að flytja frv. á þskj. 274 sem mildar framkvæmd þess og dregur úr því misrétti sem upp kæmi, að kona sem fæðir klukkutíma fyrir miðnætti fái ekkert, en sú sem fæðir kl. 10.05 fái fullar bætur samkv. nýja frv.

Til að standa undir aukakostnaði af þessum tveimur till. hef ég leyft mér að flytja brtt. á þskj. 266, sem er brtt. við það frv. sem hér er til umr. og fjallar um það, að þáttur atvinnurekenda verði ekki 2%, heldur 2.1%, og er það miðað við launaskattsstofn. En þetta 0.1% gerir meira en að standa undir kostnaði af þessum tveimur brtt. sem ég hef hér um rætt.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég vil segja varðandi þau ummæli hv. 5. þm. Suðurl., að atvinnurekendur greiddu ekkert af þeim kostnaði sem hér um ræðir, að það tel ég vera rangt, vegna þess að í lögum stendur að þátttaka atvinnurekenda í almannatryggingakerfinu sé 14%. Á sínum tíma var þessu gjaldi, sem nú er 2%, breytt úr því að vera gjald fyrir unna klukkustund í prósentugjald. Þeir útreikningar, sem þá lágu til grundvallar, voru rangir. Gjaldið var of hátt miðað við þau lög sem þá voru í gildi. Þeir voru t. d. ekki yfirfarnir af fjmrn. á þeim tíma.

Vinnuveitendur hafa haldið því fram, að þeir ættu inni hjá ríkissjóði vegna þessa, og Þjóðhagsstofnun hefur reiknað út að samkv. þeirri viðmiðun næmi þetta nokkuð á annan milljarð kr. Þegar gengið var frá fæðingarorlofinu á sínum tíma nú í haust var málið kynnt Vinnuveitendasambandinu og borið undir vinnuveitendur hvernig þeir skyldu standa undir hluta kostnaðarins. Þeir féllust á að breyta þessari prósentu, 14%, í 2% gjald, sem samsvarar 16% af heildargreiðslum í almannatryggingakerfinu. Með þessu hafa því vinnuveitendur fallist á að auka sinn hlut úr 14% af heildargreiðslum almannatrygginga í 16%.

Hitt er svo annað mál, að það er afskaplega óheppilegt að búa við það kerfi, að allir atvinnurekendur í landinu telji sig eiga innstæðu hjá ríkissjóði. Slíkt kerfi er svo óheppilegt, að allir eru í reynd sammála um að því beri að breyta.

En ég vildi aðeins leiðrétta þetta, að með þessu hafa vinnuveitendur í reynd fallist á að auka hlutdeild sína í almannatryggingakerfinu úr 14 í 16%.

ATKVGR.

Brtt. 266 felld með 18:7 atkv.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Fæðingarorlof, frv. (þskj. 180, n. 258, 203, 259, 274). — 2. umr.

Frsm. (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar, fæðingarorlof. Heilbr.- og trn. hefur fjallað um málið á nokkrum fundum, þar af tveimur fundum með heilbr.- og trn. Ed., en eins og menn minnast óskaði hæstv. heilbr.- og trmrh. sérstaklega eftir því, að nefndirnar hefðu samvinnu. Þá hafa aðilar vinnumarkaðarins verið kallaðir á fund nefndarinnar.

Nefndin hefur orðið sammála um að mæla með frv. með þeim brtt. sem hér liggja fyrir á sérstöku þskj.

Guðmundur G. Þórarinsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins, hv. þm. Pétur Sigurðsson var erlendis, en hann hafði áður lýst stuðningi við frv.

Einstakir nm. áskildu sér rétt til að flytja brtt. eða fylgja öðrum sem fram kunna að koma.

Ég vil aðeins leyfa mér að gera grein fyrir þeim brtt., sem hér liggja fyrir á þskj. 259.

Fyrsta breytingin er sú, að í 1. og 2. málslið 4. mgr., sem hefst á orðunum: „Vilji móðir hefja störf" o. s. frv., komi í stað „14 daga fyrirvara" á báðum stöðum: 21 dags fyrirvara. Með þessu er komið til móts við vilja þeirra aðila vinnumarkaðarins sem nefndin ræddi við.

Önnur breytingin er að 6. mgr. hljóði svo — þar er fyrst og fremst um lagfæringu á orðalagi að ræða: Fæðingarorlofsgreiðslur miðast við 530 221 gkr. á mánuði miðað við 1. des. 1980 og breytast ársfjórðungslega í samræmi við kaupbreytingar á hverjum tíma samkv. 8. flokki kjarasamnings Verkamannasambands Íslands, efsta starfsaldursþrepi.

Þriðja breytingin er að við 10. mgr. bætist tilvísun í 7. mgr. Þar er vísað í 6. mgr., en eins og menn sjá hlýtur að verða að vitna í 7. mgr. líka. Þetta eru þær greinar, sem byrja á „Fæðingarorlofsgreiðslur miðast við" og næsta mgr. „Fæðingarorlof greiðist sem hér segir."

Þá þótti orðalag 13. mgr. ekki vera nógu skýrt og því er lagt til að í stað orðanna „*með óbreyttum greiðslum*" komi: án þess að orlofsupphæð breytist.

Síðan leggur nefndin til að við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða, en það ákvæði er komið frá stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs upphaflega og hljóðar svo:

„Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. skal Atvinnuleysistryggingasjóður ljúka greiðslu atvinnuleysisbóta í fæðingarorlofi *samkv. lögum nr. 56/1975 til þeirra kvenna, sem fæða* fyrir árslok 1980. Lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins endurgreiðir Atvinnuleysistryggingasjóði þann kostnað, sem af þessu leiðir eftir 1. jan. 1980."

Þar sem hér liggur fyrir till. um verulega breytingu á þessu ákvæði frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og Magnúsi H. Magnússyni skal aðeins gerð grein fyrir þessu máli. Það hefur verið rannsakað af framkvæmdastjóra Atvinnuleysistryggingasjóðs, að veruleg vandræði kæmu upp ef skipta ætti fæðingarorlofi milli aðila þegar lögin taka gildi. Er hægt að hugsa sér t. d. konu sem hefur verið í fæðingarorlofi vegna réttar síns hjá Atvinnuleysistryggingasjóði í tvo mánuði þegar lögin taka gildi. Þá á hún raunverulega eftir mun lengri tíma en fæðingarorlof er samanlagt samkv. því frv. sem hér liggur fyrir, auk þess sem alkunn venja er að lög taki gildi á gildistökudegi, þannig að óeðlilegt er að blanda þessu tvennu saman. Það er alveg ljóst, að þær konur, sem fæða fyrir árslok 1980, *eiga hvergi rétt nema hjá Atvinnuleysistryggingasjóði*. Það er jafnljóst, að ef þær eiga hann ekki eiga þær ekki rétt á fæðingarorlofi. Ég hygg að þetta sé gamalt vandamál þegar ný lög taka gildi, að ákaflega erfitt er að setja mörkin annars staðar en við þann dag sem lögin taka gildi. Ef menn vilja setja þar einhver mörk — við skulum segja að mörkin væru sett við 1. des. árið 1980 — þá yrði næsta spurning: Af hverju ekki einhvern annan dag? Hvað á að gera við konurnar sem fæddu 30. nóv., svo að dæmi sé tekið? Nefndin telur því hiklaust að þarna verði að skilja á milli og fullkomlega óeðlilegt sé, eins og brtt. hv. áðurnefndra þm. bendir til, að konur, sem fæddu fyrir árslok 1980, hljóti rétt — þó það sé ekki nema brot af rétti — samkv. lögum sem fyrst taka gildi 1. jan. 1981.

Sjálfsagt þarf ekki að hafa mörg orð um þetta frv. í heild. Þetta er annað frv. sem lagt er fyrir hér í þinginu um fæðingarorlof. Fæðingarorlof er mikilvægt atriði í nýafstöðnum kjarasamningum, og ég hygg að flestir hv. þm. hafi fylgst mjög vel með vinnslu þessa máls. Við nm. teljum ákaflega mikilvægt — og væntanlega allir hv. þm. deildarinnar — að þetta frv. nái fram að ganga fyrir þinghlé, því að ella væri um svik að ræða við þá sem þessu frv. var lofað. Auk þess má benda á að greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs til fæðingarorlofs yrðu í uppnámi vegna þess að þær er ekki hægt að greiða nema til 1. jan. 1981. Ég vil því beina þeirri áskorun til allra hv. þm. hér í deild að flýta sem unnt er fyrir afgreiðslu þessa máls, svo að það nái fram að ganga fyrir þinghlé.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég vil mótmæla harðlega því sem felst í ákvæði til bráðabirgða frá heilbr.- og trn. Ég tel að þetta ákvæði feli í sér svo mikla mismunun á greiðslum fyrir fæðingarorlofstímabil, sem greitt verður fyrir á fyrstu mánuðum eftir gildistöku laganna, að við það verði ekki unað. Um þetta er hægt að taka dæmi.

Þetta felur í sér að kona, sem fæðir til að mynda síðasta dag desembermánaðar, verður af 537 þús. kr., en kona, sem elur barn nokkrum klukkutímum seinna, fær þessar 537 þús. kr. Ég tel *tvímælalaust* að þegar um fæðingarorlofstímabil er að ræða, sem tekur yfir gildistökutíma þessara laga, eigi sá hluti þess, sem eftir stendur, að greiðast samkv. nýju lögunum.

Ég skal fúslega viðurkenna, að brtt. heilbr.- og trn. er eitthvað einfaldari í framkvæmd, en að sama skapi svo óréttlát að ekki ber að horfa í það þó framkvæmdin sé eitthvað þyngri í vöfum með þeirri brtt. sem ég flyt ásamt hv. þm. Magnúsi H. Magnússyni, því að hún er vel framkvæmanleg. Ég hef borið það undir framkvæmdastjóra Atvinnuleysistryggingasjóðs, hvort svo sé, og telur hann að þetta sé hægt að framkvæma. Í þessari brtt. felst að það, sem eftir stendur af fæðingarorlofstímabilinu — ef það er hafið fyrir áramót, en ekki lokið, — það greiðist samkv. nýju lögunum. En þar sem útreikningar Atvinnuleysistryggingasjóðs nú samkv. gildandi lögum taka til 18 vikna tímabils eða rúmra fjögurra mánaða skapar það vissan vanda, sem einnig er tekið á — og ég vil undirstrika það — sem einnig er tekið á í brtt. með ákvæði þess efnis,að ekki skal greiða hærri upphæð samtals á fæðingarorlofstímabilinu en lögin gera ráð fyrir.

Fullar greiðslur nú hjá Atvinnuleysistryggingasjóði 1053 360 kr. og hæsta greiðslan er 1346 850 kr., ef um er að ræða að viðkomandi hefur þrjú börn að auki á framfæri sínu. Greiðast þessar upphæðir fyrir rúmlega fjögurra mánaða tímabil. Með því þaki, sem sett er á greiðslur í brtt., komast greiðslur ekki upp fyrir það hámark, sem kveðið er á um í lögunum, þrátt fyrir mismunandi lengd greiðslutímabils. Hér er því spurningin aðeins um það, að þm. afgreiði málið með þeim hætti, að ekki komi upp svo mikil mismunun á fæðingarorlofsgreiðslum við gildistöku laganna eins og gerast mun verði það ákvæði framkvæmt sem fram kemur í brtt. á þskj. 259. Það er ekkert annað en sanngirnismál, að lögin nái einnig til fæðingarorlofstímabils sem eftir stendur hjá þeim konum sem fæða fyrir gildistöku lag-

anna, enda getur verið í mörgum tilfellum um nær allt fæðingarorlofstímabilið að ræða.

Hv. þm. Guðrún Helgadóttir taldi ekki eðlilegt, eins og hún orðaði það að mig minnir, að lögin giltu aftur fyrir sig. Ég mótmæli þessu vegna þess að það sem við eigum við í þessari brtt., er aðeins að lögin taki gildi varðandi þann hluta fæðingarorlofs, sem eftir stendur við gildistöku laganna. Því eiga þessar mótbárur hv. þm. ekki við nein rök að styðjast. Til þess að leiðrétta þetta misræmi flyt ég brtt. við það ákvæði til bráðabirgða, sem fram kemur á þskj. 259. Samkv. brtt. minni hljóðar ákvæðið svo, með leyfi forseta:

„Nú hefur foreldri hafið töku fæðingarorlofs samkv. lögum nr. 56/1975 og greiðslutímabili er ekki lokið við gildistöku laga þessara og skal þá greiðsla fyrir þann tíma, sem á vantar, vera samkv. lögum þessum. Þó skal heildargreiðsla í fæðingarorlofinu aldrei vera hærri en verið hefði samkv. þessum lögum. Í þessu sambandi skal reikna þá daga, sem atvinnurekandi kann að hafa greitt laun í fæðingarorlofinu, sem bótadaga.

Með sama hætti skal greiða þeim, sem öðlast í fyrsta sinn rétt með lögum þessum samkv. 3. tölul. 1. gr. og fætt hafa barn fyrir gildistíma þeirra, þann hluta orlofstímans sem þessi lög gera ráð fyrir og eftir er við gildistöku þeirra."

Ég vil að lokum, herra forseti, vona að þm. sjái hvað mikil mismunun og óréttlæti felst í þeirri brtt. sem fram er komin hjá heilbr.- og trn. og að þeir leggi þeirri brtt. lið sem felur í sér að afnema þá mismunun.

Forseti (Garðar Sigurðsson): Ég hefði haft hug á því að reyna að koma þessu máli frá með atkvgr. nú að loknum umr. og auk þess að freista þess að halda nýjan fund. Vonast ég til þess að hafa góða samvinnu við dm. í því efni til þess að koma fleiri málum frá deildinni til Ed., því að hún er verkefnalítil eða verkefnalaus.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Við 1. umr. um þetta frv. til l. um fæðingarorlof gerði ég nokkrar aths. og lýsti þeirri skoðun minni, að ég teldi að þetta frv. næði ekki því marki sem ég og fleiri væntanlega erum sammála um, að fæðingarorlof, fyrst farið er að taka upp þessa stefnu, ætti að veita öllum foreldrum sama rétt, hvort sem þeir væru á vinnumarkaði eða ekki. Ég byggði þetta m. a. á því, að ég hafði á síðasta þingi flutt ásamt fleiri þm. þáltill., sem samþykkt var, um endurskoðun á almannatryggingalögunum. Við lögðum þar áherslu á að sú endurskoðun — sem yrði víðtæk — leiddi til þess, að þetta mál, sem ég tel stórt og þýðingarmikið mál, fengi þá meðferð er leiddi til þeirrar niðurstöðu að allir fengju þarna sama rétt.

Ég hafði hug á því að flytja brtt. við þetta frv. sem fæli í sér þessa stefnu eða það álit sem ég hef á þessu máli. Ég gerði mér vonir um það, að hv. n., sem um málið fjallaði, mundi komast að samkomulagi um að gera þær breytingar á frv. að það yrði um skýrari markmið að ræða að allir fengju þarna sama rétt. Því miður hefur nefndin ekki orðið við því. Hins vegar tel ég að sá tími, sem nú er til stefnu, sé of naumur til að gera grundvallarbreytingu á þessu frv., sem ég hefði viljað gera, þar sem þarna er um að ræða samning sem gerður var við aðila vinnumarkaðarins um málið í heild, og það mundi taka lengri tíma að gera þá breytingu á þessu frv. sem ég vil ná fram. Þess vegna hef ég ákveðið að flytja ekki brtt. núna við málið. En ég vil láta það koma fram hér ákveðið, að á þingi eftir áramót mun ég beita mér fyrir grundvallarbreytingu á þessum lögum, miðað við það að þessi réttur, sem ég tala um, taki gildi 1. jan. 1982. Ég skal ekki segja um það, hvort fylgi er hér meðal hv. þm. um þessa stefnu, en ég tel svo mikið grundvallaratriði að jafna þennan rétt og gera þetta mál allt miklu einfaldara en hér kemur fram, að ég tel að það væri að bregðast eigin sannfæringu að gera ekki tilraun til að fá fram lagfæringu á þessu máli í heild.

Það mætti tala langt mál um ágalla sem ég tel á þessu máli, en ég ætla ekki að tefja þinghaldið með því. Ég vil aðeins láta það koma hér fram, að ég mun beita mér fyrir því strax á þingi í vetur eftir áramót að ná fram þeirri stefnu sem ég tel að eigi að vera í þessu máli.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Það urðu nokkrar orðahnippingar út af afgreiðslu á þessu máli hér í gær, sem enduðu á þann veg, að nefndin kom saman aftur til fundar í morgun. Það er kannske rétt að vekja athygli á því, að alltaf er betra að flýta sér hægt og reyna að ná sem víðtækustu samkomulagi um mál, og þá alveg sérstaklega þegar vilji er fyrir hendi hjá öllum að reyna að afgreiða mál eins og þetta.

Ég skrifa undir nál. án fyrirvara, en áskil mér eins og aðrir nm. rétt til þess að flytja brtt. eða fylgja öðrum sem fram kunna að koma. En ég vil taka það fram, að ég tel að þetta frv. hefði þurft að fá miklu betri umfjöllun í nefnd. Þarna eru mikilvæg atriði sem hefði þurft að fjalla betur um.

Hv. síðasti ræðumaður er ekki einn um þá skoðun, við teljum margir aðrir að það eigi að jafna fæðingarorlofið. Það er vandasamt verk sem hæstv. ráðh. fær upp í hendurnar við afgreiðslu þessa máls eins og það liggur fyrir. Í 1. gr. segir að fæðingarorlof greiðist úr lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins gegn framvísun vottorðs læknis og sönnunar um launagreiðslur og atvinnuþátttöku viðkomandi samkv. nánari reglum er ráðh. setur í reglugerð. Það vill nú svo til að ég stóð í þeim sporum, þegar afgreitt var hér afar fljótlega frv. um fæðingarorlof sem lagt var á atvinnuleysistryggingarnar, að þurfa að búa til reglugerð. Þar urðu æðimörg ljón á veginum og margir árekstrar, og ég veit að hæstv. trmrh. á eftir að standa í ýmsu stappi þegar kemur að því að semja reglugerð í samræmi við þetta frv. Ég er sannfærður um að þá mun margt koma þar í ljós sem jafnvel þarf fljótlega á lagabreytingu að halda.

Varðandi till. þá, sem hv. 10. landsk. þm. flytur ásamt hv. 5. þm. Suðurl., þ. e. um ákvæði til bráðabirgða, þá fer ekki hjá því að hægt verði að tala um ranglæti þegar breytingin kemur til framkvæmda á ákveðnum degi. Það er alveg sama þó við færum það enn aftar, um hálfan mánuð eða þrjár vikur, það er einhvers staðar dagsetning þar sem verður að setja mörkin. Og þá er auðvitað auðvelt að túlka þetta á þennan hátt og færa rök fyrir því, að þetta ranglæti sé fyrir hendi. En það verður ekki hjá því komist að þetta ranglæti verði einhvers staðar, ef við viljum endilega kalla það ranglæti.

En nú er hér um að ræða að gera enn meira átak af hálfu samfélagsins til að koma til móts við launþega í landinu og aðra sem koma til með að njóta þessara laga. Og þá finnst mér ekki fara vel á því — þegar verið er að framkvæma mál sem búið er að vera alllengi í undirbúningi og aðilar vinnumarkaðarins hafa t. d. mikið átt saman að sælda um — að tala um ranglæti í sömu and-

ránni. Þó að ég geti að mörgu leyti tekið undir rök þm. geri ég mér ljóst að einhvers staðar verða þessi mörk að vera. Og ég held að með ákvæðum til bráðabirgða, sem nefndin leggur til og runnin eru undan rifjum forstöðumanns Atvinnuleysistryggingasjóðs, er samdi þetta bréf, eða komin eru frá Atvinnuleysistryggingasjóði, getum við sagt, hafi fundist viðunandi lausn á þessum vanda.

Ég ætla ekki að flytja hér langt mál, þó að það væri að mörgu leyti ástæða til þess. En ég vil aðeins út af hinu frv., sem var afgreitt til 3. umr. — af því þetta eru skyld frv. og ekki ástæða til að taka til máls um bæði frv., — nefna það, að það var mjög óskýrt fjallað í fskj. með þessu fæðingarorlofsfrv. um kostnaðinn. Það er í sambandi við fjármögnunina tilgreindur kostnaður upp á tæpa 3.6 milljarða, en þá er miðað við septemberverðlag svo að hér er um mun hærri tölu að ræða. Og því er skipt á þann veg, að ríkissjóður greiði helming og atvinnurekendur helming. Það reyndist afar erfitt að fá skýringu á þessu. Ég fékk skýringu á því fyrst í dag, eftir að ég skrifaði undir nál., því að það eru allir að flýta sér svo óskaplega mikið. Þá fengum við loksins skýringuna, að hlutdeild atvinnurekstrarins til lífeyrisgreiðslnanna á að aukast úr 14 í 16% eða um 2% vegna þessa, sem hefði auðvitað gjarnan mátt liggja fyrr fyrir. En þetta er eitt dæmi þess þegar verið er að knýja mál áfram á síðustu stundu.

Varðandi hina till., sem hv. 10. landsk. þm. flytur ásamt fleirum um orlof og lífeyrisgreiðslur og fleira, þá kom það fram hjá einum gesta á fundi nefndarinnar í gær, að hann taldi rétt að einhvers staðar ætti að byrja í þessu kerfi að taka upp þessar greiðslur til lífeyrissjóða og orlofsgreiðslur, og sagði að auðviðtað mætti alltaf segja að þetta ætti að koma yfir á heildina eða á tryggingabætur almennt. En hann taldi, þessi fulltrúi, að það mætti mjög gjarnan ná því í sambandi við fæðingarorlof.

Ég vil segja það varðandi þá till. sem fyrir liggur, að ég get ekki fallist á hana, ekki af því að ég sé alfarið á móti því, að þetta verði tekið upp, heldur af hinu, að ég álít það meira réttlætismál og frekar aðkallandi að taka álíka upp í sambandi við sjúkratryggingarnar heldur en þessar tryggingar, án þess að ég sé að segja að það sé rangt sem till. þeirra félaga gengur út á. En á meðan þetta er ekki komið lengra treysti ég mér ekki fyrir mitt leyti til að fallast á samþykkt þeirrar tillögu.

Ég geri mér ljóst að þetta frv. hefur í för með sér gífurlegar hækkanir, bæði fyrir ríkissjóð og atvinnureksturinn í landinu. Við verðum líka að hugsa um það, þó að við séum barmafull af réttlætiskennd, að kunna fótum okkar forráð. Og ég tel meira virði að standa við áður gerðar samþykktir Alþingis á ýmsum sviðum í félags- og menningarmálum en að hopa þar og brjóta lög — eins og víða er í framkvæmd — bara til þess að reyna að gera nóg að því að samþykkja ný lög og nýjar kvaðir sem er ofviða að standa undir. Þetta má ekki taka á þann veg, að ég sé eitthvað verri en aðrir menn, allir viljum við gera það besta í þessum efnum, en við verðum að hugsa um hvaða möguleikar eru á því að standa við það. Og það er betra að láta eitthvert réttlætismálið bíða enn um hríð heldur en að stíga skref til baka eftir að Alþingi hefur lögfest það.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Eins og hér hefur komið fram er þetta mál hluti af samningsgerð, sem átti sér stað á s. l. hausti, og allmikilvægur þáttur í þeirri samningsgerð.

Mig langar til að spyrja nú strax við þessa umræðu hvort leitað hafi verið álits t. d. fulltrúa Alþýðusambandsins á þessu ákvæði til bráðabirgða, hvort þetta ákvæði túlki það sem um var samið að þeirra áliti. Ég tel mjög miklu skipta hvort þeir aðilar, sem að þessu samkomulagi stóðu, t. d. fulltrúar Alþýðusambandsins, telja að með þessu bráðabirgðaákvæði sé verið að túlka það samkomulag sem gert var. Ég tel að svo sé ekki. Ég tel að með þessu bráðabirgðaákvæði, eins og lagt er til á þskj. 259, sé í raun og veru verið að brjóta það samkomulag sem gert var í sambandi við fæðingarorlofið. Þess vegna þætti mér vænt um ef hægt væri að fá við því svör, hvort fyrir lægi afstaða t. d. Alþýðusambandsins til þessa bráðabirgðaákvæðis.

Mikið hefur verið talað um það hér, að lög ættu ekki að verka aftur fyrir sig, þau ættu að gilda frá gildistíma. Ég tek að sjálfsögðu undir það. Í þeirri brtt., sem Jóhanna Sigurðardótttir flytur og Magnús H. Magnússon, er ekki um það að ræða, að verið sé að tala um afturvirkni laga. Það er einungis verið að tala um það, að þann hluta fæðingarorlofs, sem viðkomandi einstaklingur á rétt á og fellur til greiðslu eftir áramót, eftir að lögin hafa tekið gildi, fái hann í samræmi við hina nýju löggjöf, þ. e. þann hluta sem eftir stendur þegar lögin taka gildi. Hinn hlutinn, sem útrunninn er fyrir gildistökuna, greiðist að sjálfsögðu samkvæmt hinu eldra fyrirkomulagi. Hér er því alrangt með farið þegar verið er að tala um að með þessari brtt. sé ætlast til að lögin verki aftur fyrir sig. Það er einungis verið að ræða um það, að frá og með 1. jan. fái þessir einstaklingar greiðslu samkv. hinum nýju lögum á þeim hluta af fæðingarorlofi sem þá er eftir að greiða.

Ég ítreka að mér þætti vænt um ef ég gæti fengið um það upplýsingar, hvort t. d. ASÍ hefur verið spurt um afstöðu til ákvæðis til bráðabirgða eins og heilbr.- og trn. leggur til í sinni brtt. að það verði haft. Og ég ítreka að ég tel að með þessum hætti sé verið að brjóta það samkomulag sem gert var, og hér sé um svo mikla mismunun og svo mikið ranglæti að ræða gagnvart þeim einstaklingum, sem hér eiga hlut að máli, að það sé vart sæmandi Alþingi að ganga frá málinu með þessum hætti.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Hv. þm. Karvel Pálmason er búinn að koma inn á flest af því sem ég ætlaði að segja.

Ég held að gætt hafi nokkurs misskilnings í máli hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar, að það væri verið að flytja dagsetninguna til, til 1. des. t. d. Það er gott að hv. þm. Matthías Bjarnason kemur nú í salinn því að ég held að það hafi gætt nokkurs misskilnings í hans máli. Það, sem við erum að tala um í ákvæðum til bráðabirgða, er aðeins það sem eftir er af tímanum. Við skulum hugsa okkur heimavinnandi húsmóður. Hún eignast barn 1. des. Þá myndi hún fá 2/3 af þessum rétti, sem hún fær að fullu ef hún á barnið 1. jan., 2/3 fyrir þessa tvo mánuði sem eftir eru, ekki fyrir tímabilið fyrir áramótin. Sama er að segja ef hún eignast barn 1. nóv. Þá fengi hún aðeins fyrir einn mánuð, bara þann mánuð sem eftir er af þessum þremur mánuðum um áramótin. Það er ekki verið að flytja dagsetningar til með fullum réttindum, heldur aðeins átt við þann hluta sem eftir er af tímabilinu þegar lögin taka gildi.

Í annan stað vil ég taka undir það sem hv. þm. Karvel Pálmason sagði um orlofið og lífeyrissjóðina. Mér finnst það óeðlilegt, ef kona á barn 1981, að það skuli skerða orlof hennar 1982 um sex daga. Mér finnst það líka óeðlilegt þegar kona er að vinna sér inn réttindi í lífeyrissjóði, að fæðingarorlofið skuli skerða réttindavinnslu hennar þar um þrjá mánuði. Alls staðar þar sem færingarorlof er nú greitt, þar er greitt af því orlof og það er greitt af því í lífeyrissjóð. Það er því ekkert nýtt. Þetta finnst mér mjög óeðlilegt og skora á þm. að samþykkja báðar þessar brtt.

Frsm. (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég skal reyna að lengja ekki þessar umr. Ég koma aðallega til þess að bæta fyrir það sem ég gleymdi áðan í framsöguræðu minni. Nokkur umræða varð um það í nefndinni, hvernig meta skyldi vinnutíma bændakvenna þegar til fæðingarorlofs kæmi. Vil ég leyfa mér að benda á að í 8. mgr. 1. gr. segir svo, með leyfi forseta:

„Fæðingarorlof greiðist úr lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins gegn framvísun vottorðs læknis og sönnunar um launagreiðslur og atvinnuþátttöku viðkomandi samkv. nánari reglum er ráðh. setur í reglugerð."

Ég vil einnig leyfa mér, með leyfi forseta, að vitna í framsöguræðu hæstv. heibrmrh., en þar sagði hann:

„ Varðandi konur bænda séstaklega mætti t. d. byggja á búreikningum viðkomandi bús eða annarri sönnun um atvinnuþátttöku viðkomandi konu í búrekstrinum. Ýmsar aðrar upplýsingar gætu komið til greina í þessu sambandi, en hugsanlega er þó eðlilegasta niðurstaða sú að móta ákveðnar reglur hvað sérstakar starfsgreinar snertir og reyna þar með að nálgast það meðallag, sem eðlilegast og sanngjarnast er, og láta það gilda um alla í þeirri starfsgrein."

Þetta var rætt nokkuð með fulltrúm ASÍ — og er þá væntanlega svarað fsp. hv. þm. Karvels Pálmasonar — tveim fulltrúum Stéttarsambands bænda og fulltrúa Vinnumálasambandsins. Nefndin ræddi við fulltrúa Stéttarsambands bænda og hafði við orð — eða ég leyfði mér að fullyrða fyrir hönd hæstv. heilbrmrh., að hann vildi koma því atriði inn í reglugerð, að allar bændakonur sætu þarna við sama borð, og ég lofaði því, að sú reglugerð yrði gerð í samráði við Stéttarsamband bænda, svo að ég held að þetta atriði ætti að vera tryggt. Nefndin var sammála um að óeðlilegt væri að taka inn í sjálf lögin atriði sem þetta, þ. e. einn hóp kvenna.

Í sambandi við það sem menn hafa verið að tala um hér, skiptingu á greiðslum milli Atvinnuleysistryggingasjóðs og Tryggingastofnunar ríkisins samkv. því frv. sem hér liggur fyrir, þá er ákaflega erfitt að ræða það í smáatriðum við fólk sem þekkir ekki afgreiðslu á þeim lögum sem nú eru í gildi. Ég ætla aðeins að taka hér eitt dæmi um hvernig þessi tvenn lög gætu skarað eða gætu ekki farið saman. Ef menn eru að tala um t. d. þrjá mánuði aftur í árið 1980 skulum við taka dæmi. Ef kona hefur eignast barn 1. okt. er hún um áramót búin að fá þriggja mánaða orlof. Hún á eftir samkv. lögum um atvinnuleysistryggingar 1½ mánuð, þ. e. hún á eftir tíma sem hún getur ekki fengið greiðslu fyrir samkv. hinum nýju lögum, ef frv. verður að lögum, vegna þess að þar er ekki um að ræða nema þrjá mánuði. Þarna koma upp dæmi þar sem óhugsandi er að þessi tvenn lög gætu farið saman. Og ég held að ég verði að leyfa mér — ég vona að ég tefji ekki tímann of lengi — með leyfi forseta að lesa erindi stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs, en þar segir:

„Á fundi stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs þann 10. þ. m. var rætt um fram komið frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar, þ. e. um fæðingarorlof. Í frv. er svo ráð fyrir gert í 3. gr., að ákvæði í lögum um atvinnuleysistryggingar um greiðslu atvinnuleysisbóta í fæðingarorlofi falli úr gildi við gildistöku hinna nýju laga. Ekki eru í frv. ákvæði um hvernig fara skuli um greiðslur fæðingarorlofs, sem hafnar eru fyrir áramót, en bótatímabili ekki lokið. Var það einróma álit stjórnarinnar að kveða þyrfti á um það, hvort og þá hvernig hið nýja kerfi tæki við orlofsgreiðslum eða tryggt væri með öðrum hætti að réttur þeirra kvenna, sem rétt eiga nú til fæðingarorlofs, yrði ekki skertur."

Stjórnin samþykkti samhljóða að leggja fram til athugunar að við umrætt frv. verði bætt svo hljóðandi ákvæði til bráðabirgða, — ég tel mig ekki þurfa að lesa það þar sem það hefur þegar verið gert. Hér er því um að ræða ákvæði til bráðabirgða til að hindra það, að upp komi slík dæmi sem ekki er hægt að afgreiða. Það er ekki mismunun á réttindum þegar ný lög eru sett til þess að veita þegnunum aukin réttindi, við þá þegna sem ekki nutu þeirra réttinda áður en lögin tóku gildi, og ég held að það segi sig sjálft, að slíkt er óhjákvæmilegt við alla lagasetningu.

Ég skal reyna að lengja þessar umr. ekki frekar, en ég vil mælast til þess, að hv. deildarþm. reyni að stytta þessar umr. og flýta fyrir afgreiðslu þessa máls, því að það væri mikill skaði að því ef umr. hér yrðu til þess, að málið næði ekki fram að ganga fyrir þinghlé.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég vil nú fagna því hvað ástandið er orðið gott í heibr.- og trn. þingsins, en vænti þess, að ekki sé stórviðri í uppsiglingu hér í deildinni. Ég er einn af þeim sem engu að síður eru mjög óánægðir með mjög mörg atriði í þessu frv., tel að það sé kannske þrep áfram, en hefði viljað komast mun lengra til jöfnunar en hér er lagt til. Og ég vænti þess að hæstv. núv. deildarforseti, hv. 1. þm. Vesturl., Alexander Stefánsson, beri gæfu til að koma því í gegnum þingið sem hann hefur lofað þingheimi að hann muni bera fram hér eftir áramótin.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Aðeins örstutt aths. vegna þessa og ég skal ekki verða til þess að tefja hér umr. um þetta mál, þó að mér virðist hv. 8. landsk. þm. gera tilraun til að draga það á langinn. Hún segir að það sé ákaflega erfitt að ræða þetta mál við þá sem þekkja ekki lögin um atvinnuleysistryggingar. Mér þykir þm. gerast allstórorður. Ég sagði áðan í framsöguræðu minni fyrir þessari brtt., að þessi till. hefði verið borin undir framkvæmdastjóra Atvinnuleysistryggingasjóðs og hann sæi enga annmarka á framkvæmd þessara laga. Hv. þm. verður að láta sér það vel líka þó að fleiri þekki inn á lögin um atvinnuleysistryggingar. Hún hefur oft komið inn á þetta mál varðandi almannatryggingar, en það eru fleiri, sem þekkja þessi lög, heldur en hún. Og ég tel hana ekki sanngjarna við framkvæmdastjóra Atvinnuleysistryggingasjóðs þegar hún segir að það sé erfitt að ræða þetta mál við þá sem ekki þekkja lögin, vegna þess að þessi till. var borin undir hann og hann sá enga annmarka á framkvæmd hennar.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er út af fyrir sig fagnaðarefni með tilliti til þeirra umræðna, sem fóru hér fram í gærkvöld, að hv. þm. Matthías Bjarnason og Guðrún Helgadóttir skuli nú, nákvæmlega sólarhring eftir þann slag, sameinast hér í þekkingunni og í fæðingunni líka. En nóg um það.

Ég skal ekki tefja þessar umræður. Ég ítreka mína afstöðu til þessa máls. Ég tel að hér sé um svo mikið óréttlæti að ræða að þingið geti ekki tekið á sig að samþykkja það. Og ég tel að með þessu sé verið að brjóta það samkomulag sem gert var í kjarasamningum á s. l. hausti. Ég ítreka enn frekar að það hefur ekki komið svar við því, þótt um það hafi verið spurt, hvort þetta bráðabirgðaákvæði hafi verið borið undir fulltrúa Alþýðusambands Íslands, hvort þeir hafi lýst samþykki sínu við þá mismunun sem þarna á sér stað, sem er svo herfileg að þing ætti ekki að samþykkja slíkt.

ATKVGR.

Brtt. 259 tekin aftur til 3. umr.
— 203 felld með 26:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SighB, VG, AG, ÁG, BGr, HBl, JS, KP, MHM.
nei: ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, SV, SBó, SteinG, SvG, ÞS, AS, EH, FÞ, FrS, GHall, GGÞ, GHelg, HÁ, HG, IGuðn, IGísl, JE, JÞ, MB, GS.
BÍG greiddi ekki atkv.
4 þm. (PS, SvH, GeirH, MÁM) fjarstaddir.
1. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.
Brtt. 274 tekin aftur til 3. umr.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 34 shlj. atkv.

Neðri deild, 33. fundur.

Þriðjudaginn 16. des., að loknum 32. fundi.

Fæðingarorlof, frv. (þskj. 180, 259, 274) — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 34 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 259,1 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 274 felld með 25:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SighB, VG, AG, ÁG, BGr, FrS, HBl, IGuðn, JS, KP, MHM.
nei: ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, SV, SBó, SteinG, SvG, ÞS, AS, BÍG, EH, FÞ, GHall, GGÞ, GHelg, HÁ, HG, IGísl, JE, JÞ, MB, GS.
4 þm. (PS, SvH, GeirH, MÁM) fjarstaddir.
Brtt. 259,2 samþ. með 32:5 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 181). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 34 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Stimpilgjald, frv. (þskj. 199). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 34 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Álagning opinberra gjalda 1980, frv. (þskj. 36). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 34 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 297).

Lífeyrissjóður barnakennara og Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, frv. (þskj. 136). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 34 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 32:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 298).

Sparisjóðir, frv. (þskj. 105, 276). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 34 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 276.1 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 276.2 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 276.3 samþ. með 32 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Efri deild, 35. fundur.

Miðvikudaginn 17. des., kl 2 miðdegis.

Sparisjóðir, frv. (þskj. 289). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjh.- viðskn. með 16 shlj. atkv.

Fæðingarorlof, frv. (þskj. 288). — 1. umr.

Of skammt liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það frv., sem ég mæli hér fyrir, er flutt í framhaldi af yfirlýsingum sem ríkisstj. gaf við lausn kjarasamninga 27. okt. s. l. Frv. hefur þegar sætt meðferð í hv. Nd. Alþingis og viðkomandi nefndir, þ. e. heilbr.- og trn. beggja deilda, hafa fjallað um málið vegna þess að það hefur verið lögð á það mikil áhersla af ríkisstj. að málið næði fram að ganga fyrir áramót.

Í frv. þessu er gert ráð fyrir að allir foreldrar, sem lögheimili eiga á Íslandi, eigi rétt á þriggja mánaða fæðingarorlofi.

Í frv. kemur fram að það er gert ráð fyrir, að ákvörðun um rétt til fæðingarorlofs miðist við atvinnuframlag á næstliðnum 12 mánuðum og miðað er við 530 220 kr. á mánuði í þessum tilvikum sem greiðist í 1, 2 eða 3 mánuði eftir vinnuframlagi viðkomandi.

Í frv. er ákvæði um að þetta fæðingarorlof verði greitt úr lífeyrisdeild almannatrygginganna beint, þ. e. úr lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins.

Talið er að með frv. þessu, ef að lögum verður, mundu um það bil 2000 konur í landinu í fyrsta sinn njóta fæðingarorlofs og er yfirgnæfandi meiri hluti þeirra heimavinnandi konur, en áður hafa konur fengið fæðingarorlof, eins og kunnugt er, greitt úr Atvinnuleysistryggingasjóði.

Það frv., sem hér er á borðum hv. Alþingis, gerir ekki ráð fyrir að hróflað sé við þeim rétti sem um er samið samkv. reglugerð um fæðingarorlof fyrir opinbera starfsmenn né heldur því fæðingarorlofi sem um er samið að því er varðar Samband íslenskra bankamanna.

Þetta fæðingarorlof á að tryggja jafnan rétt eða sömu laun á mánuði hverjum. Það er sem sagt ekki farið út í það hér að mismuna eftir því hvaða laun viðkomandi hafa haft á undanförnum mánuðum eða árum og er það nokkur nýlunda frá því sem áður hefur verið rætt um í þessu sambandi. Í framkvæmd þýðir þetta það, að láglaunakonur, sem taka laun eftir töxtum hinna almennu verkalýðsfélaga, mundu við þetta í rauninni fá nokkru hærri mánaðargreiðslur í fæðingarorlofi en samkv. umsömdum kjarasamningum, en hinar, sem eru með meira en þetta, mundu þá lækka frá því sem ella væri.

Gert er ráð fyrir að þetta fæðingarorlof sé fjármagnað annars vegar af atvinnurekendum og hins vegar af ríkissjóði. Í grg. með frv., á bls. 5, er gerð nokkur grein fyrir kostnaðarskiptingu milli annars vegar atvinnurekenda og hins vegar ríkissjóðs og talið að kostnaður skiptist á milli þessara aðila nokkurn veginn til helminga. Til að tryggja það hefur verið lagt fram á Alþingi frv. frá ríkisstj., en það hefur einnig hlotið meðferð í hv. Nd. Það er 148. mál þingsins og 2. mál á dagskrá hér. Leyfi ég mér, með leyfi forseta, að mæla einnig fyrir því nú.

Í því frv. er gert ráð fyrir að framlag atvinnurekenda til lífeyristrygginganna verði 2% af öllum tegundum launa eða þóknana fyrir starf liðins árs, eins og það er orðað í frv. þessu. Breytingin, sem þetta hefur í för með sér, er fyrst og fremst sú, að til þessa hefur verið við það miðað að atvinnurekendur greiddu 14% af áætluðum kostnaði lífeyrisdeildar Tryggingastofnunar ríkisins. Þetta hefur verið áætlað fyrir hvert ár í senn og samkv. almannatryggingalögunum er gert ráð fyrir því, að fari þetta framyfir 14% eigi hlutfallið að lækka á næsta tímabili þar á eftir. Nú er þessu þannig háttað, að árið 1980 greiða atvinnurekendur 2% af gjöldum liðins árs, en miðað við þau lög, sem í gildi hafa verið, var talið að þessi prósenta þyrfti að lækka nokkuð á næsta ári. Samkvæmt því frv., sem hér er flutt, 148. máli, er ekki gert ráð fyrir þessari lækkun, heldur borgi atvinnurekendur þessi 2% að fullu áfram. Með því er talið að tryggður sé sá hluti þeirra í fæðingarorlofinu sem umsaminn er. Er gert ráð fyrir að þar komi til nokkrar upphæðir, sem gætu numið á bilinu 2—2.5 milljarðar kr., og geta menn, til þess að glöggva sig á hvað það þýðir, einfaldlega borið töluna saman við þær tekjur sem hvert launaskattsprósent gefur í raun á árinu 1980. Það er ekki nóg að miða við það sem var í fjárlagafrv., heldur verða menn að miða við það sem fram kemur í launaskattinum á þessu ári, sem er nokkru hærri upphæð.

Ég vil þá aðeins nefna það, að ef Alþingi samþ. frv. þetta verður unnið að því að setja reglugerð samkv. því, sem er vafalaust mjög vandasamt verk og verður gert í samráði við hagsmunaaðila eftir því sem tök eru á. Í þeim efnum vil ég láta það koma fram, sem nefnt var í hv. Nd., að nokkur vandi væri í þessum efnum að meta vinnuframlag bændakvenna og verður haft samráð við Stéttarsamband bænda um það með hvaða hætti reglugerðarákvæði verða um þau efni.

Í hv. Nd. Alþingis var sett inn ákvæði til bráðabirgða. Það er ákvæði sem gerð var í raun og veru tillaga um af stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs eða kom a. m. k. frá Atvinnuleysistryggingasjóði. Ég trúi ekki öðru en stjórnarmenn hafi verið látnir vita um þá tillögu. Þar er gert ráð fyrir að þrátt fyrir ákvæði 3. gr. frv. þessa eigi Atvinnuleysistryggingasjóður að ljúka greiðslu atvinnuleysisbóta í fæðingarorlofi samkvæmt lögum nr. 56/1975 til þeirra kvenna sem fæða fyrir árslok 1980. Lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins endurgreiðir Atvinnuleysistryggingasjóði þann kostnað sem af þessu leiðir eftir 1. janúar 1981.

Ég fer þess á leit við hv. heilbr.- trn. Ed. að hún skoði þetta ákvæði mjög vandlega vegna þess að það skiptir ákaflega miklu að skiptin á milli þessara kerfa séu hrein

og skýr. Það verður einhvers staðar að setja þar ákveðin mörk, en þau þurfa að vera ljós þannig að ekki sé nokkur vafi á því, hver er réttur þeirra sem fæða annars vegar fyrir áramót og hins vegar eftir áramót 1981.

Ég endurtek óskir mínar til hv. deildar um að málið fái skjóta afgreiðslu og verði afgreitt fyrir hátíðar þannig að fæðingarorlofið taki gildi frá 1. janúar 1981.

Ég tel mig, herra forseti, einnig hafa mælt fyrir 148. máli í þessari framsöguræðu og legg til að frv. verði báðum að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Það frv. til l. um fæðingarorlof, sem hér liggur fyrir, er að hluta til komið til vegna samningagerðar Alþýðusambands Íslands og ríkisvaldsins og var ætlunin að greiða fyrir samningum með úrbótum í þessum efnum.

Það er ekki vafi á að það frv., sem hér liggur fyrir, er skref fram á við, en bæði ég og aðrir, sem tökum þátt í störfum verkalýðshreyfingarinnar, erum á margan hátt mjög óánægðir með það, hvernig frv. er, og teljum að ekki hafi tekist að ná fram stórum atriðum sem við lögðum vissulega mikla áherslu á. Því hef ég leyft mér að flytja brtt. við frv. — reyndar sömu brtt. og fluttar voru í Nd. — og er fyrri brtt. svohljóðandi:

„Við 1. gr. Aftan við 8. málsgr. komi eftirfarandi málsliðir:

Af fæðingarorlofsgreiðslum sínum greiðir foreldri á vinnumarkaðinum 4% í lífeyrissjóð og lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins 6% á móti. Auk þess greiðir lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins 8.33% orlofsfé á orlofsreikning viðkomandi foreldris hjá Póstgíróstofunni."

Í samningaviðræðunum var gerð krafa um að þetta yrði tekið með í frv. Sú krafa náðist ekki fram. Sú krafa mótaðist mjög af því, að við teljum óeðlilegt að konur, sem þurfa að hverfa frá vinnu vegna barnsburðar, hætti að greiða í lífeyrissjóð og missi þar af leiðandi af réttindum í lífeyrissjóði, og við teljum og óeðlilegt að þessar konur fái ekki orlofsfé eins og þær mundu hafa fengið væru þær í fullu starfi. Ef við tækjum upphæðina, sem ætlað er að greiða í fæðingarorlof, og hugsuðum okkur að þessar greiðslur, þ. e. í lífeyrissjóð og í orlofsfé, væru innifaldar í því mundi upphæðin lækka um 227 941 kr. Það lækkar upphæðina allverulega frá því sem tilgreint er. Hvers vegna viljum við fá þetta inn? Hvers vegna viljum við fá greiðslur í lífeyrissjóð og orlofsgreiðslur einnig? Það er vegna þess að við höfum fyrir okkur dæmi um að svo er gert hjá öðrum. Þetta er gert hjá BSRB, þetta er gert hjá Bandalagi háskólamanna og nú nýverið var verið að taka upp það nýmæli, að mér er sagt, hjá Lánasjóði stúdenta — eða að minnsta kosti fyrirhugað að taka það upp — að þeim séu reiknaðar lífeyrisgreiðslur í því kerfi. Þannig eru greinileg fordæmi fyrir því sem við erum hér að fara fram á.

Önnur brtt. okkar fjallar um bráðabirgðaákvæði sem var tekið fyrir í Nd. Í samþykktinni sem gerð var í Nd. segir svo:

„Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. skal Atvinnuleysistryggingasjóður ljúka greiðslu atvinnuleysisbóta í fæðingarorlofi samkv. lögum nr. 56/1975 til þeirra kvenna, sem fæða fyrir árslok 1980. Lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins endurgreiðir Atvinnuleysistryggingasjóði þann kostnað, sem af þessu leiðir eftir 1. janúar 1981."

Kvisast hefur til ýmissa verkalýðsfélaga að svona hafi verið að málum staðið. Það er ekki nokkur vafi á að menn telja að þetta séu svik á gerðu samkomulagi. Þeir, sem sömdu um fæðingarorlofið við ríkisvaldið, töldu að greiðslur ættu að hefjast strax um áramót til allra þeirra kvenna sem ættu að njóta fæðingarstyrks eða fæðingabóta. Samkv. því bráðabirgðaákvæði, sem samþ. var í Nd., er þetta af tekið og verkar þannig að um lækkun verður að ræða.

Best verður þessu lýst með því að vitna til bréfs sem mér var að berast áðan frá Verslunarmannafélagi Reykjavíkur. Ég held að ég lesi það, með leyfi forseta. En bréfið er svohljóðandi:

„Fyrir hönd Verslunarmannafélags Reykjavíkur vil ég leyfa mér að koma á framfæri athugasemd við frv. til l. um fæðingarorlof sem nú er til afgreiðslu á hinu háa Alþingi.

Samkv. brtt. frá heilbr.- og trn. Nd. er gert ráð fyrir að við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða er hljóði svo:

„Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. skal Atvinnuleysistryggingasjóður ljúka greiðslu atvinnuleysisbóta í fæðingarorlofi samkv. lögum nr. 56/1975 til þeirra kvenna sem fæða fyrir árslok 1980. Lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins endurgreiðir Atvinnuleysistryggingasjóði þann kostnað, sem af þessu leiðir eftir 1. janúar 1981."

Ég vil leyfa mér að benda á að ef þetta ákvæði verður samþ. leiðir það til mjög mikils mismunar á rétti milli mæðra. Sem dæmi vil ég nefna annars vegar konu, sem fæðir nokkrum mínútum fyrir kl. 24 31. des. 1980, og hins vegar konu sem fæðir nokkrum mínútum eftir miðnætti þessa sömu nótt. Báðar þessar konur lenda á sama greiðslutímabili, en samkv. framangreindri brtt. mundi konan, sem fæðir fyrir miðnætti, fá greitt samkv. eldra kerfi, en sú konan, sem fæðir eftir miðnætti, fær greitt samkv. *nýja kerfinu sem veitir verulega meiri rétt*, svo skiptir hundruðum þúsunda.

Til að tryggja sem mestan jöfnuð réttinda er eðlilegast að sá hluti greiðslutímabilsins, sem eftir stendur við gildistöku laganna, greiðist til allra mæðra samkv. nýju lögunum frá þeim tíma sem þau taka gildi. Brtt. á þskj. 274" — sem reyndar eru nú á þskj. 291 — „gerir ráð fyrir að komið verði í veg fyrir framangreint misrétti, og leggur Verslunarmannafélag Reykjavíkur mikla áherslu á að Alþingi samþykki hana. Ég tel að slík ákvæði séu í samræmi við þann skilning sem forustumenn verkalýðshreyfingarinnar lögðu á *þann rétt sem nýju lögin* um fæðingarorlof ættu að tryggja konum sem lögin taka til, þ. e. að allir hefðu sama rétt frá gildistöku þeirra.

Hér er um að ræða mikið hagsmunamál fjölda félagsmanna Verslunarmannafélags Reykjavíkur, auk fjölda annarra. Hér er þó ekki fyrst og fremst um hagsmuni að ræða, heldur réttlæti. Verslunarmannafélag Reykjavíkur treystir því, að hv. Alþingi taki til greina þessar ábendingar félagsins og samþ. brtt. á þskj. 274" — sem reyndar er nú þskj. 291. — Undir þetta ritar Magnús L. Sveinsson formaður félagsins.

Ég get á alveg sama hátt mótmælt þessum skilningi fyrir hönd Verkamannasambands Íslands. Eftir að verkakvennafélögin fréttu af þessari breytingu varð uppi fótur og fit og telja menn að hér sé um brigð að ræða, ekki hafi verið staðið við það sem lofað hafði verið.

Ég notaði tímann í morgun til að hafa samband við menn í Atvinnuleysistryggingasjóði. Hjá þeim var hugsunin aðeins sú að tryggja greiðslur til þeirra kvenna sem

hófu töku fæðingarbóta í desember t. d., eiga þá væntanlega inni nokkurt fé í ársbyrjun, að tryggja að þær fái greiðslur áfram. Frv. er ekki betur úr garði gert en það, að samkvæmt því ættu þær konur alveg að falla út og engar greiðslur að fá. Það var hugsunin hjá stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs, en ekki að greitt yrði eftir tveimur kerfum þó svo hafi til tekist hvað samþykktina snertir.

Ég legg á það mjög mikla áherslu, að heilbr.- og trn. taki þetta mál til íhugunar. Þá þarf einnig að kveðja til fulltrúa frá ASÍ og leita eftir því, hvort það frv., sem hér liggur fyrir, er í samræmi við það samkomulag sem gert var í samningaviðræðunum. Það er skoðun mín að í þeim efnum, sem ég rakti áðan, sé það ekki og því þurfi breytingar til að koma.

Varðandi greiðslurnar og fyrri tillöguna um lífeyrissjóðinn og orlofsféð, teljum við mikið sanngirnismál að hún verði samþ. Við lítum ekki á fæðingarféð sem styrk, heldur sem bætur eða laun. Verði hún ekki samþ. er verið að ganga á rétt kvenna innan ASÍ meira en ég held að menn geri sér grein fyrir því þetta er greitt hjá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og þykir þar sjálfsagt.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Það mál, sem hér er til umr., á sér ákveðna forsögu, eins og hv. nm. þekkja. Á sínum tíma var lögfesst að konur skyldu fá fæðingarorlof greitt úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Minnast þeir, sem þá voru á Alþingi, vaskrar framgöngu Ragnhildar Helgadóttur, fyrrv. hv. þm., í þeim efnum.

Hér er tvímælalaust um spor í rétta átt að ræða, þótt ýmsum finnist frv. sem hér liggur fyrir, nokkuð flókið og verði kannske erfitt í framkvæmd á ýmsum sviðum, en það er önnur saga.

Ég tek undir það með hv. síðasta ræðumanni, að það þarf að skoða nánar það ákvæði til bráðabirgða sem hann gerði hér að umræðuefni. Ég hef fengið sama bréf og hann og aðrir nm. í heilbr.- og trn. þessarar hv. deildar. Ég tek undir það með honum, að þetta þarf að skoða nánar.

En á því vildi ég fyrst og fremst vekja athygli hv. deildar í sambandi við þetta mál, að ef það verður lögfest fyrir áramót, sem allar horfur eru á þar sem hér er um að ræða mál sem allir hv. þm. styðja í meginatriðum, skortir að setja greiðslur vegna fæðingarorlofsins í lífeyristryggingaþátt fjárlaganna og enn fremur að gera ráð fyrir í fjárlögum þessum greiðslum frá atvinnurekendum, sem eru 2% af öllum launum í landinu. Það mun vera ívið hærri tala en er gert ráð fyrir að atvinnurekendur greiði í lífeyristryggingakerfið eða um 1.8 milljarðar, ef ég hef réttar upplýsingar, en þá skortir nærri sömu fjárhæð á móti úr ríkissjóði í útgjaldahlið fjárlaga. Þessu þarf að kippa í liðinn fyrir áramót, áður en fjárlög verða afgreidd, ef þetta frv. nær fram að ganga, sem ég vona og allir hv. þm. sem að þessu máli hafa vikið.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það eru örfá orð út af þeim ræðum sem hér hafa verið haldnar.

Ég vil í fyrsta lagi minna á það, sem ég sagði áðan, að sú greiðsla á mánuði hverjum, sem gert er ráð fyrir, er allmiklu hærri en umsamin laun almennra verkalýðsfélaga í landinu fyrir dagvinnu, þannig að það er í rauninni hægt að líta svo á að gert hafi verið ráð fyrir að innifaldir í þessum tölum séu ýmsir þættir í félagslegum tryggingum af öðrum toga en hér voru ræddir af hv. 3. landsk. þm. Auk þess er það auðvitað þannig, að það orkar mjög tvímælis að það sé skynsamleg og rétt stefna að borga orlof á orlof ofan. Ég held að menn ættu að staldra við áður en þeir taka ákvörðun um að gera slíkt, og ættu að reyna að átta sig á því, til hvers það getur leitt.

Varðandi umr. af hálfu hv. 3. landsk. þm. verð ég að segja það, að ég undrast margt af því sem þar kemur fram. Ég vil í fyrsta lagi algjörlega vísa því á bug, að það sé neitt annað í því máli, sem hér liggur fyrir, en það sem um var samið við verkalýðshreyfinguna og um rætt við hana, að öðru leyti en ákvæði til bráðabirgða sem fjallar um það eitt hvernig kerfin mætast. Ég held að menn ættu að geta komið sér saman um slíkt tæknilegt atriði, hvernig því verði fyrir komið, án þess að fara að kasta sér í flokkspólitískar skotgryfjur. Staðreyndin er sú, að það er hægt að koma þessu fyrir á ýmsan hátt. Aðalatriðið er að skiptin séu hrein og skýr og að enginn vafi leiki á því, hvorum megin réttur manna liggur í þessum efnum.

En vegna ummæla hv. þm. áðan um að hann mótmælti þessu bráðabirgðaákvæði fyrir hönd Verkamannasambands Íslands vil ég inna hann eftir því, hvenær haldinn var stjórnarfundur í Verkamannasambandi Íslands til að fjalla um þetta bráðabirgðaákvæði.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Ráðh. er greinilega heitt í hamsi út af þessum málum. Það er alveg greinilegt, að hann finnur fyrir því, að menn eru óákveðnir með hvernig hann tekur á þessum málum. En samkv. því bráðabirgðaákvæði, sem samþykkt var í Nd. og er sjálfsagt að tillögu ráðh. eða með samþykki hans — Atvinnuleysistryggingasjóður er skrifaður fyrir því — er konum feikilega mismunað, sem nemur hundruðum þúsunda.

Það er alveg rétt sem ráðh. sagði, að það þarf að koma málum þannig fyrir að skýrt sé hvað hvert kerfi á að taka. Ég legg til að till. mín komi í staðinn fyrir það bráðabirgðaákvæði sem áður var samþykkt. Samkvæmt henni er alveg skýrt, hvernig með þetta mál skuli farið, og komist hjá mismunun.

Ég greindi hér frá bréfi sem Verslunarmannafélag Reykjavíkur sendi þm. rétt áðan, þegar fréttist hvernig með þetta ætti að fara, og þar kemur fram að formaður félagsins, sem átti einmitt þátt í því að semja um þetta ásamt mér og öðrum, telur að þarna sé um annan skilning að ræða en samninganefndarmennirnir höfðu. Við höfðum þann skilning á þessu að greiðslur samkv. nýja kerfinu ættu alfarið að hefjast 1. jan. Það, sem samþ. var í Nd., hefur verið að kvisast núna síðustu klukkustundirnar til hinna ýmsu verkalýðsfélaga, sem vissulega munu mótmæla því að svona verði með málið farið. Og ég get greint ráðh. frá því, þó það sé ekki beint umræðuefni hér, að ég hef haft samband við stjórnarmenn Verkamannasambands Íslands, enda form. sambandsins núna, og eru allir stjórnarmenn á því máli, að hér sé um svik að ræða eða það sé ekki farið að eins og skyldi. (**Félmrh.:** En ekki svik.) Ég sagði svik.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 14 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 181). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 16 shlj. atkv.

Stimpilgjald, frv. (þskj. 199). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 16 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Tilefni þess, að ég kveð mér hljóðs utan dagskrár, er fréttatilkynning frá iðnrh. um verðlag á súráli, annars vegar útflutningsverð frá Ástralíu og hins vegar verð til ÍSALs. Ég tel að þessar upplýsingar gefi vissulega tilefni til þess, að þetta mál sé rætt, og þær gefa vitaskuld tilefni til þess, að almennar viðræður séu hafnar við ÍSAL, eins og segir í öðrum lið fréttatilkynningarinnar.

Vitaskuld ber að nýta hvert tækifæri sem gefst til þess að ná fram hagstæðari samningum við þetta fyrirtæki. Iðnrh. hlýtur eðlilega á hverjum tíma að hafa frumkvæði í þeim efnum, enda getur hann á hverjum tíma best metið hverjir möguleikarnir séu. Það er vitaskuld líka rétt, að Alusuisse fái tækifæri til að koma fram skýringum við þetta mál, eins og ráðh. og ríkisstj. hafa gert ráð fyrir, þótt frestur virðist hafa verið nokkuð stuttur, einkum með tilliti til þess, að hér virðist vera um 5 til 6 ára tímabil að ræða.

Það kemur í ljós, að í umsögnum ráðh. um þetta mál í fjölmiðlum margtekur hann fram, að þó þetta yfirlit sé birt sé of snemmt að fullyrða nokkuð og auðvitað sé ekki hægt að dæma um útkomu málsins á þessu stigi og hann vilji ekki kveða upp neina endanlega dóma. Það var margtekið fram í þeim fréttaviðtölum sem við hann voru höfð í útvarpi og sjónvarpi í gærkvöld. Ég held að það komi einum átta sinnum fyrir í þessum fréttaviðtölum. Það er auðvitað nokkuð óvenjulegt að upplýsingar af þessu tagi séu birtar og það, sem í þeim felst, án þess að ráðh. sé reiðubúinn að standa nokkuð fast á því, að það, sem þar komi fram, sé þess eðlis að á því eigi að vera hægt að byggja kröfur, en fyrir því geta menn tæplega gert sér fullkomlega grein á grundvelli þeirra gagna sem hafa verið lögð fram.

Eins og fram kemur í fréttatilkynningu ráðh. á verðlag á súráli til ÍSALs að vera eins og um óskylda aðila væri að ræða, en þeir aðilar, sem eru fram teknir í þessu fréttayfirliti og í þessum gögnum, eru náttúrlega rammskyldir. Það var á sínum tíma ákveðið, trúi ég, að þetta skyldu vera viðskipti eins og milli óskyldra aðila, með tilliti til þess, að það væri svipaðast því sem um okkar eigin eign á þessari verksmiðju væri að ræða. En af þessu tilefni vil ég gjarnan fá ráðh. til að upplýsa um hverjar aðrar upplýsingar hann hefur í málinu. Mér þykir augljóst að ráðh. hljóti að hafa upplýsingar um almennt súrálsverð vegna þess að á því verða kröfur okkar fyrst og fremst að byggjast um verð á milli óskyldra aðila.

Þetta er stórt mál og auðvitað má þetta ekki reynast vindhögg. Ráðh. hefur í öðrum málum lagt mikla áherslu á gætni og varkárni, og ég trúi ekki öðru en það eigi við í þessu máli líka og þess vegna hljóti ráðh. að hafa upplýsingar um almennt súrálsverð í viðskiptum milli óháðra aðila, sem er það atriði sem við verðum að byggja kröfu okkar á. Þetta er auðvitað nauðsynlegt að þm. fái að vita, svo að þeim sé vel ljóst hver staða málsins er, og ég vil biðja ráðh. um að upplýsa okkur um þetta efni.

Í annan stað er í fréttatilkynningunni minnst á nýlega skýrslu frá Coopers & Lybrand varðandi þetta mál, þ. e. mat á þeim gögnum sem safnað var í Ástralíu, og ég hefði gjarnan viljað að ráðh. treysti sér til að gera deildinni grein fyrir þessari skýrslu, lesa hana fyrir deildina ef hún er ekki of löng, þannig að þetta mat þessa óháða aðila liggi fyrir. Ef skýrslan er of löng vil ég biðja hæstv. ráðh. að gera grein fyrir henni í styttra máli, en gjarnan að dreifa henni síðan til þm. Það eru nefnilega ákaflega takmarkaðir möguleikar fyrir þm. eða fólk almennt að átta sig á málinu nema þessar upplýsingar komi fram líka.

Það er ekkert nýtt að ástæða sé til þess að fylgjast með hráefnisaðdráttum fyrirtækja eins og þessara. Það liggur í eðli þessara fyrirtækja, þessara samsteypa, að það er sjálfsagt að fylgjast með verði á öllum aðföngum. Þetta var líka leitast við að gera, a. m. k. fram til ársins 1974. Það vill þannig til, að ég var fulltrúi ríkisstj. í stjórn ÍSALs um árabil eða fram til ársins 1974. Þá benti ég rn. margsinnis á nauðsyn þess, að það yrði leitast við að fylgjast með þessum sérstaka þætti, súrálsverðinu, vegna þess hversu stór þáttur það er í framleiðslukostnaðinum, og ég lagði áherslu á það, þegar ákveðið var að athugun yrði gerð á vegum fyrirtækisins Coopers & Lybrand á skattamálum fyrirtækisins, að inn í það dæmi yrði tekið að það færi fram sérstök athugun á því, hvernig súrálsverðið væri. Ég hafði áður fylgst með því með því móti sem mér var kleift, hver þróunin væri í þessum efnum, t. d. reiknað út hvað súrálsverð á hverjum tíma var há prósentutala af álverðinu, það er einn mælikvarðinn, og á þeim tölum byggði ég þá skoðun mína, að nauðsynlegt væri að þetta yrði tekið til sérstakrar athugunar.

Það kemur fram í ýmsum gögnum, sem ég hef hér, hvernig að þessu var staðið. Ég er hér t. d. með „memo" frá fundi 18. júlí 1974, sem var með þessu endurskoðunarfyrirtæki, þar sem ég er sagður staðhæfa að verð fyrir alúmíníum virtist hátt og að verðlagningin eftir þeirri formúlu, sem notuð væri, væri varsöm. Hinn 13. ágúst 1975 komu niðurstöður frá þessu ágæta fyrirtæki, Coopers & Lybrand, og ég verð ekki var við að þetta sé neins staðar stimplað trúnaðarmál svo ég vil leyfa mér — með leyfi forseta — að vitna til þessa gagns. Ég verð að segja það eins og er, að mér voru það nokkur vonbrigði hvað þeir tóku vægt til orða um súrálsverðið með tilliti til þess, að mér þótti það hafa þróast á þann veg að það væri orðið óþægilega hátt. En það er reyndar vitnað líka til þessarar skýrslu í fréttatilkynningu ráðuneytisins, og heildarniðurstaðan hér, með leyfi forseta, er þessi:

„Svo virðist samt sem áður, að mögulegt sé að við núverandi samninga um súrál gæti komið fram hlutfallsleg hækkun sem breytti verðinu á alúmíníum í óhag. Við mælum með því, að þetta mál sé tekið upp í sambandi við nýja samninga."

Á öðrum stað er vikið að því í þessari skýrslu, að e. t. v. sé verðlag í hærri kanti á árinu 1974, en það er með mjög vægum orðum, svo ekki sé fastar að orði kveðið af minni hálfu.

Afskiptum mínum af þessu máli var reyndar ekki lokið með þessu, því að hinn 13. águst 1975, u. þ. b. ári síðar, *vann ég skýrslu fyrir fjmrn. um þetta efni. Í henni* komu fram margvíslegar upplýsingar um súrálsverðið og þann ugg minn, að þróunin í því væri ekki nógu örugg og ástæða væri til þess að fylgjast sérstaklega með því. Ég gríp hér niður, með leyfi forseta. Segir hér m. a. að súrálsverð samkv. nýjum samningi, þ. e. hinum nýja samningi sem gerður var 1974, reiknist vera um 17.9% af nettósöluverði áls. Síðan er rakin hér þróunin frá 1970, það hafi verið 13.9% á árinu 1970, 15.5% á árinu 1971, 14.4% á árinu 1972, 15.1% á árinu 1973 og á árinu 1974 reiknist það um 15.8%. Mér þóttu þannig vera blikur á lofti. Auk þess var það svo með þennan nýja súrálssamning, að það var gert ráð fyrir að verðið á súráli miðaðist beint við verð á áli á hverjum tíma, væri sem sagt ávallt sami hundraðshluti af söluverði áls. Hér kemur auðvitað til hvort móðurfyrirtækið eða sölufyrirtækið vill veita einhvern afslátt. En í undirbúningsgögnum um stofnun fyrirtækisins virðist hafa verið gert ráð fyrir að súrálsverðið yrði um 14% af nettósöluverði áls.

Mér þótti ástæða til að benda sérstaklega á þetta og gat þess í þessari skýrslu, að í því sambandi vöknuðu einkum tvær spurningar. Önnur var sú, hvort verð á súráli til ÍSALs væri í samræmi við viðskiptahætti milli óháðra aðila samkv. ákvæðum þessa samnings. Að fengnum þeim upplýsingum að gangverð á súráli standi ekki í beinu hlutfalli við söluverð áls, eins og kemur fram í skýrslu Coopers & Lybrand, — þó að þar sé samband á milli er þar ekki beint samband, — vaknar sú spurning, hvort samningur, sem gerir ráð fyrir slíku beinu hlutfalli, sé í samræmi við ákvæði um viðskiptahætti milli óskyldra aðila.

Þetta var sem sagt í maímánuði 1975. Síðan hef ég ekkert af þessum málum frétt, en í samningum milli aðila, þ. e. samningum ÍSALs eða Alusuisse við íslenska ríkið, *er gert ráð fyrir árlegum möguleika á endurskoðun* þessa verðs. Þess vegna vil ég spyrja: Getur ráðh. upplýst hvernig súrálsverð hafi þróast sem hlutfall af álverði frá þessum tíma, þ. e. frá árinu 1974? En fyrst og fremst hefði ég þó viljað spyrja hvernig hafi verið fylgst með málum frá þessum tíma, vegna þess að það var lögð þó nokkur vinna í að fylgjast með þessu jafnóðum. Á árinu 1975 kom fram af minni hálfu sérstök ábending um að ástæða væri til að gera þetta. Ég hefði talið áhugavert að fá skýrslu frá ráðh. um þetta og væntanlega skýrslu um hvernig með þessu máli hafi verið fylgst allan tímann frá 1975. Það er nokkuð seint af stað farið ef því hefur ekki verið sinnt allan þann tíma.

Það er auðvitað svo, að af þeim gögnum, sem liggja hér fyrir, geta menn ekki gert sér grein fyrir því — þm. eða almenningur — hvort hér reynist vera um svik að ræða eða ekki. En reynist vera um svik að ræða verður auðvitað að taka á þeim sem slíkum. Það væri líka mjög slæmt ef úr þessu yrði vindhögg. Þess vegna vil ég treysta því, að málið sé á traustum grunni hjá ráðh. Ef þetta kemur á einhvern hátt í bakið á okkur sýnist mér að það geti orðið okkur á ýmsan hátt skaðlegt. Ég vil þess vegna biðja ráðh. um að upplýsa deildina um það, hvernig hafi verið fylgst með þessum málum á árunum frá 1975 og hingað til, og í annan stað að gefa deildinni upplýsingar um það, hvernig verðlag á súráli sé á almennum markaði, með tilliti til þess, að á þeim grunni hljótum við að byggja kröfur okkar. Það er að sjálfsögðu lofsvert frumkvæði að afla þessara gagna frá Ástralíu, en hinn hluti málsins er ekki síður mikilvægur, hvernig hið almenna súrálsverð er *milli óháðra aðila, þar sem hér er um þrælskylda aðila* að ræða sem til er vitnað. Og enn bendi ég á það, að mér finnst að þm. ættu gjarnan að fá aðgang að hinni nýju skýrslu Coopers & Lybrand með mati á þeim gögnum sem fram hafa verið lögð frá Ástralíu.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Í tilefni af þeim fsp., sem hér hafa verið fram bornar um þetta mál, sem þm. voru upplýstir um með bréfi frá rn. til þm. í gær á sama tíma og rn. gaf út fréttatilkynningu þar að lútandi, vil ég segja nokkur orð án þess að taka mjög langan tíma hér í hv. þd., því að hæstv. forseti hefur tjáð mér að þess sé óskað, að ekki sé farið hér út í mjög langar umr. Hefði þó verið full ástæða til að eyða nokkrum tíma í að rekja stöðu þessa máls og færa inn í þinggögnin þá fréttatilkynningu sem rn. gaf út í gær um þessi efni. En ég ætla ekki að ganga þannig á tíma þingsins að lesa hana upp í heild sinni.

Ég vil leyfa mér í upphafi að minna á nokkur meginatriði sem þar koma fram. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta í fyrsta lagi:

„Iðnrn. hefur frá því í júní s. l. unnið að athugun á verðlagningu á súráli til Íslenska álfélagsins hf. Niðurstaða þessara athugana er sú, að innflutningsverð á súráli til Íslands er miklu hærra en eðlilegt má telja miðað við útflutningsverð frá Ástralíu. Þegar borin eru saman sambærileg verð, fob-verð í báðum tilvikum, kemur í ljós að á tímabilinu janúar 1974 til júní 1980 hefur súrálsverð hækkað í hafi sem nemur að meðaltali um 54.1% eða samtals um 47.5 millj. Bandaríkjadollara á verðlagi hvers árs. Til samanburðar má geta þess, að heildargreiðslur ÍSALs fyrir raforku voru 31.5 millj. Bandaríkjadollara á sama tímabili."

Og í öðru lagi segir í fréttatilkynningunni:

„*Á fundi ríkisstjórnar Íslands hinn* 9. des. s. l. voru framangreindar samanburðartölur úr opinberum hagskýrslum og innflutningsgögnum lagðar fram og kynntar. Áskildi ríkisstj. sér allan rétt í þessu efni og samþ. jafnframt á þessum fundi sínum, að hið fyrsta yrðu teknar upp viðræður milli Alusuisse og hennar varðandi þetta mál og jafnframt til endurskoðunar á núverandi samningum milli íslenskra aðila og Alusuisse og að þær viðræður færu fram hérlendis. Er í því sambandi sérstaklega höfð í huga brýn endurskoðun á orkuverði."

Ég vil þá víkja að þáttum, sem hv. 2. þm. Reykn. kom fram með í fsp. sínum og bæta kannske við nokkrum þáttum sem tengjast þessu máli.

Hv. fyrirspyrjandi vék að því, að ég hefði verið varfærinn í orðum í sambandi við efnislegt mat á þessu máli og ekki viljað kveða upp ákveðna dóma um niðurstöður þess í samtölum við fjölmiðla í gær. Ég sé ástæðu til að víkja að þessu nokkrum orðum og skýra fyrir hv. þm. af hverju ég stend þannig að máli.

Ástæðan er ekki sú, að ég telji þau gögn, sem fram eru lögð, ekki traust og að þær upplýsingar, sem þar eru fram reiddar, fái ekki staðist. Þvert á móti tel ég að þau séu vel grunduð. En það er ekki rétt að fullyrða um endanlegu efnisniðurstöðu málsins, kannske sérstaklega vegna þess að þeir samningar, sem gerðir voru á sínum tíma um álverið í Straumsvík, eru þannig úr garði gerðir að þeir tryggja ekki stöðu Íslands og Íslendinga sem vera skyldi. Þeir eru kannske dæmigerðir um það, hvernig fyrirtæki, sem byggir upp rekstur sinn með sama hætti og álverið í Straumsvík, kemur sér fyrir í litlu landi eins og Íslandi og býr þannig um hnútana að það er erfitt að koma við skýrum og skilmerkilegum vörnum þó að aðfinnsluvert athæfi sé á ferðinni. Það er einn þáttur þessa máls og ekki sá þýðingarminnsti.

Ég ætla ekki að fara að ræða um þennan samning sérstaklegaa að öðru leyti, það hefur verið gert svo oft og ítrekað. En varðandi það, sem hv. þm. vék að, hvaða skaðabætur væru hugsanlegar í þessu efni eða reikningslegar niðurstöður, þá er það rétt, sem fram kom í máli hans, að sú viðmiðun, sem vera á á hráefnisöflun til *álversins í Straumsvík, á samkv. samningi að vera hagað* eins og um væri að ræða viðskipti milli óháðra aðila. Nú er það svo, að á súráli er ekki neitt markaðsverð sem slíkt. Það er öðruvísi háttað um þessa afurð en álið sem úr súrálinu er unnið. Það er matsatriði og þarf gaumgæfilegrar athugunar við og þar þarf að kveðja til fleiri aðila en íslensk stjórnvöld til að finna út hvert teljist eðlilegt viðmiðunarverð á súráli í viðskiptum óháðra aðila. Það er ekki síst af þessum sökum sem ég staðhæfi ekki hvað úr þeirri athugun muni koma. En ég vil þó leiða nokkrar líkur að því, hvert verð á þessari afurð geti talist, og vil víkja hér að því nokkrum orðum.

Það kemur fram í fréttatilkynningu ráðuneytisins í fyrsta lagi, eins og fram hefur komið, að við höfum borið saman fob-verð á útflutningi frá Ástralíu og innflutningsverð til Íslands. Þar kemur í ljós sá mikli munur, sem fram hefur verið dreginn, sem nálgast, ef reiknað er í íslenskum krónum á núgildi, um 30 milljarða kr. Það hefur ekki verið vefengt af Alusuisse eða talsmönnum ÍSALs hér, að þessar viðmiðanir séu réttar. Það eitt út af fyrir sig er merkileg niðurstaða og ætti að vera mönnum umhugsunarefni, að það hefur ekki verið vefengt. Þá er eðlilegt að spurt sé: Hvernig má það vera, að í viðskiptum landa í milli standist ekki opinberar upplýsingar um fob-verðmæti sem í öllum venjulegum viðskiptum eiga að vera sambærileg? Þar hefur Alusuisse reynt að bera fram tilteknar skýringar og um það mætti fara nokkrum orðum, en þær skýringar eru ekki vefenging á þeim talnagildum sem fram hafa verið reidd um þennan mikla mismun á fob-verði. Viðkomandi aðilar vilja hins vegar draga inn í þetta dæmi fjármagnskostnað, m. a. fjármagnskostnað sem þeir hafi orðið að leggja í til að standa undir fjárfestingu sinni í Ástralíu og þurfa að bera kostnað af, og vilja skýra þann mikla verðmismun, sem hér kemur fram, með þessum kostnaði.

Ég læt hv. alþm. um að dæma hvort það séu skilmerkilegir og eðlilegir viðskiptahættir að á slíku sé byggt, — *tilkostnaði sem ekki er reikningsfærður í viðkomandi* landi og ekki mun vera auðvelt að henda reiður á. En ofan í þau efni verður eflaust farið nánar og þau mál munu væntanlega liggja nánar fyrir síðar. Ég ætla ekki núna að fara að dæma sérstaklega um þær skýringar sem fram hafa verið bornar af talsmönnum Alusuisse, að svo miklu leyti sem fram hefur komið til þessa dags.

Ég vil þá víkja að súrálsverðinu sem slíku og hvaða ástæður við höfum til að halda að þar sé ekki um verð að ræða eins og vera ber milli óskyldra aðila.

Ég vil þá rekja það í upphafi, að sá samanburður, sem hér er gerður af hálfu ráðuneytisins, nær allt aftur til ársins 1972 eða frá þeim tíma sem súrálsverksmiðjan í Gove tók til starfa, en talnalega höfum við tekið inn í töfluefni tímabilið frá 1974. Á fyrstu árunum kemur ekki fram sá mismunur á fob-verðmæti sem byrjar fyrir alvöru á árinu 1974 og haldist hefur til þessa dag. Eitt út af fyrir sig er það athyglisvert.

Óskað var eftir því við alþjóðlegt endurskoðunarfyrirtæki, Coopers & Lybrand í London, á árinu 1974 að yfir reikninga ársins 1973, reikningsárs ÍSALs, yrði farið fyrir það tímabil. Endurskoðunarskrifstofan komst að þeirri niðurstöðu, að þar væri ekki neitt sérstakt athugavert. Virtist stemma það hráefnisverð sem upp var gefið á þeim tíma.

Ári síðar eða á fyrri hluta ársins 1975 er farið fram á sams konar endurskoðun varðandi reikninga reikningsárs ÍSALs fyrir árið 1975 og þá er annað uppi á teningnum í sambandi við súrálsverð. Ég tel rétt að greina nokkuð frá því vegna þess að hv. fyrirspyrjandi vék hér að því máli séstaklega og mun hafa komið að því með einhverjum hætti, ef ég hef skilið hann rétt, í sambandi við þessa könnun. Hann vitnaði ekki til gagna, sem voru lokagögn í þessu máli, í sambandi við mat á niðurstöðum ársins 1974, heldur hygg ég að hann hafi vitnað í skýrslu frá miðju sumri eða svo varðandi þetta.

Að beiðni íslenskra aðila, Viðræðunefndar um orkufrekan iðnað, sem hafði fengið það verkefni að fara ofan í þessi mál og undirbúa sérstaklega upptöku samninga við Alusuisse vegna ýmissa þátta, bæði skattgreiðslna og raforkuverðs, var óskað eftir nánari upplýsingum frá endurskoðunarskrifstofunni varðandi þetta tiltekna ár. Ég leyfi mér — með leyfi hæstv. forseta — að vitna til þessarar skýrslu, sem dagsett er 3. okt. 1975, en verð að biðja forláts á því að ég les hér á ensku vegna þess að ég er ekki með íslenska þýðingu á þessu gagni fyrir framan mig og vil koma því hér á framfæri eins og það er orðað hjá þessu fyrirtæki. Er sú heimild veitt, herra forseti? Já. Þar stendur m. a.:

„Accordingly the report, that in our opinion, the calculation on net profit of ISAL for the year ended 31st December 1974 is not in accordance with the requirements of section 27.04 of the Master Agreement. Consequently we do not consider that the amount of the tax credit claim as submitted by Alusuisse is justified."

Þetta segir m. a. í þessu gagni og ég vitna frekar í sömu skýrslu:

„We also point out that although we discussed a draft of our earlier report with representatives of ISAL and Alusuisse, we have not received any further comments or submissions which they may wish to make in relation to the final version of our report dated 29th August 1975. Subject to the foregoing, our tentative opinion is that, based on the information available to us, fair arm's-length prices for 1974 under the terms of section 27.04 of the Master Agreement would have been as follows: — 1974 US $ per tonne January to March 105, April to June 115, July to September 120, October to December 130", þ. e. á bilinu frá 105 og upp í 130 Bandaríkjadollara á tonn á þessu tímabili. Og síðan víkja þeir að

hvaða áhrif þessi breyting á viðmiðunarverðum hefði á hag fyrirtækisins á þessum tíma:

„Effect on amount payable for alumina. The substitution of the prices in paragraph 4 for those paid by ISAL would have the following effect on the amount payable for alumina". Heildarupphæðin, sem þar ætti að koma sem „Total reduction" er 3 160 432 dollarar og því er bætt við: „It will be seen, that the prices payed by ISAL for alumina diverged to a greater extent in the last two quarters of the year from those which we consider to represent arm's-length prices."

Þetta svarar til 343 millj. 802 þús. kr. á þessu tímabili, en þetta er hins vegar ekki það sem hefði komið út sem lækkun á skattinneign fyrirtækisins, heldur voru þetta brúttótölur inn í reikninga sem hér var vitnað til, en niðurstaða fyrirtækisins í sambandi við þetta var sú sem hér segir:

„Thus a reduction in the purchase price of alumina for 1974 totaling icelandic kr. 343 802 632 would have the effect of increasing the profit for the year by icelandic kr. 199 647 427 kr. while the remaining balance of icelandic kr. 224 155 196 would reduce the value of the inventories in the balance sheet at 31st December 1974. Consequently although the amount of icelandic kr. 224 155 196 would not affect the profits for the year ended 31st December 1974, the profitability of ISAL would be increased by that amount in 1975".

Og heildaráhrifin á skattgreiðslu á þessu tímabili: „Increase in tax payable translated to US dollars at rate of icelandic kr. 99.3002 to US dollars being the average rate of exchange for 1974" — voru 549 849 dollarar 79 cent sem niðurstöðutala miðað við þessa úttekt þeirra og lækkun á inneign sem þessu næmi.

Þessar upphæðir lágu fyrir og voru til viðmiðunar og inni í umræðum um endurskoðun samninga á árinu 1975, sem leiddu til breytinga á fyrirkomulagi á skattgreiðslum í desember á því ári og einnig á raforkuverðinu á þeim tíma. Þannig liggur fyrir, að af hálfu þessa alþjóðlega endurskoðunarfyrirtækis, sem hafði gefið viðkomandi aðilum möguleika á að koma við athugasemdum sem ekki komu fram, var þarna um að ræða veruleg frávik frá verði á súráli milli óskyldra aðila. Þessi atriði komu sem sagt inn í þær viðræður sem á eftir fylgdu.

Það er athyglisvert, að talsmenn fyrirtækisins og þar á meðal framkvæmdastjóri ISALs, hafa ítrekað í fjölmiðlum að undanförnu staðhæft annað, að það hafi ekki komið fram gagnrýni af hálfu opinberra aðila á reikningsfærslur félagsins þrátt fyrir endurskoðun. Ég bið hv. þm. um að taka eftir þessu, því að það stangast mjög greinilega á við það sem ég hef vitnað hér til.

Íslensk stjórnvöld hafa eflaust vænst þess, að fyrirtækið mundi breyta um viðskiptahætti eftir þessa endurskoðun og eftir að gerðir höfðu verið nýir samningar um fyrirkomulag á skattgreiðslum, og hafa ekki talið ástæðu til að tortryggja það sérstaklega að þarna væri farið fram yfir eðlilegar viðmiðanir, þó að menn geti haft misjafna skoðun á því að sýna fyrirtækinu þann trúnað.

Ég er ekki með þessum orðum að fullyrða hvað komi út úr endurskoðun þess tímabils sem síðan er liðið, en ég bendi á þær upplýsingar, sem fram hafa verið reiddar, og ég vil bæta þar við alveg sérstaklega að við höfum staðfestar upplýsingar um það frá Hagstofu Ástralíu, hvert sé meðalútflutningsverð á þessari afurð, súrálinu, frá Ástralíu á öllu þessu tímabili. Það er að finna í töflu 4, að ég hygg, í þeim gögnum sem fram voru lögð fyrir hv. þm. í gær. Hvað kemur út úr þeim samanburði? Jú, það kemur út úr honum að fob-verðið, sem upplýst er að verið hafi á útflutningi Alusuisse út úr Ástralíu, pendlar sitt hvorum megin við þetta meðalútflutningsverð. Það er á árunum 1974 fram á árið 1976 sem það liggur nokkuð yfir þessu meðalútflutningsverði, en síðan er það nokkru lægra. Þetta meðalútflutningsverð er sem sagt heildarverð frá þessum heimshluta í Ástralíu sem samkvæmt staðhæfingum, sem fram voru reiddar í dag, veitir ekki lítið af heildarsúráli í heimsviðskiptum. Ég taldi mig hafa þá tölu hér einhvers staðar nálæga, en það var staðhæft einmitt af framkvæmdastjóra álversins í Straumsvík. Ég vil ekki fara út af fyrir sig að leggja mat á heimildargildi þess, en ég heyrði það eftir honum haft í hádeginu að „frá Ástralíu sé fluttur út helmingur þess súráls sem er á vestrænum markaði", svo orðrétt sé vitnað til orða framkvæmdastjórans í hádegisfréttum útvarpsins í dag.

Nú er það einnig svo, að súrálsverksmiðjan í Gove er að 70 prósenthlutum í eigu Alusuisse, en að 30% hlutum í eigu ástralsks fyrirtækis, Gove Australia Ltd., og við teljum okkur hafa um það upplýsingar, að það verð, sem greitt er til þessa fyrirtækis, til þessa óskylda aðila í Ástralíu fyrir það súrál sem flutt er til Íslands, sé mjög nálægt meðalútflutningsverði á súráli frá Ástralíu eins og það liggur fyrir í hagskýrslum.

Ég vil bæta því við til frekari stuðnings máli mínu og ábendinga af hálfu rn., að ástæða sé til að láta fara fram úttekt hjá hinu óháða alþjóðlega endurskoðunarfyrirtæki Coopers & Lybrand á því, hvað eðlilegt sé að telja viðmiðunarverð á súráli milli óskyldra aðila. Ég vil bæta því við, að ef litið er til Noregs og innflutnings til Noregs á súráli á þessu tímabili frá Ástralíu hefur það legið á undanförnum 4—5 árum um 25% undir því sem verið hefur hingað til lands. Má þó ætla að viðskipti af því tagi, sem stundum eru kennd við fjölþjóðafyrirtæki, kunni að blandast inn í viðskiptin við Noreg. Ef litið er til Japans, á cif-verðið til Japans frá Ástralíu, er munurinn á innflutningsverðinu hingað og innflutningsverðinu þar að meðaltali nálægt því 50% á árunum 1974—1977, að vísu minnkandi, en yfir 20% á árinu 1978, sem ég hef heimildir um.

Ég held ég láti þessar upplýsingar, sem ég hef hér fram borið varðandi súrálsverð, nægja sem svar varðandi þann þátt sérstaklega. En ég tel að þegar um er að ræða útflutning frá Ástralíu á þessari afurð sé það eðlilegt af hálfu okkar Íslendinga að líta svo til, að þegar litið er til viðskipta milli óháðra aðila sé ekki síst litið til þess lands og verðs sem þaðan kemur og meðaltalsverðið tel ég að segi þar sína sögu. Ofan í þessi mál verður farið af hinu alþjóðlega endurskoðunarfyrirtæki og ég hef sparað mér að kveða upp dóma um niðurstöður af því fyrir fram.

Ég gat þess, að talsmenn Alusuisse hefðu ekki vefengt upplýsingarnar um samanburðinn á fob-verðunum, sem iðnrn. hefur lagt megináherslu á í framsetningu þessa máls. En í sambandi við skoðun hins alþjóðlega fyrirtækis á þessari vinnu hafa Coopers & Lybrand verið látnir fylgjast með þessari úttekt, rétt eins og ríkisendurskoðun hér heima sem hefur látið rn. í té frumgögn í sambandi við innflutning hingað allt þetta tímabil, farmbréf og reikninga sem eru útgefnir af Alusuisse. Þeir segja m. a. í niðurstöðum sínum — ég læt nægja að vitna

aðeins í meginniðurstöðu sem kemur efnislega fram í fréttatilkynningu, með leyfi hæstv. forseta:

„Samkvæmt athugun okkar á bráðabirgðaskýrslunni teljum við að heimildirnar, sem útreikningar aukningar súrálsverðs í sjóflutningi eru grundvallaðir á, eigi rétt á sér. Að tilskildum skekkjum, sem leiðrétta ber, sýnir athugun okkar á útreikningunum að tölurnar hafa verið rétt teknar upp úr gögnunum og tölfræðilegu upplýsingunum, sem vísað er til í bréfi þessu, og að útreikningarnir hafa verið gerðir á réttan hátt."

En þeir eiga eftir að fara ofan í það fyrir rn. og leggja á það mat, rétt eins og þeir gerðu fyrir árið 1974, hvert þeir telji vera viðmiðunarverð á súráli milli óskyldra aðila.

Þessi endurskoðunarskrifstofa hefur lofað að hraða athugun sinni og mun væntanlega gera það, þannig að niðurstöður hennar liggi fyrir innan nokkurra vikna. Við höfum talið sjálfsagt og eðlilegt að skrifstofan hafi samband við Alusuisse í sambandi við þetta mál, hlusti á rök þeirra og rannsaki gögn, sem þeir vilja leggja fram í sambandi við þetta mál, og þannig verði þetta byggt á hlutlægu mati þessa aðila, sem er virt og þekkt endurskoðunarfyrirtæki.

Varðandi einn þáttinn, sem hv. fyrirspyrjandi vék að í máli sínu um kostnaðarverð súráls sem hlutfall af nettóverði áls, hef ég ekki hér fyrir framan mig tölulega útreikninga á því á undanförnum árum. Ég vil þó gefa vísbendingar um þetta atriði með því að vísa til þess, sem áætlað var þegar álsamningurinn var gerður 1967, hvað teldist vera eðlileg hlutdeild hráefnis frá Alusuisse í heildarumsetningu álversins í Straumsvík. Það var talið þá, þegar áætlanir voru gerðar um fyrirtækið, að það ætti að vera 38%, en á árinu 1975 kom í ljós að þetta hlutfall var ekki 38%, heldur orðið 57.7%. Á árinu 1978 var þetta hlutfall enn yfir 50%, eða 52.2%, og í fyrra 46.4%, eða langt yfir því sem áætlanir voru gerðar um á sínum tíma. En frekari upplýsingar um þessa þætti er sjálfsagt að afla.

Það kemur fram af hálfu rn. og ríkisstj., að nauðsynlegt sé að endurskoða samningana um álverið í Straumsvík alveg sérstaklega með tilliti til orkuverðs og leita eftir breytingum á þeim samningum sem gerðir hafa verið um þetta, þannig að við fáum leiðréttingu á orkuverði sem hefur farið langt út fyrir alla eðlilega viðmiðun við orkuverðsþróun í heiminum á undanförnum árum.

Það má rifja upp að gert var ráð fyrir að þetta hlutfall orku ætti að vera yfir 10% þegar áætlanir voru gerðar um fyrirtækið. En það var komið niður í 6.7% á árinu 1975 og hefur haldist þannig síðan, verið aðeins 6.7% af heildarrekstrarkostnaði fyrirtækisins á þessum tíma, bæði á árinu 1978 og 1979. En í áliðnaði í Noregi er orkuverð verulega hærra á þessu tímabili, þannig að miðað við árið 1978, þegar verðið hér á kwst. var 5.1 mills, (það er núna í 6.5 mills) var meðalverðið í áliðnaði í Noregi 8.42 mills á kwst., en ekki hið sama og reynt er að halda fram í umræðum um þessi mál hér nú. Ber þó að hafa í huga að það gegnir nokkuð öðru máli þegar viðkomandi iðnaður er í innlendri eigu, eins og meginhlutinn af áliðnaðinum í Noregi, og þjóðhagslegur arður af framleiðslunni verður eftir í landinu. Þegar hér er um að ræða erlenda aðila og erlent fyrirtæki, sem flytur út hagnað sinn að mestu leyti, er auðvitað þeim mun meiri ástæða til þess að orkan skili eðlilegu verði. Er auðvitað alveg sérstaklega knýjandi að það verði tekið upp með sanngirnisrökum okkar Íslendinga. Getum við þar vitnað til þeirrar umræðu og þróunar sem í gangi er erlendis um þessi efni. Nægir þar að nefna þá umræðu, sem nú er í gangi, og tillögur norsku ríkisstjórnarinnar um stefnu varðandi verðlagningu á orku þar sem norska ríkisstjórnin, ríkisstjórn norska Verkamannaflokksins, setur það fram í orkustefnu sinni í mars s. l. að eðlilegt sé að miða orkuverð við „Langtidsgrense"-kostnað, væntanlegt framleiðslukostnaðarverð orku í sambandi við nýja samninga um orkufrekan iðnað, en einnig ber að leita aðlögunar að sama marki varðandi eldri samninga. Því máli er ekki lokið þar í landi, en þess má geta, að Ný-Sjálendingar, sem um margt eru í svipuðum sporum og við Íslendingar, bæði með verulegt vatnsafl og jarðvarma, brutust út úr gömlum samningum um orkufrekan iðnað við erlend fyrirtæki á árinu 1977 og tókst að fá það hækkað með pólitískri samstöðu þarlendis, — ekki bara tvöfalda, heldur að fimmfalda orkuverðið í vissu tilvikum. Ég er ekki að leiða neinar getur að því, hverju ná má fram í sambandi við endurskoðun samninga um álverið í Straumsvík, en ég tel að niðurstaðan af því fari fyrst og fremst eftir því, hvaða samstaða tekst um það hér heima fyrir. Ég er mjög vongóður um að um það mál verði samstaða, bæði innan þings og utan, svo miklir hagsmunir eru hér í húfi fyrir okkur Íslendinga. Við þurfum að gæta þess í framtíðinni að tefla ekki á tvær hættur í þessum efnum og gæta þess hvað er að gerast í orkumálum umheimsins, hvaða breytingar eru að verða á viðmiðun orkuverðs.

Herra forseti. Ég hef vikið að fáum atriðum sem ástæða væri til að nefna í sambandi við þetta stóra mál. Hv. fyrirspyrjandi vék að því, að það væri slæmt ef upplýsingar iðnrn. stæðust ekki í meginatriðum. Ég er honum alveg sammála um það. En ástæða er til að vænta þess, að þær upplýsingar, sem við höfum gefið upp, séu á rökum reistar, og það hefur ekki komið fram vefenging á því, að á fob-verðinu, sem á að standast samkvæmt öllum eðlilegum viðskiptum, er stórfelldur munur. Gagnrýni á því hefur ekki fram komið. Sú staðhæfing hlýtur því að standast í meginatriðum. Síðan geta menn litið á þau gögn sem fram verða dregin til skýringar á því og hvernig meta beri þá viðskiptahætti sem þar liggja að baki.

Ég hef bent á einstaka efnisþætti máli þessu til stuðnings, bæði meðaltalsútflutningsverð frá Ástralíu, verð sem óskyldur aðili fær þar í hlut sinn í sambandi við útflutninginn til Íslands, og að innflutningsverðið á súráli til Noregs frá sama landi liggi verulega undir því sem gerist um verðið hingað til lands, sem hefur auðvitað veruleg áhrif á afkomu þessa fyrirtækis og þar með þær greiðslur sem því ber samningum samkvæmt að inna af hendi til íslenska ríkisins. Ég hef ekki verið að fara hér út í tölur í því sambandi, — ég tel það ekki nauðsynlegt á þessu stigi mála, það verður að koma í ljós, — en ég get upplýst það eitt í þessu efni, að ef miðað er við meðaltalsútflutninginn frá Ástralíu á súráli á þessu tímabili væri hér um að ræða upphæðir sem eru eitthvað nálægt 8 milljónum dollara eða svo sem koma ættu í hlut okkar ef eitthvað slíkt reyndist uppi á teningnum. Um það vil ég ekki dæma, það verður annarra að líta á það mál. Reynt verður að hraða þeirri athugun og taka upp samninga, eins og um hefur verið rætt, við forráðamenn fyrirtækisins hið fyrsta um þetta mál og endurskoðun samninganna í heild, og ég vænti þess, að þar verði tekið á móti málflutningi og rökum okkar Íslendinga af sanngirni. Ég efast ekkert um að fyrirtækið sýni festu af sinni hálfu, en

við hljótum að sýna festu þar á móti.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Ég fagna því, að þessi umr. skuli fara fram í dag. Hún hefði raunar kannske fremur átt að fara fram í gær, ef hæstv. iðnrh. hefði viljað sýna Alþingi tilhlýðilega virðingu. Á sama augnabliki og hann heldur blaðamannafund eru að vísu settar í hólf alþm. upplýsingar um þetta athyglisverða mál. A. m. k. er það athyglisvert, hverjar sem staðreyndir kunna að reynast þegar það verður skoðað niður í kjölinn, en hann kaus hins vegar að halda blaðamannafund og sýna okkur þá vanvirðu að upplýsa okkur ekki áður um málið.

Svo vildi til, að stóriðjumál voru á dagskrá Sþ. í gær. Þau fengust ekki rædd. Ég býst við að það hafi verið vegna þess að hæstv. iðnrh. hafði öðrum hnöppum að hneppa. Hann vildi fremur auglýsa sjálfan sig en gera Alþingi grein fyrir þessu máli, eins og honum bar þó skylda til. Það var þó bæði á dagskrá stóriðjutillaga Sjálfstfl. og eins iðnaðaráætlun hans sjálfs. Hvorugt fékkst rætt. En ekki nóg með það. Ég spurði hæstv. ráðh. að því í fundarbyrjun í gær hvort hann mundi nú ekki loks svara fsp. um virkjun Blöndu sem lengi hefur verið á dagskrá. Hann kvaðst ekki geta það, svaraði bara nei. Og þó er þingi að ljúka og ég hafði þó ætlast til að svar yrði gefið við því, hvað Blöndumálinu liði. Það mun vera mál allra sérfræðinga, að ákvörðun í þessu efni verði að taka ekki síðar en á næsta ári og þess vegna er vissulega ástæða til að alþm. haldi ráðh. við efnið og knýji fram svör um hvað eigi að gerast, ekki síst með hliðsjón af þeim yfirlýsingum sem hæstv. ráðh. hefur gefið um að ódýrasti virkjunarkosturinn væri að loka stærsta iðjuveri landsins.

En ég fagna því, að þessi umr. hefur farið fram. Hins vegar er það alveg ljóst, að hæstv. iðnrh. gat í mun styttra máli og mun skýrara máli svarað fsp. þeim sem voru bornar fram. Það er árátta hæstv. ráðh., sérstaklega Alþb., að halda uppi stöðugu málþófi og þvæla um óskyld efni út og suður á sama tíma sem til þess er ætlast af okkur í stjórnarandstöðunni, að við greiðum fyrir framgangi mála. Það er verið að reyna að flækja þetta mál eins og önnur. Í stað þess að svara skýrum fsp. er hlaupið úr einu í annað.

Um þetta mál má annars segja það, að ef þær upplýsingar, sem fram eru komnar af hálfu rn., reynast réttar er það bæði ánægjulegt og sorglegt. Það er ánægjulegt ef svo reynist að stóriðjusamningarnir séu miklu betri en við höfðum gert okkur grein fyrir, ef hagnaðurinn af álverksmiðjunni reynist miklu meiri en við höfðum fram að þessu vitað. Við höfum vitað að við fengjum greitt allt andvirði Búrfellsvirkjunar á nálægt 25 árum — héldum það upphaflega, það munu núna reynast 20 ár og eru þá dreifimannvirki innifalin — með því verði og þeim tekjum sem við vitum að við eigum. Ef það skyldi nú vera svo, að við ættum tugi milljarða að auki, sem við fengjum kannske á næstu vikum eða mánuðum greiddar samkvæmt samningum, þá er það auðvitað ánægjulegt. Hitt er auðvitað hryggilegt, ef það skyldi reynast svo, að stórfyrirtæki eins og Alusuisse hefði brotið á okkur samninga. Þá er vissulega ástæða til þess, að Íslendingar sameinist um að taka hraustlega á móti. Ég lýsi því hér með yfir, að ekki skal standa á mér og ekki skal standa á neinum af þm. Sjálfstfl. að taka þátt í því, ef á daginn kemur að samningar hafi verið brotnir.

Nú er það að vísu svo, að það getur verið álitamál hvernig túlka eigi ákveðin samningsákvæði. Það vita allir menn og við kannske ekki síst lögfræðingarnir, sem þykjumst ýmislegt kunna. Það kemur fram í einu af þeim bréfum sem hér var lesið upp af hæstv. ráðh., — hann þurfti að tala hér erlendar tungur og sýna að hann kynni fleiri móðurmál en íslensku og þýsku, og var það í hæsta máta ósmekklegt, því að auðveldlega var hægt að skýra frá efni þessa bréfs án þess að lesa það upp frá orði til orðs, og líklega einsdæmi í þingsögunni að þetta hafi verið gert, — en í bréfinu segir umbúðalaust, að það sé annað uppi á teningnum samkvæmt þessu bréfi frá 3. okt. 1975 en segir í aðalsamningnum. Þeir eru ekkert að draga neitt dul á það, að þeir telja að þarna sé um samningsbrot að ræða. Það þarf þá náttúrlega að kanna það. En hæstv. ráðh. er að undirbúa mál sitt og segir hér: Samningarnir eru ekki þannig úr garði gerðir að líklegt sé að hald sé í þeim — eða eitthvað í þá áttina. Hann byrjar á að lýsa því yfir á Alþingi að samningarnir, sem Íslendingar hafi gert við þetta fyrirtæki, séu þannig að það sé kannske allt í lagi fyrir þá að fara í kringum þá. Hvernig er nú aðstaða þeirra manna, sem eiga að sækja mál Íslendinga, að hafa slíkan ráðh.?

Þetta er byrjun þessa máls, en það er ýmislegt fleira sem er athyglisvert í málflutningi hæstv. ráðh. Ég held að það geti varla verið tilviljun, að þessi hæstv. ráðh. segir að allt hafi verið í lagi 1974 þegar upplýsinga var aflað, en síðan: En það er allt annað uppi á teningnum 1975 þegar málin eru skoðuð. — Skyldi það vera tilviljun, að þá var hæstv. núv. forsrh. orðinn iðnrh., en áður var flokksbróðir núv. hæstv. iðnrh. í því sæti? Ég held að það sé ekki tilviljun.

En þetta vekur auðvitað spurninguna um hverju hæstv. forsrh. geti svarað miklu frekar en hæstv. iðnrh. Á þessu tímabili, 7 ára tímabili eða svo, er hæstv. forsrh. iðnrh. þessa lands í meir en helming tímabilsins. Ég minnist þess ekki að hafa nokkurn tíma heyrt um að þarna væru einhver misferli á ferðinni. Ef ég hefði heyrt það hefði ég krafist þess að rannsókn færi fram. Að vísu lýsir nú hv. þm. Kjartan Jóhannsson því yfir, að hann hafi varað ríkisstj. við í þessu efni tvisvar á þessu tímabili. Og ég er honum þakklátur fyrir að hafa gert það. Hann sýndi fram á, að svo væri, með því að vitna í skýrslur. Ég heyrði þetta aldrei, ekki svo ég muni. Sat ég þó í sama þingflokki og þáv. iðnrh. Þess vegna er auðvitað alveg óhjákvæmilegt að hæstv. forsrh., þáv. iðnrh., greini frá því, hvað var að gerast á þessum árum. Hann hlýtur að vita það betur en hæstv. núv. iðnrh. Og ég treysti ekki hæstv. núv. iðnrh. til að túlka þessi mál á sinn hátt, miðað við það sem maður hefur heyrt frá honum í mörgum málum öðrum. Þess vegna hlýtur það að vera skylda hæstv. forsrh. og krafa okkar hv. þm. að hann komi hér í ræðupúltið á eftir og geri grein fyrir gangi þessara mála.

Hæstv. iðnrh. segir að það sé annað uppi á teningnum 1975. Þá segir hið breska fyrirtæki að framkvæmd þessa máls sé ekki í samræmi við aðalsamninginn. Það, sem ég er núna að segja, er raunar í samræmi við það sem hæstv. iðnrh. var að dylgja með í ræðunni frægu um daginn. Þá sagði hann eitthvað í þá áttina, að það hefði verið ömurleg aðkoman í iðnrn. 1978, það væri nú eitthvað annað eftir að hann tók við. Ég skal viðurkenna að ég man þetta ekki orðrétt en ég get sótt þetta á eftir og fengið ráðh. það. Ég á ræðu hans skrifaða hér. — Efnislega var það ömurleg aðkoma. Það var kannske ekki það orð, en

efnislega var það það sem ráðh. sagði. Við það stend ég og skal sýna honum á eftir.

Það var sem sagt beinlínis skotið á hæstv. forsrh. En það var dálítið athyglisvert, að þeir, sem eru farnir að kynnast þessum hæstv. ráðh. svolítið og fylgjast með tilburðum hans, veittu því athygli fleiri en einn og fleiri en tveir, að hann hrökk allt í einu við og mundi eftir því, að þessi maður var nú orðinn húsbóndi hans. Og hann sneri blaðinu við. Hann hætti í miðjum klíðum. Það sáu menn á andliti hans. Það var ekki orðið tímabært enn þá að segja hæstv. forsrh. fyrir verkum í einu og öllu, eins og þó var kennt þar sem núv. hæstv. iðnrh. lærði sín fræði. En sleppum þessu.

Það var getið hér um að innflutningsverð í Japan á súráli lægi fyrir. Ég mundi nú halda að næsta skrefið í þessu máli væri að reyna að afla upplýsinga um innflutningsverð á súráli frá öllum þeim löndum sem það flytja inn. Ég hygg að það muni vera rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að fast heimsmarkaðsverð sé ekki á þessari vöru. Fyrirtækin eru ekki mjög mörg, en þau eru mjög stór. T. d. voru ekki byggðar 20 álbræðslur á Íslandi þó að sumum hafi dottið það í hug. Ég skal ekki eyða löngum tíma í það, en það var rangt með farið af Magnúsi Kjartanssyni þá, að mér hefði dottið það í hug eða haldið því fram. Hins vegar er málið það, þrátt fyrir allt, að helmingurinn af þessum fyrirtækjum er nú kominn hér. Þá var verið að byggja eina litla álbræðslu. Nú er búið að fimmeða sexfalda hana. Nú er kominn kísilgúr og nú er komið kísiljárn eða hvað það nú heitir. Þessi iðnvæðing er í gangi. Ég átti kannske aldrei að segja að þeir hefðu skrökvað þessu. Ég átti bara að monta af því, að þær yrðu þessar 20 eða jafngildi 20 kannske eftir 10—20 ár, sem betur fer. Ég þarf ekkert að biðja afsökunar á einu eða neinu í því sambandi.

Ég ætla þá að víkja örfáum orðum að því, sem fram kom í ræðum þeirra sem á undan mér hafa talað.

Hv. þm. Kjartan Jóhannsson bendir á það, að hann hafi staðhæft í júlí 1974, að eitthvað væri athugavert við verðlagningu súráls, og hann hafi í ágúst 1975 lýst ugg sínum um að svo væri. Þess vegna er spurningin: Hvernig hefur verið fylgst með málum frá 1975 eftir að þessi aðvörun kom fram tvívegis? Þeirri spurningu beini ég til hæstv. forsrh., sem þá var iðnrh., en ekki til hæstv. iðnrh., enda treysti ég honum ekki til að svara því. Hins vegar leyfi ég mér að spyrja hæstv. iðnrh. að því, hvernig fylgst hafi verið með málum fram til 1974 í ráðherratíð Magnúsar Kjartanssonar. Á þeim tíma, sem hér um ræðir, hafa allir iðnrh. verið stuðningsmenn núv. ríkisstj. — vænti ég. Ég veit þó ekki um Magnús Kjartansson. Hann hefur ýmislegt gagnrýnt í seinni tíð og séð í gegnum ýmislegt, svo að það er kannske ekki öruggt að hann styðji þessa ríkisstj. Ég geri þó ráð fyrir því.

Þetta er sem sagt allt í hendi núv. ríkisstj., að upplýsa málið algerlega niður í kjölinn, og á því eigum við heimtingu og við skulum ganga eftir því skref fyrir skref að þeir upplýsi málin, séu ekki með neinar dylgjur, enga útúrdúra, engar málalengingar, heldur útskýri beint hvað var gert á þessum árum. Var fylgst með þessu og með hverjum hætti í ráðherratíð Magnúsar Kjartanssonar? Var fylgst með þessu og með hverjum hætti í ráðherratíð hæstv. forsrh.? Við krefjumst þeirra svara.

Við sjálfstæðismenn höfðum ekki hugsað okkur að taka þetta mál upp utan dagskrár í dag. Við höfum reynt að greiða fyrir þingstörfum og ekki tafið tímann, og við höfðum ekki hugsað okkur að gera það vegna þess að þessi mál eru öll á dagskrá á morgun. Við ætluðum ekki fyrr en þá að gagnrýna það framferði ráðh. að hlaupa út frá þessum umr. til að ræða málið við aðra, en neita að tala við okkur, eins og hann gerði í gær. Þessi mál verða sem sagt á dagskrá á morgun. Ég treysti því, að hæstv. ráðh. svari t. d. fsp. minni um Blöndu, og ég treysti því, að framhald umr. um stóriðjumál Sjálfstfl. fari fram opinberlega, a. m. k. verði málinu vísað til nefndar áður en þing fer heim, og þess vegna skal ég stytta mál mitt.

Það er talað um að samstöðu þurfi í þessum málum. Ég er innilega sammála hæstv. ráðh. um það, komi á daginn að samningar hafi verið sniðgengnir, — ég hygg traustir, öruggir, ákveðnir samningar. Það er frumskylda okkar allra að vera ekki að reyna að draga samningana í efa ef við ætlum að leita réttar okkar samkvæmt þeim, a. m. k. ætti ráðh. að hlífa okkur við því að hlusta á slíkt oftar en hér í dag. Auðvitað verður að vera full samstaða. Af Sjálfstæðisflokksins hálfu er það ekki einungis sjálfsagt mál, heldur beinlínis ósk, að hann fái að fylgjast með þessu máli. Stjórnarandstaðan í Aþlfl. á líka heimtingu á að fá að fylgjast með og fá spilin á borðið.

Hvað er satt í þessu máli? Við sáum hér upphlaup í sambandi við Flugleiðir. Ég vona að ekkert slíkt sé hér á ferðinni. Það átti að drepa það fyrirtæki. Það var búið að koma því inn hjá fólkinu, — ég var farinn að trúa því áður en ég kynnti mér skjölin sem nefndarmaður hér, ég hafði ekki fylgst með nema bara eins og hver annar borgari, — að þetta fyrirtæki væri gjaldþrota, ætti ekki fyrir einu eða neinu og jafnvel að þar hefði verið um misferli að ræða. Það mál var hreinsað fyrir það m. a. að við Sjálfstæðismenn tókum þátt í því að krefjast svara um allt þannig að allt lægi fyrir hreint. Við vitum að það fyrirtæki á í erfiðleikum, en ég held að menn haldi því ekki fram núna að þar hafi verið um eitthvert blóðugt svindl að ræða.

Mér dettur ekki í hug að halda því fram, að hringar reyni ekki að hagræða málum stundum, en ég hefði haldið að óreyndu að það gæti verið heppilegra fyrir þetta fyrirtæki, af því að það hefur fastar skattgreiðslur hér, en stighækkandi víðast annars staðar, að færa hagnað hingað en héðan í burt. En ef þeir taka hagnaðinn „í hafi", eins og sagt er, þá fer ég að skilja, ef þeir þurfa hvergi að telja hann fram. Þetta er sameiginlegt áhugamál ástralskra og íslenskra yfirvalda. Auðvitað eigum við að biðja áströlsk yfirvöld að hjálpa okkur við að upplýsa þetta mál.

Herra forseti. Ég þakka fyrir að hafa fengið að taka hér til máls og skal ekki tefja tímann lengur.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Í þessum umr. hefur mín verið getið sem iðnrh. á árunum 1974-1978 og af því tilefni vil ég segja hér örfá orð.

Það var haustið 1974, nokkru eftir að ég tók við starfi sem iðnrh., að ákveðið var að taka upp viðræður við Alusuisse um endurskoðun á samningnum. Það var tvennt sem fyrir okkur vakti: Annars vegar að fá endurskoðuð ákvæði samningsins um skattgreiðslur eða framleiðslugjald og hins vegar endurskoðun á orkuverðinu. Í sambandi við þetta er rétt að taka fram, að það þótti ástæða til þess þá að óska eftir endurskoðun frá endurskoðunarfyrirtæki sem naut og nýtur alþjóðlegrar viðurkenningar, Coopers & Lybrand í London, — endurskoðun á súrálsverðinu árið 1974. Niðurstaða þessa fyrirtækis varð þá sú, að súrálsviðskipti Alusuisse

væru ekki í fullu samræmi við ákvæði aðalsamningsins.

Þessar ítarlegu viðræður um breytingar á samningnum við Alusuisse leiddu til þess, að verulegar breytingar fengust Íslendingum í hag á þessu tvennu: Annars vegar breyting á reglum um skattgreiðslur. Ég hef ekki við höndina tölur um það, hverju þessar breytingar hafa skilað síðan Íslandi í hag, en það er ljóst að skattgreiðslur fyrirtækisins eru mun meiri síðan en verið hefði eftir gamla samningnum. Samningsákvæði um orkuverðið sem ÍSAL skyldi greiða til Landsvirkjunar fékkst endurskoðað og orkuverðið hækkað verulega. Ég hef fengið upplýsingar frá Landsvirkjun um það, hver tekjuaukinn hafi orðið af þessari breytingu frá 1975. Niðurstaðan er sú, að á þessum sex árum síðan — sennilega að árinu í ár meðtöldu — hafi heildartekjuauki okkar numið 8.7 milljörðum kr. frá því sem verið hefði eftir hinum eldri samningi.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég vil fyrst úr af orðum hæstv. forsrh. segja að það væri mjög æskilegt að fá úttekt á því, hvernig skattlagning hafi komið út samkvæmt hinni endurskoðuðu skattlagningarreglu annars vegar eða hefði komið út samkvæmt hinni eldri, þannig að menn velkist ekki í neinum vafa um hver munur hafi verið á þessum tveimur skattlagningaraðferðum. Ég óska eftir því, að það verið gert. Það er ljóst að tekjuauki til Landsvirkjunar var verulegur af þessari breytingu, en hins vegar liggur ekki fyrir — eða ég minnist þess ekki að hafa séð nokkurs staðar úttekt um það — hvernig skatturinn kæmi út miðað við þessar tvær mismunandi aðferðir.

Ég þakka þau svör sem hæstv. iðnrh. gaf við ýmsum spurningum mínum, þó að margt af því væri æðimagurt.

Hann hafði það til málanna að leggja varðandi almennt súrálsverð, að innflutningsverð til Noregs væri lægra en hingað, að sama gilti um Japan — hann nefndi tölurnar 25% fyrir Noreg og 20% fyrir Japan — og vitnaði síðan nokkuð til heildarmeðalverðs á útflutningi frá Ástralíu samkvæmt útflutningsskýrslum. Þetta hrekkur, trúi ég, heldur skammt til að verja mál okkar að því er súrálsverðið varðar, en engu að síður eru þetta upplýsingar. Ég stóð í þeirri meiningu, að hæstv. ráðh. hefði meiri og haldbetri upplýsingar fram að reiða í þessum efnum en þetta eitt, svo mikilvægt sem það er að á þessu máli verði haldið traustlega og af festu og ekki verði úr vindhögg, eins og ég sagði áðan.

Ég verð líka að segja það varðandi það yfirlit sem ráðh. gaf úr skýrslu Coopers & Lybrand varðandi útflutningsverðið frá Ástralíu og innflutningsverðið hingað, að ég gat ekki heyrt annað en í því fælist einungis staðfesting á því, að menn kynnu samlagningu og frádrátt. Það er að vísu algengt um endurskoðunarskýrslur að þær séu af því tagi, en að því er grundvallaratriði varðar sýndist mér ekki vera neitt í þeirri yfirlýsingu, ekki í því, sem ráðh. las a. m. k., sem staðfesti neitt annað en að menn kynnu þessar einföldu reiknireglur. En ég vil ítreka þá ósk mína, að ráðh. dreifi þessari skýrslu til þm. svo að þeir þurfi ekki að velkjast neitt í vafa um hver umsögnin hafi verið. Ef skýrslan er svo löng að ekki sé hægt að lesa hana upp hér held ég að rétt sé að útbýta henni hér. Alla vega óska ég eftir því, enda valdi ráðh. að verja tíma sínum til annars en lesa efni þessarar skýrslu.

Hæstv. ráðh. sagði að ég hefði sagt að það væri slæmt ef þær upplýsingar, sem fram voru lagðar, stæðust ekki. Þetta er rangt. Ég sagði að það væri slæmt ef þær dygðu ekki. Ég hef á engan hátt dregið í vafa að upplýsingar um útflutningsverð frá Ástralíu og innflutningsverð til Íslands í þeim gögnum, sem hér hafa verið lögð fram, séu réttar. Ég get tekið undir það, að „kúnstug" bókfærsla er notuð í Ástralíu. En sannleikurinn er sá, að það er á grundvelli hins almenna súrálsverðs sem við verðum að flytja kröfur okkar, og þess vegna hélt ég að hæstv. ráðh. hefði meira fram að færa í þeim efnum en það sem hér hefur komið í ljós. Ég verð að vona hans vegna að hann eigi meira í pokahorninu, þó að ég hefði ætlað honum að upplýsa deildina fyllilega um vitneskju sína í þessum efnum og leyna engu.

En það var önnur spurning sem ég bar líka fram, hvernig hefði verið fylgst með þessum málum á árunum 1974—1975. Hæastv núv. forsrh. og fyrrv. iðnrh. upplýsti lítið um það annað en að samningar hefðu verið endurskoðaðir og það var nú, held ég, deildinni kunnugt um. En mér finnst það „kúnstugt" ef afstaðan hefur verið sú sem komið hefur fram í máli hæstv. iðnrh., að eftir þessar endurskoðunarskýrslur, sem hann rakti hér, hefði ríkisstj. farið að treysta fyrirtækinu alveg sérstaklega og vænst þess, að það mundi bæta ráð sitt, — eftir að kemur í ljós, að samningurinn er ekki haldinn, og alþjóðlegt endurskoðunarfyrirtæki bendir á að það sé ekki farið eftir ákvæðum samningsins, þá komist þáv. hæstv. iðnrh. að þeirri niðurstöðu, að nú sé gersamlega ástæðulaust að fylgjast lengur með fyrirtækinu. Ég hef aldrei vitað að yfirvöld höguðu sér svona, að ef brot komi í ljós eigi að gera ráð fyrir að slíkt brot muni aldrei endurtaka sig. Þetta finnast mér ákaflega furðuleg vinnubrögð. Þetta gerist á sama tíma og við höldum úti feikilegu skatteftirliti sem er með nefið niðri í hvers manns koppi út af því hverju hann eyðir í viðhald og hverju hann eyðir í ýmsa smáliði. Það er kroppað í þetta og fleiri hundruð milljónir fara í að strika út slíka smáliði hjá smáfólki hér á Íslandi. En í þessu máli, þar sem allt verður talið í hundruðum milljóna, eins og hæstv. iðnrh. gat um áðan, sá hæstv. þáv. iðnrh. ekki neina ástæðu til þess að fylgjast neitt frekar með úr því að fyrirtækið var einu sinni búið að brjóta af sér. Mér þykir alveg fráleitt að menn byggi störf sín á þessum forsendum.

Ég tel fyllilega ástæðu til þess, að fram fari úttekt á þessu máli, eins og hæstv. iðnrh. kom inn á og ég ræddi líka í upphafsræðu minni áðan. Ég segi bara: Þótt fyrr hefði verið. Og það hörmulega í þessu öllu saman er það, að sé ekki fylgst með gangi þessa máls jafnóðum felur það í sér stórkostlega hættu á því, að hagsmunir Íslands séu fyrir borð bornir gersamlega, því ákvæði samningsins ætla mönnum að koma athugasemdum sínum jafnóðum á framfæri, alveg eins og í öðrum almennum viðskiptum. Ég ítreka fsp. mína um það hvernig þessu eftirliti hafi verið háttað því ég fæ mig varla til að trúa því, að ekki hafi verið fylgst með þessum málum á þessu tímabili. Ég fæ mig ekki til að trúa því að ráðh. hafi starfað á þeim grundvelli sem hæstv. núv. iðnrh. hefur gefið í skyn.

Ég vil endurtaka það, að hafi samningar verið sviknir verður að taka á því sem slíku og af mestu hörku. En það er auðvitað stórvarasamt fyrir okkur ef það, sem hér er að gerast, reynist vera vindhögg. Það var þess vegna sem ég óskaði eftir frekari upplýsingum frá iðnrh., sem ég verð því miður að segja að hafa reynst heldur magrar.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég skal ekki

hér fara að ræða efnislega um það mál sem hér er til umræðu utan dagskrár og er til komið vegna fréttatilkynningar iðnrn. varðandi Íslenska álfélagið. Það er rétt, sem hér hefur komið fram hjá öllum sem um þetta mál hafa rætt í þessum umr., að þetta mál er mjög þýðingarmikið og það er mjög alvarlegt. (**Gripið fram í:** Og viðkvæmt.) Og það er líka viðkvæmt vegna þess að það eru miklir hagsmunir í húfi fyrir okkur Íslendinga. Þess vegna þurfum við að halda þannig á þessu máli að þeim hagsmunum sé best borgið. Ég get ekki skilið hæstv. *iðnrh. á annan veg en að hann sé mér sammála í þessu* efni. Þess vegna talar hann um að við Íslendingar þurfum að hafa samstöðu í þessu máli, hafa samstöðu í samningum okkar við Alusuisse, vegna þess að með þeim hætti gætum við best íslenskra hagsmuna.

En það er einmitt með tilliti til þessa sjónarmiðs sem ég tel að það sé ákaflega þýðingarmikið, að öll málsmeðferð þessa máls sé sem best og vönduðust. Og það er varðandi það sem ég vildi segja nokkur orð hér, en ekki efnishlið málsins.

Það er ljóst af því, sem liggur fyrir, að það hefur þegar *farið mikil athugun fram á þessu máli bæði hérlendis og í* Ástralíu. Af því að Ástralía er ekki á næstu grösum við okkur geri ég ráð fyrir að það hafi verið gerðar sérstakar ráðstafanir til að vinna að þessu máli á þeim vettvangi. Ég vil því leyfa mér að spyrja hvort iðnrn. hafi sent í þessu skyni sérstaka sendinefnd til Ástralíu til að vinnu í þessu máli. Ef svo er, hverjir hafa skipað þá sendinefnd?

Þá hefur það komið fram, að iðnrh. hefur haft samband við Alusuisse út af þessu máli og mér skilst að Alusuisse hafi fengið gögn þau sem fyrir hendi eru um málið. Ég vek athygli á því, að í fréttatilkynningu ríkisstj. er þess getið, að á fundi *ríkisstjórnar Íslands hinn* 9. des. s. l. hafi mál þetta verið tekið til meðferðar. Ég skil það svo, að eftir að þessi ákvörðun ríkisstj. 9. des. um að beita sér í málinu var tekin hafi verið haft samband af hálfu iðnrn. við Alusuisse. Spurning mín er sú: Hvenær var þetta samband haft og hvenær fékk Alusuisse gögn í hendur varðandi þetta mál?

Það mun líka vera staðreynd í þessu máli, að eftir að Alusuisse fékk þessi gögn í hendur hafi komið hingað til landsins fulltrúi frá Alusuisse til að ræða málið við iðnrn. Ég leyfi mér að spyrja hæstv. ráðh.: Hvenær kom þessi fulltrúi til landsins? Og í framhaldi af því: Hve langan tíma hafði Alusuisse til þess að athuga þetta mál áður en iðnrn. gerði það heyrinkunnugt?

Þá vil ég enn fremur spyrja hæstv. iðnrh. hvort það sé rétt, *að Alusuisse hafi lofað skriflegu svari varðandi* þetta mál. Ef svo er leyfi ég mér að spyrja hæstv. iðnrh. hvort þá hefði ekki verið hyggilegt að bíða eftir svari Alusuisse áður en málið var gert heyrinkunnugt með fréttatilkynningu iðnrn. Ég spyr ekki um þetta að tilefnislausu, því að mér skilst að hæstv. iðnrh. hafi lýst því yfir á blaðamannafundi í gær, að þetta mál allt þarfnaðist nákvæmari rannsókna en gerðar hafa verið áður en viðræður hefjist við Alusuisse, og mér skilst að hæstv. ráðh. hafi lýst því yfir, og það kom fram í máli hans fyrr í þessum umr., að það mundi verða krafist endurskoðunar á samningum Íslands og Alusuisse.

Herra forseti. Mér er mjög örðugt að halda máli mínu áfram þegar ég er í annarri hvorri setningu að spyrja hæstv. ráðh. spurninga, en hann hvergi nærri. Má ég doka við? (**Forseti:** Aðeins doka við meðan hæstv. ráðh. greiðir atkv. í Nd.) — Hæstv. ráðh er kominn og ég verð því að gera ráð fyrir að hann hlýði á mál mitt.

Hæstv. ráðh. sagði í blaðaviðtali í gær að hann teldi að það gæti e. t. v. liðið mánuður áður en niðurstöðutölur endurskoðunarfyrirtækis lægju fyrir, — þess endurskoðunarfyrirtækis sem rn. fær sér til aðstoðar í þessu máli. Út frá þessum staðreyndum spyr ég hæstv. iðnrh. hvort það hefði ekki verið rétt að bíða með að gera þetta mál heyrinkunnugt þangað til nánari upplýsingar lægju fyrir. Þessa spyr ég hæstv. ráðh. að gefnu tilefni, vegna þess að hann hefur í máli sínu lagt áherslu á að nú gildi að fara með gát og vanda hvert skref í þessu máli. Um það erum við sammála.

Hæstv. ráðh. hefur lagt sérstaka áherslu á það, eins og ég kom inn á í upphafi máls míns, að það væri nauðsynlegt að við Íslendingar hefðum samstöðu og sem nánasta samvinnu í þessum efnum. Með tilliti til þessa vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. iðnrh. hvort hafi verið leitað eftir slíkri samvinnu og samstöðu við stjórnarandstöðuna í sambandi við athuganir og rannsóknir þær sem fram hafa farið á þessu máli. Mér er ekki kunnugt um það, en ég spyr.

Í þessu efni hef ég líka aðra spurningu, sem er enn þýðingarmeiri og veit að því sem fram undan er. Ég spyr hæstv. ráðh.: Hvernig hugsar hann sér að hafa samvinnu við stjórnarandstöðuna og stefna að samstöðu okkar Íslendinga í þessu máli? Hefur hann hugsað sér að taka upp beinar viðræður við stjórnarandstöðuna um framhald þessa máls, eða kann að vera að hann hafi hugsað sér að sett verði upp einhvers konar samstarfsnefnd þar sem eigi sæti bæði fulltrúar ríkisstj. og fulltrúar stjórnarandstöðunnar? Mundi þá þessi samstarfsnefnd fylgjast með gangi þessara mála og allri framvindu?

Ég hef leyft mér að spyrja hæstv. ráðh. þessara spurninga, því að ég geri mér grein fyrir að það er ekki nægilegt að hafa góðan vilja í þessu efni og hafa ásetning um það, að við Íslendingar eigum að standa saman í þessum málum, heldur verður að snúast svo við að það séu gerðar beinar ráðstafanir til að svo megi verða.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Vegna þeirra umr., sem orðið hafa hér um málið eftir að ég talaði fyrr í dag, vil ég víkja að fáeinum atriðum, en skal reyna að miða það fyrst og fremst við þær fsp. sem fram hafa komið og ég tel rétt að víkja að nokkrum orðum í máli mínum. En um efnisatriði málsins í víðara samhengi held ég að sé ekki þörf á að fjölyrða á þessu stigi.

Ég vil þá fyrst koma að örfáum þáttum sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson vék að í sínu máli. Hann kvartaði í upphafi yfir því, að málið skyldi ekki hafa verið kynnt hér á Alþingi með formlegum hætti og tekið upp þannig. Ég svara honum með því að benda á að sá háttur, sem á var hafður, að senda alþm. yfirlit um þetta, auk þess að kynna þetta fjölmiðlum, var valinn með tilliti til þeirra anna sem ríkja hér á þinginu í síðustu þingviku fyrir jólin. Ég taldi að málin kæmust efnislega ekki síður til skila með því að menn fengju gögn í hendur samdægurs og málið var kynnt fjölmiðlum. Það var því ekki til að sýna Alþingi neina vanvirðu sem sá háttur var á hafður. Vil ég þó gjarnan taka undir að þetta mál er það stórt að við venjulegar kringumstæður hefði mjög komið til álita að gera grein fyrir því einmitt á hv. Alþingi í upphafi.

Það, sem rétt er að víkja að varðandi mál hv. þm.

frekar, er fsp. hans um hvernig fylgst hafi verið með málum á þeim tíma sem þessi viðskipti hafa staðið yfir, súrálskaup á vegum Alusuisse frá Ástralíu og flutningar þess hingað til Íslands. Ég tel mig raunar þegar hafa vikið að því máli. Í tíð tveggja ríkisstj., þ. e. ríkisstj. sem sat 1971—1974 og ríkisstj. sem tók við 1974, fór fram endurskoðun á reikningum fyrirtækisins m. a. með tilliti til kaupa á þessari afurð. Í fyrra skiptið var það páv. iðnrh., Magnús Kjartansson, sem beitti sér fyrir þessu, að því er varðaði uppgjör ársins 1973.

Í tíð dr. Gunnars Thoroddsen iðnrh. var málið svo tekið til athugunar, reikningsuppgjör var tekið til athugunar af umræddri endurskoðunarskrifstofu að því er varðaði reikningsárið 1974. Þegar hefur komið fram að í ljósi þeirrar endurskoðunar fóru fram samningaviðræður um mikilsverða þætti álsamningsins svokallaða sem leiddu til verulegra breytinga á honum, — breytinga sem voru ótvírætt til hagsbótu fyrir okkur þó að margir hefðu að sjálfsögðu viljað ná lengra í því máli fyrir okkar hönd.

Fyrir Íslenska álfélaginu hf. er stjórn þar sem íslenska ríkið hefur tvo fulltrúa af sjö, að mig minnir. Þeirra hlutverk er að fylgjast með málum innan fyrirtækisins. Mér er kunnugt um að á síðustu árum a. m. k. hafa fulltrúar ríkisins gert bæði athugasemdir við reikningshald og borið fram fyrirspurnir og óskir um breytta uppsetningu á reikningum fyrirtækisins, þannig að gleggra kæmi fram m. a. kostnaður aðfanga í reikningshaldinu. Þau mál hafa einmitt verið til meðferðar í stjórn ÍSALs á þessu ári. Mikil völd hefur sú stjórn ekki, þar sem þetta er dótturfyrirtæki Alusuisse, en þó er það umræddra fulltrúa ríkisins að bera fram óskir þar fyrir ríkisins hönd.

Ég vildi segja það til viðbótar við málflutning hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar, að vissulega gætti nokkurra mótsagna í málflutningi hans, en ég tók þó sérstaklega eftir því, að hann lagði á það áherslu að nást þyrfti samstaða um málið og ekki mundi skorta stuðning af hálfu þm. Sjálfstfl. til að ná fram okkar hagsmunum ef í ljós kæmi að samningar hefðu verið sniðgengnir.

Hv. 2. þm. Reykn., sem talaði aftur í umr., vék að því, að það hefði einmitt verið ástæða til þess að fylgjast nánar með málum vegna þess sem fram kom við endurskoðun reikninga ársins 1974. Það er auðvitað alltaf matsatriði hvernig eða hversu oft á að kveðja til slíka alþjóðlega endurskoðun. Það er ekkert lögboðið um það í sambandi við fyrirtæki, og eins og ég gat um í ræðu minni geri ég ráð fyrir að menn hafi reiknað með því eftir upptöku mála og samninga sem lokið var í árslok 1975, að fyrirtækið stæði við samninga með eðlilegum hætti. Nú reynir á það við þær athuganir, sem fram hafa farið yfir þetta tímabil, hvernig þeim málum hefur í reynd verið háttað. Auðvitað hvetur það, sem fram hefur komið í þessu máli bæði fyrr og síðar, til árvekni af okkar hálfu í viðskiptum við erlenda aðila sem eru hluthafar í atvinnurekstri okkar og atvinnulífi.

Varðandi þá athugun sem nú stendur yfir á vegum endurskoðunarskrifstofunnar Coopers & Lybrand mun innan ekki langs tíma koma frá henni greinargerð og þá geri ég ráð fyrir að málið liggi skýrar fyrir og frá því verði greint. Það, sem fyrirtækið fyrst og fremst var að leggja mat á og ég greindi hér frá, voru reikningsfærslurnar varðandi útflutningsverðið frá Ástralíu og innflutningsverðið hér, að þar væri eðlilega að samanburði staðið og þau talnagildi reyndust rétt sem þar væru fram borin. En það sem í framhaldinu er sérstaklega að unnið, er að afla upplýsinga um það atriði, sem skiptir auðvitað mjög miklu efnislega, þ. e. hvað telja megi eðlilegt verð súráls á þessu tímabili í viðskiptum milli óskyldra aðila.

Ég vil þá víkja að nokkrum spurningum sem hv. 4. þm. Vestf. beindi til mín. Einnig hann hvatti til samstöðu í málinu og undirstrikaði stærð þess, þýðingu þess og að það væri auðvitað viðkvæmt mál. Ég tek undir þau orð hans. Að sjálfsögðu munu íslensk stjórnvöld leggja áherslu á að halda þannig á málum að okkar hagsmunum sé sem best borgið. Ríkisstj. hefur gert sinn fyrirvara, hefur áskilið sér allan rétt í sambandi við málið, en ekki fullyrt neitt um efnislegar niðurstöður á meðan athugun þess fer fram.

Hv. þm. spurði um það, hvort gerður hefði verið út leiðangur af hálfu íslenskra stjórnvalda til Ástralíu. Það er rétt til getið hjá honum. Rn. sendi þangað mann til að vinna að þessum málum og fara ofan í þau, Inga R. Helgason hæstaréttarlögmann, sem fór þangað á vegum rn. og átti viðræður við áströlsk stjórnvöld og stofnanir eins og hagstofu Ástralíu og aflaði margháttaðra gagna og vitneskju varðandi þessi efni og flutti með sér heim hingað. Það var að sjálfsögðu nauðsynlegt skref í athugun þessa máls, að það yrði kannað þannig á vettvangi af aðila af hálfu rn.

Í öðru lagi spurði hv. þm. um það, hvort Alusuisse-fyrirtækið hefði fengið gögn um um málið, og alveg sérstaklega, hvenær haft hefði verið samband við það þannig að því bærust þessi gögn. Því er til að svara, að þegar eftir ríkisstjórnarfund þar sem um þessi mál var fjallað, 9. des. s. l., voru fyrirtækinu send meginefnisatriði málsins í telexskeyti, þannig að það barst því samdægurs, og jafnframt var gerður út maður til að flytja því þessi gögn með formlegum hætti til formlegrar móttöku og fylgiskjöl og annað sem ekki hafði borist með telexþræði. Sá aðili afhenti þau gögn á fimmtudagsmorgni 11. des., eftir að hafa tafist lítillega í flugi.

Í framhaldi af því ákvað fyrirtækið Alusuisse að senda hingað til lands fulltrúa sinn, Edwin Weibel, „senior vicepresident", eins og hann er kallaður, og við höfum nefnt hann aðstoðarforstjóra fyrirtækisins, sem átti viðræður við rn. s. l. laugardag þar sem farið var yfir málið og borin voru fram af þeirra hálfu þeirra viðhorf og túlkun málsins. Þau hafa einnig efnislega komið fram m. a. í fréttatilkynningu rn. Í þessum viðræðum var ekki frá því gengið sérstaklega, að skrifleg svör kæmu fram frá fyrirtækinu innan einhvers tiltekins tíma, en gert var ráð fyrir að viðræður færu fram milli aðila um málið og Alusuisse var greint frá því af rn. hálfu. Þá höfðu verið bornar fram óskir um að endurskoðunarskrifstofan Coopers & Lybrand fjallaði um málið og hefði það til vinnslu, og rn. vildi stuðla að því að sjónarmið Alusuisse kæmust þar á framfæri og yrðu tekin með í athugun mála.

Hv. þm. spurði um það, hvort ekki hefði verið skynsamlegt að bíða með frásögn af málinu af hálfu iðnrn. og stjórnvalda eftir því að niðurstaða slíkrar athugunar lægi fyrir að nokkrum vikum liðnum. Það var mat okkar, að rétt væri að greina frá efnisatriðum málsins eins og þau liggja fyrir að þessari gagnaöflun lokinni, vegna þess kannske sérstaklega að vitneskja um málið var komin á margra hendur og fyrirspurnir lágu bæði hjá mér og fleiri af hálfu fjölmiðla um þetta efni frá aðilum sem töldu sig vita um það, þ. á m. frá dagblöðum, og ég taldi að það væri rétt efnislega og vegna málsmeðferðar

að staða málsins lægi fyrir framreidd af íslenskum stjórnvöldum þannig að engar getsakir væru á ferðinni um þetta mál eða ekki kæmu fram neinar misvísandi upplýsingar sem hefðu aðeins getað orðið til tjóns fyrir báða málsaðila ef þær hefðu komist á kreik. Ég held að hv. þm. geri sér ljóst að um mál af þessu tagi, þar sem margir aðilar koma að, verður ekki þagað lengi þannig að ekki komi fram um það nokkur vitneskja, og það er að sjálfsögðu með tilliti til þess, að niðurstaða málsins liggur ekki fyrir að öðru leyti en því, að íslensk stjórnvöld hafa áskilið sér allan rétt í málinu og hafa óskað eftir því að samningaviðræður yrðu teknar upp, ekki aðeins um þá þætti málsins, sem snúa að súrálsinnflutningi hingað og því sem því tengist, heldur einnig varðandi samninginn um íslenska álverið í heild sinni og þá ekki síst með orkuverðið í huga.

Hv. 4. þm. Vestf. spurði einnig um það, hvort búið væri að móta stefnu um það, hvernig á málinu yrði haldið áfram. Það hefur ekki verið gert í einstökum atriðum að öðru leyti en því, að málsgögn liggja fyrir hjá þeirri endurskoðunarskrifstofu sem oft hefur verið nefnd. En það mun reynt að haga málsmeðferð þannig að vitneskja um framvindu málsins komi fram með eðlilegum hætti og að slíkt samráð verði haft um málið að það geti fremur orðið til að sameina en sundra í sambandi við málsmeðferðina, svo sem veruleg nauðsyn er á og fram hefur komið hjá öllum þeim, má ég segja, sem lagt hafa orð í belg í þessari umræðu. Ég ítreka að málið er viðamikið og það varðar mikla hagsmuni fyrir okkur. Það skiptir miklu að málsmeðferðin verði ítarleg og vönduð og sem best samstaða náist um einstaka þætti. En ábyrgðin hlýtur að sjálfsögðu að vera á hendi íslenskra stjórnvalda, sem með málið fara fyrir hönd lands og þjóðar.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Ég get ekki fallist á þá skýringu hæstv. iðnrh., að hann hafi valið þann kost að fara með málið í blöðin vegna hinna miklu anna hér í þinginu. Eins og ég gat um í frumræðu minni voru stórmál á sviði iðnaðar til umr. eða áttu að vera til umr. — voru á dagskrá — í Sþ. í gær. Það var ekki hægt að ræða þau vegna fjarveru hæstv. iðnrh. þar sem hann var að koma fréttum út án samráðs við Alþingi og áður en þm. fengju nokkuð um það að vita. Auðvitað lá beint við að koma þessum upplýsingum á framfæri við þær umr. sem hæstv. ráðh. átti að vera við samkv. sinni embættisskyldu og láta sitja fyrir öðru, þ. á m. stórmál eins og tillaga sjálfstæðismanna um stóriðjumál, hans eigin tillaga um iðnþróun, fsp. um Blönduvirkjun og fleiri stórmál. Það varð að eyða tímanum hér, í þessari síðustu viku fyrir þinghlé, í smávægileg málefni, orðræður sem máttu gjarnan bíða og hefði vel verið hægt að taka fyrir á kvöldfundi. Það var auðséð að Sþ. var meira og minna starfslaust vegna þess að ráðh. gegndi ekki þingskyldu sinni, af því að hann þurfti að koma þessu máli út sem áróðursmáli sínu. Fram hjá því verður ekki gengið.

Ég spurði að því í frumræðu minni hvernig fylgst hefði verið með málum 1971 til 1974 og svo aftur frá 1974 til 1978. Ég spurði hæstv. iðnrh. að því, hvernig fylgst hefði verið með málinu á fyrra tímabilinu. Ég spurði hæstv. forsrh. hins vegar að því, fyrrv. iðnrh., iðnrh. á seinna tímabilinu, hvernig fylgst hefði verið með málinu. Hann kom hér í pontuna og sagðist gera það vegna þess að hans hefði verið getið, og þá bjuggust menn við að hann ætlaði að svara spurningunum um þetta. En það kom ekkert svar, — algjör véfrétt. Eitthvað hafði verið rætt um raforkuverð og kannske breytingar á samningum o. s. frv., en ekki kom fram hvað gert hefði verið þegar það lá fyrir með bréfi 3. okt. 1975 að framkvæmd mála væri ekki í samræmi við aðalsamninginn, eins og hæstv. iðnrh. komst að orði og raunar var í því bréfi sem hann las upp á enskunni. Ég get ekki séð annað en það sé lágmarkskrafa að hæstv. forsrh. svari því, hvað var gert frá 3. okt. 1975 og til þess dags er hann lét af störfum sem iðnrh. Ef ekkert var gert á að segja það. Það er ekki hægt að skjóta sér undan því. Ef eitthvað hefur verið gert eigum við heimtingu á að vita hvað það hafi verið.

Ég held að menn hljóti að vera sammála um að hæstv. forsrh. verði að svara þessum spurningum, þó hann hafi nú lengi færst undan að svara spurningum hv. alþm. Úr því að svo vel vill til, aldrei þessu vant, að hæstv. forsrh. gegnir þingskyldum sínum með því að sitja hér mikinn hluta dagsins og hlusta á þessar umr. getur hann ekki skotið sér undan því að svara. Var t. d. fulltrúum ríkisstj. í stjórn ÍSALs uppálagt að rannsaka málið? Það er fyrsta spurning. Var ríkisendurskoðun uppálagt að rannsaka málið, hæstv. forsrh.? Voru ráðnir einhverjir sjálfstæðir sérfræðingar til að rannsaka málið, hæstv. forsrh., erlendir eða innlendir? Gerði rn. sjálft eitthvað í málunum til að rannsaka það, hæstv. forsrh.?

Ég get ekki skilið að það sé hægt að komast hjá því að svara svo einföldum spurningum sem þessum. Það er ákvörðun, held ég , allra hér inni að þetta mál eigi að rannsaka niður í kjölinn. Ef hæstv. forsrh. sjálfur ætlar strax í upphafi að færast undan því að svara jafneinföldum spurningum og þessum, hvernig eigum við þá að komast til botns í málinu?

Hæstv. iðnrh. kemur hér og segir: Í tíð Gunnars Thoroddsens var málið tekið til endurskoðunar. Hver var sú endurskoðun? Hæstv. iðnrh. var ekki beðinn að svara þessari spurningu. Það var hæstv. forsrh. sem var beðinn um að svara henni. Og ég er að spyrja núna: Hvað var gert? Hvernig stendur á þessum drætti ef málið er svona alvarlegt, þetta athæfi sem svo er nefnt og svo er túlkað, stórsvindl, ef allt er satt sem fram hefur verið borið, þegar það liggur fyrir 3. okt. 1975? Var ekkert gert, hæstv. forsrh.? Fáum við svör við svona einföldum spurningum?

Mér finnst ekki unnt að ljúka þessum umr. öðruvísi en hæstv. forsrh. láti svo lítið að svara. Ef ekkert var gert á hann að segja okkur það. Ef hann lét eitthvað gera eigum við heimtingu á að fá að vita það. Kannske kemur hæstv. forsrh. hér á eftir og grípur til stjórnarskrárákvæða eða stjórnskipunarlaga eða þingvenja og hann sé ekkert skyldugur til að svara einu eða neinu. En fólkið er farið að hlusta á þögn hæstv. forsrh. Það er m. a. þögn þessa manns sem gerir það að verkum, að allt þjóðlífið er að sligast, atvinnumál, fjármál. Það er stjórnleysi í þessu landi. Og þegar upp kemur mál sem hæstv. iðnrh. telur eitthvert stærsta hneykslismál, — hann hlýtur að telja það, maðurinn, og það er það ef allt er satt sem borið er á Alusuisse, — og hæstv. forsrh. getur ekki, iðnrh. í þau fjögur ár sem þetta var að gerast, sagt okkur eitt einasta aukatekið orð, þá er það hneyksli. Það er meira að segja stórhneyksli ef svo fer að þessari umr. ljúki án þess að hæstv. forsrh. svari einföldustu spurningum, t. d. þeirri: Lét hann einhverja sérfræðinga athuga, hvort verðið hér væri, eins og segir í aðalsamningnum, eðlilegt verð í

viðskiptum milli óskyldra aðila, eða gerði hann bókstaflega ekki neitt? Ekki minnist ég þess, að hann hafi látið sína flokksmenn í þingflokki Sjálfstfl. vita um að þarna gæti verið eitthvað óhreint í pokahorninu eða kannske stórhneyksli, eins og nú er talið að þetta mál sé.

Ég ætla ekki að vera dómari í þessu máli. Mig vantar allar upplýsingar til þess. Auðvitað verður gagnaðilinn að fá að bera af sér sakir og koma fram með sínar skýringar ef einhverjar eru. En ég ætla að krefjast þess, að þeir, sem valdir eru til æðstu trúnaðarstarfa í hinu íslenska lýðveldi, þó það væru ekki æðri trúnaðarstörf en að hafa verið í fjögur ár iðnrh., hvað þá þegar viðkomandi maður er nú orðinn hæstv. forsrh. lýðveldisins, — þá ætla ég að krefjast þess, að þeir svari. Ef forsrh. svarar ekki verður þögn hans hrópandi.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður, Eyjólfur Konráð Jónsson, spurðist áðan fyrir um afskipti mín af málum Alusuisse eða Straumsvíkurverksmiðjunnar meðan ég var iðnrh. Í stuttu svari skýrði ég frá því, sem ég tel mikilsvert, að þó að samningurinn væri gerður til mjög langs tíma með bindandi ákvæðum um orkuverð og skattlagningu voru teknir upp samningar um að endurskoða þessi ákvæði með þeim árangri að verulegar breytingar fengust á hvoru tveggja, þannig að það hefur fært Íslendingum verulegt fé til viðbótar við það sem hefði orðið samkvæmt fyrri ákvæðum, og varðandi orkuverðið fékkst sú mikilvæga breyting, að þessi tekjuauki nemur í lok þessa árs 8.7 milljörðum ísl. kr. Þetta kemur hv. þm. Eyjólfi Konráð ekkert við. Hann talaði um að ég hefði verið að hreyfa við einhverjum samningum. Þetta er mál sem skiptir hann engu.

Þó að Íslendingar hafi haft hagnað af þessari endurskoðun samninganna og þeim árangri, sem þar fékkst, og þannig hagnast um marga milljarða á þessu árabili kemur það Eyjólfi Konráð ekkert við. Nei, hann spyr um hvort ég hafi ekki sett rannsókn á hverju ári, sérstaka rannsókn, á Alusuisse. Það er orðinn mikill áhugi hjá þessum hv. þm. á að Alusuisse sé undir sérstakri rannsókn á hverju ári. Málin liggja einfaldlega þannig fyrir, sem þessi hv. þm. virðist ekki vita eða gleyma eða þegja um, að vitanlega eru sérstakir endurskoðendur fyrir þetta fyrirtæki sem endurskoða allar gerðir stjórnarinnar og alla reikninga. Það er furðulegt ef alltaf á að vantreysta þessum endurskoðendum þannig að á hverju ári eigi að fyrirskipa að erlend endurskoðunarfyrirtæki skuli yfirfara þetta allt saman. Ríkið hefur fulltrúa í stjórn ÍSALs og auk þess eru þar tveir endurskoðendur sem fjalla um þessi mál. Því aðeins að eitthvað sérstakt komi fram frá stjórnarmönnum eða frá endurskoðendum, sem gefi tilefni til sérstakrar endurskoðunar, fer hún fram. Þetta hefur gerst í þrjú skipti sem þetta alþjóðlega endurskoðunarfyrirtæki hefur verið beðið um sérstaka athugun. Þriðja endurskoðunin fer fram núna og niðurstöðu af henni er að vænta bráðlega.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég skal aðeins segja fáein orð. Ég á minna vantalað við þann ráðh., sem ég gerði fsp. til, hæstv. iðnrh., en hv. 5. landsk. þm. á við hæstv. forsrh. Það er vegna þess að hæstv. iðnrh. svaraði beint þeim mörgu spurningum sem ég lagði fyrir hann. Ég sé ekki ástæðu til að ræða þau svör. Sum gætu gefið tilefni til þess, en ég ætla ekki að gera það nú við þessar umræður.

Ég sagði að hann hefði svarað öllum spurningum, nema þó einni. Þess vegna stend ég upp núna og vildi freista þess að fá svar við þeirri spurningu hjá hæstv. ráðh.

Ég spurði með tilliti til þeirrar miklu áherslu, sem hæstv. ráðh. leggur á að það sé samstaða hjá okkur Íslendingum í samningum og viðskiptum við Alusuisse, hvort hann ætlaði að gera beinar ráðstafanir til að koma slíkri samvinnu og samstöðu á milli ríkisstj. og stjórnarandstöðunnar, og ef hann ætlaði að gera einhverjar ráðstafanir, hvaða ráðstafanir hann ætlaði að gera, hvort það kæmi til greina m. a. að setja upp einhvers konar samstarfsnefnd í þessu þýðingarmikla máli þar sem ættu sæti bæði fulltrúar ríkisstj. og stjórnarandstöðunnar. Ég leyfi mér, með tilliti til þess að ég fékk ekki svar við þessari spurningu, að ítreka hana í þeirri von að hæstv. iðnrh. svari henni.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Ég skal vera örstuttorður.

Hæstv. forsrh. svaraði að vissu marki óbeint fsp. mínum. Hann fór aftur að tala um samninga, nýtt raforkuverð o. s. frv. Ég hafði ekkert spurt hann um það. Ég vissi um það og fagnaði því auðvitað að við fengum þarna bætta samninga. Það var mjög þakkarvert og ég skal minnast þess lengi að hann náði þeim samningum. Ég var bara ekki að spyrja um þá. Það var enginn að spyrja um þá. Það, sem var verið að spyrja um, var hvað hefði verið gert þegar hið breska fyrirtæki tilkynnir bréflega 3. okt. 1975 að það telji ekki að þessi viðskipti séu í samræmi við aðalsamninginn. Ég er að spyrja um hvað þá var gert.

Það er sagt, að auðvitað sé ekki hægt að vera að hnýsast ofan í hagi þessa fyrirtækis sífellt — eða eitthvað í þá áttina. Þá er fengið óbeint svar. Það var ekkert gert í málinu. Og fyrir þann tíma hafa kannske ekki verið tilefni, á ráðherratíma Magnúsar Kjartanssonar, til að aðhafast. Ég veit það ekki. En þarna virðist þó hafa verið tilefni — og á sama hátt þær tvær athugasemdir sem hv. þm. Kjartan Jóhannsson upplýsti að hann hefði gert.

Þetta er liðin tíð. Við skulum ekkert vera að fárast um það eða erfa það. Við vitum þá hvar við stöndum í þessu og ég skal ekki halda áfram neinum frekari deilum um það. En hitt stendur óbreytt, að hæstv. núv. iðnrh. smjattaði á því hér, að það hefði verið annað uppi á teningnum, þegar hæstv. forsrh. var iðnrh., en áður hafði verið. Ég hef kannske misskilið hann, en þetta orðalag punktaði ég hjá mér. Mér fannst hann vera að sneiða að hæstv. núv. forsrh. Ef svo er ekki skal ég gjarnan taka þau orð aftur.

Hins vegar langar mig til, úr því að mér sýnist á hæstv. iðnrh. að hann ætli að taka til máls, að ráðh. segi hv. þdm. frá því, hvaða mótsagnir það hafi verið sem mér skilst að hafi verið margar í ræðu minni. Hann sagði: Þar voru t. d. margar mótsagnir. — Alla vega talaði hann í fleirtölu. Hvaða mótsagnir voru í ræðu minni, hæstv. iðnrh.? Væri hægt að fá svar við því núna? Það er hægt að slá fram slíkum fullyrðingum, en mér þætti vænt um að fá það eitthvað rökstutt.

Ég vil hafa góða samvinnu um athugun þessa máls og samstöðu. Telur einhver að upphaf þess: að hlaupa inn í fjölmiðlana í gær, skrópið úr þinginu í gær, hafi verið heppilegt upphaf góðrar samvinnu allra stjórnmálaflokkanna? Hefði ekki verið hugsanlegt að láta þing-

flokkana fá að sjá þessi mál, eins og gert er venjulega þegar leitað er eftir góðri samvinnu, eða a. m. k. að koma fyrst með málið inn í þingið? Nei, það liggur alveg ljóst fyrir, að hæstv. iðnrh. ætlaði sér alls ekki að hafa neina samvinnu við stjórnarandstöðuna um þetta mál. Hann er búinn að sanna það sjálfur með atferli sínu. Hann snýr við blaðinu núna, vegna þess að við krefjumst þess að fá að fylgjast með málinu og fá að hafa samstarf um það.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Það eru aðeins örstuttar athugasemdir vegna þess sem fram hefur komið.

Í sambandi við þá meinbugi, sem taldir voru liggja fyrir vegna reikningsfærslu Íslenska álfélagsins fyrir reikninga árið 1974, eins og fram hefur komið í umr. í dag, þá voru þau mál til framhaldsmeðferðar á vegum aðila sem fjölluðu um þá samninga sem leiddir voru til lykta í desember 1975. Þeir voru þar áframhaldandi á dagskrá samkvæmt þeim málsgögnum sem ég hef séð um þetta efni.

Varðandi framhald málsins taldi ég mig hafa svarað fsp. hv. 4. þm. Vestf. Ég greindi honum frá að málið væri nú til meðferðar hjá umræddri og títtnefndri endurskoðunarskrifstofu og þaðan væri að vænta grg. innan ekki langs tíma. Ég geri ráð fyrir að gerð verði grein fyrir því. Og þegar málsatvik liggja ljósar fyrir tel ég sjálfsagt að það verði tekið til athugunar, með hvaða hætti megi tryggja sem besta og eðlilegasta meðferð málsins, einnig þannig að stjórnarandstaðan og almenningur fylgist með meðferð þess. En ég er ekki með tilteknar tillögur þar að lútandi á þessari stundu. Ég tel mig hafa svarað þessari fsp. hér með þeim hætti sem ég tel rétt hér og nú.

Í sambandi við spurninguna um að kynna málið í þinginu í gær hefur komið fram að það er vissulega álitamál. Það var ekki vilji minn eða ásetningur að vera að skrópa frá þingstörfum. Ég sá ekki betur en það væru ein 35 mál — a. m. k. var það langur listi — á dagskrá Sþ. Ég gerði ráð fyrir að þar væri af nógu að taka þó að ég kæmi ekki inn í þá umr.

Nefnd var fsp. sem ég hefði ekki verið tilbúinn að svara hér í þinginu, þ. e. varðandi Blönduvirkjun. Hún bíður svars, það er alveg rétt. Hún hefur verið á dagskrá þingsins. Við hv. 5. landsk. þm. vorum á mjög fjölmennum fundi norður í Húnaþingi fyrir skömmu þar sem þessi mál voru til umræðu, og ég býst við að honum sé ljós staðan í því þýðingarmikla máli engu síður en mér, og hann geti getið sér nokkuð til um hvert verða muni efnisinntak þeirra svara sem hægt er að gefa við þeirri fsp.

En það er sannarlega margt á dagskrá þingsins núna og brýnt að þingstörf geti gengið greitt þá fáu daga sem eftir eru til jólahlés. Ég ætla ekki að orðlengja þessa umr. hér frekar, ekki að lengja mál mitt. (**EKJ:** Það eru mótsagnirnar ráðh.) Ég ætla ekki að gera það frekar að umræðuefni nú. Það getum við lesið okkur til um.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég segi eins og ýmsir aðrir góðir ræðumenn: Ég ætla ekki að vera langorður. En það eru fáeinar athugasemdir sem ég tel ástæðu til að koma á framfæri og þá ekki síst með tilliti til þeirra ummæla sem hæstv. forsrh. hafði uppi fyrir skömmu.

Hann gerði sérlega mikið mál úr því, að hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson einkum og sér í lagi væri að heimta allsherjarendurskoðun á reikningum fyrirtækisins á hverju einasta ári. Ég skal ekki segja nákvæmlega hvað fyrir hv. þm. Eyjólfi Konráð Jónssyni vakti í þessum efnum, en þegar ég spurðist fyrir um með hverjum hætti hefði verið fylgst með málefnum ÍSALs á þessu tímabili, frá 1974, gerði ég það auðvitað í framhaldi af þeim umræðum og þeim ummælum sem ég hafði uppi um að á árunum 1973—74 hefði komið í ljós að það væri sérstök ástæða til að fylgjast með aðföngum, þ. e. súrálsverðinu. Var þó ærin ástæða til vegna eðlis þessara samskipta og hversu miklir fjármunir eru í húfi. Ég hef haldið því fram í ræðum mínum, að nauðsynlegt væri að menn héldu vöku sinni á hverjum tíma, einkum að því er þetta atriði varðar.

Ég hef tiltölulega takmarkaðan áhuga á að fá að vita hversu vel menn standa sig í samlagningu og frádrætti í hinni venjulegu bókfærslu. Þar liggja ekki stóru tölurnar. Þar liggja ekki þeir möguleikar til undanbragða sem við þurfum að vera vakandi fyrir á hverjum tíma. Það, sem ég átti við, og ég trúi að það hafi líka vakað fyrir hv. þm. Eyjólfi Konráð Jónssyni, var hvernig menn fylgdust með alveg sér í lagi súrálsverðinu og reyndar verði á aðföngum almennt. Til þess þarf ekki allsherjarendurskoðun á hverju ári á öllum reikningum fyrirtækisins. Ég veit að á meðan ég sat í stjórn fyrirtækisins litum við á það sem sérstakt hlutverk okkar að reyna að fylgjast með þessu eftir mætti. Þess vegna gerði ég bærum yfirvöldum á hverjum tíma grein fyrir því, hvernig þessi mál væru. Þarf ég ekki að rekja það nánar, það gerði ég í upphafsræðu minni. Ég varaði við þegar mér sýndist þróunin ekki vera eins og eðlilegt væri.

Því hefur í raun og sannleika verið svarað afdráttarlaust, að ekkert af þessu hafi verið gert, og það enn þá afdráttarlausar, finnst mér, með þeim hætti að snúa út úr ummælum eins og hæstv. forsrh. gerði áðan, nefnilega að leggja þetta út þannig að menn væru að biðja um allsherjarendurskoðun. En þetta gefur svo tilefni til að spyrja, úr því að ekkert var gert í þessum efnum og það á þeirri forsendu að fyrirtækið hefði brotið af sér 1974 og þess vegna hlyti það að verða góða barnið ævinlega framvegis, því að það eru framreidd, eins og það heitir víst nú orðið, svör í þessu efnum: Hvernig er þá hugmyndin að halda á stöðugu eftirliti? Hvernig er hugmyndin að sjá til þess, að menn haldi sífelldlega vöku sinni í þessu efni í framtíðinni? Ég vænti þess a. m. k., að þessi umr. hafi leitt það í ljós afdráttarlaust, að nauðsyn beri til að menn haldi vöku sinni í þessum efnum og þetta þurfi ekki að vera uppákoma á áratugs fresti eða 8 ára fresti eða hvað það nú er.

Ég verð svo að segja það að öðru leyti, að þau svör, sem hér hafa fengist, eins og þau hafa verið framreidd af ráðh., hafa verið heldur gagnslítill málsverður. Þau hafa litlu bætt við þekkingu okkar, en þó einhverju, á þessu máli. Ég bar fram ýmsar fsp. í upphafi. Það hefur lítið bæst í svör við þeim við þær löngu umr. sem hér hafa átt sér stað. Það eina, sem í rauninni hefur fram komið og virðist liggja alveg í ljósu, er að það hafi ekkert verið gert sérstakt til þess að fylgjast með fyrirtækinu allar götur síðan 1974. Það eru auðvitað uggvænlegar upplýsingar í sjálfu sér. En að því er varðar stöðu málsins, eins og það er núna, og frekari gögn til að styðja mál okkar í þessum efnum, þá finnst mér það hafa verið heldur þunnt og of takmarkað sem svarað var.

En ég legg áherslu á, að að þessu máli verði unnið skynsamlega, og ég segi það og endurtek, að reynist hér

vera um pretti að ræða verður auðvitað að taka á því sem slíku og af fyllstu hörku, en það væri líka mjög slæmt fyrir okkur ef þetta reyndist vindhögg.

Verðjöfnunargjald af raforku, frv. (þskj. 188, n. 285). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Iðnn. þessarar hv. deildar hefur haft til umfjöllunar frv. til l. um breyt. á lögum nr. 83/1974, um verðjöfnunargjald af raforku, sbr. lög nr. 99/1979, um breytingu á þeim. Þetta frv. felur í sér framlengingu um eitt ár á gildistíma laga um verðjöfnunargjald af raforku, en ráðh. er þó heimilt samkv. 1. gr. frv. að lækka gjaldið úr 19%, eins og það er nú, í 16% frá og með 1. júlí 1981. Gert er ráð fyrir að gjaldinu verði skipt eins og nú er, þ. e. á milli Orkubús Vestfjarða, sem fær 20%, og Rafmagnsveitna ríkisins, sem fá 80%. Innheimta verðjöfnunargjalds á árinu 1979 nam 2 milljörðum 686 millj. kr., í fjárlögum 1980 er gert ráð fyrir að gjaldið nemi 3 milljörðum 875 millj. kr. og samkv. fjárlagafrv. 1981 er gert ráð fyrir 5.5 milljörðum kr.

Ég lít svo á, að öllum hv. þm. sé vel kunnugt um eðli og tilgang þess verðjöfnunargjalds sem hér er um rætt þannig að um það þurfi í sjálfu sér ekki að fara mörgum orðum. Að vísu hefur oft verið gagnrýnt að verðjöfnunargjald af raforku verki ekki til verðjöfnunar, þ. e. að gjaldið leggist hlutfallslega ofan á grunnverð rafveitna og því hærra sem grunnverðið er því hærra sé gjaldið. Eins og fram er tekið í aths. með frv. hefur verið í athugun hvort rétt sá að breyta verðjöfnunargjaldinu í fast gjald á orkueiningu.

Ég vil geta þess, að á fund iðnn. kom Kristján Jónsson rafmagnsveitustjóri ríkisins. Einnig barst n. bréf frá Sambandi ísl. rafveitna, en tekið er fram í bréfinu að Samband ísl. rafveitna leggist gegn álagningu svonefnds verðjöfnunargjalds af raforku, sem nú er fyrir, og telur að leysa beri fjárhagsvanda Orkubúsins og Rafmagnsveitna ríkisins með öðrum hætti. Sambandið telur þó þá stefnu stjórnvalda spor í rétta átt að leggja Rafmagnsveitum ríkisins fé til vissra framkvæmda. Í bréfinu er bent á að fleiri raforkufyrirtæki eigi við fjárhagsvanda að etja og er Rafveita Siglufjarðar nefnd sérstaklega í því sambandi. Niðurstaða iðnn. Ed. er hins vegar sú, að frv. verði samþykkt óbreytt. Fjarverandi afgreiðslu málsins var Egill Jónsson, en Kjartan Jóhannsson skrifar undir með fyrirvara.

Í bréfi Sambands ísl. rafveitna er vikið sérstaklega að Rafveitu Siglufjarðar, eins og ég áður gat um. Enda þótt sú áminning hefði ekki komið er iðnn. þessarar hv. deildar vel kunnugt um að Rafveita Siglufjarðar á við fjárhagsörðugleika að stríða og hafa nm. af því þungar áhyggjur. Þegar verðjöfnunargjaldið var til umræðu á liðnu ári komu forsvarsmenn Rafveitu Siglufjarðar á fund iðnn. þessarar hv. deildar og lýstu fjárhagsörðugleikum Rafveitu Siglufjarðar og óskuðu eftir því, að bætt yrði úr þeim vanda með því að veita Rafveitu Siglufjarðar hlutdeild í því fé sem verðjöfnunargjaldið gefur. Nefndarmenn töldu þá ekki fært að gera þetta að tillögu sinni. Hins vegar töldu nm. ljóst að Rafveita Siglufjarðar ætti við fjárhagserfiðleika að etja, og lagt var til að stjórnvöld aðstoðuðu við að leysa þann vanda með sérstökum aðgerðum. Við umfjöllum málsins nú hefur iðnn. komist að sömu niðurstöðu. Því miður hefur lítið eða ekkert gerst í því að treysta fjárhag Rafveitu Siglufjarðar, en nm. leggja áherslu á það nú sem fyrr, að það verði gert hið allra fyrsta, þ. e. að bæta aðstöðu og treysta rekstrargrunn Rafveitu Siglufjarðar.

Að gefnu tilefni vil ég segja frá því hér, að mér er kunnugt um að forsvarsmenn Rafveitu Siglufjarðar hafa staðið í viðræðum allra síðustu daga við hæstv. iðnrh. Jafnframt hafa þeir setið á fundi með hæstv. fjmrh. ásamt þm. viðkomandi kjördæmis og gert þessum hæstv. ráðh. grein fyrir stöðu rafveitunnar. Eins og hv. alþm. hafa tekið eftir mun hæstv. iðnrh. vera viðstaddur þessa umr. Ég vænti þess að hæstv. fjmrh. láti jafnframt sjá sig hér, og þá munu þeir væntanlega, annar þeirra eða jafnvel báðir, greina okkur frá því, hvar þessar viðræður standa, þ. e. viðræður við forsvarsmenn Rafveitu Siglufjarðar. Vonandi liggur eitthvað fyrir um það, með hvaða hætti talið er eðlilegt að greiða úr þeim erfiðleikum sem rafveitan er í. Vænti ég þess að við 2. umr. skýrist það eitthvað með tilvísan til þess sem ég hef áður sagt.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég þakka hv. iðnn. fyrir afgreiðslu hennar á þessu máli og stuðning við þetta frv.

Ég vil víkja að því sem kom fram í máli frsm. n. í sambandi við fjárhagsvanda Rafveitu Siglufjarðar sem oft hefur borið á góma á liðinni tíð eða a. m. k. nokkrum sinnum í sambandi við umr. um framlengingu verðjöfnunargjalds af raforku.

Á síðasta ári gerði ég grein fyrir því við umr. málsins hér í hv. deild, að iðnrn. væri reiðubúið að aðstoða aðstandendur Rafveitu Siglufjarðar við að greina þann fjárhagsvanda sem hún taldi sig vera í, og leita leiða til þess að komast fram úr honum. Þetta tilboð hefur verið ítrekað nýlega af minni hálfu við talsmenn rafveitunnar. Ástæðan fyrir því, að þetta mál er ekki lengra á veg komið en raun ber vitni, er kannske öðru fremur sú, að forsvarsmenn rafveitunnar hafa þurft tíma til að átta sig á vandamálum hennar og hafa ekki leitað til rn. fyrr en nú nýlega með áætlanir sínar fram í tímann, rekstrar- og greiðsluáætlun rafveitunnar fyrir yfirstandandi ár og áætlanir fram til ársins 1983, sem vissulega sýna að um verulegan vanda er að ræða varðandi rekstur og greiðslu skulda sem hvíla á fyrirtækinu og nauðsynlegt er að finna leiðir til að bæta úr þannig að fyrirtækið fái staðist með þokkalegum hætti. Hér er, að því er okkur virðist, fyrst og fremst um tímabundinn vanda að ræða varðandi næstu ár, en von til þess, að fyrirtækið, sem nú er komið í tengsl við samveitukerfi landsins með tengingu sem fór fram á liðnu ári, geti búið, þegar fram líða stundir, við þokkalegan hag.

Það hafa farið fram fundir með embættismönnum í iðnrn. ásamt stjórnarmönnum rafveitunnar og rafveitustjóranum til að átta sig á þessum vanda, og ég hef setið fund með þm. kjördæmisins þar sem hæstv. fjmrh. var einnig viðstaddur. Ég vænti þess, að innan ekki langs tíma takist að finna leiðir til að létta á rekstrarvandanum og sjá fram úr greiðslufjárvanda hjá fyrirtækinu þannig að viðunandi megi teljast. Það er í rauninni þetta sem heitið var í fyrra að gert yrði og beðið var eftir því að rafveitan legði fram sínar áætlanir og yfirlit um sína fjárhagsstöðu.

Ástæðan fyrir því, að ég hef ekki treyst mér til að mæla með því í sambandi við verðjöfnunargjald af raforku að Rafveita Siglufjarðar nyti tekna af því gjaldi og yrði leyst undan greiðslu þess, er fyrst og fremst sú, að rafveitan hefur verið með hliðstæðan taxta varðandi heimilisnot af raforku við þær rafveitur sveitarfélaga sem best standa eða lægsta gjaldskrá hafa og þá sérstaklega miðað við Rafmagnsveitu Reykjavíkur. En ég vænti þess sem sagt, að það megi finna leiðir út úr þessum fjárhagsvanda veitunnar með sameiginlegum aðgerðum og aðstoð af hálfu iðnrn. og fjmrn. í samvinnu við Rafveitu Siglufjarðar.

Svo vænti ég að þetta mál fái greiðan gang í gegnum hv. þd. þannig að það megi komast til Nd. og hljóta afgreiðslu í tæka tíð fyrir jólaleyfi þingsins.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. skrifaði ég undir það með fyrirvara. Þar er fyrst til að taka, að í frv. er gert ráð fyrir heimild til lækkunar úr 19% í 16%. Mér sýnist að allar forsendur ættu að vera fyrir hendi fyrir lækkun og hana eigi endilega að framkvæma, og með fyrirvaranum vil ég leggja áherslu á það. Í annan stað er langtum eðlilegra að gjald af þessu tagi sé lagt á kwst., og þó að það hafi ekki tekist að þessu sinni vil ég með fyrirvaranum benda á að það verði kannað mjög ítarlega, hvort ekki sé hægt að koma því formi á í framtíðinni.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Ég leyfi mér að þakka hv. iðnn. fyrir að hafa tekið málefni Rafveitu Siglufjarðar til vinsamlegrar og rækilegrar athugunar og mælt með því, að úrbætur yrðu gerðar á þeim mikla vanda sem þar er við að etja. Á sama hátt vil ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir undirtektir hans við það mál. Mér er kunnugt um að hann greinir rétt frá því, að þessi vandi hefur verið til athugunar síðustu dagana enn einu sinni og þá kannske rækilegar en áður og hafa upplýsingar raunar verið að berast okkur alveg fram á þennan dag. Meira að segja fékk ég núna nýtt skjal, sem sendimenn frá Siglufirði hafa verið að vinna að ásamt embættismönnum hér, en ekki hefur verið kynnt áður, og ætla kannske að fá leyfi til að gera örlítið grein fyrir því.

Ég skildi hv. frsm. svo, að jafnvel væri von á að fá inn hæstv. fjmrh. einnig til að gefa einhvers konar yfirlýsingu. Hann mun koma hér og það er ánægjulegt. Skal ég ekki á þessu stigi gera því skóna, að þá komi ekki slíkar yfirlýsingar að unnt sé við að una. En það verður að segja þá sögu eins og hún er, og raunar kom það fram hjá hæstv. iðnrh., að málið hefur verið rætt hér ár eftir ár án mikils árangurs. Ég er hér með bunka, ljósritaðan úr Alþingistíðindum, þar sem framsögumenn nefnda og ráðherrar gefa yfirlýsingar í þá átt, að við þessum vanda verði brugðið. Samt sem áður hefur nú svo farið, að stöðugt hefur sigið á ógæfuhliðina. Ég ætla ekki að vera með neinar ásakanir í garð eins eða neins. Það er sjálfsagt að einhverju leyti svo, að ekki hefur verið nægilega þrýst á málið á milli þinga og milli þess sem það kemur til umræðu hér í þinginu.

Það væri kannske eðlilegt, herra forseti, að doka við eitt augnablik. (**Forseti:** Já, ég mun verða við því að fá að fresta fundi þar til að ráðherrarnir gætu komið hér og verið báðir viðstaddir.) — [Fundarhlé.] Herra forseti. Ég var þar kominn máli mínu að rekja nokkuð sögu og gang málsins, sem menn nú þekkja hér, og skal ekki fara langt út í þá sálma. En þar sem hæstv. fjmrh. er nú einnig kominn hingað held ég að ég láti máli mínu bráðum lokið að þessu sinni og fæ þá kannske tækifæri til að tala á eftir.

En ég var að upplýsa að það væru alltaf að berast nýjar upplýsingar um Rafveitu Siglufjarðar. Við vitum hve erfiður hagur rafveitunnar er, þar sem um 800 millj. kr. vantar nú á næstu árum til að standa undir þeim greiðslum sem fyrirtækinu ber að inna af hendi, en það stafar auðvitað af því að lánin til hinnar nýju virkjunar voru til mjög skamms tíma verðtryggð og gengistryggð og útilokað annað en þar verði að koma einhver aðstoð. Vænti ég þess, að hæstv. fjmrh. muni greina okkur frá í hverju þær ráðstafanir verði fólgnar, og vonast til, að hans afstaða verði ekki síður jákvæð en hæstv. iðnrh.

En það er komið enn eitt nýtt gagn í þessu máli sem ég því miður hef ekki komið til hæstv. ráðh eða annarra. Ég fékk það ekki fyrr en nú í dag og hefði auðvitað átt að reyna að láta ljósrita það, en þeir hafa verið mjög önnum kafnir og við allir hér.

Það er athyglisvert að meginröksemdin, sem hefur verið beitt gegn því að Rafveita Siglufjarðar fengi hlutdeild í raforkugjaldinu, er sú, enda kom það fram hjá hæstv. iðnrh. áðan, að taxtar Rafveitu Siglufjarðar væru svo lágir að það væri ekki sanngjarnt að hún fengi þetta gjald. En nú hefur verið gerður á þessu nákvæmur útreikningur, og þá kemur á daginn að tekjur samkvæmt gjaldskrá Rafveitu Siglufjarðar, og þetta hefur verið miðað núna við 10. nóv. 1980, mundu verða 459 millj., en miðað við gjaldskrá RARIK eins og hún er núna yrðu þær 463 millj. Þarna munar sem sagt einungis 1% á heildartekjum samkvæmt gildandi gjaldskrá Siglufjarðar og gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins. Þetta skilst mér að sé unnið í samráði við forsvarsmenn RARIK. Þess vegna er þessi röksemd algjörlega fallin um sjálfa sig og er sem sagt um sama gjald að ræða í heild hjá Siglfirðingum og hjá Rafmagnsveitum ríkisins.

Ég skal játa að mér var þetta ekki ljóst fyrr en ég fékk þetta blað í hendur áðan, sem er að sumu leyti handskrifað þar sem allt hefur verið unnið með miklum hraða, og ég álasa sannarlega ekki öðrum fyrir að hafa ekki gert sér grein fyrir því, að þarna skuli í rauninni vera um sömu gjaldtöku að ræða. Kannske væri eðlilegt að fresta lokaafgreiðslu þessa máls t. d. til morguns ef menn vildu líta betur á þetta. En það er alls ekki í huga mér að reyna að hindra framgang málsins eða tefja það, þó að ég hafi aldrei verið hrifinn af þeirri aðferð sem þarna er um að ræða.

Þessar nýju upplýsingar gætu vafalaust breytt eitthvað afstöðu manna og auðvitað vonast ég til þess, að einhvers konar heimildarákvæði yrði tekið upp í lögin þannig að unnt væri að láta Siglufjörð að einhverju leyti búa við sama borð og Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða. En ég geri ekki um það beina tillögu á þessu stigi a. m. k. og vil gjarnan fá að heyra þá yfirlýsingu sem mér skilst að hæstv. fjmrh. hyggist gefa hér áður en lengra er haldið.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég hef því miður verið bundinn við umr. í hv. Nd. og hef ekki getað fylgst með umr. um þetta mál hér. En það vill nú svo vel til, að ég þekki vel það atriði sem hér hefur einkum borið á góma, þ. e. spurninguna um rekstrarafkomu Rafveitu Siglufjarðar, og þar sem ég hef verið á fundum þar sem þessi mál hafa verið rædd ætla ég að leyfa mér að bæta

nokkrum orðum við það sem þegar hefur verið sagt.

Þegar afkoma rafveitna er annars vegar er það tvennt sem hefur fyrst og fremst á bjátað hjá slíkum fyrirtækjum. Annaðhvort hefur reksturinn verið erfiður vegna þess, að óhjákvæmilegt hefur verið að leggja í miklar fjárfestingar sem ekki hafa skilað sér með venjulegum hætti og rekstur hefur því orðið neikvæður og erfiður, eins og dæmin eru um varðandi Rafmagnsveitur ríkisins, eða það er vandamál að rafveitur hafa staðið í mjög verulegum fjárfestingum, sem bundnar hafa verið lánum til tiltölulega skamms tíma, og þær hafa ekki ráðið við að borga upp lánin á tiltölulega skömmum tíma.

Það er ljóst að Rafveita Siglufjarðar á við töluverða rekstrarfjárerfiðleika að etja og ræður engan veginn við þær miklu greiðslur sem fram undan eru og áttu að eiga sér stað á þessu ári. En hitt er ekki alveg jafnljóst, sýnist mér, af hvaða ástæðum þessi rekstrarvandi er og hvort hægt er að setja þessa rafveitu í flokk með þeim rafveitum sem verst er ástatt um — þá á ég auðvitað fyrst og fremst við Orkubú Vestfjarða og Rafmagnsveitur ríkisins — eða hvort vandinn er eingöngu af síðara taginu, að óhjákvæmilegt er að framlengja lán, breyta gömlum lánum í ný lán.

Í þessu sambandi hefur taxta rafveitunnar mjög borið á góma og menn hafa velt fyrir sér þeirri spurningu, hvort taxtarnir væru sambærilegir við það, sem er hjá Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða, eða hvort eðlilegra sé að líkja töxtunum við það sem gildir um rafveitur í þéttbýli hér á Suðurlandi eða víða annars staðar þar sem lægstir taxtar eru. Mér finnst að þeir, sem gefið hafa upplýsingar um þetta atriði, hafi verið mjög tvísaga og að ég hafi alls ekki fengið í hendur gögn sem skera úr um hvor fari með rétt mál í þessum efnum.

Hv. seinasti ræðumaður, Eyjólfur Konráð Jónsson, var einmitt að bera hér fram ábendingar sem áttu að sýna fram á að ekki væri allt sem sýndist í sambandi við þessi taxtamál og það sem hefði verið sagt um þann þátt málsins væri kannske ekki alveg jafneinfalt og sumir vildu vera láta. Ég held að nauðsynlegt sé að fá gleggri upplýsingar um þetta atriði og að gott væri að fá það sem skýrast á hreint, hvernig taxtarnir eru, og þá ekki bara einn taxti sem miðað er við heldur taxtarnir í heild, og jafnframt að það fáist á hreint, hvort staðan er þannig hjá Rafveitu Siglufjarðar að hún geti ekki raunverulega staðið undir lánum og afborgunum af lánum og vöxtum af lánum öðruvísi en hún sleppi að meira eða minna leyti við að greiða þetta verðjöfnunargjald. Þetta verður vafalaust að athuga nánar, og þar sem ég hef ekki fylgst með tölum nefndarinnar, sem um þetta fjallaði, og ekki heldur með umr. hér vil ég ekki bæta þar miklu við.

Ég vil hins vegar segja það, að bersýnilegt er að ekki verður undan því vikist að framlengja lánin. Síðari leiðina verður örugglega að fara, hvort sem sú fyrri verður farin eða ekki. Það stafar ekki síst af því, að afborgunum og vöxtum ársins 1980, sem munu hafa numið um 470 millj. kr., hafa aðeins 130 millj. verið greiddar á þessu ári, en óhjákvæmilegt virðist að velta 340 millj. yfir á næsta ár, og á næsta ári kemur til útborgunar í einu lagi stórt lán sem tekið var fyrir fimm árum og er upp á 340 millj. kr. Þannig er ljóst að á næsta ári er vandinn, sem þessi hitaveita á við að glíma, upp á 600—700 millj. kr. Sjá því auðvitað allir að jafnvel þó að ráðstafanir væru gerðar í sambandi við rekstrarstöðu fyrirtækisins, þannig að annaðhvort fengi það að sleppa við verðjöfnunargjald eða fengi það að einhverju leyti endurgreitt eða aðrar ráðstafanir gerðar til að styrkja rekstrarstöðu fyrirtækisins, þá mundi það eitt ekki duga, heldur hlyti að verða að gera verulegar ráðstafanir til að framlengja lánin. Ég vil því lýsa því yfir við þetta tækifæri, að ég mun beita mér fyrir því, að svo verði gert í tengslum við afgreiðslu lánsfjáráætlunar á næsta ári.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Ég leyfi mér að þakka þá yfirlýsingu sem hæstv. fjmrh. gaf í lok máls síns, sem mér sýnist vera mjög eðlileg og mundi gjarnan geta sætt mig við eins og málum er háttað. Engu að síður hefur bæði hans málflutningur og minn og okkar allra meira og minna byggst á því, að við teldum að raforkuverð til neytenda á Siglufirði væri lægra en til Rafmagnsveitna ríkisins. Nú liggja fyrir um það upplýsingar, að þetta er allt saman mjög sambærilegt. Ég vil fyrir mitt leyti gjarnan taka þátt í því að afgreiða þetta mál til 3. umr. Ég held að það væri happadrýgst og skemmtilegast fyrir alla ef 3. umr. yrði frestað til morguns, þannig að sérfræðingum viðkomandi hæstv. ráðh. gæfist tækifæri til að skoða þetta og vita hvort menn teldu með hliðsjón af því eðlilegt að gera einhverjar breytingar, ef forseta sýnist það eðlileg vinnubrögð að leita ekki afbrigða fyrir 3. umr. nú í kvöld. Mun ég fyrir mitt leyti auðvitað gera allt til að greiða fyrir framgangi málsins og hraða störfum hér í deildinni, eins og ég hygg að menn geti fallist á að bæði ég og aðrir sjálfstæðismenn hafi fram að þessu gert þó að við séum í stjórnarandstöðu.

En ég endurtek þakkir fyrir yfirlýsingar ráðh. beggja og eins afstöðu nefndarinnar. Þetta mál er svo margrætt hér að það er öllum ljóst, að það er þingvilji fyrir því að leysa þennan brýna vanda. A. m. k. hygg ég að í þessari hv. deild sé enginn maður sem ekki leggur það til og mælir með því. Þess vegna vita hæstv. ráðh. að þeir hafa veganesti frá Alþingi til þess að ráða fram úr þessum vanda. En ég endurtek ósk mína um að endanleg afgreiðsla málsins frestist til morguns, enda á það ekki að þurfa að tefja framganginn.

Stefán Guðmundsson: Herra forseti. Það frv., sem hér er til umr., er ekki ókunnugt í þingsölum. Ég held að þetta verðjöfnunargjald hafi verið fyrst sett á árið 1965. Ég er því sammála að ná sem mestum jöfnuði í orkuverðinu. Að því ber vissulega að vinna.

Með þessu frv. er sem áður gert ráð fyrir prósentugjaldi af raforkuverðinu, sem ég dreg í efa að sé mjög skynsamleg leið að annars ágætu marki, en þannig hefur það þó ætíð verið frá árinu 1974. Í aths. við þetta lagafrv. segir m. a.:

„Frv. þetta felur í sér framlengingu um eitt ár á gildistíma laga um verðjöfnunargjald af raforku, en þó er ráðh. heimilt að lækka gjaldið úr 19% í 16% um mitt næsta ár. Gjaldinu er skipt á sama hátt og ákveðið var í lögum nr. 6/1979 milli Rafmagnsveitna ríkisins, sem fá 80%, og Orkubús Vestfjarða, sem fær 20%." Gjaldið er nauðsynlegt til þess að hamla gegn mismunun á raforkuverði í landinu, sem bitnar mest á viðskiptavinum Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða."

Þegar frv. um verðjöfnun á raforku var hér til umr. í þessari hv. deild fyrir réttu einu ári kom fram mjög ákveðinn vilji þeirra, er ræddu þetta frv. þá, um aðstoð við Rafveitu Siglufjarðar. Þeir þm., sem ræddu þetta mál

í þessari ágætu deild þá, voru þó á því, að Rafveita Siglufjarðar gæti ekki fallið undir það sama og t. d. Orkubú Vestfjarða og notið verðjöfnunargjaldsins, því yrði að leysa fjárhagsvandann eftir öðrum leiðum.

Því miður hefur ekkert þokast í þessu máli þar til þá helst nú. Og ég vil þakka hæstv. iðnrh. og fjmrh. þau ummæli sem þeir hafa látið falla hér um að vinna verði að lausn þessa vanda Rafveitu Siglufjarðar. Ég vil leggja áherslu á að Siglfirðingar hafa byggt sitt orkuver sjálfir og eru ekki aðeins með dreifiveitu, heldur eiga þeir einnig og reka orkuöflunarveitu sem selur orku ekki aðeins til Siglfirðinga, heldur einnig í Fljót og til Ólafsfjarðar. Forsvarsmenn Rafveitu Siglufjarðar hafa verið hér að undanförnu og talað fyrir máli sínu og ég hef átt þess kost að fylgjast nokkuð með þeim umr. Í þeirri trú að fjárhagsvandi Rafveitu Siglufjarðar verði nú tekinn til meðferðar í viðkomandi rn. og viðunandi lausn fundin, skrifaði ég undir nál. án aths. og greiði því þessu frv. atkvæði mitt nú.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11. shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Efri deild, 36. fundur.

Miðvikudaginn 17. des., að loknum 35. fundi.

Grænlandssjóður, frv. (þskj. 219 (sbr. 30), n. 290). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Mál það, sem hér er til umr., leyfi ég mér að vona að allir hv. þdm. styðji. Frv. þetta hefur verið afgreitt samhljóða frá Nd. og voru þar gerðar á því minni háttar breytingar, orðalagsbreytingar nánast, en þó hefur Nd. láðst að leiðrétta eina villu sem ég vil strax taka fram. Það er í upphafi 2. gr. þar sem segir: „Grænlandssjóður skal veita styrki til kynnisferða, námsdvala.“ Þar vantar r-ið. Úr því verður væntanlega bætt af starfsfólki þingsins.

Menn þekkja þetta mál. Það er gert ráð fyrir að ríkissjóður leggi fram til stofnunar Grænlandssjóðs á árunum 1981—1982 125 millj. kr. og verði þetta verðtryggt eða öllu heldur gengistryggt fjármagn og síðan verði vöxtum af þessu fé og því, sem renna kann til sjóðsins að auki, gjafafé og styrktarfé, varið til að auka tengsl okkar við nágranna okkar Grænlendinga.

Hér á hinu háa Alþingi hafa oft verið uppi tillögur og umræður um nánari samskipti við Færeyinga, en minna hefur gætt umræðna um nauðsyn þess að við tengjumst nánar næstu nágrönnum okkar Grænlendingum. Er kannske ekki síður ástæða til þess, að við reynum að leggja okkur fram um að aðstoða þá þjóð, þótt í litlu væri. Það er enginn vafi á því, að þeirri þjóð, sem er nú að vinna sig áfram til frelsisins, er það styrkur að Alþingi Íslendinga ályktí einróma í þessu efni og sýni hug sinn í verki, þótt í smáum stíl sé. Það verður eftir því tekið á Grænlandi, á því er enginn vafi, ef Alþingi Íslendinga sameinast um að stofna sjóð sem sýni einhvern vott af vináttu og sé til þess ætlaður að styrkja þessi tengsl. Mín skoðun er sú og vafalaust langflestra, að þessar þjóðir, sem ég nefndi, Íslendingar, Grænlendingar og Færeyingar, eigi að tengjast miklu nánari böndum en verið hafa á milli þeirra fram til þessa.

Samgöngum í lofti hefur verið þannig háttað, að t. d. komum við Íslendingar sjaldnast við í Færeyjum, þótt við fljúgum kannske yfir eyjarnar, og í hina áttina, til Grænlands, liggur leið okkar sárasjaldan. Úr þessu þarf að bæta. Það verður ekki gert í einu vetfangi. En það þarf að verða þarna bróun, ekki bara í menningarefnum, heldur líka á hagsmunasviðinu, því að einmitt þessar þjóðir eiga að gegna því hlutverki að varðveita auðæfi hafsins og hafsbotnsins eftir atvikum og þar eru sameiginlegir hagsmunir. Þar kunna að verða einhverjir hagsmunaárekstrar, eins og alltaf er í mannlegum samskiptum. Þá á auðvitað að leysa í bróðerni og vináttu og þeir eiga ekki að verða til þess, að samband þjóðanna versni, heldur jafnvel til þess að það batni, vegna þess að menn geta jafnvel í slíkum umræðum fengið tilefni til að kynnast og skiptast á skoðunum.

Herra forseti. Ég ætla ekki að tefja störf deildarinnar með því að ræða þetta sjálfsagða mál frekar. Ég vænti þess, að það fái afgreiðslu hér í hinni hv. deild, helst strax í kvöld eða þegar forseta þykir henta, og efast ekki um að það muni fá stuðning allra þdm.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Vörugjald, frv. (þskj. 229, n. 292 og 299). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Vegna athugasemdar hv. þm. Kjartans Jóhannssonar vil ég taka það fram, að það er fullgildur og mjög virðulegur meiri hl. í þessari nefnd sem stendur að þessu nál. (**KJ:** Hvað um forsrh.?)

Hér er til umr. frv. til laga um vörugjald. Umfjöllunin um það mál hefur verið tiltölulega friðsöm hér á Alþingi, en utan þings hefur hins vegar verið nokkuð um hávaða út af þessu frv. Ég ætla ekki að gera ítarlega að umræðuefni þann málflutning, sem hafður hefur verið í frammi, og þær hótanir, sem nokkrir verksmiðjueigendur hér í borginni hafa haft í frammi við starfsfólk sitt út af þessu frv., — hótanir sem eru ærið undarlegar þegar horft er til aðgerða þessara verksmiðjueigenda sjálfra á s. l. tveimur árum, — og mun ég koma að því síðar.

Vörugjald var fyrst lagt 1939 á sælgætistegundir ýmiss konar og öl. Árið 1960 voru síðan sett lög nr. 4, lög um efnahagsmál, sem almennt ganga undir heitinu viðreisnarlögin og fólu í sér veigamiklar aðgerðir í efnahagsmálum, svo veigamiklar að sumir hv. þm., bæði í þessari deild og hinni, hafa talið þessa viðreisnarlöggjöf

til merkustu tímamóta í íslenskri hagstjórn og til mestrar fyrirmyndar. Þeir eru ekki ófáir þm. Sjálfstfl. og Alþfl. sem hvað eftir annað dásama þessa viðreisnarlöggjöf.

Það vill svo skemmtilega til, að eitt af meiri háttar ákvæðum viðreisnarlaganna var einmitt hækkun á því vörugjaldi, sem hér er til umr., og sú hækkun nam hvorki meira né minna en 200%. Það hefur farið fram athugun á því, hvað þetta vörugjald ætti að nema hárri upphæð ef viðreisnarlögin væru enn í gildi. Ég ætla að gefa hv. þd. nokkrar upplýsingar um hve hátt viðreisnarvörugjaldið af sælgæti og öli ætti að vera ef þessi tímamótalöggjöf í efnahagsmálum frá 1960 hefði fengið að fylgja verðbólguþróun.

Samkvæmt viðreisnarlöggjöfinni ætti vörugjald á karamellum, tyggigúmmíi, brjóstsykri og öðrum sætindum að nema nú 2528 kr. á hvert kg, en mun samkv. þessu frv. nema aðeins 190 kr. Með þessu frv. næst ekki einu sinni tíundi hluti af því sem gjaldið ætti að vera. (**KJ:** Það er enginn árangur.) Nei, það er lóðið. Það er nefnilega enginn árangur, hv. þm. Kjartan Jóhannsson. Þess vegna á ég bágt með að skilja öll þessi læti í hv. stjónarandstöðu og iðnrekendum og öðru ágætisfólki í þessu landi.

Það er einnig athyglisvert, að ef viðreisnarlöggjöfinni væri fylgt ætti vörugjald á negrakossa að nema 1528 kr., en á samkv. þessu frv. eingöngu að nema 370 kr. Að vísu er gengið aðeins lengra á viðreisnarbrautinni hvað negrakossana snertir en brjóstsykur, tyggigúmmí og karamellur og önnur sætindi, en þó aðeins lítið brot af því sem vörugjaldið á þessar tegundir ætti að vera ef viðreisnarlögin væru í gildi.

Þannig mætti telja ýmsa liði. Það er aðeins á einum stað sem vörugjald er hærra en ætti að vera samkv. viðreisnarlögum og það er á maltöli. Á öllum öðrum þáttum væri viðreisnarvörugjaldið langtum hærra, margfalt hærra.

Það er nú svo, að hér hafa setið margar góðar stjórnir síðan viðreisnarstjórnin sáluga var og hét og það hefur láðst að leiðrétta þetta gjald í samræmi við verðlagsþróun í landinu. Hér er stigið mjög lítið skref í þá átt. Það er þess vegna ljóst, að í samanburði við þær aðgerðir, þegar hæstv. stjórnarandstöðuflokkar réðu hér öllu og settu hin merku lög um viðreisn efnahagsmála 1960, að þá var hækkun vörugjaldsins miklu meiri en hún nemur núna.

Í málflutningi hefur komið fram utan þings og hv. þingnefnd fékk að heyra það hjá fulltrúa iðnrekenda, Davíð Scheving Thorsteinssyni, sem mætti á fundi n. og lýsti því þar yfir, en hefur ekki haft það á orði í dagblöðum, að þetta mál væri smámál í samanburði við þörfinu á því að hækka jöfnunargjaldið. Það hefur hins vegar lítið farið fyrir þessum yfirlýsingum formanns iðnrekenda í Morgunblaðinu, en ég mun sjá til þess, að þessi yfirlýsing hans um, að hækkun vörugjaldsins sé smámál samanborið við þörfina á að hækka vörugjaldið, komist til eyrna starfsfólks í iðnaði og þeirra verksmiðjueigenda sem sent hafa Alþingi harðorð mótmæli vegna þessarar lagasetningar. Það var athyglisvert, að meginhlutinn í málflutningi formanns iðnrekenda á fundi n. var hvatning í garð þingsins til að hækka jöfnunargjaldið. Aðeins í lokin fór hann nokkrum orðum um þetta smámál að hans dómi, hækkun vörugjaldsins. Já, ég vona að hv. þingfréttaritari Morgunblaðsins, sem greinilega er iðjulaus við skriftir uppi á svölunum, muni eftir að koma því til lesenda sinna, að formaður iðnrekenda, sem mjög hefur verið talað við út af þessu frv. í Morgunblaðinu, hafi talið þetta frv. smámál og þessa hækkun smámál samanborið við þörfina á því að hækka jöfnunargjaldið. (**Gripið fram í:** Er það formaður þingflokks sem talar svona?) Nei, það er unnandi frjálsrar pressu sem talar svona við þingfréttaritara þess blaðs sem oftast og tíðast hefur talið sig flytja sannastar fréttir af umr. og störfum þingsins. (Gripið fram í.) Og hefur staðið sig vel í þeim efnum miðað við marga aðra.

En sá málflutningur, sem hefur kannske tafið hvað mest fyrir varðandi þetta frv., er að þessi hækkun muni leiða til samdrátta, í rauninni atvinnuleysis. Hafa ýmsir þeirra, sem þennan málflutning hafa sett fram, sérstaklega verksmiðjueigendur ýmsir í þessum iðngreinum, talað eins og hér væri á ferðinni mjög sjaldgæfar hækkanir á þessum vörutegundum. Ég vil því upplýsa hv. þingdeild um að hækkunin á súkkulaði og brjóstsykri og öðrum sælgætistegundum, samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar, í verðlagi mun nema aðeins frá 7.1% til 9.3%. Það er nú öll hækkunin á sælgæti af ýmsu tagi, samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar, sem mun verða, ef þetta vörugjald verður samþykkt, 7.1—9.3%. Ég verð að segja alveg eins og er, að ég á bágt með að trúa því, ef hafðar eru í huga þær tugahækkanir sem orðið hafa á þessum vörutegundum á undanförnum mánuðum og árum, að þessi hækkun, innan við 10%, muni leiða til samdráttar og stórfellds atvinnuleysis í greininni og sé tilefni til þess, að forstjórar þessara verksmiðja rjúki til og fari að hóta starfsfólkinu uppsögnum. Það er þá orðið eitthvað skrýtið í okkar framleiðslu- og verðlagskerfi ef svo lítil hækkun er orðin tilefni til slíkra stórfelldra aðgerða.

Það kann hins vegar að vera að framleiðendur á gosi og öli af ýmsu tagi hafi meira til síns máls. Kann að vera, segi ég, við fyrstu sýn, vegna þess að þar eru hækkanirnar frá 23.3 í 26.1%. En við skulum aðeins líta á hvað hefur gerst varðandi þessar framleiðslutegundir og hvað þessir verksmiðjueigendur hafa sjálfir fari6 fram á af hækkunum árið 1980. Árið 1980 hafa verðlagsyfirvöld leyft hækkanir á gosdrykkjum sem nema 72%, hafa þessir verksmiðjueigendur þó ekki fengið allar þær hækkanir sem þeir hafa beðið um. Ein hækkunarbeiðnin t. d., svo ég nefni hana hér til sögunnar, var af sams konar stærðargráðu og þær hækkanir sem verða nú vegna vörugjaldsins, eða rúm 20%. Það eru verksmiðjueigendurnir sjálfir sem hafa farið fram á þessa hækkun. Þá töluðu þeir ekki um atvinnuleysi. Þá sögðu þeir ekki upp starfsfólkinu. Nei, þá skömmuðu þeir stjórnvöld fyrir að leyfa ekki svona mikla hækkun. Og hver hefur hækkunin á öli orðið á árinu 1980? 88%. Sú hækkun, sem nú á að verða, er í flestum tilfellum aðeins lítill hluti af þeirri hækkun sem orðið hefur á árinu.

Það er hins vegar rétt, að hækkanir á þessum vörum eru umfram verðhækkanir sem orðið hafa í landinu. Það er nokkuð athyglisverð saga ef borið er saman við þann tíma 1979 þegar Alþb. fór með viðskiptamál, þá voru hækkanirnar mun minni. Á gosdrykkjum ýmiss konar voru hækkanir þá rúm 30% og á öli 44%. Þá voru hækkanirnar hins vegar aðeins leyfðar tvisvar sinnum. Menn geta leikið sér að því að deila tveimur í þá hækkun, 44%, sem þá varð á öli, og áttað sig á því, hver hún er, og borið hana saman við þá hækkun, sem nú er, og hafa í huga að allt þetta ár skömmuðu sömu verksmiðjueigendur þáv. hæstv. viðskrh. fyrir að leyfa ekki meiri hækkanir og jafnvel lokuðu verksmiðjunum vegna þess

að þeir fengu ekki meiri hækkanir. En nú snúa þeir allt í einu dæminu við. Ég verð að segja eins og er, herra forseti, að ég á mjög bágt með að trúa því í ljósi reynslunnar að þessi málatilbúnaður verksmiðueigenda sé réttur.

Reynslan mun hins vegar leiða í ljós, ef þetta frv. verður samþykkt, hvort það leiðir til samdrátta. Ég hef enga trú á því, að þessi 7%—9% hækkun á sælgætisvörum ýmiss konar leiði til samdráttar í sælgætisiðnaðinum ein út af fyrir sig, og ég hef enga trú á að álíka hækkun og varð á árinu 1979, í þau tvö skipti sem verksmiðjueigendurnir fengu hækkun og lokuðu þá í annað skiptið vegna þess að þeir fengu ekki meiri hækkun, sé núna allt í einu orðin svo hroðaleg að hún leiði til þess að segja þurfi upp starfsfólkinu. Hitt er svo sérstakur kapítuli um atvinnurekendavaldið í þessu landi, að fyrst skuli starfsfólkinu vera sagt upp og síðan skuli vera komið með undirskriftalista til þess og það beðið um að skrifa undir áskorun til þingsins um að leggja ekki þetta gjald á.

Í umfjöllun nefndarinnar kom einnig fulltrúi frá verslunarráðinu og lagði fram ýmis gögn til stuðnings því, að Verslunarráðið væri andvígt þessari hækkun. Það er út af fyrir sig ekki nýtt. Verslunarráðið hefur barist gegn opinberum gjöldum af hvaða tagi sem er síðan ég kom á þing, og ber vissulega að fagna því, að þeir skuli halda vöku sinni. En kjarni málsins er hins vegar sá, ég er þeirrar skoðunar og sá meiri hl. sem að þessu nál. stendur, að sá málatilbúnaður og sá ótti, sem gripið hefur um sig, að álagning þessa gjalds muni leiða til stórfellds atvinnuleysis, sé tilhæfulaus með öllu, kannske einkum og sér í lagi algjörlega út í hött hvað snertir sælgætisiðnaðinn og varla raunhæfur hvað snertir gosdrykkjaiðnaðinn þegar höfð er í huga reynslan af málflutningi þessara sömu verksmiðjueigenda á árunum 1979 og 1980.

Ég vil svo, herra forseti, þakka samstarfsmönnum mínum í n. fyrir góðan samstarfsvilja þeirra við afgreiðslu þessa máls. Við fengum ýmis önnur gögn um málið, aðrar upplýsingar, en ég ætla ekki að rekja það hér vegna þess að ég vænti þess, að frsm. minni hl. n. og kannske fleiri komi þeim á framfæri.

Frsm. minni hl. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Við höfum nú hlýtt hér á allsérkennilega framsöguræðu, sem sögð er flutt af frsm. meiri hl. n. Ég heyrði að ritari n. hváði og var kannske ekki furða, því að okkur var það ekki vitanlegt að í n. væri meiri hl. og minni hl., heldur héldum við að þar væru tveir minni hlutar, þrír og þrír, því að venju mætti þar ekki hæstv. forsrh. og stjórnarsinnar voru þar einungis þrír, og það mun vera bókað þannig. Hitt er rétt, að menn skrifa oft upp á nál. síðar meir, — sérstaklega ef þeir hafa tekið einhvern þátt í störfum n. í einhverju sérstöku máli, sem er komið til afgreiðslu, eða yfirleitt í einhverju máli, sem er varla til að dreifa með hæstv. forsrh. En þess vegna afhentum við okkar nál. og vorum það kurteisir að kalla nál. 2. minni hl. *Því hefur nú verið breytt og er nú einungis nál. minni* hl. Formaður n. upplýsir sem sagt að forsrh. hafi fundist. Það væri gaman að fá að vita hvort hann hafi sjálfur skrifað upp á þetta. (**ÓRG:** Hann gerði það sjálfur.) Hann gerði það sjálfur í eigin persónu? Já, þá er það upplýst og þá mun þetta sem sagt allt vera komið í rétt lag nema bókunin. Hún er sjálfsagt röng. Og þá mun þetta líklega geta gengið þó að bókunin hljóði upp á hið gagnstæða.

En ég sagði að flutt hefði verið allsérstæð framsöguræða fyrir þessu *máli og allhátt reitt til höggs*, þó að röksemdirnar væru heldur litlar. Það var talað um að hér hefði verið um að ræða hótanir nokkurra verksmiðjueigenda og að atvinnurekendavaldið hefði sagt upp fólkinu og síðan fengið Iðjufólk til að skrifa upp á o. s. frv. Hvaða tilgangi þjónar nú svona nokkuð? Auðvitað er þetta fólk sem þegar óttast um atvinnu sína áður en slík gjöld eru á lögð, uggandi um sínar horfur. Og að formaður Iðju og starfsfólkið í verksmiðjunum sé þannig innrætt, sé með slíkan hugsunarhátt vegna þess að það er búist við að það geti orðið um einhverjar uppsagnir að ræða, — *ég held að þær hafi engar farið fram enn þá. Mér* er ekki kunnugt um það. (**ÓRG:** Það hefur verið tilkynnt vinnumálaskrifstofu félmrn.) Ekki held ég að það hafi heldur verið gert hingað til. Það hefur verið boðað að svo geti farið.

Hugsunarháttur hv. formanns n. er með ólíkindum að ætla íslenskum verkalýð það yfirleitt, að hann láti einhverja atvinnurekendur kúga sig, hóta sér og neyða sig til undirskrifta, að ætla þessu fólki öllu saman ennþá lágkúrulegri hugsunarhátt eða álíka lágkúrulegan hugsunarhátt og hann sjálfur hefur. Þetta eru ósæmilegar aðdróttanir. Þetta er dónaskapur og aðdróttanir að því fólki, á sjötta hundrað manns, sem skrifaði undir þau skjöl sem afhent voru þessum hv. þm. Allir skrifa undir eigin hendi. Að þetta sé allt fólk sem láti atvinnurekendur kúga sig og neyða til undirskrifta og það skipti svo sem ekki miklu máli með þennan atvinnuveg, sem svona fólk, svona pakk, vinnur hjá, skildist manni, er ósæmilegur málflutningur með öllu.

Það er líka dálítið einkennilegt að heyra talað um að það hafi láðst að leiðrétta þetta, þessi gjöld hafi verið miklu hærri áður. (Gripið fram í.) Ég kem að þeim — það lýsir líka hugsunarhætti þessa hv. þm. Það hefur láðst að leiðrétta, það hefur láðst að nota þennan tekjustofn, það hefur láðst að skattpína fólk á þennan hátt eins og allan annan. Þetta er óskaplega leiðinlegt fyrir mig og aðra, segir hann. Við höfum gleymt þessu, en nú ætlum við svo sannarlega að bæta úr. Þetta lýsir líka hugsunarhætti þessa hv. þm. mjög greinilega. Hann er allur á þennan veg.

Og hver hefur hækkunin á öli orðið nú á síðasta ári, segir hann, og hrósar sér af. Jú, hún hefur orðið 88%, hvorki meira né minna. Það var nú önnur saga þegar *Alþb. fór með viðskiptamál. Hvernig lýsir þetta hv. þm.* Hann hefur dróttað því að samstarfsflokkum sínum í ríkisstj., að þeir leyfi meiri verðhækkanir en ástæður séu til, kannske hvetji til þeirra. Hann er að ráðast vísvitandi á viðskrh. rétt einu sinni, að honum fjarverandi náttúrlega. Þetta lýsir líka hugsunarhætti þessa hv. þm. og hans flokksmanna. Nei, takk, þegar við tókum við, þegar við vorum með viðskiptamálin var þetta eitthvað öðruvísi. Það er bara illgirni Tómasar Árnasonar, hæstv. viðskrh., sem ræður því, hvað allt rýkur upp úr öllu valdi. Verðbólgan á þessu sviði eins og öðrum er öll honum að kenna. Þetta er það sem þm. er að segja.

Svona mætti lengi halda áfram. Ég skal taka eitt dæmi í viðbót. Hann ætlar sér að biðja þingfréttaritara Morgunblaðsins að koma því á framfæri, að Davíð Scheving hafi kallað þetta smámál. Hvað kallaði Davíð Scheving þetta? (Gripið fram í.) Smámál í samanburði við hækkun á jöfnunargjaldi eða aðlögunargjaldi — við það stórmál sem á eftir að koma til afgreiðslu hér á morgun eða hinn

daginn. Og ég segi líka: Þetta er smámál á móti því. Þar á að firra íslenskan iðnað þeirri litlu vernd sem hann hefur haft, og það á að taka nýja skatta af iðnaði án þess að hann fái nokkuð til iðnþróunar eða nokkurs annars, sem þó hefur verið gumað af og búnar til heilu skýrslurnar, heilu starfshóparnir unnið nótt og dag við útreikninga og áætlunargerðir til að byggja upp íslenskan iðnað. Nú á að taka af iðnaðinum alla iðnþróunarhjálp og annað slíkt. Það er það sem verið er að gera. Er þetta ekki smámál miðað við það? Það er smámál miðað við það að 100—200 menn í þessum starfsgreinum missi atvinnuna vegna þess að mörg hundruð eða þúsundir missa atvinnuna með meginstefnunni sem hv. formaður fjh.- og viðskn. Ed. er að knýja fram. En það eigum við eftir að ræða betur þegar það kemur hér til umr. — Nei, nei, en þegar blaðamaður Morgunblaðsins var beðinn að koma þessu á framfæri var bara sagt að Davíð Scheving hefði sagt að þetta væri smámál. Viðbótinni var sleppt, vísvitandi auðvitað. Það sýnir líka innræti þessa manns.

Það er kannske hægt að hlæja að þessu máli í aðra röndina, að negrakossum og öðru slíku. Það er verið að rekja þetta aftur um 40 ár til þess að reyna að réttlæta það. Nú get ég vel tekið undir að það er ýmislegt skoplegt í grg. rn. um hvernig þetta hafi allt saman þróast. Þingmaðurinn nefndi negrakossana, að þær birgðir væru tiltölulega lítið skattlagðar. Hér er t. d. talað um ölkelduvatnið og það er talað um ófylltan brjóstsykur og fylltan með mismunandi gerðum. Svo er talað hér um einhverjar gúmmítöflur og annað slíkt. Þessi grg. er öll með endemum. Hvað kemur okkur þetta allt saman við? Mergurinn málsins er sá, að það er verið að skattleggja þessar atvinnugreinar, þessar iðngreinar sem þegar eiga í vök að verjast, til þess að ná peningum í ríkishítina. Það er mergurinn málsins. Það má alls ekki nota neina skatta á iðnaðinn til að auka iðnþróun eða slíkt. Nei, það er bannað. Það verður gaman að sjá upplitið á hæstv. iðnrh. þegar hann ætlar að fara að segja hvernig hann ætli að framfylgja öllum starfshópaskýrslunum og því öllu saman. Og kómedían í öllu saman er sú, að í ágústmánuði kemur neyðaróp til sendiráðs Íslands í Genf, algjört neyðaróp. Ég var staddur þar þá og við gátum ekki annað en hlegið — fulltrúarnir sem þar vorum, allir saman, held ég. Þá er þess krafist að sendiráðið þar heimti aukafund í EFTA-ráðinu, — ég held ég muni dagsetningarnar rétt — 4. sept., þó að fastafundur eigi að vera 14. sept., til þess að fá lagt á 40% gjald á sælgæti og 32% á kex. Það mátti ekki bíða í tíu daga. Ég held ég fari rétt með þessar dagsetningar. Það er hringt út um allan heim með fyrirskipanir að heiman, mönnunum, sem voru í fríi úti um allan heim, skipað að koma til Genfar til að afgreiða þetta mál. Leyfið fékkst. Menn voru náttúrlega guðsfegnir að komast í sólskinið aftur og afgreiddu þetta í hvelli. En hvaða áhrif haldið þið að þetta gjald hafi nú? Fresturinn er náttúrlega til 3—4 vikna. Hvað haldið þið að hafi gerst á honum. Það var allt fyllt hér af sælgæti. Og þetta gjald á að vera í 18 mánuði. Mér er sagt af þeim, sem best þekkja til, að þeir haldi að þetta sælgæti verði til alla þessa 18 mánuði. Og þeir, sem fara rétt með verðlagningarákvæði og slíkt, geta flutt inn smáfarm af sama gumsinu og tekið þessi 40% líka. Látum þetta nú allt saman vera. Svo er komið núna fjórum mánuðum seinna eða hvað það nú er og sagt: Þessi starfsgrein er svo vel á vegi stödd að það er hægt að skattleggja hana til að bjarga ríkiskassanum. Það er þetta sem verið er að segja. Svo er náttúrlega ráðgert að fella niður alla styrki til iðnþróunar, eins og ég áðan gat um.

Við skulum gá að því, að Hagstofan hefur reiknað út vísitöluhækkun af völdum þessara 3.4 milljarða sem talið er að þetta gjald muni gefa. — Það verður auðvitað ekki, af því það dregur eitthvað úr sölu og þá minnka líka önnur gjöld. Gjöldin, sem var verið að gera grín að áðan, minnka náttúrlega líka hlutfallslega, sem auðvitað gerir kannske miklu minna. — Vísitalan hækkar sem sagt um 0.26%. Það lítur út fyrir að vera lítið. En hvað gerir þetta samt í vinnulaunum ríkisins og atvinnuveganna? Samkvæmt útreikningum Þjóðhagsstofnunar og atvinnuveganna gerir það strax á næsta ári 2.1—2.9 milljarða, áður en uppsöfnunaráhrif, ef nota má það orð, fara að koma fram, þegar ein hækkunin leiðir til annarrar meiri, eins og menn þekkja í vísitöluskriðunni. Ég held að hægt sé að fullyrða að það, sem ríkissjóður fær í auknum gjöldum fyrir þessa athöfn, þetta merkilega mál, verði mun minni fjárhæð en atvinnuvegirnir og ríkissjóður sjálfur verða strax að greiða í hækkuðum launum. Látum það nú vera út af fyrir sig, en þetta er ein smáskvetta í viðbót á verðbólgubálið. Hún er kannske ekki stór miðað við allt annað sem á undan er gengið. En hún sýnir á hvaða braut á að halda áfram. Þessi langversta ríkisstjórn, sem á Íslandi hefur setið frá því að við öðluðumst sjálfstæði, ætlar sér að keyra verðbólguna áfram vísvitandi, — ekki bara af vesaldómi, heldur vísvitandi. Það væri hægt að fyrirgefa það ef eitthvert gjald væri lagt á iðnaðinn eða jafnvel lagt á okkur með einhvers konar öðrum sköttum til að halda uppi iðnþróun, til að bjarga iðnaðinum sem er að hrynja í rúst, eins og raunar aðrir atvinnuvegir líka, enda er engu líkara en að stjórnarherrarnir, ráðherrarnir, stefni vísvitandi að því að kippa stoðunum undan öllum atvinnuvegunum og eru komnir vel á veg með það. (**Gripið fram í:** Ekki saltfiskverkun). Ja, ég þekki ekki vel til saltfiskverkunar, en ég hygg þó að ég þekki eitthvað meira til hennar en hv. þm., sem ég hygg að aldrei hafi dýft, svo maður orði þetta ekki öðruvísi, hendi í saltan sjó, og muni aldrei gera. Ég held að hann þekki nákvæmlega ekkert til íslensku atvinnuveganna, einskis þeirra, ekki nokkurn skapaðan hlut. Hann er eins og blindur kettlingur í því sambandi.

Það má auðvitað segja að þetta sé kannske eins og dropi í hafið, en það er samt mikilvægt að Alþingi felli þetta frv. til að sýna að það ætlar ekki að láta ríkisstj. endalaust vaða áfram út í gapandi verðbólguna, brenna upp alla fjármuni þjóðarinnar eyðileggja atvinnuvegina. Það má segja að það sé smámál í þeim skilningi, hv. þm.

Ég ætlaði mér svo sannarlega ekki að tala lengi um þetta og hef kannske þegar talað nógu lengi, en það voru sannarlega gefin tilefni til þess af hv. frsm meiri hl., skulum við segja. — Hann varð meiri hl. þó hann væri ekki meiri hl. í morgun. — Eitt er þó enn að athuga í þessu, og það hafa ráðherrarnir líklega ekki vitað þó að embættismennirnir viti það. Samkvæmt nýja vísitölukerfinu, sem verið er að reikna út, þeim grundvelli sem það er reiknað á, munu sælgæti og gosdrykkir vega miklu miklu þyngra en nú er, þannig að 0.26% verði miklu, miklu meira, þannig að það geti vel svo farið að útgjöld ríkissjóðs eins af launagreiðslum, ef þessi breyting verður á vísitölukerfinu, verði allar tekjurnar eða meira til. Þá koma útgjöld atvinnuveganna að auki í auknum launagreiðslum. Þetta hafa þeir sjálfsagt ekki vitað. Og jafnvel þó þetta sé nú upplýst og þeir kynnu að kynna sér

þetta á morgun dettur mér ekki í hug að þeir dragi frv. til baka. Þeir munu kýla það áfram. (**Gripið fram í:** Það er rétt skilið.) Já, það er rétt skilið. Það er aldrei tekið neinum rökum. Það er ekkert hugsað um velfarnað þjóðarinnar, heldur þjösnast áfram, hvaða upplýsingar sem liggja fyrir. Þó að allt sé byggt á röngum upplýsingum, röngum grunni, skiptir það engu máli hvað nýtt er upplýst. Það skal áfram, segir form. þess þingflokks sem ræður stefnu þjóðmála á Íslandi, sem ræður yfir hæstv. forsrh. t. d. Það eru aðalbrandararnir hjá embættiskerfinu núna, að það sé að verða þannig og muni verða strax þegar þetta nýja kerfi er komið upp, að það sé alveg sjálfsagt að hætta niðurgreiðslum á mjólk og greiða niður kók, það sé eina leiðin til að halda verðbólgunni í skefjum. Nei, þó það séu mótmæli á fimmta hundrað verksmiðjufólks og slíks, skal það að engu haft, okkur kemur það ekkert við.

Ég skal ekki fara mjög langt út í þessa umræðu, en verð þó að vekja á því athygli aftur, að það er stóra málið sem formaður félags iðnrekenda vék að og við höfum rætt mikið á mörgum fundum. Ég kann form. fjh.- og viðskn. alveg sérstakar þakkir fyrir hvað hann hefur lagt sig fram um að afla upplýsinga sem við höfum beðið um. Sumar hafa komið seinna en bæði við og hann hefðum viljað, en hann hefur lagt sig verulega fram, því þetta er miklu flóknara mál en ég get útskýrt hér á skömmum tíma og menn áttað sig á.

Það, sem er að gerast núna, er að 3% aðlögunargjaldið, sem hefur verið iðnaðinum töluverð vernd og hefur lagt verulegt fé til iðnþróunar, er að falla niður, en áfram stendur jöfnunargjaldið, sem að vísu kemur iðnaðinum að nokkrum notum í sambandi við uppsafnaðan söluskatt, en peningarnir, sem áttu að fara til iðnþróunar, verða hvergi finnanlegir, þeir hverfa út. Það er mjög athyglisvert, að formaður nefndar, sem fór til allra EFTA—landa í febr. 1979, hygg ég að það hafi verið, Ingi R. Helgason, kom á nefndarfund til okkar að okkar ósk og lýsti þar yfir að hann væri algjörlega ósammála því sem ríkisstj. væri að gera í þessu máli. Hann teldi að það væri alveg fullkomlega mögulegt að halda aðlögunargjaldinu áfram, því sem er fyrst og fremst til verndar iðnaðinum og styrkir hann, það þyrfti ekkert annað en halda vel á málum og af manndómi. Hann margendurtók það, ítrekað aðspurður, að hann teldi það rétta stefnu, en þá, sem hér er farið inn á, ranga. Það eru ummæli Inga R. Helgasonar, sem var formaður þeirrar nefndar sem út fór og tókst að fá aðlögunargjaldið samþykkt. Að vísu hafa einhverjar munnlegar yfirlýsingar verið gefnar um að reiknað væri með að það mundi falla niður nú um áramót, en Ingi R. Helgason taldi að það væri ekki nokkur minnsti vafi á að það væri hægt að framlengja þetta gjald, það gjald sem hefði getað orðið iðnaðinum að gagni.

Úr því að hæstv. iðnrh. hefur heiðrað okkur með komu sinni hingað vil ég gjarnan segja það, að ég var að geta þess áðan, að mér sýnist horfa þunglega fyrir iðnaðinum og iðnþróunaráætlunum og þeim störfum sem starfshópar hafa verið að vinna, ef málin verða knúin fram með þessum hætti, stórfelldri skattlagningu á þær iðngreinar án þess að iðnaðurinn njóti nokkurs, aðlögunargjaldið falli niður, en jöfnunargjaldinu verði haldið áfram. Það er aðför að íslenskum iðnaði. Það er enn ein atvinnugreinin sem á að keyra niður. Ég sagði: ein atvinnugreinin enn.

Skoðum hvernig atvinnuvegirnir eru staddir um þessar mundir. Við vitum um vanda sjávarútvegsins. Það sér enginn fyrir endann á því, hvernig hann verður leystur núna um áramótin. Hann er gífurlegur, bæði fiskveiðar og fiskvinnsla. Tökum svo til við iðnaðinn. Við höfum verið að lýsa því núna, hvert horfir þar. Það er enginn vafi á að það verður stórkostlegur samdráttur í íslenskum iðnaði strax á næstu mánuðum og atvinnuleysi, held ég að allir viti, hvort sem þeir játa það eða ekki, vegna verðbólgu og óstjórnar á öllum sviðum þjóðlífsins.

Og hvað með landbúnaðinn? Ég hygg að hag bænda hafi aldrei verið stefnt í annan eins voða og einmitt núna. Nýja lénsskipulagið, kvótakerfið, á eftir að verða landbúnaðinum dýrkeypt.

Tökum til dæmis verslunina. Hvað er sagt um dreifbýlisverslunina? Hún er í gífurlegum vanda stödd og verslun öll á landinu.

Við getum litið á samgöngurnar. Það munaði minnstu að tækist að gera aðalsamgöngufyrirtæki landsins upp, þó það ætti gífurlegar eignir. Einnig þar sýndi hv. form. n. innræti sitt, í sambandi við Flugleiðamálið. Það er sem sagt í öllum atvinnugreinum sem stefnir í hreinan voða.

Ég ætla ekki að halda því fram, að ráðh., a. m. k. ekki allir, stefni beinlínis að því að setja allan atvinnurekstur á hausinn. Sumir stefna áreiðanlega að því að þrengja svo að einkaframtaki að hægt sé að auka þjóðnýtingu, t. d. í sjávarútvegi, að þjarma þannig að honum, eins og nú er gert, að fleiri og fleiri einstaklingar gefist upp og fyrirtækin færist yfir til ríkisins eða þá til sveitarfélaga og hægt og hægt verði þá komið á sósíalisma, enda er fjármagnið í þjóðfélaginu nú flutt í stríðum straumum frá fólkinu til ríkiskerfisins, til félagsmálabákns á öllum sviðum, sem öllu á að bjarga, og yfir til SÍS. Það er þangað sem peningarnir streyma. (**ÓRG:** Til SÍS?) Já, þeir streyma til SÍS. Veit hv. þm. ekkert um hvernig háttað er afurðalánagreiðslum t. d.? Það er verið að færa allt fjármagnið frá fólkinu. Það er verið að stjaka okkur í átt til sósíalisma og það vill auðvitað hv. þm. Hann er sósíalisti, ekki satt? (**ÓRG:** Ekki SÍS-sósíalisti.) Hann er sósíalisti, já. Hann vill sem sagt þjóðnýta sem mest af atvinnuvegunum. Þá er þetta vísvitandi gert með góðum árangri. Ég veit t. d. að hæstv. forsrh. vill þetta ekki þó hann geri það. Það er öðruvísi með þennan hv. þm. Hann beinlínis vill þetta. Hann keppir að þessu.

Við leggjum megináherslu á að þetta frv. verði fellt, og ég á von á að það verði fellt. Ég trúi því ekki, að svo sé hægt að „súrra" saman þetta stjórnarlið að það gegn betri vitund ráðist með þessum hætti að iðnaði og gefi þessa innspýtingu í vísitöluna og þessa enn nýju yfirlýsingu um það, að áfram skuli haldið á sömu braut, þannig að verðbólgan verði engin 70% á næsta ári, eins og reiknað er með án allra viðbóta. Hún verður örugglega 100% þegar allir fá á tilfinninguna að það eigi að halda áfram á sömu braut, það eigi bara að skattpína fyrirtæki og einstaklinga endalaust, klekkja á einstaklingunum, klekkja á fyrirtækjunum, lama atvinnureksturinn, rýra lífskjörin og keyra verðbólguna áfram. Þetta eru menn að gera með opnum augum. Þess vegna vona ég sannarlega að þetta frv. verði fellt, nema þau undur skyldu ske að ríkisstj. í eitt skipti sýndi einhverja stjórn í þessu, einhver hyggindi og dragi málið til baka.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Ég vek athygli á ummælum hv. 11. þm. Reykv., þar sem hann lítilsvirðir verkafólk á þann hátt, að maður heyrir ekki

annað eins í þingsölum, og gefur í skyn að þær undirskriftir, sem hingað hafa borist, þau mótmæli, sem hingað hafa borist gegn því vörugjaldi sem nú á að leggja á séu vegna þrýstings atvinnurekenda, að það sé allt til komið vegna hótana atvinnurekenda. Það vill svo til, að um 600 manns á þessu svæði hafa einmitt mótmælt þessu gjaldi og telja atvinnuöryggi sínu stefnt í voða.

Við höfum séð það fyrir okkur, hve atvinnuástandið er ótryggt í landinu, og ég trúi því ekki, að hv. þm. meini það í raun og veru, að hér sé ekki voði á ferðum. Það er ekki aðeins starfsfólkið, sem hefur mótmælt þessum hækkunum, heldur einnig stjórn Iðju, félags verksmiðjufólks, sem sendi frá sér svohljóðandi mótmæli, með leyfi forseta:

„Stjórn Iðju, félags verksmiðjufólks, mótmælir harðlega frv. því sem fram er komið á Alþingi um allverulega hækkun vörugjalds af öli, gosdrykkjum og sælgæti. Verði frv. að lögum mun það leiða til umtalsverðra hækkana á þeim vörutegundum, sem um er að ræða, og því ærin ástæða til að óttast að allverulega dragi úr sölu þeirra. Afleiðingin verður því sú, að fyrirtækin verða að draga úr framleiðslunni, en það mun óhjákvæmilega leiða til fækkunar starfsfólks í umræddum iðngreinum. Því er afkomu og atvinnuöryggi ófyrirsjáanlegs fjölda fólks stefnt í hættu. Stjórnin tekur heils hugar undir mótmæli þau, sem fram komin eru frá hundruðum félagsmanna varðandi hækkun vörugjaldsins, og færir þeim jafnframt þakkir fyrir þeirra framlag og framtakssemi, sem bera vott um framsýni, dugnað og ótvíræða samstöðu. Stjórnin varar ríkisvaldið alvarlega við þeim afleiðingum er koma munu í kjölfarið verði frv. samþykkt sem lög frá Alþingi."

Þessari ályktun er lokið, en hún sýnir okkur að samtök iðnverkafólks hafa verulegar áhyggjur af því sem nú er verið að knýja í gegn. Ég er sannfærður um að þau ummæli, sem hér eru höfð, eiga við rök að styðjast.

Það er vart hægt að trúa því, að hægt sé að tala af eins mikilli lítilsvirðingu um það fólk, sem starfar í þessum iðngreinum, og hv. þm. hefur gert.

Ég skora á stjórnarsinna að draga þetta frv. til baka. Það mun ekki leiða til neins góðs. Þvert á móti mun það leiða til atvinnuleysis. Þau ummæli, sem hv. þm. hefur um þessi mótmæli, eru kaldar kveðjur til þess fólks sem hefur lýst hér áhyggjum sínum, kaldar kveðjur til þess verkalýðsfélags sem hér hefur mótmælt.

Við Alþfl.-menn skorum á stjórnarsinna að draga frv. til baka vegna þess að við erum þess fullvissir, að þetta vörugjald mun leiða til atvinnuleysis. Það má vel fiflast með það, að orðið hafi meiri hækkanir á ýmsu og menn hafi óskað meiri hækkunar á vörunni eða einhverrar hækkunar, þ. e. verksmiðjueigendurnir sjálfir. En ég er þeirrar skoðunar, að það bæti ekki ástandið.

Það má vel vera að viðreisnarstjórni hafi lagt á hátt gjald, en er það nú orðið röksemd fyrir því, að gjaldið þurfi að hækka? Nei, okkar málflutningur sýnir að við höfum áhyggjur af atvinnuástandi í landinu, sem vissulega hefur við rök að styðjast, og á því er málflutningur okkar byggður.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11:8 atkv.
2.—7. gr. samþ. með 11:8 atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11:8 atkv.

Efri deild, 37. fundur.

Miðvikudaginn 17. des., að loknum 36. fundi.

Vörugjald, frv. (þskj. 229). — 3.umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Þar sem ég átti þess ekki kost að vera við 2. umr. þessa máls vegna starfa minna í fjvn. vil ég nota tækifærið og segja nokkur orð um þetta mál.

Hér er á ferðinni enn nýtt frv. um nýjan skatt, og kom fram í fjvn. rétt áðan að þessi nýi skattur mun gefa ríkissjóði tekjur, leggja á nýjar skattbyrðar sem munu verða allmiklu hærri en aðlögunargjald sem á að fella niður. Við höfum gjarnan kallað þetta mál í hv. fjh.- og viðskn. „negrakossamálið", því að það eru kirfilega fram taldar í grg. fjmrn. allar þær tegundir af sælgæti, sem þetta gjald leggst á, og þar er alveg sérstaklega tilfært hvernig það leggst m. a. á negrakossa.

Ég vildi alveg sérstaklega vekja athygli á því, að þessi nýi skattur á að koma í staðinn fyrir aðlögunargjald, en samkv. lögunum um aðlögunargjald átti það að renna svo til óskipt til sérstakra iðnþróunaraðgerða. Það var upplýst í hv. fjh.- og viðskn., að aðlögunargjald hefði fengist samþykkt af Efnahagsbandalaginu og Fríverslunarbandalaginu, EFTA, vegna þess rökstuðnings, að iðnaðurinn þyrfti á slíkum iðnþróunaraðgerðum að halda í lok aðlögunartímabilsins.

Þessi skattur verður almennur skattur til ríkisssjóðs og ekkert af honum gengur sem sagt til iðnþróunaraðgerða. Þess vegna er hann í eðli sínu ekkert annað en einn veiðbótarskatturinn enn í ríkissjóð. Þá telst mér til að frá því á þessu ári stefni hæstv. ríkisstj. að því að hækka skatta, eins og fjárlagafrv. ber með sér og þetta frv., a. m. k. um 15 milljarða kr. að raungildi frá því sem skattar voru í ár. Þetta er sam sagt þriðja árið í röð sem skattar eru þá stórlega þyngdir.

Í bréfi íslenskra iðnrekenda til alþm. segir um þetta mál, með leyfi forseta:

„Í gær var lagt fram á Alþingi frv. til l. um vörugjald á sælgæti, öl og gosdrykki, sem koma á í stað eldri laga um þessi efni. Það er gert ráð fyrir sjöföldun gjaldsins svo að tekjur ríkissjóðs árið 1981 verði 3.4 milljarðar kr. af þessu gjaldi í stað 480 millj. kr."

Ég skal geta þess, að þessi áætlun er of lág miðað við það sem kom fram hjá sérfræðingum Þjóðhagsstofnunar í fjvn. áðan. Þar voru þeir með töluna 3.8 milljarða, ef ég man rétt. Ég held áfram að vitna í þetta bréf, með leyfi forseta:

„Gjaldi þessu er ætlað að bæta ríkissjóði upp það tap sem hann verður fyrir vegna þess að aðlögunargjald á erlendar iðnaðarvörur fellur niður um áramótin. Félag íslenskra iðnrekenda vill minna á að í lögunum um aðlögunargjald er skýrt tekið fram, að tekjum af aðlögunargjaldi skuli varið til eflingar iðnþróunar, og þannig

beinlínis tekið fram að það sé ekki sérstakur tekjustofn fyrir ríkissjóð. Hér er því um nýja skattheimtu að ræða sem er alls óskyld niðurfellingu aðlögunargjalds.

Í dag hélt stjórn Félags ísl. iðnrekenda — „þetta bréf er dagsett 12. des." — fund með framleiðendum í sælgætis-, öl- og gosdrykkjaiðnaði. Þar var ákveðið að mótmæla harðlega þessu frv. og á það bent, að nú þegar innheimti þessar iðngreinar meira en 3.5 milljarða kr. á ári til ríkissjóðs í formi sérstaks tímabundins vörugjalds og vörugjalds. Á fundinum kom fram, að verð á framleiðsluvörum þessara greina muni hækka stórlega verði frv. að lögum, og mun það valda verulegum samdrætti í starfsemi fyrirtækjanna. Vegna þess hafa þau tilkynnt vinnumálaskrifstofu félmrn. og Iðju að fjöldauppsagnir starfsmanna séu óumflýjanlegar komi til lagasetningar þessarar." — Að lokum er svo áskorun á þm. um að samþykkja ekki þetta frv.

Ég held að það sé mikið atriði fyrir hv. deild og fyrir allan almenning að gera sér glögga grein fyrir því, að þessi hækkun á vörugjaldi, þessi nýi skattur, sem ákveðin iðngrein á að innheimta fyrir ríkissjóð og getur valdið stórfelldum samdrætti hjá þessari iðngrein, er í engum tengslum við aðlögunargjaldið, en kemur sem viðbótarskattur í ríkissjóð. Þá er, a. m. k. eins og sakir standa nú, um að ræða 15 milljarða kr. skatt í þyngingu frá árinu í ár. Að vísu er mjög óljóst um ýmsa tekjuliði samkv. fjárlagafrv. Þannig er t. d. orðið ljóst núna að verði skattvísitala í fjárlagafrv. ekki leiðrétt munu tekju- og eignarskattar á almenning í ríkissjóð þyngjast á næsta ári um 7—8 milljarða kr. samkv. upplýsingum sem við fengum áðan í fjvn. Ég geri ráð fyrir að á það mál verði sérstaklega litið, en inni í þessari tölu, sem ég tala hér um, um 15 milljarða kr. skattíþyngingu er ekki nema örlítið af hækkun á tekju- og eignarskatti.

Þessi tala er þannig fundin, að orkujöfnunargjald er lagt á núna allt árið, en var ekki lagt á nema hluta úr ári í fyrra, og gefur ríkissjóði 8 milljarða kr. meira í tekjur á þessu ári en í fyrra. Nýr skattur, innflutningsgjald á sælgæti, mun leggja 1200 millj. kr. a. m. k. á almenning. Þarna er um að ræða rúma 9 milljarða. Auk þess bætist þetta gjald við, og eflaust verður reynt að ganga þannig frá að nokkur hækkun verði á tekjuskatti og eignarskatti. Mér sýnist því að hægt sé, eins og sakir standa, að áætla að um verði að ræða 15 milljarða íþyngingu skatta á næsta ári að raungildi, eftir því sem best verður séð nú við þessa umræðu.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Eins og komið hefur fram í umr. um þetta mál er hér um algjörlega nýjan skatt að ræða sem á að verða til þess að standa undir útgjöldum ríkisins og annað ekki. Þeir segja að þetta sé nýr skattur vegna þess að áður var um að ræða tiltölulega lágt magngjald, en nú er í rauninni verið að leggja eins konar veltuskatt á þessa framleiðendur sem er á bilinu 10—30%. Ég tel að hér sé þess vegna um hreinlega nýjan skatt að ræða.

Í grg. með frv. er rakið nákvæmlega eða næstum því aftur til aldamóta hvernig þróunin hafi verið um skattlagningu á þeim vörutegundum sem hér um ræðir, hvort heldur er lakkrís, karamellur, negrakossar eða íburðarmeiri brauðvörur eða gúmmítöflur. Þetta er auðvitað gífurlegur fróðleikur og gott fyrir sagnfræðinga, en hefur tiltölulega lítið gildi fyrir þingið sem slíkt við að ákveða hvort tilteknar iðngreinar skuli lifa eða deyja, hvernig þeim skuli vegna.

Meginatriði málsins er vitaskuld það, eins og hefur komið fram hjá ýmsum öðrum, að hér er um mjög verulega skattlagningu að ræða, áætlaðar tekjur um 3.7 milljarðar kr., og þó að það komi fram í upplýsingum frá Þjóðhagsstofnun að ríkið ætli reyndar að borga sjálfu sér þó nokkurn hluta af þessu, *nefnilega um 900 millj. af* þessum 3.7 milljörðum, er hér engu að síður um verulega skattlagningu á aðra aðila að ræða eða um 2.8 milljarða kr. Það er fróðlegt að bera þá tölu, 2.8 milljarða kr., saman við hvað launagreiðslur í landinu munu hækka mikið af þessum sökum fyrir sakir vísitöluáhrifa, en sú tala er svipuð eða 2.1—2.9 milljarðar, eins og segir í öðru minnisblaði frá Þjóðhagsstofnun.

Annars var mjög fróðlegt að fylgjast með framsöguræðu þess hluta fjh.- og viðskn. sem mælir með samþykkt frv. Frsm. talaði um það með mikilli óvirðingu, að uppi *væru nú hótanir verksmiðjueigenda. Ég veit ekki betur* en hv. Alþingi hafi kynnst þessu með þeim hætti, að hingað hafi komið undirskriftir verkafólks í iðngreininni. Hvenær hófst að leggja að jöfnu undirskriftir verkafólks og hótanir verksmiðjueigenda veit ég ekki, en það sýnir ekki neina sérstaka virðingu fyrir því verkafólki sem í þessari iðngrein starfar.

Það var líka athyglisvert að hlusta á það, að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson virtist hafa komist að þeirri niðurstöðu, að tilvist og árangur viðreisnarstjórnarinnar hefði byggst á því, að þetta svonefnda vörugjald hefði verið hækkað. Ég er sannfærður um að hæstv. forsrh., sem sæti átti í þeirri ríkisstj. getur staðfest að það hafi ekki eingöngu verið með því að hækka verð á súkkulaði og kexi sem árangur náðist í viðreisnarstjórninni, hvað þá á gosdrykkjum, heldur hafi meiri háttar aðgerðir af öðru tagi ráðið því, að árangur varð svo góður sem raun ber vitni í tíð viðreisnarstjórnarinnar, í þeirri hreingerningu sem hún framkvæmdi strax og hún komst til valda.

Það er greinilegt að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson bindur mjög miklar vonir við að einmitt það að leggja skatt á súkkulaði og kex muni verða upphaf að nýju skeiði í efnahagsmálum þjóðarinnar. Það er ekki hægt að leggja öðruvísi út af orðum hans en að aðalrökstuðningur hans fyrir því að fara inn á þessa braut byggist á þeim vonum sem hann telji vera við þetta gjald bundnar með hliðsjón af því, hversu mikilvægt hann telur að það hafi *verið á sínum tíma. Ég held að engum öðrum hefði getað* dottið í hug að í þessu fælist sá lífsneisti sem ég veit að hv. þm. og kannske ýmsir aðrir vona að felist í brjósti ríkisstj.

Það er fróðlegt líka í þessu sambandi að það fara sífellt fram miklar umræður um að nauðsynlegt sé að einfalda skattkerfið. Þessi skattur, sem hér um ræðir, var af því tagi að vera lágt magngjald, en það magngjald hefur nú verið afnumið og í staðinn tekið upp þetta veltuskattsform á bilinu 10—30%. Það er hér verið að endurlífga a. m. k., en þó að öllum líkindum frekar að finna nýjan skattstofn og gera hann að stærri þætti í efnahagsbúskapnum en gamli skatturinn var. Þetta fer nú heldur á skakk við þá umræðu sem uppi hefur verið um að einfalda skattkerfið.

Það er líka fróðlegt og ágætur boðskapur til framsóknarmanna, að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson talaði um það með mikilli lítilsvirðingu, að hér yrði ekki nema 23—26% hækkun á gosdrykkjum og 7—9% á sælgæti og negrakossum og því um líku. Ég veit ekki betur en bless-

aður Framsfl. hafi verið að tala um niðurtalningu verðbólgunnar og þeir flokksmenn verið svo hógværir að vera að tala í litlum prósentutölum um að telja þetta niður. En það er náttúrlega til marks um hve viðhorfin eru mismunandi í þessum efnum, að á sama tíma og Framsfl er að berjast við að fá að telja verðbólguna niður um fáein prósentustig er talað um það með mikilli lítilsvirðingu, að hækkunin af þessum sökum sé ekki nema 23—26% á gosdrykkjum og 7—9% á sælgæti.

Ég minnist þess líka, að það hafa stundum verið miklir bardagar við að reyna að ná vísitölunni niður og menn hafa þar bitist um 1/2 og 1%, sem þeir töldu að horfði til bóta og væri spor í þá átt að draga úr verðbólguþróuninni, á svipaðan hátt og Framsfl. er nú að tala um að feta sig niður — eða var a. m. k. að tala um að feta sig niður — um 1% eða 2 á þriggja mánaða fresti. Fyrir tveimur árum var t. d. mikið á sig lagt til að ná hverju hálfu prósentustigi, nú þykir það ekkert mál þó að fjórðungur úr prósentustigi í verðbólgu bætist við fyrir sakir þessa skatts. Ekki verður það til þess að auðvelda niðurtalninguna sem Framsfl. hefur boðað.

Það er engin grein gerð fyrir því, hvað eigi að gera við þá peninga sem af þessu gjaldi koma inn til tekna. Verður það ekki skilið öðruvísi en að það eigi að fara beilínis til að mæta rekstrarútgjöldum ríkisssjóðs, beint í ríkishítina, og er þó ærið á menn lagt í þeim efnum fyrir.

Það kemur manni líka spánskt fyrir sjónir, að ekki eru nema nokkrir mánuðir síðan ástæða þótti til að grípa til sérstakra ráðstafana til að styrkja stöðu sælgætis- og kexiðnaðarins í landinu. Þá var staða þess iðnaðar talin svo veik, að það væri rétt að aðstoða hann. En nú láta menn sig ekkert muna um að finna upp skatt sem eykur álögur á þá vöru, sem þar er framleidd um 3.3 milljarða kr., ef í heildina er tekið allt sem selst af þessari vöru hér í landinu. Þetta hefði maður varla trúað að væri ráðið til að styrkja stöðu greinarinnar. Hingað til hefur verið talið að álagning af þessu tagi yrði til að rýra stöðu greinarinnar. Ég verð að segja það eins og er, að ég tel að þessi grein standi ekki neitt sérlega vel og að það sé veruleg hætta á því að þetta geti orðið greininni mjög þungt í skauti. Þess vegna vara ég við því, að farið sé inn á þessa braut, tel að hér sé verið að fara inn á ranga braut, ekki einungis verið að endurlífga skatt sem var í raun og sannleika að deyja, heldur er líka verið að stofna stöðu þessarar iðngreinar í hættu. Og það er auðvitað hárrétt, sem birtist í undirskriftum frá verkafólki í greininni, að þetta boðar ótryggt atvinnuástand hjá því. Það er hörmulegur útúrsnúningur að leggja undirskriftir verkafólks út sem hótanir verksmiðjueigenda, eins og gert var áðan.

Ég tók eftir því í sambandi við umræður um efnahagsmál og ráðstafanir í efnahagsmálum hér fyrir skömmu, að hæstv. forsrh. lýsti því yfir, að um ráðstafanir sem gera skyldi gilti það, að unnið væri að undirbúningi þeirra. Hann tók það líka fram, að það færi svo eftir hendinni og sjálfsagt eftir því hvernig verkið ynnist, hvenær þessar ráðstafanir sæju dagsins ljós, hvenær þm. fengju að kynnast þeim eða þjóðin yfirleitt. Sumt yrði kannske að leggja fyrir þingið, en sumt ekki. Það mætti að vísu setja brbl. ef á þætti þurfa að halda. Það, sem yrði tilbúið fyrir jól, kæmi auðvitað fyrir þingið fyrir jól, en það, sem ekki yrði tilbúið fyrir jól, kæmi bara seinna. Þetta er náttúrlega góður og gildur sannleikur og hefði hver sem er getað gefið yfirlýsingar af þessu tagi.

En það, sem ég rek sérlega augun í þessu sambandi, er að forsrh. boðaði að það, sem yrði tilbúið fyrir jól af efnahagsráðstöfunum ríkisstj., yrði auðvitað lagt fyrir þingið fyrir jól. Hér eru greinilega fyrstu sporin stigin. Þetta er fyrsta efnahagsráðstöfun ríkisstj. í sambandi við myntbreytinguna. Hér er greinilega um stefnumarkandi frv. að ræða, maður spyr nú ekki ef lagt er út af þeirri ræðu sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson flutti áðan. Hér eru fyrstu sporin stigin í efnahagsráðstöfunum ríkisstj. og forsrh. hefur nú loksins tekist að efna eitt loforð um að leggja fyrir þingið fyrir jól stefnu ríkisstj. í efnahagsmálum eða fyrsta skrefið í þeim efnum. Ég verð að segja að ég er svolítið vantrúaður á að þessi ráðstöfun ein sér muni duga til að ná verulega góðum tökum á efnahagsmálum hér á landi, en engu að síður er það náttúrlega góðra gjalda vert að ríkisstj. skyldi þó takast að leggja fram fyrsta frv. sitt í efnahagsmálum fyrir jól, og það eru auðvitað margir sem fagna því, að það skuli hafast af hjá ríkisstj. að stíga þannig að sínum dómi fyrstu sporin í þá átt að treysta efnahagslífið í sambandi við þá myntbreytingu sem fram undan er.

En menn geta svo náttúrlega af þessu fyrsta efnahagsmálafrv. ríkisstj., um álögur á sælgæti, gosdrykki, kex og negrakossa, dregið ályktanir um hvernig framhaldið verði. Þessi fyrstu spor benda til þess, að það verði frekar upptalning á verðbólgunni en niðurtalning, að það verði auknir skattar, auknar álögur á fólkið í landinu, að verðlag verði hækkað enn frekar og að atvinnuöryggi verði stefnt í hættu. Ég skal ekki segja hvert framhaldið verður, hvort það verður tekið fyrir grein fyrir grein þegar menn eru búnir að koma þessu svona fyrir að því er varðar sælgæti og kex og gosdrykki, hvort síðan verður næsta iðngrein og atvinnugrein tekin fyrir. Það er ómögulegt um að segja. (**ÓRG:** Gengur ekki bæjarútgerðin í Hafnarfirði vel?) Jú, ágætlega.

Það er auðvitað mjög ánægjulegt að þm. skyldu þannig fá að kynnast stefnumörkun ríkisstj. og það skyldi hafast hjá henni að leggja þó fram a. m. k. eitt stefnumarkandi frv. fyrir jólin.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11:7 atkv. og afgr. til Nd.

Grænlandssjóður, frv. (þskj. 219 (sbr. 30)). —3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 308).

Neðri deild, 34. fundur.

Miðvikudaginn 17. des., kl. 2 miðdegis.

Lántaka 1980 og 1981 og ábyrgðarheimildir, frv. (þskj. 215, n. 268, og 269). — 2. umr.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur tekið til meðferðar frv. til l. um heimildir til lántöku á árunum 1980 og 1981 og ábyrgðarheimildir. Þetta frv. er tvíþætt. Í fyrsta lagi er um að ræða heimild til lántöku að upphæð 4750 millj. sem þegar hefur verið ráðstafað af ríkisstj. og ekki verður breytt. Um það hafa hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, Albert Guðmundsson, Matthías Á. Mathiesen og Matthías Bjarnason fyrirvara.

Þessi lántaka 4750 millj., er vegna framkvæmda og atburða sem hafa gerst á árinu 1980. Ég er þeirrar skoðunar, að erlend lántaka verði ekki fest niður í eitt skipti fyrir öll með ákveðnum hætti, en ég vil þó lesa hér upp úr nál., sem ég og hv. þm. Ingólfur Guðnason og Guðmundur J. Guðmundsson rituðu við afgreiðslu lánsfjárlaga fyrri árið 1980, í þessu sambandi, með leyfi hæstv. forseta. Þar sögðum við:

„Í lánsfjáráætluninni er gert ráð fyrir aukinni verðbréfasölu til lífeyrissjóða og sölu á verðtryggðum skuldabréfum til innlánsstofnana. Auk þess er gert ráð fyrir verulegri sölu á ríkisskuldabréfum. Undirritaðir nm. telja að halda verði erlendum lántökum innan þeirra marka, er fram kemur í frv., og ekki megi stofna til frekari erlendra lána."

Á þessum forsendum var þetta frv. samþykkt, og ég vil nú leyfa mér að minna hæstv. ríkisstj. á að henni ber að sjálfsögðu að fara eftir þeim forsendum sem frumvörp í Alþingi eru samþykkt eftir. Við teljum hins vegar að ekki verði til baka snúið með þá erlendu lántöku sem hún hefur hér stofnað til. En ég vil leyfa mér að halda því fram, að það sé með öllu óeðlilegt að taka ný verk inn á lánsfjárlög þegar Alþingi hefur samþykkt löggjöf með þessum hætti og þessari röksemdafærslu. Ég get nefnt nokkur dæmi þessu til stuðnings, sem fram kemur í þessu frv., og vil ég vænta þess, að ríkisstjórnir virði betur þær forsendur sem liggi fyrir samþykkt lánsfjárlaga. Þetta á ekki við um þetta eina skipti, heldur hefur þetta verið með þessum hætti alla tíð.

Ég geri mér ljóst að það er erfitt að halda sig innan þessara marka, en það er afskaplega nauðsynlegt efnahagslega að það sé gert, og hæstv. ríkisstj. getur þá bent á Alþingi og haldið því fram, að Alþingi veiti henni ekki heimildir til að ráðast í frekari erlend lán. Hér má nefna hluti eins og t. d. þyrlukaup og ýmislegt annað sem kemur fram í þessu frv.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta að sinni, en vil minna á það, að fjh.- og viðskn. Nd. lítur alvarlegum augum á mál sem þetta.

Í öðru lagi fjallar frv. um heimild fyrir fjmrh. til að taka lán sem jafngildir 25 milljörðum gamalla króna á árinu 1981. Um þetta er samstaða í nefndinni, vil ég leyfa mér að segja, en þar kom fram að fjmrh. fái þessa heimild gegn því að greinin sé orðuð með öðrum hætti, eins og fram kemur í brtt. á þskj. 269, en þar segir:

„Fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka lán allt að jafnvirði 25 milljarða kr. í erlendum gjaldeyri á árinu 1981. Fjmrh. er heimilt að verja andvirði þess til framkvæmda á vegum ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja eða endurláns til sveitarfélaga eða samtaka á þeirra vegum í samræmi við lánsfjáráætlun 1981" og við bætist: „Þegar lánsfjárlög fyrir árið 1981 hafa verið samþykkt."

Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja frekar um þetta mál, en endurtek að nefndin leggur til að frv. verði samþykkt, en nokkrir hv. þm. hafa fyrirvara við undirskrift nál., eins og ég hef áður gert grein fyrir.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Eins og heyra mátti á ræðu hv. formanns fjh.- og viðskn. þessarar deildar, þá má raunar segja að allir nm. riti undir nál. með fyrirvara, jafnvel þó að það komi ekki fram nema með undirskrift hluta nm.

Það fór ekkert á milli mála, herra forseti, að í framsögu sinni vítti formaður fjh.- og viðskn. þessarar deildar hæstv. ríkisstj. mjög fyrir 1. og 2. gr. frv. þessa. Hann vítti hæstv. ríkisstj. mjög fyrir að hafa virt að vettugi lagaheimildir sem Alþingi veitti þessari ríkisstj. yfir nokkrum mánuðum um erlendar lántökur. Hv. formaður fjh.- og viðskn. tók réttilega fram, að í nál. hans og annarra stuðningsmanna stjórnarinnar frá því í fyrra var það sérstaklega tekið fram, að ætlast væri til þess af stuðningsmönnum ríkisstj. í hv. fjh. og viðskn. Nd. Alþingis, að hún færi að lögum um lánsfjárheimildir sem þar var verið að samþykkja, en setti sér ekki sín lánsfjárlög sjálf. Þetta hefur hæstv. ríkisstj. hins vegar gert, og formaður fjh.- og viðskn. Nd. Alþingis, sem er og hefur verið stuðningsmaður ríkisstj. — þó að ég segi nú ekki endilega eindreginn stuðningsmaður hennar, — hann sá sérstaka ástæðu til að víta hæstv. ríkisstj. fyrir þetta. Þess vegna held ég að það sé rétt sem ég sagði hér áðan, að í raun réttri leggja allir nm. — eða a. m. k. flestallir nm. í hv. fjh. og viðskn. Nd. Alþingis til að frv., 172. mál þessarar deildar, verði samþykkt með mjög alvarlegum fyrirvara um það, að hæstv. ríkisstj. virði þau lög sem Alþingi setur um heimildir til hennar til að taka erlend lán.

Ég vil aðeins árétta það, sem hv. formaður fjh.- og viðskn. sagði hér áðan, að það skiptir auðvitað nokkru máli í þessu sambandi, hvort um það er að ræða, eins og talað er um í aths. með frv., að tiltekinn verkþáttur, sem ákveðið hafði verið að ráðast í, fari af einhverjum ástæðum langt fram úr kostnaðaráætlun, svo að ríkisstj. telji sig þess vegna nauðbeygða til að útvega meira fé en áætlað var við gerð lánsfjárheimildarlaga að til þyrfti. Þetta er auðvitað ástæða sem verður að líta á með skilningi.

Hitt er svo allt annað mál, eins og hv. þm. benti á, þegar ríkisstj. ákveður að leita lánsfjáröflunar, erlendis eða innanlands, utan lagaheimilda til verkefna sem ekki var ætlunin að sinna í lánsfjárheimildalögum sem afgreidd voru af Alþingi, m. ö. o. þegar hæstv. ríkisstj. býr sjálf til sín eigin lánsfjárlög um framkvæmdir sem Alþingi hefur ekki fjallað um, hvað þá samþykkt. Það er ekki tekið fram í aths. og grg. með umræddu frv., 172. máli, að þetta sé ein ástæðan fyrir því, að hæstv. ríkisstj. bjó sér til sín eigin lánsfjárlög um 5 milljarða erlendar lántökur umfram það sem Alþingi heimilaði. Þetta er engu að síður staðreynd, vegna þess að í 2. gr. kemur fram að hæstv. ríkisstj. hefur heimilað tilteknar framkvæmdir, kostaðar af erlendu lánsfé, sem ekki var búið að kanna á Alþingi hvort vilji væri fyrir að ráðist yrði í. Ég held að það sé rétt munað hjá mér, að um slíkt séu fá dæmi.

Mörg dæmi eru um það, að ríkisstj. hafi talið að nauður ræki til að afla meiri lánsfjár en ráð var fyrir gert til þess að ljúka við framkvæmdir sem Alþingi hafði fjallað um og reyndust dýrari en áformað var, en mjög fá

dæmi þess, að ríkisstj. taki sjálf ákvörðun, utan heimilda, um að ráðast í tilteknar framkvæmdir, sem Alþingi hefur aldrei um fjallað, og afli til þess erlends lánsfjár í algeru heimildarleysi. Það er því full ástæða til — eins og stjórnarsinninn, hv. formaður fjh.- og viðskn. Nd. Alþingis, hv. þm. Halldór Ásgrímsson, gerði hér áðan — að víta hæstv. ríkisstj. mjög alvarlega fyrir slíkt framferði og líta það mjög alvarlegum augum, eins og hv. þm. gerði. Sjálfsagt eru fleiri hér inni sem líta þetta atferli ríkisstj. mjög alvarlegum augum, en látum það liggja á milli hluta í þessu sambandi.

Ef Alþingi fellst á að staðfesta slíka afgreiðslu hæstv. ríkisstj. má segja að verið sé að fallast á að gefa ríkisstjórnum, — ekki endilega núv. hæstv. ríkisstj., heldur þeim ríkisstjórnum sem kunna að taka við af henni, hversu lengi sem hún situr að völdum, — að Alþingi sé þar með að gefa ríkisstjórnum fordæmi um það, að ef þær af einhverjum ástæðum telja æskilegt að hreyfa ekki ýmsum framkvæmdahugmyndum sínum við Alþingi við afgreiðslu lánsfjárheimilda, — til þess geta legið margar orsakir, að þær vilji ekki hreyfa slíkum framkvæmdaáformum, — þá hafi Alþingi út af fyrir sig ekkert við það að athuga þó að ríkisstj. — eftir að Alþingi hefur afgreitt til hennar heimildir til lánsfjáröflunar til tiltekinna framkvæmda — ákveðið að setja eigin lánsfjárlög um framkvæmdir og lánsfjáröflun til þeirra, sem hæstv. ríkisstj. — hver sem hún kann að vera — hefur ekki af einhverjum ástæðum viljað hreyfa við Alþingi. Þetta er að sjálfsögðu fordæmi sem þýðir það, að það er tilgangslaust eða tilgangslítið fyrir Alþingi að afgreiða lánsfjárheimildalög, vegna þess að Alþingi gefur fordæmi um að það ætlast ekki til að þau séu virt. Það sé reiðubúið að staðfesta viðbótarframkvæmdir, ekki bara viðbótarfjáröflun til að ljúka framkvæmdaþáttum, sem Alþingi hefur áður fjallað um, heldur sérstakar nýjar viðbótarframkvæmdir sem enginn fjallar um nema hæstv. ríkisstj. — og verið getur að hún fjalli ekki einu sinni um þær í heild, heldur einstakir ráðherrar. Ég tel að alþm. geti ekki afgreitt slíkar heimildir.

Ég tel að hluta af því, sem um er fjallað í 2. gr., heimild til lánsfjáröflunar vegna framkvæmda sem ríkisstj. ákvæði sjálf án samráðs við Alþingi að ráðast í á yfirstandandi ári, væri miklu æskilegra að hafa sem hluta í lánsfjáröflun næsta árs, svo að þær framkvæmdir mætti skoða sem framkvæmdir á árinu 1981, þó að svo illa hafi farið að þær hafi verið unnar á árinu 1980.

Sá liður, sem fjallar um þyrlukaup Landhelgisgæslunnar, er sérstakt mál í þessu sambandi vegna þess að mér er ekki kunnugt um — og lét ég þó kanna það ítarlega á sínum tíma — að nokkurn tíma hafi verið tekin formleg ákvörðun í ríkisstj. um þessi kaup. Eftir upplýsingum sem ég hef úr fjvn. og tel enga ástæðu til að draga í efa vegna þess að núv. formaður fjvn., hv. þm. Geir Gunnarsson, tjáði mér að þær upplýsingar væru réttar, hefur fjvn. aldrei fjallað um þessi kaup og samþykkt þau. Og í þeim gögnum, sem til eru af fundargerðum ríkisstjórnarfunda, verður ekki séð að fyrrv. ríkisstjórnir hafi nokkurn tíma samþykkt þessi kaup formlega. Til þess að ályktа að slíkt hafi verið gert verða þeir, sem þannig ályktа, að snúa út úr samþykktum sem gerðar hafa verið á ríkisstjórnarfundum í þessu sambandi.

Með þessu er ég í sjálfu sér ekki að taka neina afstöðu til þess, hvort rétt sé eða rangt að kaupa hina nýju þyrlu til Landhelgisgæslunnar, það er mál sem að sjálfsögðu er athugunar- og skoðunarvert. Ég er aðeins að benda á að það hefur ekki að mínu viti verið farið að réttum reglum um þessa ákvörðun, því að fjárveitingavaldið, Alþingi, hefur aldrei samþykkt þessi kaup og ríkisstj. er ekki heimilt að ráðast í slík kaup nema að fengnu samþykki fjárveitingavaldsins. Að þessu leyti hafa reglur sem eiga að gilda í landinu um störf ríkisstjórnar og Alþingis, ekki verið virtar. Og í annan stað finn ég ekki — og lét þó leita sérstaklega að því á meðan ég var í fjmrn. — í bókunum ríkisstjórna, sem setið hafa næst á undan og fjallað um þessi mál, nokkra samþykkt sem hægt er óefað að líta svo á að hafi verið samþykkt ríkisstj. um að heimila slík kaup.

Við getum haft okkar skoðun á réttmæti þess, að Landhelgisgæslan eignist slíka þyrlu. Sjálfsagt er það nauðsynlegt, ég vil ekki meta það, ég hef enga aðstöðu til þess. En ákvarðanirnar um þau kaup hafa aldrei verið teknar af löglegum aðilum. Og auðvitað getur ekki svo til gengið, að ríkisstj. geti með þeim hætti gengið á snið við allar þær reglur sem henni og Alþingi ber að starfa eftir í sambandi við fjárfestingar af þessu tagi.

M. a. af þeim ástæðum, sem ég hef hér lýst í máli mínu, get ég ekki — þrátt fyrir það að við stöndum frammi fyrir gerðum hlut sem ekki er hægt að láta ganga til baka — mælt með því, að alþm. samþykki 1. og 2. gr. þessa frv., og mun ekki greiða þeim atkv. Hins vegar er ég reiðubúinn til þess að fallast á þá heimild sem frv. gerir ráð fyrir í 4. gr. að hæstv. fjmrh. sé veitt, þ. e. heimild til að taka lán allt að jafnvirði 25 milljarða kr. í erlendum gjaldeyri o. s. frv., eins og þar segir.

Hæstv. fjmrh. hefur upplýst að til boða standi nú óvenjulega hagkvæmt erlent lán sem hægt sé að ganga frá og taka þegar á næstu dögum. Ég tel enga ástæðu til þess, þó svo að lánsfjáráætlun hafi ekki verið afgreidd og lánsfjárheimildalög samþykkt, að standa af þeim sökum gegn því, að hæstv. ríkisstj. geti gengið frá því að taka erlent lán sem nú býðst og er óvenjulega hagkvæmt. Hins vegar lýsti ég því yfir þegar frv. þetta var til 1. umr., að mér fyndist með öllu óeðlilegt það sem kom fram í 4. gr. frv. fyrst þegar það var lagt fram, að hæstv. ríkisstj. og fjmrh. gætu á einn eða annan hátt ráðstafað því láni án þess að Alþingi hefði afgreitt lánsfjárheimildalögin, þar sem lánsfénu er skipt á einstaka framkvæmdaliði. Ég lagði til í ræðu minni við 1. umr. málsins að málið yrði afgreitt með breytingu á 4. gr. þess efnis, að ríkisstj. væri heimilt að taka þetta lán, svo að hún þyrfti ekki að sitja lántökuna af sér, þó svo hún hefði ekki haft döngun í sér til þess að koma frá sér í tæka tíð frv. til lánsfjárlaga, eins og henni ber þó lagaleg skylda til. Þó að við höfum vonda ríkisstj. í landinu, sem ekki getur einu sinni sinnt lagalegum skyldum sínum um afgreiðslu mála, er það engin afsökun fyrir því, að menn neyðist til að taka óhagkvæmari erlend lán en ástæða er til og kostur er á. Þó að hæstv. ríkisstj. hafi ekki haft döngun í sér og ekki sé meiri samstaða í ríkisstj. en það, að hún hefur nú mánuðum saman setið á lánsfjárheimildarfrv. og ekki getað afgreitt það og verður núna ber að því frammi fyrir Alþingi að geta ekki sinnt lagaskyldu um afgreiðslu slíks máls, þá er ekki ástæða til að mínu viti að koma í veg fyrir að hæstv. ríkisstj. geti tekið umrætt lán.

Ég lagði því til að sú breyting yrði gerð á 4. gr., að jafnframt því sem hæstv. ríkisstj. væri heimilað að taka þetta lán legði Alþingi bann við því í lagagreininni, að hæstv. fjmrh. ráðstafaði svo mikið sem einni krónu af

þessu láni fyrr en Alþingi væri búið að afgreiða lánsfjárheimildalögin sem hæstv. ráðh. vanrækti að leggja fram í tæka tíð, komst ekki til þess vegna ósamkomulags í ríkisstj., og það lægi alveg ljóst fyrir, að hæstv. ríkisstj. ráðstafaði engu af þessu láni öðruvísi en að fengnu samþykki Alþingis. Ég lagði því til við 1. umr. málsins að 4. gr. yrði breytt á þennan veg. Ríkisstj. yrði heimilað að taka lánið, en ekki heimilað að ráðstafa svo miklu sem einni gamalli krónu af því láni fyrr en hv. Alþingi væri búið að samþykkja lánsfjárheimildalögin eftir áramót.

Á þessa skoðun hefur hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar fallist einróma. Hún flytur á þskj. 269 brtt. við 4. gr. þar sem greininni er breytt á þann veg, að hæstv. fjmrh. og ríkisstj. er alfarið bannað að ráðstafa svo mikið sem einni gamalli krónu af þessum 25 þús. millj. í erlendum gjaldeyri sem hæstv. ríkisstj. er heimilað að taka að láni. Með þessari breytingu hefur að sjálfsögðu verið reynt af hálfu Alþingis að setja undir þann leka sem kemur fram í 1. og 2. gr. frv. að átti sér stað á yfirstandandi ári.

Hitt er svo allt annað mál, hvort hæstv. ríkisstj. virðir þessi ákvæði frv., ef að lögum verða, nokkuð meira en hæstv. ríkisstj. virti ákvæði lánsfjárheimildalaganna sem sett voru fyrir nokkrum mánuðum. En á það verður að reyna. Og ég er ekki viss um að hv. stjórnarsinni Halldór Ásgrímsson, formaður fjh.- og viðskn. Nd. Alþingis, væri jafnreiðubúinn að standa að afgreiðslu lánsfjárheimildalaga nú eftir áramótin ef hæstv. fjmrh. virti þessa niðurstöðu nefndarinnar að vettugi, eins og hann virðist núna, hv. þm., vera reiðubúinn að afgreiða þetta frv., þ. á m. 1. og 2. gr. þess, þó svo að hæstv. fjmrh. og ríkisstj. hans hafi virt lánsfjárheimildalögin fyrir árið 1980 að vettugi í störfum sínum.

Herra forseti. Ég hef í máli mínu gert grein fyrir því, hvers vegna ég hef undirritað nál. með fyrirvara og hvers vegna ég mun ekki greiða atkv. með 1. og 2. gr. frv., en hins vegar með megininntaki þess um heimild til ríkisstj. að taka erlent lán að jafnvirði 25 milljarða kr. — án þess að hæstv. ríkisstj. hafi heimild til, fyrr en Alþingi hefur afgreitt lánsfjárheimildalög, að ráðstafa svo mikið sem einni krónu af þessu fé.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég vil þakka fjh.- og viðskn. deildarinnar fyrir að hafa afgreitt þetta frv., bæði stjórnarliðum og stjórnarandstæðingum. Hins vegar verð ég að segja alveg eins og er, að þessi seinasta ræða, sem hér var flutt af hv. 3. þm. Vestf., Sighvati Björgvinssyni, var ein af dæmigerðum ræðum stjórnarandstæðings sem hefur ekki mikið til málanna að leggja, en þarf að reyna að velta sér upp úr einhverju til þess að láta líta svo út að hann sé að halda uppi hæfilegri stjórnarandstöðu. Þetta voru meira eða minna innantómar ásakanir sem hann veit sjálfur að eiga litla stoð í veruleikanum, en að vísu má alltaf búast við slíku þegar málefnafátækt er annars vegar.

Hann var með ásakanir í hneykslunartón um það, að réttum leikreglum hefði ekki verið fylgt, þó að hann viti sjálfur af langri reynslu sinni af þingstörfum að í þessum efnum hefur verið fylgt þeim lögum og venjum sem í gildi hafa verið. Auðvitað er það staðreynd, að Alþingi afgreiðir fjárlög á hverju ári sem veita ríkisstj. heimildir til ráðstöfunar á fjármunum ríkisins eftir ákveðinni áætlun sem þar er sett. En hv. þm. veit ósköp vel að þessi heimild stenst aldrei nákvæmlega. Ýmist er þar of eða van og stundum getur munað þar verulegum fjárhæðum, þannig að ríkisreikningurinn lítur aldrei nákvæmlega eins út og fjárlög gerðu í upphafi. Það getur bæði stafað af verðlagsbreytingum eða breyttum aðstæðum og vegna aukafjárveitinga. Nákvæmlega það sama gildir um lántöku ríkissjóðs eða ríkisstofnana. Það er aldrei hægt að segja nákvæmlega til um það fyrir fram í lánsfjárlögum, hve mikil þörf sé á lántökum á vegum ríkissjóðs og ríkisstofnana. Aftur á móti setur Alþingi ákveðna áætlun og veitir heimildir í samræmi við hana, en það er árlegur viðburður og hefur verið um langt skeið, að þar verði einhverjar breytingar á.

Alþingi samþykkir gjarnan aukafjárlög, sem eru raunverulega eftirástaðfesting Alþingis á þeim gjöldum sem farið hafa fram úr fjárveitingu. Og nákvæmlega það sama hefur gerst í sambandi við lántökurnar, að það hefur verið nær árlegur viðburður hér á Alþingi að flutt væri frv. til staðfestingar á þeim lántökum sem fram úr hafa farið. Ég minnist þess t. d., að þegar hv. 3. þm. Vestf. var fjmrh. var hér nákvæmlega sams konar frv. á ferðinni fyrir árið 1979. Ég man það nú satt að segja ekki, enda skiptir það í sjálfu sér engu máli, hvort það var hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, sem flutti þá þetta frv. sem fjmrh., eða hvort fyrirrennari hans var búinn að flytja þetta frv. af hálfu stjórnar sem hv. þm. átti aðild að og studdi með ráðum og dáð þar til allt í einu hann og hans flokkur brugðu á annað ráð. En það skiptir ekki máli. Söm var gerðin á því haustinu. Og nákvæmlega sama gerðist haustið 1978. Þá var flutt frv. um eftirástaðfestingu Alþingis á lántöku sem hafði orðið meiri en ráð var fyrir gert. Þetta dreg ég hér fram ef ske kynni að einhverjir þm. væru svo illa að sér í þingvenjum og starfsháttum Alþingis að þeir vissu þetta ekki og héldu kannske að hv. þm. hefði verið að segja eitthvað merkilegt áðan. (**HBl:** Er ráðh. að segja að þm. sé ekki samkvæmur sjálfum sér?) Já, það skyldi nú ekki vera að eitthvað slíkt fælist í mínum orðum, því að ég held að það viti allir, að svona hefur það gengið fyrir sig. En það er kannske hægt að telja einhverjum auðtrúa sálum trú um þetta, t. d. blaðamönnum frá fjölmiðlum, sem eru nýkomnir til starfa og þekkja lítið til þingstarfanna, eða þm. sem lítið hafa hér verið. En þetta nefni ég hér vegna þess að þetta er auðvitað ákaflega blekkjandi málflutningur.

Hv. þm. orðaði það þannig, að það væri tilgangslaust eða tilgangslítið fyrir Alþingi að samþykkja lánsfjáráætlun ef ríkisstj. gerði þar síðan breytingar á með því að bæta einhverju við. Við gætum með nákvæmlega sama rétti orðað þetta þannig: Það er alveg tilgangslaust fyrir Alþingi að setja fjárlög úr því að það koma til allar þessar aukafjárveitingar og allt sem bætist við vegna breyttra aðstæðna. En auðvitað vitum við öll að málflutningur af þessu tagi er tómt mál. Það þarf að setja ákveðinn ramma, bæði fyrir fjárlög og fyrir greiðslur úr ríkissjóði og fyrir lántökur. Síðan geta þar alltaf orðið einhverjar breytingar á.

Ég vildi líka mega benda þm. á það, af því að ég er ekki viss um að allir átti sig á því, að þær lántökur, sem hér eru tilgreinar til Rafmagnsveitna ríkisins, Jarðvarmaveitna ríkisins, Orkusjóðs og Landhelgissjóðs, eru ekki lántökur í heimildarleysi. Í lögum eru skýr ákvæði um það, að B-hluta fyrirtækjum er heimilt að taka lán með samþykki fjmrn. Það eru því skýrar lagaheimildir fyrir þessum lántökum. Hins vegar eru ekki ábyrgðarheimildir fyrir hendi í sambandi við allar þessar lántökur.

Sérstaklega á það við Orkubú Vestfjarða og hitaveiturnar og undirbúningsfélag um saltvinnslu á Reykjanesi og svo auðvitað þær leiðréttingar sem eru hér neðstar. Það var talið eðlilegt að taka þetta allt saman og bera fram í heildarfrv., þannig að þm. hefðu fullt yfirlit yfir þær lántökur, sem átt hefðu sér stað og það væri sem sagt veitt formleg heimild fyrir þessum lántökum sérstaklega, þó að segja megi að þegar sé í lögum heimild fyrir flestum þeirra.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta. Ég vil bara bæta því við, að ég er sannfærður um að það verður aldrei til ríkisstj. í landinu sem neyðist ekki til þess á þeim langa tíma, sem Alþingi er í sumarleyfi, að gera einhverjar breytingar á lántökum frá því sem er í lánsfjáráætlun, sérstaklega meðan verðbólga er í jafnstórum stíl í landinu og nú er og þeir erfiðleikar sem fylgja því að áætla nákvæmlega til einstakra verka.

Ég vil taka fram að ég hef að sjálfsögðu ekkert við það að athuga, að sú breyting verði gerð á 4. gr. sem nefndin gerir till. um. Auðvitað vildi hv. þm. reyna að færa þetta smáatriði í þann búning, að nú kæmi nefndin og bannaði ríkisstj. að ráðstafa þessum fjármunum og nú væri sem sagt sett undir þann leka, sem greinilega hefði þarna verið fyrir hendi, að þessum fjármunum yrði ráðstafað án heimildar. Auðvitað hvarflaði það ekki að nokkrum manni, hvorki ríkisstj. né öðrum sem til þekktu, að ráðstafað yrði grænum eyri, sem þarna var um að ræða, án þess að lánsfjáráætlun hefði verið samþykkt formlega hér í þinginu og afgreidd í tengslum við lánsfjárlög. Og raunar tók ég þetta sjálfur skýrt fram í framsöguræðu, — tók það mjög skýrt fram og lagði meira að segja til að athugað yrði hvort æskilegt væri að gera breytingu á þessari grein, ef mönnum fyndist orðalagið ekki alveg nægilega pottþétt.

Það hefur komið í ljós og ég er sammála því, að orðalagið þyrfti kannske að vera eilítið strangara til þess að hæfa efni málsins. Þá er sjálfsagt að gera á því breytingu og það stendur sannarlega ekki á mér að samþykkja hana því að auðvitað datt mér aldrei neitt annað í hug. Tilgangurinn með þessu er sá einn að tryggja í janúar þessa lántöku sem er óvenjulega hagstæð og með óvenjulegum kjörum.

Ég vil svo að lokum segja það, að ég er alltaf jafnhissa þegar menn eru að býsnast yfir því, að lánsfjáráætlun sé ekki afgreidd fyrir jól, vegna þess að staðreynd er að það hefur mjög sjaldan gerst. Ég mun að vísu hafa nefnt það hér um daginn, að þetta muni hafa aðeins einu sinni gerst. En við nána athugun málsins hefur niðurstaðan orðið sú, að á s. l. áratug gerðist þetta þrisvar, — það gerðist þrisvar sinnum að lánsfjáráætlun væri afgreidd fyrir áramót. Mér þykir gott að fá tækifæri hér til að leiðrétta þessa missögn mína í umr. um daginn. En eftir stendur hitt, að það hefur sem sagt miklu oftar gerst, margfalt oftar gerst, að lánsfjáráætlun væri ekki afgreidd fyrir nýár, og breytir að sjálfsögðu ekki neinu þó að svo fari nú. Lánsfjáráætlun liggur fyrir. Það er ljóst hver áform eru í þeim efnum, og það er því einungis formsatriði að ganga endanlega frá lánsfjáráætluninni eftir áramót.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Það vekur athygli, að meiri hl. nm. fjh.- og viðskn. skrifar undir nál. um þetta frv. með fyrirvara. Og formaður nefndarinnar hefur gert sínar athugasemdir við framkvæmdir ríkisstj. sem ég þarf ekki að endurtaka, því að um það var ekki ágreiningur í nefndinni.

Í sambandi við 4. gr. frv. flytur fjh.- og viðskn. sameiginlega till. um það, að fjmrh. sé heimilt að verja andvirði þess láns til framkvæmda á vegum ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja eða endurlána til sveitarfélaga og samtaka á þeirra vegum í samræmi við lánsfjáráætlun 1981 þegar lánsfjárlög fyrir árið 1981 hafa verið samþykkt. En með því orðalagi, sem var í 4. gr., að hafa þetta opið — þó að hæstv. ráðh. segi í aths. við 4. gr.: „Því er í þessu frv. leitað heimildar til lántöku allt að 25 milljarða kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Hér er sami háttur hafður á og árið 1980, en lánsfé þessu verður ráðstafað í náinni samvinnu við fjvn." — Þetta þótti okkur ekki nógu fast að orði kveðið og ekki nógu ábyggilegt, hvað fælist í því, og því var sú breyting gerð á 4. gr. sem allir nm. standa að.

Við fulltrúar Sjálfstfl. í fjh.- og viðskn. ritum allir undir nál. með fyrirvara. Fyrirvari okkar felst í því, að við viljum ekki og tökum ekki ábyrgð á því að afgreiða 1. og 2. gr. frv. Ég átel það í fyrsta lagi, að frv. til lánsfjárlaga skuli ekki liggja fyrir og vera til afgreiðslu nú með fjárlagafrv. Hæstv. fjmrh. leiðrétti fyrri ræðu sína og hefur nú komist að þeirri niðurstöðu, að lánsfjáráætlun hafi á síðustu 10 árum verið afgreidd þrisvar sinnum fyrir áramót. En ég vil bæta hér nokkru við og minna hæstv. ráðh. á að það var ekki lagaskylda fyrr en á árinu 1979 að leggja hana fram með fjárlagafrv., og skýtur skökku við ef þá er fyrst hætt að leggja frv. til lánsfjárlaga fram þegar það er orðin lagaleg skylda.

Hin margumræddu Ólafslög svokölluð eða lög um stjórn efnahagsmála o. fl. gera ráð fyrir því, að með fjárlagafrv. hvert ár skuli leggja fram áætlun er lýsi í aðalatriðum meginstefnu í ríkisbúskapnum næstu þrjú árin eftir lok þess fjárhagsárs, sem fjárlagafrv. tekur til. Með þessari áætlun á að sýna í fyrsta lagi meginstefnu í ríkisfjármálum og þróun ríkisbúskaparins, í öðru lagi samræmi milli stefnunnar í ríkisfjármálum og í efnahags- og atvinnumálum, í þriðja lagi stefnumótun um öflun tekna og skiptingu gjalda ríkisins og í fjórða lagi stefnumótun um framlög á fjárlögum til fjárfestingar ríkis, fjárfestingarsjóða, sveitarfélaga og einkaaðila. Þetta allt er brotið, og ég ætla ekki að álasa hæstv. fjmrh. fyrir það, þó að hann brjóti þetta allt saman. Til þess liggur ein ástæða. Það er engin meginstefna til í ríkisfjármálum hjá núv. ríkisstj. og það er þess vegna ekkert samræmi á milli stefnunnar í ríkisfjármálum og efnahags- og atvinnumálum. Þetta vantar allt saman, það vantar allt sem við á að éta. Þess vegna er ekki von að veslings fjmrh. geti lagt þetta fram. Hann hangir í lausu lofti, blessaður.

En þrátt fyrir þetta eru þetta lögbrot. Og það kemur úr hörðustu átt þegar einstakir ráðherrar ásaka ýmsa aðra í þjóðfélaginu fyrir að brjóta þessi lög, þegar þeir ganga á undan með sínu fordæmi sjálfir. Ég hef hvað eftir annað haldið því fram, að þessi lög ætti að afnema í heild. Alþfl. stóð að því að fá þessi lög í gegn hér á Alþingi og fulltrúar hans og þó alveg sérstaklega sá sem mest hefur rætt um efnahagsmál og siðferði í fjármálum. Hv. 9. þm. Reykv. hefur lýst því margoft yfir, eftir að Alþfl. fór úr ríkisstj., að þetta væru eiginlega orðin alveg marklaus lög.

Þrír ráðherrar, sem mega teljast til Sjálfstfl., voru á móti þessum Ólafslögum á sínum tíma. Þeir hafa ekki gefið neinar yfirlýsingar, enda heyrist afar lítið í þeim. Ég held að það sé orðið tímabært, þó að það verði nú að bíða

úr þessu næsta árs, að láta reyna á hvort þessi svokölluðu Ólafslög eiga meirihlutafylgi hér á Alþingi. Sumir, sem stóðu að setningu þessara laga, eru vonsviknir yfir þeim, eins og ég nefndi áðan, en það má líka og er nauðsynlegt að láta reyna á það, hvort sjálfstæðismennirnir í ríkisstj. hafa skipt um skoðun og vilja halda þessum lögum í gildi eða hvort þeir eru á sömu skoðun og þeir voru þegar þeir börðust gegn setningu þeirra.

En það er annað líka sem er athyglisvert við þetta frv. um heimildir til lántöku, að hér er verið að fara fram á heimild til þess að taka lán í lok þessa árs, þessa síðustu daga ársins, að upphæð 4 milljarða 750 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar upphæðar í erlendri mynt miðað við gengi 1. ágúst 1980. Hér er verið að fara fram á þessa heimild til þess að leiðrétta eða til samræmis við framkvæmdir á þessu ári. Finnst mönnum ekki athyglisvert, þar sem lánsfjárlög voru samþykkt 29. maí á þessu ári, að í desember skuli vera farið fram á heimild til lántöku að upphæð 4 milljarðar 750 millj. kr. umfram lánsfjárlög sem voru samþykkt þegar fimm mánuðir voru liðnir af árinu? *Ef þau hefðu verið samþykkt um síðustu áramót* væri sennilega heimildin, sem farið væri fram á, um 7 milljarðar, miðað við það, að hér er aðeins sjö mánaða tímabil að ræða. Ef þeir hefðu verið 12, þá væri þetta nálægt eða rúmlega 7 milljarðar. Finnst mönnum ekki fara töluvert úrskeiðis í þessum efnum? Vissi ríkisstj. ekki á hvaða stigi þessar framkvæmdir stóðu um mánaðamótin maí—júní? Og mér þykja það furðulegar athugasemdir sem fylgja þessu frv. Hér segir:

„Í endurskoðaðri áætlun um framkvæmdir við byggðalínur hafa komið fram nokkrir óvæntir þættir, eins og t. d. við gerð tveggja undirstaða fyrir háspennumöstur í Gilsfirði vegna Vesturlínu.“ Ætlar hæstv. fjmrh. að sannfæra Alþingi um það, þegar framkvæmdir eru þar í fullum gangi þegar lánsfjárlögin eru samþykkt, að það hafi ekki verið reiknað með því, að það þyrfti undirstöður undir þessi möstur? Þessari framkvæmd er lokið fyrir alllöngu. Og annað er enn eftirtektarverðara: „Á lánsfjáráætlun 1980 voru 650 millj. kr. ætlaðar til framkvæmda við dráttarbrautir og við það miðað, að fyrirtæki tækju upphæð þessa að láni. Verkefni þau, sem sinna átti, voru í höndum sveitarfélaga og reyndust styrkhæf úr ríkissjóði.“ Voru þeir núna í desember að vita það, að þessi verkefni voru styrkhæf úr ríkissjóði? Vissu þeir ekki um hafnalögin? Gerðu þeir sér enga grein fyrir því, þegar lánsfjárlögin og lánsfjáráætlunin voru samþykkt á s. l. vori, að ríkissjóður þyrfti að standa fyrir sínu mótframlagi sem er 520 millj. kr.?

Einnig er sagt hér: „Nauðsynlegt reyndist að afla aukins lánsfjár til þess að ljúka áfanga í virkjanarannsóknum á Austurlandi.“ Var ekkert vitað hvað þessar rannsóknir mundu kosta um mánaðamótin maí—júní á þessu ári? Svo eru þessir menn alltaf að tala um að það þurfi að gera langtímaáætlanir. Þeir eru ekki færir um að gera þriggja mánaða áætlanir, ekki einu sinni áætlun til jóla úr þessu. Maður er gersamlega hættur að skilja hvað hún er að fara, þessi ríkisstj. Hún veit það ekki sjálf. Það er aðeins eitt sem hún veit. Hún segist ekki vilja fara — eða þeir sem eru ráðherrar segjast ekki vilja fara úr stólunum. Það er eina ferðalagið sem þeir vita að þeir ætla ekki í, það er að fara ekki úr stólunum.

Mér finnst fyrir mitt leyti að það gangi meira á á ýmsum öðrum sviðum en að byggja upp og hafa taumhald á því sem á að gera og er verið að gera. Það ber meira á ýmsum upphlaupum. Það er hamast á atvinnulífinu í landinu og stórfyrirtækjunum. Það er nú orðin grátleg saga, árásin á Flugleiðir. Og það er kraftaverk, að sendimönnum og upphlaupsmönnum úr Alþb. tókst ekki að koma því fyrirtæki fyrir kattarnef í haust, því að annar eins rógur hefur ekki verið fluttur um nokkurt atvinnufyrirtæki nú um langan tíma, ekki hér innanlands, ekki heldur utanlands. Það átti ekki fyrir skuldum, það átti ekki fyrir ábyrgðarbeiðninni. Þetta var fullyrt hvað eftir annað. Og ekki létu þeir á sér standa, sumir fréttamenn í þessu landi og það við opinbera fréttamiðla. En hvað er svo komið á daginn? Nú liggur það loksins fyrir. Ætli það sé ekki oft betra að láta minna í þessum efnum? Það var tekin upp nýbreytni í því að stjórna Flugleiðum í gegnum fréttamiðla, í gegnum nefnd í Ed. Alþingis. En neðri deild Alþingis tók málið öðrum tökum. Þar var það rætt málefnalega og í kyrrð og ró og friði og reynt að afla gagna og nauðsynlegra upplýsinga. Ég held að þetta sé atriði, sem hæstv. ríkisstj. ætti að stuðla að, að breyta vinnubrögðunum.

Það fer ósköp lítið fyrir iðnaðarstefnunni. Það er aðallega verið að reiða til höggs. Fyrst átti að klippa á rafmagnið til álversins í Straumsvík. Nú er látið að því liggja, að um stórkostlegt misferli sé að ræða. Á sama tíma og við erum strekktir í nefndum þingsins, þá boðar iðnrh. til blaðamannafundar til þess að reyna að koma því á framfæri, að nú sé eitthvað ljótt í aðsigi. En það er ekki verið að boða slíka frétt hér á Alþingi. Þinginu kemur þetta ekkert við. Það er aðeins tilgangurinn að koma því í fjölmiðla: Getum við sáð einhverju illu, sundrungu? Stóriðjan hefur lengi verið fleinn í holdi þessara manna, en undarleg eru nú viðbrögð ýmissa annarra, sem tekið hafa þátt í að móta stefnuna um stóriðnað í landinu, en steinþegja nú eins og þeir heyri ekki nokkurn skapaðan hlut og geti alls ekki opnað sinn munn.

Þrátt fyrir það, hvernig að öllum málum er unnið hjá þessari ríkisstj. og svikist er um að standa við landslög, — lög sem þeir hafa sjálfir sett, þá viljum við sjálfstæðismenn í fjh.- og viðskn. á engan hátt tefja fyrir framgangi þessa máls, af þeirri einu ástæðu að það er möguleiki á að taka erlent lán, eftir því sem sagt er, með góðum kjörum og til langs tíma. Þess vegna viljum við á þennan hátt greiða fyrir afgreiðslu málsins með því að standa að þessu leyti með stjórnarsinnum í fjh.- og viðskn., þó að við áteljum harðlega að frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1981 skuli ekki hafa verið lagt fram.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég efa ekki að það hefur verið á ýmsan hátt erfitt verk síðustu vikurnar, og þá ekki síst fyrir hæstv. fjmrh., að sitja í ríkisstj. án þess að hægt væri að fá ríkisstj. til að samþykkja að komast að niðurstöðu um afgreiðslu mála sem henni ber að afgreiða lögum samkvæmt. Það er án efa talsvert mikið álag á ráðh. að búa við þær aðstæður að þurfa að standa í því, eins og hæstv. fjmrh. hefur þurft að gera, að geta ekki lagt fram einn af þýðingarmestu þáttum viðfangsefnis síns í ríkisstj. á þeim tíma, sem lög mæla fyrir um, vegna ágreinings í stjórninni. Sjálfsagt hefur þetta m. a. haft þau áhrif á hæstv. ráðh., að hann hefur verið meira og minna úti á þekju síðustu daga í þinginu og man ekki að eigin sögn sjálfur fyllilega hvernig að málum var staðið rétt fyrir s. l. áramót. Það er alveg sjálfsagt að rifja það upp.

Eins og menn væntanlega muna og hæstv. ráðh. mun reka minni til ef hann skoðar grandgæfilega í skjalasafni sínu, þá stóðu yfir umræður um nýja stjórnarmyndun. Vegna vetrarkosninga og þess, sem á eftir fylgdi, var ekki meirihlutastjórn í landinu, og af þeim mjög óeðlilegu ástæðum þurfti að standa óeðlilega að afgreiðslu ýmissa mála. Eins og hæstv. fjmrh. er kunnugt gerðist það hins vegar í febrúarmánuði s. l., að heiðri Alþingis var bjargað með myndun nýrrar ríkisstj., sem er búin að sitja í landinu síðan og ætti því væntanlega ekki að vera neitt slíkt óeðlilegt ástand í stjórn landsins núna sem varð til þess um þetta leyti í fyrra, að ekki var hægt að framkvæma ýmsar þær aðgerðir sem ríkisstjórnum ber skylda til að láta frá sér fara, svo sem afgreiðslu lánsfjáráætlunar.

En svo að ég rifji þau mál eilítið meira upp, þá voru þau mál afgreidd hér á Alþingi þannig, að lagt var fram, rétt áður en Alþingi fór í jólafrí, frv. um heimildir til ríkisstj. til töku erlends lánsfjár með svipuðum hætti og upphaflega var í 4. gr. frv. þessa ætlunin að gera, þ. e. þáv. ríkisstj., sem var minnihlutastjórn Alþfl., var heimilað að taka erlent lán og ráðstafa því að höfðu samráði við fjvn. Alþingis. Alþm. treystu þá minnihlutastjórn Alþfl., sem ekki hafði þingmeirihluta á bak við sig, til þess að taka og ganga frá slíku erlendu láni, og alþm. treystu henni til þess að halda þannig á málum, þó að hún fengi þessa heimild, að ekki væri ástæða til að draga í efa að sú minnihlutastjórn Alþfl. mundi gæta fyllstu varfærni um ráðstöfun þeirra fjármuna. Einu skorðurnar sem henni voru settar voru þau að hafa samið við fjvn.

Eins og frv. var úr garði gert af núv. hæstv. ríkisstj. bað hún Alþingi um að hafa sama háttinn á við afgreiðslu þessa bráðabirgðaláns eins og gilti gagnvart minnihlutastjórn Alþfl. í fyrra. En þó að núv. hæstv. ríkisstj. hafi meiri hl. á Alþingi varð niðurstaða þessa meiri hl. sú, að þó svo að minnihlutastjórn Alþfl. hafi verið trúað fyrir slíkri afgreiðslu í desembermánuði á s. l. ári væri núv. hæstv. ríkisstj. ekki trúandi fyrir slíkri afgreiðslu á þessu ári.

Þess vegna herra forseti og hæstv. fjmrh., ákvað fjh.- og viðskn. Nd. Alþingis að gera þá breytingu á 4. gr. umrædds frv. að fara ekki að þeim tilmælum núv. hæstv. ríkisstj. að láta hana fá sömu heimild og sambærilega afgreiðslu og minnihlutastjórn Alþfl. fékk fyrir einu ári. Fjh.- og viðskn. hv. Nd. var alfarið sammála um að verða ekki við þeirri ósk hæstv fjmrh. Ragnars Arnalds, en breyta þess í stað 4. gr. á þá lund, að honum væri og ríkisstj. með öllu óheimilt að ráðstafa einni krónu af þessu fé, jafnvel að höfðu samráði við fjvn.

Það er ekki rétt munað af hæstv. fjmrh., að hér sé verið að endurtaka sömu afgreiðslu og í fyrra. Aðstæðurnar eru allt aðrar núna en þá voru. Nú er meirihlutaríkisstj. búin að sitja í landinu síðan í febrúarmánuði. Þá var minnihlutastjórn. Og afgreiðslan, herra forseti, er allt önnur. Hún er á þá lund, að þingmeirihlutinn á Alþingi núna trúir hæstv. ríkisstj. ekki fyrir sams konar afgreiðslu og minnihlutastjórn Alþfl. fékk hjá Alþingi fyrir einu ári. Og hvers vegna skyldi nú þingmeirihluti hæstv. ríkisstj. ekki treysta henni til sambærilegrar afgreiðslu og minnihlutastjórn Alþfl. var veitt fyrir einu ári? Jú, svarið kom, herra forseti, fram í máli formanns hv. fjh.- og viðskn. Alþingis. Ástæðan er 1. og 2. gr. þessa frv., 172. máls. Formaður fjh.- og viðskn., hv. þm. Halldór Ásgrímsson, þurfti nefnilega að láta þess sérstaklega getið, eins og dm. væntanlega tóku eftir, að hann teldi ástæðu til þess að líta mjög alvarlegum augum á það sem gerst hefði í framhaldi af afgreiðslu Alþingis á lánsfjárheimildalögunum á s. l. vori.

Eins og kemur fram í aths. við lagafrv. þetta var fjmrh. 6. júní s. l. heimilað að taka lán á yfirstandandi ári allt að 11.3 milljörðum kr. Hann tók hins vegar í heimildarleysi lán sem nam 4 milljörðum 750 þús. kr. hærri fjárhæð en Alþingi heimilaði honum. Þetta samsvarar því, að hæstv. ríkisstj. hafi á hverjum einasta mánuði af starfstíma sínum farið 790 millj. kr. umfram heimildir Alþingis í erlendum lántökum. Á hverjum einasta mánuði starfstíma núv. ríkisstj. hefur hún samkv. þessu tekið að meðaltali 790 millj. kr. að láni erlendis umfram það sem Alþingi heimilaði henni að gera. Og þó svo — eins og hæstv. fjmrh. minntist á hér áðan — að fjölmörg fordæmi megi finna fyrir því, að ríkisstj. hafi farið fram úr heimildum Alþingis til að taka lán erlendis, þá er ég alveg sannfærður um að slíkt og þvílíkt fordæmi verður aldrei fundið, að ein ríkisstj. skuli á sex mánaða tímabili fara 41.8% fram úr heimildum Alþingis til erlendrar lántöku, að ein ríkisstj. skuli að meðaltali á hverjum einasta mánuði, sem hún hefur setið, taka 790 millj. kr. að láni erlendis umfram það sem Alþingi hefur heimilað henni. Slík ríkisstj. hefur aldrei, herra forseti, setið að völdum á Íslandi fyrr.

En það er ekki bara það. Það er alveg rétt hjá hæstv. fjmrh., að í verðbólgu af því tagi, sem orðið hefur í valdatíð Alþb. verða menn að horfast í augu við þá staðreynd, að áætlanir, sem gerðar eru jafnvel í júní, jafnvel á miðju ári, standast ekki 2—3 mánuðum síðar. Og menn verða þá að vera við því búnir að þurfa að afla meira fjár til að standa undir ráðgerðum framkvæmdum, ef á að ljúka því framkvæmdamagni sem áformað var, vegna þess að áætlanir standast ekki. Í ræðu minni áðan gagnrýndi ég þetta athæfi ekki mjög mikið, því að það eru fjölmörg fordæmi til fyrir því, þó að mismunurinn á milli áætlunartalna og framkvæmdatalna eða kostnaðartalna hafi sennilega aldrei verið meiri en á s. l. sex mánuðum, af þeirri einföldu ástæðu að verðbólguvöxturinn hefur sjaldan verið hraðari.

En það, sem við fyrst og fremst gagnrýndum, ég og hv. þm. Halldór Ásgrímsson, frsm. og formaður fjh.- og viðskn. Nd., var ekki þetta, heldur hitt, sem hæstv. fjmrh. minntist ekki á í ræðu sinni hér áðan, að hæstv. ríkisstj. hefur brugðið á það ráð, á þessum fáu mánuðum sem hún hefur setið, að afla lánsfjár ekki bara til að ljúka framkvæmdaáformum sem rædd höfðu verið og staðfest af Alþingi, heldur að ákveða sjálf lánsfjáröflun til framkvæmda sem fjárveitingavaldið og Alþingi höfðu aldrei fjallað um. Það er allt annar handleggur heldur en hitt, að framkvæmdakostnaður kunni að fara fram úr áætlun í 50—60% verðbólgu og menn verði að útvega meira fé af þeim ástæðum. Það er allt annar handleggur, herra forseti, hvort ríkisstj. þarf á auknum fjármunum að halda af þeim sökum eða hvort ástæðan er sú, að ríkisstj. hafi upp á sitt eindæmi ákveðið að ráðast í framkvæmdir, sem kosta þjóðina hundruð millj. kr. í erlendum lántökum, án þess að hafa nokkurn tíma rætt það við Alþingi eða fengið það samþykkt af Alþingi.

Það var fyrst og fremst þetta sem við gagnrýndum, ég, hv. þm. Matthías Bjarnason og hv. þm. Halldór Ásgrímsson, formaður fjh.- og viðskn. Og þetta, herra

forseti, held ég að hæstv. fjmrh. ætti að gera sé ljóst. Það er þetta sem fyrst og fremst er verið að gagnrýna. Það er það, að hæstv. ríkisstj. skuli leyfa sér að hafa lánsfjárlög að engu með þessum hætti, með þeim hætti, að hún ákveði sjálf nýjar framkvæmdir upp á hundruð millj., sem kosta verður með erlendu lánsfé, — framkvæmdir sem aldrei hafa verið ræddar við Alþingi, hvað þá staðfestar eða samþykktar af Alþingi.

Það er þetta fordæmi sem við þurfum fyrst og fremst að óttast, fordæmi eins og virðist hafa verið, að ríkisstj. skuli a. m. k. eftir á segjast hafa vitað að tiltekin framkvæmd stæði til, eins og var t. d. með kaupin á þyrlu Landhelgisgæslunnar, en vegna þess, eins og hæstv. dómsmrh. lét út úr sér við fjölmiðla, að erlendum lántökum hafi verið ákveðinn stakkur skorinn, hafi ríkisstj. ákveðið að láta þessarar framkvæmdar að engu getið við Alþingi, leyna Alþingi því, að þetta stæði til, og koma svo eftir á. (Gripið fram í.) Hæstv. dómsmrh. sagði þetta víst. (**Gripið fram í:** Aldrei.) Hann sagði það, hæstv. ráðh., í viðtölum við fjölmiðla, að ríkisstj. hefði, vegna þess að lánsfjáráætlun hefði verið sniðinn ákveðinn stakkur, ákveðið að lánsfjáröflunar vegna þyrlukaupa Landhelgisgæslunnar yrði þar ekki getið. Hæstv. ráðh. bætti því einnig við, að ríkisstj. hefði ekki átt von á því, að til þess kæmi fyrr en eftir áramótin að ganga þyrfti frá þessum þyrlukaupum, en þar sem fregnir hefðu borist af því til ríkisstj. að þyrlan væri tilbúin fyrr, þá hefði að sjálfsögðu ekki verið um annað að ræða en ganga frá kaupunum og tilheyrandi fjármagnsútvegun. En hæstv. ráðh. sagði, ég ítreka það, að um þessa framkvæmd hefði ríkisstj. vitað áður en lánsfjárheimildir voru afgreiddar og samt sem áður ekki haft fyrir því að láta fjárveitingavaldið, Alþingi, vita af því.

Þetta er að sjálfsögðu fordæmi sem er ekki góð forspá, vegna þess að þetta þýðir, ef Alþingi fellst á svona afgreiðslu mála, að ríkisstj. geti gert sér leik að því að leggja fram ófullburða lánsfjáráætlun — eins og hæstv. ríkisstj. lagði fram á s. l. vori ófullburða fjárlagafrv. — þ. e. lánsfjáráætlun þar sem ekki kemur fram nema hluti af ráðgerðum framkvæmdum og fjáröflun, til þess að láta í veðri vaka að erlend fjáröflun eigi að vera minni en ríkisstj. hefur í raun réttri ákveðið.

Og, herra forseti, nú rétt áðan benti hv. þm. Matthías Á. Mathiesen mér á þá athyglisverðu staðreynd, að einmitt þetta er verið að gera í lánsfjáráætlun hæstv. ríkisstj. sem nýlega hefur verið lögð fram. Það eru talin upp tiltekin verkefni sem á að útvega erlent lánsfé til. Síðan er listinn lagður saman og niðurstöðutala fengin og sagt: Þetta eru þau erlendu lán sem taka á. En í næstu setningum á eftir eru talin, að mig minnir, þrjú lántökuverkefni sem segir að ríkisstj. hafi auk þess áformað að sinna, en útgjöldin vegna þeirra eru hvergi sýnd.

Það er þetta fordæmi, herra forseti, sem ég varaði við að væri verið að gefa með afgreiðslu á þessu frv. hér. Og það er þetta fordæmi, herra forseti, em ríkisstj. er svo fljót að grípa, að á sama tíma og hún er að biðja okkur um að afgreiða og staðfesta þetta fordæmi sitt frá því í ár leggur hæstv. fjmrh. fram skýrslu um lánsfjáráætlun, sem liggur á borðum hv. þm., þar sem er beinlínis fram tekið að þessi vinnubrögð eigi að viðhafa áfram.

Þetta var það, sem við þremenningarnir, sem hér höfum talað úr fjh.- og viðskn., og stjórnarstuðningsmaðurinn hv. þm. Halldór Ásgrímsson, höfum harðlega gagnrýnt. Það er jafngott að hæstv. fjmrh. geri sér ljóst hvað það er sem menn, þ. á m. hans eigin stuðningsmenn, eru að gagnrýna ríkisstj. fyrir. Það er ekki það, að framkvæmdakostnaður kunni að hafa farið fram úr áætlunum og því þurft að afla meira lánsfjár en gert var ráð fyrir í upphafi, heldur hitt, að ríkisstj. skuli gera sér leik að því að halda ákveðnum áformuðum framkvæmdum og útgjöldum leyndum fyrir fjárveitingavaldinu, þegar verið er að afgreiða tilmæli hennar um lánsfjártökur til þessara verkefna, og ætla svo að eyða fénu engu að síður, ráðast í framkvæmdirnar engu að síður og fá það síðan staðfest eftir á.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að ræða þetta mál frekar. Ég hef þegar gert það mjög ítarlega. Við Alþfl.-menn höfum oft lýst því yfir, að ýmislegt í svokölluðum Ólafslögum sé mjög þarft og gott ef þeim atriðum væri framfylgt. En eins og hv. þm. Matthías Bjarnason sagði áðan er gallinn við Ólafslög sá, að þau atriði í þeirri lagasetningu, sem skipta mestu máli, eru virt að vettugi af stjórnvöldum, ríkisstj. framfylgir þeim ekki. Og það fer e. t. v. ekkert illa á því, að þessi lög, sem kennd eru við einn af helstu forvígismönnum Framsfl., séu í þessari ríkisstj. að jafnlitlu hafandi og Framsfl. sjálfur er þar.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég tel bæði rétt og eðlilegt að bera fram eina spurningu til hæstv. fjmrh. vegna 4. gr. þess frv. sem hér er til umræðu. Spurningin er á þá leið, hvort ekki sé eðlilegra að breyta tölunni í greininni úr 25 milljörðum í 26. Það lán, sem hér um ræðir og stendur til boða Íslendingum, Seðlabankanum eða ríkisstj., er 20 millj. sterlingspunda, sem samkv. mínum útreikningi eru 26 milljarðar kr., en ekki 25.

Ég held að ef hugmyndin er sú að taka þetta tiltekna lán sem hér um ræðir, þá sé það nokkuð bundið við þessa upphæð, 20 millj. sterlingspunda. Það er til 20—25 ára með 14—15% vöxtum, afborgunarlaust í þessi 20—25 ár. Ég vil taka það skýrt fram, að ég er hlynntur því, að þetta lán verði tekið. Þetta er eitt hagstæðasta lán sem nú er völ á. Það er með föstum vöxtum, en vextir á flestum lánum á erlendum lánamarkaði hafa verið með breytilegum vöxtum, og þess má geta, að þessir vextir hafa frá byrjun þessa árs breyst úr 14% í 9% á miðju ári og eru þessa dagana 18—19%. Þess vegna er mjög mikilvægt, þegar lán af þessu tagi er tekið, að binda það við fasta vexti.

Ég vildi bara skjóta þessu að ráðh. og þeim þm. sem á mál mitt hlýða, vegna þess að ég lít svo á að þarna sé um fast lánstilboð að ræða að fjárhæð 20 millj. sterlingspunda, sem er ekki 25 milljarðar kr., heldur 26 milljarðar rösklega. Ég teldi því frv. betur úr garði gert ef þessi tala væri færð upp.

Að öðru leyti langaði mig að skjóta því inn í þessa umræðu, að það hljómar mekilega að Íslendingar fá nú svo mikið af lánstilboðum erlendis frá að vart hefst undan að hafna þeim. Miklir fjármunir eru núna á lánsfjármörkuðum í Vestur-Evrópu, einkum olíupeningar, og samkv. skýrslu í Institutional investor, sem gefur upp lánstraust þjóða, raðar því niður, þá eru Íslendingar nú í 10. sæti og þykir nokkuð gott, því að þar standa þeir með hinum Norðurlandaþjóðunum. En tilgangur farar minnar hingað upp að þessu sinni var þessi spurning til hæstv. fjmrh., hvort þessi tala sé í rauninni rétt, þessir 25 milljarðar sem um getur í 4. gr. Ef um er að ræða það lán sem ég hef upplýsingar um, þá eru það 20 millj. sterlingspunda, sem eru 26 milljarðar kr., en ekki 25.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Mér fannst það nokkur skaði, að hæstv. fjmrh. skyldi ekki vera viðstaddur upphaf þessarar umræðu þegar hv. 3. þm. Austurl., Halldór Ásgrímsson, hóf að gera grein fyrir áliti fjh.- og viðskn. þessarar deildar. Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, 3. þm. Vestf., hefur að vísu gert þessi ummæli hans nokkuð að umtalsefni, en ég vil hnykkja svolítið betur á og vekja athygli á þeim og hvetja hæstv. fjmrh. til að lesa þau í þingtíðindum eða fá afrit af þessari ræðu, því að ég held að þegar eins orðvar maður og hv. 3. þm. Austurl. tekur jafnsterkt til orða og hann gerði í upphafi sinnar ræðu um hvernig ríkisstj. hefur staðið að lánamálum, þá sé eitthvað að.

Hér er um að ræða þm., sem er helsti talsmaður hæstv. ríkisstj. í fjármálum og efnahagsmálum hér á þingi, formaður annarrar þeirrar nefndar sem helst fjallar um fjármál og efnahagsmál, og þegar hann lýsir því yfir, að hæstv. ríkisstj. hafi farið umfram sínar heimildir og að Alþingi hljóti að ætlast til þess, að hún fylgi þeim forsendum sem samþykktir Alþingis eru byggðar á, þá held ég að ástæða sé til fyrir hæstv. ríkisstj. að leggja við hlustirnar og fylgja því sem þar er sagt.

Það kann að vera að hæstv. ríkisstj. taki ekki mikið mark á því sem við þm. stjórnarandstöðunnar látum frá okkur fara þegar við gagnrýnum sitthvað af því sem ríkisstj. aðhefst. En þegar einn helsti stuðningsmaður hennar tekur jafnsterkt til orða og hann gerði áðan, þá finnst mér rétt að hæstv. ríkisstj. leggi verulega við hlustirnar.

Sannleikurinn er sá, að þegar þessi lánsfjáráætlun var til meðferðar í lok maí á s. l. vori bentu mjög margir þm. á það með fullum rökum og af miklum þunga, að þessi lánsfjárlög og lánsfjáráætlunin, sem þau byggðust á, væru byggð á röngum forsendum og áætlunin væri í raun og veru þegar orðin marklaust plagg þegar hún var samþykkt. Þess vegna hlýtur það að vekja athygli nú, þegar hæstv. fjmrh. leggur fram það frv. sem hér er til umræðu, að í grg. segir á bls. 2, þegar fjallað er um 1. gr. frv., með leyfi forseta:

„Lántaka þessi er nauðsynleg m. a. vegna annarrar verðlags- og gengisþróunar á árinu 1980 en gert var ráð fyrir í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun 1980 sem lánsfjárlög byggðust á."

Þetta eru orð sem hæstv. fjmrh. ber sjálfur ábyrgð á Þetta er í því frv. sem hann leggur hér fram á Alþingi. Og þetta er í raun og veru nákvæmlega það sama og við mjög margir þm. héldum fram og sögðum þegar lánsfjárlögin og lánsfjáráætlunin voru til umræðu hér í þingi í lok maí.

Það tóku mjög margir þátt í þessum umræðum og ég ætla ekki að rekja ummæli einstakra þm. í þaula um þetta atriði. Ég get þó ekki stillt mig um að nefna hér örfá. Hv. þm. Sverrir Hermannsson sagði t. d., með leyfi forseta:

„Það er eins með frv. til lánsfjárlaga og fjárlögin sjálf, að þær forsendur, sem lagafrv. hvíla á, eru fyrirsjáanlega rangar. Þær verðlags- og kauplagsforsendur, sem þar liggja til grundvallar, eru fyrirsjáanlega alrangar, svo að kann að muna helming, þar sem verðlagsforsendur eru um 30% verðbólga, en hún eins og við blasir stefnir í allt aðrar hæðir, sem strax má sjá af því skriði sem framfærsluvísitalan hefur tekið á þessum mánaðamótum."

Hv. 1. þm. Reykn., Matthías Á. Mathiesen, gerði þetta líka ítarlega að umræðuefni, bæði þegar rætt var um lánsfjáráætlun og eins þegar rætt var um frv. um lánsfjárlögin. Hann sagði m. a., með leyfi forseta:

„Hæstv. ráðh. sagði áðan að lánsfjáráætlun byggðist á sömu forsendum og fjárlög, sem gerðu ráð fyrir 30% verðlagshækkunum frá upphafi árs til loka. En þegar við erum að ræða lánsfjáráætlunina — og vorum reyndar þegar komnir nærri því þegar við ræddum fjárl. — verður okkur ljóst að verðlagsþróunin frá upphafi árs til loka verður óhagstæðari en gert hafði verið ráð fyrir og töluvert miklu óhagstæðari."

Í sama streng tóku hv. þm. Steinþór Gestsson, Geir Hallgrímsson og Halldór Blöndal og sjálfur flutti ég um þetta nokkra ræðu, þegar þetta var til umræðu, og sagði þá m. a.:

„Ég bendi á þetta til að sýna fram á að þegar forsendur lánsfjáráætlunar eru veikar, eins og reynslan á eftir að sýna varðandi þá lánfjáráætlun sem við erum að fjalla um nú, hækkar lánsfé bæði á innlendum og erlendum markaði verulega. Og ég spái því, að svo eigi eftir að verða enn fremur á þessu ári. Ég spái því, að sú lánsfjáráætlun, sem við erum hér að fjalla um, eigi áður en langt um líður eftir að verða marklaust plagg. Reyndar er hún þegar orðin það í mörgum greinum áður en við samþykkjum hana á hv. Alþingi. Það er bæði verðlagsþróunin, sem veldur því, og stefna ríkisstj. að öðru leyti."

Öll þessi aðvörunarorð — sem voru mörg fleiri, ég hef aðeins gripið niður í nokkur dæmi — hafði hæstv. ríkisstj. að engu, og hæstv. fjmrh. taldi að þetta væri ómerkilegt tal sem ástæðulaust væri að fara eftir að nokkru leyti. Nú segir hann hins vegar sjálfur nokkrum mánuðum síðar að þessi viðbótarlántaka upp á 4 milljarða 750 millj. kr. sé nauðsynleg vegna þess að verðlags- og gengisþróun á árinu 1980 hafi orðið önnur en ráð var fyrir gert í lánsfjárlögum og í lánsfjáráætlun.

Ég er ekki að tíunda þetta hér til þess að miklast yfir því, að við séum einhverjir spekingar, sem nú höldum því fram og bendum á að það hafi verið rétt sem við héldum fram. Ég er fyrst og fremst að gera þetta til að vara hæstv. fjmrh. við, vegna þess að nú hefur verið lögð fram skýrsla um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun 1981, sem við eigum eftir að ræða hér nánar, á hv. Alþingi, en ég sé ekki betur en að í þeirri skýrslu sé farið nákvæmlega sömu leiðina, dottið nákvæmlega í þá sömu gröf og hæstv. ríkisstj. datt í á s. l. vori, með því að miða við óraunhæfa verðlagsþróun. Þess vegna vil ég beina því til hæstv. fjmrh., að hann hlusti nú ekki aðeins á hv. 3. þm Austurl., Halldór Ásgrímsson, og fari eftir viðvörunarorðum hans, heldur að hann hlusti líka á stjórnarandstöðuþm., þegar þeir flytja rökstudda gagnrýni eins og við gerðum nú í vor, og taki til endurskoðunar og athugunar þá skýrslu sem liggur fyrir varðandi lánsfjáráætlun 1981. Ég sé ekki betur en hún sé alveg sama marki brennd og sú lánsfjáráætlun sem við gagnrýndum hvað mest hér á s. l. vori.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Það er sammerkt með ræðum allra þeirra þm., sem sæti eiga í fjh.- og viðskn. og hér hafa talað í þessu máli, að fram hefur komið hjá þeim öllum mikil gagnrýni á það frv sem við ræðum, og það, sem liggur að baki fyrri hluta þess, þ. e. lántöku samkv. 1. gr., ráðstöfun samkv. 2. gr. og heimild samkv. 3. gr. Jafnvel eins og hér hefur verið vikið að, hefur formaður nefndarinnar, hv. 3. þm. Austurl., ekki komist hjá því að vekja athygli á þessum vinnubrögðum og koma hér fram með gagnrýni sem vert er að

taka eftir, því að eins og hv. 6. þm. Reykv. rakti rétt áðan hefur ekki út af fyrir sig staðið á gagnrýninni, hún hefur komið úr röðum stjórnarandstæðinga, en hæstv. ráðh. hefur gjarnan viljað blása á gagnrýni og ekki talið hana vera með þeim hætti að ástæða væri til að taka á henni mark.

Hv. 1. þm. Vestf. gerði grein fyrir þeim fyrirvara sem fram kemur á nál. því sem fjh.- og viðskn. hefur gengið frá varðandi þetta mál, — fyrirvara varðandi 1., 2. og 3. gr. frv., en nefndin mælir með 4. gr. frv. með þeirri brtt. sem fram er borin á þskj. 269.

Umræður hafa spunnist að verulegu leyti um þau vinnubrögð sem hér eru viðhöfð og hafa verið viðhöfð allt þetta ár, eða frá því að núv. hæstv. ríkisstj. tók við völdum í febrúarmánuði. Bent hefur verið á, hvernig undirbúningi var háttað að lánsfjáráætlun og fjárlögum fyrir þetta ár, og bent á að forsendur bæði fjárlaga og lánsfjáráætlunar voru brostnar þá þegar er þessi skjöl lágu á borðum þm. til afgreiðslu. Afleiðingarnar gátu ekki orðið aðrar en fram kemur í grg. frv. varðandi áætlunartölur. Hitt er þó sýnu verra, sem á hefur verið bent, að í framkvæmdir hefur verið ráðist — og nú verið að afla heimildar til — sem fjárveitingavaldið hefur ekki samþykkt.

Ég held að hér sé um einsdæmi að ræða. Ég minnist þess þó frá árinu 1979, þegar unnið var að fjárlagagerð þess árs, að fjvn. og fjárveitingavaldið hafnaði útgjaldalið, þ. e. hafnaði að veita fjármagn til ákveðinna útgjalda. Ríkisstj. ákvað hins vegar að afla sér lánsheimilda og það var gert með lánsfjáráætlun fyrir árið 1979. Lánsfjárlagafrv. var svo lagt fram í samræmi við það og fékkst samþykkt, að sjálfsögðu með því að ríkisstj. tryggði sér fylgi stjórnarþingmanna við frv., enda þótt Alþingi væri áður búið að hafna þessum útgjöldum í sambandi við fjárlagafrv.

Þegar hér er komið með frv. um viðbótarlántöku fyrir árið 1980, þá er ekki hægt að ræða um það, hvernig lánsfjáráætlunin er komin í þessum mánuði. Það eru ekki lögð fram nein þau gögn sem sýna hvernig staða þessa máls er. Það er hins vegar lögð fram hugmynd að lánsfjáráætlun fyrir næsta ár, en ekki lánsfjár- og framkvæmdaáætlun 1981 eins og lög gera ráð fyrir. Þegar við erum að ræða hér viðbótarlántökur erlendis upp á 4 milljarða 750 millj. kr., þá liggur fyrir í þessu skjali að lántökur sem samkv. lánsfjáráætlun fyrir árið 1980 voru áætlaðar 85.5 milljarðar eru nú orðnar 104.6 milljarðar, eða 22% aukning frá því sem gert hafði verið ráð fyrir í lánsfjárlögunum sem samþykkt voru s. l. vor, fyrir um það bil sex mánuðum.

Í stjórnarsáttmálanum, þeim hinum fræga, er gert ráð fyrir að heildarfjárfestingin í landinu verði um það bil 25% af þjóðarframleiðslu. En það kemur fram í því skjali, sem ekki hefur enn verið hægt að ræða, enda bráðabirgðaskjal, að heildarfjárfestingin muni verða 27.6% í stað 26.5% sem lánsfjáráætlun gerði ráð fyrir, en stjórnarsáttmálinn, sem saminn var í febr., sagði 25%. Að vísu orðaði hæstv. forsrh. það svo, að það hefði verið sagt um 25% svo að þess vegna væri talan 26.5% ekki úrskeiðis. Og þá yrði það sjálfsagt skýringin, að 27.5% væru ekki heldur úrskeiðis, en þegar komið væri fram úr því gæti þessi skýring ekki gengið lengur. Það skiptir í raun og veru ekki máli, hver skýring er gefin í sambandi við þetta. Það liggur ljóst fyrir, að stefna ríkisstj., sem sett var fram í stjórnarsáttmálanum, hefur ekki verið framkvæmd, enda réttilega á það bent hér af hv. 1. þm. Vestf., að það er miklu eðlilegra að tala um stjórnleysi, tala um stefnuleysi, heldur en tala um stefnu stjórnar eða stjórnun hjá þessari ríkisstj.

Það gefur auga leið, að þessi vinnubrögð, erlend lántaka upp á 104.6 milljarða í staðinn fyrir 85.5, eykur á þenslu í þjóðfélaginu. Það liggur í augum uppi, að fjárfesting, sem er um það bil 2.5% meira af þjóðarframleiðslu en gert hafði verið ráð fyrir, eykur á þenslu í þjóðfélaginu. Og það gefur auga leið, að með þessu háttalagi verður ekki ráðið við þá miklu verðbólgu sem við höfum við að glíma. Þvert á móti verður verðbólgan meiri, enda hefur því nú verið spáð af Þjóðhagsstofnun, að verðbólgan á næsta ári fari yfir 70%.

Þessi atriði öll eru þess eðlis, að það gefur ekki neinar vonir um að hægt verði að glíma við þetta mikla vandamál, heldur miklu frekar að við munum sökkva enn dýpra niður í það fen, sem við erum í, og þess vegna ekki að búast við neinu því hjá núv. hæstv. ríkisstj., sem hér geti komið að gagni.

Ég vildi láta þessi atriði koma hér fram. Umræða um 5 milljarða nýja lántöku án þess að þingheimi sé gerð grein fyrir heildarlántökunni sem þegar er orðin, og hún er komin 22% fram úr því sem gert hafði verið ráð fyrir, það sýnist ekki vænlegt til að koma fram skynsamlegri eða betri stefnu í fjárfestingar- og lánamálum.

Það lán, sem ríkisstj. óskar heimildar til að taka samkv. 4. gr., er að dómi þeirra, sem þekkja best til í sambandi við lánamarkaðinn, hagstætt lán. Það er því eðlilegt og skynsamlegt að slíkt lán sé tekið, en þó því aðeins að ráðstöfun þess fjármagns komi til umræðu þegar lánsfjárlög verða lögð fram á nýju ári og þá gerð grein fyrir því, með hvaða hætti lánsfjármagnaðar framkvæmdir verði fjármagnaðar.

Ég skal ekki hafa þessi orð mín fleiri. En ég tel þau vinnubrögð, sem hér eru viðhöfð, mjög gagnrýniverð, svo gagnrýniverð að jafnvel stuðningsmenn hæstv. ríkisstj. hafa réttilega komið hér fram með gagnrýni og staðfest það, sem stjórnarandstaðan sagði fyrr á þessu ári og segir enn um undirbúning þessara mála, þ. e. fjárlaga- og lánsfjáráætlunar.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Vegna fsp., sem kom áðan fram hjá hv. 6. þm. Norðurl. e., Árna Gunnarssyni, þykir mér rétt að gera grein fyrir því, hvers vegna miðað er við 25 milljarða lántöku.

Íslendingar eiga þess kost að taka lán í Lundúnaborg í janúarmánuði n. k., og fjmrn. og Seðlabankinn hafa undirbúið að sú lántaka geti farið fram 12. jan. n. k. Þetta lán er ekki enn fastákveðið að fjárhæð, en talað hefur verið um að lántökuupphæðin yrði á bilinu 12—20 millj. punda. Ekki hefur verið gert ráð fyrir því að lánið næði hámarkstölunni. Það hefur verið gert ráð fyrir að lánsfjárupphæðin yrði einhvers staðar á bilinu 15—18 millj. punda og 18 millj. punda nægja sennilega nokkurn veginn, en það eru 25 milljarðar. Það er rétt, sem kom hérna fram hjá hv. þm., að við gætum hugsanlega tekið þarna 20 millj. punda lán, en við höfum ekki gert ráð fyrir að lántakan yrði meiri en á bilinu 15—18 millj. Þetta fer líka nokkuð eftir eftirspurn á bréfum, og sennilega hafa menn ekki gert ráð fyrir að bréfin mundu seljast alveg 100%.

Ég held sem sagt að ekki þurfi að gera neina breytingu á frv. hvað þetta snertir, því að talan 25 milljarðar er í

fullkomnu samræmi við það sem við höfðum gert ráð fyrir.

Ég hirði ekki um að fjölyrða um það sem hefur að öðru leyti komið fram í umr. frá því að ég talaði hér seinast. Mér heyrðist að ræður hv. þm. Matthíasar Á. Mathiesens og Birgis Ísl. Gunnarssonar væru meira eða minna endurtekning á því sem áður var fram komið, án þess að nokkur minnsta tilraun væri gerð til að svara því sem ég hefði sagt hér og bent á. Ég benti á það sem er óvefengt að ríkisstj. viðkomandi fagráðuneyti, hefur heimild í lögum til lántöku með samþykki fjmrn., ef um B-hluta fyrirtæki er að ræða, og flestar þær lántökur, sem um er rætt í 2. gr., eru þessa eðlis, þannig að það skortir ekkert á um heimildir til að taka þessi lán. Má segja að formsins vegna hefði mátt fella út úr frv. nokkur af þessum lánum, þar eð Alþingi hefur veitt almennar heimildir í almennum lögum varðandi rekstur B-hluta stofnana og þessar lántökur rúmast innan þeirra. Hins vegar er þörf á ábyrgðarheimildum í nokkrum tilvikum og rétt þótti að setja þetta fram í heilu lagi þannig að þm. fengju fullkomið yfirlit yfir hvað hér er um að ræða.

Það er verið að fjölyrða hér um það af hverjum þm. af öðrum, að verðlags- og gengisþróun hafi orðið önnur en ríkisstj. gerði ráð fyrir á s. l. vetri, og það sé nú aldeilis stórhneyksli, að fjmrh. skuli hafa gert ráð fyrir einhverju allt öðru en var. Það hefur líklega aldrei gerst áður, að fjárlög eða lánsfjáráætlun hafi verið miðuð við ákveðnar forsendur sem síðan hafi reynst aðrar. Auðvitað er þetta þess háttar málflutningur að hann er ekki svara verður. Þetta hefur gerst á hverju einasta ári um mjög langt skeið, og verðlags- og gengisþróun hefur venjulegast ekki orðið nákvæmlega eins og búist var við.

Nú gerum við ráð fyrir því í lánsfjáráætlun og fjárlögum, að verðlagsþróun frá miðju þessu ári til miðs næsta árs verði 42%, og við höfum miðað okkar áætlanir við þetta markmið. Hins vegar er engin vissa fyrir því, að þetta takmark náist. Auðvitað er ósköp auðvelt fyrir þm. að standa upp og vara við því, að þetta geti brugðist. Auðvitað vita allir að þetta getur brugðist. En þetta er markmið okkar og við það munu okkar efnahagsráðstafanir miðast á næstu mánuðum, þó við hins vegar gerum okkur ljóst að í þessum efnum er margt sem getur breyst, margháttuð óvissa, svo að ekki er hægt að fullyrða nákvæmlega hvernig til tekst. Það væri þá kannske frekar að spyrja hv. þm. Sjálfstfl. sem mest tala um það hér, að verðbólga verði meiri en 42% og þess vegna séu fjárlög og lánsfjáráætlun byggð á sandi. Vilja þeir setja markið hærra? Vilja þeir reikna með því, að verðbólgan verði töluvert hærri en 42%?

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég stend nú upp aðallega út af síðustu ummælum hæstv. fjmrh. Andstaða okkar við þessa ríkisstj. grundvallast á því, að við viljum koma verðbólgunni niður. Hins vegar vitum við að í ríkisstj. stranda efnahagsaðgerðirnar á því, að þessi hæstv. ráðh. og hans flokkur hafa staðið mjög fast á móti því, að nokkuð sé gert sem gæti eða mætti koma verðbólgunni niður. Þetta er sá einfaldi og kaldi sannleikur sem við blasir. Við vitum líka að í samtölum þm. hér frammi á göngum kemur það fram, að þm. Framsfl. eru mjög skiptir. Helmingurinn af þeim — eða hluti af þeim, skulum við segja, svo að ekki sé verið að gefa í skyn hversu stór hvor hópurinn sé, — hluti af þeim er þegar búinn að gefa upp alla von um að nokkurt ákveðið svar fáist frá Alþb. um það, hvort það verði reiðubúið til þess að taka á efnahagsvandanum. Hinn helmingurinn vill reyna pínulítið lengur.

Hæstv. fjmrh. gaf það í skyn áðan, að hann ætlaði að standa við það að verðbólgan yrði 42% á næsta ári, þvert ofan í spár m. a. Þjóðhagsstofnunar, sem gera ráð fyrir að verðbólgan verði ekki minni en 70—80%. Hæstv. viðskrh. hefur talað um svipaðan vöxt verðbólgunnar á næsta ári. Við vitum líka að inn í verðbólgukerfið er á þessari stundu komið verðhækkunartilefni sem mun valda kannske um 12% hækkun kaupgjaldsvísitölu 1. mars n. k. Síðan fer í hönd fyrsta verðbótatímabilið á árinu, sem venjulegast er þyngst í skauti. Það liggur því fyrir, að verðbólgan mun á fyrsta helmingi næsta árs verða mjög mikil og miklu meiri en ríkisstj. vill gefa í skyn og viðurkenna. Og þegar vöxturinn verður svona þungur og mikill á fyrstu mánuðum ársins, þá kemur það náttúrlega með tvöföldum þunga inn í ársmeðaltalið. Þó svo að eitthvað kynni að draga úr verðbólgunni á síðari hluta ársins, þá verður árshækkun verðbólgunnar hlutfallslega miklu, miklu meiri en hæstv. fjmrh. vill vera láta.

En nú verð ég að biðja um að þessari umr. sé slegið á frest, svo að ég hafi tækifæri til að varpa spurningu minni fram við hæstv. fjmrh. Hann var að spyrja hvort við tryðum því ekki, að verðbólgan yrði 42% á næsta ári. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. var í ræðu sinni fyrir fundarhlé að tala í þeim dúr eins og það væri út í hött af stjórnarandstöðunni að vera tortryggin þegar rætt væri um það, að verðbólgan á næsta ári færi upp fyrir 42%. Nú vil ég óska eftir því, að hæstv. fjmrh. gefi á því skýringu, annaðhvort við þessa umr. eða þá við 3. umr. málsins, hvernig hann hugsi sér að verðlagsþróunin verði á næsta ári, hvernig hann búist við að þessi mál þróist frá einum til annars. Ég held að það sé of „billega" sloppið af hæstv. ríkisstj. — sérstaklega vegna þeirrar verðþróunar sem orðið hefur á þessu ári þvert ofan í áætlanir ríkisstj. og fyrirheit, þá held ég að það sé nú fullfrekt að ætlast til þess, að í eins viðurhlutamiklum málum og þeim, sem hér eru til umr., og svo fjárl. eftir 2—3 daga, fáist ekki nein nánari útlistun á því, hvernig hæstv. ríkisstj. býst við að verðlagsþróunin verði. Ég vil t. d. spyrja hæstv. fjmrh. hvort það sé rétt, að þegar hafi verið látnar ganga í gegn verðhækkanir, sem kalli á a. m. k., skulum við segja, 10% kauphækkun 1. mars, jafnvel 11—12%. Ég veit að hæstv. fjmrh., sem er viðræðugóður maður, gefur nú þessar upplýsingar til þess að þetta mál geti fengið afgreiðslu í deildinni og til þess að 3. umr. geti farið fram á eðlilegum tíma.

Forseti (Helgi Seljan): Fleiri hafa ekki kvatt sér hljóðs. — Hv. 7. landsk. þm. tekur til máls.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég fór fram á það áðan í minni ræðu, að hæstv. fjmrh. gæfi nánari skýringar á því, hvernig hann hugsaði sér að verðlagsþróunin yrði á næsta ári. Það liggur fyrir, hæstv. viðskrh. hefur talað um það í blaðaviðtali, að verðbólgan á næsta ári verði 70%. Ég óskaði eftir því við hæstv. fjmrh., að hann gerði grein fyrir því, hvernig hann fengi það út úr dæminu að verðbólgan á næsta ári yrði ekki nema 42%. Það hefur orðið samkomulag um það milli stjórnarandstöðu og ríkisstj. að reyna að greiða fyrir málum. Hæstv. fjmrh. hefur

verið með alls konar glósur og meiningar til stjórnarandstöðunnar út af því, að við skulum tortryggja þá verðbólguáætlun sem hann er að hampa. Þessi fsp. mín, sem ég beindi til hæstv. fjmrh., var einföld í sniðum. Ég mundi taka það sem gilt svar, ef hæstv. fjmrh. lofaði mér því, að áður en 3. umr. fjárlaga færi fram mundi hann senda mér áætlun um það, hvernig þetta sé reiknað, hvaða forsendur hann leggi til grundvallar þegar hann talar um að verðbólguþróunin á næsta ári verði aðeins 42%. Ég held að hæstv. fjmrh. hljóti að vita það, að eins og sakir standa núna muni verðbólguvöxturinn vera eitthvað í kringum 60% a. m. k. Og ég held að það sé öllum ljóst, að hjólið heldur áfram að snúast með vaxandi hraða.

Ég vil enn fremur minna á það, að hæstv. fjmrh. hefur hvað eftir annað nú á þessu þingi talað um það, að í mikilli verðbólgu umfram það, sem gert væri ráð fyrir í fjárlagafrv., væri fjárhagsstöðu ríkissjóðs stefnt í hættu vegna þess að útgjöldin ykjust miklu meira en tekjurnar. Þess vegna hlýtur hann sem ábyrgur fjmrh. — jafnmikla áherslu og hann hefur lagt á það í sínum málflutningi, að ríkissjóður skili tekjuafgangi, og jafnmikla áherslu og ríkisstj. raunar öll hefur á það lagt, að ríkissjóður skili tekjuafgangi, — þá hlýtur hann, þegar hann stendur fastur á því eins og hundur á roði að í fjárlagagerðinni allri skuli ekki reiknað með meiri verðbólgu en 42%, að hafa töluvert til síns máls.

Ég hef að vísu haldið því fram, þvert ofan í það sem hann segir, að ríkissjóður græði á því, að verðbólgan verði meiri frekar en minni. Ég held að það sé viðurkennt af öllum þeim mönnum, sem við fjárlagagerð fást, að það sé borð fyrir báru að þessu leyti, að fjárlögin séu þannig saman sett að meiri verðbólguhraði en þar er gert ráð fyrir þýði um leið auknar tekjur í ríkissjóð borið saman við útgjöldin. En sleppum þessu, látum það liggja á milli hluta. Ég vil enn beina því til hæstv. ráðh., að hann komi hér upp í pontuna og gefi okkur einhver svör um þetta, annaðhvort fyrirheit um að við fáum þá áætlun, sem hann hefur í höndum um verðbólguþróunina á næsta ári, eða eitthvað sem bitastætt er í, að við fáum einhverjar hugmyndir um á hverju sú áætlun er reist, að verðbólgan á næsta ári verði ekki nema 42%. Hæstv. ráðh. var einmitt að kvarta undan því í ræðu sinni, að lánsfjáráætlunin fyrir þetta ár hefði ekki staðist vegna þess að verðbólgan hefði farið fram úr því sem hann hafði gert ráð fyrir þegar þessi mál voru afgreidd nú í vor. Ég held að hann ætti þess vegna að læra af reynslunni og reyna að haga sér svo í þetta skipti, að þessi áætlun sé byggð á raunhæfum grunni.

Herra forseti. Ég ítreka það, að ef ekki kemur fram nein yfirlýsing frá hæstv. ráðh., sem talist getur fullnægjandi, um það að upplýsingar berist um þetta atriði, þá held ég að ég verði að fara fram á það, að a. m. k. 3. umr. málsins verði frestað svo að rúm gefist til að athuga þennan þátt málsins betur.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Hv. þm. Halldór Blöndal beindi spurningu til mín áðan og var svo elskulegur að taka það fram, að það væri nokkuð sama hvort henni yrði svarað við 2. umr. eða 3. umr. Síðan sleit forseti umr., en þá var hv. þm. svo ópolinmóður, að hann gat ekki hugsað sér að bíða til 3. umr. og kvaddi sér aftur hljóðs til að endurtaka spurninguna og bætti hér við löngu máli. Ég sé því að ef sálarfriður hv. þm. á að verða í lagi, þá dugar ekki annað en svara þessari spurningu strax við 2. umr., og mér er kært að verða honum að liði í þeim efnum.

En spurning hans var ósköp einfaldlega: Hver verður verðlagsþróunin á næsta ári? (**HBl:** Á hverju er byggt?) Og á hverju er það byggt, að í fjárlagafrv. og í drögum að lánsfjáráætlun er miðað við 42% hækkun verðlags? Ég get upplýst það, að þessi áætlun er byggð á þeirri spá sem fyrir lá þegar fjárlagafrv. var samið. Þá var gert ráð fyrir því, að vegin meðalhækkun verðlags á árinu 1981 yrði 15%, — og þá bið ég menn að athuga mjög vandlega að það er verið að tala um vegna meðalhækkun verðhækkana yfir allt tímabilið og hún var áætluð 15%, sem miðaðist við það, að verðbólga frá miðju ári 1980 til miðs árs 1981 yrði 42%.

Það má vel vera að þessi spá þurfi endurskoðunar við í kjölfar þeirra efnahagsráðstafana sem fyrirhugaðar eru af hálfu ríkisstj., enda er það svo, að flestar spár, sem gerðar eru hér í verðlagsmálum, þurfa endurskoðunar við með jöfnu millibili, ýmist til hækkunar eða lækkunar. Sveiflurnar eru það miklar, að það er sjaldnast hægt að sjá það alveg fyrir, hversu mikil hækkunin er hverju sinni. Það var t. d. eftirtektarvert, að þegar Vinnuveitendasamband Íslands gerði spá sína í kjölfar kjarasamninga í nóvembermánuði, þá miðaði Vinnuveitendasambandið við það, að á næstu 12 mánuðum færi verðbólgan upp í 80—85%, en þegar svo aftur Þjóðhagsstofnun settist niður til að spá, þá voru tölurnar allmiklu lægri eða í kringum 70%. Formaður Vinnuveitendasambandsins hefur nýlega gefið skýringu á þessu. Skýringin er sú, að ýmislegt hafi breyst í millitíðinni. T. d. varð hækkun framfærsluvísitölunnar alls ekki eins mikil 1. des. og hinir spöku sérfræðingar Vinnuveitendasambandsins höfðu gert ráð fyrir. Hún var ekki nema í kringum 10.5%, en þeir höfðu reiknað með 12—13%. Þannig getur margt brugðist í spádómum, ekki aðeins hjá ríkisstj., heldur hjá öllum þeim aðilum sem í spádómum standa. Og þess vegna er það svo, að sú spá, sem fyrir liggur um 42% milli áranna 1980 og 1981, þarf ekki að vera óyggjandi eða örugg og þarf örugglega endurskoðunar við þegar fram í sækir, sérstaklega eftir að gengið hefur verið frá þeim ráðstöfunum sem óhjákvæmilegar verða í tengslum við fiskverðsbreytingu og breytingu á kjörum sjómanna.

Ég held að ég hafi gert hér fullnægjandi grein fyrir því, hvernig þessi 42% tala er fengin. En ég tek undir það með þm., að vafalaust þarf að taka þá tölu til endurskoðunar þegar meira liggur fyrir um hver þróunin verður á næsta ári.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Eins og ég veit að hæstv. fjmrh. veit, þá er verðbólgan sú sama þó að eitthvað sé greitt niður af lambakjöti, þó að það takist kannske að lækka framfærsluvísitöluna pínulítið. Og það, sem gerðist, var náttúrlega að það voru auknar niðurgreiðslur.

Ég ætla ekki að gera spádóma Vinnuveitendasambandsins að umræðuefni, en ég vil hins vegar vekja athygli á því, að í nýútkomnum Fjármálatíðindum, sem ég er með í höndunum, er línurit yfir árlega meðalhækkun verðbólgu á Íslandi, Norðurlöndum og í helstu iðnríkjum. Þetta línurit nær ekki nema rétt fram á árið 1981, og ég sé ekki betur en súlan þar stefni óðfluga í 70% og er mjög upp á við, þannig að það virðist svo sem þeir í

Seðlabankanum hafi gert einhverja nýja verbólguspá eftir að fjárlagafrv. var samið. En við vitum náttúrlega að hlutirnir gerast hratt og ört, og við erum ekki nú að tala um það, hvernig ríkisstj. óskaði sér að verðbóguþróunin yrði, þegar hún gekk frá fjárlagafrv. í septembermánuði, heldur er ég að spyrja um það, hvernig hæstv. ríkisstj. og hæstv. fjmrh. búist við á þessari stundu að verðbólgan verði á næsta ári. Og hvernig rökstyður hæstv. fjmrh. og ríkisstj. það, að þeir geti enn á þessari stundu haldið dauðahaldi í 42% verðbólgu og miðað allar sínar fjárhagslegu áætlanir við það.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21:1 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 21:1 atkv.
Brtt. 269 (ný 4. gr.) samþ. með 35 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Tímabundið vörugjald, frv. (þskj. 194, n. 271 og 279, 256, 277). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um þetta frv. og undir nál. meiri hl. rita ásamt mér hv. þm. Ingólfur Guðnason, hv. þm. Guðrún Hallgrímsson og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, sem undirritar nál. með fyrirvara.

Ég sé ekki ástæðu til að rekja þetta mál. Hér er um að ræða framlengingu á sérstöku tímabundnu vörugjaldi sem hefur verið framlengt alloft hér á hv. Alþingi, og komið hefur fyrir að það hefur verið hækkað, þannig að mál þetta ætti að vera þm. kunnugt. Ég vil taka það fram, að nefndin fjallaði eingöngu um þetta mál á þeim grundvelli, að hér væri um framlengingu á gjaldinu að ræða. Hún tók ekki einstaka vöruflokka eða álagningu á einstökum vörum til umfjöllunar.

Fram hafa komið brtt., í fyrsta lagi frá hv. 6. þm. Reykv. um hljómplötur. Ég vil taka það fram í sambandi við það mál, að að sjálfsögðu ber að athuga um tollmeðferð á þeim vöruflokki eins og ýmsum öðrum. Þessi brtt. var einnig flutt hér á síðasta þingi. Ég hef ekki getað aflað mér upplýsinga um, hve miklar tekjur er um að ræða af þessu tollskrárnúmeri, og vil aðeins ítreka það, að nefndin hefur ekki fjallað um málið, enda hafði brtt. ekki borist henni þegar nál. var skilað. Af þeim orsökum verð ég að leggja til að þessi brtt. verði ekki samþykkt.

Sama gildir um till. frá hv. þm. Benedikt Gröndal á þskj. 277. Nefndin hefur ekki fjallað um þá brtt., og á sama hátt vil ég leggja til að þessi till. nái ekki fram að ganga, af þeim ástæðum að nefndin hefur ekki fjallað um málið með þeim hætti að taka til meðferðar einstakar vörur sem vörugjald eða tollur er lagður á.

Frsm. minni hl. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. er að verulegu leyti til þess að framlengja hækkun á tímabundnu vörugjaldi um 6 prósentustig sem lögð voru á haustið 1979 af ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar. Hér er um að ræða 10—11 milljarða skattaálögur á almenning á næsta ári. Sjálfstfl. hefur lýst sig andvígan þeim sköttum sem lagðir voru á þjóðina haustið 1979 af vinstri stjórninni og núverandi stjórn heldur áfram að leggja á, en við teljum ekki ástæðu til. Okkar skoðun hefur ekki breyst í þessum efnum.

Svohljóðandi brtt. er flutt af Birgi Ísl. Gunnarssyni: „Aftan við 1. gr. frv. komi orðin: Eftirtalið tollskrárnúmer falli brott úr B-lið 1. gr. laganna: 92. 12. 29 (hljómplötur almennt.)" Þessi till. var rædd í nefndinni. Meiri hl. nefndarinnar við þrír, sem skrifum undir nál. minni hl., og hv. 3. þm. Vestf., Sighvatur Björgvinsson, sem skrifar undir nál. meiri hl. með fyrirvara, erum samþykkir þessari till. frá Birgi Ísl. Gunnarssyni og leggjum til að hún verði samykkt.

Hin till., sem fram er komin, er frá hv. 4. þm. Reykv., Benedikt Gröndal, þess efnis, að á eftir 1. gr. frv. komi ný gr., að tekjur af sjónvarpstækjum renni til Ríkisútvarpsins. Þessi till. er svo nýlega fram komin, að hún var ekki rædd í nefndinni, og ég held að það væri ástæða til, ef eitthvert hlé gerðist á milli umræðna, að nefndin fjallaði um þá till., ef formaður nefndarinnar fellst á það og nm. vilja, eða hluti nm. mæla með þeirri till. Ég tel fyrir mitt leyti koma til greina að þetta sé athugað á milli umræðna ef flm. vill taka till. aftur til 3. umr.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri, en endurtek það, að við fulltrúar Sjálfstfl., auk mín Albert Guðmundsson og Matthías Á. Mathiesen, erum andvígir þessu frv. og leggjum til að það verði fellt.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja brtt. á þskj. 277 við þetta frv. um sérstakt tímabundið vörugjald. Efni þessarar till. er mjög einfalt þótt þýðingarmikið sé. Það er á þá lund, að það, sem innheimtist af þessu vörugjaldi fyrir innflutt sjónvarpstæki í tveimur tollflokkum, verði látið ganga til Ríkisútvarpsins.

Hugmyndin að þessu er engan veginn ný og á sér veigamikil fordæmi hér á Alþingi. Þegar íslenskt sjónvarp var sett á laggirnar byggðist fjárhagur þess á því, að Alþingi samþykkti sérstakt ákvæði inn í tollalög á þá lund, að aðflutningsgjöld skyldu renna til þess. Ef þingið hefði ekki gert þessa samþykkt hefði það dregist í mörg ár að íslenskt sjónvarp kæmist á laggirnar, ef það væri þá komið í dag.

Nú vill svo til að Ríkisútvarpið, sem verður fimmtugt um næstu helgi, býr við erfiðari fjárhag en nokkru sinni, svo uggvænlegan að á næstu mánuðum verður annaðhvort að finna stofnuninni nýja tekjustofna, verulega, eða þá að skera starfsemi hennar niður. Ef Alþingi vildi fara þessa gömlu leið, sem það sjálft hefur troðið, og samþykkja það til eins árs, eins og þessi lög eiga að verða, að tekjur samkv. tveim umræddum tollanúmerum, sem eru litasjónvarpstæki og svart-hvít sjónvarpstæki, gengju þetta ár til Ríkisútvarpsins mundi það verða stofnuninni til verulegrar aðstoðar jafnframt því sem tóm gæfist fyrir ríkisstj. til að leita að varanlegri úrræðum á vandamálum Ríkisútvarpsins. Hitt er augljóst mál, að sú stofnun gegnir svo veigamiklu menningar- og afþreyingarhlutverki með þjóðinni, að það er óhugsandi með öllu að hún verði rekin til langframa með stórfelldu tapi, upp undir milljarð á ári eins og talað er nú um.

Ég þakka hv. 1. þm. Vestf. fyrir vinsamlegar undirtektir og ég get verið honum sammála um það, að verði eitthvert hlé milli 2. og 3. umr., þá er ég reiðubúinn til að óska eftir því, að till. verði dregin til baka til 3. umr., en ef 3. umr. verður í beinu framhaldi, þá sé ég ekki ástæðu til

þess. Þá mun ekki gefast tækifæri til að athuga till. í nefnd.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Eins og fram kemur í áliti meiri hl. hv. fjh.- og viðskn. skrifa ég undir nál. meiri hl., þar sem lagt er til að frv. þetta sé samþykkt, með fyrirvara. Fyrirvari minn lýtur að því, að ég tel löngu orðið tímabært að hv. Alþingi og ríkisstj. taki til skoðunar hversu lengi menn hyggjast hafa þetta vörugjald og þá með hvaða hætti. Þetta vörugjald var upphaflega lagt á sem sérstakt tímabundið gjald og heitir svo enn, en ávallt hefur verið brugðið á það örþrifaráð að framlengja þetta gjald um eitt ár í senn rétt í þinglok. Þessi afgreiðslumáti, að líta ávallt á gjald þetta sem bráðabirgðaráðstöfun frá einu ári til annars, hefur orðið til þess, að menn hafa raunar aldrei gefið sér tíma til að skoða þetta gjald, hvernig það er framkvæmt og hvernig það er á lagt, eins og menn hefðu gert í upphafi ef þeir hefðu ætlað þessu gjaldi jafnlanga lífdaga og því hefur enn auðnast.

Ég tel að ekki megi við svo búið standa, heldur verði menn að fara að gera upp við sig hvernig þeir ætla að haga þessari gjaldtöku í framtíðinni, hvort þeir ætla að hafa þetta sérstaka tímabundna vörugjald með óbreyttum hætti og framlengja það alltaf frá ári til árs, eins og gert hefur verið með heldur lélegum árangri eða hvort ástæða þykir til að gera það einfaldlega upp við sig, að eitthvert gjald af þessu tagi verði menn að hafa til frambúðar, af þeirri einföldu ástæðu að ég hygg að enginn flokkur hafi treyst sér til þess að leggja til slíkan niðurskurð á útgjaldaliðum fjárlaga sem þyrfti ef gjaldið ætti að leggjast niður, og þá — að tekinni ákvörðun um að framlengja eða fastsetja eitthvert gjald hliðstætt þessu — að ákveða með hvaða hætti það gjald ætti að vera. Þessa ákvörðun draga menn stöðugt þegar þeir framlengja svona gjald frá ári til árs. Slíkur starfsháttur verður til þess, eins og ég sagði áðan, að menn geta aldrei gefið sér tíma til þess að skoða, hvernig þetta gjald vinnur, og sníða af því ýmsa vankanta.

Ég vil aðeins vekja athygli í þessu sambandi á því, herra forseti, að eins og ríkisstj. sjálf raunar tekur fram í grg. með fjárlagafrv. er meginhlutinn af tekjuöflunarhlið fjárlaga í hreinu uppnámi. Hæstv. ríkisstj. lýsir því yfir í aths. með fjárlagafrv., að ekki sé að marka tekjuskattslögin eins og þau séu því að þau verði tekin til endurskoðunar, ekki sé að marka þær tölur, sem í fjárlagafrv. séu um sjúkratryggingagjald, því að ákvæðin um sjúkratryggingagjald verði tekin til endurskoðunar, og ekki sé að marka þær tölur, sem í frv. séu og gildandi ákvæði um eignarskatta, þar sem þau ákvæði muni verða tekin til endurskoðunar af hæstv. ríkisstj., og með því frv., sem hér er flutt, er raunar verið að lýsa yfir að einn snarasti þáttur í óbreyttri skattheimtu ríkissjóðs, hið sérstaka tímabundna vörugjald, standi einnig í uppnámi.

Ég held að farið sé að verða mjög nauðsynlegt fyrir menn að reyna einhvern veginn að hverfa frá svona bráðabirgðaafgreiðslu ár eftir ár — og þar eigi engin ein ríkisstj. frekar sök en aðrar — og skoða tekjuöflunarmál ríkissjóðs í heild sinni, þ. á m. þetta gjald, svo að ekki þurfi að reka að því ár eftir ár, eins og nú á sér stað, að tekjuöflunarhlið ríkissjóðs standi bókstaflega öll meira og minna í uppnámi. Ég vil einnig koma því að í þessu sambandi, að svo nauðsynlegt sem það er að endurskoða vörugjaldið, álagningu þess, tekjuskatt á einstaklingum o. s. frv., þá held ég að það sé einna nauðsynlegast af öllum tekjustofnum ríkissjóðs að hyggja sérstaklega að söluskattinum, vegna þess að það söluskattskerfi, sem nú er notað, er orðið svo götótt, svo fullt af undantekningum og undanþáguákvæðum og svo erfitt í framkvæmd, að nærri lætur að söluskattskerfið, eins og það er nú í dag, sé með öllu óhæft sem tekjuöflunartæki fyrir ríkissjóð.

Herra forseti. Þessi mál þarf að skoða í heild þ. á m. þetta tímabundna vörugjald. Við Alþfl.-menn höfum ekki flutt um það till. við afgreiðslu fjárlagafrv. nú að lækka útgjaldaliði fjárlaga um þá upphæð sem þyrfti að lækka fjárlagaútgjöld um ef ætlað er að fella niður umrætt vörugjald. Við lítum svo á, að ef menn flytja tillögur um niðurfellingu vörugjaldsins, eins og hv. sjálfstæðismenn hafa gert, á sama tíma og verið er að afgreiða fjárlög, þá séu menn jafnframt skuldbundnir til að sýna fram á það með tillögugerð í fjárlagaafgreiðslunni, hvernig ætti að mæta þeim tekjuvanda sem skapast við niðurfellingu vörugjaldsins, hvort menn hyggjast mæta honum með niðurskurði á útgjöldum ríkisins og þá hverjum eða hvort þeir hyggjast mæta honum með annarri tekjuöflun. Eins og ég segi, þrátt fyrir þá aths., sem við Alþfl.-menn gerum um þetta sérstaka tímabundna vörugjald og ég hef lýst hér, höfum við ekki við fjárlagaafgreiðsluna nú flutt till. um niðurskurð á útgjöldum ríkissjóðs, sem nemur þeirri upphæð sem ríkissjóður hefur í tekjur af vörugjaldi, né heldur flutt till. um tekjuöflun sem gæti komið þar á móti. Þess vegna finnst okkur óeðlilegt að leggja til að þetta tímabundna vörugjald sé fellt niður, þó svo við sjáum ýmis tormerki á gjaldinu eins og það er úr garði gert.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Ég vil þakka minni hl. fjh.- og viðskn. fyrir undirtektir undir þá brtt. sem ég flyt á þskj. 256. Hv. 1. þm. Vestf. gat þess, að þeir, sem rituðu undir minnihlutaálitið, legðu til að till. yrði samþykkt þó að þess væri ekki sérstaklega getið í álitinu. Og ég fagna því, að liðsmaður hefur bæst í hópinn, þannig að líta má svo á, að meiri hl. nefndarinnar styðji þessa tillögu. Ég vil hins vegar láta í ljós vonbrigði mín yfir því, að meiri hl. nefndarinnar, að undanteknum hv. þm. Sighvati Björgvinssyni, skuli ekki hafa gert svo lítið sem að líta á þessa till. Ég gat þess í framsöguræðu með henni við 1. umr., að ég hefði flutt sams konar till. þegar samsvarandi frv. var til meðferðar hér á s. l. vori. Þá var þeirri till. fundið það helst til foráttu, að hún væri svo seint fram komin að ekki hefði unnist tími til að athuga hana í nefnd, en ég flutti hana við 2. umr. þess frv. sem þá var til meðferðar. Ég vildi því ekki brenna mig á því sama nú og lagði till. inn áður en þetta frv. var komið hingað til hv. deildar úr Ed. Till. var því dreift um leið og 1. umr. hófst hér í hv. deild og ég mælti fyrir henni við 1. umr. og beindi því sérstaklega til hv. nefndar, að hún skoðaði þetta mál, af því að ég tel þetta ekki mikið að vöxtum. Þetta er ekki flókið mál og mjög auðvelt að fá upplýsingar um hvað hér er um miklar fjárhæðir að ræða, og ég hafði líka getið þess í minni framsögu. Þess vegna vil ég láta í ljós vonbrigði mín yfir því, að sá hluti nefndarinnar, sem hér um ræðir, skuli ekki hafa gert svo lítið sem að skoða þessa till., sem ég tel að komi mjög við margt fólk og sé til mikilla bóta og stuðli að auknu menningarlífi á heimilum þessa lands.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég biðst afsökunar á því að biðja seint um orðið, en ummæli hv. 3. þm. Vestf.

gerðu það að verkum, að ég ætla að taka hér til máls. Hann taldi óábyrga afstöðu okkar sjálfstæðismanna sem myndum minnihl. í fjh. og viðskn. um nál. á þskj. 279, vegna þessa að við flytjum ekki till. um niðurfellingu á útgjöldum á fjárlagafrv. á móti. Þetta getur verið rétt hjá hv. talsmanni Alþfl. hér á Alþingi ef ekki er haft í huga hvernig þessi skattur er upphaflega tilkominn. En eins og skatturinn segir sjálfur til um, þá er hann tímabundinn og heitir vörugjald. Þetta er tímabundið vörugjald sem átti að standa í ákveðinn tíma til þess að safna hraðar tekjum til að leysa uppsafnaðan vanda fyrri ára sem þá var við að glíma. Það stóð því aldrei til, að þessi tekjulind yrði föst né heldur að sá uppsafnaði vandi, sem þetta tímabundna vörugjald átti að leysa, yrði áfram fastur í kerfinu.

Það vill oft verða svo, að ef menn — og í þessu tilfelli opinberir aðilar — fá aðgang að einhverjum skattheimtumöguleikum til að leysu tímabundinn vanda, þá festist bæði skatturinn og vandinn, sem átti að leysa, í kerfinu. Það er þetta sem við verðum einhvern veginn að komast út úr. Við verðum að nota þá peninga, sem við erum að taka af fólkinu, á þann hátt sem til er ætlast þegar gjöldin eru lögð á og leggja svo skattana niður. En það er ekki gert. Við ætlumst til þess að vandinn, sem þessi skattur átti að leysa, sé nú leystur.

Ég vil rétt aðeins víkja hér að till. hv. 4. þm. Reykv. á þskj. 277, um að tolltekjur af tollnúmerum, sem þar eru tilgreind, renni til Ríkisútvarpsins. Ég ætla ekki að taka afstöðu til þessarar till. nú úr ræðustól, en ég held að tekjur Ríkisútvarpsins og tekjur ríkissjóðs mundu stóraukast ef um sjónvarp giltu sams konar ákvæði og um útvarpstæki, að hver aðili, sem greiðir afnotagjald af sjónvarpi, megi óáreittur hafa eins mörg sjónvarpstæki á sínu heimili og hann sjálfur vill án þess að greiða tvenn eða fleiri afnotagjöld. Það er til þæginda fyrir fjölskyldu að geta haft sjónvarp í fleiri en einu herbergi. Sjónvarp er ekki neitt lúxustæki lengur frekar en útvarp.. Fjölskyldur greiða eitt afnotagjald af útvarpi fyrir ótiltekinn fjölda útvarpstækja sem kunna að vera á hverju heimili um sig.

Ég hef ekki meira um þetta frv. að segja. Ég tel mig vera búinn að segja nóg til þess, að hv. 3. þm. Vestf., sem er þó fyrrv. fjmrh., á að vera fullkomlega ljóst í hvaða tilgangi þessi brtt. okkar er flutt. Hún er fullkomlega málefnaleg, og sem fyrrv. fjmrh. hlýtur hann að vita að það er ekki hægt endalaust að gera kröfur til nýrra og nýrra skatta, tímabundinna gjalda sem auka hinar þungu byrðar á herðum þjóðarinnar.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil aðeins gera aths. við þau ummæli hv. 3. þm. Vestf., að menn megi ekki gera tilraun til þess að flytja till. um að einhverjir af þessum sköttum lækki eða falli niður án þess að útskýra jafnframt í smáatriðum hvernig maður vilji mæta því. Það yrði til að ergja óstöðugan, er ég hræddur um, ef ætti að demba yfir Alþingi öllu því pappírsflóði sem því fylgdi, ef öllum till., sem hér koma fram, fylgdi nákvæmur útreikningur um útfærsluna síðar meir.

Kjarni málsins er að sjálfsögðu sá, hvort meiri hl. þessarar deildar er til viðræðu um að leggja þetta vörugjald niður. Ég efast ekki um að við getum fundið leiðir til að skera niður útgjöldin á eftir. Útgjöldin hafa vaxið svo mikið á síðustu árum, að það ætti að vera vandalaust — og það er einmitt hlutverk þessarar stofnunar og þeirra sem hér sitja — að stilla útgjöldunum svo í hóf að þau séu ekki manndrápsklyfjar á fólkið í landinu.

Ég vil aðeins minna á það, sem ég hef oft gert áður, að á sama tíma og þjóðartekjur dragast saman tekur ríkið hlutfallslega meira í sinn hlut. Það dregur ekki útgjöld sín saman í réttu hlutfalli við minnkandi þjóðartekjur, eins og eðlilegt væri. Það er þessi vinstri villa, sem við viljum ekki fara inn á. En ég spyr: Er þessi hv. þm. til viðtals um að leggja vörugjaldið niður og við fyndum okkur svo í sameiningu tíma til þess að skera niður útgjöldin? Það er kjarni málsins.

ATKVGR.

Brtt. 256 felld með 20:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SighB. SteinG, VG, AG, ÁG, BGr, BÍG, FrS, GeirH, HBl, JS, JÞ, KP, MHM, MB, MÁM, ÓE.

nei: PJ, RA, SkA, SV, SBó, SvG, ÞS, FÞ, GS, GHall, GGÞ, GHelg, HÁ, HG, IGuðn, IGísl, JE, ÓÞÞ, PP, AS.

3 þm. (PS, SvH, EH) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Við umr. í hv. deild, þegar þessi brtt. kom fram, lýsti ég yfir að ég er efnislega ákaflega hlynnt þeirri brtt., sem hér eru greidd atkv. um, og hef rætt það við samherja mína.

Eins og hv. frsm. fjh.- og viðskn. lýsti áðan taldi nefndin sig ekki geta afgreitt þetta mál að sinni. Ég mun standa með nefndinni þar. En ég vil taka það fram, að ég er enn áhugasöm um, að tollur verði felldur niður af hljómplötum, og tel að það séu möguleikar á að koma með till. þess efnis og mun sannarlega styðja við bakið á hv. flm. við slíka tillögugerð. En ég segi nei núna.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég er, eins og hv. þm. Guðrún Helgadóttir, hlynntur brtt. sem hér liggur fyrir. Ég er eins og þessi hv. þm. áhugasamur um að vörugjald falli niður af hljómplötum. Munurinn á afstöðu minni og hennar er hins vegar sá, að ég tel rétt að greiða atkv. í samræmi við skoðanir mínar og standa þétt að baki Birgis og segi já.

Brtt. 277 felld með 21:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GeirH, HBl, JS, JÞ, KP, MHM, MB, MÁM, ÓE, SighB, SteinG, VG, ÁG, BGr, BÍG, FrS.

nei: GHall, GGÞ, GHelg, HÁ, HG, IGuðn, IGísl, JE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, SV, SBó, SvG, ÞS, EH, FÞ, GS, AS.

AG greiddi ekki atkv.

2 þm. (PS, SvH) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 27:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EH, FÞ, GS, GHall, GGÞ, GHelg, HÁ, HG, IGuðn, IGísl, JE, JS, MHM, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SighB, SkA, SV, SBó, SvG, VG, ÞS, ÁG, BGr, AS.

nei: FrS, GeirH, HBl, JÞ, MB, MÁM, ÓE, SteinG, AG, BÍG.

KP greiddi ekki atkv.

2 þm. (PS, SvH) fjarstaddir.

2—5. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Ferðagjaldeyrir, frv. (þskj. 193, n. 270 og 273). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég skal gera það sem í mínu valdi stendur til að spilla ekki frekar en orðið er matartíma hv. þm. Hér er um mál að ræða sem ég get haft stutta framsögu fyrir. Þetta gjald var lagt á fyrir einum 2—3 árum og um er að ræða að framlengja það. Meiri hl. fjh.- og viðskn. leggur til að frv. verði samþ., en minni hl. skilar séráliti.

Frsm. minni hl. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. felur í sér framlengingu á nýjum skatti frá vinstri stjórnar tímabilinu, sem lagður var á haustið 1978. Talið er að þessi skattur muni nema 2 400 millj. kr. í álögur á almenning á árinu 1981 og það er hluti af 60 milljarða kr. aukaskatti til ríkisins á þjóðina miðað við verðlag fjárlagafrv. sem vinstri stjórnin og núv. ríkisstj. eru ábyrgar fyrir. Það er þess virði að rifja upp að flokkurinn í ríkisstj. sem er þar þyngdaraflið, Alþb., hafði örugg ráð við þessu öllu fyrir aðeins rúmlega tveimur árum, því að þá segir í samþykktum þess flokks:

„Látlaus viðleitni ríkisstj. til að knýja fram breytta tekjuskiptingu með því að skammta launafólki kjör, sem ekki eru í neinu samræmi við heildartekjur þjóðarinnar, hefur verulega stuðlað að verðbólgu."

„Þessar aðgerðir," segir þessi sami flokkur, „felast í skefjalausum gengisfellingum, sem nú svara til 170% hækkunar á erlendum gjaldeyri síðan í ágúst 1974."

Þetta er sagt sumarið 1978.

Mér finnst ekki úr vegi að nefna hér, að þegar Alþb. kom í stjórn 1. sept. 1978 var gengi á Bandaríkjadollara 260 kr., og þá skyldu menn nú ætla að hafi verið brotið í blað í þessum efnum. Þá var settur á þessi ferðamannaskattur og það hefur náðst sá ánægjulegi árangur í þessari viðleitni Alþb., að nú í dag er ferðagjaldeyrir seldur á 653.40 kr. hver Bandaríkjadalur, svo að það mun ekki þurfa að bíða nema í 2—4 daga til þess að náðst hafi sá glæsilegi árangur hjá Alþb. að Bandaríkjadollar hafi hvað ferðagjaldeyri snertir náð 150% hækkun. En þeir töldu að breyta þyrfti um stefnu og það í snarheitum þegar breytingin var um 170% á fjórum árum. Þetta er *árangurinn af hinu stöðuga gengi* sem þessi flokkur lofaði.

Hefur þá orðið breyting til batnaðar síðan núv. hæstv. ríkisstj. tók við? Hinn 8. febr., á fæðingardegi þessarar ríkisstj., sem kallaði sig sjálf „lukku", en er nú kölluð almennt meðal þjóðarinnar „uppákoman" eða „ólukkan", var gengi Bandaríkjadals 401.70 kr. og ferðamannagjaldeyrir 441.87 kr. Nú í dag er gengi Bandaríkjadals í ferðamannagjaldeyri 653.40 kr., en 594 kr. á venjulegu gengi, svo að árangurinn er líka þar að ná á þessum mánuðum um 50% hækkun.

Þetta er mjög glöggt dæmi, sem sýnir hvílíkum feiknaárangri Alþb. og aðrir aðstandendur þessarar ríkisstj. hafa náð í að treysta stöðugleika íslensks gjaldeyris. Og ferðagjaldeyririnn er framhald af þessu öllu svo að það er ekki að furða þó að ráðherrar séu borubrattir eftir þennan glæsilega árangur.

En ef litið er á atvinnulífið í landinu og ráðstöfunarfé fólksins sem byggir þetta land, launamanna í landinu, þá er ekki eins glæsilegur árangur þar svo að það er ekki furða þó að meiri hl. fjh.- og viðskn. Alþingis hraði sér að afgreiða á færibandi þessar álögur. Eða er kannske ætlunin að draga verulega úr ferðalögum og segja mönnum að halda sig heima í framtíðinni, það eigi ekkert að vera að skrattast um allar jarðir? Einhvern tíma heyrðist annað úr þessum herbúðum, þegar talað var um hvað gengið væri nærri launafólki og almenningi öllum í landinu. En nú er öldin önnur.

Við fulltrúar Sjálfstfl. í fjh.- og viðskn. erum andvígir því að halda þessu feigðarflani áfram og leggjum til að þetta frv. verði fellt.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Eins og fram kemur á þskj. 270 skrifa ég undir nál. með meiri hl. hv. fjh.- og viðskn. og legg til að þetta frv. verði samþykkt.

Ég vil aðeins taka það fram, að það hefur ekki komið fram í þessum umræðum, að meðal þeirra breytinga, sem gerðar voru þegar þessi ferðaskattur var upphaflega lagður á, var að skammtur sá, sem veittur var til ferðagjaldeyris, var mjög aukinn, þannig að um leið lögðust niður þau svartamarkaðsviðskipti sem alkunn voru frá fyrri tíð með þennan gjaldeyri. Nú fá ferðamenn, sem til útlanda fara, þann gjaldeyri, sem þeir yfirleitt þurfa, án þess að þurfa að leita hans á óeðlilegu verði eins og var áður. Sú breyting, sem gerð var með álagi á ferðagjaldeyri á sínum tíma, var því ekki alls kostar af hinu *illa*. Þá var *ýmislegt í því sambandi sem til betri vegar* horfði og ég vildi aðeins vekja athygli á því.

Ef menn ættu að velja um tvennt: annars vegar fyrri hætti þar sem gjaldeyrisskammtur til ferðamanna var mjög takmarkaður, en hann seldur á sama verði og gjaldeyrir almennt, og hins vegar það kerfi, sem upp var tekið á símun tíma með 10% álagi á ferðagjaldeyri, en í staðinn veitt eins og menn almennt þurfa sér til viðurværis á ferðalögum, þá held ég að allflestir a. m. k., sem á *þurfa að halda, mundu velja seinni kostinn*. Ég tel ekki ástæðu að þessu sinni til að gera neina breytingu hér á og legg því til ásamt stjórnarsinnum í hv. fjh.- og viðskn. að þetta frv. verði samþykkt.

Hins vegar vil ég leyfa mér í örstuttu máli að vekja athygli á öðru, sem hæstv. ríkisstj. og Alþingi þyrftu að skoða, en það er að í undantekningartilvikum háttar svo til hér á landi, að ekkjur, sem fæddar eru erlendis, en hafa gifst íslenskum mönnum og búið hér á landi um *langan aldur, eiga vegna íslenskrar gjaldeyrislöggjafar* ákaflega erfitt með að flytja til sinna heimahaga á gamalsaldri öðruvísi en að skilja allar sínar eigur eftir í landinu. Ég veit um örfá dæmi þess, að fullorðnar konur, sem eru fæddar í útlöndum og eiga þar alla sína ættingja, en hafa gifst íslenskum mönnum og búið hér á meðan menn þeirra lifðu, eiga í mjög miklum erfiðleikum af þessum sökum. Þær konur, sem ég þekki til í þessu tilviki, eiga hér enga ættingja. Börn þeirra eru erlendis og öll skyldmenni. Þær hafa búið hér um margra ára skeið, giftar íslenskum mönnum sem látnir eru, og þeim er gert ókleift raunar bæði að vera og fara, vegna þess að gjaldeyrisreglur eru á þá lund, að það er mjög takmörkuð heimild manna til að yfirfæra eignir sínar til útlanda, sem er með öllu óeðlilegt í slíkum tilvikum. Þessi tilvik eru mjög fá og er það vel. En það leysir ekki vanda þeirra fáu kvenna, sem hlut eiga að máli, þó að fjöldi þeirra sé ekki mikill. Ég tel að það verði að gera þær breytingar á reglum um gjaldeyrisskipti, að unnt sé í slíkum tilvikum að veita fólki undanþágu, svo að þetta fólk geti komist til

vina sinna og vandamanna erlendis og tekið með sér eitthvað af þeim eigum, sem því hafa áskotnast í dvöl sinni hér á Íslandi.

Ég vildi aðeins vekja athygli á þessu, hæstv. forseti, vegna þess að þó svo að þessi mál fari ekki mjög hátt, þá er þetta mjög erfitt úrlausnarefni fyrir þá fáu einstaklinga sem í hlut eiga.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Hv. 3. þm. Vestf. kom hér að mjög stóru og merkilegu máli. Það er rétt sem hann segir, að það er afskaplega takmarkað frelsi sem fólk hefur þegar það er einu sinni komið til Íslands. Íslendingar, sem státa af algeru frelsi, átta sig ekki á því, að hér er eitt mesta ófrelsi sem ég hef þekkt í nokkru landi, og hef ég þó búið í einum 4—5 löndum erlendis um þó nokkurt árabil. Hér er ekki athafnafrelsi til nokkurs skapaðs hlutar ef menn vilja færa sig á milli landa.

Ég hafði það að atvinnu í rúman áratug að ferðast á milli landa og vinna í ýmsum löndum og átti aldrei nokkurn tíma í neinum vandræðum með að flytja eignir mínar með mér. En komi einhver maður, íslenskur eða erlendur, til Íslands einu sinni með það sem hann á, hvort sem það er í peningum eða öðrum eignum, þá er útilokað að yfirfæra þær eignir milli landa eða andvirði fasteigna ef fjármagnað hefur verið í þeim. Ef um lausafé er að ræða fer það eftir svo ströngum gjaldeyrisreglum að hér ríkir algert ófrelsi hvað einstaklinga snertir. Hér er fólk í átthagafjötrum, ef það vill ekki skilja eignir sínar hér eftir. Ég veit um erlenda konu sem kom hingað og giftist íslenskum manni. Hún kom með talsvert fé með sér og hún fjárfesti í fasteign sem þau bæði nutu. Síðan skildu þau. Hún seldi eignina og fékk fyrir hana um 1970, eitthvað um 12—13 millj. kr. Hún hafði heimild til þess að yfirfæra sem svaraði 100 eða 150 þús. kr. á ári. Þannig eru reglurnar. Hér er eitt hið ófrjálsasta land sem ég þekki til í þessum efnum.

Svo að ég komi inn á það mál sem ég flutti hér fyrir nokkrum dögum þegar ég var að leggja til að fella niður stimplun á innflutningsskjölum, þá er alveg óskiljanlegt að íslenskir aðilar og íslenskir bankar skuli gæta svo hags þeirra, sem búa annars staðar, að alla vöru, sem flutt er til Íslands, á að greiða fyrir fram. Það er hvergi hægt að koma upp frjálsum viðskiptum eða frjálsu samkomulagi á milli manna. Þetta er alveg furðulegt. Og svo höldum við að við búum í frjálsu samfélagi. Það er óralangt frá því.

Hv. þm. gat líka um það, að allt gjaldeyrisbrask hefði dottið niður við tilkomu þessa ferðagjaldeyris og að ferðagjaldeyrir væri nú óskammtaður, svo að menn gætu gengið inn og keypt það magn sem þeir vildu. Þetta er langt frá því að vera rétt. Ég skildi hv. þm. þannig og ég bið afsökunar ef ég hef misskilið hann. (**SighB:** Þetta gjald hefur aukið skammtinn.) Það má nú sjá minna. Þetta eru lög nm. að auka hann, þ. e. verðgildið, um 10% í íslenskum krónum. Auðvitað lækkar gengið á erlendum gjaldeyri, en það er ekki stóraukið sem menn fá, það er ekki frjálst sem menn geta keypt.

Gjaldeyrisbrask verður stundað svo lengi sem erlendir aðilar á Íslandi nota erlendan gjaldeyri á Íslandi. Ef hv. þm. loka augunum fyrir því, að hér streymir inn gjaldeyrir frá herstöðinni í Keflavík, þá veit ég ekki á hvað menn horfa þegar þeir líta á gjaldeyrismálin í heild. Ferðamálaráð telur að það séu 2—3 milljarðar í erlendum gjaldeyri sem koma frá Keflavíkurflugvelli á hinn svarta markað sem hv. þm. gat um að væri kannske ekki til. Það er fyrir löngu orðið tímabært, að þeir aðilar verði skyldaðir til að nota íslenskar krónur, þ. e. að skipta því, sem þeir þurfa að nota, í gjaldeyrisbönkunum í staðinn fyrir að nota erlendan gjaldeyri í hluta landsins. En þetta er aukainnskot sem ég ætlaði ekki að tala um hefði tilefni ekki gefist.

Það, sem ég vildi benda á, er að hér er um tekjur af ferðamönnum að ræða, hvort sem þeir eru á leið til útlanda eða eru að koma til landsins, því að erlendum gjaldeyri er yfirleitt skilað inn í bankana þannig að hann gefur tvöfaldar tekjur þegar hann kemur inn í bankakerfið og eins þegar hann fer út aftur. Á sama tíma sem ríkisbankarnir hér eiga að innheimta 2 400 millj. kr. í aukaskatta á almenning, þá vill svo til annað árið í röð, að tekjur ferðamálaráðs eru skornar svo niður, að miðað við það framlag, sem því er nú ætlað á fjárlögum, er ráðið ekki starfhæft. Það á að hafa ákveðnar prósentutekjur af sölunni á Keflavíkurflugvelli. Nú minnkar umferð um Keflavíkurflugvöll og þá minnka tekjur þess að sjálfsögðu líka. Ferðamálaráð fékk ekki s. l. ár það sem því ber samkv. lögum. Og Ferðamálaráð fær enn minni tekjur í ár en s. l. ár, en kvaðirnar, sem á því hvíla samkv. lögum, minnka ekki. Þær eru þær sömu eftir sem áður. En því tala ég um þetta hér og nú í sambandi við ferðagjaldeyri, að þetta er tengt eins og hver og einn hlýtur að sjá.

Ég hef staðið hér upp og því væri freistandi að ræða annað sem tengist þessu óbeint, en ég mun koma að því þegar það mál kemur á dagskrá. Það snertir ferðamál að sjálfsögðu, og það eru flugmálin. Ég vil bara benda á það, að ef allar óskir þm. um framkvæmdir um land allt hefðu verið teknar til greina, þá hefðu flugmálayfirvöld komið með óskir um fjárfestingar upp á ca. 2.4—2.5 milljarða kr. Nú er það svo, að rn. hafði gert flugráði boð um að koma ekki með tillögur fram yfir 1 885 millj., en í frv. núna er 2.2 milljarðar eða rúmlega það. Sem sagt, framlag til allra framkvæmda í flugmálum og framlag til Ferðamálaráðs núna nær tæplega því sem kemur inn bara fyrir sölu á ferðagjaldeyri. Þessu til viðbótar koma svo tekjur af flugvallagjaldinu sem er hér til umræðu svolítið seinna. Ef við sleppum Ferðamálaráði úr þessu og tökum bara það sem á að fara sem framkvæmdafé til flugmála um land allt á komandi ári, þá eru það rúmir 2.2 milljarðar. En tekjurnar af þessum ferðagjaldeyri einum, bara þessi 10%, — við skulum ekki láta það blekkja okkur, það eru meiri tekjur af ferðagjaldeyri en það, þetta er bara aukagjald, — aukagjaldið eitt gefur ríkissjóði sem svarar um 200 millj. kr. meira í þessum skatti heldur en fer til flugmála samtals. Síðan skulum við sjá hvað kemur inn fyrir flugvallagjaldið til viðbótar. Segjum svo að ríkissjóður sé ekki í sæmilegum „bisness."

Þetta er það sem ég vildi benda á. Allt er þetta tengt ferðamálum, flugmálum og starfsemi Ferðamálaráðs að sjálfsögðu. Ég vildi bara benda á þessi atriði. Ég held að það sé fyrir löngu kominn tími til þess — og ég hef áður sagt það í þessari hv. deild — að endurskoða tekjur og gjöld. Hvað er það í fari ríkisins sem gerir það að verkum, að einn lítill liður, sem snertir ferðamál bæði innlendra og erlendra, skuli af sölu til innlendra aðila taka 200 millj. kr. meira en fer í framkvæmdir á vegum flugmála á öllu landinu? Hvað gerir það að verkum, að við þurfum alla þessa peninga, alla þessa háu skatta? Ég veit það ekki. Ég vil benda á þetta af því að mér finnst

það afskaplega ósanngjarnt og lítið hugsað.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21:8 atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3 umr. með 23:1 atkv.

Neðri deild, 35. fundur.

Miðvikudaginn 17. des., að loknum 34. fundi.

Lántaka 1980 og 1981 og ábyrgðarheimildir, frv. (þskj. 302 (sbr. 215)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Við 2. umr. málsins upplýsti hæstv. fjmrh. að hann hefði byggt það frv., sem hér liggur fyrir, ásamt fjárlagafrv. á áætlun sem gerð hefði verið um verðþróun á næsta ári um svipað leyti og fjárlagafrv. var í smíðum. Eins og ég rakti við 2. umr. málsins hefur verðlagsþróunin síðan orðið á þann veg, að sennilega er engin sú stofnun til í gervöllu ríkinu, stéttarfélag né hagsmunafélag, sem trúir því, að rétt sé að unnt verði að halda verðbólgunni í 42% á næsta ári. Og eins og við munum þótti hæstv. fjmrh. tiltakanlega skemmtilegur eða tilfyndinn, þegar hann gaf út fréttatilkynningu um það fyrir skömmu, að hjöðnun verðbólgu hér á landi væri hafin vegna dugnaðar núv. hæstv. ríkisstj., sem hefði síðan hún kom að völdum með margvíslegum ráðstöfunum beitt sér fyrir því að koma verðbólgunni niður. Nú höfum við að vísu ekki fengið nákvæma skýrslu um það hér á Alþingi, í hverju þessar ráðstafanir voru fólgnar, og skal ég ekki fara út í þá sálma, enda hæstv. forsrh. fjarstaddur, sennilega önnum kafinn við að semja annál um dugnað sinn við að fylgjast með álverinu í Straumsvík meðan hann var iðnrh. hér í fjögur ár og mátti þá grannt fylgjast með því sem þar gerðist.

En það, sem ég hef aðallega áhuga á og vildi fá upplýsingar um hjá hæstv. fjmrh. er þetta: Hyggst hæstv. fjmrh. láta þessa verðbólguspá duga, sem fjárlagafrv. er byggt á og gerð var í septembermánuði eða fyrstu viku að október og hann virðist síðan byggja alla sína fjármálapólitík á, eða hyggst hann taka þetta mál upp til nýrrar endurskoðunar? Og hyggst hann, áður en þm. fara heim fyrir jólin, gefa Alþingi einhverju skýrslu um þær breytingar, um þær breyttu forsendur sem eru fyrir verðbólguspánni?

Ég sé að hæstv. fjmrh. er önnum kafinn við að ræða við hæstv. landbrh. Það er sennilega af því að hæstv. landbrh. er svo önnum kafinn við að stjórna þeim málum vel, að hann velur helst tímann við umræður á Alþingi til þess að koma að máli við aðra ráðh., enda hefur það sýnt sig í hans ráðherraferli, að hann hefur tekið myndarlega á. Maðurinn er vaskur og duglegur og hefur getið sér orð fyrir það og hafði mikinn trúnað í Sjálfstfl. meðan ég þekkti hann.

Ég var að spyrja hæstv. fjmrh. hvort hann hefði í hyggju að gera Alþingi grein fyrir því, áður en þm. fara heim í jólaleyfi, hvernig forsendur fyrir verðbólguspánni, sem fjárlagafrv. er byggt á, hafa breyst, hvernig nýir kjarasamningar koma inn í þau mál. Það er enn fremur fróðlegt að fá upplýst hvort hæstv. fjmrh. er sömu skoðunar og Seðlabankinn um þá verðbólguþróun sem hér á sér stað, sömu skoðunar og Þjóðhagsstofnun. Það hefur komið hér í ljós fyrr í dag, að hæstv. fjmrh. er alveg hissa á því, að Vinnuveitendasambandinu skyldi ekki hafa tekist að spá rétt um verðbólguna. Ég veit ekki hvort skakkar miklur meira í þeirra verðbólguspá en hjá fjmrh. En sem sagt, spurningin er þessi: Hyggst fjmrh. láta duga þær upplýsingar, sem frá honum hafa komið, eða hyggst hann gefa þingheimi fyllri upplýsingar um það sem vænta má á næsta ári? Hvað hefur bæst við síðan Seðlabankinn gerði sína verðbólguspá? Hvaða nýjar upplýsingar liggja fyrir síðan Þjóðhagsstofnun gerði sína verðbólguspá? Hvaða röksemd er fyrir því, að enn þá sé hægt að standa á því og tala um það í fullri alvöru að verðbólgan á næsta ári verði ekki nema um 42%? Hafa einhverjar ærgildisafurðir bæst við þjóðarbúið sem bendir til þess, að þjóðartekjur aukist svo að við því megi búast, að við lifum ekki eins um efni fram og verið hefur? Eða hvað er það sem veldur þessari ótrúlegu bjartsýni?

Ég vil þá líka spyrja hæstv. fjmrh., en get að vísu gert það betur við 3. umr. fjárlaga, þegar fjárlögin verða sérstaklega til umr.: Er hann ánægður með þá þróun sem afgreiðsla fjárlaga hefur tekið, miðað við þá útreikninga sem hæstv. fjmrh. hefur byggt ummæli sín á hér í deild varðandi afkomu ríkissjóðs, í svo mikilli verðbólgu umfram það sem reiknað er með?

Og að síðustu þetta: Ef svo skyldi nú fara, að verðbólgan vaxi sýnilega miklu meira en um 42%, verði kannske orðin 42% um þær mundir sem Alþingi verður slitið í vor, má þá búast við því, að hæstv. fjmrh. beiti sér fyrir því, að nýrra heimilda verði leitað hjá Alþingi, eða hyggst hann þá leysa málið í sumar með útgáfu brbl. eins og þessari ríkisstj. finnst svo skemmtilegt að gera?

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Hv. þm. beindi nokkrum fsp. til mín við 2. umr. þessa máls. Þær spurningar vörðuðu ekki það mál sem hér er á dagskrá sérstaklega, heldur fyrst og fremst afgreiðslu fjárlaga og verðbólguspá á næsta ári. Það frv., sem hér er til umræðu, hefur það eitt efni að ganga frá ábyrgðarheimildum varðandi árið 1980 og svo hitt: að heimila ríkissjóði að taka lán að fjárhæð 25 milljarða vegna framkvæmda á næsta ári, þó með þeim fyrirvara að því fé verði ekki ráðstafað fyrr en lánsfjáráætlun hefur verið afgreidd. Það er því ljóst að endurteknar fsp. hv. þm. snerta alls ekki það þingmál sem hér er til umræðu. Hitt er ljóst að þær eiga mjög vel við 3. umr. fjárlaga, og ég tel að miklu eðlilegra og betra tilefni sé til umræðna um þessar spurningar, umfram það sem ég hef þegar gert þær að umræðuefni, þegar fjárlagafrv. verður til 3. umr.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Tímabundið vörugjald, frv. (þskj. 194). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv samþ. með 25:6 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 306).

Ferðagjaldeyrir, frv. (þskj. 193). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það vakti athygli mína, að hv. þm. Alþfl. sitja við sinn keip enn þá að greiða fyrir því, að hér sé tvenns konar gjaldeyrir í gangi. Virðist nú kominn tími til þess — svona þegar tóm gefst til — að hressa aðeins upp á þann gamla viðreisnaranda sem einu sinni lifði. Til þess að koma nokkuð til móts við það hef ég leyft mér, hæstv. forseti, að flytja brtt. við 1. gr. frv. um að í staðinn fyrir 10% gjald komi 5% gjald, ef vera mætti að unnt væri að koma hv. Alþfl.-þm. eitthvað áleiðis til rétts vegar í þessu máli.

Ég óska eftir því að hæstv. forseti leiti afbrigða í þessari brtt.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 305) samþ. með 26 shlj. atkv.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég vil bara vekja athygli á því, að það er ekki lengur ágreiningur um það í þinginu, hvort eigi að leggja gjald á ferðagjaldeyri, eftir þessa till. hv. þm. Halldórs Blöndals, heldur um það eitt, hversu hátt þetta gjald eigi að vera.

ATKVGR.

Brtt. 305 felld með 23:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: FrS, GeirH, HBl, MB, ÓE, SteinG, BÍG.

nei: Eh, FÞ, GHall, GGÞ, GHelg, HÁ, HG, IGuðn, IGísl, JE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, SV, SBó, SvG, ÞS, AG, AS, ÁG, GS.

JS, JÞ, KP, MHM, SighB, VG greiddu ekki atkv.

4 þm. (MÁM, PS, SvH, BGr) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu.:

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Þar sem ég ásamt fleiri félögum mínum í fjh.- og viðskn. flyt á þskj. 273 till. um að frv. þetta verði fellt, vegna þess að við erum þeirrar skoðunar, að þetta sé slæmt gjald og eigi ekki að viðgangast — það á ekki að vera mismunandi verð á erlendum gjaldeyri fyrir Íslendinga — þá segi ég nei.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Ég er á móti álagi á ferðamannagjaldeyri og því tvöfalda gengi sem slíkt álag hefur í för með sér. Ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar eru hins vegar staðráðnir í því að samþykkja hér 10% gjald. Mér finnst auðvitað snöggtum skárra fyrir almenning að borga 5% en 10% og segi því já.

Frv. samþ. með 26:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GHall, GGÞ, GHelg, HÁ, HG, IGuðn, IGísl, JE, JS, KP, MHM, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SighB, SkA, SV, SBó, SvG, ÞS, AS, ÁG, EH, FÞ, GS.

nei: GeirH, HBl, JÞ, MB, MÁM, ÓE, SteinG, VG, AG, BÍG, FrS.

3 þm. (PS, SvH, BGr) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 307).

Verðjöfnun á olíu og bensíni, frv. (þskj. 211, n. 295). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um þetta frv. Efni þess er það, að í verðjöfnun er einnig tekin inn steinolía til notkunar á flugvélar. Nefndin varð sammála um afgreiðslu málsins og leggur til að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 28 shlj atkv.
2.—3. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Samningur um gagnkvæma aðstoð í tollamálum, frv. (þskj. 191, n. 294). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Hér er um að ræða frv. til 1. um heimild fyrir ríkisstj. til að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli Norðurlandanna í tollamálum.

Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um mál þetta og fékk til fundar við sig í morgun starfsmenn frá tolladeild fjmrn. og þeir útskýrðu þetta mál. Talið er æskilegt og jafnvel nauðsynlegt að samningur þessi verði staðfestur með lögum með svipuðum hætti og samningur milli Norðurlandanna um gagnkvæma aðstoð í skattamálum. Þessi samvinna getur verið mjög þýðingarmikil varðandi ýmsa upplýsingaöflun og margvíslega meðferð mála. Mælir nefndin eindregið með því, að frv. verði samþykkt, en það hefur þegar hlotið afgreiðslu hv. Ed.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, frv. (þskj. 255, n. 296). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur haft til umfjöllunar frv. til l. um breyt. á lögum um Lífeyrissjóð starfsmann ríkisins. Nefndin hefur tekið þetta mál fyrir á nokkrum fundum sínum, m. a. á sameiginlegum fundum með hv. nefnd úr Ed., sem flutti við málið ýmsar brtt.

Nm. hefðu kosið að mál þetta hefði mátt bíða, m. a. með tilliti til þess að gera aðrar breytingar á máli þessu, en á fundi nefndarinnar í morgun kom fram að starfsmenn ríkisins munu a. m. k. flestir hverjir fá svokallaða persónuuppbót, 150 þús kr., í des., en það mun ekki vera ljóst að lífeyrisþegar fái lífeyri með tilliti til þessarar persónuuppbótar, þannig að nauðsynlegt mun vera, til þess að lífeyrisþegar fái lífeyrishlutfall af persónuuppbót þessari, að frv. þetta nái fram að ganga.

Með tilliti til þessa vill fjh.- og viðskn. ekki standa í vegi fyrir því, að málið nái fram að ganga, enda er nefndin sammála um frv., en hafði hins vegar hug á að athuga aðrar breytingar sem við munum taka upp eftir áramót samhliða öðrum frv. sem liggja fyrir nefndinni.

Ég vil aðeins ítreka að nefndin leggur til að frv. verði samþykkt.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég vil taka það fram, að ég tel enga ástæðu til að tefja afgreiðslu þessa máls á einn eða neinn veg og mun ekki gera það, heldur stend að samþykkt þess eins og kemur fram á nál. En ég vil aðeins taka fram í þessu sambandi og vekja athygli manna á því, þegar málið er nú afgreitt, hversu gífurlegt djúp er orðið staðfest á milli lífeyrisréttinda opinberra starfsmanna annars vegar og hins vegar félagsmanna í hinum almennu lífeyrissjóðum. Og ég vek sérstaklega athygli á því, að hæstv. ríkisstj., sem nýlega hefur samið við starfsmenn ríkisins um stórbætt lífeyrisréttindi, hefur svo til í sömu andránni neitað lífeyrissjóðum á hinum almenna vinnumarkaði um sambærileg lífskjör.

Svo að örfá dæmi séu tekin, þá er lágmarksaldur til töku lífeyris á venjulegum vinnumarkaði nú 70 ár, en hjá ríkinu getur starfsmaður öðlast fullan rétt til lífeyristöku aðeins 60 ára að aldri. Það er orðinn 10 ára réttindamismunur þarna á milli ríkisstarfsmanns annars vegar, sem nýtur auk þess fullrar verðtryggingar á sínum lífeyri, og hins vegar aðila úr hinum almennu lífeyrissjóðum. Og ég vek athygli á því, að hæstv. ríkisstj. hefur ekki séð ástæðu til að bæta úr þessu mikla misrétti þó að eftir því hafi verið sótt.

Í annan stað er það mjög verulegt misrétti þarna, á sama tíma og félagar í hinum almennu lífeyrissjóðum fá aðeins 1.8% fyrir hvert iðgjaldsár 30 tekjuhæstu árin, en 0.9% fyrir hvert ár umfram 30 þá fá félagar í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins ávallt í öllum tilvikum 2% á ári í starfi allt fram til sjötugs. Þarna er mjög verulegur réttindamismunur á milli starfsmanna ríkisins og alls annars almennings í landinu, sem hæstv. ríksistj. hefur aukið á, en ekki jafnað, og hefur ekki verið fáanleg til að veita félögum í hinum almennu lífeyrissjóðum sambærileg réttindi og þau sem hún hefur samið um við starfsfólk ríkisins.

Þá hefði einnig þurft að taka til sérstakrar athugunar þau ákvæði um greiðslur úr lífeyrissjóði opinberra starfsmanna sem virðast gera það fært að maður, sem t. d. hefur starfað hjá ríkinu í hálfu starfi mestalla sína starfsævi, geti öðlast fullar lífeyrisgreiðslur með því einu að breyta til úr hálfu starfi yfir í fullt starf t. d. síðasta starfsár sitt. Þetta er ekki æskilegt og eðlilegt fyrirkomulag, á sama hátt og það er ekki æskilegt og eðlilegt fyrirkomulag að starfsmaður hjá því opinbera, sem hefur unnið heils dags starf alla sína ævi, en ákveður síðustu ár starfsævi sinnar að draga við sig vinnu og færa starfsemi sína hjá ríkinu niður í hálfs dags starf, skuli verða að taka greiðslu sem miðast við hálfan lífeyri. Þetta eru atriði sem sérstaklega hefði þurft að athuga í sambandi við afgreiðslu þessa máls, en verður væntanlega gert eftir áramótin, ef marka má orð formanns hv. nefndar.

En ég vildi láta þetta frv. fara svo í gegn, að ég reyndi ekki að vekja sérstaka athygli hv. alþm. á hinni gífurlegu mismunun sem hæstv. ríkisstj. hefur enn aukið á, milli annars vegar almennings í landinu, sem á ekki aðild að lífeyrissjóðum á vegum opinberra aðila, og hins vegar starfsmanna ríkisins. Og ég vek enn og aftur athygli á því, að hæstv. ríkisstj. hefur verið ófáanleg til að veita öllum almenningi í landinu sambærileg lífeyrisréttindi og hæstv. ríkisstj. hefur samið um við starfsmenn ríkisins.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2.—15. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Manntal 1981, frv. (þskj. 186 (sbr. 119), n. 300). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur Þ. Þórðarson): Herra forseti. Allshn. Nd. hefur haft til athugunar frv. til 1. um manntal 31. jan. 1981. Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt með þeirri breytingu sem á því varð í Ed.

Það gafst ekki tími til að senda þetta mál út til umsagnar, en á fund nefndarinnar kom Klemens Tryggvason hagstofustjóri og gerði ítarlega grein fyrir málinu. Segja má að hér sé framkvæmd viss söguskráning í tölum, og það var m. a. upplýst, að gert er ráð fyrir að þær upplýsingar, sem safnað verður, séu sambærilegar við þær sem aflað er á hinum Norðurlöndunum.

Ég vil jafnframt geta þess, að með þær upplýsingar, sem snúa að einstaklingunum beint og mundu flokkast undir persónulegar upplýsingar, verður farið sem trúnaðarmál af hálfu þeirra aðila, sem um þetta manntal sjá af hálfu Hagstofunnar. Einnig vil ég koma því á framfæri, að áður en þeim gögnum verður dreift, sem ætlast er til að almenningur fylli út, er framkvæmd forkönnun til að koma í veg fyrir að spurningar séu á þessum blöðum, sem almenningur veigrar sér einhverra hluta vegna við að svara.

Ég tel að æskilegt hefði verið að senda frv. eins og

þetta út til umsagnar, en eins og ég gat um áður vannst ekki tími til þess. Jafnframt er því við að bæta, að þetta frv. er unnið í samvinnu við sveitarfélögin í landinu og ýmsa fleiri aðila sem töldu sig hafa þar hagsmuna að gæta. Við sáum þess vegna ekki ástæðu til að leggjast á mál þetta, sem hefði þýtt það, að orðið hefði að seinka manntalinu frá því sem frv. gerir ráð fyrir, til mikils óhagræðis fyrir sveitarstjórnirnar.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 26:1 atkv.
2.—11. gr. samþ. með 24:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Niðurfelling á opinberum gjöldum barna 1980, frv. (þskj. 51, n. 250, 265, og 275). — 2. umr.

Frsm. 1 minni hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur haft þetta frv. til umfjöllunar um nokkurt skeið. Ég gerði grein fyrir áliti mínu á frv. þessu við 1. umr. málsins, en almennt um málið vil ég segja það, að vorið 1978 voru sett skattalög. Hv. þm. Matthías Á. Mathiesen, þáv. fjmrh., lagði á það mikla áherslu þá — og þykir mér vænt um að hann skuli vera genginn í salinn — að lög þessi skyldu miðuð við staðgreiðslu skatta. Ég var þeirrar skoðunar þá, að það væri óraunhæft að koma á staðgreiðslukerfi skatta í ársbyrjun 1979 og því væri betra að miða lögin ekki við það. Á þetta var hins vegar lögð mikil áhersla, og niðurstaðan varð sú, að lögin voru miðuð við það að staðgreiðslukerfi skatta yrði upp tekið 1. jan. 1979.

Í þeirri umræðu komust menn að niðurstöðu um það, að nauðsynlegt væri að hafa sérstakan skatt af tekjum sérhvers einstaklings, hversu gamall sem hann væri eða í hvaða hjúskaparstétt eða hvort hann væri giftur, ógiftur o. s. frv. Þar af leiðandi var talið nauðsynlegt að hafa sérstakan skatt af tekjum ungmenna. Menn urðu um það sammála, að þessi skattur skyldi vera mun lægri en af tekjum annarra, en samt skyldi þessi hópur fólks, sem ynni sér fyrir tekjum, eigi að síður greiða einhvern hluta þeirra til þarfa samfélagsins.

Síðan gerist það, að lög þessi koma til framkvæmda 1. jan. 1980. Gerð var á þeim breyting á síðasta þingi, veturinn 1980, og full samstaða náðist um málið. Það var full samstaða um að halda þessum skatti af tekjum ungmenna. Hins vegar var þetta frv. afgreitt mjög seint og við vorum í hinum mestu vandræðum með málið hér á Alþingi. Við vissum það, þegar frv. var samþykkt, að ýmsir erfiðleikar varðandi framkvæmd laganna mundu koma fram á þessu ári. Það hefur líka komið í ljós, að þessir erfiðleikar hafa verið fyrir hendi, bæði varðandi þessa álagningu og ýmislegt annað. Þessi álagning á tekjur ungmenna var að sjálfsögðu allt of seint á ferðinni. En spurningin er: Er það eitt og sér nægileg ástæða fyrir því að fella þennan skatt niður eða er þetta aðeins almennur áhugi á því að finna áróðursmál í þjóðfélaginu eins og oft áður?

Á s. l. vetri töldu foreldrar fram fyrir þessi ungmenni með sérstöku framtali. Menn vissu þá að af þeim tekjum, sem þar væru taldar fram, skyldi greiða 11% skatt. Þeir þm. Sjálfstfl., sem hafa flutt þetta mál hér, vissu að sjálfsögðu þá líka, að það skyldi greiða af þessu 11% skatt. Svo vakna menn upp af einhverjum dauðasvefni á haustdögum og láta sem þeir viti ekkert um þetta mál. Mér finnst þetta mjög undarleg afstaða til mála.

Ég vil aðeins ítreka það, sem ég hef áður sagt varðandi þetta mál í minni framsögu, og legg til að frv. verði fellt.

Frsm. 2. minni hl. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Eins og þráfaldlega hefur komið fram í umræðum um skattamál nú á undanförnum mánuðum og ítrekað var og endurtekið af hv. síðasta ræðumanni var tilgangurinn sá, þegar gildandi skattalög voru sett, að sú kerfisbreyting yrði jafnframt gerð, að auk skattkerfisbreytingarinnar yrði tekin upp staðgreiðsla á opinberum gjöldum tekjuskattsgreiðenda. Þáv. hæstv. fjmrh., Matthías Á. Mathiesen, lagði fram frv. þessa efnis, sem hins vegar fékk ekki afgreiðslu hér á Alþingi. Vegna þess má segja að öll frekari meðferð málsins hafi verið heldur í skötulíki allt til þessa dags. Menn voru ávallt höndum seinni að afgreiða ýmsar þær breytingar sem gera þurfti á hinum nýju tekjuskattslögum vegna þess að staðgreiðslukerfið fylgdi ekki með, og menn rekur sjálfsagt alla minni til þess hvernig að málum varð að standa á s. l. þingi, þegar dróst von úr viti að afgreiða mjög einfaldar breytingar, sem gera þurfti á tekjuskattslögunum, vegna þess að þau höfðu upphaflega verið hugsuð út frá staðgreiðslu.

Þetta hefur það að sjálfsögðu í för með sér, að fyrst eftir að farið er að leggja á samkv. þessum nýju lögum eiga ýmsir ágallar eftir að koma í ljós, sem laga verður bæði framkvæmdalega í meðferð framkvæmdavaldsins, skattstjóra og ríkisskattstjóra, og eins hvað varðar ýmis ákvæði í þessari nýju lagasetningu. Og mig minnir að hv. þm. Halldór Ásgrímsson hafi sérstaklega tekið það fram hér fyrr í vetur, að menn þyrftu að búa sig undir það að ekki væri hægt að leggja síðustu hönd á þessa lagasetningu fyrr en eftir 1—2 ár, fyrr væri full reynsla ekki á hana fengin, fyrr mætti ekki búast við að umrædd skattalög yrðu fram borin í endanlegri gerð. Það er því ekkert undarlegt þó að menn telji fyrst eftir að farið er að reyna á nýjan lagabálk sem til er orðinn við slíkar aðstæður og hugsaður út frá allt öðru greiðslukerfi skatta en í gildi er — nauðsynlegt að gera ýmsar breytingar á lögunum eftir að menn eru farnir að sjá hvernig framkvæmdin reynist.

Það gerðist tvennt ámælisvert við skattaálagninguna nú í sumar varðandi það sem kallað hefur verið barnaskattar eða skattar á útivinnandi börn og ungmenni.

Í fyrsta lagi dróst von úr viti að leggja þessa skatta á, þannig að álagningin kom ekki fram fyrr en mér liggur við að segja á síðustu vikum ársins. Hjá mörgum fjölskyldum kom því greiðslubyrði þessara sérstöku skattlagningar aðeins fram á síðustu tveimur greiðslumánuðum ársins. Þetta er auðvitað misbrestur á framkvæmd skattalaganna sem kemur illa við margt heimilið og gerir ósköp eðlilegt að menn hugsi með sér hvort við þessar aðstæður sé ekki rétt að fella niður innheimtu þessara skatta, einkum og sér í lagi ef ekki er um mjög miklar fjárhæðir að ræða. Þetta var annað atriðið, þar sem segja má að misbrestur hafi orðið í framkvæmd álagningarinnar frekar en í lagaákvæðinu sjálfu.

Hinn misbresturinn í málinu var ekki í framkvæmd, heldur í lagasetningu. Meðal þeirra breytinga, sem gerðar voru á lögunum um tekju- og eignarskatt, sem nú

gilda, var sú, að börn voru nú skattlögð sérstaklega, en tekjur þeirra ekki með tekjum foreldra eins og yfirleitt var áður, en jafnframt var afnuminn sérstakur frádráttarliður, námsfrádráttur, sem heimilaður var áður af tekjum foreldra. Við athugum á tekjuskattsálagningu á fjölskyldur í staðinn fyrir tekjuskattsálagningu á einstaklinga leiddi reynslan í ljós að þessi breyting, niðurfelling námsfrádráttarins og sérsköttun barna, hafði í för með sér að skattbyrði fjölskyldna gat vaxið nokkuð. Allmargar fjölskyldur, einkum fjölskyldur lágtekjufólks og miðlungstekjufólks, þar sem útivinnandi börn við nám voru meðal framteljenda, fengu meiri skatta vegna þessarar breytingar á skattalögunum en þær hefðu fengið ef gömlu reglunni hefði verið fylgt áfram. Þetta er sá meinbugur, sem kom í ljós við álagningu skatta í sumar, sem segja má að sé vegna ákvæða í hinum nýju skattalögum.

Ég vek athygli á því, að það var ekki ætlun löggjafans, þegar þessi nýju skattalög voru sett, að sú breyting að taka upp sérsköttun barna og fella niður námsfrádrátt foreldra leiddi til aukinnar tekjuskattsbyrði fjölskyldna lágtekju- og miðlungstekjufólks, frekar en það væri ætlun Alþingis, að álagningin á börn og ungmenni kæmi ekki fram fyrr en síðustu vikur ársins.

Annað þessara atriða er hægt að leiðrétta. Annað þessara atriða getur Alþingi sjálft leiðrétt, það sem lýtur að lagasetningunni.

Það er áður búið að rekja mjög ítarlega dæmi þess, hvaða áhrif sú breyting að taka upp sérsköttun barna í staðinn fyrir samsköttun með foreldrum og fella námsfrádrátt niður hefur haft á skattlagningu á líðandi ári. Hv. þm. Kjartan Jóhannsson gerði það mjög ítarlega í umræðum utan dagskrár í Ed. Alþingis 22. okt. s. l. Þá rakti hv. þm. með mörgum dæmum hvernig þessi breyting leiddi til mjög aukinnar skattbyrði hjá fjölskyldum miðlungstekju- og lágtekjufólks sem eiga börn í námi sem unnið hafa fyrir einhverjum tekjum. Sama gerði hv. þm. Magnús H. Magnússon við 1. umr. um frv. þetta í þessari hv. deild. Hann sýndi einnig fram á það í ræðu sinni með mörgum dæmum, hvernig álagningin hefði verkað gagnvart fjölskyldum meðaltekju- og lágtekjufólks og hátekjufólks, hver áhrif þessi breyting á tekjuskattslögunum hefði haft á tekjuskattsaðlögun þessara fjölskyldna.

Svo að farið sé fljótt yfir sögu sýndi hv. þm. Magnús H. Magnússon fram á það í sinni ræðu, að í fyrsta lagi hafi sveitarfélög tapað mjög verulega á þessari breytingu.

Í öðru lagi hafi þessi breyting haft það í för með sér, að lágtekjufjölskyldur stórtapa á henni, hvort sem börn í lágtekjufjölskyldum hafa haft lágar tekjur eða miðlungstekjur.

Í þriðja lagi tapar fjölskylda, sem hefur haft meðaltekjur, einnig á breytingunni ef tekjur barna í fjölskyldunni eru lágar, en fer að vinna á, fer að græða á breytingunni ef tekjur barnanna eru mjög háar.

Í fjórða lagi sýndi hv. þm. fram á að hátekjufjölskyldur stórgræða, stórhagnast á þessari breytingu. Hátekjufjölskyldurnar hagnast því meir sem tekjur barnanna eru hærri.

Ég leyfi mér að fullyrða að þetta hafi aldrei verið tilgangur löggjafans þegar þessi ákvæði voru sett í hin nýju skattalög. Ég tel að það hafi aldrei verið tilgangur löggjafans að sú breyting, að hvert barn og ungmenni, sem vinnur sér fyrir tekjum samhliða skólanámi, fer nú að telja fram sérstaklega, í staðinn fyrir að telja fram með foreldrum sínum og námsfrádráttur fellur niður, yrði til þess fjölskyldur lágtekjufólks og miðlungstekjufólks töpuðu á þessari breytingu skattalega séð, en fjölskyldur hátekjufólks högnuðust stórlega á henni. Ég finn hvergi í öllum þeim umræðum, sem orðið hafa um þessi nýju skattalög hér á Alþingi að þetta hafi verið tilgangur flokka né heldur einstaklinga sem um málið hafa fjallað. Og það finnst mér alveg fráleitt, ef flokkur hæstv. fjmrh. — sem virðist nú ætla að axla allar syndir og öll mistök sem allar ríkisstjórnir kunna að hafa gert í skattamálum, gersamlega án tillits til þess, hvort Alþb. hefur átt aðild að þeim eða ekki — ef hæstv. fjmrh. og flokkur hans ætlar af einhverju misskildu stolti og misskildu yfirlæti að hafna því, að breytingar séu gerðar og lagfæringar á tekjuskattslögunum í þá veru að koma í veg fyrir það, að sú einfalda breyting, sem gerð var á skattalögunum að tilhlutan annarra aðila en Alþb., geti komið þannig út að lágtekjufólkið í landinu stórtapi á henni, miðlungtekjufólkið stórtapi á henni, en hátekjufólkið stórgræði á breytingunni.

Mér finnst það eiginlega orðið dæmi um hroka Alþb. og yfirlæti, að jafnvel svona einföld ábending er tekin mjög illa upp á þeim bæ. Það er alveg útilokað að þm. Alþb. fáist nú orðið til að samþykkja nokkra ábendingu um einfaldar breytingar, jafnvel þó að þeim sé leitt fyrir sjónir í fyrsta lagi, að breytingin kosti ekki ríkissjóð mjög verulegt fé, og í öðru lagi, að hún sé gerð til þess að hátekjufólkið hagnist ekki á henni og lágtekjufólkið tapi ekki á henni.

Það er til vansa, finnst mér, fyrir fylgismenn Alþb., miðað við þann málflutning sem það hefur haft uppi, að þeir skuli vera bæði blindir og heyrnarlausir þegar þeim er bent á slíkt. Það sýnir aðeins fram á hvílík stökkbreyting hefur orðið á þeim flokki við þá nýju forustu sem hann hefur fengið, við þá nýju forustu blúndubolsa sem þeir hv. þm. Vilmundur Gylfason og Jón Baldvin Hannibalsson nefna svo. Ég er hræddur um að Lúðvík Jósepsson, sá ágæti maður, hefði hvorki gerst blindur né heyrnarlaus, meðan hann sat hér á þingi, við svona ábendingu um mjög einfaldar breytingar sem gera þyrfti á skattalögum sem fjmrh. Sjálfstfl. setti og reynast meingölluð að því leyti að þau íþyngja lágtekjufólki, en ívilna hátekjufólki. Hv. þm. Lúðvík Jósepsson hefði ekki verið blindur og heyrnarlaus gagnvart slíkri ábendingu.

En hroki þeirra blúndubolsa, sem nú ráða ferðinni í Alþb., er slíkur að þeir hlusta ekki einu sinni á þetta, það kemur þeim hreint ekki við. Þetta er mál sem þeir hafa ekki minnsta áhuga á. Ég vek athygli hv. þm. á því, að hér er verið að ræða um tiltölulega mjög einfalda breytingu á skattalögum, og enginn þm. Alþb. — utan einn, sem er neyddur til að sitja í stól forseta þessarar hv. deildar — hefur nokkurn áhuga á því að fylgjast með umræðum einu sinni, kynna sér hvað menn hafa hér fram að færa né taka þátt í þessu á einn eða neinn veg. Hæstv. fjmrh. er víðs fjarri. Formaður Alþb.- (**Gripið fram í:** Hann er að flytja mál í Ed.) — Ekki eru þeir allir að flytja mál í Ed., ekki tala þeir allir í einu. — Formaður Alþb., hæstv. félmrh., sér enga ástæðu til þess að vera hér, ekki nokkra. Iðnrh., sem sér það helst til bjargar íslensku atvinnulífi að loka álverinu við Straumsvík og finna það sem hann kallar þjóðlegri störf fyrir fólkið sem vinnur þar, hefur *engan tíma til að fylgjast með umræðum af þessu tagi* og enginn þm. Alþb. utan sá einn sem situr í forsetastóli. (**Gripið fram í:** Hefur hann nokkurn áhuga á því?) Hann

hefur engan áhuga á því heldur, og þó leyfi ég mér að fullyrða, að af öllum þm. Alþb. er hv. þm. Garðar Sigurðsson sennilega sá eini sem líklegur væri til að hafa enn þá áhuga á málefnum láglaunafólksins í landinu. (Gripið fram í.) Blúndubolsarnir, sem stjórna Alþb., hafa allir stungið af.

Herra forseti. Við þm. Alþfl. höfum þá afstöðu, að okkur finnst mjög eðlilegt og sjálfsagt að allir einstaklingar í þessu þjóðfélagi greiði sanngjörn gjöld af sínu aflafé. Okkur finnst eðlilegt og sjálfsagt að börn og ungmenni geri það líka, vegna þess að það er snar þáttur í uppeldi að kenna fólki það, að láta fólk venjast við það frá því að það byrjar að afla tekna, að það verður að leggja fram af tekjum sínum til sameiginlegra þarfa, hver eftir efnum og ástæðum. Það er engin ástæða til þess að undanþiggja þar frekar einn en annan. Og það er sjálfsagt og eðlilegt, ef börn afla tekna til jafns við fullorðið fólk, að þau þurfi að leggja fram í sameiginlega sjóði ekkert síður en aðrir.

Við erum því, þrátt fyrir það að þessi álagning kom svo seint fram sem raun ber vitni, ekki fylgjandi því, að það sé nægileg ástæða til að fella alla skatta á börnum og ungmennum niður án þess að fyrst sé leitað annarra leiða. Og hin eðlilegasta leið til þess að leita að er sú leið að koma í veg fyrir að þessi breyting, sem gerð var að tilhlutan Alþingis með hinum nýju skattalögum, verði til þess, sem Alþingi ætlaðist aldrei til, að íþyngja stórlega lágtekju- og miðlungstekjufólki. Athuganir okkar benda til þess, þó svo að þar geti munað nokkru á einstökum fjölskyldum, að að meðaltali verki þessar reglur hinna nýju skattalaga íþyngjandi hjá fjölskyldum, þar sem börn hafa á annað borð einhverjar tekjur, sem nemur um það bil 40 þús. kr. í tekjuskatti á hverja meðalbarnafjölskyldu. Þetta er allnokkru meira hjá sumum fjölskyldum, allnokkru minna hjá öðrum, en það lætur nærri, að þetta séu um það bil 40 þús. kr. til íþyngingar hjá láglauna- og miðlungstekjufólki í landinu.

Í framhaldi af því legg ég til á þskj. 265, að 1. gr. frv., sem hér er til umr. verði breytt á þá lund, að álagður tekjuskattur og útsvar, sjúkratryggingagjald og kirkjugarðsgjald á börn, sem voru innan 16 ára aldurs á s. l. ári, verði felld niður séu gjöld þessi samanlögð 40 þús. kr. eða lægri. Fari gjöldin á börnin hins vegar fram úr 40 þús. kr. skuli þau lækkuð um 40 þús. kr. og skiptist lækkunin hlutfallslega milli gjaldanna í sama hlutfalli og þau eru lögð á. Álögð gjöld, sem þegar hafa verið greidd, en afsláttur tekur til, verði síðan að sjálfsögðu endurgreidd. Ég legg til að 1. gr. verði breytt eins og ég hef hér lýst og frv. síðan afgreitt að þeirri breytingu gerðri og samþykkt. Fari svo hefur verið komið í veg fyrir að sú breyting, sem Alþingi gerði við afgreiðslu gildandi laga um tekju- og eignarskatt, verki til íþyngingar fyrir fjölskyldur lágtekju- og miðlungstekjufólks, þar sem meðal framteljenda eru börn sem hafa aflað einhverra tekna. Og ég ítreka enn og aftur: Það var aldrei tilgangur löggjafarvaldsins, að breytingin hefði þau áhrif. Og þar sem það var ekki tilgangur löggjafarvaldsins, þá tel ég skýlaust að löggjafinn verði að leiðrétta þessa yfirsjón, því að hér eru ekki miklar fjárhæðir í húfi, þó að það geti munað heimilin mjög verulegu, einkum og sér í lagi núna í jólamánuðinum.

Mér finnst alveg fráleit sú afstaða flokks hæstv. fjmrh., Alþb., að ávallt þegar rætt er um smávægilegar lagfæringar á skattalögum, sem þessi flokkur átti ekki þátt í að leggja á þjóðina, skuli hroki þeirra vera slíkur að þeir skuli ávallt loka bæði augum og eyrum fyrir öllum röksemdum, öllum óskum og öllum beiðnum af því tagi og velja þann kostinn að vera ekki viðstaddir þegar umræða fer fram um málið.

Frsm. 3. minni hl. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. 3. minni hl., en í honum eru jafnmargir og voru í þeim 1. og þrisvar sinnum fleiri en í 2. minni hl. En það geta alltaf komið fyrir mistök. Forseti hlýtur að vera orðinn þreyttur eins og fleiri hér, því að haldið er áfram og ekki spurt hvað tímanum líði, og sennilega er vandvirkni í meðferð mála í samræmi við það, enda sjást þm. nú varla hér inni tímunum saman. Þeir eru farnir að halda til einhvers staðar annars staðar í húsinu en hér í þd., og það fer kannske vel á því að mörgu leyti, miðað við það sem er að gerast hér þessa daga undir hinni styrku forustu hæstv. ríkisstj.

Hv. frsm. 1. minni hl., formaður fjh.- og viðskn., belgdi sig töluvert út þegar hann mælti gegn þessu frv. og var að rembast við að reyna að vera hneykslaður á flutningi þessa frv. um að fella niður skatta á tekjum barna innan 16 ára aldurs. Ég vil benda honum á það, sem hann raunar veit mjög vel, að flm. þessa frv. og við, sem stöndum að því nál. sem ég er að mæla hér fyrir, erum ekki að gagnrýna álagningu tekjuskatts, útsvars eða sjúkratryggingagjalds og kirkjugarðsgjalds á börn innan 16 ára aldurs, heldur að leggja til að þetta verði fellt niður á álagðar tekjur skattársins 1979, fellt niður á árinu 1980. Ástæðan fyrir því, að við leggjum til að þetta falli niður á þessu ári, er sú, að álagningin fer ekki fram fyrr en undir lok ársins, og svo langt gengur stjórnarliðið í innheimtu, að það á að innheimta þessa skatta í tveimur greiðslum, 1. nóv. og 1. des. Þetta hlýtur að hafa í för með sér að það verður víða þröngt í búi hjá fjölskyldum, þar sem börn hafa unnið á árinu 1979, þegar þetta kemur svo á eftir.

Við þekkjum það, sem fullorðnir erum, að við leggjum ekki alltaf til hliðar, þegar skattar eru lagðir á okkur eftir á, og verðum stundum að leggja hart að okkur til þess að standa við greiðslu þeirra. Er þá að búast við því, að börn gæti þess vel? Þegar þau afla tekna á árinu 1979 og auðvitað aftur á árinu 1980 er þessum tekjum yfirleitt eytt jafnóðum. Og þegar kemur að því að á að greiða þetta eftir að skólar eru byrjaðir og flest börn eru búin að kaupa sér eitthvað eða sum að eyða, því miður, þá má segja að þessir skattar komi að verulegu leyti á foreldra barnanna ofan á skattabrjálæðið sem fyrir er á heimilin. Það er þetta sem um er að ræða, það er þetta sem við erum að gagnrýna, og það er þetta sem við erum að leggja til að verði fellt niður á þessu ári.

Þegar þessi skattalög voru sett á sínum tíma var reiknað með staðgreiðslukerfi skatta, og sú skoðun okkar, sem flytjum þetta frv., nm. í fjh.- og viðskn. sem mælum fyrir þessu nál., er óbreytt, að þessi skattlagning sé rétt. Við erum ekkert að hverfa frá því. En hitt er uppsuða, sem hv. talsmaður 2. minni hl. var að tala um, að hér hefði átt sér stað stórfellt óréttlæti þegar þessi breyting var gerð, og þetta ímyndaða tal hjá krötunum um hátekjufólk er orðið þreytandi að hlusta á. Þeir eru alltaf aftur í grárri forneskju, þegar nær enginn hafði til hnífs eða skeiðar og örfáir menn í landinu höfðu nokkrar tekjur. Þeir eru alltaf að tala fyrir þetta fólk sem varla er til. Hv. 3. þm. Vestf., sem var að mæla fyrir þessari

uppsuðu sinni áðan, ætti að athuga sinn gang langtum betur áður en hann lætur slíkt út úr sér fara. Hvar eru þessir skattar lagðir á? Þeir eru fyrst og fremst lagðir á í sjávarplássum landsins. Það er tiltölulega lítill hluti sem kemur hér í Reykjavík,vegna þess að börnin hér í Reykjavík hafa það litla vinnu. En það er verið að leggja þetta á víða úti um land. Og áberandi er það, að hæstu upphæðirnar, sem lagðar eru á, eru í því kjördæmi sem hefur kosið þennan hv. þm. á þing og á Austfjörðum. Þar eru þessir skattar hæstir. Og ég spyr þennan hv. þm.: Ætlar hann að halda sér aftur í grárri forneskju lengi? Hann er búinn hér í dag ýmist að verja ríkisstj. eða hanga aftan í henni, halda í hana dauðahaldi. Svo hleypur hann hér í kvöld til að skamma Alþb. af því að það er enginn þeirra Alþb.-manna staddur í salnum nema forsetinn sem má ekkert segja.

Hvað er að gerast í sambandi við þessa tekjuöflun? Hvers vegna eiga ekki allir að greiða sömu skatta? Ef eitthvert barn vinnur í frystihúsi eða annars staðar og aflar hárra tekna, þá vill hann skattleggja það meira en önnur börn ef faðirinn eða móðirin hefur háar tekjur. Hvers á þessi drengur eða stúlka að gjalda? Hann á sama rétt og aðrir. Þetta dregur úr vinnu, þetta dregur úr framleiðslunni. Það verður þessi hv. þm. að skilja. Eða vill hann hafa þessi börn öll á Mallorka eða Kanaríeyjum eða Ítalíu eða hvert það nú er sem það sækir. Ég tel það virðingarverða viðleitni þegar þetta fólk vinnur og þessi börn. Það er höfuðatriði málsins.

Ég harma t. d. hvað tekjur barna eru lágar í Reykjavík, sem sýnir hvað erfitt er að útvega börnum hér vinnu. Í Reykjavík eru ekki lagðar nema rúmlega 90 millj. á 2679 einstaklinga. Á Vestfjörðum eru lagðar á 519 einstaklinga næstum því 43.4 millj. og Austfirðir fylgja fast á eftir, þar eru lagðar á 780 einstaklinga 38.4 millj., svo að þessi kjördæmi eru langhæst.

En svo spyr ég: Hvernig stendur á því, að fjölmörg sveitarfélög í landinu hafa fellt þessa skatta niður á þessu ári með sömu rökum og við leggjum til að gert verði? Af hverju eru sveitarstjórnarmenn að þessu? Þeir eru að því vegna þess að þeir telja sanngjarnt og eðlilegt að þetta sé gert eins og ástatt er. En í Reykjavík, þar sem munar minnst um þessa upphæð vegna þess hve lág hún er, þar er fellt í borgarstjórn með 8:7 atkv. að fella þessa skatta niður, af því að þar er kominn vinstri meiri hluti. Það er nú víðsýni þessa vinstra liðs. Þetta er ein ógæfan þegar það nær saman, þetta lið. Það er ekki glæsilegt, hvorki í borgarstjórn né á Alþingi, þegar þessi niðurrifsöfl ná saman. Hugsið ykkur nú hvað þessir menn eru forstokkaðir gegn því að gera sjálfsagðar og eðlilegar breytingar. Þetta eru álagðir skattar samtals upp á 424 millj. á öllu landinu. Og alltaf fellur eitthvað úr. Þetta er lagt á 6789 einstaklinga og þar af eru til sveitarfélaganna næstum því 97 millj. kr.

Ég er hissa á formanni fjh.- og viðskn., sem er með gleggstu þm., að taka þá afstöðu til þessa sjálfsagða máls sem hann gerði. með svona síðbúinni álagningu og innheimtu á tveimur síðustu skattagjalddögum ársins er þetta í reynd að verulegu leyti skattur á heimilin, ofan á alla þá skatta aðra, sem lagðir hafa verið á heimilin í landinu á þessu ári. — Og það er kominn tími til fyrir Alþfl.-menn, hvort sem það eru hægri kratar, vinstri kratar, toppkratar eða vanmetakratar, að hugsa betur sinn gang og flytja ekki slíka ræðu eins og hv. 3. þm. Vestf. flutti í sambandi við þetta mál.

Umr. frestað.

Neðri deild, 36. fundur.

Miðvikudaginn 17. des., að loknum 35. fundi.

Verðjöfnun á olíu og bensíni, frv. (þskj. 211). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Samningur um gagnkvæma aðstoð í tollamálum, frv. (þskj. 191). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 316).

Lífeyrissjóður stafsmanna ríkisins, frv. (þskj. 255). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 317).

Manntal 1981, frv. (þskj. 186 (sbr. 119)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbriðgi samþ með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv samþ. með 26:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 318).

Niðurfelling á opinberum gjöldum barna 1980, frv. (þskj. 51, n. 250, 265 og 275). — Frh. 2. umr.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Ég vil aðeins lýsa því, að ég er samþykkur þeim röksemdum sem gengið hafa í þá veru að fella þetta frv. og þær brtt. sem við það hafa verið gerðar, og þá helst af þeirri ástæðu, að hv. þm., sem grannt fylgdust með, gátu auðvitað vitað mætavel í hvaða veru stefndi. En í annan stað — vegna þess að mér þykir slegið undir belti þegar til þess er vísað að hér sé verið að leggja skatta á börn — þetta eru auðvitað ekki börn sem hér um ræðir. Þetta eru unglingar, fullvaxið fólk, þetta er nánast í öllum tilfellum fólk 14 og 15 ára gamalt, á 16 ári. Auðvitað er það fílhraust og fullvaxið fólk sem hér á hlut að máli, og öll röksemdafærsla, sem gengur út á það, að hér sé verið að leggja skatta á börn, er út í hött. Hér er ekki barnavinna í þeim skilningi sem við venjulega leggjum í orðið.

Og ég vil aðeins segja það, að mér þykir allur málflutningur, einkum og sér í lagi síðast hjá hv. þm., Matthíasi Bjarnasyni, vera yfirgengilegur og högg undir belti, vegna þess hvaða fólk það er sem hér á hlut að máli. Mér er minnisstætt að eftir að ég kom fyrst hér inn á Alþingi urðu nokkrar umræður hér á þingi um Gullu litlu, um barnið sem hv. þm. Matthías Bjarnason bar á okkur kratana að hafa haldið fram að verið væri að hengja á erlendar skuldir. Þá heyrði ég ekki samúðina með þessum börnum sem nú kemur fram hjá karlinum hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni. Málflutningurinn hefur snúist við. Og ég verð að segja það, að mér þykir lítið fara fyrir þróttinum sem einkenndi hann þá í málflutningi.

Það er hægt að vera stjórnarandstæðingur og stjórnarandstæðingur, það getur verið sitt hvað. Og það eru eiginlega takmörk fyrir því, hve langt menn eiga að teygja sig til að koma höggi á ríkisstj. í landinu. Þetta eru atriði sem við vissum mætavel og fyrir löngu að til stæðu. Og sama gildir auðvitað um þegnana í landinu. Þetta er spurning um það, hvar þessar upphæðir lenda, hvort þær lenda á fjölskyldunni eða á þessum einstaklingum. Ég tek undir röksemdir hv. þm. Halldórs Ásgrímssonar, að hér hefur stjórnarandstaðan eða hluti hennar teygt sig fulllangt.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það er eins og fyrri daginn, að menn eiga svolítið erfitt með að ræða þetta mál eins og það liggur fyrir, og nú hv. síðasti ræðumaður sem er eitthvað hneykslaður á því, að börn innan 16 ára aldurs skuli vera kölluð börn í þessu frv. eins og gert er í sjálfum skattalögunum. Þar er ekki talað um unglinga, þar er talað um börn, og það er einungis notað sama orðalagið hér. En ég get mætavel skilið að mönnum, sem aldrei hafa lesið skattalögin og kynnt sér þau, verði það á eins og þessum hv. þm. að geta ekki talað af viti um þessi mál, slá um sig og ætla öðrum mönnum einhverjar undarlegar hvatir, haldinn af þeim sjálfur. Og ég afsegi það með öllu, að verið sé að slá undir belti með þessu frv. Hitt fullyrði ég, að það sé slegið undir belti þegar nýir og óvæntir skattar eru lagðir á löngu eftir að viðkomandi eru hættir að afla sér tekna og hafa þess vegna ekki eigið sjálfsaflafé undir höndum til að greiða skattana með. Og það er meira að segja svo í okkar skattlöggjöf, eins og hv. 3. þm. Austurl. veit mætavel sjálfur, að ef þeir menn, sem skattlagðir eru, verða fyrir heilsubresti, þá er venjan sú, að skattar eru lækkaðir á þeim þó að búið sé að leggja á, vegna þess að greiðsluþolið er skert. Þetta er kjarni málsins. Og það þýðir ekki að tala um þetta á öðrum grundvelli en þeim, að þetta frv. er lagt fram vegna þess, hversu álagningin kom seint, ekki af neinum öðrum ástæðum, það liggur alveg skýrt fyrir. Það hefur aldrei verið talað um þetta mál á öðrum grundvelli. Þess vegna er ekki hægt að verja þetta með einhverjum almennum skattalegum rökum, vegna þess að þegar þessi skattalög voru sett fyrir einhverjum árum var aldrei út frá því gengið að börn innan 16 ára yrðu látin sitja á hakanum varðandi álagninguna. Það er ekki hægt að tala út og suður um mál, enda kemur það fram, að fjölmörg sveitarfélög hafa fellt niður útsvör á þessum barnatekjum. Og forsendurnar fyrir því að gera það eru ævinlega þær sömu. Þessi börn eru farin í skóla, þau eru hætt að afla sér tekna, þau hafa ekki greiðslugetu til að standa undir þessum opinberu gjöldum.

Ég vil ítreka enn það sem ég hef áður sagt um þessi mál, að ég tel að ef það á að viðgangast áfram að börn og unglingar séu skattlögð, þá sé hið opinbera ekkert of gott að innheimta þá skatta um leið og skyldusparnaðurinn er innheimtur, um leið og tekna er aflað. Ég fellst ekki á afturvirka skatta með þessum hætti á þessa þegna þjóðfélagsins sem þjóðfélagið verndar í annarri löggjöf fyrir slíkri kröfu sem hér er um að ræða. Fjárskuldbindingar, sem þetta fólk stofnar til, eru ógildar. Og rökin fyrir því að fella barnaskattana niður eru þau hin sömu, afskaplega einföld og blátt áfram, að skattstofurnar voru of seinar, börnin voru hætt að afla sér tekna, höfðu eytt peningunum í námsbækur, skólaföt og annað því um líkt. Til þess að kenna þeim rétta siði í sambandi við það þjóðfélagslega uppeldi, sem alltaf er verið að tala um þegar verið er að ræða um að þau eigi að standa skil á opinberum gjöldum eins og aðrir, þá er vitaskuld ætlast til þess, að þær greiðslur komi af þeirra sjálfsaflafé, en ekki af einhverju sníkjufé hjá foreldrum þeirra. Það er einfalt.

Ég sakna þess nú satt að segja, að hæstv. fjmrh. er ekki hér, en ég sé að varaforsrh. er mættur í stólnum hæstv. dómsmrh., og það nægir mér fullkomlega. Í „Beinni línu" viðhafði hæstv. forsrh. þau orð, að það þyrfti að leiðrétta þetta með barnaskattana. Hann talaði um þetta á sinn hátt, og vel mátti skilja að honum þótti Matthías Á. Mathiesen ekki hafa staðið sig nógu vel þegar hann var fjmrh. með því að ætlast til þess að börn greiddu skatta. Hann talaði um að það þyrfti að leiðrétta þetta og það yrði leiðrétt. Nú langar mig að fá upplýsingar um það hjá hæstv. dómsmrh., — vegna þess að alveg gegn von minni og mér mjög á óvart hefur skattamálasérfræðingur ríkisstj. lagst gegn málinu eftir athugun, — þá langar mig til að fá það upplýst hjá hæstv. dómsmrh., hvort einhverjar umræður hafi átt sér stað, annaðhvort í ríkisstj. eða þeim hluta þingflokks Sjálfstfl., sem styður ríkisstj., um það, að þær leiðréttingar, sem hæstv. forsrh. talaði um á „Beinni línu" kæmu til framkvæmda. Ég held að það væri mjög upplýsandi ef við fengjum að vita hvort þetta mál hafi verið rætt í ríkisstj., hvort hæstv. forsrh. hafi beitt sér fyrir málinu eins og hann lofaði spyrli í útvarpinu. Við vitum að „bein lína" í útvarpinu er reyndar til þess ætluð að gefa þegnunum tækifæri til að ræða beint við ráðamenn landsins og bera fram sínar ábendingar og kvartanir. Og það er ætlast til þess, að menn geti treyst því sem það er sagt. Mér leikur þess

vegna forvitni á að vita hvernig á þessu máli hefur verið tekið í ríkisstj. eða þá í þeim hluta Sjálfstfl., sem styður ríkisstj., hvort það hafi komið þar til umræðu.

Hv. 3. þm. Austurl., Halldór Ásgrímsson, hefur gaman af því að tala um það, að menn hafi átt að vita það áður og átta sig á því, að barnaskattarnir yrðu lagðir á með þessum hætti. Ég vil minna á það, að núv. hæstv. forsrh. viðhafði þau orð í sambandi við þau skattalög, sem nú eru í gildi, að það væri eiginlega — ég man ekki — siglt út í bláinn eða eitthvað því um líkt. Hann vissi ekkert um það í rauninni hvernig þessi skattalög mundu verka. Og rökstuðningurinn fyrir því, að nefnd var skipuð með fulltrúum þingflokkanna til þess að fylgjast með framkvæmd skattalaganna, var einmitt sú, að menn óttuðust á s. l. vetri að ýmislegt mundi fara aflaga á þessu fyrsta ári, eins og hv. 3. þm. Austurl. reyndar viðurkenndi áðan að gerst hefði. Hann þarf þess vegna að bæta um betur ef hann ætlar að sannfæra menn um að það hafi verið til þess ætlast og það sé eðlileg og réttlát framkvæmd þessara laga að láta börnin sitja á hakanum, eins og gert var við þessa álagningu.

Ég veit að hv. þm. gera sér grein fyrir því, að það hefði ekki verið hægt að bjóða einum einasta fullorðnum manni það, að hann yrði að greiða alla sína skattu á tveim síðustu útborgunardögunum, eftirlaunamanni það, að á hann yrðu lagðir himinháir skattar eftir að hann væri hættur vinnu. Það er tekið tillit til þess, eins og ég sagði áðan, ef gjaldþol hefur minnkað, ef viðkomandi er hættur að afla tekna. Þetta lögmál hlýtur með sama hætti að eiga við um börnin eins og það á við þá sem fullorðnir eru. Framhjá þessu verður ekki hægt að ganga.

Svo er það náttúrlega út af fyrir sig undarleg latína, ef manni hefur orðið á í messunni, að hann megi ekki leiðrétta sínar fyrri misgerðir. Ef Alþingi hefur orðið á í sambandi við skattlagningu á börnum og Alþingi viðurkennir að það hafi ekki haldið nógu vel á þessum málum, þá ber Alþingi að sjálfsögðu skylda til að leiðrétta sínar fyrri misgerðir. Og auðvitað er það svo um skattalög, ekki síst í 70% verðbólgu eins og nú er, að þau hljóta stöðugt að vera til endurskoðunar. Það má lagfæra ýmislegt. Og það er líka af þeim sökum sem fjölmörg mál bíða nú afgreiðslu fyrir þessi jól, að löggjafinn, þeir sem með löggjafarvaldið fara, þykjast sjá það, að með ýmsum hætti megi betrumbæta þá löggjöf sem áður var. Þess vegna eru það ekki rök í máli, að þessi lög og þessi lög hafi einhvern tíma verið sett. Það geta aldrei orðið nein lög. Tími lögbókanna er löngu liðinn, við höfum lagasafn í staðinn. Og starf löggjafans er að vera vakandi í því, hvar mál megi betur fara.

Herra forseti. Ég harma það, að hæstv. forsrh. skuli ekki sýna þessu máli þann áhuga að túlka sín viðhorf hér, hvorki við 1. né 2. umr. málsins. Hann er málsnjall maður og þingreyndur, og ég veit að ef hann legði sig fram mundu magir þeir, sem hafa nú kosið hann til forustu í þjóðmálum, hrífast af rökfimi hans og málsnilli og jafnvel snúast til þessa máls, þótt framgangur þess sýnist örðugur eins og á stendur.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Ég skal ekki tefja þessar umræður, en vegna þeirra orða, sem hv. 3 þm. Austurl. lét falla hér áðan varðandi þetta frv. og meðferð skattalaganna árið 1978 og minn hlut í því máli, vildi ég gjarnan benda á það, að þm. ruglaði saman því, að með skattalögunum var gerð skattkerfisbreyting sem byggir á því, að sérhver einstaklingur greiðir skatt af þeim tekjum sem hann sjálfur hefur aflað. Hvort um er að ræða staðgreiðslu eða ekki skiptir ekki máli í því tilfelli.

Hins vegar liggur það ljóst fyrir, að framkvæmd þessa máls var með þeim hætti, að börnin sem hér um ræðir urðu þannig fyrir barðinu á kerfinu að það er á síðustu tveimur mánuðunum sem þeim er ætlað að greiða þá skatta sem á þau voru lagðir. Það er til þess að leiðrétta þetta að þetta frv. er flutt.

Það lá alveg ljóst fyrir í öndverðu og skýrt tekið fram af mér, þegar frv. til nýrra skattalaga var hér til meðferðar, að á þeim lögum yrði að gera breytingar eftir því sem reynslan sýndi okkur. Og þar er einmitt þetta atriði sem hér er vikið að. Það kom skýrt fram í ræðu hv. 1. þm Vestf., að hér er ekki með neinum hætti verið að leggja til að breyta því skattkerfi sem við búum við í dag. Það er aðeins verið að leggja til leiðréttingu gagnvart þeim aðilum sem verst hafa farið út úr dæminu vegna framkvæmdarinnar.

Við skulum svo aðeins víkja að því, hvort ekki má létta sköttum af fjölskyldunum í landinu í dag. Það er svo annað mál, og ég er reiðubúinn að ræða það við hv. þm. Halldór Ásgrímsson, hver skattbyrðin er á heimilunum í dag og hver hún var 1978 þegar skattalögin voru samþykkt. Jafnvel þó að einhverjir létu sé detta í hug að fella niður eitthvað af þeim sköttum, sem lagðir eru á í dag, er sú upphæð, sem hér er lagt til að fella niður, ekki nema brot af þeirri skattþyngingu sem átt hefur sér stað síðan 1978, því að samkv. tölum Þjóðhagsstofnunar eru áætlaðir skattar sem hlutfall af tekjum greiðsluárs 11.7% árið 1978. En 1980 er þessi prósenta komin upp í 13.9% og hefur aldrei verið hærri. Þetta eitt er næg ástæða til þess að menn skoði skattbyrðina, bara þetta eitt. En það, sem hér er verið að leggja til, er að leiðrétta vandræði sem vegna lélegrar framkvæmdar — hvort sem það er Alþingi að kenna eða öðrum — hafa átt sér stað.

Hv. 7. landsk. þm. vék að ummælum hæstv. forsrh. á „Beinni línu" varðandi þetta mál. Hann lýsti því þar yfir, að hann hefði á sínum tíma verið óánægður með það sem gert var með skattalögunum 1978. Í því frv. var þó ekki lagt til að skatturinn yrði nema 5% vegna þess að um var að ræða staðgreiðslu. En ríkisstj. hans beitti sér fyrir því að hækka þessa prósentu úr 5% upp í 7%. Sú ríkisstj. beitti sér fyrir því, að 3% útsvar skyldi lagt á þessar tekjur og þar með 1.5% sjúkratryggingagjald, þannig að 5% voru komin upp í 11.5. Vegna hvers? Vegna frumvarpa sem hæstv. ríkisstj. hafði lagt fram og fengið samþykkt, 5% upp í 7 vegna þess að staðgreiðslan var ekki lengur fyrir hendi, heldur eftirágreiðsla. Það var alltaf gert ráð fyrir því, að útsvör yrðu greidd af þessari upphæð. Hvort sjúkratryggingagjaldið var inni í myndinni í upphafi skal ég ekki fullyrða hér, en þeir, sem lýsa sig óánægða með 5% 1978, eru a. m. k. ekki sjálfum sér samkvæmir ef þeir standa fyrir því að hækka þá prósentu úr 5% upp í 11.5% þegar þeir fara með völd í landinu.

Frsm. 1. minni hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Aðeins örstutt aths. Ég fyllyrði það, að sú skattlagning, sem hér fer fram á unglingum og ungmennum, er ekki þyngri skattbyrði en gert var ráð fyrir í upphafi. Hins vegar hefur skattbyrði einstaklinga þyngst og annarra skattþegna, því geri ég mér alveg ljósa grein fyrir.

Það var gert ráð fyrir því í upphafi, að þessi skattur yrði 5%. Hann hefur verið hækkaður í 7%. Ef farið hefði verið eftir forsendum frv. sem upphaflega var samþykkt hefði skatturinn átt að vera nær 8%. (Gripið fram í.) Mig minnir að það hafi verið rætt um 2% útsvar. (Gripið fram í.) Það var ekki endanlega ákveðið, það er nú 3%. Hins vegar var aldrei sérstaklega rætt um sjúkratryggingagjaldið. Sjúkratryggingagjald leggst á sama stofn og útsvar, og þess vegna hefur það fylgt með. Ég tel því að sú skattbyrði, sem hér hefur orðið niðurstaðan, sé í fullu samræmi við það sem talað var um við undirbúning laga nr. 40/1978.

Það, sem stendur þá eftir, er einfaldlega það, hvort sú framkvæmd, sem orðið hefur varðandi þetta tiltekna atriði sem er hér til umr., en ekki önnur atriði, — hvort sú framkvæmd hefur farið svo mikið úrskeiðis að það eitt og sér réttlæti það, að þessi gjöld skuli felld niður. Ég skal vera fyrsti maður til að viðurkenna það, að framkvæmdin fór að því leytinu til úrskeiðis, að tilkynningar um þetta bárust seinna en aðrar tilkynningar. Hins vegar máttu allir, sem gerður skattframtöl fyrir ungmenni, vita að þessi skattur mundi koma.

Mér finnst allt of mikið gert úr þessu máli og því sem hefur farið hér úrskeiðis. Að sjálfsögðu var það slæmt. En þótt það sé nú ekki viðurkennt er undirrót þessa málflutnings ekki eins mikil umhyggja fyrir þessum ungmennum og menn vilja vera láta og maður skyldi halda. Sem sagt, það eina, sem eftir stendur, er það: Fór þessi framkvæmd svo mikið úrskeiðis, að það réttlæti þetta? Ég heyri að hv. þm. hafa komist að þeirri niðurstöðu, en ég leyfi mér að fullyrða að það er ekki það eitt sem hér býr að baki.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Út af þeirri fsp., sem hv. 7. landsk. þm. beindi til mín, vil ég aðeins taka þetta fram:

1. Allir þingflokkar bera sem kunnugt er meiri og minni ábyrgð á núgildandi skattalögum.

2. Það var ljóst, að margt hlaut að verða á huldu um framkvæmd laganna. Að þeim var það mikið nýjabragð.

3. Ég heyrði ekki yfirlýsingu þá sem hv. þm. ræðir um að hæstv. forsrh. hafi gefið í áminnstu útvarpsviðtali eða þættinum „Beinni línu."

Að því er varðar umræður um hina svonefndu barnaskatta í ríkisstj. vil ég geta þess, að þar hefur þá borið á góma oftar en einu sinni að sjálfsögðu. Okkur var það ljóst, að framkvæmdin hefði orðið seinni og öðruvísi en æskilegt er. Ber að sjálfsögðu að harma það þegar framkvæmdin er ekki eins og skyldi, ekki síst þegar lagðir eru á skattar, sem er yfirleitt ekki gleðiefni þeim sem þá eiga að greiða. En það hefur ekki verið talið fært að fella þessa skatta niður af ýmsum ástæðum sem ég ætla ekki að fara út í að telja hér upp. Margar af þeim ástæðum hafa menn rætt hér í kvöld. En það er ekkert nýtt, að svipuðum athugasemdum sé hreyft. Og það vita allir, sem við þessi mál hafa fengist, að ævinlega má benda á eitt og annað þungbært við álagningu og innheimtu opinberra gjalda.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. hans svör. Það kemur fram í máli hans, eða má lesa út úr ummælum hans, að hæstv. forsrh. hefur ekki tekið málið upp innan ríkisstj. á þeim grundvelli sem skilja varð orð hans í „Beinni línu," og ég harma það að sjálfsögðu.

Ég vil svo aðeins nefna tvö atriði við hv. 3. þm. Austurl. Þó að mér þyki undarlegt að maður skuli alltaf þurfa að eiga í viðræðum við hann um skattamál, þá hélt ég að hann vissi það ofurvel, að þegar talað er um skatta heimilanna, þá er verið að hugsa um þá greiðslubyrði sem heimilið hefur. Það skiptir engu máli um afkomu heimilisins hvað konunni er gert að greiða með sérstökum seðli, hvað föðurnum, hvað móðurinni, hvað hverju barni. Það, sem máli skiptir, er heildarniðurstaðan, heildarskattarnir á heimilinu, og þessi hv. þm. veit ofurvel að heildarskattarnir á heimilunum hafa þyngst. Beinu skattarnir hafa hækkað miklu meira en launatekjur almennings í landinu. Þetta veit þessi hv. þm. ofurvel. Ég er hér með skrá yfir þetta í hlutfallstölum. Ég hef oft lesið það og farið með það hér, en er ekki með það á hraðbergi eins og á stendur og bjóst satt að segja ekki við þvílíkum umræðum. En menn þurfa ekki annað en bera saman tekjuskattinn í fjárlagafrv. frá ári til árs, frá ríkisreikningi til ríkisreiknings. Menn geta lesið um það í Hagtölum mánaðarins. Öllum skýrslum ber saman um það, að skattbyrðin hefur þyngst. Beinu skattarnir eru hærri en þeir voru áður borið saman við laun. Og þegar sagt er: Skattbyrðin á ungmennunum er ekki þyngri en hún var, en á hinn bóginn hefur skattbyrðin á foreldrunum þyngst. Þá ber þess að minnast, að það er verið að tala um börn yngri en 16 ára. Hver er það sem sér þessum börnum farborða? Og ég vil aðeins minna á að um það hefur fallið hæstaréttardómur, að móður sé óheimilt að afsala sér meðlagi föður af þeirri einföldu ástæðu að meðlagið á ekki að koma móðurinni til góða, heldur barninu, og ef móðurin telur sig ekki þurfa á því að halda hefur barnið eftir sem áður rétt til þessa fjár. Þar kemur að sjálfsögðu fram þessi skilningur, að það eru fjölskyldutekjurnar sem máli skipta, það fé sem fjölskyldan hefur handa á milli, ekki hvernig það skiptist á meðlimi heimilisins. Þetta er gamalt atriði í skattalögum sem á að vera óþarfi að tala um hér á hinu háa Alþingi dag eftir dag, nánast í hvert einasta skipti sem skattamál ber á góma, rétt eins og maður væri að kenna félagsfræði í 4. bekk í gagnfræðaskóla. (**Gripið fram í:** Það talar enginn um þetta nema þú.) Ja, þú ættir að tala um það, þú hefur kennt þetta sjálfur í háskóla.

Svo vil ég segja það og skal ábyrgjast, að í vísindalegri meðfjöllun þessa hv. þm. — þegar hann talar sem löggiltur endurskoðandi — þá talar hann út frá þeim punkti sem eðlilegur er: Hversu mikið er það af heildartekjum heimilisins sem fer í skatta? Það er það sem skiptir máli, það er það sem um er spurt.

Ég vil svo líka benda á það, þegar talað er um að skattheimtan, eins og hún er í dag, sé sambærileg við það sem til var ætlast 1978, að það lágu fyrir yfirlýsingar um það frá Sjálfstfl., að skattbyrðin yrði hin sama eftir þau skattalög sem þá voru sett. Bæði þáv. hæstv. fjmrh. og þáv. hv. formaður fjh.- og viðskn. Nd. héldu því fram, að grundvöllurinn fyrir þeirra vinnu væri sá, að skattbyrðin yrði óbreytt. Ef það kemur nú í ljós að reiknað hafi verið vitlaust á þessum tíma, að verðbólgan hafi verið reiknuð öðruvísi en hún síðar varð, þá er það allt annað mál. Nema hv. þm. sé með þessum ummælum sínum að segja, að það hafi alls ekki staðið til í hans huga að skattbyrðin yrði óbreytt, hann hafi ætlað sér allt annað og við þá endurskoðun á skattalögum, sem hann var svo mjög

viðriðinn, hafi hann ætlað að koma aftan að mönnum bakdyramegin með þyngri sköttum en áður. Það stóð alls ekki til.

Ég ætla svo ekki að gera sérstaklega að umræðuefni þá skattauka sem lagðir voru á haustið 1978. Ég skal ekki heldur gera sérstaklega að umræðuefni þegar verðbætur á laun voru skornar niður um 2% 1. des. 1978. Þá var lofað skattalækkunum sem aldrei var staðið við því að skattarnir hækkuðu. En jafnvel þó að því sé sleppt, þá hafa skattarnir þyngst. Og það sýnir að það er rétt, sem sagt hefur verið, að það er engin vörn fyrir þeirri skatthеimtu sem nú er þó svo að grindin að núgildandi skattalögum hafi verið sett á árinu 1978. Og það er raunar líka alveg ný kenning ef skattstigar skipta ekki máli. Auðvitað eru þeir höfuðatriði málsins. Það hefur t. d. verið grundvallarregla hjá Sjálfstfl., að beinir skattar færu ekki yfir 50%. Einnig hefur það verið grundvöllur í stefnu Sjálfstfl., að almennar launatekjur yrðu ekki skattlagðar til ríkisins. Þetta liggur alveg ljóst fyrir. Út frá þessu var gengið þegar skattalögin voru ákveðin. En hitt er rétt, að ég veit ekki hvort í huga þessa hv. þm. hefur verið einhver löngun eða þrá til þess að koma aftan að mönnum með einhverri íþyngingu á þeim skattalögum, sem þá voru í gildi, í skjóli kerfisbreytingarinnar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Vörugjald, frv. (þskj. 229). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um vörugjald, en frv. þetta hefur verið afgreitt frá Ed. Gjald þetta er gamalkunnugt í skattasögu þjóðarinnar og hefur lengi verið lagt á, a. m. k. ein 20 ár.

Þegar viðreisnarstjórnin var sett á legg hækkaði hún verulega gjöld á gosdrykkjum og öli og taldi óhjákvæmilegt að afla nokkurra tekna í þessu skyni. Gjald þetta var lengi vel í fastri krónutölu, hefur tekið nokkur stökk upp á við, en þó lengst af verið óbreytt í krónutölu og því rýrnað gífurlega vegna verðlagshreyfinga hér innanlands. Með þessu frv. er verið að færa þetta gjald til samræmis við verðlagsþróunina sem átt hefur sér stað á undanförnum árum.

Sú breyting er gerð á fyrirkomulagi skatttökunnar, að gjaldið er ekki lengur ákveðið í fastri krónutölu, heldur í hundraðshlutum, 10% á sælgæti, en 30% á gosdrykki. Rétt er að geta þess, að þessi gjöld hafa oft verið allmiklu hærri hlutfallslega en þau verða eftir að frv. þetta verður afgreitt, ef Alþingi samþykkir það. Svo að nefnt sé dæmi, þá mundi gosdrykkjagjaldið vera á annað hundrað kr. hærra í dag ef gjaldið, sem lagt var á 1960, hefði fylgt verðlagsþróuninni.

Auðvitað eru þeir framleiðendur, sem framleiða þessar vörur, ekki sérlega hrifnir af gjaldtöku af þessu tagi, og láir þeim enginn það. En þeir eru ýmsu vanir og hafa lengi fengist við það að afla þessara skatta fyrir ríkissjóð, hafa aldrei tekið því fagnandi, þegar gjaldið hefur verið hækkað, og oft talað um að mikill samdráttur mundi fylgja í kjölfar þessarar álagningar. En reynslan hefur orðið sú, að þjóðin hefur haldið áfram að borða sitt sælgæti og drekka sitt öl þrátt fyrir þessi gjöld. Og mér er nær að halda að svo verði þótt þetta frv. verði að lögum, þar verði ekki ýkjamikil breyting á.

Nokkrir framkvæmdastjórar gosdrykkjaverksmiðja hafa haft uppi hótanir um, að þeir muni segja upp starfsfólki sínu, og hafa jafnvel verið að tala um að þessa dagana væri verið að velja úr það starfsfólk sem ætti að hætta. En mörgum hefði fundist hyggilegra fyrir þá að doka við eftir því að áhrif þessa gjalds kæmu í ljós, og vera ekki með yfirlýsingar af þessu tagi fyrr en áhrifin hefðu sýnt sig í verki.

Herra forseti. Þetta er í sjálfu sér lítið mál sem ætti ekki að vekja mikla athygli að öllu venjulegu. Ég vil ekki orðlengja frekar um það og legg til að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Við sjálfstæðismenn erum andvígir þessu frv. Þetta frv. lýsir ákaflega vel störfum núv. ríkisstj. Eftir að búið er í haust að gera sérstakar ráðstafanir til þess að aðstoða íslenskan iðnað er hér komið með frv. sem íþyngir svo íslenskum iðnaði að vera má að hann standi töluvert miklu verr eftir en áður þegar allt er lagt saman.

Ráðh. sagði í sinni framsöguræðu, að sælgætisframleiðendur væru ýmsu vanir. En ég ímynda mér að það, sem nú er að gerast, keyri um þverbak og þeir hafi aldrei — ég endurtek: aldrei nokkurn tíma búið við slíkar starfsaðferðir í gjaldtöku til ríkissjóðs sem nú er beitt.

Þessu til viðbótar má benda á það, að þessi gjaldtaka þýðir vísitöluhækkun sem kostar launahækkanir í landinu sem nemur 3 milljörðum kr. Menn verða að átta sig á því, hver útkoman úr heildardæminu verður þó að e. t. v. megi í byrjun reikna nokkra tugi, jafnvel hundruð millj. inn í ríkissjóð.

Ég endurtek: Við sjálfstæðismenn erum andvígir þessu frv.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Okkur fjh.- og viðskn.-mönnum í Nd. gafst kostur á að fjalla um þetta mál á sameiginlegum fundum með fjh.- og viðskn. Ed. Við erum því ekkert ókunnugir málinu og höfum getað fylgst með þeim umræðum, sem hafa orðið í fjh.- og viðskn. Ed., og þeim upplýsingum, sem þar hafa verið gefnar. Ég þarf því ekki að hafa mörg orð núna við 1. umr. um þetta mál, aðeins lýsa því yfir, að við þm. Alþfl. erum andvígir frv.

Ég vil þó benda á örfá atriði í mjög stuttu máli.

Í fyrsta lagi leyfi ég mér að vekja athygli hv. þm. á því, að þegar fjárlagafrv. var lagt fram fyrr á þessu hausti var teknamegin í því gert ráð fyrir tekjum af aðlögunargjaldi sem átti samkv. samningum, sem við höfum gert, og samkomulagi og lögum um aðlögunargjald að falla úr gildi frá og með næstu áramótum. Engu að síður gerði hæstv. ríkisstj. ráð fyrir að hafa tekjur af þessu gjaldi á árinu 1981 þó það yrði þá ekki til. Hins vegar gerði hæstv. ríkisstj. ekki ráð fyrir því, að útgjaldamegin á fjárlögum væri neinu ráðstafað af því aðlögunargjaldi sem átti að innheimta á næsta ári. Útgjaldamegin á fjárlögum var aðeins verið að ráðstafa eftirstöðvum af aðlögunargjaldi sem lagt var á á yfirstandandi ári, en ekki hafði verið greitt.

Nú virðist hæstv. ríkisstj. hafa tekið ákvörðun um að framlengja ekki viðkomandi aðlögunargjald og fellur þá færslan á tekjum vegna aðlögunargjalds á árinu 1981 niður úr tekjuhlið fjárlaga. Þá skapast að sjálfsögðu fjár-

öflunarvandi vegna þess að þessu bókfærða aðlögunargjaldi tekjumegin í fjárlögum hafði ríkisstj. ráðstafað útgjaldamegin til annarra þarfa. Nú hafði hæstv. ríkisstj. ekki lengur þetta gjald til ráðstöfunar, sem notað var til að fullnægja almennri fjárþörf ríkissjóðs, þó að það ætti að vera til sérstakra nota fyrir iðnaðinn. Þess vegna hefur hæstv. ríkisstj. gripið til þess ráðs — um leið og aðlögunargjaldið er fellt niður, sem hafði það að yfirskini að vera aðstoð við íslenskan iðnað — að leggja á iðnaðinn öllu hærri fjárhæð, eða öllu heldur á þá landsmenn sem nota íslenska iðnaðarframleiðslu, þannig að aðgerðin stangast gersamlega á við upphaflegan tilgang hæstv. ríkisstj.

Hæstv. fjmrh. tók það fram, að hér hefðu verið á ferli framkvæmdastjórar nokkurra gosdrykkjaverksmiðja og sælgætisgerða sem hefðu verið að mótmæla þessum skatti, þessir menn væru ýmsu vanir og mundu sjálfsagt ekki bregða sér mikið við þetta gjald. En af einhverjum ástæðum gleymdi hæstv. ráðh. að taka það fram, að hér voru fleiri á ferðinni í Alþingishúsinu en nokkrir forstjórar gosdrykkja- og sælgætisgerða. Hér voru einnig á ferðinni í Alþingishúsinu formælendur félaga iðnverkafólks sem þiggur lægst laun allra launþega í landinu. Hæstv. ráðh. lét þessara forsvarsmanna láglaunafólksins að engu getið. Hann hafði engan áhuga á að greina frá því, hæstv. ráðh., að þeir hefðu átt erindi við sig. Kannske hafa forustumenn íslensks iðnverkafólks ekki náð tali af ráðh. A. m. k. var ekki á máli hans að heyra hér áðan að hann hefði gefið neinn gaum að því, hvað þessir menn höfðu að segja. A. m. k. taldi hann enga ástæðu til að geta þess, að þeir hefðu við sig rætt svo mikið sem eitt aukatekið orð. (Gripið fram í.) Þeir ræddu hins vegar bæði við okkur í Alþfl. og formenn fjh.- og viðskn. beggja deilda til þess að koma á framfæri mjög alvarlegum viðvörunum og eindreginni andstöðu við þetta gjald. Þetta er ein ástæða þess, að við þm. Alþfl. munum greiða atkv. gegn þessu frv. Við viljum ekki standa í því hér á Alþingi að vera með annarri hendinni að reyna að styðja við bakið á íslenskum iðnaði, en síðan með hinni hendinni á sama tíma að kippa stoðunum undan þessum sama iðnaði. Við viljum ekki vera að reyna með sérstökum aðgerðum að vernda atvinnu starfsfólks í öl- og sælgætisgerðum, en með hinni hendinni að ógna afkomuöryggi þess. Og það segir kannske sína sögu, hæstv. ráðh., að forsvarsmenn iðnverkafólks, sem komu hér í Alþingishúsið til að afhenda mótmæli sín við þessu gjaldi, hafa ekki talað við hæstv. fjmrh. Forsvarsmenn iðnverkafólks á Íslandi telja það sem sé ekki ómaksins vert að ræða við hæstv. ráðh. um þetta mál. Þeir hljóta þá að þykjast vera svo vissir um neikvæð viðbrögð hæstv. ráðh. Hins vegar töluðu þeir við flesta aðra sem málið varðar.

Ég ætla ekki að fara frekari orðum um þetta mál, en það er ýmislegt sérkennilegt í því. M. a. telur hæstv. fjmrh. ástæðu til að gera sérstaka breytingu á þeirri meðferð sem ýmsar sælgætisvörur mundu ella hafa fengið ef sama hefði verið látið ganga yfir allar vörur. Það kemur m. a. fram í því, að álag á negrakossum verður öllu lægra en það hefði þurft að vera. Þar er e. t. v. að verki áhugi Alþb. á málefnum þriðja heimsins.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Efri deild, 38. fundur.

Miðvikudaginn 17. des., kl. 10.35 að kvöldi.

Lántaka 1980 og 1981 og ábyrgðarheimildir, frv. (þskj. 302 (sbr. 215)). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um heimildir til lántöku á árunum 1980 og 1981 og um ábyrgðarheimildir.

Í þessu frv. kennir ýmissa grasa og eru ekki öll af sömu rót.

Í 1. gr. frv. er fjmrh. heimilað fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1980 allt að 4750 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar upphæðar í erlendri mynt miðað við gengi 1. ágúst 1980, og í 2. gr. er þetta lánsfé sundurliðað eins og þar kemur fram.

Hér er um að ræða nokkurs konar aukalánsfjáráætlun með svipuðum hætti og stundum eru afgreidd aukafjárlög og raunar flest ár. Það er svo, að fjárlög eru áætlun Alþingis um greiðslur og tekjur ríkissjóðs og lánsfjárlög eru áætlun Alþingis um lántökur og heimildir þeirra vegna. En það gildir bæði um fjárlög og lántöku ríkisins, að þar verður oft að gera nokkrar breytingar meðan Alþingi starfar ekki, vegna þess að aðstæður breytast, verðlag breytist eða upp koma vandamál eða sérstakar þarfir sem leysa þarf úr.

Sumir hafa ímyndað sér að það flokkaðist undir lögbrot að ríkisstj. afgreiddi lán til rafmagnsveitna eða jarðvarmaveitna eða til Orkusjóðs eða til Landhelgissjóðs umfram það sem lánsfjárlög heimila, en þetta er á nokkrum misskilningi byggt. Í lögum er skýrt kveðið á að B-hluta stofnunum sé heimilt að taka lán með samþykki fjmrn. Þessi heimild hefur æðioft verið notuð á undanförnum árum og þar á meðal á s. l. sumri.

Ég held að það sé ekki ástæða til að fara sérstaklega í þessa liði hvern um sig. Þarna er fyrst og fremst um að ræða að framkvæmdir hafa farið fram úr áætlun vegna verðlagsbreytinga og ekki hefur þótt tiltækt eða hagkvæmt að hætta verki í miðjum klíðum, heldur hefur þurft að bæta nokkru við. Eins þótti óhyggilegt með hliðsjón af þeirri hættu, að verulegur rafmagnsskortur yrði á þessum vetri vegna stöðu jarðvatns og vegna lítils úrfellis, að ekki fengist meira rafmagn frá Kröflu en áformað var, og var því ákveðið að bora þar eina holu til viðbótar. Óhætt er að segja að boranir við Kröflu hafi verið sérstaklega vel heppnaðar í seinni tíð og borið tilætlaðan árangur og er það fundið fé.

Í sambandi við lán til Lanhelgissjóðs til kaupa á þyrlu vil ég taka það fram, að þegar lánsfjáráætlun var afgreidd höfðum við fengið þær upplýsingar í ríkisstj. að þessi þyrla kæmi ekki til landsins á þessu ári. Því var ekki gert ráð fyrir þyrlukaupum í lánsfjáráætlun ársins. Það kom svo í ljós, þegar líða tók á árið, að ekki væri hægt að komast undan því að afgreiða þetta mál, og var það gert með lántöku Landhelgissjóðs. Þessi þyrlukaup eru hins vegar kapítuli út af fyrir sig og kannke Alþingi til lítils sóma eða stjórnvöldum öllum, því að aldrei hefur verið fjallað um þessi þyrlukaup á Alþingi og er það í raun og veru furðulegt. Þetta hefur gengið svona til í tíð margra

ríkisstjórna. Ég held að allir flokkar hafi tekið meiri eða minni ábyrgð á þessari óvenjulegu og lítt verjandi málsmeðferð. En þyrlan stóð tilbúin síðla sumars og var ekki um neitt annað að ræða en að taka við henni á tilsettum tíma ef ekki átti að hljótast fjárhagsskaði af.

Í 3. gr. frv. er fjmrn. heimilað að veita sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs í tengslum við þær lántökur sem greindar eru í 2. gr.

4. gr. fjallar aftur á móti um óskylt mál, þ. e. lántöku að jafnvirði 25 milljarða á næsta ári í tengslum við væntanlega lánsfjáráætlun.

Það kom skýrt fram í framsöguræðu minni við 1. umr. málsins í hv. Nd., að ekki væri ætlunin að ráðstafa neinu af þessu láni fyrr en lánsfjáráætlun og lánsfjárlög hefðu verið afgreidd hér á Alþingi. Í raun og veru er þessi lántaka ekki til komin í neinum tengslum við það að lánsfjáráætlun skuli ekki hafa verið afgreidd. Hér er fyrst og fremst um það að ræða, að lántakan verður óvenjulega snemma á ferðinni þar sem hún verður á ferðinni núna í byrjun janúar, en hefur venjulega ekki átt sér stað fyrr en töluvert hefur verið liðið á árið. Okkur býðst sérstaklega hagkvæmt lán með óvenjulega góðum kjörum, lán til 25 ára, afborgunarlaust í 24 ár, á breskum markaði. Það þykir ekki verjandi að missa af því tækifæri sem þarna býðst og hefur ekki boðist um margra ára skeið á breskum markaði. Í hv. Nd. var gerð sú breyting á þessari grein, að enn skýrar var tekið fram en gert var í frv. upphaflega að þessu fé verði ekki ráðstafað fyrr en lánsfjáráætlun og lánsfjárlög hafa verið samþykkt.

Þegar frv. var fyrst útbúið af embættismönnum stóðu þeir í þeirri trú, að ætlunin væri að haga þessu með svipuðum hætti og þegar lánsfjáráætlun var samþykkt til bráðabirgða í stjórnleysisástandi í byrjun ársins og að þessu fé yrði ráðstafað í samvinnu við fjvn. Þetta var hins vegar misskilningur og ég breytti 4. gr. til samræmis við það. Hins vegar láðist mér að taka eftir því, að í lok athugasemda við 4. gr. hangir eftir setning sem ekki er rétt. Þar segir: „Hér er sami háttur hafður á og árið 1980, en lánsfé þessu verður ráðstafað í náinni samvinnu við fjárveitinganefnd.“ Þessi orð áttu alls ekki að standa þarna, enda um hreinan misskilning að ræða. Það stóð aldrei til af hálfu ríkisstj. að ráðstafa neinu af þessu fé fyrr en lánsfjárlög hefðu verið samþykkt, enda engin þörf á slíku.

Herra forseti. Ég held að ekki sé ástæða til að eyða frekari orðum að þessu frv., en legg til að að lokinni þessari umr. verði því vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Hæstv. ráðh. og hæstv. ríkisstj. ætla ekki að gera það endasleppt með lánsfjáráætlun og umfjöllun um þau mál á þessu Alþingi. Um þetta hafa orðið allmiklar deilur. Hæstv. ráðh. hefur ekki viðurkennt þá augljósu staðreynd, að honum ber skylda til að leggja fram með fjárlagafrv. frv. að lánsfjárlögum. Hann hefur neitað þessu staðfastlega, en ég ætla að kalla hér fram dómara í þessu máli sem er hæstv. ráðh. sjálfur.

Hæstv. ráðh. lagði fram frv. að lánsfjárlögum á þingi s. l. vetur, og segir í skýrslu hæstv. ráðh. sjálfs:

„Í lögum nr. 13 10. apríl 1979, um stjórn efnahagsmála, segir að leggja skuli fyrir Alþingi fjárfestingar- og lánsfjáráætlanir fyrir eitt ár í senn og skuli þær fylgja fjárlagafrv.“

Síðar segir í þessari skýrslu — þetta er strax í upphafi skýrslunnar:

„Þingrofið í október 1979, alþingiskosningarnar í desember 1979 og hin langvinna stjórnarkreppa, sem fylgdi í kjölfarið, hafa á ýmsan hátt raskað eðlilegum gangi þingmála.“ — Svo segir hér, með leyfi forseta: „Af þessum sökum var ekki kleift að leggja fjárfestingar- og lánsfjáráætlun í heild fyrir Alþingi samtímis fjárlagafrv.“ — Samtímis fjárlagafrv., segir hæstv. ráðh.

Þetta segir hæstv. ráðh. sjálfur í skýrslu um fyrstu lánsfjáráætlun eða drög að lánsfjáráætlun sem hann lagði fyrir hið háa Alþingi. Ég held að það sé alveg ljóst að með þessum orðum viðurkennir hæstv. ráðh. að það ber samkvæmt íslenskum lögum að leggja frv. að lánsfjárlögum fram samtímis fjárlagafrv. (**Fjmrh.:** Það er ekki það sama.) Er það ekki það sama? Á ég að lesa þetta upp að nýju svo að hæstv. ráðh. skilji?

„Af þessum sökum,“ segir hér, „var ekki kleift að leggja fjárfestingar- og lánsfjáráætlun í heild fyrir Alþingi samtímis fjárlagafrv.“ (**Fjmrh.:** Það er tvennt ólíkt hvað er skylt og hvað er æskilegt.) Hæstv. ráðh. var búinn að segja hér í upphafi: „Í lögum nr. 13 10. apríl 1979, um stjórn efnahagsmála, segir að leggja skuli fyrir Alþingi fjárfestingar- og lánsfjáráætlanir fyrir eitt ár í senn og skuli þær fylgja fjárlagafrv.“ Síðan talar hæstv. ráðh. um að leggja þetta fram samtímis, það hafi ekki verið hægt vegna ástandsins í fyrra. Hæstv. ráðh. viðurkennir þetta hér, og það er engin leið fyrir hann með neinum orðhengilshætti að komast fram hjá því. Hæstv. ráðh. hefur gerst dómari í eigin sök.

Um þetta frv., sem hér er til umr., get ég verið stuttorður. Ég er hæstv. ráðh. alveg sammála um að það er sjálfsagt mál að veita honum heimild til að taka svo hagkvæmt lán sem þarna um ræðir, enda hefur hann marglýst yfir að hann muni ekki ráðstafa því fyrr en lánsfjárlög liggja fyrir. Ég segi gjarnan að ég vildi persónulega eiga kost á að taka lán og þurfa ekki að borga af því fyrr en eftir 24 ár. Ég er því hæstv. ráðh. alveg sammála um að þessi lántökuheimild verði veitt út af fyrir sig, miðað við þær yfirlýsingar sem hér hafa verið hafðar í frammi um að þetta lán verði ekki notað nema eftir réttum lögum.

En út af þessu máli vil ég vekja athygli á því, að í þeirri skýrslu, sem hv. þm. hafa fengið um væntanlega lánsfjáráætlun, lánsfjárlög, sem sennilega verður tekin fyrir eftir áramót, eru ýmsar athyglisverðar upplýsingar. Hæstv. ríkisstj. ætlar að auka erlendar lántökur til opinberra framkvæmda um 95% frá lánsfjárlögum í ár samkv. skýrslunni. Hún ætlar að hækka þessar erlendu lántökur úr 49.8 milljörðum í rúma 97 milljarða sem er 95% hækkun, og hún ætlar að auka lántökur til ríkisfyrirtækja í A- og B-hluta um hvorki meira né minna en 67%, sem er náttúrlega talsvert fram yfir verðlagshækkanir, og taka að láni til þessa yfir 59 milljarða kr. Þessi fjáröflun er til viðbótar við allar skattahækkanirnar, og þetta er gert til að halda uppi svipuðu magni framkvæmda á milli ára og var í fyrra og hefur verið á undanförnum árum. En fjármagns til að halda uppi þessum framkvæmdum er aflað með aukinni lántöku ofan á allt skattafárið. Vandamálunum er sem sagt ýtt á undan sér. Ríkissjóður greiðir ekki af samtímatekjum eins mikið til þessara hluta og hann gerði áður þrátt fyrir skattahækkanirnar.

Um þessa lánsfjáráætlun eða drög að lánsfjáráætlun gegnir svipuðu máli samkv. upplýsingum, sem hér liggja fyrir, og í fyrra. Hér er gripið til ýmissa reikningskúnsta til að lækka tölur áætlunarinnar. Samt eru þær eins ógn-

vekjandi og ég hef hér þegar gert grein fyrir. T. d. eru þær fjárhæðir, sem ríkið hugsar sér að taka að láni lækkaðar með því að strika út lántöku til að greiða afborganir og vexti af Kröflulánum og byggðalínulánum upp á 5 milljarða kr., til þess að lækka þessar fjárhæðir, sem ríkið á pappírnum ætlar að taka í lán, um 5 milljarða. Þetta er rökstutt með því, að um sé að ræða að þessi lán verði framlengd og að þá verði ekki afborgun á þessu ári. Að sjálfsögðu er hér um annað form á lántöku að ræða. Þarna er fundin upp bókhaldsbrella til að lækka lántökutöluna og fá þannig út heldur hagstæðari samanburð milli ára fyrir hæstv. ríkisstj.

Herra forseti. Ég ætlaði að beina einni spurningu til hæstv. ráðh. Hann virðist ekki hafa tíma til að vera viðstaddur umræðuna. (**Forseti:** Hæstv. ráðh. var kallaður í áríðandi símtal rétt í þessu. Hann kemur von bráðar.) Þá ætla ég að fá að gera hlé á ræðu minni á meðan hæstv. ráðh. er í símanum.

(**Forseti:** Hv. 3. þm. Norðurl. e. heldur áfram ræðu sinni.) Já, herra forseti, ég held þá áfram ræðu minni, því að hæstv. ráðh. er kominn úr símanum.

Það voru tvær spurningar sem ég ætlaði að leggja fyrir hæstv. ráðh. og vita hvort hann gæti skýrt fyrir hv. deild hvað er á seyði að því er varðar lækkun á lántökum til A- og B-hluta frá því sem var í fjárlagafrv. Þar er lækkuð lántaka til að greiða afborganir af lánum sem tekin hafa verið til framkvæmda við Kröflu og við byggðalínur um rúma 5 milljarða, en í skýrslu hæstv. ráðh. stendur:

„Einnig er fyrirhugað að umbreyta eða taka lán vegna afborgana af lánum Krófluvirkjunar (2630 millj. kr.) og lánum sem tekin hafa verið vegna byggðalínuframkvæmda (2490 millj. kr.)"

Lántaka er lækkuð um þessar tölur tvær. Spurning mín til hæstv. ráðh. er hvort það sé ekki réttur skilningur hjá mér. Mér sýnist að það komi út á eitt, hvort hæstv. ráðh. ætlar að framlengja þessi lán, þá er hann í raun að taka lán til að framlengja þau, eða hvort hann greiðir þetta, og það sé eðlilegra í alla staði og beinlínis rangfærsla að lækka lántökur ríkissjóðs um þessar tölur. Þessar lántökur fara fram einungis í öðru formi en ætlað var.

Ég vil sem sagt fá skýringu hæstv. ráðh. á því, hvernig hann hugsar þetta: Hann tekur lán til að greiða þetta í öðru formi en ætlunin var þegar frv. var samið, en samt sem áður eru lántökur ríkisins lækkaðar um þessar fjárhæðir.

Í annan stað talaði hann mikið um heimildir og heimildaleysi ríkisstjórna til að gera eitt og annað, veita aukin lán til A- og B-hluta án þess að hafa heimild til þess í lögum og fá heimild síðar. Ég spyr hæstv. ráðh.: Við fengum upplýsingar um það í fjvn., að hann hefði veitt Siglósíld 150 millj. kr. aukafjárveitingu á þessu ári. Ég spyr hæstv. ráðh.: Hvar hefur hann heimild til þess að gera slíkt? Það eru oft veittar aukafjárveitingar til fyrirtækja eða til rn. vegna óhjákvæmilegra útgjalda þeirra, en hér er augljóslega um allt annað að ræða þar sem einu ríkisfyrirtæki eru með ráðherraákvörðun afhentar 150 millj. kr. úr ríkissjóði. Ég spyr hæstv. ráðh.: Hvaðan kemur honum heimild til að gera slíkt?

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Það er athyglisverður málatilbúnaður sem hefur átt sér stað hér í sambandi við það frv. sem er til umr. Það er nú fyrst, að ráðh. getur þess í framsögu sinni, að auðvitað flokkist það ekki undir lög þó að ekki sé farið eftir lánsfjárlögum þess árs sem þau eru í gildi fyrir, það sé auðvitað hrein ímyndun að eftir því þurfi að fara, því að B-hluta fyrirtæki geti hagað sér að vild engu að síður.

Hæstv. ráðh. hefur lagt mjög fyrir sig lögskýringar að undanförnu. Nú vitum við að lánsfjárlög hafa ekki lagagildi samkvæmt nýjustu lagatúlkun hæstv. ráðh. Áður hafði hæstv. ráðh. látið þau orð falla, að þau ákvæði, að lánsfjárlög og fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fylgi fjárlögum, hafi ekki lagagildi nema þá ef þau yrðu skilin á þann hátt að þau fylgdu á eftir fjárlögum, þá skildist mér að það hefði e. t. v. lagagildi. Það þýðir þá væntanlega að það verður að skilgreina í hinn endann hversu langt á eftir fjárlögum þau megi koma. Ef það er óendanlegt hefur ráðh. ansi rúma heimild samkvæmt hinni nýju lagaskýringu sinni. Annars mætti ætla að það væri þá í síðasta lagi að það kæmi rétt áður en fjárlagafrv. næsta árs á eftir yrði lagt fram. Ég er hræddur um að þessi lagaskýring þarfnist nánari athugunar, og ég er sannfærður um að hæstv. ráðh. er reiðubúinn að fjalla um það nánar, svo að enginn velkist í vafa um hvað þessi lagaskýring hans þýðir.

Það er líka svo, að hæstv. ráðh. hefur tekið það sérstaklega fram, að svonefnd Ólafslög hafi auðvitað ekki lagagildi, a. m. k. ekki það sem tekur til vaxta. Ég er því að hugsa um að kannske væri rétt að spyrja hæstv. ráðh. hvort hann viti af nokkrum lögum sem hafa lagagildi. Það er nú t. d. svo með fjárlögin, að eftir þeim er ekki farið. Það er væntanlega vegna þess að menn telja ekki nauðsynlegt að fara eftir þeim lögum, og ég efast ekki um að hæstv. ráðh. eigi mjög auðvelt með að verja það. En þegar hér er staðið upp dag eftir dag af hálfu hæstv. ríkisstj. til að taka það fram, að lög, sem þeir, sem eru þátttakendur í þeirri ríkisstj. sérstaklega hafa staðið að því að setja, hafi enga bindingu í för með sér og ekkert lagagildi, þá þarf að auglýsa eftir því hvort sá hlutinn sé kannske minni og auðveldara að telja upp þau lög sem hafi lagagildi samkvæmt þessum nýju skilgreiningum.

Ég tók eftir því líka, að hæstv. ráðh. ræddi hér m. a. um þyrlukaup Landhelgisgæslunnar. Það fylgdi engin sérstök lagaskýring í því sambandi, en hins vegar ábending til þingsins um að þessi saga væri þinginu ekki til mikillar sæmdar. Það hafði hæstv. ráðh. til málanna að leggja í þeim efnum. Ég skil þetta svo, að afgreiðslu málsins hafi að dómi ráðh., eins og ég held annarra þm., ekki verið hagað sem skyldi. Það væri fróðlegt að fá það upplýst hjá hæstv. ráðh. hvort eitthvað svipað gilti t. d. um flugvél þá sem flugmálastjórn keypti fyrir rúmu ári, hvort það geti flokkast með sama hætti undir mál sem hafi tæplega fengið umfjöllun hér á þingi og væri þess vegna tæpast sómi að fyrir þingið. Ég held að það væri rétt ef hæstv. ráðh. vildi rekja gang þess máls og leggja dóm á hvort þar væri um sómasamlegt mál að ræða eða ekki eða hvort það flokkaðist með flugvél Landhelgisgæslunnar. (**Fjmrh.:** Það var á lánsfjáráætlun.) Á hvaða lánsfjáráætlun? (**Fjmrh.:** Lánsfjáráætlun sem hv. þm. samþykkti sem ráðh. í ríkisstjórn.) Þetta er rangt. (Gripið fram í.) Já, ætli það sé ekki svolítið naumt í þessu máli líka? Ætli það sé ekki eitthvað svipað og með Landhelgisgæsluna, að samþykkja eigi það eftir að allt er frágengið. Ég er hræddur um að mig reki minni til þess.

Ég tók eftir því, að hæstv. ráðh. lét þess sérstaklega getið í framsöguræðu sinni, að auðvitað hefðu embættismenn talið að hér ríkti stjórnleysi og þess vegna hefðu

þeir ekki gengið frá frv. eins og ráðh. hafði hugsað sér. Ég verð náttúrlega að vorkenna embættismönnunum, að þeir skyldu telja að ástandið væri þannig, því að það eru fleiri sem hafa litið þannig á og þarf ekki mikla spekinga til.

Hér hefur loks verið útbýtt skýrslu um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun árið 1981. Mér sýnist hún vera þynnri en í fyrra, hvernig sem á því stendur, og ekki verð ég var við að letrið hafi minnkað. Því væri fróðlegt að fá upplýsingar frá ráðh. um hvernig á því stendur. En það eru mjög fjóðlegar upplýsingar sem koma hér fram um fjármunamyndun eða fjárfestingu í landinu. Og af því tilefni hefði ég viljað beina þeirri spurningu til ráðh., hvað fjárfesting á árinu 1980 sé sem hlutfall af þjóðartekjum og hvernig áætlað er að það verði á árinu 1981.

Það er annars athyglisvert, að það hefur dregið mjög verulega úr fjárfestingu í fiskvinnslunni eða um 10% að magni til, sem verður að teljast mjög mikill samdráttur og mikil öfugþróun því að á árinu 1979 hafði tekist að stórauka fjárfestinguna í fiskvinnslunni, gera þar alveg sérstakt átak, og samkvæmt þeim gögnum, sem hér er dreift af hálfu ráðh., varð 21.3% magnaukning á fjárfestingu í fiskvinnslunni á árinu 1979. En eftir að núv. ríkisstj. tók við er öld sem sagt snúin og nú hefur orðið verulegur samdráttur — eða 10% samdráttur — á árinu 1980 og er ekki einu sinni meiningin samkv. því, sem hér er dreift, að rétta það af á árinu 1981, heldur einungis til hálfs, þar sem gert er ráð fyrir að aukningin verði 5% á árinu 1981. Ég held að þetta sé stórvarasöm þróun, vegna þess að einhver besti hagvaxtarmöguleiki þjóðfélagsins liggi einmitt í fiskvinnslunni, og þar að auki sé okkur það mjög nauðsynlegt með tilliti til samkeppni sem við megum búast við og eigum við að búa frá öðrum aðilum, að fiskvinnslan sé vel úr garði gerð tæknilega séð og vel að henni búið þannig að ná megi bestu gæðum og geti verið eðlileg framvinda og þróun í greininni og hún geti staðið af sér samkeppni. Það gerist ekki öðruvísi en að hún fái að endurhæfa sig.

Það er svo á hinn bóginn mjög athyglisvert, að í engu hefur fjárfesting aukist jafnmikið á árinu 1980 og í flutningatækjum eða um nær 80%. Enn er það athugandi í sambandi við þær tölur, sem hér hefur verið dreift, að gert er ráð fyrir verulegum samdrætti í fjárfestingu í atvinnuvegunum á sama tíma og fjárfesting í opinberum byggingum eykst um 7% og það er næstmesta aukning sem fyrir kemur í þeirri spá fyrir 1980 sem hér er dreift.

Ég ætlaði síðan að lokum að beina einni spurningu til ráðh. og er tilbúinn til þess, herra forseti, ef ráðh. getur léð því eyra. (**Forseti:** Ég sé að hæstv. ráðh. er í atkvgr..) Er það alveg borin von? (**Forseti:** Hann kemur þegar að lokinni þessari atkvgr. Ef hv. þm. vildi doka örlítið við er ég viss um að ráðh. kemur innan stundar. Það tekur því varla að ganga úr stólnum.) Ég þakka fyrir.

Já, það var að lokum ein spurning til hæstv. ráðh. Hann upplýsti áðan að ástæðan fyrir 4. gr. frv. væri sú, að það byðist mjög hagstætt lán. Það má vera að ráðh. hafi á öðrum vettvangi upplýst þetta mál, en það hefur þá farið fram hjá mér. Ég hefði gjarnan viljað vita hvaðan þetta fé væri runnið og annað varðandi kjörin á láninu en bara afborgunartímann. Eru t. d. einhverjir vextir af þessu láni og þá hverjir og hvernig eru þeir í samanburði við aðra vexti? Ég man ekki eftir að hafa heyrt um það.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég ætla að fjalla hér um nokkrar spurningar sem fram voru lagðar af hv. stjórnarandstæðingum, Kjartani Jóhannssyni og Lárusi Jónssyni.

Það er þá fyrst seinasta spurning sem borin var upp af hv. þm. Kjartani Jóhannssyni, sem óskaði eftir að fá nánari upplýsingar um það lán sem hér er til umræðu.

Það lán, sem hér um ræðir, er að fjárhæð 12—20 millj. punda og er gert ráð fyrir að lánsupphæðin verði einhvers staðar milli 15 og 18 millj. punda — alls ekki yfir 18. millj. punda — vegna þess að lánsfjárhæðin í íslenskum krónum, 25 milljarðar, er við það miðuð. En útboðið hefði geta verið heldur meira og hefði sem sagt getað farið upp í 20 millj. punda. Eins og mynteiningin bendir til fer útboðið fram í Lundúnaborg, væntanlega 12. jan. n. k. Ég hef því miður ekki við höndina nákvæmar upplýsingar um lánið, en þó get ég upplýst hv. þm. um að lánið er tekið í pundum með 13 3/4% vöxtum og mun vera afborgunarlaust fyrstu 24 árin, en borgað í heilu lagi eftir 25 ár.

Við höfum ekki átt þess kost um langt skeið að taka lán af þessu tagi á breskum markaði vegna lagaákvæða þar í landi, en nýlega hefur lögum verið þar breytt. Fyrsti erlendi aðilinn, sem átti þess kost að taka svona lán, var danska ríkisstjórnin, sem tók svona lán fyrir nokkrum vikum, og okkur var boðin þessi lántaka beint í kjölfarið. Það er álit þeirra manna, sem gerst þekkja í Seðlabankanum, að hér sé tvímælalaust um hagstæða lántöku að ræða, m. a. þegar haft er í huga hvað pundið stendur hátt miðað við dollar, og því hefur verið stefnt að því að þessi lántaka gæti átt sér stað 12. jan. n. k.

Hv. þm. gerði það mjög að umtalsefni áðan, eins og sá sem á undan honum talaði, hv. þm. Lárus Jónsson, að framlagningu lánsfjáráætlunar hefði seinkað. Það virðist satt að segja vera aðalgagnrýnisatriðið í málflutningi stjórnarandstöðunnar þessa dagana, þetta gífurlega hneyksli, að lánsfjáráætlun skuli vera seinna á ferðinni en ætlað var. Ég verð að segja alveg eins og er, að ef ávirðingar ríkisstj. eru ekki öllu stærri en þetta, að hún skuli að vísu hafa lagt fram lánsfjáráætlun áður en fjárlög eru afgreidd, en þó miklu seinna en ætlað var og miklu seinna en gert er ráð fyrir í lögum, þá má hún vel við una því að hér er um mikið formsatriði að ræða. Eins og hv. þm. þekkja hefur lánsfjáráætlun aðeins þrisvar sinnum á s. l. áratug verið lögð fram og afgreidd áður en fjárlög hafa verið afgreidd. Það hefur aðeins gerst þrisvar sinnum og m. a. ekki gerst tvö undanfarin ár.

Það vill svo skemmtilega til að fyrirrennari minn í embætti var enginn annar en núv. formaður þingflokks Alþfl., Sighvatur Björgvinsson að nafni. Hann átti þess kost að leggja fram fjárlagafrv. fyrir tæpu ári. En það vildi svo einkennilega til, að hann lagði ekki fram neina lánsfjáráætlun með því frv. og braut þar af leiðandi lögin að dómi hv. þm. Kjartans Jóhannssonar. Ég álít ekki að hann hafi brotið lögin. Ég álít að þessi regla sé verklagsregla sem sé ríkisstjórnum til leiðbeiningar, en það hljóti alltaf að vera frekar teygjanlegt hvenær þessi lánsfjáráætlun kemur fram.

Auðvitað er það svo, að ef gögn liggja ekki fyrir, eins og t. d. var í haust, ef sá aðili, sem á að leggja til ríkisstj. tillögur um lánveitingar úr fjárfestingarsjóðum og um lánveitingar úr Framkvæmdasjóði, þ. e. stjórn Framkvæmdastofnunar, hefur alls ekki fjallað um sinn þátt lánsfjáráætlunar, þegar fjárlög eru lögð fram, og gerir

það ekki fyrr en mörgum vikum seinna, eins og var í sumar eða haust, er fjmrh. lífsins ómögulegt að ætla að standa við það að leggja lánsfjáráætlun fram beint í kjölfar fjárlagafrv., eins og ég tel að lögin geri ráð fyrir. Ég held að það megi ekki skilja þau svo stranglega að það verði að gerast á sömu sekúndunni, eins og mátti helst skilja á hv. þm. áðan. Ég held að löggjafinn hafi einfaldlega meint að þessi gögn kæmu fram meðan fjárlagafgreiðslan ætti sér stað, þannig að það væri hægt að taka visst tillit til þessara gagna. Sjálfsagt má þó segja að þetta hafi dregist nokkuð úr hömlu.

Ég vil taka það fram í sambandi við stjórn Framkvæmdastofnunar, af því að tveir stjórnarmenn standa þarna úti í horni og þeir kannske taka nú þessi orð mín sem áfellisdóm um störf Framkvæmdastofnunar, að ég er ekki með þessum orðum að áfellast Framkvæmdastofnun eða stjórn hennar. Mér er vel kunnugt um að þeir gátu að sínu leyti kvartað yfir upplýsingaskorti úr enn annarri átt. Þeir gátu ekki afgreitt tillögur um útlán úr fjárfestingarsjóðum vegna þess að þeir höfðu ekki fengið þau gögn í hendur, sem þeir þurftu á að halda frá fjárfestingarsjóðum, og þess vegna dróst þetta.

Ég held að þessi saga, sem ég er hér að rekja, sýni hversu fráleitt það er af stjórnarandstöðunni að fara að gera það að einhverju aðalmáli núna seinustu vikurnar að lánsfjáráætlunin skuli ekki hafa verið lögð fram um leið og fjárlögin eða í kjölfar þeirra. Það var einfaldlega ekki tæknilega mögulegt og þar liggja margar ástæður til grundvallar. Ein ástæðan var sú, að Seðlabankinn hafði ekki lagt fram gögn um hvað ætla mætti að erlendar lántökur atvinnufyrirtækja og einkaaðila yrðu miklar. Og ég vænti þess, að hv. þm. hafi tekið eftir því að nú þegar við höfum lagt fram skýrslu um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun 1981 til opinberra framkvæmda, erlenda lánsfjáráætlun og fjárfestingu, er ekkert minnst á atvinnufyrirtækin í þessu plaggi, ekki einu einasta orði. Þó er það á listanum, sem er hér á síðu 9, en engar skýringar fylgja með. Þar eru bara bláar og berar tölurnar. Það er einfaldlega vegna þess, að við höfum ekki fengið neitt annað plagg frá Seðlabankanum en það sem er að finna á síðu 9, og þar af leiðir að við höfum ekki getað sett saman þá lánsfjáráætlun sem minnst er á í Ólafslögum að eigi að leggja fram í tengslum við fjárlagafrv.

Annars verð ég að minna hv. þm. á að það er margt skrýtið í kýrhausnum — og ekki síður í svonefndum Ólafslögum sem hér voru talsvert nefnd áðan. (Gripið fram í.) Já, það er margt skrýtið í kýrhausnum. Staðreyndin er sú, að þar er að finna ýmis lagaákvæði sem ákaflega erfitt er að framfylgja. Það eru fyrirskipanir um eitt og annað sem ég og mínir flokksmenn efuðumst mjög um að væri raunhæft að setja í lög, þó að við að vísu féllumst á það vegna þess að það var svo mikill titringur í ákveðnum þm., samstarfsmönnum okkar á sínum tíma, að það þýddi ekki annað en fallast á að það yrði allt að lögum sem þar var í frumvarpslíki.

Ég t. d. minni á að það er heldur óskemmtilegt fyrir hv. þm. Kjartan Jóhannsson að hafa verið viðskrh. á s. l. hausti og hafa þverbrotið Ólafslög, þverbrotið þau dag eftir dag og viku eftir viku. Það er skemmtileg lífsreynsla að lenda í þessu — eða hitt þó heldur. En svona er það. Hverju lenda menn ekki í þegar einkennileg lög eiga í hlut? Hv. þm. stóð frammi fyrir því, að í Ólafslögum stóð, að vísu samkv. sérstakri kröfu frá honum sjálfum og undir þrýstingi frá honum sjálfum, að peningamagn í umferð skyldi vera 25%, hvorki 1% meira né minna. Þar mátti engin breyting á verða. Svo þegar hv. þm. Kjartan Jóhannsson er orðinn viðskrh. er hann lögbrjótur dag eftir dag vegna þess að honum er lífsins ómögulegt að framfylgja þessu ákvæði, sem var auðvitað, eins og hann veit sjálfur núna, tóm endaleysa frá upphafi til enda og átti ekki heima í þessum lögum.

En þetta var nú útúrdúr. Það voru Ólafslögin sem ég var að víkja að. En ég held að þetta dæmi sýni að við getum ekki tekið bókstaflega hvert einasta orð sem þar stendur. Það verður að gera vissar undantekningar þegar um er að ræða eitthvað sem er annaðhvort lítt framkvæmanlegt eða óframkvæmanlegt.

Ég minntist á vaxtamálin um daginn í umr. í Nd. og það ekki að ástæðulausu, vegna þess að ég tel að hv. Alþfl.-menn hafi mistúlkað herfilega það lagaákvæði og að það verði að liggja ljóst fyrir, að þau lög gera okkur ekki að skyldu að verðtryggja hvert einasta lán sem veitt er í landinu. Aðalatriðið er að almenningur eigi þess kost að taka verðtryggð lán og verðtryggja sparifé sitt með sæmilegum hætti. Þá er því takmarki náð að raunvaxtastefnu sé komið á að þessu leyti. Hins vegar var alltaf ráð fyrir því gert, að t. d. afurða- og rekstrarlán yrðu meðhöndluð með sérstökum hætti. Það er meira að segja sérstakt ákvæði í Ólafslögum, sem að vísu gengur þvert á þetta sérstaka vaxtaákvæði, en segir alveg skýrt að þau verði að meðhöndla með öðrum hætti en þetta ákvæði kveður á um.

Svona má lengi telja. Það er ekki allt sem sýnist. Og ég held að við neyðumst til að skoða lagaákvæðin í Ólafslögum með gagnrýni í huga og gera okkur grein fyrir að ýmislegt er þar af pólitískum toga spunnið, þrýst fram vegna ofuráhuga nokkurra þm. í Alþfl., án þess að það væri raunveruleikinn sjálfur sem menn væru þar að kljást við.

Í sambandi við spurningar hv. þm. Lárusar Jónssonar vil ég taka það sérstaklega fram varðandi lántökur til Kröflu og byggðalína, að það er alveg rétt, að í listanum, sem lagður hefur verið fram og er að finna á bls. 5, er nefnd lægri tala þegar um er að ræða fjármagnsútgjöld Kröflu, þ. e. 3 645 millj., en þessi tala var heldur hærri í fjárlagafrv. Eins er um liðinn byggðalínur undir Orkusjóði. Þar er um heldur lægri upphæð að ræða en í fjárlagafrv. Skýringu á þessu er að finna í þessu plaggi og raunar — ég man ekki nákvæmlega hvar það stendur í þessu plaggi — stóð það mjög skýrum stöfum í plagginu sem útbýtt var til stjórnarandstöðunnar og fjvn. og flestir þm. hafa fengið í hendur, hver væri skýringin á þessu. Jú, það kemur raunar fram á miðri síðu 9, með leyfi forseta. Þar segir:

„Áformað er að breyta skammtímaskuldum nokkurra hitaveitna í lán til lengri tíma. Þetta á einkum við um lán sem hvíla á hitaveitum Suðureyrar, Siglufjarðar, Blönduóss og Akureyrar. Einnig er fyrirhugað að umbreyta eða taka lán vegna afborgana af lánum Kröfluvirkjunar (2 630 millj. kr.) og lánum sem tekin hafa verið vegna byggðalínuframkvæmda (2 490 millj. kr.)“

Ástæðan fyrir þessari framsetningu er ósköp einfaldlega sú, að þessar lántökur skilja sig frá öðrum lántökum sem hér eru greindar. Þær síðarnefndu eru allar lántökur til fjárfestingar til nýrra framkvæmda. Þótti eðlilegt að lántökur, sem væru með þessum hætti, væru sér á parti, en lántökur, sem væru aftur á móti til að breyta skammtímaskuldum í lán til lengri tíma, þ. e. framlengja lán eða

„konvertera" lán, væru sér. Þar er sem sagt ekki um það að ræða að heildarskuldin sé hækkuð, heldur eru einfaldlega framlengd lán sem eru til skamms tíma.

Það er t. d. eftirtektarvert, að lánin, sem tekin voru til Kröfluvirkjunar, eru almennt til óvenjulega skamms tíma, mörg aðeins til sjö ára, en þar sem þarna er um að ræða mannvirki, sem á að vera í gangi um margra áratuga skeið og verður það vafalaust öllum landslýð til heilla og blessunar, er óeðlilegt að ætla sér að greiða upp lán vegna þessarar framkvæmdar á aðeins sjö árum. Eins er um hitaveiturnar sem þarna eru nefndar. Þær eru yfirleitt með lán sem standa til mjög skamms tíma. Það er óhjákvæmilegt að framlengja þessi lán. En þar sem þar er ekki um hækkun á nettóskuld að ræða, heldur framlengingu lána, þótti ekki eðlilegt að hafa þær með á þessum lista.

En þetta er kannske meira bókfærsluatriði, og þar sem ekki er dregin nein dul á, að þetta þarf líka að gera, og m. a. skýrt fram tekið hvað þarna er um háar upphæðir að ræða sé ég ekki að neinn geti haft við það að athuga að þetta sé sett fram með þessum hætti. Ég vil taka það fram, að framlengingin á lánum til hitaveitna Suðureyrar, Siglufjarðar og Blönduóss er áformuð um 1 milljarður samtals, en hins vegar liggur ekki alveg nógu skýrt fyrir hversu mikið er óhjákvæmilegt að framlengja af lánum til Akureyrar.

Ég held ég hafi nú svarað fsp. sem fram hafa komið, öllum öðrum en líklega fsp. um Siglósíld. Það er rétt, sem kom fram hjá hv. þm., að Siglósíld fékk aukafjárveitingu á s. l. sumri að upphæð 150 millj. kr. Ég hélt satt að segja að Norðlendingur eins og hv. þm. Lárus Jónsson fylgdist það vel með, að hann vissi hvað þarna væri um að ræða. En það gerðist í sumar, að Siglósíld var tekin til nákvæmrar skoðunar af ríkisendurskoðun eftir að framkvæmdastjóraskipti urðu á miðju sumri. Í ljós kom, sem kom mörgum á óvart, að fyrirtækið hafði verið rekið með gífurlega miklum halla á fyrri hluta ársins. Hallinn nam um 150 millj. kr. og kom ofan á allverulega mikla skuldasúpu sem safnast hafði fyrir frá árinu áður. Menn stóðu því frammi fyrir því, að annaðhvort yrði að stöðva þetta fyrirtæki og loka því eða greiða tapið sem þarna hafði safnast upp. Þar sem lögfræðingar, sem skrifuðu grg. um málið, komust að þeirri niðurstöðu að ríkið mundi undir engum kringumstæðum komast hjá því að greiða þetta tap þar sem um algjört ríkisfyrirtæki væri að ræða, þá kom ekkert annað til greina. Var því óhjákvæmilegt að gera þessa tapskuld upp. Hins vegar skal það fram tekið, að jafnhliða því að skipta um stjórn í fyrirtækinu og skipta um framkvæmdastjóra, hefur verið stefnt að því að hefja nýja framleiðslu í þessu fyrirtæki. Það er verið að koma þar upp vélum til rækjuvinnslu og gert ráð fyrir að veruleg breyting verði á rekstrinum þannig að þessi skuldasöfnun þurfi ekki að endurtaka sig, enda segir sig sjálft, að skuldasöfnun af þessu tagi getur engan veginn réttlætt rekstur fyrirtækis áframhaldandi nema breyting verði þar á. Skýringin á þessu er fyrst og fremst sú, að það verð, sem við höfum fengið fyrir framleiðslu gaffalbita sem seldir eru til Sovétríkjanna, hefur verið algjörlega ófullnægjandi og er ekki vafi á að þetta fráleita verð hefur bitnað á fleiri fyrirtækjum, m. a. fyrirtæki einu á Akureyri sem heitir K. Jónsson. Efast ég ekki um að það hefur lent í miklum vandræðum af þessum sökum.

Ég vænti þess, herra forseti, að með þessum svörum mínum hafi ég gert spurningunum nægilega góð skil.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð.

Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin að svo miklu leyti sem þau voru svör við mínum spurningum. Ég legg áherslu á að hann minntist ekki á hvaðan honum hefði komið heimild til að greiða Siglósíld þessar 150 millj. kr. Þetta svar, að fyrirtækið hefði verið búið að tapa þessu og að ríkissjóður mundi fyrirsjáanlega þurfa að greiða þetta, er náttúrlega út í hött. Það hefði verið í lófa lagið fyrir hæstv. ráðh. a. m. k. að gera fjvn. grein fyrir þessari stöðu mála til þess að það væri þó alla vega haft samráð við einhvern aðila í Alþingi sem á að hafa fjárveitingavaldið. (**Fjmrh.:** Ég vil aðeins skjóta því inn í, að í lögum hafa B-hluta fyrirtæki, að fengnu samþykki viðkomandi fagráðuneyta, heimild til að taka lán.) Er um lán að ræða? (**Fjmrh.:** Já, en fjárveitingin er aftur á móti hrein aukafjárveiting.) 150 milljónirnar? (**Fjmrh.:** Slíkt á sér mörg fordæmi.) Þá sér hæstv. ráðh. að þarna er um allt annað að ræða en að B-hluta fyrirtæki hafi heimild til að taka lán. Þarna er um að ræða beina greiðslu úr ríkissjóði. Hæstv. ráðh. tekur sér fjárveitingavald sem er í höndum Alþingis. Það er óumdeilanlegt í þessu tilviki. Kannske er hægt að deila um það ef hæstv. ráðh. lætur t. d. menntmrn. hafa aukafjárveitingu vegna þess að það hefur láðst að gera ráð fyrir húsaleigu þar eða einhverju slíku eða einhverjum augljósum rekstrarliðum ríkisfyrirtækja A- eða B-hluta, sérstaklega í A-hluta, en að taka sér vald eins og þetta er allt annað. Það er alveg skýrt í mínum huga að Alþingi eitt hefur slíkt vald.

Ég ætla ekki að fara hér að agnúast út í Siglósíld sem fyrirtæki. Ég er að vísu þeirrar skoðunar, að það sé heppilegra að slíkur rekstur sé í höndum frjálsra samtaka eða einstaklinga og að ríkið eigi að sinna sínum málum fyrst og fremst. Það fé, sem ríkið hefur lagt í Siglósíld undanfarið ár, er um 100 millj. kr. í fjárlögum í ár. Það er ætlunin að veita 100 millj. á næsta ári og taka 100 millj. kr. lán. Þarna eru 300 millj. Að auki er aukafjárveiting upp á 150 millj. Þetta gerist á örskömmum tíma. Það er til umhugsunar hvort ekki hefði t. d. verið æskilegra fyrir alla aðila að einhverjir athafnasamir menn hefðu rekið þetta fyrirtæki, Siglósíld á Siglufirði, og þá væntanlega rekið það með þokkalegum hagnaði, en þetta fé yrði þá notað í það sem ríkið á að sjá um, t. d. í betri vegi.

En það er önnur hlið á þessu máli. Hún er sú, að sé þetta gert, ef hæstv. ríkisstj. ætlar að fara að leggja fram fé úr ríkissjóði til að borga rekstrartap fyrirtækja, er náttúrlega á þessu sú hlið, að auðvitað geta slíkar aðstæður gert öðrum fyrirtækjum ókleift að starfa við hlið ríkisfyrirtækja sem fá rekstrartapið bætt af almannafé.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég ætla að segja örfáar setningar út af ummælum hv. þm. Lárusar Jónssonar áðan um aukafjárveitingar.

Ég veit ekki í hvaða tilgangi hann er að setja fram fjarstæðu eins og hann var með áðan, en það get ég fullvissað hann um, að á hverju ári, þegar Sjálfstfl. hafði fjmrh., var hann tilneyddur að samþykkja aukafjárveitingar svo tugum skipti á hverju ári.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

Sameinað þing, 37. fundur.

Fimmtudaginn 18. des., kl. 2 miðdegis.

Samþykki til frestunar á fundum Alþingis, þáltill. (þskj. 267). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Fjölskylduvernd, þáltill. (þskj. 127). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 38 shlj. atkv. og umr. frestað.

Iðnaður á Vestfjörðum, þáltill. (þskj. 208). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 37 shlj. atkv. og umr. frestað.

Efri deild, 39. fundur.

Fimmtudaginn 18. des., kl. 2.15 miðdegis.

Verðjöfnunargjald af raforku, frv. (þskj. 188). — 3. umr.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls hér í gær óskaði ég þess, að lokaafgreiðslu málsins yrði frestað þar til í dag, og forseti varð góðfúslega við þeirri ósk. En þannig stóð á henni, að nýlega voru fram komnar nýjar upplýsingar um raforkuverð og samanburð á raforkuverði hjá Rafveitu Siglufjarðar og Rafmagnsveitum ríkisins sem bentu til þess, svo ekki sé meira sagt, að afgreiðsla þessa máls hefði að undanförnu oftar en einu sinni verið á röngum forsendum, þ. e. að menn hefðu haldið að raforkuverð hjá Rafveitu Siglufjarðar væri mun lægra en hjá Rafmagnsveitum ríkisins.

Eins og ég sagði komu þessar upplýsingar mjög seint fram og ráðherrarnir tveir, sem hér gáfu yfirlýsingar í gær, fengu þær fyrst til athugunar undir kvöld og þurftu að sjálfsögðu að láta kanna málið betur. Þess vegna var ég að gera mér vonir um að frekari upplýsingar kynnu að liggja fyrir nú. En þetta mál þarf að sjálfsögðu að afgreiða og hefur náttúrlega dregist í þó nokkra daga fyrir mína ósk og annarra, og er ég hæstv. forseta, ráðherrum og ekki síst hv. iðnn. þakklátur fyrir umburðarlyndið.

Ég vil ekki verða til þess að tefja málið lengur, sérstaklega með hliðsjón af því, að hæstv. fjmrh. gaf um það alveg skýlausa yfirlýsingu, að brýnasti vandi Rafveitu Siglufjarðar mundi verða leystur við afgreiðslu lánsfjáráætlunar, og hæstv. iðnrh. gaf einnig mjög afdráttarlausar yfirlýsingar um að framtíðarvandi Rafveitu Siglufjarðar yrði leystur með sérstökum ráðstöfunum. Og þó að svo fari, að menn sannfærist um að Rafveita Siglufjarðar ætti að fá einhverja hlutdeild í þessu gjaldi, t. d. á kostnað Rafmagnsveitna ríkisins, þar sem verðlag hjá þessum tveim stofnunum er mjög svipað eftir nýjustu upplýsingum, þá má alltaf breyta því með sérstakri löggjöf síðar í vetur. Og hverjir svo sem sitja í stólum þeirra hæstv. ráðh., sem hér gáfu þessar skýlausu yfirlýsingar í gær, hljóta þeir að verða að framkvæma þær yfirlýsingar. Þess vegna sætti ég mig við, að málið gangi fram, og mun greiða fyrir því, þó að ég hafi í sjálfu sér alltaf verið andvígur því að leysa málið með þessum hætti. Að sjálfsögðu er verðjöfnun á rafmagni nauðsynleg, en ég hefði talið aðrar leiðir en slíkt gjald — verðbólguaukandi gjald o. s. frv. sem ég skal ekki fara út í — heppilegri og hef greitt atkvæði gegn þessari aðferð og mun gera áfram, en vil greiða fyrir því, að málið nái nú fram að ganga.

Ég þakka svo enn það umburðarlyndi sem sýnt hefur verið.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14:2 atkv. og afgr. til Nd

Verðjöfnun á olíu og bensíni, frv. (þskj. 211). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 15 shlj. atkv.

Efri deild, 40. fundur.

Fimmtudaginn 18. des., að loknum 39. fundi.

Sparisjóðir, frv. (þskj. 289, n. 309). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál fjh.- og viðskn. um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 69 27. júní 1941, um sparisjóði. Meginefni frv. er að fellt er niður ákvæði sem komið hefur í veg fyrir að sparisjóðir geti gengið í ábyrgðir fyrir aðra. Í frv. eru sett skilyrði fyrir því, hversu víðtækar ábyrgðir sparisjóðir mega taka á sig.

Fjh.- og viðskn. hefur rætt frv. og mælir eindregið með því, að það verði samþykkt eins og það var afgreitt frá Nd. Fjarverandi afgreiðslu málsins var Gunnar Thoroddsen.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Skráning lífeyrisréttinda, frv. (þskj. 126, n. 310). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Þetta var afgreitt einróma í nefnd í Nd. Sams konar afgreiðsla varð hjá hv. fjh.- og viðskn. í þessari deild, sem mælir eindregið með samþykkt frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Nýbyggingargjald, frv. (þskj. 195, n. 311). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég hef þá ánægju að mæla hér fyrir nál. hv. fjh.- og viðskn. um frv. til l. um afnám laga nr. 117 30. des. 1978, um nýbyggingargjald. Það gerist ekki oft, að hæstv. ríkisstj. leggi fram frv. um afnám skatta, en sá sögulegi atburður gerðist nú fyrir nokkrum vikum.

Hv. fjh.- og viðskn. mælir einróma með því, að þetta frv. verði samþ., um að nema þennan skatt úr lögum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Stimpilgjald, frv. (þskj. 199, n. 312). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Það er eins með þetta mál og það mál sem ég mælti hér fyrir áðan, að um það tókst einhugur í Nd. og einnig í fjh.- og viðskn. þessarar deildar, sem mælir einróma með því að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2.—12. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Lántaka 1980 og 1981 og ábyrgðarheimildir, frv. (þskj. 302 (sbr. 215), n. 315). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Um þetta frv. urðu ítarlegar umræður hér í hv. deild í gær, þar sem hæstv. fjmrh. gerði ítarlega grein fyrir nauðsyn þess að gert yrði kleift að framkvæma þá lántöku sem hér er um að ræða. Hæstv. fjmrh. svaraði einnig ítarlega spurningum sem komu fram frá þm. þessarar deildar varðandi einstaka framkvæmdaþætti. Í ljósi þeirrar umræðu og þeirrar afstöðu til málsins, sem kom fram hjá þeirri deild sem fyrr fjallaði um þetta frv., hefur hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar lagt til að frv. verði samþykkt, þótt einstakir nm. hafi fyrirvara á afstöðu sinni og muni e. t. v. gera grein fyrir þeim fyrirvara hér í umræðunum.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Við hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson höfum ritað undir nál. á þskj. 315 varðandi þetta mál með fyrirvara. Við 1. umr. málsins lýsti hæstv. ráðh. yfir því, að hann mundi ekki ráðstafa þessu lánsfé fyrr en fyrir lægju lánsfjárlög frá Alþingi, en eins og þm. vita er ekki ráð fyrir því gert að frv. um þau liggi fyrir fyrr en eftir hátíðir. Við hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson viljum leggja áherslu á með fyrirvara okkar að við þetta fyrirheit hæstv. ráðh. verði staðið. Auk þess er okkar fyrirvari í því fólginn, að við lýsum enn yfir megnustu vanþóknun okkar á öllum málarekstri hæstv. ríkisstj. út af lánsfjáráætlun fyrir næsta ár, en það mál er svo tíðrætt hér að undanförnu að ég tel enga ástæðu til að fjölyrða frekar um það.

Á hinn bóginn teljum við að eðlilegt sé að veita hæstv. ríkisstj. þetta umboð — þessa heimild til að taka þetta lán, þar sem um virðist vera að ræða hagstætt lán fyrir þjóðina til að fjármagna ýmsar framkvæmdir samkvæmt væntanlegum lánsfjárlögum.

Ég held að það sé ástæðulaust fyrir mig að taka frekar fram um fyrirvara okkar hv. þingmanns.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég hef ritað undir þetta nál. með fyrirvara. Í því felst í raun og sannleika að ég treysti mér ekki til að taka afstöðu gegn þessu frv. eins og það liggur nú fyrir, í þeirri mynd sem það er. Hins vegar verður að segja það eins og það er, að ég tel ekki heldur forsendur til að taka afstöðu með fyrstu þremur greinum þess. Í fyrstu þremur greinum frv. felst eftiráheimild handa ríkisstj. til viðbótarlántöku vegna ársins 1980 um nær 5 milljarða króna, eins og gengið var skráð 1. ágúst 1980. Hefur það þó nokkuð breyst síðan, svo þetta er auðvitað enn þá hærri tala.

Það orkar tvímælis almennt að vera með eftiráheimildir af þessu tagi, þótt auðvitað megi færa rök fyrir því, að það geti verið nauðsynlegt, sérstaklega í þeirri verðlagsþróun sem hér er, að gera undantekningar í einstökum tilvikum. Nú hefur stjórn verðlagsmála auðvitað ekki tekist svo vel að auðvelt hafi verið að standa við það sem áður var umrætt í þessum efnum. Hér er engu að síður um mjög verulegar fjárhæðir að ræða á heildina litið. Það má vel vera að brýna nauðsyn hafi borið til í einhverjum þeirra mála sem hér eru talin upp í 2. gr. frv., en það hefur stjórnarandstaðan auðvitað ekki aðstöðu til að prófa á svo skömmum tíma sem hér um ræðir og getur því tæpast tekið á því ábyrgð, enda hafa ekki verið lögð fram nein gögn sem sönnuðu að svo væri.

Á hinn bóginn eru í þessari upptalningu líka nýir liðir, sem ekki voru á lánsfjáráætlun fyrir þetta ár, 1980. Það að taka upp nýja liði með þessum hætti stangast auðvitað á við tilgang lánsfjárlaganna, og menn geta þá spurt: Til

hvers eru slík lög sett ef ekki er eftir þeim farið? Ég get ekki fallist á að meiningin sé að fara þannig með lánsfjárlögin. Dæmi um þetta eru augljóslega í sambandi við framkvæmdir við Kröflu, þar sem bætt hefur verið við borholum, og kemur það fram í skýringum við 2. gr. frv. Í annan stað eru kaupin á vél Landhelgisgæslunnar að ýmsu leyti merkileg, því að lánsfjárheimildar til kaupanna var ekki aflað í lánsfjárlögum fyrir árið 1980. Og hvað sem líður skýringum hæstv. fjmrh. þar að lútandi í gær, sem reyndar voru kannske frekar ásökun á þingið fyrir málsmeðferð heldur en skýringar við málið, þá liggur þó ljóst fyrir af yfirlýsingu, sem hæstv. dómsmrh. gaf í sumar, hver er sannleikurinn í því máli. Hann lét í sumar hafa það eftir sér, að ástæðan fyrir því, að flugvélin hefði ekki verið á lánsfjáráætlun og lánsfjárlögum fyrir árið 1980, hefði einfaldlega verið sú, að það hefði verið of þröngt á áætluninni, það hefði ekki verið pláss, þess vegna hefði hún ekki verið með og þess vegna yrði að leysa málið einhvern veginn öðruvísi, þ. e. eftir á með þeim hætti sem hér er gert.

Þetta eru tvö dæmi um þær tegundir fjárveitinga, sem ég tel að síst af öllu eigi að koma upp með þeim hætti, sem hér er gert, og stangast á við tilgang laganna. Nú er það auðvitað svo, að í þeirri skýrslu um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun 1981 fyrir opinberar framkvæmdir, erlenda lánsfjáröflun og fjárfestingu, sem dreift hefur verið, vottar fyrir sams konar tilhneigingu á bls. 9, þar sem talað er um að umbreyta eða taka lán vegna afborgana af lánum, og látið að því liggja að þetta sé þá utan við hinar eiginlegu lántökur sem auðvitað er ekki. Þetta eru sams konar undanbragðavinnubrögð og koma fram í þeim greinum sem hér um ræðir og ég gerði sérstaklega að umtalsefni.

Af þessum sökum mun ég sitja hjá við afgreiðslu fyrstu þriggja greinanna. Ég hef ekki talið ástæðu til að mæla gegn þeim, en geri þessar athugasemdir. En að því er 4. gr. frv. varðar tel ég — vegna þeirra upplýsinga sem hæstv. fjmrh. hefur veitt um það hve hagkvæm þessi lántaka sé — sjálfsagt að veita heimild til þess, enda hafa nú verið gerðar í Nd. breytingar á greininni sem koma til móts við það sjónarmið, sem Alþfl. hefur borið fram um þetta efni, og ekki gert ráð fyrir ráðstöfun öðruvísi en í samræmi við lánsfjárlög fyrir árið 1980 og engri ráðstöfun þessa fjár fyrr en að lánsfjárlögum samþykktum. Ég tel að greinin í þessari mynd svari þeim kröfum, sem Alþfl. hefur gert um þetta efni, og er fylgjandi þeirri grein frv. svo og hinni fimmtu.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Aðeins örstutt viðbót. Fyrirvari okkar hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar er á því byggður, að hæstv. ráðh. gaf hér yfirlýsingu um það, að fé því, sem honum er heimilað að taka samkv. 4. gr. frv., verði varið í samræmi við væntanleg lánsfjárlög, en það þýðir að við tökum ekki afstöðu til fyrstu þriggja greinanna. Ég tel ástæðu til að það komi alveg skýrt fram hér, ekki síst í ljósi þess sem síðasti ræðumaður sagði. Það er einmitt það sem við eigum við, að við teljum eðlilegt að veita hæstv. ráðh. þá heimild sem felst í 4. gr., en viljum ekki að svo stöddu taka afstöðu til fyrstu þriggja greinanna.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. — 3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
4. — 5. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Jöfnunargjald, frv. (þskj. 213, n. 313, 314) — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Nefndin hefur fjallað ítarlega um það frv., sem hér er til umræðu, og haldið fundi sameiginlega með fjh.- og viðskn. Nd. um málið. Á þá fundi komu til viðræðna fulltrúar Félags ísl. iðnrekenda, embættismenn viðskrn. og formaður sérstakrar nefndar sem skipuð var á síðasta ári til að kanna viðhorf Fríverslunarbandalagsins og Efnahagsbandalagsins til slíkra jöfnunar- og aðlögunargjalda sem eiga að þjóna sérstaklega íslenskum iðnaði meðan hann er að ná þeirri samkeppnisstöðu sem nauðsynleg er þróun hans.

Þessir aðilar lögðu fram ítarleg gögn á fundum nefndanna um þær viðræður og skoðanaskipti sem átt hafa sér stað á undanförnum tveimur árum bæði hér á landi og við fulltrúa þessara tveggja bandalaga, sem ég hef áður nefnt, og forsvarsmenn einstakra ríkja sem aðild eiga að bandalögunum. Jafnframt fékk nefndin sérstakar upplýsingar frá ráðuneytisstjóra viðskrn. bréflega, en hann var staddur erlendis þegar nefndin fjallaði um málið, og að lokum greinargerð frá Þjóðhagsstofnun.

Ljóst er að það mál, sem við erum að fjalla hér um, tengist óhjákvæmilega niðurfellingu aðlögunargjalds, sem í gildi hefur verið, og almennri stöðu iðnaðarins í landinu. Fulltrúi iðnrekenda, formaður samtaka þeirra, flutti þá skoðun á fundum nefndanna, að nauðsynlegt væri að hækka jöfnunargjaldið og helst hefði að hans dómi þurft að framlengja aðlögunargjaldið. Á hinn bóginn túlkaði formaður þeirrar sérstöku nefndar, sem starfaði að þessum málum á sínum tíma, þá skoðun sína, að nær ógerlegt væri að ná fram hækkun á jöfnunargjaldi, en hins vegar bæri að stefna að framlengingu aðlögunargjalds. Og af hálfu ráðuneytisstjóra viðskrn. var túlkað það sjónarmið, að mjög erfitt væri að sækja um hækkun á báðum þessum gjöldum, og sérstaklega framlengingu aðlögunargjaldsins, til forsvarsmanna Fríverslunarbandalagsins og Efnahagsbandalagsins.

Hins vegar voru allir þeir aðilar, sem komu á fundi nefndarinnar, og nefndin öll sammála um það, að nauðsynlegt væri að grípa til ýmiss konar aðgerða til stuðnings íslenskum iðnaði, sérstaklega á sviði iðnþróunar, þótt nokkuð mismunandi skoðanir væru uppi um það, með hvaða hætti það gæti orðið. Því hefur verið haldið fram, að á aðlögunartímanum, sem gilt hefur gagnvart EFTA-aðildinni, hafi ekki verið staðið nægilega að því að skapa íslenskum iðnaði þau starfsskilyrði sem nauðsynleg eru. Það er löng umræða og deila sem kunn er hv. dm. og verður ekki rakin hér. Þó má geta þess, að það kom fram á fundi nefndarinnar í morgun að ákveðið mun hafa verið að fella niður tolla af ýmsum vörum og tækjum og hráefnum til iðnaðarins, sérstaklega samkeppnisiðnaðarins, og bæta þannig aðstöðu hans. Og ýmsar aðgerðir, sérstök iðnþróunarverkefni hafa verið fram-

kvæmd og skilað miklum og jákvæðum árangri, svo að aðeins íslenskur fataiðnaður sé nefndur sem dæmi.

Þegar nefndin stóð frammi fyrir því verkefni að taka afstöðu til þess, hvort ætti að samþykkja frv. óbreytt eða hækka jöfnunargjaldið eða skapa möguleika á sérstöku aðlögunargjaldi eða öðrum þeim aðferðum sem gætu náð þeim markmiðum sem kynnt voru á fundum nefndarinnar, þá var okkur ljóst að á tímanum fram til jóla og áramóta væri ógerlegt að komast til botns í því, hvaða leiðir mundu njóta stuðnings eða þegjandi samþykkis hjá þeim erlendu bandalögum, EFTA og EBE, sem við þurfum að eiga viðskipti við í þessum efnum.

Þess vegna kom sú skoðun fram í umfjöllun nefndarinnar að rétt væri að þingið skapaði stjórnvöldum möguleika á að leita leiða til að ná þessum markmiðum með viðræðum við alla þá aðila sem hér eiga hlut að máli. Þess vegna flytur meiri hl. nefndarinnar á sérstöku þskj. brtt. þess efnis, að við frv. bætist nýtt ákvæði, sem verði ákvæði til bráðabirgða, á þann veg að heimila ríkisstj. á árinu 1981 að leggja á til viðbótar allt að 2% jöfnunar- og aðlögunargjald eða ígildi þess, enda renni tekjur af þessu viðbótargjaldi óskiptar til iðnþróunar.

Það er rétt, sem fram kemur í nál. minni hl. og verður sjálfsagt gerð grein fyrir hér á eftir, að þetta ákvæði til bráðabirgða er mjög opið. Það skapar margvíslega möguleika á því að leita leiða til að ná því markmiði sem nefndin var öll sammála um að þyrfti að ná. Eðli málsins er hins vegar það á þessu stigi að dómi meiri hl. nefndarinnar, að það er óhjákvæmilegt — ef þingið vill stuðla að því fyrir sitt leyti að veita stjórnvöldum þessa heimild — að málið sé svo opið sem fram kemur í ákvæði til bráðabirgða, að þingið taki ekki afstöðu til þess, hvort hér sé um jöfnunargjald, aðlögunargjald eða jöfnunar- og aðlögunargjald eða ígildi þeirra að ræða, vegna þess að slíka ákvörðun er ekki hægt að taka fyrr en að lokinni ítarlegri upplýsingaöflun og ítarlegri viðræðum við viðskiptaaðila okkar erlendis og þau bandalög sem hér hafa verið gerð að umtalsefni.

Þess vegna hefur meiri hl. nefndarinnar kosið að fara þá leið, sem hér er lagt til að verði farin, og gerir það með sérstöku tilliti til þeirra ítarlegu, en því miður nokkuð mismunandi upplýsinga sem nefndinni bárust, þar sem greinilega eru ólíkar skoðanir á því, hvaða leið sé heppilegust eða fær í þessu efni. Nefndin telur ekki gerlegt að þingið kveði upp dóm um það að óathuguðu máli, en með þessu ákvæði er hins vegar verið að skapa möguleika á því, að sú athugun fari fram, og fyrir sitt leyti af hálfu þingsins að stuðla að því, að slíkar aðgerðir til eflingar iðnþróun í landinu geti náð fram að ganga.

Þetta er eitt af þeim málum sem háð eru niðurstöðu framtíðarinnar, eins og oft hefur verið sagt. Það er erfitt að spá, en aldrei jafnerfitt og um framtíðina. Og við erum með þessu ákvæði, þessari brtt. að leggja upp í ákveðna för með tiltekið veganesti. Við höfum ekki vissu fyrir því hver niðurstaðan verður, en höfum hins vegar náð víðtækari samstöðu um að gera það sem við teljum kleift til að stuðla að því að vaxtarskilyrði íslensks iðnaðar verði á þann veg, að hér geti í landinu á næstu árum orðið öflug iðnþróun.

Frsm. minni hl. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að skila sérálíti um frv. til l. um jöfnunargjald. Í því felst að ég tel rétt að framlengja núverandi jöfnunargjald, sem er 3%, með tilliti til þess, að þetta jöfnunargjald er eingöngu á lagt til að vega upp á móti því óhagræði sem stafar af því, að söluskattur er á lagður á Íslandi, en virðisaukaskattur í samkeppnislöndunum. Á hinn bóginn tek ég eindregið afstöðu gegn því ákvæði til bráðabirgða sem allir aðrir flokkar hafa gengið í heilagt hjónaband um að mæla með í hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar. Þetta ákvæði til bráðabirgða, sem meiri hl. nefndarinnar mælir með að bætist við frv., felur í sér óskorðaða, ótakmarkaða heimild handa ríkisstj. til viðbótarskattlagningar í hvaða formi sem er, hvaða formi sem ríkisstj. kýs, þar sem það ákvæði, sem hér um ræðir, tiltekur ekki einungis heimild til hækkunar á jöfnunargjaldi eða framlengingu aðstöðugjalds, heldur einnig álagningu svonefnds ígildis þess, eða eins og stendur hér: „Ríkisstj. er heimilt á árinu 1981 að leggja á til viðbótar" — því jöfnunargjaldi upp á 3% sem ég nefndi áðan — „allt að 2% jöfnunar- og aðlögunargjald eða ígildi þess, enda renni tekjur af þessu viðbótargjaldi óskiptar til iðnþróunar." Með þessu móti hefur ríkisstj. sem sagt frjálsar hendur um hvaða form skattlagningar hún velur í þessu skyni.

Á sama hátt er Alþingi — ef það samþykkir þetta ákvæði — að afsala sér ráðstöfunarvaldi yfir því fé sem fengist með þessum hætti, úr því að ekki eru nein sérstök ákvæði þar að lútandi, heldur aðeins vísbending um að tekjurnar skuli renna til iðnþróunar, sem er allvítt og ónákvæmt hugtak er túlka má á ótal mismunandi vegu. Það er því augljóst, að ef þetta ákvæði yrði samþykkt afhenti Alþingi ríkisstj. bæði óútfyllt tékkahefti að því er útgreiðslurnar varðaði og óskrifaða reikningablokk til skattlagningar.

Í þeirri skattheimtustefnu, sem ríkisstj. rekur, er nægilegt svigrúm til fjárveitinga til iðnþróunarverkefna án þess að sérstök gjaldtaka komi til. Tilvísun í iðnþróun er þess vegna ekki rök fyrir álagningu þessa gjalds. Till. meiri hl. nefndarinnar verður því ekki heldur studd rökum um fjárþörf til iðnþróunar.

Ég gat þess, að þetta ákvæði væri að öllu leyti óhæft með tilliti til þess hvernig það er saman sett. En það verður að segjast um málið í heild, að það er ekki sérlega vel upplýst, og það kom glögglega fram á nefndarfundum að það stangast margt á í málflutningi embættismanna og sérfróðra aðila um þetta mál. Og stefnumörkun af hendi ríkisstjórnarflokkanna er alls ekki fyrir hendi, eins og sést náttúrlega glöggt á því, að í sömu andránni er talað um hækkun jöfnunargjalds og framlengingu aðlögunargjalds ellegar bara eitthvert ígildi annars hvors.

Augljóst er að gjaldtaka af þessu tagi, sem á að vera tímabundin að sagt er, er til þess fallin að afsaka og fresta nauðsynlegum og eðlilegum aðgerðum, sem eru grundvallar forsenda fyrir farsælli framvindu í iðnaði og skynsamlegri iðnþróun.

Það er reyndar athyglisvert, að sú 2% heimild, sem hér er talað um, er látin ná til ársins 1981. Hér er enn einu sinni um tímabundna ráðstöfun að ræða, sem menn tala um með sama hætti og áður, og gáfu þó ýmsir aðilar afdráttarlausar yfirlýsingar um það hér á Alþingi fyrir 18 mánuðum eða rúmlega það, að hið tímabundna aðlögunargjald skyldi niður fellt. Minnist ég í þessu sambandi sérstaklega orða Einars Ágústssonar núverandi sendiherra og fyrrv. hv. þm. En ég hef orðið var við það, ekki einungis á nefndarfundum, heldur líka af viðtölum við ýmsa aðra menn sem hafa unnið að því að þessi gjöld voru upp tekin á sínum tíma, að þar eru menn alls ekki á

eitt sáttir. Og það mun vægt til orða tekið að segja að hvað rekist á annars horn í málflutningi manna.

Það, sem gera þarf er vitaskuld að bæta og jafna aðstöðu iðnaðarins miðað við aðrar atvinnugreinar hér á landi. Þetta á að gera með almennum aðgerðum, svo sem á sviði tollamála og lánamála. Það eru mýmörg dæmi um það, að aðföng til iðnaðarins eru tolllögð, hlutir sem notaðir eru til innlendrar iðnframleiðslu eru tollaðir, lögð á þá aðflutningsgjöld af ýmsu tagi, á sama tíma og fullunnin vara, sem þessir hlutir eru aðeins partur af, er undanþegin aðflutningsgjöldum. Þetta fyrirkomulag er vitaskuld gersamlega vonlaust og dregur úr iðnþróun á Íslandi.

Á sama hátt er vafalaust öllum alþm. kunnugt um það, að aðstaðan á lánamarkaði er mjög misjöfn. Sumar atvinnugreinar búa þar við langtum betri aðstöðu en iðnaðurinn. Og meðan þetta misrétti er ríkjandi t. d. í tollamálum og lánamálum eru allar skýrslur um iðnþróun til lítils, þá verður ekki raunveruleg iðnþróun hér á landi hversu þykkar skýrslur sem menn skrifa.

Af ýmsum öðrum orsökum ber brýna nauðsyn til að endurskoða tollskrár- og aðflutningsgjaldaákvæði, samræma þau og einfalda. Og ég staðhæfi að framlenging á gjaldi af þessu tagi tefji einungis fyrir því, að menn vindi sér í þau verkefni sem nauðsynleg eru í þessum efnum. Þetta er afsökun sem menn hafa komið sér upp, afsökun sem menn vilja sífellt framlengja, og það bitnar einungis á eðlilegri iðnþróun.

Nú hefur það komið fram, að forsvarsmenn iðnaðarins hafa talað að undanförnu fyrir því, að aðlögunargjald yrði framlengt, en allt er það þó undir því formerki, að yfirlýst er af hálfu iðnaðarins að hann kjósi langtum helst þá aðstöðujöfnun sem ég er nú að ræða og um var talað og lofað var í upphafi. Og það er augljóst að slíkar aðgerðir eru fyrir löngu tímabærar. Þannig er t. d. fyrsta atriðið á minnisblaði frá Félagi ísl. iðnrekenda, dagsettu 12. des., ábending um það, að félagið hafi hamrað allt þetta ár á nauðsyn þess, að skilyrði iðnaðar verði lagfærð áður en aðlögunargjaldið rennur út. Þarna er beinlínis gert ráð fyrir því, að aðlögunargjaldið renni út, hvað sem líður málflutningi nú seinustu dagana. Það er ekki fyrr en fyrirsjáanlegt er að ekki er ætlunin að breyta starfsskilyrðunum, sem Félag ísl. iðnrekenda fer að tala fyrir framlengingu aðlögunargjaldsins. Þeir óska fyrst og fremst eftir því, að þau skilyrði, sem ég geri hér að umtalsefni, hin almennu starfsskilyrði, sem m. a. felast í ástandinu í tollamálum og lánamálum, verði leiðrétt.

Á öðru minnisblaði, sem hefur borist frá þessum sömu samtökum, dagsettu 3. des., er talað um að nauðsynlegt sé að fella niður greiðslu allra aðflutningsgjalda (tolls, vörugjalds, sölugjalds, jöfnunargjalds og aðlögunargjalds) af aðföngum (hráefni, rekstrarvörum, umbúðum, vélum, tækjum, hlutum til véla og tækjavarahlutum) þeirra iðnfyrirtækja sem eiga í beinni samkeppni við innfluttar vörur, sem sagt, að nauðsynlegt sé að fella niður greiðslur allra aðflutningsgjalda, þar með talið aðlögunargjald, af aðföngum til þeirra iðnfyrirtækja sem eiga í beinni samkeppni við innfluttar vörur, eða óbeinni samkeppni þegar fluttar eru inn vörur sem geta komið í stað þeirra sem hér eru framleiddar. Og það mun eiga við, að þar sem ekki er um beina samkeppni að ræða sé um óbeina samkeppni að ræða, svo að þetta nær yfir æðivítt svið.

Þetta tel ég nauðsynlegt að komi hér fram. Félag ísl. iðnrekenda hefur á þessum minnisblöðum annars vegar gert ráð fyrir því, að aðlögunargjaldið rynni út, og hins vegar mælt með því, að það rynni út, en á sama tíma lagt áherslu á að það séu hin almennu skilyrði iðnaðarins sem þurfi að vera í lagi.

Ég legg þá til, herra forseti, án þess að fara frekar út í þessa sálma á þessu stigi, að till. um ákvæði til bráðabirgða verði felld, en frv. samþykkt að öðru leyti, enda er 3% jöfnunargjaldið til þess eins að vega upp á móti samkeppnisóhagræði af þeim söluskatti sem lagður er á hérlendis. Þetta minnir auðvitað á hinn bóginn á nauðsyn þess að afnema söluskatt og taka upp virðisaukaskatt í hans stað. En það eru engar forsendur fyrir þessu ákvæði til bráðabirgða. Það tefur einungis fyrir eðlilegri þróun. Allur málflutningur sérfræðinga og embættismanna, sem um þetta hafa fjallað, sannar að málið er illa upplýst. Þar rekst hvað á annars horn og þess vegna eru ekki forsendur fyrir þessu ákvæði til bráðabirgða, auk þess sem í því felst hrikalegt valdaafsal af hálfu Alþingis í hendur ríkisstj. Allt mælir þetta gegn því, að ákvæðið verði samþykkt.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Það mál, sem hér er til umræðu, á sér nokkuð langa sögu. Hér er um að ræða framlengingu á gjaldi sem gilt hefur um nokkurn tíma. Þegar farið var að ræða undirbúning fjárlagagerðar í sumar í ríkisstj. hafði hæstv. iðnrh. áhuga á því ef tök væru á, að framlengja aðlögunargjaldið með þeim hætti, að það yrði lækkað um 1% á næsta ári, síðan um annað á árinu 1982 og félli niður um áramótin 1982—1983. Ég ræddi þetta mál við framkvæmdastjóra Fríverslunarbandalags Evrópu, EFTA, á fundi í Kaupmannahöfn seinni partinn í sumar og spurðist fyrir um það, hvort tök væru á að framlengja gjaldið með þessum hætti, eins og iðnrh. hafði áhuga á, og hvernig viðtökur hann teldi að slík málaleitan mundi fá. Hann vitnaði til þess, hvernig gjaldið var á lagt, og ég vil rekja með nokkrum orðum hvernig staðið var að þeim málatilbúnaði bæði hér heima og einnig erlendis, í samtölum og viðræðum, samningum við Efnahagsbandalag Evrópu og EFTA.

Eins og kunnugt er fellur aðlögunargjaldið niður nú um áramótin og einnig jöfnunargjaldið, nema það verði framlengt samkv. því frv. sem hér er til umræðu. Ég er auðvitað fylgjandi því, að jöfnunargjaldið verði framlengt, og þarf ekki að hafa um það fleiri orð, en ástæðan til þess, að ég tel rétt að rekja nokkuð gang þessara mála, er að í ákvæði til bráðabirgða er gert ráð fyrir að leggja á til viðbótar allt að 2% jöfnunar- og aðlögunargjald eða ígildi þess, enda renni tekjur af þessu viðbótargjaldi óskiptar til iðnþróunar. Vegna þessa bráðabirgðaákvæðis sé ég ástæðu til að rekja þessi mál nokkru nánar.

Þegar fjallað var um þessi mál voru þau tekin upp við þessar stofnanir, EFTA, sem við erum aðilar að, og Efnahagsbandalag Evrópu, sem við höfum mjög þýðingarmikla fríverslunarsamninga við. Í þeim viðtölum, sem þá áttu sér stað, var gengið út frá því, að aðlögunargjaldið yrði tímabundið, og því var lýst yfir með það sterkum orðum að svo yrði, að framkvæmdastjóri EFTA sagði við mig á fundinum í Kaupmannahöfn í sumar að menn hefðu gefið drengskaparheit um það, það hefði verið „gentlemen's agreement", eins og hann orðaði það, að ekki yrði farið fram á framlengingu gjaldsins.

Ég held að nauðsynlegt sé að hafa þetta í huga og einnig hitt, hvernig menn töluðu fyrir málinu hér á Alþingi í þeim umræðum sem fram fóru og ég vil nú vitna til. Ég var þá fjmrh. og hafði framsögu fyrir málinu á Alþingi. Það var gert ráð fyrir að gjaldið væri tímabundið og mundi gilda til 31. des. 1980. Í grg. fyrir frv. segir svo orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Gjaldtaka þessi á að vera tímabundin. Gert er ráð fyrir að hún hefjist 1. júlí 1979 og henni ljúki 31. des 1980. Gildistími hennar, 18 mánuðir, á rætur að rekja til þess ákvæðis 20. gr. EFTA-samningsins að undanþáguaðgerð af þessu tagi skuli ekki standa lengur en í 18 mánuði."

Í framsöguræðu minni fyrir málinu vitnaði ég einmitt alveg sérstaklega til þessa og tók þetta orðrétt upp. Hæstv. iðnrh., sem þá var og nú er, sagði einnig í sinni ræðu er hann tók þátt í umræðum um málið:

„Ég vænti þess, að sú vernd, sem íslenskur iðnaður fær notið af þessari gjaldsetningu sem ætlað er að gildi út næsta ár, verði honum til framdráttar."

Einar Ágústsson tók þátt í viðræðum erlendis um þetta mál, og ég hygg að hér séu staddir menn sem einnig tóku þátt í þeim umræðum. Ég veit að hv. þm. Eiður Guðnason, tók þátt í þeim, gæti, ef honum sýnist svo, skýrt frá því, hvað menn sögðu þar, að svo miklu leyti sem hann veit um það. En kafli úr ræðu Einars Ágústssonar var á þessa leið, orðréttur, með leyfi hæstv. forseta:

„Annað atriði, sem mjög mikil áhersla var lögð á og ég legg höfuðáherslu á, miðað við þann málflutning sem ég leyfði mér að hafa uppi í þessari ferð og við sem hana fórum, er að þetta gjald verði fellt niður í árslok 1980. Það er ekki hægt að fara fram á svona undanþágur á fölskum forsendum. Alþingi og ríkisstj. verða því á því eina og hálfa ári, sem til stefnu er, að gera aðrar ráðstafanir ef iðnaðurinn íslenski þarf þá enn á áframhaldandi vernd að halda. Það er ekki hægt að svíkja gerða samninga, það megum við ekki láta henda okkur."

Þetta sagði Einar Ágústsson í umræðum hér á Alþingi þegar frv. var til meðferðar.

Í framhaldi af þessu er kannske rétt að velta örlítið fyrir sér hvaða hagsmunir eru í húfi þegar um það er að ræða, hvort hægt sé að treysta því sem við Íslendingar segjum í samskiptum við aðrar þjóðir. Við erum aðilar að EFTA, eins og kunnugt er, og við höfum — ja, ég vildi segja nánast á grundvelli EFTA-samstarfsins gert mjög þýðingarmikla fríverslunarsamninga við Efnahagsbandalag Evrópu. Það kemur ekki síður við sögu þessa máls heldur en EFTA. Og þessir samningar eru svo þýðingarmiklir, að á þessu ári sleppum við við að greiða tolla af útflutningsvörum til Efnahagsbandalagslandanna sem nema 11 milljörðum kr. Þess vegna er það, að þegar ég sneri mér til sendiherra okkar hjá Efnahagsbandalagi Evrópu og bað hann um að athuga þessi mál, þá sendi hann skýrslu um viðbrögð fulltrúa hjá Efnahagsbandalaginu. Hann segir í skýrslu sinni m. a., orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Telja má fullvíst að bandalagið sætti sig ekki við framlengingu aðlögunargjaldsins og gæti jafnvel gripið til mótaðgerða sem skaði mikilvæga viðskiptahagsmuni Íslands."

Það, sem hann á þarna við, er auðvitað að til mótaðgerða kunni að verða gripið ef ekki má treysta yfirlýsingum sem við höfum gefið eða okkar fulltrúar í sambandi við meðferð þessa máls. Þegar málið var rætt í ríkisstj. í sumar gerði ég strax fyrirvara um þetta og taldi ekki fært — alveg án tillits til þess, hvaða persónulega skoðun ég hef á málinu, og aðstöðu iðnaðarins — með tilliti til þess, hvernig málatilbúnaður var, að framlengja gjaldið í einu eða öðru formi. Það mundi skaða hagsmuni okkar og orðstír, og það gæti valdið því að okkur yrði verr trúað en áður þegar e. t. v. ríður mikið á. Þegar málið var svo komið hér inn á Alþingi til framlengingar gerði ég það að umræðuefni við 1. umr. fjárlaga og rakti með nokkuð svipuðum hætti og ég er að gera hér, nema í miklu styttra máli, það sem ég tel skipta höfuðmáli í sambandi við hugsanlega framlengingu þessa gjalds.

Ég get tekið undir margt af því sem hv. 2. þm. Reykn. ræddi hér áðan um iðnaðinn og aðstöðu hans hér á landi. Og það verður að segja alveg eins og er — (Gripið fram í.) Það er mál út af fyrir sig og mætti kannske rekja sögu þess nokkuð aftur í tímann, þegar það var upphaflega lagt á, og athuga hvort gjaldið hafi þá verið hlutfallslega lægra eða hlutfallslega hærra en það er nú. Mér er nær að halda að þegar viðreisnarstjórnin — að ég hygg eða kannske það hafi verið stjórn okkar hv. þm. Lárusar Jónssonar — lagði þetta gjald upphaflega á, þá hafi gjaldið verið hlutfallslega hærra en það er samkv. því frv. sem hér liggur fyrir. (**Gripið fram í:** Hærra hlutfall af tekjum.) Ég er að tala um gjaldið sjálft. Ég vil ekki fullyrða það, þetta er til athugunar. En þetta var innskot sem kemur málinu ekki við.

Ég get tekið undir margt af því sem hv. 2. þm. Reykn. ræddi um varðandi iðnaðinn. Og það verður auðvitað að segja eins og er, að það er hæpið að vonast eftir örri framþróun, hvort sem það er í iðnaði eða öðrum atvinnurekstri, í landi sem býr við 50—60% verðbólgu árum saman. (**Gripið fram í:** 70—80%.) Ekki er það nú enn þá, þó um það hafi verið talað. (Gripið fram í.) Ja, því hefur verið spáð, eins og margir góðir menn hafa skýrt frá bæði hér á hv. Alþingi og annars staðar. Ég hygg því að það væri vissulega önnur hlið þessa máls og hún þýðingarmeiri að búa þannig að iðnaðinum í landinu að hann geti þróast með hagstæðari hætti en verið hefur við þau skilyrði sem við búum við, þó að miklar framfarir hafi orðið í iðnaði á undanförnum árum.

Í framhaldi af því, sem ég hef nú rakið allítarlega, tel ég óheppilegt að gera því skóna, að við ætlum eða viljum framlengja aðlögunargjaldið enda þótt við höfum lýst því yfir að við mundum ekki gera það. Þess vegna álít ég ekki heppilegt að nefna aðlögunargjaldið sérstaklega í þessu ákvæði til bráðabirgða. Og með tilliti til mjög eindreginna yfirlýsinga íslensku fulltrúanna í viðræðum við EFTA og Efnahagsbandalag Evrópu á sínum tíma vil ég beina þeim tilmælum til nefndarinnar, að hún endurskoði orðalagið á bráðabirgðaákvæðinu í þá veru að nefna ekki aðlögunargjaldið sérstaklega, heldur að orða þetta þannig: „til viðbótar allt að 2% jöfnunargjald eða ígildi þess." Ég er fús til að taka málefni íslensks iðnaðar og samkeppnisaðstöðu hans upp við Efnahagsbandalag Evrópu og EFTA til að freista þess að bæta aðstöðu iðnaðarins. En auðvitað verður allt slíkt að gerast á grundvelli aðildar okkar að EFTA og samninga sem við höfum við Efnahagsbandalag Evrópu.

Ég skal ekki hafa öllu fleiri orð um þetta, þó að margt megi um málið segja, en vil ítreka þau tilmæli mín til nefndarinnar, hvort hún vilji milli umræðna athuga málið á nýjan leik í ljósi þeirra upplýsinga, sem ég hef nú verið að kynna og held að nauðsynlegt sé að menn hafi í

huga, vegna þess að málatilbúnaður þessi fór fram hér á Alþingi og þar byggðu menn auðvitað á þeim yfirlýsingum og upplýsingum og ræðum sem haldnar voru í sambandi við meðferð málsins.

Ég vil taka það fram um þær heimildir, sem hér er ætlað að lögfesta, að það er fullt samkomulag í ríkisstj. um að þær verði ekki notaðar nema með mínu samþykki, vegna þess að ég fer með málefni EFTA og Efnahagsbandalags Evrópu í ríkisstj. Og að sjálfsögðu legg ég ekki blessun mína yfir neitt slíkt nema það sé í samræmi við skuldbindingar okkar og aðild að EFTA og í samræmi við samninga við Efnahagsbandalag Evrópu.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég vil hefja mál mitt á því að taka undir með tveimur síðustu hv. ræðumönnum, bæði hæstv. ráðh. og hv. þm. Kjartani Jóhannssyni. Ég held að það sé mikil þörf á að bæta og jafna aðstöðu íslensks iðnaðar. En það er ekki nóg að tala fallega og breyta þvert gegn því sem menn tala. Ég á við það sem hæstv. ríkisstj. hefur gert nú síðast í sambandi við álagningu nýs gjalds á tilteknar iðngreinar m. a. Ég vil hins vegar — af því að ég er að deila á hæstv. ríkisstj. — einnig að það komi mjög skýrt fram, að ég tel að hún sé á réttri braut og það sé með betri málum, sem hún hefur beitt sér fyrir, að hún áformar að fella niður toll á aðföngum iðnaðarins sem nema mun 1000 millj. kr. á næsta ári, að því er okkur er skýrt frá í hv. fjvn. Þar tel ég hæstv. ríkisstj. á réttri braut að bæta og jafna aðstöðu iðnaðarins.

En ég vil vekja athygli á öðru sem hæstv. ríkisstj. kannske gerir sér ekki næga grein fyrir þegar hún er að fjalla um iðnaðinn og aðstöðu hans og yfirleitt um atvinnustefnu í landinu. Hæstv. ráðherrar tala mikið um að þeir stundi svokallað gengisaðhald — aðhald í gengismálum. Það er kannske góðra gjalda vert að vera aðhaldssamur á hinum og þessum sviðum, en að vera svo aðhaldssamur að viðurkenna ekki áorðnar staðreyndir, að viðurkenna ekki að gengið er rangt skráð, þannig að atvinnuvegirnir geti ekki búið við það öðruvísi en með taprekstri, slíkt er ekki aðhald. Það er bara hrein og bein vitleysa og kemur atvinnuvegunum í koll og gerir það að verkum, að þeir eru reknir með stórfelldu tapi. Þetta kemur síðar niður á verkafólki og almennum launþegum á þann hátt, að atvinnuvegir, sem eru reknir með tapi, leggja ekki fjármuni í hagræðingu. Þeir leggja ekki fjármuni í vélvæðingu. Talið er að á þessu ári eða frá því að hæstv. ríkisstj. komst til valda sé gengið svona á bilinu frá 7—9% of hátt, þannig að við jafnmikið gengisóhagræði sé að glíma fyrir útflutningsatvinnuvegina, en ekki síður iðnaðinn líka. Þetta þýðir það, að innfluttar iðnaðarvörur eru greiddar niður um 7—9%. Þetta þýðir að alveg eins og sjávarútvegurinn býr við 7—9% óhagstætt gengi miðað við tilkostnað og það sem hann fær fyrir sínar útflutningsvörur þá býr útflutningsiðnaðurinn líka við 7—9% óhagstætt gengi.

Það er þess vegna ekki úr vegi að ræða gaumgæfilega um það, hvað hæstv. ríkisstj. er að gera í sinni atvinnustefnu almennt. Það mál, sem hér er á dagskrá, er fyrst og fremst framlenging á svokölluðu jöfnunargjaldi. Þetta gjald var lagt á í tíð ríkisstjórnar Geirs Hallgrímssonar. Við hæstv. ráðh. berum því nokkra ábyrgð á því. Þegar þetta gjald var lagt á þá hafði Félag ísl. iðnrekenda barist fyrir því í tvö ár að fá þetta mál fram. Og ég vil minna hæstv. ráðh. á að andstaða gegn því, að jöfnunargjald væri lagt á á þessum tíma, var af nákvæmlega sama toga og verið er að hafa uppi núna um framlengingu aðlögunargjalds, þó ekki að því leyti, að þar var náttúrlega aldrei um að ræða nein drengskaparheit eða orðræður íslenskra ráðamenna við forráðamenn Efnahagsbandalagsins og EFTA. En höfð var uppi sú mótbára, að þetta mundi ekki verða þolað, jöfnunargjald á innfluttar iðnaðarvörur mundi ekki verða þolað af þesum tveimur bandalögum. Þegar svo forráðamenn iðnrekenda voru að kynna sér þessi mál eftir tveggja ára baráttu, þá kom það upp úr dúrnum að Finnar höfðu haft slíkt jöfnunargjald frá 1970. Og á hverju var þetta jöfnunargjald Finna byggt? Þetta var byggt á þeirri staðreynd, að iðnaður, sem býr við söluskattskerfi, eins og er hjá okkur og hjá Finnum, hlýtur alltaf að þurfa að greiða í ríkissjóð vegna uppsafnaðs söluskatts sem leggst á vélar eða aðföng eða eitthvað slíkt. Innifalin í kostnaðinum við að framleiða vörur í löndum, sem búa við söluskattskerfi, eru opinber gjöld vegna söluskatts. Ég vil upplýsa að við í hv. fjh.- og viðskn. óskuðum eftir að fá útreikning, nýjan útreikning á því hjá Þjóðhagsstofnun, hver þessi uppsafnaði söluskattur væri nú, hvað íslenskur iðnaður þyrfti að borga í söluskatt í ríkissjóð vegna þess að hann býr við það kerfi, að söluskattur er lagður á, en ekki virðisaukaskattur eins og víðast er í okkar samkeppnislöndum. Niðurstaðan var sú, að þessi uppsafnaði söluskattur sé um 3% eða nákvæmlega jafnhár og jöfnunargjaldið. Og á þessum rökum, hæstv. ráðh. byggist jöfnunargjaldið. Jöfnunargjaldið sem slíkt byggist ekki á neinum öðrum rökum.

Ég vil líka benda á það, að eftir að lög höfðu verið samþykkt um að leggja á aðlögunargjald fóru menn á fund Efnahagsbandalgsins og EFTA með ákveðinn rökstuðning fyrir því gjaldi. Það var sá rökstuðningur, að íslenskur iðnaður byggi við verri kjör að ýmsu leyti í skattamálum en sjávarútvegur og landbúnaður og hann byggi við verri kjör á hinum og þessum sviðum. Reiknað var út hvað hann í raun og veru byggi þá við verra gengi af þessum sökum. Þessi rök voru höfð uppi við forráðamenn Efnahagsbandalagsins og EFTA. Þeir mætu menn sögðu að sjálfsögðu að þetta væru okkar innanríkismál, við gætum ekki byggt neina slíka gjaldtöku á þessum rökum. Að sjálfsögðu ættum við að leiðrétta aðstöðu iðnaðarins. Ég vil taka undir það sjónarmið. Það er auðvitað meginmálið. Það þarf að gera þessa aðstöðu jafna.

Síðan var farin önnur ferð og þetta mál tekið upp að nýju og þá á þeirri forsendu, að þarna væri fyrst og fremst um að ræða fjáröflun til sérstakrar iðnþróunarverkefna á síðustu árum aðlögunartíma EFTA. Og á þeim forsendum, gerólíkum þeim sem jöfnunargjaldið er byggt á, var þetta látið óátalið af Efnahagsbandalaginu og EFTA, eftir því sem formaður þeirrar sendinefndar, sem fór þessa ferð, tjáði okkur í hv. fjh.- og viðskn. Í framhaldi af því taldi hann þó að tekið hefði verið fram af þessari sendinefnd, að þetta væri tímabundið gjald og að ekki mundi verða farið fram á að það gilti lengur en til áramóta 1979. Þá taldi hann — og ég vil að það komi hér skýrt fram og hæstv. ráðh. viti að hann sagði það í nefndinni, að hann teldi að miðað við þær sérstöku aðstæður, sem nú væru hér hjá okkur í iðnaðinum, væri sjálfsagt að taka upp viðræður við forráðamenn Efnahagsbandalagsins og EFTA, — og aðallega EFTA náttúrlega því við erum í þeim fríverslunarsamtökum þó við höfum samninga við Efnahagsbandalagið, — hann taldi

sjálfsagt að taka upp viðræður um að fella þetta gjald niður í áföngum. Á þetta sjónarmið féllumst við í meiri hluta nefndarinnar. Við féllumst á það sjónarmið, að það væru rök fyrir því að ræða þetta mál á þessum nótum við Efnahagsbandalagið og EFTA. Og þess vegna töldum við eðlilegt að veita hæstv. ríkisstj. heimild til að leggja þetta gjald á að loknum slíkum viðræðum ef þær bæru árangur. En ég get líka tekið það fram, að a. m. k. frá mínum bæjardyrum séð fólst í þessu brýning til hæstv. ríkisstj. að fara annaðhvort þá leið að framlengja gjaldið eftir viðræður við forráðamenn Efnahagsbandalagsins og EFTA, eða þá að manna sig upp og laga aðstöðu iðnaðarins. Það er ekki nema um tvennt að ræða. Á það hefur verið bent ljósum rökum, t. d. í bréfi Félags ísl. iðnrekenda, dagsettu 4. des. s. l., að það er hvorki meira né minna um að ræða en það, að ef aðlögunargjaldið er lagt niður og ekkert kemur í staðinn, þá þýðir það væntanlega, eins og segir hér í bréfinu, orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „Það þýðir væntanlega um 14 milljarða kr. árið 1981 fyrir iðnaðinn.“ Ég held þess vegna að það sé mjög æskilegt að þessar viðræður séu teknar upp. Og ég tek það fram, að með því að rita undir þetta nál. og flytja brtt., sem er ætlunin að komi þarna sem ákvæði til bráðabirgða, erum við hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson ekki að ætlast til þess að einhverjir heiðursmenn íslenskir gangi á bak orða sinna, heldur að þeir taki málið upp á nýjan leik í ljósi nýrra aðstæðna með sömu rökum og áður, að það sé nauðsyn á að fella þetta gjald niður í áföngum og afla með því tekna til iðnþróunar, eins og gert er ráð fyrir í tillögunni.

Ég get ekki tekið undir það með hv. þm. Kjartani Jóhannssyni, að með þessari till. séum við að gefa ríkisstj. frítt spil og við séum að afsala Alþingi einhverju valdi. Ég get ekki skilið hvernig hv. þm. geta hugsað sem svo, að sé það fest í lög að einhverjum ákveðnum tekjum, sem ríkissjóði er gert að innheimta, skuli varið til ákveðinna þarfa, þá sé Alþingi að afsala sér valdi. Alþingi er að búa til lög sem ríkisstj. er skylt að fara eftir. Í þessum fyrirvara felst einmitt að ríkisstj. er ekki heimilt — eins og hún hefur gert að vísu, þó að hæpnar heimildir séu fyrir því — að innheimta slíkt gjald sem þessi 2% gætu leitt af sér öðruvísi en að verja því fé til iðnþróunar. Hæstv. ríkisstj. hefur dregið að greiða tekjurnar af aðlögunargjaldinu, sem búið er að innheimta, til iðnaðarins eða leggja þær til iðnþróunar. Um það má deila, en hún hefur þó t. d. með ákvæðum fjárlaga í ár gert ráð fyrir því, að þessir peningar fari í iðnþróun. Það er henni skylt að gera samkvæmt þeim lögum, og ég verð að segja alveg eins og er, að ef Alþingi getur ekki treyst því, að ríkisstj. fari eftir lögum, þá verður nú að fara að skoða ýmislegt. Þá þarf Alþingi að fara að gera einhverjar aðrar ráðstafanir en að smíða lög. Og þá eru menn kannske komnir út í að ræða hvort Alþingi á að skipta sér meira af framkvæmdavaldinu heldur en það gerir, en því er ég alls ekki samþykkur.

Ég veit ekki hvort ástæða er fyrir mig að taka fleira fram um þetta mál að sinni. En ég vil bara ítreka að hér er um að ræða tvö algjörlega óskyld mál. Jöfnunargjaldið er lagt á til þess að jafna aðstöðu iðnaðarins vegna þess að hann býr við söluskattskerfi, en þeir, sem keppa við hann, búa við virðisaukaskattskerfi sem þýðir það að þeir greiða ekkert í ríkissjóð í formi slíkra skatta sem iðnaðurinn hér greiðir. Það hafa verið gerðir nýir útreikningar sem sýna að þetta óhagræði svari til 3%, og á er lagt 3% jöfnunargjald, og gert er ráð fyrir því með tillögu um að framlengja þessi lög, að það verði gert áfram. Þar er um sérmál að ræða. Síðan er það meginhugsunin með flutningi tillögunnar um ákvæði til bráðabirgða, að ríkisstj. sé heimilað að taka upp viðræður við Efnahagsbandalagið og EFTA og freista þess að fá aðlögunargjaldið — á sömu rökum og þeir létu kyrrt liggja — framlengt þannig að það verði afnumið í áföngum, það verði 2% á næsta ári og 1% þá kannske síðar, eða alveg afnumið eftir næsta ár. En auðvitað mundi koma í sama stað niður ef hæstv. ríkisstj. jafnaði aðstöðu iðnaðarins.

Ég vil taka fram að lokum, að við föllumst á að flytja till. um ákvæði til bráðabirgða með þessum hætti. Það má á engan hátt skilja svo, að við viljum blanda þessu máli saman við álagningu þess nýja skatts, vörugjaldsins, sem ríkisstj. er að beita sér fyrir að verði lögfest á Alþingi, — þvert á móti. Við erum með þessu að undirstrika að þetta er allt annað mál. Þetta vörugjald er einvörðungu lagt á sem nýr skattur til að standa undir almennum þörfum ríkissjóðs, enda á engan hátt hægt að sjá að ætlunin sé að nota það til eflingar iðnaðarins.

Þetta er það sem ég vildi taka fram um þetta mál, og ég held að það sé fremur verið að sýna hæstv. ráðh., sem fer með þessi mál, traust með því að veita honum heimild til að leggja þetta gjald á að loknum viðræðum við Efnahagsbandalagið og EFTA, ef þeir aðilar geta fallist á það miðað við nýjar aðstæður.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Hv. 3. þm. Norðurl. e. þurfti að hafa um þetta allnokkur orð, enda er það skiljanlegt þegar í ljós er komið að Sjálfstfl. er að þokast til fylgis og stuðnings við skattheimtu- og gjaldsúpustefnu ríkisstj. Ég skil vel að varaformaður þingflokks Sjálfstfl. þurfi að réttlæta það með allmörgum orðum.

En tilefni þess, að ég kvaddi mér hér hljóðs um þetta mál, er fyrst og fremst það, að inn í þessar umræður hefur blandast með hverjum hætti tímabundið aðlögunargjald kom til sögu. Það er búið að rekja það hér allmörgum orðum. Auðvitað er ljóst að tilgangur þess gjalds var að aðstoða og vernda íslenskan iðnað. Gallinn er bara sá, að sá tími, það ráðrúm, sem átti að vinnast með töku þessa gjalds í ákveðinn tíma, hefur ekki verið notað. Það er mergurinn málsins.

Þannig vildi til, að ég átti sæti í þeirri nefnd sem fór til flestra EFTA-ríkjanna og höfuðstöðva EFTA til að vinna þessari hugmynd um tímabundið aðlögunargjald fylgi, ýmist hjá ráðherrum, aðstoðarráðherrum eða forstjóra EFTA. Og það var tvennt, sem voru þá höfuðrök í málflutningi sérstaks trúnaðarmanns viðskrh. sem þá var. Það var í fyrsta lagi, að þetta gjald fæli ekki í sér neins konar mismunun, og í öðru lagi — sem var þó veigameira og meiri áhersla á lögð — að þetta gjald væri tímabundið, að það ætti aðeins að gilda í 18 mánuði. Og ég get tekið undir velflest af því, sem hæstv. núv. viðskrh. sagði úr þessum ræðustóli áðan um það mál, og sömuleiðis þá tilvitnun, sem hann las hér í ræðu Einars Ágústssonar fyrrv. alþm., sem einnig átti sæti í þessari nefnd. Hvarvetna þar sem þessi nefnd hitti menn að máli og túlkaði þetta mál var lögð höfuðáhersla á það, að þetta gjald væri tímabundið og þennan umþóttunartíma ætti að nota til þess að greiða fyrir og búa betur að íslenskum iðnaði. Það var hins vegar ekki gert og hefur ekki verið gert. Það er önnur saga.

En ég verð að segja það, að mér finnst það svolítið skrýtið ef menn hafa geð í sér til þess að fara nú að nýju að biðja um endurupptöku þessa gjalds með einhverjum hætti — þó svo að nú fylgi sögunni að það eigi að falla niður og lækka ár frá ári — eftir að vera búnir að marglýsa yfir að hér væri um tímabundið gjald að ræða. Halda menn að þeim yfirlýsingum, að þetta gjald verði fellt niður á ákveðnu árabili, verði þá trúað, ef þeir, sem sögðu að gjaldið væri tímabundið, eru þar með gerðir að ósannindamönnum? Ég held að þetta sé röng leið — og hún er hættuleg. Ég skil satt að segja ekki þá menn sem hafa geð í sér til að leggja til að þannig verði farið að. Og ef sú verður raunin, að aftur verður send sendinefnd til að biðja þessarar bónar, fara þess á leit, að þetta verði látið óátalið, — það fást sjálfsagt einhverjir til að fara þá för, — en það verð ég að segja, að verði það ofan á, þá eru lítil geð guma hér og minni en ég ætlaði.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Aðeins örstutt athugasemd út af ummælum hv. þm. Eiðs Guðnasonar um það, að við sjálfstæðismenn í stjórnarandstöðu séum að taka undir skattastefnu núv. hæstv. ríkisstj. með þessu ákvæði til bráðabirgða. Ég vil vekja athygli hv. þm. á því, að þarna er um að ræða lækkun á skattstofni um eitt prósentustig og þarna er verið að heimila ríkisstj. að gera þessar ráðstafanir að höfðu samráði og eftir viðræður við forráðamenn EFTA og Efnahagsbandalagsins.

Ég vil í þessu sambandi minna hv. þm. á það, að Alþfl. á dálítið mórauða sögu í skattamálum nú síðustu árin. (**Gripið fram í:** Hann er nú ekki einn um það.) Jú, hann er einn um það. Hann hefur haldið því mjög á lofti og gerði það á sínum tíma, að það ætti að lækka alla skatta, en svo tók hann, ef ég man rétt, fullan þátt í þeirri gífurlegu skattahækkun sem ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar beitti sér fyrir á sínum tíma. Og hann hefur síðan þá, honum hefur runnið blóðið til skyldunnar síðan þá um að styðja ýmis skattamál, framlengingu ýmissa þeirra skatta sem voru jafnvel heldur stórfelldari en skattahækkanir núv. hæstv. ríkisstj. Ég vil að vísu ekki gera þarna mikinn mun á, en við höfum stundum gleymt að geta garmsins Ketils í þessu sambandi. Ég held að það megi oftar en gert er minna hv. þm. Alþfl. á forsögu þeirra í skattamálum.

Frsm. minni hl. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Ég tek eftir því, að hv. þm. Lárusi Jónssyni er æðimikið niðri fyrir. Hann varði hér löngum tíma áðan til að útskýra það, að stuðningur Sjálfstfl. — að þeim hluta sem hann er forsvarsmaður hans — við þetta ákvæði til bráðabirgða þýddi eina þrjá hluti í senn. Eiginlega væru þeir á móti þessu, þetta ætti að vera brýning til ríkisstj. um að gera það sem ég er að biðja ríkisstj. um að gera, þannig að þeir fylgdu í rauninni minni stefnu. Í annan stað væri þetta bara heimild til að fara í ferðalag til þess að gá að því, hvort þetta væri hægt. Og í þriðja lagi væri þetta auðvitað ekki aukin skattheimta. Það að hækka skattinn um 2% þýddi ekki aukna skattheimtu. Ég fer að halda að samvistir hv. þm. við ýmsa þá aðila innan embættiskerfisins og sérfræðinga, sem hafa verið að fjalla um þessi mál, hafi smitað hann, því að í þeirra málflutningi rakst allt hvað á annars horn, rétt eins og það gerir nú hjá þessum hv. þm.

Hv. þm. lét sig líka hafa það að fara rangt með að Alþfl. talaði um lækkun allra skatta. Alþfl. hefur talað um breytingar á skattforminu þannig að tekjuskatturinn, sem er mjög óréttlátur skattur, fari lækkandi, og hann barðist harðri baráttu fyrir því í ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar. Hv. þm. getur þakkað fyrir, að hann fékk ekki hækkun á þeim skatti líka, og þakkað okkur það.

En auðvitað þarf ríkið að hafa sínar tekjur. Og það er mjög ánægjulegt fyrir hv. þm. — eftir að hafa barist hér harðri baráttu gegn vörugjaldinu í gær og fyrradag — að standa nú upp sem sérstakur forsvarsmaður þess að jöfnunargjaldið — eða er það aðlögunargjaldið eða er það ígildið — verði hækkað um þau 2% sem hér er um að ræða.

Mér þykir þetta harla einkennilegur málflutningur, enda sagði hv. þm. að hér væri um tvö óskyld mál að ræða, jöfnunargjald og aðlögunargjald. En síðan er ákvæði til bráðabirgða bæði um aðlögunargjald og jöfnunargjald og meira að segja í þriðja lagi um ígildi. Hvernig getur þetta dæmi gengið upp?

Nú hefur hv. þm. Lárus Jónsson lýst því yfir, að það séu engar forsendur fyrir því að hækka jöfnunargjaldið. En hæstv. ráðh. hefur beðið um að það orð, sem inni er og heitir aðlögunargjald, verði strikað út. Verður þá útkoman sú, til að þessi samstaða geti haldist, að það standi ekkert nema ígildi eftir í því lagaákvæði til bráðabirgða sem þm. Framsfl. og þess arms Sjálfstfl., sem Lárus Jónsson er talsmaður fyrir, hafa nú sameinast um í einni sæng? Ég get ekki séð annað en þetta sé sú lausn sem þeir geti helst sæst á í þessu efni.

Ég tók eftir því líka, að hæstv. ráðh. sá ástæðu til að taka það fram, að algjör samstaða væri í ríkisstj. um þetta mál. En um hvað samstaðan væri, hvort það var um hækkun jöfnunargjaldsins, um framlengingu aðlögunargjaldsins eða þetta ígildi, það liggur hins vegar ekki ljóst fyrir á þessari stundu. Það væri gott að fá það upplýst nú áður en þetta mál fer lengra.

Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson talaði líka um það áðan, að auðvitað yrði ekkert ákveðið í þessum málum fyrr en að undangenginni ítarlegri athugun. Hvað hafa mennirnir verið að gera? Og á nú að hespa þessu af athugunarlaust og athuga svo málin á eftir? Ég sé alls enga ástæðu til þess.

Ég vil segja það að lokum, að sú áskorun eða brýning til ríkisstj., sem í þessu felst af hálfu hv. þm. Lárusar Jónssonar um það að fara nú í ferðalög, getur í sjálfu sér verið góðra gjalda verð. en það getur verið, eins og hv. þm. Eiður Guðnason tók fram áðan, að ekki verði um auðugan garð að gresja, a. m. k. ekki í þeirri sendinefnd sem fór þessa för fyrir rúmum 18 mánuðum. Mér er kunnugt um það, að $^3/_4$ hlutar þeirrar sendinefndar hafa ekki geð í sér til að fara slíka ferð aftur. En það getur verið að ferðaglaðasti og ferðareyndasti maðurinn, sem nýlega er kominn um hálfan hnöttinn, sé tilbúinn að fara. Og kannske vilja einhverjir fara með honum.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki fara að deila um það, hvorum er meira niðri fyrir hér, mér eða hv. síðasta ræðumanni, Kjartani Jóhannssyni. En ég vil bara minna hv. þm. á að hann sagði að Alþfl. þyrfti að beita sér fyrir skattalækkun og hefði sagt kjósendum það fyrir kosningar 1978. Fyrsta verk Alþfl. í ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar var að leggja á skattauka, 50% á tekjuskatt og 50% á eignarskatt. Þessir skattaukar hafa haldist síðan. Þetta er saga Alþfl. að því er varðar tekjuskattinn þegar hann er í ríkisstjórn.

Frsm. minni hl. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Kannast hv. þm. við það, að á s. l. ári hafi Alþfl. flutt brtt. við skattstigafrv. sem fólu í sér stórlega lækkun á tekjuskatti á lægri tekjur og miðlungs tekjur? Kannast þm. við það? **(Gripið fram í:** Þá var hann í stjórnarandstöðu. Hvað gerði hann í stjórn?) Ég er búinn að upplýsa hvað hann gerði í stjórn. **(Gripið fram í:** Lækkaði hann tekjuskattinn í stjórn?) Hann lækkaði tekjuskatt á lægri tekjum miðað við það sem hinir samstarfsflokkarnir vildu hafa.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 314 tekin aftur til 3. umr.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Efri deild, 41. fundur.

Fimmtudaginn 18. des., að loknum 40. fundi.

Sparisjóðir, frv. (þskj. 289). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 339).

Skráning lífeyrisréttinda, frv. (þskj. 126). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 340).

Nýbyggingargjald, frv. (þskj. 195). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 341).

Stimpilgjald, frv. (þskj. 199). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 342.).

Lántaka 1980 og 1981 og ábyrgðarheimildir, frv. (þskj. 302 (sbr. 215)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 343).

Jöfnunargjald, frv. (þskj. 213, 314). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 17 sahlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Eins og fram kom við 2. umr. frv. flutti hæstv. viðskrh. nefndinni sérstök tilmæli um að skoða orðalag till. um ákvæði til bráðabirgða. Fjh.- og viðskn. deildarinnar kom saman á sérstakan fund í kvöldmatarhléinu og ræddi þetta mál og skoðaði ýmsa möguleika sem til greina gætu komið varðandi orðalagsbreytingar, bæði að fella niður orðið „aðlögunargjald" úr ákvæðinu eins og það stendur nú og túlka orðin „ígildi þess" á tiltekinn hátt, eða að taka upp annað heiti, eins og t. d. „iðnþróunargjald," í staðinn, vegna þess að það vísar sérstaklega til tilgangs gjaldsins. En að athuguðu máli og ræddum þessum kostum komst nefndin að þeirri niðurstöðu, sá meiri hl. nefndarinnar sem að þessari till. stendur, að standa við fyrri till., þar eð ekki væru tök á að finna orðalag til breytingar sem allir gætu við unað. Hins vegar væri það orðalag, sem á till. væri nú, svo rúmt að það fæli í sér alla þá möguleika sem e. t. v. kynnu að vera fyrir hendi. Nefndin er viss um það, eða meiri hl. hennar, að hæstv. viðskrh. og ríkisstj. í heild og þeir, sem að þessu máli munu koma, muni framkvæma þetta ákvæði á þann veg sem best þjónar hagsmunum þjóðarinnar, sérstaklega á sviði iðnþróunar. Með sérstakri tilvísun til þeirrar yfirlýsingar um meðferð málsins hjá hæstv. ráðh. og ríkisstj. allri leggjum við til að frv. verði samþykkt með fyrrgreindri brtt.

Frsm. minni hl. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Það er rétt frá skýrt hjá hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni, að meiri hl. nefndarinnar lagði á sig mikið erfiði í kvöldmatarhléinu við að reyna að finna annað orðalag á

þessari grein sem gæti fullnægt þeim mismunandi sjónarmiðum sem uppi voru hér fyrir kvöldmat.

Það reyndist svo, að orðalagið, sem á greininni er af hálfu meiri hl., var það gullið að hann treysti sér ekki til að breyta því, eins og fram kom reyndar hjá hv. þm. Það staðfestist þar, að menn í meiri hl. eru ýmist þeirrar skoðunar að það sé ekki hægt að hækka jöfnunargjaldið eða að ekki sé hægt að framlengja aðlögunargjaldið, þó að heimildin feli í sér hvort tveggja. Hins vegar virtist meiri hl. sammála um eitt, og það var að hvaða ígildi sem væri gæti fengið að halda lífi. Og sannast þar það sem kom fram í málflutningi mínum um það, að ígildið virtist vera það eina sem gæti fengið að standa. Meiri hl. nefndarinnar hafði hins vegar ekki kjark í sér til að breyta greininni í þá átt, að hún fjallaði einungis um ígildið.

Það er auðvitað lofsvert hjá nefndinni að standa á sannfæringu sinni, eins og kom fram í ræðu hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar, formanns hennar. En nú hangir sem sagt allt málið á tveimur bláþráðum, eftir því sem mér skilst, annars vegar ígildinu, sem enginn veit hvað er, og hins vegar því, að hæstv. ráðh. framkvæmi helst ekki greinina. A. m. k. er honum erfitt að framkvæma greinina þannig, að öll sjónarmið verði uppfyllt um það, að ekki megi framlengja aðlögunargjaldið og ekki hækka jöfnunargjaldið. Reyndar var líka hafnað í nefndinni sérstakri nafngift á þetta gjald, svo sem iðnþróunargjald, þannig að ef til skattlagningar kemur af þessu tagi verður hún væntanlega nafnlaus.

Ég hef áður gert grein fyrir afstöðu minni til þessa máls og sé ekki ástæðu til að endurtaka það, en mér sýnist að einmitt það, sem hefur verið að gerast í þessum efnum, sanni fullkomlega það sem ég hélt fram hér fyrr í dag, að þetta ákvæði sé heldur vanhugsað og ónotalegt og eigi engan rétt á sér, heldur sé langtum skynsamlegra að snúa sér að því að bæta og jafna aðstöðu iðnaðarins með aðgerðum t. d. í tollamálum og lánamálum.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Meiri hl. nefndarinnar sýndi það sérstaka umburðarlyndi og lýðræðisvilja að hafa andstæðing sinn, minni hl. nefndarinnar, viðstaddan umræður sínar um hvernig meiri hl. kynni að geta breytt eigin tillögu. Ég vil hins vegar taka það fram til að fyrirbyggja misskilning hér og síðar, að minni hl. nefndarinnar, andstæðingur þessarar till., hv. þm. Kjartan Jóhannsson, er á engan hátt löggiltur túlkandi þeirra skoðunar meiri hl. á þessu ákvæði sem fram kom í ræðu hans áðan.

Frsm. minni hl. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Það er merkilegt þegar menn láta sér detta í hug að það feli í sér umburðarlyndi að halda fundi með eðlilegum og lýðræðislegum hætti. Ég veit ekki til þess, að það tíðkist að halda nefndarfundi öðruvísi en allir nm. séu boðaðir, þannig að það eitt að hafa orð á slíku, svona hugmynd, er náttúrlega ekki góðs viti. Hitt er annað mál, að auðvitað hefur meiri hl. nefndarinnar málfrelsi í þessu máli, og mér hefur ekki dottið annað í hug en að formaður hennar og aðrir nm. gætu fengið að túlka sín sjónarmið alveg óendanlega, enda hafa a. m. k. sumir þeirra verið ósparir á að láta skoðanir sínar í ljós yfirleitt. Og ég held að það verði ekkert lát á því.

En mér finnst ágætt að ekki hafa komið fram nein mótmæli, hvorki við þessa túlkun mína né önnur þau sjónarmið sem ég hef látið hér uppi.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Ég held að ég verði að leggja nokkurð orð í belg í þessari merkilegu deilu, sem upp er risin, í tilefni af síðustu orðum síðasta ræðumanns. Túlkun hans var náttúrlega víðs fjarri öllu lagi, og ég tók hana nánast sem grín. A. m. k. var ég ekki hrifinn af orðinu ígildi og datt annað orð í hug sem ég skal þó ekki nefna hér. En allt er þetta hið mesta púður þótt að þessu sé staðið svona.

Úr því ég er kominn hér í pontuna vil ég líka mótmæla þeim orðum formanns nefndarinnar, að sá meiri hl., sem að brtt. standi, treysti þessari ríkisstj. eða hæstv. viðskrh. sérstaklega til að framkvæma þetta réttilega. Því fer víðs fjarri. Við treystum ríkisstj. ekki til neinna góðra verka eða mjög fárra. Hitt er svo annað mál, að þetta er í höndum hæstv. viðskrh. Það er hann sem á að leita eftir þeim heimildum sem þarf á erlendum vettvangi, ef hann þá telur það rétt. Ég sé ekki að það geti verið nein hætta á ferðum að veita hæstv. ráðh. þessa heimild. Ef hann metur það svo, sem mér skilst, að það sé engin leið að ná þessu fram, þá reynir hann ekkert við þetta. En við viljum gjarnan veita honum þessa heimild — eða þá þeim viðskrh. sem tekur við af honum, sem vonandi verður mjög fljótlega, að einhver annar taki við af þessum hæstv. ráðh. sem nú sitja í virðulegum stólum.

ATKVGR.

Brtt. 314 samþ. með 15:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: DA, EgJ, EKJ, GeirG, GB, GK, GTh, JH, LJ, ÓRG, StefG, StJ, TÁ, ÞK, HS.

nei: EG, KSG, KJ.

2 þm. (HÓ, SalÞ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir, er fyrst og fremst um framlengingu á 3% jöfnunargjaldi sem lögleitt var fyrir fáum árum. Ég átti hlut að því sem iðnrh. þá að undirbúa og fylgja fram þessu frv. og er því að sjálfsögðu samþykkur að það verði framlengt.

Varðandi ákvæði til bráðabirgða tel ég einnig sjálfsagt að heimilað verði að leggja á til viðbótar 2% gjald, en fénu verði varið til iðnþróunar. Hæstv. viðskrh. hefur bæði nú og áður lýst afstöðu sinni til aðlögunargjalds og hvernig það er til komið, og það er sjálfsagt, að við notkun þessarar heimildar í ákvæði til bráðabirgða verður bæði að hafa hliðsjón af þörfum iðnaðarins og milliríkjasamningum. Það verður hvort tveggja að sjálfsögðu gert við mat á þessu máli. Ég segi já við þessari tillögu.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég hef samið um framlengingu jöfnunargjaldsins og er því að sjálfsögðu samþykkur, að frv. nái fram að ganga. Hins vegar hef ég rakið tilvitnanir í mál manna hér á Alþingi varðandi framlengingu aðlögunargjaldsins, þegar það var til meðferðar á sínum tíma, og einnig vitnað til yfirlýsinga sérstakra sendimanna ríkisstj. um að aðlögunargjaldið yrði ekki framlengt. Þá hef ég einnig vitnað til sendiherra um þeirra skoðun á málinu svo og getið um undirtektir fulltrúa aðildarþjóða EFTA og EBE sem eftir hefur verið leitað.

Ég tel það ekki í þágu íslenskra hagsmuna að framlengja aðlögunargjaldið þvert ofan í gagnstæð loforð. Ég

er reiðubúinn til að taka málefni iðnaðarins upp á vettvangi EFTA og Efnahagsbandalags Evrópu, að sjálfsögðu í samræmi við aðild okkar að EFTA og samninga við Efnahagsbandalagið.

Þrátt fyrir þessa meinbugi málsins, sem ég tel ónauðsynlega, segi ég já.

Frv., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 37. fundur.

Fimmtudaginn 18. des., kl. 2.15 miðdegis.

Niðurfelling á opinberum gjöldum barna 1980, frv. (þskj. 51, n. 250 og 265). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Brtt. 265 felld með 19:6 atkv.

1. gr. felld með 21:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SteinG, AG, BGr, BÍG, FrS, GeirH, HBl, JS, JÞ, MHM, MB, MÁM, ÓE, SvH,

nei: RA, SkA, SV, SBó, SvG, VG, ÞS, AS, EH, FÞ, GS, GHall, GGÞ, GHelg, HÁ, HG, IGuðn, IGísl, ÓÞÞ, PP, PJ.

SighB, ÁG, KP greiddu ekki atkv.

2 þm. (JE, PS) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Halldór Blöndal: Herra forseti. Eins og ég tók fram í minni frumræðu, þá er tilgangur minn með þessu frv. tvíþættur: annars vegar að koma fram réttlætismáli og á hinn bóginn að koma til móts við þau sjónarmið, sem hæstv. forsrh. lýsti í „Beinni línu", að hér hefði verið um mistök að ræða sem þyrfti að leiðrétta. Og til þess að vera nú elskulegur í hans garð segi ég já.

Frv. þar með fallið.

Neðri deild, 38. fundur.

Fimmtudaginn 18. des., kl. 6 síðdegis.

Verðjöfnunargjald af raforku, frv. (þskj. 188). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breyt. á lögum nr. 83/1974, um verðjöfnunargjald af raforku, sbr. lög nr. 99/1979, um breytingu á þeim. Frv. þetta er komið frá Ed., sem hefur um það fjallað og samþykkt það óbreytt eins og það var þar lagt fram og samhljóða, að ég best veit, a. m. k. frá hv. iðnn. þeirrar deildar sem mælti með samþykkt þess.

Mál þetta er góðkunningi manna hér á hv. Alþingi þar sem svo vill til að verðjöfnunargjald þetta hefur verið framlengt árlega frá 1974 og hækkað einu sinni á því tímabili, varðandi árið 1979, og gilti það einnig á yfirstandandi ári.

Eins og frv. ber með sér er leitað eftir heimild Alþingis til frekari framlengingar á þessu verðjöfnunargjaldi, en í grg. kemur fram að allverulegur árangur hefur þegar náðst í sambandi við verðjöfnun á raforku. Á það ekki síst rætur að rekja til þess, að vel hefur miðað í raforkuframkvæmdum þannig að orkuöflunarþátturinn hjá þeim aðilum sem njóta gjaldsins, hefur smám saman orðið léttari og verður það með ári hverju. T. d. á það við um Orkubú Vestfjarða sem nú hefur tengst landskerfinu. Þannig hefur tekist að draga allverulega úr verðmun á raforku til heimilisnota á svæðum Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða miðað við það sem gerist hjá rafveitum sveitarfélaga. Einnig hefur ríkissjóður tvívegis lagt Rafmagnsveitunum til framlag sem eignaraðili og verulega munað um það til að bæta fjárhag Rafmagnsveitnanna og gera þeim kleift að halda niðri gjaldskrám sínum eða beinlínis að lækka þær. Tillögur í þessa átt hafa komið ítrekað fram hér á Alþingi, að ríkið leggi með beinum hætti fram fjármagn til að standa undir félagslegum eða óarðbærum framkvæmdum sem Alþingi gerir þessu fyrirtæki sínu að ráðast í.

Það nýmæli er í þessu frv., að gert er ráð fyrir heimild til að lækka gjaldið með reglugerð úr 19% í 16% frá 1. júlí 1981 að telja. Þessi heimild er vísbending um þann vilja ríkisstj. að hugsa til þess, ef föng leyfa, að lækka gjaldið, að stíga þar skref niður á við. Það verður að meta, þegar kemur fram á næsta ár, með tilliti til stöðu þeirra fyrirtækja sem njóta gjaldsins, en ég tel að hv. alþm. geti treyst því, að slíkt skref verði unnt að stíga í síðasta lagi við upphaf árs 1982. Og þó að varlegt sé að gefa skuldbindandi yfirlýsingar þar að lútandi, þá sýnist mér flest benda til þess, að það eigi að vera unnt að fara að vinda ofan af, ef svo má segja, í sambandi við þessa gjaldtöku.

Ég orðlengi þetta svo ekki frekar, en legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til hv. iðnn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til iðnn. með 25 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður bænda, frv. (þskj. 137, n. 322). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. til l. um breyt. á lögum um Lífeyrissjóð bænda. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt. Undir nál. rita allir nefndarmenn. Við urðum sammála um að mæla með samþykkt frv. Það var nokkur metingur um það í nefndinni, hvort ég eða hv. þm. Sighvatur Björgvinsson ætti að mæla fyrir málinu. Eftir alllangar umræður varð niðurstaðan sú, að formanni var falin framsaga.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál. Hér er um það að ræða, að réttur í þessum lífeyrissjóði skuli frá og með árinu 1981 miðast við lífeyrisgreiðslur í sjóðinn, en það hefur fram að þeim tíma ekki verið svo. Hér er um

samræmingu að ræða við aðra löggjöf, þ. á m. lögin um eftirlaun aldraðra. Hefur stjórn Lífeyrissjóðs bænda farið þess á leit, að frv. þetta verði flutt, svo að reglur sjóðsins séu í samræmi við það sem almennt gerist í þjóðfélaginu.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 71, n. 319, 324 og 331, 320). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. 1. minni hl. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Nefndin hefur fjallað um þetta frv. á þó nokkuð mörgum fundum sínum og á fund nefndarinnar kom ríkisskattstjóri til viðræðna um þau ákvæði, sem þetta frv. nær til, og framkvæmd þeirra við skattlagningu og samræmingu framkvæmda. Þegar nefndin tók frv. til afgreiðslu í morgun klofnaði hún í þrennt. Í 1. minni hl., sem ég mæli hér fyrir, eru auk mín Albert Guðmundsson og Matthías Á. Mathiesen, og leggjum við til að frv. verði samþykkt með breytingum, sem við flytjum á sérstöku þskj., nr. 320. Þrír nm. leggja til að frv. verði vísað til ríkisstj. og einn nm. að frv. verði fellt.

Þær brtt., sem við flytjum við afgreiðslu málsins, eru:

Á eftir 1. gr. frv. komi ný gr., sem verði 2. gr. og orðist svo:

Úr 1. mgr. 29. gr. laganna falli niður orðin „þar með talið endurgjald samkv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr." og sömuleiðis, eftir ábendingu ríkisskattstjóra, leggjum við til að 4. gr. frv. verði felld niður.

Þetta frv. er flutt í framhaldi af því, að við afgreiðslu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt á síðasta þingi flutti hv. þm. Steinþór Gestsson ásamt þremur öðrum þm., öllum úr Sjálfstfl., till. um það, að 29. gr. laganna félli brott og sömuleiðis síðari mgr. A-liðs 7. gr. Við teljum rétt að nema úr lögum skyldu skattstjóra til að ákvarða laun tiltekinna þjóðfélagshópa og setja þeim skatt í samræmi við það.

Þá teljum við einnig vera orðið mjög alvarlegt hvernig skattstjórar í einstökum skattumdæmum landsins túlka framkvæmd skattlagningarinnar samkv. ákvæðum 59. gr. laganna. Sú túlkun er að okkar dómi í algerri mótsögn við túlkun flestra þm. á þessum ákvæðum skattalaga. Þess vegna teljum við nauðsynlegt að þetta frv. nái fram að ganga með þeim breytingum sem við leggjum til, því að við teljum að með því að hafa ákvæði þessarar greinar í gildi sé verið að fremja ranglæti sem geti í mörgum tilfellum opnað leið til að brjóta eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar, enda hefur þessum ákvæðum verið tekið ákaflega illa af skattþegnum landsins.

Yfir 2000 bændur sendu áskorun til ríkisstj. um að setja brbl. strax snemma í haust, sem afnemi þessa 59. gr. skattalaganna ásamt fyrirsögn greinarinnar, og kröfðust þess, að lögin yrðu gerð afturvirk þannig að sköttum — sem lagðir hafa verið á nú í ár á grundvelli þessa ákvæðis — verði breytt án kæru, eins og greinin hefði aldrei fengið lagagildi. Þeir segja í áskorun sinni til ríkisstj. að þeir telji að þessi grein laganna mismuni skattgreiðendum óhæfilega og að með slíku ákvæði sé skattyfirvöldum opnuð leið til að leggja tekjuskatt á annað en tekjur manna, eins og reynslan hefur sýnt að nú er gert. Hér hefur það skeð, að löggjafinn hefur afsalað sér hluta valdsins í hendur framkvæmdavaldsins, segja þeir, og opnað leið til stórfelldra brota á eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar í skjóli löggjafans. Slíkt má ekki henda í lýðræðisríki. Lagabrot ber að rannsaka og refsa þeim sem brotlegir reynast, en ekki setja lög, sem gera ráð fyrir að heilar stéttir séu andfélagslegar sinnaðir og skjóti sér undan skyldum sínum, og refsa þeim fyrir fram án tillits til þess, hvort um sök er að ræða eða ekki.

Þessi mótmæli voru afhent ríkisstj. og landbrh. lét hafa eftir sér, að honum virtist að það þyrfti gaumgæfilega að athuga þessa áskorun bænda um að nema þessa 59. gr. og skyldar greinar úr gildi. Hann segir í viðtali 15. okt.:

„Í framkvæmdinni hefur þetta reynst þannig, að þessi tekjuáætlun hittir aðeins efnaminni bændur og þá sem lent hafa í einhverjum erfiðleikum og óhöppum. Þeir, sem eru betur megandi og hafa stærri bú, munu á hinn bóginn ekki verða fyrir barðinu á þessu."

Sömu sögu er að nokkru að segja um tekjuuppfærslu á skuldum sem ýmis dæmi benda til að komi ákaflega illa út. Þar er þó um miklu flóknari mál að ræða er þarfnast vandlegrar athugunar.

Fjmrh. skipaði nefnd í sumar til að athuga hvernig skattaálagningin hefði komið út fyrir bændur. Menn sögðu snemma á þessu hausti að eðlilegt væri að bíða eftir niðurstöðu þeirrar nefndar áður en horfið yrði að breytingum. Enn þá liggur þessi niðurstaða ekki fyrir. Það á því að bíða og endurtaka ranglætið við skattálagninguna aftur í vetur, skilst mér. Ég tel að það eigi ekki að bíða, þegar liggi ljóst fyrir hvernig þessu er háttað, hvernig framkvæmdaaðilar skattaálagningar líta á þetta ákvæði. Það gerir það að verkum, að bráðnauðsynlegt er að fella þetta ákvæði þegar úr gildi og þarf ekki eftir neinu að bíða með það.

Ég er hér með úrskurð eins skattstjóra fyrir framan mig á kæru um álögð gjöld á árinu 1980. Þar segir m. a.: „Aldur og einhver heilsubrestur valda því ekki sjálfkrafa, að víkja beri frá þeim." Þessi sami skattstjóri segir einnig: „Manni með óskerta starfsorku, sem vinnur venjulegan vinnutíma, þ. e. 40 stunda vinnuviku allt árið að frádregnu lögboðnu sumarleyfi, ber því að reikna laun samkv. viðmiðunarreglum ríkisskattstjóra." Og svo bætir hann við: „Skiptir engu máli í því sambandi þó að tekjur hans séu litlar sem engar, t. d. vegna verðfalls vöru, skemmda á framleiðslu, ills árferðis, sölutregðu, vinna fáist ekki greidd, verið sé að vinna þarna upp nýhafna starfsemi eða verðbólga leikur atvinnurekstur grátt." Og embættismaðurinn bætir við: „Þó gætir að þessu leyti sérstöðu þegar ákvarða skal reiknuð laun bænda, að þá mun veðrátta að einhverju leyti tekin inn í dæmið, en þó ekki nema að takmörkuðu leyti."

Í þessum sama skattaúrskurði segir: „Þá skiptir það heldur ekki máli, þó að tekjur séu sannanlega ekki meiri en framtal sýnir. Hér er ekki verið að reikna mönnum tekjur vegna dulinna skattsvika. Í því efni er rétt að benda á, að hinar reiknuðu tekjur teljast til rekstrarkostnaðar samkv. 2. mgr. 1. tl. 31. gr. laga nr. 40/1978 og tap, sem af þeim myndast, færist framreiknað til næsta

reikningsárs.“ Svo kemur og er vitnað til okkar þm., til löggjafans: „Tilgangur löggjafans með lagaákvæðunum um reiknuð laun er hins vegar sá, að óháð allri afkomu manna af atvinnurekstri eða sjálfstæðri atvinnustarfsemi skuli reikna vinnu þeirra til verðs og greiða af því skatta til hinna sameiginlegu þarfa í þjóðfélaginu.“

Þarna hafa þm. það og þar með um leið skattþegnarnir í þessu landi, að þó að menn hafi alls ekki þessar tekjur, þá skal reikna samkv. viðmiðunarreglum sem ríkisskattstjóri hefur sett. Er hægt að hugsa sér meira óréttlæti en þetta. Þurfa þm. að hugsa sig lengur um áður en þeir gera það upp við sig, að það er háski á ferðum að hafa þetta ákvæði í gildi deginum lengur?

Það frv., sem hér liggur fyrir gerir ráð fyrir því í ákvæðum til bráðabirgða, að með því að þeir, sem vinna við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, hafa við álagningu á þessu ári hlotið hækkaðan skatt vegna ákvæða 2. mgr. 1. tölul. A-liðs 7. gr. og 59. gr. laganna, þá skuli sú hækkun felld niður. Og síðan segir í ákvæðum til bráðabirgða: „Jafnframt skal skattstjóri leiðrétta aðrar tilfærslur, sem gerðar voru vegna þeirra ákvæða, sem felld eru úr gildi með lögum þessum.“

Ég tel að þetta hafi ekki verið nógu vel athugað. Þegar gengið var frá skattalögum, þar sem tekið var inn að skattyfirvöld skyldu ákvarða laun tiltekinna þjóðfélagshópa og setja þeim skatt í samræmi við það, og þegar sást í hvað stefndi, þá fluttu sömu þm. sem þetta frv. flytja till. um að fella þetta niður við afgreiðslu frv. um breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt frá 18. maí 1978 á síðasta þingi, en sú till. var felld. Síðan hefur þessi skattlagning átt sér stað á árinu 1980 með þeim árangri, sem skýrt var frá við 1. umr. þessa máls hér í hv. deild og augljós er af upplýsingum, sem fjölmargir þm. hafa fengið frá hinum ýmsu skattþegnum í landinu sem verða að búa við þetta og það bótalaust. Ég hygg að þeim, sem eru með föst laun, fá skattlagningu á sín föstu laun sem þeir telja fram, þætti hart ef allt í einu yrði tekin upp viðmiðunarregla um að ákvarða þessar tekjur eitthvað hærri og það mun hærri en þeir hafa og þeir ættu svo að borga skatt til viðbótar af þessum launum. Hér er verið að innleiða hættulegt fordæmi sem brýn nauðsyn er að afnema.

Hitt stendur óbreytt, að telji menn rangt fram og ætli að komast undan því að greiða skatta af tekjum sínum, þá verður auðvitað að vera á verði og fara vendilega yfir skattframtöl þeirra. En það má ekki gera með þeim hætti, að það séu teknar þúsundir skattþegna í landinu, sem eru alsaklausir, og þeir hengdir fyrir þá seku. Ég treysti því, að þó að þm. séu orðnir þreyttir og slæptir eftir erfiði undanfarinna daga og vikna, þá sé dómgreind þeirra með þeim hætti, að þeir viðurkenni að hér verður að verða breyting á. Og í trausti þess, að þm. almennt geri það, er ég kvíðalaus um að þetta frv. nái fram að ganga. Ég tel ekki neitt fengið með því að vísa þessu frv. til ríkisstj. Hún hefur í reynd haft frv. til umfjöllunar síðan snemma í haust, síðan áskorun um 2 000 bænda var send henni. Og hún hefur skipað þessa nefnd. En það er nú svo með allar þessar nefndir, að þær eru ekki að hraða störfum sínum. Og vildu nú ekki þm. hugsa til þeirra, sem gert hefur verið að greiða skatt af tekjum sem eru jafnvel allt að helmingi hærri en þeir hafa í reynd? Þeir eru píndir til að greiða sína skatta, og það eru takmörk fyrir því hvað þessir aðilar geta lengi beðið. Ég tek fram að hér er harkalega vegið að bændastéttinni. En það er líka harkalega vegið að ýmsum öðrum starfshópum og þjóðfélagshópum í landinu, og það er auðvitað ekki hægt að leiðrétta þetta fyrir einn hópinn nema hinir fylgi með. Það verður ekki gert með öðrum hætti en að fella niður þessi ákvæði í 59. gr. og breyta ákvæðum 7. gr. skattalaganna.

Frsm. 2. minni hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir hönd 2. minni hl. fjh.- og viðskn. í máli þessu, sem er jafnstór að vöxtum og 1. minni hl. En vegna þess, sem hér hefur verið rætt, tel ég nauðsynlegt að rifja upp hvert er upphaf þessa máls.

Þannig er mál með vexti, að haustið 1976, á 98. löggjafarþingi, lagði þáv. ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar fram á Alþingi frv. til l. um tekjuskatt og eignarskatt. Í inngangi þess frv. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Frv. til l. um tekjuskatt og eignarskatt, sem hér er lagt fyrir Alþingi, var boðað í stefnuræðu forsrh. og framsögu fjmrh. fyrir fjárlagafrv. í upphafi þings. Frv. er þáttur í umfangsmikilli heildarendurskoðun tekjuöflunarkerfis ríkisins, sem á sér langan aðdraganda og rétt þykir að rifja hér upp.“ Síðan er vitnað til Magnúsar Jónssonar fjmrh. og Halldórs E. Sigurðssonar fjmrh. og sú vinna rakin, en svo segir áfram: „Í upphafi árs 1975 voru vinnuhópar settir á laggirnar til að gera till. um breytingar á ýmsum sviðum skattamála í framhaldi af því verki sem að framan er lýst.“

Þessir vinnuhópar voru settir af hæstv. fjmrh. Matthíasi Á. Mathiesen, og það voru ekki pólitískt skipaðir vinnuhópar á vegum beggja stjórnarflokkanna. Það voru vinnuhópar sem voru algerlega á hans vegum, og á því stigi máls komum við framsóknarmenn ekki við sögu varðandi undirbúning málsins. Í 7. gr. þess frv., sem er upphaf þeirra laga sem síðan hafa verið samþykkt, segir orðrétt eins og stendur í núgildandi lögum:

„Vinni maður við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skal hann telja sér til tekna eigi lægra endurgjald fyrir starf sitt en ef hann hefði innt það af hendi fyrir óskyldan eða ótengdan aðila. Sama gildir um vinnu við atvinnurekstur eða starfsemi sem um ræðir í 2. gr. Á sama hátt skal reikna endurgjald fyrir starf, sem innt er af hendi af maka manns eða barni hans, sé starfið innt af hendi fyrir framangreinda aðila.“

Í aths. með frv. segir m. a.: „Að auki gerir frv. ráð fyrir þeirri breytingu frá gildandi lögum, að maður, sem stundar atvinnurekstur í eigin nafni eða sjálfstæða starfsemi, verði, án tillits til afkomu rekstrarins, skattlagður eins og honum væru greidd laun frá öðrum. Er með þessum hætti ráðgert að innleiða eins konar lágmarks skattskyldar tekjur einstaklings í atvinnurekstur.“

Þetta mál var í upphafi ekkert sérstakt áhugamál okkar framsóknarmanna. Það var hv. þm. Matthías Á. Mathiesen sem lagði þetta frv. fyrir, og það var hann sem vann að undirbúningi þess án okkar aðstoðar. Ég sagði strax, þegar þetta mál kom til nefndar, við þá embættismenn sem að þessu höfðu unnið, hvort ekki væri mögulegt að hafa þarna aðra viðmiðun til vara, t. d. þá viðmiðun að miða við úttekt aðila úr eigin atvinnurekstri. Viðkomandi embættismenn töldu það útilokað, og ég sannfærðist um að á því væru ýmsir örðugleikar. Niðurstaðan varð sem sagt sú, að ákveðið var, að þetta skyldi reynt, og samþykkt af flestum hv. þm. hér á Alþingi.

Nú hafa sjálfstæðismenn flutt frv. til l. um að þetta

skuli aflagt, sem ég tel þá vera upphafsmenn að, — og gott og vel um það, að þeir skuli leggja það til, — og vilja fá það afgreitt nú fyrir jól. Ég leitaði samkomulags við þá um heldur lengri tíma til að komast að niðurstöðu um málið og vildi reyna að ná svipuðu samkomulagi um það og um þetta mál hefur verið frá upphafi. Þeir reyndust ófáanlegir til þess og vildu fá málið afgreitt.

Ríkisskattstjóri tjáði okkur, að fram færi umfangsmikil athugun á þessu máli, og hafði lofað að skila okkur viðamiklum gögnum í því sambandi. Við, sem undirritum þetta nál., töldum ekki verjandi af Alþingi að afgreiða þetta mál án þess að nefndin fengi fullnægjandi upplýsingar og rök um málið. Það er hins vegar alveg rétt og ég get tekið undir það, að framkvæmd þessa máls hefur farið um margt á annan veg en upphaflega var ætlað. Hins vegar verður að telja það skyldu okkar, að við athugum málið gaumgæfilega áður en við göngum til afgreiðslu á því. Með tilliti til þessa viljum við undirritaðir nm. leggja til að frv. verði vísað til ríkisstj. En ég vil taka það skýrt fram, að við hefðum fremur kosið að fá að hafa málið lengur til umfjöllunar. Það er hins vegar að kröfum þeirra aðila, sem eru upphafsmenn og höfundar þessara ákvæða, sem málið er nú knúið til afgreiðslu. Það má vel vera, að niðurstaðan verði sú, að okkur verði ekki annað fært en að afnema þessi ákvæði. Hins vegar tel ég að ekki sé full reynsla komið á það, og gegnir nokkurri furðu að upphafsmenn og höfundar þessarar hugmyndar skuli nú telja þrautreynt um málið á fyrsta ári framkvæmdarinnar.

Ég vil, herra forseti, ekki fjölyrða frekar um þetta mál, en taldi nauðsynlegt að rifja þetta upp og vil að lokum ítreka það álit 2. minni hl. nefndarinnar, að málinu verði vísað til ríkisstj.

Frsm. 3. minni hl. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Það hefur því miður enn ekki gefist tími til að útbýta nál. sem ég lagði fram sem 3. minni hl. fjh.- og viðskn. Það liggur því ekki á borðum hv. dm. þannig að þeir geti kynnt sér efni þess, en væntanlega verður snarlega úr því bætt eða eins fljótt og unnt er.

Meginefni frv. á þskj. 71 er að fella niður 59. gr. í gildandi lögum um tekjuskatt og eignarskatt. 59. gr. fjallar um það, að skilið sé á milli einkabúskapar manns og atvinnurekstrar hans þannig að ef maður starfar við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skuli honum talin til tekna eigi lægri fjárhæð en ætla má að launatekjur hans hefðu orðið ef hann hefði unnið sambærilegt starf og þegið laun sín hjá öðrum. Þetta er meginatriði 59. gr., og frv. á þskj. 71 er fyrst og fremst um það, að þessi ákvæði gildandi skattalaga séu felld úr gildi. Rökstuðningur flm. — sem raunar fluttu sama mál á síðasta Alþingi, en það var þá fellt með verulegum atkvæðamun — virtist vera í umræðum í fjh.- og viðskn. helst sá, að í fyrsta lagi hafi margir þeirra, sem voru skattlagðir á s. l. sumri með stoð í 59. gr. gildandi laga, mótmælt álagningunni, og var í því sambandi sérstaklega vitnað til mótmæla 2000 bænda. Í annan stað var vitnað til þess sem röksemdar fyrir afnámi 59. gr. laganna, að ríkisskattstjóri hafi sett almennar viðmiðunarreglur um áætlaðar tekjur manna sem hafa tekjur af eigin atvinnurekstri. Þetta ákvæði ætti ekki að hafa komið mönnum ýkjamikið á óvart því að í 59. gr. er tekið fram að ríkisskattstjóri skuli árlega setja skattstjórum viðmiðunarreglur til slíkrar ákvörðunar. Þetta ákvæði er alveg sýlaust í 59. gr. og það ætti væntanlega ekki að hafa komið hv. alþm. neitt á óvart, að ríkisskattstjóri skuli hafa gegnt þessari ótvíræðu skyldu sinni.

Þriðja röksemdin, sem fram kom gegn því, að 59. gr. yrði höfð áfram í lögum, lýtur hins vegar að ýmsum framkvæmdaatriðum, svo sem því, að misjafn háttur hafi verið á hafður um álagningu í einstökum skattumdæmum nú í sumar, sums staðar hafi viðmiðunarreglunum verið fylgt, en annars staðar ekki, og jafnframt að álagningin hafi verið með þeim hætti, að framteljendum hafi ekki verið gefinn kostur á að skýra tekjuniðurstöður framtala sinna hafi þær verið mjög lágar, heldur hafi áætlunarniðurstöðunum verið beitt af skattstjórum án þess að framteljendum gæfist kostur á því fyrst að skýra mál sitt.

Af þessum þremur röksemdum, sem fram komu í hv. fjh.- og viðskn., þykir mér aðeins einn þáttur marktækur. Það er rétt athugasemd, að nokkrir framkvæmdamisbrestir urðu á álagningunni samkv. ákvæðum 59. gr. nú í sumar, m. a. þeir sem að framan var getið. Það er rétt, að þau mistök voru gerð, að viðmiðunarreglum ríkisskattstjóra var ekki fylgt í öllum skattumdæmum landsins með sama hætti, sem gerði það að verkum að framteljendur, sem féllu undir 59. gr., voru nokkuð misjafnt settir eftir því í hvaða skattumdæmum þeir áttu heima. Þá er það einnig rétt ábending, að það er brotalöm í framkvæmdinni, að framteljendum, sem hafa tekjur af eigin atvinnurekstri og skiluðu framtali með óeðlilega lágum tekjum, skyldi ekki hafa verið gefinn kostur á að skýra þær niðurstöður sínar áður en skattstjórar beittu ákvæðum 59. gr. og áætluðu tekjur á þessa framteljendur til samræmis við viðmiðunarreglur skattstjóra. Að sjálfsögðu hefði viðkomandi framteljendum átt að gefast kostur á því að skýra mál sitt áður.

Ríkisskattstjóri, sem mætti á fundum hv. fjh.- og viðskn., gaf hins vegar fullnægjandi skýringar á þessum misbrestum á framkvæmd álagningarinnar. Skýringin var einfaldlega sú, að öll álagningarvinnan hjá skattumdæmunum — og raunar ríkisskattstjóra einnig — var eindæma seint á ferðinni. Og það er ekki sök þessara aðila, heldur stafar það af því, hversu lengi dróst að hv. Alþingi afgreiddi frá sér nauðsynlegar breytingar á lögunum um tekju- og eignarskatt, nr. 40 frá 1978, að ekki var hægt að leggja á framteljendur á eðlilegum tíma.

Að áliti ríkisskattstjóra ber því ekki af þessum ástæðum að líta svo á að nokkur viðhlítandi reynsla hafi fengist af umræddum ákvæðum skattalaga við álagninguna í sumar sem réttlætt gæti að þau ákvæði yrðu afnumin. Ég tel að sú niðurstaða ríkisskattstjóra hljóti að teljast rökrétt þegar höfð er hliðsjón af því, hversu óeðlilegar kringumstæður voru við álagningu skattanna í sumar, — kringumstæður sem að verulegu leyti áttu rót sína að rekja til seinagangs í afgreiðslu málsins hér á Alþingi. Þessar athugasemdir, sem fram komu í hv. nefnd, eru því réttar — þó svo að þær réttlæti ekki að mínu viti, fremur en í umsögn ríkisskattstjóra koma fram, að 59. gr. sé afnumin.

Fyrri röksemdaflokkarnir tveir fyrir afnámi 59. gr. laganna eru hins vegar algerlega út í hött. Það er fráleitt annað en settar séu almennar viðmiðunarreglur um áætlaðar tekjur manna sem hafa tekjur af eigin atvinnurekstri ef slíkar tekjur eiga að teljast nærri því sem þeir mundu hafa haft sem launþegar hjá öðrum. Væru slíkar almennar viðmiðunarreglur ekki settar af ríkisskatt-

stjóra er hætt við að tekjuáætlanir á slíka framteljendur yrðu geðþóttaákvarðanir einstakra skattstjóra og álagningin því öll í skötulíki. Auk þess má við þetta bæta því, að ekki verður annað sagt en viðmiðunarreglur ríkisskattstjóra fyrir tekjuárið 1979 um tekjufjárhæðir þeirra manna, sem hafa tekjur af eigin atvinnurekstri, séu vægast sagt mjög hóflegar.

Ríkisskattstjóri gaf nefndinni, sem um málið fjallaði, nokkrar upplýsingar um hverjar þessar viðmiðunarreglur voru. Þegar þær eru athugaðar, þá verð ég að segja eins og er, að nokkuð kemur spánskt fyrir sjónir sú mikla mótmælaalda sjálfstæðra atvinnurekenda, sem hafa tekjur sínar hjá sjálfum sér, sem virðist hafa risið við þessa álagningu. Svo að dæmi sé tekið um viðmiðunarreglur ríkisskattstjóra getum við nefnt sérmenntaða menn sem vinna við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi í sérgrein sinni, t. d. lyfjafræðinga, lækna, lögfræðinga, löggilta endurskoðendur, ráðgjafasérfræðinga hvers konar, verkfræðinga og aðra slíka menn sem hjá sjálfum sér vinna og hjá sjálfum sér þiggja laun. Viðmiðunarlaun til áætlunar tekna á þessa menn fyrir árið 1979 voru 8.1 millj. kr. eða 675 þús. kr. á mánuði. Ég er hræddur um að það hefðu ekki þótt há laun hjá mönnum með þessa menntun ef þeir hefðu tekið þau laun hjá öðrum. Þeir hefðu ekki verið ánægðir með þau launakjör á árinu 1979, lyfjafræðingar, læknar, lögfræðingar, löggiltir endurskoðendur og verkfæðingar, að hafa aðeins í launatekjur 675 þús. kr. að meðaltali á mánuði. Verður ekki annað sagt en þessar viðmiðunarreglur ríkisskattstjóra um áætluð laun slíkra manna séu a. m. k. sanngjarnar og mönnum hljóti að koma það mjög spánskt fyrir sjónir, ef menn í þessum störfum telji þær mjög ofáætlaðar.

Stjórnendum í eigin atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, sem hafa greitt laun sem samsvara launum fyrir störf þriggja eða fleiri launþega á árinu, — þar eru t. d. nefndir iðnrekendur, innflutnings- og útflutningsaðilar, verslunareigendur hvers konar, umboðssalar og fleiri — þeim eru áætlaðar á árinu 1979 tekjur að upphæð 7.5 millj. kr. á ári, 625 þús. kr. á mánuði. Svona má áfram telja. Ég ætla ekki, vegna þess hversu langt er á fundartíma deildarinnar liðið, að þreyta menn með frekari upplýsingum hér að lútandi, en þetta eru hæstu viðmiðunartekjuflokkarnir sem ríkisskattstjóri sagði sínum mönnum að hafa hliðsjón af við áætlun á tekjum þeirra sem þiggja laun hjá sjálfum sér. Ég held að það verði ekki sagt, að þarna sé mjög of í lagt, a. m. k. mundu slíkir menn hafa talist mjög vanhaldnir í launum ef þeir hefðu tekið þetta kaup hjá öðrum.

Um bændur gegnir sérstöku máli. Í reglum ríkisskattstjóra var sérstakt tillit m. a. tekið til þess, að nokkuð vantaði upp á það á árinu 1979 að bændur næðu fullu grundvallarverði, og þar að auki var í reglunum tekið tillit til áhrifa slæms árferðis árið 1979. Viðmiðunarreglur ríkisskattstjóra gagnvart bændum á árinu 1979 við álagningu 1980 gerðu þannig ráð fyrir því, að bóndi, sem starfaði við bú af stærð grundvallarbúsins, hefði í árstekjur 3.3 millj. kr. eða 278 þús. kr. á mánuði. Þetta samsvarar launum sem greidd voru þá í 5. flokki ríkisstarfsmanna, og menn gætu haft það nokkuð til hliðsjónar þegar menn gagnrýna mjög harkalega ósanngirni þessarar áætlunar. Þar sem hjón unnu hins vegar sameiginlega að búrekstri, ekki var um einyrkja að ræða, fólu viðmiðunarreglur ríkisskattstjóra það í sér, að hjónin hefðu sameiginlega í mánaðartekjur vegna starfa við grundvallarbú 471 þús. kr. á mánuði. Það þykja mér ekki ýkja há laun.

Herra forseti. Mér finnst þessar upplýsingar út af fyrir sig ekki gefa neina vísbendingu um það, að umrædd ákvæði 59. gr. gildandi laga um tekju- og eignarskatt hafi íþyngt þeim aðilum, sem hafa tekjur af eigin atvinnurekstri, langt umfram fólk sem stundar sambærileg störf í þágu annarra. Þau hörðu mótmæli, sem komið hafa fram gegn þessari áætlun, hafa því síður en svo við rök að styðjast ef þessar viðmiðunartekjur eru skoðaðar einar út af fyrir sig. Það eru engin rök fyrir afnámi slíkra lagaákvæða þótt þeir, sem þurfa nú í fyrsta sinn að greiða skatta af tekjum eftir þeim reglum, að þeim séu áætluð laun með þessum hætti, — sem menn í sambærilegum störfum, er tækju laun sín hjá öðrum, teldu vera harla lág, — þótt þeir menn uni slíkri skattlagningu ekki vel í fyrsta sinn sem henni er beitt. Það eru ekki rök fyrir afnámi slíkra ákvæða. Mergurinn málsins er auðvitað sá, sem ekki kemur fram í þessum viðmiðunarreglum, hvort skattgjald þessara aðila, sem taka laun hjá sjálfum sér, sé á einhvern hátt óeðlilegt miðað við skattgreiðslur annarra þjóðfélagshópa. Engar upplýsingar liggja hins vegar fyrir um að svo sé. Það liggja engar upplýsingar fyrir um það, að skattbyrði einstaklinga, framteljenda sem þiggja laun hjá sjálfum sér, sé á einhvern hátt óeðlilega þung miðað við skattbyrði fólks sem sinnir svipuðum störfum, en tekur laun sín hjá öðrum. Slíkar upplýsingar liggja ekki frammi, en þær hljóta auðvitað að vera forsenda þess, að tekin sé ákvörðun um að breyta þeim ákvæðum sem hér hafa verið harðlega gagnrýnd.

Sérstök fsp. hefur hins vegar verið flutt af mér á Alþingi um álagningarmál eins þessa hóps, þ. e. bænda, sem nú verða í fyrsta sinn að una því eins og aðrir, sem taka laun hjá sjálfum sér, að á þá séu lögð opinber gjöld samkv. áætlunum um tekjur þeirra, sem næst því sem þeir mundu fá í laun ef þeir þægju launagreiðslur hjá öðrum en sjálfum sér. Ég hef spurst fyrir um það og beint fsp. til hæstv. fjmrh. hvernig skattgjöld þessarar atvinnustéttar, bændanna, hafi komið út, hverjir voru tekjuskattar og eignarskattar þessara manna áður en ákvæði 59. gr. gengu í gildi og samanborið við hina svokölluðu viðmiðunarhópa sem samkv. landslögum er ætlað að hafa hliðsjón af við tekjuákvarðanir til bænda. Ég hef líka spurt: Hverjar urðu skattgreiðslur bænda eftir setningu hinna nýju laga og þá einnig miðað við skattgreiðslur viðmiðunarstéttanna? Fyrr en þessar upplýsingar liggja fyrir, sem ekki liggja fyrir enn, er ekkert hægt að segja um það, hvaða áhrif 59. gr. gildandi skattalaga hefur haft á álagningu á þessa tilteknu stétt.

Það hefur verið stefna Alþf. í skattamálum, að aðskilja eigi atvinnurekstur manna og einkabúskap þeirra þannig að atvinnurekandinn geti ekki fært gjöld heimilis síns með einum eða öðrum hætti beint eða óbeint á kostnað fyrirtækisins og geti ekki látið líta svo út — og ég tek það fram, að slíkar niðurstöður geta verið þannig, að ekki sé hægt að gagnrýna þær reikningslega — að þeir hafi engar tekjur af viðkomandi atvinnurekstri þó svo hann kunni að skila einhverjum arði. Það eru t. d. nokkur dæmi um það, að framtöl atvinnurekenda, sem taka laun hjá sjálfum sér, séu með þeim hætti, að atvinnureksturinn skili allverulegum afgangi, en þegar upp sé staðið séu tekjurnar, sem viðkomandi atvinnurekandi telur sér á framtali, nánast núll. Og í því framtali þarf ekki að vera og er

ekki fólgið neitt bókhaldslegt misferli. Hins vegar sjá menn í hendi sér af almennri skynsemi að þetta getur ekki verið rétt, a. m. k. ekki þegar slíkt ástand getur varað frá ári til árs. Það getur ekki verið rétt, þó svo að það geti komið fyrir um eins árs skeið, að maður lifi af eigin atvinnurekstri, en atvinnureksturinn skili honum engum launum. Þetta getur að sjálfsögðu ekki gerst ár eftir ár. Það er í andstöðu við heilbrigða skynsemi, þó svo þær reglur, sem farið er eftir við að meta tekjur manna, sem taka laun af eigin atvinnurekstri, kunni að hafa verið með þeim hætti, að bókhaldslega sé ekkert athugavert við þetta.

Það hefur sem sé verið stefna okkar Alþfl.-manna, að aðskilja eigi atvinnurekstur manna og einkabúskap þeirra, og það er gert í hinum nýju skattalögum. Það hefur jafnframt verið afstaða okkar Alþfl.-manna, að almennt eigi að ganga út frá því, að framteljendur, sem hafa tekjur af eigin atvinnurekstri, eigi tvímælalaust að bera álíka þunga byrði af sameiginlegum útgjöldum þjóðarinnar og þeir landsmenn í sambærilegum störfum sem vinna hjá öðrum en sjálfum sér. Það á ekki að vera hægt að mismuna mönnum í þessu sambandi sem gegna nákvæmlega sambærilegum störfum, bara eftir því hvað launagreiðandinn heitir, hvort launagreiðandinn er annar en viðkomandi sjálfur. Verkfræðingur, sem vinnur hjá sjálfum sér, á að taka þátt í sameiginlegum byrðum þjóðfélagsins með sambærilegum hætti og verkfræðingur sem vinnur sama starf eða sambærilegt starf, en tekur laun sín hjá öðrum. Þarna getur að sjálfsögðu verið nokkur munur á, en hann á ekki að geta verið svo mikill að annar teljist gagnvart skattayfirvöldum hátekjumaður, en hinn beri það sem í mæltu máli er kallað vinnukonuskattar.

Við Alþfl.-menn höfum því ávallt stutt það almenna viðhorf sem fram kemur í 59. gr. laga nr. 40 frá 1978, og við erum þeirrar skoðunar, að það væri stórt skref aftur á bak ef frá þeim reglum væri horfið. Auðvitað er sjálfsagt að taka framkvæmd þeirrar meginreglu, sem í 59. gr. felst, til skoðunar í samræmi við fengna reynslu af framkvæmd þeirra ákvæða við eðlilegar aðstæður. Við Alþfl.-menn erum að sjálfsögðu reiðubúnir til slíks. Sú reynsla við eðlilegar aðstæður hefur hins vegar alls ekki fengist af framkvæmdinni nú í sumar, sem öll var í skötulíki, eins og ég sagði áðan. En reynslan mun hins vega væntanlega fást við næstu álagningu, þegar aðstæður eru eðlilegri og ráðrúm meira til að framkvæma eðlilega álagningu og stunda eðlileg vinnubrögð í því sambandi en var í sumar. Þá fyrst, þegar slík niðurstaða liggur fyrir, en fyrr ekki, er tímabært að taka málið til skoðunar, en þar til svo verður er hvorki rétt að leggja til afnám 59. gr., eins og sjálfstæðismenn gera í till. sinni, né heldur að gera því skóna að afnema eigi efni greinarinnar eða breyta efnisinnihaldi hennar verulega, eins og stjórnarsinnar í fjh.- og viðskn. gera með því að leggja til að frv. á þskj. 71 verði vísað til ríkisstj. Efnisleg afstaða mín til þessa máls er því skýr og afdráttarlaus. Ég legg til að frv. þeirra sjálfstæðismanna á þskj. 71 verði fellt.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Ég lýsi afdráttarlausri andstöðu minni við það frv., sem hér er til umr., og tel mig tala þar af talsverðri reynslu því að ég átti sæti í yfirskattanefnd um langan tíma og síðar árum saman í niðurjöfnunarnefnd Vestmannaeyja

Til skamms tíma sluppu margir menn með sjálfstæðan atvinnurekstur, jafnvel flestir þeirra, svo til alveg við greiðslu tekjuskatts og útsvars þótt ekkert hafi á skort í „lífsstandard" þeirra. Útgerðarmenn t. d., sem jafnframt voru skipstjórar, fengu gjarnan, að mestu vegna afskriftarreglna, neikvæðan tekjuskatt í mynd ónýtts persónuafsláttar, eða hvað það nú heitir á hverjum tíma, sem gekk upp í greiðslu útsvars, sem þá var oftast einnig lágt. Um tíma fengu menn jafnvel afganginn greiddan í peningum. Ýmsir þessara manna lifðu þó kóngalífi, sigldu tvisvar á ári eða oftar með fjölskyldur sínar og annað eftir því.

Á sama tíma urðu hásetar þessara sömu manna og aðrir undirmenn þeirra að greiða verulegan hluta tekna sinna í opinber gjöld og gátu lítið leyft sér miðað við skipstjórana. Olli þetta geysilega mikilli óánægju og það að vonum. Ef þessir hinir sömu útgerðarmenn seldu skip sín eða misstu þau, þannig að tryggingafélög bættu skaðann, urðu þeir gjarnan stóreignamenn án þess að borga nokkurn tíma fimmeyring í opinber gjöld af eignaaukningunni.

Þótt ég hafi hér aðallega minnst á útgerðarmenn, sem jafnframt eru skipstjórar, á þetta við — í mismunandi mæli þó — um flesta þeirra sem stunda sjálfstæðan atvinnurekstur.

Fyrir nokkrum árum, að mig minnir 1972, var það kerfi lögfest við álagningu útsvars, sem nú er í 59. gr. laga um tekju- og eignarskatt, um áætlun persónulegra tekna þeirra sem vinna við eigin atvinnurekstur. En það er einmitt þetta, sem frv., sem hér er til umr., gengur út á að fella niður. Engir teljandi erfiðleikar hafa, svo að mér sé kunnugt um, verið á framkvæmd útsvarsálagningar á grundvelli þessara reglna, nema þá kannske fyrsta árið sem þær giltu, enda finnst mönnum almennt þetta sanngjarnt, einnig þeim sem þessum reglum er beint gegn. Ég sé alls enga ástæðu til að ætla að svo geti ekki einnig orðið um beitingu þessara reglna við álagningu tekjuskatts.

Mín reynsla er sú, að skattstjórar beiti þessari reglu mjög í hófi, í fullmiklu hófi að margra mati. Samkv. svari hæstv. fjmrh. um daginn við fsp. um þetta efni og samkv. upplýsingum frá skattyfirvöldum virðist mér að þessari reglu hafi einnig verið mjög hóflega beitt á yfirstandandi ári. Gat hv. 3. þm. Vestf. um nokkur dæmi þess og tók þó aðeins hæstu hópana. En hjá sumum stéttum, sem vinna við eigin atvinnurekstur, eru viðmiðunarreglurnar allt niður í 2.2 millj í árstekjur.

Áætlun um tekjur bænda eru talsvert flóknari, enda er hvergi eins mikill munur á kjörum manna innan sömu stéttar, og lítið eða ekkert virðist gert af forsvarsmönnum þeirrar ágætu stéttar til að ráða þar bót á. Þó virðist mér að áætlanir skattyfirvalda um tekjur bænda séu mjög hóflegar eins og hjá öðrum stéttum.

Herra forseti. Ég tel að samþykkt þess frv., sem hér er til umr., muni í reynd lögfesta rétt margra starfshópa til skattfrelsis með löglegum hætti og í sumum tilvikum jafnvel með ólöglegum hætti. Ég er algerlega andvígur samþykkt frv. og legg til að það verði fellt.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég þarf ekki að tala mikið um þetta mál, en það vakti athygli mína, sem hv. 3. þm. Vestf., Sighvatur Björgvinsson, sagði áðan, að ýmsum stéttum manna væri gert að greiða skatta af 650 þús. kr. á mánuði á árinu 1979 að meðaltali. Er þetta rétt með farið? Þar í hópi voru t. d. lögfræðingar, læknar og ýmsir

aðrir. Nú vitum við það um unga lögfræðinga, sem eru að hefja sína starfsemi, að þeir fá tekjur sínar mjög seint inn, og það er meira að segja alls ekki víst að þeir hafi bolmagn fyrsta árið til þess að lifa af eigin vinnu vegna þess að tekjurnar koma inn miklu síðar. Þessi áætlun er því augljóslega allt of há fyrir þessa stétt manna. En það er ekki þetta sem vakti athygli mína, heldur hitt, að viðmiðunartekjur þessara stétta, sem hv. þm. taldi eðlilegar, eru að meðaltali 100 þús. kr. hærri en mánaðarlaun þingmanna á árinu 1979. Á árinu 1979 voru þingmannslaunin 6 603 286 kr. eða að meðaltali 550 273 kr. á mánuði. Ef það er rétt, að viðmiðunartekjur vissra stétta séu 650 þús. kr. þá finnst mér fulllangt gengið, — ef ekki er látið duga að áætla ungum mönnum, sem eru að hefja starfsemi, svo sem eins og laun alþm. fyrsta starfsár þeirra. Mér finnst þetta sannfæra mig miklu fremur en mörg orð um það, hve fáránleg þessi framkvæmd hefur verið og út í hött. Betri röksemd fyrir óréttmæti þessarar lagagreinar er ekki til. Hér er augljóslega bæði um mjög gallaða lagasetningu og gallaða framkvæmd að ræða.

Varðandi það sem hv. þm. Magnús H. Magnússon sagði, nýkjörinn varaformaður Alþfl., vakti það athygli mína að honum kom það fyrst í hug, að þeir menn, sem helst væru að reyna að skjóta sér undan eðlilegum skattgreiðslum, væru útgerðarmenn. Þykir mér það satt að segja nokkuð undarlegt, einkum ef til þess er litið, að á síðustu misserum hefur þeirra hlutur margra farið mjög versnandi, þ. e. þeirra sem eiga ný skip og verða að una þeim nýju lánskjörum sem þar er um að ræða, en fiskverð hefur stórlega dregist aftur úr og tilkostnaður hækkað. Ég veit að þessi hv. þm. þekkir það jafnvel og ég, að ýmsir útgerðarmenn verða núna að ganga á eigur sínar til að geta haldið skipum sínum og til að geta haldið rekstrinum gangandi. Við vitum báðir fullvel að vanskilin hlaðast upp hjá Fiskveiðasjóði, Byggðasjóði og öðrum sjóðum, og hæstv. sjútvrh. er einmitt þessa dagana, þessa mánuðina og hefur síðan í vor verið að vinna að því að gera sérstakar ráðstafanir til að fleyta útgerðarmönnum yfir þessi vandræði.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson talar um það, að tilgangur þessara laga sé að skilja á milli atvinnufyrirtækis og eigin fjármuna — og hvað? (**SighB:** Og einkabúskapar.) Og einkabúskapar. Þá á hv. þm. við það, eins og dæmið kemur út m. a. hjá mörgum útgerðarmönnum þar sem ég er kunnugastur fyrir norðan — en það var hafísár, sem verið var að skattleggja, — þá kemur það þannig út, að þessir menn hafa tekið úr sínum einkabúskap álitlegt fé og lagt í sinn rekstur, og svo á að skattleggja þessa menn núna.

Það er alveg rétt, sem hv. þm. Halldór Ásgrímsson sagði fyrr í dag, að harðasta gagnrýnin á skattalagaframkvæmdina, eins og hún var, kom frá sjálfstæðismönnum. Ólafur Björnsson hefur skrifað um það merkar greinar sem ég hef hér vitnað til. En það er mikill misskilningur að halda að það sé einhver bót, ef menn hafa orðið fyrir ranglæti, að láta einhverja aðra verða fyrir kannske enn þá meira ranglæti. Það er alls ekki þannig. Gagnrýnin á skattalöggjöfina — eins og hún var á sínum tíma og galla hennar — var eðlileg vegna þess að hún var ekki sniðin við það þjóðfélag sem við búum í.

Ég veit það jafnvel og hv. þm. Magnús H. Magnússon, að bæjarstjórar hafa margvísleg fríðindi víðs vegar um land sem ekki hafa komið til skatts. Ég veit um menn sem hafa farið úr landi á vegum opinberra aðila þrásinnis. Þessir aðilar hafa kannske ekki komið til baka sama daginn og þeirri ráðstefnu lauk, sem þeir hafa sótt, eða farið út sama daginn og ráðstefnan hófst. Samt sem áður þori ég að fullyrða, að enginn þessara manna, hvorki ráðherra, sveitarstjórar né aðrir embættismenn, hafi þurft að greiða tekjuskatt af þeim ferðakostnaði, sem þeir hafa þannig notað að hluta í einkaneyslu. Þeir hafa tekið hluta af sínu sumarleyfi til þess að vera lengur erlendis, og hið opinbera hefur borgað fyrir þá brúsann. Þeir hafa ekki þurft að borga tekjuskatt af þessu þó þeir hafi kannske notað þessa ferð í leiðinni til þess að slá sér upp með fjöskyldu sinni. Á hinn bóginn er það þannig hjá einkaaðilum, að ef skattstjórar komast að raun um það, að menn, sem fara til útlanda á vegum einkaaðila, nota ferðina til þess að fara í leiðinni til sólarlanda eða eitthvað annað, spara sér flugferð yfir hafið, þá verða þeir að greiða tekjuskatt að hluta af þessu hagræði.

Ég get tekið annað dæmi. Ráðherrar eru með í dagpeninga núna sennilega um 100 þús. kr. á dag ef þeir eru erlendis. Þeim er ekki gert af hinu opinbera að skila skattstofu nákvæmri skýrslu um það og greinargerð, hvernig þeir hafa varið þessu fé. Þeir fá það ekki upp gefið til skatts.

Ég get enn nefnt dæmi. Ráðherrar hafa búið við margvísleg fríðindi í sambandi við bifreiðakaup og ég hef fyrir því fulla vissu, að þessi fríðindi hafa aldrei verið talin fram til skatts. Við getum þannig lengi haldið áfram að tala um það, að í skattalegu tilliti hafa menn búið við afskaplega ólík skilyrði. Sumir menn hafa fengið töluvert út úr því að vinna hjá hinu opinbera, margvíslegt hagræði og fyrirgreiðslu. Ég veit meira að segja dæmi þess, að menn í háum stöðum hafa blandað saman þannig sínum einkabúskap og opinberum rekstri, að þegar þeir hafa farið úr landi hafa þeir ekki fengið sinn farmiða sendan beint í gegnum sína ríkisstofnun, heldur hefur þeim tekist að ná út 50% afslætti fyrir eiginkonu sína í skjóli þess, að þeir hafi farið út á vegum opinberra aðila. Þannig hefur þetta blandast saman. Það þarf ekki að tala um það, þegar tekjuskatturinn er orðinn 65%, þá reyna menn auðvitað hvað þeir geta til að komast hjá því að greiða skatta.

Af því að hv. þm. tók hér sérstaklega lögfræðinga sem dæmi, þá veit ég dæmi þess, að hið opinbera hefur talið nauðsynlegt að senda ýmsa dómara og stjórnarráðsmenn á lögfræðiþing í Finnlandi. Þeir fengu allan sinn dvalarkostnað og ferðalög greitt af hinu opinbera. Lögfræðingur, sem var með sjálfstæðan rekstur, fór á þetta sama lögfræðimót og taldi sinn útlagða kostnað fram sem kostnað og fékk hann að fullu strikaðan út af viðkomandi skattstofu. Hann varð m. ö. o. að greiða fullan tekjuskatt af námskostnaði — við verðum að líta þannig á það — til þess að fylgjast með í sínu fagi á lögfræðingamóti sem hið opinbera sá fulla ástæðu til að senda menn á á ríkisins kostnað. Það er ekki eins og allir sitji við sama borð, þótt svo eigi að heita stundum, að ríkið krefjist þess að fá fullnægjandi skilagreinar fyrir útlögðum kostnaði. Ég veit að í sumum tilvikum og sumar stofnanir eru mjög strangar í þessum efnum, en það er nú svo um ýmsa aðra, að þeir sleppa miklu betur.

Þetta er almennt um skattsvik að því gefna tilefni, að hv. þm. Magnús H. Magnússon var sérstaklega að tala um það, að útgerðarmenn hefðu sloppið vel í sambandi við tekjuskattinn, en minntist ekki á margvíslegan annan

rekstur sem ég fullyrði að ekki hefur síður sloppið við að greiða tekjuskatt. Skal ég nefna strax sem dæmi Kaupfélag Eyfirðinga á Akureyri eða SÍS. Ef við berum saman þá miklu eignasöfnun, sem þar hefur átt sér stað, og tekjuskattsgreiðslurnar, þá sjáum við að þar er lítið samræmi á milli og engin tekjuáætlun á þvílíkum fyrirtækjum um það, hvernig þeim beri að greiða tekjuskatt.

Auðvitað er hugsunin á bak við tekjuskattinn sú, — og ég man að þegar hæstv. núv. forsrh. var fjmrh. í viðreisnarstjórninni, þá hrósaði hann sér mjög mikið af því að hafa gerst forgöngumaður þess í sambandi við útsvarið, að hætt yrði að leggja á eftir efnum og ástæðum, — hugsunin á bak við tekjuskattinn er sú, að menn eigi að greiða ríkinu hluta af sínu aflafé, af þeim fjármunum sem þeir hafa fengið í aðra hönd umfram kostnað við að afla þessara fjármuna, annaðhvort sem launagreiðslur eða þá í sjálfstæðum rekstri. Það er grundvallarforsendan fyrir álagningu tekjuskattsins, að um einhverja tekjuöflun hafi verið að ræða, áþreifanlega tekjuöflun. En ef hægt er að sýna fram á að viðkomandi aðili hefur ekki staðið undir sjálfum sér á viðkomandi ári, hefur orðið að ganga á sínar eignir, þá er að sjálfsögðu enginn grundvöllur fyrir tekjuskattsálagningunni. Og ég ítreka það enn, eins og ég hef raunar gert áður, að það er næsta hryggilegt að þessi vitleysa — sem þetta lagaákvæði er sem við erum hér að tala um — skuli hafa orðið niðurstaðan af mjög glöggum skrifum Ólafs Björnssonar prófessors um þessi efni, að ný og miklu stærri vitleysa sé búin til, miklu meira ranglæti sé viðhaft í þjóðfélaginu en áður vegna þess að löggjafinn brást rangt við þeim upplýsingum sem fyrir lágu, þeirri reynslu sem var af tekjuskattinum.

Um þetta má tala miklu lengra mál. Ég skal sleppa því að þessu sinni, en aðeins ítreka það sem ég hef áður sagt, að tekjuskatturinn er í eðli sínu í þjóðfélaginu eins og það er orðið núna, — sá hái stighækkandi tekjuskattur er fyrst og fremst launþegaskattur. Hann bitnar fyrst og fremst á þeim stéttum manna sem Sighvatur Björgvinsson, hv. 3. þm. Vestf., þykist vera sérstakur fulltrúi fyrir og hv. þm. Magnús H. Magnússon þykist einnig vera sérstakur fulltrúi fyrir. Þeir kalla raunar flokk sinn Alþýðuflokk og minnast þess með sælubrosi á vör þegar þeim tókst að næla í Alþýðuhúsið og ýmsar aðrar eignir án þess að greiða af því tekjuskatt, við aðskilnað verkalýðshreyfingar og Alþfl. á sínum tíma. Og ég held að bara með því að fara aðeins aftur í tímann og minnast þessara sæludaga, þegar þeir veltu sér upp úr nafnaskiptunum og húseignunum, þá ættu þeir að skilja það í sambandi við þetta mál og ýmisleg önnur, að tekjuskatturinn er fyrst og fremst launþegaskattur, og í öðru lagi, að ekki er hægt að leggja tekjuskatt á annað en tekjur, ef maður vill framfylgja þeim skatti eins og hann er hugsaður. Að öðrum kosti er hér um eignaupptöku að ræða. Og eignarskattur, sem er 65% er það mikið fyrir minn smekk a. m. k., að ég efast um að það standist lög, ef úrskurður í skattalögum fengist þegar í stað, en drægist ekki á langinn.

Mér þykir slæmt, herra forseti, að hæstv. landbrh. skuli ekki vera við. Hann gæti frætt okkur um síðasta þáttinn í þessu máli, sem er sá skemmtilegasti. Hann lagði 200% fóðurbætisskatt á á s. l. sumri. Samkv. þeim skattalögum, sem nú gilda, með 65% álagningu og svo þeirri áætlun sem bændum er gert að greiða, getur þetta endað með því, að bændur verði að greiða ofan á þessi 200% 65% tekjuskatt. Er þá ríkissjóður farinn að taka allnokkuð í sinn hlut. Ætli skattheimtan fari þá ekki að nálgast 400% af fóðurbætiskílóinu ef rétt er reiknað?

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Ég sé ástæðu til þess að þakka hv. fjh.- og viðskn. fyrir að hafa afgreitt þetta frv. út úr nefnd á þeim annatímum sem nú eru. Ég vil þakka sérstaklega fyrir það, þar sem það er mitt álit, að það sé mjög brýnt að þetta frv. nái fram að ganga. Og ég el þá von í brjósti, má segja að ég þykist hafa um það vissu, að þessi hv. deild muni samþykkja frv. nú að lokinni umræðunni.

Ég ætla ekki að setja hér á neinar stólparæður í þessu máli. Ég talaði fyrir því við 1. umr. og þóttist hafa skýrt það nokkurn veginn, og það hefur ekki komið fram í máli þeirra manna, sem hafa lýst sig andstæða frv., neitt sem ég þykist ekki hafa svarað áður að öðru leyti en því sem nú skal greint.

Hv. 3. þm. Vestf. hafði þau orð um ákvæði 59. gr., að það væri hæpið að afnema þau nú að þessu sinni þar sem ekki lægju fyrir nægilega staðgóðar upplýsingar um það, að þau ákvæði væru skaðvænleg. Hv. 5. þm. Suðurl., Magnús H. Magnússon, taldi óeðlilegt að afnema ákvæði þessarar greinar vegna þess, hversu hóflega þeim hefði verið beitt við álagningu nú. Það er alveg merkilegt, að tveir menn, sem báðir leggja til sams konar meðhöndlun á einu frv., skuli geta gert það út frá gagnstæðum forsendum. Ég þarf ekki að svara fyrir það, en ég geri ráð fyrir, að þeir eigi dálítið erfitt með að skýra þetta hvor fyrir öðrum, og læt ég það alveg óátalið.

Hv. 3. þm. Vestf. sagði í sinni ræðu áðan, að ákvæði 59. gr. laganna hefðu ekki átt að koma flm. á óvart. Og það er hverju orði sannara, það kom okkur ekki á óvart. Ég skýrði það í minni framsöguræðu með frv., að málið væri ekki nýtt af nálinni, við höfðum strax, þegar frv. kom til umfjöllunar í þingflokki okkar, haft áhyggjur af þessu ákvæði. Og það er skjalfest, að á síðasta þingi, þegar lögin komu til endurskoðunar, lögðum við til að þetta ákvæði yrði afnumið. Við erum enn við sama heygarðshornið, og ég vil segja það, að það ber ekki þess vott, að þetta ákvæði komi okkur á óvart.

Hann hafði orð á því einnig, hv. 3. þm. Vestf., að beiting þessa ákvæðis hefði farið úrskeiðis að nokkru á síðasta sumri, og mér skildist að eitt af því sem þar hefði farið úrskeiðis, væri það, að viðkomendur fengu ekki að skýra framtöl sín. Það er nú svo. Eftir þeim upplýsingum, sem hér hafa verið skýrðar fyrir hv. dm., er það álit þeirra, sem stjórnað hafa þessum álögum á þessu sumri eða lagt skattana á, að það eigi að leggja skatta á þessar áætluðu tekjur hvort sem þeir sannanlega hefðu haft þær eða ekki, það skipti ekki máli. Og ég verð að segja það, að það fer að verða vandgert að semja lög fyrir þá, sem eiga að framkvæma þau, ef þessi lagagrein var ekki nægilega skýrt orðuð til þess að embættismennirnir misfæru ekki með hana og kenndu svo alþm. um að þeir hefðu lagt þetta með þessum hætti upp í hendur sér. Það má vel vera að þeir hafi ekki haft skilning á því, við hvað Alþingi átti eða þm. áttu með viðmiðunartekjum og þeim undantekningartilvikum sem tilgreind eru. Það færir mér heim sanninn um það, að nú er vissast að taka fyrir þetta og nema ákvæðin úr gildi.

ATKVGR.

Till. á þskj. 324 um að vísa frv. til ríkisstj. samþ. með 21:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EH, FÞ, GS, GHall, GGÞ, GHelg, HÁ, HG, IGuðn, IGísl, JE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, SV, SBó, SvG, ÞS, AS.
nei: ÁG, BGr, BÍG, FrS, GeirH, HBl, JS, JÞ, KP, MHM, MB, MÁM, ÓE, PS, SighB, SteinG, VG, AG, SvH.
5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta felur í sér að felld skuli niður þau ákvæði núverandi skattalaga sem heimila skattyfirvöldum að ákveða þeim, sem vinna við eigin atvinnurekstur, tekjur eftir tilteknum reglum hvað sem raunverulegum tekjum þeirra líður. Ég hef alla tíð verið andvígur þessum ákvæðum skattalaganna, síðan þau komu fyrst á dagskrá við undirbúning núgildandi laga. Þessi atriði hafa verið til umræðu innan ríkisstj. og til athugunar í nefndum á hennar vegum. Innan ríkisstj. hefur komið í ljós sterkur vilji fyrir breytingum á þessum ákvæðum skattalaganna til samræmis við þær skoðanir sem ég hef lýst til þessa máls. Nokkur atriði eru þó enn í athugun hvað þetta mál snertir. Ég tel því mjög heppilegt að vísa þessu máli til ríkisstj. og segi já.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Eins og margoft hefur áður komið fram er áformað að endurskoða lög um tekju- og eignarskatt eftir áramót, en ekki hafa legið fyrir nægileg gögn til þess að sú endurskoðun gæti farið fram enn þar sem álagning var seint á ferðinni og útskriftir á ýmsum atriðum álagningarinnar hafa tekið talsverðan tíma. Frv. þetta fjallar um eitt atriði þess sem gæti komið til álita að endurskoða, þ. e. áætlun tekna.

Strax og álagningu var lokið á s. l. sumri bárust kvartanir úr röðum bænda um að ósanngjarnar álögur hefðu verið lagðar á ýmsa bændur á grundvelli þessa ákvæðis. Ég skipaði þá þegar nefnd til að gera úttekt á þessu máli. Því miður er það staðreynd, að hún hefur enn ekki skilað af sér, en hefur beðið eftir að tölvur ynnu það verk sem þeim var falið að vinna. Ég mun beita mér fyrir því, að þessi nefnd hraði störfum sínum, og tel fráleitt að taka afstöðu til þessa máls fyrr en gögn liggja fyrir. Ég tel því mjög eðlilega málsmeðferð, að þessu máli verði vísað til ríkisstj., og segi því já.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Þegar máli er með þessum hætti vísað til ríkisstj. má álíta að það sé gert vegna þess, að það sé vilji Alþingis, að ríkisstj. taki viðkomandi ákvæði skattalaga til endurskoðunar í því skyni að afnema efni þeirra. Þessi skilningur hefur m. a. komið fram í yfirlýsingu hæstv. ráðh. Pálma Jónssonar. Við Alþfl.-menn viljum alls ekki að í afstöðu okkar til þessa máls sé hægt að leggja þann skilning. Við viljum fella þetta frv. Við viljum fá það til afgreiðslu svo að unnt sé að fella frv. og erum andvígir því, að því sé vísað til ríkisstj. þegar þann skilning er hægt að leggja í málið sem fram kom hjá hæstv. ráðh. Pálma Jónssyni. Ég segi nei.

Stefán Valgeirsson: Með tilvísun til þess fyrirvara sem kom fram hjá ráðherrum, bæði hæstv. landbrh. og fjmrh., segi ég já.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Með því að ríkisstj. hefur haft um það fulla vitneskju frá því á miðju sumri hver óskapnaður þessi ákvæði tekjuskattslaganna eru og lofað könnun, en ekki hefur rekið eða gengið og jafnvel tölvurnar hafa staðið kyrrar, en þetta frv. fjallar um það ákvæði sem augljósast er og mest áríðandi að breyta og breyta strax, segi ég nei.

Verðgildi íslensks gjaldmiðils, frv. (þskj. 156, n. 293 og 325). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Á þskj. 156 er flutt frv. til l. um breyt. á lögum um verðgildi íslensks gjaldmiðils frá 1979. Frv. þetta hefur verið rætt í fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar, en n. hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu frv. Meiri hl. n., sem skipa auk mín hv. 1. þm. Vestf., hv. 3. þm. Vestf. og hv. 3. þm. Reykv., leggur til að frv. verði samþykkt, en flytur við það brtt. sem er á þskj. því sem birtir nál., þ. e. þskj. 325.

Meiri hl. fjh.- og viðskn. er þeirrar skoðunar, að það sé ótímabært að láta ákvæði laga nr. 35/1979 um myntbreytingu koma til framkvæmda um næstu áramót. Það má deila um hvort slík myntbreyting sé réttlætanleg, svo mikið rask, kostnaður og margvísleg óþægindi sem henni fylgja. En það ætti ekki að vera um það nein deila að miðað við þær aðstæður, sem nú eru í íslensku þjóðfélagi, er með engu móti réttlætanlegt að láta gjaldmiðilsbreytinguna eiga sér stað.

Aðstæður í íslensku efnahagslífi eru svo geigvænlegar að það er um einsdæmi að ræða. Verðbólgan fer ört vaxandi. Það er slegið met á hverju ári og má búast við að á næsta ári fari verðbólgan yfir 70% að dómi Þjóðhagsstofnunar, en ýmsir aðrir, sem látið hafa til sín heyra, álíta að það muni nú gerast, að verðbólgan verði þó nokkuð miklu hærri en Þjóðhagsstofnun hefur talið munu verða. Þá hefur á undanförnum mánuðum, allt frá því að núv. hæstv. ríkisstj. tók við og á undan því, það gerst, að gildi íslensku krónunnar hefur fallið mjög. Því er spáð og það er talið nauðsynlegt af stuðningsblöðum ríkisstj., að á næstu vikum þurfi að fella gengi íslenskrar krónu gagnvart erlendum gjaldmiðli um 20% og að það muni gerast um það leyti sem gjaldmiðilsbreytingin á sér stað.

Það er rétt, að gjaldmiðilsbreyting kemur mjög til álita sem þáttur í samræmdum alhliða aðgerðum í efnahagsmálum. Hafa allir þeir, sem látið hafa til sín heyra hér á hinu háa Alþingi, verið sammála um að þegar til gjaldmiðilsbreytingar er gripið megi það ekki gerast öðruvísi en um sé að ræða alhliða efnahagsráðstafanir til að skapa meiri festu í efnahagslífið og þá um leið auka trú á þeim gjaldmiðli sem við höfum. Það var ljóst um það leyti sem lögin voru samþ., að þáv. ríkisstj. hafði ekki möguleika á því að koma fram með neinar þær ráðstafanir í efnahagsmálum sem gera þarf og hefur þurft að gera og nauðsynlegar eru þegar til slíks er gripið. Samstöðuleysi þeirrar ríkisstj., sem kom í ljós á fyrstu mánuðum hennar, sýndi að það gæti ekki tekist að ná neinu slíku samkomulagi um nauðsynlegar ráðstafanir. Núv. hæstv. ríkisstj. hefur hvað eftir annað rætt um og látið frá sér heyra að efnahagsaðgerðir séu í vændum og þær muni verða gerðar um það leyti sem gjaldmiðilsbreytingin á sér stað, en það hefur ekkert samkomulag náðst hjá

hæstv. núv. ríkisstj. Hún hefur setið í 10 mánuði og hefur ekki borið á að samkomulag væri að takast um efnahagsaðgerðir. Það er tæplega að á þeim 12 dögum, sem eftir eru af þessu ári, náist samkomulag þess eðlis sem nauðsynlegt er ef réttlæta á slíka aðgerð sem gjaldmiðilsbreytingu. Gjaldmiðilsbreyting við slíkar aðstæður er því aðgerð sem ber að forðast, og því er lagt til í þessu frv. að fresta gjaldmiðilsbreytingunni.

Gert er ráð fyrir að frestunin verði um eins árs skeið. Það liggur ljóst fyrir, að enda þótt það sé erfiðleikum háð að fresta gjaldmiðilsbreytingunni er sýnu viturlegra að gera slíkt og vinna að því að koma fram með ráðstafanir í efnahagsmálum sem geta orðið til þess að breyta því efnahagsástandi sem við búum við og blasir við á næstu mánuðum og næsta ári. Það er því að dómi meiri hl. fjh.- og viðskn. rétt að fresta gjaldmiðilsbreytingunni. Meiri hl. fjh.- og viðskn. leggur til að sú frestun verði fram til miðs árs, þannig að í staðinn fyrir „1. jan. 1981" í 1. gr. komi: 1. júlí 1981.

Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. leggur meiri hl. n. til að frv. verði samþykkt með þeirri brtt. sem flutt er á þskj. 325.

Frsm. minni hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um þetta mál. Minni hl. n. taldi að ekki væri nauðsynlegt að afgreiða þetta mál úr n., sérstaklega með tilliti til þess, að minni hl. telur nauðsynlegt að gjaldmiðilsbreytingin nái fram að ganga um áramótin. Það er búið að miða allan undirbúning að því og að sjálfsögðu er allt of seint að snúa við nokkrum dögum áður en sú breyting á að koma til framkvæmda.

29. maí 1979 voru samþykkt og tóku gildi lög um að breyta verðgildi íslensks gjaldmiðils. Var þá ákveðið að það skyldi gerast 1. jan. 1981. Það er ekki í fyrsta skipti sem gjaldmiðilsskipti fara fram hér á landi. Þau fóru fram 1948 samhliða eignakönnun. 1968 voru samþykkt ný gjaldmiðilslög og með heimild í þeim var ákveðið að fella niður koparpeninga árið 1969. Með svipuðum hætti voru aurar felldir niður 1975 og fjárhæðir miðaðar við heila krónu.

Það náðist samstaða hér á hv. Alþingi vorið 1979 um þetta mál. Hefur farið fram mikil kynningarstarfsemi og undirbúningur varðandi málið. Áætlað er að kostnaður varðandi þetta mál verði 1041 millj. kr. Að vísu kemur til frádráttar þessari fjárhæð sala á gamalli mynt, um 200 millj. kr. Þess má geta, að það hefur verið dreift bæklingum og auglýsingar hafa lengi verið í gangi. Að mínu áliti því er fráleitt að ætla sér að snúa til baka í þessu máli.

Ef menn hafa í huga í þessu sambandi að fresta málinu með tilliti til þess að halda í við gjaldmiðla Norðurlanda kemur það færi hvort eð er ekki fyrr en mundi verða raunhæft, sem við skulum vona að aldrei verði, að þúsundfalda krónuna. Ég er þeirrar skoðunar, að gjaldmiðilsbreytingin verði hvati til raunhæfra aðgerða í efnahagsmálum, ef vel og dyggilega er á málum haldið, og vænti ég þess, að slík niðurstaða fáist. Með tilliti til þess vil ég leggja til að frv. þetta verði fellt.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég hef mikinn áhuga á að beina örstuttri fsp. til eins ágæts deildarbróður míns, hv. þm. Guðmundar G. Þórarinssonar, 12. þm. Reykv. Hann er í húsinu. — Herra forseti. Ég þakka að hv. þm. skuli hafa orðið við beiðni minni. Það er örstutt fsp. sem ég beini til hans.

Í blaðaviðtali snemmsumars lét hv. þm. þau orð falla, að það væri óðs manns æði að framkvæma myntbreytingu nú um áramótin ef ekki hefðu áður verið gerðar ráðstafanir í efnahagsmálum sem ríkisstj. hafði þá víst í undirbúningi og segist hafa enn, til að treysta verðgildi hins nýja gjaldmiðils. Hv. þm. var spurður fyrir nokkrum dögum af sama fjölmiðli, hvort skoðun hans hefði nokkuð breyst á þessu máli, og hann kvað það ekki vera, m. ö. o. væri enn sín skoðun að það væri óðs manns æði að framkvæma slíka gjaldmiðilsbreytingu þar sem ekki hefði verið gripið til þeirra efnahagsráðstafana sem hv. þm. hafði áhuga á og taldi nauðsynlegt að gera áður en myntbreytingin yrði framkvæmd. Og ég er honum hjartanlega sammála um. Ég hefði, herra forseti, haft áhuga á að vita hver væri afstaða hv. þm. nú, þó svo það komi að sjálfsögðu fram í atkvgr. á eftir.

Guðmundur G. Þórarinsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð í tilefni af þeim spurningum sem hér var til mín varpað.

Ég hygg að hv. 3. þm. Vestf. hafi ekki farið orðrétt með tilvitnanir í mín orð. Eigi að síður hef ég sagt það, að forsenda þessarar myntbreytingar sé vissulega að nú verði tekið með festu á efnahagsmálum þjóðarinnar, að nú verði tekið með festu á þeirri verðbólguþróun sem er í landinu. Ég ítreka það enn, að það er mín skoðun að myntbreyting um þessi áramót nái engum tilgangi nema svo verði. Nú er unnið að aðgerðum í efnahagsmálum. Ég bind miklar vonir við þær aðgerðir og í trausti þess, að samstaða um þær muni nást, mun ég að sjálfsögðu standa að fyrirhugaðri myntbreytingu um þessi áramót.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að blanda mér í þessar umr., en vegna þess að inn í þær hefur dregist hv. 12. þm. Reykv. langar mig til að leggja fáein orð í belg.

Þessi hv. þm. hefur enn þá augsýnilega ekki tapað algerlega trúnni á hæstv. ríkisstj., eins og hv. 7. þm. Reykv., Guðmundur J. Guðmundsson sem dvelst erlendis og hefur gert um skeið og kemur væntanlega ekki aftur fyrr en eftir áramót. En það er ástæða til þess í framhaldi af þeim orðræðum, sem fóru fram áðan, að spyrja hv. þm. Guðmund G. Þórarinsson, hvort hann hafi enn sömu trú á hæstv. ríkisstj. og hann hafði áður, með tilliti til orða sem hann lét falla á Alþingi hinn 14. apríl s. l. um ávöxtun skyldusparnaðar, en þar var nokkuð rætt um vaxtamál. Ég leyfi mér, herra forseti, að vitna örstutt til ummæla hans í þessum umr., en þar segir hann m. a.:

„Það mun ekki vera tími til að halda þessu áfram öllu lengur hér því að nú eiga þingflokksfundir að fara fram. Ég ætla ekki heldur að lengja umr. um þetta mál, þó að ástæða væri til að fara um það frekari orðum. Ég vil þó segja það vegna þess, sem hv. þm. Friðrik Sophusson sagði áðan um að sú ríkisstj., sem nú sæti, væri að hundsa Ólafslög varðandi verðtryggingu, sem minn skilning á þeirri stefnu sem þar kemur fram, að þar er kveðið á um að jákvæðum vöxtum skuli náð í árslok og þeim skuli náð í áföngum. Það er ekki kveðið á um hversu mörgum áföngum, hvenær þeir áfangar skuli vera eða hversu háir hver og einn þeirra skuli vera. (**Gripið fram í:** Veit þm. það?) Nei, það er ekki heldur endilega ákveðið, enda má laga það nokkuð eftir aðstæðum. En lokapunkturinn er ákveðinn. Og ég vil minna hv. þm., sem situr í ritarasæti,

á að hægt er að ná þessu á tvenna vegu: annars vegar með því að hækka vexti og hins vegar með því að lækka verðbólguna. Augljóst var það markmið að lækka verðbólguna, hvort sem það næst með fyrstu ákvörðun, sem hér hefur verið gagnrýnd. En fyrst í árslok, þegar ljóst er að þessu marki hefur ekki verið náð, hafa þm. ástæðu til að tala um að ríkisstj. hundsi lög, en ekki fyrr, vegna þess að ekkert hefur verið brotið í þeim lögum varðandi þessa vaxtastefnu enn þá."

Nú hefur það gerst á hinu háa Alþingi, að hæstv. fjmrh. hefur komið í ræðustól og lýst því yfir, að þótt ekkert verði aðhafst í *vaxtamálum séu engin Ólafslög brotin*, þvert á þær skoðanir sem koma fram í þessum stutta kafla úr ræðu hv. síðasta ræðumanns.

Ég er algerlega sammála þeirri skoðun sem kemur fram hjá hv. síðasta ræðumanni í þeim orðum sem hann lét falla á Alþingi hinn 14. apríl s. l. Nú er það ljóst, samkv. því sem má lesa í hans eigin orð, að hæstv. ríkisstj. hefur „hundsað lög", svo að hans eigin orð séu notuð. Ég gæti vitnað til fleiri aðila, t. d. orða annars af hv. frsm. áðan um þetta sama mál. Það er þess vegna sem það er full ástæða til þess í framhaldi af þeirri fsp., sem kom frá hv. 3. þm. Vestf., að spyrja hv. síðasta ræðumann um trú hans á þessari ríkisstj., um trú hans á því, að núv. hæstv. ríkisstj. ætli sér að efna til þeirra efnahagsráðstafana sem nauðsynlegar eru til að tryggja verðgildi hins nýja gjaldmiðils sem kemur um næstu áramót. Hv. þm. virðist hafa þessa trú á ríkisstj. og ég vil spyrja hv. þm.: Hve lengi má tugta hann til og berja hann með svipum, eins og þessi hæstv. ríkisstj. hefur gert, til þess að hann missi trú á ríkisstj.? Hefur hann virkilega trú á því, að til efnahagsráðstafana verði gripið, og ef hann hefur það, hvað er það sem gefur honum þessa trú? Er það eitthvað sem við, almennir þm., vitum ekki? Er það eitthvað sem um hefur verið samið í hæstv. ríkisstj.? Er það einhver trygging sem kom fram t. d. þegar lánsfjárlögin — sá hluti þeirra sem hefur birst — komu fram á Alþingi? Hvað er það eiginlega, sem hv. þm., sem ég veit að er þingmanna áhugasamastur um velferð íslensks þjóðfélags og styður virkilega að til viðeigandi efnahagsráðstafana verði gripið, — hvað er það sem styrkir hann í þeirri trú? Hvað er það, sem gerir það að verkum, að hann hefur þá afstöðu sem hann lýsti í síðustu ræðu sinni?

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég vil taka það sérstaklega fram, að hv. 12. þm. Reykv., Guðmundur G. Þórarinsson, er í hópi manna í flokki sínum með skoðanir í efnahagsmálum sem eru ekki utan við efnahagslega hugsun, eins og annars flokks maður orðaði afstöðu skoðanabræðra sinna. Ég tel að hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson hafi talað af viti og ábyrgð um íslensk efnahagsmál. Þess vegna þótti mér ástæða til að beina til hans fsp. áðan.

Ég vil taka það fram, að hv. þm. virðist ekki alveg vera ljóst hvað það var sem hann sagði í sumar. Því miður hef ég ekki blaðaviðtalið frá því í júlímánuði í sumar við höndina, en ég hef viðtal sem blað átti við hv. þm. 2. des. 1980, þar sem þetta viðtal er rifjað upp. Samkv. blaðafrásögn 2. des. lét hv. þm. í júlímánuði í sumar svo um mælt, að myntbreytingin um áramótin kæmi mjög heppilega inn í fyrirhugaðar efnahagsaðgerðir ríkisstj. sem mundu byrja að skila árangri einmitt þegar gjaldmiðilsbreytingin yrði að veruleika. Hv. þm. sagði í sumar, að þegar gjaldmiðilsbreytingin tæki gildi yrðu ráðstafanirnar, sem hann var að bíða eftir í júlímánuði og hélt á þeim tíma að mundu koma kannske um næstu helgi, byrjaðar að skila árangri og þess vegna kæmi myntbreyting mjög heppilega inn í þessar aðgerðir. Það vita allir menn á þessu landi, að þessar aðgerðir eru ekki farnar að skila árangri enn af þeirri einföldu ástæðu að það hefur enginn séð neitt til þeirra enn þá. En í viðtalinu við Alþýðublaðið þriðjudaginn 2. des. sagði hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson, með leyfi forseta:

„Ég er í grundvallaratriðum sömu skoðunar og s. l. sumar þegar ég sagði að efnahagsráðstafanir væru forsenda þeirrar gjaldmiðilsbreytingar, sem á að fara fram í jan." — að efnahagsráðstafanirnar væru forsenda breytingarinnar, það væri forsenda breytingarinnar að ráðstafanirnar væru farnar að skila árangri. Og síðan hélt hv. þm. áfram, með leyfi hæstv. forseta: „Verði ekki gripið til efnahagsaðgerða fyrir gildistíma gjaldmiðilsbreytingarinnar, þá finnst mér réttlætanlegt að fresta breytingunni."

Þetta sagði hv. þm. 2. des. s. l. Réttlætanlegt telur hann að fresta aðgerðum verði ekki gripið til efnahagsráðstafana fyrir gildistíma gjaldmiðilsbreytingarinnar. Að vísu hefur hann þarna hopað um hálft skref síðan um sumarið, því að í júlímánuði sagði hv. þm. að aðgerðirnar, sem hann vænti þá að til mundi verða gripið innan fárra daga, yrðu að vera farnar að skila árangri þegar gjaldmiðilsbreytingin yrði gerð. 2. des. sagði hv. þm. að það væri forsenda fyrir gjaldmiðilsbreytingunni að til efnahagsaðgerða yrði gripið fyrir gildistíma breytingarinnar. Nú virðist hv. þm. enn hafa hopað og þá ekki um hálft skref.

Herra forseti. Ég vil ekki nota þetta tækifæri til að fara hörðum orðum um hv. þm. Guðmund G. Þórarinsson af þeirri einföldu ástæðu að ég er sannfærður um að það, sem hann sagði í júlímánuði, er það sem hann raunverulega meinar og það sem hv. þm. meinar meinar hann vel og þær skoðanir margar, sem hann hefur á þessum málum, eru mjög líkar skoðunum okkar Alþfl.-manna, enda held ég að hann hafi oft fengið bágt fyrir í sínum flokki af þeim sökum. En þrátt fyrir allt sýnir þetta það sem hefur verið erfiðleikinn í núv. ríkisstjórnarsamstarfi og á kannske eftir að reynast banabiti Framsfl.

Allt frá árinu 1978, þegar framsóknarmenn stórtöpuðu fylgi til Alþb., eftir að hafa verið í andstöðu við Alþb. um fjögurra ára skeið í stjórnmálum, hefur framsóknarmenn skort pólitískt sjálfstæði gagnvart Alþb. Þeim brá svo við ótíðindin 1978, þegar þeir stórtöpuðu, að allt frá þeim kosningum hefur Framsfl. aldrei vogað sér að efna til ágreinings við Alþb. af ótta við að atburðirnir 1978 kunni að endurtaka sig. Þess vegna hikaði Framsfl. ávallt í samstarfinu við Alþfl. og Alþb. í ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar þegar á átti að herða og átti að fá Alþb. til að samþykkja viturlegar ráðstafanir, og þess vegna hefur Framsfl. ávallt hikað og hopað undanfarna 10 mánuði í hvert einasta skipti sem litið hefur út fyrir að hann þyrfti að standa fastur fyrir gagnvart Alþb. í núv. ríkisstj. Hefur þar engu breytt jafnvel þótt á s. l. 10 mánuðum hafi það verið stefna Framsfl., sem hann lagði fram fyrir kjósendur í kosningunum 1979 og fékk fylgi við sem átökin hafa staðið um. Framsfl. fékk slíkan skell í kosningunum 1978 að hann þorir ekki einu sinni að standa á eigin stefnu, eigin tillögum gagnvart Alþb. Niðurstaðan er sú, að flokkurinn, sem lagði fram í kosningunum 1979 á margan hátt skynsamlegar tillögur um ráðstafanir í efnahagsmálum, um að reyna að feta sig út

úr verðbólguvitleysunni í áföngum, stendur nú frammi fyrir því, að verðbólga í landinu er um 55% og fer ört vaxandi. Framsfl. stendur frammi fyrir því núna, vegna þess að hann hefur ekki, herra forseti, þorað, ekki haft kjark til að standa á sínu, að verðbólgan eftir 10 mánaða tilraunir hans til að halda sínu gagnvart Alþb. hefur farið vaxandi frá viku til viku og frá mánuði til mánaðar. Framsfl. stendur nú frammi fyrir því að þurfa að horfast í augu við árið 1981 og spá um 70% verðbólgu á því ári. Framsfl. stendur frammi fyrir því, að á þessu 10 mánaða tímabili hefur svo til tekist um viðnám hans gegn verðbólgunni að jafnvel þótt niðurtalning Framsfl. væri samþykkt að öllu leyti frá og með 1. jan 1981 og frá og með þeim degi gengju í gildi þau úrræði sem Framsfl. ætlaði sér að beita frá og með 1. febr. 1980, þá mundu þau úrræði ekki skila neinum árangri á árinu 1981 öðru en því, að í októbermánuði á því ári mundum við standa hvað verðbólguþróun varðar í sömu sporum og við stóðum í s. l. októbermánuði með 50—55% verðbólgu. Svo ört hefur verðbólguhraðinn vaxið á þessum 10 mánuðum, að niðurtalningaraðferðir Framsfl., sem voru skynsamlegar miðaðar við 45—46% verðbólgustig, mundu ekki, þó að Framsfl. fengi þær allar samþykktar, sem aldrei kemur til greina vegna afstöðu Alþb., skila okkur lengra á leið en svo, að þessi úrræði mundu rétt geta megnað að hamla gegn þeirri verðbólguhröðun sem við blasir á árinu 1981. Í októbermánuði á því ári stæðum við því í sömu verðbólgusporunum og við stóðum í októbermánuði árið 1980.

Þarna hefur Framsfl. glatað sjálfstæði sínu gagnvart Alþb., hinu pólitíska sjálfstæði, og hefur það staðið óhaggað frá kosningunum 1978 og leitt til þess, að Framsfl. hefur ávallt brostið kjark, þegar á átti að herða, til að standa fastur fyrir á aðgerðum sem flokkurinn taldi skynsamlegar og voru skynsamlegar. Þetta kjarkleysi flokksins hefur leitt til þess, að verðbólgan á Íslandi er ekki lengur 40—50%, eins og hún var 1978 þegar við reyndum sameiginlega að hafa hemil á verðbólguþróuninni í landinu, heldur er verðbólgan orðin eða stefnir í um eða yfir 70%.

Þau úrræði, sem hægt er að beita í 40—50% verðbólgu, eiga ekki lengur við þegar verðbólgan er komin á áttunda tuginn. Þá er það vissulega áhyggjuefni og spurning hvort bókstaflega sé hægt með sæmilega skynsamlegum aðgerðum, sem ekki reyna um of á þolgæði fólks eða binda því of þunga bagga, að takast á við verðbólgu af því tagi sem fengið hefur að rísa upp í landinu á undanförnum tveimur árum af tveimur ástæðum:

Í fyrsta lagi er Alþb. utan við alla efnahagslega hugsun og fæst aldrei til að leggja sitt lóð á nokkra vogarskál þar sem reynt er að koma skynsamlegum efnahagsaðgerðum fram. Reynsla s. l. 10 ára færir okkur heim sanninn um að það er ekki hægt að stjórna þessu landi meðan áhrif Alþb. eru þau sem þau hafa verið þessi 10 ár, án tillits til þess hvort Alþb. er innan eða utan ríkisstj. Þetta er önnur ástæðan fyrir því að verðbólgan hefur vaxið úr 40—50% upp í yfir 70%.

Hin ástæðan og þungbærari ástæðan er sú, að Framsfl. hefur ekki skort vit til þess að aðhyllast skynsamleg úrræði. Hann hefur ekki skort hugmyndir um skynsamleg efnahagsúrræði, en hann hefur skort kjark, jafnvel kjark til að þora að standa á eigin stefnu og eigin úrræðum. Það er hörmulegt til þess að vita, að það skuli liggja fyrir jafnvel gerðum og greindum mönnum og hv. 12. þm. Reykv., Guðmundi G. Þórarinssyni, og hv. 3. þm. Austurl., Halldóri Ásgrímssyni, að þurfa að vera í þeirri aðstöðu í íslenskri pólitík að hafa bæði skynsamleg úrræði og viturleg, en þurfa vegna kjarkleysis í eigin flokki stöðugt að leika hlutverk þess sem hopar á hæli undan kommúnistum og fylgifiski þeirra, óðaverðbólgu.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Það liggur nánast við að mig langi að taka upp hanskann fyrir þá tvo hv. þm. Framsfl. sem hér hafa verið spurðir nokkurra spurninga af eðlilegum ástæðum. Ég er þeirrar skoðunar, að þessir tveir hv. þm. ásamt fleiri ábyrgum þm. í Framsfl. séu í nákvæmlega sömu sporum og nákvæmlega sömu stöðu og Alþfl. var skömmu áður en hann klauf sig út úr ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar. Það mun vera mála sannast, að hinir yngri menn í Framsfl., sem fylgjast með efnahagsmálum, sem hafa vit á efnahagsmálum og gera sér nokkuð raunsanna mynd af ástandinu eins og það blasir nú við okkur, hafi knúið fram kröfur í ríkisstj. um efnahagsaðgerðir, ekki bara einu sinni og ekki bara tvisvar, heldur kannske þrisvar, og nú reyni á það í þriðja sinn.

Það hvarflar að mér einnig, að rétt kunni að vera sú saga, að síðustu tillögur í þessum efnum hafi verið í grófum dráttum í þá veru að frysta bæði kaupgjald og verðlag, en þá hafi fulltrúar Alþb. komið með tillögur á móti og viljað stofna undanþáguráð sem fjallaði um þá þætti málanna sem ætti að veita undanþágur til. Það yrði þá líklega kaupgjaldsþátturinn sem undanþágurnar yrðu veittar til. Ég segi þetta einfaldlega vegna þess að ég er sannfærður um að ef kjarkur Framsfl. eykst eitthvað — það þarf ekki að vera umtalsvert — klýfur hann sig út úr núv. hæstv. ríkisstj. innan skamms tíma. Það er nefnilega hárrétt, sem hv. ræðumaður, sem á undan mér talaði, sagði, að ekki er hægt að stjórna efnahagsmálum með Alþb. Stjórnmálasaga á Íslandi hefur sýnt það og sannað svo rækilega að það er ekki nokkur leið að vefengja þessa staðreynd.

Ég held að þessir ágætu hv. þm. Framsóknar ættu nú að stíga á stokk og strengja þess heit að gera eitthvað til að hrinda í framkvæmd öllu því sem þeir hafa verið að tala um að gera þyrfti á efnahagsmálasviðinu. Sannleikurinn er sá, og það vita allir, að það er alveg hægt að fresta myntbreytingunni um áramót. Seðlabankastjóri hefur lýst því yfir að hægt sé af tæknilegum ástæðum að gera það. Það er ekkert því til fyrirstöðu. Þessir hv. þm. Framsfl. vita það báðir, að aurarnir í nýju myntinni verða að engu orðnir um áramótin 1981—1982. Þeir verða einskis virði. Það gæti farið svo að þeir yrðu notaðir, eins og fimmeyringarnir í „den tid", sem skífur þegar þök eru sett á hús. Það er þess vegna algerlega út í hött að breyta gjaldmiðlinum um þessi áramót vitandi að hann verður mjög fljótlega jafnrýr og jafnvesæll og sú króna sem við búum við.

Ég er eindregið þeirrar skoðunar, að þeir hv. þm., sem hafa verið að svara nánast til saka fyrir Framsfl. og kjarkleysi hans í núv. ríkisstj., hafi á endanum og þegar á reynir þann kjark sem þarf til að standa á skoðunum sínum, og þess vegna tel ég nánast ástæðulaust að vera að kreista út úr þeim svör. Það vita allir hvað þeir hugsa. Þessir tveir hv. þm. vita að ríkisstj. er á rangri braut, hún fer villur vegar og hún er að öllum líkindum ófær um að grípa til nokkurra efnahagsráðstafana af nokkru viti. Ég

ætla að vona og treysta því, að þessir tveir hv. þm., sem við höfum nú beint orðum okkar til hér sérstaklega, segi okkur í örfáum orðum frá því, hve langan frest þeir ætla að gefa ríkisstj. til að marka einhverja stefnu í efnahagsmálunum, eða getur verið að þeir séu sannfærðir um að Alþb. muni enn einu sinni á næstu dögum og vikum koma í veg fyrir að það verði hægt að gera nokkurn skapaðan hlut á efnahagsmálasviðinu, og getur það verið að foringjar Alþb. séu þegar farnir að velta því fyrir sér, að þessi ríkisstj. lifi ekki lengur en til vors?

Guðmundur G. Þórarinsson: Herra forseti. Enn á ný aðeins örfá orð í tilefni þeirra ræðna sem hér hafa verið haldnar.

Ég vil fyrst segja það, að það er mér bæði mikil ánægja og heiður að heyra hversu vel þeir hv. 3. þm. Vestf. og hv. 10. þm. Reykv. eru lesnir í því sem ég hef sagt hér á þinginu. Það er mér mikil ánægja og heiður að hlusta á þá hafa yfir orð mín hér og lesa þau upp.

Ég vil aðeins segja það til svars við þeim spurningum sem hér hafa fram komið, að ég er í öllum grundvallaratriðum sömu skoðunar og ég hef verið í þessum málum. Hv. 3. þm. Vestf. hélt því fram, að ég hefði nokkuð hopað. Ég segi af fullri einlægni, að það væri hræsni ef ég viðurkenndi ekki að ég vildi gjarnan að nú þegar væri búið að grípa til nokkuð fastra aðgerða í efnahagsmálum. Hitt er annað, að ég verð að líta á það sem mikið traust á mér af hendi hv. 3. þm. Vestf., að hann skuli svo fastlega gera ráð fyrir að mér hafi tekist eða hefði átt að takast á þessu eina ári sem ég hef setið á þingi að ná fram aðgerðum í verðbólgumálum þrátt fyrir að hann, allan þann tíma sem hann hefur setið hér á þingi og vafalaust barist af einurð í þessum málum, hefur ekki náð meiri árangri en tölur sýna á þessu sviði.

Enn á ný: Ég hef ekki breytt um skoðun í þessum málum. Þessir hv. þm. geta til að glöggva sig á mínum skoðunum enn á ný rennt augunum yfir það sem ég hef sagt á þessu sviði. Þar er vissulega um að ræða viljayfirlýsingar mínar, það sem ég gjarnan vildi gera sem einn af 60 mönnum hér á þingi. Þessum þm. er báðum vel ljóst að í lýðræðisríki þurfa menn að ná samstöðu. Ótrúlegt þykir mér að þeir hafi fram undir þetta náð fram í einu og öllu því sem þeir hefðu helst viljað á þessu þingi. Ef svo er er það a. m. k. ekki mikið sem þeir hafa viljað.

ATKVGR.

Brtt. 325 felld með 21:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PS, SighB, SteinG, VG, AG, ÁG, BGr, BÍG, FrS, GeirH, HBl, JS, JÞ, KP, MHM, MB, MÁM, ÓE, SvH.

nei: PJ, RA, SkA, SV, SBó, SvG, ÞS, AS, EH, FÞ, GS, GHall, GGÞ, GHelg, HÁ, HG, IGuðn, IGísl, JE, ÓÞÞ, PP.

1. gr. felld með 20:20 atkv.

Frv. þar með fallið.

Neðri deild, 39. fundur.

Fimmtudaginn 18. des., að loknum 38. fundi.

Jöfnunargjald, frv. (þskj. 213 (sbr. 314)). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um jöfnunargjald, en lög þessa efnis hafa verið í gildi nú um tveggja ára skeið. Ég veit ekki til þess, að ágreiningur sé um að þetta gjald sé framlengt. Gjaldið er lagt á annars vegar til að vernda nokkuð innlendan iðnað fyrir samkeppni innflutts iðnvarnings frá löndum EFTA og Efnahagsbandalags, þar sem þetta gjald er sérstaklega lagt á þær vörur sem tollar hafa verið lækkaðir á vegna samninga við þau bandalög, en einnig er tilgangur frv. að styrkja innlenda iðnaðarframleiðslu með því að endurgreiða henni svokallaðan uppsafnaðan söluskatt í útflutningsverði.

Frv. er flutt hér nokkuð breytt frá gildandi lögum, en þar er fyrst og fremst um samræmingaratriði að ræða, meira eða minna formsatriði sem ekki hafa verulega efnislega þýðingu.

Við meðferð málsins í Ed. var samþykkt svofellt ákvæði til bráðabirgða til viðbótar við frv. eins og það var fyrst flutt:

„Ríkisstj. er heimilt á árinu 1981 að leggja á til viðbótar allt að 2% jöfnunar- og aðlögunargjald eða ígildi þess, enda renni tekjur af þessu viðbótargjaldi óskiptar til iðnþróunar."

Ég þarf tæpast að greina hv. dm. frá því, að aðlögunargjald fellur niður um þessi áramót. Það var vilji meiri hl. hv. Ed. og einnig ríkisstj. að þess yrði freistað að leggja á til viðbótar allt að 2% gjald í staðinn fyrir það aðlögunargjald sem fellur niður, en áður en til þess kemur verður að hafa samráð við Efnahagsbandalagið og EFTA.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta frv., en legg til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 31 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 34 shlj. atkv.

Verðjöfnunargjald af raforku, frv. (þskj. 188, n. 332 og 333). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Skúli Alexandersson): Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti meiri hl. iðnn. sem leggur til að frv. um breytingu á lögum nr. 83/1974, um verðjöfnunargjald á raforku, verði samþ. óbreytt eins og það kom hingað eftir umr. og afgreiðslu í hv. Ed. Það kemur málið óbreytt eins og það var lagt fram af hæstv. ríkisstj. Meiri hl. skipa auk mín hv. þm. Páll Pétursson, Pálmi Jónsson og Magnús H. Magnússon.

Þeir Páll Pétursson og Pálmi Jónsson óskuðu eftir því, að fram kæmi sú skoðun þeirra, sem þeir lýstu í n., að bregðast þyrfti við vanda Rafveitu Siglufjarðar með því að hluti verðjöfnunargjalds samkv. frv. þessu rynni til þeirrar veitu þegar sú rafmagnsveita fullnægði eðlilegum skilyrðum þar að lútandi.

Svo stutt er síðan hæstv. iðnrh. mælti fyrir þessu máli hér í hv. deild, að ég sé ekki ástæðu til að ræða þetta mál

efnislega, enda um gamlan og góðan kunningja hv. þm. að ræða.

Frsm. minni hl. (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Við tveir nm. í iðnn. þessarar hv. deildar höfum látið frá okkur fara sérálit í þessu máli. Í því áliti viljum við undirstrika þá skoðun okkar, að við séum andvígir verðjöfnunargjaldi af raforku eins og það hefur verið lagt á. Þetta mál hefur alloft verið rætt hér á hv. Alþingi, það er reyndar árlegur viðburður að það sé til umr. hér í lok árs, og þá skiptast menn í hópa með og á móti þessu gjaldi. Ég ætla ekki að eyða löngum tíma þessarar hv. deildar í að rökstyðja skoðun mína.

Við teljum að skattheimta af raforku sé nú komin langt úr hófi fram. Það er greiddur 23.5% söluskattur af raforku og 19% verðjöfnunargjald, en slík skattlagning á raforkusölu þekkist hvergi annars staðar, a. m. k. ekki í þeim löndum sem ég hef aflað mér upplýsinga um. Það gefur auga leið að slíkt gjald kemur mjög illa við atvinnuvegi þjóðarinnar. Íslenskur iðnaður notar mikla raforku, mismunandi mikið, en hjá mörgum iðnfyrirtækjum, m. a. fyrirtækjum sem flytja vörur til útlanda, er raforkukostnaður mjög stór hluti af heildarútgjöldum fyrirtækjanna. Svo gífurleg skattlagning á raforku sem raun ber vitni um hlýtur að veikja samkeppnisaðstöðu þessara fyrirtækja gagnvart iðnaði annarra landa í útflutningi og reyndar líka þegar um er að ræða samkeppni á innanlandsmarkaði við innlendar iðnaðarvörur. Ég vil benda á að Samband ísl. rafveitna, en innan þess eru allar rafveitur landsins, bæði þær, sem dreifa orku, og líka þær, sem framleiða orku, hefur æ ofan í æ mótmælt þessu gjaldi og ekki fallist á þau rök sem fyrir því hafa verið flutt.

Þetta gjald hefur verið framlengt frá ári til árs og hefur farið hækkandi á undanförnun árum í þeirri skattöldu sem reið yfir með vinstri stjórn Ólafs Jóhannessonar sem tók við völdum síðla árs 1978. Þá var það einn liðurinn í þeirri miklu skattöldu að hækka þetta gjald úr 13% í 19%. Við fögnum því, að í þessu lagafrv., eins og það liggur fyrir, er ráðh. heimilað að lækka gjaldið með reglugerð úr 19% í 16% frá 1. júlí 1981. Við teljum það spor í rétta átt að lækka þetta gjald og það hverfi með öllu, og við leggjum áherslu á að sú heimild verði notuð. Í hvert skipti sem gjald þetta hefur verið framlengt hafa því fylgt yfirlýsingar um að nú eigi að taka fjárhagsvanda Rafmagnsveitna ríkisins til gagngerðrar endurskoðunar og reyna að leysa úr þeim vanda á annan hátt en með svona skattlagningu. Við það hefur ekki verið staðið ár eftir ár. Að vísu hefur fjárhagur Rafmagnsveitna ríkisins batnað allmikið nú og reyndar Orkubús Vestfjarða einnig, en ástæðan fyrir því er sú, að nú geta þessi fyrirtæki sparað sér olíukeyrslu vegna þess að byggðalínur flytja rafmagn til þeirra. Er það að sjálfsögðu mun ódýrara en að keyra með dísilstöðvum í eins ríkum mæli og gert hefur verið. Þetta er þó ekki nema hluti af vandanum. Hinn hlutinn er miklar skuldir sem hvíla á þessum fyrirtækjum, t. d. Rafmagnsveitum ríkisins, þar sem framkvæmdir hafa verið fjármagnaðar í allt of ríkum mæli með erlendum lánum sem fyrirtækið sjálft hefur verið látið standa undir, en ekki gerð gangskör að því, eins og oft hefur verið haldið fram að gera þyrfti, að greiða úr lánum Rafmagnsveitna ríkisins og sá hluti þeirra, sem telst til félagslegra framkvæmda, þ. e. lagning raforkunnar um hinar dreifðu byggðir landsins, verði fjármagnaðar beint úr ríkissjóði, en ekki af fyrirtækinu, sem er að sjálfsögðu vonlaust að það geti staðið undir.

Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð. Við vildum með þessu séráliti undirstrika andstöðu okkar við gjaldið. Við gerum okkur hins vegar grein fyrir því, að vegna þess að ekki hefur verið unnið eins að því og skyldi og nauðsynlegt hefði verið að leysa fjárhagsvanda Rafmagnsveitna ríkisins, þrátt fyrir margar yfirlýsingar þar um, yrði fjárhag RARIK eða Orkubús Vestfjarða stofnað í óvissu, enda aðeins nokkrir dagar þar til heimild til álagningar þessa gjalds rennur út. Við munum því ekki greiða atkv. gegn frv., en sitjum hjá og höfum gert grein fyrir okkar afstöðu í þessari greinargerð.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Vörugjald, frv. (þskj. 229, n. 334 og 335). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar hefur haft frv. til athugunar og hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu frv. Eins og fram kemur á nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. á þskj. 334 mælir meiri hl., en hann skipa auk mín hv. 1. þm Vestf., 3. þm. Vestf. og hv. 3. þm. Reykv., með því að frv. verði fellt.

Þetta frv. er enn einn liðurinn í álagningar- og skattaherferð núv. ríkisstj. í framhaldi af slíkum aðferðum í tíð hæstv. ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar. Það sætir þó mestri furðu í sambandi við þetta frv. að á s. l. sumri voru gerðar sérstakar ráðstafanir til að bæta stöðu sælgætisiðnaðarins í landinu og var það gert með brbl. Það var ekki talið rétt að bíða samkomudags Alþingis, heldur talið nauðsynlegt að gera slíkt með brbl í sumar. Þetta frv. er hins vegar flutt til að leggja álögur á þessa sömu iðngrein, auk þess sem öl- og gosdrykkjaiðnaður er hafður með. Álögur á þessar iðngreinar valda því, að þær verða mun verr staddar eftir þessar aðgerðir þrátt fyrir það sem gert var s. l. sumar.

Það hafði verið gert ráð fyrir að fella niður aðlögunargjald sem er í gildi til næstu áramóta. Nú hefur hins vegar frv. um jöfnunargjald, sem gert var ráð fyrir að framlengja, verið breytt og ríkisstj. veitt heimild til að hækka það gjald um 2%, enda renni tekjurnar af því óskiptar til iðnþróunar. Þannig er fallin forsendan sem höfð er uppi varðandi þetta frv. Sé hugsunin að fá frv. samþykkt er því einvörðungu verið að afla ríkissjóði tekna. Það er gert ráð fyrir að sú tekjuöflun muni nema árið 1981 2.4 milljörðum, sem sennilega verður að meta of háa miðað við að slík gjöld koma til með að draga verulega úr sölu á þessum varningi.

En það, sem er þó athyglisverðara í sambandi við þetta frv., er að það mun valda vísitöluhækkun sem nemur 0.26%. Samkv. áætlun Þjóðhagsstofnunar leiðir sú hækkun til aukinna launagreiðslna í landinu sem nemur 3 milljörðum kr. sem síðan vefja upp á sig í samræmi við

þá verðbólgustefnu sem hefur verið og er og sýnist ætla að verða hjá núv. hæstv. ríkisstj.

Það liggur ljóst fyrir, að þó að þessu frv. væri ætlað í upphafi að bæta ríkissjóði tekjutapið, sem hann verður fyrir með tilliti til uppstillingar fjárlagafrv., hefur frv., sem nú er komið frá hv. Ed., þegar aflað ríkisstj. heimildar til að bæta sér að verulegu leyti þann tekjumissi sem þá hafði verið gert ráð fyrir.

Það liggur ljóst fyrir, að verði þetta frv. að lögum þýðir það mikinn samdrátt í sælgætisiðnaðinum og talið af þeim, sem gerst þekkja, að það stefni atvinnuöryggi 600 manna í óvissu. Þessir aðilar hafa látið til sín heyra og komið með mótmæli til fjh.- og viðskn. beggja deilda og gert formönnum nefndanna grein fyrir hverjar afleiðingar samþykkt þessa frv. geta orðið. Á það sýnist ekki vera *hlustað af hálfu stjórnarflokkanna og þeir, sem ráða* ferðinni í sambandi við skattpíningu þá sem ég vék að hér áðan, stýra og sýnast munu stýra þessu frv. áfram ef fer sem horfir.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um frv. umfram það sem ég hef nú sagt. Meiri hl. n. er andvígur þessu frv. og telur eins og fram kemur í nál., að hér sé á ferðinni táknrænt dæmi sem staðfesti það stjórnleysi og þá upplausn, sem ríkir í þessu landi, og hér sé ekki hugsað um atvinnuvegi þjóðarinnar, heldur allt gert til að setja fótinn fyrir þá eins og þar hefur verið bent á.

Frsm. minni hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Hv. frsm. meiri hl., hv. þm. Matthías Á. Mathiesen, hefur skilmerkilega sagt frá starfi n. svo að ég sé ekki ástæðu til að bæta þar miklu við. Ég mæli fyrir munn minni hl. fjh.- og viðskn., en undir það nál. rita ásamt mér hv. þm. Guðrún Hallgrímsdóttir og hv. þm. Ingólfur Guðnason.

Það gjald, sem hér er lagt til að verði lagt á, er í sjálfu sér ekkert nýnæmi. Sælgæti, öl og gosdrykkir eru meðal þeirra vörutegunda sem hvað lengst hafa verið skattlagðar hér á landi. Það mun hafa verið 1939 sem var samin tollskrá sem var að allverulegu leyti byggð á gjaldtöku af þessum vörum. Með setningu laga nr. 4/1960, um efnahagsmál, var lagt mjög hátt gjald á þessar vörur. Ef það væri umreiknað til núgildandi verðlags væri gjaldið af brjóstsykri, tyggigúmmíi og karamellum 2528 kr. á kg núna — 45.60 kr. — en verður samkv. þessari tillögu 190 kr. Auk þess hefur minni hl. n. gert ráð fyrir að gjaldið lækkaði úr 10% í 7%. Ef gjaldið væri umreiknað varðandi lakkrís var gjaldið samkv. lögunum nr. 4/1960 842.70 á núgildandi verðlagi, en er núna 45.60 kr. og hækkar samkv. tillögunni, sem lögð var fram af hæstv. ríkisstj., í 190 kr., en lækkar nú nokkuð samkv. tillögu minni hl. n. Skatturinn á hreint súkkulaði væri núna, ef miðað er við lög nr. 4/1960, 1264 kr., er 20.80 kr., væri samkv. tillögu ríkisstj. 350 kr., en lækkar nokkuð við tillögu minni hl. n. Þannig mætti nefna nokkur fleiri vöruheiti.

Minni hl. n. gerir tillögu um að gjaldið af sælgæti lækki úr 10% í 7%. Er það m. a. gert með tilliti til þess, að gert er ráð fyrir að gjaldið gefi um 3400 millj., sem er nokkru hærri upphæð en upphaflega var reiknað með, en lækkun frá 10% í 7% lækkar þetta gjald um um það bil 250 millj. kr. Einnig er þess að geta, að nefndinni hafa borist mótmæli frá starfsfólki Iðju o. fl., Félagi ísl. stórkaupmanna og Félagi ísl. iðnrekenda. Vill minni hl. n. koma nokkuð til móts við þessi sjónarmið, og leggjum við því til að frv. verði samþ. með þeirri breytingu er fram kemur á þskj. 335, þ. e. að gjaldið af sælgæti verði lækkað úr 10% í 7%, en gjaldið af gosdrykkjum verði óbreytt.

ATKVGR.

Brtt. 335 samþ. með 20:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GS, GHall, GHelg, HÁ, HG, IGuðn, IGísl, JE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, SV, SBó, SvG, ÞS, AS, EH, FÞ.

nei: AG.

GeirH, GGÞ, HBl, JS, JÞ, KP, MHM, MB, MÁM, ÓE, PS, SighB, SteinG, VG, ÁG, BGr, BÍG, FrS, SvH greiddu ekki atkv.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Guðmundur G. Þórarinsson: Herra forseti. Ég er á móti gjaldinu sem fjallað er um í þessu frv. Ég tel að hér sé um fráleita skattheimtu að ræða, sem mismunar iðngreinum.

Fyrir stuttu stóðu þm. að því eða ríkisstj. að leggja 30% gjald á innflutt sælgæti til að vernda störf þess fólks sem við þær iðngreinar vinnur þegar lokun fyrirtækjanna blasti jafnvel við. Stuttu seinna er lagt fram frv. hér í þingi um skattlagningu þessara vara í tekjuöflunarskyni fyrir ríkissjóð. Með þessari skattlagningu gosdrykkja er líklegt að skattlagning ríkissjóðs sé um 50% af verksmiðjuverði og fyrirtækjum gert að innheimta svo háa hlutdeild fyrir ríkissjóð. Sú skattheimta sem þetta frv. fjallar um mun valda hækkun framfærsluvísitölu og hækkun launagreiðslna í landinu um líklega 3.3 milljarða kr. á næsta ári.

Nú liggur fyrir þinginu frv. um jöfnunargjald. Í trausti þess, að hækkun um 2% á jöfnunar- og aðlögunargjaldi nái fram að ganga og þá verði það gjald af gosdrykkjum og sælgæti, sem er fjallað um í þessu frv., fellt niður, greiði ég ekki atkv. gegn frv.

Herra forseti. Ég styð ekki þetta frv. Ég greiði ekki atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 20:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: RA, SkA, SV, SBó, SvG, ÞS, AS, EH, FÞ, GS, GHall, GHelg, HÁ, HG, IGuðn, IGísl, JE, ÓÞÞ, PP, PJ.

nei: PS, SighB, SteinG, VG, AG, ÁG, BGr, BÍG, FrS, GeirH, HBl, JS, JÞ, KP, MHM, MB, MÁM, ÓE, SvH.

GGÞ greiddi ekki atkv.

5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Með samþykkt þessa frv. er verið að mismuna íslenskum iðngreinum á fráleitan hátt. Það, sem er verið að gera með samþykkt þessa frv., er að fara þveröfugt við það sem hefur verið reynt að fara á liðnum árum hjá öllum verðbólguríkisstjórnum sem hér hafa verið við völd, að halda uppi atvinnu í landinu. Með samþykkt þessa frv. má búast við að reykvískt iðnverkafólk fái í jólagjöf frá þeim, sem að samþykkt frv. standa, atvinnuleysi yfir sig. M. a. vegna þess að ég er á móti því og á móti mismunun milli iðngreina, sem ég hef getið um, segi ég nei.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Það var eitt fyrsta verk svonefndrar viðreisnarstjórnar að leggja á

tollvörugjald. (**HBl:** Gunnar Thoroddsen var ráðh.) Já. Í þeirri stjórn og af þeim þingmeirihl. var samþykkt tollvörugjald sem var hlutfallslega talsvert hærra en það gjald sem hér er verið að fjalla um. Ég tel, að það séu fráleitar ýkjusögur sem hafðar eru uppi um áhrif þessa gjalds, og segi því já.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Einhvern tíma hefði flokkur hæstv. fjmrh. tekið mark á mótmælum 400 félaga í einhverju mesta láglaunafélagi landsins við slíku frv. Hæstv. fjmrh. tekur ekkert mark á viðvörun þessa fólks og á beiðni þessa fólks. Það er athyglisvert fyrir þá iðnverkamenn og þær iðnverkakonur sem hafa kosið flokk hæstv. fjmrh. — Ég segi nei.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég greiddi atkv. gegn lækkun úr 10% gjaldi í 7%, ekki vegna þess að ég sé andvígur lækkun þessa gjalds, heldur vegna þess að ég er andvígur þeim gjöldum sem hér er um að ræða, bæði á sælgæti og á gosdrykki. Ég tel, að þessir síhækkandi skattar stefni atvinnuöryggi fólks í hættu, og segi því nei.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég held að ef maður sé á móti máli eigi hann ekki að sitja hjá, heldur greiða atkv. á móti viðkomandi máli. Ég segi nei.

2.—7. gr. samþ. með 20:1 atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 20:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, frv. (þskj. 125, n. 336, 337). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. til l. um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda.

Nefndinni barst 21. nóv. 1980 bréf frá Lífeyrisnefnd ASÍ, FFSÍ og vinnuveitendum undirritað af Eðvarð Sigurðssyni, Guðmundi H. Garðarssyni, Jóhanni Sigtryggssyni, Ingólfi Sigurði Ingólfssyni, Gunnari J. Friðrikssyni, Páli Sigurjónssyni, Skúla J. Pálmasyni og Jóni Sigurðssyni, þar sem þess var eindregið farið á leit, að þetta frv. yrði afgreitt hið fyrsta. Nefndin hefur rætt þetta mál við fulltrúa frá ASÍ og fjmrn. Auk þess hef ég sem formaður n. rætt við formann BSRB.

Nefndin hefur fallist á að flytja brtt. um ákvæði til bráðabirgða. Er það gert vegna tilmæla frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. Hefur þetta ákvæði til bráðabirgða verið samið í fullu samráði og samstarfi við fjmrn. og getur það fyrir sitt leyti fallist á það, en það hljóðar þannig:

„Þeir ríkisstarfsmenn, sem greitt hafa iðgjöld til biðreiknings þess, sem stofnaður var 26. sept. 1974, fyrir gildistöku laga þessara og greiða nú iðgjöld í lögbundna lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, eiga þess kost, ef þeir óska, að fá iðgjöld sín vegna starfa í þjónustu ríkisins flutt úr biðreikningnum til lögbundinna lífeyrissjóða starfsmanna ríkisins.

Sama gildir þótt þeir ríkisstarfsmenn, er um ræðir 1. mgr., öðlist ekki aðild að lífeyrissjóðum ríkisstarfsmanna fyrr en á árinu 1981."

Ég vil, herra forseti, leggja á það áherslu, að frv. þetta fái afgreiðslu hér og þau þrjú frv. sem voru flutt varðandi þessi mál og mynda eina heild. Eitt hefur þegar hlotið afgreiðslu í hv. Ed. og má vera að það hafi verið afgreitt þaðan í dag sem lög frá Alþingi. Því er mikilvægt að verða við þeim tilmælum, sem okkur hafa borist frá fulltrúum vinnumarkaðarins, að afgreiða þetta mál. Viljum við í n. eindregið leggja til að frv. verði samþ. og það geti hlotið afgreiðslu fyrir jólaleyfi þm.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2.—22. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 337 (nýtt ákvæði til bráðabirgða) samþ. með 30 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 32 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður bænda, frv. (þskj. 137). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 35 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 344).

Neðri deild, 40. fundur.

Fimmtudaginn 18. des., að loknum 39. fundi.

Verðjöfnunargjald af raforku, frv. (þskj. 188). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 348).

Vörugjald, frv. (þskj. 345 (sbr. 229)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Það er eftirtektarvert að þm., sem er á móti frv. og lýsir því í ræðustól að hann sé andvígur því frv., bendir á hættuna sem það hefði í för með sér ef það væri samþykkt, bendir mjög réttilega á að fram undan blasi við uppsagnir í ákveðnum greinum

og það í hans kjördæmi, skuli með hjásetu sinni koma frv. þessu áleiðis til 3. umr. Ef hann heldur áfram eins og hann gerði í atkvgr. við 2. umr. skil ég ekki hvers vegna hann er að snúa frá sálufélögum sínum, sem styðja þessa ríkisstj., með hjásetu. Af hverju lafði hann ekki með þeim? En það er vitað mál að hópur þm., sem enn þá styður þessa ríkisstj., greiðir hér atkv. á móti sannfæringu sinni.

Hæstv. fjmrh. sagði að þetta gjald hefði verið hækkað *á viðreisnarárunum eða í byrjun viðreisnartímabilsins*, en hann gat þess ekki, hver hafi verið þá fyrirrennari hans í fjmrh.-embætti. Það var núv. hæstv. forsrh. Gjald á negrakossa getur ekki hækkað á Íslandi nema hæstv. forsrh. sé í ríkisstj. Það virðist hafa legið annars á milli hluta. Þegar forsrh. var fjmrh. í byrjun viðreisnar hækkuðu negrakossarnir stórlega. Núna, þegar hann er í sálufélagi við hæstv. núv. fjmrh., Ragnar Arnalds, gengur þetta alveg á færibandi.

Það er undarlegt að leggja áherslu á að koma þessu frv. fram, sem hefur í för með sér vísitöluhækkun launa, hefur í för með sér stóraukin útgjöld líka úr ríkissjóði og eykur á verðbólguna í landinu. Þetta er verðbólguhvetjandi og verðbólguaukandi frv. *Hvernig getur* flokkur eins og Framsfl., sem enn þá segist vilja fara niðurtalningarleiðina, lagt fram og stutt frv. sem þetta? Það koma engin rök frá einum einasta framsóknarmanni, enda eru þeir allir horfnir úr salnum nema formaður fjh.- og viðskn. (**ÓÞÞ:** Þetta er ekki satt.) Ég var ekki alveg búinn, ef skrifari gæti þagað augnablik. Hann er þarna, skrifarinn. Hann situr líka í sínu sæti því að hann er að gegna skyldustörfum, enda er borðið alveg hlaðið skjölum, þó að þau séu öll í röð og reglu eins og allir sjá.

Framsfl. hefur enga skoðun í þessu máli. Hann talar um niðurtalningarleið, en styður og leggur fram frv. sem er verðbólguhvetjandi. Framsfl. hefur hvað eftir annað lýst því yfir að hann vilji halda uppi fullri atvinnu í þessu landi, koma í veg fyrir atvinnuleysi. Og hvað hefur Alþb. sagt á liðnum árum? Hefur það ekki sagt það sama? Er þetta það sem verið er að stefna að? (**Gripið fram í:** Þetta er alveg sama.) Nei, þetta er ekki gott. Það er nefnilega ekki gott, þetta frv. þm., sem var núna að gjamma fram í fyrir mér, væri nær að sýna sjálfstæði en vera undirlægja fjmrh. (Gripið fram í.) Hvað var hv. formaður fjh.- og viðskn. að segja? (Gripið fram í.) Ja, *ég vona að fjmrh.* gefi a. m. k. stuðningsmönnum þessa frv. meira en negrakossa. Ég vona að stuðningsmenn frv. fái einnig gúmmítöflurnar því að meðaltollurinn á hráefni í þær hækkar um 53%. Meðaltollur af hráefni í suðusúkkulaði er lægstur, 40.5%. Brjóstsykur fylltur fer í 78.3, en brjóstsykur ófylltur í 75.5%. Það hefði verið gaman að heyra skýringu fjmrh. á því, af hverju gúmmítöflurnar lenda þarna á milli og eru í svona miklu lægri flokki en bæði fylltur og ófylltur brjóstsykur.

En það er í reynd ekkert gamanmál að ríkisstj., sem segist vera að undirbúa aðgerðir í efnahagsmálum, aðgerðir til þess að vinna gegn vexti verðbólgunnar, gerir það eitt að leggja fram frv. sem eykur verðbólgubálið. Það er það eina sem kemur frá þessari ríkisstj. En hitt er enn þá alvarlegra, að eins og háttað er fyrir atvinnufyrirtækjum í þessu landi skuli ríkisstj. leika sér að því að stuðla að því, að fólki sé sagt upp störfum og það fólki sem hefur lægstar tekjurnar, eins og iðnverkafólkinu hérna í Reykjavík.

Ég kalla alveg sérstaka kjarkmenn þá þm. Reykjavíkur sem standa að þessu. Hitt ætti að vera ljóst öðrum þm., þó þeir séu misjafnlega glöggir, að þetta mál verður engum þeirra til framdráttar eða frama. Þetta frv. verður Alþingi til skammar og öllum þeim þm. sem standa að samþykkt þessa máls. Mér finnst alveg stórundarlegt, eins og ég sagði áðan, að 12. þm. Reykv., Guðmundur G. Þórarinsson, skuli koma hér í ræðustól og lýsa því yfir, að hann sé andstæðingur þessa frv., en með hjásetu sinni *kemur hann frv. í gegn. Er eiginlega hægt* að hugsa sér aumkunarverðari frammistöðu? Það er ágæt jólagjöf frá vinum alþýðunnar að samþykkja þetta frv. Það er mjög gott og hlýtur að vera þeim til mikillar gleði og ánægju sem fara að fá uppsagnir nú á næstu dögum, eins og hefur komið fram hjá vinnuveitendum sem óttast verulegan samdrátt í þessum iðnaði og þrátt fyrir aðvaranir Iðju, félags verksmiðjufólks, er haldið áfram. Nei, nú varðar menn ekkert um hvað verkamaðurinn eða iðnverkamaðurinn vill og hvað hann er að láta frá sér fara. Nú skiptir það engu máli.

Hæstv. fjmrh. stendur upp og segir: Svipað og við erum að gera núna gerðist þegar viðreisnin byrjaði. En *mér fannst* þessi hæstv. ráðh. — hann var að vísu mjög ungur þegar viðreisnin byrjaði — aldrei vera neitt hlynntur viðreisninni. Núna er hún orðin forskrift fyrir hann í starfi hans og lífsskoðunum. Þessi hæstv. ráðh. hefur talið sig vera sósíalista til skamms tíma, en er algerlega horfinn frá öllum sósíalisma núna, eins og menn heyra og sjá af þessu. (Gripið fram í.) Hún gerði svo margt gott að enn þá nýtur þessi hæstv. ráðh. viðreisnarinnar að mörgu leyti.

Við skulum ekki hafa um það fleiri orð, við getum haldið áfram þess vegna í nótt og ég get vel haldið áfram í nótt, en ég tel ekki ástæðu til þess að láta frv. sem þetta, svona vitlausa tekjuöflun, sem leiðir af sér vaxandi verðbólgu í þjóðfélaginu og verður þjóðarheildinni til bölvunar, fara hér í gegn, þó það sé liðið á nótt, eins og á færibandi. Það getur gengið að fiskurinn í frystihúsunum haldi sína leið á færibandinu þangað til komið er í pökkun og inn í frystinguna, en það er ástæðulaust að láta félagsmálapakka eins og þennan fara á færibandi. A. m. k. kæri ég mig ekki um að 3. umr. renni alveg orðalaust í gegn.

Ég hvet enn þá 12. þm. Reykv. til að styrkja hug *sinn og hafa kjark til að greiða atkv. eins og samviska* hans býður honum, en hann sagðist vera mótfallinn þessu frv. og það veltur á hans atkv. að fella þessa vitleysu.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég ætla ekki að gera hér að umræðuefni hver eigi að vera undirlægja hvers, það þarf glöggan mann á borð við 1. þm. Vestf. til að hafa slík mál á dagskrá. En ég vil vekja athygli á því, hvað hann eyddi fáum orðum í upphafi ræðu sinnar til að minnast þess, að þetta gjald var álíka hátt á dögum viðreisnar. Það var afgreitt á ódýran hátt. Það var sagt að þá hefði núv. forsrh. verið fjmrh. Ekki setur fjmrh. einn lög. Ætli það hafi ekki þurft stuðning stjórnarinnar þá eins og nú. Ætli sjálfstæðismenn allir sem einn í deildinni hafi þá ekki staðið með þessari skattaákvörðun. Ég geri ráð fyrir því. Hitt stendur eftir, að það er aldrei til vinsælda að leggja á skatta.

En þetta mál er sennilega ákaflega gott dæmi um hvernig menn hringsnúast eins og skopparakringlur eftir

því, hvort þeir eru í stjórn eða stjórnarandstöðu. Þar er hv. 1. þm. Vestf. greinilega engin undantekning.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Þessi orð, sem komu frá hv. síðasta ræðumanni, hefðu betur verið ósögð, því að hvorki hv. 1. þm. Vestf. né þeir, sem til stjórnarandstöðunnar teljast hér á hv. Alþingi — alla vega ekki við þm. Sjálfstfl. komust hingað inn á Alþingi í síðustu kosningum á grundvelli þeirra loforða að vera hinir einu sönnu tals- og varnarmenn láglaunafólksins og höfðu ekki aðeins lofað því að koma fyrri samningum í gildi, heldur og að standa undir og koma í sama horf kaupmættinum og hann var þegar hann var hæstur eftir „sólstöðusamningana". Við lofuðum þessu ekki. Það voru flokkur hv. síðasta ræðumanns sem hér talaði, Framsfl., og Alþb. Það er sá flokkurinn sem kannske frekast hefur haft sig í frammi hér á stór-Reykjavíkursvæðinu gagnvart því fólki sem nú er að mótmæla þessari lagasmíð. Ég hef ekki heyrt nein mótmæli frá neinum um lagasmíðina frá því á viðreisnarárunum.

Það er verið að mótmæla þeim nýju lögum sem verið er að setja núna um nýjan skatt. Það liggur fyrir, að á örskömmum tíma tókst að fá undirskriftir 400 félagsmanna úr Iðju, félagi verksmiðjufólks í Reykjavík, sem vinna við þessar greinar. Í þessu félagi eru nú eitthvað á þriðja þúsund manns, þannig að það hefði sjálfsagt verið hægt að ná þar saman meira ef þannig hefði verið að staðið. Á örskömmum tíma koma mótmæli frá þessum aðilum. Og af hverju koma þessi mótmæli? Það er vegna þess að þetta fólk óttast það, sem allir launþegar í þessu landi, sérstaklega þeir sem eru með skammtímaráðningu og eru á lágum launum, óttast, þ. e. atvinnuleysið. Þennan ótta er verið að vekja upp með samþykkt þessa lagafrv. hér á Alþingi núna rétt fyrir jólin. Það er verið að vekja slíkan ótta upp hjá þessu fólki í þann mund sem jólahelgin er að ganga í garð.

Ég geri ráð fyrir að það unga fólk, sem nú er komið inn á Alþingi úr röðum flokka sem telja enga ástæðu til þess að mál séu rædd, hvorki hér á Alþingi né í nefndum, ef viðkomandi ráðh. hafi ákveðið að málið eigi að fara í gegn, telji að sér beri að afgreiða það, hvað sem þingsköp Alþingis eða lýðræðisvenjur segja. En guði sé lof að ekki er svo komið. Það er alveg sama hve margar Guðrúnar kalla hér fram í um að nú sé nóg komið og nú megi fara að greiða atkv. fyrir ráðherrana. Samt er ekki svo komið fyrir okkur að við látum stjórnast af þeim. Ég vona að það verði fleiri en ég og 1. þm. Vestf. sem taka undir það.

En mig undrar stundum hvernig þessi kokhreysti getur enn vaðið uppi í sumum mönnum, sbr. síðasta ræðumann og reyndar þá menn frá Alþb. sem ganga hér um sali með snúð yfir því, að menn finni að því, að það sé verið að leggja nýja skatta á þjóðina, — skatta sem allir viðurkenna að eru verðbólguaukandi. Þetta er ríkisstj. sem hefur haft hvað hæst um það af öllum ríkisstjórnum síðustu áratugi að hún ætli sér að vinna gegn verðbólgunni, koma verðbólgunni niður í áföngum, sbr. þá frægu niðurtalningarleið sem hún hefur boðað fram til þessa og ekkert hefur orðið úr eins og allir vita.

Í sjálfu sér verður þetta frv. eða samþykkt þess ekki Alþingi til skammar, eins og hv. 1. þm. Vestf. sagði, en það verður hins vegar til skammar þeim sem standa að samþykkt þess.

Þá komum við enn og aftur að afstöðu þess þm. Reykv. sem hér talaði í kvöld, gerði grein fyrir atkv. sínu við afgreiðslu brtt. við 2. umr. málsins og skýrði frá því, að hann væri algerlega á móti málinu, en vegna þess að í framtíðinni ætti að endurskoða eitthvað annað mál gæti verið að þetta fengi að róa með og þá mundi allt líklega lagast. Þessi þm., sem komst inn á sömu loforðunum í Reykjavík og þm. Alþb., að hann væri hinn eini réttar- og varðgæslumaður þessa láglaunafólks, leyfir sér nú að greiða atkv. hér og vitna um að hann sé að greiða atkv. gegn sannfæringu sinni. Ég hefði betur látið það ógert í hans sporum að gefa fyrst yfirlýsingu um að vera á móti málinu og greiða svo atkv. þveröfugt við það.

Ég skal ekki, herra forseti, tefja tímann frekar við að ræða þetta efnislega, enda stendur 3. umr. málsins nú yfir í seinni deild. Hins vegar er ástæðulaust, og undir það tek ég með 1. þm. Vestf., að láta þetta mál fara orðalaust hér í gegn, og það verður auðvitað ekki. Þegar það hefur verið samþykkt af þm. stjórnarliðsins verður ekki talað um neina negrakossa, heldur Júdasarkossa þessara menna í garð íslenskra launþega og sérstaklega á stór-Reykjavíkursvæðinu.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Mér fannst og finnst fara mjög vel á því, að stjórnarliðið tefli fram í þessari umr. þeim ræðumanni sem fór í pontuna áðan, 5. þm. Vestf. Það er í fullu samræmi við eðli þessa máls, að sá hv. þm. gerist málsvari þess og málpípa stjórnarliðsins sameiginlega.

Hv. þm. fór að tala um viðreisnina af mikilli þekkingu. Hann var sennilega hættur að pissa í bleiu þegar viðreisnin varð til, en ekki þó ýkjalöngu áður. En honum láðist alveg að geta eins þegar hann reyndi af veikum mætti að bera saman gjaldið, sem þá var lagt á, og þetta gjald nú. Þá var söluskatturinn 3%, en er núna 23.5%. Á því er töluverður munur hjá okkur sem lærðum þennan óbrotna reikning, hvort það er 3% söluskattur eða 23.5% söluskattur. En það virðist ekki skipta máli hjá hv. þm.

Svo fór hann í söguna og sagði að ég hefði snúist í þessu máli og væri allt öðruvísi þegar ég væri í stjórnarandstöðu en stjórnaraðstöðu. Þá ætla ég að upplýsa hv. þm. um að ég var alls ekki á þingi í byrjun viðreisnar. Ég er hræddur um að aldrei hefði komið fyrir Snorra í Reykholti að flaska svona á sögunni, en það virðist öllum fara aftur á þessum síðustu og verstu tímum, sérstaklega þó í sagnfræði.

Framsfl. var fyrir síðustu kosningar alltaf að reyna að komast vinstra megin við kommana. Honum tókst það líka og árangurinn varð eftir því. Hann var alltaf að láta verkafólkið í landinu finna að þetta væri eini trausti málsvarinn í landinu, Alþb. væri miklu lakara en Framsfl. Honum tókst þetta þó nokkuð. Ég er ekki viss um að það takist eins vel næst ef haldið verður áfram á þessari braut, ef það á að halda áfram á þeirri braut og þetta eiga að vera einu efnahagsaðgerðirnar sem ríkisstj. gerir núna fyrir jólin. Það er nú búið að reyna að hrista hana og berja allan þennan mánuð til meðvitundar og spyrja hana hvað hún ætli að gera í efnahagsmálum. Að lokum hristir hún þessi býsn úr erminni. Og að hugsa sér nú það þinglið sem kyngir þessu frv., þó að það fái gúmmítöflur og negrakossa með!

Stórmannlegt er það ekki hjá hv. 12. þm. Reykv. að koma hér í ræðustólinn og segja: Ég er á móti þessu máli, en ég greiði ekki atkv. — Hann veit að ef hann greiðir atkv. á móti málinu, eins og hann segist vera, er málið

fallið — og það hefði orðið honum til mikils sóma. En það er enn þá tækifæri. Það er m. a. okkur að þakka, sem hófum umræður við 3. umr., að þm. hefur fengið tíma til að hugsa sig betur um og hleypa í sig örlítið meiri kjarki. Það þarf oft dálítinn tíma til að sækja í sig veðrið og þess vegna teljum við ekkert eftir okkur að tala hér um stund á meðan þm. er að hita sig almennilega upp til að vera á móti þessu frv. (**Gripið fram í:** Hann er á móti.) Í atkvgr.? Hann er á móti því. Alveg eins og við hinir, sem greiddum atkv. á móti, er hv. 12. þm. Reykv. á móti frv. Það fer ekki á millí mála. Hann lýsti því yfir áðan og það er mjög mikils virði. Það hefur einhver pressa verið lögð á bæði hann og marga fleiri í stjórnarliðinu því þeir eru fleiri sem hafa sagt að þetta væri bölvuð vitleysa sem væri verið að troða upp á menn. Það virðast vera til einhverjar gamlar þumalskrúfur enn þá svo að menn hafa látið undan eftir því sem hefur liðið á kvöldið. En þá er að hrista af sér okið og þá er að taka mannlega á, og þá er ég alveg viss um að hv. 12. þm. Reykv. heldur þó nokkru af atkv. sínum sem hann fékk í síðustu kosningum. Ef hann herðir upp hugann og greiðir atkv. á móti þessu frv. er frv. fallið á jöfnum atkv. Hann bjargar um leið töluvert eigin flokki, Framsfl., og ekki veitir af að bjarga þar nú. Alþb. verður að fara veg allrar veraldar því að það er hætt að vera sósíalistískur flokkur. Nú er það bara eins og verstu verðbólgubraskarar, fjmrh. algerlega genginn af trúnni, enda eru gamlir rótgrónir kommar farnir að hrista höfuðið yfir hægri krötunum sem eru þarna eða enn lengra til hægri. Þeir vilja helst ekki fara með þá lengra fyrir jól, en það getur vel verið að þeir verði komnir lengst til hægri upp úr áramótunum með sama áframhaldi.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Það er komin upp nokkuð furðuleg staða að því er þetta mál varðar og það er hv. 12. þm. Reykv., sem veldur þessari furðulegu stöðu. Hv. 12. þm. Reykv., sem ég ætla að sé samviskusamur þm., er búinn að lýsa því yfir hér að samvisku hans sé misboðið að því er varðar þetta aukna gjald á framleiðslu á sælgæti og gosdrykkjum. En það hefur komið í ljós við 2. umr. í þessari hv. deild, að hv. 12. þm. Reykv. hefur í hendi sér hvort þetta frv. nær fram að ganga eða hvort það fellur. Það er alveg ljóst að 20 hv. þm. hér munu veita þessu frv. brautargengi og 19 þm. munu vera því andvígir. Hv. 12. þm. Reykv. hefur því í hendi sér við 3. umr. hvort þetta frv. nær fram að ganga eða ekki.

Hv. þm. er búinn að lýsa því yfir að hann sé málinu andvígur, bæði vegna þess að það skaði reykvísk fyrirtæki og vegna þess að það skaði reykvískt verkafólk. Nú kann að vera að hann hafi haldið við 2. umr. þessa máls að hjáseta hans skipti engu máli, úrslit málsins væru þegar ráðin. En svo var ekki vegna þess að það er áreiðanlega ljóst að hinir 39 þm. í deildinni munu greiða atkv. eins og þeir gerðu við 2. umr. þessa máls.

Guðmundur G. Þórarinsson, hv. 12. þm. Reykv., er búinn að lýsa því yfir að hann telji þetta frv. vera skaðlegt, það muni skaða reykvísk fyrirtæki og jafnvel setji reykvískt verkafólk á vonarvöl. Þessu hefur enginn lýst hér jafnskýrt og hann gerði í grg. fyrir atkv. fyrr í kvöld. Ég hygg að það sé óvenjuleg staða að þm. hafi örlög frv. svo í hendi sér sem hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson hefur núna og ég hygg að hann hafi sjálfur ekki áttað sig á því, að atkv. stæðu svo glöggt sem kom í ljós við 2. umr. þessa máls. En nú þegar ljóst er að það er hans atkv. sem ræður úrslitum um hvort þetta frv. fellur eða fellur ekki, þá held ég að hann hljóti að endurskoða hug sinn um það. Hjáseta hv. þm. Guðmundar G. Þórarinssonar þýðir, að frv. nær fram að ganga, að viðbótarskattur verði lagður á gosdrykki og sælgæti, fyrirtækjum verði stefnt í hættu og atvinnuöryggi verkafólks þar með stefnt í hættu samkv. því sem hann sjálfur hefur lýst. Greiði hann hins vegar atkv. á móti frv. nú við 3. umr. er það fallið.

Ég endurtek það enn, ef hv. þm. hefur ekki áttað sig á því, sem ég held að hann hljóti að hafa gert á þessum 20 mínútum sem liðnar eru, að hann hefur það alfarið í hendi sér, það er undir hv. 12. þm. Reykv. komið hvort þetta frv. nær fram að ganga eða fellur. Hann er búinn að lýsa því yfir í kvöld og mér er sagt að hann hafi látið þá skoðun í ljós undanfarna daga, að það sé ósæmilegt með öllu að leggja þetta gjald á vegna þeirrar hættu sem fyrirtæki og fólk þar af leiðandi lendi í. Það væri, held ég, mjög óvenjulegt ef þm., sem svo stórt hefur tekið upp í sig og leggur svo mikla áherslu á hættu sem tiltekið mál hafi í för með sér, ætlar samt með hjásetu sinni að veita því brautargengi, þrátt fyrir allt það sem hann sjálfur er búinn að lýsa yfir um hættur þessa máls.

Ég er eins og aðrir þm. að lengja umhugsunarfrestinn sem hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson hefur til að velta þessu máli fyrir sér. Ég er sannfærður um að honum er jafnljóst og mér með hverjum hætti hann hefur þetta mál í hendi sér, og ég hygg að það væri nokkuð einstæður atburður ef hann, eftir yfirlýsingum um eigin samvisku og um hættur þessa máls að dæma, ætlar að láta mál ganga fram í allt aðra átt en hann sjálfur telur bæði rétt og eðlilegt. Segi hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson nei við þessu máli er það fallið. Sitji hann hjá nær það fram að ganga. Mál hafa þróast svo, að það gat hvorugur okkar vitað í dag. Það er ljóst af 2. umr. þessa máls, að mál hafa þróast svo að hann hefur þetta í hendi sér. Við erum báðir þm. fyrir Reykjavík. Ég er andvígur þessu máli af sömu ástæðum og hann er. Vald hans er mikið. Ég vona að hann fari bæði vel og viturlega með það.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það þykir mér ærinn skaði að 1. þm. Vestf. hefur gengið úr salnum. (**Gripið fram í:** Á ekki að ná í hann?) Það væri sanngjarnt, vegna þess sem á eftir kemur, að það yrði nú náð í hann. Allt kemur þetta til góða gagnvart umhugsunarfresti hv. 12. þm. Reykv. Spillir því engu þó að við bíðum smástund. (**HBl:** Eru nú vomur komnar á þm.?)

Herra forseti. Þá mun ég ekki lengur tefja umr. með því að standa hér þögull í púltinu.

Ég vænti þess, að þingheimur hafi tekið eftir því, hvað ræða mín hafði jákvæð áhrif á 1. þm. Vestf. Hann kom hér upp áðan og minnti mig á gamalt kvæði, gamla lýsingu: „Gneistar hrjóta úr glyrnum, gráu hárin rísa.“ En þegar hann kom upp í seinna skiptið er hann ekkert nema prúðmennskan. Þessi mikla breyting var að sjálfsögðu vegna þess að hann hafði veitt því athygli sem sagt var. Hann fór meira að segja að rökstyðja afstöðu sína með því, að það hefði verið 3% söluskattur á dögum viðreisnar, en nú væri hann orðinn 25%. (**MB:** Ég sagði 23.5.) 23.5%. Leiðréttist það hér með. — Ég vil geta þess í sambandi við þetta, að 1. þm. Vestf. gat þess ekki, að þróunin í söluskattsmálum hefur verið í miklu samhengi við þróunina í tollamálum, þ. e. að á sama tíma og tekjur ríkissjóðs vegna tolla hafa lækkað hafa tekjur

ríkissjóðs vegna söluskatts hækkað. Þess vegna var þetta heldur lélegt.

En svo kom aðalatriðið, og nú bið ég menn að taka vel eftir. Ég var ekki á þingi í byrjun viðreisnar, sagði 1. þm. Vestf. Jahá. Hann hefði getað orðað þetta svo: Það var vegna þess að ég var ekki á þingi í byrjun viðreisnar. Þeir gerðu ýmsar vitleysur vegna þess að ég var ekki á þingi. — Þannig hefði hann getað orðað þetta líka. Það lýsti nefnilega ákaflega vel sjálfstraustinu þegar hann birtist hér í dyrunum og sagði: Ég kem þegar mér sýnist. — Ég held að mönnum sé það fullkomlega ljóst að hv. 1. þm. Vestf. stóð ekki upp áðan af neinni innri þörf til að verja neitt réttlæti. Hann vildi aðeins skemmta þingheimi, eins og hann gerir stundum þegar honum tekst vel til og gefur þá ekkert eftir Húsavíkur-Jóni.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Hinn 14. febr. s. l. skrifaði hv. 12. þm. Reykv., Guðmundur G. Þórarinsson, grein í Dagblaðið þar sem hann talar um þjóðsöguna og nútímann m. a., og kemst þar svo að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Á öllum Norðurlöndum þekkja menn þjóðsöguna um bóndann sem vildi reisa sér kirkju, en kom því verki ekki fram, ýmist vegna féleysis eða smíðin var komin í eindaga. Kom þá til sögunnar smiður, sem í raun var tröll eða óvættur, og bauðst til að ljúka smíðinni. Að launum varð bóndi að lofa augum sínum, einkasyni eða sálu sinni. Leið var þó alltaf til þess að komast hjá því að greiða launin, en hún var að geta upp á nafni kirkjusmiðsins.

Sjálfsagt þykir mörgum sem hér sé um gamla þjóðsögu að ræða sem lítið eða ekkert gildi hafi í nútímalífi. Sannleikurinn er þó sá, að þjóðsagan um kirkjusmiðinn er alltaf sí og æ að gerast. Til þess að koma fram löngunarverkum sínum ráða menn sér kirkjusmiði og gjalda gjarnan með augum sínum fyrir. Kirkjusmíðin getur verið ýmiss konar framkvæmd, staða í þjóðfélaginu, réttarbætur eða hvað annað sem til framfara horfir. Margir ganga í stjórnmálaflokka til þess að koma slíkum málum fram, byggja sína kirkju. Sumir gera það með því hugarfari að nú hafi þeir ráðið sér sinn kirkjusmið, hann muni ljúka verkinu, og að launum láta þeir augu sín.

Þegar menn láta augu sín sjá þeir ekkert lengur. Það verður að leiða þá og þeir sjá aðeins með flokksaugunum. Þetta getur gengið svo langt hjá sumum að blindan verður alger og flokkshagsmunir eru teknir fram yfir þjóðarhagsmuni. Gunnari Thoroddsen tókst í stjórnarkreppunni að finna nafn kirkjusmiðsins og hélt því sjálfur augum sínum og sjón óskertri.“ — Innskot mitt er að ekki er minnst á sálina, og held ég svo áfram, með leyfi hæstv. forseta: „Því tók hann þjóðarhag fram yfir kirkjusmiðinn flokkshag.

Hugrenningar um tengsl þessarar gömlu þjóðsögu við atburðarás nútímans eru auðvitað veruleg einföldun. Eigi að síður er samtengingin umhugsunarinnar virði. Hitt verða menn að sjálfsögðu að hafa skýrt fyrir hugskotssjónum sínum að stjórnmálaflokkarnir eru hornsteinar lýðræðisins. Án þeirra væri ekkert lýðræði. Stjórnmálaflokkarnir eru baráttutæki til þess að koma fram hugsjónum, til þess að berjast fyrir bættu þjóðskipulagi og hvers kyns framförum. Samstaða er því nauðsynleg til þess að gagn sé að tækinu. Ævinlega verða menn þó að gæta þess að setja ekki augu sín eða sál að veði. Þá getur farið svo, að blindur leiði blindan og hending ráði hvar för endar. Hér gildir, eins og raunar alltaf í lífinu, að þekkja nafn kirkjusmiðsins, ella getur illa farið. Líklega væri mönnum hollt að lesa þjóðsögurnar meira.“

Svo mörg voru þau orð. Ég held að engum blandist hugur um það, eftir þær ræður sem þessi hv. þm. hefur haldið hér í kvöld, að hann þekkir ekki kirkjusmiðinn og — svo maður tali um aðra þjóðsögu: hann mundi seint geta upp á nafninu Gilitrutt þótt ýmsir aðrir hafi verið í holti heyrandi nær.

Ég held að það sé einmitt þetta sem hér er að gerast, sem þessi hv. þm. var að vara við, að ýmsir stuðningsmenn þessarar ríkisstj. styðja hana nú til hvers óhæfuverksins á fætur öðru og vita þó að það leiðir til ófarnaðar sem er að gerast. Svo var t. d. að heyra á þessum þm. um það mál sem hér er til umr. og umfjöllunar, og við urðum vitni að því áðan, að í nafnakalli lét hann sig hafa það að sitja hjá til þess að frv. næði fram að ganga. Hjáseta hans hér áðan jafngilti því að segja já. En hann vildi hins vegar reyna að sætta samvisku sína, svo að hann svæfi betur í nótt, með því að segja ekki já sjálfur, láta flokksbræður sína gera það, en geta svo huggað sig við það á eftir, að ef einhver annar hefði gert það sama og hann hefði málið dáið. En sá, sem hefði getað gert það sama og hann, er víðs fjarri, og sá þm., sem hér er í staðinn fyrir hann, greip fram í fyrir hv. 1. þm. Vesf. áðan og sagði: Nú er nóg komið. — Hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson brá sér vestur á Snæfellsnes í fyrra og menn vissu að það var vegna þess að hann var andvígur því sem á þinginu var að gerast þá. Við vitum líka að sá hv. þm., formaður Verkamannasambands Íslands, mundi aldrei láta hafa sig til að greiða atkv. með gjaldi á innlendar iðnaðarvörur sem mótmælt hefur verið með 400 undirskriftum og afhent formanni fjh.- og viðskn.

Það er athyglisvert í þessu sambandi, að þeir stjórnarsinnar, sem mest hafa talað um að þeir væru verkalýðssinnar, þeir stjórnarsinnar, sem m. a. hafa í sínum hóp formann Félags iðnverkafólks og í sínum hóp Jón Ingimarsson, þann gamalreynda verkalýðsforingja á Akureyri, sem ber einnig kvíðboga út af þeirri þróun sem hér hefur verið í sælgætis- og gosdrykkjaiðnaðinum, leggja með alefli að flokksbræðrum sínum í ríkisstj. og vilja hrinda þessum lögum. En þeir eiga erfitt um vik vegna þess að það er kominn köttur í ból bjarnar, vegna þess að sá stóri og sterki maður Guðmundur J. Guðmundsson hefur hopað fyrir varamanni sínum sem virðist ekki hafa miklar skoðanir eða trú á því, að honum beri nein skylda til að fylgja fram þeim óskum sem verkafólk hér í Reykjavík hefur komið á framfæri með mjög eftirminnilegum hætti.

Fyrr á þessu þingi var til umr. frv. til l. um sérstakt tímabundið innflutningsgjald á sælgæti og kex, til staðfestingar á brbl. sama efnis sem út voru gefin hinn 5. sept. 1980 og undirskrifuð af Ragnari Arnalds, sem eitt sinn var formaður Alþb. Þessi brbl. hefjast svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Fjmrh. hefur tjáð mér, að vegna verulega aukins innflutnings á sælgæti og kexi hafi þegar orðið mikill samdráttur í innlendri framleiðslu þessara vara sem fyrirsjáanlega geti leitt til stöðvunar atvinnurekstrar í þessum iðngreinum. Beri því brýna nauðsyn til að setja lög um sérstakt tímabundið innflutningsgjald á sælgæti og kex.“

Þetta var sú brýna nauðsyn sem þarna er talað um. Og

eins og ég sagði máttu ráðh. ekki vera að því að bíða Alþingis. Þetta var gefið út hinn 5. sept. og í ríkisstj. voru á þeim tíma ekki uppi neinar hugmyndir um að þessum iðnaði mætti bjarga með öðrum hætti. Þegar hæstv. fjmrh. gerði grein fyrir þessu máli hér á Alþingi sagði hann m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Hinn aukni innflutningur á sælgæti olli því, að sala innlendra sælgætisframleiðenda." — hann hefur nú sennilega mismælt sig — „dróst stórlega saman." Ég les þetta aftur, með leyfi hæstv. forseta: „Hinn aukni innflutningur á sælgæti olli því, að sala innlendra sælgætisframleiðenda dróst stórlega saman. Talið er að samdráttur þessi hafi verið á bilinu 30—50% í marsmánuði s. l. miðað við sama tíma í fyrra. Samdráttur í sölu innlendrar sælgætisframleiðslu og samdráttur hjá innlendum kexframleiðendum hafði fljótlega í för með sér uppsagnir fjölda starfsmanna í þessum iðngreinum, einkum sælgætisiðnaði. Uppsagnir í þeim seinast nefnda voru um tíma taldar nema 74 starfsmönnum. Ljóst var samkv. framansögðu að algert afskiptaleysi af þessari þróun hefði sennilega leitt til enn frekari samdráttar í innlendri framleiðslu, stöðvunar atvinnurekstrar og atvinnuleysis starfsmanna, sem óhjákvæmilega hefði hlotið að fylgja í kjölfarið."

Þetta voru orð hæstv. fjmrh. á þessum tíma. Þegar hæstv. iðnrh. mætti til þings og þetta mál var til umr. sagði hann m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Það gerðist um síðustu áramót, að innflutningur á sælgæti og skyldum vörum var gefinn frjáls eftir að hafa verið heftur um langt skeið. Að vísu mun þetta formlega ekki hafa átt að taka gildi fyrr en 1. apríl, en ég tel mig hafa vissu fyrir því, að í reynd hafi það gerst strax um áramótin eða upp úr áramótum, að þessum varningi var hleypt inn tollfrjálsum. Það sýndi sig í kjölfarið að sala á innlendri framleiðslu dróst stórum saman og var það út af fyrir sig ekki undrunarefni. Umboðsmenn hinnar erlendu framleiðslu höfðu búið sig vel undir þessi tímamót og voru duglegir við að dreifa varningi sínum og verulegt nýjabrum að honum fyrir ýmsa. Salan á honum var allmikil og alveg sérstaklega safnaðist mikið upp í verslunum af þessu að auki. Þessi framleiðsla hefur því eflaust orðið fyrirferðarmeiri í hillum verslana en hin innlenda framleiðsla sem þarna mætti stóraukinni samkeppni."

Hæstv. iðnrh. skipaði nefnd í þetta mál, svokallaðan starfshóp. Mér er nú ekki kunnugt um hver niðurstaða hans var. Ég hef raunar fyrir alllöngu lagt fram skriflega fsp. til hæstv. iðnrh. þar sem ég hef farið fram á að fá upplýsingar um sitthvað smálegt. Í einkaviðtali hefur hæstv. iðnrh. sagt mér að ég muni fá svar við þessum fsp. fyrir jól, og vænti ég þess, að við það verði staðið. Er það ekki rétt? Hæstv. iðnrh. vill ekki svara. Ég óska eftir því, að hann komi hér á eftir. (**Iðnrh.:** Var þetta spurning hjá hv. þm.?) Ja, það er venjulega svo, að ef maður spyr er það spurning. (Gripið fram í. — **Forseti:** Ekki samtal á fundinum.) Ég skil hæstv. iðnrh. svo, tel að það sé rétt skilið hjá mér, að ég muni fá svar við fsp. minni fyrir jól.

Enn fremur segir hæstv. iðnrh. hér, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég ætla ekki að orðlengja þetta frekar hér, en ég vænti þess, að það frv., sem hér er til umr., nái fram að ganga og menn átti sig á þeim forsendum, sem þar liggja að baki, og menn sýni hug til þess að nýta þær heimildir sem við höfum samkv. samningum um fríverslun til að gera iðngreinum okkar fært að bregðast við nýjum og skyndilegum aðstæðum eins og um var að ræða þegar sælgætisiðnaðurinn átti í hlut. Hins vegar fer að því að koma að við verðum komnir út úr þessum farvegi."

Þarna kemur skýrt fram að báðir þessir hæstv. ráðherrar gera sér grein fyrir því, að sælgætisiðnaðurinn er í mikilli kreppu og gosdrykkjaiðnaðurinn. Ef maður les þessar ræður þeirra fyrr í vetur vandlega yfir getur maður í rauninni ekki skilið hvers vegna þeir bregðast svo við beiðni iðnverkafólksins sem raun ber vitni. Það er óleyst gáta. — Og svo enn þetta, sem áður er fram komið og hér hefur verið lögð áhersla á: Það er erfitt að sjá hvernig það samrýmist markmiði hæstv. fjmrh. um 42% verðbólgu á næsta ári, hún verði ekki meiri en það, ef svo heldur fram sem horfir, að ekki líði svo vika og varla mánuður að ekki séu lögð fram ný frumvörp um margvíslegar hækkanir á sitt hvað vegna þess að ríkissjóðshítin er óseðjandi.

Ég sé svo ekki ástæðu til að orðlengja þetta frekar, en eins og hv. 12. þm. Reykv. sagði áðan er til lítils að leggja staðreyndirnar á borðið ef menn eru blindir af því að vera með svört flokksgleraugun fyrir framan sig og þó menn rámi eitthvað í skilninginn fáist þeir ekki til að greiða atkv. í samræmi við sína samvisku.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20:19 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, SV, SBó, SvG, ÞS, AS, EH, FÞ, GS, GHall, GHelg, HÁ, HG, IGuðn, IGísl, JE.

nei: JÞ, KP, MHM, MB, MÁM, ÓE, PS, SighB, SteinG, VG, AG, ÁG, BGr, BÍG, FrS, GeirH, HBl, JS, SvH.

GGÞ greiddi ekki atkv.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Eins og þrátt fyrir það að sömu niðurstöðu og við atkvgr. eftir 2. umr. er þetta enn eitt sorglegt dæmið um hvernig framsóknarmenn eru neyddir til að hopa æ ofan í æ frá þeirri afstöðu sem þeir hafa, til þess neyddir af Alþb. sökum þess að þá skortir kjark til að standa að því sem þeir vita að er rétt og satt. Ég segi nei.

Frv. afgr. til Ed.

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, frv. (þskj. 346 (sbr. 125)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Sameinað þing, 18. des.

Nefndir og verkefni þeirra.

Svar iðnaðarráðherra við fyrirspurn Halldórs Blöndals um skipun nefnda og verkefni þeirra, á þskj. 153, sent þm. 18. des.

Bent skal á, að árlega gefur fjármálaráðuneytið — fjárlaga- og hagsýslustofnun út yfirlit um stjórnir, nefndir og ráð ríkisins.

Síðustu tvær skýrslur þessarar tegundar eru dags. í nóv. 1979 og okt. 1980 og var þeim að venju dreift til allra þingmanna með frv. til fjárlaga.

Í þessum skýrslum er að finna tæmandi yfirlit yfir starfshópa, nefndir og stjórnir á vegum iðnaðarráðuneytisins árin 1978 og 1979.

Spurt er:

1. Hvaða nefndir eða starfshópar hafa verið skipaðir á vegum iðnaðarráðuneytisins frá 1. sept. 1978 til þessa dags og hversu hafa verkefni þeirra verið skilgreind?

Gert er ráð fyrir að þegar spurt er hér um skipaðar nefndir þá sé átt við nefndir til einstakra tímabundinna ætlunarverka, en ekki nefndir og stjórnir, sem ráðuneytið skipar skv. lögum og þingsályktunum.

Nær yfirlit það, sem um er spurt og hér fer á eftir, yfir tímabil þriggja ríkisstjórna.

Jafnframt er spurt:

2. Hafa einhverjar þessar nefndir eða starfshópar lokið störfum og þá hvenær? Og hvar eru álitsgerðir?

Gleggst er að sameina svörin við þessari spurningu svörunum við fyrstu spurningunni, og er það gert hér á eftir.

Enn fremur er spurt:

3. Hvaða sérstök verkefni hafa verið falin einstaklingum eða öðrum aðilum utan iðnaðarráðuneytisins frá 1. sept. 1978, um hvaða einstaklinga og aðila er hér að ræða og hversu hafa þessi verkefni unnist?

Að því leyti sem svör við þessari spurningu eru ekki fólgin í svörunum við spurningu nr. 1 og nr. 2 er hér á eftir birtur listi yfir þá einstaklinga og aðila, sem á umræddu tímabili hafa helst veitt ráðuneytinu ráðgjöf ýmist skriflega eða munnlega. Álitsgerðir og verkefni þessara aðila hafa yfirleitt unnist á tilsettum tíma og hlotið umfjöllun í ráðuneytinu samtímis meðferð ráðuneytisins á þeim málum eða málaflokkum, sem ráðgjöfin snertir.

Í samræmi við framanritað birtast hér á eftir svör iðnaðarráðherra:

Samstarfsnefnd um iðnþróun

Skipuð af iðnaðarráðherra með bréfi, dags. 21. sept. 1978, til þess að vera iðnaðarráðherra til ráðgjafar um mótun heildarstefnu í iðnaðarmálum og leggja fyrir tillögur um það efni; að efla samstarf hinna ýmsu aðila iðnaðarins um að framkvæma þær aðgerðir, sem samstaða næst um innan nefndarinnar og á vettvangi ríkisstjórnar og Alþingis; að gera tillögur til iðnaðarráðherra um ráðstöfun jöfnunargjalds af iðnaðarvörum, samkvæmt lögum nr. 83 1978 vegna ársins 1979, og svo sem síðar kann að verða ákveðið, í þágu iðnþróunaraðgerða í samræmi við mótaða stefnu.

Vilhjálmur Lúðvíksson, settur framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs ríkisins, formaður.

Bjarni Einarsson, framkvæmdastjóri Byggðadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins.

Bragi Hannesson, stjórnarformaður Iðntæknistofnunar Íslands.

Davíð Sch. Thorsteinsson, formaður Félags íslenskra iðnrekenda.

Guðmundur Þ. Jónsson, formaður Landssambands iðnverkafólks.

Hjörtur Eiríksson, framkvæmdastjóri Iðnaðardeildar SÍS.

Pétur Sæmundsen, stjórnarformaður Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins.

Sigurður Magnússon, stjórnarformaður Framleiðslusamvinnufélags iðnaðarmanna.

Þórleifur Jónsson, framkvæmdastjóri Landssambands iðnaðarmanna.

Ritari nefndarinnar er Jafet S. Ólafsson, deildarstjóri í iðnaðarráðuneytinu.

Skv. bréfi rn., dags. 9. júlí 1980, tók Guðrún Hallgrímsdóttir, fulltrúi, nýr stjórnarformaður Iðntæknistofnunar Íslands, sæti Braga Hannessonar í samstarfsnefndinni.

Nefndin hefur starfað frá í sept. 1978 og álitsgerðir samstarfsnefndarinnar verið prentaðar sem fylgiskjal með tillögu til þingsályktunar um iðnaðarstefnu, er lögð var fyrir á 100. og nú 103. löggjafarþingi 1980.

Skipulagsnefnd um raforkuöflun

Skipuð af iðnaðarráðherra með bréfi, dags. 6. okt. 1978, til þess að gera tillögur um stofnun landsfyrirtækis til að annast meginraforkuvinnslu og raforkuflutning, sbr. samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarflokkanna um það efni.

Tryggvi Sigurbjarnarson, verkfræðingur, formaður.

Egill Skúli Ingibergsson, borgarstjóri.

Helgi Bergs, bankastjóri, sem jafnframt hefur verið falið að gegna varaformennsku.

Jakob Björnsson, orkumálastjóri.

Dr. Jóhannes Nordal, stjórnarformaður Landsvirkjunar.

Kristján Jónsson, rafmagnsveitustjóri ríkisins.

Magnús E. Guðjónsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Valur Arnþórsson, stjórnarformaður Laxárvirkjunar.

Páll Flygenring, ráðuneytisstjóri, starfaði með nefndinni.

Ritari nefndarinnar var Páll Hafstað, fulltrúi.

Nefndin skilaði áliti til iðnaðarráðherra hinn 1. mars 1979.

Nefndarálitið var fjölritað og sent öllum hlutaðeigandi aðilum.

Nefnd til þess að ganga frá yfirtöku Rafmagnsveitna ríkisins á Kröfluvirkjun

Skipuð af iðnaðarráðherra með bréfi, dags. 6. desember 1978, til þess að ganga frá yfirtöku Rafmagnsveitna ríkisins á Kröfluvirkjun.

Páll Flygenring, ráðuneytisstjóri, formaður.

Jón G. Sólnes, alþingismaður.

Jakob Björnsson, orkumálastjóri.

Kristján Jónsson, rafmagnsveitustjóri ríkisins.
Ritari nefndarinnar var Gísli Einarsson, deildarstjóri.

Nefndin lauk störfum 30. des. 1978.

Starfshópur um málefni landssmiðjunnar

Skipaður af iðnaðarráðherra með bréfi, dags. 6. des. 1978, til þess að taka til athugunar húsnæðismál og starfsaðstöðu Landssmiðjunnar og gera tillögur til ráðuneytisins þar um.

Gunnar Guttormsson, deildarstjóri, er veitir starfinu forystu.
Ágúst Þorsteinsson, forstjóri.
Héðinn Eyjólfsson, fulltrúi.
Sigurður Daníelsson, yfirverkstjóri.

Starfshópurinn lauk störfum 1980 og skilaði áliti.

Nefnd um lánamál iðnaðarins

Með bréfi ráðuneytisins, dags. 23. mars 1979, var skipuð nefnd til að gera tillögur um, hvernig auka megi framleiðslu og rekstrarlán til iðnaðar með sérstöku tilliti til þarfa samkeppnisiðnaðar.

Þorsteinn Ólafsson, aðstoðarmaður ráðherra, formaður.
Ingi R. Helgason, hrl.
Davíð Ólafsson, seðlabankastjóri.
Valur Valsson, aðstoðarbankastjóri.
Helgi Bachmann, forstöðumaður hagdeildar Landsbanka Íslands.
Ragnar Önundarson, aðstoðarbankastjóri, ritari nefndarinnar.

Nefndin lauk störfum og skilaði áliti í jan. 1980.

Nefnd til að vinna að gerð sameignarsamnings um Landsvirkjun

Með bréfi rn., dags. 27. mars 1979, var skipuð nefnd til þess í samvinnu við viðræðunefnd Reykjavíkurborgar svo og Akureyrarbæjar að vinna að gerð sameignarsamnings um Landsvirkjun og gera tillögur um nauðsynlegar lagabreytingar í því sambandi.

Tryggvi Sigurbjarnarson, rafmagnsverkfr., formaður.
Helgi Bergs, bankastjóri.
Magnús E. Guðjónsson, framkvæmdastjóri Sambands ísl. sveitarfélaga.
Pálmi Jónsson, alþingismaður, stjórnarformaður Rafmagnsveitna ríkisins.

Með nefndinni störfuðu:
Páll Flygenring, ráðuneytisstjóri.
Gunnlaugur Claessen, deildarstj. fjármálaráðuneytisins.
En ritari nefndarinnar var Jóhann Már Maríusson, yfirverkfræðingur Landsvirkjunar.

Hinn 6. júlí lauk nefndin formlega störfum og skilaði áliti til ráðuneytisins með bréfi dags. 16. ágúst 1979.

Djúphitanefnd

Með bréfi rn., dags. 7. apríl 1979, var skipuð nefnd til þess í samræmi við samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarflokkanna að semja tillögu að frumvarpi til laga um réttindi yfir jarðhita.

Ingi R. Helgason, hrl., formaður.
Dr. Guðmundur Pálmason, jarðeðlisfræðingur (2. ág. 1979).
Bragi Níelsson, alþingismaður.
Björn Guðmundsson, prófessor.
Hrafn Bragason, borgardómari.
Jakob Björnsson, orkumálastjóri.
Dr. Sigurður Þórarinsson, prófessor.

Með nefndinni starfaði Gísli Einarsson, deildarstjóri í iðnaðarráðuneytinu.

Með bréfi, dags. 8. jan. 1980, skilaði nefndin af sér.

Nefnd um virkjunarrétt fallvatna

Með bréfi rn., dags. 9. apríl 1979, var skipuð nefnd til þess, í samræmi við ákvæði í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarflokkanna um að virkjunarréttur fallvatna verði þjóðareign, að semja tillögu að frumvarpi til laga um virkjunarrétt fallvatna.

Jakob Björnsson, orkumálastjóri, formaður.
Guðmundur Vigfússon, deildarstjóri, varaformaður.
Árni Reynisson, framkvæmdastjóri.
Björn Þ. Guðmundsson, borgardómari.
Bragi Sigurjónsson, alþingismaður.
Páll Pétursson, alþingismaður.

Með nefndinni starfar Gísli Einarsson, deildarstjóri í iðnaðarráðuneytinu.

Með bréfi rn., dags. 13. nóv. 1979, var nefndinni falið að hraða störfum eftir föngum. Var Sigþóri Jóhannessyni, verkfr., falið að taka sæti Braga í nefndinni meðan hann sæti í ríkisstjórn.
Í umræddu bréfi ráðuneytisins var nefndinni bent á að taka mið af því, að virkjunarréttur í fallvötnum utan fullkominna eignarlanda, þ. e. á afréttum og almenningum, skuli þjóðareign.
Nefndin er enn að störfum.

Viðræðuhópur um skipaverkstöð í Reykjavík

Með bréfi rn., dags. 25. apríl 1979, voru eftirfarandi tilnefndir sem fulltrúar til viðræðna á árinu 1979 við nefnd hafnarstjórnar Reykjavíkur um Skipaverkstöð í Kleppsvík:

Gunnar Guttormsson, deildarstjóri.
Ólafur Ragnar Grímsson, alþingismaður.
Guðmundur G. Þórarinsson, verkfræðingur.
Jón H. Karlsson, viðskiptafræðingur.

Starfshópur um ríkiskaup

Með bréfi rn., dags. 26. apríl 1979, tilnefndi iðnaðarráðherra fulltrúa ráðuneytisins í samstarf með fulltrúum fjármálaráðuneytisins til að gera tillögur um aðgerðir sem miði að því að opinberum innkaupum verði í auknum mæli beitt til eflingar innlends iðnaðar og iðnþróunar:

Þorsteinn Ólafsson, aðstoðarmaður ráðherra og
Jafet S. Ólafsson, fulltrúi.

Starfshópurinn hóf ekki formlega störf vegna stjórnarslita.

Samstarfshópur um iðnþróunaráætlun fyrir Austurland

Með bréfi rn., dags. 2. maí 1979, voru eftirtaldir kvaddir til þess af hálfu ráðuneytisins að aðstoða og vera þeirri samstarfsnefnd heimamanna, er Samband sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi hafði tilnefnt, til ráðuneytis um undirbúning að iðnþróunaráætlun fyrir Austurland:

Gunnar Guttormsson, deildarstjóri.
Bjarni Einarsson, framkvæmdastjóri Byggðadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins.
Hörður Jónsson, framkvæmdastjóri Iðntæknistofnunar Íslands.
Dr. Vilhjálmur Lúðvíksson, formaður Samstarfsnefndar um iðnþróun.

Starfshópurinn er enn að störfum.

Nefnd varðandi Iðntæknistofnun Íslands

Með bréfi rn., dags. 27. júní 1979, var skipuð nefnd til athugunar og tillögugerðar varðandi Iðntæknistofnun Íslands.

Dr. Vilhjálmur Lúðvíksson, formaður Samstarfsnefndar um iðnþróun, formaður.
Guðrún Hallgrímsdóttir, matvælafræðingur, varaformaður.
Björn Jóhannsson, tæknifræðingur.
Dr. Ingjaldur Hannibalsson, iðnaðarverkfræðingur.
Sveinn Björnsson, forstjóri.

Með bréfi rn., dags. 31. okt. 1979, var nefndin lögð niður.

Nefnd varðandi orkustofnun

Með bréfi rn., dags. 27. júní 1979, var skipuð nefnd til að athuga stöðu Orkustofnunar með tilliti til nokkurra þátta, svo sem vegna fyrirhugaðrar stofnunar landsfyrirtækis til raforkuöflunar.

Páll Flygenring, ráðuneytisstjóri, formaður.
Tryggvi Sigurbjarnarson, verkfræðingur, varaformaður.
Dr. Guðmundur Pálmason, jarðeðlisfræðingur.
Jakob Björnsson, orkumálastjóri.
Jóhann Már Maríusson, yfirverkfræðingur.
Sveinbjörn Björnsson, eðlisfræðingur.
Dr. Vilhjálmur Lúðvíksson, framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs ríkisins.

Með nefndinni skyldi starfa Þorsteinn Ólafsson, aðstoðarmaður iðnaðarráðherra.

Vegna óvissu um skipulag orkumála hefur orðið hlé á störfum nefndarinnar, frá hausti 1979.

Nefnd um framleiðslu innlends eldsneytis

Með bréfi rn., dags. 2. júlí 1979, var skipuð nefnd til að gera tillögu um rannsóknaráætlun varðandi hugsanlega framleiðslu á eldsneyti hérlendis með hliðsjón af orkubúskap landsmanna í heild.

Þorsteinn Ólafsson, aðstoðarmaður ráðherra, formaður.
Dr. Bragi Árnason, prófessor.
Finnbogi Jónsson, verkfræðingur.
Jóhann Már Maríusson, yfirverkfræðingur.
Jón Steinar Guðmundsson, efnaverkfræðingur.

Nefndin skilaði áliti til ráðuneytisins í nóv. 1980.

Perlitnefnd

Með bréfi rn., dags. 26. júlí 1979, var skipuð nefnd til að hafa forgöngu um það fyrir hönd ráðuneytisins að athuga möguleika á vinnslu perlusteins og hafa umsjón með undirbúningi hugsanlegra framkvæmda þar að lútandi.

Þorsteinn Ólafsson, aðstoðarmaður ráðherra, formaður.
Hörður Jónsson, framkvæmdastjóri.
Úlfur Sigurmundsson, framkvæmdastjóri.
Dr. Vilhjálmur Lúðvíksson, framkvæmdastjóri.

Með bréfi, dags. 1. 2. '80, segir formaður af sér störfum í nefndinni vegna anna.
Með bréfi ráðuneytisins, dags. 3. 10. '80, var nefndin leyst frá störfum og málið afhent Iðntæknistofnun Íslands.

Starfshópur um innlendan skipasmíðaiðnað

Hinn 30. júlí 1979 ákvað iðnaðarráðherra að setja á fót starfshóp um innlendan skipasmíðaiðnað, skal hópurinn undirbúa frekari áætlanagerð varðandi uppbyggingu innlends skipasmíðaiðnaðar með hliðsjón af endurnýjunarþörf fiskveiðiflotans og öðrum verkefnum á sviði skipaiðnaðar.

Jafet S. Ólafsson, fulltrúi, iðnaðarráðuneytinu.
Bergsteinn Gizurarson, verkfræðingur hjá Vita- og hafnamálastofnuninni.
Kristjóns Kolbeins, viðskiptafræðingur hjá Framkvæmdastofnun ríkisins.

Hinn 18. mars 1980 skilaði starfshópurinn skýrslu til ráðherra.

Starfshópur um lagmetisiðju ríkisins

Með bréfi rn., dags. 2. ágúst 1979, var efnt til starfshóps til þess að kanna fjárhagsstöðu Lagmetisiðju ríkisins, „Siglósíld", rekstur fyrirtækisins og framtíðaráætlanir með tilliti til sölusamninga og hugsanlegrar uppbyggingar þess.

Guðrún Hallgrímsdóttir, fulltrúi, formaður.
Árni Kolbeinsson, deildarstjóri.
Helgi Ólafsson, forstöðumaður áætlanadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins.

Hinn 8. nóv. 1979 skilaði starfshópurinn áliti og var falið að starfa áfram.

Orkusparnaðarnefnd

Með bréfi rn., dags. 22. ágúst 1979, var skipuð nefnd til að vinna með ráðuneytinu að útfærslu á tillögum iðnaðarráðherra í ríkisstjórninni um orkusparnað og hagkvæmari orkunýtingu svo og öðrum atriðum varðandi orkusparnað.

Þorsteinn Vilhjálmsson, eðlisfræðingur, formaður.
Björn Friðfinnsson, lögfræðingur.

Guðmundur G. Þórarinsson, verkfræðingur.

Ritari nefndarinnar Finnbogi Jónsson, verkfræðingur.

Nefndin hefur gert ýtarlegar tillögur um aðgerðir á verksviði sínu til ráðuneytis og viðkomandi aðila, m. a. í okt. 1979, júlí 1980 og nóv. 1980.

Nefnd varðandi jöfnun upphitunarkostnaðar

Með bréfi rn., dags. 6. september 1979, var skipuð nefnd til að gera tillögur um leiðir til jöfnunar á upphitunarkostnaði.

Kristinn V. Jóhannsson, skólastjóri, formaður.
Matthías Bjarnason, alþingismaður.
Magnús Reynir Guðmundsson, bæjarritari.
Gunnar R. Pétursson, rafvirki.

Með nefndinni starfaði Finnbogi Jónsson, verkfræðingur, og var hann ritari nefndarinnar.

Nefndin skilaði áliti til ráðherra 14. okt. 1979.

Nefnd til endurskoðunar laga um iðnrekstrarsjóð

Með bréfi rn., dags. 11. október 1979, var skipuð nefnd til endurskoðunar á lögum um Iðnrekstrarsjóð, m. a. með tilliti til þess, að tekjur af aðlögunargjaldi renni til hans.

Vilhjálmur Lúðvíksson, settur framkvstj., formaður.
Valur Valsson, framkvæmdastjóri.
Þórleifur Jónsson, framkvæmdastjóri.
Sigurður Magnússon, rafvirki.

Með bréfi rn., dags. 22. nóv. 1979, var nefndin lögð niður m. t. t. breyttra forsenda, þ. e. tekjum af aðlögunargjaldi verið ráðstafað á annan veg en áformað var.

Með bréfi rn., dags. 25. febr. 1980, var nefndin endurskipuð.

Nefndin lauk störfum og skilaði tillögum um frumvarp til laga um iðnrekstrarsjóð í apríl 1980.

Nefnd um verðlagningu orku til iðnaðar o. fl.

Með bréfi rn., dags. 11. okt. 1979, var skipuð nefnd til að kanna, með hvaða hætti megi bæta starfsskilyrði iðnaðar og stuðla að hagkvæmri nýtingu orkulindanna og orkukerfisins með samræmdri og þjóðhagslega rökrænni stefnu í verðlagningu orku til iðnaðar og annars atvinnurekstrar (fiskvinnslu og landbúnaðar). Miðað er við að iðnaðarráðuneytið geti beitt sér fyrir slíkri stefnu með áhrifum á gjaldskrár rafveitna og orkuframleiðslufyrirtækja.

Kristmundur Halldórsson, deildarstjóri, formaður.
Kristján Jónsson, rafmagnsveitustjóri.
Þórður Friðjónsson, hagfræðingur.
Guðmundur Helgason, aðstoðarrekstrarstjóri.

Með bréfi rn., dags. 6. des. 1979, var Aðalsteinn Guðjohnsen, rafmagnsstjóri, skipaður í nefndina, en hún starfar enn.

Eftirmenntunarnefnd

Með bréfi rn., dags. 11. okt. 1979, var skipuð nefnd til að gera tillögur um eftirmenntun, námskeiðahald og starfsþjálfun í iðnaði, með tilliti til stefnumörkunar um starfsemi Iðntæknistofnunar Íslands á sviði fræðslumála og vegna beiðna um námskeiðahald fyrir starfsfólk í iðnaði sem stofnuninni hafa borist.

Gunnar Guttormsson, deildarstjóri, formaður.
Sigurður Guðmundsson, viðskiptafræðingur.
Guðmundur Pálmi Kristinsson, verkfræðingur.
Óskar Guðmundsson, framkvæmdastjóri.

Í mars 1980 skilaði nefndin áfangaskýrslu til ráðuneytisins og í framhaldi þess stendur nefndin fyrir viðamiklu starfi, m. a. í samvinnu við menntamálaráðuneytið.

Starfshópur til viðræðna um sæstreng

Með bréfi rn., dags. 12. okt. 1979, var skipaður starfshópur til viðræðna við Færeyinga og til athugana á tæknilegum og hagrænum forsendum þess að leggja sæstreng milli Íslands og Færeyja. Í athugun þessa er ráðist án nokkurra skuldbindinga.

Með bréfi rn., dags. 5. nóvember 1979, var starfshópnum jafnframt falið að kanna hvaða iðnaðar- og atvinnutækifæri hugsanleg Fljótsdalsvirkjun geti skapað Austfirðingafjórðungi svo og hvaða áhrif hún mundi hafa á hugsanlegan útflutning orku.

Björn Friðfinnsson, lögfræðingur, formaður (skv. br. rn., ds. 12. nóv. '79).
Tryggvi Sigurbjarnarson, verkfræðingur.
Kristján Jónsson, rafmagnsveitustjóri.

Starfshópurinn gerði ráðherra grein fyrir niðurstöðu, skilaði áfangaáliti í júní 1980, en þar eð engar óskir hafa borist frá færeyskum stjórnvöldum vegna sæstrengs var nefndin lögð niður í nóv. 1980.

Starfshópur varðandi vöruflokkaskráningu

Með bréfi rn., dags. 26. nóvember 1979, voru eftirtalin skipuð í starfshóp til að endurskoða málfar alþjóðlegu vöruflokkaskrárinnar:

Guðrún Skúladóttir, fulltrúi, formaður.
Halldór Halldórsson, prófessor.
Sigurgeir Sigurjónsson, hrl.

Nefndin lauk störfum og skilaði áliti til ráðuneytisins með bréfi, dags. 22. febr. 1980.

Starfshópur um lagmetisiðnað.

Veturinn 1979 kom ráðuneytið á starfshópi til að finna leiðir til að framkvæma á fullnægjandi hátt eftirlit með framleiðslu lagmetis og til að endurskoða reglugerðina frá 1976 þar um.

Guðrún Hallgrímsdóttir, fulltrúi, iðnaðarráðuneyti.
Grímur Valdimarsson, frá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.
Gylfi Þór Magnússon, framkvæmdastjóri Sölustofnunar lagmetis.
Jóhann Guðmundsson, Framleiðslueftirliti sjávarafurða.

Með bréfi, dags. 17. jan. 1980, skilaði starfshópurinn drögum að reglugerðum og lauk þar með störfum.

Viðræðunefnd um sameiningu Laxárvirkjunar og Landsvirkjunar

Með bréfi dags. 3. jan. 1980 var ákveðið að fulltrúar ríkisins í væntanlegum viðræðum um sameiningu Lax-

árvirkjunar og Landsvirkjunar, þar sem Laxárvirkjun hefur ákveðið að sameinast Landsvirkjun, sbr. 17. gr. l. nr. 59/1965, verði:

Dr. Jóhannes Nordal, stjórnarformaður Landsvirkjunar.
Baldvin Jónsson, stjórnarmaður í Landsvirkjun.
Páll Flygenring, ráðuneytisstjóri.

Með bréfi ráðuneytisins, dags. 12. maí 1980, var fjölgað í viðræðunefndinni af ríkisins hálfu:

Helgi Bergs, bankastjóri.
Pálmi Jónsson, ráðherra.
Tryggvi Sigurbjarnarson, verkfræðingur.

Nefndin starfar enn.

Nefnd um saltverksmiðju

Með bréfi rn., dags. 31. jan. 1980, var skipuð nefnd til þess að meta í ljósi þeirra niðurstaða, sem tilraunarekstrinn hefur nú gefið, hagkvæmni þess að reisa og reka saltverksmiðju á Reykjanesi. Jafnframt var nefndinni falið að taka til athugunar hugsanleg framtíðarverkefni í tengslum við rekstur saltverksmiðju.

Finnbogi Jónsson, verkfræðingur, formaður.
Gamalíel Sveinsson, viðskiptafræðingur.
Sverrir Þórhallsson, efnaverkfræðingur.
Þorvaldur Búason, eðlisfræðingur.

Nefndin hefur skilað álitsgerðum til ráðherra, og er enn að störfum.
Lokaálit er væntanlegt á næstunni.

Nefnd um samnorræna hönnunarsýningu.

Með bréfi rn., dags. 6. febr. 1980, var skipuð nefnd til þess að undirbúa þátttöku og kynningu íslenskrar iðnhönnunar í samnorrænni hönnunarsýningu í tengslum við menningarkynningu Norðurlanda, „Scandinavia Today", í Bandaríkjunum 1982, og til að athuga með hvaða hætti slík þátttaka gæti orðið til framdráttar útflutningi íslenskrar iðnaðarvöru á þessum markaði.

Úlfur Sigurmundsson, framkvæmdastjóri, formaður.
Hilmar Sigurðsson, form. Listiðnar.
Snorri Pétursson, framkvæmdastjóri.
Stefán Snæbjörnsson, innanhúsarkitekt.
Valur Valsson, framkvæmdastjóri.
Þórleifur Jónsson, framkvæmdastjóri.

Nefndin er enn að störfum.

Nefnd um vandamál ullariðnaðarins

Hinn 18. febr. 1980 hóf störf starfshópur um vandamál ullariðnaðarins.

Jafet S. Ólafsson, deildarstjóri, formaður.
Stefán Gunnlaugsson, deildarstjóri.
Gunnlaugur M. Sigmundsson, deildarstjóri.
Guðmundur Sigþórsson, deildarstjóri.

Starfshópurinn lauk störfum og gerði ráðherra grein fyrir niðurstöðum sínum í júnímánuði 1980.

Nefnd varðandi steinullarverksmiðju

Með bréfi rn., dags. 14. mars 1980, var skipuð nefnd til þess að kanna nánar forsendur fyrir athugun á staðarvali steinullarverksmiðju.

Vilhjálmur Lúðvíksson, framkvæmdastjóri, formaður.
Bjarni Einarsson, framkvæmdastjóri.
Hörður Jónsson, framkvæmdastjóri.
Svavar Jónatansson, framkvæmdastjóri.
Þorsteinn Þorsteinsson, bæjarstjóri, Sauðárkróki.

Með bréfi, dags. 25. apríl 1980, skilaði nefndin áliti.
Að fengnum tillögum var nefndarmönnum falið með bréfi rn., dags. 29. apríl 1980, að starfa áfram og kanna hagkvæmni steinullarverksmiðju og gera tillögur til ráðuneytisins um staðarval fyrir slíkt fyrirtæki.
Nefndin er enn að störfum.

Verkefnisstjórn á sviði raftækja- og rafeindaiðnaðar

Með bréfi ráðuneytisins, dags. 29. apríl 1980, var skipuð sérstök verkefnisstjórn þróunarverkefnis til þess að efla framleiðslu rafbúnaðar og rafeindatækja í landinu, með hliðsjón af þeirri öru aukningu, sem fyrirsjáanleg er hérlendis í hagnýtingu hvers kyns rafbúnaðar og hugbúnaðar, sem honum tengist.

Guðrún Hallgrímsdóttir, fulltrúi, formaður.
Björn Kristinsson, verkfræðingur.
Hlöðver Örn Ólafsson, rekstrartæknifræðingur.
Hörður Jónsson, framkvæmdastjóri.
Dr. Ingjaldur Hannibalsson, iðnaðarverkfræðingur.
Páll Theódórsson, eðlisfræðingur.
Sigurður Magnússon, rafvirki.

Nefndin er enn að störfum.
Í sept. 1980 var ráðinn til starfa fyrir nefndina Stefán Guðjohnsen, tæknifræðingur.

Nefnd um Fljótsdalsvirkjun og Blönduvirkjun.

Með bréfi rn., dags. 5. maí 1980, var skipuð ráðgjafarnefnd um undirbúning virkjunar Jökulsár í Fljótsdal (Fljótsdalsvirkjun).
Með bréfi rn., dags. 3. júlí 1980, var nefndinni jafnframt falið hliðstætt hlutverk vegna undirbúnings Blönduvirkjunar.

Tryggvi Sigurbjarnarson, verkfr., formaður.
Jakob Björnsson, orkumálastjóri.
Dr. Jóhannes Nordal, form. stjórnar Landsvirkjunar.
Kristján Jónsson, rafmagnsveitustjóri.

Nefndin er enn að störfum.

Starfshópur um sykuriðnað

Með bréfi rn., dags. 6. maí 1980, var skipaður starfshópur til þess að yfirfara skýrslu Áhugafélags um sykuriðnað hf. og Finnska Socker Ab., frá 29. febr. 1980, um „Undersökning av det tekniska förverkligandet af ett melassockerbaserat raffinaderi på Island", og að leggja mat á niðurstöður skýrslunnar og tæknilegar forsendur og hagkvæmni þess að reisa og reka sykurverksmiðju í Hveragerði.
Jafnframt að taka til athugunar aðra framleiðslu, sem tengst gæti rekstri verksmiðjunnar og ábendingar hafa komið fram um.

Hörður Jónsson, framkvæmdastjóri, formaður.

Ragnar Önundarson, aðstoðarbankastjóri.
Sigurður Sigfússon, verkfræðingur.

Starfshópurinn er enn að störfum.

Verkefnisstjórn vegna stálbræðslu

Með bréfi rn., dags. 10. júní 1980, var skipuð verkefnisstjórn til þess að hafa umsjón með gerð framkvæmnisathugunar vegna áforma um byggingu og rekstur stálbræðslu hérlendis, sem nýta myndi innlent brotajárn.

Gerð stofn- og rekstrarkostnaðaráætlunar, athugun á markaðsmálum og öðrum óvissuþáttum er að undirbúningi lúta.

Friðrik Daníelsson, efnaverkfræðingur, formaður.
Haukur Sævaldsson, verkfræðingur.
Sveinn E. Sigurðsson, viðskiptafræðingur.
Jafet S. Ólafsson, deildarstjóri.

Verkefnisstjórnin hefur skilað áliti til ráðherra 21. nóv. 1980.

Nefnd til rannsókna á nýtingu vindorku

Með bréfi rn., dags. 2. júní 1980, var skipuð nefnd til rannsókna á nýtingu vindorku í Grímsey.

Til að gera áætlun um ofangreint verkefni í samræmi við fjárveitingar (7 m. kr.) taka ákvarðanir um framkvæmd einstakra þátta þessa verkefnis og hafa yfirumsjón með framgangi þess.

Finnbogi Jónsson, verkfræðingur, formaður.
Alfreð Jónsson, oddviti.
Geir A. Gunnlaugsson, prófessor.
Örn Helgason, eðlisfræðingur.

Nefndin er enn að störfum.

Starfshópur um skipulagsmál Orkustofnunar

Með bréfi ráðuneytisins, dags. 1. ágúst 1980, var skipaður starfshópur til að gera tillögur um endurbætur á innra skipulagi og stjórnsýslu á Orkustofnun.

Kristmundur Halldórsson, deildarstjóri.
Tryggvi Sigurbjarnarson, verkfræðingur.
Jakob Björnsson, orkumálastjóri.
Axel Björnsson, eðlisfræðingur.
Stefán Sigurmundsson, fulltrúi.
Rúnar B. Jóhannsson, fulltrúi.
Jón E. Böðvarsson, deildarstjóri.

Starfshópurinn er enn að störfum.

Starfshópur til athugunar á hækkunarþörf gjaldskrár Hitaveitu Rvk.

Með bréfi ráðuneytisins, dags. 21. ágúst 1980, var skipaður starfshópur til þess, í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar, að gera, á vegum iðnaðarráðuneytisins og Reykjavíkurborgar, áætlun til nokkurra ára um þörf á hækkun á vatnsverði Hitaveitu Reykjavíkur, með hliðsjón af áformum um vatnsöflun, stækkun dreifikerfis og aðrar framkvæmdir.

Kristmundur Halldórsson, deildarstjóri, formaður.
Valdimar K. Jónsson, form. stjórnar veitustofnana Rvk-borgar.
Stefán Reynir Kristinsson, viðskiptafræðingur.

Starfshópurinn er enn að störfum.

Nefnd til að gera tillögur um verðlagningu á orku.

Með bréfi ráðuneytisins, dags. 4. sept. 1980, var skipuð nefnd til þess að gera tillögur um verðlagningu á orku, einkum að því er tekur til:

— Almennrar verðlagningar á raforku með hliðsjón af ákvæðum í stjórnarsáttmála um aukna verðjöfnun á því sviði.
— Mótunar viðmiðunarreglna um verðlagningu á orku til orkufreks iðnaðar og mat á núgildandi orkusölusamningum við stærri iðnfyrirtæki í landinu.
— Opinberra gjalda á orku. Sérstaklega tæki nefndin fyrir fljótlega endurskoðun á verðjöfnunargjaldi á raforku og söluskattsálagningu með það í huga að í stað þessara gjalda komi fast gjald á orkueiningu.

Kristmundur Halldórsson, deildarstjóri, formaður.
Finnbogi Jónsson, eðlisfræðingur.
Eiríkur Briem, hagfræðingur.
Guðmundur Helgason, raffræðingur.

Nefndin er enn að störfum.

Nefnd um hagnýtar hafsbotnsrannsóknir

Með bréfi ráðuneytisins, dags. 4. sept. 1980, var skipuð nefnd til ráðgjafar um hagnýtar hafsbotnsrannsóknir við Ísland og stefnumótun í því sambandi. Kemur nefndin í stað starfshóps um olíuleitarmál, er skipaður var með bréfi ráðuneytisins, dags. 30. maí 1978.

Árni Þ. Árnason, skrifstofustjóri, formaður.
Dr. Vilhjálmur Lúðvíksson, framkvæmdastjóri, varaformaður.
Benedikt Sigurjónsson, hæstaréttardómari.
Guðmundur Magnússon, verkfræðingur.
Dr. Guðmundur Pálmason, forstöðumaður jarðhitadeildar Orkustofnunar.
Jón Þ. Ólafsson, haffræðingur.
Ólafur Egilsson, sendifulltrúi.
Þóroddur Th. Sigurðsson, verkfræðingur.

Hinn 20. september 1980 skilaði nefndin til ráðherra tillögum um setlagarannsóknir 1981 m. t. t. kolvetna ásamt kostnaðaráætlun.

Nefnd um staðarval til iðnreksturs

Með bréfi ráðuneytisins, dags. 3. okt. 1980, var skipuð nefnd til að kanna hvar helst komi til álita að reist verði iðjuver í tengslum við nýtingu á orku- og hráefnalindum landsins.

Þorsteinn Vilhjálmsson, eðlisfræðingur, formaður.
Vilhjálmur Lúðvíksson, verkfræðingur.
Ingimar Sigurðsson, deildarstjóri.
Sigurður Guðmundsson, skipulagsfræðingur.
Haukur Tómasson, jarðfræðingur.

Ritari nefndarinnar er Bragi Guðbrandsson, lektor.

Nefndin hefur ráðið Pétur Stefánsson til starfa á sínum vegum.

Nefndin er enn að störfum.

Starfshópur um stöðu Jarðvarmaveitna ríkisins og Jarðborana ríkisins

Með bréfi ráðuneytisins, dags. 21. okt. 1980, var skipaður starfshópur til athugunar og tillögugerðar um úrbætur á rekstrarlegri og fjárhagslegri stöðu Jarðvarmaveitna ríkisins og Jarðborana ríkisins.

Kristmundur Halldórsson, deildarstjóri, formaður.
Edda Hermannsdóttir, fulltrúi.
Sveinbjörn Björnsson, eðlisfræðingur.

Með bréfi ráðuneytisins, dags. 5. nóv. 1980, var auk þess skipaður í hópinn Glúmur Björnsson, skrifstofustjóri.
Starfshópurinn er enn að störfum.

Starfshópur um stöðu hitaveitna.

Með bréfi ráðuneytisins, dags. 21. okt. 1980, var skipaður starfshópur til þess að kynna sér fjárhags- og rekstrarerfiðleika hitaveitna Suðureyrar, Blönduóss og Siglufjarðar, greina orsakir þess vanda, sem um er að ræða, og benda á leiðir til úrbóta. Einnig að kanna hvort og með hvaða hætti ríkið gæti stuðlað að lausn erfiðleika þessara fyrirtækja.

Kristmundur Halldórsson, deildarstjóri, formaður.
Magnús Pétursson, skrifstofustjóri.
Karl Ómar Jónsson, ráðgjafaverkfræðingur.

Starfshópurinn er enn að störfum.

Starfshópur um Orkusjóð

Með bréfi ráðuneytisins, dags. 28. okt. 1980, var skipaður starfshópur til þess að athuga fjármál Orkusjóðs, viðskipti hans við ríkissjóð, orkufyrirtæki og lántakendur.

Athuga skal, hvort þörf sé á að lánveitingar til Rafmagnsveitna ríkisins, Orkubús Vestfjarða og e. t. v. fleiri aðila fari um sjóðinn, lánakjör þeirra lána, er sjóðurinn tekur og endurlánar, og gera tillögur til breytinga, ef þurfa þykir, einnig að greina lánastreymi til hitaveitulána og gera tillögu til einföldunar og betra yfirlits. Í því sambandi verði athugað hvort ekki sé rétt að um Orkusjóð fari öll opinber lán til hitaveituframkvæmda.

Páll Flygenring, ráðuneytisstjóri.
Brynjólfur Sigurðsson, hagsýslustjóri.
Jakob Björnsson, orkumálastjóri.

Starfshópurinn er enn að störfum.

Í samræmi við framanritað birtist hér á eftir listi yfir einstaklinga og aðila sem svar við 3 spurningu fyrirspyrjanda:

Almenna Verkfræðistofan hf.	Verkfræði- og ráðgjafarstörf
Mr. G. Barrow	Ráðgjafaþjónusta um orkufrekan iðnað.
Benedikt Sigurjónsson hrd.	Lögfræðileg ráðgjafastörf
Bergur Jónsson rafmagnseftirlitsstjóri	Endurskoðun rafmagnseftirlitsmála
Birgir Björn Sigurjónsson hagfr.	Hagfræðileg sérfræðiaðstoð
Björn Þ. Guðmundsson lögfr.	Verkefni á sviði lögfræði
E. A. Projekt ráðgjafafyrirtæki Finnlandi	Starfsþjálfun í fataiðnaði
Einar Einarsson uppfinningamaður	Prófanir á naglahjólbörðum
Elías Davíðsson kerfisfræðingur	Ráðgjafarstörf
Eyjólfur Sæmundsson verkfræðingur	Verkfræði- og ráðgjafarstörf
Fjarhitun h. f. verkfræðistofa	Verkfræði- og ráðgjafarstörf
Garðar Ingvarsson hagfr.	Ráðgjafarstörf
Hnit h. f. verkfræðistofa	Verkfræðistörf
Hörður Jónsson verkfræðingur	Athuganir vegna steinullarverksmiðju
Ingi R. Helgason lögfr.	Lögfræðileg ráðgjöf
Jón Hálfdánarson efnafræðingur	Sérfræðistörf
Kristján Jónsson rafmagnsveitustjóri ríkisins	Ráðgjafarstörf á sviði orkumála
N. Manscher og Co endurskoðunarskrifstofa	Endurskoðunarstörf
Rafteikning h. f. verkfræðistofa	Verkfræði- og ráðgjafarstörf
Ragnar Aðalsteinsson lögfr.	Lögfræðileg ráðgjöf
Raunvísindastofnun Háskólans	Tilraunastörf
Ráðgjafarþjónusta Ólafs Eiríkssonar	Tilraunir á brennslu svartolíu í ljósavélum skuttogara
S. T. G. Rafeinda- og stýritækni	Verkefnisstjórn rafiðnaðarverkefnis
Sigurður Guðmundsson verkfr.	Skýrslugerð um stefnumótun í iðnþróun
Útflutningsmiðstöð iðnaðarins	Öflun markaðsupplýsinga
Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf.	Verkfræði- og ráðgjafarstörf
Vilhjálmur Lúðvíksson efnaverkfræðingur	Ráðgjafarstörf á sviði iðnþróunarmála
Þorsteinn Hannesson efnaverkfræðingur	Sérfræðistörf
Þorsteinn Vilhjálmsson eðlisfræðingur	Ráðgjafarstörf

Sameinað þing, 38. fundur.

Föstudaginn 19. des., kl. 2 miðdegis.

Kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í bankaráð Búnaðarbanka Íslands, allra til fjögurra ára, frá 1. jan. 1981 til 31. des. 1984, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 9. gr. laga nr. 28 19. maí 1976, um Búnaðarbanka Íslands.

Fram komu þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvgr.:

Aðalmenn:
Stefán Valgeirsson alþm. (A),
Friðjón Þórðarson ráðherra (B),
Helgi Seljan alþm. (A),
Gunnar Gíslason sóknarprestur (B),
Haukur Helgason skólastjóri (C).

Varamenn:
Jón Helgason alþm. (A),
Egill Jónsson alþm. (B),
Þórunn Eiríksdóttir húsfrú (A),
Eggert Haukdal alþm. (B),
Sigbjörn Gunnarsson verslunarmaður (C).

Kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í bankaráð Landsbanka Íslands, allra til fjögurra ára, frá 1. jan. 1981 til 31. des. 1984, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 9. gr. laga nr. 11 29. mars 1961, um Landsbanka Íslands.

Fram komu þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvgr.:

Aðalmenn:
Kristinn Finnbogason framkvæmdastjóri (A),
Matthías Á. Mathiesen alþm. (B),
Lúðvík Jósepsson fyrrv. alþm. (A),
Árni Vilhjálmsson prófessor (B),
Bjarni P. Magnússon hagfræðingur (C).

Varamenn:
Jóhann Einvarðsson alþm. (A),
Davíð Scheving Thorsteinsson framkvæmdastjóri (B),
Ólafur Jónsson framkvæmdastjóri (A),
Jón Þorgilsson sveitarstjóri (B),
Gunnar Jónsson umboðsmaður (C).

Kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í bankaráð Seðlabanka Íslands frá 1. jan. 1981 til 31. des. 1984, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 28. gr. laga nr. 10 29. mars 1961, um Seðlabanka Íslands.

Fram komu þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvgr.:

Aðalmenn:
Halldór Ásgrímsson alþm. (A),
Pétur Sæmundsen bankastjóri (B),
Ingi R. Helgason hrl. (A),
Sverrir Júlíusson forstjóri (B),
Benedikt Gröndal alþm. (C).

Varamenn:
Geir Magnússon skrifstofumaður (A),
Ólafur B. Thors borgarfulltrúi (B),
Þröstur Ólafsson hagfræðingur (A),
Friðrik Þorvaldsson forstjóri (B),
Sveinn Guðmundsson útibússtjóri (C).

Kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í bankaráð Útvegsbanka Íslands, allra til fjögurra ára, frá 1. jan. 1981 til 31. des. 1984, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 9. gr. laga nr. 12 29. mars 1961, um Útvegsbanka Íslands.

Fram komu þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvgr.:

Aðalmenn:
Alexander Stefánsson alþm. (A),
Albert Guðmundsson alþm. (B),
Garðar Sigurðsson alþm. (A),
Guðmundur Karlsson alþm. (B),
Arnbjörn Kristinsson prentsmiðjustjóri (C),

Varamenn:
Jón Aðalsteinn Jónasson kaupmaður (A),
Valdimar Indriðason framkvæmdastjóri (B),
Haukur Helgason hagfræðingur (A),
Björn Guðmundsson útgerðarmaður (B),
Reynir Guðsteinsson yfirkennari (C).

Kosning tveggja endurskoðenda reikninga Búnaðarbanka Íslands til tveggja ára frá 1. jan. 1981 til 31. des. 1982, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 15. gr. laga nr. 25 19. maí 1976, um Búnaðarbanka Íslands.

Fram komu tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvgr.:

Ingi Tryggvason fyrrv alþm. (A),
Jón M. Guðmundsson oddviti (B).

Kosning tveggja endurskoðenda reikninga Framkvæmdastofnunar ríkisins svo og þeirra sjóða sem eru í umsjá hennar, samkv. 36. gr. laga nr. 97 29. júní 1976, um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Fram komu tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvgr.:

Jón Kristjánsson verslunarmaður (A),
Þorfinnur Bjarnason fyrrv. sveitarstjóri (B).

Kosning tveggja endurskoðenda reikninga Landsbanka Íslands til tveggja ára, frá 29. mars 1981 til jafnlengdar 1983, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 15. gr. laga nr. 11 29. mars 1961, um Landsbanka Íslands.

Fram komu tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvgr.:

Sveinn Aðalsteinsson (A),
Ragnar Jónsson skrifstofustjóri (B).

Kosning tveggja endurskoðenda reikninga Útvegsbanka Íslands til tveggja ára, frá 29. mars 1981 til jafnlengdar 1983, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 15. gr. laga nr. 12/1961, um Útvegsbanka Íslands.

Fram komu þrír listar. Á A-lista var Haukur Harðarson, á B-lista Ingi R. Jóhannsson, á C-lista Davíð Guðmundsson rekstrartæknifræðingur.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég átta mig á því að ég hef kannske kvatt mér hljóðs á slæmu augnabliki þar sem kosningu hefur ekki verið lýst, og ég bið afsökunar á því. En ég kem hér í ræðustólinn til að gera hér smáathugasemd á þessu stigi dagskrárinnar.

Við höfum nú kosið í öll bankaráð þjóðbankanna, í Landsbanka Íslands, Búnaðarbanka Íslands, Útvegsbanka Íslands og Seðlabanka Íslands. Við höfum einnig kosið endurskoðendur í allar þessar ríkisstofnanir nema Seðlabanka Íslands. Ég vil vekja athygli hv. alþm. á þeirri staðreynd, að Alþingi Íslendinga kýs ekki endurskoðendur fyrir Seðlabanka Íslands. Ég tel það óeðlilegt og mun flytja brtt. við þau lög, sem um Seðlabankann gilda, strax eftir áramót og vonast eftir stuðningi í því máli.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins vegna þessara orða hv. 3. þm. Reykv. upplýsa það, að það bankaráð, sem Alþingi kýs í Seðlabanka Íslands, velur endurskoðanda. Sá endurskoðandi er nú Stefán Svavarsson löggiltur endurskoðandi og dósent í endurskoðun við Háskóla Íslands.

A-listi hlaut 27 atkv., B-listi 21 atkv., C-listi 10 atkv., en einn seðill var auður. — Samkv. því lýsti forseti yfir að kjörnir væru:

Haukur Harðarson fyrrv. bæjarstjóri (A),
Ingi R. Jóhannsson löggiltur endurskoðandi (B).

Kosning sex fulltrúa og jafnmargra varafulltrúa úr hópi þingmanna í Norðurlandaráð, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkvæmt þingsályktun frá 15. des. 1961, um kjör fulltrúa í Norðurlandaráð, sbr. þingsályktun frá 3. des. 1969, um samþykkt á starfsreglum Norðurlandaráðs. Gildir kosningin þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulegu Alþingi.

Fram komu þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvgr.:

Aðalmenn:
Páll Pétursson alþm. (A),
Matthías Á. Mathiesen alþm. (B),
Halldór Ásgrímsson alþm. (A),
Sverrir Hermannsson alþm. (B),
Árni Gunnarsson alþm. (C),
Stefán Jónsson alþm. (A).

Varamenn:
Davíð Aðalsteinsson alþm. (A),
Geir Hallgrímsson alþm. (B),
Guðmundur Bjarnason alþm. (A),
Pétur Sigurðsson alþm. (B),
Eiður Guðnason alþm. (C),
Guðrún Helgadóttir alþm. (A).

Kosning sjö manna í stjórn Áburðarverksmiðju ríkisins til fjögurra ára, frá 1. júlí 1981 til jafnlengdar 1985, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 6. gr. laga nr. 43/1971, um Áburðarverksmiðju ríkisins.

Fram komu þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvgr.:

Gunnar Guðbjartsson form. Stéttarsamb. bænda (A),
Björn Sigurbjörnsson forstjóri (B),
Hjörtur Hjartar fyrrv. framkvæmdastjóri (A),
Gunnar Sigurðsson bóndi (B),
Garðar Sveinn Árnason verslunarmaður (C),
Ríkharð Brynjólfsson kennari (A),
Steinþór Gestsson alþm. (B).

Kosning fimm manna í stjórn Sementsverksmiðjunnar til fjögurra ára, frá 6. febr. 1981 til jafnlengdar 1985, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 1. gr. laga nr. 7 6. febr. 1961, um breyting á lögum nr. 35 1. apríl 1948, um sementsverksmiðju.

Fram komu þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvgr.:

Daníel Ágústínusson aðalbókari (A),
Ásgeir Pétursson bæjarfógeti (B),
Skúli Alexandersson alþm. (A),
Friðjón Þórðarson ráðherra (B),
Sigurjón Hannesson byggingarmeistari (C).

Kosning þriggja yfirskoðunarmanna ríkisreikninganna 1980, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 43. gr. stjórnarskrárinnar.

Fram komu tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvgr.:

Jón Snæbjörnsson endurskoðandi (A),
Halldór Blöndal alþm. (B),
Baldur Óskarsson skrifstofumaður (A).

Kosning 8 manna í landsdóm og jafnmargra varamanna til sex ára, frá 18. mars 1981 til jafnlengdar 1987, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 2. gr. laga nr. 3 1963, um landsdóm.

Fram komu þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvgr.:

Aðalmenn:
Björn Fr. Björnsson fyrrv. sýslumaður (A),
Ólína Ragnarsdóttir húsfrú (B),
Jón Á. Jóhannsson ritstjóri (A),
Reynir Zoëga gjaldkeri (B),
Sveinbjörn Sigurjónsson fyrrv. skólastjóri (C),
Jóhannes Stefánsson fyrrv. framkvæmdastjóri (A),
Andrés Ólafsson sóknarprestur (B),
Helgi Ívarsson bóndi (B).

Varamenn:
Eggert Ólafsson bóndi (A),
Hörður Pálsson bakarameistari (B),
Þórarinn Kristjánsson oddviti (A),
Jónas H. Traustason forstjóri (B),
Pálmi Jósefsson fyrrv. skólastjóri (C),
Svava Jakobsdóttir fyrrv. alþm. (A),
Knútur Jónsson skrifstofustjóri (B),
Ólör Benediktsdóttir kennari (B).

Kosning verðlaunanefndar Gjafar Jóns Sigurðssonar til 31. desember 1981.

Fram komu tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvgr.:

Magnús Már Lárusson fyrrv. prófessor (A),
Þór Vilhjálmsson hæstaréttardómari (B),
Óskar Halldórsson fyrrv. lektor (A).

Kosning stjórnar Fiskimálasjóðs, fimm manna og jafnmargra varamanna, allra til þriggja ára, frá 1. jan. 1981 til 31. des. 1983, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 1. gr. laga nr. 89/1947.

Fram komu þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvgr.:

Aðalmenn:
Hjálmar Vilhjálmsson fiskifræðingur (A),
Sverrir Júlíusson forstjóri (B),
Kristján Jónsson stýrimaður (A),
Már Elísson fiskimálastjóri (B),
Karvel Pálmason alþm. (C).

Varamenn:
Bogi Þórðarson fyrrv. kaupfélagsstjóri (A),
Pétur Sigurðsson alþm. (B),
Ólafur Karvel Pálsson fiskifræðingur (A),
Kristján Ragnarsson framkvæmdastjóri (B),
Sigurður Gunnarsson skipstjóri (C).

Kosning varamanns í stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins, til fyrsta þings að afstöðnum almennum alþingiskosningum, í stað Gunnars Gissurarsonar tæknifræðings, er hefur ráðist til starfa erlendis.

Einn maður var tilnefndur og lýsti forseti yfir að kosinn væri án atkvgr.:

Óskar Hallgrímsson deildarstjóri.

Samþykki til frestunar á fundum Alþingis, þáltill. (þskj. 267). — Ein umr.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Á morgun, 20. des., er gert ráð fyrir að Alþingi hafi lokið þeim störfum og afgreiðslu þeirra mála sem sérstök þörf var á að ljúka fyrir jól. Í sögu Alþingis nú um alllangt skeið hefur það oftast verið svo, að fundum Alþingis hefur þá verið frestað fram eftir janúarmánuði eða fram í síðari hluta þess mánaðar. Að þessu sinni er ætlunin að svipaður háttur verði á hafður og oftast hefur verið að undanförnu og því er borin fram af hálfu ríkisstj. till. á þskj. 267 um að Alþingi álykti að veita samþykki sitt til þess, að fundum þingsins verði frestað frá 20. des. 1980 eða síðar, ef henta þykir, enda verði það kvatt saman á ný eigi síðar en 26. jan. 1981.

Ég vænti þess, að hv. þingheimur fallist á þessa tillögu.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Að öllu venjulegu ætti það ekki að koma þingheimi á óvart að slík þáltill. skuli borin fram, og ef allt væri með eðlilegum hætti væri sjálfsagt auðsótt mál að fá samþykki þm. við slíkri þáltill. Það hafa að vísu stundum undir slíkum kringumstæðum verið uppi aths. eða fsp. um með hvaða hætti ríkisstj. hygðist beita valdi sínu til útgáfu brbl., og hafi verið ástæða til þess áður, þá er því fremur ástæða til þess nú.

En í raun og veru svipar ástandinu og viðhorfinu í ár ákaflega mikið til þess ástands sem var fyrir einu ári, þegar nýlega voru um garð gengnar alþingiskosningar og stjórnarmyndunartilraunir voru í gangi. Í sannleika sagt má segja að stjórnarmyndunartilraun hafi verið í gangi allar götur frá því kosningar fóru fram í des. á síðasta ári. Að vísu var það svo, að ríkisstjórn var mynduð að nafninu til í byrjun febrúarmánaðar á þessu ári og hét því að vinna gegn verðbólgu og gera ákveðnar efnahagsráðstafanir. Stjórnarandstöðunni þá þótti þunnt roðið í málefnasamningi ríkisstj. að þessu leyti, og á daginn hefur komið að úr því litla, sem auga mátti á festa varðandi efnahagsráðstafanir, hefur ekkert orðið í framkvæmd. Á ég þar ekki síst við svokallaða niðurtalningu, sem ekki má minnast á frekar en snöru í hengds manns húsi nú orðið. Og allir vitum við þm. um yfirlýsingar ráðherra úr

öllum flokkum — þótt aldrei þessu vant hafi ráðherrar Alþb. haft hljóðast um sig um væntanlegar efnahagsaðgerðir. Hæstv. forsrh. hefur hvað eftir annað, frá því að ríkisstj. var mynduð, með ákveðnu millibili sagt að nú væri efnhagsaðgerða að vænta, að þeim væri unnið af miklum dugnaði og krafti, efnahagsmálanefnd hefði verið skipuð, efnahagsmálanefnd hefði skilað áliti, ráðherranefnd hefði verið skipuð og héldi fund með efnahagsmálanefnd. Þetta hefur gengið svo til í rúma 10 mánuði, en þingheimur hefur ekki séð snefil af þessum væntanlegu efnahagsaðgerðum. Lýst hefur verið eftir þeim fyrir Alþýðusambandsþing, lýst hefur verið eftir þeim áður en þinghlé yrði gert vegna jólanna.

Ég held að ég komist ekki hjá því að nefna eitt einstakt dæmi sem lýsir vel hvernig gangur mála hefur einnig verið á öðrum sviðum. Það á ég við vaxtastefnu ríkisstj. og framkvæmd á svokölluðum Ólafslögum eða 33. gr. þeirra, sem fjallar um ákvæði til bráðabirgða og fellur inn í lög um Seðlabanka Íslands. Ríkisstj. og Seðlabankinn gáfu út fréttatilkynningu við ákvörðun vaxta miðað við 1. mars, rétt eftir að ríkisstj. hafði tekið við. Þar var kveðið svo á, að vextir yrðu óbreyttir að sinni, vegna þess að umræður ættu sér stað milli Seðlabanka og ríkisstj. um framkvæmd Ólafslaga að þessu leyti, og gefið í skyn að til mála kæmi að framlengja aðlögunartíma þann, sem ákveðinn hafði verið samkv. Ólafslögum, til ársloka 1980 til að fá samræmi milli vaxta og verðtryggingar annars vegar og verðbólgustigs hins vegar.

Síðan á það sér stað miðað við 1. júní, að ríkisstj. fellst á tillögu Seðlabankans um vaxtahækkun milli 2.5 prósentustiga og 4 prósentustiga, í samræmi við 33. gr. Ólafslaga, og fellst þannig á að það sé skylda samkv. þeim lögum að koma þessari samræmingu á. En jafnframt er tekið fram að frekari viðræður eigi sér stað milli Seðlabanka og ríkisstj. um framkvæmd 33. gr.

Innskot verð ég að gera. Með þessari vaxtahækkun braut ríkisstj. að vísu í bága við málefnasamning sinn, það sem segir að vextir verði óbreyttir þar til verðbólga fari að hjaðna. En hún treystist ekki á því stigi til að breyta verðtryggingar- og vaxtaákvæði Ólafslaga.

Síðan líður og bíður fram undir 1. sept. s. l. Þá tilkynnir Seðlabankinn og ríkisstj. að vextir verði óbreyttir vegna þess að viðræður eigi sér enn stað milli ríkisstj. og Seðlabanka um að lengja aðlögunartíma Ólafslaga milli vaxta og verðtryggingar annars vegar og verðbólgustigsins hins vegar.

Næst skeður það, að í stefnuræðu forsrh. er fram tekið að ríkisstj. hyggist framlengja aðlögunartíma Ólafslaga að þessu leyti. 1. des. kemur og ekkert gerist. Ríkisstj. og ráðherrar eru inntir eftir því hvað eftir annað í umræðum hér á þingi, hvað ríkisstj. hyggist fyrir að þessu leyti.

Engin svör fást fyrr en hæstv. fjmrh. lýsir því yfir, að ríkisstj. þurfi ekkert að hugsa um Ólafslög og 33. gr. og þurfi ekkert að framlengja aðlögunartímann vegna þess að það sé búið að fullnægja ákvæðum Ólafslaga að þessu leyti þar sem stofnað hafi verið til verðtryggðra innlánsreikninga, þrátt fyrir fyrri yfirlýsingar um að ríkisstj. ætlaði sér að framlengja aðlögunartímann — ekki ein var sú yfirlýsing og ekki tvær, þær voru fleiri en tölum verði á komið — en loksins var þetta þjóðráð fundið, sem allir eru sammála um að brýtur algerlega í bága við lögin sjálf og fyrri venjur um framkvæmd þessara laga, þ. á m. skilning ríkisstj., sbr. vaxtaákvörðun hennar fyrir 1. júní s. l.

Nú liggur það fyrir, að um annað tveggja er að ræða fyrir þessi áramót: Að Seðlabankinn verður að fara eftir landsins lögum og færa vexti og verðtryggingu í samræmi við verðbólgustig — sem kunnugir menn segja að þýði um það bil 10 prósentustiga hækkun á vöxtum — eða ríkisstj. verður að gefa út brbl. til þess að koma í veg fyrir það. Ég tek þetta sem dæmi um það, að hér er um brbl.-útgáfu að ræða sem mér finnst algerlega óeðlileg með tilvísun til þess tíma sem ríkisstj. hefur haft til að færa þessi mál í það horf sem stefna hennar segir til um og hún sjálf vill. Skýringin á því, að ekkert hefur verið gert, felst auðvitað í ósamkomulagi, úrræðaleysi ríkisstj. hvað þennan þátt efnahagsmálanna snertir, sem kemur fram í aðgerðaleysi hennar í nær heilt ár í efnhagsráðstöfunum almennt. Þess vegna vil ég lýsa því yfir fyrir hönd þm. Sjálfstfl. að fáist ekki skýr og skilmerkileg svör þess efnis, að ríkisstj. muni ekki beita valdi sínu til útgáfu brbl. meðan á þingfrestun stendur til staðfestingar og framkvæmdar alhliða efnahagsráðstafana, þá munu þm. Sjálfstfl. greiða atkv. á móti þessari þáltill. Hins vegar vil ég láta það koma alveg skýrt fram, að þm. Sjálfstfl. eru reiðubúnir til þess að vera í kallfæri og mæta til fundar Alþingis, hvenær sem til slíkra funda er kvatt, og taka afstöðu til þeirra lagafrv. og löggjafar sem ríkisstj. telur nauðsynlegt að sett verði í baráttunni gegn verðbólgunni varðandi almennar efnahagsráðstafanir.

Ég nefndi í upphafi máls míns að nú svipaði aðstæðum öllum til þess sem var fyrir einu ár. Þá var á það ráð brugðið, að forsetar frestuðu fundum Alþingis innan þeirra marka sem talið er heimilt innan sérstakrar ályktunar Alþingis, þ. e. um það bil um tvær vinnuvikur. Þá leið má fara. Sú leið er eðlilegri meðan þingheimur er í óvissu um aðgerðir sem ríkisstj. lýsir yfir að séu á næsta leyti, en þm. sannast að segja hafa litla trú á að séu í fæðingu þrátt fyrir allt. En miðað við yfirlýsingar ríkisstj. er ástæða til að taka vara við því að senda þingið heim og gefa út lög án atbeina þingsins í krafti þess valds og heimildar sem ríkisstj. hefur til útgáfu brbl. Slíkt á að vera undantekningartilvik, en ekki að nýtast í þeim tilgangi að fara á bak við þingið. Þess vegna tel ég nauðsynlegt að hér komi fram skýrt og skilmerkilega afstaða þm. Sjálfstfl. til þessarar þáltill.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Hér er lagt til með þáltill. að fundum þingsins verði frestað allt fram til 26. jan. 1981. Í samþykkt þáltill. sem þessarar felst 36 daga hlé á þingstörfum og fer ríkisstj. samkv. því með heimild til að gefa út brbl. á þeim tíma. Nú stendur svo á, að ríkisstj. hefur margboðað efnahagsráðstafanir um eða upp úr áramótum, og enn fremur að menn þurfa ekkert að velkjast í vafa um það, að ríkisstj. telur koma til greina að nota brbl.-heimild sína á þessu tímabili, því að hæstv. forsrh. hefur einmitt gefið í skyn að lagasetningar kunni að vera þörf, sem þá yrði staðfest á Alþingi á eftir, m. ö. o. gefið í skyn að gripið yrði til seningar brbl. Ítrekaðar tilraunir til að fá nánari skýringar í þessum efnum af hálfu hæstv. forsrh. hafa ekki borið árangur. Hæstv. forsrh. hefur svarað því einu, að ríkisstj. hafi ekki hug á því að afsala sér bráðabirgðalagavaldi sínu.

Ég verð að segja það fyrst, að ég tel að til slíkrar brbl.-setningar séu engin efni. Það má kveðja saman þingfund með skömmum fyrirvara. Það á ekkert að þurfa að bera svo brátt að að ekki dugi að kalla til þingfundar

með eins til tveggja daga fyrirvara. Og til slíks fundar erum við þm. Alþfl. reiðubúnir að mæta hvenær sem er.

Við þær aðstæður, sem ég hef hér lýst, við þær yfirlýsingar, sem gefnar hafa verið af hálfu hæstv. ríkisstj. — og einkum og sér í lagi hæstv. forsrh. — teljum við þm. Alþfl. ekki rétt, við teljum rangt að fresta fundum þingsins með þeim hætti, sem lagt er til í þessari þáltill., og til þess tíma, sem gert er ráð fyrir.

Við þessar aðstæður teljum við rétt að hafa sama hátt á og hafður var fyrir ári, en þá lýsti forseti yfir að forsetar þingsins hefðu ákveðið að gera hlé á fundum Alþingis, og var slíkt hlé þá einungis gert til 8. jan. Við þm. Alþfl. erum reiðubúnir til viðræðna við forseta þingsins um slíka tilhögun og hvaða dagsetningu sé þá rétt að hafa.

Ég vil ítreka það, að engin ástæða er til að fresta fundum þingsins í svo langan tíma sem hér er gert ráð fyrir og með þessum hætti, og það er algerlega óeðlilegt að búa til það ástand, að ríkisstj. eigi að stjórna landinu með tilskipunum í formi brbl. Það er hlutverk Alþingis að setja lög. Það er veigamikill þáttur í stjórnkerfi okkar og lýðræðislegum stjórnarháttum, að mál fái opinbera umfjöllun á opinberum vettvangi einmitt í sölum Alþingis áður en frá þeim er gengið. Það er verið að sniðganga slíkt með setningu brbl. Og við þessar aðstæður eru engin efni til að ganga fram hjá þinginu.

Ríkisstj. hefur lýst yfir að ráðstafana sé þörf einmitt nú í efnahagsmálum og að e. t. v. þurfi lagasetningar við. Það er þá í hæsta máta ólýðræðislegt að senda þingið heim í 36 daga. Það er í raun óvirðing við þingið og lýðræðið í landinu. Við þm. Alþfl. viljum ekki standa að slíku. Við sjáum enga ástæðu til svo langs þinghlés. Við teljum fráleitt að ríkisstj. taki sér bráðabirgðalagavald í skjóli slíks þinghlés. Ríkisstj. hefur ekkert með slíkt bráðabirgðalagavald að gera. Því erum við andvígir þessari þáltill. og teljum okkur ekki þurfa forsrh. frekar að spyrja, því að svör hans í þessum efnum eru nægilega skýr þegar.

Þegar forsrh. hefur lýst yfir að einmitt kunni að vera þörf á lagasetningu, þá er ólýðræðislegt — ég endurtek það — að fresta þingi með þessum hætti, ég tala nú ekki um þegar forsrh. hefur beinlínis gefið í skyn að hann ætli einmitt að nota þinghléið til þess að setja brbl. Þótt þingi hafi oft verið frestað með þessum hætti, er ég sannfærður um að það hefur aldrei verið gert við þær aðstæður, að áður hafi forsrh. gefið í skyn á opinberum vettvangi, í útvarpsviðtali, að hléið kunni einmitt að verða notað til setningar brbl. Það er það sem skilur á milli. Það er það, að ríkisstj. og hæstv. forsrh. hafa marglýst yfir að einmitt á þessum tíma þurfi að gera efnahagsráðstafanir. Þess vegna erum við þm. Alþfl. andvígir þessari till. og teljum hana ólýðræðislega og óviðeigandi.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Sú till., sem hæstv. forsrh. hefur hér mælt fyrir, gengur út á það, að minni hl. löggjafarsamkomunnar afsali sér löggjafarvaldi nú um sex vikna skeið eða svo, m. ö. o., þingið leysi sjálft sig upp og skilji löggjafarvaldið eftir hjá um það bil 30 þm. eða kannske rétt rúmlega það. Eins og hv. þm. og formaður Alþfl., Kjartan Jóhannsson, hefur hér upplýst, er þetta auðvitað ólýðræðislega að farið, enda engin ástæða til. Það hlýtur að vera krafa a. m. k. þeirra þm., sem nú á að fara að svipta umboði, að þeir hafi einhverja hugmynd um til hvers sá meiri hl. þm., sem eftir situr með þetta vald, ætlar að nota það. Og það er sérstaklega eitt sem mér leikur forvitni á að vita: Á að nota þetta vald, sem rúmlega 30 þm. ætla sér að fara með núna í sex vikur, til þess að svíkjast aftan að sparifjáreigendum? Það er alveg ljóst, að samkv. lögum nr. 13/1979 hafa sparifjáreigendur heit löggjafarvaldsins fyrir því, að hagsmunir þeirra muni verða verndaðir frá og með næstu áramótum. Þetta er alveg ótvírætt í lögum nr. 13 frá 1979 og þessu til undirstrikunar má vísa í orð hv. þm. Halldórs Ásgrímssonar, sem hann viðhafði í Nd. 10. mars s. l., en þá sagði hann — og hann er að tala um Seðlabankann: „Honum ber að haga framkvæmd laganna með þeim hætti sem um getur í lögunum, þannig að full verðtrygging verði komin á í lok 1980.“ Þetta voru orð hv. þm. Halldórs Ásgrímssonar, og hér var vísað til þess í gær, að sömu orð hefur hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson haft um þessi efni. Það hlýtur að vera krafa okkar, þess minni hl. þm. sem nú á að fara að svipta umboði, að bæði hæstv. forsrh. sem og þessir þm. svari því, með hvaða hætti þeir ætla að fara með það vald sem þeir nú ætla að taka sér í krafti síns meiri hl. og þó einkum og sér í lagi gagnvart sparifjáreigendum.

Ég ítreka þá spurningu til hæstv. forsrh., sem hann áður hefur verið spurður um þessi efni: Með hvaða hætti ætlar núverandi þingmeirihluti að nota sér það vald sem hann nú er að fara fram á? Stendur til að svíkjast aftan að sparifjáreigendum, að draga úr því sem þeim hefur verið heitið? Ég tel einnig rétt að spyrja þá þm. sem um þessi mál hafa fjallað — og beini þeirri spurningu ekki síst til hv. þm. Halldórs Ásgrímssonar, sem er formaður fjh.- og viðskn. Nd.: Hefur hann einhverjar hugmyndir um það á þessu stigi, hvort til standi með lagasetningu í því þinghléi, sem nú er verið að fara fram á, að breyta þeim hagsmunum eða þeim fyrirheitum sem sparifjáreigendum voru gefin með löggjöf frá árinu 1979? Ég ítreka þessa spurningu til hæstv. forsrh.: Getur hann einhverjar hugmyndir gefið okkur um það á þessu stigi, hvernig með þessi mál skuli farið?

Ég endurtek og undirstrika þau rök, sem fram komu hjá hv. þm. Kjartani Jóhannssyni, að við teljum hér gersamlega ólýðræðislega að farið og að engin ástæða sé til slíks. Það hlýtur að vera krafa þess minni hl. þingheims, sem nú á að fara að svipta völdum um sex vikna skeið, að einhverjar hugmyndir liggi fyrir um það, hvernig með þetta vald á að fara.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Það er talað um nú í sambandi við till. þá sem hér er til umr. um frestun þingsins, að þó að þingi sé venjulega frestað í jólaleyfi með sama hætti og hér er lagt til, þá séu núna sérstakar aðstæður fyrir hendi. Og þessar aðstæður eru þær, að það liggur í loftinu og við verðum að gera ráð fyrir því, að það verði alveg á næstunni — og þá á meðan þingið situr ekki — gerðar ráðstafanir í efnahagsmálunum. Það kann að vera, að oft þurfi að gera ráðstafanir í efnahagsmálum, en það stendur sérstaklega á núna. Það hefur aldrei staðið eins á áður. Það er ákveðið, að um næstu áramót fari fram gjaldmiðilsbreyting, svo sem kunnugt er. Það er algert einsdæmi.

Það eru allir sammála um það, að nauðsynlegt sé að gera sérstakar ráðstafanir í efnahagsmálunum vegna gjaldmiðilsbreytingarinnar, og það þurfi að vera um að ræða sérstaka stefnumótun í efnahagsmálunum af þess-

um ástæðum. Þetta eru allir sammála um. Sú staðreynd liggur líka fyrir, að það er ekki búið að gera þessar ráðstafanir. Enginn neitar því.

Í síðasta mánuði fóru fram ítarlegar umræður varðandi fsp. frá mér til hæstv. viðskrh. um það, hvort ekki væri ráð að endurskoða fyrirætlanir um gjaldmiðilsbreytingu vegna þess að engin heildarstefna og tillögur um heildaraðgerðir í efnahagsmálunum lægju fyrir. Það var rætt á þriggja vikna tímabili í nóv., í nálega þrjá daga, um þetta mál hér á Alþingi. Umræðurnar snerust fyrst og fremst um það, hvaða ráðstafanir hæstv. ríkisstj. ætlaði að gera í efnahagsmálunum í sambandi við gjaldmiðilsbreytinguna. Svo sem kunnugt er fékkst ekkert svar við þeirri spurningu. Að því leyti voru þessar umræður árangurslausar. En þessar umræður báru þó árangur sem ekki verður litið fram hjá og ég vil vekja athygli á í þessum umræðum.

Því var yfir lýst af hálfu ríkisstj., að það yrði ekki farið fram hjá Alþingi þegar mótuð yrði heildarstefna í efnahagsmálunum í sambandi við gjaldmiðilsbreytinguna. Þetta kom skýrast fram í beinni fsp. í þessum umræðum sem borin var fram af hv. þm. Matthíasi Á. Mathiesen. Með leyfi hæstv. forseta vil ég lesa hér upp þessa fsp. Hún er svo hljóðandi:

„Mega alþingismenn gera ráð fyrir því, að áður en þeir fara heim í jólaleyfi fái þeir að sjá hér á borðum sínum tillögur ríkisstj. í sambandi við þær ráðstafanir sem hún telur nauðsynlegt að gera vegna myntbreytingarinnar sem fram á að fara um áramót?"

Hæstv. viðskrh. svaraði þessari beinu fsp. á þennan hátt, með leyfi hæstv. forseta:

„Til þess að svara spurningu hv. þm. Matthíasar Á. Mathiesens vil ég aðeins segja það, að ríkisstj. mun að sjálfsögðu leggja sín mál fyrir Alþingi þegar hún leggur fram tillögur sínar um aðgerðir í efnahagsmálum. Um það þarf ekkert að efast. Ég ætla ekki að fara að tiltaka neinar ákveðnar dagsetningar við þetta tækifæri, en hv. þm. geta alveg treyst því, að ríkisstj. mun leggja fyrir Alþingi tillögur sínar um aðgerðir í efnahagsmálunum, sem eru nauðsynlegar og geta að mínu mati ekki beðið lengi."

Hæstv. ráðh. lauk þessum orðum með því að segja: „sem að mínu viti geta ekki beðið lengi." Hvenær var þetta sagt? Þetta var sagt í umræðum 4. nóv. s. l. Það gerðu allir ráð fyrir því, að tillögur ríkisstj. kæmu áður en þingi yrði frestað. Orð hæstv. viðskrh. urðu ekki skilin á annan veg. Yfirlýsing viðskrh. verður ekki skilin á aðra leið en þá, að í henni felist loforð af hálfu ríkisstj. um það, að málið verði lagt fyrir Alþingi, tillögur í efnahagsmálum varðandi gjaldmiðilsbreytinguna. Þetta getur ekki þýtt það, að hæstv. viðskrh. hafi verið að lofa því, að lagt yrði fyrir Alþingi frv. til staðfestingar á brbl. Það var ekki verið að tala um það í þessum umræðum og það var út í hött að lofa slíku. M. ö. o. verður ekki annað séð en að af hálfu hæstv. ríkisstj. hafi því verið lýst yfir hér á Alþingi 4. nóv. s. l., að tillögur ríkisstj. í efnahagsmálunum varðandi gjaldmiðilsbreytinguna yrðu lagðar fyrir Alþingi. Nú hefur það ekki verið gert, og kannske veit ríkisstj. ekki í dag hvaða tillögur hún ætlar að gera. En það er ljóst, að það verður að gera þá kröfu nú, að staðið verði við yfirlýsinguna frá 4. nóv. Og til þess að sjá svo um, að það verði gert, getur hv. Alþingi ekki samþykkt þá frestunartillögu sem hér liggur fyrir. Alþingi getur ekki gert það undir neinum kringumstæðum eins og nú stendur á, og þeim mun fremur þar sem hæstv. forsrh. hefur látið liggja að því, að einmitt á þessu frestunartímabili verði settar fram tillögur og sett lög um aðgerðir í efnahagsmálunum í sambandi við gjaldmiðilsbreytinguna.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Hv. stjórnarandstæðingar, sem hér hafa tekið til máls, hafa talið að út af fyrir sig væri ekki athugavert að veita heimild til að fresta Alþingi ef allt væri með eðlilegum hætti, en vegna þess að við búum við alveg sérstakar aðstæður í efnahags- og atvinnumálum sé ekki hægt á það að fallast. Við þetta má bæta kröfum um yfirlýsingar um að ekki verði beitt valdi til að gefa út brbl., a. m. k. í sambandi við almennar efnahagsráðstafanir.

Þegar ég hlustaði á þessar umræður fannst mér þær koma nokkuð kunnuglega fyrir sjónir og fór að rifja það upp, að fyrir þremur árum eða um þetta leyti árið 1977 flutti þáv. forsrh., sem hét Geir Hallgrímsson, sams konar till. og hér er um að ræða. Leiðtogar stjórnarandstöðunnar hétu þá Lúðvík Jósepsson og Gylfi Þ. Gíslason og fluttu báðir ræður, þar sem annar þeirra sagði sem svo, að út af fyrir sig væri ekkert við það að athuga að fresta Alþingi ef um venjulegar og eðlilegar kringumstæður væri að ræða. Hins vegar væri nú svo ástatt, að hér væri um stórfelld vandamál hjá atvinnuvegum landsmanna að ræða og að undanförnu hefði ekkert — blátt áfram ekkert verið fengist við úrræði til að ráða bót á þessum gífurlegu vandamálum í efnahags- og atvinnumálum. Gylfi Þ. Gíslason hafði svipuð orð um, að vegna þess mjög svo alvarlega ástands, sem ríkti hjá atvinnuvegum þjóðarinnar, þar sem allir atvinnuvegir gerðu stórfellda kröfu til ríkisvaldsins í því efni, að fyrirsjáanlegur væri stórkostlegur rekstrarhalli á frystiiðnaðinum o. s. frv., þá væri ekki hægt að fallast á að senda Alþingi heim.

Án þess að ég taki undir þessi ummæli stjórnarandstæðinganna á þeirri tíð, þá er hér efnislega beitt alveg sömu rökum og nú er. Og því til viðbótar kröfðust þeir þess báðir, þessir leiðtogar stjórnarandstöðunnar, að stjórnin lýsti yfir að hún mundi ekki nota vald til að gefa út brbl. um þessi efni. Þessu svaraði hæstv. forsrh. Geir Hallgrímsson þannig:

„Ég lýsi því hér yfir, að ríkisstj. mun að sjálfsögðu, ef nauðsyn krefur, gefa út brbl. Heimild ríkisstj. til útgáfu brbl. er bundin í stjórnarskránni við það, að um brýna nauðsyn sé að ræða, og innan þess ramma mun ríkisstj. beita því valdi sínu."

Þáv. hæstv. forsrh. tók því ekki til greina þessar ástæður eða þessi rök.

Í rauninni hef ég svarað því hér áður í umræðum á Alþingi, að vitanlega mun ríkisstj. ekki afsala sér neinu valdi til þess að gefa út brbl., ef brýn nauðsyn krefur, eins og stjórnarskráin ákveður. Að því leyti eiga sömu svör við nú og fyrir þrem árum.

Hv. stjórnarandstæðingar, sem hér hafa talað, bera allir mikla umhyggju fyrir svokölluðum Ólafslögum og vitna í þau óspart. Þeir þm. Alþfl., sem hér töluðu, virðast bera alveg sérstaklega fyrir brjósti hag sparifjáreigenda sem núv. ríkisstj. muni ekki gæta að fullu. Ég vil í því sambandi minna á það, að það er fyrst í tíð núv. ríkisstj. sem að hennar fyrirlagi hefur verið stofnað til verðtryggðra sparireikninga í bönkum, sem ekki hafa verið til áður. Og í stjórnartíð þessara manna, sem bera

svo mikla umhyggju fyrir sparifjáreigendum, — en þeir réðu miklu um stjórn landsins um nokkurt skeið eða rúmlega eitt og hálft ár ekki alls fyrir löngu, — komu þeir því aldrei í verk á þeirri tíð að gefa sparifjáreigendum tækifæri til að fá fulla verðtryggingu með því að leggja fé sitt í sparisjóði eða banka. Það var ekki til. Það er fyrst nú, *í tíð þessarar stjórnar, sem þessi möguleiki er fyrir* hendi.

Varðandi vexti og verðtryggingar er það auðvitað, að við ákvarðanir um þau mál verður farið að lögum nú eins og áður.

Ég þarf í rauninni ekki að fara fleiri orðum til að svara hv. stjórnarandstæðingum. Þeir hafa talið sér henta að gera þessar kröfur, sem við könnumst mjög vel við, að fá yfirlýsingar frá ríkisstj. um að ekki verði gefin út brbl. í þinghléi. Ég ætla að það sé ekki aðeins í þessu tilviki sem ég nefndi, frá forsrh.-tíð Geirs Hallgrímssonar, hv. 1. þm. Reykv., heldur áður oftast eða undantekningarlítið, þegar fram á slíkt hefur verið farið, að ríkisstj. hafi hafnað slíkum yfirlýsingum sem eðlilegt er, vegna þess að þetta vald er henni fengið samkv. stjórnarskránni. Það er bundið þar föstum skilyrðum, að um brýna nauðsyn sé að ræða, og þess vegna er ekki hægt fyrir neina ríkisstj. að afsala sér þessu valdi.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Mér finnst forsrh. vera að byrja að fá kímnigáfuna aftur þegar hann talar hér, en á hinn bóginn held ég að hann sé ekki læs, hæstv. forsrh. Enn einu sinni kemur hann hingað upp og talar um að ríkisstj. muni ekki afsala sér rétti. Hann sagði orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „Vitaskuld mun ríkisstj. ekki afsala sér neinu valdi.“ Þetta sagði hæstv. forsrh. Hvað felst nú í þessum orðum? Hann er að segja við Alþingi Íslendinga að ríkisstj. muni ekki afsala sér löggjafarvaldinu til Alþingis. Það er það sem hæstv. forsrh. er að segja, tvívegis prófessor í stjórnskipun Íslands, maður sem búinn er að vera í stjórnarskrárnefnd jafnlengi og á grönum má sjá, og eru nú áhöld um að hann komi álitinu endanlega frá sér fyrir aldamót og er kannske að velta fyrir sér enn í dag hver sé í raun og veru réttur Alþingis og hver sé réttur ríkisstjórna til þess að fara með löggjafarvaldið. Hæstv. forsrh. er hér að leggja fram tillögu um það, að Alþingi afsali sér valdi sínu til ríkisstj. Þessu snýr hæstv. forsrh. við. (**Forsrh.:** Hefur hv. þm. lesið stjórnarskrána?) Ég hef lesið stjórnarskrána, það hef ég gert, og það stendur hvergi í stjórnarskránni, að löggjafarvaldið sé í höndum ríkisstj., heldur Alþingis meðan Alþingi situr. Það hélt ég að hæstv. forsrh. vissi, og ég get vel haldið áfram að tala við hann um stjórnarskrána ef hann vill.

Við getum t. d. minnst á þetta litla atriði í ríkisstj. hans nú í sumar. Hans hæstvirti landbrh. setti lög um 200% fóðurbætisskatt, jafnvel þótt fyrir lægi að fyrir því væri ekki þingvilji. Og ég fer áreiðanlega rétt með það, að *hæstv. forsrh. hefur sagt það, bæði í kennslustundum í* Háskólanum og einnig hér á Alþingi, að sú venja hefði fyrir löngu skapast, að ríkisstj. settu ekki brbl. nema þær hefðu áður fullvissað sig um að vilji væri á Alþingi fyrir þeirri lagasetningu. Það var ekki meiri hl. fyrir setningu brbl. um fóðurbætisskattinn í sumar. Það liggja fyrir yfirlýsingar frá það mörgum þm., að ljóst er að frá öndverðu var þarna brotið það grundvallaratriði í fyrsta lagi, að brýna nauðsyn bæri til þessarar lagasetningar, og í öðru lagi, að viðkomandi ráðh. og ríkisstj. hefði fullvissað sig um að þingmeirihluti væri fyrir þessari löggjöf. Það liggur alveg á borðinu og um það þarf hæstv. forsrh. ekki að fara í neinar grafgötur. Við höfum líka ýmsir hlustað á hann fjalla um þessi mál og verið námfúsir stundum.

En kjarni málsins er þessi, að vitaskuld er ég andvígur *því, að Alþingi afsali sér valdi sínu til ríkisstj., lagasetn*ingar- og löggjafarvaldinu, og ég minni á það, að fyrir einu ári stóð svo á eins og núna, að verðbólgan óð uppi í landinu, ekki var samstaða um neinar aðgerðir til að hamla á móti henni eins og núna, og þá þótti eðlilegt að þing kæmi saman þegar að loknum áramótum til að fjalla um þessi mál.

Það var eftirtektarvert, þegar hæstv. forsrh. sagði að um vexti og verðtryggingu yrði farið að lögum nú eins og endranær. Hvað þýddi þetta? Þýddi þetta það, að hæstv. forsrh. væri að boða brbl. um þessi mál? Eða þýddi þetta það, að óbreytt lagaákvæði verði um vexti og verðtryggingu þangað til þing kemur aftur saman? Hvort þýddi þetta, hæstv. forsrh.? Telur hæstv. forsrh. koma til greina að breyta ákvæðum laga um vexti á meðan Alþingi er í jólaleyfi? Það er einfalt að svara þessu með jái eða neii. Er hæstv. forsrh. að fara fram á það, að Alþingi afsali sér sínu valdi til ríkisstj. til þess að hafa síðasta orðið um íslenska vaxtapólitík, til þess að hann geti, án þess að það mál fari í gegnum Alþingi, valsað með þessa hluti? Af hverju svarar ekki hæstv. forsrh.? Er hann „stum“? Því getur hann ekki — (**Gripið fram í:** Hv. þm. hefur orðið.) Ja, hann hefur orðið núna, en hæstv. forsrh. hefur stundum getað sagt já eða nei. Þetta er bein spurning. Hefur hæstv. ráðh. í hyggju, eftir að þing er farið heim, að breyta ákvæðum núgildandi laga um vaxtamál? (**Gripið fram í:** Bjóstu við svari?) Ég hélt kannske að hann mundi fara að tala um hvað væri langt til Snæfellsjökuls, ef maður sæti uppi á Hótel Sögu.

Nei, ég veit raunar ekki um hvað helst skuli ræða við hæstv. forsrh. eða um hvað helst skuli spyrja hann. Sú var tíð, að það var gefin út hvít bók, Viðreisn, og þá var myndarlega staðið að ýmsum málum. Þá voru ýmsir menn sem héldu í höndina á þessum hæstv. ráðh., og þá var ýmsu góðu komið til verks og leiðar. Þá var líka talað saman í fullri hreinskilni, það var ekki farið bakdyramegin. Ég held að ég geti rifjað það upp, að sá maður, sem þá sat í stól forsrh., hafði fulla einurð til þess að tala frá hjartanu um þjóðmálin eins og þau lágu fyrir.

Núna eru málin, sem spurt er um, afskaplega einföld í sniðum. Það er aðeins verið að spyrja um það, sem við eigum kröfu á að vita áður en jólahátíðin er haldin: Liggur það á borðinu núna, hefur ríkisstj. ákveðið það, að út verði gefin brbl. sem snerta efnahagsmálin? Um þetta fæst ekki svar. Það er vitnað í stjórnarsáttmálann, það er talað um hvað sagt hafi verið í stefnuræðunni. Ætli það sé ekki hægt að vitna í hana um næstum því hvað sem er? Ég hugsa að það sé svo afsleppt orðalagið þar að hægt *sé að vitna til þeirrar ræðu næstum því hvernig sem málin* standa þegar um aðgerðaleysi er að tefla eins og núna. En ef á að spyrja eða tala um eitthvað ákveðið, þá koma engin svör. Það koma ekki einu sinni svör við því sem nauðsynlegt er að fá að vita áður en fjárlög eru afgreidd: Hvernig hefur ríkisstj. fundið það út, að verðbólgan verði ekki nema 42% á næsta ári?

Hæstv. forsrh. var afskaplega skemmtilegur — og það er út af fyrir sig góður háttur og góður siður, þegar mönnum dettur eitthvað fyndið í hug, að halda blaða-

mannafund af því tilefni — þegar hann gaf út fréttatilkynninguna um það, að sterk og örugg stjórn hans á efnahagsmálunum hefði valdið því, að verðbólgan væri komin ofan í 51%. Jafnvel þótt reiknuð sé hækkun framfærsluvísitölunnar frá 1. nóv. 1979 til 1. nóv. 1980, þá er hækkunin 51%. Hún var eitthvað minni fram til 1. febr., en hæstv. forsrh. hafði ekki fyrr sest í stólinn en hún tók mikinn sprett, fjörkipp og hefur nú í stórum dráttum verið vaxandi síðan, nema hvað einstaka sinnum hefur tekist að koma henni örlítið, ofboðlítið niður með auknum niðurgreiðslum. Og af því að forsrh. gaf út þessa fréttatilkynningu um hækkun framfærsluvísitölunnar 1. nóv. langar mig til að spyrja hann hvort þess sé að vænta, að hann gefi út sérstaka fréttatilkynningu um það, hvernig verðbólgan kemur við vísitölu byggingarkostnaðar sem út verður gefin núna 1. jan. Megum við eiga von á því, að hæstv. forsrh. segi af því tilefni að hækkun byggingarvísitölunnar síðustu þrjá mánuðina gefi sérstaka og nákvæma lýsingu á þeim verðbólguvexti sem er í landinu, gefi mynd af ástandinu eins og það hefur verið síðustu vikurnar — ætli það — gefi blaðamönnum jólaköku og kaffi í bakherberginu til þess að fagna því, hvað byggingarvísitalan sýni fram á að byggingarkostnaðurinn hefur lækkað mikið núna 1. jan. vegna aðgerða ríkisstj. til þess að koma verðbólgunni niður í samræmi við þá niðurtalningu sem ég man að hæstv. forsrh. var afskaplega reiður Lárusi Jónssyni, hv. 3. þm. Norðurl. e., fyrir að efast um að forsrh. færi rétt með í maímánuði? Fróðlegt verður að sjá það.

En ég held að menn geti ekki orðið hissa á því, þótt þm. séu tregir til að taka því þegjandi ef til stendur nú að fresta þinghaldinu með þeim hætti, að ríkisstj. eigi ein að valsa um án alls aðhalds og eftirlits næstu vikurnar. Hvernig hefur ríkisstj. staðið sig það sem af er þessu ári? Eigum við að líta t. d. á atvinnumálin. Við munum eftir ákveðnum aðgerðum sem nauðsynlegt var talið að gera í sambandi við Flugleiðir. Og við munum eftir því, að ráðherrar gáfu þar ýmsar yfirlýsingar út og suður. Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, 11. þm. Reykv., lýsti yfir í sjónvarpi að fyrir lægju nýjar upplýsingar sem sönnuðu það, að þetta félag ætti ekki nægilegar eignir til að standa undir þeim ríkisábyrgðum og lántökum sem beðið var um, og ríkisstj. hæstv. dr. Gunnars Thoroddsens gerði allt sem í hennar valdi stóð til þess að spilla fyrir því sem kallað hefur verið „goodwill" þessa fyrirtækis bæði hér heima og erlendis. Allur þessi málarekstur stórskaðaði Flugleiðir og hefur m. a. komið fram í því, að stórlega hefur dregið úr því að menn ferðist með þessu fyrirtæki. Ég hygg að menn séu sammála um það, að ef þess hefði verið nokkur kostur að koma félaginu á kné, þá hafi ríkisstj. tekist það á s. l. hausti og eins og þessi mál veltust hér í þinginu fram eftir vetri. Og eins og endranær voru ýmsar yfirlýsingar gefnar út og suður af einstökum ráðherrum. Yfir þessum mönnum öllum saman, á toppnum, sat svo þessi maður, sem nú vefur tungu um höfuð sér, þegar hann er spurður um ákveðna hluti, og þóttist vera sá mikli og stóri stjórnmálamaður sem alla tauma hefði í sinni hendi.

Ég hygg samt að ekki þurfi langt að leita til annarra manna, sem setið hafa í sæti forsrh., til að vita að sumir þeirra a. m. k. hefðu verið búnir að taka þetta mál úr höndum þeirra ráðherra sem voru að spilla málinu, spilla fyrir hagsmunum Íslendinga og valda okkur óbætanlegu tjóni, sem ekki er enn séð fyrir endann á, af því að þar var við menn að eiga sem þorðu og vildu taka á málunum og voru ekki hræddir þótt á þeim dyndu högg, ef þeir kæmu einhverju í verk. Það var sagt um einn af fimm ráðherrum í viðreisnarstjórninni, að allar hans ákvarðanir hefðu ekki verið réttar, en hins vegar hefði hann verið fljótur að taka ákvarðanir og þess vegna hafi hann reynst ótrúlega vel í sínum störfum og miklu betur en kannske allir aðrir menn sem gegndu sama ráðherraembætti og hann. Það var þessi röggsemi og dugnaður sem þarna skar úr, þor hans og þrek til þess að taka ákvarðanir á viðkvæmum stundum.

Ef við tökum annað mál núna, þá er það álverksmiðjan í Straumsvík. Það hefðu einhvern tíma þótt tíðindi — það er kannske ekki skoðun ríkisstj. — en það hefðu einhvern tíma þótt tíðindi ef menn hefðu fundið það út, að ódýrasta leiðin til að fá rafmagn til heimilisnotkunar hér á landi væri að loka áburðarverksmiðjunni eða sementsverksmiðjunni. Auðvitað er það jafnfráleitt þegar hæstv. iðnrh. talar um að ódýrasta leiðin til að fá raforku sé að loka álverinu. Það kemur náttúrlega ekki þessum málum við, en maður getur rifjað upp og það var út af fyrir sig gaman að því, að þegar hæstv. forsrh. — sem þá var iðnrh. — gerði ferð sína norður til Akureyrar til að opna fyrir byggðalínuna, sem átti að veita okkur birtu og yl fyrir norðan, og þegar hann kveikti á rofanum, þá sló vísirinn yfir um þannig að rafmagnið fór að norðan í stað þess að koma þangað. En það er annað mál og ekki ástæða til að kenna hæstv. þáv. iðnrh. um það.

Hitt held ég að sé alveg rétt, að mörgum þótti afskaplega undarlegt hvernig staðið var að þeirri fréttatilkynningu sem hæstv. iðnrh. gaf úr varðandi álverið. Skömmu áður en þetta var höfðum við í allshn. Sþ. beðið um upplýsingar um það hjá iðnrn., hvernig stóriðjumálin stæðu og þær athuganir sem verið væri að gera um þau á vegum iðnrn. Í kjölfar þess lagði ég fram afskaplega ítarlega fsp. hér í Alþingi og bað um skriflegt svar sem enn hefur ekki borist, þótt mér hafi að vísu verið lofað að svarinu yrði útbýtt fyrir jólin. Sá maður sem varð fyrir svörum í allshn. minntist ekki einu einasta orði á að eitthvað sérstakt væri á seyði í sambandi við álverið, enda var hugmyndin ekki sú hjá hæstv. iðnrh. að reyna að vinna að þessu máli á málefnalegum grundvelli og með hagsmuni Íslendinga fyrir augum. Ef sú hefði verið raunin hefði hann að sjálfsögðu byrjað á því að kalla fyrir sig iðnaðarnefndir þingsins og tekið málið þar upp og leyft alþm. að fylgjast með. Og það hefðu í rauninni allir þingræðissinnaðir menn viljað gera. Þeir hefðu auðvitað viljað gera það. En tilgangur þessa hæstv. ráðh. var ekki þessi, heldur langaði hann til að slá keilur og þess vegna byrjaði hann á því að halda blaðamannafund, alveg eins og Ólafur Ragnar Grímsson hafði áður gert í sambandi við Flugleiðamálið. Nú veit ég ekki hvernig þessu máli er varið, fram yfir það sem ég hef séð í blöðum og álitgerð sem ég hef að vísu fengið senda, en í þessu sambandi rifjast upp fyrir mönnum hverjir það eru sem s. l. tíu ár hafa farið með embætti iðnrh. Það er Magnús Kjartansson fyrrv. ritstjóri Þjóðviljans, síðan Gunnar Thoroddsen í fjögur ár og svo núna Hjörleifur Guttormsson. Það er því alveg ljóst hvaða menn bera á því höfuðábyrgð ef ekki hefur verið um nægilegt eftirlit og aðhald að ræða af Íslands hálfu í sambandi við álverið. Og það hlýtur náttúrlega að koma til skoðunar síðar hvernig þau mál eru vaxin. Á hinn bóginn er það líka ljóst, að ef þetta upphlaup iðnrh. er ekki á rökum reist, ef þarna er ein-

ungis verið að slá pólitískar keilur með sama hætti og gert var í sambandi við Flugleiðamálið, þá bera tveir þessara manna á því fulla ábyrgð. Og þá verður einnig að spyrja þá út úr, hvernig á þessu standi. Málið er því í rauninni hálfsnúið. En það sýnir okkur með öðru hver nauðsyn er á því, að Alþingi sitji, hver nauðsyn er á því, að ráðherrar og ríkisstjórnin hafi aðhald, sýnir að þeim er alls ekki treystandi til þess að fara með löggjafarvaldið í rúman mánuð, eins og farið er fram á með þeirri till. til þál. sem hér liggur fyrir.

Hæstv. forsrh. hafði á því orð, að auðvitað yrði staðið við lög landsins, lög um stjórn efnahagsmála o. fl. Í 1. gr. þessara laga segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Meginmarkmið stefnunnar í efnahagsmálum eru að tryggja næga og stöðuga atvinnu, að halda verðhækkunum í skefjum, að stuðla að jafnvægi í viðskiptum við önnur lönd og greiða fyrir félagslegum og efnahagslegum framförum og bættum lífskjörum alls almennings.

Ráðstafanir stjórnvalda í efnahagsmálum og fjármálum skulu jafnan við það miðaðar, að stefnt sé að framangreindum markmiðum á þann hátt, að þeirra á milli sé hæfilegt jafnvægi og fjárhagslegu öryggi þjóðarinnar sé ekki teflt í tvísýnu."

Í 2. gr. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Fyrir hvert reglulegt Alþingi skal, þegar það er saman komið, leggja til kynningar skýrslu um þjóðhagsáætlun fyrir það ár sem í hönd fer. Í skýrslunni skal gerð grein fyrir framvindu mikilvægustu þjóðhagsstærða á því ári, sem er að líða, og horfum á hina næsta. Þá skal í skýrslunni greina frá þeim markmiðum, sem ríkisstj. setur sér um hagþróun á næsta ári, og helstu efnahagsráðstöfunum, sem hún hyggst beita til þess að þau náist.

Skýrslan um þjóðhagsáætlun skal lögð fram svo tímanlega, að umræður um hana geti farið fram á sama tíma og um stefnuræðu forsrh., sbr. 2. málsgr. 52. gr. laga nr. 115 19. nóv. 1936 um þingsköp Alþingis, sbr. lög nr. 54 29. maí 1972, um breyting á þeim lögum."

Menn hafa náttúrlega oft hent að því gaman, hversu tilgangslaust sé fyrir löggjafann að vera með almennar viljayfirlýsingar í lögum. Þó að sagt sé í 1. gr. þessara laga, að markmið í efnahagsmálum skuli vera að tryggja næga og stöðuga atvinnu, að halda verðhækkunum í skefjum o. s. frv., þá hefur þetta reynst næsta haldlítið í raun. Vitaskuld hafa þær ríkisstj. sem síðan hafa setið, allar lýst yfir að þetta séu þeirra markmið. En þeim hafa verið mislagðar hendur. Þess vegna er afskaplega lítið *hald í lagayfirlýsingum af þessu tagi. Þetta er einhvers* konar skraut, rós í hnappagatið eða eitthvað því um líkt. — En það er 2. gr. þessara laga hins vegar sem máli skiptir. Þar stendur skýrum stöfum að í skýrslu, sem lögð skuli fyrir hvert reglulegt Alþingi þegar það er komið saman, skuli greina frá þeim markmiðum, sem ríkisstj. setur sér um hagþróun á næsta ári, og helstu efnahagsráðstöfunum sem hún hyggst beita til þess að þau náist. Þetta stendur í 2. gr. Ólafslaga.

Þegar forsrh. hefur nú beðið okkur um að afsala okkur *löggjafarvaldinu í einhverjar vikur, þá erum við að biðja* hann um að skýra okkur frá þeim efnahagsráðstöfunum sem hann ætlar að grípa til nú í jólaleyfinu, — efnahagsráðstöfunum sem skýr lagamæli eru fyrir að hann ætti að vera búinn að gera fyrir rúmum tveim mánuðum. Hann segist vilja halda lög, talar um að auðvitað verði staðið við lög um vexti og verðtryggingu eins og um önnur mál. Hann fer samt sem áður fram á það, að Alþingi afsali sér löggjafarvaldinu, án þess að fullnægja þessum einfalda og skýra og afdráttarlausa lagabókstaf. Með leyfi hæstv. forseta ætla ég að hafa hann yfir aftur:

„Þá skal í skýrslunni greina frá þeim markmiðum, sem ríkisstj. setur sér um hagþróun á næsta ári, og helstu efnahagsráðstöfunum sem hún hyggst beita til þess að þau náist."

Nú væri náttúrlega möguleiki fyrir hæstv. forsrh. að setja upp þykkjusvipinn og segja: Um hvað ertu að tala? Liggja ekki fyrir skýrslur um það frá Seðlabanka og Þjóðhagsstofnun, að verðbólgan verði 42% eins og við höfum gert að okkar markmiði í fjárlögum? Þið eigið að afgreiða fjárlögin í dag eða á morgun og þarna hafið þið það. Um hvað eruð þið eiginlega að deila? Þetta getur hæstv. forsrh. kannske sagt. En á þessu er bara einn hængur. Hvorki Seðlabankinn né Þjóðhagsstofnun hefur spáð því, að verðbólgan verði 42% á næsta ári. Það er hvergi stoð fyrir þeirri tölu, hvergi nokkurs staðar. Það er hvergi hægt að finna einn einasta hagfræðimenntaðan mann í öllu landinu sem léti hafa það eftir sér, að verðbólgan yrði *á næsta ári eitthvað í líkingu* við það sem hæstv. ríkisstj. leggur á borð fyrir okkur alþm. — engan, ekki einn einasta mann hagfræðimenntaðan. Og þá er aftur spurningin: Hvað ætlar ríkisstj. að gera til þess að koma verðbólgunni niður í 42%, eins og hún er að fara fram á við okkur að við gleypum eins og döðlu eða möndlu?

Ég býst við að enginn geti neitað því, að þessi einfalda beiðni er ekki nema sanngjörn og lítillát, eðlileg, að hæstv. forsrh. verði við þeirri bón, áður en umræður um þingfrestunina lýkur, að gera okkur grein fyrir þessum efnahagsráðstöfunum, sem hann átti að vera búinn að gera okkur grein fyrir fyrir 70 dögum, og skýra okkur frá *því, hvað hann ætli að gera til* þess að markmiðið um 42% verðbólgu á næsta ári standist, í stað þess að verðbólgan verði 70% eða 80% eins og spáð er og stefnt er að. Ég þori ekki að fara með það, hvað verðbólgan muni vera nákvæmlega á þessu augnabliki núna, mér er nær að halda að hún sé einhvers staðar á milli 60% og 70%, og ég held að það liggi fyrir að verðhækkanir hafa orðið á síðustu vikum sem valda því, að kaupgjaldsvísitalan mun ekki hækka minna en 12%—13% hinn 1. mars n. k.

Í sambandi við þann kafla Ólafslaga sem veit að samráði stjórnvalda við samtök *launafólks, sjómanna*, bænda og atvinnurekenda, er margt hægt að segja. Það er nýbúið að setja lög um sérstakt vörugjald á sælgæti, öl og gosdrykki, sem var hér til umr. í gær. Það frv. var lögfest vegna þess að einn hv. þm., Guðmundur G. Þórarinsson, 12. þm. Reykv., kaus að greiða ekki atkv. í samræmi við þær skoðanir sem hann lét uppi hér í þingsalnum, og annar þingmaður, Guðmundur J. Guðmundsson, var fjarverandi, en varamaður í hans stað til þess að unnt væri að koma fjárlögunum fram og þeim efnahagsráðstöfunum öðrum og skattahækkunum sem ríkisstj. hefur nú lagt fram. Ég þori á hinn bóginn að fullyrða það, að ef Guðmundur J. Guðmundsson hefði setið á Alþingi núna *hefði frv. um vörugjald á sælgæti*, öl og gosdrykki aldrei verið samþykkt. (**Gripið fram í:** Er það ekki of mikil bjartsýni?) Á meðan annað sannast ekki leyfi ég mér að fullyrða það.

Það er ekkert undarlegt þótt formaður Verkamannasambands Íslands fari eftir leiðbeiningu sem studd er undirskriftalistum með nöfnum rúmlega 400 iðnaðarmanna og kvenna. Það er ekki oft sem svo margt lág-

launafólk hefur framtak í sér til að reyna að hafa áhrif á störf löggjafans. Það er ekki oft, og maður gæti ætlað að þegar það gerðist mundi sú ríkisstj., sem hefur lýst yfir að hún vilji sérstaklega hafa samstarf og samvinnu við launafólk, sjómenn, bændur og atvinnurekendur, a. m. k. taka sér vikufrest eða svo áður en hún hundsaði beiðni alls þessa fólks. En það var síður en svo. Það var rétt eins og fluga hefði sest á kýrhala. Þetta hafði ekki hin minnstu áhrif á ríkisstj., ekki nokkur, og málið var þvingað hér fram í gær á næturfundi frekar en ekki. Þokkaleg jólagjöf sem þessu fólki er gefin, sem fyrr á þessu ári hefur orðið að búa við meira öryggisleysi í atvinnumálum en flestir aðrir þegnar þjóðfélagsins. Atvinna þessa fólks hefur dregist verulega saman og raunar allt í óvissu um hver framtíð þessa iðnaðar verður. Það segir í rauninni langa sögu um ástandið í sælgætisiðnaðinum, svo að ég taki dæmi, að nú fyrir jólin voru a. m. k. sumar sælgætisverksmiðjurnar með framleiðslu langt undir því sem venjulegt er og þorðu ekki að treysta á jólamarkaðinn vegna þess gífurlega framboðs sem hér er af erlendu sælgæti. Þetta hefur nú komið fram í því, að birgðir allar eru uppurnar og raunar sælgætisskortur í ýmsum af þessum verksmiðjum. Þannig eru sveiflurnar orðnar á þessum markaði. Núna er þetta vörugjald lagt á, og það eykur enn óvissuna og tefur fyrir því, að hægt sé að átta sig á því, hver framtíðargrundvöllur þessa rekstrar verður, sem er mjög bagalegt, líka þegar það er haft í huga, sem hæstv. iðnrh. hefur boðað, að sú tollvernd, sem sælgætisiðnaðurinn nýtur síðan í sumar eða haust, mun ekki vara nema skamma hríð. Þá kemur aftur til hinnar taumlausu samkeppni, og eins og oft vill verða láta efndirnar standa á sér, þótt mörg fyrirheit séu gefin um það af opinberum aðilum, að alls konar fyrirgreiðslu eigi að veita þessum iðnaði, það eigi að styðja að endurskipulagningu hans og þar fram eftir götunum.

Hæstv. forsrh. varð ekki við beiðni þessa fólks, þessara 400 karla og kvenna, þessa láglaunafólks sem þótti atvinnu sinni stefnt í tvísýnu. Hann kaus að fylgja ekki leiðbeiningu frá þessu fólki. Örlög þessarar bænaskrár urðu þau sömu og margra annarra bænaskráa sem á sínum tíma voru sendar — að vísu þá yfir hafið til þeirrar valdstjórnar sem sat í Kaupmannahöfn — að það var lítið með hana gert. Skattaálögurnar eru komnar og öryggisleysið hjá þessu fólki vex að sama skapi og skattarnir hafa hækkað. Þannig er nú á þessum málum haldið. Hins vegar er því flaggað við blaðamenn og yfir kaffibolla og jólaköku með verkalýðsleiðtogum, að við þá skuli hafa fullt samráð. En aldrei kemur það fram í raun, enda hefur ekki staðið til að gera það.

Nú kynni einhver von að vera til þess, að a. m. k. stjórn Verkamannasambandsins hafi einhvern grun um hvað til standi eftir að Guðmundur J. kemur heim, og að því leyti sé því fullnægt að a. m. k. einhverjir menn í verkalýðshreyfingunni fái að fylgjast með þeim efnahagsráðstöfunum sem á að gera núna í jólaleyfinu, þótt ég efist um að hv. 6. landsk. þm., Karvel Pálmason, eða varaformaður Verkamannasambandsins, hv. 3. landsk. þm., Karl Steinar Guðnason, fái nokkuð um það að vita.

En þá komum við að öðru atriði sem snýr beint að því máli sem hæstv. forsrh. hefur borið fyrir brjósti sérstaklega umfram aðra menn, að stjórnarskráin sé haldin í heiðri og eftir henni farið, ekki aðeins bókstafnum í þröngum skilningi, heldur líka andanum í stjórnarskránni. Og það er þetta: Hver á að vera hlutur Alþingis í þeirri lagasetningu sem kannske skiptir sköpum um þróun efnahagsmála og mannlífs og þjóðlífs hér yfirleitt á næstu árum? Á Alþingi að fá að fylgjast með þeim ráðstöfunum sem nú á að gera í efnahagsmálum og eiga að vera grundvöllur þess, að myntbreytingin geti átt sér stað, þannig að fólk hafi trú á því, að þar sé um eitthvað varanlegt að ræða? Við erum sem sagt að tala um það, að nú liggi fyrir að Alþingi setji um efnahagsmálin löggjöf sem er kannske örlagaríkasta löggjöf sem sett hefur verið á þessum áratug, þessum verðbólguáratug. Hvernig verður að myntbreytingunni staðið, og hver verða vinnubrögðin í sambandi við þær efnahagsráðstafanir sem gera á um leið og myntbreytingin fer fram?

Hæstv. forsrh. getur náttúrlega lýst því yfir, að Alþingi sé orðið úrelt stofnun. Það sé tilgangslaust og raunar út í hött að láta það fylgjast með hinum mikilsverðustu málum. Vitaskuld eigi ríkisstj. að koma sér saman um það úti í sínu horni, hvaða breytingar verði gerðar á þeirri löggjöf sem snertir efnahagsmálin, og svo eigi Alþingi eftir á að standa frammi fyrir gerðum hlut og ekki hafa neitt um það að segja hvernig að þessum málum verður staðið. Þau orð, sem hæstv. forsrh. viðhafði hér áðan í sambandi við vaxta- og verðtryggingarmálin, voru raunar af þessu tagi. Hann talaði um að lögin yrðu ekki brotin. En hann minntist ekki einu einasta orði á það, hvort hann ætlaði að breyta lögunum.

Ef alþm. spyr hæstv. forsrh. nú um það, hvort hann ætli sér að halda lögin meðan hlé er gert á störfum þingsins vegna jólahaldsins í landinu, þá er þingmaðurinn auðvitað að leggja þessa spurningu fyrir hæstv. forsrh.: Hefur forsrh. í hyggju að halda þau lög sem sett hafa verið á Alþingi? Löggjafarvaldið er í höndum Alþingis, og ef alþm. spyr hvort ráðh. ætli sér að halda lög, þá er hann að spyrja forsrh. hvort hann ætli að halda þau lög sem sett hafa verið og gilda í landinu á þeim tíma sem spurningin er borin fram. Hann er ekki að spyrja hvort hæstv. forsrh. ætli að nota jólaleyfið til þess að breyta vaxtalöggjöfinni. En hæstv. forsrh. gat alls ekki fengið sig til þess að segja: Vitaskuld verða þessi lög haldin, vitaskuld koma þær vaxtabreytingar til framkvæmda sem lög kveða á um. Hann gat ekki fengið sig til að segja það skýrt og skorinort eins og um var beðið. Og það er vegna þess að með árunum hefur hæstv. forsrh. ekki veri sami þingræðissinninn og hann var áður. Hann hefur ekki í sínu brjósti og hjarta sömu löngunina til þess að virða hinar þingræðislegu hefðir og hann hafði sem ungur maður. Þess vegna er það sem hann segir núna og þráir það heitast af öllu að geta komið þinginu heim, sent það heim til þess að hann geti valsað með löggjafarvaldið í samvinnu við kommúnista. Að þeim hallar hann sér núna, eins og við höfum orðið varir við sem höfum rætt við framsóknarmenn, að það er síður en svo að Framsfl. geti vænst þess innan ríkisstj., þegar verið er að ræða þau markmið og leiðir sem fram undan séu, að hæstv. forsrh. veiti þeim stuðning, heldur hefur hann nú fundið sér nýja sálufélaga — (**ÓRG:** Hvaða framsóknarþingmenn?) Ég veit ekki hvort hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hefur að öllu gleymt sínu framsóknaruppeldi. A. m. k. finnst mér stundum pokahátturinn slíkur að það örli á framsóknarmennskunni í honum, sérstaklega þegar hann opnar munninn.

Já, ég var að segja að hæstv. forsrh. hefði fundið sér nýja félaga. Og þeir eru að sjálfsögðu úr hópi þess arms ríkisstj. sem hæst talaði um það og mest hafði við orð,

meðan Gunnar sjálfur var þó ráðh. í ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar, að Alþingi götunnar ætti að taka völdin hér á landi. Þeir menn, sem hann á nú helst samleið með í þjóðmálum Íslands, eru sömu mennirnir og brutu niður brbl. hans forðum varðandi starfsfólk í ríkisverksmiðjum. (**ÓRG:** Getur þm. upplýst hver skrifaði greinina „Sögulegar uppsagnir" í Morgunblaðið?) Ég get nú ekki upplýst það, nei, en það var ekki ég. (**ÓRG:** Nei, það var Styrmir Gunnarsson, fyrrverandi yfirmaður þingmannsins, þegar hann var blaðamaður á Morgunblaðinu, og mun hafa verið það um þessar mundir.)

Þeir menn, sem brutu niður brbl. hæstv. forsrh. á sínum tíma varðandi starfsfólk í ríkisverksmiðjum, eru nú orðnir hans helstu sálufélagar. Ég vil nú ekki taka mér í munn þau orð, að þangað leiti — eitthvert dýr var það nú — sem hann er kvaldastur. Ég vil ekki taka mér í munn þau orð. En sárþreyttur er hæstv. forsrh. orðinn á þingræðinu og á erfitt með að hugsa sér að þær nefndir, sem þó eru kjörnar hér til þess að fara yfir frv. og annað það sem snertir efnahagsmál þjóðarinnar, fái að fjalla um þessar ráðstafanir fyrr en eftir á. A. m. k. er svo að skilja á þessum hæstv. ráðh. — eins og málflutningur hans hefur verið og þó sérstaklega setning sem hann hefur sagt margsinnis, ég skal ekki segja í hvert einasta skipti sem hann tekur til máls, en upp undir það — að ríkisstj. vilji ekki afsala sér því valdi sem hún hefur, löggjafarvaldinu, til Alþingis. Hún vill ekki afsala sér löggjafarvaldinu til Alþingis á meðan Alþingi situr. Þetta er nú heldur betur flókið og raunar full þörf á því, að hann reyni að færa einhver haldbetri rök fyrir þessum málum.

Hitt má raunar segja, að það er kannske jafngott í sambandi við þau brbl., sem kynnu að verða gefin út, að þau verði ekki á vettvangi hæstv. sjútvrh., því að eftir því sem mér er sagt er hann farinn í skíðaferð til Spánar, búinn að taka sér orlof fyrir fram. (**Gripið fram í:** Ekki á Spáni?) Heldurðu að hann hafi ekki farið til Spánar? Heldurðu að hann hafi farið eitthvað annað? Hann er glöggur maður, hv. þm., í staðinn fyrir að sinna löggjafarstörfum. Ég veit ekki hvort hann verður kominn heim áður en Alþingi kemur aftur saman eða hvort fleiri ráðherrar ætla að gera víðreist. Það má vera að engin brbl. verði gefin út, ráðherrarnir bara skelli sér til Spánar. Rómverskur keisari söng við lútu sína meðan Róm brann, eins og menn muna og kunnugt er. Þetta lýsir pínulítið fyrir okkur alvörunni í þessum málum og hversu fast einstakir ráðherrar og ríkisstj. vilja halda um efnahagsmálin.

5. gr. Ólafslaga segir svo um það samráð, sem stjórnvöld eiga að hafa við samtök launafólks, sjómanna, bænda og atvinnurekenda, með leyfi hæstv. forseta:

„Verkefni samráðs þessa skal m. a. vera:

1) Að ræða meginþætti í efnahagsmálum og helstu efnahagsmarkmið ríkisstj. frá ári til árs og til lengri tíma, í því skyni að leggja grundvöll að samræmdum ákvörðunum á sviði opinberra fjármála, peninga- og lánamála, lífeyrismála og verðlagseftirlits af opinberri hálfu, og á sviði kjaramála af hálfu aðila vinnumarkaðarins.

2) Að fjalla um þjóðhags-, fjárfestingar- og lánsfjáráætlanir, tekjustefnu og forsendur þeirra.

3) Að fjalla um önnur þau atriði, sem horfa til framfara á sviði atvinnu-, verðlags-, kjara- og launamála og efnahagsmála almennt."

Nú veit ég ekki hversu langt samráðið nær varðandi meginþætti í efnahagsmálum og helstu efnahagsmarkmið ríkisstj. til langs tíma. Ég veit ekki hvort hæstv. forsrh. vill vera svo elskulegur að upplýsa okkur um þetta, af því að hann hafði við orð áðan að hann væri sérstaklega löghlýðinn maður og ríkisstj. raunar í heild, þótt hv. 2. þm. Reykv. hafi haft við orð að Alþingi götunnar ætti að taka völdin, einmitt á þeim tíma sem hæstv. forsrh. gaf út þrælalögin á starfsmenn ríkisverksmiðjanna, þegar hv. þm. Svavar Gestsson var að lumbra á núv. hæstv. forsrh. í sambandi við þá löggjöf með hjálp hv. þm. Guðmundar J. Guðmundssonar, 7. þm. Reykv. Og ef ég man rétt frá þeim atburðum, þá var niðurstaðan sú, að við þessi brbl. var ekki staðið. Páv. hæstv. iðnrh. heyktist á að standa við þau lög. Svo veikt var framkvæmdavaldið þá og löggjafarvaldið sem sameinaðist í þessari persónu. En síðan hafa tekist heilar sættir milli þessara manna. (Gripið fram í.) Sögulegar sættir, já.

Ég man eftir því, að sá gamli og vitri maður, sem lengi sat á Alþing, Gísli Guðmundsson frá Hóli á Langanesi, var einu sinni að tala um það við mig, þegar hann var að ræða um þróun stjórnmála hér og hvernig völdin hefðu færst á milli, hversu mikil sannindi væru fólgin í því gamla rómverska orðtaki: Deildu og drottnaðu. — Vitaskuld sjáum við víða merki þess, hvernig þjóðfélög hafa jafnvel hrunið til grunna vegna þess að tiltölulega fámennum hóp hefur tekist að brjóta niður samstöðuna hjá meiri hlutanum, hefur tekist að koma þar inn klofningi, tvístra hópnum. Og ég verð að segja það þeim ungu Alþb.-mönnum til hróss, að þeir kunna vissulega að halda á sínum spilum, að splundra hinum borgaralegu öflum, eins og þeir kalla þau, veifa framan í menn ýmsum vegtyllum eða bitlingum. Sú ríkisstj., sem nú situr, er t. d. gott dæmi um þetta. Rifjum upp hvernig hún varð til, það liggur allt saman alveg á borðinu. (**ÓRG:** Varð meira að segja metsölubók í ár.) Það varð metsölubók í ár, já. Þetta liggur allt á borðinu. Alþb.-mönnum tókst að sannfæra varaformann Sjálfstfl. um það, að með því að kljúfa Sjálfstfl. gæti sá langþráði draumur ræst að hann yrði forsrh. Með þessum hætti tókst Alþb.-mönnum að deila. Og eftirleikurinn var einfaldur. Þeim hefur tekist, ekki aðeins í kjölfar þess að Alþingi götunnar náði völdunum hér eftir sólstöðusamningana — og við munum hvernig lætin voru þá m. a. í hv. 8. landsk. þm. Guðrúnu Helgadóttur, þegar hún *talaði um samningana í gildi, — þeim hefur tekist* að rugla fólk. Það trúði því, að þetta fólk byggi yfir einhverju „patenti". Og afleiðingarnar af þessu voru þær m. a., að Sjálfstfl. missti vígi sitt hér í Reykjavík. Að vísu munaði litlu, þetta var tilviljun, en oft er það tilviljunin sem skiptir sköpum. Ég man eftir því, að þegar þessir atburðir gerðust og næstu misserin á eftir þótti ýmsum sjálfsagt að nú mundu sjálfstæðismenn snúa bökum saman og vinna vígið til baka, endurheimta vígið. (**ÓRG:** Svo sagði Birgir Ísleifur þá.) Já, við eigum eftir að gera það. Menn vildu stöðva stórsókn kommúnista inn í íslenskt þjóðfélag. En síðan gerist það næst, að við völdum tekur ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar með þátttöku kommúnista. Við töldum þá, sjálfstæðismenn, að það ætti að vera höfuðmarkmið okkar að berjast gegn auknum áhrifum kommúnista í þjóðfélaginu, enda hefur það verið langþráður draumur kommúnista að setja Sjálfstfl. til hliðar, brjóta niður íslenskt efnahagskerfi og veikja íslenska atvinnuvegi. (**ÓRG:** Hvernig stóð þá á því, að Styrmir Gunnarsson datt út úr þessari glímu? Fæ ég svar við því?) Og þetta virtist ætla

að takast. Kosningar fóru fram á s. l. vetri, fyrir rúmu ári, og upp úr því fóru fram stjórnarmyndunarviðræður.

Ég man eftir því, og veit að það kom ýmsum mönnum spánskt fyrir sjónir, hvernig Alþfl. hélt á þeim umræðum sem þá voru um nýja ríkisstj. í landinu. Alþfl. hafði fyrirvaralaust slitið stjórnarsamstarfi við framsóknarmenn og kommúnista í sept. eða byrjun okt. á þeim grundvelli að þrautreynt væri að ekki gæti orðið um það að ræða, að samkomulag næðist við Alþb. um úrræði sem héldu í efnahagsmálum. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Það er eðlilegt að um þetta mál séu nokkrar umræður þar sem tilefni gefst til þess, úr því að talsmenn ríkisstj. eru ekki fáanlegir til að svara einföldustu spurningum varðandi meginþætti í efnahagsmálum og helstu markmið ríkisstj. í þeim efnum.

Ég sé, að hæstv. viðskrh. er kominn hér í salinn, og vil mega leggja fyrir hann eina spurningu, fsp. í tilefni að þeim umræðum sem hér hafa farið fram, og vegna þess, hvernig hæstv. forsrh. hefur brugðist við. Fyrr í dag, hæstv. viðskrh. var borin fram afskaplega einföld spurning, hvort þess sé að vænta, að farið verði með vaxtamálin eins og lög segja til um nú um áramótin, hvort við getum vænst þess, að staðið verði við þau ákvæði sem nú eru í lögum varðandi vaxtamál og verðtryggingu eða ekki. Þetta er sú einfalda spurning sem ég held að Alþingi hafi fullan rétt á að fá vitneskju um áður en það fer heim.

Ég vil svo ítreka það sem ég sagði fyrri í dag, að það er síður en svo um það að ræða að við í stjórnarandstöðunni viljum taka einhvern rétt af ríkisstj. Það mál, sem hér er til umræðu, er fólgið í því, að ríkisstj. biður um að Alþingi afsali sér löggjafarvaldinu fram í lok janúar. Það er kjarni þessa máls. Ég tel að það sé úrelt að halda svo á málum, að bráðabirgðalagavald sé afhent ríkisstj. þótt alþm. hverfi heim til sín um jólin. Við höfum fundið það á umræðum um Alþingi í blöðum, í ræðu og riti, að til þess er ætlast að Alþingi sitji í jólaleyfinu og haldi störfum sínum áfram, til þess séu refarnir skornir, til þess séu alþingismenn kosnir, að þeir eigi að vinna sín verk.

Ég óska sem sagt skýrra svara við þessu frá öðrum hvorum, hæstv. viðskrh. eða hæstv. forsrh., hvort þess sé að vænta að við þau ákvæði, sem nú eru í lögum um vexti, verði staðið um áramótin eða hvort til standi að breyta þessum ákvæðum með brbl.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Hér eru umræður um till. til þál. um samþykki til frestunar á fundum Alþingis. Hafa spunnist þar af nokkuð almennar umræður um efnahagsmálin og fyrirætlanir ríkisstj. í sambandi við efnahagsaðgerðir. Ríkisstj. er ekki tilbúin til að skýra frá sínum fyrirætlunum í þessu efni og skal ég ekki hafa um það fleiri orð. Ég vil aðeins fullvissa þingheim um það, að varðandi vexti verður farið að lögum.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Hæstv. viðskrh. hefur nú raunar komið inn á þau efni sem ég ætlaði að gera hér að umræðuefni. Ég hjó eftir því, að hæstv. forsrh. sagði fyrr í dag í ræðu sinni aðspurður um vaxta- og vertryggingarmál efnislega á þá leið, að um vexti og verðtryggingu yrði farið að lögum. Sömu hugsun og nánast með sama orðalagi túlkar hæstv. viðskrh. nú.

Nú var á þessum hæstv. ráðherrum að skilja, sem ég veit að þeir skilja auðvitað mætavel, að einstaklingar hegða sér flestir á þann veg sem ríkisvald ætti að gera, þ. e. þeir gera áætlanir um sinn fjárhag. Bæði sparendur og skuldarar í þessu landi verða auðvitað að geta haft um það nokkra hugmynd með hverjum hætti ríkisvaldið hyggst hegða sér í þessum efnum. Það er pólitískur ódrengskapur við þetta fólk að láta það svífa gjörsamlega í lausu lofti um það, með hvaða hætti ríkisvaldið hyggst hegða sér í þessum efnum.

Svo vill til, að það eru lög í landinu um vaxta- og verðtryggingarmál. Þetta eru lög nr. 13 frá 1979, lög um efnahagsmál o. fl. Samkv. þessum lögum er það alveg ljóst, að verðtryggingar eiga að hækka til samræmis við verðbólgu um 10—12% til þess að svokölluðum raunvöxtum verði náð. Verði lögum ekki breytt á þessi efnahagsbreyting að eiga sér stað, þá fer hún fram. Ef orð hæstv. forsrh. fyrr í dag og nú hæstv. viðskrh. eru skilin bókstaflega samkv. íslensku máli og orðanna hljóðan, þá þýða þau ekki annað en það, að þessum lögum verði ekki breytt og að raunvöxtum verði náð. Með hvaða aðferðum sem það verði gert muni verðtryggingu verða náð. Sé farin vaxtaleiðin hækki vextir hér um 10—12% núna um áramót. Með þessum hætti verði sparendum bætt upp margra ára arðrán á þeim.

Það er auðvitað útúrsnúningur ef hæstv. viðskrh. er með þeim orðum, sem hann nú lætur falla, að halda opnum þeim möguleikum að sett verði á síðustu stundu brbl. þar sem komið verði í veg fyrir að þessi efnahagslega aðlögun eigi sér stað, — ef orð hans, að farið verði að lögum, geta bókstaflega þýtt allt, geta þýtt að verði ekkert aðhafst muni vextir hækka, en geta jafnframt þýtt að möguleiki sé opinn til að sett verði brbl. sem breyti þessum ferli öllum. Ég spyr því enn og aftur: Hvað á ráðh. við? Hvort á hann við að engin lög verði sett og að efnahagslegi ferillinn í vaxta- og verðtryggingarmálum verði sá, að vextir muni hækka og raunvöxtum verði hér náð eins og lög nr. 13 frá 1979 gera ráð fyrir, eða er hann að gefa í skyn eða hóta að þeir ætli að nota sér það bráðabirgðalagavald, sem þeir eru að fara fram á og væntanlega munu fá, til þess að breyta þessum ferli? Hann segir: Það verður farið að lögum. Þetta er gott og gilt svo langt sem það nær. En hvort á hæstv. ráðh. við og hvort átti forsrh. við í dag, að sparendur megi eiga von á því að þeir séu þarna að svíkjast aftan að þeim með því að breyta lögum á síðustu stundu og breyta þessum ferli, eða ætla þeir ekki að aðhafast og láta raunvexti eiga sér stað nú eins og lög gera ráð fyrir?

Ég endurtek það, að ég tel að sparendur í landinu eigi kröfu á því, að það sé ljóst núna, þegar verið er að svipta helminginn af löggjafarsamkomunni sínu valdi, — og þar með marga þá sem hafa talið sig vera að berjast fyrir málstað sprifjáreigenda hér og er ekki sama um það að verða sviptir þessu valdi, sem ég tel auk þess bæði vera gamaldags og óheppilega aðferð í alla staði, en gott og vel, — að svona muni þetta ná fram að ganga. Ég krefst þess, að því sé skýrt svarað, við hvort hæstv. ráðh. eigi þegar þeir segja að farið verði að lögum. Eiga þeir við það, að ekkert verði aðhafst og að Seðlabankinn muni framfylgja þessum lögum svo sem bókstafurinn gerir ráð fyrir og hv. þm., a. m. k. Halldór Ásgrímsson og Guðmundur G. Þórarinsson, hafa sagt að þýði það, að vextir muni hækka, eða ætla þeir að ryðjast inn á þennan feril með brbl. — setningu og hafa fjármuni af sparendum í landinu? Svörin, sem við höfum fengið hjá þeim báðum, hæstv. forsrh. og viðskrh., hafa verið hreinn útúrsnúningur. Og ég endurtek þessa röksemdafærslu. Þeir segja

að farið verði að lögum. En hvaða lögum? Lögunum sem gilda núna í landinu, sem þýða vaxtahækkun, eða ætla þeir að breyta ferlinum með nýrri lagasetningu, með brbl.-setningu? Eiga sparendur von á því, að kannske nokkrum dögum eða klukkustundum áður en þessi lög eiga að ganga í gildi núna um áramót svíkist þeir aftan að þeim? Og það eru ekki margar klst. enn þá fyrir okkur, þessa óbreyttu þm. sem á að fara að svipta umboði núna á næstunni, til að spyrja þessarar spurningar. Ég endurtek því þessar spurningar til hæstv. ráðh.: Hvað á hæstv. ráðh. Tómas Árnason við þegar hann segir að farið verði að lögum? Á hann við það, að lögin verði látin standa óbreytt og að vextir muni hækka, eða er hann að gefa því undir fótinn, að með nýrri lagasetningu eigi eina ferðina enn að svíkjast aftan að þessu fólki? Ég treysti því, að hæstv. ráðh. svari því núna þannig að landslýð verði ljóst hvora leiðina þeir hyggjast fara.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Hæstv. forsrh. vék að umræðum um þingfrestun fyrir jólin 1977, og tilgreindi ummæli stjórnarandstöðunnar, þm. Lúðvíks Jósepssonar og Gylfa Þ. Gíslasonar, við það tækifæri, þar sem þeir mæltu gegn þingfrestun. Ég hygg að það mætti tína til ýmis fleiri dæmi þar sem stjórnarandstaðan hefði mælt gegn þingfrestun vegna þess að tímarnir væru alvarlegir. En það stoðar ekki að leita slíkra fordæma í því máli sem við stöndum núna frammi fyrir, vegna þess að nú eru alveg sérstakar aðstæður vegna gjaldmiðilsbreytingarinnar sem ekki hafa verið áður. Og allt okkar tal núna og í öðrum samböndum varðandi þetta mál snýst um ráðstafanir í efnahagsmálum vegna gjaldmiðilsbreytingarinnar.

Herra forseti. Nú sé ég mér til skelfingar að hæstv. viðskrh. er farinn, hann hefur farið meðan ég sneri mér við. Ég ætlaðist alveg sérstaklega til að hann hlýddi á þetta mál mitt. (**Gripið fram í:** Hann er í húsinu.) Já, en mér nægir það ekki. (**Gripið fram í:** Dugar ekki fjmrh.?) Nei, ekki heldur, með fullri virðingu fyrir fjmrh. og öðrum viðstöddum ráðh. Ég ætla að leyfa mér að gera hlé á ræðu minni á meðan.

Herra forseti. Hæstv. viðskrh. gengur í salinn. Við höfum haft hér stutta þagnarstund sem undirstrikar *alvöru þeirra orða sem ég ætla nú að mæla við hæstv.* viðskrh.

Ég var kominn ræðu minni þar sem ég var að segja að það, sem við værum að deila hér um í þessum umræðum, væri hvort ríkisstj. ætlaði í þinghléi að gera boðaðar *ráðstafanir í efnahagsmálunum í sambandi við gjaldmið*ilsbreytinguna. Í fyrri ræðu minni í þessum umræðum vitnaði ég til ummæla hæstv. viðskrh. í umræðum 4. nóv. s. l., þar sem hann lofaði að mínu mati að ekki skyldu verða gerðar ráðstafanir í efnahagsmálunum í sambandi við gjaldmiðilsbreytinguna nema leggja þær fyrir hv. Alþingi. Ég ætla ekki að endurtaka þessar tilvitnanir, hæstv. viðskrh. hlýddi sjálfur á þær fyrr í þessum umræðum. Hann hefur ekki vikið að því sem ég sagði um þetta efni og um að hann hefði gefið þetta loforð, þannig að samkv. venjulegum reglum ættum við að líta svo á að hæstv. ráðh. samþykkti skoðun mína á þessu loforði, því að þögn væri sama og samþykki. En mér þykir vegna mikilvægis málsins rétt að þrátt fyrir þetta lýsi hæstv. viðskrh. því beint yfir, að skilningur minn á loforði hans í umræðunum 4. nóv. sé réttur.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég hef áður gert grein fyrir því, sem er ekki nýtt fyrir hv. þm., að ríkisstj. hefur boðað aðgerðir í efnahagsmálum í tengslum við gjaldmiðilsbreytinguna. Forsrh. lýsti þessu yfir í sinni stefnuræðu sem hann flutti á sínum tíma hér í þinginu, og þetta kemur einnig fram í aths. við fjárlagafrv. Ég get því við þetta tækifæri endurtekið þessi ummæli forsrh. og það sem fram kemur í aths. við fjárlagafrv. á ábyrgð hæstv. fjmrh. og ríkisstj.

Varðandi hitt atriðið, hvenær þessar aðgerðir verði gerðar, tók ég það ákaflega skýrt fram í mínum ræðum hér, að ég vildi ekki nefna neina dagsetningu. Og það var hreinlega vegna þess að ég vissi ekki um það. Ég var ekki fær um að segja til um hvenær ríkisstj. yrði tilbúin með sínar tillögur og aðgerðir í efnahagsmálum. Þess vegna vildi ég ekki nefna dagsetningar og vil ekki gera það enn. En ég vil endurtaka það, að vitanlega verða þessi mál rædd á Alþingi, það gefur auga leið.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Mér þótti bjartsýni hv. þm. Halldórs Blöndals helst til mikil þegar hann gerði ráð fyrir því, að hæstv. forsrh. mundi svara fsp. hans. Það hefur svo margoft á það reynt, hvort sá virðulegi hæstv. forsrh. vildi svara spurningum alþm., að allir ættu að vita að það vill hann ekki, kærir sig ekkert um það og finnst hann vera langt yfir það hafinn að þurfa að svara einu eða neinu.

En ég átti ekki von á því, að hæstv. viðskrh. væri farinn að draga svo dám af sessunaut sínum að hann tæki líka upp þessi vinnubrögð hans að fara undan í flæmingi í hvert skipti sem hann er spurður um einföldustu hluti, *eins og hann gerði áðan. Hann hefur venjulega viljað* svara. Hann hefur meira að segja svarað blöðum margsinnis mjög skýrt, sagt sínar skoðanir. En nú kemur hann hingað og hefur ekkert annað að segja en að það muni verða farið að lögum. Það muni verða farið að lögum, *það er aðalfréttin. Það er kannske engin furða þó að það* sé stórfrétt, eins og lög eru sniðgengin, eins og allt siðferði er sniðgengið af þessari stjórn, eins og svik og undirferli eru aðdragandi þessarar stjórnarmyndunar. Það er aðalatriðið sem ráðherrarnir hafa fram að færa við þjóðina: það verður farið að lögum. Ég efast um að það verði farið að lögum. En það er þó gott að ráðherrum dettur það í hug, að lög eru til í landinu.

En það, sem við erum að spyrja að, er ekki hvort farið verði að lögum. Við ætlum að reyna að vona að það verði farið að einhverju af lögum landsins, þó að sum séu sniðgengin og önnur brotin eins og allir vita. Við erum að spyrja að því, hvort sett verði ný lög, hvort lögum landsins verði kollvarpað kannske að meira eða minna leyti. Svo er það þessi einfalda spurning í sambandi við vextina, og ég trúi ekki að hæstv. viðskrh. muni neita að svara því, hvort það sé hugmyndin núna eftir tíu daga að setja brbl. til þess að breyta ákvörðun um vextina. Mér fyndist ekkert athugavert við það, að lagt yrði fram hér í þinginu frv. um það að fela ríkisstj. eða Seðlabankanum breytingar á vaxtalögum. Ég er ekki að segja að ég mundi greiða því atkvæði, en stjórnarliðið hefur meiri hl. — að þeir halda — og líklega hafa þeir það enn þá, meiri hl. til þess að fá slíkt frv. samþykkt. Og það er enn þá tími til þess. Þá geta þeir gert þessa breytingu. En þeir geta ekki boðið Alþingi Íslendinga það að neita viku eftir viku að svara því, hvort þeir hafi í huga að breyta þessum

ákvæðum, og gera það síðan með brbl. Það er sjálfsagt rétt hjá hæstv. ráðh., að þeir hafi ekki gert það upp við sig, hvernig efnahagsráðstafanirnar í heild eigi að vera, og geti þess vegna ekki lagt þær fram fyrir okkur, ef þær þá einhvern tíma sjá dagsins ljós. En ef einn liðurinn í efnahagsráðstöfunum hugsanlega er breyting á svokölluðum Ólafslögum, þessu ákvæði um vextina, þá er það skylda ráðherranna, siðferðileg og ég vil segja stjórnskipuleg skylda — þegar eftir því er gengið og spurt að því, hvort þeim detti í hug að breyta þessu með lögum innan tíu daga — að svara hér. Og ég treysti því, að þegar hæstv. viðskrh. nú á þessari stundu hugsar málið betur, og ég sé að hann er að hugsa málið, sýni hann okkur þá virðingu að svara þessu skýrt og greinilega: Verður þessu ákvæði Ólafslaga breytt með brbl., verður því hugsanlega breytt með brbl.? Ef það er ekki hugmyndin, ef ákveðið er að breyta þeim ekki með brbl., þá er það í lagi. Ef þarf að breyta þeim, þá á að leggja frv. þess efnis fram hér og nú, á þessari stundu, og afgreiða það með öðrum málum á morgun, og ríkisstj. getur þá tekið sér þessa heimild. (Gripið fram í.). Ég hef ekki talað um að hækka vexti. Ég er að tala um lögfræði, ég er að tala um siðgæði, ég er að tala um stjórnskipunarrétt. Ég er ekki að tala um vexti. Ef ráðh. vill fá sérstakan fyrirlestur um efnahagslíf og vexti, þá er ég reiðubúinn. Ég skal tala hér í marga klukkutíma um það, vegna þess að það er mál út af fyrir sig. Það er nákvæmlega sama hvort vextir undir stjórn þessa manns og félaga hans væru 5% eða 500%, stjórnarstefnan er svo kolbrjáluð að verðbólgan mundi æða jafnt áfram fyrir því og þjóðfélagið liðast í sundur, eins og það er að gera, því miður, og atvinnuvegirnir fara á hausinn. Að tala um það er langur, mjög langur fyrirlestur, og ég ætla ekki að eyða tíma þingsins í það nema ráðh. óski þess að ég geri það. (**Fjmrh.:** Þetta var bara ein lítil spurning og eins lítils svars er óskað.) Ég held ég sé búinn að svara því. Það er nákvæmlega sama hvort vextir verða lækkaðir niður í 5% eða hækkaðir í 500%, miðað við þær aðstæður sem núna eru og miðað við það, að ekkert annað sé gert. Og ég skal þá gjarnan ræða þetta svolítið.

Þegar Alþfl.-menn báru fram till. sínar um þessa raunvexti, sem ég hef í blaðagreinum og ræðum kallað raunalega vexti, þá var hugsunin góð út af fyrir sig: að hafa raunvexti, hafa vextina eilítið hærri en verðbólguna. En að láta sér detta það í hug að lögbjóða að á einu og hálfu ári skyldu vextir alls ekki undir neinum kringumstæðum ná verðbólgu, en hins vegar alltaf elta hana og keyra hana áfram, — þegar hún hækkaði um 10% hækka þeir um 10%, en alltaf samt 10% undir raunvöxtum, — það gat verið vit í því þegar vinstri stjórnin var mynduð og verðbólgan var 40% eða svo, að setja þá 50% vexti og lækka þá síðan og nota þá til þess að kýla verðbólguna niður. Þetta mundi fjmrh. aldrei skilja, enda hlustar hann ekki á svar mitt né heldur viðskrh. (**Viðskrh.:** Jú. Ég hlustaði.) Um þetta get ég haldið mjög langan fyrirlestur. En ég hélt að menn vildu gjarnan fá örlítið matarhlé og geta farið að tala um fjárlögin. Ég hef trú á því, að hæstv. viðskrh. skilji þetta, þó að hæstv. fjmrh. skilji það auðvitað ekki frekar en annað.

En ástæðan til þess, að ég kom hér upp, var sem sagt fyrst og fremst sú að endurtaka það, að hæstv. viðskrh. getur ekki skotið sér undan því að svara þessu. Það er ekki nóg að segja: Landsins lög verða virt. Við skulum vona að þau verði það, og ég veit að hann vill ekki vísvitandi brjóta landsins lög.

Nú liggur það fyrir samkvæmt yfirlýsingu Seðlabanka, samkvæmt áliti formanns fjh.- og viðskn. Nd., hv. þm. Halldórs Ásgrímssonar, og samkvæmt eðlilegri lagaskýringu, að það verður að hækka vexti verulega um áramótin ef Ólafslögum er ekki breytt. Ég held að það væri algjör endaleysa, ef það er það sem hæstv. ráðh. Ragnar Arnalds er að fiska eftir, að bæta því ofan á annað að fara með vextina í 60% eða svo. Ég held að það væri algjör endaleysa. Það er nákvæmlega jafnmikil endaleysa ef ætti að lækka þá niður í 20%, það bæri allt að sama brunninum. Það eru ekki vextirnir einir sem þarf að krukka í. Og ég held að flestallir séu farnir að skilja þetta, þó að hæstv. fjmrh. skilji það ekki.

En sem sagt, ef á að breyta vöxtum, þá verður að breyta fleiru. Ég er nú að reyna að segja þetta skýrt, en það verður þá bara kannske ruglingslegt. Ég veit auðvitað að hæstv. viðskrh. skilur þetta allt saman mætavel. Ég er að tala um lögfræði, ég er að tala um siðfræði og ég vil segja stjórnskipunarlög. Ég sé að hæstv. forsrh. kippist eitthvað við þegar talað er um siðfræði. Málið er svona einfalt.

Kemur það til greina af hálfu hæstv. ríkisstj. að breyta með brbl. þessu ákvæði Ólafslaga eftir tíu daga án þess að greina Alþingi frá því, án þess að leggja málið fyrir þingið? Það er enn tími til þess, getur orðið sólarhringur til þess ef í það fer, en ég hygg að ekki þyrfti langan tíma til að afgreiða málið. Ef ríkisstj. vill fá sér slíka heimild á hún að gera það hér á Alþingi með þeim meiri hl. sem hún telur sig hafa, en undir engum kringumstæðum að dylja menn þessa og fara heim og neita að gefa yfirlýsingu. Ég á ekki von á því að úr þessu fáist neinar almennar yfirlýsingar. Svo mikið hefur hæstv. viðskrh. sýnilega lært af hæstv. forsrh., að hann gefur engar yfirlýsingar sem bitastætt er í almennt, og er raunar búinn að segja að tillögurnar séu ekki svo langt á veg komnar að hægt sé að greina frá þeim o. s. frv., o. s. frv., en boðað hafi verið að það mundi eitthvað koma í þá áttina. En þetta eina atriði hlýtur þó að liggja svo ljóst fyrir að hæstv. viðskrh. geti svarað því. (**Forsrh.:** Hver er stefna hv. þm.? Getur hann svarað því?) — Má ég svara þessu hérna, ljúka máli mínu þannig? Hæstv. forsrh. ætti gjarnan að vera í salnum og hlusta á það. Sálufélagi hans og húsbóndi, einn af húsbændum hans, hæstv. fjmrh., spurði þessarar sömu spurningar og ég var að svara henni áðan. Tók meira að segja dálítinn tíma frá störfum þingsins. Óskar hæstv. forsrh. eftir að ég endurtaki það? Það mundi taka mig tíu mínútur eða svo að skýra það mál allt — eða vill hann heldur fá fóstbróður sinn og sálufélaga, hæstv. fjmrh., til að greina sér frá því? (**Forsrh.:** Er þá hv. þm. orðið sama hvort vextir verða 5% eða 500%?) Undir stjórn hæstv. forsrh. Gunnars Thoroddsens er það nákvæmlega sama. Þegar ekkert annað er gert og undir stjórn þessa manns hlýtur allt illa að fara. Það var ekkert einkennilegt að hv. þm. Halldóri Blöndal skyldi detta þetta í hug með rafmagnið sem fór suður í staðinn fyrir norður þegar hæstv. forsrh. ætlaði að stjórna straumnum. Sá straumur, sem hann ætlar að stjórna, fer venjulega í vitlausa átt.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Hæstv. viðskrh. sagði áðan að hann hefði endurtekið ummæli forsrh. um það að gera þyrfti ráðstafanir í efnahagsmálunum vegna gjaldmiðilsbreytingarinnar. Hann sagði enn fremur að hann hefði ekki viljað nefna dagsetningar í því

sambandi, hvenær ráðstafanirnar yrðu gerðar. Hæstv. viðskrh. sagði enn fremur að hann hefði sagt að þessi mál yrðu rædd á Alþingi. Hann sagði þetta þrennt þegar hann var að rifja upp hvað hann hefði sagt í umræðunum 4. nóv. s. l. og ég hafði vitnað til. Allt þetta, sem hæstv. viðskrh. segir núna, er satt og rétt. En það er bara ekki það sem ég var að tala um. Það er þögn um það. Það er þögn um hvort það sé ekki réttur skilningur að ekki verði gerðar *ráðstafanir í efnahagsmálum í sambandi við* gjaldmiðilsbreytinguna nema í samráði við Alþingi. Og það þýðir ekki að borið sé fram frv. til staðfestingar á brbl., heldur að brbl. verði ekki sett.

Hæstv. viðskrh. kaus að segja ekkert um þetta efni. Þess vegna verð ég að líta svo á, að með þögninni samþykki hann þá skoðun sem ég hef hér lýst, að hann hafi lofað því, að það yrðu ekki gerðar efnahagsráðstafanir í sambandi við gjaldmiðilsbreytinguna nema á Alþingi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Fjárlög 1981, frv. (þskj. 244, n. 327 og 352, 284, 303, 304, 326, 328, 329, 349, 351). — 3. umr.

Frsm. meiri hl. (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Síðan frv. til fjárlaga var afgreitt við 2. umr. hefur fjvn. fjallað um það á átta fundum og eru fundir n. um frv. þá orðnir 43. Fjvn. flytur sameiginlega brtt. á þskj. 326. Um þær till. gildir hið sama og um brtt. við 2. umr., að fulltrúar stjórnarandstæðinga hafa óbundnar hendur um fylgi við einstakar tillögur og áskilja sér rétt til að flytja brtt. eða fylgja brtt. sem fram kunna að koma. Meiri hl. fjvn. flytur sérstaklega nokkrar till. við útgjaldahlið frv. svo og tillögur um breytingar á tekjuhlið. Mun ég fyrst greina frá sameiginlegum tillögum nefndarinnar.

Fyrsta till. varðar forsrn. Liðurinn Til Hrafnseyrar hækkar um 20 millj. kr. og verður 30 millj.

Menntmrn.: Háskóli Íslands, byggingarframkvæmdir og tækjakaup. Liðurinn hækki um 225 millj. kr. vegna byggingar 7 á landspítalalóð svo að framlag úr ríkissjóði til þeirrar byggingar nemi alls 675 millj. kr., en liðurinn í heild hækkar í 2243 millj. Með þeirri upphæð, sem hér er gert ráð fyrir að verja til byggingar 7, ætti að vera tryggt að ekki dragi úr áætluðum framkvæmdahraða.

Framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs ríkisins og forstöðumenn rannsóknastofnananna hafa átt fundi með fjvn. þar sem rætt hefur verið starfsskipulag á grundvelli verkefna, auk annarra atriða langtímaáætlunar um rannsóknir og þróunarstarfsemi í þágu atvinnuveganna. Í því sambandi hefur verið rætt um gerð fjárlaga og hugsanlegar breytingar á vinnubrögðum sem því væru samfara að fjárveitingarnar miðuðust við verkefni. Rannsóknastofnanirnar sendu fjárlagabeiðni sína til fjárlaga- og hagsýslustofnunar með hefðbundnum hætti, en auk þess hafa átt sér stað fundir með einstökum rannsóknastofnunum þar sem beiðnirnar hafa verið ræddar út frá þeim verkefnum sem rannsóknastofnanirnar sinna. Undirnefnd fjvn. hefur átt aðild að viðræðunum. Þar sem viðræðum var ekki lokið þegar fjárlagafrv. var lagt fyrir Alþingi á síðasta hausti var tekið fram í grg. með frv. að gera mætti ráð fyrir nokkrum breytingum á framlögum til þeirra stofnana sem falla undir Rannsóknaráð ríkisins, en þær eru Hafrannsóknastofnun, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Iðntæknistofnun og skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna.

Varðandi Rannsóknaráð ríkisins er framlag til upplýsingaþjónustu á vegum Rannsóknaráðs ríkisins hækkað um 3 millj. kr. og er ætlað til dagvinnulauna á mesta annatíma. Þá eru sértekjur hækkaðar um 2 millj. kr. Þátttökugjald í Nordforsk hefur verið hækkað um 10 þús. sænskar kr. og er fjárveiting þar af leiðandi hækkuð um 1 millj. kr.

Um till. varðandi launabreytingar hjá framhaldsskólum, en um það fjalla 19 tillögur n., er það að segja, að þegar fyrir lá í haust eftir samningu fjárlagafrv. hvernig nemendafjöldi skiptist á bekkjadeildir var ljóst að launakostnaður þessara skóla var almennt ofáætlaður í frv. Á hinn bóginn reyndust rekstrargjöld vanáætluð. Samkv. ósk menntmrn. er því gerð tillaga um að færa hluta fjárveitingar af launaliðum á rekstrarliði. Launaliðir eru því við endurskoðun lækkaðir hjá 14 skólum, en hjá 5 framhaldsskólanna reyndist þörf á að hækka launaliði, samtals um 38.5 millj. kr. Sú nettólækkun, sem með þessum breytingum verður á launaliðum framhaldsskólanna, 315.8 millj. kr., er notuð til að mæta vanáætluðum rekstrargjöldum og sú upphæð sett á sameiginlegan lið framhaldsskóla almennt.

Flutt er till. um að liðurinn gjaldfærður stofnkostnaður hjá Menntaskólanum á Ísafirði verði hækkaður um 130 millj. kr., í 430 millj., í samræmi við skuldbindingar í verksamningi.

Þá flytur n. till. um að liðurinn Gjaldfærður stofnkostnaður hjá Íþróttakennaraskóla Íslands hækki um 65 millj. kr., í 100 millj., vegna byggingar íþróttahúss.

Kennaraháskóli Íslands. Launaliður hækkar um 5 millj. kr. vegna nýrrar stöðu lektors hluta af árinu 1981.

Í fjárlögum undanfarið hefur í heimildagrein verið gert ráð fyrir að húsnæðisvandamál Fiskvinnsluskólans, sem er í leiguhúsnæði, yrðu leyst með kaupum á húsnæði. Þessar heimildir hafa ekki verið notaðar, en athuganir varðandi notkun á heimildunum hafa beinst að kaupum á gömlu fiskvinnsluhúsnæði. Fjvn. leggu nú til að í húsnæðismálum Fiskvinnsluskólans verði mörkuð sú stefna, að byggt verði yfir skólann á lóð sem stofnunin hefur fengið í Hafnarfirði, og lagt er til að 70 millj. kr. verði á næsta ári varið til að hefja byggingu á þeim hluta skólans sem notaður verður vegna saltfisks- og skreiðarverkunar. Auk þess er lagt til að liðurinn Gjaldfærður stofnkostnaður hjá Fiskvinnsluskólanum hækki um 7.4 millj. kr. vegna tækjakaupa.

Þá er lagt til, að framlag til hússtjórnarskóla hækki um 10 millj. kr. vegna endurbóta á húsnæði Húsmæðraskólans á Laugarvatni.

Framlag til tónlistarskóla, laun, hefur um árabil verið vanáætlað í fjárlögum. Nú er lagt til að úr þessu verði bætt og liðurinn hækkaður um 200 millj. kr., í 1 milljarð 132 millj. 813 þús. kr.

Við samningu fjárlagafrv. voru tillögur menntmrn. og fræðslustjóra varðandi launaútgjöld í grunnskólum skornar niður um 670 millj. kr. og gert ráð fyrir að sá niðurskurður kæmi til endurskoðunar við meðferð frv. Niðurstaðan hefur orðið sú, að lagt er til, að af þessum 670 millj. kr. niðurskurði verði 350 millj. kr. teknar inn í fjárlög, og því lagt til að í fjárlög komi nýr liður: Laun í grunnskólum 350 millj. kr., og af þessari upphæð verði í framkvæmd veitt til einstakra skóla eftir

því sem þörf þeirra verður metin.

Liðurinn Barnaverndarráð hækkar um 7.2 millj. kr. vegna foreldraráðgjafar.

Framlag til Félagsstofnunar stúdenta hækkar um 17.7 millj. kr. samkv. till. nefndarinnar.

Þá er lagt til að veittar verði 4 millj. kr. til kaupa á myndtæki fyrir Landsbókasafn.

Þjóðminjasafn. Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 20 millj. kr. svo að unnt verði að ljúka uppsetningu á lyftu.

Listasafn Einars Jónssonar. Viðhaldsliður hækki um 7 millj. kr. og verði 9.9 millj. kr.

Liðurinn Önnur leiklistarstarfsemi, þ. e. starfsemi atvinnuleikhúsa annarra en Þjóðleikhúss, Leikfélags Reykjavíkur og Leikfélags Akureyrar, hækkar um 10 millj. kr. og verður 20 millj.

Ungmennafélag Íslands. Liðurinn hækki um 10.2 millj. kr. og verði 70.2 millj. kr. Enn fremur hækki framlag til Íþróttasambands Íslands um 35 millj. kr., í 240 millj.

Lagt er til að framlag til Skíðaskólans í Kerlingarfjöllum hækki um 1 millj. kr. og verði 3 millj.

Þá er lagt til að liðurinn Íþróttamál fatlaðra hækki um 4.5 millj. kr. og verði 15 millj., enn fremur að framlag til Ólympíunefndar hækki um 1.5 millj. kr., í 5.5 millj., og framlag til sumarnámskeiða, þ. e. Heiðarskóla í Borgarfirði, hækki um 900 þús. kr. í 3 millj.

Safnastofnun Austurlands, vegna Skriðuklausturs. Liður þessi var á fjárlögum 1980 35 millj. kr., en ekki var áætlað fyrir þessu framlagi í fjárlagafrv. fyrir árið 1981. Lagt er nú til að veittar verði 10 millj. kr. til Safnastofnunar Austurlands.

Þá er nýr liður: Minnisvarði um Þorvald víðförla og Friðrik biskup 2 millj. kr., en gert er ráð fyrir að þessi minnisvarði verði reistur við alfaraveg norðan Giljár í Þingi.

Þá er utanrrn. Vegna gengisbreytingar er lagt til að allir útgjaldaliðir sendiráða og fastanefnda erlendis hækki um 4.7% og framlag til alþjóðastofnana um sömu prósentutölu, en þó er framlag til Alþjóðaframfarastofnunarinnar óbreytt, enda ekki háð gengi. Samtals nema þessar hækkanir 40 millj. 355 þús. kr.

Jarðeignir ríkisins, framlög. Liðurinn hækki um 50 millj. kr. og verði 250 millj.

Jarðasjóður. Framlag hækki um 20 millj. kr. og verði 60.3 millj. kr.

Liðurinn Sértekjur hjá Búnaðarfélagi Íslands lækkar um 5 millj. kr., en hér er um leiðréttingu að ræða.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Fjárveitingin er aukin um 8 millj. kr. vegna einnar stöðu kerfisfræðings.

Lagt er til að liðurinn Landgræðslu- og landverndaráætlun hækki um 150 millj. kr. Hækkunin skiptist þannig á viðfangsefni: Landgræðsluáætlun Rannsóknastofnunar landbúnaðarins hækkar um 30 millj. kr., Skógrækt ríkisins 30 millj. kr. og Landgræðsla ríkisins 74 millj., en fyrirhleðslur hækka um 16 millj. og breyting á framlagi til einstakra fyrirhleðslna kemur fram á þskj.

Þá er lagt til að framlag til félagasamtakanna Landverndar verði flutt af liðnum Landgræðslu- og landverndaráætlun á liðinn Landbúnaðarmál, ýmis starfsemi, en framlagið verði óbreytt, 15 millj. kr.

Þá er lagt til að í stað tveggja liða, Jarðræktarframlög og Framræsla, komi einn liður: Framlög samkv. jarðræktarlögum með viðfangsefnunum: 1) Jarðrækt, húsabætur og vatnsveitur 2 milljarðar 270 millj. kr., sem er 82 millj. kr. lægri upphæð en ætluð var til jarðræktarframlaga í frv., 2) Framræsla 310 millj. kr., sem er 120 millj. kr. lægra en í frv., 3) Framlag til nýrra búgreina og hagræðingar 720 millj. kr., sem er nýtt viðfangsefni, og 4) Rekstrargjöld 241 millj., sem er óbreytt frá frv.

Þá er lagt til að veittur verði 2 millj. kr. styrkur til Búnaðarsambands Austur-Skaftafellssýslu vegna kornræktartilrauna.

Bændaskólinn á Hvanneyri. Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 40 millj. kr. og verði 110 millj. Hækkun þessi er til komin vegna kostnaðar við hitaveitulögn.

Sjútvrn. Lagt er til að framlag til Fiskifélags Íslands hækki um 4.4 millj. kr. vegna launabreytingar hjá trúnaðarmönnum Fiskifélagsins, en þeir annast upplýsingasöfnun fyrir Fiskifélagið.

Hafrannsóknastofnun. Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að dregið sé úr úthaldi hafrannsóknaskipa. Í þess stað er stefnt að eflingu starfsemi stofnunarinnar í landi. Fjárveitingin er aukin vegna launa um 78 millj. 189. þús. kr. Í því felst að fastráðnir verði þrír sérfræðingar og lausráðnir eða verkefnaráðnir verði sex sérfræðingar. Þá er framlag til stofnkostnaðar hækkað um 30 millj. kr. og sértekjur um 22 millj. frá því sem er í fjárlagafrv.

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Fjárveiting er hækkuð um 30 millj. kr. vegna rekstrargjalda. Á undanförnum árum hafa rekstrargjöld og sértekjur verið vanáætluð. Í fjárlagafrv. var það leiðrétt að því er sértekjur varðaði og nú eru rekstrargjöld leiðrétt til samræmis.

Skrifstofur rannsóknastofnana atvinnuveganna. Framlag til rekstrargjalda er hækkað um 30 millj. kr. og er það einkum vegna hækkunar ýmiss kostnaðar við húsnæði einstakra rannsóknastofnana.

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa. Nýr liður: Til einstaklinga og samtaka 3.2 millj. vegna lögfræðilegrar aðstoðar sem laganemar munu koma á fót fyrir almenning.

Dómhús í Reykjavík. Lagt er til að tekinn verði upp nýr liður: Dómhús í Reykjavík 22.5 millj. kr., til að inna af hendi greiðslur fyrir lóð í nýja miðbænum í Reykjavík.

Sýslumaður og bæjarfógeti á Sauðárkróki. Liðurinn Viðhaldskostnaður hækki um 12.5 millj. kr. og verði 15.5 millj.

Lagt er til að liðurinn Bygging skrifstofuhúsnæðis hjá embætti sýslumanns í Borgarnesi hækki um 50 millj. kr. í 110 millj. vegna verksamnings.

Þjóðkirkja. Sértekjur lækki um 3.5 millj. kr. og verði 5 millj.

Embættisbústaðir þjóðkirkjunnar. Viðhaldsliður hækki um 20 millj. kr. og verði 170 millj.

Þá er lagt til að framlag til Tónskóla þjóðkirkjunnar hækki um 1.5 millj. kr. og verði 4.5 millj.

Félmrn., aðalskrifstofa. Önnur rekstrargjöld hækki um 10 millj. kr.

Vinnueftirlit ríkisins. Laun hækki um 15 millj. kr. vegna aukningar um tvö stöðugildi og sértekjur hækki um sömu upphæð. Erfðafjársjóður, framlag. Liðurinn hækki um 109 millj. kr. og verði 600 millj.

Liðurinn Vinnumál hækkar um 61 millj. kr. Hækkunin skiptist þannig á einstök viðfangsefni: Samtök vinnumarkaðarins vegna hagræðingarstarfsemi hækka um 5 millj. kr., Bygging orlofsheimila Alþýðusambands Íslands um 8 millj., Alþýðusamband Íslands vegna Menn-

ingar- og fræðslusambands alþýðu um 5 millj. kr., Félagsmálaskóli alþýðu um 4 millj., Námskeið fyrir trúnaðarmenn á vinnustöðum um 6 millj., Sjómannadagsráð um 1 millj., og nýir liðir eru: Fræðslumál Bandalags starfsmanna ríkis og bæja 15 millj., Fræðslumál Bandalags háskólamanna 3 millj., Fræðslumál annarra 4 millj. kr. og Sjómannasamtök vegna lögskráningar 10 millj. kr., samtals 61 millj.

Ýmis framlög hjá félmrn. Nýr liður: Samtök aldraðra 10 millj. kr.

Heilbrrn. Framlag til Tryggingastofnunar ríkisins hækkar um 3600 millj. kr. vegna lagasetningar um fæðingarorlof.

Framlag til Eftirlaunasjóðs aldraðra lækkar um 500 millj. kr. vegna þess að Atvinnuleysistryggingarsjóður tekur að sér greiðsluna.

Landlæknir. Önnur rekstrargjöld hækka um 33 millj. kr. vegna sérstaks verkefnis við sjúkraskráningu og sérfræðilegrar aðstoðar.

Heyrnar- og talmeinastöð. Laun hækka um 7 millj. 932 þús. kr. vegna stöðu talkennara, og önnur rekstrargjöld hækka um 35 millj. kr. vegna útgjalda við kaup á heyrnartækjum.

Framlag til gjaldfærðs stofnkostnaðar hjá Landspítala Íslands hækkar um 700 millj. kr. vegna kaupa á tölvustýrðu sneiðmyndatæki. Sundurliðun á framkvæmdaliðum kemur fram í sérstöku yfirliti og gert er ráð fyrir því, að í framkvæmd geti orðið um einhverjar tilfærslur að ræða milli framkvæmdaliða, enda yrðu slíkar tilfærslur gerðar í samráði við fjvn. Enn fremur er gert ráð fyrir að skipting á fjármagni til nýframkvæmda og tækjakaupa hjá öðrum ríkisspítölum, sem er ein tala í fjárlagafrv., eigi sér stað í samráði við fjvn., eins og tekið er fram í grg. fjárlagafrv.

Vegna þess, sem fram kom í nál. fjvn. við 2. umr. varðandi fjárveitingu til Kristneshælis þar sem nefnd var móttökudeild fyrir áfengissjúklinga, er rétt að fram komi að fjvn. telur að þar geti eins verið um legudeild að ræða.

Lagt er til að veittur verði byggingarstyrkur að upphæð 115 millj. kr. til sjúkrahúss St. Franciscusarreglunnar í Stykkishólmi.

Dvalarheimili aldraðra sjómanna, Hrafnista í Hafnarfirði. Lagt er til að liðurinn hækki um 55 millj. kr. og verði 130 millj. Hér er um að ræða fyrstu greiðslu af fimm jafngildum vegna byggingar II. áfanga hjúkrunarheimilis fyrir aldraða.

Hjúkrunarheimili aldraðra í Kópavogi. Liðurinn hækki um 56 millj. kr. og verði 78 millj.

Hjartavernd. Liðurinn hækki um 15 millj. og verði 90 millj. kr. Þessi sérstaka hækkun umfram þá hækkun, sem samþykkt var við 2. umr. fjárlaga, er ætluð til greiðslu á rannsókna- og útgáfukostnaði.

Exem- og psoriasissjúklingar. Liðurinn hækki um 200 þús. kr. og verði 500 þús. kr., þ. e. félagssamtök þessara sjúklinga.

Nýr liður: Styrkur vegna mengunarvarna í fiskimjölsverksmiðjum 50 millj. kr. Í fjárlögum hefur undanfarið verið heimildarákvæði að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og söluskatt af efni, vélum og tækjum til mengunarvarna sem sett eru upp að kröfu Heilbrigðiseftirlits ríkisins. Þar sem taldir eru erfiðleikar á því að framkvæma slíkar undanþágur frá gjöldum var heimildin ekki sett í fjárlagafrv. að þessu sinni, en þess í stað er nú lagt til að gert sé ráð fyrir beinum styrkveitingum í sama skyni.

Lagt er til að framlag til Áfengisvarnaráðs hækki um 3 millj. kr. og verði 56 millj. 194 þús. kr.

Þroskaþjálfaskólinn. Laun hækki um 7 millj. kr. vegna verklegrar kennslu.

Uppbætur á lífeyri. Liðurinn hækkar um 12.5 millj. kr.

Fjmrn. Vegna launa- og verðlagsmála. Launaliðurinn hækki um 400 millj. kr. vegna launaútgjalda bæjarfógeta- og sýslumannsembætta. Alls eru þá 980 millj. kr. ætlaðar til ráðstöfunar vegna endurskoðunar á launaútgjöldum embættanna, en þessi útgjöld hafa verið mjög vanáætluð á undanförnum árum, en jafnframt er gert ráð fyrir breytingum á tilhögun á skilum innheimtufjár hjá bæjarfógetum og sýslumönnum.

Samgrn. Vegagerð ríkisins hækkar um 3.8 milljarða kr., þar af vegna lántöku 2010 millj. kr., en afgangurinn vegna markaðra tekjustofna. Af þessari upphæð fara 1790 millj. kr. í almennar framkvæmdir í vegagerð, 1000 millj. kr. í sérstakt átak í vegamálum, 810 millj. kr. í framkvæmdir í jaðarbyggðum og við „Hafísveg" og 200 millj. kr. til framkvæmda við Bláfjallaveg.

Framlag til Skipaútgerðar ríkisins hækkar um 398 millj. 427 þús. kr. og verður 1 milljarður 736 millj.

Vita- og hafnamálaskrifstofan. Tekinn verði upp liðurinn Til fyrirtækja í B-hluta 45 millj. kr., sem er ætlaður til að bæta úr aðstöðu fyrir starfsfólk áhaldahúss vitamálastjórnar í Kópavogi. 40 millj. kr. eru veittar til þessara framkvæmda í núgildandi fjárlögum.

Framlag til sjóvarnargarða hækkar um 5 millj. kr. vegna framkvæmda við Saurbæ á Kjalarnesi og á framkvæmdum þá að ljúka þar.

Framlag til Landshafnar í Rifi hækkar um 25 millj. kr.

Lagt er til að veittar verði 1100 millj. kr. til framkvæmda við dráttarbrautir vegna hafnaaðstöðu skipasmíðastöðva. Sundurliðun kemur fram í sérstöku yfirliti. Þessar framkvæmdir eru fjármagnaðar með lánsfé.

Veðurstofa Íslands. Gjaldfærður stofnkostnaður fjarskiptadeildar hækki um 11 millj. kr. vegna búnaðar til móttöku veðurmynda frá gervitunglum og um 25 millj. kr. vegna útsendingar á veðurkortum.

Iðntæknistofnun. Fjárveiting vegna rekstrargjalda er hækkuð um 70 millj. kr. og á þar við sama skýring og hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, þ. e. breyting rekstrargjalda er færð til samræmis við breytingu sértekna. Auk þess er gert ráð fyrir að fjórir starfsmenn verði ráðnir til ákveðinna verkefna sem skili stofnuninni sértekjum. Laun eru því hækkuð um 32.8 millj. kr. og sértekjur um sömu upphæð.

Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins. Á undanförnum árum hefur orðið vart alkalískemmda í húsum. Til að hraða rannsóknum á því fyrirbæri svo að finna megi hentuga vörn gegn slíkum skemmdum í húsum og einnig til að efla ýmsar grundvallarrannsóknir á vegum stofnunarinnar er gert ráð fyrir að einn starfsmaður verði fastráðinn og fjárveiting er hækkuð um 8 millj. kr.

Jöfnunargjald til iðnaðarins er nýr liður, 2000 millj. kr.

Athugun á orkufrekum iðnaði. Liðurinn hækki um 180 millj. kr. og verði 200 millj. Lið þessum verði skipt í samráði við fjvn.

Lagt er til að veitt verði framlag til undirbúningsrannsókna á setlögum, 20 millj. kr.

Orkustofnun. Önnur rekstrargjöld hækka um 50 millj. kr. vegna rannsókna á háhitasvæðum.

Lagt er til að liðurinn Verðjöfnunargjald hækki um 800 millj. kr. og verði 6300 millj.

Kröfluvirkjun. Fjármagnsútgjöld lækka um 2630 millj. þar sem afborgun fellur niður vegna breytinga á lánum.

Er þá komið að brtt. við 5. gr. frv. eða B-hluta fjárlagafrv. sem fjallar um ríkisfyrirtæki og sjóði í ríkiseign.

Ríkisútvarp, sjónvarp og hljóðvarp. Í brtt n. eru laun færð upp til áætlaðs verðlags á miðju ári 1981 og fjárfestingar hljóðvarps áætlaðar 390 millj. kr. og sjónvarps 1150 millj. Þessar fjárfestingarupphæðir eru miðaðar við að afnotagjald útvarps 1981 nemi 13 100 kr. á fyrra árshelmingi og 14 000 kr. á síðara árshelmingi. Afnotagjald fyrir svart-hvítt sjónvarp verði 27 100 kr. á fyrra árshelmingi, en 28 600 kr. á síðara árshelmingi og afnotagjald af litasjónvarpi 37 000 kr. á fyrra árshelmingi og 39 500 kr. á síðara árshelmingi. Yrði þá um að ræða 40% hækkun afnotagjalda milli áranna 1980 og 1981.

Áburðarverksmiðja ríkisins. Fjárfestingar hækka um 1 milljarð kr. í 3.5 milljarða vegna lántöku til framkvæmda við sýruverksmiðju.

Fóðuriðjan Ólafsdal. Fjárfesting hækkar um 70 millj. kr. vegna lántöku til kaupa á tækjum vegna endurnýjunar.

Landakaup kaupstaða og kauptúna. Lántaka hækkar um 300 millj. kr. til endurlána til sveitarfélaga.

Í brtt. varðandi Póst og síma eru forsendur launaupphæðar verðlag um mitt ár 1981, þar með talin 3.5% áhrif kjarasamninga. Önnur rekstrargjöld eru hækkuð um 50% frá fjárl. 1980. Afskriftir eru hækkaðar til að mæta hækkun á afborgunum lána. Gert er ráð fyrir að gjaldskrá hækki um 12% 1. febr., 10% 1. maí, 7.5% 1. ágúst og 7.5% 1. nóv. Sundurliðun á framkvæmdum kemur fram á sérstöku yfirliti.

Skipaútgerð ríkisins. Forsendur brtt. eru þessar: 1. Laun eru á verðlagi um mitt ár 1981 og hefur þá verið tekið tillit til kjarasamninga. 2. Önnur rekstrargjöld eru á verðlagi um mitt árið 1981 og hefur þá verið tekið tillit til áætlaðra olíuverðshækkana. Auk þess hefur verið reiknað með gengisbreytingu norsku krónunnar. 3. Gert er ráð fyrir eftirfarandi gjaldskrárhækkunum árið 1981 á þær tekjur sem fylgja gjaldskrá: 1. febr. 18%, 1. maí 10%, 1. ágúst 10% og 1. nóv. 5%. Þá er gert ráð fyrir lántöku að upphæð 2400 millj. kr. vegna nýsmíði skips.

Landssmiðjan. Liðurinn fjárfestingar hækkar um 150 millj. kr. vegna lántöku til framkvæmdar við húsbyggingu að Skútuvogi.

Rafmagnsveitur ríkisins. Í brtt. n. eru laun færð til sömu verðlagsforsendna og gilda almennt í fjárlagafrv. Almennar framkvæmdir Rafmagnsveitna ríkisins eru áætlaðar 8708 millj. kr. og eru miðaðar við að vegin gjaldskrárhækkun nemi 18% á næsta ári, þ. e. 8.5% 1. febr., 8% 1. maí, 7.5% 1. ágúst og 7.5% 1. nóv. Sundurliðun á framkvæmdaliðum kemur fram á sérstöku yfirliti.

Orkusjóður. Framlag úr ríkissjóði lækkar um 2630 millj. kr. vegna þess að niður fellur afborgun af láni vegna Kröfluvirkjunar vegna breytinga á lánum, eins og fyrr var greint, en veitt lán hækka um 300 millj. kr. vegna endurlána til jarðhitaleitar. Þá er með sérstakri brtt. gert ráð fyrir að liðurinn Styrking dreifikerfis í sveitum heyri undir Orkusjóð í fjárlögum.

Þá flytur fjvn. tillögur varðandi 6. gr. fjálagafrv., þ. e. heimildagrein, og fela þær í sér heimild til ríkisstj.: Að ábyrgjast með einfaldri ábyrgð lán er Akureyrarkaupstaður kynni að taka til byggingar tengiálmu við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. — Að kröfum ríkissjóðs og ríkisábyrgðasjóðs á Þörungavinnslunni hf. verði breytt í hlutafé. — Að auka hlutafjáreign ríkissjóðs í Hólalaxi hf. um allt að 100% í samræmi við ákvörðun stjórnar félagsins um að tvöfalda hlutafé fyrirtækisins. — Að endurgreiða aðflutningsgjöld af snjóbifreið sem Siglufjarðarkaupstaður hefur fest kaup á. — Að endurgreiða stimpilgjald af láni að fjárhæð 20 millj. kr. sem hjúkrunarheimili aldraðra í Kópavogi hefur fengið úr Byggingarsjóði aldraðs fólks. — Að endurgreiða aðflutningsgjöld og söluskatt af flygli sem Gagnfræðaskóli Akureyrar fékk að gjöf á 50 ára afmæli skólans. — Að endurgreiða mismun á gjöldum bifreiðar, sem Brunavarnafélag Austur-Skaftafellssýslu hefur keypt og breytt verður í slökkvibifreið þegar að lokinni tollafgreiðslu, að því marki að 15% tollur verði innheimtur af bifreiðinni. — Að endurgreiða aðflutningsgjöld af snjóbifreið sem Flugbjörgunarsveitin á Akureyri hefur fest kaup á. — Að endurgreiða aðflutningsgjöld og söluskatt af stjörnusjónauka er samtök nemenda Menntaskólans við Hamrahlíð áforma að gefa skólanum. — Að ráðstafa húseigninni nr. 17 við Sólheima í Reykjavík til afnota fyrir Unglingaheimili ríkisins. — Að selja prestssetursbúsið nr. 19 við Auðarstræti í Reykjavík. — Að selja húsið nr. 8 við Vesturveg á Seyðisfirði (fyrrv. sýslumannsbústað) og verja andvirði þess til kaupa á nýjum embættisbústað svo og að taka lán til viðbótar vegna nefndra kaupa. — Að heimila Síldarverksmiðjum ríkisins að selja húseignina að Eyrarstíg 1 Reyðarfirði. — Að selja hluta ríkissjóðs í gamla barnaskólahúsinu á Borðeyri. — Að selja fasteignina Tunguholt í Fáskrúðsfirði. — Að festa kaup á fasteigninni Lyngás 7—9 í Garðakaupstað til skólahalds. — Að hafa makaskipti við Akraneskaupstað á húseigninni Kirkjuhvoli á Akranesi ásamt tilheyrandi lóð og annarri húseign þar. — Að hafa makaskipti á hluta ríkissjóðs í skólastjórabústað á Flateyri og sambærilegum hluta í fjölbýlishúsi. — Að festa kaup á húsnæði í sjórnsýslumiðstöð á Dalvík fyrir sýslumanns- og bæjarfógetaembættið á Akureyri.

Enn fremur er gerð tillaga um að liðurinn 6.7 í 6. gr. orðist svo: Að taka lán allt að 100 millj. kr. til endurbóta á húsnæði Námsgagnastofnunar að Laugavegi 166, enda verði húseignir Ríkisútgáfu námsbóka að Brautarholti 6 og Tjarnargötu 10 í Reykjavík seldar, sbr. lið 53.

Nýir liðir: Að taka lán til kaupa á húseigninni Skeifunni 8, Reykjavík. — Að taka lán til byggingar lögreglustöðvar á Seyðisfirði. — Að taka lán til kaupa á hluta húseignar að Álfheimum 72 (98 fermetra geymsluhúsnæði). — Að taka lán til kaupa á húsnæði fyrir Iðnskólann í Hafnarfirði. — Að semja við Akraneskaupstað um hönnun stjórnsýsluhúss á Akranesi. — Að gera í samráði við fjvn. Alþingis samning við Reykjavíkurborg um skuldir ríkissjóðs vegna framkvæmda í heilbrigðismálum. — Að fjármagna tímbundið byggingu Listasafns Íslands meðan verið er að selja erfðahlut safnsins úr dánrbúi Helgu Jónsdóttur og Sigurliða Kristjánssonar.

Ég hef þá lokið við að gera grein fyrir þeim tillögum, sem n. flytur sameiginlega, og mun ég þá rekja þær brtt. sem meiri hl. fjvn. flytur við fjárlagafrv. á þskj. 349.

Auk tillagna um breytingu á tekjuhlið flytur meiri hl. fjvn. fjórar tillögur við útgjaldahlið frv.

Á fjmrn.: Liðurinn Sérstakar efnahagsráðstafanir lækki um 1 milljarð kr. vegna útgjalda við fæðingarorlof. Í öðru lagi lækki liðurinn Óviss útgjöld um 500 millj. kr. og verði 2098 millj. 791 þús kr. Í þriðja lagi á viðskrn.: Liðurinn Niðurgreiðslur á vöruverði hækki um 4000 millj. kr. og verði 35 þús millj. Í fjórða lagi á fjárlaga- og hagsýslustofnun: Liðurinn Vextir lækki um 500 millj. kr., verði 19 milljarðar 85 millj. 921 þús kr.

Í brtt. meiri hl fjvn. eru meginforsendur tekjuáætlunar varðandi breytingar launa, verðlags, gengis og þjóðarútgjalda óbreyttar frá fjárlagafrv. Í því felst m. a., að til samræmis við útgjaldahlið fjárlaga er ekki tekið tillit til áhrifa nýafstaðinna kjarasamninga nema sem svarar beinum áhrifum kjarasamninga opinberra starfsmanna og að því leyti sem samningarnir kunna þegar að hafa valdið breytingum á sköttum og verðlagningu ríkissjóðs. Sömu forsendur eru fyrir gjaldahlið frv. Þær tekjubreytingar, sem reiknað er með, eru þessar:

1. Álagður eignarskattur einstklinga hækkar um 1.2 milljarða kr. og innheimtuáætlun hækkar úr 5070 millj. kr. í 6 þús. millj. eða um 930 millj. Er þá tekið tillit til hækkunar fasteignamats á árinu svo og vísbendinga um aukningu eignastofns. Í frv. var hins vegar miðað við að eignarskattur hækkaði við launa- og verðlagsforsendur 1981.

2. Innheimtur eignarskattur félaga hækkar úr 5656 millj. kr. í 6200 millj. eða um 544 millj. vegna hækkunar fasteignamats og meiri eignaaukningar en áður var reiknað með.

3. Skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði er óbreyttur, 2200 millj. kr. í innheimtu.

4. Gert er ráð fyrir að erfðafjárskattur hækki um 100 millj. kr. og verði 800 millj.

5. Álagður tekjuskattur einstaklinga hefur verið hækkaður um röska 5 milljarða kr. og innheimtur tekjuskattur einstaklinga hækkar þannig úr 57 040 millj. kr. í 61 100 millj. eða um 4 milljarða 60 millj. kr. Við endurskoðun þessarar áætlunar hefur verið tekið tillit til síðustu talna ríkisskattstjóra um álagningu, barnabætur og persónuafslátt á árinu 1980.

6. Álagt sjúkratryggingagjald hefur verið hækkað til samræmis við áætlaða tekjubreytingu 1979 — 1980. Í álagningu nemur hækkunin tæpum 800 millj. kr., en í innheimtuáætlun hækkar hún um 650 millj.

Tekið skal fram, að í þessum áætlunum hafa byggingarsjóðsgjöld verið felld niður sem sjálfstæðir tekjustofnar og sameinaðir þeim stofnum sem þeir reiknuðust af.

7. Áætlað er að aðflutningsgjöld lækki um 650 millj. kr. og þar af leiðandi lækki sá hluti, er rennur til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, um 30 millj. kr., þannig að lækkun tekna ríkissjóðs nemur 620 millj. kr. frá frv.

8. Áætlað er að innflutningsgjöld af bensíni hækki um 1700 millj. kr., gúmmígjald um 15 millj. og innflutningsgjald af bifreiðum um 250 millj. kr.

9. Jöfnunargjald iðnaðarins er áætlað 3100 millj. kr. og hækkar um 400 millj. kr. frá frv. Sérstakt tímabundið innflutningsgjald á sælgæti hækkar um 100 millj. kr., en reiknað er með að álgjald lækki um 40 millj. kr. vegna samdráttar í álframleiðslu. Aðlögunargjald fellur niður, en það var áætlað 2700 millj. kr. í frv. Gert er ráð fyrir að tekjur af vörugjaldi verði 3850 millj. kr. og hækki um 3370 millj. frá því sem getið er í fjárlagafrv. Aftur á móti er gert ráð fyrir að sérstakt vörugjald af innlendri framleiðslu lækki um 200 millj. kr.

10. Söluskattur er áætlaður 192 milljarðar og enn fremur að til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga renni 14 milljarðar kr. þannig að tekjur ríkissjóðs hækka sem nemur 2500 millj. kr. frá því sem er í fjárlagafrv.

11. Skemmtanaskattur er áætlaður 515 millj. kr. eða 45 millj. kr. hærri en í fjárlagafrv.

12. Launaskattur er áætlaður 400 millj. kr. hærri en í fjárlagafrv. og er það vegna áhrifa kjarasamninga á tekjuáætlun.

13. Reiknað er með að lífeyristryggingaiðgjald atvinnurekenda breytist í fast 2% gjald af launum fyrra árs. Þessi liður hækkar um 1832 millj. kr., en hækkunin stafar þó ekki nema að hluta af skattbreytingunni þar sem fyrri áætlun, sem miðuð var við 14% kostnaðarhlutdeild hefði að óbreyttum lögum hækkað vegna ráðgerðrar útgjaldaaukningar lífeyristrygginga.

14. Rekstrarhagnaður Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins er áætlaður 38.5 milljarðar og er það 2 milljörðum kr. hærri fjárhæð en í fjárlagafrv.

15. Flugvallagjald er áætlað 1400 millj. kr. og hækkar um 50 millj. frá frv.

16. Stimpilgjöld eru ráðgerð 9700 millj. kr., en það er 400 millj. kr. hærri fjárhæð en í fjárlagafrv.

17. Bifreiðaskattur, skráningargjald bifreiða og skoðunargjald bifreiða eru samtals áætluð 7700 millj. kr. eða 1010 millj. kr. hærri en í fjárlagafrv.

18. Hluti af umboðsþóknun og gengismun gjaldeyrisbankanna er ráðgerður 3700 millj. kr. og nemur hækkunin 500 millj.

19. Gjöld af ferðalögum til útlanda eru áætluð 2750 millj. kr., sem er 350 millj. kr. hærri áætlun en í frv.

20. Verðjöfnunargjald af raforku er áætlað 6300 millj. kr. Það er 800 millj. kr. hækkun frá frv. Gjaldið rennur til Rafmagnsveitna ríkisins.

21. Þá er áhættugjald vegna ríkisábyrgða áætlað 600 millj. kr., sem er 150 millj. kr. hærri fjárhæð en í frv.

22. Þá er rétt að geta þess að áætlaðar tekjur sameigna ríkisins hækka um 40 millj. kr., sektir og upptaka á vörum til ríkissjóðs um 100 millj. og óvissar tekjur um 100 millj. kr. frá því sem er í fjárlagafrv.

Heildartekjur ríkissjóðs eru því áætlaðar 551 milljarður 478 millj. kr.

Lagt er til að skattvísitala 1981 verði ákveðin 145 stig miðað við 100 stig fyrir árið 1980. Sú vísitala gefur um 4 þús. millj. kr. hærri tekjur en tilgreindar hafa verið á tekjuhlið fjárlagafrv., en vegna áforma um sérstakar skattalækkanir á árinu 1981 er fyrrgreindri fjárhæð haldið utan tekjuhliðar frv. Þá hefur verið tekið tillit til á tekjuhlið að tollar af aðföngum til iðnaðar verði lækkaðir um 1000 millj. kr.

Samkv. 1. gr. er gert ráð fyrir að innlend útgáfa verðbréfa og happdrættisskuldabréfa nemi 9 milljörðum kr. á árinu 1981. Innheimta af endurlánuðu spariskírteinafé er áætluð 14 milljarðar og önnur innlend fjáröflun er ráðgerð 12 milljarðar 810 millj. kr. Erlend lán til A- og B-hluta eru áætluð 28 milljarðar 384 millj. Fjáröflun alls nemur því 64 milljörðum 194 millj. kr.

Ráðstöfun til innlausnar spariskírteina nemur 5 þús. millj. kr. og samkv. lánsfjáráætlun er ráðstafað til B-hluta 38 milljörðum 652 millj. kr. Til A-hluta er ráðstafað 20 milljörðum 542 millj. og afborganir af veittum lánum í A-hluta nema 100 millj. kr. þannig að innstreymi

í A-hluta á lánahreyfingum nemur 20 milljörðum 642 millj. Útstreymi á lánahreyfingum nemur 22 milljörðum 356 millj. 407 þús., þar af vegna hlutafjárframlags til Flugleiða 500 millj. kr. Útstreymi umfram innstreymi á lánahreyfingum verður því 1 milljarður 714 millj. 407 þús. kr.

Verði brtt. meiri hl. fjvn. og samvn. samgm. varðandi tekjuhlið og útgjaldahlið samþykktar munu heildarútgjöld ríkisins á árinu 1981 nema 545 milljörðum 775 millj. 977 þús. kr., hækka því frá frv. um 19 milljarða 260 millj. 510 þús. kr., og tekjur munu nema 551 milljarði 478 millj. og hækka því frá frv. um 17 milljarða 860 millj. kr. Rekstrarjöfnuður verður því 5 milljarðar 702 millj. 23 þús. kr. Útstreymi umfram innstreymi á lánahreyfingum verður 1 milljaður 714 millj. 407 þús. kr., eins og áður sagði, og áætlað útstreymi á viðskiptareikningum nemur 1 milljarði 250 millj. kr. Samkv. þessu verður greiðslujöfnuður 2 milljarðar 737 millj. 616 þús. kr.

ATKVGR.

Afbirgði um brtt. 326, 328, 329, 349, 351 og 363, sem voru of seint fram komnar, samþ. með 38 shlj. atkv.

Frsm 1. minni. hl. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Eins og þm. hafa hlýtt á hefur fjárlagafrv. tekið stórfelldum breytingum milli 2. og 3. umr. Það má eiginlega segja að við minnihlutamenn höfum tekið við tillöguflóði af hv. meirihlutamönnum í fjvn. til hækkunar á fjárlagafrv. milli 2. og 3. umr. Það eina, sem stendur óbreytt í frv., eru forsendur þess. Enn þá er miðað við að verðbreytingar milli ára verði einungis 42%, þótt nýjar spár sýni að þær geti orðið nálægt 70% ef ekki verður gripið í taumana í því verðbólguflóði sem nú dynur yfir.

Útgjöldin hækka samtals um 19 milljarða 282 millj. kr. og tekjuáætlun hækkar um 17 milljarða 840 millj. kr. frá frv. Rekstrarafgangur lækkar um mismuninn á þessum tveimur tölum og verður 5 milljarðar 680 millj. kr. Greiðsluafgangur lækkar ögn minna og verður 2715 millj. kr. og hann er einungis 0.5% af tekjuhlið fjárl. eins og þau verða væntanlega smþykkt.

Það er sýnilegt að hér er um verðbólgufjárlög að ræða. Hvergi er spyrnt við fótum og útgjöldin hækka frá núgildandi fjárlögum um 202 milljarða kr., sem er 59%. Tekjurnar hækka örlítið meira, um 59.3% eða 205 milljarða kr. frá núgildandi fjárl. Hér er um að ræða hækkanir sem eru langt umfram þær sem sjálft fjárlagafrv. miðar við að verði verðbreytingar milli ára. Hér sést hvert stefnir á báðum sviðum, bæði í útþenslu á eyðslu ríkissjóðs og á þeim skattaálögum sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur í frammi.

Mesta athygli vekur sú gífurlega hækkun skatta að raungildi sem stefnt er að með hækkun tekjuáætlunarinnar um 17.8 milljarða. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir hækkun tekju- og eignarskatta einstaklinga um 6400 millj. kr., en að skattar á félög séu óbreyttir. Í öðru lagi eru óbeinir skattar hækkaðir frá frv. umfram verðlagsbreytingar um 3—4 milljarða kr. nettó. Skattar hækka því frá árinu í ár að raungildi um tæpa 20 milljarða kr. ef tillögur meiri hl. fjvn. verða samþykktar — um hvorki meira né minna en 20 milljarða kr. að raungildi eða tvöfalt meira en stefnt var að í frv. sjálfu.

Hinn nýi skattreikningur, sem bætist við skattasúpuna í ár, er því svona í raungildistölum: Orkujöfnunargjald, sem er lagt á allt árið í ár, 1.5% söluskattsauki, en var aðeins lagður á hluta ársins í fyrra, hækkar þar skattaálögur um 8 milljarða kr. Innflutningsgjald á sælgæti er nýr skattur og þyngir skattana á þessu ári um 1200 millj. kr. Nýtt vörugjald á sælgæti og gosdrykki þyngir skatta á þessu ári frá því í fyrra um 3600 millj. kr. Hækkun tekju- og eignarskatta umfram verðlag þyngir skattana um 6400 millj. kr. Skattahækkun á bensíni umfram verðlagshækkun þyngir skatta um 4700 millj. kr. Ef frá þessu er dregin lækkun nýbyggingargjalds, 300 millj. kr., lækkun tolla af aðföngum iðnaðar um 1000 millj. og lækkun aðlögunargjalds um 3100 millj. fæst út úr dæminu skattaíþyngingá árinu frá því í fyrra að raungildi um 19.5 milljarðar kr.

Sérstaka athygli vekur að kalt og ákveðið er stefnt að stórhækkun tekju- og eignarskatta að raungildi á næsta ári samkv. till. meiri hl. fjvn. eða 6.4 milljarða kr., eins og ég sagði áðan. En hér skal þó ekki látið staðar numið. Samkv. upplýsingum fulltrúa Þjóðhagsstofnunar, sem komu á fund fjvn., þýðir skattvísitala frv., sem er 145 stig, að tekjuskattur, eignarskattur og sjúkratryggingagjald yrðu 13 milljörðum kr. hærri en áætlun fjárlagafrv. — fara hvorki meira né minna en 13 milljörðum kr. fram yfir það sem frv. gerir ráð fyrir. Áætlun frv. um þessa skatta er byggð á fosendum þess um verðlaghækkanir á næsta ári. Skattar í núgildandi fjárlögum eru einfaldlega hækkaðir um 42%.

Við 3. umr. um fjárlagafrv. hefur meiri hl. fjvn. og ríkisstj. ákveðið tvennt: Í fyrsta lagi að hækka tekju- og eignarskatta umfram þessar verðbreytingar um áðurnefnda tölu, 6.4 milljarða kr., og að geyma sér hækkun um annað eins með því að ákveða skattvísitölu 145 þegar ljóst er samkv. áætlun Þjóðhagsstofnunar að launatekjur muni hækka milli ára um 50—51%. Við minnihlutamenn í fjvn. höfum því flutt, til þess að undirstrika hvað hér er á ferðinni, till. á þskj. 363 sem er varatill. við till. um stórfellda skattalækkun með beitingu skattvísitölunnar. Við höfum flutt varatill. um að skattvísitala skuli nema 154 stigum, en það þýðir að tekju- og eignarskattar mundu verða svipaðir og fjárlagafrv. gerir ráð fyrir.

Í samræmi við þessar nýju upplýsingar, sem nú liggja fyrir um stefnubreytingu þá eða áframhaldandi íþyngingu skatta sem ríkisstj. og meiri hl. fjvn. hefur gert ráð fyrir milli 2. og 3. umr. er aukaskattreikningur tveggja ríkisstjórna síðan 1978 á næsta ári orðinn 70 milljarðar kr. að raungildi í ríkissjóð og að auki hefur meiri hl. Alþingis, sem styður núv. ríkisstj., heimilað verulegar útsvarshækkanir, eins og menn muna. Sú hækkun getur þýtt um 10 milljarða kr. í íþyngingu á næsta ári. Þetta er sem sagt orðinn aukaskattreikningur upp á um 80 milljarða kr., og reiknast mér til að það sé um 1.7 millj. kr. á fimm manna fjölskyldu í landinu.

Í nál. 1. minni hl. fjvn. og í ræðu við 2. umr. gerði ég ítarlega grein fyrir því, hvernig endum er náð saman í fjárlagafrv. og útgjaldaþenslunni fundinn staður og mætt að hluta. Þetta er gert þannig í meginatriðum, að í fyrsta lagi er beitt stórfelldum skattahækkunum, eins og ég hef gert grein fyrir. En það er ekki nóg. Í öðru lagi er gripið til skerðingar á lögboðnum framlögum ríkissjóðs til sjóða, upptöku markaðra tekjustofna í ríkissjóð og niðurskurðar á ýmsum þáttum framkvæmda, t. d. í höfnum og skólum. Með þessum ráðum er náð í mikið á annan tug milljarða, sem jafnharðan er varið til hækkun-

ar á rekstrarútgjöldum ríkissjóðs, í eyðsluhít ríkissjóðs. En hér þykir hæstv. ríkisstj. ekki nóg að gert. Hún stefnir að stórauknum lántökum til opinberra framkvæmda á næsta ári samkv. fjárlagafrv. eins og það er núna við 3. umr. og samkv. þeim brotabrotum af lánsfjáráætlun sem þm. hafa fengið fyrir næsta ár. Þar kemur fram að gert er ráð fyrir að taka erlend lán sem eru hvorki meira né minna en 47 milljörðum kr. hærri en gert var ráð fyrir í lánsfjáráætlun í ár eða 95% hærri, og hækkun á lántökum til A- og B-hluta stofnana ríkissjóðs er ráðgerð um 24 milljarðar eða 67% frá lánsfjáráætlun í ár. Þannig eru skattahækkanirnar og reikningskúnstirnar alls ekki nægar til að fullnægja eyðslu- og útþenslustefnu ríkisstj. Stefnt er í stórauknar lántökur að auki að raungildi og vandanum, sem af því leiðir, slegið á frest. Eftirkomendurnir eiga að borga þann víxil eins og aðra óreiðu og upplausn sem hæstv. ríkisstj. er ábyrg fyrir í efnahagsmálum þjóðarinnar.

En kannske er það, sem ekki sést í þeim brotabrotum af lánsfjáráætlun sem þm. hafa fengið í hendur við þessa fjárlagaafgreiðslu og gerir óhöndugt um vik að henda reiður á þessu dæmi í heild, — kannske er það, sem ekki fylgir, þó einna athyglisverðast. Ég hef í höndum áætlun frá húsnæðismálstjórn ríkisins um Byggingarsjóð ríkisins. Þar er komist að þeirri niðurstöðu, að það þurfi a. m. k. 3 milljörðum kr. meira fé á árinu 1981 en gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. og í þeim tillögum sem liggur fyrir við 3. umr. að samþykktar verði. En athyglisverðast við þetta plagg er það, að niðurskurður ríkisframlaga til húsnæðiskerfisins er svo stórfelldur að það er gert ráð fyrir að taka lán hjá lífeyrissjóðum í landinu upp á 19 milljarða 630 millj. kr., en á þessu ári fær húsnæðismálastjórn einungis 7.3 milljarða hjá lífeyrissjóðunum. Það á að hækka þessa lánsfjárhæð um meira en 169% og verður þá kannske svo , að einhverjum finnst þröngt fyrir dyrum sem ætla að knýja á dyr lífeyrissjóðanna, öðrum en húsnæðismálastjórn, ef þetta gengur allt saman eftir. Hér er, held ég, um svo mikilvægt mál að ræða að *ég held að ástæða sé fyrir þm.* að kynna sér það gaumgæfilega, en því miður munu þeir sjálfsagt ekki hafa um það upplýsingar flestir hverjir því að upplýsingar bárust fjvn. fyrir örfáum dögum. Þetta er eitt dæmi um það sem vantar inn í lánsfjáráætlunina. Þar er allt *sjóðadæmi atvinnuveganna utan við.*

Ef menn blaða nánar í því brotabroti af lánsfjáráætlun, sem þm. hafa fengið við afgreiðslu þessara fjárlaga, koma fram ýmsar athyglisverðar upplýsingar um stefnu hæstv. ríkisstj. Þriðja árið í röð er gert ráð fyrir að stöðnun eða samdráttur verði í íbúðabyggingum í landinu að magni til. Gert er ráð fyrir stórfelldum samdrætti í fjármunamyndun atvinnuveganna eða 15% að magni til, en þriðja árið í röð er gert ráð fyrir magnaukningu í heild í opinberum framkvæmdum sem í stórvaxandi mæli eru fjármagnaðar með lántökum, einkum erlendis, þrátt fyrir alla skattahækkunina. E. t. v. gerir hæstv. ríkisstj. sér að einhverju leyti grein fyrir því, hvernig hún hefur leikið atvinnuvegina, en ég vil greina hér frá einu litlu dæmi um hvernig horfir á þeim bæjum, þ. e. hjá atvinnuvegunum.

Mér er tjáð að innheimtuhlutfall skatta, sem oftast er milli 72 og 77%, sé allt frá því að vera undir 60% í ár. Ástæðan er talin fyrst og fremst sú, að atvinnufyrirtækin geti ekki borgað skatta, þau fái ekki lán og þau taki þessi dýru lán sem það er að greiða ekki skattana sína og borga dráttarvexti.

Ef vikið er að nokkrum dæmum um þensluna, sem er í útgjöldum ríkissjóðs og kemur fram bæði í fjárlagafrv. og ýmsu því sem hér hefur verið á drepið, má nefna að um 240 nýjar stöður eru í fjárlagafrv. og verða í fjárlögum, ef samþykktar verða. En það er kannske enn athyglisverðara, að svo virðist sem ýmsir útgjaldaliðir séu stórlega vanáætlaðir í þessum fjárlögum.

Tryggingastofnun ríkisins hefur t. d. ritað fjvn. og talið að vantaði tæpa 6 milljarða upp á að áætlanir um útgjöld lífeyristryggginga og sjúkratryggginga standist. Í því sambandi má geta þess, að á þessu ári hafa sjúkrahús, sem eru rekin á daggjaldakerfi, verið rekin með stórfelldum halla. Mér hefur ekki tekist að fá upplýsingar um hversu þessi halli er mikill, en hann gæti numið 3 — 4 milljörðum kr. Hér er ríkissjóður að fresta vandanum að greiða þennan halla. Að sjálfsögðu kemur hann á ríkissjóð á næsta ári og er kannske ein af skýringunum á því, að skár horfir um afkomu ríkissjóðs á þessu ári en stundum áður. *Hér er sem sagt um að ræða vanáætlun að mati* Tryggingastofnunar um tæpa 6 milljarða.

Útflutningsbætur eru í þessu frv. miðaðar við 10% útflutningsbætur af landbúnaðarafurðum, en hv. þm. vita að verulega hefur verið greitt umfram útflutningsbætur að undanförnu og er áformað að gera það í annarri mynd nú vegna ársins í ár. En það er talið að á útflutningsbætur í frv. skorti 4 milljarða til þess að unnt verði að sinna þörfinni á næsta ári. Þá er ég að tala um þörfina umfram 10%.

Síðast en ekki síst er einn stór liður í till. meiri hl. fjvn. Það eru niðurgreiðslurnar, sem á mun verulega skorta ef svo fer fram sem horfir með verðbólgu í þessu landi og eins og henni er spáð. Er talið að verið geti að skorti 6 milljarða kr. ef ríkisstj. fylgir stefnu sinni um að greiða ákveðið hlutfall af verði landbúnaðarvara niður. Ef spár Þjóðhagsstofnunar um verðbólgu rætast gæti verið um að ræða vanáætlun upp á slíka tölu, og þó ekki verði um svo svakalega verðbólgu að ræða, 70% frá ársbyrjun til ársloka, er hér um að ræða útgjaldalið sem er afar hæpinn í fjárlögum eins og nú horfir.

Við 3. umr. fjallar fjvn. oftast um B-hluta fyrirtæki, sem eru mörg hver feiknalega viðamikil og ein stærstu fyrirtæki í landinu. Þar er t. d. um að ræða Póst og síma, Ríkisútvarpið, Ríkisskip o. s. frv., o. s. frv. Athyglisverðast við þá umfjöllun, sem fram fór í fjvn. um B-hluta fyrirtæki að þessu sinni, er sú staðreynd, að þau hafa öll meira og minna verið rekin með miklum halla í ár og raunar í fyrra líka. Póstur og sími er rekinn með 1130 *millj.* kr. halla á þessu ári. Ríkisútvarpið var rekið með 1230 millj. kr. halla á árinu 1979 og 1980. Í fjárhagsáætlunum þessara fyrirtækja fyrir næsta ár er að vísu gert ráð fyrir að Póstur og sími greiði þennan rekstrarhalla, þó á hæpnum forsendum sé vegna þess að það er gert ráð fyrir verulega *miklu minni verðbólgu en fyrirsjáanleg er* að margra mati og gjaldskrárbreytingar Pósts og síma miðast við það. En það, sem er athyglisvert við þetta, er að Ríkisútvarpið fær á afmælisári sínu ekki sömu meðferð hjá hv. meirihlutamönnum í fjvn. og ríkisstj. og Póstur og sími, því að í áætlun þess er ekki gert ráð fyrir að greiða eina einustu krónu af rekstrartapi 1979 og 1980.

Ég sé ekki mun á því að reka B-hluta fyrirtæki með tapi og ríkissjóð. Það hefur að sjálfsögðu nákvæmlega

sömu áhrif fyrir hagkerfið, ýtir undir verðbólguna, að reka þessi stóru fyrirtæki með tapi, auk þess sem það gengur ekki til lengdar. Hér er um að ræða einn þáttinn af þeim feluleik sem núv. hæstv. ríkisstj. stundar í verðlagsmálum, að hún horfist ekki í augu við raunveruleikann, hún horfist ekki í augu við það, hvað hlutirnir kosta, og niðurstaðan verður sú, að þessu er stungið undir stól, það er nánast litið á þetta þannig að menn geti alveg gleymt að fyrirtæki séu rekin með taprekstri ár eftir ár, eins og Ríkisútvarpið.

Herra forseti. Þessi fjárlagaafgreiðsla er sama marki brennd og fjárlagagerðin fyrir yfirstandandi ár. Sama vinstri stefnan einkennir hana þótt gengið sé lengra nú á ýmsum sviðum. Ríkisútgjöld — eyðsluútgjöld ríkissjóðs — eru þanin út. Skattar verða hækkaðir um allt að 20—26 milljarða kr. að raungildi frá árinu í ár, sérstaklega tekju- og eignarskattar, ef stefna frv. nær fram að ganga. Aukaskattreikningur ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar og hæstv. núv. ríkisstj. til þjóðarinnar er því orðinn geigvænlegur, eins og ég sagði áðan. Sömu reikningskúnstirnar, sem stangast á við lög, eru notaðar til að ná endum saman í ríkisfjármálunum og notaðar voru í fyrra. Lán eru tekin í stórauknum mæli til ýmissa opinberra framkvæmda sem áður voru fjármagnaðar af skatttekjum. Þannig er skrifað upp á víxla sem fjalla í framtíðinni. Með þessu ráðleysi er þrengt að ráðstöfunarfé heimilanna og atvinnuveganna, miðstýring aukin og ríkisafskipti. Síðast en ekki síst leiðir slík vinstri stefna í ríkisfjármálum til óðaverðbólgu. Eins og fyrr lýsi ég því allri ábyrgð á þessari stefnu og fjárlagagerðinni í heild á hendur hæstv. ríkisstj. og stuðningsliðs hennar á Alþingi.

Frsm. 2. minni hl. (Karvel Pálmason): Herra forseti. Ég þarf ekki og skal ekki við 3. og síðustu umr. um fjárlagafrv. fyrir árið 1981 hafa mörg orð. Við 2. umr. frv. gerði ég grein fyrir afstöðu Alþfl. og viðhorfum til frv. og þeirra forsendna sem þar liggja að baki. Við þessa umr. hafa mál ekkert breyst til batnaðar og í ljósi þess er afstaða okkar til frv. hin sama og þá var, að hér sé ekki um að ræða að líklegt sé að þær forsendur, sem frv. byggist á og á að afgreiða á, standist í raunveruleikanum miðað við það sem menn sjá fram í tímann eins og kringumstæður nú eru.

Það var tekið fram þá og hefur verið tekið fram enn, að þær efnahagsráðstafanir, sem eiga að treysta forsendur frv. og frv. er raunar meira og minna byggt á, hafa enn ekki séð dagsins ljós. Enginn veit hvenær eða hvort þær koma. Af lánsfjáráætlun hefur ekki sést nema lítið brot sem þarf til að menn geti áttað sig á þessu heildardæmi og gert sér grein fyrir því, hvað er verið að tala um.

Ég minntist á lánsfjáráætlun. Hér á dögunum var umr. um lántökuheimild til handa hæstv. ríkisstj. og í þeim umr. kom í ljós, það var upplýst, að þrátt fyrir samþykktar lántökuheimildir fyrir yfirstandandi ár hefur hæstv. ríkisstj. í engu farið eftir þeim, heldur farið svo milljörðum skiptir fram yfir þær heimildir sem Alþingi hefur veitt hæstv. ríkisstj. til lántöku á yfirstandandi ári. Ekkert bendir til þess, að ekki verði eins að farið fyrir komandi ár. Í raun og veru má því segja að það sé til afskaplega lítils að Alþingi sé að samþykkja lántökuheimildir til handa hæstv. ríkisstj., fjárlög eða annað, ef á engan hátt er farið eftir því sem Alþingi hefur samþykkt í þessum efnum.

Ég vil því ítreka þá afstöðu Alþfl., sem fram kom við 2. umr. málsins, að meðan ekki eru lagðar á borð þm. þær tvær meginforsendur, sem eiga að liggja til grundvallar því sem frv. gerir ráð fyrir, er í raun og veru afskaplega erfitt og raunar ekki hægt að neinu gagni, svo að vit sé í, að fjalla um fjárlög fyrir árið 1981. Það er engu líkara en hæstv. ríkisstj. telji að hvorki Alþingi né þjóðinni komi við hvað hún ætlar sér að gera að því er varðar stefnu og ráðstafanir í efnahagsmálum, og það er furðulegt að það skuli þurfa viku eftir viku og mánuð eftir mánuð að ganga eftir því hjá hæstv. ríkisstj. að Alþingi fái um það vitneskju hvað á að gerast til lausnar þeim efnahagsvanda sem við höfum búið við, búum við og fer vaxandi ef ekkert verður að gert. Ég held að það sé hinn mesti misskilningur hjá þeirri hæstv. ríkisstj., sem nú situr og að eigin mati bjargaði heiðri Alþingis, að líta svo á að hvorki Alþingi né þjóðinni komi við hvert á að stefna í efnahagsmálum á komandi ári eða árum. Ég held að það sé krafa alþm. og þjóðarinnar allrar til stjórnvalda hverju sinni, að þessir aðilar geri grein fyrir því, hvert þeir ætla sér að stefna að því er varðar þessa meginþætti þjóðlífsins, ekki síst þegar ástandið er með þeim hætti sem það nú er og fer greinilega versnandi, eins og allar spár sýna nú.

Ég ætla ekki að rekja hér einstaka þætti sem komið hafa til viðbótar að því er varðar fjárlagagerðina milli 2. og 3. umr. Það er að mínu viti engin ástæða til þess. Það væri hægt að hleypa af stað talnaflóði að því er varðar þessa þætti og stefnu efnahagsmálanna. Ég sé ekki tilgang í því. Það eina, sem almenningur í landinu skilur og skilur best að því er þetta varðar, er pyngjan sjálf. Og það er alveg öruggt mál, að á komandi ári, ef ekki verður að gert, verður það pyngja almennings í landinu sem kannske verður fyrst og fremst sá steinn sem hæstv. ráðh. stranda á á næstu vikum eða mánuðum. Breytir þá engu hvað menn telja upp í tölum eða öðru. Pyngjan er sá mælikvarði sem almenningur í landinu leggur á ríkjandi aðstæður og ríkjandi stjórnarstefnu og efnahagsstefnu. Hvað buddan segir mönnum til um er mælikvarðinn.

Það er hins vegar ljóst, eins og hv. síðasti ræðumaður kom raunar inn á, að mikill vandi blasir við sumum hverjum þeim fyrirtækjum sem fjallað var um milli 2. og 3. umr. í fjvn., eins og nefnt var hér. Það eru Póstur og sími, Ríkisútvarpið og fleiri aðilar. En ég sé ekki ástæðu til að fara sérstaklega út í þá sálma. Ég ætla aðeins að víkja örfáum orðum að þeim þætti frv., sem tekur til endurskoðaðrar tekjuáætlunar, og fyrst og fremst í sambandi við tekjuskattinn.

Í bréfi frá Þjóðhagsstofnun 17. des. er gerð grein fyrir nokkrum endurskoðuðum þáttum að því er varðar tekjuhlið frv., en þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Endurskoðunin nær ekki til tekju- og eignarskatta, en ákvarðanir um þá stofna liggja ekki fyrir á þessu stigi.“

Nú hygg ég að þm. muni að í fjárlagafrv. er gefið til kynna að ýmsu í skattalögum eigi að breyta til að mynda þá forsendu frv. sem þar er gerð grein fyrir, þ. e. varðandi þróun næsta árs. Engin slík frumvörp hafa, að því er ég best veit, verið lögð á borð þm. nú áður en ætlast er til að þeir afgreiði fjárlagafrv. fyrir árið 1981. Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir skattvísitölu 145, sem þýðir samkv. nýjustu upplýsingum Þjóðhagsstofnunar a. m. k. 10 milljörðum meiri innheimtu til ríkissjóðs í tekjusköttum á árinu 1981 að öllu óbreyttu en áður var ráð fyrir gert. Skattvísitala frv., eins og það er, gerir því ráð fyrir að a. m. k.

10 milljörðum meira verði innheimt í tekjusköttum af almenningi á árinu 1981 en frumvarpstalan gerir ráð fyrir. Því er eðlilegt að Þjóðhagsstofnun segi: Endurskoðunin nær ekki til tekju- og eignarskatta, en ákvarðanir um þá stofna liggja ekki fyrir á þessu stigi málsins.

Það hefur verið reynt af hálfu hæstv. fjmrh. og raunar fleiri stjórnarliða að bera í bætifláka fyrir það, sem haldið hefur verið fram, og draga úr að það væri íþynging skatta miðað við fjárlagafrv. fyrir árið 1981. Það er þó svo augljóst sem verða má, að fengnum nýjustu upplýsingum frá Þjóðhagsstofnun og að því fengnu að engin frumvörp hafa hér verið flutt af hálfu hæstv. ríkisstj. til að breyta að því er varðar skattlagningu, á tekju- og eignarskatti t. d., eins og boðað var og boðað er í fjárlagafrv.

Það væri vissulega æskilegt að fá fram svör við því, hvað hæstv. fjmrh. segir um þessi mál. Er það ekki rétt? Eru ekki réttar hinar nýjustu upplýsingar sem nú liggja fyrir, að hann ætli sér á árinu 1981 að innheimta a. m. k. 10 milljörðum meira af launafólki í landinu í formi tekjuskatts en fjárlagafrv. gerir ráð fyrir? (Gripið fram í.) Þú sérð hann ekki, nei. (Gripið fram í.) Nei, nei, ég hef enga ástæðu til þess. Ég bið hv. þm. Ólaf Þ. Þórðarson — samstjórnarþm. hæstv. ráðh. — að koma þessum boðum til hans og ég hygg að hann muni gera það. En þetta er athyglisvert þegar horft er til þess, að núv. hæstv. ríkisstj., og ekki síst flokkur hæstv. fjmrh., hefur talað í þeim dúr, að nauðsynlegt væri að íþyngja ekki í sköttum, heldur létta a. m. k. skatta launafólks í landinu.

Ég vil þá geta þess, að við 2. umr. frv. lagði ég fram brtt. og þær eru endurfluttar við 3. umr. Ég sé ekki ástæðu til að gera grein fyrir þeim í einstökum þáttum. Það var gert við 2. umr. frv. En nú við 3. umr. flyt ég á þskj. 351 brtt. að því er varðar skattvísitöluna. Ég sagði áðan að hún væri í frv. 145. Mín brtt. er um að í stað „145" komi: 165.

Af þeim brtt., sem fluttar voru við 2. umr. og nú eru endurfluttar, er ein þess eðlis að við gerum ráð fyrir að lækka tekjuskatt um 13.8 milljarða frá því sem hann er í frv. Í samræmi við þann tillöguflutning okkar og þá skoðun, að það sé í raun og veru raunhæfasta leiðin til kjarabóta eins og mál nú standa í þjóðfélaginu, a. m. k. fyrir þá lægst launuðu, og eins og fyrri daginn til að vera sjálfum okkur samkvæmir flytjum við brtt. um að skattvísitalan verði 165 stig. Það þýðir að tekjuskattur á einstaklingum mundi lækka sem nemur um 13.8 milljörðum kr.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að hafa öllu fleiri orð um brtt.

Ég vil að lokum segja nokkur orð út af þeim þætti í 4. gr. frv. sem er á bls. 7 í hinum síðustu brtt. frá fjvn., um hafnarframkvæmdir vegna skipaiðnaðar. Um þetta voru fluttar till. af hálfu fjvn. við 2. umr., en voru svo dregnar til baka og hafa tekið nokkrum breytingum frá því. Ég vil láta það koma fram, að ég hef orð ráðh. fyrir því að það, sem af þeim var tekið milli 2. og 3. umr. málsins, sem er í kringum 40 millj. kr. af 4 eða 5 aðilum og ekki verður í fjárl. fyrir árið 1981, mun koma inn í lánsfjáráætlun fyrir árið 1981. Ekki þýðir það að neitt sé verið að draga í land, herra formaður. (Gripið fram í.) Já, það mun síðan koma í ljós, hvort ekki verður við það staðið. Ég hef ekki ástæðu til að ætla að það verði ekki við það staðið, en ég taldi rétt að þetta kæmi fram vegna þess að hér koma breyttar tölur frá því sem lagt var fram við 2. umr. málsins. Það kemur í ljós við afgreiðslu lánsfjáráætlunar hvort af því verður, sem ég hef ekki ástæðu til að ætla annað en verði, að hæstv. ráðh. beiti sér fyrir þessu.

Að þessu loknu, herra forseti, skal ég ekki hafa um málið fleiri orð. Ég ítreka það, að eins og málatilbúnaður er af hálfu hæstv. ríkisstj. við þetta fjárlagafrv. og fjárlögin, sem hér er ætlast til að Alþingi afgreiði í nótt eða fyrramálið, er ógerningur, meðan ekki fást þessar höfuðupplýsingar, sem eru efnahagsráðstafanir og meira en beinagrind af lánsfjáráætlun, að ætlast til þess, að alþm. geti áttað sig á þessu dæmi í heild. Og fari svo fram sem horfir verða fjárlögin fyrir 1981 a. m. k. miklu óraunhæfari en ástæða væri til og hægt væri ef hæstv. ríkisstj. hefði hagað sér með öðrum hætti og skynsamlegri og betri en hún hefur gert að því er varðar þessa fjárlagaafgreiðslu.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Á þskj. 329, brtt. við frv. til fjárlaga undir VI. lið, er brtt. frá hv. þm. Friðrik Sophussyni, Karvel Pálmasyni, Guðmundi Karlssyni og Lárusi Jónssyni um að til gjalda á fjárlagafrv. verði 2 milljarðar vegna flugstöðvarbyggingar á Keflavíkurflugvelli og tekin lán að sömu upphæð. Í tilefni af þessari brtt. vil ég segja þetta:

Eins og raunar er kunnugt hefur utanrrh. borið fram tillögu í ríkisstj. um að sérstök lántaka vegna flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli verði tekin inn á fjárfestingar- og lánsfjáráætlun. Tillaga utanrrh. hefur ekki verið afgreidd í ríkisstj., en hann hefur áskilið sér rétt til að bera fram brtt. við lánsfjáráætlun. Nú er verið að endurskoða hönnun byggingarinnar með það fyrir augum að lækka byggingarkostnað, og væntanlega verður því verki lokið um miðjan febrúarmánuð n. k. Með tilliti til þessa og svo hins, að lánsfjáráætlun verður ekki afgreidd fyrr en að loknu jólaleyfi þm., sýnist eðlilegast að fresta ákvörðunum í þessu máli.

Forseti (Jón Helgason): Formaður fjvn. hefur beðið mig að benda á leiðréttingu sem gera á við 90. lið á bls. 5 í brtt. á þskj. 326 þar sem stendur „Bygging orlofsheimila ASÍ." Þar á að standa: Bygging orlofsheimila verkalýðssamtakanna.

Frsm. samvn. samgm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Á þskj. 327 er nál. frá samvn. samgm. og á þskj. 328 eru till. hennar um fjárveitingar til flóabáta og vegna vöruflutninga á landi.

Samvn. samgm. hefur að venju fjallað um erindi þau sem Alþingi hafa borist um fjárframlög til stuðnings við rekstur flóabáta vegna vöru- og fólksflutninga á hinum einstöku svæðum, svo sem Ísafjarðardjúpi, Breiðafirði, Faxaflóa og til Vestmannaeyja, um Eyjafjörð og til Siglufjarðar, allt til Grímseyjar, og vegna samgangna milli Mjóafjarðar og Neskaupstaðar.

Enn fremur hefur n. fjallað um erindi er borist hafa vegna vetrarflutninga á landi, svo sem til rekstrar snjóbifreiða, eða vegna mikils snjómoksturs þar sem erfitt reynist viðkomandi byggðarlögum að standa straum af þeim kostnaði er þau verða að bera samkv. snjómokstursreglum Vegagerðarinnar. Þrátt fyrir að reglurnar hafi verið verulega rýmkaðar á síðustu árum verða íbúar í snjóþungum héruðum fyrir verulegum kostnaði

umfram aðra þegna þjóðfélagsins við að halda uppi nauðsynlegum samgöngum. Til að minnka þennan aðstöðumun hafa verið veitt á fjárlögum hvers árs fjárframlög til þeirra aðila sem að dómi n. eru verst settir að þessu leyti.

Þó ekki verði komist hjá fjárstuðningi við þá aðila sem hér eiga hlut að máli, ber nauðsyn til að endurskipuleggja ýmsa þætti þessara mála þar sem flutningaþörfin er á sumum svæðum önnur en áður var. Sumir flóabátarnir eru orðnir gamlir, allt upp í 22 ára, óhentugir og rekstrarkostnaður mjög mikill miðað við þá flutninga sem fyrir hendi eru.

Að dómi n. má það ekki dragast öllu lengur að gerðar verði ráðstafanir til að endurnýja þessa úreltu og óhentugu flóabáta og miða stærð þeirra og búnað allan við þá þjónustu sem veita þarf á hverju svæði.

Nefndinni bárust umsóknir frá 45 aðilum. Halldór S. Kristjánsson deildarstjóri í samgrn. og Guðmundur Einarsson forstjóri Skipaútgerðar ríkisins mættu á fundum n. og veittu henni margvíslegar upplýsingar sem komu n. að verulegu gagni. Nefndin færir þeim sérstakar þakkir fyrir þeirra störf.

Skal nú gerð sérstök grein fyrir hinum einstöku þáttum, sérstaklega að því er hin stærri verkefni varðar, þ. e. flutninga á sjó. Hvort tveggja er, að til þeirra gengur mestur hluti þess fjármagns, sem n. úthlutar, og svo hitt, að um allt það, sem lýtur að sjóflutningum, hefur n. miklu fyllri upplýsingar.

Fyrir liggur, að hækkun rekstrarkostnaðar bátanna hefur orðið enn meiri en almennar verðhækkanir í landinu, enn fremur, að fram þurfa að fara verulegar, viðgerðir á sumum þessara báta á næsta ári ef þeir eiga að vera þess megnugir að veita þá þjónustu sem til er ætlast og nauðsyn er að veita. Af þessu leiðir að ekki verður hjá því komist að dómi n. að veita nú nokkru hærri fjárhæðir til þessara þjónustubátta en verðhækkunum nemur.

Akraborg: Samkv. rekstraryfirliti frá 1. jan. til 31. okt. 1980 var halli á rekstrinum án afskrifta 91.4 millj., þar með taldir vextir og bankakostnaður upp á 253.6 millj. kr.

Í byrjun þessa árs var eigið fé fyrirtækisins neikvætt um 266 millj. Til samanburðar skal þess getið, að bókfært verð Akraborgar er 377.2 millj. kr. Í árslok 1979 nam skuld fyrirtækisins við Ríkisábyrgðasjóð 521.6 millj. kr. og reiknar sjóðurinn 3.75% vanskilavexti af skuldinni, þ. e. um 19.6 millj. á mánuði. Um næstu áramót er áætlað að þessi skuld verði orðin 828.2 millj. kr. Bera þessar tölur með sér hvert stefnir ef engar ráðstafanir verða gerðar nú þegar um skuldabreytingar.

Samgrn. hefur yfirleitt fallist á umsóknir fyrirtækisins um gjaldskrárhækkanir á þessu ári, enda er afkoma útgerðarinnar til muna betri en t. d. á síðasta ári.

Á næsta ári þarf að fara fram mikil viðgerð á Akraborg og er gert ráð fyrir að hún komi til með að kosta á annað hundrað millj. kr. Því telur n. að ekki verði hjá því komist að veita Akraborginni í rekstrarstyrk á árinu 1981 75 millj. kr. og stofnstyrk 50 millj. kr.

Hins vegar er það almenn skoðun nm., að ef vanskilaskuldum fyrirtækisins yrði breytt t. d. í 6 — 8 ára lán og engar hindranir verða af hendi hins opinbera með breytingar á gjaldskrá fyrir Akraborg ætti að vera hægt að reka þetta skip án allra rekstrarstyrkja, og að því ber að stefna.

Þá er Baldur: Flóabáturinn Baldur hefur átt við mikla rekstrarerfiðleika að stríða sem virðast fara vaxandi, og má segja að enginn rekstrargrundvöllur sé fyrir skip af hans stærð og gerð, miðað við flutningaþörfina á því svæði sem Baldur þjónar. Í því sambandi má geta þess, að áburðarflutningar og þungaflutningar, sem hann hefur flutt á hafnir við Breiðafjörð, eru að mestu eða öllu leyti búnir. Hér er um að ræða mál sem ekki verður hjá komist að dómi n. að leysa á næsta ári. Í stað Baldurs þarf að koma skip sem er miðað við þá þjónustu sem þarf að veita byggðunum við Breiðafjörð, og miða verður gerð þess og búnað við að rekstrarkostnaður þess komi til með að verða í lágmarki.

Í trausti þess, að stefnt verði að því að skipta um skip á næsta ári, leggur n. til að rekstrarstyrkur verði 180 millj. kr., en vegna halla á fyrra ári 40 millj. kr. eða samtals 220 millj.

Á fjárlögum þessa árs fékk Baldur í styrk 118.5 millj., en auk þess 25 millj. á aukafjárveitingu vegna rekstrarerfiðleika og mikils viðhaldskostnaðar á þessu ári.

Fagranes: Með umsókn rekstraraðila bátsins er greinargott yfirlit yfir rekstur hans sem af er þessu ári. Þar kemur fram að verulegar líkur eru fyrir því, að rekstur hans standi í járnum á árinu, en ríkisstyrkurinn var 97.3 millj. Útgerð bátsins fer fram á 137.5 millj. kr. framlag til rekstrar og 18.4 millj. vegna halla liðinna ára.

Fagranesið er orðið 16 ára gamalt og er því viðhaldskostnaður á bátnum verulegur. Rekstraraðilar eru farnir að hugleiða að fá hentugra skip til þessara flutninga. Í því sambandi þarf að gera athugun á þjónustuhlutverki báts á þessu svæði þar sem fyrir liggur að miklar breytingar hafa orðið þar á samgöngum á landi.

Samgrn. hefur nýlega skipað nefnd til að gera athugun á samgöngumálum Vestfirðinga og má vænta þess, að þessi þáttur verði sérstaklega athugaður í því sambandi.

Í fréttum hefur komið fram, að Fagranesið strandaði fyrir einum 2—3 dögum og varð fyrir verulegum skemmdum. Gerir rekstraraðili ráð fyrir að á eigendur skipsins komi allt að 10 millj. kr. reikningur fyrir það tjón. Kann að vera að það verði að hlaupa undir bagga, a. m. k. ef þessar skemmdir eru meiri en lítur út fyrir nú.

Drangur er orðinn 22 ára gamall og er því viðhaldskostnaður hans orðinn mikill. Í greinargóðri greinargerð, sem fylgir umsókninni, kemur fram að viðhaldskostnaður er áætlaður 46 millj. kr. á næsta ári og er það veruleg hækkun frá því sem verið hefur. Áætlað er að rekstrargjöld hækki um 90% milli ára eða úr 124 millj. 1980 í 236 millj. 1981. Full þörf er á því að hefja athugun á smíði skips í staðinn fyrir Drang.

Herjólfur: Svo virðist sem rekstraráætlun skipsins, sem fylgdi umsókn um rekstrarstyrk 1980, muni standast í öllum aðalatriðum, nema viðhaldsliðurinn, hann hækkar um 44 millj. kr. Í umsókn um rekstrarstyrk fyrir næsta ár er vakin athygli á því, að gera má ráð fyrir aukinni fjárþörf vegna þessa liðar, bæði að komið er að fjögurra ára skoðun skipsins og nauðsynlegt kunni að reynast að framkvæma kostnaðarsamar endurbætur á skrúfu og skrúfuútbúnaði skipsins þar sem komið hefur fram titringur í búnaðinum.

Fjárhagsvandi fyrirtækisins er mikill og var uppsafnaður fjárhagsvandi þess í byrjun þessa árs talinn vera 131 millj. kr. í lausaskuldum. Rekstraráætlun ársins 1981 er byggð á rauntölum ársins í ár og að hluta til á áætlunum síðustu mánuði ársins með 42% hækkun frá þeim tölum. Gjöld skipsins verða alls 1 milljarður 93.6 millj., en

samsvarandi tala fyrir yfirstandandi ár var 810.2 millj. kr. eða hækkun um 35%. Tekjur eru áætlaðar 849.2 millj., sem er 42% hækkun milli ára.

Til þess að ná jöfnuði fer útgerð Herjólfs fram á 244.4 millj. kr. ríkisframlag, en auk þess 140.2 millj. til greiðslu á uppsöfnuðum halla fyrri ára, eða samtals 384.6 millj. kr. Á fjárlögum þessa árs var heildarframlagið 201.3 millj. kr. Samkv. þessu er farið fram á 91% hækkun ríkisframlags.

Ekki er neitt tillit tekið til fjármagnskostnaðar vegna stofnkostnaðar skipsins, en skuld fyrirtækisins við Ríkisábyrgðasjóð nam 1 milljarði 185.6 millj. kr. í árslok 1979, og samkv. upplýsingum sjóðsins er áætlað að hún verði 2 milljarðar 257.6 millj. kr. nú um næstu áramót. Ef yrðu reiknaðir 3.75% dráttarvextir á þessa upphæð mundi hún verða rúmlega 84 millj. á mánuði og þá sjá menn hvað þessi marglofaða vaxtastefna leiðir af sér.

Nefndin telur að ríkisstj. verði nú þegar að taka ákvörðun um hvernig gera eigi upp áfallnar skuldir fyrirtækisins við Ríkisábyrgðasjóð og hvernig standa eigi að greiðslu afborgana og vaxta á næstu árum, og það sama gildir um skuldir Akraborgar.

Hríseyjarferjan: Hríseyingar fengu nýja og glæsilega ferju á árinu 1979, sem leysti af hólmi alls ófullnægjandi farkost. Mikill stofnkostnaður fylgdi þessu nýja skipi eða rúmlega 200 millj. kr. Greiðslubyrðin af þessum kostnaði er talin verða 79 millj. á þessu ári og geymdur vandi frá þessu ári er 20.6 millj. kr. eða 99.6 millj. Rekstrarstyrkur á þessu ári var 16.2 millj. og bendir allt til þess, að töluverður halli verði á árinu. Sótt er um 32 millj. kr. rekstrarstyrk. Nefndin telur, að hægt ætti að vera að mæta þeirri fjárþörf að einhverju leyti með því að hækka gjaldskrá, og leggur því til að rekstrarstyrkurinn verði 25 millj. á næsta ári.

Málefni annarra flóabáta verða ekki rakin hér, en það er Mjóafjarðarbátur, Mýrabátur, Dýrafjarðarbátur og Langeyjarnesbátur.

Við umfjöllun málsins urðu í n. allmiklar umræður um fyrirkomulag umsókna um fjárframlög af þessum lið fjárlaga. Urðu nm. á einu máli um að setja bæri þá vinnureglu, að allar umsóknir skuli hafa borist í hendur n. fyrir 1. nóv. ár hvert, þannig að eðlilegur tími gefist til að fjalla um þær og afla þeirra upplýsinga sem á kann að skorta. Þá er það sömuleiðis skoðun nm., að allir þeir aðilar, sem umsóknir senda og bókhaldsskyldir eru, skuli senda með umsókn afrit af endurskoðuðum reikningum síðasta heils árs vegna rekstrar sem þeir óska að styrktur verði. Aðrir aðilar, einstaklingar eða samtök, sem ekki eru bókhaldsskyldir, skili með umsókn grg. um hvernig áður veitt framlag hafi verið notað og hvernig umsækjandi hyggist nota það framlag sem um er sótt.

Full samstaða náðist í n. um tillögur hennar. Var fjallað ítarlega um hverja umsókn.

Samkv. grg. þeirri, sem nál. greinir frá, leggur samvn. samgm. til að á fjárlagaárinu 1981 verði veitt samtals 1 milljarður 243.8 millj. kr. sem skiptist eins og ég mun nú frekar greina frá.

Til vetrarflutninga í Breiðavíkurhreppi 1 millj. Til vetrarflutninga í Dalahéraði 1.5 millj. Til vetrarsamgangna í Árneshreppi 1.3 millj. Snjóbifreið í Austur-Barðastrandarsýslu 800 þús. Til vetrarflutninga í Vestur-Barðastrandarsýslu 3.5 millj. Snjóbifreið um Botnsheiði 1.5 millj. og stofnstyrkur sömu bifreiðar 3 millj. Snjóbifreið á Hólmavík 1 millj. Vetrarsamgöngur á Auðkúluheiði, Vestur-Ísafjarðarsýslu, 1.5 millj. Snjóbifreið í Önundarfirði 600 þús. Mjólkurflutningar í Súgandafirði 300 þús. Sandsheiði 900 þús. Mjólkurflutningar í Önundarfirði og Dýrafirði 5.6 millj. Flug til Grímseyjar 5 millj. Til snjóbifreiða í Dalvíkurlæknishéraði 600 þús. Vetrarflutningar í Svarfaðardalshreppi 1 millj. Til snjóbifreiða á Akureyri, rekstur 1 millj. Til Flugbjörgunarsveitarinnar á Akureyri 1.2 millj. Snjóbifreið í Hálshreppi í Suður-Þingeyjarsýslu 1 millj. Snjóbifreið í Fjallahreppi, rekstur 500 þús., stofnstyrkur 2.5 millj. Snjóbifreið í Austur-Húnavatnssýslu 500 þús. Snjóbifreið í Skagafirði 1 millj. Snjóbifreið í Vopnafirði 900 þús. Snjóbifreið í Kópaskeri í Axarfirði 1.2 millj. Snjóbifreið á Fjarðarheiði, rekstur 10 millj., stofnstyrkur 4 millj., sem er lokagreiðsla á þessum stofnstyrk. Snjóbifreið í Fagradal, rekstur 1.5 millj. og stofnstyrkur 700 þús., sem er einnig lokagreiðsla. Snjóbifreið á Oddskarði, rekstur 9 millj. og stofnstyrkur 2 millj., sem er enn fremur lokagreiðsla. Snjóbifreið á Fljótsdalshéraði, rekstur 1 millj., stofnstyrkur 300 þús. Vetrarflutningar í Borgarfirði eystra 1.7 millj. Snjóbifreið í Stöðvarfirði, Egilsstaðaflugvöllur 1.4 millj. Vetrarflutningar Djúpivogur-Hornafjörður, rekstur 1.7 millj. og stofnstyrkur 2 millj. Póst- og vöruflutningar í Jökuldal, rekstur 8 millj., stofnstyrkur 2 millj. Svínafell í Nesjum 1 millj. Til vöruflutninga á Suðurlandi 9 millj. Til vöruflutninga í Árneshreppi 5 millj.

Fyrir utan þá báta, sem ég greindi frá áðan, gerir samgöngunefndin tillögu um styrk til Mjóafjarðarbáts, í rekstur 20 millj. og stofnstyrk 10 millj., og Langeyjarnesbáts til rekstrar 1.2 millj., til Mýrabáts til rekstrar 100 þús. og Dýrafjarðarbáts til rekstrar 900 þús., eða eins og áður segir 1 milljarður 243 millj. 800 þús. kr.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Það er að vísu ekki í fyrsta skipti sem afgreiðsla fjárlaga fer fram með því að fundir eru haldnir eiginlega daga og nætur, en yfirleitt hefur verið reynt að haga fundarhöldum á þann veg að halda ekki kvöldfundi nema tvö kvöld í einu og hafa nokkurt hlé á milli, því að þm. þurfa vafalaust að kynna sér þskj. og þingmál. En nú finnst mér fyrir mitt leyti hafa keyrt um þverbak í þessum efnum. Það eru geymdir frá 2. til 3. umr. stórir málaflokkar. Það er geymd til 3. umr. tekjuhlið fjárlagafrv., og það hefur oft áður gerst, en síðan tekin til umr. þegar komið er kvöld og illa sóttir fundir, enda kannske von að þm. séu orðnir þreyttir á löngum fundum að undanförnu. Þó að þessu verði ekki breytt við afgreiðslu þessara fjárlaga held ég að þingið eigi að sjá sóma sinn í því að breyta þessum vinnubrögðum í framtíðinni. Ég held að ekki verði hjá því komist, eftir að þskj. liggja fyrir og álit fjvn. og þeirra, sem að þeim málefnum standa, að þm. gefist eitthvert ráðrúm til að kynna sér, hvað er verið að bera á borð fyrir þá, og gefist tækifæri til að fræðast af þeim mönnum sem í fjvn. starfa, en hér er haldið áfram á svo mikilli ferð að þm. vita sennilega mjög takmarkað um það sem þeir eiga að greiða atkv. um í fyrramálið. Ég tek það fram, að þetta er ekkert einsdæmi, en er orðinn leiðindasiður sem Alþingi á að breyta að mínum dómi.

Ég hef leyft mér að flytja hér ásamt öðrum þm. nokkrar brtt. Ég flyt ásamt Albert Guðmundssyni nokkrar tillögur sem hann lýsti við 2. umr. og ég þarf engu þar við að bæta, en þó við ég gera nokkuð að umræðuefni eina þá till. sem ég er fyrri flm. að og Albert Guðmundsson flytur

með mér, en það er till. um að hækka framlag til sjúkrahúsbyggingarinnar á Ísafirði um 100 millj., í 430 millj. kr.

Undirbúningur að þessari byggingu stóð lengi, hönnun tók óhemjumörg ár. Síðan byggingarframkvæmdir hófust má segja að þær hafi verið með nokkuð góðum hætti þangað til á árinu 1979 eða við fjárlagaafgreiðslu fyrir árið 1979. Þá keyrir alveg um þvert bak því að dregið er mjög úr framkvæmdahraða. Menn segja: Ja, hefur ekki verið sæmilegt framlag á fjárlögum 1979 og 1980 og eru ekki 330 millj. nokkurt framlag á árinu 1981? En hér fylgir allstór böggull skammrifi frá framkvæmdavaldinu. Það vantar ekki að Alþingi afgreiði fjárlög yfirleitt fyrir jól, að undanskildu þessu ári, sem var af sérstökum ástæðum, en í stað þess að hefja framkvæmdir og hafa framkvæmdaþætti tilbúna hefur Alþingi af mikilli framsýni fyrir allmörgum árum stofnað til svokallaðrar samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir og þessi samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir fjallar um ákveðna framkvæmdaflokka. Hún hefur tekið sér það vald, ef maður mætti svo að orði komast, að þvælast alltaf fyrir árum saman. Þessi stofnun ákveður sjálf hvað skuli boðið út í framkvæmdum, eins og í sjúkrahúsamálum, og hún þarf ekki að svara heimamönnum í þeim efnum því að hún ákvarðar það sjálf. Í raun og veru setur hún fjvn. og fjárveitingavaldið upp við vegg og segir: Þetta er komið í útboð, þetta höfum við ákveðið, þetta höfum við tekið til og þetta verður framkvæmt. En þó að framlög séu veitt til annarra staða en hljóta náð fyrir augum hennar liggur hún á þeim mánuðum saman og í 50—60% verðbólgu brennur fjárlagaframlagið upp. Það hefur gerst í sambandi við þessa byggingu á Ísafirði sem ég skal koma nánar að.

Núna standa sakir þannig, að búið er að skrifa þessari virðulegu stofnun, framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins, bréf og óska eftir að útboð fari fram í næsta áfanga. Búið er að skrifa heilbrrn. bréf og búið er að skrifa heilbrrh. persónulega bréf út af þessu. Fyrsta bréfið er dags. 23. apríl til framkvæmdadeildarinnar og sama dag til heilbrrn. Næsta bréf til framkvæmdadeildarinnar er dags. 30. júní og bréf til sjálfs heilbrrh. er dags. 30. júní, en það kemur ekkert svar. Hvorki framkvæmdadeildin, rn. né ráðh. svara. 12. nóv. skrifar byggingarnefnd þessa sjúkrahúss og heilsugæslustöðvar aftur og spyr nú enn um svör. Síðast þegar ég vissi hafði ekkert svar komið. M. ö. o.: hvað eru svona fínir menn og fínar stofnanir að standa í bréfaskriftum við óheflað útkjálkafólk? Það er fyrir neðan virðingu þessara háu herra. Og meðan brenna framlögin á fjárlögunum upp í verðbólgunni og þeim mun minna fæst fyrir þau. Enn þá eru til menn hér á Alþingi sem telja að það hafi verið stórkostlegt „patent" að setja upp þessa samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir. Mikið þurfa þeir menn á góðri endurþjálfun að halda.

Nú segja þeir vísu menn, sem um þetta mál hafa fjallað, að með þessu framlagi verði hægt að klára þátt heilsugæsluhlutans í þessu sjúkrahúsi í árslok 1982. En þá á eftir að kaupa allt inn í þann hluta sjúkrahússins. Jafnvel þó ríkisstj., sem núna situr, taki mun betur á í baráttunni við verðbólguna, eða réttara sagt þegar hún hefur baráttu við verðbólguna, þó að hún nái einhverjum árangri, sé ég ekki fram á að þetta sjúkrahús verði tilbúið fyrr en komið er nokkuð fram yfir árið 2000. Þá á ég einnig við að það eru alltaf látin bíða öll útboð þangað til komið er að áramótum.

Ef mönnum finnst þetta góður búskapur, þá þeir um það. Mér finnst hann ekki góður. Mér finnst hann afleitur. Ég hef áður sagt að ég vilji fara að minnka eitthvað þetta bákn og fækka eitthvað þeim kerfiskörlum sem alls staðar eru að þvælast fyrir og eru að verða þjóðinni til sárra leiðinda og gremju. Ég held að það sé kominn tími til fyrir Alþingi að taka hendurnar úr vösunum og hreinsa eitthvað til og sópa þessu drasli víða út úr húsum og láta þau líta almennilega út. En það er bara komið hér saman þegar menn eru orðnir grútsyfjaðir, slæpir og þreyttir og sennilega lyfta nógu margir upp hendinni á morgun og greiða atkv. með því að þetta sé ekki hægt og það eigi að halda áfram eins og áður.

Ég hef þessi orð ekki fleiri um þetta atriði, en ætla að reyna að mæta við atkvgr. í fyrramálið og greiða atkv. með till. mínum þar og sjá einnig hvað aðrir gera og hvort þeim finnst sanngjarnt hvernig farið er að á þessum stað, sem er stærsti staðurinn á Vestfjörðum, en hefur ekki fengið framlag til heilbrigðismála fyrr en var farið í þessa byggingu. Sjúkrahúsið þar var byggt árið 1925 og var fremsta sjúkrahús á landinu þegar það var byggt, en er fyrir löngu orðið gersamlega úr leik hvað snertir að inna þá þjónustu af hendi sem nú er krafist, enda eru flestir sjúklingar, sem eitthvað er að, fluttir á stóru sjúkrahúsin í Reykjavík. En það er ekki það sem fólkið, sem þarna býr, ætlast til. Það ætlast til þess, að staðið sé við þá löggjöf sem Alþingi hefur samþykkt, þá stefnu í heilbrigðismálum sem Alþingi hefur markað. Í frv., sem var lögfest árið 1973, var það stefnan að hraða framkvæmdum og uppbyggingu heilbrigðisþjónustu þar sem hún var bágborin fyrir. Þá geta menn séð hverjar efndirnar hafa verið, sérstaklega síðustu tvö árin, hvað snertir þetta sjúkrahús.

Þá hef ég leyft mér að flytja hér till. um að hækka framlög til sjúkrahúsbyggingar á Hólmavík. Það gerði ég einnig í fyrra og fleiri. Meðflm. mínir að þeirri till. eru þrír þm. Vestfirðinga: Þorv. Garðar Kristjánsson, Sighvatur Björgvinsson og Karvel Pálmason. Við leggjum til að það verði hægt að fara í framkvæmdir á Hólmavík. Í tvö ár í röð hefur verið veitt smáframlag til þessa, en ekki er lokið enn þá hönnun því að nefndin, sem ég minntist á áðan, hefur staðið þar líka í vegi. Í bréfi, sem hreppsnefnd Hólmavíkurhrepps skrifar, segir að heilsugæslustöðin á Hólmavík hafi verið starfrækt í leiguhúsnæði undanfarin ár. Húsnæði þetta er í eigu sjúkraskýlisins á Hólmavík og er algerlega ófullnægjandi. Húsnæði þetta er allt of lítið og hentar illa. Auk þess þarf sjúkraskýlið nú þetta húsnæði til sinna þarfa. Starfsaðstaða læknis er slæm. Það er líka bent á að þarna er löngum læknislaust og þegar læknir fæst er það aðeins skamman tíma í einu. Það laðar ekki lækna að slíkum stöðum að starfaðstaða er ekki fyrir hendi. Það er því ekki að furða þó að fólkið, sem byggir þetta læknishérað, sé orðið órólegt að bíða eftir framkvæmdum frá hendi löggjafans, framkvæmdum á þeim lögum sem í gildi eru. Við leyfum okkur að flytja hér tillögu um að 80 millj. verði varið á liðnum um byggingu sjúkrahúsa til heilsugæslustöðvar á Hólmavík, 80 millj. komi í stað 30 millj. sem eru inni og þýða að það er ekki hægt að hefja framkvæmdir á þessu ári á þeim stað. Þau eru ekki mörg heilsugæsluhéruðin á landinu þar sem ekki eru komnar heilsugæslustöðvar eða eru í byggingu. Þess vegna er einnig kominn tími til að taka við sér hvað snertir heilsugæslu í þessu byggðarlagi.

Þá leyfum við okkur, sömu þm., að flytja fjórar till. aðrar. Það er í fyrsta lagi till. um hafnarmannvirki í Norðurfirði í Árneshreppi, en Árneshreppur er afskekkt byggðarlag sem er ekki í neinu vegasambandi við önnur byggðarlög nema hásumarið. Það er hvergi upphleyptur vegur frá Kaldrananeshreppi og langleiðina norður í Árneshrepp og þarf feikilega mikið átak að gera í vegamálum þar. Það er því enn brýnni þörf á að taka undir margra ára óskir Árneshreppsbúa um hafnarframkvæmdir í Norðurfirði, en það er verslunarstaður hreppsins. Það eru nú í fjárlagafrv. 19.5 millj. til þessa staðar, til bátalyftu, en ekkert í hafnarframkvæmdir. Við leggjum hér til að í þessa framkvæmd verði varið 40 millj. kr. á þessu ári. Við værum ekki að flytja þessa till. ef þetta væri fyrsta, annað eða þriðja árið sem væri verið að bíða með þessar framkvæmdir. Það er búið að bíða svo lengi að varla er hægt að bíða lengur og þm. Vestfirðinga varla stætt á öðru en vekja athygli þingsins á því.

Nú kunna menn að spyrja: Hvers vegna skiptið þið þá ekki öðruvísi þeim fjárveitingum sem Vestfirðir fá af hlutdeildinni í hafnarframkvæmdum? — Því er til að svara, að sá skammtur hefur ekki verið það burðugur að það hafi verið hægt að skipta því fé með öðrum hætti en gert er. Þar er einnig margt sem verður enn þá að bíða. Vitaskuld verður margt að bíða í framkvæmdum í okkar landi, en ég vek athygli á að þarna er um afskekkt byggðarlag að ræða sem hefur engar samgöngur aðrar, nema þá flugsamgöngur að Gjögri þegar hægt er að fljúga, en það eru margir dagar sem falla þar úr á svona stað.

Í fjárlagafrv. eru framlög í ferjubryggjur. Ég furða mig á skiptingunni á ferjubryggjurnar hjá fjvn. Nú þykir mér leitt að þurfa að fara að skamma þá nefnd sem mér er langkærust af öllum nefndum þingsins, fjvn., og þarf mikið verk að vinna hverju sinni og vandasamt. En þar fór skiptingin þannig fram, að Vita- og hafnamálaskrifstofan benti á viðhald og endurbætur á fjórum ferjubryggjum á Vestfjörðum, en einhver hefur lætt fimmtu ferjubryggunni inn, ekki veit ég hver það er, enda skiptir það ekki máli. 55 millj. eru á þessum lið, og við þá fimmtu fer skiptingin þannig fram, það er afskaplega einfalt hvernig nefndin vann: Þeir deildu með 5 í 55 og fengu 11 millj. út á hverja bryggju. Þetta finnst mér vera of einföld afgreiðsla á skipingu á fjármunum og í fyrsta skipti sem engu er varið á fjárlögum til nýframkvæmda við ferjubryggjur. Við flytjum till. um að ferjubryggja verði byggð á Hvallátrum á Breiðafirði og Skáleyjum á Breiðafirði.

Þegar síðasta nýframkvæmd í ferjubryggju var tekin inn, fyrir tveimur eða þremur árum, sem var Hvítanes í Ögurhreppi við Djúp, reiknuðum við með að þeirri framkvæmd yrði lokið á einu ári. Þá var ætlunin að taka aðra þessa ferjubryggju á Breiðafirði næst að dómi þm. Vestfirðinga. Það er byggð í Skáleyjum, en Hvallátrar fóru nýlega í eyði. Þangað er nú að koma ungur og dugandi bóndi sem ætlar að byggja þar upp og nýta föðurleifð sína og hlunnindi öll sem þessar eyjar gefa. Ferjubryggjan getur skipt sköpum um hvort honum tekst að framkvæma áform sín. Það er eftirtektarvert þegar ungur vélstjóralærður maður fer af einum aflasælasta skuttogara landsins og ætlar að setjast að á þessum stað, eins og þessi ungi maður áformar. — Það vantar ekki að búið er að gera áætlanir um uppbyggingu Flateyjarhrepps og það eru fleiri manns bullsveittir við það frá morgni til kvölds og árið út að gera áætlanir. En það verður lítið með þessar áætlanir gert ef aldrei á að veita neitt fjármagn til að framkvæma þær. Það þýðir ekki alltaf að hafa fögur orð um allt, en láta svo efndirnar vanta.

Síðasta till., sem við þessir fjórir þm. Vestf. flytjum, er um 4 millj. kr. framlag í hafnargerð á Djúpuvík, en þar hefur einstaklingur, dugandi skipstjóri og úgerðarmaður, staðið að verulegu leyti fyrir hafnarframkvæmdum, en fengið dálítinn styrk frá ríkinu á s. l. ári. (**Gripið fram í:** Er það þar sem síldarverksmiðjan er?) Já það er þar sem síldarverksmiðjan er eða „rautt sólarlag". — Ég skal þá ekki hafa fleiri orð um þessar brtt.

Enn fremur flytja brtt. auk mín Steinþór Gestsson, Karl Steinar Guðnason, Ólafur G. Einarsson, Karvel Pálmason og Halldór Blöndal þess efnis, að framlag til Byggðasjóðs hækki úr 3 milljörðum 750 millj. í 5 milljarða 550 millj. eða um 1800 millj. kr. Til skýringar skal ég geta þess í sambandi við flm., að þeir eru allir stjórnarmenn eða varastjórnarmenn í Framkvæmdastofnun ríkisins.

Ég hrökk dálítið ónotalega við í kvöld þegar ég heyrði fréttirnar í útvarpinu. Þá heyrði ég það haft eftir einum hv. þm., sem er formaður Framkvæmdastofnunar ríkisins, að hann hefði gert góða verslun hér á Alþingi, 6. þm. Suðurl., og fregnin var svo endurtekin í sjónvarpinu, enda mjög merkileg fregn. Það er mjög merkilegt þegar einn þm. segir: Ég er á móti máli. Ég fékk þó skattinn heldur lækkaðan og ég fékk líka loforð fyrir 1500 millj. kr. til Byggjasjóðs og tryggði alveg það sem á vantar — Síðan höfðu fréttamennirnir eftir honum að þetta væru hrossakaup í pólitíkinni. Ég hugsaði með mér: Hvað kosta hinir stjórnarþm.? (**Gripið fram í:** Það er ekki gefið upp.) Nei, það er sennilega rétt að gefa það ekki upp og það hefði sennilega verið réttast að gefa þetta ekki heldur upp. En hvað hugsar almenningur í landinu þegar hann heyrir að menn segja: Ég skal vera með þessu rangláta máli ef ég fæ þetta og þetta? Menn hljóta að hugsa: Eru þetta allt skúrkar þarna á Alþingi? (**EgJ:** Almenningur er farinn að þekkja þessa ríkisstj.) Já, en það er hart að við hinir, Egill minn, skulum fá óorð af þessu. Ég er alveg gáttaður á þessu. Er þetta virkilega satt, hæstv. fjmrh.? Hagar fjmrh. sér svona? Ég hélt að hæstv. fjmrh. væri saklaus, prúður og strangheiðarlegur maður. Hvað hefur skeð hér? Hvað á sér stað? Ég hélt að ekki hefði þurft að versla neitt fyrir Byggðasjóðinn. Byggðasjóðurinn á lögum samkvæmt örugg framlög sem ríkisstj., bæði fyrrv. ríkisstj. og núv. ríkisstj., hafa verið að skera niður á undanförnum árum. Hann á að fá í tekjur 2% af gjaldahlið fjárlaganna og hafði það 1977 eða 1.8% af gjaldahlið fjárlaga. 1978 fer hann niður í 1.5% og 1979 fer hann niður í 1.2%. 1980, eftir að þessi ríkisstj. tekur við, fer hann í 0.7% og í fjárlagafv., sem við erum núna að ræða, er hann 0.7% eins og það var lagt fram, og það tekur töluverðum framförum hér í meðförum Alþingis hvað hækkanir snertir, bæði tekna- og gjaldamegin, svo að þetta hlutfall er enn lægra. Ég hef sagt að ég álasi ekki ríkisstj. fyrir það að hún takmarki eitthvað frekar en verið hefur framlög til hinna ýmsu sjóða. Við þurfum að gera það. Ég tel að ef þeir stóru og háu í þjóðfélaginu ætlast til að almenningur fylgi landslögum eigi þeir að gera það líka. Þeir eru ekki hafnir yfir lög. Ef þeir vilja einhvern samdrátt á þessu hefði verið hægur vandi að ná samkomulagi við stjórnarandstöðuna um

breytingu, en ekki þann niðurskurð sem hæstv. fjmrh. leyfir sér að gera.

Byggðasjóður hefur lánað til skipasmíða og það hefur verið ærið stór hluti af lánum hans, sérstaklega vegna innlendu skipasmíðarinnar, og það hafa verið veitt loforð fram í tímann í trausti þess að staðið verði við gildandi lög. En þessi ríkisstj. og fyrrv. ríkisstj. hafa þverbrotið þau og því stendur Byggðasjóður nú uppi févana. Hann getur ekki sinnt hlutverki sínu fyrir því hvað hann er búinn að binda mikið fjármagn í lánsloforðum. Á sama tíma og við teljum að fiskiskipaflotinn sé of stór er hleypt hverju fiskiskipinu á fætur öðru í byggingu til að binda lengur þann flota sem fyrir er, og það er hamast í því að fá afgreiðslu á þessum málum og ekkert spurt að því frá hendi einstakra ráðh. Forstjóri Framkvæmdastofnunar ríkisins lagði fram tillögu 25. nóv., sem ekki hefur enn þá verið afgeidd í stjórninni, á þann veg að „stjórn stofnunarinnar samþykkir að lækka viðbótarlán til innlendrar skipasmíði úr 10% í 5% frá og með deginum í dag vegna þeirra nýsmíða sem framkvæmdir eru hafnar við eða samið hefur verið um". Viðkomandi skulu í góðri trú lánuð 10% viðbótarlán, en þó með því skilyrði að framlög til Byggðasjóðs verði aukin um 1800 millj. kr. Till., sem við erum að flytja hér, er í samræmi við þá till. Hún er þess eðlis, að það verður dregið úr þessum lánum. Það hafa þá orðið snögg umskipti hjá stjórnarmönnum Framkvæmdastofnunarinnar ef þessari till. verður hafnað.

Það vill nú svo til að á fundi sem haldinn var í stjórn stofnunarinnar 24. okt. austur á Höfn í Hornafirði, vakti ég athygli á málefnum Byggðasjóðs og gerði að umræðuefni fjárlagafrv. fyrir árið 1981, en í þessu frv. er gert ráð fyrir framlagi til sjóðsins að upphæð 3 milljarðar 750 millj. kr., lántökuheimild upp á 3 milljarða 150 millj. kr. Lántökuheimild og áætlað eigið ráðstöfunarfé er 1100 millj. kr. Allir stjórnarmenn í Framkvæmdastofnuninni töldu að hér yrði að gera lagfæringu á og þetta gæti engan veginn gengið. Ályktun var síðan samþykkt og stjórn Framkvæmdastofnunar fylgdi þeirri ályktun eftir með viðtölum við þrjá ráðherra, hæstv. forsrh., hæstv. fjmrh. og hæstv. sjútvrh. Við sögðum þeim frá því, að þessi skipabyggingalán gætu ekki gengið lengur. Það væri í fyrsta lagi það, að lán, sem veitt væru með þessum hætti, fengjust ekki aftur greidd, það væri útilokað, þau sem færu í innlendu skipasmíðina, enda voru fyrir hálfum öðrum mánuði átta skip, sem byggð höfðu verið innanlands, í vanskilum með afborgun og vexti við Byggðasjóð upp á 1026 millj. kr. auk dráttarvaxta. Fiskveiðasjóður reynir að tryggja sig með því að hækka hlutfallið af aflaverðmætinu, sem fer til hans, allt upp í 20% eða jafnvel hærri upphæð. Það þýðir að sjóður, sem kemur á eftir, fær ekki neitt og lán, sem eftir er að veita, eru fyrir fram töpuð. Hvað segir svo Alþingi eftir nokkur ár við stjórn Framkvæmdastofnunar? Hvað voruð þið að gera með að lána vitlaust og botnlaust til aðila sem ekki geta borgað neitt? Svo ætlast ríkisstj. til að sjóðurinn taki erlend lán upp á 3150 millj. En það þýðir ekkert fyrir Byggðasjóð að haga sér eins við erlendu lántakana og þeir haga sér við Byggðasjóð sem taka lánin innanlands. Þar verður ekkert gefið eftir og þar brennur upp fjármagn Byggðasjóðsins. Er heil brú í þessari fjármálastefnu?

Hvar er hæstv. fjmrh., ég þarf að tala við hann? (**HBl:** Ég held að hann sé orðinn þreyttur.) Hann verður að koma. Annars frestum við fjárlagaumr. ef hann er þreyttur. (Gripið fram í.) Nei, ég vil sjá hann á meðan.

Ég spyr hæstv. fjmrh.: Hvað þýðir yfirlýsing sú sem kom í fréttunum í kvöld? Ætlar ríkissjóður samkv. þessari yfirlýsingu að leggja til 1500 millj. kr. umfram það sem er í fjárlagafrv., eða ætlar ríkissjóður að útvega Framkvæmdastofnuninni lán upp á 1500 millj. sem Framkvæmdastofnun á að vera ábyrg fyrir og lána svo aftur þeim sem aldrei munu borga það? Þá vil ég nú segja að formaður stjórnar Framkvæmdastofnunar ríkisins, ef rétt er síðari tilgáta mín, hafi ekki gert góða verslun og þá sé best að leggja slíka verslun til hliðar. En ég vona að hæstv. fjmrh. upplýsi þetta. Málefni Byggðasjóðs eru ekkert gamanmál. Það hafa sumir kannske, sem e. t. v. eru ekki vel inni í þessum málum, haft oft horn í síðu Byggðasjóðs, og ekki skal ég neita því að einhver mál hafi þar verið afgreidd sem betur hefði mátt með fara. En höfuðverkefnin og eiginlega að mestöllu leyti hafa verið með þeim hætti að þau hafa komið atvinnuuppbyggingu í landinu mjög til góða. Ég er fyrir mitt leyti einlægur stuðningsmaður Byggðasjóðs. (**Fjmrh.:** Það eru fleiri.) Já, þá verða þeir að sýna það í verki, þessir fleiri, en ekki með því að leggja fram þetta fjárlagafrv., sem hæstv. ráðh. hefur gert, og líka fjárlagafrv. fyrr á árinu fyrir 1980, og sömuleiðis fyrirrennari hans og sá sem var þar á undan.

Það er af mörgu að taka og um margt að tala í fjárlagafrv., en það verður ekki gert eins og háttað er tíma og umr. Mig langar samt til að gera eitt mál nokkuð að umræðuefni, en það er landhelgisgæslan.

Þegar við stöndum eða höfum staðið í deilum við útlendinga telur öll þjóðin að það eigi að styðja og styrkja landhelgisgæsluna. En mér finnst að þar athafnir, sem hafa verið í sambandi við gæsluna á þessu ári, sérstaklega seinni hluta ársins, hafi ekki borið því vitni að styrkja eigi stöðu gæslunnar. Ég fagna kaupunum á hinni nýju flugvél og komu hennar, en ég er mjög andvígur því að selja Fokker F-27 vélina, sem er seld fyrir 675 millj., aðeins 1/5 hluta andvirðis nýrrar flugvélar. Mér finnst líka stórhættulegt að taka þá stefnu, sem nú hefur verið tekin, án þess að áætlun stjórnvalda liggi fyrir í landhelgis- og gæslumálum. Hún liggur engan veginn fyrir. Það er verið að selja flugvél. Það er verið að taka úr notkun og selja tvö varðskip, Þór og Árvakur. Árvakur er vitaskip sem er sérhæft, og ég tel fyrir mitt leyti rangt að selja það. Þór læt ég liggja á milli hluta. Það getur verið gott og skynsamlegt oft að selja skip þegar þau eru orðin gömul og úrelt. En það er ekkert talað um að neitt nýtt þurfi að koma í staðinn, bara að selja og selja. Við færum út í 200 mílur, við höfum losnað að verulegu leyti við útlendinga, en það þarf líka enn að spyrna útlendingum frá 200 mílna fiskveiðilögsögu. Þó að við höfum haft nokkuð góða gæslu í lofti á undanförnum árum hefur sú gæsla aðeins náð að miða út brotleg skip, en það hefur þá ekki verið til varðskip til að hirða sökudólgana, sækja þá. Það þýðir ekki að vera að tala um að stækka landhelgina og friða hana fyrir útlendingum, en draga svo saman seglin í löggæslu í fiskveiðilögsögu okkar. Ég held að meira hafi ráðið um þetta mennirnir í fjmrn. með hnífinn á gæslunni en skynsemin. Ég er þó ekki með þessum orðum að segja að ekki megi ýmislegt betur fara hjá Landhelgisgæslunni eins og öllum öðrum stofnunum í landinu. Að sjálfsögðu ber að líta á það mál af fullri sanngirni og velvilja.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri.

Guðmundur Karlsson: Herra forseti. Þar sem þeir félagar mínir úr 1. minni hl. fjvn., þeir hv. 3. þm. Norðurl. e. og hv. 10. þm. Reykv., gera afstöðu okkar til afgreiðslu fjárlaga glögg skil ætla ég að leyfa mér að fara fáum orðum um stöðu og horfur í sjávarútvegi, fiskvinnslu og útgerð nú um áramótin.

Þótt oft hafi syrt í álinn held ég að sjaldan eða aldrei hafi horfur verið jafndökkleitar og nú á þeim vettvangi. Framleiðsla og útflutningur frystra afurða hefur aldrei verið meiri en á þessu ári og verð í flestum tilvikum hátt, en afkoma frystihúsanna flestra slæm og margra mjög *léleg. Jafnframt benti margt til þess*, að staða þeirra mundi enn versna á þessu ári. Forráðamenn frystihúsanna margvöruðu við þessari mjög neikvæðu þróun, en töluðu fyrir daufum eyrum. Því miður reyndust þeir sannspáir, eins og í ljós kom s. l. sumar og haust þegar fjöldi frystihúsa varð að stöðva rekstur um lengri eða skemmri tíma vegna fjárhagsörðugleika. Hér varð ekki bágum ytri skilyrðum um kennt, heldur óstjórn og ráðleysi í íslenskum efnahagsmálum og duglausri ríkisstj.

Sem dæmi um þróunina má taka að frá byrjun árs 1979 til ársloka hækkuðu laun í fiskvinnslunni um 51.6%. Hráefni hækkaði á sama tíma um 59.7%. Þá hækkuðu flestir rekstrarliðir og þjónusta að sama skapi a. m. k. og jafnvel meira, svo að ekki sé minnst á vextina því að vaxtastefna sú, sem fylgt er, er að kafkeyra alla framleiðslu í landinu. Láta mun nærri að afurðalánavextir í fiskvinnslu séu nú milli 70 og 80% þegar tillit er tekið til 5% gengissigs á mánuði eins og verið hefur. Menn spyrja hve lengi slík vitleysa geti gengið og hver samkeppnisaðstaða fyrirtækja með slíkar byrðar sé. Stærstur hluti tekna hraðfrystiiðnaðarins er vegna útflutnings sem greitt er fyrir í bandarískum dölum, en verð helstu tegunda hélst að mestu leyti óbreytt í erlendri mynt allt árið 1979. Á sama tíma hækkaði verð á dal aðeins um 24.2%. Frá ársbyrjun 1979 fram til nóvembermánaðar í ár hefur hækkun launa verið í fiskiðnaðinum 37%, hækkun hráefnis 137%, en hækkun á bandaríska dalnum aðeins 82.

Fyrir fáum árum var stöðug og mikil hækkun fiskverðs í Bandaríkjunum eins konar náttúrulögmál sem íslensk stjórnvöld gátu treyst á til bjargar úr efnahagsörðugleikum, en slíkt er nú liðin tíð og þar er ekkert á að treysta fremur en annars staðar á mörkuðum okkar. Gengið á að vera skráð miðað við afkomu veiða og vinnslu, en stöðugt er stimpast við að viðurkenna orðnar staðreyndir í efnahagslífinu og oftast dregið að færa skráninguna til sannvirðis og framleiðslufyrirtækjunum látið blæða á meðan, enda ekki að undra þótt stjórnvöld hiki við að viðurkenna og opinbera eigin ósigur. Hér gefur að líta hluta af neðanjarðarhagkerfinu. Þar sem ríkisstj. neitar orðnum staðreyndum þegar starfsgrundvöllur fyrirtækjanna er ákveðinn er raunafkoma ársins framreiknuð. Nú stendur svo á að byggt verður á raunafkomu ársins 1978. Þá var afkoman mjög léleg yfir heildina, viðhald og fleiri kostnaðarliðir dregnir saman og koma því hvorki rétt né sanngjarnt fram í framreikningunum. Þá skekkir stöðugt vaxandi verðbólga útkomuna mjög og gefur ranga mynd. Breytingar á vaxtakjörum hafa verið mjög neikvæðar frá miðju árinu 1979, en þá voru ákveðnir grunnvextir og verðbótaþáttur að auki sem mjög verður erfitt að meta inn í afkomu ársins og framreikna.

Þótt látið sé í veðri vaka að stefnt sé að hinum svokallaða núllpunkti í afkomu á meðalfyrirtæki er langt frá því, að hér sé jafnvægi náð í afkomu, því aldrei hafa vextir af eigin fé verið virtir í útreikningunum og verður þetta því óréttlátara sem vextir verða hærri. Í fiskvinnslu áætlar Þjóðhagsstofnun vextina 8.4% af tekjum eða 23.8 milljarða, en vextir og gengissig af afurðalánum lætur nærri að séu 12% af tekjum ársins 1980 eða um það bil 50% af launalið í fiskvinnslunni, og eru því vextir í fiskvinnslunni vanmetnir um 8—10 milljarða. Einnig er launaliður vanmetinn og þrátt fyrir áætlaðan núllpunkt hafa hlaðist upp vanskil hjá fiskvinnslunni og útgerðinni. *Þrátt fyrir tól sín og tæki sjá reikningslista- og spámenn* ríkisstj. ekki við verðbólgunni og spár þeirra og framreikningar standast ekki sem skyldi þegar á reynir.

Rafmagnskostnaður í fiskvinnslu er gífurlega hár og misjafn kringum landið og er gjarnan vanmetinn kostnaðarliður í framreikningi. Í fiskiðnaðinum, sem er í raun okkar eina innlenda stóriðja og ef á heildina er litið stórkaupandi rafmagns, sýnist hvorki ósanngjarnt né óeðlilegt, miðað við gildi fiskvinnslufyrirtækjanna fyrir sveitarfélögin úti á ströndinni og fyrir þjóðarbúið í heild, að rafmagn fengist við sama verði og stóriðjufyrirtæki, sem verið er að byggja upp með aðstoð og í sameign með útlendingum og með erlendu fjármagni, greiða. Frystihúsin hafa yfirleitt stöðugan rekstur árið um kring og hljóta því að teljast fastur og áreiðanlegur orkukaupandi.

Um Verðjöfnunarsjóð er það að segja, að hann hefur til þessa skilað hlutverki sínu með ágætum því að viðmiðunarverð var ákveðið í erlendri mynt. En nú er staða í frystideild hans með þeim hætti, að um það bil 1 milljarð vantar til að ljúka greiðslum þessa árs og ekki króna eftir til að mæta næsta ári. Ekki verður sjóðnum bjargað með gengisfellingu með því fyrirkomulagi afurðalána sem nú er í gildi.

Nú stöndum við frammi fyrir því, að sjómenn hljóta að gera kröfur um 20 — 30% fiskverðshækkun um áramót. Til að halda sínum hlut í launum miðað við landverkafólk verða þeir að fá 22% hækkun. Skyldi maður því ætla að fiskverðshækkun verði ekki undir 15 — 20% um áramótin. Jafnvel þó olíugjald yrði með öllu fellt niður yrði hlutur fiskvinnslunnar í hækkuninni ekki undir 14 — 15%. 15% hækkun á hráefni og afkoma frystingarinnar á núlli þýddi 15% gengisfellingu við þessar aðstæður. Sjómenn verða að fá leiðréttingu launa sinna, útgerðinni veitir sannarlega ekki af sínum hlut, en fiskvinnslan, a. m. k. frystingin, þolir enga hækkun við óbreyttar aðstæður, enda hefur hún hlaðið upp lausaskuldum á þessu ári. Væri sannarlega forvitnilegt fyrir hv. alþm. að fá upplýsingar um hvernig ríkisstj. ætlar að leysa þennan mikla vanda nú um áramót meðan þeir eru fjarri góðu gamni. Verður gerð fyrirkomulagsbreyting á Verðjöfnunarsjóði og afurðalánafyrirkomulagi? Segja má að endurgreiðsla á gengismun í haust hafi verið viss viðurkenning á að afurðalánakerfið hafi brugðist. Verður byrjað á að fella nýkrónunu okkar um 15 — 20%? Eða hvernig ætlar ríkisstj. að taka á þessum vanda?

Um ástandið hjá útgerðinni þarf vart að vera margorður því að allar greinar hennar eru nú reknar með meira eða minna tapi. Í yfirlitsræðu formanns LÍÚ á landsfundi samtakanna nýlega kom fram að hin gífurlegu vanskil, sem safnast hefðu hjá útgerðinni, næmu yfir 30 milljörðum kr. og að dráttarvextir einir af vanskilunum

yrðu um 17 milljarðar á ári eða 1425 millj. á mánuði. Skuldaskil þau, sem nú eru boðuð, eru því sannarlega ekki að ófyrirsynju, en spurning er hvaða tilgangi það þjónar að hlaða lánum á lán ofan með þeim vaxtakjörum sem í boði eru. Þarna pissa menn bara í skóinn sinn, því að flest eru lánin aðeins til 5 ára og annaðhvort á lánskjaravísitölu eða verstu kjörum Fiskveiðasjóðs, sem eru litlu betri kjör en að greiða dráttarvexti af öllu saman. Það verður fróðlegt að bera saman tap sjávarútvegsins, útgerðar og fiskvinnslu, við gróða Seðlabanka og Fiskveiðasjóðs nú í árslok og sjá hvort nemur hærri fjárupphæðum.

Ef svo fer fram sem horfir sjá bæði einstaklingar og fyrirtæki í þessum atvinnuvegi fram á greiðsluþrot. Með því er að vísu þjónað tilgangi þeirra þjóðfélagsafla sem vilja flytja rekstur og eign atvinnutækjanna frá einstaklingunum yfir til ríkisins.

Hv. alþm., þegar við nú afgreiðum einhver mestu verðbólgufjárlög í sögu þjóðarinnar skulum við hafa í huga að öll útgerð landsmanna er rekin með stórfelldu tapi. Söltun situr nokkurn veginn við slétt borð, enda hefur vinnufriður haldist allt árið og afurðir sendar jafnharðan út á markaðina og því lítill vaxtakostnaður í greininni. Eina vinnslugreinin, sem skilar sæmilegri afkomu, er herslan sem alltaf verður að líta á sem hálfgert fjárhættuspil. En frystiiðnaðurinn, eini raunverulegi stóriðnaður þjóðarinnar, stendur frammi fyrir hrikalegri vandamálum en nokkurn tíma áður um áramót. Það fólk, sem starfar að framleiðslu og útflutningi, spyr hve lengi ríkisstj. og Alþingi ætli að halda áfram að flytja út heimatilbúna óðaverðbólgu og hvenær komi að þeim tímamótum að erlendur markaður taki ekki lengur við óráðsíunni.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég byrja mál mitt með því að segja að ég get vel tekið undir ræðu hv. 1. þm. Vestf. í sambandi við málefni Landhelgisgæslunnar. Þar er vissulega um mál að ræða sem þarf að taka til ítarlegrar umfjöllunar. Efling Landhelgisgæslunnar er mikilvægt mál fyrir okkur. Ég tel að það sé kominn tími til að skoða það mál opnum augum, miðað við þá tækni og þær nýjungar sem eru á því sviði, því að öflug landhelgisgæsla er brýnt mál sem þarf að skoða mjög vandlega.

Það var ekki ætlun mín að ræða hér efnislega um fjárlögin, enda stöndum við framsóknarmenn að meirihlutaáliti sem hér hefur verið gerð ítarleg skil af formanni fjvn.

Eins og fram hefur komið við þessar umr. eru fjárlög fyrir árið 1981 undirbúin og unnin með svipuðum hætti og verið hefur á undanförnum árum. Hins vegar hefur efnahagsástandið, hin mikla spenna í þjóðfélaginu, gert þessa fjárlagagerð vandasamari en oftast áður. Meginmarkmið fjvn., sér í lagi meiri hl. n., hefur því verið að halda fjárlögum innan þeirra forsendna sem fjárlagafrv. byggir á, sem eru í meginatriðum að launaverðlagsþróun verði sú, að tekjur og verðlag hækki að meðaltali um 42% milli áranna 1980 og 1981. Til þess að því markmiði verði náð tel ég að fjvn. hafi með aðhaldsaðgerðum sínum við umfjöllun frv. auðveldað stjórnvöldum að marka skynsamlega stefnu í efnahagsmálum sem allir eru í raun sammála um að ekki megi draga lengur að koma fram. Ég vil í þessu tilefni geta þess, eins og allir ættu raunar að sjá, að í sjálfu frv. eru 11 milljarðar til efnahagsaðgerða og enn fremur hefur hér komið fram að möguleikar eru á 4 milljörðum í sambandi við skattheimtu sem einnig má nota í sama skyni.

Ég get ekki stillt mig um að nota tækifærið til að lýsa sérstakri ánægju með yfirlýsingar hv. stjórnarandstæðinga á Alþingi undanfarnar vikur um nauðsyn á mikilvirkum aðgerðum í efnahagsmálum, því að ég geri ráð fyrir að þrátt fyrir stóryrði þeirra og orðaskak gagnvart ríkisstj. og okkur stuðningsmönnum ríkisstj. viðurkenni þeir í raun hið alvarlega efnahagsástand og viðleitni og ákvörðun ríkisstj. til viðnámsaðgerða. Það mætti því ætla að þeir væru fúsir til samvinnu um þessar aðgerðir. Þetta er mjög mikilvægt að mínu mati og undirstrikar þann þunga sem við framsóknarmenn höfum lagt og leggjum í undirbúning efnahagsaðgerða hæstv. ríkisstj. sem nú eru á lokastigi. Dreg ég ekki í efa að stjórnarandstaða muni styðja væntanlegar aðgerðir. Það er þjóðarvilji.

Í sambandi við afgreiðslu fjárlaga nú vil ég láta í ljós þá skoðun, að ég tel brýna nauðsyn að fjvn. fái aðstöðu til að taka til ítarlegrar skoðunar ýmsar fyrirferðarmiklar stofnanir ríkisins með það fyrir augum að gera úttekt á því hvort sú mikla sjálfvirka útþensla í umfangi ýmissa ríkisstofnana hefur við rök að styðjast. Þetta er mikið og vandasamt verk, en að mínu mati má ekki lengur fresta að hefja í alvöru þessa úttekt í sambandi við fjárlagagerðina. Jafnframt tel ég að fjvn. verði að hafa möguleika til að taka virkari þátt í gerð fjárlaga í samvinnu við fjárlaga- og hagsýslustofnun en venja hefur verið til þessa. Um þetta ætti raunar Alþingi að taka sérstaka afstöðu sem fyrst.

Við afgreiðslu fjárlaga 1980 var ákveðið af n. að gera athugun á einni eða fleiri ríkisstofnunum á grundvelli svokallaðrar núllgrunnsáætlanagerðar. Þetta mistókst algerlega, því miður, ekki síst vegna aðstöðuleysis nefndarinnar og tímaleysis hagsýslustofnunar. Tel ég sjálfsagt að skoða þetta mál betur og kanna hvort þessi aðferð, sem víða um heim hefur gefið góða raun að sagt er, hentar að einhverju marki í okkar efnahagskerfi.

Í þessu sambandi vil ég nefna hér framkvæmd laga um skipan opinberra framkvæmda frá 30. apríl 1970. Framkvæmd þessara laga hefur verulega mistekist. Í sumum tilfellum hefur hún verkað öfugt við tilganginn. Það mætti hafa langt mál um þetta atriði sérstaklega og lesa upp úr lögunum sjálfum sem Alþingi samþykkti á sínum tíma mótspyrnulítið, að því er ég hygg, hér í sölum Alþingis. En því miður hefur framkvæmdin verulega mistekist. Ég tel því brýna nauðsyn að Alþingi taki þessi lög til endurskoðunar með tilliti til þeirra miklu ágalla og árekstra sem sífellt eru að verða eða hafa komið fram, ekki síst í sambandi við fjárlagagerðina sjálfa. Kom fram hjá hv. 1. þm. Vestf. ýmislegt viturlegt um það mál. Þó að vissar ýkjur hafi verið hjá honum í mörgum tilfellum styðst þetta þó við vissa reynslu.

Við höfum margar stjórnarstofnanir í kerfinu, sumir segja of margar. Ég nefni Rannsóknarráð ríkisins sem á að vera ráðgefandi við stefnu í rannsóknum fyrir atvinnuvegina, ekki síst iðnaðinn, svo og fyrir nýjar iðngreinar og ýmsa framtíðarmöguleika og ekki síst í því verkefni að skipuleggja stofnanir á þessu sviði. Það er skoðun mín að endurbæta þurfi skipulag þessara mála í heild, þar með talið Rannsóknaráðið sjálft. Það vill einhvern veginn þannig til í okkar litla þjóðfélagi, að það er eins og það sé sjálfgefið að um offjölgun þurfi að verða í

nefndum og ýmsum stjórnarstofnunum sem eiga að vera til ráðuneytis um að skipuleggja ýmsa þætti í þjóðfélaginu.

Eitt þýðingarmesta atriðið í sambandi við fjárlögin er auðvitað hvernig fjármagnið, sem veitt er til hinna ýmsu framkvæmda, er nýtt. Það er áreiðanlega verðugt viðfangsefni Alþingis að skoða vandlega á hvern hátt eftirlit á þessu sviði getur farið fram og þá ekki síður með ríkisframkvæmdum en sameiginlegum framkvæmdum ríkis og sveitarfélaga. Ég vil vekja sérstaka athygli á hugmynd hv. 3. þm. Austurl., Halldórs Ásgrímssonar, sem kom fram í till. hans hér á Alþingi á fyrri þingum um tengingu ríkisendurskoðunar við eftirlit á þessu sviði. Í lögum um stjórn efnahagsmála o. fl. eru að vísu sterk ákvæði um fjárfestingarmál, en að mínu mati ná þau alls ekki nógu vel utan um þetta verkefni.

Ég vek athygli á því, að enn hefur Alþingi ekki tekið beina afstöðu til lögbundinna framlaga til fjárfestingarsjóða þar sem framlög eru skorin niður í fjárlögum ár hvert án þess að lögum sé breytt. Ég tel að ekki sé hægt að draga lengur að marka stefnu í því máli. Það er óraunhæft og raunar alls ekki í samræmi við tilgang laganna að *hafa þá viðmiðun eða þá stefnu sem fylgt hefur verið í* þessu máli, og þetta á einnig ríkan þátt í að skekkja fjárlögin frá ári til árs.

Ég minni hér á eitt mál í fjárlögum sem um hefur verið rætt í fjölmiðlum. Málið er ekki stórt, en það er um fjárveitingu til að setja upp lyftu í Þjóðminjasafnshúsið í þeim tilgangi að auðvelda fötluðu fólki aðgang að þessu safni. Hvernig staðið hefur verið að framkvæmd þessa máls er raunar gott dæmi um hvernig ekki á að standa að framkvæmd fjárlaga. Í fjárlögum 1979 var fyrst veitt fé til framkvæmda þessara sjálfsögðu úrbóta. Fjármagnið var notað í annað án samráðs við fjvn., m. a. keyptur sendiferðabíll o. s. frv. Í fjárlögum yfirstandandi árs — 1980 — var aftur veitt fé til að kaupa lyftu. Ekkert hefur verið framkvæmt, en lyfta pöntuð og mun sennilega koma í byrjun næsta árs, hluti fjárhæðar greiddur inn á pöntunina. Þetta kom í ljós við eftirgrennslan í haust. Fjvn. gerði sérstaka úttekt á þessu máli nú og leggur fram till. um 26 millj. kr. fjárveitingu til að tryggja að staðið verði við þessa nauðsynlegu framkvæmd fyrir fatlað fólk í landinu. Ég tel nauðsyn í þessu tilfelli að fjvn. taki sér það vald nú í vetur og vor að fylgja þessu sérstaka máli eftir að gefnu tilefni. Þetta sýnir okkur, þm. góðir, ljóslega *þörfina á raunhæfara eftirliti með opinberum framkvæmdum* í landinu.

Herra forseti. Áður en ég lýk máli mínu vil ég nefna sérstaklega einn mikilvægan þátt fjárlaga, þ. e. fjármagn til vegamála 1981 sem er eins og allir vita tæplega 39 milljarðar. Það er veruleg aukning frá fyrri árum og mun gera mögulegt að ná umtalsverðum árangri á næsta ári bæði í uppbyggingu vega og lagningu varanlegs slitlags. Stórframkvæmdir í vegamálum eru með þýðingarmestu framkvæmdum fyrir þjóðina. Svo sannarlega vona ég að nú sé brotið í blað og næstu ár berum við gæfu til að gera stórátak á þessu sviði. Það er eitt þýðingarmesta byggðamál á Íslandi sem stendur.

Það hefur e. t. v. ekki vakið athygli annarra en mín, að hv. frsm. 1. minni hl. fjvn. taldi ekki ástæðu til að minnast á þetta atriði í hinni venjulegu neikvæðu ræðu sinni um fjárlög ríkisins. Það vakti athygli. Hvers vegna? Vegna þess að þetta er eitt af þeim málum sem hefur verið deilt hart um á undanförnum árum í sölum Alþingis. En það er ekki ástæða til þess nú, þegar eitthvað jákvætt er að gerast í svona málum, að minnast á það. Þetta eru neikvæð vinnubrögð og neikvætt tal.

Í tilefni 50 ára afmælis Ríkisútvarpsins vil ég láta koma fram, að ég vona að ákvörðun verði tekin um að hefja byggingu útvarpshúss í byrjun næsta árs og jafnframt verði myndarlegur rekstur hljóðvarps og sjónvarps tryggður með samræmdum aðgerðum bæði hvað varðar breytt innheimtukerfi afnotagjalda svo og nýja tekjustofna. Ég tel sjálfsagt að þm. sameinist um það á þessu þingi að finna varanlega lausn fyrir þetta óskabarn okkar. En ég get ekki látið hjá líða, um leið og ég minnist á þetta, að lýsa furðu á brtt. fyrrv. formanns fjvn., hv. 5. þm. Vesturl., sem er hér á þskj., ekki vegna þess að málið sé ekki gott sem hann flytur og vissulega væri nauðsyn að fá á því leiðréttingu, heldur vegna þess að í fjvn. fyrir ekki ári vorum við að ræða um þetta sama vandamál sem var enn þá stærra þá að vissu leyti, og þá var afstaða hans önnur. **(Gripið fram í:** Að hvaða leyti?) Að öllu leyti raunar. Þá var enginn rekstur tryggður, eins og kemur fram í reikningum útvarpsins fyrir árið 1980. — En þá var afstaða hv. þm., sem þá var formaður fjvn., í algerri andstöðu við það sem kemur fram í brtt. á þskj. núna. Þetta verður að telja furðulegt, ekki hvað síst þegar um er að ræða að hv. þm. hefur verið starfsmaður stofnunarinnar og er í útvarpsráði sjálfur.

Ég vil endurtaka að ég vona að hv. þm. beri gæfu til þess á þessum tímamótum að taka myndarlega á þessu máli. Það þarf að skoða það ofan í kjölinn og finna skynsamlegustu leið, sem hægt er að fara, til að gera þessa stofnun sjálfstæða, eins og hún þarf og á að vera.

Ég vil að lokum þakka fjvn.-mönnum fyrir ágætt samstarf svo og hagsýslustofnuninni og ánægjulega samvinnu í fjvn. í vetur. Hvað sem við segjum um þessi fjárlög og hvað sem við segjum um efnahagsástandið almennt er það von mín og trú, að þessi fjárlög marki á vissan hátt tímamót til framfara í landinu.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 370, 372, 373, sem voru of seint fram komnar, samþ. með 34 shlj. atkv.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Þeir hafa, samnm. mínir í hv. fjvn., bæði gert grein fyrir tillögum, sem n. *stendur að, og eins fyrir viðhorfum* 1. minni hl. og þarf ég þess vegna ekki að koma inn á öll þau mál sem æskilegt hefði verið að ræða við 3. umr. og ekki gafst tími til að fjalla um við 2. umr. fjárl. Þar flutti ég reyndar enn fremur ræðu. Í henni fjallaði ég sérstaklega um nokkur atriði sem voru þá nýkomin fram, eins og t. d. vörugjaldið sem sumir kalla Guðmundarskattinn, en aðrir hrossakaupalögin, en þau eru dæmi um skattaaukningu sem byggist á því, að hæstv. ríkisstj. notfærir sér bágindi atvinnugreinar í landinu. Nánar tiltekið gerist það með þeim hætti, að inn í fjárlög eru settir 2.7 milljarðar undir yfirskriftinni „aðlögunargjald," þótt vitað sé að innan hæstv. ríkisstj. sé engin eining um slíkt. Svo þegar fella þarf þetta gjald niður, eins og allir vissu að stóð til um áramót, er efnt til nýrrar skattheimtu og látið líta svo út að hún komi í staðinn fyrir aðlögunargjaldið. Um þetta höfðum við fjallað í báðum deildum Alþingis á undanförnum dögum, og það er ekki skrýtið að brestur hafi komið í stjórnarliðið þegar um þetta mál var fjallað.

Ég minntist jafnframt á verðbólguþróunina í ræðu minni við 2. umr. fjárlaganna og benti á þá staðreynd, að íslensk verðbólga, innlend verðbólga, sem stundum er kölluð svo, hefur losnað frá hinni alþjóðlegu verðbólgu. Verðbólga á Íslandi er orðin frá 5 og upp í 10 sinnum meiri en í nágranna- og viðskiptalöndunum, í stað þess að vera frá helmingi til þrisvar sinnum meiri, eins og hún var um árabil. Ástæðan er sú, að verðbólgan fylgir innlendum lögmálum og aðeins lítill hluti hennar er innfluttur. Á þetta leggur raunar seðlabankastjóri áherslu í nýlegri grein, sem ekki var komin fram þegar við ræddum saman við 2. umr. fjárlaga. Hann staðfestir þetta og segir til viðbótar að líkast til sé eini möguleikinn til að ná þessari verðbólgu niður að gera það með samstilltu snöggu átaki sem standi yfir í mjög stuttan tíma, þvert á þær skoðanir sem nú virðast vera ráðandi í stjórnarherbúðunum og barist er fyrir undir merkjum svokallaðrar „niðurtalningar." Það er eðlilegt að þessi viðhorf komi upp núna hjá þeim mönnum sem taldir eru fróðastir og færastir í þessum málum. Þetta þóttust aðrir hafa vitað fyrir nokkrum mánuðum.

Ég sýndi fram á svikin loforð í ræðu minni, — svikin loforð sem kæmu fram í stjórnarsáttmála núv. hæstv. ríkisstj., — og átti reyndar von á því, að hæstv. fjmrh. tæki þá málið upp og reyndi að svara því á einhvern veg og þá sérstaklega þeim þáttum sem sneru að húsnæðismálunum. Það var ekki gert, aðeins var kroppað í málið. Nokkrum dögum síðar kom hæstv. félmrh. í ræðustól hér á hv. Alþingi og sagði að það væri ekki tími til að tala um þessi mál núna, við skyldum ræða þau seinna. Það blasir við sú staðreynd í húsnæðismálunum að það vantar bein framlög úr ríkissjóði á bilinu frá 4.6 milljörðum og upp í tæpa 12 milljarða, eftir því hvernig reiknað er, en lægra er ekki hægt að komast, hvernig sem litið er á málið, það er almennt viðurkennt.

Hv. síðasti ræðumaður ræddi nokkuð um opinberar framkvæmdir og lögin um skipan opinberra framkvæmda, og það gerði ég reyndar líka í ræðu minni við 2. umr. Ég benti þá á að 20. gr. þeirra laga, um skilamat, hefði aldrei komið til framkvæmda. Ég get verið hjartanlega sammála síðasta hv. ræðumanni um að auðvitað á að breyta þessu, og það verður gert að sögn forráðamanna ríkisendurskoðunar annars vegar og forráðamanna framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar hins vegar. Um þetta mál ræddi ég afar ítarlega og benti á þessi atriði og get verið síðasta ræðumanni fyllilega sammála um að það er ástæða til að athuga gaumgæfilega hvort ríkisendurskoðunin á ekki fremur heima undir Alþingi en undir framkvæmdavaldinu.

Ég ræddi í ræðu minni jafnframt um málefni Reykjavíkurborgar og lagði fsp. fyrir hæstv. fjmrh. af því tilefni að nú skuldar ríkissjóður Reykjavíkurborg frá a. m. k. 3 milljörðum að tæpum 6 milljörðum, sé talað um verðlag fjárlagafrv., vegna sjúkrahúsabygginga í Reykjavík. Á fjárlögum ársins í ár er heimildargrein fyrir hæstv. ráðh. um að semja við Reykjvíkurborg. Sú heimildargrein verður áfram í fjárlögum samkv. fjárlagafrv. Ég fagna því svari hæstv. fjmrh., sem hann gaf við þessari fsp., að hann sé tilbúinn fyrir sitt leyti að beita sér í þessu máli og að hann tók undir þau sjónarmið, að til greina kæmi að ríkið afhenti upp í þessa skuld landspildu sem er eign ríkisins, en er á Reykjavíkursvæðinu.

Um tæknileg atriði, sem snerta fjárlög, núllgrunn og nýjar aðferðir við fjárlagagerð, ætla ég ekki að fjalla að þessu sinni, en tek undir orð síðasta ræðumanns um núllgrunninn að skoða þarf það mál vandlega. Því miður hefur ekki gefist tími til þess, en við höfum loforð fyrir því, ekki einungis í fjárlagafrv., heldur af vörum hagsýslustjóra, að það verði gert eftir áramótin. Ég hygg að hv. fjvn. ætli sér að fylgjast vel með framkvæmd þeirra mála.

Á bls. 192 í fjárlagafrv. er fjallað um Rannsóknaráð ríkisins. Þar er langur texti um samþykktir ályktana Alþingis og ríkisstj. um gerð langtímaáætlana, um grunnstærðir stofnana, samræmingu á gjaldskrá og slík atriði sem ég hygg að fáir þm. gefi yfirleitt gaum. Í tilefni af því, að í fjárlagafrv. kemur fram að ekki var lokið við að endurskoða í frv. þau atriði sem snúa að rannsóknastofnunum og Rannsóknaráði, tel ég ástæðu til að fara örfáum orðum um þessi atriði.

Það fjármagn, sem varið er til rannsókna og þróunarstarfsemi í þágu úrvinnslugreinanna, er miklum mun lægra en eðlilegt getur talist, bæði í alþjóðlegum samanburði og í samanburði við það sem varið er til þessarar starfsemi í þágu frumvinnslugreinanna. Þetta kemur fram í því, að til byggingariðnaðar og fiskvinnslu er einungis varið nálægt 0.2—0.3% af vinnsluvirði í þessum greinum, en hins vegar milli 2 og 3% til fiskveiða og landbúnaðar og raunar yfir 6% vegna orkuframleiðslu. Í samanburði við önnur lönd ætti hlutfallið í úrvinnslugreinunum sjálfsagt að vera vel yfir 1%, e. t. v. eðlilegt að stefna að 1.5—1.8%. Sömuleiðis er þáttur fyrirtækja í því að kosta rannsóknir og þróunarstarfsemi mun minni hér á landi en annars staðar gerist, t. d. í öðrum ríkjum á Norðurlöndum. Þetta tvennt er að áliti framkvæmdastjóra Rannsóknaráðs stærstu vanþróunarþættir í rannsókna- og þróunarkerfinu og um þetta mun Rannsóknaráð ríkisins hafa ályktað á fundi sínum s. l. vor. Jafnframt því sem þessar staðreyndir liggja fyrir beinast nú augun mjög að eftirtöldum greinum:

1. Í fyrsta lagi er iðnaður talin vaxtarbroddur framtíðarinnar og efnahags- og atvinnulíf er talið munu byggjast að verulegu leyti á þeirri nýsköpun sem verði á vettvangi iðnaðar. Jafnframt er ljóst að stórauka þarf framleiðni í hinum starfandi iðnaði og því auka þá aðstoð sem hann fær frá stofnunum iðnaðarins í því sambandi.

2. Vitað er að í byggingarstarfsemi þarf að tryggja skynsamlega notkun fjármuna og getur skortur á þekkingu valdið milljarðatjóni, ef ekki er beitt þekkingu til að tryggja rétt val og notkun efna í mannvirkjagerð við hérlendar aðstæður. Sömuleiðis eru stórfelldir möguleikar til nýsköpunar í byggingarefna- og byggingareiningaiðnaði.

3. Benda má á vaxandi markaðserfiðleika í sjávarútvegi og nauðsyn þess að halda uppi öflugri vöruþróunar- og umbótastarfsemi í fiskiðnaði og efla leit að nýjum vinnslumöguleikum og betri nýtingu þess hráefnis sem landað er úr sjó. Miklu varðar að rannsókna- og þróunarstarf á þessum sviðum sé í sem nánustum tengslum við raunveruleika atvinnulífsins og að fyrirtækin sjálf séu með í því að ákveða hvaða verkefni eru valin og hvernig fjármunum er varið í þessu sambandi. Það er því rökrétt og eðlilegt, að um leið og stefnt er að auknum rannsóknum og þróunarstarfsemi á þessu sviði verði leitað eftir auknu fé frá fyrirtækjum og þannig reynt að láta sjónarmið þeirra ráða ferðinni að nokkru og tryggja þannig að niðurstöður verði hagnýttar sem fyrst. Með hliðsjón af þessum viðhorfum hefur framkvæmdanefnd Rann-

sóknaráðs ríkisins samþykkt að leita eftir stuðningi atvinnuveganna, Alþingis og stjórnvalda við eftirtalda stefnu, sem kemur fram í þremur liðum:

1. Að fyrirtækjum verði veitt sérstök heimild til að draga frá skatti 50% umfram þann raunverulega kostnað sem fyrirtækin verða fyrir af rannsókna- og þróunarstarfsemi sem stunduð er hjá þeim sjálfum eða þau greiða fyrir hjá öðrum aðilum, þ. á m. opinberum stofnunum. Með þessu fái fyrirtækin hvatningu til að auka hlutdeild sína á þessu sviði.

2. Þær rannsóknastofnanir, sem þjóna úrvinnslugreinunum, þ. e. Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og Iðntæknistofnun, fái fyrirmæli um það frá stjórnvöldum að leita sér í vaxandi mæli eigin tekna og bjóða fyrirtækjum svo og öðrum stofnunum, þ. á m. opinberum sjóðum, aðild að rannsókna- og þróunarverkefnum sem þær vinna og að mati þessara aðila þættu gagnleg.

3. Til að hvetja stofnanir í þessu skyni væri þeim gefið fyrirheit um að þær fengju á fjárlögum auknar fjárveitingar, sem næmu helmingi þess sem þær ykju rauntekjur sínar um milli ára, og þannig stefnt að því, að þriðjungur af kostnaði við starfið kæmi af fjárlögum, en $^2/_3$ hlutar frá sjóðum og stofnunum sem með öðrum hætti styðja umbótastarf hjá atvinnuvegunum, t. d. Húsnæðisstofnun ríkisins, Framkvæmdastofnun og fleiri slíkar.

Það er skoðun ýmissa framámanna rannsókna- og þróunarstarfseminnar í landinu, að ef samstarf næðist um þessa stefnu væri hægt að tryggja gagnlegri uppbyggingu stofnana og skynsamlegri nýtingu fjármagns sem til þeirra yrði varið en með beinum fjárveitingum á fjárlögum samkv. hefðbundnum hætti. Enda þótt stefnumótun með þessum hætti yrði viðurkennd væri engin ástæða til að hætta að meta verkefni stofnananna eða hætta að bregða mælistiku á verkefni stofnananna og halda við hugmyndum um núllgrunnsáætlanagerð og bæta innri stjórnun stofnananna. Talið er að kostir stefnumótunar af þessu tagi séu þeir, að hún er einföld og skýr gagnvart öllum aðilum málsins og ætti að verka mjög ákveðið í þá átt sem stefnt er að. Hún er einnig einföld í framkvæmd gagnvart þeim sem þurfa að hafa eftirlit með henni.

Ég hef gerst nokkuð langorður um þennan þátt, en vil vekja athygli á honum öðrum þræði vegna þess að ég tel, að í fjárlagafrv. hafi ekki verið gætt sem skyldi að hlut Iðntæknistofnunar Íslands, og bendi á að samtök iðnaðarins a. m. k. hafa lýst yfir stuðningi við þá stefnu sem kom fram í því sem ég las rétt áðan.

Mig langar til að vekja næst athygli á afgreiðslu á málefnum tveggja B-hluta stofnana. Ég hef áður fjallað í ræðu um fjárlög um Þjóðleikhúsið. Önnur stofnunin, sem ég ræði um núna, er Ríkisskip, hin Ríkisútvarpið.

Ég tel ástæðu til að vekja athygli á því, að engin sérstök markmið virðast vera með starfsemi og rekstri Ríkisskips. Það er að vísu talað um byggðastefnu, það er talað um félagslegan þátt, bæði hjá Ríkisskip og eins hjá RARIK, en slíkt er ekki skilgreint neitt frekar. Auðvitað er ég þeirrar skoðunar, eins og ég hygg að flestir aðrir þm. séu, að halda eigi úti lágmarksþjónustu og greiða eigi með fjármunum skattborgaranna til slíkrar þjónustu — samgönguþjónustu á borð við Ríkisskip. En það hlýtur að vera umhugsunarefni þegar ríkissjóður þarf að borga 1730 millj. eða 45% af rekstrarkostnaði fyrirtækisins, eins og kemur fram á fjárlögum næsta árs. Þetta er þeim mun athyglisverðara þegar haft er í huga að því er haldið fram af öðrum flutningaaðilum í landinu, sem telja sig jafnvel vera skattaða enn meira en Ríkisskip er sem sleppur að sjálfsögðu við allflesta skatta, að Ríkisskip stundi undirboð í sambandi við farmsamninga og vöruflutninga. Þá hefur ekki komið nægilega skýrt fram, finnst mér, að nú hefur verið tekin ákvörðun um að byggja nýtt skip. Það kemur fram í lánsfjáráætlunarbrotunum sem liggja fyrir. Slík ákvörðun er auðvitað mikilvæg, en hún hefur hvergi verið rædd. Ljóst er að hún hefur verið tekin orðalaust.

Varðandi Ríkisútvarpið get ég verið stuttorður. Ég býst við að hv. 5. þm. Vesturl. eigi þar eftir að svara ásökunum sem fram komu á hendur honum af hálfu þingbóður hans, Alexanders Stefánssonar, sem var síðasti ræðumaður, því að fullyrðingar eins og þær, sem komu frá hv. 1. þm. Vesturl., voru algerlega út í bláinn. Það get ég vottað sem fjvn.-maður með hv. 5. þm. Vesturl. þegar hann var formaður n. og jafnframt nú í ár. Það er eðlilegt að fram komi tillögur á borð við þá sem hv. þm. Eiður Guðnason hefur flutt, vegna þess að Ríkisútvarpið fær ekki gjaldskrárhækkanir til að koma fjármálunum í það horf að eitthvað sé til upp í þann skuldahala sem hefur myndast, en skuldahalar eru sjúkdómseinkenni hjá Ríkisútvarpinu á tímum vinstri stjórna. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem slíkt skeður hjá þessari stofnun. Það virðist fylgja vinstri stjórnum. Sama ástand var uppi um áramótin 1974—1975, þegar vinstri stjórn hafði setið um þriggja ára skeið.

Þá langar mig til að vekja athygli hv. þm. á breytingu til lækkunar frá frv. um 200 milljarða, á þskj. 326, 101. tölul., um Landspítalann, þar sem tekið er af liðnum K-bygging og fært á annan byggingarlið á landspítalalóð. Ég bendi á þetta sérstaklega vegna þess að það er almenn skoðun, að K-byggingin sé næsta stórverkefni sem verður að ráðast í ef full not eiga að verða af Landspítalanum. Í K-byggingunni eiga að vera svokallaðar stoðdeildir legudeilda spítalans og þar á að fara fram rannsóknarstarfsemi og ýmiss konar sérmeðferð. Á þetta bendi ég vegna þess að það hlýtur að koma að því og það verður að gerast á næsta ári, að hæstv. ríkisstj. geri upp við sig hvernig hún ætlar að standa að uppbyggingu á heilbrigðissviðinu. Það kerfi, sem gildir um stofnkostnað í heilbrigðismálunum, er algerlega sprungið. Það kemur fram í því, að ríkið skuldbindur sig til að greiða 85% af kostnaði sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva um allt land. Menn verða að fara að átta sig á því að 200 þús. manna byggð, eins og er hér á landi, sem krefst þess að heilbrigðismál séu í svipuðu horfi og í nágrannalöndum, verður að gerast með öðrum hætti en hefur þróast undanfarin ár.

Þá vil ég næst vekja athygli á því, að hefð er brotin í störfum fjvn. og samskiptum hæstv. fjmrh. við nefndina, því að á liðnum Styrkur til dagblaða hefur orðið hækkun frá fjárlögum til frv. Þetta er athyglisvert, vegna þess að þessi liður hækkaði langt umfram meðaltal á fjárlögum yfirstandandi árs, eða úr 60 millj. í 100 millj., en tekur nú risastökk í frv., um 70 millj., sem er þá auðvitað 70% hækkun og langt umfram verðlagsforsendur fjárlagafrv. Þessi hækkun er aftur á móti sniðin við þær verðlagsforsendur sem Þjóðhagsstofnun hefur bent á að tryggara væri að reikna frv. eftir. Þetta er athyglisvert þegar haft er í huga að nokkrir þm. hafa verið látnir flytja slíkar hækkunartillögur á undanförnum árum. En nú er

brugðið á þetta ráð. Ég hygg — ég skal segja það umbúðalaust — að ástæðan sé einfaldlega sú, hve Þjóðviljinn er illa staddur fjárhagslega.

Að auki er í frv., eins og á síðasta ári, heimild fyrir fjmrn. til að festa kaup á 250 eintökum af dagblöðum. Ég veit að hv. þm. Albert Guðmundsson mun gera þetta að umtalsefni. Mér finnst algerlega út í bláinn að taka slíkt inn sem sérlið. Auðvitað eiga stofnanir ríkisins að kaupa dagblöð, ef á þarf að halda, og taka fjármagn af rekstrarliðum, en það á ekki að koma fram í slíkum styrkjum. Reyndar veit ég að sumt af þessum styrkjum er ekki ætlað til dagblaðakaupa, heldur til að kaupa eða styrkja byggðablöð svokölluð. Hluti af þessu fjármagni fer þangað, en þó mikill minni hluti þess fjármagns.

Nokkuð hefur verið rætt um það á undanförnum árum, að jafna þurfi símakostnað landsbyggðarinnar og á Reykjavíkursvæðinu. Í því sambandi hafa forráðamenn Pósts og síma bent á að það þurfi svokallaðan Karlssons-talningarútbúnað á Símstöðinni í Reykjavík. Það skal tekið fram að annað árið í röð féllst fjvn. ekki á að taka inn í heimildargrein texta sem kominn er frá samgrn. og hljóðar á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Að endurgreiða aðflutningsgjöld af nýju gjaldheimtukerfi fyrir innanbæjarsamtöl á höfuðborgarsvæðinu, sbr. pöntun Póst- og símamálastofnunar nr. 95 7935 og pöntunarstaðfestingar L. M. Ericson nr. 800 6593."

Þetta þýðir að fjvn. fellst ekki á að 135% tollur sé endurgreiddur úr ríkissjóði. Ég vil leggja sérstaka áherslu á þetta þar sem ákvörðun um að panta þessi tæki var á sínum tíma tekin af hæstv. samgrh., sem þá hét Ragnar Arnalds, en það er sami maður og nú fer með fjmrn.

Því miður gefst ekki tækifæri né tími til þess hér að fjalla um uppsetningu á fjárl., en ég tel að menn séu almennt orðnir sammála því að breyta þurfi uppsetningu á tekjuáætlunarhlið fjárlaganna. Í reynd gerist þetta með þeim hætti, þegar tekjuáætlunin er undirbúin, að Þjóðhagsstofnun tekur tekjuáætlun síðasta árs og framreiknar liðina án þess að gera nokkrar tillögur til formbreytinga á tekjuáætlunarliðum. Það er ljóst í sambandi við þessa uppsetningu, að hún falsar, ef svo má segja, bókhaldið eins og það kemur fram í fjárlögunum. Á þetta hefur reyndar verið bent því að það virðist vera tilhneiging til þess hjá fjmrh., ekki aðeins þess sem nú er, heldur ætíð áður og hefur venjulega gerst þegar stærri skattabreytingar hafa átt sér stað eða mikil tilfærsla í tekjuöflunarkerfinu, að reyna að halda fjárlagafrv. sem mest á lágu nótunum með nettótölum. Þess vegna er ekki hægt að lesa út úr fjárlagafrv. hve mikill tekjuskattur t. d. er innheimtur af þeim einstaklingum sem borga tekjuskatt, einfaldlega vegna þess að sú upphæð, sem er á bls. 7 í 3. gr. frv., er nettótala. Það er búið að draga frá þeirri tölu þá upphæð sem er áætlað að gangi til sveitarfélaganna vegna útsvars, en á því fyrirkomulagi var gerð nokkuð stórvægileg breyting á síðasta ári þegar útsvörin voru hækkuð. Þetta þýðir það í raun, að fjármagnsstreymið um ríkissjóð sést ekki í fjárlögunum, og þetta gildir um fleiri staði. Ég vil þess vegna skora á hæstv. fjmrh. að beita sér fyrir því, að ríkisendurskoðun og hagsýslustofnun fái þessi mál til meðferðar og geri tillögur um breytingu á uppsetningu fjárlaga sem leiði til þess, að menn sjái fjármagnsstreymið um ríkissjóð í fjárlögunum, og kanni sérstaklega hvort ekki sé ástæða til þess að sumir liðir, sem eru frádráttarliðir tekjuöflunarmegin, ættu frekar að vera útgjaldaliðir í 4. eða 5. gr. Þetta segi ég hér vegna þess að ég er hræddur um að ef hæstv. fjmrh. ræki fyrirtæki úti í bæ mundu skattyfirvöld gera aths. við bókhald eins og í fjárlögum er. Og til þess að vara hann við, af því að við kusum landsdóm í dag, — meira sagt í gamni en alvöru, — tel ég ástæðu til þess, að ríkisvaldið hafi forgöngu um að ganga þannig frá uppsetningu fjárlaga að til fyrirmyndar sé. (**Fjmrh.:** Ríkissjóður er skattfrjáls.) En hann á samt að haga bókhaldi sínu þannig að það sjáist hvernig fjármagnsstreymið er. Það veit ég að maður með gott bókfærslupróf úr háskóla veit jafnvel og ég.

Á þskj. 329, lið VI, flyt ég ásamt Karvel Pálmasyni, Guðmundi Karlssyni og Lárusi Jónssyni till. um 2 milljarða fjárfestingu vegna flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli. Hér er um að ræða framkvæmd sem mikið hefur verið rædd í fjölmiðlum og óþarfi er að skilgreina hér frekar. Vegna orða hæstv. viðskrh. um að eðlilegt sé að fresta þessu máli til afgreiðslu lánsfjárlaga höfum við flm. ákveðið að draga till. til baka í trausti þess að hæstv. utanrrh. nýti þann rétt sem hann hefur áskilið sér í hæstv. ríkisstj. til að flytja till. um lántöku til framkvæmdarinnar á lánsfjárlögum. Stjórnarandstaðan styður hann í þessu máli og það er meiri hl. á Alþingi fyrir málinu.

Herra forseti. Á þskj. 352, sem er framhaldsnál. 1. minni hl. fjvn., gerum við þrír þm. grein fyrir þeim skattaálögum sem hafa bæst við frá því að 2. umr. fór fram. Þar kemur í ljós — kalla má þetta aukaskattreikning — að viðbótin á milli umr. er 8.6 milljarðar, og verði skattvísitalan sú sama í 7. gr. frv. og hún er þar nú gerist það til viðbótar, að ríkisstjóður fær 6.5 milljarða kr. úr tekju-, eignarskatts- og sjúkratryggingagjaldsinnheimtunni. Þess vegna höfum við flutt till. um að skattvísitalan hækki upp í 154 stig, en sú till. er varatillaga við till. Karvels Pálmasonar sem hann hefur gert grein fyrir.

Ég sé ekki ástæðu til þess, herra forseti, að fjölyrða frekar um frv. eins og það lítur út við 3. umr. Þó er ástæða til þess að allra síðustu að benda á þá gífurlegu aukningu á lántökum sem virðist eiga sér stað samkv. þeim brotum af lánsfjáráætlun sem fjvn.-menn og aðrir hv. þm. hafa fengið að sjá. Menn verða að hafa það í huga, það skiptir ekki máli hver tekur við af þessari ríkisstj. eða hvort hún heldur áfram, en í báðum tilvikum verður þessi stefna til þess að við bindum meira og meira fjármagn til endurgreiðslu á þessum lánum og neyðumst því til að hækka skattana umfram það sem nú er. Það eru til mörk fyrir því, hvað hægt er að hækka skatta. Það er tvöfalt efnahagskerfi í gangi hér eins og í öllum öðrum löndum: annars vegar hið skattlagða efnahagskerfi, þar sem menn gefa upp tekjur sínar og borga skatta af því að þeir eru innan hæfilegra marka, og hins vegar það kerfi, sem við getum kallað hið óskattlagða kerfi, sem stöðugt vex ef mönnum þykja skattar verða orðnir ósiðlega háir. Því miður virðist núv. hæstv. ríkisstj. ekki hafa áttað sig á þessum staðreyndum, en ég vonast til þess hennar vegna, en þó umfram allt íslensku þjóðarinnar vegna, að hún hverfi af þessari braut.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Í fjárlagafrv., 5. gr. lið 246, er gert ráð fyrir 94 millj. 614 þús. kr. til Laxeldisstöðvarinnar í Kollafirði. Í aths. við þennan lið í frv. kemur fram, að af þessari fjárhæð eru 40 millj. ætlaðar til borunar eftir heitu vatni fyrir Laxeldisstöðina,

sem er 40% kostnaðar, en 60% verður fjármagnað með láni úr Orkusjóði.

Nú stendur þannig á að hreppsnefnd Kjalarneshrepps hefur verið að kanna möguleika á að fá hitaveitu í hreppinn, annaðhvort með borun eða með kaupum á heitu vatni frá Hitaveitu Reykjavíkur í gegnum Mosfellshrepp. Það hefur verið starfandi hitaveitunefnd á vegum hreppsfélagsins, sem hefur verið að vinna í þessum málum, og það hefur verið lagt í mikinn kostnað við kannanir í þeim efnum. Kjalarneshreppur er fámennt sveitarfélag, með innan við 300 íbúa, og þarna er sveitarfélagið að ráðast í fjárfreka framkvæmd og þarf á samvinnu og þátttöku allra aðila í sveitarfélaginu að halda, eins og t. d. þeim ríkisfyrirækjum sem eru í Kollafirði, þ. e. Laxeldisstöðinni og Skógrækt ríkisins. Af hálfu sveitarfélagsins hefur verið leitað eftir samvinnu við Laxeldisstöðina, en það hefur ekki fengist jákvætt svar þar sem forráðamenn stöðvarinnar telja fyrirtækið ekki hafa fjárhagslegt bolmagn til að kaupa vatn hjá væntanlegri hitaveitu hreppsins, en ætla þess í stað að bora eftir vatni sjálfir.

Ég tel nauðsynlegt að geta þessa máls við 3. umr. um fjárlagafrv. því að mér finnst það ekki vera einkamál eins ríkisfyrirtækis að leggja 40 millj. í borun eftir heitu vatni á sama tíma og fyrirhuguð hitaveita er á döfinni á vegum hreppsfélagsins. Ég hef því leyft mér að leggja fram brtt. við þennan lið ásamt hv. þm. Matthíasi Á. Mathiesen, Ólafi G. Einarssyni, Kjartani Jóhannssyni, Karli Steinari Guðnasyni og Jóhanni Einvarðssyni.

Þessi brtt. er á þskj. 363. Hún er í þá veru, að það komi fram að þessar 40 millj. fari í öflun á heitu vatni fyrir Laxeldisstöðina í samvinnu við Kjalarneshrepp. Þetta er sem sagt aðeins breyting á texta. Brtt. hljóðar því ekki upp á aukin útgjöld fyrir ríkissjóð. Það er einungis um það að ræða, að fram komi að öflun á heitu vatni fyrir Laxeldisstöðina verði í samvinnu við hreppsfélagið.

Það er rétt að láta það koma skýrt fram, að ekki er verið að taka neitt frá Laxeldisstöðinni, heldur einungis verið að reyna að tryggja að sú leið, sem verður farin í hitaveitumálum þessara aðila, sé sú hagkvæmasta fyrir þá báða. Hins vegar væri nægjanlegt ef hæstv. landbrh. gæti gefið yfirlýsingu um það, að þó að þess sé ekki getið sérstaklega í fjárlagafrv. fái sveitarfélagið að fylgjast með framvindu mála hjá Laxeldisstöðinni með það í huga að samvinna verði þarna á milli aðila. Ég spyr því hæstv. landbrh. hvort ekki megi ganga út frá að svo verði. Treysti hæstv. landbrh. sér til að gefa slíka yfirlýsingu erum við tilbúin að draga tillöguna til baka.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Hv. þm. Salome Þorkelsdóttir hefur beint til mín fsp. í tengslum við brtt. sem hún ásamt fleiri þm. flytur á þskj. 363 varðandi fjárveitingu til Laxeldisstöðvarinnar í Kollafirði til borunar eftir heitu vatni. Hv. þm. hefur lýst því, hvernig þessi fjárlagaliður er skýrður í aths. frv., og þarf þar engu við að bæta.

Út af fsp. hv. þm. vil ég taka fram, að forustumenn Laxeldisstöðvarinnar hafa kynnt áhuga sinn á þessu máli á fundum í rn., bæði fyrir afgreiðslu fjárlaga fyrir yfirstandandi fjárlagaár og eins fyrir undibúning að fjárlögum fyrir næsta ár. Fjármagn til þessara verkefna komst ekki inn á fjárlög fyrir árið 1980, en er í fjárlagafrv. því sem nú er til umr. á hv. Alþingi.

Ég lít svo á að tæplega sé unnt að taka af Laxeldisstöðinni í Kollafirði ráðstöfunarrétt yfir þessu fjármagni og setja inn í texta skilyrði um meðferð þess. Þessu fyrirtæki er samkv. fjárlagafrv. ætlað að fá þetta fjármagn til ráðstöfunar. Á hinn bóginn vil ég gjarnan taka fram út af fsp. hv. þm. Salome Þorkelsdóttur, að ég skil mætavel áhuga og þörf Kjalarneshrepps á að afla jarðvarma til upphitunar í því sveitarfélagi. Mun ég í því sambandi beita mér fyrir því, að viðræður verði á milli hreppsnefndar Kjalarneshrepps annars vegar og stjórnar Laxeldisstöðvarinnar í Kollafirði hins vegar með aðild landbrn. í þeim tilgangi að þarna verði í fyrsta lagi, eins og hv. þm. fór fram á, forráðamönnum sveitafélagsins gefinn kostur á að fylgjast með framvindu þessara mála og í öðru lagi geti náðst samkomulag um framkvæmd þessa máls.

Ég tel að á þessu stigi sé ekki unnt að gefa frekari svör við fsp. hv. þm., en vænti þess, að svör mín séu fullnægjandi.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég ætla að víkja að nokkrum brtt. sem ég flutti við 2. umr., en dró til baka til 3. umr. Ég skal ekki verða langorður, en það er ástæða samt að víkja að þessum tillögum örfáum orðum.

Við 2. umr. flutti ég brtt. um framlag til Landspítalans til kaupa á CT-tæki, whole-body scan eða tölvustýrðu sneiðmyndatæki. Ég skýrði þá frá hinu nýja hugtaki í læknisfræðinni sem felst í tölvustýrðri sneiðmyndatöku eða computerized tomography. Ég gat þess, að þessi tækni væri vel þekkt í öllum nágrannalöndum okkar, en hins vegar væri Ísland eina landið í Vestur-Evrópu sem ekki hefði yfir þessari nýju tækni að ráða. Ég minnti á að alhliða CT-tæki, whole-body scan hefði verið á beiðni röntgendeildar Landspítalans fyrir tækjakaup frá því árið 1976, nauðsyn krefði að við Íslendingar gætum hagnýtt okkur þessa nýju tækni sem markaði tímamót í nákvæmri sjúkdómsgreiningu. Með tilliti til þessa var brtt. mín fram borin, auk þess sem ég benti á að vel færi á að Alþingi ákvæði að Landspítalanum væri fengið þetta tæki sem gjöf í tilefni 50 ára afmælis hans sem er á morgun.

Ég vil lýsa sérstakri ánægju yfir hinum skjótu viðbrögðum hæstv. heilbrrh. við till. minni, en hann lýsti strax fylgi við þetta mál eftir að till. mín var flutt við 2. umr. fjárlagafrv. Hefur ráðh. nú lýst yfir því í tveim afmælishófum spítalans, að ríkisstj. hafi fyrir sitt leyti samþykkt að styðja málið. Með þeirri ákvörðun var skapaður grundvöllur fyrir samstöðu um málið hér á Alþingi. Sú samstaða kemur fram í brtt. fjvn. sem gerir ráð fyrir framlagi til Landspítalans til kaupa á tölvustýrðu sneiðmyndatæki. Ég geri því ráð fyrir að máli þessu sé tryggður framgangur.

Ég vil þá víkja að annarri brtt., sem varðar launaskatt, en þar er gert ráð fyrir að til Byggingarsjóðs ríkisins komi 15 milljarðar af launaskatti í staðinn fyrir 2.7 milljarða sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir. Ástæður eru fyrir þessari till. Í fyrsta lagi er það að mínu viti nauðsynlegt til að tryggja fjárhagslega stöðu Byggingarsjóðs ríkisins að þetta fjármagn af launaskattinum gangi til sjóðsins. Í öðru lagi er þess að minnast, að launaskatturinn var lagður á upphaflega í sambandi við samninga aðila vinnumarkaðarins í júní 1964 og var þá lagður á til að bæta stöðu vinnuþiggjenda í þessum samningum. Því er hæpið að breyta fyrirkomulaginu nema í samráði við aðila vinnumarkaðarins. Um þessar tvær ástæður má

ræða mikið, en ég skal ekki ræða um þær frekar.

En þriðja ástæðan er sú, að samkvæmt lögum eiga núna að fara 2% af launaskatti til Byggingarsjóðs ríkisins samkv. ótvíræðum ákvæðum gildandi laga. Hæstv. fjmrh. sagði við 2. umr. að hann ætlaði að leggja til að þessu ákvæði laganna um launaskatt væri breytt þannig að það færu ekki 2% af launaskattinum til Byggingarsjóðs ríkisins. Ég hef fundið að því, að það hefur ekki verið gert, ef á að gera það á annað borð, og vara ég sterklega við þeirri lausn. En hæstv. ráðh. sagði við 2. umr. að þetta væru ekkert óeðlileg vinnubrögð, vegna þess að það væru mörg lög sem þyrfti að breyta til samræmis við fjárlagafrv. Hæstv. ráðh. lofaði að gera skýra grein fyrir þessum lögum við 3. umr. Hann hefur ekki gert það enn þá. Ég vænti þess, að þessari umr. ljúki ekki svo að hann geri ekki grein fyrir því sem hann lofaði við 2. umr., hvaða frv. það eru sem að hans áliti þarf að breyta, en ekki hefur verið breytt. Það nær að sjálfsögðu ekki nokkurri átt að það sé hægt að afgreiða þetta fjárlagafrv. ef það stenst ekki og fær ekki staðist, eins og í þessu tilfelli með launaskattinn, nema ákveðnum lögum sé breytt.

Ég kem þá að þriðju till. sem ég flyt og það er varðandi sveitarafvæðinguna. Ég skal ekki fara að ræða um mikilvægi sveitarafvæðingarinnar. Ég gerði það við 2. umr. En till. fjallar um að það verði teknar 700 millj. af því fé, sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir að fari til styrkingar dreifikerfa rafmagns í sveitum, og fari til hinnar eiginlegu sveitarafvæðingar, þ. e. gangi til þess að gera þær framkvæmdir sem nauðsylegt er að vinna til þess að það fólk, sem ekkert rafmagn hefur frá samveitu, fái rafmagn og lokið verði sveitarafvæðingunni eins og gert hefur verið ráð fyrir í hugmyndum og tillögum orkuráðs. Til þess að svo geti orðið þarf 700 millj. kr., en núna er samkv. frv. ekki gert ráð fyrir neinu til sveitarafvæðingar umfram það sem væntanlega fer til heimtauga.

Þó að þessi till. sé eins sjálfsögð og hugsast getur er ég ekki öruggari en svo með að hún verði samþ., að ég hef leyft mér að bera fram aðra till. til vara. Hún er á þá leið, að það verði fluttar þarna á milli 300 millj. kr., en ekki 700 millj. kr.

Þá er fjórða tillagan sem ég hef flutt. Hún er um það, að fjármagnið, sem ætlað er til styrkingar dreifikerfa í sveitum, verði ekki fært til Rafmangsveitna ríkisins, eins og frv. gerir ráð fyrir heldur sé þessi upphæð færð til orkuráðs. Gert er ráð fyrir að upphæðinni verði skipt af orkuráði og iðnrh. milli þeirra aðila sem um er að ræða, en það eru fleiri en Rafmagnsveitur ríkisins, það er líka Orkubú Vestfjarða. Að sjálfsögðu mun mest af þessu fé fara á svæði Rafmagnsveitna ríkisins. Þessi till. er líka sjálfsögð. Það hefur fjvn. séð því að í brtt. fjvn. er gert ráð fyrir að þessi háttur verði hafður, fjvn. leggur til það sama sem ég legg til með minni tillögu.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 374) samþ. með 32 shlj. atkv.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Í þessum ræðustól komst hv. 1. þm. Vesturl. áðan svo að orði, að hér væri um tímamótafjárlög að ræða. Það hygg ég að sé að vissu leyti rétt hjá honum. Hér erum við að fjalla um fjárlög sem gera ráð fyrir 42% verðhækkun á milli ára þegar fyrirsjáanlegt er að verðbólgan verður a. m. k. 70%. Hann getur, sá ágæti þm., verið stoltur af því, hvernig tekist hefur til um niðurtalningarstefnu Framsfl. í framkvæmd. Það sést hér svart á hvítu. Þau orð, sem um hana hafa verið töluð, hafa reynst markleysa ein.

Sitt hvað fleira sagði þessi hv. þm. sem ég mun víkja að hér á eftir. Hann sagði að það væri þjóðarvilji að stjórnarandstaðan styddi efnahagsaðgerðir ríkisstj. Hvaða aðgerðir? Hvaða efnahagsaðgerðir? Það veit enginn neitt um þær efnahagsaðgerðir sem boðaðar hafa verið. Það hefur verið spurt viku eftir viku, og það hafa verið gefin svör sem eru engin svör.

Ég ætla að víkja hér að brtt. sem ég flyt á þskj. 351 ásamt hv. þm. Benedikt Gröndal og varðar fjárhag Ríkisútvapsins.

Undanfarin tvö ár hefur fjárhagur Ríkisútvarpsins verið afar bágborinn. Um s. l. mánaðamót nam skuldahali Ríkisútvarpsins, halli þeirrar stofnunar, 1230 millj. kr. Þetta er fyrir árið 1979 og fram til loka nóv. 1980. Það er því alrangt, sem hv. 1. þm. Vesturl. hélt fram áðan, að vandi þessarar stofnunar hefði verið meiri í fyrra. Hann hefur aldrei verið meiri en nú.

Hann vék sömuleiðis að því, að meðan ég gegndi formennsku í fjvn. hefði ég ekki sýnt mikinn vilja til að bæta úr vandræðum þessarar stofnunar sem mér væri þó kannske næsta skylt. Ég veit að þessum hv. þm. er það jafnljóst og öðrum hér, að meðan ég gegndi formennsku í fjvn. var ég í þeirri sérstæðu aðstöðu að vera í minni hl., og þegar fjárhagsáætlun Ríkisútvarpsins var í fyrra skorin niður við trog gerðist það ekki í fjvn., það gerðist á sérstökum fundi meiri hl. n. sem átti sér stað uppi í fjmrn. rétt fyrir páskana, þar sem hv. þm. Alexander Stefánsson var viðstaddur, en þar sem minni hl. n. og þar með talinn formaður kom hvergi nálægt. Fjárhagsvanda Ríkisútvarpsins má því að mjög verulegu leyti rekja til aðgerða meiri hl fjvn., fyrst í fyrra og síðan í ár. Það eru staðreyndirnar í þessu máli eins og hv. þm. Friðrik Sophusson, 10. þm. Reykv., raunar staðfesti í ræðu sinni áðan.

Sú till., sem ég hef leyft mér að flytja, gerir ráð fyrir að framlag komi úr ríkissjóði til að mæta rekstrarhalla Ríkisútvarpsins, þessum 1230 millj. undanfarna 23 mánuði, og það verði greitt í tvennu lagi: 615 millj. kr. á þessu ári og 615 millj. kr. á hinu næsta.

Hv. þm. Alexander Stefánsson talaði um að það þyrfti að finna Ríkisútvarpinu nýja tekjustofna. Hann minntist ekkert á hverja. Vandinn er ekki sá að það þurfi að finna Ríkisútvarpinu nýja tekjustofna. Það þarf bara að tryggja Ríkisútvarpinu eðlileg afnotagjöld. Það kom fram í kvöld í ræðu formann fjvn., hv. 4. þm. Reykn., að gert sé ráð fyrir 40% hækkun á afnotagjöldum Ríkisútvarpsins á næsta ári, — 40% á sama tíma og fjárlögin gera ráð fyrir 42% hækkunum sem allir vita að er gersamlega óraunhæft. Nær var að tala um 70% eða kannske þaðan af hærri tölu. Það er því augljóst að enn á að halda Ríkisútvarpinu í fjárhagslegri spennitreyju. Það er ekki nóg að þm. eins og hv. 1. þm. Vesturl. fari um það fögrum orðum úr þessum ræðustól, að það þurfi að bjarga við fjárhag þessarar mestu menningarstofnunar þjóðarinnar, og það er ekki heldur nóg, að hæstv. menntmrh. lýsi hér góðum vilja sínum í þá átt, ef nákvæmlega ekkert er gert. Nú hafa þm. þó sannarlega tækifæri til að leiðrétta þetta mál. Það vill svo til, að á þeim degi sem nú er runninn á Ríkisútvarpið 50 ára

afmæli og þess verður minnst á morgun. Það væri vissulega verðugt ef löggjafarsamkoman sæi nú sóma sinn í því að leiðrétta fjárhag þessarar stofnunar sem er í senn menningarstofnun og öryggistæki fyrir landið allt. Ég veit að þess verður beðið með eftirvæntingu að sjá og heyra hvernig hv. þm. stjórnarliðsins, þ. á m. hv. þm. Alexander Stefánsson, greiða atkv. um þessa till. á morgun, svo og hæstv. menntmrh. Þá geta þessir ágætu menn sýnt í verki að þeir meini það sem þeir hafa verið að segja hér. Það verður fróðlegt að sjá.

Ýmsir hafa í þessum umr. vikið að Landhelgisgæslunni og rekstri hennar. Vikið hefur verið að því, að nú á að selja aðra Fokker F-27 flugvél gæslunnar. Um þetta eru skiptar skoðanir. Nú hygg ég að ef menn athuga hvernig rekstur þessarar flugvélar var á s. l. ári komi það í ljós — ég hef þær tölur ekki hér við höndina því miður — að henni var næsta lítið flogið og suma mánuði nánast ekkert. Þegar forstjóri Landhelgisgæslunnar kom á fund fjvn. snemma í haust, þegar margumrædd þyrlukaup voru m. a. til umr., taldi hann að með tilkomu þyrlunnar væri ekki ástæða til að vera með tvær Fokker Friendship flugvélar í rekstri. Það kom skýrt fram er hann mætti á fundi fjvn.

Hitt er svo annað mál, að hér hefur einnig borið á góma sölu varðskipa. Ég er þeirrar skoðunar, að það sé ekki hagkvæm ráðstöfun að selja vitaskipið Árvakur sem sniðið er sérstaklega til ákveðinna verkefna.

Hins vegar vantar það á um Lanhelgisgæsluna, að það hefur engin heildarstefna verið mótuð. Í því sambandi vil ég leyfa mér að minna á þáltill. sem flutt var á þskj. 16 af hv. þm. Benedikt Gröndal og Árna Gunnarssyni, þar sem gert er ráð fyrir að skipuð verði nefnd til að kanna hversu mikla og hvers konar gæslu 200 mílna efnahags- og mengunarlögsaga útheimtir og hvernig Íslendingar eru í stakk búnir til að gegna því hlutverki á viðunandi hátt. Þetta er auðvitað það sem vantað hefur. Það hefur ekki verið nein stefna fyrir hendi um hvernig á að framfylgja Landhelgisgæslunni, hvernig á að gæta 200 mílnanna, með hvaða tækjum og hvernig það verði hagkvæmast gert. Við þurfum fyrst að gera okkur grein fyrir því og síðan verðum við að gera það upp við okkur með hvernig tækjakosti og tæknibúnaði á að annast landhelgisgæslu.

Ég vil þá víkja að annarri brtt. sem ég hef leyft mér að flytja á þskj. 370, en hún er á þann veg, að við 6. gr. fjárlaga bætist nýr liður sem hljóði svo, með leyfi forseti:

„Að breyra vanskilaskuldum Skallagríms hf. við ríkisábyrgðasjóð vegna Akraborgar í föst lán.“

Það kom fram fyrr í kvöld í ræðu hv. 2. þm. Norðurl. e., Stefáns Valgeirssonar, er hann mælti fyrir áliti samvn. samgm. um styrki til flóabáta, að rekstur Akraborgar og rekstur Herjólfs og raunar fleiri flóabáta er mjög illa á vegi staddur. Að því er Akraborgina varðar er málum nú þannig komið, að vanskilavextir af skuldum til ríkisábyrgðasjóðs eru 19.6 millj. kr. á mánuði. Það liggur líka fyrir, að á s. l. ári, þegar eðlilegar hækkanir hafa fengist á fargjöldum, hefur rekstur þessa skips gengið vel. Hann hefur gengið svo vel að ef skipið losnaði við þennan margumrædda skuldahala gæti reksturinn gengið án framlaga úr ríkissjóði. Því er þessi till. flutt, að fjmrh. verði heimilað að breyta þessum vanskilaskuldum í föst lán.

Að því er Herjólf varðar er vandamálið annað og langtum stærra. Vanskilavaxtagreiðslur Herjólfs munu nú nema um 85 millj. kr. á mánuði, og um áramótin núna er áætlað að skuldir Herjólfs við ríkisábyrgðasjóð verði 2 milljarðar 257 millj. kr. Hér er auðvitað um að ræða vandamál sem taka verður á. Það er ekki lausn á málinu að breyta þessari skuld í fast lán. Hins vegar mætti sem best, og er raunar útlátalaust, breyta vanskilaskuldum Skallagríms í föst lán og leysa þannig þetta fyrirtæki undan þessum skuldahala og ríkissjóð jafnframt undan greiðslum.

Þessi skuldahali er þannig til kominn, eins og ýmsir kannske minnast hér, að þegar skip þetta kom til landsins og hóf ferðir skorti á að aðstaða væri fyrir hendi í Reykjavíkurhöfn þannig að flutningarými skipsins nýttist að fullu. Á meðan skipið gat ekki flutt nema tiltölulega mjög fáa bíla myndaðist þessi skuldahali sem síðan hefur vaxið. Kann að vera að ekki sé brýn nauðsyn beinnar lagaheimildar til þess að hæstv. fjmrh. sé heimilt að gera þessa breytingu. Hins vegar væri það auðvitað viljayfirlýsing af hans hálfu ef hann féllist á að þetta kæmi inn á 6. gr. fjárlaga.

Ég vil þá víkja hér að till. sem ég hef flutt ásamt hv. þm. Jósef H. Þorgeirssyni á þskj. 303 og fjallar um það, að aukin verði nokkuð fjárveiting til byggingar grunnskóla á Akranesi. Þannig er mál með vexti, að Fjölbrautaskólinn á Akranesi, sem er vaxandi stofnun og þjónar öllu kjördæminu, nýtir nú húsnæði þar sem áður var barnaskóli. Byggð á Akranesi hefur vaxið ört að undanförnu, töluvert örar en að landsmeðaltali, og fyrirsjáanlegt er að á komandi hausti skapast þar neyðarástand í skólamálum verði ekki unnt að taka í notkun þann áfanga hins svonefnda Grundarskóla sem nú er verið að vinna að. Í þessu sambandi vil ég leyfa mér, með leyfi forseta, að vitna í grg. skólanefndar Grunnskóla Akraness um húsnæði grunnskólans þar. (**ÓRG:** Ég ætla að vona að þú farir ekki að flytja neina till. svo að menn geti farið heim að sofa.) *Já, ég vona að ef hv. þm. er orðinn þreyttur fari hann heim að sofa.* Ég hugsa að það sakni hans ekki margir héðan.

Grunnskóli Akraness sér nú um kennslu nemenda í forskóla til og með 8. bekk. Nemendur 9. bekkjar eru undir stjórn Fjölbrautaskóla Akraness og eru í hans húsnæði. Nú í vetur eru 930 nemendur í skólanum.

Um húsnæðið er það að segja, að kennsla fer fram á sex stöðum, auk íþrótta- og sundkennslu. Í aðalbyggingu, sem er hús sem var byggt árið 1950 og viðbótarbygging árið 1960, er 1.—6. bekk kennt. Í aðalbyggingu eru 12 almennar kennslustofur, allar litlar, 42 fermetrar, og þegar tekið er tillit til bekkjarstærðar er fjöldi í bekkjardeildum á bilinu 20—30.

Í grunnskólahúsinu, gamla iðnskólanum, er 8. bekkur til húsa. Þar eru fjórar mjög litlar kennslustofur tæplega 30 fermetrar hver. Þær voru úrskurðaðar óhæfar til kennslu fyrir um það bil 20 árum, m. a. vegna smæðar og lélegrar hljóðeinangrunar, en mjög heyrist þar mikið á milli stofa og milli hæða og umferð af götum, en tvær aðalumferðargötur liggja með húshliðinni.

Forskóladeildin er til húsa í kjallara íþróttahússins og er það húsnæði þannig að það er nánast heilsuspillandi. Gluggar eru litlir og nema við jörð og lofthæð er 2.20 metrar. Þarna er yngstu börnunum kennt. Þarna er forskóladeildinni kennt fjórskiptri, um það bil 30 nemendum í einu.

Nýjasta viðbótarhúsnæði grunnskólans er fjórar stofur sem teknar voru í notkun núna í haust. Þær eru byggðar

ofan á búningsherbergi íþróttahússins og þar er 7. bekk kennt.

Eins og sjá má af framantöldu fer kennsla fram á ýmsum stöðum og gefur auga leið að það hefur í för með sér margs konar óþægindi, bæði fyrir nemendur og kennara, og kemur niður á skólastarfinu í heild. Enginn samkomusalur er í skólanum, honum hefur fyrir löngu verið skipt niður í kennslustofur."

Ég ætla ekki að lengja þessar umr. með því að lesa lengra í þessari grg., sem þó væri e. t. v. ástæða til. En þarna verður neyðarástand í kennslumálum á grunnskólastigi verði ekki bætt við þá fjárveitingu sem þegar er í fjárlögum. Þetta er ljóst öllum þm. Vesturlands sem hafa kynnt sér þetta mál. Ég legg á það mikla áherslu, að þessi till. verði tekin til greina, þó ekki nema að hluta sé, þannig að hægt sé að fullnægja lögum um kennsluskyldu á Akranesi.

Að lokum, herra forseti, ætla ég að víkja að till. sem ég flutti ásamt hv. þm. Albert Guðmundssyni um að framlag til Hjartaverndar vegna úrvinnslu- og útgáfustarfsemi yrði aukið um 10 millj. kr. Ég sé að fjvn. hefur í tillögum sínum að vísu hækkað framlag til Hjartaverndar til rekstrar um 15 millj. kr. Það kemur í sama stað niður. Fyrir þetta ber auðvitað að þakka vegna þess að það gerir kleift að halda áfram rannsóknum og úrvinnslu- og útgáfustarfi á þeim gögnum sem þarna liggja fyrir.

Ég hef lokið máli mínu.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Nú er nokkuð liðið á nótt og allmiklar umr. hafa átt sér stað um þetta fjárlagafrv., sem vonlegt er eins og það er úr garði gert og eins gagnrýnisverð og heildarstefna þess er. Ég ætla að stilla mig um að ræða frv. í meginatriðum. Það hafa margir orðið til þess að gagnrýna það og þá fjármála- og efnahagsstefnu sem í því felst. Gagnrýnin beinist að sömu efnisatriðum nú og á s. l. ári.

Það er nokkuð merkilegt til þess að hugsa, að þegar gagnrýni var flutt á frv. fyrir árið 1980, þar væri verðbólguhvetjandi frv., frv. fæli í sér aukin ríkisútgjöld, aukna skattheimtu og aukna verðbólgu, var því borið við af hæstv. ríkisstj., að svo skammt væri um liðið síðan hún tók við völdum að henni hefði ekki gefist nægilegur tími til að gaumgæfa fjármál ríkisins og því væri von að frv. væri haldið þessum annmörkum. Nú er ríkisstj. búin að vera við völd blómann af þessu ári og enn þá eru samskonar ágallar á frv. og áður var og enn þá sömu gallar á þeirri stefnu sem ríkisstj. fylgir. — Ég vil benda hv. þm., þó að það ætti ekki að vera nauðsynlegt, á þskj. 230, þ. e. nál. frá 1. minni hl. fjvn. sem dregur upp mjög glögga mynd af meginstefnu hæstv. ríkisstj. í ríkisfjármálum, skattamálum og efnahagsmálum og sýnir svo að ekki verður um villst hver stefna ríkisstj. er og hvert hún er að leiða okkur. Mér finnst þetta þskj. vera mjög til fyrirmyndar og ég vil segja að ég hef sjaldan, síðan ég kom á Alþingi, séð jafnvandað þskj. og hér er um að ræða, jafnefnismikið og glöggt. Ég vil sérstaklega þakka þeim hv. þm. sem að því standa, 1. minni hl. fjvn., þeim Lárusi Jónssyni, Friðrik Sophussyni og Guðmundi Karlssyni, fyrir þetta ítarlega nál. sem ég hvet alla hv. þm. til að kynna sér gaumgæfilega.

Aðaltilgangur minn í ræðustól er að mæla fyrir lítilli brtt. sem ég flyt ásamt Albert Guðmundssyni, Árna Gunnarssyni, Benedikt Gröndal og Salome Þorkelsdóttur, en það er brtt. við 4. gr., lið 08 741 0104 á þskj. 329, IV. lið á því þskj., en þar gerum við tillögu um að styrkur til félagasamtakanna Verndar hækki úr 1.5 millj. í 11.5.

Félagasamtökin Vernd sóttu til fjvn. um allmiklu hærri styrk en við hér gerum till. um. Að baki þessari till., sem við flytjum, liggur bréf sem ég vil kynna hv. þm., en bréfið er stílað á fjvn. Þar segir, með leyfi forseta:

„Nú í haust voru félagasamtökin Vernd endurskipulögð að mestu leyti. Í stað sjö manna stjórnar tók nú við fjörutíu manna aðalstjórn, en úr henni kosin fimm manna framkvæmdastjórn. Lög samtakanna voru endurskoðuð og breytt til samræmis við nýja tíma, en tilgangur allur hinn sami eða fangahjálp. Við kjör stjórnar var leitast við að eignast tengiliði við sem flesta þætti þjóðfélagsins þannig að hver hinna fjörutíu stjórnarmanna hafi ákveðnu hlutverki að gegna. Fjölmörg verkefni biðu hinnar nýju framkvæmdastjórnar, en ljóst var að eftirtalin verkefni urðu að hafa algeran forgang:

Kaup eða leiga á húsnæði fyrir rekstur heimilis fyrir 10—15 fyrrverandi fanga. Fyrirmyndin að slíku heimili er heimili það er Eðvald Berndsen veitir forstöðu að Ránargötu 6, en vegna dvalar þar hafa samtals 60 einstaklingar, áður taldir vonlausir útigangsmenn, öðlast nýtt líf og orðið nýtir þjóðfélagsþegnar. Sem stendur eiga fyrrverandi fangar ekki í nein slík hús að vernda vegna fordóma. Fyrrv. fangar eru og verða sérþjóðflokkur sem þarfnast slíks heimilis á meðan þeir eru að aðlagast þjóðfélaginu. Eina skilyrðið til að fá inni á fyrirhuguðu heimili er að vera allsgáður og vinna. Gjald hvers heimilismanns fyrir fæði og húsnæði er fyrirhugað 100 þús. kr. á mánuði. Hærra gjalds er ekki hægt að krefjast þar sem afgangur af launum hvers manns verður að vera nægur til að hann sjái árangur og hag af nýjum lífsstíl. Starfskraftar eru fyrirhugaðir tveir, forstöðumaður og matráðskona. Áætlaður halli á rekstri slíks húss er 30 millj. kr. og er þessi tala byggð á reynslu af rekstri Ránargötu 6, en undirritaður hefur verið formaður hússtjórnar þar frá byrjun.

Ljóst er að nú þegar þarf að auka verulega félagslega aðstoð við fanga. Ráða verður mann til þessara starfa og er hlutverk hans m. a. að undirbúa fanga tímanlega undir brottför, þ. e. atvinnu- og húsnæðisútvegun, að sækja fanga í fangelsi að lokinni afplánun og styðja þá fyrstu skrefin, að heimsækja fangelsin tvisvar til þrisvar í viku og sinna fyrir fanga erindum utan fangelsis, þ. e. semja við skuldheimtumenn, skattakærur, verslun á nauðsynjahlutum, útvegun klæðnaðar o. s. frv., að veita fjölskyldum fanga félagslega aðstoð, að aðstoða fanga við að komast í meðferð vegna alkóhólisma. Starf þetta er dýrt í framkvæmd, m. a. vegna mikils tilkostnaðar, og er áætlaður kostnaður vegna þess 15 millj. kr."

Síðan er rakið í þessu bréfi að um 85% fanga sitji inni vegna afleiðinga áfengis- og vímuefnaneyslu og að nauðsynlegt sé að koma á laggirnar fræðslu og fyrirbyggjandi störfum.

Það er enn fremur sagt í þessu bréfi, í lokaorðum, að samkv. fjárlagafrv. 1981 kosti það 1150 millj. kr. að reka fangelsi Íslands. Áætlað er að 200—300 manns séu fastagestir í vítahring sem fæstum reynist kleift að komast út úr. Það er hlutverk Verndar að vísa þessu óhamingjusama fólki veginn til nýs lífs. Það er staðföst trú okkar að fækka megi hópi þessum um helming á 1—2 árum eða 100—150 manns, og á grundvelli þessa sækir þetta félag um 30 millj. kr. framlag úr ríkissjóði, en fjvn.

veitir 1.5 millj. Við flm. leggjum til, eins og ég sagði áðan, að þeir fái þó ekki meira en 1/3 af því sem þeir sækja um.

En nú er spurningin: Hvaða samtök eru þetta? Hví eru þessi samtök talin það mikilvæg að ástæða sé til að flytja sérstaka brtt. hér á hinu háa Alþingi við fjárlagafrv.? Hverjir veita þessum samtökum forstöðu? Eru þessi samtök þess verð að njóta þess traust að fá styrk til svo veigamikils verkefnis? Ég svara því játandi og við flm. erum þeirrar skoðunar. Í þessu sambandi koma í hug, ég býst við okkar allra flm., samtökin SÁÁ eða samtök áhugamanna um áfengismál sem voru stofnuð fyrir nokkrum árum. Sannleikurinn er sá, að þessi samtök hafa unnið stórvirki. Þau samtök og hliðarsamtök þeirra hafa sett á stofn hverja stofnunina á eftir annarri, — stofnanir sem ríkisvaldið hefur áratugum saman vanrækt að setja á stofn. Þessar stofnanir hafa verið settar á fót af áhugamönnum og þær grundvallast á starfi áhugamanna. Hið opinbera, ríki og sveitarfélög, hefur að vísu stutt við bakið á þeim, en frumkvæðið, krafturinn og starfsandinn hefur komið frá áhugafólkinu. Ég leyfi mér að fullyrða, og ég segi það af nokkurri reynslu og ég held af nokkrum kunnugleik, að þessi samtök hafi unnið kraftaverk á sínu sviði.

Ég hef átt þess kost sem borgarstjóri í Reykjavík og borgarfulltrúi að fylgjast nokkuð með hvernig þessi samtök hafa vaxið hér í borg. Ég skal viðurkenna að í hvert skipti sem forsvarsmenn þeirra komu á minn fund til að reifa hugmyndir sínar um nýjar stofnanir, sem þeir hugðust setja á laggirnar, var fyrsta hugsunin sem bærðist með mér alltaf sú, að nú væru þeir að færast of mikið í fang. En þeir luku hverju verkefninu á fætur öðru. Að vísu studdum við nokkuð við bakið á þeim, en það var ekki nema lítið brot af því sem þurfti til þess að verkið ynnist. Ég vil sérstaklega nefna í þessu sambandi forustumann félagasamtakanna Verndar, sem skrifar undir umsóknarbréfið, Hilmar Helgason, sem hefur sýnt alveg ótrúlega fórnfýsi og reyndar unnið kraftaverk í þessum málum, studdur af félögum sínum að sjálfsögðu, en hann hefur haft forustuna.

Nú hafa félagasamtökin Vernd verið endurskipulögð og eru byggð á sama grunni og hafa tekið upp sama skipulag og samtök SÁÁ sem ég gat um áðan, og þau hafa sett sér það markmið að setja á stofn stofnanir fyrir fanga, sem dveljast í fangelsum landsins, til að koma þeim út í lífið að nýju. Ég segi fyrir mig, og ég held að ég tali fyrir munn okkar allra flm. þessarar litlu till., að við treystum þeim mönnum, sem þarna eru í forustu, og við gerum okkur grein fyrir að þeir ætla sér að sinna verkefnum sem ríkisvaldið hefur vanrækt árum saman, eins og ríkið vanrækti að setja upp stofnanir fyrir þá sem voru háðir ofneyslu áfengis. Því teljum við að ríkisvaldinu beri hreinlega skylda til að styðja við bakið á þeim. Ég er viss um að ef þeir ná fram því sem þeir ætla sér muni ríkið ekki spara þessa litlu upphæð sem við gerum hér till. um, heldur tugi eða hundruð milljóna, margfalda þá upphæð sem ríkið kemur til með að leggja í þessa starfsemi, á sama hátt og ríkið hefur þegar sparað sér margfaldar þær fjárhæðir sem það hefur lagt til samtaka SÁÁ. Ég vil því eindregið hvetja hv. þm. til að samþykkja þessa litlu brtt.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það er nú orðið það áliðið nætur að kannske er hæpið eins og á stendur að gera fjárlögin að umtalsefni eins og þó er ástæða til, og skal ég í sambandi við fjárlagagerðina aðeins drepa á tvö atriði.

Í fyrsta lagi kemur hér fram samkvæmt breytingu meiri hluta fjvn. að gert er ráð fyrir að tekjuskattur einstaklinga hækki um 60% frá s. l. ári, sem sýnir að hæstv. fjmrh. ætlar að seilast enn dýpra ofan í vasa skattborgaranna en áður. Stingur þetta mjög í stúf við þær yfirlýsingar sem gefnar hafa verið um að hlífa eigi þeim sem lægri hafa launin, því að meginþunginn af þessari skattahækkun kemúr náttúrlega á það fólk sem skattlaust var á s. l. ári eða skattlítið. Það verkar þannig þegar skattleysismörkin eru færð niður. Mér hefur fram að þessu þótt nóg um hvernig fólk, sem ónógar ráðstöfunartekjur hefur haft, hefur verið skattpínt af ríkisvaldinu. Ég skal svo ekki gera það að öðru leyti að umræðuefni, en ég harma, að þeir menn, sem nú ráða landinu, skuli ekki geta hugsað sér annað en að koma alltaf þarna við, og skil satt að segja ekki hvaða hvatir liggja þarna á bak við.

Ég vil segja það í öðru lagi, að það þarfnast skýringar hvernig á því stendur, að eignarskattur einstaklinga skuli hækka úr 2 milljörðum 438 millj. kr. á s. l. ári upp í 6 milljarða á þessu ári eða um 146%. Ég óska eftir því, að hæstv. fjmrh. gefi á því nokkra skýringu hvernig stendur á þessari gífurlegu hækkun. (**Félmrh.:** Að hvaða leyti?) Ég er að tala um eignarskatt einstaklinga. Ef ástæðan fyrir þessari gífurlegu hækkun eignarskattsins er að fasteignamatið hefur hækkað óeðlilega mikið er náttúrlega nauðsynlegt að endurskoða eignarskattsmörkin og eignarskattsstigann. Þá er ekki sama samhengi á milli og áður var íbúðarhúsnæðisins og eignarskattsmarkanna. Ég get ekki fallist á, að menn séu látnir greiða eignarskatt af venjulegu íbúðarhúsnæði, og óska eftir að hæstv. fjmrh. útskýri hvernig standi á því, að eignarskattsheimtan eigi að aukast svo mjög á næsta ári frá því sem var í ár. Í krónutölu er þarna um töluvert meira en tvöföldun að ræða. Tvöföldun eignarskattsins mundi ekki einu sinni ná 5 milljörðum, en þarna er gert ráð fyrir að hækka upp í 6 milljarða á sama tíma og tekjuskattur einstaklinga hækkar um 60% og hækkar hann þó umfram launahækkanir á þessu ári.

Þessi stefna er náttúrlega í samræmi við þau markmið Alþb. að reyna að koma í veg fyrir að venjulegt fólk hafi efni á að búa í eigin húsnæði. Hörmulegt er til þess að vita, að hæstv. forsrh., sem nú er til sængur genginn, skuli ljá máls á þessu. Það er sannarlega breyttur maður frá því sem áður var þegar hann var að berjast fyrir því í Smáíbúðahverfinu í gamla daga og stuðlaði að því sem borgarstjóri og markaði töluverð spor í að liðka fyrir því, að menn gætu með dugnaði og ráðdeild komið sér þaki yfir höfuðið þó efnin væru ekki mikil. En hér á sem sagt að fara enn lengra út á þá braut að skattleggja það sem menn hafa lagt til hliðar, íbúðir manna og annað sem menn hafa með fyrirhyggju önglað saman, en verðlauna á hinn bóginn þá sem öllu sóa og ekki hafa fyrirhyggju til þess að eignast neitt.

Það dugir ekki að útskýra þessa miklu hækkun eignarskattsins með því að þarna sé verið að reyna að ná í eitthvert fjármagn frá einhverjum ríkum mönnum. Þessi hækkun er miklu, miklu meiri en svo að hana megi skýra með þeim hætti. Þarna er um hreina skattheimtu á fólkið sjálft að ræða, og hana ekki litla, sem bitnar fyrst og fremst náttúrlega á gamla fólkinu, sem skuldlaust er, og öðrum þeim sem búa í gömlum íbúðum, en tekjur eru farnar að minnka hjá. Þetta ber ekki heldur núv. ríkisstj.

fagurt vitni né þeim mönnum sem að fjárlagagerðinni stóðu, og er nauðsynlegt að þetta mál verði tekið til frekari endurskoðunar síðar á þessu þingi.

Ég sé ekki ástæðu til að flytja brtt. til lækkunar á eignarskattinum, stjórnarsinnar eru svo forstokkaðir að það er ekki til neins, en nauðsynlegt er að vekja athygli á þessu máli, og almenningsálitið mun knýja á um að þarna verði slakað á. Ég vil líka benda á það, því að það eru ýmsir sveitarstjórnarmenn á Alþingi að svo ósvífin skattheimta í eignarskattinum dregur náttúrlega úr því, að sveitarstjórnirnar geti notfært sér þann tekjustofn sem fasteignagjöldin eru. Fyrir því er reynsla, að eftir því sem eignarskatturinn hefur hækkað hafa sveitarstjórnarmenn, sem nær eru fólkinu, verið meir hikandi en áður við að notfæra sér fasteignagjöldin sem tekjustofn. Og ég ítreka: Hér eru ekki félögin með. Þarna er eingöngu um einstaklingana að ræða, fyrst og fremst skattheimtu af íbúðarhúsnæði.

Ég vil í öðru lagi gera það að umræðuefni, að inn í þessi fjárlög vantar einn skatt sem lagður var á í sumar, en það er fóðurbætisskatturinn. Í lögum um fjárreiður ríkisins segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Reikningar félaga, fyrirtækja, stofnana og sjóða, sem ekki eru í ríkiseign, en hafa tekjustofna samkv. sérstökum lögum, skulu birtir í sérstöku hefti B-deildar Stjórnartíðinda á næsta ári eftir lok reikningsárs. Ríkissjóður skal jafnan innheimta þessar tekjur eða fela ákveðnum aðila að gera það í sínu umboði, og skulu þær færðar til tekna og gjalda á rekstrarreikningi ríkisins. Ef tekjurnar renna til sömu aðila eða atvinnugreina og þær eru innheimtar hjá eða til opinberra aðila, sem eru utan ríkisreiknings, skal þó einungis sýna þær í teknahlið, en jafnframt færa þær til frádráttar, sbr. 26. gr."

Ég sé ekki annað, herra forseti, en nauðsynlegt sé að fresta þessari umr. til morguns til þess að hæstv. fjmrh. hafi tóm til að bæta úr þessari vöntun og geti lagfært fjárlagafrv., komið fóðurbætisskattinum inn. — Ég verð að segja að það er eiginlega synd að hæstv. landbrh. skuli ekki vera í þingsalnum. Hann gæti kannske eitthvað hnippt í fjmrh. og sagt honum frá þessum skatti, þessum einkaskatti hæstv. fjmrh. og Framleiðsluráðsins.

Það dugir ekki að halda því fram, að af því að þessi skattur komi að sumu leyti aftur til bænda eigi hann ekki að vera í ríkisreikningnum og fjárlögunum. Ég get bent á ýmsa aðra markaða tekjustofna sem hér hafa verið, tappagjald t. d., gjald á eldspýtustokka og ýmislegt fleira sem hefur komið inn og út úr fjárlögum og á að gera það samkv. lögum. Hæstv. forsrh. sagði frá því einmitt í dag, að ríkisstj. vildi halda lögin. (**Gripið fram í:** Og trúðir þú því?) Hann sagði að ríkisstj. vildi það og ég efast ekki um að hann vilji það, fyrrv. hæstaréttardómari. Og Ragnar Arnalds, hæstv. fjmrh., er lögfræðingur að mennt og honum er náttúrlega augljóst, ef hann les þessi lög og skilur anda þeirra og ef hann jafnframt les fyrirmæli stjórnarskrárinnar um hversu farið skuli með tekjur og gjöld ríkisins, að hér er farið með rétt mál, — eða dylst nokkrum manni að það hljóti að koma í hlut þeirra manna sem endurskoða fjárreiður ríkisins að athuga um hvernig innheimta sé á fóðurbætisskattinum og hvaða leið hann fer? Þetta er ekki eitthvert einkafyrirtæki Sveins Tryggvasonar eða Gunnars á Hjarðarfelli. (Gripið fram í.) Það er það ekki. Það stendur í hljóðstaf með Bændahöllinni. Ég verð því að mælast til þess að hlé verði gert á þessum umr. og hæstv. fjmrh. verði gefið tækifæri til að flytja brtt. um fóðurbætisskattinn inn og út á fjárlögum svo sem lög mæla fyrir. Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt.

Ég vil einnig minna á að í lögum eru skýr ákvæði um að þess skuli getið, hvað ríkisstj. eða þeir, sem með landsstjórnina fara, búist við að miklar tekjur verði af skattlagningunni. Þetta vantar í fjárlagafrv. Úr því verður að bæta. Það er satt að segja lágmarkskrafa. Ég hef hins vegar ekki í höndum neinar upplýsingar um hvernig hæstv. landbrh. hyggst haga þessum málum á næsta ári, hvernig hann ætlar að hafa fóðurbætisskattinn, enda hefur hann nú sagt í útvarpsviðtali að það sé best með skattana að þeir komi á óvart, án þess að nokkur maður viti um þá, eins og þruma úr heiðskýru lofti, þá geti menn síður varað sig á þeim, segir hann. (**ÓRG:** Ég verð víst að taka það fram að Framleiðsluráðið er ríkisstofnun.) Framleiðsluráðið er ekki ríkisstofnun, en hins vegar er kveðið á um það í lögum, að ef skattar eru lagðir á og þeir renna til aðila sem ekki er ríkisstofnun skuli þeir samt sem áður koma inn og út. Úr því að formaður þingflokks Alþb. er svona lengi að skilja get ég lesið þetta aftur fyrir hann. Það er svo, með leyfi hæstv. forseta. Við skulum nú sjá. Hvar var nú þetta? (**ÓRG:** Það er ekki ríkið sem hefur lagt á fóðurbætisskattinn.) Ég veit vel að hæstv. landbrh. er ekki ríkið. „Ég er ríkið," sagði Lúðvík XIV. að vísu. Það er kannske Gunnar Thoroddsen sem er ríkið. En þó mér hafi stundum þótt mikið til hæstv. landbrh. koma hefur mér ekki einu sinni dottið í hug að hann væri sá hluti ríkisins sem veit að landbúnaðinum. En kannske að hann sé RARIK. — Við skulum nú sjá. Hér stendur með leyfi hæstv. forseta:

„Reikningar félaga, fyrirtækja, stofnana og sjóða, sem ekki eru í ríkiseign, en hafa tekjustofna samkv. sérstökum lögum, skulu birtir í sérstöku hefti B-deildar Stjórnartíðinda á næsta ári eftir lok reikningsárs. Ríkissjóður skal jafnan innheimta þessar tekjur eða fela ákveðnum aðila að gera það í sínu umboði, og skulu þær færðar til tekna og gjalda á rekstrarreikningi ríkisins. Ef tekjurnar renna til sömu aðila eða atvinnugreina og þær eru innheimtar hjá eða til opinberra aðila, sem eru utan ríkisreiknings, skal þó einungis sýna þær í teknahlið, en jafnframt færa þær til frádráttar, sbr. 26. gr."

Þetta ákvæði er afskaplega skýrt. (**Fjmrh.:** Það er ekki minnst á fjárlögin í þessari grein, bara ríkisreikning. Það er allt annað mál.) Má ég spyrja hæstv. fjmrh. að því, af því að hann hefur nú gripið fram í: Er mikið um það, að í ríkisreikningi komi fram tekjustofnar sem ekki eru í fjárlögum? (Gripið fram í.) Ég sé að þessir tveir hv. þm. eru illa að sér í þessu máli, en þetta ákvæði er í þessum lögum. (Gripið fram í.) Ég var að segja það, herra forseti, að sá hefur verið háttur á í sambandi við fjárlagagerð og ríkisreikning, og það er náttúrlega augljóst ef maður les ríkisreikninginn, að hann er skrá yfir fjárlögin. (**ÓRG:** Ætlarðu ekki að svara spurningu minni?) Ég held að það sé kominn galsi í hv. þm. Ólaf Ragnar Grímsson. Ég hélt ekki að hann ætti vanda til þess, en ég sé að það hefur eitthvað breyst hjá manninum. Mér sýnast augun vera fljótandi. — Ég held að það verði að segjast eins og er, svo ég reyni nú að byrja þessa setningu enn, að jafnaðdráttarlaus og þessi fyrirmæli eru um að allir skattar, sem ríkið leggur á, skuli koma í ríkisreikning, eiga þau að sjálfsögðu líka við um það, að þessi skattur skuli koma í fjárlögum. Um þetta blandast engum hugur. Ég skora á hæstv. fjmrh., ef hann efast um þetta, að nefna einn

einasta skatt sem lagður er á með sérstökum lögum, en ekki er í fjárlagafrv. (**Fjmrh.:** Ég skal nefna það strax. Það var búnaðarmálasjóðsgjaldið sem verið hefur um árabil og runnið til Bændahallarinnar og í stofnun þeirra. Ég man ekki eftir að hafa séð það í fjárlögum.) Búnaðarmálasjóðsgjaldið? Það er nú orðinn tími síðan það var lagt niður. (Gripið fram í.) Það var fyrir mitt minni, en ég held að þessi lög, sem hér er verið að fjalla um og ég er að lesa upp, séu samin hér á Alþingi og samþykkt eftir að það gjald féll niður. (**Fjmrh.:** Það er lagt á enn þá.) Ég er hræddur um að verði að gera athugasemd ef þar er um skattheimtu að ræða. Hitt er til, að með lögum er kveðið á um að menn skuli greiða ýmislegt sem ekki kallast skattar. Á því eru nokkur skil.

Herra forseti. Ég óska eftir að fundi sé frestað um hríð þangað til herra forseta hefur gefist kostur á að koma friði á fundarstörf. Ég óska eftir því. (**Forseti:** Óskar ræðumaður að fresta ræðu sinni?) Ég óska eftir því, að forseti komi reglu á fundinn. (**Forseti:** Gerðu svo vel að halda áfram.) Eru þetta viðbrögð hæstv. forseta þegar hér hafa verið eilíf framíköll? (**Forseti:** Ég heyri ekkert núna.) Nei, mér sýndist vera einhver depra yfir forsetanum.

Það gjald, sem hér er um að ræða, er ekki skattur í sama skilningi og fóðurbætisskatturinn þori ég að fullyrða. Hann rann til Bændahallarinnar og hélt ég að sú skattheimta væri fyrir alllöngu niður fallin. (**Fjmrh.:** Það er misskilningur.) Er það misskilningur, já? Ég skal kynna mér það og læt taka þetta mál frekar fyrir á eftir. En ef það er misskilningur held ég að hæstv. fjmrh. verði að koma inn tveim brtt. um fjárl., því þó að einn maður brjóti af sér réttlæti þarf ekki annar að gera það og þó ein mistök séu gerð réttlætir það ekki að þau séu gerð tvívegis. Þetta gengur náttúrlega ekki, að menn séu að leggja margvíslega skatta á þjóðina og geri ekki Alþingi grein fyrir þeim og þeir koma ekki hér til umr. Það getur ekki gengið við fjárlagagerðina. Ég held að allir hv. þm. eigi að geta skilið það. Og ég óska eftir því við hæstv. fjmrh., að ég fái skrá yfir alla þá skatta sem hann telur að séu utan fjárlaga. Það er stóralvarlegt mál ef það er rétt að með sérstökum lögum sé hægt að innheimta margvíslega skatta sem ekkert eftirlit er haft með, hvorki af ríkisendurskoðun né öðrum, þessir skattar komi ekki inn í ríkisreikning og ekki inn í fjárlög og gleymist þannig utan við þann ramma sem við erum hér að tala um. Það má vera að þessum tveim hv. þm. þyki það vera til fyrirmyndar, en mér þykir það ekki og lít ekki á þetta sem gamanmál.

Ég sakna þess, herra forseti, að iðnrh. er ekki hér. Er hann í húsinu? Ég spurði hvort hæstv. iðnrh. væri í húsinu? (**Fjmrh:** Hann mun vera farinn.) Hann mun vera farinn. Þá verð ég að biðja um að skilaboðum sé komið til hans. Í þingræðu fyrr í vetur lýsti hann því yfir, að sig vantaði stuðning til að geta komið í framkvæmd á næsta ári framkvæmdum við raflínur víða um land, hrundið sveitarafvæðingunni í framkvæmd. Ég man að hann hafði orð á því í þessum ræðustól, að sig vantaði 300 millj. kr. til að ljúka rafvæðingunni fyrir norðan, þ. e. á Melrakkasléttu, og lofaði að ef tækist að útvega þetta fé mundi ekki standa á honum að leggja línuna. Ég skildi hann þannig. Hann sagðist hafa gert tillögu um þetta sem iðnrh. Nú hefur hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson flutt hér till. um framlag til sveitarafvæðingarinnar og raunar tvær, aðra til vara. Varatill. er um 300 millj. kr. hækkun á þeim lið sem hæstv. iðnrh. talaði um fyrr í vetur að sig vantaði stórlega til að geta staðið við ætlunarverk sín, sem hann hefur raunar í sumun tilvikum gefið fyrirheit um. Ég vil nú mælast til þess, að flokksbróðir hans og ráðh. bendi honum sérstaklega á þessa till. og minni hann á að hún sé í samræmi við þær óskir sem hann lét í ljós í ræðustólnum hér fyrr í vetur þegar hann svaraði fsp. varðandi rafvæðingu Melrakkasléttu. Hann hefur sem sagt tækifæri til að standa við orð sín. Hér eru ótal hendur sem vilja hjálpa honum að kippa þessu í lag. Ég efast ekki um að hæstv. iðnrh. muni vilja standa að því máli sem hann hefur sjálfur haft frumkvæði að gefa fyrirheit um.

Í heimildargrein í till. fjvn. segir í fyrsta lagi, að ríkissjóði sé heimilt að ábyrgjast með einfaldri ábyrgð lán er Akureyrarkaupstaður kynni að taka til byggingar tengiálmu við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri.

Þetta mál er þannig vaxið, að þegar tillögur komu frá heilbrrn. um skiptingu á fé til sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva var gert ráð fyrir að til Akureyrar rynni 1 milljarður 331 millj. kr. Í meðferð fjvn. var þetta skorið niður í 1 075 millj. kr. Nú er mönnum það kannske ekki kunnugt, en þó hefur þetta mál oft borið á góma og sannleikurinn er sá, að í heilbrigðismálum á Akureyri ríkir mikið neyðarástand. Fyrst og fremst eru daggjöldin ákveðin allt of lág. Ég veit ekki betur en þar vanti nú 600—700 millj. kr. sem þarf að útvega fyrir áramótin til að bæta úr brýnustu rekstrarfjárþörfunum, greiða fólki laun o. s. frv. Það væri nú fróðlegt að fá upplýsingar um hvort það væri víðar í sjúkrahúsum sem svo stæði á að hundruð milljóna skuldir hrönnuðust upp og víðar í ríkisstofnunum, en hæstv. fjmrh. ætlaði sér í staðinn að hrósa sér af því að skila tekjuafgangi um áramót. (Gripið fram í.) Það er ákveðið af opinberum aðilum hvernig daggjöldin eru. Á fundi sem forráðamenn Akureyrar áttu með fjmrh. og heilbrrh. fyrir skömmu voru þessi mál tekin til umræðu og annar þessara hæstv. ráðh. eða báðir lýstu þar yfir áhuga sínum á því, að ef sveitarélög tækju lán til þess að flýta fyrir því, að sjúkrahús eða heilsugæslustöðvar yrðu tekin í notkun, mundi vera heimilt að láta lánsfjárkostnaðinn falla á ríkissjóð, eins og t. d. um skóla og þarna var upplýst. Í þessari heimildargrein er ekkert tekið fram um þetta. Ég vil því spyrja hæstv. fjmrh. hvort ekki sé réttur sá skilningur minn, að ríkið muni taka á sig lánsfjárkostnaðinn að sínum hluta ef til þess kemur að Akureyrarbær tekur lán til að ljúka tengiálmunni við sjúkrahúsið. (**Fjmrh.:** Það er rangur skilningur.) Er það rangur skilningur? Hæstv. fjmrh. ætlar þá að láta annað koma fram gagnvart sjúkrahúsum en skólum. Ég held ég verði þá að flytja skriflega brtt. við þennan lið. Ég hef annars á þskj. 337 flutt brtt. um það, eins og fram kemur, að þetta verði hækkað. Ég hefði verið til viðtals um að draga þá brtt. til baka ef fram hefði komið frá hæstv. ráðh. afdráttarlaus yfirlýsing um að ríkissjóður mundi taka á sig lántökukostnaðinn, eins og orðað var að kæmi til greina á þeim fundi sem haldinn var með forráðamönnum Akureyrar. Úr því að hæstv. fjmrh. getur ekki hugsað sér það verð ég að leggja fram skriflega brtt. og mun gera það síðar á þessum fundi.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Mér þætti vænt um ef heilbrrh. heyrði mál mitt því að ég mun nokkuð koma inn á málaflokk sem undir hann heyrir.

Það gerist að sjálfsögðu við fjárlagaafgreiðslu að staðaldri, að stjórnarandstæðingar bera fram till. sem

þeir vita að menn eiga erfitt með að fella. Að sjálfsögðu er það svo, að seint næðist samstaða um að koma fram fjárlögum ef hver og einn yrði ekki að sjá á bak allmiklu af því sem hann gjarnan vildi koma á framfæri. Hitt er svo annað mál, að þegar manni finnst að um hreina sóun fjármuna sé að ræða getur reynst erfitt að verja þá skiptingu sem á sér stað.

Ég vil í þessu sambandi geta þess, að í höfuðstað Vestfjarða, á Ísafirði, hefur verið í byggingu heilsugæslustöð og sjúkarhús samtímis. Það er búið að verja miklu fé til þessara framkvæmda án þess að nokkur hluti byggingarinnar sé tekinn í notkun. Það hefur nú gerst að sú fjárveiting sem er á fjárlögum, 330 millj., dugir alls ekki til að ná þeim áfanga að heilsugæslustöðin geti tekið til starfa næsta haust eða á næsta ári. Hins vegar blasir það við, að ef um 100 millj. meira hefði verið varið til þessarar framkvæmdar hefði verið hægt að ná þessum áfanga.

Nú sýnist mér, að þessi mál séu komin í allmikla sjálfheldu í lokaumr. um fjárlög, og vil í því sambandi láta reyna á það til fullnustu, hver viljinn er til að leysa úr þessu máli eins og best getur orðið, miðað við þá stöðu sem það er komið í. Í því sambandi vil ég víkja að þeim þætti, að samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir ræður því að sjálfsögðu hvernig staðið er að útboði. Ef hún lætur standa þannig að útboði, að þessu verkefni verði lokið í febrúarmánuði 1982, og færir þannig hluta af verkinu fram yfir áramótin, væri hægt að leysa þetta mál þannig að aðeins yrði um tveggja mánaða seinkun á þessari framkvæmd að ræða. Ég fæ ekki betur séð en að með margvíslegum samningum og útboðum sé þessi nefnd mjög oft búin að binda hendur fjárveitingavaldsins í reynd og þess vegna sé hér ekki verið að fitja upp á neinu sem ekki hefur margoft verið gert.

Hins vega leita ég mjög ákveðið eftir því, og mun hlusta á umr. hér fram eftir nóttu þar til þeim lýkur til að fá svör við því, hver vilji heilbrrh. eða fjmrh. er í þessum efnum, hvort hann mun í þessum stól lýsa því yfir að hann sé reiðubúinn að standa svona að framkvæmd verksins.

Mér eru heilbrigðismálin á Vestfjörðum mikið alvörumál vegna þeirrar sérstæðu stöðu sem þau eru í. Það hefur ekki tekist að skipa héraðslækni fyrir Vestfjarðalæknishérað vegna þess að enginn læknir hefur verið skipaður við heilsugæslustöðvar á Vestfjörðum. Þeir hafa aðeins verið settir þar til starfa örstuttan tíma í einu. Höfuðástæðuna fyrir því ástandi tel ég vera þá að starfsaðstaðan í höfuðstað Vestfjarða er að þeirra mati allsendis óviðunandi. Í umr. fyrr á þessu þingi um þessi mál kom það fram, að hæstv. heilbrrh. vonaði að á þessu ástandi gæti orðið breyting til batnaðar. Ég tók orð hans svo, að vonir hans byggðust á því, að með bættri aðstöðu á Ísafirði mundu líkurnar aukast á því að þar fengist skipaður læknir til starfa við heilsugæslustöðina.

Það er rétt í þessu sambandi að minna á það, að út af Vestfjörðum eru gjöful fiskimið og inn Ísafjarðardjúp leita oft togarar með slasaða menn til að koma þeim á sjúkrahús. Mikinn hluta ársins er þessi staður svo einangraður að ekki er um aðra leið að ræða til að koma sjúklingum suður en að flytja þá með flugvél. Þannig hefur verið reynt að leysa þessi mál þegar ekki hefur verið hægt að veita þessum mönnum nægilega aðhlynningu á sjúkrahúsi á Ísafirði.

Ég held að það væri hollt fyrir menn að hugleiða hvort þeir sjálfir vildu eiga einhvern af sínum nánustu í þeirri aðstöðu sem þarna er um að ræða. Ég vænti þess, að ekki þurfi að hafa um það langt mál. Ég vænti þess, að öllum sé ljóst að Vestfirðir eru í algjörri sérstöðu hvað þetta snertir. Þetta er eina læknishéraðið á Íslandi þar sem ekki hefur verið hægt að skipa héraðslækni af þeim ástæðum sem ég greindi hér áðan.

Ég ætla þá ekki að fjölyrða um þetta frekar, en endurtek það sem ég sagði hér áðan, að ég ætla að sitja hér fram eftir nóttu og mun hlusta grannt eftir þeim svörum sem gefin verða við þeirri málaleitan sem ég hef hér haft uppi og tel að geti verið sú eina jákvæða lausn á því máli sem ég hef rætt.

Þá vil ég víkja örfáum orðum að skattvísitölunni. Ég mun nálgast hana út frá því sjónarmiði sem kom fram í ræðu minni hér á þinginu í fyrra um framfærsluvísitöluna.

Það blasir við og allir, sem vilja vita það, eiga auðvelt með að átta sig á því, að framfærsluvísitalan er mjög misjöfn eftir því hvar menn búa í þessu landi. Þetta kemur þannig út í reynd, að ráðstöfunartekjur þeirra tekjulægstu, sem búa á þeim svæðum þar sem framfærsluvísitalan er há eru miklu minni en hinna, sem búa þar sem framfærsluvísitalan er lág. Það væri ekki óeðlilegt að óska eftir því, að ráðh. lýsti þeirri skoðun sinni, hvort hann telur að við svo búið megi standa öllu lengur, hvort það sé ekki eitt af því sem þurfi að liggja fyrir, hver framfærsluvísitalan sé á hinum ýmsu stöðum á Íslandi, svo hægt sé að ákveða skattvísitölu.

Það er hart að hlusta á það í fjölmiðlum, að það fyrsta, sem mönnum dettur í hug þegar talað er um hina miklu þjóðflutninga sem enn eiga sér stað í þessu landi, er hið mikla óréttlæti sem eigi sér stað í atkvæðisrétti hjá Íslendingum. Umræðurnar um það, hvaða óréttlæti standi á bak við þessa miklu þjóðflutninga, fara ansi hljótt. Menn vilja helst ekki ræða það. En það er nú einu sinni svo, að það getur verið að margur verkamaðurinn úti á landi þurfi bæði að vinna eftirvinnu og næturvinnu til að eiga möguleika á sömu tekjum fyrir sjálfan sig og sá sem aðeins þarf að vinna dagvinnu þar sem framfærsluvísitalan er lægst. Ég held að við komumst ekki undan því, ef við viljum að við séum teknir alvarlega þegar við tölum um jöfnuð og réttlæti, að taka ábyrgari afstöðu til þessara mála en gert hefur verið.

Ég hefði gjarnan viljað hafa hér umræður í lokin um sveitarafvæðinguna. Hins vegar stendur svo á, að iðnrh. er ekki viðstaddur. Ég vænti þess, að þá gefist tími til að taka þau mál upp á þinginu í vetur til umr., eða a. m. k. vona ég það, því að það er eitt af þeim málum sem brenna hvað heitast á þeim mönnum sem ekki njóta þeirrar aðstöðu að hafa rafmagn. Mér er ljóst að í þeim efnum er sú lausn ein ekki algild, að það eigi að leggja línur til þessara bæja frá almenningsrafveitum. Vegalengdir í sumum tilfellum eru orðnar það miklar. En ég held að þá sé eðlilegt að gerð sé áætlun um að leysa það mál með heimarafstöðvum, hvort sem gripið verður til vatnsaflsstöðva eða hannað verður kerfi þar sem bæði eru notaðar vindrafstöðvar og dísilvélar til að fá lausn í þessum efnum.

Það hefur verið siðvenja, skilst mér, hér á Alþingi að nota næturfundi til að ræða um fjárlög. Vel má vera að erfitt verði að forðast það, að einhver hluti fjárlagaumr. fari fram á næturfundi, en ég held að það sé ósiður mikill að hefja slíkan fund kl. 9 um kvöld. Ég vænti þess, að mönnum sé ljóst að það eru hálfgerð myrkraverk að

þurfa að standa í umr. um þetta e. t. v. fram undir morgun vegna þess að menn hafa talið að málþóf og fsp. eigi meiri rétt á sér um miðja daga, en aðallög þingsins eigi að ræða á næturfundi.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Það er mikið rætt um dýrtíð og hækkandi verðlag um þessar mundir og manni ætti því ekki að koma á óvart þótt fjárlagadæmið fái hærri og hærri niðurstöðutölur með hverju ári sem líður. Ég hef lítils háttar borið saman síðustu fjárlög, sem stjórn Geirs Hallgrímssonar gekk frá á Alþingi, og þau fjárlög, sem hér liggja fyrir, og hækkunin er nálægt því að vera fjórföld frá 1978 til þeirra fjárlaga sem eiga að gilda fyrir árið 1981. Nú væri ekkert við þetta að athuga, segja menn, ef hlutfallið milli þeirra málaflokka, sem fjallað er um, væri í réttu hlutfalli við nauðsyn þeirra verka sem verið er að fást við. Því miður sýnist mér að hér hafi farið allmjög úrskeiðis. Ég hef leitast við að finna hlutfall einstakra útgjaldaliða á fjárlagafrv. þessu núna og fjárlaganna frá 1978 og bera saman í hverju sú röskun væri fólgin sem þar hefur orðið. Segir það nokkuð um á hvaða vegi við erum stödd.

Það er ekki að sjá að það hafi nema í fáum tilvikum orðið hækkun á yfirstjórn mála í hinum einstöku ráðuneytum, en það er eftirtektarvert, að vissir þjónustuþættir hafa tekið á sig mesta hækkun. T. d. hafa tryggingamálin hækkað nokkuð og heilbrigðismálin mjög mikið. Þau voru 1958 6.7% af fjárlagaupphæðinni, en eru núna 7.5%. Ýmsir aðrir liðir, eins og ýmis lán ríkisins og vextir af þeim, voru árið 1978 2.4% af upphæð fjárlaga, en eru núna í þessu frv. að nálgast 4%, eða um 3.8%. *Hins vegar er það okkur öllum undrunarefni,* að ekki skuli vera mögulegt að halda í horfinu í þeim fjárveitingum sem varða mest atvinnuvegi landsmanna. Ég sé t. d. að það, sem kallað er „fjárveitingar til útvegsmála," sem voru 2.1% 1978, er fallið niður í 1.4% í þeim fjárlögum sem við erum núna að ganga frá. Á sama hátt er það með búnaðarmál, sem voru 4.6% af fjárlagaupphæðinni 1978. Þau hafa fallið niður í 4.1% í frv. sem við fáumst við núna. Ef litið er til iðnaðarmálanna standa þau í sömu hlutfallstölu af fjárlagaupphæðinni og var. Ég nefni þessa þrjá þætti af því að ég tel nauðsynlegast að sinna þeim og sinna þeim vel.

Ég hef ekki hugsað mér að ræða neitt að ráði um fjárlögin almennt, en það er einn þáttur þó sem mér finnst að ég geti ekki sleppt að tala um nokkur orð, og það er Vegasjóður.

Eins og öllum er ljóst hefur bensíngjaldið verið um *langt árabil einn veigamesti þátturinn í fjármögnun* Vegasjóðs. Árið 1980, á fjárlögum þessa árs, runnu til Vegasjóðs 38% af þeim tekjum sem ríkissjóður hafði af innfluttu bensíni. Á árinu 1978 var hlutfallið, sem Vegasjóður hafði af bensíngjaldinu 51%. Í fjárlagafrv. því, sem við ræðum nú um, fær Vegasjóður 37% af þeim tekjum sem ríkissjóður innheimtir af bensíninnflutningi og bensínsölu.

Áætlað er að tekjur af bensínsölunni verði 1981 um 43 milljarðar kr. eða rúmlega það. Á nýjustu áætlun, sem liggur fyrir á sérstöku þskj. núna, er áætlað að til Vegasjóðs renni 16 milljarðar af þessu eða — eins og ég sagði áðan — 37%. Ef við aftur á móti gætum haldið í sama horfi og 1978 gengju nú til veganna nærri 22 milljarðar kr. Ég hygg að ef við hefðum getað haldið því hlutfalli værum við nær því að komast áfram í vegagerðinni í samræmi við þær óskir sem við höfum sett fram margir hverjir, og þá nauðsyn sem er á því að hafa vegina í lagi.

Ég ætla þá ekki að hafa fleiri orð um fjárlögin almennt. Ég get um þessa þætti til að undirstrika að mér sýnist að við séum hér á rangri leið með fjárlagagerðina og rangri leið með skipingu þeirra fjármuna sem við ætlum að skipta upp til ýmissa þarfa í landinu.

En ég ætla aðeins að lokum að koma að brtt. sem ég stend að og flyt á þskj. 372 ásamt Agli Jónssyni. Ég tel mér skylt að gera það fyrir þá sök að mér er Búnaðarfélag Íslands viðkomandi þar sem ég á sæti í stjórn þess. Ég tel að starfsmönnum Búnaðarfélagsins hafi tekist að gera mjög traustar áætlanir um rekstur félagsins á árinu 1981. En þegar fjárlagafrv. birtist skorti þar nokkuð á að uppfylltar væru þær óskir sem fram voru bornar og ég tel að hafi verið mjög hóflegar og eðlilegar. Þá var gengið í það að ganga frá minnisblaði til fjárveitinganefndarmanna til að benda þeim á það sem úrskeiðis hafði farið, og mér til ánægju sé ég að nú hefur fjvn. tekið einn liðinn til leiðréttingar, sem var ofáætlaðar tekjur í tveimur liðum af starfsemi félagsins. Hins vegar voru tveir þættir sem þar hafa ekki fundið náð fyrir augum fjárveitingarnefndarmanna, en ég vil benda alþm. á og ber fram till. um að breytt verði.

Í fyrra tilvikinu eru það laun á vegum Búnaðarfélagsins, sem við Egill Jónsson leggjum til að verði hækkuð um 7 millj. 200 þús. kr. Það er komið til af því, að á því ári, sem nú er senn á enda, ákvað stjórnin að ráða sérstakan mann sem skyldi vera ráðunautur um hlunnindi.

Ég held að mönnum komi öllum saman um það, að það sé hið mesta nauðsynjaverk, ekki síst í hinum dreifðu *byggðum, þegar möguleikar manna* til að stækka bú sín og efla búskapinn eru rýrðir, að hafa þá möguleika á því að drýgja tekjur sínar með því að fullnýta þau hlunnindi sem landið á. Til þess var maðurinn og ráðinn. Hann hefur þegar hafið starf sem mönnum líst að muni leiða til aukinna hlunninda. Á ég þar sérstaklega við rannsóknir hans í sambandi við æðarvarp og æðarungauppeldi. Margt er það fleira sem honum er ætlað að gera, m. a. að vera bændum til ráðuneytis eða eigendum þeirra hlunninda sem rekin eru víðs vegar um landið. Einnig er það fyrirliggjandi verkefni að vera til ráðuneytis um nýtingu vatnasilungs sem víða er til og víða má enn þá rækta upp til nytja.

Til þess að Búnaðarfélagið geti staðið undir því að hafa ráðið þennan mann vantar það nokkurn veginn fullt stöðugildi, þó ekki alveg. Áður hafði Búnaðarfélagið örlítið brot úr starfsmanni til þessara starfa og því vantaði nú 0.88 af stöðugildi. Þetta er farið fram á í fyrri brtt. okkar Egils Jónssonar, að hlunnindaráðunautarinn verði viðurkenndur og fjármunir ætlaðir til að greiða honum laun.

Í öðru lagi var bent á það þegar vinna stóð yfir hjá fjvn., að starfsfé ráðunauta félagsins og búnaðarsambandanna hefði verið skorið niður um 43 millj. kr. Hækkun frá árinu áður var aðeins um 41.2% á þessu sérstaka starfsfé, sem er fyrst og fremst akstur og dagpeningar þegar þeir eru að heiman. Akstur hafur hins vegar hækkað um 74% og dagpeningar hafa hækkað um 57% á milli áranna 1979 og 1980. Það er því sýnilegt, að ef ekki verður komið til móts við Búnaðarfélagið að þessu leyti og gerð þarna á leiðrétting verður að draga saman mjög mikilvægan þátt í starfi ráðunautanna í landinu. Og það er alveg sömu sögu um það að segja og

um það að efla starf hlunnindaráðunauts, að það er aldrei meiri nauðsyn á að efla starf hinna almennu ráðunauta en þegar menn þurfa að búa við það að tekjur þeirra rýrni verulega nema þeim heppnist að búa betur að sínu en áður hefur verið.

Þess vegna eru þessar till. lagðar fram, að við væntum þess, að við getum fengið stuðning við þær.

Egill Jónsson: Herra forseti. Það komst einn af ræðumönnum fyrr í kvöld þannig að orði, að þetta fjárlagafrv. væri tímamótafrv. Þetta eru orð að sönnu. Þegar núv. ríkisstj. var mynduð var talað um að hin pólitísku dreifbýlisöfl hefðu sameinast um myndun þessarar ríkisstj. Því er ákaflega gagnlegt að virða fyrir sér hver hlutur hinna ýmsu þátta, sem snerta byggðina á Íslandi og þá sérstaklega dreifbýlið, er í þessari fjárlagagerð. Því hefur reyndar verið lýst hér af öðrum ræðumönnum Sjálfstfl. og er þess vegna ekki mikil ástæða til að ræða það nákvæmlega.

Ég vil þó í fyrstu benda á sveitarafvæðinguna, sem menn hefðu getað látið sér detta í hug út frá fyrri yfirlýsingum að fengi nú einhvern byr. Ég undirstrika þau orð sem komu fram hjá hv. þm. Halldóri Blöndal og hann hafði eftir núv. iðnrh. Hstv. iðnrh. fór hér í þingræðu alveg sérstaklega fram á liðsinni og styrk stjórnarandstöðunnar við að koma fram á Alþingi till. sem gerðu fært að taka þar til hendi. Nú eiga menn væntanlega eftir að sjá það í atkvgr., hvar þeir menn, sem eiga eftir rafmagni að bíða úti um sveitir Íslands, eiga helst stuðnings að vænta.

Það hefur verið skýrt í þessum umr. hver viðurgerningur núv. hæstv. ríkisstj. er við Byggðasjóð. Það væri gaman að minna þá framsóknarmenn, sem voru kjörnir á Alþingi úr Austurlandskjördæmi, á orð þeirra fyrir síðustu kosningar, þar sem þeir voru gjarnan að hafa það yfir, að með því að draga úr rekstri ríkisins mundi lækka fjárframlagið til Byggðasjóðs og hvort þetta væri stefna sjálfstæðismanna á Austurlandi. Það hefur hins vegar tekist við þessa fjárlagagerð að draga úr fjármagni til Byggðasjóðs þrátt fyrir að fjárlög og umsvif ríkisins hafi stórlega vaxið.

En það er sannarlega að fleiru að hyggja en þessu og þá ýmsu sem snertir byggðirnar og þá kannske ekki síst bændurna miklu áþreifanlegar en það sem ég hef nú tilgreint. Það er kannske kaldhæðni örlaganna að virða það fyrir sér, hver hlutur Búnaðarfélags Íslands er í sambandi við fjárlagagerð. Víst er um það, að sá tími var að Búnaðarfélag Íslands átti í hópi framsóknarmanna á Alþingi meiri liðveislu að fagna en hefur komið fram við þessa fjárlagagerð. Við Steinþór Gestsson höfum borið hér fram brtt. við tvo fjárlagaliði Búnaðarfélags Íslands. Þar er aðeins tekið það sem er langmikilvægast, en getur þó leyst verulegan vanda.

Það vantar á í miklu fleiri tilvikum og í ríkari mæli en till. okkar gerir ráð fyrir. Þannig vantar t. d. í þann kafla fjárlaganna, sem snertir búfjárræktarlögin, 150 millj. kr. — og reyndar mun meira vegna þess að þá upphæð vantar á fjárveitingu þessa árs. Það hefur verið leitað eftir því við landbrn. á síðustu mánuðum að fá þessa greiðslu, en það hefur ekki tekist. Þetta snertir einmitt hið sérstaka ræktunarstarf bændanna sjálfra í landinu, sem er það langódýrasta og hagkvæmasta sem er unnið á sviði búfjárræktar í þessu landi. Það er sannarlega vert að undirstrika það hér alveg sérstaklega, hvernig frá þessum málum er gengið í fjárlagafrv. og hvernig tekið er við óskum frá Búnaðarfélagi Íslands til leiðréttingar á þessum tölum.

En það er fleira sem vantar þarna inn í líka. Þá er athyglisvert að virða það fyrir sér einmitt að fjármagn vantar í þá liði sem snerta þjónustu við búnaðarsamböndin sjálf, sem kemur þá annaðhvort niður á því, að stórlega hlýtur að draga úr starfsemi þeirra eða þá að það verður að taka það fjármagn frá bændunum sjálfum.

Enn er ekki öll sagan sögð. Það er ekki langt síðan bændurnir í þessu landi fengu sinn félagsmálapakka. Hann var fólginn í því, að það átti að veita fjármagn af hendi hins opinbera til að greiða laun 60 afleysingamanna í landbúnaði, hliðstætt því og er gert víða í öðrum löndum, m. a. á Norðurlöndum. Núna er í fjárlögum fjárveiting að upphæð sem nemur 1/3 af þessum umsamda gjaldalið. Það er m. ö. o. hægt að hafa 20 afleysingamenn í staðinn fyrir 60 eins og var slegið föstu í félagsmálapinklinum. (**Fjmrh.:** Þetta kemur allt.) Já, þetta kemur allt. Ber að skoða þetta sem loforð frá hæstv. fjmrh.? Það vildi ég gjarnan mega flytja Búnaðarfélagi Íslands í morgunsárið. Ég get hins vegar frætt hæstv. fjmrh. á því, að í morgun höfðu forráðamenn Búnðarfélags Íslands ekki mikla von um að það fengist leiðrétting á þessum málum. Það mundi áreiðanlega bæði gleðja þá og mig ef mál hefðu skipast þannig á þessum degi að þeir fengju betri tíðindi, þegar búið væri að afgreiða fjárlög á morgun, en tölurnar í þeim eins og þær eru nú bera með sér. (**Fjmrh.:** Ég á við þar næsta ár.) Já, það getur verið að það kæmi á þar næsta ári ef þessi ríkisstj., sem er krækt saman með þeim hætti sem allir vita, verður farin frá völdum. Undir þeim kringumstæðum gætu góð loforð frá hæstv. fjmrh. haft trúverðugt gildi.

En þá kem ég að einum þætti þessara mála enn þá sem snertir alveg sérstaklega sveitirnar og aðstöðu þeirra í þeim efnum. Þá á ég við lagningu sjálfvirks síma. Í áætlun póst- og símamálastjórnarinnar frá því í nóv. s. l. var gerð tillaga um að fjárveitingar til þeirrar stofnunar næmu 9.7 milljörðum kr. Samkv. fjárlögunum er þessi tala um 5.5 milljarðar og hefur þannig verið skorin niður frá áætlun þeirrar stofnunar um 90%. Enn þá athyglisverðara er að virða fyrir sér hvar þessi niðurskurður á sér stað. Í áætlun stofnunarinnar er gert ráð fyrir að lagning sjálfvirks síma í sveitum landsins nemi 1.5 milljörðum kr. Í fjárlögum er þessi tala hins vegar ca. 1/2 milljarður og af þeim 4 milljörðum, sem skornir hafa verið niður, er einn tekinn úr sjálfvirka símakerfinu í sveitum landsins. Það er aðeins þriðjungur þeirrar upphæðar sem er í fjárlagafrv. Það er athyglisvert, að þar er nálega ekki um að ræða nein ný verkefni, heldur fyrst og fremst þau sem hafði verið gert ráð fyrir að vinna á s. l. ári og svo þar sem ekki verður komist hjá því að leggja síma í jörð vegna lagningar háspennukerfis.

Hér er um að ræða einn þann þátt í þessari fjárlagagerð sem hvað svartastur er. Í tillögum póst- og símamálastjórnarinnar var áætlað að leggja sjálfvirka síma umfram það sem er í fjárlögunum núna í fjóra sveitahreppa á Austurlandi. Einmitt þar eru símamál í sérstökum ólestri og þar er þjónusta sú lakasta sem gerist hér á landi. Annars vegar er þetta í Hjaltastaðarþinghá og í Tunguhreppi og hins vegar í tveimur hreppum í Austur-Skaftafellssýslu, Mýra- og Borgarhafnarhreppum. Í þeim byggðarlögum hagar þannig til, að símalínan liggur yfir Hornafjarðarfljót. Hún hefur ekki verið endurnýjuð

síðan hún var lögð þar yfir fyrir meira en þremur áratugum, m. a. vegna þess að menn hafa verið að vonast eftir því, að sjálfvirkur símí mundi leysa þetta kerfi af hólmi, en þá er jafnframt gert ráð fyrir að komið verði á radíósambandi yfir Hornafjarðarfljót. Bæði sveitarfélögin, sem ég hef nú sagt frá, þ. e. Mýra- og Borgarhafnarhreppur, höfðu boðið fram fjármagn að láni til þess að hægt væri að koma þessu verki áfram, og jarðræktarsamband byggðarlagsins hafði einnig heitið því að leggja til tæki sem ekki þyrfti að greiða fyrir fyrr en síðar, og reyndar höfðu fleiri boð komið sem auðvelduðu þessa framkvæmd. Það er af þessari ástæðu og þeirri miklu nauðsyn, sem hér er á ferðum, og líka til þess að undirstrika, hvað þessi þáttur er stórlega vanræktur í fjárlagagerðinni, að við Sverrir Hermannsson höfum lagt hér fram á þskj. 372 till. um fjárveitingar í þessa fjóra sveitahreppi á Austurlandi svo að unnt verði að leggja þar sjálfvirkan síma á næsta ári.

Ég lýk svo máli mínu, herra forseti. Ég sakna þess, að hvorki iðnrh. né heldur landbrh. skuli vera við þessa umr. því að það væri gagnlegt fyrir þá að fylgjast með því, ekki síður en aðra hæstv. ráðh., hver hlutur hinna dreifðu byggða og sveitanna er í þessari fjárlagagerð og hvernig fjárlögin snerta þá málaflokka sem þeir hafa þannig með höndum.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 375.) samþ. með 31 shlj. atkv.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Það kom fram hjá 10. þm. Reykv. í dag, fyrr í þessum umr., að Jóhannes Nordal seðlabankastjóri hefði skrifað merka grein, eins og hann komst að orði, um hvernig leysa ætti efnahagsvanda þjóðarinnar. Ég ætla ekki að gera þessa grein að neinu atriði í þeim fáu orðum sem ég ætla að segja hér, en trú mín er ekki meiri en það á umræddum seðlabankastjóra, að ef hann og hans vinnubrögð eiga að verða merkisteinn í efnahagskerfi þjóðarinnar bið ég hv. þm. að kynna sér rekstur sama manns á Landsvirkjun, en ég held að hann sé til skammar þeim sem að standa, sérstaklega þegar tekið er tillit til stöðu seðlabankastjóra í þjóðfélaginu, þar sem langtímaframkvæmdir eru unnar á skammtímalánum sem eru að koma raforkumálum þjóðarinnar í sjálfheldu. Þegar á að nota slíkar skyndilausnir við lausn á efnahagsvanda þjóðarinnar vil ég heldur þá stefnu sem ríkt hefur nú um nokkur ár hjá hvaða ríkisstj. sem verið hefur við völd.

En tilgangur minn með því að kveðja mér hljóðs er að þakka hv. fjvn. fyrir þær breytingar sem hún hefur gert á einum lið sem ég ásamt hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni flyt till. um. Þó að fjárveitingin hafi ekki aukist um þá upphæð sem við gerum till. um vil ég samt þakka bæði fjvn. og fjmrh. fyrir skilning á starfi Íþróttasambands Íslands. Framlag til þess er aukið í brtt. á þskj. 305 úr 197 millj., eins og stóð upphaflega, í 240 millj.

Þá vil ég einnig þakka fjvn. og hæstv. fjmrh. fyrir að hafa leiðrétt þau óhöpp, skulum við segja, sem komu fram í fyrstu till. hv. fjvn. og snerta Ólympíunefnd Íslands, en Ólympíunefnd Íslands hafði verið lækkuð úr 5.5 millj. í 4 millj. Hefur hún nú verið hækkuð aftur upp í fyrri upphæðina. Fyrir þetta vil ég þakka.

Herra forseti. Um leið vil ég draga til baka þá till. sem ég flutti ásamt hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni og snertir Íþróttasamband Íslands.

Að sjálfsögðu höldum við hinum till. inni. Ég bið hv. þm., sem til mín heyra, um að standa nú drengilega að þeim till. sem við gerum og snerta framlag til dagblaðanna, annars vegar það framlag, sem er á fjárlögum og nemur 170 millj. kr., og hins vegar þá heimildargrein sem við leggjum til að verði felld niður og heimilar ríkisstj. að kaupa dagblöð fyrir upphæð sem nemur líklega um 130 millj. kr. á ári. Samtals eru þessar till. um upphæð sem nam 300 millj. kr. En á móti gerum við aðrar till. sem ég vil leyfa mér að mælast til að verði samþykktar og fái hér góðar undirtektir. Það er till. um framlag til Stórstúku Íslands og till. um 100 millj. kr. viðbótarfjárveitingu til sjúkrahúsbyggingar á Ísafirði.

Ég gat um það þegar ég mælti fyrir síðarnefndu till., að ég hefði verið á ferðalagi um landið s. l. sumar og þar á meðal heimsótt Ísafjörð og kynnt mér bygginguna sem þar stendur, hálfkláruð, má segja, rétt rúmlega fokheld. Ég legg eindregið og mikla áherslu á að sú fjárveiting, sem við förum fram á til viðbótar til þeirrar byggingar, verði samþykkt. Sló mig hvað mest í þessu fagra umhverfi, sem Ísafjarðarbær er rammaður inn í, það lýti á hrífandi byggðarstæði að ólokin standa lengi mannvirki sem bæjarfélagið sjálft er að byggja upp á myndarlegan hátt í samráði við opinbera aðila. Ég tel afar slæmt ef bygging sjúkrahússins verður lengi í því ástandi sem hún nú er í þegar öðrum framkvæmdum þar í kring er lokið.

Ég tók líka fram að ég hefði ekki hingað til flutt margar till. við gerð fjárlaga, hvorki nú né áður, og síst af öllu nú þar sem ég geri fleiri till. um að fella útgjöld niður en ég geri till. um útlát. Ég hef ásamt meðflm. mínum að annarri till. ákveðið að vera enn þá léttari í kröfugerð en fram kemur á þskj. 303. Það er kannske óvenjulegt, en ég vil hér með sem flm. draga till. mína um viðbótarframlag til B-álmu Borgarspítalans til baka, það eru 40 millj., og leggja þeim mun meiri áherslu á framlag í sjúkrahúsbygginguna á Ísafirði. — Ef hæstv. forseti vildi vera svo vænn að taka það til greina. — Um leið bið ég hv. þm. um að taka eftir því, að við hv. þm. Matthías Bjarnason drögum þá till. til baka til að leggja aukinn þunga á óskir okkar um aukið framlag til sjúkrahúsbyggingarinnar á Ísafirði.

Ég hef ekki miklu við þetta að bæta. Ég held að aðrar till., sem við erum saman um að flytja, þurfi ekki frekari umræðu við. Ég vil þó að lokum fagna því, að hv. fjvn. hefur aukið framlag til Ungmennafélags Íslands samtímis því að gera till. um hækkun til Íþróttasambandsins og Ólympíunefndar. Ég tel þetta vera gott spor í rétta átt og skilning á þörfinni fyrir aukið framlag til uppeldismála. Ég vona að í framtíðinni vaxi sá skilningur.

Ég fagna því líka að hér er myndarlega aukið framlag til Íþróttakennaraskóla Íslands, sem ég vona að nægi til að koma því verkefni af stað, þó ég álíti að þjóðhagslega betra hefði verið að standa öðruvísi að. Ég geri ráð fyrir að þm. viti nokkurn veginn hvernig að var staðið um íþróttamannvirkin í Vestmannaeyjum, en þau voru keypt til landsins og sett saman hér heima. Sú framkvæmd öll var fullgerð á níu mánuðum og kostaði minna en það íþróttamannvirki sem búið var að teikna, en það íþróttamannvirki hefði verið mörgum sinnum minna og ófullkomnara. Ég vil geta þess, að þeim baráttumönnum, sem standa í broddi fylkingar um þessi hagsmunamál íþróttahreyfingarinnar, hefur engum, svo ég muni til,

enst aldur í baráttu sinni til að sjá verkefnunum lokið. En það er að sjálfsögðu von mín að hinum ágæta skólastjóra Íþróttakennaraskólans, sem til viðbótar við sitt starf sem skólastjóri hefur gerst sá ötuli baráttumaður sem raun ber vitni fyrir uppbyggingu Íþróttakennararskólans á staðnum, endist aldur til að sjá þennan draum sinn rætast. En við skulum ekki gleyma því, að Íþróttakennaraskólinn útskrifar æskulýðsleiðtoga og leiðtoga á uppeldissviðinu á hvaða stigi sem er, bæði í skólum landsins og úti í hinum frjálsu félögum. Fái sá hópur, sem þaðan útskrifast góða undirstöðumenntun kemur hann til með að hafa áhrif á hvern einasta Íslending, konu eða karl, á vissu aldursskeiði. Ég vona því að framlag til Íþróttakennaraskólans, sem ég tel vera myndarlega hækkað hér, verði enn meira á næsta ári, en undirstrika að þrátt fyrir þessi orð mín tel ég að meðan ekki er staðið að á sama hátt og staðið var að mannvirkjagerð í Vestmannaeyjum séum við á rangri braut í mannvirkjagerð og uppbyggingu á íþróttamannvirkjum.

Ingólfur Guðnason: Herra forseti. Það er árlegt verkefni menntmn. beggja deilda Alþingis að bera sameiginlega fram till. að úthlutun fjár sem Alþingi veitir á fjárlögum til heiðurslauna listamanna. Í því fjárlagafrv., sem hér er til umr., eru áætlaðar 27 millj. kr. til úthlutunar í þessu skyni. Nefndirnar hafa komið saman og gera á þksj. 304 till. um úthlutunina. Allir nm. beggja menntmn. standa að till., en Ólafur Þ. Þórðarson skrifaði undir með fyrirvara.

Á hinum sameiginlega fundi nefndanna nú fyrir nokkrum dögum var málið rætt og skipst á skoðunum og kom fram í umr. að ýmsir nm. telja ástæðu til að endurskoða stöðu þessa heiðurslaunaflokks og þá í sambandi við aðrar fjárveitingar til listamanna. Rætt var um að fjölga þeim listamönnum sem þessara heiðurslauna nytu, án þess þó að nm. færu út í mat á verðleikum hinna ýmsu listamanna sem til greina kæmu. Niðurstaðan varð þó sú, að n. hélt sig við þá ágætu tölu 12, eins og niðurstaðan hefur raunar verið hin síðari ár. Hins vegar voru nm. á einu máli um að margir verðugir stæðu utan heiðurslaunaflokksins. Nm. gera sér þó grein fyrir að einhvers staðar verða fjöldatakmörk að vera. Ber raunar að fagna svo lengi sem íslenska þjóðin á marga og góða listamenn sem verða nokkuð að bíða eftir að komast í sérstakan heiðurslaunaflokk listamanna. Svo lengi sem þeir aðilar, sem úthlutun eiga að annast, eiga í nokkrum vanda sökum margra verðugra eru íslenskir listamenn á réttri leið.

Tillaga nefndarinnar er um óbreyttan fjölda frá því sem var á þessu ári, þ. e. 12. Einnig gerir nefndin till. um að sömu menn og á þessu ári skipi heiðurslaunaflokkinn, en þeir eru: Ásmundur Sveinsson, Finnur Jónsson, Guðmundur Daníelsson, Guðmundur G. Hagalín, Halldór Laxness, Indriði G. Þorsteinsson, Kristmann Guðmundsson, María Markan, Snorri Hjartarson, Tómas Guðmundsson, Valur Gíslason og Þorvaldur Skúlason. Ætlar nefndin hverjum þeirra 2 250 000 kr.

Herra forseti. Mér þykir eðlilegt og sjálfsagt að umr. um listir sé ávallt vakandi og að þar séu menn ekki á eitt sáttir. En þar sem hér er hvorki tilefni né tækifæri til slíkra umr. mun ég ekki frekar en orðið er lengja starfstíma þessa þingfundar, en fyrir hönd menntmn. beggja deilda þingsins hvet ég til samþykkis till. nm. á þskj. 304.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Þessari 3. umr. fjárlaga fer væntanlega senn að ljúka. Tuttugu og einn ræðumaður hefur tekið til máls, og klukkan er farin að halla fjórar mínútur í fjögur. Ég stend nú aðallega hér upp undir lokin til þess að þakka hv. fjvn. fyrir vel unnin störf og þm. fyrir ágætar umr. og líka til að skjalfesta það í þingtíðindum, að ég hafi ekki verið sofnaður þegar hér var komið sögu.

Ég held að margt mætti hér tína til sem ástæða væri til að drepa á, en sé þó ekki ástæðu til þess vegna þess hversu fáir eru nú eftir uppistandandi. (**Gripið fram í:** Er ekki rétt að telja þá upp?) Já, það mætti nú gera, en ætli þeir verði ekki að koma sér á skrá með öðrum hætti.

Ég vil aðeins láta þess getið vegna fsp., sem kom frá hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni og var raunar beint til heilbrmrh., hvort ekki væri hægt að haga útboði á framkvæmdum á Ísafirði með þeim hætti að um verulega stóran áfanga yrði að ræða og hvort ekki væri hugsanlegt að yfirlýsing fengist hér við umr. í þinginu um þetta atriði, að hér er um að ræða mál sem er flóknara en svo að hægt sé að gefa einhverja einfalda yfirlýsingu um það. Sá aðili, sem annast útboð verklegra framkvæmda af hálfu ríkisins, er framkvæmdadeild Innkaupastofnunar í umboði fjmrn. og samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir, og það hefur verið venja, ef um hefur verið að ræða að bjóða út verk sem væri verulega miklu stærra en fjárveiting er á viðkomandi ári, að þá hefur verið leitað til fjvn. um samþykki til þess, því auðvitað er verið að lofa framlögum fram í tímann með því að gera bindandi verksamning með þeim hætti. Hér þurfa því margir aðilar um að véla, og ég held að það sé alls ekki við hæfi og ekki eðlilegt að neinar yfirlýsingar séu gefnar hér í umr. um þetta atriði, þó að auðvitað sé hins vegar sjálfsagt að taka málið til vinsamlegrar skoðunar og verður vafalaust gert, því að það er fleirum en hv. þm. ljóst, að þarna er mikið nauðsynjaverk á ferðum.

Annað atriði, sem ég vildi aðeins víkja að nokkrum orðum áður en ég lýk máli mínu, eru umr. um skattahlið frv. og tekjuhlið þess. Það er alveg rétt, sem hv. þm. Halldór Blöndal benti á áðan, að liðurinn eignarskattur einstaklinga í fjárlagafrv. hækkar býsna mikið miðað við fjárlög yfirstandandi árs. En auðvitað er skýringin á því ekki einfaldlega sú, að það standi til að herða skattheimtu eða auka hana. Þetta eru áætlunartölur og áætlunartölurnar eru miðaðar við gildandi skattalög, sömu skattalög og beitt var á s. l. ári, þarna verður engin sérstök breyting á. Hins vegar er það staðreynd, að í fjárlagafrv. fyrir árið 1980 var þessi tala verulega vanáætluð, og þess gætir þá auðvitað nú í samanburði milli ára, auk þess sem eignarskattur hækkaði talsvert mikið milli áranna 1979 og 1980 í krónum talið, fyrst og fremst vegna þess hvað verð á fasteignum hér á höfuðborgarsvæðinu hafði hækkað mikið milli ára og fasteignamat þar með.

Ég vil segja um tekjuskattinn, sem hér hefur líka komið nokkuð til umræðu, að það er greinilega talsvert mikill misskilningur á ferð hjá mönnum um þann skatt og kannske ekki að ástæðulausu vegna þess að þar eru lausir endar. Við verðum að játa það, stjórnarliðar, að við höfum ekki gengið frá tekjuskattsmálinu enn þá og þar hljóta því að vera nokkrir lausir endar. Eins og margoft hefur verið tekið fram hefur ekki verið hægt að ráðast í það að ganga frá tekjuskattsmálunum vegna þess að fullnægjandi gögn um álagningu á liðnu sumri hafa ekki legið fyrir og menn hafa einsett sér að fara í þessa

endurskoðun strax eftir áramót. Ég vil t. d. taka það fram, að þingflokkanefndin, sem tilnefnd var af þingflokkunum til að starfa í þessum skattamálum, hefur nánast ekkert gert og varla komið saman, og vil ég þó ekki kenna neinum einstökum um það út af fyrir sig. Þetta er bara staðreynd sem stafar af því að menn hafa verið að bíða eftir gögnum og ýmiss konar útskriftum og hafa beðið með að leggja vinnu í það þar til þau gögn lægju fyrir.

Það hefur mikið verið minnst á skattvísitölu í þessum umr. Ég held að það sé nú nokkuð klassískt viðfangsefni að deila um skattvísitölu í sambandi við afgreiðslu fjárlaga. Eins og kunnugt er, þá er skattvísitalan í þessu fjárlagafrv. miðuð við 45% tekjuaukningu milli ára, þ. e. skattvísitala hækkar úr 100 í 145, og skal fúslega viðurkennt að það er auðvitað í lægri kantinum miðað við það sem útlit er fyrir að kunni að verða raunveruleg tekjuaukning milli ára. En á móti kemur hitt, og það hefur kannske ekki komið nægilega skýrt fram hér í umr., að fjárlagatalan fyrir tekjuskattinn er ekki miðuð við þessa skattvísitölu, það er sem sagt ekki reiknað með fullum tekjum eins og skattalögin eru í dag og eins og skattvísitalan er. Þar skakkar 4 milljörðum kr. Ef fjárlagatalan hefði verið færð upp í fullu samræmi við þessa skattvísitölu og í fullu samræmi við núgildandi skattalög hefði tekjuhliðin í frv. hækkað um fjóra milljarða. (**FrS:** En af hverju er 7. gr. ekkert breytt?) Ástæðan til þess, að við höfum talið eðlilegt að hafa þetta svona, er sú, að þessi tekjuskattsmál eru enn til umr. og við teljum eðlilegt að það verði frekar skoðað hvaða breytingar á að gera á tekjuskattslögum og hvaða útgjöld það eigi að hafa í för með sér o. s. frv., en ekki að fara að kroppa í skattamálin á þessu stigi. En sem sagt, við reiknum með að miðað við núgildandi lög og þá skattvísitölu, sem er í frv., verði þarna slegið af sem nemur 4 milljörðum og það verði þá umræðuefni á næstu vikum að ganga frá því með hvaða hætti sá afsláttur á sér stað. Þetta vildi ég að kæmi hér skýrt fram, vegna þess að mér finnst margt, sem komið hefur fram hér í umr., bera vott um að menn hafi verið svolítið ruglaðir á þessu atriði.

Ég sé hér í þskj. nefndar ýmsar upphæðir í þessu sambandi. T. d. eru hv. þm. stjórnarandstöðunnar með töluna 6.5 milljarða, sem er tvítekin á sama blaðinu, og mér skilst að þeir séu þar raunverulega að tala um 13 milljarða. En þessar tölur eru byggðar á einhverjum misskilningi. Tölurnar eru einfaldlega þannig, að miðað við að allt væri reiknað á óbreyttum grundvelli hækkar álagningin um 13 milljarða, en raunverulegar innheimtutölur, sem er sú viðmiðun sem frv. grundvallast á, hækka ekki nema um 10 milljarða. Og þegar við erum svo búin að draga þessa 4 milljarða frá, sem ég var að nefna, hækkar þessi liður ekki nema um 6 milljarða.

Herra forseti. Ég gæti auðvitað vikið hér að fjöldamörgum öðrum atriðum, en þetta fannst mér mikilvægast að fram kæmi áður en umr. lyki. Ég lýk svo þessum orðum mínum með því að ítreka þakkir mínar til hv. fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 42. fundur.

Föstudaginn 19. des., kl. 4.30 síðdegis.

Minnsta mynteining við álagningu opinberra gjalda, frv. (þskj. 198, n. 360). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Þetta frv. barst fjh.- og viðskn. fyrir nokkrum vikum. Nefndin hefur beðið með afgreiðslu þess samkvæmt ósk einstakra nm. sem vildu láta kanna hvort í Nd. væri fylgi fyrir frv. Alþfl. um að fresta myntbreytingunni. Nú hefur komið í ljós að það frv. Alþfl. nýtur ekki fylgis í Nd. og myntbreyting verður hér um áramót. Þess vegna er nauðsynlegt að gera ýmiss konar tæknilegar ráðstafanir vegna hennar sem þetta frv. fjallar að hluta til um. Vegna þess mælir nefndin með því, að frv. verði samþykkt, svo að framkvæmd myntbreytingarinnar hvað þetta tæknilega atriði snertir geti verið með snurðulausum hætti.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Það er rétt, sem formaður fjh.- og viðskn. og frsm. sagði, að það komu fram óskir um að afgeiðsla þessa máls biði þar til séð væri hvort frv., sem lá frammi um að fresta myntbreytingunni, yrði samþykkt eða ekki. Við töldum eðlilegt að það mál yrði útkljáð áður en gengið yrði til afgreiðslu á þessu máli. Það hefur aldrei vakað fyrir mér a. m. k. og ég held engum að reyna að tefja framgang þessa máls eða hindra það. Við stöndum að því, að það nái fram að ganga, þótt við séum andvígir því, að myntbreytingin verði látin fara fram nú að þessu sinni, í þeirri óðaverðbólgu, upplausn og stjórnleysi, sem við er að glíma, og þeirri ógnarlegu efnahagskreppu — vil ég segja — og atvinnukreppu sem fyrirsjáanleg er við áframhaldandi setu núv. hæstv. ríkisstjórnar.

En það er eins og fyrri daginn, að hæstv. ráðh. mæta ekki hér og svara ekki fsp. þó til þeirra sé beint, t. a. m. fsp. sem hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson beindi áðan til hæstv. viðskrh., en fékk ekki svar við í Sþ. Ég hafði hugsað mér að bera þá fsp. fram hér til þess að spara tíma, af því að við erum venjulega fljótir að afgreiða mál hér, en hæstv. ráðh. er nú ekki inni svo að ég geymi það þá til 3. umr. málsins.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Fæðingarorlof, frv. (þskj. 288, n. 353, 291, 354). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Heilbr.- og trn. þessarar hv. deildar hefur haft til umfjöllunar frv. til 1. um fæðingarorlof, breyting á lögum um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari breytingum. Eins og hv. þm. er kunnugt gerir þetta frv. ráð fyrir því, að lögfestur verði lágmarksréttur fæðingarorlofs til allra

foreldra á hinum almenna vinnumarkaði auk þeirra sem heimavinnandi eru. Með því að lögleiða fæðingarorlof fyrir allar konur felur frv. þetta í sér þá meginbreytingu á rétti þessum, að heimavinnandi konur fá í fyrsta skipti fæðingarorlof. Gera má ráð fyrir að hér sé um að ræða um það bil 2000 konur á ári hverju sem nú öðlast fæðingarorlof í fyrsta skipti.

Gert er ráð fyrir því, að fæðingarorlofið greiðist úr lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins gegn framvísun vottorðs og sönnunar um launagreiðslur og atvinnuþátttöku viðkomandi, samkvæmt nánari reglum er ráðh. setur í reglugerð. Setning þeirrar reglugerðar verður, ef að líkum lætur, allvandasöm. Í því sambandi vil ég treysta því, að það verk verði unnið af fyllstu sanngirni og haft verði náið samráð við hagsmunaaðila, t. d. varðandi sjómannskonur, konur sem stunda nám með heimilisstörfum, konur sem stunda atvinnurekstur og ekki síst bændakonur.

Heilbr.-og trn. þessarar hv. deildar fyldist með umfjöllun frv. þegar það var til meðferðar í Nd. og sat á tveimur sameiginlegum fundum með nefnd Nd. En eftir að frv. kom frá Nd. hefur nefnd þessarar hv. deildar að sjálfsögðu haft það til meðferðar. Það verður að segjast eins og er, að tíminn hefur verið afskaplega naumur til að skoða þetta frv. e.t.v. eins og vert hefði verið. En nál. okkar hljóðar á þá leið, að við leggjum til að frv. verði samþykkt með brtt. sem flutt er á sérstöku þskj. Fjarverandi afgreiðslu málsins var Gunnar Thoroddsen.

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að gera grein fyrir þessari brtt, Og held ég geri það best með því að lesa hana upp, hún skýrir sig nokkuð sjálf.

Þetta er ákvæði til bráðabirgða, og það orðist svo:

„Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. skal Atvinnuleysistryggingasjóður ljúka greiðslu atvinnuleysisbóta í fæðingarorlofi samkv. lögum nr. 56/1975 til þeirra kvenna sem fæða fyrir árslok 1980. Verði greiðslan frá áramótum ekki lægri en samkv. lögum þeim sem taka gildi 1. jan 1981.

Lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins endurgreiðir Atvinnuleysistryggingasjóði þann kostnað sem af þessu leiðir eftir 1. jan. 1981. Einnig skal greiða þeim konum, sem ekki áttu rétt til fæðingarorlofs samkv. lögum nr. 56/1975 og hafa alið barn eftir 1. okt. 1980, fæðingarorlof frá 1. jan. 1981, að frádregnu tímabilinu frá fæðingu barnsins til 31. des. 1980."

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta frv. Það er einlæg von okkar nm., og ég veit að það er einlæg von allra hv. þdm., að þetta frv. nái fram að ganga fyrir hátíðar.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Á þskj. 291 flutti ég tvær brtt. við frv. um fæðingarorlof.

Heilbr.- og trn. hefur rætt þessar till. og niðurstaðan hefur orðið sú, að komið er að fullu til móts við þau sjónarmið sem fram koma í síðari brtt. minni, og dreg ég því þá till. til baka. Hvað varðar fyrri till. þá skora ég á hv. þm. að samþykkja hana. Það er till. um að greitt verði lífeyrissjóðsgjald og orlof af því fæðingarorlofi sem fyrirhugað er að greiða. Till. mín er alveg í samræmi við kröfur alþýðusamtakanna um þessi mál, kröfur sem ekki náðust fram í samningum við ríkisvaldið, kröfur sem eru vissulega réttlætismál og við höfum rætt hér á fyrri fundum. Ég vona að hv. þm. samþykki þá till. og komi til móts við það fólk sem nú fær fæðingarorlof.

Öllum er ljóst að málum er þannig háttað hvað varðar félagsmenn BSRB, að þeir njóta þessara réttinda, og því er mjög eðlilegt að við samþykkjum þetta líka til handa þeim konum sem eru innan Alþýðusambands Íslands.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Það fer víst ekki fram hjá neinum að jólin eru í nánd, ekki heldur hér í þingsölum. Jólaösin er hér í hámarki. Það hefur hvarflað að mér stundum undanfarið þegar ég lenti á slysadeild einu sinni í jólaösinni. Ég lá þar á bekk inni í klefa, starfsfólkið þaut fram og aftur. Þá kom inn til mín hjúkrunarkona eða hún kom í gættina og spurði: „Ert þú Þórarinn?" Það geta allir farið nærri um hvert svar mitt var, en við skulum vona að málin hér á hv. Alþingi eigi ekki eftir að afgreiða þessu líkt vegna annríkis.

Það kom fram í ræðu hv. frsm. með nál., að báðar deildir hefðu þingað saman um þetta mál. Við fengum að vera nokkurs konar áheyrendur, nm. úr heilbr.- og trn. Ed., þegar þeir héldu fund um málið í heilbr.-og trn. hv. Nd.

Ég get ekki annað en látið í ljós að mér finnst vera fljótaskrift á afgreiðslu þessa máls, eins og kannske fleiri mála á þinginu nú. Þetta er svo viðamikið mál, að ég tel að það hefði þurft meiri umfjöllun og lengri tíma en raun ber vitni. Á þessa tvo sameiginlegu fundi heilbr.- og trn. komu ýmsir fulltrúar launþegasamtakanna, Vinnumálasambands samvinnufélaganna og Stéttarsambands bænda, en kannske vegna tímaleysis eða fyrir einhver mistök voru ekki boðaðir fulltrúar Vinnuveitendasambandsins. Þannig mætti ýmislegt telja upp sem er athugavert vegna tímaskorts.

Ég verð að viðurkenna það, að ég þekki e.t.v. ekki nógu vel þau lög sem fyrir voru, og að ég finn þess vegna meira fyrir þessum asa en þeir hv. þm. sem sátu á Alþingi og áttu aðild að því að fjalla um og samþykkja þau lög um fæðingarorlof og eru þess vegna betur inni í þessum málum. Það verður því að virða mér það til vorkunnar þó að ég hafi staldrað við nokkur atriði í þessu frv. og hefði gjarnan viljað skoða þau betur.

Það kom fram hjá hæstv. heilbrmrh., að hér sé nýlunda á döfinni með því að nú geti báðir foreldrar tekið fæðingarorlof. Það er rétt. En það hefur hvarflað að mér, hvort þetta hefði átt að gerast á kostnað móðurinnar, því að markmiðið hlýtur frekar að vera það að faðirinn fái fæðingarorlof án þess að orlof hennar þyrfti að skerðast fyrir það. Það er nú einu sinni svo, að heilsufarslega séð held ég að móðirin sé ekki of sæl af þessum þremur mánuðum, því að ekki getur faðirinn a.m.k. enn þá leyst hana af hólmi við að ganga með barnið, ala það eða fæða það á móðurmjólkinni, svo að staða þeirra er nokkuð ólík hvað þau atriði varðar. Hvað um það, ég tel að faðirinn hafi þörf fyrir samveru við barn sitt og gagnkvæmt og þetta er skref í þá átt, en ég vildi samt benda á þá skerðingu sem verður á orlofi móðurinnar ef faðirinn tekur sér fæðingarorlof.

Annað atriði vakti athygli mína. Nú er talað um og gert ráð fyrir að fæðingarorlof sé þrír mánuðir en í fyrri lögunum voru þetta 90 bótadagar, sem þýddi 18 vikur, en nú verða það 13 vikur. Ég hef að vísu fengið þá skýringu á þessu, að þetta geri ekkert til því að þetta verði hærri fjárhæð í peningum. Og kannske er það rétt, að tíminn sé peningar.

Við fengum í gær bréf frá Verslunarmannafélagi Reykjavíkur þar sem bent var á afbrigði sem hér var fjallað um áðan og brtt. væntanlega leiðréttir, svo að ég

er ekki að tala hér í þessu máli af því að ég sé á einhvern hátt óánægð. Ég geri það frekar til að láta í ljós að ég set í raun og veru allt mitt traust á þá þm., sem þekkja þetta mál, á þá aðila, sem sömdu frv., og þá aðila sem hafa fjallað um það, sem eiga að gæta hagsmuna okkar, svo að við séum ekki á „slysadeild" í þessu máli.

ATKVGR.

Brtt. 291,1 felld með 11:3 atkv.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.-4. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 354 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 181, n. 355). —2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Heilbr.- og trn. hefur haft þetta frv. til umfjöllunar. Nefndin leggur einróma til að frv. verði samþ., en Karl Steinar Guðnason skrifar undir með fyrirvara. Gunnar Thoroddsen var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Þetta frv. gerir ráð fyrir því að lögfestur verði sá hundraðshluti af launum, eða 2%, sem atvinnurekendur greiða til lífeyristrygginga. Það er aðalefni þessa frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Biskupskosning, frv. (þskj. 190, n. 362). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Hv. menntmn. hefur tekið frv. þetta til meðferðar og mælir með því að það verði samþykkt. Salome Þorkelsdóttir var fjarverandi afgreiðslu málsins. Frv. það, sem hér er um að ræða, er borið fram af menntmn. Nd. að ósk kirkjuþings og biskups Íslands, en frv. var samþykkt á síðasta kirkjuþingi, í nóvember 1980. Svo sem frv. ber með sér er að því stefnt, að ýmsar breytingar verði gerðar á lögum um biskupskosningu og gildi hin nýja tilhögun, ef frv. verður að lögum, um biskupskosningu á árinu 1981.

Lög um biskupskosningar eru frá árinu 1921 og hafa þau eigi sætt breytingum. Atkvæðisrétt í slíkri kosningu eiga þjónandi prestar þjóðkirkjunnar og guðfræðikennarar Háskólans. Tilnefna þeir þrjá menn sem biskupsefni, í þeirri röð sem þeim finns best við eiga. Rétt kjörinn biskup er sá sem fær 3/5 hluta atkvæða og eru úrslit þá bindandi fyrri veitingavaldið. Ef enginn fær þann atkvæðafjölda skal embættið veitt þeim þeirra þriggja sem flest atkvæði fær.

Ýmsar ástæður valda því, að tímabært er og raunar aðkallandi að mati kirkjuþings að taka lög þessi til endurskoðunar. Í fyrsta lagi eru ákvæðin eigi skýr um kosningarrétt í biskupskosningum, einkum vegna þess að eftir gildistöku laganna hafa ýmsir starfsmenn þjóðkirkjunnar bæst við sem eigi störfuðu þegar lögin voru sett. Það getur orkað tvímælis hvernig fari um kosningarrétt ýmissa þessara manna. Veltur það á skýringu á lögunum frá 1921, sem er talin vandasöm. Í þessu frv. eru ákvæði sem mundu koma að verulegu haldi ef lögfest yrðu.

Í öðru lagi hafa komið upp hugmyndir um það, að leikmenn fái atkvæðisrétt með nokkrum hætti í biskupskosningum. Í frv. þessu er lagt til að kjörnir leikmenn, sem sæti eiga á kirkjuþingi þegar biskupskosning fer fram, fái atkvæðisrétt við kosninguna svo og leikmenn í kirkjuráði þótt þeir séu ekki jafnframt kjörnir kirkjuþingsmenn. Enn fremur fái atkvæðisrétt einn leikmaður úr hverju prófastsdæmi, kjörinn af leikmönnum á héraðsfundum, en þó tveir úr Reykjavíkurprófastsdæmi. Vissulega er margra kosta völ í þessu sambandi, en hér ber að gæta þess að vænta má þess, að á næstunni verði tekin afstaða til stjórnunar og skipulagsmála þjóðkirkjunnar í heild sinni, þ. á m. um skipun biskupsdæma. Má ætla að það fyrirkomulag, sem nú er brotið upp á, verði nánar til reynslu og þykir þá rétt að víðtækari hlutdeild leikmanna í þessum kosningum bíði heildarendurskoðunar á stjórnunarmálum þjóðkirkjunnar ef því er að skipta.

Í þriðja lagi er svo þess að gæta, að ákvæði laga nr. 21 frá 1921 eru næsta fáskrúðug um kosninguna sjálfa og er þörf á ýmsum ákvæðum í því sambandi. Hefur frv. þetta slík ákvæði að geyma og er reynt að fella þau að þeirri kosningatilhögun, sem mörkuð er í lögum um kosningar til kirkjuþings.

Þetta frv. er komið til okkar óbreytt frá því sem það var lagt fram af menntmn. Nd., og sú nefnd lagði frv. fram í því formi sem kirkjuþing gekk frá því. Ég er einn af þeim sem mæla með samþykkt þessa frv. En ég get ekki látið þess ógetið, að mér hefði fundist koma mjög til greina að gerð hefði verið breyting á frv. Það varðar það hverjir hafi kosningarrétt við biskupskjör, og þá á ég við það sem viðkemur prestum. Í 2. gr. frv. er tekið fram að allir þjónandi prestar hafi kosningarrétt við biskupskjör. Þetta þýðir það, að prestar, sem ekki eru lengur þjónandi, hafa ekki rétt til biskupskjörs. Þetta þykir mér nokkuð varhugavert. Sú venja hefur skapast í íslensku þjóðkirkjunni, að prestar, sem hafa látið af embætti og eru ekki lengur þjónandi prestar, hafa rétt til að vinna ýmis prestsstörf. Þeir hafa rétt til þess að framkvæma hjónavígslu og þeir hafa rétt t. d. til þess að skíra börn. Ég tel að þetta sé mjög eðlileg tilhögun, enda notfærir fólk sér þetta óspart. Þarf ekki að skýra það nánar því að mönnum er það vel kunnugt.

En með tilliti til þess, hve frv. þetta er síðbúið — og nú er talið þýðingarmikið að fá það afgreitt fyrir jól, hef ég ekki hugsað mér að bera fram brtt. við það á þá leið, að allir prestar hafi kosningarrétt við biskupskjör, hvort sem þeir eru þjónandi eða ekki, hvort sem þeir eru embættismenn eða ekki. Ég hygg að það megi síðar bæta úr þessu. Ég fell ekki, þrátt fyrir þessa afstöðu mína núna við afgreiðslu frv., frá skoðun minni í þessu efni. Menn verða að gera sér grein fyrir því, að það er annað að vera prestur eða vera embættismaður, bara embættismaður.

Embættismaðurinn lætur af störfum þegar hann hefur náð hámarksaldri eða þegar hann óskar þess, og hann fær svo eftirlaun og þar með er það búið. En sá maður, sem er prestur, er prestur að eilífu, eins og Páll postuli sagði. Og ef við efumst ekki um orð Páls postula í þessu efni, þá hljótum við að vera á þeirri skoðun, að það sé í allra fyrsta lagi að taka kosningarrétt af prestum þegar þeir hverfa af þessum heimi.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Efri deild, 43. fundur.

Föstudaginn 19. des., að loknum 42. fundi.

Minnsta mynteining við álagningu opinberra gjalda, frv. (þskj. 198). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Fæðingarorlof, frv. (þskj. 364 (sbr. 288)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og endursent Nd.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 181). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 367).

Biskupskosning, frv. (þskj. 190). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 368).

Efri deild, 44. fundur.

Föstudaginn 19. des., að loknum 43. fundi.

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, frv. (þskj. 346 (sbr. 125)). — Ein umr.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Fjh.- og viðskn. þessarar deildar hefur fjallað um frv. í þeim búningi sem það birtist nú eftir eina breytingu sem gerð var í hv. Nd. Hún miðar að því að greiða fyrir flutningi lífeyrisréttinda opinberra starfsmanna. Mælir nefndin einróma með því að frv. verði samþykkt í þann veg sem það kemur hingað á ný.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 369).

Vörugjald, frv. (þskj. 345 (sbr. 229)). — Ein umr.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Þegar þetta mál var hér fyrr til umr. í hv. deild klofnaði hv. fjh.- og viðskn. í málinu. Meiri hl. hennar mælti með því að frv. yrði samþykkt, en minni hl. lagðist gegn frv. og lagði til að það yrði fellt. Kom sú afstaða fram í atkvgr. hér í deildinni. Þessi afstaða nefndarinnar og skipting er enn óbreytt. Þeir, sem stóðu að samþykkt frv. fyrr, mæla með því að það verði samþykkt með þeirri breytingu sem gerð var á frv. í Nd., en andstæðingar frv. eru áfram andstæðingar þess og mæla með því að það verði fellt.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Eins og kunnugt er hefur þetta mál gengið bæði gegnum hv. Ed. og Nd. En í Nd. var sú breyting gerð á frv., að sælgætisgjald var lækkað úr 10% í 7%. (**Gripið fram í:** Er það niðurtalning, hæstv. ráðh.?) Já, við getum kallað það niðurtalningu, það er vel við hæfi. A. m. k. færðist prósentan niður á við og er það áreiðanlega fagnaðarefni þeim sem harðast börðust gegn þessari skattlagningu.

Þegar frv. var fyrst lagt fram var gert ráð fyrir að það skilaði ríkissjóði í auknum tekjum um 3.4 milljörðum kr., í heild tæpum 4 milljörðum þegar við bætist það sem fyrir var í þessari gjaldtöku. Eftir að prósentan hefur verið lækkuð úr 10% í 7% lækkar gjaldið um 250 millj. kr. og mun því skila í auknum tekjum tæplega 3.5 milljörðum.

Vegna umræðna, sem áttu sér stað um málið í Nd., vil ég sérstaklega taka það fram, að tilvist þessa frv. og þessara væntanlegu laga er ekki á nokkurn hátt tengd aðlögunar- eða jöfnunargjaldi sem er allt annar skatt-

stofn og lagður á í allt öðrum tilgangi. Hér er fyrst og fremst um að ræða tekjuöflunarmál fyrir ríkissjóð og sú tekjuöflun verður að ganga fyrir sig alveg óháð því, hvernig hagað verður hugsanlegu 2% aðlögunargjaldi eða 2% hækkun á jöfnunargjaldi eða ígildi þess, eins og kveðið er á um í frv. um jöfnunargjald sem afgreitt hefur verið frá Ed. og er nú til meðhöndlunar í Nd. Það fé, sem inn kemur vegna þessa vörugjalds, mun renna í ríkissjóð eins og alltaf hefur verið og mun sem sagt ekki verða endurgreitt úr ríkissjóði til iðnaðarins. Þessi gjaldtaka mun standa alveg óháð því, hvernig til tekst um hækkun jöfnunar- og aðlögunargjaldsins.

Þetta vildi ég að kæmi alveg skýrt fram, svo að enginn misskilningur væri um þetta efni, vegna ýmissa ummæla sem féllu um málið í hv. Nd. í gær. En ég vænti þess, að deildin samþykki frv. eins og það liggur nú fyrir.

Frsm. minni hl. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Hv. frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. hefur skýrt nákvæmlega rétt frá því sem á fundinum fór fram, hver afstaða manna þar hefði verið, og ég þarf ekki að leiðrétta neitt af því sem hann sagði. Við erum andvígir þessu frv., sjálfstæðismennirnir og fulltrúi Alþfl., og leggjum til að það verði fellt. Þó að þessi litla breyting hafi verið á því gerð er það litlu betra, nánast má segja engu betra. Þetta er hið versta mál.

Við höfum auðvitað gert okkur fulla grein fyrir því sem hæstv. fjmrh. orðaði hér, að þetta er tekjuöflunarfrv. Þetta er fyrsta frv., eins og getið hefur verið hér í deildinni, — þetta er fyrsta frv. sem sér dagsins ljós af þeim efnahagsráðstöfunum sem er verið að boða. Þetta er verðbólgufrv., þetta er undirstrikun á því, að áfram eigi að halda hinni brjálæðislegu verðbólgustefnu sem þegar er að leggja atvinnuvegi landsins í rúst og fjármálakerfið allt. Þetta er eina vísbendingin sem við höfum fengið nú fyrir hátíðarnar um hvað fyrirhugað sé að gera. Það er undirstrikun á því, að það eigi ekki að verða stefnubreyting, það eigi að halda áfram að keyra áfram verðbólguna þar til atvinnuvegirnir eru í rúst, og lífskjörin fara auðvitað versnandi í hlutfalli við það. Það er athyglisvert að ríkisstj. skuli þó treysta sér til að marka stefnuna með þessu frv., hún lofar þó þingmönnum að vita af því, að allt það, sem hún er að hugsa, er í þessa áttina, í þessum farveginum. Og það var auðvitað drengilegt af hæstv. fjmrh. að upplýsa það hér, sem augljóst var, að þetta er tekjuöflunarfrv. Það á að halda áfram skattráninu, kjaraskerðingunni, verðbólgubrjálæðinu, stofna til atvinnuleysis og hruns atvinnuveganna. Þetta er ljóst. Og þeir þingmenn, sem leyfa sér að taka undir þessa stefnu með því að samþykkja þetta frv., ættu að hugleiða að frv. kemur ekki til með að gefa ríkissjóði nokkurn skapaðan hlut þar sem ljóst er að þegar nýi vísitölugrundvöllurinn kemur verður ríkið eitt að borga í launahækkanir allt það fé sem það fær inn, þar sem gosdrykkir og sælgæti koma til með að vega svo miklu þyngra eftir nýja grunninum heldur en hinum að það fæst aldrei eins reikningur út úr þessu. Mér hefur verið tjáð þetta af þeim embættismönnum, sem málið hafa athugað, og hef enga ástæðu til að ætla annað. Og eins og ég gat um við 2. umr. gengur það milli manna uppi í stjórnarráði, að augljóst sé að það þýði ekkert að vera að greiða niður mjólkina eftir að þetta frv. hefur verið samþykkt, það væri nær að greiða niður kókið og lækka niðurgreiðslur á mjólkinni, þannig væri kannske hægt að hemja verðbólguna.

En það er auðvitað þakkarvert, að ríkisstj. skuli þó segja Alþingi og þjóðinni allri með þessu litla frv. að stefnan skuli vera óbreytt, það eigi að halda áfram að snúa verðbólguhjólinu hraðar og hraðar með þeim afleiðingum sem ég áðan gat um. Það er ástæða til að undirstrika það við þessa lokaumræðu, að stefnan er mörkuð: áframhaldandi óráðsía, stjórnleysi og hrun á fjármálasviði og atvinnusviði.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki vera langorður fremur venju, en ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir þá hreinskilni sem hann sýndi þessari hv. deild núna þegar hann talaði. Þetta er alveg rétt hjá hæstv. ráðh. Hér er um nýja skattlagningu að ræða, eina af mörgum, sem hæstv. ríkisstj. hefur staðið að, og eina af mörgum, sem mun hækka skatta á næsta ári að raungildi um 20 milljarða kr. Það er gott að hv. dm. viti það þegar þeir eru að taka afstöðu til þessa máls, að í gær gerðist það að meiri hl. fjvn. ákvað að hækka tekjuáætlun fjárlagafrv. í eignarsköttum og tekjusköttum um 6.4 milljarða kr., þ. e. fram yfir verðbreytingar á milli ára. (**Gripið fram í:** Var það ekki í fyrrakvöld?) Það mun hafa verið seint í gærkvöld eða einhvern tíma í gærdag. Annars er hv. formaður fjvn. hér og hann ásamt sínum meirihlutamönnum var að möndla þetta, svo að hann veit betur um það en ég.

Ýmsir aðrir skattar hækka á næsta ári. Ég skal ekkert fjölyrða um það, en frá þessari tölu, 20 milljörðum að raungildi, sem stefnir í núna, er ég búinn að draga áformaða lækkun bæði á tollum og aðlögunargjaldi. Hér er því um að ræða nýjustu upplýsingar sem ég hef um raungildishækkun skatta á næsta ári.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég vil nú ekki lengja þessar umræður með því að standa í orðaskaki um fjárlög. En ég get auðvitað ekki látið ómótmælt þessum yfirlýsingum hv. þm. um að verið sé að hækka skattana um svo og svo mikið umfram verðlag, eins og kom fram hjá honum áðan, vegna þess að það er alls ekki réttilega tilgreint. Ég vil t. d. taka það fram í sambandi við þann skatt sem hér um ræðir, að vissulega hækkar hann miðað við verðlag frá því á seinasta ári. En við erum í raun og veru ekki að gera neitt annað með þessar breytingu en að færa skattinn til horfs og viðmiðunar við breytingar á verðlagi sem átt hafa sér stað á við skulum segja seinasta hálfa áratug eða liðlega það. Þessi skattur var miklu hærri fyrir tiltölulega fáum árum, og var jafnhár fyrir nokkrum árum, en hefur rýrnað mjög ört í verðbólguþróun seinustu ára. Þetta hefur verið svona, að við höfum tekið stalla í breytingum á þessum skatti, tekið okkur til öðru hverju og leiðrétt hann í samræmi við verðlag, og það er það sem við erum að gera núna.

Það er alveg rétt sem kom fram hjá hv. þm., að tekjuáætlun fjárlaganna hækkar núna. Ég veit eiginlega ekki heldur hvaða þingmaður það er, sem ekki átti von á því að tekjuhlið fjárlagafrv. hækkaði, eins og hún hefur gert öll undanfarin ár við 3. umr. fjárlaga. En það þarf ekki að vera að þar sé bara um að ræða hækkun umfram verðlag. Þar er fyrst og fremst um að ræða hækkanir miðað við breyttar aðstæður og miðað við nýjar upplýsingar um skattheimtu o. s. frv. En það ræðum við allt betur við umræðu um fjárlagafrv. Það er alveg rétt að tekjuskattur og eignarskattur og sjúkratryggingagjald hafa samanlagt verið hækkuð um 6 milljarða. En það er langt frá því að

hægt sé að skrifa það á reikning hækkunar umfram verðlag. Það er fjarri öllu lagi. En um það er rétt að ræða á síðara stigi.

Ég hef líka heyrt fullyrðingar manna um að launakostnaður hækki einhver reiðinnar býsn við álagningu samkv. þessu frv. Ég held að ekki sé heldur tími til að fara ofan í þá hlið málsins nákvæmlega. En ég get upplýst menn um það, að hækkun á eggjum, sem varð í nóvember, óvænt hækkun á eggjum á haustmánuðum, veldur líklega um 50% meiri launahækkunum í landinu en þessi hækkun, einfaldlega vegna þess að hún kom inn í vísitölu og hafði þar sín áhrif. Svo geta menn auðvitað reiknað það í milljörðum, hvaða áhrif þetta hefur. En þetta gildir nánast um alla skapaða hluti, að þeir eru auðvitað að meira að minna leyti inni í vísitölu, og allar hreyfingar á vísitölu, t. d. í þessu tilviki 0.24% — **(Gripið fram í:** 26.) Jæja, ég hélt að það væri 0.24%. Það eru 0.18 plús 0.6, 0.6 af sælgætinu og 0.18. Nú erum við búin að lækka sælgætið svo að það er sennilega aðeins minna. En allar hreyfingar af þessu tagi hækka auðvitað alla launasummuna í landinu í jöfnum takti, og það á ekki að koma mönnum neitt á óvart í þessu sambandi frekar en öðru.

Hv. þm. var hér með alveg nýjar upplýsingar fyrir mig um það, að gosdrykkir yrðu svo gríðarlega þungir í væntanlegum vísitölugrundvelli að þessi summa upp á 3.5 milljarða hyrfi eins og dögg fyrir sólu þegar nýi vísitölugrundvöllurinn væri kominn. Vel getur verið að þetta sé alveg rétt, ég hef bara ekki frétt af þessu fyrr. Það má vel vera að vísky og sódavatn sé orðið þyngsti vísitöluliðurinn eftir nýlega neyslukönnun. Ég þekki það ekki, en þó þykir mér það heldur ótrúlegt. **(Gripið fram í:** Þetta ætti nú ráðh. helst að vita.)

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki hafa hér uppi langt mál og þreyta hv. þdm. þó að ærið tilefni hafi gefist til af hálfu hæstv. ráðh. Hann hefur svolítið sinn sið í umræðum hér á hinu háa Alþingi. En ég vildi upplýsa hæstv. ráðh. um það — af því að hann virðist ekki vita það frekar en um gosdrykkina, hvað þeir vega þungt í vísitölunni — að áætlunartölur um innheimtu tekju- og eignarskatts í fjárlagafrv. hans voru reiknaðar þannig í frv. sjálfu, að þessi áætlun, sem er í fjárlögum í ár, var hækkuð um 42%, eins og verðlagsforsendur fjárlagafrv. eru. Umfram það ákvað meiri hl. fjvn., sjálfsagt í umboði ríkisstj., að hækka þessar áætlanir um 6.4 milljarða. Og það kalla ég umframverðlagsforsendur fjárlagafrv.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10:8 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 376).

Þingfrestun.

Forseti (Helgi Seljan): Þar sem ég geri ráð fyrir að þetta verði síðasti fundur þessarar hv. þd. fyrir jólahátíðina vil ég nota þetta tækifæri til að færa hv. þdm. mínar innilegustu jóla- og nýársóskir og þakka þeim ágæta samvinnu á þessu ári, samvinnu sem hefur verið mér til óblandinnar ánægju. Störf öll hafa gengið með þeim ágætum sem einkenna þessa ágætu hv. deild.

Sömuleiðis flyt ég skrifstofustjóra og öllu starfsfólki þingsins bestu jóla- og nýársóskir og þökk fyrir gott starf og samstarf í hvívetna.

Þeim hv. þdm., sem um langan veg eiga heim að fara, óska ég góðrar heimferðar og heimkomu og vænti þess, að við megum öll heil hittast á næsta ári.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Fyrir hönd okkar þm. í þessari hv. deild vil ég þakka hlý orð í okkar garð og góðar óskir. Ég tek undir þakkir forseta til starfsmanna þingsins og þakka honum frábæra og drengilega fundarstjórn og umburðarlyndi við okkur. Fyrir hönd okkar þm. hér í deild vil ég færa forseta og fjölskyldu hans bestu jóla- og nýársóskir og árna honum góðrar heimferðar og heimkomu. Ég vil biðja þm. að staðfesta þessar óskir með því að rísa úr sætum.

Forseti (Helgi Seljan): Ég þakka hv. 5. þm. Vesturl. fyrir hlý orð og góðar óskir í minn garð og fjölskyldu minnar, og hv. þdm. fyrir að taka undir þær. Ég endurtek um leið mínar innilegustu jólaóskir til allra hv. þdm. — Fundi er slitið.

Neðri deild, 41. fundur.

Föstudaginn 19. des., kl. 5 síðdegis.

Jöfnunargjald, frv. (þskj. 338 (sbr. 213), n. 347 og 359). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Guðrún Hallgrímsdóttir): Herra forseti. Nál. það, sem ég mæli hér fyrir, er um frv. til l. um jöfnunargjald. Fjh.- og viðskn. Nd. hefur rætt frv. og mælir meiri hl. hennar með því að það verði samþykkt með þeirri breytingu sem varð á frv. í Ed. og getið er um á sérstöku þskj. Einstakir nm. áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt.

Undir nál. rita hv. þm. Halldór Ásgrímsson, Matthías Á. Mathiesen, Ingólfur Guðnason og Matthías Bjarnason, Guðrún Hallgrímsdóttir og Albert Guðmundsson.

Frsm. minni hl. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Það hefur nú komið upp nokkuð furðuleg staða hér í þinginu. Við höfum staðið sameiginlega að því, Alþfl.-menn og fulltrúar Sjálfstfl. — a. m. k. í þessari hv. deild, ég veit ekki hvað þeir hafa gert í Ed. — að gagnrýna mjög harðlega skattastefnu núverandi stjórnvalda, bæði þá stefnu, sem kemur fram í lagasetningu, og ekki síður þá stefnu, sem kemur fram í framkvæmdinni.

Þegar kemur hins vegar að því að hækka gjald, óbeinan skatt eins og jöfnunargjaldið, þá gerist það furðulega í fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar, að þar taka fulltrúar Sjálfstfl. höndum saman við stjórnarliðið um þessa skattheimtu — og áttuðu sig ekki á því fyrr en undir lok fundarins að það væri kannske réttara að gera einhvern fyrirvara með undirskrift sinni á nál. Gerðu það þó, ég held þeir hafi ekki gert það í Ed.

Enn einkennilegra er þetta fóstbræðralag þegar á það er litið, hvernig skattur það á að vera sem verið er að heimila ríkisstj. að leggja á í ákvæði til bráðabirgða. Sagt er í ákvæðinu til bráðabirgða að það eigi að heimila

ríkisstj. að leggja á sérstakan viðbótarskatt, sem annaðhvort eigi að vera jöfnunargjald eða aðlögunargjald eða ígildi jöfnunargjalds eða aðlögunargjalds. Ég fæ ekki annað séð en að hæstv. ríkisstj. hafi talsvert frjálsar hendur um þessa skattlagningu, þegar hún má annaðhvort hafa þetta sem jöfnunargjald eða aðlögunargjald eða ígildi annars hvors gjaldsins, og Sjálfstfl., stjórnarandstöðuflokkurinn, sé nú að skrifa upp á óútfylltan víxil eða tékka til hæstv. ríkisstj. og setji henni algjörlega í sjálfsvald hvernig hún hyggist leggja á nýtt skattgjald. Hann selur henni sjálfdæmi um þá skattlagningu, Sjálfstæðisflokkurinn. Þetta þykir mér tíðindum sæta, því að slíkt sjálfdæmi hélt ég ekki að stjórnarandstöðuflokkar væru vanir að selja ríkisstjórnum.

Það er ekki nóg með þetta sjálfdæmi sem Sjálfstfl. felur ríkisstj., að hún megi sem sé leggja viðkomandi *gjald á eins og henni best kann að þykja, án nokkurs* samráðs við Alþingi. Það er ekki tekið fram í tillögugreininni, að hæstv. ríkisstj. þurfi nokkurt samráð að hafa — þ. á m. alls ekkert samráð við þm. Sjálfstfl. — um það, hvernig hún leggur gjald þetta á. Henni er selt algjört sjálfdæmi í því og hefur algjörlega frjálsar hendur. Sjálfstæðismenn hér á Alþingi telja sig geta treyst ríkisstj. fyllilega fyrir öllum slíkum verkum.

Og það er ekki nóg með það, heldur gerist það jafnsnemma að þeir sjálfstæðismenn selja ríkisstj. algjört sjálfdæmi í því, hvernig ríkisstj. kunni að ráðstafa þessu gjaldi. Að vísu er tekið fram að það eigi að vera til iðnþróunaraðgerða, en sjálfstæðismenn í fjh.- og viðskn. virðast ekki hafa neinn áhuga á því að fá að fylgjast með því, til hvaða iðnþróunaraðgerða eigi að verja tekjunum af þessu gjaldi. Ríkisstj. hefur algjört sjálfdæmi um hvað hún kallar iðnþróunaraðgerðir í þessu sambandi. Og skyldi nú ekki *ríkisstj. — eftir að hafa fengið svo víðtæka* heimild frá öðrum stjórnarandstöðuflokknum — telja sig standa báðum fótum í jötu hvað það varðar hvernig hún eigi að ráðstafa þessu gjaldi, sem Sjálfstfl. virðist ekki hafa neinn áhuga á að fylgjast með hvernig verður á lagt né hvernig verður ráðstafað? Þetta er alveg furðuleg framkoma af stjórnarandstöðuflokki eins og Sjálfstfl., sem mjög harkalega hefur gagnrýnt ríkisstj. fyrir skattastefnu hennar.

Á nál. á þskj. 359 kemur fram álit minni hl. fjh.- og viðskn. sem ég stend einn að. Eins og þar er sagt felur ákvæði til bráðabirgða, sem sett var inn í frv. í hv. Ed. og meiri hl. nefndarinnar leggur til að verði samþykkt, í sér *óskoraða heimild til ríkisstj. til viðbótarskattlagningar í* hvaða formi sem henni hentar, þar sem — eins og ég sagði áðan — ákvæðið tiltekur ekki einu sinni heimild til hækkunar á jöfnunargjaldi eða framlegningu aðstöðugjalds, heldur einnig til álagningar svonefnds ígildis þess, sem getur raunar verið hvað sem er.

Þegar þetta mál var fyrst rætt var þeirri hugmynd hreyft, og hún raunar sett á blað af stjórnarsinnum, að þeir buðust til þess, að ríkisstj. hefði samráð við fjh.- og viðskn. Alþingis og þ. á m. stjórnarandstöðuna um það, hvernig þetta gjald yrði lagt á, ef hún notaði sér heimildina, og hvernig því yrði svo ráðstafað. En Sjálfstfl. hefur fallist í faðma við stjórnarsinna og ekki talið neina þörf á að *þessir skilmálar, sem stjórnarsinnar þó buðust upp*haflega til að hafa í frv., væru settir þar inn. Sjálfstfl. afsalar sér m. ö. o. öllum möguleikum til að fylgjast með málinu þó svo að ríkisstj. hafi boðið það. Verður ekki annað sagt en að sá hluti Sjálfstfl., sem ekki var í ríkisstj., sé a. m. k. kominn með stóru tána inn í hana eftir þetta.

Ég vil aðeins vekja athygli á því, að þó svo að umrædd bráðabirgðaheimild sé sett og samþykkt gefur hún út af fyrir sig ríkisstj. ekkert frekara svigrúm til gjaldtöku en ríkisstj. — í kjölfar þeirra athugana sem væntanlega fara fram eftir áramótin á möguleikum á annaðhvort hækkun jöfnunargjalds, framlengingu aðstöðugjalds eða álagningu einhvers ígildis þessa — mundi hafa þótt hún legði slíkt frv. fram eftir jól, eftir að hún væri komin að niðurstöðu um hvað hún hygðist gera, fengi það afgreitt á Alþingi. Eini munurinn er raunar sá, að meiri hl. fjh.- og viðskn., þar á meðal hv. sjálfstæðismenn lýsa yfir að þeir telji ástæðulaust að Alþingi fjalli frekar um málið. Þeir eru reiðubúnir til þess að veita hæstv. ríkisstj. allar heimildir, bæði til gjaldtökunnar, til þess að leggja á þann skatt, sem ríkisstj. kærir sig um og talist getur ígildi *einhvers jöfnunargjalds eða aðstöðugjalds, og einnig að* hæstv. ríkisstj. hafi algjörlega frjálsar hendur um ráðstöfun á þessu gjaldi, svo fremi sem hægt sé að kalla þá ráðstöfun með einhverjum rétti ráðstöfun til iðnþróunar.

Annar stjórnarandstöðuflokkurinn lýsir því m. ö. o. yfir við afgreiðslu málsins, að hann telji með öllu óþarft, að Alþingi fjalli um nokkra svona skattlangingu eða nokkra svona fjármunaráðstöfun, og að hann fyrir sitt leyti treysti hæstv. ríkisstj. alfarið til að sjá fyrir því, án þess að hún þurfi að leita með málið með einum eða öðrum hætti til Alþingis.

Það er mín skoðun — eins og kemur fram í nál. — að gjaldtaka af þessu tagi, hvort sem hún á rétt á sér eða ekki, sé *til þess eins fallin að fresta ýmsum nauðsynlegum* og eðlilegum aðgerðum sem eru grundvallarforsenda farsællar og skynsamlegrar iðnþróunar. Menn hafa lengi vikið sér undan slíkum verkefnum, sem raunar skipta íslenskan iðnað miklu meira máli en einhver skattlagning sem síðan er hirt fé af til pólitískrar úthlutunar til einstakra iðnþróunarverkefna. Ef menn ætla að efla samkeppnisstöðu íslensks iðnaðar gera menn það með því að skapa honum lánamöguleika til jafns við aðrar atvinnugreinar, menn gera það með því að tryggja eðlilegan aðbúnað í gengismálum, menn gera það með því að taka upp virðisaukaskatt í stað söluskatts. Þetta eru raunhæfar aðgerðir til þess að gera íslenskan iðnað samkeppnishæfan við útflutning, en hitt, að fresta þessum aðgerðum stöðugt frá ári til árs og leggja í staðinn á alls konar skatta og gjöld og úthluta þeim svo pólitískri úthlutun til hinna og þessara verkefna, er ekki raunhæfur stuðningur við íslenskan iðnað. Það er löngu yfirlýst að hálfu iðnaðarins, að það eru slíkar aðgerðir sem bæði iðnrekendur og iðnverkafólk leggja fyrst og fremst áherslu á. Og það er löngu orðið ljóst, að slíkar aðgerðir eru tímabærar.

Þá hefur það furðulega einnig komið fram við athugun á þessu máli, að sá maður, sem hafði forustu fyrir nefndinni, sem á sínum tíma fór og fékk samþykki EFTA við svokölluðu aðlögunargjaldi, sem á að renna út um n. k. áramót, og fékk Efnahagsbandalag Evrópu til þess að þola slíka gjaldtöku án aðgerða gagnvart okkur Íslendingum, Ingi R. Helgason, hefur lýst því yfir, að hann treysti sér ekki til að fá þessa aðila til að samþykkja eða una hækkun á jöfnunargjaldi. Þessi maður ætti að tala *þar af mikilli þekkingu þar eð hann hafði forustu fyrir* þeirri nefnd sem fór á sínum tíma á vit þessara aðila og fékk þá til að umlíða og samþykkja aðlögunargjaldið.

Þessi sami maður, sem talar þarna af þekkingu, segist hins vegar treysta sér til að fá þessa aðila til að umbera

framlengingu aðlögunargjaldsins. M. ö. o.: hann vill ekki fallast á að unnt sé — öðruvísi en að við verðum látnir sæta efnahagslegum refsiaðgerðum — að hækka jöfnunargjaldið eins og lagt er til í ákvæði til bráðabirgða að ríkisstj. sé heimilt. Hæstv. viðskrh., sem einnig ætti að tala og talar af mikilli þekkingu um þetta mál, er hins vegar á þveröfugri skoðun. Hann segir, að það sé óðs manns æði að ætla sér að fara á flot með aðlögunargjaldið, og vill helst strika það orð út úr bráðabirgðaákvæðinu, en hins vegar komi til greina að hækka jöfnunargjaldið. Þarna fara þeir tveir menn sem ættu að hafa einna mesta þekkingu á þessum málum. Annar getur alls ekki samþykkt hækkun jöfnunargjaldsins, treystir sér alls ekki til að fara á flot með það. Hinn, ráðh. sjálfur, getur alls ekki samþykkt framlengingu aðlögunargjaldsins, getur alls ekki farið á flot með það. Það eina, sem þessir tveir menn — og þar með ríkisstjórnarflokkarnir — virðast vera sammála um, er ígildið. Ef ætti að fara eftir þeirra ráðum ætti því bæði að strika út orðið aðlögunargjald og orðið jöfnunargjald og skilja ígildið eitt eftir, sem sé að Alþingi heimilaði hæstv. ríkisstj. að leggja á ígildi. Sjálfsagt er það ígildi sem endanlega verður á lagt, hvernig svo sem það lítur út.

Ég er samþykkur því að framlengja jöfnunargjaldið óbreytt eins og það hefur verið. Mun ég því leggja til, eins og kemur fram í nál. mínu, að hv. Nd. fallist á frv. það sem hér er til umr., að undanteknu bráðabirgðaákvæðinu um aðlögunargjaldið, jöfnunargjaldið og ígildið. Ég legg til að það bráðabirgðaákvæði verði fellt.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Við fulltrúar Sjálfstfl. í fjh.- og viðskn. skrifuðum undir nál. Í því segir að einstakir nm. áskilji sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. Ég vil leyfa mér að lýsa hér brtt. við frv. frá okkur þessum þremur nm. Sjálfstfl. í fjh.- og viðskn. Hún er svohljóðandi:

„Aftan við ákvæði til bráðabirgða bætist:

Áður en ráðstöfun þess gjalds er ákveðin skal haft samráð við fjárhags- og viðskiptanefndir Alþingis."

Þetta mál höfum við rætt við nm. og sömuleiðis við hæstv. viðskrh., enda var strax ákveðið að flytja þessa till. þegar við gengum frá nál., vegna þess að við álítum að Alþingi eða þessar nefndir í báðum deildum eigi að hafa áhrif á það, hvernig þessum fjármunum er varið sem eiga að fara óskiptir til iðnþróunar. Hitt er svo annað mál, að ef skýlausar yfirlýsingar koma fram, þar sem á þetta er fallist, þá sé ég ekki ástæðu til fyrir okkur að halda fast við þessa tillögu. Við lítum þá á hana sem samþykkta og af þeirri ástæðu viljum við ekki tefja fyrir málinu með því að það þurfi að fara aftur til Ed.

Hv. frsm. minni hl. var eiginlega of fljótur á sér að tala um afstöðu okkar sjálfstæðismanna til frv. og líka að hafa um það orð, að við værum eiginlega orðnir stjórnarsinnar með því að samþykkja slíka skattlagning. Ja, mikið óskaplega göngum við langt í skattlagningu. Við leggjum til að ríkisstj. sé heimilt á næsta ári að leggja á til viðbótar allt að 2% jöfnunar- og aðlögunargjald eða ígildi þess, eins og segir í ákvæðum til bráðabirgða, enda renni tekjur af þessu viðbótargjaldið óskiptar til iðnþróunar í landinu. Við sjálfstæðismenn erum þeirrar skoðunar, að það veiti ekki af þessu fjármagni til iðnþróunar í landinu. Þess vegna flytjum við með fulltrúum stjórnarflokkanna þessa till., en berjum ekki höfðinu við steininn eins og hv. 3. þm. Vestf. gerir í þessu máli. Okkur er ljóst að iðnaðurinn á við erfiðleika að etja og þar þarf margt að gera. Við erum allir sammála um að halda áfram innheimtu jöfnunargjaldsins eins og það hefur verið. Það er aftur komið undir ríkisstj. hvort hún notar sér þessa heimild, hvort hún telur óhætt að nota hana vegna fyrri yfirlýsinga og samninga við EFTA.

Ég ætla líka að koma örlítið inn á þau atriði, en áður en ég geri það lýsi ég furðu minni á því, að frsm. Alþfl. í þessari nefnd skuli fjargviðrast hér yfir því, að við skulum leyfa okkur að vera með fulltrúum stjórnarflokkanna hvað þetta snertir. Og við séum því ekki stjórnarandstæðingar lengur, að mér skildist á honum. Þetta segir talsmaður flokks sem hefur hangið aftan í ríkisstj. í skattlagningu undanfarna daga, til að viðhalda ranglátu vinstristjórnarsköttunum sem þeir stóðu að því að leggja á haustið 1978. Og það hefur enginn þm. í Alþfl. gengið lengra í því að vera taglhnýtingur þessarar ríkisstj. en þessi hv. þm. sem var að ljúka máli sínu áðan. (Gripið fram í.) Hvað sagði hv. þm.? (**SighB:** Ég sagði: Við styðjum öll góð mál.) Já, ef hægt er að kreista eitthvað undan blóðugum nöglunum á launþegum í landinu, þá stendur ekki á Alþfl., ég veit það. (Gripið fram í.) Það, sem við erum að gera með því að samþykkja viðbótarjöfnunargjald er að styrkja stöðu iðnaðarins í landinu, renna styrkari stoðum undir iðngreinar og þar með stoðum undir atvinnu landsmanna, iðnverkafólks og annars verkafólks í landinu. (**SighB:** Hverjir borga?) Hver borgar skatta? Í fyrsta lagi þeir sem hafa tekjur. Ef fyrrv. fjmrh. vill vita það — þó að hann hafi ekki verið það lengi — þá borga þeir skattana fyrst og fremst sem hafa tekjurnar og borga skatt af tekjunum. Í öðru lagi borga þeir skatta sem eiga eignir. Og í þriðja lagi borga þeir skatta sem eyða miklu. Þeir borga mest. Þetta er örstutt kennslustund fyrir fyrrv. fjmrh., og ég á von á að þetta nægi honum fram að jólum. (**Forseti:** Það er ekki leyft samtal á fundinum.)

Ef við lítum á þetta mál, þessa heimild, þá vitum við að það eru uppi mismunandi sjónarmið. Annars vegar telja menn að búið sé að segja svo mikið, tala svo mikið á erlendum vettvangi við EFTA, við Efnahagsbandalagið, að okkur sé í rauninni ekki stætt á því að fara fram á framlengingu á jöfnunar- eða aðlögunargjaldi.

Ég undrast það, að fulltrúi Alþfl. skuli ekki sjá nokkurn sendimann, sem hann trúir til þess að fara til Brussel eða Genf, nema Inga R. Helgason. Það væri illa komið fyrir íslenskri þjóð ef Ingi R. Helgason dæi skyndilega. Við skulum vona að það komi ekki fyrir, en það getur komið fyrir okkur öll að detta niður án þess að hafa neinn fyrirvara á því. En þá væri illa komið, þá væri Alþfl. sennilega algerlega eitt rekald í þessu máli ef hann missti Inga. Mikið lifandi ósköp er nú illa komið fyrir sósíaldemókrötum á Íslandi! Ég veit að Ingi er greindur og gegn maður, og ég hef ekki nema gott eitt um hann að segja, en ég held að þessi þjóð eigi sem betur fer fleiri menn sem geta farið slíkar ferðir á okkar vegum. Það kastar ekki neinni rýrð á hæfileika Inga þó ég segi þetta. En Sighvatur Björgvinsson heldur, að hann sé eini maðurinn í þessu þjóðfélagi sem geti talað við þá hjá EFTA og EBE, og hefur miklar áhyggjur af því, að Ingi treystir sér ekki til að nefna við þá heitið jöfnunargjald.

Við vitum það, að sumir embættismenn setja sig í ákaflega þröngar skorður og þegar þeir eru búnir að vera í þessum sömu stellingum lengi eiga þeir oft bágt með að hreyfa sig. Eins er þegar menn sitja lengi og hreyfa sig

ekki, þá verður skrokkurinn stirður. Og sama er með andlegar hreyfingar, þær verða stundum stirðar þegar menn líta aðeins á hlutina frá einu ákveðnu sjónarmiði. Þegar menn verða svona stirðir, hvort sem það er í andlegum eða líkamlegum hreyfingum, verður að fá aðra, sem eru liprari í hreyfingum, til þess að vinna verkin.

Ég er ekkert hræddur við að skipta um menn til fara þessa sendiferð fyrir Íslands hönd. Ég tel að við þurfum ekkert að vera feimnir við EFTA, Fríverslunarbandalagið, þó að búið sé að segja að við höfum ætlað að vera búnir að aðlaga okkar iðnað þannig að þetta jöfnunargjald og aðlögunargjald hafi átt að vera fallið niður nú um næstu áramót. Við höfum margt okkur til afsökunar. Sumar ástæðurnar eru heimatilbúnar ástæður sem við getur ásakað hver annan fyrir eða jafnvel okkur alla. Við höfum búið við mikla verðbólgu sem hefur gert það að verkum, að þróun iðnaðar og uppbygging atvinnulífs hefur ekki getað farið fram með eðlilegum hætti. Við stöndum að mörgu leyti verr að vígi í samkeppni við aðra einmitt vegna þessarar miklu verðbólgu. Og við höfum ekki haft nægilega fjármuni til þess að móta iðnþróunarstefnu og fylgja henni eftir á tiltölulega skömmum tíma.

Nú segja menn: Það er sama og að vera með betlistaf í hendi að fara til þessara háu herra í Genf eða Brussel og segja að við ætlum okkur — við erum ekki að spyrja hvort þeir leyfi okkur að hækka jöfnunar- og aðlögunargjöld, heldur að við ætlum okkur og séum neyddir til að hækka jöfnunar- og aðlögunargjaldið. Þá segja þessir menn auðvitað: Ja, þið ætluðuð að hætta þessari innheimtu um þessi áramót, hvað eruð þið að koma? Þá spyrjum við Íslendingar að því, hver sé samkeppnisaðstaða ýmissa annarra þjóða gagnvart Fríverslunarbandalaginu. Hvernig stendur á því, að Finnar hafa lagt á álíka gjald ekki nú í skamman tíma, heldur allt frá árinu 1970? Það gjald hefur verið frá 1.4% upp í 6.9%, en mjög mismunandi eftir vörutegundum. Ég hef ekki þekkingu til að segja hvað þetta gjald er í raun og veru mörg prósent þegar við lítum yfir það í heild, en það er á þessu bili, 1.4—6.9%, og mér er ekki kunnugt um að þessa gjaldtöku eigi að leggja niður um næstu áramót.

Ég vil líka minna á annað og þá ekki síður vegna Efnahagsbandalagsins, vegna þess ótta sem er ríkjandi og kannske ekki að ástæðulausu um að Efnahagsbandalagið kunni að breyta tollasamningi okkar, jafnvel svipti okkur fríðindum að einhverju leyti eða hækki innflutningstolla af sjávarafurðum til Efnahagsbandalagslandanna. Það er ekki lítið fé sem sá tollasamningur gefur okkur. Ég hygg að það sé á þessu ári milli 11 og 12 milljarða. Þó að ég viti það ekki nákvæmlega er það ekki fjarri sanni. Það er ekki lítil búbót að hafa fengið bókun númer 6 í gildi á sínum tíma. Þegar við sömdum Bretana út úr landhelginni með sex mánaða fyrirvara, þótti það ekki mikils virði af sumum — m. a. þeim flokki sem hv. þm., sem talaði hér á undan mér, tilheyrir, — þá þótti þetta skítur á priki, en það er nú dálítið meira. Þetta skulum við líka hafa í huga.

Við skulum líka minna á stöðu Norðmanna í þessum efnum. Hvað gera þeir? Þeir styrkja sinn iðnað með háum styrkjum. Og það sem meira er og miklu erfiðara fyrir okkur eru hinir háu styrkir sem Norðmenn veita sínum sjávarútvegi. Það er stórkostlegt nám að setja sig inn í það flókna kerfi sem Norðmenn hafa á styrkveitingum sínum til sjávarútvegs, bæði til veiða og vinnslu sjávarafurða.

Við þessar aðstæður eigum við Íslendingar að keppa m. a. við Norðmenn um markað fyrir vörur okkar. Íslenskur sjávarútvegur hefur ekki nokkra fyrirgreiðslu eða styrk frá íslenska ríkinu, vegna þess að hér er um aðalútflutningsframleiðslugrein okkar að ræða, sem þetta litla þjóðfélag hefur ekki til skamms tíma getað tekið öðrum tökum, þótt kannske komi að því, þegar enn syrtir í álinn, að einhverjar slíkar ráðstafanir verði að gera og þá í sambandi við viðameiri efnahagsráðstafanir.

Ég gæti nefnt ýmislegt fleira í þessu sambandi máli mínu til stuðnings. Ég er ekki að flytja þessa ræðu til að afsaka það, að við fulltrúar Sjálfstfl. í fjh.- og viðskn. beggja deilda þingsins tökum undir og erum aðilar að þessari till., sem fjh.- og viðskn. flytur, að undanskildum einum manni. Fyrst og fremst gerumst við aðilar og stuðningsmenn þessarar till. af því að við teljum að íslenskt atvinnulíf þurfi á þessu að halda, við þurfum á þessu að halda til iðnþróunar, hverri krónu sem verður innheimt í þessu skyni. En það verður að vera mat ríkisstj. hverju sinni — hvort sem hún er góð eða slæm — hvort hún notar sér þessa heimild, hvort hún telur sér fært að nota hana. Og þá á hún auðvitað að gera það. Hún á að leggja sig alla fram um að nota þessa heimild og ná þessum samningum, því að það er til fjöldi af ágætum mönnum sem hægt er að senda í slíka samningaferð.

Ég ætla ekki að fjölyrða frekar um þetta. Það er mikið búið að ræða væntanlegar efnahagsaðgerðir hæstv. ríkisstj. Þar er þagað yfir öllu, og sennilega hefur ríkisstj. fulla ástæðu til þess, vegna þess að hún hefur sennilega ekki neinar efnahagsaðgerðir og er varla farin að hugsa neitt alvarlega, nema kannske þeir sem núna komast frá landinu. Þeir koma kannske til baka fullir hugmynda og sólbrúnir eftir áramótin. En vegna þeirra dularfullu yfirlýsinga hæstv. forsrh. um að við megum jafnvel eiga von á brbl., kynni svo að fara að það verði ekki brbl. um aðgerðir í efnahagsmálum, ég hugsa að það verði þá helst brbl. um að fresta áramótunum.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég held að ég geti ekki tekið undir það með hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni, að fært sé að fresta áramótunum með brbl., það þurfi að koma meira til.

Í sambandi við þær umræður, sem hér hafa orðið, vil ég segja nokkur orð áður en ég svara tilmælum hv. þm.

Ég vil geta þess, að jöfnunargjaldið var lagt á á sínum tíma til að jafna aðstöðu íslensks iðnaðar gagnvart samkeppnislöndum vegna þess að hann greiðir söluskatt. Eingöngu þess vegna. Sama var að segja um gjaldið í Finnlandi. Ástæðan fyrir því, að það er mismunandi á hinum ýmsu vörutegundum í Finnlandi, er að söluskatturinn er mismunandi. Og Finnar hafa sent EFTA sundurliðun á því, hvernig þetta jafnast upp með þeim hætti að söluskatturinn er jafnhár aðlögunargjaldinu í öllum tilfellum hjá þeim. Við höfum hins vegar ekki sent svona sundurliðun af okkar hálfu þó að við höfum 3% gjald, en það hefur verið látið gott heita.

Ég hef gert þessi mál að umræðuefni áður, bæði í Ed. og hér við 1. umr. fjárlaga, og hef af því nokkrar áhyggjur, að þegar ákveðið var að leggja á aðlögunargjaldið á sínum tíma voru gefnar yfirlýsingar af hálfu Íslendinga — bæði sendiherra, sendimanna, þingmanna og ráðherra — um að þetta gjald væri tímabundið og yrði ekki framlengt. Ég sé ekki ástæðu til að rekja öll þessi um-

mæli. Þó get ég ekki stillt mig um að lesa nokkur orð úr ræðu Einars Ágústssonar fyrrum utanrrh., en hann var einn af þeim sem fóru í sendiferðina sem farin var til EFTA-landanna til að tala fyrir þessu máli á sínum tíma. Einar Ágústsson sagði í þingræðu á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Annað atriði, sem mjög mikil áhersla var lögð á og ég legg höfuðáherslu á miðað við þann málflutning sem ég leyfði mér að hafa uppi í þessari ferð og við sem hana fórum, er að þetta gjald verði fellt niður í árslok 1980. Það er ekki hægt að fara fram á svona undanþágur á fölskum forsendum. Alþingi og ríkisstj. verða því á því eina og hálfa ári, sem til stefnu er, að gera aðrar ráðstafanir ef iðnaðurinn íslenski þarf þá." (Gripið fram í.) Það er ekki þægilegt að taka þátt í atkvgr., herra forseti, í Ed. í miðri ræðu. (**Forseti:** Liggur mikið við þar í efra? Þá geri ég örstutt hlé á fundinum meðan hæstv. viðskrh. gegnir skyldustörfum sínum þar.)

Herra forseti. Ég sný mér að því aftur að rekja ummæli Einars Ágústssonar fyrrum utanrrh. Hann sagði m. a.:

„Það er ekki hægt að fara fram á svona undanþágur á fölskum forsendum. Alþingi og ríkisstj. verða því á því eina og hálfa ári, sem til stefnu er, að gera aðrar ráðstafanir ef iðnaðurinn íslenski þarf þá enn á áframhaldandi vernd að halda. Það er ekki hægt að svíkja gerða samninga, það megum við ekki láta henda okkur."

Þetta er tilvitnun í ræðu sem Einar Ágústsson flutti á hv. Alþingi þegar þetta mál var hér til meðferðar. Til viðbótar við þetta hefur verið kannað hverjar undirtektir væru um framlengingu aðlögunargjaldsins. M. a. hef ég kannað það í viðtölum við ráðherra og sendiherra og framkvæmdastjóra Fríverslunarbandalagsins í Genf. Þetta hefur einnig verið kannað hjá Efnahagsbandalagi Evrópu. Og alls staðar hafa verið sömu viðbrögðin, að vitnað hefur verið til yfirlýsinga sem gefnar voru þegar samþykkt var að setja gjaldið á. Að vísu hefur það aldrei verið samþykkt af Efnahagsbandalagi Evrópu, heldur hefur það verið látið gott heita, vegna þess að lýst hefur verið yfir að það mundi falla niður.

Sendiherra okkar í Brussel hefur sent skýrslu heim um málið, og segir þar orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „Telja má fullvíst að bandalagið sætti sig ekki við framlengingu aðlögunargjaldsins og geti jafnvel gripið til mótaðgerða sem skaði mikilvæga viðskiptahagsmuni Íslands." En þessir mikilvægu viðskiptahagsmunir Íslands hjá Efnahagsbandalagi Evrópu eru einmitt þeir samningar sem við höfum við bandalagið um niðurfellingu tolla á útflutningsvörum sem við seljum til bandalagsins. Áætlað er að á þessu ári sleppum við við að greiða sem svarar 11 milljörðum kr. vegna þess arna.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um þetta, enda hefur málið áður verið rætt talsvert ítarlega, eða þessi flötur á málinu. En þetta er ástæðan fyrir því, að mér hefur verið illa við að nefna aðlögunargjaldið sérstaklega í þessum texta. Ekki vegna þess að ég hafi gefið neinar yfirlýsingar í þessu efni, það hef ég ekki gert, heldur vegna þess að aðrir hafa gert það, og ég tel það mikils virði að treysta megi því sem við segjum í samskiptum og samvinnu við aðrar þjóðir.

Það er svo alveg rétt hjá hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni, að það er ástæða til að huga að íslenskum iðnaði og aðstöðu hans. Ég er mjög fús til þess að taka upp málefni íslensks iðnaðar hjá þessum bandalögum í sambandi við erfiðleika sem iðnaðurinn á í.

Ég vil svo að lokum segja það vegna þeirrar málaleitunar sem hv. þm. setti hér fram, að áður en til ráðstöfunar þessa gjalds kemur, sem hér er heimild til að leggja á, finnst mér sjálfsagt að verða við þeim tilmælum, að höfð séu samráð við fjh.- og viðskn. Alþingis. Ég get fyrir mitt leyti lýst því yfir hér, að ég tel það sjálfsagt mál og útlátalaust með öllu.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 371) samþ. með 25 shlj. atkv.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Þar sem hæstv. viðskrh. hefur lýst því yfir, að samráð verði haft svo sem till. gerir ráð fyrir, þá sjáum við flm. till. ekki ástæðu til að halda fast við hana — sérstaklega vegna þess að þá hefði málið þurft að fara aftur til Ed. — en metum það jafngilt og að till. hafi verið samþykkt að hafa fengið þessa yfirlýsingu hæstv. ráðh.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 371 tekin aftur.
Ákv. til brb. samþ. með 22:4 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Neðri deild, 42. fundur.

Föstudaginn 19. des., að loknum 41. fundi.

Minnsta mynteining við álagningu opinberra gjalda, frv. (þskj. 198). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um minnstu mynteiningu við álagningu og innheimtu opinberra gjalda. Eins og kunnugt er, þá er innheimta og álagning opinberra gjalda á vegum fjmrn. Þetta frv. á rætur að rekja til þess, að á árinu 1973 tók ríkisbókhaldið í notkun tölvukerfi vegna bókhaldsúrvinnslu ríkisins. Í kerfi þessu er ekki gert ráð fyrir aurum í fjárhæðum. Við gjaldmiðilsbreytinguna um næstu áramót hundraðfaldast verðgildi gjaldmiðilseiningarinnar og aurar verða teknir upp að nýju. Að því er bókhaldskerfi ríkisins varðar felur þessi breyting í sér fjölgun sæta um eitt í mörgum tilvikum við bókun fjárhæða, þ. e. komman fyrir framan aura kemur inn í fjárhæðina.

Í fljótu bragði kynnu menn að halda að þetta væri tiltölulega auðleyst vandamál, en svo er ekki. Er því talið óhjákvæmilegt, til að forðast gífurlega vinnu sem hlyti að leiða af endurskipulagningu vélanna, að ákveða með lögum að innheimta, álagning og greiðslur hvers konar opinberra gjalda skuli fara fram í heilum krónum frá og með 1. jan. n. k.

Herra forseti. Ég held, að að öðru leyti skýri mál

þetta sig sjálft, og legg til, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 26 shlj. atkv.

Fæðingarorlof, frv. (þskj. 364 (sbr. 288)). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 377).

Jöfnunargjald, frv. (þskj. 338 (sbr. 213)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 378).

Neðri deild, 43. fundur.

Föstudaginn 19. des., að loknum 42. fundi.

Minnsta mynteining við álagningu opinberra gjalda, frv. (þskj. 198, n. 365). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur á fundi sínum, sem var að vísu fremur lauslegur, en eigi að síður hefur hún tekið þetta mál fyrir og leggur til að frv. verði samþ. Það er verið að útbýta nál., sé ég er, en hv. þm. Matthías Á. Mathiesen, Matthías Bjarnason, Albert Guðmundsson og Sighvatur Björgvinsson undirrita nál. með fyrirvara.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Eins og fram kom í máli formanns fjh.- og viðskn. skrifuðu fjórir nm. undir þetta frv. með fyrirvara. Þessi fyrirvari okkar er sá, að við viljum minna á að í stefnuræðu forsrh., sem flutt var seint í októbermánuði, segir að með gjaldmiðilsbreytingunni verði hver króna komin í hóp annarra gjaldmiðla á Norðurlöndum, en jafnframt að slík hugarfarsbreyting eða áhrif geti því aðeins orðið að gagni, að aðrar ráðstafanir fylgi sem sannfæri almenning um að alvara sé á ferðum til þess að treysta gildi krónunnar og veita verðbólgunni viðnám. Þetta er fallega og greindarlega mælt, eins og við er að búast. En nokkrum dögum áður en þessi gjaldmiðilsbreyting á að taka gildi flytja stjórnarflokkarnir þetta frv. um minnstu mynteiningu við álagningu og innheimtu opinberra gjalda, og þar á þegar að leggja af aurana. Það eru sennilega þessi áhrif sem átti að skapa með myntbreytingunni, að almenningi er sagt: Þið skuluð ekki taka alvarlega aurana hjá ykkur í nýju myntinni því að tölvukerfið, sem ríkisbókhaldið tók upp 1973, gerði ekki ráð fyrir aurum í fjárhæðum sínum. Það kerfi vissi heldur ekkert um þessa væntanlegu myntbreytingu. Og sennilega hefur ríkisstj. ekkert tekið eftir þessari breytingu sinni úr því að hún leggur nú til við Alþingi — og þar með þjóðina — að taka ekki aurana alvarlega. Þar með er fallið frá þessum ágætu hugleiðingum í stefnuræðunni. En þar sem Alþingi hefur áður fellt að fresta gjaldmiðilsbreytingunni sjáum við stjórnarandstæðingar enga ástæðu til að halda hér uppi löngum ræðum út af þessu síðbúna og miður heppnaða frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. — 4. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Neðri deild, 44. fundur.

Föstudaginn 19. des., að loknum 43. fundi.

Minnsta mynteining við álagningu opinberra gjalda, frv. — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Þetta mál gengur nú svo hratt í gegnum deildina, að það er erfitt að átta sig á því og reyndar öðrum málum, en mér datt í hug hvort of seint væri að óska eftir svari frá hæstv. fjmrh. um það, hvort ekki væri eðlilegt að fá heimild inn í þessi lög um að fella niður tvö núll af nýju krónunni, þar sem nú gerast þeir atburðir á Alþingi og í þjóðfélaginu sem benda til þess, að verðbólgan sé svo hröð að hún hafi aldrei verið hraðari. Það væri kannske þess vegna ástæða til að staldra við, þar sem nú er síðasti möguleikinn til þess, og kannske grípa tækifærið áður en það verður um seinan.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Hv. þm. virðist koma nokkuð af fjöllum. Hann áttar sig ekki á því, að hér er verið að tala um að opinber gjöld skuli ekki reiknuð í aurum, til þess að breyta ekki tölvu ríkisins um of. En ef við ættum að fella niður tvö núll til viðbótar yrðum við væntanlega að gera það með sérstökum lögum um það mál. Ég sé því að hv. þm. kemur hér nokkuð af fjöllum og kann það að eiga sínar skýringar. En ég held að ég geti ekki gefið honum neitt annað svar en það, að fráleitt væri með öllu að hugleiðingar hans um að sleppa tveimur núllum í viðbót gætu átt heima í þessum lögum. Hins vegar er honum auðvitað velkomið — eins og öllum öðrum þm. — að flytja mál af þessu tagi hér í þingi. Ég

tek það sem svo, að Sjálfstfl. hafi tekið það upp á sína stefnuskrá, jafnhliða því sem hann sækir sem fastast að fresta gjaldmiðilsbreytingunni, að tvö núll verði tekin til viðbótar. Þessi stefnuyfirlýsing Sjálfstfl. er að vísu nokkuð seint fram komin, óvenjulega seint.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Enda þótt ég hafi samþykkt frv. þetta við 2. umr. tel ég það harla lítils virði að vera að setja lög um að fella niður aura við útreikning, vegna þess að ég held að aurarnir verði orðnir einskis virði um mitt næsta ár.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 379).

Þingfrestun.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Þá er dagskrá þessa fundar tæmd. Þar sem gera má ráð fyrir að þetta sé síðasti fundur í hv. deild fyrir jólahlé vil ég leyfa mér að færa öllum hv. þdm. þakkir fyrir samstarfið það sem af er þessu þingi. Ég vil óska hv. þdm., skrifstofustjóra og starfsliði öllu gleðilegra jóla og góðs árs. Þeim, sem eiga um langan veg heim að sækja, óska ég góðrar heimkomu og heimferðar og vænti þess, að við megum allir heilir hittast til starfa á hinu háa Alþingi á nýju ári.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég vil fyrir hönd deildarmanna þakka góðar óskir forseta í okkar garð. Sömuleiðis þakka ég honum fyrir skörulega og góða fundarstjórn það sem af er þessu þingi og óska honum og fjölskyldu hans gleðilegra jóla og farsæls komandi árs. Enn fremur vil ég nota þetta tækifæri til þess að óska starfsfólki öllu og fjölskyldum þess gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég vil leyfa mér að þakka hv. 1. þm. Norðurl. v. góðar óskir í minn garð og fjölskyldu minnar. Ég ítreka óskir mínar til handa hv. þingdeildarmönnum og segi fundi slitið.

Sameinað þing, 39. fundur.

Laugardaginn 20. des., kl. 9 árdegis.

Aðild Grikklands að Efnahagsbandalagi Evrópu, þáltill. (þskj. 210, n. 350). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Utanrmn. hefur fjallað um þessa þáltill. og orðið sammála um að mæla með samþykkt hennar.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 56 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 54 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 380).

Samþykki til frestunar á fundum Alþingis, þáltill. (þskj. 267). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 32:28 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓRG, HÓ, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, StefG, StJ, SV, SBó, SvG, TÁ, ÞS, AS, DA, EH, FÞ, GS, GeirG, GB, GHall, GGÞ, GHelg, GTh, HÁ, HS, HG, IGuðn, IGísl, JE, JH.

nei: PS, SalÞ, SighB, SteinG, SvH, VG, ÞK, AG, ÁG, BGr, BÍG, EgJ, EG, EKJ, FrS, GeirH, GK, HBl, JS, JÞ, KSG, KP, KJ, LJ, MHM, MB, MÁM, ÓE.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Þingflokkur sjálfstæðismanna lýsir því yfir, að hann er andvígur þessari þáltill. um frestun Alþingis.

Þm. Sjálfstfl. eru reiðubúnir til þess að mæta til þingfundar hvenær sem er og taka þá og þar afstöðu til hvers konar tillagna ríkisstj. til úrlausnar efnahagsvanda.

Að venjubundnum hætti hefði þingflokkur sjálfstæðismanna ekkert við slíka till. um þingfrestun að athuga, en nú háttar svo til að ríkisstj. hefur allt frá því til hennar var stofnað fyrir nær ári ekkert aðhafst til aðgerða í brýnustu efnahagsvandamálum í baráttu gegn óðaverðbólgu. Sjálfstæðismenn hafa lýst eftir aðgerðum hvað eftir annað, en þögn, úrræða- og aðgerðaleysi hefur verið eina svarið.

Í gærkvöld lét forsrh. að því liggja í sjónvarpi, sem hann hefur ekki viljað segja Alþingi, að tillagna ríkisstj. í efnahagsmálum væri að vænta, ef ekki fyrir jól, þá milli jóla og nýárs.

Með tilvísun til þess telur þingflokkur sjálfstæðismanna það virðingarleysi við Alþingi, að ríkisstj. hefur ekki kjark til að birta þingi niðurstöður sínar og ætlar ekki að leggja úrræði sín undir dóm og atkv. Alþingis eins og þingræði, sem við viljum halda í heiðri, krefst.

Þingflokkur sjálfstæðismanna dregur að vísu í efa, með skírskotun til meira en 10 mánaða aðgerðaleysis ríkisstj., að nokkur niðurstaða sé fengin, og telur, að í þessari ríkisstj. sé ekki samstaða um nein úrræði í efnahagsmálum sem að gagni megi koma frekar en í öðrum stjórnum sem fylgja vinstri stefnu. Engu að síður er hér um svo veigamikla grundvallarreglu að ræða, að ekki verður fram hjá því gengið, að Alþingi er falið löggjafarvaldið og það ber að virða. Ef Alþingi er sent heim og brbl. sett til að fylgja fram efnahagsráðstöfunum, þá ber það vitni virðingarleysi núv. ráðh. og ríkisstj. fyrir þingræðisreglum. Brjóti ríkisstj. þannig þingræðisreglur hljóta málagjöld að verða í samræmi við það. Ég segi nei.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Forsrh. hefur marglýst því yfir, að nú eigi að gera efnahagsráðstafanir og það kunni að vera gert með brbl. Við þessar aðstæður telja þm. Alþfl. ótækt að fresta fundum þingsins með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir. Ég segi nei.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 32:28 atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 381).

Fjárlög 1981, frv. (þskj. 244, n. 327 og 352, 284, 303, 304, 326, 328, 329, 349, 351, 363, 370, 372, 373, 374, 375) — Frh. 3. umr.

ATKVGR.

Brtt. 349,1—2 samþ. með 32:18 atkv.
— 349,3 samþ. með 32:28 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PP, PJ, RA, SkA, StefG, StJ, SV, SBó, SvG, TÁ, ÞS, AS, DA, EH, FÞ, GS, GeirG, GB, GHall, GGÞ, GHelg, GTh, HÁ, HS, HG, IGuðn, IGísl, JE, ÓRG, HÓ, ÓÞÞ, JH.
nei: PS, SalÞ, SighB, SteinG, SvH, VG, ÞK, AG, ÁG, BGr, BÍG, EgJ, EG, EKJ, FrS, GeirH, GK, HBl, JS, JÞ, KSG, KP, KJ, LJ, MHM, MB, MÁM, ÓE.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Halldór Blöndal: Herra forseti. Eins og eignarskatturinn er áætlaður í frv. eins og það var lagt fram er gert ráð fyrir, að hann meira en tvöfaldist. Hér er gert ráð fyrir að eignarskattur hækki um ca. 150%. Þessi hækkun mun fyrst og fremst bitna með miklum þunga á öldruðu fólki sem hefur skertar tekjur, auk þess sem þetta mun skerða tekjumöguleika sveitarfélaganna. Þessi hækkun eignarskattsins kallar á endurskoðun á álagningarstigum og brýtur í bága við grundvallarstefnu Sjálfstfl. eins og henni hefur m. a. verið lýst af núv. hæstv. forsrh. Ég segi nei.

Brtt. 349,4—7 samþ. með 32:18 atkv.
— 349.8 samþ. með 32:28 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: TÁ, ÞS, AS, DA, EH, FÞ, GS, GeirG, GB, GHall, GGÞ, GHelg, GTh, HÁ, HS, HG, IGuðn, IGísl, JE, ÓRG, HÓ, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, StefG, StJ, SV, SBó, SvG, JH.
nei: VG, ÞK, AG, ÁG, BGr, BÍG, EgJ, EG, EKJ, FrS, GeirH, GK, HBl, JS, JÞ, KSG, KP, KJ. LJ, MHM, MB, MÁM, ÓE, PS, SalÞ, SighB, SteinG, SvH.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Halldór Blöndal: Herra forseti. Um það leyti sem ég gerðist virkur í Sjálfstfl. hreifst ég af málflutningi núv. hæstv. forsrh. þegar hann lýsti því m. a., að tekjuskattur skyldi ekki leggjast á almennar launatekjur. Ég hef verið trúr þessari stefnu og segi nei.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Áætlanir í fjárlagafrv. um tekju- og eignarskatt eru miðaðar við óbreytt skattalög og skattvísitölu 145, en þó er rétt að benda á að dregnir hafa verið frá við áætlun tekjuskatts 4 milljarðar vegna væntanlegrar endurskoðunar á skattalögum. Í sambandi við eignarskatt er líka sérstaklega ástæða til að benda á að fjárlagatölur fyrir árið 1980 voru mjög verulega vanáætlaðar, ég vil segja vegna mistaka, og þess vegna er allur samanburður við þetta frv. og þessi væntanlegu fjárlög meira eða minna út í hött, því að að sjálfsögðu er miðað við óbreytt álagningarkerfi og óbreytt álagningarhlutföll. Með þessari aths. segi ég já.

Brtt. 284,1 kom ekki til atkv.
— 349,9 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 284,2 kom ekki til atkv.
— 349,10 samþ. með 32:28 atkv.
— 284,3 kom ekki til atkv.
— 284,4 felld með 33:10 atkv.
— 349,11—12 samþ. með 32:15 atkv.
— 284,5 kom ekki til atkv.
— 349,13—20 samþ. með 32:16 atkv.
— 349,21 samþ. með 31:27 atkv.
— 349,22—27 samþ. með 32:16 atkv.
— 284,6 felld með 32:10 atkv.
— 349,28—29 samþ. með 32:16 atkv.
— 349,30 samþ. með 32:28 atkv.
— 349,31—35 samþ. með 32:10 atkv.
— 349,36 samþ. með 32:22 atkv.
— 349,37—41 samþ. með 32:7 atkv.
— 326,1 samþ. með 58 shlj. atkv.
— 363.I felld með 32:27 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KSG, KP, KJ, LJ, MHM, MB, MÁM, ÓE, PS, SalÞ, SighB, SteinG, SvH, ÞK, AG, ÁG, BGr, BÍG, EgJ, EG, EKJ, FrS, GeirH, GK, HBL, JS, JÞ.
nei: ÓRG, HÓ, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, StefG, StJ, SV, SBó, SvG, TÁ, ÞS, AS, DA, EH, FÞ, GS, GeirG, GB, GHall, GGÞ, GHelg, GTh, HÁ, HS, HG, IGuðn, IGísl, JE, JH.
VG greiddi ekki atkv.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég var einn af þeim sem varð undrandi er ég heyrði fréttir útvarps og sjónvarps í gærkvöld þar sem einn hv. þm. lýsti því yfir, að hann hefði látið atkv. sitt af hendi fyrir tiltekna fjárútvegun. Mér er sagt af þeim sem gerst þykjast vita, að þessi fjárútvegun verði ekki af hendi látin. Þess vegna held ég, að sé ráðlegast fyrir alþm. að samþykkja þetta hér og nú til þess að eiga engin eftirkaup með þetta mál, og segi já.

Eggert Haukdal: Herra forseti. Mér er það ljóst, að mikið skortir á að Byggðasjóður fái það fé á fjárlögum sem honum ber lögum samkv., og er það út af fyrir sig vítavert. Í viðræðum stjórnar Framkvæmdastofnunar ríkisins við ríkisstj. hafa menn verið sammála um að verulegar leiðréttingar þyrftu að fást til þess að sjóðurinn gæti sinnt hlutverki sínu á næsta ári. Í þessu sambandi hafa af stjórnarmönnum verið nefndar tölurnar 1—2 milljarðar. Nú liggur fyrir af hálfu ríkisstj. viðbótarstuðningur við sjóðinn að fjárhæð 1.5 milljarðar. Enda þótt *næg verkefni væru fyrir meira fjármagn*, eins og samþykkt þeirrar till. sem hér liggur fyrir mundi leiða af sér, treysti ég mér ekki að fylgja þeirri till. að fenginni þeirri lausn frá ríkisstj. sem fyrir liggur.
Við fjárlagagerð á hausti komanda verður hins vegar að tryggja betur hag Byggðasjóðs. Ég segi nei.

Brtt. 326,2 — 32 samþ. með 41 shlj. atkv.
— 303,I felld með 32:27 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: VG, ÞK, AG, ÁG, BGr, BÍG, EgJ, EG, EKJ, FrS, GeirH, GK, HBl, JÞ, KSG, KP, KJ, LJ, MHM, MB, MÁM, ÓE, PS, SalÞ, SighB, SteinG, SvH.
nei: ÞS, AS, DA, EH, FÞ, GS, GeirG, GB, GHall, GGÞ, GHelg, GTh, HÁ, HS, HG, IGuðn, IGísl, JE, ÓRG, HÓ, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, StefG, StJ, SV, SBó, SvG, TÁ, JH.
JS greiddi ekki atkv.

Brtt. 326,33 — 37 samþ. með 45 shlj. atkv.
— 351,I felld með 32:28 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: KJ, LJ, MHM, MB, MÁM, ÓE, PS, SalÞ, SighB, SteinG, SvH, VG, ÞK, AG, ÁG, BGr, BÍG, EgJ, EG, EKJ, FrS, GeirH, GK, HBl, JS, JÞ, KSG, KP.
nei: ÓRG, HÓ, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, StefG, StJ, SV, SBó, SvG, TÁ, ÞS, AS, DA, EH, FÞ, GS, GeirG, GB, GHall, GGÞ, GHelg, GTh, HÁ, HS, HG, IGuðn, IGísl, JE, JH.
Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Eiður Guðnason: Herra forseti. Þar sem skuldahali Ríkisútvarpsins var um síðustu mánaðamót 1230 millj. kr. og stefnir nú öllum rekstri og dagskrárgerð bæði hljóðvarps og sjónvarps í hættu og þar sem hjá núv. ríkisstj. er enginn skilningur á vanda þessarar mestu menningarstofnunar þjóðarinnar, sem nú samkv. fjárlagafrv. á áfram að hneppa í fátæktarfjötra, og þar sem þess er nú minnst í dag að 50 ár eru liðin á þessum degi síðan Ríkisútvarpið hóf starfsemi sína og þessi till. gefur þingheimi tækifæri til að leiðrétta það fjárhagslega ranglæti, sem þessi stofnun hefur að undanförnu verið beitt, þá segi ég já.

Brtt. 326,38 — 39 samþ. með 49 shlj. atkv.
— 304 samþ. með 59 shlj. atkv.
— 326,40 samþ. með 53 shlj. atkv.
— 303,2 tekin aftur.
— 326,41 — 46 samþ. með 52 shlj. atkv.
— 351,II felld með 31:27 atkv.
— 326,47 — 49 samþ. með 46 shlj. atkv.
— 284,7 felld með 30:10 atkv.
— 326,50 samþ. með 42 shlj. atkv.
— 372,I felld með 32:18 atkv.
— 326,51 — 52 samþ. með 44 shlj. atkv.
— 284,8 felld með 32:28 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÓE, PS, SalÞ, SighB, SteinG, SvH, VG, ÞK, AG, ÁG, BGr, BÍG, EgJ, EG, EKJ, FrS, GeirH, GK, HBl, JS, JÞ, KSG, KP, KJ, LJ, MHM, MB, MÁM.
nei: ÓRG, HÓ, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, StefG, StJ, SV, SBó, SvG, TÁ, ÞS, AS, DA, EH, FÞ, GS, GeirG, GB, GHall, GGÞ, GHelg, GTh, HÁ, HS, HG, IGuðn, IGísl, JE, JH.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Hér er um að ræða tillögu um umtalsverða hækkun til Fiskræktarsjóðs, en hv. stjórnarliðar hafa haft á orði mjög hér á hinu háa Alþingi að það beri að efla fiskrækt í landinu. Ég hefði þess vegna talið, að það væri eðlilegt að hækka þessa tölu að verulegu leyti, og segi já.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Í dag var útbýtt hér á Alþingi till. til þál. um eflingu tækniþekkingar á fiskrækt. 1. flm. er hv. 7. þm. Reykv., Guðrún Hallgrímsdóttir, og 4. flm. Páll Pétursson, hv. 1. þm. Norðurl. v. — Ég segi já.

Brtt. 326,53—58 samþ. með 46 shlj. atkv.
— 284,9 felld með 44:10 atkv.
— 326,59 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 284,10 kom ekki til atkv.
— 284,11 felld með 34:10 atkv.
— 284,12 felld með 30:13 atkv.
— 326,60 — 61 samþ. með 49 shlj. atkv.
— 284,13 felld með 32:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GK, JS, KSG, KP, KJ, MHM, MB, PS, SighB, SvH, VG, ÞK, AG, ÁG, BGr, BÍG, EgJ, EG, EKJ.
nei: GS, GeirG, GB, GHall, GGÞ, GHelg, GTh, HÁ, HS, HG, IGuðn, IGísl, JE, ÓRG, HÓ, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, StefG, StJ, SV, SBó, SvG, TÁ, ÞS, AS, DA, EH, FÞ, JH.
FrS, GeirH, HBl, JÞ, LJ, MÁM, ÓE, SalÞ, SteinG greiddu ekki atkv.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Ég vek athygli hv. þm. á því, að 13. og 14. brtt. a, b, c og d á þskj. 284 ganga allar út á eflingu rannsókna, annars vegar vegna eldis laxfiska í sjó og vötnum og hins vegar til að hefja strax rannsóknir og undirbúning eldis þorsks og annarra nytjafiska í sjó í stórum stíl. Í því sambandi vek ég sérstaka athygli á liðnum 14 b. Ég segi já.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Fiskifélag Íslands hefur á undanförnum árum gert stórmerkar tilraunir á sviði fiskræktar í landinu. Ég endurtek það sem ég sagði áðan, að stjórnarliðar hafa á þessu þingi og hinu síðasta lýst miklum áhuga á eflingu og aukningu fiskræktar á landinu. Sérstaklega hafa hv. þm. Framsfl. lýst áhuga sínum á eflingu fiskræktar sem hliðarbúgreinar. — Herra forseti. Ég segi já.

Brtt. 326,62 samþ. með 41 shlj. atkv.
— 284,13.c kom ekki til atkv.
— 284,14a — c felld með 32:28 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JÞ, KSG, KP, KJ, LJ, MHM, MB, MÁM, ÓE, PS, SalÞ, SighB, SteinG, SvH, VG, ÞK, AG, ÁG, BGr, BÍG, EgJ, EG, EKJ, FrS, GeirH, GK, HBl, JS.
nei: ÓRG, HÓ, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, StefG, StJ, SV, SBó, SvG, TÁ, ÞS, AS, DA, EH, FÞ, GS, GeirG, GB, GHall, GGÞ, GHelg, GTh, HÁ, HS, HG, IGuðn, IGísl, JE, JH.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég vil aðeins vekja athygli þm. á því, að nú er í raun réttri einnig verið að greiða atkv. um d-lið, til rannsókna á eldi sjávarfiska, en þar er gerð till. um 800 millj. kr. Ég vek einnig athygli á því, að þetta er í fyrsta sinn sem flutt er till. um umtalsverða fjárhæð til þess að leggja út í það nýmæli, sem

getur orðið Íslendingum mikil lyftistöng í framtíðinni, að hefja eldi sjávarfiska við Ísland. Ég segi já.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Í till. til þál. um eflingu tækniþekkingar á fiskrækt þar sem hv. þm. Guðrún Hallgrímsdóttir og hv. þm. Páll Pétursson eru meðal flm., segir m. a. í grg., með leyfi hæstv. forseta: „Hér á landi hefur fiskeldi nær eingöngu takmarkast við eldi á laxaseiðum til að sleppa í ár og til útflutnings. Síauknar laxveiðar nágrannaþjóða í sjó valda því, að nauðsynlegt er að huga einnig að öðrum kostum í fiskeldismálum." Hér er komist vel að orði. Ég segi já.

Brtt. 326,63 — 64 samþ. með 47 shlj. atkv.
— 284,14.d kom ekki til atkv.
— 326,65 — 86 samþ. með 45 shlj. atkv.
— 329,I felld með 32:28 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KSG, KP, KJ, LJ, MHM, MB, MÁM, ÓE, PS, SalÞ, SighB, SteinG, SvH, VG, ÞK, AG, ÁG, BGr, BÍG, EgJ, EG, EKJ, FrS, GeirH, GK, HBl, JS, JÞ.

nei: ÓRG, HÓ, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, StefG, StJ, SV, SBó, SvG, TÁ, ÞS, AS, DA, EH, FÞ, GS, GeirG, GB, GHall, GGÞ, GHelg, GTh, HÁ, HS, HG, IGuðn, IGísl, JE, JH.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég vek athygli hv. þm. á því, að það er nauðsynlegt að samþykkja þessa till., — nauðsynlegt til þess að fullnægja beinum lagafyrirmælum. Í lögum um launaskatt segir að 2% af launaskatti skuli renna til Byggingarsjóðs ríkisins. Þessi till. felur þetta í sér. Því er nauðsynlegt að samþykkja hana. Þessu beini ég sérstaklega til þeirra sem enn eiga eftir að greiða atkv. Ég mun í samræmi við þetta greiða atkv. og segi já.

Brtt. 329,II felld með 38:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SalÞ, SighB, VG, ÁG, BGr, EG, GHall, HBl, JS, KSG, KP, KJ, MHM, ÓE.

nei: PS, RA, SkA, StefG, StJ, SV, SBó, SvG, TÁ, ÞS, AG, AS, BÍG, DA, EH, EgJ, FÞ, FrS, GS, GeirG, GB, GHall, GK, GGÞ, GHelg, GTh, HÁ, HS, HG, IGuðn, IGísl, JE, ÓRG, HÓ, ÓÞÞ, PP, ÞS, JH.

SteinG, SvH, ÞK, EKJ, JÞ, LJ, MB, MÁM greiddu ekki atkv.

Brtt. 326,87 — 95 samþ. með 46 shlj. atkv.
— 303,III felld með 32:26 atkv.
— 326,96 — 101 samþ. með 50 shlj. atkv.
— 329,III tekin aftur.
— 303,IV tekin aftur.
— 303,V felld með 31:29 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓÞÞ, PS, SalÞ, SighB, SteinG, SvH, VG, ÞK, AG, ÁG, BGr, BÍG, EgJ, EG, EKJ, FrS, GeirH, GK, HBl, JS, JÞ, KSG, KP, KJ, LJ, MHM, MB, MÁM, ÓE.

nei: ÓRG, HÓ, PP, PJ, RA, SkA, StefG, StJ, SV, SBó, SvG, TÁ, ÞS, AS, DA, EH, FÞ, GS, GeirG, GB, GHall, GGÞ, GHelg, GTh, HÁ, HS, IGuðn, IGísl, JE, JH.

5. þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Á næturfundi nákvæmlega 4 mínútur yfir 3 var yfirlýst af hæstv. fjmrh., að engar yfirlýsingar yrðu gefnar um það, hvernig staðið yrði að útboði varðandi sjúkrahúsbyggingu á Ísafirði. Ég tel þess vegna fullreynt að það sé nokkuð mikill skortur á vilja í þeim efnum að koma heilsugæslustöðinni þar í gagnið. En álit mitt er að hér sé um mikla sóun fjármuna að ræða með því að hafa byggingu svo lengi í smíðum eins og þar hefur verið. Ég óskaði eftir því, að þannig yrði staðið að útboði að hægt verði í febrúarmánuði á árinu 1982 að taka í notkun heilsugæsluálmu sjúkrahússins. Ég tel að aðeins hefði þurft vilja til þess að standa þannig að þessum málum. Að mínu viti er óeðlilegt að þriggja manna nefnd geti haft jafnmikil völd eins og sú nefnd hefur sem nefnist samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir. Ég segi því já.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. 34 mínútur yfir kl 10 í dag vaknaði hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson og tveimur mínútum síðar gerði hann mjög skynsamlega grein fyrir atkv. sínu, og með þeim fyrirvara, sem hann gaf, nema ég held mig við þá öld sem við erum á, tek ég fyllilega undir og segi já.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég er sammála niðurstöðu hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar þó ég skildi ekki rökstuðninginn. Í gamla daga í Reykholti hefði skortur á vilja verið kallaður viljaleysi. Ég segi já.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að benda á að við hv. 1. þm. Vestf. flytjum tillögur um að fella niður styrki til dagblaðanna. Þær eru tvær og samtals er þar um að ræða 300 millj. kr. lækkun á útgjaldaliðum fjárlaga. Ég vil líka leyfa mér að undirstrika að till. okkar hv. 1. þm. Vestf. um aukið framlag til framkvæmda við B álmu Borgarspítalans hefur verið dregin til baka í von um að hv. alþm. sjái sér þá frekar fært að samþykkja þessa brtt. til hækkunar á framlagi til framkvæmda við sjúkrahúsið á Ísafirði. Með þessu viljum við koma til móts við till. hv. fjvn. í erfiðum störfum hennar. Þá vil ég vona að þm. samþykki þær niðurfellingartillögur, sem við erum með og ég undirstrikaði í upphafi máls míns, og sjái sér fært að verða við þessari tiltölulega litlu hækkunarbeiðni um framlag til sjúkrahúsbyggingarinnar á Ísafirði.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég lýsti gangi þessa máls í ræðu hér í þingi seint í gærkvöld og skýrði þar frá hvernig kerfið eða samstarfsnefnd með opinberum framkvæmdum hefði leikið það fjármagn, sem í þessa byggingu var varið, með því að láta það brenna upp nú ár eftir ár í verðbólgubálinu. Það kemur glöggt í ljós af svörum fjmrh., að hann ætlar að halda sama leiknum áfram með yfirlýsingu sinni, og nú er þegar upplýst hver er á bak við samstarfsnefndina með opinberum framkvæmdum um hátterni hennar allt. Og nú tel ég ekki lengur hjá því komist að flytja frv. fljótlega eftir áramótin um að leggja þann óskapnað niður sem heitir Samstarfsnefnd með opinberum framkvæmdum og kemur í veg fyrir það, að hægt sé að framfylgja lögum sem Alþingi sjálft hefur sett. Ég lýsi furðu minni á atkv. þeirra þm., sem greiða atkv. gegn framkvæmdum þvert á þau lög sem

þeir áður hafa tekið þátt í að samþykkja, og ég segi já.

Brtt. 303,VI felld með 31:26 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PS, SalÞ, SighB, SteinG, SvH, VG, ÞK, AG, ÁG, BGr, BÍG, EgJ, EG, EKJ, FrS, GeirH, GK, HBl, JS, JÞ, KSG, KJ, LJ, MB, MÁM, ÓE.

nei: ÓRG, HÓ, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, StefG, StJ, SV, SBó, SvG, TÁ, ÞS, AS, DA, EH, FÞ, GS, GeirG, GB, GHall, GGÞ, GHelg, GTh, HÁ, HS, HG, IGuðn, IGísl, JE, JH.

3 þm. (SkA, KP, MHM) fjarstaddir.

Brtt. 373 felld með 31:26 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JS, JÞ, KSG, KJ, LJ, MB, MÁM, ÓE, PS, SalÞ, SighB, SteinG, SvH, VG, ÞK, AG, ÁG, BGr, BÍG, EgJ, EG, EKJ, FrS, GeirH, GK, HBl.

nei: JE, ÓRG, HÓ, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, StefG, StJ, SV, SBó, SvG, TÁ, ÞS, AS, DA, EH, FÞ, GS, GeirG, GB, GHall, GGÞ, GHelg, GTh, HÁ, HS, HG, IGuðn, IGísl, JH.

3 þm. (KP, MHM, SkA) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Lárus Jónsson: Herra forseti. Það er neyðarástand vegna þrengsla í sjúkrahúsinu á Akureyri og mjög alvarlegt ástand að skapast þar. Hér er um að ræða till. um að hækka fjárhæð til byggingarframkvæmda við þetta sjúkrahús upp í þá tölu sem heilbrrn. og Innkaupastofnun ríkisins, sem þykir ekki útlátasöm stofnun, gerði till. um til fjvn. Því miður lækkaði þessi upphæð í meðförum meiri hl. n. Ég tel, að það sé brýn nauðsyn á að koma þessari framkvæmd sem fyrst í gagnið, og segi já.

Brtt. 326,102 — 107 samþ. með 45 shlj. atkv.

— 303,VII tekin aftur.

— 329,IV felld með 30:26 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MB, MÁM, ÓE, PS, SalÞ, SighB, SteinG, SvH, VG, ÞK, AG, ÁG, BGr, BÍG, EgJ, EG, EKJ, FrS, GeirH, GK, HBl, JS, JÞ, KSG, KJ, LJ.

nei: ÓRG, HÓ, PP, PJ, RA, StefG, StJ, SV, SBó, SvG, TÁ, ÞS, AS, DA, EH, FÞ, GS, GeirG, GB, GHall, GGÞ, GHelg, GTh, HÁ, HS, HG, IGuðn, IGísl, JE, JH.

ÓÞÞ greiddi ekki atkv.

3 þm. (MHM, SkA, KP) fjarstaddir.

Brtt. 326,108 samþ. með 43 shlj. atkv.

— 303,VIII.1 felld með 31:25 atkv.

— 326,109—111 samþ. með 52 shlj. atkv.

— 284,15 felld með 30:8 atkv.

— 349,42 samþ. með 31 shlj. atkv.

— 303,VIII.2 felld með 36:20 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PS, SalÞ, SteinG, SvH, VG, ÞK, AG, BÍG, EH, EgJ, EKJ, FrS, GeirH, GK, HBl, JÞ, LJ, MB, MÁM, ÓE.

nei: PP, PJ, RA, SighB, StefG, StJ, SV, SBó, SvG, TÁ, ÞS, AS, ÁG, BGr, DA, EG, FÞ, GS, GeirG, GB, GHall, GGÞ, GHelg, GTh, HÁ, HS, HG, IGísl, JE, JS, KSG, KJ, ÓRG, HÓ, ÓÞÞ, JH.

IGuðn greiddi ekki atkv.

3 þm. (SkA, KP, MHM) fjarstaddir.

Brtt. 349, 43 samþ. með 31 shlj. atkv.

— 326, 112—113 samþ. með 43 shlj. atkv.

— 328 samþ. með 46 shlj. atkv.

— 326, 114 samþ. með 41 shlj. atkv.

— 303,IX felld með 31:23 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞK, AG, BGr, BÍG, EgJ, EG, EKJ, FrS, GeirH, GK, HBl, JS. JÞ, KSG, LJ, MB, MÁM, ÓE, PS, SalÞ, SighB, SteinG, SvH.

nei: ÞS, AS, DA, EH, FÞ, GS, GeirG, GB, GHall, GGÞ, GHelg, GTh, HÁ, HS, HG, IGuðn, IGísl, JE, ÓRG, HÓ, PP, PJ, RA, StefG, StJ, SV, SBó, SvG, TÁ, VG, JH.

ÁG, KJ, ÓÞÞ greiddu ekki atkv.

3 þm. (KP, MHM, SkA) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Sigurgeir Bóasson: Herra forseti. Ég met mikils áhuga hv. þm. Vestf. í stjórnarandstöðu fyrir auknu fjármagni til Vestfjarða, eins og þessi brtt. ber með sér og fleiri till. sem hér hafa komið fram í dag. Hins vegar verður einhvers staðar að stoppa. Við búum í yfirspenntu þjóðfélagi hvað framkvæmdir varðar og verðum því að stilla kröfum í hóf, því að annars eyðileggur verðbólgan þann þjóðfélagslega ávinning sem auknar framkvæmdir eiga að leiða af sér. Ég segi nei.

Brtt. 326, 115—124 samþ. með 45 shlj. atkv.

— 329,V.1.a felld með 31:21 atkv.

— 329, V.1.a til vara felld með 30:20 atkv.

— 326,125 samþ. með 31 shlj. atkv.

— 329,V.1.b felld með 31:16 atkv.

— 329,V.1.b til vara felld með 30:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvH, ÞK, AG, BGr, BÍG, EgJ, EKJ, FrS, GeirH, GK, HBl, JÞ, LJ, MB, MÁM, ÓE, PS, SalÞ, SteinG.

nei: SvG, TÁ, ÞS, AS, DA, EH, FÞ, GS, GeirG, GB, GHall, GGÞ, GHelg, GTh, HÁ, HS, HG, IGuðn, IGísl, JE, ÓRG, HÓ, PP, PJ, RA, StefG, StJ, SV, SBó, JH.

VG, ÁG, EG, JS, KSG, KJ, ÓÞÞ, SighB greiddu ekki atkv.

3 þm. (KP, MHM, SkA) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Halldór Blöndal: Herra forseti. Þegar til umr. var fyrr á þessu þingi hvort unnt yrði að rafvæða þá bæi á Melrakkasléttu sem eftir væru, lýstu talsmenn Framsfl. stuðningi við það mál. Jafnframt lýsti hæstv. iðnrh. því yfir, að sig vantaði 300 millj. kr. á þennan lið til viðbótar því, sem var á fjárlögum, til þess að geta komið þessu verki í framkvæmd, og kvaðst hafa gert tillögur um það til fjvn. við fjárlagagerðina. Ég lofaði þá hæstv. ráðh. því að vinna að því í mínum flokki að þetta mál næði fram að ganga. Ég segi já.

Brtt. 349,44—46 samþ. með 31:17 atkv.

— 326,126—127.a—e samþ. með 44 shlj. atkv.

— 351,III kom ekki til atkv.

— 326,127.f—g samþ. með 42 shlj. atkv.

— 329,VI tekin aftur.

— 326,128—131 samþ. með 48 shlj. atkv.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Þar sem hæstv. landbrh. gaf þá yfirlýsingu hér á fundi í gærkvöld, að hann muni beita sér fyrir því, að hreppsnefnd Kjalarneshrepps fái að fylgjast með framgangi mála við útvegun á heitu vatni fyrir laxeldisstöðina í Kollafirði og að stefnt verði að því fyrir milligöngu landbrn. að koma á viðræðum milli aðila með samvinnu í huga, þá er till. dregin til baka.

Brtt. 363,II tekin aftur.
— 326,132—137.a—g samþ. með 46 shlj. atkv.
— 372,II felld með 31:18 atkv.
— 326,137.h—144 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 329, V.2 kom ekki til atkv.
— 326,145—146,375 tekin aftur. samþ. með 38 shlj. atkv.
— 303,*X* felld með 34:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞK, AG, BÍG, EH, EgJ, EKJ, FrS, GeirH, GK, HBl, JÞ, LJ, MB, MÁM, ÓE, PS, SalÞ, SteinG, SvH.

nei: ÞS, AS, ÁG, BGr, DA, EG, FÞ, GS, GeirG, GB, GHall, GGÞ, GHelg, GTh, HÁ, HS, HG, IGísl, JE, JS, KSG, KJ, ÓRG, HÓ, PP, PJ, RA, SighB, StefG, StJ, SV, SvG, TÁ, JH.

VG, IGuðn, ÓÞÞ, SBó greiddu ekki atkv.
3 þm. (KP, MHM, SkA) fjarstaddir.
8 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Albert Guðmundsson. Herra forseti. Ég vil ítreka það sem ég sagði í þessum hv. ræðustól við framsögu fyrir þessum till. sem nú er verið að fella, að mér skilst, að ég tel það hreint siðleysi af þeim þjóðkjörnu fulltrúum fólksins á hv. Alþingi Íslendinga sem koma sér saman um fjárframlög til eigin málgagna, hvort sem um er að ræða beina eða óbeina styrki. Stjórnmálaflokkarnir skammta sér og sínum málgögnum samtals um 400 millj. af fjárlögum að þessu sinni: 170 millj. í beina styrki, 130 millj. í óbeina styrki með kaupum á dagblöðum og tæpar 77 millj. til starfsemi þingflokkanna. Ég tel að hér sé rangt að staðið og dagblöðin flest séu þar með nokkurs konar ríkisrekin fyrirtæki, að hluta a. m. k., sem er hættulegt sjálfstæði þeirra og frelsi. Ég segi því já við þessari tillögu.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Stjórnarskrá lýðveldisins tryggir öllum þegnum landsins tjáningarfrelsi. Tjáningarfrelsi er hluti af því lýðræði sem við búum við og erum að reyna að skapa. Blaðaútgáfa á Íslandi ber sig ekki nema með stuðningi erlendra og innlendra auglýsenda, m. a. stórfyrirtækja og eignasala. Ég segi nei.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Það er undirstöðuatriði í lýðræði að fram geti farið nokkurn veginn frjáls skoðanamyndun, og það hefur verið viðurkennt í öllum lýðræðislöndum veraldar, að það er ekki hægt að láta hana vera háða peningaveldi. Þeir, sem eru andvígir því, að einstaklingar, sem ráða yfir fjármagni, geti þar með ráðið yfir skoðunum meðbræðra sinna, hafa þessar furðulegu afturhaldshugmyndir sem nú virðast vera vaxandi í Sjálfstfl. (Gripið fram í.) Aðstoð, sem tíðkast í öllum nágrannalöndum okkar, var tekin upp hér í stjórnartíð Ólafs Thors og Bjarna Benediktssonar í Sjálfstfl. með fullu samþykki þeirra og í samvinnu við þá. Það voru þroskaðri lýðræðissinnar en þeir sem flytja svona afturhaldstillögur í dag. Ég segi nei.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Það gerðist nú við afgreiðslu fjárlaga í fyrsta skipti, að ég tel, að liðurinn Styrkur til blaða stórhækkaði frá fjárlögum til frv., um 70%, úr 100 millj. 170 millj. Áður hefur þetta gerst með þeim hætti, að þm. hafa flutt till. til hækkunar. Þessi liður hefur hækkað úr 60 millj. í 100 millj. á milli ára og síðan úr 100 í 170. Þessu til viðbótar er síðan ætlast til að fjmrh. hafi sjálfur heimild til þess að kaupa 250 eintök af dagblöðum sem eru fimm talsins. Ég sé ekki að það hafi neitt með lýðræði að gera eða tjáningarfrelsi í þessu landi. Ég tel að blöð, sem keypt eru af opinberum stofnunum, eigi að greiða af rekstrarliðum þeirra stofnana og eigi að kaupa ef að þeim er gagn að mati þeirra sem þar ráða ríkjum. Ég sé ekkert samband á milli lýðræðis og þess, að það eigi að neyða fólk til þess að lesa pappíra sem það hefur engan áhuga á að kaupa eða skoða. (Gripið fram í) Og ég segi já.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Á sama tíma og raungildi framkvæmdafjár til heilbrigðismála og fleiri mála, sem til almenningsheilla horfa, er rýrt og þar ofan á svikist um að framkvæma fyrir það fé sem Alþingi leggur til, sé ég ekki ástæðu til að auka meira og langt fram yfir verðbólgu það fjármagn sem veitt er til kaupa á dagblöðum fyrir stofnanir ríkisins. Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands leggur hvergi Alþingi þær skyldur á herðar að halda uppi dagblöðum sem ekki borgar sig að gefa út vegna þess að fólkið sýnir þeim ekki þær vinsældir að þau geti lifað af eigin rammleik. Þá mega þau dagblöð lognast út af fyrir mér, og ég mótmæli algerlega þeirri fáránlegu fullyrðingu 4. þm. Reykv., að Íslendingar geti ekki komið skoðunum sínum á framfæri, því að öll blöð eru opin fyrir öllum skoðunum manna. Ég vísa til grg. Alberts Guðmundssonar. Jafnframt tel ég það vera ósið hinn mesta að ríkið kaupi dagblöð til þess að dreifa á allar skrifstofur í ríkiskerfinu þannig að hver og einn starfsmaður eigi að lesa dagblöðin í vinnutímanum. Hitt tel ég sjálfsagt og eðlilegt, að dagblöð séu keypt fyrir sjúkrastofnanir. En þó að menn vilji jafnvel styrkja dagblöð, þá er hitt fáránlegt, að ætlast til þess, að hver og einn starfsmaður hjá ríkinu lesi dagblöðin í vinnutímanum svo sem gert er með samþykkt þessa liðar í fjárlögum. Ég segi já.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Á 19. öld var kosningarréttur bundinn við það skilyrði að vera eignamaður. Íslendingar, sem ekki voru eignamenn, höfðu ekki kosningarrétt. Það var nauðsynlegur þáttur í lýðræðisþróuninni í landinu að viðurkenna að allir menn án tillits til eigna væru jafnrétthæir til þátttöku í stjórnmálum. Sú till., sem hér er flutt, er tilraun fjármagnseigenda í landinu til að reyna að snúa þessari lýðræðisþróun stjórnmálakerfisins við og binda yfirráðin yfir fjölmiðlunum við þá sem ráða yfir auglýsingaákvörðunum fyrirtækjanna í landinu. Það vita allir, að það er ekkert blað á Íslandi sem ber sig af áskriftartekjum einum. Það er auglýsingaráðstöfunin sem ræður því hvaða blöð bera sig og hvaða blöð bera sig ekki. Þessi tillaga felur það í sér, að heildverslun H. Ben. & Co., að Hekla hf. og Heildverslun Alberts Guðmundssonar geti ráðið skoð-

anamynduninni í landinu. Þess vegna segi ég nei.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Alþingi er ein af þeim stofnunum ríkisins sem kaupa dagblöðin. Þessi blöð lesa alþm. í vinnutímanum. Ég vil benda hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni á það, að dagblaðið Tíminn liggur t. d. á borði hans nú þegar við störfum að atkvgr. í Sþ. **(Gripið fram í:** Er það nokkur hemja?) Herra forseti. Hér er um það að ræða að heimila ríkisstofnunum — (Gripið fram í.) Þingvörður kom og sótti Tímann á borð Matthíasar Bjarnasonar. Hér er um það að ræða að heimila ríkisstofnunum að kaupa eintök af dagblöðum. Fyrir nokkrum árum átti ég þess kost að fara ásamt fleiri ritstjórum dagblaða yfir kaup ríkisins á blöðum. Þá afhentu dagblöðin yfir 900 eintök af blöðum til ríkisstofnana, en fengu aðeins greitt fyrir um 200 eintök. Ég hygg, að svo sé þetta enn, og bendi á það t. d., að dagblöðin gefa nú í dag fjölmörgum ríkisstofnunum, eins og skólum og sjúkrahúsum, fjölmörg eintök. Mér finnst engin ástæða til þess, að ýmsir menn í þjónustu ríkisins, svo sem þm., fái dagblöðin til lestrar án þess að fyrir þau sé greitt. Ég segi nei.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Hv. 3. þm. Vestf. benti á að vegna þessa styrks til pólitísku flokkanna, sem hér er verið að afgreiða, gæfist Alþingi kostur á því að kaupa hv. þm. lesefni. Þetta er misskilningur og til þess nú að létta af honum þeim áhyggjum mun ég beita mér fyrir því að þessari till. samþykktri, að Alþingi kaupi öll dagblöðin til lestrar fyrir hv. þm., og ég hef tök á því að flytja þessa till. á réttum stað. Þetta er, eins og ég segi, ekkert annað en styrkur til pólitísku flokkanna, sem hér er verið að ákveða árum saman, og með vísun til þess og sérstaklega með vísun til grg. hv. þm. Ólafur Ragnars Grímssonar segi ég já.

Brtt. 374 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 326,146.a.5.23 kom ekki til atkv.
— 326,146.a.5.24—c.7.6 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 370 felld með 30:25 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: VG, ÞK, AG, ÁG, BGr, BÍG, EgJ, EG, EKJ, FrS, GeirH, GK, HBl, JS, JÞ, KSG, KJ, LJ, MB, MÁM, ÓE, SalÞ, SighB, SteinG, SvH.

nei: ÞS, AS, DA, EH, FÞ, GS, GeirG, GB, GHall, GGÞ, GHelg, GTh, HÁ, HS, HG, IGuðn, IGísl, JE, ÓRG, HÓ, PP, PJ, RA, StefG, StJ, SV, SBó, SVG, TÁ, JH.

ÓÞÞ, PS greiddu ekki atkv.
3 þm. (KP, MHM, SkA) fjarstaddir.
6 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Eiður Guðnason: Herra forseti. Hér er um algerlega útlátalausa till. fyrir ríkissjóð að ræða, aðeins tilmæli um heimild til fjmrh. til þess að koma rekstri fyrirtækis, sem ríkissjóður á verulegan hlut í, á traustari grundvöll, og því segi ég já.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Þessi till. gerir ráð fyrir því að breyta óreiðu- og vanskilaskuldum í lán og koma vanskilum í skil. Hver sæmilegur maður í þjóðfélaginu telur ekkert því til fyrirstöðu að gera upp vanskil og koma þeim í skil, og það er fruðuleg afstaða þm. að greiða atkv. á móti því að hafa í sukki og fljótandi þessar vanskilaskuldir Akraborgar. Ég bjóst ekki við öðru en hver einasti þm. mundi greiða atkv. með jafnsjálfsagðri till. En það er aðeins ein skýring þessu til viðbótar frá hendi stjórnarliðsins. Því líður best að hafa allt í vanskilum og allt í óreiðu. Þess vegna hefur það tekið þessa afstöðu til málsins. Ég segi já.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Rekstur þessa skips hefur ekki gengið nógu vel og er erfitt að finna rök fyrir því, að ríkissjóður eigi að styrkja þessa skipaútgerð með stórum fjárhæðum. (Gripið fram í.) Nei, en það er annars staðar í frv. Aftur á móti er hér um það að ræða að breyta vanskilaskuldum í lán til væntanlega langs tíma og er eðlilegt að að því verði unnið, en til þess gefst nægt svigrúm. Við eigum eftir að afgreiða lánsfjáráætlun. Þar á þetta mál í raun og veru miklu frekar heima, og kannske er ekki síður ástæða til að líta á hliðstæð vandamál hjá svipuðum útgerðaraðilum sem líkt stendur á um. Ég tel því ekki tímabært að afgreiða þetta mál nú og segi því nei.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég gat um það í gær, hvernig væri ástatt fyrir þeim bát sem gengur á milli Þorlákshafnar og Vestmannaeyja, þar sem svo er komið að ef teknir eru vanskilavextir, þá eru þeir tæpar 3 millj. á degi hverjum. Ég hefði talið að það hefði verið enn þá meiri ástæða til þess að breyta þeim skuldum og flytja till. um það hér. Ég viðurkenni og sagði enn fremur að það væri ástæða til þess með Akraborg, ef það skip á að ganga áfram á milli Reykjavíkur og Akraness. Með tilvísun til þess, sem fjmrh. sagði áðan, segi ég nei.

Steinþór Gestsson: Ég vil benda á það, að hér er aðeins um heimildarákvæði að ræða og heimildarsamþykkt. Við urðum öll vitni þess, sem hér höfum verið að greiða atkv. í dag, að þetta fyrirtæki og önnur lík hafa varhugaverða stöðu og hættulega, svo að liggur við að um stöðvun sé að ræða. Ég vil benda á að þó svo að menn vildu leiðrétta þennan rekstur með því að laga taxtana, þá er það ekki auðhlaupið að því á meðan ríkið sjálft greiðir niður flutningataxta hjá öðrum aðilum sem ganga sömu leiðir. Það er því fullkomin ástæða til að gera á því könnun, með hverjum hætti hægt er að koma rekstri slíkra skipa í viðunandi horf. Þetta er ein aðferðin til þess og til þess er gefin heimild. Ég er ekki að segja að það sé sú heimild ein sem verður ofan á að lokum, en það er rétt að prófa þá leið og því segi ég já.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Það er það langt komið atkvgr. um till. þessa að það liggur ljóst fyrir að stjórnarliðið hefur ákveðið að vanskil Skallagríms hf. við ríkisábyrgðasjóð verði áfram í óreiðu. Hæstv. fjmrh. blaðrar um það, að eðlilegt sé að unnið sé að lausn þessa máls, en vill þó ekki heimild til þess að vinna að því. Hvað þýðir í raun og veru að synja og fella hér heimild til þess að vinna að þessu máli? Það þýðir blátt áfram það, að hann hefur enga heimild til þess, það þýðir, að honum er bannað að vinna að úrlausn þessa máls. Hv. þm. Stefán Valgeirsson finnur ráð til þess að fella þessa till., og það er það, að hann veit um aðra meiri óreiðu annars staðar. Ég hef aldrei orðið vitni að vitlausari afgreiðslu en þessari hér. Ég segi já.

Brtt. 351,IV felld með 31:25 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SteinG, VG, ÞK, AG, ÁG, BGr, BÍG, EgJ, EG, EKJ, FrS, GeirH, GK, HBl, JS, JÞ, KSG, KJ, LJ, MB, MÁM, ÓE, PS, SalÞ, SighB.
nei: StefG, StJ, SV, SBó, SvG, TÁ, ÞS, AS, DA, EH, FÞ, GS, GeirG, GB, GHall, GGÞ, GHelg, GTh, HÁ, HS, HG, IGuðn, IGísl, JE, ÓRG, HÓ, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, JG.
SvH greiddi ekki atkv.
3 þm. (SkA, KP, MHM) fjarstaddir.
Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Fram undir þetta hefur það verið sameiginleg skoðun Alþb. og Alþfl. að skattbyrði í tekjuskatti væri ákaflega óréttlátt skipt milli fyrirtækja annars vegar og fólksins í landinu hins vegar. Fyrir nokkrum árum lagði núv. hæstv. fjmrh. þannig fram upplýsingar á Alþingi um skattgjöld 100 stærstu fyrirtækja landsmanna, m. a. til þess að sanna þetta mál. Við álagninguna núna í fyrsta skipti sem Alþb. á fjmrh. gerðist það hins vegar að fjölmörg þeirra fyrirtækja á skrá hæstv. fjmrh., sem nokkur skattgjöld borguðu þegar hann lagði þá skrá fram, borga nú engan tekjuskatt. Eitt af þessum fyrirtækjum er sérstakt uppáhaldsfyrirtæki Alþb., Íslenskir aðalverktakar. Að fenginni þessar reynslu leggur nú Alþb. og ríkisstj. til að á sama tíma og afgreidd er nú 100 millj. kr. hækkun á tekjuskatti félaga við fjárlagaafgreiðslu frá frumvarpsgerðinni í fyrstu eigi að hækka tekjuskatt á einstaklingum um 4000 millj. kr. frá fyrstu gerð fjárlagafrv. til síðustu afgreiðslu nú. Þetta er stefna Alþb. í skattamálum í dag. Með þessari till. er reynt að vinna gegn fyrirsjáanlegri kjaraskerðingu næsta ár sem nú á nokkrum vikum er þegar orðin 3% frá þeim kjörum sem um var samið. Að lækka tekjuskatt á einstaklingum er í dag við þessar aðstæður eina varanlega aðgerðin sem fær er til þess að koma í veg fyrir afkomu og lífskjarahrun við 70% verðbólgu. Ég segi já.

Brtt. 363, III felld með 31:26 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: KSG, KJ, LJ, MB, MÁM, ÓE, PS, SalÞ, SighB, SteinG, SvH, VG, ÞK, AG, ÁG, BGr, BÍG, EgJ, EG, EKJ, FrS, GeirH, GK, HBl, JS, JÞ.
nei: ÓRG, HÓ, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, StefG, StJ, SV, SBó, SvG, TÁ, ÞS, AS, DA, EH, FÞ, GS, GeirG, GB, GHall, GGÞ, GHelg, GTh, HÁ, HS, HG, IGuðn, IGísl, JE, JH.
3 þm. (KP, MHM, SkA) fjarstaddir.
3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Lárus Jónsson: Herra forseti. Tekju- og eignarskattar í fjárlagafrv. eru hækkaðir um 42% eins og forsendur fjárlagafrv. Þjóðhagsstofnun gefur þær upplýsingar, að þessi skattvísitala þýði að tekju- og eignarskattar verði eins og í fjárlagafrv., hækki ekki umfram verðlagshækkanir. Þessi till. er flutt til þess að vekja athygli á þessu. Ég segi já.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Verði þessi till. þeirra sjálfstæðismanna um ákvörðun skattvísitölu ekki samþykkt stendur till. hæstv. fjmrh. ein eftir. Það mun þýða það að öllu óbreyttu, að tekjuskattsbyrði á almenningi í landinu mun aukast um 10 milljarða kr. a. m. k. á árinu 1981 umfram það sem tekjuskattsbyrðin mundi hafa verið ef fylgt hefði verið óbreyttri álagningu frá yfirstandandi ári. Þetta er enn skattastefna Alþb. í reynd gagnvart launafólki í landinu. Ég segi já.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Með því, að þessi till. verði felld og hæstv. ríkisstj. dr. Gunnars Thoroddsens nái sínum markmiðum fram, hefur eignarskattur hækkað um a. m. k. 270% síðan dr. Gunnar Thoroddsen komst til valda. Það er fróðlegt. Hér er enn stefnt að því, að þessi frjálslyndi maður, fulltrúi frjálslyndisins í landinu, seilist í þurftartekjur almennings með tekjuskattinum einnig. Það er að sjálfsögðu eftirtektarvert hvernig menn breytast komnir undir sjötugt. Ég man að Gladstone breyttist í þveröfuga átt. (Gripið fram í.) Ég er trúr stefnu Sjálfstfl., þeirri stefnu, sem Sjálfstfl. hefur m. a. komið fram innan Alþýðusambands Íslands í þeirri skattastefnu sem þar var mótuð á skattalagaráðstefnu sem haldin var fyrir nokkrum árum og núv. varaforseti Alþýðusambandsins barðist mest fyrir. Ég segi já.

Frv., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 382).

Þingfrestun.

Forseti (Jón Helgason): Þessi fundur er hinn síðasti fyrir jólahlé og eins og jafnan áður hafa þessir síðustu dagar verið annasamir. En um leið og þessu annríki lýkur vil ég leyfa mér að þakka hæstv. ríkisstj. og hv. alþm. fyrir ágætt samstarf í vetur og umburðarlyndi í minn garð. Einnig þakka ég varaforsetum, skrifurum, skrifstofustjóra og öllu öðru starfsfólki Alþingis fyrir ágæt störf.

Ég óska hv. alþingismönnum og starfsmönnum Alþingis ásamt fjölskyldum þeirra gleðilegra jóla og farsæls komandi árs. Utanbæjarmönnum óska ég góðrar heimferðar og ánægjulegrar heimkomu. Ég vona og óska þess, að við megum öll hittast hér heil á húfi að loknu jólaleyfi.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Í nafni okkar alþm. þakka ég hæstv. forseta góðar og hlýjar óskir í okkar garð. Jafnframt þakka ég forseta ánægjulegt samstarf um leið og ég óska honum og fjölskyldu hans gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Starfsmönnum Alþingis óska ég einnig gleðilegra jóla og farsæls komandi árs. Ég bið alþm. að taka undir þessar óskir mínar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (Jón Helgason): Ég þakka hv. 3. þm. Reykn. fyrir góðar óskir í minn garð og minnar fjölskyldu og hv. alþm. fyrir að hafa tekið undir þær óskir.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Forseti Íslands hefur gefið út svo hljóðandi forsetabréf um frestun á fundum Alþingis:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsrh. umboð til þess að fresta um sinn fundum Alþingis, 103. löggjafarþings, frá 20. des. 1980 eða síðar, ef henta þykir, enda verði þingið kvatt til fundar á ný eigi síðar en 26. jan. 1981.

Gert í Reykjavík, 19. desember 1980.

Vigdís Finnbogadóttir.

Gunnar Thoroddsen.“

Samkv. þessu umboði og með tilvísun til samþykkis Alþingis lýsi ég hér með yfir því, að fundum þessa Alþingis, 103. löggjafarþings, er frestað frá 20. des. og verður þingið kvatt til fundar á ný eigi síðar en 26. jan. 1981.

Hv. alþingismönnum, starfsfólki Alþingis og landslýð öllum flyt ég óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár.

Sameinað þing, 40. fundur.

Mánudaginn 26. jan., kl. 2 miðdegis.

Framhaldsfundir eftir þingfrestun.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Hinn 9. jan. s. l. var gefið út svo hljóðandi forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsrh., að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda mánudaginn 26. jan. 1981, kl. 14.00.

Gjört í Reykjavík, 9. janúar 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.

Gunnar Thoroddsen."

Samkvæmt þessu hefjast nú framhaldsfundir Alþingis. Ég leyfi mér að óska hæstv. forseta sameinaðs Alþingis, alþingismönnum og starfsfólki Alþingis gleðilegs árs, þakka þeim liðna árið um leið og ég býð þá velkomna til þingstarfa á ný og læt í ljós þá ósk og von að störf okkar megi verða landi og lýð til blessunar.

Forseti (Jón Helgason): Ég þakka hæstv. forsrh. góðar óskir í garð okkar alþm. og jafnframt óska ég ríkisstj., hv. alþm. og starfsfólki Alþingis gleðilegs árs um leið og ég þakka samstarfið á liðnu ári. Eins og hæstv. forsrh. hefur lýst hefst nú fundur í sameinuðu Alþingi.

Nýting kolmunna, þáltill. (þskj. 278). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Langtímaáætlanir um vegagerð, þáltill. (þskj. 357). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Tækniþekking í fiskirækt, þáltill. (þskj. 366). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Umræður utan dagskrár.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Við lokaatkvæðagreiðslu um hækkun vörugjalds á sælgæti og gosdrykki í hv. Nd. Alþingis var viðhaft nafnakall. Við þessa atkvgr. gerði ég grein fyrir atkv. mínu og sagði m. a. að með samþykkt þessa frv. væri verið að mismuna íslenskum iðngreinum á fráleitan hátt. Ég lauk orðum mínum með þessum orðum, með leyfi hæstv. forseta:

„Með samþykkt þessa frv. má búast við því, að reykvískt iðnverkafólk fái í jólagjöf frá þeim, sem að samþykkt frv. standa, atvinnuleysi yfir sig m. a., og vegna þess að ég er á móti því og á móti þessari mismunun, sem ég hef getið um, segi ég nei."

Ástæða þess, að ég kveð mér hljóðs utan dagskrár, eru fregnir af hinu alvarlega atvinnuástandi sem nú er orðið að ömurlegum veruleika á nokkrum landsvæðum og meðal fjölmennra starfshópa láglaunafólks hér á höfuðborgarsvæðinu. Ég ætla ekki að ræða það hugsanlega ástand sem kann að skapast ef ekki næst samningar milli sjómanna og útgerðarmanna og sem hefur í för með sér stöðvun nær alls fiskveiðiflotans og nær samstundis í frystihúsum okkar og öðrum fiskiðnaði, heldur vona ég, eins og allir velviljaðir menn hljóta að gera, að fiskverð verði ákveðið í dag og samningar náist milli sjómanna og útgerðarmanna á næstu dögum. Ég ætla ekki heldur að ræða þann alvarlega samdrátt sem þegar er orðinn staðreynd hjá okkar helstu stóriðjufyrirtækjum vegna orkuskorts. Ég dreg ekki úr því sérstaka ástandi sem skapast hefur á hálendinu vegna sérstæðra og langvinnra kulda og lekra uppistöðulóna, en fullyrði samt að meginástæðu þessa orkuskorts megi hiklaust rekja til fyrirhyggjuleysis og vanhæfni þeirra sem farið hafa með stjórn þessara mála á síðustu árum. En því miður liggja fyrir staðreyndir um atvinnuástand sem ekki stafar af hugsanlegri stöðvun fiskveiðiflotans né orkuskorti þótt hluta þess megi að sjálfsögðu rekja til tíðarfarsins, t. d. atvinnuleysi byggingariðnaðarmanna norðanlands og hér á höfuðborgarsvæðinu. Hins vegar hafa borist fréttir með fjölmiðlum frá Akureyri þar sem fullyrt er að atvinnuleysi hafi haldið innreið sína ef miðað er við þann fjölda umsækjenda sem sækir um þau fáu störf sem losna og auglýst eru. Þar eru nú skráðir atvinnulausir töluvert á annað hundrað manna og að öllum líkindum munu bætast við nokkrir tugir á næstunni vegna uppsagna í sælgætisgerðinni Lindu, en eftir forstjóranum þar eru höfð þessi orð:

„Samdrátturinn fyrstu þrjár vikurnar á þessu ári er liðlega 27% og það er alveg ljóst að samdrátturinn verður mun meiri í næsta mánuði. Ástæður þessa liggja alveg á borðinu, en það er hin gífurlega hækkun á vörugjaldi á súkkulaði. Það hækkaði úr 40 gömlum krónum í 370 gamlar krónur á hvert kíló eða um 825%," sagði Eyþór forstjóri Lindu.

„Það fer því ekkert á milli mála hvert stefnir í þessum málum, svo að maður hugsi nú ekki þá hugsun til enda, hvernig ástandið verður þegar innflutningur á sælgæti verður aftur alveg frjáls í febrúar á næsta ári. Þetta slæma ástand gengur í gegnum alla iðngreinina og hið sama er að gerast í gosdrykkjaframleiðslunni," sagði þessi sami forstjóri.

Hann sagði enn fremur og að lokum í þessu blaðaviðtali: „Það er því augljóslega heldur lítill tilgangur í að halda svona rekstri áfram verði engin breyting á. Þá má enn fremur geta þess, að þetta slæma ástand virðist ekki einskorðast við þessa iðngrein hér á Akureyri. Atvinnuástand hefur ekki verið verra um mjög langt árabil. Mikill fjöldi manna í flestum starfsgreinum gengur nú atvinnulaus hér," sagði Eyþór að lokum.

Í Þjóðviljanum, höfuðmálgagni ríkisstj., má fyrir nokkrum dögum lesa fréttir frá miklu atvinnuleysi á Djúpavogi, og það er frá fleiri stöðum víðs vegar um land sem slíkar fréttir berast. En á Suðurnesjum er um enn alvarlegra atvinnuástand að ræða og virðist sem ákveðið í kafla um utanríkismál í stjórnarsáttmála hæstv. ríkisstj. um að undirbúið verði öflugt átak til atvinnuuppbygg-

ingar á Suðurnesjum falli undir sama skilyrði og næsta málsgrein á undan í sama sáttmála, en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Áætlanir um flugstöð á Keflavíkurflugvelli verði endurskoðaðar og ekki ráðist í framkvæmdir við hana nema með samkomulagi allrar ríkisstj."

Má vel ætla, þegar staðreyndir atvinnulífsins á Suðurnesjum eru hafðar í huga, að ekki hafi náðst samkomulag innan ríkisstj. um nauðsynlegustu úrbætur á sviði atvinnuuppbyggingar þar. Auk þess hefur því landsvæði öllu ásamt höfuðborgarsvæðinu verið mismunað stórlega á síðustu árum í sambandi við fyrirgreiðslufé til slíkrar uppbyggingar. Það er nefnilega ekki nóg að bankar, lánasjóðir og stjórnsýsla eigi heimilisfang á þessu svæði þegar ráðamenn og stjórnendur þessara stofnana og sjóða koma annars staðar frá með þá skoðum og trú að leiðarljósi að allir hafi það svo gott á þessu svæði að vel megi skera af og flytja til og frá. Mismununin er nefnilega ekki aðeins fólgin í úreltum og ólýðræðislegum ákvæðum laga um rétt fólks á þessu landsvæði til áhrifa á skipan Alþingis, heldur einnig um rétt til fjármuna, til atvinnulegrar uppbyggingar úr sjóðum sem þetta sama fólk hefur ekki síst átt þátt í að byggja upp. — Ein alvarlegasta staðreynd atvinnuleysisins á Suðurnesjum og reyndar hérna líka er stóraukinn brottflutningur ungs fólks af landinu. Sérstaklega flyst héðan hið sérmenntaða og reynslumikla fiskiðnaðarfólk sem á nú ekki annarra kosta völ en að flýja á náðir aðalkeppinauta okkar á fisksölusviðinu til að leita sér lífsviðurværis.

Fyrir mér sem þm. Reykv. blasir sú staðreynd við, að stórum hóp láglaunafólks hér í Reykjavík hefur verið sagt upp vinnu í gosdrykkjaiðnaðinum. Því er spáð, að þetta sé byrjun slíkrar öfugþróunar í þessum iðnaði og að sælgætisiðnaðurinn muni fylgja á eftir. Það, sem verra er þó, er að meginástæðan er talin vera þau lög Alþingis um sérstakt vörugjald sem samþykkt voru skömmu fyrir jólahlé. Þessi lög voru samþykkt gegn vilja stjórnarandstöðunnar og gegn vilja sumra stuðningsmanna hæstv. ríkisstj. líka. Þeir létu samt hafa sig í að styðja málið beint og óbeint, þvert á móti aðvörunum og mótmælum hundraða starfsmanna úr þessum hópi iðnverkamanna og mótmælum stjórnarfélags iðnverkafólks, Iðju, í Reykjavík.

Alþingi, bæði fjh.- og viðskn. og formönnum þingflokka, bárust mótmæli, sem voru undirrituð af formanni félagsins, og fylgdu með undirskriftir hátt á fimmta hundrað félagsmanna úr þessari iðngrein sem mótmæltu setningu laga um vörugjald. Með þessum undirskriftum fylgdu varnaðarorð til Alþingis um að atvinnuöryggi fólks væri stefnt í tvísýnu með samþykkt laganna. Stjórn Iðju hélt fund sama dag og tók eindregið undir mótmæli þessa fólks. Stjórnin mótmælti því, að frv. yrði samþykkt sem lög á Alþingi, og benti einnig á afleiðingar þess, ef það yrði samþykkt. Því miður heyrðist það hér á Alþingi og reyndar líka í einu málgagni ríkisstj. a. m. k., að þetta fólk hefði ekki haft sjálfstæði né sjálfstæðar skoðanir til þess að eiga frumkvæði að slíkri mótmælagerð, heldur hefðu þau átt uppruna sinn í röðum atvinnurekenda, en það var einmitt þetta sem stjórn Iðju vildi sérstaklega mótmæla, og það var tekið fram af stjórn Iðju, að það hefðu verið trúnaðarmenn félagsins á vinnustöðunum ásamt samstarfsfólki þeirra sem beittu sér fyrir þessum mótmælum. Umræður um málið og tilmæli þeirra til Alþingis hafa ekki tryggt þetta fólk í þeirri trú, að sú ríkisstj., sem nú situr, sé eitthvað verkalýðsvinsamlegri en þær sem kallaðar hafa verið verkalýðsfjandsamlegar vegna efnislega sömu efnahagsaðgerða og núv. hæstv. ríkisstj. er að framkvæma, en til efnahagsframkvæmda ríkisstj. tel ég m. a. samþykkt þessa vörugjalds.

Ummæli ýmissa forustumanna um áramótin hafa örugglega ekki verið uppbyggjandi fyrir þetta atvinnulausa láglaunafólk. Forseti Alþýðusambandsins sagði, að ríkisstj. væri að vinna sér tíma, og hæstv. félmrh., að skipt væri á sléttu við launþega. Ég veit að atvinnulausir iðnverkamenn taka undir það með mér, að það eru slæm hnífakaup sem iðnverkafólk hefur átt, ef það hefur átt einhverja aðild að slíkum skiptum, að þurfa að hneigja sig fyrir riftun kjarasamninga með brbl. ríkisstj. og taka á sig stórfellda kaupmáttarrýrnun og atvinnuleysi, en fá í staðinn skammtímaaðgerðir í efnahagsmálum.

Framleiðendur þessarar vöru hafa sótt um hækkaða álagningu á vöru sína til að standa undir auknum rekstrarkostnaði, bjarga fyrirtækjum sínum með því og halda uppi jafnvel enn takmarkaðri rekstri en nú er. Að mínu mati mun slík álagning ekki auka aftur magnsölu framleiðslunnar og mun ekki bjarga atvinnu þeirra sem þegar hefur verið sagt upp atvinnu. En staðreyndin er sú, að verð þessarar vöru er komið úr sambandi við rýrnandi kaupmáttargetu almennings. Eina skynsamlega leiðin, sem hægt er að fara, er að ríkið gefi eftir verulegan hluta af skattlagningu sinni svo að verði létt á atvinnufyrirtækjum og þá fyrst og fremst þeim sem nú búa við hið nýálagða vörugjald. Þetta mun auka sölu framleiðslunnar og bjarga atvinnu þess fólks sem sagt hefur verið upp störfum.

Á fundi í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs fyrir nokkrum dögum fengum við spá á borðið frá félmrn. og þar var látin í ljós sú trú, að atvinna á fyrsta ársfjórðungi þessa árs mundi ekki verða lakari en hún var á s. l. ári, en á s. l. ári má segja að atvinnuástand um allt land hafi verið mjög gott. Strax þegar þetta var lesið á fundi stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs voru skoðanir rn. dregnar mjög í efa af þeim mönnum sem þekkja til atvinnumála hér á Íslandi. Það voru gamalreyndir verkalýðsforustumenn sem bentu m. a. á að það væri auðvitað ekki hægt að spá um fyrsta ársfjórðung þegar ósamið væri við þann stóra hóp launþega sem sjómenn eru, ekkert fiskverð lægi fyrir og óvíst um framhaldsstarfsemi fiskiðnaðarins á næstu mánuðum. Þá geta slíkar spár ekki haft neina örugga vissu á að byggja þegar horft er til veðurfars á þessum árstíma.

Ég hafði ætlað mér að þessum orðum mínum loknum að beina fyrirspurn til hæstv. fjmrh. og koma til hans skriflegri aths. í gær, tilkynningu um að ég mundi gera þetta. Hann var væntalegur heim í gærkvöld, en kom ekki heim í nótt, hafði tafist norður í landi, svo það verði ekki misskilið, og hefur fjarvistarleyfi af þeim sökum hér í dag. Hæstv. forsrh. er svo vinsamlegur að ætla að svara því sem verður máske í fyrirspurnarformi frá mér. En áður en ég kem að því ætla ég að leyfa mér — með leyfi forseta — að vitna í grg. hv. þm. Guðmundar Þórarinssonar við afgreiðslu frv. um vörugjald í hv. Nd. skömmu áður en þingið fór í jólaleyfi. Hann sagði þá í grg. sinni, með leyfi forseta:

„Ég er á móti þessu gjaldi, sem fjallað er um í þessu frv. Ég tel að hér sé um fráleita skattheimtu að ræða sem mismunar iðngreinum.

Fyrir stuttu stóðu þm. að því eða ríkisstj. að leggja 30% gjald á innflutt sælgæti til að vernda störf þess fólks, sem við þær iðngreinar vinnur, þegar lokun fyrirtækjanna jafnvel blasti við. Nú, stuttu seinna, er lagt fram frv. hér í þingi til skattlagningar þessara vara í tekjuöflunarskyni fyrir ríkissjóð. Með þessari skattlagningu gosdrykkja er líklegt að skattlagning ríkissjóðs sé um 50% af verksmiðjuverði og fyrirtækjum gert að innheimta svo háa hlutdeild fyrir ríkissjóð. Þessi skattheimta, sem þetta frv. fjallar um, mun valda hækkun framfærsluvísitölu og hækkun launagreiðsla í landinu, líklega um upphæð sem nemur 3.3 milljörðum kr. á næsta ári.

Nú liggur fyrir þinginu frv. um jöfnunargjald. Í trausti þess, að hækkun um 2% á jöfnunar- og aðlögunargjaldi nái fram að ganga og þá verði þetta gjald, sem hér er fjallað um í þessu frv., á gosdrykkjum og sælgæti fellt niður greiði ég ekki atkv. gegn frv."

Þetta var sá fyrirvari sem hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson gerði þegar hann greiddi atkvæði við afgreiðslu þessa máls fyrir jólahlé.

Mín fyrsta fsp., sem ég ætlaði að varpa fram til hæstv. fjmrh., er um hvort hæstv. ríkisstj. sé búin að koma sér niður á álagningu þessa 2% aukagjalds sem heimilt er að leggja á samkv. ákvæðum til bráðabirgða í þeim lögum um jöfnunargjald sem við samþykktum hér á hæstv. Alþingi 19. des. s. l. Ef möguleiki er á því að koma á móti vanda þessa iðnaðar er það að sjálfsögðu gott, þó ég telji *hitt vera best og einu framkvæmanlegu leiðina til að ráða* bót á atvinnuleysi fólksins: að fella þetta sérstaka vörugjald alveg niður.

Ég vil svo að lokum benda á það, að nú aðeins fyrir nokkrum dögum, í síðustu viku, fór verksmiðjufólk, sem hlut á að máli, á fund hæstv. forsrh. og reyndar fjmrh. einnig, náði að vísu ekki til þeirra sjálfra, en kom til þeirra bréfi og fékk vinsamlegar kveðjur að sjálfsögðu til baka. Í þessu bréfi bentu þessir aðilar á og vitnuðu til fyrri mótmæla sinna og aðvörunarorða. Og þeir sögðu svo í þessu bréfi sínu, sem hefur birst í fjölmiðlum, með leyfi forseta:

„Nú er hins vegar komið í ljós að samdráttur í sölu er mjög verulegur og því augljóst að gosdrykkjaiðnaðurinn getur ekki annast innheimtu á þessum auknu sköttum á landsmenn. Það er því einlæg ósk okkar starfsmanna" — og síðan eru verksmiðjurnar taldar upp — „að þér, ágæti ráðh., beitið yður fyrir því, að umrætt 30% vörugjald eða sérstakt tímabundið vörugjald verði fellt niður eða dreift á fleiri atvinnugreinar."

Og niðurlag bréfs þeirra er á þessa leið, með leyfi forseta:

„Það er trú okkar, að með því móti einu sé hægt að *vinna gegn samdrætti í okkar atvinnugrein og þar með* tryggja atvinnuöryggi okkar og komið verði í veg fyrir að á annað hundrað manns búi við það óöryggi sem atvinnuleysi veldur."

Ég hef skýrt frá fsp. minni um hvort þetta hefði verið rætt í ríkisstj. Ég þykist vita að ríkisstj. hafi rætt í sínum hóp það alvarlega mál þegar upp kemur atvinnuleysi í jafnstórri iðngrein og meðal jafnmikils fjölda og hér er um að ræða. Ég efa það ekki. En sú spurning hlýtur að koma upp hjá okkur ekki síður en hjá þessu fólki, hvort það sé hugsanlegt að hæstv. ríkisstj. vilji nú fella þetta gjald niður aftur, eða þá til vara, hvort það sé komið áleiðis eitthvað með aðgerðir til að ráða bót á vandanum með álagningu hins nýja jöfnunargjalds sem heimild er fyrir í lögum.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Eins og hv. þm. tók fram mun hann hafa látið hæstv. fjmrh. vita *um fsp. varðandi gosdrykkjamál og jöfnunargjald.* Hæstv. ráðh. er veðurtepptur og vissi ég ekki um þessa fsp. fyrr en í byrjun þessa fundar. En það er sjálfsagt að svara fsp. hans um þetta efni. Hins vegar vissi ég ekki að hv. þm. mundi hefja hér almennar umræður um atvinnumál og atvinnuleysi í landinu.

Varðandi fsp. hans um þá heimild, sem samþykkt var fyrir jól um álagningu 2% jöfnunargjalds eða ígildis þess, þá hefur ekki enn verið tekin ákvörðun um notkun þeirrar heimildar. Varðandi gosdrykkjaframleiðsluna hefur það mál verið til sérstakrar athugunar eftir að starfsfólk verksmiðjanna bar fram óskir um það mál nú fyrir helgi. Það, sem verið er að kanna, er í fyrsta lagi hvort um samdrátt í sölu er að ræða og ef svo er þá hversu mikinn og ekki síst af hvaða orsökum hann kann að vera. Ef um samdrátt er að ræða, sem sumir halda fram, en aðrir draga í efa, er ljóst að þar eru ýmsar samverkandi ástæður, en ekki eingöngu hækkun gosdrykkjagjaldsins. Það er þegar hafin athugun og könnun á þessu. Vitanlega hefur ríkisstj. fullan hug á að gera ráðstafanir til þess að ekki verði um atvinnuleysi að ræða í þessari starfsgrein.

Að öðru leyti skal ég ekki fara út í hinar almennu umræður hv. þm., en þó nefna tvennt. Hann minntist á *verulegt atvinnuleysi á Suðurnesjum og skal ég ekki* draga þau ummæli hans í efa. Hins vegar er mér ekki kunnugt um að nein erindi hafi borist frá Suðurnesjum um þetta efni til ríkisstj., hvorki frá sveitarstjórnum, verkalýðsfélögum né alþingismönnum kjördæmisins.

Þá minntist hv. þm. á að í sælgætisverksmiðjunni Lindu á Akureyri hefði fjölda manns verið sagt upp og mun hafa byggt það á heimild sem hann telur að sjálfsögðu óyggjandi, en það er Morgunblaðið. En þetta er með öllu rangt því að engum manni hefur verið sagt upp í þessari verksmiðju.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Það þarf í rauninni engum að koma á óvart og allra síst hæstv. ráðh., að þm. vilji nú á fyrstu dögum þingsins eftir jafnlangt jólaleyfi og raun ber vitni um taka til umræðu á Alþingi utan dagskrár þau mál sem hæst hefur borið á þeim tíma sem þingið hefur verið í jólaleyfi. Þess vegna er það fullkomlega eðlilegt og þakkarvert að hv. 1. landsk. þm. skuli hér gera að umtalsefni utan dagskrár það mál sem mjög hefur verið til umræðu á opinberum vettvangi nú síðustu daga, en það er sá samdráttur sem virðist vera í þeim greinum iðnaðar sem sérstakt vörugjald *var lagt á nú fyrir jólin.*

Það urðu miklar deilur hér á Alþingi um frv. til l. um vörugjald sem hér var afgreitt á síðustu dögum fyrir jólaleyfi. Efnisatriði þessara laga var að leggja 30% vörugjald á gosdrykki, en 7% á sælgæti, stóð reyndar til að það yrði 10%, en var breytt í meðförum þingsins, eins og þm. muna eftir. Um þetta mál urðu miklar deilur hér í þingi. Við þm. Sjálfstfl., sem erum í stjórnarandstöðu, greiddum atkvæði gegn þessu og fluttum harðorða gangnrýni á þessa ráðstöfun bæði í ræðum og nál.

Ég vil í stuttu máli rifja upp nokkur rök sem fram komu af okkar hálfu í þessum umræðum:

Við bentum á að það væri með ólíkindum að ríkisstj.

skyldi hafa á s. l. sumri talið sig þurfa að gera sérstakar ráðstafanir til að styrkja erfiða stöðu sælgætisiðnaðar, — ráðstafanir sem ég hygg að hafi verið réttmætar og nauðsynlegar þá þó að deila megi um þá aðferð sem notuð var, — en ekki voru liðnir nema nokkrir mánuðir frá því að þau brbl. voru sett, sem áttu sérstaklega að styðja þessa iðngrein, þegar lögð var á hana sérstakur skattur sem ljóst var frá upphafi að mundi verða mjög íþyngjandi.

Við bentum á hættu á samdrætti í þessum atvinnugreinum. Það var ekki gert út í bláinn, heldur vegna þess að þeir, sem gerst þekkja til í þessum atvinnugreinum, forsvarsmenn viðkomandi fyrirtækja, forsvarsmenn iðnrekenda í landinu og starfsfólk, sem í þessari atvinnugrein vinnur, komu sérstaklega hingað til alþm. til að vara þá við og gera þeim grein fyrir yfirvofandi hættu. Bæði atvinnurekendur og starfsmenn í iðnaði sameinuðust um að skora á alþm. að samþykkja ekki það lagafrv. sem þá lá fyrir. Forsvarsmenn Iðju, félags verksmiðjufólks, og forsvarsmenn Félags íslenskra iðnrekenda afhentu sameiginlega orðsendingu þar sem þess var farið á leit, að þessi lög yrðu ekki samþykkt.

Þeir bentu á, sem rétt var, að það mætti ekki íþyngja þessum atvinnugreinum og með því væri verið að stefna í hættu atvinnuöryggi um 600 manns sem vinna í þessum atvinnugreinum.

Allt þetta var tíundað hér í umr. fyrir jól. Við sjálfstæðismenn bentum líka á að þegar tekið væri tillit til þess annars vegar, hversu miklar tekjur þetta ætti að gefa, sem var talið um 3.4 milljarðar kr., og hins vegar hækkunar vísitölu, sem þýddi þá auknar launagreiðslur bæði atvinnulífsins og ríkisins í heild, væri vandséð hver raunverulega væri hagur að þessari lagasetningu er upp væri staðið, vegna þess að sú hækkun vísitölunnar, 0,26%, sem talið var að þetta gjald hefði í för með sér, þýddi auknar launagreiðslur um nálægt 3 milljörðum kr. Við bentum líka á að með þessari ráðstöfun væri verið að mismuna alvarlega íslenskum iðngreinum og ekki væri rétt og ekki eðlilegt að fara þannig að.

Nú er komið í ljós að þessi aðvörunarorð reyndust rétt.

Ég held að engum blandist hugur um það, þó að hæstv. ríkisstj. sé það e.t.v. ekki ljóst ef marka má orð hæstv. forsrh. áðan, að þessi samdráttur stafar af þeim auknu sköttum sem hér hafa verið lagðir á. Það er orðin tíska í iðnrn. að ef einhver vandamál koma upp er kallað á starfshópa og nefndir. Okkur skilst að þær séu orðnar einar 43 talsins og ekki séð fyrir endann á því enn. Einhverjar fréttir eru uppi um það, að nú standi til að skipa sérstaka stjórn fyrir Orkustofnun án þess að fyrir því séu nokkrar heimildir í lögum, en það er annað mál sem rétt er kannske að ræða síðar. — En mér heyrðist ekki betur á orðum hæstv. forsrh. áðan en að nú ætti að hefja þann leik að nýju, hefja sérstaka athugun á því, af hvaða ástæðum þessi samdráttur væri og hvort hann væri til yfirleitt. Mér sýnist því að þetta muni nú lenda í einu nefndarfarganinu enn þá sem hefur einkennt allnokkuð störf hæstv. ríkisstj. og ekki síst þau mál sem snerta íslenskan iðnað.

Forsvarsmenn þessara fyrirtækja hafa látið hafa eftir sér ummæli í blöðum þar sem þeir vara mjög við og horfa uggandi augum til framtíðarinnar. Það liggur ljóst fyrir að verksmiðjan Vífilfell, Coca Cola—verksmiðjan, hefur þegar sagt upp 60 starfsmönnum og það á þeim tíma árs þegar hvað erfiðast er að fá vinnu. Við höfum lesið um áhyggjur þessa fólks í öllum blöðum landsins. Forstjóri Sanitas segir að þeir, sem því fyrirtæki stjórna, bíði átekta og sjái hvernig málin þróast, en vonast til að komast hjá uppsögnum eða öðrum viðlíka aðgerðum. Það er þó ljóst að til uppsagna mun koma ef svo fer fram sem horfir um áframhaldandi samdrátt í sölunni, segir forstjóri þessa fyrirtækis.

Og forstjóri þriðja fyrirtækisins, þ.e. Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson, segir að það hafi orðið gífurlegur samdráttur í sölu á þessari vöru. Hann segir að um 130 manns séu í vinnu hjá fyrirtækinu núna og væri ólíklegt að unnt yrði að komast hjá uppsögnum ef ekki birti til.

Af þessum ummælum svo og því alvarlega bréfi, sem Iðja, félag verksmiðjufólks, sendi hæstv. forsrh. á föstudaginn var, má ljóst vera að hér er slíkt mál á ferðinni að það verður ekki við það unað að ekkert verði gert til úrbóta.

Sá skattur, sem hér er um að ræða, er mjög í líkingu við þá stefnu sem Alþb. er fyrst og fremst í forsvari fyrir og virðist ráða ríkjum í þessari ríkisstj., þ.e. stöðug og eilíf skattheimta á næstum viku hverri og fyrst og fremst skattheimta sem beinist að atvinnulífi landsins. Hin dauða hönd skattastefnu núv. ríkisstj. er á góðri leið með að skerða alvarlega atvinnulíf okkar og jafnvel í sumum greinum svo að hrein auðn er fram undan.

Það er mikill misskilingur og mikil vanþekking á gangi atvinnulífsins, eins og fram kemur hjá Alþb. hvað eftir annað, að halda að atvinnufyrirtæki landsins séu endalaus uppspretta skattheimtu. Efnahagsstefna á að örva til athafna og við þurfum þess með í okkar landi nú. Við horfum fram á mjög alvarlegt ástand í atvinnumálum, — ástand sem ef til vill kemur ekki svo mjög fram í tölum um atvinnuleysi, heldur í því dulbúna atvinnuleysi sem felst í miklum brottflutningi fólks úr landinu. Við höfum um það tölur frá Hagstofunni að á síðustu fjórum árum, — þá er árið 1980 reyndar ekki meðtalið, ég hef ekki fengið tölur um það, — hafi flust á brott tæplega 10 þús. manns frá Íslandi, sem er geysileg blóðtaka því hér er um að ræða fólk á besta starfsaldri.

Þessi tala þýðir t.d. sama og að allir Keflvíkingar hefðu flust brott af landinu á þremur árum.

Brottflutningur fólks á þessum tíma er að sjálfsögðu ekki sök núv. hæstv. ríkisstj., en stefna hennar í atvinnumálum er hins vegar ekki líkleg til að snúa dæminu við. Þvert á móti, með þessari gífurlegu skattlagningu, sem dregur úr athafnaþrá manna og hvetur á engan hátt til nýrra athafna í atvinnulífi, er áfram gengið á þeirri sömu braut sem verið hefur, að stefnt sé í jafnmikið eða jafnvel meira dulbúið atvinnuleysi á næstu árum en verið hefur. Það er enn eitt atriði að lokum sem ég vil gera að umtalsefni í þessu sambandi. Það er hversu lítið er upp úr að leggja þeim hástemmdu og hátíðlegu yfirlýsingum sem koma frá Alþb. og ekki síst hæstv. ráðh. Alþbl. um nauðsyn samstarfs, samvinnu og samráðs við samtök verkafólks og launafólks í landinu. Slíkar klisjur þekkjum við úr hátíðaræðum þeirra Alþb.-manna. En þetta mál og meðferð þess er dæmigert um hvernig þetta samstarf forkólfa Alþb. við samtök launafólks í landinu er í raun. Þegar félag verksmiðjufólks í Reykjavík, félag þess fólks sem er sennilega stærsti láglaunahópurinn í landinu, kemur hingað til alþm. með aðvörun um að leggja nú ekki þennan ofurþunga á þessa atvinnugrein, með eins konar ákall til alþm. um að stefna ekki atvinnu þess í hættu á þennan hátt, er því tekið með háðsyrðum

hér í þingsölum. Eftir að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, sem því miður er ekki staddur hér í dag, hefur fjarvistarleyfi, tekur á móti bréfi hér niðri í anddyri frá Iðju, félagi verksmiðjufólks, fer hann með það upp í ræðustól í Ed., gerir þar grín að því fólki sem þetta bréf afhendir, segir að það hafi ekki verið sjálfrátt gerða sinna og það hafi verið platað af atvinnurekendum til að skrifa undir slíkt bréf. Það voru heldur kaldar kveðjur sem Alþb. á þennan hátt sendi þessum samtökum launafólks þegar það kom hér í sinni bónarför fyrir jólin. — Nú er það sem sagt komið í ljós að þetta fólk hafði rétt fyrir sér, aðvörunarorð þess voru á rökum reist, en eftir stendur dæmi, reyndar mjög gott dæmi, sem ég hygg að sé alls ekki einsdæmi, um fyrirlitningu núverandi ráðamanna Alþb. á samtökum launafólks og algert tillitsleysi við það fólk sem þar um ræðir.

Ég vil ljúka þessum orðum með því að skora á hæstv. ríkisstj. að setja ekki upp eina nefndina enn til að rannsaka þetta mál, ekki setja nú 44. nefndina upp í iðnaðarmálum á Íslandi á vegum iðnrn., heldur ganga í þetta mál með oddi og egg og reyna að leysa það þannig að til þess komi ekki að það fólk, sem nú hefur verið sagt upp þurfi að hætta vinnu, og jafnframt að þeir, sem uppsagnir vofa yfir þurfi ekki að fara út á kaldan klaka atvinnuleysisins. Ég skora á hæstv. ríkisstj. að taka tillit til þessara óska sem bæði forsvarsmenn launafólks og forsvarsmenn iðnrekenda í þessu dæmi hafa flutt hæstv. ríkisstj.

Ég skora á hana að leysa þetta mál fljótt og vel.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Það virðist koma hæstv. forsrh. á óvart að óbreyttir þm. hafi nokkrar áhyggjur af atvinnuástandi því sem er að skapast í landinu. Það ætti sannarlega ekki að koma hæstv. ráðh. á óvart því að svo oft hefur verið að því vikið hér í almennum umr. um efnahagsmál og stefnu ríkisstj. í efnahagsmálum hvað hún sé hættuleg að því er varðar atvinnumálin og atvinnuöryggið í landinu.

Ég kvaddi mér hljóðs hér vegna þess að það var minnst sérstaklega á einn ákveðinn stað í minú kjördæmi, Akureyri, og farið nokkrum orðum um atvinnumálin þar. Ég fagna því, ef reynist rétt sem hæstv. forsrh. sagði áðan, að engu fólki hafi verið sagt upp í sælgætisiðnaðinum á Akureyri. Ég vona að það fari ekki með þær upplýsingar eins og sumt annað, sem því miður hefur ekki reynst rétt þegar á hefur reynt, sem fram hefur komið í máli hans hér á hinu háa Alþingi. En það eru miklu fleiri atriði í atvinnumálum á Akureyri, sem þarf að hafa áhyggjur af en þær 17 uppsagnir sem hér hefur komið fram að eru engar uppsagnir.

Á Akureyri eru núna 120 manns á atvinnuleysisskrá. Mjög mikið af þessu fólki vinnur í byggingariðnaði. Ég hef haft samband við forráðamenn bæjarmála á Akureyri um þetta mál. Byggingarfulltrúinn á Akureyri tjáir mér að það sé mjög verulegur samdráttur í lóðaumsóknum á Akureyri og á seinni hluta ársins í ár hafi fólkið greinilega hægt á sér að byggja, byggingartíminn hafi lengst og nú sé svo komið að umsóknum lóða hafi fækkað, eins og hann orðaði það, mjög verulega. Hann sagðist ekki hafa endanlegar tölur um það miðað við fyrri ár.

Á þessu sjáum við að þarna eru að verða samdráttaráhrif sem ég held að megi rekja að mjög verulegu leyti til almennrar stefnu stjórnvalda í sambandi við húsnæðislán og lánakjör til húsbyggjenda.

Það er eitt sem væri kannske rétt að vekja athygli á í sambandi við þetta mál. Ríkisstj. býr þannig að Byggingarsjóði ríkisins á þessu ári að það verður ekki annað séð en það vanti 10—12 milljarða kr. fjáröflun til byggingarsjóðsins til að hann geti sinnt útlánaflokkum sínum eins og húsnæðismálastjórn telur að þurfi. Gert er ráð fyrir að tekin séu svo gífurlega mikil lán hjá lífeyrissjóðunum til að ná þarna endum saman að ég held að enginn maður trúi að það geti brúað bilið, en þau lán, sem stefnt er að að verði tekin hjá lífeyrissjóðunum á þessu ári, eru 19.6 milljarðar í samanburði við 7.3 milljarða sem fengust úr lífeyrissjóðunum í fyrra.

Þó að ástandið sé orðið slæmt í þessum málum á sviði byggingariðnaðarins á ýmsum stöðum og greinileg merki séu um samdrátt á það eftir að verða verra og meira ef ekki verður betur að þessum málum hugað en hæstv. ríkisstj. hefur fyrirhugað eftir þeim gögnum sem liggja fyrir afgreiðslu fjárlaga og þeim drögum að lánsfjárlögum sem Alþingi hafa borist.

En það eru fleiri áhyggjuefni í atvinnumálunum á Akureyri. Undanfarin ár hefur útflutningsiðnaðurinn verið rekinn með nokkrum halla og sum árin verulegum og sumar greinar útflutningsiðnaðarins eru á síðustu árum reknar með halla sem nemur a.m.k. 3—5% af heildartekjum. Þá er ég að tala um nettóafgang. Hann er í rauninni halli sem þessu nemur. Á Akureyri vinna hjá sambandsverksmiðjunum 850 manns, og í lagmetisiðnaði 120—200 manns, eftir því á hvaða árstíma er litið. Það eru því rúmlega 1000 manns á Akureyri sem eiga sitt undir útflutningsafkomu útflutningsiðnaðarins.

Í engu byggðarlagi á Íslandi er um svo mikla hagsmuni í sambandi við þessa atvinnugrein að tefla. Til viðbótar þessu, að útflutningsiðnaðurinn hefur verið rekinn með verulegum halla undanfarin ár, stefnir hæstv. ríkisstj. að því nú, að því er hún segir, að stöðva gengissig, halda genginu stöðugu samtímis því sem yfir atvinnuvegina dynja stórfelldar kostnaðarhækkanir.

Ég hef átt viðtöl við forráðamenn útflutningsiðnaðarins á Akureyri, lagmetisiðnaðar, ullar- og skinnaiðnaðar og fleiri iðngreina, en aðallega þessara tveggja, sem hafa langflest starfsfólk í þjónustu sinni. Þeir segja að það sé afar mikið áhyggjuefni, svo að ég hafi alveg orðrétt eftir þeim, sú hugmynd, sem þeim finnst að ríkisstj. stefni að í gengismálum, að halda genginu stöðugu ofan í það sem gert var á s.l. ári, en þá er talið að gengisaðhald hafi verið svo mikið að 8—9% hafi skort á að atvinnuvegirnir næðu endum saman á því ári.

Þeir segja að hér sé um afar mikið áhyggjuefni að ræða og geti mjög fljótlega komið að því, að þeir þurfi að grípa til uppsagna fólks. — Við vitum að það hefur mikið verið í fjölmiðlum um að ein sambandsverksmiðjanna á Akureyri, skóverksmiðja, muni hætta um mitt árið, en þá mundi þetta bætast við þann vanda.

Mikill skipasmíðaiðnaður er á Akureyri. Fyrir nokkrum dögum breytti stjórn Framkvæmdastofnunar stefnu sinni í útlánum til nýsmíða skipa, lækkaði þá upphæð, sem hún lánar út á hvert fiskiskip, um 5%. Þetta segja forustumenn skipasmíðaiðnaðarins mér að geti orðið banabiti skipasmíðaiðnaðarins í landinu, þegar eigið framlag er hækkað úr 15% í 20%. Nú getur það verið matsatriði hversu hratt á að fara í skipabyggingar þegar fiskiskipastóllinn er orðinn eins stór og hann er, en ég held að allir, sem þekkja til samsetningar fiskiskipaflot-

ans og vita hvað vertíðarbátarnir eru orðnir gamlir og úreltir yfirleitt, geti orðið sammála um að það sé eitthvað það vitlausasta, sem hægt sé að gera, að skrúfa fyrir innlendar skipasmíðar og hugsa sér svo að leysa vandann, sem af því hlýst, með því að flytja inn 20—30 báta eða jafnvel fleiri, eins og gert hefur verið stundum, á undanförnum árum í gusum, — báta sem allir verða síðan úreltir í einu.

Það eru ekki bara þessar 17 uppsagnir, hæstv. ráðh., í Lindu, sem kannske eru ekki orðnar að veruleika, sem eru áhyggjuefni þeirra sem vilja eitthvað hugsa um atvinnulíf á Akureyri eða á Íslandi yfirleitt. Það er ekki bara það — nánast með háðsmerki — sem ríkisstj. gerði í sambandi við sælgætisiðnaðinn í landinu, sem er mönnum áhyggjuefni. Það er um miklu víðtækara mál að ræða.

Ég tala nú ekki um það að fresta virkjunarframkvæmdum og slökkva á öllum stóriðjufyrirtækjum í landinu. Ég skal ekki fara út í þá sálma og ekki heldur út í það, hvernig horfir með fiskverð og með útgerð á komandi vetri. Atriðin, sem ég taldi hér upp, eru nægjanleg til að sýna fram á að það er því miður mjög uggvænlegt ástand og er að skapast mjög uggvænlegt ástand á miklu fleiri sviðum en hér hefur komið fram áður.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Forsrh. hélt stefnuræðu ríkisstjórnarinnar 23. okt. í haust og þar sagði hann um iðnaðinn:

„Einstakar greinar iðnaðar hafa átt í vök að verjast vegna harðnandi samkeppni við innfluttar vörur í kjölfar tollalækkana, svo sem sælgætisiðnaður og húsgagnaiðnaður. Til að bregðast við þessu og auka svigrúm til aðlögunar var settur tímabundinn tollur á innflutt sælgæti og hafið þróunarátak í greininni". Síðan segir í ræðunni: „Að marghátttuðum endurbótum er nú unnið með samvinnu fyrirtækja og samtaka iðnaðarins og stuðningi stjórnvalda og þjónustustofnana iðnaðarins. Markmiðið er að styrkja stöðu iðnaðarins á heimamarkaði og í útflutningi, auka framleiðni og afköst."

Langur tími er ekki liðinn síðan þessi stefnuræða var flutt og þessi stefna mörkuð, en í framhaldi af henni er gripið til þess að leggja á þá skatta, sem hér hafa verið gerðir að umræðuefni, og virða að engu þær aðvaranir sem koma frá fólki í þessari iðngrein og iðnrekendum, og jafnvel enn í dag er dregið í efa hvort þetta ástand sé alvarlegt eða ekki.

Hæstv. forsrh. talaði um samdrátt sem haldið væri fram, en aðrir drægju í efa. Ég spyr hæstv. forsrh. hvort hann dragi í efa, að samdráttur sé í þessum iðnaði, eftir viðtöl og yfirlýsingar forustumanna, og framámanna í þessum iðnaði. Telur hann að forustumenn félags verksmiðjufólks, Iðju, séu að tala gegn betri vitund? Álítur hann að forstjóri Vífilfells sé að gera sér leik að því að segja starfsfólki upp? Ég held að það sé ekki dregið í efa að búið sé að segja starfsfólki upp. Jafnvel þó Morgunblaðið segi frá því mun það vera satt. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að gera sér ljóst að hér er um alvarleg atriði að ræða. Það er verið að stefna til samdráttar í þjóðfélaginu, þvert ofan í stefnuræðu forsrh. og ríkisstjórnarinnar.

Þetta er aðeins lítið dæmi af mörgum sem hægt er að taka. Það er aðeins verið að gera þetta að umræðuefni, en hitt er miklu stærra. Svo eru bara önugheit hjá ríkisstj. Það er kannske ekki furða. Hún er sæl í þeirri trú að hún hafi gert stórt átak á gamlársdag með útgáfu brbl. Hún var mállaus og heyrnarlaus allan desembermánuð, en rankaði við sér á gamlársdag og gaf út brbl. sem snerta ekki nema lítinn hluta af því sem þarf að gera. En það er ekki von að ríkisstj. eins og þessi telji sig þurfa að gera neitt meira og vitna ég nú í aðalstuðningsblöð hennar. — Það er ekki rétt hjá Pétri Sigurðssyni að telja Þjóðviljann á undan Dagblaðinu. Dagblaðið er aðalstuðningsblað þessarar ríkisstj. Þjóðviljinn kemur nr. tvö og Tíminn þrjú. (Gripið fram í.)

Þetta blað, Dagblaðið, viðhefur nú skoðanakannanir og leggur spurningar fyrir fólk, og þær skoðanakannanir leiða í ljós að ríkisstj. er að stórauka fylgi sitt.

Fólkið er svo ánægt með hana að það keppist við að lýsa því yfir hvað ríkisstj. sé dugleg, hún hafi loksins gefið út brbl. og nú standi þjóðin að baki ríkisstj. sinni. Og forsrh. verður auðvitað óskaplega hrærður, eins og gamlir menn verða oft við að fá einstakt hól frá almenningi í landinu, og segir að þetta sé styrkur í starfi, styrkur til þess að gera ekkert meira því að það gangi allt vel, það sé búið að gera svo mikið og þeir séu hver um annan þveran ánægðir, nema helst framsóknarmennirnir. Þeir eru að fitja upp á nefið öðru hvoru og þá aðallega viðskrh. Formaður flokksins reið aftur á móti út í ána á einhverjum klár, sem ég veit ekki hvað heitir, og hann er staddur í miðri ánni og væri nú nær að reyna að leita til baka, ef klárinn skyldi vilja fara til sama lands, en bíða lengi úti í miðri ánni, a.m.k. ekki í mörg ár. (**SighB:** Skyldi hann ekki fara á skíðum?). Já, ef ís er á ánni. Þá mætti nú bjarga sér yfir á skíðunum.

Er þetta ekki að verða eins og var hjá gamla manninum í Rússlandi honum Stalín? Hann var afskaplega vinsæll í sínu kjördæmi og var að jafnaði kosinn með annaðhvort 99.9% atkv. eða 100%. Ég held ég verði að gleðja hæstv. forsrh. með því, að ég held að ef hann láti Dagblaðið sitt viðhafa 4—5 skoðanakannanir til viðbótar verði ríkisstj. jafnvinsæl og gamli Stalín. En vinsældir hans dóu út fljótlega eftir dauða hans eins og menn muna.

En þetta mál er ekki til að hafa í flimtingum. Það er réttara hjá ríkisstj. að viðurkenna að hún fór villu vegar fyrir jólin með því að neyða stjórnarþm. til að samþykkja þetta vörugjaldsfrv. sitt.

Henni væri nær og hún yrði sér ekkert til minnkunar ef hún viðurkenndi, að hún hefði gert rangt með því að knýja þetta frv. fram, og afnæmi þessi gjöld.

En eitt finnst mér leiðinlegt að heyra. Í því felast þungar ákúrur á þm. Reykn. þegar hæstv. forsrh. sagði að það hefði ekkert heyrst frá þm. Reykjaneskjördæmis um það alvarlega ástand sem þar er. Nú ætla ég ekki að taka undir þær fréttir sem hafa komið um stórfelldan landflótta af Suðurnesjum. Það er auðvitað til og því verður ekki á móti mælt að eitthvað af fólki er að fara þaðan úr landi.

En fólk hefur farið úr landi á mörgum undanförnum árum og öllum árum, og ég hygg að það sé gert fullmikið úr þessu atriði. En ástandið er alvarlegt, um það deilir enginn maður sem eitthvað kynnir sér atvinnulíf, og mér finnst vera nærri höggvið þm. stjórnarliðsins í Reykjaneskjördæmi þegar gefið er í skyn að þeir hafi ekki komið boðum til ráðh. í ríkisstj. sem þeir skilja, og gert þeim skiljanlegt að þar væri hættulegt og alvarlegt ástand. Það getur vel verið að ríkisstj. sé upptekin af því að lesa skoðanakannanir Dagblaðsins og heyri hvorki né

sjái hvað er að gerast í kringum hana. Þá er eins gott fyrir þá þm., sem styðja þessa ríkisstj., að vekja hana öðru hverju. Þeir þm., sem vita um þennan vanda, ættu að láta ríkisstj. vita af því, fyrst þeir fylgjast ekki með neinu sjálfir, þessir menn í ríkisstj. Það er ekki von að ríkisstj. hlusti mikið á þm. stjórnarandstöðunnar. Hún hefur ekki haft mikið fyrir því að taka á móti varnaðarorðum sem komið hafa frá stjórnarandstöðunni.

Ég hygg að umr. sem þessar séu gagnlegar fyrir ríkisstj. sem er svo upptekin af vinsældum sínum að hún sér ekki og heyrir ekki það sem er að gerast í kringum hana í þessu landi.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Böl atvinnuleysis er meira en nokkurt annað böl er mætir fullfrísku fólki. Nú er ljóst að atvinnuleysisvofan er farin á kreik víðs vegar um land. Fólk kvartar yfir öryggisleysi og atvinnumissi. Fyrir norðan standa iðnfyrirtækin á brauðfótum, og mér er tjáð af formanni verkalýðsfélagsins Einingar að atvinnuöryggið sé að bresta, reyndar séu um 120 manns atvinnulausir þar samkv. skráningu. Hér í Reykjavík heyrast raddir fólks er óttast atvinnumissi, og hafa fjölmargir nú þegar uppsagnarbréf í höndum. Einkum er hér um að ræða fólk er starfar í gosdrykkjaverksmiðjum og sælgætisiðnaði.

Fyrri ræðumenn hafa vitnað í umr. hér á Alþingi er ríkisstj. margfaldaði vörugjald. Þá sendi iðnverkafólk frá sér ályktun og undirskriftir fóru fram og sendu hundruð manna þær undirskriftir hingað til Alþingis. Ráðamenn tóku þessu fólki fálega. Þm. Alþb. hæddist að þessu fólki og lítilsvirti það með afar ósmekklegum ummælum. Við Alþfl.-menn lögðumst gegn hækkun vörugjaldsins og lýstum áhyggjum okkar af atvinnuöryggi iðnverkafólks. Í ljós kom að við höfðum greinilega rétt fyrir okkur, því að nú sér þetta fólk atvinnuleysið eitt fram undan.

Á Suðurnesjum er ástandið mjög alvarlegt. Þar er á annað hundrað atvinnulausra. Reyndar hefur atvinnuástand á Suðurnesjum farið síversnandi, sem best sést á því að á s. l. ári var 30% meira atvinnuleysi í Keflavík en árið áður. Einkum bitnar atvinnuleysið á kvenfólki og hefur verkakvennafélagið einmitt sent forsrh. ályktun um atvinnuástandið. Það er því rangt hjá forsrh. að bréfaskipti hafi ekki farið fram. Reyndar furða ég mig á ummælum forsrh. áðan. Ætla má að hann hafi hugsunargang þann er tíðkaðist á dögum Jóns Hreggviðssonar þegar ætíð þurfti að framvísa bréfum, jafnvel í smæstu tilvikum. Halda mætti að félmrn. fylgdist með atvinnuástandinu. Reyndar er því skylt að gera það. Eða er það svo að ríkisstj. komi þetta ekkert við?

Í málefnasamningi ríkisstj. er sérstaklega vikið að Suðurnesjum og rætt um að þar skuli fara fram stórfelld uppbygging atvinnulífsins. En svo ber við, að einmitt þessi setning er undir kaflanum um utanríkismál. Okkur finnst það mjög undarlegt, sem þar syðra búum, hvers vegna fiskvinnslan, sjávarútvegurinn og öll sú starfsemi skuli tilheyra utanríkismálum. Eða er það svo sem ýjað var að áðan, að úrbætur í þessum efnum tefjist vegna þess að ekki er samstaða um þær í ríkisstj.? Reyndar segir einmitt í kaflanum um utanríkismál að ekki skuli hefja neinar framkvæmdir t. d. á Keflavíkurflugvelli ef ekki náist um það alger samstaða í ríkisstj. Spurningin er hvort þetta eigi einnig við um annað atvinnulíf á Suðurnesjum. Ætla mætti það, vegna þess að þessi setning er einmitt í kafla um utanríkismál.

Mér dettur ekki í hug að ætla að það sé ásetningur ríkisvaldsins að skapa atvinnuleysi víða um byggðir landsins, en ég hef áhyggjur af þeirri stefnu sem ríkisstj. fylgir. Það er greinilegt að sú stefna er að leiða til þess, að atvinnuöryggið brestur. Ég skora á forsrh. og aðra ráðh. að sinna þessum málum betur, skoða sinn gang og reyna að koma á úrbótum.

Það var nokkuð vikið að brottflutningi fólks úr landi. Það er staðreynd, sem menn eiga eftir að sjá betur, að fólksflótti frá landinu er sífellt að aukast, og það sem verra er: nú er svo komið að fiskvinnslufólk er að leita hófanna um atvinnutækifæri annars staðar. Reyndar er það svo, að auglýst hefur verið í blöðum eftir vönu fiskvinnslufólki og eru auglýsendur frá Vesturheimi: Kanada og Bandaríkjunum. Það er mjög miður ef svo þarf að fara að þetta fólk flytjist í burt. En engu að síður er það staðreynd að vonleysið hrjáir svo fólkið að það sér ekki aðra undankomuleið.

Ég skora enn einu sinni á ríkisvaldið eða forsrh. að taka upp umræður um þetta í ríkisstj. og beita sér fyrir úrræðum eða umbótum hið fyrsta.

Utanrrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég vil aðeins leiðrétta leiðinlega villu sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, hv. þm. Karli Steinari Guðnasyni. Hann sagði að það væri ákvæði í stjórnarsamningnum um að það mætti ekki leggja í neinar meiri háttar framkvæmdir á Keflavíkurvelli nema allir aðilar að stjórnarsamstarfinu væru sammála. Það er ekkert slíkt ákvæði í stjórnarsamningnum, hvorki í kaflanum um utanríkismál né annars staðar í stjórnarsamningnum, ekki eitt einasta ákvæði um það. Það er í kaflanum um utanríkismál o. fl. ekki eitt einasta ákvæði um varnarliðsframkvæmdir á Keflavíkurflugvelli. Þar er aðeins ákvæði um byggingu flugstöðvar og þar er það eitt ákveðið, að áætlanir að henni skuli endurskoðaðar og að framkvæmdir við hana skuli ekki hafnar nema öll ríkisstj. sé sammála. Þetta er eina ákvæðið sem segir að ríkisstj. eigi að vera sammála (**KSG:** Eru allar aðrar framkvæmdir heimilaðar?) Sem rétt yfirvöld taka. — Reyndar kom sami misskilningur fram, að mér heyrðist, hjá hv. þm. Pétri Sigurðssyni, en ég vona að hann sé leiðréttur.

Þetta er aukaatriði í sambandi við það mál sem hér er verið að ræða, en eigi að síður rétt að taka þetta fram alveg skýrt. Og það er líka rétt að taka annað fram. Ég sé að hv. þm. Pétur Sigurðsson hefur bókina svo að hann getur fylgst með og athugað hvort ég fer ekki með rétt mál. (**PS:** Þetta er alveg rétt.) Það er annað. Þessi kafli hefur fyrirsögnina: Um utanríkismál o. fl. (**PS:** Það er hins vegar ekki rétt.) Ég held að engum lifandi manni hafi dottið í hug að telja Suðurnes utan íslenska ríkisins. Það er þess vegna alveg ljóst, að með þessu orðalagi, „og fleira", er átt við þá setningu sem stendur þarna í kaflanum, að það skuli sérstakt átak gert í atvinnumálum Suðurnesja. Vissulega er ég sammála um að það skuli gert. Ég hygg að það sé reyndar eitthvað verið að vinna að áætlun í þeim efnum, eftir því sem ég best veit, af Þjóðhagsstofnun. En ég vil sem sagt afsala mér alveg því að bera ábyrgð á uppbyggingu á Suðurnesjum. Það heyrir ekki undir utanrrh. þó að þessari setningu sé þarna skotið inn í þann kafla og það megi sjálfsagt segja að það sé skothend setning á þeim stað.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Það er eflaust traustvekjandi fyrir marga og þjóðin fagnar því, að allt það, sem ekki er bannað með sáttmála í milli stjórnarflokka, er leyft og það er á ráðherravaldi einu að ákveða hvað gert er og hvað ekki er gert ef það er ekki bannað orðrétt í stjórnarsáttmála. En það er ekki ástæðan fyrir því að ég kem upp í ræðustól, þ. e. almenn hætta á þessu augnabliki fyrir íslenskan iðnað og uppsagnir á fólki í íslenskum iðnaði og fleira því um líkt.

Einhvern tíma um helgina, eða hvort það var rétt fyrir helgina, hlustaði ég á samtal við forstjóra Járnblendiverksmiðjunnar og ég las frétt í Morgunblaðinu, með leyfi forseta, 23. jan., svo hljóðandi:

„Raforkusala Landsvirkjunar enn skert" er fyrirsögnin.

„Yfirborð Þórisvatns fer enn lækkandi og á fundi stjórnar Landsvirkjunar í gær var ákveðið að grípa til frekari raforkuskömmtunar.

Halldór Jónatansson aðstoðarframkvæmdastjóri Landsvirkjunar tjáði Morgunblaðinu í gærkvöldi að ekki væri búið að ákveða hvaða kaupenda þessi viðbótarskerðing næði til, en á næstu dögum yrðu fundir með fulltrúum almenningsrafveitna og stóriðjufyrirtækja um það mál."

Síðan heldur greinin áfram og er rætt um orkuskerðinguna sem verður til hinna ýmsu aðila, bæði hins almenna markaðar og eins álversins, járnblendiverksmiðju og áburðarverksmiðju, sem hafa verulega dregið úr framleiðslu sinni vegna orkuskömmtunar, og grípa hefur þurft til skömmtunar til almenningsrafveitna með þeim afleiðingum að framleiða þarf rafmagn með olíuvélum, sem er mjög kostnaðarsamt. Allt verður þetta til að skapa hættuástand og aukin vandamál fyrir íslenskan iðnað og íslenskan atvinnumarkað.

Ég fékk þær fregnir um helgina að stjórn Landsvirkjunar og aðrir aðilar, sem til eru kallaðir, hefðu verið boðaðir á fund í morgun til að ræða þessi mál. Eru þessi mál rædd á þeim grundvelli, að mér skilst, — ég hef engar áreiðanlegar heimildir, — að framleiðsla verði meiri raforku með aðstoð innfluttrar orku, þ. e. dýru olíuverði, og velta yfir á almenning kostnaðir af því að hin erlend-íslensku stóriðjuver, sem hér eru, járnblendiverksmiðjan, álverksmiðjan og jafnvel áburðarverksmiðjan, hafi þar af leiðandi ódýrari raforku til framleiðslu sinnar á þessu vandræðatímabili en raforkan í raun og veru kostar. Þetta er náttúrlega mjög alvarlegt því að það lendir ekki einungis á fólkinu í landinu, heldur á iðnfyrirtækjum, sem þegar eru í vandræðum, og öðrum atvinnurekstri. Ég undirstrika, að ef þetta gerist er það alveg ný stefnumótun í raforkusölu og raforkuframleiðslu. Ég óska eftir því, að engin slík ákvörðun verði tekin neins staðar úti í bæ, heldur verði þessi stefnumótun samþykkt og staðfest af eigendum Landsvirkjunar, sem eru að hálfu ríkið og hins vegar Reykjavíkurborg, og stjórn Landsvirkjunar, sem skipuð er fulltrúum kjörnum af Alþingi og borgarstjórn. Ég óska hér með eftir því, að þegar þessi nefnd, sem ég hef fregnað að stóð til að hefði sinn fyrsta fund í morgun um þessi mál, hefur komist að einhverri niðurstöðu taki hún engar ákvarðanir sem verða íþyngjandi fyrir fólkið í landinu, heldur komi málið á dagskrá Alþingis og verði rætt. Ég mun óska eftir því, að það komi á dagskrá í borgarstjórn Reykjavíkur og verði þar rætt og að eigendur Landsvirkjunar, Alþingi eða ríkið og Reykjavíkurborg, taki ákvörðun um þessa nýju stefnumótun, ef um stefnubreytingu verður að ræða, en auknum kostnaði vegna tilveru stóriðjufyrirtækjanna hér á landi verði ekki fyrirvaralaust og án samþykktar Alþingis og borgarstjórnar Reykjavíkur, sem eru sameignaraðilar, velt yfir á fólkið í landinu.

Guðmundur G. Þórarinsson: Herra forseti. Einn þáttur efnahagsmála hefur gengið mun betur hér á landi en í nágrannalöndum okkar, og þar á ég sérstaklega við atvinnuástand eða atvinnustig. Hér hefur sem betur fer verið á undanförnum árum kappnóg atvinna og gott atvinnuástand. Þar er til nokkuð annars að horfa en í löndunum í kringum okkur þar sem atvinnuleysi hefur víða verið gífurlegt vandamál. Við þurfum ekki annað en líta til Bretlands eða Danmerkur þar sem einmitt þessi þáttur efnahagsmála er efst á baugi í allri þjóðmálaumræðu. Við þurfum ekki annað en líta til Vestur-Evrópu víða, Vestur-Þýskalands, Bandaríkjanna eða hvert sem menn vilja horfa. Í kjölfar orkukreppunnar hafa fjölmörg iðnríki lent í gífurlegum erfiðleikum með atvinnuástand.

Hér hefur hins vegar tekist svo vel til, að hér hefur verið hægt að halda uppi svo að segja fullri atvinnu. Af því hafa nánast allir stjórnmálaflokkar, sem á þessu þingi sitja, hælt sér þegar þeir hafa verið í ríkisstj., — kannske með einhverjum rétti, ekki skal ég leggja dóm á það. Það er auðvitað eðlilegt að menn beri nokkurn ugg í brjósti varðandi atvinnuástand þegar horft er til þeirrar gífurlegu óvissu sem nú ríkir sérstaklega í löndunum í kringum okkur um efnahagsástand umheimsins. Ég er alveg viss um að við þurfum að fara gætilega til þess að fá ekki þessa öldu yfir okkur líka. Þar þarf vafalaust gætni við. Hins vegar er enginn vafi á að atvinnuástand hjá okkur er mun betra en í flestum löndum í kringum okkur. Þess vegna er engin ástæða til að flytja hér á Alþingi Íslendinga neinar heimsendaræður nú um þessi mál, langt frá því. Atvinnuástand hefur alltaf verið nokkru ótryggara um áramót og einmitt á þessu tímabili árs en á öðrum árstímum. Það er ekkert nýtt að samdráttur sé í byggingariðnaði um áramót. Menn þurfa ekki að hlaupa þess vegna upp til handa og fóta og halda að heimurinn sé að farast, það er langt frá því. En ég skal taka undir með þeim mönnum sem vilja horfa með varúð á atvinnuástandið og fara með gætni í það sem fram undan er. Hér hefur þetta gengið betur en í löndunum í kringum okkur, á því er ekki nokkur vafi.

Erfiðleikar sælgætisiðnaðarins, sem mikið hefur verið rætt um, stafa ekki hvað síst af því að tollar voru felldir niður. Það má vel vera að íslensk stjórnvöld hafi ekki staðið sig nægilega vel í að aðstoða þennan iðnað sem og annan á aðlögunartímanum eftir að gengið var inn í EFTA. En fyrst og fremst er þarna um að ræða niðurfellingu tolla.

Málefni gosdrykkjaiðnaðarins eru auðvitað sjálfstætt mál, sem hér er til umr. nú, og sennilega að verulegum hluta heimatilbúið vandamál. Ég hef áður gert grein fyrir afstöðu minni til þess máls hér á Alþingi og ég þarf ekki að ítreka hana eða skýra. Ég hef sagt það hér, að mér þótti það nokkuð skothent eftir að menn töldu þurfa brbl. til að aðstoða sælgætisiðnaðinn, koma þar í veg fyrir miklar uppsagnir og jafnvel lokun fyrirtækja, að þá væri orðinn grundvöllur tveimur mánuðum seinna eða svo til að leggja sérstakt vörugjald á þennan iðnað sem og gosdrykkja-

iðnaðinn. Mér fannst það ekki samræmi í skattheimtu.

Mér líst líka illa á það þegar innheimta ríkissjóðs af einni gosdrykkjaflösku er orðin yfir 50% af verksmiðjuverði. Það lítur ekki vel út. Það verður að segja eins og er, að rekendur þeirra fyrirtækja eru nánast að verða innheimtumenn hjá ríkissjóði ekki síður en starfsmenn eigin fyrirtækja með því fyrirkomulagi. Þarna eru kannske ekki allir á einu máli. Mér þykir þetta fráleit skattheimta.

Ég skal ekki leggja dóm á þann samdrátt sem menn tala mikið um nú í gosdrykkjasölu. Ég hygg að hann eigi sér aðallega rætur hjá Coca-Cola-fyrirtækinu, hjá Vífilfelli, og hann muni vera minni hjá hinum, ef hann er nokkur hjá sumum þeirra. Sjálfur hef ég reynt að afla mér dálítilla upplýsinga með því að ganga í „sjoppur" og verslanir og spyrja um þessa sölu, og ég hef komist að þeirri niðurstöðu, að samdrátturinn sé talsverður hjá Coca-Cola-verksmiðjunni. Ég hef ekki komist að þeirri niðurstöðu, að það muni vera eins hjá hinum. Ég efast um að það sé yfirleitt, t. d. samdráttur hjá Sanitas.

Þá koma menn að öðrum þætti, og hann er: Veldur hið umdeilda vörugjald á gosdrykki þessum samdrætti? Ég held að hv. 6. þm. Reykv., Birgir Ísl. Gunnarsson, hafi fullyrt áðan að svo sé. Ég er alls ekki viss um að það sé eini þátturinn í þessum samdrætti. Þar kunna að koma til miklu fleiri atriði. Mér sýnist að neysla manna einmitt í drykkju slíkra vara, sem þarna um ræðir, sé að breikka nokkuð. Mér sýnist menn kaupa orðið mjög mikið Tropicana eða Florídana, Sopa og Jóka og hvað þetta allt heitir, og það er ekkert óeðlilegt. (**Gripið fram í:** Og kaffi.) Og kaffi, segir þm. Það er ekkert óeðlilegt, að nýjar vörur sem slíkar geti dregið eitthvað úr neyslu þeirra sem fyrir eru á markaði. Það er ekki heldur óeðlilegt að nokkur samdráttur komi fram í gosdrykkjasölu í janúarmánuði, eftir desembermánuð. Mér er spurn hvort einhver samdráttur kunni að hafa verið hjá þessum gosdrykkjaverksmiðjum í desembermánuði, miðað við desembermánuð ársins á undan, áður en vörugjaldið kom á. (**GJG:** Metsala í þessum fyrirtækjum.) Ég er ekki viss um það, Guðmundur. Ég held nefnilega að það hafi verið samdráttur í desembermánuði miðað við árið á undan. En ég skal ekki fullyrða neitt um það.

Ég vil segja annað í þessu sambandi, að mér þykir fyrirtækið nokkuð fljótt grípa til harkalegra aðgerða. Það eru nánast ekki nema tvær vikur eða rúmlega það sem þetta vörugjald hefur verið í gildi þegar gripið er til mjög stórfelldra uppsagna. (**PS:** Er ekki einhver uppsagnarfrestur?) Það er sjálfsagt uppsagnarfrestur, það er rétt, og ég skal ekki leggja neinn dóm á þá varúð sem stjórnendur fyrirtækjanna þurfa að hafa í því sambandi. En hitt er annað, að auðvitað þarf að skoða þetta mál allt.

Ég sagði hér á Alþingi á sínum tíma að ég væri á móti þessu gjaldi, hins vegar treysti ég mér ekki til að fella það fyrir samherjum mínum hér á þinginu á þeim tíma sem það kom fram. Það held ég að öllum sé ljóst. Ég ber því auðvitað ásamt öðrum stjórnarþm. fulla ábyrgð á þessu vörugjaldi og skorast ekki undan því. En við mína hjásetu gerði ég grein fyrir atkvæði mínu á þann hátt, að í trausti þess, að sú heimild, sem samþykkt var á þinginu um 2% hækkun á jöfnunargjaldi, næði fram að ganga og að þá yrði þetta gjald fellt niður, sæti ég hjá. Við þá afstöðu mína stend ég auðvitað og vonast til að geta unnið að því að sá verði gangur mála.

Mér finnst athyglisvert í þessum umræðum, sem hér hafa orðið, hversu flestir ræðumenn hafa mjög beint orðum sínum að gosdrykkjaiðnaðinum sérstaklega og lítillega sælgætisiðnaði meðan fleiri iðngreinar eiga auðvitað í verulegum erfiðleikum í landi okkar, ekki sérstaklega vegna aðgerða stjórnvalda, heldur vegna aðgerða í nágrannalöndum okkar, aðgerða í viðskiptalöndum okkar. Ég hygg að flestir, sem hér eru inni, þekki það, að til að mynda húsgagna- og innréttingaiðnaðurinn á í mjög miklum erfiðleikum. Forustumenn þeirrar iðngreinar eru nú að fara fram á að lagðir séu allt að 40% tollar á innfluttar húsgagna- og innréttingavörur. Þetta kemur til af því, að samstarfslönd okkar í fríverslun — ég vil segja það hreint út — beita okkur brögðum í þessum fríverslunarsamningi.

Það er enginn vafi á að sum þessara landa gefa út þykkar bækur um stuðningsaðgerðir, hvernig hin ýmsu iðnfyrirtæki eiga að snúa sér til að fá stuðning við framleiðslu sína. Þar eru greiddar niður vinnustundir í sumum iðngreinum. Ég hef það fyrir satt, að Norðmenn greiði 2.50 kr. norskar með hverri vinnustund í vefjar- og fataiðnaði til að mynda. Sjálfsagt er þetta gert í fleiri greinum. Það er enginn vafi á að þessar þjóðir veita iðngreinum sérstaka fyrirgreiðslu í formi afskrifta lána sem síðan þarf ekki að borga. Það er enginn vafi að mörg þessi lönd veita fyrirtækjum sínum sérstaka aðstoð í formi styrkja til fræðslu og hagræðingar. Þannig mætti lengi telja. Flest þessi lönd nota færa lögfræðinga til að finna út með hverjum hætti skuli koma þessum styrkjum til fyrirtækja þannig að löglegt sé, þannig að unnt sé að fara fram hjá fríverslunarsamningnum. Ýmist eru þessar aðgerðir flokkaðar undir atvinnuleysisstyrki, atvinnuleysisbætur eða jafnvel byggðamál. Ég hef það fyrir satt, að t. a. m. í Svíþjóð fái mörg iðnfyrirtæki sérstakan styrk fyrir hvern starfsmann sem hafi náð fimmtugsaldri, vegna þess að ríkisstjórnin líti á það sem atvinnuleysisbætur, aðstoð til þess að halda uppi fullri atvinnu.

Auðvitað stöndum við Íslendingar frammi fyrir geigvænlegum vandamálum í kjölfar þessa. Auðvitað verðum við að rannsaka þetta ofan í kjölinn og bregðast við á réttan hátt. Það er ekki langt síðan hér var í fjölmiðlum vitnað til forsrh. Dana þar sem hann kynnti þá stefnu sína, að í stað þess að greiða atvinnuleysisingjum atvinnuleysisbætur, sem eru mjög háar í Danmörku, vildi hann láta greiða þær beint þeim fyrirtækjum sem þetta fólk tæki í vinnu, þannig að þetta fé kæmi að beinum notum við aukningu þjóðarframleiðslunnar. Hvað halda menn að þetta þýði ef þessar vörur eru síðan fluttar inn til okkar? Hvaða áhrif halda menn að það hafi á atvinnuástand hér? Það er engin spurning um að við verðum að bregðast hart við þessum málum.

Hv. þm. Lárus Jónsson talaði hér sérstaklega um skipasmíðaiðnaðinn. Sjálfsagt er engin iðngrein í löndunum í kringum okkur styrkt jafnmikið og skipasmíðaiðnaðurinn. Þar af koma auðvitað þeir miklu erfiðleikar sem hér eru í skipasmíðaiðnaði. Menn þurfa að horfa yfir þetta mál eins og það er. En þeir hinir sömu sem jafnvel gera þessi mál nú að umræðuefni hér og veikan iðnað, telja síðan að það sé nánast heimsendir í nánd á Íslandi vegna einhverra smámillifærslna sem eigi að gera hér í sambandi við efnahagsaðgerðir, — millifærslna sem sáralítil áhrif hafa á peningamagn í umferð, á sama tíma og nánast öll lönd í kringum okkur halda uppi bullandi millifærslu. Hvað er það annað en millifærsla að styrkja iðnfyrirtæki sín á svipaðan hátt og hér er verið að

tala um? Auðvitað eru þetta ekkert annað en millifærslur. (**Gripið fram í:** Öfugar millifærslur hjá ykkur.) Nei, þær eru það ekki. Ekki sá hluti sem ég er að gera að umræðuefni. Ef þú ert að tala um gengismálin er það sérstakur þáttur sem vissulega mætti gera að umræðuefni hér, en ég ætla ekki að fara inn á núna.

Ég vil í þessu sambandi, af því að menn eru að tala um atvinnuástand, benda á að hjá Efnahagsbandalagi Evrópu starfar sérstök deild sem eingöngu fæst við að heimila álagningu sérstakra jöfnunartolla vegna niðurgreiðslna eða undirboða í ákveðnum löndum. Þar horfa menn á þetta sem sjálfstætt vandamál í raunveruleikanum, — vandamál sem verði að takast á við, — og Efnahagsbandalagið vinnur þetta þannig. Þannig er þetta reyndar ekki gert hjá EFTA, en væri ástæða til. Mér kæmi ekkert á óvart að það væri full ástæða til þess hjá okkur að leggja u. þ. b. 10% jöfnunartoll á ýmsar innfluttar iðnaðarvörur til þess eins að ná því sem menn kalla jafnrétti í þessum málum. Ég ítreka í þessu sambandi líka að það hvílir mikil ábyrgð á íslenskum stjórnvöldum að ganga til samninga við Fríverslunarbandalagið og leggja þannig af alla tolla á ákveðnum vörutegundum, en fylgjast ekki með því nægilega ef önnur lönd beita síðan slíkum undirboðs-, niðurgreiðslu- og styrkjaaðferðum til að koma sinni vöru auðveldar á framfæri í okkar landi. Þarna er um mikið vandamál að ræða.

Ég ítreka að atvinnuástand á Íslandi er gott, miðað við það sem er í löndunum í kringum okkur. Óvissa í efnahagsmálum allt í kringum okkur er það mikil, að auðvitað þurfum við að hafa gát á. Gosdrykkjamálið er heimatilbúinn vandi að hluta. Hann þurfum við að leysa. Við þurfum að leggja jöfnunartolla á þær iðnvörur, sem hér eru fluttar inn niðurgreiddar frá viðskiptalöndum okkar. Með því opnast leið til að fella þetta gosdrykkjagjald niður.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það er hægt að segja margt um þau mál sem hér eru á dagskrá, en það, sem einkum olli því að ég stóð upp nú, voru þau ummæli hæstv. forsrh. að engum manni hefði verið sagt upp vinnu hjá súkkulaðiverksmiðjunni Lindu. Það er rétt, að ég hygg, að á þessu ári hafi engum manni verið sagt upp vinnu hjá þeirri verksmiðju af þeim sérstöku ástæðum, að svo stóð á hjá súkkulaðiverksmiðjunni Lindu að þar var ekki um neinn vörulager að ræða um áramót eins og víðast hvar hjá öðrum sælgætisverksmiðjum. Hins vegar gefur það rétta mynd af umsvifum þessa iðnaðar á Akureyri að rifja upp að fyrir tveim árum störfuðu hjá þessu fyrirtæki 60 manns, fyrir einu ári um 50 manns og nú starfa þar 37 manns. Starfsmönnum hefur fækkað á tveim árum úr 60 í 37. Forráðamenn þessa fyrirtækis fara ekkert leynt með að þeir eru mjög kvíðnir yfir framvindunni og óttast mjög, að þeir muni enn verða fyrir nýjum búsifjum í febrúarmánuði, og hafa m. a. vakið athygli á því, að sá greiðslufrestur, sem er til að skila hinum nýja skatti, er of stuttur, og hafa farið fram á að hann sé lengdur úr 60 dögum í 90. Nú vil ég spyrja hæstv. forsrh. hvort ríkisstj. hafi athugað það mál að koma til móts við þennan atvinnurekstur, bæði sælgætis- og gosdrykkjaiðnaðinn, og lengja greiðslufrestinn á þessum nýja skatti úr 60 dögum í 90, sem af mörgum ástæðum mundi vera mikið hagræði fyrir þessa aðila og létta á vaxtakostnaði og létta á peningamálum þeirra almennt, og skal ég ekki rekja nákvæmlega hvernig á því stendur því ég þykist vita að hæstv. ríkisstj. sé um það kunnugt.

Á hinn bóginn er atvinnuástand á Akureyri, ef litið er yfir það í heild, mjög kvíðvænlegt. Það er að vísu rétt, að ekki hefur komið til atvinnuleysis hjá kvenfólki þar almennt enn sem komið er. Það er fyrst og fremst því að þakka, að ríkisstj. fékkst til þess á síðari helmingi s. l. árs að leiðrétta gengisskráninguna þannig að gengissigið á s. l. ári var mjög hratt og mjög mikið síðari helming ársins og rétti það stöðu útflutningsiðnaðarins á Akureyri. Nú hefur ríkisstj. boðað að gengið eigi að verða fast jafnvel fram í maímánuð. Hins vegar er framleiðslukostnaðurinn þegar byrjaður að hækka hjá útflutningsiðnaðinum og er fyrirsjáanlegt að hann mun hækka enn meir til þessa tíma. Þá er eðlilegt að spyrjast fyrir um það hjá ríkisstj., hvernig hún hyggist bregðast við hjá þeim iðnaði t. d. fyrir norðan, sem vinnur úr íslensku hráefni og er viðkvæmastur fyrir gengisskráningunni. Ég nefni þarna m. a. verksmiðju Sambands íslenskra samvinnufélaga á Akureyri. Uppsagnir eru fyrirhugaðar hjá skinnaverksmiðjunni Iðunni, og eins og mönnum er kunnugt hefur verið um það talað að skóverksmiðjan á Akureyri muni hætta störfum, henni verði lokað á næsta sumri þegar sumarleyfi hefjast. Það er því síður en svo að atvinnuástandið sé neitt tryggt að þessu leyti.

Ef við tölum um byggingariðnaðinn, eru þar miklir erfiðleikar sýnilegir. Fyrir einu ári var þar allt annað ástand en nú er, fór að síga á ógæfuhliðina á s. l. hausti. Ástandið hélt áfram að versna í nóv. og des., og nú í janúarmánuði er svo komið að um 120—130 manns eru atvinnulausir. Eftirtektarvert er í þessu sambandi að þarna er um ungt fólk að ræða, unga menn sem eru óþreyjufullir og una því illa að fá ekki atvinnu. Þetta fólk er að uppistöðu til útivinnandi verkamenn, en þarna er líka um að ræða trésmiði. Múrurum hefur verið sagt upp þó þeir séu ekki í verulegum mæli komnir á atvinnuleysistryggingaskrá. Dulið atvinnuleysi er mjög mikið á Akureyri, á því leikur enginn vafi. Hér er náttúrlega um mikið alvörumál að ræða.

Ég verð að segja það, að mesta ánægjuefnið um atvinnuþróun á Akureyri á s. l. ári var að niðursuðuverksmiðju K. Jónssonar tókst af eigin rammleik með traustri efnahagslegri stöðu sinni að halda rekstrinum áfram. Á hinn bóginn harma ég að hún skyldi ekki fá eins mikla síld til framleiðslu sinnar og forráðamenn töldu nauðsynlegt. Á sama tíma liggur fyrir að Siglósíld á Siglufirði, ríkisrekið fyrirtæki, hefur fengið um 500 millj. kr. ýmist í styrk eða að láni úr ríkissjóði á s. l. tveim til þremur árum. Á sama tíma og þannig er með beinum fjárstuðningi úr ríkissjóði haldið uppi atvinnu á Siglufirði í þeirri verksmiðju, sem þar er, er gengið hart að sams konar verksmiðju á Akureyri og henni ekki einu sinni gert mögulegt að fá það hráefni til síldarvinnslu sem hún telur nauðsynlegt. Er þó öllum mönnum kunnugt að þessi verksmiðja á Akureyri hefur haldið uppi eða komið á stofn þeim niðursuðuiðnaði sem drýgstur hefur orðið okkur á erlendum markaði. Skal ég svo ekki fjölyrða um það frekar að þessu sinni.

Ræða hv. 12. þm. Reykv., Guðmundar G. Þórarinssonar, var athyglisverð á marga lund. Hann talaði réttilega um að iðnfyrirtæki erlendis byggju við miklu betri skilyrði, bæði vaxtar- og rekstrarskilyrði, en samsvarandi fyrirtæki hér á landi, sem segja má að séu hundelt af opinberum aðilum með margvíslegum sköttum og jafn-

vel kröfum aftur í tímann, alls konar skattaálögum sem menn í viðkomandi rekstri hafa kannske ekki hugmynd um að búið er að leggja á, en fá svo reikning eftir á um að þeim sé gert skylt að skila svo og svo miklu gjaldi af margvíslegum sköttum sem þeir höfðu ekki hugmynd um. En það er ekki aðeins að verr sé búið að íslenskum iðnfyrirtækjum með rangri skattalöggjöf, með því að lánsfjármagn er dýrt rekstrarfjármagn, með því að búið er að éta upp eigið fé fyrirtækjanna á undanförnum árum með skammsýnni verðlagsstefnu og verðlagsstjórn og rangri skattalöggjöf, eins og ég sagði, heldur er það háð duttlungum misviturra ríkisstjórna hvernig haldið er á gjaldeyrismálunum, á hvaða verði gjaldeyririnn er seldur. Þetta getur þýtt það, að einn ársfjórðung er kannske hagkvæmt að kaupa erlendar iðnvörur, næsta ársfjórðung er hagkvæmara að kaupa þær innlendu. Ef við höldum gjaldeyrinum í of háu verði er það sama og að greiða niður framleiðslukostnað á erlendum iðnaðarvörum í samkeppni við íslenskar. Eins og ríkisstj. hefur túlkað gjaldeyrisstefnu sína fram á næsta vor er ekki annað sýnt en hún stefni að því að greiða stórkostlega niður framleiðslukostnað á erlendum iðnaðarvörum sem eru í samkeppni við íslenskar iðnaðarvörur, t. d. í húsgagnaiðnaðinum. Ég veit að hæstv. iðnrh. ber mjög mikið fyrir brjósti húsgagnaiðnaðinn, og ég veit að það er mikill þrýstingur á hann frá félögum trésmiða hér í Reykjavík og á Akureyri, sem hefur verið mikið vígi flokksbræðra hans í verkalýðshreyfingunni, og ég efast ekki um að það hafi verið rakið fyrir honum nákvæmlega hvernig þróunin hefur orðið í þessum iðnaði. Við sjáum að erlendar eldhúsinnréttingar, erlend húsgögn eru að fylla markaðinn hér heima, og þær vörur eru keyptar á þeim tímum sem gjaldeyrisstaðan er hagstæð til þeirra kaupa.

Svo er náttúrlega ekki að spyrja að því að um leið og menn komast upp á að kaupa erlendar iðnaðarvörur vilja þeir halda því áfram. Þá komum við að mjög alvarlegum þætti málsins. Bæði kaupmenn og almenningur standa ekki nógu fast saman um að byggja upp eða kaupa íslenskan iðnvarning. Væri veruleg ástæða til þess að ríkisstj. gæfi nú iðnrekendum tækifæri til að auglýsa rækilega í sjónvarpi vörur sínar við hóflegu verði til að standa betur að vígi í keppninni við erlendar vörur.

Herra forseti. Það, sem olli því að ég stóð hér upp, er að í fyrsta lagi hefur komið til mikils samdráttar í sælgætisiðnaðinum á Akureyri og ég taldi nauðsynlegt að það kæmi alveg skýrt fram vegna þeirra orðaskipta sem hér höfðu orðið um það mál. Í öðru lagi liggur það ljóst fyrir, að atvinnuvegirnir standa nú mjög tæpt, atvinnuleysi er meira en það hefur verið um langt skeið og dulið atvinnuleysi kannske miklu meira en menn órar fyrir. — Annars er það nú svo, að það er kannske best að spá sem minnstu um það á þessu stigi málsins. Það er ýmislegt sem steðjar að þessu þjóðfélagi. Skal ég svo ekki hafa fleiri orð um það að þessu sinni, en óska hins vegar skýringa á því frá hæstv. forsrh., hvort hann hyggist gera einhverjar sérstakar ráðstafanir til að styðja útflutningsiðnaðinn ef þeirri gjaldeyrisstefnu verður fram haldið sem hann hefur boðað, að krónan verði óbreytt fram í maímánuð með öllum þeim afleiðingum sem það hefur.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Það er vissulega ástæða til að fara nokkrum fleiri orðum um það málefni, sem hér hefur verið rætt, sem er stöðugt versnandi atvinnuöryggi fólks í þessu landi og atvinnuleysi og fjöldauppsagnir sem farið er að brydda á í tilteknum starfsgreinum. Ég ætla þó ekki að níðast á góðmennsku forseta, en reyna að ljúka umr. á mjög skammri stundu.

Ég vil vekja athygli á því, hvílík hætta okkur er búin þegar það er farið að gerast að í einu umsvifamesta sjávarútvegskjördæmi landsins eru menn, sem hafa reynslu og þekkingu bæði á sviði stjórnunar fyrirtækja og á sviði fiskveiða og rekstrar fiskiskipa, að fara af landi brott, keyptir af erlendum samkeppnisaðilum til að kenna þeim vinnubrögð og tækni sem er á valdi okkar Íslendinga.

Ég verð að segja að það kom mér nokkuð á óvart að heyra viðtal við hæstv. félmrh., Svavar Gestsson, í útvarpinu þar sem hann var spurður um afstöðu til þessara atriða. Hæstv. félmrh. taldi þá upp ýmis vandkvæði á því að fólk flytti til útlanda. Hann talaði um að það væri nú ekki víst að það hreppti neitt betri kjör en hér, þó svo að þetta fólk hefði ekki haft hér atvinnu við sitt hæfi. Hann talaði um að það yrði að yfirgefa vini og vandamenn og hverfa frá því lífsumhverfi sem það þekkti, þó svo að þetta lífsumhverfi byði því ekki atvinnutækifæri við þess hæfi. Og hann talaði um og fór mörgum orðum um það, hve alvarlegar ákvarðanir fólk væri þarna að taka fyrir blessuð börnin, sem þetta fólk er náttúrlega fyrst og fremst að hugsa um að geta boðið mannsæmandi lífskjör þar sem þörf er fyrir vinnuafl þess.

Öðruvísi mér áður brá, verð ég nú að segja. Það var einu sinni, á meðan hv. formaður Alþb. var ritstjóri Þjóðviljans, að hann hefði talið eðlilegra að svara slíkum spurningum með að krefjast þess að eitthvað annað yrði gert í atvinnumálum, svo að fólk fengi störf við sín hæfi, en halda ræðu í Göbbelsstíl um að vara menn við að fara af landi brott í atvinnuleit vegna þess hversu illt væri að búa í útlöndum. Þetta sýnir bara þær breytingar sem orðið hafa á þessum ágæta manni við að komast í ríkisstjórn.

Meginástæðan fyrir því, að ég gekk hér í ræðustól, var þó sú að beina tiltekinni fsp. til hæstv. utanrrh., og ég vildi gjarnan óska eftir að hæstv. utanrrh. yrði gert viðvart því hann er ekki hér í hliðarherbergjum. Þessi fsp. er mjög stutt. Vildi hæstv. forseti gæta þess, hvort utanrrh. gæti verið viðstaddur? Ég vona að hæstv. forseti umberi mig þó að ég geri hlé á ræðu minni. Þetta er örstutt fsp. sem ég þarf að gera til hæstv. utanrrh. — Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir að koma.

Það er örstutt fsp. sem mig langar að gera til hæstv. utanrrh. vegna ummæla hans í ræðustól áðan. Eins og við allir vitum hefur það aldrei gerst í sögu heimastjórnar á Íslandi, ef svo má segja, að kommúnistar eða fylgifiskar þeirra hefi farið með utanríkismál í þessu landi. (Gripið fram í.) Nei, nei, hæstv. utanrrh. er síður en svo neinn kommúnisti. Hins vegar hafa þeir, þegar þeir hafa átt aðild að ríkisstjórnum, ávallt gert tilraun til að fá umráð eða a. m. k. neitunarvald varðandi einhverjar framkvæmdir sem heyra undir utanrrh. í það og það sinnið. Það hefur gengið misjafnlega vel að fá slíkt fram. — Og það er rétt hjá hæstv. utanrrh., að í núverandi stjórnarsáttmála hafa kommúnistar ekki neitunarvald, nema ef vera skyldi um byggingu flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli. Öll önnur mál heyra undir forræði hæstv. utanrrh. — En mér leikur forvitni á að vita hvort hæstv.

utanrrh. sé um það kunnugt, að ráðgerðir séu uppi í ríkisstj. um að leggja fram frv. hér á hinu háa Alþingi þess efnis að taka Keflavíkurflugvöll undan forræði utanrrn. og setja málefnin þar undir stjórn samgrn. Er hæstv. utanrrh. kunnugt um að slíkar hugmyndir séu á döfinni í ríkisstj. eða að undirbúið sé frv. um þessi efni? Og spurning nr. tvö: Hver er afstaða hæstv. utanrrh. til slíkra hugmynda? Mega menn ekki treysta því, að hæstv. utanrrh. beiti sér alfarið gegn því að slík breyting verði gerð?

Sameinað þing, 41. fundur.

Þriðjudaginn 27. jan., kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Jón Helgason): Mér hefur borist eftirfarandi bréf:

„Reykjavík, 24. jan. 1981.

Ingólfur Guðnason, 5. þm. Norðurl. v., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að vegna forfalla 1. og 2. varamanns Framsfl. í Norðurlandskjördæmi vestra taki 3. varamaður, Brynjólfur Sveinbergsson mjólkurbússtjóri, sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að þér látið fara fram í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Sverrir Hermannsson,
forseti Nd."

Hér liggur fyrir kjörbréf Brynjólfs Sveinbergssonar ásamt bréfi og skeyti frá 1. og 2. varamanni um forföll þeirra. Þarf að taka þetta til athugunar og vil ég biðja kjörbréfanefnd að taka það til skoðunar. Verður gefið fundarhlé á meðan. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Ólafur Jóhannesson utanrrh.): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur athugað kjörbréf Brynjólfs Sveinbergssonar, Hvammstanga, sem er 3. varaþm. Framsfl. í Norðurlandskjördæmi vestra, en eftir því er óskað að hann taki sæti hér á Alþingi í forföllum Ingólfs Guðnasonar alþm., Hvammstanga.

Það liggur fyrir símskeyti frá 1. varaþm. Framsfl. í Norðurlandskjördæmi vestra, svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Vegna embættisanna get ég undirritaður ekki mætt til þingsetu á Alþingi í forföllum Ingólfs Guðnasonar, Hvammstanga. Ég óska því eftir að Jón Ingi Ingvarsson rafvirkjameistari, Skagaströnd, taki sæti mitt.

Bogi Sigurbjörnsson, skattstjóri,
Siglufirði."

Þá hefur borist svo hljóðandi bréf, með leyfi forseta:

„Hr. Jón Helgason, forseti Sþ.,
Alþingishúsinu,
Reykjavík.

Sökum anna get ég undirritaður ekki tekið sæti á Alþingi sem varamaður Ingólfs Guðnasonar, þm. Framsfl. í Norðurlandskjördæmi vestra, þegar Alþingi kemur saman til fundar í lok þessa mánaðar. Ég bendi á næsta varamann, sem er Brynjólfur Sveinbergsson, Hvammstanga."

Það liggur þannig fyrir, að 1. og 2. varaþm. Framsfl. í Norðurlandskjördæmi vestra telja sig ekki geta tekið sæti á Alþingi nú vegna anna.

Kjörbréfanefnd hefur kannað kjörbréf fyrir Bryjólf Sveinbergsson og ekkert fundið við það athugavert. Leggur hún því til að kosning hans sé tekin gild og kjörbréfið samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 34 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Brynjólfur Sveinbergsson undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Jón Helgason): Brynjólfur Sveinbergsson hefur undirritað eiðstaf og býð ég hann velkominn til starfa á Alþingi.

Kosning aðalmanns í stjórn Landsvirkjunar til 1. júlí 1983, í stað Einars Ágústssonar sendiherra.

Einn maður var tilnefndur og lýsti forseti yfir að kjörinn væri án atkvgr.:

Böðvar Bragason sýslumaður.

Blönduvirkjun, fsp. (þskj. 129). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Ég ber hér fram fsp. til hæstv. iðnrh. um Blönduvirkjun. Annars vegar er spurt að því, hvenær ákvörðun verði tekin um Blönduvirkjun, og hins vegar, hvenær fyrirhugað sé að hefja framkvæmdir.

Það er alkunna að orkuskortur er í landinu. Það er alkunna að gerðar hafa verið tilraunir til að hægja á framkvæmdum á sviði orkumála þrátt fyrir okurverð á innfluttum orkugjöfum og orkukreppu í heiminum. Stórvirkjanir og stóriðjufyrirtæki eru ekki í undirbúningi, ekki á því stigi að tekin hafi verið ákvörðun um næstu skref. Við vitum að það er unnið að einni stórvirkjun nú, en ekkert hefur verið ákveðið um hvað við skuli taka. Ég held að bæði hér á hinu háa Alþingi og meðal þjóðarinnar allrar séu menn meira og minna sammála um að stórátak verði að gera í virkjunarmálum á næstu árum. Það er ekki vansalaust að ákvörðun skuli ekki hafa verið tekin um næstu skref í þessum efnum.

Fsp. mína bar ég fram fyrir áramót. Fyrst varð að samkomulagi að nokkur dráttur yrði á því að henni yrði svarað. Síðan vannst ekki tími til þess eða voru ekki

aðstæður til að fá svör við þessari fsp., en var þó eftir gengið.

Sumir hafa haldið því fram, að heima í héraði væri slíkur ágreiningur um þetta mál að erfitt væri að leysa. Ég er algerlega á annarri skoðun. Það var geysifjölmennur fundur haldinn í Húnavatnssýslu skömmu fyrir áramót og ég hygg að svo til allir, sem þar voru mættir og létu til sín heyra a. m. k., og eins þeir, sem ég talaði við í einkaviðræðum, hafi verið á því að næsta stórvirkjun skyldi vera í Blöndu. Sumir sjá að vísu eftir landi sem þar fer undir vatn, kannske allir sjái eftir því, en mér heyrðist álit manna vera á þann veg að þetta mál yrði að leysa og auðvitað að greiða sanngjarnar bætur þeim sem tjón kynnu að bíða af þessum framkvæmdum. Þá er athyglisvert að á almennum fundi, sem þm. Framsfl. í þessu kjördæmi boðuðu allir til á Blönduósi nýverið, var einróma samþykkt — það var fundur framsóknarmanna — að skora á alla þm. kjördæmisins að beita sér fyrir því að Blanda yrði næst virkjuð.

Það er ekkert launungarmál að 1. þm. þessa kjördæmis, hv. þm. Páll Pétursson, hefur — ég vil ekki segja *verið á móti þessari virkjun, en hefur hins vegar talið að* það mætti eitthvað bíða að ráðast í hana. Ég hygg að ég fari rétt með það, að hann hafi margsinnis sagt að auðvitað verði Blanda virkjuð þegar þar að komi, en hann hefur lagt á það áherslu að reyna að draga úr þeim náttúruspjöllum, sem óneitanlega verða þarna, eins og hægt er. Ég er honum sammála um að jafnvel þótt virkjunin yrði eitthvað dýrari, eitthvað óhagstæðari, kæmi til álita að minnka það uppstöðulón sem þarna myndast, eða breyta tilhögun með einhverjum hætti. Að því er alveg sjálfsagt að vinna næstu vikur og mánuði ef það gæti auðveldað fulla samstöðu um þetta mikilvæga málefni. Ég efast ekki um að hv. þm. Páll Pétursson muni vilja að því stuðla að slíkar breytingar verði reynt að gera. En jafnvel þótt tækist ekki og yrði að setja þetta land undir vatn er alveg ófyrirgefanlegt að fresta ákvörðunum í þessu efni. Þess vegna vænti ég þess, að svör hæstv. iðnrh. á eftir verði ákveðin, afdráttarlaus, engin undanskot, engar tilvitnanir í skýrslugerðir, starfshópa og einhvers konar áætlanir um þetta og hitt, sem svífa úti í geimnum og enginn veit hvar á að gera, því að í atvinnumálum Íslendinga er nú vissulega dökkt fram *undan og sérstaklega að því er iðnað varðar og stórframkvæmdir á því sviði.*

Það má taka fram í sambandi við Blönduvirkjun, að jafnvel þótt ákvörðun verði tekin um hana þarf ekki að upphefja deilur um neina stóriðju í sambandi við hana, vegna þess að orkuna má flytja bæði suður, vestur og austur frá Blönduvirkjun og þarf ekki að efna til stóriðju þess vegna. Engum dyljast raunar mínar skoðanir í því efni. Ég tel að orkufrekan iðnað verði stórlega að efla á Íslandi á næstunni, og það hygg ég að muni vera skoðun mikils meiri hluta þjóðarinnar og áreiðanlega mjög mikils meiri hluta Alþingis.

Það hefði kannske verið eðlilegra að ákveða strax í haust að fá úr því skorið hvort Alþingi vildi ekki sjálft taka þá strax ákvörðun um Blönduvirkjun, alveg burt séð frá því hvað hæstv. ríkisstj. vildi í málinu gera. Ég er ekki í nokkrum minnsta vafa um að mjög mikill meiri hluti Alþingis mundi samþykkja þetta og ef einhver loðin svör verða nú gefin eða einhver dráttur á enn að verða á þessum málum hlýtur Alþingi auðvitað að taka í taumana, en ég vona að það svar, sem við nú fáum að heyra, gefi ekki tilefni til þess.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég svara fsp. frá hv. þm. Eyjólfi Konráð Jónssyni varðandi Blönduvirkjun, en hann spyr: Hvenær verður ákvörðun tekin um Blönduvirkjun og hvenær hefjast framkvæmdir? Þetta er stuttorð fsp. og ég mun ekki svara henni í löngu máli, en á þessa leið:

Í stjórnarsáttmála ríkisstj. er gert ráð fyrir að næsta meiri háttar raforkuvirkjun fyrir landskerfið eftir Hrauneyjafossvirkjun verði utan eldvirkra svæða. Virkjun Blöndu er annar þeirra tveggja kosta sem verið hafa til álita í því sambandi, en hinn er Fljótsdalsvirkjun eystra. Vettvangsrannsóknum og tæknilegum undirbúningi við Blönduvirkjun, eins og hún er talin einna hagkvæmust út frá verkfræðilegum forsendum, er nú svo langt komið að næsta skref væri gerð svonefndrar hönnunaráætlunar.

Eins og kunnugt er hefur um árabil verið ágreiningur í héraði um tilhögun virkjunarinnar, aðallega vegna landnýtingarsjónarmiða, og sá ágreiningur er það vel kunnur hv. þm. *að ég þarf ekki að lýsa honum hér né heldur rekja* þær ályktanir með og móti sem borist hafa úr héraði, ekki síst upp á síðkastið.

Á s. l. sumri var Rafmagnsveitum ríkisins falið að gegna hlutverki virkjunaraðila og í því sambandi lagði rn. áherslu á að unnið yrði að lausn deilumála varðandi virkjunina sem forgangsverkefni. Sérstakri ráðgjafarnefnd var falið að fylgjast með ýmsum undirbúningi fyrir hönd rn. Rafmagnsveiturnar og ráðgjafarnefndin hófu viðræður við fulltrúa heimamanna um miðjan ágúst s. l. og í framhaldi af því var haldinn umræðu- og kynningarfundur þar nyrðra um virkjunina í byrjun des., en honum hafði þá verið frestað um nokkrar vikur vegna veðurs er hann átti að halda í upphafi. Fyrir þennan fund var tekinn saman kynningarbæklingur um virkjunina og honum dreift fyrir fundinn til íbúa hlutaðeigandi sveitarfélaga. Hliðstæður bæklingur hefur verið gerður um Fljótsdalsvirkjun og mun ég sjá til þess að alþm. fái þessa ritlinga í hendur fljótlega.

Að ósk virkjunaraðila hafa hreppsnefndir þar, er beinna hagsmuna hafa að gæta í tengslum við fyrirhugaða virkjun Blöndu, tilnefnt fulltrúa í viðræðunefnd og er *hinn fyrsti fundur þessara aðila fyrirhugaður á* morgun, miðvikudaginn 28. jan., á Blönduósi. Rn. telur nauðsynlegt að tryggja sæmilegan frið um þessa stórframkvæmd sem aðrar áður en ákvörðun verður tekin um frekara framhald málsins. Hins vegar telur rn. brýnt að unnt verði að móta stefnu og taka ákvarðanir um næstu framkvæmdir varðandi raforkuöflun fyrir landskerfið í framhaldi af Hrauneyjafossvirkjun í vetur þannig að unnt verði að afla nauðsynlegra heimilda á *yfirstandandi þingi í sambandi við næstu skref í raf*orkuöflunarmálum.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég vil taka undir það með hv. fyrirspyrjanda, að tímabært er orðið og mjög mikilvægt, ekki eingöngu fyrir Norðurland vestra og Norðurland eystra, heldur landið allt, að ákvörðun verði tekin um virkjun Blöndu. Á ráðstefnu, sem haldin var á Akureyri fyrir nokkrum dögum þar sem fjallað var um virkjunarmál og orkumál almennt hér á landi, kom mjög skýrt fram hjá þeim sérfræðingum, sem um þau mál

fjalla, að virkjun Blöndu er langhagkvæmasti virkjunarkosturinn sem nú er fyrir hendi.

Það fer ekki milli mála að hann er orðinn Íslendingum ærið dýrkeyptur, sá ágreiningur sem upp hefur komið um virkjunarmál. Ég vænti þess fastlega að samkomulag takist í þeirri deilu sem nú hefur risið á Norðurlandi vestra, sem er að vísu deila á milli tiltölulega fámenns hóps annars vegar og hins vegar yfirgnæfandi fjölda íbúa kjördæmisins. Ég vil minna á þær deilur sem komu upp vegna Laxárvirkjunar. Nú standa mál svo í Norðurlandskjördæmi eystra, að Laxárvirkjun er hægt að stækka um 28 mw. með sáralitlum tilkostnaði, en því miður strandar það á ágreiningsmáli sem kom þar upp fyrir nokkrum árum.

Ég vil líka minna á það í þessu sambandi, að Framkvæmdastofnun eða starfsmaður hennar hefur gert mjög nákvæma úttekt á nauðsyn á fjölgun atvinnutækifæra í iðnaði á Norðurlardi á næstu árum. Þar kemur fram að brýna nauðsyn ber til að fjölga atvinnutækifærum í iðnaði um nokkur hundruð á næstu 10 árum. Ég vil þess vegna leggja hart að hæstv. iðnrh. að hann geri nú umtalsvert átak í því að láta hefja framkvæmdir við virkjun Blöndu og — ef ég mætti orða það svo — blandi þar ekki saman við Fljótsdalsvirkjun sem mér er auðvitað fullljóst að hann ber af eðlilegum ástæðum fremur fyrir brjósti en Blönduvirkjun.

Fyrirspyrjandi (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Ég leyfi mér að þakka hæstv. iðnrh. svör hans. Ég hefði að vísu gjarnan viljað að þau væru nokkru ákveðnari en þau voru, en hann sagði þó eitthvað á þann veg, að ákvörðun yrði tekin í vetur því að nauðsynlegt væri að afla á yfirstandandi Alþingi þeirra heimilda sem þyrfti til næstu stórvirkjunar.

Hann tók ekki af skarið um að Blanda yrði næsta stórvirkjun. Ég held að ekki geti hjá því farið að hún verði það, ég held að það liggi svo beint við. Undirbúningur er þar lengst kominn og hún liggur langbest við sem sú virkjun sem ekki þarf einu sinni að taka ákvörðun um stóriðju í sambandi við, og um það eru meiri deilur en virkjanirnar.

Ég vil gjarnan undirstrika að ég er síður en svo andvígur því að ráðist verði í Fljótsdalsvirkjun samhliða Blönduvirkjun eða í beinu framhaldi af henni eða að einhverju leyti samhliða, það mætti hefjast handa við Fljótsdalsvirkjun áður en framkvæmdum við Blöndu yrði að fullu lokið. Þar verður að vísu að rísa stóriðja. Ég sagði „verður" þó að ég vilji gjarnan segja að það væri æskilegt að þar risi stóriðja, en sumir eru því andvígir og mundu þess vegna telja það heldur miður. En auðvitað verður að ráðast í báðar þessar virkjanir og síðan einnig í Sultartangavirkjun í framhaldi af þessum tveimur stórvirkjunum. Það held ég að sé alveg ljóst.

En með hliðsjón af þessari skýlausu yfirlýsingu, að ákvörðun verði tekin nægilega tímanlega til að Alþingi geti nú veitt nauðsynlegar heimildir, hverf ég frá þeirri fyrirætlan, sem ég gat um áðan, að Alþingi sjálft taki af skarið strax. Það er að vísu illt að ákvörðun frestist um kannske tvo mánuði eða svo, því að auðvitað ætti að vinna nú af fullum krafti að þessu máli. Við það mun ég hins vegar una þegar ljóst er að heimildir fyrir stórvirkjun verða veittar á Alþingi því sem nú situr, a. m. k. einni stórvirkjun, sem auðvitað yrði þá Blanda, en helst tveimur þannig að engum blandaðist hugur um að við ætlum að feta braut stórvirkjana og þar með auðvitað að einhverju leyti líka að ráðast í orkufrekan iðnað, en þó auðvitað fyrst og fremst að styrkja alls konar smáiðnað. Er víst ekki vanþörf á að styrkja nú íslenska atvinnuvegi því að að þeim hefur sannarlega verið vegið og er vegið nú meir en nokkru sinni áður í sögu lýðveldisins.

Fljótlega mun sjást að fólk er að gera sér grein fyrir því, að það er alröng stefna að fresta framkvæmdum eins og virkjunarframkvæmdum og iðnaði í sambandi við þær. Það eru fjöldauppsagnir í uppsiglingu og þegar hafnar. Það er verið að bjóða heim atvinnuleysi á Íslandi, besta og ríkasta landi heimsins. Kjör fólks á Íslandi eru lakari en í nágrannalöndunum, en ættu að vera miklu, miklu betri. Öll skilyrði eru til þess ef ekki væri fylgt vinstri volæðisstefnu meira og minna í heilan áratug í staðinn fyrir að hraða uppbyggingu í þessu landi og gefa öllum borgurum færi á að lifa góðu lífi og ekki lakara en annars staðar.

Það er eins og keppt sé að því nú að kyrkja alla atvinnuvegi. Það er komið á lénsskipulag í landbúnaði, það er sorfið að iðnaðinum á öllum sviðum og það er verið að rugla allan fjárhag útvegsins, hverfa á ný til uppbóta- og haftakerfis. Verslunin er í kyrkingi. Það var gerð aðför að samgöngumálunum. Flugleiðir átti að drepa. Það er eins og vísvitandi sé að því unnið að lama framtak borgaranna, einkum ef það skyldi nú vera einkaframtak eða félagsframtak borgaranna, þá á auðvitað að lama það eftir kokkabókum vinstri manna og sósíalista og þeir fara ekkert dult með það. En það er líka verið að skera niður framkvæmdir ríkissjóðs og sameign borgaranna allra, eins og virkjunarframkvæmdirnar. Við þetta verður auðvitað ekki unað. Við verðum kannske að gera það einhvern svolítinn tíma í viðbót, á meðan versta stjórn sem setið hefur á Íslandi er enn við völd, en það verður vonandi ekki mjög lengi.

En ég endurtek þó þakkir mínar fyrir það og bið hv. þm. alla að leggja það vel á minnið sem hæstv. ráðh. sagði, að ákvarðanirnar verði teknar nægilega tímanlega til að allra heimilda verði aflað áður en þing fer heim. Það er rétt að menn leggi sér það á minnið vegna þess að ég treysti sannarlega hvorki þessum hæstv. ráðh. né öðrum ráðh. í hæstv. ríkisstj. — að kannske einum eða tveim undanskildum — til að standa við loforð sín nema eftir sé gengið.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Fljótsdalsvirkjun er að vísu ekki á dagskrá í þessari umr., en ég hjó eftir því, að hv. 6. þm. Norðurl. e. tók svo til orða að hæstv. iðnrh. — af skiljanlegum ástæðum — mundi bera Fljótsdalsvirkjun meira fyrir brjósti en Blönduvirkjun. Mér leika að vísu landmunir á að vita af hverju hann dregur þá ályktun. Ég þykist hafa fylgst allnáið með þessum málum og get alls ekki gert mér grein fyrir að hæstv. iðnrh. beri Fljótsdalsvirkjun yfirleitt fyrir brjósti. Það verður ekki virkjað í Fljótsdal nema efna til stóriðju og þá við Reyðarfjörð, en því er hæstv. iðnrh. andstæður og hans flokkur.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég átti von á að hæstv. iðnrh. minntist á það í ræðu sinni, hvort hann mundi á ný gefa út fyrirmæli um að ráðist skyldi í Bessastaðaárvirkjun, eins og hann gerði um árið. En hann virðist vera fallinn frá því, ekki veit ég hvers vegna, og væri fróðlegt að fá upplýsingar um það. Á hinn bóginn upplýsti hæstv.

iðnrh. að ríkisstj. væri fallin frá virkjun við Sultartanga og hygðist standa við málefnasamninginn að því leyti. Þóttu mér það út af fyrir sig fróðlegar upplýsingar, sem ég túlka svo að það velti á hv. þm. Páli Péturssyni formanni þingflokks Framsfl., og hans liði, hvort samkomulag næst um Blönduvirkjun, því að hún er náttúrlega miklu hagkvæmari virkjun en virkjun á Austurlandi þar sem fyrir liggur að ríkisstj. mun ekki ráðast í stóriðju.

Í þeirri yfirlýsingu, sem hæstv. ríkisstj. gaf út í sambandi við efnahagsaðgerðir um áramót, segir svo í 11. lið, með leyfi hæstv. forseta:

„Orkustefnunefnd gerir tillögur um leiðir til að nýta orkulindir landsins á næstu árum, sérstaklega að því er varðar meiri háttar iðnað, sem landsmenn ráða við."

Þessi ummæli verða ekki túlkuð öðruvísi en þannig, að stóriðja eins og um hana hefur verið rætt er útilokuð. Þessi ríkisstj. hefur m. ö. o. fallið frá þeim stóriðjuhugmyndum sem mest hefur verið rætt um undanfarið.

Ég vil minna á í þessu sambandi að fyrir 1—2 árum hélt Bandalag háskólamanna ráðstefnu hér í Reykjavík þar sem lífskjörin voru til umræðu, og það var einróma álit allra þeirra, sem þar töluðu, að við gætum ekki vænst þess á næstu árum að bæta lífskjör okkar til jafns við það sem er í næstu nágrannalöndum okkar nema nýta okkur orkufrekan iðnað. Með því að ríkisstj. hefur fallið frá öllum hugmyndum um orkufrekan iðnað er hún um leið að taka ákvörðun um að lífskjör hér skuli til frambúðar vera áfram verri en í næstu nágrannalöndum, bilið muni breikka, Ísland verði láglaunasvæði til frambúðar.

Guðmundur G. Þórarinsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð í tilefni af þeim umr. sem hér hafa farið fram.

Ég hygg að það sé öllum ljóst að ekki verður dregið öllu lengur að taka ákvörðun um næstu virkjun á landi okkar. Ég hygg að flestum sé ljóst að þrátt fyrir tilkomu Hrauneyjafossvirkjunar er líklegt að hér verði orkuskortur um 1986 þó ekki komi til nein stóriðja eða stórnotandi. Menn hafa réttilega bent á það í umr. nú að það eru þrjár virkjanir sem mest eru höfð augun á í þessu sambandi.

Hér hafa talað þm. fyrir Norðurland vestra og lagt mikla áherslu á virkjun í Blöndu. Varðandi það mál vil ég aðeins segja það, að vonandi tekst að lægja þær öldur sem í því kjördæmi eru varðandi þessa virkjun þannig að unnt sé að ráðast í hana. En ég vil mjög vara við því að menn knýi fram ákvörðun um virkjun Blöndu ef miklar deilur standa í héraði um það mál. Ég held, að menn ættu að hafa lært sína lexíu af Laxárvirkjunardeilunni, og ég held, að það væri mjög vafasamt að ætlast til þess að Alþingi, eins og mér fannst einn hv. þm. segja áðan, taki þetta mál í sínar hendur á þann hátt að taka ákvörðun í þessu áður en þau mál eru leyst, án þess að vita hverjar afleiðingar kunna af því að verða: bótagreiðslur, stefnur, *tafir og annað slíkt. Ég skal ekki leggja á það neinn dóm*, en ég vil vara menn við því að hlaupa um of til áður en slíkar deilur eru leystar. Það er engum til góðs, og ég er ekki tilbúinn að standa að slíkri ákvörðun.

Annað er það varðandi Fljótsdalsvirkjun, að þar er mikil vinna óunnin. Fleiri orð mætti hafa um það, en tími minn er búinn hér.

Aðeins þetta að lokum: Ég er ekki frá því að Sultartangavirkjun sé eina virkjunin á þessu stigi, ef þessar deilur leysast ekki við Blöndu, sem getur komið strax á eftir Hrauneyjafossi þannig að ekki verði beinlínis orkuskortur og orkuskömmtun þegar virkjun þar er fullnýtt.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég sé ástæðu til að bæta fáeinum orðum við eftir þá umr. sem hér hefur orðið.

Hv. fyrirspyrjandi gat þess í inngangi sínum að um væri að ræða frestun á framkvæmdum í sambandi við orkumál. Ef ég hef skilið hann rétt hefur hann átt við að þannig hafi æxlast á undanförnum árum. Ég vil rifja upp fyrir hv. þm. að það hefur verið aukið mjög verulega fjármagn til orkuframkvæmda í landinu, um hvorki meira né minna en nær 50% milli áranna 1979 og 1980, og samkv. fyrirliggjandi drögum að lánsfjáráætlun, sem fyrir þinginu liggja, er gert ráð fyrir að halda uppi a.m.k. sama framkvæmdamagni í sambandi við orkumálin og á s.l. ári. Betur hefur því ekki verið gert í þeim efnum áður, enda brýn ástæða til. Vissulega hef ég verið með tillögur um að fá meira fjármagn inn á þetta svið en menn hafa talið fært að verða við, en það er eins og gengur að ákveðin takmörk eru í sambandi við möguleika til fjármögnunar og framkvæmda.

Í sambandi við virkjunarframkvæmdir hefur ekki verið horfið frá stefnumiðinu um að taka Hrauneyjafossvirkjunina í gagnið á þeim tíma sem gert var ráð fyrir þegar ríkisstj. tók ákvörðun um þá virkjun í árslok 1976, ef ég man rétt, þannig að það verður fremur reynt að hraða gangsetningu hennar næsta haust frá því sem upphaflega var gert ráð fyrir. Athuganir fóru fram á þessari framkvæmdaáætlun haustið 1978 og þær leiddu ekki til breytinga varðandi gangsetningu virkjunarinnar.

Hitt er svo annað mál, að það hafa fyrr á árum verið uppi tillögur og knúið á um það, m.a. af Austfirðingum og ég hygg úr fleiri áttum, að fá fram ákvarðanir og framkvæmdir í virkjunarmálum úti um landið, utan eldvirkra svæða, eins og nú hefur verið tekið upp í stjórnarsamning.

Hér var vikið að þeim virkjunarkosti öðrum sem helst hefur verið til umræðu í sambandi við næstu stórvirkjun fyrir landskerfið. Það féllu orð um að sú virkjun væri út úr myndinni vegna þess að núv. ríkisstj. vildi ekkert aðhafast í sambandi við orkufrekan iðnað eða framkvæmdir á því sviði. Það er ástæða til að nefna að þessi virkjun á Austurlandi, sem þar hefur verið í undirbúningi á undanförnum árum og alveg sérstaklega hert á undirbúningsrannsóknum í sambandi við hana á liðnu ári þar sem varið var nær milljarði gamalla króna til rannsókna á þeim virkjunarkosti, hún er í hópi okkar hagstæðustu virkjana, óháð því hvort um orkufrekan iðnað er að ræða eða ekki.

En einnig er til athugunar, eins og þingheimi er kunnugt og alþm. hafa léð liðsinni, að undirbúa og herða á athugunum varðandi orkunýtingu í landinu. Hv. þm. stóðu að því að *samþykkja 200 millj.,kr. fjárveitingu til* athugunar á orkufrekum iðnaði, sem er mun hærri fjárveiting, tífalt hærri fjárveiting en áður hefur sést til iðnrn. í þessu skyni, og ég er þakklátur fyrir þær undirtektir. Það verður reynt að sjá til þess að nýta það fjármagn sem best og fá til viðbótar, eftir því sem föng eru til, að athuga slíka kosti. Og ég er ekki þeirrar skoðunar, eins og fram hefur komið í þinggögnum frá stjórnarandstöðunni, að það geti fyrst orðið „þegar Íslendingum vex fiskur um hrygg" að þeir standi fyrir slíkum fyrirtækjum sem húsbændur. Ég er þeirrar skoðunar, að það sé verkefni

okkar á næstu árum að reisa og reka slík fyrirtæki sem íslensk fyrirtæki og það sé fyllilega á okkar færi að gera það og tengja það virkjunum okkar á þessum áratug og framvegis með skynsamlegum hætti og fella það að þjóðarbúskap okkar þannig að við ráðstöfum okkar fjármagni og fjármagni, sem við getum fengið að láni, með sem skynsamlegustum hætti til að tryggja lífskjör í landinu. Og það þarf vissulega í sambandi við ákvarðanir um orkuöflun fyrir landskerfið á næstunni að hyggja að því að ekki skapist svipað vandræðaástand og nú ríkir í sambandi við raforkuöflun vegna þess árferðis sem ríkt hefur og hefur komið mönnum mjög á óvart.

Ég tel að það sé fyllilega unnt að standa við það stefnumið sem ríkisstj. hefur sett sér um að virkja utan Suðurlands, utan eldvirkra svæða, án þess að teflt sé í tvísýnu að þessu leyti, enda verði gerðar ráðstafanir á veituvirkjunarsvæði Landsvirkjunar á Suðurlandi til að bæta vatnsbúskapinn þar og bæta úr ísvandamálum sem hafa tekið til sín verulegt af því vatni sem Búrfellsvirkjun er ætlað og orðið hefur að nýta til að skola ís fram hjá virkjuninni að undanförnu, eins og komið hefur í ljós. Þetta eru framkvæmdir sem kosta fjármagn, en það er sjálfsagt að gera ráð fyrir því að standa að slíkum framkvæmdum á næstu árum áður en næsta stórvirkjun á eftir Hrauneyjafossvirkjun kemst í gagnið.

Auk þess er svo unnið að því, sem hv. þm. þekkja, að reyna að koma fjárfestingunni við Kröflu í gagnið. Við skulum vona að þar lægi jarðeld og takist að afla gufu fyrir þá virkjun þannig að hún verði einnig stór þáttur í orkuöflunarkerfi okkar.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Eitt fyrsta verkefni hæstv. iðnrh., þegar hann settist í ráðherrastól haustið 1978, var að rita stjórn Landsvirkjunar bréf með beiðni um að framkvæmdaáætlun Hrauneyjafossvirkjunar yrði endurskoðuð þannig að gangsetning fyrstu vélar frestaðist frá haustinu 1981 til haustsins 1982. Landsvirkjunarstjórn brást mjög hart við þessari beiðni og henni tókst að sannfæra hæstv. iðnrh. um að þessi beiðni hans væri ekki á rökum reist og hún gæti stefnt orkubúskap okkar Íslendinga í stórhættu. Vegna hinna ákveðnu og hörðu viðbragða stjórnar Landsvirkjunar hvarf hæstv. iðnrh. frá þessari beiðni sinni og ósk. En undan því getur hann ekki vikist, að þetta var eitt hans fyrsta verk í embættistíð sem hæstv. iðnrh.

Framsýnin og forsjálnin í orkumálum var ekki meiri en þetta.

Þessi skortur á framsýni og skortur á forsjálni hefur nú leitt til þess, að það liggur engin ákvörðun fyrir um næstu virkjunarkosti hjá landsmönnum. Þegar haft er í huga hversu langan undirbúningstíma þarf til þess að hanna og byggja nýjar stórvirkjanir er tíminn alveg að hlaupa frá okkur. Aðgerðaleysi hæstv. iðnrh. er að setja orkubúskap okkar Íslendinga í stórhættu. Þá á ég ekki við þessi sérstöku áföll, sem yfir okkur hafa dunið nú vegna vatnsbúskaparins, heldur aðgerðaleysi við undirbúning nýrra virkjana. Það er því brýn þörf á að taka nú sem fyrst ákvarðanir um virkjanir. Ég segi virkjanir því að ég held að ef við ætlum að nota orkuna sem grundvöll að áframhaldandi uppbyggingu atvinnulífs í landinu þurfi að taka ákvörðun um fleiri en eina virkjun á þessum vetri. Þess vegna bið ég menn um að taka ekki of stórt upp í sig þegar rætt er um Sultartangavirkjun í þessu sambandi, en það er vafalaust hagkvæmasti virkjunarkosturinn hvað sem staðsetningu líður.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Ég vil ekki trúa því að það beri að skilja ummæli hæstv. iðnrh. á þann hátt að ákvörðun hafi verið tekin um það nú þegar að Sultartangavirkjun verði slegið á frest. Rannsóknum er þar lokið og allur undirbúningur kominn á það stig að þar er hægt að hefjast handa fyrirvaralaust.

Ég vil láta það koma hér fram og árétta það sem hv. 6. þm. Reykv. sagði áðan, að það er enginn vafi á að virkjun við Sultartanga væri áreiðanlega ódýrasta framkvæmd í raforkumálum sem hægt er að ráðast í. Ég held að þeir atburðir, sem hafa orðið um þessar mundir og stafa af sérstöku árferði og óvenjulegu hér á Suðurlandi og raforkuskömmtun, eigi líka að sanna okkur að það er mikilsvert að halda áfram virkjunum á því svæði nokkru lengra en nú er komið. Þó ekki væri ráðist í að byggja nema hluta af Sultartangavirkjun eða vatnsmiðlunina sjálfa mundi það um leið tryggja að ekki ætti að þurfa við neinar þær aðstæður, sem við höfum spurnir af í veðurfari, að koma til skömmtunar á rafmagni að nýju eftir að sú vatnsmiðlun væri komin í gagnið. Þetta held ég að væri mjög þarft fyrir ráðamenn að íhuga og íhuga það vel áður en fastráðið er að í Sultartangavirkjun verði ekki ráðist.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Ég minni á að Blönduvirkjun gerir ekki miklu meira en að bæta úr núverandi orkuskorti. Ég tel því nauðsynlegt að einnig verði á þessum vetri tekin ákvörðun um Sultartangavirkjun, en undirbúningur undir hana er vel á veg kominn, eins og hv. síðasti ræðumaður kom inn á, og þar eru engar deilur um landréttindi. Ég bendi líka á að sú virkjun bætir mjög aðstöðu þeirra virkjana sem fyrir eru á hálendi Suðurlands og hefur því miklu meira gildi en virkjunin ein út af fyrir sig hefði.

Það er alltaf verið að tala um eldvirkni á Suðurlandi og vissulega er hún til, þó ekki í næsta nágrenni Sultartanga eða Sultartangasvæðisins. Þau gos, sem á Suðurlandi hafa orðið nú um langt skeið, hefðu lítil sem engin áhrif haft á virkjun við Sultartanga.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það var eitt atriði mjög óljóst í orðaræðu hæstv. iðnrh. áðan og ég óska að fá nánari útlistun hans á því. Þegar hann talaði um að virkjunin á Austurlandi væri með hagkvæmustu virkjunum óháð stóriðju hygg ég að hann hafi átt við kostnað við virkjunarvegg, en ekki hvað kostaði að koma raforkunni til neytenda. Í öllum þeim ræðum, sem ég hef heyrt um þessi mál, m. a. hjá orkumálastjóra, kemur skýrt fram að hagkvæmni Austurlandsvirkjunar sé fyrst og fremst í því fólgin að stóriðja sé tengd þeirri virkjun. Ég óska að heyra nánari útlistun hæstv. iðnrh. á þessu atriði.

Ég vil einnig vekja athygli á því, að það er afskaplega villandi að bera saman virkjunarframkvæmdir frá ári til árs. Bara lítið dæmi: Í Suðurlandskjördæmi stendur til á þessu ári að leggja heitt vatn niður til Eyrarbakka. Það mundi ekki vera óhagkvæmt að láta Stokkseyri fylgja með. (Gripið fram í.) Er það komið inn? Það hefur þá komist inn á s. l. hálfum mánuði eða svo. Það stóð ekki til. Ég heyri að hv. 6. þm. Suðurl. hefur komið þessu máli í gegn ásamt öðrum þm. kjördæmisins. Ég átti fund með stjórn þessarar veitu fyrir hálfum mánuði og þá stóð hún í

þeirri meiningu að Stokkseyri mundi ekki fylgja. Það hefur þá gerst síðan og er fagnaðarefni að Stokkseyringar skuli þar fylgja með í kaupi.

Á hinn bóginn fagna ég því líka, ef það er rétt, að iðnrh. ætlar nú að beita sér fyrir því að Krafla komist í notkun, þar verði borað myndarlega á næsta sumri. Ég man að fyrir tveimur árum lagðist hann gegn því hér á Alþingi að boranir færu fram þar á sumrinu 1979, svo að þar eru engar boranir. Hann greiddi atkv. gegn því hér við nafnakall og á s. l. sumri voru ekki boraðar þar nema tvær holur, en hefðu þurft að vera þrjár. Ég fagna því, ef skilja má orð hans þannig að nú sé meiningin að standa *myndarlega að þessum málum þarna fyrir norðan.*

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég hef ekki tíma til eða nenningu á þessu stigi að efna til kappræðna við vin minn Eyjólf Konráð Jónsson, hv. landsk. þm., en hann er ákafamaður mikill og þolinmæðin ekki hans sterka hlið. Þó hefur hann í þessu máli, og það er mér ánægja að taka fram, ekki verið sá ákafasti. Hann hefur nefnilega alltaf, af því að hann er skynsamur að sumu leyti a. m. k., verið tilbúinn að gera nokkuð til þess að leysa þetta mál, en málinu hefur verið klúðrað vegna ákaflyndis þeirra manna sem vildu drífa upp virkjun með ólátum, hvað sem það kostaði, og ekki kanna aðra tilhögunarkosti. Þannig hefur tíminn liðið. Í staðinn fyrir að reyna að finna flöt, sem menn yrðu sæmilega sáttir á, hafa menn bitið sig í þann kost sem þeir litu á í fljótu bragði að mundi verða peningalega hagkvæmastur. Raunar hefur hann breyst heilmikið á þeim árum sem málið hefur verið til umræðu, en ekki þó kjarni málsins samt sem áður, þ. e. sú mikla landeyðing sem þarna verður, 56 ferkm gróins lands og nokkrir ferkm af ógrónu. — En það hefði verið hægt að mynda um þetta samkomulag og er kannske hægt enn ef menn kæra sig um. Laxárdeilan, sem hér var minnst á, var búin til vegna ákaflyndis þeirra sem endilega vildu byggja hana sem stærsta, og þar réð allt of mikil stífni þeirra sem ætluðu að koma virkjun upp í stærsta formi.

Eyjólfur Konráð Jónsson tekur það réttilega fram, að kannske þurfi ekki endilega að byggja upp stóriðju í sambandi við Blönduvirkjun. Það er rétt, því að það er búið að byggja upp stóriðjuna á undan virkjununum. Nú seinast í gær var verið að slökkva á þessari delluverksmiðju sem þeir byggðu hérna um árið uppi á Grundartanga. (Forseti hringir.) Herra forseti. Ég er alveg að verða búinn.

Það er sáttanefnd að störfum sem á að tala við hreppsnefndir fyrir norðan eða fulltrúa hreppsnefnda. Ég vona að þar verði skoðanaskipti skynsamleg. Það er ekki góðs viti að nefndin vildi ekki ræða við fulltrúa frá veiðifélögum Blöndu og Svartár á þeim fundi.

Menn hafa verið að draga mitt nafn inn í þessa umr. lítillega. Ég get sagt mönnum það, að ég er ekki sá eini sem hef aths. fram að færa við þessar ráðagerðir.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Í utandagskrárumr. í gær lýsti ég ótta mínum á því, að kostnaði af framleiðslustöðvun stóriðjuvera vegna minnkandi raforkusölu til þeirra yrði velt yfir á hinn almenna borgara. Ótti minn hefur aukist frá því í gær. Nú eru umr. um stóriðjuver og raforkumál þannig að ég vil kynna hér tillögu sem var lögð fram í dag í borgarráði, en ég vil geta þess í upphafi að borgarráð hefur nú samþykkt að taka þetta mál á dagskrá næsta föstudag og hafa um það umræður á næsta borgarstjórnarfundi. Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Fram hefur komið í fréttamiðlum undanfarna daga að sökum erfiðleika, sem raforkuver eiga við að glíma í framleiðslu, hafa stóriðjuver ekki fengið þá raforku keypta sem þarf til starfsemi þeirra. Kostnaður við framleiðslustöðvun þessara fyrirtækja er sagður mikill og hafa forsvarsmenn Landsvirkjunar og þessara fyrirtækja komið saman og rætt þessi vandamál og samkv. fréttum ákveðið að þessi mikli kostnaður verði borinn af opinberum sjóðum eða af fólkinu í landinu. Þessum ákvörðunum, ef réttar eru, vil ég mótmæla og eins dreg ég í efa að forstöðumenn Landsvirkjunar hf. hafi heimild til þess að taka slíkar ákvarðanir. Ég tel að stóriðjuverksmiðjur eigi sjálfar að glíma við sinn framleiðsluvanda og á eigin kostnað eins og önnur fyrirtæki og einkaaðilar í landi hér. Því geri ég það að tillögu minni, að mál þetta verði kynnt og rætt á næsta borgarstjórnarfundi og borgarstjórn gæti þar með hagsmuna Reykvíkinga og annarra viðskiptavina Rafmagnsveitunnar á stór-Reykjavíkursvæðinu. Þá er það mín skoðun, að hinn almenni borgari eigi forgang á raforku frá Landsvirkjun, þegar skömmtun á raforku er nauðsynleg, án aukakostnaðar. Mál þetta þolir enga bið.

Albert Guðmundsson."

Borgarstjórn hefur tekið þessu máli þannig, að á næsta fundi borgarráðs mun það verða rætt og síðan verða *almennar umræður um málið á næsta borgarstjórnarfundi* sem er annan fimmtudag.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Vegna ummæla, sem féllu hér frá hv. 6. þm. Reykv. um að ég hafi tekið mig fram um að reyna að knýja á um seinkun Hrauneyjafossvirkjunar, vil ég segja nokkur orð. Það eru mál, sem birtast á síðum vissra blaða ítrekað, og fullyrðingar í því sambandi. Ég vil aðeins rifja það upp hér, að ákvæði um það að endurskoða framkvæmdaáætlun við Hrauneyjafossvirkjun var inni í málefnasamningi ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar sem mynduð var haustið 1978, og ég var ekki að gera annað á þessum tíma en láta fara fram mat á því, hvort réttmætt væri að breyta þessari tilhögun. Sú niðurstaða, sem þarna varð, var gerð með góðu samkomulagi stjórnar Landsvirkjunar og rn., að því leyti sem ég kom nálægt því máli, og *hafði ekki í för með sér neina breytingu á gangsetningu* virkjunarinnar, aðeins tilfærslu á nokkru fjármagni milli ára.

Það var vikið hér af hv. 2. þm. Suðurl. að því, að Sultartangavirkjun ætti að vera inni í virkjunardæminu, og hann kom sérstaklega að vatnsmiðlun í því sambandi. Ég vil að það komi hér fram, að það, sem ég vék að í máli mínu hér áðan í sambandi við ísvandamálin, getur einmitt tengst og mundi tengjast framkvæmdum sem síðar gætu fallið inn í Sultartangavirkjun til þess að draga úr þessum vandkvæðum, sem sagt lág stífla á ármótum Tungnaár og Þjórsár, og hún tel ég að eigi að vera til álita í þeim framkvæmdum sem gerðar yrðu á Landsvirkjunarsvæðinu á næstu árum.

Hv. 5. þm. Suðurl. vildi telja að það hefði ekki verið eldur uppi á þessu svæði, virkjunarsvæði Landsvirkjunar, Þjórsár- og Tungnaársvæðinu, um langan tíma. Ég hélt að þm., sem er búsettur í Vestmannaeyjum, mundi

ekki vera að draga fram tímasetningu í sambandi við eldsupptök. Ég býst við að það hafi komið honum jafnt á óvart sem öðrum þegar eldur var uppi í Eyjum, þó að ekki hefði gosið þar um 5000 ára skeið. En hraun streymdi eftir farvegi Tungnaár og Þjórsár í sjó fram fyrir um 8000 árum og þar með einnig um það svæði þar sem framkvæmdir vegna Sultartangavirkjunar eru fyrirhugaðar, þó að það liggi í jaðri þessa mikla hraunstraums, eins mesta sem þekktur er eftir að ísa leysti af landinu, svo að ég trúi ekki öðru en það sé hugur hv. alþm. að dreifa virkjunum um landið og minnka þá áhættu sem við vissulega tökum meðan við höfum okkar virkjunarkerfi staðsett eins og um er að ræða nú. Það er raunar fleira en eldurinn, það er líka úrkoman, veðurfarið, sem kemur inn í þessa mynd. Dreifing virkjana um landið verður einnig til að jafna eða draga úr áhættu vegna slíkra veðurfarssveiflna.

Hv. þm. Halldór Blöndal vefengdi hagkvæmni Fljótsdalsvirkjunar í samanburði við aðra kosti nema miðað væri við orkuafhendingu við stöðvarvegg. Það stenst, sem ég sagði áðan, að þó að þyrfti að flytja talsverðan hluta af orku þessarar virkjunar til annarra landshluta, þá er hún eftir sem áður í röð allra hagkvæmustu virkjana okkar, þó svo að sá kostnaður sé tekinn með inn í dæmið. En það hefur komið fram af minni hálfu eins og af hálfu fleiri, að fyllilega er til athugunar að stækka markað á Austurlandi með orkufrekum iðnaði sem gæti notað hluta af orku þessarar virkjunar þegar hún er komið í gagnið. Og varðandi Kröfluvirkjun, sem væntanlega er ágreiningslaust að reyna að koma í gagnið, þá man ég nú ekki betur en boraðar hafi verið þrjár holur við Kröflu á liðnu sumri og sérstaklega verið útvegað fjármagn til þeirrar þriðju. Það hefur þá fennt í mitt minni ef þetta er rangt. Ég held að það hafi verið byrjað á holu 13 og síðan haldið í holu 14 og 15 við Kröflu og hefur ekki verið þar meir að gert í þeim efnum um langt skeið.

Hv. þm. Albert Guðmundsson vék að þeim vanda sem vissulega er fyrir hendi vegna núverandi aðstæðna og kostnaðarauka við raforkuöflun, og það þarf að vera til athugunar á næstunni, hvernig við þeim vanda verði brugðist sem er mjög umtalsverður. T. d. er metið að kostnaðarauki Rafmagnsveitna ríkisins vegna aukins kostnaðar við orkuöflun á þeirra vegum sé 1100—1200 millj. gamalla kr., og það er auðvitað meira en fyrirtækið getur borið nema til komi kostnaðarauki fyrir notendur eða við því sé brugðist með öðrum hætti. Ég tel að það þurfi að leita leiða til að jafna þessi met, og þau efni, sem hv. 3. þm. Reykv. vék að, verða til athugunar nú á næstunni. Ég tel það enga goðgá, þó að það liggi fyrir að rafveitur hér á Suðurlandi, þar með Rafmagnsveita Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, taka nú með vissum hætti þátt í kostnaði vegna þess ástands sem nú ríkir, þ. e. greiða hluta þess, sem gengur til járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga upp í það tap sem hún verður fyrir vegna þess að hún hættir nú rekstri um stundarsakir, og þar er skipt í ákveðnum hlutföllum. Sú framleiðslustöðvun er metin þjóðhagslega hagkvæm af þeim aðilum sem borið hafa saman bækur sínar um þetta, þ. á m. framkvæmdastjórn járnblendiverksmiðjunnar. Öðruvísi hefði auðvitað horft ef markaður hefði verið í góðu horfi og gott verð fyrir afurð þessarar verksmiðju, en svo er því miður ekki um þessar mundir.

Ég skal ekki, herra forseti, orðlengja þetta frekar.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Heldur fannst mér aumkunarverð afsökun hæstv. iðnrh. áðan. Hann reyndi að skjóta sér á bak við málefnasamning ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar 1978—79, þegar hann var að reyna að gera grein fyrir hinu stórfurðulega uppátæki sínu að fara fram á það við stjórn Landsvirkjunar að framkvæmdum við Hrauneyjafoss yrði frestað.

Það liggur fyrir svart á hvítu í bréfi hæstv. iðnrh. Hjörleifs Guttormssonar, sem dags. er annaðhvort í sept. eða okt. 1978, að hann fer beinlínis fram á það við stjórn Landsvirkjunar að framkvæmdum við Hrauneyjafoss verði frestað þannig að fyrsta vél þeirrar virkjunar verði ekki ræst fyrr en árið 1982 í stað ársins 1981. Fram hjá þessu getur hæstv. iðnrh. ekki komist. Hann fór fram á að virkjunarframkvæmdum við Hrauneyjafoss yrði frestað.

Stjórn Landsvirkjunar tókst hins vegar að koma vitinu fyrir hæstv. iðnrh. að þessu leyti og að því marki að um tilflutning framkvæmda á milli ára yrði að ræða án þess að gangsetningu fyrstu vélar Hrauneyjafossvirkjunar væri frestað. Ég vil vekja athygli á þessu um leið og ég vek athygli á orðum hv. þm. Páls Péturssonar áðan, þegar hann talaði um járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga sem delluverksmiðju.

Ég held að það sé ekki von á góðu þegar við stjórnvöl landsins sitja menn á borð við hæstv. iðnrh. Hjörleif Guttormsson og hv. þm. Pál Pétursson, sem afhjúpa hugsunarhátt sinn með þeim hætti sem þeir báðir hafa gert hér í dag — og raunar áður — varðandi virkjunarframkvæmdir og orkufrekan iðnað. Bætt lífskjör í landinu í framtíðinni byggjast einmitt umfram allt á því, að áfram verði haldið virkjunarframkvæmdum og framkvæmdum í orkufrekum iðnaði. Ég met íhaldssemi mikils, sérstaklega ef íhaldssemin er tengd frjálslyndi, en ummæli þessara tveggja hv. þm. eiga ekkert skylt við heilbrigða íhaldssemi, heldur er hér um svartasta afturhald að ræða.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Ég vil aðeins leiðrétta misskilning sem kom fram hjá hæstv. iðnrh. Ég hélt því auðvitað ekki fram, að ekki hefði gosið á Suðurlandi um alllangan tíma. Hins vegar hélt ég því fram um þau eldgos sem hafa verið þar um langan tíma, alllangan tíma, eins og ég orðaði það — og við verðum víst að fara mjög langt aftur í tímann til þess að finna eldgos sem hefðu haft áhrif eitthvað sem heitið gæti á virkjun við Sultartanga.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég skildi hv. 5. þm. Suðurl. frá upphafi alveg rétt. Hann átti við að það væri enginn gígur á Sultartanga. En að eldvirknin hér sunnanlands hafi ekki áhrif á vatnið, sem rennur þar fram hjá, þarf enginn maður mér að segja, eða hafi ekki gert á umliðnum öldum.

Ég verð að minna hæstv. forseta vorn á það, að þegar ráðh. er búinn að tala tvisvar í svari við fsp. á hann engan meiri rétt á ræðutíma heldur en hver annar hv. þm., og það er líka greiði við hæstv. iðnrh. að aðgæta vel hans tíma. En hver verður næst, eins og fram kom hjá hv. 1. þm. Reykv., hver verður næst? Hæstv. iðnrh. hefur lýst því yfir, að það væri mikið og gott ráð að loka álverinu og stöðva það. Einn höfuðforustumaður Framsfl., formaður þingflokks flokksins, hv. þm. Páll Pétursson, kallar Grundartangaverksmiðjuna delluverksmiðju. Hver er

svo næst? Hver ætlar að taka að sér áburðarverksmiðjuna til að mynda? Einhver úr flokksbrotabroti Gunnars Thoroddsen kannske? Það er þokkalegt upplit á þessum landsstjórnarmönnum vorum, ég segi ekki fleira.

Nei, hæstv. iðnrh. ber ekki Fljótsdalsvirkjun fyrir brjósti, hún stendur í honum. Það er ekki að bera fyrir brjósti, að kortéri fyrir andlátsstund ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar gaf hann í fáti út tilskipun um að nota heimildarlögin um Bessastaðaárvirkjun, rakvatnsvirkjunina frægu. Alþýðuflokksmaður, sem að vísu var líka í pólitískum andarslitum, eins og hv. 6. þm. Norðurl. e. minnist, stöðvaði þetta. En hæstv. núv. iðnrh. hefur enga tilraun gert til þess að fitja upp á þessu hugarfóstri sínu á nýjan leik. Það liggur alveg ljóst fyrir, að ef á að halda hér uppi velferðarríki, þá er þetta brýnasta verkefnið í dag, að virkja og leggja stórt undir. Við ráðum ekki við hinn háskalega húshitunarvanda nema með því að selja meginorkuna til stóriðju í eigu útlendinga og selja afgangsorkuna ódýrt — (Forseti hringir.) Ég er ekki búinn að tala hálfan tíma á borð við hæstv. iðnrh., en ég ætla samt að hætta. — Við erum með dragbíta í forustu í þessum málum, því miður.

Páll Pétursson: Herra forseti. Það væri freistandi núna að tala svolítið um íhaldssemi að gefnu tilefni frá hv. 1. þm. Reykv. Af því að ég er mikill sáttasemjari þótti mér vænt um það þegar hann taldi þó besta þá íhaldssemi sem væri tengd frjálslyndi, en það hefur alltaf fyrir mér verið sú lífsskoðun sem hæstv. forsrh. fylgir. Og líklega eru Heródes og Pílatus að verða vinir hans aftur.

En þar sem ég nefndi delluverksmiðju á Grundartanga, þá vísa ég til þess sem ég sagði þegar það mál var hér til umræðu tvisvar á undanförnum árum. Og hvað hafa menn svo hagnast á þessari verksmiðju? Áætlanir voru uppi um að tapa 4.8 milljörðum á rekstri hennar á þessu ári. Þetta er nú að verða nokkuð í líkingu við Kröflu.

Ég sagði áðan að ég væri ekki einn um að gera athugasemdir varðandi virkjun Blöndu. Íbúar úr þeim sveitarfélögum, kjörgengir íbúar, íbúar með kosningarrétt úr sveitarfélögum sem upprekstur eiga á Eyvindarstaða- eða Auðkúluheiðar, tóku fram í vetur með undirskriftum sínum að þeir gætu ekki fallist á fram komnar hugmyndir um Blönduvirkjun með stíflu við Reftjarnarbungu sem hefði í för með sér stórfellda eyðingu á gróðursælum afréttarlöndum. Undir þetta skrifuðu fjöldamargir íbúar þarna, á fjórða hundrað íbúar sem áttu heima á 111 bæjum. Ef menn vilja eða þegar menn vilja nýta vatn Blöndu til raforkuframleiðslu, þá verður að leysa það mál með sæmilegum friði, ekki berja niður með ofstopa réttmætar óskir landeigenda um siðferðilega meðferð á landinu. Og samkomulag felst í því, að menn mætist og taki tillit hver til annars, en ekki með því að ætla bara öðrum að láta undan og sletta svo í hann einhverjum aurum fyrir það.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Mér þykir rétt að nota það tækifæri, sem hér gefst við umræður um orkumál, til að vekja athygli á enn einu vandamáli og það miklu sem nú er uppi að því er varðar orkunotendur á Vestfjörðum, vekja athygli þingheims á því — og þá ekki síst hæstv. iðnrh., að nú búa orkunotendur á Vestfjörðum við afarkosti að því er varðar orkugjald. Með þeim ráðstöfunum, sem nú hafa verið ákveðnar, leggjast á herðar orkunotenda á Vestfjörðum um 980 millj. kr. á gamla genginu, ef svo má segja, á því tiltekna tímabili sem menn eru að tala um, þ. e. 100 þús. kr. á hvern einasta íbúa á orkuveitusvæði Orkubús Vestfjarða umfram það sem annars staðar er.

Ég vil því spyrja hæstv. iðnrh.: Er það meining stjórnvalda í landinu, að þau ætli enn einu sinni að níðast með þessum hætti á í þessu tilfelli Vestfirðingum með því að láta þá búa við þessa afarkosti að því er varðar orkuverð? Ég óska þess eindregið að hæstv. ráðh. komi hér og segi til um það, hvort það er meining hæstv. ríkisstj. að gera engar ráðstafanir til að létta þessar byrðar og til þess að Vestfirðingar búi við sambærilegt orkuverð og annars staðar gerist. Sé hæstv. ráðh. búinn að tala sig dauðan vil ég mælast til þess við hæstv. forseta, að hann gefi honum tíma til að svara að því er varðar þetta mál. Ég tel þetta svo mikils virði og svo mikið ranglæti, sem hér er á ferðinni, að ekki verði hjá því komist að krefja hæstv. iðnrh. og hæstv. ráðh. alla, ráðamenn þjóðarinnar, um svör við því, hvort þeir ætla að láta slíkt líðast áfram.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Aðeins örstutt athugasemd. Þessar umræður hafa farið vítt og breitt, bæði um stóriðju og stórvirkjanir, en það er aðeins eitt atriði, sem fram hefur komið hér, sem ég vil vekja athygli þingheims á. Það eru ummæli hæstv. ráðh. um það, að að bestu manna yfirsýn um stjórn járnblendiverksmiðjunnar sé þjóðhagslega hagkvæmt að loka því fyrirtæki um sinn. Ég minnist þess, að ég var í iðnn. Nd. þegar fjallað var hér um járnblendiverksmiðjuna og eignaraðild ríkisins að henni og sýndi fram á, að mér fannst með ljósum rökum, að hér væri um stórkostlega áhættusamt fyrirtæki að ræða og allar líkur á því, að stórfellt tap yrði á því á næstu árum. Og ég greiddi atkvæði á móti eignaraðild ríkisins að þessu fyrirtæki.

Ég vil vekja athygli á því, að ef ríkissjóður hefði lagt það fé í framkvæmdir sem honum ber að standa fyrir, eins og t. d. varanlega vegagerð eða eitthvað slíkt, þá hefði þetta fé skilað sér margfaldlega. Í staðinn er það trúaratriði fyrir sumum mönnum, að ríkissjóður þurfi endilega að leggja fé sitt í mjög áhættusaman rekstur eins og járnblendiverksmiðjuna í Hvalfirði. Ef við hefðum ekki gert þetta á þeim tíma, þá væri ekki neinn að spekúlera í því að það væri þjóðhagslega hagkvæmt að loka þessu fyrirtæki og þá hefðum við fengið eðlilegan afrakstur af okkar peningum. Ég er þeirrar skoðunar, að eins og sakir standa eigi ríkissjóður fullt í fangi með að sinna þeim framkvæmdum, sem eru þjóðhagslega hagkvæmar fyrir þessa þjóð, og hann eigi ekki að leggja fé í svo áhættusamt fyrirtæki sem járnblendiverksmiðjuna í Hvalfirði.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Ég er ekki í forsvari fyrir þeirri fsp. sem hér er á dagskrá, en langar þó til að segja örfáar setningar.

Það er ekki að undra að rætt er um orkumál eins og ástandið er nú í þeim efnum, en ég vil láta þess getið og láta það koma skýrt fram, að þetta ástand sáu sérfræðingar okkar ekki fyrir þegar ákvarðanir voru teknar um þær virkjanir sem nú eru næstar því að komast í gagnið. Þetta sannar að við þurfum að hafa vara á okkur gagnvart erfiðum árum í orkubúskapnum, og það ástand, sem nú er, á að hvetja okkur fremur til að fara heldur hraðar

en hægar í orkuframkvæmdir og virkjanir til þess að við eigum ekki yfirvofandi þvílíkt neyðarástand sem nú er í þessum efnum.

Ég vil aðeins, vegna þess að mér eru þau mál kunnug sem formanni Rafmagnsveitna ríkisins, láta það koma fram, að það er ekki rétt, sem hv. þm. Páll Pétursson sagði um þá samninganefnd sem fer norður til funda á morgun, að hún hafi ekki viljað ræða við fulltrúa Veiðifélags Blöndu og Svartár í þeirri ferð. Ef mér er rétt frá sagt af þeim mönnum, sem ég trúi að sé, þá óskar hún eftir því að geta tekið á móti fulltrúum Veiðifélags Blöndu og Svartár í lok fundar á morgun, eftir að hún hefur haldið fundi með fulltrúum sveitarfélaganna, eða síðar ef hentara þætti. Þetta hygg ég að sé rétt og veit að hv. þm. Páll Pétursson leiðréttir.

Ég vil enn fremur gera þá athugasemd um það sem hann sagði hér um undirskriftalistann, að þar var skrifað undir tvennt: Í fyrsta lagi, eins og hann sagði, mótmæli gegn virkjun við Reftjarnarbungu, í öðru lagi áskorun á hæstv. iðnrh. að beita sér fyrir virkjun við Villinganes. Þegar þeir aðilar, sem undir þetta hafa skrifað, hafa kynnt sér það, að Villinganesvirkjun er ekki á dagskrá, hygg ég að þessi afstaða ýmissa manna þar breytist.

Ég vil svo aðeins segja það, að ég vænti þess að þessi mál komi hér fyrr en síðar á dagskrá á þann hátt sem hæstv. iðnrh. hefur gefið yfirlýsingar um, í frv.-formi sem veiti heimildir fyrir næstu stórvirkjun eða næstu stórvirkjunum á landinu. Þess er full þörf.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar, að sú umræða, sem hér hefur farið fram nú, lýsi raunverulega þeim miklu áhyggjum sem allur þingheimur hefur af þróun atvinnumála á Íslandi á næstu árum. Talið er að það þurfi um 30 þús. ný atvinnutækifæri á Íslandi fram til ársins 2000. Er talið að í iðnaði þurfi atvinnutækifærum að fjölga úr 17 900 í 24 þús. Þetta tengist óneitanlega því, að hér þurfa að fara fram mjög umtalsverðar orkuframkvæmdir, og ég er sannfærður um að hver einasti þm., sem situr hér inni, er þeirrar skoðunar, að það þurfi að stórauka og stórefla allar virkjunarframkvæmdir hér á landi. Þessar umræður segja okkur einfaldlega þá sögu að áhyggjur okkar allra af atvinnumálunum í nánustu framtíð séu orðnar mjög umtalsverðar og mjög verulegar. Þess vegna er þetta samtengt, orkumálin og atvinnuuppbygging þjóðarinnar, vegna þess að við leitum ekki að atvinnutækifærum annars staðar en í iðnaði. Það er ljóst að sjávarútvegur mun ekki taka til sín neitt umtalsvert vinnuafl á næstu 20 árum. Talið er að í landbúnaði muni fækka um 2300. Þetta eru þær spár, sem hafa verið gerðar um atvinnuþróun hér á landi, og ef Ísland ætlar sér að fylgja öðrum Norðurlöndum um efnahagsleg lífskjör, og ef við ætlum að tryggja fulla atvinnu fyrir allt vinnufært fólk í landinu við arðbær störf og stöðva nettóbrottflutning af landinu, þá verðum við að gera stórátak í virkjunarmálum. Er ég þá ekki eingöngu að tala um Blönduvirkjun og ekki Fljótsdalsvirkjun, heldur að hafa undir þrjár virkjanir í einu.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að ítreka þá fsp. sem hv. þm. Karvel Pálmason beindi til hæstv. iðnrh. áðan og hæstv. ráðh. hefur látið ósvarað. Ef hæstv. ráðh. hefur ekki aðstöðu til að svara slíkum fsp. í þessari umræðu, sem vel má vera að hann hafi ekki, þá er vissulega ástæða til þess, herra forseti, að flytja fsp., sem hv. þm. Karvel Pálmason kom fram með hér áðan, með þinglegum hætti þannig að ráðh. geti svarað henni með slíkum hætti.

Ég vil aðeins benda á að það er ekki alveg rétt, sem hæstv. landbrh. Pálmi Jónsson sagði, að þetta ástand í orkumálum hafi átt að koma mönnum á óvart. Ég minni á að á sínum tíma var gerð orkuspá þar sem því var haldið fram, að neyðarástand mundi skapast í orkumálum hér á landi 1978 — 1979 ef Krafla yrði þá ekki komin í fulla framleiðslu. Að vísu reyndist svo ekki vera. En það, sem lá fyrir, var að Krafla mundi ekki komast í gagnið. Þá átti að vera séð að ástandið með Kröflu mundi skapa raforkuskort, þannig að þetta átti ekki að geta komið hæstv. iðnrh. á óvart. Hæstv. iðnrh. brást við þessu með því að skipa fjöldann allan af nefndum og starfshópum, og býst ég við að enginn ráðh. á Íslandi hafi skipað jafnmargar nefndir og jafnmarga starfshópa og hæstv. iðnrh., en það hefur bókstaflega ekkert út úr þessum málum komið enn. Hæstv. ráðh. hefur ekkert aðhafst í þessum málum annað en að skipa hvern starfshópinn ofan á annan og hverja nefndina á aðra ofan. Og það er einkennilegt og hörmulegt til þess að vita, að á sama tíma og hæstv. ráðh. og hv. þm. Páll Pétursson standa þverir í vegi fyrir því, að íslenskur almenningur geti bætt lífskjör sín með því að nýta hið hvíta gull, sem Ísland á, þ. e. nýta orkuna til orkufreks iðnaðar, þá berst, má segja, neyðarkall frá kjördæmi sjálfs hæstv. iðnrh., þar sem sveitarstjórnarmenn og kjósendur hæstv. iðnrh. sameinast um beiðni til Alþingis um að slík framkvæmd fari í gang í kjördæmi hans. Sá maður, sem einna helst stendur í vegi fyrir því að það sé gert, er hæstv. iðnrh. sjálfur.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Það var sannarlega tími til kominn að það yrði aðeins skrúfað upp í talsmönnum Alþfl. Fagna ég því að það heyrðist núna úr þeirri átt, með nokkuð svipuðum hætti að vísu og við höfðum heyrt hér stundum áður. Það er dálítið merkilegt að þeir skuli velja sér afstöðu sína til Kröfluvirkjunar í því samhengi, sem hér er til umræðu, og þá afstöðu, sem sá flokkur hafði meðan hann var nálægt stjórnvelinum fyrir fáum árum, að standa gegn framlögum til orkumála.

Ég vil hins vegar nota þann tíma til stuttrar athugasemdar, sem mér er veittur, til þess að víkja að því, þó að það felist ekki í þeirri fsp. sem hér var að vikið, sem snertir þann kostnað sem raforkufyrirtæki eins og Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða eiga fyrirsjáanlega við að glíma fram undan vegna raforkuvinnslu með olíu. Komið hefur fram fyrr í máli mínu, að það mál þurfi athugunar við. Við sjáum ekki fram úr því, hversu stór vandi þetta verður. Ég nefndi hér tölur sem snerta Rafmagnsveitur ríkisins og gætu hlaupið á 11—12 millj. nýkr. á þessum vetri, ef þyrfti að framleiða þau 22 mw. með olíu í 2½ mánuð sem nú er gert. Svipaður kostnaður fellur til — ekki hvað upphæð snertir, ég vil ekki nefna það hér, því að ég hef það ekki handbært frá Orkubúi Vestfjarða, en til viðbótar hafa verið bornar fram óskir af hálfu Orkubúsins um að fá orku frá landskerfinu með öðrum kjörum og lægri en samningar hafa tekist um. Þau mál eru nú til athugunar og forstöðumönnum Orkubúsins hefur verið svarað bréflega um þau erindi sem þeir hafa fram borið að þessu leyti.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta frekar. Ég sé að hæstv.

forseti hefur fengið hér liðsmann til þess að stjórna fundi, og ég ætla ekki að ganga hér frekar á tíma þingsins þó að full ástæða væri til að ræða þessi mál enn frekar.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir að hann skyldi þó koma hér upp í ræðustól, þó að mér fyndist ekki nógu ákveðin sú afstaða sem mér *finnst að hljóti að verða að því er varðar þetta mál.* Hæstv. ráðh. sagði að þessi mál væru til athugunar og yrðu skoðuð, og ég dreg það að sjálfsögðu ekki í efa. En ég var að vænta þess og vildi gjarnan óska eftir því, að hæstv. ráðh. gæti lýst yfir hér á Alþingi, að Vestfirðingar í þessu tilfelli mundu búa við sambærilegt orkuverð og aðrir eru með nú, þannig að ekki yrði lagður á þá aukakostnaður vegna þeirrar orkukreppu sem nú gengur yfir. Ég vænti þess fastlega — hvort sem hæstv. ráðh. fæst hér upp til þess að gefa slíka yfirlýsingu — að Vestfirðingar sitji við sama borð og aðrir um þetta. Fáist hann ekki til þess vænti ég þó að endirinn verði sá, að hæstv. ráðh. og hæstv. ríkisstj. treysti sér til að láta Vestfirðinga sitja við *sama borð og aðra, en leggi ekki enn frekari byrðar á þá í* þessu efni. Nóg er fyrir í öðru og var raunar í þessu líka, þó að ekki bætist þetta við.

Ég ítreka það, að ég trúi því ekki fyrr en ég tek á, að enn verði auknar þessar byrðar á Vestfirðingum. Ég vænti þess, að hæstv. ráðh. beiti sér fyrir því, að úr þessum málum þeirra verði greitt og þeir sitji við sama borð og aðrir.

Eftirlaun aldraðra, fsp. (þskj. 87). — Frh. einnar umr.

Enginn tók til máls.

Rekstur Skálholtsstaðar, fsp. (þskj. 129). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja hér fram fsp., sem er 4. liður á þskj. 129. Þær spurningar, sem þar eru bornar fram, varða rekstur Skálholtsstaðar.

Á fjárlögum fyrir árið 1981 eru 10 millj. gamalla kr. ætlaðar til rekstrar Skálholtsstaðar, og til að afstýra misskilningi skal fram tekið að sú upphæð er óviðkomandi skólahaldi á staðnum. Þegar litast er um á Skálholtsstað er erfitt að sjá hvað gera skal við þessa upphæð eða til hvers staðurinn skal rekinn. Sú var tíðin að biskup landsins hafði hugmyndir um og klerkar nokkrir að biskupsdæmi landsins yrðu þrjú og sæti biskup Sunnlendinga Skálholtsstað. Af þessu hefur ekki orðið og þess vegna lítil sem engin starfsemi þar nú. Fyrir nokkrum árum var byggt veglegt hús undir sumarbúðarekstur fyrir börn og jafnframt starfsmannabústaðir vegna þeirrar starfsemi, en hún hefur síðan engin verið undanfarið og þessi mannvirki eru augljóslega að eyðileggjast vegna vanhirðu. Ljóst er að þarna hafa verulegir fjármunir farið fyrir lítið. Eitthvað munu þessi hús hafa verið notuð fyrir námskeiðahald, en það er óveruleg nýting að sögn bóndans á Iðu sem lítur eftir þessum húsum.

Það, sem verst er þó við rekstur þessa sögufræga staðar, er að þar liggur á kirkjulofti eitt merkasta og verðmætasta bókasafn landsins, grátt af myglu. Þar er um að ræða bókasafn Þorsteins sýslumanns Þorsteinssonar, sem mun vera eitt dýrmætasta safn sem dregið hefur verið saman á Íslandi, og eitt merkasta safn kirkjurita sem til er hér á landi. Í því eru gömul prent frá hinum gömlu prentstöðum Skálholti, Hólum, Hrappsey, Beitistöðum, Leirá, Núpufelli og Viðey. Verður slíku safni varla komið saman aftur.

Þorsteinn sýslumaður lést 1960 og var þá um tíma óvíst um örlög safnsins. Árið 1962 var fjölrituð skrá um það og það boðið til sölu. Keypti þá safnið maður að nafni Kári Borgfjörð Helgason. Telja sérfræðingar að verð þess hafi verið þá að núgildi 500 — 1000 millj. gamalla kr. eða milli 5 og 10 millj. nýkr. Árið 1965 seldi Kári safnið íslensku þjóðkirkjunni, en ekki hefur mér tekist að fá skýr svör um kaupverð þess. Eflaust voru þessi kaup liður í stórdraumum um endurreisn Skálholtsstaðar, en þeir draumar urðu að engu, a. m. k. hingað til, og þetta bókasafn liggur nú á kirkjulofti eftirlitslaust og undir stórskemmdum. Sá tími er augljóslega ekki liðinn að bókmenntalegir dýrgripir fari forgörðum hér í landi. Ekki veit ég til að nokkur bókasafnsfræðingur hafi fengið að berja þetta safn augum.

Hér tel ég farið að á þann hátt, sem ekki er sæmandi, og vil biðja hæstv. kirkjumálaráðherra að beita sér fyrir því, að hér verði sem allra fyrst bætt úr. Spurningar mínar hér eru um leið krafa um að ekki sé farið svo með fjármuni þjóðarinnar og menningarverðmæti. Spurningar mínar á þskj. 129 eru þessar:

1) Hvernig er rekstri Skálholtsstaðar háttað og hvernig starfsemi fer þar fram?

2) Hvernig er ástatt um hið mikla bókasafn Þorsteins Þorsteinssonar sýslumanns sem geymt er í Skálholti? Hvernig er nýting þess og hvaða aðili hefur umsjón þess með höndum?

3) Hefur verið mörkuð stefna um framtíðarrekstur Skálholtsstaðar og hlutverk hans?

Ég skal strax segja frá því, að ég hef skoðað þennan rekstur með eigin augum og býst við að ég þekki fyrir fram spurningar hæstv. kirkjumálaráðherra. En vel má vera að hann geti upplýst okkur frekar um hvernig í ósköpunum það má vera, að þetta dýrmæta bókasafn liggur þarna eftirlitslaust og undir stórskemmdum svo og þrjú íbúðarhús og veruleg bygging, sem ætluð var fyrir sumarbúðir þjóðkirkjunnar. Ég vil vænta þess, að svör fáist við því, hver framtíð þessa rekstrar á að vera.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Ég mun svara þessum þremur fsp. í réttri röð, eftir því sem tími vinnst til.

Ég vísa til laga nr. 32 frá 26. apríl 1963, um heimild handa ríkisstj. til þess að afhenda þjóðkirkju Íslands Skálholtsstað. Samkv. þessari heimild var Skálholt afhent þjóðkirkjunni á vígsludegi Skálholtskirkju 21. júlí 1963. Lögin kveða enn fremur svo á, að biskup Íslands og kirkjuráð skuli veita eign þessari viðtöku fyrir hönd þjóðkirkju Íslands og hafi þar forræði um framkvæmd og starfrækslu. Enn fremur segir í lögum þessum, 2. gr.: „Ríkissjóður skal árlega greiða eina millj. kr. í sjóð, sem vera skal til áframhaldandi uppbyggingar í Skálholti og rekstrarfé þeirrar starfrækslu, sem biskup og kirkjuráð koma þar upp. Stjórn sjóðsins skipar kirkjuráð.“ Lögin taka af tvímæli um það, hvaða aðili hefur með höndum umsjón staðarins. Þegar sumarið 1963 var hafist handa um að reisa æskulýðsbúðir í Skálholti. Hafa þær verið

starfræktar síðan, húsin komist upp, fjórir skálar, einn allstór. Þá var strax á fyrsta ári hafist handa um að fullgera íbúðarhús á staðnum, sem var fokhelt þegar það var afhent. Þangað inn flutti sóknarpresturinn í prestakallinu, en hann sat áður á Torfastöðum þó Skálholt hafi verið lögfest prestssetur frá árinu 1952. Síðar var reist prestssetushús á staðnum, en hitt húsið var tekið til afnota fyrir lýðháskólann. Prestssetushúsið var reist fyrir fé, sem veitt var á fjárlögum til prestssetra, en kirkjuráð lánaði nokkurt fé til þeirrar framkvæmdar til þess að flýta fyrir henni.

Rekstur staðarins felur í sér bæði viðhald, áframhaldandi uppbyggingu og starfrækslu. Lögin frá 1963 gerðu ráð fyrir því, að fjárhagslegur grundvöllur yrði fyrir framkvæmdum vegna starfrækslu og fyrir viðhaldi. Miðað við verðgildi þeirrar upphæðar, sem tilgreind er í lögunum, mátti ætla að vel væri fyrir málum séð að þessu leyti. En þetta framlag stóð í stað þótt verðbólgan æddi áfram. Árið 1968 er framlagið hækkað í 1.2 millj. Situr við það til ársins 1975, þá er það hækkað í 2 millj., 1977 fer það í 3 millj., 1978 í 3.8 millj., 1979 5.4 millj. og óbreytt 1980. Það þarf ekki að benda á hvaða erfiðleikum það hefur valdið um alla starfrækslu og viðhald að lögbundinn tekjustofn hefur brugðist með þessum hætti.

Eigi að síður hefur staðnum þokað fram og munar þar mest um Skálholtsskóla. Hann var frá byrjun ofarlega á áætlun um starfrækslu. Vinir Skálholts á Norðurlöndum hafa safnað talsverðu fé til skólans og þeir fjármunir voru fótfesta kirkjuráðs þegar það réðst í að reisa hús fyrir skólann. Fé þessu var safnað meðal lýðháskólamanna erlendis, og þeir, sem gengust fyrir þeirri söfnun, treystu því, að Íslendingar létu ekki sitt eftir liggja þegar aðrir tækju svo vel í strenginn og um það var að ræða að koma á fót einum lýðháskóla á Íslandi þar sem enginn var fyrir. Það fór líka svo, að ríkissjóður hljóp undir bagga með fjárframlagi til skólahússins, og 1977 gengu fram á Alþingi lög um Skálholtsskóla sem tryggja honum rekstrarfé og 80% kostnaðar við byggingarframkvæmdir framvegis. Miklar skuldir höfðu safnast þegar skólinn tók til starfa í þessu húsnæði haustið 1973. Hann hafði þá starfað í eitt ár í húsum æskulýðsbúðanna. Húsnæðið var og ófullgert og hefur ekki verið unnt að bæta úr því síðar. Því síður hefur verið kleift að halda áfram með bygginguna, þ. e. að koma upp þeim helmingi heimavistar, sem enn vantar, og reisa bókhlöðu. Enn fremur vantar alla aðstöðu til leikfimi, m. a. sundlaug. Gnægð er af heitu vatni í Skálholti, en allfjarri staðnum. Hitaveitu var komið upp 1972 og fékk kirkjuráð þá lítinn styrk frá Seðlabanka Íslands til þeirra framkvæmda.

Bókasafn var keypt af Kára B. Helgasyni 1965. Var safnað fé til kaupanna meðal almennings, en Skálholtsfélagið lagði fram stærsta skerfinn. Það fé var sjálfboðaframlag áhugamanna um endurreisn staðarins. Safnið var flutt í Skálholt undir umsjón Helga Tryggvasonar bókbindara er fór yfir skrásetningu þess og gekk frá bókunum í turni Skálholtskirkju. Þar er safnið vel geymt í eldtraustri geymslu. Hins vegar hefur það dregist — af ástæðum sem augljósar eru af ofangreindu — að koma safninu fyrir í húsnæði sem gerir fært að nýta það. Þyrfti þá einnig að vera varsla á safninu. Þetta verður að bíða þess tíma þegar fé verður fyrir hendi til þess að reisa hentugt húsnæði fyrir safnið, og þá verður einnig unnt að opna það til afnota. Með auknum húsakosti í Skálholti geta fræðimenn eignast þar athvarf svo og rithöfundar og aðrir listamenn. Sú hugmynd hefur verið vakandi frá byrjun. Fé hefur skort til þess að kaupa bækur til safnsins, en ýmsir velunnarar staðarins hafa gefið bækur. Stærst slíkra bókagjafa var gjöf hjónanna Guðbjargar og Páls læknis Kolka.

Kirkjuráð markaði stefnu um leið og það tók við staðnum. Á fundi sínum 19. júlí 1963 gerði það eftirfarandi samþykkt:

„Kirkjuráð lítur svo á, að framtíð hinnar íslensku þjóðkirkju sé nátengd viðreisn þeirri, sem nú er hafin í Skálholti, og telur því að haga beri einstökum framkvæmdum með tilliti til heildarskipulags staðarins og þess markmiðs, að hann verði alhliða menningarmiðstöð og aflvaki í kristnilífi þjóðarinnar. Telur kirkjuráð að frumskilyrði þess, að því markmiði verði náð, sé að Skálholt verði kirkjuleg miðstöð í sem fyllstum mæli og hafi kirkjan þar svo góða starfsaðstöðu er framast má verða og hafi á að skipa sem fullkomnustu starfsliði og forustu.

Leggur því kirkjuráð til:

Í fyrsta lagi, að komið verði upp lýðháskóla er starfi í anda hinnar norrænu lýðháskólahreyfingar jafnframt því að hann þjálfi starfslið handa kirkjunni, safnaðarstarfsmenn ýmiss konar og þá einkum leiðbeinendur fyrir æskulýðinn. Í sambandi við skólann færi fram námskeiðastarfsemi og mót sem haldin kunna að verða fyrir innlenda og erlenda þátttakendur.

Að komið verði upp menntaskóla er nái einnig yfir miðskólastigið. Skólinn stefni að því með kennslu sinni og uppeldisáhrifum að nemendur mótist þar af kristilegri lífsskoðun og verði að öðru jöfnu hæfari til guðfræðináms.

Að koma upp prestaskóla (pastoral seminarium) fyrir guðfræðinga er ætla sér að ganga í þjónustu kirkjunnar. Fái þeir þar undirbúning, er nauðsynlegur verður að teljast í nútímaþjóðfélagi til þess að geta leyst af höndum það trúboðs- og sálgæslustarf er þjóðin í heild og einstaklingar hennar þarfnast.

Að koma upp sumarbúðum fyrir börn og unglinga, sem jafnframt yrðu æfingaskóli fyrir æskulýðsleiðtoga. Æskilegt væri að tengja þetta sumarbúðastarf búrekstri á staðnum eftir því sem tiltækilegt þætti.

Að koma upp aðstöðu og samastað fyrir þá sem verja vildu ævikvöldi sínu, tómstundum og leyfum til þess að njóta staðarins sér til líkamlegrar og andlegrar hressingar og upplyftingar. Verði mönnum búin aðstaða til fræðiiðkana, m. a. með vönduðu bókasafni.

Að nágrannaprestar staðarins geti jafnframt orðið starfsmenn fyrrgreindra stofnana, eftir því sem við verður komið, til þess að starfskraftar kirkjunnar nýtist sem best og verði sem mestir og fjölbreyttastir á staðnum, til þess að fullnægja þörfum hans, nágrennis hans og kirkjunnar í heild.

Og loks, að endurreistur verði biskupsstóll í Skálholti með þeim hætti, sem við nánari athugun þykir henta best með tilliti til allsherjarskipulags og aðstöðu kirkjunnar.

Þau áform, sem hér eru sett fram, eru engan veginn öll orðin veruleiki. Fyrsta og fjórða atriði hefur verið náð og niðurlagi fimmta atriðis að nokkru. Frv. um sjöunda atriðið liggur fyrir frá kirkjuþingi. Um þá starfsemi, sem fram hefur farið undanfarin sumur, vísast til fylgiskjala sem hér eru of mörg og löng til þess að ég geti lesið þau öll. Mjög margt er á dagskrá sem nauðsynlegt er að koma fram, en féleysi hamlar. Lóð skólans er ófrágengin og

það skipulag á umhverfi hans og kirkjunnar, sem lengi hefur legið fyrir á pappír, unnið af Reyni Vilhjálmssyni skrúðgarðaarkitekt ásamt arkitektum kirkjunnar og skólans, er enn aðeins til á uppdrætti. Bæði kostar sú framkvæmd fé og ekki er unnt að ráðast í hana fyrr en byggingu skólans er lokið. Þá er brýnt að gera betur við staðarrústirnar suður af kirkjunni. Hefur fengist ofurlítill styrkur til þessa verks úr Þjóðhátíðarsjóði, en alls ónóg. Á þessu svæði eru grunnar fornra staðarhúsa, sem þarf að hreinsa svo að hleðslur komi í ljós svo og staðarhlaðið gamla. Traðir fornar liggja út frá staðnum greinilega. Þær þarf líka að hreinsa. Síðar mætti auðkenna með einföldum hætti allar vistarverur sem vitað er um samkvæmt fornum uppdrætti. Mundi margur gestkomandi njóta þess að geta gengið um þetta svæði þegar búið væri að snyrta það og setja upp látlausa leiðarvísun um húsaskipun. Þetta yrði gert án þess að raska neinu. Fornleifarannsókn þarna bíður síns tíma.

Það hefur mikið áunnist í Skálholti á tiltölulega skömmum tíma fyrir ötult og fórnfúst starf. Sú staðreynd, að staðurinn er nú meðal þeirra sem sjálfsagt þykir að sýna t. d. opinberum gestum erlendis frá, vitnar um það að hann telst til þjóðargersema. En samkvæmt því sem áður er sagt skortir talsvert á að fjárveitingavaldið dragi eðlilega ályktun af þessu eða virði nægilega þá ábyrgð sem ríkið gekkst undir með lögunum frá 1963.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Það er greinilegt, að hv. sameinað þing hefur takmarkaðan áhuga á Skálholtsstað ef enginn ætlar að leggja hér orð í belg. Ég hlýt því að gera nokkrar verulega alvarlegar athugasemdir við svör hæstv. ráðh. og harma það. Ég var náttúrlega ekki að spyrja hvað kirkjuráð ætlar að gera við Skálholt, heldur hæstv. kirkjumálaráðherra, hvaða hugmyndir hann hefur um það. Ég hef hingað til haldið að Skálholtsstaður heyrði undir ráðuneyti hans.

Ég verð að lýsa því yfir, að órar á borð við það, að í Skálholti verði í framtíðinni prestaskóli, finnast mér varla frambærilegir hér á hv. Alþingi Íslendinga. Ég veit ekki betur en að guðfræðideild sé við Háskóla Íslands, og ég held að við verðum að láta hana duga.

Vissulega er lýðháskóli í Skálholti, með takmarkaðri aðsókn. Slíkur skóli er að verulegu leyti utan við skólakerfið íslenska, og ég hygg að flestir viti það nú þegar, að aðsókn að slíkum skóla er takmörkuð og verður æ minni. Það, sem ég var hins vegar að spyrja um hér, var ekki hvort það væri fallegt í Skálholti eða hvort þar væru gömul göng, það veit ég fullvel. Og ég er vissulega stolt af að sýna útlendingum Skálholtsstað þrátt fyrir allt. Hins vegar finnst mér leiðinlegt að sjá þar gluggalaus hús, þar sem rúður hafa brotnað smátt og smátt í vindi og veðrum vegna ónógrar notkunar og þar sem ekki býr í þeim fólk. Og ef ég heyrði rétt sagði hæstv. ráðh. að það væru sumarbúðir í Skálholti fyrir börn. Ég ætla þá bara að leyfa mér að segja: Það er ekki. Ég vænti þess að mér hafi misheyrst.

Það, sem ég legg hins vegar mesta áherslu á, vegna þess að ég trúi ekki öðru — alla vega ekki með þeirri baráttu fyrir fjármunum til Skálholtsstaðar sem hér kom fram við síðustu gerð fjárlagafrv. þar sem 10 millj. eru lagðar fram, og ég heyrði ekki að kirkjumálaráðherra legði neina sérstaka áherslu á meira fé til staðarins — en að ár og dagar líði þangað til Skálholt verður biskupssetur. Og að bókhlaða rísi í Skálholti — ég verð nú að segja í fullri alvöru: Ætli við byggjum ekki Þjóðarbókhlöðu áður en bókhlaða rís í Skálholti? Við hljótum að spyrja: Bókhlaða fyrir hvern? Með allri virðingu fyrir bændum Árnessýslu efast ég um að þeir hafi tíma til að sitja yfir ritum frá Hrappsey og Viðey og öðrum slíkum stöðum, þannig að ég held ekki að þetta safn eigi neitt erindi í Skálholt yfirleitt. Ég held að áratugir líði þangað til geistlegir menn sitja þar og halda þing og grúfa sig yfir gömul rit.

Það, sem hér er á ferðinni, er það sem allir vita sem til Skálholts koma, að þetta safn er að verða ónýtt. Það er ekki í góðri geymslu, því er á engan hátt óhætt. Og ég vil biðja hæstv. kirkjumálaráðherra að tala við Bókasafnsfræðingafélag Íslands og spyrja hvort þetta safn sé í góðum höndum. Það er nefnilega í engum höndum. Ég efast ekki um að Helgi Tryggvason hefur á sínum tíma skráð þetta safn vel og vandlega, en mér er til efs að hann hafi séð það síðan.

Ég verð því að segja, að þessi svör komu mér meira en á óvart, og veit jafnframt, að það er háttvísi hér á hinu háa Alþingi að þakka fyrir veitt svör. En fyrir þau svör, sem ég hlaut við þessum fsp. mínum hér, á ég afskaplega erfitt með að þakka, vegna þess að ég held að hér hafi verið upplýsingar frá — ja, ég veit ekki hverjum. Ég vil bara geta þess til gamans, að ég spurði í morgun biskupsritara hver ætti að sjá um bókasafnið í Skálholti. Og ég gat ekki fengið neinar upplýsingar um það. Þessar upplýsingar, sem hér komu fram, frá hvaða landsins klerki þær komu, það veit ég ekki.

En þegar ég spyr hver sé framtíð Skálholtsstaðar, þá er ég ekki að spyrja um einhverja óra sem hafa verið sambykktir á kirkjuþingi eða í kirkjuráði. Ég held að þeir fjármunir, sem til staðarins fara, verði að vera undir stjórn kirkjumálaráðherra. Og það hljóta að vera einhverjar hugmyndir með þeim fjárveitingum. Hvað á að gera í framtíðinni? Við þingmenn getum varla haft mikinn áhuga á því að vera að samþykkja hér fjárveitingar til staðar, sem einungis er talað um að byggja upp. Við verðum fyrst að vita til hvers á að byggja staðinn upp. Og ég vil taka það fram, að ég hef ekki á móti því að biskup sæti í Skálholti. En á meðan biskupar landsins eru aðeins tveir — og það verður að gera ráð fyrir að einhver þurfi að ná við þá nokkru sambandi — þá held ég að vafasamt sé að annar þeirra sitji í Skálholti. Ég held að það sé álíka hugmynd og að Alþingi Íslendinga flytji til Þingvalla.

Og þá hlýtur maður að spyrja: Til hvers er verið að byggja þennan stað upp? Til hvers ættum við að reka hann? Á fallegum sumardegi s. l. sumar var ekki sála á staðnum. Eins og gefur að skilja var skólinn auður, skólastjórahjónin og kennaraliðið í burtu. Þarna var ekkert nema nokkrir túristar sem eigruðu um jörðina og furðuðu sig á því, hvaða eyðilegu, níðurbrotnu hús þetta væru, sem þarna standa fyrir neðan kirkjuna.

En mest er mér í mun, eins og ég hef áður sagt, að bókasafninu verði bjargað áður en það eyðileggst.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Ég þóttist hafa svarað spurningum hv. fyrirspyrjanda mjög greinilega í löngu og ítarlegu máli, þó að þessi hv. þm. sjái ekki ástæðu til að þakka svörin. Er heldur óvenjulegt hér á Alþingi að svo sé tekið til orða.

Ef maður les spurningarnar og hefur jafnframt í huga þau svör sem ég gaf, þá held ég að flestir hv. alþm. hljóti

að sjá að þeim spurningum, sem þar var beint til mín, var svarað. Fyrsta spurningin var: Hvernig er rekstri Skálholtsstaðar háttað og hvernig starfsemi fer þar fram? Í öðru lagi: Hvernig er ástatt um hið mikla bókasafn Þorsteins Þorsteinssonar sýslumanns, sem geymt er í Skálholti? Hvernig er nýting þess og hvaða aðili hefur umsjón þess með höndum? Og loks: Hefur verið mörkuð stefna um framtíðarrekstur Skálholtsstaðar og hlutverk hans?

Ég gat þess m. a., að það er kirkjuráð, sem hefur umsjón og yfirráð staðarins með höndum. Það má deila um það, hvað þarna eigi að gera, hvað þarna eigi að framkvæma á staðnum svo að honum sé vel við haldið og hægt sé að sýna hann útlendingum, erlendum gestum.

Hv. fyrirspyrjandi spyr hvað þýði að reisa þarna bókhlöðu, fyrir hvern. Ekki þurfti að hlýða lengi á orð hv. fyrirspyrjanda til þess að skilja að það, sem fyrir þessum hv. alþm. vakir, er ekki hvernig hlutum sé fyrir komið í Skálholti, heldur er látið í það skína og raunar sagt ljóslega: Það eru of margar bækur í Skálholti. Það er veitt of mikið fé til staðarins. Það á ekkert að gera fyrir Skálholt. Eða þannig skildi ég hv. fyrirspyrjanda.

Bókasafnið er í engum höndum, segir þessi háttvirta frú. Ég svaraði því áðan, að ég tel að bókasafnið sé í góðri geymslu, þó að ekki sé um það búið eins og bókasöfn eiga og þurfa að vera sem ætluð eru til notkunar. Ber að harma það.

Hv. fyrirspyrjandi sagðist ekki vera að spyrja um neina óra í sambandi við Skálholt. Ég get ekki gert þá kröfu til þessa hv. þm., að hún melti allt efni þeirra svara, sem gefið var við þessum spurningum, núna á nokkrum mínútum. En hún ætti að hugleiða þessar fsp. sínar áfram og einnig það, sem hún sagði um Skálholt og lét í skína og raunar sagði með skýru orðalagi, að það væri of miklu til staðarins kostað að ástæðulausu.

Ég vil aðeins að lokum vekja athygli á því, að það, sem gert hefur verið í Skálholti — og ég held að mjög margir Íslendingar séu sammála um það, hefur gerst að mjög miklu leyti fyrir samskot erlendis frá. Ég hygg að erlendir fræðimenn, Norðurlandamenn og aðrir, kunni jafnvel að meta staðinn enn þá betur en sumir Íslendingar og jafnvel sumir hv. alþm. Þess vegna, eins og ég sýndi fram á, hafa fjárveitingar til staðarins verið af skornum skammti og miklu minni en gert var ráð fyrir í upphafi. Þess vegna mætti segja við hv. fyrirspyrjanda og jafnvel fleiri alþm. þegar höfð eru í huga hin miklu framlög og gjafir erlendra manna til Skálholtsstaðar: Eftir er enn yðvarr hluti.

Fullorðinsfræðsla, fsp. (þskj. 152). — Ein umr.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Tilefni þeirrar fsp., sem hér liggur fyrir, um fullorðinsfræðslu, er að lengi hefur verið í undirbúningi að koma á heildarlöggjöf um fullorðinsfræðslu, en hægt virðist miða að leggja það mál fyrir Alþingi. Þó að nokkuð hafi áunnist í fullorðinsfræðslumálum hér á landi, svo sem í gegnum Námsflokka Reykjavíkur, Bréfaskólann, Menningar- og fræðslusamband alþýðu, Stjórnunarfélag Íslands og með rekstri öldungadeilda menntaskólanna, þá er ljóst að skortur á heildarlöggjöf um fullorðinsfræðslu hefur staðið eðlilegri þróun fyrir þrifum og brýnt er, í ljósi þess hve fullorðinsfræðslan er fjölbreytt og margþætt, að koma á heildarlöggjöf um markmið og leiðir til að stórauka og efla alla fullorðinsfræðslu í landinu.

Þörfin fyrir síaukna fullorðinsfræðslu sem og mikilvægi hennar fyrir samfélagið fer ört vaxandi, en sú grundvallarfræðsla, sem fæst í gegnum skólakerfið, er hvergi nægileg og brýnt að samhliða sé kostur á margþættri fullorðinsfræðslu, bæði í bóklegu námi og þjálfun á mörgum sviðum, ekki síst þegar litið er til hinnar öru þjóðfélagsþróunar og tæknibyltingar á flestum sviðum, enda hefur þátttaka í fullorðinsfræðslu aukist mjög hér á landi undanfarin ár.

Einnig mun vel uppbyggð fullorðinsfræðsla jafna aðstöðu landsmanna til fræðslu og menntunar og skapa hverjum einstaklingi skilyrði til aukins alhliða þroska, þjálfunar og starfsmenntunar, meira eftir vali hans sjálfs síðar á ævinni en verið hefur til þessa.

Segja má að heildarlöggjöf um fullorðinsfræðslu hafi verið lengi í burðarliðnum, því að það var árið 1971 sem skipuð var nefnd til að gera tillögur um hvernig skipuleggja skyldi fræðslu fullorðinna. Sú nefnd skilaði lagafrv., sem lagt var fyrir Alþingi fyrst 1974 og síðan 1975 og 1976, en hlaut ekki afgreiðslu.

Það var síðan í ágúst 1978 sem páv. menntmrh., Vilhjálmur Hjálmarsson, skipaði nefnd til að semja að nýja frv. um tilhögun og framkvæmd fullorðinsfræðslu. Skilaði sú nefnd tillögum í formi lagafrv. í apríl 1979 sem lagt var fyrir Alþingi. Í því frv. var reynt að skapa þann ramma um fullorðinsfræðslu sem nauðsynlegur var til þess að eðlileg þróun gæti átt sér stað án þess að tilkostnaður væri óhóflegur. Var sérstaklega tekið mið af þeirri reynslu, sem þegar var komin af fullorðinsfræðslu í landinu, og þeim athugasemdum og gagnrýni, sem fram hafði komið við meðferð fyrri frv. á Alþ. Síðan á því sama ári var skipuð nefnd til þess að fjalla um einn þátt fullorðinsfræðslunnar, þ. e. endurmenntun og skipulag í þágu launafólks. Síðan sú nefnd var skipuð fyrir rúmu ári hefur ekkert heyrst um hvað fyrirhugað er í þessu máli af hálfu mennmrn. Því er nauðsynlegt að fá fram á hverju stendur að leggja fram þetta frv. sem fullvíst er að margur bíður eftir.

Því er nú spurt: Verður frv. til laga um fullorðinsfræðslu lagt fram á yfirstandandi Alþingi?

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Spurning hv. þm. er skýr og greinileg, og svar mitt við fsp. er einfaldlega það, að ég hef í undirbúningi frv. til l. um fullorðinsfræðslu og stefni að því að það verði flutt á þessu þingi.

En mig langar, eins og hv. fyrirspyrjandi gerði áðan, að segja hér nokkur orð fram yfir þetta stuttorða svar.

Það, sem mér finnst skipta máli í sambandi við undirbúning löggjafar um fullorðinsfræðslu, er að benda á það, sem hv. fyrirspyrjandi gerði hér reyndar áðan, að umræður um þetta mál hafa staðið ákaflega lengi, a. m. k. 10 ár og reyndar lengur. Fyrstu tillögurnar munu hafa komið fram fyrir u. þ. b. 10 árum, og ég hef einmitt í tilefni af þessari fsp. og vegna þess, hve langur aðdragandi er orðinn að þessu máli, látið taka saman stutta skýrslu til yfirlits fyrir alþm., til þess að glöggva sig nokkuð á þeim hugmyndum, sem uppi hafa verið í þessum málum síðasta áratug, og þá hvernig staðan er í þessum málum.

Þessar hugmyndir eru ekki aðeins margar, heldur og margvíslegar. Eftir að ég fór að hafa bein afskipti af

þessu málefni sem ráðh. virtist mér eðlilegast að byrja á því að safna þessum hugmyndum saman, sem eru — eins og menn sjá af þessari skýrslu — ákaflegar margar, gera á þeim samanburð og kanna hvort ekki væri mögulegt að vinna úr þeim heillegar tillögur, sem hentað gætu íslenskum almannaþörfum og einstaklingshagsmunum, um fyrirkomulag fullorðinsfræðslu sem þróast gæti eðlilega þótt ekki væri farið allt of geyst af stað meðan verið er að „prófa sig áfram", ef svo má segja, enda eru þessi mál mjög víða í deiglunni og að mínum dómi ekki vandalaust að setja um þetta „endanlegar" reglur, ef svo má segja.

En í þessu sambandi er alveg ástæðulaust að gleyma því, að ýmiss konar fullorðinsfræðsla á sér stað í landinu nú þegar. Hún er framkvæmd af ýmsum aðilum, svo sem félagasamtökum, opinberum skólum og öðrum fræðslustofnunum. Í skýrslu þeirri, sem dreift hefur verið hér í dag til hv. þm., er að finna yfirlit yfir þá fullorðinsfræðslu sem á boðstólum er í landinu, og mér finnst eðlilegt að kynna hana nokkrum orðum.

Það er að vísu rétt, að engin löggjöf er til um fullorðinsfræðslu, engin heildarlöggjöf. Eigi að síður hafa ýmsir aðilar staðið að slíkri fræðslu. Eins og segir í þessari skýrslu minni eðu yfirliti sem ég hef látið dreifa, þá má deila þeirri fræðslu, sem nú fer fram þegar í landinu, í fyrsta lagi í það sem kalla mætti grunnmenntun, hliðstæða þeirri menntun sem fram fer almennt í skólum, *það má líka segja að um sé að ræða starfsnám og viðbótarmenntun* og endurmenntun í tengslum við atvinnulíf og svo í þriðja lagi frjálst nám og frístundanám til þekkingar- og menningarauka.

Eins og hv. fyrirspyrjandi nefndi áðan eru aðilar að fullorðinsfræðslu ýmsir. Ég nefni þar fyrst og fremst námsflokkana. Elstir meðal námsflokka eru Námsflokkar Reykjavíkur, sem tóku til starfa 1939. Þar er nú talið að stundi nám um 1000 manns á ári. Auk þess eru starfandi 15 aðrir námsflokkar víðs vegar um landið. Þá vil ég nefna Bréfaskólann sem svo er kallaður. Bréfaskólinn var upphaflega stofnaður af Sambandi íslenskra samvinnufélaga, en er nú rekinn af Sambandi íslenskra samvinnufélaga, Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Stéttarsambandi bænda, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Kvenfélagasambandi Íslands og Ungmennafélagi Íslands. Bréfaskólinn er orðinn býsna gömul stofnun og nær mjög víða um land og hefur áreiðanlega miðlað verulega mikilli þekkingu á ýmsum sviðum.

Þá nefni ég öldungadeildir menntaskólanna, en fyrsta öldungadeildin var stofnuð 1972 við Menntaskólann við Hamrahlíð. Þaðan hafa nú útskrifast yfir 200 stúdentar. Síðan hafa verið stofnaðar öldungadeildir við allmiklu fleiri menntaskóla og fjölbrautaskóla í landinu.

Geta má þess, að Kennaraháskóli Íslands skipuleggur og hefur umsjón með endurmenntunarnámskeiðum fyrir grunnskólakennara. Sú starfsemi er orðin mjög umfangsmikil og talin mikilvæg fyrir starf í grunnskóla. Einnig hefur Kennaraháskóli Íslands séð um uppeldis- og kennslufræðinám fyrir kennara í verkgreinaskólum.

Myndlista- og handíðaskóli Íslands heldur uppi ýmiss konar námskeiðum í list- og verkgreinum.

Nýi hjúkrunarskólinn hefur haldið námskeið fyrir hjúkrunarfræðinga og gegnir þannig mikilvægu hlutverki fyrir framhalds- og endurmenntun á sínu sviði.

Húsmæðrakennaraskólar hafa svo árum skiptir gefið fullorðnu fólki kost á margvíslegum námskeiðum í húsmæðrafræðum, og má segja að þess háttar námskeið fari vaxandi fremur en hitt.

Geta má þess, að Fiskvinnsluskólinn í Hafnarfirði er byrjaður að halda námskeið fyrir starfsfólk í fiskiðnaði, og áður en Fiskvinnsluskólinn tók til starfa fyrir nokkrum árum höfðu um mjög margra ára, ef ekki áratuga skeið verið haldin námskeið, en eigi að síður mátti segja að það væru árleg verkleg og hagnýt námskeið á vegum Fiskmatsins fyrir starfandi fiskvinnslufólk.

Fósturskóli Íslands hefur staðið fyrir stuttum endurmenntunarnámskeiðum fyrir fóstrur.

Samvinnuskólinn í Bifröst hefur haft fjöldamörg námskeið fyrir verslunarfólk víðs vegar um landið.

Vélskóli Íslands hefur staðið fyrir námskeiðum fyrir vélstjóra.

Stýrimannaskólinn í Reykjavík hefur sett upp námskeið utan Reykjavíkur endrum og eins þegar næg eftirspurn hefur verið.

Iðnskólinn í Reykjavík hefur séð um ýmis námskeið fyrir iðnaðarmenn og iðnverkafólk, oft í samvinnu við sveinafélög eða aðra aðila.

Hótel- og veitingaskóli Íslands sér um árlegt námskeið fyrir svokallaða „sjókokka", þ. e. matsveina á fiskiflotanum.

Og endurmenntunarnefnd iðnrn. stóð að og skipulagði sex námskeið fyrir iðnaðarmenn á s. l. ári og heldur áfram með námskeiðahald á þessu ári.

Þá má geta þess, að Lýðháskólinn í Skálholti gefur fullorðnu fólki kost á námi við skólann þótt þennan skóla sæki aðallega ungt fólk. Ég vil einnig geta þess, að öldungadeild er nú tekin til starfa við einn af grunnskólum landsins, þ. e. við skólann í Hveragerði. Og geta má þess einnig til viðbótar því sem sagt hefur verið, að tónlistarskólar og myndlistarskólar gegna mjög miklu hlutverki sem fræðslustofnanir fyrir fullorðna. Vantar í raun og veru gott yfirlit yfir það, hvert framlag þeirra er á þessu sviði, en ég hygg að víðast hvar í heimi sé það einmitt talið til hlutverka fullorðinsfræðslu að veita fullorðnum slíka menntun.

Eins og kemur fram í þessu plaggi, sem ég hef verið að minnast á og dreift hefur verið, standa einkaaðilar og ýmiss félagssamtök að ýmiss konar fræðslu sem ekki hefur tekist að fá nægilegar upplýsingar um.

Þetta vildi ég nefna í tengslum við þessar umræður eða það svar sem ég var að gefa hér. Þetta er stutt yfirlit yfir fullorðinsfræðslu sem er til í landinu. Ég vil benda á það, að hún er engan veginn óveruleg þó að auðvitað megi margt að henni finna, fyrst og fremst það, að hún er ekki nægilega kerfisbundin og ekki nógu víðtæk. En hitt legg ég áherslu á, að óhyggilegt væri að ganga fram hjá þeirri fullorðinsfræðslu, sem hefur þróast í landinu og orðin er föst í sessi, þegar ráðgerð er heildarlöggjöf um þetta efni. Slík heildarlöggjöf er vissulega mjög mikil nauðsyn, og ég endurtek það, að ég stefni að því að frv. verði lagt fram um þetta efni á þessu þingi, og vil taka það fram, að ég hef í sambandi við það frv. hugsað mér að taka mið af flestum þeim hugmyndum, sem fram hafa komið í því sambandi, án þess að leggja nokkurt eitt einstakt af þeim frv., sem fram hafa komið, til grundvallar í því efni, a. m. k. að svo komnu máli.

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. mjög greinargóð

svör sem fram komu í hans máli. Ég vil jafnframt þakka það yfirlit sem dreift hefur verið frá ráðuneyti hans og sýnir hvaða fullorðinsfræðslu við höfum að bjóða og þá vinnu sem lögð hefur verið á það að koma á heildarlöggjöf um fullorðinsfræðslu hér á landi.

Jafnframt fagna ég því sem fram kom í svari hæstv. ráðh., að hann hefur í hyggju að leggja fram á þessu þingi frv. til l. um fullorðinsfræðslu. En ég bendi á í því sambandi að það hefur fjórum sinnum verið lagt fram hér á þingi frv. til l. um fullorðinsfræðslu. Ég vil því leyfa mér að vona að í þetta skipti — þegar hæstv. menntmrh. væntanlega leggur þetta frv. fram hér á þingi — taki hv. alþm. höndum saman og afgreiði þetta mál, gefi sér tíma til að skoða þetta mál. Það hefur verið lögð — eins og ég segi — mikil undirbúningsvinna í málið, þannig að það ætti ekki að þurfa að líða á löngu þar til ráðh. leggur frv. um það fyrir þingið. Alþm. gæfist þá góður tími áður en þingi lýkur til að skoða málið, og við gætum því vænst þess, að frv. yrði að lögum á þessu þingi.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég hef ekki miklu við þetta að bæta. Ég vil taka undir allt það sem hér hefur fram komið, að ég tel ákaflega þýðingarmikið að frv. um fullorðinsfræðslu verði lagt fram á þessu þingi. Ég sé í þeim gögnum, sem hér hefur verið dreift, að eitt af þeim atriðum, sem minnst er á í sambandi við frv. það sem lagt var fram á 102. löggjafarþingi, er ákvæði um að almennings- og skólabókasöfn skuli hafa yfir að ráða bókaflokkum eins og hér segir — með leyfi forseta: „handbókum og öðrum gögnum sem unnt er að nýta til fullorðinsfræðslu.“ Ég held að hér sé komið inn á mjög merkilegt atriði, vegna þess að undirstaða allrar fullorðinsfræðslu í landinu eru auðvitað almenningsbókasöfn.

Nú veit ég að hæstv. menntmrh. veit það fullvel, að almenningsbókasöfn eru í afskaplega bágu ásigkomulagi síðan sveitarfélögin áttu eingöngu að sjá þeim fyrir fjármunum, og mér er kunnugt um að nú situr nefnd sem á að endurskoða lög um almenningsbókasöfn. Ég vil því nota þetta tækifæri til þess að hvetja hæstv. menntmrh. til að reka mjög á eftir þessu verki. Þetta er miklu mikilvægara en menn gera sér almennt ljóst, og ég tel að það sé næstum tómt mál að tala um fullorðinsfræðslu af nokkru viti fyrr en veruleg breyting verður á rekstri almenningsbókasafna. Og ég held að öllum sé löngu ljóst að fækka þurfi mjög miðsöfnunum, en fjölga útibúunum.

Ég vil því eindregið nota þetta tækifæri til að reka á eftir þessu máli. Hins vegar vil ég jafnframt — og kannske stóð ekki síður upp til þess — lýsa yfir áhyggjum mínum af því, að það skiptir hér alverlega í tvö horn á hinu háa Alþingi hvenær menn taka þátt í umræðum og hvenær ekki. Ef verið er að tala um orkumál eða efnahagsmál þurfa allir að tala, en um leið og á að tala hér um menningarmál eða uppeldismál eða málefni barna, þá hverfa þingmenn. Ég vil því varpa þeirri spurningu fram til hins háa Alþingis að lokum: Til hvers er verið að hafa áhyggjur af efnahagsmálum, ef menn vita ekki til hvers þjóðfélag er rekið, af hverju við erum hér?

Sameinað þing, 42. fundur.

Þriðjudaginn 27. jan., að loknum 41. fundi.

Stóriðjumál, þáltill. (þskj. 32). — Frh. fyrri umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Rafknúin járnbraut, þáltill. (þskj. 33). — Ein umr.

Flm. (Þórarinn Sigurjónsson): Herra forseti. Á þskj. 33 hef ég leyft mér að flytja till. til þál. um rafknúna járnbraut ásamt hv. þm. Guðmundi G. Þórarinssyni, 12. þm. Reykv., og Jóhanni Einvarðssyni, 5. þm. Reykn.

Tillgr. hljóðar svo, með leyfi forseta: „Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta fram fara könnun á hagnýtu gildi þeirra hugmynda sem upp hafa komið um rafknúna járnbraut til notkunar á mestu þéttbýlissvæðum suðvestanlands og austur yfir fjall.“

Með flutningi þessarar till. viljum við flm. fá úr því skorið, hvort ekki sé tímabært að koma upp rafknúinni járnbraut um þéttbýlustu svæði landsins til vöruflutninga og e. t. v. mannflutninga. Meðal annarra þjóða er járnbraut talin ódýrasta og afkastamesta flutningatæki á landi sem hægt sé að fá, þar sem hún hentar. Og með það í huga, að stöðugt hækkar verð á erlendum orkugjöfum sem þjóðin er mjög háð, er ekki óeðlilegt að þessi athugun fari fram sem allra fyrst.

Orkukreppan, sem skollið hefur yfir þjóðina á undanförnum árum, og umræður, sem orðið hafa um hana, eru ekki ástæðulausar. Engu að síður hafa Íslendingar lítið kannað hina ýmsu samgöngumöguleika sem innlendir orkugjafar geta skapað okkur ef olíu þrýtur. Olía er sú orkulind sem við getum ekki ausið af nema um takmarkaðan tíma, því að talið er að hún endist ekki meið þeirri notkun sem nú er í heiminum nema eitthvað fram á næstu öld.

Það er einnig stórt öryggisatriði fyrir Íslendinga að búa að sinni innlendu orku til sem flestra hluta, og eru samgöngur þar ekki minnsti þátturinn. Og þó að innlendir sérfræðingar hafi sýnt fram á möguleika á framleiðslu annarra orkugjafa í landinu sjálfu, er ekki óeðlilegt að þess athugun fari fram.

Hinrik Guðmundsson verkfræðingur og framkvæmdastjóri Verkfræðingafélags Íslands hefur nokkuð velt þessum hugmyndum fyrir sér og aflað sér upplýsinga um þróun og viðhorf í þessum málum. Í bréfi hans til mín frá 28. mars 1980 koma fram flest þau atriði sem hafa ber í huga þegar þessi mál eru rædd.

Með leyfi hæstv. forseta les ég upp kafla úr bréfi Hinriks:

„Það er öllum kunnugt, sem vita vilja, að sérfróðir menn í jarðfræði og olíuvinnslu telja, að með sama áframhaldi og verið hefur í olíunotkun verði allur vinnanlegur olíuforði jarðarinnar uppurinn eftir örfáa áratugi, sumir segja skömmu eftir næstu aldamót. Af þessu leiðir fyrirsjáanlega, að öll olía hækkar stöðugt í verði héðan af. Sama gildir að sjálfsögðu um bensín og aðrar olíuvörur, svo og önnur brennsluefni sem geta komið í stað olíu. Þessi fyrirsjáanlega þróun, sem endar innan tiltölulega skamms tíma í algerum olíuskorti, leiðir óhjákvæmilega til síhækkandi flutningskostnaðar með öllum farartækjum sem ganga fyrir bensíni eða öðrum olíu-

vörum í einhverri mynd. Fyrir slysni eða ábyrgðarleysi í samskiptum þjóða gæti slíkur olíuskortur dunið yfir án mikils fyrirvara, og hvernig geta Íslendingar brugðist við? Það er alvarlegt íhugunarefni og ábyrgðarhluti að gera sér ekki grein fyrir hvernig leysa beri slíkan vanda. Ef innflutningur á olíu og olíuvörum stansar, stansa innan skamms bifreiðar, flugvélar og skip og þjóðin kemst í óviðráðanlegan vanda, sem leiðir til hörmunga og mannfellis, ef langt um líður.

Íslendingar þurfa undir öllum kringumstæðum og hvenær sem er að geta haldið uppi flutningum á fólki og varningi í landinu. Hérlendis eru engin brúkleg brennsluefni, svo sem olía, kol eða timbur, hins vegar nógir möguleikar á raforkuvinnslu úr fallvötnum landsins. Það virðist því einsýnt að leysa beri flutningavandamál þjóðarinnar á landi með rafknúnum ökutækjum. Eitt þeirra er rafknúin járnbraut, en járnbrautir hafa löngum verið afkastamestu og ódýrustu flutningatæki á landi í heiminum og þær hafa tekið framförum ekki síður en önnur farartæki. Það er augljóst, að járnbraut leysir ekki allan vanda, en á suðvesturhluta landsins, þar sem um 70% þjóðarinnar eiga heima, getur járnbraut annast alla stórflutninga og tryggt samgöngur milli Reykjavíkursvæðisins, Suðurnesja og Suðurlandsundirlendisins, en rafmagnsbifreiðir gætu annast smáflutninga stuttar leiðir og innanbæjarumferð.

Mér þótti þetta svo mikilsvert mál, að nauðsynlegt væri að kanna það nánar, og kynnti mér því skýrslur um járnbrautarmálið svokallað í Tímariti Verkfræðingafélags Íslands, 9. árg. 1924 og 11. árg. 1926, en þá var athugaður möguleiki á lagningu járnbrautar milli Reykjavíkur og Suðurlandsundirlendisins og víðar og mælt fyrir járnbrautalínum. Niðurstaða þeirrar athugunar var jákvæð og kom til kasta Alþingis, en ekkert varð úr framkvæmdum."

Þá hafði Hinrik bréfaskipti við eitt af stærstu og hæfustu járnbrautarlagningarfyrirtækjum í Vestur-Þýskalandi, sem hefur mikla reynslu í rafmagnsjárnbrautalagningu eins og fram kemur á fskj. II. Einnig ræddi hann við Almennu verkfræðistofuna hér í Reykjavík, sem er sammála Hinrik um nauðsyn þess, að athugun fari fram um lagningu járnbrautar, um suðvesturhluta landsins. Er umsögn hennar á fskj. IV. Í bréfi vestur-þýska fyrirtækisins kemur fram að það er tilbúið að gera hagkvæmni- og kostnaðaráætlun fyrir rekstur og lagningu á járnbraut um þetta landsvæði. Kemur þar fram að það tæki um 6 mánuði og mundi kosta í kringum 450 þús. vestur-þýsk mörk að gera áætlun um rafknúna járnbraut á fyrrnefnt svæði. Vísa ég í því sambandi til fskj. III með þáltill. Þar kemur fram hagkvæmnileg og tæknileg athugun á möguleikum til að framkvæma verkið. Er þar í stórum dráttum gerð grein fyrir þeim þáttum sem athugunin næði til. Flm. telja að rétt væri að byrja á viðaminni áætlun til þess að sjá hvort hagkvæmt væri að ráðast í svo kostnaðarsama rannsókn. Jafnframt því væri hægt að vinna verulegan hluta hennar innanlands, eins og fram kemur á fskj. IV, en þar segir, með leyfi forseta:

„Með hliðsjón af sérístenskum aðstæðum, landfræðilegum, félagslegum o. s. frv., er æskilegt að íslenskir aðilar taki þátt í sem flestum þáttum athugunarinnar. Einkum á þetta við um félagsleg áhrif, hagkvæmniforsendur, framtíðarspár, flutningsmagn, stofn- og rekstrarkostnað, gjaldskrár o. fl. þess háttar.

Athugandi væri að semja um lækkun kostnaðar, ef tök eru á, jafnframt því sem kanna ber hámarksþátttöku íslenskra aðila, enda sparar það gjaldeyri og eykur þekkingu Íslendinga á þessum málum."

Ég vil líka benda á það, að hugsanlegt væri að draga úr kostnaði við þessa áætlun með því að skipta henni í tvo áfanga, eins og fram kemur í fskj. Mundi þá verða ráðist í hinn síðari áfanga ef sá fyrri benti til að hagkvæmt væri að koma upp járnbraut á þennan hluta landsins.

Flm. vilja fyrst og fremst ganga úr skugga um það, hvort ekki sé hægt að koma upp járnbraut um þau svæði sunnan- og suðvestanlands, þar sem 70% af þjóðinni búa og flutningar eru langsamlega mestir. Allt fram á þennan dag hafa þjóðir heims verið að koma sér upp járnbrautum til þess að annast flutninga á landi. Þegar fólksfjöldi annarra þjóða hefur náð ákveðnu marki hefur þetta verið ódýrasta flutningatækið hingað til.

Járnbrautir hafa notið góðs af tækniþróun sem önnur ökutæki. Rafmagn gegnir veigamiklu hlutverki í samgöngum sem byggja á járnbrautakerfi í dag. En það er ljóst að þegar rætt er um rafmagn sem þá framtíðarorku er knýi ökutæki, eru rafknúnar járnbrautir mun hagkvæmari og raunhæfari kostur en rafknúnar flutningabifreiðar. Þó gæti þessi þáttur þróast enn meira í framtíðinni. En auðvitað eru rannsóknir undanfari framfara á þessum sviðum og því er nauðsynlegt að kanna hér aðstæður og gera viðeigandi ráðstafanir ef mönnum sýnist járnbrautarhugmynd líkleg til þess að verða framkvæmd. Verður því að teljast eðlilegt að Íslendingar skoði þennan möguleika, að koma upp járnbraut um þau svæði sem sýnd eru á fskj. I með þáltill.

Þar er sýnt hvernig hugsað er að járnbrautin liggi til og frá Reykjavík, í Mosfellssveit, til Keflavíkur og austur fyrir fjall um Þrengsli og nýja brú á Ölfusá við Óseyrarnes að Eyrarbakka og Selfossi með hliðarsporum í Þorlákshöfn, Hveragerði og Stokkseyri og, ef vel gengi og hagkvæmt væri, lengra austur, t. d. að Hellu og Hvolsvelli og e. t. v. lengra.

Rétt er að hafa það í huga, að brýnt er að þessi athugun verði gerð sem fyrst, m. a. vegna skipulags í Reykjavík og viðkomandi stöðum, þar sem mikið atriði er að flutningajárnbraut hafi sem greiðastan aðgang að hafnarsvæðum svo að hægt sé að tengja saman hagkvæma flutninga á sjó og landi. Eflaust er hér um einhverja erfiðleika að ræða, þeir verða þeim mun meiri því lengur sem það dregst að koma á járnbraut eða a. m. k. gera ráð fyrir henni á skipulagi viðkomandi staða.

Gera má ráð fyrir að þetta verði fyrst og fremst vöruflutningalest, nema þá helst í nágrenni Reykjavíkur og til Keflavíkur, ef hagkvæmt væri að nýta betur flugvöllinn í Keflavík með tilkomu farþegalestar. Austur yfir fjall til hinna stóru landbúnaðarhéraða yrði meginhlutinn af flutningunum rekstrarvörur til landbúnaðarins ásamt ýmiss konar neyslu- og iðnaðarvörum, sem stöðugt fara vaxandi með aukinni uppbyggingu iðnaðar í þessum víðáttumiklu byggðum landsins. Auk þess fær Reykjavík og þéttbýlið hér suðvestanlands meginhlutann af þeim landbúnaðarvörum, sem notaðar eru á þessum svæðum, austan yfir fjall. Einn af þeim þáttum, sem vega mikið í mínum huga, er það, að á Suðurlandi hefur verið og er framleitt mikið af landbúnaðarvörum. Hefur það verið frá fyrstu tíð aðalatvinnuvegur íbúanna og undirstaða byggðarinnar og framfara. Nú er svo komið að ekki verður talið þjóðhagslega heppilegt að auka framleiðslu

framleiðslu landbúnaðarvara meira en orðið er. Verður því að líta til annarra þátta, og þar sem varma- og raforka er í ríkum mæli á þessu svæði er möguleiki til þess að hægt sé að byggja upp öflugan iðnað sem treysta mundi atvinnulífið og gæti leyst úr þeim vanda sem fyrirsjáanlegur er ef ekki verður að gert. Hagkvæmir og öruggir flutningar eru einn veigamesti þáttur þess að koma upp traustri atvinnuuppbyggingu, ekki síst þar sem vegir eru eina flutningaleiðin.

Flutningaþörf um Suðurland er mjög mikil og fer nær eingöngu fram með bifreiðum sem eyða olíu og bensíni. Það er ekki nema ein hafskipahöfn við suðurströndina, sem kemur að notum fyrir flutninga að og frá þessu stóra svæði. Þó að stór og góð höfn sé í Vestmannaeyjum kemur hún ekki að notum fyrir meginlandið á þessu sviði. Flutningarnir fara því að mestu leyti til og frá Reykjavík. Samkv. þeirri athugun, sem gerð var af Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga árið 1977, voru flutningar til og frá Selfossi og Reykjavík 194 567 tonn, og hafa sennilega stóraukist á síðustu árum. Aðrir flutningar, sem fara að stærstum hluta sömu leið en lengra austur, eru árið 1977 153 482 tonn, svo að samtals var þessi flutningur 348 049 tonn, þegar þessi athugun fór fram 1977. Til samanburðar má geta þess, að á árinu 1977 flutti Ríkisskip tæp 50 þús. tonn, en núna á síðasta ári, 1980, flytur Ríkisskip aðeins tæp 75 þús. tonn. Þess vegna sjá allir hvað dæmið er stórt í þessu tilliti.

Á árinu 1980 voru flutningar, sem fram fóru með Herjólfi, Vestmannaeyjaskipinu, 11 130 tonn og hafa aukist frá 1977 um 4 811 tonn. Allur þessi flutningur fer svo landleiðina milli Reykjavíkur og Þorlákshafnar.

Einn veigamesti þátturinn í lífi fólksins nú á tímum eru góðar og tryggar samgöngur, en víða í þéttbýli hafa menn áhyggjur af mengun sem kemur frá olíu- og bensínbifreiðum. Með tilkomu rafknúinna flutninga- og farartækja væri hægt að draga verulega úr hættu af völdum mengunar og auka öryggi í flutningum og ferðalögum.

Á Suðurlandi eru tvær sýslur, Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýsla, sem enga höfn hafa né heldur áætlunarflugvöll. Og raunar hefur Árnessýsla ekki heldur áætlunarflugvöll, svo að eina samgönguleiðin við þessar sýslur eru vegirnir. Fyrir byggðirnar sunnanlands er því mikið atriði að fá sem hagkvæmastar flutningaaðferðir, en eins og allir vita eru flutningar á sjó, ám og vötnum ódýrasta leið sem til er og þarf að vera fyrir hendi svo að öflugur atvinnurekstur komi til. Að öðrum kosti eru það rafknúnar járnbrautir sem geta leyst vandann, þar sem þær eru taldar hagkvæmasta flutningatækið á landi, auk þess sem þar er líka um innlendan orkugjafa að ræða, rafmagnið. Það er þó augljóst, að rafknúnar járnbrautir leysa ekki allan vanda. En á suður- og suðvesturhluta landsins og e. t. v. víðar getur járnbraut annast alla stórflutninga með miklu öryggi, en rafknúnar bifreiðar gætu annast smærri flutninga á styttri leiðum. Það skal þó enn ítrekað, að framtíð samgöngumála byggist á athugun sem þessari, sem er undirstaða þess, að hægt sé að ræða af þekkingu um framtíðarmöguleika í samgöngukerfi Íslendinga með raforkugjafa sem Íslendingar eiga gnægð af og ekki er eins takmarkaður og olía jarðar.

Það skal undirstrikað, að hér er um að ræða mál sem stuðlar að auknu öryggi og sjálfstæði þjóðarinnar með því að gera hana minna háða innfluttum orkugjöfum. Telja flm. eðlilegt að nú þegar verði gaumgæfilega athugað hvort ekki sé hagkvæmt að koma upp rafknúinni járnbraut um þau svæði sunnan- og suðvestanlands þar sem flutningarnir eru mestir.

Ég vil svo að lokinni þessari umr. óska þess, að þáltill. verði vísað til atvmn.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Það mál, sem hér er til umr. og mælt hefur verið fyrir af hv. 1. flm. þess, er annað málið sinnar tegundar sem hér hefur komið á dagskrá Sþ. í vetur, en hitt var þáltill., 16. mál Sþ., sem fjallaði um athugun á hagkvæmni rafknúinna samgöngutækja. Báðar þessar tillögur bera vott um áhuga hv. þm. á þessu málefni, og ég tel að það sé allrar virðingar vert að menn leiði hugann að því að reyna að finna leiðir til að koma innlendri orku í gagnið á sem flestum sviðum. Þar kemur vissulega tvennt til álita, þ. e. tilkostnaður, samanburður á kostnaði við aðrar leiðir í samgöngumálum, og í öðru lagi öryggisatriði.

Þarna getur verið um að ræða, þegar litið er til samgangna á landi, tvær leiðir, þ. e. að nýta raforku með beinum hætti, eins og er vikið að í þessari þáltill., eða þá að framleiða eldsneyti hér innanlands í krafti okkar orkulinda, en það mál er á döfinni sem kunnugt er og verið að athuga ýmsar leiðir í því samhengi og tilkostnað sem gæti verið bundinn slíkri framleiðslu.

Ég tek til máls við þessa umr. til þess fyrst og fremst að greina frá áliti sem ég hef fengið frá Orkustofnun um þessi efni, jafnframt því sem ég vil lýsa yfir fylgi við það, að mál af þessu tagi séu hugleidd hér á Alþingi og um þau fjallað. Ég vil, hæstv. forseti, leyfa mér að vitna í álitsgerð frá Orkustofnun sem svar við fsp. frá iðnrn., dags. 27. okt., um þessi efni, en þar segir m. a. í bréfi orkumálastjóra, sem fylgir grg.:

„Í því samhengi, sem hér um ræðir, er heppilegt að greina rafknúin samgöngutæki í tvennt, þ. e. rafbíla, einkabíla og almenningsvagna, og í öðru lagi leiðslubundna vagna, þ. e. hálínuvagna og járnbrautir neðanjarðar eða ofan í þéttbýli og járnbrautir í strjálbýli á milli borga."

Niðurstaða í þessu erindi frá Orkustofnun er sú með orðréttri tilvitnun: „að ekki sé þörf á þeirri könnun, sem þáltill. fjallar um, vegna þess að fámenni þjóðarinnar leyfir ekki notkun þeirra rafknúðu samgöngutækja, sem til eru á markaði, og tæki, sem hentað gætu íslenskum aðstæðum í þeim mæli sem nokkru máli skiptir, eru enn ekki á almennum markaði."

Þetta er meginniðurstaða í þessu svari frá orkumálastjóra, en ég leyfi mér að lesa hér grg. sem þessi niðurstaða byggist á, en hún er tekin saman af Gunnlaugi Jónssyni verkfræðingi hjá Orkustofnun og er ekki löng, svo að ég leyfi mér að lesa hana hér:

„Til samgangna á landi eru nú notuð um 90 þús. tonn af bensíni og 40 þús. tonn af gasolíu, samtals um 130 þús. tonn eða 22% af heildarolíunotkuninni. Samgöngur á landi krefjast því verulegrar orku og gjaldeyriskostnaður nemur 20—25 milljörðum kr. árlega. Nánari athugun leiðir í ljós að mestur hluti þessarar notkunar, líklegast um $^2/_3$ hlutar, er tengdur einkabifreiðum. Þetta er eðlileg afleiðing af því, að landið er stórt og strjálbýlt, sem orsakar að flutningar eru mjög dreifðir. Rafknúnum samgöngutækjum, sem nú eru í notkun í heiminum eða hugsanlegt er að komist í notkun á næstu árum, má skipta í þrennt: Í fyrsta lagi rafknúnar bifreiðar og almenningsvagna sem nota rafhlöður og eru í notkun í þéttbýli. Í öðru lagi rafknúin almenningsfarartæki í þéttbýli, með-

anjarðarbrautir og hálínuvagna, sem tengd eru raforkukerfi. Og í þriðja lagi rafknúnar járnbrautir til fólks- og vöruflutninga milli borga og í dreifbýli.

Sú staðreynd, að flutningar á landi á Íslandi eru tiltölulega lítlir og mjög dreifðir, orsakar að hér hentar mjög illa hið hefðbundna rafknúna samgöngukerfi járnbrauta, sporvagna og hálínuvagna, sem er með mikinn stofnkostnað á hvern km. Raunar er flutningsþörfin víðast það lítil að hún stendur ekki fjárhagslega undir gerð varanlegra vega. Erlendis er talið að járnbrautir geti ekki keppt við flutningabifreiðar á skemmri vegalengdum en 200—500 km. Á Íslandi er nú engin járnbraut hugsanleg sem mundi uppfylla þær kröfur um flutningaþörf og vegalengdir sem eðlilegt er að gera.

Almenningsvagnar í höfuðborginni nota tiltölulega mjög litla olíu eða um 1700 tonn, sem er álíka mikið og einn stór skuttogari notar. Olía vegur ekki þungt í rekstri Strætisvagna Reykjavíkur. Á árabilinu 1968—1979 er olían minnst 4.4% af rekstrarkostnaði árið 1972 og mest 12% árið 1979. Ef stofnkostnaður vagnanna er talinn með er þetta hlutfall enn lægra. Heildarlengd leiðakerfis Strætisvagna Reykjavíkur er 430 km. Sé gert ráð fyrir að nota rafmagnslínur fyrir hálínuvagna eða leggja teina fyrir sporvagna, þá næmi heildarlengd þeirra um 130 km. Stofnkostnaður á hvern km. leiðakerfisins yrði því að vera mjög lágur ef olíusparnaður ætti að standa undir rekstrar- og fjármagnskostnaði. Auk þessa má benda á það óhagræði sem er að því að binda ferðir almenningsvagna við ákveðnar brautir, meðan byggð á höfuðborgarsvæðinu tekur jafnörum breytingum og raun ber vitni.

Það er álit Orkustofnunar, að vegna þess hvað flutningar eru dreifðir á Íslandi verði rafknúin samgöngutæki framtíðarinnar að nýta hið almenna vegakerfi í landinu. Framtíð rafknúinna samgöngutækja hér á landi virðist því bundin við þróun hagkvæms rafgeymis sem má nota í fólksbifreiðum svo og almenningsvögnum og hugsanlega má hlaða á hluta af áætlunarleiðinni með raflínu líkt og hálínuvagna. Hvort og þá hvenær slíkur rafgeymir sér dagsins ljós verður tíminn að leiða í ljós. Nothæfur rafgeymir er ekki til á markaðnum í dag."

Þetta er grg. sem Orkustofnun lét rn. í té í tengslum við athugun á rafknúnum samgöngutækjum. Ég taldi rétt að þetta álit kæmi hér fram þannig að það lægi fyrir, en ég vil jafnframt túlka það viðhorf, að nauðsynlegt sé að fylgjast með stöðu þessara mála, alveg sérstaklega að því er snertir nýtingu rafbíla í þéttbýli, en ég hygg að það séu helst þeir, sem komi hugsanlega til greina í náinni framtíð í sambandi við rafknúin farartæki.

Varðandi hinn þáttinn, rafknúna járnbraut, þá er eðlilegt að til séu kvaddir fleiri aðilar til að segja álit sitt á því máli, en viðhorf Orkustofnunar og athugun að þessu leyti er heldur neikvæð, eins og hér hefur komið fram, í sambandi við járnbrautir.

Ég get ekki látið hjá líða að nefna það, að mér hefur oft komið í hug að það væri ákjósanlegt af öðrum ástæðum en hagkvæmniástæðum eða slíku að járnbrautakerfi væri á Íslandi. Ég hef kynnst járnbrautum víða erlendis og notað þær og í því sambandi reynir á stundvísi. Járnbrautir láta ekki bíða eftir sér eins og einkabíllinn, sem þykir þægilegur ekki síst vegna þess, að menn geta gripið til hans þegar þeim hentar og þurfa ekki nákvæmlega að fylgja klukkunni. Við Íslendingar erum óþægilega óstundvísir oft á tíðum, og það stafar e. t. v. af því m. a. að við höfum ekki þurft að binda okkur allt of mikið almenningsfarartækjum og ekki tamið okkur stundvísi, sem þau kalla á, hvort sem það eru járnbrautir eða áætlunarbílar á langleiðum.

Það væri vissulega æskilegt, ef hægt væri að ná aukinni hagkvæmni í sambandi við ferðir almenningsfarartækja á langleiðum og að taka upp og nýta þar innlenda orkugjafa, eins og er að vikið í þessari þáltill. Þar hljótum við að hafa augun opin og fylgjast með, bæði að því er varðar rafknúin farartæki og eins framleiðslu á innlendu eldsneyti til að hagnýta það á bifreiðar. Sem kunnugt er þarf ekki miklar breytingar til þess að blanda tilbúnu eldsneyti saman við bensín án þess að til teljandi breytinga þurfi að koma, og einnig er tæknilega tiltölulega auðvelt að breyta vélum til að þær geti gengið fyrir metanóli, fyrir utan svo tilbúið bensín sem einnig kemur til álita í sambandi við framleiðslu á eldsneyti. En það eru mál sem eru til athugunar, og úr því verður ekki skorið á þessari stundu, hvort og hvenær slíkt yrði hagkvæmt. Sama gildir út af fyrir sig varðandi það mál sem hér er vakin athygli á með flutningi þessarar till., sem er góðra gjalda verð og verður fjallað um af nefnd.

Jóhann Einvarðsson: Herra forseti. Hv. 1. flm., 1. þm. Suðurl., hefur gert þessu máli það góð skil, að ég þarf ekki að fara mörgum orðum um till. almennt. Ég vil þó leggja áherslu á nokkur atriði, sem ég tel að styðji það að þessi könnun verði gerð, þ. e. hvort hagkvæmt sé að upp verði komið rafknúinni járnbraut á mestu þéttbýlissvæðum suðvestanlands og austur fyrir fjall. Þau atriði, sem ég mun nefna, varða fyrst og fremst Suðurnes, þar sem ég er kunnugastur aðstæðum, enda hefur hv. 1. flm. till. rætt ítarlega um málið almennt og um möguleika og gildi þess að leggja járnbrautarlínu austur fyrir fjall.

Landfræðilega er leiðin til Keflavíkur hagkvæm fyrir lagningu járnbrautarlínu þannig að ekkert ætti að verða því tæknilega til fyrirstöðu, og varla verður ætlað að veðurfar mundi hamla slíkum ferðamáta sem hér er verið að ræða. Sá mannfjöldi, sem þarf að vera svo að hagkvæmt sé að setja á stofn járnbraut, er sennilega hvergi annars staðar fyrir hendi hér á landi. Íbúafjöldi Suðurnesja er um 13 þús. manns. Allnokkur fjöldi starfar á Keflavíkurflugvelli og frá Keflavíkurflugvelli fara nær allir farþegaflutningar til og frá landinu þannig að ef ekki reynist unnt að reka járnbraut til mannflutninga til og frá Suðurnesjum með tilliti til farþegafjölda og ferðatíðni, þá er það sennilega hvergi hagkvæmt hér á landi. Þar að auki má ekki gleyma því, að til umræðu hefur komið að leggja Reykjavíkurflugvöll niður og jafnvel að byggja nýjan flugvöll fyrir innanlandsflugið einhvers staðar í nágrenni Reykjavíkur. Að mínu viti væri réttara að nýta frekar Keflavíkurflugvöll fyrir innanlandsflugið, a. m. k. að verulegu leyti, svo sem raddir hafa komið fram um. En til þess að svo megi verða þarf tvennt að koma til. Í fyrsta lagi þarf að stytta ferðatímann milli höfuðborgarinnar og Keflavíkurflugvallar svo sem nokkur kostur er, t. d. með lagningu járnbrautar, og í öðru lagi þarf að byggja nýja flugstöð á Keflavíkurflugvelli, svo sem verið hefur til umræðu nú síðustu árin. Þá mundi flugstöðin verða endastöð járnbrautar. Sérleyfisbifreiðar Keflavíkur mundu þá hætta akstri til Reykjavíkur, en hefja akstur frá endastöð járnbrautar til allra sveitarfélaganna á Suðurnesjum.

Ég hef hér að framan eingöngu rætt um farþegaflutninga. En ekki má gleyma vöruflutningum. Nú þegar fara

allmiklir vöruflutningar fram með bifreiðum milli Reykjavíkur og Suðurnesja, og ekki má gleyma því, eins og tekið hefur verið fram, að Keflavíkurflugvöllur er eini millilandaflugvöllur okkar Íslendinga. Mjög hafa aukist og munu trúlega aukast enn frekar á næstu árum flutningar með flugvélum til og frá landinu, en slíkir flutningar munu enn auka möguleika til hagkvæms rekstrar járnbrautar á þessari leið.

Þó ég hafi ekki sérstaklega tekið það fram, þá held ég að allir hv. þm. hafi áttað sig á því, að þegar ég ræði um járnbraut, þá á ég við — eins og þáltill. fjallar um — rafknúna járnbraut. Slík farartæki mundu draga verulega úr innflutningi á orkugjöfum og eru því gjaldeyrissparandi og enn fremur mundu þau draga verulega úr mengunarhættu og skapa aukið öryggi í fólksflutningum á þessu landsvæði, enda orðið örðugra að fá bensín og olíu keypt þó vilji og geta sé til að greiða hátt verð fyrir. Og ekki má gleyma því, að möguleiki til aukinnar rafmagnsframleiðslu á Suðurnesjum er verulegur umfram það sem þegar er í dag, svo að ekki ætti rafmagnsskortur að verða málinu til trafala.

Ég hef ekki hér handbærar tölur yfir umferð bíla á Reykjanesbraut, en úr henni mundi verulega draga og slyahættan minnka mjög, en vegurinn í núverandi ásigkomulagi er beinlínis hættulegur í rigningu og bleytu, svo ekki sé minnst á hálkuna.

Að lokum vil ég eindregið mæla með því, að ríkisstj. verði falið að láta þessa könnun fara fram, en tel rétt að henni verði skipt í áfanga þannig að unnt sé að meta stöðuna og taka ákvörðun um framhald hennar miðað við niðurstöður á hverjum tíma. Þá legg ég og áherslu á að innlendum aðilum verði falið að vinna eins mikið að verkinu og unnt er í samráði við hæfa erlenda aðila. En með tilvísun til þeirra orða, sem fram komu hjá hæstv. ráðh. áðan um þá álitsgerð sem komið hefur frá Orkustofnun, þá tel ég það álit varla fullnægjandi í þessu máli, með fullri virðingu fyrir þeim starfsmönnum Orkustofnunar sem unnið hafa þetta verk. Ég tel að til þess þurfi miklu meiri athugun og könnun en þegar hefur farið fram, og legg því til að till. verði samþykkt.

Flm. (Þórarinn Sigurjónsson): Herra forseti. Vegna ummæla hæstv. ráðh. vil ég segja örfá orð.

Það virðist vera, að búið sé að athuga þennan þátt hvað varðar rafknúin farartæki og að fulltrúi hæstv. ráðh. í Orkustofnun hafi gefið skýrslu um það, hvort þetta mundi reynast hagstætt eða ekki hér á landi. Ég vil þó taka það fram, að mér finnst ólíklegt að búið sé að kanna svo alla þá þætti, sem að málinu lúta, að það sé ekki fyllilega ástæða til að sú athugun fari fram, sem hér er lagt til, eða a. m. k. hluti af henni, eins og við gerum ráð fyrir, flm. þessarar till. Ég tel að það séu margir þættir í þessu máli sem ber að taka tillit til.

Það kom fram hjá hæstv. ráðh., að það þyrfti að vera að lágmarki 100—200 km leið sem lögð væri, ef járnbraut ætti að borga sig. Flutningaleiðin þyrfti að vera það löng. Ég benti á leiðina austur yfir fjall og til Keflavíkur, og það er nú svo, að þó að það séu ekki nema 60 km austur á Selfoss er þó töluvert af Suðurlandinu eftir fyrir austan, og eins og ég benti á og vil sérstaklega undirstrika eru þessar byggðir eingöngu háðar þjóðvegakerfi landsins og verður því að taka tillit til þess og þeirra félagslegu ástæðna sem þessar byggðir hafa. Það eru þær byggðirnar sem veita þéttbýlinu við Faxaflóa langsamlega stærstan hluta af þeim landbúnaðarvörum sem það þarf og þess vegna er líka mikilsvert að þessir flutningar bregðist ekki og þeir séu sem ódýrastir.

Við, sem lögðum þessa till. fram, teljum að hugsanlega sé hægt að gera þessa flutninga ódýrari, m. a. á þessari leið og líka hérna í kringum aðalþéttbýlið. E. t. v. er hægt að sýna fram á annað, en þó tel ég að það hafi ekki komið nægilega fram hjá hæstv. ráðh., og þarna er auk þess um gífurlega stórt öryggismál að ræða sem er gjaldeyrissparandi líka. Við eigum að nota okkar innlendu orkugjafa. Kannske getum við farið að framleiða innlent brennsluefni á bíla og flutningatæki. En ætli það verði ekki dýrt líka, svo að ég býst við að þarna geti verið um mál að ræða sem væri verulega þess virði að athuga það gaumgæfilega. Ég legg þess vegna mjög eindregið til þess að þessi till. verði samþykkt, henni fyrst vísað til nefndar, og að þessi athugun fari sem allra fyrst fram.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég tel ástæðu til að lýsa skoðun minni á þessu máli. Mér finnst þetta vera mjög athyglisvert mál sem höfðar til framtíðar, og ég get ekki fellt mig við að fullyrt sé, þó að einhver fulltrúi í Orkustofnun hafi fjallað um þetta mál eða skyld mál og fellt um það sérstakan dóm, að það eigi að gilda fyrir svona þýðingarmikið mál um alla framtíð. Ég tel þess vegna að það sé fullkomin ástæða að taka undir þessa tillögu um að þessi rannsókn verði hafin hér á landi. Ég er ekki þar með að segja að ég álíti að komið sé að framkvæmd þessa máls endilega í nútímanum, en alla vega er þetta mikilvægt mál og höfðar vissulega til þeirra umræðna sem víða fara fram um orkusparandi aðgerðir eða aðgerðir til að nýta þá innlendu orku sem fyrir hendi er á hverjum tíma.

Ég hef að vísu ekki ferðast eins mikið um heiminn og margir þeir sem hér eru inni eða hafa tekið til máls eða starfa í Orkustofnun, en í þeim ferðalögum, sem ég hef farið um nágrannalöndin, t. d. Norður-Noreg hef ég orðið áþreifanlega var við þýðingu járnbrauta í samgöngu- og flutningakerfi grannþjóðanna, og því skyldi ekki vera möguleiki á að þetta gæti gilt alveg eins hér á landi? Ég vil þess vegna undirstrika að ég tel þetta athyglisvert mál sem ekki má kasta í bréfakörfuna vegna ályktunar eða sérfræðiálits einhverra aðila, sem hafa tekið sér fyrir hendur að fjalla um þetta málefni án þess að hafa til þess tilskilin tilmæli frá stjórnvöldum. Ég vil að þetta mál sé athugað gaumgæfilega.

Ég get ekki látið hjá líða að minna á það hér, að mér fannst það furðulegt að þegar verið var í sjónvarpinu fyrir nokkrum dögum að ræða um þetta mikilvæga mál, rafknúin farartæki hér á landi, sá sjónvarpið ekki ástæðu til að minnast á það, að það mál, sem hér er til umræðu í dag, hefur komið áður inn á Alþingi Íslendinga, og rökstuðningur með þessari þáltill. er ekki ómerkari en það sem fram kom í þeirri þáltill. sem var sérstaklega tekin fyrir í þessum sjónvarpsþætti. Þarna var um hlutdrægni að ræða og ég tel ástæðulaust annað en að minnast á það hér, því að sú till., sem hér er til umræðu, er ekki síður merkileg en það sem rætt var um í þessum sérstaka þætti.

Ég endurtek, að ég styð þessa till. og álít að það sé vel þess virði að henni sé fylgt eftir með þeirri athugun sem hún gerir ráð fyrir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Framtíðarskipan lífeyrismála, þáltill. (þskj. 84). — Ein umr.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég harma það, að svo fáir þm. sjá ástæðu til að sitja hér í þingsölum og ræða það mál sem hér er á dagskrá, lífeyrismálið, vegna þess að ég tel að það mál sé þess eðlis að það þurfi að fá rækilega umfjöllun hér í þingsölum.

Ég hef leyft mér ásamt nokkrum þm. Alþfl. að flytja þáltill. um framtíðarskipan lífeyrismála, á þskj. 84. Varla fer á milli mála að eitt mesta þjóðfélagslega ranglæti, sem við stöndum frammi fyrir í dag, er misréttið í lífeyrismálum. Um 60 ár eru nú liðin síðan fyrstu lífeyrissjóðirnir voru stofnaðir hér á landi, voru það sjóðir á vegum ríkis og bæja, og fylgdi síðan í kjölfarið stofnun sjóða á vegum stéttarfélaga og samtaka atvinnurekenda. Árið 1970 var stórt skref stigið í lífeyrisréttindamálum með stofnun hinna almennu lífeyrissjóða verkalýðsfélaganna og skylduaðild launþega að lífeyrissjóðum 1974. Og enn náðist stór áfangi með samþykkt frv. um eftirlaun til aldraðra á síðasta ári, sem færði mörgum réttindi sem staðið höfðu utan við lífeyriskerfið og höfðu ekki notið annarra réttinda en lífeyrisgreiðslu almannatrygginga. Enn er langt í land að uppræta það misrétti sem hér ríkir, og verður það að teljast skylda stjórnmálamanna að sameinast um að finna leiðir til þess að allir sitji við sama borð í þessu efni.

Sú þáltill., sem hér liggur fyrir til umræðu, var lögð fram í nóvemberbyrjun, en síðar á þessu þingi var svo lagt fram endurflutt frv. sjálfstæðismanna um Lífeyrissjóð Íslands. Þótt í báðum þessum málum sé stefnt að sama marki: að koma á gegnumstreymiskerfi lífeyrissjóðsmálum sem tryggi öllum verðtryggðan lífeyri, er þó um veigamikinn mismun að ræða í mörgum atriðum að því er varðar leiðir að settu marki. Mun ég koma að því síðar í mínu máli. Engu að síður lít ég á það sem veigamikið atriði að stjórnmálaflokkarnir setji fram sjónarmið sín í lífeyrismálum og kynni hvaða leiðir þeir vilja fara. Síðan er nauðsynlegt að úr þeim till. verði unnið og reynt að samræma hin ýmsu sjónarmið í samráði við aðila vinnumarkaðarins þannig að hægt sé að finna leiðir til þess að allir sitji við sama borð í lífeyrisréttindamálum.

Þegar litið er til lífeyrissjóðsmálanna, þá hefur þróunin með vaxandi verðbólgu orðið sú, að þeir hafa fjarlægst mjög sitt upprunalega markmið: að tryggja öllum, sem eru komnir á ellilífeyrisaldur, viðunandi lífskjör að lokinni starfsævi. Það er orðinn veigameiri þáttur í starfsemi sumra sjóðanna að vera lánasjóðir en að sinna sínu upprunalega hlutverki: að tryggja öldruðum fjárhagslegt öryggi þegar þeir hafa skilað sínu dagsverki. Þetta á sér ugglaust margar skýringar. Lítil eða engin samræming er á milli þessara mörgu lífeyrissjóða, og búa sjóðsfélagar hinna ýmsu sjóða við mjög mismunandi lífeyriskjör. Þeir, sem hafa undanfarin ár búið við best kjör að þessu leyti, eru, eins og vitað er, opinberir starfsmenn, bankamenn og nokkrir aðrir starfshópar. Hafa þeir búið við fullan verðtryggðan lífeyri. Hefur því verið um að ræða gífurlegan aðstöðumun á milli lífeyrisþega. Og eftir því sem verðbólgan er meiri eykst þessi munur á lífeyrisgreiðslum. Segja má að óréttlætið hafi vegið þyngra en ella þar sem það gefur auga leið að verðtrygging á lífeyri opinberra starfsmanna hlýtur að vera á kostnað allra skattborgara í landinu, þótt einungis lítill hluti þeirra hafi notið fullrar verðtryggingar.

Eftir því sem árin hafa liðið hefur komið æ skýrar í ljós hvað óréttlætið er mikið og hvað lífeyrissjóðirnir almennt eru vanbúnir til að standa við skuldbindingar sínar, sem hefur grundvallast á þeirri meginreglu, að uppsöfnun og ávöxtun — yfirleitt til 30 ára — eigi að standa undir lífeyrisgreiðslum sjóðsfélaga.

Útreikningar sýna að við 67 ára aldur hafa sjóðfélagar almennt greitt sem svarar þrennum árslaunum í iðgjaldagreiðslur til lífeyrissjóða, en þá er talið að ólifuð meðalævi sé um 14 ár. Iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga eru þó taldar nægja til að greiða lífeyri hans í nokkra mánuði. Eftir því sem sjóðurinn er eldri og ellilífeyrisþegum fjölgar í viðkomandi lífeyrissjóði verður sífellt erfiðara fyrir sjóðinn að standa við skuldbindingar sínar, og nú er svo komið að það er tímaspursmál með marga sjóði hvenær þeir verða hreinlega gjaldþrota. Og þó að lagfæringar hafi verið gerðar hjá þeim sem tóku óverðtryggðan lífeyri og hafa þurft að búa við mjög ófullnægjandi ellilífeyrisgreiðslur, þá eru þær mjög óverulegar og vantar mikið á að um fulla verðtryggingu sé að ræða, auk þess sem lífeyriskerfið felur líka í sér mikið ósamræmi sem gerir mörgum kleift að taka ellilífeyri úr fleiri en einum sjóði samtímis.

Sú staðreynd, að lífeyrissjóðirnir og almannatryggingakerfið vinna bæði að sama markmiði án þess að taka tillit hvort til annars, veldur því, að t. d. lífeyrir ellilífeyrisþega í verðtryggðum lífeyrissjóði getur orðið hærri en laun hans voru ef ellilífeyrir almannatrygginga er talinn með. Annar lífeyrisþegi í óverðtryggðum lífeyrissjóði fær aftur á móti lífeyri sem er kannske lítið hærri en ellilífeyrir almannatrygginga þrátt fyrir langan réttindatíma. Þannig er misræmið víða. Og eitt er víst, að þetta kerfi stenst ekki til lengdar og tími til kominn að þetta mál verði tekið föstum tökum og það fljótt, áður en við stöndum frammi fyrir þeim vanda að lífeyrissjóðirnir verði gjaldþrota hver á fætur öðrum. Því hlýtur það að vera gegnumstreymiskerfið sem við tekur, þar sem miðað er við að iðgjöld allra greiðenda mæti jafnóðum uppsöfnuðum réttindum lífeyrisþega og allir hafi sama rétt til fullnægjandi ellilífeyrisgreiðslna á grundvelli ævitekna, jafnframt því sem tryggt sé að allir njóti áveðins lágmarkslífeyris. Með því yrði kastað fyrir róða því sem lífeyrissjóðirnir hafa byggst á og staðreynd er að þeir standa ekki undir til lengdar, en það er uppsöfnunarkerfið, að sérhver sjóðfélagi standi að meðaltali undir lífeyri sínum með sínum iðgjaldagreiðslum, en eins og ég nefndi áðan geta iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga ekki í raun staðið undir lífeyrisgreiðslum til þeirra nema í nokkra mánuði.

Samræming og sameining í eitt heildarkerfi er auðvitað viðamikið, flókið og vandmeðfarið verkefni. Nefndir hafa verið skipaðar til að finna sameiginlegan flöt og leiðir að því marki sem allir gætu fallist á og staðið að. En sjóðirnir eru, eins og ég hef sagt, með mjög mismunandi reglur og hafa vitaskuld yfir mismunandi miklu fjármagni að ráða og staða þeirra því mjög misjöfn. Og þó að allir séu sammála um að samræming og verðtryggð sambærileg réttindi til allra landsmanna séu það sem koma skal, þá eru enn skiptar skoðanir um leiðir að settu marki. Ágreiningurinn er ekki hvað síst um það, hvað eigi að verða um það fjármagn sem fyrir er í núverandi lífeyrissjóðum. Eiga þær greiðslur, sem greiddar hafa

verið í núverandi sjóði, að flytjast með sjóðfélaganum þegar hann gengur í hinn nýja sameiginlega sjóð og umbreytast þar strax í stig og áunnin réttindi við inngöngu í sjóðinn, og iðgjöld, sem hann hefur greitt í sinn fyrri lífeyrissjóð — hvort sem um er að ræða hluta launþega eða atvinnuveitanda — og önnur uppsöfnun í sjóðnum, svo sem vaxtatekjur og aðrar eignir, að skoðast sem hluti af launum viðkomandi launþega og þar af leiðandi ótvíræð eign hans, en það er sú leið sem valin er í þessari þáltill., — eða er hin leiðin æskilegri, sem sjálfstæðismenn leggja til, að t. d. lífeyrissjóður, sem flytur lífeyrisgreiðslur félaga sinna yfir í hinn sameiginlega lífeyrissjóð, greiði aðeins að hluta til sem svarar iðgjaldagreiðslum sem sjóðfélagi hefur greitt í sjóðinn, óháð því hvað hver og einn hefur greitt lengi í sjóðinn, en það gefur auga leið að um mjög mismikla uppsöfnun er að ræða hjá hverjum sjóðfélaga um sig?

Annað ágreiningsefni er kannske einnig þetta: Á að stefna að skylduaðild í þessum almenna lífeyrissjóði, eða er lífeyrissjóðunum, ef þeir geta boðið sambærileg verðtryggð réttindi og þessi sameiginlegi lífeyrissjóður, heimilt að starfa áfram? Þetta er einnig mikilvægt atriði sem taka verður afstöðu til. Ekki síður er mikilvægt að taka afstöðu til og ná samstöðu um hvor leiðin skuli valin: að hér verði um sjóð að ræða sem hefði eingöngu á hendi ellilífeyrisgreiðslur, eins og þessi þáltill. gerir ráð fyrir, en aðrar bætur, svo sem örorkulífeyrir og barnalífeyrir, verði alfarið í umsjá Tryggingastofnunarinnar — sem ætti þá að vera á færi Tryggingastofnunarinnar að hlúa betur að ef greiðslum ellilífeyris yrði létt af stofnuninni, — eða er sú leið æskilegri, sem sjálfstæðismenn leggja til, að fleiri bóta- og tryggingagreiðslur verði einnig á hendi þessa sameiginlega sjóðs? Að þessu atriði ber að huga vel, því að það hefur vitaskuld veruleg áhrif á hvor leiðin verður farin hver iðgjaldaprósenta verður sem launþegar þurfa að greiða af sínum launum, og verður því að skoða það í ljósi þess. En það gefur auga leið, að ef sjóðurinn ætti að standa undir fleiri lífeyrisgreiðslum en eingöngu ellilífeyri mundu iðgjaldagreiðslur þurfa að hækka verulega.

Ein spurning er einnig: Hver á að vera lágmarkslífeyrir eða grunnlífeyrir? Í þessari þáltill. er um ræða verulega hærri lágmarkslífeyri en í frv. sjálfstæðismanna.

Fleiri atriði eru einnig í þessari þáltill., sem ekki er gert ráð fyrir í frv. sjálfstæðismanna, sem ég mun gera grein fyrir hér á eftir. Mikilvægt er þó að hafa í huga, þegar allir virðast vera sammála um að koma á samfelldu lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn sem tryggi öllum verðtryggðan lífeyri, að leitað verið sameiginlegra leiða til að samræma þau misjöfnu sjónarmið sem uppi eru í einstökum atriðum, en við látum þau ekki verða til þess að tefja það enn frekar en orðið er að slíku kerfi verði komið á. Og þó ég hafi í stuttu máli gert grein fyrir mismun á tveim till., sem hér liggja fyrir Alþingi nú um þetta efni, þá er í veigamiklum atriðum um svipaðar leiðir að ræða í þeim til að ná því marki sem að er stefnt. Till. um hvernig ná skuli settu marki hafa ekki komið fram frá öðrum flokkum svo að ekki er unnt að gera samanburð á þeim.

Ef tekið verður upp gegnumstreymiskerfi og sjóðfélögum starfandi lífeyrissjóða verður gert kleift að yfirfæra gjörvallan eignarhluta sinn í sínum fyrri lífeyrissjóði yfir í hinn sameiginlega sjóð skapast viss vandi sem jafnframt verður að leysa, en það er sá stóri þáttur sem sumir lífeyrissjóðirnir hafa haft á hendi og fólginn er í lánastarfsemi til húsbyggjenda. Það er staðreynd, að lánastarfsemi lífeyrissjóða hefur hjálpað fjölmörgum ungum fjölskyldum til að koma sér upp þaki yfir höfuðið. En það er engu að síður ljóst, að húsnæðismálakerfið og þeir lánamöguleikar, sem fyrir hendi hafa verið í lífeyrissjóðunum, hefur einkum hin síðari ár með vaxandi verðbólgu hvergi nærri uppfyllt það að standa undir lánsþörf húsbyggjenda. Verður að telja að á meðan sú lánastarfsemi hefur verið fyrir hendi, sem lífeyrissjóðirnir bjóða, hafi það vafalítið orðið til þess að slæva vitund og árvekni stjórnmálamanna til að koma á fót öflugu húsnæðislánakerfi.

Þegar litið er til þess, að lífeyrissjóðirnir eru flestir hverjir ungir að árum og heildargreiðslur lífeyris hafa því verið tiltölulega litlar, er engu að síður ljóst að slíku verður ekki að heilsa er fram líða stundir og greiðslubyrði leggst með fullum þunga á sjóðina. Þá verður útséð um það, að byggingarlán eða ríkisaðstoð mun ekki koma frá lífeyrissjóðunum, því þá munu þeir sjálfir eiga fullt í fangi með að standa undir útgjöldum sínum. Þegar kröfur um fullar verðbætur og lægri lífeyrisaldur koma til framkvæmda munu því flestir lífeyrissjóðir að óbreyttu kerfi stefna beint í gjaldþrot. Með núverandi fyrirkomulagi munu sjóðirnir því í framtíðinni ekki geta staðið að fjármögnun húsnæðislánakerfisins, fjárfestingarlánasjóða eða fjármögnunarvanda ríkissjóðs og reyndar ekki einu sinni geta risið undir greiðslu lífeyris. Því verður ekki undan vikist að finna lausn á þessum vanda, bæði að því er varðar lífeyrismálin og fjárþörf vegna byggingarlána sem lífeyrissjóðirnir hafa staðið undir hingað til.

Með framkvæmd hugmyndarinnar um hreinan lífeyrissjóð ber því samhliða brýn nauðsyn til að huga betur að húsnæðismálum, sérstaklega með lánaþörf ungs fólks í huga, og verður í því sambandi að gera ráðstafanir til að flýta því 80% lánahlutfalli sem að er stefnt í húsnæðislánakerfinu. Samhliða væri hægt að beina því fjármagni, sem ríkissjóður hefur greitt í verðtryggingu og greiðslur vegna ellilífeyris starfsmanna sinna, inn í húsnæðislánakerfið. Gæti það verulega flýtt fyrir að ná því markmiði, að hér væri komið á fót öflugu húsnæðislánakerfi sem gæti staðið að fullu undir lánaþörfinni. Á fjárlögum 1981 má lauslega áætla að ellilífeyrir og tekjutrygging og heimilisuppbót séu um 45—46 milljarðar gamalla kr. og uppbætur á lífeyri ríkisstarfsmanna 6.7 milljarðar, einnig gamalla kr. Það fjármagn mætti renna inn í húsnæðislánakerfið og einnig til að Tryggingastofnuninni yrði gert kleift að standa undir hærri bótagreiðslum, t. d. til örorkulífeyrisþega. Sú upphæð, sem til þessa gæti runnið á þessu ári, ef við tökum það sem dæmi miðað við að þetta kerfi kæmist á, væri því um 54 milljarðar gamalla kr.

Segja má að kröfur verkalýðshreyfingarinnar um fullar verðbætur líkt og opinberir starfsmenn hafa séu sjálfsagðar og eðlilegar. En þær eru hins vegar óframkvæmanlegar meðan ekki er gerð kerfisbreyting. Án kerfisbreytingar verður kröfunni ekki mætti nema með ríkisstyrk sem leiðir í reynd til þyngri skattbyrði.

Ef tekið er dæmi um mismunun og í hvaða óefni getur stefnt má benda á Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Til að sjóðurinn geti gegnt hlutverki sínu sem lánasjóður svo og greitt mun betri verðbætur ásamt lægri lífeyrisaldri en almennt gerist þarf aðstoð ríkisins að koma til, því sjóðurinn sem slíkur stendur ekki undir sér. Í heildar-

upphæðum reiknað þarf 18% iðgjald til að dæmið standist, en verðbætur ríkissjóðs munu nema sem svara 8% iðgjaldi. Núverandi kerfi annarra launþega gefur ekki slíka möguleika til verðbóta. Slíkt væri einungis mögulegt í gegnumstreymiskerfi allra iðgjaldagreiðslna, og vegna hagstæðrar aldursskiptingar þjóðarinnar er ólíklegt að hærra iðgjald en um 11% þurfi að koma til í slíku kerfi sem hér er lagt til til þess að veita öllum landsmönnum svipuð kjör hvað snertir upphæð lífeyris og Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins veitir félögum sínum í dag.

Herra forseti. Ég vil að lokum geta nokkurra helstu efnisþátta sem fram koma í þáltill. þeirri sem hér liggur fyrir.

Í fyrsta lagi verði komið á samfelldu lífeyriskerfi sem tryggi öllum verðtryggðan lífeyri á sömu forsendum. Áhersla er lögð á sveigjanleika í töku lífeyris þannig að hann geti hafist fyrir 67 ára aldur ef ástæða þykir til, og einnig gæti verið um hluta af lífeyri að ræða áður en 67 ára aldri er náð, ef menn af einhverjum ástæðum óska að stytta vinnutíma sinn, t. d. eftir að 60 ára aldri er náð.

Í öðru lagi er ein orsök þess, að ekki hefur enn tekist að koma á einum lífeyrissjóði fyrir alla landsmenn, sú, að í gegnum áranna rás eru tekjustofnar og eignir sumra sjóðanna orðnar gífurlegar og því eru stjórnir sumra sjóðanna ófúsar að sleppa hendi af þeim fjármunum og smákóngaveldi sem því fylgir. Engin samstaða hefur náðst um hvernig fara eigi með þá fjármuni og eignir sem safnast hafa upp í sjóðnum ef koma á einn lífeyrissjóður fyrir alla landsmenn. Því er í þessum till. lögð áhersla á að ekki sé heppilegt að beita lögþvingun og lögbjóða þegar í stað að allir starfandi lífeyrissjóðir sameinist í einn sjóð. Sú leið þykir vænlegri til árangurs að fyrsta skrefið verði að koma á samfelldu lífeyriskerfi og samræmdum reglugerðarákvæðum fyrir þá sjóði, sem kjósa að starfa áfram, þannig að þeir verði að uppfylla ákveðin skilyrði um verðtryggingu lífeyris og iðgjaldagreiðslur og ávöxtun fjár auk ákveðinnar félagatölu sem tryggi raunhæfa lágmarksstærð sjóðanna.

Í till. er því lagt til að fyrst í stað verði það lögboðnu sjóðirnir sem sameinist í einn verðtryggðan sjóð. Aðrir lífeysissjóðir eiga rétt á inngöngu í þennan sjóð, og með víðtæku samkomulagi við launþegasamtökin og viðkomandi aðila skal leitast við að sem flestir landsmenn gerist félagar sjóðsins. Í raun hlýtur þetta fyrirkomulag því að verða þannig, að lífeyrissjóðir, sem kjósa að starfa áfram, verða m. a. að uppfylla ákveðin skilyrði um verðtryggingu lífeyris og verða því að geta boðið sjóðfélögum sínum sömu kjör og þessi sjóður þar sem sjóðfélagi getur nú valið um að ganga inn í þennan sjóð ef hann veitir betri réttindi.

Þriðja mikilvæga atriðið er að þegar sjóðfélagi skiptir um sjóð, þá beri honum réttur til þess að yfirfæra gjörvallan eignarhluta sinn með sér, þ. e. bæði þann hluta, sem hann hefur lagt í sjóðinn með iðgjöldum sínum, og iðgjöld, sem atvinnurekendur greiða á móti, auk þess — sem er mjög mikilvægt einnig — að hann fái í hlutfalli við framlög sín hlutdeild í eignum og vaxtatekjum sjóðsins, sem óhjákvæmilega hlýtur að verða að skoðast sem eign launþeganna sjálfra. Sjóðfélaginn flytur því með sér allan eignarhluta sinn yfir í hinn nýja sjóð sem síðan myndar uppistöðuna að þeirri stigasöfnun hans í sjóðnum sem ákvarðar lífeyrisréttindi hans.

Í fjórða lagi er ljóst að það uppsöfnunarkerfi, sem lífeyrissjóðirnir byggja á í dag, er úrelt og getur ekki staðið undir verðtryggðum lífeyri. Sjóðirnir munu einn af öðrum, eins og ég hef sagt, verða gjaldþrota í næstu framtíð ef lífeyririnn væri verðtryggður. Koma verður því á gegnumstreymissjóði þar sem miðað er við að iðgjöld allra greiðandi mæti jafnóðum uppsöfnuðum réttindum lífeyrisþega. Gegnumstreymiskerfið mun tryggja fullar verðbætur án þess að fjárhagsgrundvöllur lífeyris sé í hættu.

Í fimmta lagi verði réttur til lífeyris í megindráttum þannig að tryggður verði lágmarkslífeyrir sem allir öðlist án tillits til iðgjalda, en síðan komi viðbótarlífeyrir sem ávinnst með iðgjaldagreiðslum. Meginhugmyndin er því að lífeyrir verði aldrei undir ákveðnu lágmarki sem viðunandi getur talist til afkomuöryggis, auk þess sem lífeyririnn verði að einhverju leyti í samræmi við fyrri kjör. Þar sem á skortir að lágmarkskréttindi náist getur mismunurinn annaðhvort fjármagnast með hluta af iðgjöldum hátekjumanna eða gegnum almannatryggingakerfið.

Í þessum till. er gert ráð fyrir að lágmarkslífeyrir verði ekki lægri en sem nemur 350 þús. gamalla kr. á mánuði miðað við 1. des. s. l. Í reglugerð yrði síðan að kveða á um hámarkslífeyrisgreiðslur, og mætti hugsa sér t. a. m. að þegar iðgjöld og yfirfærð réttindi umreiknuðust í stig, þá yrði sett ákveðið hámark eða að í yfirfærðum réttindum kostuðu stigin meira, eftir ákveðnum reglum sem settar yrðu, eftir því sem greitt yrði af hærri tekjum. — Þannig skapaðist ákveðið jafnvægi milli lágmarks- og hámarkslífeyris. En hér er um útfærsluatriði að ræða sem setja yrði ákveðnar reglur um. Einnig er gerð till. um þann möguleika, að frjáls framlög, sem greidd eru í sjóðinn umfram skylduiðgjöld, gætu gefið hækkaðan lífeyri, og er þar um sparnaðarform að ræða ef menn kjósa að tryggja sig enn frekar í ellinni.

Í sjötta lagi er lagt til að sameiginleg stig, sem hjón eða sambúðarfólk ávinnur sér með iðgjaldagreiðslum, verði lögð saman og skipt til helminga á sinn hvorn sérreikning, þannig að samanlagðar tekjur hjóna eru lagðar til grundvallar og mynda jöfn réttindi til ellilífeyris. Er þetta ákvæði nauðsynlegt til að tryggja húsmæðrum t. a. m. fullan rétt til ellilífeyris á við fólk á vinnumarkaðnum.

Í sjöunda og síðasta lagi er lagt til að aðrar bætur tryggingakerfisins en ellilífeyrir verði í umsjá Tryggingastofnunar ríkisins, því ljóst er að ef lífeyrissjóðurinn yfirtæki aðra bótaflokka tryggingakerfisins einnig þyrftu iðgjöld að hækka svo verulega að launþegar mundu ekki standa undir þeim, einkum lágtekjufólk. Leggja verður því jafnframt áherslu á endurskoðun bótagreiðslna, t. a. m. örorkulífeyris, þannig að almannatryggingakerfinu verði gert kleift að greiða hann á sama grundvelli og lífeyrissjóðurinn ellilífeyri, þ. e. að afkomuöryggi sé tryggt þegar um varanlega örorku er að ræða. Einnig verður að athuga sérstaklega að aðrar bætur skerðist ekki frá því sem nú er við þessa breytingu, svo sem barnalífeyrir og örorkulífeyrir, eins og ég nefndi hér áðan.

Herra forseti. Hugmynd þeirri, sem hér er lögð fram, er ætlað að stuðla að auknu jafnrétti fyrir þá, sem nú búa við misjöfn skilyrði ólíkra lífeyrissjóða, svo og fyrir þá, sem ekki geta stundað störf á vinnumarkaði vegna heimilisstarfa. Hugmyndinni er enn fremur ætlað að stuðla að fjárhagslega traustu lífeyriskerfi sem einungis skal beitt í þágu lífeyrisþega sjálfra. Lífeyrismálin og lífeyrissjóða

kerfið eru flókin mál og umfangsmikil, en meginmarkmiðið með þessum tillöguflutningi er sú heildarstefna, sem í till. felst, fremur en tilteknar tæknilega útfærslur í smáatriðum.

Ég vil svo, herra forseti, leggja til að till. verði vísað til allshn. að lokinni þessari umr.

Helgi Seljan: Herra forseti. Ég skal taka undir það með hv. 1. flm., að vissulega er þetta mál þess eðlis að það væri æskilegt að hér væru fleiri þm. viðstaddir. En svo vill nú verða venjulega á þessum tíma að æðimargir eru farnir að tínast í burtu og fátt verður um menn í salnum þegar fer að líða að kvöldmat.

Hér er vissulega hreyft stórmáli sem væri ástæða til að menn ræddu ítarlega, og auðvitað hefur það oft verið gert áður hér á Alþingi. Við erum t. d. nýbúin í Ed. að hlýða á mjög greinargóða framsöguræðu þar fyrir frv. þeirra sjálfstæðismanna um Lífeyrissjóð Íslands sem hv. 1. flm. kom hér inn á, og ég sé ekki ástæðu til að fara út í þessa till. efnislega. Öll erum við sammála um það, að hér þarf að stefna að framtíðarskipan sem feli í sér sem fyllstan jöfnuð. Það held ég að sé hafið yfir allan efa, að að því marki stefnum við öll. Við erum sammála um það einnig, að það ríkir ófremdarástand í dag bæði varðandi hina einstöku lífeyrissjóði, stöðu þeirra, eins og flm. kom hér inn á, og einnig hina miklu mismunun, hve lífeyrissjóðirnir eru missterkir og geta veitt sínum sjóðþegum mismunandi rétt, bæði varðandi lánafyrirgreiðslu og eins varðandi lífeyri.

Hv. flm. vék að því réttilega, að það mundi vera nokkuð öruggt að samræming af því tagi sem hér er að stefnt varðandi framtíðarskipan þessara mála mundi koma við einhverja, og e. t. v. hefur um of verið horft til þess, þegar menn hafa sest niður og reynt að koma sér niður á framtíðarskipan í þessum efnum, að það yrðu alltaf einhverjir ósáttir. En fram hjá því verður ekki komist og við það verður að una. Þessi jöfnuður fæst ekki nema að einhverju leyti verði af einhverjum tekið í leiðinni, og af þeim sem hafa þá jafnframt bestu aðstöðuna fyrir. Það fer ekki á milli mála, að stjórnmálaflokkarnir hafa tekið þetta mál til meðferðar. Ætli nokkur stjórnarsáttmáli t. d. á undanförnum áratug hafi verið settur saman án þess að þar væri ákvæði mjög ákveðið um það, að stefnt skyldi að því að koma á fót beinu lífeyrissjóðskerfi fyrir alla landsmenn? Og ekki hefur verið látið sitja við orðin tóm hvað það snertir. Fjölmennar nefndir hafa að þessu starfað og starfa enn, þar sem eru fulltrúar þeirra aðila sem gleggst eiga hér um að fjalla og um að vita, og það er vissulega afleitt að ekki skuli enn hafa náðst sá árangur sem skyldi.

Hv. flm. vék hins vegar að því, að vissulega hafa margar réttarbætur náðst fram. Ég hygg að það fari ekki á milli mála, að stærsta réttarbótin í þessum efnum hafi verið þegar tekjutryggingunni var komið á og þær endurbætur sem síðar hafa verið gerðar á tekjutryggingunni, vegna þess að þar fengu þeir bætur sannarlega sem mest þurftu á að halda. Það er því vissulega vert að hugleiða hvort ekki lægju til þess gildar ástæður, á meðan ekki er komið á það skipulag sem hér er vikið að og margir hafa áður að vikið, að taka tekjutrygginguna alveg sérstaklega út úr til athugunar og til hækkunar.

Hv. flm. minnti á eftirlaunin til aldraðra, sem eru örugglega næst veigamesta réttarbótin sem fengist hefur á undanförnum árum, og viss réttarbót á þeim lögum, sem við vorum að samþykkja nú fyrir jólin, kemur þar líka til góða.

Það er fleira sem vissulega er rétt að minna á, vegna þess að þrátt fyrir það að við getum ekki verið ánægð með ástandið hafa menn þó verið að smáfikra sig áfram, og e. t. v. auðveldar það að ná saman endum í lokin. Ég minni á skyldutrygginguna sem komið var á í fyrra með skráningu lífeyrisréttinda og var vissulega úrbót fyrir ákveðna hópa sem utan við stóðu. Sama er að segja um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, sem kemur í stað bíðreikningsins áður og veitir þar að auki aukin og betri réttindi. Þetta sýnir að að þessu hefur verið verulega unnið, bæði í tíð fyrrv. heilbrmrh. og eins nú. En þótt að þessu máli sé unnið er það hins vegar ljóst, að við eygjum ekki alveg í sjónmáli fulla samræmingu, framtíðarskipan eins og við vildum hafa hana. Við hljótum að stefna að því að það verði sem allra fyrst. En ég hygg að það hafi komið fram í sambandi við svar við fsp. um þessi mál fyrr á þinginu í vetur að þess væri varla að vænta, að fullur árangur næðist fyrr en um áramótin 1982—83. Vissulega er það nokkur tími, en þó væri betur að það yrði raunveruleiki og menn þyrftu ekki að bíða lengur en til þess tíma. En auðvitað hljótum við, sem höfum fylgst með þessari þróun á mörgum undanförnum árum, að óttast að sú dagsetning — þó okkur finnist hún kannske nokkuð síðla — standist ekki, að þessi skipan komist enn síðar á.

En ég stóð aðallega upp til að minna á það, að á meðan þessu skipulagi hefur ekki verið komið á, — sem ég held að allir hljóti að verða sammála um í lokin, þó að deildar meiningar séu um einstök útfærsluatriði, eins og hv. flm. kom inn á, — þarf að vinna að sjálfsögðustu leiðréttingum á þessum málum. Ég nefni sjómennina sem dæmi alveg sérstaklega, þ. e. að þeir fái sinn lífeyri frá 60 ára aldri frá tryggingunum eins og um hefur verið talað, eins og lofað hefur verið og ég vona að komist í fulla framkvæmd. Þetta hefur verið baráttumál þeirra. Það er að vísu alltaf spurning um það, hvort taka eigi einn þjóðfélagshóp þannig út úr, en þó held ég að við getum öll verið sammála um að þessir menn hafi nokkra sérstöðu og við eigum að taka nokkurt tillit til þeirra.

Sama er að segja um örorkustyrkþega. Þá á ég ekki við lífeyrisþega, heldur þá sem njóta örorkustyrks eða eru með verulega skerta starfsorku. Það liggur einnig fyrir, að það verði flýting á réttindum þeim til handa þannig að þeir fái réttindi fyrr en ella. Ég veit ekki hvort það er komið á, ég man það ekki í augnablikinu þegar ég minnist á þetta. Ég veit að að því er stefnt. Þannig mætti áfram telja vissa aðila sem þurfa svo rækilega á leiðréttingu að halda að eftir framtíðarskipan þessara mála verður ekki beðið.

Ég vildi sem sagt ekki láta þessa umræðu hjá líða án þess að taka undir ýmislegt af því sem fram hefur komið, án þess að ég fari að tilgreina sérstaklega þau ítarlegu atriði sem hv. 1. flm. kom hér inn á, sem vissulega eru athyglisverð og ég get í meginatriðum tekið undir. Og ég ítreka það um leið, að á meðan við höfum ekki komið á fullum jöfnuði í þessum efnum, eða þeim fyllsta jöfnuði sem við treystum okkur til, þá þurfum við a. m. k. að vinna að auknum réttindum þeim til handa sem í dag búa við lakastan lífeyrisrétt. Þeir eru margir, því miður, allt of margir, en ég trúi og veit að að því er unnið nú, og við vonumst til að sjá árangur þess þegar á þessu ári.

Ég vona svo að lokum að þeirri dagsetningu, sem nú er

rætt um að miða við, verði a. m. k. ekki seinkað, svo að í ársbyrjun 1983 í síðasta lagi geti þessi framtíðarskipan verið komin á.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 27. jan.

Þáttur söluskatts og aðflutningsgjalda í framleiðslukostnaði landbúnaðaravara.

Svar landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Jóns Helgasonar um þátt söluskatts, tolla og annarra aðflutningsgjalda í framleiðslukostnaði landbúnaðarvara, á þskj. 88, sent þm. 27. jan.

Á undanförnum árum hafa orðið allmiklar breytingar á gjöldum, sem leggjast við framleiðslukostnað landbúnaðarafurða í formi söluskatts, tolla og annarra aðflutningsgjalda. Þannig hafa tollar af rekstrarvörum í landbúnaði, þ. m. t. vélar, farið sitghækkandi. Þar á móti hefur komið vörugjald af fjárfestingarvörum hvers konar og hækkun söluskatts af söluskattsskyldum rekstrarvörum.

Almennt er innheimtur 2% tollur og söluskattur af innfluttum vélum og tækjum í landbúnaði og af vélum og tækjum fyrir vinnslu landbúnaðarafurða.

Vörugjald leggst á hinar ýmsu fjárfestingarvörur í landbúnaði og í úrvinnslugreinum landbúnaðarins, svo sem mjólkurvinnslu og slátrun.

Tollar af fjárfestingarvörum hafa almennt verið felldir niður, en eru af einstökum vörum enn um 25—35%.

Heildarkönnun á þætti söluskatts, tolla og annarra aðflutningsgjalda í framleiðslu landbúnaðarvara hefur ekki verið gerð. Þáttur söluskatts í framleiðslukostnaði landbúnaðarvara hefur verið áætlaður, en ekki þáttur tolla og annarra aðflutningsgjalda. Sú áætlun var miðuð við framleiðslukostnað landbúnaðarvara í júní 1980 og benti til þess, að um 3.1% af heildarverði landbúnaðarvara væri uppsafnaður söluskattur, er innheimtist á öllum stigum framleiðslunnar.

Þann 9. september s. l. var skipuð nefnd samkv. ákvörðun ríkisstjórnarinnar til að gera samanburðarathugun á starfsskilyrðum iðnaðar, sjávarútvegs og landbúnaðar með tilliti til samkeppnisaðstöðu í útflutningi og á heimamarkaði. Verði að því stefnt að skapa atvinnuvegunum sambærilega aðstöðu, m. a. með tilliti til mismunandi álagningar opinberra gjalda, sem leiðir til óhagstæðrar gengisskráningar fyrir einstaka atvinnuvegi. Jafnframt verði gerð athugun á lækkun á sölugjöldum af fjárfestingarvörum og hjálpartækjum með tilliti til jöfnunar á samkeppnisaðstöðu og aukinnar framleiðni, svo og á breytingu á stimpilgjöldum.

Samkvæmt upplýsingum, sem ráðuneytinu hafa borist, vinnur nefndin að könnun á þætti þeirra gjalda, sem um er spurt í þessari fyrirspurn, í framleiðslukostnaði atvinnuveganna, þ. á. m. landbúnaðarins. Þegar sú úrvinnsla liggur fyrir, verður unnt að svara fyrirspurn þessari á ítarlegri hátt en nú er mögulegt. Mun þá verða gerð nánari grein fyrir þessu efni til Alþingis.

Undirbúningur mála í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti 1980.

Svar heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Ragnhildar Helgadóttur og Jóhönnu Sigurðardóttur um undirbúning mála í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, á þskj. 179, sent þm. 27. jan.

Spurst er fyrir um það, hverjir hafi á árinu 1980 unnið að undirbúningi mála í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu og hvernig verkefni þeirra hafi verið skilgreind eftir því, hvort um var að ræða: a. nefndir, b. starfshópa og c. einstaklinga.

Því er þannig farið í ráðuneytinu að aðeins örfá mál eru unnin af öðrum en starfsmönnum þess. Tel ég því rétt að telja upp þá starfsmenn ráðneytisins, sem sinna undirbúningi mála, þótt ógerlegt sé að tilgreina hvað hver og einn hefur lagt hönd á á s. l. ári:

Páll Sigurðsson, læknir, ráðuneytisstjóri,
Jón Ingimarsson, lögfræðingur, skrifstofustjóri,
Arnmundur Backman, lögfræðingur, aðstoðarmaður ráðherra í hálfu starfi,
Ingibjörg R. Magnúsdóttir, hjúkrunarfræðingur, deildarstjóri,
Ingolf J. Petersen, lyfjafræðingur, deildarstjóri,
Jón S. Sigurjónsson, deildarhagfræðingur,
Ragnhildur E. Þórðardóttir, deildarstjóri,
Fjóla Haraldsdóttir, deildarstjóri,
Ingimar Sigurðsson, deildarlögfræðingur.

Varðandi fyrirspurnina að öðru leyti vísast til bókarinnar Stjórnir, nefndir og ráð á vegum ríkisins árið 1979, sem gefin var út af fjárlaga- og hagsýslustofnun í októbermánuði s. l., en þar sést hvaða nefndir voru starfandi þegar núverandi ríkisstjórn kom til starfa. Þykir því þarflaust að endurbirta í svari við fyrirspurn þessari annað en breytingar þær, sem síðan, þ. e. a. s. til ársloka 1980, hafa komið til framkvæmda.

Nýjar nefndir og starfshópar: Eftirtaldar 5 nefndir og starfshópar hafa tekið til starfa á árinu:

1. Nefnd um tryggingar gegn meiri háttar náttúruhamförum.

Skipuð af ráðherra 25. apríl 1980 til þess að kann möguleika á því að tryggja þjóðina fyrir áföllum af meiri háttar náttúruhamförum. Verkefni nefndarinnar eru þannig kynnt í skipunarbréfi:

1. Endurskoðun laga um Viðlagatryggingu Íslands, t. d. vegna eigna sem nú falla utan tryggingar.
2. Nefndin flokki náttúruhamfarir í skilningi laganna og geri spá um tjónatilvik í hverjum flokki.
3. Nefndin geri almennt grein fyrir fjárhagslegum og félagslegum afleiðingum meiri háttar tjóna.
4. Nefndin kanni möguleika og kostnað við endur-

tryggingar vegna eignatjóns og framleiðslutaps þjóðarbúsins.
5. Nefndin geri tillögur um stefnumörkun varðandi byggð og mannvirkjagerð eftir áhættusvæðum.

Í nefndinni eiga sæti: Ásgeir Ólafsson, formaður, Guðmundur Hjartarson, bankastjóri, Pétur Stefánsson, verkfræðingur, og Þorleifur Einarsson, jarðfræðingur.

2. Nefnd um mengunarvarnir fiskimjölsverksmiðja.

Skipuð af ráðherra 29. september 1980 til að semja drög að reglugerð um loft-, láðs- og lagarmengun frá fiskimjölsverksmiðjum. Í nefndinni eiga sæti eftirtaldir menn: Ólafur Pétursson, deildarverkfræðingur, formaður, Geir Þórarinn Zoëga, verkfræðingur, tilnefndur af Félagi íslenskra fiskimjölsframleiðenda, Magnús Magnússon, vélaverkfræðingur, tilnefndur af Iðntæknistofnun Íslands, og Páll Ólafsson, efnafræðingur, tilnefndur af Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.

3. Nefnd um starfsmannahald sjúkrahúsa og hæla.

Skipuð 21. október 1980 til athugunar á starfsmannahaldi sjúkrahúsa og hæla með það fyrir augum að ákveðinn verði sá starfsmannafjöldi og sú vinnutilhögun, sem hagkvæmust telst á hverjum stað.

Nefndarmenn eru: Ingibjörg R. Magnúsdóttir, deildarstjóri, formaður, Þórir Ólafsson, hagfræðingur, Edda Hermannsdóttir, fulltrúi.

Ætlunin er að taka mið af niðurstöðum nefndarinnar við ákvörðun fjárveitinga til launakostnaðar á árinu 1981.

4. Endurskoðananefnd laga um Ljósmæðraskóla Íslands.

Skipuð 21. október 1980 til að endurskoða lög nr. 35/1964 um Ljósmæðraskóla Íslands og til að semja drög að nýrri reglugerð fyrir skólann. Nefndarmenn: Ingibjörg R. Magnúsdóttir, deildarstjóri, formaður, Sigurður S. Magnússon, prófessor, Kristín Tómasdóttir, yfirljósmóðir, Vilborg Einarsdóttir, formaður Ljósmæðrafélags Íslands, og Eva Einarsdóttir, ljósmóðir.

5. Starfshópur um heilbrigðismál.

Skipaður 22. maí 1980 og voru verkefni starfshópsins ákveðin eftirfarandi:
1. Átti að gera tillögur um og undirbúa heilbrigðisþing. Heilbrigðisþing var haldið dagana 16. og 17. október s. l. og sóttu það um 220 fulltrúar sjúkrastofnana, stjórnsýslustofnana, sveitarstjórna og Alþingis. Tilgangurinn með þinginu var að vera vettvangur upplýsingaöflunar, upplýsingamiðlunar og skoðanaskipta, með það fyrir augum að vinna að víðtækri heildarstefnu í heilbrigðismálum. Unnið er nú að úrvinnslu þeirra gagna og upplýsinga, sem fram komu á heilbrigðisþinginu. Þá er einnig væntanleg sérstök skýrsla með erindum og umræðum sem fram fóru á þinginu og verður hún gefin út af ráðuneytinu snemma á yfirstandandi ári.
2. Gera áætlanir um byggingu heilbrigðisstofnana, skv. 33. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 57/1978. Þessi áætlun mun liggja fyrir snemma á þessu ári.
3. Semja drög að reglugerð skv. 19. gr. laga nr. 57/1978, en þar á að kveða á um fyrirkomulag heilsugæslu. Þessum drögum verður skilað inn til ráðuneytisins í febrúar n. k.
4. Gera tillögur um reglugerð skv. 24. gr. áður nefndra laga um fyrirkomulag og flokkun sjúkrahúsa.

Starfshópurinn er skipaður eftirtöldum: Páll Sigurðsson, ráðuneytisstjóri, formaður, Ester Jónsdóttir, varaformaður Sóknar, Fanney Jónasdóttir, hjúkrunarfræðingur, Guðmundur Helgi Þórðarson, læknir, Heimir Bjarnason, aðstoðarborgarlæknir, Katrín Fjeldsted, læknir, Ólafur Ólafsson, landlæknir, Svava Stefánsdóttir, félagsráðgjafi, Þórður Vigfússon, hagverkfræðingur, Þröstur Ólafsson, hagfræðingur. Ritari og starfsmaður hópsins er Þórður Ingvi Guðmundsson, stjórnmálafræðingur.

Þá hefur Guðjón Hansen, tryggingastærðfræðingur, unnið að endurskoðun á Norðurlandasamningi um félagslegt öryggi frá 1955 og jafnframt séð um útgáfu Norrænu hagskýrslunnar um félagsmál. Þórhallur Hermannsson, viðskiptafræðingur, hefur unnið með Guðjóni Hansen að útgáfu Norrænu hagskýrslunnar.

Nefndir sem hætt hafa störfum á árinu 1980:
1. Nefnd um reglugerð skv. lögum nr. 25/1975.
2. Vinnuhópur um hjartaskurðlækningar.
3. Endurskoðunarnefnd laga nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.
4. Nefnd um heilbrigðis- og félagslega þjónustu við aldraða.
5. Endurskoðunarnefnd atvinnuleysistryggingalaga.

Auk framangreindra 5 nefnda hafa það sem af er líðandi ári verið lagðar niður eftirtaldar 4 nefndir:
1. Endurskoðunarnefnd II um greiðslur sjúkratrygginga á sjúkrahúskostnaði.
2. Samstarfsnefnd um framleiðslu lyfja á Íslandi.
3. Gjaldskrárnefnd vegna starfa á heilsugæslustöðvum.
4. Nefnd um heilsugæslu í Reykjavíkurhéraði.

Efri deild, 45. fundur.

Miðvikudaginn 28. jan., kl. 2 miðdegis.

Framhaldsfundir eftir þingfrestun.

Forseti (Helgi Seljan): Þar sem þetta er fyrsti fundur þessarar hv. deildar á nýbyrjuðu ári vil ég leyfa mér að óska hv. þdm. gleðilegs árs og allrar farsældar í störfum á þessu ári.

Meðferð einkamála í héraði, frv. (þskj. 281). — 1. umr.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Frv. það um breyt. á lögum um meðferð einkamála í héraði, sem hér er lagt fyrir hv. Ed., hefur fjórum sinnum áður legið fyrir Alþingi, en ekki hlotið afgreiðslu. Frv. er samið af réttarfarsnefnd og hefur verið lagt fyrir Alþingi samhliða frv. til lögréttulaga. Segja má að frv. hafi við meðferð á Alþingi goldið meira en skyldi samfylgdarinnar við frv. til lögréttulaga sem Alþingi reyndist ekki að fullu tilbúið að taka afstöðu til. Hafði þó réttarfarsnefnd gert breytingar á frv. sem nægja til þess að það væri óháð lögréttufrv. þannig að ná mætti fram þeim umbótum,

sem í því felast, þótt frv. til lögréttulaga hlyti ekki afgreiðslu. Það frv. er nú til frekari athugunar áður en til þess kemur að það verði lagt fram að nýju. En ég vil leggja áherslu á að frv., sem hér liggur fyrir, hljóti sjálfstæða athugun, enda felast í því mikilvægar breytingar sem von er til að geti stuðlað að verulega fljótari og markvissari meðferð mála í héraðsdómi.

Þau atriði, sem mikilvægust eru í þessu efni, eru fyrst og fremst að tekin eru upp ákvæði um svonefndan aðalflutning mála, sem ætlað er til að gera meðferð þeirra markvissari og setja henni fastari ramma. Þessi breyting er verulega mikilvæg og ef vel tekst til mun hún geta valdið nokkrum straumhvörfum.

Þá eru mikilvægar reglur um að úrskurðir séu að jafnaði án forsendna og dómar skuli styttir.

Ýmis önnur atriði stuðla að einföldun í málsmeðferð, sem til flýtisauka má verða, en skulu ekki rakin nánar að þessu sinni.

Ég tek fram að þó að hér hafi verið lögð áhersla á sjálfstæða afstöðu í meðferð þessa máls vil ég síður en svo draga úr mikilvægi frv. til lögréttulaga, sem nú er í nánari athugun, eins og ég gat um áðan. Þar er, svo sem kunnugt er, um veigamikla breytingu að ræða á dómaskipuninni sjálfri.

Herra forseti. Ég óska þess, að frv. það, sem hér liggur fyrir, fari að lokinni þessari umr. til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Eftirlit með skipum, frv. (þskj. 282). — 1. umr.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Eins og segir í athugasemdum við lagafrv. þetta er það samið til samræmis við ákvæði í frv. til l. um breyt. á lögum nr. 85 frá 1936, um meðferð einkamála í héraði, sem mælt var fyrir áðan.

Í frv. er lagt til að sjó- og verslunardómur verði lagður niður, og vísast um rök fyrir þeirri breytingu til grg. með frv. Réttarfarsnefnd komst að þeirri niðurstöðu, að hentugast væri að dómarar á bæjarþingi eða aukadómþingi færu með dóminn eins og verið hefur. Eins og segir enn fremur í athugasemdum með frv. þessu skiptir þetta álitaefni aðallega máli í Reykjavík, en þar hafa dómarar í einkamálum lengi annast þessi próf. Dómara er að sjálfsögðu ætlað að kalla til sérfróða menn eftir almennum reglum þar að lútandi.

Að öðru leyti er hér um einfaldar breytingar að ræða og ég vísa að öðru leyti til athugasemdanna, en leyfi mér að lokum, herra forseti, að leggja til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 358). — 1. umr.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Eins og kunnugt er voru samþ. ný skattalög á s. l. vetri sem munu hafa í för með sér verulegar breytingar á fyrirkomulagi skattaálagningar frá því sem áður var. Eftir að álagning hefur farið fram í fyrsta sinn eftir þessum nýju lögum er að sjálfsögðu óhjákvæmilegt að ýmsar lagfæringar verði gerðar á lögunum í ljósi fenginnar reynslu.

Hins vegar er því miður ekki komið að því að unnt sé að taka afstöðu til ýmissa atriða sem varða álagningu tekjuskatts enn þá þar sem enn liggja ekki fyrir upplýsingar á grundvelli tölvuútskrifta um ýmis atriði sem athugunar þurfa við. Ríkisstj. er því ekki reiðubúin að leggja fram tillögur sínar um hvaða breytingar verði gerðar á tekjuskattslögum.

Eins og kunnugt er hafa nefndir unnið að þessum málum. Ein nefnd hefur sérstaklega fjallað um skattamál bænda, önnur nefnd hafði sérstaklega til athugunar skattamál einstæðra foreldra, og auk þess var skipuð sérstök nefnd með einum fulltrúa frá hverjum þingflokkanna til að þingflokkarnir allir ættu aðgang að upplýsingum og gætu rætt um reynslu af álagningu seinasta árs. En því miður verður að segja það sama um allar þessar þrjár nefndir, að þær hafa ekki starfað sem skyldi og ákaflega sjaldan komið saman vegna þess að fram að þessu hefur vantað þær grundvallarupplýsingar sem beðið hefur verið eftir og hafa verið til vinnslu hjá Skýrsluvélum ríkisins. Er það raunar með ólíkindum hversu lengi hefur dregist að þessar upplýsingar yrðu tiltækar, því að æðimargir mánuðir eru liðnir síðan um þær var beðið. En mér er sagt að biðlistinn hjá Skýrsluvélum ríkisins sé ákaflega langur og að það hafi hreinlega ekki unnist tími til þess að vinna þetta verk. Hins vegar eru þessar upplýsingar að berast þessa dagana, og ég á von á að góður skriður komist á athugun þessara mála á næstu dögum.

Tvö atriði í sambandi við hugsanlegar eða áformaðar breytingar á tekjuskattslögum þola aftur á móti enga frekari bið vegna þess að þau atriði tengjast beinlínis framtölum einstaklinga, en eins og kunnugt er lýkur framtalsfresti einstaklinga til tekjuskatts 10. febr. n. k. Þessi atriði verður að taka út úr og afgreiða sérstaklega. Frv. þessa efnis var því lagt fram daginn áður en þm. fóru í jólaleyfi, en það er frv. til l. um breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt, sem er 189. mál þingsins, á þskj. 358. Þessi ákvæði varða annars vegar svokallaða verkfærapeninga iðnaðarmanna og hins vegar frádrátt einstaklinga frá tekjuskatti, áður en hann er á lagður, vegna vaxtaútgjalda.

Með lögum nr. 40/1978 voru gerðar róttækar breytingar á frádráttarheimildum. M. a. fólu þær í sér að launþegum var veitt heimild til frádráttar á 10% af launatekjum, en jafnframt voru felldir niður möguleikar til frádráttar vegna ýmissa kostnaðarliða launþega, og verkfærakostnaður iðnaðarmanna var þar á meðal. Í tengslum við kjarasamninga í okt. s. l. gaf ríkisstj. út yfirlýsingu um ýmiss konar ráðstafanir sem áttu að auðvelda lausn deilunnar. Í þessari yfirlýsingu var því m. a. heitið, að fjmrh. beitti sér fyrir breytingum á tekjuskattslögum á þá lund að kostnaður launþega í löggiltum iðngreinum vegna kaupa á handverkfærum yrði frádráttarbær frá tekjum.

1. gr. frv. er í fullu samræmi við þessa yfirlýsingu. Þar er gert ráð fyrir að ríkisskattstjóri setji nánari reglur um

framkvæmd þessa ákvæðis og geti hann ákveðið hámark árlegs frádráttar mismunandi eftir iðngreinum. — Jafnframt, og í fullu samræmi við það samkomulag sem gert var á s. l. hausti um þetta atriði, er gert ráð fyrir að hljóðfæraleikarar megi draga frá ákveðna upphæð upp að vissu marki í sama tilgangi.

Í E-lið 30. gr. tekjuskattslaga, 1. tölul., eru ákvæði um vaxtaútgjöld. Þar segir, með leyfi forseta: „Vaxtagjöld, afföll og gengisstöp samkv. 2. málsgr. 51. gr., enda séu gjöld þessi vegna fasteignaveðskulda til þriggja ára eða lengri tíma sem sannanlega eru notaðar til öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota."

Þessi málsliður verður nú varla skilinn öðruvísi en að upphaf greinarinnar sé lesið, en þar stendur:

Frá tekjum manna samkv. II. kafla laga þessara, sem ekki eru tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, má sem sagt draga gjöldin sem ég nú nefndi. Það eru vaxtagjöld, afföll og gengistöp. — „Sama gildir um vaxtagjöld vegna annarra skulda sem sannanlega er stofnað til vegna kaupa eða nýbyggingar íbúðarhúsnæðis til eigin nota, en slík vaxtagjöld er þó aðeins heimilt að draga frá tekjum á næstu tveimur skattárum, talið frá og með kaupári eða á næstu fjórum árum talið frá og með því skattári sem bygging er hafin á.

Frádráttur samkv. þessum tölulið má aldrei vera hærri en nemur þeirri fjárhæð sem þau vaxtagjöld, er um ræðir í 1. málsgr. þessa tölul., eru umfram vaxtatekjur samkv. 3.—5. tölulið 1. málsgr. 8. gr., og aldrei má frádráttur þessi nema hærri fjárhæð en 1 millj. og 500 þús. kr. Hjá hjónum skal þetta hámark vera helmingi hærra."

Síðan segir í viðbótargrein að þetta ákvæði komi ekki til framkvæmda fyrr en við álagningu skatta á árinu 1981 vegna tekna ársins 1980.

Rétt er að vekja á því athygli, að þessi frádráttarheimild er tengd skattvísitölu og hækkar því þessi tala sem nemur hækkun skattvísitölu hverju sinni. Nú hefur skattvísitala verið ákveðin í fjárlagafrv. 145, miðað við 100 á seinasta ári, hækkar sem sagt um 45%, og lágmarksfjárhæðin 1.5 milljónir hækkar því að sama skapi. Í þessu frv. er gert ráð fyrir að lágmarkið, sem hér er miðað við, 1.5 milljónir, verði hækkað í 2.5 milljónir. Miðað við skattvísitölu 145 verður þá hámark vaxtafrádráttar einhleypings 3 millj. 625 þús. gkr., en hámark vaxtafrádráttar hjóna verður 7 millj. 250 þús. kr. við álagningu á næsta ári. Áætlanir gefa til kynna að þessi breyting kosti ríkissjóð um nærfellt 250 millj. kr. við álagningu skatts á þessu ári.

Rétt er að taka það fram, að hugmyndir hafa verið uppi um fleiri breytingar á þessu ákvæði en hér er gerð tillaga um.

Í fyrsta lagi þykja ákvæðin, sem binda frádrátt vaxtagjalda við tvö og fjögur ár, samkvæmt þeim texta sem ég las áðan, nokkuð þröng og hugmyndir hafa komið fram um að þar verði gerð einhver tilhliðrun, t. d. bætt einu ári við.

Í öðru lagi hafa heyrst þær raddir, að óeðlilega mikið áfall verði fyrir þá, sem miklar skuldir hafa, að fá þær ekki dregnar frá, eins og verið hefur um langt skeið, nema þær tengist öflun íbúðarhúsnæðis til eigin nota. Menn hafa verið að nefna þann möguleika að draga mætti frá einhvern hluta vaxtagreiðslna vegna annarra skulda.

Bæði þessi atriði, sem ég nú hef nefnt, hafa verið rædd í viðræðum ríkisstj. við fulltrúa Alþýðusambands Íslands, en engar ákvarðanir hafa verið teknar af hálfu ríkisstj. um breytingar eða tillögur til breytinga í þessa átt. Ég get því ekkert um það sagt á þessu stigi, hvort tillögur verða gerðar sem ganga lengra en hér er gert ráð fyrir, og tel eðlilegast að það verði nánar rætt bæði í viðræðum ríkisstj. og Alþýðusambands Íslands og í þeim þingnefndum efri og neðri deildar sem fá málið til meðferðar.

Ég vek athygli á að hafa verður nokkuð hröð tök við afgreiðslu þessa máls. Það má ekki dragast öllu lengur en fram í miðja næstu viku að endanlega sé frá gengið hvernig þessum atriðum verður háttað þannig að hægt sé að afgreiða lögin frá Alþingi ekki síðar en á fimmtudag í næstu viku og birta þau á föstudegi því að þá verða aðeins fimm dagar eftir af framtalsfresti.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta frv., sem er mjög aðkallandi og verður að fá nokkuð hraða afgreiðslu hér í þinginu, en ég legg til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Eins og kom fram í máli hæstv. ráðh. er hér um að ræða nánast leiðréttingu á skattalögunum að því er varðar tvö atriði. Hið síðara er um vaxtafrádráttinn og er sjálfsagt ekki vanþörf á því að hann sé rýmkaður nokkuð frá gildandi lögum, en eins og kom fram í máli hans verður hann samt sem áður verulega þrengdur á þessu ári hjá hinum almenna borgara sem skuldar lausaskuldir sem ekki eru tryggðar með veði í fasteign. Um þessa grein er ekki nema gott eitt að segja. Ég held að þetta sé sanngirnismál. Það var alltaf gert ráð fyrir því, þegar þessi lög voru sett, að athuga þyrfti þau nánar. Sjálfsagt þarf að skoða betur ýmis atriði að því er lagasetninguna í heild varðar, eins og kom fram í máli hæstv. ráðh.

En um 1. gr. er það að segja, að þarna er verið að fjölga frádráttarliðum. Út af fyrir sig er þarna verið að fara inn á öfuga braut við þá sem stefnt var að með lagasetningunni á sínum tíma og menn voru sammála um hér á hinu háa Alþingi, þ. e. að draga úr frádráttarliðum, reyna að draga eins mikið úr fjölda frádráttarliða og mögulegt væri.

Hæstv. ráðh. talaði hér um skattvísitöluna. Það ætlaði ég að gera að umtalsefni og eins það sem hann ræddi hér almennt um skattamál að því er varðar tekju- og eignarskatta.

Skattvísitalan var ákveðin í fjárlögum 145 stig, en upplýst er af hálfu Þjóðhagsstofnunar, — það eru bestu upplýsingar sem fyrir liggja um tekjubreytingar manna milli ára 1979 og 1980, — að laun launþega hafi hækkað a. m. k. 51% á þessu tímabili. Nú er það svo, að skattvísitala sem aðeins hækkar um 45% á sama tíma sem tekjur launþega hækka a. m. k. 51%, íþyngir stórkostlega skattgreiðendum almennt, greiðendum tekju- og eignarskatts og sjúkratryggingagjalds. Er talið að 1% í vísitölu íþyngi mönnum um 1200 millj. gamalla króna. Ef við setjum sem svo, að rétt hafi verið reiknaðar út tekjubreytingar milli ára og skattvísitalan yrði að vera eitthvað í kringum 152 eða 153 til þess að menn hefðu sömu skattbyrði af tekjum sínum á þessu ári og í fyrra, þá er hér hvorki meira né minna um að ræða en 10 milljarða gamalla króna. Að óbreyttum lögum, þrátt fyrir að þetta frv. verði samþykkt, er stefnt að því að íþyngja mönnum frá því í fyrra sem því nemur að raungildi í tekju- og eignarsköttum.

Eins og fram kom hjá hæstv. ráðh. eru nokkrir starfshópar eða nefndir að starfa að því að athuga skattalögin að ýmsu leyti. Hann nefndi hér fulltrúa þingflokka. Ég vil gjarnan spyrja hæstv. ráðh. hvað þessi nefnd hafi starfað mikið, hvað hún hafi komið oft saman og hvað hún hafi í rauninni athugað þessi mál mikið.

En það, sem mér leikur mest forvitni á að vita, það, sem skattgreiðendum í voru landi liggur mest á að vita, er hvað hæstv. ríkisstj. ætlar sér að gera í þessum málum. Hæstv. ríkisstj. lætur að því liggja í svonefndri efnahagsáætlun sinni, að til greina komi alla vega að lækka skatta þannig að láglaunafólk fái kaupmáttaraukningu sem nemi 1.5%. Á sama tíma eru gildandi lög í landinu, sem sannarlega má túlka þannig og er í rauninni staðreynd, að stefna að þeirri skattahækkun, sem ég nefndi áðan, á sviði tekju- og eignarskatta, fyrir svo utan hækkanir á óbeinum sköttum sem stefnt er að og ég hef gert ítarlega grein fyrir í umr. á Alþingi. Heildarskattahækkunin á þessu ári nemur í óbeinum og beinum sköttum og með þessum 10 milljörðum, sem ég nefndi áðan, sem óbreytt skattvísitala og óbreytt lög mundu íþyngja mönnum um, 23—24 milljörðum. (Gripið fram í.) Já, svo miklir skattar mundu íþyngja mönnum ef lögum verður ekki breytt.

Þetta horfast menn í augu við eins og sakir standa að þurfa að greiða að raungildi í ríkissjóð í beinum og óbeinum sköttum fram yfir það sem þeir greiddu á yfirstandandi ári. Ég vil því spyrja hæstv. ráðh.: Hvenær heldur hann að Alþingi fái að fjalla um þessa stefnu ríkisstj.? Ég skal einskorða mig við tekju- og eignarskatta. Hvenær heldur hann að Alþingi fái um þá að fjalla og skattgreiðendur í landinu fái um það fulla vitneskju hve mikla skatta þeir eigi að greiða á þessu ári? Ég endurtek að skattvísitala 145 hefur þessa íþyngingu. Hún þýðir 10 milljarða þyngingu eignar- og tekjuskatta á þessu ári frá því sem var í fyrra. Og spurning mín er þessi: Hvenær fá menn að sjá það svart á hvítu hvort ríkisstj. hugsar sér að framfylgja því loforði við launþega sem hún hefur sett á blað í efnahagsáætlun sinni?

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Tilefni þess að ég kem hér í ræðustól eru þær upplýsingar sem hæstv. ráðh. gaf um starfshópa sem hafa verið að endurskoða eða skoða áhrif hinna nýju skattalaga. Hann upplýsti að þessar nefndir hefðu unnið illa, hefðu sjaldan komið saman og lítið gert. Mér skildist að ástæðan væri fyrst og fremst sú, að það væri langur biðlisti hjá Skýrsluvélum ríkisins. Ég vil leyfa mér að skora á hæstv. fjmrh. að sjá til þess, að þessi mál hafi forgang. Ég lít svo á, að það sé ekki síður nauðsynlegt að þessar nefndir ljúki störfum en að koma þessu frv. í gegn. Hann benti réttilega á að það lægi á að afgreiða þetta mál, en ég hefði nú haldið að það væru ýmsir fleiri þættir í þessum skattalögum sem þyrftu að fá afgreiðslu eftir slíka endurskoðun. Ég leyfi mér því að skora á hæstv. ráðh. að ýta á störf þessara nefnda.

Guðmundur Bjarnason: Herra forseti. Mig langar í tilefni af umr. um þetta lagafrv. um breyt. á tekju- og eignarskatti að ítreka beiðni mína til hæstv. fjmrh., sem ég setti fram í umr. í Sþ. í haust þegar til umr. var fsp. um framkvæmd 59. gr. skattalaganna. Ég ítreka beiðni mína til hans um að störfum varðandi endurskoðun á einstökum liðum þessara nýju skattalaga verði hraðað. Hann hefur reyndar gert grein fyrir því í máli sínu hér á undan að fyrir því liggi vissar ástæður hvað endurskoðun hefur tafist. Ég tel að nú sé svo komið að við verðum að snúa okkur mjög eindregið og ákveðið að þeirri vinnu. Það eru vissir þættir sem þurfa endurskoðunar við, t. d. í 59. gr. sem ég ætla ekki að ræða um frekar hér og nú, og trúlega í fleiri greinum þessa nýja lagabálks.

Ég vil hins vegar fagna breytingunni sem hér er boðuð á hækkun vaxtafrádráttar. Við vitum að málefni húsbyggjenda og þeirra, sem hafa staðið í húsnæðiskaupum, eru nú erfið vegna hárra vaxta og svo þess, hversu þeim málum er háttað. Þeir eiga í margvíslegum erfiðleikum. Hér er komið verulega til móts við þeirra þarfir.

Það kom fram í máli hæstv. fjmrh., þegar hann las upp úr lögunum, að þegar fjallað er um lausaskuldir húsbyggjenda eru vextir af þeim frádráttarbærir í tvö ár frá því að íbúðarhúsnæði er keypt og í fjögur ár frá því að byggingarframkvæmdir hefjast. Ég gat þess í fyrra, að ég teldi að þessi tími væri e. t. v. of skammur, það væri hugsanlega rétt að reyna að lengja þennan tíma örlítið vegna þess hversu t. d. byggingartími er langur hjá okkur, menn væru yfirleitt nokkur ár að koma upp húsi og koma yfir sig húsi og þess vegna væri of skammur tími að þessi vaxtafrádráttur væri aðeins leyfilegur í fjögur ár í þeim tilvikum. Nú reikna ég með að byggingartíminn hafi frekar lengst en hitt vegna ýmissa erfiðleika, sérstaklega hárra vaxta, og þess vegna væri kannske sérstök ástæða til að taka þessi mál til endurskoðunar. Þó ber að geta þess, að í efnahagsáætluninni, sem hér var nefnd áðan, efnahagsáætlun ríkisstj., er gert ráð fyrir að reyna að breyta lausaskuldum húsbyggjenda og þeirra, sem keypt hafa húsnæði í föst lán til lengri tíma. Kann að vera að það mæti þessu sjónarmiði mínu ef vel tekst til um þá framkvæmd, sem ég vona sannarlega að takist vegna þess að ég tel að á því sé mikil þörf.

Ég vildi aðeins koma þessari ábendingu minni á framfæri.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég tek undir það, sem hér hefur komið fram hjá hv. þm., að hraða verður undirbúningi að frekari breytingum á lögunum um tekju- og eignarskatt og tryggja verður að þær nefndir, sem fengnar hafa verið til að vinna að þessum málum, geti unnið sitt starf og vinni það. En eins og kom mjög skýrt fram í máli mínu, að því er ég hélt, er þessum nefndum ekki þarna um að kenna í raun og veru. Þær hafa ekki fengið gögnin í hendur þrátt fyrir að kallað hafi verið eftir þessum tölvuútskriftum um margra mánaða skeið. Ég hef tekið mér fyrir hendur að reka á eftir því, ekki einu sinni og ekki tvisvar, heldur að meðaltali tvisvar í hverri viku, en það hefur ekki dugað til. Virðist ákveðinn skortur á sérþjálfuðu starfsliði valda því að Skýrsluvélar eru svona langt á eftir með þau verkefni sem þeim hafa verið falin. Þetta er mjög bagalegt, kemur sér afar illa, en því miður stöndum við frammi fyrir þessari staðreynd án þess að eiga nokkurs annars völ.

Varðandi fsp. hv. þm. Lárusar Jónssonar get ég því miður ekki fullyrt neitt um hvenær ríkisstj. verði tilbúin með sínar tillögur, en ég vænti þess, að það eigi að geta orðið í næsta mánuði. Ég tel raunar að við þurfum að afgreiða þessi mál fyrir mánaðamótin febrúar-mars.

Það er rétt, sem fram kom hjá hv. þm., að skattvísitalan var sett í 145 stig í fjárlögum, en tekjuaukning milli áranna 1979—1980 hefur sennilega verið heldur meiri en sem nemur þessari hækkun skattvísitölunnar. Ástæð-

an til þess, að skattvísitalan var þó ekki ákveðin hærri en raun ber vitni, er sú, að við höfum í hyggju að gera ýmsar breytingar á tekjuskattslögunum, t. d. hækka vaxtafrádráttinn sem hér er verið að tala um, t. d. frádrátt vegna verkfærapeninga, t. d. að gera hugsanlegar breytingar varðandi álagningu á tekjur bænda, t. d. að reyna að hlífa einstæðum foreldrum meira en gert er samkv. núgildandi lögum. Þetta mun að sjálfsögðu kosta verulegt fé og fela í sér einhvern tilflutning á skattbyrði innan hópsins í heild.

Í öðru lagi kom í ljós undir árslok að tekjuskattur skilar ríkissjóði minni tekjum en ráð var fyrir gert. Vafalaust muna menn eftir því, að fyrr í haust og raunar í sumar urðu miklar umræður um hvort tekjur ríkissjóðs yrðu ekki verulega miklu meiri en fjárlög gerðu ráð fyrir. Ýmsir stjórnarandstæðingar töldu að þarna væri um marga milljarða að ræða. Ég man ekki hvað þeir komust sem hæst höfðu, en mig minnir að það væru einir 5 milljarðar, og töldu þeir að tekjur ríkissjóðs hefðu aukist um þá upphæð af þessari ástæðu einni. Ég andmælti þessu, þegar umræður urðu um það í haust, og benti á að allar líkur væru á að innheimtar tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti yrðu mjög svipaðar því sem áætlað hefði verið. Undir árslokin kom hins vegar í ljós að þær voru frekar minni en að þær væru meiri en áætlað hafði verið, og þó að við höfum ekki enn nákvæmar uuplýsingar um þetta atriði eru allar líkur á að þarna hafi skakkað 2—3 milljörðum. Auðvitað verður að taka tillit til þess þegar skattbyrði er ákveðin á árinu 1981, hver skattbyrðin raunverulega var á árinu 1980, og gera ráð fyrir því til ákvörðunar frádráttarliðum og öðrum þeim liðum sem ákveða hvað mikið kemur í ríkissjóð.

Skattvísitalan hækkar ekki meira fyrst og fremst af þeim tveimur ástæðum sem ég nú hef nefnt. Annars vegar eigum við eftir að gera breytingar á núgildandi skattalögum, hins vegar virðist vera að skattalögin hafi skilað minni tekjum en Alþingi gerði ráð fyrir. Það eru þessi tvö atriði sem verður að taka til greina og hafa áhrif á það að skattvísitala mun ekki hækka jafnmikið og tekjubreytingunni milli ára nemur.

Hins vegar eru líkur á því, að frádráttarliðir í tekjuskattslögum hækki eitthvað meira en gert er ráð fyrir samkvæmt hækkun á skattvísitölu um 145 stig, vegna þess að við skildum eftir 4 milljarða sem við gerðum ekki ráð fyrir þegar tekjuáætlun fjárlaganna var ákveðin. Ef skattalög væru algjörlega óbreytt frá því, sem nú er, og skattvísitalan væri algjörlega óbreytt frá því, sem nú er, mundi tekjuskatturinn skila þó dálítið meiri tekjum en ráð var fyrir gert við fjárlagaafgreiðsluna. Þó má vera að sú upphæð sé eitthvað minni en við gerðum þá ráð fyrir vegna þess að tekjurnar skila sér ekki í þeim mæli sem ráð var fyrir gert.

Þarna eru margir þættir sem taka verður tillit til, og þetta er alls ekki einfalt reikningsdæmi. En ég geri ráð fyrir að í síðari hluta næsta mánaðar verði ríkisstj. tilbúin með tillögur sínar.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin og vil taka undir það með honum, að ég held að það sé betra að vinda sér í að breyta skattalögunum sem allra fyrst þannig að almenningur viti það og það verði ekki þannig eitt árið í viðbót að fólk viti í rauninni fram eftir öllu ári ekkert um hvað það á að greiða í opinber gjöld.

Hæstv. ráðh. kom hér með ýmsar fróðlegar upplýsingar. Hann sagði, eins og ég hélt fram í umr. við afgreiðslu fjárlaga, að um væri að ræða með skattvísitölunni 145 4 milljarða kr. duldar tekjur umfram fjárlagaáætlun sem algjörlega óbreytt skattalög mundu gefa ríkissjóði. Það er út af fyrir sig ágætt að þetta kemur hér skýrt og greinilega fram. En þá var hæstv. ráðh. búinn að hækka tekjuáætlunina í eignar- og tekjusköttum um tæpa 6.5 milljarða. Það var umfram forsendur fjárlaganna. Mismunurinn, sem rétt skattvísitala mundi gefa og ég er að tala um hér, miðað við skattvísitölu 145 er því 10 milljarðar kr., hvorki meira né minna, að óbreyttum skattalögum.

Við getum einnig séð þetta á því, að ef við segjum að rétt skattvísitala væri 153 munar þarna 8 prósentustigum í skattvísitölu. Prósentustig í skattvísitölu, sem vanáætlað er, er talið íþyngja mönnum um 1.2 milljarða. Þessi tala er því óyggjandi. Þar er um að ræða um 10 milljarða kr.

Frá þessu má eflaust draga einhverjar smáporslur, eins og hæstv. ráðh. var að koma inn á áðan, en það fullyrði ég, að þó að gerðar verði þessar minni háttar breytingar á skattalögunum, sniðnir af einhverjir agnúar varðandi einstæða foreldra, bændur og aðra slíka tekjuhópa, er stefnt í stórfellda hækkun almennt á tekju- og eignarsköttum í ríkissjóð með ákvörðun um skattvísitölu 145.

Ég skal ekki fjölyrða meira um þetta. Ég held að þetta sé staðreynd sem engum dugar að víkja sér frá og menn verði að horfast í augu við að stefnan er þessi í viðbót við stórhækkun óbeinna skatta.

Hæstv. ráðh. taldi að tekjuskattur og eignarskattur skiluðu ríkissjóði minni fjárhæð á árinu 1980 en fjárlög greindu. Það er satt og rétt, að seinni part ársins í fyrra var innheimta tekju- og eignarskatta miklu slakari en menn gerðu ráð fyrir. En þar var um að kenna því almenna ástandi sem er í landinu og hæstv. ráðh. ætti manna best að vita um. Mér er sagt af þeim sem fylgjast með innheimtu tekju- og eignarskatta, að algengt innheimtuhlutfall á viðmiðunarári hafi verið frá 72—76% af álögðum sköttum á því ári sem skattarnir eru lagðir á, en núna varð innheimtuhlutfallið jafnvel undir 60%—66%. Sé það rétt, sem ég vefengi ekki, að innheimtir eignar- og tekjuskattar ríkissjóðs hafi verið 2—3 milljörðum gkr. minni en fjárlög gerðu ráð fyrir í fyrra, er það fyrst og fremst vegna slakrar innheimtu á því ári.

Hæstv. ráðh. ætti að hugleiða af hverju var slakari innheimta í fyrra en áður. Ég held að hún sé slakari vegna þess að svo er þrengt að atvinnurekstrinum að það eru kannske ódýrustu lán sem atvinnureksturinn getur fengið að skulda opinber gjöld, þó að þarna sé um að ræða gífurlega dráttarvexti eins og menn vita. Fyrirtæki í taprekstri geta ekki gengið inn í banka og fengið lán, auk þess sem þau eru dýrari en að skulda hæstv. ráðh. Þarna er skýringin fyrst og fremst á því, að innheimtir tekju- og eignarskattar í fyrra voru lægri en fjárlög gerðu ráð fyrir. En hæstv. ráðh. getur átt von á að innheimta þessa skatta á þessu ári. Vonandi fer ekki allt hér í kaldakol og hægt verði að ná þeim sköttum, sem voru lagðir á í fyrra, inn á þessu ári. Hæstv. ráðh. þarf ekki að hækka skatta á þessu ári til að jafna þetta bil, það fullyrði ég.

En hæstv. ráðh. kom inn á afkomu ríkissjóðs þegar hann ræddi hér um 2—3 milljarða sem vantaði á tekju- og eignarskatta. Ég tek eftir því, að nú eftir áramótin hefur verið eitthvað svo hljótt um afkomu ríkissjóðs í

fyrra. Það var oft rætt um afkomu ríkissjóðs og menn gerðust spámannlega vaxnir, m. a. hæstv. forsrh., minnir mig, og svo tók hæstv. fjmrh. undir. Að vísu hafði hann lágt um það, á meðan hann var að semja við opinbera starfsmenn, að afkoma ríkissjóðs væri góð. En það hefur lítið heyrst um þetta eftir áramót. Og ef hæstv. ráðh. skyldi nú hafa í fórum sínum einhverjar upplýsingar til okkar í þessari hv. deild, sem erum að fjalla um þessa skatta í ríkissjóð, væri það vel þegið. Ég óska hér með eftir því ef hæstv. ráðh. gæti gefið okkur einhverjar upplýsingar í örfáum orðum um afkomu ríkissjóðs í fyrra.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég vildi í fyrsta lagi andmæla þeim upphæðum sem hv. þm. Lárus Jónsson nefndi hér áðan og sagði að yrðu munurinn á skattvísitölu þeirri, sem ákveðin er í fjárlögum og þeirri skattvísitölu, sem hefði átt að ákveða miðað við tekjubreytingu milli ára. Þar er ekki um neina 10 milljarða að ræða. Það er hinn mesti misskilningur. Þar er greinilega um tvíreikning að ræða. Eins og ég hef látið koma fram var raunverulega gert ráð fyrir því við fjárlagaafgreiðsluna að þarna væri líklega um 4 milljarða að ræða. Það má vafalaust rökræða það, hver þessi upphæð raunverulega er, en þá verður að taka tillit til þess, hvort fjárlagatölur í fyrra voru raunverulega of hátt áætlaðar miðað við reynsluna og að hvað miklu leyti. En 10 milljarðar eru í þessu sambandi fjarstæðutala. Upphæðin er, eins og ég hef þegar sagt, líðlega 4 milljarðar. Það má kannske segja 4—6 milljarðar, eftir því hvernig það er reiknað, en ég tel að miðað við allar aðstæður sé eðlilegra að miða við lægri töluna.

Hv. þm. sagði að það skipti ekki miklu máli þó að tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti hefðu ekki skilað sér eins og áformað var, það væri bara innheimtan sem hefði brugðist á seinustu mánuðum ársins og þá hlyti þetta að skila sér á nýbyrjuðu ári. En þetta er ekki alls kostar rétt. Munurinn á innheimtu og álagningu er ekki bara sú upphæð sem eftir verður hjá einstaklingunum vegna þess að þeir hafa ekki peninga til að borga skattana sína. Það er fleira sem þar kemur til. Álagningartölurnar eru um leið í stórum stíl áætlunartölur. Það er áætlað á alla þá, sem ekki hafa náð því að skila skattframtölum, og þeir voru, að því er mér var sagt, æðimargir að þessu sinni vegna þess hversu skattalöggjöfin var seint á ferðinni og hvað margir voru því óviðbúnir að gera grein fyrir tekjum sínum. Ég held að skýringin á því, hvað innheimtutölurnar eru miklu lægri hlutfallslega en álagningartölurnar að þessu sinni, hvað afföllin eru miklu meiri, liggi ekki síður í því, að það var óvenjulega mikið áætlað og í mörgum tilvikum þá áætlað djarft af skattstofum, en síðan hefur komið í ljós við nánari yfirferð að þarna var ofreiknað og það kemur því til frádráttar. Skattarnir eru í reynd lægri en fyrstu tölur bentu til.

Það má vel vera að eitthvað hafi borið á því, að menn hafi ekki gert skil á sköttum sínum á síðari hluta ársins. Raunar tel ég það víst að svo hafi verið vegna fjárskorts. Það liggur einfaldlega í því, að fyrirframgreiðslan á fyrri hluta ársins var óvenjulega lág, hún var ekki nema 65%, þannig að skatturinn varð hlutfallslega þyngri á síðari hluta ársins en fyrri hluta ársins og menn áttu erfiðara með að greiða hann af því að þeir höfðu ekki haldið nægilega miklu eftir á fyrri hluta ársins. Þannig lentu sumir í greiðsluvandræðum, sem svo aftur hefur valdið því að innheimtan hefur skilað minna en reiknað var með. Það eru einhver dæmi um þetta. En ég held samt að hitt sé ekki síðri ástæða, hvað mikið var um áætlanir, bæði á einstaklinga og fyrirtæki, á s. l. skattári.

Við höfum rætt hérna um tvö atriði sem hv. þm. vék að. Ég vildi sérstaklega ekki láta ómótmælt að hann væri að nefna hér tölur upp á 10 milljarða, — tölur sem bersýnilega eru algjörlega úr lausu lofti gripnar. Í öðru lagi vildi ég benda á það, að léleg innheimta á þessu ári þarf ekki að þýða stórauknar tekjur aftur á næsta árinu. Þar kemur fleira til.

En að lokum, herra forseti, vil ég svara fsp. sem kom fram hjá hv. þm. Lárusi Jónssyni. Hann spurði um hvernig afkoma ríkissjóðs væri á árinu 1980. Ég verð að láta mér nægja að vitna til fréttatilkynningar sem fjmrn. sendi út í byrjun janúar, þar sem gerð var grein fyrir stöðu ríkissjóðs gagnvart Seðlabankanum. Vissulega eigum við eftir að fá mörg gögn í hendur sem gera grein fyrir stöðu ríkissjóðs frá fleiri sjónarmiðum en þessu eina, og endanlega fáum við það í ríkisreikningnum sem vonandi verður hægt að útbýta hér á Alþingi áður en þinginu verður slitið. Samkv. þeim upplýsingum, sem fram komu í þessari fréttatilkynningu, hafði staða ríkissjóðs gagnvart Seðlabankanum versnað um 1200 millj. kr., en hins vegar hafði ríkissjóður greitt afborgun til Seðlabankans upp á 8 milljarða. Í raun hafði staðan því batnað um 6.8 milljarða á liðnu ári. Okkur vantaði 1200 millj. kr. til að standa að fullu í skilum við Seðlabankann á þessum 8 milljörðum, eins og ráð var fyrir gert þegar fjárlögin voru samþykkt.

Hins vegar er þessi skuld við Seðlabankann mjög þungbær. Á henni eru vextir og við hana bætist verðauki. Vextir og verðauki eða verðbætur eru að sjálfsögðu ekkert annað en uppfærsla skuldarinnar í samræmi við verðrýrnun krónunnar. Og þegar ég nefni hér 1200 millj. og síðan 6.8 milljarða hefur ekki verið tekið tillit til uppfærslu þessarar skuldar. Þá er dæmið reiknað á óbreyttu verðlagi, sem auðvitað er eitt eðlilegt í þessu sambandi vegna þess að þessi skuld, sem er frá því að hv. þm. Lárus Jónsson seinast studdi ríkisstj., hefur í sjálfu sér ekkert hækkað þó að krónurnar hafi orðið fleiri eða þær hafi rýrnað. (Gripið fram í.) Ég held að hún sé að ákaflega litlu leyti frá seinni tíð.

Þetta er útkoman eins og hún blasir við í grófum dráttum. Ef hins vegar er tekið tillit til hækkunar skuldarinnar vegna verðbóta á skuldinni bætast þar 8 milljarðar við. Þrátt fyrir þessa greiðslu til Seðlabankans hefur því nettóskuldastaðan e. t. v. ekki batnað á þessu tímabili. En krónurnar eru verðminni og skuldin er í grófum dráttum heldur lægri, ef eitthvað er, miðað við fast verðlag.

Ég vænti þess, að innan nokkurra vikna liggi það skýrar fyrir hver rekstrarstaða ríkissjóðs hefur sennilega verið. Þegar við höfum fengið skil á söluskatti og öðrum ógreiddum sköttum frá s. l. ári, sem er núna undir mánaðarlokin, liggur auðvitað miklu ljósar fyrir en áður hver raunveruleg og endanleg rekstrarstaða ríkissjóðs er. En ég var hér að gera grein fyrir greiðslustöðunni gagnvart Seðlabankanum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

Neðri deild, 45. fundur.

Miðvikudaginn 28. jan., kl 2 miðdegis

Þingsköp Alþingis, frv. (þskj. 189). — 1. umr.

Flm. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. á þskj. 189 um breyt. á 2. mgr. 36. gr. laga um þingsköp. Að því er flm. leggja til er gert ráð fyrir að 2. mgr. þessarar greinar laganna orðist svo:

„Ráðherrar mega taka til máls svo oft sem þeim þykir þurfa, til jafns við aðra þingmenn. Ráðherrar skulu njóta forgangs til að svara spurningum eða bera af sér ámæli, en þó aðeins í þrjár mínútur eða skemur hvert sinn."

Í grg. fyrir frv. er þess getið og það nánar útskýrt, hvaða breytingar þetta mundi hafa í för með sér. Hér er aðeins um það að ræða að breyta þingsköpum í þá veru að við umr. hér á Alþingi hafi ráðherrar nákvæmlega jafnan rétt á við aðra þingmenn til að ganga inn í umræðu, en þó þannig að á hverjum tíma, þá svo sem nú er, geti ráðherrar gengið inn í umræður og rofið þannig röð ræðumanna, en þá aðeins í þrjár mínútur eða skemur í hvert sinn. Það skal undirstrikað að hér er um að ræða minni háttar breytingu, en hún miðar að því að réttur ráðh. sé nokkurð til jafns við rétt annarra þingmanna.

Í grg. með frv. segir svo:

„Þetta frv. er sett fram til þess að tryggja jafnrétti þingmanna í ríkari mæli en nú er. Gert er ráð fyrir því, að þó svo þingmenn séu ráðherrar skuli þeir ekki njóta eins mikilla forréttinda að því er ræðutíma varðar og þeir nú gera. Þó er gert ráð fyrir því, að ráðherrar njóti þeirra forréttinda að geta hvenær sem er kvatt sér hljóðs og vera þá næstir á dagskrá til þess að svara spurningum eða bera af sér ámæli.

Flm. telja, að bæði samkvæmt þingsköpum og samkvæmt hefð njóti ráðherrar nú of mikilla forréttinda. Slík forréttindi séu til þess fallin að auka mjög hlut framkvæmdavaldsins á kostnað löggjafarvaldsins. Þessari þróun er reynt að snúa við að nokkru með flutningi þessa frv.

Á það skal lögð áhersla, að réttur ráðh. er hvergi meiri en annarra þingmanna, t. d. við útvarpsumræður. Þar er réttur þeirra sem hvers annars þingmanns, en ekki meiri.

Frá sjónarhorni þingræðis og þingsögu er óeðlilegt, að einn hópur þingmanna hafi meiri ræðutíma og rýmri heldur en annar á Alþingi. Ráðh. eru fyrst og fremst sveit manna og kvenna, sem löggjafarvaldið hefur kosið til að framkvæma þær lagareglur, sem Alþingi kann að setja hverju sinni.

Eins má gera ráð fyrir, að þessi breyting flýti umræðum og geri þær efnismeiri en þær hafa verið nú um nokkurt skeið."

Það skal undirstrikað, að hér er auðvitað aðeins um að ræða minni háttar efnisbreytingu á þingsköpum. Aðalatriðið er það, sem síðast er getið um í grg., að ætlast er til þess að þetta jafni í fyrsta lagi rétt þingmanna og í öðru lagi verði þessi breyting til að flýta umræðum og gera þær efnismeiri en þær hafa verið nú um nokkurt skeið.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég tel út af fyrir sig að það frv., sem hér er flutt, sé góðra gjalda vert á marga lund og ég tel enga ástæðu til þess, að ráðherrar njóti neinna forréttinda hér í þingsölum. Ég kveð mér ekki hljóðs út af því, heldur út af þingsköpum almennt, úr því að farið er að hreyfa þeim málum hér.

Ég held að reynsla okkar undanfarin ár, a. m. k. þann tíma sem ég hef verið hér, sem er ekki ýkjalangur, sýni að margt má betur fara í þingsköpum Alþingis yfirleitt. Ég held að það eigi bæði við um ræðutíma ráðherra og þingmanna, fjölda af ræðum hvers manns við hverja umræðu mála, um nefndarstörf og fjölmarga aðra slíka þætti. Ég held að þessi mál séu í rauninni ákaflega þýðingarmikil varðandi þann svip sem Alþingi hefur gagnvart landsmönnum og það sé nauðsynlegt að koma hér á reglum sem séu þannig að Alþingi haldi sem best þeirri reisn og þeim svip sem það á að hafa.

Þess vegna kveð ég mér hér hljóðs að hreyfa þeirri hugmynd að formenn þingflokka og forsetar þingsins velti því fyrir sér nú á þessum vetri, hvaða lagfæringar það eru á þingsköpum sem samstaða gæti náðst um þannig að það mætti líta á þau mál á nýju þingi með haustinu. Auðvitað þýðir ekki að fara að knýja fram breytingar í þessum efnum með knöppum meiri hl. hér í þinginu. Þessi mál eru ekki þess eðlis. En ég er sannfærður um að margt í þingsköpum Alþingis er þannig að það gæti náðst samstaða um breytingar, og ég kveð mér hér hljóðs til að vekja athygli á nauðsyn þess í tengslum við það frv. sem hv. 9. þm. Reykv. var að mæla fyrir.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég tek undir þau orð sem hæstv. félmrh. sagði í ræðu sinni. Það hefur mikið verið rætt um ýmsa annmarka á þingsköpum og hefur raunar ávallt verið svo af því að verkefni þingsins taka stöðugum breytingum eins og þjóðlífið sjálft. Hins vegar hefur Alþingi sýnt hóflega íhaldssemi við að gera miklar breytingar á þingsköpunum og má segja að tiltakanlegar breytingar hafi ekki verið gerðar nema svo sem einu sinni á áratug. Síðast voru gerðar allverulegar breytingar 1972, en aðdragandinn að þeim tók ærið langan tíma því að þingnefnd byrjaði að undirbúa þær árið 1966. Ekki tel ég þó þörf á því að slíkar breytingar taki ávallt svo langan tíma.

Það vill svo einkennilega til, þegar mál þetta var tekið fyrir núna, að þá var ég með í höndunum handrit að frv. um breytingar á þingsköpum sem ég ætlaði mér að leggja inn.

Það er ýmislegt sem væri athugandi og þyrfti að ræða um, en ég ákvað fyrir nokkru að gera tilraun til að setja á blað hugmyndir um breytingar á þremur meginatriðum, sem ég tel að hafi undanfarin ár vafist fyrir þingstörfum og jafnvel tafið sjálft löggjafarstarfið. Þar á ég við meðferð á þáltill., sem er flókið mál vegna þess að þær eru ólíkar, en oft og tíðum fá þær háðulega meðferð hér, eins og gerðist síðast í gær þegar hér voru rædd merk menningarmál fyrir tómum sal og var ekkert einsdæmi.

Annað málið, sem ég tek fyrir í þessu frv., eru fsp., en einmitt nú í vetur hefur borið mikið á því, að þingheimur hefur gert fyrirspurnatíma að almennum eldhúsumræðum. Það nær auðvitað ekki nokkurri átt. Árangurinn hefur orðið sá, að það komast fyrir ein eða tvær fsp. í hverjum fyrirspurnatíma og allur þorri spurninga, sem þm. hafa lagt fyrir ráðh., verður að bíða óhóflega eftir

afgreiðslu.

Í þriðja lagi hef ég gert tilraun til að setja á blað í fyrsta skipti einhver ákvæði um umræður utan dagskrár. Um þær er ekki einn stafur í þingsköpum og þó tel ég að þær gegni ákaflega mikilvægu hlutverki og eigi fullkominn tilverurétt. Ég ræði þetta ekki frekar, því að ég mun leggja frv. fram. Þessi mál munu vafalaust fara til allshn., og ég tel að hún ætti að taka upp hugmynd hæstv. félmrh., ef hún vill ekki afgreiða það frv. sem er til umr. og önnur sem kunna að verða flutt, að setja a. m. k. í gang athugun á þingsköpunum öllum frá byrjun til enda.

Um það frv., sem hér liggur fyrir, vil ég aðeins segja að það er, eins og flm. sagði, mjög einfalt, en þó ærið afdrifaríkt. Ég er í grundvallaratriðum sammála því, að það er ekki eðlilegt að ráðh. hafi sérréttindi, en staða þeirra krefst þess stundum að það sé farið örlítið öðruvísi með þá en aðra þingmenn. En þau miklu sérréttindi, sem þeir hafa haft, eru ekki í samræmi við hugsunarhátt tímans að minni hyggju.

Páll Pétursson: Herra forseti. Þetta frv. til l. er að mörgu leyti góðra gjalda vert, og það er sannarlega gott að menn séu stuttorðir og gagnorðir og noti tíma sinn og annarra vel, en málfrelsið er mikill og dýrmætur réttur og þess vegna vil ég fyrir mitt leyti fara fremur varlega í það að takmarka mjög ræðutímann. Ég held að við þurfum að skoða þetta vandlega áður en við förum að takmarka mjög ræðutíma, ekki endilega bara ráðh., heldur gildir það eins um hinn almenna þingmann.

Í sjálfu sér ætti sómatilfinning þingmanna að setja þeim eðlileg tímamörk þannig að menn stæðu ekki hér og töluðu, endurtækju sig og færu hring eftir hring. Sumir fyrrverandi kennarar, sem hefur skolað hér inn, vita ekki af sér fyrr en þeir eru búnir með 45 mínútur hérna í ræðustól og gætu þó kannske komist af með 10.

En ég held, að það sé nauðsynlegt að endurskoða þingsköp öðru hverju og ég held, að það séu gagnlegar og mjög athyglisverðar hugmyndir sem hv. þm. Benedikt Gröndal var að hreyfa hér áðan. — Mér finnst ekki endilega þurfa að áfellast þm. fyrir að hafa farið nokkuð víða í fyrirspurnatímum á þessu þingi. Mér finnst hæstv. forseti hafa stjórnað fyrirspurnatímum vel í vetur og verið strangur með klukkuna, enda á hann að vera það. Þá geta þetta orðið fjörugar og líflegar umræður og menn geta létt á sér og hleypt út dampi án þess að fara allt of illa með tímann. Mér finnst að það þurfi miklu fremur að gá að utandagskrárumræðum og fyllilega ástæða til að setja þar tímamörk, e. t. v. ekki endilega þau sömu og í fyrirspurnatíma, en þetta þarf allt saman athugunar við og ég er ekki frá því að það megi breyta ýmsu. En samt sem áður er ég, með tilliti til málfrelsisins og hvað það er dýrmætur réttur og mikilvægur á þessu virðulega þjóðþingi okkar, nokkuð íhaldssamur á gagngerar breytingar.

Mér kom nokkuð á óvart að hv. þm. Vilmundur Gylfason skyldi flytja þetta frv. Að vísu er hann sjálfur stuttorður svo að er til fyrirmyndar. Þó að hann komi hér kannske óþarflega oft er hann ekki mjög lengi í einu. Hins vegar er þetta ekki nærgætið við hv. sessunaut hans, Sighvat Björgvinsson, sem kemur hér bæði oft og dvelst lengi. En kannske ætlar hv. þm. Vilmundur Gylfason ekki að gera hv. þm. Sighvat Björgvinsson að ráðherra alveg á næstunni.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Þær umræður, sem hér fara fram, eru hinar merkustu og mjög tímabærar. Það er enginn vafi á að það er orðin mikil þörf á breytingu á þingsköpum. Við urðum vitni að því í gær hvernig umræður utan dagskrár lengdust talsvert mikið „í annan endann."

Á borðum okkar liggur ótalinn fjöldi mála sem ekki fæst útræddur á þessu þingi, það er alveg ljóst. Og vegna orða síðasta ræðumanns, hv. þm. Páls Pétursonar, um ama hans af því að takmarka ræðutíma hér á þingi, gæti ég svo sem látið mér detta í hug að þann vanda gætum við leyst með því að lengja þingtímann. Í sjálfu sér er þingið í frii hálft árið, og það atriði í þingsköpum er mál sem er fullkomlega vert að taka upp og ræða, hvort ekki mætti lengja sjálfan þingtímann sem hefur nokkuð verið bundinn, a. m. k. fram á síðustu ár, við nauðsynleg störf bænda í sveitum.

Ég tek algjörlega undir það að fyllsta þörf er á því að breyta þingsköpum, að stytta ræðutíma í umræðum utan dagskrár og reyna að draga úr þeim mikla tíma sem fer hér í fsp. á kostnað mikilvægra mála sem liggja á borðum okkar og eru ekki útrædd og verða ekki útrædd á þessu þingi. Hver sá þm. sem þau flytur verður að endurflytja þau mál á næsta þingi fái þau ekki afgreiðslu nú.

Ég vil endurtaka að þessi mál eru orðin mjög tímabær til umræðu hér í þinginu og tímabært að breyta þingsköpum í þá veru sem hér hefur verið um rætt. Og ég vil bæta því við, að ég tel fullkomlega tímabært að kanna hvort ekki sé hugsanlegt að lengja setu sjálfs þingsins.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Hv. þm. Páll Pétursson lítur hér á sig sem fulltrúa þeirra sem ekki vilja neinar breytingar. Ég verð að taka undir orð síðasta hv. ræðumanns um að skoða beri hvort ekki sé ráð, eftir að menn hafa fengið allverulegar launahækkanir hér á þingi, að lengja nokkuð þingtímann, þannig að sú regla verði niður felld, að jólafrí þm. miðist við þarfir hrúta hv. þm. Páls Pétursonar og sumarleyfi þm. miðist við þarfir áa hans.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Það er stórmál að athuga vinnutíma Alþingis yfir árið. En það er ekki bara þingskapamál, það mundi verða að athuga í sambandi við stjórnarskrárákvæði líka, og við skulum koma því til stjórnarskrárnefndar, að hún taki það fyrir.

Ég er að þessu sinni sammála hinum íhaldssama formanni þingflokks Framsfl. — og íhaldssemina viðurkenndi hann sjálfur að fyrra bragði — um það að málfrelsið er mikilvægt, við verðum að fara vel með það. Ég veit ekki um neitt þing í veröldinni þar sem málfrelsi er eins takmarkalítið og það er hér á Alþingi.

Sumar greinar þingstarfa eru að vaxa öðrum yfir höfuð. Þess vegna er gersamlega óhjákvæmilegt að við verðum að setja okkur einhverjar reglur um þetta. Það er þegar fyrir því næg reynsla að menn gera það ekki af sjálfsdáðum. Og ég vil minna hv. þm. á að oft eru það þeir menn, hvort sem það eru kennarar eða aðrir, sem tala í 45 mínútur án þess að muna nokkuð um það, sem með sínum löngu ræðum hindra að aðrir komist að. Þess vegna verður að tryggja sem allra mest jafnvægi í þessum efnum, og við megum ekki vera hrædd við að setja sjálfum okkur reglur. En við skulum gæta þess, að einmitt þau atriði, sem eru aðalverkefni Alþingis, löggjafar-

starfið og meginstjórnsýslan, fái sem bestan tíma og þar séu sem allra minnstar takmarkanir á ræðutíma manna. Það eru ýmsir aðrir fyrirferðarmiklir liðir sem við skulum skoða betur.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Það hefur komið fram hjá hv. þm., sem hér hafa talað, að fsp. utan dagskrár hafi tafið þingstörf, og er m. a. vitnað í fsp. utan dagskrár sem var hér til umræðu í gær. Nú vil ég taka undir það með hv. þm. Benedikt Gröndal og undirstrika það, að fsp. utan dagskrár eru bæði eðlilegar og réttlætanlegar undir vissum kringumstæðum og kannske sér í lagi þegar þing hefur ekki verið að störfum í margar vikur. Og þá kem ég að því, sem hér hefur borið á góma hjá mönnum, að þeir telja að þinghald sé of stutt. Nú var það vitað mál í des., að nær helmingur þingmanna vildi nýta tíma þingsins og þingmanna betur en niðurstaða varð og koma saman strax á nýbyrjuðu ári til að ræða þau mál, sem fyrir lágu hjá þinginu þá, og að sjálfsögðu önnur sem upp mundu koma á því tímabili sem í hönd fór. En við það var ekki komandi, m. a. af hv. þm. Páli Pétursssyni, hann mátti ekki heyra það né hans ráðherrar.

Mér datt það í hug, þegar þessar umræður hófust áðan — og það er leiðinlegt að enginn skuli hafa gert það hér úr ræðustól á Alþingi — að þakka hv. þm. Benedikt Gröndal, 4. þm. Reykv., fyrir þau fræðsluerindi sem hann flutti fyrir landslýð í hljóðvarp á s. l. ári, sem voru fræðandi og upplýsandi. Ég hlustaði á þau og hafði bæði gagn og gaman af. Ég held, að þau ættu vissulega erindi inn í skóla landsins, og tel fulla ástæðu fyrir þingið að beita sér fyrir því til þess að kynna unglingum störf Alþingis í dag. Og undir hans orð vil ég taka. Ég hef verið fylgjandi því á mínu þingsetutímabili að endurskoða þingsköp. Það er sjálfsagt að gera það öðru hverju, skoðanir manna breytast í sífellu með nýjum kynslóðum sem koma hér til setu og starfa á Alþingi. Það er eðlilegt að slík endurskoðun fari fram öðru hverju, og vonandi þarf þessi næsta endurskoðun ekki að taka jafnlangan tíma og var á þeim árum þegar hér voru til umfjöllunar þær breytingar sem síðast voru samþykktar.

Ég er sammála því sem hér hefur komið fram og kom fram hjá flm. frv., að það er engin ástæða til þess að ráðherrar hafi lengri ræðutíma almennt heldur en þingmenn. Ég tala nú ekki um þegar ráðherrarnir eru orðnir tíu. Ef svo heldur áfram með þetta stjórnarmynstur, þá getum við búist við að þeir verði 15 næst og 20 þar á eftir. Svo mun fara ef þessir sömu menn verða við stjórn, t. d. á 110 ára afmæli hæstv. forsrh., að þingmenn sitji í stólunum sem ráðherrar eru í í dag, en ráðherrar í hinum almennu sætum.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég vil upplýsa vegna orða hv. 1. landsk. þm., að forsetar Alþingis hafa samþykkt að prenta og gefa út á vegum Alþingis hin fræðandi erindi hv. 4. þm. Reykv.

Páll Pétursson: Herra forseti. Hv. þm. Árni Gunnarsson taldi bunkana hérna á borðunum okkar vera óþægilega stóra, og hann var raunamæddur yfir því, að þetta yrði kannske ekki afgreitt allt saman í vetur. Ég vil nú baru segja: guði sé lof, því að það gerir ekkert til þó sumt af því sé látið liggja. Sum mál verða náttúrlega fram að ganga. Sumt af því þarf nánari meðferð og tapar ekkert á því að bíða, en sumt af því er þannig lagt fyrir að það gerir ekkert til þó það komi aldrei til framkvæmda.

Hvað varðar það að þingtíminn mætti vera lengri, þá hefur það bæði sína kosti og sína galla. Ég vissi reyndar ekki að hv. þm. Árni Gunnarsson eða hv. þm. Sighvatur Björgvinsson teldu sig vera iðjulausa þó að þingfundir væru ekki. Ég veit ekki betur en þeir þykist alltaf vera eitthvað að starfa sem þm. eða fyrir flokkinn sinn, a. m. k. þiggja þeir laun á sumrin líka. Ef þingið væri lengt skapast ein hætta enn, þ. e. að það yrði afgreitt meira af vitleysu heldur en þó er núna. Ég man þess dæmi, að á síðustu dögum þings hafi menn í ógáti hespað í gegn málum sem hefðu mátt bíða eða jafnvel sofna alveg. (**HBl:** Áttir þú hlut að því?) Einstöku sinnum hef ég átt hlut að því, því miður.

Hv. þm. Pétur Sigurðsson var að harma það, að þingið hefði ekki komið saman strax í janúarbyrjun. Ef ég væri sjálfstæðismaður mundi ég ekki vera neitt að harma það. Það er ekki endilega víst að ykkur hefði lánast að vinna ykkur mikið til frægðar öllum þó að þið hefðuð komið hér strax á þrettándanum eða hvenær það nú var.

En hv. þm. Sighvati Björgvinssyni vil ég benda á það, að jólin eru út af fæðingarhátíð frelsarans, en ekki út af hrútunum mínum.

Flm. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Ég vil nefna eitt efnisatriði sem varðar frv. þetta. Í þessu frv. er á engan hátt verið að skerða ræðutíma, eins og kom fram hjá hv. 1. þm. Norðurl. v., Páli Pétursyni. Það er aðeins gert ráð fyrir því, að á mælendaskrá hér á Alþingi gangi ráðherrar inn í röð þeirra, sem á mælendaskránni eru, alveg eins og um hverja aðra þm. sé að ræða. Það er aðeins í því tilviki þegar um frávik frá þessari röð er að ræða, þá komast ráðherrar strax að þegar þeir óska þess, en þá aðeins í þrjár mínútur. M. ö. o. er ekki verið að skerða málfrelsi, það er aðeins verið að jafna rétt eða leggja til að réttur manna sé jafnaður. Það eru þessi forréttindi sem takmörkuð verða ef þessi litla breyting, sem ég vil nefna svo, nær fram að ganga.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég vil aðeins upplýsa í þessu sambandi, að ráðherra nýtur ekki forgangs á mælendaskrá nema í þeim málaflokkum sem undir hann heyra. Þó á þetta ekki við um hæstv. forsrh., sem jafnan nýtur forgangs. En t. a. m. hæstv. dómsmrh. nýtur ekki forgangs um orðið í landbúnaðarmálum o. s. frv.

Þetta á aðeins við um forgang þeirra þegar um málaflokk viðkomandi ráðherra er að tefla, nema — eins og ég sagði — þar sem lýtur að hæstv. forsrh. sem jafnan hefur forgang.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Þar sem farið er að ræða starfshætti Alþingis og hér hefur verið bryddað á þeirri hugmynd, hvort ekki sé rétt að Alþingi sitji allt árið, þá vil ég mjög taka undir að það mál sé athugað í fullri alvöru og því fylgt eftir með viðeigandi breytingum á stjórnarskránni. Við höfum orðið vör við það nú á s. l. ári, að tvívegis voru gefin út brbl. Í annað skiptið voru það brbl. varðandi fóðurbætisskatt, sem fyrir lá á þeim tíma að ekki hefðu náð fram að ganga á Alþingi, ef þing hefði setið, þar sem m. a. hv. 2. þm. Norðurl. e., Stefán Valgeirsson, lýsti sig andvígan þeim fóðurbætisskatti þá strax, og ástæða er til að ætla að fleiri þm. Framsfl. hefðu a. m. k. ekki stutt það frv.

Ég vil enn fremur benda á það, að í brbl., sem gefin

voru út hinn síðasta dag desembermánaðar s. l., er í 5. gr. gert ráð fyrir að breyta verðbótareglum á laun hinn 1. mars n. k. Það er náttúrlega augljóst, að enga nauðsyn bar til að breyta þessu ákvæði með brbl. þá þegar. Eðlilegra hefði verið að leggja fram frv. þess efnis nú, þegar þingið er komið saman, og verður fróðlegt að fylgjast með því, hvort Alþingi fær að fjalla um þetta mál og afgreiða það áður en skerðingin á kaupgjaldinu kemur til framkvæmda.

Ég hef ástæðu til þess að ætla að ríkisstj. ætli sér ekki að láta þetta mál ná fram að ganga á Alþingi fyrir 1. mars, og meira að segja hafa tveir af stuðningsmönnum ríkisstj. sagt við mig að enga nauðsyn beri til að afgreiða þessi brbl. áður en skerðingin gengur í gildi. Kannske eigum við eftir að lifa það, að þessi skerðing verðbótavísitölunnar 1. mars verði aldrei samþykkt á Alþingi. Kannske verður þetta látið danka fram í maí og þá afgreitt með hvers konar hrossabrögðum.

Ég vil ennfremur minna á það, að sumarið 1979 voru sett brbl. um gerðardóm á sjómenn. Þessi brbl. komu aldrei til afgreiðslu Alþingis. Það reyndi aldrei á hvort meiri hluti Alþingis stóð á bak við þá lagasetningu. Það er hægt að fallast á það, að á sínum tíma hafi verið nauðsynlegt að láta ríkisstj. hafa vald til útgáfu brbl. Eins og samgöngum er nú háttað eru viðhorf í því efni gerbreytt, og ég álít að það sé óhjákvæmilegt fyrir alþm. — vegna þess hversu mikil lausung hefur ríkt í útgáfu brbl. — að taka það til vandlegrar íhugunar, hvort ekki sé rétt að svipta ríkisstjórnir í eitt skipti fyrir öll valdi til að gefa út brbl. Þannig hefur misbeitingin á þessum rétti verið á undanförnum árum, sívaxandi lausung og óheilindi, sem síðan hefur bitnað á fólkinu sjálfu, grafið undan trausti á þingræði í landinu og orðið til lítils sóma fyrir þá menn sem hafa verið hálfa ævina formenn stjórnarskrárnefnda í nýju lýðveldi hér á landi.

Ég vil þess vegna mjög taka undir þau ummæli sem hér hafa fallið um það, að Alþingi eigi að vera að störfum sem mestan hluta ársins. Ef nauðsyn ber til að setja nýja löggjöf er sjálfsagt að kalla Alþingi saman til þess að fjalla um þá löggjöf. Reynslan hefur sýnt að ef á liggur stendur ekki á alþm. að láta hendur standa fram úr ermum. Ég vil einnig minna á það, að mjög vaxandi eru þær raddir og háværar í þjóðfélaginu sem telja eðlilegt að ráðherrar láti af þingmennsku um leið og þeir setjast í ráðherrastólana. Með því mundi sparast sá aragrúi af vararáðherrum og alls konar sérfræðingum, starfshópum og nefndum sem hreiðrað hafa um sig hér uppi í Stjórnarráðinu, en á hinn bóginn yrði þingræðið tryggara í landinu. Það gefur t. d. skrýtna mynd af störfum Alþingis nú, að ef einn af þeim ráðherrum sem nú sitja forfallaðist, veiktist, þá mundi ríkisstj. um leið verða óstarfhæf vegna þess að sá sem kæmi inn í staðinn, er í stjórnarandstöðu. Þetta lýsir með öðru hvernig þingræðið er orðið. Og eins og ég sagði áðan eru þau brbl., sem út hafa verið gefin, til þess fallin að grafa undan trausti á lýðræðinu.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég vil taka undir orð hv. þm. Halldórs Blöndals, sem hér var að ljúka máli sínu, að það nær náttúrlega ekki nokkurri átt og þm. eiga ekki að geta unað því, að flest meiri háttar viðfangsefni, sem stjórnvöld þurfa með að fara, telji þau nauðsynlegt að bíða með að leysa þangað til að þing situr ekki að störfum.

Dæmigert um þetta er afgreiðsla núv. hæstv. ríkisstj. á kauplækkuninni sem gerð var með brbl. á gamlársdag, eftir að menn höfðu setið hér síðan 10. okt. og varla hafði liðið sú vika að ekki hefði verið óskað eftir því við hæstv. ríkisstj., að hún legði einhverjar till. fyrir hv. Alþingi um aðgerðir í efnahagsmálum. Hæstv. ríkisstj. beið með allar till. þangað til Alþingi var komið heim. Þá greip hún til þess ráðs, um leið og Alþingi var farið, að koma fram með úrræði sín og binda þau með brbl. Meira að segja var svo langt gengið, að eitt atriði í þessum brbl., í 7. gr. laganna, er um heimild handa ríkisstj. til að fresta framkvæmdum. Nú segir svo í stjórnarskrá lýðveldisins, að brbl. megi aðeins gefa út ef brýna nauðsyn beri til, og er átt við að þá þurfi að taka á málum sem ekki er af einhverjum ástæðum hægt að láta bíða þar til þing getur komið saman til eðlilegra starfa.

Nú hefur hæstv. fjmrh. lýst yfir opinberlega að hæstv. ríkisstj. hafi ekki svo mikið sem rætt hvaða framkvæmdum eigi að fresta, ef til kemur, og hæstv. fjmrh. hefur meira að segja lýst því í útvarpsviðtali, að það geti meir en vel verið að þessi heimild verið ekki notuð. Hvaða nauður rekur þá ríkisstj. til þess að veita sér slíka heimild til framkvæmdafrestunar með brbl. sem aðeins má setja ef brýna nauðsyn ber til? Ríkisstj. hefur sjálf upplýst að hún hafi ekki einu sinni rætt um hvort hún mundi vilja nota slíka heimild og þá hvernig. Samt sem áður telur hún ósköp eðlilegt og sjálfsagt að veita sér slíka heimild með brbl. sem hún veit ekki hvort hún ætlar sér að nota. Og samkvæmt orðanna hljóðan í stjórnarskrá lýðveldisins Íslands er það auðvitað alveg ljóst, að ríkisstj. getur ekki réttlætt það að setja brbl. um heimild til slíkrar framkvæmdafrestunar nema nauðsynlegt hafi verið að fresta einhverjum tilteknum framkvæmdum á þeim tíma sem Alþingi sat ekki að störfum. Slíkt hefur ekki verið gert. Það hefur ekki einu sinni verið rætt. Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands heimilar ríkisstj. ekki að gefa út slík brbl., en samt sem áður hefur hæstv. ríkisstj. gert þetta án þess að hafa — a. m. k. í þessum þætti brbl. — nokkur rök. Hún hefur engin rök fyrir þessum þætti brbl., þó hún kunni að hafa einhver rök fyrir öðrum þáttum þeirra.

En það, sem kom fram hjá hv. þm. Páli Pétursyni, formanni þingflokks Framsfl., sýnir hvílíkur valdahroki býr með hæstv. ríkisstj. og stuðningsmönnum hennar, eins og hv. stjórnarþm. Guðrún Helgadóttir lýsti fyrir almenningi í viðtali í útvarpinu núna um jólaleytið. Hv. þm. tók þar sérstaklega fram hvílíkum valdahroka ráðherrar í hæstv. ríkisstj. væru haldnir, og þessi valdahroki kom fram hjá hv. þm. Páli Pétursyni, formanni þingflokks Framsfl. hér áðan, þegar hann gaf í ræðustól í þinginu þá yfirlýsingu, að þeim mun styttri tíma sem Alþingi sé látið sitja þeim mun betra. Ég verða að spyrja, herra forseti: Ber að skoða þetta sem stefnuyfirlýsingu frá þingflokki Framsfl., að þeim mun skemur sem Alþingi situr að störfum, þeim mun betra. Þeim mun fyrr sem hv. þm. komist til að sinna hrútum sínum og skepnum, þeim mun betra fyrir þjóðina? Þeim mun minna sem hann aðhefst hér á Alþingi, þeim mun betra? Þeim mun meira sem hæstv. ríkisstj. sniðgengur Alþingi sem löggjafarstofnun þjóðarinnar og stjórnar með brbl., þeim mun betra? (**HBl:** Hann á eftir að baða fé sitt.) Ber að líta á þetta sem stefnuyfirlýsingu af hálfu þingflokks Framsfl.? Er þetta vilji framsóknarmanna?

Hv. þm. Páll Pétursson hefur getið sér sérstakt orð hér í þinginu fyrir afturhaldssjónarmið í öllum málum. Hann

er fulltrúi þeirra íhaldssömustu afla sem hér sitja. Hann er alltaf á móti öllum breytingum, öllum umbótum og öllu því sem til framfara má horfa. Nú vitum við það t. d., að í kjördæmi hans eru samkvæmt opinberum skýrslum einna lægstar meðaltekjur manna í landinu. Samt sem áður stendur hann þver gegn því, þverastur allra manna, að launþegar á Íslandi geti notið góðs af því að nýta hið hvíta gull landsins, orkuna í iðrum jarðar og fallvötnum, til þess að setja á fót iðnað sem gæti skilað betri lífsafkomu.

Nú standa yfir kaupgjaldssamningar við starfsmenn ríkisverksmiðja. Kröfur starfsmanna ríkisverksmiðjanna eru að fá sömu laun og greidd eru í stóriðjuverunum tveimur. Verði þeirri kröfu sinnt mun það þýða um 30% launahækkun til þessa fólks. Þessar stóru verksmiðjur, sem áttu að innleiða láglaunasvæði á Íslandi — eins og þm. og Alþb. sögðu og Páll Pétursson hefði sjálfsagt haldið fram ef hann hefði setið hér á þingi, — þær greiða núna um það bil 30% hærri laun en greidd eru í verksmiðjum ríkisins. Og þessi fulltrúi tekjulægsta kjördæmisins á Íslandi á Alþingi Íslendinga, hann leggst mjög eindregið gegn því að þetta tekjulága fólk í kjördæmi hans geti nokkurn tíma gert sér vonir um að fá svipaða starfsaðstöðu og fólkið býr við sem vinnur í þessum tilteknu iðjuverum og nýtur góðs af þeirri orku sem Ísland á.

Ber þá að líta á þetta sem stefnu þingflokks Framsfl.? Er t. d. hv. þm. Jóhann Einvarðsson sammála þessu — eða hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson — eða hv. þm. Halldór Ásgrímsson? Telja þessir þrír þm. að málflutningur formanns þingflokks þeirra sé flokknum til sóma? Að standa þver, liggja flatur þversum gegn öllum nýjungum, öllum breytingum, og fullyrða síðan hér úr ræðustól að það sé þeim mun betra, því skemur sem Alþingi situr að störfum, þeim mun meira sem hægt er að beita bráðabirgðalagasetningu af 10 ráðherrum. (Gripið fram í.) Ég man eftir því, að árið 1978, þá rétt fyrir jólin lá hv. þm. Páli Pétursyni svo á að skoða í fjárhús sín, að hann þurfti að fara heim nokkru áður en þingi lauk. Fjarvera hans varð m. a. til þess, að mjög mikið áhugamál hans og fleiri flokksbræðra hans, um ríkisábyrgð á sérstöku láni til að borga viðbótarútfluningsbætur til bænda, náði ekki fram að ganga. Hv. þm. lá svo á í fjárhús sín, að hann hafði ekki tíma til að bíða eftir að þingi lyki til þess að geta stutt þetta mál, sem ekki náðist í geng vegna þess að hv. þm. var ekki viðstaddur. Ég hélt satt að segja að hv. þm. lægi svo mikið á í fjárhúsin til að sinna þar skepnum sínum. Hann segir hér í ræðustól að svo sé ekki. Það vita allir þingmenn, að frelsarinn fæddist í fjárhúsi, en af mæli hv. þm. mætti einna helst skilja að það fjárhús hafi verið að Höllustöðum, honum lægi lífið á að komast í fjárhús sín til þess að gá að guði.

Ég ætla ekki að fara fleiri orðum um þetta, sjálfsagt á hv. þm. ágæta skýringu á því eins og öðru, en ég ætla að biðja hæstv. forseta um að hlífa mér við framíköllum frá Snorrabúð.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég vil að gefnu tilefni taka fram að þetta litla frv. og umr. snýst um þingsköp, en ekki jólahald og fengitíð.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það er ekki á hverjum degi sem við horfum upp á það, að Alþfl.-þm. drepi frv. fyrir sjálfum sér. En við höfum fengið að horfa á það sjónarspil nú. Hér er á dagskrá ákveðið málefni. Flm. eru Vilmundur Gylfason, Jóhanna Sigurðardóttir, Ágúst Einarsson og Sighvatur Björgvinsson. Svo bregður svo merkilega við, að sá síðast nefndi hefur hér upp langar tölur um allt annað en það sem er á dagskrá. Hann varðar ekkert um það þó að forseti segi að það eigi að ræða þessi mál, hann er stór maður og vill ræða allt annað. Hann vill ræða um hrútana á Höllustöðum. Og hver ætlar að fara að taka málfrelsi af þessum hv. þm. þegar hann hefur áhuga á að ræða önnur mál en þau sem foreti leggur til að rædd séu í deildinni? Það væri nú aldeilis hroki ef forsetinn tæki upp á slíku. Þvílík ósvífni! Það er kannske rétt að ræða þessi mál út frá því sjónarhorni sem hv. flm. vildu leggja til, þ. e. að auka jafnræði á milli þm. Væri þá ekki rétt að setja kvótakerfi á þann tíma sem þm. töluðu hver og einn hér í sölum þingsins, er það ekki jafnræði? Þá fengju menn það upp gefið á haustdegi, hversu mikið þeir mættu taka af tíma þingsins hver og einn. Ég er ekki viss um að það halli svo svakalega á það lið sem hér er eftst á blaði. Væri ekki ráð að skoða það í þingtíðindum hvort þeir hefðu þagað að undanförnu? Nei, þetta frv. er dæmigert stjórnarandstöðufrv., þetta hefði starfsstjórninni aldrei dottið í hug að leggja til. Þá hefði ekki komið til mála af hálfu þeirra, sem hér skrifa á nöfn sín, að stytta ræðutíma ráðh. Nei, það hefði ekki verið vit í slíku frv. Samt sem áður hefðu þeir trúlega undir þeim kringumstæðum átt miklu meiri möguleika á því að fá þm. til að taka þá alvarlega heldur en með því að flytja þetta nú.

Engu að síður, þó að umræður hafi nú snúist á þennan veg, þá langar mig að ræða hér efnislega um þá hluti sem ég tel þinginu til vansa, mikils vansa, gagnvart þingsköpum. Ég á hér við þá áráttu þm. þegar þeir biðja um orðið út af þingsköpum. Ef menn fá ekki orðið um það málefni, sem þeir vilja tala um, hefur það verið tískufyrirbrigði að biðja um orðið út af þingsköpum. Í mínum huga þýðir það, að þeir vilji gera athugasemd við ákvörðun forseta um röðun mála á dagskrá. En í reynd eru þessar umræður flestar um málefni, ekki um störf forseta eða röðun mála á dagskrá. Það er þessi misnotkun á frelsi til umræðna um þingsköp sem mjög oft verður til þess að eyðileggja eðlilegar umræður hér á Alþingi. Þess vegna held ég að eðlilegt væri að forseti fengi mun meira vald til þess að stöðva umræður um þingsköp. Þannig mætti stöðva þær umræður sem eru þinginu til lítils sóma. Það er líka rétt að hugleiða það í þessu sambandi, hvort forseti eigi ekki mun oftar að grípa inn í og gera athugasemdir við mál manna þegar þeir steinhætta að ræða það málefni sem er á dagskrá. Ef forseti líður mönnum ótakmarkað að tala um það sem þeim dettur í hug hér í ræðustólnum, þá er náttúrlega tómt mál að vera að leggja fram einhverja ákveðna dagskrá í byrjun þingfundar og svo snúist umræður um allt annað, hver eldhúsdagurinn eftir annan kemur í Sþ. eða í deildum.

En af því að ég er farinn að fara í taugarnar á einum ágætum vestfirskum þm. sem telur sennilega að það hafi verið hallað á félaga sinn — **(Gripið fram í:** Ekkert frekar en venjulega.) — þá vil ég geta þess, að ég trúi ekki öðru en að forseti muni gefa honum orðið hér á eftir. Það væri e. t. v. rétt að hann spyrði að því, hvers vegna það er tekið fram hér, að „ráðherrar eru fyrst og fremst sveit manna og kvenna", og hvort hann mundi vilja vera mér sammála um svo lítilfjörlega breytingu að

strika út orðið „kvenna". (**Gripið fram í:** Mega ekki konur vera ráðherrar?) Ég lít svo á að þær séu menn, en það getur vel verið að þarna sé líka deiluefni.

Eitt þótt mér merkilegt í ræðu hv. 3. þm. Vestf. Það var það — af því að ég hélt að hann væri sæmilega fróður um sauðfé — hvaða erindi hann telur Pál sérstaklega eiga í fjárhúsin um fengitímann. Mér er ekki alveg ljóst hvort þarna er um vanþekkingu hjá hv. þm. að ræða, en það eru svo furðulegir hlutir sem koma upp á að ég minnist þess, að það var prestur í Dalasýslu sem færði það í tal við fjármann sinn, hvort ekki væri hægt að ljúka tilhleypingunni af á einum eða tveimur dögum ef þeir færu allir í það, eins og hann orðaði það. Það má vel vera að það sé þessi hugsun, sem vaki á bak við hjá hv. 3. þm. Vestfjarða.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Já, það kann að vera rétt, að forsetinn sé ekki nógu strangur að halda mönnum við umræðuefnið, og nú síðast fór það eitthvað úr böndunum. En ég vil að gefnu tilefni taka það fram, að vald forseta er mjög mikið til þess að skera niður umræður, taka mál af dagskrá og setja menn úr ræðustól, ef svo ber undir. En ég bið menn að minnast þess, að málfrelsið er ákaflega mikilvægt og það sé ekki takmarkað um of. Þetta er dýrmætur réttur sem þm. hafa, og menn mega gá að sér að hann verði ekki skertur nema sem minnst.

Hv. 1. þm. Norðurl. v. hefur kvatt sér hljóðs, en hann hefur þegar talað tvisvar og nú er spurningin hvort hann álítur bera nauðsyn til að bera af sér sakir. (**PP:** Ég álít það vera nauðsynlegt.) Þá hefur forseti heimild til að gefa honum orðið í þriðja skiptið til að bera af sér sakir. Og tekur hann nú til máls.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég hef ekki tíma til að ræða um stóriðjumál við Sighvat Björgvinsson núna, ég er tilbúinn að gera það síðar. Þessi umræða var upphaflega hafin um þingsköp og það er ekki mér að kenna að hún hefur farið svo á dreif sem hún hefur gert.

Hinum ágætu þm. Vestf. vil ég segja það, að hrútarnir mínir sjá um æxlunarverk þarna í fjárhúsunum og þeir þurfa ekkert að hafa áhyggjur af því.

Hvað varðar horfurnar á 110 ára afmæli forsrh., sem hv. þm. Pétur Sigurðsson var að fílósófera um áðan að þá yrðu ráðherrar komnir hérna við borðin og hinir óbreyttu þingmenn bara í þessi 10 sæti hérna á bak við mig, þá verð ég að segja að stjórnarandstæðingar eru ekki mjög bjartsýnir á fylgisþróun sína á næstunni. Það er kannske lítill vegur að trúa því að forsrh. verði 110 ára. Það eru talsverðar líkur á því að stjórnarsamstarfið endist þangað til. En ég trúi því tæplega að stjórnarandstæðingar í Sjálfstfl. og kratar verði komnir ofan í 10 menn þá. Þeir mega aldeilis halda á spöðunum við að tæta af sér fylgið ef það á að takast.

Hvað varðar setningu brbl., þá er óhjákvæmilegt að ríkisstj. á hverjum tíma hafi rétt til að setja brbl. Ég er ekki að mæla með því að hún sé að nota þann rétt að óþörfu eða í tíma og ótíma. En ég hef horft upp á hv. þm. Geir Hallgrímsson setja brbl., nauðsynleg og gagnleg brbl. Ég hef horft upp á hv. þm. Benedikt Gröndal, þegar hann var forsrh., setja brbl., nauðsyleg og gagnleg og óhjákvæmileg brbl., sum þeirra a. m. k.

Það er útúrsnúningur hjá hv. þm. Sighvati Björgvinssyni, að ég hafi verið að segja hér að því skemur sem Alþingi sæti, því betra. Auðvitað þarf Alþingi eðlilegan starfstíma, en sá starfstími getur keyrt úr hófi, sannarlega keyrt úr hófi. Og það getur verið hægt að ljúka verki á sómasamlegan hátt á þessum tíma ef tíminn er notaður vel.

Mér er það alveg ljóst, að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson mun ekki vera fæddur í fjárhúsi þó að hann hafi kannske verið lagður í kratajötuna á sínum tíma, en hálfpartinn finnst mér nú stundum eins og hann sé kominn innan úr kú.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Það kemur fyrir í hinum merkilegustu málum, sem hér eru til umræðu, að farið er nokkuð út fyrir málið sjálft, og það er engin ný bóla. Menn hafa sumir verið að finna að því nú í þessari umræðu, þó að nokkur gamanmál hafi verið á lofti um leið. En mér finnst það ekki rétt af þeim og vil benda á það, að í kjölfar framsöguræðu hv. flm. stóð hér upp hv. 4. þm. Reykv., Benedikt Gröndal, einn reyndasti og þingvanasti þm. okkar, a. m. k. hér í deildinni, og skýrði lauslega frá hugmyndum sínum um brtt. — ef ég hef skilið það rétt — sem hann hyggst flytja við þetta frv., ef það verður þá ekki flutt sem sérstakt frv. Það er því eðlilegt að farið sé út fyrir það frv., sem hér er á dagskránni, og rætt um einn og annan agnúa sem er á þingsköpum Alþingis og okkar starfstilhögun.

Það má m. a. nefna vinnutímann. Ég benti á að það hefði mátt ná a. m. k. 18 virkum dögum til vinnu hér á Alþingi ef hv. þm. Páll Pétursson og hans félagar hefðu ekki algerlega staðið gegn því og heimtað að fá okkur heim, burt héðan úr þingsölum, væntanlega til þess að við gerðum engan skaða hér. En þá hefur hann líka búist við að áhrif okkar mundu eitthvað aukast í janúarmánuði. En að sjálfsögðu má líka — án þess að gengið sé út frá lengingu þingtímans á vorin — lengja vinnutímann á dag og fjölga fundadögum. Það eru ekki þingfundir á föstudögum, en auðvitað mega þingfundir vera á föstudögum. Margar stéttir þjóðfélagsins vinna alla daga vikunnar, og margar stéttir þjóðfélagsins vinna 14 og upp í 18 tíma á sólarhring. Og hér eru þm. og ráðh. sem öfundast út í laun manna sem greidd eru fyrir slíkan vinnutíma. En af því að það var líka að því vikið af einum þm., að það hefðu orðið verulegar launahækkanir hjá þm., þá mótmæli ég þessu. Að vísu mun það hafa orðið hjá honum og öðrum utanbæjarþm. — sem eðlilegt er því að verklýðsforusta þm. er í höndum forseta sem allir eru þm. fyrir kjördæmi þar sem þeir fá sín laun greidd í öfugu hlutfalli við atkvæðamagn.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri. Mér finnst eðlilegt að drepið sé á eitt og annað í sambandi við störf þingsins þegar svona mál er flutt. Það er eðlilegt að þm. bendi á fleiri atriði en komu fram hjá flm. þessa frv., því að sjálfsögðu mun þetta mál og þær athugasemdir, sem hér hafa komið fram, koma til umræðu í þeirri nefnd sem fær málið til meðferðar. Og fyrst verið er að hrófla við þessum lögum á annað borð, þá tel ég sjálfsagt að það sé haft áhrif á fleira en þetta eina atriði, sem ég er hjartanlega sammála hv. flm. um að þurfi að breyta. Ég er sammála efni þessa frv., en það er bara margt annað til viðbótar, eins og hv. þm. Benedikt Gröndal hefur minnst á.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Meðferð mála vegna rangrar notkunar stöðureita, frv. (þskj. 280). — 1. umr.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr. um sérstaka meðferð mála vegna rangrar notkunar stöðureita fyrir ökutæki o. fl., er nú lagt fram í þriðja sinn. Var frv. upphaflega flutt undir þinglok veturinn 1977—1978 og einnig á síðasta þingi. Í bæði skiptin var frv. vísað til nefndar, en kom ekki til frekari meðferðar á Alþingi.

Frv. þetta er, eins og segir í aths., samið af réttarfarsnefnd að ósk dómsmrn. Það fjallar um umfangsmikinn þátt mála, er lögregla og dómstólar fást við, og miðar að einföldun og hraðari meðferð þeirra. Fjöldi þessara mála er mjög mikill og má nefna sem dæmi að miðar festir á bifreiðar í Reykjavík vegna vanskila á greiðslu í stöðumæli voru 77 594 á síðasta ári. Er ökumanni þá boðið að ljúka máli með greiðslu svokallaðs aukaleigugjalds. Nú lýkur ekki öllum málum með því og voru í Reykjavík gefin út 34 166 sektarboð á síðasta ári af hálfu lögreglustjóra í þeim tilvikum. Ef sektarboði er ekki tekið er máli svo vísað til dómara.

Ljóst er að miklu varðar ef unnt er að einfalda meðferð þessara mála. Frv. þetta miðar að slíku. Er lagt til að hætt verði að meðhöndla mál þessi sem refsimál, málin eru „afkriminaliseruð", eins og það er kallað, og meðhöndluð sem einkamál. Hefur það verið gert í nágrannalöndum okkar og gefið góða raun. Frv. fjallar nánar um meðferð þessara mála, sem ég tel ekki ástæðu til að rekja hér frekar, en vísa til grg.

Rétt er að geta þess, að frv. er flutt óbreytt eins og það var lagt fram í upphafi. Frv. hafði þá verið sent Umferðarráði til umsagnar og komu ýmsar ábendingar fram í umsögn þess um atriði sem talið var að koma mætti fyrir með öðrum hætti þótt meginhugsun frv. sé í rétta átt. Ábendingar Umferðarráðs voru sendar þingnefnd þeirri sem málið fékk til meðferðar. Þá mun hv. allshn., sem fékk frv. þetta til skoðunar á síðasta þingi, hafa borist umsögn skrifstofustjóra borgarstjórnar Reykjavíkur um frv. Er rétt að þingnefnd sú, sem nú fær málið til meðferðar, kynni sér ábendingar Umferðarráðs og viðhorf borgaryfirvalda, en hér er um að ræða mál sem snertir mjög hagsmuni sveitarfélaga og þá sér í lagi Reykjavíkurborgar.

Herra forseti. Ég tel eigi ástæðu til að lengja mál mitt frekar og legg til að frv. verði að umr. þessari lokinni vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Eins og fram kom hjá hæstv. dómsmrh. er þetta frv. nú lagt fyrir hv. Alþingi í þriðja sinn og hefur í öll þessi skipti verið flutt hér í óbreyttri mynd.

Þegar frv. var flutt hér á síðasta Alþingi gerði ég tvær athugasemdir við frv. sem ég vil ítreka hér, vegna þess að þær eru enn í fullu gildi, og geri það í þeirri von, að sú hv. þingnefnd, sem þetta frv. fær til meðferðar, muni taka þessi atriði til athugunar, en önnur þessi athugsemd fellur mjög saman við þær athugasemdir sem borgarstjórn eða þeir forsvarsmenn Reykjavíkurborgar, sem um þetta mál hafa fjallað, hafa gert.

Í þessu frv. — sem ég tel að öðru leyti horfa mjög til bóta — er gert ráð fyrir því, eins og reyndar er í dag, að tvenns konar gjöld séu lögð vegna notkunar á stöðumælum. Það eru í fyrsta lagi stöðumælagjöldin, sem menn greiða þegar þeir hefja stöðuna, og í öðru lagi svonefnd aukaleigugjöld, en það eru gjöld sem lögð eru á menn á eftir — ef þeir standa lengur við mælana en heimilt er eða þeir hafa greitt fyrir.

Það er gert ráð fyrir í þessu lagafrv. að sveitarstjórnir taki að sér eftirlit með notkun stöðumæla og að dómsmrh. löggildi sérstaka stöðumælaverði í þessu skyni. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir að aukaleigugjöldin, sem eru langstærsti hluti þeirra gjalda sem fyrir stöðumælana koma, renni í sveitarsjóðinn. Það er gert ráð fyrir að stöðumælagjöldin renni í sveitarsjóð eða borgarsjóð, en hins vegar að aukaleigugjöldin renni í ríkissjóð. Þetta finnst mér mjög óeðlilegt. Ég tel rétt að sami aðili sjái um eftirlitið og hirði tekjur af innheimtu. Þetta eftirlit hefur verulegan kostnað í för með sér. Bæði kosta stöðumælarnir sjálfir mikið og sá starfskraftur sem í það fer að annast eftirlit með þeim, og þess vegna er eðlilegt að sá aðili, sveitarfélag í þessu tilfelli, sem á að annast þetta eftirlit og bera af því kostnað, fái þær tekjur sem stöðumælarnir gefa.

Ég held að hér sé ekki um neinn tekjustofn að ræða fyrir sveitarfélög. A. m. k. hefur reynslan ekki verið sú hér í Reykjavík, heldur eru veruleg útgjöld þessu samfara, og hvorki stöðumælagjöldin né aukaleigugjöldin hafa nægt til þess að bera uppi þennan kostnað. Þess vegna finnst mér óeðlilegt, eins og frv. gerir ráð fyrir, að ríkissjóður ætli að taka stærsta hlutann af þeim tekjum sem þetta gefur.

Ég vænti þess, að hv. þingnefnd taki þetta mál til athugunar.

Hitt atriðið, sem ég vildi gera að umtalsefni, er í 7. gr. frv., en þar segir að þau gjöld, sem lögð eru á eigendur bifreiða vegna rangrar notkunar stöðureita, njóti lögtaksréttar og lögveðs í viðkomandi ökutæki. Ég hef engar athugasemdir við það, en hins vegar hef ég athugasemdir við 2. tölul. þessarar greinar, þar sem segir að lögveð samkv. þessari grein gangi á undan öllum veðum öðrum en lögveðum vegna bifreiðagjalda og iðgjalda vegna lögboðinnar ábyrgðartryggingar ökutækja.

Hér er um að ræða mjög óvissar upphæðir sem kunna að falla á einstök ökutæki, en við vitum að ökutæki eru allmikið notuð í viðskiptum manna á meðal sem andlag fyrir veðsetningar, t. d. við kaup á bifreiðum. Þegar bifreiðar skipta um eigendur er iðulega lánaður hluti af kaupverðinu og veð tekið í bifreiðinni á móti, en með þesssari grein mundi áhættan verða svo mikil við slík viðskipti að nánast er ólíklegt að bifreiðar verði lengur notaðar sem andlag fyrir veð í viðskiptum. Menn taka ekki veð í bifreiðum ef þeir vita aldrei hvað á þeim hvílir á undan. Með því að ætla að láta þetta lögveð ganga á undan öllum öðrum veðum finnst mér gengið of langt. Ég held að ríkissjóður hafi alveg nægа tryggingu fyrir þessum gjöldum þó að lögveðin falli inn í eðlilega röð annarra veða í bifreiðinni.

Ég vil láta þessar athugasemdir koma fram, áður en málið gengur til hv. nefndar, og vænti þess, að hún taki þessar athugasemdir til athugunar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Orlof, frv. (þskj. 114). — Frh. 1. umr.

Flm. (Karvel Pálmason): Herra forseti. Það er orðið nokkuð langt um liðið síðan þetta mál var hér á dagskrá, en í þeim umræðum, sem þá fóru fram, komu fram nokkrar athugasemdir frá nokkrum hv. þm. varðandi þetta mál. Það var þó sér í lagi frá hæstv. félmrh. Ég sé að hann er ekki staddur hér í salnum, en vildi gjarnan að hann yrði hér viðstaddur þessa umræðu vegna þess að í máli hans komu fram nokkur atriði, sem ég tel nauðsynlegt að svara og fá jafnframt svör við frá honum. Sé hann ekki staddur í húsinu vil ég gjarnan mælast til þess við forseta, að umræðu verði frestað þangað til tækifæri gefst til að tala við hæstv. félmrh.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 43. fundur.

Fimmtudaginn 29. jan., kl. 2 miðdegis.

Einangrun húsa, þáltill. (þskj. 330). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Stóriðjumál, þáltill. (þskj. 32). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og til allshn. með 33 shlj. atkv.

Rafknúin járnbraut, þáltill. (þskj. 33). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Framtíðarskipan lífeyrismála, þáltill. (þskj. 84). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Iðnaðarstefna, þáltill. (þskj. 93). — Frh. fyrri umr.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég talaði allítarlega fyrir þessu máli fyrr í umr. og ætla ekki að bæta þar miklu við. En ég sé ástæðu til að þakka þeim hv. þm., sem þegar hafa rætt um málið, fyrir góðar undirtektir á heildina litið við þessa þáltill. um iðnaðarstefnu, þó að fram hafi komið hjá sumum þeirra vissar athugasemdir og raunar verið lagðar fram brtt. frá nokkrum hv. þm. Sjálfstfl. við þáltill.

Ég tel eðlilegt, að þetta mál ásamt brtt. fari til nefndar til athugunar, og ætla ekki að eyða hér mörgum orðum *að þeim ábendingum eða till. sem fram hafa komið.* Þó vil ég segja fáein orð um þær till. í nokkrum liðum sem fram hafa komið. Þar er í fyrsta lagi lagt til að auka við kaflann um markmið iðnaðarstefnu tveimur nýjum liðum, og hv. 1. flm., sem talaði fyrir þessu máli, lét þess getið, að það væri í samræmi við stefnumörkun sjálfstæðismanna eða Sjálfstfl., iðnn. hans, að mig minnir, sem þessi atriði væru hér upp tekin, enda bera þau þess glöggt vitni að þau eru þaðan runnin. Þar er um að ræða áherslu á frjálst framtak einstaklinga og samtaka þeirra í sambandi við iðnþróun, að hún verði byggð á slíkri stefnu, og í öðru lagi varðandi orkufrekan iðnað, að uppbyggingu hans verði hraðað í samvinnu við erlenda aðila. Ég get ekki tekið undir það, að slíkum markmiðum verði aukið við í þessa þáltill. Ég vek athygli á því, að hún kveður ekki fast á um rekstrarform, og hefðum við Alþb.-menn, ef við hefðum borið þetta fram sem okkar málefni, eflaust viljað hafa þar á nokkuð annan svip í sambandi við félagslegan rekstur sérstaklega. En til þess að skapa samstöðu um málið og gefa því sem breiðastan svip og halda möguleikum opnum var slíkt ekki tekið inn í markmið eða leiðir með till. sérstaklega, heldur gert ráð fyrir því, að rekstrarform geti verið með misjöfnum hætti, eins og ég reyndar tel eðlilegt að sé í okkar þjóðfélagi, þó að ég sé hlynntur félagslegum rekstrarformum öðrum fremur. Að þessu er vikið í 16. tölul. í leiðum í þáltill. þar sem talað er um að stuðlað verði að rekstrarformum sem miði að auknum réttindum og ábyrgð starfsfólks á vinnustað og á rekstri fyrirtækja.

Um orkufrekan iðnað hefur þegar verið mikið rætt hér í sambandi við annað þingmál og spurninguna um fjármögnun í því sambandi. Þar hefur ríkisstj. sett fram ákveðna stefnu og ég tel að það, sem er lagt til í brtt., falli ekki að *þeim viðhorfum, sem samstaða geti tekist um,* og er því ekki meðmæltur því að þetta verði tekið inn í till. við framhaldsmeðferð málsins.

Í brtt. hv. þm. Sjálfstfl. eru viðaukatillögur varðandi nokkra liði og orðalagsbreytingar. Ég sé ekki ástæðu til að fara um þær mörgum orðum. Ég bendi á eitt atriði sem er í 7. lið brtt. varðandi nýbyggingargjald, þar sem segir að jafnframt verði nýbyggingargjald þegar í stað fellt niður. Það hefur þegar verið gert frá síðustu áramótum.

Það er vikið að aðstöðumálum iðnaðarins, eins og er í till. sjálfri, í þó nokkrum liðum í sambandi við leiðir að marki, en flm. brtt. vilja hafa það ítarlegra. Það er auðvitað alltaf matsatriði hversu langt skuli gengið í þeim efnum. En ég vek athygli á því, að nú er unnið á vegum stjórnvalda að ýmsu er varðar aðbúnaðarmál iðnaðarins. Sérstök starfsskilyrðanefnd er starfandi sem er að kanna stöðu atvinnuveganna með tilliti til rekstrarskilyrða af opinberri hálfu, og sú nefnd lítur m. a. á þætti sem hér er að vikið, svo sem um samræmingu í sambandi við skattlagningu á atvinnuvegi og aðgang að lánsfjármagni. Þetta er að sjálfsögðu mikilsvert atriði, að

þarna fáist fram eðlilegar leiðréttingar fyrr en seinna, svo að atvinnuvegirnir — og alveg sérstaklega þeir sem í samkeppni eiga — njóti sambærilegrar aðstöðu.

Önnur atriði, sem þarna er að vikið, eru meira um áherslur eða orðalag, þannig að ég sé ekki ástæðu til þess hér að víkja sérstaklega að því nema þá síðasta liðnum, þar sem sérstök áherðing er á aðstöðu fyrir einkarekstur og samtök einstaklinga í sambandi við iðnþróun. Er það í samræmi við það sjónarmið flm. brtt. að leggja sérstaka áherslu á einkarekstur og kemur vissulega ekkert á óvart sem sjónarmið frá Sjálfstfl. í sambandi við uppbyggingu atvinnulífs.

Í umræðum um þetta var nokkuð vikið að samkeppnisaðstöðu íslensks iðnaðar, og einn hv. ræðumaður, hv. 12. þm. Reykv., fjallaði allítarlega um það mál um leið og hann tók mjög jákvætt undir þessa till., eins og raunar aðrir sem um málið fjölluðu. En hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson vakti sérstaka athygli á stuðningsaðgerðum erlendis, í samkeppnislöndum okkar, við iðnað og iðngreinar. Ég tek undir það, að nauðsynlegt er að fylgjast með þeim málum eins og kostur er. Ég vil ekki leggja dóm á einstakar staðhæfingar í þessu efni. Þó hef ég orðið var við það, að í sumum löndum, sem höfðu byggt upp umtalsvert styrkjakerfi til að vernda iðngreinar sem stóðu höllum fæti, hafa menn frekar horfið frá slíkum aðgerðum, enda lenda menn í ógöngum ef stefna skal að því að viðhalda atvinnurekstri sem styrkja þarf með stórum fjárhæðum, sérstaklega ef þar er um að ræða undirstöðuatvinnuveg eins og iðnaður er víða í okkar grannlöndum, og iðnaðurinn eða sá grundvöllur, sem hann veitir, er m. a. notaður hér til að styrkja sjávarútveg, sem er okkar undirstöðuatvinnuvegur enn sem komið er og verður það eflaust um langa framtíð.

Ég varð t. d. var við það nýlega á ferð í Noregi, að Norðmenn hafa dregið verulega í land í sambandi við stuðningsaðgerðir gagnvart sínum iðnaði, a. m. k. eftir því sem stjórnvöld þar fullyrða, og fyrst og fremst stendur eftir stuðningur við skipaiðnaðinn þarlendis sem enn er allnokkur, en stefnt að því að hverfa í áföngum frá honum, enda hafa fyrirtæki í þeirri iðngrein fengið í vaxandi mæli önnur verkefni sem m. a. tengjast uppbyggingu olíuiðnaðarins þar. Þar hafa þau getað hagnýtt sér þróaðan málmiðnað og aðstöðu í skipasmíðaiðnaði til þess að ráðast í verkefni sem honum tengjast.

Ég held að það sé sérstök þörf á því, að við Íslendingar hugum að því í sambandi við iðnþróun hérlendis að byggja á þeirri viðspyrnu sem heimamarkaður getur gefið og þ. á m. frumvinnslugreinar og undirstöðuatvinnuvegir eins og sjávarútvegurinn, að hagnýta þá viðspyrnu, sem þar er að fá, þ. á m. í sambandi við okkar skipaiðnað, bæði varðandi viðgerðir og nýsmíði. Þar hefðum við mátt betur að hyggja á liðinni tíð til þess að ná þar þeirri fótfestu sem þessi verulegi markaður hefði getað gefið okkur ef við hefðum borið gæfu til þess að sigla dálítið jafnar í sambandi við uppbyggingu fiskveiðiflotans á liðnum áratugum. En um það er ekki að sakast. Við getum hins vegar dregið af þessu nokkra lærdóma og það varðar m. a. þróun sjávarútvegs okkar og tengingu hans við iðnað.

Ég vil líka taka mjög undir það sem hér hefur verið bent á, bæði í þessari umræðu og oft þegar iðnaðarmál hefur borið á góma, að við reynum eftir föngum að hagnýta okkur opinbera innkaupastefnu, innkaup opinberra aðila til þess að efla iðnþróun og styðja við innlend fyrirtæki, eftir því sem réttlætanlegt getur talist miðað við verð og samkeppnisstöðu þeirra gagnvart innflutningi.

Það hefur verið sagt með réttu, að iðnþróun og uppbygging iðnaðar verði ekki leyst með orðræðum á Alþingi einum saman, og ég tek fyllilega undir það, að aðgerða er þörf í sambandi við okkar iðnaðarmál. Það, sem hér er gert á hv. Alþingi, þarf fyrst og fremst að vera grunnur sem snýr að hinu opinbera, opinberum aðilum, að lagagerð og reglugerðaratriðum varðandi aðstöðu til iðnrekstrar. Síðan þarf framkvæmdavaldið að huga að því sem að því snýr. Þar reynir vissulega á okkar framkvæmdavald og íslenska ríkið í sambandi við meiri háttar verkefni í iðnaði. Alveg burt séð frá því, hvort menn aðhyllast einkarekstur eða önnur rekstrarform, liggur það nokkuð ljóst fyrir, að einkafjármagn er mjög takmarkað hér í landinu og menn þurfa að leggja saman, ef um stór verkefni er að ræða á sviði iðnaðar og iðnþróunar. Ég er hins vegar hlynntur því, að hlúð verði að almennum rekstri og fjölþættum rekstrarformum í sambandi við okkar iðnþróun, ekki síst varðandi hin minni verkefni, og tryggja þurfi að sá jarðvegur, sem iðnaðinum er búinn, veiti eðlilega aðhlynningu, eðlileg skilyrði til vaxtar iðnaðar sem flestir eru sammála um að þurfi að verða til þess að tryggja hér atvinnu og lífskjör í framtíðinni.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. ráðh. fyrir að hafa gert tilraun til að svara ýmsum fsp. sem komu fram í mínu máli þegar ég m. a. gerði grein fyrir brtt. sem birtast á þskj. 187. Um þetta mál urðu á sínum tíma, þ. e. talsvert fyrir jól, miklar umræður, og inn í þær umræður blandaðist álit hæstv. iðnrh. á stöðunni í stóriðjumálum sem hann vék ekki að núna sem eðlilegt er. Auk þess var fjallað um nokkur atriði sem snerta iðnaðinn og hann kaus ekki heldur að koma inn á í þessari síðustu ræðu sinni.

Það er alveg rétt sem kom fram hjá hæstv. ráðh., að nýbyggingargjaldið hefur verið fellt niður, og að það skuli vera í till. okkar á sér þá skýringu, að hún var komin fram löngu fyrir áramót, en nýbyggingargjaldið var ekki fellt út fyrr en stuttu fyrir jól.

Í 13. tölul. fyrri hluta efnahagsáætlunar ríkisstj., sem þjóðinni var boðuð á gamlársdag, segir svo, með leyfi forseta:

„Hraðað verði samanburði á starfsskilyrðum höfuðatvinnuveganna og þau samræmd. Tryggt verði að starfsskilyrði iðnaðar verði ekki lakari en annarra atvinnugreina," o. s. frv., en ég held ekki lengur áfram tilvitnun í þennan 13. tölulið.

Ýmsum kann að þykja, þegar þetta er lesið, að hér sé á ferðinni eitthvað nýtt, eitthvað sem hæstv. ríkisstj. ætlar að beita sér fyrir nú á því herrans ári 1981, eitthvað sem ekki hafi komið til mála að unnið væri að áður. Það má vel vera að svo sé. En eftir að hafa hlýtt á hæstv. ráðh. held ég að óhætt sé að skilja þennan 13. tölulið svo, að þar sé átt við störf þeirrar nefndar sem nú vinnur að þessari úttekt og hæstv. ríkisstj. hefur skipað til þess arna. Og sé það rétt til getið er fullkomin ástæða til að taka undir það sem kemur fram í efnahagsáætluninni, þar sem segir að þessu skuli hraðað. Ástæðan er einfaldlega sú, að hinn 30. mars á s. l. ári, aðeins rúmum mánuði eftir að núv. hæstv. ríkisstj. var mynduð, var samþykkt í hæstv. ríkisstj. till. sem flutt var þar af hæstv. iðnrh., þeim hinum

sama sem talaði hér áðan, um að sett yrði á stofn nefnd til að vinna að þessu máli. Í till. hæstv. iðnrh. kemur fram að *nefndin eigi að gera athugun á lækkun á sölugjöldum á* fjárfestingarvörum og hjálpartækjum með tilliti til jöfnunar og samkeppnisaðstöðu og aukinnar framleiðni svo og breytingu á stimpilgjöldum. Ýmislegt fleira kemur *fram í þessari till. sem bendir til þess að það hafi verið* ætlun flm., hæstv. iðnrh., að þetta starf væri unnið með tilliti til þess, að aðlögunargjald fyrir iðnaðinn yrði lagt niður við lok síðasta árs. Þess vegna segir skýrum stöfum í till. hæstv. iðnrh., sem hann gerði í ríkisstj. 30. mars, að ætlunin sé að nefndin skili áliti tiltölulega snemma, og með leyfi hæstv. forseta vil ég vitna orðrétt til þessarar tillögu. Þar segir:

„Skipuð verði nefnd til að vinna að þessu máli og verði við það miðað, að hún skili áliti fyrir 1. júlí n. k.“ — ég endurtek innan sviga (fyrir 1. júlí n. k. þýðir 1. júlí á s. l. ári) og hefst þá tilvitnun aftur: „Í nefndinni verði m. a. fulltrúar frá hagsmunasamtökum í viðkomandi atvinnuvegum.“

Það, sem gerðist næst í þessu máli, var ekki að þessi nefnd skilaði áliti 1. júlí — einfaldlega vegna þess að hún var ekki skipuð fyrr en 9. sept. Sá hraði var á þessu starfi hæstv. ríkisstj. að málinu, sem átti að hraða, málinu, sem átti að vera tilbúið til ríkisstj. 1. júlí, var hraðað með því offorsi að hinn 9. sept. var nefndin skipuð, sú nefnd sem maður getur ekki séð annað en hafi átt að skila tillögum um það, hvernig bregðast ætti við þegar aðlögunartímabilinu lyki.

Um þetta var gerð fsp. hér á hv. Alþingi fyrir jól til hæstv. forsrh., en hann skipaði þessa nefnd. Í svari hæstv. forsrh. kom fram að gert væri ráð fyrir því, að nefndin gæti skilað áliti innan tiltölulega skamms tíma. Áramótin komu, engin niðurstaða frá nefndinni. Og það sem er kannske sárgrætilegast af öllu saman, að þegar felld voru niður þau gjöld sem kalla mætti verndargjöld, þá efndi ríkisstj., í stað þess að lækka skatta, til nýrrar skattheimtu sem fræg hefur orðið að endemum hér á hv. Alþingi. Út í það ætla ég ekki fara, en það sýnir betur en flest annað hvar á vegi hæstv. ríkisstj. er stödd þegar fjallað er um málefni atvinnuveganna, að meiri áhersla er lögð á það að leggja gjöld á einstakar atvinnugreinar til þess að standa undir eyðslu ríkissjóðs heldur en að líta á þau gjöld sem tæki til þess að skapa skilyrði fyrir þróun atvinnugreinanna. Þetta er sú sorgarsaga sem blasir við þegar stefna og störf þessarar hæstv. ríkisstj. eru skoðuð.

Nú gætu einhverjir haldið að hæstv. ríkisstj. hefði breytt um stefnu, þegar þess er gætt, að í efnahagsaðgerðum ríkisstj. er það boðað að fresta skuli opinberum framkvæmdum til þess á ná tökum á efnahagsmálum þjóðarinnar. En sagan er öll önnur, því að í Ríkisútvarpinu sagði hæstv. fjmrh. á þá leið, að það væri alls ekki víst að nota ætti þessa heimild á þessu ári, en það kæmi samt sem áður til greina að hún yrði notuð, ef þörf krefði, á síðari hluta ársins. Sem sagt, forseti íslensku þjóðarinnar er látinn skrifa undir brbl. þess efnis, að brýna nauðsyn beri til að ríkisstj. fái heimild til þess hugsanlega og kannske að fresta opinberum framkvæmdum, ef þörf krefur, síðari hluta ársins. Svona kafli ætti að birtast í Íslenskri fyndni, ég segi ekki meira, ekki síst vegna þess að í fjárlögum — sem ég býst við að sumir meðlimir hæstv. ríkisstj. hafi lesið — er heimild fyrir hæstv. ríkisstj. og meira að segja fyrir ráðh. sjálfan til að skera ríkisútgjöld niður um 3 milljarða gamalla kr., og þá er talað um niðurskurð, en ekki frestun opinberra framkvæmda. *Ég leyfi mér, herra forseti, að minna á þetta* vegna þess að í þessum orðum felst m. a. lýsing á því, hver rauveruleg stefna hæstv. ríkisstj. er gagnvart atvinnuvegunum.

Mig langar samt af þessu tilefni — vegna þess að ég veit að hæstv. iðnrh. er velviljaður, a. m. k. í orði kveðnu, í garð iðnaðarins og ég veit að þar fylgir hugur máli — spyrja hann að því, hvort hann geti upplýst þingheim um *það, hvernig störfum þessarar ágætu nefndar hefur verið* farið að undanförnu og hvenær búast megi við að hún skili niðurstöðum. Ég tek það fram, að ég fagna þessum 13 tölulið í fyrri hluta efnahagsaðgerðanna eða áætlunarinnar, en mér finnst ástæða *til* þess að spyrja hæstv. ráðh. um þetta atriði.

Í lok ræðu minnar, sem ég flutti þegar ég gerði grein fyrir tillögum okkar þm. sjálfstæðismanna, minntist ég á nefnd sem send hafði verið til Spánar á s. l. ári til að taka þar þátt í ráðstefnu um stefnumótun í iðnaðarmálum næsta áratuginn á vegum Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu. Í lýsingu þessarar nefndar á því, sem fram fór á þeirri ráðstefnu, koma fram margvísleg atriði sem ég veit að íslensk stjórnvöld gætu lært heilmikið af. Þar kemur fram að almennt hafi menn á þessari ráðstefnu verið sammála um hver væru undirstöðuatriði jákvæðrar og árangursvænlegrar iðnaðarstefnu. Ég spurði hæstv. ráðh. að því, hvort hann hygðist gera þessi viðhorf að fyrirmynd að sinni stefnu, því að í þeim koma skýrt og greinilega fram sams konar viðhorf og koma fram í iðnaðarályktun Sjálfstfl. Þar er mikið lagt upp úr fríverslun og frjálsu framtaki. Og það er þess vegna sem mín spurning var fram komin. Til þess að koma í veg fyrir þann misskilning, að á ferðinni hafi verið eintómir harðlínusjálfstæðismenn, skal það tekið fram, að í þessari sendinefnd voru fulltrúi iðnrn., Jafet S. Ólafsson, framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs, Vilhjálmur Lúðvíksson aðstoðarmaður forsrh., Þórður Friðjónsson, og sá sem var aðstoðarmaður forsrh. þegar hann var iðnrh., Þorvarður Alfonsson, allt valinkunnir menn, ágætismenn, sem hafa glöggt auga fyrir stefnumótun í iðnaði, hafa gott skyn á hvaða atriði það eru sem skipta máli ef við ætlum að móta stefnu sem leiði til árangurs.

Hæstv. iðnrh. kemur í ræðustól á Alþingi og segir ekki eitt einasta orð af þessu tilefni. Ég þarf ekkert að biðja hann um að koma hér upp og svara þessu, en ég bið hann samt um að lesa þessa skýrslu vel og láta það, sem þar kemur fram, hafa áhrif á þá stefnumótun sem fram fer í iðnrn. Og ég vonast til þess, að þessi skýrsla sé ekki falin í neðstu röð, í ysta bunka á bak við hurðina í einhverju herbergi iðnrn. En ef svo er, þá ætti hæstv. ráðh. að gera gangskör að því að setja starfshóp í það að leita að skýrslunni.

Guðmundur G. Þórarinsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð sem innlegg í þær umræður sem hér fara fram nú.

Hæstv. iðnrh. fór nokkrum orðum um þær styrktaraðgerðir sem rætt hefur verið mikið um að undanförnu í nágrannalöndum okkar og mörgum helstu viðskiptalöndum. Hann taldi að þar væri fremur verið að draga úr þessum aðgerðum, enda væru þær ekki til góðs þegar til lengdar léti. Ég vil vona að það sé rétt mat hjá honum. Hann vitnaði sérstaklega til Noregs í sínu máli.

Einhvern veginn segir mér svo hugur um, að flestar þessar þjóðir feli þessar styrktaraðgerðir sem einhvers konar atvinnustyrkjandi aðgerðir, byggðastefnuaðgerðir, atvinnuleysisbætur eða eitthvað slíkt, og það kann að vera erfitt að finna þær. Það eru sérfróðir menn sem sérstaklega leita að leiðum til þess — ég vil segja: beinlínis að fela þessar aðgerðir.

Félag ísl. iðnrekenda hefur hvað eftir annað gert þetta mál að umræðuefni og bent á fjölmörg atriði í þessu sambandi. Sérstaklega hefur verið bent á að t. a. m. í Svíþjóð eru veittir sérstakir flutningastyrkir til iðnfyrirtækja sem geta numið 15—35% af flutningskostnaði vegna aðfanga og afurða. Þar eru auðvitað um mikinn styrk að ræða. Í Svíþjóð er líka um að ræða sérstaka gjald- og greiðsluþrotastyrki, styrki sem geta numið allt að 50% af launakostnaði fyrirtækja sem eru í miklum greiðsluerfiðleikum. Í Svíþjóð er líka til að greiddir eru sérstakir styrkir í vissum greinum, t. d. í vefjar- og fataiðnaði, vegna eldri starfsmanna sem hjá þessum fyrirtækjum vinna, og dæmi eru um að 25 kr. sænskar eru greiddar á vinnustund með fólki sem er eldra en 50 ára. Hámark mun þó vera á slíkum styrk að hann geti ekki numið nema um 15% af heildarlaunakostnaði fyrirtækja.

Í Noregi hafa verið greiddir ýmsir rekstrarstyrkir og þeir hafa verið veittir ýmsum greinum, eins og t. d. húsgagnaframleiðendum og vefjar- og fataiðnaði, þar með talin veiðarfæragerð. Þessir styrkir hafa mest verið í formi fastrar krónutölu á vinnustund í fyrirtækjum og hún hefur verið talin nema á bilinu 2.00—3.40 kr. norskar á vinnustund. Það er mat manna, að nú um þessar mundir sé þessi styrkur 2.55 kr. norskar á vinnustund. Í Noregi er ríkiseinokun á innflutningi veiðarfæra. Er þar um að ræða Norges fiskeredskabsimport, sem jafnframt hefur einmitt sérstaklega verið rætt dálítið í okkar þjóðfélagi undanfarið, að erfitt muni reynast fyrir Íslendinga að flytja út veiðarfæri vegna þessara aðstæðna í Noregi.

Í Finnlandi er jafnvel um að ræða nokkurs konar ríkisábyrgð á kostnaðarhækkunum eða svonefnt „K-garanti", þ. e. að áhætta eða óvissa vegna innlendra kostnaðarhækkana er tryggð fyrirtækjum. Þetta er hreint ekki lítils virði. Jafnframt kemur fram í Finnlandi það sem kallað er niðurgreiðsla á vöxtum til minni útflytjenda þar í landi.

Í Noregi hafa verið veitt vaxtalaus fjárfestingarlán í vefjar- og fataiðnaði. Fjárfestingarstyrkir eru veittir í mörgum löndum EBE og eru þá styrkir vegna byggðastefnu í rauninni undanskildir. Það er talið, að fjárfestingarstyrkir til iðnfyrirtækja geti numið 15% í Bretlandi eða allt 2000—6000 pundum á hvern starfsmann.

Hér hefur verið bent á ýmis atriði sem Félag ísl. iðnrekenda hefur tíundað og eru hvert út af fyrir sig glettilega alvarleg fyrir innlendan iðnað í okkar landi. Það er alveg ljóst, að veikur iðnaður okkar á í vök að verjast þegar fluttar eru inn iðnaðarvörur sem beinlínis eru á þennan hátt styrktar eða niðurgreiddar í þessum löndum, en fluttar jafnvel inn undir yfirskini fríverslunarsamnings um að engir tollar skuli vera. Ég ítreka það enn, að í þessu sambandi hvílir mikil ábyrgð á íslenskum stjórnvöldum. Atvinnuleysi í löndunum í kringum okkur er gífurlegt og geigvænlegt og við þurfum mikillar varúðar að gæta svo að það breiðist ekki út til okkar líka. Auðvitað er það vísasta leiðin til þess að drepa veikan iðnað ef slíkir styrkir eru beinlínis fluttir hér inn eða þessar þjóðir flytja út atvinnuleysi sitt á þennan hátt hingað til okkar. Ég vil sérstaklega benda á þetta í þessum umræðum. Hins vegar geri ég mér fyllilega grein fyrir að hæstv. iðnrh. er öllum hnútum kunnugur í þessu sambandi, og ég treysti honum til að taka fast á þessu máli. Ég þykist vita að viðskrh. sé að vinna í þessu máli núna, og ég vænti þess, að innan tíðar komi nokkur úrslit í því.

Ég hef áður sagt það hér á þinginu, að innan Efnahagsbandalagsins mun starfa sérstök deild sem hefur það verkefni að fylgjast með niðurgreiðslum og undirboðum þannig að fríverslunarsamningur innan bandalagsins sé virkur. Slík deild bendir þá öðrum ríkjum á það, að þau verði að leggja á nokkurs konar jöfnunartolla til þess að verja sinn iðnað og koma í veg fyrir á þennan hátt — ég vil segja: óréttmæta viðskiptahætti. Þetta er geysilega mikið mál og mér segir svo hugur um að óhjákvæmilegt sé fyrir okkur Íslendinga að beita sérstökum jöfnunartollum einmitt á þær iðngreinar sem þannig eru fluttar hér inn. Og ég held að við eigum að koma þeim á fyrr en síðar. Ég vil sérstaklega ítreka í þessu sambandi þá þætti í þessari þáltill. sem lúta að samkeppnisaðstöðu innlends iðnaðar. Það er afar brýnt að þau mál séu tekin föstum tökum og samkeppnisaðstaðan, jafnréttisaðstaða innlends iðnaðar, sé tryggð. Á því má í rauninni ekki verða nein bið.

Ég gerði ítarlega grein fyrir mínum viðhorfum til þessarar að mörgu leyti ágætu þáltill., sem iðnrh. hefur látið vinna, í fyrri umr. hér á þinginu um þetta mál. En í framhaldi af þessu langar mig sérstaklega að bera fram eina fsp. til hæstv. iðnrh. og hún er þessi: Hvað líður því atriði, sem þarna er minnst á í þáltill. og reyndar er líka í okkar stjórnarsáttmála, sem er opinber innkaupastefna? Þar er stefna sem menn eru sammála um að innleiða: að kaupa innlendar iðnaðarvörur, að opinberir aðilar kaupi innlendar iðnaðarvörur, séu þær samkeppnisfærar að verði og gæðum, þá séu þær látnar ganga fyrir.

Ég fæ ekki séð að það sé ástæða til að halda um þetta mál langar ræður á Alþingi eða skrifa um það langar greinar eða flytja um það margar tillögur. Þetta er mál sem við eigum hreinlega að ganga frá. Þetta er mjög mikilvægt mál og það er brýnt að koma því í framkvæmd. Mig langar að heyra frá hæstv. iðnrh. hvað því máli líður.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég vil mjög eindregið taka undir aðvörunarorð síðasta ræðumanns, hv. þm. Guðmundar G. Þórarinssonar, 12. þm. Reykv., varðandi nauðsyn þess, að íslensk stjórnvöld fylgist mjög náið með þeim aðgerðum sem stjórnvöld í öðrum löndum, viðskiptalöndum okkar, hafa beitt til stuðnings atvinnuvegum í löndum sínum! Slíkar stuðningsaðgerðir: styrkir, millifærslur, uppbætur, eru auðvitað, að ég tali ekki um verndartolla skýrt brot á fríverslunarsamningum þeim sem við Íslendingar og okkar viðskiptaþjóðir eru aðilar að, hvort heldur um er að ræða lönd innan Efnahagsbandalags Evrópu eða Fríverslunarbandalagsins, EFTA.

Fyrir forgöngu Félags ísl. iðnrekenda og einkum formanns þess, Davíðs Scheving Thorsteinsson, hafa verið gerðar ráðstafanir til þess að EFTA safnaði skýrslum um slíkar stuðningsaðgerðir í EFTA-löndum. Og þótt þar séu ekki öll kurl til grafar komin, þá er ljóst að um slíkar stuðningsaðgerðir: styrki, uppbætur og annað því um líkt, er að ræða sem tálma frjálsri verslun og hag-

kvæmustu verkaskiptingu þjóða á milli. Ég vil því mjög eindregið leggja áherslu á að íslensk stjórnvöld taki virkan þátt í því, ásamt með frjálsum félagssamtökum eins og Félagi ísl. iðnrekenda, að koma í veg fyrir að viðskiptaþjóðir okkar beiti slíkum aðgerðum. Það er því nauðsynlegra sem við Íslendingar höfum talið okkur skylt að taka tillit til viðskiptalanda okkar í okkar aðgerður. Nefni ég þar aðeins mál eins og aðlögunargjaldið sem fellt var niður um síðustu áramót einmitt vegna þess að önnur lönd innan EFTA-samtakanna mótmæltu að það yrði áfram í gildi eftir því sem okkur var tjáð. Því höfum við þá einu leið færa að beita áhrifum okkar innan þessara fríverslunarsamtaka til þess að önnur lönd beiti ekki óréttmætum aðferðum til að koma í veg fyrir að markaður fáist fyrir iðnaðarvörur okkar. Þetta er höfuðskilyrði þess að um heilbrigða iðnþróun geti verið að ræða hér á landi, sem ég býst við að við séum sammála um að brýna nauðsyn beri til ef tryggja á atvinnuöryggi landsmanna.

En svo nauðsynlegt sem þetta er og sjálfsagt hvað snertir iðnþróun, þá er ekki síður nauðsynlegt að ekki sé beitt slíkum óréttmætum viðskiptaháttum í öðrum viðskiptalöndum okkar gagnvart t. d. sjávarútvegi. En á því bryddir óneitanlega t. d. í Noregi, þar sem fiskveiðar og fiskvinnsla njóta mjög víðtækra stuðningsaðgerða stjórnvalda, að vísu þar í skjóli svokallaðrar byggðastefnu. En áhrif þessara aðgerða gagnvart okkar sjávarútvegi eru hin sömu þótt sú afsökun sé viðhöfð af Norðmanna hálfu.

Ég gladdist sem sagt yfir því, að hæstv. iðnrh. taldi að viðskiptalönd okkar sæju nú berlega að styrkir, uppbætur, millifærslur og annað gervikerfi í iðnaði þeirra væri ekki vænlegt til að leysa vandamálin eða treysta atvinnu eða atvinnuvegi í viðskiptalöndum okkar hvað iðnaðinn snertir. En því athyglisverðara er að hæstv. iðnrh. skuli ekki draga þá eðlilegu ályktun af því, ef þessar aðgerðir duga ekki í iðnaði viðskiptalanda okkar til að tryggja atvinnuuppbyggingu þar, að útilokað er að slíkt kerfi sé tekið upp í aðalatvinnuvegi okkar Íslendinga, sjávarútveginum. En birt hefur verið efnahagsáætlun ríkisstj. það sem einmitt er farið inn á þessa braut, braut millifærslu, styrkja og uppbótakerfis hvað snertir höfuðatvinnuveg okkar, sjávarútveginn. Það er hugsanlegt að unnt sé að beita þessum aðferðum tímabundið við atvinnuvegi okkar aðra en sjávarútveginn, sem hafa minna gildi í heildinni en hann. En það er algerlega útilokað að ætla sér að byggja sjávarútveginn sem aðalatvinnuveg landsmanna á slíku styrkja-, uppbóta- og millifærslukerfi. Ég vil þess vegna benda hæstv. iðnrh. — og raunar öðrum viðstöddum ráðh. — á það að taka til greina reynslu nágrannalanda okkar, þá reynslu sem hæstv. iðnrh. greindi svo skilmerkilega frá og kvaðst vera í raun og veru sammála ráðamönnum nágrannalanda okkar um, að millfærslur dygðu ekki til atvinnuuppbyggingar. Úr því að svo er, þá er það aðvörun til íslenskra ráðamanna um að fara ekki inn á þá sömu braut, hvort heldur snertir aðalatvinnuveg okkar eða aðra atvinnuvegi sem eru vaxtarbroddar atvinnuuppbyggingar í landinu, eins og iðnaðurinn hlýtur að vera.

Þá vildi ég, áður en ég lýk máli mínu, aðeins taka það fram, að hæstv. iðnrh. sagði að það væri ekki líklegt að einkaframtak fengi miklu áorkað vegna þess að hér væri ekki um fjárráð einstaklinga að ræða sem væru nægileg til þess að standa að því átaki sem nauðsynlegt væri í iðnaðaruppbyggingu. Það má til sanns vegar færa, þessi orð hæstv. iðnrh. En það er auðvelt að bæta úr þessu með því að draga úr skattheimtu á einstaklinga og atvinnufyrirtæki. Það er ekki að ófyrirsynju að núv. ríkisstj. hefur farið þveröfuga leið. Hún hefur farið leið aukinnar skattheimtu, þannig að nú er erfiðara að safna fjármagni til iðnaðaruppbyggingar á Íslandi en oftast áður. Og þarna skilur á milli stefnu Sjálfstfl. annars vegar og stefnu Alþb. hins vegar. Alþb. hefur það á stefnuskrá sinni að atvinnurekstur sé í raun best kominn í höndum hins opinbera. Afleiðingin er sú, að Alþb. skattleggur atvinnuvegina, atvinnufyrirtæki og einstaklinga, svo að einstaklingar hafa engin fjárráð og atvinnufyrirtækin takmörkuð fjárráð — ef nokkur — til uppbyggingar og framtíðarþróunar. Hér er um ranga stefnu að ræða skv. skoðun okkar sjálfstæðismanna. Við teljum að heilbrigð iðnþróun verði ekki hér á landi nema ríkisvaldið virði rétt einstaklinga og atvinnufyrirtækja til fjámagnsmyndunar er sé uppstaða atvinnuuppbyggingarinnar.

Það er hægt að semja tiltölulega fagrar áætlanir við skrifborð í stjórnarráði. En ég hygg að þar verði ekki um frumlega hluti að ræða, ekki það framtak og ekki það hugvit sem býr meðal dreifðra einstaklinga sem lifa og starfa við mismunandi skilyrði í þjóðfélaginu. Vaxtarbroddurinn hlýtur að vera þar, hjá einstaklingunum sjálfum, og reynslan hefur raunar kennt okkur þessi sannindi fyrir löngu.

Ég tel ekki ástæðu að lengja þessar umræður að sinni, en ítreka og endurtek það, að ég vona að sá lærdómur, sem hæsv. iðnrh. dró af reynslu Norðmanna í nýlegri ferð sinni til Noregs, og sá lærdómur, sem hann hefur dregið af reynslu annarra viðskiptalanda okkar, eins og t. d. Svíþjóðar, af styrktar-, uppbóta- og millifærslukerfi, verði honum víti til varnaðar svo að ekki verði nú hér á landi lagt inn á slíka braut hvað snertir sjávarútveg eða aðra atvinnuvegi landsmanna, eins og iðnað. Það væri banahögg á iðnþróun og atvinnuþróun á Íslandi.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég sé ástæðu til að fara örfáum orðum um aths. og fsp. sem til mín var beint af hv. ræðumönnum sem hér hafa talað á eftir mér í umr.

Hv. 1. þm. Reykv. beindi að vísu engum sérstökum fsp. til mín, en ég vil aðeins segja það í sambandi við orð hans, sem vörðuðu millifærsluaðgerðir í sambandi við atvinnuvegina, að ég hygg við getum verið sammála um það, að gæta beri varúðar í sambandi við slíkar aðgerðir, þó að þær við vissar kringumstæður geti verið réttlætanlegar til að ná fram tímabundnum markmiðum sem nauðsynleg geta talist, eins og ríkisstj. hefur talið vera nú í þeirri sóknaraðgerð gegn verðbólgu sem hún beitir sér fyrir. En ég er þeirrar skoðunar, að miðað við það að við höldum þeim búskaparháttum, sem innleiddir hafa verið hér um skeið, með opið hagkerfi og samkeppni innan þeirra fríverslunarsamtaka sem við eigum aðild að, þá þurfum við að gæta þess að byggja okkar atvinnurekstur upp þannig að hann sé samkeppnishæfur og þurfi ekki á að halda til langframa styrkjum eða stuðningsaðgerðum af opinberri hálfu, því að það er mjög hætt við því, að menn lendi þá fljótt á villigötum og út í dæmi sem erfitt er að gera upp nema því fylgi í reynd lífskjaraskerðing, horft til lengri tíma. Og þetta er alveg sérstaklega þýðingarmikið í sambandi við þann tiltölulega

flókna atvinnurekstur sem iðnaður er og að baki iðnþróun þarf að búa.

Hv. 12. þm. Reykv. vék enn að styrktar- og stuðningsaðgerðum og hvatti til þess, að við fylgdumst með þeim. Ég er honum sammála um nauðsyn þess. En við skulum ekki gera lítið úr þeim miklu erfiðleikum sem eru á því fyrir okkur að grípa þar til mótaðgerða í formi jöfnunartolla, sem eru býsna sértækar aðgerðir og á þeim, sem þeim beitir, hvílir sönnunarbyrði. Til marks um það, hvað það virðist erfitt að beita þessum jöfnunartollum, sem svo eru kallaðir, er að ekkert EFTA-landa mun hafa gripið til þeirra. Hins vegar hefur Efnahagsbandalagið gert það, sérstaklega varðandi innflutning frá löndum þriðja heimsins, sem svo eru kölluð, eða frá þróunarríkjunum. Ég hygg að slík beiting jöfnunartolla orki út af fyrir sig tvímælis eins og styrktaraðgerðir þegar litið er til samkeppni við iðnvarning frá þróunarríkjunum. Það má segja að það sé ákveðin varnaraðgerð hinna iðnvæddu ríkja gegn þeim, og í því felst í rauninni heldur neikvæð afstaða þegar horft er til möguleika þessara landa til að vera þátttakendur í sókn til bættra lífskjara og ná fótfestu á mörkuðum þróaðra iðnríkja. Það, sem í gangi er í víðu samhengi í heiminum nú, er afar flókið samspil þar sem um sókn nýrra ríkja, fyrrv. nýlendna iðnvæddra ríkja, er að ræða, sem þrengja að aðstæðum hefðbundins atvinnurekstrar í iðnaði þróaðra landa. Við, sem viljum að allir eða sem flestir á jarðarkringlunni geti notið gæða svipað og gerist í okkar heimshluta, hljótum út af fyrir sig fremur að fagna því, að um slíka þróun er að ræða, og ef við ætlum að einangra okkur frá viðskiptum við þessi lönd, þá erum við í rauninni að vinna gegn möguleikum þeirra til lífsbjargar og betri lífskjara.

Út í þá sálma ætla ég ekki að fara hér, þó að áhugavert sé, en vil þó aðeins tengja það því sem fram kom hjá hv. 10. þm. Reykv. þar sem hann vitnaði til ráðstefnu um iðnþróun sem haldin var í Madrid á s. l. vori, og hann kom raunar að henni í framsöguræðu sinni fyrr í þessari umr. Þar var einmitt til umræðu þetta víða samhengi í sambandi við iðnþróun, litið til heimsins alls og þeirrar nauðsynjar sem það er, að iðnvædd ríki veiti vanþróuðum ríkjum svigrúm til þróunar með iðnaðaruppbyggingu og bregðist ekki á neikvæðan hátt við þeirri þróun sem þar er í gangi. Hv. þm. virtist túlka álit þessarar ráðstefnu í Madrid, sem ég hef kynnt mér, með þeim hætti að það væri einhliða stuðningur við markaðshyggju eða markaðsbúskap, ef ég hef skilið hann rétt. Það má til sanns vegar færa, að ýmislegt í þeirri álitsgerð er stuðningur við markaðsbúskap og það sem honum tengist, en þó eru þar slegnir verulegir varnaglar, að slíkir viðskiptahættir séu engan veginn einhlítir og að ekki beri að fordæma aðgerðir af hálfu stjórnvalda til þess að grípa inn í þróunarsamhengi og stýra með vissum hætti þróuninni, ákveðið skipulag sé þar nauðsynlegt. Á þessari ráðstefnu tókst með vissum hætti nokkur málamiðlun á milli ólíkra sjónarmiða, og það var langt frá því að þau frumskógarlögmál, sem ýmsir boðberar óhefts markaðsbúskapar boða, menn eins og Milton Friedman, svo að nefndur sé kannske einn þekktasti boðberi þeirrar stefnu, — þau sjónarmið voru sem sagt alls ekki einhliða ráðandi á þessari ráðstefnu. Ég tel að það sé full ástæða til þess fyrir menn að kynna sér þau álit og sjónarmið, sem þarna komu fram.

Ég er ekki þeirrar skoðunar, að efnahagsvandi verði leystur með einhverjum einhliða töfrabrögðum. Ég er ekki boðberi ríkisrekstrar sem einhvers töfraráðs út úr öllum vanda. Ég tel þvert á móti að það þurfi að hyggja að dreifðum rekstrarformum og hvetja að sem mestu frumkvæði þess fólks, sem vinnur í atvinnurekstri, til að hafa þar áhrif og koma að sínum sjónarmiðum, m. a. til þess að uppbygging atvinnulífsins sé með mennskum hætti og þess sé gætt að varast rekstur sem einna best hefur verið lýst í kvikmynd Chaplins, Nútímanum, þar sem menn eru tengdir við færibandið til þess að ná sem mestum afköstum.

Hv. 10. þm. Reykv. vék að störfum starfsskilyrðanefndar sem varð til í framhaldi af till. sem ég flutti í ríkisstj. í marsmánuði s. l. Sú nefnd komst á laggirnar seinna en ég hafði kosið, en það var til athugunar með hvaða hætti hún skyldi starfa og hvernig hún yrði saman sett. Það varð t. d. að niðurstöðu að rn. tilnefndi menn í nefndina, og ég minnist þess, að að því var fundið að ekki skyldi af hálfu iðnrn. vera tekinn aðili frá samtökum iðnaðarins inn í þá nefnd, en fulltrúi, sem ég tilnefndi í nefndina, var Ingi R. Helgason hrl. En ég get upplýst það, að hann hefur skipulagt samstarf við talsmenn úr röðum samtaka iðnaðarins í sambandi við málsmeðferð þannig að ákveðin tengsl eru þar tryggð. Og í efnahagsáætlun ríkisstj. er, eins og hv. þm. vék að, lögð áhersla á að hraða þeim verkefnum sem iðnaðinn varða og þessari nefnd hefur verið ætlað að sinna, og ég veit að boðum hefur verið komið til hennar þar að lútandi. Formaður þessarar nefndar var tilnefndur af forsrh. og hún starfar á vegum forsrn., svo að ég hef ekki hér í smáatriðum yfirlit yfir störf hennar, en veit að þar hafa verið dregnar saman margháttaðar upplýsingar. Það hafa verið haldnir margir fundir og þessi nefnd er sem sagt að störfum og ég vænti þess, að það líði ekki á löngu þar til nokkuð spretti upp af hennar verkefni, ekki síst að því er varðar aðstöðumál iðnaðarins.

Það var hér minnst á sölugjöld eða aðflutningsgjöld varðandi iðnaðinn. Það hefur eflaust ekki farið fram hjá hv. þm., að stigið var allstórt spor um síðustu áramót þar sem felld voru niður aðflutningsgjöld á mjög mörgum aðföngum samkeppnisiðnaðar okkar sem höfðu borið slík gjöld. Það má eflaust segja með réttu, að ekki hafi verið um endanlegt uppgjör að ræða, enda er það svo, að þessi mál þarfnast stöðugrar athugunar, og það eru mörg markatilfelli sem erfitt er að skera úr með fullnægjandi hætti. Og hér er vissulega um tekjuöflun að ræða gagnvart ríkissjóði, þannig að það er ofur eðlilegt að fjmrn. horfi á hvað það lætur úr aski hans í þessu samhengi. En þarna var sem sagt tekið betur á í þessum efnum en gert hefur verið um langt skeið, og það hefur verið metið að það afnám aðflutningsgjalda, sem fallist var á með sérstakri auglýsingu frá fjmrn. sem tók gildi 2. jan. s. l., svari til tekjumissis ríkissjóðs sem nemi 1500 millj. gamalla kr. eða svo, 15 millj. nýkr. yfir árið, svo að þarna á að vera um allumtalsverðar hagsbætur að ræða. En eftir standa ýmis atriði sem verða til meðferðar, og að því er vikið í efnahagsáætlun ríkisstj. að áfram verði tekið til skoðunar varðandi alla atvinnuvegi það sem segir í 10. lið í viðbótargreinum efnahagsáætlunar, með leyfi hæstv. forseta:

„Tollheimta af tækjum til atvinnureksturs verði endurskoðuð með það fyrir augum að auka möguleika á framleiðniaukningu í þessum greinum."

Þarna eru að mínu mati ekki síst þættir sem snerta tölvubúnað og það sem varðar nýtingu á tölvum í

sambandi við atvinnureksturinn, — atriði sem geta örvað verulega framleiðni í atvinnuvegunum ef rétt er að staðið. Við þurfum hins vegar í þessu samhengi að hafa auga á fyrirætlunum um framleiðslu á slíkum búnaði hérlendis sem á að vera unnt að koma á í vissum greinum a. m. k. *En þessi mál verða, eins og ég greindi frá, til* frekari meðferðar á næstunni. Ég geri ráð fyrir að iðnrekendur og þeir, sem í iðnaði starfa, verði seint út af fyrir sig ánægðir með þessi efni, það verði stöðugt knúið á um endurskoðun, enda breytast viðhorfin og mat manna á því frá ári til árs hvað séu samkeppnisgreinar. Ég held að ég hafi nefnt hér fyrr í umr. dæmi um það, að sumir vilja líta svo á að okkar byggingariðnaður sé orðinn samkeppnisgrein vegna þess að flutt séu inn hús til landsins og þess vegna þurfi að létta gjöldum af öllum tækjum og aðföngum í okkar byggingariðnaði. Það er sjónarmið út af fyrir sig. En þetta er dæmi um jaðartilvik þar sem iðngrein, sem við höfum talið hafa staðarvernd, er farin að bera fram kröfur um að teljast til samkeppnisiðnaðar.

Ég vil aðeins víkja að aðlögunargjaldinu sem nokkuð hefur komið inn í þessa umr. Það var sett á á miðju ári 1979, en féll niður um síðustu áramót. Í lögum um jöfnunargjald er heimild varðandi aðlögunargjaldið, hækkun á jöfnunargjaldi, aðlögunargjaldi eða ígildi þess, eins og það mun vera orðað, og þetta aðlögunargjald var m. a. sett á með tilvísun til þeirra verndaraðgerða sem við vitum að tíðkaðar hafa verið í grannlöndum okkar. Ég er þeirrar skoðunar og hef verið þeirrar skoðunar, að við hefðum þurft að viðhalda þessu gjaldi enn um skeið á meðan verið væri að ná upp betri stöðu í einstökum greinum og afla um leið tekna til að standa fyrir nauðsynlegum þróunaraðgerðum. Þessi mál eru nú til athugunar á vegum ríkisstj. og ég vil út af fyrir sig ekki fullyrða neitt hvað út úr þeirri athugun kemur. En ég vænti þess, að það verði jákvætt og að við getum haldið slíkum gjaldstofni við til verndar okkar iðnaði enn um sinn, en mín hugmynd var sú, að við stigjum út úr þessu í tveimur áföngum, *á þessu ári og hinu næsta.*

Hv. 12. þm. Reykv. spurðist sérstaklega fyrir um hvað liði aðgerðum varðandi opinber innkaup á vegum stjórnvalda. Það mál hefur verið til meðferðar um nokkurra ára skeið og ég skil það út af fyrir sig vel, að menn vilji fara að sjá markvissar aðgerðir í þessu samhengi. Það hafa þrjú rn. komið að þessu máli að undanförnu, fjmrn. og viðskrn. fyrir utan iðnrn. Viðskrn. snertir þetta að svo miklu leyti sem það getur varðað samninga okkar, fríverslunarsamningana, og þarf að hafa auga á því að því leyti. *Það hefur verið fjallað um þessi mál m. a. í Sam*starfsnefnd um iðnþróun og þar er það enn til meðferðar. Þar liggja fyrir tillögur og hugmyndir sem er verið að meta hvernig best verði staðið að skipulegum aðgerðum til þess að beina viðskiptum okkar að innlendum iðnaði að svo miklu leyti sem opinberir aðilar geta haft þar áhrif á.

Eitt atriði, sem er til athugunar í þessu sambandi, er að koma upp eins konar upplýsingaráði iðnaðarins, stofnun eða ráði þar sem væru fulltrúar frá opinberum aðilum og *iðnaðinum og hefði það hlutverk að miðla með* skipulegum hætti upplýsingum til framleiðsluiðnaðar okkar um verkefni sem í vændum væru, — upplýsingum um það, hvaða markaður væri þarna á ferðinni, og það helst vel fram í tímann, þannig að okkar iðnaður geti með skipulegum hætti búið sig undir að taka þátt í tilboðsgerð og öðru sem varðar möguleika til þess að hagnýta sér þennan heimamarkað. Slíkt ráð hefur verið sett upp nýlega, eða frá 1. ágúst s. l., *í Danmörku og ég veit að* menn binda þó nokkrar vonir við starfsemi þess þar í landi.

Annað atriði, sem er til athugunar, en menn greinir nokkuð á um hvort réttmætt sé, er spurningin um að lögbjóða einhverjar reglur um þessi efni, t. d. varðandi verðmun eða önnur atriði sem mættu koma til álita í sambandi við viðskiptalegt mat á slíkum innkaupum. Þar geta skapast árekstrar við fríverslunarsjónarmið sem þarf að gefa gætur. Ég held að það verði erfitt að kveða með ákveðnum hætti á um að einhver ein tiltekin prósenta megi t. d. gilda, það þurfi að vera nokkur sveigjanleiki í slíku mati þegar um er að ræða samanburð *á verði. En hitt er ótvírætt, að út frá þjóðhagslegum* sjónarmiðum getur það fyllilega verið réttlætanlegt, svo að ekki sé meira sagt, að skipta við innlenda aðila og kaupa innlendan varning þó að hann sé þó nokkru dýrari en innflutt vara, þegar allir þættir eru teknir inn í myndina sem varða þjóðhagslega útkomu.

Herra forseti. Það mætti margt segja fleira um þessi efni. Eins og fram hefur komið hefur ríkisstj. vikið að nokkrum atriðum, sem varða iðnaðinn, í sinni efnahagsáætlun. Auk þess sem hér hefur verið minnst á eru *það lánamál iðnaðarins og aðgangur iðnaðarins að* rekstrarfjármagni. Þau mál hafa verið tekin upp nýlega við Seðlabankann og eru til athugunar milli iðnrn. og Seðlabankans þeir þættir sem að er vikið í seinni hluta 13. gr. yfirlits um efnahagsaðgerðir frá síðustu áramótum, þar sem gert er ráð fyrir að hlutdeild iðnfyrirtækja í rekstrar- og afurðalánum Seðlabankans verði aukin til samræmis við hliðstæð lán til annarra atvinnuvega, og jafnframt verði endurskoðaðar reglur varðandi veðhæfni á aðföngum og framleiðslubirgðum iðnfyrirtækja. Þessi mál skipta iðnfyrirtæki miklu, að sitja þarna við sama borð. Það veldur ýmsum fyrirtækjum verulegum erfiðleikum, m. a. þeim sem eru að *glíma við ný verkefni*, þegar gerðar eru kröfur um fasteignaveð eða slíkt til þess að fá lán út á birgðahald eða framleiðsluvörur.

Sú till. sem hér hefur verið rædd og er enn til umr., um iðnaðarstefnu, leysir vissulega ekki sem slík vanda okkar iðnaðar, en hún á að vera leiðbeinandi fyrir stjórnvöld um þá þætti sérstaklega sem geta verið á þeirra valdi til þess að greiða fyrir æskilegum og eðlilegum vaxtarskilyrðum iðnaðar í landinu. Og sú vinna, sem þegar hefur verið lögð í þetta mál, og þær umr., *sem þróast hafa í kringum þessa tillögugerð*, hafa þegar leitt til jákvæðs árangurs að mínu mati. Þær hafa reynst leiðbeinandi í ýmsum skrefum sem stigin hafa verið af stjórnvöldum. Síðan þarf að vinna hnitmiðað að því að hrinda í framkvæmd þeim áformum sem dregin eru upp og sett eru fram markmið um í þessari tillögugerð. Að því er sumpart þegar unnið, en á öðru þarf að taka sem fyrst.

Ég vænti þess, að þessi till. fái greiða og jákvæða afgreiðslu í hv. n. sem fær hana til meðferðar, atvmn. Sþ., *að lokinni þessari umr. og verði síðan vegvísandi* eftir að Alþingi væntanlega hefur tekið afstöðu til hennar og samþykkt hana fyrir lok þessa þings.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Fjarskiptaþjónusta á Gufuskálum, þáltill. (þskj. 68). — Ein umr.

Flm. (Skúli Alexandersson): Herra forseti. Á þskj. 68 flytjum við, ég og hv. 1. landsk. þm., Pétur Sigurðsson, svohljóðandi þáltill.:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að beita sér fyrir því, að Landssími Íslands komi upp og starfræki strandstöð á Gufuskálum eða á öðrum stað á Snæfellsnesi, sem tryggi alhliða fjarskiptaþjónustu fyrir hafsvæðið frá sunnanverðum Vestfjörðum um djúpmið Breiðafjarðar suður fyrir Snæfellsnes."

Í des. s. l. var málefni þessarar till. til umr. hér í Sþ. vegna fsp. hv. 1. þm. Vestf. til sjútvrh. um hvað liði framkvæmd laga um tilkynningarskyldu íslenskra fiskiskipa. Upplýsingar Landssímans, sem fram komu í svari hæstv. sjútvrh. við nefndri fsp., voru ekki á þann veg, því miður, að samþykkt þessarar till. sé ekki nú jafnnauðsynleg og við töldum vera fyrir tæpu ári er við lögðum hana fyrst fram hér á hv. Alþingi.

Í maí 1968 voru sett lög um tilkynningarskyldum íslenskra skipa og reglugerð um framkvæmd þeirra laga. Þau lög, sem gilda um tilkynningarskylduna nú eru 9 árum yngri eða frá því í maí 1977. Í þeim lögum segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „skipum á þeim hafsvæðum hér við land, sem búa við mjög slæm móttökuskilyrði, verði bætt aðstaðan með uppsetningu nýrra strandstöðva."

Þótt nú séu liðin senn 13 ár frá fyrstu lagasetningu um tilkynningarskyldu íslenskra fiskiskipa eru enn hafsvæði við landið þar sem erfitt reynist að sinna þessari skyldu og þó sérstaklega á þeirri tíðni sem nú er talið æskilegt að nota, þ. e. VHF eða metrabylgjunni svokölluðu. Það verður jafnan fyrst fyrir að ræða þennan þátt öryggisþjónustunnar þegar fjarskiptaþjónusta Landssímans er rædd. Það er þó alls ekki til þess að gera lítið úr þeirri miklu og góðu þjónustu sem veitt er af hendi Landssímans með fjarskiptum til skipa við strendur landsins. Fjarskiptasamband milli skipa og frá skipum til strandstöðva er einn aðalþátturinn við það að gæta öryggis sæfarenda. Með fjarskiptum er einnig haldið uppi sambandi milli ættingja og vina, útgerðar- og viðskiptamanna í landi og þeirra sem á sjónum eru.

Þessi starfsemi byggist á því, að strandstöðvar Landssímans hafi móttöku og svörunarhæfni á öllu hafsvæðinu við landið. En svo er ekki enn. Sérstaklega á þetta við um metrabylgjukerfið, sem ég nefndi áðan, en sífellt fleiri skip hafa tekið upp viðskipti á þeirri bylgju í stað millibylgju. Forráðamenn slysavarna telja þetta rétta þróun og að stefna beri að því, að skip og bátar, sem eru hér við landið, noti metrabylgjukerfið í stað millibylgjunnar. Þau svæði, sem hafa ekkert eða lélegt metrabylgjusamband, eru Húnaflói, hafsvæðið milli Nes- og Hornafjarðarradíós, Norðurland vestra frá Almenningi að Horni, þ. e. Skagafjörður og Húnaflói, svo og djúpmið Breiðafjarðar og sunnanverðir Vestfirðir. Um svæðið frá sunnanverðum Vestfjörðum um djúpmið Breiðafjarðar er það að segja, að móttökuskilyrðin eru það vond að hin lögbundna tilkynningarskylda hefur meira og minna fallið niður. Loðnunefnd hefur gengið illa að hafa samband við sín viðskipta- og veiðiskip á þessu svæði. Þetta svæði er ein fjölfarnasta skipaleið og veiðisvæði við strendur Íslands. Það verður varla við það unað, að skip á þessu svæði geti ekki — með þeirri fjarskiptatækni sem nú er best talin hæfa — sinnt lagalegri tilkynningarskyldu sinni né heldur haft eðlilegt þjónustusamband við land. Uppsetning og rekstur strandstöðva Landssímans fyrir þetta svæði er því öryggismál sem eðlis málsins vegna þarf ekki að fjölyrða um.

Á Gufuskálum á Snæfellsnesi hefur Landssími Íslands yfir að ráða aðstöðu sem gerir auðvelt að koma upp slíkri strandstöð nú þegar. Þar er fyrir hendi íbúðarhúsnæði fyrir starfsmenn og aðrar aðstæður ættu að gera auðvelt að starfrækja þar strandstöð, m. a. rafmagnsframleiðsla með vélum sem tryggir starfsemi óháða rafmagni fluttu eftir óöruggum flutningslínum.

Í umr. þeim, sem ég minntist á áðan, um fsp. hv. 1. þm. Vestf., Matthíasar Bjarnasonar, kom fram í svari ráðh. að Landssíminn teldi að búið væri að leysa þau fjarskiptavandamál, sem ég hef hér bent á, með uppsetningu fjarstýrðra fjarskiptastöðva: fyrir austursvæðið með stöðu á Hafnarnesi, fyrir Húnaflóa og Skagafjörð með stöð á Skaga og fyrir Vestfirði og Breiðafjörð með stöð á Kleifaheiði. Allar þessar stöðvar eru góðra gjalda verðar, það er fengur að þeim, en ég er hræddur um að þær leysi ekki til fullnustu þau mál, sem ég hef rætt um, a. m. k. ekki stöðin á Kleifaheiði gagnvart vesturssvæðinu. Sjálfsagt er enn eftir að betrumbæta þá stöð, en af þeirri reynslu, sem skipstjórar, sem ég hef rætt við, á bátum, sem nú róa frá Breiðafjarðarhöfnum, — hafa haft af stöðinni, verður ekki ráðið að enn sé um neina lausn að ræða í sambandi við betra fjarskiptasamband en áður var og ég hef lýst. Það er vitað að sú stefna er uppi að leggja niður vakt við sumar af strandstöðvum Landssímans, svo og leysa strandþjónustu annarra svæða með byggingu fjarstýrðra stöðva. Að mínu mati er sú stefna röng, a. m. k. í sumum tilfellum. Nauðsynlegt er að starfræktar verði strandstöðvar með stöðugri vakt, svo sem verið hefur, á nokkrum stöðum á landinu. Ein slík stöð þarf að vera við Breiðafjörð.

Það má sjálfsagt segja mörg orð um kosti og galla fjarstýrðra stöðva. Mér finnst þó aðallega bera á göllunum, enda eru þeir stórir svo sem þeir koma mér fyrir sjónir. Öryggisþjónustan gegnum fjarstýrða stöð frá Ísafirði eða Reykjavík, sem staðsett er á Kleifaheiði, yrði trúlega mjög léleg fyrir Breiðafjarðarsvæðið. Bilanatíðni slíkrar stöðvar við verstu aðstæður í vondum veðrum og náttúruhamförum hlyti að verða mjög há. Það má skjóta því hér inn í, að á tímabilinu frá því á annan í jólum og fram um 6.—7. jan. hefði þessi stöð verið gagnslaus fyrir norðanverðan Breiðafjörð vegna þess að símasambandið, sem hefði átt að flytja viðskipti frá stöðinni gegnum stöðina hér í Reykjavík, var ekki fyrir hendi. Fjarstýrileiðin er það löng og það kallar á svo margar bilanahættur að vafasamt er að byggja öryggisþjónustu við jafnstórt hafsvæði upp á slíkri stöð. Einnig má benda á þá hættu sem felst í of miklu álagi á afgreiðslustöðvar. Við vissar aðstæður getur verið hætta á því, að þar verði allt of mikið að gera ef stór svæði eru tengd við fjarstýringu til einnar afgreiðslustöðvar. Þá má einnig benda á þann ókost sem er samfara því að afgreiðslustöð er fjarri viðskiptasvæði. Við það tapast kunnugleiki afgreiðslufólks á staðháttum og viðskiptamönnum. Kunnugleiki og þekking á umhverfi er mjög mikils virði fyrir báða aðila í þessari þjónustu.

Mér er kunnugt um að sjómenn við Breiðafjörð og Vestfirði telja þá leið, sem hér er lagt til að farin verði,

heppilega og nauðsynlega. Samtök slysavarna styðja hana eindregið, nýafstaðinn fundur Landssambands ísl. útvegsmanna lýsti yfir stuðningi við till. Ég vænti einnig stuðnings hv. alþm. við þessa tillögu.

Ég legg til að að lokinni umr. verði till. vísað til atvmn.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Ég er algerlega sammála hv. flm. þessarar þáltill. um nauðsyn skjótra úrbóta í fjarskiptamálum þessa svæðis. Hins vegar tel ég þá leið, sem þáltill. gerir ráð fyrir, að setja upp nýja strandstöð á Gufuskálum, allt of dýra. Í rekstri kæmi hún til með að kosta um *80—90 millj. gamalla kr. á ári, án* þess að skila nokkrum umtalsverðum tekjum á móti. Og þó að strandstöð yrði sett upp á Gufuskálum yrði eftir sem áður að fjarstýra viðtækjum a. m. k. og einhverju af sendum, því að hlustunarskilyrði á Gufuskálum sjálfum eru líklega einhver þau allra verstu á öllu landinu vegna truflana frá gífurlega sterkum sendi lóranstöðvarinnar þar. Ef fjarstýra þarf viðtækjum og sendum á þessu svæði hvort eð er, þá er svo til alveg jafnauðvelt að gera það frá *loftskeytastöðinni í Reykjavík án verulegs* aukatilkostnaðar í rekstri. Auðvitað, eins og fram kom hjá hv. flm., geta orðið bilanir, en það geta líka komið bilanir innan svæða, þannig að það er erfitt að tryggja sig gegn því nema þá að hafa fleiri varasambönd á þeim leiðum, þ. e. á aðalleiðunum frá Reykjavík til Snæfellsness.

Það er líka rétt hjá hv. flm., að höfuðkosturinn við sérstaka stöð er staðþekking eða kunnugleiki á staðnum sem menn mundu fá eftir langdvalir þar. Til að byrja með yrðu þó allir mennirnir ókunnugir á Gufuskálum, og á þessum stöðvum eru tíð mannaskipti þannig að það er ekki heldur einhlítt að það breyti svo miklu hvort um er að ræða fjarstýringu frá Gufuskálum eða frá Reykjavíkurradíói.

Það, sem gera þarf bæði á þessu svæði og ýmsum öðrum sem hv. flm. gat um, er að koma upp nægilega *mörgum viðtækjum og sendum á metrabylgjusviðinu* til að ná til allra stranda landsins og grunnmiða allt í kringum landið og fjarstýra þeim frá þeim loftskeytastöðvum sem nú eru starfandi. Hitt er alveg rétt, sem kom fram hjá hv. flm., að þessar framkvæmdir hafa gengið allt of hægt, þær hafa tekið allt of langan tíma. Það er unnið að þessu allt í kringum landið meira og minna, en þetta gengur allt of hægt. *Ég er algerlega sammála því. Menn hafa að vísu millibylgjustöðvar líka, en reyndin er sú, að menn vilja hitt heldur. Það er þægilegra á ýmsan hátt. Ég er síður en svo að mæla á móti því, að þarna þurfi hraðar aðgerðir.*

En það er erfitt að krefjast aukinnar hagkvæmni í rekstri Pósts og síma og hlutfallslegrar lækkunar gjaldskrár samtímis því að skylda stofnunina til að bæta stórlega við sig óarðbærum kvöðum sem hægt er að sinna annars staðar frá með svo til jafngóðu móti. Þessar kvaðir kemur hinn almenni símnotandi auðvitað til með að greiða.

Herra forseti. Ég vil láta leysa þau vandamál, sem hér er vissulega um að ræða, og leysa þau fljótt, en gera það með litlum tilkostnaði miðað við þá lausn sem þáltill. *gerir ráð fyrir.*

Davíð Aðalsteinsson: Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að eyða löngu máli varðandi þessa till. til þál. Hv. flm. hefur gert glögga grein fyrir henni og ástæðum hennar. Í mínum huga er slík tillaga fyrst og fremst reist á þeim forsendum að gæta öryggis sjómanna.

Það er mála sannast, að fjarskiptasamband er ekki nægjanlega gott víða um land. Eins og kom fram hjá hv. flm. er því þannig farið á því svæði sem till. *fjallar um.* Það er skylda okkar gagnvart sjómönnum okkar að sjá *fyrir* og stuðla að sem allra bestum og mestum fjarskiptum. Það er stórmál, hefur verið það, er og verður.

Sú till., sem hér um ræðir, er bundin við eitt svæði. Ég álít hins vegar eðlilegra að taka slíkt mál upp á breiðari grundvelli og athuga í samhengi landið allt í þessu tilliti. En ég lýsi yfir fyllsta stuðningi við þessa till. Ég tel hana af hinu góða og lýsi fyllsta stuðningi við hana.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Það er ekki af því að ég þurfi hér neinu við að bæta öðru en því, að mér hefur borist í hendur ályktun frá aðalfundi útvegsmanna og sjómanna á Snæfellsnesi þar sem skorað er á Alþingi að samþykkja þessa þáltill. Þar eru tilfærð ýmis þau rök sem þegar hafa komið fram í málinu, og sé ég ekki ástæðu *til að endurtaka þau hér. En þetta er mikið mál fyrir* sjómenn á þessu svæði og þeir leggja mikla áherslu á að úrbætur fáist á þessu sviði.

Ég er enginn sérfræðingur í þessum málum, en ég vænti þess, að þessi þáltill. verði til þess að málið verði tekið fastari tökum og viðunandi úrbætur fáist í þessu sjálfsagða öryggismáli sjómanna.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Um tilgang þessarar till. er sjálfsagt ekki nema gott eitt að segja. Hins vegar orkar það tvímælis, hvort framkvæmd málsins skuli vera sú sem gert er ráð fyrir í till. Það, sem auðvitað skiptir meginmáli hér, er að fjarskipti á þessu svæði séu trygg, hvort sem það er gert með mannaðri stöð eða fjarstýrðum tækjum annars staðar frá. Það er engan veginn víst að sú tilhögun, að tækin séu fjarstýrð, hafi minna öryggi í för með sér. *Það liggur engan veginn ljóst fyrir.*

Hitt finnst mér vera umhugsunarefni, að hv. 4. þm. Vesturl., þm. Alþb., skuli flytja till. um að koma þessari starfrækslu fyrir í lóranstöðinni á Gufuskálum sem Landssími Íslands rekur í umboði bandarísku strandgæslunnar og Atlantshafsbandalagsins að einhverju leyti.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Mér finnst ástæðulaust af hv. alþm. að vera að blanda Norður-Atlantshafsbandalaginu inn í þetta. Við vitum það, að allur íslenski fiskiskipaflotinn notar orðið lórankerfi við staðsetningar og veiðar, og það kemur þessu máli ekkert við.

Ég vil aðeins segja það sem er auðvitað höfuðatriði málsins, að það er óhæfa að á tveimur stórum hafsvæðum við landið, út af Norðurlandi vestra og út af Breiðafirði, sé erfitt og næstum ógerlegt að hafa eðlilegt samband við land, hvorki í þjónustuskyni né öryggis, með þeim tækjum sem algengust eru um borð í fiskiskipaflotanum og heppilegust eru. Ég held að menn eigi ekki að horfa svo mjög í kostnaðinn við að leysa þetta vandamál. Þetta samband má alls ekki bila hvernig sem viðrar og allra síst auðvitað þegar illa viðrar.

Mér er ekki kunnugt um það sem hv. þm. Magnús H. Magnússon kom inn á, hvernig móttökuskilyrði eru á Gufuskálum. Trúlega hefur lóranstöðin truflandi áhrif. En ég vil aðeins vona að hvernig svo sem þetta mál verði leyst, þá verði það tryggt, að sjómenn — og þá ekki aðeins út af Breiðafirði, heldur einnig úti á Húnaflóa — geti haft tryggt og öruggt samband við land með þessum

svokölluðu metrabylgjutækjum. Og hvernig svo sem fer með þessa þáltill., þá legg ég áherslu á það, að nú á þessu þingi verði gengið frá því og það tryggt, að þetta samband náist frá þessum hafsvæðum sem nú eru útundan. Annað er ekki sæmandi.

Flm. (Skúli Alexandersson): Herra forseti. Ég þakka þær undirtektir sem þessi till. mín hefur fengið hér hjá hv. þm., þó að ég svolítið undrandi yfir vissum aths. sem komu fram hjá hv. 4. þm. Suðurl. og 5. þm. Vesturl. En þrátt fyrir það lýstu þeir yfir stuðningi við till. og ég þakka það.

Það er þá í fyrsta lagi um það, að sá kostnaður, sem hv. 4. þm. Suðurl. talaði um að mundi verða við að koma þessari strandstöð upp á Gufuskálum, sem hann nefndi 80—90 millj. kr. — **(Gripið fram í:** Ég sagði árlegur rekstur.) Árlegur rekstur, já. Ég dreg það í efa miðað við að gera þetta eftir þeirri hugmynd sem ég hef í huga, að tengja þetta við hina ágætu NATO-stöð sem rekin er á Gufuskálum og allur íslenski fiskiflotinn hefur nýtt og nýtir — og ekki aðeins íslenski fiskiflotinn, heldur sjálfsagt flotar annarra þjóða sem hér er í kring — og við höfum viðurkennt sem staðreynd í okkar landi. Mér dettur ekki í hug að bera á móti þeirri staðreynd, að það sé lóranstöð á vegum NATO, rekin af Íslendingum, á Gufuskálum. En við eigum að nýta þá stöð fyrst við höfum viðurkennt það og samþykkt að hún skuli þar vera. Æskilegra hefði reyndar verið að þessi stöð væri rekin að öllu leyti á okkar vegum, en hlutirnir eru á hinn veginn og við það búum við.

Ég tel að sú aðstaða, sem á Gufuskálum er, þurfi ekki að kalla á miklar aukaframkvæmdir frá símanum. Þegar er þar ákveðinn þáttur af þessum útbúnaði, þ. e. millibylgjustöð. Það var ekki verið að bera því við, að hlustunarskilyrði væru vond, þegar sú millibylgjuendurvarpsstöð var sett niður á Gufuskálum til þess að sinna tilkynningarskyldu við bátaflotann við Breiðafjörð, eða réttara sagt til þess að gera tilraun til að sinna tilkynningarskyldu við bátaflotann við Breiðafjörð. Sú endurvarpsstöð er á Gufuskálum. Ég vil aftur á móti segja smásögu af þeirri stöð sem skeði nú um áramótin og sýnir kannske að það vantar vissa stjórnunarhæfni í þá ágætu stofnun sem heitir Landssími Íslands.

Um áramótin tók ein stjórnhönd Landssímans úr sambandi radíósamband við Snæfellsnes, taldi að sú þjónusta, sem búið er að byggja upp í gegnum stöðvar á innanverðu Snæfellsnesi, við Kothraun í Helgafellssveit og Akurtraðir í Eyrarsveit, ætti að nægja til að sinna símaþjónustu við Snæfellsnes. Skömmu seinna uppgötvaðsit það, að þessi endurvarpsstöð, sem sett var upp á Gufuskálum, var biluð. Og það liðu 10 dagar þar til þessi ágæta stofnun hafði áttað sig á því, af hverju þessi bilun stafaði. Stjórnunarhæfni innan stofnunarinnar var ekki meiri en það, að hægri höndin vissi ekki hvað sú vinstri gerði. Meðan sú vinstri tók úr sambandi hafði sú hægri ekki hugmynd um að verið væri að taka úr sambandi lífsnauðsynlega skyldueþjónustu við íslenska flotann.

Ég skaut þessu bara hér inn í, en það, að þessi stöð var sett upp á Gufuskálum, bendir þó til þess, að tæknimenn Landssímans telji ekki svo mikla truflun af lóranstöðinni á ákveðnum bylgjusviðum að ekki sé hægt að hafa þessa aðstöðu á Gufuskálum. Og ég tel þá fullyrðingu hv. 4. þm. Suðurl. ranga, að hlustunarskilyrði á Gufuskálum séu þannig að ekki sé hægt að nota þá aðstöðu, sem þar er, til að sinna strandstöðvarþjónustu Landssímans.

Fleira kom hér fram reyndar. Lögð var áhersla á það, að hægt væri að byggja þessa þjónustu upp í gegnum fjarstýringu. Ég veit að við vissar aðstæður er hægt að gera þetta með fjarstýringu, en það þýðir aftur aukinn kostnað notenda við það að þurfa að nota símaþjónustuna meira og minna til þess að sinna viðskiptum við skip, og það ætti að einhverju leyti að jafna þann kostnað sem að sjálfsögðu leiðir að einhverju leyti af uppsetningu strandstöðvarinnar á Gufuskálum. Auk þess má ítreka það, að bilanatíðni endurvarpsstöðva, bilanatíðni á línum að og frá endurvarps- eða fjarstýrðum stöðvum er mikil og hættuleg. Hættast er við bilunum þegar mest liggur á og þess vegna er ekki rétt að byggja kerfið í jafnauknum mæli og stefnt er að upp á fjarstýrðum stöðvum. Það þurfa að vera á ákveðnum stöðum á landinu strandstöðvar, sem eru í gangi jafnvel þó að ýmsar línur á milli landshluta séu bilaðar og rafmagnstruflanir eigi sér stað á almenningsveitum. Þetta væri hvort tveggja fyrir hendi á Gufuskálum. Þar er rafmagnsframleiðsla sem getur sinnt þeirri þjónustu þó að almenningsveita bili. Og til gamans mætti bæta því við — það er verst að hv. 5. þm. Vesturl. er farinn burt — að það mætti nýta NATO-stöðina á Gufuskálum enn þá betur, að sagt er. Með því að nota rafmagnið á Gufuskálum væru þær algengu símatruflanir, sem eiga sér stað vegna bilana á almenningsveitum, úr sögunni og þá væri símasambandið við Snæfellsnes oftar í sæmilegu lagi. En menn hafa ekki viljað grípa til þess að nota rafmagnið frá Gufuskálum til þessa þó að ég teldi það alls ekki vera neitt hættuspil.

Ég vil svo bara endurtaka það, að ég þakka þær undirtektir, sem hér hafa komið við þessa till., og ég vænti þess, að hv. alþm. veiti okkur lið í að koma þessu máli í gegn á þessu þingi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Alkalískemmdir í steinsteypu í húsum, þáltill. (þskj. 86). — Ein umr.

Flm. (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Ég flyt hér á þskj. 86 till. til þál. sem er svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að hún beiti sér fyrir því, að þeir húseigendur, sem leggja þurfa í mikinn viðgerðarkostnað vegna alkalískemmda á steinsteypu í húsum sínum, fái fjárhagsaðstoð til þeirra viðgerða, annaðhvort í formi bóta eða lána eða hvors tveggja. Ef nauðsyn ber til sérstakrar lagasetningar í því efni skal ríkisstj. undirbúa slíka löggjöf og leggja fyrir Alþingi sem fyrst."

Með þáltill. þessari er hreyft máli sem hefur komið mjög illa niður á allmörgum einstaklingum án þess að þeir eigi þar nokkra sök á eða hafi nokkuð getað að gert. Það hafa á undanförnum árum komið fram mjög alvarlegar skemmdir á steinsteypu í húsum hér á landi, einkum á höfuðborgarsvæðinu. Árið 1967 skipaði iðnrh. nefnd til að fjalla um vandamál varðandi steypuskemmdir og gerð steinsteypu. Nefndin hlaut nafnið Steinsteypunefnd og hefur kostað ýmsar rannsóknir á vandamálum í sambandi við steinsteypugerð og birt nokkrar skýrslur um þau mál.

Á árinu 1979 kom út rit á vegum Rannsóknastofnunar

byggingariðnaðarins þar sem fjallað er um niðurstöður af rannsóknum á ástandi steyptra útveggja húsa, en þær rannsóknir voru kostaðar af Steinsteypunefnd. Skýrslan ber nafnið „Steypuskemmdir, ástandskönnun", en höfundur hennar er Ríkharður Kristjánsson. Í skýrslunni er *fjallað um helstu tegundir steypuskemmda og m. a. ítarlega* gerð grein fyrir svonefndum alkalískemmdum, en rannsóknir á þeim eru tiltölulega nýtilkomnar hér á landi. Í skýrslunni kemur fram að tíðni alvarlegra alkalískemmda er mikil, m. a. segir að búast megi við að a. m. k. 6.6% húsa, sem byggð hafa verið í Reykjavík á árunum 1956—1972, hafi alvarlegar alkalískemmdir, jafnframt megi búast við að slíkar skemmdir sé að finna víðar. Reyndar er öruggt að svo sé, þó að það kunni að vera eitthvað mismunandi eftir landshlutum.

Nú er þess að gæta, að skemmdir þessar koma mjög hægt í ljós og því má búast við að þessi tala kunni að hækka þegar fram líða tímar. Um þetta mál, orsakir þess, leiðir til úrbóta, möguleika til viðgerða o. fl., er fjallað ítarlega í þessari skýrslu og ég skal ekki rekja hana, enda er hún mjög tæknilegs eðlis, en þar kemur fram m. a. að líklegustu orsakirnar séu notkun íslensks sements, sem hafi haft mikið alkalíinnihald, svo og notkun alkalívirkra fylliefna sem tekin hafa verið úr sjó hér á Reykjavíkursvæðinu, en ekki verið þvegin.

Efnisútdráttur úr þessari skýrslu kemur fram í lokakafla hennar, eins konar útdráttur úr skýrslunni í heild, og til þess að hv. alþm. geti glöggvað sig á niðurstöðum *hennar hefur lokakafli skýrslunnar verið birtur sem fskj.* með till. á þskj. 86. Ég vil þó vekja athygli á einum þætti og lesa upp, með leyfi forseta, nokkur orð úr skýrslunni á bls. 95, en þar segir:

„Ein er sú spurning, sem Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins getur ekki svarað, og er hún þó brennandi fyrir marga, en hún er hvort eigendur einir verði að bera þann mikla fjárhagsbagga, sem alvarlegar alkalískemmdir hafa í för með sér. Í raun getur Alþingi eitt svarað þessari spurningu. Höfundur þessarar skýrslu fær ekki annað séð en Viðlagasjóður eða aðrir hliðstæðir sjóðir verði að hlaupa hér undir bagga, þar sem engir, ekki færustu vísindamenn veraldar á þessu sviði, bjuggust við skemmdum þar sem þær nú koma fram."

Menn hafa leitast við að finna leiðir til viðgerða í þessu sambandi. Í apríl 1980 kom út á vegum Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins og borgarverkfræðings í Reykjavík rit sem ber nafnið „Viðgerðir á steinsteypu", en höfundur er Vífill Oddsson verkfræðingur. Rit þetta hefur að geyma leiðbeiningar um viðgerðir á skemmdum í steinsteypu. Þar kemur m. a. fram varðandi viðgerðir á alkalískemmdum að ekki séu enn fullreyndar þær aðferðir sem helst séu taldar koma til greina til viðgerða, þar sem uppgötvanir þessara skemmda séu svo nýjar af nálinni hér. Af þeim ástæðum hefur Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins farið þess á leit við Húsnæðisstofnun ríkisins að hún veiti fjármagn til frekari rannsókna og tilrauna á þessu sviði. Síðast þegar ég vissi til var sú beiðni enn til umfjöllunar hjá húsnæðismálastjórn og hafði ekki fengið afgreiðslu.

Hver sem niðurstaðan verður varðandi heppilegustu aðferð *til viðgerða á þessum alkalískemmdum í* steinsteypu húsa er ljóst að húseigendur, sem fyrir þessu hafa orðið, hafa beðið mikið tjón og verða fyrir mjög miklum útgjöldum. Útgjöld á hvern húseiganda eða hvern íbúðareiganda geta skipt milljónum og jafnvel tugum milljóna. Hér er um mjög óvænt útgjöld að ræða sem rekja má til ytri orsaka, jafnvel til efnasamsetningar sements sem Sementsverksmiðja ríkisins hefur framleitt og selt. Þessu tjóni má því fyllilega jafna við tjón sem nú er bætt t. d. úr Bjargráðasjóði Íslands eða af Viðlagatryggingu Íslands. *Það er því mikið sanngirnismál að þeir* húseigendur sem fyrir slíku verða geti orðið sér úti um fjármagn til að standa straum af þeim mikla kostnaði sem þeir verða fyrir. Af ásettu ráði hef ég ekki í þessari till. gert ákveðnar tillögur um í hvaða formi slíkar greiðslur eiga að verða eða úr hvaða sjóðum þær eiga að koma, en fleiri en ein leið koma þar til greina. Ég skal drepa á hvaða helstu leiðir ég tel að þarna komi til greina.

Í lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, 11. gr., 4. tl., er ákvæði um að Byggingarsjóði ríkisins sé heimilt að veita „lán til meiri háttar viðbygginga, endurbóta og endurnýjunar á eldra íbúðarhúsnæði". Lagaheimild er því ótvíræð fyrir lánveitingu frá húsnæðismálastjórn í þessu skyni. Hins vegar liggur það jafnljóst fyrir að húsnæðismálastjórn hefur ekki fjármagn til að veita slík lán þannig að til þurfa að koma sérstakar ákvarðanir og sérstakar fjármagnsútveganir til handa húsnæðismálastjórn. Slík lánafyrirgreiðsla mundi vafalaust hjálpa mikið. Fer það þó eftir því með hvaða lánskjörum menn eiga kost á slíku láni. Ef um mikið tjón er að ræða kemur vel til greina að menn fái greiddar hreinar bætur, a. m. k. að því er snertir hluta kostnaðar þegar um mikið tjón er að ræða, og mætti setja um það ákveðnar reglur og ákveðin mörk hvenær menn eigi rétt á slíkum bótum. Til þess skortir þó lagaheimildir því að ég hygg að lögin um Viðlagatryggingu Íslands, eins og þau eru nú, veiti ekki heimild til að greiða bætur í þessum tilvikum. Það er mjög þröngt afmarkað í þeim lögum hvaða tilvik heimili bætur, en það eru fyrst og fremst náttúruhamfarir.

Bjargráðasjóður Íslands hefur stundum, þegar atvik koma upp sem jafna má til þessara, t. d. ef hús„skemmdir verða í ofviðri, tekið að sér greiðslu slíkra bóta. Ég minnist þess t. d. þegar mikið óveður gekk hér yfir Suðvesturland fyrir nokkrum árum og olli miklum skemmdum á ýmsum húseignum að Bjargráðasjóður Íslands hljóp undir bagga og lánaði viðkomandi sveitarfélögum, sem síðan greiddu bætur þeim sem verst höfðu orðið úti. Gallinn við Bjargráðasjóð Íslands er hins vegar sá, að hann er alveg peningalaus og þess vegna þarf sérstök aðgerð að koma til ef hann á að geta staðið undir þessu.

Þessi þáltill. gerir ráð fyrir að ríkisstj. taki þetta mál til athugunar og beiti sér fyrir því, að þetta tjón verði uppi borið og settar verði um það ákveðnar reglur og, ef nauðsyn beri til, sérstakar lagasetningar í þessu efni, — t. d. ef mönnum sýnist að Viðlagasjóður sé eðlilegur vettvangur fyrir þessar bætur skuli ríkisstj. undirbúa löggjöf og leggja fyrir Alþingi sem fyrst.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði till. vísað til allshn.

Davíð Aðalsteinsson: Herra forseti. Hér er til umr. till. til þál. um viðgerðarkostnað vegna alkalískemmda á steinsteypu í húsum. Ég vil fyrst taka það fram og taka undir með hv. flm., að hér er um allverulegt vandamál að *ræða og það hefur komið fram á síðustu árum að fjöl*mörg hús hér á Reykjavíkursvæðinu sem og á Akureyri, þar sem þetta hefur verið kannað, eru stórskemmd af völdum alkalívirkni. Þessi alkalívirkni er nokkuð merkilegt fyrirbæri og ætla ég ekki hér að gerast neinn

sérfræðingur í þeim efnum eða fara að lýsa henni en það er athyglisvert að tíðni alkalívirkninnar vex verulega eftir 1960. Að vísu er þarna kennt um sementinu og má það vera rétt. Hins vegar vitum við um ástæður fyrir alkalívirkninni. Hún fer af stað þegar saman fer mikill raki eða vatn og notuð hafa verið sjávarefni í steypuna. Virðist svo sem alkalívirknin sé í hámarki þegar um er að ræða slíka samsetningu.

Ef bornir eru saman staðir, þ. e. Akureyri og Reykjavík, kemur fram að alkalívirknin er allverulega meiri á Reykjavíkursvæðinu. Fyrst og fremst er það rakið til þess, að úrkoma er meiri hér syðra. Auðvitað geta fleiri þættir komið þarna inn í, en fyrst og fremst er þar um að ræða meiri úrkomu. Nú er afskaplega erfitt að mínum dómi að meta til fullnustu hvar höfuðorsökin liggur, og þarna er um að ræða nokkuð langt orsakasamhengi.

Nú getur verið um tvö hús að ræða. Í öðru sýnist „grasséra" alkalívirkni, þ. e. þessu húsi hefur e. t. v. verið haldið mjög illa við, þess hefur ekki verið gætt e. t. v. að mála þetta hús og sprungufylla. Alkalívirknin veldur ómældum skaða. Annað hús er e. t. v. við hliðina þar sem alkalívirknin blundar, ef ég má svo að orði komast, en viðkomandi húsi hefur verið mjög vel við haldið og alkalívirknin ekki náð sér á strik. Í þessari till. erýjað að því að greiða jafnvel bætur þeim sem hafa orðið fyrir tjóni af þessum sökum. Þetta, sem ég síðast nefndi, þ. e. munur á viðhaldi húsa hjá hinum ýmsu einstaklingum, getur komið til álita og blandast saman við þessar umræður.

Í þessu sambandi eru menn að tala um, og ég vil út af fyrir sig ekki draga úr því, að það sé ámælisvert að um hefur verið að ræða hér á markaðnum efni sem hefur sumpart valdið þessari alkalívirkni. En ég vil minna á að undanfarið hafa verið notuð ýmis byggingarefni sem e. t. v. er ábyrgðarhlutur að hafa samþykkt að nota mætti. Við skulum láta hugann reika aftur til áranna 1955—1956. Ég minnist þess, að á þeim árum var mjög algengt að notaður væri hleðslusteinn í hús, vikursteinn. Eftir því sem ég veit best um fjölmörg þeirra húsa, sem byggð voru á þeim tíma, er búið að klæða þau og hefur komið í ljós að mjög mörg þeirra eru bókstaflega gegndreypt raka og yfirleitt er saggi í þessum húsum og þau mjög óþægileg í umgengni. Fjölmörg þessara húsa er búið að einangra núna og klæða að utan. Þegar þessi hús voru byggð var það gert sumpart að tilhlutan opinberrar forsjár, ef ég má svo að orði komast. Síðan hafa eigendur orðið fyrir umtalsverðu tjóni af þeim sökum sem ég er þegar búinn að nefna. Vandamál húseigenda eru því á ýmsum öðrum forsendum en alkalívirkni.

Það má enginn skilja orð mín svo, að ég sé á nokkurn hátt að draga úr því, að áframhaldandi rannsóknir fari fram á alkalívirkni í steinsteypu, þvert á móti, og einmitt þyrfti að athuga það víðar um landið en eingöngu hér á stór-Reykjavíkursvæðinu og á Akureyri. En eitt finnst mér þó athyglisvert í samanburði við annað byggðarlag. Nú er ég e. t. v. ekki nægilega kunnugur því, en ég hef þó grun um að alkalívirkni hafi verið athuguð í steinsteypu í Keflavík, þar sem um hefur verið að ræða notkun sements sömu gerðar, en gott malarefni. Eftir því sem ég veit best hafa menn ekki komist á snoðir um alkalívirkni þar í steinsteypu sem neinu nemur.

Þar kemur fram í þeim skýrslum sem handbærar eru um þessi mál, að alkalívirknin er mun algengari í stórhýsum, sérstaklega í fjölbýlishúsum. Það hlýtur að mínum dómi að leiða hugann að því, hvort þarna ráða ekki gífurlega miklu þau vinnubrögð sem eru viðhöfð við húsbyggingar, og á það er að sjálfsögðu bent í þeim skýrslum sem eru tiltækar. Það er afskaplega mikilvægt að steypan sé ekki þynnt allt of mikið með vatni. Hefur greinilega komið fram að það eykur alkalívirknina allverulega. Fjölmargir aðrir þættir að því er varðar niðurlögn steypu og jafnframt hönnun húsa skipta máli. Mér finnst samanburðurinn á fjölbýlishúsunum og hinum minni húsum, sem er blokkunum mjög í óhag, benda til þess, að ein af ástæðunum fyrir þessu sé óvönduð og hroðvirknisleg vinnubrögð í byggingarmáta og þá kannske fyrst og fremst í niðurlögn steypunnar.

Enda þótt ég hafi farið um þetta nokkrum orðum og einhver hafi e. t. v. tekið þau að einhverju leyti sem neikvæð gagnvart tillögunni, þá vonast ég til þess að enginn hafi tekið orð mín svo. Ég vil lýsa stuðningi við þessa till. Ég efast um að það sé réttlætanlegt að fara út í beina fjárhagsaðstoð, þ. e. óafturkræf framlög, í þessu skyni, en ég vil taka undir það, að athuga þyrfti mjög vel að veita sérstaka lánafyrirgreiðslu í þessu tilliti.

Ég held að ég hafi þessi orð ekki fleiri, en ég vil taka undir þann hluta till. sem ég hef lýst.

Guðmundur G. Þórarinsson: Herra forseti. Ég vil mjög eindregið taka undir efni þeirrar till. sem hér er flutt. Ég tel að hér sé um tímabæra till. að ræða og lýsi við hana stuðningi á þeim grundvelli, eins og ég skil hana, að ríkisstj. sé falið að kanna með hverjum hætti þessum málum verði best fyrir komið.

Tillaga þessi fjallar um skaða sem húsbyggjendur hafa orðið fyrir og er mjög mikill víða, sérstaklega hér í Reykjavík og í nágrenni Reykjavíkur. Till. fjallar um skaða sem menn sáu ekki fyrir, ekki sérfræðingar á þessu sviði og þaðan af síður leikmenn. Hún fjallar um skaða sem er það mikill að þeir, sem þátt eiga í þessu máli, hvort sem um er að ræða steypustöðvar, Sementsverksmiðju ríkisins eða aðra aðila, hafa ekkert fjárhagslegt bolmagn til að bera hann, jafnvel þó þeir kynnu að einhverju leyti að vera taldir ábyrgir.

Alkalívirkni hefur komið hér fram í húsum og er Ísland, að ég hygg, eina landið þar sem það er þekkt. Steypuefni eru kölluð alkalívirk ef þau innihalda ókristallaða eða lítt krystallaða kísilsýru, en í slíku tilviki koma fram efnaáhrif frá alkalísamböndum eða kalksamböndum sementsefjunnar við þessa kísilsýru. Við þá efnabreytingu, sem þannig fer fram, myndast seigfljótandi alkalíkísilhlaup. Þetta alkalíkísilhlaup er út af fyrir sig ekki skaðvænlegt nema til komi vatn að auki, en hlaupið hefur þann eiginleika að það drekkur mjög í sig vatn og þegar vatn er til staðar veldur þetta mikilli þenslu í steypunni sem getur sprengt hana og brotið niður styrkleikabönd hennar. Auðvitað getur þessi skaði, sem þarna er um að ræða, verið mismunandi eftir því hvernig þenslan er og hversu efnasamsetning hlaupsins er. En ég held að ég fari rétt með það, að fyrir 1940 þekkti enginn maður þessar alkalíefnabreytingar í steypu. Þá töldu menn að þau áhrif, sem menn síðar hafa rakið til alkalíefnabreytingar, væru frostþensla.

Eins og fram kom hjá flm. var hin íslenska Steinsteypunefnd fyrst stofnuð 1967. Ég hygg að það hafi svo verið 1969 sem alkalíefnahvörf fundust hér á landi fyrst og þá fundust þau á byrjunarstigi í höfninni í Þorlákshöfn. Forstjóri Sementsverksmiðjunnar, Guðmundur Guðmundsson, hefur ritað talsvert um þessi efni

og þ. á m. um íblöndun á fínmöluðu líparíti í venjulegt Portlandssement eða svokallaða possolanvirkni. Um 1976 var þessi líparítíblöndun aukin í um 9%, en hún dregur mjög úr hættuvirkni alkalíhlaupsins.

Það skeður síðan 1976 — svo seint sem árið 1976 — að menn fyrst finna merki um efnahvörf af alklígerð á háu stigi í húsi hér á Íslandi. Ég held að ég fari rétt með að það hafi erlendum fræðimönnum þótt mikil frétt, því að almennt hygg ég að meðal verkfræðinga hafi menn ekki talið að hætta væri á alkalívirkni í útveggjum húsa. Hins vegar höfðu menn áður þekkt að alkalívirkni gat verið hættuleg, sérstaklega þar sem mannvirki voru í miklum tengslum við vatn. Forsendur þess, að alkalíefnahvörf geti komið fram, eru sem sagt þrenns konar: það verða að vera alkalíefni í steypunni í talsvert ríkum mæli, kísilrík korn verða að vera í fylliefni, en auk þessa verður að vera stöðugur raki. Á Íslandi virðist þessi hætta hafa verið sérstaklega mikil þegar grannt er skoðað vegna þess hve íslensk sementsframleiðsla inniheldur mikið alkalí í fyrsta lagi. Í öðru lagi hefur þessi hætta aukist mjög við það, að menn hafa farið að nota fylliefni af sjávarbotni. Íþriðja lagi veldur veðrátta okkar, slagregn sem hér eru tíð, því að útveggir verða mun rakari en ella. En í fjórða lagi, og kannske það sem gerir að verkum að þessi virkni hefur — ég held ég megi segja það — hvergi fundist í útveggjum húsa nema á Íslandi, er gerð útveggjanna sem tíðkast hér, einangrun við steypta útveggi húsa að innan. *Slíkt er í venjulegri verkfræði ekki talið sérstaklega æskilegt.* Besta einangrunin að ýmsu leyti er að einangra útvegginn að utan, en því fylgja aftur í okkar veðráttu nokkuð mikil vandamál að vatnsverja einangrunina. Þess vegna hafa menn einangrað að innan. Það veldur aftur því, að steinsteypan er óvarin fyrir slagregni og þeim raka sem utan frá berst. Rannsóknir sýna að rakamagn í útveggjum húsa á Íslandi er mikið. Þessi raki er síðan aðalhvatinn að því, að alkalíefnahvörf eiga sér stað. Ef vatn og raki væri ekki til staðar væri ekki um þessi efnahvörf að ræða.

Eins og fram kemur í máli flm. er samkv. rannsóknum Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins talið að lágmarkstíðni alvarlegra alkalískemmda, bara í Reykjavík og á stór-Reykjavíkursvæðinu, sé slík að um 6.6% af húsum sem byggð eru á tímabilinu 1956—1972, séu með miklar alkalískemmdir. Þegar þetta er skoðað virðist að það séu sérstaklega veikir punktar í húsum þar sem slagveðursátt er ríkjandi og kantar á göflum, sem standa upp fyrir húsið sjálft og ekki eru lokaðir, eða útskagandi bríkur og súlur, sem eru óvarðar að ofan, verði sérstaklega fyrir þessum skaða.

Þegar menn líta til viðgerða á þessu er ljóst að viðgerðir eru talsvert viðamiklar. Takist hins vegar að gera við hús með þeim hætti að vatn eigi ekki lengur aðgang að útveggjum hússins stöðvast þessi alkalívirkni og þá blundar hún áfram. En meðan vatn hefur fullan aðgang að úveggjum heldur alkalívirknin áfram og hætta er á að steypan grotni niður. Viðgerðir beinast að því nr. 1, nr. 2 og nr. 3 að því að minnka raka útveggjanna niður fyrir það rakastig sem getur valdið alkalískemmdum. Hvernig á að gera þetta? Það geta menn deilt um og sjálfsagt þyrfti að gera á því nokkru meiri athugun með hverjum hætti væri hægt að gera það haganlegast og hagkvæmast.

Ég hygg að flestir verkfræðingar telji að loftræst klæðning sé öruggasta leiðin í þessari vörn, að húsið eða steypan sé klædd með loftræstri klæðningu og veggurinn þannig varinn fyrir utanaðkomandi raka. Með því munu sjálf efnahvörfin stöðvast þegar rakinn minnkar í húsinu og veggurinn þornar. En tilraunir hafa jafnframt verið gerðar með því að reyna að verja vegginn með einhvers konar málningu, sementsmálningu eða silikonhúðun eða einhverju slíku. Ekki held ég að menn séu á eitt sáttir um varanleik slíkra aðgerða og ljóst er að þær þurfa mikils viðhalds við.

Sementsverksmiðja ríkisins segir okkur að með íblöndun kísilryks frá málmblendiverksmiðjunni sé þessi alkalívirkni íslenska sementsins úr sögunni, lengur sé ekki hætta á þessu, þannig að vonandi sé nú komið að lokum í *því máli* og þar af leiðandi unnt að slá því föstu að skemmdir verði ekki meiri. Þar með er málið auðvitað ekki búið.

Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins slær því fram, að eitt meginvandamálið í þessu öllu sé hversu lítið fjármagn sé skammtað *til rannsókna. Þar benda menn á* nauðsyn þess, að kannað sé ítarlega á hvern hátt sé hagkvæmast að gera við þessar skemmdir, og sumir varpa fram efasemdun um hvort þær ráðstafanir, sem Sementsverksmiðjan nú hefur gripið til, muni koma í veg *fyrir þessar skemmdir í framtíðinni, þar þurfi menn að* fylgjast mjög vel með.

Spurning, sem fram kemur í þeirri skýsrlu sem flm. vitnaði mikið til, er og hvort hefðbundin uppbygging útveggja sé óhentug með tilliti til alkalískemmda svo og *annarra skemmda. Ég hygg að einmitt hér á þinginu sé* komin fram nú önnur þáltill. og fjalli hún um einangrun útveggja húsa. Athugun á því máli snertir þetta mál beint. Það er ljóst að þarna eru nokkur atriði sem þarf að skoða betur vegna þeirra gífurlegu fjármuna sem í veði eru.

Það má segja að þeir húsbyggjendur sem í þessu hafa lent, séu að nokkru leyti leiksoppar aðstæðna og hafi að engu leyti getað ráðið við það, í hverju þeir lentu. Mér eru í fersku minni orð eins kunningja míns, sem stendur frammi fyrir mjög alvarlegum alkalískemmdum á húsi sínu. Hann sagðist vera búinn að eyða fram að þessu nánast öllum tíma sínum, orku og fé í að byggja húsið sem hann nú býr í, en nú séu á því svo miklar alkalískemmdir að það liggi við að hann verði að byrja á að byggja það aftur. Það er ljóst að hið opinbera hlýtur að skoða mjög vandlega hvernig unnt er að aðstoða þá sem frammi fyrir slíkum vanda standa. Það má vel vera, eins og flm. drap á, að Viðlagatrygging ætti að einhverju leyti að koma inn í þetta mál. Það er alveg ljóst að þeir, sem frammi fyrir slíkum skaða standa, verða að eiga aðgang að lánakerfi landsmanna til viðgerða. Ég vil hins vegar segja það varðandi þessa till., svo þörf og nauðsynleg sem hún er, að það er nokkrum vanda undirorpið með hverjum hætti á að nálgast þetta mál fjárhagslega, hvers konar kerfi menn hugsa sér, hversu miklar skemmdir þurfi að vera til þess að eðlilegt sé að viðkomandi fái lán eða hvort við ákveðnar skemmdir sé eðlilegt að hann fái einhvern styrk. Þetta er flókið mál og þetta þarf talsvert mikillar athugunar við. — En ég ítreka það, sem ég sagði hér í upphafi, að þessi till. er þörf og hún er nauðsynleg og ég styð það að ríkisstj. verði falið að taka til alvarlegrar athugunar með hverjum hætti megi létta þeim, sem í þessu hafa lent, þær byrðar sem á herðar þeirra hafa verið lagðar.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Það er kannske rétt að byrja á að þakka hv. 12 þm. Reykv. fyrir þennan fróðlega fyrirlestur og tæknilega um þetta vandamál sem till. sú, sem hér er til umr., fjallar um.

Það er vissulega orðið alvarlegt mál þegar í ljós er komið að verulegur hluti nýrra húsa á höfuðborgarsvæðinu er stórkostlega skemmdur, liggur undir skemmdum og að frekari skemmdir eiga enn eftir að koma í ljós. Þetta er enn alvarlegra þegar það er haft í huga að steinsteypan hefur nú um langt árabil verið það sem menn hafa treyst á til að fjárfesta í, lagt ómældan hluta tekna sinna og vinnu í að koma sér upp eigin húsnæði, þegar það síðan kemur í ljós að þessi mannvirki liggja meira og minna undir skemmdum. Þess vegna er þessi till. þörf og tímabær. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt, ef koma á í veg fyrir margvísleg vandræði og vandkvæði, að komið sé til móts við þá eigendur íbúðarhúsa sem verða fyrir stórkostlegum skakkaföllum af völdum atriða sem þeir geta ekkert ráðið við.

Það hefur ýmislegt verið sagt hér um orsakir þessara steypuskemmda. Ég var staddur á fundi fyrir stuttu þar sem forstjórar Sementsverksmiðjunnar fjölluðu m. a. um þessi mál og skýrðu þau á afskaplega ljósan og einfaldan hátt: Sem sagt: Íslenskt sement er alkalívirkt. Það er í lagi ef notaður er í það sandur sem ekki er alkalívirkur. Þegar bætist við alkalívirkur sandur nægir það til að það sígur á ógæfuhlið í þessum efnum og skemmdir fara að eiga sér stað. — Nú hefur hins vegar, eins og síðasti ræðumaður minntist á, verið brugðið á það ráð að blanda kísilryki, sem sagt úrgangs- og mengunarefnum frá járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga, í sementið og með því telja þeir, sem gerst eiga til að þekkja, að þetta vandamál eigi ekki að skapast. Þessi efni koma sem sagt frá þeirri verksmiðju sem nú hefur því miður verið lokað um stundarsakir, en hv. formaður þingflokks Framsfl., Páll Pétursson, lét sér sæma í umr. í gær eða fyrradag að kalla „delluverksmiðju" — og talaði þar fulltrúi argasta afturhalds og mestu íhaldsaflanna sem hér heyrist í.

Ég hygg að það hafi komið í ljós, að raunhæfasta leiðin til að ráða bót á þessum vanda sé sú, sem hér hefur raunar verið minnst á, að nota þá gömlu byggingaraðferð sem hér var viðurkennd fyrir 40—50 árum, og það er bárujárnið eða hinar nútímalegu myndir þess, þ. e. að klæða þessi steinsteyptu hús að utan með bárujárni. Það hefur komið í ljós, að oft er það gott sem gamlir kváðu, að eina vörnin er að gera steypuhallir okkar nútímamanna að bárujárnshúsum að nýju. Það er það eina sem hefur reynst öruggt og haldgott, eins og síðasti ræðumaður raunar gat um og fjallaði um af sérþekkingu.

Þess eru dæmi hér í Reykjavík að heil hverfi húsa liggja meira og minna undir skemmdum af þessu tagi og raunar sums staðar búið að klæða ýmist gafla eða húshluta til að koma í veg fyrir slíkar skemmdir. Annars staðar eru menn að basla við að eiga viðskipti við þá aðila sem fást við að þétta veggi. Það er ekki löggilt iðngrein hér og misjafn sauður þar eins og víða annars staðar. Ég hygg að margir geti sagt fróðlegar sögur af viðskiptum við þá sem við þetta fást og auglýsa slíka þjónustu.

Ég held að það þurfi ekki aðeins að koma til móts við þá, sem hér verða fyrir skakkaföllum, með þeim hætti sem þessi till. gerir ráð fyrir, heldur þurfi einnig að kanna niður í kjölinn hversu stórt og umfangsmikið þetta vandamál er, hversu miklir fjármunir eru hér í húfi, að það liggi fyrir, og í öðru lagi þurfi að veita almenningi leiðbeiningar um það, hvernig bregðast skuli við þessu og hvernig best verði úr bætt. — Ég er sem sagt þeirrar skoðunar að hér sé vissulega hreyft þörfu máli og rík ástæða sé til að samþykkja þessa tillögu og það sem allra fyrst.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Gjaldskrár þjónustustofnana, þáltill. (þskj. 85). — Ein umr.

Flm. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Á þskj. 85, 79. mál Alþingis, hef ég leyft mér að flytja þáltill. svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að sjá svo um, að þjónustustofnunum ríkisins verði gert skylt að senda allar tillögur um efnislegar breytingar á gjaldskrám til umsagnar Neytendasamtakanna og Verslunarráðs Íslands."

Þessi till. er endurflutt breytt, en á síðasta þingi flutti ég tillögu sama efnis.

Þegar talað er um efnislegar breytingar á gjaldskrám er rétt að skilgreina það nokkru nánar. Hér er ekki átt við hækkanir á gjaldskrám sem verða vegna almennra verðlagshækkana í landinu, heldur fyrst og fremst við það þegar breytingar á reglugerðum eða breytingar á gjaldskrám leiða til þess, að um breytingar á einstökum kostnaðarliðum verður að ræða þannig að hlutfallsbreytingar eigi sér stað innbyrðis á gjaldskránni. Það hefði þess vegna mátt segja að þetta væru formbreytingar á gjaldskrám frekar en efnis, en ég vona samt að efni till. komi nægilega skýrt fram með þessari útskýringu.

Eins og allir vita er ríkið stærsti og öflugasti framleiðandi þjónustu hér á landi og sú þjónusta, sem ríkið selur, er oftast þannig, að ríkið hefur einkarétt á sölunni, og í sumum tilvikum er nánast um að ræða kaupskyldu þeirra sem búa í landinu. Ef við lítum t. d. til hitaveitna, sem að vísu eru ekki ríkisfyrirtæki, heldur sveitarfélaga, má segja að það sé skylda húseigenda, ef ákveðin reglugerð er fyrir hendi, að tengja hús sín við veiturnar. Þegar ríkisvaldið hefur einokunarrétt á framleiðslunni, eins og um er að ræða í þessum tilvikum skortir hið sjálfvirka eftirlitskerfi hins frjálsa samkeppnismarkaðar og í staðinn fáum við kerfi þar sem reynt er að líkja eftir markaðsöflunum. Þetta er gert með því að ákveðnir opinberir aðilar leyfa verðbreytingar á opinberri þjónustu eftir ákveðnum reglum. Oftast er það þannig að Alþingi setur lög, en reglugerðirnar, sem skipta kannske meira máli, eru settar með þeim hætti að stofnanirnar eða þjónustufyrirtækin semja reglugerðirnar og ráðh. gefur síðan út. Um eftirlit neytenda er því varla að ræða og fyrir hefur komið að þjónustufyrirtæki hafa ekki einu sinni farið að lögum þegar um breytingar á gjaldskrám hefur verið að ræða.

Til viðbótar þessu má geta þess, að vísitala framfærslukostnaðar hefur áhrif á svokallaða verðbóta- eða kaupgjaldsvísitölu og þar með snýst öll efnahagsstarfsemi þjóðarinnar í kringum vísitöluna. Þetta hefur valdið því, að í tengslum við kjarasamninga hefur verið sett á laggirnar nefnd, gjaldskrárnefnd, sem er pólitísk trúnaðarnefnd ríkisstj., og henni er ætlað að halda niðri verði á opinberri þjónustu með ákveðnu kerfi. Er því ágætlega lýst í nýlegri grein Kristmundar Halldórssonar deildar-

stjóra í iðnrn. sem hann ritar í nýútkomin Sveitarstjórnarmál, nr. 6 frá 1980, þar sem hann fjallar um þessi efni og segir frá því m. a. að gjaldskrárnefnd sé skylt, að sögn formanns hennar, að fara eftir stjórnarsáttmála ríkisstj. Þetta stafar af því, eins og ég sagði áðan, að ríkisstj. þarf að halda niðri vísitölu því að vísitalan heldur niðri launum í landinu. Þessi staðreynd um póltíska duttlunga verðlagsákvörðunarvaldsins hefur svo valdið því að verðlag hefur stórbrenglast á þjónustu opinberra stofnana.

Eitt nýjasta og mjög tiltækt dæmi í þessu sambandi er þegar Hitaveita Reykjavíkur sótti um hækkun á þjónustu sinni, fékk talsvert mikla hækkun á svokölluðu heimæðagjaldi, en litla sem enga á heitu vatni. Þannig varð, í stað þess að jöfn hækkun yrði á heimæðagjaldinu og heita vatninu, fimmfaldur munur á því leyfi sem kom frá gjaldskrárnefnd. Ástæðan var einföld: Heita vatnið í Reykjavík er í vísitölunni, heimæðagjaldið ekki. Þetta hefur leitt til þess, að heitt vatn í Reykjavík er með því alódýrasta á landinu, en heimæðagjöld Reykjavíkur með því aldýrasta sem þekkist þrátt fyrir það að ekkert bendi til þess að kostnaður við heimæðarnar sé meiri í Reykjavík, nema síður sé.

Ég er þeirrar skoðunar, og hef reyndar flutt um það tillögur hér á Alþingi ásamt hv. þm. Sigurgeir Sigurðssyni, sem hér sat á Alþingi sem varaþm. fyrir jól, að þjónustufyrirtæki rekin af sveitarfélögunum eigi að hafa frjálsan aðgang að því að hækka eða lækka eftir atvikum verð á þjónustu sinni. Það ættu samt sem áður að gilda sömu reglur um þá þjónustu og ég er að leggja til með þessari till. minni, sem nær aðeins til ríkisfyrirtækjanna, að senda ætti efnislegar breytingar á gjaldskrá til ákveðinna aðila sem helst er að vænta að láti sig varða hag almennings, og þar á ég við Neytendasamtökin, eða hag fyrirtækjanna, og þar á ég við Verslunarráð Íslands. Verslunarráðið er tiltölulega hlutlaus aðili hvað snertir atvinnuvegina. Innan vébanda Verslunarráðsins eru fyrirtæki úr nánast öllum greinum íslensks atvinnulífs. Þannig er lítil hætta á að ráðið hafi áhuga á að mismuna atvinnuvegunum í þessu tilliti. Á sama hátt held ég að enginn pólitískur ágreiningur sé um að starf Neytendasamtakanna sé mikilvægt og kannske mikilvægast á þeim sviðum þar sem almennur neytandi getur ekki látið álit sitt í ljós með því að gera upp á milli vörutegunda eða tegunda á þjónustu í frjálsu markaðskerfi.

Neytendasamtökin hafa á undanförnum árum látið opinbera þjónustu meira til sín taka en áður og unnið þar að mínu viti á margan hátt ágætt starf. Í stjórnarsáttmála núv. hæstv. ríkisstj. er í kaflanum um verðlagsmál minnst á Neytendasamtökin. Þar segir að ríkisstj. vilji efla samtök neytenda til að þau geti gegnt því mikilvæga verkefni að gera verðlagseftirlit neytendanna sjálfra virkt. Undir þetta vil ég taka og tel, að í þessu felist stuðningur þeirra afla sem standa að baki ríkisstj., og vænti þess vegna stuðnings af hálfu þeirra við tillöguna.

Herra forseti. Ég leyfi mér að fara fram á að þessi þáltill. fari til skoðunar í allshn., en vil láta það fylgja að vænna þætti mér um að ríkisstj. tæki málið upp hjá sjálfri sér án slíkrar till. og gerði á þessum málum þær breytingar sem ég tel vera eðlilegar, en það er að senda tillögur um gjaldskrárbreytingar þessum tveimur aðilum til að fá umsögn áður en endanleg ákvörðun er tekin, hvort sem síðan taka á tillit til þeirra umsagna eða ekki. Þetta hafa Neytendasamtökin reynt. Þau skrifuðu á sínum tíma samgönguráðherra Magnúsi H. Magnússyni um þetta efni, en hann vísaði til reglugerðar og taldi að ráðh. einn ætti að fara með það vald. Það er að sjálfsögðu rétt, en þýðir ekki það, að hann megi ekki taka tillit til þeirra sem þjónustunnar eiga að njóta.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Geðheilbrigðismál, þáltill. (þskj. 143). — Fyrri umr.

Flm. (Helgi Seljan): Herra forseti. Á þskj. 143 hef ég ásamt sjö hv. alþm. öðrum: Salome Þorkelsdóttur, Davíð Aðalsteinssyni, Karli Steinari Guðnasyni, Stefáni Jónssyni, Jóhönnu Sigurðardóttur, Jóni Helgasyni og Agli Jónssyni, leyft mér að flytja svohljóðandi till. til þál. um geðheilbrigðismál, skipulag og úrbætur:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að taka nú þegar til algerrar endurskoðunar öll geðheilbrigðismál hér á landi með tilliti til þess að byggt verði upp nýtt skipulag þessara mála.

Í þessu skyni skipi viðkomandi ráðh. nefnd til undirbúnings málinu þar sem m. a. aðstandendur geðsjúkra eigi fulla aðild.

Nefndin skili áliti fyrir árslok 1981. Brýnustu viðfangsefni, sem vinna þarf að ýmist samhliða nefndarstarfinu eða í nefndinni sjálfri, eru þessi:

1) Að lokið verði við framkvæmdir við Geðdeild Landspítalans á næstu tveimur árum og starfsfólk ráðið svo deildin geti sinnt verkefni sínu að fullu.

2) Að aðstaða til skyndihjálpar og neyðarþjónustu verði bætt.

3) Fullkomnari göngudeildarþjónustu verði komið á.

4) Fjölgað verði vernduðum heimilum fyrir geðsjúka.

5) Sérstök áhersla verði lögð á aðstöðu fyrir unglinga með geðræn vandamál (12—16 ára), svo sem lög kveða á um.

6) Í stað fangelsisvistar geðsjúklinga komi viðeigandi umönnun á sjúkrastofnunum.

7) Reglur um sjálfræðissviptingu verði teknar til rækilegrar endurskoðunar.

8) Atvinnumál geðsjúkra verði í heild tekin til athugunar, m. a. með tilliti til verndaðra vinnustaða, nauðsynlegustu iðjuþjálfunar, endurhæfingar, þar með talinnar símenntunar og ráðgjafaraðstoðar til að komast út í atvinnulífið á ný.

Kannaðir verði allir möguleikar hins opinbera svo og atvinnurekenda til lausnar þessa vanda.

9) Stóraukin verði almenn fræðsla um vandamál geðsjúklinga og aðstandenda þeirra svo og um eðli geðrænna sjúkdóma. Ráðgjafaþjónusta verði sem allra best tryggð."

Þessi till. var flutt á síðasta löggjafarþingi. Hún fékk þá ekki afgreiðslu. Í henni var þá 1. liðurinn nokkuð öðruvísi orðaður af eðlilegum ástæðum þar sem framkvæmdir við Geðdeild Landspítalans voru þá á öðru stigi en þær eru nú, og ber að fagna þeim áfanga sem þar hefur náðst. Í öðru lagi komu fram nú í sumar nokkrar aths. við þann lið þessarar till. sem þá fjallaði um sérstaka deild í heilbr.- og trmrn. sem tæki að sér sérstaklega að fjalla um geðheilbrigðismál og hafa yfirstjórn þeirra með höndum. Við flm. urðum þess áskynja að það voru vissar efasemdir um að þetta væri rétt, og því felldum við það niður.

Meginuppistaða grg. og rök fyrir till. eru sett fram af stjórn Geðhjálpar, og þar hefur Sigríður Þorsteinsdóttir hjúkrunarkennari alveg sérstaklega unnið að bæði grg. og einstökum upplýsingum til handa okkur flm., og kunnum við henni ásamt öðrum stjórnarmönnum þar bestu þakkir fyrir það starf því að við, sem flytjum þessa till., höfum litla sérþekkingu á þessu sviði og getum því ekki um það dæmt hver skuli vera meginatriði í tillöguflutningi af þessu tagi. Við gerum okkur hins vegar ljóst af því umhverfi, sem við lifum og hrærumst í, að í þessum málum er þörf mikilla úrbóta.

Ég hef tekið eftir því nú í umfjöllum um málefni fatlaðra á þessu alþjóðaári þeirra, umfjöllun um frv. til nýrra laga um málefni þeirra, að fulltrúar t. d. Öryrkjabandalagsins hafa ítrekað bent á þann stóra sjúklingahóp, sem er með geðræn vandamál, og bent á það um leið hversu stutt við værum á veg komnir einmitt í aðstoð og hjálp við það fólk. Ber þó ekki að vanmeta það sem margir aðilar og mörg félagasamtök hafa vel gert í þessum efnum. Ég nefni þar sérstaklega Geðvernd, Geðhjálp, félagsskapinn Vernd og fleiri aðila sem hafa hér vel að unnið, enda segja þeir hjá Geðhjálp að vissulega sé margt vel gert og við stöndum vel að vígi á ýmsum sviðum, en miður annars staðar varðandi heilbrigðisþjónustuna. Það, sem þeir telja miður farið, er einmitt varðandi geðheilbrigðismálin. Þeir segja, og ég held að það sé fyllilega rétt og til athugunar fyrir okkur, að e. t. v. sé það vegna þeirrar hulu sem hvílir yfir geðsjúkdómum sökum lítillar umræðu og fræðslu um þessa sjúkdóma almennt, og þar af leiðandi er það ekki rætt að geðsjúkdómar hrjái fólk, nema þá í flimtingum og glensi manna á meðal, því miður. Þetta segja þeir hjá stjórn Geðhjálpar og ég tek fyllilega undir það.

Till. þessi er í raun og veru tvíþætt. Hún gerir ráð fyrir skipun nefndar sem hafi það að markmiði að taka öll geðheilbrigðismál til endurskipulagningar og þar sem leyst yrði úr ýmsum vandamálum til frambúðar. Hins vegar er bent á ýmis atriði sem knýja þannig á um úrbætur að ákveðið er að vekja á þeim sérstaka athygli og fá fram úrbætur svo fljótt sem mögulegt er, helst áður en Alþingi afgreiddi lagafrv. þessa efnis.

Í grg. með þessari till. er vikið að hverjum einstökum lið og ég sé ekki ástæðu til að fara í það nú vegna þess að þegar um þetta mál var fjallað í fyrra flutti ég fyrir því ítarlega framsögu. Þar komu svo aðrir flm. inn í. Einnig kom inn mjög merkilegt og gott innlegg frá hv. þm., sem þá sat hér, Haraldi Ólafssyni, um þetta mál. — Ég vil þó ekki láta hjá líða að minna á ýmis ógnvekjandi atriði, sem fram koma í upplýsingum frá Geðhjálp, og grípa niður í t. d. lið nr. 1:

„Samkv. upplýsingum frá Bjarka Elíassyni gista að jafnaði þrír einstaklingar fangageymslur á nóttu hverri allan ársins hring að bíða eftir „plássi" á geðdeild. Sökum sjúkdóms síns geta þeir ekki verið heima og rými er ekki til á geðdeildum."

Þetta hefur því miður ekki breyst til batnaðar að ráði, að mér er sagt, þó að vissulega hafi sú opnun, sem þegar er orðin á Geðdeildinni, breytt þar einhverju til batnaðar.

Þessi till. fjallar um viðamikið og viðkvæmt mál og þarf því góða athugun í nefnd. Við flm. eru engir bókstafstrúarmenn í þessum efnum, síður en svo. Við ætlumst ekki til þess, að allir þeir liðir, sem við erum með hér, séu teknir orðréttir upp. Við gætum jafnvel, til þess að taka af öll tvímæli um það, hugsað okkur að sú tillgr., sem kæmi endanlega frá n., fæli í sér að öll þessi mál væru tekin til algerrar endurskoðunar með tilliti til þess, að byggt yrði upp nýtt skipulag þessara mála, og aðstandendur geðsjúkra ættu aðild að slíkri nefnd. Þó að þau áhersluatriði séu nefnd sem koma þarna á eftir teldum við að aðeins þetta væri svo mikilvægt skref í rétta átt að við mundum fyllilega við una.

Í öðru lagi vil ég segja að núna á þessum dögum sérstaklega, þegar verið er að fjalla víða úti í þjóðfélaginu um málefni fatlaðra og málefni ýmissa hópa, þá kemur æðioft upp að við eigum ekki að vera með nein sérgreind lög fyrir einstaka hópa í þjóðfélaginu, það sé röng stefna, heldur sé það eitt rétt í þessum málum að aðlaga þessa hópa hinni almennu löggjöf í sem allra flestum greinum. Ég er algerlega sammála þessu meginsjónarmiði. Við eigum grunnskólalöggjöf sem á að tryggja nokkurn veginn jafnan rétt allra. Við eigum lög um heilbrigðisþjónustu sem einnig eiga að tryggja jafnan rétt allra. Við eigum hins vegar enga félagsmálalöggjöf og félagsmálalöggjöf á langt í land hjá okkur, hvort sem um yrði að ræða rammalöggjöf eða löggjöf sem væri rækilega úr garði gerð og tæki til flestra þátta félagsmála. Það vegur kannske þyngst, held ég, hjá okkur öllum flm. varðandi þennan sérstaka hóp, að þessi hópur ásamt fjöldamörgum öðrum á svo gífurlega langt í land að ná að standa jafnfætis öðrum þjóðfélagsþegnum hvað snertir margvíslega aðstöðu í þjóðfélaginu. Þess vegna er það eðlilegt milliskref í þessum málum og sjálfsagt um leið, ef við ætlum að tryggja þessu fólki jafnrétti, að við setjum áherslulög um málefni þeirra þannig að þau þokist hraðar í átt til þess fullkomna jafnréttis sem við öll erum sammála um að stefnt sé að. Því er það, að við erum ekki á því að það sé af hinu illa, síður en svo, að taka geðheilbrigðismálin sérstaklega út úr, fá nýtt skipulag á þau mál og semja um þau heildarlöggjöf sem gæti orðið til þess að tryggja þessum stóra hóp réttindi — þessum ótrúlega stóra hóp þar sem jafnvel er talað um að um 20% af íbúum hins vestræna heims þurfi að leita geðlæknis einhvern tíma á ævinni og geðrænir sjúkdómar sé einhver algengasta fötlun sem um getur. — Við álítum það sem sagt af hinu góða að þessi mál verði tekin til rækilegrar endurskoðunar, sérlög um þau sett og þannig á þeim tekið að við förum hraðar en hingað til hefur verið í átt til þess að jafnrétti þessa fólks verði sem mest — eða kannske réttara sagt: að réttur þess verði með einhverjum hætti tryggður, því að e. t. v. er þessi hópur ásamt þroskaheftum í þjóðfélaginu verst tryggður í dag þrátt fyrir að ég ætli ekki að gera lítið úr því sem þegar hefur verið í málinu gert.

Till. skýrir sig sjálf að miklu leyti. Þessi mál eru sérstæð. Sérstaða sjúklinganna er alveg augljós og því þarf vissulega að mörgu að gæta. Það má aftur víkja að viðkvæmni þessara mála allra, svo að aðeins sé að sjálfræðissviptingunni einni vikið, sem er stórt mál. Hér er líka um að ræða fólk sem vissulega hefur sætt fordómum almennings og sætir enn að nokkru marki og því er vissulega þörf ærinna úrbóta, sem við flm. erum hér að benda á og höfum fyrir okkur þá aðila sem gerst þekkja, aðstandendur hinna geðsjúku sem eldurinn brennur heitast á.

Við flm. viljum þó ítreka nokkur atriði sérstaklega:

1. Aðstandendur geðsjúkra eru yfirleitt illa í stakk búnir að takast á við vandann þegar geðrænir sjúkdómar

herja á. Þar er fræðslan upphaf alls. Því meira sem fólk veit um vandann, því betri möguleikar eru á að leysa hann. Við erum þó ekki að leggja eingöngu áherslu á fræðslu aðstandenda. Ekki leggjum við síður áherslu á fræðslu geðsjúklinganna sjálfra um eðli sjúkdómsins, hvert stig hans er og batamöguleika kannske fyrst og fremst.

2. Eins og ég benti á áðan minnum við á reglurnar um sjálfræðissviptinguna sem í dag eru slíkar að engir geta við unað. Hér þarf vel að hyggja að. Það er vissulega erfitt að setja nýjar reglur hér um. Við getum litið til næstu landa um fyrirmyndir, en um alhæfingu getur ekki orðið að ræða og við gerum okkur fyllilega ljóst að það er erfitt að finna hér reglur sem samræma hvort tveggja mannúðar- og öryggissjónarmið.

3. Þá leggjum við afar mikla áherslu á svokallaða áningarstaði og verndaða vinnustaði. Þeir eru að vísu til, en þeir fullnægja hvergi þörfinni. Geðvernd er nú t. d. með hús í byggingu sem á að verða áningarstaður. Þeir góðu menn, sem þar starfa, fullyrða hins vegar að vissulega leysi það hús alls ekki allan vanda. Hér er um eitt mikilvægasta skrefið að ræða fyrir sjúklinginn og eitt mikilvægasta skrefið að því marki að hann aðlagist þjóðfélaginu á nýjan leik. En þar getur verið um gífurlegt átak að ræða og þar þurfa margir að leggjast á eitt. Þar þarf fyrst og fremst ráðgjöf og félagslega aðstoð sem allra besta.

4. Í beinu framhaldi af þessu nú leggjum við áherslu á atvinnumálin. Þar ráða fordómar enn of miklu. Við mig hefur verið fullyrt af þeim sem gleggst þekkja hér til, að fordómarnir séu mun meiri hjá vinnufélögum en vinnuveitendum. Það er kannske eðlilegt vegna þess að sjúklingurinn er í miklu nánari snertingu við vinnufélagana en vinnuveitandann sjálfan, sem gerir kannske lítið annað en greiða honum laun. En engu að síður sýnir þetta okkur að sem best samstarf þarf að takast við stéttarfélögin í þessum efnum og það þarf að eiga sér stað viss fræðsla á vinnustaðnum svo ekki komi til þeirra erfiðleika sem sagt er að beri allt of mikið á þó að búið sé að útvega þessum manni vinnu sem á þarf að halda.

Nátengd þessu, og því miður í mjög vaxandi mæli, eru vandamál barna og unglinga. Þau eru kannske ógnvænlegust af því öllu. Það er mál sem ég ætla ekki að fara náið út í hér, og það mál hefur reyndar verið tekið sérstökum tökum og er vissulega margt vel gert í þeirra málum. En allir sjá að skólakerfið þarf að vera hér vel á verði. Varðandi nám þessa fólks og aðlögun þess að náminu á nýjan leik er ekki um minni erfiðleika hjá því fólki að ræða en hjá þeim fullorðnu sem þurfa að fara út í atvinnulífið. Þetta fólk á kannske enn erfiðara. Það hefur orðið fyrir mikilli seinkun í námi sínu þó það sé orðið heilbrigt á nýjan leik, og það gengur erfiðlega að ná tengslum aftur inn í námið, við félagana, að aðlagast skólakerfinu í heild. Ég held að þetta sé mál sem brýnt er að leysa í velferðarþjóðfélagi okkar.

Ég held líka að það sé aldrei lögð of þung áhersla á að þessi mál á að ræða opinskátt og af fullri reisn, svo sem þeim ber. Ekki á að vera á nokkurn hátt með þann feluleik sem of oft hefur einkennt þessi mál sem margt fólk vill því miður enn í dag sveipa vissri hulu vegna þess að ýmsir sjúkdómar eru þess eðlis, að þeir nálgast að vera fínir, en þessi sjúkdómur er af því taginu, að menn varast að nefna hann ef nokkur leið er að komast hjá því.

Ég held að sú nefnd, sem fær þetta mál til umfjöllunar, þurfi að leita til þeirra aðila sem gerst þekkja þessi mál. Ég held að það væri verðugt átak á alþjóðaári fatlaðra ef sá stóri hópur, sem hér er um að ræða, fengi nýja löggjöf, nýjar úrbætur í málum sínum, eins og honum ber, vegna þess að það er viðurkennt af öllum að hér erum við á eftir þrátt fyrir góðan vilja, bæði sérfróðra manna sem ýmissa þeirra sem að þessu hafa unnið af áhuga og í sjálfboðavinnu.

Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þessa till. nú. Ég vísa til ítarlegrar grg. með till. og ég vísa til ítarlegrar framsögu í fyrra um alla þætti hennar og mikilvægi hvers um sig, mismunandi mikilvægi að sjálfsögðu. Ég endurtek það, um leið og ég óska eftir að þessari till. verði vísað til hv. allshn. og síðari umr., að ef nefnd, sem fær till. til umfjöllunar, hrýs hugur við því að telja upp öll þau áhersluatriði sem þarna eru, þá erum við flm. fyllilega ásáttir við að hér verði eingöngu teknar fyrstu málsgr., sem kveða á um endurskipun þessara mála og nefnd þar sem aðstandendur geðsjúkra eigi fulla aðild.

Davíð Aðalsteinsson: Herra forseti. Hv. 1. flm. hefur gert skilmerkilega grein fyrir þeirri till. sem hér er fjallað um, en till. gerir fyrst og fremst ráð fyrir að komið verði á fót starfshóp sem taki til endurskoðunar stöðu geðheilbrigðismála í þessu landi, en jafnframt að gerðar verði tillögur um skipulag og úrbætur í bráð og lengd. Jafnframt eru talin upp í nokkrum liðum ýmis þau verkefni sem vinna þarf í næstu framtíð. Í grg. er fjallað nánar um þessa þætti alla með það að markmiði að sem flest komi inn í þessa umræðu um geðheilbrigðismál, ekki aðeins á hinu háa Alþingi heldur og ekki síður vegna þess starfs, sem till. gerir ráð fyrir að unnið verði, að finna þessum vandmeðfarna málaflokki, geðheilbrigðismálum, eðlilega farvegi.

Hér er aðeins fjallað um einn þátt í heilbrigðiskerfinu af mörgum sem vert væri að skoða með sem mestan árangur að markmiði, en jafnframt ráðdeild í fjármögnun. En forsenda þess að sjá yfir sviðið allt án þess að tapa áttum er að gera sér ljósa grein fyrir stöðu hinna einstöku þátta heilbrigðiskerfisins svo að komist verði sem næst því að vinna að málum í réttri röð. Ég hef ekki í hyggju að fjalla sérstaklega um einstaka liði till., heldur fara aðeins örfáum orðum um efnið.

Það er mála sannast að mjög margir verða einhvern tíma á lífsleiðinni fyrir andlegum áföllum, þótt ekki sé um að ræða andlega uppgjöf í öllum tilfellum, en slíkt er alltaf afstætt. Tilfinningaleg uppgjöf er e. t. v. miklu algengari þáttur samt sem áður í mannlegu lífi en menn gera sér almennt ljósa grein fyrir. Mikið tilfinningalegt álag stofnar í hættu ekki aðeins andlegri heilbrigði einstaklinganna, heldur einnig líkamlegri, sem birtist á margan hátt. Því er hiklaust haldið fram að þriðjungur sjúklinga, sem liggja á lyflæknisdeildum, hafi sem sjúkdómsvald tilfinningaleg eða geðræn vandamál. Þegar litið er til þessa ásamt fjölmörgu öðru, hljótum við að leiða hugann að mikilvægi þess að sinna geðheilbrigðismálum eins vel og kostur er, ekki aðeins vegna geðheilbrigði einstaklinganna, heldur líka vegna líkamlegra sjúkdóma sem sigla í kjölfar andlegrar óheilbrigði. Ég lít svo á, að það sé ekki of fast að orði kveðið að engin grein innan heilbrigðiskerfisins eigi við eins hatramma fordóma að stríða og einmitt sá málaflokkur sem við hér fjöllum um.

Ég gæti vel trúað því, að fjölmargir þeirra, sem

heilbrigðir teljast, veigri sér jafnvel við því að tala um geðsjúkdóma nema þá í hálfum hljóðum. Þeir fordómar, sem hér hefur verið minnst á, eiga fyrst og fremst rætur í vanþekkingu og skilningsleysi þeirra sem heilbrigðir teljast. Það er óhæfa að sá, sem leita þarf hjálpar vegna andlegrar vanheilsu, skuli í mörgum tilfellum vera lítilsvirtur og jafnvel um langan tíma brennimerktur í því umhverfi sem hann lifir og starfar í. Slíkum viðhorfum er hægt að breyta, m. a. með aukinni fræðslu um þessi mál. En vegna ótta við sitt nánasta umhverfi og þau viðhorf, sem allt of víða eru ríkjandi, veigra margir sér við því að leita lækningar fyrr en í óefni er komið. Það er aldrei of oft á það minnt, hversu nauðsynlegt er að ná til sjúkra á byrjunarstigi. Þegar það tekst ekki verður lækning óhjákvæmilega mun erfiðari.

Enda þótt opinberar aðgerðir séu nauðsynlegar að því er varðar starfslið og stofnanir til að sinna andlega vanheilu fólki og samfélagið láti allmikið fé af hendi rakna í því skyni komumst við ekki hjá því að leiða hugann að þeirri þjóðfélagsgerð sem við búum við. Spyrjum við okkur nægilega oft þeirrar spurningar, hvort við leggjum okkur fram um að móta þjóðfélag okkar, bæta umgengnishætti okkar á þann veg að stuðlað verði að andlegri velferð og geðheilbrigði einstaklinga m. a.? Mér finnst það alls ekki undrunarefni að allur sá hraði og öll sú spenna og kröfuharka sem leiðir af sér streituþjóðfélag okkar valdi í fjölmörgum tilfellum vanheilsu hjá fjölda einstaklinga. Auðvitað ber okkur skylda til þess að geðsjúkir fái notið allrar þeirrar aðstoðar sem samfélagið getur veitt, en það gerum við ekki eingöngu á forsendum stórra og mikilfenglegra stofnana, þótt hlutverk þeirra verði aldrei dregið í efa. Að mínum dómi er mest um vert hvaða viðtökur sjúklingurinn fær að meðferð lokinni, sem vonandi hefur verið á þann veg að leitast hefur verið við að hjálpa honum til sjálfshjálpar. Það er skylda samfélagsins að stuðla að andlegri heilbrigði. Það er skylda samfélagsins að koma í veg fyrir aukaálag fordóma og gera hóflegar kröfur til þeirra, sem vanheilir eru á geði, þegar þeir hinir sömu reyna á ný að taka sinn sess í fjölskyldu, í atvinnu, í samfélagi okkar. Þar ræður allra mestu skilningur og mannleg hlýja, sem hvort tveggja kostar lítið.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég vil af alhug taka undir þá till., sem hér er flutt, og fara um hana nokkrum orðum.

Það er nú svo, að það vill brenna við hér á hinu háa Alþingi að þegar mál af þessu tagi, sem jafnmikilvæg eru, koma til umr. eru þeir ekki ýkjamargir mennirnir sem sitja í salnum og hlusta á og fjalla um málin sem kannske skipta okkur mun meira en þau sem allt argaþrasið er um hér í fundastreðinu. Ég vil minna á í sambandi við þessa þáltill. að það er almenn skoðun geðlækna og sérfræðinga um allan heim, að geðræn vandamál fari stöðugt vaxandi. Það er svo, að hundraðshluti þeirra manna, sem á ævi sinni verða fyrir geðrænum truflunum af ýmsum ástæðum, fer stöðugt vaxandi og hefur gert það mjög, einkum og sér í lagi frá heimsstyrjöldinni síðari.

Fyrir 10—15 árum var hafin á Íslandi umræða um geðheilbrigðismál. Ég held ég halli ekki á neinn þó að ég segi að stærsta þáttinn í því að hefja þá umræðu hafi átt prófessor Tómas Helgason, núverandi yfirlæknir á Kleppsspítalanum. Áður en sú umræða hófst voru málefni geðsjúkra á þann veg hér á landi að sá sem fór á Klepp var nánast dæmdur úr leik. Við munum allir eftir þeim orðum sem við sjálfir tókum okkur í munn þegar við vildum fara niðrandi orðum um náungann: að hann væri Klepptækur. Sem betur fer held ég að sá þáttur sé úr sögunni, þetta sé ekki lengur notað sem skammaryrði. Hins vegar fer það ekkert milli mála, að fordómarnir, þekkingarleysið og myrkrið, sem hvílir yfir þessum málaflokki, er aldeilis með ólíkindum. Menn fjalla kinnroðalaust um það ef þeir fá magasár eða brjóta á sér fót, en þeir gera það ekki ef þeir verða fyrir einhverju andlegu áfalli og þurfa meðferðar við.

Ég er þeirrar skoðunar, að þegar þessi till. kemur til nefndar megi mjög gjarnan fjalla um eitt atriði þessa málaflokks, sem ég hef ekki fundið í þessari till., en það er staða geðsjúkra gamalmenna. Þetta er af flestum talið eitt af erfiðustu vandamálum sem við eigum nú við að glíma á sviði geðsjúkdóma. Geðsjúk gamalmenni eru raunverulega komin út fyrir ramma kerfisins. Þau eiga hvergi heima. Þau eiga hvergi samastað. Maður á miðjum aldri eða fullorðinn maður, gamall maður, sem verður óeðlilega fljótt „senil", á óskaplega erfitt og aðstandendur hans, vegna þess að honum er hvergi ætlaður staður.

Ég vil líka leggja á það mikla áherslu, að þegar þessi till. kemur til umr. í nefnd verði ekki eingöngu fjallað um hvað gera skuli eftir að menn hafa orðið veikir, heldur jafnframt og e. t. v. miklu frekar hvað gera skuli til að koma í veg fyrir geðsjúkdóma. Til þess eru mörg ráð. Geðsjúkdómar eru margbreytilegir og orsakir þeirra eru mjög margbreytilegar. Ein sú helsta er ofneysla ýmissa vímugjafa, streita, áhyggjur og almennt það álag sem nútímaþjóðfélag leggur á einstaklinginn. Ég held að þessi þáttur hafi ekki verið gaumgæfður nægilega mikið. Geðverndarfélagið hefur nú tekið þetta upp í stefnuskrá sína til umfjöllunar, til að auka fræðslu um hvernig einstaklingurinn geti áttað sig á því ef hann verður fyrir einkennum er gætu leitt til geðtruflana eða geðrænna vandamála af einhverju tagi. Þetta er mikið grundvallaratriði vegna þess að það er ávallt og hefur ávallt verið talið betra að koma í veg fyrir sjúkdómana en að lækna þá eftir að þeir eru komnir í skrokkinn.

Það fer ekkert milli mála að það, sem við erum að glíma við núna, á rætur að rekja til baráttu mannsins, baráttu einstaklingsins við hið óeðlilega samfélag sem hann sjálfur hefur skapað sér, þ. e. brotthvarfið frá hinu upprunalega og hinu eðlilega umhverfi. Sérfræðingar á þessum sviðum telja að þróun mannsins á síðustu tveimur öldum hafi verið það hröð að möguleiki heilans til að taka við öllum þeim breytingum hafi ekki verið fyrir hendi. Jafnvel hafa þeir gengið svo langt að skipta heilanum í tvennt og tala gjarnan um gamla heilann og nýja heilann. Um þetta eru til mikil fræði í nýjum bókum.

Tveir franskir geðlæknar eru frægir fyrir kenningu sem þeir hafa haldið fram, kannske meira í gamni en alvöru. Þeir hafa sagt að það væru raunverulega hinir heilbrigðu sem í geðsjúkrahúsunum væru, en hinir óheilbrigðu sem úti í þjóðfélaginu væru. Skýring þeirra er einföld. Þeir segja: Maður, sem getur staðið uppréttur úti í nútímasamfélagi, getur ekki verið heilbrigður. Þess vegna er það heilbrigt að gefast upp fyrir samfélaginu eins og það er.

„Fílósófískar" hugleiðingar af þessu tagi eiga kannske ekki heima hér, en ég er sannfærður um að það tækni- og velferðarþjóðfélag, sem við hér á hinu háa Alþingi erum

að berjast við að betrumbæta og gera fullkomnara, hefur fært okkur upp í hendurnar þennan vanda, að maðurinn er ekki tilbúinn að hverfa frá uppruna sínum, frá því samfélagi þar sem heimurinn var býsna mikið öðruvísi en hann er núna. En ég vil taka undir það með hv. síðasta ræðumanni, að líklega er einn höfuðgallinn á þessu samfélagi, sem við erum að skapa, sem við erum þátttakendur í að skapa og fleiri eiga eftir að taka þátt í að skapa, að mannleg samskipti hafa farið úr skorðum. Einveran og einstæðingsskapurinn eru hvergi meiri en í þessum svokölluðu velferðarsamfélögum. Það er einn vandinn sem við er að stríða, og ég held að sú hugarfarsbreyting, sem við kannske flestir óskuðum að gæti átt sér stað, eigi því miður langt í land með að verða að veruleika, en hún með bættum mannlegum samskiptum, gæti kannske dregið meira úr þeim vandamálum, sem við erum að fjalla um hér, en flest annað, en það pillukerfi sem búið er að koma upp og maðurinn hefur ánetjast að vissu leyti.

En ég endurtek að ég lýsi fyllsta stuðningi við þessa till. Það er oft með góðar till. af þessu tagi að þær vilja verða undir, þær verða einhvern veginn eftir, þær týnast og hverfa, eins og hér kemur fram. Það er verið að endurflytja þessa till. núna. Við getum spurt sjálfa okkur: Af hverju? Er það af því að þm. hafa ekki meiri áhuga á þessu máli en svo að þeir sitja sjö í salnum þegar það er rætt? Það er kannske ástæðan fyrir því að ekki gengur betur. Ég vil þess vegna hvetja flm. til þess — og mun styðja þá með ráð og dáð — að koma þessu máli fram sem allra fyrst.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég mun ekki bæta löngu máli við framsöguræðu hv. þm. Helga Seljans, forustumanns um flutning þessa máls, sem ég vil enn þakka þrautseigju hans og áhuga og umhyggjusemi fyrir málefnum geðsjúkra. Hann gerði mjög ítarlega grein fyrir þessu máli í hinni upprunalegu framsöguræðu sinni er hann mælti fyrir þessari till. á þinginu í fyrra. Ég óskaði þess áðan að framsöguræða hans núna hefði verið skrifleg, þannig að auðveldara hefði verið að tryggja að henni yrðu gerð ítarleg skil hið fyrsta í dagblöðum.

Öðrum ræðumönnum, sem hér hafa tekið til máls, vil ég einnig þakka undirtektir þeirra undir þetta mál. Ég hygg að hv. þm. Árni Gunnarsson þurfi síður en svo að biðjast afsökunar á „fílósófískum“ eða heimspekilegum bollaleggingum sínum í sambandi við hina bágu stöðu geðsjúkra í samfélaginu því að hér fjöllum við raunverulega um vandamál sem e. t. v. í þessari stöðu og í tengslum við þetta mál stafar frekar af viðhorfi samfélagsins, — þess háttar samfélags sem Árni Gunnarsson lýsti lauslega, — viðhorfum samfélagsins til þeirra sem kallaðir eru geðsjúkir.

Við leikmenn vitum sáralítið um orsakir og eðli hinna ýmsu svonefndu geðsjúkdóma og komumst því miður að þeirri raun við athugun og í viðræðum við hina menntuðustu sérfræðinga í læknastétt á þessu sviði að einnig þeir vita sáralítið. Ég las fyrir tveimur mánuðum nýútkomna bók eftir heimsfrægan geðsjúkdómafræðing. Bókin heitir Schizophrenia, fjallar um sjúkdóm sem nefndur hefur verið geðklofi á íslensku, en fékk í upphafi þessarar aldar heitið „schizophrenia“. Þar heldur höfundur, þessi heimsfrægi sérfræðingur í geðsjúkdómum, því fram að schizophrenia sé ekki heiti á sjúkdómi, það hafi ekki tekist enn þá að sanna að schizophrenia, sem svo hefur verið nefnd í senn hundrað ár, sé sjúkdómur, heldur sé þetta lýsing á afbrigðilegu framferði miklu fremur. Heitið var búið til, enda þótt læknar þess tíma viðurkenndu það, þegar á þá var gengið, að þeir hefðu ekki greint þann sjúkdóm sem þeir skírðu schizophrenia, heldur var nafnið búið til til þess að réttlæta innilokun manna með þessi sérkennilegu hegðunarmerki, ekki af tillitssemi við hinn meinta sjúkling eða einstakling þann sem þannig hagaði sér, heldur af tillitssemi við frændur og granna til þess að þeir þyrftu ekki að horfa upp á þetta óþægilega „félagslega fyrirbæri“. — Alveg fram á vora daga er „schizophrenia“ notað sem sjúkdómsheiti. Að vísu hefur heldur dregið úr áráttunni til þess að loka þetta fólk inni innan þykkra veggja með grindur fyrir gluggum eða binda það í stíur, en heitið er enn þá notað sem sjúkdómsheiti, þó sjúkdómsgreining hafi enn ekki átt sér stað.

Mig brestur til þess þekkingu að ræða þessa hlið málsins svo nokkru megi góðu til leiðar koma. Hitt er alveg ljóst, að svo sem hv. frsm. kom inn á og raunar ræðumenn eftir hann brestur helst á í samfélagi okkar umhyggjuna með því fólki sem þjáist, hvort heldur af geðsjúkdómi sem kynni að eiga sér lífrænar orsakir eða tilfinningalegar, — samfélagslega umhyggju og ef við, sem ræðum þessi mál hér í Sþ., leyfum okkur að nota nafngift eins og félagslegt hjartalag eða pólitískt hjartalag í umfjöllun okkar um slík mál.

Ég er efalaus um það, að enda þótt hv. Alþingi geti litlu til leiðar komið í þá átt að auka vísindalega þekkingu eða fræðilega þekkingu á eðli þeirra fjölmörgu sjúkdóma, þeirra fjölmörgu einstaklingsbundnu vandamála sem hér er um að ræða og við fjöllum hér um undir einu heiti, sem eru geðsjúkdómar, þá á það að vera á valdi þessarar stofnunar að hvetja mjög til þess og eiga frumkvæði að því, að málefni þessara sjúklinga verði tekin allt öðrum félagslegum tökum en gert hefur verið fram til þessa og e. t. v. ekki síst að sjá til þess að sá kjánaskapur, sem enn þá virðist eiga sér rætur í brjóstum mjög margra manna og einna þungbærastur er fyrir þá einstaklinga sem sjúkir eru á þessu sviði, verði upprættur.

Enn þakka ég frumkvæði Helga Seljans að flutningi þessa máls og góðar undirtektir annarra ræðumanna og heiti mínum atbeina.

Flm. (Helgi Seljan): Herra forseti. Ég þakka þær ágætu umr., sem hér hafa orðið um þetta mál, og það innlegg, sem um málið hefur komið frá þeim sem um það hafa rætt.

Ég vil alveg sérstaklega þakka þær ábendingar sem komu fram hjá hv. 6. þm. Norðurl. e., Árna Gunnarssyni. Það var mjög þörf ábending sem hann kom með, ef við tökum áhersluatriði inn í þessa tillögugerð á annað borð, varðandi gamla fólkið. Það er atriði sem reyndar var búið að benda mér á, en mér hafði láðst að minnast á.

Það gladdi hug minn í fyrra þegar ég varð þess var, að okkar ágætu dagblöð tóku nokkuð myndarlega á þessu máli og a. m. k. tvö þeirra, Morgunblaðið og Tíminn, munu meira að segja hafa fært þetta inn í leiðara sína að hluta til. Það sýndi að mönnum þótti þetta mál allrar athygli vert og full ástæða til að gefa því gaum.

Vegna þess að hv. síðasti ræðumaður talaði um áhuga og frumkvæði get ég ekki annað en nefnt aftur, — ég held að ég hafi gert það í minni fyrri ræðu, — það mikla frumkvæði sem félagið Geðhjálp hafði í þessum efnum

og alveg sérstaklega það, hve fyrrv. formaður þess félags, Sigríður Þorsteinsdóttir hjúkrunarkennari, gerði mikið í þessum efnum. Hún lagði á sig mikla vinnu til að búa þetta mál sem allra best úr garði, eins og ég held að komi glögglega fram í grg.

Hv. 6. þm. Norðurl. e. kom einmitt inn á það í ræðu sinni, hverjar orsakir margar væru hér til. Nú vill einmitt svo til, að höfundur þessarar grg., þessi hjúkrunarkennari, er einmitt starfsmaður á þeim vettvangi þar sem margra orsaka er að þessu að leita, þ. e. hjá SÁÁ, og þekkir þess vegna glögglega til ýmissa þeirra vandamála sem einmitt leiða til geðrænna truflana að ýmsu tagi.

Ég ætla ekki að lengja þessar umr. Ég trúi því ekki fyrr en ég tek á að sú nefnd, sem fær þetta mál til meðferðar, afgreiði það ekki. Nefndin hafði vissa afsökun í fyrra, svo ég taki hennar málstað, að því leyti til að málið kom þá seint fyrir. Að vísu var boðið þá að afgreiða málið í formi fyrstu tveggja málsgr., en þá þótti mönnum sem þeir þyrftu að skoða það betur. Nú gefst tækifæri til þess til vorsins, og vil ég ekki trúa öðru en allir nm. í hv. allshn. muni að því vinna að skila þessari till. í óbreyttu formi, — og ekki síður óska ég þess í endurbættu formi, ef um það væri að ræða, þó að mér sé ljóst að það sé ekki okkur flm. að þakka, heldur frábærri vinnu fyrrv. formanns Geðhjálpar, að till. er þannig úr garði gerð að það væri fyllilega óhætt að samþykkja hana óbreytta. Þó tel ég sjálfsagt að taka inn í hana sérstaka ábendingu hv. þm. Árna Gunnarssonar varðandi gamla fólkið og þá kannske einnig ríkari áherslu á fyrirbyggjandi aðgerðir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 46. fundur.

Mánudaginn 2. febr., kl. 2 miðdegis.

Viðnám gegn verðbólgu, frv. (þskj. 384). — 1. umr.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. 31. des. s. l. voru gefin út brbl. um ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu og eru það lög nr. 87 frá 1980. Þessi brbl. hafa nú verið lögð hér fram. Þeim var útbýtt á öðrum degi eftir að þing kom saman að nýju, eða 27. jan., og eru nú til 1. umr. hér í hv. deild.

Í stjórnarskránni eru ákvæði um heimild til handa forseta Íslands að gefa út brbl. milli þinga ef brýna nauðsyn ber til. Um það hefur aldrei verið deilt, að þessi heimild á einnig við um þinghlé eða þingfrestun þegar þingi er frestað með samþykki Alþingis. Alþingi samþykkti sjálft að fundum þess skyldi frestað frá 20. des. s. l. til 26. jan. og var þá á vitorði hv. alþm. að til þess kynni að koma að brbl. yrðu gefin út í þessu þinghléi.

Þau brbl., sem hér um ræðir, voru gefin út síðasta dag s. l. árs. Þau byggjast á efnahagsáætlun, efnahagsaðgerðum allítarlegum sem ná til margra greina efnahagslífsins. Þessar efnahagsaðgerðir, sem brbl. byggjast á, voru ekki fullbúnar þegar Alþingi var frestað 20. des. Hins vegar var það svo um þessar efnahagsaðgerðir að um sumar þeirra þurfti lagaákvæði, en um önnur ekki, heldur voru þau framkvæmdaatriði sem heimildir voru til fyrir ríkisstj. að framkvæma. Þau ákvæði sem brbl. fjalla um voru liður í þessum heildarefnahagsráðstöfunum og bar því brýna nauðsyn til þess að gefa þau út um þetta efni á þeim tíma sem gert var. Þessar aðgerðir voru að meira og minna leyti tengdar gjaldmiðilsbreytingunni um áramótin. Urðu því ýmsar þeirra að koma til framkvæmda strax 1. jan. og þegar af þeirri ástæðu var ekki unnt að bíða með að setja þessi ákvæði í lög.

Þessar efnahagsaðgerðir ríkisstj. mótast af þremur meginmarkmiðum, en þau eru í fyrsta lagi að efla atvinnulíf og tryggja öllum landsmönnum næga vinnu, í öðru lagi að draga úr hraða verðbólgunnar og í þriðja lagi að tryggja kaupmátt launafólks.

Ein meginforsenda í sambandi við þessar efnahagsaðgerðir er sú ákvörðun ríkisstj. að koma á stöðugu gengi á hinum næstu mánuðum og hætta því gengissigi sem lengi hefur verið iðkað. Stöðugt gengi næstu mánuði er mikilvæg forsenda í sambandi við viðnám gegn verðbólgu. Það hefur stundum verið sett fram sú kenning af hagfræðingum, að lækkun krónunnar hafi þau áhrif, að fyrir hvert 1% gengislækkunar hækki vísitala nokkuð skjótlega um þriðjung úr vísitölustigi. Hins vegar sýnir reynslan, og sú skoðun hefur einnig verið sett fram af hagfræðingum, að áhrif gengislækkunar séu, þegar nokkuð líður frá, miklu meiri vegna þeirra víðtæku áhrifa sem gengisskráningin hafi á allt efnahagskerfi landsmanna. Þetta kemur fram m. a. í því, að meðal margra áætlana, sem Þjóðhagsstofnun gerði rétt fyrir áramót, var ein sú, hver áhrif 4% gengislækkun um áramót mundi hafa á verðlagsþróun á árinu 1981, og niðurstaða Þjóðhagsstofnunar, sem liggur fyrir, varð sú, að 4% gengislækkun um áramót mundi þýða 5% hækkun verðbólgunnar á árinu. Ég nefni þessa tölu hér til þess að sýna hversu mikilvæg gengisskráningin er í sambandi við baráttuna gegn verðbólgunni.

Ef litið er á þróun gengismála á þessum mánuði sem liðinn er frá áramótum, frá því að ákvörðun ríkisstj. um stöðugt gengi tók gildi, þá hefur gengi krónunnar gagnvart Bandaríkjadollar verið stöðugt, verið óbreytt, dollarinn kostar það sama í íslenskum krónum nú í dag eins og hann gerði í ársbyrjun. Ýmsir aðrir erlendir gjaldmiðlar hafa nokkuð hreyfst, þó á mismunandi hátt, og þegar tekið er meðalgengi erlendra gjaldmiðla gagnvart íslensku krónunni hefur íslenska krónan styrkst lítið eitt. Ef nefna skyldi dæmi má taka t. d. dönsku krónuna. Í ársbyrjun kostaði ein dönsk króna 1.03 kr. íslenskar, en nú 97 aura íslenska. Þannig hafa einstakir gjaldmiðlar, eins og kunnugt er, hreyfst nokkuð misjafnlega, en aðalatriðið er þetta: að í heild hefur meðalgengi krónunnar aðeins styrkst gagnvart Bandaríkjadollar. Er það, eins og að var stefnt, óbreytt nú frá áramótum.

Í 1. gr. þessa frv. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ekki má hækka verð vöru eða þjónustu eða endurgjald fyrir afnot af fasteign eða lausafé frá því sem var fyrir 1. jan. 1981 til 1. maí 1981, nema að fengnu samþykki réttra yfirvalda, og skulu þau ekki leyfa neina hækkun nema þau telji hana óhjákvæmilega. Leyfi til hækkunar tekur þó ekki gildi fyrr en það hefur hlotið staðfestingu ríkisstj."

Varðandi nánari stefnumótun og framkvæmd þessa ákvæðis ritaði hæstv. viðskrh. verðlagsráði svohljóðandi bréf:

„Með tilvísun til brbl. um ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu, nr. 87 frá 31. des. 1980, þar sem kveðið er á um verðstöðvun á tímabilinu frá 1. jan. til 1. maí 1981, beinir viðskrn. þeim tilmælum til verðlagsráðs og Verðlagsstofnunar, að fylgt verði mjög strangri stefnu í verðlagsmálum á umræddu tímabili og mun strangari en að undanförnu. Ráðuneytið beinir því til verðlagsráðs, að ráðið framfylgi almennri verðstöðvun sem meginstefnu fram til 1. maí n. k. og samþykki ekki verðhækkanir nema í algerum undantekningartilvikum, að undangenginni ítarlegri athugun Verðlagsstofnunar."

Þetta bréf viðskrh. var lagt fram og rætt á fundi verðlagsráðs og var þar samþykkt í framhaldi af þessu bréfi svohljóðandi tillaga:

„Með hliðsjón af tilmælum viðskrn. samþykkir verðlagsráð að fresta um sinn umfjöllun hækkunarbeiðna annarra en þeirra sem byggja á verulegri hækkun helstu kostnaðarþátta í rekstri fyrirtækja."

Verðlagsráð samþykkti þessa till. með 7:2 atkv.

Í 2. gr. brbl. er fjallað um framkvæmd þeirra ákvæða laga um stjórn efnahagsmála frá 1979, að verðtryggingu sparifjár skuli komið á fyrir lok ársins 1980. Mál stóðu svo nú, að ef hefði átt að ná fullri verðtryggingu inn- og útlána fyrir síðustu áramót hefði þurft að hækka vexti um ca. 10%. Ríkisstj. taldi alls ekki fært að fallast á slíka vaxtahækkun, svo þung sem vaxtabyrðin er nú þegar orðin fyrir atvinnufyrirtæki og einstaklinga. Með brbl. var því ákveðið að framlengja þennan aðlögunartíma fram til ársloka 1981.

3. gr. frv. fjallar um það mál, sem stjórnarsáttmálinn nefnir sérstaklega, að komið skuli sem fyrst á fót sparifjárreikningum í bönkum og sparisjóðum með fullri verðtryggingu. Þetta ákvæði kom til framkvæmda 1. júlí s. l., en binditími þeirra reikninga, þ. e. sá tími sem sparifé er bundið, var svo ákveðinn að ráði Seðlabankans

tvö ár. Reynslan hefur sýnt að þessi binditími er allt of langur, og ákvað því ríkisstj. að setja í brbl. ákvæði um það í fyrsta lagi, að slíkir fullverðtryggðir sparireikningar skyldu vera í bönkum og sparisjóðum og mætti binda þar fé til sex mánaða, m. ö. o.: í stað tveggja ára binditíma komi sex mánaða binditími. Þetta ákvæði í stjórnarsáttmálanum, sem nú er nánar kveðið á um í 3. gr. brbl., er í því skyni sett að örva sparnað, og er ljóst að með slíkum reikningum er mikil breyting á orðin. Fram að þeim tíma sem þessir reikningar voru upp teknir í bönkum, 1. júlí s. l., hafði fólk engan möguleika til þess að fá fulla verðtryggingu í bönkum og sparisjóðum fyrir sparifé sitt. Það er ljóst, að margir hafa talið sér hentara að ráðstafa fé, sem þeir kynnu að hafa aflögu, til kaupa á ýmsum erlendum vörum eða festa í fasteignakaupum vegna þess að innlánsstofnanir veittu ekki fulla verðtryggingu. Þegar þessir reikningar eru nú upp teknir og verða aðeins bundnir til sex mánaða er þess að vænta, að fólk hugsi sig betur um áður en það fer að verja fénu til kaupa á erlendum vörum eða festa það í fasteignum, ef það getur frestað því, þar sem hér er opnuð leið til að fá fulla verðtryggingu með því að leggja slíkt fé í banka.

Seðlabankinn hefur, síðan brbl. voru sett, haft til nánari umfjöllunar framkvæmd þessa ákvæðis og þá hefur hann jafnframt fjallað um önnur atriði sem hann telur að þurfi að kveða nánar á um eða breyta í sambandi við þetta. Hinn 26. jan. sendi Seðlabankinn ríkisstj. tillögur um framkvæmd þessa atriðis og allmargra fleiri sem hann vill tengja því. Ríkisstj. hefur þær tillögur nú til meðferðar.

Í 4.—6 gr. laganna er fjallað um vísitölu framfærslukostnaðar og greiðslu verðbóta. Í fyrsta lagi er svo ákveðið, að reikna skuli vísitölu framfærslukostnaðar frá 1. jan. s. l. með grunntölunni 100. Síðan skulu framfærsluvísitala og verðbætur greiddar á þessu ári miðað við þær breytingar sem orðið hafa frá grunntölunni 100 1. jan. Verðbætur skulu greiddar skv. framfærsluvísitölu, þó með þeirri undantekningu, að verðbreytingar á áfengi og tóbaki hafi ekki áhrif á verðbæturnar. Varðandi verðbætur 1. mars eru sérstök ákvæði á þá lund, að þær verðbætur reiknast sem hækkun framfærsluvísitölu frá 1. jan., en þó skal taka tillit til hækkana verðlags í nóv. og des. á þann veg, að verðbætur 1. mars skulu ekki vera meira en 7% lægri en verið hefði ef reiknað hefði einnig verið með verðbótum vegna verðhækkana í nóv. og des. Til skýringar má nefna það dæmi, að ef verðbætur eftir eldra kerfi ættu 1. mars að verða 11%, þá yrðu þær væntanlega 4% nú. Ef verðbæturnar ættu að vera 12%, yrðu þær 5%. Sú skerðing á verðbótum, sem með þessu ákvæði verður 1. mars, verður bætt upp með ýmsum hætti.

Í fyrsta lagi er að sjálfsögðu þess að geta, að með þessum ákvæðum er stefnt að því að draga úr hraða verðbólgunnar. Ég ætla að það sé almennt viðurkennt af öllum og ekki síst af launþegasamtökum, að verðbólgan skaðar fyrst og fremst launafólkið og jafnan þegar til lengdar lætur mest láglaunafólkið. Það að draga úr hraða verðbólgunnar er því launþegum áhugamál og hagsmunamál eins og margsinnis hefur komið fram í ályktunum frá samtökum þeirra. M. ö. o.: kaupmáttur á hverju verðbótatímabili mundi því rýrna minna en verið hefur vegna minnkandi hraða verðbólgunnar. Þá verða skattar lækkaðir sem svarar 1.5% í kaupmætti lægri launa og meðallauna. Fleiri atriði má nefna í þessu sambandi sem hvað eftir annað hafa áður verið rakin og ég skal ekki fara frekar út í að þessu sinni.

Það er auðvitað ljóst, að sú ákvörðun að draga úr verðbótum um 7% 1. mars hlýtur að verða mjög gagnlegt ráð í baráttunni við verðbólguna. Það dregur mjög verulega úr hraða hennar á fyrri hluta þessa árs og ásamt fjölmörgum öðrum aðgerðum ætti það að verða til verulegrar hjálpar í þessari baráttu.

Í 7. gr. frv. er heimild fyrir ríkisstj. til þess að fresta ýmsum framkvæmdum, sem gert er ráð fyrir í fjárlögum og lánsfjáráætlunum, ef þörf er á. Eins og áður hefur komið fram í yfirlýsingu ríkisstj. er hér tvennt sem einkum er haft í huga. Annað er að draga úr framkvæmdum, ef nauðsyn reynist, á árinu til þess að koma í veg fyrir ofþenslu í einhverjum greinum, og í annan stað það sjónarmið að afla fjár til að standa undir ýmsum aðgerðum til hagsbóta fyrir launafólk.

Ég hef nú farið yfir meginatriði brbl. og tel ekki ástæðu til þess að orðlengja það frekar að sinni, en legg til að frv. verði vísað að lokinni þessari umr. til 2. umr. og fjh.- og viðskn.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Eins og að líkum lætur hafa umræður um brbl. ríkisstj. og svokallaða efnahagsstefnu hennar verið mjög miklar í síðasta mánuði og er ekki að furða, að menn hafi áhyggjur af þróun efnahagsmála, þegar fyrir liggur að hraði verðbólgunnar síðustu tvo mánuði liðins árs var kominn yfir 100% ef miðað er við heilt ár. Svo uggvænlega hefur aldrei áður horft í verðbólgumálum þó að oft hafi syrt í álinn. En þess er þó skylt að geta, að eitthvað hefði e. t. v. dregið úr verðbólguhraða fyrstu mánuði þessa árs, þar sem hækkanir voru mjög miklar í nóv. og des. Hafa raunar einstakir stjórnarliðar í því sambandi nefnt 70—80% verðbólgu 1981 án sérstakra aðgerða.

Stefna þeirrar ríkisstj., sem setti sér það meginmarkmið að koma verðbólgu niður í svipað stig og gerist í nálægum löndum, hafði sem sagt valdið því, að verðbólguhraðinn tvöfaldaðist og glæsilegt met var slegið þegar klukkan hringdi 100 — og gott betur. Áfram var þó haldið á braut skattheimtunnar og álaganna, m. a. með því að ákveða skattvísitölu 145, þegar hún átti að vera 153, og dengja á nýjum neysluskatti, verðbólguskatti, sem er nú vel á vegi að leggja tvær iðngreinar í rúst: sælgætis- og gosdrykkjaiðnað.

Auðvitað er skattrán hæstv. ríkisstj. í fullu samræmi við stefnu og lífsskoðun sósíalista. Þeir vilja fjármunina frá fólkinu. Og á síðari árum hefur þess gætt í vaxandi mæli, að framsóknarmenn hneigðust að hinu sama. Þeir nefna þetta aukna samneyslu og minni einkaneyslu. Eru þó margir hverjir hverjir framsóknarmenn að gera sér grein fyrir afleiðingum slíkrar stefnu óðaverðbólgu.

Sú kjaraskerðing, sem nú hefur verið ákveðin og nemur nærfellt 1/10 hluta launa, er auðvitað ekki ósamrýmanleg markmiðum vinstri manna, heldur fellur hún vel að þeirri þjóðfélagsgerð sem stjórnhyggjumenn, stjórnlyndir menn keppa að. Þeirra hugmyndir eru andstæðar frjálslyndinu, andstæðar sjálfstæðisstefnunni. Þar með er þó ekki sagt að ekki geti staðið svo á að allsherjarkjaraskerðing sé réttlætanleg eða óhjákvæmileg. Tímabundin kjaraskerðing getur meira að segja verið hyggileg ef hún er gerð til að búa í haginn og bæta kjörin síðar. Engu slíku er hins vegar til að dreifa að því er kaupskerðinguna núna varðar. Í besta falli er kannske

hægt að segja að hún bægi í bili frá því böli sem við blasti beinlínis af völdum stjórnarstefnunnar eða stefnuleysisins. Sem sagt, nærri 10% kjaraskerðing í einu lagi til viðbótar fyrri kjaraskerðingum vinstri stjórnar, sem Þjóðviljinn telur nema 16.6% á 18 mánuðum, á að nægja til að koma ríkisstj. til baka í þau spor sem hún fyrst tók fyrir réttu ári. Bærilegur árangur það, enda var stjórnin, eins og kunnugt er, mynduð til að bjarga virðingu Alþingis, með frumlegustu vinnubrögðum að vísu.

Í brbl. eru vísutöluskerðingarnar raunar aðeins taldar 7%, en því til viðbótar er skerðing samkv. svonefndum Ólafslögum og mun þar vera um að ræða 2.3%. Hygg ég að óumdeilanlegt sé að þetta sé mesta kauprán sem um getur, en til viðbótar koma svo fyrri kjaraskerðingar sem Þjóðviljinn telur, eins og áður segir, nema 16.6% á 18 mánuðum. Þannig hafa vinstri öflin nú slegið annað met, sitt eigið, því að 1. mars verða kjaraskerðingarráðstafanir vinstri manna komnar vel yfir 1% á mánuði hverjum sem þeir hafa verið við völd samkv. eigin upplýsingum.

Kjör manna hafa nú verið skert jafnt og þétt síðustu vikurnar og ríki og ríkisstofnanir gengið harðast fram við hvers kyns hækkanir. Alvarlega finna menn þó ekki fyrir þessu enn, en því meir sem á líður vetur og vor. Þó held ég að flestir mundu reyna að una þessu ef eitthvað jákvætt fylgdi í kjölfarið, en það er öðru nær að slík teikn séu á lofti. Verðbólgan æðir áfram og mun hækkun verðbóta 1. júní ekki verða öllu minni en hún hefði orðið 1. mars ef ekkert hefði verið að gert, og samhliða minnkandi kaupmætti dregur úr umsvifum öllum og þrengist um atvinnu. Hagur atvinnufyrirtækjanna er mjög bágborinn og því miður mun margur atvinnurekandinn neyðast til að draga saman seglin eða hætta rekstri. Það eru menn að sjá þessa dagana þegar þeir fá bráðabirgðatölur um afkomu s. l. árs.

Eða hvað halda menn að þær fjölskyldur séu margar sem enga leið sjá til að borga verðbólguvextina af íbúðarlánum þegar laun hrökkva aðeins til nauðþurfta? Og hverjir skyldu nú hafa trú á því, að eitthvað raunhæft komi út úr bollaleggingum opinberra nefnda um úrræði til bjargar þessu fólki? Vita ekki allir að fjármálakerfið riðar til falls?

Því er haldið fram, að kjaraskerðingin muni valda því, að verðbólgan verði ekki nema 50—55% á þessu ári. Segjum að sú áætlun sé á rökum reist. En stjórnin ætlar sér að ná verðbólgu niður í 40% og framsóknarmenn kalla á viðbótarráðstafanir, en kommúnistar neita öllu slíku, — tölur hafa verið nefndar um 5% kjaraskerðingu til viðbótar 1. júní, 4% 1. sept. og 2% 1. des, — ef ekkert annað er að gert og verðbólgu- og skattaránsstefnunni er haldið áfram, halda menn þá í alvöru að slík pólitík gangi? Og hvað ætla þessir herrar að gera næsta ár og þar næsta samkv. kenningu hæstv. forsrh. um að stjórnin sitji út kjörtímabilið? Ætla þeir að taka landslýð allan í þegnskylduvinnu nema kannske hina nýju stétt, rétt eins og í kommúnistaríkjunum? Spyr sá sem ekki veit.

En þá er kannske ekki óeðlilegt að stuðningsmenn hæstv. ríkisstj. spyrji okkur sjálfstæðismenn hvað við viljum gera, og er það þó ekkert heilagt leyndarmál. A. m. k. ætti hæstv. forsrh. að hafa hugmynd um alla þá vinnu sem mikill fjöldi sjálfstæðismanna hefur á undangengnum upplausnarárum í þjóðlífinu lagt á sig við nýja stefnumörkun. Kannske hafa sjónarmið okkar ekki komist nægilega vel til skila, enda skal ég fyrstur játa að ítarlegar stjórnmálaályktanir eru lítt aðgengilegt lesefni, en megindrættir ættu þó að geta verið skýrir. Ég skal *nefna nokkur dæmi þess, hvar skilur á milli stefnu* Sjálfstfl. og ríkisstj.

Ríkisstj. hækkar skatta í sífellu: tekjuskatta, eignarskatta, fasteignaskatta og neysluskatta, nú síðast með því að falsa skattvísitölu og leggja gjaldið fræga á öl og sælgæti.

Sjálfstfl. hefur margsinnis ályktað að hann *vilji afnema* alla vinstri skattana. Kannske reynist erfitt að gera það í einni andrá, en ljóst er að flokkurinn mun draga stórlega úr skattheimtu þegar hann fær til þess völd og áhrif, enda er gersamlega vonlaust að ráða niðurlögum verðbólgu við ríkjandi skattrán.

Ríkisstj. gerir ekkert til að tryggja hag lífeyrisþega og horfir á lífeyrissjóðakerfið brenna til ösku í upplausnareldinum.

Sjálfstfl. hefur lagt fram frv. um Lífeyrissjóð Íslands, þar sem kveðið er á um fullan verðtryggðan lífeyri fyrir landsmenn alla og gerbreytt kerfi sem engum íþyngir, en afnemur hróplegt ranglæti.

Ríkisstj. boðar nýtt uppbóta- og millifærslukerfi og bónbjargarstefnu í atvinnumálum.

Sjálfstfl. vill öflug og sjálfstæð atvinnufyrirtæki í eigu einstaklinga og félaga þeirra og leggur megináherslu á að landsmenn allir geti verið þátttakendur í atvinnurekstri, m. a. í almenningshlutafélögum. Ríkisstj. þvælist fyrir virkjunum og öflugum iðnaði.

Sjálfstfl. vill margar stórvirkjanir og iðnvæðingu, þ. á m. stóriðju, sem beri uppi yfirbyggingu þjóðfélagsins.

Ríkisstj. ber ábyrgð á því, að verslunin er á vonarvöl og getur ekki sinnt hlutverki sínu, sérstaklega dreifbýlisverslunin.

Sjálfstfl. vill öfluga frjálsa verslun og stóraukna samkeppni til að bæta viðskiptakjörin.

Ríkisstj. keppir að því að auka miðstjórnarvald á öllum sviðum.

Sjálfstfl. vill dreifa valdinu, m. a. með því að bæta fjárhag sveitarfélaga og auka áhrifavald þeirra.

Ríkisstj. vill skattráns- og verðbólgustefnu. Sjálfstfl. vill leggja til atlögu við verðbólguna með raunhæfum úrræðum og það ætti nú að vera meginviðfangsefni lýðræðisflokkanna allra.

Hér hafa aðeins verið nefnd nokkur dæmi og sjálfsagt segir nú einhver: Heyrt hef ég þetta áður, og óska nánari skýringa, sérstaklega að því er síðasta liðinn varðar, þann sem fjallar um viðureign við verðbólgu, þó að raunar séu allir liðirnir lífsnauðsynlegir þættir í þeirri heildarstefnu, sem ein getur leitt til árangurs í þeirri baráttu sem lýðræðisöfl ættu í sameiningu að taka upp gegn verðbólgudraugnum.

Fyrst spyrja menn kannske: Er hægt að afnema alla vinstri skattana? Spyrja má til baka: Lifði þjóðin ekki betra og heiðarlegra lífi áður en þeir voru á lagðir? Þessir viðbótarskattar nema á þessu ári eitthvað nálægt 70 milljörðum gamalla kr. á föstu verðlagi. Þar er ekki um verðbólguhækkanir að ræða, heldur hækkun til viðbótar þeim. Auðvitað hafa einnig verið lagðar á ríkissjóð margvíslegar kvaðir og útgjöld sem gera skattalækkanir erfiðari. En ef við gæfum okkur að unnt væri að lækka skatta um þessa upphæð, þá mætti nota svigrúmið til að lækka vöruverð. T. d. nægði þessi upphæð til að draga úr verðbólgu með minni álögum ríkisins, með því að minnka álögur á vöruverði sem

næmi 20—25% á ársgrundvelli, og það án þess að lækka þyrfti kaup manna um eina einustu krónu.

Nú er áætlað að vísitöluhækkanir verði um 11% í júní. Ef helmingur þessara 70 milljarða væri á rúmu hálfu ári notaður til að létta af álögum og lækka vöruverð, þannig að vísitalan færi ekki yfir 6% 1. júní, væri gífurlegum árangri náð. Þá væru t. d. komnir á raunvextir án vaxtahækkana. En auðvitað þyrfti ótalmargt að fylgja í kjölfarið, þótt ekki sé það hér nefnt, einfaldlega til að sýna umbúðalaust skólabókardæmi um það, hvernig skattalækkun, andstæða vinstri vitleysunnar, gæti verkað. Menn segja að vísu að erfitt sé að skera niður útgjöld og þess vegna sjá þeir engin úrræði önnur en þau að hækka sífellt skatta. Síðast var gripið til gotteríisgjaldsins sem sáralitlu skilar í ríkissjóð, en er upplagður verðbólguhvati nú þegar nýr vísitölugrunnur er útreiknaður, svo að í flimtingum er haft að ódýrara sé að greiða niður kókið en mjólkina. Það er því von að menn spyrji: Hvar endar þetta? Á næst að fara með verðbólguna í 200% og kannske að hirða í þeim umganginum helminginn af launanum okkar?

Heimspekktir hagfræðingar tala nú um að ráðast gegn verðbólgu með greiðsluhalla á ríkissjóði sem fjármagnaður verði með lánsfé. Vafalaust er þetta áhættusamt og væri hreint glapræði að reyna það nema festa fylgdi á öllum sviðum og m. a. væri ráðist af hörku að útgjalda- og millifærsluliðum fjárlaga. Það væri því einungis á færi sterkrar og samhentrar ríkisstj. að framkvæma slíka stefnu. Samt fara Svíar nú þessa leið og fjármagna þriðjung ríkisútgjalda með lánsfé og það erlendu lánsfé. Sýnist það vera djarft og varla til eftirbreytni fremur en niðurtalningarstefna Margrétar Thatcher í Bretlandi, sem fór að eins og stjórnvöld hér þegar hún hækkaði söluskatt úr 8% í 15 og lagði á háan bensínskatt. En raunar munu útgjöld íslenska ríkissjóðsins nú greidd að $^{1}/_{10}$ hluta eða svo með erlendum lántökum, ef upp væri gert með sama hætti og í Svíþjóð, en hérna heitir þetta hallalaus fjárlög og svo bara ofboðlítil lánsfjáráætlun. Það er bara örlítið dæmi um blekkingariðju stjórnlyndisaflanna.

Skuldasöfnunin er skilin frá fjárlögum og þannig er allt slétt og fellt og ráðist með niðurskurði að framkvæmdaliðum fjárlaga.

Ef unnt reyndist að koma á t. d. 5% raunvöxtum án vaxtahækkana mundi heilbrigður fjármagnsmarkaður skapast bæði fyrir atvinnulífið, ríkissjóð og margháttaða fjárfestingarsjóði sem þá þyrfti ekki að veita fé til á fjárlögum. Jafnframt mundu vextirnir hjálpa til að þrýsta verðbólgu niður og því gætu þeir lækkað smátt og smátt með hjaðnandi verðbólgu, gagnstætt því sem verið hefur, þegar þeir hafa elt hana og keyrt hana áfram.

Þingflokkur sjálfstæðismanna hefur fjallað mjög ítarlega um efnahagsmál að undanförnu. Mun flokkurinn flytja brtt. við brbl. þegar þau koma til nefndar, eins og boðað hefur verið, og gera síðan nánari grein fyrir þeim úrræðum sem sjálfstæðismenn telja líklegust til árangurs. Raunar eru nú blessuð brbl. með þeim endemum að varla er upp á þau lappandi, og væri því kannske eðlilegast að flytja sjálfstætt frv. um þá gerbreyttu efnahagsstefnu sem óhjákvæmileg er ef ná á tökum á fjármálum og forðast að enn sígi á ógæfuhliðina í atvinnumálum. Skulu nú þessum endemislögum gerð nokkur skil grein fyrir grein, svo að höfundarnir, lögspekingarnir, fái notið sín.

1. gr. fjallar um að framlengja svokallaða verðstöðvun til 1. maí n. k. Verðstöðvun var í gildi og hafði verið í áratug, einmitt þann áratug sem hækkanir hafa verið hömlulausar. Greinin er því endaleysa. Sér það raunar hver maður, því að stöðugar verðhækkanir dengjast yfir dag hvern hvað sem líður öllum bréfaskriftum innan kerfisins. Þetta eru því venjulegar blekkingar.

2. gr. er, þótt merkilegt megi heita, um efnisatriði sem rétt var að taka afstöðu til fyrir áramót. Þar er fjallað um vaxtamál og breytt því ákvæði Ólafslaga að raunvextir verði komnir á í árslok 1980. Fresturinn er lengdur um eitt ár, eins og hæstv. forsrh. gat um. Um þetta mál spunnust miklar umr. á Alþingi fyrir hátíðar og þar benti ég hæstv. ráðh. t. d. á það, að hægurinn væri hjá að breyta lögunum strax á Alþingi, t. d. þannig að ríkisstj. fengi heimild til vaxtaákvörðunar um áramótin, svo að engin brbl. þyrfti að gefa út af þessum sökum. Það var ekki tekið í mál, því að nú skyldi sýnt í eitt skipti fyrir öll hvar mátturinn væri og dýrðin. Þá mundi þjóðin sannfærast um óskeikulleikann og festuna í stjórnarfarinu. Ríkisstj. þyrfti ekkert undir Alþingi að sækja, enda væri virðing þess engin eftir að henni var bjargað sællar minningar fyrir einu ári. Og stjórnarskráin mátti líka fara veg allrar veraldar, enda handónýtt plagg eins og hugsjónamenn, sem í hálfa öld hafa unnið að endurskoðun hennar, hafa margsinnis sýnt fram á. Þessi grein frv. var því „lífsnauðsyn", enda lá fyrir að vextir hefðu hækkað um nálægt 10% ef ekkert hefði verið að gert.

En bæta þurfti um betur og þá er komið að 3. gr. Þar segir:

„Stofna skal til verðtryggðra sparifjárreikninga í bönkum og sparisjóðum, þar sem binda má fé til sex mánaða."

Hvað þýðir þetta? Ósköp einfaldlega að sparifé verður svo til allt verðtryggt og endurgjald fyrir peninganotkun, þ. e. vextir og verðtrygging, verður eitthvað hærra en Ólafslagaákvæðin gerðu ráð fyrir. Líklega verður vaxtahækkunin 11—12% í stað 10. Bar nú brýna nauðsyn til þessarar lagabreytingar? Hvað segja vísir stjórnlagafræðingar og doktorar um það mál? Hæstv. forsrh. sagði raunar áðan að þetta mundi stórauka sparnað og sparifé mundi fara á þessa bundnu verðtryggðu reikninga og það þyrfti að stytta binditímann til þess að allt féð leitaði þangað, yrði fært úr tveim árum í sex mánuði. Auðvitað leitar sparifé þangað — og hverjir verða þá vextirnir? Ég leyfi mér að skjóta inn spurningu til hæstv. forsrh. að gefnu tilefni um vaxtamálin sem síðustu sólarhringa hafa verið að velkjast í ríkisstj., frá 26. jan. skildist mér á honum. Hún er eitthvað á þessa leið: Hefur hæstv. ríkisstj. tekið ákvörðun um vaxtamálin samkv. þeim merku lögum sem hér eru til umræðu, og ef svo er, hverjir verða þá vextirnir og verðtryggingin og hvað hefðu þeir orðið eftir tillögum Seðlabankans? Áttu þær ekki að koma til framkvæmda 1. febr., það skildist manni á Seðlabankanum? En nú eru þær sem sagt að velkjast í ríkisstj., eru þar til athugunar og umræðu, eins og það heitir á fína, nýja málinu. Ég endurtek spurninguna: Hverjir verða þessir vextir á verðtryggðu sex mánaða bókunum, vextir og verðtrygging samanlagt? Þeir verða örugglega hærri en samkv. Ólafslögum. Það er því ekki hér um neina vaxtalækkun að ræða, heldur vaxtahækkun. Það þurfti því engin brbl. að gefa út til að afnema ákvæði Ólafslaga, það er alveg ljóst. Það var þó eina ákvæðið í brbl. sem menn héldu að hefði verið nauðsyn á,

þannig að það fer ekkert á milli mála að stjórnarskráin er vísvitandi sniðgengin, svo að ekki sé meira sagt.

En þá er komið að 4., 5. og 6. gr. Það eru greinar um kjaraskerðinguna 1. mars. Þar er svo sannarlega um efnisatriði að ræða og það meira en lítið afdrifaríkt. En nú er febrúar hins vegar að hefjast og löggjafarsamkoman hefur fyrir náð fengið að koma saman á ný. Ef réttar lýðræðis- og þingræðisreglur væru virtar og lágmarksheiðarleiki átti Alþingi að fjalla um málið, en það ekki að útkljást með brbl. þar sem tíminn var nægur.

Mér er ljóst að sumum finnst að svona vinnubrögð séu bara sniðug, og í þeim hópi er jafnvel lýðræðissinnað fólk. En hvernig væri að þetta góða fólk staldraði augnablik við og leiddi að því hugann, að einungis brotabrot mannkyns býr við raunverulegt lýðræði og lýðræðisþjóðir eiga undir högg að sækja og hafa átt undir högg að sækja, m. a. vegna þess að réttar leikreglur eru virtar að vettugi? Óttast menn kannske ekkert þann óhugnað sem viðgengist hefur í opinberu lífi allt s. l. ár og áður hefur verið óþekktur frá stofnun lýðveldisins? Er ekki mál að linni? Ég held að menn hefðu gott af að staldra við og hugleiða þessi mál öll, enda er mér tjáð að ekkert dæmi sé um það í sögu mannkynsins, sögu lýðræðisins, að lýðræðislegt stjórnarfar hafi í meira en áratug getað staðið af sér jafnmikla verðbólgu og hér er nú. Það mun ekki vera til dæmi um það. Við þekkjum sögu Weimarlýðveldisins. Við þekkjum reynslu Suður-Ameríkuríkja. Og það má nefna enn eitt dæmi, Ísrael, þar sem verðbólga er enn þá meiri en hér og hefur verið í nokkur ár, að vísu ekki, held ég, nærri því í áratug, en þar er annað sem sameinar þá þjóð: styrjöld allan tímann. En það mun ekkert dæmi vera til um það í sögunni, að lýðræðið hafi staðið af sér í nærfellt heilan áratug annað eins stjórnarfar og við búum við í dag, hvað þá lengur. Það er þess vegna tími til að menn staldri við og hugsi sitt ráð.

Svo að ég haldi áfram með lögin, þá veitir ríkisstj. sér í 7. gr. heimild til að fresta framkvæmdum samkv. fjárl. 1981. Þessari heimild á e. t. v. að beita síðar á árinu, eftir því sem hæstv. forsrh. var að upplýsa okkur um. T. d. ef ofþensla yrði eða spara þyrfti á öðrum sviðum, eins og hann nefndi það. Um þetta á að taka ákvörðun einhvern tíma, kannske á miðju ári. Þetta átti því að ákveða af Alþingi. En þar að auki hefur ríkisstj. slíka heimild að vissu marki í fjárlögunum sjálfum, þ. e. þriggja milljarða gamalla kr. Sú heimild er þegar í fjárlögum. Ef hún vildi fá hana rýmkaða átti hún auðvitað að flytja um það till. við afgreiðslu fjárlaga rétt fyrir jól í stað þess að setja um það brbl. rúmri viku síðar að Alþingi fornspurðu. Svo eru lagaprófessorarnir í ríkisstj. orðnir hugmyndaríkir í meira lagi. Þeir næla sér í brbl.-heimild til að fresta framkvæmdum samkv. lánsfjáráætlun sem hefur ekki einu sinni komið til umræðu á Alþingi, hvað þá verið afgreidd. Það er lögfest með brbl. á ábyrgð hæstv. utanrrh. Það hefði ég aldrei haldið að gæti gerst.

Af þessu getur hvert mannsbarn séð að brbl. eru píp, „marklaust blaður" útleggst það í orðabók Menningarsjóðs. Þau eru píp, marklaust blaður, nema þau séu beinlínis sett í þeim tilgangi að storka lýðræðissinnuðu fólki á kommúníska vísu og venja menn við valdníðslu. Þau fræði kann valdaflokkur ríkisstj. og ráðherrar hans, a. m. k. tveir þeirra, manna best, og vita víst allir hvað við er átt.

Ein grein brbl. er eftir, 8. gr., og hún er merkust. Þar segir að lög þessi öðlist þegar gildi. Hún er þó skiljanleg.

Brbl. hæstv. forsrh. Gunnars Thoroddsens fylgdi plagg sem er miklu áhugaverðara til gaumgæfilegrar skoðunar en lögin, og það er í æðimörgum liðum. Yfirskriftin er „Efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar." Freistandi væri að fara í gegnum þetta plagg lið fyrir lið til að sýna fram á það samband stjórnlyndishroka og blaðurs sem einkennir störf núv. hæstv. svonefndrar ríkisstjórnar. Ég geri það þó ekki nú, en e. t. v. síðar í umr., til að hindra ekki aðra þá, sem að þurfa að komast með ræður sínar, í að tala á hinum fasta þingfundartíma. Sannleikurinn er líka sá, að það, sem ekki segir í efnahagsstefnu ríkisstj. svonefndri, talar miklu skýrara máli en hitt, sem þar stendur. Þar stendur að vísu ótalmargt um aukna ofstjórnartilburði og þrælhert vinstri tök, millifærslur og opinbera afskiptasemi, en ekkert orð er um nein úrræði önnur en stórfellda kjaraskerðingu til að kljást við efnahagsvanda óðaverðbólgu. Og þar er komið að kjarna málsins. Það er sem sagt enn sem fyrr yfirlýst stefna ríkisstj. Gunnars Thoroddsens að leggja æ lengra út í fen vinstri stefnu, skattabrjálæðis, kjaraskerðingar og ofstjórnaræðis sem lamar allt framtak og hindrar framfarir. Það er raunar ekkert undarlegt, að kommúnistar færi sig með þessum hætti upp á skaftið úr því að þeim er rétt það. En nóg um það.

Ég greindi frá því áðan, að sjálfstæðismenn vilja útfæra efnahagsstefnu, sem er að sjálfsögðu í algerri andstöðu við verðbólgu- og kjaraskerðingarstefnu hæstv. ríkisstj., og vilja leita samstöðu lýðræðisafla utan og innan núv. ríkisstj. um stefnubreytingu, enda blasir voðinn við ef ekkert er að gert í efnahagsmálunum annað en það sem kommúnistar vilja hverju sinni: meiri ríkisafskipti, minna framtak, stöðvun framkvæmda og stöðug kjaraskerðing. Auðvitað hvorki viljum við né getum sett öðrum kostina. En við munum reyna til hins ítrasta að ná lýðræðislegri samstöðu um lífsnauðsynleg úrræði.

En til þess að von sé um að þetta takist er auðvitað eitt skilyrði sem menn verða að horfast í augu við. Ríkið verður að slaka á klónni. Það verður að draga úr sínum krófum, það verður að koma til móts við fólkið. Kjörorðið gæti kannske verið: Ríkið slaki á klónni. Það er forsendan fyrir því, að hægt verði að brjóta í blað og taka upp gersamlega aðra efnahagsstefnu en þá sem nú er fylgt. Um þetta meginatriði ættu allir lýðræðissinnar að geta sameinast um stundarsakir a. m. k. Þá einangrast kommúnistar líka eins og vera ber, ekki síst eftir að ný kynslóð prælskólaðra harðlínukommúnista hefur tekið öll völd í Alþb.

Ákveðin og sundurliðuð efnahagsstefna sjálfstæðismanna er auðvitað í samræmi við það sem við áður höfum sagt, en þó samræmd þeim breyttu aðstæðum sem við búum við þegar vinstri stefnan hefur endanlega gengið sér til húðar, orðið sér rækilega til skammar. En við teljum eðlilegra að sjónum sé nú beint að svokölluðum efnahagsúrræðum vinstri stjórnarinnar. Þegar fólk hefur gegnumlýst þau stendur ekki á okkur. Við munum nú sem fyrr leggja allt það af mörkum sem við megnum til að koma á ný kjölfestu í þjóðarskútuna. Oft var þörf, en nú er nauðsyn. Þess vegna verða lýðræðissinnar allir að endurskoða hug sinn.

Áðan sagði ég að ríkið yrði að slaka á klónni, verða þátttakandi í endurreisn heilbrigðs efnahags- og atvinnulífs, því að þolinmæði fólksins er á þrotum og flestum finnst enn að ríkið eigi að vera fyrir fólkið, en

fólkið ekki fyrir það. Þetta er þó ekki skoðun allra, eins og dæmin sanna. En hvernig ætti nú ríkið seint og um síðir að koma til móts við fólkið? Ég skal nefna dæmi sem við sjálfstæðismenn höfum gælt við, en úrræðin eru óteljandi og ótímabært að bíta sig í eitt umfram annað. En við skulum þó og eigum auðvitað að láta hugann reika og reyna að finna nýjar leiðir, því að eitt er a.m.k. víst. Þær gömlu duga ekki til eins eða neins.

Snúum aftur til upphafs þessara orða, bollaleggingar um gerbreytta efnahagsstefnu, að einsetja okkur að ráðast að rótum verðbólgunnar, skattheimtubrjálæðinu og ofstjórnaræðinu, leysa atvinnuvegina úr læðingi og hafna öllum millifærslutilburðum, setjum svo upp mismunandi dæmi, m. a. um skattalækkanir, eins og áður er að vikið, og áhrif þeirra í nýjum vísitöluútreikningum þar sem um réttan grunn er að ræða, en ekki gamla vísitölugrundvöllinn sem raunar var búið að skekkja og svindla á af öllum ríkisstj. Slík dæmi hafa lauslega verið útreiknuð allnokkur. Þau ganga svo sannarlega upp, hvað sem kerfiskarlar kunna að segja. Með þeim hætti er hægt að forðast allar frekari kjaraskerðingar en þær sem nú hafa verið ákveðnar.

Samhliða verði svo óréttlæti í tryggingum og lífeyrismálum komið fyrir kattarnef með lögfestingu frv. sjálfstæðismanna í lífeyrismálum þar sem meginbreytingarnar yrðu þær að tekinn yrði upp einn lífeyrissjóður fyrir alla landsmenn sem starfi á grundvelli gegnumstreymis iðgjalda: Lífeyrir verði veittur í hlutfalli við framtaldar tekjur og hann verði fullverðtryggður. Lífeyrisréttindum verði skipt jafnt á milli hjóna. Vinnuframlag húsmóður veiti lífeyrisrétt. Fæðingarorlof verði greitt í þrjá mánuði foreldrum sem eignast barn, í samræmi við launamissi þann tíma sem þarf að annast barnið. Heimavinnandi húsmæður njóti einnig fæðingarlauna. Öllum launþegum verði tryggð laun í allt að 12 mánuði ef þeir veikjast eða slasast. Atvinnurekendur geti tryggt sig fyrir áföllum af þessum sökum. Að lokinni þessari 12 mánaða launatryggingu fái launþeginn örorkutryggingu ef hann hefur ekki öðlast vinnuþrek á ný. — Þetta eru meginatriði í því merka frv. sem liggur fyrir þessu háa Alþingi og vonandi fæst afgreitt á þessu þingi, og þetta er einn mikilvægasti liðurinn í gerbreyttri stefnu í efnahags-, atvinnu- og félagsmálum þessarar þjóðar, þeirri stefnu sem hlýtur að verða tekin upp ef við ætlum að koma hér á sæmilega heilbrigðu þjóðskipulagi, gagnstætt því frumskógarlífi vinstri stefnunnar sem þjóðin nú býr við, öllu því ranglæti þar sem hinn minni máttar nær aldrei rétti sínum, en hákarlarnir vaða uppi.

Og þá yrði auðvitað virkjana- og iðnaðarstefna hafin til vegs og virðingar, millifærslum og styrkjum hafnað í sjávarútvegi, frjálsræði og samkeppni komið á í innflutnings- og útflutningsverslun, horfið frá lénsskipulagi í landbúnaði og samgöngufyrirtækjum leyft að dafna og eflast. Þarna væri í einu orði sagt um framfara- og atvinnustefnu að ræða sem leysa mundi úr læðingi þau öfl sem drepin eru í kerfisdróma. Slík stefna mundi á örskömmum tíma bæta hag landslýðs alls og þannig yrði atvinnuleysisvofunni, sem farin er að sýna á sér ásjónuna, líka bægt frá og íslenskri þjóð búið það hlutskipti sem hún verðskuldar í langbesta og ríkasta landi veraldarinnar ef rétt er á málum haldið.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Það er skoðun okkar Alþfl.-manna, að það frv. til l., sem hér er flutt, muni alls ekki duga til þess að ná varanlegum árangri í efnahagsmálum eða til þess að koma efnahagslífinu á heilbrigðari grundvöll og draga úr verðbólgunni til frambúðar. Í þessu frv. felst það fyrst og fremst að lækka kaupgjald, að skerða laun. Um aðrar fyrirætlanir ríkisstj. má það segja, að þar ýmist rekst hvað á annars horn eða þá að endar verða að teljast lausir.

Framsóknarmenn taka undir það sjónarmið okkar Alþfl.-manna, að þessar ráðstafanir muni ekki duga, og þeir tala um meira seinna. Ég spyr: Hvað á það að vera og hvenær og hvernig? Við því eigum við auðvitað að fá svör.

Alþb.-menn segja hins vegar að nú sé björninn unninn.

Er það e.t.v. stefna ríkisstj? Og ég spyr: Hvar stendur forsrh.? Á að koma meira seinna eða hefur björninn verið unninn?

Þessara aðgerða hafði verið beðið lengi. Í 10 mánuði eða svo höfum við búið við aðgerðaleysi. Það var 10 mánaða meðgöngutími að þessum ráðstöfunum. Ég held að sérhver sá sem hefur skoðað þessar aðgerðir grannt hafi orðið fyrir miklum vonbrigðum. Í þeim felst ekki sú nýja atvinnustefna sem brýna nauðsyn ber til og ýmsir þóttust sjá votta fyrir í málflutningi forsrh. um skeið í desembermánuði. Í þeim felst ekki sú uppstokkun og kerfisbreyting sem brýnt er að gera til þess að við komumst upp úr þeim vanafarvegi sem við höfum setið í. Einn af þm. stjórnarsinna lýsti áhrifum þeirra aðgerða, sem hér er gripið til, þannig að í þeim fælist að hafa minni verðbólgu fyrst og fá svo meiri verðbólgu seinna. Þetta voru orð stjórnarsinna og að hann sæi ekki ávinning af því. Þessi lýsing er auðvitað athyglisverð og sérstaklega þegar hún kemur frá stjórnarsinna. Það eru því ekki stjórnarandstæðingar einir sem bera ugg í brjósti í þessum efnum.

Ég sagði að hver sem grannt hefur skoðað þetta frv. og þær till., sem ríkisstj. hefur boðað, hljóti að hafa orðið fyrir vonbrigðum. Ég segi þetta af því að ég er sannfærður um að þjóðin skilur við hvaða vanda er að etja, í hverjar ógöngur efnahagskerfi okkar hefur ratað. Og ég tel að það sé yfirgnæfandi vilji meðal þjóðarinnar, að tekist verði á við þennan vanda, og að þjóðin sé reiðubúin til að leggja að sér við að komast úr þessum ógöngum og að styðja ráðstafanir sem skila varanlegum árangri, að menn séu reiðubúnir svo framarlega sem menn sjái að árangurinn sé vís og hann verði varanlegur. Reynslan hefur hins vegar sýnt og sannað að aðgerðir, sem eingöngu miðast við að skerða kaup, skila skammgóðum vermi, renna fljótt út í sandinn.

Það er skoðun okkar Alþfl.-manna, að með nýrri atvinnustefnu og kerfisbreytingu í ýmsum málefnum ríkisins, svo sem í ríkisfjármálum, skattamálum og tollamálum og með því að draga úr sjálfvirkni í lánamálum, í ríkisbúskapnum, í peningamálum og í verðlags- og launamálum, megi ná varanlegum árangri. Sé það gert, sé þannig staðið að málum og jafnframt sýnt og sannað að ríkið gangi sjálft á undan með aðhaldi hjá sjálfu sér, þá munum við sjá varanlegan árangur og þá kemur vissulega til álita að hafa afskipti af kaupgjaldsmálum sem lið í slíkum heildstæðum aðgerðum. En kauplækkun ein sér mun ekki skila árangri nema mjög skamma hríð, og með því — eins og hér er staðið að málum — er verið að krefjast fórna fyrir frestun, en ekki fyrir framtíðarhag.

Það er athyglisvert, að þær aðgerðir, sem hér er gripið

til, eru sams konar og þær sem Geir Hallgrímsson og ríkisstj. hans stóðu að. Aðdragandinn er meira að segja eins.

Fyrst semur ríkið við opinbera starfsmenn og leggur lið sitt öðrum samningum, síðan eru samningarnir teknir til baka með lögum. Þó höfðu engar forsendur breyst. Þegar ríkisstj. gerði samninga við opinbera starfsmenn fyrir nokkrum mánuðum lýstu talsmenn hennar því yfir, að þetta væru sanngjarnir samningar. En nú á að rifta þessum samningum með lögum. Hvað hafði breyst? spyr ég. Hvar hvarf sanngirnin? Og hvers vegna þetta ósamræmi? Hvernig stendur á því, að þeir Alþb.-menn nota allt önnur orð um þessar aðgerðir nú en þegar Geir Hallgrímsson stóð að þeim á sínum tíma?

Samhliða þeirri lagasetningu, sem hér er gerð till. um, hefur ríkisstj. lýst þeirri stefnu sinni að halda gengi föstu í 3-4 mánuði, en taka jafnframt upp millifærslukerfi til styrktar atvinnuvegunum. Ég vek athygli á því, að þessi tímafrestur, sem tiltekinn er af hálfu ríkisstj. um það, hversu lengi skuli halda gengi föstu, er vitaskuld jafnframt yfirlýsing af hálfu ríkisstj. um það, hversu lengi hún telur að þessar ráðstafanir muni duga. Það eru hennar eigin orð samkv. þessu, að þessar ráðstafanir muni duga í svo sem fjóra mánuði. Það er því ekki upp fundið af stjórnarandstöðunni að hér sé um skammgóðan vermi að ræða.

Það má lesa út úr yfirlýsingu ríkisstj. sjálfrar. Nú er það vitaskuld von okkar allra að hægt sé að halda gengi sem stöðugustu. Spurningin er bara: Gengur það með þessum hætti? Er þessi aðferð líkleg til að stuðla að stöðugleika til langs tíma, t.d. þó ekki væri litið nema til ársins í heild? Með yfirlýsingum sínum um millifærslu hefur ríkisstj. sjálf lýst því yfir, að hún vilji halda uppi fölsku gengi, því að millifærslur eru auðvitað ekki annað en fölsun á gengi. Þetta segir hún okkur, þetta segir hún þjóðinni. Þetta eru hennar eigin orð. En hvaða áhrif mun það hafa meðal þjóðarinnar að það sé vitað og víst, að hér skuli halda uppi fölsku gengi? Menn munu vitaskuld birgja sig upp af innfluttum vörum þegar líður á þetta tímabil. Innflutningur mun aukast. Viðskiptahalli mun aukast. Erlendar skuldir munu aukast. Ég held að það sé augljóst, að þetta mun í raun og sannleika magna þann vanda sem við er að fást.

Og hvað svo? Fáum við þá stærri gengisfellingu seinna eða eigum við að fá stórkostlegra millifærslukerfi? Hver er stefnan í þessum efnum, spyr ég, að þessum fjórum mánuðum liðnum? Er það gengisfelling eða er það stóraukið millifærslukerfi? Við þessu eigum við vitaskuld að fá svör.

Annars höfum við reynslu af millifærslukerfum. Það er ekki ýkjalangt síðan hæstv. núv. forsrh. lýsti því sem einu mesta afreki viðreisnarstjórnarinnar, sem hann átti sæti í sem fjmrh., að afnema millifærslukerfið. Það væri fróðlegt að vita hvort þetta er enn þá skoðun hæstv. forsrh. eða hvort hann er nú að flytja frv. og boða stefnu sem hann telur að sé röng.

Hitt er svo annað mál, að það hefur ekki fengist upplýst hvaðan peningar í millifærslurnar eigi að koma. Hér er laus endi. Alþb.-menn segja:

Úr gengismunarreikningi, þ. e. úr gjaldeyrisvarasjóðnum, eiga þessir peningar að koma. — En viðskrh. Framsfl. segir: Aldrei, aldrei, aldrei skulu þessir peningar koma þaðan. — Ég spyr: Hvaðan eiga þessir peningar að koma? Sjútvrh. segir: Atvinnuvegirnir verða að borga þessa peninga til baka. Þetta er bara lán. — Alþb.- menn segja: Atvinnureksturinn á þessa peninga. Það er sjálfsagt, að hann fái þá. — Varla er hægt að lána mönnum peninga sem þeir eiga sjálfir. Ég spyr: Er það skoðun ríkisstj., að atvinnureksturinn eigi einhverja peninga sem hann geti nú fengið? Eða á millifærslan að vera gjöf frá þjóðinni til atvinnurekenda? Á að skattleggja þjóðina fyrir þessari gjöf? Eða í þriðja lagi, á þetta að vera lán eins og sjútvrh. segir? Og ef svo er, á hvaða kjörum og hvernig á að endurgreiða þetta lán? Við þessu verða vitaskuld að fást svör. Eiga atvinnurekendur þessa peninga? Á þetta að vera gjöf, sem skattlagt verður fyrir, eða á þetta að vera lán og hvernig á þá að greiða það til baka? Og þá má líka spyrja: Hver veitir lánið og hvernig fer hann að því, ef þetta verður lán? Svör við þessum spurningum skipta vitaskuld verulegu máli. Þjóðin á heimtingu á því að fá að vita hvað sé í aðsigi. Þessu má ekki leyna. Þjóðin á heimtingu á að fá að vita hvort þarna eigi að lána eða gefa.

Þótt frv. ríkisstj. sé ófullkomið er rétt að líta stuttlega á fáein atriði í því.

1. gr. fjallar um svonefnda verðstöðvun. Þessi grein breytir engu. Það hefur átt að vera í gildi verðstöðvun í landinu í heilan áratug. Eða er það svo að með því ákvæði, sem þarna er tiltekið, eigi að falla úr gildi verðstöðvun hinn 1. maí n. k. og frjáls verðmyndun að taka þá við — eða hvað á að taka við? Mér finnst að ríkisstj. ætti að gefa skýringar á því, hvað hún eigi við í þessum efnum.

Um 2. og 3. gr. er það að segja, að þær fjalla um vaxtamál: 2. gr. um að fresta verðtryggingu sparifjár og útlána um eitt ár, en markmið 3. gr. er að auka hlut verðtryggðra sparifjárreikninga í innlánsfé bankanna. Það má því segja að markmið 3. gr. stangist á við tilgang 2. gr., því að ef verðtryggðir sparifjárreikningar verða hærra hlutfall af innlánsfé bankanna, þá hljóta bankarnir að auka að sama skapi verðtryggingu útlána sinna.

Við Alþfl.- menn teljum að í stað þess að standa að málum með þessum hætti sé rétt að gera hér verulega kerfisbreytingu með tvennum hætti: Í fyrsta lagi að tryggja hag sparifjáreigenda með því að gefa þeim kost á verðtryggðum innlánsreikningum þannig að vertrygging sé á því fé sem ekki er hreyft, en hins vegar geti menn gengið að þessum reikningum hvenær sem er, innstæðan sé ekki bundin. Við höfum flutt frv. um þetta hér í þinginu, og við teljum að það sé rétt skref að taka nú í þessum efnum að innleiða reikninga af þessu tagi. Með því væri hagur sparifjáreigenda í raun og sannleika tryggður og með því mundi takast að auka verulega sparnað hér á landi.

Í annan stað er nauðsynlegt, eins og við höfum líka flutt frv. um, að komið sé til móts við sparifjáreigendur með einhlítum og öruggum hætti, ekki með loðnum og ófullkomnum yfirlýsingum, eins og ríkisstj. gerir, heldur með klárri lagasetningu sem tryggi hag sparifjáreigenda. Um þetta höfum við líka flutt frv. og teljum nauðsynlegt, að þessu máli verði fylgt fram, og óskum eftir stuðningi við þær hugmyndir okkar.

Um 7. gr. vil ég segja það, að með henni er ríkisstj. með brbl. veitt heimild til að fresta ótilteknum framkvæmdum fyrir ótiltekna upphæð þrátt fyrir ákvæði nýsamþykktra fjárlaga. Samkv. stjórnarskrá Íslands er forsendan fyrir setningu brbl. sú, að brýna nauðsyn beri

til að slík lög séu sett, svo brýna að ekki gefist tóm til að taka málið fyrir á Alþingi á eðlilegum starfstíma þess. Ég held að það geti ekki talist, að ákvæði þessarar greinar samrýmist þessum forsendum fyrir útgáfu brbl. En hér er allt skilið eftir opið. Við viljum fá skýringar ríkisstj. á þessari grein. Við hvaða framkvæmdir er átt, hversu mikla fjárhæð er um að ræða, hversu mikill á þessi niðurskurður að vera? Ef svör fást við slíkum spurningum, þá er sjálfsagt að taka þau til athugunar, taka til athugunar frestun eða niðurskurð framkvæmda. En fáist engin slík svör er þessi grein fráleit og út í hött og illa viðeigandi að Alþingi veiti ríkisstj. fullt og óskorðað umboð til frestunar hvaða framkvæmda sem er í nýsamþykktum fjárlögum, án þess að nokkrar vísbendingar séu um það gefnar af ríkisstj. hvernig hún hyggist nota slíka heimild.

Að því er varðar þær greinar, sem varða vísitölumál og þess háttar, vil ég sérstaklega ítreka að við Alþfl.- menn höfum lagt ríka áherslu á að í sérhverjum efnahagsráðstöfunum verði þess gætt, að kaupmáttur launafólks, einkum hinna lægst launuðu, sé tryggður með skattalækkunum. Launamál og skattamál ber því að skoða í samhengi. Um þessi mál höfum við Alþfl.- menn ítrekað flutt tillögur. Þær yfirlýsingar, sem ríkisstj. hefur gefið um þessi mál, eru loðnar og ófullkomnar. Þess vegna teljum við eðlilegt að lagaákvæðum um skattamál verði þegar komið fram og að um leið og fjallað er um launamál með þessum hætti fylgi því lagasetning um skattalækkanir sem tryggi kaupmátt ráðstöfunartekna heimilanna. Það er alger forsenda fyrir því, að hægt sé að fjalla um mál af þessu tagi. En það er ekki úr vegi að benda jafnframt á að með afnámi á viðmiðun við viðskiptakjör er verið að stíga spor aftur á bak, — spor sem gerir alla hagstjórn mun erfiðari en ella. Allir sanngjarnir menn skilja að þjóðarhagur ræður úrslitum um getu þjóðarbúsins. Á þennan skilning heggur ríkisstj. nú með frv. sínu til laga.

Að því er varðar þau takmörkuðu atriði, sem beinlínis felast í þessu lagafrv., vil ég benda á eftirfarandi:

Í fyrsta lagi teljum við Alþfl.-menn að taka eigi upp nýja innlánsreikninga með verðtryggingu, en án bindingar.

Í öðru lagi teljum við að koma eigi nú þegar til móts við húsbyggjendur með tvennum hætti og með skýrum hætti. Í fyrsta lagi þannig, að tekin verði upp viðbótarlán til íbúðabygginga og íbúðarkaupa hjá bankakerfinu er beri fulla verðtryggingu, en 2 — 3% ársvexti. Lán þessi verði veitt til 15 ára og nemi helmingi þeirra lána er lánþegar eiga kost á frá Húsnæðisstofnun ríkisins. Og í annan stað, að það verði skýrt ákveðið í lögum, að lánahlutfall hjá Húsnæðisstofnun skuli ákvarðast ekki lægra en 35% af áætluðum byggingarkostnaði þeirrar staðalíbúðar sem gildir sem viðmiðun fyrir hlutaðeigandi umsækjanda, miðað við fjölskyldustærð. Með þessum hætti væri komið raunverulega til móts við húsbyggjendur.

Í þriðja lagi teljum við nauðsynlegt að lögfesta þegar skattalækkanir sem verji sérstaklega hag þeirra sem búa við lök kjör. Slíka enda á ekki að skilja eftir lausa. Við munum flytja brtt. í þessa átt.

Með þessum breytingum yrðu verstu agnúarnir sniðnir af þessu lagafrv., og teljum við rétt að freista þess. En þetta eitt mun þó ekki hrökkva til að ná þeim árangri sem nauðsynlegur er. Það, sem til þarf, er ný og breytt efnahagsstefna sem í senn leggi grundvöllinn að nýrri framfarasókn til aukinna lífsgæða og rjúfi jafnframt þann verðbólguvítahring sem landsmenn eru staddir í. Við viljum að þessi gerbreytta efnahagsstefna nái til atvinnumála og til ríkisfjármála og spanni ýmsar kerfisbreytingar.

Ef við lítum fyrst á atvinnumálin og það sem nauðsynlegt er að gera í þeim efnum, það sem nauðsynlegt er í nýrri atvinnustefnu sem miði að því að treysta lífskjörin, þá er fyrst til að taka að nauðsyn ber til þess að hefjast þegar handa um að nýta orku fallvatna og jarðhita til þess að stuðla að eflingu atvinnulífsins, aukningu þjóðartekna og betri lífskjörum. Það verður að undirbúa sérstakt átak í virkjunarmálum og hefja þegar í stað skipulagða vinnu að því að reisa í landinu orkufrekan iðnað sem er líklegur til þess að skila þjóðarbúinu auknum verðmætum, styrkja atvinnulífið og skapa fleiri störf. Við höfum þegar lagt fram frv. eða till. um þetta efni hér á Alþingi, en við munum fylgja því enn frekar eftir.

Ef við lítum á næstu atvinnugrein, landbúnaðinn, þá hefur Alþfl. bent á það löngum að hverfa yrði frá arðlausri fjárfestingu í hefðbundnum landbúnaði sem m. a. hefur valdið offramleiðslu og rýrt þannig lífskjör þjóðarheildarinnar. En jafnframt þessu viljum við styðja bændur til að hverfa að nýrri og hagkvæmari búgreinum eða til þess að hætta hefðbundnum búskap og hverfa að öðrum störfum. Í þessu sambandi höfum við m. a. flutt till. varðandi fiskrækt í ám og vötnum og um tilraunir með ræktun sjávarfiska. Við höfum lagt fram frv. um þetta efni, og við afgreiðslu síðustu fjárlaga lögðum við fram ítarlegar till. um hvernig ætti að beita fjárframlögum úr ríkissjóði til þess að hverfa frá arðlausri offjárfestingu, en nota peningana til þess að styðja bændur til að taka upp nýjar búgreinar eða til að hætta búskap ef þeir svo kjósa. Þetta er það sem þarf að gerast í landbúnaðarmálum.

Ef við lítum á sjávarútveginn, þá höfum við eindregið varað við þeirri þróun í sjávarútvegi, aðalundirstöðuatvinnuvegi landsmanna, sem lýsir sér í því, að stöðugt sé verið að stækka fiskiskipastólinn á sama tíma og beita verður auknum boðum og bönnum og meiri skömmtunum við veiðiskapinn, með þeim afleiðingum að afli á veiðiskip fer minnkandi og afkoma sjómanna, útgerðar og reyndar þjóðarinnar allrar er rýrð. Það er vegna þessa sem við höfum bent á að frekari innflutning fiskiskipa eigi ekki að leyfa nú um sinn, og við höfum lagt áherslu á að verulegum fjármunum eigi að verja til að taka gömul og óhagkvæm skip úr rekstri án þess að ný séu keypt í þeirra stað.

Ef við lítum á málefni fiskvinnslunnar, þá þarf að stuðla þar að aukinni tæknivæðingu og almennri hagræðingu. Að þessu var unnið á árinu 1979 og þá tókst að auka fjárfestingu í fiskvinnslunni mjög verulega eða um 10% að magni til. Sú fjárfesting var fyrst og fremst í bættum aðbúnaði verkafólks, í tækniframförum og í hagræðingu.

Á árinu 1980 snerist þróunin við í þessum efnum. En það er mikilvægt að framfarasókn sé í fiskvinnslunni, því að við þurfum að búa við sífellt harðari samkeppni af hálfu annarra fiskveiðiþjóða, svo sem Kanadamanna. Í framförum í fiskvinnslunni, aukinni hagræðingu og tæknivæðingu þar og bættum aðbúnaði verkafólks, felst möguleiki til mikils hagvaxtar.

Sé litið á stöðu iðnaðarins, þá hefur þeirri stefnu verið

fylgt að undanförnu að lappa upp á stöðu hans með jöfnunargjöldum og fleiri gjöldum af slíku tagi. En meginatriðið er auðvitað að búa iðnaðinum sömu aðstöðu og öðrum atvinnugreinum, búa vel að honum á lánamarkaði og að því er varðar tollamál og skattamál. Það á að styrkja samkeppnisstöðu iðnaðarins með því t. d. að taka upp virðisaukaskatt í stað söluskatts, þannig að skattalega standi íslenskur iðnaður jafnfætis samkeppnisiðnaði í öðrum löndum, og með því að búa iðnaðinum sömu aðstöðu á lánamarkaði og öðrum atvinnugreinum.

Ef við lítum á fimmtu atvinnugreinina, verslun og þjónustu, þá liggur ljóst fyrir að verðlagskerfið er ónýtt. Almennt verðlag verður ekki ákveðið með handauppréttingum úti í bæ eins og nú er tíðkað. Verðstöðvun leysir ekki vandann. Við þurfum að fá nýtt verðlagskerfi. Sumt má gefa frjálst að því er verðlagningu varðar, en um annað gildir að kerfisbreytingar er þörf. Það þarf nýja hugsun sem tekur mið af því að stuðla að hagkvæmni í rekstri, hvort heldur er í verslun eða þjónustu.

Í skattamálunum í heild er þörf verulegrar kerfisbreytingar. Við teljum að tekjuskatt eigi að afnema af almennum launatekjum þannig að ekki verði greiddur tekjuskattur af almennum meðaltekjum verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna, eins og þær eru samkv. opinberum skýrslum. Við höfum lagt fram frv. um þetta. Jafnframt væri æskilegt að sameina sjúkratryggingagjaldið í núverandi mynd tekjuskattinum og taka upp staðgreiðslukerfi allra skatta. Við erum sannfærðir um að það skattlagningarkerfi, sem hér gildir, hefur stuðlað að aukinni verðbólguþróun. En með staðgreiðslukerfinu mætti sporna gegn verðbólguþróun hér á landi. Sú óvissa, sem menn búa við um skattlagningu sína samkv. gildandi kerfi í þeim sveiflum sem hér ríkja, er vís til þess að stuðla að enn þá frekari óstöðugleika í efnahagslífinu og enn meiri verðbólgu.

Ég hef áður minnst á það, að söluskatt ætti að afnema í núverandi mynd og taka upp virðisaukaskatt í staðinn, þó ekki væri nema vegna hagsmuna iðnaðarins. En fleira kemur til. Söluskattskerfi okkar er orðið stórgötótt og stórgallað. Við höfum flutt frv. um það, að virðisaukaskattur verði tekinn upp í stað söluskatts, og við munum fylgja þeirri stefnu áfram eftir. En þriðja kerfisbreytingin, sem ég vil sérstaklega minna á í sambandi við fjárheimtu ríkisins, varðar tolla- og aðflutningsgjaldakerfið. Í þeim efnum ríkir mjög flókið kerfi. Þar gætir mikillar mismununar milli álagningar á einstaka vöruflokka, auk þess sem kerfið er tyrfið og óeðlilega flókið. Þetta kerfi verður að stokka upp. Það er nauðsyn vegna iðnaðarins og til þess að stuðla að eðlilegri iðnþróun í landinu, en það er líka nauðsynlegt til þess að ná eðlilegra samræmi um verðlagningu á ýmsum vörum hér á landi.

Ég hef áður minnst stuttlega á hugmyndir okkar í vaxta- og lánamálum. Ég minntist á nauðsyn þess, að tekinn yrði upp nýr útlánaflokkur til húsbyggjenda til viðbótar við lán húsnæðismálastjórnar, þannig að við fikruðum okkur út úr því villimannlega kerfi sem hér gildir nú að því er húsbyggjendur varðar. Vitaskuld eiga lántakendur að endurgreiða lán sín í sömu verðmætum og lánin eru tekin. Þannig eigum við að framfylgja raunvaxtastefnu. En jafnframt — og það er ekki síður mikilvægt — verður að lengja lánstíma og draga þannig úr greiðslubyrðinni. Það atriði hefur verið gersamlega vanrækt af núv. ríkisstj. Verðtryggingarstefna af þessu tagi, þar sem lánin eru jafnframt lengd og greiðslubyrðin jöfnuð, er líkleg til þess að stuðla að því, — að efnahagslífið komist á heilbrigðari grundvöll, og þess er sannarlega þörf.

Ég minntist á það, að feikilegt misrétti ríkti í húsbyggingamálum, í aðstöðu fólks til þess að koma þaki yfir höfuðið. En á sama hátt blasir við óviðunandi misrétti í lífeyrismálum, misrétti sem þegar verður að takast á við. Við getum ekki vænst þess, að á meðan misrétti af þessu tagi — hvort heldur er í húsnæðismálum eða lífeyrismálum — er ríkjandi hér á landi, að almennur skilningur verði á því að koma efnahagslífinu á þann heilbrigða grundvöll sem nauðsyn ber til.

Að lokum vil ég minnast sérstaklega á ríkisfjármál og peningamálastjórn. Í ríkisfjármálunum þarf að draga úr þeirri sjálfvirkni sem í gildi hefur verið. Það þarf að markmiðsprófa útgjöld ríkisins. Hver sá sem skoðar fjárlög ríkisins kemst að raun um það, að þar eru veitt framlög til ýmissa þátta sem voru góðra gjalda verðir á sínum tíma, en eru orðnir úreltir. Hvern einstakan fjárlagaþátt á að markmiðsprófa og draga þannig úr sjálfvirkninni.

Í annan stað er það forsenda fyrir árangri í efnahagsmálum, árangri í þá átt að draga úr verðbólgunni og koma hér á eðlilegra efnahagslífi, að ríkið sjálft gangi á undan, að ríkið sjálft sýni aðhald hjá sér áður en það biður aðra um það. Það er röng stefna að hækka verðlag á allri opinberri þjónustu um 10% á sama tíma og beðið er um 7% launaskerðingu hjá öðrum.

Varðandi peningamálin er ástæða til þess að hafa sérstakar áhyggjur vegna þeirrar stefnuboðunar sem fram hefur komið hjá ríkisstj. Það er augljóst, að eigi að ná árangri í efnahagsmálum verður að gæta verulegs aðhalds í peningamálum. Það verður að gæta þess, að peningamagn í umferð vaxi ekki úr hófi fram. Þau tæki, sem menn hafa fyrst og fremst í þeim efnum, eru afgangur í ríkisbúskapnum, að sjá til þess að viðskiptajöfnuður sé jákvæður og að beita bindingu í Seðlabankanum. Ekkert það hefur komið fram í málflutningi eða stefnuboðun ríkisstj. sem bendir til að þessum tækjum verði beitt. Það sem meira er, fjárlögin og það sem sést hefur í lánsfjáráætlunina bendir til þess, að stefnt verði allt of hátt í þessum efnum og einmitt það muni draga úr þeim árangri sem annars væri hugsanlega hægt að ná.

Við Alþfl.-menn leggjum sérstaka áherslu á að samhliða öðrum aðgerðum í efnahagsmálum verði gert átak í atvinnumálum sem miðist við að hagnýta skynsamlega allar auðlindir landsins. Við viljum gera þetta með stórátaki á sviði virkjunarmála og með orkufrekum iðnaði. Við viljum gera þetta með breyttri stefnu í landbúnaðarmálum, með breyttri stefnu í útgerðarmálum og að því er varðar fiskvinnsluna og með breyttri stefnu að því er varðar aðstöðu iðnaðarins til framþróunar hér á landi. Með slíkri alhliða stefnumörkun, gerbreyttri stefnu á sviði atvinnumála, sem tengist nýrri stefnu í ríkisfjármálum, lánamálum og vísitölumálum, teljum við að takast megi á við verðbólguvandann og þær meinsemdir sem þjá efnahagslíf þjóðarinnar. En það mun aðeins gerast með slíkri alhliða stefnumörkun, stefnumörkun sem felur í sér ekki bara nýja stefnu, heldur líka breyttar aðferðir og ný markmið. Með þeim hætti má vænta þess, að brjótast megi úr þeim vítahring sem íslenskt efnahagslíf er nú statt í, tryggja fulla atvinnu í

landinu og meiri starfsmöguleika og nýja sókn til bættra lífskjara. En aðeins með því að ríkisstj. hafi frumkvæði um mótun slíkrar alhliða stefnu má gera sér vonir um að tímabundnar fórnir launafólks í baráttunni við verðbólguna skili einhverjum árangri. Það er margsýnt og sannað, að einhliða aðgerðir á launamálasviðinu skila engum árangri þegar til lengdar lætur. Slík aðgerð, ef aðgerð má kalla, skilar aðeins árangri um skamma hríð, enda ekki við öðru að búast þegar aðeins er reynt að róa með þeirri einu ár af öllum þeim sem tiltækar eru. Til þess að aðgerð á launamálasviðinu geti hjálpað til við að ná varanlegum árangri verður ríkisvaldið að sinna öllum öðrum þáttum efnahagslífsins sem það hefur tök á. Það gildir jöfnum höndum um atvinnumál, skattamál, peningamál og ríkisfjármál. Ríkisvaldið verður að gefa fordæmi með því að leggja sitt af mörkum og láta það sjást svart á hvítu. Ríkið á að ganga á undan í því að sýna aðhald hjá sér, en ekki öfugt eins og nú er tíðkað.

Ef ríkisstj. væri reiðubúin til að halda á málum með þessum hætti, þá værum við Alþfl.-menn reiðubúnir til að skoða þær fyrirætlanir af velvilja og með jákvæðu hugarfari og styðja þær aðgerðir, enda sé þá ljóst að þær muni skila raunverulegum árangri. En án slíkrar stefnumörkunar og án undirtekta við þessar hugmyndir Alþfl. teljum við ljóst í ljósi reynslunnar að þær einhliða aðgerðir, sem hér er gerð till. um, einhliða kauplækkun með lögum, muni ekki skila árangri þegar til lengdar lætur í baráttunni við verðbólguna. Sú fórn, sem launafólki er þannig ætlað að færa, mun verða unnin fyrir gýg. Till. ríkisstj., eins og þær liggja fyrir, eru því miður tilgangslausar og valda vonbrigðum. Það er verið að gefa landsmönnum falskar vonir um að fórn þeirra sé einhvers virði, en það mun reynast rangt. Slíkar aðgerðir getum við Alþfl.-menn vitaskuld ekki stutt. Við erum andvígir þessum brbl., eins og þau eru úr garði gerð, og munum greiða atkv. gegn þeim eins og þau liggja fyrir.

Ég vil að lokum láta í ljós þá von mína, að áður en árið er liðið megi þjóðin fá að sjá þau nýju tök sem nauðsynleg eru, bæði að því er varðar atvinnumál og efnahagsmálin að öðru leyti, — þau gerbreyttu vinnubrögð sem eru nauðsynleg til þess að við komumst úr þeim vítahring 50 — 60% verðbólgu sem hér hefur verið að undanförnu.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Áður en hlé var gert á störfum Alþingis vegna jólanna gerðu þm. stjórnarandstöðunnar ítrekaðar tilraunir til að fá fram upplýsingar um hvaða ráðstafanir væru fyrirhugaðar af hálfu hæstv. ríkisstj. í efnahagsmálum og þá einnig í sambandi við fyrirhugaða gjaldmiðilsbreytingu. Það var dálítið einkennilegt fyrir reynslulítinn þm. að vera vitni að þeirri lítilsvirðingu sem stjórnarandstöðunni var sýnd þegar um svo alvarleg mál var fjallað hér á hv. Alþingi. Það er ekki örgrannt að stundum falli hæstv. ráðherrar ríkisstj. í þá gryfju að meðhöndla hv. þm. stjórnarandstöðunnar eins og þeir séu óþæg börn, þeirra skoðanir dæmdar léttvægar og einskis virði, og til að losna við óþægindin af návist þeirra er gripið til þess ráðs að senda alla þingmenn heim til að veita ríkisstj. starfsfrið sem hún notar til að setja brbl. þegar nægur tími hefði verið til að afgreiða þessi mál með eðlilegum hætti.

Ég sagði áðan að ég hefði ekki mikla reynslu í störfum sem þm., enda aðeins setið á einu þingi, og margt á ég ólært. En það hefur á stundum hvarflað að mér, hvort ekki mætti ná meiri árangri í lausn þeirra mála, sem hrjá íslenskt efnahags- og atvinnulíf, ef meira tillit væri tekið til málflutnings þeirra sem tilheyra svokallaðri stjórnarandstöðu.

Á gamlársdag flutti hæstv. forsrh. landsmönnum boðskap hæstv. ríkisstj. og hóf ræðu sína á orðum Einars skálds Benediktssonar: „Vilji er allt sem þarf.“ Rétt er það, að illa mun ganga að framkvæma hlutina ef viljinn er ekki fyrir hendi. Hæstv. forsrh. nefndi einn þátt þjóðmála þar sem einingu viljans hefði skort við lausn mála, þ. e. verðbólgunnar. Hann upplýsti okkur um að hæstv. ríkisstj. vilji nú sýna viljann í verki, gera tilraun til að draga úr verðþenslu og veita henni viðnám, og hét á alla landsmenn til liðsinnis.

Það var heldur lítið gert úr því á sínum tíma þegar formaður Sjálfstfl., hv. 1. þm. Reykv., Geir Hallgrímsson, var með umboð til að reyna stjórnarmyndun og vildi gera tilraun til að mynda þjóðstjórn sem sæti um takmarkaðan tíma meðan gerðar væru ráðstafanir gegn verðbólgu. Þá hafði hann í huga að slíkar ráðstafanir yrðu best tryggðar með samstöðu allra flokka og þar með allra landsmanna. Þessar hugmyndir voru afgreiddar með því að þær væru ekki raunhæfar og ættu engan hljómgrunn. Það er því vissulega gleðiefni nú, að hæstv. forsrh. hefur með áramótaávarpi sínu staðfest það, að eigi að takast að ná árangri í viðnámi gegn verðbólgu þurfi allir landsmenn að sameinast — og eru þá væntanlega ekki undanskildir þeir landsmenn sem sitja á hv. Alþingi og tilheyra svokallaðri stjórnarandstöðu. Ég vil því leyfa mér að vænta þess, að nú hafi orðið hugarfarsbreyting hjá hæstv. ríkisstj. og að tillögur stjórnarandstöðunnar verði ekki fyrir fram dæmdar ómerkar og einskis nýtar þegar farið verður að ræða frv. í nefnd þeirri sem fær það til umfjöllunar í hv. Ed.

Ég ætla ekki að fjalla hér um einstakar greinar frv., aðeins nefna nokkur atriði. Þar er að finna atriði, sem Sjálfstfl. hefur lagt áherslu á að beita þurfi í baráttu gegn verðbólgu, t. d. að draga úr víxlverkun verðlags og launa og að stöðva gengissig. Önnur atriði ganga þvert á okkar skoðanir, eins og t. d. að taka á nú upp millifærslukerfi sem er löngu gengið sér til húðar.

Þá vil ég gera aths. við þá grein sem fjallar um verðstöðvun. Hún er algerlega út í hött — markleysa. Svokölluð verðstöðvun hefur verið í gildi árum saman og allir þekkja árangur hennar. Þetta er því rangnefni og þýðir ekki annað en það, að ríkisvaldið úthlutar leyfum til verðhækkunar eftir eigin geðþótta.

Eitt atriði í frv. fer þó ekki á milli mála og það er um kaupskerðinguna. Það vekur athygli nú, að málsvarar ríkisstj. í verkalýðsforustunni viðurkenna opinberlega að til að ná árangri í baráttu gegn verðbólgu sé nauðsynlegt að skerða vísitölu á laun. Athyglisverðara er þó að varla var blekið þornað á pappírnum við undirskrift nýgerðra kjarasamninga þegar þeir voru ógiltir með þessari vísitöluskerðingu. Varðandi vísitöluskerðinguna vantar hins vegar mikið á að hagur hinna verst settu verði tryggður. Það kemur t. d. ekki fram hvernig eða yfirleitt hvort tryggja eigi lífeyri almannatrygginga gegn þessari vísitöluskerðingu. Þar hefði mátt taka til fyrirmyndar ákvæði febrúarlaganna frá 1978. Í þeim voru slík atriði skilgreind nákvæmlega. Það er að vísu talað um skattalækkun, en skattalækkun skv. fjárlögum 1981 felur ekki í sér skattalækkun nú, heldur þvert á móti.

Það fer ekki heldur hjá því að nokkurra efasemda gæti

um árangur þessara brbl., ekki síst þegar haft er í huga að þetta eru skammtímaráðstafanir sem þurfa framhaldsaðgerðir sem ekki liggja fyrir og ekki er vitað hvort verða gerðar fyrir þinglok eða hvort enn á ný eigi að setja brbl. eftir að þingheimur hefur þá verið sendur heim. Þá hefur komið fram að ekki er samstaða innan hæstv. ríkisstj., og er það varla til að auka traust almennings á þessum aðgerðum. *Sumir hæstv. ráðh. tala um 40% verðbólgu,* aðrir tala um að engin goðgá sé þó hún verði 50%. Óneitanlega kemur upp í hugann árangur niðurtalningarinnar sem stefnt skyldi að. Ef ég man rétt átti að telja hana niður í áföngum, en eitthvað hafa teljararnir ruglast í ríminu því að í staðinn fyrir að telja niður er engu líkara en þeir hafi talið upp.

Herra forseti. Ef það er rétt, að vilji sé allt sem þarf til að ráðast gegn verðbólgu, er vandinn auðleystur. Auðvitað gerist ekkert án viljans. En það þarf að framkvæma þann vilja. Við, sem erum í stjórnarandstöðu og tilheyrum þingflokki Sjálfstfl., höfum einmitt þennan vilja og það í ríkum mæli. En það eru atriði í þessum brbl. sem við teljum nauðsynlegt að gera breytingar á til þess að árangur náist. Og nú reynir á hvort vilji er fyrir hendi innan hæstv. ríkisstj. á breiðari samstöðu um efnahagsráðstafanir. Við höldum í vonina þar til annað kemur í ljós.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Efnahagsmál eru oftast aðalumræðuefni manna hér á Alþingi. Við Íslendingar eigum við mikil vandamál að stríða ekki síður en aðrar þjóðir, en okkar vandamál eru því marki brennd að þau eru heimatilbúin. Verðbólga er hér margfalt meiri en annars staðar og kaupgjald eða kaupmáttur er minni en í nágrannalöndunum. Fyrir almenning í landinu lítur efnahagsumræðan út eins og sandkassaleikur lítilla barna. Það er því ekki að ófyrirsynju að fólk er áhugalítið um framgang efnahagsmála þessa stundina.

Allir stjórnmálaflokkar hafa hrópað hátt um aðgerðir, eitthvað verði að gera. Til skamms tíma var það þó svo, að einn stjórnmálaflokkanna, Alþb., taldi engra aðgerða þörf, hér væri í raun allt í stakasta lagi. Það minnti á þau sannindi, að kaupið eitt væri ekki verðbólguvandamál, leita þyrfti uppi braskarana, afætulýðinn og minnka milliliðagróða. Jafnframt þyrfti að auka framleiðni atvinnuveganna. Allt var þetta trúverðugt út af fyrir sig. Allir erum við sammála um að auka framleiðni, en deilt er um á hvern hátt það verði gert. Helst mætti halda af málflutningi Alþb. að nóg væri að gera einfalda samþykkt um 7% framleiðniaukningu, þá væri málið leyst.

Ástæðulaust er að fara mörgum orðum um orðaval þeirra austrænu umskiptinga sem nú sitja í ylvolgum ráðherrastólum. Þeir hafa gleymt fyrri fullyrðingum, þeir hafa horfið á vit þeirra íhaldsúrræða sem þeir áður fordæmdu hvað harðast. Það er þó verst, að nú eru þeir kaþólskari en páfinn, nú er gengið harðar til verks. Nú eru sett brbl. um hreina kauplækkun. Nú er ekki rætt í alvöru um framleiðniaukningu, en talan 7 er enn á sveimi. Nú eru sett lög um hreina 7% kauplækkun. Þessi tala er ríkisstjórnarmönnum jafnheilög og gerist í helgum ritum. Þessi tala bendir til þess, að það hafi verið Alþb. sem hafi ákveðið prósentutöluna, það séu þeir sem frumkvæðið höfðu um þá kauplækkun sem nú er boðuð.

Það er ekkert nýtt, að efnahagsaðgerðir þurfi að gera. Við Alþfl.-menn höfum mjög barist fyrir heilbrigðara efnahagslífi. Við höfum boðað aðgerðir til langs tíma. Við höfum ætíð látið það fylgja, að slíkar aðgerðir mætti ekki gera nema að höfðu samráði við launþegasamtökin og að tryggja þurfi afkomu láglaunafólks. Við höfum bent á að vísitalan sem einangrað fyrirbrigði væri ekki heilagt vé, kaupmátturinn skipti mestu máli.

Sjálfur hef ég margoft haldið því fram innan verkalýðssamtakanna, að það væri skynsamlegt af verkalýðshreyfingunni að taka þátt í baráttunni gegn verðbólgu. Væri það ekki gert gripu óvandaðir valdsmenn í taumana með illum afleiðingum fyrir launafólk. Ég hef sagt að skynsamlegt gæti verið að fórna peði fyrir mann í taflinu um lífskjörin. Ég hef jafnframt sagt að engu ætti að fórna ef ekki væri fyrirsjáanleg betri framtíð.

Nú er málum svo háttað, að nýlega hafa verið sett brbl. sem eru því marki brennd, að launþegum er gert að fórna ekki peði, heldur góðum liðsmanni, og fyrir þá fórn fæst ekkert sjáanlegt, ekkert áþreifanlegt. Verði boðuð fyrirheit að veruleika er kannske von á peði, en varla það.

Það vekur athygli mína, hve efnahagslög þessi eru keimlík efnahagslögunum frá 1978. Þau lög settu þeir Gunnar og Geir og þótti ekki fyrirmyndarsmíð. Þó er skylt að geta þess, að maílögin voru miklu skárri en febrúarlögin, en vegna þrýstings launafólks var páv. ríkisstj. knúin til breytinga á fyrri lögum. Bæði nú og þá *var um kauplækkun að ræða eða skerðingu á vísitölunni.* Í maílögunum voru vísitölubætur á lægstu laun þó ekki skertar, nú er eitt látið yfir alla ganga. Þá voru bætur almannatrygginga hækkaðar, heimilisuppbætur hækkuðu umfram vísitöluhækkun, barnabætur hækkuðu, vörugjald var lækkað um 2% frá 15. febr. til ársloka.

Nú eru vissulega ýmis fyrirheit gefin, en vandséð er hvort þau verða nokkru sinni efnd. Boðuð er mikil skattahækkun samkv. fjárlögum. Nú er því heitið, að einhver hluti launþega fái 1½% lækkun þessara skatta. Auðvitað verður skattbyrði láglaunafólks þyngri í ár en í fyrra þrátt fyrir þessi fyrirheit um 1.5% lækkun eftir boðaða skattahækkun. Ekki er enn vitað hvernig staðið verður að skattalækkun eða hvort það verður gert.

Þá er því heitið, að viðskiptakjaraviðmiðun í vísitölu verði látin niður falla. Í lögum er kveðið á um það, að launafólk skuli njóta viðskiptakjarabata. Mjög er röksemdafærsla ríkisstj. undarleg hvað snertir viðskiptakjaraviðmiðunina. Því er einmitt haldið fram, reyndar *eru það forsendur efnahagslaganna,* að viðskiptakjörin batni. Verði það að veruleika er mjög hæpið fyrir launþega að sleppa viðskiptakjaraviðmiðuninni.

Einn þáttur í efnahagsáætlunum ríkisstj. er verðstöðvun. *Slík verðstöðvun hefur verið s. l. 10 ár.* Verðstöðvun var í gildi og því er vandséð hvernig ný verðstöðvun verkar. Verðlagsráð hefur óskað eftir skýringum, en ráðh. kunni engin skil á þessari nýju samþykkt. Hæstv. viðskrh. hefur reyndar hvað eftir annað lýst sig andvígan verðstöðvun svo að ekki er undarlegt að honum verði svarafátt. Það er reyndar komið í ljós, að þessi verðstöðvun þýðir ekkert nýtt, þó aðeins það, að viðurkennt er með nýrri verðstöðvun að ríkisstj. hafi gersamlega mistekist að framkvæma fyrri verðstöðvun. Í dag talar almenningur um verðstöðvun sem meiri háttar grín. Ekki er það furða, því að daglega lýsa fjölmiðlar stórfelldum verðhækkunum á hvers kyns nauðsynjavörum.

Þá vekur það athygli, að því er haldið fram, að þessar aðgerðir eigi að lækka verðbólguna í um 40% á

árinu 1981. Þjóðhagsstofnun segir verðbólguna fara í 50%. Einstakir ráðherrar telja það kraftaverk ef takist að koma verðbólgunni niður með þessum ráðstöfunum. Ríkisstj. tók við um 50% verðbólgu, svo að lítils gildar eru ráðstafanir sem einungis viðhalda óbreyttu ástandi. Þessir herrar hræða fólk með 70% verðbólgu, ef ekkert verði að gert. Þetta eru sömu mennirnir sem lögðu blessun sína yfir nýgerða kjarasamninga. Þeir áttu meira að segja hlutdeild í kjarasamningum, a. m. k. hvað BSRB snertir. Það er ömurlegur tvískinnungur, sem felst í því að standa að slíkum hlutum, en sjá svo það ráð eitt að hrifsa allt til baka. 10 mánaða samningaþóf hefur því verið til einskis og meira en það.

Í nýgerðum kjarasamningum lögðum við Alþfl.-menn áherslu á að skattalækkanir væru vænlegri leið til kjarabóta en krónutöluhækkanir. Þessi afstaða mætti skilningi í verkalýðsfélögunum og var knúið á um slíkar aðgerðir. Ríkisvaldið var ekki reiðbúið til slíkra aðgerða þá, en auðvitað má segja að batnandi manni sé best að lifa. En ríkisvaldið hafði gengið á undan með krónutöluhækkanir. Var því staða til slíkrar útgöngu í samningagerðinni gerð ómöguleg, en vissulega hefði það verið heiðarlegra af ríkisstj. að leysa vandann á vinnumarkaðinum þannig en að koma aftan að fólki eins og nú er gert.

Viðbrögð almannasamtaka, sem rætt hafa þessar aðgerðir, eru yfirleitt á einn veg. Alþýðusambandið fordæmir þær og bendir á að með aðgerðunum sé gengið þvert á mikilvæg samningsákvæði. Þá segir í ályktun Alþýðusambandsins, með leyfi forseta:

„Alþýðusambandið hefur allan fyrirvara á um þessar ráðstafanir stjórnvalda og áskilur sér fyllsta rétt til nauðsynlegra aðgerða til þess að tryggja umsaminn kaupmátt. Samtökin ítreka að jafnmikilvægt og það er að draga úr verðbólgunni er nauðsynlegt að sjá svo um, að atvinnuöryggi og kaupmætti fólks með meðaltekjur og lægri verði ekki fórnað.

Miðstjórn ASÍ leggur á það höfuðáherslu, að staðið verði við þá yfirlýsingu, að kaupmáttur haldist óskertur, og er ljóst að til þess að ná þeim árangri í þróun verðlagsmála, sem að er stefnt, verði fleira að koma til en ákvarðanir varðandi launa- og gengismál, sem þegar hafa verið teknar."

Þessi ályktun gefur vissulega til kynna að veruleg tortryggni er hér á ferðinni. Miðstjórnarmönnum er nefnilega ljóst að þegar vora tekur er líklegt að kjaraskerðingarpostularnir fari aftur á kreik. Þessar efnahagsaðgerðir eru því ótrúverðugar, og það liggur í loftinu að meiri kjaraskerðing sé fyrirhuguð. Framsóknarmenn í ríkisstj. láta óspart í ljós að áfram verði að halda í kjaraskerðingarátt megi þeir við una. Alþb. -menn þverneita. En eftir stendur launafólk og bíður þess sem verða skal.

Ekki er það til að bæta umræðurnar og auka vonir manna um að staðið verði við fyrirheit um hliðarráðstafanir samhliða settum brbl., að einn ráðh., hæstv. félmrh., hefur mjög skrifað um innræti og sálarlíf hæstv. forsrh. Í Þjóðviljann skrifaði hann einmitt, með leyfi forseta: „Það hefur aldrei verið hans sterka hlið að standa við gefin loforð."

Stjórn BSRB hefur sent frá sér harðorða ályktun og segir þar, með leyfi forseta:

„Stjórn BSRB mótmælir harðlega þeim ákvæðum í nýsettum brbl. ríkisstj., sem fela í sér 7% kjaraskerðingu 1. mars n. k. og riftun þeirra kjarasamninga sem undirritaðir voru í ágúst s. l. Síðan kjarasamningar voru gerðir í ágúst hafa engar forsendur breyst nema hvað laun annarra hafa hækkað meir en laun félagsmanna BSRB.

Kjaradómur hefur í dag hækkað laun alþm. um rúm 16% frá 1. maí 1980 og síðan hækkað í rúmlega 23% frá 1. des. s. l. og laun háskólamanna um 5-6% frá 1. des.

Samningar BSRB voru innan þess ramma, sem meira að segja stjórnvöld töldu þjóðfélagið þola. Að dómi stjórnar BSRB er með brbl. vegið þannig að frjálsum samningsrétti samtaka launafólks, að valda hlýtur stórtjóni fyrir launamenn og áhættu fyrir þjóðfélagið, þegar litið er til framtíðarinnar. Ekkert nema neyðarástand getur verið forsenda fyrir því að rjúfa gerða samninga með lögum. Því skorar stjórn BSRB á Alþingi að fella ákvæði brbl. um skerðingu verðbóta á laun."

Að öðru leyti er fjallað í þessari ályktun um innanfélagsmál BSRB.

Vinnuveitendur sendu frá sér ályktun sem vænta mátti. Þar benda þeir á að kjarasamningar hefðu í raun verið óþarfir, brbl. taki mestalla kauphækkunina til baka.

Einn aðili fagnar þessum aðgerðum sérstaklega og er það Verslunarráð Íslands. Það vekur sérstaka athygli, að það hælir Alþb. fyrir að eyða áhrifum gerðra kjarasamninga. Það bendir reyndar á að engir fjármunir séu til í millifærsluleið og að markmiðið með hjöðnun verðbólgu náist ekki.

Það vekur sérstaka athygli mína, að samráð við verkalýðshreyfinguna um efnahagsaðgerðir hefur ekkert verið. Alþýðusamtökin voru gersamlega hundsuð. Við þá aðila var ekkert talað. Þegar aðgerðirnar 1978 voru á döfinni var mjög um það rætt, að gersamlega væri óviðunandi að leita ekki samráðs við aðila vinnumarkaðarins um svo þýðingarmikil mál. Á það var bent, að kjarasamningar væru nýgerðir og það með ríkisvaldið sem ábyrgðaraðila. Málgladir ráðherrar létu hafa eftir sér að þeir kjarasamningar, sem þá voru gerðir, væru innan þess ramma sem efnahagskerfið þyldi. Þá var málum eins komið og í dag, kjarasamningar nýgerðir og ríkisvaldið fullyrti að allt hefði verið gert innan þess ramma er efnahagskerfið þyldi.

Samráð var eitt þeirra atriða sem verkalýðshreyfingin setti mjög framarlega á kröfulista sinn. Verkalýðshreyfingin hefur margsinnis tjáð vilja sinn til samráðs, bent á ókosti verðbólgunnar og látið í ljós vilja til samvinnu um að ráða bót á vandanum. Verkalýðshreyfingin hefur gert sér ljóst að víxlgengi kaupgjalds og verðlags er stór þáttur í erfiðleikunum, stór þáttur í þeim sandkassaleik sem ráðamenn hafa ástundað við mótun stefnu í efnahagsmálum.

Þegar Alþfl. vann sinn stærsta sigur enn sem komið er var það ein helsta krafa þm. flokksins, að haft yrði samráð við verkalýðshreyfinguna um mótun efnahagsaðgerða. Við boðuðum gerð kjarasáttmála er tryggði árangur í kjarabaráttunni, en tryggði jafnframt árangur í verðbólgumálum. Við bentum á að verðbólgan er höfuðóvinur láglaunafólks, að verðbólgan er gósenland braskaranna og þess afætulýðs sem hindrar betri lífskjör, bætta afkomu launafólks. Samþykkt efnahagslaganna, sem síðar voru uppnefnd Ólafslög, tók langan tíma. Í upphafi umræðnanna var grundvöllurinn sú stefna er Alþfl. bar fram í alþingiskosningunum 1978 undir nafninu: Gerbreytt efnahagsstefna. Þá var eitt höfuð-

atriðið að tryggja samráð og samvinnu við samtök launafólks. Þetta atriði vakti deilu innan þeirrar ógæfusömu ríkisstj., er þá var við völd. En þetta baráttumál okkar varð samt að lögum. Nú er það beinlínis lagaskylda að hafa samráð við verkalýðshreyfinguna um mótun efnahagsstefnu. Sú ríkisstj., er nú situr, gekk því á snið við lög er hún setti umrædd efnahagslög. Ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar og Gunnars Thoroddsens var þá sú versta ríkisstj. er setið hafði. Núv. ríkisstj. Gunnars Thoroddsens hefur slegið það met. Hún fór aftan að samtökum launafólks, hún hundsaði lagaskyldu, hún lítilsvirti alþýðusamtökin á nöturlegan hátt. Það var því eðlilegt og þótti sjálfsagt, þegar miðstjórn Alþýðusambandsins ræddi efnahagslögin, að ljúka ályktun þannig, með leyfi forseta.

„Miðstjórn Alþýðusambands Íslands leggur áherslu á að hraða ákvörðunum um framkvæmd aðgerðanna, jafnt til langs og skamms tíma, og þess verður að krefjast, að verkalýðssamtökin fái aðild að undirbúningi þessarar ákvarðanatöku þegar á frumstigi, þannig að boðað samráð verði framvegis meira en orðin tóm."

Við Alþfl.-menn erum á móti þessum brbl. vegna tilgangsleysis þeirra. Við erum og höfum alltaf verið á móti því að krukka aðeins í kaupið. Við viljum stefna að betra og heilbrigðara efnahagslífi, sem býr þegnunum meira öryggi og tryggari lífsafkomu. Þess vegna höfum við hvað eftir annað sett fram tillögur til úrbóta, tillögur um gerbreytta efnahagsstefnu.

Þau brbl., sem nú er leitað staðfestingar á, eru dæmigerð fyrir það sundurlyndi sem er í ríkisstj. Þeir flokkar, sem ríkisstj. mynda, eiga það eitt sameiginlegt að vilja sitja í ráðherrastólum. Stefna og markmið eru þeim fjarræn, eitthvað sem ekki var gert ráð fyrir þegar stjórnin var mynduð.

Með myndun núv. ríkisstj. hefur hæstv. forsrh. sýnt að vilji er allt sem þarf, ekki til að stjórna, ekki til að vernda og bæta kjör láglaunafólks, heldur viljinn til að sitja í ríkisstjórn.

Þau brbl., sem nú eru til umfjöllunar, eru háskalegasta kauprán sem framkvæmt hefur verið nú á síðustu tímum. Með þeim er ráðist á kjör láglaunafólks af meiri grimmd en fyrr. Alþfl. mun greiða atkv. á móti þessum lögum, og við skorum á aðra hv. alþm. að gera það einnig.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Hæstv. forsrh. hefur mælt fyrir frv. því sem hér er til umr. Það voru þrjár fullyrðingar, sem hann viðhafði í ræðu sinni, sem ég vil sérstaklega víkja að í þeim orðum sem ég tala hér nú.

Í fyrsta lagi sagði hæstv. forsrh. að tillögur þær, sem brbl. frá 31. des. fela í sér, hafi ekki verið fullbúnar 20. des., þegar Alþingi var frestað, og þess vegna hafi brbl. verið gefin út. Í öðru lagi sagði hæstv. forsrh. að efni brbl. væri liður í heildarráðstöfunum í efnahagsmálunum og þess vegna hafi verið brýn nauðsyn að gefa brbl. út. Í þriðja lagi sagði hæstv. forsrh. að efni brbl. tengdist gjaldmiðilsbreytingunni og því hefði verið nauðsyn á því að gefa út brbl.

Af þessu má sjá að í huga forsrh. tengist frv. það, sem hér er til staðfestingar á brbl. frá 31. des., mjög gjaldmiðilsbreytingunni. Það er einmitt þess vegna, sem þetta frv., sem við nú ræðum, hefur borið að með nokkuð óvenjulegum hætti.

Það er ekkert sérstakt að gefin séu út brbl. þegar brýna nauðsyn ber til, svo sem stjórnarskráin gerir ráð fyrir. Það er heldur ekkert óvenjulegt þó að menn greini á um það, hvort brýna nauðsyn hafi borið til að gefa út brbl. En samt sem áður ber þau brbl., sem hér um ræðir, að með alveg sérstökum hætti. Það er vegna þess að setning þessara brbl. er af sérstaklega óvenjulegu tilefni. Það er yfirlýst af ríkisstj., að brbl. hafi verið sett í tilefni af gjaldmiðilsbreytingunni nú um áramótin.

Alþingi samþykkti 16. maí 1979 lög um breytt verðgildi íslensks gjaldmiðils. Þar var ákveðið að frá og með 1. jan 1981 hundraðfaldaðist verðgildi krónunnar. Það var nauðsynlegt að setja þessi lög með góðum fyrirvara vegna þess að gjaldmiðilsbreytingunni hlutu að fylgja margháttaðar ráðstafanir, sem gera þyrfti tímanlega, og það, sem mest var um vert, var að gera það sem gera þurfti til þess að gjaldmiðilsbreytingin næði tilgangi sínum.

Tilgangur gjaldmiðilsbreytingarinnar hefur alltaf verið að búa í haginn fyrir viðureignina við verðbólguna og viðleitni til þess að koma á stöðugleika í efnahagslífinu. Þetta átti að vera fólgið í því, að gjaldmiðilsbreytingin hefði hagstæð sálræn áhrif með því að draga úr þeim verðbólguhugsunarhætti sem sílækkandi verðmæti íslensku krónunnar hefur valdið með því að grafa undan virðingu fyrir peningum og áhuga manna á því að hamla gegn verðbólgunni. En forsenda þess, að aukning verðgildis íslensku krónunnar hafi hin hagstæðu sálrænu áhrif sem vonast er til, hlýtur að vera sú, að aðgerðin sé liður í víðtækri stefnumótun og framkvæmd til þess að ráða bót á verðbólgunni og koma á stöðugleika og jafnvægi í efnahagslífi þjóðarinnar. Aukning verðgildis krónunnar gæti þá orðið vottur þess, að slík stefna hefði verið tekin upp í efnahagsmálunum og brýning til þess að takast á við vandann af meiri einurð en áður og gæti þannig orðið tákn nýs tímabils í stjórn efnahagsmála.

Það hafa allir verið sammála um þennan yfirlýsta tilgang með gjaldmiðilsbreytingunni. En ekki nóg með það, heldur hafa allir verið sammála um það, að gjaldmiðilsbreytingin væri betur ógerð en gerð ef þessar forsendur væru ekki fyrir hendi, ef ekki væri víðtæk stefnumótun fyrir hendi væri ókleift að sjá fyrir sálræn áhrif gjaldmiðilsbreytingarinnar. M. a. hefur Seðlabankinn lýst því yfir, að svo gæti eins vel farið, að gjaldmiðilsbreytingin yrði til þess að auka vantrú manna og tortryggni ef hún er ekki hluti af róttækri stefnubreytingu, því að almenningur væri þá vantrúaður á framtíðarverðgildi peninganna og getu stjórnvalda til þess að halda verðbólgunni í skefjum.

En menn hafa verið sammála um fleiri staðreyndir í þessu sambandi. Þegar þingið kom saman á s. l. hausti voru allir sammála um það, að þá hefðu ekki verið gerðar neinar ráðstafanir til víðtækrar stefnumótunar í sambandi við gjaldmiðilsbreytinguna. Þá var tíminn í raun og veru hlaupinn frá okkur í þessu efni. Heildarstefna þurfti að liggja fyrir með það góðum fyrirvara, að hún væri farin að sýna sig þegar gjaldmiðilsbreytingin átti að taka gildi. Það var nauðsynlegt að undirbyggja trú almennings á þeim ráðstöfunum sem áttu að vera forsenda fyrir gjaldmiðilsbreytingunni.

Með tilliti til þessa bar ég snemma á þinginu fram fsp. til viðskrh. um breytt verðgildi íslensks gjaldmiðils. Það var spurt hvort ríkisstj. vildi taka til endurskoðunar fyrirætlanir um gjaldmiðilsbreytinguna með tilliti til þess, að sú aðgerð væri ekki liður í víðtækri stefnumótun

og framkvæmd til þess að ráða bót á verðbólgunni og koma á stöðugleika og jafnvægi í efnahagslífi þjóðarinnar og gæti því aukið á upplausn og vantrú á gjaldmiðlinum í stað þess að treysta hann.

Það urðu miklar umr. í nóv. s. l. um þessa fsp., svo sem menn muna. Ég fer ekki hér að rifja upp þær umr. Ég vil aðeins minna á að þá voru menn enn sammála um að ekki lægi fyrir heildarstefnumótun. Og það er fyrst í líki þessara brbl., sem við nú ræðum, sem stefnumótun ríkisstj. í sambandi við gjaldmiðilsbreytinguna lítur dagsins ljós. Þess vegna verður að skoða þessi brbl. í ljósi þeirrar staðreyndar, að þau eiga að vera stefnumótun ríkisstj. í sambandi við þann sérstæða atburð sem gjaldmiðilsbreytingin er.

En hvað felst þá í þessum brbl. sem nú eru hér til umr.? Það er fjallað um nokkrar skamtímaráðstafanir, svo sem verðstöðvun, skerðingu verðbóta á laun og frestun opinberra framkvæmda. Þessar aðgerðir geta verið eðlileg viðfangsefni í skammtímaráðstöfunum til viðnáms gegn verðbólgu. Hins vegar orkar ýmislegt tvímælis við þær aðgerðir sem hér eru ákveðnar. Á sama tíma og ákveðin er verðstöðvun var ákveðin 10% hækkun allrar opinberrar þjónustu. Það segir sína sögu.

Enn er höggvið í sama knérunn með skerðingu á verðbótum á laun án þess að réttlætis sé gætt við skiptingu byrðanna á þjóðfélagsþegnana. Raunar er kauplækkunin það eina í ráðstöfunum þessum sem bein áhrif hefur til hjöðnunar verðbólgunnar, en þau áhrif skal afmá von bráðar aftur. Í þessum hringdansi er vísitölukerfið gert enn fáránlegra en áður með því að afnema áhrif viðskiptakjara á vísitöluna.

Heimild er veitt til að fresta opinberum framkvæmdum, en ekki til að draga úr opinberum rekstri, og ekkert segir um hvernig samdrætti framkvæmdanna skuli hagað.

En afgerandi um hagnýtt gildi þessara skammtímaráðstafana eru þær aðgerðir sem á eftir fara. Um langtímaráðstafanir segir hins vegar ekkert í brbl. Það er algerlega augljóst mál, að í þessu frv. felst ekki nein stefnumótun eða heildarstefna til grundvallar gjaldmiðilsbreytingu. Í sannleika sagt hefði mátt setja slík brbl. hvort sem um nokkra gjaldmiðilsbreytingu hefði verið að ræða eða ekki. Að efni til eru brbl. harla rýr og helst til þess fallin að auka á óvissu í efnahagsmálunum.

En það alvarlega við setningu brbl. er sú staðreynd, að því skuli vera haldið fram af ríkisstj. og hæstv. forsrh. að með lögum þessum sé verið að gera nauðsynlegar ráðstafanir í sambandi við gjaldmiðilsbreytinguna. Ekkert er fjær réttu lagi. Slík fullyrðing er blekking ein. Og ein blekkingin býður annarri heim. Það rak engar nauðir til þess að setja brbl. um þær ráðstafanir sem frv. þetta fjallar um, eins og bæði hv. 5. landsk. þm. og hv. 4. landsk. þm. hafa bent á og raunar fleiri í þessum umr.

Til að ráða bót á verðbólgu og jafnvægisleysi í efnahagsmálum landsins þarf heildarstefnu. Sú heildarstefna er fólgin í margháttuðum aðgerðum. Er eðli vandamálsins slíkt, að sumar aðgerðir til úrbóta er hægt að gera strax, en aðrar þurfa lengri aðdraganda. Þá hljóta sumar aðgerðir að vera tímabundnar, en aðrar að vera langvarandi. Þannig felast í heildarstefnu í efnahagsmálum annars vegar skammtímaráðstafanir og hins vegar langtímaráðstafanir. Þegar meta á gildi ráðstafana í efnahagsmálum verður að hafa í huga samhengi hinna einstöku aðgerða hverrar til annarrar. Skammtímaráðstafanir verður að meta með tilliti til langtímaráðstafana. Skammtímaráðstafanir geta verið góðra gjalda verðar, en samt verið unnar fyrir gýg ef þær eru ekki sniðnar að langtímaráðstöfunum sem á eftir fara. Meginatriðið er að móta langtímaráðstafanir, því að þær lúta að þeim þáttum þjóðarbúskaparins þar sem er að finna frumorsakir verðbólguþróunarinnar sem stjórnvöld hafa á valdi sínu að ráða bót á. Þær miða að kerfisbreytingu til þess að fjarlægja það sem vandanum veldur.

Frv. það, sem við nú ræðum, felur í sér einungis skammtímaráðstafanir að svo miklu leyti sem þar er nokkru fyrir að fara. En afgerandi um hagnýtt gildi þessara skammtímaráðstafana eru þær aðgerðir sem á eftir fara, en um langtímaráðstafanir segir hins vegar ekkert í frv. En jafnframt útgáfu brbl. hefur ríkisstj. birt svokallaða efnahagsáætlun. Þar er sett fram markmið þeirra aðgerða í efnahagsmálum sem ríkisstj. segist hafa undirbúið. Þar kennir margra grasa. Sumt af þessu geta allir tekið undir, eins og að efla þurfi atvinnulífið og tryggja öllum landsmönnum næga atvinnu eða breyta skammtímalánum húsbyggjenda í föst lán. En annað ber glögg eyrnamörk vinstri stefnu sem ekki hefur reynst veita viðnám gegn verðbólgunni, heldur þvert á móti. Og enn annað felur í sér beinar þversagnir, svo sem að halda skuli gengi stöðugu við 40% verðbólgu.

Verst er þó að þessi efnahagsáætlun ríkisstj. felur ekki í sér neina heildarstefnu í efnahagsmálum sem inniheldur langtímaráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu. Engar aðgerðir eru fyrirhugaðar til endurskipulagningar ríkisfjármálanna, til að færa verkefni frá ríkinu til sveitarfélaga og einstaklinga og skapa skilyrði fyrir skattalækkunum. Ekki er ætlunin að breyta fyrirkomulagi vísitölugreiðslna þannig að verðbætur á laun verði miðaðar við þjóðartekjur, heldur stefnt í öfuga átt. Enn er gert ráð fyrir ákvörðun fiskverðs án tillits til markaðsverðs erlendis og að bæta gráu ofan á svart með því að koma á millifærslu- og styrkjakerfi sem gekk sér til húðar fyrir meira en tveimur áratugum, til viðbótar gengissigi og gengislækkunum sem eftir sem áður verða óhjákvæmilegir fylgifiskar slíkra verðlagsákvarðana. Þannig eru orsakir verðbólguhraðans látnar óáreittar.

Af þessum ástæðum er þess ekki að vænta, að ráðstafanir brbl. verði í raun til viðnáms gegn verðbólgu. Þvert á móti munu þær, þegar til lengdar lætur, auka á glundroða og óvissu í efnahagsmálunum. Þær eru ekki þess eðlis, að á þeim verði byggt við framhaldsaðgerðir til viðnáms gegn verðbólgu. Hér er því ekki einu sinni um lítið skref að ræða til frambúðarlausnar á vandanum, heldur enn eina tilraunina sem dæmd er til að mistakast.

Þetta, sem ég hef nú sagt, er þeim mun alvarlegra þar sem brbl. fara saman við breytingu á verðgildi krónunnar. Forsendunni fyrir hagstæðum áhrifum gjaldmiðilsbreytingarinnar hefur verið kastað á glæ og því hætta á að gjaldmiðilsbreytingin verði til þess að auka vantrú manna og tortryggni á framtíðarverðgildi peninganna og verki þess vegna sem olía á verðbólgubálið.

Það er oft lögð áhersla á að nauðsynlegt sé að þjóðin hafi tiltrú á þeim ráðstöfunum stjórnvalda sem ætlaðar eru til viðnáms gegn verðbólgu, og að sjálfsögðu er ekki of mikil áhersla á þetta lögð. En þess er líka rétt að geta, að þjóðin er reiðubúin til þess að taka á sig byrðar ef þeim er réttlátlega skipt og þær leiða til árangurs, sem skilar sér til frambúðar í bættum lífskjörum. Þá skortir ekki vilja til að horfast í augu við staðreyndir efnahags-

lífsins. Ef ráðstafanir eru hins vegar haldlausar til lausnar vandanum stoðar jafnvel ekki ákveðinn vilji. Skírskotun til vilja þjóðarinnar á röngum forsendum er meira að segja varhugaverð. Menn taka ekki endalaust mark á hvatningum sem byggjast á blekkingum. Hætt er þá við að þjóðin leggi ekki við hlustir þegar raunverulega mikið liggur við.

Sá tími mun koma, að við stjórn í þessu landi verði menn sem verða þess umkomnir að leysa þau stóru vandamál sem nú steðja að. En þá varðar miklu að þjóðin verði við því kalli sem þá verður beint til hennar í þessum efnum.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Þegar hefur hér verið gerð grein fyrir afstöðu Alþfl. til þess frv. til staðfestingar brbl. sem hér er nú til umr. Á jólaföstunni var hér á Alþ. spurt og spurt um það, hvað ríkisstj. hygðist gera til lausnar aðsteðjandi efnahagsvanda og til þess að ráðast gegn verðbólgunni. Svör fengust þá engin nema í hæsta lagi einhvers konar útúrsnúningar. Auðvitað var það eðlilegt að á þeim tíma fengjust engin svör frá hæstv. ríkisstj., vegna þess að síðan er komið í ljós að þá var engin samstaða um hvað gera skyldi. Það var ekki farið að setja neitt á blað á Þorláksmessu, það var engin samstaða um til hvaða ráðstafana skyldi grípa. Og það var raunar ekki fyrr en á gamlársdag sem einhvers konar samkomulag náðist. Þá, á síðasta degi ársins, kom hæstv. forsrh. í sjónvarpið næst á undan sirkusþætti og áramótagríni og flutti þjóðinni boðskap sinn. Og hver var sá boðskapur? Enn einu sinni átti að skerða kaupið eitt, enn einu sinni bráðabirgðabjörgun til þess að minnka verðbólguna á fyrri hluta árs, en auka hana svo aftur á síðari hluta árs, eins og sumir stjórnarsinnar hafa hreinskilnislega orðað það.

Hæstv. forsrh. flutti þjóðinni brbl. í nýársgjöf, — lög sem kveða nánast á um það eitt að skerða kaupið — jú, og raunar líka að framlengja aðlögunartíma vaxta um eitt ár. Og ekki má í leiðinni gleyma því, að hæstv. forsrh. boðaði líka í boðskap sínum til þjóðarinnar á gamlárskvöld verðstöðvun — rétt eins og honum og raunar ríkisstj. allri væri um það ókunnugt með öllu að slík verðstöðvun hefur verið í gildi allan Framsóknaráratuginn og haft slík áhrif að verðhækkanir hafa aldrei verið jafnmiklar á nokkru tímabili í sögu þessa lands. Og hvernig er svo þessi verðstöðvun í framkvæmd? Varla líður sá dagur nú um þessar mundir að ekki séu tilkynntar nýjar verðhækkanir, brauð í gær, fargjöld með almenningsvögnum í fyrradag, póstburðargjöld daginn þar áður, og sjálfsagt verður líka eitthvað á morgun. Og svona rétt til dæmis um það, hvernig þessari verðstöðvun verður framfylgt, þá veit ég ekki betur en að t. d. í fjárhagsáætlun einnar af stærstu ríkisstofnunum, Ríkisútvarpsins, sjónvarps og hljóðvarps, sé gert ráð fyrir því, að gjald fyrir auglýsingar hækki á þessu ári um næstum því 70%. Þannig verður verðstöðvunin í framkvæmd þar.

Auðvitað er þetta verðstöðvunarhjal ríkisstj. hrein blekking. Í óðaverðbólgu eins og hér ríkir nú er ekkert til sem heitir verðstöðvun. Allt tal um verðstöðvun nú, eins og raunar mörg dæmi undanfarinna daga sanna, er sýndarmennska af allra ómerkilegast tagi. Það er hægt að fresta verðhækkunum, en í því ástandi, sem nú ríkir í þessu þjóðfélagi, er ekki um það að ræða að það geti verið nein verðstöðvun. Hélt ég raunar að menn þyrftu ekki að líta mörg ár aftur í tímann til þess að komast að raun um það. Með svokallaðri verðstöðvun geta menn byggt sér svolitla stíflu sem er dæmd til þess að bresta fyrr eða síðar, og flæða þá þær hækkanir yfir sem tafðar hafa verið. Það er ekkert um það að ræða í þessu ástandi að stöðva verðhækkanir, og raunar eru í ákvæðum um verðstöðvun heimildir til margvíslegra verðhækkana sem auðvitað munu verða og hafa verið að skella yfir og eiga eftir að skella yfir. Mergurinn málsins er sá og það er það, sem ríkisstj. áreiðanlega treystir á, að í óðaverðbólgu eins og hér ríkir nú er verðskyn almennings orðið svo brenglað að menn eru hættir að kippa sér upp við það þó að sama vara kosti eitt í dag og eitthvað annað á morgun og eitthvað enn annað þegar hún er keypt í þriðja sinn.

En það var ekki nóg með að hæstv. forsrh. boðaði þjóðinni brbl. Hann birti landslýðnum líka langan loforðalista, eins konar framhald við stjórnarsáttmálann sem birtur var þegar þessi ríkisstj. leit dagsins ljós. Þetta var kallað efnahagsáætlun ríkisstj. Þegar horft verður til baka verður það líklega eftirminnilegast af ferli þessarar ríkisstj., að hún gerði ekki neitt nema að skerða kaupið, en gaf út í eins konar framhaldssöguformi loðnar loforðayfirlýsingar sem hún kallaði efnahagsstefnu. Það var því ekki nema von að það væri heldur með lægra móti risið á hæstv. forsrh. er hann mælti fyrir þessu frv. áðan. Það var raunar ekki að heyra að mikill hugur fylgdi þar máli. Það var tæpast að heyra að hann sjálfur, hæstv. forsrh., hefði trú á því, að þessar aðgerðir mundu skila einhverjum árangri.

Á jólaföstunni var hér beint margvíslengum spurningum til hæstv. forsrh. Það var ekki aðeins að hann væri spurður þá, heldur hefur hann og verið spurður nú. Og þótt engin svör hafi enn borist, þá verður að treysta því, að hæstv. forsrh. muni í þessum umr. svara þeim spurningum sem til hans hefur verið beint. Annað væri, held ég, lítil kurteisi við þessa hv. deild.

Þær aðgerðir, sem um áramótin voru boðaðar, eru skammtímaaðgerðir, bráðabirgðaaðgerðir sem aðeins er ætlað að endast í örfáa mánuði. Hvað svo tekur við veit enginn. Um það er spurt, en við því hafa ekki fengist svör. En það er vissulega ástæða til að spyrja hæstv. forsrh. fleiri spurninga og endurtaka sumar af þeim spurningum sem fram hafa verið bornar nú þegar í þessum umr.

Í fyrsta lagi segir, með leyfi forseta, í efnahagsáætlun ríkisstj.: „Viðræður verði hafnar við samtök launþega og aðra hagsmunaaðila atvinnulífsins um framkvæmd samræmdrar stefnu í kjaramálum, atvinnumálum og efnahagsmálum til næstu tveggja ára.“ Þetta er ekki lítið. Og nú spyr ég hæstv. forsrh.: Eru þessar viðræður hafnar? Hvenær hefjast þær, ef þær eru ekki þegar hafnar?

Í öðru lagi stendur hér: „Stefnt verði að almennri lækkun vaxta 1. mars.“ Og ég tek undir þær spurningar sem hér hafa fyrr verið fram bornar: Hvað verður gert í sambandi við vextina 1. mars? Það er þegar ljóst, hvað Seðlabankinn hefur lagt til. Það er töluvert annað en stendur í efnahagsáætlun ríkisstj. Hvað ætlar ríkisstj. að gera? Ætlar hún að standa við þetta loforð sem þjóðinni var gefið í lok liðins árs og þegar nýtt var í þann veginn að ganga í garð? Ætlar ríkisstj. að standa við þetta, að lækka vexti 1. mars?

Í þriðja lagi segir í svonefndri efnahagsáætlun:

„Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins skal útvegað fjármagn til þess að tryggja eðlilega afkomu fiskvinnslunnar.“ Ég spyr hæstv. forsrh.: Hvaðan á það fjármagn að koma? — Þar segir ráðherrar Framsfl. eitt, ráðherrar Alþb. annað, og kannske segir hæstv. forsrh. okkur hér það þriðja. Það væri svo sem eftir öðru.

Í fjórða lagi segir í efnahagsáætlun ríkisstj.: „Á hliðstæðan hátt verður útvegað fjármagn til að tryggja afkomu samkeppnisiðnaðar og útflutningsiðnaðar.“ Og ég spyr: Hvaðan á það fjármagn að koma? Með hverjum hætti verður það útvegað?

Í fimmta lagi segir hér: „Vegna íbúðabygginga og kaupa skal stefnt að því að breyta skammtímalánum og lausaskuldum í föst lán til lengri tíma.“ Er undirbúningur þessara aðgerða hafinn? Ef svo er ekki, hvenær er þess þá að vænta, að aðgerðir í þessum efnum verði tilkynntar?

Í sjötta lagi segir í þessari efnahagsáætlun: „Ríkisstj. mun stuðla að innkaupum í stórum stíl.“ Við hvað er átt með þessu? Starfar ekki sérstakt fyrirtæki á vegum ríkisins til að annast innkaup á vegum ríkisins og ríkisstofnana? Hvaða glamur er þetta sem hér er á ferðinni: Stuðla að innkaupum í stórum stíl? Er einhver nýbreytni hér á döfinni? Á að stofna enn nýja Innkaupastofnun ríkisins eða hvað?

Ég er svo sem ekkert sérlega bjartsýnn á það að fá nein svör yfirleitt við þessum spurningum, en það sakar ekki að spyrja samt. Ég er ekki bjartsýnn á það, vegna þess að ríkisstj. hefur ekki komist að neinni niðurstöðu um það, hvað eigi að taka við eftir þann skamma tíma sem þessar ráðstafanir eiga að endast. Um það virðist ekki vera nein eining í ríkisstj.

Margumtöluð niðurtalning þeirra framsóknarmanna úr síðustu kosningabaráttu er nú grafin og gleymd. Samráðið við launþegasamtökin, sem hafa skyldi að leiðarljósi, er líka grafið og gleymt. Ég held að seta Framsfl. og stefna í þessari ríkisstj., stuðningur Framsfl. við þessa ríkisstj. og stefnu hennar séu einhver stórkostlegustu kosningasvik sem sögur fara af í langan tíma. Og meðan jarðarför niðurtalningarstefnunnar fer fram og loforðin um samráð eru greftruð hefur formaður Framsfl., hæstv. sjútvrh., að því er virðist það þarfast að gera að skemmta sér á skíðum suður í Pýreneafjöllum eða guð má vita hvar.

Það hefur mikið verið um það rætt nú á síðustu dögum, hve ríkisstj. þessi njóti mikils fylgis meðal almennings. Málgagn ríkisstj., Dagblaðið, framkvæmdi skoðanakönnun fyrir nokkru. Til hennar hefur tíminn væntanlega sérstaklega verið valinn þannig að mátulega langt væri liðið frá því að aðgerðir voru tilkynntar og hæfilega langt þar til þing kæmi saman. Ýmsir hneigjast til að taka verulegt mark á þessu, þótt þetta blað sé engan veginn hlutlaus aðili að málinu þar sem það hefur marglýst stuðningi sínum við þessa ríkisstj. En sé niðurstaða þessarar skoðanakönnunar, ef svo má kalla, rétt eða marktæk, þá bendir hún óneitanlega til að ríkisstj. hafi á þeim tíma, sem þessi könnun varð gerð, notið verulegs stuðnings. En svolítið er þetta nú andkannalegt raunar allt saman. Þegar samningar tókust hér á s. l. hausti var þessi ríkisstj. líka feiknalega vinsæl. Henni var þakkað það, að nú skyldu nást samningar án þess að til verulegra átaka kæmi á vinnumarkaðinum og án þess að kæmi til vinnustöðvana. Þá var stjórnin feiknavinsæl. Nú, þegar stjórnin hefur með brbl. tekið aftur það sem um var samið, afnumið kauphækkunina, þá er hún samkv. skoðanakönnun Dagblaðsins vinsælli en nokkru sinni fyrr. Ég held að það sé svolítið erfitt að koma þessu heim og saman.

Víst er það, að almenningur í þessu landi er reiðubúinn til að taka á sig nokkrar byrðar, og fólk var við því búið, að til aðgerða yrði gripið um þessi áramót. En ég held að fólk vilji alvöruaðgerðir, aðgerðir sem eru líklegar til að bera árangur, en ekki kák af því tagi sem hér er um að ræða.

En það skyldu menn hafa í huga, að almenningsálitið getur verið hvikult. Það getur verið fljótt að breytast. Það var t. d. athyglisvert fyrir þá, sem voru staddir vestur í Bandaríkjunum um það leyti sem Bandaríkjamenn kusu sér forseta, að í því landi þar sem menn eru taldir lengst komnir í þeirri list að skoða hug almennings og segja fyrir um úrslit kosninga var það svo daginn fyrir kosningar að hver fréttastofnunin og skoðanakannanastofnunin á fætur annarri lýsti þeirri skoðun, að bilið milli frambjóðendanna væri svo mjótt að enginn vegur væri að segja fyrir um það, hvor þeirra mundi bera sigur úr býtum. En hvað gerðist? Sá sem nú gegnir forsetaembætti í Bandaríkjunum sigraði með svo miklum yfirburðum, að leitun er á öðru eins í sögu forsetakosninga þar í landi. Ég held að þó að það sé ánægjulegt fyrir stjórnina hvað Dagblaðið telur hana njóta mikils stuðnings, þá sé valt á það að treysta, það sé valt veraldargengið í þeim efnum sem kannske ýmsum öðrum. Tíminn og auðvitað næstu kosningar munu umfram allt skera úr um vinsældir þessarar ríkisstj. Og þótt helsta stuðningsblað hennar geri sér nú nokkurn sölumat úr svonefndri skoðanakönnun og treini sér hana dag eftir dag, þá held ég að það sé vart á henni að byggja.

Það frv., sem hér er til umr., er þannig vaxið, að við Alþfl.-menn höfum lýst andstöðu okkar við það í núverandi mynd. Þetta frv. er ófullburða og það er undirstöðulaust eins og raunar öll efnahagsstefna þessarar hæstv. ríkisstj. Þetta frv. miðar einungis að því að tryggja ráðherrunum sæti í fáeina mánuði í viðbót. Þar er hvergi tekið heildstætt á þeim vandamálum sem við er að fást, og þetta frv. leysir engan vanda. Það skyldi þó aldrei vera svo, að það magnaði heldur þann vanda, sem við er að fást?

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Í þessum umr. hafa komið fram nokkur atriði sem ég tel rétt að gera að umtalsefni. Um ýmislegt af því, sem hér hefur verið drepið á, verður rætt nánar í fjh.- og viðskn. eða nefndum beggja deilda, sem ég geri ráð fyrir að hafi sameiginlega fundi um málið, og þar verður að sjálfsögðu reynt að afla upplýsinga sem beðið er um.

Í fyrsta lagi spurði hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson um það, hverjir mundu verða vextir af hinum verðtryggðu sparireikningum. Eins og ég greindi áður komu fyrir viku frá Seðlabankanum tillögur um þetta efni og ýmis atriði í sambandi við það sem ríkisstj. hefur haft til meðferðar síðan. Þetta mál er ekki afgreitt, en ég tek það fram sem mína skoðun, að ég tel að það eigi að vera áfram 1% vextir af þessum verðtryggðu sparireikningum. (**EKJ:** Það er annað vextir en verðbætur.) Það er 1%. (Gripið fram í.) Ég hélt að hv. þm. vissi hvað eru fullar verðbætur. Svar mitt er byggt á því, að þetta eru fullverðtryggðir sparireikningar, sem hv. þm. ætti að vita

hvað er, og á þeim hafa verið 1% vextir síðan 1. júlí þegar þeir voru stofnaðir. Ég tel að það eigi að vera áfram þannig.

Í ræðu hv. þm. Kjartans Jóhannssonar kom fram endurtekinn ákaflega furðulegur misskilningur eða rangfærslur um tvennt sem ég tel rétt að leiðrétta hér enn.

Hann segir að ég hafi talið mér það til gildis í þeirri stjórn, sem ég átti sæti í sem fjmrh. og mynduð var í nóv. 1959, svokallaðri viðreisnarstjórn, að afnumið hafi verið það uppbótakerfi sem þá hafði verið ríkjandi um allmargra ára skeið. Nú telur hann að með efnahagsáætlun ríkisstj. sé verið að koma því á að nýju. Ég hlýt að lýsa sérstakri furðu á því, að hv. þm. skuli leyfa sér aðrar eins blekkingar. Það uppbótakerfi, sem var afnumið í ársbyrjun 1960, var í því fólgið, að lagður var sérstakur skattur á allan gjaldeyri. Sá skattur var notaður til að greiða uppbætur á allar tegundir útflutnings, mismunandi háar prósentur. Þetta var hið svokallaða uppbótakerfi, í rauninni margfalt gengi, líklega milli 15 og 20 tegundir gengis, skattur á allan gjaldeyri og mismunandi háar prósentur uppbóta á allar tegundir útflutnings. Hvernig dettur hv. þm. í hug að leyfa sér að halda því fram, að það, sem nú sé verið að gera, sé að innleiða aftur þetta uppbótakerfi? Mér finnst furðuleg dirfska að bera slíkt á borð og það endurtekið.

Það, sem hv. þm. vill í rauninni byggja þetta á, er að gert sé ráð fyrir einhverjum millifærslum í sambandi við útflutningsgreinar sjávarafurða eða fiskvinnslunnar. Nú veit hann ósköp vel, eins og við allir, að í okkar þjóðfélagi, eins og meðal allra annarra þjóða, í nágrenni okkar a. m. k., eru meira og minna af styrkjum og millifærslum milli atvinnuvega og einstakra atvinnugreina eftir því sem á stendur. En að líkja þessu saman við það uppbótakerfi, sem var afnumið í ársbyrjun 1960, er hrein firra.

Hin fullyrðing hv. þm. er sú, að það sé komið á og stefnt að fölsku gengi. Þessi staðhæfing er jafnfráleit. Dettur hv. þm. í hug að halda því fram, að gengið sé skráð rangt eða falskt nú þegar aðalútflutningsgreinar landsmanna og þær sem gengið er fyrst og fremst miðað við, þ. e. greinar fiskvinnslunnar, eru allar reknar með hagnaði? Það liggur fyrir í síðustu skýrslum Þjóðhagsstofnunar t. d. nú fyrir nokkrum dögum, frá 28. jan., endurskoðun á afkomu fiskvinnslunnar: frystingar, saltfiskframleiðslu og skreiðar. Niðurstaðan er sú, að af fiskvinnslunni — þessum greinum samtals — hafi Þjóðhagsstofnun í áætlun um áramótin, þ. e. fyrir mánuði, gert ráð fyrir 5.5% hagnaði, en við nánari skoðun í lok janúar áætlar Þjóðhagsstofnun að hagnaður þessarar þriggja greina samtals sé nú talinn 8.5% í stað 5.5% um áramót. Og nú spyr ég: Er þessum hv. þm., sem hefur verið sjútvrh. og viðskrh., ekki kunnugt um við hvað gengisskráning er miðuð, hver eru þar helstu viðmiðunaratriði? Ég hélt að hver maður hér á Alþingi vissi að það er fyrst og fremst afkoma útfluttra sjávarafurða og svo að sjálfsögðu tekið tillit til annarra útflutningsgreina, eins og útflutningsiðnaðar, en auðvitað vegur verðlag og afkoma fiskvinnslunnar hér langsamlega þyngst. Það eru þá önnur sjónarmið, annar hugsanagangur og annað við að nálgast þetta mál en ég hef kynnst eða heyrt um ef það er talin röng gengisskráning þegar fiskvinnslan er nú að áliti Þjóðhagsstofnunar rekin með 8.5% hagnaði. Auðvitað er ekki heil brú í svona fullyrðingum. Nú vitum við að fiskverðsákvörðun er fram undan og enginn veit enn í dag hversu há hún verður eða hver áhrif hún hefur á fiskvinnsluna. Eins og málin standa nú eru allar fullyrðingar í þessa átt hrein fjarstæða.

Hv síðasti ræðumaður, hv. þm. Eiður Guðnason, bar fram nokkrar fsp. í lok ræðu sinnar. Hann spurði um þær viðræður sem segir í efnahagsáætluninni að verði teknar upp við aðila vinnumarkaðarins. Að því máli er að sjálfsögðu unnið. Ég vil taka það fram hér, að í októberlok hafði ég fund í samræmi við gildandi lög og reglugerðir með aðilum vinnumarkaðarins um þjóðhagsáætlun. Slíkir fundir eru fjölmennir fundir og voru þar allítarlegar umræður um þau mál. Þær viðræður, sem efnahagsáætlunin gerir ráð fyrir, munu fara í gang nú bráðlega, en það er verið að undirbúa og athuga með hverjum hætti þeim sé haganlegast fyrir komið því að það vita allir, sem eitthvað hafa fengist við slík mál, að ekki er heppilegt að þar sé mjög mikið fjölmenni. Vandinn er að finna það fyrirkomulag sem er æskilegast og líklegast til árangurs og samkomulags við aðila vinnumarkaðarins. — Út af fsp. hv. þm. vil ég aðeins taka þetta fram, að það er í undirbúningi hvernig best og haganlegast sé að koma fyrir þessum viðræðum.

Hv. þm. spurði um þá vaxtalækkun sem minnst er á í efnahagsáætluninni. Það er orðað þannig, að stefnt verði að lækkun vaxta 1. mars. Honum hafði skilist að tillögur lægju fyrir frá Seðlabankanum um þetta mál. Það er ekki. Þær tillögur, sem liggja fyrir frá Seðlabankanum, eru um verðtryggðu sparireikningana út af þeirri breytingu sem ákveðin er í brbl., að binditíminn verði sex mánuðir í staðinn fyrir tvö ár, og atriðum sem standa í beinu sambandi við það mál. Sú yfirlýsing, sem þarna getur um að stefnt verði að, vaxtalækkun 1. mars, er óbreytt.

Hv. þm. spurði um breytingu á skammtímalánum og vanskilalánum vegna íbúðabygginga og kaupa. Þegar er hafin könnun og undirbúningur að því. Ég geri ráð fyrir því og það er náttúrlega öllum ljóst, að það taki nokkurn tíma að kanna þau mál, fá upplýsingar frá bönkum og öðrum stofnunum um þessi lán, bæði hvernig þeim er hagað og hversu mikil brögð eru að slíku. Til þess þarf að fá upplýsingar. Þegar er hafin söfnun þeirra upplýsinga og fljótlega verður hafin úrvinnsla og tillögugerð.

Hv. þm. var mjög undrandi á ákvæði um að stuðla að innkaupum í stórum stíl, hafði ekki skilið það og taldi að hér væri um glamur eitt að ræða. Ég skal skýra hv. þm. og öðrum hv. þm. frá því, að hugsunin á bak við er að í mörgum tilvikum er hægt að fá hagkvæmari innkaup ef keypt er stórt heldur en ef keypt er smátt. Hins vegar vitum við líka að ýmsar ástæður hér valda því, m. a. verðlagsákvæði, að innkaupum til landsins hefur ekki alltaf verið hagað á hagkvæmasta hátt. T. d. hefur sú prósentuálagning, sem hér hefur lengi verið, beinlínis refsað mönnum fyrir hagkvæm innkaup þar sem menn fá þeim mun færri krónur upp í sinn kostnað sem þeir gera hagkvæmari innkaup, en í öðru lagi hefur það verið mikill annmarki hvað í mörgum tilvikum er keypt inn í smáum stíl. Það eru þessi stærri innkaup, að gera þau hagkvæmari, sem hér eru höfð í huga.

Ég tel ekki ástæðu til að lengja þetta mál nú, hef svarað helstu fsp. sem fram hafa komið. Þar vísa ég til þess, að í meðferð n. verða að sjálfsögðu veittar upplýsingar eftir því sem um er beðið.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég veitti því

athygli, að hæstv. forsrh. var mjög í nöp við það falska gengi sem hér er stefnt að. Hann talaði um það í miklum hneykslistón að þetta gæti auðvitað alls ekki verið falskt gengi. Ég verð nú að segja það, að ég furða mig á þeim leikaraskap sem felst í þeim málflutningi sem hér var í frammi hafður af hæstv. forsrh.

Ég þarf ekki að vitna í neitt annað en beint í svonefnda efnahagsáætlun ríkisstj. Þar stendur að Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins skuli útvega fjármagn til að tryggja eðlilega afkomu fiskvinnslunnar ef þörf krefur vegna stöðvunar gengissigs. Ég hafði ekki gert það að neinu sérstöku umtalsefni hvernig hagur fiskvinnslunnar væri einmitt núna. Það, sem ég gerði að umtalsefni, var yfirlýsing ríkisstj., sem greinilega, samkv. þeim málflutningi sem hæstv. forsrh. hafði hér í frammi áðan, er yfirlýsing um falskt gengi. Hvers vegna er það? Jú, hæstv. forsrh. sagði að þessi röksemdafærsla mín hlyti að vera röng úr því að það væri núna góður hagur hjá fiskvinnslunni, en við það miðaðist gengisskráningin. Hún hefur vitaskuld miðast við afkomu fiskvinnslunnar að mjög miklu leyti. Hér stendur að það skuli tryggja fjármagn til að tryggja eðlilega afkomu fiskvinnslunnar ef þörf krefur vegna stöðvunar gengissigs. Það þarf þá ekki frekar vitnanna við um þetta efni. Þetta er furðulegur útúrsnúningur og þarf ekki að svara honum öðru en því sem stendur í efnahagsáætlun ríkisstj. sjálfrar. Forsrh. hefur með orðum sínum samþykkt það, sem ég hélt hér fram, með því einmitt að benda á að það sé afkoma útflutningsgreina eins og í sjávarútvegi sem ráði því, hvort gengið sé rétt eða rangt, og samkv. þeirra eigin orðum á að styrkja það. Sem sagt, þá verður gengið rangt. Það er gengið út frá því að gengið muni verða rangt.

Hæstv. forsrh. talaði líka um það í miklum hneykslunartón, að það kerfi, sem nú væri stefnt að, mætti á engan hátt teljast sambærilegt við milifærslukerfið sem hér hefði verið áður, þá hefði verið lagður skattur á allan gjaldeyri og uppbætur á útflutning, en nú væri einungis um að ræða millifærslur til sjávarútvegsins. Ég skal viðurkenna það. Ég hafði reyndar uppi spurnir um að það væri ekki ljóst hvernig ætti að afla fjár í millifærslunar. Mismunurinn getur auðvitað legið í því, að það sé ekki aflað fjár í millifærslurnar núna, það sé ekki skattlagning, hér sé um lán að ræða af einhverju tagi. Við því höfum við reyndar ekki fengið svar. Verður þetta gjöf eða verður þetta lán, eða hvaðan koma þessir peningar? Það getur vel verið að það verði þarna mismunur að því leytinu að það verði ekki um skattlagningu að ræða, en ekkert hefur fengist upplýst um það.

En forsrh. bætti því við, að nú væri einungis um að ræða millifærslu til sjávarútvegsins og það gæti ekki verið á neinn hátt hliðstætt við það sem áður hefði verið. Auðvitað er mér ljóst að hér er ekki, a. m. k. ekki á þessu stigi, verið að taka upp nákvæmlega það kerfi sem í gildi var áður, enda hef ég aldrei haldið því fram. En það vill nú svo til að í þessari sömu efnahagsáætlun er talað um að þetta nái ekki einungis til sjávarútvegsins, heldur líka til ýmissa annarra. Það segir í 12. lið á bls. 3:

„Á hliðstæðan hátt verður útvegað fjármagn til að tryggja afkomu samkeppnisiðnaðar og útflutningsiðnaðar. Því fjármagni verði ráðstafað til fyrirtækja á svipaðan hátt og söluskattur er endurgreiddur eða til stuðnings iðnaði umfram það sem þegar er ákveðið svo sem með fjárframlögum til hagræðingarverkefna og eflingar lánasjóða iðnaðarins."

Það skyldi þó ekki vera að það gæti orðið svolítið mismunandi úthlutun á þessu fé eftir því í hvaða grein menn eru starfandi? Það skyldi þó ekki vera að þarna gæti komið fram ýmiss konar mismunun sem ekki mundi koma fram ef fylgt væri réttri gengisskráningu? Það skyldi þó ekki vera að í þessu fælist í raun og sannleika að menn væru með nokkuð mismunandi gengi þrátt fyrir allt? (**Forsrh:** Telur hv. þm. að gengið sé rangt skráð nú?) Ég ætla ekki að hafa uppi neinar fullyrðingar um hvort gengið sé rangt skráð núna. Ég hef einungis verið að túlka stefnu ríkisstj.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Eins og menn vita sammæltu dm. sig um það í upphafi fundar að reyna að hjálpast að um að ljúka þessum umr. hér í dag þannig að þetta mál gæti gengið til nefndar. T. d. lofaði ég forseta að reyna að tala ekki miklu meira en í hálftíma eða svo. Ég held að ég hafi staðið við það og menn hafi reynt að takmarka mál sitt. Ég skal ekki eyða nema þrem mínútum eða svo núna. En ég leyfi mér þó að vekja á því athygli að stuðningsmenn stjórnarinnar hafa ekki mætt ýkjavel hér í deildinni í dag. Við stjórnarandstæðingar höfum hins vegar verið hér allir og bjuggumst við því, að við yrðum að hjálpa til við að koma málinu til nefndar, eins og oft hefur gerst áður. Hv. stjórnarþm. hafa þó látið svo lítið að sýna sig hér núna og forsrh. þar á meðal, þótt hann kæmi heldur seint og léti a. m. k. ekki einn þm. njóta þeirrar virðingar á Alþingi að hann hlýddi á hann þó að hann flytti þetta mál. En látum það liggja á milli hluta.

Ég gleðst mikið yfir því, ef hagur sjávarútvegsins er með allra besta móti, — það verður þá ekki mikill vandi að ákveða fiskverð, leysa sjómannadeilur og annað slíkt, — og að gengið skuli vera orðið svona grjóthart eru ein mestu gleðitíðindi sem ég hef heyrt í háa herrans tíð. Þetta er allt saman leyst, enda kannske von og vísa hæstv. forsrh. að hrista þetta fram úr erminni fyrir þjóð sína. Öll hljótum við að gleðjast yfir því.

Ég er auðvitað þakklátur hæstv. ráðh. fyrir að gera tilraun til að svara spurningu minni um hvað vextir og verðbætur mundu verða, hvort vextir mundu verða hærri en samkv. Ólafslögum eða lægri. Hann segir að nú sé ákveðið, skilst mér, eða a. m. k. er það hans skoðun, að vextir eigi að vera 1% ofan á fulla verðtryggingu. Þá held ég að menn geti farið að reikna að vaxtabyrði og vaxtatekjur muni verða heldur hærri, miðað við það verðbólgustig sem við búum við, en samkv. Ólafslögum. (**ÓRG:** Þm. hefur ekki hlustað á það sem sagt var.) Það sem hæstv. forsrh. sagði? Hlustaði hv. þm. á það? Hann hefur ekki sýnt sig hér í dag. (**ÓRG:** Ég hlustaði á það.) Við skulum láta reynsluna skera úr um hvort vextir verða hærri eða lægri ef það á að verða full verðtrygging. Kannske á hún ekki að vera það, en ég held að engum detti í hug að verðbólgustigið verði minna en 50% og ofan á það eiga þó að bætast einhverjir vextir. Ætli vaxtabyrði og vaxtatekjur fari þá ekki að verða ofurlítið hærri en Ólafslög gerðu ráð fyrir. — En eins og ég sagði ætla ég ekki að tefja tímann og þakka hæstv. forsrh. hjartanlega fyrir tilraun til að svara einni spurningu.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég vil sömuleiðis þakka hæstv. forsrh. fyrir að svara nokkrum af þeim spurningum sem ég bar fram áðan. Hins vegar var um fleira spurt en svarað var. Ég spurði hvaðan ætti að útvega Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins fjármagn til að tryggja eðlilega afkomu fiskvinnslunnar. Ég spurði líka hvaðan ætti að útvega fjármagn til að tryggja afkomu samkeppnisiðnaðar og útflutningsiðnaðar. Ég vek athygli hv. dm. á því, að þessum spurningum kaus hæstv. forsrh. að svara ekki.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 16 shlj. atkv.

Neðri deild, 46. fundur.

Mánudaginn 2. febr., kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Í nóvembermánuði s. l. lögðum við tveir þm., ég og hv. 7. landsk. þm. Halldór Blöndal, fram frv. hér í deildinni á þskj. 78, það er 72. mál, en það er um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt og snertir heimildir til að draga vexti frá tekjum áður en tekjuskattur er lagður á tekjur manna. Ég skal ekki fara nánar efnislega út í frv. hér. Þessu frv. var 17. nóv. vísað til hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar. Síðan hefur málið ekki komið á dagskrá aftur og þess vegna vil ég spyrja formann þessarar n., hv. 3. þm. Austurl., hvað líði meðferð nefndarinnar á þessu máli og hvort ekki megi vænta þess, að málið komi fljótlega til meðferðar hér í deildinni að nýju.

Ástæðan fyrir því, að ég spyr um þetta, er sú, að í síðustu viku mælti hæstv. fjmrh. fyrir frv. sem snerti sama efni. Að vísu gengur tillaga hans mun skemur en sú tillaga sem við Halldór Blöndal bárum fram, en engu að síður er frv. fjmrh. um breytingu á sömu grein í skattalögum og við gerðum tillögu til breytinga á. Hæstv. fjmrh. lagði mikla áherslu á það í Ed., þegar hann mælti fyrir þessu máli þar, að deildin hraðaði afgreiðslu málsins. Hann lagði mikla áherslu á að þetta mál fengist afgreitt sem lög frá Alþingi áður en framtalsfresti lýkur, en honum mun ljúka 10. febrúar.

Ég held að það sé mjög nauðsynlegt, vegna þess að hér er um að ræða mál sem mikið hefur verið rætt um í þjóðfélaginu, m. a. urðu miklar umræður um þetta meðal almennings þegar frv. okkar Halldórs Blöndals var lagt fram, að úr því verði skorið hér á hv. Alþingi, hvort fylgi er fyrir þeim tillögum sem við Halldór Blöndal flytjum um breytingu á skattalögunum, því þetta snertir verulega þá álagningu sem fram mun fara á þessu ári. Ég vil þess vegna ítreka fyrirspurn mína til hv. 3. þm Austurl. um leið og ég legg á það mikla áherslu, að nefndin hraði afgreiðslu þessa máls, komi því hér inn í deildina aftur þannig að þm. geti tekið afstöðu til þess sem fyrst.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Þetta er í annað skiptið á þessu þingi sem ég er krafinn svara utan dagskrár um málefni sem liggja fyrir fjh.- og viðskn. Ég veit ekki með hvaða hætti á að reka slík mál. Ég hef ekkert á móti því að verða fyrir svörum varðandi málið, en hitt er svo annað mál, að betra er að vita um það með einhverjum fyrirvara þannig að ég geti sem formaður nefndarinnar kynnt mér þau gögn, fundargerðir og annað, sem þessi mál varða, svo að svörin geti orðið skýrari.

Ég vil taka það fram varðandi þetta mál, að nefndin tók það fyrir fyrir jól og sendi það til umsagnar. Það hafa ekki borist svör mér vitanlega, en n. hefur ekki haldið fund eftir að þing kom saman að nýju og málið því ekki verið tekið fyrir aftur.

Ég vil segja varðandi þetta mál, að það liggur fyrir að ríkisstj. hyggst beita sér fyrir því og hefur flutt um það frv. að vaxtafrádráttur verði hækkaður. Hins vegar leggur hv. þm. til að þessi frádráttur verði í reynd ótakmarkaður, þ. e. að vextir af öllum skuldum verði frádráttarhæfir. Að mínu mati kemur slík breyting ekki til greina ef á að halda sig við þá uppbyggingu skattalaga sem samþykkt var hér á árinu 1978 og síðan aftur með breytingum á árinu 1980. Ef brtt. þeirra hv. þm. Birgis Ísl. Gunnarssonar og Halldórs Blöndals yrði samþykkt væri verið að leggja þá uppbyggingu alla í rúst. Ég segi fyrir mitt leyti að ég mun ekki verða tilbúinn að standa að því verki, og ég undrast að sjálfstæðismenn skuli leggja slíkt ofurkapp á það eins og þeir studdu dyggilega uppbyggingu þessara laga. Hitt er svo annað mál, að ég er fylgjandi því að hækka hámarkið innan þess ramma sem settur er í lögunum. Eins tel ég að það komi mjög til greina að um lengri tíma verði að ræða frá því að menn hefja byggingu eða kaupa íbúðarhúsnæði. Að því er verið að vinna þessa dagana að undirbúa slíkar breytingar og stefnt að því að niðurstaða náist um þau mál innan stjórnarflokkanna í þessari viku.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Ég þakka svörin frá hv. 3. þm Austurl., Halldóri Ásgrímssyni, og ég skal staðfesta það sem kom fram hjá honum, að ég óskaði þess með mjög stuttum fyrirvara að hann svaraði þessu á fundi núna. Ég taldi hins vegar nauðsynlegt að hreyfa þessu máli þar sem komið er fram, eins og ég sagði áðan, frv. um sama efni í Ed. frá hæstv. fjmrh. og hann lagði þar áherslu á að það mál yrði afgreitt.

Ég fór af ásettu ráði ekki efnislega út í umræður um þetta mál í fyrri ræðu minni hér og ætla ekki að gera það þó að mér fyndist svar hv. þm. gefa nokkurt tilefni til þess. En það er ljóst af svörum hans, að það er ágreiningur uppi um það hér á Alþingi hversu langt á að ganga í þessu máli. Mér heyrðist á máli hans að hann teldi að of skammt væri gengið til móts við skattgreiðendur eins og þessi ákvæði eru nú og þeim þyrfti að breyta, bæði að því er snertir upphæðina og einnig að því er snertir tímann, sem er að sjálfsögðu allt of þröngur eins og lögin eru nú. Ef ekki er um að ræða fasteignaveðskuldir fá menn einungis frádrátt í tvö ár ef um kaup er að ræða, og þá er kaupárið meðtalið, en einungis í fjögur ár ef um byggingu er að ræða og þá er það ár sem bygging hefst meðtalið. Það er því ljóst að verulegur hluti af lánum, sem húsbyggjendur þurfa að taka, fellur utan við þetta og menn fá ekki frádráttarbæra vexti vegna þeirra. En um þetta er ágreinungur og ég held að það sé nauðsynlegt að fá úr honum skorið hér á hv. Alþingi áður en menn fara að huga verulega að sínum framtölum. — Ég verð að vísu að

skjóta því hér inn í, að ég fæ ekki skilið hvernig ætlast er til þess að menn skili skattframtölum fyrir 10. febr., eins og látið er boð út ganga, þegar menn eru ekki enn farnir að fá skatteyðublöð í hendurnar, og ég vil gera athugasemd við að sá tími virðist vera of naumur. — En ég ítreka beiðni mína til hv. þm. um að hann beiti sér fyrir því, að þetta mál verði afgreitt úr nefndinni hið allra fyrsta þannig að hægt verði að taka afstöðu til málsins hér í hv. deild.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég veit ekki hvort ég á að komast svo að orði, að það sé til upplýsingar fyrir hæstv. 3. þm. Austurl. að nauðsynlegt sé að Alþingi geri upp hug sinn í sambandi við framkvæmdaatriði og einstök atriði skattalaga áður en framtalsfrestur rennur út. Ég veit ekki hvað er um hann að segja, en ég held að flestum þm. sé ljóst að nauðsynlegt sé að gefa framteljendum nokkurn kost á að haga fjármálum sínum og fjárskuldbindingum á þann veg sem best samræmist hagsmunum þeirra í sambandi við skattalög á hverjum tíma, þar eigi flestir menn að sitja við sama borð.

Mér kemur mjög á óvart hversu daufur hv. 3. þm. Austurl. er um framgang frv. okkar 6. þm. Reykv., Birgis Ísl. Gunnarssonar, um frádráttarbærni vaxta, þar sem það hefur komið í ljós að hann er sömu skoðunar og við um að það séu ófullnægjandi ákvæði í þessum efnum í lögum nú. Þess vegna væri rétt að búast við því að hann hefði haft um það nokkurt frumkvæði að hraða þessu máli. En það er síður en svo. Vegna þess að þm. báru þetta frv. fram virðist sem það eigi ekki að fá sjálfstæða afgreiðslu hér í deild. Hins vegar er þess að vænta, að stuðningsmenn ríkisstj. muni greiða veg fyrir öðru frv. í Ed., og líka í gegnum Nd. því hinu sama frv., einungis af því að ríkisstj. leggur það fram löngu síðar en það mál sem hér er verið að tala um. Í þessu er m. a. fólgin niðurlæging Alþingis nú á þessum síðustu tímum og yfirgangur hæstv. ríkisstj. og stuðningsmanna hennar, enda er það nú svo um marga þeirra að þeir miklast helst af því þegar þeir brjóta þau lög sem þeir hafa sjálfir sett, þær leikreglur sem þeir ætlast til að vinir þeirra og samherjar um fjölda ára hafi komið sér saman um.

Ég geri mér ekki grein fyrir því, hvort hv. 3. þm. Austurl. talaði fyrir munn samherja sinna í Framsfl. og fyrir munn Alþb.-manna — um aðra stuðningsmenn ríkisstj. hirði ég ekki — þegar hann sagði að hann væri andsnúinn því að sömu reglur mundu gilda á þessu ári og á s. l. ári um frádráttarbærni vaxta. Það liggur ljóst fyrir að hér er um sáralágar fjárhæðir að ræða fyrir ríkissjóð. Sú frádráttarbærni skatta, sem verið hefur undanfarið ár, skiptir ríkissjóð engu máli. Hér er þess vegna eingöngu um það að tefla hvort því fólki,sem hefur reist sér burðarás um öxl með skuldasöfnun, verði opinn nokkur útvegur í sambandi við skattalögin til þess að koma fjármálum sínum á réttan kjöl.

Í þessu sambandi skulum við hafa í huga að ríkisstj. hefur tilkynnt ráðstafanir, ég veit náttúrlega ekki hvort hún stendur við það, — það er undir hælinn lagt hvort hæstv. ríkisstj. stendur við það sem hún boðar, — en hún hefur sem sagt boðað það og uppi eru háværar raddir um það í þjóðfélaginu einnig að nú eigi að afnema lán til langs tíma nema verðtryggð í hinu almenna bankakerfi, menn geti ekki einu sinni fengið lán til eins eða tveggja ára nema verðtryggð í hinu almenna bankakerfi. Hjá lífeyrissjóðunum er sömu sögu að segja. Það þýðir að verðbólgan mun ekki hjálpa þeim mönnum, sem nú standa í húsbyggingum eða hafa keypt íbúðir, til að greiða íbúðarverðið, eins og áður var.

Ef við förum fimm eða tíu ár aftur í tímann voru vextir langt undir verðbólgunni og til viðbótar því nutu menn margs konar fríðinda varðandi öll sín lán í skattalegum skilningi. Nú á að skera á þetta allt saman, nema menn geti fullnægt mjög ströngum ákvæðum í skattalögum. Enginn vafi er á að eina ráð skattstjóranna til að úrskurða frádráttarbærni vaxta verður að krefjast afdráttarlausra sannana um það, að beint samhengi sé milli viðkomandi lántöku og húsakaupa eða húsbyggingar. Það er líka enginn vafi á því, að skilgreiningin á húsbyggingum mun verða mjög þröng. Við getum hugsað okkur t. d. teppi út í öll horn eða eitthvað því um líkt. Það er mjög hæpið að skattstjórar mundu fallast á að framkvæmdir af því tagi teldust húsbyggingar í þessum skilningi skattalaga.

Það liggur því alveg ljóst fyrir í fyrsta lagi, að margir húsbyggjendur, sem ekki hafa komið sínum lánum í rétt horf, ekki hafa gætt þess að lánið sé þriggja ára verðtryggt lán, sem er skilyrði fyrir frádráttarbærninni, munu verða að greiða skatta eins og þeir hefðu engin lán tekið vegna þess að þeir uppfylltu ekki þetta formsatriði laganna, hvað sem um ráðstöfun lánsfjárins er að segja. Það skiptir ekki máli, heldur eru þarna viss formsatriði sem verður að uppfylla. Þar munu húsbyggjendur ekki sitja allir við sama borð. Ég hef haft reynslu af því, að ýmsir menn hafa ekki gætt þessa í sambandi við lánsútveganir sínar.

Í öðru lagi er ljóst að margt fólk hefur orðið fyrir fjárhagslegum áföllum og hefur bundið sér mikla skuldabagga. Við getum tekið sem dæmi fólk sem lendir í skilnaði. Það er segin saga, og vita það menn sem eru kunnugir þjóðlífi hér, að þegar um slit á samvistum er að ræða fylgir því mjög mikil röskun í fjárhag viðkomandi. Þetta fólk hefur fram að þessu notið nokkurrar leiðréttingar hjá skattayfirvöldum, hefur fengið byrðarnar ögn léttar með frádráttarbærni vaxta, en nú er það sem sagt úr sögunni.

Þannig mætti lengi telja. Það má tala um námsfólk og ýmsa aðra. En á þetta verður ekki hlustað og um þetta fær Alþingi ekki að fjalla í tíma af því að þröngsýnir stjórnarsinnar í fjh.- viðskn. fást ekki til að afgreiða frv. sem löngu er komið fram og nauðsynlegt er að fái afgreiðslu hér í deildinni.

Vilja er allt sem þarf. Því var lýst yfir um áramótin að ríkisstj. og stuðningsmenn hennar mundu lækka skatta sem svarar til 1.5% í kaupmætti lægra launa og meðallauna. Samkvæmt áætlun, sem ég hef í höndum frá Þjóðhagsstofnun, er gert ráð fyrir að beinir skattar hækki úr 14.5% í 15.1%, miðað við tekjur greiðsluárs, sem hv. 12. þm. Reykv. segir að sé eini samanburður sem taka á mark á. Samkv. þessari töflu, sem sá þm. leggur mikið upp úr, munu beinir skattar í hlutfalli við tekjur greiðsluárs hækka úr 14.5% í 15.1% á milli ára nú. Hér er reiknað með áætlun 1980 og svo miðað við fjárlög 1981. Ég skal ekki segja neitt um réttmæti þessarar niðurstöðu Þjóðhagsstofnunar, en hins vegar liggur alveg ljóst fyrir samkvæmt þessari áætlun að þessi ríkisstofnun hefur komist að þeirri niðurstöðu, að nú sé ákveðið að þyngja skattbyrðina umtalsvert frá s. l. ári, þegar við tölum um beina álagða skatta. Ef við tölum um óbeinu skattana liggur það líka fyrir, að þar verður ekki létt neinu af. Það

liggur því alveg á borðinu að heildarskattbyrðin muni aukast frá árinu 1980 til 1981.

Vegna þess að hæstv. fjmrh. hefur nú gengið í salinn vil ég beina til hans einni fyrirspurn, sem ég tel afskaplega mikilvæga í þessu sambandi, og hún er þessi: Hefur fjmrn. gert úttekt á heildarskattbyrðinni á árinu 1980, beinum og óbeinum sköttum, og hyggst ríkisstj. gera samsvarandi úttekt á heildarskattbyrðinni eins og hún hefur verið ákveðin nú samkvæmt fjárlögum og fjárhagsáætlunum einstakra sveitarfélaga, gera samsvarandi úttekt á heildarskattbyrðinni á árinu 1981 áður en tillögur verði um það gerðar hvernig eigi að lækka skatta til að auka kaupmáttinn um 1.5% frá s. l. ári? (Gripið fram í.) Ég skal gera það. Hefur fjmrh. gert ráðstafanir til þess að rn. hans mæli hver var heildarskattabyrðin, bæði í óbeinum og beinum sköttum, á árinu 1980 og reynt að gera sér grein fyrir því í framhaldi af því, hvernig þessari heildarskattbyrði verði háttað á þessu ári samkv. þeim lögum og ákvörðunum sem nú liggja fyrir?

Ef hæstv. ríkisstj. ætlar sér að standa við það að lækka skattana um 1.5% í kaupmætti lægri launa og meðallauna er náttúrlega nauðsynlegt að gera sér fyrst grein fyrir hver skattbyrðin var á s. l. ári og hver hún verður á þessu ári. Það er algerlega út í hött að taka einstaka skatta út úr. Þegar rætt er um skattamál verður að sjálfsögðu að taka heildarskattbyrðina. Ég efast ekki um að hverjum einasta þm. hér er þetta ljóst. Það er ekki einn einasti þm. hér inni sem ekki gerir sér grein fyrir því, að þegar talað er um skattamál í samanburði við kaupmátt launa, ráðstöfunartekjur heimilanna, erum við að hugsa um hvað ríkið tekur í heild og sveitarfélögin af þjóðartekjunum, því sem til ráðstöfunar er.

Hv. 3. þm. Austurl. kvartar oft undan því, að sjálfstæðismenn vilji eyðileggja uppbyggingu skattalaganna, tekjuskattsins og eignarskattsins, sem samþykkt voru hér á vordögum 1978. Ég hef oft tekið eftir því í ummælum hans hér á Alþingi, að hann lætur sem skattstiginn skipti engu máli í uppbyggingu þeirra laga. Þetta er vitaskuld rangt. Auðvitað er skattstiginn afgerandi atriði í skattamálum og margar þær misfellur, sem við erum nú svo mjög að tala um hér á Alþingi, eru einmitt sprottnar af því að skattstiginn er allt of þungur, allt of krappur.

Ef við miðum aftur við þá mælistiku sem hv. 12. þm. Reykv., Guðmundur G. Þórarinsson, telur þá einu réttu í þessu sambandi, þ. e. álagða skatta í hlutfalli við tekjur greiðsluárs, kemur í ljós að álagðir skattar voru á árinu 1977 11%, 1978 12.6%, og höfðu þá bæst við tekjuskattsaukarnir haustið 1978, 1979 13.8, 1980 14.5% og 1981 15.1%. Ég veit að hv. 3. þm. Austurl. man jafnvel og ég að það var yfirlýstur tilgangur þeirra skattalaga, sem samþykkt voru 1978, að þyngja skattbyrðina ekki frá því sem verið hefði. Það var yfirlýstur tilgangur þeirra skattalaga og í raun forsendan fyrir því að þau voru eins byggð upp og þá var gert. — Ef við rifjum þær tölur upp, sem ég talaði áðan um, er þar um 11% af tekjum greiðsluárs að ræða á árinu 1977 á móti 15.1% á árinu 1981. Það er að vísu ekki tekjuskatturinn einn og þar kemur náttúrlega fram skekkja, en þetta eru álagðir skattar og ef við tækjum tekjuskattinn einan út af fyrir sig hef ég margsinnis sýnt fram á að hann hefur stórlega hækkað, bæði hlutfallslega miðað við tekjur fyrra árs og tekjur greiðsluárs.

Herra forseti. Ég vonast svo til að hæstv. fjmrh. treysti sér til að svara spurningu minni eða a. m. k. geti tekið af allan vafa um eitt smávægilegt atriði. Þegar ríkisstj. talar um skattalækkun býst ég við að hún eigi við skattana eins og þeir voru á s. l. ári, og ég spyr hæstv. fjmrh.: Er það réttur skilningur?

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í annars mjög fróðlega ræðu hv. þm. Halldórs Blöndals um þingsköp. En ég vil benda honum og 6. þm. Reykv. á, að ég er ekki einn í þessari nefnd, sem þeir eru hér að vitna til, og mér finnst út af fyrir sig eðlilegt að þeir snúi sér ekki aðeins til formanns nefndarinnar í umr. utan dagskrár á Alþingi. Sjálfstfl. á þrjá menn í þessari nefnd. Þeir sem styðja ríkisstj., hafa ekki einu sinni meiri hl. í nefndinni. Ég hef aldrei lagst á móti afgreiðslu mála í nefndinni og ég hef átt mjög gott samstarf við alla nm. Það er eðlilegt að menn ræði þetta fyrst og fremst á þeim vettvangi, en séu ekki að jagast um þessi mál í umr. utan dagskrár á Alþingi og tefja fyrir þingstörfum.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ekki hafði ég hugmynd um að skattamál yrðu á dagskrá neðri deildar Alþingis í dag.

Eins og kunnugt er er enn nokkur dráttur á því, að unnt sé að taka skattamálin í heild til meðferðar hér í þinginu, vegna þess að þær upplýsingar, sem menn hafa viljað byggja ákvarðanir sínar á, hafa ekki legið fyrir og mjög hefur dregist að við, sem höfum viljað fjalla um þessi mál, gætum fengið þessi gögn í hendur. Hins vegar var lagt fyrir hv. Ed. stjfrv. um skattamál sem einmitt lýtur að vaxtafrádrætti í tekjuskatti, en það mun hafa verið aðaltilefnið að þessari utandagskrárræðu hv. þm. Halldórs Blöndals. Þar er gerð grein fyrir tillögum ríkisstj. í þessu máli. Verða þessi mál til umræðu í fjh.- og viðskn. beggja deilda næstu daga og hv. stjórnarandstæðingar ættu þá að eiga greiða leið að koma sjónarmiðum sínum varðandi vaxtafrádráttinn á framfæri í sambandi við afgreiðslu þess frv. Sé ég ekki að hv. þm. Halldór Blöndal hafi þar með yfir miklu að kvarta, úr því að það mál, sem hann ber svo mjög fyrir brjósti, verður til meðferðar í þn. næstu dagana.

Varðandi spurningu hv. þm. um útreikninga á skattbyrði skattþegna á s. l. ári er því einu til að svara, að það, sem hann gerði hér að umræðuefni áðan, eru sjálfsagðir útreikningar sem gerðir eru með jöfnu millibili, og að sjálfsögðu verða þeir gerðir nú eins og oft áður.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Út af síðustu ummælum hæstv. fjmrh. óska ég eftir að fá að beina annarri stuttri fsp. til hans. Ég hélt ég hefði vikið að því efni í ræðu minni áðan, en úr því að hann svaraði ekki hefur mér ugglaust láðst að gera það.

Ríkisstj. segir í tillögum um efnahagsaðgerðir um áramót svo, með leyfi forseta:

„Skattar verða lækkaðir sem svarar til 1.5% í kaupmætti lægri launa og meðallauna."

Nú er spurningin: Verður hér miðað við heildarskattbyrðina eins og hún var á s. l. ári eða ekki?

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég sé enga ástæðu til að hefja hér rökræður um málefni sem alls ekki er á dagskrá og ekkert stendur til að fjalla um, hvorki í ríkisstj. né á Alþingi, fyrr en að einhverjum tíma liðnum. Við höfum ekki fengið í hendur þau gögn og ekki getað unnið þá undirbúningsvinnu sem nauðsynleg er til þess

að hægt sé að taka ákvarðanir í þessu máli. Það er því meira eða minna út í bláinn að ætlast til þess, að ég fari að gefa upp í einhverjum smábitum væntanlegar ákvarðanir eða stefnumótun ríkisstj. í þessu máli. Þetta minnir að vísu allóþyrmilega á langar og margar og miklar fsp. hv. þm. um efnahagsaðgerðir ríkisstj. í nóv. og des., þar sem við ráðh. vorum stöðugt þýfgaðir um hvað til stæði í þeim málum, en lítið varð um svör vegna þess að okkur þótti ekki við hæfi að það væri verið að tína það upp úr okkur í smábrotum og brotabrotum hvað til stæði varðandi heildstæðar efnahagsaðgerðir. Þær komu eins og til stóð, þær komu eins og ráð var fyrir gert, á þeim tíma sem að var stefnt. Eins er um ákvarðanir í skattamálum. Þær bíða síns tíma, en þær koma. Ég býst við að þá verði auðvelt að gefa svör við þeim spurningum, sem hv. þm. hefur lagt hér fram.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Eftir síðustu svör hæstv. ráðh. er tvennt ljóst.:

Í fyrsta lagi hefur ríkisstj. ekki í hyggju að lækka skatta, borið saman við s. l. ár. Hefur þá hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson haft rétt fyrir sér í því efni þegar við ræddumst við í sjónvarpsþætti fyrir skömmu, að allt, sem ríkisstj. sagði í þessum efnum, væri sjónarspil til þess gert að glepja og blekkja menn.

Í öðru lagi vil ég gera örstutta aths. við þær heildstæðu ráðstafanir í efnahagsmálum sem hæstv. fjmrh. gumar svo mjög af. Það hefur ekkert gerst í efnahagsmálum síðan þingi var frestað fyrir jól nema vaxtahækkunum hefur verið frestað lítillega. Það er allt og sumt.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég skal ekki vera langorður þar sem hér er verið að ræða atriði sem ekki eru á dagskrá. en að gefnu tilefni vegna þess að fram er komið stjfrv. um sama efni og frv. sem liggur hjá hv. nefnd í þessari deild.

Vegna þess að hæstv. fjmrh. hefur gefið okkur kost á að spyrja sig og vill greinilega gjarnan koma skilaboðum hæstv. ríkisstj. á framfæri nú um þessar mundir, þegar brátt fara að birtast framtalsseðlar til almennings, er ástæða til að spyrja hann enn frekar um örfá atriði.

Það er í fyrsta lagi spurt hvort ljóst sé að skattvísitalan verði óbreytt frá því sem er í fjárlögum, en það þýðir gífurlega skattþyngingu og langt umfram þær tölur sem greinir í fjárlögum.

Í öðru lagi spyr ég hvort það hafi verið rétt hermt og hvort ekki sé um misskilning að ræða þegar hæstv. ráðh. kallaði það í útvarpi skattalækkun á tekjuskatti, eignarskatti og sjúkragjaldi þegar hann sagði að notaðir mundu verða 7 milljarðar til að endurgreiða. Ljóst er að á föstu verðlagi, þ. e. þegar tekið hefur verið tillit til verðbólgunnar, er hækkun á þessum sköttum annað eins á milli ára. Ég spyr hvort þetta sé misskilningur eða hvort hann eigi við raunverulega skattalækkun.

Og loks spyr ég um það, sem kannske skiptir máli fyrir þessa stund, hvort framtalsfrestur verði ekki örugglega lengdur þegar ekki liggur fyrir hvaða stefnu ríkisstj. hyggst fylgja varðandi vaxtafrádráttinn og Alþingi hefur ekki fengið tækifæri til að fjalla um það mál. Eins og allir vita eiga framteljendur samkvæmt skattalögunum þess völ hvort þeir telja fram vexti til frádráttar eða hvort þeir nota 10% frádráttarregluna. Slík atriði þurfa að sjálfsögðu að liggja fyrir áður en þeir, sem greiða skatta, skila framtalsseðlum sínum. Eftir rúma viku, hinn 10 febr., eiga framtalseyðublöðin að vera komin í hendur skattstjóra. Ekkert liggur fyrir um afstöðu ríkisstj. Þess vegna er spurt, þar sem hæstv. ráðh. hefur verið svo vinsamlegur að gefa kost á slíkum spurningum og hann á þakkir skildar fyrir það, hvort ekki sé öruggt að framtalsfrestur verði lengdur vegna seinagangs og aðgerðaleysis ríkisstj.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég vil taka fram að hv. 6. þm. Reykv. óskaði eftir að fá að gera fsp. utan dagskrár til formanns fjh.- og viðskn. hv. deildar um málsmeðferð. Ég get alls ekki leyft í þessu falli almennar eldhúsdagsumræður um efnahagsmál.

Fjmrh.(Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég kannast ekki við að ég hafi gefið kost á að vera almennt til svara í skattamálum undir þessari umr. Þvert á móti hef ég lagt á það ríka áherslu, að við erum að fjalla um einn þátt skattamálanna í Ed. þessa dagana og ég vænti þess að báðar fjh.- og viðskn. geti fjallað um þann þáttinn sameiginlega næstu dagana, þar á meðal það mál sem var tilefni þessarar utandagskrárumræðu. Að öðru leyti tel ég eðlilegt að umræður um skattamálin bíði þar til að tóm hefur gefist til þess að undirbúa tillögur.

Varðandi spurningar þær, sem hv. þm. lagði hér fram, vil ég segja það eitt, að skattvísitala hefur vissulega verið ákveðin í fjárlögum, en það er ekki þar með sagt að frádráttarliðir eða skattþrep hafi verið endanlega ákveðin. Við höfum gert ráð fyrir að á því yrðu breytingar, m. a. með því að við tókum ekki inn alla þá fjárhæð í áætlunartölu fjárlaga sem hefði átt að taka inn ef miðað væri við skattvísitölu 145. Þar urðu afgangs um 4 milljarðar, eins og áður hefur verið gerð grein fyrir. En það hefur hins vegar ekki verið ákveðið með hvaða hætti þeim yrði ráðstafað í skattakerfinu, að hvað miklu leyti þeir ganga til sérstakrar ívilnunar á sérstökum sviðum eða að hvað miklu leyti þeir koma til hækkunar almennt á frádráttarliðum. Þetta eru allt atriði sem bíða nánari umræðu og frekari ákvörðunar.

Varðandi þá skattalækkun, sem um er rætt í yfirlýsingu ríkisstj. um efnahagsaðgerðir nú um áramótin er það rétt, sem hv. þm. benti á áðan, að þá skattalækkun á fyrst og fremst að miða við lág laun og meðallaun og er hún upp á 1.5%. Það er alveg rétt, sem fram kom hjá honum, að í því sambandi hafa verið nefndir 6—7 milljarðar, vegna þess að það er verið að stefna að því, að það séu fyrst og fremst þeir, sem eru í neðri hluta launastigans, sem njóti góðs af þessari lækkun.

Að lokum vil ég taka það fram varðandi spurninguna um framtalsfrestinn að engar ákvarðanir hafa verið teknar um það atriði, en mér sýnast vaxandi líkur á að það verði nú gefinn nokkurra daga frestur. Mér sýnist að það sé ekkert stóratriði að framtalsfrestinum ljúki 10. febr., og vegna þess að Alþingi er hér að fjalla um einn þátt þessara mála, þ. e. vaxtafrádrátt og verkfærapeninga, og ég teldi eðlilegt að Alþingi lyki umfjöllun um þetta atriði áður en framtalsfresti lýkur, þá finnst mér afar sennilegt að framtalsfrestur framlengist um nokkra daga. En það hefur enn ekki verið ákveðið og ég vil því ekki segja neitt nánar til um það atriði.

Umræður utan dagskrár.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Það eru örfá orð, örstutt fsp. og beiðni til hæstv. forseta deildarinnar.

Eins og menn vita eru í gildi í landinu lög sem kveða svo á um að hverju fjárlagafrv. hæstv. ríkisstj. skuli fylgja lánsfjáráætlun og lánsfjárheimildalög síðan afgreidd ekki síðar en fjárlög eru afgreidd fyrir jólaleyfi þm. Nú minnast menn þess, að fyrir jólin var ekkert slíkt gert. Hæstv. ríkisstj., þó hún hefði þessa lagaskyldu, kom málinu ekki frá sér, þannig að þegar þm. héldu í jólaleyfi hafði engu frv. um lánsfjárheimildalög verið dreift hér á Alþingi, hvað þá að lánsfjáráætlun hefði verið afgreidd. Við eigum þess því að vænta á næstu dögum að slíkt frv. verði lagt fram. En þá ber svo undarlega við, herra forseti, að hér er dreift á Alþingi frv. til l. um staðfestingu á brbl. frá hæstv. ríkisstj., þar sem ríkisstj. hefur í 7. gr. þegar verið veitt heimild með brbl. til að fresta framkvæmdum samkvæmt lánsfjáráætlun sem er ekki til. Ég verð að segja eins og er, að þó ég sé ekki búinn að sitja lengi hér á Alþingi veit ég þó að það hefur aldrei áður gerst í þingsögunni að með brbl. hafi ríkisstj. verið veitt heimild til að fresta framkvæmdum samkvæmt lánsfjáráætlun sem ekki er til. Sem óbreyttur þingmaður lendi ég óhjákvæmilega í nokkurri beyglu þegar væntanlega verður lagt fram hér á Alþingi frv. frá hæstv. ríkisstj. um lánsfjárheimildalög, hafandi yfir höfði mér brbl. frá þessari sömu ríkisstj. um að henni sé heimilt að fresta hvaða framkvæmd sem hún hafa vill, sem ráðin eru með lánsfjáráætlun sem hefur ekki verið lögð fram, en verður væntanlega lögð fram síðar. Ég vil eindregið mælast til þess við hæstv. forseta að hann leiti eftir einhverjum skýringum hjá hæstv. ríkisstj. um hvernig eigi úr þessari beyglu að komast áður en hæstv. forseti og hæstv. forsetar þessarar deildar eða þá Ed. taka þennan furðulega málatilbúnað á dagskrá Alþingis.

Hvernig er hægt að setja brbl. um heimild til ríkisstj. til frestunar á framkvæmdum sem eru ósamþykktar á Alþingi? Og hvernig er svo hægt að leggja fram og afgreiða frv. til lánsfjárlaga ef fyrir liggja brbl., sem leitað er staðfestingar á hjá Alþingi, þess efnis að hæstv. ríkisstj. sé heimilt að fresta framkvæmdum samkvæmt lánsfjárheimildalögum eða réttara sagt lánfjáráætlun sem ekki er til? Einfaldlega til þess að greiða úr þess konar vandamálum, svo að þm. standi ekki eins og þvörur þegar koma þarna tvö svo gagnstæð mál, vil ég eindregið óska eftir því við hæstv. forseta, — mér þykir sennilegt að hann geti enga skýringu gefið deildinni við þessar aðstæður, — að hann leiti eftir skýringum hjá ríkisstj. og þingvönum mönnum um hvernig með skuli fara.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Já, það var í ýmsu falli of mikið spurt og svör hefur forseti ekki á reiðum höndum, en hann mun leita eftir skýringum á hvernig með muni verða farið málatilbúnað og málafærslu að þessu leyti.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hefur lagt fram fsp. til forseta þingsins um óvenjulegt ákvæði í brbl. Ég held að því sé hægt að slá strax föstu, að það óvenjulegasta í þessu máli er fsp. sjálf og sá háttur sem á henni er hafður.

Það er vitað að brbl. eiga að koma til umr. hér innan skamms. Þau eru að vísu ekki á dagskrá þingsins í dag, en hljóta að verða á dagskrá einhvern næstu daga. (Gripið fram í.) Já, þau eru raunar á dagskrá í Ed. þegar í dag og eru komin til umr. Ég hef satt að segja ekki haft tíma til að líta inn í hv. Ed. og veit þess vegna ekki hvað þar er um að vera. — En hefði ekki verið eðlilegra að hv. þm. hefði beðið einhvern af flokksbræðrum sínum í Ed. að koma þessari fsp. á framfæri, þannig að hægt væri að ræða hana þar með þinglegum hætti, frekar en að bera hér í Nd. upp fsp. til forseta Nd. um mál sem nýlega er búið að leggja fram í Ed.? Þessi vinnubrögð hv. þm. eru slík einsdæmi að ég man ekki eftir að slíkt hafi skeð meðan ég hef átt sæti hér á þingi.

Ég vil minna á að í fjárlögum er gert ráð fyrir að fjmrh. hafi heimild til að fresta framkvæmdum og lækka tölur fjárlaga um 3000 millj. kr., en slík heimild í fjárlögum hefur verið um nokkurra ára skeið. Í brbl. er um að ræða viðbótarheimild sem hefur verið sett þar inn, en hins vegar hefur ekki verið gert ráð fyrir að þetta ákvæði kæmi til framkvæmda á stundinni ellegar á næstu dögum. Þetta er þó óhjákvæmilegt að hafa sem stefnumið inni í myndinni þegar menn ræða efnahagsaðgerðir ríkisstj. í heild. Það er ljóst að þegar og eftir að ríkisstj. hefur heitið því að um verði að ræða jöfn skipti á kaupmætti annars vegar til aukningar, vegna þess að á síðari hluta ársins er notuð framfærsluvísitala, og svo hins vegar að um nokkra skerðingu vísitölubóta er að ræða 1. mars og að það, sem á að jafna muninn, eru einmitt skattar, sem felur í sér minni tekjur ríkissjóðs, þá verður auðvitað að mæta óvæntum áföllum hvað framkvæmd þessarar stefnu snertir með hugsanlegum niðurskurði á ríkisframkvæmdum eða sparnaði á fjárlögum. Vissulega má segja að þetta ákvæði hefði mátt setja inn í lög á síðara stigi, eins og hv. þm. hefur bent á í fjölmiðlum, — úr því að þetta átti ekki að koma til framkvæmda fyrr en þing kom saman hefði hugsanlega mátt hafa þetta með í lögum, sem Alþingi sjálft hefði sett á síðara stigi, frekar en að fara að taka þetta inn í brbl. En hérna er um að ræða aðgerðir sem eru á þann hátt samræmdar að þær miða að ákveðnu marki og það hefði verið óeðlilegt ef þessi þáttur hefði alveg fallið út og ekki verið gerð nein grein fyrir honum eða engin heimild legið fyrir til að meðhöndla mál með þessum hætti. Þess vegna var ákveðið að taka þetta beinlínis inn í brbl., enda þótt viðkomandi lánsfjáráætlun hafi ekki verið afgreidd í þinginu.

Hins vegar vil ég vekja athygli hv. þm. á því, að þegar fjárlagafrv. var til meðferðar hér var gerð grein fyrir opinberum framkvæmdum, þ. e. framkvæmdum ríkisins, sem fjármagnaðar yrðu á lánsfjáráætlun. Sú hlið lánsfjáráætlunar liggur því öll ljós fyrir og lá þegar fyrir þegar fjárlögin voru afgreidd. Þannig er ekkert óeðlilegt að hér sé nefnd lánsfjáráætlun. Hún hefur hvað ríkið snertir þegar verið afgreidd. Ekki dettur okkur í hug að skera niður á lánsfjáráætlun framkvæmdir hitaveitna eða kaup á togurum til að geta staðið að ákveðinni skattalækkun eða afla fjár til slíks. Auðvitað er það einungis ríkishlutinn eða ríkisframkvæmdirnar í lánsfjáráætlun sem hér skiptir máli. Þær eru þegar ákveðnar. Þær eru þegar frágengnar í fjárlögum. Ég held því að það sé hreinn útúrsnúningur að telja það skipta einhverju máli þó að síðan hafi ekki verið endanlega gengið frá lánsfjáráætlun í heild sinni hér á Alþingi. Það er búið að ganga frá þeim hluta lánsfjáráætlunar sem snertir ríkissjóð og ríkis-

fjármálin. Það er það sem máli skiptir í sambandi við skattalækkanir.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Það var að sjálfsögðu með ráðnum hug sem ég beindi fsp. minni til forseta deildarinnar, en ekki hæstv. fjmrh. Ég held að skýringin hafi komið í ljós við að hlýða á orð ráðh. áðan. Til þeirra manna, sem geta sent svona lagað frá sér, sjá ekkert athugavert við það að veita sér með brbl. heimild til að fresta tilteknum framkvæmdum sem ekki er enn þá búið að afgreiða, ekki einu sinni búið að taka fyrir á fundum Alþingis, er auðvitað algjörlega tilgangslaust að beina svona spurningum. Auðvitað veit hæstv. fjmrh. — honum er það mætavel ljóst — að þeir, sem hafa rekið augun í þetta atriði í 7. gr. brbl., hlæja að hæstv. ráðh., enda full ástæða til því að þetta lýsir slíkum handarbakavinnubrögðum. Þau skrautklæði, sem hæstv. ríkisstj. er að reyna að sveipa um kauprán sitt, sem er aðalefni brbl., eru götótt eins og svissneskur ostur. Rétt eitt dæmi um það.

Ég beindi þeirri fsp. til hæstv. forseta þessarar deildar, að hann athugaði vinsamlega, áður en hann tæki á dagskrá frv. frá ríkisstj. um lánsfjárheimildir sem enginn þm. hefur enn þá séð, hvernig með ætti að fara þegar fyrir liggja brbl. í landinu, sem leitað hefur verið staðfestingar Alþingis á, um að ríkisstj. sé heimilt að fresta hverri þeirri framkvæmd í lánsfjárlögum sem hún hefur ekki enn þá sýnt hér á Alþingi. Hefur víst aldrei gerst áður í sögu þingsins að svona heimild hafi verið veitt. Að minnsta kosti þeir, sem hafa einhverja reynslu af starfi á vegum fjmrn., hlægja að þessu. Þess vegna er ósköp eðlilegt að það komi í ljós, eins og hæstv. fjmrh. var að vekja athygli á áðan, að þetta er í fyrsta skipti í þingsögunni sem ástæða er til þess að spyrjast sérstaklega fyrir um hvernig með eigi að fara.

Ég ætla ekki að segja meira um þetta. Ég ætla ekki að ræða efni brbl. hér, heldur aðeins beina þeirri eindregnu fyrirspurn til forseta, að hann athugi hjá hæstv. ríkisstj. hvernig með eigi að fara þegar þar að kemur, ef einhvern tíma kemur þá að því að hæstv. ríkisstj. leggur fram tillögur sínar um lánsfjárheimildalög. Hún hefur sjálf nefnilega sett með brbl. ákvæði sem heimila henni að fresta hvaða framkvæmd sem er í lánsfjárlögum sem Alþingi hefur ekki séð og á eftir að ræða og eftir að afgreiða. Auðvitað er hámark allrar heimsku að standa svona að málum þó að ljóst sé nokkurn veginn hvað hafi vakað fyrir hæstv. ríkisstj. En þetta sýnir bara handarbakavinnubrögðin sem hæstv. ríkisstj. beitir á elleftu stundu 31. des. 1980, þegar bæði árið og svigrúmið til aðgerða voru að renna úr greipum hæstv. ríkisstjórnar.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég tel fullkomlega eðlilegt að gerð sé fsp. til hæstv. forseta um þetta efni, því að hér er ljóslega um að ræða misnotkun á bráðabirgðalöggjafarvaldinu, enda skýrði hæstv. fjmrh. frá því í útvarpinu að þetta væri sett í brbl. því að svo gæti farið að einhvern tíma seinni hluta árs mundi þessi heimild vera notuð. Það hefur sem sagt skeð, að forseti íslensku þjóðarinnar er látinn skrifa undir brbl. þar sem brýna nauðsyn ber til að veita ríkisstj. heimild til þess, að hugsanlega megi hún einhvern tíma síðari hluta ársins fresta opinberum framkvæmdum. Þetta er náttúrlega alveg skýlaust lögbrot, stjórnarskrárbrot, sem hæstv. forseti verður auðvitað að athuga nánar því að hér eru ekki aðrar leiðir færar fyrir okkur venjulega þm. En svo kemur hæstv. ráðh. hér í stólinn, þegar þessari fsp. er beint til hæstv. forseta, og afsakar sig með því, að þarna sé átt við m. a. framkvæmdir á vegum ríkisins sem eru í fjárlögum!

Í fjárlögum, sem samþ. voru fyrir jól, segir í 6. gr., sem er heimildagrein, með leyfi forseta: „Fjmrh. er heimilt að lækka ríkisútgjöld á árinu 1981 um allt að 30 millj. kr.“ — Það eru 30 millj. nýkr., sem er það sama og 3 milljarðar gkr. Þessa heimild hefur hæstv. fjmrh., en hann aflar sér heimildar með brbl. með þeim hætti, sem við höfum lýst hér í deildinni, í aðeins einu skyni: að blekkja almenning í landinu, sér í lagi launafólkið sem hann þykist vera talsmaður fyrir, til fylgilags við frv. sem er eingöngu kjaraskerðingarfrv. ríkisstjórnarinnar. Þetta verður hæstv. forseti auðvitað að taka til skoðunar, gera sínar athugasemdir og fara þær leiðir sem hann telur eðlilegast þegar hæstv. ríkisstj. fer þannig með löggjafarvaldið sem á samkvæmt stjórnarskrá að vera hjá þessari deild og hv. Ed. Alþingis.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ríkisstj. tók ákvörðun um það um s. l. áramót að gera nokkrar breytingar á verðbótakerfi launa. Við hefðum ekki treyst okkur til þess að taka ákvörðun um svo viðkvæmt atriði ef ekki hefði verið jafnframt lofað að um yrði að ræða nokkra skattalækkun, þ. e. sem svaraði 1.5% á meðallaun eða láglaun. En ég hefði ekki heldur treyst mér til að skrifa undir loforð um skattalækkun upp á 1.5% nema ég hefði örugglega haft heimild jafnframt til að skera niður útgjöld ríkissjóðs enn frekar en heimildir voru fyrir í fjárlögum. (**FrS:** Af hverju notaði ekki ráðh. heimildina í fjárlögum fyrst?) Það er ekki þar með sagt að þessi heimild verði notuð, en það var bersýnilegt að heimildin í fjárlögum var of þröng. Ef við ætluðum okkur að gera breytingar á verðbótakerfinu var óhjákvæmilegt að við tækjum ákvörðun um nokkra skattalækkun og ef við ætluðum okkur að taka ákvörðun um skattalækkun hlutum við að afla ríkissjóði og fjmrn. víðtækari heimilda til að skera niður útgjöld fjárlaga en þegar voru fyrir hendi í fjárlögunum. Það er af þessari ástæðu sem ljóst var að það bar ekki aðeins brýna nauðsyn til að taka hinar fyrstu tvær ákvarðanir sem ég nefndi, heldur einnig þá þriðju, þ. e. að skera mætti niður meira af útgjöldum fjárlaga en áður hafði verið reiknað með að heimildir væru fyrir. Af þessar ástæðu eru þessir þrír þættir málsins allir samtvinnaðir og hlutu að verða samferða þegar efnahagsaðgerðir ríkisstj. voru tilkynntar og þegar brbl. um þetta efni voru sett.

Ég vil svo rétt að lokum vekja athygli á yfirborðsáróðri hv. þm. Sighvats Björgvinssonar, sem er að reyna að telja mönnum trú um að eitthvað sé óeðlilegt við það að lánsfjáráætlun sé nefnd í þessum brbl. Ég minni enn á kjarna málsins, en hann er sá, að til að spara útgjöld ríkissjóðs kemur ekki til greina að skera niður neitt annað í lánsfjáráætlun en eitthvað það sem snertir ríkisframkvæmdir, þ. e. framkvæmdir á vegum ríkissjóðs eða ríkisstofnana. Þessar framkvæmdir hafa allar þegar verið ákveðnar í fjárlögum. Það var gerð grein fyrir þessum hluta lánsfjáráætlunar við fjárlagaafgreiðsluna og tölurnar, sem eru í þessum hluta lánsfjáráætlunar, hafa beinlínis verið teknar inn í fjárlögin. Þegar þessir útgjaldaliðir eru skornir niður er því um leið verið að skera niður lánsfjáráætlun að þessu leyti. En þessi þáttur lánsfjáráætlunar hefur þegar verið ákveðinn. Það var því

óhjákvæmilegt og sjálfsagt að nefna hann í þessu samhengi. Annað hefði verið tæknileg mistök, hreinlega tæknileg mistök, vegna þess að þessar framkvæmdir ýmsar, sem þarna er um að ræða, tengjast lánsfjáráætlun með beinum hætti. Þó að hitt standi svo eftir, að lánsfjáráætlun hafi að öðru leyti ekki verið endanlega ákveðin, það hafi t. d. ekki verið ákveðið hversu miklar hitaveituframkvæmdir verði lánsfjármagnaðar og hversu mikil togarakaup verði á vegum einkaaðila eða hversu miklar framkvæmdir aðrar verði á vegum einkaaðila, — þó að allt þetta standi út af og Alþingi hafi enn ekki átt þess kost að leggja seinustu hönd á þennan þátt lánsfjáráætlunar skiptir það auðvitað engu máli í þessu sambandi vegna þess að það datt engum í hug, nema þá hugsanlega hv. þm. Sighvati Björgvinssyni, að til þess að lækka skatta og spara hjá ríkinu færum við að skera niður hitaveituframkvæmdir hjá allt öðrum og gjöróskyldum aðilum. Það datt auðvitað engum í hug. Þess vegna er fullkomlega eðlilegt og sjálfsagt að bæði sé minnst á lánsfjáráætlun og fjárlög í sömu brbl.-grein. Um leið er af orðum mínum ljóst að það bar brýna nauðsyn til að ákveða þetta atriði líka því að ella hefði ekki verið hægt að taka ákvörðun um hin atriðin tvö.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Þetta er nú orðið meira þvoglið. Skilur hæstv. fjmrh. ekki að enn á hæstv. ríkisstj. eftir að leggja fram frv. sitt um lánsfjárheimildir? Í því frv. getur hún að sjálfsögðu, í till. sínum þar, framkvæmt hvaða niðurskurð sem hún vill innan marka lánsfjáráætlunar. Er hæstv. fjmrh. ógerningur að skilja þetta? Það er eðlilegt að svona mistök hendi þá hæstv. ráðh. og brosað sé að hæstv. ráðh. í fjmrn. og öðrum stofnunum sem fjalla um ríkisfjármál í þessu landi. Það er ósköp eðlilegt fyrst hæstv. ráðh. skilur þetta ekki enn. En látum það nú vera.

Hv. þm. Guðrún Helgadóttir lýsti því í útvarpi nú um jólin að það, sem helst þjáði þessa hæstv. ríkisstj. og þar á meðal ráðh. hennar eigin flokks, væri valdahroki. Hvað er það annað en valdahroki af hæstv. ríkisstj. að ákveða með brbl. í jólaleyfi þm. að hún hafi leyfi til að gera hvað svo sem hún vill við lagasetningu sem ekki er einu sinni byrjað að fjalla um á Alþingi? Hún hefur sem sé aflað sér með brbl. heimildar fyrir fram til að ógilda lagasetningu sem Alþingi á eftir að setja! Og hvar í ósköpunum, herra forseti, mundu slíkar starfsaðferðir enda ef hæstv. ríkisstj. gæti með brbl., t. d. áður en þing kemur saman, veitt sér heimild til að ógilda öll lög sem þingið ætti eftir að setja? Það er von að hv. þm. Guðrún Helgadóttir ræði um valdahroka ráðh. Og það er alveg furðulegt að hæstv. fjmrh. Ragnar Arnalds skuli ekki skilja þetta. En það er ekki furðulegt að það skuli vera hlegið að slíkri ríkisstj. í öllu fjármálakerfi ríkisins.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég vil taka það fram, að þegar komið var að máli við mig og óskað eftir því, að hv. þdm. fengju hér tveir orðið utan dagskrár um málefni *sem þeim lá á hjarta, réð það auðvitað fyrst og fremst í* mínum huga að ég er maður málfrelsis, en í öðru lagi eru auðvitað öll mál mikilvæg, en mismikilvæg, og á dagskrá eru í dag mál sem ekki geta talist í þungavigt a. m. k. Þar við bætist að hv. þdm. og hæstv. ráðh. hafa komið að máli við mig og óskað eftir að sjö af þessum níu málum yrðu tekin út af dagskrá og kæmu ekki til umr. Eftir yrðu þá fyrsta dagskrármálið, kirkjubyggingasjóður, og fimmta, um verðlag, þar sem 1. flm. er löngu horfinn af þingi. Því var það, að ég áleit að þessum tíma yrði ekki illa varið til þess að menn fengju öndinni frá sér hrundið um mikilvæg málefni sem þungt hvíldu á þeim. Fyrir því er það að ég vil vísa með öllu á bug að hér fari fram óeðlilegar umr., eins og kallað var hér upp að ástæðulausu.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er ekki víst að ég og hæstv. forseti séum samdóma um það hvað verður stutt. (**Forseti:** Þá ræður forsetinn)

Það hefði vissulega verið ástæða til að fara örfáum orðum um framíkall varaforseta þessarar deildar, en ég held að ég láti það ekki verða vegna þess að hæstv. forseti hefur þegar sneypt sinn undirmann nægilega til að gera þm. grein fyrir því, hver það er hér sem ræður og hver það er hér í forsetastól sem hefur hvað mest vit til að skynja hvað er eðlilegt og nauðsynlegt hverju sinni að ræða.

En það var hæstv. fjmrh. sem kom mér til að standa hér upp. Hann er að vísu farinn úr salnum. — Nú, er hann þarna?

Það örlar enn einstaka sinnum á því, að brot af hinum góða dreng, sem hugsanlega hefur búið í hæstv. fjmrh. þegar hann lenti í þeim söfnuði sem hann nú er í, komi í dagsljósið, þó ekki nema örlítið brot af þeim góða dreng, sem hugsanlega hefur búið í hæstv. fjmrh. þegar hann tók sæti í núv. hæstv. ríkisstj., því hvað er nú meira sjónarspil en það sem hæstv. fjmrh. var að lýsa áðan í síðustu ræðu sinni. Hann sagði: Við treystum okkur ekki, þ. e. hæstv. ríkisstj. og auðvitað fylgifiskar hennar, til að framkvæma þá kjaraskerðingu, sem brbl. gera ráð fyrir, nema því aðeins að lofa um leið skattalækkun. — Og svo sagði fjmrh. áfram: Sú heimild, sem fyrir hendi er í gildandi fjárlögum, þ. e. 3 milljarða kr. lækkun opinberra framkvæmda, var ekki svo trúverðug að launafólk léti sannfærast um að við ætluðum að framkvæma skattalækkun. Við þurftum því að fá frekari heimild, en við ætlum ekki að nota hana. — Sjónarspilið er það að þykjast ætla að lækka skatta um meira en ca. 3 milljarða með heimild í brbl., en ætla sér ekki að notfæra þá heimild. Það fullyrti hæstv. fjmrh. líka áðan. (**Fjmrh:** Að hún yrði ekki notuð?) Já, að hún yrði ekki notuð. Eða hvað þýða orðin hjá hæstv. fjmrh., sem hann sagði orðrétt, að það væri ekki þar með sagt að hún yrði nokkuð notuð? (**Fjmrh:** Það er allt annað mál.) Hvað þýðir það? (Gripið fram í.) Nei, ég verð að viðurkenna að ég skil ekki það orðalag sem hæstv. fjmrh. þarf að tíðka hér í umr.

Ég skil þetta svo, að það sé nokkuð ljóst að þetta ákvæði í brbl. sé einungis sett þar til að setja á svið sjónarspil fyrir launafólk svo að það standi í þeirri meiningu að það sé ætlun hæstv. ríkisstj. að lækka skatta meira en hún hefur þegar heimild til samkvæmt fjárlögum með niðurskurði á opinberum framkvæmdum. Og ég vil aðeins minna á að það kveður við nokkuð annan tón núna hjá hæstv. fjmrh. og ríkisstj. en gerði allt s. l. ár, þegar hæstv. fjmrh. í fararbroddi í fylkingunni harðneitaði öllum skattalækkunum til handa láglaunafólki í tíu mánaða samningaþófi undir handarjaðri hv. þm. Guðmundar J. Guðmundssonar. Þá var stanslaust í tíu mánuði harðneitað öllum skattalækkunum til handa láglaunafólki, sem áttu þó að geta og gátu orðið miklu betri kjarabót fyrir láglaunafólk en þeir samningar sem gerðir voru og nú er búið að kippa grundvelli undan og draga alla til baka. Hér er því á ferðinni slíkt sjónarspil að

það hlýtur að því að koma fyrr en seinna að almenningur í landinu átti sig á því.

Þetta er aðeins fyrsta útspil hæstv. ríkisstj. Ef hún ætlar sér að gera meira í raunhæfni hlýtur að koma að því að fólk fer að átta sig á þessu. Ræða hæstv. fjmrh. áðan ber einmitt keim af því að nú séu hæstv. ráðh. orðnir svo ruglaðir sjálfir í þessu máli að þeir eru þegar farnir að vefja ofan af því sem þeir voru að segja í kringum áramót, um það leyti sem brbl. voru gefin út. Það er illa farið.

Að sjálfsögðu ann ég hæstv. fjmrh. alls hins besta. Það er illa farið ef svo fer sem mér sýnist horfa, að allur sá góði drengur, sem hugsanlega hefur búið í hæstv. fjmrh., hverfur á örskammri stundu í þessum söfnuði.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Mér er kunnugt um að margir verða loðnir í hugsun af nokkurri setu á Alþingi, en þó þykir mér nú skörin vera farin að færast upp í bekkinn ef menn rugla gersamlega saman þessu tvennu: annars vegar því, að ekki sé víst að heimild verði notuð og svo hins vegar, að heimild verði alls ekki notuð, og telja þetta alveg nákvæmlega það sama, að þetta merki nákvæmlega það sama. Auðvitað merkir þetta tvennt ólíkt, eins og vonandi flestir aðrir þm. gera sér fulla grein fyrir.

En í sambandi við þetta mál er auðvitað rétt að minna á að fyrir skattalækkun þeirri, sem áformuð er í tengslum við efnahagsaðgerðir ríkisstj., er, eins og ég nefndi áðan, ráð gert á fjárlögum undir liðnum Efnahagsaðgerðir. Við höfum því ekki gert ráð fyrir að það væri bráðnauðsynlegt að skera niður útgjöld ríkissjóðs í þessum tilgangi. Við höfum reiknað með að fjárlagadæmið rúmaði slíka skattalækkun. Hins vegar vitum við auðvitað ekki hver þróunin verður. T. d. getur þróunin í ríkisfjármálum orðið önnur en við eigum von á í ársbyrjun. Það eru alltaf miklar sveiflur í ríkisfjármálunum. Tekjur geta t. d. skilað sér verr en áætlað er. Sérstaklega gildir það um aðflutningsgjöldin og söluskattinn. Ef svo fer, að fjárhagur ríkissjóðs er allmiklu þrengri en hann virðist vera, en um leið jafnvel enn meiri þörf á skattalækkun en við gerum ráð fyrir nú, er ljóst að óhjákvæmilegt er að nota þær sérstöku heimildir sem aflað hefur verið. Hvort óhjákvæmilegt verður að nota þessar heimildir kemur hins vegar ekki í ljós fyrr en að nokkrum tíma liðnum. Það verður því að bíða síns tíma.

Ég vænti þess fastlega, að orð mín áðan verði ekki mistúlkuð á þann veg að það sé alls ekki ætlunin að nota þessa heimild. En það hefur bara ekkert verið ákveðið um það enn þá.

Kirkjubyggingasjóður, frv. (þskj. 283). — 1 umr.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Kirkjuþing 1978 samdi frv. til l. um kirkjubyggingasjóð. Nú hefur kirkjulaganefnd, sem skipuð er af dóms- og kirkjumrh., farið yfir frv. og er frv. það, sem nú er flutt, í þeirri mynd sem nefndin gekk frá því. Segja má að frv. sé í öllum megindráttum sama efnis og hið fyrra frv., að því athuguðu að árlegt framlag til kirkubyggingasjóðs er hér ákveðið 60 millj. gkr. Frv. þetta er þó nokkuð rækilegra um einstök atriði. Þá fylgir frv. athugun sem Hagstofa Íslands hefur gert á því, hvaða fjárhæðir nú svari til framlaganna sem ákveðin voru til Kirkjubyggingasjóðs með stofnlögunum frá 1954 og með lagabreytingu sem gerð var 1962. — Í kirkjulaganefnd eiga sæti dr. Sigurbjörn Einarsson biskup, formaður, dr. Ármann Snævarr hæstaréttardómari og Baldur Möller ráðuneytisstjóri.

Kirkjubyggingasjóður var stofnaður með lögum nr. 43 frá 1954, en þau lög hafa tvívegis sætt breytingum, sbr. lög nr. 47 frá 1955 og nr. 26 frá 1962. Sjóðurinn hefur gegnt markverðu hlutverki og stuðlað mjög að kirkjubyggingum hér á landi þótt fjárskortur hafi jafnan bagað.

Upphaflega var ráð fyrir því gert, að lán úr kirkjubyggingasjóði gætu numið 1/5 til 2/5 af byggingakostnaði kirkna, sbr. Alþingistíðindi frá 1953, A-deild, bls. 384. En þetta hefur farið mjög á annan veg þar eð framlög ríkissjóðs til sjóðsins hafa lengstum numið að verðgildi miklu lægri fjárhæð en til var stofnað 1954. Hin síðustu ár hafa framlög ríkisins verið þessi samkvæmt fjárlögum, svo dæmi séu nefnd: Árið 1974 8 millj. kr., árið 1977 15 millj. kr. og árið 1979 22.5 millj. kr. Samkv. lögum frá 1954 skyldi lágmarksfjárhæð úr ríkissjóði vera 50 þús. kr., en sú fjárhæð var hækkuð í 1 millj. kr. árið 1962. Þess skal getið að kirkjuþing hefur fyrir sitt leyti fallist á þá mikilvægu breytingu á gildandi lögum að lán skuli greiðast með vöxtum, en hingað til hafa þau verið vaxtalaus, sbr. 1. gr. laga nr. 43 frá 1954. Kemur þessi stefna fram í 1. gr. frv., sbr. og 8. gr. Er þetta gert í trausti þess, að framlög ríkissjóðs til kirkjubyggingasjóðs verði hér eftir í samræmi við breytingar á byggingavísitölu miðað við 1. júlí ár hvert.

Lagt er til í frv. að lánstími styttist úr 50 árum í 40 ár að því er varðar lán til kirkjubygginga. Ætti það stuðla að því að efla sjóðinn sem lánasjóð, en endurgreiðslur í sjóðinn hafa í reynd skipt miklu minna máli en ella vegna lækkaðs verðgildis peninga.

Það má nefna að sums staðar í löndum, þar sem þjóðkirkja er, stendur hið opinbera algerlega straum af byggingarkostnaði kirkna.

Vert er að geta þess sérstaklega, að almenningur hér á landi hefur lagt mikið af mörkum til kirkjubygginga og sýnir það ótvírætt góðan hug almennings til kirkjunnar. Þetta mikilvæga liðsinni ber ríkisvaldinu að virða og leggja af sinni hálfu úr ríkissjóði fram veigamikinn skerf til kirkjubygginga. Vissulega gæti komið til greina að framlög væru í formi styrkja, sbr. t. d. lög um félagsheimili. Með þessu frv. er þó eigi brotið upp á slíkri stefnubreytingu, heldur horfir frv. fyrst og fremst að því að kveða á um að lágmarksframlög ríkissjóðs til kirkjubyggingasjóðs, er lánar fé, skuli vera að verðgildi svipuð og verða átti samkv. lögum frá 1954 og 1962 og að svo verði einnig til frambúðar. Er þess að vænta að slíkt verði auðsótt.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. þessu verði að 1. umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég vil lýsa stuðningi mínum við þetta frv. og þær breytingar sem frv. felur í sér varðandi stuðning við kirkjubyggingasjóð.

Ég vil í þessu sambandi taka sérstaklega undir orð hæstv. ráðh. þess efnis, að ríkisvaldinu beri raunverulega að veita söfnuðum meiri fjárstuðning en nú er til kirkjusmíði, eins og það heitir nú á íslensku. Ég er þeirrar skoðunar, að ríkisvaldið eigi hverju sinni að reyna að virkja þann mikla starfskraft sem felst í söfnuðum, t. d. í nýjum borgarhverfum þar sem kirkja gegnir

mjög veigamiklu hlutverki sem félagsmiðstöð og veitir ekki af. Mín skoðun hefur ævinlega verið sú, að ríkisvaldinu bæri á hverjum tíma skylda til að styrkja og styðja kirkjusmíð miklu öflugar en nú er gert og hef í því sambandi látið mér detta í hug að sá háttur mætti verða á því máli að ríkisvaldið lánaði allt að 80% af kostnaðarverði kirkna við nýsmíði, en síðan yrði hluti safnaðargjalda látinn renna sem greiðslur til ríkissjóðs upp í þau lán sem hann kynni að lána nýjum söfnuðum.

Það er svo önnur saga, ef ríkisvald hækkar framlög til kirkjubygginga, hvort ríkisvaldið ætti ekki að hafa einhver tök á því að reyna að draga úr þeirri ríku tilhneigingu sem verið hefur hjá söfnuðum, a. m. k. hér í Reykjavík, að reisa steinsteypuhallir sem kosta allt of mikla fjármuni. Ég er þeirrar skoðunar, að hér hafi verið farið langt út fyrir öll eðlileg mörk og einfaldar, ódýrar kirkjur nái fullkomlega þeim tilgangi sem hin miklu bákn, sem reist eru víða t. d. um Reykjavík, þjóna nú. En eins og venjulega þegar rætt er um kirkjumál hér á þingi og málefni kirkjunnar verða undirtektir ekki ýkjamiklar, enda menn sparir á að fjalla um málefni hinnar íslensku þjóðkirkju á Alþingi Íslendinga, af hvaða ástæðum sem það er nú.

Ég vildi bara vegna orða hæstv. ráðh. vekja athygli hans á þeirri hugmynd, hvort hann gæti ekki tekið upp á sína arma einhverja þá breytingu sem gerði nýjum söfnuðum auðveldara en nú er að reisa eða smíða kirkju í nýjum hverfum. Þetta hefur verið mikill baggi á fámennum söfnuðum og hefur reynst mjög erfitt fyrir þá fjárhagslega að standa straum af kostnaði við kirkjusmíð hverju sinni. Ég vil eindregið mælast til þess, að ríkisvaldið sýni þau hyggindi að nýta þann mikla starfskraft, sem venjulega býr í þessum sóknum, sem standa að kirkjusmíðum og stuðla mjög að allri félagsstarfsemi í nýjum hverfum, þar sem borgaryfirvöld hafa ekki undan að reisa dagvistarheimili og aðrar stofnanir, en kirkjan getur gegnt stóru hlutverki.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Ég leyfi mér að þakka hv. 6. þm. Norðurl. e. fyrir þau vinsamlegu orð sem hann lét hér falla um þetta frv.

Ég gat þess sérstaklega, að almenningur hér á landi hefði oft axlað þungar byrðar í sambandi við kirkjusmíð á undanförnum árum. Það er ástæða til þess að sá áhugi fái sem best notið sín. En að því er varðar hóflega stærð á kirkjum, sem hv. síðasti ræðumaður vék að, er ég honum sammála um það efni og bendi m. a. á ákvæði í 4. gr. frv., þar sem tekið er sérstaklega fram að teikningar og kostnaðaráætlanir skuli lagðar fyrir þriggja manna nefnd sem í eiga sæti biskup Íslands, húsameistari ríkisins og þriðji maður sem kirkjumálaráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Þess er að vænta að umrædd nefnd geti haft nokkra hönd í bagga með stærð þessara bygginga.

Að öðru leyti endurtek ég þakkir mínar til hv. ræðumanns og vænti þess, að nefnd sú sem fær frv. til meðferðar taki og hugmyndir þær, sem hann reifaði, til athugunar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til menntmn. með 24 shlj. atkv.

Verðlag, frv. (þskj. 147). — 1. umr.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Þar sem 1. flm. þessa frv. situr ekki á Alþingi lengur mun ég freista þess sem síðari flm. að fylgja frv. eftir og koma því til nefndar.

Í þessu frv., sem er á þskj. 147, er gert ráð fyrir að þjónustufyrirtæki sveitarfélaga og samrekstrarfyrirtæki sveitarfélaga og ríkis fái ekki sömu meðferð varðandi gjaldskrár og aðrir aðilar sem taldir eru í 8. gr. laga nr. 56 frá 1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti.

Eins og kunnugt er var lögum um verðlag, samkeppnishömlur o. fl. breytt tvívegis, fyrst haustið 1978, þegar ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar frestaði gildistöku laganna um hríð vegna ónógs undirbúnings, og síðan voru í lögum nr. 13 frá 1979, sem eru betur þekkt undir nafninu Ólafslög, gerðar tímabundnar breytingar á verðlagslögunum. Í 59. og 60 gr. laga nr. 13 frá 1979 er gert ráð fyrir að verðlag sé bundið nema í undantekningartilvikum, en samkv. verðlagslögunum frá 1978 var gert ráð fyrir miklu frjálsara verðlagi en hér hefur ríkt um áratugi. Útkoman úr þessari þróun allri saman er sú, að ekki hafa um langan aldur verið í lögum jafnþröng ákvæði um verðlag. Má segja að verðlag allt sé bundið hér á landi og er þá ekki verið að ræða um sérstaka löggjöf, eins og lög um verðstöðvun sem hafa verið í gildi nánast allar götur frá 1971.

Með þessu frv. er ekki gert ráð fyrir að breyta lögum nr. 13 1979, heldur aðeins upphaflegu lögunum og þá 8. gr. þeirra. Í grg. er rakið dæmi sem tekur til dagheimila, skóladagheimila og leikskóla, en samkv. lögum og reglugerð um þessa þætti opinberrar þjónustu á ríkisvaldið að greiða ákveðinn hluta kostnaðarins. Sem kunnugt er hefur ríkisvaldið ekki virt viðkomandi lög og má því segja að ríkisvaldið hafi gengið á undan við að brjóta niður þá stefnu sem mörkuð hefur verið á hv. Alþingi.

Fyrir örstuttu kom út á vegum Sambands ísl. sveitarfélaga 6. hefti Sveitarstjórnarmála, nr. 6 frá 1980, og í það hefti ritar Kristmundur Halldórsson deildarstjóri í iðnrn. athyglisverða grein um gjaldskrármál og verðlagningu á þjónustu hitaveitna. Þar rekur Kristmundur lögin og jafnframt með hverjum hætti hægt er að afla einkaleyfis til að starfrækja hitaveitu. Í því sambandi er minnt á að gjaldskrár hitaveitna skuli endurskoða eigi sjaldnar en á fimm ára fresti. Mig langar til þess, herra forseti, að vitna til örstutts kafla úr þessari ágætu grein, því að í henni gefur fulltrúi iðnrn. ágæta lýsingu á því, hvernig verðlagningu opinberrar þjónustu, þ. e. hitaveitu sem er á vegum sveitarfélaganna, er háttað. Hann segir, með leyfi forseta:

„Það mun hafa verið í sambandi við kjarasamninga á árinu 1977, að þáv. ríkisstj. ákvað, að sett skyldi á laggirnar sérstök nefnd, gjaldskrárnefnd, til þess að fjalla um verðákvarðanir opinberra aðila.

Það var kveðið á um, að opinberar verðhækkanir skyldu einungis koma til framkvæmda á síðustu 10 dögum, áður en framfærsluvísitalan væri reiknuð út, þ. e. í byrjun febrúar, byrjun maí, byrjun ágúst og byrjun nóvember ár hvert. Þessar reglur hafa í megindráttum haldið sér fram til þessa og voru ítrekaðar af núv. ríkisstj. með skipunarbréfi þeirrar gjaldskrárnefndar, sem nú starfar, dags. 25. febr. 1980.

Í bréfinu segir, að beiðni um breytingar á verðlagningu vöru og þjónustu opinberra aðila skuli sendar viðkom-

andi rn., eins og verið hefur. Rn. skulu gera gjaldskrárnefnd grein fyrir framkomnum beiðnum og leggja fram rökstuddar tillögur um afgreiðslu þeirra. Verði samstaða með nefndinni og viðkomandi rn., skal verðbreyting heimiluð og hún tilkynnt viðskrh. (ríkisstj.), enda sé breytingin í samræmi við ákvæði stjórnarsáttmála.

Komi til ágreinings, skal honum skotið til fullnaðarafgreiðslu viðskrh. (ríkisstj.) Opinberar hækkanir skulu aðeins koma til á síðustu 10 dögum, áður en framfærsluvísitala er reiknuð út.

Gjaldskrárnefnd skal reglulega senda verðlagsráði yfirlit yfir ákvarðanir nefndarinnar.

Í bréfi gjaldskrárnefndar til iðnrh., sem kynnt hefur verið öllum hitaveitum, kemur m. a. fram, hvaða upplýsingar hún telur nauðsynlegt, að orkufyrirtæki leggi fram sem grundvöll að mati á hækkunarþörf. Er þar vikið að eftirtöldum atriðum:

1. Verðhækkun.
2. Upplýsingum og samanburði frá fyrri árum.
3. Rekstrarhagkvæmni.
4. Sveigjanleika.
5. Þjóðhagslegri hagkvæmni.

Í bréfinu er einnig lögð áhersla á, að beiðnir um hækkanir þurfi að hafa borist gjaldskrárnefnd eigi síðar en 10. þess mánaðar, áður en verðákvörðun á sér stað.

Eins og af þessu sést, er ákvörðun um hækkun þjónustufyrirtækja orðin mjög þung í vöfum, þegar haft er í huga, að um er að ræða allt að 50 orkufyrirtæki í landinu, þ. e. rafveitur og hitaveitur. Flestar þeirra hafa orðið að hækka gjaldskrár sínar á þriggja mánaða fresti að undanförnu.

Auk þess er hér oft á tíðum um að ræða hækkanir, sem beinlínis leiðir af hækkun á verðlagi undanfarins tímabils, en til að þær nái fram að ganga þurfa þær umfjöllun viðkomandi sveitarstjórnar, ráðuneytis, gjaldskrárnefndar og jafnvel ríkisstj.

Æskilegt er, að afgreiðsla á hækkunarbeiðnum, sem beinlínis stafa af hækkun verðlags, væri gerð einfaldari og að þær næðu fram að ganga án svo flókinnar umfjöllunar, a. m. k. meðan verðhækkanir eru svo örar sem raun ber vitni. Öðru máli gegnir um hækkanir, þar sem um er að ræða endurmat á verðlagningu, þ. e. a. s. leiðréttingu á gjaldskrá umfram verðhækkanir."

Hér lýkur tilvitnun í grein Kristmundar Halldórssonar í Sveitarstjórnarmálum þar sem hann lýsi núverandi verðlagningarkerfi.

Það er einmitt í þessari grein sem því er lýst mjög vel hvernig verð er í raun og veru ákveðið með þrælpólitískum hætti. Þekkt dæmi eru um að ríkisstjórnir hafi heimilað hækkanir á vissum kostnaðarþáttum, en haldið öðrum niðri beinlínis vegna vísitölunnar.

Með þessu frv. vilja flm. hverfa frá hinni brengluðu verðmyndun, sem tíðkast og á sér stað, og benda á máli sínu til stuðnings að það sé eðlilegra að þeir, sem kosnir eru í sveitarstjórnarkosningum til að fara með málefni sem snerta neytendur í viðkomandi sveitarfélagi hafi fullt vald yfir því, hvert verð sé á þjónustu sem þeir eru ábyrgir fyrir. Þetta sé miklu líklegra til árangurs en að ríkisvaldið notfæri sér slíkt verð í pólitísku skyni og valdi með þeim hætti sveitarstjórnum gífurlegum erfiðleikum.

Þetta er áhugamál sveitarstjórnarmanna um land allt, og ég vonast til þess, herra forseti, að fjh.- og viðskn. sjái sér fært að taka á þessu máli með jákvæðum hætti og afgreiða það þannig að það geti orðið að lögum áður en þing er úti.

Að allra síðustu vil ég geta þess, að það er áhorfsmál hvort töluliðurinn 5 á að vera í 1. gr. frv. eða hvort frv. á að vera sérstök málsgrein, sem mundi þá bætast við 8. gr. eins og hún er nú orðuð.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Sameinað þing, 44. fundur.

Þriðjudaginn 3. febr., kl. 2 miðdegis.

Beiðni um skýrslu um málefni Ríkisútvarpsins (þskj. 388). — Hvort leyfð skuli.

Beiðnin leyfð með 34 shlj. atkv.

Viðhald á Reykjanesbraut, fsp (þskj. 264). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Karl Steinar Guðnason): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp., sem er svo hljóðandi, með leyfi forseta:

„1. Hefur Vegagerð ríkisins gert ráð fyrir að leggja nýtt slitlag á Reykjanesbraut til að koma í veg fyrir þá stórfelldu slysalættu, sem nú er vegna slits á veginum?

2. Hafa aðrar leiðir til viðhalds Reykjanesbrautar verið kannaðar?"

Ástæðan fyrir þessari fsp. er sú, að fólk kvartar mjög yfir því nú að hjólfaradýpt vegarins sé það mikil að hún skapi hættu, einkum í vatnsveðrum. Samkv. þeim upplýsingum sem ég hef aflað mér fór hjólfaradýpt eða ástand vegarins yfir hættumörk fyrir fjórum árum. Talið er að með sömu umferð aukist hjólfaradýpt um 1.1 — 1.2 mm á ári og verði því hættulegri því lengra sem líður. Slysatíðni á Reykjanesbraut hefur verið allmikil og er því ástæða til að gæta að hvort ekki er nauðsynlegt að halda brautinni betur við. Vegurinn var lagður á árunum 1962 — 1966 og hefur ekkert viðhald verið við þann veg síðan. Þess má geta, að um Reykjanesbraut fer 10% af allri umferð í landinu svo að það mælir með því að vel sé hugað að úrbótum í þessum efnum.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Fsp. hv. þm. beindi ég til Vegagerðarinnar og hef fengið þær upplýsingar, sem ég skal nú lesa, með leyfi forseta, og eru það svör við báðum liðum þessarar fsp.:

„Reykjanesbraut hefur að mestu slitlag úr steinsteypu og var þetta slitlag steypt á árunum 1962 — 1965. Ekki hefur verið um viðhald á slitlaginu að ræða fram að þessu. Með tímanum myndast hjólför í þetta slitlag eins og önnur. Þegar hjólför hafa náð ákveðinni dýpt halda þau í sér vatni. Veldur það minnkandi viðnámi milli hjólbarða og vegar og aukinni ísingarhættu. Þetta hvort tveggja eykur mjög á slysahættu. Fylgst hefur verið með hjólfaramyndun á Reykjanesbraut í nokkur ár og á s. l. ári voru gerðar allítarlegar mælingar á yfirborði vegarins

til að fá yfirlit um ástand hans. Niðurstöður þeirra mælinga sýndu að dýpt hjólfara er víða orðin hættulega mikil og má ekki dragast að hefjast handa um úrbætur á veginum.

Það eru einkum tvær leiðir sem koma til álita varðandi úrbætur: Annars vegar má leggja asfaltslitlag ofan á steypu- eða veghelluna, og má segja að þetta sé algengasta aðferðin. Hins vegar má fræsa yfirborð steypuhellunnar niður fyrir hjólförin, þannig að yfirborð steypu verði slétt á ný. Hefur þessi aðferð rutt sér til rúms hin síðari ár, enda fylgja henni ýmsir kostir umfram hina fyrri, svo sem lengri ending á yfirborði, minni röskun á öxlum og fleira.

Við lauslegan kostnaðarsamanburð þessara tveggja aðferða, sem gerður var á s. l. ári, virðast þær mjög svipaðar. Hefur því verið unnið að öflun nánari upplýsinga, skoðun tækjabúnaðar o. fl. sem snertir fræsingu. Er þess að vænta að endanlegar niðurstöður um aðferð við úrbætur liggi fyrir síðar í vetur.

Að því er varðar framkvæmdir er ráðgert að hefjast handa á þessu ári, en rétt er að benda á að kostnaður við úrbætur er lauslega áætlaður 17 millj. nýkr. á áætluðu verðlagi 1981. Þessi tala er svo há, miðað við fjármagn það sem ætlað er til viðhalds á vegáætlun, að gera má ráð fyrir að það taki 2—3 ár að ljúka verkinu."

Fyrirspyrjandi (Karl Steinar Guðnason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. skýr og greið svör og hvet til þess að hafist verði handa við viðhald á Reykjanesbraut hið fyrsta. Samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, verða þar slys fjórða hvern dag árið um kring og er því brýnna úrbóta þörf.

Iðngarðar, fsp. (þskj. 264). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Eggert Haukdal): Herra forseti. Hinn 15. maí 1979 var samþykkt svohljóðandi þáltill.:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að undirbúa löggjöf um byggingu iðnaðarhúsnæðis með samstarfi einstaklinga, félagasamtaka og sveitarstjórna og með stuðningi ríkisins. Hafa skal samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga, Iðnlánasjóð, Iðnþróunarsjóð, Byggðasjóð, Félag ísl. iðnrekenda og Landssamband iðnaðarmanna. Könnun þessari og undirbúningi skal hraðað svo sem unnt er."

Og nú spyr ég: Hvað líður framkvæmd þessarar þál.?

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi hefur borið fram fsp. sína og lesið þá þál. sem fsp. hvílir á. Svar mitt er á þessa leið:

Með lagabreytingu varð 1979 var Iðnlánasjóði heimilað að veita lán til byggingar iðngarða og þar sett á fót sérstök lánadeild í því skyni. Hinn 17. nóv. s. l. gaf iðnrn. síðan út reglugerð um lánadeild iðngarða við Iðnlánasjóð. Við undirbúning reglugerðarinnar var haft samráð við Samstarfsnefnd um iðnþróun, sem í eiga sæti aðilar er tengjast iðnaðinum í landinu, svo og við stjórn Iðnlánasjóðs. Í 1. gr. reglugerðarinnar segir:

„Samkvæmt heimild í lögum nr. 59/1979, um breyting á lögum um Iðnlánasjóð, skal starfrækt við sjóðinn sérstök deild er nefnist lánadeild iðngarða. Deildin hefur þann tilgang að veita stofnlán til sveitarfélaga, félagasamtaka og einstaklinga, sem reisa iðnaðarmannvirki, í því skyni að skapa starfsaðstöðu fyrir iðnfyrirtæki, efla þar með íslenskan iðnað og stuðla að hagkvæmari dreifingu iðnaðar um landið."

Í reglugerðinni er m. a. kveðið á um heimild fyrir stjórn Iðnlánasjóðs að leita eftir samstarfi við aðra sjóði um fjármögnun iðngarða eftir því sem þörf krefur.

Með starfsemi lánadeildar iðngarða skal stefnt að aukinni iðnaðarframleiðslu. Að öðru jöfnu skulu ný iðnaðarfyrirtæki sitja fyrir um aðgang að iðngörðum.

Samkvæmt reglugerðinni ber eigendum iðngarða að gera sérstakar samþykktir um stofnun þeirra og notkun. Heimilt er að setja þar reglur um tímabundin leiguhlunnindi fyrir fyrirtæki sem fær aðstöðu í iðngarði til að létta fjárhagslegar byrðar fyrirtækis sem er að hefja starf eða er á viðkvæmu breytingaskeiði.

Stjórn Iðnlánasjóðs ber hins vegar að forðast að lánveitingar til iðngarða leiði til neikvæðrar samkeppni milli fyrirtækja innan iðngarða og fyrirtækja sem utan við þá standa, hvort sem er innan einstakra byggðarlaga eða í landinu í heild.

Tekjur lánadeildar iðngarða voru ákvarðaðar í lögunum frá 1979 250 millj. gkr. á ári á árunum 1980—1983, sem taka ætti af almennu umráðafé Iðnlánasjóðs í þessu skyni. Annað umráðafé deildarinnar eru sérstök lán sem stjórn Iðnlánasjóðs tekur samkvæmt heimild í lánsfjáráætlun ár hvert.

Ýmsar sveitarstjórnir og aðrir aðilar hafa á undanförnum árum leitað eftir stuðningi við byggingu iðngarða og er með ráðstöfunum þessum verið að bæta úr brýnni þörf. Þegar mun hafa verið úthlutað lánum til sveitarfélaga vegna byggingar iðngarða og minnist ég sérstaklega iðngarða á Selfossi í því sambandi.

Ég vil leggja áherslu á gildi iðngarða fyrir hinar dreifðu byggðir landsins og væri æskilegt að Byggðasjóður veitti framlög til byggingar iðngarða á móti lánum Iðnlánasjóðs, en aðrir sjóðir iðnaðar, eins og Iðnþróunarsjóður, eiga vissulega að geta komið þar til, og vil ég þar minna á sérstök norræn lán, „regional-lán", sem gert er ráð fyrir að tekin verði af Byggðasjóði og Iðnþróunarsjóði á yfirstandandi ári og væntanlega á hinu næsta til eflingar iðnaði hérlendis.

Ég vil og geta þess, að á vegum iðnrn. er nú í undirbúningi lagafrv. um stuðning við iðnþróun í landshlutunum og það átak, sem þar þarf að gera og margar þáltill. beinast að sem fluttar hafa verið af hv. þm. á þessu þingi og fyrri þingum og benda til þess, að áhugi er mjög vaxandi á þessum málum víða um landið.

Hagræðing að byggingu iðngarða getur verið mikil og ætla ég ekki að tíunda það ítarlega hér. Ljóst er að það getur í ýmsum tilvikum haft úrslitaáhrif fyrir uppbyggingu nýrra iðnfyrirtækja að auðvelda þeim að komast í hentugt húsnæði. Iðngarðar gefa einnig möguleika á margvíslegu samstarfi fyrirtækja. Þannig geta mörg smærri fyrirtæki notið innan iðngarða rekstrarhagræðis og aðbúnaðar sem aðeins hin stærri njóta venjulega. Ég tel að það sé mikilsvert að sveitarfélög hugi að þessum málum í sambandi við skipulagsmál þannig að þau geri ráð fyrir iðnaðarsvæðum og þá lóðum sérstaklega sem hentað gætu fyrir iðngarða. Ákveðin stöðlun í byggingum ætti einnig að koma til athugunar í þessu sambandi til að gera kostnað sem viðráðanlegastan í sambandi við slíkt iðnaðarhúsnæði.

Fyrirspyrjandi (Eggert Haukdal): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin, en í framhaldi af því vil ég segja þetta:

Eftir að till. mín kom fram á þinginu 1978—1979 kom fram það frv. sem ráðh. gat um, þ.e. að stofna lánadeild við Iðnlánasjóð sem lánaði út á iðngarðabyggingar, og reglugerð kom svo ekki fyrr en í s.l. árslok samkvæmt þessum lögum, eins og hann gat um, en með þessu frv. hans var ekkert nýtt veitt til iðnaðar. Það var aðeins skert það fé, sem fyrir var, með því að stofna þessa lánadeild — á það vil ég leggja áherslu — og það hefur ekki verið aukið síðan. Þetta er meginatriði málsins og svo hitt, að sú till., sem var samþykkt hér samhljóða um að undirbúa um þetta fullkomnari löggjöf og hafa samráð við þá aðila, sem þar var fram tekið, sú könnun og sú vinna hefur ekki enn átt sér stað. Ég hafði vonað að með því að það starf hefði verið unnið vel af hendi yrði með nýrri löggjöf veitt stóraukið fé til byggingar iðngarða, sem stórfellt mál, vítt og breitt um landið.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég átta mig ekki fyllilega á þeim orðum sem féllu hér frá hv. fyrirspyrjanda, að honum þætti ekki sæmilega að máli staðið við undirbúning iðngarða af hálfu rn. í sambandi við og í framhaldi af þeirri þál. sem hér er um að ræða. Það hafa sem sagt verið festir í lögum, eins og fram kom í svari mínu, möguleikar á að veita fjármagn í gegnum Iðnlánasjóð í þessu skyni, og þar var tryggð ákveðin lágmarksfjárupphæð, en engan veginn sett þak á að það mætti ekki veita meira fé til þess arna og afla lánsfjár einnig úr öðrum áttum en frá almennri fjárveitingu til Iðnlánasjóðs í þessu skyni.

Það er einmitt til athugunar, eins og ég gat um, að afla slíks fjármagns eftir því sem þörf krefur. Það hefur ekki verið fram að þessu um mikla ásókn að ræða eða eftirspurn eftir fjármagni í þessu skyni. En ég geri ráð fyrir að það fari mjög vaxandi eftir að reglugerð hefur verið sett um slíkt iðnaðarhúsnæði og það liggur ljósar fyrir hvaða kröfur verða til þess gerðar. Ég geri því ráð fyrir, að það verði þörf á verulega auknu fjármagni í þessu skyni á næstu árum, og þá verður auðvitað reynt að afla slíks fjármagns.

Fjármagnið, sem fyrirhugað er að taka og gert er ráð fyrir í lánsfjáráætlunardrögum þessa árs, bæði til Byggðasjóðs og til Iðnþróunarsjóðs, sem „regionallán" í gegnum Norræna fjárfestingarbankann, ætti að einhverjum hluta að geta runnið til byggingar iðnaðarhúsnæðis, til byggingar iðngarða, og unnt ætti að vera að ráðstafa því þannig eftir því sem þörf krefur.

Þá nefndi hv. þm. að það stæði eftir að hafa samráð við þá aðila sem um er getið í þáltill. Flestir þeir aðilar, sem nefndir voru í þeirri till., eiga sæti í Samstarfsnefnd um iðnþróun sem hafði undirbúning þessarar reglugerðar sérstaklega með höndum, þannig að ég tel að gagnrýni að því leyti sé tilefnislaus, það hafi verið leitað til þeirra aðila sem eðlilegt er að kæmu inn í samráð um þetta, og ég hef ekki orðið var við neina efnislega gagnrýni á þá reglugerð sem út var gefin í nóv. s.l. um þessi efni.

Það er að sjálfsögðu með þetta mál sem önnur, að réttmætt er að endurmeta þau að fenginni reynslu. En hér er sem sagt verið að leggja upp í ferð í þessum efnum, búið að skapa þar ákveðinn grunn, og þó að iðngarðaheitið sé eldra en þessi þáltill. og lög og reglugerðir, sem sett hafa verið, er hér um verulega breytingu að ræða frá því sem var þegar talað um og lagt út í byggingu iðngarða t.d. hér í Reykjavík fyrir alllöngu. Því miður mun hluti af því húsnæði fljótlega hafa gengið til annarra þarfa. En það á að vera sæmilega tryggt að það húsnæði, sem reist mun verða samkvæmt sérstökum samþykktum sem iðngarðahúsnæði, haldist í slíkum notum, notist iðnfyrirtækjum til frambúðar. — Þetta vildi ég að fram kæmi.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Á sínum tíma, þegar þessi þáltill. var hér til umr., lýsti ég yfir stuðningi við málið og gat þess jafnframt, að sveitarfélögin í landinu hefðu á árabili unnið að þessum málum og haft mikinn áhuga fyrir því að löggjöf eins og þarna er um að ræða yrði sett. Eins og allir, sem til þekkja, vita er mjög víða miklum vandkvæðum bundið að reisa ný iðnfyrirtæki og jafnvel að útvega hentugt húsnæði fyrir þjónustufyrirtæki sem víða er mjög mikil þörf fyrir í minni sveitarfélögum. Það var þess vegna mikilvægt að þetta mál fengi jákvæða meðferð. Ég tel að á vissan hátt hafi verið staðið að hluta til við framgang þessa máls með því að stofna lánadeild við Iðnlánasjóð. Hins vegar er sá galli á gjöf Njarðar, eins og hér hefur þegar komið fram, að það er ekki fyrr en rétt fyrir síðustu áramót að reglugerð um þessa lánadeild verður að veruleika og þess vegna hafa svo til engin lán verið veitt til iðngarðabygginga úr þessum sjóði.

Rétt er að gera sér grein fyrir að staðan í þessum málum er sú, að það hefur verið mjög mikil óvissa um framvindu þessa máls. Mér er kunnugt um að mörg sveitarfélög í landinu, sem hafa áhuga á þessu máli, hafa ekki farið af stað með undirbúning eða framkvæmdir á þessu sviði vegna þess að mikil óvissa hefur ríkt um hversu mikilla lánamöguleika væri að vænta. Ég tel að það sé mjög brýnt að auka kynningu á þeim möguleikum, sem þessi löggjöf eða reglugerð gefur, og umfram allt að auka fjármagnið, það er aðalatriðið.

Fyrirspyrjandi (Eggert Haukdal): Herra forseti. Það má vel vera að ríkisstj. sé ekki skyldug að fara eftir samþykkt þáltill., ég er nú ekki svo fróður um þessi málefni, en hins vegar hélt ég að svo væri a.m.k. siðferðilega. Það var meginatriði þeirrar þáltill., sem samþ. var, eins og ég las upp áðan, að hafa samráð við fjölda aðila og raunar fleiri en kom fram hjá ráðh. að væru í hinni svokölluðu samstarfsnefnd. Reglugerðin samkv. frv. hans var ekki sett fyrr en nokkuð á annað ár var liðið frá því að frv. hans var samþykkt og hátt á annað ár frá samþykkt sem fsp. fjallar um.

Ég vildi aðeins leggja höfuðáherslu á að það var ekki fylgt eftir að skipa nefnd með öllum þessum aðilum, eins og till. fjallar um, og að leggja fram frv. um þessi mál, þar sem fjármögnun og allir þættir væru teknir til greina, en látin duga sú litla lánadeild, sem var stofnuð, og til hennar veitt mjög lítið fé og hún vart komin enn þá í gang, eins og kom fram hjá síðasta ræðumanni.

Kaup á togara til Þórshafnar og Raufarhafnar, fsp. (þskj. 159) — Frh. einnar umr.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram við hæstv. sjútvrh. fsp. varðandi togarakaupin til Þórshafnar, hvernig þau mál standa, hvernig séð hafi verið fyrir fjármögnun til kaupa á þessum togara.

Þetta mál hefur borið á góma í fjölmiðlum fyrir skemmstu og því er ekki að neita, að við þykjumst sumir af þm. Norðurl. e. hafa verið nokkuð sniðgengnir í sambandi við upplýsingar um málið.

Nú vil ég ítreka það, að ég er enn sem fyrr þeirrar skoðunar, að þeir Þórshafnarbúar eigi rétt á því að fá togara til hráefnisöflunar í frystihúsið sitt og að hið opinbera standi raunar í óbættri skuld við þá Þórshafnarbúa fyrir það, hvernig að því var staðið á sínum tíma er þeir höfðu nýlega reist fullkomið frystihús, að þeim var fenginn lélegur togari með allmiklum kostnaði og áttu ekki annarra kosta völ um skip til þeirra fanga. Enn er ég þeirrar skoðunar að Þórshafnarbúar eigi að fá togara.

Eins og ég sagði áðan þykist ég a.m.k. hafa verið sniðgenginn og hef heyrt það ofan í aðra þm. úr Norðurl. e. að þeim þyki líka að þeir hafi verið sniðgengnir nokkuð með upplýsingar um það, með hvaða hætti var staðið að útvegun þessa skips. Ég skrifaði ásamt öðrum þm. Norðurl. e. undir bréf til ríkisstj. á þá lund, að þeim verði gert kleift að kaupa togara. Vil ég taka það fram, að þar var átt við og vakti í huga okkar þm. þá — a.m.k. flestra — miklu ódýrara skip en það sem keypt hefur verið. En ég óska þess sem sagt að hæstv. ráðh. upplýsi okkur nú um það, á hvaða rekspöl þetta mál er komið og með hvaða hætti kaup þessa skips verða fjármögnuð.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég sé fulla ástæðu til að taka undir orð hv. síðasta ræðumanns. Það mun mála sannast, að þegar þm. Norðurl. e. undirrituðu hið víðfræga bréf, sem síðan var sent ríkisstj., höfðu þeir í huga togara nokkurn franskan sem átti að kosta um 1.5 milljarða kr. Það er líka mála sannast, að þingmannahópurinn, kannske með einhverjum undantekningum, fékk ekkert tækifæri til þess að fylgjast með þróun þessa máls. Það, sem næst gerist, eftir að ríkisstj. heimilar togarakaupin og búið er að taka ákvörðun um málið í stjórn Framkvæmdastofnunar, er að þm. úr kjördæminu fá nokkuð óvæntar fréttir á borðið hjá sér, en þær eru að togaraverðið sé komið upp í rösklega 3.5 milljarða kr. Nú hefði ég viljað beina þeirri spurningu til hæstv. sjútvrh., af því að hann er staddur hér í salnum, hver hafi af ríkisstj. hálfu fylgst með framvindu þessa máls, hvort það hafi verið einhver þm. úr þingmannahópnum, hvort það hafi verið fulltrúi sjútvrn., fulltrúi Framkvæmdastofnunar eða hver hafi gert það.

Það verður að segjast eins og er, að hér hefur verið skrifað upp á allmarga „blankótékka" eins og oft vill gerast hjá stjórnmálamönnum og þeim sem fara með fjármuni almennings. Fyrsti „blankótékki" kemur raunverulega frá þm. Norðurl. e., annar „blankótékki" kemur frá ríkisstj. og sá þriðji frá Framkvæmdastofnun, þannig að „blankótékkarnir" eru orðnir þrír, og það er síðan hlutverk Þórshafnarmanna og Raufarhafnarmanna að útfylla þá tékka.

Ég sagði það á fundi með fulltrúum Framkvæmdastofnunar fyrir nokkrum dögum, að ég teldi að það hefði verið farið freklega á bak við þm. kjördæmisins og ég áskildi mér allan rétt í þessu máli. Hins vegar mun ég ekki skjóta mér undan þeirri ábyrgð sem það bréf, er ég skrifaði undir ásamt öðrum þm. í Norðurl. e., leggur mér á herðar.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég svaraði þessari fsp. reyndar allítarlega fyrir einum og hálfum mánuði, hélt ég, og reifaði alla þætti þessa máls og kann ekki við að fara að endurtaka það nú.

Hins vegar vil ég segja að það er dálítið til í því, sem hv. þm. sagði, að gefnir hefðu verið út þrír óútfylltir tékkar: fyrst af þm., síðan af Framkvæmdastofnun og svo af ríkisstj. Það verður að segjast eins og er. En hitt er annað mál, að sjútvrn. hefur aldrei tekið að sér að kaupa togara eða ákveða breytingar á togurum o. s. frv., o. s. frv. Togarinn er keyptur, síðan eru ákveðnar breytingar, og það eru útgerðaraðilarnir sem ákveða þær breytingar.

Í samþykkt ríkisstj. er Framkvæmdastofnun beðin um að hafa forsjá þessa máls og ég geri ráð fyrir að hún hafi fylgst með þessu eins og hún hefur getað. En fyrst og fremst eru það náttúrlega útgerðaraðilarnir sem kaupa skipið. Þeir eiga að greiða skipið þó að þeir fái lán til þess, og ef lélegt samband er á milli hv. þm. og útgerðarmanna í kjördæminu get ég lítið gert við því. Svo er ekki í mínu kjördæmi þegar um svona mál er að ræða, verð ég að segja. Þm. fylgjast með fyrir milligöngu réttra aðila.

Ef hv. þm. vilja nú hlaupa frá sínum óútfylltu tékka væri mjög fróðlegt að heyra það. Mér heyrðist hv. þm. Stefán Jónsson vera á báðum áttum áðan. Hann vill að þeir fái togara, en helst ekki taka neinn þátt í að ábyrgjast að þeir fái togara. Það getur vel verið að endurskoða eigi þetta mál frá grunni og ef bæði þm. og Framkvæmdastofnun draga til baka sín meðmæli með því, að Þórshafnarbúar fái togara, hlýtur ríkisstj. að endurskoða sína samþykkt sem var gerð á grundvelli þessara ályktana eða bréfa.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég hafði ímyndað mér að svo væri ekki komið í ræðutíma um þetta mál að aths. þyrfti að vera ákaflega stutt. Löng þarf hún aftur á móti ekki að verða eða ekki mjög löng.

Ef hæstv. sjútvrh. hefur ráðið það af orðum mínum að ég vildi hlaupast á brott frá uppáskrift minni á það, að þeir Þórshafnarbúar fengju togara, hef ég ekki kveðið nógu skýrt að orði í hinu fyrra spjalli mínu. Ég tók það skýrt fram, að ég er enn þeirrar skoðunar að þeir eigi að fá togara.

Sambandi okkar þm. við útgerðaraðila í kjördæmi okkar er e.t.v. ábótavant samanborið við það samband sem hæstv. sjútvrh. hefur við útgerðaraðila á Vestfjörðum. Um það skal ég ekki segja. Ég hélt því ekki fram, að þarna hefði átt sér stað sambandsleysi á milli útgerðaraðilanna á Þórshöfn og Raufarhöfn við alla þm. kjördæmisins. Mér er kunnugt um að 2. þm. kjördæmisins, hv. þm. Stefán Valgeirsson, fylgdist mjög vel með þessu máli, fékk að fylgjast með því. Við hann var haft samband, en ekki við mig.

Ég gaf hreint ekki í skyn í ræðu minni áðan að ég vildi banna Þórshafnarbúum að kaupa það skip sem hér um ræðir. Ég þó hins vegar hendur mínar af öllu því sem lýtur að sérstökum kaupum á þessu skipi eða samningum sem gerðir hafa verið upp á að breyta skipinu þannig að það hefur margfaldast í verði frá því sem um var talað upprunalega þegar fjallað var um kaup á togara til hráefnisöflunar fyrir frystihúsið á Þórshöfn. — Þetta vil ég að sé lýðum ljóst.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Ég átti víst eftir að þakka hæstv. ráðh. fyrir svarið síðast þegar þetta mál var til umr., fyrir einum og hálfum mánuði, og geri það hér með.

Vandamálið á þessum stað er að það vantar fisk hluta úr ári. Núna t.d. vantar engan fisk og það eru a.m.k. tíu ástralskar stúlkur í vinnu á Raufarhöfn. **(Gripið fram í:** En hvað með Þórshöfn?) Það vantar meira þar, það er rétt. Hitt er annað mál, að þeir höfðu togara þar sem gekk illa. Sá togari gengur sæmilega núna þaðan sem hann er gerður út. Það er staðreynd, að það hefur verið mjög erfitt að fá fólk frá þessum stöðum til að vera á togurunum. Það út af fyrir sig bætir ekki atvinnuástandið. **(StJ:** Hvaða staðreynd er það?) Það var a.m.k. staðreynd varðandi Fontinn. Eins og ég sagði: Það er nægur fiskur meiri hluta árs.

Nú vitum við það, að togaraflotinn er of stór og út frá því sjónarmiði einu saman hefði þurft að hugsa sig vel um áður en þessi kaup voru leyfð. Þar að auki er þessi togari byggður til að fullvinna fiskinn um borð þannig að hann veitir ekki mjög mikla atvinnu í landi með þeim búnaði sem hugsaður var eða a.m.k. til skamms tíma var hugsað að hafa um borð í honum. Hann mun sigla meiri hluta ársins með fiskinn. M.ö.o.: Þessi lausn er allt of dýr og það hefði verið miklu betra að leysa þetta mál með því að hjálpa þeim til að kaupa einn eða tvo báta.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Aðeins nokkur orð vegna ummæla hæstv. sjútvrh. um hvaða þm. hygðust nú skjóta sér undan þeirri ábyrgð sem þeir hefðu tekið á sig. Ég tók það skýrt fram í því sem ég sagði, að það mundi ég ekki gera því að með undirskrift á slíkt bréf hlýt ég að taka á mig ábyrgð. Ég vil bara að skýrt sé í huga sjútvrh. að ekki sé um það að ræða.

Það, sem ég gagnrýndi var einfaldlega þetta:

Þm. sem undir þetta bréf skrifuðu höfðu ekki hugmynd um þróun mála frá upphafi og þar til fyrir nokkrum dögum að lagt var á borðið fyrir framan þá bréf um að togarinn mundi kosta um 3.5 milljarða kr. Þetta er ekki af sambandsleysi við útgerðina. Ástæðurnar eru allt aðrar. Það er prýðilegt símasamband þarna norður hjá okkur og við höfum gott samband. En ég vil segja það, að málið hefur tekið mjög óvænta stefnu og það kemur ekki aðeins okkur þm. á óvart, það kemur á óvart stjórnendum Framkvæmdastofnunar, Ríkisábyrgðasjóði o.fl.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Fyrst þegar þetta mál var á dagskrá Sþ. gerði ég það að tillögu minni að birt yrðu bréfaskipti sem fram hafa farið vegna þessa máls frá þm. til hæstv. ríkisstj., frá ríkisstj. til Framkvæmdastofnunar og frá Framkvæmdastofnun — guð veit hvert — til ríkisstj. væntanlega, þannig að almenningur í þessu landi gæti kynnst því, hvernig svona mál eru rekin í íslenska ríkinu árið 1980. Það gæti orðið sumum fyrirmynd, en væntanlega öðrum víti til varnaðar.

Í þessari skýrslu, og ég ætla að ítreka áskorun mína til hæstv. ráðh., væri gott að kæmi fram hvernig togarinn umtalaði hefur hækkað í verði frá því að bréf þm. var skrifað og til dagsins í dag og af hvaða völdum, þannig að ekki aðeins hættu þm. hér í Sþ. að tala um mál sem ekki virðast liggja nægilega skýrt fyrir, heldur gæti þjóðin kynnst því, hvernig svona mál verður til, hvaða stefnu það tekur og hvaða endi það hlýtur.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Skrapdagar þeirra togara, sem til eru í landinu, fara nú að nálgast hálft árið. Hver togari, sem bætist við, fjölgar skrapdögum og hlýtur sú ástæða að vega þungt á móti fjölgun skipa. Fjárfestingin er orðin nægileg í sjávarútvegi og raunar öðrum atvinnugreinum og þegar verið er að bæta við mjög dýrum skipum handa mjög litlum plássum, sem varla ráða við togara, er það óskynsamlegt og kemur niður á þeim sem stunda veiðarnar fyrir. Á þetta við fleiri togara en þennan, líka Skagastrandartogara og þá ekki síður Hólmavíkurtogara. Það er óskynsamlegt að ráðast í þessa fjárfestingu. Þessi togari gæti fiskað brúttó fyrir fjármagnskostnaði, en engum kostnaði öðrum, ekki einu sinni vinnulaunum.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég var fjarstaddur í öðrum löndum, að sinna opinberum störfum samt, þegar fyrri hluti þessarar umr. fór fram og hef því ekki fylgst nema lítillega með síðustu ummælum manna í þessu máli.

Meðferð þessa máls er afar einföld: Þm. Norðurl. e. snúa sér til ríkisstj. með beiðni um að úrbætur séu ráðnar á atvinnuástandi á norðausturhorninu, Þórshöfn sér í lagi. Ríkisstj. sendir þetta erindi áfram til Framkvæmdastofnunar, sem sendir síðan álit sitt til baka um að líklegasta leiðin til að ráða framtíðarbót á þessu, líka vegna nýs frystihúss á Þórshöfn, sé sú, að þeim og Raufarhafnarmönnum verði gefinn kostur á að eignast annan togara sem yrði gerður út af félaginu sem fyrir var. — Tillit var líka tekið til Raufarhafnar í þessu sambandi vegna þess að það er erfitt að gera út togara á þeim stað vegna langrar sóknar á miðin. Þar er fiskiðjuver sem aðeins nýtur afla af einum togara. Það kæmi miklu betur út að þeir væru tveir, og þar við bætist að hagkvæmni í rekstri beggja skipanna yrði meiri og ódýrari samfélagsútgerð.

Þetta var skoðun Framkvæmdastofnunar og 1. ágúst samþykkir ríkisstj. að gefa þessum aðilum, útgerðarfélaginu við Þistilfjörð, heimild til að kaupa togara erlendis frá án þess að sigla öðru skipi út í staðinn og gerði Framkvæmdastofnuninni að vera í fyrirsvari fyrir fjármagnsútvegun. Síðan er það, að ríkisstj. ákveður eða fjmrh. notar sér heimild í lögum frá 1972 um að ábyrgjast 80% af kaupverði togarans. Rétt fjórum dögum seinna gerði Framkvæmdastofnun ríkisins þá ályktun, að hún liti svo á að ríkisstj. hefði gert Framkvæmdastofnuninni að útvega 20% af andvirðinu sem á vantaði. Aðilar nyrðra gerðu kaupsamning upp á 2.1 milljarð og miðað við að þarna var um hér um bil alveg nýtt skip að tefla þurfti það ekki að vaxa mönnum í augum. Gert var ráð fyrir að viðbótarkostnaður vegna breytingar, þar sem þetta var rækjuveiðitogari, mundi verða um 300 — 400 millj. kr. Síðan hefur átt sér stað húrrandi gengissig í rykkjum og stökkum, ef svo má segja, sem a. m. k. ríkisstjórnarmenn þurfa ekki að vera undrandi á, en allt að einu er þarna orðinn illskýranlegur — kannske má orða það svo — umframkostnaður við kaupin á þessum togara þannig að nú má gera ráð fyrir að hann kosti um 3.5 milljarða gkr.

Þetta er öll sagan og menn geta haldið áfram að kenna hverjir öðrum um eins og þeim sýnist, en menn geta fengið að kynna sér, ef þeir vilja, eftir bréfaskriftum og öðru alla meðferð þessa máls.

Ég bið forseta minn forláts. Ég hafði ekki haft tækifæri til að ræða þetta mál, en taldi nauðsynlegt að þetta, sem ég nú hef sagt, kæmi fram við umr. um málið.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Því miður er ekki möguleiki að ræða þetta mál hér eins og þörf væri á. Menn athuga það ekki í þessum umr. að allt lífið, öll atvinna á þessum stöðum á Norðausturlandi byggist á sjávarafla. Menn athuga ekki að það hefur hvergi á landinu verið eins mikið atvinnuleysi og t. d. á Þórshöfn. Menn athuga það ekki heldur að erfitt er að halda við skipi þarna. Það sýnir sagan af Fontinum. Hann voru þeir neyddir til að kaupa á sínum tíma þó að þeir væru orðnir næstir í röðinni að fá nýtt skip erlendis frá.

Ég verð að segja það, að mér þykir dálítið hlálegt að heyra að sumir þm. kjördæmisins kvarta yfir sambandsleysi við kjósendur sína. (Gripið fram í.) Sumir, sagði ég. — Það er auðvitað þeirra mál hvaða samband þeir hafa, og ekkert við því að segja. En ég legg áherslu á að það verði ekki hopað frá þessu máli. Það hefur verið ýmislegt ofsagt bæði hér og annars staðar um þessi mál. Það kann að vera að ég taki til penna og rifji það allt saman upp á næstunni, a. m. k. ef á að fara að setja fótinn nú fyrir að þetta skip verði keypt.

Ég vil segja það að endingu, að menn verða að athuga að þó að upphæðir hækki þarna sem í öðrum framkvæmdum hér á Íslandi held ég að þetta sé kannske ekki miklu meira en í sambandi við aðra fjárfestingu. Það er ýmislegt sem kemur til og því miður ekki möguleiki á að rekja það hér og því verð ég að láta þessu lokið.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég má til með að bæta örfáum orðum við og það er til þess aðeins að orðfæra álit Framkvæmdastofnunarinnar um að lausnin á atvinnumálum á norðausturhorninu væri að bæta við öðrum togara á þessu svæði. Það var ekki Framkvæmdastofnunin sem hefur uppgötvað þau sannindi sérstaklega.

Menn segja: Þessi staður á að vera bátaútvegsstaður. Við höfðum reynt ítrekað að styðja og styrkja bátaútveg á þessum stað, en hringinn í kringum landið í hverjum einasta þéttbýliskjarna þykjast menn ekki geta rekið frystihús og fiskvinnslustöðvar á nútímavísu nema hafa hið jafna og góða hráefni úr togveiðiskipum. Það var ekki Framkvæmdastofnunin sem réð því á sínum tíma þegar var hafin bygging á öðrum togara til handa Tálknafirði, 340 manna þorpi, — það eru þó 442 íbúar á Þórshöfn. Vestmannaeyjar, sem telja sér þó nauðsynlegt að hafa þrjá togara og leita með logandi ljósi eftir að fá fleiri keypta, voru frægasti bátaútvegsstaður í landinu, og bátaútvegsstaður var Bolungarvík og bátaútvegsstaðir voru Suðureyri og Flateyri, en allir þessir staðir hafa séð sig til knúna að halda uppi jafnri atvinnu og til þess að geta rekið þessi nýtísku frystihús að geta beitt slíkum tækjum fyrir sig. Á þessu byggðum við okkar álit, á reynslunni af því að við höfum ekki getað eflt bátaútveginn. — Þeir urðu fyrir stóráföllum einnig, en þetta sýndi sig að var staðreynd.

Það er fleira sem kemur til á þessu horni ef menn t. d. ætla að hafa skipan mála í sambandi við fiskveiðilögsögu með þeim hætti að um aldir alda verði lokað í norður frá Hraunhafnartanga út í 200 mílur og austur og norðaustur af Fonti út í 200 mílur fyrir öllum togveiðum. Þetta þurfa menn auðvitað að endurskoða. Þetta hefur gert mönnum erfitt um vik þarna, því að þaðan er um einna lengstan sjó að sækja á mið af þeim stöðum sem við þekkjum í landinu. Þetta var okkar skoðun þegar við fengum það verkefni í hendur að leggja fyrir hæstv. ríkisstj. með hvaða hætti ráðin yrði til frambúðar, svo sem beðið var um, bót á hinu ískyggilega atvinnuástandi norðausturhornsins.

Það má líka geta þess, að þó að Þórshöfn búi við uppland og aðra þjónustu, en vinni ekki einvörðungu að vinnslu sjávarafla, hefur Raufarhöfn ekkert bakland þannig að öll hennar lífæð liggur út í sjó.

Sameinað þing, 45. fundur.

Þriðjudaginn 3. febr., að loknum 44. fundi.

Fjarskiptaþjónusta á Gufuskálum, þáltill. (þskj. 68). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Gjaldskrá þjónustustofnana, þáltill. (þskj. 85). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Alkalískemmdir í steinsteypu í húsum, þáltill. (þskj. 86) — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Iðnaðarstefna, þáltill. (þskj. 93). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til atvmn. með 32 shlj. atkv.

Geðheilbrigðismál, þáltill. (þskj. 143). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 31 shlj. atkv. og til allshn. með 31 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs til að ræða um fiskverðsákvarðanir og önnur mál í því sambandi og gera um leið nokkrar fsp. til hæstv. sjútvrh. eða þá annarra þeirra ráðh. sem telja sig frekar eiga því að svara.

Almennt fiskverð átti að liggja fyrir um síðustu áramót, en þó kominn sé 3. febr. bólar ekki á almennu fiskverði. Verðlagsráð sjávarútvegsins á við ákvarðanir sínar um lágmarksverð á sjávarafla m. a. að hafa hliðsjón af markaðsverði sjávarafurða á erlendum mörkuðum svo og framleiðslukostnaði þeirra og skal Verðlagsráð leitast við að ná samkomulagi um lágmarksverð fisktegunda fyrir eitt ár í senn og aldrei fyrir skemmri tíma en eitt veiðitímabil. Það hefur líka verið í gildi að ákvarðanir Verðlagsráðsins hafa náð yfir eitt veiðitímabil, en aldrei fyrir eitt ár í senn.

Nú er svo komið að almennt fiskverð hefur ekki verið til og er ekki til frá áramótum. Og það er ekki nóg að það sé eingöngu almenna fiskverðið, það er ekki heldur til verð á loðnu, það er ekki heldur til verð á rækju og það er ekki heldur til verð á hörpudiski. Allt er látið bíða þrátt fyrir að þjóðin fékk þann boðskap á gamlárskvöld að allir gátu reiknað með því og ætlað að sjaldan yrði fiskverð almennt jafnsnemma tilbúið og einmitt eftir stefnuræðu eða réttara sagt tilkynningu ríkisstj. um áramótin, en þá segir hæstv. forsrh. í fjölmiðlum:

„Að undanförnu hefur ríkisstj. reynt að búa þannig um hnúta að útflutningsatvinnuvegir geti lifað og dafnað við stöðugt gengi. Nú í árslok hefur það gerst í fyrsta sinn um alllangt skeið að allar greinar fiskvinnslunnar hafa jákvæða afkomu. Frystiiðnaðurinn, sem átt hefur á þessu ári í alvarlegum erfiðleikum, hefur nú að mati Þjóðhagsstofnunar um 3.5% í afgang."

Síðan segir hann: „Til þess að greiða fyrir úrlausn þessa vandasama máls hefur ríkisstj. ákveðið að útvega Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins fjármagn til að tryggja eðlilega afkomu fiskvinnslunnar. Á hliðstæðan hátt verður útvegað fjármagn til að tryggja afkomu samkeppnis- og útflutningsiðnaðar. Útgerð og fiskvinnslu verður gert kleift að breyta skammtímalánum og lausaskuldum í lengri lán og vextir af gengisbundnum afurðalánum atvinnuveganna verða lækkaðir."

Með þessum orðum er sagt að ríkisstj. hafi tekið ákvörðun um að tryggja Verðjöfnunarsjóði að útgerð og fiskvinnsla geti snurðulaust haldið áfram, en samt er nú liðið á annan mánuð og ekkert fiskverð er ákveðið af Verðlagsráðinu. Af hverju hefur Verðlagsráðið ekki ákvarðað fiskverð? Það er vegna þess að það hefur ekkert fengið að vita frá ríkisstjórn Íslands um það, á hvern hátt eigi að tryggja fiskvinnslunni að geta tekið á sig hækkun fiskverðs. Útgerðin hefur heldur ekkert fengið að vita, hvorki í sambandi við rekstrarstöðu sína, hvar hún stendur, né hvað er hugsað í sambandi við framhald olíugjaldsins. Í þessu sambandi má nefna að 27. okt. í haust er meðaltalshækkun launa í landinu 10 — 11% og frá 1. des. eru 9.5% verðbætur á laun. M. ö. o.: Milli 21 og 22% launahækkanir hafa orðið frá því að fiskverð var síðast ákveðið. En fiskverð gildir frá 1. jan. svo að sjómenn og auðvitað um leið útgerðarmenn fá ekki hækkun á fiskverði fyrr en 1. jan. Aðrir launþegar fengu sínar hækkanir 27. okt. og 1. des.

Ég heyrði í sjónvarpinu fyrir nokkrum dögum að talsmaður Framsfl. nefndi 15% hækkun á fiskverði. Vitaskuld sagði hann ekki að hann væri skuldbundinn eða það væri ákveðið, heldur nefndi hann þessa tölu. Ég sé einnig að annað sterkasta málgagn ríkisstj., Þjóðviljinn, nefnir 15% fiskverðshækkun í leiðara í dag og klæðir sig nú aftur í sjómannapeysuna á sama tíma og aðrir launþegar eru með 21 — 22%. Í þessu sambandi er rétt að minna á að skerðing verðbóta á laun 1. des. 1978 var 8%, sem var gerð í eitt skipti fyrir öll. Miðað við hækkun framfærsluvísitölu hefðu verðbætur á laun átt að hækka um 14.12% frá 1. des. 1978, en launin hækkuðu aðeins um 6.12%. 8%, sem á vantaði, átti að bæta launþegum með skattalækkunum, niðurgreiðslum á vöruverði og félagslegum aðgerðum eða félagsmálapakka, eins og það heitir nú á dögum. Ég held að sjómenn almennt telji sinn félagsmálapakka fremur rýran. Hækkun framfærsluvísitölu frá 1. febr. 1979 til 1. nóv. 1980 nemur 38.3%, en hækkun verðbótavísitölu á laun á sama tíma 32.8%. Þarna vantar á 5.5%. Það er eftirtektarvert, að alltaf þarf slíkt að ske þegar vinstri flokkar ráða ríkjum.

Hvernig er svo staða útgerðarinnar? Þolir hún að bíða lengur? Hefur ekki útgerðin og hefur ekki m. a. Þjóðhagsstofnunin bent á að bátar á loðnu eru nú um áramót með mínus 8.7%, minni skuttogarar eru með mínus 11.9%, stærri skuttogarar eru með mínus 17.01% og samtals er útgerðin eða þessi hluti útgerðarinnar með mínus 11.2%. En ef fiskverð breyttist mundi staða útgerðarinnar við 20% breytingu fiskverðs fara á bátum á loðnu í plús 1.51%, minni skuttogarar yrðu áfram í mínus, en færu upp í mínus 0.8%, og stærri togararnir í mínus 6%. Ekki er nú beysnari afkoma útgerðarinnar en þetta. En þá verðum við einnig að hafa í huga að allar þær takmarkanir, sem hafa verið teknar upp og hafa verið í gildi á undanförnum árum, hafa auðvitað geysimikil áhrif á afkomu bæði útgerðar og ekki síður á afkomu sjómanna.

Skuldabyrði útgerðarinnar einnar var um síðustu áramót talin vera um 30 milljarðar kr. Hefur verið gefið loforð um að breyta henni að verulegu leyti í lán til lengri tíma, en þau tilboð eru m. a. fyrir hendi, eins og vegna olíuskulda, að taka þar upp vexti sem eru um 54 — 57%. Það bætist ofan á. Þetta er súpa sem útgerðin veltir á undan sér. Það er dæmi sem Þjóðhagsstofnunin tekur ekki með í sína útreikninga.

Þá komum við að fiskvinnslunni. Allir gera nú ráð fyrir að hækkun verði, enda munu ekki nást endar saman nema bæði útgerð og sjómenn fái verulegar hækkanir og það nálægt því sem ég hef hér verið að nefna, að ég tel. Hins vegar er komin upp hjá Þjóðhagsstofnun staða hinna ýmsu greina fiskvinnslunnar.

Þjóðhagsstofnun telur að skreiðarverkunin sé með 25% hagnað og söltunin með 10% hagnað, en staða frystingar sé um 1.6% hagnaður nú um áramótin fyrir fiskverðshækkun. Heildarniðurstöður af ofangreindum tölum telur Þjóðhagsstofnun vera um 7% tekjuafgang fyrir fiskvinnsluna þegar á heildina er litið. Hins vegar er ekki inni í þessu dæmi neitt í sambandi við loðnuveiðar og loðnuvinnslu og að því er ég best veit liggur það ekki fyrir enn þá þó þetta sé nú liðið frá því að fiskverðsákvörðun átti að liggja fyrir. Allir geta þó sagt sér að ekki getur verið mjög beysin afkoma þar, miðað við þann mikla samdrátt sem er í veiðum, sem auðvitað gengur þá

einnig út yfir loðnuverksmiðjurnar í samdrætti og uppsögnum hjá starfsfólki, sem auðvitað er afleiðing þess mikla samdráttar sem hefur verið í loðnuveiðum.

Þjóðhagsstofnun byggir á rekstraryfirliti 1979, rekstrarreikningum 63 frystihúsa og 43 saltfisk- og skreiðarhúsa. Í rekstraryfirliti frystingar er undanskilin hörpudisks- og rækjufrysting og nokkrar breytingar hafa orðið á úrvinnslu rekstrarreikninga miðað við árið 1979 og fyrri ár. Í tekjuhlið þessarar áætlunar eru liðirnir „selt af hráefni" og „aðrar tekjur" ekki að öllu leyti sambærilegir við áætlanir um fyrri ár. En það er annað sem breytir tölunum í þessum dæmum Þjóðhagsstofnunar. Þó að gengissig hafi verið með miklum heljarstökkum síðustu daga ársins 1980, og með þeim stökkum öllum gat forsrh. sagt í áramótaávarpi sínu að fiskvinnslan væri rekin með hagnaði, miðað við stökkin síðustu daga ársins, er ekki tekinn með hallarekstur sem orðið hefur, einkum í frystingunni, á árinu 1980, og sú skuldasúpa sem er velt á undan sér af frystihúsunum með þeim vaxtakjörum sem eru af slíkum vanskilum. Dæmið, sem liggur fyrir frá hendi Þjóðhagsstofnunar, er því í reynd ekki nálægt því eins gott og það lítur út fyrir að vera. En þó að dæmi Þjóðhagsstofnunar sé tekið eins og það er lagt fram getur fiskvinnslan ekki tekið nema hluta af væntanlegri fiskverðshækkun.

Þá komum við að því: Hvað er það sem tefur þær ákvarðanir ríkisstj. sem hún segist vera búin að taka á gamlársdag?

Þar er sagt að það eigi að gera Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins kleift að standa undir þessari hækkun að svo miklu leyti sem til hans þarf að grípa. Hlutverk Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins er að draga úr áhrifum verðsveiflna er verða kunna á útflutningsafurðum fiskiðnaðarins. Verðjöfnunarsjóðnum er skipt í deildir eftir tegundum afurða og skulu deildirnar hafa aðskilinn fjárhag. Þegar lögin voru sett — og þannig hefur það verið — var ekki hægt að færa á milli deilda. Ef vel gengur í þessari grein, en illa í annarri, er ekki hægt að taka fé sjóðsins og færa það á milli deilda. Ég veit að framleiðendur allir eru þeirrar skoðunar, að slíkt komi ekki til mála. Greiðsla framleiðenda á hverjum tíma til hinna einstöku deilda sjóðsins er framlagt fjármagn sem leggja á til hliðar þannig að hægt sé að mæta áföllum vegna verðfalls erlendis þegar það kemur fyrir þá deild sem um er að ræða. En ef á að færa á milli verður Verðjöfnunarsjóðurinn auðvitað aldrei neinn sjóður. Við höfum séð að frystideildin er alltaf algerlega fjármagnslaus vegna stöðu frystiiðnaðarins um nokkurra ára skeið. Hins vegar hefur verið töluverður tröppugangur í öðrum deildum. Á sínum tíma var skelfiskdeildin algerlega tóm. Nú eru þar verulegar innstæður af því að verðlag þar hefur verið gott og ekki orðið sveiflur niður á við á erlendum mörkuðum, heldur frekar upp á við, sem hafa gert kleift að leggja töluvert á þá framleiðendur sem greiða til þessarar deildar. Það getur svo komið að því, eins og hefur oft komið að áður, að útgreiðslur þurfi að vera miklu meiri en inngreiðslur, eins og hefur verið í flestum deildunum.

Sömuleiðis liggur ekkert fyrir um hvað ríkisstj. hyggst gera í sambandi við olíugjaldið. Olíugjald til fiskiskipa var ákveðið hér í októbermánuði eða frá 1. okt. 7.5%. Þá sagði hæstv. sjútvrh. að hann væri algerlega á móti því að leggja olíugjald á með þessum hætti. Hann var einnig þeirrar skoðunar litlu eftir að hann tók við sjútvrh.-embættinu að þegar breytingin yrði gerð í marslok eða aprílbyrjun teldi hann að það ætti að gerbreyta tilhögun þessa olíugjalds. Samkv. því hlýtur hann að hafa, nú þegar hann hefur haft næstum því ár til stefnu, mótað sér skoðun um hvernig hann ætli að koma þessum málum fyrir. Um það verður ekki deilt að útgerðin þarf sannarlega á niðurgreiðslu olíu að halda í einhverri mynd. Við fulltrúar Sjálfstfl. í sjútvn. lýstum okkur reiðubúna til samráðs og samvinnu við ráðh. og stjórnvöld um aðra leið í þessum efnum hér á haustdögum. Við okkur hefur ekki verið talað eitt einasta orð. Það er því sjáanlegt að hæstv. sjútvrh. þarf ekki neitt á ráðum eða samstarfi við stjórnarandstöðu að halda. Það ætti því að vera enn frekari ástæða til að ætla að þessi mál liggi fyrir alveg afgreidd. Því vil ég leyfa mér að spyrja spurninga í sambandi við efnahagsmálastefnu ríkisstj. Þar segir hún:

„Þær aðgerðir í efnahagsmálum, sem ríkisstj. hefur undirbúið, mótast af þrem aðalmarkmiðum:

Í fyrsta lagi að efla atvinnulífið og tryggja öllum landsmönnum næga atvinnu.

Í öðru lagi að draga svo úr hraða verðbólgunnar að hún lækki í um 40% á árinu 1981.

Í þriðja lagi að tryggja kaupmátt launafólks, um leið og gjaldmiðli þjóðarinnar verður breytt." — Ég veit ekki hvað átt er við með því, hvort það verður með kjaraskerðingunni.

Í fjórða lagi hætti ríkisstj. gengissigi um síðustu áramót, eftir að hafa beitt því vopni mjög myndarlega frá 8. febr. til áramóta þannig að verð á dollarnum hækkaði gagnvart íslenskri krónu um 52% eða fór úr 401.70 dollarinn í 614.70, að mig minnir.

Þá segir í þessari efnahagsstefnu að viðræður verði hafnar við samtök launþega og aðra hagsmunaaðila atvinnulífsins um framkvæmd samræmdrar stefnu í kjaramálum, atvinnumálum og efnahagsmálum til næstu tveggja ára. — Það er myndarlega af stað farið. Samt held ég að sjómenn, útvegsmenn og aðrir vilji fá fiskverð út vertíðina áður en farið er að leggja í að móta stefnu til tveggja ára, þó að það sé líka mjög gott. Hvenær hófust þessar viðræður, vil ég spyrja hæstv. sjútvrh. Hvað hefur verið rætt um í þessu sambandi við samtök sjómanna, við samtök útvegsmanna og fiskvinnslu og hverjar eru helstu hugmyndir ríkisstj. um framkvæmd samræmdrar stefnu í kjaramálum, atvinnumálum, efnahagsmálum. Hvernig hafa hagsmunaaðilar atvinnulífsins tekið hugmyndum ríkisstj.? Hér er ekki verið að spyrja á fyrsta degi eftir að ákvörðun er tekin. Það er komið nokkuð á annan mánuð svo að mér finnst nú ekki nema sanngjarnt og eðlilegt að Alþingi fái eitthvað um það að heyra.

Það er líka talað um að gera kleift að breyta skammtímalánum og lausaskuldum í föst lán og fróðlegt væri að fá að vita einnig um það.

Í sjöunda lagi er sagt að Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins skuli útvegað fjármagn til að tryggja eðlilega afkomu fiskvinnslunnar, eins og til var vitnað í ræðu forsrh. Ég spyr: Hvernig á að útvega Verðjöfnunarsjóði þetta fjármagn til að tryggja eðlilega afkomu fiskvinnslunnar og þar með þessarar atvinnugreinar í heild? Nú er ekki um að ræða neitt lán í því sambandi. Það verður þá að vera framlag eða ábyrgð. Er það ætlun sjútvrh. og ríkisstj. að breyta lögum um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins á þann veg að fara að færa á milli deilda? Það væri fróðlegt og gagnlegt að fá upplýsingar um hvort slíkt hafi nokkurn tíma komið til mála.

Þá er sagt í efnahagsáætluninni að samhliða þessum aðgerðum verði mörkuð atvinnustefna sem tryggi stöðugleika í hagkerfinu, aukna framleiðni og framleiðslu og hagkvæmni í fjárfestingu. Hvað er þessu langt komið? Þetta er að vísu nákvæmlega sama og sagt er í stjórnarsáttmálanum frá 8. febr., svo að þeir hafa haft ár til stefnu, og það er sannarlega kominn tími til þess, að einhverjar upplýsingar séu gefnar í þessum efnum.

Enn segir í efnahagsáætlun ríkisstj.: „Meðal meginþátta slíkrar atvinnustefnu verði samræming veiða og vinnslu í sjávarútvegi, athugun á fjölda fiskvinnslufyrirtækja í einstökum byggðarlögum og samvinna milli þeirra, svo og áætlun um endurnýjun fiskiskipastólsins."

Ég held að yfirleitt hafi þetta gengið á þann veg, að hér hafi ekki verið neinar samræmdar aðgerðir. Það hefur verið gripið til þess að setja meiri takmarkanir á veiði og þar með um leið takmarkanir á vinnslu og jafnframt hefur endurbygging á fiskiskipastólnum eða kaup nýrra skipa haldið áfram á nokkuð hraðri ferð. Með hverju skipi, sem bætist við, fjölgar því þeim dögum sem skip eru bundin eða eru dæmd til að stunda hið svokallaða skrapfiskirí.

Ekki verður hægt að segja að hægt sé að kenna Verðlagsráði sjávarútvegsins um að hafa ekki gengið frá verðlagningu á sjávarafurðum. Það er ríkisstj. sem hefur stöðvað með aðgerðum sínum og aðgerðaleysi að þessi ákvarðanataka geti farið fram. Í fyrsta lagi stöðvar hún gengið. Þar með segir fiskvinnslan: Við vitum ekkert hvað við fáum. Við getum ekki tekið á okkur hækkun. Við höfum ekkert útspil fengið. Ríkisstj. hefur sagt: Við ætlum að gera Verðjöfnunarsjóði kleift að standa undir fiskhækkunum. Vitaskuld vilja menn vita á hvern hátt þetta á að gerast. En það hefur ekkert komið fram. Sama er að segja með útgerð og sjómenn. Þeir hafa heldur ekkert fengið að vita og þess vegna hafa þeir beðið. Þess vegna spyr ég: Hvenær ætlar ráðh. að upplýsa yfirnefnd Verðlagsráðs sjávarútvegsins um þessi áform ríkisstj. þannig að yfirnefndin geti gengið til verka þegar í stað þegar vitað er hvað það er sem ríkisstj. ætlar að gera til að skapa þessari mikilvægustu grein atvinnulífsins starfsskilyrði? Útgerðin getur ekki beðið lengur. Fiskvinnslan verður að fá að vita sitt, og það verður einnig að fá að vita skoðanir ráðh. Hvað ætlar hann að gera í sambandi við olíugjald eða niðurgreiðslu á olíu til fiskiskipa? Hver eru áform hans í þeim efnum?

Allt þetta er forsenda þess, að hægt sé að ræða saman í fullri alvöru um kjarasamninga á milli sjómanna og útgerðarmanna. Það dettur engum manni í hug að ætla að útgerðarmenn geti rætt kröfur sjómanna um nýja samninga á meðan þeir vita ekkert hvar þeir standa með sinn rekstur. Það er því allt sök ríkisstj. að þetta er í því óefni sem það hefur verið í allt frá áramótum og raunar allt árið 1980 með stórfelldum hallarekstri. Það er því kominn tími til að hæstv. ríkisstj. geri hreint fyrir sínum dyrum. Nú er ekki lengur hægt að ganga fram hjá Alþingi, því að það situr og við fulltrúar þess fólks sem hefur kosið okkur úr útgerðar- og sjómannabæjum og kauptúnum þessa lands, en jafnframt er sjávarútvegurinn ekki minna atriði fyrir verkafólkið og raunar fyrir allar greinar atvinnulífsins aðrar því að hann er burðarásinn undir öðrum atvinnugreinum eða það sem aðrar atvinnugreinar byggja sitt á. Það er það sem sjávarútvegurinn getur í té látið. Þess vegna finnst mér kominn tími til að gera þessi mál hér að umræðuefni og fá skýr svör frá hæstv. sjútvrh. eða þá öðrum ráðh. sem telja sig frekar eiga að svara sumum atriðum þessa máls.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég skal koma inn á þau atriði í langri og ítarlegri ræðu hv. fyrirspyrjanda, sem varða fiskverð fyrst og fremst.

Það er alveg rétt hjá hv. þm., að dregist hefur allt of lengi að ákveða fiskverð. Hins vegar veit ég að hann veit miklu betur en kom fram hjá honum um ástæður til þeirrar tafar. Ég veit að hv. þm. er ekkert síður kunnugt um það en mér, að á sama tíma hafa staðið yfir samningar — við getum sagt um grunnkaup, á milli sjómanna og útgerðarmanna, framhald af þeim almennu samningum sem gerðir voru seint á síðasta ári. Þau mál hafa reynst ákaflega erfið í meðferð, verið mikill skoðanamunur á milli útgerðarmanna og sjómanna. Þar hafa verið til umræðu viðkvæm mál — ég nefni lífeyrissjóðsmálið þar sem borið hefur mjög mikið á milli.

Að sjálfsögðu, og það veit ég að hv. þm. veit, hef ég átt miklar viðræður við aðila að þessum málum báðum, en ég hef kosið að gera það í kyrrþey og ræða þar hina ýmsu möguleika til að leysa þessi mál. Ég get sagt það hér, að t.d. hafa fulltrúar sjómanna talið að fiskverðsákvörðun mætti dragast þar til einhver hreyfing yrði komin á samningamálin. Ég trúi því ekki t.d. að hv. þm., sem er svo nátengdur vegna fyrra starfs síns útgerð og fiskvinnslu, vilji að fyrir því verði spillt. Ég vil einnig upplýsa að fulltrúi útgerðarmanna, sem ég hef átt með ótal fundi í desember og janúar út af þessum málum, hefur sjálfur allt fram á síðustu daga talið rétt, að fiskverðsákvörðun yrði ekki hraðað á meðan hin viðkvæmu samningamál sjómanna og útgerðarmanna væru til meðferðar. Ég get einnig upplýst að í viðræðum, sem ég hef átt við sáttasemjara um þessi mál, hefur hann talið óæskilegt að ákveða fiskverð fyrr en einhver skriður væri kominn á hin viðkvæmu samningamál sjómanna og útgerðarmanna. Allt þetta veit ég að hv. þm. veit þó að hann komi hér upp í stólinn í þeirri von að geta e.t.v. rekið enhvern fleyg inn í þetta viðkvæma mál og valdið ríkisstj. þar með e.t.v. einhverjum vandræðum, en það mun honum ekki takast.

Að þessu máli er unnið hvern dag með viðræðum við þá menn alla sem í þessu eru. Það er vitanlega orðið ákaflega bagalegt hvað það hefur dregist og má ekki dragast lengi enn, enda er von mín að það verði ekki.

Ég vil jafnframt nefna það, að ýmsar ástæður eru fyrir því, að þeir aðilar, sem þarna eiga hlut að máli, hafa síður getað gert upp hug sinn í þessu sambandi. T.d. dróst það hjá Þjóðhagsstofnun, af ástæðum sem út af fyrir sig eru skiljanlegar, að fyrir lægi grundvöllur útgerðarinnar fyrr en 12. jan. s.l. Þær tölur, sem hv.þm. las upp áðan um fiskvinnsluna, lágu fyrir í gær, þ.e. 2. febr., um grundvöll fiskvinnslunnar. Ég hef rætt við fulltrúa fiskvinnslunnar sem hafa lagt á það ríka áherslu að þeir vilji hafa þennan grundvöll áður en þeir gera upp hug sinn. Ég hef að sjálfsögðu átt viðræður við fulltrúa í Verðjöfnunarsjóði sem hafa sagt hið sama: Grundvöllin vilja þeir hafa áður en þeir ákveða viðmiðunarverð. Þetta er bagalegt, það verð ég að segja, og hefur margsinnis verið rætt um það við Þjóðhagsstofnun. Ástæðan fyrir því, að útreikningar hafa dregist svo óvenjulengi núna, er sú, að þeir byggjast á endurskoðun á áætlunargrundvellinum, sem er unninn úr framtölum fyrirtækjanna, og framtöl fyrirtækja vegna nýrra skattalaga lágu fyrir mjög seint á síðasta ári. Ég vil

því taka það fram, að þótt ég harmi að þetta hefur dregist er ég ekki þar með að áfellast Þjóhagsstofnun. Þannig hafa margir þættir orðið til þess að ákvörðun fiskverðs hefur reynst erfið.

Ég hef að sjálfsögðu rætt um olíugjaldið og fulltrúar í Verðlagsráði vita vel hver hugmynd mín er um olíugjaldið. Þeir hafa þá ekki sagt hv. þm. það, — kannske talið betra að halda því innan sinna vébanda. Ég er m.a. búinn að ræða við þessa menn um hugmynd hv. þm. um að greiða niður olíu af almannafé, sem ég skal viðurkenna að ég tel umhugsunarverða og koma til greina, en það er alls ekki samstaða, hvorki hjá sjómönnum né útgerðarmönnum, um þá leið. Ég hef þess vegna tjáð þessum mönnum, að meðan ekki náist samstaða muni ég beita mér fyrir því, að olíugjaldið verði óbreytt, þótt ég endurtaki, eins og ég hef alltaf gert, að ég tel það ekki góða leið í þessu sambandi.

Það er rétt, að ég hef ekki leitað aðstoðar hv. þm. til að leysa þetta mál. Ég hef talið æskilegast í þessu viðkvæma máli að það leystist í þeirri nefnd hagsmunaaðila sem hæstv. fyrrv. sjútvrh. setti á fót og hefur starfað nú um það bil eitt ár eða svo. Því miður hefur það ekki tekist. Ég tel hagkvæmast að það gerist þar og miklu betra en að við stjórnmálamenn skipum þeim málum — e.t.v. í andstöðu við verulegan hluta hagsmunaaðila. Því legg ég á það áherslu að sú nefnd haldi áfram störfum og skili áliti sem allra fyrst.

Athyglisvert er að lesa Morgunblaðið í morgun þar sem skýrt er frá niðurstöðu Þjóðhagsstofnunar um afkomu fiskvinnslunnar. Hún er, eins og hv. þm. rakti, að meðaltali 7% hagnaður, en Morgunblaðið telur að þetta þýði að fiskvinnslan þoli 15% fiskverðshækkun. Mig langar til að spyrja hv. þm., af því að hann hefur gífurlega reynslu á þessum sviðum: Er hann þeirrar skoðunar, að miðað við 7% meðalafkomu fiskvinnslunnar, en 1.6% afkomu frystingar, 10.5% afkomu söltunar og 24.9% afkomu herslu þoli fiskvinnslan og þar með frystingin 15% fiskverðshækkun? Ég veit að hv. þm. á auðvelt með að svara þessu.

Það eru vitanlega fjölmargar staðreyndir í þessu máli eins og ég hef rakið, sem hafa því miður tafið afgreiðslu þess. (Gripið fram í.) Ég var að spyrja hv. þm. og vil fá að heyra svör hans og síðan skal ég segja mitt álit. Kannske hv. þm. hafi einhverja skoðun á þessu? (**MB:** Ég er ekki þeirrar skoðunar.) Nú, ekki þeirrar skoðunar. Jæja, það er fróðlegt að heyra það. Þá hefur Morgunblaðið sínar fréttir einhvers staðar annars staðar frá, heyri ég.

Ég vil jafnframt koma nokkuð inn á svokallaða millifærslu sem mikið hefur verið talað um, en ég vil þó fremur gera frystideild Verðjöfnunarsjóðs kleift að standa við viðmiðunarverð sem tryggir rekstrargrundvöll frystingarinnar. Fjölmörg fordæmi eru fyrir því að verðjöfnunardeildin hefur samþykkt útborgunarverð sem er töluvert fyrir ofan markaðsverð. T.d. var samkv. fundargerðum frystideildar Verðjöfnunarsjóðs frá 1977, svo að ég nefni bara eitt tilfelli í stjórnartíð hv. þm., gerð slík samþykkt í frystideildinni: Ákveðið var viðmiðunarverð á grundvelli tryggingar frá ríkisstj. þannig að deildinni yrði gert kleift að standa við það verð. — Í samþykkt ríkisstj. er hins vegar tekið fram að deildinni verði gert þetta kleift, en undirstrikað að það verði ekki gert með beinu framlagi ríkissjóðs. Ég þykist vita að hv. þm. hafi átt mjög drjúgan þátt í þessari ákvörðun. Þarna segir ekkert hvernig þetta skuli gert upp. Vitanlega hef ég rætt þetta við aðila í Verðjöfnunarsjóði. Ég hef rætt þetta við útgerðarmenn og fleiri fulltrúa sjómanna sem eiga hlut að þessu máli. Þessum mönnum er ljóst að við munum fara ákaflega svipaðar leiðir og farnar voru. Vitanlega er öllum ljóst að verðjöfnunardeildin getur ekki tekið lán án þess að hafa tryggingu ríkissjóðs eða aðra baktryggingu fyrir slíkum lánum, eins og hv. þm. var fyllilega ljóst, efast ég ekki um, þegar hann hagaði þessum málum svo sem ég hef nú greint 1977 og kemur glögglega fram í fundargerðum frystideildar Verðjöfnunarsjóðs. Þetta liggur alveg ljóst fyrir. Það er því alger vitleysa að það sé nokkuð frá hendi ríkisstj. sem tefur ákvörðun fiskverðs. Ég vísa því algerlega á bug.

Ég ætla ekki að fara að ræða hér almennt um efnahagsmálin sem hv. þm. kom inn á. Þau eru til umr. í Ed. og við fáum þau eflaust til umr. hér í Nd. — vonandi fljótlega — og þá getum við rætt um þau mál.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Vitaskuld er það að verða óviðunandi hve fiskverðsákvörðun hefur dregist lengi og stefnir í algert óefni. Ég heyri það hins vegar á yfirlýsingum hæstv. sjútvrh. hér, að það standi ekkert upp á ríkisstj. í þessum efnum. Það er nú í fyrsta skipti sem maður fær að heyra það, og er það kannske frekar boðskapur til þeirra, sem standa í þessum samningum, en beinlínis til okkar sem hér erum staddir á þessum fundi.

En það er annað atriði sem ég vil gera sérstaklega að umtalsefni.

Eins og komið hefur fram hér í ræðum manna var talað um það í svonefndri efnahagsáætlun ríkisstj., að Verðjöfnunarsjóði yrði útvegað fjármagn til að standa undir góðri afkomu fiskvinnslunnar. Menn hafa spurt hvaðan þetta fé kæmi. Þm. Alþb. hafa ekki verið í neinum vafa um hvaðan þetta fé kæmi. Þeir sögðu að þetta kæmi úr gengismunarreikningi eða m. ö. o. úr gjaldeyrisvarasjóði. Viðskrh. hefur svarað því einu, að það mundi aldrei koma þaðan. Ég veit ekki hvort ber að skilja þær yfirlýsingar, sem sjútvrh. gaf hér áðan, þannig, að Alþb.-menn hafi horfið frá því stefnumiði sínu, að þessir peningar kæmu úr gjaldeyrisvarasjóðnum. Það virtist a. m. k. ekki vera það sem hæstv. sjútvrh. vildi gefa í skyn. En æskilegt væri að fá skýrari svör um þetta efni. Það væri æskilegt líka vegna þess að Alþb.-menn hafa sagt að atvinnuvegirnir eigi þetta fé. Það sé þess vegna alls ekki um það að ræða að þetta sé styrkur, lán eða neitt slíkt, því að varla verður farið að styrkja menn með peningum sem þeir eiga. Varla fara menn að lána mönnum peninga sem þeir eiga. Er það þá orðin niðurstaða í ríkisstj. núna, spyr ég, að það sé rangt að atvinnuvegirnir eigi þetta fé, og er það þá orðið rangt að peningarnir skuli koma úr þessari áttinni?

Hæstv. sjútvrh. sagði í sjónvarpsþætti nýlega að það fé, sem útvegað yrði með þessum hætti, yrði auðvitað að endurgreiða. Þetta gengur þvert á þær yfirlýsingar sem borist hafa frá ýmsum öðrum talsmönnum ríkisstj., Alþb.-mönnum, um að menn ættu þetta fé. Ég vildi að það kæmi skýrt fram hjá talsmönnum ríkisstj. hvern veg þessu er farið, því að þjóðin öll hefur spurt: Hvaðan kemur þetta fé? Verður um að ræða styrki, lán eða gjöf? Og þjóðin á auðvitað heimtingu á að vita hvað af þessu þrennu það verður. Ef það verður gjöf verður þjóðin skattlögð fyrir því. Ef það verður lán viljum við líka fá tryggingu fyrir því, að þjóðin verði ekki skattlögð til að kosta atvinnurekendur með þessum hætti, heldur fá að

vita með hverjum hætti þessir peningar skuli greiddir til baka.

Í annan stað vil ég vara við því að taka nú upp að nýju einhverja misnotkun á Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins. Það var hárrétt, sem kom fram hjá hæstv. sjútvrh., að Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins var misnotaður í ríkisstjórnartíð Geirs Hallgrímssonar og Matthíasar Bjarnasonar. Þá var ávísað á tóma sjóði. Það var ekki beinlínis rétta leiðin til að hafa hemil á verðbólgunni. Sem betur fer tókst að komast út úr þessum farvegi og hætta því og reka Verðjöfnunarsjóðinn í samræmi við markmið sitt, sem hv. þm. Matthías Bjarnason rakti hér mjög greinilega hvert væri. Og ég vil vara við því, að það verði nú aftur farið inn á þá braut að ávísa á tóma sjóði með bakábyrgðum ríkissjóðs eða einhverjum öðrum hætti því að það verður ekki til þess að auðvelda hagstjórn hér í landi að gelda Verðjöfnunarsjóðinn með þeim hætti að láta hann hverfa frá markviði sínu og láta hann búa til peninga. Ég vil benda mönnum á að reynslan af því á árunum 1976—1977 fram á árið 1978 var mjög slæm og það hafði vaknað almennur skilningur innar greinarinnar jafnt sem meðal almennings á að þetta væri ekki leiðin. Ég vara eindregið við því, að inn á þessar brautir verði farið aftur því að þær liggja til ófarnaðar.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég ætla að svara örfáum orðum hv. 2. þm. Reykn. varðandi það sem hann sagði um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins.

Forsaga þess máls er sú, að á árunum 1972—1973 voru gerðar þær aðgerðir sem gerðu ókleift að byggja upp frystideild Verðjöfnunarsjóðsins, en hefði verið ákaflega auðvelt ef við hefðum tekið sæmileg ár. Hv. þm. verður að hafa í huga að á árinu 1974 varð alvarlegt verðfall og allt árið 1975. Það varð því að grípa til þeirra ráðstafana, sem gerðar voru, ellegar stöðva algerlega flotann og láta atvinnuleysi sigla í kjölfarið. Hins vegar var góðæri 1978 og 1979 og þá var það sjútvrh., í mesta góðæri og bestu stöðu loðnuveiða og loðnuvinnslu, sem greiddi úr sjóðnum á ofboðslega háu verði og sló öll met bæði fyrr og síðar og ætti þess vegna að komast í metabók Guinness. (Gripið fram í.) Já, það var búið að byggja upp loðnudeildina heldur betur frá því að vera ekki neitt. Ég ætla bara að segja þessi orð til að hressa upp að minni hv. þm.

Það kemur heldur ónotalega þegar hæstv. sjútvrh. ber mér það á brýn, að ég sé með tali mínu um þessi mál að reka fleyg í þetta viðkvæma mál. Er þetta eitthvert einkamál sjútvrh.? Hann ætti þó a. m. k. að vera hér á landi þegar hann fjallar um þetta einkamál, en ekki á skíðum suður í Evrópu. Ég ætla ekki að sitja undir svona glósum. Ég held að ráðh. lofti ekki þessum glósum eftir því sem hann hefur haldið á þessu máli. Svo er hann að bera fyrir sig að sjómenn biðji sig að sjá um að það verði ekkert fiskverð ákveðið, og hann segir að ríkissáttasemjari sé að biðja um þetta líka. Þetta eru ljótu karlarnir, hvernig þeir haga sér við sjútvrh., að biðja hann um að hafa ekkert fiskverð í nokkra mánuði svo að þeir geti haldið áfram að rífast um kaup og kjör og skella hurðum!

Hann minntist á Morgunblaðið. Ég sé að þar er viðtal við formann Sjómannasambands Íslands sem telur að ef 7% hagnaður sé á greinum fiskvinnslunnar skapi það skilyrði til 15% fiskverðshækkunar. Þó að fiskurinn sé stærsti hlutinn í rekstri frystihúsa fylgir annað. Það er von á uppbótum á laun starfsmanna 1. mars. Það verður ekki allt klipið af samkv. brbl., það verður einhver ögn eftir, nema annað sé ætlunin.

Það er ýmislegt annað sem ríkisstj. er að matreiða fyrir atvinnureksturinn. Ég held að það hafi orðið veruleg hækkun á orkuverðinu um áramótin, og áhrif gengissigsins til áramóta eru ekki öll komin fram. Því er fleira sem fiskvinnslan þarf að borga en fiskurinn.

Ég hélt að sjútvrh. landsins þyrfti ekki að leggja fram þá fsp., hvort menn héldu að ef það væri 7% hagnaður samkv. framreikningi Þjóðhagsstofnunar gæfi það tilefni til þess að fiskvinnslan ein gæti staðið undir 15% fiskverðshækkun. Mér finnst þetta svo fáránleg spurning að ég skil ekki mann í þessari stöðu að láta hana frá sér fara. Þetta er auðvitað tóm vitleysa sem fær engan veginn staðist, eins og hann sjálfur veit.

Í svörum hæstv. sjútvrh. kemur ekki fram það sem um var verið að spyrja. Það er verið að spyrja um hvort eigi að hreyfa við deildum Verðjöfnunarsjóðsins. Það kom ekkert svar. Ég verð þá að taka það á þann veg að ekki sé ætlað að færa neitt á milli deilda, að deildir Verðjöfnunarsjóðsins haldi sjálfstæði sínu og þær gera nú lögum samkvæmt. En það þýðir vitaskuld að af þessum hagnaði verður tekin bæði í skreiðardeild og saltfiskdeild meiri inngreiðsla en útgreiðsla. Staða þessara deilda er því sterkari og þær betur undirbúnar að taka við áföllum sem síðar kunna að verða. Hitt er aftur rétt, að frystideilin stendur illa.

Hann minntist á ákvörðun ríkisstj. frá árinu 1976, þar sem ríkisstj. lofar að ábyrgjast það viðmiðunarverð sem stjórn Verðjöfnunarsjóðsins ákvað, og nú eigi sem sagt að fara svipaða leið. Ég tel að það, sem gert var 1976 og í einu öðru tilfelli, hafi verið gert vegna þess að sjáanlegt var að fram undan var verðhækkun, einkum á Bandaríkjamarkaði, sérstaklega í þetta skipti, sem var þá að koma í ljós að mundi verða innan tíðar. Sú áhætta var því tekin þá sem fólst í ákvörðun ríkisstj. Eins réðu ríkisstj. og Seðlabankinn því, að gengissig yrði framkvæmt, og það varð þó að það væri ekki með neitt svipuðum hraða og varð á árinu 1980. Þetta gerði það að verkum að til ábyrgðar ríkissjóðs þurfti ekki að koma. Ef sjútvrh. hefði sagt yfirnefnd Verðlagsráðsins strax um ármót að ríkisstj. ætlaði að ábyrgjast nýtt viðmiðunarverð, sem gerði fiskkaupendum kleift að geta fallist á þetta og þetta mikla hækkun fiskverðs, væri auðvitað komið fiskverð og það fyrir löngu. En hann kemur hér upp og segir: Ég er alsaklaus og það hefur ekkert komið til okkar kasta, því að yfirnefnd Verðlagsráðsins á að ákveða þetta. — Þvílík hræsni! Og að þetta skuli gerast eftir þær yfirlýsingar sem komu fram í áramótaræðunni — áramótaskaupinu — þar sem yfirlýsingar eru gefnar um að tryggja skuli Verðjöfnunarsjóði fé til að stuðla að eðlilegri afkomu fiskvinnslunnar!

Aðilar að þessu máli byggja á að þær yfirlýsingar fái staðist. Svo kemur sjútvrh. nú 3. febr. og segir: Við þurfum ekkert að gera, það liggur ekki á neinu fiskverði því að sjómennirnir og ríkissáttasemjari vilja ekki fá fiskverð. — Hann reynir að sleppa við að svara öllu. Það er engu svarað í sambandi við öll loforð í þessari efnahagsmálaáætlun sem snerta sjávarútveginn. Ég gerði ekki annað að umræðuefni.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri, en vil segja hæstv. sjútvrh. að mér finnst hart að þegar alþm. ræða mikilvæg mál, sem skipta höfuðmáli fyrir gang efnahagsmála og

þjóðfélagsins, skuli þeir fá það yfir sig að þeir séu að reka einhvern fleyg í viðkvæm mál. Ég bið hann að endurtaka þau orð, segja með hvaða hætti ég hafi rekið fleyg til þess að hindra samkomulag í þessum mikilvægu málum. — [Fundarhlé.]

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég hafði kvatt mér hljóðs í umr. utan dagskrár, er hv. 1. þm. Vestf. hóf, til að ítreka nokkrar spurningar er ég vildi gjarnan bera fram og fá svör hæstv. sjútvrh. við. Ég hefði talið eðlilegt að halda þessum umr. utan dagskrár áfram að loknu kaffihléi og vildi gjarnan spyrja hæstv. forseta hvernig á því stendur að þessum umr. er ekki haldið áfram.

Forseti (Jón Helgason): Eins og hv. þm. er kunnugt er það í valdi forseta að ákveða röð mála á dagskrá og það eru engin ákvæði um að utandagskrárumræður hafi forgang. Hins vegar voru þær teknar fyrir í upphafi þessa fundar, en ég hafði gert ráð fyrir að fresta þeim nú um sinn.

Áhrif tölvuvæðingar á skólakerfi landsins, þáltill. (þskj. 99). — Ein umr.

Flm. (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Ég flyt hér á þskj. 99 till. til þál. um áhrif tölvuvæðingar á skólakerfi landsins, en meðflm. að þessari till. er hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir, sem nú situr reyndar ekki á þingi, en var hér sem varamaður fyrir Sjálfstfl.

Till. er svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að skipa nefnd til að kanna líkleg áhrif tölvuvæðingar á skólakerfi landsins. Bæði verði kannað, hver áhrifin muni verða á skólahaldið sjálft með aukinni tölvunotkun í skólunum svo og hvaða kröfur tölvuvæðing í öllu athafna- og atvinnulífi gerir til skólakerfisins.

Nefndin reyni að meta í grófum dráttum, á hvaða sviðum þjóðlífsins tölvuvæðingin komi til með að hafa áhrif og í hvaða tímaröð þau áhrif muni koma fram. Bæði verði tekið tillit til þeirra, sem starfa munu með tölvum eða í tengslum við þær, og einnig til allra hinna sem verða neytendur tölvuefnis.

Á grundvelli þessara athugana verði gerðar tillögur um, hvernig skólakerfið bregðist við þessum áhrifum og þeim kröfum, sem af þeim muni hljótast. Þess verði sérstaklega gætt, hver verði áhrif tölvuvæðingarinnar á almenna grunnmenntun."

Eins og öllum er kunnugt um eykst tölvunotkun hröðum skrefum bæði hér á landi og annars staðar. Sumir tala reyndar um byltingu í því sambandi og er þess skemmst að minnast þegar sjónvarpið sýndi s. l. vetur röð þátta um svonefnda örtölvubyltingu. Víða um heim faru fram miklar umræður um hvernig við skuli bregðast, bæði í atvinnulífi og í menntakerfi þjóðanna. Við erum vafalaust allmikið á eftir þeim þjóðum sem lengst eru komnar í þessum efnum, en þó ekki svo langt á eftir að við ættum ekki að eiga þess kost að fylgjast með þróun annars staðar og laga hana að þörfum okkar og aðstæðum. Þótt sjá megi fyrir öran vöxt tölvunotkunar verður að sjálfsögðu litlu spáð um nákvæmustu atriði þess vaxtar. Því er mikil og brýn nauðsyn að draga saman það, sem þó verður séð fyrir, og draga af því ályktanir um nauðsynleg viðbrögð.

Það er greinilegt, að tölvuvæðing mun taka til mikils hluta athafna- og atvinnulífs landsmanna. Augljósast er þetta á sviði þjónustu og viðskipta og á þeim sviðum framleiðslu þar sem nákvæmni í starfrækslu eða stjórnun skiptir mestu máli, svo sem í tæknivæddum iðnaði eða umfangsmiklum úrvinnsluiðnaði. Við slíkar greinar starfar verulegur hluti landsmanna. Er því ljóst að það verður í framtíðinni nauðsynlegur þáttur í nokkuð almennri starfsfærni manna að kunna viðeigandi skil á tölvunotkun.

En sé horft til þess, að allir landsmenn eru neytendur alls konar þjónustu er jafnframt ljóst að mikil þörf er almennrar fræðslu um tölvur. Það eykur enn nauðsynina á almennri fræðslu og almenningsfræðslu um tölvur og tölvumál, að tölvuvæðing veldur verulegri röskun á hefðbundnum eða viðteknum starfsháttum. Almenn fræðsla virðist eðlilegasta og nánast eina leiðin til þess að gera landsmönnum í senn kleift að fylgjast með breytingunum og umbera erfiðleikana sem af þeim hljótast, jafnframt því sem mönnum verði gert unnt að nýta þá miklu og jákvæðu möguleika sem þessi tækniný jung getur haft í för með sér.

Talið er að greina megi nauðsynlega kennslu í þessum efnum í þrjá meginþætti. Það er í fyrsta lagi menntun sérfræðinga, í öðru lagi menntun þeirra sem vinna í nánum tengslum við tölvur, eins og t. d. stjórnendur fyrirtækja, og í þriðja lagi menntun almennings sem notar eða er notandi tölvuefnis í æ ríkari mæli.

Ef við víkjum fyrst að menntun sérfræðinga á þessu sviði er þess að geta, að ýmsar þjóðir hafa reynt að leggja mat á hver muni framtíðarþörf fyrir sérfræðinga á tölvusviðinu. Menn hafa reynt að nálgast það á þann hátt að meta, hversu marga sérfræðinga þurfi á hverja tölvu, og reyna síðan að spá um hver verða muni fjöldi tölva í notkun nokkur ár fram í tímann. Allar slíkar spár eru hins vegar mjög erfiðar því að notkunin breiðist mjög ört út og nær til æ fleiri sviða. Ég hef t. d. séð spá, svo gripið sé til fjarlægs lands, frá háskólanum í Tókíó í Japan, en þar telja þeir að nú í ár sé þörf hjá þeim fyrir um 500 þús. sérfræðinga á þessu sviði. Nú verður auðvitað að taka slíkum tölum með fyrirvara og erfitt að ætla að yfirfæra þær yfir á okkar aðstæður, en ef við hins vegar gerum það mundum við nú þurfa ekki færri en um 500 sérfræðinga og jafnvel allt upp í 1000 sérfræðinga á þessu sviði.

Ég held að allir þeir, sem með þessi mál fara og starfa við þau, geri sér grein fyrir að það er mikill skortur á sérfræðimenntun hér á þessu sviði nú og eftirsókn er mikil í þá menn sem sérstaklega hafa menntað sig sem sérfræðinga á þessu sviði.

Þetta atriði á þó aðeins við um menntun sérfræðinga, en þá eru hin atriðin eftir, þ. e. menntun og þjálfun þeirra, sem vinna í nánum tengslum við tölvur, þ. e. stjórnendur stofnana og fyrirtækja sem nota tölvur að einhverju eða öllu leyti, og svo menntun almennings, þ. e. hins mikla fjölda almennra borgara sem eru notendur tölvuefnis í daglegu lífi.

Ýmsar þjóðir hafa á undanförnum árum tekið nám í þessum fræðum þegar inn í skyldunámið. Ég nefni sem dæmi að þegar fyrir 1970 var þetta gert í Ísrael, og jafnframt mun þetta þá að einhverju leyti hafa verið tekið inn í skyldunám í Bretlandi. Enn fleiri þjóðir hafa þó tekið þetta inn í framhaldsnámið eða framhaldsskólastigið, þ. e. hafa fært almenna kennslu í þessu af háskólastigi á framhaldsskólastig. Ýmsar þjóðir höfðu

þegar gert þetta á árinu 1970. Sem dæmi um það má nefna Bretland, Frakkland, Júgóslavíu og Ungverjaland, svo að gripið sé til nokkurra þjóða sem hafa ólíkt þjóðskipulag, og aðrar þjóðir hafa síðan fylgt á eftir. Mér er ekki kunnugt um að nein heildarúttekt hafi farið fram um þetta efni á vegum íslenskra yfirvalda menntamála eða áætlun hafi verið gerð um hvernig rétt sé að standa að þessum efnum.

Ég vil að lokum vekja athygli á einu atriði til viðbótar, en það er notkun talva sem kennslutækis. Tölvur gefa tilefni og tækifæri til kennslu sem mjög er sniðin að sérstökum þörfum einstakra nemenda. Tölvur hafa verið reyndar sem kennslutæki í héruðum þar sem um mjög dreifða byggð er að ræða, þar sem skólahald er afar dýrt vegna fjarlægðar og dreifðrar byggðar, og tölvur hafa í þessu efni reynst mjög nytsamleg kennslutæki í öðrum löndum. Þá hafa tölvur enn fremur reynst mjög mikilvægar til kennslu ýmissa hópa, sem eiga erfitt með að fylgjast með venjulegum kennsluháttum, t. d. kennslu fyrir heyrnardaufa og hreyfihamlaða. Í þessu efni hefur mjög margt verið gert erlendis sem ég hygg að væri mjög gott fyrir okkur að geta fylgst með og tekið til gaumgæfilegrar athugunar.

Vegna smæðar okkar eru líkur á að við getum haft og fengið sérstök tækifæri til hagkvæmra nota á tölvum og því grundvöllur fyrir örri þróun hér á landi í þessum efnum. Hitt skulum við einnig hafa í huga, að tölvurnar hafa vissar hættur í för með sér. Menn mega ekki trúa um of á þær og því nauðsynlegt að fara að með stakri gát. Þessi till. er hér flutt til að hreyfa þessu máli fyrst og fremst, til að vekja menn til umhugsunar um það og til að fela ríkisstj. að skipa nefnd til að kanna hvernig best verði að þessum málum staðið í allra nánustu framtíð, en ég hygg að það sé mjög brýnt að taka þetta mál upp til skipulegrar athugunar.

Ég vil að lokum leggja til, herra forseti, að að þessari umr. lokinni eða þessum hluta hennar verði till. vísað til allshn.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Hér er hreyft mjög þörfu og athyglisverðu máli. Við stöndum á þröskuldi nýrrar byltingar í raun og sannleika. Með tæknibyltingu á fyrri hluta þessarar aldar og fram eftir þessari öld leysti vélin erfiði mannshandarinnar af hólmi. Nú stöndum við frammi fyrir tölvubyltingu sem mun verða að ýmsu leyti hliðstæð við þá tæknibyltingu sem við lifðum á fyrri hluta þessarar aldar, — tölvubyltingu þar sem sjálfvirknin heldur innreið sína og „rútínuverk" munu hverfa, þau verða leyst af hendi af sjálfvirkum, tölvustýrðum tækjum. Við þurfum að sjálfsögðu að hafa manndóm til að nýta okkur þetta tækifæri vegna þess að í því geta falist miklar framfarir, í því getur falist betra mannlíf, ef rétt er að farið, í því geta falist batnandi lífskjör, ef rétt er að farið. En þá er líka mikils virði að menn nálgist þessa nýju öld með réttum hætti, ekki af ótta, heldur ákveðnir í því að nýta sér þá möguleika sem þarna finnast til betra mannlífs og til framfara.

Á þessum tíma, þeirri öld sem í hönd fer, munu störfin ekki síst verða tvenns konar: annars vegar að hanna búnað og hugverk með tilliti til þessarar nýju tækni og hins vegar að vinna með þessum sjálfvirku tölvustýrðu vélum. Margir munu sjálfsagt óttast að atvinna þeirra sé í húfi eða geti verið í veði við þessar aðstæður. Þess vegna þarf vitaskuld endurmenntun margra til nýrra verka. Þess vegna þarf líka að sníða skólakerfið að þeim þörfum sem þessi nýja öld mun búa okkur. Ég skil þá þáltill., sem hér er flutt, þannig að að þessum verkum skuli vinna.

En það er ekki nóg að skólakerfið sé sniðið að þessum þörfum. Það er ekki síður mikilvægt að starfandi fólk núna fái að kynnast því, hvað þessi nýja öld felur í sér. Það þarf að kunna skil á því, hvað þessi tölvutækni felur í sér, það þarf að kunna skil á því að lifa við þessar aðstæður, það þarf að forðast að menn óttist þessa nýju tækni og það þarf að forðast að það skapist oftrú á þessari nýju tækni, menn skilji að hún á sér sín takmörk og á að þjóna mönnum, menn skilji að hér er einungis um að ræða mannanna verk sem menn eiga að ráða yfir.

Ég tek eindregið undir þá till. til þál., sem hér er flutt, og tel að hér sé mikilvægt verkefni að vinna. Og ég held að það sé ekki vonum seinna að við búum okkur undir þá sjálfvirku byltingu, sem áreiðanlega er fram undan, þannig að hún megi nýtast okkur til framfara og betra lífs í nýjum atvinnutækifærum og menn geti nálgast þessa öld óttalaust, en með bjartsýni á framtíðina. Til þess að það megi gerast þarf að taka til hendinni, bæði í skólakerfinu og eins úti í atvinnulífinu meðal verkalýðs og meðal atvinnurekenda. Allir þurfu að kynna sér hvað í þessu felst.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Starfsreglur Póst- og símamálastofnunar, þáltill. (þskj. 161). — Ein umr.

Flm. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Hér er lögð fram till. til þál. á þskj. 161 um starfsreglur Póst- og símamálastofnunar. Hún er svo hljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela samgrh. að setja með reglugerð nánari fyrirmæli um starfssvið Landssíma Íslands með það að markmiði að samræma starfsemi og verksvið símans þeim reglum er gilda um starfsemi annarra hliðstæðra þjónustustofnana, svo sem rafveitna, hitaveitna og vatnsveitna."

Með leyfi forseta vil ég lesa kafla úr grg. sem fylgir:

„Þáltill. þessi var síðast flutt á 100. löggjafarþingi, 1978—1979, og var þá 211. mál.

Þar sem fram hefur komið í umr. á Alþingi, að núv. samgrh. er samþykkur þeim breytingum, sem þessi þáltill. gerir ráð fyrir, leyfi ég mér að endurflytja hana nú í von um að verði hún samþykkt auðveldi það ráðh. að gera hið bráðasta þær breytingar sem nauðsynlegar eru. Bæði tillögugreinin og grg., sem hér fer á eftir, eru orðréttar eins og þær voru upphaflega lagðar fram."

Ég mun ekki lesa frekar upp úr grg., en hvet þm. til að kynna sér hana vel, þannig að það fari ekki fram hjá neinum hvað hér er lagt til.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til að till. þessari til þál. verði vísað til allshn. og að umr. verði frestað.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Nýting kolmunna, þáltill. (þskj. 278). — Ein umr.

Flm. (Helgi Seljan): Herra forseti. Á þskj. 278 hef ég leyft mér að flytja till. til þál., svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að hefjast nú þegar handa um nýtingu kolmunna til veiða og vinnslu. Skal í því sambandi komið á fót vinnslustöð á Austurlandi (Reyðarfirði) til vinnslu kolmunnaafurða með frystingu og þurrkun í huga."

Þessi till. er endurflutt. Hún var flutt á síðasta löggjafarþingi, en fékk þá ekki afgreiðslu, enda var hún flutt síðla á þinginu.

Það eru tveir menn aðallega og nær eingöngu sem ég hef stuðst við varðandi alla grg. þessa máls. Sá mikli áhugamaður Magni Kristjánsson er aðalhvatamaður þess, að þessari hugmynd er hreyft hér á Alþingi, — ekki aðeins vegna þess að hann er áhugamaður um það að veiða kolmunna og nýta þau verðmæti sem þar er að finna einmitt í okkar miklu vandræðum gagnvart ofnýttum fiskstofnum, heldur einnig vegna þess að hann hefur trú á því, að vinnsla kolmunnaafurða, bæði hvað snertir frystingu og þurrkun, sé mjög mikilvæg fyrir okkar þjóðarbúskap og við eigum að stefna að því að láta þær hugmyndir, sem nú eru uppi hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, ná sem fyrst fram. En einmitt þangað hef *ég sótt annað meginefni þessarar grg., til Sigurjóns* Arasonar sérfræðings í þeirri stofnun sem hefur alveg sérstaklega fjallað um kolmunnann og hugsanlega nýtingu hans og hefur stjórnað þeim vinnslutilraunum sem þegar hafa farið fram varðandi kolmunnann.

Ég ætla aðeins að stikla á því stærsta í þessari grg. og vitna til þeirra til skiptis hér eða til þeirra beggja, Magna Kristjánssonar og Sigurjóns Arasonar, varðandi þetta mál.

Það þarf ekki að rekja, held ég, fyrir hv. þm. eða fyrir neinum þá baráttu sem Magni Kristjánsson hefur staðið í varðandi nýtingu á kolmunnanum. Hann hefur talað þar um of fyrir daufum eyrum, menn hafa ekki hlustað á hann nægilega. Satt er að hér er um mikil vandkvæði að ræða í byrjun. En við hljótum að hugsa til þess, hve miklu magni af kolmunna er mokað upp hér rétt hjá okkur. Þetta telja Rússar t. d. ómaksins vert að gera rétt við landhelgismörk okkar. Þeir moka þar upp um 760 þús. lestum miðað við síðasta ár, að talið er, og það er ekkert smáræði af þeirri heildarveiði sem talin er að sé á kolmunna alls, eða um 1200 þús. lestir.

Magni segir m. a. í grein, sem hann skrifaði um þetta, *með leyfi forseta:*

„Umræða um ofnýtingu fiskstofna er fyrirferðarmikil. Samfara þeirri umræðu er stundum bent á að til eru vannýttir fiskstofnar. Það síðarnefnda fær ekki umfjöllun sem skyldi. Þvargað er fram og aftur um ofnýttu stofnana. Lengra nær umræðan oftast ekki og að sjálfsögðu fæst engin niðurstaða. Margir segja líka, að fiskiskipaflotinn sé allt of stór, og vilja selja bróðurpart flotans eða leggja honum. Þessi floti er nú einu sinni í höndum landsmanna og raunhæfari leið til úrbóta er að finna honum verkefni við hæfi."

Í framhaldi af þessu ræðir Magni um kolmunnann, gerir honum góð skil, bæði varðandi uppeldisstöðvar hans og stofnstærð, og fer ég ekki nánar út í það. En hann segir svo, með leyfi forseta:

„Langbest veiðivon er, að því er menn nú best vita, á hrygningarstöðvunum, einnig við Færeyjar og svo í íslenskri fiskveiðilögsögu úti fyrir Austfjörðum og á Dohrnbanka. Það, sem gerir hlut okkar betri en ella, er sú staðreynd, að þegar kolmunninn heldur sig hér við land er hann í besta hugsanlegu ástandi, hvort sem er til manneldis eða mjölvinnslu."

Síðan ræðir Magni þetta nánar, spyr t. d. að því, hvort við eigum skip til þess arna, og segir í lokin, með leyfi forseta:

„Við lauslega athugun sýndist mér að u. þ. b. 30 loðnuveiðiskip hafi 1000 hestafla vélar eða stærri og þar með möguleika að draga flotvörpu við sæmileg veðurskilyrði. Auk þess eru a. m. k. 3 skuttogarar sérlega hentugir til kolmunnaveiða."

Þessi grein var rituð í ársbyrjun 1979, og til marks um þann stórhug, sem þar felst hjá Magna, eru þessi lokaorð hans, með leyfi forseta:

„Eins og áður segir veiddust hér við land aðeins 35 þús. lestir á s. l. ári af kolmunna. Setjum því markið hátt og veiðum í ár yfir 100 þús. lestir og 200 þús. lestir næsta ár. Þetta er framkvæmanlegt og mundi, eins og ég hef bent á, styrkja stöðuna þegar að kvótaskiptingu kemur, og ekki má gleyma blessuðum ríkiskassanum. Þar hlýtur að vera pláss fyrir þann gjaldeyrisauka sem af þessu hlytist. En til að þetta megi takast verður að hefjast handa. „*Sveltur sitjandi kráka, en fljúgandi fær.*"

Þetta segir Magni Kristjánsson. Menn vita að hann stendur í öðru nú en að veiða kolmunna og ekki síður þörfu verkefni, sem er vonandi að honum takist vel að leysa. En ég hygg að ef hann væri nú hér á landi mundi hann leggja orð í belg varðandi þær umræður, sem nú fara fram um verkefni fyrir loðnuflotann okkar, og mundi þá örugglega benda á það réttilega að við ættum að skoða þá möguleika sem í því felast að nýta kolmunnann til að leysa vandamál þess stóra flota sem nú virðist engin leið að leysa á annan hátt en þann að beina honum *að einhverju leyti, kannske verulegu leyti, í þorskinn sem* er talinn á mörkunum varðandi ofveiði.

Ég vík svo stuttlega að því sem kemur frá sérfræðingi Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins. Það gildir sama um þann mann, að hann hefur tröllatrú á því, að við getum fært okkur í nyt kolmunnann, bæði til fiskmjölsframleiðslu og ekki síður til manneldis. Hann vitnar í það, að hann hafi staðið fyrir því, að vinnslutilraunir voru framkvæmdar á Eskifirði þar sem kolmunninn var unninn í skreið og verkunin var miðuð við tvo markaði, svo ólíkir sem þeir eru, annars vegar gæludýrafóður og hins vegar *til manneldis í Nígeríu. Það kom í ljós að þessar vinnslu*tilraunir báru mjög góðan árangur. Hann segir hér að kostnaðartölurnar segi að vísu lítið af þeirri einföldu ástæðu að vinnslutilraunirnar hafi verið of takmarkaðar, en engu að síður fullyrðir hann í niðurlagi þeirrar skýrslu, sem hann gaf um vinnslutilraunirnar að kolmunnaveiðar við Ísland eigi að geta aukist verulega, og segir svo orðrétt, með leyfi forseta: „Raunhæft væri að stefna að a. m. k. 200 þús. tonna veiði árlega." Hér kemst hann að sömu niðurstöðu og Magni Kristjánsson komst að árið áður.

„Fyrstu árin þyrfti að gera ráð fyrir blönduðum veiðiskap, þ. e. landa hluta kolmunnans úr hverri veiðiferð til bræðslu og hinn hlutinn færi í vinnslu til manneldis, vegna þess að í landi er ekki til næg aðstaða til vinnslu á neyslufiski og eins hitt, að markaðir fyrir kolmunna til neyslu eru óvissir. Þurrkun kolmunnans getur farið fram á sama hátt og þurrkun annars smáfisks og skapast þá samfelldara hráefnisframboð. Einnig þarf að vera nægilega stór markaður fyrir þessa vöru. Töluverður mark-

aður virðist vera á Norðurlöndum og víðar fyrir þurrkaðan smáfisk í gæludýrafóður og stór markaður er fyrir smáfiskskreið til manneldis í Nígeríu. Eins og áður er nefnt er framleiðsla á kolmunnaskreið sú vinnsla sem skilar mestum arði."

Síðan víkur hann að vandamálinu sem er kannske aðalvandamálið sem þarf að snúa sér að:

„Fiskverkendur og neytendur hafa ekki enn þá viðurkennt kolmunnann sem nýja tegund, heldur er sífellt reynt að framleiða úr honum afurðir, sem eru sambærilegar við þá fiskrétti sem nú þegar þekkjast á markaðnum. Kolmunninn hentar ekki vel í þessa fiskrétti og þar af leiðandi er markaðsverð kolmunnaafurða um 70% lægra en fyrir sambærilegar þorskafurðir."

En síðan segir Sigurjón orðrétt: „Engin tæknileg vandkvæði eru á því að veiða og vinna kolmunna í afurðir til manneldis. Málið snýst því raunverulega um það verð, sem framleiðendur geta borgað fyrir hráefnið. Verðið er mjög háð markaðsverði fullunninnar vöru, sem þarf að vera það hátt, að ekki verði tap á rekstrinum."

Síðan hefur hann sett hér upp ákveðna hugmynd um nýtingu og verðmætasköpun varðandi kolmunnaveiðarnar og gengur þá út frá því, að við höfum sölusamning upp á 5000 tonn af kolmunnaskreið til Nígeríu, gengur út frá ákveðnu skilaverði þar, en hitt fari svo í fiskmjölsvinnslu. Hann er hér með nýjustu útreikninga á þessu, frá nóv. 1980, þar sem hann er að tala um heildarskilaverðmæti annars vegar upp á 15 milljarða 375 millj. gkr. og dregur svo frá því stærsta kostnaðarliðinn, þ. e. olíunotkunina bæði fyrir veiðiflotann og fiskmjölsvinnsluna, og áætlar þann kostnað upp á 4 milljarða 950 millj. Hann slær því þannig föstu að verðmætasköpunin við kolmunnaveiðarnar yrði um 10 milljarðar og þá olíukostnaðurinn 25—30% af söluverðmæti kolmunnaafurðanna.

Sigurjón hefur sjálfur sagt að þetta séu tölur sem hann setji fram með nokkrum fyrirvara, og ég tel rétt að gera það hér einnig. Hann segir hins vegar að hann telji að þessar tölur, ef rétt væri að málum staðið og við gengjum í þetta verkefni af fullri alvöru, séu síst of lágar, en hann bendir líka á þau vandkvæði sem eru varðandi markaðsöflun okkar og varðandi hvernig við eigum að vinna kolmunnann öðruvísi en til fiskmjölsvinnslu. Það hefur áður komið fram að kolmunninn er mjög góður í mjöl, en hann er magur þannig að lýsisvinnsla úr kolmunna er lítt ábatasöm.

Ég held að ég þurfi ekki að hafa mörg fleiri orð um þessa tillögu. Vinnslustöð með fullkomnum búnaði er forsenda þess að við fáum úr því skorið hvort við getum nýtt kolmunnann á þann hátt sem okkar færustu sérfræðingar hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarinns telja að við eigum að gera. Hinir miklu möguleikar á frekari veiði eru mjög háðir því, hvort við ætlum eingöngu að snúa okkur að fiskmjölsvinnslu varðandi kolmunnann eða hvort við eigum að reyna hvort tveggja, þurrkun og frystingu á kolmunnanum til manneldis, í eins ríkum mæli og við getum aflað markaða fyrir.

Ég vil svo víkja að því í lokin, að Sigurjón hefur sett fram ákveðnar hugmyndir um, hvers vegna Reyðarfjörður er sérstaklega tekinn þarna inn í, og rekur fyrir því nokkur rök í lokin. Ég ætla ekki að fara að vitna í þau sérstaklega, en hann segir t. d. þar að hugsanleg kolmunnavinnsla á Austfjörðum eigi að vera fjölhæf vinnsla þannig að hægt væri að framleiða þurrkaðan eða frosinn kolmunna í sömu verstöðinni, hægt væri að nota sömu vinnsluvélar fyrir flökun og slægingu bæði í frystingu og þurrkun.

Ég fór víst rangt með tölur áðan. Ég vitnaði til Sovétmanna varðandi veiðar þeirra. Þá átti ég við árið 1979, en 1980 juku þeir enn hlutdeild sína í þessari veiði og fóru þá upp í kringum 1 millj. tonna, og stærsti hluti þess afla, sem þeir veiddu, veiddist rétt hér fyrir utan íslensku 200 mílna mörkin.

Sigurjón segir að lokum að kolmunni, sem fari eingöngu í mjölvinnslu verði ekki hagkvæmur kostur í framtíðinni, en hagkvæmnin liggi í verðmætasköpun á hráefninu í dýrari vöru en fiskmjöl og því sé vinnslustöð með fullkomnum búnaði brýn nauðsyn.

Ég held að það sé tvímælalaust að hér sé um brýnt þjóðhagslegt atriði að ræða, jafnt frá sjónarmiði fiskveiða og vinnslumöguleika. Að einhverri slíkri skipan mála, sem þessi till. lýtur að, þarf að vinna af fullri einurð og gera allt sem unnt er til að nýta þessa auðlind sem best. Því er till. aftur hreyft á Alþingi og þess að vænta, að hún verði tekin til skoðunar í nefnd. Ég vænti þess einnig, að í þeim vanda, sem við stöndum varðandi loðnuveiðiflota okkar, verði hugað rækilega að þeim möguleikum sem við höfum í kolmunnanum. Þó að við þurfum þar að koma til með vissa styrki og bætur í upphafi, því að öðruvísi fara menn ekki út í þessar veiðar, held ég að menn ættu vandlega að huga að þessu og eins því, að þetta er sú leið sem sérfræðingar okkar hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarinns benda sérstaklega á til að við getum aukið verðmætasköpun í sjávarútvegi alveg sérstaklega.

Ég vil svo, herra forseti, leyfa mér að leggja til að að lokinni þessari umr. verði þessari till. vísað til hv. atvmn.

Umr. (atkvgr.). frestað.

Tækniþekking í fiskirækt, þáltill. (þskj. 366). — Ein umr.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. 1. flm. þessarar till., hv. þm. Guðrún Hallgrímsdóttir, sem hefur tekið hér sæti við og við sem varamaður, er ekki hér nú og því mæli ég fyrir þessari tillögu.

Tillagan fjallar efnislega um eflingu tækniþekkingar á fiskirækt, og þarf varla að fara mörgum orðum um nauðsyn þess máls, svo mikið sem rætt hefur verið um fiskirækt hér á landi og eflingu hennar.

Nú fara fram tilraunir víða um land á vegum ýmissa aðila í sambandi við aukningu fiskiræktar, ýmist sem hliðarbúgreinar eða sem hreins atvinnuvegar sérstaklega, og blandast þar auðvitað inn í umræður um ræktun sjávarfiska sem hér hafa verið nokkuð til umræðu.

Þessi till. gerir ráð fyrir að Alþingi álykti að skora á ríkisstj. að stuðla að eflingu líffræðilegra rannsókna og tækniþekkingar á fiskirækt, m. a. með því að láta reisa og reka tilraunastöð fyrir stríðeldi vatna- og sjávardýra. Þarna er um að ræða þá hugmynd að auka vaxtarhraða fisks sem alinn er upp í eldistjörnum á landi og hugsanlega í girðingum í sjó, eins og tilraunir hafa verið gerðar með með mjög góðum árangri.

Í grg. með till. segir, með leyfi forseta:

„Hér á landi hefur fiskeldi nær eingöngu takmarkast við eldi á laxaseiðum til að sleppa í ár og til útflutnings. Síauknar laxveiðar nágrannaþjóða í sjó valda því að

nauðsynlegt er að huga einnig að öðrum kostum í fiskeldismálum.

Flotkvíar í sjó að hætti Norðmanna hafa verið reyndar lítið eitt, þ. e. eldi laxfiska í fulla markaðsstærð. Hér á landi er sá kostur ekki sá hagkvæmasti, hitastig í sjó er lágt miðað við það sem er hjá samkeppnisaðilum og vöxtur í flotakvíareldi þar af leiðandi tiltölulega hægur. Á vetrum er mikil áhætta tekin sökum veðurofsa og frosta, en við flotkvíareldi eru að jafnaði engin tök á að nýta jarðhita nema við eldi seiðanna. Seiðaeldi er hins vegar óverulegur kostnaðarþáttur í eldi til sláturstærðar."

Enn fremur segir í þessari grg., með leyfi forseta:

„Strandkvíareldi, sem einnig hefur verið á dagskrá, getur að mestu verið laust við ofangreinda ókosti. Hins vegar krefst það mjög mikils stofnkostnaðar og rekstrarkostnaðar, ef farnar eru hefðbundnar leiðir, þar eð lágmarksstærð arðbærrar stöðvar er hlutfallslega stór.

Arðsemi laxeldis í strandkvíum á hefðbundinn hátt er því af mörgum dregin í efa við íslenskar aðstæður, nema fleira komi til, t. d. blandað eldi, aðstaða til að sleppa í flotkvíar að sumarlagi o. fl.

Rannsóknir, sem gerðar hafa verið af Háskóla Íslands, gefa til kynna að auka megi afköst margfalt í lokuðu eldi hérlendis með tæknivæddum verksmiðjubúskap líkt og þekkist í alifuglarækt. Raunar gefur eldi fiska og annarra *dýra með köldu blóði enn fleiri möguleika en alifuglarækt* ef tök eru á að stjórna umhverfisaðstæðum, eins og t. d. hita, að vild."

Herra forseti. Ég mun ekki eyða tíma þingsins í að gera nánari grein fyrir þessari till., en vil þó benda á það sem einkum er stefnt að með tillögugerð þessari, sem tekið er fram í fjórum aðalliðum í lok grg. Ég ætla ekki að lesa það tæknimál sem brúkað er til að koma á framfæri þeim skoðunum sem flm. hefur í huga, en tel að hér sé á ferðinni hið ágætasta mál. Það höfðar raunverulega til þeirra aðila, sem of lítið hafa komið nálægt þeim eldisrannsóknum sem gerðar hafa verið, þ. e. vísindamannanna sjálfra.

Hér hefur farið fram eldi í tjörnum og í flotkvíum og fyrir því hafa staðið ýmsir áhugamenn, — leikmenn sem sumir hverjir hafa náð prýðilegum árangri og öðlast reynslu sem er dýrmæt. Þessi þátill. felur í sér að reynt verði að efla alla tækniþekkingu í sambandi við fiskirækt. Tel ég persónulega mikils virði ef það verður hægt. Mikinn fróðleik getum við sótt til nágranna okkar í Noregi á þessu sviði. Þar höfum við lítið gert að því að fella tré og gætum þess vegna farið í þá sjóði reynslu og þekkingar sem þeir búa yfir.

Ég mun ekki fara fleiri orðum um þessa till., herra forseti, en legg til að að lokinni þessari umr. verði henni vísað til atvmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 47. fundur.

Miðvikudaginn 4. febr., kl. 2 miðdegis.

Ríkisborgararéttur, frv. (þskj. 395). — 1. umr.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Hér með er fylgt úr hlaði frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar. Samkv. 1. gr. frv. er lagt til að ríkisborgararétt skuli öðlast 22 umsækjendur sem þar eru taldir upp. Umsækjendur þeir, sem teknir hafa verið í lagafrv. þetta, fullnægja skilyrðum sem sett hafa verið af allshn. beggja þingdeilda, sbr. nál. á þskj. 830 á 99. löggjafarþingi, 2. maí 1978. Umsækjandi nr. 3 fullnægir þó ekki skilyrðum um dvalartíma fyrr en 22. apríl 1981, en er kvæmtur íslenskri konu.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um frv., en legg til að því verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ekki vil ég fetta fingur út í frv. þetta efnislega né setja út á eitt einasta atriði í sambandi við upptalningu þeirra manna sem hér er mælt með að fái íslenskan ríkisborgararétt. En ég vil nú þegar við 1. umr. láta það koma fram, að svo sem ég hef undanfarin ár verið óánægður með ákvæðið um að þessu fólki skuli gert að hafa nafnaskipti þegar það hlýtur íslenskan ríkisborgararétt, eins er ég óánægður með það enn og mun bera fram brtt. við 2. gr. frv. á þá lund, að það ágæta fólk, sem við viljum að setjist að á landi okkar, verði ekki skyldugt til að breyta um svo snaran þátt af sjálfu sér sem nafnið er.

Ég get fallist á það, að börnum þessara aðila, fæddum á Íslandi, skuli gert að bera íslensk nöfn. En hitt fæ ég ekki séð að standist almennar kurteisis- og mannúðarvenjur, að halda til streitu þeirri fásinnu sem tíðkast hefur á undanförnum árum, skyldunni um nafnbreytingu.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég vil aðeins með nokkrum orðum taka undir þá hugmynd sem kom fram í ræðu síðasta ræðumanns, hv. þm. Stefáns Jónssonar, varðandi það atriði sem hér er um að ræða, þ. e. nöfn þeirra manna erlendra sem hér fá ríkisborgararétt. Mér hefur alltaf fundist þetta ákvæði fremur hæpið. Ég geri ráð fyrir að það hafi verið viss málverndar- eða málhreinsunarstefna sem lá að baki þeirri hugmynd að láta menn taka sér íslensk nöfn um leið og þeir fengju íslenskt ríkisfang. Hins vegar held ég að það sé alveg rétt, að nafn er svo ríkur hluti af persónu hvers einstaklings að það er hreint út sagt ósanngjarnt að ætlast til þess, að menn kasti nafni sínu fyrir róða ef þeir öðlist íslenskt ríkisfang. Mér finnst hins vegar eðlilegt að um börn þeirra einstaklinga, sem öðlast íslenskan ríkisborgararétt, fari að íslenskum venjum um mannanöfn.

Mér hefur alltaf fundist gæta töluverðs tvískinnungs í þessu efni hér hjá okkur, þar sem töluvert mikið er um ættarnöfn í íslensku þjóðfélagi. Sömuleiðis er töluvert mikið um nöfn sem strangt tekið geta varla kallast íslensk, þó það geti í mörgum tilvikum verið álita- og áhorfsmál. En mér finnst eðlilegt að einstaklingar fái að halda nöfnum sínum. Það eru veruleg skerðing á persónurétti þeirra og persónufrelsi að skylda þá til að kasta nafni sínu.

Mér er ekki kunnugt um að ákvæði þessa efnis séu í löggjöf annarra landa. Þó má vel vera að svo sé. Um það eru væntanlega aðrir menn hér mér fróðari. En ég lýsi stuðningi við þá hugmynd sem felst í þeirri till. er hv. þm. Stefán Jónsson boðaði að hann mundi flytja.

Utanrrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég vil aðeins benda á að það hefur verið slakað á þessari reglu frá því sem var. Áður fyrr urðu menn að taka sér alveg

íslenskt nafn, bæði fornafn og eftirnafn. En fyrir nokkrum árum var horfið að því ráði að fara meðalveg í þessu efni og krefjast þess aðeins, að menn skiptu um fornafn, en mættu halda sínu ættarnafni. Það á því ekki lengur við í rauninni, sem hv. síðasti ræðumaður var að tala um, að gerður væri greinarmunur á þeim, sem hefðu íslensk ættarnöfn, og þessum nýju borgurum. Ættarnöfnin hafa haldist samkv. þeim reglum sem settar eru í nafnalögunum, e. t. v. verið farið dálítið frjálslega með þær í sumum tilfellum, ég skal ekki fullyrða um það. En það er sem sagt gerð sú krafa, að menn taki upp íslenskt fornafn.

Mér sýnist við fljótlegan yfirlestur á skrá yfir það fólk, sem hér er gert ráð fyrir að fái íslenskan ríkisborgararétt, að það sé ekki ýkjaerfitt fyrir það að breyta fornafni sínu þannig að það lúti með eðlilegum hætti íslenskum reglum og verði auðveldlega beygt eins og önnur nöfn. Í fljótu bragði sé ég ekki nema einn eða tvo í hæsta lagi sem ættu eitthvað erfitt með það, annars eru þetta nöfn sem má breyta og gera íslensk án mikillar fyrirhafnar.

Þetta getur sjálfsagt verið viðkvæmt mál fyrir þá sem hlut eiga að máli. En á hitt ber að líta, að enginn er neyddur til þess að sækja um íslenskan ríkisborgararétt. Hver og einn hefur frjálst val um það, og eftir þá löngu venju, sem hér hefur ríkt í þessu efni gerir hann sér ugglaust grein fyrir því, að þessu skilyrði verður hann að fullnægja. Samt sækir hann um ríkisfangið.

Það má vel vera að þetta sé sérstakt ákvæði hér að því er varðar ríkisborgararétt. En þá er á það að líta, að nafnavenjur og mannanafnahættir eru hér með öðrum hætti en víðast hvar annars staðar, jafnvel á Norðurlöndum. Ég held að það sé eitt af því sem er sérkennilegt fyrir okkar tungu og við ættum ekki að kasta fyrir róða athugunarlítið.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Ég kem hér í ræðustól til að taka undir ræður hv. 4. þm. Norðurl. e. og 5. þm. Vesturl. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um það, þeir sögðu nákvæmlega það sem ég hefði viljað segja í þessu máli. En varðandi það, sem hæstv. utanrrh. sagði um þessi efni, þá finnst mér að meðalvegur í þessu sé ástæðulaus og það eigi að stíga þetta skref til fulls.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Ég hef hlýtt á athugasemdir hv. dm. sem tekið hafa til máls um þetta frv. Ég get vel skilið athugasemdir þeirra. Þessi mál hefur oft áður borið á góma og hér er um viðkvæm mál að ræða.

Ég ætla ekki að fara að ræða þetta efnislega nú. Hins vegar vil ég nota tækifærið til þess að benda á að brýna nauðsyn ber til að endurskoða lög um íslensk mannanöfn. Þau eru komin til ára sinna, nr. 54 frá 27. júní 1925. Það fellur í hlut dómsmrn. að framkvæma þessi lög að vissu marki, en hins vegar heyra þau undir menntmrn. Ég hef vakið athygli á þessu máli við hæstv. menntmrh. Það hefur verið gerð tilraun til að endurskoða þessi lög, ég held oftar en einu sinni.

Fyrir nokkrum árum var borið fram ítarlegt frv. um þetta efni sem náði ekki fram að ganga. Ég vek athygli á því með þessum orðum og bendi á að það er mjög nauðsynlegt að endurskoða þessu gömlu lög, sem í raun og veru hafa aldrei verið framkvæmd eins og efni stóðu til þegar þau voru sett.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Það er að sjálfsögðu rétt, sem hæstv. utanrrh. sagði áðan, að ákvæðum þessara laga var breytt og þar var farinn eins konar meðalvegur. Sömuleiðis hygg ég að nauðsyn sé, eins og hæstv. dómsmrh. ræddi um áðan, að endurskoða lög um mannanöfn. Það er áreiðanlega ekki ofsagt, að framkvæmd þeirra hefur verið býsna frjálsleg um árabil.

En því óskaði ég eftir orðinu hér aftur, að mig langaði að beina einni spurningu til hæstv. dómsmrh. Ég veit ekki hvort hann getur leyst úr henni hér og nú.

Hjá þeim sem orðið hafa að sæta því að taka sér nýtt nafn, veit ég þess dæmi eftir að þessu ákvæði var breytt að menn vilja taka upp sitt fyrra föðurnafn og fá að halda því ævi sína út. Því spyr ég hvort grundvöllur sé fyrir því — í ljósi þess að ákvæðunum hefur verið breytt — að þeim einstaklingum, sem hafa orðið að sæta nafnbreytingu, sé heimilt að taka upp að nýju sitt fyrra nafn — og þá aðeins þeim, en ekki þeirra niðjum. Ég held að enginn láti sér detta í hug að menn vilji kasta íslensku nafnakerfi og þeim siðum, sem við höfum viðhaft, fyrir róða. Hins vegar er þetta spurning um það, hversu nærri á að ganga þeim einstaklingum sem óska eftir íslenskum ríkisborgararétti. Ég held að rétt sé að þeir fái að halda nöfnum sínum, eins og kom fram áðan, en afkomendur þeirra fari að íslenskum venjum og réttum reglum.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Það má vel vera, eins og hæstv. dómsmrh. sagði, að kominn sé tími til þess að endurskoða lög um íslensk mannanöfn, að þau séu orðin úrelt. Ég verð að játa fáfræði mína um þessi lög. Aftur á móti er mér ljóst að ráðh. sagði það satt, að misjafnlega hefur þeim verið framfylgt. Nú er ekki þar með sagt að lög séu slæm þótt landslýðurinn eigi bágt með að fylgja þeim. En á þetta er sjálfsagt að líta.

Ég vil ekki tengja hugmyndina um endurskoðun laganna um íslensk mannanöfn því máli sem við ræðum hér nú. Aftur á móti vil ég aðeins víkja að því, sem hæstv. utanrrh. sagði, að því lútandi, að allir vissu þessir menn undir hvað þeir gengjust ef þeir sæktu um íslenskan ríkisborgararétt, að þeir hlytu að skipta um nafn þar með. Það er nú svo, að ekki er þetta algilt. Nefnt get ég dæmi þess, að okkur þótti umsækjandi um ríkisborgararétt svo mikils háttar og eftir svo miklu að slægjast, þar sem hann var, að gera hann að íslenskum ríkisborgara, að honum var við þessu hlíft. Kveðið er á um þetta í lögum hverju sinni. Dæmið, sem ég vil nefna, er Vladimir Ashkenazy, sem var svo heimsfrægur píanisti og músíkmaður að sjálfsagt þótti að hlífa honum við þessu.

Hann fékk íslenskan ríkisborgararétt. Hitt er svo annað mál, að hann var varla fyrr búinn að fá ríkisborgararéttinn og búið að byggja yfir hann hús hérna heldur en hann sagði að íslenska sinfóníuhljómsveitin væri slæm hljómsveit, og fór svo burt með sitt gamla nafn.

Ég hygg að í hópi þeirra manna, sem við höfum veitt íslenskan ríkisborgararétt á liðnum árum, séu a. m. k. allmargir sem ekki hefðu reynst okkur spönninni verr sem íslenskir þegnar þótt þeir hefðu fengið að halda nafninu sínu. Ég þekki líka erlenda ríkisborgara sem hér hafa dvalist árum saman og reynst hinir nýtustu þegnar, afbragðsmenn í samfélagi sínu, sem hafa veigrað sér við því að taka íslenskan ríkisborgararétt vegna þess að þeir vildu ekki ganga undir þetta jarðarmen. Þeir hafa vitnað til bréfa varðandi þessi skilyrði sem undirrituð voru í dómsmrn. af Möllerum, Björkunum, Hafsteinum,

Walterum og Thorsurum, svo aðeins sé vikið að hinni íslensku nafnahefð í þessu sambandi.

Ég er alveg óhræddur um það, að svo verði þeir margir erlendu ríkisborgararnir, sem við veitum hér ríkisborgararétt með annarlegum nöfnum, að þau út af fyrir sig fái raskað íslenskri nafnhefð, sem er nátengd þeirri íslensku þjóðaríþrótt að rekja ættir að hún stendur býsna traustum fótum í vitund fólksins.

Aðeins aftur í lokin þetta sem lýtur að endurskoðun á lögum um íslensk mannanöfn. Ég hlakka til þeirrar stundar, að skipuð verði nefnd til þess að fjalla um þá löggjöf, þó ekki sé nema vegna þess fróðleiks sem ég á von á að verða aðnjótandi við umræður um það mál, ef vera kynni sérstaklega að manni kynni að áskotnast efni í nýjar sögur úr íslensku þjóðlífi um framkvæmd laga á löngum tíma í því sambandi.

En brtt. við 2. gr. frv. höfum við Eiður Guðnason þegar orðað og munum leggja hana fram nú á eftir.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Ég get ekki svarað fsp. hv. 5. þm. Vesturl. nákvæmlega. Á hinn bóginn get ég tekið það fram, að reynt er að framfylgja þeim reglum, sem settar eru í þessum efnum, á sem þægilegastan hátt fyrir viðkomandi aðila.

Það er alveg rétt, sem hér hefur komið fram, að ég geri ekki ráð fyrir að menn vilji yfirleitt raska þeim meginreglum sem hér gilda um nöfn og nafnhefðir. Hins vegar verð ég að halda fast við það sem ég sagði áðan, að ég tel fulla þörf á að endurskoða gömlu mannanafnalögin. Og *sé litið í þjóðskrána og athugað hvaða nöfnum börn hafa* verið skírð t. d. á undanförnum áratugum, þá kemur ýmislegt í ljós sem fróðlegt er að líta yfir.

Það er alkunna, að 1. gr. nafnalaganna hljóðar eitthvað á þá leið, að hver maður skuli heita einu íslensku nafni eða tveim og kenna sig til föður o.s.frv. Ég hugsa að við þekkjum allir einhvern sem heitir þrem nöfnum eða jafnvel fleirum, og svona mætti lengi telja. Einmitt vegna þess að þetta eru viðkvæm mál þarf að athuga þau gaumgæfilega og reyna að skapa þjálar reglur sem þægilegt er að fylgja og menn geta almennt unað við.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Heilbrigðisþjónusta, frv. (þskj. 387). — 1. umr.

Flm. (Helgi Seljan): Herra forseti. Á þskj. 387 höfum við hv. þm. Egill Jónsson leyft okkur að flytja frv. til l. um breyt. á lögum um heilbrigðisþjónustu, sem felst í því, að á Eskifirði verði heilsugæslustöð 2 sem svo er kallað, eða tveggja lækna heilsugæslustöð. Þetta frv. hefur áður *verið tvívegis flutt og einnig sem brtt. við heilsugæslu*lögin á sínum tíma og þarfnast því ekki nánari útskýringa nú.

Reglan, sem sett var á sínum tíma varðandi tveggja lækna stöðvarnar, var sú, að miðað skyldi við 2000 íbúa mörk á hverju svæði. Þeir staðir, sem þarna er að vikið, eru á mörkunum varðandi þennan íbúafjölda. Við flm. viljum leggja áherslu á það, að vandi H1 stöðvanna eða eins læknis stöðvanna er mikill. Við sjáum það best á auglýsingu í dagblöðunum í dag. Við þekkjum það frá stöðum eins og Djúpavogi og Fáskrúðsfirði, alveg sérstaklega Djúpavogi. Og það fer ekki á milli mála, að álit núverandi læknis á heilsugæslustöðinni á Eskifirði er það, að hér þurfi að ráða bót á, hér þurfi að verða tveggja lækna stöð, af þeirri einföldu ástæðu að þarna sé um það miklar annir að ræða þrátt fyrir nálægðina við Egilsstaði og Neskaupstað sem mjög gjarnan er vitnað til.

Aðalatriðið nú er að fá tvo lækna í þetta umdæmi. Við hv. þm. Egill Jónsson viljum hins vegar leggja áherslu á það, að fáist þessi heimild, þá munum við beita okkur fyrir því að annar læknanna hafi búsetu á Reyðarfirði, samkvæmt heimild sem er í heilsugæslulögunum nú þegar. Við gerum okkur grein fyrir því, að hér er um svolítið umdeilt atriði að ræða. Við bendum hins vegar á það, að fjarlægðin milli staðanna er ekki nema 15 km og vel fært að öllu jöfnu á vetrum. Og við gerum okkur grein fyrir því, að aðalstarfsvettvangur heilsugæslulæknanna beggja yrði á Eskifirði. Þá bendum við um leið á það, að þetta kallar á heilsugæslustöð á Eskifirði. Við gerum okkur það ljóst, að við höfum verið að reyna að raða þessum stöðum upp eftir því sem þörfin er brýnust. Fáskrúðsfjörður er núna sem sagt kominn vel á veg eða kemst á þessu ári. Djúpivogur er núna í byrjun hjá okkur. Og síðan verðum við að játa það, að Eskifjörður er algjörlega eftir. Þar er ekkert annað í dag en venjulegur læknabústaður. Þetta kallar einnig á það að bætt verði aðstaðan á Reyðarfirði og þar verði komið upp fullkomnu heilsugæsluseli, sem svo er kallað. En við flm. leggjum áherslu á það, að aðalaðstaðan verður vitanlega *á nýrri heilsugæslustöð á Eskifirði, sem við vonum a. m.* k. að sjái dagsins ljós fyrir 1985, ekki síðar, því að brýn þörf er á því að fá tveggja lækna skipanina, og tveggja lækna skipanin kallar á heilsugæslustöð. Og það gerir það reyndar hvort sem er, hvort sem þarna væri einn læknir eða ekki, því að aðstaðan fyrir lækninn í dag er algjörlega ófullnægjandi.

Hins vegar teljum við það sjálfsagt öryggisatriði á stöðum eins og þessum, þar sem annar staðurinn er með á áttunda hundrað íbúa og hinn á ellefta hundrað, að læknarnir séu ekki búsettir á sama staðnum, heldur sé annar þeirra á Reyðarfirði, og við munum leggja á það höfuðáherslu. Við viljum hins vegar ekki leggja út í neinar deilur um það hér, enda segir frvgr. ekkert um það, en við munum beita okkur fyrir því, að svo verði, vegna þess að hér er um sjálfsagt öryggisatriði að ræða, jafnhliða því sem það er sjálfsagt sanngirnismál fyrir Reyðfirðinga að fá annan lækninn til sín.

Ég vil svo aðeins geta þess, að um þetta er vitanlega full samstaða meðal allra þm. Austurl., um þessa skipan mála, og unnið jafnt af okkur öllum, þó að þannig sé háttað málum að við tveir getum einungis verið hér flm.

Að svo mæltu legg ég til að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 12 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ástæðan til þess, að ég kveð mér hér hljóðs utan dagskrár, eru fréttir sem

birst hafa í fjölmiðlum undanfarna daga, í Tímanum í gær og síðan í sjónvarpinu í gærkvöld, og varða úthlutun sjútvrh. á leyfum til skelfiskveiða og vinnslu við Breiðafjörð.

Í Tímanum í gær var frétt sem ég ætla að leyfa mér að vitna hér til, með leyfi forseta:

„Brjánslækur hlýtur leyfi til skelfiskveiða.“ Þar segir síðan: „Sjútvrn. hefur nú að tillögu fiskifræðinga ákveðið að heimila veiðar á 8000 lestum af skelfiski í Breiðafirði á þessu ári, en í fyrra var aflinn aðeins 7000 lestir. Er aukningin komin til af því, að miðin virðast verða gjöfulli með hverju árinu, gagnstætt því sem við mætti búast, því að sókn hefur aukist ár frá ári.“ — Síðar í þessari frétt segir: „Hins vegar er ákveðið að Soffanías Cesilsson á Grundarfirði fái 400 lestir í ár, eins og í fyrra, og Brjánslækur 400 tonn, en þaðan hefur ekki verið sótt á skel áður. Mun aðstöðu til vinnslunnar verða komið upp á Brjánslæk innan tíðar. Með því að veita þetta leyfi til Brjánslækjar er stefnt að því að færa veiðina á svæði norðar í Breiðafirði, sem miður hafa verið nýtt en þau syðri, þar sem löng sigling er úr Stykkishólmi norður eftir.“

Í fréttatíma sjónvarpsins í gærkvöld var frétt um þetta sama efni. Þar sagði, með leyfi forseta:

„Langmestar eru veiðarnar við Breiðafjörð og verður á þessu ári leyft að veiða þar 8000 lestir í stað 7000 lesta í fyrra. Mestur hluti aflans verður verkaður í Stykkishólmi, en á tímabili var Hraðfrystihús Sigurðar Ágústssonar eina vinnslustöðin, sem vann hörpudisk á landinu, og vinnur nú úr um eða yfir helmingi alls hörpudisks sem berst á land á landinu öllu. Auk þess er önnur stór vinnslustöð í Stykkishólmi, Rækjunes, sem vinnur úr u. þ. b. 20% aflans. Tvær aðrar vinnslustöðvar við Breiðafjörð hafa einnig fengið leyfi til vinnslu á hörpudiski, 400 lestir hvor, í Grundarfirði og á Brjánslæk á Barðaströnd. Þetta er í fyrsta sinn sem vinnsla er leyfð við norðanverðan Breiðafjörð, og fer hún fram í húsum Hrefnuvinnslunnar á Brjánslæk.

Fiskifræðingar settu það skilyrði fyrir aukinni veiði á Breiðafirði að nýtt yrðu veiðisvæði sem ekki hafa verið nýtt til þessa, en þau eru aðallega við norðanverðan fjörðinn.“

Og nú bið ég hv. dm. að taka sérstaklega eftir:

„Breytingar þarf að gera á vinnslustöðinni á Brjánslæk til þess að hægt sé að vinna þar hörpudisk. Og engir bátar eru til á Barðaströnd sem henta til veiðanna. Þá eru hafnarskilyrði erfið og þarf að sæta sjávarföllum við löndun. Þar hafa menn eingöngu stundað grásleppuveiði til þessa. Fleiri hafa sýnt áhuga á vinnslunni við Breiðafjörð, svo sem í Búðardal. Þar var unninn hörpudiskur um skeið, sem ekið var frá Stykkishólmi.“ — Hér lýkur þessari tilvitnun.

Það er nú rétt, held ég, að það komi fram strax, að það er rangt í þessum fréttum að miðin norðan til á Breiðafirði hafi ekki verið nýtt. Þau hafa vissulega verið nýtt, þó svo kannske að önnur mið, sem nær eru, hafi verið meira nýtt. Hins vegar er mér kunnugt um það, að þeir, sem þessar veiðar stunda frá Stykkishólmi, hafa gert það að tillögu sinni að miðin norðan til í Breiðafirði yrðu einkum nýtt að sumrinu til þegar veður eru góð, en miðin nær, þangað sem styttra er að sækja, yrðu nýtt á vetrum þegar veður eru misjafnari og brælur tíðar.

Nú er það svo um þessar mundir, að það fæst allgott verð fyrir hörpudisk, og þá vilja auðvitað allir njóta góðs af því og allir fara í þessa veiði og þessa vinnslu. Þetta hefur ekki alltaf verið svo. Verð á hörpudiski hefur fallið og verið mjög lágt stundum, og þá hefur enginn haft áhuga á að stunda þessar veiðar nema þeir í Stykkishólmi, enda hafa þeir ekkert annað. Skelfiskveiðin er undirstaða atvinnulífs í því byggðarlagi og beint framfæri og beina atvinnu af skelfiskveiðunum í Stykkishólmi hafa að sögn sveitarstjórans þar kringum 200 manns. Það er óneitanlega býsna stór hópur í ekki stærri byggð og fjölmennari en Stykkishólmur er.

Veiðikvótinn hefur verið aukinn nokkuð í ár. Frétt Tímans má skilja sem svo, að miðin gefi meira og meira af sér eftir því sem meira er sótt. Þetta er nú auðvitað svolítið hjákátlega eða hjárænulega komist að orði. Hitt er rétt, að samkvæmt upplýsingum fiskifræðinga hefur afli á sóknareiningu aukist, og til þess kunna að vera einkum tvær ástæður: Í fyrsta lagi að komið hafi inn einn eða tveir mjög góðir árgangar. Það verður auðvitað skammgóður vermir nema fleiri fylgi á eftir. Í öðru lagi virðist svo sem afköst veiðarfæranna hafi aukist án þess að þau hafi beinlínis stækkað, en menn hafa náð betri tökum á þessari veiðitækni.

Fiskifræðingar þeir, sem gerst hafa fylgst með ástandi skelfiskstofnsins á Breiðafirði, telja að stofnstærðin sé 50 — 80 þús. tonn, úr því megi veiða 10% á ári. Sá 8 þús. tonna hámarksafli, sem settur hefur verið núna, er því algjört hámark. Það er öllum ljóst og það segja fiskifræðingar. Hér er því boginn spenntur til hins ýtrasta.

Þess ber að geta, að í Stykkishólmi einum er vinnslugeta fyrir allt þetta magn. Það er auðveldlega hægt að vinna þar allt það magn sem veiða má. Og ég undirstrika það, að þar er skelveiðin undirstaða atvinnulífs.

Sjútvrh. hefur hins vegar, að því er virðist, valið þá leið að skipta þessum afla milli æ fleiri. Hann hefur veitt leyfi í Grundarfjörð. Nú hefur hann veitt leyfi á Brjánslæk. Þetta leysir engan vanda. Þetta flytur vandann milli staða. Þegar leyfið var veitt til Grundarfjarðar — það hafði verið staðið gegn slíkri leyfisveitingu áður — þar ekki brýna nauðsyn af atvinnulegum ástæðum til að veita slíkt leyfi þangað. Þá var, ef mér skjátlast ekki, töluvert mikið af erlendum stúlkum í vinnu þar við fiskvinnslu. Það var því ekki það sem knúði á um leyfisveitingu. Nú er samkvæmt þessum fréttum búið að veita leyfi til vinnslu á Brjánslæk. Þar er ekki hafnaraðstaða, þar er ekki bátur sem getur annað þessum veiðum, og þar er ekki vinnsluaðstaða. Hvað er þá hér á bak við? Og hvað er hægt að réttlæta mikla fjárfestingu til þess að veiða og verka 400 tonn af skel. Ég hygg að það sé ekki há tala.

Það hefur því miður einkennt alla stefnu í sjávarútvegsmálum í tíð hæstv. núv. ráðh., að þar sem á hefur verið þrýst, þar hefur verið undan látið. Jafnframt segist hæstv. ráðh. oft og einatt vera algjörlega andvígur því sem hann sjálfur er að gera. Einhvers staðar stendur skrifað: Það góða, sem ég vil, geri ég eigi o. s. frv. En í framhaldi af þessari ákvörðun sjútvrh. tel ég nauðsynlegt að fá svör hans við nokkrum spurningum.

Er þessi ákvörðun, að dreifa þessum veiði- og vinnsluleyfum út um hvippinn og hvappinn, í samræmi við stefnu ríkisstj. eins og hún birtist í stjórnarsáttmálanum? Þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Fiskveiðar og fiskvinnsla verði samræmd eftir því sem tök eru á, þannig að hagnýting fiskiskipastóls og fiskvinnslufyrirtækja verði sem best. Í þeim efnum verði komið á samstarfi þeirra aðila, sem mestra hagsmuna

eiga að gæta, um löndun afla og dreifingu milli staða með það markmið í huga að tryggja jafnan og stöðugan rekstur og atvinnuöryggi þess fólks sem við fiskveiðar og fiskvinnslu starfar."

Þessi ráðstöfun hæstv. ráðh. er ekki til þess fallin að tryggja atvinnuöryggi fólks í Stykkishólmi a. m. k. Við þetta bætist svo að í framhaldsstjórnarsáttmála, sem gefinn var út og fluttur í sjónvarpinu ásamt öðrum grínþáttum á gamlárskvöld, segir orðrétt.

„Meðal meginþátta slíkrar atvinnustefnu verði samræming veiða og vinnslu í sjávarútvegi, athugun á fjölda fiskvinnslufyrirtækja í einstökum byggðarlögum og samvinna milli þeirra, svo og áætlun um endurnýjun fiskiskipastóls."

Er það samræming veiða og vinnslu sem sjútvrh. er hér að fylgja fram? Þessu verður hæstv. ráðh. auðvitað að svara. En það er fleira sem ég hef í hyggju að spyrja um hér. Nú kemur örugglega að því að mati fiskifræðinga, að draga verður úr þessum aflakvóta á Breiðafirði. Það er næsta ljóst. Hvernig verður það gert? Verða þá afturkölluð leyfi þeirra, sem síðast fengu leyfi, eða verður dregið jafnt að tiltölu úr veiði hjá öllum? Þetta skiptir verulegu máli.

Enn spyr ég, því að vitað er að það er víðar áhugi á skelfiskvinnslu. Tillaga hefur komið hér fram um að leyfa slíka skelfiskvinnslu í Flatey. Ég álít að sú tillaga sé jafnvanhugsuð og sú ráðstöfun sjútvrh. að leyfa þessa vinnslu á fleiri stöðum. Vitað er að í Búðardal hefur verið verkaður skelfiskur sem fluttur hefur verið frá Stykkishólmi, eins og fram kom í máli mínu áðan. Verður vinnsla leyfð nú í Búðardal? Mér þætti ekkert ólíklegt að sótt yrði á um það. Og fleiri staðir koma til greina. Ekki er ólíklegt að beiðni kynni að berast annars staðar frá, t. d. frá Ólafsvík eða Hellissandi. Ætlar sjútvrh. að veita fleiri leyfi til veiða og vinnslu? Við þessu verða einnig að fást skýr svör. Er það stefna ríkisstj., sem ráðh. er hér að framfylgja, eða eru þetta einkaskoðanir ráðh. sem hér sjá dagsins ljós? Á það var minnst hér áðan, að skelfiskurinn væri undirstaða alls atvinnulífs í Stykkishólmi. Ég hygg að ekki sé of djúpt í árinni tekið þó sagt sé að með þessum aðgerðum sé verið að grafa undan atvinnulífi í Stykkishólmi. Og það er kannske verið að gera annað í leiðinni. Það er verið að undirbyggja það, að nauðsynlegt reynist að fá skuttogara, einn eða tvo, til Stykkishólms til að tryggja þar atvinnu ef atvinnulífið á ekki að hrynja. Sá bátafloti, sem menn í Stykkishólmi eiga, er ekki til neinna úthafsveiða. Það eru gamlir bátar, litlir bátar sem duga til skelfiskveiðanna, en þeir eru ekki til þeirrar sjósóknar sem annan afla getur flutt þar að landi. Bátafloti þeirra er ekki þannig úr garði gerður. Ef á að taka burt úr Stykkishólmi þessa atvinnugrein, sem hefur sérhæft sig í vinnslu þessara sjávarafurða, þá kallar það auðvitað á aðrar ráðstafanir ef ekki á að leggja þar allt atvinnulíf í rúst.

Ég hef orðið var við það mjög áþreifanlega vestur í Stykkishólmi, að fólk þar hefur nú áhyggjur af hag sínum. Og það hefur áhyggjur af þeirri stefnu sem því sýnist sjútvrh. vera að framfylgja. Ég var þar á ferð fyrir stuttu og heimsótti þá báðar vinnslustöðvarnar þar sem skelfiskur er unninn. Konurnar, sem þá voru að vinna í Rækjunesi, höfðu orð á því, að gaman væri nú að fá hæstv. sjútvrh. þangað í heimsókn svo að þær gætu skýrt fyrir honum sín atvinnusjónarmið, sína hagsmuni. Og þær bættu því við, að hann gæti kannske skroppið á skíði í leiðinni, ef það mætti verða til þess að lokka hann vestur. Þessum skilaboðum er hér með komið á framfæri.

Hjá sjómönnum er vissulega líka uggur núna. Þeir hafa séð hvaða aðferðum menn beita, hvaða aðferðum er helst að beita til þess að fá sitt fram við núverandi stjórnarfar. Þeir menn, sem hafa boð og bönn að engu, fara sínu fram, veiða þrátt fyrir veiðibann, þeir fá sitt fram. Auðvitað veldur þetta því, að menn hugsa sitt.

Mér sýnist að það leyni sér ekki, að hæstv. sjútvrh. vill ekki hafa stjórn á þessum veiðum. Hann lætur ævinlega undan þegar á er þrýst, hann vill ekki hafa stjórn á veiðunum vegna þess að þá þarf að segja nei. Og það virðist hæstv. núv. sjútvrh. eiga afskaplega erfitt með. Jafnvel þegar hann segist vilja segja nei, þá er hann jábróðir hvers manns þegar til kastanna kemur í þessum efnum. Slíkt kann ekki góðri lukku að stýra.

Ég ítreka það, að hér er að mínu mati um mjög alvarlegt mál að ræða. Hér er í rauninni um „prinsip"-mál að ræða, þ. e. hvort á að hafa stjórn á þessum veiðum eða ekki, og hvort atvinnulíf á stað eins og Stykkishólmi, sem hefur sérhæft sig í þessari grein sjávarafurða, á að halda áfram að vera blómlegt eins og verið hefur, eða hvort sjútvrh. ætlar sér með aðgerðum sínum að leggja það atvinnulíf í rúst.

Sjútvrh.(Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég vil fyrst að gefnu tilefni gefa hv. þm. gott ráð. Ég held hann ætti að bregða sér á skíði, því að það er staðreynd að það fer saman líkamlegt ástand og andlegt. Og mér heyrist satt að segja eftir þessa ræðu að honum veiti ekki af að bæta a. m. k. sitt andlega ástand.

Staðreyndin er sú, að í sambandi við hörpudisk á Breiðafirði hefur verið mikill ys og þys, það er rétt. Hins vegar er flestallt annað, sem fram kemur í orðum hv. þm., rangt. Það er alveg rétt, að vitanlega ber og er þess gætt að þær vinnslustöðvar, sem hafa verið sérstaklega byggðar til að sinna hörpudiskvinnslu, fái a. m. k. það magn sem þær hafa áður fengið. Það fá þær. Báðar vinnslustöðvarnar í Stykkishólmi fá meira magn en þeim hefur nokkru sinni, eða a. m. k. síðustu árin, verið úthlutað í þessu sambandi. Til Stykkishólms er úthlutað núna 7200 lestum af hörpudiski. Upphafleg úthlutun á síðasta ári var 6000 lestir. Síðan kom viðbótarmagn þannig að þetta hækkaði upp í 7000 lestir, og var þá heildarmagnið til Stykkishólms 6600 lestir með því viðbótarmagni.

Ég verð því að segja að með 7200 lestum er alls ekki verið að stofna atvinnulífi í Stykkishólmi í voða. Atvinnulífið fær mejra en það hefur yfirleitt áður fengið. Ég verð hins vegar að taka það fram að mér hefur sýnst ýmislegt annað í Stykkishólmi þannig að það þyrfti að skoða. Til dæmis er ekið með töluverðan fisk úr Stykkishólmi út í Rif og hann unninn þar. Ef atvinnuástand er bágborið, hvers vegna er þetta þá gert? Ég held að hv. þm. ætti að heimsækja fleiri fyrirtæki í Stykkishólmi og fá að kynnast því hvers vegna þau fá ekki fisk.

En ég held að sem betur fer sé atvinnulíf í Stykkishólmi á góðum stoðum og gæti orðið enn sterkara ef menn ynnu þar bæði þann hörpudisk, sem þeir fá, og einnig þann fisk sem bátarnir þaðan afla. Hann á vitanlega að vinna heima, og getur það orðið góður grundvöllur fyrir þau fyrirtæki sem kvarta undan því að þau fái ekki fisk, fyrr sé ekki ekið með hann á brott. Hv. þm.

hlýtur að þekkja þetta, hann virðist svo oft koma þarna við.

Ég vísa því algjörlega á bug, að á nokkurn máta sé verið að kippa fótum undan rekstri þessara fyrirtækja í Stykkishólmi. Ég endurtek: Þau fá það magn og ríflega það sem þau hafa áður haft. Ég vil einnig leggja á það ríka áherslu, að það ber að hafa í huga. Það er alveg rétt. Hitt er svo annað mál, að ég starfa alls ekki svo vélrænt að það komi alls ekki til mála að neinir aðrir aðilar við Breiðafjörð, t. d. þar sem atvinnuástand kann að vera erfitt, fái einhvern lágmarksskammt af hörpudiski til að bæta atvinnuástandið. Við þurfum líka að líta á hina mannlegu þætti víðar um Breiðafjörð heldur en í Stykkishólmi.

Ég vil jafnframt upplýsa það, að ranglega er farið með staðreyndir í sambandi við Flóka hf. sem fyrirtækið á Barðaströnd heitir. Áður en þeim var úthlutað þessum lágmarkskvóta, sem ég vil kalla, 400 lestum, var að sjálfsögðu kannað hvernig þar er ástatt. Ég þarf reyndar engan að spyrja að því, þekki það vel, að þar er mikil þörf fyrir einhverja atvinnubót. Fólk vill búa þarna og er þarna, hefur reynt að skapa sér aðra atvinnu með grásleppuveiðum og fleiru. En það vantar eitthvað til að fylla aðeins upp í þannig að fólk geti með sæmilegu móti verið þarna sem það vill vera.

Þarna er fyrirtæki sem er ekki gamalt. Þarna eru ágæt húsakynni. Hv. þm. gæti skroppið yfir fjöllin og skoðað það. Þarna er nýr frystir. Þarna þarf litla fjárfestingu í húsakynnum, eins og gengið var úr skugga um áður en leyfið var veitt, annað en hristara og gufuketil, sem er lítil fjárfesting. Það, sem hv. þm. las úr fréttum áðan er því rangt. Þarna þarf ekki mikla fjárfestingu.

Ég vil jafnframt taka það fram, að í því bréfi, sem Flóka hf. hefur verið skrifað var tekið fram að þetta lágmarksmagn væri veitt til þess að bæta atvinnuástand á staðnum, en skýrt tekið fram að ekki væri til ætlast að það yrði til þess að lagt yrði í nokkra umtalsverða fjárfestingu. Og athygli var vakin á því, að með lögum um samræmingu á veiðum og vinnslu þarf fyrirtæki heimild rn. til þess að leggja í slíka fjárfestingu. Þetta var undirstrikað í því bréfi, og getur hv. þm. fengið það ef það skyldi, auk skíðamennskunnar, lagfæra eitthvað hans sálarró.

Ég vil hins vegar líka taka annað fram. Ég hef ekki úthlutað leyfunum til Stykkishólms vegna þess að ég óskaði eftir að þau fyrirtæki létu rn. í té upplýsingar um hvernig afkastageta fyrirtækjanna hefur þróast, þ. e. hver fjárfesting hefur verið á undanförnum árum. Ég komst að því, að þess hefur ekki verið gætt að krefja slíkra upplýsinga. Ég vil fá að sjá hvort þar hefur verið lagt í fjárfestingu án heimildar. Ég er ekki að segja að svo sé — alls ekki. En ég tel nauðsynlegt að lögum um samræmingu veiða og vinnslu sé framfylgt með því að fylgjast með því og krefjast þess, að leyfa sé leitað til þess að auka afkastagetu þeirra fyrirtækja sem eru í þessari grein.

Hv. þm. segir að augljóst sé að draga þurfi úr hámarksveiði á Breiðafirði. Hann veit þá betur en ég. Þetta sama var sagt um þorskstofninn árum saman og veiðin hefur þó aukist og stofninn styrkst. M. a. hafa fiskifræðingar upplýst mig um það, að á vissum svæðum, þar sem mikið var af skel, stækkaði skelin og afköstin urðu meiri eftir að veiði hófst.

Það er einnig rétt sem hv. þm. sagði, að áhersla hefur verið lögð á að stunda veiðarnar í ríkari mæli norðan til á firðinum, og það hefur verið gert að nokkru leyti. En það réð nokkru um það, að ég taldi ekki óeðlilegt að leyfa þeim stað, sem er næstur þeim miðum, að fá einhvern smávegis aðgang að þeirri hörpuskel sem þar er.

Ég get einnig upplýst hv. þm. um það, að talið er ekki ólíklegt að skel — reyndar kannske önnur skel, svokölluð hjartaskel, sem er allverðmæt einnig — sé út af Rauðasandi, og m. a. annar framleiðandinn í Stykkishólmi hefur boðist til að aðstoða við það, að þá skel mætti vinna á Barðaströndinni. Hann virtist a. m. k. ekki hafa á mót því, að sótt verði í þá skel. Ég fagnaði því og tel sjálfsagt að slíkt verði kannað, ef það gæti orðið einhver stoð atvinnulífi í fátækum og litlum hreppi.

Hv. þm. spurði um aðra staði. Rétt er, að minnst hefur verið á Flatey, og ég teldi mjög æskilegt, ef það gæti orðið til að styrkja veikt byggðarlag, að einhver smákvóti gæti runnið til þess staðar. Þar hagar hins vegar svo til, að þar er lítið vatn sem hægt er að nota, rafmagn af skornum skammti, húsin mjög gömul og sem sagt engin aðstaða til að vinna skel, því miður, svo að ég treysti mér ekki til að veita slíkum stað vinnsluleyfi.

Hv. þm. spyr um bát. Flóki hf. hefur gert ráð fyrir því, það var kannað að sjálfsögðu áður en leyfið var veitt, hvernig þessarar skeljar yrði aflað. Eigendur tjá okkur að þeir séu í viðræðum við eiganda báts á Snæfellsnesinu sem muni verða fáanlegur til að landa þessu magni hjá þeim.

Hv. þm. segir að þarna sé erfið aðstaða, hefur það úr fréttum. Það er að vísu rétt, að við útfiri er erfið aðstaða. En flóabáturinn Drangur kemur þarna að og hefur ekki átt í vandræðum með það. Það þarf að sæta sjávarföllum að nokkru, en þau eru mörg tilfellin hér á landi að slíkt þarf að gera jafnvel á stærri stöðum en þarna er. Við teljum að þetta sé ekki því til fyrirstöðu, að þessu magni megi landa þarna á Barðaströndinni.

Hv. þm. spyr um framtíðina. Hún er að sjálfsögðu mjög háð því, hvort hans slæmu dómar eða spár um framtíðina rætist eða ekki. Ég endurtek það, að að sjálfsögðu verður fyrst og fremst að tryggja að þau fyrirtæki, sem hafa byggt sig upp til þessarar vinnslu, fái það magn sem gerir þeim reksturinn arðbæran og mögulegan, og þess mun verða vandlega gætt. Ástæðan fyrir því, að ég taldi mér fært að veita fleirum leyfi, var sem sagt sú, að um viðbótarmagn er að ræða. Það er hægt að handvinna það magn með mjög lítilli fjárfestingu á þeim stöðum, sem leyfi fengu, og áhersla lögð á að slíkt leiði ekki til viðbótarfjárfestingar.

Ég vil aðeins segja það að lokum, að það er ekki lítið sem á gengur í kringum skelina. Hún er arðbær og menn seilast í það sem mestan arðinn gefur, og kannske ekki óeðlilegt, en mér finnst satt að segja í því sambandi hafa verið þyrlað upp æðilmiklu moldryki. Mér finnst nokkuð hart gengið eftir hjá þeim aðilum sem að þessu hafa setið einir. Þeir eru góðra gjalda verðir. Þeir hafa byggt myndarlega upp sín fyrirtæki og þau þarf að tryggja. En mér finnst ansi hart eftir gengið að heimta allt magnið. Ég hef einnig bent á að þarna er annar sjávarafli, sem má nýta og á að nýta, og ég hef fullan hug á því í sambandi að skelfiskleyfin, sem veitt verða til Stykkishólms, að leggja drög að því að sá afli verði unninn á staðnum. Og þá er það ekki síður til þess að efla atvinnulíf í Stykkishólmi heldur en þótt þeir hefðu fengið öll þessi 800 tonn sem aðrir fá að njóta af atvinnuástæðum. Ég vil gjarnan leita

samvinnu við hv. þm. um að sá fiskur, sem hefur verið fluttur á brott, verði unninn á staðnum. Eigum við ekki að sameinast um það og reyna þannig að styrkja atvinnulífið þarna?

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Mér fannst það í rökþota stíl hjá hæstv. sjútvrh. þegar hann gerir sig að sérstökum dómara yfir andlegu ástandi manna. (**Sjútvrh.:** Það var að gefnu tilefni sem ég gerði það.) Ég get ekki séð að það hafi verið neitt sérstakt tilefni, nema þá hugsanlega andlegt ástand ráðh. sjálfs. En hvað um það, það er ekki meginatriðið í þessu máli.

Það sem er meginatriðið í þessu máli er auðvitað spurningin um það, hvers vegna menn settu í rauninni lögin um samræmingu veiða og vinnslu. Það var vegna þess að um takmarkað veiðimagn er að ræða af þessum tegundum, þar sem stundum er hægt að hafa upp mikinn arð. En menn höfðu það líka fyrir augunum, að þegar allir ætluðu til að hlaupa kom of lítið í hvern hlut og þá hafði þetta tilhneigingu til þess að fara í handaskolum og á hausinn. Einu sinni ætluðu allir að verða ríkir á Íslandi á því að reka bílaleigu. Það er stundum talað um bílaleigu-„effektin" síðan. Það er eitthvað svipað í þessum efnum. Það, sem var að gerast þarna, var að menn ætluðu að verða ríkir á því að gera allir það sama. Það er auðvitað ekki hægt þegar um takmarkaða auðlind er að ræða, og það er skýringin á því fyrst og fremst að menn settu lögin um samræmingu veiða og vinnslu. Það er gott ár í skel núna, þess vegna vilja allir sækja í hana. En það þarf ekki að vera að það sé alltaf gott ár í skel. Og hvernig standa menn þá?

Það er rétt hjá hæstv. ráðhv., að þetta mál er ekki nýtt. Það stóð mikið stríð um þetta mál að því er annað plúss varðaði, Grundarfjörð, fyrir 1—2 árum. Þá hafði ég með þetta að gera. Ég spurði sjálfan mig og ég spurði aðra: Er mannafli og afkastageta fyrir hendi í þeim vinnslustöðvum sem fyrir eru? Svarið var já. Er atvinnuleysi á Grundarfirði? Svarið var nei. Það er innflutningur á vinnuafli. Og ég spurði líka: Hvaða afleiðingar hefur það að fjölga stöðvunum og skipta á fleiri staði? Það þýðir rýrari afkomu hjá stöðvunum öllum. Það þýðir það, að fjárfestingin nýtist verr. Það þýðir það, að þessum stöðvum verður öllum hættara ef undan hallar. Og það þýðir það líka, að uppbyggingin verður lélegri. Það þýðir það, að menn fara í þann gamla íslenska farveg að reyna helst að hafa allar fiskvinnslustöðvar á hausnum. Og það er það sem verið er að stefna að með þessu móti.

Það hefur komið hér fram, að það eru fleiri sem hafa áhuga. Hætt er við að með því að fara þessa leið hafi skriða verið sett af stað og þetta endi með því, að menn verði búnir að spreða þessu út um allar jarðir og setja þessa atvinnugrein á hausinn. Það hefur viljað vera reglan oft í íslenskum sjávarútvegi. Meiningin með lögunum um veiðar og vinnslu var auðvitað að koma í veg fyrir slíkt.

Einu sinni var sagt að það ætti að koma togari á hverja krummavík. Ég veit ekki nema stefnan nú sé sú, að það skuli vera ein skel á hverjum bæ. Kannske svo sé. Ég held að enginn ráðh. hafi talað meira um samræmingu veiða og vinnslu en hæstv. núv. sjútvrh. Ég get ekki séð að það, sem hér er verið að gera, sé beinlínis í þeim stíl, nema túlkunin eigi að vera þveröfug við það sem heilbrigð skynsemi og allur almenningur telur. Það er upplýst að þarna þarf að koma upp aðstöðu, þarna þarf fjárfestingu. Það er upplýst, að bátur er ekki fyrir hendi — það er verið að ræða við eiganda einhvers báts einhvers staðar — og það er upplýst, að hafnaraðstaðan er mjög léleg. Það, sem kemur út úr svona háttalagi, getur verið það, að ekki þurfi aðeins að byggja upp aðstöðu, heldur þurfi líka að hjálpa til að kaupa bát og endurbæta höfnina — og svo þurfi að lokum að kaupa skuttogara í plúss eins og Stykkishólm sem stendur þó ágætlega atvinnulega séð ef hann fær að búa að skelinni. Og menn skyldu gæta að því, þegar verið er að tala um að þeir hafi fengið jafnmikið og í fyrra, að í fyrsta lagi er ekki alveg víst að alltaf sé góðæri, og í annan stað er það eðli plássa að fara vaxandi og þurfa fleiri og fleiri atvinnutækifæri.

Hér er í raun og sannleika um stefnumál að ræða, spurninguna um það, hvort menn vilja byggja upp sterk fyrirtæki í greininni, hvort menn vilja hafa verkaskiptingu innan greinarinnar þannig að sumir séu að vinna skelfisk og aðrir séu í annarri vinnslu, — verkaskiptingu sem hefur þó orðið til þess almennt í iðnþróun að stuðla að framförum og bæta lífskjör. Í þessum greinum er einmitt tækifæri til þess að hagnýta sér slíka verkaskiptingu, og það var m. a. meiningin með þeim lögum sem sett voru um samræmingu veiða og vinnslu. En ég fann það á málflutningi hæstv. ráðh., að í þetta skipti var það ekki svo, að hann hefði ekki sannfæringu fyrir þessu. Aldrei þessu vant er hann að framkvæma vilja sinn. Hingað til höfum við vanist því, að yfirlýsingar ráðh. væru á þá lund, að það, sem hann væri að gera, væri einmitt það sem hann vildi ekki vera að gera. Við höfum heyrt það t. d. í sambandi við Þórshafnartogarann og margt, margt fleira. Við heyrðum það líka í sambandi við efnahagsmálin aftur og aftur. En nú bregður í annan farveg. Aldrei þessu vant er ráðh. að framkvæma einmitt það sem hann vil gera. Hann vill sem sagt framkvæma samræmingu milli veiða og vinnslu með þessum hætti, og það er auðvitað athyglisverð stefnubreyting. En ég er hræddur um að það komi ansi þvert á almennan skilning og almenna skynsemi að því er varðar það, hvernig standa skuli að málum, eins og þessum. Það skyldi þó ekki vera, þrátt fyrir þessar yfirlýsingar ráðh. og eins og málið er í pott búið og vegna þess hvorum megin Brjánslækur liggur við Breiðafjörðinn, að það hafi eitthvað spilað inn í, að það hafi einhverjar ábendingar komið úr því kjördæmi, sem er norðan Breiðafjarðar, um að það væri nú gaman að fá þangað eitthvað af þessu tagi? *Það skyldi þó ekki vera, þrátt fyrir allt og þó að* ráðh. sé svona sannfærður, að það sé einmitt þrýstingur úr kjördæmi hans sem ráði þarna miklu? Einn ráðh. hefur nýlega lýst því yfir, að úthlutunaraðferð hans varðandi lyfsöluleyfi sé sú, hvort átt hafi sér stað undirskriftasöfnun eða ekki. Ég held að þetta sé dálítið vafasamt fordæmi. En það virðist þannig vera nokkuð gegnumgangandi hjá ráðherrunum að láta undan þrýstingi.

Ég er sannfærður um að hér er verið að stefna í ranga átt. Auðvitað er aldrei auðvelt að neita mönnum um leyfi af þessu tagi. En menn geta komist út í verra farið með því að segja ævinlega já. Og ég held að það sé allt of mikið af því — og af því er sú lykt hér núna líka — að menn séu að kaupa sér atkvæði á kostnað þjóðarinnar.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég verð að segja það strax, að ég er snortinn yfir því, að hæstv. sjútvrh. skuli hafa áhyggjur af mínu andlega ástandi og því, að ég komist ekki nægilega oft á skíði. Ég get huggað hann með

því, að ég fer á skíði þegar ég á þess kost. Ég á þess ekki eins oft kost og ég kannske kysi og verð yfirleitt að láta mér nægja fjöllin og brekkurnar hér í kring, en það er önnur saga.

Hann vék að því hér, að ég teldi atvinnuástand í Stykkishólmi alvarlegt nú. Það voru ekki mín orð. Hins vegar veldur sú þróun, sem sýnilega er hér uppi, mér áhyggjum, og ég hygg að með þessu sé verið að stefna atvinnuástandi í Stykkishólmi í voða í framtíðinni, ef svo heldur fram sem horfir. Hitt sagði ég aldrei, að þar væri nú slæmt atvinnuástand, það eru hreinar rangfærslur.

Hæstv. ráðh. vék sömuleiðis að því, að það væri engan veginn augljóst að draga þyrfti úr þessum veiðum. Ég verð auðvitað að játa það, að ég er enginn sérfræðingur á þessu sviði. Að því er þetta varðar hef ég eingöngu fyrir mér orð fiskifræðinga — og þá þess fiskifræðings sem mest hefur kannað þetta svæði — og hann telur að hér sé boginn spenntur til hins ýtrasta og það sé næsta augljóst, að til þess muni koma að aflamagnið þarna minnki, nema auðvitað því aðeins að saman fari mörg góð ár og mikil uppskera á þessum skeljamiðum.

Það er vissulega athyglisvert, að annar vinnsluaðilinnn í Stykkishólmi hefur boðið mönnum á Brjánslæk, sem um er að tefla hér, aðstoð sína við að verka hjartaskel sem þarna er mikið af. Það er hárrétt, og satt að segja skil ég ekki hvers vegna það góða boð var ekki þegið í stað þess að allir skuli nú sækja í það sama, sem er þó ekki til skiptanna handa einum. Og þar á ég við handa einum stað.

Ég er hiklaust þeirrar skoðunar, að ef haldið verður áfram á þeirri braut sem hæstv. sjútvrh. fer nú, að dreifa út um allar jarðir þessu litla magni sem þarna er til skiptanna, þá stefnir í óefni fyrir stað eins og Stykkishólm. Það gefur auga leið. En ég vek athygli á því, að hæstv. ráðh. svaraði ekki því sem ég spurði um, hvaða háttur yrði hafður á ef draga þyrfti úr og minnka leyfilegt veiðimagn. Verður þá skert að tiltölu hjá öllum eða verða afturkölluð leyfin til þeirra sem síðast fengu þau? Fá þeir, sem lengst hafa að þessu unnið, bæði á feitu árunum og mögru árunum, þá að halda sínu og það fólk sem við þetta vinnur? Ég spurði sömuleiðis — vegna þess að ég tel mig hafa rökstuddan grun um að sótt verði á frá fleiri stöðum um leyfi — hvort hæstv. ráðh. hefði í hyggju að veita leyfi til fleiri staða. Ef honum finnst rök hníga til þess að veita slík leyfi til Grundarfjarðar og til Brjánslækjar, eins og þegar hefur verið gert, þá hljóta sömu rök að hníga til þess að veita öðrum stöðum svona leyfi.

Sömuleiðis bar ég fram þá spurningu — og vitnaði hér í efnahagsstefnu ríkisstj. og stjórnarsáttmála — hvort þetta væri í samræmi við þá stefnu sem þar er boðuð. Ég les þau plögg þannig, að þessar aðgerðir ráðh. séu í hróplegu ósamræmi við stefnu ríkisstj., og þess vegna spurði ég. Því var hins vegar ekki svarað.

Að lokum aðeins þetta: Ég veit mætavel, eins og hæstv. ráðh., um það ástand sem þarna hefur verið, að einhverju magni af fiski hefur verið ekið í burt. Það er auðvitað ekki verjandi, og ég er reiðubúinn til þess hvenær sem er, ef ráðh. óskar, að vinna með honum og öðrum, sem málið snertir með einhverjum hætti, að því að leita lausnar á því máli. Mér finnst það sjálfsagt og eðlilegt og það skal ekki standa á mér.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að flytja langt mál hér, bjóst raunar við að það væri ekki ástæða til þess, en það hefur margt borið hér á góma. Ég ætla nú ekki að skipta mér af því öllu, eins og t. d. skíðamennsku þeirra félaga. Ég held að þeir verði að útkjá það mál á öðrum vettvangi. En ég verð að segja það, að mér kemur nokkuð einkennilega fyrir sjónir að fulltrúar Alþfl. í þessum umr. og fulltrúar stjórnarandstöðunnar fram til þessa tala svo í þessu máli eins og það sé eitt af höfuðmálum þessa þings. Þeir hafa tekið svo stórt upp í sig, að furðulegt er, miðað við það tilefni, sem er til þessarar umr., ef það er þá nokkurt tilefni til að biðja um umr. utan dagskrár út af þessu máli.

Því hefur verið haldið fram, að með þeirri ráðstöfun, sem hæstv. sjútvrh. hefur gert um að veita mjög takmarkað skelfiskveiðileyfi til Brjánslækjar, sé verið að stofna í hættu atvinnuöryggi í Sykkishólmi. Þó er það staðreynd og liggur fyrir að það er veitt meira magn í veiðleyfum til Stykkishólms núna en áður. Ég vil hins vegar taka undir allt sem hér hefur verið sagt um mikilvægi þessa atvinnurekstrar, skelfiskvinnslunnar í Stykkishólmi, og leggja áherslu á þýðingu þess rekstrar og þess sérstaka myndarskapar sem er á rekstrinum þar. Það verður ekki lögð of mikil áhersla á það.

Hins vegar get ég ekki tekið undir málflutning fulltrúa Alþfl. viðvíkjandi öðrum stað að norðanverðu við Breiðafjörð, Brjánslæk. Ég veit ekki hvað miklar hugmyndir hv. 5. þm. Vesturl. hefur um þann stað. Þegar hann talar um að það sé veitt leyfi til Brjánslækjar segir hann að það séu veitt leyfi út um hvippinn og hvappinn, eins og hann orðaði það. (Gripið fram í.) Nú, þá er hann að tala um Grundarfjörð líka. (**Sjútvrh.:** Það er hvappurinn). Það er hvappurinn, já. En ég held að augljóst sé að það sé alger óþarfi að hafa svona miklar áhyggjur út af þessari leyfisveitingu til Brjánslækjar. Aðalatriðið er hvort það eru ástæður og rök fyrir því að veita þetta leyfi. Hæstv. sjútvrh. hefur greint frá sínum rökum. En ég vil aðeins segja við þá fulltrúa Alþfl. í þessum umr., að við skulum hafa í huga að hér er um að ræða landbúnaðarhérað þar sem Brjánslækur er. Við ræðum oft og tíðum mikið um landbúnað, og ekki síður þeir Alþfl.-menn en við hinir, þó þeir hafi kannske ekki jafnmikinn áhuga á landbúnaðarmálum. En það viðurkenna þeir ekki sjálfir. En þá greinir a. m. k. oft og tíðum mjög á bæði við mig og aðra í mínum flokki í þessum efnum. En kemur okkur ekki saman um það, að á tímum þegar um er að ræða offramleiðslu í landbúnaði sé rétt að huga að því, hvernig hægt sé að draga úr þeirri framleiðslu? Mér hefur fundist að Alþfl.-menn væru til viðtals í þeim efnum eins og aðrir. En það er ekki nóg að segja að þeir vilji draga úr landbúnaðarframleiðs. Við þurfum að gera okkur grein fyrir því, hvernig við eigum að gera það án þess að byggðin dragist saman, að Ísland verði byggt allt. Og ein leiðin til þess er að stuðla að því, að í sveitum landsins, landbúnaðarhéruðum, séu teknar upp aukabúgreinar. Í þessum hreppi, þar sem er Brjánslækur, eru stundaðar vissar aukabúgreinar sem hafa haft mikla þýðingu, eins og t. d. hrognkelsaveiðar. En atvinnulífið og byggðin í þessum hreppi stendur þannig, að það er alveg nauðsynlegt að styðja betur og á margvíslegan hátt að aukabúgreinum einmitt í þessu byggðarlagi.

Þessi smáa leyfisveiting, sem hæstv. sjútvrh. stendur að til Brjánslækjar, er því að mínu viti spor í rétta átt. Það er algerlega ástæðulaust að óttast að slíkt komi illa atvinnulífi í öðrum byggðarlögum og í öðrum sýslum og öðrum kjördæmum, fyrst einhverjir menn voru að tala

um kjördæmi, eins og hv. síðasti ræðumaður gerði í þessu sambandi. Það er algerlega óþarfi að hræðast slíkt, hvað þá að segja eins og hv. 2. þm. Reykn. orðaði það, að með þessu væri stefnt að því að koma sjávarútvegi í rúst. Það sagði hv. þm. efnislega. Það er von að hv. þm. brosi yfir þessu, ég brosti líka. Ég veit að hv. þm. meinar þetta ekki. En hann talar af svo miklum sannfæringarkrafti í þessu máli, að þetta hrýtur efnislega út úr honum.

Það er ekki oft sem maður stendur upp hér í umr. á Alþingi og lýsir því yfir að það, sem stjórnarherrarnir eru að gera, sé rétt. Það er alger undantekning, og þar er einmitt undantekning sem staðfestir regluna. Þess vegna er furðulegt að stjórnarandstöðuflokkur eins og Alþfl. skuli nota þessa undantekningu til þess að blása upp svo miklu af þessu tilefni.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Eins og hv. síðasti ræðumaður gat um er það nokkur nýlunda að stjórnarandstæðingar skuli standa hér upp til þess að verja gerðir ríkisstj. Og raunar er það nú svo með Sjálfstfl., að hann er í senn í stjórn og stjórnarandstöðu, þannig að maður veit í rauninni aldrei hverju maður á von á þaðan, og sannaðist það rækilega hér í þessum ræðustóli áðan.

Það getur vel verið að hv. 4. þm. Vestf. þyki þetta lítið tilefni. Mér þykir það hins vegar ekki og þar greinir okkur á. Ég hygg að því fólki, sem við þetta starfar vestur í Stykkishólmi, þeim 200 einstaklingum sem af þessu hafa atvinnu þar, þyki þetta ekkert lítið mál. Og þegar hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson segir að þessi ráðstöfun sjútvrh. sé spor í rétta átt, en talar í hinu orðinu um myndarskap þeirra í Stykkishólmi, hversu mikil undirstaða atvinnulífsins þetta sé, hve myndarlega sé staðið að málum þar, sem er alveg hárrétt hjá honum og ég get tekið undir, þá finnst mér óneitanlega gæta töluverðrar þversagnar í málflutningi hans, að ekki sé meira sagt.

Hv. þm. kaus að snúa þessu upp í umr. um landbúnaðarmál. Það er alveg rétt, að við Alþfl.-menn höfum haft ýmsar aths. að gera við þá stefnu sem fylgt hefur verið í landbúnaðarmálum. Og nú er svo komið, bændsamtökin hafa fallist á þau sjónarmið, sem um langt árabil var haldið fram af Alþfl., að það væri nauðsyn að takmarka framleiðsluna. Á það hefur verið fallist, það sýna verkin. En það er ekki lausn á vandamálum landbúnaðarins að grípa til ráðstafana sem þessara. Það er víðs fjarri öllum sanni. Áreiðanlega hefði mátt finna einhverjar aðrar aukabúgreinar sem þarna hefðu hentað. Það var minnst hér áðan á verkun hjartaskeljar. Áreiðanlega hefði mátt finna eitthvað annað, sem betur hefði hentað, heldur en að skera af því sem aðrir hafa byggt sína atvinnu og afkomu á. Ég hygg að það sé ekki rétta leiðin.: Ég ætla svo ekki að hafa um þetta fleiri orð, vona hins vegar að hæstv. sjútvrh. svari þeim spurningum sem til hans var beint hér áðan.

Sjútvrh.(Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Það er nú kannske ekki rétt að gera skíðamennskuna hér að aðalumræðuefni, enda hóf ég ekki þá umr. Hins vegar verð ég að lýsa ánægju minni með það, að hv. þm. skuli njóta þess ágæta sports, útivistar, harma að hann hafi aldrei kynnst öðrum brekkum en hér, en ég ætla ekki að fara að kynna honum slíkt hér úr ræðustólnum. Hins vegar get ég bent honum á það, að hv. þm. Kjartan Jóhannsson er vel kunnugur skíðamennsku erlendis, og m. a. sem sjútvrh. fór hann einu sinni til Lech og það er einn sá staður sem mig langar mest til að koma á. Það var skrýtið, að það var ekkert eftir því tekið, en hann getur áreiðanlega frætt hv. þm. um að það er ákaflega gaman að bregða sér þannig einstöku sinnum. Ég held að við höfum allir gott af því.

Ég vil hins vegar segja að ég hélt mig svara þessum spurningum. Það getur vel verið, að honum þyki svörin ófullnægjandi. Ég sagði m. a. áðan að ef spádómar hv. þm. reynist réttir um samdrátt í skelinni — ég lýsti því, að ég vonaðist til að svo yrði ekki — þá gilti um það að sjálfsögðu grundvöllur þeirra laga sem við byggjum á, þ. e. um samræmingu á veiðum og vinnslu, að þeir staðir hljóti að ganga fyrir sem eru upp byggðir með ærinni fjárfestingu og myndarskap til að vinna skelina. Þá væri það brot á þeim lögum, ef kippt yrði atvinnu- og rekstrargrundvelli undan slíkum stöðum. Það væri rangt. En ég hef talið kleift að veita þarna smávegis úrbót stöðum sem ég mat svo að hefðu af þessu gagn og þörf. Mín niðurstaða í sambandi við Grundarfjörð var nokkuð önnur en hjá hv. þm. Kjartani Jóhannssyni. Ég viðurkenni að vísu að þar kunna aðstæður að breytast þegar þar kemur nýr togari t. d. En ég mat það svo, að atvinnuástand væri þar slíkt um tíma að æskilegt væri að vinna þar nokkra skel. Mitt svar er þess vegna ósköp hreint og beint, að hinir staðirnir ganga að sjálfsögðu fyrir, þeirra rekstrargrundvöllur verður að vera tryggur, ef til einhvers samdráttar kemur sem um munar í skelvinnslunni. Og þetta var fram tekið við þá aðila sem leyfi fengu.

En aðeins til þess að menn geri sér ljóst hver þróunin hefur orðið þar, t. d. bara á tveimur árum bendi ég á þetta: Í fyrra var í upphafi úthlutað 6000 lesta veiðimagni af skel og fór það til Stykkishólms. Síðan var bætt við 1000 lestum, þ. e. farið upp í 7000 lestir, og þá fékk einn staður Grundarfjörður, 400 lestir. Hinir voru þá með 6600 lestir. Síðan var að vísu veitt smávegisviðbótarmagn til Stykkishólms, 300 lestir í des., af atvinnuástæðum og af því að markaður var mjög góður. Talið var æskilegt að nota verðið, þann markað sem var og var mjög góður. Þá var að vísu skýrt tekið fram að þetta yrði dregið frá á næsta ári. Nú hef ég úthlutað Stykkishólmi 7200 lestum, þ. e. 600 lestum meira en þeir höfðu í hinni reglulegu úthlutun í fyrra, og ekki dregið 300 lestirnar frá, svo að mér fannst satt að segja að atvinnulega væri vel séð fyrir Stykkishólmi um leið og aðrir í kring, sem að mínu mati þurftu gjarnan á því að halda, fengu nokkra úrbót.

Ég mundi fagna því ef tækist að vinna hjartaskelina, og ég fagna því tilboði sem mér var flutt af öðrum framleiðandanum í Stykkishólmi, og hef komið því á framfæri. Hins vegar á það nokkurn aðdraganda, og sú litla skelfiskvinnsla, sem væntanlega verður þá á Brjánslæk, gæti orðið aðdragandinn að því, að farið yrði að vinna hjartaskel sem er þarna nálægt. Vinnsla hennar er að vísu tiltölulega einföld, en markaður hefur ekki verið kannaður, markaðar hefur ekki verið aflað fyrir hjartaskel. Sömuleiðis eru skiptar skoðanir um það hjá kunnugum mönnum, hvort það magn sem þarna fæst, sé nokkuð til að byggja á. Það þarf að skoða betur.

Ég veit ekki hvort það var eitthvað fleira sem hv. þm. telur mig ekki hafa svarað. Má ég spyrja úr stólnum hvort það var eitthvað. (**EG:** Já, hvort sjútvrh. telur þetta vera í samræmi við boðaða stefnu ríkisstj.) Ég tel það fyllilega vera í samræmi við þá stefnu, sem ríkisstj. hefur, að styrkja atvinnulífið um land allt og koma í veg fyrir

atvinnuleysi. Það er grundvallaratriði og hefur tekist á síðasta ári betur en yfirleitt áður. Á það leggjum við höfuðáherslu.

Hv. þm. Kjartan Jóhannsson taldi mig játa of mörgu. Það verður hver og einn að meta. Ég er ekki sá reiknimeistari sem hann er, og á mínum reiknistokki kemur ekki alltaf upp mínus a. m. k. Ég skoða vandamál hvers manns, sem til mín kemur, og reyni að meta það, ekki vélrænt, heldur frá mannlegum sjónarmiðum. Þetta veit ég reyndar að hv. þm. gerði líka þegar hann var ráðh. og leysti úr ýmsum vandamálum, t. d. í sínu kjördæmi, sem við ræddum á ríkisstjórnarfundum, og ég gat mætavel skilið hann þó að sumt gengi kanske stundum dálítið gegn þeim boðskap sem hann nú flutti. En ég ætla ekkert að ræða þau mál. Ég studdi hann í þeim sumum af því að ég áleit þau mannleg, og þannig reyni ég að starfa áfram. Þau eru mörg slík málin, og ég álít að vélræn afgreiðsla á svo viðkvæmum málum sem varða atvinnu og afkomu manna hingað og þangað um landið sé fráleit og lög alls ekki til þess sett, t. d. alls ekki til þess sett að Stykkishólmur fái algera einokun á skelinni. Við þurfum að kanna hvaða svigrúm er til þess að skelin jafni búskaparhætti og aðstöðu við Breiðafjörð. En ég þarf ekki að endurtaka það, að vitanlega má grundvöllinn á Stykkishólmi aldrei bresta.

Ég hef ekki heyrt nokkur rök fyrir því, að rekstrargrundvöllur þessara fyrirtækja sé að einhverju leyti veiktur með þessu, og það getur reyndar ekki verið, því að þeir fá meiri skel en nokkru sinni fyrr.

Ég vil segja að mér finnst hér gert mikið fjaðrafok út af þessu máli.

Ég vil svo að lokum vona að hv. þm. takist að sannfæra konurnar þarna fyrir vestan um það, að þær fái eins mikla skel og þær hafa nokkurn tíma áður unnið, reyndar 600 lestum meira en þær fengu í reglulegri úthlutun í fyrra. (**EG:** Væri ekki rétt að ráðh. heimsækti þær?) Ja, ég skal með ánægju koma þangað, en ég þekki enga góða skíðastaði þar í kring, svo að ég verð líklega að fara skíðalaus, nema hv. þm. drífi í því af sinni skíðakunnáttu að koma þar upp einhverjum skíðastöðum.

En ég skal með ánægju gera það, og ég efast ekki um að vel muni fara á með okkur, ef málið er skýrt rétt og magn það, sem þangað kemur, fyrir þær lagt, svo að þær sjái hverjar staðreyndirnar eru. En ég vil ekki síður fagna því, að hv. þm. vill beita sér fyrir því, að sú fiskvinnsla, sem þarna er, fái það hráefni sem til fellur, og það geur hann náttúrlega gert í krafti sinnar þekkingar á staðnum og tíðra ferða þangað og beitt sér fyrir því með viðtölum við menn. Ég skal gjarnan taka við hverri þeirri tillögu sem hv. þm. hefur til mín að flytja og stuðlað gæti að því að aflinn yrði þarna unninn.

Neðri deild, 47. fundur.

Miðvikudaginn 4. febr., kl. 2 miðdegis.

Þingsköp Alþingis, frv. (þskj. 389). — 1. umr.

Flm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Í umr. um þingsköp í þessari hv. deild fyrir nokkru boðaði ég það, að ég mundi flytja frv. um nokkrar breytingar á þingsköpum. Er það nú fram komið og hér tekið til 1. umr.

Það er býsna margt varðandi störf Alþingis og þingsköp sem þm. hafa rætt síðustu árin og flutt um ýmsar tillögur. Er vafalaust rétt, að í rauninni er tilefni til að láta nefnd athuga þingsköpin í heild. Ég hef þó valið þrjú atriði í þetta frv. og varða þau öll starfshætti og afgreiðslu mála í þinginu. Þessi þrjú atriði eru þingsályktunartillögur, fyrirspurnir og umræður utan dagskrár.

Ástæðan til þess, að ég tek þessi þrjú atriði sérstaklega til meðferðar, er sú, að allir þessir þættir þingmála hafa vaxið gífurlega á undanförnum árum, eins og ég skal greina nánar frá, og þeir taka nú svo mikið rúm í dagskránni, að oft kemur fyrir að þeir þrengja að lagasetningu og öðru því sem segja má að sé meginverkefni þingsins. Það er skoðun mín, að þingið þurfi að athuga sérstaklega þetta þrennt, þáltill., fsp. og umræður utan dagskrár, í þeim tilgangi að láta þessa þætti ekki taka of mikið rúm á kostnað sjálfrar lagasetningarinnar og þess sem beinlínis lýtur að stjórn landsins frá degi til dags.

Ég byrja á að vekja athygli á því sem ekki er í þessu frv. Ég geri ekki till. um breytingu á meðferð frv. til laga. Þar ríkir hið hefðbundna málfrelsi sem mun vera meira hér á Alþingi en í nokkru öðru þingi sem ég hef spurnir af.

Ég legg ekki til neinar breytingar á því eða neinar takmarkanir. Í öðru lagi geri ég ekki till. um neina breytingu á ákvæðum um skýrslur ráðherra. Ég vil biðja menn að taka eftir því, að ég tel að skýrslur ráðh. — bæði þær, sem ráðh. óska sjálfir eftir að flytja og níu eða fleiri þm. geta beðið um — séu form er ætti að nota miklu meira hér á þingi. Það er skynsamlegt, þegar um stór, veigamikil málefni er að ræða, að taka þau þannig fyrir, að fyrst fáist skýrsla um staðreyndir frá viðkomandi ráðh. og síðan verði um þau mál algjörlega frjálsar umræður eins og um lagafrumvörp, þó með þeim takmörkunum að menn megi tala tvisvar og frsm. þrisvar o. s. frv., sem allir þekkja.

Þá ætla ég að víkja nokkrum orðum að þeim þrem þáttum sem ég legg til að gerðar verði breytingar á. Kem ég þá fyrst að till. til þál.

Það er fyrst á nokkrum síðustu áratugum sem till. til þál. hafa orðið svo margar sem raun ber vitni nú á okkar dögum og við þekkjum vel af störfum þingsins. Áður fyrr voru slíkar till. sjaldgæfar og yfirleitt fluttar í deildum. Ég get nefnt það sem dæmi, að 1925 voru fluttar 23 þáltill., 1928 35, 1950 eru þær komnar upp í 54, 1960 orðnar 73 og 1976 eru þáltill. 88. Það sem af er þessu þingi er búið að flytja 60 þáltill. Og menn sáu á dagskrá Sþ. í gær, hvernig þær eru þar í löngum biðröðum.

Í öðru lagi vil ég benda á að mikill meiri hluti af þessum till. fær ekki endanlega afgreiðslu hér á þingi, heldur er látinn sofna í nefnd, eins og það er orðað.

Nú er það svo, að þáltill. eru ákaflega mismunandi. Í eðli sínu eru þær ekki veigamiklar. Þær eru vissulega ekki lög, það er ekki hægt að breyta lögum með þáltill., og það eru skiptar skoðanir um hvað ríkisstj. þurfi að taka þær alvarlega. Það hafa setið ráðherrar á síðari árum sem hafa neitað að ansa þáltill. ef þær kröfðust verulegra peningaútgjalda, nema þingið útvegaði þá peninga líka. Svo eru til aðrir ráðherrar sem hafa litið öðruvísi á.

Í raun og veru eru þáltill. tvenns konar. Annars vegar eru till. sem fjalla um stjórnskipunarmál, utanríkismál, staðfestingu á framkvæmdaáætlunum og annað slíkt. Þessar till. eru með alveigamestu málum sem Alþingi fjallar um. Margar stærstu ákvarðanir, sem við tókum einhliða í sjálfstæðisbaráttunni, tókum við með þáltill., t.

d. þegar við fluttum konungsvaldið inn í landið í byrjun ófriðarins eða þegar við sögðum upp sambandssáttmálanum við Dani. Flestar meiri háttar ákvarðanir í utanríkismálum, staðfestingar á samningum, eins og inngöngu í Atlantshafsbandalagið, sem menn muna, og till. sem sýndu samstöðu okkar allra í landhelgismálinu, þetta er gert með þingsályktunartillögum. Vissar framkvæmdaáætlanir, eins og t. d. vegáætlun eða gróðuráætlunin frá 1974, eru staðfestar með þáltill. Tillögur af þessu tagi fela í sér ákvörðun sem er hafin yfir allan efa, bæði lögleg og gild, hvað sem fróðir menn annars segja um þátill.

Ég legg til að um tillögur af þessu tagi verði tvær umræður og að það séu engar takmarkanir á þeim umræðum umfram það sem er þegar í þingsköpum um lagafrumvörp og önnur slík mál, m. ö. o. að meðferð á þessum málum breytist ekki.

Aðrar tillögur, og það er mikill meiri hluti af þáltill. sem nú eru fluttar, eru ályktanir Alþingis um að benda á eitt eða annað, að fela ríkisstj. að láta undirbúa frv. og ýmislegt af því tagi. Þessar till. hafa það sameiginlegt, að viðkomandi mál eru ekki á því stigi að hægt sé eða tímabært að setja þau í lagaform. En þm. eru með flutningi till. að vekja athygli á málunum eða vekja umræður um þau, koma hugmyndum á framfæri.

Þetta er allt í sjálfu sér gott og blessað og ágætur tilgangur.

Þetta þarf að gerast. En skoðun mín er sú, þegar um er að ræða till. af þessu tagi þar sem menn eru að kynna mál og halda uppi áróðri, — e. t. v. líka að kynna sjálfa sig, við skulum játa það, sem er líka göfugur tilgangur í þessari stofnum, — að slíkar till. hafi hlotið ágæta meðferð þegar þm. hefur notað þann rétt sinn, sem stafar af því að hann er þingmaður, að flytja málið, það hefur verið prentað sem þskj. og því dreift. Þá er málinu ágætlega komið á framfæri. Sannleikurinn er sá, að í öðrum þingum er langalgengast að mál fari beina leið til nefndar. Þetta hugtak, að það skuli vera ótakmörkuð umræða við 1. umr. um öll mál, stór og smá, held ég að sé varla til í öðrum þingum. Það er sem sagt till. mín í þessu frv., að þessar almennu þáltill. hljóti þá meðferð, að þegar þær hafa verið prentaðar og þeim hefur verið útbýtt verði þær teknar á dagskrá og þá fái frsm., einn ef þeir eru margir, að flytja framsögu fyrir málinu í tíu mínútur, en eftir það verði till. án frekari umræðu vísað til nefndar. Það er þarna sem við getum sparað mikinn tíma.

Tillögurnar fara til nefndar og eru teknar þar fyrir á venjulegan hátt, og nefndin gerir upp við sig hvort till. hefur það mikinn stuðning að menn telja rétt að hún verði afgreidd af þinginu sem ályktun. Þá eru gefin út nál., og mín till. er að þegar meiri hl. nm. hefur skrifað undir álit, hvort sem það er með eða á móti, beri forseta að taka till. aftur á dagskrá. Þá fari fram frekari umræða. Þetta þýðir að rúmlega 2/3 af öllum þáltill. taka aðeins tíu mínútur af tíma Sþ., nema nefnd telji þær vera þess virði, að þingið eigi að afgreiða þær. Ætli þær verði ekki upp undir 90 á þessu þingi ef að líkum lætur? Þá mun 1/4, eða hvað það nú reynist sem hefur verið afgreitt úr nefnd, koma aftur til umræðu.

Ég vil raunar ekki hafa algjörlega opna umræðu um slíkar till., heldur að það verði þá takmarkaður ræðutími, en að allir þm. geti tekið þátt í umræðunni.

Þetta er miklu líkara því sem tíðkast í öðrum þingum, þar sem málaflóð hefur orðið mikið og fer á einhverjum tíma yfir þau takmörk, sem viðráðanlegt er, nema með sérstökum reglum. Þar er það algengast að mál fari, eins og ég sagði, til nefndar án nokkurrar frekari meðferðar. Sum þing hafa sérstakar vinnunefndir sem ákveða hvaða mál megi taka úr nefndum og inn í þingið til lokaafgreiðslu. Þá er algengt í öðrum þingum að um það sé samið — venjulega eru það þeir, sem samsvara formönnum þingflokka hér, er semja — hve mikinn tíma á að ætla hverju máli, kannske ákveðinn hálftími og ekki meira, svo að till. mín er eftir sem áður töluvert rýmri en tíðkast í meðferð alls þorra þingmannamála í öðrum þingum.

Með þessu móti held ég að afgreiðsla á þáltill. mundi verða býsna greið. Ég held að það yrði meira hlustað þegar aðeins er tíu mínútna framsaga um hvert mál, bæði af hálfu fréttamanna og þm. sjálfra. Og síðan væru það nefndirnar sem velja úr þær till. sem meiri hl. þar finnst að eigi að ganga áfram. Þá koma þær aftur á dagskrá og geta allir þm. tekið þátt í umr., en með þriggja mínútna ræðutíma, nema hvað frsm. og flm. fá fimm mínútur.

Þessi fyrsta till. um breytingu á meðferð hinna almennu þáltill. tel ég að mundi bæta vinnubrögð og spara verulega tíma, þ. e. fundartíma í Sþ.

Í 2. gr. er fjallað um fsp. Það þing, sem við nú sitjum, er mesta fyrirspurnaþing sem ég man eftir, og athugun bendir til þess, að fsp. fari ört fjölgandi. Það er fróðlegt að þær hafa í raun verið til lengi. Elsta fsp., sem ég hef séð heimildir um, kom fram á þjóðfundinum, sællar minningar, sem málverkið er af niðri í gangi. En þá spurði þingmaður Barðstrendinga, Ólafur E. Johnsen, fulltrúa konungs hverju það sætti, að komnir væru danskir soldátar í bæinn, hver hefði beðið um komu þeirra hingað, hvað þeir ættu að gera og hver kostaði dvöl þeirra. Konungsfulltrúinn neitaði að svara, sagði að þetta kæmi þjóðfundinum ekkert við.

En fyrirspurnir voru fáar langt fram eftir árum. Árið 1925 eru þær fjórar, 1928 eru þær fjórar. Árið 1934, sem var mikið annaþing, fann ég aðeins eina í þingtíðindum. Árið 1950 eru þær ekki nema átta, 1960 ekki nema tíu, 1961 ellefu.

En svo kemur stökk. Árið 1976 eru fsp. allt í einu komnar upp í 54. Og það sem af er þessu þingi — til s. l. laugardags — voru komnar fram 60 fsp. Og þá sýndist mér að þriðjungi þeirra væri ósvarað.

Þessar tölur breyttust eitthvað á fundinum í gær.

Fyrirspurnaformið er mjög eðlilegt og er eitt besta form þingsins til að fylgjast með framkvæmdavaldinu og veita því aðhald. En það varð ljóst þegar fyrir 1970, að fsp. færi fjölgandi svo að af því mundi stafa vandamál. Það var óneitanlega til, að ráðherrar óskuðu eftir því að taka ákveðið mál til umræðu þar sem þeir höfðu fréttir að færa eða töldu sig hafa unnið vel. Þá sömdu þeir við einhvern þm. um að flytja fsp. Og svo stóð ráðh. upp og svaraði og flutti hálftíma fyrirlestur.

Þá var ekki haldinn sérstakur fundur um fsp., heldur voru fsp. teknar fyrst á fundi Sþ., sem þá var einn í viku, aðeins einn dag í viku. Nú er Sþ. búið að þenja sig yfir tvo af fjórum venjulegum vinnudögum.

Þegar þingsköp voru endurskoðuð síðast, 1972, var ákveðið að stíga það skref að takmarka mjög ræðutíma um fsp. Þá var tekin upp tveggja mínútna reglan. Í þeirri nefnd, sem undirbjó þá breytingu, var mikið um það rætt og í fullri alvöru, hvort ekki ætti að stíga það skref að takmarka mjög ræðutíma um fsp. Þá var tekin upp

tveggja mínúta reglan. Í þeirri nefnd, sem undirbjó þá breytingu, var mikið um það rætt og í fullri alvöru, hvort ekki ætti að stíga lengra og takmarka umræður um fsp. við fyrirspyrjanda og ráðh. sem svaraði. En niðurstaðan varð samt að gera það ekki þá, heldur halda tveggja mínútna reglunni og leyfa öllum þm. að taka til máls. Nú hefur það gerst t. d. í vetur, að þrátt fyrir þessi tveggja mínútna takmörk hefur þm. tekist hvað eftir annað að gera umræður um fsp. að almennum eldhúsumræðum.

Það er alltaf gott að fá eldhúsumræður, og við þurfum að hafa leyfi til að geta það sem oftast, en helst ekki á svo tilviljanakenndan hátt. Og sá galli er við það að ein og ein fsp. taki mjög langan tíma, ef mikill hluti þm. óskar að leggja orð í belg, að aðrar fsp. komast ekki að. Þannig getur málfrelsi eins orðið til að takmarka málfrelsi annars.

Í 2. gr. er aðeins gerð till. um að þetta skref verði stigið til fulls og aðrir þm. en fyrirspyrjandi og ráðh. taki ekki þátt í umræðum um fsp., þeir fái svipaðan tíma og þeir hafa haft, ráðherrann og fyrirspyrjandinn. Ég tel að þessi breyting muni ekki stytta þann tíma sem Sþ. ver til fsp., en á hinn bóginn muni fsp. afgreiðast miklu fljótar og greiðar. Þegar menn sjá að fsp. hrúgast ekki upp og liggja án þess að þeim fáist svarað af ýmsum ástæðum vikum og mánuðum saman, þá hygg ég að menn muni nota þetta form öllu meira og það verði tími og rúm til að svo megi verða.

Ef litið er á þetta tvennt, þáltill. og fsp., sem hafa aukist gífurlega, þá kynni einhver að segja: Hvað gerðu þm. áður, ef þeir sömdu ekki till. og fluttu ekki fsp.? Svarið við því er að þeir sömdu frv. til laga. Á árinu 1928 voru flutt 36 stjfrv., en það voru flutt 123 þmfrv. Á árinu 1934 voru flutt 37 stjfrv., en 108 þmfrv. Á árunum 1950 - 1960 er þetta farið að jafnast, en þmfrv. eru þó nokkru fleiri en stjfrv. Upp úr því snýst þetta við. Árið 1976 eru stjfrv. 71, en þmfrv. 51, árið 1979 eru stjfrv. 88, þmfrv. 35. Þetta er þróun sem ég tel stafa af því, að löggjöf er að verða miklu flóknari en áður var. Það er varla gerlegt að ætla þm., jafnlitla aðstoð og þeir hafa í okkar þingi, að semja flókna frv.-bálka, þó að fyrir komi að þeir geri það með góðra manna aðstoð. Yfirleitt er óhjákvæmilegt að frv. séu hópvinna, og þess vegna hefur fjöldi stjfrv. vaxið, en þmfrv. fækkað svo mjög sem raun ber vitni. Þetta er stundum lagt illa út og talið merki um að þm. séu minni bógar en þeir voru áður, þeir nenni ekki að setjasr niður og semja lagafrv., en skrifi þáltill. meira eða minna í áróðursskyni.

Ég tel að þessi gagnrýni sé ekki réttmæt. En það má sjá greinilegt samband á milli þess, að þmfrv. fækkar stórlega og þáltill. og fsp. fjölgar að sama skapi. Auk þess hefur þm. sjálfum smám saman fjölgað.

Þá kem ég að lokum að því er við köllum umræður „utan dagskrár" sem er dálítið óheppilegt orðalag, vegna þess að venjulega telja menn að fundur hefjist um leið og hann er settur. Hér þarf forseti að setja fund, afgreiða fundargerð, lesa upp framlögð skjöl og tilkynningar um fjarvistir og annað. Þá fyrst segir hann:

Nú verður gengið til dagskrár. Þannig er þetta til komið, þegar hann gefur mönnum orðið áður en gengið er til prentaðrar dagskrár, þá eru það umræður „utan dagskrár".

Þessar umræður gegna miklu hlutverki. Þær voru áður fyrr afar sjaldgæfar, aðeins einu sinni 1925, aldrei 1928, níu sinnum 1934, einu sinni 1950, sjö sinnum 1960, sex sinnum 1961.

Það eru ekki komin út heftin fyrir allra síðustu árin, en við vitum af eigin reynslu hvað þetta er orðið miklu algengara nú. Það verður að bæta því við, að hér áður fyrr tóku menn til máls utan dagskrár svo til eingöngu til að ræða um vinnubrögð í þinginu. Menn ráku á eftir eigin till., eins og hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson gerði í gær eða fyrradag, en urðu fljótt úr því umræður um hrúta í Húnavatnssýslu og fleiri göfug umtalsefni. En áður fyrr var þetta nálega eingöngu um innanþingsmál. Þó voru til mikilvægar undantekningar, og eitt frægasta atvikið, sem gerst hefur í þessum sal, var utan dagskrár. Það var þegar Tryggvi Þórhallsson strunsaði hér inn 1931, Ásgeir Ásgeirsson gaf honum orðið utan dagskrár, og hann rauf þingið.

Kom það öllum á óvart og ætlaði allt vitlaust að verða. Þetta gerðist utan dagskrár og er gott dæmi um það, að slíkt form þarf að vera til.

Eftir því sem ég best veit er í öllum þingum einhver leið til að þm. geti hafið umræðu fyrirvaralítið eða næstum því fyrirvaralaust um einhver þau mál sem borið hefur að í þjóðfélaginu og eru þannig, að eðlilegt er að ræða þau á þingi og þau þola ekki bið, eða þá að ekki er hægt að fella þau inn í venjulegan ramma þingmála.

Í breska þinginu — en Bretar eru sérvitrir og gamaldags í mörgu — líta þeir svo á, að það þurfi að flytja till. um að slíta fundi. Þeir telja till. um að slíta fundi svo víðtæka að um hana megi ræða allt milli himins og jarðar.

Algengasta leiðin til að hefja umræður utan dagskrár er að einhvern tíma eftir fsp.-tíma, sem er fremst á hverjum degi í breska þinginu, flytur þm. till. um að fundinum skuli slitið.

Forseti tekur þá till. til umræðu. Þá mega þeir tala um allt milli himins jarðar. Þetta sýnir hvaða krókaleiðir sums staðar er farið til að uppfylla þessa þörf á því að hægt sé að efna til slíkrar umræðu.

Hingað til hefur ekki orð verið um þessar umræður í þingsköpum, þær hafa verið algjörlega á valdi forseta. En margt stuðlar að því, að það er erfitt fyrir forseta að hafa hömlur á slíkum umræðum. Og þær hafa mjög oft orðið til þess að ryðja algjörlega burt þeim verkefnum sem Alþingi hafði ætlað sér þann daginn, hvort sem var í deildum eða Sþ. Ég hef því gert tilraun til að setja á blað í 3. gr. þessa frv. texta sem gæti komið inn í þingsköpin til að hafa einhverja fasta reglu sem menn gætu miðað við í sambandi við umræður utan dagskrár.

Þá er fyrst að það verður að hafa takmörk fyrir því, um hvað þær geti verið. Ég hef lagt til að forseti skuli heimila eða synja óskum um slíkrar umræður. En það er sett í textann, að þær skuli vera um aðkallandi mál sem ekki þoli bið. Gert er ráð fyrir að þetta sé á undan dagskrá, en forseti geti, ef nauðsyn ber til, rofið dagskrá einhvern tíma dags eða kvölds og leyft slíkar umræður.

Þá eru ákvæði um að þm., sem óskar eftir slíkri umr., verði að biðja forseta um það ekki síðar en kl. 11 sama dag. Og ef málið snertir ráðh., eins og það yfirleitt gerir, þá eigi ráðh. að fá um það að vita ekki seinna en kl. 12. Tímamörk geta menn sjálfsagt rætt nánar ef þeim finnst þau vera of þröng.

Og svo kemur að meginatriðinu, sem ég tel vera óhjákvæmilegt til að hindra að umræður utan dagskrár geti bókstaflega lagt undir sig heila þingdaga og rutt öllum öðrum verkefnum frá.

Ég tel að það verði að takmarka tíma við þær umræður. Ég tel rétt að frsm. og ráðh. fái tíu mínútur hvor og þegar þeir tala í annað skiptið fimm mínútur hvor.

Síðan geti þm. allir tekið til máls og tali þá þrjár mínútur í senn, tvisvar sinnum. Óskrifað í sambandi við þetta eins og önnur ákvæði í þingsköpum er það, að forseti getur heimilað mönnum athugasemd til viðbótar. Það verður að vera á hans valdi.

Þá kemur eitt mjög mikilvægt atriði. Það er að umræður utan dagskrár séu óheimilar í deildum. Þetta mundi stuðla að því, að umræður utan dagskrár tækju síður tíma frá lagafrv. sem eru til afgreiðslu í deildunum. *En mér finnst þar að auki ekki eðlilegt, ef mál er svo* mikilvægt og aðkallandi að rétt sé að taka það fyrirvaralaust til umræðu á Alþingi, að slík umræða fari aðeins fram í annarri deildinni. Að vísu hefur komið fyrir að menn hafa tekið sig saman og hafið umræður samtímis í báðum deildum utan dagskrár um sama mál. En það er undantekning. Ég held að það sé erfitt að ímynda sér svo aðkallandi mál, að þau geti ekki beðið eftir tveimur fundardögum Sþ.

Og ef það gerðist, einhverjar hrikalegar náttúruhamfarir eða annað sem gerði óhjákvæmilegt að þingið tæki málið þegar á stundinni fyrir, þá er alltaf hægt að ákveða fyrirvaralaust fund í Sþ.

Ég legg sem sagt til að umræður utan dagskrár verði heimilaðar í þingsköpum. Það verði eftir sem áður á valdi forseta að meta hvort það mál, sem á að ræða, sé aðkallandi og þoli ekki bið.

Það verði að láta forseta og ráðh. vita um þetta fyrir hádegi sama dag og ræðutími í slíkum umræðum verði takmarkaður og þær fari aðeins fram í Sþ. Þetta er rammi sem ég vona að menn vilji taka a. m. k. sem grundvöll að frekari umræðum.

Að lokum vil ég aðeins minna á síðustu mgr. í grg. með þessu frv., þar sem segir að rétt sé að líta á þetta frv. sem hugmynd að ákvæðum um þá þætti í störfum Alþingis sem fjallað er um. Ég bind mig að sjálfsögðu ekki við einstök atriði, eins og tímasetningar og annað, sem ég tel eðlilegt að séu samkomulagsatriði, og hef því alveg frjálsar hendur, ef umræða verður frekar um þetta, hvað það snertir.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni umr. vísað til allshn.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Þetta er í annað sinn á stuttum tíma sem flutt er hér frv. til breyt. á lögum um þingsköp, en í síðustu viku var hér til umræðu frv. sem hv. 9. þm. Reykv., Vilmundur Gylfason, flutti um *annan þátt þingskapanna.*

Þá urðu allmiklar umræður um störf hér á Alþingi og almennt um stöðu þingsins, og má raunar segja að það sé framhald af umræðum, sem hér hafa átt sér stað stundum í vetur um starfshætti Alþingis, en tilefnið hefur verið nokkuð með ólíku móti. Það hafa verið hér umræður um breytingu á þingsköpum, það hafa verið umræður um launakjör þingmanna svo og ákvörðun um langt jólaleyfi þingmanna stuttu fyrir jólin.

Ég tel fulla ástæðu til að slíkar umræður fari fram.

Bæði kann að vera nauðsynlegt að breyta lögum um þingsköp, eins og einstakir hv. þm. hafa gert till. um, og einnig kann að vera nauðsynlegt að breyta sjálfri stjórnarskránni að því er Alþingi snertir og samskipti þess við framkvæmdavaldið. Það yrði því erfitt að ræða um þessi mál án þess að hafa hvort tveggja undir í einu, enda eru breytingar á stjórnarskránni nú í undirbúningi og því kunna umræður nú á þessu stigi að verða leiðbeinandi í því starfi.

Umræður um samskipti löggjafarvalds og framkvæmdavalds og hvar valdmörkin milli þessara höfuðgreina ríkisvaldsins eigi að liggja eru ekki nýjar af nálinni. Þær blossa alltaf upp öðru hvoru. Ég tel hins vegar mjög mikla þörf á slíkum umræðum nú. Ég held að það sé ótvírætt, að framkvæmdavaldið hefur hægt og sígandi verið að teygja sig til æ meiri valda á kostnað löggjafarvaldsins, og Alþingi hefur oft a. m. k. látið sér það lynda, svo að ekki sé meira sagt.

Í tilefni þessarar umræðu vil ég þess vegna gera nokkur atriði að umtalsefni í þessu sambandi og setja fram nokkrar athugasemdir og ábendingar. Ég tek það skýrt fram, að þótt kveikjan að þessum orðum mínum nú sé reynsla mín af stuttri þingsetu og þá lengst af í valdatíð þessarar ríkisstj., þá vil ég ekkert sérstaklega beina orðum mínum til hennar. *Fleiri ríkisstjórnir eiga hér einnig* hlut að máli.

Stjórnskipulag okkar er byggt á kenningunni um greiningu ríkisvaldsins í þrjá meginþætti: löggjafarvald, framkvæmdavald og dómsvald. Þessi kenning á einkum rætur að rekja til franska stjórnfræðingsins Montesquieu, en rit hans um anda laganna kom út árið 1748. Samkvæmt kenningum Montequieu skyldi sinn aðilinn fara með hverja grein ríkisvaldsins og hver þeirra um sig átti að tempra eða takmarka vald hins. Með skiptingu ríkisvaldsins milli þriggja sjálfstæðra valdhafa á að koma í veg fyrir að nokkur þeirra verði svo sterkur að hann geti svipt þegnana frelsi með ofríki og að eigin geðþótta.

Þessi kenning hefur haft mikil áhrif á stjórnskipun frjálsra þjóða, en þó hafa ríki gengið mjög mismunandi *langt í þessum efnum, og óvíða hefur valdskiptakenn*ingum Montesquieu verið fylgt út í ystu æsar. Einna róttækust er greiningin í Sviss og í Bandaríkjum Norður-Ameríku. Íslensk stjórnskipun byggist að miklu leyti á þessari valdgreiningu, þótt hún hafi engan veginn verið alger hér. Samkvæmt 2. gr. *stjórnarskrárinnar* hafa Alþingi og forseti Íslands saman löggjafarvaldið, forseti og önnur stjórnvöld fara samkvæmt stjórnarskránni og landslögum með framkvæmdavaldið og dómendur með dómsvaldið. Hér kemur þingræðisreglan inn í og ruglar nokkuð. Það *ákvæði stjórnarskrárinnar*, að Ísland sé lýðveldi með þingbundinni stjórn, er talið stjórnarskrárbinda hið svonefnda þingræði, þ. e. að þeir einir geti setið í ríkisstj. sem meiri hl. Alþingis vill styðja eða a. m. k. þola í embætti.

Þessi atriði úr íslenskri stjórnskipun rifja ég hér upp til að minna á að hér er engan veginn um einfalt mál að ræða. Skipting ríkisvaldsins á hina einstöku valdaaðila getur verið með ýmsum hætti, og því er nauðsynlegt að taka það upp til umræðu og athugunar við og við, hvernig háttað sé valdi einstakra handhafa ríkisvaldsins, því að enginn vafi er á því í mínum huga, að þótt valdmörk séu stundum óskýr er það grundvallarregla, sem reyna á að hafa í heiðri, að eðlilegt jafnvægi verður að vera milli þessara meginþátta. Handhafi einnar greinar valdsins má ekki verða um of sterkur á kostnað hinna.

Ég vil þá víkja nokkrum orðum að störfum Alþingis og samskiptum Alþingis og ríkisstj., sem hafa orðið mér *tilefni þessara hugleiðinga. Heimild handa ríkisstj. til* að gefa út brbl. var tekin í stjórnarskrána 1874, og má segja að þá hafi verið brýn þörf á slíkri heimild, þegar reglulegt Alþingi var aðeins háð annað hvert ár og samgöngur

allar mjög erfiðar. Núgildandi ákvæði í stjórnarskránni, 28. gr., eru svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Ef brýna nauðsyn ber til getur forsetinn gefið út brbl. milli þinga. Ekki mega þau þó ríða í bág við stjórnarskrána. Ætíð skulu þau lögð fyrir næsta Alþingi á eftir. Nú samþykkir Alþingi ekki brbl., og falla þau þá úr gildi. Bráðabirgðafjárlög má ekki gefa út ef Alþingi hefur samþykkt fjárlög fyrir fjárhagstímabilið."

Í framkvæmd hefur þetta ákvæði í tímans rás verið túlkað mjög rúmt. Þannig hefur verið talið heimilt að gefa út brbl. í þingfrestun, eins og gert var nú um áramótin, og ákvæðið um brýna nauðsyn hefur verið skilið þannig, að það er lagt í vald ráðherra eða ríkisstjórnar að meta nauðsynina, og hafa þeir í reynd haft um það síðasta orðið. Ég held að enginn haldi því fram, að ríkisstjórnir hafi fylgt mjög strangri túlkun á þessu ákvæði.

Í sambandi við útgáfu brbl. hafa komið upp umræður um það, hvort viðkomandi lög hljóti þingmeirihluta. Hvort svo er skiptir ekki máli um gildi þeirra, og stjórnskipulega þarf ríkisstjórn ekki að ganga úr skugga um það fyrir fram, þótt frá stjórnmálalegu og siðferðilegu sjónarmiði sé það auðvitað æskilegt.

Útgáfa brbl. hefur að vísu farið mjög vaxandi á undanförnum árum. Löggjafarstarf hefur að vísu farið vaxandi í heild, en bættar samgöngur og lengri seta Alþingis en áður var hefðu þó átt að gera útgáfu brbl. nauðsynjaminni en ella. Enginn vafi er á því, að ríkisstjórnir hafa vaxandi tilhneigingu til að gefa út brbl. Ef ríkisstjórn er veik á Alþingi og vafamál um þingstyrk hennar í einstökum málum er þægilegt að geta gripið til brbl. og losnað þannig við óþægilegar pólitískar umræður á þingi og samningaviðræður við erfiða þm. Það er allt annað fyrir þm. að standa síðar frammi fyrir brbl. sem gerðum hlut og setja þannig á þau stimpil samþykkis heldur en að eiga að samþykkja þau fyrir fram sem venjulegt þingmál.

Ég held að engum blandist hugur um að núverandi ríkisstj. ætlaði sér fyrir fram að nota jólaleyfi þingmanna til að setja brbl. Öll viðbrögð ráðh. hér á Alþingi, þegar líða tók að jólum, benda til þess. Ég tel að í stjórnarskránni eigi að takmarka mun meira en nú er gert útgáfu brbl. Ég tel þó að slík heimild eigi að vera fyrir hendi, en hún á að takmarkast við alveg sérstök tilvik, t. d. stríðsástand, náttúruhamfarir eða ef afstýra þarf snögglega einhverjum þjóðarvoða. Núverandi heimild stjórnarskrárinnar, eins og hún hefur verið notuð, er allt of rúm og færir og mikið vald frá Alþingi, hinu eiginlega löggjafarvaldi, til ríkisstj., æðsta handhafa framkvæmdavaldsins.

Í sambandi við umræður um útgáfu brbl. hefur starfstími Alþingis mjög komið á dagskrá og þá einkum í tengslum við deilurnar um jólaleyfi þingmanna nú. Þegar rætt hefur verið um starfstíma Alþingis hafa tvö meginsjónarmið vegist á: Annars vegar það, að þingmennska eigi ekki að vera fullt starf, þingmenn eigi að geta fengi tækifæri til að sinna öðrum verkefnum í þjóðfélaginu og þeir megi ekki um of rofna úr tengslum við uppruna sinn. Hins vegar eru þeir sem benda á vaxandi umfang þingmennskunnar í raun, hvort sem mönnum líkar betur eða verr, og menn verði að fá laun í samræmi við það, en verði þá að stunda þingmennsku sem aðalstarf, annars verði hætta á því, að einungis efnameiri menn treysti sér til þingsetu, og slík þróun sé hættuleg. Reynslan hefur sýnt að hægt og sígandi hefur síðara sjónarmiðið orðið ofan á. Þingmennskan er nú launuð sem fullt starf og af þeim sökum er hægt að gera þá kröfu að þing sitji lengur en tíðkast hefur. Auðvitað verða þingmenn að hafa góðan tíma til að sinna sínum kjördæmum, en öll aðstaða til ferðalaga er að öllu jöfnu allt önnur nú en hún var. Þingtímann á því tímælalaust að lengja að mínum dómi, en það er líklegra til að tryggja betri vinnubrögð.

Þetta leiðir aftur hugann til afgreiðsluhátta Alþingis og þeirra vinnubragða sem hér tíðkast. Áður en þinghlé hefjast er hér allt á kviði. Málum er hespað í gegn á slíkum methraða, að ógerningur er fyrir þingmenn að skoða þau svo neinu nemi. Alþingi gerir vissulega mörg mistök í sínu löggjafarstarfi og margt er hér samþykkt sem betur væri látið ógert, eins og hv. 1. þm. Norðurl. v., Páll Pétursson, gerði að umtalsefni hér á mánudaginn í síðustu viku. En það á að mínu viti fyrst og fremst rætur að rekja til þess, að Alþingi fær ekki þann tíma sem það þarf til að athuga og fjalla um einstök mál. Lögin um húsnæðismál og lögin um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, sem samþykkt voru á s. l. vori, hvort tveggja merk löggjöf, þessi lög eru bæði gott dæmi um það, að þingið fékk ekki þann tíma sem þurfti til að athuga þessi mikilvægu mál. Í rauninni er það með ólíkindum hvernig þm. láta bjóða sér slík vinnubrögð ár eftir ár án þess að taka í taumana.

Lengri seta Alþingis á ári hverju ætti að tryggja vandaðri vinnubrögð í löggjafarstarfi. Á hinn bóginn höfum við einnig dæmi um það, að ýmis merk löggjöf situr á hakanum árum saman vegna þess að þingið hefur ekki tíma til að taka málið til meðferðar. Frv. til barnalaga, sem hér hefur verið fyrir þingi margoft, er gott dæmi um það.

Lengri starfstími Alþingis mundi einnig geta auðveldað Alþingi að taka til meðferðar önnur mál en snerta beint löggjafarstarf. Tökum t. d. utanríkismál. Síðan ég settist á þing hefur engin heildarumræða farið fram um utanríkismál. Nú á utanrrh. að leggja fram skýrslu á ári hverju og hana á að taka til umræðu hér í þinginu. Á síðasta þingi var þessi skýrsla lögð fram undir þinglok. Ráðh. hélt sína framsöguræðu, en síðan varð að slíta umræðum í miðju kafi, þegar örfáir þm. höfðu tekið til máls, því að komið var að þinglausnum. Heildarumræður og úttekt á mikilvægum málaflokkum eins og utanríkismálum eru nauðsynlegar við og við, enda tíðkast þær meðal allra þjóðþinga. Alþingi á að vera spegilmynd þeirra hræringa sem eru úti í þjóðfélaginu í jafnmikilvægum málaflokkum.

Ég er eindregið þeirrar skoðunar, að þm. verði sjálfir að hafa þann metnað fyrir hönd þessarar virðulegu stofnunar að láta ekki nota sig eins og afgreiðsluvélar fyrir misvitrar ríkisstjórnir. Til þess þarf reyndar að verða nokkur hugarfarsbreyting hér á Alþingi. Það er a. m. k. mín reynsla.

Það er gömul saga og ný, að ýmsar valdastofnanir hafa ýmis ytri tákn til að undirstrika vald sitt og virðingu. Sumir kalla slíkt hégóma, en engu að síður er það staðreynd sem ekki verður fram hjá gengið. Stundum er slíkt reyndar meira en tákn, það er ætlað til að auðvelda störf og festa ákveðnar athafnir í formi. Hér á hinu háa Alþingi eru ýmsar slíkar athafnir sem hafa á sér virðuleikablæ, eins og t. d. þingsetning. Ég nefni líka stjórnun og framkvæmd þingfunda o. fl. þess háttar. Ef við hins vegar berum saman stöðu ráðherra, æðstu handhafa framkvæmdavaldsins, annars vegar og forseta Alþingis,

æðstu embættismanna þingsins, hins vegar, þá hallar æðimikið á forseta Alþingis í þeim efnum. Ég nefni lítið atriði eins og það, að ráðherrar hafa t. d. bíl og bílstjóra til umráða, eins og við verðum varir við, þingmenn, þegar við erum að koma hér út úr þinghúsinu. Það hefur forseti Sþ. ekki. Launakjör ráðherra eru allt önnur og betri en forseta Sþ., og þannig mætti áfram telja. Þetta eru atriði sem ég tel nauðsynlegt að taka til athugunar og þá um leið stöðu leiðtoga stjórnarandstöðu á þingi.

Svigrúm ráðh. til ákvarðanatöku um ýmis mál er æðimikið. Alþingi hefur smám saman verið að leggja í hendur ráðh. og reyndar ýmissa annarra lægra settra stjórnvalda í framkvæmdavaldsþættinum, æ meira vald. Það er gert með því móti að heimila í lögum að alls kyns atriði skuli ákveðin með reglugerð. Oft er um mjög mikilvæg stefnumarkandi atriði að ræða sem Alþingi hefur á þennan hátt afsalað sér ákvörðun um í hendur framkvæmdavaldinu. *Oft gerist þetta með því móti*, að fyrir Alþingi eru lögð frv. að viðamiklum lagabálkum, sem samdir eru á vegum ráðh. af embættismönnum og öðrum trúnaðarmönnum framkvæmdavaldsins. Í þessum frv. eru ákvæði um að margvíslegum atriðum skuli skipað með reglugerðum. Vegna tímaskorts er þetta venjulega látið fljóta í gegn hér á Alþingi og handhafar framkvæmdavaldsins fá í hendur það vald til ákvarðanatöku með reglugerðum sem þeir óskuðu eftir.

Öll þessi atriði, sem snerta stöðu Alþingis, þurfa þm. að taka til gaumgæfilegrar meðferðar. Ég vil enn fremur, *áður en ég lýk þessum þætti*, hreyfa tveimur atriðum sem bæði skipta nokkur máli þegar rætt er um starfshætti Alþingis og samband þess við æðstu handhafa framkvæmdavaldsins, en það er þingrofsrétturinn og þingseta ráðherra.

Eftir danskri fyrirmynd voru þingrofsákvæði tekin í stjórnarskrána frá 1874. Samkvæmt ákvæðum stjórnarskrár er skylt að rjúfa þing þegar breyting á stjórnarskránni hefur náð samþykki eða þegar Alþingi hefur samþykkt að víkja frá forseta Íslands með 3/4 atkvæða og sú frávikning hefur ekki náð samþykki í þjóðaratkvæðagreiðslu. Á þetta síðarnefnda hefur ekki reynt, en í 24. gr. stjórnarskrárinnar er einnig heimild til að rjúfa þing, og í framkvæmd hefur sú heimild reynst allvíðtæk.

Það er mín skoðun að þessi réttur, sem nú er í höndum forsrh. eða ríkisstj., sé of víðtækur. Ég heyrði það reyndar í sjónvarpsviðtali í gærkvöld, að einn af eldri, reyndari og merkari þm. núlifandi, Eysteinn Jónsson, taldi að afnema ætti þingrofsréttinn með öllu. Í því sambandi má minna á að í Noregi t. d. tíðkast ekki þingrof.

Ég get að vísu fallist á að þingrofsrétti væri haldið, en að sá réttur væri fluttur frá ríkisstj. til Alþingis. Árið 1979 kom upp sú óvenjulega staða, að meiri hl. Alþingis vildi rjúfa þing og efna til kosninga. Þáverandi forsrh. vildi það ekki. Þess vegna varð að skipta um ríkisstj. til að ná fram þessum *vilja þingsins*. Á hinn *bóginn* getur forsrh. rofið þing eftir að ríkisstj. hefur misst meiri hl. á Alþingi án þess að meiri hl. Alþingis vilji í raun rjúfa þing og þó að fullkominn möguleiki geti verið á myndun nýrrar ríkisstj. Þetta atriði með þingrofsréttinn tel ég því nauðsynlegt að taka til athugunar og flytja þennan rétt frá forsrh. og ríkisstj. til Alþingis.

Hér á landi er aðalreglan sú, að ráðh. sé úr hópi þm. og gegni þingmennsku jafnframt ráðherradómi. Ráðherrar sitja því á þingi með fullum skyldum þm. Þeir þurfa t. d. að vaka hér yfir atkvæðagreiðslum, gæta þess að vera við þegar greiða á atkvæði, og í raun er sú krafa gerð til þeirra, að þeir sitji alla þingfundi eins og aðrir þm., þó að stundum verði misbrestur á því eins og gengur. Engum blandast hugur um að ráðherrastarfið er erfitt, krefjandi og tímafrekt. Þó að þingmennska falli að sumu leyti saman við ráðherrastarfið, þá er hér um að ræða gerólík störf. Það fer því ekkert á milli mála, að þingsetan er ráðherrum byrði, og enginn vafi er á því, að hin mikla tilhneiging ráðherra til að losna við þingið, að senda þingið heim, á rætur að rekja til þess. Mér finnst fyllilega koma til greina að setja þá reglu, að þm. skuli láta af þingmennsku meðan þeir gegna starfi ráðherra. Sú regla tíðkast t. d. í Noregi. Varamaður tekur þá sæti á þingi fyrir þann þm. sem tekur sæti í ríkisstj., en að sjálfsögðu má ráðh. bjóða sig fram í næstu kosningum þótt ríkisstj. sé enn við völd. Þrátt fyrir þetta mundi ráðh. hafa ýmsar skyldur gagnvart Alþingi. Hann yrði t. d. að svara fsp., hann legði frv. fyrir og tæki þátt í umræðum um mál og *hefði hér fullt málfrelsi*. Hann *þyrfti hins vegar ekki* að sitja alla þingfundi eða taka þátt í atkvæðagreiðslum. Ég tel að þetta fyrirkomulag mundi styrkja stöðu þingsins gagnvart ríkisstj., og ráðherrar hefðu þá væntanlega betri tíma til að sinna sínum málum og þyrftu þá síður að vera með stöðuga tilburði til að losna við Alþingi og senda þm. heim.

Herra forseti. Ég tók það fram í upphafi þessarar ræðu, að ég væri ekki að beina orðum mínum til núv. hæstv. ríkisstj. Ég taldi hins vegar rétt að draga saman nokkur atriði sem nauðsynlegt væri að taka til athugunar til að styrkja stöðu Alþingis gagnvart framkvæmdavaldi sem stöðugt ef að ganga á vald — og ég vil segja: virðingu Alþingis. Þessi atriði, sem ég hef hér gert að umtalsefni, vil ég að lokum draga saman í eftirfarandi töluliði:

1) Þrískipting ríkisvaldsins í löggjafarvald, framkvæmdavald og dómsvald er engan veginn svo afgerandi samkvæmt stjórnarskránni eða framkvæmdavenjum, að ekki sé nauðsynlegt við og við að taka þessa valdskiptingu til athugunar og endurskoðunar til að tryggja að eðlilegt jafnvægi verið á milli þessara meginþátta. Sérstaklega ber þá að hafa í huga eftirfarandi.

2) Vaxandi tilhneigingu ríkisstjórna til útgáfu brbl. á að mæta með því að takmarka mun meira en nú er gert vald til útgáfu brbl. Núverandi heimild er allt of rúm og færir of mikið vald frá Alþingi til ríkisstj.

3) Lengja á starfstíma Alþingis.

4) Lengri starfstími ætti að tryggja vandaðri vinnubrögð í löggjafarstarfi og gera síður nauðsynlega þá hraðafgreiðslu sem nú tíðkast fyrir þinghlé. Lengri starfstími getur og auðveldað Alþingi að taka til meðferðar önnur mikilvæg mál sem ekki snerta beint löggjafarstarf, t. d. almennar umræður um mikilvæga málaflokka eins og utanríkismál.

5) Stöðu æðstu embættismanna þingsins á að taka til endurskoðunar og staða og embættiskjör forseta Sþ. á að verða fyllilega sambærileg við ráðherra.

6) *Alþingi á að draga úr vaxandi tilhneigingu til* að afsala sér valdi í hendur framkvæmdavaldinu með mjög rúmum heimildum til að skipa málum með reglugerð.

7) Þingrofsréttinn á að flytja frá forsrh. og ríkisstj. í hendur Alþingis sjálfs.

8) Þingmenn, sem taka sæti í ríkisstj., eiga að láta af þingmennsku og láta varamenn taka þingsæti sitt meðan þeir gegna ráðherrastöðu.

Þau atriði, sem hér hafa verið talin upp, miða öll að því að auka nokkuð veg og virðingu Alþingis og umfram allt að koma á betra jafnvægi milli löggjafarvalds og framkvæmdavalds, en enginn vafi er á því, að það jafnvægi

hefur raskast löggjafarvaldinu í óhag. Ég taldi rétt að gera þessi atriði að umtalsefni þar sem þingsköp Alþingis eru nú til umræðu hér. Ég tel að starfshættir Alþingis séu svo samtvinnaðir þessu sambandi framkvæmdavalds og löggjafarvalds að ekki sé hægt að slíta þingsköp Alþingis úr tengslum við þær umræður sem nú fara fram um breytingu á stjórnarskránni.

Þau mál, sem hv. 4. þm. Reykv. hefur hér gert að umtalsefni, tel ég að séu mjög athyglisverð og þurfi að ræða. Ég undirstrika reyndar það sem hann sjálfur segir, að honum væri það ekki fast í hendi þó að þessum málum verði ekki hagað nákvæmlega eins og hann gerði till. um, þar sem hann teldi hér um samkomulagsatriði að ræða. En ég tel mjög nauðsynlegt að bæði þetta frv. og líka frv. hv. 9. þm. Reykv. svo og aðrar þær hugmyndir, sem eru uppi manna á meðal um breytingar á þingsköpum og starfsháttum Alþingis, verði tekin til heildarmeðferðar. Og ég vænti þess, að hv. allshn. kanni gaumgæfilega hvort ekki sé rétt að taka upp fleiri atriði en hér hefur verið hreyft með frumvörpum og jafnvel ástæða til að sett verði á milli þinga sérstök nefnd til að fjalla um þetta mál.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. 4. þm. Reykv. fyrir það frumkvæði sem hann hefur sýnt hér varðandi þingsköp Alþingis, og þær fróðlegu upplýsingar sem fram komu í framsöguræðu hans áðan.

Það, sem vakti kannske einna mest athygli mína í ræðu hans, var það, er hann gerði grein fyrir því, hvernig málflutningur stjórnarfrumvarpa, þingmannafrumvarpa, tillagna og fyrirspurna hefur breyst á undanförnum árum. Það kemur fram í mjög glöggu tölulegu yfirliti sem þm. kynnti, að á árunum 1960—1980 virðist ekki verða mjög mikil breyting á fjölda stjfrv. sem koma fram. Þmfrv. fer hins vegar stöðugt fækkandi af einhverjum ástæðum. Þáltill. eru álíka margar á þessum tíma, þar hefur ekki mjög mikil breyting orðið. Fsp. hefur hins vegar stórlega fjölgað, úr 10 árið 1960 upp í 60 það sem af er þingi 1981, og umr. utan dagskrár hafa aukist mjög verulega.

Þetta sýnir okkur auðvitað betur en kannske flest annað hvað störfin hafa breyst mikið, og hvað þessar breytingar hljóta í rauninni af eðlilegum ástæðum að kalla á róttækar breytingar á þingsköpunum. Ég held að það sé alveg ljóst, og um það séu allir þm. sammála, að það þurfi að breyta þingsköpunum hjá okkur talsvert. Hins vegar held ég að það mál sé þannig vaxið, að við verðum að reyna að ná fram þeim breytingum sem samkomulag getur orðið um á hverri stundu, jafnvel þó skammt sé gengið. Ég held að við eigum ekki að draga það mörg þing að lagfæra vissa þætti vegna þess að við getum ekki náð samkomulagi um heildarbreytingu á þingsköpunum. Ég held að það sé skynsamlegra að reyna að lagfæra þingsköpin stig af stigi og skref fyrir skref, eftir því sem samkomulag næst um hér í þinginu.

Í þessu sambandi er auðvitað fróðlegt fyrir menn að velta því fyrir sér, að á sama tíma og þessi mikla breyting hefur orðið á þingstörfunum hefur auðvitað orðið veruleg breyting í öllu okkar stjórnkerfi. Það hafa átt sér stað stórfelldar breytingar í ríkiskerfinu á þessum sama tíma. Á þessum 20 árum, sem ég er hér aðallega að tala um, hefur verið sett ný stjórnarráðsreglugerð og stjórnarráðslög. Umsvifin í stjórnarráðinu og ýmsum ríkisstofnunum, sem undir einstaka ráðherra heyra, eru mjög aukin frá því sem var í upphafi þessa tíma. Þetta leiðir auðvitað hugann að því, hvort það er ekki óhjákvæmilegt að taka jafnframt til rækilegrar endurskoðunar lögin um Stjórnarráð Íslands og stjórnarráðsreglugerðina.

Ég hef ekki setið lengi í ráðherrastól, en þó hef ég kynnst því, að ýmislegt í sambandi við verkaskiptingu ráðuneyta er ákaflega sérkennilegt. Þar má nefna bæði einstök takmarkatilfelli og einnig stærri málaflokka, án þess að ég fari að tína það upp hér lið fyrir lið. Ég hygg að þær tölur, sem hér eru nefndar til marks um breytingar á þingsköpum Alþingis, sýni að verulegar breytingar hafi orðið allsstaðar í þessu stjórnkerfi hjá okkur, og þessar breytingar, eru engu minni í ráðuneytunum og stjórnarráðinu. Þessi mál þarf því í raun og veru öll að skoða.

Ég er ekki sammála því sem hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson hélt hér fram áðan, að vaxandi tilhneigingar gætti á Alþingi til að afsala valdi í hendur ríkisstj. Ég held að þetta hafi breyst á síðustu tveimur, þremur þingum.

Ég starfaði hér sem þingfréttaritari í allmörg ár, m. a. á svokölluðum viðreisnarárum, og ég þóttist taka eftir því þá, að talsvert væri um það að þm. þáv. stjórnarflokka kvörtuðu undan því, að ekki væri haft við þá samráð við flutning mála. Vafalaust heyrast slíkar raddir enn, en ég held að forustumenn flokkanna og þingflokkanna leggi mjög verulega áherslu á að kynna og ræða mál í þingflokkunum. Og það er krafa um það, mjög greinileg af hálfu allra þm., að þannig sé á málunum haldið. Mér finnst þessi krafa vera háværari á þingunum núna, 1978, 1979, 1980 og 1981, en var fyrr á árum. Mér finnst eins og þm. séu að vakna til kröfugerðar í þessum efnum, og ég tel það jákvætt. Ég tel það jákvætt, og ég tel því að það sé ekki tilhneiging til þess hjá alþm. almennt að afsala sér valdi í hendur ríkisstj. Ég held að það sé í raun og veru öfugt, þessu sé á annan veg, þveröfugan veg farið.

Hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson nefndi þann möguleika, sem tíðkast í þingum grannlanda okkar, að ráðherrar víki af þingi, að þm., sem verða ráðherrar, yfirgefi þingmannabekki eða taki ekki þátt í þingstörfum með almennum hætti. Þetta sjónarmið heyrist oft, og fyrir því eru auðvitað viss rök. Ráðherrastörf eru, eins og hér kom fram, vissulega erfið og krefjandi. Ég held þó að þetta væri óæskilegt fyrirkomulag. Ég held að ráðherrar eigi að vera á þingi og eigi að taka þátt í störfum þingsins og þingflokkanna og auðvitað flokkanna sjálfra sem allra mest. Í Noregi höfum við séð fréttir af því núna undanfarna daga, og reyndar löngu fyrr, að verulegur hluti ráðherranna eru embættismenn sem aldrei hafa tekið þátt í lýðræðislegu starfi, ekki í stjórnmálaflokkum, ekki í Stórþinginu eða yfirleitt annars staðar. Sumir þeirra hafa eingöngu komið í gegnum embættismannakerfið. Ég held að slíkt kunni ekki góðri lukku að stýra. Og enda þótt fyrir því séu auðvitað viss rök, að ráðherra hafi nóg önnur verkefni, þá er ég þeirrar skoðunar að þeir eigi að sitja á þingi, þeir þurfi á því að halda til þess að hafa tengsl sem allra best.

Hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson minntist aðeins í máli sínu á skýrslu utanrrh. og hvernig með hana var farið núna fyrir áramótin. Ég efast ekki um að hann hefur sagt þar satt og rétt frá.

Ég tek þetta mál þó ekki upp vegna þessarar skýrslu, heldur vegna þess að ég held að skýrslur eigi að flytja almennt um málaflokka ráðh., til þess að koma þeim á dagskrá í þinginu. Auðvitað getur hver ráðh. ákveðið

sjálfur að leggja skýrslu fyrir þingið, t. d. ég um heilbrigðismál og þar fram eftir götunum. En ég held að það ætti að vera almenn regla að tekinn væri eins og einn dagur í utanríkismál, einn dagur í heilbrigðismál — svo að ég nefni dæmi, þau eru einn okkar stærsti málaflokkur — einn í menntamál og þar fram eftir götunum. Annars er hætta á því, að öll umræða hér í þinginu verði tilviljanakennd líka, fari að langmestu leyti í almennt efnahagsmálaþvarg, og hin málin ýtist algerlega til hliðar. Umræður um heilbrigðismál t. d. fara hér yfirleitt aldrei fram nema þá helst í tengslum við fsp. Það er auðvitað *mjög jákvætt að fá þær umræður, en ég held að það þyrfti* að fara fram almenn umræða um þessa stóru málaflokka hér í þinginu. Það er skylda okkar sem þm. að reyna að setja okkur inn í þessi mál í meginatriðum, og þó að sumir geri það auðvitað nákvæmar en aðrir eins og gengur held ég að skýrsluflutningur af hálfu ráðh. um einstök mál, dómsmál, heilbrigðismál, menntamál o. s. frv., væri af hinu góða og mundi stuðla að því, að menn sinntu hinu breiða málefnasviði stjórnmálanna betur en menn eiga ella kost á eða gera ella.

Hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson minntist á það, að meiri háttar mál vilja liggja hér óafgreidd þing eftir þing. Þetta er auðvitað alveg laukrétt ábending. Ég hef orðið var við þetta þau fáu þing sem ég hef setið. Hann nefndi frv. til barnalaga. *Ég gæti nefnt önnur mál.* Þetta hefur komið fyrir aftur og aftur. Ég minni enn fremur á það, án þess að vera að efna hér til frekari umræðna, að menn kvörtuðu sáran yfir afgreiðslunni á frv. til húsnæðislaga hér s. l. vor og frv. um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með þeim rökum að menn hefðu ekki nægilegan tíma. Þó höfðu þessi mál bæði legið fyrir þinginu allan veturinn. Af einhverjum ástæðum vill þetta fara svo, að stór mál, mikil mál, sérfræðileg mál liggja hér lon og don í þinginu. Ég kann ekki svör við því, af hverju þetta er svona, vegna þess að ég hef, satt best að segja, ekki þá reynslu af nefndarstörfum í þinginu að ég geti svarað þessu nákvæmlega. En mér líkar þetta satt að segja heldur illa. Mér finnst að þingið þurfi að hafa þann *starfsmetnað — og allir þm. þá — að reyna að koma frá* sér þeim málum sem inn í þingið koma, jafnvel þó að þau séu stór og flókin.

En ég ætlaði ekki að flytja hér langt mál. Ég endurtek þakkir mínar til hv. þm. Benedikts Gröndals fyrir það frumkvæði sem hann hefur haft í þessum málum. Mér finnst það frv., sem hann hefur hér flutt, spor í rétta átt. 3. gr. þess, varðandi umr. utan dagskrár, er ég í meginatriðum sammála. Þó er það auðvitað álitamál hvort á að banna umr. utan dagskrár alveg í deildum, en eftir þann rökstuðning, sem ég heyrði hjá hv. þm., sýnist mér út af fyrir sig þessi till. mjög eðlileg.

Varðandi 2. gr., um fyrirspurnir, þá er ég hlynntur því að þeim umræðum séu settar skorður frá því sem nú er og það talsvert þrengri skorður. Spurningin er hinsvegar sú, hvort hér er kannske fulllangt gengið, þegar segir: „Aðrir þingmenn eða ráðherrar mega ekki taka til máls um fyrirspurnina.“ Mér finnst þetta nú kannske fullmikil takmörkun, enda þótt mér þyki menn stundum dálítið málglaðir hér í þessum fyrirspurnatímum.

Hið sama segi ég um 7. gr. í sambandi við þáltill. Þar segir: „Flutningsmaður, en eigi nema einn þótt fleiri flytji, hefur allt að 10 mínútum til framsögu fyrir tillögunni. Þegar eftir ræðu hans skal umræðu frestað og málinu vísað til nefndar. Þegar meiri hluti nefndar hefur skilað áliti um tillöguna tekur forseti hana á dagskrá. Framsögumaður eða menn, svo og flutningsmaður hafa þá allt að 5 mínútum, en eftir það er ræðutími takmarkaður við 3 mínútur.“

Ég vil taka það fram um þessa málsgr. 1. gr. líka, að mér finnst þetta nokkuð þröngt, nokkuð þröngur stakkur líka í þessari grein. En ég vil almennt segja það, að jafnvel þó að gerðar séu athugasemdir af þessum toga við þetta frv. og eins jafnvel frv. hv. þm. Vilmundar Gylfasonar, þá eigum við að reyna að koma fram þeim lágmarksbreytingum sem samkomulag getur orðið um, jafnvel þó að hugsanlega verði skammt gengið að sinni.

Ég held að það sé ljóst, að almenn athugun á þessum málum er nauðsynleg og hún þarf að vera í gangi. Og ég held að hún eigi ekki bara að vera í allshn. hv. deilda, ég held að þingforsetar og formenn þingflokkanna allra hljóti að koma inn í þessa umræðu. Og ég vil leggja á það áherslu, að við það verði haft samráð og samband svo sem best má verða. En mér sýnist að sú umræða, sem hér hefur farið fram um þessi mál, hnígi öll í þá átt að stuðla að betri reglu í þinghaldi, betri svip Alþingis í heild, og ég tel að slík umræða sé jákvæð, ekki síst ef niðurstaða hennar verður sú, að einhver skref verði stigin til þess að aðlaga þingsköp okkar og þinghald þeim gjörbreyttu aðstæðum sem hér hafa orðið í landinu og m. a. koma *fram í þeim tölum sem hv. þm. Benedikt Gröndal gerði* glögga grein fyrir áðan.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. flm. fyrir þetta frv. Ég vil enn fremur þakka honum fyrir mjög skilmerkilega og fróðlega ræðu sem hann flutti í framsögu. Hann er mjög kunnugur þingsögunni, hagvanur hér í þessari virðulegu stofnun, og flutti fyrir ekki löngu nokkur stórfróðleg erindi í útvarpið. Og það hefur komið fram, að forsetar munu beita sér fyrir, því að þau verði gefin út á prenti. Ég held að hann hafi aukið virðingu Alþingis og skilning á þessari stofnun meðal þjóðarinnar með þessum erindaflutningi. Og það er auðvitað mjög þakkarvert.

Ég er eða vil vera talsmaður víðtæks málfrelsis hér á Alþingi. Það er stolt þessarar stofnunar hvað við höfum mikið málfrelsi. Okkur er ekki varnað máls ef okkur liggur eitthvað á hjarta. Þess vegna er ég varfærinn að takmarka mjög ræðutíma eða málfrelsi manna. Ég viðurkenni það fúslega, að ég er íhaldssamur í þessu efni. En auðvitað verður að skipuleggja þá vinnu sem hér fer fram. Það þarf að skipuleggja hana þannig að menn sói ekki tímanum í fánýtt tal eða einskis nýtt, og það er mikið verkefni. Þó verð ég að telja, þegar ég les þetta frv., að þarna séu atriði sem ég vil ekki fallast á umhugsunarlaust.

Ég styð 3. gr. mjög eindregið eins og hún er. Ég held að það sé mjög nauðsynlegt að koma í þingsköp slíkum ákvæðum, e. t. v. ekki endilega nákvæmlega þessum tímamörkum, en það er mjög nauðsynlegt að setja tímamörk um umr. utan dagskrár og líka e. t. v. að koma á fastari reglum um það, út af hverju menn eigi skilið að fá orðið utan dagskrár. Eins þarf e. t. v. að koma á fastara skipulagi um umr. um þingsköp, því að ef lokað væri fyrir umr. utan dagskrár, þá geta menn opnað eldhúsdagsumræður um þingsköp eða undir því yfirskini að þeir séu að tala um þingsköp. Og þá kemur þetta í sama stað niður.

Hvað varðar 2. gr., þá er ég ekki — a. m. k. ekki að lítt

athuguðu máli — tilbúinn að samþykkja það, að aðrir þm. en fyrirspyrjandi og ráðh., megi taka til máls um fsp. Það geta komið fram í máli þeirra staðhæfingar sem óhjákvæmilegt er að gefa mönnum kost á að svara eða að fjalla um. Enn fremur er álitamál hvort það er nokkuð til bóta að flytja meginumræðu um þáltill. aftur fyrir nefndarafgreiðsluna. Margar af þeim þáltill., sem fram koma, hljóta raunverulega sína afgreiðslu í fyrri hluta umræðunnar, eins og nú er, og menn sjá gjarnan á þeirri umræðu hvaða till. það eru sem eiga erindi úr nefnd aftur. Mál skýrast í fyrstu lotu e. t. v. gleggra en í nefnd. Þarna er að vísu fært út til nefnda meira starf, en ég er ekki viss um að það væri til bóta. Það verða hér iðulega hressilegar umr. Ég er alveg tilbúinn að takmarka ræðutíma t. d. við 5 mín. eða eitthvað því um líkt, en ég held að það sé hæpið — t. d. þegar fluttar eru þáltill. um hápólitísk mál — að málsvörum flokkanna a. m. k. sé ekki gefið tækifæri til að taka til máls um þessar till. áður en þær fara til nefndar.

Varðandi þær umræður, sem spunnist hafa út af þessu frv., var hin ítarlega ræða hv. þm. Birgis Ísl. Gunnarssonar nóg efni í langa ræðu. Hann kom víða við, og margt af því vekur mann til umhugsunar um þetta efni. Ég álít að það sé nauðsynlegt og yrði til bóta í þinghaldi, ef varamenn tækju sæti fyrir ráðherra meðan þeir sætu í ríkisstj. Ég vil hins vegar endilega að ráðherrar hafi reynslu af þingstörfum sjálfir, og þeir verða að sjálfsögðu að vera viðstaddir umræður þegar þeirra mál eru til meðferðar. En að gera þeim að skyldu að sitja hér kannske heilar nætur og bíða eftir atkvgr., það finnst mér vera sóun á starfskröftum þeirra. Það er afar mikill vandi, held ég, að vera ráðh., og uppgefinn og illa fyrir kallaður ráðh., sem tekur rangar ákvarðanir, getur gert mikið illt af sér á skömmum tíma og verið dýr þjóðarbúinu, væru betur sparaðir hans kraftar. Ráðherrar verða að sjálfsögðu að starfa í þingflokkunum eins og verið hefur.

Ég mótmæli alfarið því sem hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson varpaði hér fram, að þm. væru afgreiðsluvélar fyrir misvitrar ríkisstjórnir. Það er ekki þannig hjá okkur í þingflokki Framsfl. — ég neita því alfarið. Við fjöllum mjög ítarlega um stjfrv. á þingflokksfundum áður en þau eru lögð fram. Allir hæstv. ráðherrar, sem nú sitja, gæta þess vel að senda okkur til afgreiðslu frv. sín og þau mál sem þeir hyggjast flytja, og það er hið besta samband milli þessarar ríkisstj. og okkar þingflokks. Og ráðherrar eiga lof skilið fyrir þá þolinmæði sem þeir sýna okkur. Stundum tekst okkur ekki að afgreiða mál alveg um hæl, stundum þurfum við að fá umhugsunarfrest áður en við segjum til um hvort við fylgjum frv. eða ekki.

Menn hafa talað hér um þmfrv. sem séu orðin , að því er mér skilst á sumum, allt of fágæt. Ég er ekki sammála þessu. Þm. eru að sjálfsögðu viðriðnir samningu og mótun flestra stjfrv., kannske allra, á einu eða öðru stigi. Mörg eru samin upp úr málatilbúnaði þm. og af þm., og þegar þm. eru að starfa að frumvarpasamningu fyrir ríkisstj. hafa þeir auðvitað gott tækifæri til þess að nota sér aðstoð sérfræðinga. Það er alls ekkert algilt, að frv. verði til á einhverjum kontórum úti í bæ hjá embættismönnum. En þetta þarf allt að vinnast saman. Sum þmfrv., sem flutt hafa verið á undanförnum árum, hafa verið góð og vönduð, svo sem það sem hér er til umr., en sum þeirra hafa verið frekar léttvæg. Og ég held að þau hafi, eins og við segjum í sveitinni, mikla minni meðalvigt en stjfrv.

Menn hafa talað hér um lengingu á þingtíma. Ég held að vel geti komið til greina að lengja þingtímann eitthvað, en það verður að fara eftir verkefnunum. Og ég held að það sé mjög mikils virði að þm. séu í sem traustustu sambandi við fólkið í landinu, það líf, sem fólkið lifir, og þá atvinnuvegi, sem eru undirstaða þess lífs sem við lifum hér, að þeir séu ekki hópur lögfræðinga t. d., einangraður hér í hálfgerðum fílabeinsturni. Ég er á móti því. Það er nauðsynlegt að hafa eitthvað af atvinnupólitíkusum sem geta gefið sér tíma til þess að starfa eingöngu fyrir flokkana, en það er alls ekki fengur að því, að þm. séu það flestir eða allir. Ég held að það sé mjög mikilvægt að hér séu menn með reynslu af atvinnulífi og hinni ýmsu starfsemi sem fram fer í landinu.

Hv. fyrrv. þm. Oddur Ólafsson opnaði Alþingi hvað eftir annað víðari sýn til heilbrigðismála en öðrum þáv. þm. hefði verið unnt. Hér eru menn með þekkingu á landbúnaði og þekkingu á verslun og sveitarstjórnarmálum og reynslu úr öllum atvinnugreinum. En t. d. fyrsta kjörtímabilið, sem ég sat hér á þingi, saknaði ég manna sem hefðu náin tengsl við sjávarútveg. Ég held að það hafi verið galli á Alþingi fyrsta kjörtímabili sem ég sat hér, hve fáir voru kunnugir því sem var að gerast í sjávarútvegi. Það hefur að vísu staðið til bóta.

Það er eitt sem ekki hefur verið talað um hér, það er fundartími þingsins. Mér finnst það mikið umhugsunarefni, hvort við ættum ekki að skipuleggja fundartíma þingsins öðruvísi en við höfum gert. Hann mótast að vísu væntanlega nokkuð af því, að ráðherrar sitja jafnframt hér eða eiga að sitja hér á þingfundum. Ég held að það væri t. d. til bóta að fundartími þingsins væri árdegis. Þingflokkar þurfa miklu meiri tíma en þeim er ætlaður í starfsskrá þingsins. A. m. k. er það svo hjá okkur framsóknarmönnum, að þriggja tíma fundur tvisvar í viku dugir okkur ekki. Við þurfum að hafa rýmri tíma undir þingflokksfundina því að þeir eru grundvallarsamkomur hér í þingstörfunum og þess vegna má ekki skammta þeim of knappan tíma.

Hæstv. félmrh., Svavar Gestsson, taldi að Alþingi ætti að hafa þann starfsmetnað, eins og hann sagði, að afgreiða með einum eða öðrum hætti, þau mál sem fram kæmu á hverju þingi. Ég er honum ekki sammála. Ég held að meginatriðið sé að úr þessari stofnun komi vönduð löggjöf og réttlát sem stenst í framkvæmd og fer ekki óspilunarlega með fjármuni þjóðarinnar. Þess vegna held ég að það sé meginatriðið að löggjafinn vandi sig, fremur en að hann afkasti einhverjum ósköpum. Hér koma fjöldamargar góðar hugmyndir fram, en margar þeirra þurfa nokkurrar þróunar við. Menn eru hér að hneykslast á því, að frv. hafi verið til meðferðar á hverju þinginu eftir annað og að við höfum þvælt þeim á undan okkur nokkur þing í röð áður en þau verða að lögum. En flest eða öll þessi frv. breytast á þessum tíma og breytast yfirleitt til bóta. Þetta gefur höfundum frv. eða ráðh. tækifæri til þess að endurbæta þau, svo að þau hljóti byr og verði að betri löggjöf en ella mundi verða. Ég held að hættulegast sé í löggjafarstarfinu ef menn fara með æðibunugangi að húrra málum í gegn án þess að velta þeim nægilega fyrir sér. Ég gæti nefnt um það dæmi, að meiri hl. þm. hefur komið sér saman um að hespa einhverju í gegn, þáltill. sem er óframkvæmanleg eða einhverju slíku. En það er ekki til fyrirmyndar.

Mér dettur í hug að endingu, þar sem þingsköp eru hér til umræðu, að spyrja eftir starfi nefndar sem kjörin var held ég haustið 1978 og átti að hafa það verkefni að endurskoða þingsköp. Þáv. hæstv. forseti Sþ., Gils Guðmundsson, var formaður hennar. Ég man ekki eftir að haf séð álit frá þessari nefnd, en ég hef það fyrir satt að hún hafi unnið nokkurt starf. Kannske hefur henni ekki unnist tími enn þá til þess að ljúka störfum. En ég vil þá beind því til allshn., þegar hún fær þetta frv. til meðferðar, hvort hún sjái sér ekki fært að kalla formann nefndarinnar, Gils Guðmundsson, til fundar og frétta hjá honum hvað gerst hefði í nefndinni. E. t. v. vita það einhverjir hér inni og væri vel þegin fræðsla um það.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Ég vil fyrst lýsa yfir stuðningi við það frv. sem hv. 4. þm. Reykv., Benedikt Gröndal, hefur hér mælt fyrir. Ég hygg að þær þrjár meginbreytingar, sem hann leggur til og allar miða að því — ekki að takmarka málfrelsi, heldur að aga þá umræðu sem hér fer fram, séu til bóta. Nú eins og áður, þegar frv. um breytingar á lögum um þingsköp Alþingis hafa komið fram, er kannske eðlilegt að menn velti vöngum yfir því með hverjum hætti störf Alþingis verði gerð árangursmeiri. Það er einmitt það sem menn stefna að, kannske hver með sínum hætti.

Hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson flutti hér einnig ítarlega ræðu þar sem hann reifaði nokkrar hugmyndir sínar. Eitt þeirra atriða, sem nefnd voru hér í svipaðri umr. fyrir nokkrum dögum og hv. þm. Birgir Ísl. nefndi einnig, langar mig til að staldra nokkuð við og raunar taka undir. Það er um þingtímann sjálfan, hversu lengi Alþingi starfar á hverju ári.

Vegna þess, hvað stjórnarskrá okkar er — að vísu af eðlilegum og skýrum ástæðum — þung í vöfum, held ég að það hafi oft og iðulega gerst, að Alþingi og stjórnarstofnanir hafa alls ekki fylgt annarri þróun í landinu. Það hefur verið margrakið hér í umr., m. a. núna fyrir jólin, að þetta gildir t. a. m. um útgáfu bráðabirgðalaga. Ákvæðin um þau komu inn í stjórnarskrá 1874 við allt aðrar aðstæður, t. d. miklu verri samgöngur en nú eru, við þær aðstæður að þing starfaði ekki nema sex vikur á sumri annað hvert ár. Því nefndi ég þetta, að ég hygg að sömu rök hnígi að því, með hverjum hætti samkomutími Alþingis er ákveðinn.

Nú fyrir jól urðu allverulegar umræður um launakjör þm. Það er auðvitað eðlilegt að launakjör þm. séu undir smásjá fjölmiðla og almennings, því þetta eru auðvitað mál sem fólk lætur sig varða og fólk á að varða. Hins vegar er ljóst að þm. eru launaðir sem hæst launuðu embættismenn ríkisins og það er nú ákveðið af kjaradómi. Samt er það svo, að í raun kemur þetta ekki heim og saman við starfstíma Alþingis. Ég er sannfærður um að fólk áttar sig alls ekki á því, hvernig samkomutíma Alþingis er í raun háttað. Alþingi situr ekki nema rúma sex mánuði á hverju ári. Þingi lýkur á síðustu vikum í maí á vorin. Það kemur saman 10. okt og það er fjórar eða fimm vikur í jólafríi. Þegar þetta er lagt saman er útkoman sú, að Alþingi starfar ekki nema liðlega sex mánuði á ári hverju. Það er ekki sagt neinum manni eða neinni atvinnugrein til hnjóðs, en upphaflega er þetta fyrirkomulag mjög eðlilega sniðið eftir þörfum landbúnaðarsamfélagsins. Langt fram eftir þessari öld, meðan landbúnaður vó þyngra á efnahagsvigtinni en hann nú gerir, var auðvitað samkvæmt því stór hópur, kannske meiri hluti þingmanna bændur. En þetta hefur breyst og þessi viðmiðun er nú orðin með öllu ástæðulaus. Ég hygg að þetta — ásamt, með þeim leikreglum sem hér eru stundaðar, að málatilbúnaður á þingi dettur dauður niður í lok hvers þings, á hverju vori, að frv. eða þáltill., sem ekki hafa hlotið afgreiðslu, eru þar með úr leik og þarf þá að flytja málin að nýju að hausti — þetta verði til þess, að öll afgreiðsla Alþingis á meiri háttar málum verði minni og lakari en ella mundi vera. Menn hafa nefnt hér frv. um barnalög og ég hygg að það sé talandi dæmi um þetta. Það frv. var fyrst lagt fram árið 1975, langur og mikill lagabálkur í viðkvæmum málum. En aftur og aftur hefur það gerst, að þingið hefur ekki — á þeim starfstíma sem því er markaður og með því að málin detta dauð niður að vori — séð sér fært að afgreiða þessi lög.

Ég hygg að miklu eðlilegri starfstími Alþingis væri sá, að einungis væri um að ræða sumarleyfi í um tveggja mánaða skeið í júlí- og ágústmánuði, en þingið starfaði aðra tíma ársins. Það væri þá í staðinn hægt að hafa rýmri helgar — nú eru raunar ekki þingfundir á föstudögum — fyrir menn til þess að fara út í kjördæmi sín, halda fundi og sinna hvaða öðrum erindum sem þeir þurfa.

Annað vil ég síðan nefna. Hér hefur, held ég, tvívegis verið flutt frv. til l. um eftirlitsskyldu þingnefnda, um að þingnefndir fái vald, sem þær ekki hafa nú, til þess að halda uppi eftirliti með framkvæmdavaldinu, með því hvort og þá hvernig lögin í landinu eru framkvæmd. Fyrirmyndir að þessu eru sóttar til annarra landa. Ég hygg að eins og mál muni þróast, hvort sem það verður hægt eða hratt, að þingið starfi lengur á hverju ári og þingmennskan verði þá í raun fullt starf manna meðan þeir gegna því, að einmitt aukinn starfsvettvangur þingnefnda og eftirlits- og rannsóknarvald þeirra samræmist mjög öðrum hugmyndum sem í þessa veru ganga.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Sameinað þing, 46. fundur.

Fimmtudaginn 5. febr., kl 2 miðdegis.

Áhrif tölvuvæðingar á skólakerfi landsins, þáltill. (þskj. 99). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Starfsreglur Pósts- og símamálastofnunar, þáltill. (þskj. 161.). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nýting kolmunna, þáltill. (þskj. 278). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Tækniþekking í fiskirækt, þáltill. (þskj. 366). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Umræður utan dagskrár.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég óska eftir því að beina fsp. til hæstv. sjútvrh. varðandi útgerð þeirra Efnahagsbandalagsmanna, og þá fyrst og fremst Þjóðverja, á Grænlandsmið og þau mál sem þeirri útgerð eru tengd. Nú er mér ljóst eigi síður en öðrum, hver vandkvæði eru á því fyrir hæstv. ríkisstj. að hafa beint og formlegt samband við þá Grænlendinga í sambandi við þetta mál. Hitt er ljóst, að útgerð sú, sem nú hefur verið ákveðin við Austur-Grænland, er ákvörðuð í trássi við vilja Grænlendinga og að hér er um að tefla mjög svo ríka hagsmuni Íslendinga, eigi síður og jafnvel enn þá fremur en Grænlendinga í bili.

Nú vil ég spyrja hæstv. sjútvrh., hvort ekki hafi verið haft formlegt samband við Grænlendinga þrátt fyrir þá erfiðu pólitísku stöðu sem þeir eru í varðandi þessi mál, og þá e. t. v. fyrst og fremst, hvort við megum ekki treysta því, að Íslendingar bjóði ekki Efnahagsbandalagsríkjunum aftur sérstaka aðstöðu til þess að gera við veiðiskip sín við Austur-Grænland í íslenskum höfnum gegn því að Íslendingar fái, í umboði Efnahagsbandalagsins og þrátt fyrir stöðu Grænlendinga, að gera út á þessi sömu mið, sem hér er deilt um. Ég ítreka það, að mér er ljóst að staða ríkisstj. er formsins vegna ekkert þægileg í þessu sambandi. En hitt má vera ljóst, að ef við Íslendingar sýnum Grænlendingum nú í verki stuðning í þessu viðkvæma máli kynnu þeir að bregðast við álíka og við Íslendingar brugðumst við þegar Færeyingar neituðu breskum og þýskum skipum viðgerð í færeyskum höfnum meðan á landhelgisstríðinu stóð. Og ég efast ekkert um að það kynni að skaða mjög samband okkar við Grænlendinga, jafnnauðsynlegt og það er, ef við héldum tilboðum af þessu tagi til streitu.

Nú þegar hafa verið gerðar ráðstafanir til þess af hálfu Alþingis — sem ég hygg að sæmd sé að — að stofna sjóð til þess að treysta menningartengsl við Grænlendinga. Flutt hefur verið hér till. af Árna Gunnarssyni og nokkrum öðrum þm. úr öðrum flokkum á þá lund, að tekið verði upp samband milli þjóðþinganna um meginhagsmunamál. En það er ákaflega þýðingarmikið að mínu mati að ríkisstj. gæti þess í viðræðum við Efnahagsbandalagið að taka ekki stöðu sem túlkuð yrði eins og hún væri gegn Grænlendingum í þessu meginhagsmunamáli. Upp á þetta hljóðar spurning mín til hæstv. sjútvrh., hvort gerðar hafi verið ráðstafanir til þess að taka upp eðlilegt og vingjarnlegt samband við Grænlendinga um þetta mál.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég skil vel að fram komi fsp. um þetta mál og menn hafi af því áhyggjur sem við höfum heyrt í fréttum upp á síðkastið, að Efnahagsbandalagið stefni að auknum veiðum á Grænlandsmiðum. Að sjálfsögðu hefur verið mjög vandlega með þessu fylgst í gegnum okkar utnarrn., og má segja að við höfum daglega af þessu fréttir.

Mér finnst eðlilegt að menn geri sér grein fyrir því, hverjir okkar hagsmunir eru þarna. Þar er fyrst og fremst um að ræða loðnuna, þorskinn, karfann og rækjuna, og um allt þetta gildir það sama, að þar eru um veruleg hagsmunamál okkar og Grænlendinga að ræða, vil ég segja, sem fara saman. Ákaflega mikil ofveiði hefur verið á Grænlandsmiðum.

Ég nefni t. d. þorskstofninn, sem er talinn tvískiptur: Vestur-Grænlandsþorskur og Austur-Grænlandsþorskur. Af Vestur-Grænlandsþorski, ef ég man rétt, veiddust árlega um 450 þús. lestir á árunum 1950—1968, en árin 1978 er sú veiði komin niður í 45 þús. lestir. Sá hrygningarstofn var talinn vera 250 þús. lestir árið 1971, en 25 þús. lestir árið 1978.

Um Austur-Grænlandsstofninn, sem er miklu minni, vita menn minna, en þar hefur veiði einnig hrunið og af þessari ástæðu hafði Efnahagsbandalagið til þessa ekki gert tillögu um neina veiði á þorski á Grænlandsmiðum nema 3000 lestum sem Grænlendingar sjálfir hafa veitt. Því koma mjög á óvart þær fréttir frá fundi Efnahagsbandalagsins 27. jan. s. l., að Danir hafi fallið frá banni á þorskveiðum við Grænland og fallist á að Vestur-Þjóðverjar fái að veiða 3000 lestir. Það gildir til 10. febr. að vísu og er jafnframt gert ráð fyrir að vísu að afla veiðiheimilda á laxi fyrir Grænlendinga hjá Kanadamönnum í staðinn. Einnig voru samþykktar veiðar á rækju til handa Norðmönnum, sem er kannske ekki eins umdeilt.

Ég sagði áðan að það eru fleiri stofnar, sem um er að ræða. T. d. hefur Efnahagsbandalagið gert till. um 42 þús. lesta veiði á karfa, sem er þrefalt það sem veitt hefur verið á Grænlandsmiðum og þýðir náttúrlega gífurlega ofveiði á karfastofninum á þessu svæði, sem er sameiginlegt svæði karfans hér og á Grænlandsmiðum og við Færeyjar. Slíkt fær því alls ekki staðist.

Loks er það loðnan. Ég vil ekki segja það nema sögusögn enn a. m. k., hugmyndir þessara ríkja að senda verksmiðjuskip á Grænlandsmið og veiða þar loðnu, en það er alvarlegt.

Embættismenn hafa átt fundi með Efnahagsbandalaginu nú upp á síðkastið, og ég verð að lýsa þeirri persónulegu skoðun minni, að þar horfir alls ekki líklega til sátta. Efnahagsbandalagið leggur áherslu á í þeim rammasamningi, sem þar er til umr., að gagnkvæm veiðiréttindi verði tilskilin eða a. m. k. nefnd. Þetta er skilyrði sem við getum ekki tekið í mál, og þarf ég ekki að rekja það hér fyrir hv. þm. á þessum stutta fundartíma.

Fleira er það sem á milli ber þannig að þar horfir mjög illa, og ég er ekki vongóður um að viðunandi samningur geti tekist. Við skulum hins vegar gera okkur fulla grein fyrir hinu, að þá eigum við á hættu að hafa engin tök á t. d. loðnuveiðum Efnahagsbandalagsins, rækjuveiðum og fleiru á þessum miðum. Ekki er því málinu lokið þótt samningar náist ekki nú, langt frá því.

Samskipti okkar við Grænlendinga eru, eins og þm. sagði sjálfur, ákaflega viðkvæmt mál. Það eru Danir sem fara með þeirra utanríkismál, og reyndar Efnahagsbandalagið sem fer með fiskveiðilögsöguna. Grænlendingar ákveða ekki fyrr en 1983 hvort þeir taka þetta í eigin hendur. Að sjálfsögðu hefur ríkisstj. því ekki getað haft formleg samskipti við Grænlendinga. Hins vegar vil ég lýsa því, að persónuleg kynni mín við þá eru t. d. mjög góð. Þeir hafa komið hér í heimsókn. Ég hef kynnst forustumönnum þeirra. Mér er boðið að heimsækja þá í sumar og það mun ég þiggja. Við leggjum því áherslu á að hafa þarna gott samband.

Þeir hafa sjálfir farið fram á að tvö þeirra skipa á rækjuveiðum megi athafna sig í íslenskum höfnum, og ég mun samþykkja það. Til þess er heimild samkv. lögum frá 1922.

Hv. þm. spyr hvort Efnahagsbandalaginu verði boðið að hafa viðgerðaraðstöðu í íslenskum höfnum. Mjög mun verða farið eftir lögunum frá 1922 í því sambandi, ef ætla má að slíkt leiði til einhverrar ofveiði á fiskstofnum á Grænlandsmiðum.

Vegagerð, þáltill. (þskj. 106). — Ein umr.

Flm (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Á þskj. 106 flytja 19 þm. Sjálfstfl. úr öllum kjördæmum till. til þál. um varanlega vegagerð, þar sem lagt er til að Alþingi álykti að fella að nýrri vegáætlun sérstaka 12 ára áætlun um lagningu hringvegar og vega til allra þéttbýlisstaða í landinu með bundnu slitlagi.

Þá er í till. tilgreint allnákvæmlega hvernig haga skuli framkvæmdum á árunum tólf frá 1981 til ársins 1992. Þess ber þó að geta, að úr því sem komið er og liðið töluvert fram á þetta ár að þetta færist aftur um eitt ár, þar sem gera má ráð fyrir að Vegagerðin þyrfti um ársundirbúning til þess að hrinda slíkri áætlun í framkvæmd.

Í ályktuninni eru tillögur um fjármögnun framkvæmdanna ásamt tillögum um framkvæmd 12 tiltekinna brýnna verkefna, en þó ber vitanlega að taka fram að könnun á arðsemi þeirra er misjafnlega á vegi stödd, en hlýtur að ráða um röðun verkefnanna. Og þetta á einnig við um aðrar framkvæmdir sem upp eru taldar, að þótt skiptingin sé ákveðin samkv. till., þá er auðvitað undirskilið að vegayfirvöld hljóta að hafa rúmt um hendur um framkvæmdir og röðun þeirra, eftir því sem fram kemur um arðsemi. Í till. er enn fremur lögð áhersla á byggingu vega upp úr snjó ásamt endurbótum lélegra vegakafla þótt síðar yrðu lagðir bundnu slitlagi.

Á undanförnum árum hefur mikil umræða farið fram um nauðsyn stórátaks í vegamálum utan Alþingis sem innan. Þeir, sem best hafa kynnt sér þessi mál, eru þeirrar skoðunar, að vart geti þjóðhagslega hagkvæmari framkvæmdir. Þannig munu endurbætur á um 1700 km af stofnbrautakerfi landsins gefa 10% arð eða meiri.

Ég hef fengið hér nýlegar upplýsingar í hendur um arðútreikninga og eru þeir fróðlegir á marga vísu. Tek ég þó fram að hér er miðað við verðlag 1. ágúst 1980 og endanlegar tölur geta að vísu breyst. En við höfum t. a. m. hér dæmi um sex vegarkafla, samtals að lengd tæpir 12 km, þar sem arðsemin er yfir 100%, allt upp í 135%, og má þar nefna t. d. vegarkaflann Blönduós-Hjaltabakki í Húnaþingi, 3.1 km, sem hefur arðsemina 120%.

Við höfum enn dæmi um fjóra vegarkafla sem hafa arðsemina 90—100%. Í þeim hópi má nefna Þverá til Hvolsvallar, samtals að lengd tæpir 10 km. Við höfum enn sex vegarkafla, samtals að lengd rúmir 13 km, sem gefa 80—90% arðsemi, 21 vegarkafla, upp á 55 km rúma, sem gefa 70—80% arðsemi. Við höfum 16 kafla, samtals að vegalengd 26 km, sem gefa 60—70%, 19 að vegalengd 57 km sem gefa yfir 50, og þannig mætti áfram telja. En samtals er sú vegalengd, sem gefur 10% arð og meira, 1702 km, og mega menn af því sjá hversu hér er um stórkostlega hagkvæmar og arðbærar framkvæmdir að tefla.

Að arðsemi til er e. t. v. aðeins einn málaflokkur sem gæti talist standa framar og það eru orkumálin, virkjun fallvatnanna. En það er um þær framkvæmdir eins og í þessu, að þar eru menn drumbs um öll skjót viðbrögð og framkvæmdir. Það virðist þó liggja fyrir óyggjandi, að á hinu háa Alþing er mikill meiri hl. hv. þm. eindregið fylgjandi því, að stórt verði lagt undir í vegamálum. Ég minni á þáltill. ríkisstj. um gerð langtímaáætlana um vegagerð, raunar þess konar áætlun sjálfsagt sem við sjálfstæðismenn leggjum nú fram, og mætti það þá verða til þess að hraða undirbúningi. Ég tel ekki við hæfi að ég ræði hana sérstaklega, þar sem hún er ekki komin á dagskrá, en geri ráð fyrir að það verði innan tíðar og þá hægt að víkja sérstaklega að henni.

Án þess að ég leggi neitt upp úr því héðan af, sem segir í samstarfsyfirlýsingu hæstv. ríkisstj., þá er í stjórnarsáttmálanum komist þannig að orði, að sérstakt átak verði gert til þess að leggja bundið slitlag á aðalvegi, svo sem fram kemur í þáltill. ríkisstj., sem vegagerðin hefur unnið, á þskj. 188, og er það góðra gjalda vert. Allt bendir til þess að nú séu þm. tilbúnir að taka höndum saman og hrinda í framkvæmd þessu brýna verkefni. Því miður er það svo, þrátt fyrir áhuga stjórnvalda í orði, að framkvæmdir í vegamálum hafa oft setið á hakanum á undanförnum árum. Ég hef aflað mér nokkurra upplýsinga einnig frá öðrum Norðurlöndum, en það er út af fyrir sig ekki til mikils að þylja langa talnaröð í munnlegum málflutningi. En þess má geta, að hundraðshluti vegakerfis með bundnu slitlagi árið 1979 var 100% í Danmörku, 46% í Finnlandi, 2% á Íslandi, í Noregi, því langa landi með óhemjulangt vegakerfi, 55% og í Svíþjóð 59%, og vitanlega allar stofnbrautir, sem við teljum í þeim flokki, lagðar bundnu slitlagi.

Aftur á móti er það fróðlegt, að bifreiðaeignin er mest á Íslandi af öllum þessum löndum miðað við tölu íbúa. Á Íslandi eru 399 bifreiðar á hverja 1000 íbúa. Svíþjóð kemur næst með 368, þá Noregur með 332, Danmörk með 331 og Finnland með 277. Þetta voru allar bifreiðar samtals, en fólksbifreiðar eru líka flestar hér eða 362 á hverja 1000 íbúa. Svíþjóð er í öðru sæti með 345.

Ef við lítum nú á skattlagningu bifreiða og bifreiðaumferðar sem hundraðshluta af ríkistekjum árið 1979 koma heldur betur fróðlegar tölur á daginn. Ísland er hæst þeirra landa, sem við höfum upplýsingar um, um innheimtu í ríkissjóð af bifreiðaeign, innflutningi og umferð og nam það árið 1978 19.7% af ríkistekjunum samkv. upplýsingum frá International Road Federation, sem fengnar eru úr riti sem heitir World Road Statistic. Árið 1979 var þetta 19.5% af ríkistekjum, en aftur á móti skilar hinn íslenski ríkissjóður miklu lægra til vegagerðar heldur en flest þau lönd sem á svipuðu velferðarstigi eru stödd, ef svo má orða það. Af þessari innheimtu fer ekki helmingurinn aftur til vegagerðar. Það

nær ekki helmingnum, það er ekki skilað helmingnum aftur til vegagerðar enda þótt þetta séu svo arðgefandi verkefni og brýn eins og við þekkjum.

Ég vil geta þess, að ég átti þess kost að ferðast um Færeyjar árið 1977. Hinir góðu vegir þar vöktu sérstaka athygli mína. Það mátti heita að það væri blúndulagður vegur fram á hvert fuglabjarg. Menn hafa haft á orði að Danir borguðu þessa vegi fyrir þá. Ég var við setningu lögþingsins þeirra þá og fékk í hendur friggjarlögin, fjárlögin þeirra, og þar kom í ljós að það, sem þeir vörðu til vegamála, var þrefalt hærra en næsti liður á þeirra fjárlagadagskrá, sem voru menntamál.

Sérfræðingar hafa af vandvirkni reiknað út á ýmsa vegu hinn mikla hag sem þjóðir hafa af varanlegum vegum miðað við malarvegina sem við búum við. Ég útlista ekkert frekar þau vísindi, en vil til frekari upplýsinga geta þess, að kostnaður við olíuöl og útlagningu hennar á 8.5 m breiðan veg með 6.5 m breiðu slitlagi eru 16.5 millj gkr. á verðlagi 1. ágúst 1980. Og þar sem ég tala um upphæðir í þessu máli mínu, þar nefni ég ævinlega gamlar krónur. Ég hygg að menn átti sig betur á þeim upphæðum.

Ef breyta á góðum malarvegi í olíumalarveg kemur til viðbótarjöfnun, jöfnunarlag og slitlag, og er verðið þá um 26—28 millj. kr. á km. Ég vek enn athygli á því, að hér er verið að tala um olíuöl, en ætlunin er að á helmingi vegakerfisins eða þar um bil yrði klæðning sem er miklu ódýrari framkvæmd, eins og segir í till. okkar, þar sem í fyrsta áfanga er gert ráð fyrir að af bundna slitlaginu verði 50% klæðning eða „ottadekk", sem svo er nefnt, í öðrum áfanga verði 60% „ottadekk" og í þriðja áfanga 70%, þannig að við gerum ráð fyrir allmiklum meiri hluta framkvæmdanna eftir hinni ódýrari aðferð. En hér er ég að tala um olíumalarveg.

Meðal annarra upplýsinga, sem fást út úr útreikningum, er að olíumalarvegur með 1000 bíla ársdagsumferð er á 9—10 árum 26—28 millj. kr. ódýrari í viðhaldi en malarvegur með sömu umferð, en það er sama upphæð og það kostar að setja olíuöl á malarveginn. Ef nýr malarvegur er byggður fyrir 1000 bíla ársdagsumferð, þá er hann á 5—6 árum um 16.5 millj. kr. dýrari í viðhaldi en olíumalarvegur með sömu umferð eða þá upphæð, sem olíumalarvegur hefði verið dýrari í byggingu í upphafi. Þessar tölur tala sínu máli. Í þessum tveim dæmum er eingöngu tekinn fyrir sparnaður Vegagerðarinnar í viðhaldi vega, ekki sparnaður vegfarendanna, en hann er talinn um fjórum sinnum meiri.

Enn hef ég undir höndum vandaða útreikninga á rekstrarkostnaði bifreiða sem ekið er 1000 km og kostnaður borinn saman, hvort heldur ekið er á bundu slitlagi eða vondum malarvegi, eins og okkar vegir eru nær allir. Kemur þá í ljós að við akstur fólksbifreiðar þessa umgetnu vegalengd þarf 19% meira eldsneyti á vonda malarveginum en olíumalarveginum. Slitið á hjólbörðum er 170% meira, og til viðhalds og varahluta þarf að verja 45% meira fé. Til þess að gera langt mál stutt komast vísindamenn að þeirri niðurstöðu, að meðaltalsslitið á bifreiðinni sé um 63% meira við akstur á hinum vondu vegum samanborið við hina með bundna slitlaginu.

Það þarf auðvitað ekki að tefla fram fleiri rökum fyrir ágæti málefnisins, en með nokkrum orðum skal vikið að fjáröflun til framkvæmdanna. Lagt er til, að framkvæmdirnar verði fjármagnaðar þannig, eins og segir í till.:Í fyrsta lagi með happdrættisláni, 5000 millj. kr. á ári, í öðru lagi með framlagi Byggðasjóðs, 3000 millj. kr. á ári, í þriðja lagi með hlutdeild af innflutningsgjaldi af bifreiðum, þó eigi lægri fjárhæð en 5000 millj. kr. ári, og í fjórða lagi 10 000 millj. kr. framlagi úr Vegasjóði, eftir því sem framkvæmdir falla innan ramma gildandi vegáætlunar hverju sinni. Að sjálfsögðu er lagt til að fjármunir þessir haldi framkvæmdaafli sínu frá ári til árs. Eftir þessu leiðum fengjust því 276 milljarðar kr. á 12 árum eða jafnvirði þeirra á því verðlagi sem hér um ræðir og miðast við áætlað meðalverðlag hinn 1. ágúst 1981. Þetta eru ríflega 3 milljarðar umfram áætlaðan kostnað við áætlunina og yrði þá sú upphæð látin renna til hinn sérstöku verkefna, sem tilgreind eru í áætluninni.

Án þess, eins og ég sagði, að ég ætli að taka til umr. nú till. ríkisstj. um þáltill. um langtímaáætlanir í vegagerð, þá sýnist mér miklu minna lagt undir þær í fjáröflun en það sem gert er ráð fyrir í þeirri þáltill. sem ég er hér að fjalla um, eða 2% af vergri þjóðarframleiðslu en á árunum 1964—1980 mun það að meðaltali hafa verið um 1.88% af vergri þjóðarframleiðslu, enda er hér gert ráð fyrir fleiri árum sem framkvæmdirnar taka yfir, eða 20 árum, og ekki eins langt vegakerfi sem bundið verði slitlagi að þeirri áætlun lokinn. Vil ég þó minna á að fullhugar í röðum hv. framsóknarþm., t. a. m. félagi minn fyrrv. hæstv. viðskrh. lét þess getið þegar ég var að mæla fyrir till. minni hér fyrir tveimur árum, að hann áleit að þessar byrðar mætti axla og þessum framkvæmdum koma í lóg á 10 árum. En ég vil nú ekki orðfæra frekar um það, þessu er hægt að fletta upp í þskj.

Við þekkjum möguleikana á fjáröflun með sölu happdrættisskuldabréfa og höfum góða reynslu af þeirri aðferð, eins og sýndi sig þegar hringvegurinn var tengdur með byggingu brúnna í Skaftafellssýslu. Ég minni á lögin sem samþykkt voru á Alþingi 1975, um happdrættislán ríkissjóðs vegna Norðurvegar og Austurvegar og hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson var forvígismaður að. Annað mál er það, að stjórnvöld hafa verið drumbs um að framfylgja þeim lögum, en nú telja flm. tillögu þessarar mál til komið að hefja fjáröflun í stórum stíl með þessari aðferð. Auðvitað þarf að gera kaup slíkra bréfa girnileg í augum almennings, bæði með von í góðum vinningum, örum drætti, sæmilegum vöxtum og þó umfram allt frambærilegum verðtryggingum. Margur ber að vísu þungann niðri að við séum með þessu að binda afkomendum okkar mikla skuldabagga. Ekki geta þeir verið í hópi þeirra sem nýverið hafa tekið stórt eyðslulán sem á að endurgreiða í einu lagi eftir 35 ár. Ég tel þetta þó ekki á rökum reist varðandi þessar framkvæmdir, enda mega að sjálfsögðu afkomendur okkar eitthvað á sig leggja líka, því að enn sem komið höfum við búið sæmilega í haginn fyrir þá að mörgu leyti, þótt nú hallist að vísu mjög á.

Hagurinn af framkvæmdum er svo mikill að það, sem síðar verður greitt verður leikur einn.

Þá er lagt til að Byggðasjóður leggi fé að mörkum í þessu skyni. Röksemdin fyrir þeirri till. er öllum auðsæ. Ekkert mál er meira byggðamál en bættar samgöngur.

Í þriðja lagi er svo lagt til að til vegaframkvæmdanna renni hluti af innflutningsgjaldi af bifreiðum, og í fjórða lagi ákveðið framlag úr Vegasjóði. Ég vil í þessu sambandi vekja sérstaka athygli á því, að hér er ekki verið að leggja til að hrófla við þeim tekjum af umferðinni, sem hingað til hafa runnið í Vegasjóð, enda gert

ráð fyrir að Vegasjóður sinni áfram verkefnum sínum. Það er útilokað og ólíðanlegt að ríkissjóður haldi áfram að sópa fé í hít sína af umferðinni meðan stórmikilvægar vegaframkvæmdir sitja á hakanum.

Þá er þess að geta, að í till. er lagt til að tekin verði erlend lán vegna nokkurra sérverkefna. Raunar er ég reiðubúinn að lýsa því yfir, að ég er öldungis óhræddur við að taka erlend lán til varanlegrar vegagerðar. Það er leikur einn að láta sparnaðinn, sem verður af akstri á góðvegunum, standa undir slíkum lánum.

Ég vil að lokum leyfa mér, herra forseti, að minna á stefnuyfirlýsingu flokks míns sem liggur til grundvallar tillögugerð þessari, en í stefnuyfirlýsingunni segir m. a., að Sjálfstfl. *muni beita sér fyrir því*, að lögð verði stóraukin áhersla á vegagerð á komandi árum, og skulu vegir vera með bundnu slitlagi og vel upphækkaðir í snjóahéruðum. Hér er um að ræða svipaða stefnumörkun og Sjálfstfl. í Reykjavík beitti sér fyrir í byrjun 7. áratugarins, er leiddi til malbikunar meginhluta nær allra gatna í borginni og kom borginni í nútímahorf. Má segja að þessi vegagerð sé álíka stórt verkefni fyrir þjóðina alla og gatnagerðin var fyrir Reykvíkinga eina á sínum tíma.

Fyrsti áfanginn að þessu marki er um 1200 km vega til viðbótar núverandi góðvegakerfi, sem er um 200 km. Lágmarksframkvæmdir yrðu um 300 km á ári á fyrsta fjögurra ára framkvæmdatímabilinu. Annar áfangi eftir okkar till. yrði um 1100 km og lágmarksframkvæmdir því um 275 km á ári og þriðji áfangi rúmlega 1000 km eða rétt um 250 km á fjögurra ára áætlunartímabilinu. Samhliða þessari vegagerð þarf að vinna að áframhaldandi endurbótum og styrkingu vega í öllum landshlutum til að tryggja sem öruggastar samgöngur og tengsl innan byggðarlaga, og skal á það bent, að þær framkvæmdir falla inn í ramma fyrrgreindrar heildaráætlunar. Hér er um að ræða framkvæmdir sem hafa *mikla þýðingu fyrir framtíð byggðarlaganna og er* brýnasta byggðamálið, eins og ég hef sagt, sem auk þess hefur þann kost að um það a. m. k. ættu allir landsmenn að geta sameinast.

Ég vil svo, herra forseti, leyfa mér að leggja til að þegar fyrri hluta þessarar umr. lýkur verði málinu frestað og því vísað til hv. fjvn.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. *Ég get fagnað stórhuga till. sem fram er komin í vega*málum. Hins vegar verð ég að segja að mér finnst hún bera nokkurn keim af óskalista stjórnarandstöðu, sem gerir ekki ráð fyrir að hún þurfi að framkvæma hana, og kannske er það raunsætt mat hjá hv. flm. Mér sýnist eiginlega hver maður fá sitt óskaverk, ekki síst í þeim sérstöku verkefnum sem hér á að framkvæma, mörg hver ákaflega góð, ég viðurkenni það, og sannarlega þess virði að þau séu skoðuð, enda öll í athugun.

*Hins vegar sýndist mér vanta mikið til að fá heildar*stærð þeirra vegaframkvæmda sem fælust í raun og veru í þessari till. til þál. Ég bað því Vegagerðina að láta mér í té mat á því, hvað þetta mundi kosta í raun og veru, og þar — sem ég veit að hv. 1. flm. — eins og hann sagði áðan — ber mikið traust til þeirrar stofnunar, eins og vera ber, þá ætla ég að leyfa mér að fara yfir hennar svar. Reyndar kemur fram í svari Vegagerðarinnar, að erfitt sé að meta þetta til hlítar og ljóst sé að í vanti mikilvæga þætti vegagerðar. Þar segir m. a. að hér sé ekki innifalinn kostnaður við almenna uppbyggingu þjóðbrauta og brúa á þeim, annarra en þeirra sem sérstaklega eru taldar í till. Áætlað er að kostnaður við þær nýframkvæmdir, sem þar er um að ræða, yrði u. þ. b. 3 milljarðar á ári og að því meðtöldu yrði þetta verkefni eitt, fyrir utan öll önnur verkefni sem Vegagerðin er með, þ. e. viðhald o. fl., ekki undir 28 milljörðum kr. Auk þess treystir Vegagerðin sér illa til að meta hin mörgu sérstöku verkefni sem upp eru talin, en náttúrlega skiptir tugum milljarða kostnaðurinn við öll þessi ágætu sérstöku verkefni eins og nokkrar brýr yfir firði o. s. frv. Því þarf náttúrlega meira að gera en að setja slíkt á blað, með fullri virðingu fyrir þeim vilja sem á bak við stendur.

Síðan segir í fskj. I, sem fylgir með, með leyfi forseta: „Sést einnig að framkvæmdamagn í nýjum framkvæmdum eykst um liðlega 50% frá vegáætlun 1980. Hér væri um stökkbreytingu að ræða sem krefðist mikils undirbúnings. Er þá einnig haft í huga að mikil áhersla er lögð á bundið slitlag. Má gera ráð fyrir að það taki a. m. k. eitt ár að undirbúa svo mikla magnaukningu í nýjum framkvæmdum eftir að ákvörðun væri tekin þar um."

Síðan segir: „Á meðfylgjandi korti sjást þeir vegir, sem byggðir skulu samkv. till. með bundnu slitlagi, *sérverkefni ekki talin með*. Þar sést að *teknir eru fyrir í* hverjum áfanga heillegir kaflar og þá fjallvegir jafnt sem vegir í byggð. Er þá ekki heldur alltaf tekið tillit til umferðarmagns. Í áætlun sem þessari væri eðlilegra að taka meira tillit til umferðar og láta þá byggðavegi að öðru jöfnu ganga fyrir fjallvegum." — Ég get bætt því við, að í vinnu að þeirri áætlun, sem ég mælti fyrir hér áðan, var rætt um það, hvernig ætti að fara með snjóþunga fjallvegi í sambandi við bundið slitlag er veldur erfiðleikum í sambandi við snjóhreinsun o. fl.

Síðan segir: „Reyndar er í sumum tilvikum reiknað með slitlagi á vegum með mjög lítilli umferð, þar sem gott malarslitlag hentaði vel, en aðrir vegir með mun *meiri umferð ekki teknir með*.

Draga má framangreindar hugleiðingar saman í eftirfarandi þrjú meginatriði:

1. Tillagan útheimtir miklu meira fjármagn miðað við þjóðarframleiðslu allt áætlunartímabilið heldur en varið hefur verið til vegarmála undanfarið. Einstök ár, sem hæst hafa verið, ná ekki því hlutfalli sem hér er um að ræða", og þó — eins og ég sagði áðan — án þess gífurlega fjármagns sem þarf í sérverkefni. Síðan segir, með leyfi hæstv. forseta:

„2. Magn nýrra framkvæmda tæki stökkbreytingum, en það krefðist mikillar undirbúningsvinnu og tíma.

3. Í markmiðum till. gætir óskhyggju og ósamkvæmni gagnvart þörfum vegakerfisins (bundin slitlög og sum sérverkefni). Röðun till. er í grófasta lagi og þyrfti að endurskoðast ef til framkvæmda kæmi. Bæði í markmiðum og röðun er ekki tekið nægilegt tillit til arðsemi."

Ég leyfi mér að lesa þetta upp af því að framlag þessarar ágætu stofnunar er áreiðanlega gott *í þetta mál og* vitanlega sjálfsagt, og ég á fyllilega von á því, að fjvn. kalli á Vegagerðina til umsagnar um þetta mál þegar hún fær það til meðferðar. En það styður þá niðurstöðu mína, að þótt fagna beri stórhug ætti að leggja meiri vinnu í að raða þessum verkefnum niður og athuga á hvern máta við getum náð þessum mikla framkvæmdahraða. Ég held að við séum litlu bættari með því að taka eina stökkbreytinguna enn, meira að segja, eins og hér er gert ráð fyrir, svo mikla að Vegagerðin telur að ekki sé nægur undirbúningur til að unnt sé að ná þessum framkvæmda-

hraða. Ég veit ekki hvort hv. þm. telur í raun og veru að við getum tekið slíkt stökk og haldið framkvæmdum töluvert umfram það sem mest hefur gerst á nokkru ári til þessa. Ef hv. þm. og hv. Alþingi er sannfært um að það sé unnt væri það vitanlega mjög æskilegt. Þá hygg ég þó að slíkt ætti að gera frekar með almennri ákvörðun um þann hundraðshluta, sem ég legg til í þeirri till. sem ég flutti áðan, ekki á einu ári, heldur gera ráð fyrir nokkrum stíganda í honum frá ári til árs þannig að svigrúm fáist til undirbúnings.

Þá held ég jafnframt að vafasamt sé að hverfa frá því sem hefur verið leiðarljós í vegáætlun, að þm. viðkomandi kjördæmis raði verkefnunum. Ég held að vafasamt sé að hverfa frá því að skipta fjármagninu upp eftir ákveðnum hundraðshluta á kjördæmin. Að vísu viðurkenni ég að endurskoða þarf e. t. v. þann hundraðshluta. Fjvn. tel ég vera einfæra um að koma með till. um það. En ég held að við eigum að láta þm. viðkomandi kjördæmis hafa mjög mikið að segja um það, hvernig verkefnum verður niður raðað.

Upp hefur verið tekinn sá háttur, að eitt sérverkefni skuli vera í gangi í hverju kjördæmi, og það er fyrir utan þennan hundraðshluta sem varið er til kjördæmisins almennt. Ég tel þetta vera nokkuð skynsamlega ákvörðun og veita svigrúm fyrir viðkomandi kjördæmi til þess að ákveða hvað er mikilvægast. Það held ég einnig að ekki beri að leggja niður.

Ég vil ljúka þessari stuttu aths. með því á ný að fagna þeim stórhug sem þarna er, en þó vísa á þær aths. sem ég hef gert og ég tel að bendi til þess, að á þessu þurfi að gera verulegar lagfæringar, og vísa til þeirra varnaðarorða sem ég flutti hér áðan og tekin eru saman af Vegagerðinni.

Flm. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Hæstv. samgrh. lét þau orð falla að till. okkar sjálfstæðisþingmanna væri óskalisti stjórnarandstöðu. Ég vil benda honum á að verði þetta kallaður óskalisti er hann líka óskalisti þeirra Sjálfstfl.-manna sem eiga aðild að þessari hæstv. ríkisstj., vegna þess að þeir — ég tala nú ekki um varaformann Sjálfstfl. — voru með í því að móta þá stefnu, sem afgreidd var formlega í Slálfstfl., sem þessi útfærsla í tillögugerð okkar er afleiðing af, þannig að hér er ekki um neinn óskalista stjórnarandstöðu að tefla. Hér er skýrt mótuð stefna, sem Sjálfstfl. hefði verið skyldugur að fylgja ef hann hefði fengið til þess aðstöðu um stjórn þjóðmála. Ekkert hefði verið gefið eftir í þeim efnum.

Ég veit ekkert hvað hæstv. samgrh. á við þegar hann talar um að hver maður fái sitt óskaverkefni. Það er auðvitað farið yfir öll kjördæmin, því að svo vill til að það eru mikilvæg verkefni í hverju einasta, en ég veit ekki hvernig ætti að setja saman áætlun um eitthvert átak í vegamálum án þess að fullnægja óskum þm., því að maður skyldi halda að að öðru jöfnu beindu þeir huga sínum og atkvæði að mikilvægustu verkefnunum. Þetta er út í hött þetta tal.

Hæstv. samgrh. hefði getað sleppt meginhlutanum af þessari ræðu sinni ef hann hefði hlustað á það sem ég sagði, því að í upphafi orða minna tók ég það fram að hér væri um rúman ramma að tefla. Í inngangi orða minna tók ég fram, að þótt hér væri gert ráð fyrir áætlun 1981—1992 væri komið þar málum nú að þetta yrði að færa fram um heilt ár vegna undirbúnings hjá Vegagerð. Allt þetta tók ég skýrum stöfum fram, þannig að hér er ekki verið að rasa um ráð fram. Þessi till. var hins vegar flutt á haustdögum, þannig að það var ekkert óeðlilegt við það þá þó að áætlunargerðin miðaðist við þau ár sem þar segir. Þetta tók ég fram. Og ég tók líka fram það sem hann lagði megináherslu á og var inntak orða hans, að það yrði vitanlega um röðun framkvæmda að taka sem mest tillit til arðseminnar. Undir arðsemina kemur umferðarmagnið, fjallvegirnir, umferðarþunginn og hvað eina sem þar liggur til grundvallar. Í orðum mínum fólst því allt það sem hann þykist vera að vara við að sé óraunsæi af hálfu flm. þessarar till. Því vísa ég því á bug.

Ég verð að segja að það, sem hann tæpti á hér og átti að heita álit Vegagerðar, finnst mér allt bera augnaþjónustu vitni, — ég verð að segja það eins og er — að þeir hafi ekki framkvæmdaafl þegar svo stendur á að við eigum stórvirkar vinnuvélar í landinu og höfum ekki verkefni nálægt því í dagvinnu fyrir þau tæki sem við eigum nú þegar á að skipa og fjölmargir bíða eftir verkefnum fyrir tæki sín. Auðvitað þyrftum við að auka við tæki. Auðvitað þyrftum við að kaupa einhver stórvirkari tæki. En þetta fer auðvitað þyrftum við að kaupa einhver stórvirkari tæki. En þetta fer auðvitað allt eftir því, hvort menn hafa einhvern framkvæmdahug og sóknarhug í þessu máli.

Því miður verð ég að segja það eins og er, að mér finnst hæstv. samgrh. daufur í þessu máli. Hann hefur náttúrlega sem mest að vinna í sjávarútvegsmálum og þau eru fjarskyldust þessum málum. Það er að vísu rétt. En allt að einu er heldur dapurlegt til þess að vita að við skulum ekki hafa framkvæmdamann í þessu embætti nú um tíðir, svo mikilvægt sem það er að hrinda fram verkefnunum. Það er varað við stökkbreytingum. Það gerði hæstv. samgrh. Úrtölumönnunum ofbýður. Þeim vex allt í augum. Þeir kalla helst allt byltingar, ef eitthvað á að breyta til og taka til höndum sem um munar, og þeir eru ekki líklegir til þess, eins og ég segi, að vinna að þessum málum sem nú ber brýna nauðsyn til. Því miður er þetta svona og við höfum auðvitað búið við slíkt lengi.

Ef miðað er nú við það sem innheimt er hjá landslýðnum í ríkissjóðshítina af umferðinni og af bílainnflutningnum er óviðunandi með öllu hve litlu ríkið ver á hverjum tíma til þessara stórmikilvægu framkvæmda. Það er innheimt meira og hærra hlutfall í ríkiskassann en þekkt dæmi eru til um, en skilað miklu minna aftur til þessara framkvæmda en víðast þekkist. Jafnvel sárfátækar þjóðir skilja mikilvægi samgangnanna. Hér er þó áreiðanlega ekki um að tefla mál sem mun valda togi á milli þéttbýlis og dreifbýlis. Þvert á móti er hér um að tefla byggðamál sem allir geta sameinast um, enda er það svo, að greinilegur meiri hl. hv. alþm. er fylgjandi stóráteki þessu og stökkbreytingu fram á við. Ég vænti þess fastlega, að þegar fjvn. fær þessar tillögur báðar til athugunar muni hún mjög vanda til málatilbúnaðar.

Eins og ég sagði: Um markmið þál. till. hæstv. ríkisstj. er allt gott að segja. Það, sem á vantar, er hugur til framkvæmda. Þetta á að taka allt of langan tíma.

Það er of litlu fé varið og alveg sérstaklega þegar haft er í huga hversu arðgefandi vegaframkvæmdir eru.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Langtímaáætlanir um vegagerð, þáltill. (þskj. 357). — Ein umr.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um gerð langtímaáætlana um vegagerð á þskj. 357. Með þessari till. er ætlunin að taka enn eitt allstórt skref til þess að bæta gerð vegáætlana.

Ég minni á það, að meðal merkari nýjunga í vegalögum þeim sem nú gilda, nr. 71, frá 30. des. 1963, var ákvæði um vegáætlun. Í stað þess, að fjárveitingar til vegagerðar voru veittar áður frá ári til árs á fjárlögum eins og til annarra þarfa ríkisvaldsins og þjóðarinnar, var ákveðið að gera áætlun til fjögurra ára í senn yfir allar framkvæmdir í vegagerð. Þetta ákvæði var til stórbóta og er eins og menn vita í gildi enn.

Síðan hefur orðið ljóst að þörf er á framkvæmdaáætlun til lengri tíma. Nauðsynlegt er að gera sér ljóst hversu stórt átak það er að koma vegakerfi landsmanna í það horf, sem talið er eðlilegt og sæmilegt á líðandi stundu, miðað við ákveðnar forsendur sem þá eru lagðar til grundvallar. Þetta hefur hv. þm. að sjálfsögðu verið vel ljóst, því að hér hafa iðulega komið fram tillögur um slíka langtímaáætlun í vegamálum. Að mínu mati hefur margt orðið til þess, að ekki verður hjá því komist að stíga skref í þessa átt.

Ég nefni í fyrsta lagi að í vegáætlun er fé til framkvæmda skipt á stofnbrautir og þjóðbrautir, auk brúa, sýsluvega, fjallvega og þjóðvega í þéttbýli, og fjárveiting til stofnbrauta er skipt í þrjá flokka, þ . e. til almennra verkefna, til slitlaga og til sérstakra verkefna. Og það er kunnara en frá þurfi að segja, að undirbúningur sumra þessara sérverkefna er ærið margslunginn og flókinn. Þarf að taka tillit til margs og undirbúningur getur tekið mörg ár.

Þar kemur til leit og val á kostum, kortagerð, mælingar, athugun á snjóalögum og í sumum tilvikum á lífríki, sem vaxandi kröfur hafa verið um. Síðan þarf að sjálfsögðu að ganga endanlega frá hönnun slíks mannvirkis. Því er nauðsynlegt að vita hvenær í framkvæmdaröð kemur að þessu mannvirki.

Raunar gildir hið sama um bundið slitlag. Það má segja að meðan aðeins var lagt á um 30-40 km. á ári, sem var til skamms tíma og ég kem nánar að síðar, var þetta ekki mjög aðkallandi. Þessir 30-40 km. voru yfirleitt til. En ef leggja á á 100-200 km. og jafnvel meira, eins og að er stefnt, þá er að sjálfsögðu nauðsynlegt að a. m. k. þeir km. séu tilbúnir og undirbyggðir þannig að á þá megi leggja. Allt mælir þetta því mjög með því, að litið sé lengra fram á veg en gert hefur verið í fjögurra ára vegáætlun.

Til viðbótar vil ég nefna það, að mjög miklar sveiflur hafa verið á fjármagni til vegamála á undanförnum árum.

Þetta kemur glöggt fram í súlnariti sem fylgir þáltill.

Þar er valinn sá kostur að skrá fjármagn til vega í hundraðshluta af þjóðarframleiðslu, sem sýnist vera nokkuð eðlilegur mælikvarði. Það er ekki óeðlilegt að þjóðin leggi meira til þessa mikilvæga málaflokks þegar þjóðarframleiðslan eykst. Við athugum á þessu súlnariti kemur í ljós að sem hundraðshluti af þjóðarframleiðslu var lagt til vegamála 1.71% 1970, 1971 jókst þetta í 2.27%, 1972 í 2.36% og er það langhæsta hlutfall, sem varið hefur verið til vegamála á þessum árum. Árið 1976 sígur það aftur í 1.81%, 1977 í 1.66, 1979 í 1.64 og 1980 hækkar það að nýju í 1.92%.

Meðaltal þessara ára verður 1.88% þjóðarframleiðslunnar. Ég hygg að öllum muni vera fyllilega ljóst að slíkar sveiflur í framlagi til vegamála eru ákaflega slæmar og auka vitanlega á erfiðleika í öllum undirbúningi og öllum framkvæmdum á þessu sviði.

Till. þeirri, sem ég mæli hér fyrir, er ætlað að lagfæra þennan vanda. Hún nær að vísu fyrst og fremst til stofnbrauta, en gerir ráð fyrir sams konar áætlun fyrir þjóðbrautirnar síðar. Ástæðan fyrir því, að stofnbrautirnar eru teknar út úr, eru að Vegagerðin hefur undanfarin ár unnið mjög viðamikið verk við úttekt á stofnbrautum með mati á hinum ýmsu eiginleikum veganna, t. d. burðarþoli, snjóþunga o. s. frv. Það er að verða komið í það horf, að á því er hægt að byggja langtímaáætlun um stofnbrautir. Vinna við þjóðbrautirnar er að vísu hafin samfara þessu, en á lengra í land.

Eins og fram kemur í upphafi þessarar till. er gert ráð fyrir að áætlunartíminn verði 20 ár. Það kann að þykja nokkuð langur tími, en ég kem nánar að því síðar, hvernig honum yrði skipt í tímabil.

Eitt meginatriði með þessari tillögu — auk þess að ákveða að slík áætlun skuli gerð — er að ákveða þau markmið sem til grundvallar yrðu lögð við gerð langtímaáætlunar.

Það er að sjálfsögðu ekki aðeins mikilvægt, heldur forsenda fyrir því, að Vegagerðin geti unnið langtímaáætlun með fullkominni vissu, að ljóst sé hvaða markmið Alþingi vill leggja til grundvallar við slíka áætlanagerð. Hér er lagt til að þessi markmið verði fjögur.

Í fyrsta lagi er lagt til að á þessu 20 ára tímabili verði 10 tonna burðarþol vega tryggt. Það á við allar stofnbrautir og allan þorra þjóðbrauta.

Rétt er að geta þess til upplýsinga, að stofnbrautir landsmanna eru nú taldar 3781 km, þjóðbrautir 4696 km og þjóðvegir í þéttbýli 159 km.

Samtals eru þetta 8636 km.

Ég vek í þessu sambandi athygli á korti, sem fylgir þessari till., þar sem lélegt burðarþol kemur fram í því hve vegir eru lengi lokaðir vegna skorts á burðarþoli.

Þar kemur í ljós að algengt er að mikilvægar stofnbrautir séu lokaðar í hálfan til einn mánuð á ári hverju. Veldur slíkt óbærilegri truflun á öllum þeim mikilvægu flutningum og annarri umferð sem um þær þarf að vera.

Auk þess má öllum vera ljóst að gott burðarþol er forsenda fyrir því, að unnt sé að leggja bundið slitlag á þessa vegi. Því er það sett fram sem markmið nr. 1.

Sem markmið nr. 2 er gert ráð fyrir að koma vegum upp úr snjó svo sem unnt er. Ekki er kveðið sterkara að orði, því að sjálfsögðu eru þeir vegarkaflar til þar sem slíkt má heita nánast óframkvæmanlegt á afskekktum stöðum. Þó þykir rétt að ákveða slíkt sem meginmarkmið og ekki að ástæðulausu.

Fskj. 2 sýnir hvernig ýmsir fjallvegir voru lokaðir vegna snjóa árið 1979. Þar kemur í ljós að t. d. Þorskafjarðarheiði var lokuð 220 daga samtals, Lágheiði 218 og reyndar Axarfjarðarheiði í 275 daga. Mjög algeng lokun er 100, 150 og upp í 200 dagar, en allt upp í 60% og jafnvel 75% af tímanum lokað vegna snjóa. Þetta er að sjálfsögðu einnig óviðunandi ástand og því lögð á það rík áhersla, að stefnt verði að mjög verulegum umbótum og slíkt ákveðið sem eitt meginmarkmið.

Loks kem ég að markmiði nr. 3, sem gerir ráð fyrir að

bundið slitlag verði lagt á fjölfarnari vegi, þar sem umferð er meiri en 100 bílar á dag, auk kafla næst þéttbýliskjörnum þó að umferð sé minni, en bundið slitlag sé þó lagt á a. m. k. 1/4 hluta stofnbrauta í hverju kjördæmi. Rétt þótti að setja slíkt lágmark gagnvart kjördæmunum, því að víða er það svo að stofnbrautir geta verið langar og meiri hluti þjóðvegakerfisins, t. d. í Vestfjarðakjördæmi þar sem stofnbrautin er ekki ein inni í kjördæmi, heldur tvær og umferðin skiptist á þær báðar. Talið er eðlilegt að taka tillit til slíks. Þetta á að sjálfsögðu við víðar þó að hvergi sé það svo sérstakt eins og í Vestfjarðakjördæmi.

Nú hefur verið lagt bundið slitlag á 360 km. Yfirleitt hefur verið lagt á um 30-40 km á ári nema á síðasta ári. Þá náðist að leggja bundið slitlag á 90 km.

Nýjustu tölur um kostnað samkv. Vegagerðinni og miðað við verðlag nú eru fyrir klæðningu á 7.5 metra veg í gömlum kr. 25 millj. á km. Gert er ráð fyrir að olíumöl á sams konar veg kosti 44 millj., en malbik 57 millj. Í þessari till. er gert ráð fyrir að leggja megi bundið slitlag á 2000 km af stofnbrautum á áætlunartímanum og 600 km af þjóðbrautum, þannig að samtals hafi verið lagt bundið slitlag á um 3000 km að áætlunartímabilinu loknu. Er stefnt að því, að unnt verði að leggja á í kringum 150 km á ári, sem er veruleg aukning frá því sem nú er.

Hins vegar er í till. ekki gert ráð fyrir því, eins og ég kem að nánar síðar, að binda á ákveðin verkefni nema 80% af heildarfjármagninu. Ef því fjármagni, sem óbundið er, er varið fyrst og fremst til bundins slitlags, þá gæti þetta orðið töluvert hærri tala. Talið er eðlilegt að Alþingi geti metið hvort það vill leggja áherslu á einn þátt, frekar en annan. Einnig kunna að koma upp sérstök verkefni sem krefjast fjármagns. Þetta magn af bundnu slitlagi, þó að um mjög mikla aukningu sé að ræða frá því sem verið hefur, getur því, ef mönnum sýnist svo, orðið enn meira innan þessa ramma.

Þá er í fjórða lagi lagt til að taka sem meginmarkmið öryggi á vegum landsins. Slysin eru ógnvekjandi og meðalslysatíðni há hér á landi. Er augljóst að við lagfæringu á vegakerfinu verður að taka mikið tillit til þess, t. d. að lagfæra, sérstaklega hættulega staði o. s. frv., þótt slíkt kunni e. t. v. ekki að falla undir þau önnur markmið sem ég hef talið að framan.

Ég kem þá að því sem ég vil kalla fjárhagslegar forsendur þessarar áætlunar. Ég rakti áðan hvernig sveiflur hafa orðið í fjármagni til vegamála í gegnum árin. Ég nefndi að meðalframlag undanfarin ár er 1.88% þjóðarframleiðslunnar. Ég gerði einnig grein fyrir því, að eðlilegt sýnist að miða við þjóðarframleiðsluna. Í þessari till. er lagt til að sem grunntala verði ákveðið að leggja 2% þjóðarframleiðslunnar til vegamála. Þetta mundi jafngilda á árinu 1981 36.9 milljörðum gamalla kr. Að sjálfsögðu verður að gera ráð fyrir því, að þjóðarframleiðslan fari vaxandi. Þjóðhagsstofnun hefur gefið upp sem grundvöll í því sambandi að gera megi ráð fyrir 2.5% vexti þjóðarframleiðslunnar frá ári til árs. Þetta þýðir, miðað við stöðugt verðlag, að 1988 væri framlagið komið upp í 43.9 milljarða til vegamála og 1996 í 53.5. Þannig yrði jöfn og þétt aukning á fjármagni til vegamála. Hins vegar sýnist mér að ástæða sé til þess, eftir nokkra lægð undanfarið, að gera sérstakt átak. Er því lagt til að fyrstu 8 árin verði gert ráð fyrir 0.1% til viðbótar, þannig að 2.1% þjóðarframleiðslu renni til vegamála. Þetta þýðir að í stað 36.9 milljarða 1981 yrði varið til vegamála 38.8 í ár og 1988 yrði upphæðin ekki 43.9, heldur 46.1 milljarður. Þessu fjármagni mætti t. d. verja til þess að auka enn bundið slitlag. Fyrir þessa aukningu mætti leggja um 40-50 km af bundnu slitlagi. Hitt er svo annað mál, að meta þarf að sjálfsögðu hvort unnt er að verja því öllu í þeim tilgangi eða, sem ég geri ráð fyrir að mönnum muni sýnast, að ýmis önnur verkefni séu brýn þannig að slíkt komi vart til greina. Engu að síður miðað við mikla þörf fyrir bundið slitlag er eðlilegt að verja verulegum hluta til slíks.

Lagt er til, eins og ég hef sagt, að þetta fjármagn verði ekki allt bundið. Í fyrsta lagi er nánast útilokað að binda slíkt langt fram í tímann. Er því gert ráð fyrir að 80% þess verði bundið, en 20% verði óráðstafað, en þó á fyrsta ári aðeins 10% óráðstafað. Það er margfengin reynsla, að orðið hefur að færa fjármagn á milli verkefna, kostnaður orðið meiri en gert var ráð fyrir o. s. frv. Því er lagt til að nokkru óráðstöfuðu fjármagni megi ráðstafa með samþykki fjvn. og samgrh.

Ég vil geta þess, að gert er ráð fyrir því að auka á næstu árum fjármagn til viðhalds vega. Óumdeilanlega hefur viðhald vega orðið mjög út undan. Reyndar var sú stefna mörkuð fyrir tveimur árum að auka mjög fjármagn til viðhalds og reyna að ná því upp í 100% af þörf á nokkrum árum. Við það hefur ekki tekist að standa, bæði vegna þess að dregið hefur úr raungildi fjárveitinga í verðbólgunni og jafnframt hafa menn ekki treyst sér til að ráðstafa fjármagni frá mörgum brýnum framkvæmdaverkefnum í viðhald. Því er nú talið að viðhaldsfé sé aðeins um 70% af þörfinni. Slíkt ástand verður ekki þolað til lengdar. Ljóst er að með þessu móti tapast ákaflega mikið af því sem þegar hefur verið framkvæmt. Segja má að vegurinn fjúki í burtu. Verður stundum lítið annað eftir en berir steinarnir. Nauðsynlegt er að koma í veg fyrir slíkt. Því er, eins og kemur fram í fskj. hér, sem sýnir útgjöld í hlutfalli við þjóðarframleiðslu, ætlunin að auka sumarviðhaldið í upphafi nokkru hraðar en annað og ná því upp í 100% af þörfinni á nokkrum árum.

Gert er ráð fyrir 20 ára áætlunartíma. Hins vegar er gert ráð fyrir að áætluninni sé skipt í fjögur þriggja ára tímabil og síðan eitt átta ára tímabil. Gert er ráð fyrir að áætlunin verði endurskoðuð á fjögurra ára fresti og þá að sjálfsögðu fyrst og fremst bundin það fjögurra ára tímabil sem næst er, en síðan ekki á einstök verkefni þegar lengra er horft fram á áætlunartímabilið.

Gert er ráð fyrir því, ef Alþingi telur rétt að fara inn á þessa braut, að lögð verði fram þegar í vetur 20 ára áætlun um stofnbrautir. Eins og ég hef sagt er vinnu við það langt komið. Unnt er að ljúka henni fljótlega. Til að það megi gerast er hins vegar ákaflega mikilvægt að till. sem þessi fái skjóta afgreiðslu og markmiðin verði ákveðin, svo vinna megi þá áætlun á grundvelli þeirra markmiða sem Alþingi ákveður. Jafnframt er gert ráð fyrir því, að við reglulega endurskoðun vegáætlunar að tveimur árum liðnum verði lögð fram langtímaáætlun um þjóðbrautir.

Herra forseti. Ég skal stytta mál mitt. Ég vil aðeins segja að lokum: Verkefnin eru brýn. Eins og ég sagði er þjóðvegakerfi landsmanna yfir 8600 km. Ég leyfi mér að halda því fram, að gífurlega miklar framfarir hafi orðið í vegamálum á undanförnum árum. Það hygg ég að allir geti borið sem um vegina hafa ekið um alllangan tíma. Undir hitt vil ég hins vegar taka, að verkefnin eru mörg og stórt átak þarf að gera í vegamálum. Kröfurnar hafa að sjálfsögðu aukist á ýmsum sviðum. Ég nefndi áðan að

margir vegir eru lokaðir í 6—7 mánuði vegna snjóa og vegna burðarþols í hálfan til einn mánuð á ári. Vegir eru margir holóttir og viðhald hefur verið af skornum skammti. Þær nýju bifreiðar, sem nú eru almennar, krefjast nánast bundins slitlags, þær eru ekki gerðar fyrir þá vegi sem eru hér almennastir. Góðir vegir eru einnig nauðsynlegir til sparnaðar í eldsneytisnotkun. Allt mælir þannig með því, að nýtt og skipulagt átak verði gert til þess að bæta vegakerfi landsmanna.

Að vísu orkar samanburður við aðrar þjóðir ætíð tvímælis. Hér hefur verið minnst á Færeyinga. Ég hef einnig dáðst að þeirra vegum, en ef ég man rétt er þeirra vegakerfi 470 km, en okkar 8600. Þar ber að sjálfsögðu mikið á milli. Það afsakar ekki að við höfum ekki lagt bundið slitlag á meira en 360 km, en sýnir hins vegar að verkefnið er ákaflega stórt og menn geta ekki búist við að því verði lokið á örfáum árum. E. t. v. sýnist einhverjum að spenna ætti bogann meira en hér er ráð fyrir gert og leggja meira til vegamála. Við höfum gert það einstöku sinnum, samþykkt vegáætlun þar sem gert er ráð fyrir meira fjármagni, en í öll skiptin var hopað og farið tölu-vert neðar en það sem hér er gert ráð fyrir. Svo var þegar aukið var mikið framlag til vegamála 1975 og 1976 og komst upp í hámark. Síðan hrapar fjárveitingin í 1.64% þjóðarframleiðslunnar. Við samþykktum einnig vegáætlun fyrir tveimur árum sem gerði ráð fyrir mjög mikilli aukningu, en urðum að draga í land og náðum aðeins 1.92% þjóðarframleiðslu á síðasta ári.

Ég hef valið þann kostinn að leggja fram till. sem ég tel raunsæja og ég tel að unnt verði að standa við. Ef hins vegar hið háa Alþingi vill setja markið hærra getur það vitanlega breytt þeim markmiðum sem hér eru lögð fram. En á það vil ég leggja áherslu, að við verðum þá að vera menn til að standa við það. Ég tel að eðlileg viðmiðun sé, eins og hér er gert ráð fyrir, hundraðshluti af þjóðarframleiðslu.

Ef þjóðarframleiðslan dregst saman er út af fyrir sig skiljanlegt að eitthvað þurfi að draga í land. En sem hlutfall af því, sem við framleiðum í þjóðarbúi okkar, eigum við að vera menn til að leggja til vegamála eins og ákveðið kann að verða af hinu háa Alþingi.

Ég vil taka það fram að lokum, að ég tel að það skref, sem hér er tekið til bættrar vegáætlunar, sé ákaflega mikilvægt. Legg ég á það ríka áherslu, að tillagan fái skjóta afgreiðslu eftir ítarlega yfirferð, sem að sjálfsögðu verður að vænta að slík tillaga fái.

Herra forseti. Ég vil að lokum leggja til að eftir að þessum fyrri hluta umr. lýkur verði málinu vísað til hv. fjvn.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Mér skilst að bæði málin séu til umr., þáltill. á þskj. 106 og langtímaáætlanir í vegagerð, er það ekki rétt skilið hjá mér? (**Forseti:** Það er fyrst og fremst till. um langtímaáætlanir í vegagerð, hún er á dagskrá núna.) Hún er á dagskrá núna, já. Ég vil eigi að síður — með leyfi hæstv. forseta — fara örfáum orðum um hina.

Við hljótum í öllum aðalatriðum að vera sammála um þáltill. á þskj. 106 sem flutt er af hv. þm. Sverri Hermannssyni o. fl., þótt lengi megi auðvitað deila um röðun verkefna. Ég er líka sammála hv. 1. flm. þeirrar till. um að hér er um eitt brýnasta byggðamál okkar í dag að ræða og að vart geti þjóðhagslega hagkvæmari framkvæmdir.

Ég legg höfuðáherslu á að röðun verkefna verði þannig, að þau komi sem flestum að gagni og sem fyrst. Þó verður að taka fullt tillit til hinna félagslegu þátta einstakra verkefna og meta þá, hina félagslegu þætti, ekki síður en arðsemina, þar sem sérstaklega stendur á. Einnig er rétt að minna á það, að sums staðar getur vegalagning eða brúargerð komið í staðinn fyrir dýr hafnarmannvirki og ber þá auðvitað að taka tillit til þess við arðsemisútreikninga, en það hefur ekki verið gert fram að þessu.

Það er tiltölulega auðvelt að setja fram óskalista eins og gert er á þskj. 106, en öllu erfiðara að útvega nægilegt fé til þess að hrinda verkefnunum í framkvæmd. En það er auðvitað aðalatriði málsins og það verður hið háa Alþingi að tryggja.

Varðandi vegáætlun, sem lögð hefur verið fram fyrir 1981-1984, vil ég benda á það, að áætlunin fyrir 1981 og 1982 er í heild mun lægri en gert var ráð fyrir í þeirri vegáætlun sem samþykkt var vorið 1979. Til að halda óbreyttu verðgildi frá þeirri áætlun, sem samþykkt var árið 1979, hefðum við þurft að hafa heildarfjármagnið í vegáætlun einhvers staðar hátt í 65 milljarða hvort árið 1981 og 1982, en fyrir 1981 er gert ráð fyrir 38.8 milljörðum og fyrir 1982 52.3 milljörðum í þeirri till. til vegáætlunar sem lögð hefur verið fram, en að mér skilst, er ekki hér á dagskrá.

Í þessu máli eins og mörgum öðrum ætlum við að gera mikið, en bara ekki strax. Við veltum vandanum á undan okkur til næstu ára og áratuga. Ég er sammála því, að gerðar verði langtímaáætlanir um vegagerð, eins og hæstv. samgrh. ræddi hér um. Undirbúningsvinna fer stöðugt vaxandi vegna þess að nú þarf að taka tillit til miklu fleiri atriða en áður þurfti, og auk þess verða framkvæmdirnar auðvitað ódýrari og auðveldari ef undirbúningur er góður — ef vel er til hans vandað og hann gerður í tíma.

Ég er líka sammála því, að miðað sé við ákveðið hlutfall af þjóðartekjum, þó að mér finnist 2% eða 2.1% vera í minnsta lagi og reyndar engin framför eða lítil frá því sem verið hefur, ef litið er til langs tíma, nema treysta megi því, að á þetta verði litið sem grunntölu, undir þetta verði ekki farið, en bætt við eftir því sem aðstæður leyfa á hverjum tíma. Aðalatriðið er þó ekki prósentan sem við erum að tala um. Aðalatriðið er að standa við þær áætlanir sem samþykktar hafa verið og samþykktar verða. Og ég tek undir með hæstv. samgrh. um það, að við verðum þá líka að vera menn til að standa við þær áætlanir sem við samþykkjum — standa við þær ekki bara í ár, heldur fram í tímann.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um till. til þál. sem nú er til umr. Ég vil geta þess, að það er auðvitað rétt sem fram kom í máli hæstv. samgrh., að bundið slitlag er nú um 360 km. Ég tilfærði hér gamla tölu, sem ég hafði gleymt að leiðrétta.

Þessi þáltill. er auðvitað allra góðra gjalda verð og þau markmið, sem þar eru sett, eru auðvitað undirstöðumarkmiðin með vegagerð. Af athugun á þáltill. get ég í sjálfu sér verið sammála markmiðunum, enda held ég að þetta sé allt skipulagt og undirbúið af Vegagerð ríkisins, sem er stofnun sem ég treysti best af opinberum stofnunum og þykist þá tala af reynslu. En ég held þó — eða mér a. m. k. býður í grun — að hæstv. samgrh. eigi nokkurn hlut að máli og það sem lýtur að afturhaldinu í þessari tillögu. Ég er þess fullviss, að vegagerðarmenn hefðum

viljað leggja stærra undir. Hér er talað um 2% af vergri þjóðarframleiðslu og meðaltal áranna frá 1964—1980 er 1.88% Hér er verið að tala um — og þess gat hæstv. samgrh. sjálfur — að vegna þess að lægð hefði verið í þessum málum að undanförnu ætti nú að leggja aðeins stærra undir næstu átta árin. Með hverju? Með 0.1% af þjóðarframleiðslunni til viðbótar. Og ég verð að segja það, án þess að ég ætli að taka neitt stórt upp í mig, að mér hefur fundist hæstv. núv. samgrh. nokkuð daufur um framkvæmdir í þessum málum, og ég marka það aðallega af viðtölum við hann. Hann er nú daglegur gestur í fjölmiðlum og má heita að hann dvelji þar hálfan sólarhringinn orðið. Og í hvert skipti sem verið var að tala við hann um þessi mál stillti hann þeim eiginlega upp þannig að menn yrðu að gá að því, hvaða fé þeir hefðu handa í milli, hvort menn kysu þá að fresta sjúkrahúsum eða skólum eða öðrum menntastofnunum eða þess háttar mikilvægum framkvæmdum. Ég er honum gersamlega ósammála. Ég álít að þetta séu svo arðbærar framkvæmdir að við höfum efni á því að leggja stórt undir og taka mikil lán. Við eigum ekkert arðbærara til þess að ráðast í en vegalagningu með bundnu slitlagi, nema vera skyldi beislun vatnsorkunnar okkar úr iðrum jarðar. Þetta er alveg augljóst mál.

Ég vænti þess, að við meðferð hv. fjvn. á þessari till. gaumgæfi hún mjög þá till. sem 19 þm. Sjálfstfl. hafa borið fram. Og ég legg alveg sérstaka áherslu á að fjvn. sjái sér fært eða taki til alvarlegrar athugunar að leggja meira af mörkum, áætla meira fé til þessara framkvæmda á næstu árum. Þetta er það sem er helsta ósk mín í þessu sambandi. Hér er yfirgnæfandi meirihlutavilji fyrir því á hinu háa Alþingi að ráðist verði í stórframkvæmdir. Við eigum afbragðsvel skipulagða stofnun til þess að annast verkefnin, þótt auðvitað verði að bæta við afl hennar þegar ýtt verður myndarlega úr vör. Þess vegna gildir það hér að hafa skammar signingar, heldur láta hendur standa fram úr ermum.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannson): Herra forseti. Ég get tekið undir það sem hv. 5. þm. Suðurl. sagði, að aðalatriðið er náttúrlega að staðið verði við það sem verður ákveðið. Ef Alþingi treystir sér til þess að fara hærra, þá fagna ég því. Ég hef engar aths. við það að gera sem hann kom hér með.

Ég get að vísu ekki kallað vegamálastjóra, sem situr hér frammi, inn til vitnis, en ég veit að hv. þm. Sverrir Hermannsson getur rætt við hann um það og fengið staðfest, að það er fullkominn samstaða um þann hundraðshluta sem um er að ræða, og ég hef ekkert dregið úr því. Hins vegar hefur það verið rætt fram og aftur, hver væri eðlilegur og æskilegur framkvæmdahraði. Ég bendi á það, að fjármagnið, sem fer til vega, fer vaxandi með þjóðarframleiðslunni eins og þetta er sett upp, og það tel ég vera mjög skynsamlegt.

Hins vegar verð ég að segja að mér finnst ádeila hv. þm. koma úr hörðustu átt. Á þeim árum sem hann hafði töluverð áhrif, hugsa ég, þ. e. frá 1964—1970, fór framlag til vegamála aldrei yfir 1.9%, þ. e. þegar viðreisnarstjórnin sat. (Gripið fram í). Ja, e. t. v. ekki áhrif fremur en nú, það getur vel verið, en sem sagt þegar hans ágæti flokkur fór með stjórnartaumana fór framlagið aldrei yfir 1.9 og fór niður í 1.5% þjóðarframleiðslunnar. Ég viðurkenni að það var ekki nógu mikið, en sú stjórn hefur ekki treyst sér til að fara ofar með þessar mikilvægu framkvæmdir. Eflaust hefur hún haft vilja til þess, en ekki treyst sér til slíks. Það er ekki fyrr en 1971—1972, þegar önnur stjórn var komin, að þetta hækkar upp í 2.36, 1972. En svo þegar við sátum saman að stjórn fellur þetta aftur niður í 1.64%, þannig að það hafa ekki allar ríkisstjórnir, hvaða nafni sem þær nefnast, treyst sér til að halda jafnvel meðaltali 2%, hvað þá 2.1. Þetta meðaltal hækkar hér verulega, upp í 1.88%, af því að þetta myndarlega átak var gert 1971, 1972, 1973 og við getum tekið 1974 með.

Ég veit að ágætur samgrh. viðreisnar, Ingólfur Jónsson, gerði myndarlegt átak og hafði fullan vilja, en þrátt fyrir hans mörgu ár komst hann þó ekki yfir 1.9%. Ég held því að menn verði að líta raunsætt á þetta og það sé rangt að gera lítið úr 2—2.1% af þjóðarframleiðslu.

Ég vek einnig athygli á þeirri stökkbreytingu sem með þessu yrði í bundnu slitlagi, sem á fyrri árum og allt fram á síðasta ár var 30—40 km á ári, en fór þó upp í 90 km á síðasta ári og gert er ráð fyrir með þessu að verði kringum 150 km, getur orðið meira innan þessa ramma ef þau verkefni eru metin mikilvægari en sum önnur, eins og ég rakti áðan.

Ég ætla ekki nú að ræða till. hv. þm. og fleiri. Ég endurtek að það er von mín, að fjvn. skoði þetta vandlega, og ef fjvn. sýnist ástæða til að auka þennan hundraðshluta mun ég síður en svo harma það.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð í tilefni orða hæstv. samgrh. Ég verð því miður að vísa ábyrgð frá mér á framkvæmdum í vegamálunum árin 1964—1970. Ég gat engin áhrif haft á þau mál af skiljanlegum ástæðum. Ég átti ekki sæti á hinu háa Alþingi þessi ár. Hins vegar var upplýst með framíkalli af manni, sem gerst ætti að vita um þá hluti, að stórátakið, sem gert var á árunum 1971 o. s. frv., hafi allt verið undirbúið af Ingólfi Jónssyni. Fagna ég þeim upplýsingum, því að það hlýtur að vera byggt á söguskoðun.

Þó að hæstv. samgrh. vísi til þess, að laklega hafi verið staðið að málum hér áður fyrrum, þá afsakar það ekkert drumbshátt í þessu nú, þegar öllum er loksins ljóst hvað í boði er og hvað mikilvægt þetta er. Menn höfðu ekki gert sér það ljóst þá eins og nú, hvað hér var um arðgefandi framkvæmdir að tefla, þannig að það afsakar ekkert að draga lappirnar nú þó að menn hafi gert það einhvern tíma áður. Það er bara venjuleg viðbára áhugaleysingjans.

Hér er verið að leggja til 2% af vergri þjóðarframleiðslu og það er lægra á árunum 1971—1974. Það er næstum því jafnhátt 1975, það er ívið hærra en núna, 1980. Þetta er að mínum dómi allt of hæg framvinda mála. Ég er sannfærður um það, að við getum og eigum að hraða okkur miklu meira í þessu máli. Að öðru leyti fagna ég auðvitað fram kominni till. um langtímaáætlun um vegagerð.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Samkomulag um gagnkvæmar heimildir Íslendinga og Færeyinga til veiða á kolmunna, þáltill. (þskj. 383). — Fyrri umr.

Utanrrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Dagana 12. og 13. jan. 1981 áttu fulltrúar Færeyinga og fulltrúar Íslendinga fund hér í Reykjavík um fiskveiðimál. Niðurstaðan af þeim viðræðum varð sú, að það voru gerðar þrjár bókanir. Ein bókunin fjallar um gagnkvæmar veiðar Íslendinga og Færeyinga til veiða á kolmunna, og það er sú bókun sem óskað er staðfestingar Alþingis á. En efni þeirrar bókunar er framlenging á fyrra samkomulagi frá 2. apríl 1980 og er um það, að veittar séu gagnkvæmar heimildir til veiða á 20 þús. lestum af kolmunna innan fiskveiðilögsögu Færeyja og efnahagslögsögu Íslands á árinu 1981. Þessi heimild var sem sagt fyrir hendi, en það er þá sögu að segja, að á fyrra ári veiddu íslensk skip við Færeyjar, þau voru 4 að tölu en öfluðu aðeins 4500 lestir, og kolmunnaveiðar Færeyinga hér við land brugðust í fyrra. Hvort íslenskir útgerðarmenn hyggja á kolmunnaveiðar við Færeyjar er ekki víst, en það var talið rétt að halda þessum möguleika opnum.

Hinar bókanirnar, sem um var að ræða og ekki talin þörf staðfestingar Alþingis á eru í fyrsta lagi önnur bókun er varðar fiskveiðar eða fiskveiðiréttindi Færeyinga við Ísland á botnfiski. Þar er óbreytt heimildin frá því sem var, að þeir hafa heimild til að veiða 17 þús. lestir, þar af mest 6 þús. lestir af þorski. Þessi hluti af heildaraflanum, þorskurinn, hefur verið breytilegur. Fyrst var hann 8 þús. tonn, síðan var hann færður niður í 7 þús. tonn og síðast niður í 6 þús. tonn. Það er sem sagt gert ráð fyrir að þetta gildi áfram, en með þessari bókun er samt gerð sú veigamikla breyting, að helmingur heildaraflans, sem aflað er með botnvörpu- og flotvörpuveiðum, sé tekinn vestan 18° vestlægrar lengdar en hinn helmingurinn á svæðinu austan við. Þessi breyting var gerð vegna þess að kvartanir höfðu sérstaklega borist frá Austfirðingum um það, að aðallega færu veiðarnar fram á miðum fyrir austan landið. Ég tel að þessi breyting sé til bóta.

Síðan var svo þriðja bókunin um samvinnu í fiskveiði- og landgrunnsmálum. Þar er í fyrsta lagi um það að ræða, að Færeyingar viðurkenna hina mikilvægu hagsmuni Íslendinga varðandi heildarveiðar á íslenska loðnustofninum. Aðilar urðu sammála um að efna til viðræðna fyrir 1. júlí n. k. um áframhaldandi þátttöku Færeyinga í heildarveiðunum. Eins og ástand loðnustofnsins er nú og vegna þeirrar óvissu, sem þar ríkir, þótti ekki fært að gera neina samninga um það efni á þessu stigi og var þeim þess vegna skotið á frest, en það er mikilvægt í þessu, að Færeyingar viðurkenna hina mikilvægu hagsmuni Íslendinga varðandi loðnuveiðarnar þó að ekki þætti fært á þessu stigi að setja inn ákvæði um það hliðstætt því sem er í Jan Mayen-samningunum, að Íslendingar ákvæðu heildarhámarkið.

Í öðru lagi segir svo: „Færeyingar gera sér grein fyrir hagsmunum Íslendinga vegna laxastofna, sem upprunnir eru í íslenskum ám, og ábyrgð þeirra á stjórnun veiða á þeim stofnum. Í því sambandi var vitnað til samstöðu í þessum málum sem orðið hefur á þriðju hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna. Aðilar eru sammála um að vinna saman að laxarannsóknum og bjóðast færeysk stjórnvöld til þess að taka við fulltrúa íslenskra stjórnvalda sem mun kanna færeyskar laxveiðar og laxarækt."

Eins og kunnugt er hafa Færeyingar veitt allmikinn lax í sjó og sú veiði þeirra hefur farið vaxandi. Um þetta hefur nokkuð verið rætt hér á landi og að sjálfsögðu voru borin fram þau rök, sem hér hafa komið fram af hálfu Íslendinga, en Færeyingar bentu aftur á móti á merkingar sem bentu ekki til þess, að laxinn, sem þeir veiddu, væri frá Íslandi. Þessar merkingar eru þó það litlar að erfitt er að draga af þeim almenna ályktun um þetta efni. Þess vegna er ástæða til að rannsaka þetta frekar og er gert ráð fyrir að Íslendingar fái þarna sérstaka aðstöðu til þess.

Í þessu sambandi má nefna að nýlokið er undirbúningsráðstefnu eða undirbúningsfundi í Karlstad um laxveiðimál. Á þeim fundi varð ekki endanleg niðurstaða. Það er gert ráð fyrir að framhaldsfundur verði um sama efni í Osló í maí á þessu ári og er unnið að því að komið verði á fót alþjóðlegri stofnun og alþjóðlegri nefnd sem á að hafa yfirumsjón með þessum málum, en laxveiðimálin eru auðvitað mikilvæg.

Í þriðja lagi er bókað: „Aðilar munu hafa samstöðu um viðræður við aðrar þjóðir um heildarstjórnun veiða á karfastofnunum á hafsvæðunum milli Færeyja, Íslands og Grænlands. Aðilar telja rétt að miða hlutdeild viðkomandi strandríkja í veiðum við þær veiðar sem hafa átt sér stað innan hverrar lögsögu fyrir sig."

Það er mjög þýðingarmikið atriði að fá þetta ákvæði þarna inn og fá viðurkenningu á því, að við þetta skuli miðað. En af annarra hálfu, m. a. Efnahagsbandalagsríkjanna, hefur því verið haldið fram, að leggja bæri aðra viðmiðun til grundvallar í þessu efni.

Í fjórða lagi er svo bókað: „Aðilar ræddu hafsbotnsréttindi sunnan lögsögu Íslands og Færeyja og voru sammála um að halda áfram viðræðum þar um."

Á sínum tíma samþykkti Alþingi sérstaka ályktun um þetta efni. Hafa farið fram varðandi það atriði erindaskipti á milli Íslands og Bretlands og Íslands og Írlands, og eru líkur til þess, að viðræður um þau efni geti hafist innan ekki mjög langs tíma. Þá er auðvitað mjög þýðingarmikið að Íslendingar og Færeyingar geti haft með sér samvinnu um þau mál.

Herra forseti. Ég taldi rétt að minna aðeins á þessi atriði í bókunum, þó að ekki sé farið fram á staðfestingu Alþingis á þeim af því að þess er ekki talin þörf. Hins vegar er af formlegum ástæðum talið rétt að fá staðfestingu Alþingis á þeirri bókun sem varðar kolmunnaveiðarnar, þó að þar sé ekki um nýtt mál að ræða.

Ég leyfi mér, herra forseti, að mælast til þess, að till. verði að þessari fyrri umr. lokinni vísað til utanrmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Alþjóðasamþykkt um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála, þáltill. (þskj. 392). — Fyrri umr.

Utanrrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Hér er till. til þál. um fullgildingu á alþjóðasamþykkt varðandi samstarf um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála. Hún er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að veita ríkisstj. heimild til þess fyrir Íslands hönd að fullgilda samþykkt nr. 144 varðandi samstarf um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála, sem gerð var á 61. þingi Alþjóða-

vinnumálastofnunarinnar í Genf 1976, eins og hún liggur fyrir á fskj. sem prentað er með ályktun þessari."

Samþykktin er prentuð hér með sem fskj. og ég leyfi mér að vísa til hennar og sömuleiðis til þeirra aths. sem fylgja þáltill.

Ég leyfi mér að leggja til að till. verði að umr. þessari lokinni vísað til hv. utanrmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Innkaup opinberra aðila á íslenskum iðnaðarvörum, þáltill. (þskj. 115). — Ein umr.

Flm. (Eggert Haukdal): Herra forseti. Þetta mál hefur verið flutt á tveim þingum án þess að hljóta afgreiðslu, enda þótt umr. hafi verið jákvæðar. Þar sem hér er um mikið nauðsynjamál að ræða, sem mikilsvert er að Alþingi taki afstöðu til, er þáltill. endurflutt.

Ég leyfi mér að vitna í kafla úr grg. sem fylgir till.:

„Staðreynd er, að það er á ýmsum öðrum sviðum, sem mögulegt ætti að vera að hafa áhrif á innkaup, er varða hag íslensks iðnaðar. Umsvif fjármála ríkis og sveitarfélaga eru mikil í þjóðarbúinu. Auk þess sem útgjöld opinberra aðila hafa bein áhrif á heildareftirspurn í þjóðarbúskapnum, getur markviss beiting þeirra reynst mikilvægt tæki til áhrifa á einstakar atvinnugreinar, ekki síst á hagræna og tæknilega framþróun íslensks iðnaðar.

Innkaupum opinberra aðila má einkum skipta í eftirfarandi flokka, eftir eðli þeirra: rekstrarvörur, þjónustu og fjárfestingarvörur.

Verulegum fjárhæðum er varið á vegum ríkis og sveitarfélaga til kaupa á hinum margvíslegustu rekstrarvörum. Má í því sambandi nefna innanstokksmuni, hreinlætisvörur, pappírsvörur og margvíslegar aðrar rekstrarvörur til skóla, sjúkrahúsa og annarra stofnana. Sama gildir um margvíslega viðhalds- og viðgerðarþjónustu þessara stofnana, svo sem Hafrannsóknastofnunar, Landhelgisgæslu, Skipaútgerðar ríkisins og fjölmargra annarra.

Þeim aðferðum, sem beitt er í opinberum innkaupum, má skipta í bein innkaup, innkaup eftir að fram hefur farið sérstök verðkönnun og loks útboð. Varðandi útboð skal sérstaklega bent á nauðsyn þess, að lengd skilafrests og stærð útboðseininga sé hagað þannig, að innlendir framleiðendur geti boðið í verkin...

Það er ljóst að þjóðarbúskapur okkar verður um ófyrirsjáanlega framtíð háður viðskiptum við önnur lönd. Benda má þó á, að í auknum mæli ber að athuga vandlega, þegar um meiri háttar viðskipti hins opinbera er að ræða við erlenda aðila, sem innlendir framleiðendur ráða ekki við sem heild vegna umfangs verksins og tæknilegra atriða, að farið sé inn á þá braut að semja um að hluti framleiðslunnar fari fram hér innanlands. Auk þess sem slíkt eykur hlut innlendra aðila í innkaupum, gæti slíkt stuðlað mjög að flutningi nýrrar tækniþekkingar inn í landið.

Loks skal bent á þau tækifæri sem opinber innkaup bjóða varðandi nýjungar í framleiðslu og ný iðnaðartækifæri. Íslensk framleiðslufyrirtæki eiga oft erfitt með að takast á við meiri háttar vöruþróunarverkefni, þar sem áhætta er mikil. Víða erlendis hafa stjórnvöld gert sér grein fyrir því, hversu mikilvægu hlutverki opinberir aðilar geta gegnt á þessu sviði, með því að fela fyrirtækjum að leysa ákveðin tæknivandamál varðandi framleiðslunýjungar á þann hátt að greiða fyrir verkefnum samkv. samningi eða tryggja lágmarkssölu framleiðsluafurða. Slíkur stuðningur við nýsköpun er fjarri því að vera eingöngu hagsmunamál fyrirtækjanna sjálfra, heldur þjóðarinnar í heild. Því er nauðsynlegt að hið opinbera stuðli að slíkri starfsemi og geri hana eftirsóknarverða."

Starfshópur, fulltrúar þriggja rn. á vegum iðnrn., skilaði áliti í febr. 1979 um þetta mál. Gerir hann ýmsar athyglisverðar tillögur um það, hvernig megi vinna að því að auka innkaup opinberra aðila á íslenskum iðnaðarvörum. Ekki hefur orðið vart við að málið hafi fengið frekari afgreiðslu.

Í efnahagstillögum ríkisstj., sem nú eru í úrvinnslu, eru ýmsar greinar til eflingar atvinnuvegunum, ekki síst að veita iðnaði sömu aðstöðu í fjárfestingar- og afurðalánamálum og sjávarútvegur hefur nú. Einnig er þar lauslega komið inn á opinber innkaup. Það er því orðið mjög svo tímabært að Alþingi marki sér stefnu í þessum málum. Góður áfangi að því marki er samþykkt þessarar tillögu.

Ég vil svo mega vænta þess að lokinni umr. að till. verði vísað til atvmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Hagnýting innlendra byggingarefna, þáltill. (þskj. 131). — Ein umr.

Flm. (Jón Helgason): Herra forseti. Á þskj. 131 hef ég flutt till. til þál. um aukna hagnýtingu innlendra byggingarefna og hagkvæmni við byggingarframkvæmdir. Í tillögugreininni er skorað á ríkisstj. að gera þetta á þann hátt að láta nú þegar hanna og reisa tilraunahús úr léttsteypu á þessu ári. Með því að setja þetta fram á þennan hátt vil ég leggja alla þá áherslu sem unnt er á að ekki verði frekari dráttur á að hrinda því skrefi í þróun húsbygginga hérlendis í framkvæmd strax. En það er gert með tilliti til þess ástands, sem ríkir í þessum málum nú, og aðdraganda þess síðustu áratugi.

Í grg. er í stuttu máli gerð grein fyrir þeim breytingum, sem orðið hafa á byggingaraðferðum hér síðustu áratugina, og bent á að þær séu ekki í samræmi við tækniframfarir þessa tímabils og þá tækni sem notuð er erlendis. Þegar svo erlendar þjóðir hafa á síðustu árum sótt hingað til lands byggingarefni sem við hagnýtum lítt, á sama tíma og aftur er í vaxandi mæli farið að nota innflutt timbur til húsbygginga, þá hlýtur að vakna sú spurning, hvort við getum ekki staðið hér betur að verki.

Ég hef líka orðið var við það, síðan þessi till. var lögð fram hér á Alþingi, hvað margir, sem við mig hafa rætt, hafa viljað leita nýrra leiða. Þeir hafa sett fram hugmyndir um nýjungar og gert misjafnlega miklar tilraunir með þær. En jafnvel þótt niðurstöðurnar hafi

orðið jákvæðar og lofað góðu hafa þær ekki fengið þá viðurkenningu sem nægir til þess að unnt sé að halda lengra áfram.

Á árunum kringum 1950 var vikur notaður í nokkrum mæli við húsbyggingar hér á landi. Um þetta var fjallað í skýrslu iðnaðardeildar atvinnudeildar háskólans fyrir árin 1947 — 1956 í grein sem nefnist „Léttsteypurannsóknir". Í upphafi greinarinnar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Gjall og vikur eru mjög algeng efni um allt móbergssvæði landsins. Notkun þessara efna til byggingaframkvæmda hefur þó aldrei verið eins mikil og eðlilegt mætti teljast. Ef til vill stafar þetta af of lítilli þekkingu byggingarmanna á því, hvernig hægt er með nægjanlegri framleiðsluvöndun að búa til úr þessum efnum svo góðar byggingarvörur, að hún standist þær hörðu kröfur, sem íslensk náttúra gerir til byggingarefna. Skorturinn á stöðlum og öðrum opinberum gæðamatsreglum hefur líka orðið til þess, að léleg framleiðsla, t. d. á byggingarsteinum úr léttsteypu, hefur keppt við þá vandaðri í verði, og þar sem ekki er gerður greinarmunur á gæðakröfum veldur þetta oft því, að sá framleiðandi, sem meiri vöruvöndun hefur sýnt, slær af gæðakröfum sínum.

Allt fram til ársins 1951 höfðu gjall og vikur eingöngu verið notuð í þurrsteypu, til framleiðslu á holsteinum og öðrum einangrandi byggingarhlutum. Einangrunareiginleikar af þessum steypum eru að vísu miklir, en oft veldur misnotkun skakkaföllum. Algengasta misnotkun er fólgin annars vegar í því, að raunhæfar rakavarnir eru sniðgengnar, og hins vegar, að ekki er tekið tillit til varmaflutnings og rakaflökts í veggjum með loftstraumum."

Síðan er í þessari grein greint frá ýmsum niðurstöðum tilrauna, sem gerðar voru með þetta byggingarefni á þessum árum, og m. a. lýst byggingu húss úr vikursteypu sem reist var hér í Reykjavík árið 1951. En í niðurlagi greinarinnar segir síðan, með leyfi hæstv. forseta:

„Í framhaldi af vikursteypurannsóknum árið 1951 og 1952 voru árið 1952 hafnar rannsóknir á gjallsteypum samkvæmt samningi milli atvinnudeildar háskólans og bæjarverkfræðings Reykjavíkur. Stóðu þessar rannsóknir yfir fram á vorið 1954, er skýrsla um léttsteypurannsóknir var send bæjarverkfræðingi. Yfirleitt leiddu rannsóknir þessar greinilega í ljós, að hægt mun vera að nota innlend léttsteypuefni til þess að framleiða þjálar léttsteypur, sem munu í ýmsum tilfellum vera hagkvæmar við byggingarframkvæmdir. Þessar steypur búa yfir ýmsum eiginleikum, sem steinsteypur hafa ekki í eins ríkum mæli, og má því binda nokkrar vonir við það, að áframhaldandi rannsóknir leiði enn betur í ljós hagkvæmt gildi þeirra. Tilraunir hafa sýnt, að aðgengilegt er að búa til úr innlendum gjall- og vikurefnum það sterkar steypur að þær megi nota við algengustu húsbyggingar. Samanburður á niðurstöðum rannsóknanna og erlendum niðurstöðum er ekki óhagstæður fyrir hin innlendu efni, einkum ef tekið er tillit til þess, hversu lítið sement var notað við framleiðslu á prófsteypunum. Vonandi verður unnt að halda léttsteypurannsóknum áfram í náinni framtíð."

Þannig lýkur þessari grein. En enn þá eru þær frómu óskir, sem settar voru þarna fram fyrir 25 árum, aðeins brostnar vonir. Ég tel að það sé samt sem áður ríkari ástæða en nokkru sinni fyrr að taka undir þær og vænta þess, að þær geti ræst. Þær rannsóknir, sem gerðar hafa verið síðan á íslenskum vikri, styrkja þetta líka, þar sem þær rannsóknir staðfesta að vikurinn íslenski er sambærilegur við þann sem bestur er erlendis.

Það er einkum þrennt sem ég tel að hagnýting vikursins geti haft í för með sér:

1) að auka atvinnu við framleiðslu innlendra byggingarefna,

2) að draga úr innflutningi á timbri,

3) að lækka byggingarkostnað.

Mér fannst það athyglisvert þegar forstjóri þýskrar byggingariðju, sem ég ræddi við á s. l. hausti, sagði mér að hann framleiddi blokkir úr vikursteypu í loftplötur með einföldum tækjakosti, sem víða mun vera til hér á landi sambærilegur, og afköst tveggja manna væru 140 fermetrar af slíkum loftplötum á dag. Þegar við berum síðan saman þann tíma sem hér fer í mótauppslátt, járnabindingu, steypu o. fl. á sambærilegum fleti af loftplötum hljótum við að undrast að hér skuli ekki vera farið inn á sömu braut.

Í álitsgerð, sem *Guðmundur Guðmundsson forstjóri* Sementsverksmiðju ríkisins lét mér í té þegar ég vann að undirbúningi þessarar till., setur hann fram eftirfarandi hugmyndir um tillögur að húsagerðum, með leyfi hæstv. forseta:

„Grundvallartillögur að húsagerðum, sem vel ættu að standast íslenska veðráttu, en jafnframt eru orkusparandi, minnka hættu á steypuskemmdum, auka val á byggingarefnum og bæta inniloft, byggjast í aðalatriðum á tvöföldum veggjum, bröttu þaki og stóru þakskeggi.

Burðarveggir: Stefnt skal að því að sleppa við mótasteypu. Verksmiðjusteypa gæti verið veggeiningar, helst úr léttsteypu (vikur, gjall, perlusteinn). Hagkvæmari og fjölbreyttari væri þó notkun hleðslusteins úr léttsteypu. Léttsteypuveggurinn getur verið það þykkur að ekki þurfi aðra einangrun, en einnig er auðvelt að festa einangrun (frauðplast eða steinull) utan á hann. Steinar eða einingar væru framleidd í verksmiðju.

Klæðning: Það, sem mest hefur staðið þessari þróun fyrir þrifum, var ætíð vöntun á hentugri vatnsklæðningu. Bárujárn þótti ekki nægjanlega fagurt útlits og ekki þótti gott að klæða steinsteypt hús með timburklæðningu. Nú fást margs konar þunnar klæðningar (ál, stál, plast, eternít), en einnig má nota steyptar hellur.

Þakfrágangur: Auðvelt væri að nota léttsteypu í loft framangreindra veggeininga, sem mundi gefa veggjunum æskilega skýlingu. Þar ofan á mætti koma einangrun, en bratt þak þar yfir. Klæðning á þaki má vera bárujárn eða enn betra: þakplötur gerðar úr sementi, trefjum og fylliefnum (gjarnan vikur, perlusteinn o. s. frv.). Stór þakskegg hjálpa til þess að brjóta vind sem stendur á veggfleti.

Byggingarplötur: Æskilegt væri að hægt væri að framleiða byggingarplötur bundnar með sementi, trefjum og fylliefnum sem nota mætti sem þakklæðningu, útveggjaklæðningu og í innveggi.

Og hvernig væri heppilegast að þróa byggingariðnaðinn í þessa átt? Æskilegast er að byrja í smáum stíl, en ekki þó of smáum. Sérstaklega skal varast að líta á hlutalausnir, en heldur reyna að leysa heilar húsagerðir í einu átaki. Til stuðnings þessu skal bent á þau timbureiningahús sem farið er að bjóða uppsett og fullfrágengin af húseiningaverksmiðjum víða um land. Hvað þessum húsum hefur verið vel tekið sýnir að markaðurinn æskir eftir tilbúnum húsum sem reisa má á skömmum tíma.

Hugmynd væri t. d. að byrja á því að reisa tilraunahús úr innfluttu efni hliðstæðu því sem framleiða mætti hér á landi úr innlendu efni. Nefna mætti sem dæmi að flytja inn þýskan vikurstein (hliðstætt Þjórsárvikri) í burðarvegg sem væri það þykkur að einangrun þyrfti ekki. Klæðning væri æskileg, annaðhvort sementsbundnir hleðslusteinar eða sementsbundnar klæðningarplötur (t. d. permít frá Norcem og tilraunaplötur frá Iðntæknistofnun). Þessar plötur mætti einnig nota sem þakklæðningu.

Frekari tillögur um útfærslur yrðu að vinnast af arkitektum og byggingarfræðingum. Kostnað af tilraunahúsinu væri eðlilegt að Húsnæðisstofnun bæri, jafnvel að hún gerði einnig hönnunina. Slík hús gætu þá farið inn í byggingarkerfi Húsnæðisstofnunar. Með hliðsjón af þeirri reynslu, sem tilraunahús, eitt eða fleiri, gæfu, yrði athugað hvort hagkvæmt væri að reisa byggingarefnaverksmiðju fyrir þessar húsagerðir. Væntir undirritaður þess, að það gæti orðið vísir að meiri þróun bættra byggingarhátta, lækkun byggingarkostnaðar og varanlegri bygginga."

Þannig er hugmynd Guðmundar Guðmundssonar forstjóra að því, hvernig þarna mætti standa að verki. Hér er bent á þá leið að hraða málum með því að flytja inn verksmiðjuframleiddar einingar frá Þýskalandi. Eins og áður sagði eigum við hér úrvalshráefni til að framleiða slíkar einingar innanlands, en það gæti flýtt málinu að fá það í þetta tilraunahús. Þarna kemur einnig fram að Iðntæknistofnun hefur hannað klæðningarplötur, sem nota má bæði utanhúss og innan, úr innlendu hráefni.

Eins og fram kemur í grg. till. er nauðsynlegt að við þessa framkvæmd komist á samstarf Húsnæðisstofnunar ríkisins, rannsóknastofnana og annarra tæknifróðra aðila svo að byggingaraðferðin njóti nauðsynlegrar viðurkenningar um gæði og styrkleika vegna lánamöguleika og byggingarleyfa.

Það er engin ástæða að eyða tíma í frekari rannsóknir áður en fyrsta húsið verður byggt. Það fást heldur aldrei einhverjar endanlegar niðurstöður í slíkum rannsóknum þar sem sífellt hljóta að koma fram nýir möguleikar, en þá má nota síðar, enda tel ég svo sjálfsagt, að ekki þurfi að nefna það í till., að opinberir aðilar hafi áfram forustu um slíkar byggingar, þegar fyrsta húsið hefur verið reist, og hagnýti þá reynslu sem þar fæst til endurbóta.

Að lokinni þessari umr. í dag óska ég þess, að till. verði vísað til atvmn., og vænti þess, að n. hraði svo afgreiðslu hennar að hún nái fram að ganga á þessu þingi og ríkisstj. hraði síðan framkvæmd á till. þannig að markmið hennar náist á þessu ári. — En mér finnst að segja megi að staðreyndir í þessum málum hrópi á að þegar verði hafist handa.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég get ekki látið hjá líða að taka undir þess þáltill., sem mér finnst mjög tímabær og í alla staði þannig að við ættum að standa að því í hv. Alþingi að reyna að hafa áhrif á þessa þróun, sem allir viðurkenna að hafi ekki verið nægjanlegu góð hér á landi í sambandi við byggingariðnaðinn.

Ég minnist þess, að fyrir mörgum árum — það var í kringum 1955 — komu hingað til lands sænskir verkfræðingar. Þeir voru búnir að gera tilraun með íslenskt hraungjall, móta úr því byggingarplötur. Þeir fluttu erindi á opinberum vettvangi þar sem ég var staddur. Voru þeir undrandi yfir því á þeim tíma, hvað við Íslendingar hefðum lítið hugað að því, hvað við ættum gífurlega mikla möguleika í sambandi við byggingariðnaðinn. Þetta var á aðalfundi Sambands ísl. samvinnufélaga á þeim tíma. Það var viss bjartsýni sem ríkti þá um að hefjast handa um að framleiða þetta byggingarefni og þar með gera mögulegt að nýta innlent hráefni og fá vandaðar byggingar og ódýrar. Því miður rann þett út í sandinn eins og margt annað hjá okkur á þessu sviði.

Mér finnst að það sé kominn tími til nú, með allri þeirri tækni sem við höfum yfir að ráða, að það verði skorið úr því, hvort ekki er möguleiki á að framleiða hér ódýr hús úr innlendu byggingarefni. Það er viðurkennt meðal annarra þjóða, að það efni, sem við eigum, bæði hraungjall og vikur, er með því besta sem hægt er að fá í byggingariðnaði.

Um leið og ég tek undir þessa þáltill., sem mér finnst tímabær og nauðsynlegt að sjá svo um að komist til framkvæmda, get ég ekki látið hjá líða að geta þess, að ég hef mikla tilhneigingu til að gagnrýna mjög að sú stofnun sem er hér allsráðandi eða mikilvirk í sambandi við byggingu íbúðarhúsa, Húsnæðisstofnun ríkisins, hefur sáralítið sinnt þessu hlutverki. Við vitum að það er fjöldi einstaklinga og jafnvel fyrirtækja í landinu núna og hefur verið svo á undanförnum árum sem hefur viljað taka upp nýjungar á þessu sviði og gert tilraunir, en þær hafa verið kæfðar í tilrauninni sjálfri vegna þess að menn hafa ekki fengið það liðsinni sem þurfti til þess að geta haldið áfram þessum tilraunum, hafa bókstaflega gefist upp fyrir fjárskort og áhugaleysi opinberra aðila.

Ég verð að segja það einnig, að þegar við tökum með í reikninginn að við starfrækjum mjög góða stofnun, sem er Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, sem hefur það hlutverk að sannprófa ýmsa möguleika á þessu sviði, sjáum við að það vantar eitthvað í stofnanir okkar til þess að til skila komi sú þekking og sú tilraunastarfsemi sem þær hafa með höndum, — komi þannig til skila að það sé hægt að sjá árangur. Þetta hefur því miður farið verulega út í sandinn hjá okkur. Ég legg þess vegna mikla áherslu á að ef þessi þáltill. verður samþykkt hér á hv. Alþingi verði því fylgt eftir og bæði Húsnæðisstofnunin og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins verði látnar fylgja málinu þannig eftir til framkvæmda að það verði raunverulega hægt að nýta þann árangur, sem af þessu yrði, sem er ekkert vafaatriði, í sambandi við svona tilraunahús, þannig að það kæmi þá almenningi til nota í næstu framtíð.

Ég tel að þarna sé um stórt mál að ræða. Mér er t. d. kunnugt um einn múrarameistara sem lagði í það stórvirki fyrir 23 árum að byggja sér hús úr hraungjalli og rauðavikri. Hann gerði þetta á eigin spýtur, steypti steina og hlóð upp húsið. Þetta hús er með betri húsum í því byggðarlagi enn í dag. En hann fékk engan stuðning til þessa og það var hafnað á þeim tíma öllum umsóknum um lán úr opinberum sjóðum því að þetta þótti fikt sem væri ekki þess virði að tala um það.

Það er kominn tími til að við tökum raunhæft á þessum málum. Við eigum nóg efni í landi okkar eins og fram hefur komið, og ég vil þess vegna styðja heils hugar þessa tillögu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Umræður utan dagskrár.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég þakka hæstv. forseta fyrir að leyfa mér að tala hér utan dagskrár, og hæstv. heilbr.- og trmrh. þakka ég að hann skyldi gefa sér tíma til að koma niður á þing til að ræða það mál sem ég vil hreyfa, en málið snertir embættisveitingu hæstv. ráðh. nýlega vegna lyfsöluleyfis í Dalvíkurapóteki. Þær fréttir, sem borist hafa, að hæstv. heilbr.- og trmrh. hafi sniðgengið þann umsækjanda, sem lyfjafræðinefnd og landlæknir sem umsagnaraðilar mæltu með að veitt yrði embættið, en það var Freyja Frisbæk Kristensen yfirlyfjafræðingur í Kópavogsapóteki, tel ég þess eðlis að nauðsynlegt sé að ræða það hér í þingsölum.

Þegar málið er allt skoðað tel ég, að freklega sé gengið á snið við anda jafnréttislaganna, og bendi þá sérstaklega á 3. gr. þeirra laga, sem ég vil rökstyðja síðar í máli mínu, auk þess sem ráðh. virðst sniðganga það faglega mat sem lagt er til grundvallar í umsögn lyfjafræðinefndar og landlæknis.

Það hefur komið fram að hæstv. ráðh. byggir afstöðu sína m. a. á því, að hann telur að sá, sem embættið hlaut, hafi starfsreynslu fram yfir þann umsækjanda sem mælt var með að fengi embættið af hálfu lyfjafræðinefndar og landlæknis. Nú er mér ekki kunnungt um út frá hverju ráðh. gengur þegar hann metur þann þátt er að starfsreynslu snýr. Ég lít svo á, að þegar metin er starfsreynsla á þessu sviði hljóti að verða að líta á hve víðtæka starfsreynslu viðkomandi hefur innan fagsins. Ef þetta er skoðað nánar hefur Freyja þriggja ára lengri starfsreynslu en sá sem embættið fékk. Hún lauk lyfjafræðiprófi 1971, en Óli Ragnarsson 1974. Ef litið er eingöngu á starfsreynslu í apótekum hefur sá sem embættið fékk að vísu sex ára reynslu í apóteki, en Freyja tveggja og hálfs starfsreynslu í apóteki.

Í umsögn lyfjafræðinefndar og landlæknis hefur reynsla innan fagsins tvímælalaust verið lögð til grundvallar, því þar kemur fram að nefndin og landlæknir telja Freyju hafa víðtækustu starfsreynsluna. Freyja hefur auk þess að starfa sem yfirlyfjafræðingur í tvö og hálft ár, unnið sjö ár hjá heilbrigðisráðuneytinu danska í lyfjamáladeild og verið sérstaklega með mál sem falla undir lyfjalöggjöfina. Einnig hefur hún verið um tveggja ára skeið fulltrúi í undirnefnd norrænu lyfjanefndarinnar sem fjallaði um mat á lyfjanotkun. Varla fer því á milli mála að Freyja hefur mjög víðtæka og yfirgripsmikla reynslu á þessu sviði sem hlýtur að vera mikilvæg í þessu embætti. Verður að teljast að það sé farið inn á vafasama braut ef slík reynsla og þekking sem Freyja hlýtur að búa yfir, miðað við sín fyrri störf, sem bæði geta flokkast undir vísinda- og stjórnunarstörf í þessu fagi, er ekki metin og lögð til grundvallar slíkri embættisveitingu, enda hafa, eins og ég nefndi áðan, lyfjafræðinefndin og landlæknir lagt það til grundvallar, en ekki eingöngu starfsreynslu í apóteki, eins og allt bendir til að ráðh. hafi gert. Verður því að spyrja ráðh. að því, hvort hann meti ekki þá reynslu, sem Freyja hefur og ég hef hér nefnt, eða hvort hann leggur eingöngu til grundvallar starf í apóteki og sniðgangi þar með víðtæka og yfirgripsmikla reynslu á sviði lyfjafræðinnar. Ég vil leyfa mér að segja, að á meðan annað hefur ekki komið fram verður að draga í efa að hliðsjón hafi verið höfð af faglegu mati í ákvörðun ráðh., og ég tel að hæstv. ráðh. geti engan veginn borið fyrir sig meiri eða víðtækari starfsreynslu Óla Ragnarssonar.

Einnig hefur komið fram, þegar ráðh. ákvað þessa embættisveitingu, að hann talar um að margir á Dalvík hafi farið þess á leit við hann, að Óli Ragnarsson yrði ráðinn. En í ljós hefur komið í blöðum í dag, að varla er um mikinn fjölda að ræða frá Dalvík þar sem einungis tuttugu manns í umdæmi sem telur á fjórða þúsund hafa með undirskrift sinni óskað eftir ráðningu Óla Ragnarssonar í embættið. Ef hæstv. ráðh. metur meira óskir þessa fámenna hóps en hið faglega mat og lætur þær hafa áhrif á afstöðu sína tel ég að hann hefði átt að kynna sér afstöðu annarra Dalvíkurbúa áður en hann veitti embættið, ef óskir íbúa Dalvíkur hafa haft áhrif á embættisveitingu ráðherra.

Mér er ekki kunnugt um að Jafnréttisráð hafi fjallað um þetta ákveðna mál, en ég held að Jafnréttisráð hljóti að láta þetta mál til sín taka. Kvenréttindaráð Íslands hefur þegar sent mótmælabréf vegna þessa sem ég vil leyfa mér að lesa, með leyfi forseta, en þar er einnig fjallað um aðra embættisveitingu, á vegum menntmrn., og er það nokkuð hliðstætt mál sem auðvitað væri ástæða til að ræða hér einnig. Bréf Kvenréttindafélagsins er svohljóðandi:

„Á fundi stjórnar Kvenréttindafélags Íslands 3. febr. 1981 var samþykkt eftirfarandi ályktun:

„Stjórn Kvenréttindafélags Íslands lýsir undrun sinni og óánægju yfir því að menntmrh. og heilbrrh. skuli við embættisveitingar nýlega hafa sniðgengið þá umsækjendur, sem sérfóðir umsagnaraðilar mátu hæfasta til starfa.

Þar sem umræddir umsækjendur voru konur, hlýtur sú spurning að vakna, hvort nauðsynlegt sé að lögbinda tímabundin forréttindi konum til handa til þess að útiloka slíkt misrétti í framtíðinni.

Stjórn Kvenréttindafélags Íslands beinir því til Jafnréttisráðs, að það taki þessi mál til meðferðar, eins og það tvímælalaust hefur heimild til samkvæmt 11. gr. laga nr. 78/1976, um jafnrétti kvenna og karla."

Ályktun þessi verður send viðkomandi ráðh., umsækjendum, Jafnréttisráði og fjölmiðlum."

Eins og ég sagði hlýtur Jafnréttisráð að láta þetta mál til sín taka, en í 3. gr. jafnréttislaganna segir:

„Atvinnurekendum er óheimilt að mismuna starfsfólki eftir kynferði, og gildir það m. a. hvað varðar ráðningu og skipun í starf, stöðuhækkun, stöðuheiti, uppsögn úr starfi, veitingu hvers konar hlunninda og almenn vinnuskilyrði."

Á það verður að líta, að hér hafi verið brotin þessi grein jafnréttislaganna, þar sem í fyrsta lagi er um að ræða að lyfjafræðinefnd og landlæknir mæla með ráðningu Freyju í þessu tilfelli og telja hana hæfasta, og ég tel mig einnig hafa sýnt fram á víðtækari og fjölbreyttari starfsreynslu hennar en annarra umsækjenda, en umsagnaraðilar byggja afstöðu sína líka á því. Meðan ekki liggja önnur og skýrari rök fyrir því, að sá, sem embættið hlaut, hafi verið með meiri starfsreynslu eða víðtækari þekkingu á þessu sviði en Freyja, og engin önnur viðhlítandi skýring fæst hjá ráðh., tel ég að verið sé að ganga í berhögg við anda jafnréttislaganna, og vitna ég þá sérstaklega til 3. gr. þeirra laga. Ef ráðh. hefur farið eftir faglegu mati verður hann að færa skýrari rök fyrir því, annars er ótvírætt, eins og ég segi, verið að ganga gegn anda þeirra laga.

Í 5. gr. þeirra laga kemur einnig — ég er alveg að verða búin, herra forseti — fram, með leyfi forseta:

„Nú er umsækjandi um auglýst starf kona, en það hefur verið veitt karlmanni, og skal þá Jafnréttisráð, ef umsækjandi óskar þess, fara fram á það við hlutaðeigandi atvinnurekanda, að hann veiti því skriflegar upplýsingar um hvaða menntun, starfsreynslu og aðra sérstaka hæfileika sá hefur til að bera, er ráðinn var í starfið."

Þegar litið er til þessarar greinar og ef umsækjandi óskar þess hlýtur ráðh. að verða að færa rök fyrir sinni embættisveitingu. Tel ég þetta mál allt þannig vaxið, að sá umsækjandi, sem hæfastur var talinn, en gengið var fram hjá, hljóti að leita réttar síns samkvæmt þessum lögum, enda hefur og Jafnréttisráð heimild samkvæmt 11. gr. þessara sömu laga til að höfða mál í umboði viðkomandi til viðurkenningar á rétti hans. Hvernig sem Jafnréttisráð tekur á þessu máli og sá umsækjandi, sem hér hefur verið um rætt, hlýtur allt velsæmi að krefjast þess, að ráðh. gefi skýrari svör við og rök fyrir þessari stöðuveitingu sinni.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur fyrir að óska eftir þessari umr. Það er nauðsynlegt að þetta mál sé rætt rækilega eftir það moldviðri sem hefur verið þyrlað upp, aðallega í Morgunblaðinu, undanfarna daga um þetta mál. Ég flyt hv. þm. þakkir á sama hátt og þm. flutti mér hjartanlegar þakkir fyrir að ég skyldi gefa mér tíma til að mæta á þessum fundi.

Þetta er ákaflega víðtækt mál og mætti margt um það segja. Ég vil fyrst segja það þó, að það vakti nokkra undrun mína, að í ræðu hv. þm. voru dómar felldir mjög ákveðið. Ég skynjaði ekki í sjálfu sér að hv. þm. hefði út af fyrir sig neinar spurningar fram að færa. Þm. virtist greinilega hafa þörf fyrir að láta mig fá orð í eyra um sínar skoðanir á þessum málum frekar en leggja fyrir mig spurningar um málið. Ég hef út af fyrir sig alltaf gaman af því að heyra í hv. þm., en það er nokkuð óvenjulegt, þegar menn kveðja sér hljóðs utan dagskrár, að ekki séu bornar fram fsp., heldur í fyrstu ræðu felldur dómur yfir því embættisverki ráðh. sem spurt er um. En það er nú smáatriði í málinu, enda var ég að þakka þm. fyrir að taka málið hér upp og gefa mér kost á því að ræða það.

Samkv. lögum um lyfsöluleyfi frá 1963 eru þau yfirleitt veitt eftir umsögn nefndar lyfjafræðinga og lyfsala annars vegar og hins vegar eftir umsögn landlæknis. Ég hef aflað mér upplýsinga um hvernig leyfisveitingum hefur verið háttað á lyfsöluleyfum undanfarin ár. Ég gæti rakið það mjög ítarlega hér, en ætla ekki að gera. Ég vil aðeins nefna það, að í mjög mörgum tilvikum hefur það gerst, að ráðh. hefur valið annan umsækjanda um stöður en þann sem stöðunefnd og/eða landlæknir mæltu með sem fyrsta manni. Þetta stafar af því, að samkv. ákvæðum laga um lyfsöluleyfi ber ráðh. ábyrgð í þessum efnum. Hann verður sjálfur að meta stöðu mála. Stöðunefnd er ráðgefandi í þessum efnum og það er landlæknir einnig.

Það getur auðvitað verið álitamál, og um það mætti ræða hér síðar, hvort svona nefndir eigi að hafa algert vald í þessum efnum og ganga frá málum, eins og t. d. þessi nefnd í sambandi við lyfsöluleyfi og eins sú nefnd sem fjallar um stöðuveitingar lækna. Þó hefur verið talið að það væri eðlilegt að sá sem fer með framkvæmdavaldið í þessum efnum samkv. lögum, þ. e. ráðh., úrskurði um það og leggi sjálfur nokkurn dóm á efnisatriði málsins. Þetta gerir það að verkum að ráðh. verður, þegar hann veitir embætti, að taka afstöðu til mála með sjálfstæðum hætti vegna þess að hann ber ábyrgðina. En það er auðvitað álitamál, eins og ég segi, og það er hægt að ræða það síðar, hvort hugsanlega ætti að fara þarna aðrar leiðir.

Ég vil nefna það sem dæmi — engum til hnjóðs — að á tímabilinu frá 1974-1978 voru veitt tólf lyfsöluleyfi af sama ráðh. Í sjö tilvikum fór ráðh. nákvæmlega eftir tilmælum hinnar ráðgefandi nefndar og landlæknis, þ. e. tók fyrsta mann, en í hinum tilvikunum tók hann annan mann eða þriðja samkv. umsögn stöðunefndarinnar. Það er þess vegna mjög ljóst að ráðherrar hafa greinilega á undanförnum árum lagt á þessi mál sjálfstætt mat. Það eiga þeir a. m. k. að gera. Þessar embættaveitingar, sem hér voru nefndar og vitnað var til frá árunum 1974-1978, voru hins vegar gagnrýndar mjög harðlega fyrir það — sumar þeirra — að um væri að ræða pólitíska afstöðu viðkomandi ráðh., að hann væri að hygla sínum flokksmönnum. Ég þekki það mál ekki, en ég vil hins vegar segja og láta það koma mjög skýrt fram, að í þeirri embættisveitingu, sem hv. þm. gerði hér að umtalsefni, Dalvíkurlyfsöluleyfinu, er ekki um neitt slíkt að ræða.

Ég vil einnig láta það koma fram hér, vegna þess moldviðris sem hefur verið þyrlað upp út af þessari embættisveitingu, að það hefur komið fyrir hvað eftir annað að lyfjafræðingar hafa sótt um stöður aftur og aftur og þeir hafa fengið þessar stöður í annað, þriðja eða fjórða skipti, eftir atvikum. Ég vil t. d. nefna að 1977 var veitt lyfsöluleyfið á Egilsstöðum. Þar raðaði stöðunefnd þannig, að Einar Benediktsson var í fyrsta sæti, Hjálmar A. Jóelsson í öðru og Vigfús Guðmundsson í þriðja. Ráðh. veitti Hjálmari A. Jóelssyni embættið. Árið 1976, 1. okt., var veitt lyfsöluleyfið í Neskaupstað. Þar sótti sami Einar Benediktsson um lyfsöluleyfi og hann var aftur nr. eitt, annar var Vigfús Guðmundsson og þriðji Jón Sveinsson. Niðurstaða ráðh. varð sú að veita leyfið Vigfúsi Guðmundssyni. Einar Benediktsson sótti enn um lyfsöluleyfið í Hveragerði, sem veitt var frá 1. okt. 1977. Honum var enn raðað nr. eitt, Kristni R. Gunnarssyni nr. tvö og Jóni Sveinssyni nr. þrjú. Niðurstaða ráðh. varð sú í þetta skipti — í þriðja sinn sem Einar Benediktsson sótti um lyfsöluleyfi — að Einar fékk stöðuna í það skipti í Hveragerði.

Þetta er ég að rekja hérna, herra forseti, til að sýna fram á að það hefur verið mat þeirra ráðh., sem með þessi mál hafa farið á undanförnum árum, að þeir yrðu sjálfir að taka afstöðu til þessara þátta.

Ég gætið síðan rakið þessi mál nokkru ítarlegar og mér fyndist í raun og veru nauðsynlegt að hafa hérna miklu lengri tíma til að fara ofan í þessi mál, vegna þess að hér hefur margt vitlaust verið sagt af vissum fjölmiðlum í landinu, en ég hef ekki tíma til þess. En ég ætla aðeins að rekja þá ákveðnu embættisveitingu sem hér er um að ræða.

Freyja Matthíasdóttir lauk kandidatsprófi 1971. Hún starfaði í lyfjamáladeild danska innanríkisráðuneytisins til ágúst 1978. Frá sept. 1978 hefur hún verið yfirlyfjafræðingur í Kópavogsapóteki. Óli Þ. Ragnarsson lauk kandidatsprófi 1974. Hann réð sig þá þegar til starfa í Vesturbæjarapóteki og var ráðinn þar yfirlyfjafræðingur frá 1. ágúst 1974. Í sumarleyfum sínum 1976 og 1980 fór hann með rekstur Ísafjarðarapóteks og 1977 og 1978 fór

hann með rekstur Dalvíkurapóteks. Jafnframt hefur hann gegnt störfum sem forstöðumaður lyfjabúrs á Landakoti, Borgarspítala og St. Jósepsspítala. Ég held að það sé hafið yfir allan efa, að þessi maður, sem þarna fær stöðuna, hefur meiri reynslu af því að reka apótek og starfa í apóteki sem yfirlyfjafræðingur.

Þess vegna var mitt val í þessum efnum spurning um hvernig menn meta annars vegar embættisstörf í stjórnkerfi og hins vegar faglega reynslu í þeim þætti þjóðlífsins sem hér er um að ræða. Það var þetta mat sem ég lagði á málið og á því byggðist þessi embættisveiting af minni hálfu.

Varðandi jafnréttissjónarmiðið, sem ég þyrfti hér að ræða í löngu máli, vil ég segja það, að að sjálfsögðu mun heilbr.- og trmrn. senda Jafnréttisráði greinargerð um þetta mál. Það verður ekki þörf á því fyrir ráðið að óska eftir því. Við munum senda ráðinu grg. ótilkvaddir og gera grein fyrir þessum málum í heild. En mér þykir það hins vegar nokkuð undarlegt, að á sama tíma og hv. þm. ræðst hér að mér fyrir þessa embættisveitingu með heift og offorsi, sem hv. þm. gerði hér áðan, skuli í raun og veru ekki vera spurt um aðra embættisveitingu sem einnig er gagnrýnd mjög harðlega í bréfi Kvennréttindafélags Íslands eða ályktun þess.

Ég vil svo að allra síðustu segja það, að þegar jafnréttislögin voru sett árið 1976 var flutt hér tillaga um að lögin yrðu orðuð þannig, að hlutverk þeirra væri ekki einasta að tryggja jafna stöðu kvenna á við karla, heldur væri einnig hlutverk þeirra að bæta stöðu kvenna gagnvart körlum. Þessi till. var flutt hér af þm. Alþb. og hún var felld með atkv. allra annarra þm. hér í þessum sal. Spurningin er um það í þessum jafnréttismálum, hvort menn eru tilbúnir á löggjafarsamkomunni að setja lög sem kveða á um að það eigi við embættaveitingar að tryggja stöðu kvenna þannig að hún sé betri en karla. Það er grundvallarspurning sem menn verða að taka afstöðu til áður en þeir fara að hreyta skít í menn fyrir embættisverk.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Raunar kom ekki mjög mikið fram hjá ráðh. nýtt í málinu. Ég hafði vonast til þess, að við fengjum skýrari svör við því, hvað hefði legið á bak við þessa embættisveitingu. Ég tel eftir svör ráðh. að hann gangi út frá öðru en lyfjanefndin og landlæknir vegna þess að lyfjafræðinefndin og landlæknir tala um víðtæka starfsreynslu Freyju í þetta embætti og leggja greinilega til grundvallar hennar fyrri störf, bæði í sambandi við vísinda- og stjórnunarstörf ýmis sem hún hefur unnið, en mér finnst hæstv. ráðh. leggja meiri áherslu á að viðkomandi, sem embættið hlaut, hafi meiri starfsreynslu í apóteki sem slíku. Ég sagði það, að ég tel að verið sé að fara inn á mjög vafasama braut ef slík þekking og reynsla, sem ég lýsti hér áðan að Freyja búi yfir, miðað við sína fyrri reynslu, skuli ekki einmitt vera metin og lögð til grundvallar við slíka embættisveitingu. Það hefur einmitt lyfjafræðinefndin gert og landlæknir, en hæstv. ráðh. virðist ganga út frá öðru.

Eins og ég sagði tel ég að það hljóti að verða í framhaldi af þessu leitað frekari upplýsinga um þetta mál. Ég tel þessu máli varla á nokkrun hátt lokið, og þó ég tali ekki hér fyrir Freyju í þessu efni held ég að hún hljóti að leita réttar síns í þessu máli.

Varðandi embættisveitingu, sem ráðh. minntist hér á, kom ég aðeins inn á hana og taldi að þar væri um svipað mál að ræða og mætti líka skoða það mál. En þegar ég bað um leyfi til að hefja umræður utan dagskrár var mér í hug að ekki væri venja hér að biðja tvo ráðh. að hlýða á það, sem er til umr. utan dagskrár, og svara fyrir það. En auðvitað gæti það komið til mála einnig að fá svör frá hæstv. menntmrh. um þá embættisveitingu sem hann er gagnrýndur fyrir.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það er ekki nýtt að deilt sé um embættisveitingar á Íslandi. En mér þótti það dálítið óeðlilegt að taka fyrir embættisveitingu hjá menntmrn. og leggja hana í orðum að jöfnu við þessa embættisveitingu án þess að óska jafnframt eftir því, að menntmrh. væri við og gerði þá grein fyrir málinu. Ég vil einungis koma þessu á framfæri vegna þess að ég hefði talið þau vinnubrögð eðlileg.

En vegna þeirra ummæla hæstv. heilbrrh., að þeir Alþb.-menn hefðu lagt fram sérstaka till. hér á þinginu um bætta stöðu kvenna gagnvart karlmönnum og hún hefði verið felld af öllum þingheimi öðrum en þeim, langar mig að spyrja hvort hann hefði hagað annan veg sinni embættisveitingu hefði hún verið samþykkt.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég ætla með örfáum orðum að lýsa furðu minni á málflutningi hæstv. heilbrrh. Það er beint til hans nokkrum orðum í fullri kurteisi. Hann talar um skítkast og notar stór orð. Ég varð ekki var við að sá hv. þm., sem kvaddi sér hljóðs utan dagskrár, notaði nein sérstaklega stór orð. Þó væri kannske ástæða til í þessu máli.

Hæstv. ráðh. talar um að moldviðri hafi verið þyrlað upp í sambandi við þetta mál. Hann verður auðvitað að una því, að hans verk umdeild séu rædd í fjölmiðlum, og það er furðulegt að láta liggja að því hér, að einhverjar annarlegar ástæður liggi þar að baki.

Satt best að segja sakna ég þess, að ekki skuli í þessum umr. kveðja sér hljóðs fleiri fulltrúar þess flokks sem hefur þóst fremstur í baráttunni fyrir jafnrétti kynjanna og talað mest um jafnrétti. Ég sakna þess t. d., að hv. þm. Guðrún Helgadóttir skuli ekki vera stödd hér í salnum og fylgjast með þessum umr. Hún hefur oft talað hér kannske af minna tilefni.

Enn þykir mér það undarlegt, að ráðh. skuli ekki meta að neinu reynslu í stjórnkerfi, eins og hann orðaði það, að þessum málum. Það kom fram í máli hans að störf í stjórnkerfinu, þó að að þessum málum væru, væru einskis metin. Þetta þykir mér svolítið undarlegur málflutningur.

Sömuleiðis kvartaði ráðh. yfir því áðan, að hann hefði ekki verið spurður spurninga. Hann var raunar spurður spurninga og hefur svarað þeim að nokkru. En auðvitað hlýtur sú spurning að vakna í sambandi við þessa embættisveitingu, hvort það sé sú leið sem umsækjendur um embætti eiga að fara, að safna nöfnum meðmælanda á lista og senda ráðh. Sú spurning hlýtur að vakna vegna þess að svo virðist óneitanlega sem sú aðferð hafi hér að nokkru ráðið um ákvörðun ráðh.

En auðvitað verða ráðh. Alþb. eins og aðrir að una því, að verk þeirra séu gagnrýnd, og það er furðulegt að stökkva upp á nef sér af þeirri ástæðu einni að menn leyfi sér að gagnrýna valdsgjörðir hæstv. heilbrrh.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég veit ekki hver hefur stokkið upp á nef sér í þessum umr., a. m. k. fannst mér síðasti ræðumaður, hv. 5. þm. Vesturl., ekki vera ýkjalangt frá því að búa sig til stökks. Hann nefndi síðast að það væri hugsanlega ráð hjá mönnum að safna undirskriftum og láta skora á ráðh. að veita sér embætti. Það er auðvitað algert aukaatriði í þessu máli. Ég vil að það komi mjög skýrt fram af minni hálfu, að ég tel að það sé algert aukaatriði, enda nefndi ég það ekki í þeirri ræðu sem ég flutti áðan. Það getur ekki ráðið úrslitum í svona máli. Það er alveg útilokað.

Þá taldi hann að ég mæti einskis þau störf sem unnin hafa verið í danska innanríkisráðuneytinu, í lyfjamáladeild þess. Það er rangt. Ég met þau mikils. En matið fer þarna fram á því annars vegar, hvert á að vega þyngra embættisverk í rn., í stjórnkerfi, eða reynsla af rekstri í þessari grein. Það er það mat sem þarna fer fram. Það er ekkert verið að vanmeta það sem viðkomandi hefur unnið. Það er ekki verið að kasta því út í hafsauga. Það er verið að leggja dóm á hvað er nauðsynlegra í því ákveðna tilviki sem hér er um að ræða.

Varðandi spurningu hv. 5. þm. Vestf. er þetta að segja: Það, sem ég var að koma inn á í sambandi við jafnréttislögin, var það, að þegar þau voru til umr. hér á Alþingi var flutt till. sem gerði ráð fyrir að það væri beinlínis lagaskylda, þegar karl og kona sæktu um stöðu og stæðu jafnfætis að flestra mati að því er hæfni varðar, að konan ætti að fá stöðuna. Það var flutt tillaga um það. Þessari till. var hafnað, sem þýðir að vilji löggjafans var þá sá að hafna þessari afstöðu. Ef vilji löggjafans hefði hins vegar reynst vera á hinn veginn, að það væri lagaskylda að taka konuna skilyrðislaust fram yfir karlmanninn ef þau væru jafnrétthá að öllu öðru leyti, þá hlaut ráðh. auðvitað að hlíta slíkum lögum því að þá hefðu þau væntanlega gilt um öll mál og allar stöðuveitingar, kennara, lyfsöluleyfi, lækna o. s. frv. Það var þetta sem ég var að reyna að skýra, en ég var orðinn svo knappur með tíma að ég gat ekki farið mjög nákvæmlega út í það áðan.

Einangrun húsa, þáltill. (þskj. 330). — Ein umr.

Flm. (Helgi Seljan): Herra forseti. Á þskj. 330 hef ég leyft mér ásamt hv. þm. Steinþóri Gestssyni, Alexander Stefánssyni og Magnúsi H. Magnússyni að flytja svohljóðandi þáltill.:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta fara fram rækilega könnun varðandi einangrun útveggja húsa.

Skulu Húsnæðisstofnun og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins annast könnun þessa og birta niðurstöður sínar sem fyrst."

Þessari till. fylgir nokkur grg., en áður vil ég aðeins segja um hana almennt, að þarna er um þær tvær stofnanir að ræða sem eiga, bæði hlutverks síns vegna og eðlis, að fjalla um allar nýjungar í byggingariðnaði. Og ég vil taka undir það sem hv. 1. þm. Vesturl. kom inn á áðan varðandi Húsnæðisstofnunina, að tæknideild hennar hefur allt um of vanrækt það að örva menn til dáða og nýjunga, eins og þó er hlutverk hennar lögum samkvæmt og enn hefur verið hert á samkvæmt nýju húsnæðislöggjöfinni.

Það er staðreynd, eins og hefur verið bent á áður í umr. um þessi mál í dag þessu tengd, að þeir menn, sem hafa viljað brydda á nýjungum, viljað gera tilraunir með eitthvað nýtt, hafa rekið sig á vegg og ekki komist til þess verkefnis eins og þeir hafa viljað gera það best. Vantrú manna á því, að þeir hefðu rétt fyrir sér, hefur ráðið öllu í raun, þó að á þessu hafi orðið breyting hjá þeirri stofnun annarri, sem þarna er á minnst, sem sagt Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, sem hefur, eins og hv. 1. þm. Vesturl. tók fram, verið jákvæð gagnvart t. d. því máli sem hér er reifað.

Við flm. byrjum á því í raun og veru í grg. okkar að leggja áherslu á tvær þáltill., sem hér hafa nýlega verið ræddar, önnur rétt áðan, þ. e. þáltill. frá hv. þm. Birgi Ísl. Gunnarssyni um lánafyrirgreiðslu vegna sérstakra viðgerðaraðgerða af völdum alkalískemmda, og ekki síður till. hv. þm. Jóns Helgasonar um aukna hagnýtingu innlendra byggingarefna og hagkvæmni við byggingarframkvæmdir. Ég held að það fari vel á því, að þessar till. allar séu skoðaðar í nokkru samhengi og þessi till., sem við höfum hér flutt verði alveg sérstaklega skoðuð með tilliti til annars vegar þeirra voveiflegu atburða, sem hafa gerst varðandi alkalískemmdirnar, og hins vegar varðandi þá tilraun til raun sem hér er verið að stinga upp á um hagnýtingu á innlendum byggingarefnum.

Við vikjum að hinum mikla mistökum sem hafa orðið í gerð sements og notkunar fylliefna og valda því, að á næstu árum muni viðgerðarkostnaður nema tugmilljörðum króna. En það, sem við viljum fá hér um rækilega könnun og fá um óyggjandi úrskurð, er það, hvort gerð útveggja hvað einangrun snertir sé rétt eða röng.

Ég skal játa það, að fyrst þegar ég heyrði hugmyndir þess manns sem hefur lagt okkur til efni þessarar grg. rak ég upp stór augu og hafði ekki mikla trú á að hér væri rétt með farið. Því nánar sem ég hef kynnt mér þetta, því sannfærðari er ég um að þessi byggingarmeistari hefur mjög mikið til síns máls og trúlega gæti hér verið um byltingu að ræða, alveg sérstaklega hvað snertir minni byggingarkostnað, betri endingu, meiri einangrun, meiri orkusparnað.

Ég ætla ekki að fara mjög náið út í þessa till., vegna þess að ég geri ráð fyrir að sú nefnd, sem fær till. til meðferðar, muni byggja fyrst og fremst á því áliti sem Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins hefur sent frá sér varðandi þessi mál, en vitna aðeins til þess byggingarmeistara sem við höfum haft samband við, reyndar leitað til okkar vegna þeirra vandkvæða sem honum hafa verið á höndum til þess að koma þessari aðferð sinni rækilega á framfæri og kynna hana fyrir almenningi, vegna þess að það hefur lítið að segja að einn maður sé að gera tilraun, þó að hún heppnist, ef t. d. sú stofnun, sem leiðbeinir almenningi mest um þessi mál, þ. e. Húsnæðisstofnun ríkisins, sinnir ekki því sjálfsagða hlutverki sínu að kynna mönnum þessa nýjung, ef hún reynist á rökum reist, eins og við teljum að séu miklar líkur til, þó að við viljum að sjálfsögðu engu slá föstu um það.

Sturla segir svo orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Meginskoðun mín, sem ég hef reynt að sanna og tel mig raunar hafa sannað, er að hönnun einangrunar í húsum sé nú röng.

Vegna þess að einangrun hefðbundinna steyptra útveggja hefur verið og er sett innan á veggina, en ekki utan á, sem tíðkast hefur víða erlendis, verða veggirnir fyrir togspennum vegna hitamismunar veðurfars og springa þar af leiðandi."

Þar vitnar höfundur till. beint í sérrit Rannsókna-

stofnunar byggingariðnaðarins, rit 33: um steypuskemmdir, áhrif hitabreytinga á steinsteypu.

Síðan víkur Sturla að því, hvernig þensla í steinsteypu vegna alkalívirkni íslensks sements og saltmengunar í fylliefnum hefur valdið mjög alvarlegum skemmdum á mannvirkjum þar sem rakastig er um og yfir 80%, en það er sá raki sem algengur er utanhúss á Suður- og Suðvesturlandi.

„Með því að færa einangrunina út fyrir burðarveggi húsa haldast þeir þurrir og verða þá ekki fyrir alkalívirkni."

Aftur vísar byggingingarmeistarinn beint í rit Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins, sem ég ætla ekki að fara nánar út í hér, og tel raunar ekki ástæðu til í framsögu fyrir þessu máli, þó þar mætti vissulega lesa upp fleiri blaðsíður, má segja, og þá alveg sérstaklega varðandi það sem hann vitnar til hvað snertir rakastreymi í steinsteypu, sem gerð eru mikil og góð skil í því riti sem hann vitnar þar sérstaklega til.

Um nánari grg. með þessu máli mun ég í lokin koma að því sem Sturla segir beint um þetta:

„Markmiðið með byggingaraðferðinni er að koma í veg fyrir sprungumyndanir og aðrar skemmdir í útveggjum húsa og lækka byggingarkostnað með aðferð sem fellur að mismunandi gerðum húsa án notkunar byggingarkrana, stálmóta eða annars kostnaðar mikils útbúnaðar."

Um eiginleika þessarar aðferðar umfram hefðbundnar byggingaraðferðir — þar tel ég nú að sé að meginmálinu komið og höfum við flm. lagt sérstaklega að því eyrun og reyndar séð með eigin augum í því tilraunahúsi, sem vitnað er til í grg., að Meðalbraut í Kópavogi, — um eiginleika þessarar aðferðar umfram hefðbundnar byggingaraðferðir segir Sturla svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Með því að færa einangrunina út fyrir burðarveggi hússins er komið í veg fyrir togspennur útveggjanna vegna hitabreytinga og sprungumyndana er af hitabreytingum leiðir, þar sem veggir eru tengdir við gólfplötur og milliveggi.

Þar sem burðarveggirnir eru innan við einangrun og hlífðarvegg, verða þeir ekki fyrir skemmdum af frosti og slagregni. Af sömu ástæðum verða veggirnir ekki fyrir skemmdum vegna alkalíþenslu. Vegna rakaútstreymis innanúr húsum hafa útveggir húsa skemmst mjög vegna frostskemmda, þegar rakaloft innan frá þéttist við kaldan útvegginn, verður að vatni og frýs. Veggir, sem eru innan við einangrun, frjósa ekki og verða þar af leiðandi ekki fyrir rakaútstreymisskemmdum. Þar sem hlífðarveggur er ekki steyptur fastur við milliveggi eða plötur hússins getur hann gengið til vegna hitabreytinga veðurfars án stífrar samtengingar við húsið og springur þar af leiðandi ekki.

Þar sem einangrunin umlykur húsið á alla vegu er komið í veg fyrir kuldaleiðni þá er á sér stað í hefðbundnum húsum. Hitunarkostnaður lækkar því um 5—20%. Hitastig í húsum verður jafnara. Kostnaður vegna kyndingar með olíu er um það bil 1 millj." — Þetta mun nú trúlega vera nokkuð eldri tala sem þarna er miðað við.

„Þar sem eldnæm plasteinangrun er fyrir utan 14 sm veggi hússins er húsið að því leyti ónæmt fyrir eldi og þeirri hættu, er stafar af eitruðum reyk frá brennandi einangrun.

Þar sem yfirborð veggjanna úti og inni er með áferð eftir krossviðarmót, þarfnast húsið ekki venjulegrar múrhúðunar, heldur holufyllingar.

Festingar við útvegg, svo sem gluggatjalda, skápa, hillna og annarra hluta, eru mun öruggari þar eð skrúfað er í massífan innri vegginn, en ekki í þunna múrhúð í hefðbundnum húsum. Festa má einnig með skotnöglum, en slíkt er ekki mögulegt í venjulegan útvegg." Ég ætla ekki að fara að tíunda allt þetta mál hér. Spurningin er í raun og veru ákaflega einföld og úr henni þarf að fást skorið sem allra fyrst.

Þó að eitthvað væri rangt eða missagt í þeim fræðum, sem ég hef nú lesið upp, er ég alveg sannfærður um að hugmyndin er allrar athygli verð. Meginmálið hlýtur að vera að kanna þessa fullyrðingu, sem er í raun og veru byltingarkennd og mönnum þykir nóg um, mörgum þeim sem fást við þessi verkefni, að einangrun skuli vera utan á veggjum steinsteyptra húsa, en ekki innan á, eins og vitnað hefur verið til hér að framan.

Þegar við flm. höfum lesið yfir þær tilvitnanir sem vísað er til frá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, þegar við lesum yfir þær vísbendingar, hlýtur það að verða til þess að við fyllumst enn meiri bjartsýni á að hér sé um réttmætar ábendingar að ræða, og að sjálfsögðu hljóta hagsmunir húsbyggjenda sem þjóðarheildar að vera ótvíræðir ef niðurstöðurnar reynast þær sem flm. telja mörg rök hníga að. Það verður því hér að skera úr um þetta. Þessar tvær stofnanir eiga að vinna saman að því að fá úr því skorið, hvort hér er rétt fram haldið eða ekki. Við leggjum engan dóm þar á þó að okkur sýnist — eða mér sýnist það a. m. k. með þá litlu skynsemi sem ég hef gagnvart byggingarmálum almennt — að hér sé um augljóst mál að ræða. Vil ég ekki fullyrða neitt um það, fyrr en lokaniðurstaða er fengin, en bæði með tilliti til þess, sem ég hef lesið mér til varðandi þau rit sem Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins hefur sent frá sér, með tilliti til þess sem ég hef séð með eigin augum varðandi það hús sem hér hefur verið nefnt, sem er tilraunahús Sturlu Einarssonar, og vegna þess, sem mér sýnist að heilbrigð skynsemi mæli með, finnst mér sjálfsagt að á þessu sé gerð könnun nú þegar, því að um svo stórt þjóðhagslegt atriði er að ræða og svo stórt atriði fyrir húsbyggjendur að ég tel óhæft að láta þetta mál stranda í kerfinu öllu lengur. Það er nógu lengi búið að gerast og því er þessi till. fram lögð.

Ég vil, herra forseti, óska eftir því að till. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. atvmn. til þess að þessar till. allar fái skoðun hjá sömu nefnd.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Þó að þáltill. hv. 3. þm. Suðurl. um hagnýtingu innlendra byggingarefna sé ekki lengur á dagskrá vil ég eigi að síður lýsa eindregnum stuðningi mínum við þá þáltill.

Ég hef ekki miklu við ræðu hv. 1. flm. þessarar þáltill. að bæta. Hann talar réttilega um tregðu varðandi allar breytingar, og það er ekki ofmælt. Byggingariðnaðurinn er í eðli sínu afskaplega íhaldssamur og allar nýjungar og breytingar eiga mjög erfitt uppdráttar. Koma þar m. a. til raunverulegir eða ímyndaðir hagsmunir hinna ýmsu stétta í byggingariðnaði.

Það er mjög margt sem mælir með því, að sá háttur verði upp tekinn í stórum stíl að einangra húsin að utanverðu. M. a. má geta þess, að hitaþensla og sprungur í burðarveggjum minnka verulega, eins og kom fram hjá

hv. 2. þm. Austurl. Hitunarkostnaður lækkar verulega vegna þess að kuldaskil við gólf og loftplötur hverfa og sama er að segja um steypta milliveggi sem tengjast útveggjum. Alkalískemmdir burðarveggja hverfa. Innanhússhiti verður miklu jafnari en ella. Þar við má svo bæta og undirstrika það sem kom fram hjá hv. 1. flm. þáltill., að miklu minna tjón og miklu minni hætta stafar af eldsvoðum. Er þar um að ræða að gas, klórgas, sem myndast við bruna á plasti og getur verið hættulegt fyrir slökkviliðsmenn og þá sem inni í húsinu kunna að vera, myndast ekki. Í öðru lagi eyðileggst einangrunin ekki því að hún er utan við. Það er því miklu ódýrara að byggja húsin upp aftur.

Margt fleira mætti til tína. En ég vil þó ekki sleppa því, að húsin verða talsvert ódýrari. Það hefur verið reiknað út að 200 m² einbýlishús mundi verða um 12 millj. kr. ódýrara í byggingu. Að vísu munar ekki eins miklu þegar um er að ræða sambýlishús eða raðhús. Eigi að síður er þarna um verulegan sparnað að ræða.

Þáltill. gengur út á það, að fram fari rækileg könnun á þessu við íslenskar aðstæður. Í reynd liggja fyrir kannanir og niðurstöður á þessu, en það vantar stimpil opinberra stofnana. Þær verða að setja sig inn í málið og leggja á það sinn hlutlausa dóm. Það fer oft eins fyrir þeim og ýmsum öðrum í byggingariðnaðinum, að íhaldssemin er afskaplega mikið ráðandi þar líka. Menn eru hræddir við allar breytingar. Hér eru mjög miklir hagsmunir í veði og því þjóðhagslega nauðsynlegt að finna hagkvæmustu lausn þessara mála.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég get tekið undir það, að vel fer á því að svo margar till. hafa komið hér fram um skyld efni sem eru þýðingarmikil. Verður því tækifæri að skoða öll þessi mál í heild í þeirri nefnd sem fær þetta mál til meðferðar.

Ég tel að í sambandi við þessa tilraun, sem Sturla Einarsson byggingarmeistari hefur gert, sannist enn á ný að það vantar visst samhengi í þessi mál hjá okkur. T. d. er mér kunnugt um það, að hann hefur lent í erfiðleikum að sanna sína tilraun, m. a. vegna þess að verkfræðingar og arkitektar, sem hanna eða teikna slík hús, hafa teiknað hús sem hann hefur viljað nota sína aðferð við, en þeir hafa ekki viljað viðurkenna vissa hagkvæmni í þessari aðferð og þannig neitað að fallast á að innveggir og þeir útveggir, sem um er að ræða, væru af þeirri gerð að það væri viss sparnaður í sambandi við notkun efnis.

Mér finnst aðalatriðið í þessu að það sé hægt að virkja þær stofnanir sem eiga lögum samkvæmt að sjá um að framfylgja hagræði á þessu sviði. Ég vil vekja athygli á 52. gr. laga um rannsóknastofnanir atvinnuveganna, er varðar Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins. Hún á að sjá um, eins og stendur í 52. gr.: „endurbætur í byggingariðnaði og lækkun kostnaðar við mannvirkjagerð, þ. á m. sjálfstæðar grundvallarrannsóknir í byggingartækni, hagnýtingu húsrýmis, bæjarskipulagningu og gatnagerð. Í þeim tilgangi skal stofnunin fylgjast með nýjungum í byggingariðnaði og laga þær að íslenskum staðháttum, þ. e. kynning á niðurstöðum rannsókna og veiting upplýsinga um byggingarfræðileg efni, aðstoð við eftirlit með byggingarefnum og byggingarframkvæmdum og nauðsynleg rannsóknaþjónusta í þeim greinum sem stofnunin fæst við."

Þetta er að mínu mati afgerandi. Einnig er við Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins ráðgefandi sérstök nefnd sem í eiga sæti allir þeir aðilar í íslensku kerfi sem eiga að veita upplýsingar og þjónustu á þessu sviði.

Ég hef áður gagnrýnt að mér finnst vanta þarna tengsl við raunveruleikann. Ég get ekki stillt mig um að benda á eitt dæmi, því að ég hef sjálfur verið að berjast við þetta.

Það er iðnaðarmaður í Borgarnesi, sem rekur þar fyrirtæki sem hefur verið að finna upp ýmsar nýjungar í sambandi við byggingariðnað, m. a. þá nýjung, sem hann hefur verið með, að auðvelda endurbætur á húsum í sambandi við alkalískemmdir sem margir hafa talað um. Þessa nýjung hefur hann fært upp og hefur bæði gert tilraun á húsi þar á staðnum og eins sett upp líkan sem hann hefur óskað eftir að yrði skoðað og tekið til meðferðar hjá þeim aðilum sem ég nefndi áðan, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og Húsnæðisstofnun ríkisins, en hann hefur ekki fengið þann stuðning sem þurft hefur á að halda. Þeir hafa tekið honum vel og sagst ætla að skoða málin, en til framkvæmda hefur ekki komið, og þann mikla kostnað, sem hann er búinn að inna af hendi við þessar tilraunir sínar, hefur hann ekki fengið upp borinn, við það að kynna þessar nýjungar eða þessar athuganir sem hann hefur gert. Þarna álít ég að þurfi að verða á breyting.

Ég vænti þess, að sú hv. nefnd, sem tekur þessi mál til meðferðar, leggi einmitt mikla áherslu á að það verði stutt rækilega við bakið á þeim sem eru að reyna að gera raunhæfar tilraunir með úrbætur á þessu sviði, þannig að það fáist úr því skorið hvort hér er um hagkvæmni að ræða eða ekki. Ég tel að það sé mjög mikilvægt fyrir alla aðila.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 48. fundur.

Mánudaginn 9. febr., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Mér hefur borist eftirfarandi bréf:

„6. febr. 1981

Þar sem ég að læknisráði mun ekki geta sótt þingfundi næstu vikur leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. kosningalaga að óska þess, að 1. varamaður Alþb. í Austurlandskjördæmi, Sveinn Jónsson verkfræðingur, Egilsstöðum, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Helgi Seljan,
2. þm. Austurl."

Sveinn Jónsson hefur tekið hér sæti og ég býð hann velkominn til starfa. Hann hefur átt sæti áður á Alþingi og þarf því ekki frekari aðgerða við.

Bætt kjör sparifjáreigenda, frv. (þskj. 321). — 1. umr.

Flm. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Það frv., sem ég mæli hér fyrir, flytjum við þm. Alþfl. í þessari deild. Það eru ásamt mér Eiður Guðnason og Karl Steinar Guðnason. Það fjallar um bætt kjör sparifjáreigenda, íbúðabyggjenda og íbúðakaupenda.

Ég held að það sé ljóst, að við núverandi kerfi hafi tveir þjóðfélagshópar sérstaklega orðið út undan og á þeim verið níðst. Þessir tveir þjóðfélagshópar eru annars vegar ungt fólk, sem þarf að eignast þak yfir höfuðið, og hins vegar sparifjáreigendur. Framkvæmd vaxtastefnu hefur bitnað mjög harkalega á þessum tveimur þjóðfélagshópum. Frv. er flutt í þeim tilgangi að bæta hag sparifjáreigenda og efla sparnað í landinu með því að gefa fólki kost á að verðtryggja sparifé án bindingarþvingana og í annan stað til þess að koma til móts við húsbyggjendur með því að innleiða sérstakan lánaflokk til húsbyggjenda í viðskiptabönkunum til viðbótar við lán Húsnæðisstofnunar og lífeyrisssjóða og ná með þeim hætti því markmiði að hækka lánshlutfall af byggingarkostnaði og auðvelda fólki þannig að komast yfir eigið húsnæði, jafnframt að minnka og jafna greiðslubyrði vegna íbúðabygginga og íbúðakaupa og að létta af húsbyggjendum byrði skammtíma-, víxil- og vaxtaaukalána sem er orðin illbærileg kvöð, illbærilega þung, og hefur í för með sér mjög mikla fyrirhöfn og örðugleika fyrir fólk.

Ég held að staða þessara tveggja þjóðfélagshópa verði e. t. v. best skýrð með einföldum dæmum. Við getum tekið sem dæmi sparifjáreiganda sem á peninga á almennri sparisjóðsbók. Ef í landinu eru 15% neikvæðir vextir að því er varðar sparifé á almennri bók, t. d. 37% vextir og 52% verðbólga ríkjandi, mun raunvirði innstæðunnar að sex og hálfu ári liðnu vera orðið helmingur af því sem það var í upphafi. Raunvirði innstæðunnar helmingast þá á sex og hálfu ári og eftir tíu ár er raunvirði innstæðunnar komið niður í rúman þriðjung eða 35%. Nú er það reyndar svo, að hér er 60% verðbólga, en ekki 52% verðbólga og vextir á almennum sparisjóðsbókum munu vera um 37%. Hvað gerist við þessar aðstæður? Jú, raungildi innstæðunnar helmingast á fjórum og hálfu ári. Eftir fjögur og hálft ár hefur innstæðan helmingast að raungildi. Eftir fjögur og hálft ár hefur helmingnum af því fé, sem lagt var inn, í raun og sannleika verið stolið. Þetta er auðvitað þeim mun harkalegra sem við vitum af ýmsum gögnum að sparifjáreigendur eru einkum og sér í lagi roskið fólk — fólk sem vill eiga nokkra peninga til þess að vera öruggt í ellinni. Það er þannig verið að helminga eignir þess á 4½—6 árum við núverandi aðstæður. Það er verið að stela af því helmingnum af eign þess á þessu árabili.

Lítum svo aftur á hinn þjóðfélagshópinn, íbúðarkaupandann, og skoðum einfalt dæmi af því, hvernig staða hans er í þjóðfélaginu. Við getum tekið dæmi af íbúð sem kostar 40 millj. kr. samkv. gömlum krónum eða 400 þús. nýkrónur og að útborgun sé 320 þús. kr. Þetta mun ekki fjarri lagi. Við getum verið svo bjartsýn að segja að þessi maður eigi 60 þús. kr. eða 6 millj. gkr. eða gæti aflað þess að hluta þá á kaupárinu, þetta sé það fé sem hann geti lagt af eigin rammleik í íbúðarkaupin. Við skulum líka vera svo vinsamleg að segja að hann fái G-lán upp á aðrar 60 þús. nýkr. og lífeyrissjóðslán upp á 80 þús. Þá eru alls komnar 200 þús. upp í þessa útborgun, sem er 320 þús. kr. Hann þarf engu að síður að taka önnur lán, útvega sér annað fé upp á 120 þús. kr. eða 12 millj. gkr. Við núverandi aðstæður má hann sjálfsagt teljast heppinn ef hann fær slíkt lán til tveggja og hálfs árs.

En hver er þá greiðslubyrði þessa manns af þeim lánum, sem hann hefur tekið, strax á fyrsta ári? Mér reiknast svo til, að miðað við febrúarverðlag muni hún vera 58 850 kr. eða tæpar 6 millj. gkr. **(StJ:** Raunvaxtastefnan?) Þetta er ekki raunvaxtastefnan. Þetta er sú stefna sem ríkisstj. framkvæmir, og ég bið hv. þm. um að sitja hér og hlusta á málflutning minn til þess að komast að raun um hvernig sú ríkisstj., sem hann styður, hefur níðst á sparifjáreigendum og húsbyggjendum út í rauðan dauðann. — Þessum manni er, samkvæmt þeirri stefnu sem ríkisstj. fylgir og framkvæmir, gert að borga 5.9 millj. kr. strax á fyrsta árinu. Þetta eru 55% af atvinnutekjum verkamanns á sama verðlagi. Er það ekki augljóst mál, að maðurinn getur ekki staðið undir þessu? Íbúðarkaupandinn getur ekki undir þessu risið. Hvað gerir hann til að bjarga sér? Hann er dæmdur til að taka nýtt lán til að borga af gamla láninu. Það er sú stefna sem fylgt er hér í reynd, að menn eiga að vera á eilífum þönum og snöpum milli bankastjóra og helstu ættingja og vina til að bjarga því að komast yfir íbúð.

Það frv., sem hér er flutt, er flutt til að tryggja hag beggja þeirra aðila sem hér um ræðir. Greiðslubyrði þessa íbúðarkaupanda yrði 1.86 millj. gkr. á febrúarverðlagi eða 18 625 nýkr., ef það frv., sem hér er lagt fram, yrði samþykkt. Hún yrði 17.4% af atvinnutekjum þessa verkamanns í staðinn fyrir að ríkisstj. ætlast til þess, að hann geti staðið við og lagt í að taka á sig 55% af atvinnutekjum sínum. Það frv., sem hér er flutt, ef að lögum yrði, mundi tryggja að greiðslubyrði þessa manns færi úr 58 850 kr. niður í 18 600 kr. og sparifjáreigandinn ætti raunverulega sparifé sitt verðtryggt. Hið raunverulega sparifé sitt ætti hann að fullu verðtryggt samkvæmt því frv. sem hér er flutt.

Ég tel að það sé til marks um efnahagslegt öngþveiti, að ungu fólki, sem þarf að eignast þak yfir höfuðið, er

ætlað að afla allt upp í 2/3 til 3/4 af íbúðarverði með skammtímalánum og eigin fé. Þessu fylgir ekki bara öryggisleysi, heldur líka vinnuþrældómur úr hófi fram. Með samþykkt þessa frv. yrði stigið stórt skref í átt til eðlilegrar lánafyrirgreiðslu vegna íbúðarkaupa. Lágmarkslán Húsnæðisstofnunar yrðu þá 35% af verði staðalíbúðar og það yrði tekinn upp nýr lánaflokkur innan bankakerfisins sem veitti viðbótarlán til langs tíma sem næmi hálfu láni Húsnæðisstofnunar. Þannig væru heildarlán þessara tveggja aðila, Húsnæðisstofnunar og bankakerfisins, til langs tíma 52.5% af verði staðalíbúðar. Þá eru ótalin lífeyrissjóðslán. Ef þau væru tekin með mundi lánahlutfallið fara yfir 70% af þessum lánum. Í því dæmi, sem ég rakti, mundi lánahlutfallið fara upp í 77.5% og greiðslubyrðin mundi lækka, eins og ég gat um áðan, úr 58 850 kr. á fyrsta árinu niður í 18 600 kr.

Í frv. er gert ráð fyrir að það verði teknir upp nýir innlánsreikningar sem beri fulla verðtryggingu á þann hluta innstæðna sem liggur óhreyfður í hverja þrjá mánuði. Fé á þessum reikningum er hins vegar ekki bundið. Þannig má þá taka út af þeim hvenær sem er. Það er einmitt bindingin sem hefur staðið í vegi fyrir því, að menn hafi lagt fé sitt inn á verðtryggða reikninga.

Hugmyndin í þessu frv. er sú, að í stað þess að þvinga menn til bindingar skuli verðlauna þá fyrir að láta fé sitt liggja inni með því að sá hluti innstæðunnar, sem er raunverulegur sparnaður og liggur þannig óhreyfður, njóti fullrar verðtryggingar, en hins vegar skal ekki lamið á fingurna á fólki. Það á að eiga frjálsan aðgang að þessum reikningum.

Í frv. eru enn fremur ákvæði um að vextir af bankainnstæðum reiknist mánaðarlega, þannig að raunverulega eign sparifjáreigenda sé viðurkennd jafnóðum og hvenær sem er. Eins og þetta er núna eru vextir reiknaðir einu sinni á ári og raunveruleg eign manna er mönnum ekki tiltæk fyrr en í árslok. Við þá verðbólgu, sem hér ríkir nú, held ég að sé nauðsynlegt að stíga þetta skref.

Það er forsenda þess, að hér takist að koma á heilbrigðu efnahagslífi, að fylgt sé skynsamlegri vaxta- og peningamálastefnu. Því fylgir að fjárfestingarlán eiga að vera til langs tíma. Þess vegna hefur Alþfl. ævinlega boðað að aðlögun verðtryggingar og vaxta yrði að fylgja lenging lána og dreifing greiðslubyrðar. Sérsaklega á þetta við um húsbyggjendur og íbúðakaupendur. Í þessu sambandi má minna á frv.-flutning og stefnumörkun Magnúsar H. Magnússonar um stighækkun húsnæðislána. Þeirri stefnumörkun hefur núv. ríkisstj. gersamlega brugðist. Samkvæmt stefnumörkun þeirri, sem Magnús H. Magnússon beitti sér fyrir, eiga húsnæðismálalán á þessu ári að nema 35% af verði staðalíbúðar. Sú grein þessa lagafrv., sem fjallar um þetta atriði, er einungis til staðfestingar á því, að staðið verði við þá stefnumörkun. Ríkisstj. hefur líka gjörsamlega vanrækt að lengja almennan lánstíma. Ríkisstj. er því ekki að framfylgja þeirri stefnu sem Alþfl. hefur boðað í þessum efnum, og hún lætur sér hag húsbyggjenda og íbúðakaupenda í léttu rúmi liggja.

Í heilbrigðu fjármálalífi hafa sparifjáreigendur tryggingu fyrir því, að eign þeirra verði ekki rýrð. Á því — einmitt á því, á þeirri tryggingu byggist raunveruleg sparnaðarviðleitni. Raunvaxtastefna Alþfl. er reist á þessum forsendum. Sú tilraunastarfsemi, sem í frammi er höfð í þessum efnum með afarkostum um bindingartíma og uppsagnarákvæði, er flókin og óþægileg og svarar ekki kröfum sparifjáreigendanna. Í því frv., sem hér er flutt, er einmitt komið til móts við sparifjáreigendur og boðið aðgengilegt sparnaðarform — sparnaðarform sem vafalaust yrði til þess að auka mjög sparnað hér á landi.

Þetta frv. er flutt núna vegna þess að framkvæmd ríkisstj. á stjórn peningamála, lánamála og vaxtamála er í algjörum ólestri og framtíðarþróun þessara mála er í fullkominni óvissu.

Eins og ég gat um áður er það forsenda raunvaxtastefnu, og á það hefur Alþfl. ævinlega lagt mikla áherslu, að jafnframt því að vextir nálgist raunvaxtastigið sé lánstími lengdur. Minnihlutastjórn Alþfl. lagði á sínum tíma mikla áherslu á að þetta atriði kæmi til framkvæmda, svo og í almenna og aukna kynningu á lánskjörum og almennum reglum um lánaviðskipti. Raunin hefur hins vegar orðið sú, að lítt hefur miðað og lánstíminn er sem fyrr allt of stuttur. Ein afleiðing þessa er sú sem ég greindi hér skýrt frá með dæmum, að greiðslubyrði lána verður óbærilega þung. Það er þetta atriði fyrst og fremst sem veldur lánþegum þungum búsifjum, enda er nú svo komið að það er hverri meðalfjölskyldu nánast um megn að koma sér upp þaki yfir höfuðið. Það er mikilvægt að gera sér grein fyrir því, að þetta er bein afleiðing af mistökum í framkvæmd peningamálastefnunnar. Þótt framkvæmdin hafi farið í handaskolum er stefnan hins vegar skýr eins og hún var t. d. mörkuð af Alþfl.

Í því efnahagsöngþveiti, sem hefur ríkt á undanförnum misserum, hefur hagur tveggja hópa einkum verið fyrir borð borinn, eins og ég gat um áðan: annars vegar hins almenna sparifjáreiganda, sem ekki hefur notið þeirra ávöxtunarkjara sem honum ber, og hins vegar hafa íbúðabyggjendur og íbúðakaupendur búið við allt önnur lánsskilyrði en nauðsynleg eru til að tryggja framgang raunvaxtastefnu og þeirrar stefnumörkunar sem Alþfl. hefur beitt sér fyrir, þar sem aukinni greiðslubyrði á ekki að demba yfir fólk, heldur á að jafna greiðslubyrðinni á lengri tíma.

Frv. er í megindráttum fjórþætt.

Í fyrsta lagi er lagt til að teknir verði upp nýir innlánsreikningar er beri fulla verðtryggingu eftir lánskjaravísitölu og 1% ársvexti. Fé, sem lagt yrði inn á þessa reikninga, yrði ekki bundið, heldur yrði reikningshafa frjálst að taka það út hvenær sem er. Þó er það skilyrði sett, að verðtrygging taki aðeins til þess hluta innstæðunnar sem er raunverulegur sparnaður og stendur óhreyfður í þrjá mánuði. Á þann hluta innstæðunnar, sem er hreyfður innan þriggja mánaða, reiknast almennir sparisjóðsvextir.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir að vextir verði reiknaðir mánaðarlega af innstæðum.

Í þriðja lagi gerir frv. ráð fyrir að tekinn verði upp hjá innlánsstofnunum sérstakur útlánaflokkur — Viðbótarlán til íbúðabygginga og íbúðakaupa. Lán þessi beri fulla verðtryggingu eftir lánskjaravísitölu og 2—3% ársvexti og séu til 15 ára. Auk þess er miðað við að viðbótarlánið nemi helmingi þess láns sem lánþegi á kost á frá Húsnæðisstofnun ríkisins. Með þessu móti er komið til móts við fjárþörf íbúðabyggjenda og íbúðakaupenda með því að færa lánsfjárútvegun úr hinum hefðbundna vaxtaauka- og víxillánafarvegi yfir í eðlilegt viðskiptaform. Það er flutt af villimannastiginu yfir á það stig sem tíðkast t. d. hjá ýmsum grannþjóðum okkar.

Það er rétt að leggja áherslu á það, og sérstaklega fyrir

þá þm. sem tauta í bringu sér, að frv. gerir ráð fyrir að viðbótarlánaflokkurinn komi að verulegu leyti í stað vaxtaaukalána og víxillána svo og þeirra verðtryggðu lána sem nú tíðkast, en yfirleitt eru til mjög skamms tíma og eru af þeim sökum lánþegum afar óhagstæð vegna þungrar greiðslubyrði.

Í fjórða lagi gerir frv. ráð fyrir að lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins verði breytt á þann veg, að íbúðalán verði ekki ákveðið lægra en sem nemur 35% af áætluðum byggingarkostnaði. Þetta er varnagli húsbyggjenda og íbúðakaupenda gagnvart lélegum ríkisstjórnum sem ekki standa sig. Hlutfall þetta hefur um nokkurt skeið verið nálægt 25% af byggingarkostnaði, en var við upphaf síðasta áratugar, áður en „framsóknaráratugurinn" rann upp, um þriðjungur af byggingarkostnaði eða nálægt því sem við leggjum hér til sem lágmark. Þetta ákvæði er í fullu samræmi við þá meginstefnu sem í núgildandi lögum felst og kemur fram í 35. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins, en þar segir: „Hámarkslánsfjárhæð má nema allt að 80% af áætluðum byggingarkostnaði." Hér er lagt til að stigið verði fyrsta skrefið í þessa átt, í samræmi við þá stefnumörkun sem Magnús H. Magnússon, fyrrum félmrh., hefur boðað hér á þinginu.

Við Alþfl.-menn höfum lagt áherslu á að heilbrigt efnahags- og fjármálalíf væri forsenda almennra framfara. Stefna í vaxtamálum og lánamálum og framkvæmd slíkrar stefnu er mikilvægur þáttur í efnahagsmálastefnu í heild. Í desembermánuði 1978 kynnti Alþfl. hugmyndir sínar um aðgerðir í efnahagsmálum, þær aðgerðir sem hann taldi nauðsynlegar til að koma íslensku efnahagslífi á skynsamlegri grundvöll. Hugmyndir þessar voru lagðar fram í formi frv. til l. um jafnvægisstefnu í efnahagsmálum og víðtækar, samræmdar aðgerðir gegn verðbólgu er spönnuðu mörg svið efnahagslífsins. Þannig lagði Alþfl. m. a. fram ákveðnar tillögur um hvernig beita mætti stjórntækjum peningamála gegn verðbólgu til jafnvægis í efnahagsmálum, en veigamikill þáttur í þeirri tillögugerð var að komið yrði á jákvæðum raunvöxtum af sparifé og inn- og útlánum. Í framhaldi af þessu lagði þáv. forsrh. í febrúarmánuði 1979 fram drög að frv. til l. um stjórn efnahagsmála sem tók að verulegu leyti mið af fram komnum tillögum Alþfl. Í endanlegri mynd reyndist frv. og lögin, eins og frá þeim var gengið á Alþingi, mjög útþynnt á marga vegu. En eftir stóðu þó m. a. ákvæðin um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár í áföngum ásamt ákvæðum um lánalengingu sem ekki hafa verið framkvæmd. Alþfl. taldi þessi ákvæði mikilvægan hlekk í víðtækum aðgerðum sem óhjákvæmilega hlytu að fylgja í kjölfarið.

Það er óþarft að rekja að enn hefur ekki verið gripið til þeirra aðgerða í efnahagsmálum sem í raun eru veigamikil forsenda raunvaxtastefnunnar, og í stað þess að úr verðbólgu yrði dregið, eins og tillögur Alþfl. gerðu ráð fyrir, hefur hún aukist verulega. Í stað þess að verðbólgustig lækkaði og nálgaðist þannig vaxtastigið hefur verðbólgustigið hækkað og nafnvextirnir fylgt á eftir. Í nóvembermánuði s. l. var það t. d. svo, að raunvextir almennra spariinnlána voru á svipuðu stigi og í apríl 1979, eða neikvæðir um því sem næst 13% miðað við 12 mánaða tímabil, og ekki hefur það batnað síðan. Allt þetta hefur gert það að verkum, að við höfum talið nauðsynlegt að flytja það frv. sem hér liggur fyrir.

Það var frá upphafi ljóst að nauðsynlegt væri að haga áföngum til verðtryggingar með skipulegum og samræmdum hætti þannig að almenningur gæti treyst á framkvæmd verðtryggingar á tilsettum tíma. Á þessu hefur hins vegar orðið verulegur misbrestur, eins og öllum er kunnugt. En hitt er þó hálfu verra, að framkvæmdin sjálf og sá hluti laganna, sem felur í sér skyldur ríkisstj. og bankakerfisins til að lengja lánstíma og dreifa greiðslubyrði, hefur ekki verið efnt. Þess vegna er veigamikill þáttur þess frv., sem við hér flytjum, um hvernig komið skuli til móts við húsbyggjendur í þessu skyni.

Ég gat um það áðan, að greiðslubyrði þess manns, sem ætlaði að kaupa íbúð upp á 400 þús. kr., væri, miðað við núverandi tilhögun, að líkindum 58 850 kr. á ári. Það skiptir kannske nokkru máli hvort hann fær vaxtaaukalán eða verðtryggt lán til langs tíma, t. d. til fimm ára. En ég hef ekki orðið var við að það væri sérstaklega mikið framboð á verðtryggðum lánum, ekki einu sinni til fimm ára, þannig að ég held að hinn raunhæfi samanburður sé í raun og sannleika þessi greiðslubyrði hjá manninum þegar hann neyðist til að taka vaxtaaukalán annars vegar og hins vegar þegar hann getur fengið lán samkv. þeim kjörum sem þetta frv. gerir ráð fyrir.

Ég rakti þær almennu forsendur hér áðan, að keypt væri íbúð upp á 400 þús. kr. og útborgun væri upp á 320 þús. Ég rakti þau almennu skilyrði, að þessi maður ætti 60 þús. kr. að leggja í slík kaup, fengi húsnæðislán upp á 60 þús. kr. samkv. núverandi kjörum og lífeyrissjóðslán upp á 80 þús. kr. Hver verður þá greiðslubyrði þessa manns? Jú, af húsnæðisláninu 4750 kr., af lífeyrisláninu 4100 kr. og af vaxtaaukaláninu 50 þús. kr., eða 5 millj. gkr. Samtals gerir þetta 58 850 kr. eða 55% af atvinnutekjum verkamanna, miðað við febrúarverðlag 1981. Og vel að merkja: Þegar greiðslubyrðin af vaxtaaukaláninu er reiknuð hér er hún reiknuð líka miðað við febrúarverðlag, þannig að í krónum talið er greiðslubyrðin enn þá hærri, en vegna þess að hluti af vaxtaaukaláninu kemur til greiðslu síðar á árinu hefur það verið fært niður sem svarar verðbólguvexti á því tímabili.

Ef frv. yrði hins vegar að lögum mundi þessi maður geta bjargað sér með það viðbótarlán til 15 ára, sem hér er gert ráð fyrir, í stað vaxtaaukalánsins, — viðbótarlán upp á 60 þús. kr. Þá mundi hann fá húsnæðislán upp á 120 þús. kr., miðað við 35% af áætluðum byggingarkostnaði staðalíbúðar upp á 340 þús. kr. Enn mundi hann fá lífeyrissjóðslán eins og í fyrra tilvikinu, eigin fjármögnun hans mundi nema 60 þús. eins og áður og loks mundi hann taka viðbótarlán upp á 60 þús. kr. Hver verður þá árleg greiðslubyrði þessa manns? Af húsnæðisláninu 9500 kr., af lífeyrisláninu 4100 kr., en af því viðbótarláni úr bankakerfinu, sem við hér gerum ráð fyrir, yrðu það 5025 kr. eða 500 þús. gkr. Í heild lækkaði þannig greiðslubyrði þessa manns á fyrsta árinu úr 58 850 kr. í 18 625 kr. Hún lækkaði úr 55% af atvinnutekjum verkamanns niður í 17.4%.

Ég er sannfærður um að ef þau skref yrðu stigin, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., mundu skapast hér algerlega ný viðhorf. Verðbólgan átti og verður að koma niður á móti vöxtum og verðtryggingu. Hvað sem því líður er það alger undirstaða þess, að nokkur skynsamleg vaxtastefna fái staðist hér, að lánstími verði lengdur, en í höndum núv. ríkisstj. hefur hann verið að styttast og nú er svo komið að menn fá jafnvel ekki vaxtaaukalán nema til eins til tveggja ára og uppi eru umræður um að verð-

tryggð lán skuli veita niður í eitt ár. Allir sjá að hér er um öfugþróun að ræða.

Sú vaxtastefna og lánastefna, sem ríkisstj. boðar og hefur fylgt, er ekki sú stefna, sem verður að fylgja til að koma efnahagslífinu á heilbrigðan grundvöll, — ekki sú stefna sem Alþfl. hefur boðað. Ég segi það afdráttarlaust, að stefnan, eins og hún hefur reynst í framkvæmd þessarar ríkisstj., fær ekki staðist. Sparifjáreigendur eru áfram píndir og húsbyggjendur hljóta villimannlega meðferð. Það er furðulegt að talsmenn ríkisstj., eins og t. d. þm. sem sat hér áðan og muldraði í barm sér, skuli ætla að kenna Alþfl. um þá stefnu sem ríkisstj. framkvæmir í vaxta- og lánamálum. Hvernig í skrambanum má það vera að ríkisstj., sem hefur setið í heilt ár og einn dag, skuli ekki hafa komið því í framkvæmd að breyta þessari stefnu út frá því sem nú á að framkvæma ef hún telur að stefnan sé röng? Hún hefur haft valdið til þess sem ríkisstj. og þingstyrkinn á Alþingi í eitt ár og einn dag að breyta um stefnu út frá þeirri stefnu sem hún hefur verið að fylgja, ef hún telur þá stefnu ranga. (**ÓRG:** Hún hefur líka gert það.) Ríkisstj. ber ábyrgð á þeirri stefnu sem hún framkvæmir á hverjum tíma — og hver er stefna ríkisstj.? Mér dettur ekki í hug að hv. þm. sé svo vitlaus að hann viti ekki að sú stefna, sem ríkisstj. framkvæmir, er hennar stefna. Hvernig getur hann talað um að hún hafi breytt þeirri stefnu sem hún hefur í reynd verið að framkvæma? Það er liðinn tími og staðfestur af sögunni. Þetta er misheyrn hjá hv. þm. (**ÓRG:** Þetta er höfuðatriði sem Alþfl. státaði mest af í Ólafslögunum. Því var breytt með brbl. á síðasta degi á s. l. ári. Þjóðin fagnaði því, að vaxtastefnan Alþfl. var þannig tekin úr sambandi.) Brbl. ríkisstj. breyta engu um það, hvaða stefnu ríkisstj. hefur fylgt í eitt ár og einn dag. Þau breyta engu um það, að ríkisstj. hefur fylgt þeirri stefnu í framkvæmd að hafa fé af sparifjáreigendum á sama tíma og húseigendur eru píndir og kvaldir. Ef ríkisstj. hefði séð hvernig hún hefur hagað sér og hefði haft uppburði í sér til að líta framan í vandamálið eins og það er hefði hún auðvitað ekki framkvæmt þá stefnu sem hún hefur framkvæmt, ekki farið svona með sparifjáreigendur og húsbyggjendur. En augu ríkisstj. hafa ekkki opnast fyrir því, hver er lykillinn að því að fylgja skynsamlegri stefnu í peningamálum, lánamálum og málefnum húsbyggjenda og sparifjáreigenda. Lykillinn að því er sá að lengja lánstímann og jafna úr greiðslubyrðinni, því að með þeim einum hætti fær það staðist að halda hér uppi skynsamlegri stefnu í peningamálum jafnframt því að koma til móts við sparifjáreigendur þannig að þeir geti verðtryggt sparifé sitt með eðlilegum hætti.

Ef hv. þm. hefði verið hér inni þegar ég hélt fyrri hluta ræðu minnar hefði hann komist að raun um að ég benti á að meðan minnihlutastjórn Alþfl. sat að völdum var leitast við að lengja lánstímann, en meðan núv. ríkisstj. hefur setið að völdum hefur verið unnið markvisst að því að stytta lánstímann þannig að húsbyggjendur fá helst ekki vaxtaaukalán til lengri tíma en eins árs núna og greiðslubyrði þeirra af þeim lánum, sem ríkisstj. ætlar þeim að lifa við, er yfir helmingur af launatekjum verkamanns, af atvinnutekjum verkamanns, miðað við febrúarverðlag núna. Þetta er frammistaða ríkisstj. eftir eitt ár. (Gripið fram í.) Ég ætla að halda því fram, að Alþfl. hafi ekki breytt um stefnu í skattamálum. Við fylgjum sömu stefnu í skattamálum og við fylgdum fyrir kosningarnar 1978 og fylgjum enn. (**ÓRG:** Nú.) Það var gott að það tókst að sannfæra hv. þm. um að það væri nauðsyn stefnubreytingar hjá ríkisstj. til að koma þessum málum á eðlilegan grundvöll og ekki einungis að fylgja yrði fram þeirri stefnu í lánamálum, sem Alþfl. hefur boðað, heldur líka í skattamálum, eins og hér kom fram af fsp. þm.

Áhrif þess frv., sem við flytjum hér, eru þau í fyrsta lagi, að það verður komið til móts við ungt fólk sem þarf að eignast þak yfir höfuðið. Í annan stað mun sparnaður í landinu stóraukast. Ég hef því miður ekki handbærar tölur um hvað sparnaður hefur minnkað mikið á „framsóknaráratugnum", en það er áreiðanlegt, að það á verulegan þátt í því að fylgt hefur verið þeirri stefnu sem raun ber vitni á undanförnum árum að því er varðar lána- og vaxtamál. Ég er líka sannfærður um að þær bindiflækjur sem uppi hafa verið hafðar í þessum efnum hafa staðið í vegi fyrir því, að sparnaður ykist raunverulega. Þær bindiflækjur henta ekki mörgum sparifjáreigendum. Menn þurfa að geta átt aðgang að sparifé sínu.

Nú munu sumir segja: Ef menn leggja nú inn á bundnar bækur hleypur bankinn áreiðanlega undir bagga með þeim þegar svo ber undir og veitir þeim lán til skamms tíma, þangað til þeir geta komist í fé sitt. En það eru bara ótalmargir í þessu þjóðfélagi sem hafa ekki lyst á að spila á þetta spilverk, sem hafa ekki lyst á að ganga fyrir bankastjórana til þess að komast að raun um hvernig þeir geti hugsanlega náð sér í verðtryggingu og síðan víxla eða eitthvað slíkt til að mæta hugsanlegum áföllum. Það fólk, sem helst sparar í landinu og hefur sparað mest og verst hefur farið út úr þeirri holskeflu sem hér hefur riðið yfir í verðbólgumálum, á einmitt erfiðast með að ganga fyrir bankastjóra. Það fólk á einmitt erfiðast með að spila á það flókna kerfi sem hér hefur verið komið upp. Stefnumörkun frv. að því er þetta atriði varðar er sem sagt sú, að í stað þess, að heimta af mönnum bindingar og þvinganir til þess að þeir spari, séu þeir verðlaunaðir fyrir að spara með því að þeir njóti verðtryggingar af því, en án þess að þeir séu settir á klafa bindingar og þess háttar.

Nú munu sjálfsagt sumir segja: Já, en mun þetta duga til þess að mæta því sem hér er gert ráð fyrir að gert sé fyrir sparifjáreigendur? Ég er fyrir mitt leyti sannfærður um að bankarnir munu að þessum reikningum upp teknum geta mætt þeim lánum til húsbyggjenda sem hér er gert ráð fyrir. Auðvitað þarf góðan vilja, en það mundi ekkert skaða þó það væri ekki bara góður hagur í bönkunum, heldur líka góður vilji. Við getum fyrst litið á það, að lán til 15 ára munu koma í staðinn fyrir vaxtaaukalán og víxla til skamms tíma sem húsbyggjendur hafa nú þurft að notfæra sér með þeim hætti, sem ég held að öllum sé kunnugt, að hlaupa milli banka eða eins og ég rakti í dæminu hér áðan: maðurinn með 5.8 millj. kr. greiðslubyrði verður auðvitað að leita á náðir banka nr. 2 til að borga af vaxtaaukaláni í banka nr. 1 og þannig koll af kolli. Mönnum er gert að hlaupa milli banka, ganga fyrir hvern bankastjórann á fætur öðrum til að bjarga sér út úr þessu feni. Það er ágiskun mín að þessi þörf muni minnka um því sem næst þriðjung, þ. e. að þessari þörf muni verða mætt að $^1/_3$ með þessum lánum þannig að bankarnir muni í rauninni ekki þurfa að rísa undir nema $^2/_3$ af þeirri þörf sem hér er fyrir hendi. Ég skal ekki fullyrða um að sparnaður muni aukast svo mikið með þessum nýju reikningum að því verði fyllilega mætt, þó að ætla megi að það séu verulegar líkur á því, en þá finnst mér líka að bankarnir geti breytt útlánum sínum nokkuð

og sveigt sig svolítið í átt við þarfir húsbyggjenda, og ég skal færa tvenns konar rök fyrir því:

Í fyrsta lagi voru almenn bankalán til íbúðabygginga á bilinu 20—25% af fjárfestingum í íbúðabyggingum á árunum 1971—1972, en hafa á undanförnum árum verið á bilinu 10—15%, þ. e. lán bankakerfisins í sambandi við íbúðabyggingar hafa stórlega minnkað, næstum því helmingast á 8 árum. Væri þá ekki ástæða til þess að bankarnir kæmi örlítið betur til móts við húsbyggjendur, eitthvað í átt við það sem þeir gerðu á árunum 1971—1972?

Á hinn bóginn sýnist mér að það muni vera verulegur hagur fyrir bankana að losna við þetta eilífa ráp og kvabb og gera mönnum kleift að fá lán með eðlilegum hætti þannig að menn viti, hvar þeir standa, og mönnum sé ekki ætlað að standa í öðrum sporum en þeim sem þeim er eðlilegt að standa í. Bankarnir munu þannig losna við mikið af óþægindum. Það mun létta á þeim við að þetta kerfi kæmist á.

Enn er það, að hagur bankanna er mjög góður núna, eins og margyfirlýst er af hálfu ríkisstj. og ríkisstjórnarflokkanna. Þess vegna ættu þeir ekki að þurfa að vera í sérstökum vandræðum með að koma til móts við fólk með þessum hætti. Það er ekki lítils virði í þjóðfélagi okkar að geta lækkað greiðslubyrði húsbyggjenda, geta komið til móts við ungt fólk, geta lækkað greiðslubyrðina úr 58 þús. kr. í 18 þús. kr. Það er eiginlega spurningin um að koma sér af villimannastiginu og niður á eðlilegt siðað þjóðfélag.

Megintilgangur þessa frv. er annars vegar að bæta og efla sparnað í landinu með því að gera fólki kleift að verðtryggja sparifé sitt að fullu án þess að binda fé til langframa inni á reikningum og hins vegar að gefa fólki sanngjarnari og um leið viðráðanlegri kost á að komast í eigið húsnæði en verið hefur um alllangt skeið. Það er af þessum sökum sem þetta frv. er flutt. Það er til þess að koma í veg fyrir að sú þróun haldi áfram, að sparifé helmingist að verðgildi á 5—6 ára fresti. Það er til þess að tryggja að ungt fólk í landinu geti lifað mannsæmandi lífi og komist yfir húsnæði með eðlilegum hætti. Og það er til þess að tryggja að það verði hægt að koma á skynsamlegri lána- og vaxtastefnu.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Hér er á ferðinni athyglisvert frv. og varðar mjög þýðingarmikið mál, sem er lánamál húsbyggjenda. Ég tek undir það sem hv. síðasti ræðumaður sagði um ástand þessara mála. Ég tek undir það sem hann sagði um þörf þess að bæta úr. Og ég er sammála því markmiði sem liggur til grundvallar þessu frv. Ég sé ekki ástæðu til þess að vera hér að endurtaka eða tíunda frekar það sem hv. 1. flm. sagði um þetta efni, en mér þykir þó ástæða til að segja hér nokkur orð.

Ég tel að þetta frv. þurfi að taka til ítarlegrar athugunar. En ég er fyrir fram ekki viss um að frv. feli í sér raunhæfar aðgerðir til lausnar þeim vanda sem því er ætlað að ráða bót á.

Frv. gerir ráð fyrir að stofna til sérstakra innlánsreikninga í lánastofnunum landsins, verðtryggðra, og að því fé sem þannig fæst verði varið til viðbótarlána til húsbyggjenda. Það er ekkert við þessa hugsun að athuga, að mínu viti, en spurningin er hvort þetta úrræði er raunhæft. Spurningin er hvort fé fæst inn á þessa reikninga þrátt fyrir að innlánsreikningarnir verði verðtryggðir. Ég segi þetta ekki út í loftið. Ég segi þetta með tilliti til þess, að sú hugsun, sem þetta frv. byggist á, er ekki ný í sambandi við húsnæðismálin.

Það vill svo til, að það voru í 10—20 ár — mig minnir nær 20 árum, ef ekki lengur — ákveðin í lögum um húsnæðismálastjórn sem voru mjög hliðstæð ákvæðunum sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Samkv. fyrri lögum um húsnæðismálastjórn var gert ráð fyrir að væri sérstök innlánsdeild við Byggingarsjóð ríkisins þar sem menn gætu lagt inn fé sitt og þetta innlánsfé væri verðtryggt. Því fylgdu enn fremur þau réttindi, að þeir, sem legðu fé inn á þessa reikninga, hefðu forgangsrétt að lánum frá Byggingarsjóði ríkisins. Var það ekki lítis vert á þeim tímum þegar enn þá verr var hægt að fullnægja eftirspurninni eftir íbúðalánum en nú er. Enn fremur gerði löggjöfin ráð fyrir að þeir, sem ættu þetta innlánsfé, fengju 15% hærra lán úr Byggingarsjóði en aðrir. Þarna var því til mikils að vinna.

Ég var einn af þeim sem á sínum tíma lögðu mikið upp úr þessu ákvæði, og ef ég man rétt, þá minnir mig að ég hafi meira að segja verið einn af þeim sem höfðu forustu um að fá þetta ákvæði inn í löggjöfina á sínum tíma. En því miður: Þó að þetta ákvæði væri vel hugsað og vel upp byggt, eins og okkur fannst sem að því stóðum á sínum tíma, reyndist þetta í framkvæmd algerlega dautt ákvæði. Það var ekki hægt að fá neitt aukið fé í Byggingarsjóð ríkisins þrátt fyrir þetta lagaákvæði.

Mér finnst ástæða til að benda á þessa reynslu. Þegar lögin um Húsnæðisstofnun ríkisins voru síðast endurskoðuð, 1980, og byggt var á frv. Magnúsar H. Magnússonar, þáv. félmrh., tók sá ráðh. mið af þessari reynslu og felldi þetta ákvæði út. Það var ekki í frv. Magnúsar H. Magnússonar, og það er ekki í lögunum frá 1980 eins og þau nú standa.

Mér þykir rétt að minna á þetta og rifja þetta upp. Það er ekki vegna þess að ég vilji gera lítið úr því frv. sem hér liggur fyrir, enda bentu þau orð, sem ég sagði í upphafi máls míns, ekki til þess. Þvert á móti tel ég að það þurfi að athuga þetta frv. vel, en ég er ekki viss um fyrir fram að þetta sé hin rétta leið. Ég held að það verði ekki komist fram hjá því, hvernig sem við veltum húsnæðismálunum fyrir okkur, að efla Byggingarsjóð ríkisins á markvissan hátt og byggja þá á því sem unnið hefur verið í þessu efni áður.

Það, sem hefur haft mesta þýðingu fyrir uppbyggingu Byggingarsjóðs ríkisins, er launaskatturinn. Þegar löggjöfin kom til endurskoðunar á síðasta þingi höfðu þau mál staðið svo um árabil að 2% af launaskatti runnu í Byggingarsjóð ríkisins, en 1.5% í ríkissjóð. Það er skömm að þessu þegar haft er í huga að þegar launaskatturinn var lagður á var það yfirlýstur tilgangur með honum að efla Byggingarsjóð ríkisins og menn voru almennt sammála um að það þyrfti. Það er því á röngum forsendum, miðað við upphaf löggjafarinnar um launaskattinn, að nokkuð skuli hafa farið í ríkissjóð.

Það sem þurfti að gera, þegar lögin um Húsnæðisstofnun ríkisins voru endurskoðuð á síðasta þingi, var fyrst og fremst að efla tekjustofna Byggingarsjóðs ríkisins. Það voru miklar umr. um það frv. á sínum tíma og ég skal ekki hér fara að rifja það upp. En meginhersla mín og fleiri í þeim umr. hneig að því að auka tekjustofnana. En hvað skeði í þeim efnum? Ég minni hv. síðasta ræðumann á að frv. það sem hann hér hefur vitnað til, frv. Magnúsar H. Magnússonar, gerði ekki ráð fyrir neinni

aukningu á tekjustofnum Byggingarsjóðs ríkisins. Það var meginókosturinn við það frv. En það var ekki nóg með það. Það frv. gerði ráð fyrir auknum umsvifum og hlutverki Byggingarsjóðs ríkisins frá því sem verið hafði þannig að næmi 10 milljörðum gkr. á ári, miðað við verðlag árið 1979. Þrátt fyrir þetta var ekki gert ráð fyrir neinni aukningu tekjustofna til Byggingarsjóðs ríkisins. Þetta er mjög alvarlegt. Og hvað þýðir þetta þegar svona er unnið í þessum málum? Það getur ekki þýtt annað en samdrátt í lánamálum húsbyggjenda, sem í reynd hefur verið þannig að lánin hafa lækkað í hlutfalli við byggingarkostnað, eins og hv. síðasti ræðumaður benti á.

Rétta leiðin að mínu viti og eðlilega til að auka fjármagn til byggingarlána og hækka lánin er að sjálfsögðu að efla Byggingarsjóð ríkisins. Þá getum við stefnt að því og haft það fyrir takmark, sem stendur núna í lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, að lánin megi nema allt að 80% af byggingarkostnaði Ég er að rifja þetta upp hér vegna þess að ég er ekki viss um — ég vil ekki segja meira — að sú leið, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, sé heppilegasta, sé sú beinasta, sé sú raunhæfasta til að ráða bót á þeim mikla vanda sem hv. síðasti ræðumaður gerði vel grein fyrir varðandi húsnæðismálin.

Ég hef hér minnt á hvernig frv. Magnúsar H. Magnússonar var með tilliti til eflingar Byggingarsjóðsins og það var ekki gott en verri og ekki sambærilegur er þó hlutur hæstv. núv. ríkisstjórnar. Magnúns H. Magnússon gerði ráð fyrir að Byggingarsjóðurinn héldi 2% af launaskatti eins og hann hefði haft. Ég held að honum hafi ekki komið annað til hugar eða þeirri ríkisstj. sem þá sat. En núv. ríkisstj. hefur tekið þessi 2% af Byggingarsjóði ríkisins, þannig svipt Byggingarsjóð ríkisins algerlega þessum tekjustofni. Auðvitað segir ríkisstj. að það eigi annað að koma á móti. Ég ætla ekki að fara út í það hér eða hefja almennar umr. um húsnæðismálin. Ríkisstj. segir að það eigi að taka lán, Byggingarsjóður eigi að taka lán, en það er augljóst mál, að það getur ekki komið í staðinn fyrir bein og óafturkræf framlög eins og launaskattinn, ef það er hugmyndin að efla Byggingarsjóð ríkisins eins og þarf.

Ég sagði að ég ætlaði ekki að fara að hefja hér almennar umr. um húsnæðismálin. En mér þótti rétt að láta þær aths. koma fram sem ég hef gert, um leið og ég fagna allri viðleitni til að ráða bót á því ófremdarástandi sem nú er í lánamálum húsbyggjenda og horfir þó í enn meiri vanda ef ekkert verður að gert.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Mig langar til að fara nokkrum orðum um þetta frv., sem hér er til umr., og drepa á þau meginatriði sem í því felast.

Það er í fyrsta lagi gert ráð fyrir að það verði teknir upp nýir innlánsreikningar er beri fulla verðtryggingu eftir lánskjaravísitölu og 1% ársvexti. — Mér finnst frv. vera dálítið seint á ferðinni vegna þess að í meginatriðum er raunverulega búið að lögfesta þetta. Þetta er í öllum meginatriðum lögfest. (Gripið fram í.) Það var lagt fram hér á sínum tíma, ég man vel eftir því, en það er nokkuð seint á ferðinni sem frv. því að í brbl. ríkisstj. frá því á gamlársdag er í raun og veru verið að lögfesta svo að segja nákvæmlega það innihald sem felst í þessu öðru meginatriði þessa frv. Það er gert ráð fyrir samkv. frv. að það verði teknir upp nýir innlánsreikningar er beri fulla verðtryggingu. Það er gert ráð fyrir því í brbl. ríkisstj. að stofna skuli til verðtryggðra sparifjárreikninga í bönkum og sparisjóðum þar sem binda má fé til sex mánaða. Það hefur ekki enn þá verið auglýst hvort þessir reikningar eiga að bera vexti, en ég geri ráð fyrir að svo verði. Þegar þetta tvennt er borið saman er því nánast um það sama að ræða. Útfærslan er dálítið ólík en efnislega er nánast um það sama að ræða, þannig að engin ástæða er til að flytja langa og ítarlega ræðu og skamma ríkisstj. út af þessu atriði. Það er ekki svo mikill munur á brbl.-ákvæðinu um verðtryggða sparifjárreikninga og ákvæði þessa frv. um slíka reikninga að það gefi tilefni til að hefja neinar sérstakar skammaræður um ríkisstj. út af því.

Þegar rætt er um vaxtamál er að sjálfsögðu ekki hægt að taka út úr því máli einn og einn lið. Á sama tíma sem verið er að fjalla um innlán verður auðvitað að fjalla um útlánin á þann hátt að þetta standist nokkurn veginn á. Ég geri ráð fyrir að hv. þm. Kjartan Jóhannsson og ég séum sammála um að í öllum megindráttum þurfi bankakerfið að bera sig. Það vill nú svo vel til að á síðasta ári var staða bankakerfisins í raun og veru mjög hagstæð. Það hafa að vísu ekki verið birtir reikningar bankanna, en það liggja algerlega fyrir niðurstöðurnar. Niðurstaðan í bankakerfinu á síðasta ári er tiltölulega mjög hagstæð. Það er gott vegna þess að það gefur nokkurt svigrúm til athafna í þessum málum. Þær ættu að geta orðið hagstæðar einmitt þeim sem eiga erfitt í sambandi við lánamálin.

Hitt meginatriðið, sem þetta frv. fjallar um, er varðandi vandamál húsbyggjenda. Ég er sammála flm. um að þar er vissulega á ferðinni vandamál sem þarf að taka á, enda er gert ráð fyrir því í efnahagsáætlun ríkisstj., að vegna íbúðabygginga og kaupa skuli stefnt að því að breyta skammtímalánum og lausaskuldum í föst lán til lengri tíma. Vinna í þessu efni er hafin. Það er verið að kanna hversu stórt þetta vandamál er í bankakerfinu. Það er nú fyrst og fremst í bankakerfinu sem um er að ræða skammtímalán og lausaskuldir húsbyggjenda. Það liggur ekki alveg á lausu að gera sér fulla grein fyrir því, hversu stórt þetta mál er, vegna þess að sami maður tekur skammtímalán til fleira en húsbyggingar, hann tekur lán til bílakaupa, hann tekur lán til eigin þarfa í ýmsum greinum. Þannig þarf verulega athugun á þessu máli til að gera sér fulla grein fyrir því, hversu stórt vandamálið er, en þarna er annað meginatriði frv.

Það eru ekki enn þá komnar fram tillögur eða ákvarðanir af hálfu ríkisstj. og stuðningsliðs stjórnarinnar um hvernig taka skuli á þessu máli. En það er vissulega verið að fjalla um það. Það er verið að fjalla um vandamál húsbyggjenda — þessi stóru vandamál sem ég vil segja að verðbólgan hafi fyrst og fremst skapað á undanförnum árum.

Þetta vildi ég láta koma fram þegar verið er að ræða um þetta frv., að tvö meginatriði þess eru einmitt í meðferð hjá ríkisstj. Annað atriðið er þegar lögfest í öllum aðalatriðum eins, hitt atriðið er í meðferð hjá ríkisstj. Að því leyti til má telja að þetta frv. sé athyglisvert, og ég get vel tekið undir það með hv. flm. þess. — En ég vildi vekja athygli á þessu vegna þess að mér fannst hv. 1. flm. málsins gera fullmikið að því að skamma ríkisstj. í ræðu sinni um þetta mál. Nú getur hann gagnrýnt ríkisstj. og skammað hana í ýmsum málum. (**KJ:** Ætlar þú að senda mér lista?) Ég held að þess þurfi ekki. Ég held að hv. þm. kunni alveg stafrófið í því efni. — En þau atriði, sem um er að ræða í þessu frv., tel ég ekki þess eðlis að það sé

ástæða til að flytja mikla skammaræðu yfir ríkisstj. þess vegna.

Flm. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka þær að ýmsu leyti góðu undirtektir sem frv. hefur fengið hjá hv. 4. þm. Vestf. og hæstv. viðskrh., þó að mér séu náttúrlega nokkur vonbrigði að t. d. hæstv. viðskrh. skyldi ekki sjá mun á því, hvort mönnum sé gert að binda fé sitt í sex mánuði eða það sé óbundið og menn hljóti verðtryggingu á þriggja mánaða fresti af þeim hluta innistæðunnar sem óhreyfður er. Það er auðvitað grundvallarmunur á þessu fyrir sparifjáreigendur. Ég held að hæstv. viðskrh. og bankamálaráðh. hljóti að vera ljóst að þær tilraunir, sem hafa verið gerðar með bindingar af þessu tagi, t. d. á s. l. ári, skiluðu ekki verulegum árangri. Það voru engin feikn sem komu inn á þá reikninga sem ríkisstj. bauð þá.

Nú er þetta auðvitað skref í rétta átt hjá ríkisstj. Engu að síður hefur stór hluti sparifjáreigenda ekki geð í sér eða kannske þor til að fara inn á þá leið sem hæstv. viðskrh. býður, nefnilega að menn leggi inn fé sitt til bindingar í sex mánuði. Það er verulegur munur fyrir fólk, sem er að spara peninga, hvort það telur sig og getur átt aðgang að þessu fé hvenær sem er ef eitthvað kemur upp á, eða verður að hlaupa til í einhverjar „reddingar" jafnvel þótt það eigi fé á bók. Þegar eldra fólk er t. d. að velta þessu fyrir sér þykir því framtíðin svo óviss þrátt fyrir þá ríkisstj. sem situr og telur sig vera æðigóða, að það vill ekki leggja svona lagað á sig. Sama gildir um margt ungt fólk. Á þeim tíma sem óróleikinn, óstöðugleikinn og gusugangurinn í þjóðfélaginu er eins mikill og raun ber vitni eru menn ekkert sérstaklega ginnkeyptir fyrir þeim bindingum sem ríkisstj. er að bjóða og tala fyrir.

Þetta er eiginlega spurningin um það, hvers konar viðhorf menn hafa til sparnaðar. Hafa menn það viðhorf að það eigi að leggja á menn aukakvaðir í sambandi við sparnað, t. d. þá kvöð að menn megi ekki komast í þá peninga sem menn eru að spara? Það eru viðhorf bindingarinnar. Er viðhorfið e. t. v. það, að það eigi að verðlauna menn fyrir sparnað, — beinlínis að það, sem sé raunverulegur sparnaður, njóti verðtryggingar, en kvaðirnar séu veikar? Í mínum huga er þetta grundvallarmunur og ég er sannfærður um að svo er einnig um það fólk sem hugsanlega sparar peninga og að áhrifin af reikningum af því tagi, sem ríkisstj. er að bjóða, muni verða tiltölulega mjög lítil í átt til aukins sparnaðar, heldur einungis verði að einhverju leyti um að ræða tilflutning á fé milli reikninga.

Hin aðferðin, sem við tölum fyrir í þessu frv., er sem sagt að verðlauna menn fyrir sparnað, en leggja ekki á þá kvaðir. Ég er sannfærður um að það muni einmitt auka sparnað, vegna þess að þegar menn standa frammi fyrir því, hvort þeir ætla að spara eða taka út peningana, muni menn sjá af hverju þeir missa ef þeir taka peningana út, og það muni verða til að efla sparnaðinn og á hinn bóginn sé ekki verið að fæla fólk frá því að nota reikninga af þessu tagi.

Ég skil ræðu hæstv. viðskrh. þannig að hann telji að það þurfi að auka sparnað í landinu. Ef það þarf að auka sparnað er spurningin: Hvernig á að gera það? Ég tel að sú aðferð sem við mælum með hérna muni auka sparnað. Ég tel að sú aðferð, sem ríkisstj. býður, muni fyrst og fremst þýða tilflutning á fé milli reikninga hjá þeim hópi fólks sem kann að spila á bankakerfið.

Það er önnur spurning sem líka skiptir máli. Á að stela af sparifjáreigendum sem að stórum hluta er eldra fólk? Ef svarið er, að það eigi ekki að stela af sparifjáreigendum, á auðvitað að bjóða sparnaðarform sem er aðgengilegt fyrir fólk og tryggir að sparifé þess sé í raun og sannleika verðtryggt, haldi verðgildi sínu, reikninga sem bjóða fulla verðtryggingu, en eru aðgengilegir. Þetta er það sem felst í okkar frv. Um leið og menn búa til flókinn frumskóg er verið að útiloka ákveðinn hóp fólks sem ekki er reiðubúið í þennan frumskógarleik.

Það er alveg sérstaklega á þetta að líta þegar bankarnir haga sér með þeim hætti sem raun ber vitni, að þeir hafa ekki uppi neina sérstaka kynningarstarfsemi, hvorki að því er varðar lánskjör sem menn eiga kost á, og hvernig þau koma út með mismunandi hætti, né heldur að því er varðar innlán. Í minnihlutastjórn Alþfl. var gerð krafa til bankanna um kynningarstarfsemi í þessum efnum, og tókst að fá þá til að auglýsa nokkuð þessi mál um nokkra hríð, en síðan hefur það gersamlega dottið niður og sama leyndin hvílir yfir þessu áfram og gerði áður.

Ég fagna líka því, sem kom í raun og sannleika fram í ræðu hæstv. viðskrh., að það sé eiginlega ekkert því til fyrirstöðu að framkvæma þá stefnu sem hér er lögð fram. Hann mælti ekki gegn því, að þetta yrði reynt. Hann talaði sérstaklega um að staða bankakerfisins væri hagstæð, eins og ég gerði líka að umtalsefni, og það mundi auðvitað verða til þess að auðvelda nálgun málsins með þessum hætti. En ég vil aðeins rifja upp að þörfinni fyrir lánsfé til húsbygginga mun verða mætt — ég segi ekki að öllu leyti með auknum sparnaði í gegnum kerfið sem hér um ræðir, en að miklu leyti. Í annan stað mun losna um þörf fyrir víxla og vaxtaaukalán til skamms tíma. Þetta lánakerfi mun koma í stað þess. Í þriðja lagi hafa útlán bankanna til húsbygginga dregist saman, eins og ég rakti tölur um áðan, úr 20—25% niður í 10—14% af heildarbyggingarkostnaðinum. Mér finnst að bankarnir geti komið til móts við húsbyggjendur með þessum hætti, við almenning í landinu, og þá ekki síst með tilliti til þess að 3/4 hlutar af öllur sparifé í landinu kemur frá almenningi, en 1/4 úr atvinnulífinu. Á hinn bóginn eru útlánahlutföll þannig núna, að einungis 1/4 fer til almennings, en 3/4 til atvinnuveganna. Manni finnst að þegar almenningur leggur fram 3/4 hluta af sparnaðinum eigi hann skilið að fá aðeins meira en 1/4 hluta af útlánunum. Líka þess vegna væri ástæða til þess fyrir bankana að koma til móts við húsbyggjendur, við almenning í landinu.

Hæstv. viðskrh. taldi líka, að það væri kannske ekki mikill munur á því, sem ríkisstj. hefði boðað á gamlársdag að því er varðaði að breyta skammtímaskuldum í lán til lengri tíma, og því, sem felst í þessu frv. okkar Alþfl.-manna sem lagt var fram í desembermánuði. Það er mjög verulegur munur á þessu. Ég held að ég verði að vekja athygli á því, úr því að ráðh. taldi að munurinn væri lítill. Munurinn er þessi: Ríkisstj. er að tala um, með því að setja nefnd fjögurra aðila, að fara ofan í mál einstakra manna og athuga hvort þeir hafi þörf fyrir að breyta skammtímaskuldum í lengri lán. Eins konar rannsóknarnefnd á að fara ofan í fjárreiður hvers einstaks. Þetta hefur ekki verið kynnt heldur sem nein aðgerð til frambúðar eða langframa. Eiga þessir fjórir aðilar að sitja í

því að skoða framtöl næstu árin jafnóðum og ætla mönnum fyrst að taka öll þessi skammtímalán með því að hlaupa á milli bankastjóra, ættingja og vina og síðan eigi það að fara fyrir þetta lánalengingarráð hvort menn eigi að fá lán til lengri tíma? Þetta er aðferðin sem ríkisstj. boðar: afgreiðsla í lánalengingarráði. En það, sem felst í okkar frv., er að það sé sjálfkrafa réttur hvers og eins að hann eigi kost á svona láni. Honum er líka ætlað að greiða það að fullu til baka að raunvirði og lántakandinn verður auðvitað að gera það upp við sig hvort hann vilji fá svona lán. Hér er ekki um neina skömmtunarskrifstofu af því tagi að ræða sem manni sýnist að felist í frv. ríkisstj. — eða ekki einu sinni frv., heldur hugmyndum ríkisstj. Það vekur manni reyndar ugg um að framgangurinn og framkvæmdin geti orðið svifasein að það eru fjórar „bureaukratískar" stofnanir sem eiga að standa að því að meta hvort menn hafi þörf fyrir lánalengingu eða ekki. Það er Seðlabanki, það er félmrn., það er viðskrn. og ég man nú ekki hvað. (Gripið fram í.) Og Húsnæðisstofnun. Ég er hræddur um að það geti orðið þungt í vöfum að fá afgreiðslu hjá þessu lánalengingarráði.

Svo er það enn að ráðh. vék að því, að þetta yrði mjög vandasamt vegna þess að það gæti auðvitað hugsast að menn, sem væru að byggja, hefðu keypt sé þvottavél og þeir hefðu keypt sér sjónvarp og hugsanlega hefðu þeir endurnýjað bílinn sinn, af því að hann væri orðinn 8 ára eða meira einmitt á þessum tíma. Þá var helst á ráðh. að skilja að þá kæmu þarna frádráttarliðir sem lánalengingarráð fjögurra „bureaukratískra" stofnana yrði náttúrlega að fara yfir og vega og meta. Ég ætla að benda mönnum á það í leiðinni, að jafnvel þótt menn séu að byggja þurfa þeir á þvottavél að halda og jafnvel þó menn séu að byggja getur staðið svo á að þeir þurfi að endurnýja bílinn sinn. En ef þeir eru að byggja, — kannske fyrir þvottavélinni eða bílnum, eins og ráðh. gat um, — en það er af því að þeir eru að byggja, þannig að lánin eru í raun og sannleika vegna byggingarinnar. Ef þeir væru ekki að byggja ættu þeir fyrir þessu. Ég legg til að hæstv. viðskrh. komi því á framfæri við lánalengingarráð hinna fjögurra „bureaukratísku" stofnana að það, sem hann hélt fram áðan í ræðustólnum, er auðvitað á misskilningi byggt vegna þess að maðurinn, sem er að byggja, lendir í skuldasúpunni af því að hann er að byggja. Hann hefur ekki neina aukaþörf fyrir þvottavél einmitt þá. Hann hafði bara alltaf þessa þörf. Sama máli gegndi um bílinn.

Hæstv. ráðh. var dálítið viðkvæmur fyrir því, að honum fannst ég ekki tala nógu vel um ríkisstj. Ég veit náttúrlega ekki hvað ráðh. ætlast til að hann hljóti hér mikið lof fyrir frammistöðu ríkisstj. En ég held að það atriði, sem ég rakti hér um mismuninn á þeim tillögum, sem við flytjum, og því, sem ríkisstj. boðar, gefi fyllilega ástæðu til þess að hér sé uppi verulegur skoðanaágreiningur. Ég held að það sé fyllilega ástæða til þess að agnúast út í ríkisstj. og vera ekkert sérlega ánægður með þá frammistöðu hennar, að hún hefur sífellt verið að stytta lánstímann þó að standi í lögum að eigi að lengja hann, að ríkisstj. hefur haldið þannig á þessum málum að ég er sannfærður um að stefnan hrynur í fangið á henni, að ríkisstj. hefur samtímis verið að níðast á sparifjáreigendum og húsbyggjendum í sífellu með því að gæta ekki að því að grundvallarforsendan fyrir því að koma peningamálum, lánamálum og vaxtamálum á eðlilegan grundvöll er m. a. sú að lengja lánstímann og jafna greiðslubyrðina. Ég spyr nú ekki að hvað það væri langtum skemmtilegra fyrir bankastjórana að geta afgreitt þessi mál í eitt skipti fyrir öll fyrir húsbyggjendur og þeir þurfi ekki að búa við þetta eilífa renniri.

Það er svo komið að ýmsir þeir, sem eru að byggja, — ég ætla að upplýsa þetta fyrir hæstv. bankamálaráðh. ef hann skyldi ekki vita það — verða að taka sér frí úr vinnunni annan hvern mánuð til að „redda" lánamálum sínum, til að útvega sér lán í banka nr. 3, 4 og 5 til að borga af lánum í banka nr. 1 og 2. Þeir fá þessi lán, en það er ekki lítið vinnutap sem í þessu liggur, það er ekki lítið álag á fjölskylduna að búa við þessa óvissu. Þetta kalla ég villimannlegar aðfarir. Þessu viljum við koma af. Það er þetta sem við viljum afnema.

Mér skildist á hæstv. ráðh. að það væri ekki úr vegi að auka svolítið sparnað í landinu. Við höfum talið það líka. Ég ætla að nefna hérna tvær tölur til marks um hvaða svigrúm menn hafa í rauninni hérna með því að taka upp þær hugmyndir sem við erum hér með um sparifjárreikninga.

Fyrir 10 árum var sparnaður í landinu 40% af brúttóþjóðarframleiðslu. Núna er sparnaður 24% af brúttóþjóðarframleiðslu. Þarna er verulegt svigrúm sem mætti m. a. nýta til að koma í auknum mæli til móts við húsbyggjendur og auðvitað langt umfram það sem þetta frv. gerir ráð fyrir.

Ég tók eftir því í ræðu hv. 4. þm. Vestf., að hann var ekki nægilega trúaður á þessa sparireikninga og vitnaði til gamallar reynslu um skyldusparnað og sparnaðarreikninga af því tagi og það hefði ekki reynst nógu vel. En ég vil minn á að það hefur verið blaðamál árum saman að fólk, sem sparaði með þessum hætti, var stórkostlega hlunnfarið. Það er varla hægt að ætlast til þess, að meðan menn lesa daglega um það í blöðunum að verið sé að stela af þeim rjúki menn upp til handa og fóta til að velja sér það sparnaðarform. Ég þekki hins vegar ýmsa sem á fyrstu árum þessa fyrirkomulags nutu mjög góðs af því. Þá var ástandið þannig að með lánafyrirgreiðslu úr húsnæðismálastjórn og fyrirgreiðslunni, sem ráðh. var að rekja, gátu menn jafnvel fengið lán svo að nægði fyrir íbúð tilbúinni undir tréverk. — Ég kann dæmi um það. Það var að vísu ekki stór íbúð. Það var um 75-80 fermetra íbúð. — Þetta sparnaðarform hafði því sínar góðu hliðar á sínum tíma.

Ég get tekið undir margt af því sem hv. 4. þm. Vestf. talaði hér um varðandi Byggingarsjóð ríkisins. En ég legg til að þessi þm. og aðrir þm. sameinist nú með okkur um að setja lágmark á hvað lán mega vera lítill hluti af verði staðalíbúðar — hér er gert ráð fyrir 35% — þannig að þær kvaðir, sem um er að ræða, þær skyldur, sem uppfylla þarf, liggi alveg ljóst fyrir og þannig að það sé ljóst að Alþingi og ríkisstj. geti ekki vikið sér undan því að útvega það fé sem þarf til að standa undir því sem við teljum vera eðlilega lánafyrirgreiðslu í þessum efnum.

Það hefði að sjálfsögðu verið ástæða til þess að fara langtum fleiri orðum um þetta mál, en ég ætla að láta þetta nægja og að lokum einungis að láta í ljós þá ósk að menn geti samþykkt það frv. sem hér liggur fyrir. Ég þykist mega ráða það af góðum undirtektum hv. 4. þm. Vestf. að það geti komið til álita af hans hálfu og þá vonandi hans flokks. Mér finnst líka ef viðskrh. finnst ekki mikill munur á því, sem við erum að leggja til, og því, sem hann er að hugsa um að framkvæma, að þá sjái

hann að munurinn liggur allur til réttrar áttar — í þá átt nefnilega að það er betra, sem við erum að leggja til, og þess vegna geti hann komið til liðs við þetta frv. líka.

Umr. frestað.

Neðri deild, 48. fundur.

Mánudaginn 9. febr., kl. 2 miðdegis.

Stjórnarskipunarlög, frv. (þskj. 87). — 1. umr.

Flm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Umr. um skattamál hafa mjög verið á dagskrá að undanförnu. Þær hafa að verulegu leyti snúist um skattbyrðina eins og hún er og þá auknu skattheimtu sem átt hefur sér stað frá því að ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar tók við völdum síðari hluta ársins 1978. Án þess að farið sé út í talnaupplestur hér er ljóst af þeim umr. og hefur verið staðfest, hvernig svo sem á þá er litið, að skattar sem hlutfall af þjóðarframleiðslu hafa aukist frá valdatöku fyrrgreindrar ríkisstj., 1978, og að hlutfall þeirra er hærra nú en nokkurn tíma áður, að skattbyrði einstaklinga hefur aukist frá valdatöku þessarar ríkisstj., hvort heldur er miðað við tekjuár eða greiðsluár, og að beinir skattar sem hlutfall af skatttekjum ríkisins hafa aukist frá því sem verið hafði hjá þeirri ríkisstjórn sem sat frá 1974-1978.

Skattaálögur, þ. e. skattar sem hlutfall af þjóðarframleiðslu til ríkissjóðs, beinir skattar sem hlutfall af skatttekjum ríkissjóðs og skattbyrði einstaklinga, verða að sjálfsögðu æðimismunandi, og af því, sem hefur verið að undanförnu, fer það eftir hvaða stjórnmálastefnur eru ráðandi, því að í stjórnarskránni, þar sem rætt er um skattamál, segir aðeins í 77. gr., með leyfi forseta: „Skattamálum skal skipa með lögum.“ Þar er ekki getið með einum eða öðrum hætti um hvernig með skattlagningu skuli fara, en allt fram til ársins 1978, þ. e. síðla árs 1978, hafði um þær reglur verið þegjandi samkomulag að íþyngjandi álögur skyldu ekki vera afturvirkar. Hér er að sjálfsögðu farið að með sama hætti og almennt er viðurkennt í refsilöggjöf, að íþyngjandi ákvæði skuli ekki afturvirk, enda sérstaklega tekið fram.

Þegar ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar tók við völdum síðla árs 1978 brá hins vegar svo við, að sett voru brbl. og í þeim brbl. var um að ræða íþyngjandi skattaálögur og afturvirkar. Það er af þessum ástæðum sem við hv. 1. þm. Reykv. fluttum á þinginu 1978 frv. það sem hér er til umr. og aftur flutt, þar sem við leggjum til að við þá málsgr. 77. gr. stjórnarskrárinnar, sem ég las upp áðan, bætist ný málsgr. svohljóðandi:

„Hvorki má setja íþyngjandi reglur um skatta á tekjur eða eignir liðins árs, né afturvirkar og íþyngjandi reglur um breytta eða nýja skattstofna.“

Með þessari málsgr. er stefnt að því að auka réttaröryggi á sviði skattamála og setja sem gleggstar skorður við því, að afturvirk og íþyngjandi ákvæði séu sett um skatta á tekjur og eignir. Það er ljóst mál að slík ákvæði geta valdið skattþegnum og hafa valdið skattþegnum — bæði mönnum og ópersónulegum skattgreiðendum — verulegum erfiðleikum, ekki síst þegar gerðar hafa verið ráðstafanir um fjármál í trausti þess að skattlagning á tekjur og eignir verði í samræmi við þágildandi löggjöf.

Þegar ég gegndi embætti fjmrh., frá miðju ári 1974 til miðs árs 1978, og vann að breytingum á skattalöggjöf tók ég ævinlega mjög skýrt fram að ég teldi ekki hægt að breyta slíkri löggjöf öðruvísi en að skattgreiðendur fengju um það vitneskju með töluverðum fyrirvara. Ég bendi á að þau skattalög, sem nú gilda, voru sett með þeim fyrirvara, sem ég hér vék að, og giltu um tekjur aðila frá árinu 1979.

Frá fjárlögum ríkisins og fjárhagsáætlunum sveitarfélaga er eigi unnt að ganga fyrir en um það leyti sem þeim er ætlað að taka gildi, oft og tíðum skömmu fyrir eða um áramót. Þá fyrst liggja fyrir upplýsingar um tekjuþörf ríkisins og sveitarfélaga. Það hefur því tíðkast um árabil að skattvísitala hefur verið ákvörðuð í fjárlögum seint á skattárinu, þ. e. árinu sem tekna og eigna hefur verið aflað. Það þykir ekki fært að svo komnu máli, a. m. k. ekki á meðan við búum við það fyrirkomulag í þessum efnum, að banna með stjórnarskrárákvæði að hafa þann hátt á. Hitt teljum við réttmætt, að bannað verði með stjórnarskrárákvæði að setja reglur um íþyngjandi skatta á tekjur og eignir árs sem liðið er þegar ákvæðið tekur gildi. Það hefur af ýmsum verið dregið í efa og talið andstætt stjórnarskránni að gera slíkt. Frv. þetta dregur ekki úr þeirri skoðun.

Þetta ákvæði, eins og það liggur hér fyrir, er e. t. v. ekki tæmandi orðalag, en það er erfiðleikum bundið að setja skorður við setningu afturvirkra og íþyngjandi reglna um skatta. Þess vegna er talið rétt að lýsa óheimilt að breyta skatthlutföllum á tekjur og eignir árs sem liðið er, ef þær reglur eru skattþegni óhagkvæmar. Hins vegar er ekki lagt til að banna að setja slíkar reglur á skattárinu og ákveða þar með skatt á tekjur og eignir sem aflað hefur verið á því sama ári.

Það verður að teljast sérstaklega bagalegt ef afturvirk og íþyngjandi ákvæði breyta skattstofni eða ákveða nýjan, t. d. lýsa óheimilt að draga viðhaldskostnað íbúðar skattþegns frá tekjum þó að slíkt hafi verið heimilt þegar ráðist var í dýra viðgerð. Af þeim sökum er 2. málsgr. 1. gr. frv. sett fram og þar lagt til að óheimilt verði að breyta skattstofni eða lögfesta nýjan með afturvirkri og íþyngjandi breytingu frá gildandi lögum.

Í 2. málsgr. 1. gr. frv. er einungis vikið að tekju- og eignarsköttum, enda er mest þörf á reglum sem koma í veg fyrir afturvirkni ákvæða um þá. Vissulega geta þó fleiri ákvarðanir valdið erfiðleikum í þeim efnum, t. d. tollabreytingar og ýmislegt fleira. Sýnist torvelt að móta stjórnarskrárákvæði sem bæði eru sanngjörn og framkvæmanleg um þetta eða hliðstæð atriði. Meðan ekki er fram komin tillaga um slík stjórnarskrárákvæði verður að treysta því, að hóflega verði farið í lagasetningu þar að lútandi.

Í 2. málsgr. er talað um „reglur“. Er með því stefnt að því, að ákvæðið gildi bæði um lagareglur, sem Alþingi setur, svo og um hvers konar reglur sem stjórnvöld kunna að setja á grundvelli laga, hvort sem þau stjórnvöld eru ráðuneyti, skattayfirvöld eða sveitarstjórnir.

Frá því að þessi skattlagning átti sér stað og þetta frv. fyrst var flutt hafa átt sér stað málaferli og þeim hefur lokið með dómi sem kveðinn var upp í Hæstarétti í einu slíku máli sem sjálfsagt var þar flutt sem prófmál. Það var ágreiningur í Hæstarétti við úrlausn þessa máls.

Dómurinn þríklofnaði. Minnsti meiri hluti hans, þrír

hæstaréttardómarar, taldi að ekki væri, eins og í forsendum dómsins segir, „alveg næg ástæða til að telja þetta varða ógildi lagaákvæða þeirra sem hér skipta máli," þótt áður hafi verið tekið fram, að „ slík vinnubrögð af löggjafarvaldsins hálfu verði að teljast mjög varhugaverð." — Niðurstaða þessa dóms er að mínum dómi til stuðnings því að þetta frv. verði samþykkt.

Það má lesa, án þess að ég ætli mér að fara að flytja þetta mál hér í þingi, út úr dómsniðurstöðunni að þessi lagasetning sé með þeim hætti að vafasamt sé að hún standist, enda þótt meiri hluti Hæstaréttar hafi ekki talið alveg næga ástæðu til að ógilda lagaákvæðið. Það er því ljóst af niðurstöðu þessa dóms, að meiri óvissa ríkir í þessum málum en áður„ Er því ástæða til að undirstrika nauðsyn þess, að Alþingi móti slíkar réttarreglur sem hér hefur verið bent á og taka af öll tvímæli í þessum efnum og að skorður verði settar við afturvirkni íþyngjandi skattaákvæða. Með því er skapað nauðsynlegt öryggi á sviði skattamála, eins og segir í lok grg. með því frv. sem hér er til umr.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta frv. Ég trúi því, að þm. séu sammála um að slík ákvæði þurfi að setja í stjórnarskrána, og vonast þess vegna til að frv. geti náð fram að ganga.

Ég leyfi mér, herra forseti að leggja til að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshm.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Þegar alþm. taka sæti í fyrsta sinn hér á þingi eiga þeir samkvæmt þingsköpum og reyndar stjórnarskrá landsins að vinna eið eða drengskaparheit að stjórnarskránni. Þetta er látlaus athöfn, eins og allir þm. þekkja, og lætur ekki mikið yfir sér. En ástæðan fyrir því, að þetta skilyrði er sett fyrir því að menn setjist á Alþingi, er auðvitað sú, að litið er á stjórnarskrána sem grundvöll að stjórnskipun okkar. Sú stjórnskipun, sem þjóðfélag okkar grundvallast á, felst í stjórnarskránni. Í huga allra sem einhverja ábyrgð bera á stjórn landsins, hlýtur stjórnarskráin þess vegna að vera helg vé. Það á aldrei að ríkja minnsti vafi um að stjórnarskrá lands sé í heiðri höfð. Sérhver borgari á að geta treyst því, að allar stjórnarathafnir og öll landsins lög séu í samræmi við stjórnarskrá. Þar á ekki að vera neitt vafa undirorpið. Í þeim efnum verður fullkomin vissa að ríkja og fullt trúnaðartraust.

Þetta undirstrika ég hér vegna þess að þau lög, sem vinstri stjórn Ólafs Jóhannessonar setti sem brbl. 8. sept. 1978, en þau lög voru síðan staðfest á Alþingi, stríddu mjög gegn réttarvitund almennings í landinu og margir efuðust um að þau væru í samræmi við stjórnarskrána. Það voru einkum þrír skattar í þessum lögum sem menn drógu í efa en það var sérstakur eignarskattsauki, sem lagður var á, það var nýr tekjuskattur og það var sérstakur tekjuskattur á atvinnurekstur. Af mörgum var talið að með lögum þessum hefði verið brotið gegn réttaröryggi borgaranna. Skattskrá ársins 1978 hafði þegar verið lögð fram áður en lög þessi voru sett. Menn töldu sig því mega treysta að ekki yrði um frekari skattlagningu að ræða á því ári, a. m. k. ekki skatta lagða á tekjur ársins 1977 eða eigur manna í lok þess árs.

Í huga mjög margra var mjög ofarlega að láta reyna á þetta fyrir dómi og því var eitt mál, prófmál um þetta efni, látið ganga alla leið til Hæstaréttar, eins og hv. 1. þm. Reykn. gat um áðan. Ég held að það sé hollt fyrir þm. að huga svolítið betur að þessum dómi nú eftir að hann er fallinn, vegna þess að hann felur í sér mjög sterka aðvörun til löggjafarvaldsins, bæði til Alþingis og til ríkisstjórna sem setja brbl. Þessi dómur féll á þá leið, að meiri hluti Hæstaréttar taldi að lögin ættu að vera í gildi, en með miklum fyrirvörum þó. Í dómi Hæstaréttar segir, með leyfi forseta:

„Umrædd skattálagning var lögboðin eftir að hin almenna skattskrá fyrir árið 1978 hafði verið lögð fram og gjaldþegnum sendar skattkröfur. Þótt slík vinnubrögð af hálfu löggjafarvaldsins verði að teljast mjög varhugaverð, þykir ekki alveg næg ástæða til að telja þetta varða ógildi lagaákvæða þeirra sem hér skipta máli."

Meiri hluti Hæstaréttar, þ. e. þeir þrír dómarar sem skipuðu þennan meiri hluta, segir að það sé ekki alveg næg ástæða að telja að þetta varði ógildi lagaákvæða þeirra sem hér skipta máli, en segja að þessi vinnubrögð séu mjög varhugaverð. Minni hluti Hæstaréttar, þ. e. tveir hæstaréttardómarar af fimm, var annarrar skoðunar. Þeir töldu að þessi lagaákvæði ættu sér ekki stoð í stjórnarskrá landsins. Ég vil, með leyfi forseta, vitna í grg. þeirra eða atkvæði, en þar segir svo:

„Þegar brbl. nr. 96/1978 voru sett var í Reykjavík lokið álagningu skatta og annarra opinberra gjalda samkv. þágildandi lögum, skattskrá hafði verið lögð fram 26. júlí 1978 og skattþegnum sendar skattkröfur (gjaldheimtuseðlar). Í framangreindum ákvæðum nefndra brbl., sbr. sömu grein laga nr. 121 1978, voru ákveðnar frekari álögur á skattþegna en lög þau heimiluðu er eftir var farið við álagningu skatta fyrir útgáfu brbl. Nefndum greinum þeirra, 8., 9., og 10. gr., var því ætlað að hafa afturvirkt áhrif. Íslensk stjórnarskipunarlög hafa ekki að geyma nein ákvæði er berum orðum banni afturvirkni laga, en dæmi þess er að finna í almennum lögum, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 frá 1940.

Í 1. málsl. 40. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33. frá 17. júní 1944, segir að engan skatt megi á leggja né breyta nema með lögum. — Er ákvæði þetta sett borgurum til öryggis og verndar og miðar að því, að stjórnvöld geti ekki á eindæmi sitt íþyngt þeim með skattaálögum að eigin geðþótta. Ákvæði 40. gr. stjórnarskrárinnar bannar ekki berum orðum afturvirkni skattalaga, svo sem að framan getur, en mjög algengt er að skattalög verki aftur fyrir sig og hafi komið til framkvæmda áður en skattskrá hefur verið kynnt og skattkröfur sendar skattþegnum. Verður þó að telja að ekki hafi það verið ætlun stjórnarskrárgjafans að almenni löggjafinn, og því síður forseti lýðveldisins, við útgáfu brbl. gæti ákveðið ótakmarkaða afturvirkni slíkra laga. Ef slíkt væri heimilt væri réttaröryggi skattþegna stofnað í hættu, t. d. ef menn gætu búist við því, jafnvel löngu eftir öflun tekna sem þegar hefur verið lagður skattur á og hann greiddur, að þurfa að greiða skatt af þeim að nýju.

Einhver takmörk hljóta að vera við afturvirkni skattalaga, sem dómstólar verða að ákveða hver eru. Nú eru skattar hér á landi ekki greiddir samtímis öflun tekna, heldur á næsta ári eftir að þeirra hefur verið aflað. Koma þá ýmis tímamörk til álita. Teljum við eðlilegast að miða við lok álagningar og tilkynningu um hana til skattþegna, en eftir það verði ekki að ræða um frekari álagningu á viðkomandi skattstofnum.

Með vísun til framanritaðs teljum við að 8., 9., og 10. gr. brbl. nr. 96 1978 og sömu greinar laga nr. 121 1978 hafi eigi stoð í 40. gr. stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33 1944 samkvæmt grunnrökum hennar. Ber að svo

vöxnu máli að synja lögtaks til tryggingar greiðslu á framangreindum gjöldum," — þ. e. eignarskattsauka, sérstökum tekjuskatti og sérstökum skatti af atvinnurekstri, en ég sleppi hér að geta um þær krónutölur sem þarna eru í textanum.

Sem sagt töldu tveir af fimm hæstaréttardómurum þetta vera rétta niðurstöðu, þ. e. hæstaréttardómararnir Logi Einarsson og Halldór Þorbjörnsson. Þrír dómararnir, sem skipuðu meiri hl., vildu að vísu ekki ganga alveg svo langt, eins og ég sagði áðan, töldu slík vinnubrögð varhugaverð og þótti ekki alveg næg ástæða til að ógilda þessi lagaákvæði. Ég held að þessi úrslit og þau rök, sem fram koma hjá þessum hæstaréttardómurum, séu mikið áfall fyrir þá sem stóðu að þessari lagasetningu á sínum tíma. Þeir sluppu að vísu fyrir horn í þetta skipti eða sluppu með „skrekkinn," en í dómi Hæstaréttar felst alvarleg aðvörun til löggjafarvaldsins um þetta efni. Því miður hljóta þessi úrslit og þau ummæli, sem Hæstiréttur viðhefur um löggjafarvaldið í dómi sínum, að rýra traust almennings á réttsýni þeirra manna sem stóðu fyrir þessari lagasetningu, því að auðvitað verður almenningur að geta treyst því, að alþm. og ráðh. virði stjórnarskrá landsins af heilum hug. Það á aldrei neinn vafi að ríkja um það efni.

Ég vildi í tilefni af þessari umr. gera þennan hæstaréttardóm sérstaklega að umtalsefni hér vegna þess að mér finnst hann fela í sér mikla aðvörun til Alþingis. En áður en ég lýk máli mínu vil ég vekja athygli á öðru atriði í þessu sambandi, en það er að í Sviþjóð hafa að undanförnu farið fram miklar umræður um nauðsyn þess að auka vernd borgaranna gegn ofurvaldi ríkisins á ýmsum sviðum. Þess vegna var 20. jan. 1977 sett á fót nefnd sem allir stjórnmálaflokkar í Svíþjóð áttu aðild að, en formaður hennar var þekktur maður, Gunnar Heckser fyrrum sendiherra. Þessi nefnd skilaði áliti í apríl 1978. Hér er um að ræða mikla bók upp á rúmlega 300 síður, en í þessu áliti var jafnframt lagafrv., sem fól í sér tillögur um aukna réttarvernd til handa borgurum landsins, og þeim fylgdi síðan ítarleg grg.

Þarna er gripið á ýmsum þáttum þjóðlífsins og gerðar tillögur um aukna vernd borgaranna gegn ríkinu. En ég vek athygli á að eitt af því, sem nefndin lagði til, og um það voru allir stjórnmálaflokkar í Svíþjóð sammála nema kommúnistaflokkurinn, var að það væri mjög mikil nauðsyn á aukinni vernd gegn afturvirkni laga og þá sérstaklega afturvirkni skattalaganna. Í þessari bók er um þetta efni fróðleg grg. frá þessum sænsku stjórnmálamönnum. En það vekur athygli að í þessu nágrannalandi okkar er af þessum aðilum talið mjög nauðsynlegt að vernda borgarana gegn afturvirkni skattalaga, og það er eitt af þeim atriðum sem þeir fella inn í lagafrv. sitt um þetta efni.

Ég tel, að það sé mjög nauðsynlegt og tímabært að setja ótvíræð ákvæði í stjórnarskrá Íslands um þetta efni, og tel því að það frv., sem þeir hv. 1. þm. Reykn. og 1. þm. Reykv. hafa flutt, sé mjög tímabært og að Alþingi eigi alvarlega að huga að því, hvort ekki sé rétt að samþykkja slík ákvæði.

Alla vega held ég að Alþingi verði í framtíðinni að gæta sín betur en það gerði 1978 á því að setja lög eins og þá voru sett, sem enn leikur raunverulega vafi á í hugum manna að hafi verið í samræmi við stjórnarskrána.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Orlof, frv. (þskj. 114). — Frh. 1. umr.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Frv. til l. um breyt. á lögum um orlof, sem hér er til umr., gæfi í sjálfu sér tilefni til langrar umræðu um orlofsmál, framkvæmd orlofslaga og misrétti í orlofsmálum. Ég sé ekki ástæðu til þess við 1. umr. að rekja þessi mál jafn ítarlega og freistandi væri, en ég vil grípa á örfáum þáttum þessa máls því að mér sýnist brtt., sem hér er á ferðinni og í frv. felst, vera meira en lítið vafasöm þó að ég efist ekki um að fyrir flm. vaki í sjálfu sér gott eitt.

Við skulum stuttlega fara yfir — og reyna að fara fljótt yfir sögu — það sem kemur fram í grg.

Áður en núverandi kerfi var tekið upp var greitt með merkjum og var það kerfi algjörlega búið að ganga sér til húðar. Reyndin var sú, að í yfirgnæfandi meiri hluta var orlof greitt með launum. Í einni stærstu verstöð landsins voru síðasta árið sem gömlu lögin voru í gildi greiddar innan við 100 kr. í orlofsmerkjum. Með hinum nýju lögum, sem sett voru 1972 og komu fyrst til framkvæmda á orlofsárinu 1973-1974, urðu á allverulegar breytingar. Ég held að það megi fullyrða, — ég held raunar ekkert um það, reynslan hefur skorið úr því, — að það er gjörólíkt nú og þá hvað orlof er mun meira tekið í samræmi við samninga núna. Hins vegar hafa verið nokkrar deilur og nokkur óánægja með framkvæmd þessara laga, hvort Póstur og sími, Póstgíróstofan sem kölluð er, hafi staðið sig nægilega vel í þessum efnum og hvort hagur launþega hafi þar verið nægilega tryggður. Þess er skemmst að minnast, að fyrsta eða annað árið sem Póstgíróstofan var að störfum varð hún að leita til þáv. hæstv. forsrh. og óska eftir að ríkissjóður útvegaði henni milljarð, sem Póstur og sími hafði eytt í eigin starfsemi.

Forsrh. bjargaði þessum málum, sem ef ég man rétt var þá hv. 1. þm. Reykv. Geir Hallgrímsson, og fékk þetta fé að láni hjá Seðlabanka. Það var á engan hátt hann um að saka, heldur frekar þakkarvert hvað hann brást rösklega við á sínum tíma. Síðan hefur fé, sem innheimt hefur verið, verið í vörslu Seðlabanka Íslands. — *Ég hygg að það vaki helst fyrir flm.* að freistandi væri að ávaxta þetta fé heima í héraðiog mundi það jafnvel örva bankastarfsemi eða lánastarfsemi í viðkomandi byggðarlögum.

Það er kannske ástæða til að geta þess, að fyrstu tvö árin voru engir vextir greiddir af orlofsfé. 1977 eru í fyrsta skipti greiddir vextir, — sömu vextir og voru á ávísana- og hlaupareikningum, 5%. 1978 hækka vextir á ávísana- og hlaupareikningum, en áfram eru sömu vextir á orlofsfé.

Ég minnist þess mjög vel, að á þessum árum var það ærin vinna fyrir þá, sem voru starfsmenn verkalýðsfélaga, að tryggja að orlofsfé kæmist til skila. Ég minnist þess, að ég eyddi í það mörgum dögum að reyna að reka á eftir Póstgíróstofunni. Sennilega gæti ég nefnt 10, 20, 30 dæmi þess, að menn fengu orlof, sem þeir

áttu að fá greitt 1. maí, öðru hvorum megin við jól það ár og jafnvel síðar. Mönnum var því ekki gert mjög hægt um vik að fá þetta orlof á lögboðnum orlofstíma.

1979 eru vextir af orlofsfé hækkaðir í 11.5% og þá er tekin merkileg stefna sem gjörbreytir allri þessari framkvæmd. Þá er — í þeim félagsmálapakka sem var á þeim tíma þó að margir hafi viljað gera lítið úr honum — tekin ríkisábyrgð á innheimtum orlofslaunum, þannig að þó Póstgíróstofan hafi ekki innheimt viðkomandi orlof verður hún að greiða það. Síðan þessi þýðingarmiklu ákvæði komu inn í lög, sem ég held ég fari rétt með hafi verið í fyrsta skipti á árinu 1979, — ég held það hafi verið um áramótin 1978—1979 sem þessi lög gengu í gildi, — hefur hagur orlofsþega gjörbreyst. Þeir gátu eftir þetta treyst á reglulega greiðslu orlofsfjár. Þó það hefði ekki verið heimt fengu þeir það greitt engu að síður.

Hvernig er svo háttað innheimtu orlofsfjár hjá Póstgíróstofnuninni? Ef til vill er óeðlilegt, þegar jafnstór stofnun á í hlut, að vera að nefna sérstaka starfsmenn. En þegar ráðinn var til þessarar stofnunar ungur maður, lögfræðingur, Guðmundur Óli Guðmundsson, síðla árs 1977, gjörbreyttist innheimta þessarar stofnunar. Að vísu var lögum breytt þannig að þessi stofnun gat krafist aðgangs að bókhaldi viðkomandi fyrirtækja og þessi áðurnefndi fulltrúi og lögfræðingur Póstgíróstofunnar hefur lögtaksheimild í Reykjavík frá borgarfógeta. Innheimta er 95%. Ég dreg mjög í efa að nokkurt sveitarfélag eða ríki nái 95% innheimtu eins og þessi stofnun hefur gert.

Hinu er engu að síður ekki að leyna, að vextir hafa, eins og áður hefur verið frá skýrt, verið óeðlilega lágir. En í stjórnarsáttmálanum — ég heyrði ekki betur en um helgina væri verið að minnast eins árs afmælis hans — var tekið fram að hækka skuli vexti af orlofsfé. Vextir, sem greiddir voru á síðasta orlofsári, 1. maí 1980, voru 24%. Meðalbankavextir af sparisjóðsbók 1. maí 1979 til 1. maí 1980 voru 2.4% hærri. Að vísu má halda því fram með réttu, að þarna þyrftu að vera hærri vextir, og ég legg það mjög eindregið til. Hins vegar ber að geta þess sem gott er hjá núv. ríkisstj., þar sem þetta bil hefur verið verulega stytt og meðalvextir, miðað við bankabækur, eru aðeins 2.4% lægri.

Rétt er að upplýsa það líka, þegar þetta frv. er lagt fram, að í síðustu kjarasamningum voru kröfur uppi um að fá hærri vexti af orlofsfé, og í það hefur Alþýðusambandið að ósk félmrh. kosið tvo menn sem eru annaðhvort byrjaðir eða eru að hefja viðræður við Seðlabankann um hærri vexti en verið hafa og um breytt fyrirkomulag.

Hinu er hins vegar ekki að leyna, að það eru einstök fyrirtæki, þrátt fyrir 95% innheimtu, sem skera sig þarna allverulega úr. Það eru níu fyrirtæki sem skulda yfir 20 millj. Þar á meðal eru tvö í kjördæmi hv. þm. Karvels Pálmasonar. Þar á meðal eru einnig tvö í kjördæmi hv. þm. Páls Péturssonar. Þar eru skuldir það miklar, að mér er mjög til efs að sparifé hefði aukist í því byggðarlagi ef ríkissjóður hefði ekki hlaupið þar undir bagga. Að vísu hafa verið gerðar viðeigandi ráðstafanir og mikið af þessu fé hefur verið innheimt, en í einstaka tilfellum er ástund mála slæmt. Þar heggur ansi nærri hv. 1. flm. þessa frv.

Hitt er líka athyglisvert og styður kannske þá kenningu sem hv. 1. þm. Vestf. hélt hér fram fyrr í vetur, að tæp 90% af þessum vanskilum eru í sjávarútvegs- og fiskvinnslufyrirtækjum. Ég vil ekki á neinn hátt vera að gera flm. það upp að fyrir þeim vaki annað en gott eitt. En með því að hafa samræmt innheimtukerfi um land allt, yfirlit yfir landið, er mikið unnið. Hvað um það fólk sem nú vinnur kannske á fjölmörgum vinnustöðum yfir landið, fylgir afla og framkvæmdum? Þetta fólk gæti átt innistæður í bönkum og sparisjóðum um land allt. Ég er ekki farinn að sjá bankakerfið taka sömu ábyrgð og ríkisvaldið á þessu. Ég vil nefna sem dæmi um hvað þetta heildaryfirlit hefur mikið gildi, að á skyldusparnaði, sem búið er góðu heilli að breyta lögum um og hækka vexti af og gera skyldusparnað mun eftirsóknarverðari fyrir ungt fólk, hefur innheimta verið hörmulega slæm. Hún hefur verið í höndum Landsbanka Íslands. Það er dregið í efa að undanfarin ár hafi það losað nema rösklega helming. Nýráðinn forstjóri Veðdeildar Landsbankans, frábær bankamaður og traustur, er formaður í nefnd um hvernig skuli koma fyrir innheimtu á skyldusparnaði. Það er ákaflega fróðlegt hvað þessi nefnd leggur til og hvað þessi þrautreyndi bankamaður leggur til sem er formaður í nefndinni. Hann segir: Eina kerfið, sem hefur heildaryfirlit yfir allt landið, eina stofnunin, sem virkilega væri hæf til að annast þessa innheimtu, væri Póstgíróstofan.

Ég held, þó að það væri freistandi fyrir einstök verkalýðsfélög að gera um þetta sérsamninga, að það gæti hefnt sín því grimmilegar á öðrum. Ég er sannfærður um það, að t. d. hér í Reykjavík getum við gert samninga við banka um fyrirtæki, eins og t. d. Eimskipafélag Íslands, SÍS og önnur álíka fyrirtæki, sem eru skilvís og má nokkuð reiða sig á greiðslur frá. En fyrir þá, sem stunda hlaupavinnu um land allt, fylgja afla og framkvæmdum, — hverjir yrðu vextir þeirra, hver yrði heildaryfirsýnin yfir hvað þeir ættu inni? Ég er hræddur um að þarna sé verið að fara braut sem í fljótu bragði virðist líta vel út, en í reynd væri ákaflega óheppileg og mundi fjarlægjast það kerfi sem eitt hefur yfirsýn yfir innheimtu á orlofi á landinu öllu. Það mundi bitna harkalegast á þeim sem síst skyldi.

Ég held að það væri hins vegar, þó að um það megi deila, mun hyggilegra, ef ætti að koma á móts við hv. flm., að Póstgíróstofan væri skyldug til að ávaxta það fé, sem hún innheimtir, í viðkomandi lánastofnun í viðkomandi heimabyggð, en brjóta ekki niður heildaryfirsýnina og heildarkerfið.

Ég lofaði í upphafi að ég skyldi ekki fara jafnítarlega út í þessi mál og ástæða væri til. En fyrst rætt er um orlofsmál er vissulega þörf á því að hækka vexti frá því sem nú er. Félmrh. hefur til þess heimild, og viðræður við Seðlabankann með aðstoð ríkisstj. ættu að geta tryggt það.

En þó ótrúlegt virðist er þetta ekki mesta misréttið í orlofsmálum. Maður, sem er á föstum orlofslaunum, tekur sitt sumarfrí, sitt orlof, í júní, júlí eða ágúst, fær þau laun greidd sem gilda á því tímabili sem hann tekur orlofið. En tíma- og vikukaupsmenn hafa meðalkaup yfir orlofsárið frá 1. maí. Við skulum taka t. d. 1. maí 1979 til 1. maí 1980. Þá eru vísitöluhækkanir, ef ég man rétt, eitthvað um 31% á því tímabili. Vextir eru 24%. Með öðrum orðum: Það fólk, sem vinnur hér í loðnuverksmiðjum, sem gengur hér á vertíð, sem gengur hér í framkvæmdir, en ekki er ráðið til lengri tíma, skortir 18% upp á að hafa sömu laun í orlofi og þeir sem eru á föstum orlofslaunum. Það er þarna sem misréttið er hvað magnaðast. Að vísu hefur það samkomulag náðst í seinni

tíð, að sá sem hefur verið í eitt ár hjá atvinnurekanda 1. maí n. k., á rétt á orlofslaunum fyrir dagvinnu. En þarna er höfuðmisréttið, að þeir sem eru í ótryggustu vinnunni, þeir sem verða við þetta að búa eru með 18% lægra orlof á síðasta orlofsári. Nú fer þetta náttúrlega eftir verðbólgunni og væri hægt að taka þetta dæmi um hvað launafólk tapaði á verðbólgu. Ef verðbólga væri minni væri þetta tap náttúrlega að sama skapi minna. Orlof þyrfti að hækka í 10% af dagvinnutekjum til þessa fólks til þess að jafnrétti næðist við núverandi verðbólgustig.

Hitt held ég, að lagasetning sú, sem unnin var að af Verkamannasambandinu og Alþýðusambandinu og hæstv. fyrrv. félmrh., Magnús H. Magnússon, kom mjög ötullega hér í gegnum þingið á sínum tíma, sé gífurleg og ótrúleg réttarbót. Hækkun á vöxtum til orlofsþega, sem kom til framkvæmda hjá núv. félmrh., greiddi þar til muna úr.

Ég skal ekki ræða þetta mál öllu lengur. Ég gæti þó haldið um það langan fyrirlestur. Ég vil benda hv. flm. á, að það væri mjög varhugavert að hverfa frá þeirri heildaryfirsýn, sem Póstgíróstofnunin hefur, og þeim góða árangri sem hún hefur náð. Ef þeir vildu ná markmiði sínu væri miklu nær að skylda viðkomandi stofnun til að ávaxta þetta fé í sparisjóðum eða bankaútibúum í viðkomandi byggðarlögum. En eins og ég hef sýnt fram á með skýru dæmi: Þegar það á að fara að koma lagi á skyldusparnaðinn, og hefði mátt vera fyrr, er einróma tillaga sérfræðinga að gera það á vegum Póstgíróstofu.

Að sjálfsögðu samþykki ég að málið fari til nefndar, eins og ég býst við að aðrir þm. geri, en hitt væri að rasa um ráð fram, að gefa einstökum félögum færi á að brjóta niður þetta kerfi því að það kæmi harðast niður á þeim sem versta aðstöðuna hefðu og síst skyldi. Það held ég að sé ekki tilgangur flm.

Flm. (Karvel Pálmason): Herra forseti. Engar sérstakar þakkir færi ég hv. þm. Guðmundi J. Guðmundssyni fyrir að lýsa því yfir, að hann ætli að vera svo þinglegur að greiða atkvæði með því að málið fari til nefndar. Ég held að yfirleitt sé litið svo á, að það sé í raun og veru skylda að mál fái þinglega meðferð, hvort sem einstakur þm. — í þessu tilfelli hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson — er andvígur máli eða ekki. En ég skal ekki tala meira um það.

Það eru örfá atriði, sem hafa komið fram í ræðum manna vegna þessa máls, sem mér finnst ástæða til að fara um nokkrum orðum. Flestir þeir, sem hér hafa talað varðandi þá breytingu sem hér er lögð til, hafa talað um hana sem mjög varasama. Hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson var hvað harðastur í þeirri viðvörun þeirra hv. þm. sem um málið hafa fjallað hér. En við hverju er verið að vara? Við hverju eru þessir hv. þm. að vara? Þeir eru að vara við því, að sams konar vald og nú er hjá Póstgíróstofunni verði fært til annarra aðila ef samkomulag verður gert um það. Menn hafa hér talað um það, og ég held að það hafi verið hæstv. félmrh. sem sagði eitthvað á þá leið, sem er rétt t. d. varðandi innheimtuaðila, að ekki þufi að breyta lögum. Það er hægt með reglugerðarbreytingu að breyta þeirri framkvæmd, sem verið hefur á þessum málum, í það sem við hér leggjum til varðandi innheimtuaðilana.

Menn hafa líka í umr. talað um að það mundi verða meiri vafi á því, hvort orlofsféð yrði greitt inn þannig að orlofsþegi fengi í raun og veru það orlof sem honum ber. Í þessu gætir, held ég, mikils misskilnings hjá þm. Meira að segja hv. þm. Magnús H. Magnússon, sá góði og greindi þm., hefur misskilið þetta, því að í frv. er gert ráð fyrir að verði af slíku samkomulagi milli verkalýðsfélags og vinnuveitenda innifeli slíkt samkomulag nákvæmlega sömu ábyrgð, sem viðkomandi peningastofnun tekur á sig, og Póstgíróstofan ber nú. Þetta er beinlínis lagt til í frvgr. á þskj. 114. Það er nákvæmlega sama ábyrgð sem þær fjármálastofnanir, sem koma til með að gera þetta ef af því verður, eiga að bera og Póstgíróstofan ber nú. Lögum samkvæmt yrði það, ef þessi breyting yrði gerð á orlofslögunum, þannig að það þarf ekki að óttast vanskil. Þetta yrði alveg á hreinu ef breytt yrði í þá átt sem við leggjum hér til.

Það er líka rétt sem hæstv. félmrh. vék að í umr. fyrr, að það þarf enga lagabreytingu til að hækka vexti. Hvort tveggja þetta er auðvitað hægt að gera með breytingu á reglugerð. Nú er það eigi að síður staðreynd, og það hygg ég að hæstv. félmrh. sé líka ljóst, að það er í nokkuð mörgum tilfellum sem féð er greitt núna inn í bankastofnanir á hinum ýmsu stöðum, inn á bankabækur, bundnar um tiltekinn tíma, og þetta hefur verið gert nokkuð lengi. Ég vil því spyrja hæstv. félmrh.: Telur hann ekki að þetta sé brot á orlofslögunum — eða er þetta heimilt samkvæmt gildandi orlofslögum? (**Gripið fram í:** Þarf þm. að spyrja um þetta?) Ég hef sjálfur talið að þetta væri brot, en eigi að síður hefur sú ágæta stofnun, sem menn hér keppast við hver um annan þveran að hæla, ekkert haft við þetta að athuga. Þetta hefur gerst. Ég sé ekki að það séu nein sérstök meðmæli með þessari stofnun ef hún lætur það viðgangast í æ ríkari mæli að orlofslögin séu brotin og innheimtuaðgerðir séu með þessum hætti.

Ég held sem sagt, og það er skoðun flm. þessa frv., að hér sé um það að ræða að færa miðstýringuna frá Reykjavík í hendur landsbyggðarinnar, verkalýðsfélaganna, vinnuveitenda á hinum ýmsu stöðum, ef þeir aðilar óska eftir því og koma sér saman um að framkvæma þetta, eins og þeim ber skylda til, á nákvæmlega sama hátt og Póstgíróstofan gerir nú. Þetta er sem sagt einn anginn af byggðastefnu sem á engan hátt á, ef farið yrði eftir þeirri breytingu sem hér er lögð til, að koma niður á orlofsþegum. Þeirra hlutur er tryggður samkvæmt breytingunni, sem við leggjum til, á sama hátt og nú er samkvæmt póstgírókerfinu. Hér er því um íhaldssaman nöldurtón að ræða út af þessari breytingu. Menn, sem tala gegn því að breyta í þessa átt, eru andsnúnir byggðastefnunni að þessu leyti. Þeir hallast að íhaldssjónarmiðum um of og vilja hnýta allt saman með miðstýringu héðan frá Reykjavík. Þetta eru höfuðrökin og höfuðástæðurnar fyrir því að menn tala gegn breytingunni sem í frv. felst.

Hitt er svo annað mál, að menn hafa ekki þá hreinskilni til að bera, eins og hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson, að vera alfarið andvígir þessu. Hann veit að málið er vinsælt og hann ætlar að nota sömu aðferð og hér hefur verið notuð í tvö skipti áður: hleypa málinu til nefndar en drepa það þar. Þetta er mergur málsins. Menn hafa ekki þann kjark að snúast gegn málinu hreinlega. Þeir tala í viðvörunar- og kennimannlegum tón, vara menn við, en í raun og veru eru þeir að stefna beinlínis að því í þriðja skiptið að málið verði drepið. Ég sé ekki hvað mælir gegn máli þessu. Ég er alveg undrandi á því, að það skuli vera einn af forvígismönnum verka-

lýðshreyfingarinnar sem mælir gegn því, að réttur hinna einstöku verkalýðsfélaga sé aukinn í þessu tilliti ef þau sjálf óska eftir því. Nú er alveg ljóst, að ef peningastofnanir á hinum ýmsu stöðum gangast ekki undir sömu skuldbindingar og Póstgíróstofan gerir nú fá þeir ekki að annast innheimtu og ávöxtun fjárins. Þá hafa aðilar vinnumarkaðarins ekki heimild til að láta þá innheimta það. Ég er undrandi á að forustumenn í verkalýðshreyfingunni skuli vera svo þröngsýnir að neita þessum aðilum um það, ef þeir telja sjálfir að þeir geti komið þessum málum fyrir með skynsamlegri hætti, en ekki síðri árangri.

Ég er sammála hv. þm. Guðmundi J. Guðmundssyni um að meginmarkmiðið er að tryggja að orlofsþegi fái orlofsfé sitt á réttum tíma. Það er meginmarkmiðið. Við teljum að með þeirri breytingu, sem við hér leggjum til, væri líklega meiri trygging fyrir því og orlofsféð mundi skila sér betur til viðkomandi aðila, þ. e. hann gæti ávaxtað fé sitt á hærri vöxtum en verið hafa og allar líkur benda til að kunni að verða í gegnum póstgírókerfið. En auðvitað verður að vera tryggt að þær stofnanir, sem þetta taka að sér, skili fénu til réttra aðila. Það er tryggt samkvæmt þeirri breytingu sem við leggjum til.

Ég vísa því alfarið á bug, að breyting í þessa átt sé meira en lítið varasöm. Með breytingu af þessu tagi er tryggt að launþegar fá orlof sitt ekki síður, ekki minna, heldur meira en þeir fá gegnum núverandi kerfi. Ef mönnum finnst að breyting á lögunum í þessa átt sé ærið hæpin, vilja heldur fara reglugerðarleiðina, eins og mér skildist að hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson vildi, er hægt með breytingu á reglugerð að heimila þessum aðilum innheimtuna eftir samkomulagi og skylda menn til að ávaxta upphæðirnar á þeim stað sem féð er greitt. Mér skildist ekki betur á þingmanninum en að þetta væri hægt að gera og þetta ætti í raun og veru að gera.

Hann taldi að við stæðum höllum fótum, við hv. þm. Páll Pétursson, vegna þess að skuldir kynnu að vera í okkar kjördæmum vegna orlofsgreiðslna. Það styrkir kannske frekar það, að hér sé ekki harla góð innheimta og ástæða væri til að gera breytingu á innheimtunni til að ná frekar inn því fjármagni sem er útistandandi. Ég er ekki í neinum vafa um það t. d. að því er varðar Vestfirði, að verkalýðsfélögin og vinnuveitendur, ef þau óskuðu eftir slíkri breytingu og færu í það, mundu sjá um að innheimtan yrði framkvæmd. Ég held því að sú andstaða, sem er í undirdjúpunum gegn þessari breytingu, sé fyrst og fremst vegna þess að menn vilja halda áfram miðstýringunni héðan úr Reykjavík og ekki láta neitt af hendi, sem löggjafinn hefur fengið þeim í hendur, við landsbyggðina og láta menn þar taka við, eftir því sem þeir vilja hér syðra. Það er undirtónninn í því andófi sem mér virðist vera gegn þessari breytingu. En ég held að það væri til hins betra að breyta í þessa átt, og eitt skulu menn gera sér ljóst: Engin breyting frá því, sem nú er, verður nema því aðeins að þær peningastofnanir, sem um er að ræða og hugsanlega tækju þetta að sér, gegni nákvæmlega sömu ábyrgð og skyldu og Póstgíróstofan gerir nú.

Þess var getið, að nefnd hafi verið kosin til að skoða þessi mál. Það er út af fyrir sig rétt. Það hefur verið gert. En ég sé ekki að slík nefnd þurfi um þetta að fjalla. Hér er einvörðungu um það að ræða, hvort löggjafinn vill breyta í þá átt að verða við óskum sem kynnu að koma fram frá aðilum heima fyrir um þessa breytingu.

Mér kemur það að vísu ekki á óvart, að fyrst og fremst sýnist mér það vera fulltrúar Alþb. sem tala gegn þessu frv. og andmæla. En um leið og menn andmæla þessu eru menn að andmæla aukinni byggðastefnu og auknum réttindum til handa þeim sem búa úti á landsbyggðinni. Út af fyrir sig mega menn hafa þá skoðun. En það er eftirtektarvert að það hljóð kemur fyrst og fremst úr röðum þeirra Alþb.-manna. Ég trúi því ekki, að hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson, formaður Verkamannasambandsins, beiti sér gegn því að verða við eindregnum óskum allmargra verkalýðsfélaga innan Verkamannasambandsins um að þau fái rétt til að semja um þetta ef þau óska þess sjálf. Slíkar óskir hafa komið fram og liggja fyrir. (**GJG**. Sambandið verður að hugsa um alla félaga.)

Með þessari afstöðu er hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson ekki að hugsa um alla. Hann er fyrst og fremst að hugsa um þá sem hann telur að geti tryggt sér stöðuna sem hann er í, fjölmennið hér á Reykjavíkurhringnum. Það er tilgangurinn. Ef hann hefur þessa afstöðu áfram er hann ekki að hugsa um alla innan Verkamannasambandsins. Litlu félögin er hann ekki að hugsa um með þessu. Það er síður en svo.

Ég skal ekki ræða þetta frekar, en ég vil taka undir það sem hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson sagði um það misrétti sem í raun og veru er varðandi orlofsfé, annars vegar borið saman við föstu starfsmennina og hins vegar þá sem fá orlofsgreiðslur. Það er auðvitað óréttlæti sem löngu hefði átt að vera búið að afnema og vonandi stefnir í þá átt. En það er nokkuð sem m. a. og ekki síst Verkamannasambandið og launþegahreyfingin sem slík hlýtur að verða að beita sér fyrir í frekari mæli.

Að síðustu: Ég vildi gjarnan fá að heyra í hæstv. félmrh. um viðhorf hans til þessa, hvort hann vill breyta reglugerðinni í þá átt, að féð sé ávaxtað á hinum ýmsu stöðum þar sem það er borgað inn. Það væri út af fyrir sig verulegur áfangi í þessu máli og ætti ekki að vera harla erfitt fyrir þm. almennt að fallast á slíkt. Ég spyr hæstv. ráðh. um hvort hann telji það ekki skýlaust brot á orlofslögunum, eins og þau eru framkvæmd á þó nokkrum stöðum í landinu, að borga orlof inn á bankabækur ekki í gegnum póstgíró.

Nú ætti ég auðvitað ekki að vera að taka þetta mál upp hér, því að þetta er í raun og veru sú stefna sem ég vil að verði viðhöfð. En meðan lög eru í landinu á auðvitað að virða þau. En þetta sýnir bara það viðhorf, bæði verkalýðshreyfingarinnar og vinnuveitenda, að þau lög, sem nú gilda að því er þetta varðar, eru óeðlileg og það er ósk um að þeim verði breytt í þennan farveg. Mér er ekki um það kunnugt — kannske veit hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson þess dæmi — að orlofsþegar á þessum stöðum, þar sem þetta hefur verið viðhaft, hafi orðið af orlofsfé vegna þessa fyrirkomulags. Ég held að það sé alveg ljóst, að ekki er síður hægt í smærri einingum að fylgjast með að innheimta sé í lagi en í hinum stóru heildum. Það höfum við ótalmörg dæmi um, að hægara er að sjá um innheimtu á tiltölulega litlu, afmörkuðu svæði en öllu landinu.

Ég skal ekki, herra forseti, hafa um þetta öllu fleiri orð. Hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson minnti á stjórnarsáttmálann, á hækkaða vexti. Það má núv. hæstv. félmrh. eiga, að þessir vextir voru hækkaðir verulega á síðasta ári. Ég vænti þess, að áfram verði haldið á þeirri braut og þrátt fyrir að forustumenn Alþb. vilji ekki fallast á þessa breytingu okkar að því er lögin sjálf varðar

verði þó haldið áfram að hækka vexti á orlofsfé þannig að ekki verði lengur haft meira fé af launþegum að því er þetta varðar en gert hefur verið á undanförnum árum.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég vil fyrst svara þeirri spurningu hv. þm., hvort ég sé tilbúinn að breyta reglugerðinni um útfærslu orlofslaganna þannig að unnt verði að taka þessi mál í raun og veru út úr póstgíróinu og hafa innheimtu og ávöxtun í hverju byggðarlagi um sig. Svar mitt við þeirri spurningu er nei. Ástæðan er m. a. sú, sem komið hefur fram í þeim umr. sem hér hafa farið fram um orlofsmál, og líka sú, að nú eru í gangi viðræður milli ríkisstj., verkalýðssamtakanna og Seðlabankans um orlofsmál og ávöxtun orlofsfjár og ég vænti þess, að þeim viðræðum miði svo, að áður en þetta orlofsár er á enda hafi náðst samkomulag um það sem menn telja ástæðu til að breyta.

Fyrir nokkrum dögum, eða 3. febr. s. l., skrifaði félmrn. Seðlabankanum og óskaði eftir því að hefja viðræður við bankann til að fjalla um orlofsmálin og ávöxtun orlofsfjár. Auk fulltrúa ráðuneytanna í þessum viðræðum, sem eru Arnmundur Backman og Þröstur Ólafsson, eru í viðræðunum af hálfu Alþýðusambandsins Jóhannes Siggeirsson og Þórir Daníelsson og af hálfu Farmanna- og fiskimannasambands Ingólfur Ingólfsson. Ég tel því að það sé a. m. k. eðlilegt að við hinkrum þangað til niðurstaða úr þessum viðræðum liggur fyrir. Ég geri ráð fyrir að hv. þm. sé mér sammála um að það sé eðlilegt að vera ekki að ganga frá þessum málum fyrr en viðræður hafa farið fram milli þessara formlegu aðila.

Hv. þm. spurði mig um það, hvort það væri brot á lögum eða ekki að ávaxta þetta fé um sinn á bankabókum. Það er alveg ljóst, að ákvæði laganna eru auðvitað sá rammi sem reglugerðin fer eftir. Reglugerðin gerir ráð fyrir að þetta sé innheimt af Póstgíróstofunni og renni þangað. Það er það form sem reglugerðin byggir á. Ég þekki ekki í smáatriðum það fyrirkomulag sem þm. er hér að nefna. Ég vil ekki fella dóm yfir því, ég kann ekki við það án þess að athuga málið betur, en það er alveg augljóst mál hvaða atriði það eru sem reglugerðin hefur inni að halda í þessu sambandi.

Hv. þm. misskildi, held ég, dálítið mál mitt frá því að umr. fóru fram síðast. Þá lét ég það koma fram, að auðvitað væri upphæð vaxtanna út af fyrir sig ákvörðunaratriði hverju sinni. En ég sagði líka að innheimtuformið, sem nú er, væri reglugerðarmál. Það er ekki lagamál. Þannig er ekki neitt ákvæði í lögunum um að Póstgíróstofan eigi að innheimta og ávaxta orlofsfé. Það er eingöngu í reglugerðinni. Ef fara ætti þá leið, sem hv. þm. er að gera hér tillögu um, yrði að útfæra í lagatexta skyldur póstgírósins, en það er ekki gert í því frv. sem hér liggur fyrir. Þannig er það ófullkomið að því leyti.

Ég vil einnig minna á það, sem hér hefur komið fram áður, að það er auðvitað mikið öryggisatriði fyrir launafólk, að hér sé um að ræða vissa miðstýringu og heldur trausta skráningu á réttindum launafólks í þessum efnum. Af þeim ástæðum er það sem ákveðin nefnd, sem ég setti á laggirnar fyrir nokkrum vikum, hefur nú komist að þeirri niðurstöðu, að heppilegast sé að ávaxta skyldusparnaðinn og innheimta í gegnum póstgíróið vegna þess að það fyrirkomulag, sem verið hafi í þeim efnum, tryggi ekki nægilega traust skil, eins og hv. 7. þm. Reykv. gat um áðan. Það er þess vegna eðlilegra að menn séu fastheldnir á það fyrirkomulag, sem hefur verið á þessum málum um skeið og hefur heldur verið að batna, frekar en menn vilji hlaupa til og kasta þessu út um víðan völl án þess að sjá málinu farborða með traustum hætti.

Það er mikill misskilningur hjá hv. þm. Karvel Pálmasyni að það séu eingöngu forustumenn Alþb. sem hafa ýmislegt við þessar hugmyndir hans að athuga. Mér er t. d. ekki kunnugt um að hv. þm. Magnús H. Magnússon sé forustumaður Alþb. Hann er varaformaður Alþfl., eins og kunnugt er. Hann hefur hreyft athugasemdum við þetta frv. hv. þm. með mjög svipuðum hætti og ég hef hér gert. Ég man ekki betur en ég hafi í umr., sem fóru fram hér fyrr, tekið í raun og veru í einu og öllu undir það sem hv. þm. Magnús H. Magnússon hafði um þetta frv. að segja. Hér er auðvitað um að ræða áhyggjuefni meðal fjölmargra aðila sem þekkja til þessara orlofsmála. En þetta er ekkert bundið við Alþb., eins og hv. þm. var að segja. Það er í besta falli misskilningur og í versta falli vitleysa.

Eins er það, að hér séum við, ég og hv. 7. þm. Reykv., sérstaklega að berjast fyrir hagsmunum Reykjavíkur. Þá kemur það rétt einu sinni enn upp, að þessu fé sé safnað öllu saman hér í Reykjavík og hér sitji einhverjir Reykvíkingar yfir hvers manns hlut í landinu, einkum og sér í lagi landsbyggðarinnar. Þetta er auðvitað endileysa. Hér er um að ræða sameiginlega ávöxtun í stofnun sem tilheyrir ríkinu öllu. Ég veit ekki betur en Seðlabankinn hafi þá lagaskyldu að veita öllum íbúum landsins vissa þjónustu, t. d. í sambandi við afurðalán, svo ég nefni dæmi. Að vera að tala um, að það sé einhver frekja í Reykvíkingum að vilja ávaxta þetta fé í Seðlabankanum, hefur ekkert með það að gera, snertir ekkert það mál. Við Reykvíkingar reynum yfirleitt í umr. á Alþingi að hefja okkur yfir þann byggðaríg, sem stundum gýs hér upp úr mönnum af furðulegustu tilefnum, og væri satt að segja hægt að halda um það langar ræður og er orðið býsna þreytandi oft að heyra þá texta sem hér eru lesnir upp í þessum virðulega ræðustól.

Hér er ekki um það að ræða að menn séu að slíta á milli sín peninga eftir kjördæmum eða byggðasjónarmiðum. Hér er bara um það að ræða, að menn telja sig hafa ákveðið innheimtu- og ávöxtunarfyrirkomulag sem sé heppilegra og öruggara fyrir launafólk en annað fyrirkomulag sem bent hefur verið á. Ef slíkt fyrirkomulag ætti heimilisfang og dvalarstað í Bolungarvík væri mér nákvæmlega sama um það, skipti ekki nokkru máli. Aðalatriðið er að fyrirkomulagið sé öruggt. Það væri fráleitt og það væri ábyrgðarleysi að kasta því fyrirkomulagi á glæ, nema menn hefðu eitthvað annað öruggt á hendinni. Og það er athyglisvert, verð ég að segja, eftir alla þá gagnrýni sem póstgíróið hefur að mörgu leyti sætt að menn skuli komast að þeirri niðurstöðu, að það sé heppilegast, jafnvel þeir menn sem hafa átt að sinna þessu í Landsbankanum, að flytja skyldusparnaðinn inn í póstgíróið líka. Það finnst mér mjög athyglisverð niðurstaða og benda til þess, að menn telji að hér sé um alltrausta ávöxtun og innheimtu að ræða.

Það skiptir svo ekki litlu máli í þessu sambandi að haustið 1978 — eða hvort það var á fyrri hluta ársins 1979 — voru samþykkt hér á hv. Alþingi lög sem gera í raun og veru ráð fyrir að ríkissjóður sé bakábyrgur fyrir vanskilum atvinnurekenda, þannig að ef launamaður á inni orlof á hann að fá það hvað sem líður greiðslu atvinnurekandans, ef ég man rétt. Þetta var gert með breytingu á lögum um greiðslu launa við gjaldþrot

fyrirtækja. Hér er um að ræða mjög þýðingarmikið mál. Ég held að ekki sé nokkur leið að tryggja þessa bakábyrgð ef innheimta og ávöxtun fer fram á mörgum stöðum í landinu. Ég held að slíkt sé ekki hægt. Hugsanlega mætti hafa fyrirkomulagið þannig, að það væri með eitthvað öðrum hætti en nú er, en að fjárheimtan yrði á mörgum stöðum í landinu, jafnvel hjá öllum verkalýðsfélögunum, og er ég ekkert að gera lítið úr þeim, er vafasamt. Ég held að svona bakábyrgð ríkisins gæti við slíkar kringumstæður tæplega komið til greina eða a. m. k. sé ég það ekki í fljótu bragði.

Ég hef í sjálfu sér ekki miklu við þessa umr. að bæta. Ég legg á það áherslu frá minni hálfu, að ég tel eðlilegt að viðræður alþýðusamtakanna við ríkisstj. og Seðlabankann verði til lykta leiddar áður en frekari skref eru stigin í þessu máli, og ég vona að úrslit sjáist áður en þetta orlofsár er á enda, núna fyrir 1. maí n. k.

En eitt er athyglisvert í þessu máli, af því að hv. þm. er kunnugur innan veggja í verkalýðssamtökunum. Mér er ekki kunnugt um að svona tillaga hafi komið fram þar — eða hvað? Hafa verið fluttar tillögur um það á Alþýðusambandsþingum eða í miðstjórn Alþýðusambandsins að ávöxtun orlofsfjár verði hjá hverju einstöku verkalýðsfélagi? Ég kannast ekki við að það hafi gerst á seinni árum. Mér fyndist þó eðlilegast, ef menn vilja á annað borð koma þessu fram, að impra fyrst á málinu þar, þeir sem eru á annað borð virkir í verkalýðssamtökunum, eða a. m. k. að láta það fylgjast að þannig að viðhorf verkalýðssamtakanna komi einnig fram í málinu. Ég held nefnilega að hv. þm. haldi hér fram algjöru minnihlutasjónarmiði í verkalýðssamtökunum, ég býst við því, og það sé ástæðan til þess að hann hefur ekki farið af stað með málið þar. Ég kannast a. m. k. ekki við það. Það stafar þá af því að ég þekki ekki svo nákvæmlega til í þeim efnum, en ég kannast ekki við að slíkt hafi komið fram þar.

Varðandi þessi mál í heild legg ég sem sagt áherslu á það kerfi sem við höfum verið með. Það er tiltölulega öruggt. Það hefur farið batnandi á undanförnum árum. Það kerfi, sem hér er lagt til, tryggir ekki það öryggi sem menn telja sig hafa haft. Loks legg ég áherslu á það, að við höfum þegar í gangi viðræður milli alþýðusamtakanna, ríkisstj. og Seðlabankans um fyrirkomulag þessara mála og þær viðræður er sjálfsagt að leiða til lykta áður en frekari skref eru stigin í þessum málum.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Reyndar kom ekkert fram hjá hv. þm. Karvel Pálmasyni sem hrakti þau rök sem ég færi hér fram. Það var aðeins eitt atriði sem hv. þm. — væntanlega af misskilningi — rangtúlkaði.

Hann hafði eftir mér að það væri hægt að láta verkalýðsfélög innheimta þetta í einstökum byggðarlögum og ávaxta það í heimabyggð. Það, sem ég var að leggja áherslu á, var heildaryfirsýn, að á einum stað væru til upplýsingar um greitt og ógreitt orlofsfé. Væri hins vegar ofangreint frv. samþykkt er hætt við að fljótlega kæmist í gang fjöldi innheimtuaðila, allir bankar og bankaútibú, auk allra sparisjóða á landinu, og yrði úr því hrærigrautur svo að enginn vissi lengur hvað sneri upp og hvað sneri niður og það yrði alfarið á valdi hvers og eins verkalýðsfélags og viðkomandi lánastofnunar. Á hverjum mundi þetta bitna? Það, sem ég var að benda á, var að Póstgíróstofan yrði að hafa þetta heildaryfirlit. Hitt væri til athugunar, að hún ávaxtaði fé í viðkomandi byggðarlagi.

En eins og hæstv. félmrh. kom inn á held ég t. d. að ef Seðlabankinn væri fluttur til Bolungarvíkur mundi hv. þm. vera ákaflega hress yfir því, að nú væri þetta fjármagn komið í hans kjördæmi. Ég held að af því fjármagni, sem þarna kemur til Seðlabankans fari minnst til Reykjavíkur. Ég held jafnvel að þeir, sem högnuðust mest og best á breytingunni, séu í Reykjavík. (**Gripið fram í:** Á að losna við Seðlabankann?) Ég efast ekkert um að sú fyrirgreiðsla og sú heildarstjórn, sem Seðlabankinn hefur, kemur Reykjavík alls ekki mest til góða. Það er algjör lágkúra að reyna að egna byggðarlög upp hvert á móti öðru og halda því fram, að af því að Seðlabankinn sé í Reykjavík muni hann verja öllu fé í Reykjavík.

Ég veit satt að segja ekki hvort tekur því — ég held að það sé ekki ástæða til — að ræða sérstaklega fjandskap við byggðastefnu eða halda því fram að þetta sé byggðastefnusjónarmið. S. l. ár var þetta fé 10 milljarðar og mundi verða væntanlega eitthvað um 15 milljarðar 1. maí eða þegar kemur að greiðslu orlofsfjár. Ég er smeykur um að þessu fé sé ekki ausið út í Reykjavík. En ég vildi aðeins segja, að mér er mjög til efs að bankastjórar viðskiptabankanna tækju þetta að sér. Það væri rétt að sú nefnd, sem um þetta mál fjallar, spyrði aðalbankastjóra viðskiptabankanna hvort þeir væru reiðubúnir að taka að sér að greiða t. d. 15 milljarða út á fyrstu þrem vikunum í maí — 90% er greitt út fyrstu þrjár vikurnar í maí. Mér er mjög til efs að þeir svöruðu játandi.

Ég veit að einstakir útibússtjórar eru að suða í hv. þm. og biðja hann um að auka eitthvað sparifjármyndun í viðkomandi kjördæmi, það gæti jafnvel orðið til einhverrar fyrirgreiðslu. Ég hef áður bent á, og er ekki að saka hv. þm. um það, að byggðarlag hans stendur ákaflega illa á þessu sviði. Reykjavík stendur mun betur. Ekkert fyrirtæki í Reykjavík skuldar jafnmikið og eitt fyrirtæki skuldar í Bolungarvík. Er það þó yfirleitt góður og traustur atvinnurekstur, og taki enginn orð mín svo að ég sé að leggja gegn stað eins og Bolungarvík. (Gripið fram í.) Ég efast um að hv. þm. hafi í innheimtu á öðrum sjóðum gengið svo rösklega fram að hann geti gerst sjálfboðaliði í þessum efnum. Þær aðgerðir, sem Póstgíróstofan hefur haft í frammi — reyndar víðar á Vestfjörðum — dreg ég mjög í efa að varaformaður Alþýðusambands Vestfjarða, hv. þm., væri fær um að leika eftir.

Ég legg ríka áherslu á hverjir verða úti. Við skulum taka t. d. Verkamannafélagið Dagsbrún. Það gæti náð samningum við bankastofnanir um ákveðin fyrirtæki. Eftir og út undan yrðu þau fyrirtæki sem erfitt væri að innheimta hjá. Hvað yrði um allan þann fjölda fólks sem er á ferð um landið, fylgir afla og framkvæmdum og gæti átt orlofsfé í 20—30 sparisjóðum eða bönkum? Innheimtan verður að vera á einum stað. Ég held að hv. þm. hafi nú skilið þetta. Ég held að svona mál hrífi vel í ákveðinni kjördæmapólitík, ákveðinni haturspólitík, að Reykjavík arðræni landið o. s. frv., sem gefst sumum þm. nokkuð vel. En það, sem ég legg áherslu á, er það, að fyrir mér vakir það eitt að tryggja hag allra launþega og þeir verði ekki útundan. Ég efast ekkert um að einstök verkalýðsfélög geta náð um þetta nokkuð sæmilegum samningum, önnur ekki. Það verkafólk, sem breytir oft um vinnustað, yrði þarna mjög afskipt og út undan. Þess

vegna eigum við að efla stofnun sem hefur yfirsýn yfir hvar greitt er og hvar ekki greitt. Ég vil jafnframt upplýsa að margumrædd Póstgíróstofa sendir mánaðarlega til aðildarsambanda ASÍ skrá yfir þá sem hafa greitt og þá sem hafa ekki greitt og sendir jafnframt til fjórðungssambanda skrá yfir þetta. Hv. þm. ætti ekki að koma þetta á óvart. Það er jafnframt sent yfirlit til stærri verkalýðsfélaga hér í Reykjavík. Til dæmis hefur Verkamannafélagið Dagsbrún mjög náið samstarf við þessa stofnun.

Ég held nú ekki, eftir þeim reikningum sem ég sé, og vil ég ekki vera að teygja þetta mál yfir í neinn skæting, að hv. þm. hafi aðstoðað Póstgíróstofuna mikið. Ef hann hefur eitthvað gert hefur ekki munað um það.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Hér er til umr. breyt. á lögum um orlof, og ég ætla að leyfa mér að leggja orð í belg. Ég kem ekki hingað sem fulltrúi Reykjavíkursjónarmiða, þótt dálítið hafi borið á góma landsbyggðarsjónarmið í þessari umr. Ég hef fullan skilning á frv. Ég tel það gott og vera til bóta.

Það munu vera liðin ein 40 ár síðan fyrst voru sett orlofslög á Íslandi. Núna er orlofskerfið tvenns konar. Það á annars vegar við fastráðna menn, sem fá greidd mánaðarlaun þegar þeir eru í orlofi samkv. samningum, og hins vegar lausráðna, sem fá greitt inn á reikning hjá Póstgíróstofunni, sem Póstgíróstofan síðan afhendir Seðlabanka til varðveislu og ávöxtunar. Þetta kerfi kostar hundruð milljóna. Það liggja fyrir upplýsingar um að bara það að keyra þetta kerfi kostar ákaflega mikla peninga, — sér í lagi allar bréfaskriftir, sem m. a. hv. síðasti ræðumaður lýsti fyrir okkur, upplýsingar til Alþýðusambands, til fjórðungssambanda og allar upplýsingar til hvers og eins sem á inni í þessu kerfi, upplýsingar um vaxtastöðu og inneign o. s. frv., o. s. frv. Allt þetta kostar peninga. Allt þetta er borgað af þessu kerfi og veltir upp á sig. Það þekkja þeir sem eitthvað hafa kynnt sér þessi mál.

Á liðnum árum hafa ávöxtunarkjörin nokkuð batnað. Fyrir nokkrum árum var til stórskammar hve illa var farið með þetta fé sem daglaunamennirnir í landinu áttu hjá opinberri stofnun. Óþarfi er að rifja þetta upp. Ávöxtunarkjörin eru þó ekki eins góð núna og væru þessir peningar lagðir inn á þá bankareikninga sem til eru, jafnvel eftir að þessi hæstv. ríkisstj., sem nú situr, hefur unnið að vaxtalækkun, eins og hún kallar sínar aðgerðir um þessar mundir, en það er brandari sem við skulum ekki fjalla um í umr. um þetta mál þótt hann eðlilega tengist því.

Auðvitað er til aðeins ein eðlileg lausn á þessu máli. Lausnin er í því fólgin að leggja þetta kerfi af, að hætta þessari vitleysu, að hætta þessum sendingum manna á milli. Það er kominn tími til að orlofsfé sé greitt út, $8\frac{1}{3}$%, ofan á laun þegar laun eru greidd út og síðan hafi hver og einn val um það, hvernig hann varðveiti sína peninga. Þetta er eign þeirra manna sem eru í vinnu. Þeir eiga auðvitað að hafa ráðstöfunarheimild yfir sínum eignum. Það er auðvitað til bóta ef hægt er að kippa þessu úr höndum Póstgíróstofunnar og fá þeim sem standa þeim nær sem eiga þessa peninga. En auðvitað er langsamlega besta lausnin, og sú eina sem ég tel haldbæra í þessu máli, að greiða þessa peninga út eins og aðra þá peninga sem menn eiga þegar þeir hafa skilað vinnudegi sínum.

Ég þekki sjálfur sem atvinnurekandi hvernig það er að þurfa að senda þessa peninga við og við hingað og þangað og reikna þær upphæðir saman. Það kostar atvinnurekendur auðvitað dálítinn skilding að þurfa að brúa þetta nokkurra vikna, jafnvel nokkurra mánaða bil á milli þess sem þeir senda Póstgíróstofunni þessa peninga, en það eru ekki svo háar upphæðir að ekki sé hægt að komast að samkomulagi við atvinnurekendur um þær. Ég ætla að nefna nokkrar röksemdir fyrir mínu máli. Ég bið um að ráðamenn, eins og t. d. hæstv. félmrh., komi með haldbær mótrök við þeim rökum sem ég hef hér fram að færa.

Í fyrsta lagi mundi það að leggja niður þetta kerfi verða til þess, að hver og einn hefði frjálsan yfirráðarétt yfir þeim peningum sem hann hefur unnið fyrir. Það er vitað mál, að þegar lausráðnir starfsmenn taka út orlofsfé sitt er engin trygging fyrir því, að þeir noti þessa orlofspeninga í orlofi sínu. Að vísu var gert ráð fyrir slíku í upphaflegu lögunum, og má vera að slíkt sé enn þá í núgildandi lögum, en auðvitað er engin trygging fyrir því. Það hefur meira að segja komist upp um menn, að þeir taki sína peninga og borgi fyrir bíl með þessum peningum. Sér er nú hver glæpurinn að taka eigin peninga og kaupa bíl eða sjónvarp! Auðvitað er það í lagi vegna þess að þetta eru peningar sem fólk á. En við erum svo bundnir við þann hugsunarhátt, að það þurfi einhver stóri bróðir í þessu þjóðfélagi að hugsa um smælingjana. Þetta er fyrsta röksemdin.

Önnur röksemdin er sú, að það eru til betri ávöxtunarkjör annars staðar í bankakerfinu, t. d. á heimaslóðum verkamannanna. Þetta er röksemd númer tvö.

Röksemd númer þrjú er sú, að yfirleitt er um tvær eða fleiri fyrirvinnur fjölskyldna að ræða. Þess vegna er eðlilegt að aðeins hluti af þeim fjármunum, sem kallast orlofsfé, fari til þess að standa undir kostnaði þegar orlof er tekið.

Röksemd númer fjögur er sú, að við mundum losna við mjög mikinn kostnað, sem við höldum úti í þessu kerfi. 4—5—6 hundruð millj. gkr. eru tölur sem nefndar hafa verið. Þessi kostnaður mundi hverfa. Fólkið sjálft mundi hafa þessa peninga eins og annað fjármagn sem það sjálft á. Það þarf engan stóra bróður til þess að fylgjast með þeim peningum.

Í fimmta lagi mundum við líka leysa það vandamál, sem hv. síðasti ræðumaður var að nefna, þ. e. farandverkafólkið — það fólk sem fer úr einum stað til annars til að stunda atvinnu, tekur laun hjá mörgum atvinnurekendum og er svo í vandræðum með að smala þessum fjármunum saman. Þetta fólk mundi auðvitað fá orlofsféð greitt um leið og það fengi greidd önnur laun, enda er orlofsféð hluti af launum.

Hér hef ég nefnt nokkrar röksemdir. Ég bendi á að það einfalda er oftast best. Þetta er einfaldasta lausnin og besta lausnin, þótt hæstv. félmrh. sé að vinna að þessum málum með einhverjum forkólfum verkalýðshreyfingarinnar sem ætla að slá sig til riddara með því að hjálpa sínum umbjóðendum. Þessir menn, sem yfirleitt aldrei eru kjörnir af sínum umbjóðendum, taka hver við af öðrum. Við höfðum Eðvarð í fyrra og höfum Guðmund þetta árið. Þessir menn ætla að semja við hæstv. félmrh., taka þann samning, setja hann í pakka. Svo á hæstv. félmrh. að koma inn á hv. Alþingi Íslendinga færandi hendi með böggulinn, með félagsmálapakkann, og segja: Háttvirtir þingmenn. Ég hef allra náðarsam-

legast komist að raun um að verkalýðnum sé fyrir bestu að fara eftir þeim tillögum sem ég og hinir hv. launþegaforingjarnir höfum komið okkur saman um. — Þetta er skrípasagan sem í gangi er á hverjum einasta degi. Er ekki mál að linni? Er ekki kominn tími til að fólkið, sem á þessa peninga, fái ráðstöfunarrétt yfir þeim? Það er eins og aftan úr grárri forneskju að hlusta á þessar umr. hérna. Ég skora á menn að ræða þær röksemdir, sem hér hafa komið fram, gera það af alvöru og hreinskilni og viðurkenna þá staðreynd, sem ég held að sé öllum fyrir bestu, að sá, sem á fjármagnið, er áreiðanlega sá sem fer best með það og best er trúandi fyrir varðveislu þess.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Þetta frv., sem hér er til umr., hefur verið til meðferðar hér á hv. Alþingi áður og hefur komist til félmn. Út af því, sem kom fram áðan, þykir mé rétt að upplýsa að það var ákveðið á fundi félmn. s. l. haust að senda þetta frv., sem þá lá fyrir frá síðast þingi, til umsagnar Alþýðusambandsþings sem þá var að setjast á rökstóla. Ég get upplýst það hér, að Alþýðusambandsþing sendi um hæl neikvæða umsögn um þetta frv. og vildi ekki fallast á þessa breytingu. Mér þykir rétt að þetta komi fram í umr. um þetta mál.

Ég veit ekki betur en að það hafi verið almennt talið stórt framfaraspor fyrir vinnandi fólk í landinu þegar samræmd var og tryggð innheimta orlofs gegnum Póstgíróstofuna og um leið var afnumið það ófremdarástand, sem var í orlofsmálum hér á landi, öllum launþegum til tjóns. Ég held að okkur sé skylt að rifja þetta upp hér vegna þess að það var einmitt fólkið sjálft, vinnandi fólk í landinu og launþegasamtökin, sem beittu sér fyrir þessari breytingu og þessari nauðsynlegu aðgerð til að reyna að tryggja að allir byggju við sama rétt á þessu sviði, sem allir hljóta að viðurkenna að er nauðsyn.

Ég vil taka undir það með hæstv. félmrh., að það hlýtur að verða viðurkennt að mjög var mikilvægt að fá þá breytingu á þessari löggjöf að það fólk, sem verður fyrir því óláni að vinna hjá fyrirtækjum hér á landi sem verða gjaldþrota, fengi greiðslu á því orlofsfé sem það hefur átt inni hjá slíkum fyrirtækjum. Þetta var mjög nauðsynleg breyting, enda samþykkt, að mig minnir, mótatkvæðalaust hér á hv. Alþingi.

Það hefur verið margt sagt um þessi orlofsmál og eðlilegt að fólk hafi mismunandi skoðanir á meðferð málsins víðs vegar um landið. Ég hef iðulega heyrt því haldið fram, að það séu veruleg brögð að því að fyrirtæki greiði ekki beint til Póstgíróstofunnar gegnum Póst og síma og jafnvel að aðgerðir Póstgíróstofunnar séu mismunandi eftir fyrirtækjum. Má vera, að svo sé, og er slæmt ef rétt er. Ég hef einnig heyrt — og heyrt færð rök fyrir því — að það eigi sér stað að ýmis fyrirtæki leggi orlofsgreiðslur vegna starfsmanna sinna inn á eigin bankareikning á hæstu vöxtum og skili síðan til Póstgíróstofunnar eftir vissu tímakerfi, í sumum tilfellum án vaxta eða með þeim vaxtakjörum, sem Póstgíróstofan greiðir til inneignaraðila, og hagnist þannig verulega á þessu kerfi. Ef þetta á við rök að styðjast er þarna vissulega ágalli á þessu kerfi og þarf að skoða vandlega. Það hefur ekki verið til þess ætlast að einn eða neinn græddi á þessu, heldur átti fyrst og fremst að tryggja vinnandi fólki í landinu þann rétt sem það á til orlofsgreiðslna.

Ég tel að það sé nauðsynlegt að skoða vandlega ýmsa þætti þessa máls núna, þegar það kemur enn á ný til nefndar, og sé rétt að beita sér fyrir því, að þetta mál fái vandlega meðferð eftir því sem efni standa til.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 47. fundur.

Þriðjudaginn 10. febr., kl. 2 miðdegis.

Málefni hreyfihamlaðra, fsp. (þskj. 399). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Á þskj. 399 hef ég leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. félmrh. um málefni hreyfihamlaðra. Fsp. hljóðar svo: „Hvað hefur ríkisstj. látið gera varðandi framkvæmd þál., sem samþykkt var á Alþingi 22. maí 1980, um málefni hreyfihamlaðra?“ En þessi þál., sem samþykkt var um málefni hreyfihamlaðra, hljóðaði þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta gera úttekt á nauðsynlegum endurbótum á opinberu húsnæði til að auðvelda hreyfihömluðum aðgang, og verði gerð kostnaðaráætlun um þau verkefni sem brýnust þykja. Skal í þessum efnum haft samráð við ferlinefnd fatlaðra. Úttektin skal lögð fyrir Alþingi.

Jafnframt felur Alþingi ríkisstj. að leggja fyrir næsta þing frv. til l. um fastan tekjustofn í því skyni að tryggja nægilegt fjármagn til framkvæmda, þannig að á næsta ári verði hægt að hefjast handa um breytingar á húsnæði svo sem þál. þessi gerir ráð fyrir.“

Eins og allri vita hefur ekki orðið af því að slíkt frv. væri lagt fyrir það þing, sem nú situr í samræmi við síðari hluta þessarar þál. Mér er kunnugt um að hæstv. félmrh. hefur skipað nefnd til þess að framkvæma fyrri hluta þál., um nauðsynlega úttekt á opinberu húsnæði. Hefur sú nefnd hafið störf í samvinnu við Alfanefnd 1981, sem er að störfum vegna alþjóðaárs fatlaðra, og má ætla að starf þeirrar nefndar muni bera árangur. Hitt er ekki þýðingarminna mál, að til þess að ná árangri á þessu sviði er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því, að til þess þarf fjármagn. Eins og oft hefur komið áður fram í sambandi við umræður um þessi mál er meiri hluti opinberra bygginga eða opinbers húsnæðis í landinu þannig, að það er útilokað að fatlað fólk geti komist inn í og athafnað sig í þessum mannvirkjum, sem veldur því stórtjóni og hefur áhrif á daglegt líf þess og jafnframt atvinnumöguleika. Ég áleit því mjög brýnt, þegar þessi till. var lögð fram á sínum tíma, að gera sér grein fyrir því, hvað hægt væri að gera í þessum málum til að ná árangri sem allra fyrst. Og ég verð að segja það, að ég varð fyrir nokkrum vonbrigðum við fjárlagagerðina á s. l. hausti, þegar ekki var gert ráð fyrir sérstöku fjármagni í þessu skyni í sambandi við opinberar framkvæmdir, eins og í sambandi við skólamannvirki, heilsugæslustöðvar og aðrar opinberar byggingar, til þess að ná árangri á þessu sviði strax.

Ég vil þess vegna leyfa mér að bera þessa fsp. nú fram til þess að vita hvernig þetta mál stendur, því að vissulega hlýtur það að vera eitt af viðfangsefnum þeirrar nefndar, Alfanefndar, sem starfar nú að þessum málefnum, að reyna að koma þessum málum í viðunandi ástand. Ég held að þetta sé eitt af stærri hagsmunamálum allra þeirra sem hafa orðið fyrir þeirri óhamingju að vera

fatlaðir eða hafa skerta möguleika til þess að ganga að störfum og öðrum þáttum mannlegs lífs eins og heilbrigt fólk. Hér er um að ræða stórmál sem hv. Alþingi hefur þegar lýst yfir vilja sínum til að leysa, og þess vegna tel ég að Alþingi þurfi að vera mjög í takt við þær fyrirætlanir sem hugsanlegar eru í þessu máli. — Ég vænti þess, að ég fái svar við þessari fsp.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. 22. maí s. l. var samþykkt hér á Alþingi þál. um málefni hreyfihamlaðra sem hafði hlotið meðferð eins og venja er til. Við meðferð málsins hér var till. nokkuð breytt frá því sem hún var upphaflega. Bætt var við síðari málsgr. þar sem Alþingi fól ríkisstj. að undirbúa frv. til l. um fasta tekjustofna í því skyni að tryggja nægilegt fjármagn til þeirra framkvæmda sem nauðsynlegar eru til þess að auðvelda hreyfihömluðum aðgang að opinberum byggingum. 5. ágúst s. l. beindi ég þeim tilmælum til framkvæmdanefndar alþjóðaárs fatlaðra 1981, að nefndin athugaði möguleika á framkvæmd fyrri atriða framangreindrar þál., þar sem nefndin hafði ákveðið að eitt af verkefnum hennar yrði umræða og aðgerðir í ferlimálum fatlaðra. Nefndin ákvað á fundi sínum 18. ágúst s. l. að setja á fót sérstakan samstarfshóp um ferlimál sem m. a. fengi það verkefni að athuga möguleika á framkvæmd fyrri hluta þessarar þál. Leitað var eftir tilnefningu í þennan samstarfshóp til nokkurra stofnana og samtaka, og er hópurinn nú skipaður eftirtöldum einstaklingum:

Frá Arkitektafélagi Íslands Helgi Hjálmarsson arkitekt, frá framkvæmdanefnd alþjóðaárs fatlaðra Þórður Ingvi Guðmundsson, frá Húsameistara ríkisins Björn Kristleifsson, frá skipulagsstjóra ríkisins Hrafn Hallgrímsson, frá Ferlinefnd fatlaðra Vigfús Gunnarsson, formaður nefndarinnar, frá Landssamtökunum Þroskahjálp Una Steinþórsdóttir þroskaþjálfi, frá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins Gunnlaugur Pálsson arkitekt, frá Sambandi ísl. sveitarfélaga Unnar Stefánsson ritstjóri, frá Sjálfsbjörg, landssambandi fatlaðra Elsa Stefánsdóttir húsmóðir og frá Öryrkjabandalagi Íslands Oddur Ólafsson fyrrv. alþm.

Er fjárlagafrv. fyrir árið 1981 var til umfjöllunar í fjvn. sótti framkvæmdanefnd alþjóðaárs fatlaðra um sérstaka fjárveitingu til að kosta þetta verkefni. Ekki var veitt fé á sérmerktum lið til þessa, en fjárveiting nefndarinnar var hækkuð um 100 þús. nýkr., sem nefndin hefur litið á sem framkvæmdafé m. a. vegna þessa tiltekna verkefnis.

Samstarfshópurinn um ferlimál hóf störf um síðustu áramót. Þegar farið var að ræða þetta verkefni kom í ljós að ekki var til nein aðferð sem beita mætti til úttektar á húsnæði með það fyrir augum að mæla hvaða endurbætur þyrfti að gera á því til að auðvelda fötluðum aðgang. Jafnframt kom í ljós að fjöldi opinberra bygginga, sem þyrfti á endurbótum að halda, væri mjög mikill, svo sem skólar og heilbrigðisstofnanir, fyrir utan allar aðrar opinberar stofnanir. Hér er því um svo gífurlega kostnaðarsamt verkefni að ræða, bæði að því er lýtur að úttektinni sjálfri og framkvæmdum við breytingar, að nauðsynlegt er að tryggja til þess sérstaka fjármuni, eins og réttilega kemur fram í síðari hluta þál. Nauðsynlegt er því að afla fjármuna sérstaklega til að fjármagna verkefnið. Hér er um að ræða verkefni sem vafalaust tekur mjög langan tíma, en vinna þarf eftir settri áætlun.

Samstarfshópurinn hefur ákveðið það sem fyrsta verkefni sitt að undirbúa sérstaka aðferð eða „lykil" sem þarf að beita á byggingarnar í því skyni að meta hve breytingarnar eru miklar sem gera þarf. Þegar þessi aðferð er tilbúin verður tekin ákvörðun um hvernig henni verður dreift, en ljóst er að koma þarf henni til mikils fjölda stofnana og einstaklinga, svo sem sveitarfélaga, höfunda og hönnuða bygginga, byggingarstofnana ríkisins o. fl., sem verða að framkvæma hina raunverulegu úttekt þegar fjármagn hefur verið tryggt til þess. Samhliða þessu vinnur starfshópurinn að gerð tillagna um breytingar á grunnskólalögum, framhaldsskólafrv. — sem hér hefur verið lagt fyrir Alþingi nokkrum sinnum — og heilbrigðislögunum þar sem lagt er til að komið verði inn ákvæðum um að stofnkostnaðar- og viðhaldsfé skóla og heilbrigðisstofnana skuli verja að hluta til að framkvæma breytingar með þarfir fatlaðra í huga, en samstarfshópurinn er sammála um að það sé nærtækasta verkefnið á þessu sviði.

Í þriðja lagi hefur samstarfshópurinn ákveðið að velja úr tvær til þrjár opinberar byggingar, aðrar en skóla og heilbrigðisstofnanir, í hverju kjördæmi sem brýn nauðsyn er að breyta, og mun nefndin skila um það tillögum og kostnaðaráætlun til félmrn. fyrir næsta haust. Loks hefur nefndin ákveðið að semja tillögur til félmrh. um hvernig beri að fjármagna breytingar á opinberu húsnæði í framtíðinni í áðurgreindu skyni.

Ég vænti þess, herra forseti, að ég hafi svarað þeirri fsp. sem hv. 1. þm. Vesturl. hefur hér lagt fyrir mig.

Fyrirspyrjandi (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. félmrh. fyrir svör hans í þessu máli. Út af fyrir sig er ég ánægður með það sem þar kom fram, enda hef ég fengið tækifæri til að fylgjast með því í gegnum Alfanefndina. Samt sem áður vil ég leggja áherslu á að það skiptir mjög miklu máli að gengið sé að því með opnum huga að ná árangri í fyrstu lotu sem fólkið, sem þarna um ræðir, bíður eftir, og þá þarf að gera sérstakar ráðstafanir til þess að útvega opinbert fjármagn.

Það mætti margt ræða varðandi þetta mál. Ég verð að segja það, að mér fannst t. d. ekki stórt hugsað hjá stjórnendum Reykjavíkurborgar í svari þeirra til Alfanefndar þegar aðeins er talin ástæða til að taka eina byggingu hér í borg, þ. e. Laugardalshöll, til meðferðar á árinu 1981 sem sérstakt átak frá hendi borgaryfirvalda til þess að gera húsnæði þannig úr garði, að fatlað fólk komist þar leiðar sinnar eða geti haft not af því sem þar fer fram. Það mætti tala um ríkisstofnanir, t. d. söguna um Þjóðminjasafnið sem ég ætla ekki að rekja hér einu sinni enn. Allt eru þetta dæmi um það, að það er sofið á verðinum um það að gera breytingar sem væri e. t. v. hægt að gera án þess að til þess þurfi gífurlegt fjármagn. Við höfum rekið okkur á það hér t. d. innan borgarinnar og eins víða úti um landið, að í nýjum byggingum, sem verið er að taka í notkun — eftir að ný reglugerð um skipulagsmál hefur verið staðfest, sem hefur að geyma sérstök ákvæði til þess að tryggja það að húsnæði sé þannig útbúið að fatlað fólk eigi þar greiðan aðgang — hefur jafnvel gleymst að gera fötluðu fólki kleift að komast á snyrtingu. Víða eru svo þröngar dyr á snyrtiherbergjum að hjólastólar komast ekki inn, hvað þá að þar séu þau snyrtitæki sem þetta fólk þarf við að búa.

Ýmsar lagfæringar er hægt að gera án þess að þær kosti mikið fjármagn, og ég minni á, miðað við fengna reynslu í dag, að það virðist þurfa að leggja sterka áherslu á að

þeir sem eiga að sjá um hönnun og framkvæmdir við slíkt húsnæði, — skilji það, að hér er um mál að ræða sem verður að taka á í alvöru. Enn eru margir arkitektar, verkfræðingar og hönnuðir bygginga ekki farnir að átta sig á því, að gert er ráð fyrir í lögum og reglugerðum að fatlað fólk fái aðgang að venjulegu húsnæði eins og heilbrigt fólk.

Ég vil svo að lokum endurtaka það, að ég treysti því, að hæstv. ráðh. og ríkisstj. átti sig á því, að þetta mál hefur margar hliðar. Það er mjög brýnt að allt verði gert sem hægt er til að tryggja fjármagn til þeirra nauðsynlegu framkvæmda sem um er að ræða. Það var alveg hárrétt hjá hæstv. ráðh., að fjvn. samþykkti ósk Alfanefndarinnar um fjárveitingu. En það fé er fyrst og fremst ætlað til að fjármagna það mikla starf sem gert er ráð fyrir að nefndin inni af höndum hér á landi á þessu ári. Það er ekki ætlast til þess, að það fjármagn fari sérstaklega til þess að lagfæra opinberar byggingar. En ég vona að allir hv. alþm. séu sammála um að leggjast á eitt um að ná árangri á þessu sviði og það strax á þessu ári.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég hef í sjálfu sér ekki miklu við það að bæta sem hv. þm. sagði áðan. Ég vil aðeins vegna orða hans láta það koma fram, að auðvitað er það ekki nærri nógu gott, svo ekki sé fastar að orði kveðið, ef byggingarfulltrúar, sem eiga að sjá um og fylgjast með byggingum, svo og ýmsir opinberir aðilar, sem hafa með byggingar að gera, sveitarfélög, Innkaupastofnun ríkisins o. fl., gæta ekki hinna skýlausu ákvæða í nýju byggingarreglugerðinni um aðgengi fatlaðra. Og ég held að það væri ástæða til þess, í tilefni af þeim umræðum sem hér hafa farið fram nú, að hnykkja sérstaklega á því, að þessir aðilar gæti þess vandlega, að ákvæðum byggingarreglugerðar sé fylgt þegar verið er að ganga frá hönnun og uppsetningu opinberra bygginga a. m. k., og auðvitað þyrfti hér að vera um að ræða almenna reglu.

En varðandi það mál að öðru leyti sem hann nefndi hér, þá er náttúrlega alveg ljóst að kostnaður við að breyta öllum opinberum byggingum í þá átt, sem hér er verið að tala um, er geysilega mikill, þannig að um þetta mál verður að gera áætlun til alllangs tíma. Það gengur aldrei öðruvísi. Og spurningin er þá jafnframt sú, með hvaða hætti það verði fjármagnað, hvort nauðsynlegt sé að gera það með sérstökum mörkuðum tekjustofni, sem í þetta eigi að fara, — og þá þurfa menn að taka afstöðu til þess, hver á að úthluta þeim tekjum — eða hvort þetta skuli einfaldlega gert með beinni fjárveitingu á fjárlögum hverju sinni. Ég held að það síðarnefnda geti alveg eins komið til greina, ekki síst vegna þess að ég held að það sé býsna mikilvægt að hv. Alþingi fylgist vandlega með slíkum málum, og ég held að það geri það betur ef þingið þarf sjálft — og fjvn. — að fjalla um til hvaða verkefna fjármununum er varið hverju sinni.

Efri deild, 49. fundur.

Þriðjudaginn 10. febr., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Bætt kjör sparifjáreigenda, frv. (þskj. 321). — Frh. 1. umr.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir, lýtur að úrbótum um lánakjör sparifjáreigenda, íbúðabyggjenda og íbúðakaupenda, en hagsmunir þeirra hafa mjög verið bornir fyrir borð í tíð núv. ríkisstj. sem alls ekki hefur framkvæmt þá vaxtastefnu sem á sínum tíma var samþykkt með setningu svokallaðra Ólafslaga. Það var reyndar mikið deilt um það, hvernig þau lög skyldu verða. Þá fór fram mikil umræða í ríkisstj. og þingflokkunum um það, hvernig með skyldi fara, en þó féllust samstarfsflokkar Alþfl. á að verðtryggja lánsfé að nokkru leyti, þó ekki eins og best hefði verið. Það var gert ráð fyrir því þar, að lánatími yrði lengdur og kjör þeirra, er búa við erfiða lánabyrði, yrðu bætt, en það hefur ekki verið efnt.

Hins vegar hefur skipulega verið unnið að því að gera kjör þessa fólks mjög erfið, og það er fyrst nú með setningu þeirra laga, sem boðuð voru í áramótaskaupinu, að nokkrar úrbætur eru boðaðar, en þó ekki nærri því eins og gert er ráð fyrir í því frv. sem hér liggur fyrir.

Í því, sem boðað var um áramótin, er talað um að stefnt skuli að almennri vaxtalækkun í marsmánuði. Mig langar til að spyrja hæstv. viðskrh. hvernig eigi að framkvæma það. Þar segir einnig að innlán skuli verðtryggð. Er þá ekki líklegt að það þurfi að verðtryggja útlán að sama skapi? 10% vaxtahækkun var frestað, en aftur á móti lítur út fyrir að verðtryggja eigi útlánin í staðinn til viðbótar við vexti, og heyrst hefur að þar sé ekki um 10% að ræða, heldur allt að 12%, þannig að í raun sé um vaxtahækkun að ræða. Það væri mjög gaman að fá skýringar á því, hvernig fara á að því að lækka vextina í mars, meðan innlán eru verðtryggð, eða hvort það er meiningin að setja allt bankakerfið á hausinn. Sú hugsun getur verið á sínum stað, en erfitt er að skilja hvernig með þetta verður farið.

Þeir aðilar, sem voru í ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar, samstarfsaðilar Alþfl., hafa mjög gagnrýnt vaxtastefnuna og talið vexti allt of háa. Þrátt fyrir það hafa þeir ekki treyst sér til þess að lækka vextina, eins og þeir hafa margir hverjir haft á orði að gera.

Það frv., sem hér liggur fyrir, verður ótvírætt, ef samþykkt verður, til mikilla hagsbóta fyrir sparifjáreigendur, íbúðabyggjendur og íbúðakaupendur. Ég skora því á ráðh. — sem ég veit að er velviljaður maður — að samþykkja að beita sér fyrir því, að það verði samþykkt. Það skref, sem tilkynnt var í gær, er ekki nóg, það þarf að ganga lengra. Það þarf að ganga svo langt sem við leggjum hér til. En ég spyr enn á ný: Hvernig á að fara að því að lækka vexti á meðan verið er að hugsa um að verðtryggja innlánin?

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Hv. þm. Karl Steinar Guðnason, 3. landsk. þm., spurðist fyrir um það, hvernig ætti að fara að því að lækka vexti án þess að bankakerfið færi á höfuðið. Ég er nú ekki í stakk búinn til að svara þessari spurningu með tölum. Það liggur ekki enn þá fyrir uppgjör ríkisbankanna eða bankakerfisins í heild á þessu ári, en þó liggja fyrir nægilegar upplýsingar til að sýna að afkoma bankanna er sæmilega góð og greiðslustaða þeirra hefur batnað talsvert verulega gagnvart Seðlabankanum. Það er því alveg ljóst að þarna er um að ræða nokkurt svigrúm, en ég skal ekki um það segja á þessu stigi, hve mikið það er, vegna þess að endanlegt uppgjör liggur ekki fyrir.

Það liggja ekki fyrir neinar tillögur enn þá um vaxta-

ákvarðanir 1. mars. Það, sem stendur í efnahagsáætlun ríkisstj., er að stefnt skuli að því að lækka vexti þá, en það er ekki mögulegt að gera sér grein fyrir þessum málum fyrr en búið er gera úttekt á afkomu bankakerfisins til hlítar. Ég er alveg sammála hv. þm. um að það er ekki hægt að haga vaxtastefnunni á þá leið að bankakerfið standi ekki undir sér. Ef vextir eru lækkaðir þarf að sjálfsögðu að gera tilsvarandi ráðstafanir á hinni hliðinni, þannig að útkoman verði á þá lund að bankakerfið standi undir sér. Það er auðvitað grundvallaratriði. Engum manni dettur í hug að fara að ákveða vaxtamálin á þann veg að allt fari um þverbak. Það er alveg ljóst mál og hefur aldrei vakað fyrir ríkisstj. að gera það. Það er eitthvert svigrúm til, það er alveg ljóst, en hversu mikið liggur ekki endanlega fyrir. En á næstu vikum kemur að sjálfsögðu í ljós hver endanleg útkoma bankakerfisins hefur verið á s. l. ári og hvernig þeir eru í stakk búnir til þess að taka við viðbótarbyrðum.

Varðandi það mál, sem hér liggur fyrir, þá er ljóst að það gengur í raun og veru mjög í sömu átt og þær ráðstafanir sem ríkisstj. vinnur nú að. (Gripið fram í.) Jú, það gerir það, en það kallar þá að sjálfsögðu á ráðstafanir á móti til þess að standa undir því hjá bankakerfinu. Það er ekki nægilegt að gagnrýna ríkisstj. í öðru orðinu fyrir það, að hún sé að gera ráðstafanir sem bankakerfið geti ekki staðið undir, og gera svo aftur till. — eins og hér er verið að gera — sem ganga lengra í þá átt en þær ákvarðanir, sem ríkisstj. hefur þegar tekið, og tillögur sem eru til meðferðar. Auðvitað hljóta menn að vera sammála um það meginatriði, að bankakerfið verður að bera sig, ef svo mætti komast að orði.

Við ræddum dálítið um þetta fram og til baka hér í gær, ég og hv. þm. Kjartan Jóhannsson, og vorum að bera saman þessa tillögu og ákvæði brbl. frá því um áramótin. Á því er nokkur munur og þarf ekki að fara um það mörgum orðum, það liggur alveg á ljósu. En þó er eitt alveg ljóst samkv. tillögum þessa frv., en þar segir að innstæður á reikningum þessum skuli því aðeins verðtryggðar að fullu að þær liggi óhreyfðar í þrjá mánuði, þannig að þar er a. m. k. um óbeina bindingu að ræða þegar þannig er komist að orði. Ég skal ekkert um það segja, hvort bankakerfið þolir að lagðar séu á það slíkar kvaðir án þess að það komi verulegar hækkanir á móti.

Þá reka menn sig að sjálfsögðu á annað vandamál sem þýðir ekkert að loka augunum fyrir, þó að menn viðurkenni röksemdir raunvaxta. Það þýðir ekkert að loka augunum fyrir því, eins og sakir standa, að ef vextir hefðu t. d. verið hækkaðir um 10% núna um áramótin hefði það velt atvinnulífi landsmanna á hausinn á nokkrum vikum. Það er alveg ljóst. Atvinnulífið hefði ekki með neinu móti þolað slíka viðbótarbyrði eins og ástatt er. Það hefði þá þurft að gera margháttaðar aðrar ráðstafanir til þess að gera atvinnulífinu kleift að standa undir slíkum viðbótarbyrðum.

Í raun og veru eru menn í algerri sjálfheldu í vaxtamálum. Annars vegar eru góð og gild rök þess eðlis, að peningar eigi að skila raunvöxtum af sér. Hins vegar eru þau sjónarmið atvinnurekstrarins að þola ekki hinn mikla fjármagnskostnað. Og þá er auðvitað spurningin: Hver er leiðin út úr þessum málum? Er leiðin sú að hækka vextina og setja atvinnulífið á hausinn? Hverjir eiga þá að borga vexti? Hver stendur undir vöxtum í þjóðfélaginu ef það er ekki atvinnulífið? Leiðin út úr þessum málum er náttúrlega augljós, en hún er ekkert auðveld. Hún er auðvitað sú að lækka verðbólguna. Með því eina móti sýnist mér að menn fái bjargað sér úr þessari háskalegu sjálfheldu.

Ég treysti mér ekki til að svara hv. þm. gleggra en þetta, að það er nokkurt svigrúm í bankakerfinu til að leggja frekari byrðar á bankakerfið, en hversu mikið það er þori ég ekki um að dæma og ekki heldur hitt, hvað langt er hægt að ganga í því að lækka vexti eins og sakir standa.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Það er auðvitað hárrétt hjá hæstv. viðskrh. sem kom fram hér áðan, að forsenda þess, að vextir geti lækkað að einhverju marki hér, er að verðbólgan lækki að sama skapi. Þetta er það sem fulltrúar Alþfl. hafa ævinlega haldið fram í öllum umræðum um þessi mál. Þetta er hárrétt hjá hæstv. ráðh.

Hin spurningin er svo sú, hvort menn vilja bera ábyrgð á þeim aðgerðum sem leiða til þess að spariféð brennur upp í eldi verðbólgunnar.

Hæstv. ráðh. hafði það á móti þessu frv., þegar það var hér til umr. í gær, að það væri of seint fram komið. Þetta frv. var lagt hér fram nokkru fyrir jól. Það var lagt fram löngu áður en svokallaðar efnahagsráðstafanir og brbl. ríkisstj. voru komin á blað. Það gerist ekki fyrr en á gamlársdag, að þær svokölluðu ráðstafanir, annars vegar brbl. og hins vegar óskalisti, komast á blað. Þetta frv. kemur hér löngu, löngu fyrr og það fjallar um alveg ákveðnar aðgerðir og er flutt í þeim tilgangi að bæta og efla sparnað í landinu með því að gefa fólki kost á að verðtryggja sparifé án bindiþvingana. Það er þess vegna alrangt sem hæstv. ráðh. heldur fram, að það sé enginn munur á þessu og því sem felst í brbl. ríkisstj. Það er vissulega verulegur munur þar á.

Hér er gert ráð fyrir að fólk hafi aðgang að sínu fé, en sé það óhreyft í þrjá mánuði, þá gildi þessi ákvæði. En fólk getur hvenær sem er hreyft þetta fé, það er ekki bundið í þeim venjulega skilningi. Hæstv. ráðh. talaði hér áðan um óbeina bindingu. Það má kalla þetta óbeina bindingu, en féð er ekki bundið. Eigendur þess hafa aðgang að því hvenær sem er, en njóta jafnframt kosta verðtryggingarinnar.

Hins vegar er svo tilgangur þessa frv. að innleiða sérstakan lánaflokk til húsbyggjenda í viðskiptabönkunum til viðbótar við lán húsnæðismálastjórnar og lán lífeyrissjóða og geta þannig í fyrsta lagi hækkað lánshlutfall af byggingarkostnaði og í öðru lagi minnkað og jafnað greiðslubyrði vegna íbúðabygginga og íbúðakaupa og létt af húsbyggjendum þessari byrði skammtíma víxil- og vaxtaaukalána. Hæstv. ráðh. veit áreiðanlega hver aðstaða þess fólks er sem nú stendur í því að byggja. Það verður að eyða verulegum hluta af tíma sínum í alls konar hlaup og bráðabirgðabjarganir. Þeir, sem starfa við banka eða peningastofnanir, þekkja það allra manna best og hafa sínar sögur um það að segja, hvernig ástandið er þar og hvernig ástandið er hjá almenningi. Þetta frv. miðar að því að lagfæra þetta. Þetta er í senn réttlætis- og sanngirnismál nú þegar ríkisstj. kyndir undir 70 — 75% verðbólgu og allar hennar ráðstafanir, sem í orði kveðnu eiga að miða að því að draga úr þessari verðbólgu, reynast kák eitt — hreint kák. Það er miðað við það að standa í sömu sporum að ári liðnu og þegar lagt var upp í þessa ferð. Það er ekki aðeins að hjá einstaklingum blasi við greiðsluerfiðleikar og greiðsluþrot kannske í sumum tilvikum, heldur gildir

þetta líka engu síður um ýmis opinber fyrirtæki, eins og t. d. Póst og síma, þar sem fyrirsjáanlegur er gífurlegur rekstrarhalli á þessu ári. Þetta gildir um velflest opinber fyrirtæki. Og síðan talar ríkisstj. um verðstöðvun í 75% verðbólgu. Það er ekkert til sem heitir verðstöðvun. Kannske er hægt að tala um verðfrestun þegar verðbólgan er undir 10%, en þegar verðbólgan er komin yfir 70% er ekkert til sem heitir verðstöðvun. Það er aðeins verið að reyna að blekkja fólk og slá ryki í augu almennings með því að tala um verðstöðvun. Það kemur líka mætavel í ljós núna þegar varla líður sú vika að ekki séu tilkynntar nýjar verðhækkanir. Þetta segir sig sjálft í ástandi eins og nú er í þjóðfélaginu. Og það sorglega við þetta allt saman er að ríkisstj. hefur ekki uppi neina tilburði til úrbóta og innan ríkisstj. virðist raunar ekki vera nein samstaða um aðgerðir. Það eru gerðar tímabundnar ráðstafanir sem eiga að duga aðeins fram undir vorið. Síðan veit enginn hvað við tekur. Um það hefur ekkert verið sagt og um það virðist engin samstaða vera.

Ég er þeirrar skoðunar, að með þessu frv. hafi verið hreyft hinu þarfasta máli. Hér er um að ræða feiknalegt hagsmunamál fyrir alla þá sem standa í því að reyna að koma sér upp húsnæði. Það hefur ekki verið staðið við ákvæði laga um lengingu lánstíma. Bankakerfinu hefur ekki verið gert skylt að kynna og taka upp hagstæðari kjör sem dreifa þessu á lengri tíma, eins og unnið var að í tíð minnihlutastjórnar Alþfl. Þetta veit auðvitað hæstv. viðskrh. allt saman, en það er samt ástæða til að minna á þetta.

Að lokum vil ég aðeins vonast til þess, að þetta frv. fái jákvæða meðferð í nefnd. Hér er gengið nokkru lengra en ríkisstj. hefur lýst sig tilbúna til að gera. Það verður að reyna á það, hvort ríkisstj. vill koma til móts við húsbyggjendur með þeim hætti sem frv. gerir ráð fyrir. Komi í ljós að hún vilji það ekki, þá liggur það fyrir, og sömuleiðis hvort ríkisstj. vill efla sparnað í landinu með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir.

Að lokum aðeins þetta: Hæstv. viðskrh. hafði orð á því í umr. um þetta mál í gær, að menn mættu ekki tala allt of illa um ríkisstj., menn mættu ekki skamma ríkisstj. svona mikið. Mér hefur stundum fundist að hann sjálfur talaði ekki allt of vel um þessa hæstv. ríkisstj.

Flm. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Mér þótti það auðvitað athyglisvert hjá hæstv. viðskrh. sem hann sagði hér áðan og sú yfirlýsing hans, að hann gæti auðvitað ekkert sagt um hvort bankakerfið þyldi vaxtalækkun 1. mars. Þetta er yfirlýsing um það, að gerðir ríkisstj. á gamlársdag hafi verið því marki brenndar, að hún vissi ekki hvort hún gæti framkvæmt þær. En auðvitað hefur hæstv. viðskrh. á réttu að standa þegar hann segir að fyrst þurfi að athuga stöðu bankakerfisins, áður en menn leggi í aðgerðir af þessu tagi. Sumir hefðu e. t. v. haldið að það væri háttur ríkisstjórna að gæta að því áður en þær gripu til aðgerða, hvort aðgerðirnar væru framkvæmanlegar eða ekki.

Nú liggur það fyrir, að það er ekki háttur þessarar ríkisstj. að gæta að því fyrst, hvort það, sem hún boðar, sé framkvæmanlegt eða ekki. Það liggur fyrir af þeirri yfirlýsingu sem hæstv. viðskrh. gaf hér áðan.

Annars er ýmislegt annað, sem kom fram í máli hæstv. viðskrh., sem rétt er að fara um nokkrum orðum. Ég hef tekið eftir því í málflutningi hæstv. ráðh. bæði í dag og í gær, að hann hefur tekið undir það sjónarmið okkar, að staða bankakerfisins væri nokkuð góð og auðvitað gæfi það sérstakt svigrúm til aðgerða og þá m. a. vitaskuld til þess að framkvæma aðgerðir af því tagi sem hér er flutt frv. um. Ég hef líka tekið eftir því í máli hæstv. viðskrh., að hann hefur talið þær hugmyndir, sem hér eru fram lagðar, allrar athygli verðar, en hins vegar langað til þess að halda því fram, að það, sem ríkisstj. hefði boðað og vildi gjarnan gera — þótt hún vissi ekki hvort hún gæti framkvæmt það, gengi í sömu átt.

Það er stundum sagt að stjórnarandstaða sé of harðskeytt og fáist ekki til að fylgja góðum málum sem ríkisstj. ber fram. Ég held að staða hæstv. viðskrh. í þessu máli sé núna sú, að hann sjái að þetta er gott mál, og nú væri tilvalið tækifæri fyrir viðskrh. og stjórnarflokkana alla að koma til liðs við það. Það er auðvitað svo og kemur fram í málflutningi hæstv. viðskrh., að hann langar í sjálfu sér til að fylgja þessu máli. Ég held að hann ætti að láta það eftir sér og koma þannig ekki bara til móts við gott mál, heldur líka bæði sparifjáreigendur og þá sem þurfa að afla sér íbúðar.

Hins vegar kom vitaskuld fram nokkur misskilningur í ræðu hæstv. ráðh. þegar hann talaði um að í þessu frv. fælist óbein binding. En ég verð að viðurkenna að hæstv. ráðh. er á réttri braut, því að í gær lagði hann bindingu samkv. till. ríkisstj. til 6 mánaða að jöfnu við það ákvæði sem er í þessu frv. þar sem er engin binding. Nú er þó túlkun ráðh. komin það áleiðis, að nú er þessi binding í hans munni orðin óbein. En ég held að öllum sé ljóst að það getur ekki talist binding þegar mönnum er frjálst að ganga í það fé sem þeir eiga á þessum reikningum. Hitt skýrði ég mjög greinilega hér í gær, að hugmyndin með þeim ákvæðum, sem hér eru um að menn njóti fullrar verðtryggingar á því fé sem liggur óhreyft hverja þrjá mánuði, er vitaskuld sú að koma til móts annars vegar við það sjónarmið að geta látið í té verðtryggingu og hins vegar að menn eigi aðgang að því fé sem þeir leggja inn á þessa reikninga, og svo það, að menn séu í raun og sannleika verðlaunaðir fyrir það að vera að spara, að láta vera að taka út af reikningunum, án þess að hendur þeirra séu bundnar, og skapa öryggisleysi með þeim hætti. Ég tel að það sé grundvallarmunur á því að vera með bindingu af því tagi, sem tíðkuð hefur verið, og því að hafa reikningana af því tagi sem hér um ræðir, þannig að menn geti litið á þetta með þeim hætti að þeir eigi ævinlega aðgang að því. Ef þeir ættu ekki aðgang að því, þá væri það bundið. Ef þeir eiga aðgang að því, þá er það ekki bundið.

Ég vil líka minna á það — vegna þess að hæstv. ráðh. hefur látið svo ummælt að ekki væri nógu vel talað um ríkisstj. — að í lögum um efnahagsmál o. fl., sem stundum eru nefnd Ólafslög, eru ótvíræð ákvæði um það að lengja eigi lánstíma og dreifa greiðslubyrði. Ég gat þess hér í gær og ég ítreka það enn, að það hefur ævinlega verið stefnumið okkar Alþfl.-manna að þetta væri nauðsynlegt að gera, jafnframt því sem menn nálguðust verðtryggingu á inn- og útlánum. Ég ítreka það enn, að það er forsenda fyrir skynsamlegri lána- og vaxtastefnu að þetta sé gert. Og ég ítreka það jafnframt, að ef það er ekki gert mun stefnan hrynja í höndum ríkisstj. Ríkisstj. hefur gersamlega brugðist í þessum efnum og því er staðan eins og hún er og þá alveg sérstaklega hjá húsbyggjendum. Í annan stað hefur framkvæmd stefnunnar líka brugðist hjá ríkisstj. vegna þess að hún býður sparifjáreigendum ekki nægilega góð kjör. Það mundi gerast

hvort tveggja: að koma til móts við húsbyggjendur og sparifjáreigendur, með samþykkt þessa frv.

Hæstv. ráðh. talaði um að menn mættu ekki loka augunum fyrir því, að ef vextir hefðu verið hækkaðir um 10% á gamlársdag hefði atvinnurekstur farið á hausinn. Vel má vera að það sé rétt mat hjá hæstv. ráðh. að þannig hefði farið. En ég vil vekja athygli hans á því, að í sambandi við þessar aðgerðir höfum við ekki sagt að þannig ætti endilega að standa að málunum. Við höfum einmitt talað um að ráðið væri það — sem ráðh. talaði fyrir — að lækka verðbólguna, og í annan stað að það skref, sem stíga ætti núna, væri að gera samþykkt af því tagi sem felst í þessu frv., bjóða sparifjáreigendum raunverulega verðtryggingu á raunverulegum sparnaði og koma til móts við húsbyggjendur með því, að húsnæðismálalánin yrðu í samræmi við þá stefnumörkun, sem Magnús H. Magnússon kynnti, og viðbótarlán yrðu tekin upp í bankakerfinu, eins og hér er gert ráð fyrir, viðbótarlán til 15 ára. Þetta er það sem við mælum með að gert verði á þessu stigi í málinu.

Það er náttúrlega dálítið skondið, að í eina skiptið sem hæstv. ráðh. hækkaði röddina hér var þegar hann talaði um að það ætti að lækka verðbólguna. Þó hefur hann setið í ríkisstj. sem hefur unnið það afrek á einu ári að koma verðbólgunni úr 42% í 75%. Svo er hann að tala um að það þurfi að lækka verðbólguna. Það er ekki nema von að hv. þm. Eiður Guðnason minnti ráðh. á það, að kannske hefði hann talað enn þá verr um ríkisstj. en nokkurn tíma stjórnarandstaðan. Og núna er staðan sú, að ríkisstj. bindur varla vonir við að ná verðbólgunni niður á það stig eða þann verðbólguhraða sem ríkti þegar hún tók við. Allir þeir, sem litið hafa á ráðstafanir ríkisstj., og margir talsmenn stjórnarinnar hafa talað um að það væri nokkuð gott ef út úr þessu kæmi 50%, þ. e. 25% meiri verðbólguhraði heldur en var þegar ríkisstj. tók við.

Ég vil líka benda á það, að vitaskuld var þetta frv. ekki of seint fram lagt. Það var komið fram á undan tilkynningu ríkisstj. um hennar ráðstafanir. En það skiptir ekki einu sinni máli í þessu sambandi, vegna þess að hvorki kom frv. of seint fram né heldur er of seint að samþykkja það, og augljóslega felst í þessu frv. mikilvægur ávinningur fyrir sparifjáreigendur og húsbyggjendur hér á landi. Þetta frv. tekur langt fram öllu því sem fram kemur í yfirlýsingum ríkisstj. Það er betra að öllu leyti. Og ég finn það á málflutningi ráðh., að hann hefur skilning á því að þetta sé langtum betra. Ég held að farsælast væri að menn sameinuðust nú um að samþykkja þetta frv., eins og ég veit að hugur allra stendur til og þá líka hugur hæstv. viðskrh.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Það er nú e. t. v. ekki ástæða til að lengja þessar umræður mikið, vegna þess að þegar þær hófust hér á fundi í gær vakti ég athygli á því, að ákvæði þessa frv., aðallega tvö, væru í raun og veru mjög svipuð því sem ríkisstj. er að fást við. Ég sagði ekki að þau væru hin sömu. Það hef ég aldrei sagt, enda liggja þau fyrir alveg svört á hvítu og þarf ekki að hafa um það mörg orð. Það er því í sjálfu sér ekki ástæða til að lengja þessar umræður þar sem menn eru — ja, ég vil segja: í meginatriðum sammála, þó að þarna sé nokkur munur á tillögugerð.

Ástæðan fyrir því, að ég kvaddi mér hljóðs hér á nýjan leik, er sú, að hv. þm. Kjartan Jóhannsson vitnaði nokkuð rangt í það sem ég sagði hér í gær og raunar áðan einnig. Hann sagði að ég vissi ekkert um hvort bankakerfið þyldi það sem boðað hefði verið. Ég gerði grein fyrir því í ræðu minni áðan, að vonir stæðu til þess, að bankakerfið stæði svo vel eftir seinasta ár, að það gæfi svigrúm til athafna í þá veru sem hér er verið að ræða. En ég tók það mjög greinilega fram, að ekki væri lokið við að gera upp, og það lægi ekki fyrir endanlegt uppgjör í þessum efnum og ég hefði ekki fengið niðurstöður. Þannig liggur það ekki fyrir, hversu mikið þetta svigrúm er, og náttúrlega er eðlilegt að menn séu ekki í stakk búnir til þess að gera tillögur um að nýta þetta svigrúm fyrr en mönnum er ljóst hvert það er.

En þetta eru smáatriði. Það, sem máli skiptir í þessu, og það, sem ég vildi vekja athygli á þegar ég hóf umræður um þetta, var að í meginatriðum eru menn sammála um þessi mál, þó að menn geri tillögur sem ganga nokkuð á mis, þó ekki mjög. T. d. varðandi tillögurnar um verðtryggða sparireikninga er munurinn í raun og veru fyrst og fremst sá, að samkv. brbl. ríkisstj. eru það bundnir reikningar til sex mánaða og 1% vextir, en hér er lagt til að það séu óbundnir reikningar einnig með 1% vöxtum, en menn fái ekki verðtryggingu nema menn hafi þetta inni í banka í þrjá mánuði. Munurinn á þessu tvennu er ekki svo ákaflega mikill. Kannske mætti segja að munurinn væri sá, að lagaákvæði brbl. ríkisstj. bera þess vott, að menn þorðu ekki að fara lengra niður en í sex mánuði, og það er vegna þess að menn þurfa að gæta þess að hægt sé að standa undir þessum verðbótum. Það er þess vegna sem þær eru bundnar. Stjórnarandstaðan, sem ber ekki ábyrgð á þessu og getur þess vegna borið fram mál með tilliti til þess, gengur lengra í þessu efni — gengur lengra, en hefur þó ekki rökstutt það að fært sé að ganga lengra. Ég skal ekkert um það segja. Ég dreg í efa að það sé skynsamlegt eins og sakir standa að ganga lengra en í sex mánaða bindingu.

Svo að vikið sé að ríkisstj., þá er hún býsna vinsæl, það er alveg ljóst. Við sjáum hvað komið hefur fram í skoðanakönnunum sem hafa verið birtar, og engin ástæða er til að kvarta um það. (**EG:** Man ekki hæstv. ráðh. að framsóknarmenn sögðu 1978 að það væri ekkert að marka skoðanakannanir?) Ja, ég veit ekki hvort menn hafa sagt að það væri ekkert að marka þær. Við stóðum nokkuð höllum fæti fyrir kosningarnar og vildum ekki gera of mikið úr skoðanakönnununum þegar þannig stóð á, það ber að viðurkenna. Ég hef haldið því fram, að skoðanakannanir af þessu tagi séu vísbending, en mér dettur ekki í hug að álíta að þær séu nein endanleg skoðun, sem er rétt. En þær eru vísbending. Og þessar vísbendingar benda til þess, að ríkisstj. sé býsna vinsæl. Ég var heldur ekkert að kvarta yfir því, þó að ríkisstj. væri skömmuð. Ég sagði að það væri ekki ástæða til að skamma ríkisstj. út af þessu máli. Það er sjálfsagt að skamma ríkisstj. ef hún hefur unnið til þess.

Varðandi efnahagsaðgerðir ríkisstj. er það alveg ljóst og kom fram í málflutningi um áramótin, t. d. hjá mér og ýmsum fleirum, — við höfum ekki legið neitt á því — að þær aðgerðir, sem gerðar voru um áramótin, eru fyrsta skrefið í þá átt að telja verðbólguna niður. Það þarf að gera frekari aðgerðir. Annars ná menn ekki því marki sem menn hafa samið um, þ. e. 40% verðbólgu á þessu ári. Það er að sjálfsögðu verið að vinna að þessum málum á vegum ríkisstj., og ég vonast til þess, að í fyllingu tímans

komi tillögur frá ríkisstj. um frekari aðgerðir í efnahagsmálum.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Ég hef verið að velta því fyrir mér undir þessum umræðum, hvort ríkisstj. hafi verið í annarlegu ástandi þegar hún tók ákvörðun um þær aðgerðir sem boðaðar voru samhliða áramótaskaupinu, vegna þess að henni er alls ekki ljóst hvernig hún á að framkvæma það sem hún er að boða. Þó er eitt ljóst, að hún hefur fullan hug á að lækka kaup alþýðu í landinu. Annað er ekki ákveðið. Og þegar vísað er til skoðanakannana, sem birtar eru eftir þessa boðun á aðgerðum, þá er rétt að hafa það í huga, að fólk er ekki farið að finna fyrir því, hvað verður gert og hvernig það verður gert. Sannleikurinn er sá, að það á eftir að koma í ljós hvernig við þetta verður staðið. Eitt er þó ljóst, að kaupið verður lækkað.

Mér fannst áðan sem ég fengi ekki nægilega skýr svör hjá hæstv. ráðh. Það er boðað að lækka skuli vexti í marsmánuði. Þeir vita ekkert hvernig á að fara að þessu, bókstaflega ekkert. Þegar spurt er hvort þeir viti eitthvað um hvernig eigi að gera þetta, þá er það byggt á einhverjum ótilgreindum vonum sem erfitt er að átta sig á.

Í 3. gr. frv. til laga um ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu segir: „Stofna skal til verðtryggðra sparifjárreikninga í bönkum og sparisjóðum, þar sem binda má fé til sex mánaða.“ Það var tilkynnt í gær, að þetta yrði að veruleika, en tillögur um þetta hafa vafalaust borist frá Seðlabankanum, og jafnframt hafa auðvitað borist tillögur um hvernig fara eigi með útlán. Það væri mjög fróðlegt að vita hvernig með þau verður farið. Því spyr ég nú: Hverjar eru tillögur Seðlabankans varðandi útlánastefnuna? Og ef verðtryggja á lán að sama skapi auk vaxta, hvað verður það mikið? Verður það í rauninni ekki meira en þau 10% sem talað var um að samþykkja áðan? Ég endurtek að það er mikil nauðsyn fyrir sparifjáreigendur, íbúðabyggjendur og íbúðakaupendur að frv. okkar verði samþykkt. Það er eina raunhæfa leiðin til að hjálpa því fólki sem nú er í verulegum greiðsluvandræðum. Ég hef aflað mér upplýsinga um, að það er líklegt að 1200 íbúðir verði undir hamrinum nú á næstunni, svo að mikil nauðsyn er á að bæta hér úr.

Þegar við Alþfl.-menn lögðum til að vextir yrðu í einhverju samræmi við verðbólguna, þá átti það að vera þáttur í því að lækka verðbólguna. Við ætluðum okkur að berjast gegn verðbólgunni. Og það er aumt til þess að vita, að sá samstarfsflokkur, sem hvað harðast hefur gagnrýnt þessa stefnu, samþykkti þó þessa stefnu þegar Ólafslögin voru afgreidd. Það var í raun og veru það eina sem Alþb. vildi samþykkja er gat lotið að því að lækka verðbólgu. Að öðru leyti vildi það aðeins kynda og kynda. Og framsóknarmenn hafa tekið undir í þeim efnum og keppast nú við að kynda undir verðbólgu, enda sést árangurinn í því efni. Þeir tóku við stjórn í um 42% verðbólgu, en nú stefnir verðbólgan miklu hærra og hefur reyndar verið miklu hærri í þeirra stjórnartíð. Og guð veit hvað fram undan er í þeim efnum. Þeir vita það ekki sjálfir a. m. k.

Ég minni á að ef okkar frv. verður ekki samþykkt er stjórnarliðið að flytja íbúðareigendum þá kveðju, að það sé allt í lagi að húseignir þeirra fari undir hamarinn. Er það mjög miður að ríkisstj. skuli standa að því og svo góðir drengir sem þar finnast, eins og hæstv. viðskrh., sem ég veit að er samþykkur okkar frv., en fær ekki að styðja það vegna þrýstings annars staðar frá. Ég spyr enn á ný: Hvernig á að lækka vextina í mars? Ef það hefur verið boðað hlýtur það að vera á grundvelli einhverrar vitneskju, einhvers annars en vona. Ég vona og vænti þess, að ráðh. svari því, hvernig á að lækka vextina samhliða því að innlánin eru fyllilega verðtryggð. Þetta er dæmi sem ekki gengur upp. Ég hygg að Seðlabankinn hafi bent á það og okkur leikur forvitni á að vita hverjar hans tillögur voru í þessum efnum.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Það var eiginlega ekki ætlun mín að taka til máls við þessa umræðu, en það mun vera beðið eftir þskj. vegna annars máls sem hér er á dagskrá og þarf að fá afgreiðslu, svo að það tefur ekki tíma deildarinnar þó að ég segi hér örfá orð í tilefni af ýmsu sem kom fram hjá hæstv. ráðh. áðan, því að hann gaf upp boltann til almennra eldhúsdagsumræðna um efnahagsmál þegar hann sagði að nú hefði verið stigið fyrsta skrefið til niðurtalningar, eftir eitt ár. Ég er honum að mörgu leyti sammála um þetta, en ég held að ég muni það rétt, að í fyrra átti að telja niður verðbólguna, og allir vita að það varð að einu allsherjar upphrópunarmerki um aðgerðaleysi og úrræðaleysi ríkisstj. í efnahagsmálum. Ég ætla þó ekki að gera þetta að eldhúsdegi og fara að ræða vítt og breitt um efnahagsmál, en í tilefni af því, sem hæstv. ráðh. sagði, að atvinnuvegirnir hefðu ekki þolað 10% vaxtahækkun um síðustu áramót, vil ég benda á það, að einmitt það, sem ríkisstj. er að gera þessa daga, er að stíga kannske miklu stærra skref til hávaxtastefnu en hefði gerst bara með venjulegri vaxtahækkun um áramót.

Ég var á fundi með einum af seðlabankastjórunum í morgun. Við spurðum hann hvort í því fælist ekki nokkur mótsögn að fresta gildistöku Ólafslaga að því leyti að ná fullri verðtryggingu og taka jafnframt upp verðtryggingu á sex mánaða bókum. Þessi seðlabankastjóri, sem er greindur maður og líka kómiskur gat ekki varist brosi og sagði: „Jú, í þessu felst nú nokkur mótsögn.“ En það er einmitt þetta sem er verið að gera nú. Það er verið að stíga eitthvert stærsta skref til hávaxtastefnu sem stigið hefur verið á Íslandi.

Nú er kannske út af fyrir sig ekki nema gott eitt um það að segja. En á sama tíma er svo strangt verðlagseftirlit að fyrirtæki fá ekki sannanlegan kostnað borinn uppi í útsöluverði á sinni vöru, og svo mikið gengisaðhald, að jafnvel gengisfelling er kölluð leiðréttíng á gengi, eins og gerðist í dag, og fiskverð er með þeim hætti, að útgerðin er rekin með bullandi tapi, og okkar undirstöðuatvinnuvegir allir með bullandi tapi. Atvinnuvegirnir verða því náttúrlega að borga gífurlega dráttarvexti vegna síns taprekstrar. Hávaxtastefna við slík skilyrði er hrein uppskrift fyrir atvinnuleysi. Og það er þetta sem hæstv. ríkisstj. er að gera núna. Á þetta vildi ég benda hæstv. ráðh. Ég veit að hann er mér alveg sammála um þetta, en ég vildi gjarnan nota tækifærið til þess að lýsa þessari skoðun minni. Þessi stefnuatriði ríkisstj. lesin saman: hávaxtastefna, svokallað aðhald í gengismálum, sem er ekkert annað en að halda upp fölsku gengi, gífurlegt verðlagseftirlit, sem er ekkert annað en að neita fyrirtækjum um að bera uppi sannanlegan kostnað, þetta er uppskrift fyrir atvinnuleysi.

Flm. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Það er nú fyrst það, að á mig voru bornar nokkrar sakir hér áðan.

Hæstv. viðskrh. taldi að ég hefði ekki farið rétt með þegar ég lagði þannig út af hans orðum, að ríkisstj. vissi ekki hvort hægt væri að framkvæma stefnu sína. Ég lagði það út af þeim orðum ráðh. sem ég punktaði hérna hjá mér þegar hann var spurður um fyrirhugaða vaxtalækkun 1. mars, að auðvitað þyrfti að athuga stöðu bankakerfisins fyrst, áður en til framkvæmdanna kæmi. Enn fremur sagði hann að hann skyldi ekkert um það segja, hvort bankakerfið þyldi fyrirhugaða vaxtalækkun. Þetta er það sem ég taldi ráðh. segja — og fyrirgefi mér guð ef innihaldið í þessu er ekki nákvæmlega það sama, þó orðin séu kannske örlítið önnur.

Í annan stað ásakaði ráðh. mig enn þá fyrir það, að það væri ljótt að skamma ríkisstj. út af þessu máli. Ég tel að það sé rangt hjá ráðh., það sé fyllsta ástæða til þess að agnúast nokkuð út í ríkisstj. út af þessu máli. Og ég skal rökstyðja það stuttlega.

Það eru ákvæði um það í Ólafslögum, sem svo eru nefnd, að lengja skuli lán og jafna greiðslubyrði. Við það hefur ekki verið staðið. Það finnst mér forkastanlegt með öllu, og ég ítreka það enn, að með því að standa ekki við þann hlutann muni stefnan hrynja. Ég tel fyllstu ástæðu til þess að agnúast út í ríkisstj. og skamma hana, ef menn svo vilja, út af þessu máli. Ég tel líka fyllstu ástæðu til þess að agnúast út í ríkisstj. og skammast yfir því að hún skyldi ekki grípa til og halda utan að verðlagsmálunum á öllu undanförnu ári, þannig að verðbólga rauk hér upp úr öllu valdi í stað þess að hún átti auðvitað að koma niður á móti vöxtunum eins og hæstv. viðskrh. talaði um áðan. Við stæðum ekki í þessum sporum núna ef ríkisstj. hefði staðið sig í þeim málum, svo að ég tel fyllstu ástæðu til þess að agnúast út í ríkisstj. af því tilefni.

Annars rekur mig minni til þess, úr því að við erum að tala um þessar háu prósentutölur, 50%, 75% og því um líkt, að það hafi verið í stefnuskrá Framsfl. fyrir kosningarnar 1979, að verðbólgan á árinu 1981, því ári sem við erum að tala um, ætti að vera 18%, en ekki 50%. (Gripið fram í.) Já, þá hefðum við líka náð árangri. Við vorum á góðri leið. En auðvitað eru þetta fjölþætt mál og verður að taka á þeim frá degi til dags. Ríkisstj. tók þann kost í sambandi við þær ákvarðanir, sem voru teknar núna um áramótin, að taka upp það sem kallað var fast gengi. Nú hefur í dag verið gefin út tilkynning um það, að breyta þurfi túlkuninni á þessu. Ég get ekki að því gert, að mér þótti það heldur hjákátleg tilkynning sem kom frá ríkisstj., því að efnislega var hún á þá leið, að vegna þess hve dollarinn væri mikilvægur fyrir útflutning okkar Íslendinga hefði verið ákveðið á gamlársdag að binda gengi íslensku krónunnar við dollarinn. Nú hefði hins vegar komið í ljós að gengi Evrópumyntar væri mjög mikilvægt fyrir íslenskan útflutning og þess vegna hefði verið ákveðið að hætta að binda gengi krónunnar við dollarinn. Ég held að ríkisstj. hefði átt að hyggja aðeins betur að þessum málum — rétt eins og fleiri yfirlýsingum sem hér hefur verið talað um — áður en hún lét þær frá sér fara, svo að það væri einhver vitglóra í framkvæmdinni og menn þyrftu ekki að fara tvisvar sinnum í gegnum sjálfan sig í sama málinu.

En að lokum aðeins þetta því að ég lofaði að vera stuttorður: Ég fagna því, að ráðh. kom loksins með rétta skilgreiningu á okkar frv., að því er varðaði með hvaða hætti sparifé yrði ávaxtað, og viðurkenndi að þar væri ekki um raunverulega bindingu að ræða. Ráðh. fer fram í hverri ræðunni og það er eiginlega synd til þess að vita, að við skulum ekki geta fengið að tala hér langtum oftar um þetta, því að á endanum kæmumst við kannske að þeirri niðurstöðu, að við gætum verið sammála og að frv. okkar Alþfl.-manna væri harla gott. Ráðh. sagði að í meginatriðum væri hann sammála þessu frv. Alþfl., þó að af hans málflutningi megi skilja að hann þori ekki að styðja frv.

Eitt atriði, sem hæstv. ráðh. minntist á í þessu sambandi, gefur mér tilefni til þess að varpa fram einni spurningu. Hann talaði um það, að ríkisstj. hefði ekki þorað að fara lengra en í sex mánaða bindingu og hefði ekki þorað að fara í styttri bindingu en sex mánuði, hins vegar væri það svo í frv. okkar Alþfl.-manna, að við reiknuðum með að það fé, sem væri óhreyft hverja þrjá mánuði, nyti verðtryggingar. Ég vil þá spyrja hvort ráðh. væri t. d. tilbúinn til að fylgja þessu frv. okkar ef við mættumst þarna á miðri leið, t. d. gerðum þá breytingu á okkar frv. að binda verðtrygginguna við fé sem lægi óhreyft í 4 ½ mánuð eða 5 mánuði t. d.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Það var mikið gert úr því, þegar óskalisti ríkisstj. var lesinn yfir landslýð á gamlárskvöld, að nú ætti að hafa fast gengi. En nú er komið í ljós að það á að hafa fast, sveigjanlegt gengi, og það er vissulega tímabær spurning, hversu lengi ríkisstj. ætlar að reyna að blekkja almenning með orðaleikjum eins og hér er verið að fást við. Hins vegar verð ég að segja það, að mér þykir hæstv. viðskrh. vera kjarkaður maður, og ég dái það á vissan hátt. Hann kemur hér upp í ræðustól og talar um niðurtalningu. Niðurtalningin var eitt helsta kosningaslagorð framsóknarmanna í síðustu kosningum. Það gekk ekki á öðru þá en tali um niðurtalningu og drengskap. Ég held að menn muni þetta ákaflega vel. Núna, þegar Alþ. hefur tekist að grafa niðurtalninguna svo gersamlega að það mátti ekki einu sinni nota orðið niðurtalningu í óskalista ríkisstj. sem lesinn var yfir landslýð á gamlárskvöld, þá þarf vissulega töluverðan kjark til að koma hér í ræðustól í þessari hv. deild og tala um niðurtalningu ríkisstj. Það þarf kjark til þess.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Alþfl.-menn eru nú búnir að tala sig dauða hver um annan þveran, svo að ég held að ég fari nú að ljúka þessu. Það er ekki sanngjarnt að ég messi hér yfir þeim og þeir megi ekki taka til máls nema með örstuttum athugasemdum, þó að þær vilji stundum verða nokkuð langar að vísu.

Varðandi ýmsar spurningar, sem hafa verið lagðar fyrir mig, þá vil ég vísa hv. þm. á að gera fyrirspurnir í þinginu og ég mun þá svara þeim þar.

Varðandi gengismálin, sem nokkuð hefur borið hér á góma, vil ég aðeins segja það, að sú ákvörðun, sem ríkisstj. tók í gengismálum í dag, miðast við að gengi íslensku krónunnar sé óbreytt frá áramótum miðað við meðalgengi þeirra gjaldmiðla sem við skráum hér hjá Seðlabankanum, þannig að frá áramótum hefur íslenska krónan ekki fallið um eitt einasta prósent eða prósentubrot, heldur stendur með sama styrkleika og var um áramótin. En það er ástæða til að benda á það, að núna á síðustu dögum, síðustu tveimur vikum, hefur það gerst, þvert ofan í það sem menn bjuggust við, að Bandaríkjadollar hefur styrkst svo gífurlega að það nemur rétt tæplega 4% á líklega tveimur vikum, sem hefur haft það í för með sér, að íslenska krónan hefur styrkst gagnvart ekki

ómerkari gjaldmiðli en t. d. svissneska frankanum um 8—9% og vestur-þýska markinu yfir 8% o. s. frv. Ég veit að hv. þm. skilja það mætavel, að útflutningsiðnaður okkar, sem framleiðir aðallega fyrir Evrópumarkað og fær greitt fyrir sínar vörur í Evrópugjaldeyri, þolir náttúrlega ekki þessa þróun mála. Þegar af þeirri ástæðu var nauðsynlegt að grípa til aðgerða eins og gerðar hafa verið í dag. En ég legg áherslu á það, að þessar aðgerðir eru allar á þann veg að gengi krónunnar gagnvart þeim gjaldmiðli, sem skráður er hjá Seðlabankanum, þegar meðaltal er tekið, er óbreytt frá áramótum eftir þá breytingu sem ákveðin var í dag.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 358, n. 402 og 405, 403, 404). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Það er alkunna, að í gildi eru í landinu skattalög sem samið voru í tíð ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar og flutt af Matthíasi Á. Mathiesen fjmrh. Þessi lög fela í sér mjög veigamiklar breytingar á eðli skattkerfisins hér á landi. Eitt af meginákvæðum þessara laga er að breyta tilhögun vaxtafrádráttar við skattlagningu frá því, sem hún var áður, og binda hana hvað snertir einstaklinga, sem ekki eru í atvinnurekstri, við íbúðarhúsnæði til eigin nota eingöngu.

Veturinn 1979—1980 fóru fram viðræður milli þingflokka um framkvæmd þessara skattalaga og náðist þá samkomulag allra þingflokka um að láta gildistöku þeirra ná fram að ganga með þeim hætti sem ákveðið hafði verið áður, en ákvæðið um vaxtakerfið til skatts kæmi ekki til framkvæmda fyrr en tekju ársins 1980 yrðu skattlagðar, þ. e. í þeirri skattlagningu sem nú fer í hönd.

Það hefur hins vegar orðið ljóst á síðustu vikum og mánuðum, að ýmsir hafa talið að ekki væri grundvöllur fyrir því að láta þessi ákvæði koma til framkvæmda nú. Minni hl. fjh.- og viðskn., sem skipaður er flokksmönnum þess fjmrh. sem er höfundur þessara skattalaga, ákvað að skila sérstöku nál. sem gerð verður grein fyrir á eftir. Meiri hl. n., sem skipaður er öðrum nm., hefur ákveðið að láta fyrri ákvæði laganna koma til framkvæmda, þó með ákveðnum breytingum sem eiga að auðvelda öllum almenningi að laga sig að því nýja kerfi sem hér er tekið upp.

Það er með þetta atriði eins og mörg önnur í þeim skattalögum, sem nú gilda, að erfitt er að átta sig nákvæmlega á eðli ákvarðana fyrr en framkvæmdin liggur fyrir. Ég vil þess vegna strax í upphafi míns máls láta koma fram það sjónarmið þeirra, sem að þessu áliti standa, þ. e. meiri hl. n., að nauðsynlegt sé, þegar álagning liggur fyrir næsta sumar, að skoða sérstaklega, hvernig þetta atriði, vaxtafrádrátturinn vegna eigin íbúðarhúsnæðis, hefur komið út, og jafnvel gera þá breytingar á skattalögunum og álagningunni sjálfri, ef í ljós kemur að það fellur ekki í þann farveg, sem meiri hl. n. telur eðlilegt, eða kemur svo niður í ákveðnum tilfellum að ekki er bærilegt fyrir viðkomandi einstaklinga eða fjölskyldu. En við höfum þó trú á því, að með breytingum, sem lagt er til að gera á frv. og greint er frá í nál. og á sérstöku þskj., sé kerfið orðið með þeim hætti að viðunandi sé fyrir allan þorra almennings. Ég vil því gera hér nokkra grein fyrir þeim ákvæðum sem brtt. eru fluttar um.

Í fyrsta lagi er, eins og í upphaflegu frv. sem hér var lagt fyrir, ákveðið að hámark vaxtafrádráttar fyrir einhleyping verði hækkað úr 1.5 millj. gkr. í 2.5 millj. gkr. og þessar tölur hækka síðan enn frekar miðað við skattvísitölu 145 stig. Það hefur í för með sér að á gjaldárinu 1981 verða vextir vegna kaupa á eigin íbúðarhúsnæði frádráttarbærir að upphæð 3.6 millj. rúmar fyrir einhleyping og 7 millj. 250 þús gkr. fyrir hjón.

Í öðru lagi er tekið upp það nýmæli, að verulegar endurbætur á íbúðarhúsnæði verða frádráttarbærar hvað vexti snertir, líkt og um íbúðarkaup hefði verið að ræða, ef þessar endurbætur eru meiri háttar eða nema að verðgildi 7% eða meira af fasteignamati íbúðar í árslok. Hér er farið inn á þá braut, að ákveði einstaklingar að gera meiri háttar breytingar á sínu íbúðarhúsnæði verði farið með þær í skattalegu tilliti líkt og um venjuleg íbúðarkaup eða húsbyggingar væri að ræða. Ég tel að þetta sé mjög mikilvægt ákvæði og eigi að stuðla að því, að einstaklingar hugi betur en ella að varanlegri endurnýjun og viðhaldi síns íbúðarhúsnæðis. Við erum komnir á það stig í aldri íbúðarhúsnæðis í elstu þéttbýlisstöðum landsins, að slíkar meiri háttar viðgerðir eru fyllilega orðnar tímabærar í stórum hlutum Reykjavíkurborgar og velflestum stærstu kaupstöðum landsins. Þess vegna er mjög mikilvægt að ákvæði af þessu tagi sé tekið inn í skattalögin.

Í þriðja lagi er skilgreining á þeim lánum sem eru frádráttarbær án tillits til þess, hversu langt er liðið frá öflun íbúðarhúsnæðis, rýmkuð á tvennan hátt frá því sem er í lögunum. Í fyrsta lagi, að undir þennan flokk lána falla nú öll fasteignaveðlán til tveggja ára eða lengri tíma, en í lögunum er krafist a. m. k. þriggja ára lánstíma. Í öðru lagi, að á gjaldárinu 1981 séu lán til tveggja ára eða lengri tíma til öflunar íbúðarhúsnæðis, sem tryggð eru með sjálfskuldarábyrgð þriðja manns, lögð að jöfnu við fasteignaveðlán. Þessar breytingar fela í sér að mjög mikið af þeim vaxtaaukalánum, sem fjöldi íbúðarhúsakaupenda hefur orðið að taka á undanförnum árum, ætti að falla innan þeirrar vaxtafrádráttarskilgreiningar sem yrði gildandi í lögunum.

Fjórða meiri háttar breytingin felur það í sér, að tímamörk frá kaupári eða upphafsári byggingar eru rýmkuð allverulega. Þau eru lengd úr tveimur árum í þrjú hvað snertir íbúðakaup og úr fjórum árum í sex hvað snertir íbúðabyggingar. Ég tel eðlilegt að þarna sé gerður verulegur munur á íbúðakaupum og byggingum, vegna þess að byggingartími gæti verið 2—3 ár og þess vegna eðlilegt að þeir sem byggja sér húsnæði, njóti þessara kjara álíka lengi og þeir sem kaupa húsnæðið fulltilbúið.

Þessar fjórar breytingar: hækkun vaxtafrádráttarmarkanna, að gera veigamiklar endurbætur á íbúðarhúsnæði frádráttarbærar líkt og um kaup eða nýbyggingu væri að ræða, að ákveða að lán með sjálfskuldarábyrgð jafngildi á árinu 1981 venjulegum fasteignaveðtryggðum lánum og í fjórða lagi að lengja tímatakmörkin frá því sem var í lögunum, ætti að okkar dómi, sem að nál. meiri

hl. stöndum, að gera öllum þorra almennings í landinu, sem hefur ráðist í að tryggja sér venjulegt íbúðarhúsnæði fyrir sig og fjölskyldu sína, kleift að ganga til þeirra verka án þess að það hafi nein sérstök áhrif á skattbyrðina. Hins vegar verða áfram í gildi þau ákvæði þessara skattalaga sem sett voru fyrir um það bil þremur árum og hindra að menn noti vaxtafrádráttarkerfið líkt og áður tíðkaðist til þess að gera sig meira eða minna skattlausa, án þess að þeir vextir væru á nokkurn hátt tengdir íbúðakaupum viðkomandi einstaklinga.

Við þekkjum öll hér innan þings og mikill fjöldi almennings dæmi um það, hvernig menn hafa notað lánveitingakerfið til þess að skapa sér skattalega stöðu á þann veg, að þeir borguðu lítið sem ekkert til almennra þarfa í landinu, jafnvel léku þann leik að taka lán í bönkum fyrir áramót til að auka vaxtabyrði sína til þess að minnka skattgreiðslur sínar. Í lögunum var einnig tekin upp sú regla, að einstaklingar, sem stunduðu atvinnurekstur, ættu ekki að geta fært á milli sinna einkaumsvifa og fjölskyldu sinnar annars vegar og fyrirtækis síns hins vegar fjármuni í því skyni að hagnast á því skattalega séð. Þær breytingar, sem hér eru gerðar á vaxtaákvæðum skattalaganna, eru innan þess ramma að halda þeirri grundvallarreglu, að slík tilfærsla fyrir einstakling í atvinnurekstri sé ekki möguleg.

Ég held að það sé mjög mikilvægt fyrir þá, sem að þessum lögum stóðu á sínum tíma, og þingheim allan, að láta þau koma til framkvæmda eins og þau voru hugsuð í upphafi, en fara ekki nú að tína út úr meiri háttar grundvallarreglur laganna og annaðhvort fresta framkvæmd þeirra eða ónýta þessar grundvallarreglur að meira eða minna leyti þannig að þjóðin geti ekki fengið að kynnast þessum skattalögum í heild sinni. Þess vegna harma ég það, að minni hl. n., þm. Eyjólfur Konráð Jónsson og Lárus Jónsson, skuli ekki hafa til að bera þann pólitíska kjark að lofa þessum skattalögum Matthíasar Á. Mathiesens að njóta sín. Mér finnst þetta sérkennileg undansláttarstefna. Hefði verið karlmannlegra af þeim að taka þátt í því með okkur hinum hér í deildinni að breyta ákvæðunum á eðlilegan hátt, eins og þær brtt. sem gerðar eru fela í sér, en láta ákvæðin að öðru leyti standa.

Auðvitað er alltaf hægt að reyna að afla sér stundarvinsælda með því að minnka skattbyrði fólks. En ég held að slík hljómsveitarverk af hálfu hluta stjórnarandstöðunnar eigi ekki að vera á kostnað þeirra grundvallarreglna skattalaganna sem þeir stóðu að á sínum tíma og var talið eitt helsta stolt ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar. Fyrst við ýmsir, sem sátum þó hjá við afgreiðslu þeirra skattalaga, höfum gengið í það verk að taka að okkur í samvinnu við aðra þingflokka, eins og ákveðið var veturinn 1979—1980, að láta þessi skattalög koma til framkvæmda, þá verð ég að segja það eins og er, að mér finnst það koma úr hörðustu átt að jafntraustir liðsmenn stjórnarandstöðuarmsins í Sjálfstfl. og Lárus Jónsson og Eyjólfur Konráð Jónsson og jafneinlægir aðdáendur ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar og þeir eru skuli verða meðal fyrstu manna til að hlaupast undan þessum merkjum.

Í brtt. meiri hl. er kveðið skýrar að orði um það, hvar innan skattalaganna sá frádráttarliður, sem upphaflega var í frv., til iðnaðarmann og hljóðfæraleikara, skuli koma í skattalögunum sjálfum. Meginhluti brtt. fjallar hins vegar um vaxtakerfið, eins og ég hef verið að lýsa, og ég vil fyrir hönd meiri hl. n. leggja til að brtt. verði samþykktar. Ég þakka nm. öllum fyrir ágætt samstarf í n. að framgangi þessa máls og vona að þingið beri gæfu til þess að afgreiða málið næstu daga, Ed í dag og að Nd. geti síðan tekið það til umfjöllunar strax, vegna þess að það er nauðsynlegt vegna framtalanna að almenningur í landinu fái að vita, hvernig þessum vaxtafrádrætti verður háttað, áður en framtalsfrestur rennur út.

Frsm. minni hl. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég get ekki látið hjá líða að víkja að því við hæstv. forseta, að hæstv. fjmrh. hefur ekki látið sjá sig við þessa umr. Ég hélt að hann hefði haft einhvern áhuga á því að fá þetta mál afgreitt úr þessari hv. deild. (**Forseti:** Óskar hv. þm. eftir nærveru hæstv. fjmrh.?) Já, ég ætlaði að fá að spyrja hann nokkurra spurninga. (**Forseti:** Ég mun gera ráðstafnir til þess að athuga hvort hæstv. fjmrh. er viðstaddur. Það munu vera nokkur vandkvæði á því að hæstv. fjmrh. geti verið hér. Ég vil mælast til þess, að hv. 3. þm. Norðurl. e. geri augnablik hlé á ræðu sinni og við athugum málið, ef hann leggur áherslu á það.)

Herra forseti. Ef hæstv. ráðh. er vant við látinn, þá er þar sú eina lausn frá minni hálfu, að hæstv. forseti skýri honum frá því, að ég hafi saknað hans mjög við afgreiðslu málsins og ég skuli ræða seinna um þær spurningar en ég ætlaði að ítreka, — spurningar til hans um hvenær væri að vænta frekari frumvarpa frá hæstv. ríkisstj. um skattamál, eftir því sem kom fram í efnahagsáætlun ríkisstj. á gamlárskvöld. Hann gat ekki svarað þessu við 1. umr., en ég hélt að hann hefði kannske einhver svör við þessu nú. En ég skal halda áfram ræðu minni og sætti mig við það, þó að ég sakni hæstv. ráðh. mjög við þessa umr. (**Forseti:** Hæstv. ráðh. verður gerð grein fyrir óskum hv. þm. og hug hans til hans, og nú heldur umr. áfram.)

Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns við 2. umr. þessa máls leiðrétta misskilning sem kom fram hjá hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni og hann hefur ítrekað nokkuð oft í þessari hv. deild. Er kominn tími til að leiðrétta þau ummæli.

Þau skattalög, sem gilda nú, voru ekki samin alfarið í tíð Geirs Hallgrímssonar og Matthíasar Á. Mathiesens. Þau ákvæði, sem gilda núna um frádráttarhæfni vaxta, eru í lögum sem eru undirrituð af hæstv. núv. fjmrh., Ragnari Arnalds. Eins og hv. frsm. meiri hl. n. getur séð í fyrirsögn þessa frv., þá er þetta frv. einnig um breytingu á lögum nr. 20 frá 7. maí 1980, en í þeim lögum er einmitt ákvæði um það, hvernig fara skuli með vaxtafrádrátt. Þau eru þar ásamt mörgum öðrum ákvæðum, mýmörgum öðrum ákvæðum, einum 58 greinum sem hæstv. núv. ríkisstj. stóð að að breyta þeim lögum sem sett voru 1978. Það er því ónákvæmni, vil ég segja, í málatilbúnaði hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar að tala um að gildandi skattalög séu samin af þessum tveimur ágætu mönnum fyrst og fremst, Matthíasi Á. Mathiesen og Geir Hallgrímssyni. Þau eru í veigamiklum efnum á ábyrgð hæstv. núv. ríkisstj. og þetta ákvæði, sem verið er að breyta hér, sem er meginmál þessa frv., það er einmitt ákvæði í þessum lögum, nr. 7 frá 1980.

En við skulum ekki fjölyrða um það. Það er áformað að afgreiða þetta mál frá hv. deild í dag og við stjórnarandstöðuþingmenn og þeir, sem hafa sérálit í þessu máli, ætlum ekki á einn eða annan hátt að raska því. Við höfum gert um það samkomulag að þetta mál verði afgreitt hér frá hv. deild í dag, enda er nauðsynlegt að

afgreiða það fyrir lok framtalsfrests og þá í þessari viku frá hinu háa Alþingi og ekki ástæða til af þeim sökum að bregða á einn eða annan hátt fæti fyrir málið.

Ég vil taka það skýrt fram, að við, sem höfum sérálit í þessu máli, teljum að brtt. hv. þm., sem skipa meiri hl., séu til bóta og til hagsbóta frá því, sem er í gildandi lögum, fyrir skuldugu húsbyggjendur. Á hinn bóginn teljum við að í frv., eins og það er, og þeim brtt. við það sem hafa verið kynntar af hálfu meiri hl. hv. fjh.- og viðskn., sé um að ræða mjög flókin ákvæði sem erfitt er að segja um hvernig verði í framkvæmd, auk þess sem þau gangi of skammt til að rétta hag þeirra sem eru að afla sér húsnæðis, annaðhvort að kaupa eða byggja yfir sig. Oft á tíðum er þarna um ungt fólk að ræða sem er líka að setja saman bú að öðru leyti. Þess vegna þarf að koma til móts við þetta fólk og við teljum að þarna sé gengið of skammt.

En það er þó meginatriði í okkar gagnrýni á brtt. meiri hl., að við lítum svo á að almenningur í landinu hafi gert ráð fyrir óbreyttum skattafrádrætti vaxta, eins og hann var á fyrra ári. Við teljum því að með þeim takmörkunum, sem felast í þessum till. frá því sem gert var ráð fyrir í fyrra, sé verið að koma aftan að fólki með skattaálögur, og það er eitt meginatriði í stefnu okkar Sjálfst.-manna að svo sé ekki gert, sbr. ákvæði í frv. um bann við afturvirkni íþyngjandi skatta sem liggur fyrir Nd., flutt af þeim mætu mönnum sem hér voru nefndir áðan, Matthíasi Á. Mathiesen og Geir Hallgrímssyni. Við leggjum því til að einstaklingar fái allir frádregna vexti í ár eins og var í fyrra, en þó með þeirri takmörkun að hámark frádráttar einstaklings verði 4.3 millj. eða rétt u. þ. b., eftir að skattvísitala hefur verið lögð á þann frádrátt sem við leggjum til, og hámark vaxtafrádráttar hjóna verði 8.7 millj. Við leggjum til að nú verði fest í lög ákvæði sem gilda eiga á næsta ári, þannig að almenningur viti í ár um skattameðferð vaxtafrádráttar á því ári og geti gert sér grein fyrir því, þegar ákvörðun er tekin um að afla lána á þessu ári, hvernig vaxtafrádrætti verði háttað á því næsta. Þetta er kjarni afstöðu okkar í þessu afmarkaða máli skattalaganna.

En núv. hæstv. ríkisstj. hefur vanrækt þetta. Ungt fólk hefur í fyrra ekki búið við það réttlæti, vil ég segja, að vita hvernig farið yrði með vaxtafrádrátt á þessu ári. Þess vegna teljum við hreinlegast, heiðarlegast og eðlilegast að fresta því um eitt ár enn að taka upp þær reglur sem hv. þm., sem skipa meiri hl. n., vilja taka upp nú. Við teljum sem sagt að þær breytingar, sem fram hafa komið núna — þó að þær séu í rétta átt — séu fram komnar allt of seint og gangi of skammt og séu að þessu tvennu leyti ósanngjarnar gagnvart fjölda fólks sem þurft hefði að gera sér grein fyrir afleiðingum gerða sinna í skattamálum þegar teknar voru ákvarðanir um lántökur á s. l. ári.

Við höfum því á þskj. 404 lagt fram brtt. um nýtt ákvæði til bráðabirgða, sem þýðir í raun, eins og ég hef hér lýst, að almennt verði vaxtagjöld, verðbætur, afföll og gengistöp frádráttarbær hjá einstaklingum á þessu ári, en þó með þeim takmörkunum sem ég lýsti áðan í upphæðum. Að því leyti teljum við okkur ganga til móts við þá sem vilja ekki að þessi vaxtafrádráttur sé ótakmarkaður. Við teljum að þarna sé ekki um svo mikið mál að ræða fyrir ríkissjóð, að það réttlæti það óréttlæti, ef svo mætti segja. Tekjutap ríkissjóðs, sem við teljum að verði í þessu máli ef það verður samþykkt eins og meiri hl. leggur hér til, af þessum vaxtafrádrætti yrði í hæsta lagi 1.8 milljarðar gkr. Ég segi: í hæsta lagi, því að það er að sjálfsögðu kostnaður fyrir ríkissjóð vegna þeirra brtt. sem meiri hl. hefur lagt hér fram þannig að þessir 1.8 milljarðar eru ekki tekjutap fyrir ríkissjóð að auki. Ef vaxtafrádráttur væri heimilaður eins og í fyrra yrði tekjutapið eins og ég sagði, 1.8 milljarðar gkr.

Það hefur komið fram hér í umr. hjá hæstv. fjmrh., að skattvísitalan 145, sem er lögfest í núv. fjárlögum, mundi þýða allverulega hærri tekjur í ríkissjóð af tekju- og eignarsköttum en fjárlög gera ráð fyrir. Hér er því á engan hátt verið að stefna afkomu ríkissjóðs í voða, heldur er verið að reyna að viðhafa þau vinnubrögð sem eru hreinust gagnvart skattgreiðendum, að þeir viti fyrir fram sem gerst um það, hvernig skattleggja eigi tekjur þeirra og eignir.

Það væri freistandi að ræða í tengslum við þetta mál stefnu ríkisstj. í húsnæðismálum yfirleitt, því að þetta er auðvitað hluti af henni. Verið er í meginákvæði þessa frv. að ívilna húsbyggjendum og þeim sem eru að kaupa yfir sig eigið húsnæði. En ég skal ekki gera það að þessu sinni. Ég vil aðeins benda á það, að ef lögin, sem núv. hæstv. ríkisstj. ber ábyrgð á, um vaxtafrádrátt, lög nr. 7 frá 1980, eru höfð í huga og þau lánskjör, sem gilda almennt á markaðnum í 50 — 60% verðbólgu, þegar búið er að verðtryggja í rauninni öll innlán og útlán, eins og hæstv. ríkisstj. stefnir að, þegar það er einnig haft í huga, að fjárlög gera ráð fyrir 5 — 6 milljarða gkr. niðurskurði á framlögum ríkissjóðs til húsnæðismála og enn fremur að fjárlög gera ráð fyrir að 7 milljörðum gkr. verði varið úr almenna byggingarlánasjóðnum, fært úr hinum almenna byggingarlánasjóði húsnæðismálastjórnar til Byggingarsjóðs verkamanna, — þegar þessi atriði öll eru höfð í huga, þá þarf náttúrlega engan að undra þó að minni eftirspurn sé eftir lóðum og minna sé um það að ungt fólk hugsi sér að koma yfir sig eigin húsnæði. Svo rammt kveður að þessu t. d. þar sem ég þekki gerst til, á Akureyri, að fyrirsjáanlegt er stórfellt atvinnuleysi í byggingariðnaðinum.

Það er því ekki vanþörf á að koma myndarlegar og betur til móts við húsbyggjendur en gert er ráð fyrir í þessu frv. Ég get getið þess, að ég aflaði mér upplýsinga um húsbyggjanda sem tók fyrsta hluta láns síns hjá húsnæðismálastjórn í júlí 1979. Hann fékk 1 millj. kr. þá. Síðan tók hann annan hluta í jan. 1980, þá 1.8 millj., og þriðja hluta í júlí 1980, 1.8 millj. Þetta eru 4.6 millj. Eftir að hann er búinn að borga af þessu láni, sem var 4.6 millj., verður höfuðstóll lánsins skv. útlánareglum Byggingarsjóðs ríkisins kominn upp í 9.5 millj. kr. 1. maí í ár. Lánið, sem húsbyggjandinn fékk, var 4.6 millj. gkr., það er komið upp í 9.5 millj. 1. maí. Þessi húsbyggjandi þarf að vísu ekki að borga stóra fjárhæð í ár, en þegar höfuðstóllinn er kominn upp í þessar fjárhæðir veltir boltinn allsnögglega utan á sig. Hér er náttúrlega um stórfellt vandamál að ræða. Auk þess fær þessi lántakandi lánað núna um 25% af andvirði fjögurra herbergja íbúðar í blokk, en hefði fyrir nokkrum árum fengið á milli 30 og 40% af andvirði sömu íbúðar. Það er því engin vanþörf á að taka þessa stefnu upp til athugunar í heild, bæði það, hvernig draga skuli vexti frá skattskyldum tekjum húsbyggjenda og þeirra sem eru að koma yfir sig eigin húsnæði, og aðra þætti húsnæðismálastefnunnar líka.

Herra forseti. Ég get verið fáorður um 1. gr. frv. Ég hef talað hér um megingrein frv., sem er 2. gr., um vaxtafrá-

drátt húsbyggjenda og þeirra, sem eru að kaupa húsnæði, frá skattskyldum tekjum. En í 1. gr. er tekið upp ákvæði um frádrátt vegna verkfæra- og hljóðfærakaupa. Slík ákvæði voru afnumin úr skattalögunum 1978 með samþykki allra flokka, og ástæðan fyrir því var sú, að tekin var upp 10% frádráttur, heimilaður frádráttur 10% af brúttótekjum og á móti voru felldir niður mjög margir frádráttarliðir. Ég man ekki hvað þeir voru margir, milli 20 og 30. En hér er sem sagt farið inn á þá vafasömu braut að byrja að tína þessa liði inn aftur. Hér er verið að fara þveröfuga leið við það sem var meginstefna þeirra skattalaga sem sett voru með samþykki allra flokka. Ég segi að þetta sé vafasamt, því að hvað ætlar hæstv. ríkisstj. að gera ef t. d. læknar koma og óska eftir að fá frádrátt vegna tímarita og fagbókmennta, sem þeir þurfa á að halda, eða verkfræðingar — af því að ég sé að hér situr einn verkfræðingur? Þessir liðir eru legíó. (Gripið fram í.) Jú, og viðskiptafræðingar þurfa kannske að lesa. Jú, jú, en þeir eru legíó, þeir liðir sem mætti hugsa sér að draga frá skattskyldum tekjum, og ég held að hér sé verið að fitja upp á því að snúa við þeirri þróun sem varð með þeim lögum, að fækka þessum frádráttarliðum. Ég ætlaði líka að spyrja hæstv. fjmrh., ef hann hefði séð sér fært að vera hér við, — en mér er tjáð að hann hafi mjög lögmæta afsökun fyrir sinni fjarvist, — hvað hann hugsaði sér að gera í þessum efnum, því að í málefnasamningi ríkisstj. er mjög ákveðið tekið fram að upp verði tekið staðgreiðslukerfi skatta innan tveggja ára. Nú er hæstv. ríkisstj. orðin eins árs, svo að það fer að líða að því, að upp verði tekið staðgreiðslukerfi skatta, og þá uggir mig, ef á að fjölga mjög slíkum frádráttarliðum — svo sem hliðstæðum liðum og ákvæði eru um í 1. gr. frv. — að það kerfi verði allflókið í framkvæmd.

Annað mál er það, að sjálfsagt væri athugandi, og ég tel að það sé miklu brýnna athugunarefni, að breyta frádrætti farmanna og fiskimanna, sjómanna, í þeirri stöðu sem samningamál þeirra eru nú, og t. d. námsmanna, þannig að námskostnaður, fjárfesting í námi yrði a. m. k. jafnrétthá fjárfestingu í steinsteypu til frádráttar til skatts.

Ég skal ekki lengja þetta mál. Eins og ég sagði í upphafi er hér um mjög afmarkað mál að ræða, mál sem þarf afgreiðslu í þessari viku. Og þó að við hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson höfum sérstöðu í málinu og viljum gefa frest til breytingar, setja ákvæði sem kæmi til framkvæmda á næsta ári, þannig að fólk vissi nákvæmlega núna að hverju það gengi í þessum efnum, þá er það ekki okkar ætlan að setja fótinn á einn eða annan hátt fyrir þetta mál, því að það er sannarlega heldur til bóta en hitt.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Vissulega væri ástæða til þess, eins og kom fram hjá hv. þm. Lárusi Jónssyni, 3. þm. Norðurl. e., að fjalla um málefni húsbyggjenda nánar í samhengi við þessi lög, en þar sem ég hef gert þau málefni mjög itarlega að umræðuefni fyrr í dag og í gær ætla ég í megindráttum að stilla mig um það.

Ég veit að okkur er öllum ljóst að það málefni sem við erum að fást við hér er að ýmsu leyti vandasamt. Það er meginstefna þeirra skattalaga, sem við höfum fyrir okkur, að leyfa ekki vaxtafrádrátt hjá einstaklingum eða af því tagi sem hér um ræðir. Hins vegar virðist öllum hafa verið ljóst frá upphafi, að a. m. k. við ríkjandi ástand væri óhugsandi annað en gera undantekningu frá þessari reglu að því er varðaði húsbyggjendur og íbúðarkaupendur.

Í umfjöllun í nefndinni hefur Alþfl. lagt sérstaka áherslu á þessi atriði, og þær breytingar, sem gerðar hafa verið, eru allar í þá átt að rýmka möguleika húsbyggjenda og íbúðakaupenda til frádráttar af þessu tagi.

Á hinn bóginn er svo sú hlið málsins, að ótakmarkaðar eða lítt takmarkaðar heimildir til vaxtafrádráttar bjóða upp á misnotkun af hálfu þeirra einkanlega sem stunda atvinnurekstur og gætu flutt lán vegna rekstrar yfir á einkaframtal. Hér þarf því að ástunda einhvers konar jafnvægislist, annars vegar takmarkanir til þess að draga úr hættu á misnotkun og hins vegar að koma til móts við húsbyggjendur.

Ég held að okkur sé öllum ljóst að erfitt sé að sjá fyrir nákvæmlega hvar draga eigi þessa línu. En það er mat okkar Alþfl.-manna, að svo mikið tillit hafi verið tekið til þeirra sjónarmiða sem við höfum talað fyrir, að rétt sé nú að stíga það skref sem gert er ráð fyrir með þeim breytingum sem hér hefur verið mælt fyrir af hálfu meiri hl. nefndarinnar sem ég er aðili að.

Það er megininntak þeirra breytinga, sem felast í þessum tillögum, að rýmka ákvæðin um vaxtafrádrátt. Ég vil að vísu minna á það í þessu sambandi — og kannske ekki síst vegna þeirra ummæla sem hér komu fram hjá hv. þm. Lárusi Jónssyni um afturvirkni íþyngjandi skatta — að þær breytingar, sem hér eru gerðar, geta vitaskuld ekki flokkast undir það, vegna þess að ákvæðin, sem eru í lögum og áttu að koma til framkvæmda núna, voru strangari.

Margir hafa sjálfsagt ekki gert sér nægilega grein fyrir, hvernig þessu mundi háttað, og ég tel að sumar þær breytingar, sem hér eru gerðar, hafi einmitt tekið mið af þeim sjónarmiðum. Engu að síður kemur það fram í till. minni hl., að hann vill hafa hámark, sem væri þá líka breyting frá því sem var framkvæmt seinast.

Ég held að óþarft sé að rekja þær breytingar sem gerðar hafa verið í rýmkunarátt öllu frekar en áður hefur verið gert. Þær fjalla um hækkun á hámarksfrádrætti, um endurbætur á íbúðarhúsnæði, að leyfa vaxtafrádrátt þeirra vegna eftir ákveðnum reglum og að stytta þann tíma, sem við er miðað varðandi fasteignaveðlán, að þau geti verið til tveggja ára í stað þriggja og að á árinu 1981, gjaldárinu, skuli hið sama gilda um lán með sjálfskuldarábyrgð og gildir um fasteignaveðtryggð lán. Loks eru tímamörk frá kaupári eða upphafsári byggingar, sem frádráttarhæfni gjalda miðast við, rýmkuð úr tveim árum í þrjú varðandi íbúðakaup, og reyndar látin gilda þá um endurbæturnar líka, og að því er íbúðabyggingar varðar lengdur úr fjórum árum í sex.

Þetta tel ég að stefni verulega til réttrar áttar, þó að náttúrlega verði ekki fullyrt að ekki gæti komið fram eitthvert misrétti. Það mundi reyndar líka eiga við varðandi þá till. sem sjálfstæðismenn gera hér um þetta efni. Menn geta ekki sett algjörlega undir þann leka, að ekki geti komið upp eitthvert óréttlæti þegar breyting af þessu tagi er gerð.

Ég held að okkur ýmsum hafi þótt það heldur ónotalegt við þessi ákvæði, eins og þau voru í lögunum, að þau eru flókin. En hvernig sem menn hafa velt vöngum yfir því, hvar þeir ættu að draga línu jafnvægislistarinnar um það að koma í veg fyrir misnotkun annars vegar og koma til móts við húsbyggjendur hins vegar, þá virðist erfitt að gera þetta mjög einfalt. Og ég tek eftir því líka í till.

þeirra sjálfstæðismanna, að þeir telja það fyrirkomulag, sem þeir leggja hér til fyrir næsta ár, ekki eiga að vara lengur en fyrir það ár, heldur eigi síðan að vinna áfram að málunum.

En í þessu sambandi vil ég að lokum leggja áherslu á eitt atriði, sem reyndar kom fram í framsögu formanns nefndarinnar, en kemur líka sérstaklega fram í þeim athugasemdum sem ég geri í nál., nefnilega það, að Alþingi hljóti að verða reiðubúið til að skoða þessi mál nánar, þegar reynsla hefur fengist af framkvæmd þeirra, og taka þá álagningu til endurskoðunar. Það, sem ég á þá sérstaklega við — og ég túlka orð formanns nefndarinnar þannig, er að ríkisstj. og stjórnarflokkarnir séu tilbúnir til þess að beita sér fyrir því, að ef fram komi sérstakt óréttlæti í þessu sambandi geti sú endurskoðun m. a. falið í sér ívilnandi atriði, ívilnandi afturvirkni gagnvart þeim sem sannanlega hefðu lent illa úti og á hefði bitnað óréttlæti, sem ég ætla þó að vona að verði ekki.

Ég skal ekki fjölyrða frekar um þetta mál. Ég hef tekið þátt í miklu starfi innan nefndarinnar ásamt öðrum nefndarmönnum við að skoða þessi mál og reyna að finna á þeim sem bærilegastan flöt. En að lokum einungis það, að ég held líka að í nefndinni hafi tekist að setja þessi ákvæði fram á heldur skýrari hátt en þau voru orðuð áður, og það er líka einhvers virði.

Guðmundur Bjarnason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég skal ekki tefja tímann lengi, þar sem ætlunin er að afgreiða þetta frv. frá deildinni í dag. Ég vil aðeins lýsa ánægju minni með þær endurbætur sem gerðar hafa verið á frv. í meðferð nefndar. Þegar frv. var hér til 1. umr. í deildinni benti ég á það, að ég teldi þörf á að lengja þann tíma sem heimilt er að draga vexti af lausaskuldum húsbyggjenda og íbúðakaupenda frá framtölum, þar sem húsbyggingartíminn er yfirleitt langur hjá okkur. Við þeim óskum hefur verið orðið og lýsi ég ánægju minni með það.

Það eru reyndar fleiri endurbætur á frv. sem ég fagna, eins og t. d. þær að leyfa frádrátt vaxta af skuldum sem stofnað er til vegna endurbóta á húsnæði. Ég tel að það sé til þess fallið og stuðli að því, að menn hugleiði betur hvernig nýta megi eldra húsnæði, og komi í veg fyrir oft ótímabærar og óþarfar byggingarframkvæmdir, dýrar byggingarframkvæmdir, þar sem nýta megi miklu betur en gert hefur verið eldra húsnæði, sem til er í landinu, með lagfæringum sem kosta miklu minna fjármagn.

Vegna þess, hversu erfiðlega og seint hefur gengið að lengja lánstíma almennt hjá bankakerfinu, hverjum sem um er að kenna, þá hefur líka verið reynt að bæta úr því í þessu frv., bæði með því að stytta tíma á fasteignaveðtryggðum lánum úr þremur árum niður í tvö ár, þann tíma sem leyft er að draga vexti af slíkum lánum frá á framtölum, og eins er með 4. lið í brtt. tekið mið af því, að bankar hafa lánað mikið af sjálfskuldarábyrgðarlánum í stað fasteignaveðslána. Hér eru tekin inn ákvæði um þau. Allt þetta tel ég vera atriði sem eru mjög til bóta og létta þá erfiðleika sem húsbyggjendur eiga við að glíma af ýmsum ástæðum, m. a. ríkjandi vaxtastefnu, sem er þannig í framkvæmd að hún íþyngir verulega þeim sem standa í húsbyggingum og húsnæðiskaupum. Ég tel að hér sé stigið spor í rétta átt, og lýsi ánægju minni með það.

ATKVGR.

Brtt. 403,1 (ný 1. gr.) samþ. með 10:1 atkv.
Brtt. 403,2 (ný 2. gr.) samþ. með 10:1 atkv.
Brtt. 403,3 (ný gr., verður 3. gr.) samþ. með 10:1 atkv.
3. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 10:1 atkv.
Brtt. 404 felld með 9:4 atkv.
Brtt. 403,4 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Efri deild, 50. fundur.

Þriðjudaginn 10. febr., að loknum 49. fundi.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 412). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10:1 atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 49. fundur.

Þriðjudaginn 10. febr., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Aðflutningsgjöld og söluskattur af bensíni, frv. (þskj. 385). — 1. umr.

Flm. (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Það er illt undir því að búa, þegar maður stendur hér upp til þess að flytja ræðu í þýðingarmiklu máli, að fá þann formála hjá hv. forseta, að aðalmál þessa fundardags sé ekki enn komið á dagskrá, að það sé enn í Ed.

En ég flyt hér ásamt hv. 3. þm. Reykv., Albert Guðmundssyni, á þskj. 385 frv. til 1. um aðflutningsgjöld og söluskatt af bensíni. Þetta frv. er flutt til þess að draga úr því sem einkennt hefur bensínverð og verðlagningu á bensíni undanfarin ár, þ. e. að í kjölfar mikilla verðhækkana á bensíni á erlendum markaði skuli tekjur ríkisins af þessari vöru hækka jafnt og þétt án þess að nokkur fái rönd við reist. Miklar verðhækkanir hafa orðið á bensíni og reyndar olíum á heimsmarkaði undanfarin ár, og raunar er ekkert sem bendir til þess, að þær verðhækkanir stöðvist, þó að nokkuð hafi dregið úr þeim núna í bili. Þessar hækkanir hafa haft mikil áhrif á verðlag hér innanlands og eiga vissulega mikinn þátt í þeirri miklu verðbólgu sem hér hefur orðið.

Í umræðum um hið háa bensínverð hefur það oft komið fram, að óeðlilegt væri að ríkið hagnaðist beinlínis á erlendum verðhækkunum, en sú hefur orðið raunin vegna þess hversu háttað er skattlagningu á bensíni. Skattar ríkisins leggjast ofan á verðið sem ákveðin prósentutala. Þeir leggjast reyndar hver ofan á annan, þannig að þessir skattar magna upp verðið og hafa gert

það að verkum, að tekjur ríkissjóðs af þessari vöru hafa hækkað mun meira en verðbólgan.

Í grg. með þessu frv. er birt tafla þar sem sýndar eru tekjur ríkissjóðs af bensínsölu 1978—1981. Þessar upplýsingar eru fengnar frá Þjóðhagsstofnun. Talan 1981 er áætlun fjárlagafrv., talan 1980 er áætlað uppgjör eins og það er best vitað nú fyrir skemmstu, en 1978 og 1979 eru rauntölur.

Þessar tekjur eru aðallega þrenns konar. Í fyrsta lagi tollur sem er 50%. Þá er bensíngjald, sem rennur til vegagerðar og var upphaflega föst og ákveðin krónutala á hvern bensínlítra, en með heimild til þess að hækka hana í samræmi við hækkun á vísitölu byggingarkostnaðar. Síðan er það söluskattur, sem eins og öllum er kunnugt um er 23.5% og leggst ofan á þetta allt saman. Tekjur ríkissjóðs af þessum þremur tekjustofnum hafa hækkað þannig, að árið 1978 voru þessar tekjur 9 milljarðar og 141 millj. kr., en munu á þessu ári verða 42 milljarðar og 700 millj. kr. Það liggur því nærri að þessar tekjur hafi fimmfaldast á þessu tímabili, sem er að sjálfsögðu mun meiri hækkun en verðbólgan hér innanlands hefur orðið.

Talið er að skattahækkanir ríkisins á bensín umfram verðlagshækkanir á tímabilinu frá því að ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar komst til valda séu um 13 milljarðar og 300 millj. kr. Það gefur auga leið að þessi mikla verðhækkun á bensíni, sem að stórum hluta á rætur að rekja til skatta hér innanlands, hefur orðið til þess að örva mjög verðbólgu í landinu.

Samkvæmt upplýsingum áætlanadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins eru helstu þættir bensínverðs tilgreindir í grg. með frv. Ég skal ekki lesa það hér, en benda þó á að hin opinberu gjöld eru 55.1% af bensínverði, en cif-verðið, þ. e. innflutningsverðið á bensíni, er 30.8%. Mismunurinn er síðan dreifingarkostnaður og aðrir smærri þættir. Af þessu má sjá að stærsti hlutinn af verði bensíns eru skattar til ríkisins.

Á árinu 1979 urðu allmiklar umræður um það hér á hinu háa Alþingi, að nauðsynlegt væri að sporna hér við fótum og rétt væri að ríkið drægi úr skattheimtu sinni til þess að halda verði á bensíni niðri og til að skattheimta ríkisins magnaði ekki upp bensínverð eins og raun hefur orðið á. Þá var gerð um það sérstök grg. á vegum Þjóðhagsstofnunar og settar fram hugmyndir og tillögur um hvernig þetta gæti best orðið, og var sú leið einkum talin koma til greina að láta fasta krónutölu gilda um tolla og söluskatt. Hins vegar hefur ekkert orðið úr þessu og núv. hæstv. ríkisstj. hefur engan áhuga á því sýnt að taka á málinu til að reyna að breyta þessum skattreglum, og er það raunar í samræmi við stefnu hennar að öðru leyti, að reyna að hrifsa til sín eins mikið af sköttum og mögulegt er og alls staðar þar sem hægt er.

Frv. það, sem hér er flutt, hefur þann tilgang að koma til móts við það sjónarmið, að óeðlilegt sé að ríkið hagnist sérstaklega á verðhækkunum á bensíni erlendis. Meginefni þess er að ákveða að aðflutningsgjöld og söluskattur séu ákveðin krónutala, er miðist við kg að því er aðflutningsgjöld snertir, en við lítra að því er söluskatt snertir. Aðflutningsgjöldin eru miðuð við þyngd og því hefur verið talið eðlilegt að miða við þyngd einnig í þessu frv.

Hins vegar höfum við flm. viljað taka fullt tillit til ríkissjóðs í þessu efni og höfum því í 3. gr. frv. sett ákvæði sem fela í sér sams konar reglur og nú gilda um bensíngjaldið, þ. e. að ríkissjóður geti hækkað þessa föstu krónutölu, bæði í söluskatti og tollum, í samræmi við þá hækkun byggingarvísitölu sem verður á hverjum tíma. En byggingarvísitala hefur hækkað mun minna á þessu tímabili, sem ég hef aðallega talað um, heldur en bensínverðið eða þeir skattar sem hér er um að ræða.

Ríkissjóður mundi því geta haldið tekjum sínum í samræmi við verðbólgu ef ríkisstj. á hverjum tíma óskaði eftir því að þessi regla yrði lögfest. En ég vek jafnframt athygli á því, að með þessari reglu getur ríkissjóður líka dregið úr hækkunum á bensínverði, þ. e. með því að fara ekki í fulla byggingarvísitölu á hverjum tíma, og lagt því sitt lóð á vogarskálina til þess að reyna að draga úr verðbólgu og verðhækkunum innanlands.

Þær tölur, sem lagðar eru til grundvallar í þessu frv., eru byggðar á útreikningi áætlanadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins um það, hver sé þáttur hvers þessara skatta fyrir sig í verði bensíns í dag, en það er nú 5.95 kr. hver lítri. Samkvæmt því er gert ráð fyrir að tollur eða aðflutningsgjöld skuli vera 1.06 kr. á kg, en söluskatturinn skuli vera 11.32 kr. á lítra.

Ég vonast vissulega til þess, að menn séu reiðubúnir til að taka þetta mál upp að nýju og halda áfram þeim umræðum sem urðu um þetta árið 1979, en þá voru ýmsir af þeim, sem nú sitja í ríkisstj. — og reyndar sátu í ríkisstj. þá, mjög fylgjandi því, að eitthvað slíkt væri gert. Miklar umræður urðu um það gjald á Alþingi 20. mars 1979. Þá spurði hv. 4. þm. Austurl., Sverrir Hermannsson, þáv. hæstv. viðskrh. um það, hverjir væru verðmyndunarþættir bensíns og hinna ýmsu tegunda olía. Og þegar hæstv. þáv. viðskrh., Svavar Gestsson núv. félmrh., hafði svarað þessu lið fyrir lið, þá sagði hann svo, með leyfi forseta:

„Varðandi svo að síðustu það sem hv. þm. nefndi um skattlagningu ríkisins í þessum efnum, þá vil ég láta það koma fram hér aftur, sem ég hef reyndar gert áður við umræður á Alþingi, að ég tel eðlilegt að þegar þær sveiflur verða á þessum þrönga markaði í Rotterdam, sem ákvarðar okkar olíuverð, sem gerst hafa að undanförnu, — að vísu hefur verðið verið að lækka síðustu daga, — þá held ég að það sé óeðlilegt að ríkið taki til sín viðbótartekjur út á slíkar erlendar verðhækkanir. Það er mín skoðun. Við höfum rætt þetta nokkuð í ríkisstj. og m. a. hafa ráðuneytisstjórarnir í fjmrn. og viðskrn. fjallað um það, hversu á þessum málum mætti taka með nýjum hætti, í tengslum þá væntanlega við þær ráðstafanir sem ríkisstj. annars mundi gera á öðrum sviðum til þess að létta þeim kostnaðarauka af fólki, sem verður við hækkanir á erlendu olíuverði."

Þetta voru orð hæstv. viðskrh. þá og núv. félmrh. Og mér þykir gott að eiga hann að stuðningsmanni í þessu máli nú og vonast til að hann fylgi fram þessari skoðun sinni.

En eins og ég gat um áðan varð niðurstaðan af þeim athugunum, sem framkvæmdar voru og hæstv. ráðh. vitnaði til, sú, að besta leiðin til að ná þessu fram væri að láta fasta krónutölu gilda fyrir tolla og söluskatt.

Ég vil að svo mæltu gera það að till. minni, að þessu frv. verði vísað til meðferðar fjh.- og viðskn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Neðri deild, 50. fundur.

Þriðjudaginn 10. febr., að loknum 49. fundi.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 412). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Eins og áður hefur komið fram er ætlun ríkisstj. að fjalla um breytingar á tekju- og eignarskattslöggjöfinni í tvennu lagi, þannig að annars vegar er nú til meðferðar frv. um nokkrar breytingar sem þurfa að liggja ljóst fyrir áður en framtalsfresti einstaklinga lýkur, en eins og kunnugt er hefur framtalsfrestur verið framlengdur til 18. febr. n. k. Hins vegar er ætlunin að leggja fram sérstakt frv. um aðrar þær breytingar, sem talið er nauðsynlegt að gera á núgildandi tekju- og eignarskattslögum, þegar nægilegur tími hefur gefist til athugunar á þeim málum og gögn þau, sem óhjákvæmileg eru, hafa borist. Því miður vantar enn mikið á að gögn hafi fengist til þess að hægt sé að framkvæma þá skoðun á skattaálagningu seinasta árs sem stefnt hefur verið að.

Það frv., sem hér hefur verið lagt fram, fjallar einungis um tvö atriði núgildandi skattalaga, þ. e. annars vegar um frádrátt vegna kostnaðar við handverkfæri iðnaðarmanna og hljóðfærakostnað hljóðfæraleikara og svo hins vegar um vaxtafrádrátt.

Eins og margan mun reka minni til voru gefnar út yfirlýsingar við gerð kjarasamninga í okt. á s. l. ári sem höfðu þann tilgang að auðvelda lausn kjaradeilunnar. Eitt þeirra atriða, sem komu þar fram og höfðu verið samþykkt af ríkisstj. og stjórnaraðilum, var yfirlýsing þess efnis að fjmrh. mundi beita sér fyrir breytingum á tekjuskattslögum á þá lund, að kostnaður launþega í löggiltum iðngreinum vegna kaupa á handverkfærum yrði frádráttarbær frá tekjum. Eins og flestum er kunnugt er ýmiss konar kostnaður enn frádráttarbær við ákvörðun skattgjaldstekna þó að frádráttarliðum hafi mjög verið fækkað eftir að tekin var upp almenn 10% frádráttarheimild. Einn af þeim liðum, sem féllu niður við breytinguna sem gerð var á skattalögum árið 1978, var frádráttur vegna verkfærakostnaðar. Að nánar athuguðu máli þykir hins vegar eðlilegt að jafna þessum kostnaði við annan þann kostnað sem menn hafa af öflun tekna, t. d. bifreiðakostnað, ferðakostnað og fæðiskostnað, og af þeirri ástæðu er hér lagt til að gerð verði breyting á lögunum í þessa átt.

Þegar frv. var lagt fram var till. gerð um það að frádrátturinn félli undir C-lið 30. gr. laganna, en frádráttarliðirnir eru fimm talsins og flokkast í A-, B-, C-, D- og E-frádráttarliði, og er nokkuð mismunandi hvaða afleiðingar það hefur í hvern flokk frádrátturinn flokkast. En við nánari athugun málsins hefur verið ákveðið að gera ráð fyrir því, að hér verði um að ræða A-flokk frádráttar, og hefur hv. Ed. samþykkt frv. í þeim búningi. Það þykir eðlilegri málsmeðferð og sanngjarnari á allan hátt. Orðlengi ég það ekki frekar.

Um vaxtafrádráttinn er það að segja, að um hann eru ítarleg ákvæði í 30. gr. skattalaganna, en samkvæmt þeim er hámark vaxtafrádráttar fyrir einhleyping 1.5 millj. gkr., sem með skattvísitölu 145 hefði orðið um 2.2 millj., og þá fyrir hjón um 4.4 millj.

Í frv. var gert ráð fyrir að hámark vaxtafrádráttar hækkaði þannig að hann yrði fyrir einstakling að skattvísitölunni meðtalinni 3.6 millj. gkr., en 7250 millj. gkr. fyrir hjón. Ekki hefur verið gerð nein breyting á þessu atriði í meðferð málsins í Ed. En í Ed hafa verið gerðar nokkrar breytingar til viðbótar, sem allar horfa til rýmkunar og til ívilnunar fyrir skattgreiðendur.

Í fyrsta lagi, að verulegar endurbætur á íbúðarhúsnæði eru lagðar að jöfnu við íbúðarkaup, þó því aðeins að endurbæturnar nemi 7% eða meira af fasteignamati íbúðarinnar í árslok.

Í öðru lagi er skilgreiningin á þeim lánum, sem eru frádráttarbær án tillits til þess, hversu langt er liðið frá öflun íbúðarhúsnæðis, rýmkuð á tvennan hátt. Undir þennan flokk lána falla nú öll fasteignaveðlán til tveggja ára eða lengri tíma, en í lögunum er krafist a. m. k. þriggja ára lánstíma. Er þetta óhjákvæmileg breyting með tilliti til þess, að bankar hafa lánað húsbyggjendum fasteignaveðlán í stórum stíl sem þó ná ekki þriggja ára markinu. Enn fremur er skilgreiningin rýmkuð á þann hátt, að á gjaldárinu 1981 eru lán til tveggja ára eða lengri tíma til öflunar íbúðarhúsnæðis, sem tryggð eru með sjálfskuldarábyrgð þriðja manns, lögð að jöfnu við fasteignaveðtryggð lán. Ætti þá töluvert mikið af vaxtaaukalánum, sem veitt hafa verið að undanförnu, að falla innan þessarar skilgreiningar.

Í þriðja lagi hafa tímamörk frá kaupári eða upphafsári byggingar, sem lausaskuldir eru frádráttarbærar, verið rýmkuð allverulega. Frádráttarbærni lausaskulda, sem tengdar eru íbúðarkaupum, er lengd úr tveimur árum í þrjú ár, en frádráttarbærni lausaskulda, sem tengdar eru íbúðarbyggingum, er lengd úr fjórum árum í sex, talið frá og með því ári sem bygging er hafin.

Öll þau atriði, sem nú hafa verið nefnd, komu fram í till. meiri hl. fjh.- og viðskn. Ed., og Ed. féllst á þessar breytingar. Ég vil sérstaklega benda á það, að annar stjórnarandstöðuflokkurinn, Alþfl., stendur að afgreiðslu frv. og samþykkt brtt. ásamt stjórnarliðum. En fulltrúar Sjálfstfl. skiluðu séráliti og sértillögum.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta frv. Ég hef ekki haft aðstöðu til að láta reikna út hvað þessar breytingar hafa í för með sér mikil aukaútgjöld fyrir ríkissjóð. En ég hygg að það sé ekki langt frá 700—800 millj. kr. sem vaxtabreytingin ein sér kostar ríkissjóð.

Ég legg til, herra forseti, að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Ég vil fyrst segja hér örfá orð um málsmeðferð.

Það var í upphafi síðustu viku að ég kvaddi mér hljóðs hér í deild í upphafi fundar utan dagskrár til þess að spyrjast fyrir um hvað liði afgreiðslu á frv. sem við tveir þm., ég og hv. 7. landsk. þm., Halldór Blöndal, fluttum um breyt. á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, þar sem fjallað var sérstaklega um vaxtafrádatt. Þetta frv. fluttum við hér í nóv. og því var um miðjan nóv. vísað til hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar., en hafði ekki hlotið afgreiðslu. Ég taldi sérstaka ástæðu til að spyrjast fyrir um það þegar ég sá að hæstv. fjmrh. hafði lagt fram í Ed. frv. um sama efni, sem að vísu gekk allmiklu skemmra en okkar tillögur.

Þessi umr. hér hefur engan árangur borið að því leyti, að okkar frv. situr enn þá í nefnd, en það frv., sem hæstv. ráðh. lagði fram í Ed., er nú komið hingað til Nd. Mér þykja þetta óeðlileg vinnubrögð. Fyrst það, að ekki skuli ganga að fá málið út úr nefnd, og í öðru lagi, að hæstv. ráðh. skuli leggja fram frv. um sama efni í annarri deild þannig að ekki gefst kostur á að ræða það í fyrri deild samhliða því frv. sem við lögðum fram.

Það var í febr. s. l. sem samþykktar voru breytingar á skattalögum. Þær voru flestar tæknilegs eðlis og áttu rætur að rekja til þess, að þá lá fyrir að staðgreiðslukerfi skatta yrði ekki komið á að sinni og þess vegna yrði nauðsynlegt að gera vissar tæknilegar breytingar á skattalögum. Meðal þessara breytinga í febr. voru þó nokkrar efnisbreytingar, m. a. sú, að áratugagömul regla, sem mjög hefur fests í hugum skattgreiðenda, um að vextir væru frádráttarbærir, var afnumin að mjög miklu leyti. Það voru mjög þröng skilyrði sett fyrir því, að vextir gætu verið frádráttarbærir, og sett var ákveðið þak á vaxtafjárhæðirnar. Mjög ströng skilyrði voru um það, til hvers lánin mætti nota, og síðan mjög þröng tímamörk. Ég held að þegar leið á s. l. ár hafi fleiri borgurum — og þá reyndar þm. einnig — verið ljóst að hér var um mistök að ræða, — mistök sem ég held að þm. hafi ekki hugað nægilega vel að á sínum tíma og eru enn þá alvarlegri þegar haft er í huga hversu geysimikil vaxtabyrði hefur orðið á öllum almenningi nú á þessu ári, ekki síst þeim sem eru að koma þaki yfir höfuðið.

Við hv. 7. landsk. þm. sáum því ástæðu til þess að flytja hér fyrir áramótin frv., sem ég gat um áðan til breytinga á þessum reglum. Við gerðum það að till. okkar að þakið, sem er 1.5 millj. í núgildandi lögum, eða lögunum frá því í febr., yrði hækkað í 4 millj. til einstaklinga, en helmingi hærra fyrir hjón, og að tímamörkin og skilyrðin til notkunar lánsins yrðu afnumin.

Um þetta hefur verið ágreiningur hér í hv. Alþingi, og sá ágreiningur speglast í málinu eins og það kemur frá hv. Ed. Menn skiptust þar í minni hluta og meiri hluta. Ég vil nú í þessari umr. gera nokkrar athugasemdir við þá þrjá meginþætti, sem þarna er um að ræða, og víkja að þeim sjónarmiðum sem ég hef í þeim efnum og liggja að baki frv. okkar.

Í fyrsta lagi lögðum við til að vaxtafjárhæðin færi úr 1.5 millj. upp í 4 millj. kr. fyrir einstakling, en yrði helmingi hærri fyrir hjón. Ég skal taka það fram mjög skýrt, að þegar við nefnum 4 millj. í okkar frv., þá var það í okkar huga, að það yrði sú fjárhæð, sem væri í gildi við álagningu árið 1981 vegna tekna ársins 1980, og hún tæki ekki skattvísitölu, að skattvísitala legðist ekki á hana fyrr en á næsta ári. Það kann að vera að þetta sé ekki nægilega glögglega orðað í frv., en okkur til afsökunar höfum við það, að í lögunum, sem samþykkt voru í febrúar, var ekki gert ráð fyrir að þessi upphæð, 1.5 millj., tæki skattvísitölu. Það var gerð leiðrétting á því í maí, þegar skattstigarnir voru samþykktir. En í okkar huga var meiningin, að þessar 4 millj. tækju ekki skattvísitölu á þessu ári. Þetta vil ég að komi mjög skýrt fram.

Að sjálfsögðu má deila um slíkar upphæðir nánast endalaust og hvar eigi að setja mörkin. Við vildum hins vegar hafa þau í hærri kantinum vegna þess að það er vitað mál, að mjög margt fólk — og þar er ekki endilega um hátekjufólk að ræða — ber mjög þung vaxtagjöld sem oft eru í algjöru ósamræmi við þær tekjur sem menn hafa. Það gera menn á þann hátt að þeir taka lán á lán ofan, greiða eldri lánin upp með nýjum lánum og þá hluta af vöxtum eldra lánsins og velta þessu þannig á undan sér í langan tíma þannig að vaxtabyrði manna er oft í algjöru ósamræmi við þær tekjur sem menn hafa. Þess vegna vildum við hafa þetta þak í rýmra lagi. Segja má að nú hafi verið komið nokkuð til móts við þetta sjónarmið okkar, vegna þess að þegar talað er um 2.5 millj. í frv., eins og það lítur nú út frá hv. Ed., þá þýðir það með skattvísitölu ársins í ár 3 millj. 625 þús. kr. Hins vegar held ég að það sé of lág upphæð, og þess vegna tel ég að sú upphæð, sem minni hl. fjh.- og viðskn. Ed gerir till. um, þ. e. 3 millj. með skattvísitölu, sé nær lagi. Þessi upphæð verði síðan helmingi hærri fyrir hjón.

Skilyrði fyrir því, til hvers þetta lán er notað, eru mjög þröng. Ég skal fallast á að það sé rétt og eðlilegt að ganga sérstaklega til móts við þá sem eru að koma sér upp þaki yfir höfuðið. En eins og þetta er orðað nú í lögunum segir að þessi lán eigi að vera „lán sem sannanlega eru notuð til öflunar á íbúðarhúsnæði til eigin nota eða endurbóta". Hér hvílir sönnunarbyrðin alfarið á skattborgaranum sjálfum, og skattstofunum og starfsmönnum þeirra er lagt hér í hendur geysimikið vald. Ég tel að þetta sé allt of þröngt og í rauninni sé svo erfitt um allar sannanir í þessu efni, að það eigi að afnema þetta skilyrði, enda er vitað að almenningur þarf oft að taka sér lán vegna ýmissa annarra ástæðna en húsbygginga. Skyndileg efnahagsleg áföll, sjúkdómar o. þ. h. kemur hér til og margt fleira. Ég held að enginn geri sér leik að því í dag, eins og vaxtabyrðin er, að taka lán, þannig að það sé óhætt að sleppa þessum skilyrðum alveg. Þess vegna lögðum við það til í okkar frv.

Tímamörkin vildum við líka fella alveg úr gildi. Þau voru mjög þröng í lögunum eins og þau voru samþykkt í febr. Það var talað um fasteignaveðlán, til þriggja ára eða lengri tíma, en önnur lán voru aðeins frádráttarbær í tvö ár, ef um kaup var að ræða, en í fjögur ár ef um nýbyggingar var að ræða.

Nú hefur að vísu verið gerð nokkur rýmkun á þessu, þannig að það er talað um fasteignaveðlán til tveggja ára eða lengri tíma, og við álagningu ársins 1981 eiga sjálfskuldarábyrgðarlán að leggjast að jöfnu við fasteignaveðlán, enda er mikill hluti vaxtaaukalána, sem almenningur á kost á, tryggður með sjálfskuldarábyrgð. Ég skil reyndar ekki hvers vegna sjálfskuldarábyrgðarlánið á eingöngu að vera frádráttarbært við álagningu ársins 1981, því að ef sú regla á að vera skilyrðislaus í framtíðinni að um fasteignaveðlán þurfi að vera að ræða í þessu tilviki, þá er beinlínis verið að knýja menn til dýrari lána, því að fasteignaveðlánin eru mun dýrari vegna þess hversu háttað er þinglýsingargjöldum, sem menn sleppa við ef um sjálfskuldarábyrgð er að ræða.

Varðandi önnur lán — lausaskuldir, sem húsbyggjendur stofna til í ríkum mæli, þ. e. vaxtaauka, sem ekki eru veðtryggðir og eru til skemmri tíma en þriggja ára, vörukaupalán, víxla o. fl. — hafa ákvæðin nú verið rýmkuð þannig, að þegar um kaup er að ræða er þetta rýmkað í þrjú ár, en að því er byggingar snertir í sex ár. Auðvitað er þetta til mikilla bóta fyrir skattgreiðendur, en engu að síður held ég að hér sé um of þröng mörk að ræða. Ég held að það sé alveg ljóst að bæði húsbyggjendur og íbúðakaupendur eru oft mun lengur að koma sér út úr sínum fjárhagsvandræðum heldur en þessar till. gera ráð fyrir. Ég held að segja megi um allan almenning að það sé u. þ. b. tíu ára stríð sem menn eiga í áður en þeir ná

jafnvægi á sínum fjármálum aftur eftir að hafa lagt í það mikla átak að koma sér þaki yfir höfuðið. Þess vegna eru þessi tímamörk of þröng.

Þó að allmikið hafi verið komið til móts við þau sjónarmið, sem við hv. þm. Halldór Blöndal settum fram hér í nóv., þá tel ég að of skammt sé gengið. Mér finnst þess vegna vera skynsamleg sú till., sem minni hl. fjh.- og viðskn. lagði til, þ. e. að sú regla um vaxtafrádrátt, sem gilt hefur áratugum saman og hefur öðlast fastan sess í hugum manna, gildi áfram við álagningu ársins 1981, en þó með því þaki sem þeir gera ráð fyrir, þ. e. að vaxtafrádrátturinn verði aldrei hærri en 3 millj. fyrir einstaklinga og helmingi hærri fyrir hjón. Með því fæst umþóttunartími til að huga betur að þessari reglu. Og ég held, — og það ræð ég af umræðum sem átt hafa sér stað úti í þjóðfélaginu, þó að þessi regla hafi verið samþykkt hér á hv. Alþingi í febr. s. l. um þennan mun þrengri vaxtafrádrátt, — að allur almenningur hafi alls ekki gert sér grein fyrir því á þessu ári, að þessi regla væri komin í gildi.

Þetta vekur reyndar til umhugsunar um það, hversu lítið er gert í því að kynna almenningi það sem samþykkt er hér á Alþingi. En það er önnur saga sem ég ætla ekki að fara nánar út í hér.

Ég vil eindregið hvetja hv. fjh.- og viðskn. til þess að huga að þeirri till., sem minni hl. fjh.- og viðskn. í Ed. lagði til, þ. e. að gamla reglan gildi á þessu ári með ákveðnu þaki, þannig að menn fái þá betri tíma til að huga að því, hver verða eigi framtíðarreglan í þessu efni, og að ekki sé komið aftan að almenningi við álagningu ársins í ár.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv.

Sameinað þing, 48. fundur.

Miðvikudaginn 11. febr., kl. 2 miðdegis.

Grasкögglaverksmiðja, þáltill. (þskj. 397). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Vegagerð, þáltill. (þskj. 106) — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Innkaup opinberra aðila á íslenskum iðnaðarvörum, þáltill. (þskj. 115). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Hagnýting innlendra byggingarefna, þáltill. (þskj. 131) — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Einangrun húsa, þáltill. (þskj. 330). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Langtímaáætlanir um vegagerð, þáltill. (þskj. 357). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Samkomulag um gagnkvæmar heimildir Íslendinga og Færeyinga til veiða á kolmunna, þáltill. (þskj. 383). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til utanrmn. með 35 shlj. atkv.

Alþjóðasamþykkt um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála, þáltill. (þskj. 392). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til utanrmn. með 33 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs utan dagskrár til að beina þeirri fsp. til hæstv. sjútvrh., hvað líði ákvörðun fiskverðs og með hvaða hætti ríkisstj. hyggist veita atbeina sinn til fiskverðsákvörðunar og framkvæmdar hennar. Að vísu hefur hæstv. sjútvrh. látið að því liggja í umr. hér á Alþingi fyrir nokkru, að það skorti ekkert á atbeina ríkisstj. til þess að fiskverðsákvörðun verði tekin. En fjölmiðlar segja okkur annað, að málið sé til umræðu og meðferðar á ríkisstjórnarfundum, en vegna þess að ríkisstj. hafi ekki tekið ákvörðun dragist og ákvörðun fiskverðs.

Hæstv. sjútvrh. hefur samt sem áður látið fjölmiðla hafa eftir sér að ríkisstj. hyggist m. a. veita atbeina sinn til fiskverðsákvörðunar. Í fyrsta lagi segir hann að verði horfið frá þeim veigamikla þætti efnahagsráðstafananna á gamlársdag að við festingu gengis íslensku krónunnar skuli miðað við dollar og nú skuli tekin upp viðmiðun við meðalgengi. Í öðru lagi hefur hæstv. sjútvrh. getið um það í fjölmiðlum, að í ráði væri að breyta útflutnings-

gjöldum þannig að í stað þess að þau væru sama hlutfall á öllum sjávarafurðum sé nú ætlunin að taka upp breytilegt hlutfall. Og í þriðja lagi hefur það og heyrst, að ætlunin sé að veita ábyrgðaryfirlýsingu til handa Verðjöfnunarsjóði fiskafurða þannig að unnt verði að ákveða viðmiðunarverð hærra en markaðsverð.

Nú vil ég inna hæstv. sjútvrh. nánar eftir þeim yfirlýsingum sem hann hefur gefið í fjölmiðlum. Ég tel raunar skylt og rétt að hæstv. sjútvrh. gefi Alþingi um þetta nokkra skýrslu þar sem hann þó hefur sagt svo mikið sem raun ber vitni um í fjölmiðlum án þess að skýringar fylgi sem alþm. eiga rétt á að heyra.

Að vísu geri ég mér grein fyrir að vera kann að hæstv. sjútvrh. saki mig um að vilja spilla fyrir ákvörðun fiskverðs, eins og hann sakaði hv. 1. þm. Vestf., Matthías Bjarnason, um í s. l. viku. En sannleikurinn er sá, að fiskverðsákvörðun er nú 43 dögum eftir áætlun, og það er raunar alveg óskiljanlegt, að ríkisstj. skuli ætla sér í alvöru að standa að efnahagsaðgerðum eins og þeim sem tilkynntar voru á gamlársdag, án þess að ganga betur frá málum en svo, að fiskverð sé í lausu lofti. Sá þáttur einn gerir það að verkum að efnahagsaðgerðirnar eru opnar í báða enda, eins og sagt var um stefnuskrá eins ríkisstjórnarflokksins. Það er í raun ekkert eftir af efnahagsaðgerðum ríkisstj. nú en 7—9.3% kaupskerðing. Allt annað er í lausu lofti og hefur í raun enga þýðingu, — að ekki sé talað um að ekkert ákvæði brbl. eða efnahagsaðgerðanna var þess eðlis að það hefði ekki getað beðið aðgerða Alþingis þegar Alþingi kom saman 26. jan. s. l.

Fyrr í umr. um þetta mál hafa menn verið sammála um að fiskvinnslan þyldi ekki 15% fiskverðshækkun, hvað þá 20—24% fiskverðshækkun, eins og forsvarsmenn sjómanna telja nauðsynlegt og forsvarsmenn útgerðarinnar sömuleiðis svo að útgerð verði rekin hallalaus og sjómenn fái samsvarandi kjarabætur eða kauphækkun og landmenn áður í nóv. og des. Þegar á það er litið, að áætlanir munu liggja fyrir um að verðbætur á laun muni hækka nálægt 6% 1. mars, þrátt fyrir 9.3 eða 9.4% skerðingu verðbóta þann dag, er ljóst að vandi sjávarútvegsins er mikill. Ástæða er því til að ítreka þá spurningu til hæstv. sjútvrh. hvað ríkisstj. hyggist gera.

Nú heyrist um þá fyrirætlun ríkisstj. að breyta útflutningsgjöldum þannig að hækka þau t. d. á þeirri fiskvinnslugrein sem ber meira úr býtum en aðrar greinar. Þá er væntanlega einkum um að ræða að hækka útflutningsgjöld á skreið og e. t. v. lækka þau á frystum fiski. Ég tel að þarna sé um mikla afturför að ræða. Sem betur fer tókst fyrir nokkrum árum — ég hygg á árinu 1976 — að jafna útflutningsgjöldin í stað þess að mismuna einstökum fiskvinnslugreinum. Árangur af þeirri jöfnun hefur m. a. verið sá, að áhersla hefur verið lögð á hverjum tíma á þá fiskvinnslugrein sem mestan arð hefur gefið bæði fyrirtækjum og þjóðarbúinu í heild.

Það var lögð áhersla á endurskoðun sjóðakerfisins 1976. Það væri veruleg afturför ef nú ætti að stofna til annarrar eins flækju og áður var í þessum efnum. Ég vara eindregið við því. Auðvitað er rétta leiðin í þessu sambandi að nýta Verðjöfnunarsjóð sjávarafurða þannig að safna í þær deildir hans þar sem verðlag er hátt.

Þá á ég við skreið og e. t. v. saltfisk, en eins og kunnugt er hefur skreiðarmarkaður verið mjög ótryggur. Það er eingöngu í raun á síðasta ári að skreiðarverkun gefur svo mikið í aðra hönd að menn álíta að unnt sé að nýta þann arð til að verðbæta aðrar greinar fiskvinnlunnar. Ég tel að það væri langtum réttara að safna í deild skreiðar í Verðjöfnunarsjóði til þess að standast þær sveiflur sem reynslan sýnir okkur að eru gjarnan á verði og sölumöguleikum skreiðarinnar.

Með sama hætti má einnig segja að það sé réttara að styrkja deild saltfiskvinnslunnar í Verðjöfnunarsjóði, vegna þess að allt fram til síðustu áramóta, að því er ég hygg, hefur verið greitt úr Verðjöfnunarsjóði með saltfiskvinnslunni.

En jafnvel þótt þessi mismunun á útflutningsgjöldum verði tekin upp og jafnvel þótt viðmiðun gengis íslensku krónunnar sé breytt er alveg ljóst að það er þörf á frekari fyrirgreiðslu til þess að unnt sé að greiða viðunandi verð fyrir frystan fisk. Þá dugar ekki það gengisfall krónunnar gagnvart dollar sem orðið er frá áramótum. Þar þarf meira til að koma. Ég skal ekki fullyrða hvað gengisfallið þyrfti að vera umfram það sem þegar er orðið frá áramótum gagnvart dollar. En núv. ríkisstj. hefur heitið því að festa gengi íslensku krónunnar. Hún hefur þegar hopað af hólmi með því að breyta viðmiðuninni, en segist ætla að halda genginu föstu með einhverjum ráðum.

Ábyrgðaryfirlýsing ein dugar ekki nema til komi veruleg verðhækkun á fiski á erlendum markaði, sem enn hefur ekki séð dagsins ljós. Og þá hafa formælendur ríkisstj. sagt okkur hinum að þrjár leiðir séu hugsanlegar.

Það er í fyrsta lagi að taka af svokölluðum gjaldeyrishagnaði Seðlabankans, það er í öðru lagi að taka erlent lán og það er í þriðja lagi að auka skattheimtu og styrkja útflutningsatvinnuvegina. Allar þessar leiðir eru, að mínu viti og mati, algerlega útilokaðar.

Svokallaður gjaldeyrishagnaður Seðlabankans, sem um er talað, er í raun og veru ekki neinn hagnaður. Maður, sem á 1000 dollara á gjaldeyrisreikningi um áramótin 1979 og 1980, sem þá voru í ísl. kr. 400 þús. kr., á þá sömu 1000 dollara um síðustu áramót, sem þá eru í ísl. kr. 625 þús. Þessi maður á nákvæmlega sömu eignina í upphafi árs og í lok ársins, þannig að hann hefur ekki hagnast neitt þótt krónutalan hafi aukist. Það er þess vegna verið að blekkja sjálfan sig ef sagt er að það sé unnt að taka af slíkum sjóð til að styrkja útflutningsatvinnuvegina.

Í öðru lagi er það saga til næst bæjar, ef það á að styrkja helstu útflutningsatvinnuvegi okkar, þ. e. skapa gjaldeyri fyrir innanlandsneyslu, með því að taka erlent lán. Þar er a. m. k. ekki tjaldað nema til einnar nætur.

Í þriðja lagi er aukin skattheimta, jafnvel að mati stjórnarsinna, algjörlega útilokað vegna þeirrar skattaáþjánar sem núv. ríkisstj. og vinstri stjórn Ólafs Jóhannessonar hafa staðið fyrir og gerir að verkum að landsmenn borga nú í ár um 70 milljörðum kr. meira í skatta á föstu verðlagi en fyrir þremur árum.

Það er líka þess vegna fróðlegt að ítreka fsp. til hæstv. sjútvrh. um hvernig á að afla fjármagns til að standa undir útborgun þeirra viðmiðunarverðflokka Verðjöfnunarsjóðs sem ákveðnir verða með hliðsjón af nauðsynlegri tekjuöflun fiskvinnslunnar í landinu, og þá er það ekki síður tilefni til spurningar hvernig á að ráðstafa þeim peningum eins og nú háttar.

Sannleikurinn er sá, að núv. hæstv. ríkisstj. hefur komið sér upp snöru um hálsinn með því að segja í fyrsta lagi, að verðstöðvun skuli gilda, í öðru lagi, að halda skuli föstu gengi, og í þriðja lagi, að hávaxtastefna skuli ríkja. Ef ríkisstj. efndi alla þessa stefnuþætti er ljóst að hjól atvinnulífsins mundu stöðvast þar sem allar spár benda

til 50—60% verðbólgu á þessu ári. Ef ríkisstj. vill hins vegar reyna að halda þeim hjólum gangandi er og ljóst að horfið er frá verðstöðvun, föstu gengi og verðtryggingu sparifjár í slíkri verðbólgu.

Ég nefni þetta til að sýna fram á, að það er ekkert eftir af efnahagsráðstöfunum ríkisstj. frá því á gamlársdag nema 7—9,3% skerðing verðbóta á laun, og rifja upp í því sambandi, að frá því að Framsfl., og Alþb. og Alþfl. gengu saman í ríkisstj. 1. sept. 1978 með fyrirheitinu „Samningarnir í gildi" hafa aðeins orðið tvisvar sinnum grunnkaupshækkanir, þ. e. 3% á árinu 1979 og 10% á s. l. hausti, en skerðing verðbóta á laun hefur verið 8% í des. 1978, 16.6% samkv. skerðingarákvæðum Ólafslaga, eftir því sem hæstv. félmrh., form. Alþb., hefur upplýst, og nú 1. mars n. k. 9.3%. Kaupskerðingin hefur sem sagt numið tæpum 34% þegar grunnkaupshækkun hefur verið um 13%. Það er þess vegna furðulegt að þeir skuli ekki gefa skýringu á því, t. d. hv. alþm. Guðmundur J. Guðmundsson, hver er túlkun á kjörorðinu „Samningarnir í gildi" og „Kosningar eru kjarabarátta", eða t. d. hæstv. ráðh. og form. Alþb., Svavar Gestsson, gæfi skýringu á þeim vanefndum á því loforði alþb. að taka þátt í núv. ríkisstj. til að koma í veg fyrir skerðingu á kaupmætti launa og koma í veg fyrir kaupskerðingu. Það er ljóst að núv. ríkisstj. er mesta kaupskerðingarríkisstj. sem setið hefur að völdum og er þar að auki eins og stefnulaust rekald í efnahagsmálum, enda sjáum við fram á sömu verðbólguþróun á yfirstandandi ári og á hinum tveim síðustu undir vinstri stjórn.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég skal verða við tilmælum forseta og vera stuttorður.

Ég tel mig geta fullyrt að fiskverð verði ákveðið fyrir helgina. Ýmislegt hefur skýrst mjög síðustu dagana sem gerir það kleift. Í fyrsta lagi hefur komist veruleg hreyfing á samningamál sjómanna og útgerðarmanna. Segja má að náðst hafi samstaða um bæði svonefnd jólaleyfi sjómanna og einnig um lífeyrissjóðsmál þeirra, þótt ekki hafi enn verið gengið endanlega frá tæknilegum atriðum. En eftir fund í gær tel ég að það mál sé komið í höfn. Sjómenn lögðu nokkra áherslu á að hreyfing kæmist á það mál áður en fiskverð yrði ákveðið. Þetta er því a. m. k. ekki til fyrirstöðu.

Nú liggja fyrir ákveðnar tillögur í Verðlagsráði frá seljendum um fiskverð. Í Verðlagsráði hafa lengi legið fyrir þær aðgerðir sem ríkisstj. er reiðubúin að grípa til til að tryggja atvinnu- eða afkomugrundvöll sjávarútvegsins í kjölfar fiskverðsákvörðunar. Að sjálfsögðu hef ég látið leggja þær tillögur fram í fullu samráði við ríkisstj. og eftir umræður sem þar hafa orðið um þessi mál. Ríkisstj. gekk formlega s. l. þriðjudag frá því sem að henni snýr í sambandi við lífeyrissjóðsmálin. Í gær var svo enn rætt ítarlega um fiskverðið og þær aðgerðir sem í kjölfar þess þurfa að fylgja.

Ég hef lagt til og samþykkt hefur verið í ríkisstj. að olíugjald verði óbreytt. Í öðru lagi hef ég lagt til og samþykkt hefur verið að útflutningsgjald verði hækkað nokkuð á skreið tímabundið, en lækkað á frystum afurðum. Ég tel það vera verjanlegt og að ýmsu leyti eðlilegt í þeirri stöðu sem nú er. Ég vek athygli á því að frystingin er sú atvinnugrein sjávarútvegsins sem fyrst og fremst tryggir atvinnuna um landið. Hún er nánast grundvöllur að frekari vinnslu sjávarafurða og ekki æskilegt að eins gífurlegur afkomumunur sé á þessum greinum og fram hefur komið í vinnublöðum Þjóðhagsstofnunar.

Ég vek einnig athygli á því, að vinnuliður frystingarinnar er miklu hærri en skreiðarinnar og hefur oft verið talið vafasamt að leggja hátt útflutningsgjald á vinnulið í slíkri framleiðslu. Ég minni á það, að hv. Alþingi samþykkti fyrir skömmu að fella niður útflutningsgjald af ediksaltaðri síld á þeirri forsendu að vinnuliður væri sérstaklega hár og hins vegar verðgrundvöllur slakur á þeim mörkuðum sem sú síld er flutt til, þ. e. í Vestur-Þýskalandi.

Þá hefur ríkisstj. einnig fyrir sitt leyti gengið frá því orðalagi sem yrði á yfirdráttarheimild Verðjöfnunarsjóðs og það var rætt í Verðjöfnunarsjóði í gær og þar gerð, hygg ég að ég megi segja, nokkurn veginn orðrétt eins samþykkt og gerð var 1975 og mjög lík því sem gerð var 1977, þ. e. að slíkur yfirdráttur verði með ríkisábyrgð.

Hv. þm. spyr: Hvernig verður þetta endurgreitt? Ég vek athygli á því, að 1977 var slíkt endurgreitt við gengisbreytingu. Að sjálfsögðu eru ýmsar leiðir til að endurgreiða þetta: með verðhækkun, breytingu á gengi og þá viðmiðunarmörkum Verðjöfnunarsjóðs í kjölfar þess.

Í gær, eins og þm. vita, var gengið frá því að miða íslensku krónuna við meðalgengi, en ekki dollara. Það var ekki gert fyrst og fremst og raunar alls ekki vegna ákvörðunar um fiskverðið. Það var mat ríkisstj. að rangt væri að miða við dollarann, ekki síst fyrir iðnað okkar sem fær illa staðist þá stórum erfiðari samkeppnisaðstöðu sem af slíku skapast. Ég vil segja fyrir mitt leyti að ég tel að þegar í upphafi hefði átt að fylgja því, sem verið hefur árum saman, ég hygg allt frá 1971, að miða fyrst og fremst við meðalgengi. Þetta skapar að sjálfsögðu einnig aukið svigrúm til að ákveða fiskverð og dregur m. a. úr þörfinni fyrir yfirdrátt Verðjöfnunarsjóðs. Í dag leggur því oddamaður fram áætlanir byggðar á þessu — nýja gengisviðmiðun — og þær verða ræddar í Verðlagsráði í dag. Ég geri, eins og ég sagði í upphafi, fastlega ráð fyrir að fiskverð verði ákveðið fyrir helgina í framhaldi af þessum aðgerðum sem að sumu leyti hefur verið gripið til og að öðru leyti verið ræddar og skýrðar undanfarnar vikur.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Mér finnst þessi svör hæstv. sjútvrh. bera vott um mikið ráðleysi ríkisstj. í sambandi við fiskverðsmálin. Þetta er auðvitað afleiðing af því sem var boðað á gamlársdag og hefur haft alvarleg áhrif á lausn þessa máls, því að þar setti ríkisstj. loku fyrir að framleiðendur eða útflytjendur sjávarafurða fengju hærra verð í íslenskum krónum fyrir afurðirnar og tóku upp vitlausa viðmiðun í sambandi við gjaldeyrinn. Það var eins og engum gæti komið til hugar annað en að Bandaríkjadollar héldi áfram að lækka í verði, að falla, en þá er krónan fest við Bandaríkjadollar, og það hefur gert að verkum að í janúar og það sem af er febrúar hefur ríkisstj. stórskaðað alla útflytjendur, bæði sjávarafurða og útflutningsgreina iðnaðarins og aðra, með því að hækka gengi krónunnar gagnvart Evrópumynt. Nú keppast ráðh. við að lýsa yfir að þarna hafi orðið mistök sem þurfi að leiðrétta. Þjóðinni er tilkynnt þetta í nokkra daga í fjölmiðlum. Hér er því sjáanleg ein af ástæðunum fyrir því, hvað dregist hefur að finna lausn á fiskverðsákvörðun, en sú töf hefur einnig haft í för með sér að spilla fyrir að samkomulag náist á milli sjómanna og

útgerðarmanna. Hver er þáttur stjórnarandstöðunnar í þessu? Er rétt að spyrja. Hefur stjórnarandstaðan verið viðþolslaus og reynt að spilla fyrir málum?

Hæstv. sjútvrh. sagði hér fyrir u. þ. b. viku, þegar ég spurðist fyrir um þessi mál, að ég væri að reka fleyg í þetta viðkvæma mál. Hann má þó eiga það, að nú svaraði hann eins og maður. Á hvaða hátt hefur stjórnarandstaðan rekið fleyg í þetta mál? Er það skoðun ríkisstj. að Alþingi komi ekkert við það sem er verið að gera í þjóðfélaginu og að ráðh. eigi að nota hvert tækifæri til að stjórna með brbl. og ræða svo hver fyrir sig við ríkisfjölmiðla og aðra fjölmiðla í landinu og þar sé tilkynnt hvað stendur til að gera, en Alþingi Íslendinga sé fótum troðið og lítilsvirt? Það er auðvitað ekki síður sök stjórnarþingmanna en ráðh. að láta bjóða Alþ. slíkt sem þetta. Það hefur ekki þekkst fyrr að öllum ráðum sé ráðið upp í stjórnarráði og síðan sé þm. stjórnarliðsins smalað saman inn í þingflokksherbergin hérna í þinginu eins og rollum á haustdegi. Þetta láta þessir þm. bjóða sér hvað eftir annað eins og þeir séu sálarlausir með öllu.

Hvað hugsar hæstv. sjútvrh. sér þegar hann talar um að breyta útflutningsgjaldinu? Fyrst er unnið stórkostlegt starf við að ná sáttum á milli seljenda og kaupenda, annars vegar sjómanna og útgerðarmanna og hins vegar fiskvinnslu, um að breyta útflutningsgjaldinu og hafa eitt og sama útflutningsgjald, á þeim grundvelli að það sé eðlilegra að þeir, sem selja dýrari vöru úr landi og framleiða dýrari vöru, greiði hærra verð í krónutölu í útflutningsgjald. Þegar þessi samræming átti sér stað var lækkað hlutfallslega útflutningsgjaldið af ódýrari vöru sem þoldi ekki svo hátt gjald. En það kemur annað til. Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins kemur einnig inn í þetta dæmi. Verðjöfnunarsjóðurinn hefur það hlutverk að draga úr áhrifum verðsveiflna er verða kunna á útflutningsafurðum fiskiðnaðarins. Þegar ein grein gengur betur í ár en áður og jafnvel mörg ár á undan, við skulum segja skreiðarverkunin, réttlætir það ekki að taka kúfinn af skreiðarverkuninni til að lækka útflutningsgjöld í annarri grein. Skreiðarverkun á þá auðvitað að greiða hlutfallslega meira af söluverði skreiðar í sína deild í Verðjöfnunarsjóðnum til að styrkja þar stöðu sína þannig að hún geti tekið við sveiflum niður á við þegar að því kemur, því alltaf má við því búast. Þetta er eðli og tilgangur Verðjöfnunarsjóðsins, en ekki alltaf að hirða það sem kemur inn og sjá um að hvergi komi neins staðar inn, heldur bara út á meðan eitthvað er til. Þetta er ríkisstj. núna að hætta sér út í, sem er rangt að mínu mati.

Útflutningsgjaldið eins og það er núna skiptist aðallega í fjóra meginhluta. Aflatryggingasjóður fær nú yfir helminginn eða 50.5%. Þar af eru 19.5% framlag til almennu deildarinnar og til áhafnadeildar 31%. Vátryggingar fiskiskipa fá fjórðung af gjaldinu eða 25%. Fiskveiðasjóður fær 20% og Fiskimálasjóður 1%. Til sjávarrannsókna fara 2.5% og svo 1/2% annars vegar til sjómannasamtakanna og hins vegar til Landssambands ísl. útvegsmanna. Ég held að eftir því, hvernig þetta útflutningsgjald skiptist verði auðvitað að meta það og vega: Þola þær greinar, sem eiga að fá útflutningsgjaldið, að það sé skert eitthvað frekar? Ég vil geta þess í þessu sambandi, að þegar eftir myndun vinstri stjórnarinnar sálugu var bætt verulega við verkefni Aflatryggingasjóðs. Hvað snertir framlag til áhafnadeildarinnar tel ég ákaflega hæpið að það sé hægt að skerða neitt, — raunar hvorki framlagið til almennu deildarinnar né áhafnadeildar Aflatryggingasjóðs. Það væri e. t. v. hægt að skerða frekar hlut vátrygginga fiskiskipa ef staða útgerðarinnar væri sæmilega góð, en nú vitum við mætavel að staða hennar er síður en svo að vera sæmileg. Hún er afleit þó útgerðin fái væntanlega 19% fiskverðshækkun, eins og helst er nú rætt um. Aðrir liðir eru lítilfjörlegir. Þeir eru ekki nema 4.5% svo að það mundi muna litlu þó af þeim væri klipið, enda legg ég það ekki fyrir mitt leyti til. En ég vara við þessari breytingu.

Sömuleiðis kom mér á óvart þegar hæstv. ráðh. sagði að olíugjaldið yrði áfram óbreytt.

Nú er ekkert olíugjald. Það var 7.5% til 31. des. Það þarf því nýja löggjöf um olíugjald. Um gjald þetta urðu nokkrar deilur þegar frv. um það var til afgreiðslu í októberlok eða nóvemberbyrjun. Þá lýsti hæstv. ráðh. því yfir, sem hann og gerði litlu eftir að hann tók við embætti sjútvrh., að hann væri mótfallinn olíugjaldi í því formi sem það er á lagt. Því kemur mér það á óvart ef hann ætlar nú í þriðja skipti að leggja á gjald sem hann telur vera rangt og raunar heimskulegt að leggja á í því formi, eins og hann hefur margoft tekið fram. Sjálfstæðismenn og fulltrúi Alþfl. í sjútvn. Nd. töldu að það ætti að fara í auknum mæli yfir í almenna skattlagningu, en ekki láta útgerðarmenn og sjómenn eina standa undir þessu olíugjaldi. Um hitt greinir okkur ekki á, hæstv. sjútvrh. og mig, að útgerðin þarf á þessum tekjum að halda. En ég furða mig á því, að ráðh., sem búinn er að sitja í sínu embætti í eitt ár og þrjá daga, segir að skattur, sem hann hefur tvívegis lagt til að verði lagður á, sé ranglátur og snarvitlaus, en lýsir því nú yfir í þriðja skipti, að hann ætli að leggja vitlausan skatt á sem hann sé algjörlega á móti sjálfur.

Þegar við förum að athuga þetta nokkru nánar er það ekki svo vitlaust hjá hæstv. ráðh. að halda svona á málum. Vitaskuld verður hann að vera samstiga hinum níu í ríkisstj. Af því þeir eru alltaf að ganga aftur á bak og reka sig á veggina vill hann auðvitað gera það líka svo hann geti verið áfram í þessu samfélagi. Það er sennilega eina skýringin sem hægt er að finna í þessu sambandi. Syndaflóðið stóð í 40 daga og 40 nætur, en á fiskverðsákvörðun á Íslandi í ársbyrjun 1981 hefur staðið í 43 daga og nætur. Framsfl. kvartar um grútmáttlausa stjórnarandstöðu, eins og leiðtoginn í þingflokknum hefur margoft gert. Svo kemur ritstjóri Tímans og skælir þau ósköp í leiðara fyrir þremur dögum yfir hvað stjórnarandstaðan sé hörð og erfið. Það eru ekki einu sinni þornuð enn tárin á blaðinu sem kom út fyrir þremur dögum. Þá er hann að taka upp hanskann fyrir foringjann sinn, sem grét hér beisklega fyrir viku yfir því, að við værum vondir menn sem værum að skipta okkur af því hvað gengi með sjávarútveg á Íslandi og með ákvörðun um fiskverð, — ákvörðun sem íslenskt efnahagslíf byggist á, — og að fulltrúar þm., sem eru kjörnir úr sjávarbyggðum, skuli leyfa sér að ýta við steinsofandi mönnum þegar þeir voru búnir í rúma 40 daga að hanga á þessu máli.

Ég vona að það sé þá satt og rétt sem ráðh. segir, að fiskverðið komi fyrir helgi. Það er fiskverðsákvörðun sem á að gilda til 1. mars. Síðan kemur auðvitað önnur fiskverðsákvörðun, því að sjómenn og útgerðarmenn verða að taka mið af þeim væntanlegu uppbótum á laun sem koma 1. mars. Vonandi verða þó þessar ákvarðanir tvær teknar samtímis, þannig að sjómenn, útgerðarmenn, fiskverkendur og þjóðin öll og verkafólkið, sem

vinnur í fiskvinnslunni, viti hvað fiskverðið verði út vertíðina. — En mér finnst að menn, sem þannig stjórna, eigi að tala sem allra minnst um langtímastefnu. Þeir geta ekki einu sinni fylgt tímatalinu eftir, eru á eftir tímatalinu um 43 daga.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Það ástand, sem nú er í fiskverðsmálum, er gersamlega óþolandi, ekki aðeins fyrir útgerðina, heldur sérstaklega fyrir sjómenn sem nú hafa í 43 daga ekki vitað hver laun þeirra eru raunverulega. Þetta skapar mikil vandræði varðandi uppgjör og annað er lýtur að útgerðinni. Það er ýmislegt sem miðað er við fiskverð, eins og kaup beitningamanna o. fl. Þeir eru á sama báti og sjómennirnir. Við þetta verður ekki unað öllu lengur. Hins vegar er það svo, að aldrei fyrr mun hafa dregist eins lengi að ákvarða fiskverð og einmitt núna.

Í áramótaboðskap forsrh. var tilgreint að enn ein verðstöðvun kæmi til. Það var nú almennt gert grín að þessu í landinu. En hitt er annað mál, að ástæðulaust er að efast um góðan vilja þeirra sem eru enn á ný að prédika verðstöðvun, sem er í raun ekkert annað en viðurkenning á því, að fyrri verðstöðvun, sem þeir þóttust framkvæma, hafi mistekist. Ég var að frétta af því, að 1. febr. hefðu öll veiðarfæri hækkað allverulega, t. d. hefðu net og tóg hækkað um 8% og blýteinar um 4%. Langar mig að spyrja að því, hvort þetta hafi verið leyft af ríkisstj., hvort þetta sé löglegt eða á hvern hátt þessum málum er varið. Það gengur náttúrlega ekki, að á meðan auglýst er verðstöðvun skuli verðhækkanir dynja yfir. Reyndar hefur það verið daglegt brauð að undanförnu, en það er mjög alvarlegt að á meðan ekki er ljóst hvert fiskverð er og á meðan verið er að reyna að leysa vanda útgerðarinnar skuli hægt að hækka allan tilkostnað eins og mönnum sýnist. Nú spyr ég sjútvrh. hvort leyft hafi verið að hækka veiðarfærin eins og gert hefur verið eða ekki og hvort það verður þá afturkallað — eða er verðstöðvunin ekki marktæk? — sem manni dettur að vísu helst í hug.

Ég tek undir það sem sagt var hér áðan, að það eina, sem eftir er sjáanlegt af áramótaboðskapnum og kemur til framkvæmda 1. mars, er kaupskerðingin ein, kauplækkunin ein, — ein sú hrikalegasta kauplækkun sem gerð hefur verið á síðari tímum.

Sjútvrh. tilgreindi í fyrri viku að fiskverðið hefði ekki komið vegna tilmæla frá sáttasemjara og samninganefndarmönnum sjómanna. Í framhaldi af því hafði ég samband við nokkra samningamenn úr samninganefnd sjómanna. Þeir komu alveg af fjöllum, ef svo mætti segja. Það má vera að einhverjir aðilar hafi gaukað þessu að sjútvrh., og ég vil ekki vera að vefengja hans orð, en eitt veit ég fyrir víst: að sjómenn í mínu byggðarlagi, sjómenn þeir sem ég þekki til, eru afar óhressir yfir þessum vinnubrögðum og hafa ekki óskað eftir því, að ákvörðun fiskverðs yrði seinkað.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu mjög né fara ítarlega ofan í þau atriði sem varða fiskverðsákvörðun, enda yfirlýst að það mál sé á viðkvæmu stigi. En ég tek undir það, að það er óviðunandi dráttur sem hefur átt sér stað á ákvörðun fiskverðs, og þau sjónarmið, sem þm. Karl Steinar Guðnason lýsti hér áðan, geri ég að mínum.

Hitt er athyglisvert, að fyrir viku sagði ráðh. frá því, að það stæði ekki á neinni ákvörðun hjá ríkisstj. að því er varðaði ákvörðun fiskverðs, en nú stendur hann upp hér í dag og tíundar afrek sín frá því í gærmorgun og í morgun og í fyrradag, sem hann hafi verið að vinna að innan ríkisstj., m. a. til þess að koma í kring fiskverði. Ég verð að segja það, að ég fæ ekki þessa skýrslu ráðh. frá því í fyrri viku og núna til að ganga upp. En það er kannske ekki í fyrsta skipti sem ummæli af þessu tagi og yfirlýsingar af hans hendi ganga ekki upp.

Hæstv. ráðh. gerði það líka að umtalsefni, að auðvitað hefði í upphafi átt að miða við meðalgengi eins og venjulega. Það er þá ekki heldur í fyrsta skipti sem menn vilja eitt, en gera svo hitt. Það virðist ætla að verða regla, a. m. k. hjá Framsfl.

Annars er það merkilegt með þetta gengi og sérstaklega þá yfirlýsingu sem gefin hefur verið út um það hvers vegna ætti að miða við dollar eða við meðal Evrópumyntir, vegna þess að rökstuðningurinn fyrir því að miða við dollar hefur verið talinn sá, að dollarinn væri svo mikilvægur í útflutningsatvinnuvegum Íslendinga, en rökstuðningurinn fyrir því að breyta nú og miða við meðalgengi er að Evrópumyntirnar séu svo mikilvægar fyrir útflutningsatvinnuvegi Íslendinga.

Ég veit ekki hvað menn eiga að binda sig við að því er gengi varðar eða hvað þess konar gengisskráning heitir sem gildir nú, en uppástunga hefur komið um það, að ef menn endilega vilja vera að binda sig við eitthvað tækju menn bara ísraelska pundið. Þá ættu menn að vera nokkuð öruggir.

En það er eitt mál sem er kannske öðrum mikilvægara í sambandi við þá fiskverðsákvörðun og þær yfirlýsingar sem hafa verið gefnar um hana núna. Það eru yfirlýsingar um að ávísa á framtíðina, ávísa á tóman sjóð eftir formúlu frá 1975. Ég vil vara við því, að þetta sé gert. Verðjöfnunarsjóðurinn á að vera til að sveiflujafna, hann á að vera til að draga úr áhrifum verðlags erlendis á íslenskt efnahagslíf. Ef menn ávísa á tóma sjóði mun það hafa verðbólguáhrif. Og ég er hræddur um að úr því, sem ríkisstj. hefur gumað mjög mikið af, að hún væri nú að ná hugsanlega greiðsluafgangi á ríkissjóði og það mundi draga úr verðbólgunni, — úr því verði heldur lítið ef menn sleppa síðan taumnum fram af sér annars staðar, búa sér til nýtt tæki á öðrum stað til að prenta peninga. Þá er ég hræddur um að greiðsluafgangur hjá ríkissjóði skipti litlu sem viðnám gegn verðbólgu.

Það er óheilbrigð leið sem hér er farið inn á. Ég vara við því að taka upp þær aðferðir sem beitt var hér á árunum 1975 og 1977. Þær eru rangar. Þær eru hættulegar. Sem betur fer tókst okkur að fikra okkur út af þeirri braut. Það mun ekki góðri lukku stýra ef menn ætla nú inn á þá braut aftur því að með aðgerð af þessu tagi er verið að ávísa annaðhvort á gengisfellingu eða á ríkissjóð.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Mér þykir hlýða að þakka hæstv. sjútvrh. svör hans þótt þau væru reyndar ófullnægjandi að mínu mati.

Það kom fram í svörum hæstv. sjútvrh., að ábyrgð yrði tekin á yfirdráttarheimild Verðjöfnunarsjóðs sjávarafurða af hálfu ríkisstj., og hann gaf í skyn að endurgreiðsla yrði e. t. v. með gengisbreytingu eða öðrum hætti. Ef endurgreiðslan verður með gengisbreytingu, með því að fella gengi íslensku krónunnar, er alveg ljóst að horfið er fyrir fullt og allt frá þeim efnahagsráðstöfunum sem til-

kynntar voru á gamlársdag. Það hefur að vísu verið horfið frá þeim að nokkru með breyttri viðmiðun gengis íslensku krónunnar.

Hæstv. sjútvrh. nefndi ekki með hvaða öðrum hætti væri unnt að fjármagna Verðjöfnunarsjóðinn til að greiða hærra viðmiðunarverð en markaðsverð sjávarafurða segði til um. Og þá erum við komin að því, að hæstv. ríkisstj. hefur í raun tilkynnt að hún muni taka upp styrkja-, uppbóta- og millifærslukerfi í höfuðatvinnuvegi okkar. Það verður að vara mjög sterklega við því að fara inn á þá braut sem farin var sérstaklega á áratugnum milli 1950 og 1960, gaf svo illa raun sem menn muna og kostaði raunar mikið átak að hverfa af 1959 og 1960.

Það er ljóst að yfirdráttarheimild Verðjöfnunarsjóðs, sem hæstv. sjútvrh. segir ríkisstj. hafa samþykkt, getur numið 8 — 10 milljörðum kr. á ári. Raunar fer fjárþörfin vaxandi eftir því sem á árið líður og verðbólguþróun ársins og kostnaðarhækkanir segja meira til sín. En með þessu er ekki öll sagan heldur sögð vegna þess að eftir sem áður, þrátt fyrir breytta gengisviðmiðun, nú við meðalgengi, er fjárþörf útflutningsiðnaðarins einnig fyrir hendi í stórum stíl.

Hitt skulum við svo hafa í huga, að hækkun dollars bætir í raun viðskiptastöðu landsins, og er það út af fyrir sig vel. Í því sambandi má minna á að útflutningur okkar miðast aðallega við dollar, en innflutningur okkar við Evrópugjaldeyri. Þessi breyting á gengisskráningu erlendra gjaldmiðla hefur því haft í för með sér viðskiptakjarabata fyrir Íslendinga í heild. Það er jafnvel útlit fyrir að þessi viðskiptakjarabati komi að einhverju leyti fram við útreikning verðbóta til hækkunar núna 1. mars, og viðskiptakjarabatinn hefði áreiðanlega komið fram við útreikning verðbóta 1. júní ef Alþb.-mennirnir hefðu ekki verið svo gáfaðir að krefjast þess, að viðskiptakjaraviðmiðun verðbóta yrði afnumin. Eftir að launþegar hafa sem sagt þolað verðbótaskerðingu samkvæmt Ólafslögum vegna verri viðskiptakjara er alveg mátulega afnumin þessi viðmiðun þegar viðskiptakjörin fara batnandi og eiga að fara að bæta kjör launþega. Þarna er þeim Alþb.-mönnum alveg rétt lýst. Ég sé nú að bæði hæstv. félmrh., Svavar Gestsson, og hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson, sem ég ávarpaði nokkrum orðum í fyrri ræðu minni, hafa horfið af fundi. Það er ekki að furða.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Ég greindi frá því áðan að 1. febr. hafi átt sér stað veruleg hækkun á veiðarfærum til útgerðarinnar og ég spurði eftir því hvort þessi hækkun hefði verið leyfð af ríkisstj. Það hlýtur að hafa verið fjallað um þessi mál í sambandi við þá fiskverðsákvörðun sem nú er væntanleg. Því spyr ég enn á ný: Var þetta gert með leyfi ríkisstj.? Falla þessi atriði ekki undir boðaða verðstöðvun? Ef þetta hefur ekki verið samþykkt af ríkisstj. er þá ráðh. tilbúinn til að afturkalla þessa hækkun eða banna hana?

Vegáætlun 1981 — 1984, þáltill. (þskj. 356). — Fyrri umr.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1981 — 1984, á þskj. 356. Þessi vegáætlun er byggð upp á svipaðan máta og sú sem hún kemur í staðinn fyrir, enda er nýlega búið að aðlaga uppsetningu vegáætlunar nýjum viðhorfum og vinnubrögðum sem vel hafa reynst. Segja má þó að forsendur hennar séu í nokkru aðrar. Fjármagn til ráðstöfunar á áætlunartímabilinu er það sama og á fyrstu fjórum árum þeirrar langtímaáætlunar sem lögð hefur verið fram hér á hinu háa Alþingi á þskj. 357 og ég mælti fyrir í síðustu viku. M. ö. o. er fjáröflun miðuð við ákveðinn hluta þjóðarframleiðslunnar eða 2.1% hennar. Heildarupphæðin er á árinu 1981 38 milljarðar og 786 millj. kr. Ég kýs að tíunda upphæðir í gömlum krónum vegna þess að till. til þál. var lögð fram í des. s. l. og er allt reiknað þar í slíkum fjárhæðum. Mér sýnist eðlilegt til samræmingar að ég noti gamlar krónur. Þessi upphæð, sem er eins og ég sagði 38 milljarðar og 786 millj. á árinu 1981, fer síðan hækkandi í samræmi við verðlag og þjóðarframleiðslu. Gert er ráð fyrir 42% hækkun frá árinu 1980 — 1981, 30% hækkun frá 1981 — 1982, en síðan er byggt á föstu verðlagi frá 1982 — 1983 og 1983 — 1984. Verður nokkur aukning á þessari upphæð á grundvelli þess mats sem Þjóðhagsstofnun hefur látið í té um vöxt þjóðarframleiðslunnar, þ. e. 2.5% á ári.

Sé þessi upphæð 1981 borin saman við fjárveitingar til vegamála undanfarin ár kemur í ljós að hér er um verulega hækkun að ræða. Séu niðurstöðutölur síðustu ára færðar til verðlags 1981 samkvæmt þeim verðlagsgrundvelli, sem áætlunin gerir ráð fyrir verða þær fyrir árið 1980 36.6 milljarðar, 1979 30.7 milljarðar, 1978 31.5 milljarðar og 1977 39.8 milljarðar. Hér er um að ræða bæði hæstu fjárhæð til vegagerðar og hæsta hlutfall af þjóðarframleiðslu síðan 1974, en þá lauk tímabili mikils átaks í vegagerð með tengingu hringvegarins.

Fjáröflun til vegamála fyrir árið 1981 er á þá leið sem fram kemur í till. Það eru í fyrsta lagi fastir liðir sem skiptast í bensíngjald, þungaskatt og gúmmígjald. Þessir liðir eru þannig 1981: Bensíngjald 16 milljarðar, þungaskattur 6 milljarðar 520 millj., gúmmígjald 90 millj. Samtals verður þessi upphæð á árinu 1981 22 milljarðar 610 millj., en markaðir tekjustofnar vaxa síðan samtals 1982 í 30 milljarða 520 millj., 1983 í 31 milljarð 730 millj. og 33 milljarða 10 millj. 1984.

Á árinu 1981 er gert ráð fyrir ríkisframlagi sem er 3 milljarðar 166 millj., en á árunum 1982, 1983 og 1984 er gert ráð fyrir 5 milljarða ríkisframlagi.

Þessir tveir liðir, þ. e. fastir markaðir tekjustofnar og ríkisframlagið, verða því 1981 25 milljarðar 776 millj. en 1982 35 milljarðar 520 millj.

Jafnframt er í áætlun þessari gert ráð fyrir sérstakri fjáröflun. Í fyrsta lagi er um að ræða lánsfjáröflun á árinu 1981 að upphæð 11 milljarðar, en einnig er reiknað með annarri fjáröflun að upphæð 2 milljarðar 10 millj. á árinu 1981. Um síðari liðinn er rétt að fara nokkrum orðum. Hér er fyrst og fremst um að ræða lánsfé sem hefur verið fengið til sérstakra verkefna, t. d. „Hafísvegar" og jaðarbyggða, sem Framkvæmdastofnun ríkisins hefur útvegað.

Síðari árin — 1982, 1983 og 1984 — er þessari sérstöku fjáröflun ekki skipt í lánsfjáröflun og aðra fjáröflun, heldur er þar skráð sú heildartala sem gert er ráð fyrir að aflað verði annaðhvort með fjáröflun á lánsfjáráætlun eða á annan máta, eins og verið hefur. Er á árinu 1982 gert ráð fyrir rúmlega 16.8 milljörðum í þessu skyni.

Séu þessar tölur skoðaðar sést að markaðar tekjur ná nú ekki 60% heildartekjuöflunar og segja má að þróunin hafi mörg undanfarin ár verið sú, að markaðar tekjur

hafi farið hlutfallslega minnkandi. Ég tel þetta vera mjög varhugaverða þróun, tel æskilegt að markaðir tekjustofnar, t. d. það fjármagn sem fæst af bensíni, fari fremur hækkandi, en þá annað álag á bensín lækkandi, eins og iðulega hefur verið um rætt. Þess vegna hef ég skipað nefnd sem hefur það verkefni að kanna markaðar tekjur Vegasjóðs og sköttun umferðarinnar, og vænti ég þess að hafa tillögur frá þeirri nefnd innan skamms, sem gætu legið fyrir við nýja endurskoðun vegáætlunar.

Skipting útgjalda kemur fram hér sundurliðuð, eins og venja er í vegáætlun, og sé ég út af fyrir sig ekki ástæðu til að rekja þar einstakar upphæðir, en vil fara nokkrum orðum um meginliði.

Ég vil í fyrsta lagi upplýsa að liðurinn „Stjórn og undirbúningur" er á árinu 1981 í fullu samræmi við það sem ákveðið var með áætlunargerðinni 1979. Má yfirleitt segja að þrátt fyrir aukin umsvif í vegagerð frá því, sem verið hefur undanfarin ár, sé ekki gert ráð fyrir neinni teljandi aukningu á starfsliði Vegagerðar ríkisins. Um er að ræða að fylla í skörð sem auð eru nú og fastráða nokkra lausráðna menn.

Viðhaldi vega er skipt á æðimarga liði, eins og kemur fram. Um viðhald vega vil ég segja að því hefur ekki almennt verið gefinn sá gaumur sem nauðsynlegt er. Sérstaklega hefur sumarviðhald vegakerfisins ekki náð því sem að var stefnt með síðustu vegáætlun. Þetta er að sjálfsögðu mjög bagalegt því að ef ekki er vel haldið við yfirborði vega veldur það óeðlilegu sliti á bifreiðum og auk þess, ef ekki er spyrnt við fótum og lagfært í tíma, veldur slíkt eyðileggingu á vegum.

Þess má geta, að talið er að af samanlögðum heildarkostnaði umferðar og viðhalds Vegagerðarinnar sé hlutur hins síðarnefnda, þ. e. Vegagerðarinnar, aðeins um 15%—20%, þannig að aukning viðhalds gæti gefið margfaldan sparnað til baka í formi minni kostnaðar fyrir umferðina.

Fjárveiting til sumarviðhalds hefur undanfarin ár aðeins verið u. þ. b. 60—70% af þeirri þörf sem áætluð hefur verið. Lægst fór hlutfallið 1977, í 59%, en var á síðasta ári þó komið upp í 71%. Afleiðing slíks fjármagnssveltis er í fyrstu, eins og ég nefndi áðan, að yfirborð vegarins versnar og síðan eyðileggst undirbygging hans. Þess vegna er í þessari vegáætlun lögð nokkur áhersla á að auka jafnt og þétt sumarviðhald vegakerfisins samhliða áframhaldandi uppbyggingu þess. Gert er ráð fyrir að hlutfall fjárveitinga af þörf hækki úr 71% árið 1980 og verði komið í 86% í lok áætlunartímabilsins árið 1984.

Rétt er þá að fara nokkrum orðum um liðinn „2.3 Til nýrra þjóðvega", sem venjulega er mest umræddur í gerð vegáætlunar og ítarlega fjallað um af fjárveitinganefnd og þm. Þessum lið er eins og venjulega skipt í þrjá meginundirliði, þ. e. stofnbrautir, þjóðbrautir og síðan minni liður sem nefnist „Girðingar og uppgræðsla". Stofnbrautunum er skipt í stofnbrautir almennt, bundið slitlag og sérstök verkefni.

Vil ég víkja að þessum þáttum.

Ég vek fyrst athygli á því, að í liðinn „bundið slitlag" er nú gert ráð fyrir að verja rúml. 4.1 milljarði kr. af þeim tæplega 14.5 milljörðum sem til stofnbrauta fara. Eru þetta tæplega 30% þeirrar upphæðar. Þetta er töluverð aukning frá því sem áður hefur verið. Jafnframt er gert ráð fyrir því, að þessi liður haldist lítt breyttur hlutfallslega út áætlunartímabilið. Er þar með undirstrikuð sú stefna að ráðast í slitlagagerð í ríkara mæli en áður hefur verið gert og má segja að hafi verið hafin með auknu átaki á árinu 1980. Á því ári, þ. e. 1980, var lagt bundið slitlag á 90 km af þjóðvegum. Áður hafði ekki verið lagt bundið slitlag á nema um 30—40 km árlega.

Meðal stærstu verkefnanna á þessu sviði á síðasta ári má nefna Suðurlandsveg við Hellu sem var 4 km, Eyrarbakkaveg 3 km, Þorlákshafnarveg 7 km, Vesturlandsveg á Kjalarnesi og í Brynjudal samtals 7 km, Vesturlandsveg undir Hafnarfjalli og í Norðurárdal samtals 13 km, Djúpveg við Ísafjörð og Bolungarvík samtals 4 km, Norðurlandsveg við Blönduós 13 km, Norðurlandsveg í Skagafirði og Sauðárkróksbraut samtals 9 km, Norðurlandsveg við Akureyri og Ólafsfjarðarveg samtals 13 km, svo að stærstu spottarnir séu taldir.

Eins og kemur fram af þessar upptalningu hefur þessu verki verið mjög dreift um landið, að vísu lögð áhersla á að umferð sé yfir 100 bifreiðar á dag, en þó verið talið skylt að gæta þess, að um lagningu bundins slitlags yrði að ræða í öllum kjördæmum.

Af þessum 90 km bundins slitlags var lítið eitt af malbiki, nokkuð af olíumöl, en langmest af klæðningu. Þetta er þriðja árið sem þessi slitlagstegund er lögð hér á landi og er það ekki að ástæðulausu því að kostnaður við hana er einungis um 50—60% kostnaðar við olíumöl. Jafnframt hefur sú reynsla, sem fengist hefur af þessu slitlagi, bent eindregið til þess, að það sé fjárhaglega hagkvæmt á mikinn hluta vegakerfisins í samanburði við olíumöl og malbik.

Svo sem við má búast hafa þó komið í ljós ýmsir byrjunarerfiðleikar við undirbúning og útlögn klæðningar og verður unnið að því að ráða á þeim bót.

Með því fjármagni, sem þessi áætlun gerir ráð fyrir, má ætla að leggja megi allt að 150 km af bundnu slitlagi 1981 og færi sú tala síðan hækkandi út áætlunartímabilið með auknu fjármagni til vegamála með vexti þjóðarframleiðslu. Við röðun verkefna 1981 ættu að hafa forgang þau verkefni sem voru á því ári í eldri vegáætlun. Meðal þeirra helstu má nefna Suðurlandsveg milli Hellu og Hvolsvallar, Vesturlandsveg í Hvalfirði, Akranesveg, vegi við þéttbýlisstaði á norðanverðum Vestfjörðum, Norðurlandsveg í Húnavatnssýslu, Ólafsfjarðarveg, Norðfjarðarveg og vegi út frá Höfn í Hornafirði. En auk vegakaflanna, sem þannig voru komnir inn í eldri vegáætlun, er nokkuð svigrúm til að taka inn nýja vegakafla með bundnu slitlagi.

Forsendan fyrir því, að leggja megi þó þetta mikið af bundnu slitlagi árlega, er sú, að varið sé það miklu af því fé, sem talið er til stofnbrauta almennt, í undirbúning stofnbrauta svo að ætíð séu fyrir hendi kaflar sem eru nægilega langir til að hagkvæm vinnubrögð náist við lagningu slitlags.

Það hefur sýnt sig að fjárveiting til „Sérstakra verkefna", en sá liður er tiltölulega nýlega upp tekinn, leysi mikinn vanda. Meðan öllu framkvæmdafé var skipt á milli kjördæma var stórum fjárfrekum verkefnum sífellt slegið á frest, en minni verkefni látin ganga fyrir og jafnframt framkvæmdum iðulega dreift á mjög mörg verkefni, sem var óhagkvæmt í framkvæmd allri, eins og gefur að skilja. Fjárveitingu til „sérstakra verkefna" er eingöngu ætlað það hlutverk að tryggja að slík stórverkefni, sem eru í raun oft eins nauðsynleg ef ekki jafnvel nauðsynlegri en þau smærri, verði unnin ekki síður en hin smærri.

Hvatinn að því, að þessi háttur var tekinn upp, var e. t. v. sá vandi sem var því samfara að hrinda í framkvæmd því stórvirki sem vegur og brú yfir Borgarfjörð eru. Eins og kunnugt er voru mannvirkin tekin í umferð s. l. ár og er gert ráð fyrir að öllum meginframkvæmdum verði lokið á þessu ári. Hér er um stóra framkvæmd að ræða á okkar mælikvarða. Er áætlaður heildarkostnaður um 10 milljarðar gkr. á verðlagi ársins 1981. Gert er ráð fyrir að þörfin sé um 1 milljarður á þessu ári til að ljúka þessu verki fullkomlega og þar með talin malbikun allt úr Melasveit að Hamarslæk eða um 20 km. Þetta verk hófst árið 1975 og hefur verið unnið að því óslitið síðan. Þessi langi byggingartími án möguleika til nota af mannvirkinu eða hlutum þess er augljóslega þjóðhagslega óhagkvæmur. Því var brýn nauðsyn að tryggja slíkum stórverkefnum sérstakar fjárveitingar.

Þessu var öðruvísi varið um þau þrjú stórvirki sem eru af svipaðri stærð og gerð hafa verið síðustu áratugina, þ. e. Reykjanesbraut, Suðurlandsveg til Selfoss og lokun hringvegar með Skeiðarármannvirkjum. Þau voru fjármögnuð að miklu leyti með sérstökum erlendum lánum eða happdrættisfé.

Mér þykir rétt og tel vera til fróðleiks að hlaupa yfir þau stóru sérverkefni sem nú er að unnið.

Vinna hófst við neðsta hluta Biskupstungnabrautar á s. l. ári og var þá lagt bundið slitlag á 1.5 km frá Suðurlandsvegi. Á vegi þessum er sumarumferðin yfir 1000 bifreiðar á dag og hefur ástand hans verið mjög slæmt undanfarið ár. Unnt ætti að vera að byggja brú á Sog og ljúka gerð vegarins upp að Keri á þessu og næstu tveimur árum.

Á s. l. ári var breikkaður sá hluti Hafnarfjarðarvegar sem einna flest umferðarslys hafa orðið á undanfarin ár. Á umræddum kafla var ekki ágreiningur um skipulag. Nú er hins vegar svo komið, að tæpast er unnt að ráðast í frekari framkvæmdir án þess að gengið verði frá skipulagsmálum. Ég vil leggja áherslu á að þetta er alvarlegt mál fyrir framkvæmdina og íbúa þessa svæðis. Þarna er ágreiningur sem verður að leysa áður en áfram er unnt að halda. Vitanlega er nauðsynlegt að heimamenn leysi þennan ágreining, er vart um nema tvo kosti að ræða: annaðhvort að snúa sér að öðru sérstöku verkefni í kjördæminu — kæmi þá til greina Reykjanesbraut frá Breiðholtsbraut að Kaplakrika — eða að skipulagsyfirvöld gangist fyrir og hengi upp tillögur um skipulag sem reynt verði á hvort samþykkt verður. Ég vil geta þess, að áætlaður kostnaður við að ljúka gerð vegarins frá Arnarneshæð suður í Engidal er 2.5 til 3 milljarðar gkr. og er þá kostnaður við gatnamótamannvirki með talinn.

Ég nefndi áðan Reykjanesbraut frá Breiðholtsbraut að Kaplakrika, sem er mjög nauðsynleg framkvæmd einnig, en kostnaður við það verk er áætlaður um 3 milljarðar gkr.

Undanfarin ár hefur verið unnið að vegagerð um Hvalsnes og Þvottárskriður og hefur mikið áunnist. Enn er þó margt ógert, einkum beggja vegna skriðanna, og er brýn þörf á endurbyggingu vegarins frá Lóni að Hofsá, sem er um 30 km vegalengd, og er áætlað að nauðsynlegar endurbætur kosti um 1.5 milljarð gkr. og er þá miðað við malarveg.

Mikil þörf er á að sem fyrst opnist tenging um Víkurskarð, sem leysa á af hólmi núverandi veg um Vaðlaheiði, sem er lokaður mánuðum saman á ári hverju, og veg um Dalsmynni, sem telja verður stórhættulegan vegna snjóflóða. Áætlaður kostnaður við að ljúka veginum frá Svalbarðsströnd að Fnjóskárbrú er um 2.2 milljarðar gkr., en unnt ætti að vera að gera veginn vetrarfæran fyrir allmiklu lægri upphæð. Þarna eru í beinu framhaldi mjög stór önnur verkefni, fyrst og fremst brýrnar og vegurinn yfir Eyjafjarðará eða yfir Leirurnar, sem þarf að fylgja í beinu framhaldi af framkvæmdinni við Víkurskarð.

Bygging nýrrar brúar á Héraðsvötn hófst s. l. ár. Stefna þarf að því að tengja brúna á þessu ári og ljúka framkvæmdum 1982 að öðru leyti en því, að fresta mætti hluta af varnargörðum þar til síðar. Heildarkostnaður er áætlaður 1.7 milljarðar gkr. og þar þarf 1 milljarð til að koma umferð á.

Undanfarin ár hefur verið unnið að vegagerð um Holtavörðuheiði. Að undanteknum kafla á sunnanverðri heiðinni er nú langt komið vegagerð um háheiðina frá Heiðarsporði norður fyrir Miklagil. Er óhætt að fullyrða að vegagerð þessi hafi þegar gjörbreytt aðstæðum til vetrarsamgangna á þessari leið. Mjög æskilegt er hins vegar að áfram verði haldið og lokið verði endurbyggingu vegar um efri hluta Norðurárdals og niður að Brú í Hrútafirði sem fyrst. Áætlaður kostnaður við verk þetta er 2.5—3 milljarðar gkr. Háheiðin er þar af um 13 km, efri hluti Norðurárdals um 19 km og frá Miklagili að Brú um 6 km.

Árið 1979 hófust framkvæmdir við veg og brú yfir Önundarfjörð og var sú brú tekin í notkun á s. l. ári. Áformað er að ljúka þessu verkefni á þessu ári, m. a. með því að leggja þar á bundið slitlag. Heildarkostnaður er nú áætlaður 1.1 milljarður gkr. og eru þá meðtaldar framkvæmdir á árinu 1981.

Auk þessara verkefna, sem nú er unnið að, eru fjölmörg verkefni önnur sem bíða úrlausnar. Má í þeim flokki nefna t. d. Hvalfjörðinn í botni, Ólafsvíkurenni, Óshlíð, tengingu Djúps um Steingrímsfjarðarheiði, Ólafsfjarðarmúla, veginn um Leirurnar, sem ég nefndi áðan, Ölfusárbrú, sem hefur hér iðulega verið nefnd og er nú í sérstakri athugun, eins og fram kom þegar ég svaraði fsp. um hana hér fyrir nokkru, og reyndar mætti margt fleira upp telja af slíkum stórum verkefnum, sem þm. viðkomandi kjördæma hljóta að raða niður í meginforgangsröð í samvinnu við Vegagerð ríkisins.

til þessa málaflokks er gert ráð fyrir að verja 4 milljörðum 356 millj. á árinu 1981 og fer svipaður hluti þess fjár, sem til stofnbrauta fer næstu þrjú árin, í slík verkefni og mun ekki veita af.

Með breytingu á vegalögum 1976 var tekin upp núverandi flokkun vega í þjóðbrautir og stofnbrautir. Í kjölfar breytingarinnar voru fjárveitingar til þjóðbrauta, sem áður hétu landsbrautir, hækkaðar nokkuð frá því sem verið hafði næstu árin á undan. Hafa fjárveitingar síðan haldið svipuðum framkvæmdamætti. Samkv. till. er gert ráð fyrir að svo verði áfram næstu ár. Skipting þessa fjár á milli kjördæma er í höndum fjvn. og hefur hún tekið tillit til ástands þjóðbrauta í hverju kjördæmi, lengdar þeirra og umferðar á þeim. Er þess að vænta, að svo verði einnig nú. Lánsfé frá Framkvæmdastofnun til samgöngubóta í jaðarbyggðum er nú fellt inn í vegáætlun 1981, 410 millj. kr. — og er gert ráð fyrir að svo verði einnig næstu ár.

Ég get jafnframt getið þess, að þegar eru hafnir fundir með þm. og Vegagerð til undirbúnings að samþykkt vegáætlunar.

Fjárveiting til brúargerða er nokkru meiri 1981 en var 1980. Síðari ár áætlunarinnar dregur úr fjárveitingum til þessa liðar, enda gert ráð fyrir að brýr á stofnbrautum verði í vaxandi mæli fjármagnaðar af fjárveitingum til stofnbrautanna sjálfra. Er þetta gert með það í huga að tryggja betur heildarsamræmi í framkvæmdum við veg og brú. Fjárveiting til brúa færi þá fyrst og fremst til byggingar brúa á þjóðbrautum og endurbyggingar þeirra brúa á stofnbrautum sem ekki krefjast teljandi vegagerðar.

Annað helsta markmið breytingarinnar á vegalögunum 1976 var að auka ráðstöfunarfé sýsluvegasjóða. Var það gert með hækkun heimaframlaga, en þó einkum með hækkun ríkisframlagsins. Áhrifa breytingarinnar fór að gæta 1978, en þá jókst ríkisframlagið um rúmlega 50% að framkvæmdamætti frá árinu á undan. Þessi þróun til hækkunar hefur haldið áfram síðan og verður svo einnig samkv. till. Þetta aukna ráðstöfunarfé hefur komið fram í bættu ástandi sýsluvega almennt. Einstaka sýslur eru þó mjög misjafnlega settar í þessu tilliti. Sumar sýslur hafa þannig að verulegu leyti byggt upp sína vegi, en aðrar eiga á hinn bóginn langt í land.

Samkvæmt vegalögum skulu 12.5% fastra tekjuliða Vegasjóðs renna til þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum. Hefur fjármagn til þessa liðar farið vaxandi á síðustu árum og er gert ráð fyrir að svo verði áfram næstu árin. Náðst hefur verulegur árangur í þjóðvegum í þéttbýli, sem eru alls um 160 km að lengd, og hafa rúmlega $^2/_3$ hlutar þeirra fengið bundið slitlag. Eftir því sem gengur á þetta verkefni þarf að huga að því, hvort ekki er rétt að breyta ákvæðum vegalaga varðandi framlög til þjóðvega í þéttbýli. Kemur þar einnig til álita að sérstök lögbundin hlutföll til ákveðinna þátta vegáætlunar torvelda verulega eðlilega áætlanagerð.

Ég hef nú farið yfir flesta þá liði, sem hér eru taldir í skiptingu útgjalda, og skal stytta mál mitt. Ég sé ekki ástæðu til að rekja hér ítarlega upplýsingar þær, sem eru í grg. með þessari till., eða fara nánar í margt af því sem ég hef nú talið. Þar er að finna ítarlegar tölulegar upplýsingar sem á þarf að byggja við samningu vegáætlunar.

Ég vil að lokum, herra forseti, leggja áherslu á að með þessari vegáætlun og þeirri till. til langtímaáætlunar í vegamálum, sem hér hefur verið mælt fyrir, er að nokkru brotið í blað í gerð vegáætlunar og í vegaframkvæmdum. Gert er ráð fyrir að jafnt og þétt aukist fjármagn til vegamála í hlutfalli við þjóðarframleiðslu. Reynt er þar að sporna gegn því, að á slíkum framkvæmdum verði þær sveiflur sem hafa verið undanfarin ár.

Ég vil einnig nefna, að vegáætlun þessi er lögð fram tímanlega, og það er eindregin von mín, að þessa áætlun megi afgreiða tímanlega frá þinginu þannig að ekki þurfi, eins og iðulega af þeim sökum, að verða nein töf á því, að Vegagerð ríkisins geti hafið allan undirbúning að sumarframkvæmdum sem fyrst.

Ég vil síðan leggja til að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. fjvn.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Það er ástæðulítið að fara mörgum orðum um þessa till. til þál. nú hér við 1. umr. Bæði á ég sæti í fjvn. og kem til að fjalla ítarlega um hana áður en hún verður afgreidd og eins höfum við sjálfstæðismenn lagt fram hér á hinu háa alþingi till. til þál. um stórhuga áætlun í vegamálum. Ég vil þó nota þetta tækifæri til að segja nokkur orð um þessa till. til þál.

Undanfarin ár, frá því 1978, má segja að umfjöllun og stefna ríkisstjórna, sem setið hafa, í vegamálum sé skólabókardæmi um hvað hefur gerst í ríkisfjármálum, skattamálum og framkvæmdum í landinu. Frá því 1978 hafa skattar á bensín aukist um 15 milljarða gkr. að raungildi á árinu 1981. Sáralítill hluti af þessu fé fer hugsanlega til framkvæmda á næsta ári, þó skal ég koma nánar að því, en fram að þeim tíma hefur engin einasta króna af þessari gífurlegu skattahækkun á bensíni farið til framkvæmda í vegamálum. Samtímis þessu hafa verið tekin aukin lán til að halda þó uppi þeim framkvæmdum á s. l. ári sem eru meðaltal áranna 1974—1978. Þannig má segja að þessi stefna sé nákvæmlega skólabókardæmi í því sem gerst hefur í ríkisfjármálum á undanförnum árum. Það er þetta sem hefur gerst: Skattar hafa stórhækkað, framkvæmdir á hinum ýmsu þýðingarmiklu sviðum hafa í besta falli staðið í stað og lán hafa verið tekin í stórauknum mæli til þess einungis að hjakka í sama farinu í framkvæmdum.

Í þessari till. til vegáætlunar er gert ráð fyrir að verðbreytingar milli ára, frá árinu 1980 til 1981, verði einungis 42%. Hv. þm. vita að verðbólguhjólið hefur ekki snúist eins hratt nokkurn tíma í Íslandssögunni og síðan í sumar. Það er því alveg ljóst að þessar verðlagsforsendur standast því miður alls ekki. Þær eru algerlega út í hött. Á meðan hæstv. ráðh. veit ekki hvað hann er að tala um í verðlagsforsendum ákveðinna upphæða getur hann því miður ekki fullyrt, eins og hann gerði hér áðan, að þetta sé mesta heildarfjárveiting til vegamála síðan 1974 sem hér sé verið um að fjalla. Því miður getur orðið svo, að í ár verði ekki um meira framkvæmdamagn að ræða samkv. þessum tölum. Vegagerðarkostnaður fer áreiðanlega það mikið hækkandi frá því í fyrrasumar og fram á næsta sumar. Mér er nær að halda, án þess að hafa farið nokkuð nákvæmlega ofan í það, að þarna verði mjög mjótt á munum og vart náist að halda raunverulegu verðgildi í framkvæmdamætti milli áranna.

En það er fleira athyglisvert við þessa þáltill. Hún gerir ráð fyrir að markaðir tekjustofnar standi í auknum mæli undir framkvæmdum, og það er gert ráð fyrir að bensíngjald hækki nokkuð umfram verðlagsforsendur áætlunarinnar. Hér er sem sagt haldið áfram þeirri stefnu að leggja auknar álögur á bensín til að halda uppi framkvæmdum í vegamálum. Hæstv. ráðh. sagði, og gaf þá í skyn að það gæti að hans mati komið til greina, að lækka mætti þá aðra skatta á bensíni. Mæli hann þar manna heilastur. Ef þetta á að vera fjáröflunarleiðin sýnist mér að það verði að hverfa af þeirri hrikalegu skattastefnu á bensín sem verið hefur umfram verðlag til ríkissjóðs sjálfs á undanförnum árum. Ég held að því miður sé þessi stefna ekki fær að öðrum kosti.

Ég gat ekki annað en brosað í kampinn þegar hæstv. ráðh. sagði að með þessari till. til þál. væri hann að brjóta í blað í stefnunni í vegamálum. Það var nefnilega svo, að fyrir tveimur árum sat hæstv. núv. fjmrh. í stól hæstv. samgrh. og þá sagði hann nákvæmlega þessi sömu orð. (**Fjmrh.:** Það var líka rétt.) Í blaðið braut hann þannig, að með stóraukinni lántöku, sem hann þarf vonandi að borga sem fjmrh., tókst honum að hjakka í því fari sem hann hafði mest gagnrýnt á árunum 1974—1978 því að framkvæmdir voru með stóraukinni lántöku nokkurn veginn nákvæmlega þær sömu og á árunum 1974—1978. Það var nú blaðið sem hæstv. ráðh. braut í, og við skulum

vona að hæstv. núv. samgrh. brjóti í það einhvern veginn öðruvísi að þessu sinni.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð.

Ég vil byrja mál mitt með því að fagna þeirri framför sem verður greinilega hvað snertir framlög til vegagerðar hér á landi, miðað við þá till. til þál. sem hér liggur fyrir, og miðað við það sem hefur verið hér síðustu ár. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um hversu gífurlega þýðingarmikið mál þetta er fyrir þjóðina. Aukin vegagerð og auknar samgöngubætur eru væntanlega að allra mati eitt stærsta byggðamál hér á landi.

Ég tel ástæðu til að fagna sérstaklega nýrri stefnumótun í vegagerð. Hún kemur m. a. fram í þessari þáltill. og ekki síður í þáltill., sem hefur verið vísað til nefndar, um nýja stefnu í vegagerð næstu ára. Ég tel ákaflega mikilvægt, að framkvæmdir í vegagerð stigmagnist ár frá ári, og tek undir það með hæstv. ráðh. að mjög mikilvægt er að við vitum fyrir fram til langs tíma að hverju við stefnum, bæði í sambandi við útvegun fjármagns og undirbúning verka. Ég get tekið undir það með hv. síðasta ræðumanni, að mér finnst þurfa að auka þetta fjármagn, og ég vil vinna að því að markið verði sett hærra en 2% eða 2.1% af vergri þjóðarframleiðslu. Ég tel að við verðum að setja markið hærra því að þörfin er gífurleg fyrir þetta verkefni.

Ég vil undirstrika þá skoðun mína, að mér finnst ástæða til að við leggjum meiri þunga á undirbúning framkvæmda, þ. e. rannsóknir og hönnun verka, en til þessa hefur verið hægt. Við rekum okkur á það, að þessi þáttur í vegagerð á Íslandi er of veikur og það vantar mikið á að Vegagerðin, miðað við það fjármagn og þá möguleika sem hún hefur haft yfir að ráða, hafi getað eða gæti svarað stórauknum framkvæmdum ef allt í einu fengist fjármagn í stærri stíl en þekkst hefur til þessa. Ég tel að mjög mikilvægt sé að lögð sé rækt við þennan þátt í vegagerð. Það þarf ekki að tíunda að land okkar er stórt og erfitt og það hlýtur að kalla á meiri undirbúning stórframkvæmda en jafnvel annars staðar þekkist. Vil ég sérstaklega leggja áherslu á þetta.

Ég fagna því einnig, að hér kemur fram það sem almenningur í landinu virðist vera samstíga um að óska eftir, þ. e. meiri framkvæmdir við varanlegt slitlag á vegi. Ég tek undir það með hæstv. ráðh., að sú tilraun sem gerð hefur verið og er í gangi með klæðningu á vegi, verði studd. Ég er í engum vafa um, miðað við það sem við höfum fylgst með þeim tilraunaköflum sem gerðir hafa verið, að margt virðist benda til þess, að þetta sé æskileg aðferð þar sem umferð er ekki of mikil. Það mun örugglega flýta fyrir að ná því marki, sem við stefnum að, að hlutfall vega með bundnu slitlagi verði hærra en nú er eða hefur verið áætlað til þessa.

Það, sem fyrst og fremst varð til þess, að ég nota tækifærið og kem hér upp við 1. umr. um vegáætlunin sérstaklega, þar sem ég fæ tækifæri til að fjalla um málið í hv. fjvn., er eitt sérverkefni sem brennur mjög á okkur þm. Vesturl. þessa dagana og það er vegurinn fyrir Ólafsvíkurenni. Þessi vegur var á sínum tíma, þegar hann var gerður, með stærri verkefnum sem ráðist var í, sem Vegagerðin framkvæmdi, og var talinn á þeim tíma, þegar hann var lagður mikið mannvirki og leysti samgönguhnút milli byggða. Þann hnút var líka nauðsyn að leysa, því að eins og allir vita hafa byggðarlögin þarna á utanverðu nesinu margt sameiginlegt. Þau hafa dagleg samskipti í sambandi við ýmis öryggismál, heilsugæslumál og einnig vaxandi og mjög aukin samskipti í atvinnumálum. Ég get sagt sem dæmi um það, að allir skreiðarhjallar fiskverkenda í Ólafsvík eru fyrir utan Enni og eru þeir notaðir allan sólarhringinn, ef svo má að orði kveða, þegar vertíð stendur yfir.

Hvað sem því líður er þarna mjög mikið vandamál á ferðum, því að það hefur komið í ljós, sérstaklega í lok síðasta árs og það sem af er þessu ári, að Ólafsvíkurenni er bókstaflega að hrynja niður þar sem vegarstæðið er, ekki aðeins vegna snjóflóða, heldur er grjóthrun og skriðuhlaup daglegur viðburður. Eins og hv. alþm. hafa sjálfsagt orðið varir við í fréttum og tilkynningum er þetta orðið stórkostlegt vandamál á þessu svæði. Þess vegna vil ég minna á þetta hér við 1. umr. um vegáætlun fyrir árin 1981—1984, að ég geri ráð fyrir að ekki verði undan því komist að gera sér grein fyrir því, að þarna er um stórvirki að ræða, mikið verk sem mun kosta miklar fjárhæðir að framkvæma svo að viðunandi sé. Þarna er um verkefni að ræða sem mun kosta einhvers staðar á milli 2 og 10 milljarða gkr. Ég tel þess vegna að það verði að fara fram á það núna við samþykkt vegáætlunar fyrir árið 1981, að útvegað verði tiltekið fjármagn á vegáætlun í sérstakt verkefni, þ. e. til að hefja lagfæringu eða endurlagningu á þessum vegi. Það er að sjálfsögðu mikið verk að rannsaka hvaða valkostir koma til greina, og kostar slík rannsókn mikið fé. Það er sameiginleg krafa íbúa þessa svæðis að framkvæmdir verði hafnar strax á þessu ári.

Ég taldi rétt að vekja athygli á þessu við 1. umr. um vegáætlunina og ekki hvað síst þegar í vegáætluninni er, eins og fram hefur komið, þannig um búið að stofnbrautir eru aðgreindar í almenn verkefni, bundið slitlag og sérstök verkefni. En svona stórvirki, eins og að leggja veg gegnum fjöll eða framan í fjöllum, svo sem er við þessar aðstæður í Ólafsvíkurenni, hljóta að flokkast undir sérverkefni og hefði svo verið ef vegáætlunin hefði verið í því formi, sem hún er núna, á þeim tíma þegar vegur þarna var lagður.

Ég ætla ekki að tefja umr. hér. Ég vildi aðeins koma þessu til skila við 1. umr. En ég fagna þessari till. til vegáætlunar fyrir árin 1981—1984 og ekki hvað síst þeirri stefnumótun, sem hér hefur áður verið til. umr. og verið vísað til n., um margra ára áætlun um stórvirki í vegagerð þar sem við stefnum markvisst og stigmagnandi ár frá ári að auknum framkvæmdum. Ég geri ráð fyrir að allir hv. þm. séu sammála um að þetta er eitt af hinum mikilvægustu málum og að við verðum að sameinast um að finna leiðir til að ná fram öllum þeim möguleikum sem geta orðið til að bæta vegagerð á Íslandi. Það er eitt stærsta málið.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Það er satt að segja raunalegt að heyra hv. þm. eins og síðasta hv. ræðumann, hv. 1. þm. Vesturl., standa hér fulla af þakklætisyfirlýsingum í garð hæstv. ríkisstj. fyrir þann ómyndarskap sem birtist okkur í till. sem þessari sem hér liggur fyrir til umr. Litlu verður Vöggur feginn, — ég segi ekki meira en það.

Ég missti af framsöguræðu hæstv. samgrh., en ég geri ekki ráð fyrir að ég hafi misst af miklu því að frá því að hann settist í þetta ráðherrasæti hefur hann ekki haft uppi nema örtölur í þessum næstmikilvægasta málaflokki okkar. Ég heyrði á hv. 3. þm. Norðurl. e., að hann hefði

sjálfur fullyrt um þennan málatilbúnað sinn að hann hefði brotið í blað, og fullur af þakklæti var hv. síðasti ræðumaður þar sem hann talaði um blaðbrotið. Allur myndarskapurinn er þessi, að til framkvæmda á að verja 2.10% af þjóðarframleiðslu árið 1981. Halldór E. Sigurðsson — þakklæti til hans gleymdi hv. þm. Alexander Stefánsson í ræðu sinni — kom þessu hlutfalli árið 1971 í 2.27. Hann gerði enn betur árið 1972: í 2.36, og hann gerði enn vel árið 1973: í 2.24, 2.11 1974 og 2.07 var þetta 1975 eða jafnhátt því sem nú eru áform uppi um. Það hefði verið nær að halda lofræðu í minningu hv. þm. Halldórs E. Sigurðssonar og hans framtaks í þessum efnum, sem braut miklu frekar í blað í þessari sögu en hæstv. núv. ráðh. (**Gripið fram í:** Og forverar hans.) Ég tala nú ekki um forvera hans. (**Sjútvrh:** Vill hann ekki lesa upp prósentutöluna rétt?) Ég les þessar prósentutölur rétt upp. Hér er ég með langtímaáætlun hæstv. ráðh. Ég tek ekki endilega með fjárveitingu Framkvæmdastofnunar, sem kemur honum ekkert við, það eru 5% af þeim fjárhæðum sem á leggja til Vegagerðar á næsta ári, og kemur úr allt annarri átt og er ekki stórum hans að þakka og ekkert blaðbrot, enda er það svo að þessir hæstv. ráðherrar brjóta ekkert í blað, þeir brjóta bara af sér.

Hv. þm. Lárus Jónsson benti á það í ræðu sinni að hér eru verðlagsforsendur 42%. Ég var þar nær í morgun, og það mun birtast í útvarpi í kvöld, sem hæstv. fjmrh. lýsti því yfir að hann hefði enga trú á að verðbólga yrði undir 50% á þessu ári. Hvað verður þá um framkvæmdaafl þessa fjármagns? Við höfum líka séð það, þm., á fundum með vegagerðarmönnum að það er með öllu ófært að leggja úr höfn og ýta úr vör með það fjármagn sem nú á að vera til skiptanna. Á þessu verður að ráð bót.

Hv. þm. Alexander Stefánsson hefur nú fengið í sínar hendur sem fjvn.-maður tillögu um framtíðarskipan þessara mála frá 19 sjálfstæðisþm. Hann ætti að glugga í hana og vita hvort hann yrði þá ekki feginn að sjá þá stefnumótun ef hún er borin saman við þá langtímaáætlun sem hæstv. ríkisstj. hefur lagt fyrir þingheim. 2% af vergri þjóðarframleiðslu er meiningin eftir þeirri langtímaáætlun að verja til vegamála og 0.1% í viðbót næstu 8 árin, — af því að það hefur verið staðið það slaklega að málum undanfarin ár, bæta þeir við 0.1%.

Eins og ég sagði í umr. um þessar ályktunartill., sem fram fóru hér á hinu háa alþingi í síðustu viku, þarf að skila aftur úr ríkissjóðshítinni því stórfjármagni sem af umferðinni er tekið og er hærra hlutfall af ríkistekjunum en í nokkru öðru ríki, sem við þekkjum til og skilað til baka í einna lægstu hlutfalli af því sem við þekkjum til. Svo er gert ráð fyrir að á árinu 1982 verði hækkunin milli ára 30%, frá 1981—1982, og svo óbreytt seinni tvö árin, 1983—1984, óbreytt frá 1982. Þá sjá menn að heldur er framsýnin í fyrirrúmi hjá þeim sem þessar áætlanir setja saman.

Nei, ég endurtek það: Ég sé ekki með hvaða hætti á að standa að framkvæmdum þessara mála, og þá tala ég bara um árið í ár, miðað við þær áætlanagerðir sem við þm. höfum þegar séð á fundum með vegagerðarmönnum. Það er óhugsandi að ná fram hinum allra brýnustu og viðkvæmustu málefnum nema stórlega verði úr bætt, og það eru vissulega öll tök á því ef við til að mynda lítum á hin gífurlegu innflutningsgjöld af bifreiðum, sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. að renni til ríkissjóðs, og enn hækkandi bensíngjald, enda er það út af fyrir sig að hafa bensínið dýrt ef tekjunum af sölu þess er skilað til réttra aðila, til vegagerðarinnar, til framkvæmda í þessum mikilvæga og næstmikilvægasta málaflokki, eins og ég segi, fyrir utan orkumálin. Ég fæ ekkert annað út úr þessu lesið en það sem ég nú hef sagt um þær prósentur og eftir því súluriti, sem ég hef hér fyrir framan mig, að vísu ekki með öllu sambærilegt, í langtímaáætluninni, við það sem er í framlagðri vegáætlun. En það er svo önnur saga.

Ég vænti þess að hv. fjvn. taki alvarlega til athugunar, — enda þótt mér sé ljóst að við sjálfstæðismenn náum ekki okkar hugmyndum fram fyrir þetta ár, það þarf miklu meiri undirbúning, — að hún taki það vandlega til athugunar, með hvaða hætti málum verði þokað miklu betur fram til verks en er áformað í þessari áætlanagerð.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Ég verð að leyfa mér að lýsa furðu minni yfir því þegar hæstv. samgrh. talar hér fyrir vegáætlun og leggur hana fram á grundvelli þess, að verðbólgan á árinu 1981 verði aðeins 42%. Á s. l. ári, þegar komið var langt fram á árið, voru hér til umfjöllunar fjárlagafrv. og lánsfjáráætlun. Ríkisstj., sem tók við í febrúar hafði haft nokkurn tíma til að vinna fjárlög og vinna lánsfjáráætlun, en hún lagði þessi gögn fyrir Alþingi og lýsti því yfir að 31% yrði verðlagsþróunin á árinu 1980 að hennar dómi. Reynslan er öll önnur, eins og hv. þm. vita. Í staðinn fyrir 31% verðlagsþróun 1980 er verðlagsþróunin frá upphafi árs til loka tæp 60%. Þegar svo þessi vegáætlun er hér til umr. og gengið er út frá 42% verðlagshækkunum á árinu 1981 erum við í fjh.- og viðskn. þingsins upplýstir af forstjóra Þjóðhagsstofnunar um að verðbólguhraðinn síðustu þrjá mánuði sé um 80%. Ég fæ ekki séð, miðað við það sem hæstv. ráðh. sagði áðan um fjármögnun til vegamála og samanburð þar á milli ára, annað en þakklæti hv. 1. þm. Vesturl., Alexanders Stefánssonar, hefði mátt bíða þar til hann væri búinn að sjá hver niðurstaðna yrði úr þessu dæmi þegar árið er liðið.

Gerðar eru ráðstafanir um s. l. áramót og hæstv. forsrh. lýsir því yfir, að með því hugsi hann sér að koma verðbólgunni niður í 40%, en það er varla liðinn sólarhringur er meðráðherrar hans koma fram á sjónarsviðið og segja: Það verður að gera eitthvað töluvert meira ef verðbólagan á að fara niður í 40%. Hún kemst aldrei nema niður undir 50% með þessum ráðstöfunum. — Samt sem áður láta þeir sig hafa það að tala hér, þegar komið er fram í miðjan febrúar, fyrir vegáætlun þar sem gert er ráð fyrir 42% verðlagsþróun á árinu 1981.

Það er alveg ljóst mál, að þó að aðeins 50% hækkun á verðlagi á þessu ári yrði eru menn með þessari þáltill. og því fjármagni, sem hún ætlar í vegi og vegagerð á þessu ári, komnir niður fyrir þá upphæð, sem var varið til þessara mála á s. l. ári, og nálgast þá lágu tölu sem var 1979.

Ég held að hv. 1. þm. Vesturl. verði að taka á honum stóra sínum í fjvn. ef hann á að hafa ástæðu til þakklætis þegar árið er liðið, eins og frá honum kom áðan, sem ég veit að hann að sjálfsögðu vildi. Afgreiðsla þessarar till. frá fjvn. yrði þá að vera með töluvert miklum breytingum til hækkunar á því fjármagni sem til vegagerðar yrði varið árið 1981.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég held að hv. þm. Sverrir Hermannsson ætti að vera í

salnum, en ég sé að hann er hlaupinn aftur svo að það er kannske til lítils að lesa fyrir hann fleiri tölur úr því súlnariti sem hann var með og er í þeirri þáltill. sem ég flutti nýlega. Þar kemur að sjálfsögðu fram, að fjármagn til vegamála á viðreisnarárunum, frá 1964 og allt fram til 1970, er það lægsta sem hér hefur verið eða nærri því lægsta. Það er 1.5% árið 1966, en er yfirleitt á bilinu, svo að ég lesi ekki hverja tölu, 1.59 til 1.90%. En ég geri ráð fyrir að það hafi verið talið hæfilegt fjármagn til vegamála í þá tíð. Það munar satt að segja æðimikið um þau 0.20% sem nú er gert ráð fyrir umfram það sem hæst var á þeim árum. Það er ekki fyrr en á árinu 1971, á kosningaári, að aukning verður í 2.27%.

Ég vil hins vegar taka undir það, að sannarlega var brotið í blað þegar Halldór E. Sigurðsson kom að þessum málum og sérstaklega 1972 og 1973, þegar varið var 2.36% og síðan 2.24 til vega, en síðan fer þetta því miður fallandi. Það hefur sýnt sig, að þegar menn hafa teygt sig þetta hátt upp hefur ekki tekist að halda þeim framkvæmdamætti. Fellur framlagið síðan niður á árunum 1976, 1977, 1978 og 1979. Reyndar vill nú svo til, að það var einmitt, ef ég man rétt, á fjmrh.- árum þess hv. þm. sem talaði síðast og taldi ekki mikið í lagt nú, því má segja að sitt sýnist hverjum eftir því hvar hann situr.

Ég sagði, þegar ég mælti fyrir till. til þál. um langtímaáætlun í vegamálum, að ég vildi miklu fremur fá samþykkta raunhæfa áætlun, sem við gætum staðið við, sem á mætti byggja áætlanir um framkvæmdir sem við yrði staðið, en ekki hlaupist frá. Vitanlega er ljóst að verðbólgan hefur skekkt þessi mál hjá okkur undanfarin ár, og ætla ég ekki að deila á hæstv. fyrrv. fjmrh. út af því að verðbólgan hafi haft áhrif í hans tíð. Hún hefur það nú líka og varð t. d. til þess að heldur minna var til framkvæmda nú en að var stefnt og náði þó 1.92%.

Ég vil leiðrétta það, sem kom fram í síðustu ræðu, að jafnvel þótt verðbólgan yrði 50% væri um aukningu að ræða. En ég legg áherslu á það, sem ég hef hvað eftir annað sagt, að það er ekki nóg gert í verðlagsmálum og verðbólgan þarf að komast neðar og það er það stóra verkefni sem fram undan er til að tryggja að fjárveitingar til vega og fleira fái staðist. Hér er því um verulega aukningu að ræða frá því sem hefur verið öll ár nema fjögur á því tímabili sem sýnt er í súlnariti allt frá árinu 1964-1980.

Ég held að sé til lítils að setja fram og leita eftir samþykkt á þingi fyrir miklum fjölda ágætra sérverkefna, brúa yfir firði og göt á fjöll og vegsvalir og allt það, án þess að það liggi fyrir hvað slík verkefni kosta og jafnvel hvort viðkomandi hugmyndir séu rétta lausnin á verkefninu. Ég get ekki kallað slíkt annað en sýndarmennsku. Ég fagna því stórlega, framkvæma mætti öll þau gífurlegu verkefni sem í till. sjálfstæðismanna eru talin í Vestfjarðakjördæmi. Ég verð að segja að ágætir þm. Vestfirðinga í þeim flokki hafa sannarlega fengið sinn skref á þeim lista. Ég held þó að mörg þau verkefni þurfi nánari athugunar við og m. a. við þm. kjördæmisins að vega og meta hvernig þau verði leyst.

Ég vil alveg sérstaklega taka undir það sem kom fram hjá hv. 1. þm. Vesturl. um nokkur mál sem ég vil flokka undir öryggismál. Ég vil flokka undir öryggismál mál eins og Ólafsvíkurenni, Ólafsfjarðarmúla og Óshlíðina. Ég hef rætt um það við vegamálastjóra hvort unnt væri að taka þessi verkefni fyrir alveg sérstaklega og gera ákveðnar tilraunir með lausn þeirra fyrir utan hið almenna fé sem skipt er á kjördæmin eða á sérverkefni.

Ég tel að slík stór öryggismál eigi að fara með eða megi leysa með sérstakri fjáröflun. Almennt talað tel ég varhugavert að vera með, eins og iðulega var, verkefni utan hinnar almennu vegáætlunar. Ég er ekki að segja að átak eins og að loka hringveginum hafi ekki átt rétt á sér með sérstakri fjáröflun, en hins vegar ber að forðast að skekkja þannig hina almennu vegáætlun.

Ég vil leyfa mér að segja, að af þeim fáu stóru verkefnum, sem eru fram undan, sem ég tel koma til greina að fjármagna nánast fyrir utan hina almennu vegáætlun þó að vitanlega yrði slíkt að koma inn í heildarramma hennar, séu þau gífurlega stóru öryggismál sem ég taldi upp. Það mætti fjvn. gjarnan fjalla um. Ég mun hlusta á hverjar þær tillögur sem fram koma um slíkt, en vil geta þess, að að athugun allra þessara verkefna er nú unnið hjá Vegagerð ríkisins.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 51. fundur.

Fimmtudaginn 12. febr., kl 2 miðdegis.

Vélstjóranám, frv. (þskj. 14, n. 410). — 2. umr.

Frsm. (Salome Þorkelsdóttir): Herra forseti. Menntmn. Ed. hefur haft til umfjöllunar frv. til l. um breyt. á lögum nr. 67 frá 1966, um vélstjóranám. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt. Fjarverandi afgreiðslu málsins var Davíð Aðalsteinsson.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Söngmálastjóri og Tónskóli þjóðkirkjunnar, frv. (þskj. 257 (sbr. 6), n. 411). — 2. umr.

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Menntmn. hefur tekið frv. þetta til meðferðar og leggur til að það verði samþykkt. Fjarverandi afgreiðslu málsins var Davíð Aðalsteinsson.

Frv. er ætlað að koma í stað laga nr. 73 frá 1941, um söngmálastjóra þjóðkirkjunnar. Helsta nýmæli frv. er að gert er ráð fyrir að stofnaður verði tónskóli þjóðkirkjunnar í tengslum við embætti söngmálastjóra og er það talið eðlilegt framhald af þeirri starfsemi sem hefur þróast á undanförnum árum. En undir stjórn söngmálastjóra hefur í mörg ár verið rekinn vísir að skóla þar sem starfandi organistar og væntanlegir organistar hafa fengið kennslu. Þótt hér sé um nýmæli í lögum að ræða er þess vegna aðeins verið að festa í lög framkvæmd sem hefur þróast í tengslum við embætti söngmálastjóra.

Frv. þetta kemur frá hv. Nd. Því var lítillega breytt þar. Hv. menntmn. leggur til að frv. verði samþ. óbreytt eins og það hefur komið til hennar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. — 8. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Neðri deild, 51. fundur.

Fimmtudaginn 12. febr., kl. 2 miðdegis.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 412, n. 415 og 417, 416). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. Nd. hefur fjallað um frv. til l. um tekjuskatt og eignarskatt, 189. mál, og unnið það mál á sameiginlegum fundi með fjh.- og viðskn. Ed.

Fyrir nefndinni lá einnig frv. um sömu efnisatriði frá hv. þm. Birgi Ísl. Gunnarssyni og Halldóri Blöndal. Ég get tekið undir það sem hefur komið fram, að það hefði út af fyrir sig verið eðlilegra, að frv. þetta væri lagt fram í Nd., þannig að þau gætu orðið meira samferða, en um það hafði nefndin ekkert að segja. Ég lít á það sem ákveðin mistök og tek undir gagnrýni þeirra sjálfstæðismanna varðandi það atriði. Æskilegt er að ráðherrar flytji mál í þeirri deild sem skyld mál hafa verið flutt í til þess að auðvelda samstarf í nefndum. Það er náttúrlega mikilvægt að það samstarf geti verið gott, þó að ég sé ekki að segja að þetta hafi beinlínis spillt fyrir í þessu tilfelli.

Efnisatriði þessa máls eru í fyrsta lagi að heimilt verður að draga frá innan viss hámarks kostnað vegna handverkfæra er launþegar í löggiltum iðngreinum þurfa að leggja sér til vegna starfsins. Það varð breyting á þessu atriði við álagningu á s. l. ári. Þá var iðnaðarmönnum ekki lengur heimilt að draga frá ákveðna upphæð vegna handverkfæra, þ. e. iðnaðarmönnum sem eru eingöngu launþegar. Nú er það þannig, að mjög margir iðnaðarmenn eru bæði launþegar og atvinnurekendur í skilningi skattalaga. Þeir taka að sér verk í ákvæðisvinnu og teljast því að nokkru leyti atvinnurekendur í skilningi laganna. Þessir aðilar geta að sjálfsögðu dregið frá allan þann kostnað sem þeir hafa við öflun tekna og geta sýnt fram á að sannarlega sé varið til þessara atriða. Samkvæmt þeim lögum getur hins vegar iðnaðarmaður, sem er eingöngu launþegi og fær hluta af launum sínum greiddan fyrir verkfærin, ekki dregið þennan kostnað frá tekjum sínum.

Ég býst við að þetta mundi hafa þau áhrif, að í framtíðinni yrði þessum greiðslum breytt þannig, að atvinnurekendur greiddu sínum launþegum ákveðna upphæð til þess að kaupa handverkfærin og það væri tekið út úr launaskalanum. Samkvæmt gildandi skattalögum væri þá ekkert við það að athuga, að menn drægju viðkomandi upphæð frá. Hins vegar hef ég verið þeirrar skoðunar, að hér væri um slíkt smámál að ræða hjá iðnaðarmönnum, tiltölulega lága fjárhæð, að það mundi ekki skipta neinum sköpum hvort þessi frádráttur væri heimilaður eða ekki. Þess vegna ætti það að geta gerst með bærilegum friði að hann væri lagður af. Þeir hafa hins vegar lagt á þetta mál mikið ofurkapp, lagt áherslu á að þessi tiltölulega litli frádráttarliður yrði heimilaður áfram, og niðurstaðan er nú orðin sú, að það er lagt til. Gerir frv. ráð fyrir að það verði lögfest, hins vegar skuli ríkisskattstjóri sjá um frekari framkvæmd á þessum lið, svo sem mat á hámarksupphæð.

Önnur grein frv. fjallar um vaxtagjöld til frádráttar skattskyldum tekjum einstaklinga. Ég vil aðeins rifja það upp, að þegar ákveðið var að taka upp svokallaðar verðbreytingarfærslur í skattskýrslum atvinnurekenda, þá var mönnum það ljóst, sem að því máli unnu, að nauðsynlegt væri að gera breytingar á vaxtagjöldum einstaklinga, enda hefur verið um það víðtæk pólitísk samstaða, að vaxtagjöld til frádráttar þyrfti að takmarka væri það hægt með skynsamlegu móti.

Það er staðreynd, að þeir, sem hafa getað nýtt sér mestan vaxtafrádrátt, hafa verið þeir einstaklingar sem hafa haft tiltölulega mestar tekjur. Það er ósköp eðlilegt, vegna þess að það stendur enginn undir því að greiða há lán og vexti af miklum lánum nema hafa verulegar tekjur. Það er hægt að sýna fram á það með mörgum dæmum, að þeir, sem segja má að mest megi sín í þjóðfélaginu hafi notið þessa mest.

Hins vegar er ljóst að vaxtafrádráttur verður ekki afnuminn, í einu vetfangi. Hann verður ekki allt í einu tekinn af þeim sem standa í húsbyggingum og eru að koma yfir sig þaki. Það mundi vera gífurlegt misrétti gagnvart þeim, miðað við þá sem áður hafa notið þessa frádráttar.

Meiri hl. nefndarinnar hefur unnið að þessu máli út frá því sjónarmiði að halda bæri í þá skilgreiningu, að vaxtagjöld og þar með skuldirnar væru tengd byggingu húsnæðis til eigin nota. Og fram kemur að lánin skuli sannarlega hafa verið tekin vegna öflunar húsnæðis til eigin nota. Það hefur valdið nokkurri umræðu í nefndinni, hvað þetta „sannanlega" þýðir. Ég vil segja það sem mína skoðun, að ég tel að þetta sé út af fyrir sig ekkert frávik frá öðrum reglum í skattalögunum. Skattþegn getur alltaf staðið frammi fyrir því að þurfa að sanna þær tölur, sem standa á skattskýrslu hans, og leggja fram gögn í því sambandi.

Það er út af fyrir sig mjög erfitt oft að skilja á milli hvað er vegna öflunar húsnæðis og hvað er vegna annars. En ég lít svo á að í framkvæmd verði þetta þannig, að hafi maður t. d. lagt 100 þús. kr. í öflun eigin húsnæðis og tekið 100 þús. kr. lán á árinu, þá verði að líta svo á að það sé til öflunar eigin húsnæðis, þó að maðurinn hafi keypt sér bíl eða eitthvað annað á því ári. Ef þessi regla er ekki viðhöfð mun það valda endalausum deilum sem erfitt er að sjá fram úr hvernig skuli á taka. Þess vegna vil ég hér við framsögu málsins taka það skýrt fram, að hafi maður lagt í þennan kostnað á árinu og sýnt fram á það á sinni skattskýrslu, þá ber að líta svo á að lán, sem tekið er á því ári, gangi fyrst og fremst til íbúðaröflunar, án tillits til annarra aðgerða sem koma fram á skattskýrslu viðkomandi aðila. Ég tel mikilvægt að þetta sé skýrt. Meiri hl. nefndarinnar taldi nauðsynlegt að rýmka þær skilgreiningar sem voru í lögunum, m. a. með tilliti til þess, að einstaklingar hafa ekki haft aðstöðu til þess að fá nægilega vitneskju um þessi mál.

Bankar og sparisjóðir hafa ekki gert sér far um að lána fólki með tilliti til þessara reglna. Að mínu mati hafa þeir brugðist nokkuð því sem kalla mætti þjónustuskyldu og upplýsingaskyldu gagnvart viðskiptamönnum. Mér finnst eðlilegt að bankar geri sér far um að gera fólki, sem tekur fé að láni í bönkunum, grein fyrir því, hvaða þýðingu það hafi að lánið sé til svo og svo langs tíma. Í

okkar þjóðfélagi, þar sem alltaf vantar lánsfé, er meira um það að þessu sé slett í menn, án þess að hugað sé að því, hvaða fjárhagslegar afleiðingar það hefur fyrir viðkomandi aðila. Þetta er þjónusta sem víða tíðkast erlendis, að bankar veita einstaklingum fjárhagslega ráðgjöf. Mættu bankar hérlendis taka sér það til fyrirmyndar.

Með tilliti til þessa og annarra atriða hefur þótt nauðsynlegt í fyrsta lagi að hækka hámarksvaxtafrádráttinn.

Um það má ávallt deila hversu hár þessi frádráttur skuli vera, en niðurstaðan er sú, að hann verði 7 millj. 250 þús. hjá hjónum á árinu 1981 vegna tekjuársins 1980 og helmingi lægri upphæð hjá einstaklingi. Þá hefur verið sett ákvæði þess efnis, að einnig sé hægt að taka til frádráttar vaxtagjöld vegna endurbóta á húsnæði. Þótti nauðsynlegt að setja þarna einhver mörk, þ. e. skilgreina orðið endurbætur í þessu sambandi. Varð niðurstaðan að það væru 7% af fasteignamati íbúðarinnar í árslok. Ég vil einnig taka það fram, að undir þetta falla endurbætur vegna orkusparandi aðgerða. Húsnæðismálastjórn mun nýlega hafa ákveðið að taka upp lán í því skyni. Hins vegar eru þau lán fyrst veitt á árinu 1981. Í nefndinni var rætt um það, að e. t. v. væri ástæða til þess að vextir af þessum lánum væru ávallt frádráttarbærir.

Við ákváðum hins vegar að sjá betur hvernig framvinda þessara lána yrði. Varð um það samstaða í nefndinni að taka þetta mál fyrir að nýju við skattlagningu árið 1982 vegna tekjuársins 1981 og gera þarna breytingu á, ef við sæjum ástæðu til eftir að hafa séð betur hvernig framkvæmd þessara mála yrði.

Í þriðja lagi er sá tími sem er nauðsynlegur vegna lánanna, styttur úr þremur árum í tvö ár og lengdur sá *tími, sem vextir af lausaskuldum eru frádráttarbærir.*

Öll þessi atriði verða til rýmkunar á vaxtafrádrættinum, en hins vegar höldum við algerlega þeirri skilgreiningu sem upphaflega var sett fram hér á Alþingi og samþykkt, af þeirri einföldu ástæðu að við teljum að verði hún afnumin muni grundvallaratriði þessara skattalaga verða brotið niður, og meiri hl. nefndarinnar getur ekki borið ábyrgð á slíkri aðgerð. Þetta er það kjarnaatriði sem við vildum koma á framfæri.

Hins vegar töldum við eðlilegt — og gerðum miklar breytingar til að rýmka þennan frádrátt miðað við þær aðstæður sem upp hafa komið eftir að þessi ákvörðun var tekin.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál herra forseti, en vil aðeins ítreka að meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt eins og það kom breytt frá Ed., en þær breytingar voru gerðar í fullu samstarfi við meiri hl. fjh.- og viðskn. Nd.

Frsm. minni hl. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Ég vil í upphafi, eftir að formaður fjh.- og viðskn., hv. 3. þm. Austurl., frsm. meiri hl., hefur gert grein fyrir áliti meiri hl., átelja vinnubrögð við meðferð breytinga á skattalögunum hér á þingi. Þau eru að dómi minni hl. ekki til þess fallin að auðvelda afgreiðslu þessara mála. Og ég vil taka undir það með formanni nefndarinnar, að Nd.-nefndin gat að sjálfsögðu ekkert að því gert, að hér er verið að fjalla um frv. sem komið er frá Ed. löngu eftir að þessi hv. deild fékk þmfrv., sem gengur í mjög svipaða átt, til meðferðar. Ég er sannfærður um að hér hefðu orðið betri og skynsamlegri vinnubrögð ef hæstv. ráðh. hefði t. d. í þessu tilfelli lagt þetta frv. fram í þessari hv. deild, sér í lagi þegar hér var búið að vera á dagskrá frv. sem gengur í sömu átt og fjallar um nákvæmlega sama efni. En ég hlýt að líta svo á, eins og formaður nefndarinnar og frsm. meiri hl., að hér sé um einhvern misgáning að ræða.

Ég veit að menn vonast til þess, að slíkt þurfi ekki að endurtaka sig.

Ég vil jafnframt þakka formanni fjh.- og viðskn. Nd. þátt hans í því að ná sem bestri samstöðu um þessi atriði, enda þótt ekki tækist í þetta skipti að ná sameiginlegu áliti allrar nefndarinnar. Ég veit að af hans hálfu var gert það sem hægt var, og þær brtt., sem gerðar voru við frv. í hv. Ed., voru gerðar eftir að báðar nefndirnar höfðu starfað saman og frá Nd.-mönnum undir hans forustu voru komnar ábendingar sem teknar voru til greina.

Ég vék að því áðan, að af hálfu þm. Sjálfstfl. hefði verið flutt snemma á þessu þingi frv. sem gekk í sömu átt og það sem við hér ræðum. Á þskj. 78 flytja þeir hv. 6. þm. Reykv., Birgir Ísl. Gunnarsson, og hv. 7. landsk. m., Halldór Blöndal, frv. varðandi vaxtagjöld og verðbætur til frádráttar. Eðli málsins samkvæmt hefði þetta frv. átt að koma hér til afgreiðslu og fjmrh. hefði getað komið fram breytingum. En þessi leið var valin. Og þó svo að hæstv. fjmrh. kysi ekki að koma fram brtt. við það frv., sem ég vék hér að áðan, og láta það fá afgreiðslu, þá hefði *hann engu að síður getað flutt frv., sem hér er til umr., í* þessari hv. deild. Þá hefði nefndin getað tekið þessi mál saman til afgreiðslu og komið með sínar niðurstöður.

Um leið og ég vík að þessu hlýt ég að harma það, að við skulum hér ræða eitt — aðeins eitt atriði í sambandi við þær breytingar sem gera þarf á skattalögunum að fenginni reynslu. Eins og þm. muna var af hálfu hvers þingflokkanna tilnefndur fulltrúi í nefnd á vegum fjmrn. til þess að kanna framkvæmd þessara laga, og var að sjálfsögðu ætlast til þess, að eftir þá athugun kæmu fyrir Alþingi tillögur um breytingar sem þeir — annað hvort sem einstaklingar eða sem nefnd — töldu að gera þyrfti á lögunum að fenginni reynslu. Það hefur nánast engin athugun farið fram á vegum þessarar nefndar. Hæstv. ráðh. hefur sjálfur skýrt hér frá því hvers vegna hún hefur ekki getað sinnt störfum. Ég sagði að hæstv. ráðh. hefði getið þess hér á þingi — ég held að ég fari rétt með — hvers vegna þessi nefnd hefur ekki getað sinnt störfum. En ég tel að sú ástæða hefði ekki átt að geta verið fyrir hendi, að þm. gætu ekki fengið frá ráðuneyti þær upplýsingar sem þyrftu að liggja fyrir til þess að þessi könnun gæti farið fram. Ég vonast til þess, að það líði ekki á löngu þar til þessar upplýsingar liggja fyrir, og þá verður að sjálfsögðu að taka til hendinni við að skoða málið og þá e. t. v. koma með þær brtt. sem þörf þykir.

Um það frv., sem hér er til umr., náðist ekki samstaða í fjh.- og viðskn. hv. deildar, enda þótt ljóst sé af þeim breytingum sem samþykktar voru á frv. í hv. Ed., að ýmsar mikilvægar ábendingar frá okkur Sjálfstæðis*mönnum hafa verið teknar til greina og frv. því lagfært.* Við gerum engu að síður athugasemdir við frv. eins og það er orðið nú:

Í fyrsta lagi við fyrri breytinguna sem frv. gerir ráð fyrir, vegna frádráttar á kostnaði handverkfæra og hljóðfæra. Við teljum að hér sé um að ræða afturhvarf frá meginstefnu gildandi skattalaga, þ. e. að draga úr fjölda frádráttarliða, en slíkt er að mínum dómi forsenda góðrar framkvæmdar á skattalögunum, ég tala nú ekki um ef staðgreiðslukerfi skatta kæmi til framkvæmda.

Það má spyrja hvers vegna ýmsir aðrir, sem leggja verða í kostnað vegna starfa sinna, skuli ekki fá þann kostnað frádreginn. Úr því að hæstv. ríkisstj. hefur talið rétt að nota skattalögin og breytingar á þeim í sambandi við gerð samninga á vinnumarkaðinum, og þar með setja inn ákvæði sem Alþingi hafði áður þurrkað út, þá getur maður spurt sjálfan sig hvar slíkt muni enda og hvort ekki muni aðrir hópar koma síðar meir og gera kröfu til þess að viðurkenndir verði frádráttarliðir, sem þeir telja sig hafa, og þannig endi þessi löggjöf, eins og áður hafði gerst, með ótal frádráttarliðum sem samið hafði verið um hér og hvar, og framkvæmdin þar með gerð mun erfiðari í alla staði. Ég skal ekki nefna hér neina aðila sérstaklega, en ég bendi á að í löggjöfinni, eins og hún var áður, voru ýmsir frádráttarliðir sem talið var skynsamlegt og eðlilegt að þurrka út. En segja mætti mér að þeir yrðu vaktir upp aftur.

Önnur meginbreytingin, sem felst í þessu frv. og í þeirri brtt., sem meiri hl. fjh.- og viðskn. Ed. flutti og var þar samþykkt, er að heimila rýmri frádrátt vaxtakostnaðar en er í gildandi lögum um þetta efni. Þau lög eru frá síðasta þingi, nr. 7, og flutt af núv. hæstv. fjmrh. Það var ljóst mál og margyfirlýst, þegar umr. fór fram um það frv. hér, að þar yrði gerð á athugun, því að það var öllum ljóst, að ef ekki yrði gerð breyting á þeim ákvæðum yrði ungu fólki gert ókleift með öllu að rísa undir þeim byggingarkostnaði af eigin húsnæði, sem má telja að hafi stafað af vaxtagreiðslum. Frv. þeirra hv. 6. þm. Reykv., Birgis Ísl. Gunnarssonar, og hv. 7. landsk. þm., Halldórs Blöndals, gengur einmitt í sömu átt, í því frv. eru þessar heimildir hafðar töluvert rýmri. Þær breytingar, sem samþykktar hafa verið, stefna í rétta átt, en að dómi minni hl. fjh.- og viðskn. eru þær ákaflega flóknar og erfiðar, og að okkar dómi ekki nægjanlegar til stuðnings því fólki sem vill afla sér eigin húsnæðis.

Það verður að segjast, að takmörkun vaxta- og verðbótafjárhæðar til frádráttar við upphæðina 7.2 millj. kr. fyrir hjón við álagningu í ár, eins og frv. gerir nú ráð fyrir, er ekki mikil ofrausn ef höfð er í huga sú stefna sem verið hefur í lánamálum upp á síðkastið — samkv. þeirri tilkynningu sem kom frá Seðlabanka Íslands um vaxtakjör fyrir tveimur dögum. Þessar reglur eru með þeim hætti, að það er ekkert komið til móts við fólk, sem af ýmsum ástæðum hefur safnað skuldum án þess að þær séu beint tengdar öflun húsnæðis, t. d. ef um tekjumissi væri að ræða vegna forfalla fyrirvinnu heimilis, en slíkt gæti haft í för með sér skuldasöfnun einfaldlega til þess að afstýra sölu á húsnæði því sem viðkomandi fjölskylda býr í. En hvernig svo sem á einstök atriði er litið, þá er höfuðgalli þessara ströngu skilyrða fyrir heimild til frádráttar vaxta þó að okkar dómi sá, að fólk mun ekki almennt hafa gert ráð fyrir þeim þegar það stofnaði til þeirra skulda sem á því hvíla í dag. Það er því með þessu verið að setja íþyngjandi og afturvirk skattaákvæði sem við sjálfstæðismenn erum andvígir.

Þegar skattalögin voru samþykkt höfðu þau verið hér á Alþingi til meðferðar. Þau tóku ekki gildi fyrr en um það bil sex mánuðum eftir að þau höfðu verið samþykkt. Þau eru samþykkt á útmánuðum 1978, en fjármálaskuldbindingar samkv. þeim eftir 1. jan. 1979 skyldu vera hafðar til viðmiðunar. Þegar þetta ákvæði er skoðað, þá sést að ekki er tekin með í reikninginn skuldasöfnun námsmanna, en þm. Sjálfstfl. hafa flutt frv. á þskj. 400 þar sem gert er ráð fyrir að frádráttur verði veittur námsmönnum vegna verðtryggingargreiðslna og vaxtagjalda og námslánin njóti því skattameðferðar eins og fjárfestingarlán vegna íbúða.

Formaður fjh.- og viðskn. gerði að umræðuefni orðalag í frv., þar sem talað er um að fjármunir hafi „sannanlega" verið notaðir til öflunar eigin húsnæðis. Að mínum dómi breytir þetta orðalag engu varðandi sönnunarbyrði í sambandi við skattlagningu frá því sem nú er.

Minni hl. fjh.- og viðskn. hefur, með tilvísun til þess sem ég hef nú sagt og kemur fram í nál. okkar, flutt á þskj. 416 brtt. sem gerir ráð fyrir með hvaða hætti frádráttarreglur varðandi vaxtagjöld, verðbætur, afföll og gengistöp verði á árinu 1981. Er í þeirri tillögu reynt að tryggja betur hagsmuni þessara skattborgara og þó gert ráð fyrir takmörkunum, þ. e. hámarksfrádrætti sem næmi 3 millj. hjá einstaklingi, að viðbættri hækkun skattvísitölu. Eins og fram kom hjá formanni nefndarinnar hefur verið viðurkennt að það þyrfti með einhverjum hætti að setja slíkt hámark, en við teljum það mark, sem frv. gerir ráð fyrir eins og það er orðið, of lágt og leggjum því til að það verði hækkað nokkuð. Við gerum ráð fyrir að tíminn yrði síðan notaður til að vinna betur þau ákvæði, sem gilda skulu í framtíðinni um frádrátt vegna lána hjá skattborgurum, og að ekki sé komið aftan að mönnum í sambandi við skattlagningu. Þetta er, eins og ég sagði áðan í samræmi við þá stefnu sem við sjálfstæðismenn höfum haft. Við viljum gefa almenningi kost á að vita hvaða afleiðingar ákvarðanir þeirra í fjármálum hafa, þegar þær eru teknar, og hvaða skattbyrði þeim verður ætlað að axla þegar til skattlagningar kemur á tekjur og eignir viðkomandi árs, og erum andvígir því að samþykkja íþyngjandi afturvirk skattaákvæði.

Við flytjum því, eins og ég sagði áðan, brtt. á þskj. 416 þar að lútandi.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Eins og lýst hefur verið lýtur frv. þetta, sem hér er til afgreiðslu í síðari deild, að ákvörðun um heimild til frádráttar á framtali einstaklinga til tekjuskatts. Það hefur einnig komið fram, að sá framtalsfrestur, sem fyrst var gefinn, er nú úti. M. ö. o.: hæstv. ríkisstj. kom ekki frá sér tillöguflutningi um þetta mikilvæga mál fyrr en um það bil sem framtalsfrestur var að renna út. Málið er nú þannig á vegi statt hér í hv. Alþingi að framtalsfrestur, sem upphaflega var gefinn, er liðinn fyrir tveimur dögum. Hann hefur verið framlengdur vegna seinagangsins í hæstv. ríkisstj. um eina viku og því geta menn ekki fengið langan tíma til þess að afgreiða það mál sem hér um ræðir, ef á þá að afgreiða mál af þessu tagi áður en seinni framtalsfresturinn rennur út. Þetta er eitt dæmið af mörgum um hvílík upplausn er orðin í skattamálum undir forustu hæstv. ríkisstj. Þar má segja að allt sé á huldu.

Þegar hæstv. fjmrh. lagði fram fjárlagafrv. sitt nú í haust tók hann það fram í aths. frv., að enn væri ekkert hægt að fullyrða um hvort tölur þær, sem í frv. væru, mundu fyllilega standast, enda — eins og hæstv. ráðh. mun hafa sagt í aths. — væru bókstaflega öll lög um skattaálagningu á einstaklinga og atvinnufyrirtæki til skoðunar. Þessi skattalög eru enn þá til skoðunar hjá hæstv. ríkisstj. og fást engin svör um það. M. a. fást engin svör við fsp. sem með þinglegum hætti voru lagðar hér fram á Alþingi í haust. Þetta sýnir hve öll skattamál hjá hæstv. ríkisstj. eru í algeru uppnámi.

Við stjórnarandstæðingar höfum lofast til að afgreiða

það mál, sem hér um ræðir, fljótt og vel, þannig að ekki þurfi að bitna á framteljendum frekar en orðið er sú upplausn sem í stjórnarherbúðunum ríkir í sambandi við skattamál. Til að standa við þessi fyrirheit okkar um að afgreiða þetta mál frá Alþingi verðum við að sjálfsögðu að stytta mjög mál okkar þar sem fundartími Alþingis í dag er takmarkaður af öðrum ástæðum. En þetta sýnir, — ég vil enn leggja áherslu á það, herra forseti, — í hvílíku uppnámi öll þessi mál eru hjá hæstv. ríkisstj., að nú fyrst — þegar ýmsir einstaklingar á Íslandi eru búnir að því samkv. fyrstu ákvörðun fjmrh. — er verið að afgreiða frá Alþingi mikilvæga breytingu á tekjuskattslöggjöfinni. Og hæstv. fjmrh., sem tók við fsp. frá mér og fleirum löglega fram bornum á Alþingi snemma í haust, hefur ekki enn þá getað veitt svör við einföldustu fsp. Mér er nær að halda að hann ætli að láta þessu þinghaldi lokið án þess að veita svör við þeim spurningum.

En eins og ég segi, af þeirri ástæðu, að við erum allir af vilja gerðir, stjórnarandstæðingar, til þess að hægt sé að fá afgreiðslu á þessum málum áður en seinni framtalsfresturinn rennur út hjá hæstv. ríkisstj., þá mun ég að sjálfsögðu reyna að takmarka mig mjög í því sem ég segi hér á eftir.

Í sambandi við 1. gr. frv., eins og hún er flutt af hæstv. ríkisstj., er raunar fátt að segja. Ég vil aðeins taka fram að hér er um að ræða samkomulag sem gert hafði verið við þá aðila sem njóta eiga, í þessu tilviki hljómlistarmenn og iðnaðarmenn, og út af fyrir sig hef ég ekkert við það að athuga, að Alþingi staðfesti það samkomulag. En ég vil leggja áherslu á að hæstv. ríkisstj. verður þá að móta einhverja endanlega afstöðu til þess, hvaða kostnaðarliðir við tekjuöflun eigi að vera frádráttarbærir. Hvers vegna skyldi t. d. frekar vera frádráttarbær hjá iðnaðarmönnum kostnaður við handverkfæri, sem þeir þurfa að leggja sér til, en t. d. kostnaður við hlífðarfatnað og ýmisleg verkfæri sem aðrar starfsstéttir þurfa fram að leggja af eigin fé vegna kostnaðar við tekjuöflun? Þetta er að sjálfsögðu sú afstaða sem upphaflega var tekin við gerð þeirra tekjuskattslaga sem nú gilda. Hæstv. ríkisstj. virðist ekki geta almennilega gert það upp við sig, hvort hún ætlar að hverfa frá þessu atriði tekjuskattslaganna eða hvort hún ætlar að halda sér fast við þetta, heldur virðist einna helst vera að hún ætli að láta það ráðast af samkomulagi sem hún þurfi að gera í það og það sinnið: við þennan hópinn í dag og hinn hópinn á morgun.

Ég vil taka það alveg sérstaklega fram í þessu sambandi, vegna þess að það kom ekki fram, að ég heyrði, hjá formanni hv. fjh.- og viðskn., að einn starfshópurinn, sem sendi fulltrúa til viðræðna við fjh.- og viðskn., voru sjómenn. Nú hefur komið fram í blöðum að umræða sé milli ríkisstj. og sjómanna á einhverju stigi — ég veit ekki á hvaða stigi — um hugsanlegar úrbætur í skattamálum, a. m. k. að eitthvað slíkt hafi borið á góma. Fulltrúar sjómanna, sem gengu á fund fjh.- og viðskn., báru fram þá ósk sérstaklega, sem ekki er í valdi nefndarinnar að sinna, að sú breyting yrði gerð á reglugerð um sjómannafrádrátt, að sjómannafrádráttur yrði miðaður við ráðningardaga, en ekki við lögskráningardaga. Ástæðan er sú, að mörg útgerðarfyrirtæki beita þeim rétti sem þau vissulega hafa til þess að afskrá menn, sem eru sjómenn í fullu starfi, jafnvel þó að skipið hafi ekki viðdvöl í höfn nema röskan einn sólarhring. Samt sem áður grípa ýmis útgerðarfyrirtæki til þess ráðs að afskrá mannskapinn af skipum sínum á sömu stundu og þau koma til hafnar og skrá ekki skipið aftur fyrr en það heldur úr höfn að nýju þó að ekki líði nema einn sólarhringur þarna á milli. Þetta þýðir að viðkomandi sjómenn missa — að óbreyttum reglum — þann sjómannafrádrátt sem þeir ættu annars heimtingu á, einfaldlega vegna þessa ákvæðis í samningum sjómanna — eða skorts á ákvæði öllu heldur, sem útgerðarfyrirtæki nota til þess að losna við iðgjöld af tryggingum.

Nú hefur hæstv. fjmrh. algerlega á valdi sínu hvort hann vill fallast á þessa málaleitun sjómanna, einfaldlega vegna þess að reglugerðarvaldið er í hans hendi. Hann getur breytt þessu með þeirri einföldu breytingu á reglugerð, að sjómannafrádráttur sé miðaður við ráðningardaga, en ekki bara lögskráningardaga. Þetta breytir því, að það skipti ekki máli t. d. hvort sjómaður er afskráður vegna þess að skip hans hefur viðdvöl í landi í einn sólarhring, eins og dæmi eru til um, eða hvort sjómaður er afskráður vegna þess að hann er veikur eða verður fyrir slysi. Hann nýtur þá sjómannafrádráttarins engu að síður án þess að þurfa að standa í stimpingum við skattayfirvöld, af þeirri einföldu ástæðu að maðurinn stundar sjó sem aðalatvinnu allt árið um kring.

Ég vildi gjarnan óska eftir að fá upplýst frá hæstv. fjmrh. hvort hann væri ekki reiðubúinn til að gera þessa breytingu á reglugerðinni, sem honum er innan handar að gera, eða a. m. k. hvort hæstv. ráðh. mundi ekki vilja taka þessa málaleitun til velviljaðrar athugunar. Ég held að þetta sé atriði, sem upp hafi komið en ekki verið á vitorði manna þegar umrædd reglugerð var gefin út, að útgerðarfyrirtæki gætu gert sér að leik að afskrá sjómenn í örstuttan tíma, þann tíma sem skip þeirra hefur viðdvöl í höfn, til þess einvörðungu að sleppa við iðgjöld þeirra vegna, með þeim afleiðingum að sjómenn yrðu af skattafrádrætti sem þeir ella ættu fullan rétt á. M. ö. o.: hæstv. ráðh. getur breytt þessu svo að segja með einu pennastriki. Mér leikur forvitni á að vita hvort hæstv. ráðh. vill ekki fallast á að gera þá breytingu eða a. m. k. að taka hana til velviljaðrar athugunar. Um seinni grein frv., sem er meginefni hennar, ætla ég ekki að fjalla í löngu máli. Ég vil aðeins taka fram að um hana og frv. allt var fjallað sameiginlega af hálfu fjárhags- og viðskiptanefnda beggja deilda. Við athugun málsins í nefndunum settum við fulltrúar Alþfl. í fjh.- og viðskn. Ed og Nd. fram ýmsar hugmyndir um breytingar á upphaflegu frv. ríkisstj. Allar þessar hugmyndir okkar miðuðu að því að komið yrði til móts við hagsmuni húsbyggjenda og íbúðakaupenda og að greiða fyrir því, að þeir gætu nýtt sér vaxtakostnað af lánum vegna öflunar eigin húsnæðis til frádráttar við álagningu tekjuskatts. Það verður að segja þá sögu eins og hún gengur, að fulltrúar ríkisstj. í fjárhags- og viðskiptanefndum hafa tekið öllum þessum hugmyndum mjög vel og komið til móts við sjónarmið okkar Alþfl.-manna og fallist á margar þær hugmyndir og tillögur sem við gerðum við meðferð málsins. Margar breytingar á frv. ríkisstj. til rýmkunar á vaxtafrádráttarmöguleikum húsbyggjenda eru þannig til komnar. Og allar þessar breytingar voru gerðar í samkomulagi, a. m. k. við okkur fulltrúa Alþfl. í þessum nefndum og að því er ég hélt fram undir hið síðasta einnig við fulltrúa Sjálfstfl. En nú hefur komið í ljós að svo er ekki.

Þar sem þannig hefur verið komið til móts við þau sjónarmið, sem við Alþfl.-menn lýstum, föllumst við á það samkomulag sem ég tel að náðst hafi í fjárhags- og

viðskiptanefndum beggja deilda með stjórnarsinnum og okkur Alþfl.-mönnum, og ég mæli með afgreiðslu frv. eins og það er úr garði gert. Okkur er að sjálfsögðu öllum ljóst, sem að þeirri afgreiðslu stöndum, að hér er um algerlega ný ákvæði að ræða varðandi heimilaðan frádrátt til tekjuskatts hjá einstaklingum, sem framkvæmdaörðugleikar kunna að verða á og ekki verður fyrir séð hverjir gætu verið. En í ljós munu þeir þá væntanlega koma við álagningu. Og ég geri fastlega ráð fyrir því, að ef svo fer muni Alþingi endurskoða þessi ákvæði, og ef um sérstakt óréttlæti yrði að ræða, þá með afturvirkni í huga. Ég tel að þetta sé í hug okkar fjh.- og viðskn.-manna allra, að þannig verði haldið á málum, bæði fulltrúa stjórnarmeirihluta á Alþingi og fulltrúa stjórnarandstöðunnar.

Í nefndinni komu upp hugmyndir um það, sem nú hafa verið fluttar sem brtt. á sérstöku þskj. af fulltrúum Sjálfstfl. í hv. fjh.- og viðskn. Nd., að veitt verði heimild til því sem næst ótakmarkaðs vaxtafrádráttar, t. d. vaxtafrádráttar af því tagi sem næði til allra auk húsbyggjenda, en takmarkaðist við eitthvert hámark. Slík frádráttarregla er að sjálfsögðu mjög einföld í framkvæmd — og sjálfsagt af því tagi sem þeir, sem að framkvæmdinni standa, mundu helst óska eftir — einföld og ljós. En ef slík frádráttarregla væri í lög leidd væri verið að hverfa alfarið frá grundvallarreglum gildandi skattalaga, sem allir flokkar þingsins, sjálfstæðismenn og allir aðrir, hafa verið sammála um til þessa, auk þess sem heimildir af því tagi sem veittar yrðu bjóða upp á þá grófu misnotkun við álagningu skatta, að atvinnurekendur gætu flutt lán, sem þeir taka vegna rekstrar atvinnufyrirtækja sinna, yfir á einkaframtal sitt og fengið þannig vaxtagjöld vegna atvinnurekstrarlánanna frádregin frá skatti á eigin framtali.

Við Alþfl.-menn erum alfarið andvígir því, að veittar séu heimildir sem bjóða upp á slíka misnotkun. Við viljum þá heldur gera tilraun til þess — þó að aðferðin kunni að vera nokkuð flókin — að takmarka vaxtafrádráttinn við þann sérstaka hóp manna sem á nú um sárast að binda, þ. e. íbúðabyggjendur og íbúðakaupendur. En við leggjum jafnframt áherslu á það, að með eðlilegri lánsfjármögnun og eðlilegum lánakjörum, sem ættu að vera búin húsbyggjendum, þar sem þeir gætu fengið eðlileg lán til kaupa og bygginga á eigin húsnæði, — lán sem væru veitt til langs tíma og með eðlilegri greiðslubyrði, — þyrfti ekki til þessa sérstaka vaxtafrádráttar þeirra vegna að koma.

Ástæðan fyrir því, að það verður að skoða mál húsbyggjenda með þessum sérstaka hætti, sem samkomulag hefur náðst um milli okkar Alþfl.-manna og fulltrúa stjórnarliðsins í fjh.- og viðskn. beggja deilda, er sú, að þeir njóta nú hvorugs: eðlilegrar lánafyrirgreiðslu né heldur eðlilegrar greiðslubyrðar af lánum sínum. Það er í okkar huga miklu stærra mál að gera þær breytingar á lánsfjármögnun íbúðarhúsnæðis, að íbúðarbyggjendum og kaupendum verði boðin slík eðlileg fyrirgreiðsla til byggingar og kaupa eins og viðgengst í öllum nálægum löndum, þannig að lánstími og greiðslubyrði yrði eðlileg. Þetta er miklu stærra mál en þær vaxtafrádráttarbreytingar sem hér er verið að gera, enda, herra forseti, hafa þm. Alþfl. í Ed. Alþingis flutt frv. til laga um slíkar breytingar á kjörum húsbyggjenda og þeirra sem íbúðarhúsnæði kaupa.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég nenni ekki að elta ólar við útúrsnúninga hv. síðasta ræðumanns og ýmissa annarra í sambandi við almennan frádrátt á vöxtum launamanna við tekjuskatt í ár. Við vitum að það er búið að skipa sérstaka nefnd til þess að breyta lausaskuldum húsbyggjenda í föst lán, og það sannast, svo að ekki er um villst, að þær reglur, sem hér stendur til að lögfesta og er raunar búið að semja um á milli stjórnarflokkanna og Alþfl., eru við það miðaðar að koma ekki til góða þeim húsbyggjendum sem verst eru settir. Og ég vek athygli á því, að hv. þm. Halldór Ásgrímsson, 3. þm. Austurl., dró þá almennu ályktun af ástandi lánamála, að bankarnir hefðu ekki fullnægt sjálfsögðum leiðbeiningarskyldum sínum við lántakendur varðandi frádráttarhæfni skatta. Það er þess vegna alveg ljóst, að þeir stjórnarsinnar, sem nú beita sér fyrir því að breyta hinum almennu frádráttarreglum vaxta, gera það vitandi vits og er fullvel kunnugt um þá erfiðleika sem steðja að fjölda launþega sem eru annaðhvort strandaðir með sínar íbúðir eða við það að missa þær. Ég veit að það er þýðingarlaust að flytja brtt. við frv. sem hér liggur fyrir, en þeir menn, sem kunnugir eru ungu fólki sem er að berjast í því að eignast þak yfir höfuðið, vita að ég fer hér með rétt mál.

En það voru önnur tvö atriði sem ollu því einkum, að ég stend upp nú. Það er í fyrsta lagi sú breyting, sem gert er ráð fyrir í 1. gr. þess frv. sem hér er til umr., þar sem verið er að tala um ýmsan kostnað vegna handverkfæra og hljóðfæra sem ákvarðast skuli af ríkisskattstjóra. Ég vil varpa þeirri fsp. til fjmrh. eða frsm. meiri hl. nefndarinnar, hvort þeir hugsi sér að þessi frádráttarheimild miðist almennt við það, að um það sé samið í kjarasamningum milli viðkomandi iðnaðarmannafélags og atvinnurekenda, eða hvort þetta er almenn heimild fyrir utan ákvæði kjarasamninga. En eins og þessum mönnum er báðum kunnugt miðuðust þessar frádráttarreglur samkv. eldri skattalögum við það, að um það væri samið sérstaklega í kjarasamningum.

Ég vil jafnframt varpa þeirri fsp. til formanns nefndarinnar og eins hæstv. fjmrh., hvers vegna hér eru teknar ákveðnar atvinnustéttir út úr, og vil benda á það, að ýmsar aðrar stéttir, eins og t. d. verslunarmenn, blaðamenn, verkamenn og ýmsir aðrir, leggja einnig til undir vissum kringumstæðum verkfæri, þannig að það gildir hið sama þar um. Ég vil fá nánari útlistun á því, hvers vegna þarna er sérstaklega talað um löggiltar iðngreinar og hvaða rök liggi fyrir því, að þessi regla er ekki almenn. Menn, sem kunnugir eru úti á landi, vita t. d. að verkamenn, sem eru laghentir og fást við viðgerðir á sveitabýlum eða í hinum smærri þorpum, þar sem fátt er um iðnaðarmenn, leggja sjálfir til handverkfæri. Mig langar til að spyrja hvers vegna þvílíkir menn eigi jafnan rétt gagnvart skattalögum og þeir menn sem eru í löggiltum iðngreinum.

Ég vil í öðru lagi vekja athygli á því, að hæstv. fjmrh. gaf á s. l. sumri út reglugerð um sjómannafrádrátt, sem takamarkaði mjög hinar almennu heimildir til sjómannafrádráttar samkv. lögunum eins og þau voru ákveðin á Alþingi. Það er reglugerð um sjómannafrádrátt nr. 310, 27 júní 1980, undirskrifuð af Ragnari Arnalds og Höskuldi Jónssyni. Í 30. gr. laga um tekju- og eignarskatt, lið C, segir afdráttarlaust, með leyfi hæstv. forseta:

„Sjómannafrádrátt að fjárhæð 2700 kr. fyrir hvern dag sem lögskráður maður á íslensku skipi telst stunda

sjómannsstörf. Sama regla skal gilda um hlutaráðna sjómenn og landmenn enda þótt þeir séu ekki lögskráðir."

Um fiskimannafrádrátt segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Fiskimannafrádrátt er nema skal 10% af beinum tekjum sjómanna af fiskveiðum á íslenskum fiskiskipum. Þessi ákvæði eiga einnig við um hlutaráðna landmenn."

Nú hefur hæstv. fjmrh. gefið út reglugerð, þar sem hann takmarkar þennan sjómannafrádrátt við beitingamenn á línu, enda séu þeir hlutaráðnir, en á hinn bóginn er það fram tekið að þótt menn séu hlutaráðnir á netabátum, þá skuli þeir ekki njóta þessa réttar. Hér er horfið frá þeirri framkvæmd laganna sem verið hefur á undanförnum árum. Ég veit ekki hvort hæstv. fjmrh. er það kunnugt, en á Norðurlandi víða tíðkast það, að menn séu hlutaráðnir á netabátum ekki síður en línubátum. Ég óska eftir upplýsingum um það, hvaða sérstöku ástæður lágu til þess, að hæstv. fjmrh. sér ástæðu til að takmarka afdráttarlaus lagaákvæði hvað þetta varðar. Ég vil einnig vekja athygli á því, að í leiðbeiningunum við útfyllingu skattframtals einstaklinga árið 1981 og skattmatsframtals árið 1981 er ekki kveðið á um þessa takmörkun, þannig að ljóst er að þetta mun valda miklum ruglingi í framtölum manna og að menn munu ætla rétt sinn meiri en hann er. Ég þarf ekki að taka fram, að víða tíðkast að fleiri menn eru lögskráðir á skip heldur en þarf í hvern róður. Menn skiptast kannske á um að vera í landi. Í allri framkvæmd þessara mála er miklu einfaldara að hafa hina gömlu reglu og láta eitt yfir alla ganga að þessu leyti, hvort sem menn eru beitingamenn eða netamenn. Ég vil einnig vekja athygli á því, að víða tíðkast það, t. d. fyrir norðan, að sömu bátarnir eru til skiptis á línu og netum, og þá getur orðið allflókið mál að gera upp að ári loknu, hver fór í hvaða róður o. s. frv. Ég sé ekki hvaða rök hníga að því, að eðlilegt sé að greina þarna á milli, og óska sem sagt eftir að fá upplýsingar um hvaða sérstöku ástæður lágu til þess, hvaða nauðsyn bar til þess að gera að þessu leyti upp á milli sjómanna.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Tveir hv. þm., Sighvatur Björgvinsson og Halldór Blöndal, hafa vikið að reglugerðarákvæðum um sjómannafrádrátt og spurt hvort ekki stæði til að gera breytingar hvað hann varðar. Þeir hafa einnig spurt að því, og þá sérstaklega fyrri ræðumaðurinn, hvaða óskir hefðu komið fram um breytingar á sjómannafrádrætti og hvað hefði verið sagt eða gert í þeim viðræðum. Ég vil af þessu tilefni láta það koma hér fram, að ég hef ekki átt í viðræðum við einn eða neinn um sjómannafrádráttinn. Það hefur enginn leitað til mín varðandi breytingar á sjómannafrádrætti, enginn svo ég minnist rætt það mál sérstaklega við mig, og ég get því ekkert um þetta mál sagt frekar.

Það má vel vera að einhvers staðar hafi einhverjir verið að ræða saman um að gera þyrfti breytingar á þessu reglugerðarákvæði, en það hefur þá ekki verið svo að ég væri áheyrandi eða nálægur. En þetta, sem þeir hafa hér nefnt, er vafalaust athyglisvert og sjálfsagt að kanna það nánar.

Ég vil þakka hv. fjh.- og viðskn. fyrir að hafa brugðist vel við og afgreitt þetta frv. með skjótum hætti. Sérstaklega vil ég þakka þeim hluta stjórnarandstöðunnar sem hefur tekið höndum saman við stjórnarþm. um að afgreiða málið, þ. e. þm. Alþfl., fyrir góða framgöngu í þessu máli. Ég verð hins vegar að segja það, að mér finnast mjög kynlegar umkvartanir hv. þm. Sjálfstfl. um að ríkisstj. skuli hafa sett saman sérstakt frv. um þetta mál og flutt það hér í þinginu. Manni skilst helst að eftir að þeirra frv. kom fram hér í Nd. megi enginn annar flytja frv. um þetta efni það sé stórhneyksli, að ríkisstj. skuli hafa leyft sér að flytja annað frv. um málið — og það meira að segja í allt annarri deild en þeim þóknaðist að flytja sitt mál. Þetta er stórhneyksli.

Ég held að menn séu furðufljótir að gleyma gömlum dögum. Frsm. stjórnarandstöðunnar hér í Nd., Matthías Á. Mathiesen, er fyrrv. fjmrh., og vafalaust minnist hann þess, ef hann skoðar vel í hugskot sitt, að oft flutti hann frv. um breytingar á tekju- og eignarskatti, alveg óháð því hvaða till. eða frv. höfðu komið fram frá þáv. stjórnarandstöðu. Ég var t. d. sérstaklega duglegur í fjmrh.-tíð hans að flytja till. í skattamálum hér í þinginu en ég minnist þess ekki að mér eða raunar nokkrum öðrum hafi dottið í hug að ég ætli að stjórna því hvaða frv. fjmrh. flytti, í hvaða deild hann flytti þau o. s. frv.

Þar að auki er nú staðfest af talsmönnum minni hl., talsmönnum Sjálfstfl. hér í Nd., að frv., sem hv. sjálfstæðismenn fluttu hér í upphafi, var meingallað. Þeir hafa viðurkennt það sjálfir, að þeir vissu ekki hvað stóð í núgildandi skattalögum. Þeir hafa viðurkennt að þeir héldu að sá skattfrádráttur, sem þeir voru að leggja til væri allt annar en sá sem hann raunverulega var samkv. till. Þarna skeikaði nú bara einum litlum 3 milljónum. Till. þeirra gekk út á það, að skattfrádráttur vegna vaxta ætti að vera 8 millj. hjá hjónum. En hann var í reynd 11 millj. og það höfðu þeir ekki hugmynd um. (**HBl:** Veist þú nokkuð um það?) Ég veit fullvel um það, vegna þess að till. gekk út á það, að vaxtafrádráttur hjá hjónum væri upp á 8 millj. gkr., en flm. höfðu ekki áttað sig á því, að síðan hefði þessi upphæð tekið breytingum samkv. skattvísitölu og bætt við sig 45%, og þá er upphæðin komin upp í rúmar 11 millj. Sem sagt, till. var botnlaus. Þegar hv. sjálfstæðismenn koma síðan með nál. úr fjh.- og viðskn. treysta þeir sér ekki til að standa við þetta gamla frv., vegna þess að þeir gera sér grein fyrir að það er botnlaust og getur ekki staðist. Mér finnst því, þegar þetta liggur fyrir, dálítið ósvífið að gera ráð fyrir að ríkisstj. geti ekki leyft sér að flytja eigið frv. um þetta mál í þinginu og þurfi að taka mið af því frv. sem þeir nú hafa viðurkennt að var reist á sandi og byggðist á misskilningi.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Það undrar mig sérstaklega að heyra í ræðu hæstv. fjmrh., að hann virðist ekki kannast við neina umræðu um umbætur á svokölluðum skattfríðindum sjómanna. Nú er ég persónulega kunnugur því, að margir af forustumönnum úr röðum sjómanna hafa talið að meðal margra loforða, sem þeir áttu að fá í sinn félagsmálapoka, oftar en einu sinni, væru umbætur á skattfríðindum þeirra. Og eitt af því, sem þar kom til umræðu, var það vandamál sem hv. 3. þm. Vestf., Sighvatur Björgvinsson, benti réttilega á, það skattafrádráttartap sem sjómenn hafa orðið fyrir af því að afskráð er af skipunum í stuttan tíma þegar skipin hafa orðið að stöðvast, t. d. vegna veiðibanns sem hefur orðið til vegna stjórnvaldsaðgerða, m. a. vegna fjölgunar skipa sem íslensk sjómannastétt hefur ekkert ráðið við.

En ég hef ekki heyrt að í umræðum manna hér hafi verið minnst á forsendu þess, að þessi skattafrádráttur

væri veittur, og kemur mörgum ókunnuglega fyrir, þ. á m. sumum yngri þm. Ég verð líka var við það í bréfum sem koma til Alþingis, að svo er einnig um iðnrekendur. Þeir telja það geta orðið stóran þátt í vænlegri björgun íslensks iðnaðar að fólk á þeirra vegum fái slíkan frádrátt líka. Nú vil ég leyfa mér að nota örfáar mínútur af tíma þingsins til að benda á af hverju þessi frádráttur er til kominn m. a. Hann er til kominn fyrst og fremst af því, að það er viðurkennd staðreynd nú í dag og hefur verið vísindalega sönnuð um leið og reyndar þekkt í okkar sögu um aldaraðir, að það er erfiðara að standa að störfum á sjó en á landi. Það hefur verið sannað, að þetta getur þýtt um 25—30% meira álag á sjómenn en þá sem hafa fast land undir fótum. Þetta er líka að nokkru leyti viðurkenning þjóðfélagsins á þeirri hættu sem þetta starf hefur í för með sér. Ég geri ekki ráð fyrir að það séu margar stéttir í þessu þjóðfélagi sem þurfa að standa upp eftir hvert starfsár og telja jafnvel í prósentum þann hluta af sínu starfsliði sem hefur farist í starfi á liðnu starfsári. Ég þekki ekki til þess annars staðar.

Svo skulum við líka hafa í huga þá sérstöðu þessara manna — sem fleiri búa að vísu við nú orðið, þ. á m. virkjunarmenn og fleiri, en þó engir frekar en sjómenn — að þessir menn fara vegna vinnu sinnar á mis við margt af því sem tekið er af þeim gjald fyrir í sameiginlegri skattheimtu, en þeir fá ekki notið vegna sinnar fjarveru, en aðrir landsmenn hafa að sjálfsögðu full not af.

Þetta eru þrjú stærstu atriðin sem eru ástæðan fyrir því, að sjómenn hafa fengið þessi fríðindi viðurkennd.

Þetta minnir mig á það, að í einum samningaviðræðum, sem voru komnar í strand milli farmanna og útgerðarmanna farskipa á tímum viðreisnar, leystist málið með því, að þáverandi fjmrh. og reyndar skattayfirvöld önnur viðurkenndu það — enda voru lögin öðruvísi orðuð þá — að farmenn ættu rétt á nákvæmlega sama frádrætti og fiskimenn. M. a. vegna þess að lofað var að þetta kæmi til framkvæmda á næsta ári náðust samningar. En svo skeður það, að vinstri stjórn tók við völdum í þjóðfélaginu árið 1971, og fyrsta skattalagabreyting, sem sú stjórn lét framkvæma, var að svipta farmenn þessum frádrætti. En það var þó nokkur bót í þeirri breytingu, að fiskimenn fengu réttmæta hækkun.

Ég hef spurt nokkra af fjárhagsnefndarmönnum um það í sambandi við umræður um gildandi lög — sem við erum að ræða — hvað hafi orðið af svokölluðum björgunarlaunafrádrætti sem sjómenn aðallega nutu. Sjómenn hafa spurt mig að þessu að undanförnu, þ. á m. tveir yfirmenn af skipi. Þeir lögðu þar svo gífurlega mikið bæði á skipshöfn og sjálfa sig, að þeir urðu frá vinnu vikum saman á eftir. Þeir treystu sér bókstaflega ekki til — eftir það andlega og líkamlega álag sem þeir lentu í — að fara til sjós aftur í nokkra mánuði. En björgunarlaunum var að fullu bætt við tekjur þeirra og þeir urðu að borga fullan skatt af þeim. Aðrar reglur giltu hér áður, og það kemur mér ókunnuglega fyrir að þessi breyting hafi verið gerð. Það hefur farið fram hjá mér þótt ég hafi margoft spurt að þessu og ýjað að því, hvort þetta gæti virkilega verið. Ég vil því gjarnan spyrja hæstv. fjmrh. hvort þetta hafi verið gert að hans undirlagi og hvort hann mundi ekki vilja beita sér fyrir því, að þetta væri aftur tekið inn í lögin.

Ég vil svo að lokum, vegna þess að það hefur orðið nokkur umræða um þann frádrátt sem nú er veittur bæði vegna verkfæra og hljóðfæra, taka undir og styðja það eindregið vegna hinnar miklu sérstöðu sem hljóðfæraleikarar hafa. Þetta er sú atvinnustétt í landinu sem er með ákaflega dýr verkfæri sem þeir verða að fjármagna sjálfir og gæta og nota við sína atvinnu, og mér finnst vera réttlætismál að þeir fái þennan frádrátt.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég skal ekki stæla við hæstv. fjmrh. um þessi atriði, en ítreka fsp. mínar. Fsp. mínar snerta framkvæmd skattalaga á þessu ári. Ég vil spyrja aftur og óska eftir að fá afdráttarlaus svör.

Í fyrsta lagi: Er það skilyrði til þess, að ríkisskattstjóri geti ákveðið mönnum frádrátt samkvæmt 1. gr. þessara laga, að um það sé samið í kjarasamningum? (**Fjmrh.:** Nei.) Það er ekki skilyrði. Það er gott að fá það fram, það er þó í áttina.

Mig langar í öðru lagi að fá fram hvaða sérstök rök liggja til þess, að þetta ákvæði skuli ekki ná til þeirra manna sem ekki eru í löggiltum iðngreinum. Ég sé að formaður Verkamannasambands Íslands er kominn inn, og ég geri ráð fyrir að hann taki undir það með mér, að það er undarlegt að ófaglærðir verkamenn skuli ekki sitja við sama borð og faglærðir varðandi frádrátt af þessu tagi. Ég sé enga ástæðu til að binda þetta við launþega í löggiltum iðngreinum. En þar sem ég veit af reynslu að þýðingarlaust er að koma með ábendingar til stjórnvalda til þess að reyna að fá málum framgengt, þá ætla ég að stilla mig um að flytja um þetta formlega brtt., nema óvæntur liðsauki kæmi frá einhverjum milli umræðna til að athuga þetta mál sérstaklega. Þá mun ég athuga um það.

Enn fremur vil ég ítreka það sem ég sagði áðan og raunar kom ekki nógu vel fram, að í reglugerð um sjómannafrádrátt er ekki fjallað um fiskimannafrádráttinn, 10%. Þá er spurningin: Gildir sama regla og áður, að netamenn, sem ráðnir eru þannig að launakjör þeirra fara eftir aflahlutum skipverja, geti vænst þess að fá 10% fiskimannafrádrátt með sama hætti og beitingamenn? Það stendur ekki í lögunum — ég skal lesa þetta fyrir hv. 3. þm. Austurl., sem ekki virðist hafa lesið lögin. Ég skal lesa það aftur. Hér stendur á bls. 12 í C-lið, ég les þetta aftur, með leyfi hæstv. forseta, til þess að ekkert fari nú á milli mála:

„Sjómannafrádrátt að fjárhæð 2700 kr. fyrir hvern dag sem lögskráður maður á íslensku skipi telst stunda sjómannsstörf. Sama regla skal gilda um hlutaráðna sjómenn og landmenn enda þótt þeir séu ekki lögskráðir.

Fjmrh. ákveður nánar í reglugerð hvernig dagafjöldi í þessu sambandi skal ákveðinn.

Sjómenn á íslenskum fiskiskipum, sem þurfa sjálfir að sjá sér fyrir fæði og njóta ekki fæðisgreiðslu frá áhafnadeild Aflatryggingasjóðs, skulu, auk þess sem um ræðir í 1. mgr. þessa töluliðar fá fæðisfrádrátt fyrir hvern úthaldsdag að mati ríkisskattstjóra.“

Þetta er um sjómannafrádráttinn. Sama regla skal gilda um hlutaráðna sjómenn og landmenn enda þótt þeir séu ekki lögskráðir.

Í reglugerð, sem út var gefin 27. júní 1980, til þess að það komi einnig fram, stendur á hinn bóginn, með leyfi hæstv. forseta:

„Hlutaráðnir landmenn, þ. e. beitingamenn á línubát, skulu fá sjómannafrádrátt sem svarar til þeirra daga sem þeir njóta greiðslu fæðispeninga frá áhafnadeild Aflatryggingasjóðs. Frádráttur þessi tekur ekki til manna sem starfa í ákvæðisvinnu við beitingu. Þeim, sem starfa

við landvinnu hjá útgerðinni, t. d. netavinnu, skal ekki heimill sjómannafrádráttur enda þótt um launakjör þeirra fari að öllu eða einhverju leyti eftir afkomu útgerðar eða aflahlutum skipverja.“

Þarna hefur hæstv. fjmrh. breytt þessum ákvæðum laganna, enda hefur framkvæmd sjómannafrádráttarins á skattstofunum breyst í samræmi við þessa reglugerð hæstv. fjmrh. (**HÁ:** Fjmrh. er þetta ekki heimilt samkv. lögum.) Fjmrh. er ekki heimilt að gera þetta samkv. lögum? (Gripið fram í.)

Herra forseti. Ég vek athygli á því, að það er komið upp merkilegt mál hér, þar sem helsti talsmaður ríkisstj. í skattamálum, hv. 3. þm. Austurl., fullyrðir hér úr sæti sínu að reglugerð fjmrh., dags. 27. júní 1980, þar sem settar eru takmarkanir varðandi hlutaráðna netamenn, brjóti í bága við gildandi lög og sé ekki heimil. Þetta er náttúrlega stórkostlegt mál og kallar á endurvinnslu skattframtala á s. l. ári, allra þeirra hlutaráðinna netamanna sem sviptir voru sjómannafrádrætti fyrir árið 1980. Ég sé ekki annað en óhjákvæmilegt sé að fjh.- og viðskn. Nd. komi saman milli 2. og 3. umr. og ræði þetta mál sérstaklega, hvernig fara skuli með sjómannafrádráttinn að þessu leyti.

Ég vil svo í framhaldi af þessu spyrja hæstv. fjmrh. að því beint: Lítur hann svo á, að fiskimannafrádrátturinn skv. tölul. 2 í kafla C, 30. gr. skattalaga, nái einnig til hlutaráðinna landmanna á netabátum sem lögskráðir séu? „Þessi ákvæði eiga einnig við um hlutaráðna landmenn,“ stendur hér. Getur hæstv. fjmrh. ekki svarað því, hvort sú hugsun, sem lá að baki því að hann gaf út umrædda reglugerð sem einungis nær til sjómannafrádráttar, hafi verið sú, að 10% fiskimannafrádrátturinn skyldi áfram ná til hlutaráðinna netamanna? Það fæst ekki svar við þessu. En ég óska eftir því, herra forseti, að fjh.- og viðskn. deildarinnar verði gefið tækifæri til þess að hittast milli 2. og 3. umr. og ræða þau óvæntu viðhorf sem upp eru komin eftir að hv. 3. þm. Austurl. fullyrðir úr sæti sínu að reglugerð, sem hæstv. fjmrh. hefur gefið út varðandi sjómannafrádrátt, standist ekki lög.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Ég skal ekki leggja efnislega meira til þessarar umræðu en ég hef þegar gert við 1. umr. þessa máls, svo og reyndar þegar ég flutti framsöguræðu fyrir frv. sem við hv. þm. Halldór Blöndal fluttum. En ástæðan fyrir því, að ég stóð hér upp, er sú, að hæstv. fjmrh. sá sérstaka ástæðu til þess í sinni ræðu að hnýta í okkur flm. frv. um tekjuskatt og eignarskatt og taldi að við hefðum ekki vitað hvað við værum að gera þegar við lögðum fram okkar frv. Ég rifja upp í því sambandi að ég tók það skýrt fram og hef alltaf tekið það skýrt fram þegar ég hef talað fyrir þessu máli, að við ætluðumst til þess að sú 4 millj. kr. vaxtafrádráttarupphæð, sem við töluðum um, væri grunntala. Ég sá sérstaka ástæðu til þess að ítreka það vegna þess, að hæstv. fjmrh. hefur rangtúlkað það í opinberum umræðum, hver væri okkar hugur og vilji í þessu efni. (**Fjmrh.:** Þið hafið ekki kynnt ykkur þetta.)

Mér finnst það koma úr hörðustu átt frá hæstv. fjmrh., þegar hann er að væna almenna þm. hér um það, að þeir viti ekki hvað þeir eru að gera í skattamálum, því að ef það er einhver maður í þessum sal sem hefur sýnt það og sannað, að hann viti ekki hvað hann er að gera, þá er það hæstv. fjmrh. Við fáum hér hvað eftir annað frv. til breytinga á skattalögum. Við fengum frv. til breytinga á skattalögum í febrúar í fyrra sem hæstv. fjmrh. sá um að væri endanlega afgreitt hér í Alþingi. Við fengum frv. til breytingar skattalaga í maí í fyrra og það var ekki betur undirbúið og hæstv. fjmrh. vissi ekki betur hvað hann var að gera þá en svo, að við fengum hverja brtt. á eftir annarri frá hæstv. ráðh. við hans eigið frv. Hann dró til baka eigin till. og setti nýjar fram í staðinn. Síðan leggur hæstv. fjmrh. fram nú frv. til breytinga á skattalögum í Ed. og þá hefðu menn haldið að nóg væri að gert. Nei, hæstv. fjmrh. boðar að það eigi enn eftir að koma frv. til breytinga á skattalögum áður en þessu þingi verður slitið. M. ö. o.: hæstv. ráðh. hefur sýnt það og sannað, að hann hefur ekkert vald á skattamálunum. Hann nær alls ekki utan um þau á þann hátt sem gera verður kröfu um til ráðh. Það kemur því úr hörðustu átt, þegar hæstv. ráðh. sér sérstaka ástæðu til þess að hnýta í okkur almenna þm., þegar við gerum hér tillögur af góðum hug um réttmætar breytingar á skattalögum. Hann með allan sinn sérfræðingaskara á hælunum hefur sýnt það og sannað, að hann veit sjálfur alls ekki hvað hann er að gera eða hvaða þýðingu hinar einstöku till. hafa sem hann leggur hér fram.

Frsm. meiri hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umræður, enda var um það talað og samið að afgreiða þetta mál í dag fyrir kl. 4 úr deildinni. En ég vildi aðeins endurtaka þann skilning sem ég legg í sjómannafrádráttinn. Það stendur skýrt í lögunum, að þessi ákvæði eigi einnig við um hlutaráðna landmenn, en eins og hv. þm. Halldór Blöndal flutti sitt mál hér, þá sagði hann að það væri ekki framkvæmt svo og það stafaði af því sem stæði í reglugerð, sem ég vissi að vísu ekki um að hefði verið sett og hef ekki haft tækifæri til að kynna mér, þó að ég hafi rétt aðeins getað rennt augunum yfir hana. En ef það er bannað í þessari reglugerð sem í lögum stendur, þá stenst hún að sjálfsögðu ekki, hver svo sem hefur sett þá reglugerð. Lög eru hafin yfir reglugerðir. En ég á afskaplega erfitt með að trúa því, að ágætir embættismenn í fjmrn., sem hafa reynst mér afskaplega nákvæmir og góðir embættismenn, hafi komið því þannig fyrir í reglugerð, þó að e. t. v. megi misskilja þetta orðalag eitthvað og það hefði átt að vera skýrara. En mér finnst ástæðulaust að deila um það. Það verður að gilda sem í lögum stendur.

Ég vil einnig taka það fram í sambandi við þetta mál, að þegar þessi breyting varð á sínum tíma, þá var um það talað að sjómannafrádrátturinn yrði sem næst óbreyttur. Þess er hins vegar að geta, að fyrri hluti sjómannafrádráttarins, þ. e. 2700 kr. á dag, sem nú er orðinn 4000 kr., er fyrst og fremst hugsaður vegna kostnaðar sem sjómenn hafa af öflun tekna. Það er hlífðarfatafrádráttur, sem einu sinni hét, og annað slíkt sem var sameinað í þennan frádrátt. Þessi liður frádráttarins verður alltaf að einhverju leyti tengdur því, hversu lengi er starfað. Það er komið þar upp sérstakt vandamál sem þarf að taka á þegar farið er að afskrá menn og þeir taka frí jafnvel í 1—2 mánuði. Á þetta þarf að líta, en áður fyrr er mér ekki kunnugt um að sjómenn hafi fengið frádrátt vegna þessa tíma. Hins vegar fengu þeir alltaf frádrátt vegna annarra starfa í þágu útgerðarinnar. T. d. ef þeir unnu við viðhald og annað slíkt, þá nutu þeir þessa frádráttar einnig vegna þeirra starfa. Og mér finnst spurningin vera um það, hvort þessu hefur verið breytt, en þennan frádrátt höfðu sjómenn áður.

Ég vil aðeins að lokum taka það fram, að mér finnst óvarlegt að gera allt of mikið úr því, hvað þessar reglur um vaxtafrádrátt séu flóknar. Þær eru í sjálfu sér ekkert flóknar ef menn lesa í gegnum þær. Menn gera allt of mikið úr því hvað hlutirnir séu flóknir í sambandi við skattalög, m. a. vegna þess að ég held að mörgum leiðist þessi mál og þeir vilji ekki hafa mikið fyrir að setja sig inn í þau. Þetta er tiltölulega einföld regla. Hún er fyrst og fremst þannig, að það eru allir vextir frádráttarbærir vegna öflunar eigin húsnæðis. Þetta er alveg ótakmarkað í fimm ár, ef verið er að byggja, og í þrjú ár, ef verið er að kaupa, en síðan þarf fólk á þessum tíma að breyta lánum sínum í ákveðið form til að þessi frádráttur geti haldist áfram, umfram þessi fimm ár og þessi þrjú ár. Þetta er nú það sem fólk almennt gerir. Það stendur í vandræðum og að vísu ná þau oft yfir miklu lengri tíma. Fólk reynir síðan að breyta sínum lánum í lengri lán, þannig að mér finnst allt of mikið gert úr því hvaða erfiðleikum þetta muni valda. Að sjálfsögðu eiga menn í ýmiss konar erfiðleikum í þjóðfélaginu, en ég held að þetta atriði breyti þar ekki öllu.

Einnig vildi ég taka það fram í sambandi við iðnaðarmennina, að þessi frádráttur var viðurkenndur áður. Það er að vísu ýmiss konar kostnaður sem menn geta lent í vegna öflunar tekna, en iðnaðarmenn hafa þá sérstöðu að þeir starfa yfirleitt sjálfstæðar en aðrir. Þeir eru ekki á ákveðnum vinnustað þar sem þeir geta gengið að verkfærum og ýmsu slíku. Þeir þurfa frekar að eiga verkfæri sjálfir en almennt gerist á vinnustöðum. Það er út frá þessu sjónarmiði sem rétt þykir að taka sérstaklega tillit til þeirra.

Menn, sem taka að sér að vinna úti um sveitir og á ýmsum stöðum, eru þá almennt atvinnurekendur. Þeir hafa bílkostnað og ýmsan annan kostnað og taka laun sem atvinnurekendur og í skjóli þess geta þeir að sjálfsögðu dregið frá allan þann kostnað sem þeir hafa við öflun tekna.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð vegna þess að ég tel að allnokkur hávaði hafi orðið hérna vegna misskilnings — og er ekkert við því að segja. Jafnvel allra gleggstu menn eru þannig, að þeim getur skotist ef ekki er nægileg rósemi yfir þeim meðan lesturinn fer fram. Ég vil leyfa mér, herra forseti, að lesa hér 4. gr. reglugerðar nr. 310 frá 27. júní 1980, sem fjallar um sjómannafrádrátt. Það er sú reglugerð sem hv. þm. Halldór Blöndal leitaði fanga í varðandi þetta mál. Þar segir, með leyfi forseta:

„Hlutaráðnir landmenn, þ. e. beitingamenn á línubát skulu fá sjómannafrádrátt sem svarar til þeirra daga sem þeir njóta greiðslu fæðispeninga frá áhafnadeild Aflatryggingasjóðs. Frádráttur þessi tekur ekki til manna sem starfa í ákvæðisvinnu við beitingu. Þeim, sem starfa við landvinnu hjá útgerðinni, t. d. netavinnu, skal ekki heimill sjómannafrádráttur" — og takið nú vel eftir: „enda þótt um launakjör þeirra fari að öllu eða einhverju leyti eftir afkomu útgerðar eða aflahlutum skipverja."

Í þessari grein, sem máli skiptir í þessu tali öllu, er hvergi minnst á það, að hlutaðeigandi maður sé skráður eða hlutaráðinn, enda skiptir ekki ýkjamiklu máli hvernig þessi texti er lesinn, lögin standa auðvitað fyrir sínu. Útgerðarmaðurinn getur borgað þessum netavinnumanni sínum fyrir að gera að netum o. s. frv. og fella, hvað sem honum sýnist, en ef hann hefur þann háttinn á eða skipshöfnin, að þessi maður sé jafnframt hlutaráðinn, þá er augljóst að hann á að njóta þessara skattfríðinda. (**HBl:** Ekki hefur framkvæmdin verið þannig.) Heimildin sem hv. þm. Halldór Blöndal sótti í er ekki eins og hann vildi lesa út úr henni. Ég vildi bara láta þetta koma fram, því að rétt skal vera rétt.

En fyrst ég er nú kominn hérna á annað borð, þá held ég að ekkert geri til þó að það heyrist dálítið annar tónn varðandi allan þennan skattafrádrátt húsbyggjenda heldur en heyrst hefur hér áður í dag. Hins vegar, herra forseti, hefur þetta álit mitt komið fram áður.

Í fyrsta lagi vil ég segja það, að ég tel till. hv. sjálfstæðismanna, sem vilja ganga lengra, hækka þessa upphæð sem er heimil til frádráttar, auðvitað vera tóma vitleysu, ég tala nú ekki um að taka eigi þarna inn allar aðrar skuldir. Mér finnst sem sagt þegar of í lagt með frv. hæstv. fjmrh. og þeirra félaga.

Vaxtaupphæðin, sem má draga frá skatti samkv. frv., er á hjón eða heimili sem stendur í byggingum 7.25 millj. gkr. Til þess að greiða slíka vexti þurfa menn að skulda líklega um 40 millj. kr., gamalla að vísu. Með því að leyfa fólki að draga þetta frá tekjum til skatta er ríkið í fyrsta lagi að borga helminginn af vaxtagjöldunum, greiða niður fjármagnið. Í öðru lagi eru þá aðrir skattborgarar auðvitað að borga þetta fyrir þessa aðila og hjálpa þeim til að greiða óeðlilega lága vexti í þessari verðbólgu og þar með að græða á verðbólgunni. Með þessum orðum er ég auðvitað ekki að mæla með háum vöxtum, síður en svo, en mér finnst þetta röng leið til þess að leysa vanda húsbyggjenda. Vanda manna í þessum efnum á að leysa í húsnæðismálakerfinu sjálfu, en ekki með því að hvetja menn til að skulda sem mest og refsa þeim sem vilja skulda sem minnst. Og mér finnst það vera dálítið fyndið, þegar hv. þm. Matthías Á. Mathiesen kallar þessa menn skattborgara, því að menn með slíkan frádrátt borga auðvitað aldrei nokkurn skatt.

Ég held að það sé óþarfi að eyða frekar orðum að þessu. Mér finnst þessi upphæð til skattafrádráttar í hæsta lagi, en ég mun ekki leggjast á móti því atriði við afgreiðslu málsins í þinginu. Ég vil þó að það fari ekki á milli mála, að ég hef þessa skoðun á málinu.

Að lokum, herra forseti, vil ég ráðleggja hv. ræðumönnum það, þegar þeir gera mikinn hávaða eða gera tilraun til þess út af einstökum atriðum í skattalögunum og reglugerðum, að lesa þessa pappíra aðeins betur og af meiri rósemi og eftirtekt.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Út af orðum hv. síðasta ræðumanns vil ég aðeins taka það fram, að verð á meðalíbúð í verkamannabústað er nú 40 — 50 millj. gkr. 85% af því verði er veitt að láni og það er út af fyrir sig ekkert óeðlilegt við það, þó að lágtekjufólk kunni að skulda svo háa upphæð sem hv. þm. nefndi. Það getur gerst án þess að nokkuð óeðlilegt sé þar á ferðinni.

Annars ætla ég ekki að taka neinn þátt í deilum þeirra hv. þm. Halldórs Blöndals og Garðars Sigurðssonar. Hv. þm. Garðar Sigurðsson bað menn um að lesa vel og vandlega umrædda reglugerð og í ró og næði, en ekki í æsingi, og vitnaði síðan í 4. gr. reglugerðarinnar. Nú er sú grein ekki til, því að reglugerðin er aðeins upp á þrjár greinar. Hins vegar eru ákvæðin, sem hv. þm. vitnaði í, 4. tl. 2. gr., en það skiptir auðvitað ekki neinu meginmáli.

Í þriðja lagi vildi ég aðeins koma því á framfæri við hæstv. fjmrh., að hann sitji nú á strák sínum ef á að takast

að ná því samkomulagi að afgreiða þetta mál á tilsettum tíma, því að hætt er við — ef hæstv. ráðh. stígur í stólinn — að hann verði ávallt til þess að kalla upp heilan hóp af þm. sem telja sig þurfa að andmæla honum, svo að ég vildi nú, af því að ég á — og við Alþfl.-menn — samleið með hæstv. ráðh. í þessu máli, mælast eindregið til þess við hann, að hann fari nú ekki meira í ræðustól í bili. (**Fjmrh.**: Það er þá ekki rétt að spyrja mig meira.) Nei, nei, enda skal ég ekki gera það.

Að lokum, herra forseti, vil ég aðeins taka það fram, að mér kom mjög á óvart að hæstv. ráðh. skyldi vera ókunnugt um þá málaleitan frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Sjómannasambandi Íslands sem forsvarsmenn þessara tveggja félaga greindu okkur frá í fjh.- og viðskn. Nd. Ég gat satt að segja ekki skilið öðruvísi þeirra mál en að þeir hefðu nefnt sitt erindi við hæstv. ríkisstj. og óskað eftir að leiðréttting yrði gerð. Hæstv. ráðh. kannast ekki við þetta erindi og það hefur þá ekki á hans borð komið. En til þess að kippa því nú í liðinn höfum við hv. þm. Pétur Sigurðsson ákveðið að taka þetta mál upp með þingbundnum hætti og fá um það umræður hér í þessari hv. deild, þannig að erindinu verði formlega komið á vettvang hæstv. ráðh.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. — 3. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 416 felld með 22:10 atkv.
4. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Neðri deild, 52. fundur.

Fimmtudaginn 12. febr., að loknum 51. fundi.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 412). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26:1 atkv.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég fór fram á það í máli mínu við 2. umr., að sá ágreiningur, sem upp er kominn milli skilnings talsmanns ríkisstj. í skattamálum, hv. 3. þm. Austurl., og framkvæmdarinnar á grundvelli reglugerðar núv. hæstv. fjmrh., yrði ræddur á milli umræðna, við því hefur ekki verið orðið. Ég leyfi mér að líta svo á eigi að síður — og skírskota í þeim efnum til ummæla hv. 3. þm. Austurl. áðan — að deildin telji að með orðalaginu: „sama regla skal gilda um hlutaráðna sjómenn og landmenn enda þótt þeir séu ekki lögskráðir" í 1. lið C-kafla 30. gr. laga um tekju- og eignarskatt og sömuleiðis í tl. 2, sé átt við landmenn á netabátum, þegar svo stendur á sem kveðið er á um í lögum, þrátt fyrir reglugerð þá sem fjmrh. gaf út 27. júní s. l., með öðrum orðum þessi frádráttur skuli ná til hlutaráðinna landmanna, bæði á línubátum og netabátum.

Ég leyfi mér að líta svo á, að sá sé skilningur þessarar hv. deildar, og vænti þess, að hæstv. fjmrh. sendi skattstofunum leiðbeiningu um það.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Það hefur aldrei verið um það deilt, að þegar orðalagi í reglugerð lýstur saman við orðalag í lögum ráða lögin að sjálfsögðu. Hins vegar er þetta mál bersýnilega miklu flóknara en svo, að hægt sé að kveða upp einhverja úrskurði um að hér sé um mismunandi skilning að ræða annars vegar í lögunum og hins vegar í reglugerðinni. Ég tel að málið þurfi því bersýnilega nánari skoðunar við og *vil vara við því að nokkur taki mark á þessari einhliða* yfirlýsingu síðasta ræðumanns.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil bara segja það, að þar sem hv. þm. Halldór Blöndal talar um hlutaráðna þýðir það, að maðurinn sé lögskráður og hlutaráðinn. Þá gildir auðvitað þessi regla.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég fór fram á það áðan í máli mínu, að gert yrði hlé á fundum deildarinnar til þess að fjh.- og viðskn. gæti komið saman og rætt þann ágreining sem upp er kominn varðandi sjómannafrádráttinn. Ég vek athygli á því, að framtalsfrestur er óðum að renna út, og ég get ekki séð að deildin geti unað því að hæstv. fjmrh. hafi aðrar skoðanir á lögum heldur en bókstafur þeirra segir til um og tali um það hér sem sjálfsagt að þetta mál sé svo flókið að um það verði að *fjalla uppi í rn., en ekki hér á hinu háa Alþingi.*

Spurning mín til hans var afdráttarlaus varðandi fiskimannafrádráttinn. Um það fjallar ekki reglugerðin. Lítur hann svo á, að skattstofunum sé heimilt að synja hlutaráðnum netamönnum um fiskimannafrádrátt? Og ég vil einnig ítreka það sem ég ég sagði hér áðan, að sú er skoðun bæði hv. 3. þm. Austurl., Halldórs Ásgrímssonar, og hv. 4. þm. Suðurl., að hið sama eigi að gilda um hlutaráðna landmenn á línubátum og netabátum.

Mér er satt að segja ekki ljóst hvernig við það er hægt að una, að þetta mál verði afgreitt héðan án þess að úr því fáist skorið, hver sé í raun vilji alþingis í þessum efnum. Það eru engin vinnubrögð að láta eins og þessi ágreiningur hafi ekki komið upp. Í þeim leiðbeiningum, sem *ríkisskattstjóri hefur dreift, er þetta mál látið óhreyft.* Hins vegar er framkvæmd skattstjóranna úti um landið með ýmsum hætti. Það ætti þó að vera lágmarkskrafa *skattborgaranna, hvar sem þeir eru á landinu, að um þá* gildi hin sömu lög í þessum efnum. Ég mælist því til þess, að fjh.- og viðskn. gefist tóm til að halda fund um þetta mál og athuga hvort hún sjái ástæðu til þess að kveða skýrar á um sjómannafrádráttinn og fiskimannafrádráttinn en gert er í lögum, þar sem hæstv. fjmrh. er ekki reiðubúinn til að gefa afdráttarlausar yfirlýsingar í þessum efnum.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs aðeins til að vekja athygli á einni, að því er ég tel, mjög athyglisverðri staðreynd. Eins og margfaldlega hefur verið á bent eru öll skattamálin í hreinni upplausn hjá hæstv. ríkisstj. Hún kemur ekki frá sér þeim málum sem hún hefur við að fást, og á það raunar við um fleiri mál frá hæstv. fjmrh.

Nú gerist það, þegar mál er til meðferðar í þinginu, sem varðar framtal manna á árinu 1981 og skiptir húsbyggjendur í landinu mjög miklu máli þegar framtalsfrestur er liðinn, að þá, þegar komið er fram yfir elleftu stundu, er hæstv. ríkisstj. að reyna að afgreiða frá sér mál hér úr hv. Nd. Við atkvgr. eftir 2. umr., sem fram fór hér

áðan, hlaut málið afgreiðslu með 22 atkv. Af þessum 22, sem atkv. greiddu með málinu, voru 6 þm. Alþfl. Jafnvel á þessari stundu, þegar framtalsfrestur er liðinn og hæstv. ríkisstj. þarf að koma frá sér máli sem svo miklu skiptir húsbyggjendur í landinu, þá hefur hæstv. ríkisstj. ekki rænu á því að sjá svo um, að þinglið hennar sé mætt til fundarins til þess að taka þátt í afgreiðslu málsins. Málið hefði ekki hlotið hér afgreiðslu og náð fram að ganga ef ekki hefði komið til atbeini þm. Alþfl. (Gripið fram í.) Ég vil nú biðja menn þarna í Snorrabúð að hafa hljótt um sig og vænti þess, að hæstv. forseti sjái svo til. En þetta er aðeins eitt dæmið af mörgum um það, hvílík handabakavinna það er sem hæstv. ríkisstj. gerir sig seka um í þessu máli.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Að gefnu tilefni vil ég taka fram að afgreiðslan við 2. umr. var auðvitað lögleg þótt 6 atkv. af 22 væru úr stjórnarandstöðu.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Í tilefni af þeirri einkennilegu umræðu, sem hér hefur farið fram, vil ég aðeins minna á að það er ekki hlutverk Alþingis að túlka lög, það gera dómstólar. Hér á að setja lög. Einstakir þm. geta ekki staðið hér upp og lýst yfir: Þetta er skilningur minn og ég tel það vera skilning Alþingis. Það skiptir ekki máli. Það eru aðrir sem eiga að túlka lögin.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég er nú ekki með úrskurði ríkisskattanefndar fyrir framan mig, en til þess að rifja upp fyrir hv. 4. þm. Reykv. ýmislegt, sem skeð hefur, vil ég minna hann á að ákvæði um að áætla mönnum tekjur, þar sem gert var ráð fyrir því í tekjustofnalögum sveitarfélaga að skattstjóri skyldi áætla mönnum tekjur voru af ríkisskattanefnd túlkuð með hliðsjón af umræðum á Alþingi, og þau ummæli, sem vitnað var til í því sambandi, voru ummæli Björns Jónssonar, þáv. félmrh. Ég vil aðeins rifja þetta upp að gefnu tilefni og einnig benda á það, að meðal þeirra gagna sem dómstólar hafa við túlkun laga eru einmitt umræður á Alþingi og einnig grg., þannig að ég skildi ekki aths. hans. Ég held líka að það sé alveg ljóst, að hverjum þm. er heimilt að segja það í ræðu hér — og eðlilegt að hann skýri frá því — hver sé túlkun hans á viðkomandi máli, hvað hann álítur um það. Og eins og fram kom hér áðan stóð hæstv. fjmrh. upp og lýsti annarri skoðun á málinu, þannig að þar er ekki um neinn skilning að ræða. Að því leyti er það rétt hjá þessum hv. þm., að engin einhliða túlkun verður dregin af umræðunum.

En sem sagt, þessi hv. þm. getur rifjað upp úrskurði ríkisskattanefndar varðandi þau tekjustofnalög sem fyrri vinstri stjórn Ólafs Jóhannessonar sendi frá sér, og þá mun hann komast að raun um að það, sem sagt var um málið hér á Alþingi, réð úrslitum um hvaða skilning ríkisskattanefnd lagði í viðkomandi ákvæði.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Það þarf ekki að rifja upp einstök mál til að átta sig á þeirri gömlu staðreynd, að dómendur geta lesið yfir og skoðað umræður á Alþingi, meðan þeir eru að glöggva sig á hvernig þeir ætla að dæma eða skilja lög.

Í öðru lagi dreg ég ekki í efa að hv. þm. eða hver sem er getur sagt hver hans túlkun sé. En hv. þm. sagði með allmiklum gusti, að hann lýsti því yfir að hans orð væru skilningur Alþingis á málinu. Það er það, sem ég mótmæli.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 420).

Efri deild, 52. fundur.

Mánudaginn 16. febr., kl. 2 miðdegis.

Vélstjóranám, frv, (þskj. 14). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 423).

Söngmálastjóri og Tónskóli þjóðkirkjunnar, frv. (þskj. 257 (sbr. 6)). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 424).

Neðri deild, 53. fundur.

Mánudaginn 16. febr., kl. 2 miðdegis.

Barnalög, frv. (þskj. 5, n. 408, 409). — 2. umr.

Frsm. (Ólafur Þ. Þórðarson): Herra forseti. Ég leyfi mér að mæla hér fyrir nál. allshn. um frv. til barnalaga. N. leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem koma fram á þskj. 409.

Lög þessi eru viðamikil og fjalla um viðkvæm málefni. Hætt er við að seint verði allir á eitt sáttir um efni þessara laga. Hitt má þó ljóst vera, að sem heild er frv. þetta til mikilla bóta.

Fjölmiðlar hafa talað heldur gáleysislega um þetta frv. og einstakir þm. talið sér til framdráttar að auka á vanþekkingu annarra í þessu máli.

Sifjalaganefnd undir forustu Ármanns Snævars hefur unnið mikið og gott starf, en breytingar frá hendi nefndarinnar við frv. hafa komið fram eftir að þing kom saman á þessu ári. Einnig hafa umsagnir frá öðrum aðilum leitt til þess, að allshn. leggur til breytingar. Eru þær allar með samþykki sifjalaganefndar nema þær smávægilegustu, sem ekki þótti nauðsyn að bera undir sifjalaganefnd.

Þá vil ég víkja að helstu breytingunum.

N. leggur til að 5. gr. verði einfölduð. Hér er farið að ráðum Stefáns Más Stefánssonar, lagaprófessors við Háskólann, og sifjalaganefnd hefur fallist á þá brtt. sem þar er lögð fram. Taldi prófessorinn að dómari hefði ekki nægilega frjálsar hendur til að meta sönnunargögn og það gæti leitt til rangs faðernis ef greinin væri óbreytt.

Orðalagsbreytingar 8. gr. eru frá sifjalaganefnd komnar svo og allar breytingar aðrar en við 17. gr., 23. gr., 4. mgr. 37. gr. og 42. gr.

Nefndin varð ásátt um að mæla með því að miða framlag til menntunar og starfsþjálfunar við 20 ára aldur. Í frv. hafði verið miðað við 24 ára aldur. Í bréfi frá einstæðum foreldrum kom fram að þeir voru hlynntir því að miðað yrði við 20 ára aldur, en vildu aftur á móti að þar yrði skylda. N. leggur til að miðað sé við 20 ára aldur, en að öðru leyti verið greinin óbreytt. Sú hugsun, sem er þarna að baki, er að þeir, sem stunda nám eftir þennan aldur, eiga flestir aðgang að námslánum, og svo hitt, að við þennan aldur verða menn lögráða.

Ákvæði 23. gr. þóttu nm. of þröng, en þar er fjallað um varðveislu fúlgufjár, þ. e. ef meðlagsgreiðslur eru inntar af hendi í eitt skipti fyrir öll. N. leggur því til rýmkun á geymslumöguleikum.

Við 37. gr. leggur n. til þá efnisbreytingu, að ákvæði greinarinnar verði gagnkvæm, þ. e. að ef móðir hefur afsalað sér til föður forræði yfir barni þeirra getur hún, eins og við leggjum til að greinin verði, óskað eftir því, að hún fái aftur yfirráðarétt yfir barninu ef faðirinn hefur ákveðið að ættleiða barnið. Okkur var ljóst að það væri aðeins um fágæt undantekningartilfelli þar að ræða sem slíkt gæti átt sér stað, en töldum samt tvímælalaust rétt að móðirin hefði þennan möguleika undir þeim kringumstæðum.

Við 42. gr. leggjum við til smábreytingu, þ. e. að niður falli orðin „eða annarra lasta". Það kom fram í umræðum í n. að það bæri ekki síður að líta á drykkjuskap sem sjúkdóm og n. sem slík vildi ekki kveða upp neinn dóm í þeim efnum, en telur að andi greinarinnar sé nánast óbreyttur, en leggur til að henni verði breytt á þann veg að orðin „eða annarra lasta" verði niður felld.

Í umræðum um 25. gr. kom það fram sem sameiginlegur skilningur nm. að valdsmaður úrskurði því aðeins að faðir eigi að greiða framfærslueyri með konu að viðkomandi kona hafi ekki fullt fjárframlag eftir öðrum leiðum tryggingakerfisins. Þar var lagt til af hálfu sifjalaganefndar að orðin „barnsfararkostnað og" féllu niður.

Ég ætla ekki að eyða fleiri orðum í þessa framsögu, en vona að deildin sjái sér fært að afgreiða þetta mál þannig að frv. verði að lögum á þessu þingi, en eins og menn vita er þetta frv. gamall kunningi hér í þinginu og vonandi hefur það fengið þá slípun sem dugir til þess að það fari í gegnum þingið.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Því ber að fagna að loksins virðist þess sjá merki að gera megi sér vonir um að frv. til barnalaga verði að lögum. Því er ekki að leyna, að það hefur valdið mörgum vonbrigðum hve lengi þetta mál hefur verið að velkjast hér á hv. Alþingi, eða í fimm ár, án þess að af röggsemi og festu væri tekið á því hér á Alþingi. Auðvitað skal ekkert af því skafið að það hefur verið Alþingi til skammar að hafa ekki haft uppburði í sér að taka þetta mál föstum tökum fyrr en nú að það sýnist vera almennur áhugi og vilji til að taka á þessu máli þannig að frv. verði að lögum á næstunni.

Þær brtt., sem koma fram hjá hv. allshn., sýnast flestar hverjar vera til bóta. Ég hef þó aths. fram að færa við 17. gr. Í frv. var gert ráð fyrir framfærsluskyldu eða heimild til þess að ákveða framfærsluskyldu til 24 ára aldurs vegna menntunar eða starfsþjálfunar þannig að einstætt foreldri gæti staðið undir áframhaldandi skólagöngu barns eftir að skyldunámi lýkur. Allshn. hefur nú lækkað aldurinn, sem heimildin til framfærsluskyldu er miðuð við, niður í 20 ár. Út af fyrir sig geri ég ekki aths. við það, enda skilst mér að Félag einstæðra foreldra telji slíkt ekki

óeðlilegt, enda fyrir hendi fyrirgreiðslur t. d. í námslánum.

Ég hef þó nokkrar áhyggjur af því, að mér finnst ekki nægjanlega tryggt hvernig innheimta eigi áframhaldandi framfærslueyri eftir 17 ára aldurinn. Tryggingastofnun hefur þessar greiðslur á hendi nú, en innheimtuaðili meðlagsgreiðslna er Innheimtustofnun sveitarfélaga sem endurgreiðir síðan Tryggingastofnun. Ef skilningur minn er réttur á — samkv. 29. gr. þessa frv. — Tryggingastofnunin að inna af hendi framfærslueyrinn eða meðlagið, en þó innan þeirra marka um fjárhæð og aldur barns er greinir í almannatryggingalögum, eða til 17 ára aldurs. Ég tel að það geti reynst erfitt að innheimta áframhaldandi framfærslueyri til 20 ára aldurs vegna skólagöngu, eins og ákvæði 17. gr. segir til um, ef ekki er tryggilega frá því gengið, hvernig innheimta á það framlag. Efalítið þyrfti að breyta almannatryggingalögunum ef Tryggingastofnun á að greiða meðlagið áfram eftir 17 ára aldurinn. Ég vil beina því til formanns allshn., hvort þetta ákvæði 17. gr. hafi verið athugað og á hvern hátt innheimtan eigi að vera þannig að hugsað hafi verið fyrir framkvæmdinni einnig.

Ég vil svo að lokum endurtaka það sem ég sagði í upphafi, að þm. sameinist um að hraða afgreiðslu þessa máls, því að þó að einhverjir hnökrar kunni að finnast við framkvæmd laganna, sem vel gæti reynst á svo flóknum og viðamiklum lagabálki sem þessum, er tvímælalaust stórt framfaraspor, sem verið er að stíga, sem tryggja mun verulega réttarstöðu barna og umgengnisrétt foreldra við börn sín.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Ég lýsti því yfir á s. l. vori að frv. þetta yrði athugað á liðnu sumri og lagt fyrir haustþing í tæka tíð. Það var gert. Þetta er 5. mál Alþingis þess er nú situr. Hv. allshn. hefur nú gefist, að ég ætla, gott tóm til að athuga frv. Þær brtt., sem hér hafa verið lagðar fram, eru flestar fremur veigalitlar og raska ekki neinum meginmarkmiðum frv., enda unnar í samráði við höfunda þess í sifjalaganefnd dómsmrn.

Ég vænti þess, að frv. geti nú loks siglt hraðbyri um þessa hv. þd. og verði að lögum á þessu þingi.

Frsm. (Ólafur Þ. Þórðarson): Herra forseti. Hv. 10 landsk. þm. gerði hér að umtalsefni 17 gr. frv. og beindi til mín spurningum sem ég mun reyna að svara.

N. tók það ekki sérstaklega fyrir að gera þyrfti breytingu á því ákvæði sem víkur að innheimtu samkv. úrskurði frá valdsmanni um greiðslu á meðlagi til starfsþjálfunar. Mér er til efs að skynsamlegt sé að láta það atriði valda deilum, jafnvel þó svo menn hefðu eitthvað skiptar skoðanir á því.

Á hinu vil ég vekja athygli, að ef við hefðum samþykkt ákvæðið til 24 ára aldurs hefðu óskilgetin börn haft meiri rétt í þessu landi en skilgetin því að ekkert ákvæði íslenskra laga mælir fyrir um að þú skulir greiða með börnum þínum eftir að þau eru búin að ná lögaldri. Ég held að við ættum að trúa því, að reynist þarna um vandamál að ræða í framtíðinni sé auðvelt að kippa því í liðinn, annaðhvort í gegnum almannatryggingalöggjöfina eða þá með smávægilegum breytingum á barnalögum seinna meir. En ég mælist eindregið til þess, að það verði ekki farið að tefja málið með breytingum nú í deildinni.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 409,1 (ný 5. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
7. gr. samþ. 23 shlj. atkv.
Brtt. 409,2 (ný 8. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
9.—13. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
14.—16. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 409,3 samþ. með 23 shlj. atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
18.—22. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 409,4 samþ. með 25 shlj. atkv.
23. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
24. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 409,5 samþ. með 25 shlj. atkv.
25. gr., svo breytt, samþ. með 26. shlj. atkv.
26.—27. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
28. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 409,6 (ný 29. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 409,7 (ný 30. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.
31. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 409,8 (ný 32. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.
33.—34. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 409,9 samþ. með 26 shlj. atkv.
35. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 409,10 samþ. með 27 shlj. atkv.
36. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 409,11 samþ. með 27 shlj. atkv.
37. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 409,12 samþ. með 26 shlj. atkv.
38. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
39. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 409,3 samþ. með 24 shlj. atkv.
40. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
41. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 409,14 samþ. með 24 shlj. atkv.
42. gr. svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
43—56 gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
57.—58. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 407). — 1. umr.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breyt. á lögum um tollskrá o. fl., með síðari breytingum, en þessar breytingar á tollskrárlögum varða einkum og sér í lagi öryrkja.

Nokkru fyrir hátíðir í des. bar hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir fram fsp. þess efnis, hvort ekki yrði senn lagt fyrir alþingi frv. um breytingar á því ákvæði laga um tollskrá sem varðar eftirgjöf gjalda af bifreiðum fyrir öryrkja. Ég svarað þá, að frv. þetta væri í undibúningi og það, sem einkum kæmi til greina í sambandi við nýtt frv. eða lagabreytingar, væri að hækka fjárhæðina sem tolleftirgjöfin er bundin við, tengja hana við vísitölu þannig að fjárhæðin hækkaði frá ári til árs í hlutfalli við verðbreytingar, stytta tímann milli endurveitinga, þannig að öryrkjar geti oftar skipt um bíla, eftir því sem þeir ganga úr sér, og fjölga bifreiðum sem heimilt er að lækka tolla

á. Það frv., sem hér hefur verið lagt fram, felur í sér öll þau atriði sem ég nefndi í svari mínu á þinginu fyrir jól.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að fjölga bifreiðunum úr 400 í 500 á ári. Þetta tengist því ákvæði, sem kemur fram í 5. málsgr. frv., að lágmarkstími sá, sem líða verður frá fyrri eftirgjöf þar til öryrki getur sótt um eftirgjöf að nýju, er styttur úr fimm árum í fjögur ár. Okkur þykir eðlilegt að bílafjöldinn sé þá aukinn samsvarandi, þannig að sú lagfæring á lögunum, sem felst í styttingu tímans, lýsi sér ekki í því, færri njóti þá þessara hlunninda.

Samkvæmt núgildandi reglum geta þeir, sem þurfa á sérstökum tegundum bifreiða að halda — bifreiðum sem gerðar hafa verið breytingar á, — og hafa því fengið hærri eftirgjöf en aðrir, en það eru um 25 aðilar sem þess hafa notið á hverju ári, sótt um eftirgjöf að fjórum árum liðnum. Hér er gerð tillaga um samsvarandi breytingu hvað þá hópa snertir þannig að eftirgjöf gagnvart þeim er miðuð við þriggja ára tímabil.

Í þriðja lagi er uppphæð tolleftirgjafar hækkuð. Í núgildandi ákvæðum er miðað við 7500 nýkr., en hæst getur eftirgjöfin orðið 15 000 nýkr. Hér er lagt til að þessar hámarksupphæðir séu hækkaðar um 60%. Þær voru seinast leiðréttar fyrir einu ári. Miðað við þá verðbólguþróun, sem síðan hefur orðið, þykir eðlilegt að hækka þessar tölur um 60% þannig að föst tollaeftirgjöf geti numið allt að 12 000 nýkr., auk lækkunar innflutningsgjalds um allt að sömu fjárhæð, og getur því lægri eftirgjöf alls numið 24 000 nýkr.

Eins og ég gat um áðan hefur verið heimilt samkvæmt nýgildandi lögum að veita 25 aðilum af 400, sem eru taldir mestir öryrkjar, allt að helmingi hærri tolleftirgjöf eða samtals 30 000 nýkr. samkv. núgildandi ákvæðum. Vegna margs konar aukabúnaðar, sem sérstaklega kann að þurfa að panta með bifreiðum þessara aðila, hefur þessi regla verið í gildi og er talið rétt að halda henni óbreyttri þannig að um tvöfalt hærri eftirgjöf verði að ræða. Því er í þessu frv. gert ráð fyrir fastri tolleftirgjöf allt að 24 000 nýkr., auk lækkunar innflutningsgjalds um allt að sömu fjárhæð, og því getur hærri eftirgjöf numið alls 48 000 nýkr.

Í þessu sambandi er rétt að vekja á því athygli, að söluskattur er ekki greiddur af þeim hluta aðflutningsgjalda sem felldur er niður. Reynsla undanfarinna ára hefur leitt í ljós að 25 bifreiðar árlega fyrir þá, sem mestir eru öryrkjar, er nægilegur fjöldi að mati úthlutunarnefndar bifreiða til öryrkja. Er því gert ráð fyrir óbreyttum fjölda bifreiða. Í núgildandi lögum er svofellt ákvæði:

„Aðilar, sem njóta tollívilnunar samkv. 41 tölul. 3. gr. geta eigi jafnframt fengið eftirgjöf samkv. þessum tölulið."

Þar er vísað í tölulið í tollskrárlögum þar sem bifreiðastjórar eiga í hlut sem stunda akstur leigubifreiða til fólksflutninga, akstur sendiferðabifreiða eða kennslu í bifreiðaakstri. Samkvæmt tilvitnuðum 41. tölul. 3. gr. tollskrárlaga er heimilt að lækka toll bifreiða til nefndra aðila úr 90% í 40% sé um aðalstarf að ræða, en úr 90% í 65% sé um aukastarf að ræða.

Eins og fram kom í tilvitnuðum tölulið hafa bifreiðastjórar, sem njóta þessarar tollívilnunar, ekki fengið til viðbótar þá tollívilnun sem kynni að falla þeim í skaut ef þeir væru öryrkjar. Þetta hefur valdið allmikilli óánægju, og hafa þeir bifreiðastjórar, sem öryrkjar eru, talið að með þessu næðu þeir ekki fullu jafnrétti við aðra. Hins vegar hefur þótt mjög hæpið að gefa þeim tvöfalda eftirgjöf samkvæmt báðum þessum óskyldu ákvæðum og hefur því verið farin sú málamiðlunarleið að miða við að þeir geti notið hálfrar ívilnunar samkvæmt þessum lagaákvæðum.

Í 2. gr. frv. er vikið að alls óskyldu máli, sem er rýrnun, skemmdir á innfluttum vörum sem lengi þurfa að bíða á hafnarbakka án þess að fá tollafgreiðslu. Á þetta ekki hvað síst við um bifreiðar. Þær geta legið undir miklum ryðskemmdum ef ekki er heimild til að verja þær skemmdum. Í reynd hefur þetta verið framkvæmt þannig hjá Eimskipafélaginu, að heimild hefur verið til að færa bifreiðar til ryðvarnar innan ports Eimskipafélags Íslands án þess að þær væru tollafgreiddar, en með þessu hefur Eimskipafélagið og sú ryðvarnarstöð, sem þar er, notið sérstakra forréttinda umfram aðra ryðvarnarskála, sem ekki hafa notið þess að geta ryðvarið ótollafgreiddar bifreiðar. Ég hef talið sjálfsagt og eðlilegt að allir sætu við sama borð í þessum efnum og að einum aðila væri ekki gert hærra undir höfði en öðrum, en það virðist þá ekki nein önnur leið til þess að lög heimili að svo sé gert. Hér er sem sagt gerð tillaga um að fjmrn. hafi heimild til að leyfa tímabundna afhendingu á vörum til þess að á þeim geti farið fram nægileg aðvinnsla til að forða þeim frá rýrnun eða öðrum skemmdum. Eins og menn sjá er þetta mjög fræðilegur texti, en í reynd mun þetta fyrst og fremst eiga við um bifreiðar sem færu út úr tollgeymslu til ryðvarnar og kæmu svo þangað aftur að ryðvörninni lokinni. — Þetta ákvæði er að öðru leyti nánar skýrt í grg. og sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um það.

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til, að að lokinni þessari umr. verði þessu máli vísað til hv. fjh.- og viðskn. Ef enginn gerir athugasemd við það legg ég það til.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég fagna því, að þetta frv. er loksins fram komið. Ég hafði reyndar átt von á því fyrr. Þegar ég lagði fram fsp. vegna þessa máls í október s. l. kom það fram hjá hæstv. fjmrh. við umr. um fsp. að þetta frv. yrði lagt fram alveg á næstu dögum, en síðan eru reyndar liðnir nær fjórir mánuðir. Ástæðan fyrir því, að ég lagði mikla áherslu á að frv. yrði lagt fram í upphafi þings s. l. haust, var að úthlutun þessara bifreiða fer fram síðari hluta febrúar — eða á allra næstu dögum — og því mikilvægt, að málið tefjist ekki hér á hv. alþingi, og æskilegt hefði verið að þm. fengju eðlilegan tíma til að fjalla um málið.

Þegar sams konar mál var til umr. hér á hv. Alþingi s. l. vor, rétt fyrir þingslit, komu fram nokkrar brtt. við frv. sem þá lá fyrir þinginu, en flm. brtt. féllust á að draga þær til baka, enda yrði þá tekið tillit til þeirra við endurskoðun þessa máls í heild. Mér sýnist í fljótu bragði að tillit hafi verið tekið til flestra þeirra ábendinga og brtt., sem fram komu við umr. um þetta mál hér á hv. Alþingi fyrir tæpu ári, m. a. þeirrar brtt. sem ég lagði fram, að upphæð niðurfellingar gjalda á bifreiðar öryrkja fylgdi þróun verðlags á hverjum tíma, en það þyrfti ekki samþykki löggjafans á hverju ári, svo sjálfsögð sem sú breyting er. Ég get því fyrir mitt leyti fallist á þær breytingar, sem fram koma í 1. gr. frv., og tel þær allar til bóta þó ég hefði heldur kosið að í 4. mgr. 1. gr., þar sem segir að fjmrh. sé heimilt að breyta fjárhæðunum til samræmis við þróun framfærsluvísitölu, kæmi fram að í stað heimildar væri skylt að breyta fjárhæðunum til samræmis við þróun framfærsluvísitölu hverju sinni. Ég vænti, að

nefnd sú, sem fær þetta mál til meðferðar hafi þetta í huga, og beini því til hennar að hún athugi sérstaklega það atriði.

Í frv. hefur fjöldi bifreiða, sem fella má niður gjöld af, verið aukinn og er það vel, þó auðvitað megi deila um það fram og til baka hvort talan 500 sé sú rétta. Í fyrra sóttu t. d. 700 öryrkjar um þessa niðurfellingu og er mér tjáð að í ár séu þeir a. m. k. ekki færri.

Herra forseti. Ég skal ekki orðlengja þetta frekar, en legg áherslu á að nefndin, sem fær málið til meðferðar, hraði störfum hvað þessu máli viðvíkur og að þm. geti sameinast um framkvæmd málsins þannig að úthlutun, sem á að fara fram núna alveg á næstu dögum, tefjist ekki.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég fagna því að þetta stjfrv. er komið fram. Það er ástæða fyrir mig að fagna því sérstaklega, því að ég hef beitt mér fyrir því á síðustu þingum að fá leiðréttingu á þessu máli fyrir öryrkja. Það var fyrst á þingi 1979 sem samþ. var samkv. frv. frá okkur þremur þm. Framsfl. að leiðrétta niðurfellingu gjalda þessara miðað við verðlagsþróun sem þá var. Á Alþingi 30. apríl 1980 var enn fremur samþykkt að færa til verðlags þessa eftirgjöf. En það var ljóst að gera þurfti meira til að þurfa ekki á hverju þingi í verðbólguþjóðfélagi að bera fram breytingu á lögum til að leiðrétta svo sjálfsagt mál fyrir þá sem þurfa að fá þessa eftirgjöf.

Mér sýnist í fljótu bragði að flest þau atriði, sem barist hefur verið fyrir á undanförnum árum að leiðrétta þyrfti, hafi náð fram að ganga í þessu stjfrv. og þess vegna sé nauðsynlegt að hraða afgreiðslu þess nú á þingi þar sem komið er að þeim tíma að úthlutun fer fram.

Ég fagna því sérstaklega að fjölgað hefur verið úr 400 í 500 bifreiðar. Það er mjög mikilvægt, því að eins og hér hefur komið fram hefur aukinn þrýstingur komið fram á þetta atriði frá samtökum öryrkja. Eins og umsóknir hafa borið með sér síðustu 2—3 árin hefur nauðsyn á fjölgun bifreiða verið augljós.

Ég ætla ekki að fjölyrða meira um þetta mál Ég fagna því, að þetta er komið fram, og ég vænti þess, að hv. Alþingi sjái um að afgreiða þetta mál fljótt til þess að það komi að þeim notum sem að er stefnt.

En áður en ég lýk máli mínu vil ég leggja áherslu á síðustu mgr. í 1. gr. frv. Þar er talað um heimild ráðuneytisins til að lækka eða fella niður fyrir það fólk, sem um getur, gjöld af gervilimum sem ekki verða gerðir hér á landi, svo og áhöldum og hjálpartækjum sem sérstaklega eru gerð með tilliti til þarfa þess og henta ekki öðru fólki. Það er ákaflega mikilvægt að fjmrn. eða þeir, sem fara með þessi mál, skilji þessa grein þannig, að það eigi að vera fyrirhafnarlítið fyrir þetta fólk að fá þessa eftirgjöf. Reynslan hefur sýnt til þessa, að þetta hefur valdið talsverðum erfiðleikum fyrir fatlað fólk og óþarfasnúningum í sambandi við svo sjálfsagt mál. Ég vænti þess að hæstv. fjmrh. sjái um að þeir aðilar í fjmrn., sem um þetta fjalla, vinni að því, eftir að frv. verður að lögum, að þetta atriði verði gert einfalt í meðferð fyrir það fólk sem á slíkum tækjum þarf alltaf að halda. Kemur til greina að setja ákvæði í tollskrá þannig að gervilimir og hjálpartæki séu algerlega tollfrjáls.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Þrátt fyrir að frv. það til laga sem hér er nú á dagskrá, sé tvímælalaust mikið til bóta hef ég talsvert við það að athuga. Mér finnst sem hæstv. Alþingi sé að afgreiða hér stórt mál í áföngum. Ég sé ekki af hverju á að takmarka fjölda bifreiða sem árlega er úthlutað til fólks sem er sjúklingar á einn eða annan hátt. Auðvitað á að afgreiða slík mál og taka tillit til allra þeirra sem eiga rétt á því, hver sem fjöldi þeirra er.

Hér er talað um 500 bifreiðar sem á að úthluta bækluðu fólki eða lömuðu svo og fólki með lungnasjúkdóma, hjartasjúkdóma og aðra hliðstæða sjúkdóma, allt á svo háu stigi að það á erfitt með að fara ferða sinna án farartækis. Það er gríðarlega stór hópur manna sem hefur einhver þessi sjúkdómseinkenni eða er hreyfihamlaður. 500 bifreiðar eru því engin ofrausn. Mér finnst þetta vera svo smátt að við séum að bjóða að þetta mál verði tekið aftur upp innan skamms tíma og afgreitt með kannske 550 eða 600 bílum. Þegar hv. Alþingi er svo búið að ræða þetta mál í nokkur ár hvað eftir annað verður það opnað þannig að allir, sem eiga rétt á að fá þessa fyrirgreiðslu, fá hana. Þá finnst mér það enn þá einkennilegra þegar seinna í 1. gr. segir, með leyfi forseta, að „fjmrh. skipar fimm manna nefnd er úrskurðar umsóknir og gerir tillögur um eftirgjöf gjalda af ofangreindum bifreiðum. Skuli fjórir nefndarmenn vera læknar og skipaðir samkv. tilnefningu Öryrkjabandalags Íslands.“ — Það eru sem sagt fjórir fagmenn, læknar, trúnaðarmenn fjmrn., skipaðir af Öryrkjabandalagi Íslands, en jafnvel það nægir ekki til þess að allir fái fyrirgreiðslu. Þessum mönnum er gert að segja við tvo menn sem báðir eiga sama rétt: Þú færð bíl, en hinn ekki. — En báðir hafa sömu þörfina. Báðir sætu kannske heima hreyfihamlaðir ef þeir fengju engan bíl. Annar verður alla vega að vera áfram heima hreyfihamlaður, nema hann sé auðmaður sem getur keypt sér bíl og útbúið hann á þann hátt sem hann þarf.

Mér finnst afgreiðslan á þessu máli, þó að þetta sé kannske mikil bót frá því sem fyrir er, alls ekki Alþingi sæmandi og ég vil gera það að tillögu minni, að þetta mál verði kannað í þeirri nefnd, sem tekur við því, með því hugarfari að jafnt gangi yfir alla sem rétt eiga á.

Þá vil ég gera þriðju athugasemdina við 1. gr., það er við síðustu mgr., en hún er svohljóðandi:

Enn fremur er ráðuneytinu heimilt að lækka eða fella niður fyrir framangreint fólk gjöld af gervilimum sem ekki verða gerðir hér á landi, svo og af áhöldum og hjálpartækjum sem sérstaklega eru gerð með tilliti til þarfa þess og henta ekki öðru fólki.“

Það henta náttúrlega ekki gervilimir öðru fólki en því sem þarf á gervilimum að halda. Og hvernig í ósköpunum stendur á því, að við höfum þetta í tollskrá? Með svona afgreiðslu er Alþingi ekki að gæta sóma síns.

Ég legg til að gervilimir verði í núll-tollflokki. Það eiga að vera í tollskránni hrein ákvæði um að gervilimir, af hvaða tegund sem er, eða áhöld og hjálpartæki þeirra, sem eru hreyfihamlaðir, séu tollfrjáls. Þessar athugasemdir vil ég leyfa mér að gera, herra forseti, og beina þessum orðum mínum til þeirrar nefndar sem tekur við frv. til athugunar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Húsnæði aldraðra og öryrkja, frv. (þskj. 393). — 1. umr.

Flm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ef taka á mið af því, sem sumir fjölmiðlar hafa nýtt undir umr. um málefni aldraðra, mætti ætla að á þessu sviði hafi unnist stórvirki á síðustu árum. Ég hygg að í Morgunblaðinu, sem hefur allra blaða og fjölmiðla mest barist fyrir og vakið athygli á nauðsyn úrbóta í þessum málum, verði þetta lesmál ekki talið í dálkum eða dálkasentimetrum, heldur lengdarmetrum. Ekki vil ég draga úr því sem aðrir fjölmiðlar hafa vel gert á þessu sviði. Má að sjálfsögðu benda á að það eru fleiri blöð sem þarna eiga þátt í og eins hljóðvarp nú á síðustu tímum. Og það eru fleiri sem hafa sýnt þessu máli mikinn áhuga. Ekki ætla ég heldur að draga úr því, sem vel hefur verið gert í þessum málum á liðnum árum og bendi á mörg glæsileg dvalarheimili aldraðra sem hafa risið víðs vegar um land og eru komin eða eru að komast í notkun.

Hér á Alþingi hefur umr. um þetta verið næsta lítil. Þótt á mörg góð mál hafi verið drepið, svo sem orlof aldraðra, símamál aldraðra, hækkun lífeyris til ellilífeyrisþega, svo eitthvað sé nefnt, hefur aðeins lítils háttar verið komið inn á þessi mál við afgreiðslu fjárlaga, enda fyrst nú á allra síðustu árum sem neyðin í húsnæðismálum aldraðra er viðurkennd við afgreiðslu fjárlaga.

Mig langar sérstaklega í þessu sambandi að benda á mjög víðtæka og ítarlega þáltill. um skipulag og úrbætur á sviði geðheilbrigðismála. Þótt í þessari þáltill. komi fram og sé bent á tíu efnisleg viðfangsefni, sem nauðsynlegt er fyrir þá menn sem skipa á samkv. till. þessari að kanna, er hvergi minnst á hið sérstæða vandamál aldraðra á þessu sviði. Þó liggur fyrir, að meira að segja hér á Íslandi hefur farið fram sérfræðileg rannsókn á geðheilsu aldraðra.

Ég fékk á sínum tíma í hendur erindi sem flutt var í Læknafélagi Reykjavíkur snemma árs 1974 og byggt var á rannsóknum sem þeir Tómas Helgason, Sveinn Gunnarsson og Karl Haraldsson höfðu unnið að. Þótt eflaust megi halda því fram, að slíkar rannsóknir hér á landi gætu verið fullkomnari og vísindalegri ef að öllu leyti væri hægt að fylgja fordæmi ríkra þjóða — eða Dagblaðsins, þá er samt ljóst í sambandi við þær niðurstöður sem komu í ljós við rannsóknir þessara sérfræðinga að við erum ekki frábrugðnir nágrannaþjóðum okkar á Norðurlöndum í þessum efnum.

Niðurstöður þessara rannsókna voru byggðar á upplýsingum sem fengnar voru hjá heimilislæknum fólksins og á sjúkrahúsum eða öðrum stofnunum sem það hafði dvalist á. Augljóst er að tölur, sem þannig eru fengnar, eru lágmarkstölur og gefa ekki upplýsingar nema um hluta af hugsanlegri hjúkrunarþörf gamla fólksins. Þá ber og að hafa í huga að þörfin fyrir rúm á stofnun er ekki eingöngu háð heilsufari viðkomandi einstaklings, heldur er hún einnig háð félagslegum aðstæðum hans.

Í Noregi hafa á síðustu árum farið fram miklar athuganir og umræður um aldrað fólk með geðræn vandamál. 1975 skipaði norski landlæknirinn nefnd manna til að kanna og gera tillögur um hvaða stefnu ætti að fylgja í framtíðinni, þegar höfð væri í huga þörfin á að byggja og reka sérhæfð hjúkrunarheimili fyrir aldraða sjúklinga með geðræn vandamál. Síðar var starfssvið þessarar opinberu nefndar fært út og til viðbótar var henni falið að gera tillögur um göngudeildir fyrir öldrunargeðlækningar og jafnframt að leggja mat sitt á og gera tillögur um þjónustu í þeirri grein í heild. Þessum aðila þótti nauðsynlegt að fá til samráðs og samvinnu sérfræðinga á mörgum sviðum til að gera sér grein fyrir hugtökum, skrá þau og festa svo menn greindi ekki á síðar hvað væri verið að ræða. Þeir, sem þátt tóku í að móta þessar skilgreiningar, voru geðlæknisfræðingar, öldrunarfræðingar og öldrunargeðlæknar. Þeir ræddu m. a. skilin á milli geðlæknisfræðinnar og öldrunarlæknisfræðinnar. Út í umræður um þetta sérstæða, alvarlega vandamál innan annars stærra skal ég ekki fara nánar nema tilefni gefist til.

Í Noregi var rannsakað hvort og hvernig vistun og lækningum aldraðra með geðræn vandamál og geðsjúkdóma væri best fyrir komið. Strax upp úr árinu 1950 komu tillögur fram þar um sérstök heimili fyrir þetta fólk. Núna er yfirleitt á norskum hjúkrunarheimilum reynt að hafa fólk með geðræn vandamál, hegðunarvandamál, áfram sem lengst á hinum almennu hjúkrunarheimilum og þá á sérstökum deildum ef mikið ónæði stafar af, eins og við hér heima þekkjum af beiskri raun, en með þessa sem aðra aldraða sjúklinga er stefna sjúkrahúsanna hér á landi sú að koma þeim út aftur sem fyrst — líklega vegna uppmælingarinnar í allri spítalaþjónustu okkar.

Ég minnist ítarlega á þennan þátt í upphafi máls míns um það frv., sem hér er til umræðu, meðfram vegna þeirrar umræðu sem varð hér á Alþingi s. l. haust um þáltill. hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur o. fl. um félagsþega þjónustu fyrir aldraða. Ég var þá erlendis í opinberum erindagerðum og gat ekki tekið þátt í þeirri umr. Í máli 1. flm. og þeirra, sem standa að baki þeim skoðunum sem komu fram í framsöguræðu þm., var m. a. minnst á draumalandið Bretland hvað öldrunarþjónustu viðkemur, en sú stefna, sem þar er rekin, minnkar þörfina fyrir vistrými aldraðra. Þessi draumsýn margra spítalalækna hér heima, þ. á m. þeirra sem mest vald hafa í heilbrigðismálum okkar, kemur svo fram í meðferð og heimsendingu eða kröfu í ímyndað vistrými sem er ekki til og hefur aldrei verið til, en reiknað með Sölva-aðferðum, meðfram vegna leti við að setja sig inn í staðreyndir vandamálsins og einnig vegna meðfæddrar eða áskapaðrar frekju í eigur annarra, gæti verið heppileg bráðabirgðalausn þegar stefnu þeirra sem mótað hafa fjárfestingarstefnuna innan heilbrigðisstéttanna hefur borið á sker og rambar þar.

Í norska nál., sem ég minntist á, þótti athyglisvert það sem komið hafði þá fram fyrir skömmu í enskri rannsókn um hve margir aldraðir, sem þjáðust af mismunandi miklum geðtruflunum, væru annars vegar í heimahúsum og hins vegar á sjúkrahúsum eða öðrum stofnunum. Það kom í ljós, að þeir, sem áttu við alvarlegar geðveilur að stríða, voru sex sinnum fleiri í heimahúsum en á sjúkrahúsum eða öðrum stofnunum og það voru átján sinnum fleiri á heimilum sínum en á spítölum og stofnunum, þeirra sem fengu ofsa- eða þunglyndisköst. Alls voru um

fjórtán sinnum fleiri slíkra sjúklinga í heimahúsum en á spítölum eða öðrum sambærilegum stofnunum. Ég dreg þetta fram hér vegna þess að mér segir svo hugur að þetta ástand sé ekki betra hér heima.

Um leið og ég undirstrika nauðsyn þess, að við búum eins vel og kostur er að hinu sjúka aldraða, fólki megum við ekki gleyma þeim sem heima eru og reyna, þrátt fyrir þær gífurlegu þjóðfélagslegu breytingar sem orðið hafa hér á landi á síðustu áratugum, að sjá um, þjóna og hjúkra þessu fólki. Því miður höfum við of mörg dæmi þess, að slíkt ástand hafi orðið ástæða fleiri sjúkrahúsdaga, meiri veikinda á sál og líkama hjá þeim sem gæsluna önnuðust, margs konar upplaunsnar á heimilum og jafnvel hjónaskilnaða — að ekki sé talað um þau mörgu dæmi sem maður þekkir af beinni og óbeinni andlegri og líkamlegri kvöl sem þessir öldruðu einstaklingar, sem gátu gert sér þess grein, urðu fyrir bæði af hendi aðstandenda og innra með sjálfum sér.

Þótt ærin ástæða væri að fara nokkru frekar út í umræðu um þetta sérstaka efni, því hún varðar vissulega það mál sem hér er til umræðu, skal það þó ekki gert. En ég vil, áður en ég ræði málið efnislega, nota tækifærið til að leiðrétta misskilning sem kom fram í ræðu hv. 3. þm. Reykv. er hann ræddi um Grund og Dvalarheimili aldraða sjómanna — „heimilið" sem hann kallaði svo, og mun eiga við Hrafnistu í Reykjavík því hann talaði í eintölu, en heimilin eru orðin tvö eins og flestum mun kunnugt. Ég vil nota þetta tækifæri til að leiðrétta ummæli hans til þess að misskilningur þm. standi ekki óleiðréttur í þingtíðindum.

Sjómannadagsráð í Reykjavík og Hafnarfirði byggir þessi heimili og sér algjörlega um alla fjáröflun til þeirra og um rekstur þeirra og annarra fyrirtækja sinna jafnframt. Félög sjómanna í Reykjavík og Hafnarfirði kjósa 32 einstaklinga í þetta ráð. Félögin koma að öðru leyti ekki að framkvæmdum eða rekstri Hrafnistuheimilanna, enda um sjálfseignarstofnanir að ræða, reknar af þar til kosnum einstaklingum.

Þingmaðurinn virðist ekki vita að leyfi fyrir Happdrætti DAS fékkst frá Alþingi í kjölfar mikillar verðrýrnunar á stórfé sem sjómannadagssamtökin lánuðu til endurnýjunar fiskiskipaflotans á sínum tíma — fiskiskipaflota sem dreifðist um allt land. Þessi samtök nutu þessa happdrættisleyfis aðeins í níu ár. Þá þótti Alþingi tímabært að þynna þann tekjustofn út með lögunum um Byggingarsjóð aldraðra, en síðan þá renna 40% af hagnaði Happdrættis DAS í þennan sjóð sem varið er til annarra bygginga yfir aldrað fólk en sjómannadagssamtökin hafa með að gera.

Það eru auðvitað fleiri stoðir sem standa undir þessum byggingum: kvikmyndahúsreksturinn, sem ég mun koma að, og auk þess áheit og gjafir sem alltaf hafa verið þýðingarmikill þáttur á nákvæmlega sama hátt og hjá Elliheimilinu Grund, en bygging þess merka heimilis grundvallaðist einmitt á slíku fjárframlagi.

Svo lítil opinber aðstoð kom til byggingar Hrafnistu í Reykjavík að hún var innan við 1/2% af byggingarkostnaði. Það var því ekki um verulega opinbera aðstoð að ræða, eins og þm. hélt fram. Brunabótamat Hrafnistueignanna í Reykjavík var í árslok 1980 á sjötta milljarð gkr. Hins vegar hefur komið nokkur opinber styrkur til vistheimilisins í Hafnarfirði. Mun styrkurinn frá Hafnarfjarðarbæ og frá Alþingi hafa numið milli 9 og 10% af byggingarkostnaði. Þar er nær helmingur íbúanna Reykvíkingar. Fyrsti styrkur til þess heimilis fékkst ekki við afgreiðslu síðustu fjárlaga, heldur í ráðherratíð þeirra Matthíasanna, heilbrrh. Matthíasar Bjarnasonar og fjmrh. Matthíasar Á. Mathiesen, en til þess að fá þann styrk varð að sérbúa heimilið til að taka við léttum hjúkrunarsjúklingum. Brunabótamat þessa heimilis mun vera nú á þriðju milljón gkr.

Ég veit ekki til þess, að neinn banni, hvorki borgarstjórninni í Reykjavík né bæjarstjórn í neinu sveitarfélagi, að setja á fót happdrætti til að afla tekna til að byggja yfir gamalt fólk. Það munu nú starfa hátt á annan tug happdrætta á landsvísu og ágóði þeirra rennur til margs konar menningar- og mannúðarmála. Hins vegar eru aðeins þrjú bundin sérstaklega með löggjöf.

Eins og ég sagði áðan hafa þessi samtök aflað fjár með öðrum hætti, m. a. með rekstri kvikmyndahúsa, t. d. Laugarásbíós í Reykjavík. Af því eru greidd öll sams konar gjöld og slík hús í einkarekstri greiða. Hins vegar fæst skemmtanaskatturinn endurgreiddur til uppbyggingar Hrafnistuheimilanna. Er það ekkert sérstakt. Það er endurgreiddur skemmtanaskattur af þó nokkrum kvikmyndahúsum sem síðan rennur til margs konar menningarmála og mannúðarmála. En Reykjavíkurborg, eitt allra sveitarfélaga, hefur séð ástæðu til að leggja sérstakan skatt á kvikmyndasýningar, svokallað sætagjald. Ráðstöfunarfé til byggingar yfir aldraða á vegum þessara samtaka minnkar að sama skapi.

Ég hef verið formaður í þessum samtökum í tuttugu ár og lengst af þess tíma höfum við þurft að láta enda ná saman án opinberrar fyrirgreiðslu á nokkru sviði. Á þeim tíma hafa þessi samtök byggt um 400 rými fyrir aldrað fólk, en fyrir voru rúmt hundrað, þannig að á Hrafnistuheimilunum búa nú nokkuð á sjötta hundrað manns, enda þótt skipulega hafi verið unnið að fækkun á þeim, sérstaklega á Hrafnistu í Reykjavík hin síðari ár, m. a. til að koma við aukinni þjónustu og meira sameiginlegu rými fyrir vistmenn.

Ég vildi nota þetta tækifæri, herra forseti, til að koma þessari leiðréttingu að, fyrst villan var á annað borð komin inn í þingtíðindi.

Frv. það, sem hér er svo til umr., er miklu takmarkaðra um öldrunarvandamál sem ég hef nokkuð farið inn á, en það fjallar um sérhannað húsnæði aldraðra og öryrkja, og eru meðflm. mínir hv. þm. Matthías Bjarnason og Halldór Blöndal.

Það er tekið fram í grg. með frv. að að okkar mati komi það fram í hinum ítarlegu lögum um heilbrigðisþjónustu að ætlunin hafi verið, sbr. 19. gr. þeirra laga sem fjalla um þjónustu heilsugæslustöðva, að síðar kæmi sérlöggjöf um öldrunarmálin. Í heilbrigðislögunum er aðeins fjallað lítils háttar um að þessi þjónusta skuli vera veitt þaðan. Auk þess má benda á að það er að vísu getið um sérmál aldraðra í mörgum lögum, þótt markverðust séu að sjálfsögðu ákvæðin í almannatryggingalöggjöfinni um ellilífeyri o. fl. Það má benda á breytingar eða ákvæði í lögum um Byggingarsjóð ríkisins sem hafa verið að koma á síðustu árum inn í þau lög. Það má benda á reglugerðina um heimilisþjónustu aldraðra, sem byggð er á lögum frá 1952, og svo lögin frá 1973 um dvalarheimili aldraðra, sem fjalla um einn þátt húsnæðismála aldraðra og þá þjónustu sem þar á að veita. Það frv., sem hér er til umr., fjallar einmitt um þá löggjöf, því í þessu frv. felst endurskoðun á þeim lögum að fenginni reynslu af þeim.

Í grg. er þess getið, að 17. apríl 1979 skipaði þáv. heilbrrh., Magnús H. Magnússon, nefnd til að endurskoða lög um dvalarheimili fyrir aldraða. Á bak við skipun þessarar nefndar og störf, sem hún átti að vinna, mun hafa legið sú hugsun að fram mundu koma nýtilegar tillögur að nýrri löggjöf varðandi sem flesta þætti öldrunarþjónustunnar. Ólafur Ólafsson landlæknir var skipaður formaður nefndarinnar, en aðrir nm. voru ég, sem var beðinn um að taka þar sæti sem nokkurs konar fulltrúi sjálfseignarstofnananna, Þór Halldórsson yfirlæknir og Adda Bára Sigfúsdóttir borgarfulltrúi í Reykjavík. Auk þessara starfaði með nefndinni fyrstu vikurnar Ársæll Jónsson læknir, sem var ritari hennar, en hann fór utan til frekara náms á meðan á störfum hennar stóð.

Þessi nefnd náði samkomulagi og í frv., sem nefndin samdi, var fyrst og fremst miðað að því að tengja sem best saman það þjónustustarf, sem þegar er unnið í landinu af ýmsum aðilum, og byggja á stofnunum og stjórnsýslueiningum sem fyrir eru eftir því sem unnt er, eins og sagði í stuttri grg. sem um það frv. var gerð.

Því er ekki að leyna, að ekki voru allir á eitt sáttir, þó að allir skrifuðu undir þetta frv., og margir urðu að brjóta af skoðunum sínum. Frá þessu frv. hef ég ekki heyrt síðan ég skrifaði undir það. En það, sem hér er flutt og úr því tekið um endurskoðun laga um dvalarheimili aldraðra var frá mér komið í þeirri nefnd og ég hef tekið það upp aftur að miklu leyti ásamt nokkrum smábreytingum sem nefndin gerði á þeim tillögum mínum.

Við flm. þessa frv. teljum að hér sé um að ræða einn þýðingarmesta hlekkinn í þessu vandamáli öllu, en það eru húsnæðismál aldraðra, og við teljum að þegar og ef Alþingi samþykkir þetta frv. og gerir það að lögum muni koma og eigi að koma í kjölfarið breytingar á þegar gildandi lögum um lán og styrki til slíkra bygginga, sem heyra undir önnur lög, og jafnvel má hugsa sér að breytt sé lögum, sem nú eru í gildi og ekki koma inn á málefni aldraðra, til þess að ná inn meira fé til nota við þær nauðsynlegu byggingar sem hér er getið um.

Í grg. tökum við það fram, að við teljum að alfarið eigi langlegudeildir að vera í tengslum við eða innan veggja sjúkrahúsa vegna eðlis þeirrar hjúkrunar og þjónustu sem þarf að veita. Að sjálfsögðu munu hjúkrunarheimilin, eins og þau gera, hafa á sínum vegum þunga sjúklinga, t. d. eru mörg ár síðan stjórnendur Hrafnistuheimilanna tóku upp þá stefnu hjá sér að það skyldi aldrei neinum verða vísað á braut, þótt mikið veikur væri og rúmliggjandi, eftir að hann væri kominn þar inn, þótt við hönnun og byggingu heimilisins hafi hins vegar aðstaða fyrir slíkt fólk ekki verið tekin til greina nema að mjög takmörkuðu leyti og alls ekki fyrir neinar nývistanir, enda er svo komið þar, að það er rétt svo að þær deildir duga fyrir vistfólkið sjálft á vistdeildunum. Hins vegar hefur verið farið inn á að deildaskipta svokölluðum hjúkrunardeildum eftir þyngd. Að sjálfsögðu eru mjög þungar deildir þar því að sú stefna var tekin upp að skilja ekki fólk að þótt svona stæði á, hvorki þá sem hefðu verið í hjónabandi eða sambúð árum saman né ef mikil vinátta hefði skapast á milli.

Ég hef persónulega séð framkvæmd á því erlendis þegar verið var að skilja eiginkonu frá eiginmanni. Það var verið að flytja hana frá eiginmanni sínum, en þau dvöldust bæði á vistheimili. Hún var orðin það illa farin líkamlega að það þurfti að fara með hana á hjúkrunarheimili sem var marga kílómetra í burtu. Um leið var með þessari aðgerð verið að skilja þetta fólk að, þótt full ástæða hefði verið til að lofa því að umgangast hvort annað, alla vega því sem betur var á sig komið að heimsækja hitt sem rúmliggjandi var. — Ég hef oft haft þessa sögu á orði vegna þess að þetta sýnir miskunnarleysið sem fylgir þeirri miðstýringu sem gildir víða um heim í þessum málum og margir vilja innleiða hér á Íslandi með illu eða góðu, helst illu.

Okkur, sem flytjum þetta frv., hefur lengi þótt skorta á skilgreiningu á íslenskri löggjöf á þeim mörgu hugtökum sem hafa verið notuð yfir húsnæði aldraðra. Fjöldi Íslendinga, sem verið hafa í sendinefndum sveitarfélaga, opinberra stofnana og verkalýðsfélaga, hefur átt þess kost á liðnum árum að skoða og kynna sé alla þætti öldrunarþjónustu nágrannaþjóða okkar, þ. á m. fjölmargar útfærslur á sérhönnuðum íbúðum aldraðra. Þó að heildarstefnu sé fylgt í flestum þessara landa er þjónustan og hið sérhannaða húsnæði aldraðra og öryrkja ásamt eignarformi ákaflega breytilegt. Þegar heim er komið hefur vafist fyrir mörgum að gefa því, sem lýst er, hið rétta nafn sem ætti að taka mið af í starfsemi, þjónustu og því öryggi sem viðkomandi þjónustuþáttur á að veita. Fyrir þá sem lána til, styrkja og borga þann kostnað, sem af þessari starfsemi leiðir, og fyrir þá, sem móta stefnu í slíkum málum, hlýtur sú skilgreining, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, að vera til hins betra, geta fyrirbyggt misnotkun og verið til viðmiðunar þegar skipta þarf takmörkuðu fjármagni til margra nauðsynlegra verkefna. Við vitum að villugjarnt hefur verið fyrir ýmsa sem lána fé og veita aðra fyrirgreiðslu og dæmi finnast um að ósköp venjulegt íbúðarhúsnæði hefur fengið heitið „íbúð aldraðra“ án þess að nokkur skilsmunur hafi verið þar á. Tilgangurinn hefur annaðhvort verið að njóta sérstakrar lánafyrirgreiðslu eða nota umrædda framkvæmd sem pólitíska skrautfjöður á kosningahatt.

Flm. telja vænlegra að fara þá leið sem þeir leggja til í 10. gr. þessa frv. um 60% kostnaðarhlutdeild ríkissjóðs í stað 85% sem heilbrigðislög kveða á um í 34. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, m. a. vegna þess að þeim er vel kunnugt um mörg þeirra verkefna sem fjárveitingavaldið hefur þegar ráðist í. Einnig mun þurfa nokkurn umþóttunartíma fyrir forustumenn heilbrigðismála til að átta sig á að þessa stefnu beri að taka þrátt fyrir metnaðargirni og vissulega oft þörf þeirra sem slást um fjárveitingar til eigin stofnana.

Við bendum líka á í grg. frv., að þetta 60% framlag, ef að lögum yrði, mundi ýta mjög undir sveitarfélög og aðra aðila, félagasamtök og jafnvel hugsanlega einstaklinga, sem vildu ráðast í slíka framkvæmd, að leggja fé á móti því sem ríkið mundi leggja fram í þessu skyni. Að sjálfsögðu geri ég mér fulla grein fyrir því, og það er í íslenskum lögum, að þá mundu slík heimili, eins og þau gera nú og munu alltaf gera, falla undir heildarlöggjöf um yfirstjórn og eftirlit heilbrigðismálayfirvalda.

Við teljum líka með flutningi þessa frv. að vegna neyðarástandsins, sem ríkir hér á Suðvesturlandi í húsnæðismálum aldraðra, verði þm. almennt máske að hugsa til þess, að þar sem þessi mál eru í sæmilegu horfi er það vegna þess að spítalar og sjúkrahús úti um land eru að stórum hluta nýtt sem hjúkrunarheimili aldraðra. Flest þeirra voru byggð með 60% framlagi ríkissjóðs og með 40% framlagi heiman úr héraði. Neyðarástandið

hefur einnig skapast vegna hinna miklu flutninga sem hafa átt sér stað hjá eldra fólki til Reykjavíkur og næsta nágrennis. Þessir flutningar eru ákaflega einstaklingsbundnir og eiga margar orsakir. Af minni reynslu, sem er orðin löng þegar um vistun aldraðra alls staðar að af landinu er að ræða, sýnist mér þó að um nokkrar höfuðástæður sé að ræða:

Í fyrsta lagi hafa börn og önnur skyldmenni flust á brott og er reynt að fylgja þeim eftir.

Í öðru lagi kalla veikindi og sjúkdómar á tíðar spítalalegur eða reglubundna hjálp sérfræðinga í heimilisþjónustunni, sem er að finna hér í Reykjavík og máske á Akureyri, en getur því miður ekki dreifst víðar um landið nema að litlu leyti vegna kostnaðar. Þetta fólk sækir eftir meira öryggi því að samgöngur ráða miklu um að þessari oft lífsnauðsynlegu þjónustu sé náð í tíma.

Í þriðja lagi verða breytingar á lífsháttum við fráfall maka og kalla þær oft á slíkan flutning.

Í fjórða lagi fjárfesta mjög margir strax á miðjum aldri í íbúð í Reykjavík, sem viðkomandi aðilar síðan flytjast í, þegar starfsævi lýkur eða eftirlaunaaldri er náð, og ná með því sveitfestu í Reykjavík.

Í fimmta lagi eru í Reykjavík og á Akureyri spítalar með sérfræðiþjónustu. Það kallar á flutning fólks í nálægð þeirra. Slíkar stofnanir á að skikka til að koma upp langlegudeildum aldraðra. Hér í Reykjavík eru líka heimili aldraðra, sem ekki eru bundin neinu ákveðnu sveitarfélagi um vistun. Eitt árið áttu t. d. yfir 50% af vistmönnum á Hrafnistu í Reykjavík lögheimili utan Reykjavíkur.

Þá má nefna ótrúlega marga sem eru orðnir dauðleiðir á búsetu á sama stað allt sitt líf, sjá alltaf sama fólkið, sömu húsin og sömu víkina, og vilja í meira fjölmenni þar sem félagslíf er meira og þægindi jafnvel líka. Ég hef áður haldið því fram persónulega, að margs konar félagsleg þjónusta hér í Reykjavík, bæði á sviði húsnæðis og annarrar þjónustu, sem hefur ekki síður verið staðið að af einkaaðilum en borginni sjálfri, hafi stórkostlega létt undir með fjölmörgum sveitarfélögum, ekki aðeins þeim sem næst liggja, heldur fjölmörgum öðrum. Að sjálfsögðu binst fólk í slíkri þjónustu hér í Reykjavík vegna þessa, en um leið gefst þeim sem geta tækifæri til starfa við framleiðslu í útflutningsgreinum okkar í sinni heimabyggð. Með þessum og mörgum öðrum rökum má skilyrðislaust halda því fram, að þessi þjónusta í Reykjavík, eins og mörg önnur, hafi stuðlað að aukinni útflutningsframleiðslu, stuðlað að því, að byggð héldist víða um land, sem annars væri illframkvæmanlegt, og því stuðlað að þeirri byggðastefnu sem haldið hefur verið uppi, þótt þar megi finna fjölmargt sem betur mætti fara.

Í ljósi þessara skoðana minna er engin goðgá, miklu frekar sjálfsögð skylda að tala um það í fullri alvöru, að Byggðasjóður leggi þessum málum lið, sem réttilega er lýst sem neyðarástandi, t. d. af núv. hv. heilbrmrh. og þeim sem gegndi því starfi á undan honum. Þetta gæti gerst bæði með beinu framlagi verulegrar upphæðar og einnig vaxtalausu láni.

Á Stór-Reykjavíkursvæðinu er nú unnið að þrem framkvæmdum sem munu létta mjög mikið á því neyðarástandi sem hér ríkir: Langlegudeild aldraðra við Borgarspítalann, Hjúkrunarheimili aldraðra í Kópavogi og hjúkrunardeild Hrafnistu í Hafnarfirði, sem ekki mun taka til vistunar eftir búsetu fólks í sveitarfélagi nema að litlu leyti. Ég leyfi mér að fullyrða að öllum þessum byggingum má ljúka á næsta ári — ári aldraðra — séu nægir peningar fyrir hendi. Við þurfum þá ekki að plástra þetta neyðarástand með fokdýrum breytingum gamalla og óhentugra húsa. Gamla fólkið okkar á annað skilið en slíka úrlausn loksins þegar tekist hefur að vekja nokkurn hluta þjóðarinnar til umhugsunar um vandamálið og miðaldra fólk og ungt fólk er farið að velta þeirri staðreynd fyrir sér, að það verði líka gamalt. Með þessum orðum mínum er ég ekki að gagnrýna þá sem af góðum hug leita að nærtækri og fljótvirkri lausn, heldur að benda á að útvega má fjármagn á fleiri vegu en með fjárveitingu Alþingis ef ríkisstj. viðurkennir neyðarástandið. Það er nefnilega ekki nóg að hæstv. heilbrmrh. geri það einn ráðherranna.

Þá þykir mér ekki miður að geta dregið fram þá staðreynd í þessu máli, að ef skynsamlega er að staðið í byggingu sérhannaðs húsnæðis fyrir aldraða og nauðsynleg þjónusta veitt má spara ótrúlega háar upphæðir fyrir ríkissjóð og hafa bæði beinan og óbeinan fjárhagslegan ávinning af. Ég benti á þetta í bréfi til fjvn. á s. l. hausti er ég sótti um byggingarstyrk til sjúkraheimilis Hrafnistu í Hafnarfirði og sendi með tölulegan fróðleik byggðan á opinberum upplýsingum um stofn- og rekstrarkostnað sjúkrahúsa og hjúkrunarheimila. Þær forsendur, sem ég notaði, voru að það væri bið eftir legurými á sjúkrahúsum, að öldrunarsjúkir lægju á almennum sjúkrahúsum, en hvort tveggja er staðreynd, að bygging Hrafnistu í Hafnarfirði væri sérhæfð til að annast 75 öldrunarsjúklinga sem þar munu eiga heimili, og gengið var út frá byggingarvísitölunni 539 stig. Þetta bréf var sent í byrjun des. s l. Eru daggjaldatölur frá s. l. hausti og að sjálfsögðu þá miðað við gkr.

Kostnaðaráætlun um framkvæmd sjómannadagssamtakanna í Hafnarfirði er 3 milljarðar 87 millj. gkr. eða 41 millj. 160 þús. á rúm fullbúið, með sundlaug og fullkominni endurhæfingarþjónustu. Upplýsingar liggja fyrir um að heildarkostnaður við byggingu legudeildar sjúkrahúss í tengslum við lyflækningar og skurðstofur sé um 70 millj. gkr. á rúm. Þetta táknar að hagkvæmni þess að byggja byggingu okkar, sem ég kalla svo, byggingu sjómannadagssamtakanna, til að minnka álag sjúkrahúsa sé: Sjúkrahús: 75 rúm á 70 millj. hvert: 5 milljarðar 250 millj. 75 rúm á hjúkrunardeild Hrafnistu, Hafnarfirði: 3 milljarðar 87 millj. Mismunur: 2 milljarðar 163 millj.

Ef litið er á rekstrarkostnaðinn sést samkv. upplýsingum daggjaldanefndar að rekstrarkostnaður Hafnarbúða í eigu og umsjá Reykjavíkurborgar er um 42 þús. kr. á legudag, en þetta hjúkrunarheimili var dýrast hjúkrunarheimila í rekstri á s. l. ári. Meðaltal rekstrarkostnaðar sjúkrahúsa í Reykjavík er um 90 500 kr. á legudag. Sé athuguð hagkvæmni þess að öldrunarsjúklingar séu hýstir á sérhæfðum vistunarheimilum, eins og áformuð bygging í Hafnarfirði er, lítur dæmið þannig út, — það er ekki verið að hafa neitt af sjúkrahúsunum með þessum samanburði, eins og ég tók fram er tekið dýrasta daggjaldið sem finnst á hjúkrunarheimili, — en með þessu verður rekstrarkostnaðardæmið þannig, að 90 500 kr. í 365 daga fyrir 75 manns gera 2 milljarða og tæpar 500 millj. kr. Á hjúkrunarheimili aldraðra mundi sams konar kostnaður vera 1 milljarður 150 millj. kr. tæpar. Þarna er mismunurinn orðinn 1 milljarður 327 millj. 600 þús. kr.

Niðurstöður eru þær, að mismunur stofnkostnaðar og

mismunur rekstrarkostnaðar í eitt ár er samtals 3 milljarðar 490 millj. kr., sem er meira en áætlaður byggingarkostnaður þessarar hjúkrunardeildar fyrir 75 öldrunarsjúklinga í Hafnarfirði með sundlaug og fullkominni endurhæfingaraðstöðu.

Þessum samanburði hefði að sjálfsögðu mátt halda áfram og hafa til samanburðar við sjálfseignarstofnanirnar sem eru reknar með miklu minni tilkostnaði en Hafnarbúðir. T. d. er kostnaðarmismunur fyrir hjúkrunarsjúkling á einstakling á árinu 1980 milli Hafnarbúða og Hrafnistu í Reykjavík tæpar 510 þús. gkr., en tæpar 600 þús. gkr. sé farið í samanburð við Hafnarfjörð. Þessi gjöld eru of lág á Hrafnistuheimilunum, en þrátt fyrir nauðsynlega hækkun á þeim yrði um umtalsverðan mun að ræða.

Ég vil sérstaklega undirstrika þýðingu þess, að stefnt sé að sparnaði í tryggingakerfinu án þess að þjónusta sé skert. Eitt ráðið er að vinna að frestun þess, að aldraðir þurfi að fara inn á hjúkrunarheimili, að ekki sé talað um langlegudeild eða sjúkrahús, en geti verið áfram í heimahúsum í vernduðum íbúðum eða á vistdeildum dvalarheimilanna. Þetta er hægt að gera m. a. á þjónustumiðstöðvum aldraðra með endurhæfingu og fyrirbyggjandi aðgerðum. Ef okkur tækist á Hrafnistuheimilinu hér í Reykjavík að fresta um eitt ár flutningi 100 vistmanna af almennri vistdeild inn á hjúkrunarheimili, eins og Hafnarbúðir eða í Hátún, má ná fram sparnaði upp á 868.7 millj. gkr., sem er mismunur 100 vistgjalda þessara heimila á einu ári.

Rekstrarsamanburð á milli hjúkrunarheimila aldraðra hér í Reykjavík skal ég ekki fara út í frekar, enda kemur það ekki beint málinu við. Þó má benda á nokkrar tölur sem tilefni gafst til að fá upplýsingar um og fengust frá hæstv. heilbrmrh. er hann svaraði fsp. sem ég var með.

Það kom í ljós að á árinu 1979 voru daggjöld í Hátúni 10B um 25 þús. kr., en á sama ári voru þau á sjúkradeild Hrafnistu í Reykjavík 10 115. Þá kom í ljós að á liðum á dvalardag á þessum heimilum gat munað mjög miklu eins og fatnaði og hreinlætisvörum". Sá liður var á dvalardag á þessu heimili ríkisins eða hluta Landspítalans 748 kr. meðan hann var miklu lægri á hinum staðnum. Lyf og spítalavörur voru 549 kr. á dag hjá ríkisspítölunum, en tæpar 300 kr. hjá einkaaðilanum. Hreingerningar og þvottur, líklega á ríkisrekna þvottahúsinu, rúmar 1000 kr. á dag hjá ríkisspítaladeildinni, en 82 kr. hjá einkarekstrinum. Fæðiskostnaðurinn var hjá ríkisspítaladeildinni 2900 kr., meðan hann var tæpar 1300 kr. í einkarekstrinum. Og annar kostnaður var 2500 kr. tæpar hjá ríkisspítaladeildinni, meðan hann var 162 kr. hjá einkarekstrinum. (**Gripið fram í:** Hjá hverjum?) Hrafnistu, sjúkradeildinni í Reykjavík. Þar eru hærri gjöld en á Grund. Samanburðurinn hefði verið enn þá óhentugri fyrir ríkisgeirann ef samanburður hefði verið gerður við Grund.

Skoðun mín er sú, að lög nr. 46 frá 1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, sem eru smám saman að komast til framkvæmda, og frv. um hollustuhætti og hollustuvernd, sem er til meðferðar í þinginu og verður væntanlega samþykkt og orðið að lögum í vor eða á næsta þingi, muni hafa mikið að segja um þróun heilsufars meðal landsmanna næstu ár og áratugi, að ákvæði þessara lagabálka muni fá fólk smám saman til að hugsa betur um heilsu sína og framtíð hennar en áður. Þessi lög munu hafa í för með sér að allur almenningur mun vakna til vitundar um að heilsunu ber að vernda, bæði líkama og sál.

Þegar ég hafði tekið saman helstu markmið sem unnið er að á Norðurlöndunum og víðar í sambandi við málefni aldraðra, þótti mér, auk þess að geta bent á þessa tvo lagabálka, eftirtektarvert að það má líka finna önnur mál sem hafa verið hér til umr. á Alþingi. Þótt þau hafi ekki verið beint vegna hinna öldruðu hafa þessi mál hins vegar spannað yfir ýmsa þætti í vandamálum þeirra. Ég bendi á hin nýju lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, ég bendi á breytileg eftirlaunaaldurstakmörk, breytilegan vinnutíma o. fl., o. fl., eins og ég vakti athygli á í byrjun ræðu minnar. En alls staðar er lögð meginhersla á að þegar sé hafist handa um allt fyrirbyggjandi starf. Það er ekki seinna vænna að hefjast handa á þessu sviði. Þessi fyrirbyggjandi starfsemi verður að hafa forgang og miða að því að hefja mjög bylting-arkennda breytingu, má segja, á lífskjörum hinna öldruðu.

Mig langar að nefna nokkur þessara atriða, sem ég minntist á, sem unnið er að og talið af t. d. forstöðumönnum hjúkrunarheimila og verndaðra íbúða eða heimila, sem hafa slíkar íbúðir innan sinna veggja, að skipti máli. Þessi atriði eru fengin frá forstöðumönnum hjúkrunarheimila, m. a. þessi:

Upplýsingar um hvernig fólk eldist eðlilega nái til þeirra sem enn lifa í elli svo og hvernig framtíðin muni þróast hjá þeim sem sjá fram á að eldast og enn eru á miðjum aldri. Þá yrði breyting á afstöðunni og viðbrögðunum gagnvart þeim öldruðu. Mér er aðeins kunnugt um ein landssamtök sem hafa tekið það upp á málefnaskrá sína að vinna að þessu, en þar mun vera um að ræða Bandalag starfsmanna ríkis og bæja.

Í öðru lagi er undirbúningur undir ellina nauðsynlegur, m. a. með því að taka tillit til þarfanna á að viðhalda og bæta andlegt atgervi og auka athafnasemina og áhugann.

Í þriðja lagi verður að endurbæta aðstöðuna og umhverfið á vinnustað. Þriðjungur þeirra manna, sem eru á ellilífeyrisaldri, hefur orðið að fara á eftirlaun fyrir tímann vegna heilsubrests. Það takmarkar tækifæri þeirra til að eiga tómstundir til að létta lífið.

Í fjórða lagi nefni ég breytileg eftirlaunaaldurstakmörk, þar sem einnig væri gert ráð fyrir að leyft væri að skipta niður vinnutímanum og jafnframt kæmi til greina að vinna hluta úr degi og fá þá hlutfallsleg eftirlaun. Afnám tímabundins eftirlaunaaldurs kæmi til framkvæmda, en leyft yrði að halda vinnunni áfram eftir getu og áhuga.

Í fimmta lagi ætti að koma þegar upp nauðsynlegum hjúkrunarheimilum og langlegudeildum við spítala þar sem þess er þörf.

Í sjötta lagi eru endurbætur á íbúðum nauðsynlegar, fyrst og fremst með því að gera við og setja í stand íbúðir hinna öldruðu svo að þeir geti búið við viðunandi og hentug örugg skilyrði. Enn fremur ætti að fjölga mikið félagslegum sambýlisíbúðum, þjónustuíbúðum, vernduðum íbúðum og hjúkrunarheimilum.

Í sjöunda lagi að auka leitina að þeim sem komnir eru á hættustigið, sem svo er kallað á Norðurlöndum. Það eru einstæðingar, það eru þeir sem orðið hafa fyrir einhvers konar áfalli, öryrkjar og þeir sem hafa verið útskúfaðir af spítölum — þeir þekkja þetta vandamál líka á öðrum Norðurlöndum eins og við hér í Reykjavík —

og fólk sem er eldra en 80 ára.

Í áttunda lagi að sjá um að aldraðir hafi síma sem þeir ráði við.

Í níunda lagi sérhannaðar íbúðir aldraðra. Þær séu búnar öryggiskall- eða viðvörunarkerfum.

Í tíunda lagi dagheimili, daghjúkrunarheimili og matardreifing verði virkir þættir.

Í ellefta lagi að námskeið fyrir heimahjálparstarfsemi verði aukin og endurbætt.

Í tólfta lagi að auka athafnasemi hinna öldruðu þegar þeir verða lagðir inn á spítala eða hjúkrunarheimili.

Í þrettánda lagi betri upplýsingar og samráð læknis og sjúklings við læknisskoðun.

Í fjórtánda lagi að bæta hið sálræna andrúmsloft á heilsuhælum og heimilum, þar sem aldraðir dveljast, og sýna þeim fram á að um sé að ræða heimili, en ekki stofnun.

Til viðbótar bentu þessir forstöðumenn á að auka þyrfti sjálfsákvörðunarrétt og samráð við stjórnun, auka þátttökuna í verklegu starfi, það yrði að koma á meira og betra sambandi og umgengni milli íbúanna, allt eftir því sem við á og óskað er. Undir flest þetta má taka hér þótt á margan hátt sé sú þróun, sem hér hefur orðið innan slíkra heimila, æskilegri en víða annars staðar, og má vera að það sé vegna þess að ákveðnir aðilar fengu ekki jafnmikinn íhlutunarrétt í nágrannalöndum okkar og þeir sumir vilja stefna að hér heima.

Það gildir um flest það sem hér hefur verið nefnt, að það á við vel skipulagða og framfarasinnaða starfsemi, og það bendir á að nokkurra klukkustunda virkt fyrirbyggjandi framtak á réttum tíma getur glætt vonir hinna öldruðu um að þeir öðlist meiri lífsfyllingu, samtímis því að það mundi stytta og létta á hinum erfiða hjúkrunartíma svo að mánuðum skipti. Þetta er fullyrðing sem kemur beint frá þeim fræga Íslending, sem starfaði í Danmörku, Guðmundi Magnússyni prófessor í geðlæknisfræðum. En ekkert af þessu, sem ég hef hér bent á og eru óskamarkmið fólks á Norðurlöndum sem að þessum málum vinnur, breytir þeirri staðreynd að við hér á Íslandi, sérstaklega þó í Reykjavík og á Reykjavíkursvæðinu, búum við hringrás sem við komumst ekki út úr í samband við heimahjúkrun og heimilishjálp. Fólk, sem við þetta starfar, hefur svo marga þunga einstaklinga að sjá um að það kemst ekki yfir nema lítinn hluta þess, sem það þyrfti að stunda, á þann hátt sem æskilegur væri. Að sjálfsögðu kemst það yfir allt sem það er beðið um, en þetta þunga fólk er komið á það hjúkrunarstig að það á betur heima á sérhönnuðum heimilum en í eigin íbúðum eða íbúðum venslamanna sinna. Ef sérhannað húsnæði væri til mundi heimahjúkrun og heimilishjálp starfsfólks þessa betur geta stuðlað að því að þeir, sem enn eru ekki orðnir of aldnir eða illa farnir, geti dvalið heima hjá sér enn lengur án þess að ný vandamál verði til, sem ég drap á fyrr í ræðu minni.

Í frv. því, sem við höfum hér flutt, er ekki ákvæði um hvaða ráðh. eigi að fara með þessi mál. Flestir munu telja eðlilegt að málið sé hjá heilbrmrh., en bæði í máli mínu og eins samkv. frv. má sjá að það getur ekki síður verið um félmrh. að ræða, nema í þeim sérstöku þáttum sem heyra undir eftirlit og umsjón heilbrigðisyfirvalda. Það er ekki neitt til eftirbreytni sérstaklega þó að getið sé um hjúkrunarheimili í heilbrigðislögunum. Hér er verið að tala um hjúkrunarheimili aldraðra, og má vel hugsa sér að sérákvæði gildi um þau, en um staðsetningu þeirra sérákvörðun hjá rn. En sannleikurinn er sá, að það eru fleiri en ég sem hafa talið á liðnum árum að vandamál aldraðra séu að stærri hluta vandamál sem falla undir það sem kallast félagsleg vandamál en heilbrigðisvandamál. Þetta mun nefndin, sem fær frv. til meðferðar, að sjálfsögðu athuga og gera tillögur um, ef hún sér ástæðu til að koma frv. frá sér aftur. Að sjálfsögðu mundi besta lausnin og hagkvæmasta vera sú, sem er í raun í dag, að sami aðili gegni bæði ráðherrastarfi félagsmála og heilbrigðismála.

Við höfum ekki heldur séð ástæðu til að taka inn í frv. á þessu stigi ákvæði um endursölu íbúðanna, enda eiga slík ákvæði að mínu mati að gilda hjá þeim sem lána til slíkra íbúðabygginga eða styrkja, t. d. hjá Húsnæðisstofnun ríkisins. Eins og frv. ber með sér er reiknað með að húsnæðismálastjórn verði stór aðili að byggingu þessara íbúða, eins og hún í rauninni er þegar orðin.

Ég sé ekki ástæðu til að skýra betur en gert er í aths. einstakar greinar frv. Ég held að þær skýri sig sjálfar — alla vega með þeim skýringum sem með fylgja. Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til heilbr.- og trn. og 2. umr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég byrja á því að þakka hv. 1. landsk. þm., Pétri Sigurðssyni, fyrir það frv., sem hann hefur hér flutt, og þá ítarlegu ræðu, sem hann hefur flutt hér, þar sem hann hefur gert grein fyrir frv. þessu svo og öðrum þáttum í þeim vandamálum sem hér er um að ræða og eru satt að segja ákaflega stór. Það er nauðsynlegt að mínu mati, að þessi mál séu rædd mjög rækilega hér á hv. Alþingi vegna þess að þau snerta mikinn fjölda íbúanna í landinu og stækkandi hóp á næstu árum.

Það er athyglisvert, að samkv. spám, sem fyrir liggja frá Þjóðhagsstofnun og Hagstofu um íbúafjölda í landinu, er gert ráð fyrir að 1. des. s. l. hafi verið 19 800 67 ára og eldri hér í landinu, en að þeir verði orðnir um 27 þús. um næstu aldamót. Það er því alveg ljóst, að hér er um að ræða vaxandi verkefni. Þó átak verði gert með þeim hætti sem nú er í undirbúningi í ýmsum byggingum hér á höfuðborgarsvæðinu, þá er alveg augljóst mál að slíku átaki verður að halda áfram. Það verður ekki unnt að staldra þarna við í fyrirsjáanlegri framtíð, heldur þarf stöðugt að verja til þessa mjög verulegum fjármunum.

Það er athyglisvert, ef maður hugleiðir þessi málefni aldraðra, að í raun og veru eru ekki nema 10 ár eða svo síðan opinberir aðilar, sveitarfélög — a. m. k. hér á þéttbýlissvæðinu — eða ríki, fara að sinna þessum málum að neinu gagni. Áður voru þessi málefni í höndum félagasamtaka og einstaklinga. Út af fyrir sig var og er margt þar vel gert, sem er þakkarvert, en hitt er ljóst, að hér er í rauninni þörf á risavöxnu átaki og þar verða allir aðilar í samfélaginu, einnig sveitarfélög og ríki, að koma til skjalanna ef einhver úrlausn á að fást.

Ég ætla ekki í einstökum atriðum að ræða það frv. sem hv. þm. gerði glögga grein fyrir áðan. Ég vil þó víkja að örfáum atriðum í því.

Þar er fyrst til að taka, að í rauninni er hér gert ráð fyrir að það verði Byggingarsjóður ríkisins sem láni til þeirra framkvæmda sem taldar eru upp í 2. gr. Slíkt er í raun og veru heimilt þegar samkv. gildandi lögum um Byggingarsjóð ríkisins. Spurningin er aðeins um það, hvaða fjármuni hann hefur til að leggja í þessar framkvæmdir. Það er mál sem menn þurfa að athuga mjög vandlega.

Einnig vil ég víkja að flokkuninni, sem hér er gert ráð fyrir í 3., 4., 5. og 6. gr. — 3., 4. og 5. aðallega. Ég held út af fyrir sig að þetta sé flokkun sem gott samkomulag ætti að geta orðið um. En ég held að skilgreining á hlutverki þjónustumiðstöðvar, sem nefnd er í 3. mgr. 4. gr. og svo aftur í 12. gr., þurfi að verða gleggri. Ég átta mig ekki á þessu, eins og þetta lítur út hér, alveg nákvæmlega, en mér sýnist þó, að gert sé ráð fyrir að það sé í rauninni þjónustumiðstöð í hverri stofnun sem hér starfi á grundvelli 2. gr. Uppi hafa verið hugmyndir um að það verði settar á laggirnar þjónustumiðstöðvar um málefni aldraðra, sem nái yfir allstór svæði, og þá fleiri en eina stofnun og hafi með að gera vistun aldraðra, bæði tegund vistunar og staðsetningu, og hafi nokkurt ákvörðunarvald í þeim efnum.

Ég nefni þetta nú hér vegna þess að í rauninni hefur þetta atriði, þ. e. hver á að ákveða hver hlýtur hvaða tegund þjónustu, staðið dálítið í mönnum hér á undanförnum árum. Sumir hafa verið þeirrar skoðunar, að svokallað faglegt mat, hvort þörf er á vistun eða ekki, þyrfti að vera ákveðnara en það hefur verið að undanförnu. Jafnvel hafa menn gengið svo langt að telja að þeir, sem reka stofnanirnar, einkaaðilar eða sveitarfélög, eigi ekki að hafa hið faglega mat á sinni hendi, heldur eigi þar aðrir aðilar að koma til skjalanna.

Ég held að í rauninni séu tvö ágreiningsatriði uppi í sambandi við þessi mál, sem við skulum tala um alveg opinskátt í þessari umr. Annað er auðvitað fjármögnunin. Það er spurning hvað menn vilja leggja á sig í þeim efnum. Hitt er svo það mat sem á að liggja til grundvallar vistun viðkomandi einstaklings á þessum stofnunum. Ég held þó, að síðar nefnda ágreiningsatriðið sé ekki alvarlegra en svo, að við eigum að geta séð fram úr því og komist þar að sameiginlegri niðurstöðu.

Í 10. gr. frv. er gert ráð fyrir að kostnaðarhlutdeild ríkissjóðs verði 60% af kostnaði við byggingu, búnað og frágang lóðar á hjúkrunarheimili eða hjúkrunardeild við dvalarheimili. Hér er um að ræða hlutfall sem, eins og hv. þm. gat um, er nokkru lægra en það hlutfall sem er gert ráð fyrir í heilbrigðisþjónustulögunum á móti sveitarfélögunum, en hins vegar auðvitað lögbindingu hærra hlutfalls þegar um er að ræða þátttöku ríkissjóðs í fjármögnun bygginga sem eru á vegum einkaaðila. Þar væri raunar um nokkra hækkun að ræða frá því sem verið hefur. Þessi 85% orka auðvitað almennt mjög tvímælis að mínu mati. En ég vek athygli á því, að ef við héldum okkur við þessa grein værum við í raun og veru að lækka nokkuð það hlutfall sem er núna til B-álmu Borgarspítalans, svo að ég nefni dæmi. (**Gripið fram í:** Það er langlegudeild.) Það er langlegudeild, já, en mundi út af fyrir sig þjóna þeim markmiðum sem hér er um að ræða, — flokkast að vísu ekki undir þær tegundir af vistun aldraðra sem gert er ráð fyrir í 2. gr. frv., eftir því sem mér skilst á frv. þessu.

Ég held að almennt mætti segja að umræða um þessi efni sé öll jákvæð. En ég vil aðeins, vegna þess hve tíminn er knappur, drepa á nokkur önnur almenn atriði hér mönnum rétt til glöggvunar.

Nú eru hér í landinu 1918 rúm á dvalarheimilum aldraðra og hjúkrunar- og endurhæfingardeildum. Þar af eru vistmenn, sem svo eru nefndir, 660, þar eru 660 rúm, en hjúkrunarsjúklingar eru 945 og vistmenn í íbúðum eru 273. Það er nokkuð rætt um að lítið hafi verið aðhafst í þessum málum á undanförnum árum, og væri fróðlegt að athuga hvernig það hefur verið. Þá kemur í ljós að á undanförnum 10 árum hafa orðið til 500 rúm fyrir aldraða á dvalarheimilum aldraðra og hjúkrunar- og endurhæfingardeildum; u. þ. b. 50 rúm á ári. Auk þess hafa á undanförnum árum komið til svokallaðar íbúðir fyrir aldraða og öryrkja — ég er reyndar með þá tölu samtals hér — og alls hafa verið byggðar á árunum 1968 — 1979 864 slíkar íbúðir í landinu.

Eins og hv. þm. gat um eru hér í byggingu núna þrjár byggingar sem hýsa eiga aldraða. Þar er í fyrsta lagi um að ræða B-álmu Borgarspítalans þar sem gert er ráð fyrir 174 rúmum. Í annan stað er Hjúkrunarheimili aldraðra í Kópavogi. Þar er um að ræða 39 rúm. Síðan er það dvalarheimili aldraðra sjómanna í Hafnarfirði þar sem ég hygg að sé um að ræða 79 rúm. Alls eru þetta 291 rúm. En einnig er gert ráð fyrir að allmörg pláss verði í því húsnæði sem Reykjavíkurborg er að byggja við Droplaugarstíg. Samtals má segja að séu í gangi núna byggingar fyrir u. þ. b. 400 aldraða sem þurfa á stuðningi að halda, ýmist verulegri eða takmarkaðri hjúkrun.

Í þessu sambandi liggur það fyrir, eins og fjárveitingum er hagað nú, að þessar byggingar koma ekki til notkunar fyrr en á næstu árum. T. d. er gert ráð fyrir því í þeim áætlunum, sem ég hef séð fyrir dvalarheimili aldraðra sjómanna í Hafnarfirði að þar verði verklok í árslok 1983, við B-álmu Borgarspítalans verði verklok í árslok 1984 og Hjúkrunarheimili aldraðra í Kópavogi verði komið í notkun að fullu snemma á árinu 1982.

Hv. þm. Pétur Sigurðsson vék nokkuð að kostnaði áðan og gerði nokkuð úr því, að það væri miklu dýrara að vista fólk í Hafnarbúðum en á öðrum heimilum. Þetta er ábyggilega rétt. Þar liggja óyggjandi staðreyndir til grundvallar. Sömuleiðis hefur það komið í ljós í tölum, sem ég hef rakið í fsp.-tíma á hv. Alþingi, að kostnaður í Hátúnsdeildinni á rúm er verulegur. Í þessu sambandi er fróðlegt fyrir menn að velta því fyrir sér, hver er kostnaðurinn við þetta í þjóðfélaginu. Hvað kostar t. d. í daggjöldum á ári hverju að setja upp eina 100 rúma hjúkrunardeild á DAS-verði, eins og það var 1. des. s. l.? Mér sýnist að kostnaðurinn við þetta sé um 700 millj. kr. á ári í rekstri eins og þetta lítur út, þannig að kostnaðurinn við 300 rúm á hjúkrunardeildum, sem nú eru hér í undirbúningi, er eftir þessu aldrei undir 2 — 2.5 milljörðum kr. Ég hygg reyndar að hann verði mun meiri vegna þess að kostnaður yrði í ýmsum tilvikum vafalaust eitthvað yfir þeim kostnaðargrundvelli sem er á DAS-heimilunum. Hv. þm. vék ekki að því hér áðan, en hefur gert það við annað tækifæri, að athuga þurfi daggjaldagrundvöll þessara heimila almennt. Ég vil láta það koma fram hér, að ég held að þar sé þjónustukostnaður oft vanmetinn og það þurfi að taka þau mál til miklu betri athugunar.

Í sambandi við þessi mál og umræðuna, sem orðið hefur að undanförnu, hefur það komið fram hér frá borgarlækninum í Reykjavík, að í raun og veru skorti í Reykjavík um þessar mundir og á Reykjavíkursvæðinu 350 pláss. Þá spyrja menn: Hvar er þetta fólk sem hér er um að ræða? Í meginatriðum býst ég við að verulegur hluti af því fólki sé inni á heimilum, — ég veit ekki nákvæmlega hve stór, — en einnig er ljóst að talsverður hluti af þessum hóp er inni á sjúkrahúsunum. Ég geri ráð fyrir því — og það er ágiskun, tek ég fram — að inni á sjúkrahúsunum séu um 100 — 150 aldraðir sem gætu við venjulegar kringumstæður eða þær kringumstæður, sem við erum að tala hér um, vistast á hjúkrunardeildum.

Talið er samkv. upplýsingum, sem ég hef aflað mér, að um 70% þeirra, sem eru á hverjum tíma á lyfjadeildum sjúkrahúsanna, séu aldraðir sem eigi við meiri og minni öldrunarsjúkdóma að stríða. Þetta er ákaflega athyglisvert.

Auðvitað er það ekki vansalaust að við í okkar heilbrigðiskerfi og félagsmálakerfi skulum ekki geta svarað því nokkuð nákvæmlega, hvaða fjölda er hér um að ræða. Ég heyrði t. d. í útvarpsfréttum í gærkvöld að það var talað um 600 manna biðlista, tveggja ára gamlan. Slík tala segir vitaskuld ekki nokkurn skapaðan hlut. En þegar svona tölur koma á loft vill það skapa umræður, sem er út af fyrir sig jákvætt, en það er nauðsynlegt að menn viti hvað þeir eru að tala um í þessum efnum. Fyrir nokkrum vikum fór ég fram á það við borgarlækni að hann léti fara fram talningu hér á sjúkra- og hjúkrunarstofnunum á Reykjavíkursvæðinu þannig að menn áttuðu sig vel á þessum hlutum og niðurstaða þeirrar talningar yrði síðan tekin til athugunar og samanburðar við þann lista sem liggur fyrir hjá Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar.

Auðvitað er það svo, eins og hv. þm. gat hér um, að þessi mál liggja á mörkum heilbrigðisþjónustunnar og félagslegrar þjónustu og það er alveg ljóst, og ég viðurkenni það fúslega, að heilbrigðisþjónusta okkar er í raun og veru miðuð talsvert mikið við sjúkrahús og sjúkrahúsaþjónustu. Ég er alveg viss um að þessi þjónusta gæti að sumu leyti verið betri og að sumu leyti virkari og ódýrari ef hún væri meira á félagslegum grundvelli. (Forseti hringir.) Hæstv. forseti er orðinn þreyttur og ég er að ljúka máli mínu.

Ég held að þessi mál séu þannig, að þau þurfi að skoða miklu betur. Þarna rekumst við auðvitað á þann vanda sem er þessi eilífa kostnaðarskiptingarþræta ríkisins og sveitarfélaganna, þar sem einn er að velta bagganum yfir á annan. Þetta er auðvitað algerlega óviðunandi og kemur niður á því fólki sem þarf að njóta heilbrigðisþjónustunnar og félagsþjónustunnar í landinu.

Um þetta mál mætti margt fleira segja. Hér í Reykjavíkurborg er ýmislegt í gangi í sambandi við þessi málefni aldraðra sem ég ætla ekki að rekja hér og verður kannske rakið við framhaldsumr. málsins.

Ég vil leggja á það áherslu að lokum af minni hálfu, að þó að það sé nauðsynlegt að tryggja með reglum eða samningum eða lögum að þau pláss nýtist sem best, sem fyrir eru í landinu, og sá kostnaður sem til er stofnað, komi sem best út fyrir þá sem þjónustunnar þurfa að njóta, þá er það auðvitað aðalatriðið í mínum huga að við getum einhvern tíma búið við þær aðstæður að aldraðir eigi þarna val á þjónustu hvort sem um er að ræða inni á heimili, dvalarstofnun eða hjúkrunarheimili. Hins vegar er staðan þannig núna að við þurfum að gera skipulegar ráðstafanir til að nýta betur þau pláss, sem eru til, og við þurfum að taka í notkun fleiri pláss og bæta hina félagslegu þjónustu til að ná þessu marki. Það sem ég nefndi, er ekki fyrirsjáanlegt á næstu 1-2-3 árum, en þetta er það sem við þurfum að hafa í huga í allri okkar viðleitni í sambandi við það að bæta kjör aldraðra í landinu.

Ég vil, herra forseti, ekki þreyta hv. þd. með lengri ræðuhöldum um þessi mál. Margt mætti þó fleira um þau segja. Ég endurtek að ég er ánægður með að umr. skuli hefjast um þau hér. Ég vil láta það koma hér fram, að það er ætlunarverk ríkisstj. að flytja á yfirstandandi þingi frv. til l. um heilbrigðis- og vistunarþjónustu fyrir aldraða, og ég vænti þess að við getum haldið þannig á þessum málum að um þau geti orðið sem best samkomulag.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 49. fundur.

Þriðjudaginn 17. febr., kl. 2 miðdegis.

Vaxtaútreikningur verðtryggðra lána, fsp. (þskj. 223). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur G. Þórarinsson): Herra forseti. Ég hef lagt hér fram í þinginu fsp. á þskj. 223 um vaxtaútreikning verðtryggðra inn- og útlána. Fsp. hljóðar svo með leyfi forseta:

„Hvernig stendur á því, að vextir af verðtryggðum innlánareikningum eru reiknaðir á annan hátt en vextir af verðtryggðum útlánum?“

Það mun vera liðlega hálft ár síðan stofnað var hér á landi til verðtryggðra innlánsreikninga, þar sem almenningi var gert kleift að leggja fé sitt inn á reikninga verðtryggt með lánskjaravísitölu. Jafnframt tóku bankar að lána verðtryggt fé út. Við athugun á þessum málum kemur einfaldlega í ljós að vextir eru reiknaðir á mismunandi hátt, eftir því hvort um er að ræða innlánsreikninga eða útlán bankans. Hinum almenna borgara, sem kemur í banka og leggur fé sitt inn á verðtryggðan reikning, er sagt að fé hans muni verða verðtryggt samkv. lánskjaravísitölu og greiddir á það 1% vextir. Taki hann hins vegar verðtryggt lán, þá er honum sagt að hann skuli greiða upphæðina verðtryggða samkv. lánskjaravísitölu og við það bætast 2.5% vextir. Þegar grannt er skoðað er þessum reglum hins vegar beitt þannig, að af útláni — láni sem hinn almenni borgari tekur í banka og er verðtryggt, eru vextir verðtryggðir líka. Sé hins vegar um verðtryggðan innlánsreikning að ræða eru vextirnir ekki verðtryggðir. Innlánsupphæðin eða innistæðan er í báðum tilvikum færð upp mánaðarlega samkv. lánskjaravísitölu, síðan reiknaðir vextir, óverðtryggðir af innlánum, en verðtryggðir af útlánum.

Ég hef hér undir höndum einfalt samanburðardæmi um innlán og útlán, hugsað dæmi. Ef annars vegar er lögð inn 1 millj. gkr. í ársbyrjun og innistæðan ávöxtuð út árið 1980 samkv. lánskjaravísitölu og 1% vöxtum og það síðan borið saman við 1 millj., sem bankinn lánaði út samkv. lánskjaravísitölu og — til þess að einfalda dæmið — líka með 1% vöxtum, þá kemur í ljós að mismunur ávöxtunar útláns og innláns nemur um 0.25% eða um 1/4. Þetta er glettilega mikill munur og það er ákaflega erfitt fyrir leikmenn að skilja hvað hér er á ferðinni. Það er ákaflega erfitt að átta sig á því þegar tilkynningar um þessa reikninga og þessi lán hljóða eingöngu upp á það, að í báðum tilvikum er um að ræða verðtryggingu með lánskjaravísitölu, í báðum tilvikum er um að ræða ákveðna vexti.

Í reynd eru vextirnir síðan reiknaðir á mismunandi hátt án þess að hinum almenna sparifjáreiganda eða lántakanda sé á nokkurn hátt gerð grein fyrir þessum mun. Ég fæ ekki skilið í hverju það liggur, að þetta skuli

reiknað á mismunandi vegu. Því hef ég varpað þeirri spurningu fram hér til viðskrh., hvers vegna vextir af verðtryggðum innlánsreikningum séu reiknaðir á annan hátt en vextir af verðtryggðum útlánum.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Hv. 12. þm. Reykv. hefur lagt fram á þskj. 223 svohljóðandi fsp. um vaxtamál: „Hvernig stendur á því, að vextir af verðtryggðum innlánareikningum eru reiknaðir á annan hátt en vextir af verðtryggðum útlánum?"

Ég hef skrifað Seðlabandanum og beðið hann um að svara þessari spurningu, og ég held að ég geri best í því að lesa svar Seðlabankans, en það er svohljóðandi:

„Meginmunur vaxtareiknings útlána og innlána er sá, að útlánin hafa fasta gjalddaga, einkum heilum eða hálfum árum frá stofndegi láns, og nægileg nákvæmni þykir nást með breytingu vísitölunnar frá stofngildi hennar ásamt vöxtum á verðtryggðum grunni. Inn á innlánsreikningana er hins vega frjálst að leggja hvenær sem er og sömuleiðis að taka fé út á ýmsum tímum mánaðar að útrunnum uppsagnarfresti. Þar sem gildi vísitalnanna miðast við mánaðamót þarf að beita einfaldri samtímareglu og þótti einfaldast og ljósast að færa inn greiðslur til næstu mánaðamóta og útgreiðslur frá síðustu mánaðamótum með vöxtum 12 mánaða vaxtaaukainnlána.

Vaxtareikningur þessara innlána fylgist að við annan vaxtareikning innlánsstofnana og lýtur venjum og tækniskilyrðum á því sviði. Þessar aðferðir leiða til þess, að 1% vextir eru reiknaðir ofan á uppfærðan höfuðstól í lok hvers mánaðar og geymdir á vaxtatali reikningsins til ársloka. Leiðir það til eilítið lægri raunvaxta en 1% samkv. venjulegum skilningi eða um 0.8—0.9% raunvaxta eftir því hver verðbólgan er. Þessi regla er viðurkennd með gildandi vaxtatilkynningum. Benda má á að séu afborganir útlána ekki greiddar á réttum gjalddaga er einnig reiknað aukalega með dráttarvöxtum í þeirra tilviki."

Þetta er það svar, sem Seðlabankinn hefur gefið mér við fsp. um þetta mál í tilefni af fsp. hv. 12 þm. Reykv., og þær skýringar sem bankinn gefur á fyrirkomulagi þessara mála.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur G. Þórarinsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. viðskrh. fyrir þessi svör, þó að ég verði að játa að mér þykja þau nokkuð fátækleg. Ég fæ ekki séð að í svari bankans komi raunverulega fram skýring á því sem um er að ræða. Ég hef undir höndum útreikning á því frá hagfræðingadeild eins ríkisbankans, samanburð annars vegar á verðtryggðu innláni og hins vegar á verðtryggðu útláni, sömu upphæð yfir sama tíma með sömu vöxtum. Nú er það auðvitað skiljanlegt mál, að útlán beri hærri vexti en innlán. En mér er gersamlega ómögulegt að skilja það, hvers vegna bankar geta leyft sér að reikna vexti á annan hátt af verðtryggðum innlánum en af verðtryggðum útlánum, hvernig unnt er að leyfa sér og gefa sér þá reglu að reikna vexti af útlánum verðtryggða en af innlánum óverðtryggða, þó að enginn möguleiki sé fyrir hinn almenna borgara, ef bornir eru saman skilmálar þessara reikninga og kjör, að sjá að þarna geti verið um mun að ræða.

Skýringar Seðlabankans eru almenns eðlis um fasta gjalddaga útlána, en á innlánsreikninga má leggja nánast hvenær sem er. Þessi atriði snerta í engu þau atriði sem hér er spurt um. Hér er spurt um það grundvallaratriði að reikna vextina á mismunandi vegu. Þessar útreikningsaðferðir eru þannig: Ef um er að ræða 1 millj. gkr. — þetta er hugsað eða tilbúið dæmi — sem lögð er inn 30. des. 1979, og síðan beitt lánskjaravísitölu þess árs og ávöxtun 1%, þá mundi vera inni á þessum verðtryggða reikningi í árslok 1 527 992 gkr. Ef hins vegar er athugað jafnhátt vísitölutryggt útlán yfir sama tíma með einum gjalddaga, þá væri það útlán orðið 1 530 538 gkr. þó um sömu vexti væri að ræða, munurinn væri 2266 gkr., en það svarar því að áunnir vextir væru verðbættir á innlánsreikningi.

Mér er alveg ómögulegt að skilja hvernig ríkisbankar geta meðhöndlað vaxtareikning á þennan hátt, og ég vil mjög eindregið beina þeim tilmælum til hæstv. viðskrh., að hann hlutist til um að þessum útreikningsreglum verði breytt. Það er feiknalegt atriði, þegar verðtryggðir reikningar eru stofnaðir, að traust almennings á slíkum reikningum sé vakið og menn sjái að þeir séu í reynd verðtryggðir. Nú er ég ekki að draga úr því, að svo sé, en reikningskúnstir á borð við þetta gera náttúrlega ekkert annað en að draga úr trausti á þessum stofnunum og trausti á þeim innlánsreikningum og reikniaðferðum sem þarna er beitt.

Viðskiptahættir ríkisbanka, fsp. (þskj. 223). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur G. Þórarinsson): Herra forseti. Ég hef lagt hér fram á þskj. 223 fsp. til viðskrh. um viðskiptahætti ríkisbanka. Fsp. hljóðar svo:

„1. Samkv. hvaða lögum eða reglugerðum geta bankar krafist þess, að 5% af andvirði keyptra viðskiptavíxla sé lagt inn á bundinn bankareikning?

2. Hve lengi hafa þessi viðskiptahættir tíðkast?

3. Hve stórar upphæðir eru inni á slíkum bundnum reikningum í ríkisbönkum?"

Svo sem mörgum mun kunnugt munu a. m. k. sumir ríkisbankarnir haga viðskiptum sínum á þann veg við sína viðskiptavini, að þeir kaupa svonefnda vöruvíxla eða viðskiptavíxla gegn því að 5% af andvirði þessara víxla séu lögð inn á bundna almenna sparisjóðsbók. A. m. k. í einu tilviki, sem ég hef kynnt mér, gerir bankinn samning við viðskiptavininn, skriflegan samning, þar sem kveðið er á um að 5% af andvirði þeirra vöruvíxla, sem bankinn kaupir, séu lögð inn á sparisjóðsbók sem haldið er í vörslu bankans sem handveði fyrir öllum skuldbindingum viðskiptavinarins eða fyrirtækja hans, hverju nafni sem nefnast, og jafnframt að bankanum sé heimilt að taka greiðslu af þessu handveði, eins og þörf krefur að hans mati og án afskipta eða atbeina annarra, til lúkningar gjaldföllnum skuldum framangreinds aðila við bankann, hvort sem er höfuðstóll, vextir, dráttarvextir, kostnaður eða annað, og er bankanum heimilt að ganga að handveði á framangreindan hátt án fyrirvara, tilkynninga eða aðvarana, annarra en hann telur nægja ef til kemur.

Þeir aðilar hjá ríkisbönkum, sem ég hef rætt við og kannast við og hafa slíka viðskiptahætti, lýsa því yfir að hér sé um að ræða fullkomið samkomulag banka og viðskiptavinar, hér sé um að ræða tryggingu fyrir skuldbindingum viðskiptavinarins í bankanum og í mörgum tilvikum að ósk viðskiptavinar. Þessum samningi sé unnt að segja upp, segja þessir aðilar bankanna, hvenær sem

er. Ef viðskiptamaður óskar eftir geti hann losað sitt fé. Hins vegar segir sá banki, sem ég hef rætt þetta við, að þessi viðskiptamáti sé skilyrði hans fyrir kaupum vöruvíxla og víxlakvóti sé miðaður við nokkurn veginn tvöfalda bindingu á þessari almennu sparisjóðsbók. Sá banki sem ég hef rætt við upplýsir mig jafnframt um að viðskiptavinir hans vilji ekki segja slíkum samningi upp þó að þeim sé boðið, enda missa þeir þá þennan víxlakvóta svonefnda eða möguleika á því að bankinn kaupi vöruvíxla.

Þannig liggur málið fyrir frá sjónarhóli bankans. Frá sjónarhóli margra almennra borgara, sem á þetta horfa, virðist mönnum að þarna sé bankinn að binda fé á tiltölulega lágum vöxtum gegn útláni á fé á hærri vöxtum. Að vísu hefur þessi vaxtasamanburður nokkuð breyst á undanförnum árum, þar sem vextir á almennum sparisjóðsbókum eru nú orðnir 35%, en víxilvextir 34%. Víxilvextir eru þó forvextir og þar af leiðandi hærri enn. Mörgum þeim, sem horfa á þetta mál, virðist að hér sé verið að koma sér upp aðferð til þess að komast fram hjá vaxtaákvörðunum Seðlabankans. Ég skal ekki leggja dóm á það. En það er óneitanlega dálítið sérstætt mál þegar sumir ríkisbankar setja slík skilyrði fyrir ákveðnum tegundum viðskipta, en aðrir ekki. Eðlilegast væri að sömu reglur giltu hjá hinum mismunandi ríkisbönkum. Án þess að fara nánar út í þetta mál hef ég lagt hér fram fsp. til hæstv. viðskrh. þar sem spurt er samkv. hvaða lögum eða reglugerðum bankar geti krafist þess, að viðskipti fari fram með þessum hætti.

Nú upplýsir sá ríkisbanki, sem ég hef talað um, að hér sé ekki um að ræða kröfu, heldur samkomulag og í mörgum tilvikum ósk viðskiptavinar. Eigi að síður spyr ég: Samkv. hvaða reglugerðum og lögum er ríkisbanka heimilt að haga viðskiptaháttum sínum á þennan veg? Vona ég að ég fái sem greiðust svör við þeirri spurningu.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Hv. 12. þm. Reykv. hefur lagt hér fram aðra fsp. til mín, og ég sneri mér til Seðlabankans eins og í fyrra tilviki og óskaði eftir að fá svör bankans við því, hvernig þessum málum er háttað. Svar Seðlabankans er á þessa leið:

„Hér með fylgir svar við lið 3 vegna fsp. um viðskiptahætti ríkisbanka, sbr. bréf rn. frá 12. þ. m.

Eitt af grundvallaratriðum í bankastarfsemi er að forsvarsmenn bankanna sjái til þess, að hæfilegar og auðaðgengilegar tryggingar séu settar fyrir lánsviðskiptum. Í því sambandi má benda á b-lið 5. gr. laga nr. 11 frá 1961, um Landsbanka Íslands, sbr. d-lið sömu greinar, svo hljóðandi: „Að kaupa og selja víxla, tékka og ávísanir; að veita hvers konar lán önnur gegn tryggingum sem bankinn metur gildar.“ Enn fremur má benda á 28. gr. reglugerðar fyrir Landsbanka Íslands nr. 30 frá 1962 svohljóðandi: „Bankastjórnin skal að jafnaði krefjast þess, að settar séu tryggingar fyrir útlánum bankans, svo sem fasteignaveð, sjálfsvörsluveð í lausafé, handveð, ábyrgð eða aðrar tryggingar sem bankastjórnin telur fullnægjandi.“ Samsvarandi ákvæði eru í lögum og reglugerðum annarra banka. Þegar um það er að ræða, að krafist er af hálfu banka að ákveðið hlutfall af andvirði keyptra viðskiptavíxla sé lagt inn á bundinn bankareikning, er það á grundvelli framangreindra laga- og reglugerðarákvæða. Að öðru leyti verður að telja, að sá viðskiptaháttur, að ákveðið hlutfall af andvirði keyptra viðskiptavíxla er lagt inn á bundinn bankareikning, sé samkv. samkomulagi bankans og viðskiptaaðilans.

Í framhaldi af bréfi viðskrn. 12. þ. m. skrifaði bankaeftirlit Seðlabankans ríkisviðskiptabönkunum þremur bréf og óskaði eftir svörum þeirra við umræddri fsp. um viðskiptahætti ríkisbanka.

Í svari Landsbankans kemur fram að bankinn hafi aldrei krafist þess, að viðskiptavinir leggi 5% eða aðra hlutfallstölu af andvirði keyptra viðskiptavíxla inn á bankareikning, en einstaka viðskiptavinir hafi óskað eftir því sjálfir að ákveðinn hluti andvirðis keyptra viðskiptavíxla sé lagður inn á bankareikning. Þetta sé þó mjög fátítt og slíkir reikningar séu ekki bundnir.

Í svari Búnaðarbankans kemur fram að fyrirtækjum, sem eru í föstum viðskiptavíxlaviðskiptum við bankann, er gefinn kostur á að leggja til hliðar á sérstakan sparisjóðsreikning, ekki bundinn reikning, ákveðna prósentu af seldum viðskiptavíxlum gegn því að bankinn skuldbindi sig til að kaupa ætíð viðskiptavíxla sem nemi a. m. k. tvöföldu söfnunarfé. Þessi viðskiptaháttur hefur tíðkast í nær tvo áratugi hjá Búnaðarbankanum. Svar Búnaðarbankans við 3. tölul. fsp., þ. e. hve stórar upphæðir eru inni á slíkum bundnum reikningum í ríkisbönkum, er á þessa leið:

„Svo sem áður segir eru ekki í Búnaðarbanka neinir bundnir reikningar vegna viðskiptavíxla eftir bankalegri skilgreiningu á bundnum reikningum, en mjög verulegar fjárhæðir eru inni á hinum sérstöku reikningum sem hér hefur verið gerð grein fyrir. Heildarupphæð er hins vegar ógerlegt að nefna án frekari fyrirvara, en svars er óskað strax í bréfi Seðlabankans. Til þess að fá rétta mynd af málinu gagnar heldur ekki að vita aðeins aðra hliðina, því að heildarfjárhæð keyptra viðskiptvíxla þarf að vera til samanburðar.“

Í svari Útvegsbankans kemur fram að það hefur tíðkast að viðskiptavinir bankans hafi lagt 2—5% af andvirði keyptra víxla inn á innlánsreikninga, þetta hafi ávallt verið gert í samráði við viðskiptavinina og bankinn hafi ekki krafist þessara viðskiptahátta af neinum, en þeir hafi tíðkast, aðallega síðan á árunum 1974—1975. Á slíkum reikningum voru í Útvegsbanka 589 millj. kr. 16. 12. 1980.

Seðlabankinn vonast til að framangreint gefi viðunandi svar við umræddri fsp. um viðskiptahætti ríkisbankanna.“

Ég verð að segja alveg eins og er, að mér finnst ýmsar skilgreiningar og framsetning af hálfu viðskiptabankanna og bankakerfisins vera nokkuð flókið og torskilið mál fyrir venjulega leikmenn. Þegar ég kom í viðskrn. var ég þess mjög vel vitandi, að þetta hefur tíðkast um langan tíma, og það, sem hér er um að ræða, er að mínu mati fyrst og fremst fjáröflunaraðferð. Bankar hafa á undanförnum árum, bankar sem hafa þetta fyrirkomulag, verið að græða peninga einfaldlega, svo að þetta sé sett fram á mennskra manna máli, þ. e. að láta viðskiptavini leggja inn hluta af því fé, sem þeir fá lánað, á miklu lægri vexti en þeir vextir eru sem þeir verða að greiða af heildarláninu. Þess vegna fór ég að fjalla svolítið um þessi málefni í viðskrn. Ég skrifaði Seðlabanka svohljóðandi bréf á s. l. vori:

„Reykjavík, 2. maí 1980.

Ráðuneytinu hefur verið skýrt frá því, að viðskiptabanki hafi sett sem skilyrði fyrir veitingu rekstrarlána að lántakandi leggi samhliða inn fé á sparisjóðsreikning

sinn í sama banka. Jafnframt var spurt hvort slíkir skilmálar væru í samræmi við þær reglur um lánskjör sem Seðlabankinn hefur sett viðskiptabönkum.

Ráðuneytið óskar hér með eftir athugun og umsögn Seðlabankans um ofangreint mál."

Þetta er því ekki í fyrsta sinn sem Seðlabankinn er spurður þeirra spurninga sem hv. þm. hefur hér lagt fram, heldur hefur það verið gert áður.

Ég skal ekki rekja svör Seðlabankans. Þau eru mjög svipuð því sem ég gerði grein fyrir áðan með því að lesa svarbréf bankans. Ég vil þó lesa hér upp að lokum bréf sem viðskrn. sendi Seðlabanka, en það var dags. 24 sept. 1980 og er svohljóðandi:

„Í bréfi Seðlabankans, dags. 8. júlí s. l., sem var svar við bréfi viðskrn., dags. 2. maí s. l., segir m. a.:

„Í svörum frá nokkrum bankanna er tekið fram að sá háttur sé hafður á við kaup á viðskiptavíxlum, að hluti andvirðis þeirra sé lagður inn á sérstaka almenna sparisjóðsbók, prósentubók. Hlutfall þess fjár sem lagt er inn á þessar bækur, geti verið mismunandi, en algengt mun þó vera að það sé 5% af andvirði keyptra víxla."

Ráðuneytið telur þessa viðskiptahætti mjög óeðlilega og vafasamt að þeir samræmist gildandi lögum og reglum um lánskjör sem Seðlabankinn setur viðskiptabönkunum. Ráðuneytið vill því mælast til þess, að Seðlabankinn athugi þetta mál nánar og geri síðan viðhlítandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir áframhald þessara viðskiptahátta."

Ég hef ekki fylgst með því, hvað Seðlabankinn hefur gert í framhaldi af þessu bréfi, en ég vonast til að þær umræður, sem hafa orðið um málið, leiði til þess, að þessir viðskiptahættir verði lagðir af, enda sé ég engin rök fyrir því, að þeir séu viðhafðir. Það er að vísu sagt að þetta sé gert til að tryggja bankann. En auðvitað er þetta ekki gert til að tryggja bankann vegna þess að það þarf þá að lána meira. Ef viðkomandi viðskiptaaðili fengi að taka út innistæður úr sínum bundnu bókum, þá minnkaði náttúrlega fyrirgreiðsla bankans sem því nemur, þannig að þetta hefur að mínu mati sáralítið að gera með tryggingu fyrir bankann sem slíkan. Og ég held að á undanförnum árum hafi þetta verið gert til þess, eins og ég sagði áðan, að bankinn græddi þarna nokkra peninga.

Aftur á móti held ég að nú sé svo ástatt með vaxtareglur og útlánareglur, að því sé ekki lengur til að dreifa að bankar geti hagnast á þessu. Það sýnist mér ekki vera. Viðhorf eru því nokkuð breytt frá því sem áður var, þegar um talsvert verulegan hagnað var að ræða af svona viðskiptum.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur G. Þórarinsson): Herra forseti. Við fyrri fsp. minni hér í dag las hæstv. viðskrh. upp svar frá Seðlabankanum og mér þótti það fátæklegt. Við síðari fsp. las hann líka upp svör frá bönkum og mér þóttu það ekki síður fátækleg svör. Hins vegar svaraði viðskrh. þessari seinni fsp. nokkuð frá eigin brjósti líka, og þar var munur á, því að reyndar talaði hann algerlega tæpitungulaust og svaraði því vel sjálfur.

Ég tek undir með hæstv. viðskrh. um það, að mér þykja röksemdir Seðlabankans í þá átt, að banki skuli sjá til þess að hæfilegar og auðaðgengilegar tryggingar séu settar, engan veginn skýra þau viðskipti sem hér er um að ræða. Bæði er það, að viðskiptavíxlar eru venjulega tryggðir bæði með samþykkjanda og útgefanda og stundum ábekingum líka, auk þess sem einungis sumir ríkisbankarnir telja sér þessa tryggingu nauðsynlega samkv. þessu.

Í þessu svari Seðlabankans er vísað til að hér sé um samkomulag milli banka og viðskiptavinar að ræða. Þá hlýtur sú spurning að vakna, hvort þetta samkomulag sé aðallega einhliða, hvort þetta samkomulag sé ekki mest á annan veginn og þá nánast eins og bankinn vill hafa það. Ég held að menn verði að hugleiða það. Og orðalag í þessu sambandi, eins og að viðskiptavininum sé gefinn kostur á að geyma fé sitt á þennan hátt í banka, getur orkað tvímælis.

Samkv. þeim upplýsingum, sem hér komu fram, er ekki um að ræða bundinn reikning, að því er ég skil svar Seðlabankans, heldur sé þá viðskiptavini heimilt að segja reikningnum upp þegar honum þóknast. Í þeim samkomulagsdrögum eða eyðublaði að samkomulagi, sem ég hef undir höndum frá einum ríkisbankanum, segir þó að bankanum skuli heimilt að halda slíku fé sem tryggingu hvers konar skuldbindingar hverju nafni sem kunni að nefnast, hjá viðskiptavini. Og þá vaknar auðvitað sú spurning, hvort einhvers konar lán í öðru formi í viðkomandi banka geti samkv. þessu nægt til að binda slíkt fé. Ég skal ekki leggja neinn dóm á það. En aðalatriðið í þessari fsp. er að fá það fram lögformlega, hvort hér er um löglega viðskiptahætti ríkisbanka að ræða eða hvort hér er verið að fara fram hjá þeim vaxtareglum sem Seðlabankinn setur.

Æskilegt hefði verið að þetta kæmi algerlega skýrt fram hér því að sú spurning vakir í hugum margra borgara þessa lands. Svar bankamálaráðherra var á þann veg, að hér væri um að ræða fjáröflunaraðferð banka, bankar væru með þessu móti að græða peninga. Hann vitnar jafnframt til bréfs, sem rn. sendir Seðlabanka, þar sem kemur fram að rn. telur þessa viðskiptahætti óeðlilega og vafasamt að þeir séu í samræmi við reglur um þessi efni. Jafnframt hafði viðskrh. það orð, að hann teldi að þessa viðskiptahætti ætti að leggja af.

Ég vil þakka viðskrh. fyrir þessi svör og tel þau ólíkt skýrari en svör bankanna.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Í framhaldi af því, sem hv. síðasti ræðumaður sagði hér síðast, vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. bankamálaráðherra: Hefur hann hugsað sér að fylgja eftir því bréfi, sem þm. vitnað til, og sjá til þess að þeim viðskiptaháttum, sem hann gagnrýnir, verði hætt?

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Þetta bréf sem ég las upp hér áðan frá viðskrn. til Seðlabankans er alveg skýrt í þessum efnum. Það er skoðun rn., að þessir viðskiptahættir séu ekki eðlilegir, um vaxtakjör og öll inn- og útlánakjör, hverju nafni sem nefnast, eigi að fara eftir þeim reglum sem auglýstar eru almenningi. Ég álít að viðskiptavinir bankanna hafi ekki neina aðstöðu til þess að semja um eitt eða annað á jafnréttisgrundvelli í slíkum efnum, vegna þess að þeir eiga engan annan kost en að skipta við sinn banka. Þeir geta ekki gengið inn í hvaða banka sem er og skipt við hann, eins og kunnugt er. Þess vegna álít ég að þessa viðskiptahætti eigi að leggja af. Ég er þeirrar skoðunar og mun gera mitt til þess að reyna að stuðla að því. Ég vona að Seðlabankinn hafi tekið þessi mál fastari tökum en áður og það muni leiða til þess, að þessir viðskiptahættir verði lagðir niður. Þannig háttar til núna, að bankarnir hagnast ekki á svona

fyrirkomulagi, en þeir gátu gert það í eina tíð. Og ég veit um fyrirtæki, sem hefur greitt verulegt fé vegna þess að það var með raunverulega bundnar innistæðu inni á bók sem greiddir voru miklu lægri vextir af en þeir vextir sem þurfti að borga af víxillánum og öðrum þeim lánum sem fyrirtækið þurfti að sæta. Ég get því svarað þeirri spurningu, að fyrir mitt leyti mun ég stuðla að því, að þessir viðskiptahættir verði lagðir af.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Ég vil mjög taka undir það sem kom fram hér hjá hv. 3. þm. Reykv. í fsp. til hæstv. viðskrh. Og ég vonast til þess, að honum takist að koma fram því sem upplýst er að hann skrifaði bönkunum um í þessu ákveðna bréfi, því að þeir viðskiptahættir, sem hér hafa verið til umræðu af hálfu bankanna, eru að mínum dómi algerlega ósæmilegir.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. viðskrh. fyrir svar hans. En það er ekki fullnægjandi fyrir mig, að ráðh. segi að hann muni beita sér fyrir, að það sé hans ósk, sín skoðun o. s. frv. Ráðh. hefur völdin til þess að fyrirskipa að óeðlilegir viðskiptahættir eigi sér ekki stað í viðskiptabönkunum.

Það er ekki bara þetta mál sem þyrfti þá að rannsaka. Hvernig í ósköpunum stendur á því, að í þjóðfélagi, sem byggt er upp á þann hátt sem okkar er, geti einstakar ríkisstofnanir skipst þannig á upplýsingum sín á milli, að þær hafi sama yfirlitið yfir fjárhagslega stöðu manna og viðskipti þeirra við peningastofnanir bankanna allra? Þetta eru persónunjósnir sem þýða það, að menn geta ekki sem frjálsir aðilar farið inn í hvaða peningastofnun sem er og óskað eftir viðskiptum. Ef staðan er sú fyrir einstaklinginn, að hann er skráður viðskiptavinur á einum stað, þá eru aðrir bankar honum lokaðir yfirleitt. Þessar persónunjósnir, sem ganga á milli ríkisstofnana, eiga sannarlega að hætta.

Framleiðslueftirlit sjávarafurða, fsp. (þskj. 152). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Karlsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram svohljóðandi fsp. til hæstv. sjútvrh.:

„Hvað líður endurskoðun á Framleiðslueftirliti sjávarafurða og væntanlegum tillögum um endurskipulagningu þess?"

Þótt talsverður tími sé liðinn síðan fsp. þessi var lögð fram sýnist hún engu síður raunhæf nú en þá og því meiri ástæða til að búast við forvitnilegum upplýsingum og að nokkuð hafi miðað með endurskoðunina því lengri tími sem hefur liðið.

Sjútvrh. skipaði 6. sept. 1979 nefnd til að endurskoða lög um Framleiðslueftirlit sjávarafurða, til einföldunar og sparnaðar í rekstri stofnunarinnar. Bæði höfðu tilmæli í þá átt borist frá fulltrúum hagsmunaaðila og fjvn. Alþingis sérstaklega farið fram á það við fjárlaga- og hagsýslustofnun, að gerð yrði úttekt á fjárhagslegum rekstri stofnunarinnar. Óskað var eftir tilnefningu í nefndina frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Sjómannasambandi Íslands sameiginlega, frá Landssambandi ísl. útvegsmanna, frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og sjávarafurðadeild Sambandsins í sameiningu og frá Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda og síldarútvegsnefnd í sameiningu. Sjútvrh. skipaði formann nefndarinnar og var sérstökum fulltrúa fjárlaga- og hagsýslustofnunar falið að starfa með nefndinni.

Nefndin vann mikið starf, átti viðræður við fulltrúa fjölda hagsmunaaðila hér á landi og safnaði gögnum um fyrirkomulag matsmála erlendis. Ástæða til skipunar nefndarinnar og starfs mun hafa verið allhörð gagnrýni á starfsemi stofnunarinnar frá hagsmunaaðilum, frá hinu opinbera og frá starfsmönnum stofnunarinnar sjálfrar. Um réttmæti þeirrar gagnrýni verður ekki dæmt hér. Nefndin skilaði áfangaskýrslu og — að því er best verður vitað — lokaskýrslu til ráðh. með hugmyndum og jafnvel tillögum um verulegar breytingar á starfsemi stofnunarinnar, til einföldunar, sparnaðar og meiri sveigjanleika í starfi og skipulagi.

Samkeppni harðnar stöðugt á mörkuðum okkar og gæðakröfur aukast. Hlýtur því stöðugt að vera spurt hvort við stöndum okkur sem skyldi með óbreyttu fyrirkomulagi.

Hugmyndir hafa verið uppi um að færa meira af eftirlits- og matsstarfinu til söluaðila og framleiðenda sjálfra, þar sem hin endanlega og fjárhagslega ábyrgð hlýtur alltaf að verða.

Þá hlýtur sú spurning að vera vakandi, hvort ekki sé ástæða til að endurskoða gildandi lög um fiskmat og reglugerðir sem margar eru meira eða minna úreltar og gallaðar. Í fjárlögum þessa árs eru gjöld stofnunarinnar áætluð 10 248 650 nýkr. Með verulegum niðurskurði, sem hugmyndir hafa heyrst um, væri því til nokkurs að vinna fyrir skattborgarana. Þá má líta á þetta sem prófmál um hvort unnt sé að draga saman í opinberri stofnun eða fyrirtæki, ef tillögur eru gerðar um það og gild rök virðast hníga að því að svo sé gert.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Eins og fram kom hjá fyrirspyrjanda skipaði þáverandi sjútvrh., Kjartan Jóhannsson, nefnd 6. sept. 1979 til að endurskoða lög um Framleiðslueftirlit sjávarafurða til einföldunar og sparnaðar, eins og sagði, í rekstri þeirrar stofnunar. Formaður þeirrar nefndar var skipaður Björn Dagbjartsson. Valdimar Tómassyni var falið að starfa með nefndinni af hálfu fjárlaga- og hagsýslustofnunar. Síðan var óskað eftir tilnefningu frá allmörgum aðilum, þ. e. Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Sjómannasambandi Íslands í sameiningu, sem tilnefndu Ingólf Ingólfsson, Landssambandi ísl. útvegsmanna, sem tilnefndi Gísla Jón Hermannsson, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og sjávarafurðadeild Sambands ísl. samvinnufélaga í sameiningu, sem tilnefndu Hjalta Einarsson. Þá var óskað eftir tilnefningu frá Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda og síldarútvegsnefnd í sameiningu og tilnefndu þessir aðilar Tómas Þorvaldsson.

Nefndin hélt 14 fundi og kallaðir voru til viðræðna fulltrúar frá mörgum hagsmunaaðilum og frá Framleiðslueftirliti sjávarafurða.

23. jan. 1980 skilaði nefndin áfangaskýrslu um störf sín og lagði til að 20 eftirtöldum aðilum yrði send áfangaskýrslan til umsagnar: Landssambandi ísl. útvegsmanna, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Sjómannasambandi Íslands, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Sambandi ísl. samvinnufélaga, Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda, Samlagi skreiðarframleiðenda, Framleiðslueftirliti sjávarafurða, Íslensku umboðssölunni, Starfsmannafélagi Framleiðslueftirlitsins, Fag-

félagi fiskiðnaðarins, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, fjmrn., viðskrn., síldarútvegsnefnd, Félagi ísl. fiskimjölsframleiðenda, Sölustofnun lagmetis, Fiskifélagi Íslands, Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda og Sambandi fiskvinnslustöðva í VSÍ.

Öllum þessum aðilum var send áfangaskýrslan, en það tók æðilangan tíma að fá svör, þó að séstakur maður væri í það settur að ganga eftir slíku. Bárust svör að lokum frá 13 aðilum. Ég hef ekki aðstöðu eða tíma til þess að rekja þau svör. Þau eru mjög misjöfn, og margt var það í áfangaskýrslunni sem þessir aðilar gátu ekki samþykkt og töldu varhugavert og gæti jafnvel leitt til þess, að gæðum hrakaði á íslenskri framleiðslu.

7. júlí s. l. óskaði ég síðan eftir því við formann nefndarinnar, Björn Dagbjartsson, að nefndin skilaði tillögum sínum sem fyrst, þó ekki í formi lagafrv. — Að ósk minni sátu þeir Þórður Ásgeirsson skrifstofustjóri og Baldur Jónsson fulltrúi flesta fundi nefndarinnar sem haldnir voru eftir miðjan ágúst s. l.

Skýrsla nefndarinnar um breytta skipan fiskmatsmála barst mér síðan seint í október. Greinist hún í eftirfarandi sex tillögur:

1. Lagt er til að sett verði á stofn fiskmatsráð, skipað fulltrúum hagsmunaaðila og sjútvrh., er hafi með höndum yfirumsjón gæðaeftirlits og mats á sjávarafurðum.

2. Gert er ráð fyrir því að ferskfiskeftirlit og afurðamat á útfluttum sjávarafurðum verði skilið að. Afurðamatið verði einfaldað og ábyrgð framleiðenda aukin, en ferskfiskeftirlitið byggt upp af opinberum trúnaðarmönnum í hverri löndunarhöfn og sérstökum veiðieftirlitsmönnum sjútvrn.

3. Lögð verði sú skylda á sölusamtök og útflutningsaðila, að þeir komi á fót eigin framleiðslusftirliti eða þeir kaupi þá þjónustu sérstaklega af afurðamati ríkisins eða öðrum viðurkenndum eftirlitsaðilum.

4. Sérstök hreinlætis- og búnaðardeild verði lögð niður, en slíkt eftirlit í vinnslustöðvum falið almennum afurðamatsmönnum undir yfirstjórn gerlafræðings, er starfi hjá stofnun þeirri er annast afurðamat.

5. Lagt er til að hafist verði handa um að endurskoða allar reglugerðir og opinber fyrirmæli um fiskmat undir yfirstjórn fiskmatsráðs strax og það hefur störf. Mælt er með því, að gefnar verði út samræmdar matsreglur og leiðbeiningar um fiskverkun og fiskmat.

Þessi skýrsla nefndarinnar, sem er verulega breytt frá áfangaskýrslu hennar, var síðan send forstöðumanni Framleiðslueftirlitsins til umsagnar. Umsögn hans barst 1. des. s. l. Greinargerð Framleiðslueftirlitsins, sem reyndar er undirskrifuð ekki aðeins af forstjóra, heldur skrifstofustjóra og öllum deildarstjórum, er nokkuð löng og ég hef ekki tíma til að rekja hana hér ítarlega. Þó vil ég, með leyfi forseta, lesa örfáa kafla. Hér segir Framleiðslueftirlitið m. a.:

„Ef tillögur þessar yrðu framkvæmdar, þá yrði ekki í reynd um neitt sjálfstætt, óháð ríkismat sjávarafurða að ræða, heldur einungis framleiðslumat. Þessar tillögur eru hliðstæðar því, að innflytjendum yrði fengið í hendur tolleftirlit og tollafgreiðsla. Tillögur þessar ganga í þveröfuga átt við þá þróun sem nú á sér stað hjá öðrum útflutningsþjóðum fiskafurða, en þar er alls staðar verið að herða eftirlit á vegum hins opinbera. Ein meginástæða þess, að íslenskur fiskur hefur skarað fram úr á Bandaríkjamarkaði að því er gæði varðar, er að hér á landi hefur hið óháða ríkismat verið mun virkara en víðast hvar annars staðar. Kanadamenn, sem verða aðalkeppinautar okkar á mörkuðum, hafa áttað sig á þessu. Þeir eru nú að stórauka og herða ríkiseftirlit sitt í þeim tilgangi að bæta gæði afurðanna og hafa fengið ábendingar og ráðleggingar um, hvað gera þurfi, frá íslenskum fagmönnum í fiskvinnslu sem þeir hafa tekið í þjónustu sína. Ljóst er að aukið framboð verður af sjávarafurðum á erlendum mörkuðum á næstunni og samkeppni fer vaxandi. Vaxandi samkeppni getum við einungis mætt með aukinni vöruvöndun og auknum gæðum og því markmiði verður ekki náð með því að slaka á eftirliti. Þvert á móti verður að herða það."

Síðan rekur Framleiðslueftirlitið hinar ýmsu tillögur og er þeim flestum mjög andsnúið. Segir hér m. a. að það sé algert grundvallaratriði fyrir opinbera matsstofnun, að hún sé óháð og sjálfstæð og hagsmunaaðilar hafi þar ekki áhrif með beinum eða óbeinum hætti.

Um aðskilnað ferskfiskmats og afurðamats segir:

„Þá er lagt til að ferskfiskmat og afurðamat verði aðskilið, en þessi starfsemi var sameinuð árið 1968. Sameiningin leiddi af sér verulegan sparnað, betri nýtingu mannafla og auðveldaði afurðamat þar sem mun betri upplýsingar lágu fyrir um hráefni en áður. Aðskilnaður þessara þátta nú væri því bein afturför í mati og dýrari í framkvæmd."

Enn segir nokkru síðar:

„Brýnasta verkefni í útflutningi sjávarafurða í dag er aukin vöruvöndun og bætt gæði. Tillögur nefndarinnar eru nær eingöngu fólgnar í niðurskurði og skertu eftirliti og eru því í beinni mótsögn við þá einu raunhæfu stefnu sem við getum framfylgt í dag."

Síðan ég fékk þessar mjög ólíku niðurstöður hef ég rætt við fjölda manna um Framleiðslueftirlit sjávarafurða. Ég hef komist að því, sem ég vissi að vísu áður, að starfsemi Framleiðslueftirlitsins er gagnrýnd af mörgum og af ýmsum einmitt talin vera of slök. Fjölmargir framleiðendur hafa lagt á það áherslu, að slíkt eftirlit þurfi að herða og við séum í stórkostlegri hættu ef gæðum fer hrakandi. Undir það vil ég alveg sérstaklega taka. Mér þykja tillögur nefndarinnar einum of einkennast af því að spara í ríkisrekstri, sem er góðra gjalda vert og ég skal taka undir hvar sem reynt er. En ég vil ekki fórna gæðum útfluttra íslenskra sjávarafurða fyrir tímabundinn sparnað.

Hv. fyrirspyrjandi orðaði það einhvern veginn þannig áðan, að með þessu væri ábyrgðin flutt til einstakra framleiðenda, sem hefðu þá eftirlit með sinni framleiðslu sjálfir. Þetta er mikið rétt. Ég vil þó vekja athygli á því, að léleg framleiðsla eins framleiðanda getur spillt fyrir öllum. Ég vil einnig leggja áherslu á það, sem ég hef nokkuð kynnt mér, að hjá öðrum þjóðum, m. a. Kanadamönnum, eins og fram kom reyndar í umsögn Framleiðslueftirlitsins, er nú mjög verið að herða framleiðslueftirlit af opinberri hálfu. Kanadamenn hafa tekið upp herferð í sínu landi til að bæta gæði, og nánast öll þeirra viðleitni er meira eða minna styrkt eða undir beinni stjórn opinberra aðila, sem þar hafa verið efldir í þessu skyni.

Ég vil því framar öllu leggja áherslu á að gæði íslenskrar framleiðslu verð tryggð betur en nú hefur verið. Ef það er hægt að gera með því að stuðla jafnframt að sparnaði, þá fagna ég því. Ég hef ákveðið vissar breytingar á framleiðslueftirlitslögunum, sem ég mun leggja fyrir Alþingi mjög fjótlega. En þetta mál er nú á því stigi,

að ég tel ekki tímabært að greina frá þeim í smáatriðum. Þó vil ég segja það hér, að ég tel mjög æskilegt að framleiðendur séu kvaddir til ráðgjafar um þessi mál. Ég hef mínar efasemdir um að þeir eigi að vera stjórnendur Framleiðslueftirlitsins, en þeir eiga að vera þar með í ráðum og geta komið öllum sínum ábendingum um betra eftirlit, meiri sparnað o. s. frv. á framfæri bæði við eftirlitið sjálft og ráðh., og hefja þarf þegar endurskoðun á þeim reglugerðum og reglum sem gilda um Framleiðslueftirlit sjávarafurða. Ég geri ráð fyrir því, að slíkt frv. verði mjög fljótlega lagt fyrir Alþingi.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Karlsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. sjútvrh. fyrir svör hans. Vissulega er þarna um endalaust matsatriði að ræða, hvernig á að standa að þessum málum. Vitanlega hlýtur aukin vöruvöndun og bætt gæði að vera það markmið sem við stefnum að, en alltaf verður spurning hvernig að þessu á að standa. Og fram hjá því getum við ekki gengið, að við höfum orðið fyrir meiri eða minni skakkaföllum á mörkuðum okkar á undanförnum árum, ekki bara í frystum afurðum, heldur og saltsíld, saltfiski og skreið, þrátt fyrir hið opinbera fiskmat sem hér hefur verið starfandi. Það er ekkert undarlegt í sjálfu sér þó að stofnun sem þessi verði fyrir stöðugri gagnrýni. Það er ekki nema eðlilegt. Hún hlýtur að verða fyrir gagnrýni bæði frá seljendum hráefnisins og kaupendum.

Það er staðreynd, að endanleg ábyrgð og fjárhagsábyrgð vörunnar verður alltaf hjá framleiðandanum. Ég tel því eðlilegt að hann annist meira af því eftirlits- og matsstarfi sem til þessa hefur verið unnið hér. Og ég vona að stjórnkerfi okkar standist það próf sem það gengur undir um að endurskipuleggja þessa stofnun.

Kannanir á tekjuskiptingu og launakjörum, fsp. (þskj. 399). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja fram fsp. um hvað líði framkvæmd þál. sem samþykkt var á Alþingi 28. apríl 1980, um kannanir á tekjuskiptingu og launakjörum. Þessi þál., sem samþykkt var, er mjög margþætt. Hún miðaði sérstaklega að því að upplýsa ýmsa þá þætti kjara- og launamála sem ekki hafa legið nægjanlegar upplýsingar fyrir um, en þekking á þessum þáttum er forsenda sanngjarnrar uppbyggingar og þróunar kjaramála og undirstaða réttmætrar skiptingar og hlutdeildar þjóðfélagsþegnanna í bættum þjóðarhag. Ljóst er einnig að í öllum umræðum um kjaramál og ákvarðanatöku í þeim málum skortir oft heildaryfirsýn yfir raunverulega tekjuskiptingu í landinu og á hverju uppbygging hinna ýmsu kjaraþátta í raun grundvallast.

Þál. þessi var í 15 liðum, þar sem m. a. var lögð áhersla á að rannsaka forsendur flokkaskipunar og annarra kjaraatriða og upplýsa hlutfall hinna ýmsu launakerfi í launakjörum almennt, þannig að hægt væri að sjá hvaða þáttur væri mest ákvarðandi um kaup og kjör hverrar starfsstéttar. Þar er átt við dagvinnutaxta, yfirvinnutaxta, afkastahvetjandi launataxta og ekki síst yfirborganir og aðrar duldar greiðslur eða kjaraþætti. Þegar borin eru saman launakjör í landinu er oftast gengið út frá umsömdum launatöxtum, en þeir segja ekki nema hálfa sögu um raunverulega tekjuskiptingu og launakjör í landinu, þannig að nauðsynlegt er að fá upplýst hvaða kjaraþáttur er mest ákvarðandi um raunveruleg launakjör í landinu. Einnig átti þessi könnun að upplýsa, hvernig aldurs- og kynskipting væri eftir launatöxtum, yfirborgunum og starfsgreinum, og athuga, hvort uppbygging launataxta og annarra launakjara kalli fram mismun í kjörum karla og kvenna, jafnframt því að kanna hvort brögð væru að því, að launamisrétti væri falið í stöðuheitum. Einnig má nefna að kannanirnar áttu að upplýsa og meta heilsufræðileg og félagsleg áhrif hinna mismunandi launakerfa og vinnuaðstæðna og kanna hvaða áhrif skert starfsgeta og starfsþrek hefur í reynd á eðlilega tekjuskiptingu í þjóðfélaginu og í hve ríkum mæli hún er ákvarðandi um lífskjör þegar önnur atriði eru sambærileg.

Þau dæmi, sem ég hef hér tekið, eru aðeins nokkur þeirra sem kannanir þessar eiga að upplýsa, en ljóst er að með slíkum könnunum opnast möguleikar á raunhæfum samanburði á hvers konar kjaraatriðum, sem að gagni gætu komið fyrir ríkisvaldið og aðila vinnumarkaðarins við gerð kjarasamninga eða við mótun launa- og tekjustefnu í landinu. Launa- og kjaramál eru sífellt í sviðsljósinu í þjóðfélaginu, bæði við mótun efnahagsstefnu stjórnvalda og við gerð samninga milli aðila vinnumarkaðarins. Því er ljóst að ef fyrir lægju slíkar upplýsingar, sem tillagan gerir ráð fyrir gætu þær orðið mikilvægar og hagnýtar við ýmsa sameiginlega ákvarðanatöku stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins. Því er það von mín, að stjórnvöld hafi þegar hafist handa um að framkvæma þær kannanir sem þáltill. gerir ráð fyrir. Þótt ég geri mér grein fyrir að slíkar kannanir taki nokkurn tíma að framkvæma í heild þá tel ég að hægt sé að leggja þær jafnóðum fyrir Alþingi, eftir því sem hver úrvinnsluþáttur liggur fyrir hverju sinni. Því leikur mér hugur á að vita hvernig ríkisstj. hefur hagað framkvæmd þál., hvort ekki liggi fyrir að þegar hafi verið hafist handa um framkvæmd hennar og hvaða aðilar hafi þá fengið það verkefni sem þál. gerir ráð fyrir. Vænti ég að hæstv. félmrh. geti upplýst þessi atriði.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Eins og fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda var sú þáltill., sem hér er spurt um framkvæmd á, samþykkt á Alþingi 28. apríl s. l. og síðan framsend félmrn. Till. er sama marki brennd og oft vill verða með margar ágætar þál. sem eru samþykktar á Alþingi, að þar er gert ráð fyrir mjög viðamiklum verkefnum. Ég tel raunar að þessi þál. sé þannig að hún snúi í sjálfu sér að stjórnkerfinu öllu og ekki félmrn. einu. Auk þess er í henni gert ráð fyrir ýmsum almennum pólitískum matsatriðum sem er ekki á færi stofnana, annarra en Alþingis og alþm., að taka afstöðu til.

Strax og ég fékk þessa þál. í hendur í félmrn. sneri ég mér til þeirrar stofnunar hér í stjórnkerfinu sem líklegust var til að geta svarað flestum þáttum hennar, en það er Kjararannsóknarnefnd. Það er sú stofnun sem hefur með slík mál að gera að yfirgnæfandi meiri hluta, en auk þess fjallar þessi þál. um ýmsa aðra þætti sem koma Kjararannsóknarnefnd að sjálfsögðu ekki við, — þætti, sem snúa t. d. að Jafnréttisráði, og þætti, sem snúa síðan að heilbrigðiskerfinu vegna athugana á heilsufari starfsfólks. Það liggur hvergi fyrir og hefur hvergi farið fram nein athugun á áhrifum launakerfa á heilsufar starfsfólks hér á landi, en ég minni á að á síðasta Alþingi voru samþykkt hér lög um aðbúnað, hollustuhætti og

öryggi á vinnustöðum sem skapa möguleika til að fylgjast með þessum þáttum betur en verið hefur.

Kjararannsóknarnefnd hafði þetta bréf mitt til meðferðar í marga mánuði og svaraði mér með bréfi, dags. 16. febr. 1981. Ég held að það sé einlægast að lesa svar Kjararannsóknarnefndar hér í heild þannig að líka komi fram hversu viðamikið mál er um að ræða og ekki hægt að ætlast til þess, að framkvæmd þess sé lokið að neinu leyti á þessu stigi málsins. Ég les bréf Kjararannsóknarnefndar:

„Kjararannsóknarnefnd hefur fjallað um beiðni ráðuneytis yðar varðandi framkvæmd kannana á tekjuskiptingu og launakjörum, sbr. þál. frá 28. apríl 1980. Með bréfi til atvinnumálanefndar Sþ. 21. mars 1980 tóku þau samtök, sem að Kjararannsóknarnefnd standa, undir þá stefnu sem mörkuð var í þáltill. Samtökin ítrekuðu nauðsyn þess, að upplýsingaöflun um tekjur og kjaramál verði efld, og lögðu áherslu á hve brýnt það er að starfsemin njóti fyllsta trausts aðila vinnumarkaðarins. Þá minntu samtökin á að rannsóknaraðilinn getur aldrei úrskurðað hvað sé gott og vont í launamálum, þar sem slíkt mat sé undirorpið pólitískum mælikvarða, og áréttuðu jafnframt að verkefnin eru umfangsmikil og verða ekki unnin á skömmum tíma né í eitt skipti fyrir öll.

Kjararannsóknarnefnd áréttar þessi sjónarmið samtakanna. Aukin upplýsingaöflun og úrvinnsla gagna er forgangsverkefni. Nefndinni er hins vegar ljóst að mörg af þeim verkefnum, sem rakin eru í þál., eru það umfangsmikil, fjárfrek og seinunnin, að árangurs er ekki að vænta á stuttum tíma. Sum atriðanna fjalla beint um siðferðilegt og pólitískt mat sem ólíklegt er að nokkurn tíma verði lagður á einhlítur mælikvarði.

Kjararannsóknarnefnd ítrekar enn fremur það sem að ofan er rakið úr afstöðu samtakanna, að öll upplýsingaöflun og meðferð upplýsinga á þessum vettvangi verði að njóta fyllsta trausts aðila vinnumarkaðarins. Nefndin er reiðubúin til viðræðna um mögulegt starf hennar í þessu sambandi, eftir því sem fjármagn og aðgangur að upplýsingum gerir henni kleift og samkomulag gæti orðið um samsetningar hennar vegna, en nefndin hefur hingað til hafnað aðild fleiri samtaka að nefndinni. Í þessu sambandi er óhjákvæmilegt að minna á að starfsemi Kjararannsóknarnefndar er í dag alfarið fjármögnuð af Atvinnuleysistryggingasjóði. Ef á hinn bóginn starfssvið Kjararannsóknarnefndar yrði víkkað þannig að hún tæki á sig þau verkefni sem samkomulag yrði um og fjallað er um í þál., er aftur á móti óhjákvæmilegt að sá þáttur starfseminnar yrði að mestu fjármagnaður af ríkissjóði. Það, hvort og þá hvaða viðfangsefni Kjararannsóknarnefnd tæki að sér af þeim sem nefnd eru í þál., hlýtur að fara eftir því, hvern aðgang Kjararannsóknarnefnd fengi að viðkomandi gögnum og hvaða fjárhagslega aðstöðu hún fengi til þess að auka starfskrafta nefndarinnar og leggja í annan kostnað, svo sem við tölvuvinnslu.

Um einstaka liði ályktunarinnar og hugsanlegt framlag Kjararannsóknarnefndar vegna framkvæmda á henni vill nefndin segja eftirfarandi:

1. Að fyrir liggi á einum stað, þar sem tölfræðileg tölvuúrvinnsla er möguleg, allar upplýsingar um lífskjör og kjaramál er máli skipta og nauðsynlegar eru til tölfræðilegrar greiningar hverju sinni og seinni liðir ályktunarinnar fjalla um."

Þetta er fyrsti þáttur ályktunarinnar. Um hann segir Kjararannsóknarnefnd þetta:

„Kjararannsóknarnefnd hefur með höndum söfnun á kjarasamningum, framkvæmdir úrtaks, kannanir á launum og vinnutíma verkafólks um land allt og ræður yfir tölvuforritum til úrvinnslu úrtaksupplýsinga. Þær upplýsingar, sem nefndin dregur saman úr úrtakskönnunum sínum, eru engan veginn jafnvíðtækar og mælt er fyrir um í þessum lið ályktunarinnar. Upplýsingar nefndarinnar verða því aldrei algildur mælikvarði á lífskjör launafólks.

Úrvinnsla upplýsinga nefndarinnar er í aðalatriðum á tímakaupsgrunni. Eðlilegt er og nauðsynlegt að til fyllingar komi upplýsingar sem unnar eru úr skattaframtölum, þ. e. á árslaunagrunni. Nefndinni er kunnugt um að nýlega hafa opnast nýir möguleikar til úrvinnslu á þessum vettvangi. Kjararannsóknarnefnd hefur hins vegar ekki beinan aðgang að þeim upplýsingum sem hér um ræðir.

Varðandi lýsingu á tölvukerfi nefndarinnar og þeim upplýsingum, sem þar eru dregnar saman, leyfir nefndin sér að vísa til grg. þar að lútandi úr 48. bréfi, Fréttabréfi Kjararannsóknarnefndar."

Annar þátturinn í þál. var á þessa leið: „Að framkvæma tölfræðilegan samanburð á hvers konar kjaraatriðum — í hvaða formi sem þau eru látin í té — innan og milli starfsgreina, fyrirtækja, stofnana, verkalýðsfélaga, atvinnuvega eða byggðarlaga."

Um þetta segir Kjararannsóknarnefnd:

„Samanburður af því tagi, sem hér um ræðir í 2. tölul. ályktunarinnar, er mögulegur á grundvelli úrvinnslu Kjararannsóknarnefndar að því er beinar launagreiðslur varðar. Slíkur samanburður takmarkast að sjálfsögðu af þeim upplýsingum sem unnið er úr. Samanburður á ýmsum karaatriðum hefur einnig verið gerður af samningsaðilum í tengslum við samningaviðræður og Kjararannsóknarnefnd gæti, ef fjármagn fengist, unnið umfangsmikið starf á þessu sviði."

Þriðji þáttur ályktunarinnar er á þessa leið: „Að rannsaka forsendur flokkaskipunar og annarra kjaraatriða hinna margvíslegu kjarasamninga, þ. e. meta vægi hinna ýmsu eðlisþátta vinnunnar eða annarra áhrifaþátta með vinnurannsóknum, t. d. a) ábyrgðar, b) áhættu, c) hæfni, d) lífaldurs, e) prófa, f) starfsaldurs, g) starfsreynslu, h) streitu, i) óþrifnaðar, j) viðhorfa, k) þekkingar, l) erfiðis, og fleiri þátta sem að gagni mættu koma."

Hér er sem sagt víða komið við, og um þetta segir Kjararannsóknarnefnd:

„Kjararannsóknarnefnd vill minna á að á árinu 1978 gerðu ASÍ, VSÍ og VMS, þ. e. Vinnumálasamband samvinnufélaganna, með sér rammasamkomulag um undirbúning og framkvæmd kerfisbundins starfsmats. Samkomulag þetta gerir m. a. ráð fyrir því, að félagasamtök aðila geti aðstoðað við starfsmat þegar þess er óskað. Meginstefna þessa samkomulags felur í sér að vinnustaðirnir eigi frumkvæðið að starfsmati, en því sé ekki miðstýrt ofan frá með þeim hætt sem hér sýnist lagt til. Rétt er að ítreka að vægi hinna ýmsu þátta starfsmats verður seint endanlega metið. Matið á því, hvaða þættir skuli metnir, hvernig þeir skuli vegnir saman og hvernig stigagjöf þeirra hvers um sig skuli hagað, er líklega breytilegt frá einum tíma til annars."

Fjórði þátturinn í ályktun hv. Alþingis frá 28. apríl s. l. var á þessa leið: „Að upplýsa hlutfall hinna ýmsu launakerfa í launakjörum almennt, þannig að hægt sé að

sjá hvaða þáttur launakjara sé mest ákvarðandi um launakjör hverrar starfsstéttar, svo sem dagvinnutaxtar, yfirvinnutaxtar, afkastahvetjandi launataxtar, yfirborganir og aðrar duldar greiðslur eða kjaraþættir."

Um þetta segir nefndin:

„Í úrvinnslu launaupplýsinga leitast Kjararannsóknarnefnd við að greina uppruna launa, þ. e. hvort til þeirra sé unnið í dag-, eftir- eða næturvinnu, vaktavinnu eða bónusvinnu. Kjararannsóknarnefnd safnar upplýsingum um raunverulegar greiðslur í þessu samhengi, sem hægt er síðan að bera saman við kauptaxta, og sérstakar kannanir hafa verið gerðar á yfirborgunum einstakra hópa. Upplýsingar um afkastahvetjandi launakjör iðnaðarmanna eru enn sem komið litlar sem engar, og er þar við mjög ramman reip að draga þar sem tímaskráningar eru í sumu tilvikum alls ekki fyrir hendi og misjafn vilji til að taka þær upp þar sem þær skortir. En Kjararannsóknarnefnd hefur haft úrbætur í þessu efni á sinni verkefnaskrá undanfarin ár."

Fimmti þáttur þál. var á þessa leið: „Að upplýsa hvernig aldurs- og kynskipting sé eftir launatöxtum, yfirborgunum og starfsgreinum."

Svar nefndarinnar er á þessa leið um þennan þátt:

„Í tölvukerfi nefndarinnar er gert ráð fyrir nokkurri greiningu úrtaksupplýsinga eftir kyni og aldri launþega, og eru hinar almennu upplýsingar, sem nefndin birtir, að verulegu leyti greindar eftir kyni. Hins vegar hefur enn ekki verið unnið úr gögnum um aldursskiptingu nema að litlu leyti."

Sjötti þáttur þál. var á þessa leið: „Að rannsaka hvort og hvers vegna sumir hópar eru verr í stakk búnir til að ná fram bættum lífskjörum í gegnum almenna kjarasamninga, og á sama hátt að rannsaka hvers vegna öðrum hópum hefur tekist að ná mun betri kjörum en almennt þekkist í landinu."

Um þetta segir nefndin: „Hér er fjallað um upplýsingar sem ekki eru með ótvíræðum hætti staðreynanlegar og háðar eru pólitísku mati. Kannanir á kjörum einstakra hópa ættu hins vegar að geta orðið gagnleg forsenda umræðna um þessi efni."

Sjöundi þátturinn í ályktun Alþingis frá 18. apríl var á þessa leið: „Að meta heilsufræðileg, félagsleg og hagfræðileg áhrif hinna mismunandi launakerfa og vinnuaðstæðna."

Nefndin segir um þennan þátt:

„Mat á heilsufræðilegum, félagslegum og hagfræðilegum áhrifum vinnuaðstæðna og launakerfa hefur ekki verið á verkefnaskrá Kjararannsóknarnefndar."

Ég vil í sambandi við þennan lið taka það fram, að á fjárlögum ársins 1981 er fjárframlag, að mig minnir upp á 7 millj. gkr., í því skyni að kanna heilsufarsleg áhrif afkastahvetjandi launakerfa. Sú könnun hefur verið sett af stað, að henni er unnið á vegum heilbrmrn., félmrn. og Vinnueftirlits ríkisins. Einnig vil ég geta þess í þessu sambandi, að á vettvangi Norðurlandaráðs er í undirbúningi sérstök könnun á áhrifum afkastahvetjandi launakerfa, þ. e. bónusvinnu, sérstaklega á heilsufar kvenna. Sú rannsókn verður framkvæmd hér á árinu 1982 með stuðningi Norðurlandaráðs.

Áttundi þáttur þál. er um „að athuga hvort víðar sé hægt að koma við skaðlausu afkastahvetjandi launakerfum, t. d. hjá hinu opinbera."

Kjararannsóknarnefnd tekur að sjálfsögðu enga afstöðu til þessa þáttar, enda yrði hér að vera — eins og víðar í sambandi við þessa ályktun — um að ræða mál sem samið yrði um á milli BSRB og BHM annars vegar og hins vegar ríkisins.

Níundi þátturinn í ályktun Alþingis var á þessa leið: „Að leita skýringa ef um marktækan mismun er að ræða milli launakjara einstakra byggðarlaga, atvinnuvega, verkalýðsfélaga, starfsgreina eða ólíkra rekstrarforma í atvinnurekstri."

Kjararannsóknarnefnd segir um þetta atriði:

„Um þessi atriði má draga ýmsar ályktanir af gögnum eins og þeim sem Kjararannsóknarnefnd vinnur. Mat á ástæðum mismunandi launakjara er ekki á verkefnaskrá nefndarinnar."

Tíundi þátturinn var á þessa leið: „Að kanna hvort brögð séu að því, að launamisrétti sé falið í stöðuheitum." Þetta verkefni er að sjálfsögðu ekki hjá Kjararannsóknarnefnd, heldur hjá Jafnréttisráði.

Ellefta: „Að athuga hvort uppbygging launataxta og annarra launakjara kalli fram mismun í kjörum karla og kvenna, t. d. vegna aðildar að mismunandi verkalýðsfélögum."

Um þetta segir Kjararannsóknarnefnd:

„Mat af þessu tagi sýnist falla með beinum hætti undir Jafnréttisráð sem væntanlega gæti m. a. byggt það á gögnum Kjararannsóknarnefndar."

Tólfta: „Að kanna hvaða áhrif skert starfsgeta eða starfsþrek hefur í reynd á eðlilega tekjuskiptingu í þjóðfélaginu — og í hve ríkum mæli hún er ákvarðandi um lífskjör — þegar önnur atriði eru sambærileg."

Nefndin svarar þessu á þessa leið:

„Til greina kemur að kanna sérstaklega kjör þeirra sem búa við skerta starfsgetu."

Ég vil í þessu sambandi láta það koma fram, að á vegum heilbr.- og trmrn. og Tryggingastofnunar ríkisins hefur verið í gangi um nokkurra mánaða skeið sérstök könnun á högum aldraðra og öryrkja. Að því er varðar öryrkja er þeirri könnun lokið. Að því er varðar aldraða stendur sú könnun yfir.

Þrettándi þáttur: „Að rannsaka og upplýsa með hvaða hætti atvinnureksturinn í landinu notar hina ýmsu launaliði til að réttlæta verðhækkunarbeiðnir sínar fyrir verðlagsnefnd."

Þetta er mál sem Verðlagsráð fjallar um.

Fjórtándi þáttur: „Að kanna hvaða möguleikar felast í tekjutilfærslukerfum ríkisins, t. d. skatta- og almannatryggingakerfinu, til að jafna tekjuskiptingu og stuðla að aukinni hlutdeild láglaunafólks, lífeyrisþega og annarra minnihlutahópa í vaxandi þjóðartekjum."

Kjararannsóknarnefnd segir um þetta atriði:

„Möguleikarnir í þessu efni fara eftir pólitískum aðstæðum og vilja Alþingis á hverjum tíma. Lýsingu á áhrifum einstakra aðgerða má hins vegar gefa og hefur Þjóðhagsstofnun verið Alþingi og ríkisstj. ráðgefandi í þessu efni, einnig við minnkandi þjóðartekjur, en í samþykkt Alþingis var eingöngu gert ráð fyrir vaxandi þjóðartekjum, sem er því miður ekki uppi á teningnum nú."

Í fimmtánda lagi var í þál. gert ráð fyrir þessu: „Að athuga á grundvelli þessara upplýsinga", — sem þá voru væntanlega á undan komnar, — „hvort ekki sé hægt í samráði við aðila vinnumarkaðarins að samræma og einfalda hinn mikla frumskóg kjaraákvæða og launataxta er nú gilda í landinu. Niðurstöður ofangreindra kannana skal jafnan leggja fyrir Alþingi þegar þær liggja fyrir."

Um þetta segir nefndin:

„Í kjarasamningum í júní 1977 gáfu samningsaðilar út yfirlýsingu sem að þessu lýtur og fól í sér að aðilar vinnumarkaðarins tækju þessi mál til sérstakrar skoðunar.“ (Forseti hringir.) Hæstv. forseti. Ég verð senn búinn með mál mitt, ég á eftir eins og eina og hálfa mínútu eða svo. En þetta er viðamikið mál sem við erum hér með á dagskrá, þannig að ég vona að mér fyrirgefist þó að ég fari aðeins fram yfir fastan tíma.

Varðandi þetta atriði, sem síðast var nefnt, vil ég endurtaka það sem segir í bréfi Kjararannsóknarnefndar, að „í kjarasamningum í júní 1977 gáfu samningsaðilar út yfirlýsingu sem að þessu lýtur og fól í sér að aðilar vinnumarkaðarins tækju þessi mál til sérstakrar skoðunar.

Undirnefnd fastanefndar ASÍ, VSÍ og VMS og starfslið Kjararannsóknarnefndar vann á árunum 1977—1978 að gerð taxtayfirlits og yfirlits um mismunandi kjaraatriði. Í nýgerðum kjarasamningum voru stigin skref til samræmingar launastiga. Telja verður að samningsaðilum sé sæmilega ljóst hvaða kostir og hvaða erfiðleikar fylgja því, að áfram verði haldið á sömu braut. Kjararannsóknarnefnd vill sérstaklega taka fram að hún telur að þessi atriði hljóti að ráðast við samningaborðið.

Kjararannsóknarnefnd hefur á undanförnum árum unnið markvisst að því að efla tiltekinn þátt kjararannsókna. Nefndinni er fullljóst að á þessu sviði er víða margt ógert. Þau verkefni, sem tekin eru fyrir, hljóta að ráðast af einhverri forgangsröð sem tekur tillit til þess fjárhags sem starfsemi á þessu sviði er ætlað að búa við. Fyrirheit um það, að ráðist verði í tiltekin verkefni, verða vart gefin nema fyrir liggi hvernig verkefnin verði fjármögnuð.

Nefndin vill undirstrika vilja sinn til frekari viðræðna á mögulegri þátttöku hennar í því starfi sem hér er lagt til að unnið verði. Að öðru leyti og til frekari upplýsinga vill Kjararannsóknarnefnd vísa til álitsgerðar nefndarinnar í bréfi til atvinnumálanefndar Alþingis, dags. 21. mars 1980, sem fjallar um umrædda ályktun á tillögustigi, og bréfs ASÍ, VSÍ og VMS til sama aðila, dags. sama dag.

Virðingarfyllst,
f. h. Kjararannsóknarnefndar,
Ásmundur Stefánsson, Þorsteinn Pálsson,
Júlíus Kr. Valdimarsson“.

Hér er sem sagt um að ræða allviðamikið svar við viðamikilli fsp. Um þetta mætti fjalla miklu nánar hér, en til þess hef ég engan tíma og verð að láta máli mínu lokið að sinni.

Í framhaldi af þessu svari Kjararannsóknarnefndar mun ég nú fara fram á það við hana, að hún útfæri svör sín í einstökum atriðum betur en þarna er gert. Jafnframt mun ég fara fram á það við Jafnréttisráð og Þjóðhagsstofnun, að þessir aðilar taki ýmsa þætti þessarar þál. til athugunar. Einnig vil ég benda hv. alþm. á það, að um þau atriði, sem þeir eru að spyrja um og biðja um í þessari þál. og þeirri fsp. sem henni fylgir, geta alþm. fengið upplýsingar með því að hafa samband við Þjóðhagsstofnun sem lögum samkv. er ráðgjafi Alþingis í þessum efnum.

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Varðandi síðustu orð hæstv. ráðh., að ég hefði getað fengið upplýsingar um þetta hjá Kjararannsóknarnefnd, þá tel ég varla að Kjararannsóknarnefnd hefði getað upplýst mig um það, á hvern veg hæstv. ríkisstj. hyggst haga framkvæmd þeirrar þál. sem samþykkt var á Alþingi í apríl 1980. En ég vil segja það, að svör hæstv. ráðh. valda mér nokkrum vonbrigðum. Þau voru meira lýsing á því, hvaða upplýsingar lægju fyrir um einstaka liði hjá Kjararannsóknarnefnd og hvað sé raunar á færi Kjararannsóknarnefndar í þessu máli að framkvæma, heldur en hvernig ríkisstj. hefur hagað framkvæmd þál. og hvort ekki liggi fyrir að þegar hafi verið hafist handa um framkvæmd hennar.

Þær upplýsingar, sem fram koma hjá ráðh., sýna raunar að ekki hefur verið hafist handa um framkvæmd þessarar þál. Það lá alveg ljóst fyrir þegar þessi till. var samþ., að fleiri aðilar en Kjararannsóknarnefnd kæmu inn í þetta dæmi. Vil ég benda á að t. d. um fyrsta liðinn segir í grg.:

„Hinar margvíslegu upplýsingar, sem hér kynnu að koma að notum, eru fyrir hendi á víð og dreif um þjóðfélagið, t. d. hjá Þjóðhagsstofnun, Kjararannsóknarnefnd, verkalýðsfélögum, Hagstofu, verðlagsstjóra, skattstofum og fleiri aðilum.

Eðlilegt má telja að slíkar upplýsingar séu varðveittar á einum stað, þar sem hægt sé að endurbæta þær eins og tilefni gefast til og vinna úr þeim.

Ekki er óeðlilegt að álíta Kjararannsóknarnefnd í tengslum við Þjóðhagsstofnun, rétta aðila til að sinna slíku verkefni, þó að einstaka verkefni mætti fela öðrum aðilum. T. d. mætti e. t. v. fela Háskóla Íslands sum rannsóknar- og könnunarverkefnin.“

Vitanlega geri ég mér það ljóst, að hér er um yfirgripsmikla og viðamikla könnun að ræða. Engu að síður taldi ég að fleiri aðilar kæmu inní málið en Kjararannsóknarnefnd, en eins og fram kemur hjá ráðh. hefur einungis verið leitað álits Kjararannsóknarnefndar í málinu og raunar ekki verið unnið úr svari Kjararannsóknarnefndar. Ég vil þó fagna því, að fram kemur hjá ráðh. að hann hyggst nú á næstunni athuga í samráði við Kjararannsóknarnefnd, Jafnréttisráð og fleiri aðila hvernig þessum málum verði best fyrir komið.

Og ég vil vekja athygli á því, að Alþingi hefur gert sér það ljóst, að þetta verkefni væri kostnaðarsamt, vegna þess að um 15. lið till. segir í grg.: „Vissulega er hér um ærið yfirgripsmikið og jafnvel kostnaðarsamt verkefni að ræða.“ Alþingi hefur því gert sér grein fyrir því, að auðvitað kostar talsvert að framkvæma slíka könnun. En ég vil samt leggja áherslu á það, að ríkisstj. fari að vilja Alþingis í þessu máli og að þessar kannanir verði framkvæmdar. Auðvitað taka sum verkefni þarna nokkurn tíma, ég geri mér það alveg ljóst. En ég tel nauðsynlegt að framkvæmd þessarar þál. verði hraðað eins og kostur er, því að ég tel að án slíkrar þekkingar, sem fengist gæti við framkvæmd þál., verði allar ákvarðanir í kjaramálum og tekjuskiptingu í þjóðfélaginu handahófskenndar og kannske ekki síður óréttlátar, þar sem raunsætt mat og yfirsýn yfir alla kjaraþætti liggur oft ekki til grundvallar ákvarðanatöku í þeim málum. Og fyrr en við höfum heildarsýn yfir raunveruleg launakjör í landinu er þess vart að vænta, að við búum við sanngjarna og réttláta tekjuskiptingu.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég vil í fyrsta lagi mótmæla því, að ekkert hafi verið aðhafst varðandi þá þál. sem hér er um að ræða. Það er auðvitað endileysa. Ég greindi frá því áðan, hvað hefur verið

aðhafst í þessum efnum. Það er Kjararannsóknarnefnd, sem fyrst og fremst hefur með þau mál að gera sem nefnd eru í þessari þál., og auðvitað var eðlilegt að ríkisstj. sneri sér fyrst til hennar til þess að afla upplýsinga um það, hvaða þættir það eru í þessari þál. sem Kjararannsóknarnefnd treystir sér til að framkvæma. Það er því endileysa, það er röfl, að ríkisstj. hafi ekkert aðhafst í þessu efni.

Í annan stað vil ég segja það varðandi ummæli hv. þm. um að Alþingi hafi gert sér grein fyrir þeim kostnaði sem af þessum rannsóknum leiddi, að það er misskilningur. Hvorki hv. Alþingi né heldur hv. þm. lögðu fram neinar till. við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1981 í sambandi við rannsóknir samkv. þessari þál. (Grípið fram í.) Alþingi gerði engar till., það komu engar till. fram frá hv. þm. um það, hvernig ætti að kosta þetta verkefni, og það er meginkjarni málsins. Áhuginn virtist ekki vera meiri á þessu þá, þó hann virðist vera það núna skyndilega.

Varðandi þessa till. að öðru leyti vil ég segja það, að ég tel að hún sé í raun og veru til marks um það að auðvitað er alveg nauðsynlegt, þegar menn eru að taka ákvarðanir um till. af þessu tagi, að menn rannsaki vandlega hvaða þættir það eru sem þeir í raun og veru vilja fá upplýsingar um. Hv. þm. hefur gert nokkra grein fyrir því hér. Hins vegar er það mjög almennt og óljóst, hvaða „konkret" atriði það eru sem hér er óskað upplýsinga um. Er verið að biðja um það, að allar þessar upplýsingar verði afgreiddar og settar í bók í eitt skipti fyrir öll? Eða hvað? Það er ekki hægt, vegna þess að hér er um að ræða hluti sem breytast í þjóðfélaginu frá degi til dags, þannig að hér verður auðvitað að vera um sífellda vinnu að ræða. Hér verður ekki um það að ræða, að þessu verði lokið fljótt, „á næstunni", eins og hv. þm. orðaði það áðan.

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Hæstv. ráðh. hefur ekki tekið eftir því sem ég sagði, vegna þess að ég taldi að hér væri um yfirgripsmikið verkefni að ræða. Sum af þessum verkefnum er hægt að afgreiða á tiltölulega skömmum tíma, sum taka langan tíma. Það hefur komið fram í mínu máli. Og ég vil segja það um þá spurningu hæstv. ráðh. hvort ég ætlist til að í eitt skipti fyrir öll verði þessum upplýsingum safnað saman í bók, að auðvitað geri ég ekki ráð fyrir því. Ég vil benda á það sem stendur í grg. till. um fyrsta liðinn sem ráðh. hefur greinilega ekki lesið. Þar stendur:

„Eðlilegt má telja að slíkar upplýsingar séu varðveittar á einum stað, þar sem hægt sé að endurbæta þær eins og tilefni gefast til og vinna úr þeim."

Auðvitað þarf að endurbæta svona verkefni og vinna þau alltaf upp miðað við aðstæður hverju sinni.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það væri fróðlegt að fá um það leiðbeiningar frá hv. þm., hvaða þættir það eru í þál. þessari sem taka einn mánuð, hverjir tvo mánuði, hverjir þrjá o. s. frv., til glöggvunar á því, hvað þm. í raun og veru er að fara fram á.

Vaxtabreytingar, fsp. (þskj. 413). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 413 að leggja fyrir hæstv. viðskrh. þrjár spurningar um vaxtabreytingar, en umræður um vexti, ávöxtunarkjör inn- og útlána hafa að vonum verið miklar að undanförnu. Fsp. eru svohljóðandi:

1. Hvernig hafa raunvextir í bönkum breyst á innlánahlið og útlánahlið frá áramótum?

2. Eru ráðgerðar hækkanir á þjónustugjöldum banka? Hve miklar?

3. Með hvaða hætti ætlar ríkisstj. að lækka vexti 1. mars?

Varðandi fyrstu spurninguna skal það tekið fram, að með því að segja „raunvextir" er átt við vaxtastig miðað við verðbólgu, þannig að raunvextir yrðu núll ef um hreina verðtryggingu er að ræða, án svokallaðra nafnvaxta.

Í annarri spurningunni er spurt um tekjur bankanna vegna þjónustugjalda, en um það hefur verið rætt, að þessar tekjur skuli hækkaðar. Bæði kemur það fram í efnahagsáætlun ríkisstj. og enn fremur í viðtali dagblaðsins Tímans við formann bankaráðs Seðlabankans, sem er hv. þm. Halldór Ásgrímsson, að stefnt er að hækkun þjónustugjalda. Fyrirspurnin fjallar um það, hvort sú hækkun eigi að eiga sér stað nú á verðstöðvunartímabilinu. Þetta er að vísu eðlileg ráðstöfun þegar tekið er tillit til þess, að bankakerfið í dag nærist fyrst og fremst á vaxtamun.

Í þriðja lagi er spurt um lækkun vaxta 1. mars sem ríkisstj. stefnir að samkvæmt efnahagsáætluninni.

Í svokölluðum stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens, sem lítið hefur verið rætt um að undanförnu og fáir vilja vitna til eða kannast við, segir undir liðnum peningamál í 3. tölulið:

„Opnaðir verði í bönkum og sparisjóðum sparireikningar, þar sem sparifé njóti fullrar verðtryggingar, samkvæmt nánari reglum og í samræmi við möguleika til útlána." Ég leyfi mér að endurtaka það síðasta: „og í samræmi við möguleika til útlána."

Þegar þessi samningur er lesinn til hliðar við frægustu lög sem hér hafa verið sett um efnahagsmál, svokölluð Ólafslög, nr. 13 frá 10. apríl 1979, 29. gr.) sem ég tel ástæðu til að lesa, með leyfi forseta, þá fær maður nokkra mynd af því, hvernig ríkisstj. ætlar að standa að kynningu og framkvæmd þessara mála.

Í 29. gr. segir: „Samin skal í tengslum við gerð fjárfestingar- og lánsfjáráætlana, sbr. 14. gr., áætlun til tveggja ára í senn um útlán bankakerfisins og um þróun lánamarkaðarins í heild, þar með taldar erlendar lántökur."

Þetta kýs ég að lesa hér með tilliti til þess, að nú í dag var verið að dreifa ákveðnum hluta lánsfjáráætlunar, og það er eðlilegt að hæstv. ráðh. segi þingheimi frá því í svari sínu, hvort áætlun um útlán bankakerfisins verði lögð fram næstu daga.

Í 33. gr. þessara laga eru ákvæði til bráðabirgða, en það eru einmitt þau ákvæði sem voru nánast afnumin með brbl. um síðustu áramót. Þá kom fram sú yfirlýsing frá hæstv. ríkisstj., að þessi brbl. hefðu verið sett til þess að lækka vaxtastigið um u. þ. b. 10%. Nú gerist það hins vegar, að í sömu lögum er ákvörðun um opnun sex mánaða reikninga sem koma í staðinn fyrir þriggja mánaða reikningana sem getið er um í svokölluðum Ólafslögum. Þessi ákvörðun hefur að sjálfsögðu gjörbreytt öllum útlánum bankanna og þar með aðstöðu þeirra, sem þurfa að leita á náðir bankakerfisins um þessar mundir og taka lán, t. d. húsbyggjenda og húskaupenda. Margt af unga fólkinu í landinu rekur sig á

það, að þar fást engin lán til lengri tíma en sex mánaða, hvað þá eins árs, nema á lánskjaravísitölugrundvelli. En lánskjaravísitalan er reiknuð mánaðarlega á grundvelli verðbólgustigs, nákvæmlega á þeim tíma þar sem tekið er tillit til verðbólgu síðustu þriggja mánaða og verðbólguvæntingar á næstu þremur mánuðum. Þessi vísitala er nú í 215 stigum miðað við 1. júní 1979. Þegar um er að ræða slík lán og vexti upp á 2.5%, þá þýðir þetta í raun ekkert annað en það í 50% verðbólgu, að vextir af lánskjaravísitölulánum eru 53.75%. Ég endurtek: 53.75% vextir á ári í verðbólgu sem hæstv. ríkisstj. hyggst láta vera hér á landi í ár, ef reikna má með því, að Þjóðhagsstofnun hafi rétt fyrir sér þegar hún hafði endurskoðað áætlanir sínar vegna efnahagsaðgerða ríkisstj. um s. l. áramót.

Í efnahagsáætlun ríkisstj. segir síðan að stefnt skuli að lækkun vaxta 1. mars, og þess vegna er þriðja spurningin sett á blað. Nú eru eftir 10 dagar af febrúarmánuði, og það er nýbúið að hækka vexti verulega. Því er spurt hvernig eigi að lækka þá aftur fyrir lok þessa mánaðar. Mér skilst að nefnd sé að störfum um þetta atriði. Ég vil að hæstv. viðskrh. skýri það fyrir þingheimi og þjóðinni, hvernig á þessu stendur. Fólkið í landinu er orðið æríð ráðvillt. Um áramót var sagt að það ætti að lækka vexti, þeir eru hækkaðir í raun í febrúar, og nú segir hæstv. ríkisstj. að það eigi að lækka þá aftur í mars. Hvers má vænta, hverja er verið að blekkja — eða eru til einföld og skýr svör við þessum spurningum?

Að allra síðustu, herra forseti, vil ég benda á til frekari skýringar, að vaxtaaukalánin, algengasta lánaformið hingað til, eru lán með 45% útlánsvöxtum miðað við þau 53.75 sem ég minntist á áðan í sambandi við lánskjaravísitölu.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Hv. 10. þm. Reykv. hefur lagt fram fsp. í þremur liðum á þskj. 413.

Í fyrsta lagi: „Hvernig hafa raunvextir í bönkum breyst á innlánahlið og útlánahlið frá áramótum?"

Ég hef óskað eftir því við Seðlabankann, að hann svaraði þessari spurningu. Hann er sú stofnun, sem fjallar um vaxtamál, og eðlilegast að leita til hennar með spurningar sem eru öðrum þræði nokkuð tæknilegar. Í svari hagfræðideildar Seðlabankans segir svo:

„Við þessari spurningu er ekki unnt að gefa neitt einhlítt svar, þar sem verðbólgan kemur mjög rykkjótt fram í einstökum mælingum, sem yfirleitt eru ekki gerðar nema á þriggja mánaða fresti. Þannig varð hækkun vísitölu framfærslukostnaðar yfir þrjá mánuði til 1. febrúar 14.3%, en hækkunin í janúar varð hins vegar aðeins 1.62%. Til þess að ráða fram úr þessum vanda hefur Seðlabankinn þróað aðferð til þess að meta þá verðbólgu, sem til grundvallar liggur hverju sinni, með því að meta verðbólgu síðasta ársfjórðungs og horfur hins næsta að jöfnu, en ársfjórðungana á undan og eftir það að hálfu við þá. Slíkt mat er þó tæpast gerlegt um hvern mánuð fyrir sig og liggur þannig ekki fyrir um tímann frá áramótum sérstaklega. Til þess að gera nokkra úrlausn má miða við verðbólgustigið í nóvember s. l., endurskoðað samkvæmt nýjustu heimildum, og verðbólgustigið svo sem það er metið nú í febrúar með hliðsjón af verðlagsspá Þjóðhagsstofnunar, hvort tveggja metið með fyrrgreindri aðferð. Verðbólgustigið í nóvember er þannig 57.6%, en í febrúar 55%, ef það er reiknað með þeirri aðferð sem ég gerði grein fyrir.

Vextir hafa almennt ekki breyst á þessu tímabili og reynsla ekki komin á sex mánaða sparifjárreikninga. Á þessum grundvelli má gefa eftirfarandi yfirlit með einstökum dæmum og meðalvöxtum á hvora hliðina sem er, innlána- eða útlánahlið.

Ef fyrst er litið á almenn spariinnlán, þá eru nafnvextir á þeim 35%. Ef verðbólga væri 57.6%, þá væru vextir neikvæðir um 14.3%, þá væru raunvextir − 14.3%. Ef verðbólga væri hins vegar 55% væru þeir neikvæðir um 12.9%. Af þriggja mánaða vaxtaaukareikningum eru nafnvextir 40.5%. Ef verðbólgustigið væri 57.6% væru þeir neikvæðir um 10.9%, en ef það væri hins vegar 55% væru þeir neikvæðir um 9.4%. Af 12 mánaða vaxtaaukareikningum eru nafnvextir 46%. Raunvextir miðað við 57.6% verðbólgu væru þá −7.4% og −5.8% miðað við 55% verðbólgu. Ef metnir eru meðalvextir þessara innlána, þá eru nafnvextir að meðaltali 34.1% og raunvextir miðað við 55 — 57.6% verðbólgu neikvæðir um 13.5 — 14.9%.

Ef litið er á útlánahliðina og fyrst nefnd endurseld afurðalán í krónum, þá eru ársvextir 32.3%. Raunvextir miðað við 57.6% verðbólgu eru −16% og miðað við 55% verðbólgu −14.6%. Af víxillánum eru ársvextir 42.7% og miðað við þessi fyrrgreindu verðbólgumörk væru þeir neikvæðir um 8 — 9.5%. Af vaxtaaukalánum, þegar um tvo gjalddaga er að ræða, eru ársvextir 50.1%. Raunvextir miðað við þessi fyrrgreindu verðbólgustig væru þá −3.2 — 4.8%. Af vísitölutryggðum lánum eru nafnvextir 58.9 — 61.5%. Miðað við þessi fyrrgreindu mörk væru raunvextir jákvæðir um 2.5%.

Meðalvextir af þeim dæmum, sem hér hafa verið tekin, eru þeir, að ársvextir eru 46.4 — 46.6% og raunvextirnir neikvæðir um 5.6 — 7% miðað við þessi fyrrgreindu verðbólgumörk.

Þess skal getið til skýringar, að nafnvextir — eða ársávöxtun vísitölubundinna inn- og útlána — koma út með mismunandi niðurstöður eftir verðbólgustigi, og hið sama gildir í minna mæli um meðalvextina. Enn fremur að vaxtaaukainnlán geta hlotið nokkru hærri ávöxtun falli stofnun eða slit þeirra reikninga til innan ársins."

Svarið við þessari spurningu, eins og kemur fram í þessum svörum Seðlabankans, er auðvitað alls ekki ljóst, vegna þess að það liggja ekki fyrir útreikningar á verðbólgustiginu yfir einn og hálfan mánuð, heldur er það gert með þeim hætti af hálfu Seðlabankans, sem ég greindi frá hér áður úr svari bankans.

Annar liður fsp. er svohljóðandi: „Eru ráðgerðar hækkanir á þjónustugjöldum banka? Hve miklar?"

Í efnahagsáætlun ríkisstj. frá því um áramótin er gert ráð fyrir að vaxtakerfið verði endurskoðað í heild með einföldun fyrir augum og dregið verði úr þörf fyrir vaxtamismun með hækkun á þjónustugjöldum banka og sparisjóða. Það er þess vegna gert ráð fyrir því, að á næstu vikum og mánuðum verði unnið að því að hækka þessi þjónustugjöld til þess að draga úr vaxtamun bankanna. Sérstakur starfshópur á vegum bankanna vinnur nú að athugun á möguleikum þessa efnis, en ekki er enn tímabært að greina frá niðurstöðum þeirrar athugunar.

Þriðji liður fsp. er svohljóðandi: „Með hvaða hætti ætlar ríkisstj. að lækka vexti 1. mars?"

Í efnahagsáætlun ríkisstj. frá 31. des. er kveðið svo á, að stefnt skuli að almennri lækkun vaxta 1. mars. Afkoma bankanna var sæmilega góð á seinasta ári. Þó liggja ekki ennþá fyrir endanlegir ársreikningar í banka-

kerfinu í heild, þannig að ekki er hægt að segja til um hversu góð hún er. En það liggja fyrir svo miklar upplýsingar, að ljóst er að hún er nokkuð hagstæð. Sama er að segja um stöðu bankakerfisins gagnvart Seðlabankanum, hún batnaði talsvert verulega á síðasta ári. En það er sama að segja um það eins og hreina afkomu, að það liggja ekki enn þá fyrir endanlegir reikningar bankanna, þannig að það er ekki hægt að segja til um hversu góð eða hvernig þessi staða nákvæmlega er.

En það er alveg ljóst af þessu, að það er nokkurt svigrúm í bankakerfinu til þess að taka á sig aukið útstreymi. Hversu mikið það svigrúm er liggur ekki alveg fyrir enn þá, en verður væntanlega algerlega og endanlega ljóst mjög bráðlega. Ríkisstj. vinnur nú að þessu máli í samráði við Seðlabankann, og vona ég að innan tíðar liggi málið svo skýrt fyrir að unnt verði að taka um það ákvarðanir. Á þessu stigi málsins get ég ekki svarað því, með hvaða hætti ríkisstj. ætlar að lækka vexti 1. mars, en ég get tekið undir það, og hef raunar sagt það áður hér á hv. Alþingi, að að sjálfsögðu verður að vinna þannig að þessum málum eins og ég hef stundum orðað það, að bankakerfið beri sig eða að innstreymi og útstreymi bankakerfisins sé í takt. Öðruvísi er ekki hægt að vinna að þessum málum að mínu mati, því að ef það verður gert þá leiðir það beinlínis til vandræða, þannig að bankakerfið getur ekki risið undir þeim skyldum sem á það eru lagðar. Það er því ekki ágreiningsefni — alls ekki. En með hverjum hætti unnið verður að þessu og hvaða ákvarðanir verða teknar fyrir 1. mars, því get ég ekki svarað vegna þess að málin hafa ekki verið unnin það rækilega og liggja ekki svo skýrt fyrir enn þá að menn séu í stakk búnir til þess að taka um það endanlegar ákvarðanir.

Fyrirspyrjandi (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. fyrir tilraun hans til að svara þessum þremur spurningum sem ég hef lagt fyrir hæstv. ráðh. Ég held að það sé óhætt að slá því föstu, þótt um óskýr svör hafi verið að ræða, að í raun hafa vextir eða ávöxtunarkjör hækkað frá áramótum. Það, sem hefur gerst til viðbótar því að verðbólgan hafi þar áhrif, er auðvitað ákvörðun sjálfrar ríkisstj. um breytt innlánsform, sem hefur leitt til þess, að bankakerfið, hinir venjulegu viðskiptabankar, hafa breytt útlánum sínum og fært þau í form svokallaðrar lánskjaravísitölu. Þar sem m. a. er tekið mið í dag af síðustu þremur mánuðum þ. á m. mánuðunum nóvember og desember á s. l. ári, sem voru einhverjir mestu verðbólgumánuðir um margra ára skeið.

Þá er það ljóst, hæstv. ráðh. upplýsir það hér og nú, að þjónustugjöld banka eiga að hækka nú á næstu vikum, á verðstöðvunartímabilinu. Það er athyglisvert að heyra það frá hæstv. ráðh.

Í þriðja lagi segir hæstv. ráðh. að afkoma bankakerfisins sé að hans áliti svo góð að bankakerfið geti tekið á sig lægri — ja, ég leyfi mér að segja: útlánavexti, og þess vegna eigi að vera hægt að stefna að því fyrir 1. mars að lækka vextina. Það eru 10 dagar eftir af þessum mánuði, og það er almennt beðið eftir ákvörðun ríkisstj. í þessum efnum. Og það er afar athyglisvert, að hæstv. ráðh. kemur hér upp og segir að nú sé nokkurt svigrúm hjá bankakerfinu til að auka útstreymið. Ég vænti þess, að forráðamenn bankanna, ríkisbankanna t. d., sem sæti eiga á Alþingi, komi hér í ræðustól og staðfesti þessi orð ráðh.

Þá er það jafnframt ljóst, að samkv. lögum, samkv. 29 gr. svokallaðra Ólafslaga, ber hæstv. ráðh. lagaskylda til þess að leggja fram til tveggja ára í senn áætlun um útlán bankakerfisins. Slík áætlun á að fylgja lánsfjáráætluninni. Lánsfjáráætlun, eða einhverju broti af henni a. m. k., var útbýtt áðan. En þar sem hæstv. ráðh. minntist ekki á þetta einu orði verð ég að álykta sem svo, að hér á borð þm. verði fyrir mánaðarlok lögð svokölluð útlánaáætlun sem hæstv. ráðh. og sessunautur hæstv. ráðh. boðaði í sínum ágætu lögum.

Það liggur jafnframt fyrir, að á gamlársdag voru sett brbl. hér á Íslandi. Ekkert í þessum brbl. var nauðsynlegt að setja í slík lög annað en vaxtaákvörðun ríkisstj. Verðstöðvun var í lögum áður, kaupskerðingin á að taka gildi 1. mars, eftir 10 daga, frestun á framkvæmdum er heimilaður í fjárlögum, og lánsfjáráætlun hefur ekki enn séð dagsins ljós, svo að ekki þarf að fresta framkvæmdum samkvæmt henni. Það eina, sem þurfti að breytast, var ákvörðunin um vextina. Það breyttist þannig, að vextir hafa stórhækkað. Engin breyting hefur á orðið og nú 1. mars á að stefna að vaxtalækkun sem hæstv. ráðh. vill þó ekki nefna öðrum orðum en þeim, að nokkurt svigrúm sé til að auka útstreymið. Það verður beðið í nokkra daga eftir endanlegri ákvörðun ríkisstj. og ég er viss um það, að fjölmargir lántakendur í landinu búast við því, að stefnuyfirlýsingar ríkisstj. í efnahagsáætluninni séu einhvers virði og að orð hæstv. ráðh., sem hann hafði hér við í dag í þessari umr., tákni það að einhver breyting verði á.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil aðeins leyfa mér með nokkrum orðum að draga athygli að ákveðnum staðreyndum sem hljóta að vera umhugsunarefni fyrir hv. þm.

Hæstv. bankamálaráðherra sagði hér orðrétt að rekstrarafkoma bankanna væri góð. Þetta er vitað þótt ekki sé enn þá ljóst hversu góð hún er. Þá vil ég segja: Er það ekki umhugsunarefni fyrir okkur hér, að afkoma peningastofnana er svona góð, en afkoma atvinnuveganna, fyrirtækja og einstaklinga sem skipta við peningastofnanir, bankana, er yfirleitt mjög erfið. Það, sem hæstv. ráðh. var að undirstrika, var að þeir, sem lána peninga, blómstra, en þeir, sem nota þá úti í þjóðfélaginu, eru í erfiðleikum.

Ég hef alltaf litið á peningana sem vinnutæki fólksins í landinu sem þarf að gera bæði aðgengileg og ódýr.

Sameinað þing, 50. fundur.

Þriðjudaginn 17. febr., að loknum 49. fundi.

Þingmannanefnd er vinni að samstarfi Íslendinga, Færeyinga og Grænlendinga, þáltill. (þskj. 394). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Vegáætlun 1981—1984, þáltill. (þskj. 356). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til fjvn. með 34 shlj. atkv.

Réttarstaða fólks í óvígðri sambúð, þáltill. (þskj. 19, n. 406). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Allshn. hefur fjallað um till. til þál. um réttarstöðu fólks í óvígðri sambúð og orðið sammála um að mæla með samþykkt hennar. Þessi till. felur í sér að láta nú þegar fara fram könnun á réttarstöðu fólks í óvígðri sambúð. Í því skyni skipi viðkomandi ráðh. nefnd er geri till. um hvernig réttindum þess verði best fyrir komið, sérstaklega með tilliti til eignarréttar og erfðaréttar. Nefndin skal hraða störfum svo sem kostur er og skila álitsgerð og tillögum áður en næsta reglulegt Alþingi kemur saman.

Allshn. fékk umsagnir sifjalaganefndar, lagadeildar Háskóla Íslands og Lögmannafélags Íslands um málið, og kemur fram hjá þessum aðilum að þeir taka undir efni þáltill. og telja að nauðsynlegt sé að kanna réttarstöðu fólks í óvígðri sambúð með tilliti til þess, hvernig réttindum þess og skyldum verði best fyrir komið. Í umsögn sifjalaganefndar kemur fram, að sifjalaganefnd hefur fjallað um nokkra þætti er tengjast óvígðri sambúð. Má þar nefna barnalögin þar sem tekið er á einum þætti þessa máls, sem varðar forsjá barna fólks sem er í óvígðri sambúð, og rétt barna til þess að umgangast báða foreldra sína.

Einnig hefur sifjalaganefndin tekið þátt í norrænu samstarfi er varðar fjármál hjóna og einnig fjármál sambúðarfólks. Kemur fram í umsögn sifjalaganefndar að það sé tvímælalaust þörf á að hyggja rækilega að lagasetningu um fjármál sambúðarfólks, eins og fram kemur við slit á sambúð. Í bréfi sifjalaganefndar kemur fram að sifjalaganefndin gæti staðið fyrir þeirri könnun, sem þáltill. felur í sér, í samvinnu við háskólastofnun. Er ekki óeðlilegt að ætla að rétt væri að fela þeirri nefnd þetta verkefni, þar sem nefndin hefur augljóslega þekkingu og yfirsýn á nokkrum þeirra þátta er snerta óvígða sambúð.

Allir umsagnaraðilar telja tímabært og nauðsynlegt að fram fari sú könnun sem þáltill. felur í sér. Telur sifjalaganefndin að þessi könnun sé nauðsynleg undirstaða ákvörðunar um hvernig réttindum og skyldum fólks í óvígðri sambúð sé best fyrir komið.

Allshn. Sþ. mælir því með, að till um réttarstöðu fólks í óvígðri sambúð verði samþykkt eins og hún liggur fyrir á þskj. 19. Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Halldór Blöndal og Guðmundur G. Þórarinsson.

ATKVGR.

Till. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 432).

Vararaforka, þáltill. (þskj. 192). — Ein umr.

Flm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Á þskj. 192 hef ég leyft mér ásamt hv. þm. Guðmundi Bjarnasyni og Stefáni Guðmundssyni að flytja till. um vararaforku. Tillögugreinin hljóðar á eftirfarandi hátt:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hlutast til um að gerð verði áætlun um magn og nýtingu vararaforku í landinu í neyðartilvikum vegna orkuskorts."

Eins og till. þessi ber með sér gerir hún ráð fyrir að tekin verði afstaða til þess, hve mikið magn vararaforku skuli vera tiltækt í landinu, fyrst og fremst vegna öryggissjónarmiða en jafnframt að gerð verði áætlun um nýtingu þeirrar orku miðað við hinar ýmsu aðstæður sem ráða þarf fram úr ef í nauðir rekur vegna orkuskorts í einstökum landshlutum eða byggðakjörnum.

Nú vaknar sú spurning e. t. v. í huga sumra, hvort ekki sé gætt fyllsta öryggis með þeim ráðstöfunum sem gerðar hafa verið í orkuöflun og orkudreifingu. Að sjálfsögðu hefur öryggi aukist vegna samtengingar orkuflutningslína, og e. t. v. verður næsta stórvirkjun reist utan eldgosa- og jarðskjálftasvæða. Hvort tveggja eykur að flestra dómi, ef ekki allra, mjög á öryggi. Með tilliti til orkuþarfar nú á tímum og orkuöflunar virðist augljóst að öllu þarf að halda til haga.

Staðsetning meginraforkuvera okkar á helstu jarðskjálfta- og eldgosasvæðum hlýtur að vekja spurningar um hvernig færi ef til meiri háttar náttúruhamfara kæmi, að því er varðar orkumannvirkin sjálf, svo sem gufuvirkjanir, vatnsaflsvirkjanir, flutningslínur og vatnsfarvegi sem og uppistöðulón.

Hvað mundu menn taka til bragðs ef slíkir atburðir knýja dyra um miðjan vetur þegar hart er frost? Ég hygg að flestum yrði svarafátt. Reynslan sýnir jafnframt að raforkuframleiðslan er í hættu stödd þegar saman fer lítil úrkoma og lágt hitastig. Það gildir jafnt um allt land. Meiri háttar bilanir geta jafnframt orðið á flutningslínum vegna jarðskjálfta, veðurhæðar og/eða ísingar. Sú staðreynd, hve þjóðin er algjörlega háð þessum orkugjafa í sínu daglega lífi, hlýtur að kalla á lágmarksöryggi.

Fyrst og fremst þess vegna er sú till. flutt sem ég er hér að gera grein fyrir, svo að hægt verði að svara þótt ekki væri nema hluta þeirra spurninga sem vakna þegar hugað er að ráðstöfunum til þess að afstýra neyðarástand vegna orkuskorts.

Þegar talað er um vararaforku er átt við orku sem hægt er að grípa til í neyðartilvikum. Hér verður alls ekki reynt að meta það, hversu mikil vararaforka þarf að vera fyrir hendi svo að lágmarksöryggis sé gætt, enda gerir sú till., sem hér er rætt um, ráð fyrir slíku mati. Fyrir eru í landinu allnokkra olíurafstöðvar sem ekki eru notaðar lengur eða munu verða aflagðar til daglegrar notkunar. Í fljótu bragði sýnist sjálfsagt að halda þessum stöðvum við, halda þeim í því horfi að þær verði tilbúnar til gangsetningar ef á þarf að halda.

Í því skyni að nýta til hins ýtrasta alla vararaforku, sem fyrir er í landinu, verður að dómi okkar flm. ekki litið fram hjá þeim möguleikum sem felast í nýtingu skipastólsins. Tekið skal fram að raforkuframleiðsla er mjög mismunandi eftir hinum ýmsu skipum og nýrri skipin eru með 380 volta rafkerfi. Heildarraforkuframleiðsla allra togara og vöruflutningaskipa samanlagt í landinu er 60—70 mw. Eitt skip er þó rétt að nefna sérstaklega, rannsóknarskipið Bjarni Sæmundsson, en það mun geta framleitt um 1400 kw.

Mörg áðurnefndra skipa eru með sérstakan landtengibúnað til þess að nýta raforku úr landi. Þessi búnaður, bæði í landi og í skipum, er ekki gerður til þess að flytja nema mjög takmarkað magn orku, mest um 40—50 kw.,

sem er að sjálfsögðu mjög langt undir því sem skipin geta framleitt. Til þess að geta flutt verulegt magn orku verður því að leggja svera strengi frá aðaltöflum skipanna í spenni sem komið er fyrir í landi til þess að geta flutt raforkuna á hærri spennu inn á flutningskerfi til notenda.

Ég vil ekki neita því, að ýmsar aðrar forsendur en tæknilegar geti vegið þungt í þeim aðgerðum sem hér er bent á að því er skipastólinn varðar, svo sem bryggjupláss á hinum einstöku stöðum, miðað við orkuþörf viðkomandi byggðarlags, svo og fjölmörg skipulagsatriði og kostnaður. Við flm. bendum aðeins á skipastólinn í þessu sambandi, e. t. v. fyrst og fremst til þess að vekja umræðu um þessi mál, en eins og ég hef bent á í minni framsögu er þarna um allverulegt magn raforku að ræða sem hugsanlega mætti nýta í hinum einstöku byggðakjörnum.

Ég vil aftur minna á dísilstöðvarnar sem væntanlega verða aflagðar þegar tímar líða og við höfum manndóm í okkur til þess að afla frekari orku úr fallvötnum okkar og standa skynsamlega að þeim framkvæmdum.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að lengja mál mitt frekar. Að mínum dómi skýrir þessi till. sig sjálf að öllu leyti. Hér er um að ræða till. sem gerir ráð fyrir að stjórnvöld leggi niður fyrir sér hversu mikið magn vararaforku skuli vera tiltækt í landinu og með hvaða hætti skuli nýta hana. Okkur flm. þykir sjálfsagt að slík áætlun verði unnin í samráði og samvinnu við Almannavarnir ríkisins, því að augljóslega er hér um almannavarnamál að ræða. Þessi till. gerir fyrst og fremst ráð fyrir því, að sett verði á fót eins konar neyðaráætlun.

Herra forseti. Ég legg til að að loknum hluta umræðunnar verði till. vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Samkeppnisaðstaða Íslendinga, þáltill. (þskj. 120). — Ein umr.

Flm. (Guðmundur Karlsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja svohljóðandi þáltill.:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að gera ítarlega athugum á samkeppnisaðstöðu Íslendinga á hinum ýmsu markaðssvæðum fyrir fisk og aðrar sjávarafurðir og á fyrirkomulagi styrkja og aðstoðar við sjávarútveg helstu samkeppnisþjóða okkar."

Í grg. segir:

„Á síðustu árum hefur útflutningur okkar á sjávarafurðum mætt harðnandi samkeppni á mikilvægustu mörkuðum. Framboð á fiski og öðrum sjávarafurðum hefur vaxið í skjóli aukinnar verndarstefnu flestra þjóða í formi beinna og óbeinna opinberra styrkja við sjávarútveg viðkomandi þjóða. Þessi styrkjastefna öflugra iðnaðarríkja við sjávarútveg, sem er í flestum tilvikum minni háttar atvinnugrein hjá viðkomandi þjóðum, er farin að valda okkur Íslendingum verulegum vandræðum og mun í framtíðinni væntalega valda alvarlegum búsifjum og versnandi lífskjörum, ef ekki verður rétt við brugðist."

Útfærsla flestra fiskveiðiþjóða á fiskveiðilögsögu sinni í 200 sjómílur, miklar og örar tækniframfarir í veiðum og vinnslu og viðbrögð flestra þjóða og þjóðabandalaga við þeirri þróun er mjög farin að segja til sín á fiskmörkuðum okkar í auknu framboði á fiski á lágu verði, svo lágu að tæpast getur talist til heilbrigðra viðskiptahátta, enda önnur sjónarmið sem ráða ferðinni. Í Evrópu mætum við nú harðnandi samkeppni frá Kanada og jafnvel Bandaríkjamönnum á markaði fyrir frystan fisk, síld, saltfisk og ísfisk. Á Bandaríkjamarkaði undirbjóða Kanadamenn okkur í verði og aukin gæði framleiðslu þeirra reynast okkur stöðugt skeinuhættari, auk þess sem við eigum þar í stöðugri og harðri samkeppni við aðrar fiskveiðiþjóðir Evrópu.

Þá megum við ekki gleyma mikilli uppbyggingu sjávarútvegs og fiskiðnaðar í þriðja heiminum, en þaðan berst stöðugt meira af ódýrum og oft mjög góðum fiski inn á vestræna markaði. Þaðan má vafalaust búast við mjög auknu framboði á næstu árum, því að mikil sala á tækni og þekkingu til þriðja heimsins hlýtur að skila sér aftur heim til föðurhúsanna áður en langt líður.

Ef við lítum á þá þróun, sem orðið hefur með keppinautum okkar á síðari árum, blasir heldur óskemmtileg mynd við augum. Í Kanada hefur ríkisstjórn og fylkisstjórnir veitt sjávarútveginum margs konar styrki og fjárhagsaðstoð og hrundið í framkvæmd hvers konar uppbyggingaráætlunum í fiskveiðum og vinnslu. Einkum hefur verið unnið að endurnýjun og hagræðingu á vinnslufyrirtækjum og fiskveiðiflota.

Ríkisstjórn Kanada vaknaði upp við þann vonda draum árið 1975, að í óefni stefndi og að hrun sjávarútvegsins blasti við ef ekki yrði við brugðist. Gerð var áætlun um uppbyggingu fiskstofna, og var fyrsta skrefið útfærsla fiskveiðilögsögunnar í 200 sjómílur. En til að hindra félagslegan, efnahagslegan og menningarlegan glundroða og koma í veg fyrir hrun sjávarútvegsins og upplausn heilla fiskveiðisamfélaga á austurströndinni var gripið til efnahagsaðstoðar og styrkja til að vernda fiskveiðarnar og iðnaðinn þangað til fiskstofnarnir hefðu náð sér á ný og frekari ráðstafanir hefðu verið gerðar til uppbyggingar.

Um 20% af íbúum austurstrandar Kanada eiga allt sitt undir sjávarútvegi, eða rúmlega 250 þús. manns, sem byggja á fiskveiðum, fiskiðnaði og þjónustu við þær atvinnugreinar. Þá byggist lífsafkoma nokkurra Indíánasamfélaga eingöngu á veiðum á vatnafiski. Að því er næst verður komist er veittur 35% styrkur til byggingar, breytinga eða skipta á fiskibátum undir ákveðinni stærð. Þá ábyrgist ríkisstjórnin lán til bygginga, kaupa, umbyggingar og breytinga á fiskibátum og til meiri háttar viðgerða. Séð er um tryggingar fiskibátanna, fiskimönnum tryggt ákveðið lágmarksverð á veiðinni og aðstoð er veitt ef verð á markaði fellur niður fyrir ákveðið lágmarksverð. Fiskimönnum hefur verið greidd ákveðin upphæð í verðlaun fyrir hvert kíló af fyrsta flokks fiski, sem þeir hafa landað, og framleiðendur fengið styrk fyrir hverja framleidda einingu af fiskflökum og blokkum. Styrkur er veittur hverjum þeim sem byrjar veiðar á áður óþekktum eða lítið notuðum fiskimiðum og fyrir nýtingu vannýttra fiskstofna. Nýfundnaland, Nova Scotia, New Brunswick, Prince Edward Island og Quebec hafa hvert með sínum hætti byggt upp eigið styrkja- og lánakerfi sem mig skortir allar upplýsingar um.

Norðmenn hafa styrkt sjávarútveg sinn allt frá lokum seinni heimsstyrjaldarinnar, og verður að líta á þann opinbera stuðning við sjávarútveginn sem óhjákvæmilegan þátt í byggða-, félags- og efnahagsstefnu Norðmanna. Ríkisstjórnin og fiskimannafélagið, Fiskarlaget,

gerðu samkomulag árið 1964 um að semja árlega um styrki og fjárhagsaðstoð við sjávarútveginn og þá til eins árs í senn. En stefnt skyldi að aukinni hagræðingu og hagnaði í fiskveiðum, vinnslu og sölu. Miðað hefur verið við það að tryggja fiskimönnum sambærileg laun við iðnverkamenn í strandhéruðum. Aðstoðin hefur aukist ár frá ári, svo að rekstur fiskveiða og vinnslu yrði tryggður og til að hindra flótta fólks frá Norður- og Vestur-Noregi til annarra héröa og starfa.

Árið 1977 gerði norska stjórnin fyrstu langtímaáætlun sína um stefnu í sjávarútvegsmálum og um þróun veiðiflotans og vinnslunnar. Var þar áformað að minnka nótaveiðiflotann og þann hluta togararflotans, sem veiddi til mjölvinnslu, og minnka frystitogaraflotann, endurhæfa og endurnýja línu- og netaveiðiflotann og fækka síldveiðiskipum. Þá skyldi stefnt að stærri skipum. Til byggingar fiskiskipa fást 60% af fjárfestingunni lánuð til 15 ára með 7.5% vöxtum á fyrsta veðrétti. Á öðrum veðrétti fæst viðbótarlán allt upp í 90% af fjárfestingu og afborgunarlaust fyrstu tvö árin. Árið 1979 greiddi fjármálaráðuneytið niður vexti þannig að lántaki greiddi aðeins 6%. Í sumum tilvikum eru 30% lánanna vaxtalaus og án afborgana fyrstu fimm árin.

Til fiskvinnslunnar veitir ríkisstjórnin aðstoð og lán. Vextir af þeim lánum eru 7.5%, en í sumum tilvikum eru þau afborgunar- og vaxtalaus fyrstu tíu árin. Byggðasjóðurinn norski veitir 20 ára lán með 7.5% vöxtum og styrki sem eru frá 15—35% af fjárfestingunni í fiskvinnslu. En þá er oftast um sérstakan byggðavanda að ræða. Fiskimenn fá greiddan hráefnisstyrk á vissar fisktegundir, venjulega ákveðna upphæð á hvert landað kíló eða hektólítra af fiski.

Styrkur er veittur til veiðarfærakaupa, bæði á innlend og erlend veiðarfæri, samkvæmt ákveðnum reglum þar um. Ríkisstjórnin stofnaði verðjöfnunarsjóð með ákveðnu fjárframlagi árið 1979, en hann mun nú byggjast á útflutningsgjaldi. Veittur er árlegur styrkur til tilrauna- og rannsóknarstarfsemi til að auka framleiðni í sjávarútveginum. Ríkisstjórnin ábyrgist fiskimönnum ákveðin lágmarksvikulaun. Noregsbanki fær ríkisábyrgð á framleiðslu- og afurðalánum og vegna sölu á fiskafurðum. Afurðalánin nema allt að 100% af framleiðslukostnaði, en aðeins veitt þeim framleiðendum sem sanna að þeir framleiði með hagnaði, og fá þeir þá ekki önnur lán til framleiðslunnar.

Árið 1979 voru vextir af afurðalánum 7.5%, en vegna mikilla erfiðleika útgerðarinnar veitti ríkisstjórnin henni sérstök lán, sem eru afborgana- og vaxtalaus fyrstu fimm árin. Vegna mikilla erfiðleika á skreiðarmarkaði árið 1977 veitti Noregsbanki 150 millj. norskra króna í lán til skreiðarvinnslunnar. 20 millj. voru vaxtalaust lán, en annars bar lánið 7% vexti. Einnig var skreiðarvinnslunni þá veitt 50 millj. kr. ábyrgð vegna framleiðslu og sölu á 2900 tonnum af skreið. Árið 1979 keypti norska stjórnin þurrkaðan fisk, skreið, niðursoðinn fisk, hert lýsi og fiskimjöl fyrir 90 millj. norskra króna til matvælahjálpar, World's Food Program, en flestar þjóðir sýnast nota sjálfshjálp öðrum til hjálpar. Hvort það verður báðum aðilum jafnmikið til góðs skal ósagt látið.

Svipuð mynd blasir við hvar sem litið er um sviðið, aðeins með lítils háttar breyttum tilbrigðum: England, Þýskaland, Belgía, Holland, Skotland, Írland, Danmörk, Færeyjar og Grænland. Löng lán á lágum vöxtum. Hlutaeftirgjöf á lánum og vöxtum. Styrkir og fjárhagsaðstoð til byggingar skipa og fiskvinnslufyrirtækja. Fiskleitarstyrkir. Styrkir við nýjar og endurbættar veiðiaðferðir og búnað og til kynningar á nýjum aðferðum og vinnubrögðum. Styrkir til umbóta á framleiðslufyrirtækjum og dreifikerfum. Umbun fyrir nákvæma skýrslugerð og reikningshald. Styrkir til áróðursherferða. Fjárhagsaðstoð til að höggva upp og leggja skipum og hætta rekstri vinnslufyrirtækja. Sérstök aðstoð við svokallaðar jaðarbyggðir frá The Scottish Highland and Island Board, The Herring Industry Board og fleiri. Svona mætti lengi telja, en án tilgangs.

Þegar aðstoð viðkomandi ríkisstjórnir lýkur taka styrkir þjóðabandalaga við. Efnahagsbandalag Evrópu, The European Economic Community, hefur stofnað sérstakan sjóð, The European Agricultural Guidance and Guaranty Fund. Hlutverk sjóðsins er að aðstoða við fjárfestingu í fiskveiðum og vinnslu, að auka og bæta framleiðslu- og markaðskerfi bandalagslandanna. Sjóðurinn veitir styrk upp í 25% af fjárfestingu, en á jaðarsvæðum bandalagsins getur styrkurinn orðið 45%, sem er þá viðbót við aðstoð viðkomandi ríkisstj. Sjóðurinn styrkir hvers konar verkefni í sjávarútvegi sem auka hagkvæmni eða framlegð og skila auknum hagnaði þegar til lengdar lætur eða hafa efnahagsleg og félagsleg áhrif á þróun fiskveiðanna. Samræmd verkefni á þeim sviðum, sem eru háð sjávarútvegi og fiskveiðum, njóta forgangs.

Sjóðurinn veitir styrki til stofnunar og rekstrar framleiðendasamtaka. Þá veitir hann framleiðendum styrki til að geyma framleiðsluvörur á eigin lager á meðan markaðsverð er lágt vegna of mikils framboðs og annarra truflana á markaði. Þá er veittur útflutningsstyrkur, ef nauðsyn krefur, á ákveðnar framleiðslutegundir og til að færa þær milli markaðssvæða, ef þarf, og miðast styrkirnir við heimsmarkaðsverð.

Til að gefa nokkra hugmynd um hverju fram fer og hverjir njóta styrkjanna er ekki að ófyrirsynju að telja upp þjóðir sem notið hafa styrkjanna og í hvaða mæli. Styrkirnir hafa verið taldir í European Units, sem mun vera svipuð eining og enska pundið og veitt til fiskiðnaðar viðkomandi þjóða á árunum 1971—1977. Þar ber England hæst með 34.80 millj., Írland annað með 11.20, Þýskaland þriðja með 11.10, Frakkland fjórða með 9.50, Ítalía fimmta með 8.30 og Holland og Belgía sjötta með 7.58, en Danmörk er neðst með 1.80; Þetta eru því hreint ekki fátækar þjóðir sem njóta þessara styrkja bandalagsins.

Ég sé ekki ástæðu til að tíunda hér kjör íslenskrar útgerðar og fiskvinnslu til samanburðar.

Vonandi gefur þessi lestur nokkra, en þokukennda mynd af því sem er að gerast með keppinautum okkar á fiskmörkuðunum og hvert útlit er um framtíðarþróun. Fæstar þessara þjóða munu ná stjórn á fiskveiðum sínum á næstu árum. Til þess sækja þær of margar í sömu fiskstofna og á sömu fiskimið. Bandalögin eru sjálfum sér sundurþykk og hagsmunir of skiptir til að þau nái þeim árangri sem að er stefnt. Því er útlit fyrir að þjóðirnar verði enn að auka á styrkveitingar sínar til sjávarútvegs í framtíðinni og versnar samkeppnisstaða okkar að því leyti. Þó skal það játað, að betri árangur og mjög aukið framboð þessara þjóða á fiski mundi einnig leiða til lækkaðs markaðsverð.

Þessi þáltill. er ekki flutt til þess að krefjast aðstoðar eða styrkja fyrir íslenskan sjávarútveg eða fiskvinnslu, heldur til að vekja athygli á þeim vanda sem við er að

glíma, til þess að íslensk stjórnvöld og aðrir þeir, sem hlut eiga að máli, skyggnist um gættir áður gangi fram. Alþjóðleg samskipti, samvinna og samningagerð um málefni sjávarútvegs aukast stöðugt, og er gagnlegt og nauðsynlegt fyrir samningamenn okkar að kunna sem best skil á stöðu, vinnubrögðum og framtíðaráætlunum gagnaðilans. Þeir, sem starfa úti á mörkuðunum, þurfa að hafa sem gleggsta mynd af því sem við er að glíma. Þá er nauðsynlegt að veita almenningi sem mestar upplýsingar um það sem gerist með öðrum þjóðum, og vekja almennan skilning á því, hvar við stöndum í samkeppni við aðrar fiskveiðiþjóðir. Þegar við mörkum eigin framtíðarstefnu í sjávarútvegi verðum við að taka mið af því sem aðrir aðhafast.

Því telur flm. nauðsynlegt að gera þá athugun, sem hér er gerð till. um, og hún sé stöðugt í gangi og sem ítarlegust. Væri æskilegt að niðurstaða lægi fyrir þegar þing kæmi saman aftur í haust.

Að lokinni þessari umr. legg ég til að till. verði vísað til atvmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Ívilnanir til loðnusjómanna, þáltill. (þskj. 202). — Ein umr.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Er Ágúst Einarsson var varaþm. hér flutti hann ásamt mér till. til þál. um ívilnanir til loðnusjómanna. Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta fara fram könnun á því, hvernig megi m. a. með skattaívilnunum jafna það tekjutap sem loðnusjómenn verða að þola við ákvörðun um hina miklu skerðingu loðnuafla."

Loðnuveiðar hafa verið stundaðar af íslenskum skipum um áraraðir. Afli fór ört vaxandi fyrstu árin og loðnuafurðir hafa ætíð skipað stóran sess í gjaldeyrisöflun þjóðarinnar. Loðnuveiðarnar gerðu kleift að nýta hinn mikla síldveiðiflota Íslendinga eftir að síldin hvarf. Jafnframt var nokkrum hinna eldri síðutogara breytt í loðnuskip. Loðnan veitti einnig hinum gömlu síldarverksmiðjum okkar veruleg og vaxandi verkefni. Af þessu má ljóst vera að loðnuveiðar Íslendinga voru stundaðar og að loðnan var unnin á þjóðhagslega mjög hagkvæman hátt. Til þessara veiða hafa ávallt valist úrvalssjómenn sem höfðu vaxandi tekjur af þessum veiðum. Margt — og flest rangt — hefur verið ritað og sagt um tekjur loðnusjómanna. Vissulega hafa þær um árabil verið dágóðar, en þess er hollt að minnast, að loðnuveiðar eru erfið sjómennska og tekjur mjög óreglulegar.

Það var ekkert sem benti til þess fyrir nokkrum árum, að slíkur afturkippur kæmi í loðnuveiðarnar eins og nú er staðreynd. Það er ekki langt síðan fiskifræðingar okkar töldu að veiða mætti næstum ótakmarkað magn af loðnu og veiðigeta Íslendinga væri ekkert áhyggjuefni. Orðum fiskifræðinga var trúað, enda er oft auðveldara að trúa góðum fréttum en slæmum. Loðnusjómenn, útvegsmenn og eigendur fiskimjölsverksmiðja gerðu sínar áætlanir í samræmi við það, að loðnuveiðar mundu halda áfram að aukast, eins og fiskifræðingar og stjórnvöld lögðu til. Víða blasa við sorglegar afleiðingar af þessum viðbrigðum í loðnuveiðum. Flotinn er þegar orðinn of stór, og til að mynda sú skynsamlega ákvörðun Slippstöðvarinnar á Akureyri fyrir nokkrum árum að smíða loðnuveiðiskip „á lager" reynist nú, þegar skipið er fullbúið, hafa verið hin ömurlegasta fjárfesting, bæði fyrir Slippstöðina og þjóðarbúið í heild. Sömuleiðis má benda á fiskimjölsverksmiðjurnar, sem á undanförnum árum hafa fjárfest miklar fjárhæðir til afkastaaukningar og til tæknilegra endurbóta. Nú standa margar verksmiðjur, sem illa liggja við miðunum, aðgerðarlausar mikinn hluta ársins.

Að lokum skal nefna þann þátt sem er grundvöllur þessarar þáltill., en það eru hin miklu áhrif sem skerðing loðnuveiða hefur á kjör sjómanna. Ljóst er að loðnusjómenn höfðu sem aðrir í þessari atvinnugrein reiknað með vaxandi tekjum næstu árin og gert áætlanir í sínu einkalífi byggðar á hækkandi launum. Sjómenn vita vel á hverju lífskjör þeirra byggjast, en það er að fiskurinn í sjónum sé verndaður og fái að vaxa. Þess vegna taka sjómenn eins og aðrir í sjávarútvegi slíkum skerðingum með stillingu og eru reyndar í flestum tilvikum frumkvöðlar fiskverndar. Það eru þó þeir aðilar sem fiskverndunin kemur hvað harðast niður á í fyrstu.

Aðilar í sjávarútvegi hafa oftsinnis haft vit fyrir þjóðinni allri og verið ótrauðir að leggja inn á bankabók til hagsbóta öðrum landsmönnum og komandi kynslóðum. Sú kjaraskerðing, sem verður frá sumar- og vetrarvertíð 1978 og 1979 til samsvarandi vertíðar 1979 og 1980, nemur um 18%. Skerðingin frá vertíðinni 1979 og 1980 til núverandi sumar- og væntanlegrar vetrarvertíðar, sem nú mun standa yfir, nemur um 45%. Margir bátar munu fylla loðnukvóta sinn á skömmum tíma, en þá bíða þessara báta engin verkefni þar til loðnuveiðar hefjast aftur í september í haust, nema ef vera skyldu hefðbundnar netaveiðar fyrir hluta af þessum flota, en slíkar veiðar hafa þó ekki enn verið leyfðar. Mörg loðnuskip geta ekki stundað aðrar veiðar en loðnuveiðar. Alger vandræði eru fram undan hjá bæði sjómönnum og útgerðarmönnum þessara skipa. Mikilsvert atriði við tekjuskerðingu loðnusjómanna er að við búum ekki við staðgreiðslu skatta, þannig að loðnusjómenn eru að greiða skatta af háum tekjum frá fyrra ári um leið og tekjur þeirra minnka mjög verulega. Slík sveifla niður á við í tekjum raskar öllum fjármálum einstaklinga.

Í þessari þáltill. er gert ráð fyrir könnun á því, hvernig þetta tekjutap loðnusjómanna verði jafnað. Ljóst ætti að vera með hliðsjón af aflaskerðingunni, að slíka kjaraskerðingu verður að milda með aðgerðum ríkisvaldsins. Ákvörðunin um skerðingu loðnuaflans er tekin af hálfu ríkisvaldsins og studd veigamiklum þjóðhagslegum rökum. Beinast liggur við að beita að einhverju leyti skattaívilnun og er bent á það í till. Aðrar leiðir eru til, eins og að tryggja með aðstoð Aflatryggingasjóðs og þá með fjármagni frá ríkisvaldinu að tekjur loðnusjómanna skerðist ekki eins og allt bendir til. Það er ekki einkamál loðnusjómanna að þola svona stórfellt tekjutap vegna friðunar. Þetta er mál allra landsmanna, enda munu hin góðu lífskjör undanfarinna ára ekki síst grundvallast á störfum þessara manna. Loðnusjómenn eiga skilið vegna vinnu sinnar undanfarin ár að þeim verði liðsinnt þegar brýna nauðsyn ber til.

Að loknum umr. legg ég til að þáltill. verði vísað til atvmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 53. fundur.

Miðvikudaginn 18. febr., kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs utan dagskrár til þess að beina fsp. til hæstv. forsrh. vegna svonefnds Þórshafnarmáls. Eins og kunnugt er tók þetta mál allmiklar kúvendingar í gær og vissulega ástæða til þess að almenningur fái skýringar á því, hvað hafi verið að gerast í þessu máli. Það heyrir að vísu til sögunnar, að við höfum ýmsir talið þessi kaup röng, bæði vegna þess að regla var brotin um útflutning á skipi í stað innflutts og eins vegna þess að við töldum fyrirsjáanlegt að það yrðu miklir erfiðleikar í rekstri, mikið tap. Við töldum því, að hér væri um bjarnargreiða að ræða við þau pláss sem hér um teflir, og vildum leysa atvinnuvandkvæði á annan hátt.

Engu að síður tók ríkisstj. og Framkvæmdastofnun ákvörðun um kaupin á sínum tíma, en svo kom í ljós að kaupverðið hafði heldur betur hækkað. Það mun vera svo í þessu máli, að undirskrift þingmanna með áskorun á sínum tíma byggðist á samningsdrögum um kaup á skipi frá Frakklandi sem hljóðar upp á því sem næst 1.1 milljarð gkr., og það liggur líka fyrir, að þessir útgerðaraðilar hafa fengið boð um skip frá norskum aðila upp á 1.5 milljarða kr., enda hafa margir fullyrt að gott skip mætti fá fyrir upphæð sem væri nálægt hálfum öðrum milljarði gkr.

Það hefur komið fram hjá ýmsum þm. sem að þessu stóðu á sínum tíma, að vitaskuld hafi þeim ekki dottið í hug að hér ætti að kaupa skip upp á 3.5 milljarða, og við þennan vonda draum virðist stjórn Framkvæmdastofnunar líka hafa vaknað, — vaknað til vitundar um það, að þetta væri ekki nægilega gott mál.

Ég held ég verði að segja að ýmsum hafi þótt mjög eðlilegt þegar stjórn Framkvæmdastofnunar tók ákvörðun um að reiða ekki meira fé af hendi heldur en *upphaflegt kaupverð gerði ráð fyrir og var þó nógu hátt.* En síðan gerist það í gær á stjórnarfundi, að stjórn Framkvæmdastofnunar kúvendir gjörsamlega í málinu. Þó var það svo, að a. m. k. einn stjórnarmaður úr Framkvæmdastofnun og framkvæmdastjóri stofnunarinnar höfðu tekið nokkuð stórt upp í sig fyrir fáeinum dögum um það, að þetta væri alls ekki gott mál og þyrfti jafnvel að leysa niður um ýmsa — svo notað sé það orðfæri sem framkvæmdastjóri stofnunarinnar viðhafði — til þess að sýna hvernig mál þetta væri í raun og sannleika vaxið. Manni kom þess vegna nokkuð á óvart þegar þessi kúvending átti sér stað í Framkvæmdastofnuninni í gær, og allar þær stóryrtu yfirlýsingar um að upplýsa þyrfti málið og sýna fram á sekt og svik hjöðnuðu og urðu að engu.

Ég verð að segja að mig hefur furðað það mjög hvaða vendu þetta mál hefur tekið. Nú er það upplýst af blaðafréttum í dag, að stjórn Framkvæmdastofnunar hafi tekið þessa ákvörðun eftir að inn á fund hjá henni bárust tilmæli frá hæstv. sjútvrh. í gegnum framkvæmdastjóra stofnunarinnar. Eggert Haukdal lagði á fundinum fram bókun, eftir því sem segir í Morgunblaðinu, með leyfi hæstv. forseta, og tillögu um að fyrri samþykkt stjórnarinnar um lán á 20% af 21 millj. norskra kr. yrði felld úr gildi. Þetta fékk ekki hljómgrunn, en þá segir:

„Sverrir Hermannsson framkvæmdastjóri flutti þá inn á stjórnarfundinn tilmæli frá Steingrími Hermannssyni sjútvrh. um að það kaupverð, sem nú sé talað um, sé 28 millj. norskra kr. og miði Byggðasjóður lán sitt við þá upphæð, láni 10% beint, en 10% verði tekin af sérstöku framlagi sem ríkisstj. hefur ákveðið að fá Byggðasjóði til ráðstöfunar.“

Að þessum tilmælum fengnum tekur meiri hluti stjórnar Framkvæmdastofnunar þá afstöðu að samþykkja þessi tilmæli Steingríms Hermannssonar. Eggert Haukdal bókar að vísu og segir: „Ljóst er að þetta togarakaupamál hefur þróast þannig, að kaupverð ásamt breytingarkostnaði hefur vaxið svo frá því sem upphaflega var talað um að um gjörbreyttar forsendur fyrir fjármagnskostnaði í rekstri er að ræða. Þá má telja mjög vafasamt að kaup á þessum togara verði á nokkurn hátt til að leysa atvinnumál Þórshafnar og Raufarhafnar til frambúðar. Þvert á móti gætu þau sett atvinnulíf á þessum stöðum í strand þegar hallarekstur þessa togara fer að íþyngja í vaxandi mæli.“

Í þessari bókun sinni tekur stjórnarformaðurinn, Eggert Haukdal, undir þau sjónarmið sem ég og ýmsir aðrir hafa látið í ljós varðandi þetta mál. Karl Steinar Guðnason ítrekar andstöðu sína við málið með sérstakri bókun.

En svo gerist það í dag, að blöð flytja fréttir af því að það sé nú síður en svo að nokkur samþykkt hafi verið gerð um þetta mál í ríkisstj., og hæstv. iðnrh. lætur hafa eftir sér í Morgunblaðinu: „Þetta er alveg yfirgengilegt. Og jafnfjarstæðukennt er það að mínu mati að ætla að sækja fé til þessara kaupa í fjárveitingu sem ríkisstj. hugsar sem stuðning við innlenda skipasmíði. Hér er greinilega tvísýnt mál á ferðinni.“

Enn fremur segir hæstv. iðnrh.: „Það er rangt, að ríkisstj. hafi samþykkt einhver tilmæli til stjórnar Framkvæmdastofnunar varðandi lán í sambandi við kaup á togara til Raufarhafnar og Þórshafnar. Þvert á móti varð það niðurstaðan eftir allnokkrar umræður um málið, að ríkisstj. hvorki ályktaði um það né beindi einum eða neinum tilmælum til einhvers.“ — Afdráttarlausari getur þessi yfirlýsing ekki verið, eins og hún birtist í Morgunblaðinu, og það má segja að samhljóða yfirlýsingu sé að finna í Þjóðviljanum í dag líka.

Nú hefur það loks gerst, að í dagblaðinu Vísi í dag neitar hæstv. sjútvrh. Steingrímur Hermannsson því, að hann hafi nokkur boð borið inn á þennan fund, og segir, með leyfi forseta: „Það er alrangt, að ég hafi flutt nokkur tilmæli. Ég tilkynnti Sverri að það væri ekki von á neinni samþykkt til viðbótar frá ríkisstj. Málið væri í þeirra höndum og við teldum eðlilegast að þeir leystu það eins og þeir sæju réttast.“ En á hinn bóginn lætur ráðh. hafa það eftir sér, að hann sé ánægður með þessa ákvörðun Framkvæmdastofnunar engu að síður.

Þetta gefur vissulega tilefni til spurninga. Maður hlýtur að spyrja: Var gerð samþykkt í ríkisstj. eða var hún ekki gerð? Ef hún var gerð hafði þá sjútvrh. umboð ríkisstj. til að flytja þessi tilmæli eða hafði hann það ekki? Flutti sjútvrh. þessi tilmæli eða flutti hann þau ekki? Og ef þetta var samþykkt hvað kemur þá til að ríkisstj. ákveður að hafa sjónarmið stjórnarformannsins, Eggerts Haukdals, að engu og traðka þannig á hans sjónarmiðum? Og ég spyr reyndar: Ef ekki liggur ríkisstjórn-

arsamþykkt að baki þessu, hvernig má það þá vera að aðrir stuðningsmenn ríkisstj. gangi þannig gjörsamlega þvert á sjónarmið stjórnarformannsins?

Ég vil líka spyrja hvernig það sé hugsað af hálfu ríkisstj., að það teljist stuðningur við íslenska skipasmíði að taka fé af peningum sem ætlaðir eru til innlendrar skipasmíði, eins og fram kemur í lánsfjáráætlun sem liggur hér fyrir, og nota þá til þess að kaupa togara til landsins. Er kannske gert ráð fyrir því, að þessi togari bili svo mikið að hann verði stöðugt í slipp? Ég verð að segja það fyrir mína parta, að ég fæ alls ekki séð hvernig það gengur upp að ætla að styrkja innlenda skipasmíði með því að kaupa skip til landsins, nota það fé, sem ætlað er til þess að styrkja innlenda skipasmíði, til þess að kaupa togara til landsins.

Það er enn til þessa máls að leggja, að í Þjóðviljanum í dag er það haft eftir hv. þm. Stefáni Jónssyni, að þetta niðurlausnarmál snúi öðruvísi við heldur en Sverrir Hermannsson hefði ætlað, og hv. þm. Stefán Jónsson telji sig hafa önnur verkefni fyrir höndum á því sviði. Og hann tekur fram og segir að ríkisstj. hafi ætlað Framkvæmdastofnuninni lausn þessa máls, ekki aðeins að reiða af höndum peningagreiðslur, heldur að aðstoða við kaupin, bæði um val og kaup og veita sérfræðilega aðstoð. Ég vil því spyrja: Var það tiltekið í upphaflegu bréfi ríkisstj. til Framkvæmdastofnunar, að hún skyldi inna af hendi þau verkefni sem hv. þm. Stefán Jónsson tekur fram í yfirlýsingu í dag að Framkvæmdastofnuninni hafi verið ætlað að gera, eða var það ekki tiltekið í bréfi ríkisstj.? Eða tiltók ríkisstjórnarsamþykktin og bréfið til Framkvæmdastofnunarinnar ekkert um þetta efni? Og ég vil spyrja: Hvernig var það með upphaflega samþykkt ríkisstj. um ríkisábyrgð, var hún ekki bundin við neina upphæð? Var ríkisábyrgðin ekki bundin við neina upphæð? spyr ég, vegna þess að á undanförnum dögum hefur málið snúist um það, hvort stjórn Framkvæmdastofnunar hafi átt að vera bundin við einhverja upphæð. En þá liggur fyrst fyrir að spyrja: Var ríkisábyrgðin bundin við einhverja tiltekna upphæð?

Ég vil að lokum spyrja hæstv. forsrh. að því, hvernig hugmynd ríkisstj. sé að standa undir rekstri þessa skips, sem er talið eiga að kosta 3.5 milljarða kr. Upplýst er að það vanti a. m. k. 660 millj. gkr. upp á það að tekjur hrökkvi fyrir útgjöldum. Fyrir einum og hálfum mánuði hafði ég áætlað þessa upphæð 500 millj. kr., svo það var þá ekki fjarri lagi og ekki ofætlað af minni hálfu. En er þá hugmyndin að greiða þetta fé, þennan taprekstur líka úr almannasjóðum, eða er hugmynd ríkisstj. sú, að það að leggja svo miklar skuldbindingar á þessi byggðarlög geti orðið til að styrkja atvinnulífið á þessum stöðum? Maður, sem ég hitti á götu, sagði um þetta mál: Nú veit ég í hvað skattarnir mínir fara. Ég vissi það að vísu, að þeir fóru mikið í Kröflu um tíma, en hér sýnist mér vera stefnt í sama farveginn. — Og ég verð nú að segja það, að mér sýnist að hér sé einmitt farið inn á þá braut að ætla sér mikið án þess að sjást fyrir um það, hvernig eigi að standa undir greiðslum, og hætt við að nokkuð mikið muni renna af almannafé til þess að standa undir þessum rekstri, ef svo fer sem horfir.

En ég ítreka fyrri spurningar: Hvernig var upphafleg samþykkt ríkisstj. um ríkisábyrgð? Var hún ekki bundin við einhverja tiltekna upphæð? Hvernig má það vera, að fé, sem renna á til skipasmíða til að styrkja innlendan skipaiðnað, verði varið til að kaupa skip til landsins í staðinn? Og hvers konar framferði er það í rauninni að afhenda fyrst 1.5 milljarða kr. til sérstakra verkefna og taka síðan þá fjármuni til baka með þessum hætti? Og hvernig var svo samþykkt ríkisstj. í gær? Er það rétt, að engin samþykkt hafi verið gerð? Hvernig má það vera, ef engin samþykkt var gerð, að þessi boð fóru inn á fund Framkvæmdastofnunar? Og hvernig líta þm., sem sitja í stjórn Framkvæmdastofnunar, á það ef hér er í rauninni um falsboð ein að ræða?

Í heild verð ég að segja að þetta mál er allt hið einkennilegasta, og almenningur hlýtur að eiga kröfu á að fá skýringar á því, hvernig mál geta þróast með þessum hætti. Í þeim efnum tek ég í rauninni undir sjónarmið sem forstjóri Framkvæmdastofnunar lét einmitt í ljós fyrir nokkrum dögum.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Í þessum umr. utan dagskrár er auðvitað ekki ástæða til að flytja ítarlega greinargerð um gang þess máls sem hér var hreyft. En ég vil minnast á nokkur atriði.

Það er í maímánuði sem sex þingmenn Norðurl. e. skrifa ríkisstj. bréf og fara þess á leit, að ríkisstj. geri ráðstafanir til að Þórshöfn og Raufarhöfn fái í sameiningu leyfi og fyrirgreiðslu til kaupa á skuttogara. Þegar ríkisstj. barst þetta bréf ræddi hún það og sendi síðan til Framkvæmdastofnunar ríkisins, sem samkvæmt lögum er að sjálfsögðu umsagnaraðili um slík byggðamál.

Í júlímánuði, eða nánar tiltekið 8. júlí, kom umsögn frá Framkvæmdastofnun, undirrituð af Sverri Hermannssyni, forstjóra stofnunarinnar. Þar segir hann m. a.: „Framkvæmdastofnun ríkisins hefur frá upphafi fylgst náið með þróun þessara staða og hefur stofnunin gert tillögur um og staðið fyrir ýmsum aðgerðum til eflingar byggðar þar og til að treysta atvinnulíf."

Síðan er rakin umsögn stjórnar Framkvæmdastofnunar um málið, og segir þar: „Stjórnin telur að líkleg leið til að ná þessu markmiði sé að fenginn verði togari, nægilega stór til að sækja til fiskimiða allt frá Vestfjörðum til Suðausturlands. Miðað við ríkjandi aðstæður má reyndar segja að engin leið sé til önnur að ná þessu marki," — sem sagt að leysa úr atvinnuvandamálum þessara staða.

Forstjóri stofnunarinnar, Sverrir Hermannsson, lýkur svo þessari umsögn með þessum orðum: „Með hliðsjón af framansögðu mæli ég undirritaður með því, að gerðar verði ráðstafanir til að útvega Raufarhöfn og Þórshöfn sameiginlega togara. Eru starfsmenn Framkvæmdastofnunar tilbúnir til þess að vinna að undirbúningi þess máls."

Eftir að ríkisstj. hafði fengið þessa umsögn frá forstjóra og stjórn Framkvæmdastofnunarinnar og rætt hana varð sú niðurstaða, eins og fram kemur í ákvörðun ríkisstj. 1. ágúst:

„Ríkisstj. fellst á tillögur Framkvæmdastofnunar ríkisins um lausn á því atvinnuleysi, sem verið hefur á Þórshöfn, og þeim byggðavanda sem skapast hefur á svæðinu. Því samþykkir ríkisstj. að heimiluð verði kaup erlendis á notuðum togara, sem rekinn verði sameiginlega af útgerðaraðilum á Þórshöfn og Raufarhöfn. Með tilliti til þess, að hér er um að ræða undantekningu frá gildandi reglum um innflutning fiskiskipa og sérstakt byggðamál, telur ríkisstj. rétt að fjármögnun verði tryggð með sérstakri fjáröflun til Fram-

kvæmdastofnunar ríkisins á lánsfjáráætlun fyrir 1981."

Þessi var ályktun ríkisstj. 1. ágúst. Í þessu máli hafa orðið alvarleg mistök. Að einhverju leyti eiga stjórnvöld hér sök á með skorti á eftirliti. Hvaða þáttum stjórnvaldsins hér hefur verið áfátt get ég ekki dæmt um nú, en það mál verður nánar kannað til þess að koma í veg fyrir slík mistök framvegis. Um skilaboð þau, sem forstjóri Framkvæmdastofnunar flutti stjórn stofnunarinnar frá hæstv. sjútvrh. í gær, vil ég ekki ræða hér. Hæstv. sjútvrh. mun gera grein fyrir því eða vera í þann mund að gera grein fyrir því í hv. Nd. vegna fsp. þar, og er eðlilegra að hann geri sjálfur grein fyrir því sem þeim hefur farið á milli.

Að öðru leyti vil ég svo taka það fram út af fsp. hv. þm., að á fundi ríkisstj. í gær var engin ályktun gerð um þetta mál.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Það er sannarlega að bera í bakkafullan lækinn að tala um það mál sem hér er til umr. utan dagskrár, en satt best að segja hefur þetta mál þróast með þeim hætti frá byrjun, að það er ekki hægt að furða sig á því að um það hafi orðið allmikil umræða í þjóðfélaginu.

Ég vil út af því, sem kom fram hjá hæstv. forsrh. um afskipti þm. Norðurl. e. af þessu máli, taka skýrt fram að þegar því bréfi sleppti, er hæstv. ráðh. gat hér um, sem skrifað var 12. maí 1980 og ég mun nú lesa til þess að hv. dm. geti gert sér grein fyrir efni þess, — frá því að þetta bréf var skrifað, 12. maí 1980 kom þetta mál aldrei formlega fyrir fundi þingmannahóps Norðurl. e. fyrr en uppi í Framkvæmdastofnun 28. jan. s. l. og síðar á fundi 13. febr. s. l.

Ég mun nú gera grein fyrir því sem stendur í þessu margumrædda bréfi. Það er stílað til hæstv. forsrh., Gunnars Thoroddsens, forsætisráðuneytinu, og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Þingmenn Norðurlandskjördæmis eystra fara eindregið þess á leit við ríkisstj., að hún geri sem allra fyrst ráðstafanir til að Þórshöfn og Raufarhöfn fái í sameiningu leyfi og fyrirgreiðslu til kaupa á einum skuttogara. Eins og meðfylgjandi afrit af símskeyti sýnir, sem er undirritað af sveitarstjóranum á Þórshöfn, Ólafi R. Jónssyni, og er til formanns Framkvæmdastofnunar ríkisins, Eggerts Haukdals, óskar hann eftir að gerðar verði ráðstafanir til að fyrrnefndir aðilar fái aðstöðu til að kaupa b/v Guðbjörgu ÍS 46, sem á að seljast úr landi fyrir annan skuttogara.

Ef ekki reynist mögulegt að greiða fyrir því, að Guðbjörg verði seld til Þórshafnar, þá leggjum við á það ríka áherslu, að leyfi verði veitt fyrir kaupum á skuttogara erlendis frá og gerðar verði viðhlítandi ráðstafanir af hendi ríkisstj. að gera það mögulegt. Við teljum ekki þörf á að láta fylgja grg. með þessari beiðni okkar, þar sem ríkisstj. er kunnugt um aðstæður allar á þessum stöðum. Hins vegar látum við fylgja þessu bréfi afrit af ýmsum gögnum sem við teljum að rökstyðji þessa beiðni okkar.

Þó við séum þeirrar skoðunar, að nægur fjöldi sé orðinn af skuttogurum í landinu ef dreifing þeirra væri með öðrum hætti, þá hafa mál þróast á Þórshöfn síðustu árin þannig, að við teljum að ekki verði undan því vikist að gera nú þegar ráðstafanir til að fá keyptan skuttogara fyrir byggðarlagið. Við erum reiðubúnir til að gefa frekari upplýsingar um þetta málefni, ef óskað er, og væntum þess, að beiðni okkar verði tekin til jákvæðrar afgreiðslu og það sem fyrst."

Undir þetta bréf rita þm. Norðurl. e. að undanskildum hv. þm. Halldóri Blöndal sem var ekki viðlátinn.

Eins og ég segi hefur þetta mál ekki komið formlega til kasta þm. Norðurl. e. fyrr en í endaðan janúar núna í ár. Þetta kom mjög skýrt og ákveðið fram á þessum fundi í Framkvæmdastofnuninni, og var harðlega gagnrýnt af nokkrum þm. að svona skyldi á þessu máli haldið og jafnframt að umræða í þjóðfélaginu væri um að þeir bæru á einhvern hátt ábyrgð á því, hvernig þetta mál hefði þróast.

Hæstv. forsrh. rakti hér bréfaskriftir ríkisstj. og Framkvæmdastofnunar. Í bréfi, sem ég hef hér ljósrit af, frá hæstv. fjmrh. frá 6. okt., er alveg skýrt tekið fram að ríkisábyrgð er veitt fyrir lánum til kaupa á skuttogara er Útgerðarfélag Norður-Þingeyinga hf. hefur samið um kaup á í Noregi. Af þessu bréfi er alveg ljóst að þá er málið búið að taka þá stefnu, að það er búið að ákveða að kaupa þetta skip í Noregi, og ríkisstj. hefur fyrir sitt leyti með þessu bréfi — ég lít svo á — samþykkt þau kaup og þann samning. (Gripið fram í.) Þetta er dagsett 6. október.

Ég vil upplýsa hér að þegar þm. Norðurl. e. skrifuðu undir umrætt bréf var verið að tala um kaup á Guðbjörgu eða skipi erlendis frá sem mundi kosta 1 — 1.5 milljarða kr.

Í framhaldi af þessu bréfi gerir Framkvæmdastofnunin bókun um þetta mál og gefur auk heldur út yfirlýsingu til seljenda skipsins um að hún muni reiða fram 10% af kaupverði skipsins þegar það verði afhent. Þessi yfirlýsing er dagsett 17. okt. Þá er verið að tala um kaupverð skipsins 21 millj. norskra kr. Það verður að líta svo á, enda kom það fram á fundi þm. Norðurl. e. með aðilum frá Framkvæmdastofnun, að Framkvæmdastofnun ríkisins — eða a. m. k. einhverjum aðilum þar hafi verið kunnugt um að það yrði að breyta skipinu og það yrði einhver viðbótarkostnaður fram yfir 21 millj. norskra kr. En nú er þetta skip komið í rúmar 30 millj. norskar og þá er gert ráð fyrir verulegum breytingum á því. Gert er ráð fyrir að skipta um spil í skipinu, lagfæra þilfar og setja í skipið plötufrystitæki o. s. frv., sem er hugmynd skipstjórans, Ólafs Aðalbjörnssonar, að verði til þess að létta mjög rekstur skipsins að því leyti til, að hægt sé að beita því betur á svokallaða skrapdaga, sem verða sennilega 150 á þessu ári og ekki ljóst að fari fækkandi, a. m. k. ekki í bráð. En með þessum breytingum, fiskkössum, lántökukostnaði og óvissum kostnaði er skipið komið upp í þetta. Skipið er sem sagt komið í 30.4 millj. norskra kr., en kaupverðið er 21 millj., eins og ég sagði áðan.

Ég held að það sé hvorki á mínu færi né annarra að leggja á það mat, hvort þessar hugmyndir skipstjórans — sem væntanlega fær þetta skip ef það verður keypt — eru raunhæfar, að þessar breytingar geti gert skipið þeim mun meira virði og aflaverðmæti þess þeim mun meira virði á aðrar veiðar en þorsk, en mér sýnist sem leikmanni að þetta séu athyglisverðar hugmyndir.

Hitt er svo annað mál, að það er alveg hárrétt, sem hér hefur komið fram í þessari umr., að skipið er orðið feiknarlega dýrt og það verður þessum aðilum erfitt í rekstri. Það er alveg ljóst. Það væri þó kannske ástæða til að velta því fyrir sér, hvort þetta er ekki almennt vandamál í íslenskum sjávarútvegi í dag, að ný skip — þetta er eins árs gamalt skip — sé í rauninni ekki hægt að gera út á

Íslandi. Við vitum hvernig ástandið hefur verið í Fiskveiðasjóði og hvernig ný skip velta þar upp á sig vanskilum svo hundruðum milljóna og milljörðum skiptir. Ég skal ekki leggja á það mat, en ég hef þungar áhyggjur af því, að þarna sé um að ræða skip sem verður erfitt fyrir þessi byggðarlög. Margir aðilar í þessu þjóðfélagi eru sem betur fer betur í stakk búnir til að taka á sig einhvern taprekstur heldur en þessi byggðarlög. Og ég hef þungar áhyggjur af því. En ég verð að segja alveg eins og er, að hafi orðið alvarleg mistök í þessu máli, eins og kom fram hjá hæstv. forsrh., þá lít ég svo til að þar sé um að ræða mistök af hálfu stjórnvalda.

Þegar tekin er ákvörðun um það að fjármagna þetta skip að fullu, þá er náttúrlega um svo óvenjulega ákvörðun að ræða að það hlýtur að þurfa að fylgja því eftir með einhverjum sérstökum hætti. Þetta hefur verið gert. Það er ekki fordæmalaust að skip hafi verið keypt til Íslands þannig að ríkissjóður hafi lagt fram allar fjárhæðir — (**Gripið fram í:** 105%.) — eða 105%, eins og gert var t. d. þegar Spánartogararnir voru keyptir. Þá var allt kaupverðið reitt fram úr ríkissjóði og veiðarfæri og annað sem til þurfti. Síðan tóku útgerðarfélög við þessum skipum, m. a. Bæjarútgerð Reykjavíkur og Hafnarfjarðar. En þá var þessu að sjálfsögðu fylgt eftir þannig af hálfu ríkisins þegar skipin voru keypt, að það var haft eftirlit með því, hvað látið var í skipin og hvernig skipin voru smíðuð og hvernig staðið var að allri framkvæmd málsins.

Ég held að menn hljóti að sjá það eftir á að auðvitað hefði verið æskilegt að fylgst hefði verið með þessu máli frá byrjun, eftir að stjórnvöld og Framkvæmdastofnun ríkisins voru búin að taka ákvörðun að fjármagna þetta með svona sérstökum hætti.

En þó að ég hafi miklar áhyggjur af þessu máli öllu eins og það hefur þróast, þá vil ég leggja alveg sérstaka áherslu á það, að ætli stjórnvöld að ganga á bak þeim skriflegum yfirlýsingum sem fyrir liggja til seljenda skipsins og til kaupenda, þá tel ég það nokkurn veginn það sama að ég færi til bankastjóra og segði: Heyrðu, vinur. Ég skrifaði upp á víxil fyrir mann fyrir tveimur mánuðum. Nú hef ég frétt að þessi maður standi illa fjárhagslega. Strikaðu nafnið mitt út. Ef stjórnvöld ætluðu að bregðast þeim samþykktum, sem þau hafa gert skriflega í þessu máli, er það nákvæmlega eins og maður færi og segði: Ég dreg ábyrgð mína til baka á einhverju fjárskuldbindingarplaggi. Ég tel að þannig sé ekki hægt að haga sér, ekki fyrir einstaklinga og það af síður fyrir stjórnvöld, þess vegna verði menn að kyngja því ef í þessu máli hafa orðið mistök, en vera menn til þess að standa við það sem þeir hafa skuldbundið sig til að gera.

Ég held að ég láti svo staðar numið um þetta mál að sinni. En ég vil ítreka það, að af hálfu þm. Norðurl. e. er megn óánægja með það — ég held að ég tali fyrir þá allflesta — hversu lítil samráð hafa verið höfð við þá um málið frá því að þetta bréf var skrifað. Ég held að við séum allir þeirrar skoðunar, að það þurfi að gera sérstakt átak til að efla þessi byggðarlög, Raufarhöfn og Þórshöfn. Og þegar komin var samstaða á milli þessara aðila um útgerðarfélag og það lá ljóst fyrir, að ekki yrði um verulega aukningu á bátaútgerð að ræða, en hráefnisskortur allverulegur, þá þótti okkur sjálfsagt að óska eftir því, að með sérstökum hætti yrði stutt við bakið á þessum byggðarlögum. En því miður urðu þau mistök a. m. k., að við okkur var ekki um þetta mál talað allan þennan tíma frá því að við skrifuðum þetta bréf í maí og þangað til fundir voru núna, þegar málið var raunverulega að klúðrast, 28. jan. og 13. febrúar.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Það undrar mig ekki stórlega þótt togaramál þetta beri hér á góma utan dagskrár, þótt hv. þm. Kjartan Jóhannsson veki máls á ýmsum þeim atriðum í sambandi við kaup togarans sem óljós hafa verið.

Ég hygg að ekki verði gerð öllu betri grein fyrir þeim aðdraganda að þessum togarakaupum, sem að þm. kjördæmisins lúta, en sú sem hv. þm. Lárus Jónsson gerði hér áðan. Þar var í hvívetna rétt frá skýrt. En ég vil leyfa mér að fara örlítið lengra til baka en til dagsetningar þess bréfs, til skýringar á þeirri sérstöku ábyrgð sem þm. kjördæmisins töldu sig bera á hráefnisöflun til hraðfrystihússins á Þórshöfn.

Sú saga hefur verið sögð nokkrum sinnum hér í þinginu með hvaða hætti svo bar til, að þeir Þórshafnarbúar luku við smíði á vönduðu, dýru og myndarlegu hraðfrystihúsi rétt í þann mund sem tekin var sú ákvörðun af hálfu ríkisstj. á sínum tíma að hætta innflutningi á togurum til landsins og að drepa við fæti í togarasmíð. Einnig bar þetta upp á þann tíma þegar fiskiþurrð varð á bátamiðum fyrir Norðausturlandi, að því er menn þá töldu og sennilega með réttu, fyrst og fremst sökum sérstaks ágangs af hálfu breskra togara á þeirri fiskislóð einmitt í þann mund. Friðun þessara miða kom aftur til seinna, að loknum þeim átökum, en bættist þá ofan á.

Það kom til kasta þm. kjördæmisins að stuðla að því, að leitað yrði einhverra ráða til þess að útvega þeim Þórshafnarbúum skuttogara, skip sem gæti sótt fisk á fjarlægari mið til vinnslu í þessu frystihúsi. Svo sem ég áður gat hafði þá fyrir skemmstu verið skotið loku rétt við nef þeirra Þórshafnarbúa fyrir útvegun á nýju skipi, góðu skipi til þess að annast slík aðföng. Það varð svo ofan á, að þeim var boðið skip fornt — svo að ég noti nú ekki alla ljóðlínu Stephans G. Stephanssonar um búnað Hergilseyjarbónda — af Suðurnesjum sem þá var til sölu vegna vanskila við banka. Þetta skip átti að vera nýkomið úr átta ára klössun, en þó var ljóst ýmsum, sem til þekktu, að það væri ekki vel búið til sjósóknar eða fisköflunar. Það skal tekið fram, að þeim Þórshafnarmönnum var gerð grein fyrir því að ekki væri þessi skeið hin ákjósanlegasta í því standi sem hún var seld þeim. En þeir áttu ekki annarra kosta völ en að kaupa þetta skip og gerðu það, og það reyndist þeim vægast sagt mjög illa. Og til þeirra kaupa og útgerðar á þessu óhæfilega skipi, sem þeim var sent úr þrotabúi á Suðurnesjum, getum við rakið að verulegu leyti hina gildustu og hina verstu þætti í efnahagsmálavanda þessa byggðarlags við Þistilfjörð.

Þegar við þm. kjördæmisins, svo sem hv. þm. Lárus Jónsson gerði grein fyrir í glöggu yfirliti sínu áðan, skrifuðum undir bréf til hæstv. forsrh. með þeirri ósk, að þeim á Þórshöfn yrði séð fyrir hæfilegu togskipi, þá var það — svo sem ráða má af skipinu sem við nafngreindum í þessu bréfi — ætlun okkar að útvega þeim duglegt skip til þessarar útgerðar, annaðhvort þetta nafngreinda skip af Vestfjörðum, sem okkur var kunnugt um að væri í mjög góðu standi, ellegar samsvarandi skip erlendis frá, ekki verra. Ég tel nauðsynlegt að taka að tarna fram við þessar umræður vegna þess að mér er kunnugt um það, að við umræður um skipakaup til handa þeim Þistilfirðingum bar enn á góma þann möguleika að skaffa þeim

togara hér af Faxaflóasvæðinu, nánar tiltekið frá Hafnarfirði. Fyrsta hugmyndin var sú, að þetta yrði togarinn Rán sem kominn var, eins og það er orðað á alþýðumáli, í hönk til útgerðar, eigandi var í vandræðum með. En að fengnum þeim svörum að sennilega væri Rán ekki glæsilegri kostur en togarinn Suðurnes á sínum tíma, sem kallaður var Fonturinn, var boðið annað skip, einnig í eigu þessa sama manns, togarinn Ýmir.

Ég vil ekki leiða neinum getum að því, hverjir það hafi verið sem hafi staðið á bak við þessi kauptilboð sunnan úr Hafnarfirði, til þess hef ég enga heimild. Og grunsemdir mínar er best að láta bíða þess tíma að við fáum gleggri upplýsingar um mál þetta allt. En gjarnan vildi ég að hæstv. forsrh. — ef hann lætur athuga lítils háttar þetta mál fyrir okkur — upplýsti hvaða aðili það var sem kom inn til Framkvæmdastofnunar með tilboð um að nú yrði Þórhafnarbúum skaffaður enn einn togari sunnan af Nesjum, togarinn Ýmir.

Ég vil til viðbótar því, sem hv. þm. Lárus Jónsson sagði um tilorðningu þessa bréfs okkar þm. og þann brest sem á því var að okkur væri séð fyrir upplýsingum varðandi þróun málsins, geta þess, að ég gerði tilraun til að afla mér upplýsinga um það á miðju sumri er leið, hvernig þetta mál stæði, og fékk þá heldur óljós svör um ástæðuna fyrir því að nú væri hætt athugun á að kaupa skip sem okkur var kunnugt um að boðin höfðu verið, þ. á m. franskur togari, systurskip Hólmatinds sem hingað var keyptur. Og ég vil leyfa mér, þar sem hv. þm. Árni Gunnarsson er nú sennilega tepptur við umræður um sams konar mál í Nd., að geta þess, að mér er persónulega kunnugt um og ég get vottað það, að einnig hann reyndi að afla sér upplýsinga, gerði tilraun til að fá að fylgjast með þessu máli á miðju sumri og koma þar að tómum kofunum eða a. m. k. ekki að auðfengnum upplýsingum varðandi þetta mál.

Af sömu ástæðum og hv. þm. Lárus Jónsson er ég mjög eindregið þeirrar skoðunar, að nú um áramótin, þegar þessi mál bar upp á að nýju, eða öllu heldur í janúarbyrjun, þá hafi verið orðið og seint að snúa frá kaupunum á skipi því sem hér um ræðir, að við höfum ekki átt annarra kosta völ núna á þessum dögum en að sjá til þess að skipið yrði keypt. Ég vil m. a. geta þess, að mjög sterkar líkur benda til að opinberir aðilar á Íslandi — hvaða nöfnum sem við viljum nú nefna þá — hafi verið bundnir í 300 millj. gkr. ábyrgð í sambandi við samninga sem þegar höfðu verið gerðir. Og ef þessum kaupum hefði verið rift, þá hefði líklega ríkisstj. — það er nú sennilegasta tilgáta mín — setið uppi með 300 millj. kr. fjárútlát vegna skaðabóta, verið sökuð um riftun á kaupsamningi, og þetta byggðarlag okkar við Þistilfjörð setið eftir með sitt sára enni og ekkert skip fremur enn fyrri daginn.

Það var í umræðum hér á þingi fyrir jólin í vetur, og hefur verið gert síðan, frjálslega farið með undirskrift okkar þm. Norðurl. e., flestra okkar a. m. k., sem höfum ekki staðfest neinar breytingar á því sem á bréfinu stóð, — það var frjálslega með þetta bréf farið þegar verið var að túlka það sem afstöðu okkar til kaupa á hvaða skipi sem væri. Ég sá mig tilneyddan að andmæla því sem þá kom fram opinberlega hér í þingsölum og í dagblöðum. Merking bréfsins er augljós. Hún verður ekki túlkuð á annan veg en þar stendur svart á hvítu.

Af því að hv. þm. Kjartan Jóhannsson vék að ummælum, sem eftir mér voru höfð í Þjóðviljanum í dag varðandi meðferð þessa máls, vil ég geta þess, að einnig þar, í þessari Þjóðviljafrásögn, er dálítið frjálslega farið með orð mín og ég skal segja hv. þm. með hvaða hætti. Þetta viðtal var tekið við mig daginn sem stjórn Framkvæmdastofnunar gerði hina fyrri samþykkt sína, sem upp á það hljóðaði að axla þetta mál — eða gera tilraun til þess að axla þetta mál fram af sér og sjá ekki fyrir þeirri fjármögnun sem nauðsynleg var til að ná skipinu. Það var fyrst og fremst það sem ég átti við þegar ég svaraði þeirri spurningu blaðamanns, hvort ég væri einn af þeim sem Sverrir Hermannsson vildi leysa ofan um. Við þá afgreiðslu átti ég þar. Þegar stjórn Framkvæmdastofnunar undir forstjórn Sverris Hermannssonar hefur breytt þessari afgreiðslu, þá vil ég láta það koma ljóst fram, að nú er ég einn af þeim sem vilja hneppa upp um Sverri Hermannsson aftur.

Ef hv. þm. Kjartan Jóhannsson ímyndar sér það, að hag þessarar þjóðar sé stefnt í voða með því að sjá þessum tveimur sjávarplássum á Norðausturlandi fyrir góðu togskipi upp á 3,5 milljarða kr. í hæsta lagi, fullbúnu til veiða, þá bið ég hann að huga vendilega að því í anda fræðilegrar sjálfsgagnrýni, hvaða stoð efnahag landsins hafi verið að kaupunum á togurunum þremur, sem ég hef nafngreint af Suðurnesjum í þessu sambandi, Suðurnesjum, sem skírður var Fonturinn á sínum tíma, síðan Rán og Ýmir. Og af því að hann minntist lítillega á 700 millj., sem merktar hefðu verið íslenskri skipasmíði í þessu sambandi — ég læt bíða síðari tíma og heppilegri salarkynna að ræða þetta mál við hæstv. iðnrh., Hjörleif Guttormsson, — en af því að hann drap á þessar 700 millj., sem teknar væru frá íslenskri skipasmíði til þess arna, þá vil ég vekja athygli hans á því, að það er sennilegt að u. þ. b. 500 af þessum 700 millj. renni til íslenska skipasmíðaiðnaðarins, þar sem upp á þá summu hljóðar tilboðið frá Slippstöðinni á Akureyri um nauðsynlegar breytingar á vinnudekki þessa togara.

Það eru mörg atriði í sambandi við síðara skeið þessara togarakaupamála, verðmyndun togarans, sem við getum deilt ákaflega lengi og sennilega verða í munni manna á komandi mánuðum meira og minna. Ég vitna enn til bréfs okkar þm. varðandi það sem sagt hefur verið um meðferð málsins utan okkar vitundar. Ég vitna til þess, þegar ég set hér fram efasemdir mínar um það, hvort haldið hafi verið á öllu á hinn allra heppilegasta hátt.

Ég vænti þess að hæstv. forsrh. muni nú sjá til þess, að við þurfum ekki að fara í grafgötur um það, hvaða opinber aðili það var sem lét hjá líða að fylgjast með framgangi málsins, með skipakaupunum, — hvaða aðili það var, hvort það var ríkisstj. eða Framkvæmdastofnun sem falið var að sjá um þetta mál — hvaða aðili það var, sem kom sér hjá því að setja sérfræðing sinn og umboðsmann í það að fylgjast með framgangi málsins. Þetta þyrftum við endilega að fá að vita. Og svo væri náttúrlega síðast, en ekki síst forvitnilegt, ákaflega forvitnilegt, en skiptir þó ekki sköpum, að fá úr því skorið, hvaða maður það var sem kom inn á fund Framkvæmdastofnunar með þau skilaboð sem hæstv. sjútvrh. Steingrímur Hermannsson segir að hafi ekki verið frá sér, — skilaboð um að ríkisstj. mæltist til þess að Framkvæmdastofnun gengi frá málinu. Allt þetta vekur fremur forvitni á þessu stigi en að það skipti meginmáli. Þessi ákvörðun hefur verið tekin, að togarinn skuli verða keyptur með þessum hætti, og feginn er ég.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Það hafa orðið hér allmiklar umræður utan dagskrár um kaup á togara til Þórshafnar. Hv. 2. þm. Reykn. hóf þessar umræður, og það var ekki óeðlilegt að það væri gert og málið væri hér tekið fyrir utan dagskrár.

Hins vegar er þetta mál þannig vaxið, að því verða ekki gerð nein fullnaðarskil í umræðum utan dagskrár. Það gera allir sér ljóst. Og m. a. kom það fram í ræðu hæstv. forsrh., að hann sagðist ekki ætla að fara hér út í nema einstaka þætti þessa máls, en margt væri auk þess óljóst og þyrfti rannsóknar við.

Með tilliti til þessa höfum við nokkrir þm. talið eðlilegt að taka þannig á málinu, að óskað yrði sérstakrar skýrslu frá forsrh. um það samkv. ákvæðum 31. gr. þingskapa. Þar er gert ráð fyrir slíkri meðferð þegar sérstaklega stendur á, og vissulega stendur sérstaklega á í þessu máli. Ég ætla ekki að fara að ræða málið hér efnislega, en vildi sérstaklega vekja athygli á þessu og beiðni um skýrslu frá forsrh. um kaup á togara fyrir Útgerðarfélag Norður-Þingeyinga á Þórshöfn sem lögð hefur verið fram og útbýtt á þskj. 434. Þessi beiðni er flutt af 1. þm. Reykn., Matthíasi Á. Mathiesen, ásamt níu öðrum þm. Þar er tekið fram, að með tilvísan til 31. gr. laga um þingsköp Alþingis sé þess óskað, að forsrh. flytji Alþingi skýrslu vegna kaupa á togara fyrir Útgerðarfélag Norður-Þingeyinga á Þórshöfn.

Þessari beiðni fylgir stutt grg., þar sem tekið er fram að það sé ljóst öllum þeim, sem fylgst hafa með kaupum á togara fyrir útgerðarfélag Norður-Þingeyinga, að skiptar skoðanir séu á forsendum, upphafi og meðferð þess máls. Fram hafi komið að ráherrar segja sitt hver um samþykktir ríkisstj. og ekki sé með öllu sami skilningur á samskiptum ríkisstj. og stjórnar Framkvæmdastofnunar ríkisins.

Með tilliti til þessa er þess óskað, að forsrh. gefi Alþingi skýrslu um þetta mál hið fyrsta, þar sem birtar verði samþykktir ríkisstj., stjórnar Framkvæmdastofnunar, bréfi sem rituð hafa verið af þessum aðilum, svo og gerð grein fyrir munnlegum skilaboðum sem farið hafa á milli þessara aðila.

Þetta er það sem liggur á bak við beiðni okkar þm. um skýrslu frá forsrh. um togarakaupin til Þórshafnar.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta, ég hef ekki ætlað mér í þessum umræðum, eins og ég hef þegar tekið fram, að ræða málið efnislega.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forsrh. þau svör sem hann gaf, svo langt sem þau náðu, en jafnframt ítreka nokkrar spurningar sem ég tel að þjóðin eigi kröfu á að fá svör við, en ekki voru í svörum forsrh.

Það er auðvitað stór yfirlýsing af hálfu forsrh. þegar hann segir að ríkisstj. sinni hafi orðið á mjög alvarleg mistök. Það eru fleiri sem koma til greina sem sökuaðilar, ég skil það svo hjá hæstv. forsrh. En þá vaknar auðvitað spurningin: Svo framarlega sem hér hafa orðið mjög alvarlega mistök, sem ég er alveg sammála forsrh. um, þá vil ég spyrja hvort ekki sé hugmyndin að leiða neinn til ábyrgðar fyrir þau mistök sem hér hafa átt sér stað. Eiga menn bara að standa upp og segja: Ja, við gerðum hér mistök upp á nokkra milljarða kr., yppta síðan öxlum og láta eins og ekkert hefi gerst? Ég held að það sé ekki til fyrirmyndar í stjórnarfari. Ég tel að Alþingi setji niður og stjórnsýslukerfið allt ef það kinokar sér við að leiða menn til ábyrgðar um svona hluti.

Ég spurði hvort í upphaflegri samþykkt ríkisstj. um ríkisábyrgð hefði ekki verið miðað við einhverja tiltekna upphæð, hvort ríkisábyrgðin hefði ekki verið miðuð við einhverja tiltekna fjárhæð. Ég túlka svör forsrh. og það bréf sem hann las varðandi þetta efni, þannig að ríkisstj. hafi einmitt ekki tiltekið neina sérstaka fjárhæð. Og það voru þá væntanlega fyrstu mistökin í þessu máli og gerð af hálfu ríkisstj. Hún sjálf tiltekur ekki neina upphæð, hún skilur málið eftir galopið, ávísunin er óútfyllt. Það eru fyrstu og sjálfsagt alvarlegustu mistökin í þessu máli, ef svo er. Og ég verð að segja það, að af svörum hæstv. forsrh. get ég ekki ráðið annað en svo sé.

Ég gat ekki heldur ráðið annað af svörum hæstv. forsrh. en að ekkert hefði verið tiltekið í upphaflegu bréfi ríkisstj. um það, að „Framkvæmdastofnunin ætti að aðstoða við val og kaup og veita sérfræðilega aðstoð", eins og haft var eftir einum hv. þm. í blaðaviðtali, Stefáni Jónssyni, og ég rakti hér áður. Þegar menn koma svo eftir á og segja Framkvæmdastofnunina hafa átt að gera þetta eða hitt, þá sýnist mér að sökin geti ekki síður legið hjá ríkisstj. sjálfri, sem ekki hafi tiltekið það í boðum sínum, í bréfi sínu til Framkvæmdastofnunar. Forsrh. leiðréttir það þá væntanlega, ef þetta er röng túlkun á því bréfi sem ríkisstj. sendi frá sér, en það kom ekkert fram í því, sem hæstv. forsrh. las upp um það, að þetta hefði verið bundið við tiltekna fjárhæð né heldur að Framkvæmdastofnuninni væri ætlað að aðstoða við val og kaup.

Ég vildi líka gjarnan fá skýringar á því — og bað um svör við því — hvernig það mætti vera, að það fé, sem ætlað væri til skipasmíða, væri nú látið renna til togarakaupa erlendis frá, og með hvaða hætti það styrkti skipasmíðina í landinu. Við þessu fengust engin svör frá hæstv. forsrh., og ég ítreka þá fsp.

Hæstv. forsrh. vildi ekki veita nein svör um það, hvernig samtal þeirra Sverris Hermannssonar framkvæmdastjóra og hæstv. sjútvrh., Steingríms Hermannssonar, hefði verið. Ég trúi því tæpast, að hæstv. forsrh. viti ekki, hvernig þetta samtal hafi gengið fyrir sig, eða hafi eftir því innt. Mér þykir einsýnt að það skipti miklu máli fyrir forsrh. hvernig þetta samtal hafi verið, svo afdrifaríkar ákvarðanir sem teknar voru. Og ég hefði talið einsýnt að forsrh. hefði nú haft samband við þessa menn til að ganga úr skugga um hvernig orð hefðu farið þeirra á milli. Ég vil hér með beina því mjög eindregið til hæstv. forsrh., að hann varpi nú ljósi á þessa miklu og stóru gátu, þannig að við fáum skilið hér í deild og þjóðinni verði ljóst hver hulduboð gengu þarna á milli þessara tveggja aðila, þar sem annar segist hafa tekið við skilaboðum, en hinn ekki nokkurn tíma hafa látið þau sér um munn fara — og verður að teljast heldur einkennilegt. En kannske er vert að vekja athygli á því í þessu sambandi, að jafnóðum og hæstv. sjútvrh. vill ekki kannast við neitt í þessu efni, þá er hann í sjöunda himni yfir því, að samtal hans við Sverri Hermannsson skuli hafa verið skilið á þennan hátt og að Framkvæmdastofnunin hafi tekið þá ákvörðun sem hún tók í gær, sem ég skildi hæstv. forsrh. svo að hann í raun og sannleika harmaði, því að hér væri verið að innsigla þau alvarlegu mistök sem hefðu átt sér stað. Því vil ég eindregið beina því til hæstv. forsrh., að hann svari þessari spurningu.

Ég vil líka ítreka þá spurningu, sem ég bar fram um það, hver það sé að áliti ríkisstj. sem standa eigi undir rekstri þessa skips. Eða er hæstv. forsrh. tilbúinn að gefa

yfirlýsingu um það, að svo framarlega sem af þessu verði öllu saman megi Þórshafnarbúar og meðútgerðaraðilar þeirra á Raufarhöfn búast við því, að ríkisstj. hlaupi undir bagga um þær 660 millj., sem þarna vantar upp á, strax á næsta ári?

Ég vil aðeins segja það að lokum, að mér er það ljóst, sem kom fram í ræðu hv. þm. Stefáns Jónssonar, að hann og hv. þm. Árni Gunnarsson gerðu ítrekaðar tilraunir til að fá að fylgjast með gangi þessa máls. En ég veit ekki hvort það var rétt til orða tekið hjá hv. þm. Stefáni Jónssyni, að þeir hefðu komið að tómum kofunum. Mér skildist að þeir hefðu komið að læstum dyrunum og engar upplýsingar fengið.

Ég verð líka að segja það í framhaldi af þeim upplýsingum, sem komu fram í ræðu hv. þm. Lárusar Jónssonar, að ríkisstj. samþykkti kaup á dýrara skipi 8. okt heldur en þm. höfðu gert ráð fyrir. Þá var skipið orðið 1—1 ½ milljarði dýrara en þm. höfðu gert ráð fyrir, og þó vitað að gera þyrfti á því einhverjar endurbætur. Þessari samþykkt kyngdi svo Framkvæmdastofnunin hinn 17. okt., eftir því sem mér skilst, en þá eftir að ríkisstj. hafði samþykkt kaupin upp á 21 millj. n. kr. Ríkisstj. hafði þannig forgöngu í þessu máli.

Að lokum einungis þetta: Hv. þm. Stefán Jónsson rakti efnahagsmálavanda við Þistilfjörð til útgerðar á togaranum Fonti. Mér er tjáð að útgerð á togaranum Fonti hafi gengið allvel síðan hann fór til Siglufjarðar. Ég hef haft áhyggjur af því, að erfitt væri að gera út togara frá þessum stað. Mér er ljóst að nýir togarar geta líka bilað. Ég hef mjög sterkar taugar til Þórshafnar. Ég var fóstraður þar sumarlangt ungur maður. En ég hef aldrei getað séð að það væri annað en bjarnargreiði við þetta pláss að ætla að leysa atvinnuástand þar með þeim hætti að reka þaðan rándýran togara, sem ekki er hægt að annast viðhald á í heimahöfn né heldur í raun og sannleika að manna með eðlilegum hætti. Það er því ekki vegna þess að ég hafi ekki viljað hjálpa til við að styrkja atvinnulífið á Þórshöfn sem ég hef ekki séð vit í togarakaupum af þessu tagi. Það er þvert á móti einmitt vegna þess að ég hef litið svo til að hér væri verið að gera þessu plássi bjarnargreiða og það yrði að leita annarra leiða sem betur hentuðu til að treysta atvinnulífið þar.

Guðmundur Bjarnason: Herra forseti. Undanfarna daga og vikur hefur mikið verið ritað og rætt um þau togarakaup sem hér eru nú rædd utan dagskrár í hv. deild, þ. e. kaup á togskipi til Þórshafnar eða Raufarhafnar eða sameiginlegs útgerðarfélags þessara aðila, Útgerðarfélags Norður-Þingeyinga.

Það er vissulega ánægjulegt við þessar umræður hvað margir bera hag þeirra norðanmanna fyrir brjósti. Menn tala með hjartnæmum orðum um að atvinnuvandamál þeirra þurfi að leysa. Menn tala líka um að þarna sé verið að útvega þeim eða láta þá kaupa skip, sem sé allt of dýrt og verði þess vegna erfitt í rekstri, að þeir muni reisa sér hurðarás um öxl og að byggðarlögin, sem um ræðir, séu ekki fær um að standa undir þessum rekstri.

Af þessum ummælum finnst mér mega ráða að fyrirhyggja ákveðinna aðila, sem hafa tekið þátt í þessum umræðum, felist fyrst og fremst í því, að veita eigi úrlausn með því að þessum byggðarlögum verði útveguð atvinnutæki, helst togskip sem séu orðin gömul, sem séu ódýr, sem séu annars flokks. Og þá hlýtur líka að felast í því, að þetta fólk sé annars flokks. Dýr skip og dýra togara, sem kosta ekki bara 3.5 milljarða gkr., heldur kannske 5 milljarða eiga einhverjir aðrir að fá, sem eru þá trúleg fyrsta flokks og eiga að fá fyrsta flokks tæki. Þeim aðilum, sem þarna ætla að fara að gera út og efla atvinnulífið, er ekki trúað fyrir slíkum tækjum. Það er eins og þetta sé eina skipið sem kosti mikla peninga og verði dýrt að reka. Í þessum umræðum hefur líka komið fram, að þessi togari taki svo og svo mikið af þeim þorskveiðikvóta, sem öðrum togurum sé ætlaður, og rýri þar með afkomumöguleika þeirra. Það er ekki rætt um önnur skip í þessu sambandi. Rýra ekki önnur skip þetta líka? Og er ekki erfitt að gera út önnur skip? Ég held því miður að svo sé, og þar sem ekki hefur tekist að skipuleggja bátakaup og veiðar og vinnslu eða löndun á þann hátt sem kannske hefði verið æskilegast, þá er nú horfið að þessu ráði á Þórshöfn eins og víða annars staðar, að reyna að verða sér úti um togskip og gera út þar á svipaðan hátt og gengur og gerist víða annars staðar í sjávarplássum um allt land.

Í bréfi okkar þm. kjördæmisins, sem hér hefur verið vitnað til, reyndar lesið upp, og við rituðum í maí 1980, nefnum við einmitt þetta, að við teljum að það sé til *nægur fjöldi af skuttogurum í landinu, ef dreifing þeirra* væri með öðrum hætti en raun ber vitni og ef hægt væri að skipuleggja löndun öðruvísi. En málin á Þórshöfn hafa hins vegar þróast þannig síðustu árin, að við teljum að ekki verði undan því vikist að gera ráðstafanir til að kaupa skuttogara fyrir þetta byggðarlag.

Hv. 3. þm. og hv. 4. þm. kjördæmisins, sem talað hafa í þessum umræðum á undan mér hafa gert svo ítarlega *grein fyrir því, sem á undan er gengið* — hv. 4. þm. Stefán Jónsson ræddi um Fontsmálið eða togarakaupin sem áttu sér stað hér um árið — að ég ætla ekki að rekja þá sögu frekar, enda var ég minna kunnugur málum á þeim tíma. Og hv. 3. þm. kjördæmisins, Lárus Jónsson, gerði grein fyrir því, hvernig að þessu hefur verið staðið af okkar hálfu, hver okkar þátttaka hefur verið í þessum málum, þannig að ég sé ekki ástæðu til þess að fara frekar út í það. En mér finnst þó ástæða til að nefna hér örfá atriði sem fram hafa komið í umræðunum undanfarið, ekki bara hér í hv. deild, heldur líka úti í þjóðfélaginu.

Við fórum á fund í Framkvæmdastofnun, þm. kjördæmisins ásamt fulltrúum frá Útgerðarfélagi Norður-Þingeyinga, hinn 28. jan. Þar voru þessi mál rædd og rakin. Þar var að því spurt af framkvæmdastjóra stofnunarinnar, Sverri Hermannssyni, hvort hér væri um að ræða verksmiðjuskip og hvort stefnt væri að kaupum á slíku skipi og útgerð. Það kom í ljós í þeim umræðum og svörum, að slíkt er alls ekki. Allt tal um verksmiðjuskip er út í hött. Hins vegar er þarna um að ræða skip sem er með frystilest, og þess vegna hefur verið talið eðlilegt að í þessu skipi væru frystitæki til að þessa lest mætti nýta — til þess að ekki væri keyptur búnaður í skipinu, sem væri auðvitað dýr, en mundi ekki nýtast neinum ef ekki væru frystitæki í skipinu. Um annað, sem tilheyrir verksmiðjuskipi, eins og flökunarvélar o. fl., er ekki að ræða í þessu skipi. Umræður um slíkt eru því ekki réttar.

Mikið hefur verið talað um hækkunina á skipsverðinu úr u. þ. b. 1.5 milljörðum gkr. upp í 3 eða 3.5 milljarða, og menn hafa verið undrandi á því, hvernig slíkt hafi gerst. Á þessum fundi, sem ég gat um í Framkvæmdastofnuninni, var upplýst að þessi ákveðnu skipakaup og verð á þessu skipi hefðu verið kynnt fyrir stjórnarmönnum á tveim fundum, 29. sept. og 14 okt. s. l. Þá lá

fyrir að verð þessa skips væri rúmlega 2 milljarðar gkr. ísl. og auk þess þyrfti að breyta skipinu fyrir 300—400 millj. gkr. Ef tekið er tillit til gengisbreytinga síðan sjáum við að þetta verð er komið í um 3 milljarða gkr., svo að mönnun ætti í sjálfu sér ekki að ógna tölurnar eða koma þær á óvart. Ég tel að þá hafi verið skrifað upp á þann víxil sem hv. þm. Lárus Jónsson nefndi hér áðan. Þá lá þetta ákveðna skip fyrir og verðið á því. Þá var skrifað upp á víxilinn og hann gefinn út og verður auðvitað að standa við það. Þá áttu fulltrúar í stjórn Framkvæmdastofnunar og í ríkisstj. auðvitað kost á að segja: Þetta skip er of dýrt. Við samþykkjum ekki þessi kaup. Við skrifum ekki upp á þennan víxil. Þið verðið að leita ykkur að öðru skipi. Það var ekki gert. Og þess vegna tel ég óhjákvæmilegt og eðlilegt að við þetta mál verði staðið til enda. Þá mátti líka þeim mönnum, sem um þetta mál fjölluðu og sumir hverjir eru fróðir um útgerðarhætti og skipakaup, vera ljóst að það þurfti að skoða þetta dæmi e. t.v. nokkru betur en þá var gert. Inn í þetta verð vantaði þá t. d. lántökukostnað, kostnað við kaup á fiskkössum, kostnað sem hefur nú verið settur á blað og kallast „ófyrirséð" og er sjálfsagt og eðlilegt að taka með í dæmið, en aldrei verður fyrir fram vitað með vissu hversu hár sá kostnaður endanlega verður. Ég tel að eins og málum er nú komið sé fráleitt að hlaupa frá því og skilja vandann eftir eins og hann var raunverulega fyrir ári og er búinn að vera lengur og fara að byrja á einhverju nýju máli, taka það allt upp að nýju með þeirri fyrirhöfn allri og þeim tíma sem í það yrði eytt.

Það hefur verið nefnt að hér sé ráðstafað fé sem á að fara til innlendrar skipasmíði, a. m. k. hluta af fjármagninu. Það hefur líka verið bent á það hér í umræðunum, og ég vil aðeins ítreka það, að breytingar þær, sem fyrirhugað er að fari fram á skipinu, eiga að vinnast í Slippstöðinni á Akureyri. Fellur það að sjálfsögðu undir innlendan skipasmíðaiðnað. Ég fæ a. m. k. ekki annað skilið.

Þá langar mig aðeins að nefna að þeir tveir hv. þm. kjördæmisins, sem hér hafa talað á undan, hafa getið um, að þeir hafi lítið fengið að fylgjast með þessu máli, og telja að þeir hafi ekki fengið upplýsingar og vitneskju um hvað var að gerast hverju sinni. Ég vil nú segja það fyrir mitt leyti, að ég hef haft gott samband við þá menn sem hafa staðið að þessum kaupum, forsvarsmenn útgerðarfélagsins fyrir norðan, svo að ég vissi af því þegar sú hugmynd kom upp að kaupa ársgamalt skip frá Noregi. Og þá var mér sagt að það skip gæti kostnað um eða rúmlega 2 milljarða gkr., eins og síðar var staðfest á fundum í Framkvæmdastofnun og ég sagði frá áðan. Ég sagði þá við þessa menn, sem að skipakaupunum standa, að ég teldi að þar væru komnar miklu hærri tölur en við þm. kjördæmisins hefðum rætt um þegar við skrifuðum bréfið. Ég gerði þeim grein fyrir því. Hins vegar var mér bent á að það væri nokkuð annað skip sem þarna væri á ferðinni, það væri ársgamalt norskt skip. Hitt verðið ætti fjögurra, sex kannske átta ára gamlan franskan togara, og við vitum auðvitað að nýtt skip eða svo til er nokkuð annað í útgerð og rekstri heldur en gamalt skip. Við vitum líka að slíkt skip hlýtur að vera dýrara. En mér sýndist, eins og reyndar fleirum sem um þetta mál hafa fjallað, að þarna væri kostnaðarmunur ekki svo mikill að það væri ekki skynsamlegt að ráðast í kaupin einmitt á þessu umrædda norska skipi. Síðan kom það í ljós, sem menn vita nú, að þá var eftir að gera breytingar á skipinu. Svo hefur ýmiss annar aukakostnaður lagst á þetta eins og ég nefndi áðan.

Ég vil aðeins leggja á það áherslu að lokum, að ég vona að þetta mál sé nú í höfn, við séum búnir að finna lausn á þessu vandamáli. Auðvitað er þetta dýr lausn, ég er því algjörlega sammála. En ég sé ekki að við getum forsvarað það að þessir aðilar, íbúar Þórshafnar og Raufarhafnar, eigi að reka gamalt skip, miklu ódýrara og þá auðvitað annars flokks skip, á sama tíma og öðrum er gert kleift og þeir fá fyrirgreiðslu til kaupa og reka nýrri skip og fyrsta flokks skip. Ég vona að við séum nú með þetta mál í höfn og eftir allar umræðurnar, sem átt hafa sér stað í þjóðfélaginu um þessi togarakaup, sé þessum stormi að linna og málið fái farsælan endi.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Vegna þeirra ummæla hv. síðasta ræðumanns, 5. þm. Norðurl. e., að hann vonaði að þessum stormi færi að linna, þá get ég ekki tekið undir það. Ég held að þessi stormur verði að fá að blása þangað til þetta mál er upplýst, vegna þess að það vantar mikið á að það sé enn fyllilega upplýst. (Gripið fram í.) Já, menn geta viðhaft þau orð um það sem þeir kjósa. Og sumir vilja kannske kalla það uppblástur, að hér sé fjallað um þetta mál. Það getur vel verið að sumir þm. hafi ástæðu til að líta á það sem uppblástur. En þegar hæstv. forsrh. tekur þannig til orða hér, að í þessu máli hafi orðið alvarleg mistök, þá held ég sé vissulega ástæða til að þm. athugi málið nánar. Og ég held að það sé ekki aðeins ástæða, heldur beri þm. rík skylda til að sjá til þess, að málið verði athugað nánar.

Menn hafa rætt um það hér og haft í flimtingum hver þurfi að hysja upp um hvern í þessu máli. Mér sýnist nú einhvern veginn að velflestir — ég segi ekki allir — velflestir þeirra, sem hafa komið nálægt þessu máli, hafi ástæðu til að huga að því, hvernig þeir séu girtir. Mér sýnist það.

Hv. þm. Lárus Jónsson sagði hér áðan að það væri að bera í bakkafullan lækinn að ræða þetta mál. Ég held að það sé ekki. Ég held að það þurfi að ræða þetta mál, eins og ég sagði áðan, miklu, miklu betur og miklu, miklu ítarlegar. Ég er sömuleiðis ósammála því sem hann sagði hér áðan, að við ættum bara að kyngja þessum mistökum. Það er ekki leiðin. Það á að skoða þetta mál niður í kjölinn, það á að komast að því, hverjir bera ábyrgð á þessum alvarlegu mistökum, og auðvitað verður að fylgja því máli eftir til loka. Hér er um mjög alvarlegt mál að ræða, jaðrar við að kalla mætti hneyksli, og kann vel að vera að þegar öll kurl verða komin til grafar í þeirri athugun, sem forsrh. sagði að fram mundi fara á þessu máli, verði það kallað hneyksli. Ég er ekki að gera það hér og nú.

Sömuleiðis er auðvitað rétt að vísa á bug sem ástæðulausum, tilhæfulausum, órökstuddum og röngum þeim fullyrðingum sem hv. þm. Guðmundur Bjarnason hafði við hér áðan, að þeir, sem gagnrýndu þetta mál, teldu að þarna væri um einhvers konar annars flokks borgara landsins að ræða. Ég held að enginn maður, sem hefur látið í ljós gagnrýni á þessu, hafi það í huga, og hygg raunar að það hafi komið skýrt fram í þessum umræðum. Hins vegar hafa menn látið að því liggja og leitt að því rök, að e. t. v. mætti leysa þann vanda, sem við er að etja í þessum byggðarlögum, með ódýrari hætti en þarna á nú að gera. Og hefur raunar komið í ljós, að það var ætlun þeirra sem upphaflega beittu sér í þessu máli, að það yrði

gert með ódýrari hætti. Það hygg ég að hafi m. a. komið fram hjá þingmönnum á sínum tíma. Ég sé að hv. þm. Stefán Jónsson kinkar kolli. Hann er þm. þessa kjördæmis, en hv. þm. Stefán Guðmundsson aftur þm. annars kjördæmis. Og ég hygg að hv. þm. Stefáni Jónssyni sé þetta mál næsta kunnugt.

Það hefur komið fram hér hverjar fjárhæðir er um að tefla. Ég vil minna hv. þdm. á að fyrr á þessu þingi var hér til umræðu ríkisábyrgð til handa Flugleiðum. Mér sýnist að þetta mál fjalli um helming þeirrar upphæðar e. t. v. Þá var farið þinglega að. Málið var látið fara hér í gegnum þingið, enda var þar ekki um neina smáupphæð að ræða í ríkisábyrgð. Þetta mál ber að með allt öðrum hætti. Hér standa menn andspænis gerðum hlut, það er talað um að kyngja mistökunum og helst að gleyma málinu. Það hefur komið mjög skýrt fram í þessum umræðum, að rekstrargrundvöllur þessa togara er enginn. *Hann getur aðeins sótt á ein mið. Þau mið eru í vösum skattborgara.* Það á að gera þetta skip út á hag íslenskra skattborgara, það held ég sé alveg ljóst. (**Gripið fram í:** Hvað með önnur skip?) Við erum að ræða hér um þetta skip, og það hafa verið nefndar tölur um rekstrargrundvöll þess, og þær tölur hafa ekki verið vefengdar í þessum umræðum. Sú er rót þessara ummæla minna.

Stundum hefur maður það á tilfinningunni, að hér í þjóðfélaginu og ráðandi í stjórnkerfinu séu öfl sem hafi það eitt markmið með þátttöku í stjórnmálum að kreista fé út úr hinu opinbera til hagsmuna fyrir þá sem þeir telja sig umboðsmenn fyrir. Það fer ekki hjá því, að stundum fái maður þetta á tilfinninguna.

Hæstv. forsrh. viðhafði þau orð áðan, að hér hefðu orðið alvarleg mistök. Ég hygg næstum því að það muni einsdæmi á Alþingi, á hæstv. forsrh. standi í ræðustóli og viðurkenni að alvarleg mistök hafi átt sér stað. Ég er ekki að segja að hæstv. forsrh. beri ábyrgð á þessum mistökum, en að mjög alvarleg mistök hafi átt sér stað í kerfinu. *Og málið verður kannað,* sagði hann. Eins og fram hefur komið hér hafa nokkrir þm. lagt fram beiðni um skýrslu. En ég hygg að íhugunarefni sé, þegar sú skýrsla hefur verið flutt Alþingi, hvort ekki sé rétt að notfæra sér þann rétt, sem þm. hafa samkv. 39. gr. stjórnarskrár, að skipa sérstaka nefnd til að rannsaka málið. Ég hygg að það hljóti að koma til athugunar þegar skýrsla hæstv. forsrh. liggur fyrir. En í 39. gr. stjórnarskrár segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hvor þingdeild getur skipað nefndir innandeildar-þingmönnum til að rannsaka mikilvæg mál sem almenning varða. Þingdeildin getur veitt nefndum þessum rétt til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum."

Hér er vissulega um að ræða mál sem almenning varðar. Og því held ég að sé rík ástæða til að íhuga þennan möguleika. Það hefur komið fram í þessum umræðum í dag, að það fer töluvert á milli mála hvaða skilaboð hafa farið milli manna í gærdag á tveimur býsna mikilvægum fundum. Hæstv. forsrh. viðhafði þau orð áðan, að hann vildi ekki fara með þau skilaboð sem þar hefðu farið. Ég held að það sé rík ástæða til þess, herra forseti, að óskað verði eftir því við hæstv. sjútvrh., að hann greini deildinni frá því hér, hvað það var sem milli manna fór í gær. Um það fer vissulega tvennum sögum.

Ég held að öll meðferð þessa máls hljóti frá sjónarmiði almennings að vera smánarblettur á íslensku stjórnkerfi, hvernig slíkt gerist, hvernig slíkt getur gerst. Og ég held að þann smánarblett verði að hreinsa. Alþingi á áreiðanlega einhvern hluta af honum, því miður, en þar koma margir fleiri við sögu. Og það gerum við ekki með því að kyngja þessum mistökum þegjandi eða vona að þennan svokallaða storm lægi sem allra fyrst svo menn geti farið í friði að hyggja að einhverjum öðrum málum.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Ég vil láta þess getið varðandi ósk hv. síðasta ræðumanns um að hæstv. sjútvrh. kæmi hér á fundinn, að það er ómögulegt um sinn því að hann er í ræðustól í hv. Nd.

Stefán Guðmundsson: Herra forseti. Í þessari deild fara nú fram allfróðlegar umræður. Hér er margt sagt en ég held að margt af því sé lítið hugsað.

Vegna ummæla hv. þm. Eiðs Guðnasonar áðan vil ég lýsa undrun minni á því orðalagi sem hann notaði hér í þessum ræðustól. Ég sé ekki hvaða ósköp hafi skeð í þessu máli. Hins vegar mæli ég ekki gegn því, að hið sanna og rétta komi í ljós. Það er eðlilegt að menn geri kröfu til þess. Og það er líka málinu fyrir bestu.

Hv. þm. taldi — og það hefur heyrst margsinnis áður í umræðum um þetta mál — að það hefðu verið þessir vondu menn, sem skipa stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins, sem hefðu ráðið því, að það var þetta ákveðna skip sem var keypt. Hér er búið að lesa bréfið sem þm. kjördæmisins skrifuðu forsrh. En vegna þess hvernig menn tala um þessi mál — og ég verð nú að segja: fara frjálslega með sannleikann — þá finnst mér ástæða til að lesa kafla úr því enn og aftur.

„Ef ekki reynist mögulegt að greiða fyrir því," segir í þessu bréfi þingmannanna, „að Guðbjörg verði seld til Þórshafnar, þá leggjum við á það ríka áherslu, að leyfi verði veitt fyrir kaupum á skuttogara erlendis frá og gerðar verði viðhlítandi ráðstafanir af hendi ríkisstj. að gera það mögulegt."

Svo segir síðar í þessu bréfi:

„Þó við séum þeirrar skoðunar, að nægur fjöldi sé orðinn af skuttogurum í landinu, ef dreifing þeirra væri með öðrum hætti, þá hafa mál þróast á Þórshöfn síðustu árin þannig, að við teljum að ekki verði undan því vikist að gera nú þegar ráðstafanir til að fá keyptan skuttogara fyrir byggðarlagið."

Eins og hér hefur komið fram áður rita allir þm. kjördæmisins undir þetta bréf nema Halldór Blöndal. Ég býst við að hann hafi verið fjarverandi. (**StJ:** Hann er landskjörinn.) Hann er landskjörinn, segir hv. þm. Stefán Jónsson. Ég held að það hafi nú ekki verið ástæðan fyrir því, að hann skrifaði ekki undir. En nóg um það, þeir skrifuðu undir, allir þm. kjördæmisins að Halldóri Blöndal undanteknum.

En hv. þm. Eiður Guðnason sagði fleira. Hann sagði að rekstrargrundvöllur fyrir þessu skipi væri enginn, alls enginn. Um þetta má vissulega deila. En er rekstrargrundvöllur fyrir því skipi sem verið er að smíða og á að fara á einn lítinn stað í hans kjördæmi? Hvað ætli það skip kosti?

Þá erum við komnir að því atriði sem hv. þm. Lárus Jónsson, held ég, vék að áðan og er vitaskuld kjarni málsins: Er grundvöllur almennt fyrir rekstri þessara skipa? Það er kjarni málsins, en ekki að vera að draga þennan togara einan sér út.

Menn leita líka svara við því, vegna hvers hafi verið út í það farið að kaupa togara til Þórshafnar. Ég gæti ímynd-

að mér að það hafi verið gert m. a. vegna þess, að á Þórshöfn er gott frystihús, vel rekið hús. Það er annað frystihús á Raufarhöfn. Og þessi frystihús skortir hráefni. Vinnslugeta þessara frystihúsa mun vera svona um 10 000 tonn á ári. Og það má taka með, þegar menn eru að gæla við þessa útreikninga, hvort þetta eða hitt borgi sig, að það er hagkvæmt fyrir frystihúsin að fá aukið hráefni til vinnslu. Það að fá þennan togara á eftir að bæta verulega rekstrarafkomu þessara fyrirtækja.

Hv. þm. Kjartan Jóhannsson sagði hér áðan að það hefði margt breyst frá því að hann var fóstraður á Þórshöfn eitt sumar. Jú, það er satt. Þingmaðurinn hefur breyst og plássið hefur einnig breyst. Það, sem kannske skiptir hvað mestu fyrir byggðarlagið, er að með þeim friðunaraðgerðum sem gripið hefur verið til fyrir Norðausturlandi, er ekki ofsagt að lífsbjörgin hafi verið tekin frá því fólki sem þarna vill búa. Og það er m. a. þess vegna sem heimamenn telja nauðsynlegt að fá stærra og betur búið skip heldur en voru á Þórshöfn þegar hv. þm. Kjartan Jóhannsson var þar.

Hann minntist einnig á það í sinni ræðu, og ég hef heyrt það æ ofan í æ, að menn veifi alls konar pappírum, það komi sölumenn og veifi samningum og segi: Við getum boðið skip fyrir þetta og hitt verðið. — Ég held að menn láti ekki fara svona með sig og geti ekki talað svona í fullri alvöru, þeir sem vilja skoða þessi mál raunverulega ofan í kjölinn. Það er ólíkt hvort verið er að bjóða 5 eða 6 ára gamalt skip eða árs gamalt skip, eins og hér um ræðir. Og menn verða líka að huga að búnaði þessara skipa og gera samanburð á honum ef þeir eru að bera saman verð á annað borð.

Hv. þm. Kjartan Jóhannsson fann einnig að því, að það væri tekið af þeim peningum sem ætlaðir hafi verið til þess að efla íslenskan skipaiðnað. Ég vil bara taka undir og undirstrika það sem menn hafa hér sagt, að þær breytingar, sem gerðar verða á þessu skipi, er ákveðið að framkvæma hjá Slippstöðinni á Akureyri. Ég vil líka benda á að þetta mun vera fyrsti togarinn sem kemur til með að kaupa fiskkassa frá nýrri verksmiðju á Akureyri sem framleiðir fiskkassa fyrir íslensk fiskiskip? Ég held því að það komi nokkuð af þessu fjármagni hingað heim. En vitaskuld má velta þessu máli lengi fyrir sér. Og ég skil vel umhyggju manna fyrir íslenskum skipaiðnaði. En hvað skyldu mörg skip hafa verið keypt, byggð eða breytt erlendis þegar hv. þm., sem hér talaði um þessi mál, var sjútvrh.? Hvað ætli það hafi verið mörg skip sem voru keypt, byggð eða breytt erlendis í hans stjórnartíð?

Hv. þm. Lárus Jónsson vék áðan í sinni ræðu aðeins að því, hvaða skip hefði orðið fyrir valinu. Menn geta velt því lengi fyrir sér og ekki óeðlilegt að athuga það. En er þetta ekki sá háttur sem verið hefur ef menn hafa viljað kaupa skip? Hafa menn ekki fengið leyfi til þess? Þeir hafa farið og ýmist látið teikna fyrir sig skip eða valið skip og komið og lagt þau gögn fram. Ég held að í þessu máli hafi ekkert skeð annað en það sem hefur viðgengist undanfarin ár. Ég veit satt að segja ekki hverjir ættu að koma til og skera úr. Í þessu tilviki veit ég ekki betur en að kunnugur og góður skipstjóri hafi farið og skoðað þetta skip og gengið úr skugga um að hér væri verið að kaupa gott fley. Ég hef spurt þennan mann út í það, og hann hefur sagt svo vera. Ég tel hann miklu dómbærari um það, hvort valið hefur verið heppilegt skip, heldur en ýmsa sem hér hafa talað í dag og undanfarið um þessi mál. Ég ber miklu meira traust til hans í þeim efnum heldur en flestra þeirra.

Menn hafa viljað varpa ábyrgðinni á Framkvæmdastofnun ríkisins, að hún hefði átt að hafa hér fingur á og stýra málinu eitthvað frekar. Byggðadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins hefur boðið fram aðstoð sína til að vinna að hagræðingu og aukinni samvinnu þessara aðila heima fyrir. Ég held að það sé æskilegt. Ég vona að góð samvinna takist á milli þessara staða um rekstur þessa skips ásamt Rauðanúp. Fyrirgreiðsla Framkvæmdastofnunar er bundin því skilyrði, að þessi skip verði rekin hlið við hlið.

Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð nú. Það væri margt hægt að segja um þessi mál, en ég veit ekki hvort það er nokkuð til að bæta. Mér skilst að málið sé ekki úr sögunni hér í þingsölum, það muni halda áfram að verða hér á dagskrá. Ég tek undir það með hv. þm. Guðmundi Bjarnasyni, að ég fagna því að málið skuli vera komið á lygnari sjó, það sé farið að hilla undir að skipið komi og verði hægt að fara að gera það út til þess að bæta úr því slæma ástandi sem ríkir í atvinnumálum þarna norðaustur frá.

Það er einkennilegt hvað gert er mikið veður út af þessu máli einu sér. Það er eins og þetta sé eini togarinn sem sé að koma til landsins. Ýmislegt hefur verið gert í byggðamálum til þess að reyna að halda atvinnulífi gangandi á hinum ýmsu stöðum. Framkvæmdastofnun ríkisins hefur komið þar víða við. Ég stóð að því í vetur að rétta upp höndina með vissum aðgerðum í kjördæmi hv. þm. Kjartans Jóhannssonar. (**KJ:** Var það í utanríkismálum?) Nei, það var í útgerðarmálum. En það hefur minna verið rætt um það í fjölmiðlum eða í sölum Alþingis. (**KSG:** Bjarga fyrirtæki Framkvæmdastofnunar?) Bjarga fyrirtæki Framkvæmdastofnunar, segir einn af þm. kjördæmisins og stjórnarmaður í Framkvæmdastofnun ríkisins. Það er vissulega að hluta til rétt. Það var m. a. verið að bæta rekstur Norðurstjörnunnar. En þarna var stofnað hlutafélag um rekstur Framtíðarinnar KE. (**Gripið fram í:** Sem stendur undir nafni.) En það hefur minna verið talað um þetta. (**Gripið fram í:** Algjört leyndarmál.) Þar var staðið þannig að málum, að Norðurstjarnan, sem er í eigu Framkvæmdasjóðs að meiri hluta, stofnaði hlutafélag ásamt öðrum aðilum og yfirtók rekstur togarans, m. a. til þess að tryggja atvinnuástand á Suðurnesjum. Þetta er góðra gjalda vert, og ég vona að vel fari. (**Gripið fram í:** Ódýr lausn.) Ég skal ekki dæma um það. Ég vona að þetta hafi verið skynsamleg lausn. Það er athyglisvert, að ákveðnir aðilar bregðast ætíð ókvæða við þegar ákveðin landssvæði þurfa að fá fyrirgreiðslu þegar þau eru að rétta úr kútnum. Það gremst mér verulega. Ég held að menn ættu að láta af öllum stráksskap í þessu máli og reyna að þjappa sér saman í von um að tekist hafi að finna farsæla lausn til að létta undir með íbúum þessa landshluta.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Það er að vonum að þetta mál veki athygli, enda er þetta hið versta mál. Það hefur verið fjallað nokkuð hér um atvinnuleysi á Þórshöfn, og til þess að leiðrétta misskilning vil ég koma því á framfæri, að við, sem höfum verið andvígir þessum togarakaupum, höfum ætíð verið því mjög fylgjandi að reynt verði að gera úrbætur fyrir það fólk sem þarna býr.

Ég vil upplýsa það, að á tímabilinu frá des. 1978 til mánaðamóta nú í ár voru að meðaltali 17 — 18 manns

atvinnulausir á Þórshöfn. Atvinnuleysi er ætíð slæmt. Atvinnuleysisvofan er sú versta vofa sem hugsast getur. Og ríkisvaldinu ber að hjálpa til þegar hún er á ferðinni. En það, sem við erum að tala um er hvernig megi betur leysa það heldur en með því að moka fjármunum, 3.5 milljörðum, til þessa verkefnis, — milljörðum sem við sjáum ekki að komi að gagni, — milljörðum sem við teljum bjarnargreiða við þá íbúa sem þarna búa.

Það vill svo til, að á þessu svæði var rekið skip, togarinn Fontur, — skip sem keypt var frá Suðurnesjum. Og það tókst ekki betur til með útgerð þess skips en svo, að það þurfti að selja það í burtu þrátt fyrir margháttaða fyrirgreiðslu, ótrúlega fyrirgreiðslu. Og það var ekki betur að útgerðinni staðið en svo, að á ellefu mánaða tímabili voru t. d. 12 vélstjórar á því skipi. Það segir sína sögu um reksturinn. Margt mætti fleira tína til, en það vita allir að útgerð þessa sama skips gengur vel í dag í höndum annarra manna.

Kjarni málsins er sá, að við teljum þessa lausn allt of dýra. Og við teljum til vansæmdar af ríkisvaldinu að krefjast þess að þessi leið verði farin. Ég er sá eini stjórnarmanna sem ætíð hef varað við þessum kaupum, alveg frá upphafi, og talið að leita þyrfti annarra leiða til að leysa vanda íbúa á Norðausturlandi, en jafnframt sagt að vanda þeirra yrði að leysa. Og það er ýmislegt sem þar mætti til nefna. En ríkisvaldið, ríkisstj. var iðin við kolann, sendi frá sér samþykkt á eftir samþykkt og gerði Framkvæmdastofnun skylt að fjármagna þessi kaup. Þegar eitt slíkt bréf barst lét ég bóka eftirfarandi á stjórnarfundi:

„Ég vek athygli á að hver nýr skuttogari hefur í för með sér fleiri skrapdaga fyrir þá togara sem fyrir eru. Jafnframt rýrna tekjur sjómanna og útgerðar og þjóðarbúið bíður tjón af. Ég tel engan veginn ljóst, að nýr togari leysi vandamál atvinnulífsins á Þórshöfn og Raufarhöfn, og greiði því atkvæði gegn þessari bókun" — þ. e. bókun er fjallaði um hvernig Framkvæmdastofnun færi með málið.

Þetta mál hefur verið hið mesta vandræðamál innan Framkvæmdastofnunar, og það er greinilegt á öðrum stjórnarmönnum að mönnum hefur fundist ríkisstj. gerast offari í þessu máli. Það er ekki nokkur vafi á því, að samþykkt þessara togarakaupa er mjög alvarleg mistök, eins og hæstv. forsrh. mun hafa orðað það áðan. Þau eru rakin til bréfs sex þingmanna kjördæmisins sem af velvilja skrifa bréf og vilja leysa atvinnuvanda byggðarlagsins og eru þá með það í huga að leysa hann á miklu ódýrari hátt en raun varð á. Það hafa staðfest þeir ágætu þm. Árni Gunnarsson og Stefán Jónsson, sem einnig hafa kvartað yfir því að hafa ekki fengið að fylgjast með málinu sem skyldi, þeir hafi komið að læstum dyrum. Og ekki efast ég um velvilja þeirra í þeim efnum að vilja fylgjast með málinu og hafa góð áhrif á það.

Best er að víkja að þeim fundi sem síðast var í Framkvæmdastofnun og stóð mestallan daginn með hléum, þar sem hver kúvendingin var tekin á fætur annarri. Þar skeður það, að mönnum er ljóst að það verður að afgreiða þetta mál, hvernig sem það verður afgreitt. Þeir er samþykkt höfðu þessi kaup sáu að Framkvæmdastofnun yrði sótt til saka eða fé yrði sótt til hennar, hvort sem hún samþykkti þetta eða ekki. Það skeður einnig, að sjútvrh. hringir, þegar fundur stendur yfir, til forstjóra stofnunarinnar og þaðan koma þau skilaboð, að það sé vilji ríkisstj. að gengið verði frá þessu máli á þann hátt sem síðar var gert.

Ég spurði að því sérstaklega, hvort hefði verið samþykkt í ríkisstj. að fara þannig að. Ég fékk það svar frá forstjóra að það væri óformleg samþykkt. Síðan er því haldið fram í fjölmiðlum í dag, að þarna hafi menn skrökvað til. Það verður að fást upplýst hvernig þetta er til komið. Hver skrökvar, hver segir satt. (**StJ:** Það er nú erfið spurning.) Það er erfið spurning, já, en henni ber að svara. (**StJ:** Það er þá eins gott að sá sem svarar þeirri spurningu segi satt.) Já, það er eins gott. Ég tek undir það með hv. þm., að það er eins gott að sá er svarar segi satt.

Þegar ljóst var að fara átti eftir tilmælum ríkisstj., þegar ljóst var að stjórn Framkvæmdastofnunar var nokkurs konar leiksoppur í þessu máli, þá gerði ég eftirfarandi bókun:

„Núverandi ríkisstj. samþykkti skilyrðislaust kaup á togara til Þórshafnar/Raufarhafnar. Byggðasjóði var falin fjárútvegun. Ljóst er að bæta þarf atvinnuástand á Þórshöfn, en þessi aðferð er mjög umdeilanleg, m. a. vegna þess að kostnaður er meira en helmingi hærri en upphaflega var áætlað. Einnig sýnir fyrirliggjandi rekstraráætlun að íbúum Þórshafnar/Raufarhafnar verður ókleift að standa undir rekstri togarans. Niðurstaða áætlunarinnar er sú, að rekstur togarans 1981 skili 90 millj. gkr. til greiðslu á vöxtum og afborgunum, og vantar þá um 662 millj. gkr. til að greiða afborganir og vexti fyrra árs. Ég tel ríkisstj. bera alfarið ábyrgð á þessu máli, en jafnframt vísa ég til fyrri bókana minna sem sýna andstöðu mína við það glæfraspil sem hér er á ferðinni."

Ég tók í framhaldi af þessu þá ákvörðun að taka ekki þátt í afgreiðslu málsins, enda óþefur af því. En ég spyr: Hver á að greiða þau hundruð millj. gkr. sem vantar í afborganir og vexti af skipinu þegar til kemur? Hver á að sjá um rekstur togarans? Hræddur er ég um að með þessari ráðagerð sé íbúum Þórshafnar sérstaklega gerður mikill bjarnargreiði og það eigi dæmin eftir að sýna þegar líður á árið.

Og annað er það sem við þurfum að velta fyrir okkur. Það liggur fyrir að á þessu tímabili, sem ég tilgreindi áðan, hafa 17 — 18 manns verið atvinnulausir. Togari af þeirri stærð sem hér er um að ræða krefst mun meira vinnuafls en þar er um að ræða. Hvaðan á það að fást? Á kannske að sækja slíkt vinnuafl til útlanda?

Það mætti margt til tína og það hefur reyndar verið gert hér. En eitt er það sem mann furðar á varðandi breytingar á þessu skipi, og það eru frystitækin. Það er látið að því liggja, að með þeim eigi að frysta aflann og þíða hann síðan upp og vinna hann. En mönnum er kannske ekki ljóst að á þessum ferli minnkar vatnsmagn fisksins um 12% og verður gersamlega óarðbært að vinna hann. Eða skyldu þessi frystitæki vera einungis til þess ætluð að sigla með aflann til útlanda? Og hvar er þá hugsun þeirra manna sem vilja bjarga atvinnuástandinu á Þórshöfn? Ég vona að við fáum skýr svör um það hvernig skuli standa að rekstri þessa togara, og ég fordæmi þær aðferðir sem hafðar hafa verið í frammi við kaup á honum.

Þá skulum við hafa það í huga, að ljóst er að boðist hafa margfalt ódýrari skip en um er að ræða, allt niður í 12 millj. norskra kr., en nú er verið að kaupa skip sem kostar 28 millj. norskra kr. (**Gripið fram í:** Heldur þm. að það séu sambærileg skip?) Ég hef ástæðu til að ætla að svo sé, það séu sambærileg skip. En aðalatriðið er það, að við teljum að hægt hefði verið að finna ódýrari lausn til

að þjóna fólkinu á Þórshöfn/Raufarhöfn. Menn eiga ekki að ganga í vasa skattborgara bara að gamni sínu, bara til þess að kreista fé út úr hinu opinbera. (**Gripið fram í:** Hvað var Byggðasjóður að gera?) Byggðasjóður var að bjarga eigin fyrirtæki í Hafnarfirði og gerði það með sóma, og það var mjög ódýr lausn fyrir Byggðasjóð, enda viðurkenna það allir sem að því stóðu. En ég endurtek — (Gripið fram í.) atvinnulífi kjördæmisins hefur ekki verið bjargað. Það eru ekki 17 — 18 manns atvinnulausir í Keflavík að meðaltali, það eru 40 — 50 manns. Bara í einu byggðarlaginu á Suðurnesjum.

Ég endurtek það að mér finnst furðu sæta, hvernig að þessu hefur verið staðið, og ítreka enn andstöðu mína við þessar aðferðir.

Neðri deild, 54. fundur.

Miðvikudaginn 18. febr., kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs utan dagskrár til þess að ræða togarakaupamál Útgerðarfélags Norður-Þingeyinga og þá einkum til að gera grein fyrir afstöðu minni til málsins, en af því hef ég haft nokkur skipti vegna þátttöku minnar í stjórnarstörfum Framkvæmdastofnunar ríkisins. Þar á ég sæti sem varamaður og það hefur hist svo á, að málið hefur verið rætt á fundum sem ég hef setið sem slíkur, þ. á m. á tveimur fundum í gær svo og á fundi í síðustu viku þar sem þessi mál voru sérstaklega til umræðu og afgreiðslu. Vegna fréttaflutnings af úrslitum málsins í gær, viðtals við stjórnarformann Framkvæmdastofnunar ríkisins í sjónvarpi í gærkvöld, greinargerðar okkar hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar við afgreiðslu málsins, yfirlýsingar hæstv. iðnrh. Hjörleifs Guttormssonar í viðtali við Morgunblaðið í morgun, svo og vegna viðtals við sjútvrh. í dagblaðinu Vísi í dag þykir mér nauðsynlegt að taka málið upp hér í hv. þd. þar sem hér virðist ýmislegt stangast á.

Það má segja að þetta mál ætli að reynast ýmsum notadrjúgt umræðuefni. Satt að segja átti ég ekki von á að ég þyrfti að taka málið upp hér á hv. Alþingi en hjá því kemst ég ekki.

Það er ekki ástæða til að rekja aðdraganda þessa máls ítarlega, enda mun það hafa verið gert hér áður. Ég minni aðeins á þá samþykkt ríkisstj. frá 1. ágúst 1980 þar sem heimiluð eru kaup á notuðum togara erlendis frá. En eins og öllum er kunnugt voru slík kaup ekki heimiluð nema með sérstökum skilyrðum. Frá því var vikið með þessari samþykkt ríkisstj. 1. ágúst og það er hið raunverulega upphaf þessa máls.

Ég get þó minnt á bókun, sem gerð var á stjórnarfundi Framkvæmdastofnunar ríkisins 4. sept. 1980, en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Með vísun til niðurstaðna af athugun Framkvæmdastofnunar ríkisins á atvinnuástandi á Þórshöfn hefur ríkisstj. samþykkt að keyptur verði togari erlendis frá og hann rekinn af útgerðaraðilum á Þórshöfn og Raufarhöfn og er það gert með tilliti til byggðavanda svæðisins. Með vísun til þess verði Framkvæmdastofnun ríkisins falið að sjá um útvegun fjármagns og gera ráð fyrir því á lánsumsókn sinni á lánsfjáráætlun árið 1981."

Þessi var bókunin, en auk þess er hér greint frá að forstjórinn hafi skýrt frá því, að framangreint mál væri á þessum fundi aðeins til kynningar og mundi koma til umfjöllunar síðar, skilningur hans á samþykkt ríkisstj. væri að það væru eindregin tilmæli hennar að Byggðasjóður gerði undantekningu í þessu máli frá reglum sjóðsins um að neita öllum lánveitingum til togarakaupa erlendis. — Þetta var úr bókun frá 4. sept.

Ég minni einnig á bókun frá 14. okt. þar sem segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Með vísun til samþykktar ríkisstj. frá 1. ágúst s. l. um leyfi til handa útgerðaraðilum á Raufarhöfn og Þórshöfn að kaupa notað skuttogskip erlendis frá lítur stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins svo á, að Byggðasjóði sé gert að greiða 20% kaupverðsins og verði þess fjár aflað með sérstökum hætti. Á hinn bóginn beinir stjórn stofnunarinnar þeim tilmælum til ríkisstj., að hún veiti sjálfskuldarábyrgð á 80% láni erlendis vegna skipakaupanna samkv. lögum um heimild fyrir ríkisstj. að veita sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á skuttogurum frá 3. maí 1972."

Þannig er þessi bókun. Auk þess er í þessari fundargerð bókað, að forstjóri hafi rakið málið frá byrjun og lagt áherslu á að bókunin yrði samþykkt á þessum fundi. Svo var gert með 6 atkv., en einn stjórnarmanna, Karl Steinar Guðnason, greiddi atkv. gegn bókuninni. Um þetta urðu miklar umræður þar sem allir stjórnarmenn tóku til máls. Matthías Bjarnason las upp afrit af samþykkt ríkisstj. og kvaðst ekki kannast við, að stofnunin hefði átt frumkvæði í þessu máli, og óskaði eftir að fram kæmi í fundargerð að hann hefði aldrei tekið þátt í því að leggja til við ríkisstj. að leyfa kaup á togara erlendis frá og valda þannig því, að aðrir togarar yrðu bundnir eða þyrftu að stunda óarðbærar veiðar í fleiri daga. — Þessi var bókunin frá 14. okt.

Ég rek þetta til að sýna frumkvæði ríkisstj. að því að veita undanþáguna og að ríkisstj. leggur beinlínis fyrir Framkvæmdastofnun ríkisins að annast fyrirgreiðslu þessa máls.

Aðdragandann þarf ég ekki að rekja frekar, en nefni hér bókun frá fundinum 12. febr., í síðustu viku. Þar er bókað að samþykkt hafi verið að fela forstjóra að ræða við kaupendur og stjórnvöld og ítreka fyrri samþykkt stjórnarinnar um að Byggðasjóður sjái sér ekki fært að lána til þessara kaupa meira en 20% af erlendu kaupverði, þ. e. 21 millj. norskra kr.

Fundur stjórnar Framkvæmdastofnunarinnar var svo haldinn í gær í tveimur hlutum, fyrst frá ellefu til hálfeitt og síðan milli hálfþrjú og hálfffjögur. Var upplýst á þeim fundi að málið væri strandað ef stjórnin héldi við fyrri samþykkt sína, þ. e. 20% lán af 21 millj. kr. kaupverði, sem vitað var þá að var komið langt upp fyrir þá upphæð. Á þessum fundi kom strax fram hjá formanni stjórnarinnar að best væri að hætta við þetta allt saman og afturkalla jafnframt fyrri samþykktina um 20% lánið úr Byggðasjóði, 20% af 21 millj. norskum.

Meðan á fundinum stóð var forstjórinn kallaður í símann. Það var hæstv. sjútvrh. sem þurfti að eiga við hann viðtal. Forstjórinn kom síðan inn á fundinn og flutti þau tilmæli frá sjútvrh., að það væri álit ráðh. og, að því er ætla mátti af skilaboðum, að það væri álit ríkisstj., að það væri að fara úr öskunni í eldinn að stöðva málið nú,

það væri tímabært að menn hættu að kasta þessu máli á milli sín. Jafnframt var lýst hugmynd að lausn á málinu og hún var að miða skyldi við að kaupverð yrði 28 millj., en breytingin var sú, að Byggðasjóður skyldi lána 10% af þessari upphæð beint, en 10% af sérstöku fé sem ríkisstj. hefur ákveðið að fá Byggðasjóði til ráðstöfunar.

Ég geri ráð fyrir að öllum hv. þm. sé kunnugt um hvaða sérstaka fé er að ræða. Það fékkst í Byggðasjóð fyrir dugnað og harðfylgi stjórnarformanns við afgreiðslu á tilteknu máli rétt fyrir jólin og ég þarf ekki að rifja það upp. Það voru 1500 millj. gkr. Stjórnarformaðurinn þurfti að vísu að greiða fyrir þetta nokkuð háu verði og vissi ekki þá, og ég veit ekki hvort hann veit það nú, hvort hann gæti fyrirgefið sér að hafa gert það. En það er hans mál.

Frammi fyrir þessu stóð þá stjórnin, hvort halda ætti við óbreytta samþykkt og málið væri þar með strandað, samkv. þeim upplýsingum sem fyrir lágu á fundinum. Það þýddi að yfirvofandi væru skaðabótakröfur á hendur Byggðasjóði sem numið gætu nokkrum hundruðum millj. kr. Það þýddi að atvinnumál Þórshafnar væru óleyst áfram. Og það þýddi að hlutafé Útgerðarfélagsins var tapað. Hins vegar stóð þá stjórnin frammi fyrir því að samþykkja fram komna hugmynd ríkisstj. eða ráðh., eins eða fleiri. Um það veit ég ekki, hvort er, en það upplýsist væntanlega á þessum fundi. — Ef gengið yrði að þessari hugmynd var þar með tryggt að engar skaðabótakröfur kæmu upp, áhætta Byggðasjóðs væri minnkuð, þ. e. yrði 10% af 28 millj. í stað 20% af 21 millj. norskra kr. Þetta þýddi lækkun á áhættu úr 4.2 millj. norskra kr. í 2.8 vegna þess að ríkissjóður ábyrgist 90% kaupverðsins í stað 80% áður.

Ég leit svo á, að það væri skylda stjórnarmanna að gæta hagsmuna Byggðasjóðs eins og þeir best gætu og það gætu þeir betur gert með þessu móti en halda við fyrri samþykkt. Auk þessa var málið með þessu leyst eins og óskað var eftir, bæði af heimamönnum og þm. kjördæmisins, og síðast en ekki síst mundi stjórn Framkvæmdasjóðs standa við gefin fyrirheit — nokkurra mánaða gömul fyrirheit — og það þykir mér ekki veigaminnst í þessu máli, en það virðist ekki þvælast fyrir sumum a. m. k. að rjúfa þannig gefin fyrirheit eða jafnvel loforð. Ég taldi þessa leið skynsamlegri en hina fyrri og studdi því tillögu þessa efnis. Við hv. þm. Matthías Bjarnason gerðum svofellda grein fyrir atkv. okkar, með leyfi hæstv. forseta:

„Með réttu eða röngu ákvað stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins á sínum tíma að verða við þeim tilmælum ríkisstj. að lána fé úr Byggðasjóði vegna kaupa á togara til Þórshafnar til þess að bæta úr bágbornu atvinnuástandi þar. Það var skilningur stjórnar Framkvæmdastofnunar ríkisins að 20% yrðu lánuð af kaupverði skipsins, 21 millj. norskra kr., enda sæi ríkisstj. um útvegun fjármagnsins.

Nú er upplýst að verð skipsins mun nema 28 millj. norskra króna, og forstjóri flytur þau tilmæli ríkisstj. inn á fundinn, að Byggðasjóður miði lán sitt við þá upphæð: 10% láni Byggðasjóður beint, en 10% komi af hinu sérstaka framlagi sem ríkisstj. hefur ákveðið að fá Byggðasjóði til ráðstöfunar, 1500 millj. gkr. Með þessu móti hækkar ábyrgð ríkissjóðs úr 80% í 90%.

Með hliðsjón af því, að áhætta Byggðasjóðs er minni með þessum hætti en væri ef haldið yrði við fyrri samþykkt, getum við fallist á þessa tillögu, sem er í samræmi við tilmæli ríkisstj.

Jafnframt lýsum við þeirri skoðun okkar, að ekki komi til greina að láta sem engin skylda hvíli á stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins í þessu máli, eins og virðist koma fram í bókun formanns."

Þetta var grg. okkar Matthíasar Bjarnasonar. Hún skýrir afstöðu okkar.

Ég þyrfti í sjálfu sér ekki miklu við að bæta þennan þátt ef ekki kæmi til fleira, sem ég nefndi hér í upphafi, m. a. viðtalið við hæstv. iðnrh., sem birtist í Morgunblaðinu í morgun, en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„„Það er rangt, að ríkisstj. hafi samþykkt einhver tilmæli til stjórnar Framkvæmdastofnunar varðandi lán í sambandi við kaup á togara til Raufarhafnar og Þórshafnar. Þvert á móti varð það niðurstaðan eftir allnokkrar umræður um málið, að ríkisstj. hvorki ályktaði um það né beindi einum eða neinum tilmælum til einhvers," sagði Hjörleifur Guttormsson iðnrh. í samtali við Morgunblaðið í gær."

Jafnframt segir hæstv. iðnrh. síðar í viðtalinu, að tal um tilmæli frá ríkisstj. væri „síðasta undrið í þessu furðulega máli." „Þetta er alveg yfirgengilegt," sagði Hjörleifur, „og jafnfjarstæðukennt er það að mínu mati að ætla að sækja fé til þessara kaupa í fjárveitingu sem ríkisstj. hugsar sem stuðning við innlenda skipasmíði. Hér er greinilega tvísýnt mál á ferðinni."

Við þetta hefur svo bæst viðtal við hæstv. sjútvrh. í dagblaðinu Vísi í dag, sem ég var rétt í þessu að rekast á, og þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er alrangt að ég hafi flutt nokkur tilmæli. Ég tilkynnti Sverri að það væri ekki von á neinni samþykkt til viðbótar frá ríkisstj. Málið væri í þeirra höndum og við teldum eðlilegast að þeir leystu það eins og þeir sæju réttast."

Svo mörg voru þau orð. — Hann bætir við síðar: „Ég verð að segja að ég fagna því að þeir afgreiddu málið og firrtu sjálfa sig því að þurfa að punga út með 100% ábyrgð, sem þeir voru búnir að opna."

Ráðh. lætur þarna liggja að því, að það hafi verið skynsamlegast fyrir stjórn Framkvæmdastofnunarinnar að bjarga sér út úr málinu sem hún hafi sjálf komið sér í. Ég er búinn að rekja hér áður aðdraganda þessa máls, allt frumkvæði ríkisstj. og hvernig hún hefur ráðið ferðinni frá upphafi málsins, og held að sé best að hún ráði ferðinni líka til loka.

Af þessu tilefni verð ég að spyrja hvað raunverulega hafi gerst á fundi ríkisstj. í gær. Mér er alveg ljóst, og það kom skýrt fram á fundi stjórnar Framkvæmdastofnunarinnar í gær, að það var engin samþykkt gerð í ríkisstj. En að því var látið liggja, að það væru tilmæli ríkisstj. sem samþykkt voru. Mig langar þess vegna til að vita hvað raunverulega gerðist. Voru ráðherrarnir á móti þessari lausn, sem þarna var valin, eða voru þeir með henni? Það skiptir máli. Fór Sverrir Hermannsson með einhver önnur skilaboð inn á fundinn en hæstv. sjútvrh., Steingrímur Hermannsson, fól honum? — Mér er alveg sama hvaða ráðh. svarar þessu, en ég teldi heppilegast að það gerði hæstv. sjútvrh.

Og svo er enn eitt. Það var viðtal við formann stjórnar Framkvæmdastofnunarinnar í gærkvöld. Þar leggur hann áherslu á að stöðva beri málið. Það gerði hann líka á fundinum í gær þannig að hann er samkvæmur sjálfum

sér allan þann dag. Hann vonar sem sagt enn að málið verði stöðvað og ríkisstj. geti gert það. Ég vil taka það skýrt fram, að ég er hv. þm. Eggert Haukdal alveg sammála um að ríkisstj. getur gert þetta. Hún getur stöðvað málið vegna þess að hún hefur ráðið ferðinni í málinu frá upphafi, eins og ég sagði. En ég spyr: Ætlar ríkisstj. að gera það? Ætlar ríkisstj. að stöðva málið? Það væri forvitnilegt fyrir okkur, sem stóðum að þessari samþykkt, að fá að vita það og það helst strax. Ég endurtek að ríkisstj. hefur allt þetta mál í hendi sér, en ég vil hins vegar láta hæstv. ríkisstj. vita að hún notar ekki neinn meiri hluta í stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins til óþrifaverka fyrir sig.

Um leið og ég segi þetta vil ég gera aths. við þann fréttaflutning sem viðhafður var í gær í ríkisfjölmiðlum, þ. e. að Framkvæmdastofnun ríkisins hefði á fundi sínum í gær heimilað þessi margnefndu togarakaup. Það var upphaflega ríkisstj. sem heimilaði kaupin og hún má því hafa lokaorðið líka.

Það er auðvelt fyrir ýmsa að slá sig til riddara nú með því að vera á móti því að kaup þessi nái fram að ganga. E. t. v. er freistingin mest fyrir stjórnarandstæðinga. Þeir bera ekki ábyrgð á upphafi þessa máls eða framgangi þess. En við Matthías Bjarnason tókum þá sjálfsögðu afstöðu að standa við það sem áður var ákveðið í stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins, og verð ég þó að bæta því við, að ég átti engan þátt í þeirri samþykkt, ég sat ekki þann fund, og svo þegar betri kostur bauðst fyrir þann sjóð, sem okkur er að nokkru trúað fyrir, tókum við þann kostinn. Þeir, sem átt hafa fulla aðild að ákvörðun í þessu máli frá upphafi og haft hafa þar meira að segja nokkra forustu, hlaupa ekki frá þessum vanda nú nema þá með skömm. Ég get svo sem látið mér í léttu rúmi liggja hvort þeir gera svo, en það hvítþvær sig enginn með slíkum athöfnum.

Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa orð mín fleiri. Ég þakka fyrir að fá að koma þessu að hér utan dagskrár í hv. þd. Mér þótti það nauðsynlegt til að skýra mína afstöðu. Jafnframt vona ég að afstaða annarra, sem óskýrð kann að vera, komi hér fram á eftir.

Að lokum vil ég segja það, að ef samþykkt stjórnar Framkvæmdastofnunar ríkisins í gær er byggð á röngum forsendum eða röngum upplýsingum mun ég gera kröfu til þess, að málið verði tekið upp að nýju.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég ætla ekki á þessari stundu að rifja upp allan aðdraganda eða sögu þessa máls, það hefur verið gert og hv. þm. er flest ljóst í því sambandi, þótt ýmislegt hafi verið missagt í þessum fræðum. En ég sé ástæðu til að rifja upp gang málsins frá því að stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins fjallaði um það á fimmtudaginn í síðustu viku.

Niðurstaða þess fundar varð sú, að stjórn Framkvæmdastofnunar ákvað að halda fast við lánveitingu til togarakaupanna sem næmi 20% af 21 millj. norskra kr., eins og upphaflegur kaupsamningur hljóðaði upp á. Mér var falið að greina norðanmönnum, kaupendunum, frá þessari niðurstöðu og enn fremur að sjá um að stjórnvöldum yrði gert viðvart um þessa niðurstöðu. Á föstudagsmorgun gerði ég fulltrúum Útgerðarfélags Norður-Þingeyinga hf. grein fyrir málinu og boðaði enn fremur til fundar þm. kjördæmisins til að þeir fengju að fylgjast með þessari niðurstöðu, sem ég skildi ekki þá á annan veg en þann, að stjórn Framkvæmdastofnunar vildi stöðva þetta mál af því að fjárhagslegt bil myndaðist sem þeir norðanmenn voru ekki í neinum færum um að brúa.

S. l. mánudag um þrjúleytið átti ég fund með hæstv. fjmrh. og hæstv. sjútvrh. um þetta mál hér niðri í Alþingishúsi. Hæstv. sjútvrh. gat þess, að það væri hið mesta ólán að þetta mál héldi áfram að hrekjast á milli aðila og menn að kenna hver öðrum um. Hæstv. fjmrh. og hæstv. sjútvrh. inntu enn eftir því, hvaða fjármunir væru að veði og mundu tapast, renna í glatkistuna ef ekki yrði úr kaupunum og samningum rift. Ég svaraði því sem ég hafði áður gert, að við gætum ekki kveðið upp neinn úrskurð um það, en við þættumst nokkurn veginn fullvissir um að hlutafé félagsins fyrir norðan — 100 millj. kr. — mundi tapast. Vafi léki á hvort ábyrgð, sem sett var og gefin út af Framkvæmdastofnuninni í okt. s. l., mundi verða kræf af hálfu seljenda, hinna norsku aðila, en ef svo yrði gæti fjárhagstjón af þessum sökum numið yfir 300 millj. gkr.

Hæstv. fjmrh. taldi lítt bærilegt við það að una að þessi mistök, eins og hann orðaði það, leiddu til svo mikils fjárhagslegs taps sem hér væri um að tefla. Hann varpaði fram þeirri hugmynd þá, hvort sú leið væri fær að lánveitingum Byggðasjóðs yrði skipt í tvennt, þannig að Byggðasjóðsfé yrði reitt fram 10%, en önnur 10% þ. e. upp í 20%, yrðu tekin af þeim sjóði 1500 millj. gkr., sem ríkisstj. hefur ákveðið að leggja til á lánsfjáráætlun að Byggðasjóði verði fenginn til ráðstöfunar, með sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs. Þar með sleit þessum fundi með okkur þremenningunum.

Í gærmorgun kl. ellefu hófst fundur í Framkvæmdastofnuninni. Hann var einnig tímasettur með það í huga að vitað var að ríkisstjórnarfundur yrði haldinn hálfellefu þar sem fjallað yrði um þetta mál. Ég gaf þá stjórninni skýrslu um stöðu málsins og enn fremur gat ég hugmyndar fjmrh. og lýsti fyrir stjórninni að talið væri að endar næðust ekki saman nema miðað yrði við 28 millj. norskra kr. kaupverð og endurbótaverð og þá búið að skera aðeins frá um endurbætur sem nam undirbúningi undir niðursetningu fiskvinnsluvéla. Þegar ég hafði gefið þessa skýrslu og umræður voru hafnar í stjórninni komu símaboð til mín og var ég kallaður á tal við hæstv. sjútvrh. Hann tjáði mér að togaramálið hefði verið til umræðu á ríkisstjórnarfundi er stæði yfir. Hann kvað ríkisstj. ekki hafa gert nýja samþykkt í málinu, hins vegar væri viðhorf manna að það væri að fara úr öskunni í eldinn að hætta við togarakaupin nú. Lagði ráðh. á það áherslu að reynt yrði að lækka endurbótakostnað sem unnt væri. Ráðh. sagði það skoðun ríkisstj., að lánveiting Byggðasjóðs yrði með þeim hætti sem hefði verið hugmynd hæstv. fjmrh. deginum áður, að helmingur lánafyrirgreiðslunnar, 10%, yrði tekinn af hinum margumræddu 1500 millj. gkr. með sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs. Hæstv. sjútvrh. ítrekaði í lok samtalsins að hér væri ekki um neina nýja samþykkt af hálfu ríkisstj. að ræða. Þetta flutti ég stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins nákvæmlega eins og það hér er flutt nú og útlistaði þetta ekkert á einn né annan veg, hvorki sem ósk, tilmæli né fyrirskipun. Þetta var flutt eins og ég nú hef rakið eftir minni bestu vitund um öll málsatvik.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég vil byrja með því að endurtaka það sem ég sagði við forstjóra Framkvæmdastofnunar: Það er tími til kominn að fara að koma þessu skipi í höfn.

Ég verð að fara örfáum orðum um það sem hv. fyrirspyrjandi kom inn á í upphafi síns máls þegar hann talaði um frumkvæði í þessu máli. Það ber enn þá á því að menn vilja hlaupa frá þessu máli og líta á það sem feimnismál og kenna öðrum um, en ég held að allir, sem hafa nærri málinu komið, eigi verulegan þátt í því og slíkt sé óþarft. Það mál þó vel vera að mistök hafi orðið, átt hefði að setja eitthvað hámark á verð slíks togara.

Ef menn vilja tala um frumkvæði í málinu leyfi ég mér að vísa til bréfs sex þm. Norðurl. e. frá 12. maí 1980. Það bréf er stílað til forsrh. Gunnars Thoroddsens. Þar segir í upphafi:

„Þingmenn Norðurlandskjördæmis eystra fara þess eindregið á leit við ríkisstj., að hún geri sem allra fyrst ráðstafanir til að Þórshöfn og Raufarhöfn fái í sameiningu leyfi og fyrirgreiðslu til kaupa á einum skuttogara" — og síðan er þetta rökstutt.

Þetta er 12. maí. Þessu bréfi var vísað til Framkvæmdastofnunar, sem hafði haft málefni Þórshafnar lengi til meðferðar og reynt eftir megni að greiða úr atvinnuástandi sem þar hefur verið lélegt undanfarin ár. Síðan berst frá Framkvæmdastofnun bréf undirritað af forstjóra Sverri Hermannssyni, sem er dags. 8 júlí 1980. Það er allítarlegt bréf. Þar er fjallað um þessi mál og fylgir m. a. grg. með frá byggðadeild stofnunarinnar. Það segir svo, með leyfi forseta:

„Á fundi sínum 4. júlí ályktar stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins eftirfarandi:

Stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins bendir á, að jafnt fyrri sem síðari athuganir á vegum stofnunarinnar á atvinnumálum Þórshafnar leiði í ljós að nauðsynlegt sé að gera ráðstafanir til að auka og jafna fiskafla á staðnum. Með því móti einu verði full atvinna tryggð á Þórshöfn og jafnframt góð afkoma frystihússins og sveitarfélagsins. Stjórnin telur að líkleg leið til að ná þessu markmiði, miðað við ríkjandi aðstæður, sé að fenginn verði togari nægilega stór til að geta náð til fiskimiða allt frá Vestfjörðum til Suðausturlands. Sá togari verði rekinn sameiginlega af aðilum á Raufarhöfn og á Þórshöfn, eins og gert er ráð fyrir í sérstöku samkomulagi. Jafnframt verði lögð áhersla á samræmingu rekstrar og náið samstarf fiskvinnslustöðvanna í þessum plássum. Mun Framkvæmdastofnun bjóða fram aðstoð við skipulagningu þessa samstarfs og skipulag rekstrar fiskvinnslustöðvanna og togaraútgerðar."

Ég tel þetta skynsamlega ályktun. Hún er byggð á ítarlegri athugun Framkvæmdastofnunar og ég held að enginn þurfi að skammast sín fyrir það verk.

Enn fremur segir í þessu bréfi, sem er undirskrifað, eins og ég sagði fyrr, að forstjóra stofnunarinnar, en er ekki liður í þessari samþykkt:

„Eins og mál horfa í dag verður ekki annað séð en að eina leiðin til þess að ná þeim árangri, sem stefnt er að, sé að útvegaður verði sameiginlegur viðbótartogari fyrir Raufarhöfn og Þórshöfn og mæli ég eindregið með að gerðar verði ráðstafnir til þess hið fyrsta. Eru starfsmenn Framkvæmdastofnunar ríkisins tilbúnir til að taka þátt í undirbúningi þess máls."

Á ég að trúa því, að stjórnarmenn Framkvæmdastofnunar þekki ekki þessa samþykkt og sé ekki fyllilega ljóst hvernig að þessu máli hefur verið unnið? Á ég að trúa því, að þeir þurfi að koma hér upp og sverjast undan aðild að vinnu Framkvæmdastofnunar á þessu sviði, sem ég tel að hefi verið ítarleg og byggð á mikilli og góðri athugun? Það er með þetta í höndunum sem ríkisstj. samþykkir 1. ágúst það sem hefur hér verið rakið og var af hv. fyrirspyrjanda talið frumkvæðið í málinu. Það er með þetta í höndunum sem ríkisstj. samþykkir 1. ágúst að verða við þessum tilmælum þm. og tillögum Framkvæmdastofnunar, samþykkir að gera undantekningu og leyfa kaup á skuttogara og fela Framkvæmdastofnun að sjá um fjármögnun hans, eins og hér hefur réttilega komið fram. Ég held að menn ættu að hafa þessar staðreyndir allar í huga.

Ég tek undir það með mönnum að þetta skip er orðið of dýrt. Ég segi: of dýrt, af því að ég óttast að það geti orðið erfitt í rekstri fyrir heimamenn. Ég er þeirrar skoðunar, að skynsamlegt sé að leysa mál staðarins með sameiginlegum rekstri skuttogara frá Raufarhöfn, eins og tillögur voru gerðar um. Ég hefði kosið að hann væri ódýrari, og unnt er að fá ódýrari togara. En það er annað mál. Það skiptir ekki öllu máli hvort þorskurinn er drepinn á ódýrum togara eða dýrum. Þannig er aðdragandi þessara mála.

Ég vil upplýsa og staðfesta að það er rétt sem Sverrir Hermannsson, forstjóri Framkvæmdastofnunarinnar, sagði áðan um fund með hæstv. fjmrh. og mér s. l. mánudag. Það er rétt að ég tel að það sé að fara úr öskunni í eldinn að kasta út um gluggann 300—400 millj. eins og komið er. Forstjórinn átti von á að þessi mál yrðu rædd í ríkisstj. Því hringdi ég til hans af þeim fundi og tjáði honum að þar yrði ekki gerð ný samþykkt í málinu, hin hefði þegar verið gerð. Eins og hann tók réttilega fram ítrekaði ég það í lok samtalsins. Við fórum hins vegar yfir það sem okkur hafði farið á milli. Ég sé ekki betur en það sé allt saman rétt, nema hvað hann hefur lagt djúpan skilning í hvað menn teldu að væri „að fara úr öskunni í eldinn". Ég gat vitanlega ekki getið um það sem ríkisstj. teldi í því sambandi. Hún gerði enga samþykkt. En ég vísaði til þess sem áður hafði farið á milli fjmrh. og mín og staðfesti þá skoðun mína, að ég teldi að það væri að fara úr öskunni í eldinn að hlaupa frá þessu máli nú. Kann að vera að einhver misskilningur sé okkar á milli, en aðalatriðið er það, eins og ég tók fram bæði í upphafi viðtalsins og á eftir, að þeir gætu ekki gert ráð fyrir nýrri samþykkt frá ríkisstj. í málinu. Til þess var símtalið gert.

Ég ætla ekki að fjalla hér um þá niðurstöðu að 10% yrðu tekin af þeim 1500 millj. sem á lánsfjáráætlun mun verða gert ráð fyrir til Framkvæmdastofnunar. Um það fjallar fjmrh. sem, eins og forstjórinn benti á, vakti athygli á þeim möguleika s. l. mánudag. Einnig getur hann skýrt frá þeirri ríkisábyrgð sem hefur verið opnuð í þessu skyni. Ég vil hins vegar staðfesta það, að ég lýsti þeirri persónulegu skoðun minni, að æskilegt væri ef unnt væri að draga eitthvað úr kostnaði við kaup á þessu skipi. Ég fagna því, að það virðist vera hægt.

Ég vil segja að lokum, að ég held að menn ættu að hverfa frá þessu máli og snúa sér að ýmsu öðru. Ég fagna því raunar að þetta mál er vonandi komið í höfn. Ég vil lýsa þeirri von minni, að þessi togarakaup verði þessu svæði til góðs og farsældar og styrki þar atvinnulíf. Kannske kann þá svo að fara að allir vildu hafa átt frumkvæði að þessu máli.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða hér um forsögu þessa máls eða meginefni. Ég vil þó láta koma hér skýrt fram að ég var einn þeirra mörgu sem töldu að þessi staður þyrfti á

stuðningi að halda þyrfti að fá skip. Það er hins vegar ljóst að það skip, sem á boðstólum er, er heldur dýrt, miðað við allar aðstæður, en ég tel að ekki verði snúið til baka í þessu máli úr því sem komið er.

Ég vil líka rifja upp í þessu sambandi að ríkisstj. samþykkti á sínum tíma að gera undantekningu varðandi þennan stað, að það mætti kaupa skip erlendis frá vegna sérstakra aðstæðna á þessu stað, og fól Framkvæmdastofnun að sjá um frekari málsmeðferð. Jafnframt ákvað fjmrn. að hagnýta ótvíræða heimild í lögum til að veita 80% ríkisábyrgð vegna þessara skipakaupa, eins og oft hefur áður verið gert. Það er hins vegar rétt, sem hefur komið fram í þessum umr. og kom fram m. a. hjá iðnrh. í viðtali við Morgunblaðið í morgun, að ríkisstj. gerði enga nýja samþykkt í þessu máli í gær. Ríkisstj. beindi ekki neinum sérstökum tilmælum til stjórnar Framkvæmdastofnunar á fundi sínum í gær umfram það sem orðið var. Ríkisstj. hafði falið stjórn Framkvæmdastofnunar að greiða fyrir þessu máli og ráða fram úr því. Það var því í raun og veru alls ekki við hæfi að ríkisstj. væri að senda stjórn Framkvæmdastofnunar einhverjar fyrirskipanir, enda tók stjórn Framkvæmdastofnunar ákvörðun í málinu eins og vera bar. Mér finnst ekki trúlegt að ríkisstj. muni gera neina samþykkt í þessu máli til viðbótar því, sem orðið er, ellegar hún fari að draga til baka það sem stjórn Framkvæmdastofnunar hefur ákveðið. Ég tel að málið hljóti að vera um það bil að leysast á þeim grundvelli sem stjórn Framkvæmdastofnunar hefur ákveðið.

Það er hins vegar rétt sem kom fram í umr. áðan, og það vil ég staðfesta hér, að ég hafði nokkur afskipti af þessu máli með því að benda á í byrjun vikunnar að eðlilegt væri að gera ráð fyrir að ríkissjóður tæki á sig ábyrgð á hluta af þeim 20% sem áður hafði verið talað um að Byggðasjóður útvegaði fé til, miðað við þá ákvörðun sem tekin var hér um jólaleytið, þegar gengið var frá megindráttum lánsfjáráætlunar og við það miðað að útvegaðar yrðu 1500 millj. kr. til Byggðasjóðs vegna skipakaupa og skipasmíði og heimilt væri að ábyrgjast endurlán þessarar fjárhæðar til hvers einstaks eignaraðila.

Sú ákvörðun var þannig til komin, að fyrir lá að á þessu ári yrði óvenjulega þung byrði á Byggðasjóði vegna togarasmíða og togarakaupa og talið að hann yrði að láta út, miðað við þær reglur sem gilt hefðu, um 3 milljarða gkr. á þessu ári vegna togarasmíða og togarakaupa — lán sem annaðhvort hefði þegar verið veitt loforð fyrir eða væru í samræmi við þær venjur sem gilt hefðu hjá sjóðnum undanfarin ár. Það var ljóst að þarna var um mjög þunga byrði að ræða á Byggðasjóði og sérstaklega þar sem meginhluti þessa fjármagns hefði orðið að vera hreint áhættufjármagn, lítt tryggt, þar sem aðrir aðilar hefðu verið þar á undan með veð. Til viðbótar kemur svo hitt, að framlag ríkisins til Byggðasjóðs er verulega takmarkað miðað við þarfirnar, ekki nema 3,5 milljarðar kr. á þessu ári. Það var af þessum ástæðum og með þetta í huga sem sanngjarnt og eðlilegt þótti að ríkið tæki að sér að útvega fjármuni upp í helming af þessum 3000 millj. kr. lánum og ábyrgðist helminginn að sínu leyti, 1500 millj. gkr.

Það, sem gerðist í þessu máli núna í vikubyrjun varðandi þennan þátt málsins, var ekkert annað en það, að í samtali, sem við áttum, hæstv. forseti deildarinnar, Sverrir Hermannsson, og hæstv. sjútvrh. á mánudaginn, benti ég á að eðlilegt væri að helmingurinn af fyrirgreiðslu Byggðasjóðs í þessu sambandi yrði tekinn af þessum 1500 millj., vegna þess að ég hef alltaf litið svo á að væntanleg skipakaup til Þórshafnar hlytu að vera innifalin í þessari 3000 millj. kr. upphæð. Ég vil benda á það, vegna mjög óeðlilegs fréttaflutnings um að ríkissjóður hafi nánast hækkað fyrirgreiðslu sína úr 80% í 90%, að það var ekki sú ákvörðun sem var tekin í gær, heldur má segja að þegar ríkið tók að sér að standa fyrir lánsútvegun vegna helmings af þessari upphæð — 1500 millj. af 3000 millj. — og ábyrgjast þann hluta lána Byggðasjóðs til togarakaupa og togarasmíða, þá var raunverulega verið að lækka lánaprósentu Byggðasjóðs í þeim tilvikum þar sem hún var 10% úr 10 í 5 og þar sem hún var 20% úr 20 í 10 og annað eftir því og hækka þá auðvitað skuldbindingu ríkissjóðs að sama skapi. Þetta á ekki við þetta skip eingöngu, heldur yfirleitt þá togara sem verið er að kaupa eða verið er að smíða og fá þessa fyrirgreiðslu frá Byggðasjóði. Það, sem gerðist í þessu máli í byrjun þessarar viku og snýr að ríkisstj., var því fyrst og fremst það, að í samtali mínu við framkvæmdastjóra Framkvæmdastofnunar lýsti ég yfir að ég hefði ekkert á móti því, að Byggðasjóður gerði ráð fyrir að taka helminginn af sínum hluta af þessari upphæð til þessa skips, enda hafði ég persónulega alltaf gert ráð fyrir því.

Hins vegar má vel vera að uppi hafi verið einhver misskilningur um þetta atriði, bæði innan ríkisstj. og innan stjórnar Framkvæmdastofnunar, það þekki ég ekki. En ég vil lýsa því yfir hér, að ég hef alltaf skilið þetta mál þeim skilningi að þessi togari og togarakaup féllu undir sama ákvæði varðandi 1500 millj. og önnur togarakaup sem nú eiga sér stað og fá fyrirgreiðslu frá Byggðasjóði.

Ég hef staðið hér upp til að staðfesta það fyrst og fremst, sem fram kom hjá framkvæmdastjóra Framkvæmdastofnunar, að það var þetta sem fór okkar í milli og þetta eru raunverulega einu afskipti ríkisstj. af málinu.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Það fara fram hér einstakar umr. Það mál, sem rætt er um, er líka einstætt í sinni röð. Það er verið að kaupa til landsins dýran togara. Eftir þeim umr., sem hér hafa farið fram, virðist enginn vita hver hafi ákveðið að þessi togari skyldi keyptur. Eftir þessum umr., sem hér hafa farið fram virðist vera mikill misskilningur á milli manna. Og eftir þessum umr., sem hér hafa farið fram, virðast menn ekki vita með hvaða hætti þetta mál hefur gengið fram, hvorki upphaf þess né endi, því að áðan sagði einn ráðh. að hann vonaðist til að þessu máli færi að ljúka, annar ráðh. vildi líta svo á að þessu máli væri lokið. En það er engu að síður furðulegast við þetta, að þegar hér eru umræður utan dagskrár um þetta mál koma yfirlýsingar frá ráðherrum, stjórnarmönnum Framkvæmdastofnunar og forstjóra og það er ekki nokkur leið að átta sig á því, hvernig samskipti eiga sér stað á milli þessara stjórnvalda, þ. e. ríkisstj. og Framkvæmdastofnunar.

Sá, sem vakti þetta mál hér, gerði grein fyrir atkvgr. sem fram fór í stjórn Framkvæmdastofnunar í gær, og hann las upp forsendur fyrir atkv. sínu. Forsendur þess, hvernig hann greiðir atkv., eru m. a. að honum eru flutt inn á fund Framkvæmdastofnunarstjórnar tilmæli ríkisstj. og þau eru flutt af hæstv. sjútvrh. Við lesum svo í Vísi í dag, og það endurtók hæstv. sjútvrh. áðan, að hann

hafi ekki flutt stjórn Framkvæmdastofnunar nein skilaboð frá ríkisstj. Í Dagblaðinu má lesa yfirlýsingu hæstv. iðnrh. um að ekkert hafi verið samþykkt í þessu máli á ríkisstjórnarfundinum í gær. Svo kom hæstv. fjmrh. áðan og sagði að vera mætti að það hefði verið einhver misskilningur í ríkisstj. um fjármögnun þessara framkvæmda. — Það má vel vera að einhver misskilningur hafi verið í stjórn Framkvæmdastofnunar, en ég veit ekkert um það. — Upprunalega var ætlað að 20% af 21 millj. norskra kr. mundi Byggðasjóður útvega, en í gær er fjármögnunarleiðinni breytt af stjórn Framkvæmdastofnunar og hæstv. fjmrh. kemur hér og segir: Ég hef ekkert við það að athuga. Ég hafði alltaf álitið persónulega að svona gæti þetta verið. — En við lesum sama dag að hæstv. iðnrh. er alls ekki á sama máli.

Ég held að það, sem hér hefur verið sagt í dag, sé í hnotskurn það sem ég nú var að reyna að lýsa.

Það kom fram í ræðu hv. 3. þm. Reykn., að ef þær upplýsingar sem honum höfðu borist inn á stjórnarfund Framkvæmdastofnunar í gær, væru rangar mundi hann óska eftir að haldinn yrði nýr fundur til að fjalla um málið. Það er ljóst af því, sem hér hefur farið fram, að það hefur eitthvað skolast til, það hefur eitthvað farið á milli mála. Það hefur verið svo í þessu máli frá upphafi og sýnist ekki ætla að verða nokkur endir á því.

Hér eru átján alþm. að fjalla um mál, ríkisstjórn Íslands, stjórn Framkvæmdastofnunar og forstjóri hennar. Það eru fjörutíu og tveir alþm. aðrir til — og reyndar öll þjóðin — sem gera kröfu til að fá upplýsingar í þessu máli og þær hinar réttu. (**Gripið fram í:** Gleymdu ekki 2. þm. Norðurl. e.) Hann er í hópi hinna fjörutíu og tveggja. Hann situr ekki í stjórn Framkvæmdastofnunar né ríkisstj. Hvort sem mönnum finnst áhrifa hans gæta of mikið eða ekki er hann ekki í stjórnunum tveimur, sem ég nefndi, og hlýtur að vilja fá réttar upplýsingar eins og við hinir og reyndar þjóðin öll. Þess vegna hafa tíu alþm. flutt hér á þskj. 434 beiðni um skýrslu frá forsrh. um kaup á togara fyrir Útgerðarfélag Norður-Þingeyinga á Þórshöfn, en þar segir, með leyfi forseta:

„Með vísan til 31. gr. laga um þingsköp Alþingis óskum við undirritaðir alþm. eftir því, að forsrh. flytji Alþingi skýrslu vegna kaupa á togara fyrir Útgerðarfélag Norður-Þingeyinga á Þórshöfn.

Alþingi, 18. febr. 1981."

Undir þetta rita þeir tíu þm. sem biðja um skýrsluna.

Grg. með þessu er svohljóðandi, og er þetta stílað til forseta Sþ., en til hans skal beina slíkri beiðni samkv. þingsköpum:

„Það er ljóst öllum þeim, sem fylgst hafa með kaupum á togara fyrir Útgerðarfélag Norður-Þingeyinga, að skiptar skoðanir eru á forsendum, upphafi og meðferð þess máls. Fram hefur komið að ráðherrar segja sitt hvað um samþykktir ríkisstj. og ekki er með öllu sami skilningur á samskiptum ríkisstj. og stjórnar Framkvæmdastofnunar.

Því er þess óskað, að forsrh. gefi Alþingi skýrslu um mál þetta hið fyrsta, þar sem birtar verði samþykktir ríkisstj., stjórnar Framkvæmdastofnunar, bréf sem rituð hafa verið af þessum aðilum, svo og gerð grein fyrir munnlegum skilaboðum, sem farið hafa á milli þessara aðila."

Ég undirstrika það sem hér er verið að gera. Það er verið að útdeila fjármagni. Það fjármagn er komið frá skattborgurunum. Þeir eiga skýlausan rétt á að vita með hvaða hætti slík mál eru afgreidd og hverjir bera ábyrgð á þeirri afgreiðslu.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég tel hv. Alþingi réttan vettvang til að ræða þetta mjög umtalaða mál, þó að best hefði mér fundist að ræða það í Sþ. þar sem allir þm. hefðu getað samtímis tekið þátt í umræðum.

Ég hygg að sé full ástæða til þess, þó að nokkurn tíma taki, að skýra þetta undarlega mál frá byrjun til enda.

Hæstv. sjútvrh. las upp úr bréfi forstjóra stofnunarinnar og vitnaði í fundargerð frá 4. júlí. Í lok bókunarinnar frá 4. júlí segir, en það kom ekki fram hjá hæstv. sjútvrh.:

„Í umræðum, sem fram fóru um þetta mál áður en álitsgerðin var samþykkt, kom fram hjá forstjóra stofnunarinnar að með þessari samþykkt væri ekki verið að samþykkja neina fjármögnun á þessari lausn fyrir kauptúnið."

M. ö. o.: Framkvæmdastofnunin eða réttara sagt byggðadeildin gerir að beiðni forsrh. úttekt á atvinnumálum Þórshafnar og úr því vinnur svo forstjóri og leggur fyrir þennan stjórnarfund.

Stjórnin bendir á nauðsyn þess að æskilegt sé að leysa mál með þessum hætti, fer á engan hátt inn á það, hvort fara eigi út í að kaupa togara erlendis frá. Það verður einnig að minna á í því sambandi að í um það bil tvö ár hafði Byggðasjóður ekki afgreitt lánbeiðni um kaup á skipum frá útlöndum. M. ö. o.: það er búið að taka fyrir þau lán með öllu í um það bil tvö ár. Þetta skiptir töluverðu máli þegar um þessi mál er rætt.

Síðan eru haldnir fundir af og til, — 4. sept., að mig minnir, 19. sept., — en engin ályktun gerð í þessu máli. Það er ekki fyrr en 14. okt. sem ályktun er gerð um þetta mál í Framkvæmdastofnuninni. Þá liggur fyrir og hafði áður verið kunngert í stjórn Framkvæmdastofnunarinnar að ríkisstj. hefði 1. ágúst samþykkt ákveðna tillögu vegna þessara kaupa. Sú tillaga barst okkur í Framkvæmdastofnuninni í hendur með þeim undarlega hætti, að við fengum ljósrit af bréfi sem er með stimpli sjútvrh., en ekki ráðuneytis. Þetta bréf er dags. 25. sept. 1980 og er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Með tilvísun til viðtals staðfestist hér með, að á fundi ríkisstj. 1. ágúst s. l var eftirgreind tillaga samþykkt:

„Ríkisstj. fellst á tillögu Framkvæmdastofnunar ríkisins um lausn á því atvinnuleysi, sem verið hefur á Þórshöfn, og þeim byggðavanda, sem skapast hefur á svæðinu. Því samþykkir ríkisstj., að heimiluð verði kaup erlendis á notuðum togara sem rekinn verði sameiginlega af útgerðaraðilum á Þórshöfn og Raufarhöfn. Með tilliti til þess, að hér er um að ræða undantekningu frá gildandi reglum um innflutning fiskiskipa og sérstakt byggðamál, telur ríkisstj. rétt að fjármögnun verði tryggð með sérstakri fjáröflun til Framkvæmdastofnunar ríkisins á lánsfjáráætlun 1981."

Virðingarfyllst,

Steingrímur Hermannsson."

M. ö. o.: ríkisstj. telur að það eigi að tryggja kaup á þessum togara, sem hún tekur ákvörðun um að leyfa að kaupa erlendis frá, en ekki Framkvæmdastofnun ríkisins. Hún tekur hér fram, að þetta verði tryggt með sérstakri fjáröflun til Framkvæmdastofnunar ríkisins á lánsfjáráætlun 1981. Það frv. sá dagsins ljós hér í gær.

En hver haldið þið, hv. þdm., að hafi fengið þetta bréf?

Var það Framkvæmdastofnunin eða var það Útgerðarfélag Norður-Þingeyinga? Nei, ekki aldeilis. Bréfið er stílað á „Hr. alþm. Stefán Valgeirsson". Það er búið að flytja hér margar ræður án þess að minnst sé á höfuðsmanninn í þessu máli. (**Gripið fram í:** Var það ekki botnvörpungurinn Stefán Valgeirsson?) Ja, ég veit ekki hvað skipið verður látið heita. Það er ekki ósennilegt að þá verði þetta orðið að botnvörpung.

Þegar samþykktin var gerð 14. okt. liggur fyrir bréf — birt sem fskj. með þeirri fundargerð — frá fjmrh. sem vissi svo sorglega lítið áðan þegar hann talaði. Það bréf er þó skrifað réttum aðila, er til Framkvæmdasjóðs Íslands, c/o Framkvæmdastofnun ríkisins, Rauðarárstíg 31, og er dags. 6. okt. 1980. Það er svo hljóðandi:

„Hér með er staðfest, að ráðuneytið mun nýta heimild í lögum nr. 28/1972 til að veita sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á skuttogara, er Útgerðarfélag Norður-Þingeyinga hf. hefur samið um kaup á í Noregi. Ákvörðun þessi er þó með þeim fyrirvara, að veð og skilmálar af lánum, er tekin verða í sambandi við kaupin, séu í samræmi við reglur ríkisábyrgðasjóðs."

Undir bréfið skrifa Ragnar Arnalds og Höskuldur Jónsson.

Þarf þá frekar vitnanna við? Hér er um að ræða 80% ríkisábyrgð.

Þegar þetta hvort tveggja lá fyrir: samþykkt ríkisstj. 1 ágúst og ríkisábyrgðin 6. okt., þá fyrst samþykkir stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins að lána 20% af kaupverði skipsins með því að fjármagnað verði með sérstökum hætti. Það réð afstöðu minni til þessa máls, að ég greiddi atkv. þeirri bókun, en hv. þm. Ólafur G. Einarsson las hana upp, því að ég tók fram að ég kannaðist ekki við að Framkvæmdastofnun hefði átt frumkvæðið að því að kaupa togara erlendis frá til að valda því að þeir togarar, sem fyrir eru í landinu, yrðu bundnir lengur eða látnir stunda óarðbærari veiðar fyrir það að alltaf sé verið að bæta við skipum. Ég taldi rétt, þar sem loforð lá fyrir í samþykkt ríkisstj. frá 1. ágúst og ríkisábyrgðin frá fjmrh., að greiða atkv. með félögum mínum í stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins. En einn stjórnarmanna, Karl Steinar Guðnason, greiddi atkv. gegn þessari bókun. Við þessa samþykkt vil ég standa og gat því ekki í gær fallist á það þegar formaður stjórnarinnar vildi afturkalla þessa samþykkt eftir fjóra mánuði. Ég get ekki ímyndað mér það, ef ég skrifaði á víxil fyrir hæstv. sjútvrh., að þegar komið væri að því að víxillinn félli á gjalddaga gæti ég farið í banka og sagt að nú ætlaði ég að strika nafnið mitt út af víxlinum. Ég vil vera sjálfum mér samkvæmur og standa við fyrri gerðir og bið engan afsökunar á því.

Ég hef litið svo á mín störf sem stjórnarmanns í Framkvæmdastofnun ríkisins, að ég hafi ekki tekið þar þátt í neinum hrekkjabrögðum, og þó að ég sé andstæðingur núv. ríkisstj. tel ég að það sé nauðsynlegt að hafa samstarf við ríkisstj. á hverjum tíma um fjölmörg mál. En það breytir ekki því valdi sem við höfum, að við heyrum ekki undir ríkisstj. Við erum kjörnir af Alþingi og þá eigum við að gera það sem við teljum að sé réttast að gera. Við eigum ekki að fara eftir einhverjum pólitískum þrýstingi hverju sinni, heldur því, sem við álítum að sé heiðarlegast og best, og líta á okkur meira sem bankaráð að verulegu leyti. Þó verðum við einnig að fara út fyrir það þegar við eigum að fjalla um vandamál hinna ýmsu byggða og ýmis byggðavandamál, sem okkur ber að taka ákvörðun um eftir því sem við álítum sannast og réttast hverju sinni.

Ég skal nefna það hér, að eitt mál var samþykkt í stjórninni sem mér var mjög á móti skapi og ég taldi brjóta allar reglur. Ég var ekki á þeim stjórnarfundi en ágreiningur var um það. Síðar kom í ljós að samþykkt hafði verið heldur rífleg lánveiting og rúmaðist hún ekki innan þess ramma sem stofnunin starfar eftir. Starfsmenn drógu úr henni með tilliti til þess. En áður hafði verið gefið út bréf í samræmi við þessa samþykkt og ákveðna upphæð. Það er ekki fyrr en undir haust að bréf liggur aftur fyrir um að fyrrnefnda bréfið hafi verið lagt inn í lánastofnun og fengið lán út á það. Ég greiddi atkv. með þessu máli, sem ég hafði verið á móti, vegna þess að ég vildi ekki standa að því að Framkvæmdastofnun ríkisins væri ekki tekin gild eða hennar bréf í lánastofnunum landsins. Ég tel því algerlega út í hött þegar formaður stjórnar stofnunarinnar ætlast til þess í gær að samþykktin sé dregin til baka.

Þegar boð komu frá sjútvrh., sem allir héldu að væru frá ríkisstj., vildi ég á seinni fundi stofnunarinnar í gær gjarnan að formaður stjórnarinnar sannprófaði, en það var ekki gert, að þetta væri samhljóða álit ríkisstj. Hér er alltaf talað um einhvern misskilning og einhverja feimni. Þessi vill koma þessu á hinn. Ég tel að Framkvæmdastofnun eigi auðvitað að taka á sig það sem hún hefur gert, en ekkert umfram það. Ég skildi ekki hæstv. fjmrh. og talaði hann þó hægt og rólega. Ég skildi alls ekki hvernig málið stendur eftir allt saman. Í gær var okkur sagt að það lægi svo mikið við að síðasti frestur væri útrunninn kl. 14 í gær, — ég vissi aldrei hvort það var eftir norskum eða íslenskum tíma, en það er klukkutíma munur. (**Gripið fram í:** Það er tveggja.) Nei, það er tveggja tíma munur á sumrinu, það er klukkutíma munur enn þá. Það getur alveg eins verið tveggja tíma munur í Eyjum. Sagt var að afgreiða þyrfti þetta mál, það væru síðustu forvöð. Ég var svo barnalegur í mér að trúa að þessi skilaboð væru samhljóða álit ríkisstj. sem hefur auðvitað haft forustu í þessu máli.

Nú komum við aftur að því, sem er nauðsynlegt að ræða einnig: Af hverju er farið í allar þessar breytingar? Af hverju verður þetta skip svona dýrt? Hver átti að fylgjast með því? Þegar Byggðasjóður lánar út á skip, sem koma erlendis frá eða skip sem eru byggð innanlands, fer hann alfarið eftir þeirri upphæð sem Fiskveiðasjóður leggur til grundvallar. Það er Fiskveiðasjóður sem fylgist með sem stóri lánasjóðurinn, en það geta allir séð að auðvitað er ríkissjóður stóri ábyrgðarmaðurinn, þar sem hann ábyrgist þá í upphafi 80%, og því auðvitað eðlilegt að hann hefði látið fylgjast með. En þar munu hafa átt sér stað einhver mistök. Ég kannast ekki við og hef ekki heyrt að fjmrh. eða forsrh. hafi falið Framkvæmdastofnuninni slíkt eftirlit. Það virðist því ekki hafa verið fyrir hendi vegna þess að það er aðeins þetta eina skip sem fer algerlega fram hjá Fiskveiðasjóði.

Hæstv. sjútvrh. sagði að það væri tími til kominn að koma þessu skipi í höfn. Þá hefur hann sennilega átt við að það kæmist til íslenskrar hafnar. Ég get að mörgu leyti tekið undir það. En eftir ræður beggja ráðh. er mér ekki ljóst hvort það sé tryggt að ríkissjóður hafi aðstoðað Útgerðarfélag Norður-Þingeyinga í sambandi við þessi kaup og tryggt því allt að 90% af 28 millj. Ég tel að með skilaboðunum í gær hafi stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins ekki getað gert annað en að samþykkja að

minnka sína ábyrgð úr 4.2 millj. norskra kr. í 2.8 millj. norskra kr. og þannig lækka sína ábyrgð um 1.4 millj. norskra kr. Ég skal ekki, enda á maður ekki að gera slíkt fyrr en vitað er hvernig þetta mál fer, tíunda það neitt hvernig farið hefði ef kaupin hefðu farið út um þúfur. Ef þeim verður riftað verður hér um málaferli að ræða og þá á ekki að tala neitt um það fyrir fram. En að afturkalla fyrri samþykkt er siðleysi í viðskiptum og siðleysi hjá opinberri stofnun að gera það.

Það hefur verið talað nokkuð um 1500 millj. sem áttu að koma til Framkvæmdastofnunarinnar vegna innlendrar skipasmíði og nú var talað um að taka af henni vegna þessa máls. Það væri fróðlegt fyrir okkur, sem erum í stjórn þessarar stofnunar, og raunar alla alþm. að fá að vita um það, með hvaða hætti þessar 1500 millj. verða reiddar fram og með hvaða lánakjörum ef það er ætlun ríkisstj. að Byggðasjóður taki þessar 1500 millj. kr. að láni með þeim kjörum sem eru á öllum slíkum lánum nú, með vaxtagreiðslum og verðtryggingu. Eigi svo að lána það fé til innlendrar skipasmíði á eftir Fiskveiðasjóði og öllum öðrum og hafa enga tryggingu fyrir að fá það nokkurn tíma greitt aftur held ég að það verði fleiri en ég í stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins sem hugsa sig vandlega um áður en þeir þiggja slíkt lán. Það eru þegar farin að hrúgast upp í milljörðum vanskilin og óvissan um endurgreiðslu af slíkum lánum vegna innlendrar skipasmíði á liðnum árum.

Á sama tíma og ríkisstj. og stjórnarliðið skera niður og brjóta lögin um framlag til Byggðasjóðs og pína á þann hátt Byggðasjóð til að taka erlend lán og verðtryggð lán er ekki hægt að búast við að hægt sé að lána aftur út með þessum hætti. Það hlýtur hver maður að skilja sem eitthvað hefur komið nálægt viðskiptum og lánastarfsemi. Ég vildi því mjög gjarnan fá upplýsingar um það, hvernig þetta er hugsað frá hendi ríkisstj. Og enn fremur: Hefur þá ríkisstj. endanlega gengið frá þessu máli? Er þá tryggt að þetta skip komi samkv. síðustu tilkynningu eða er allt í lausu lofti eða er það allt saman misskilningur að ríkisstj. ætli að hækka ríkisframlagið frá því sem var? Hefur hún ekki tekið formlega ákvörðun? Við viljum sannprófa framburð hæstv. ráðh. í ríkisstj. — ég held að það sé kominn tími til þess — og láta þá ekki leika lausum hala eins og þeir hafa gert í þessu máli frá byrjun til enda. Er hér verið að friða þá sem mestan áhuga hafa haft á því að þetta skip væri keypt, þm. stjórnarliðsins, sérstaklega í Norðurl. e., og leika sér að þessu máli og vonast til þess að Framkvæmdastofnunin muni þá á síðustu stundu neita? Var kannske til þess ætlast þegar formaður stjórnarinnar, stjórnarþm., segir: Ég vil taka aftur fyrri samþykkt — að við stjórnarandstæðingar í stofnuninni, þrír að tölu, greiddum atkv. með formanni stjórnarinnar og þar með væri sagt: Nú er búið að taka þennan kaleik frá ríkisstj. og það er stjórnarandstaðan ásamt einum stjórnarþm. sem hafa stöðvað málið með þessum hætti? Þið fyrirgefið, hæstv. ráðh., þó að þessi grunur hafi læðst að mér strax í gær, en eins og ég sagði áðan vildi ég ekki — og ekki heldur Ólafur G. Einarsson — standa að því að breyta frá fyrri samþykkt. Við töldum það báðir ódrengileg vinnubrögð. Það er einnig í fullu samræmi við skoðun Karls Steinars Guðnasonar í sumar að hann greiðir ekki atkv. um tillöguna í gær. Hann greiðir ekki atkv. gegn henni, vegna þess að hún er betri fyrir þá stofnun, sem hann á sæti í stjórn í, heldur en tillagan frá 14. okt. Það er því alveg rökrétt stefna sem hann hefur tekið.

Ég held að það sé nauðsynlegt að fá hreinni og ákveðnari svör. Er ríkisstj. sammála í þessu máli og er örugglega tryggt að þetta skip komi? Hefur hún sannfært sig, og væntanlega eigendur þess, um að það sé öruggt, með því að Byggðasjóður láni 2.8 milljarða norskra kr., að skipið komi í höfn? Þessu ætti að vera auðvelt að svara annaðhvort játandi eða neitandi hér í dag. Ef þessu er ekki svarað ákveðið játandi hygg ég að við munum gera kröfu til þess, að fundur verði haldinn þegar í stað í stjórn Framkvæmdastofnunarinnar til að fá nánari skýringar á þessu máli. Ég held að það sé nóg komið og að hrekkjalómar og víxlgengismenn hafi látið of mikið bera á sér í þessu máli. Það er kominn tími til að ráðsettir og fullorðnir menn ljúki afgreiðslu þessa máls með skaplegum hætti.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það hafa margar yfirlýsingar verið gefnar í þessu máli og nauðsynlegt að viss atriði í aðdraganda þess komi fram.

Það er rétt, sem fram kom í ræðu hæstv. sjútvrh., það voru einungis sex af þm. Norðurl. e. sem skrifuðu undir bréf í maímánuði s. l. þar sem beðið var um að ríkisstj. greiddi fyrir því, að togari yrði keyptur til Raufarhafnar og Þórshafnar. Þegar þetta bréf var skrifað lá það fyrir milli mín og fulltrúa útgerðarfélags bæði á Raufarhöfn og Þórshöfn, að ég vildi heldur fara þá leið að kaupa báta til að bæta úr hráefnisskortinum þarna fyrir norðan og benti m. a. á það í því sambandi að vegna umfangsmikilla friðunaraðgerða þar hefur fiskur aukist á grunnslóð og mikil bjartsýni ríkir nú norður frá um að bátaútvegur sé arðbærari en áður. Það er harðar sótt en áður og lengra farið og einmitt núna hafa mér borist fréttir um það, eins og raunar áður, að ýmsir útgerðarmenn þar hyggja á að stækka sína báta. Ég vil að þetta komi alveg skýrt fram og eins hitt, sem ég gerði grein fyrir á þeim tíma, að ég tel að opinberir sjóðir og stofnanir eigi ekki að veita 100% lánsfjárfyrirgreiðslu til skipakaupa erlendis frá. Ég vil að þetta komi alveg skýrt fram. Í því sambandi gat ég þess m. a., að það væri varla hægt að hugsa sér að betri lánsfjárfyrirgreiðsla yrði veitt til kaupa á togara erlendis frá en togara sem smíðaðir væru innanlands.

Ég hef ekki breytt um skoðun varðandi það, að happadrýgra yrði að stækka bátaflotann þar fyrir norðan en ráðast í togarakaupin. Eigi að síður tel ég sjálfsagt að standa með öðrum þm. Norðurl. e. fast á því, að ríkisstj. standi við þau fyrirheit sem hún hefur gefið varðandi togarakaupin norður þangað. Eins og hæstv. fjmrh. sagði áðan hafði ríkisstj. falið Framkvæmdastofnun að greiða fyrir þessu máli og ráða fram úr því. Fyrirheitið til Norðlendinganna var þess vegna skýlaust, afdráttarlaust. Þeir höfðu kröfu á ríkissjóð um það, að fyrir þessum togarakaupum yrði greitt. Þm. kjördæmisins hljóta að standa allir sem einn maður að baki þeim norðanmönnum um það, að við þau fyrirheit verði staðið.

Ég hlýt að gagnrýna það í þessu sambandi, að ekki hafa fengist upplýsingar um það frá ríkisstj., hvernig hún hyggst standa að þeirri ríkisábyrgð sem talað er um, 80% og nú 90%. Samkv. lögum um ríkisábyrgðasjóð er ekki heimilt að ábyrgjast nema 80% af lánum af þessu tagi og þurfa sérstök lög til að koma að mínu viti til þess að 90% ríkisábyrgð sé heimil vegna þessara togarakaupa. Ég vil beina því til hæstv. sjútvrh., hvort ríkisstj. hafi í hyggju að

leggja fram í þessari viku frv. um að þessarar viðbótarheimildar verði aflað til þess að ábyrgjast þessar fjárskuldbindingar.

Ég vil í öðru lagi varpa þeirri fsp. til hæstv. sjútvrh., hvað í ríkisstj. hafi talast til um það, hvað farið hafi á milli hans, fjmrh. og ríkisábyrgðasjóðs um það, hversu mikið af brúttóafla þeir muni krefjast til að standa undir ríkisábyrgðunum. Eins og við vitum um togaraútgerðarfélag Norður-Þingeyinga standa þar engar fasteignir á bak við. Það er þess vegna nauðsynlegt að trygging ríkisábyrgðasjóðs sé einungis í skipinu sjálfu, auk þess sem sjóðurinn hlýtur að gera kröfu til að fá tiltekinn hundraðshluta af brúttóaflaverðmæti skipsins. Ég hafði heyrt talað um að ríkisábyrgðasjóður mundi a. m. k. ætla sér 20% af brúttóaflaverðmæti, áður en 10% viðbótarábyrgðin kom til. Ég hef hins vegar ekki getað fengið þetta staðfest. En það kom einnig fram á þeim tíma, að Byggðasjóður ætlaði sér líka hlut af brúttóverðmæti aflans.

Hæstv. sjútvrh. talaði um það áðan, að hann hefði fyrir tíu dögum farið fram á að gerð yrði rekstraráætlun fyrir skipið. Honum er jafnljóst og mér að rekstraráætlun er ekki hægt að gera fyrr en fyrir liggur hvað útgerðin getur reiknað með að fá mikið af aflaverðmætunum. Þess vegna beini ég fsp. til hans í sambandi við beiðni hans um rekstraráætlun togarans: Út frá hvaða tölum gekk fjmrh. eða sjútvrh. eftir atvikum eða kannske hæstv. forsrh. þegar beðið var um þessa rekstraráætlun? Hvað var búist við að gerð yrði há krafa í stofnfjársjóð af brúttóverðmæti aflans? (Forseti hringir.) Já, herra forseti, það er rétt að liðnar eru 5 mínútur.

Ég vil vekja athygli á því, að þetta mál hefur mjög verið til umræðu í fjölmiðlum, ekki síst ríkisfjölmiðlum. Það hafa komið fram alls konar fullyrðingar um skoðanir einstakra þm. á þessu máli, þ. á m. um mínar skoðanir, og ekki verið farið rétt með. Ég verð að lýsa yfir vonbrigðum yfir því, að mér skuli ekki vera ætlaður tími til að tala litlu lengur en þetta. Umr. hafa staðið í hálfan annan tíma og ekki verið séð ástæða til að stytta umr. fyrr en nú. Á hinn bóginn hefur hæstv. forseti deildarinnar riðið á vaðið með því að tala lengur en hann ætlar öðrum dm. nú að tala.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég vil geta þess í þessu sambandi, að ég legg nokkra áherslu á að þeir, sem þegar hafa beðið um orðið, nái því til þess a. m. k. að fá öndinni frá sér hrundið. Það gefast nægjanleg tækifæri til að ræða þetta mál síðar. Ég hef jafnan haldið fast við þingflokksfundatíma og þess vegna er nú þessi niðurskurður af minni hálfu til kominn, enda vandséð að forseti verði gagnrýndur fyrir það þegar hann fellst á að verja öllum fundartíma á þessum degi til þessa máls. En þess er einnig að geta, að menn mega jafnan utan dagskrár tala tvisvar. Hér hefur verið farið kurteislega að.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég skal reyna að svara á 5 mínútum því sem til mín hefur verið beint.

Í fyrsta lagi spurði hv. 1. þm. Reykn. að því, hver hefði ákveðið togarakaupin. Það er alveg ljóst að með samþykkt sinni 1. ágúst ákveður ríkisstj. að heimila kaupin á þessum togara. Ekki er verið að hlaupa frá því. Það er gert samkv. tilmælum þm. kjördæmisins og niðurstöðu og samþykkt stjórnar Framkvæmdastofnunar.

Hv. þm. talaði um skilaboð frá ríkisstj. Skilaboðin voru þau, eins og staðfest hefur verið af hæstv. forseta deildarinnar, að ríkisstj. mundi ekki gera nýja samþykkt um málið.

Hv. 1. þm. Vestf. kom inn á atriði sem er athyglisvert og umræðuvert. Það er rétt sem hv. þm. sagði, að þess er ekki getið í samþykkt stjórnar Framkvæmdastofnunar að togari yrði keyptur erlendis frá — ég vil staðfesta það. Hitt verð ég svo að segja, að í umræðum um þetta mál, m. a. við fulltrúa frá stofnuninni, kom aldrei fram að unnt yrði að útvega slíkan togara innanlands, og alltaf hefur legið ljóst fyrir að þessir aðilar hafa ekki tök á að láta smíða skip hér innanlands, enda tekur það miklu lengri tíma en hér var um að ræða ef ráða átti bót á því atvinnuástandi sem þar var. Hins vegar fóru þm. kjördæmisins ekkert leynt með það, að þeir vildu fá skip erlendis frá. Segir, með leyfi forseta, í bréfi þeirra frá 12. maí:

„Eins og meðfylgjandi afrit af símskeyti sýnir, sem er undirritað af sveitarstjóranum á Þórshöfn, Ólafi R. Jónssyni, og er til formanns Framkvæmdastofnunar ríkisins, Eggerts Haukdals, óskar hann eftir að gerðar verði ráðstafanir til að fyrrnefndir aðilar fái aðstöðu til að kaupa b/v Guðbjörgu ÍS-46, sem á að seljast úr landi fyrir annan skuttogara. Ef ekki reynist mögulegt að greiða fyrir því, að Guðbjörg verði seld til Þórshafnar, leggjum við á það ríka áherslu, að leyfi verði veitt fyrir kaupum á skuttogara erlendis frá og gerðar verði viðhlítandi ráðstafanir af hendi ríkisstj. að gera það mögulegt."

Ég verð að segja fyrir mitt leyti, að ég hef ekki heyrt neinn benda á að unnt væri að útvega togara hérlendis. Ég vil upplýsa að það mál var athugað nokkuð og einn gamall togari virtist koma til greina, en hann er að mínu mati ekki líklegur til að leysa það ástand sem er þarna norður frá.

Hv. 1. þm. Vestf. las upp niðurlag af samþykkt stjórnar Framkvæmdastofnunar. Ég tek það fram, til að ég sé ekki borinn þeim sökum að hafa sleppt einhverju, að þetta kemur ekki fram í því sem ég hef hér og er innan gæsalappa. (**Gripið fram í:** Hvaðan kemur það?) Bréfið er undirritað af Sverri Hermannssyni forstjóra og er dags. 8. júlí. Ég skal lesa samþykktina alla, því að vísu sleppti ég einni setningu sem mér fannst vera óviðkomandi. Ég les hana alla, með leyfi forseta. Þar segir frá fundi 4. júlí í stjórn Framkvæmdastofnunar:

„Stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins bendir á, að jafnt fyrri sem síðari athuganir á vegum stofnunarinnar á atvinnumálum Þórshafnar leiða í ljós að nauðsynlegt sé að gera ráðstafanir til að auka og jafna fiskafla á staðnum. Með því móti einu verði full atvinna tryggð á Þórshöfn og jafnframt góð afkoma frystihússins og sveitarfélagsins. Stjórnin telur að líkleg leið til að ná þessu markmiði, miðað við ríkjandi aðstæður, sé að fenginn verði togari nægilega stór til að geta náð til fiskimiða allt frá Vestfjörðum til Suðausturlands. Sá togari verði rekinn sameiginlega af aðilum á Raufarhöfn og á Þórshöfn, eins og gert er ráð fyrir í sérstöku samkomulagi. Jafnframt verði lögð áhersla á samræmingu rekstrar og náið samstarf fiskvinnslustöðvanna í þessum plássum. Mun Framkvæmdastofnun bjóða fram aðstoð við skipulagningu þessa samstarfs og skipulag rekstrar fiskvinnslustöðvanna og togaraútgerðar." — Síðan kemur setning sem ég sleppti áðan: „Til þess að tryggja sem best árangur þessara aðgerða leggur stjórnin áherslu á að hraðað verði vegabótum á milli staðanna til að stuðla að

hindrunarlitlum fiskflutningum á milli staðanna og öðrum nauðsynlegum samskiptum. Bent skal á að í starfsáætlun byggðadeildar er gert ráð fyrir gerð sérstakrar áætlunar um eflingu atvinnu og byggða á Norðausturlandi."

Hv. þm. kom að öðru mjög athyglisverðu máli, þ. e. hver átti að fylgjast með. Ég hef satt að segja velt því nokkuð fyrir mér. Staðreyndin er náttúrlega sú, að þegar slík kaup fara í gegnum Fiskveiðasjóð er fylgst með frá stigi til stigs og samningur lagður fram og allt borið saman við það sem upphaflega var gert ráð fyrir. Ég skal viðurkenna að í huga mínum taldi ég að Framkvæmdastofnun mundi fylgjast með, enda var henni falið að sjá um útvegun fjármagns í þessu skyni og gera ráð fyrir því í sínum áætlunum, og jafnframt býður hún fram í þeirri ályktun, sem ég las áðan, alla aðstoð í þessu sambandi, eins og segir: „Mun Framkvæmdastofnunin bjóða fram aðstoð við skipulagningu þessa samstarfs og skipulag rekstrar fiskvinnslustöðvanna og togaraútgerðar."

Þarna eru ýmis atriði sem fróðlegt væri að fá upplýsingar um, en ekki vinnst tími til nú.

Það er t. d. ekki rétt, sem mér er tjáð, að kaupendur hafi komið með upphaflegan samning til stofnunarinnar og hann hafi þar verið staðfestur og samþykktur, enda opnuð 10% ábyrgð. Ég verð að gera ráð fyrir að stofnunin hafi gert sér grein fyrir því, að hér var um rækjuskip að ræða sem hlaut að þurfa að breyta. Ég geri fastlega ráð fyrir því. Þar er strax kominn verulegur hluti af þeim kostnaði sem bætist ofan á kaupverðið. Síðan hefur mér skilist að meira komi til viðbótar sem Framkvæmdastofnun eða forstjóri stofnunarinnar hefur ekki talið að öllu leyti æskilegt og hefur lagt áherslu á að dregið verði úr.

Hér var gert nokkuð mál út af bréfi því sem ég ritaði hv. þm. Stefáni Valgeirssyni. Ég vil upplýsa það, að hver sá þm., sem biður mig um upplýsingar, fær þær ef ég hef þær. Hér var ekki um annað að ræða. Mér er hins vegar ekki kunnugt um á hvern máta þetta hefur farið formlega á milli forsrn. og Framkvæmdastofnunar.

Kemur skipið? Vitanlega er réttara að spyrja kaupendur að því, hvort þessi aðstoð nægi. Ég geri ekki ráð fyrir að ríkisstj. geri neinar frekari samþykktir í þessu máli. Það liggur fyrir 80% ríkisábyrgð á kaupunum og til viðbótar 10% af þeim 1500 millj., sem gert er ráð fyrir á lánsfjáráætlun og eru með ríkisábyrgð, plús 10% frá Framkvæmdastofnun. Ef það er nóg til að koma skipinu heim geri ég fastlega ráð fyrir að það komi.

Út af spurningum hv. þm. Halldórs Blöndals vil ég upplýsa að ríkisábyrgðasjóður og ríkisábyrgð heyra undir fjmrh. Ég hef ekki fjallað um þau mál, eins og t. d. hvaða skilyrði ríkisábyrgðasjóður setur. Hins vegar tel ég mig geta upplýst það, að þessi 90% eru fengin í tvennu lagi: 80%, sem er almenn heimild til að veita og 10%, af því sem farið er fram á heimild fyrir í þeim lánsfjárlögum sem lögð hafa verið fyrir Alþingi, þ. e. þeim 1500 millj. sem þar er gert ráð fyrir.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Ég mun stytta mál mitt.

Það er margt sem ég hef við þetta mál að athuga, ekki bara samþykktina frá því í gær, heldur málið frá byrjun.

Í fyrsta lagi er hér notað almannafé til að rýra lífskjör íslenskra sjómanna í heild og alls almennings í landinu.

Í öðru lagi er þetta fyrirtæki bjarnargreiði við íbúa Þórshafnar og Raufarhafnar. Hæstv. sjútvrh. talaði um væntanlega rekstrarerfiðleika. Það hefur verið reiknað út að vanta muni á ári á næstu árum um 700 millj. gkr. til þess að endar nái saman, til þess að hægt sé að standa undir skuldbindingum. Ef það er meiningin að norðanmenn eigi að standa undir þessu sjálfir er þeim vissulega gerður bjarnargreiði, en það var að heyra á hæstv. sjútvrh. Auðvitað lendir þetta á skattborgurum þessa lands. Þangað eru peningarnir sóttir. Það virðist svo, að lengi megi sækja fjármagn í vasa þeirra — oft af vafasömu tilefni.

Í þriðja lagi er með lítt heftum innflutningi fiskiskipa, eins og nú hagar til, verið að leggja íslenskan skipasmíðaiðnað í rúst. Það tekur þó steininn úr þegar þeir peningar, sem á að nota til þessa, eru teknir af því mjög svo takmarkaða fé sem ætlað er beint eða óbeint til stuðnings íslensks skipasmíðaiðnaðar.

Ég er sammála því, sem fram kom í viðtali hæstv. iðnrh. við Morgunblaðið í gær, að þetta er yfirgengileg vitleysa. Það, sem á að gera í þessum málum í mjög grófum dráttum, er það, að í fyrsta lagi á að banna innflutning fiskiskipa um ákveðið árabil, í öðru lagi á öll nauðsynleg endurnýjun að fara fram hjá íslenskum skipasmíðastöðvum og í þriðja lagi á að finna leiðir til miðlunar á fiski milli verstöðva. Vandamál Þórshafnar og Raufarhafnar eru skortur á fiski hluta úr ári. Það er verið að leysa þann vanda með þessum rándýra hætti á kostnað íslenskra sjómanna og íslensks almennings. Auðvitað var hægt að leysa þetta á miklu ódýrari hátt, eins og áður hefur komið fram, t. d. með því að kaupa fiskibáta.

Við eigum að hafa þetta mál sem víti til varnaðar. Þetta er yfirgengileg vitleysa.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Undanfarna daga hafa skattborgarar í þessu landi getað fylgst með einhverju furðulegasta máli og furðulegasta eyðsluklóarmáli sem hér hefur komið fram í langan tíma. Það er þó ljóst af þessari umr., — það kom fram í máli hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar og auðvitað hlýtur svo að vera, — að sá aðili, sem fyrst og síðast ber ábyrgð á þessu máli, er hæstv. ríkisstj. Hins vegar þykir mér að eitt atriði hafi ekki nægilega verið upplýst. Mig langar til að bera fram fsp. þar að lútandi til hæstv. sjútvrh.

Í upphafi þessa máls, þegar þingmenn úr Norðurl. e. eru að fara fram á skip, er verið að tala um franskt skip, og nam kaupverð þá um það bil þriðjungi þeirrar upphæðar sem nú er verið að tala um. Síðan virðist það gerast að einhvers staðar á þessum ferli er snúið frá hinu franska skipi, sem auðvitað er bæði eldra og miklum mun ódýrara, og tekin ákvörðun um að panta þetta þrisvar sinnum dýrara norska skip, sem auk þess þarf að breyta mjög verulega. Breytingarnar hækka kaupverðið mjög mikið. Stöndum við nú uppi með á hálfan fjórða milljarð umfram áætlanir. Nú er spurning mín þessi: Hvenær á ferlinum gerist það, að tekin er ákvörðun um þetta nýrra og miklu dýrara skip? Hver er það, sem tekur þá ákvörðun, og hver heimilar að þessi ákvörðun sé tekin? Gerist þetta fyrir þrýsting frá einstökum þm. og þá hverjum? Með hvaða hætti var þetta leyft? Eða á að trúa því, að þessi ákvörðun hafi verið tekin gersamlega stjórnlaust og án þess að nokkur maður hafi um hana vitað fyrr en ákvörðunin var tekin og fé þurfti að reiða af hendi? Ég endurtek því spurninguna: Hvenær er tekin ákvörðun

um þetta dýrara skip? Vegna þrýstings frá hverjum er það gert? Hver er það sem heimilar það?

Hér í hv. deild er forstjóri Framkvæmdastofnunar ríkisins. Það var tekið sjónvarpsviðtal við hann og birt í fréttum sjónvarpsins á laugardagskvöld. Þar kemur í ljós að hann er mjög andsnúinn þessu máli. Í viðtalinu segir hann að þetta mál verði til þess að leyst verði niður um einhverja þá sem að því hafa staðið. Þetta er auðvitað kjarnyrt, eins og forstjórans og hv. þm. er von og vísa, en þá er eðlilegt, að spurt sé hér, og eðlilegt að þeir, sem á þetta viðtal horfðu, vilji fá svör við því: Við hverja átti hv. þm.? Hverjir eru það sem þarf að leysa niður um í sambandi við þetta mál? Þegar menn leysa niður um hver annan koma líkamshlutar í ljós sem væntanlega hafa ekki sést fyrr, en menn gera sér þó einhverjar hugmyndir um hvað þar muni koma í ljós. Ég mundi halda að það væri eins farið að þessu sinni, m. ö. o. að hv. þm. geri sér nokkrar hugmyndir um hvað það sé sem komi í ljós þegar leyst hefur verið niður um. Það er eðlilegt að sjónvarpsáhorfendur spyrji um þetta og það er eðlilegt að þm. hér spyrji: Við hverja átti hv. þm.? Á hann við ráðh. í ríkisstj., á hann við aðila í stjórn Framkvæmdastofnunar, á hann við þm. Norðurl. e., á hann við skipakaupmenn — eða við hverja er átt? Með orðum af þessu tagi, og ég er ekki að draga í efa að hv. þm. hafi haft rétt fyrir sér, er verið að gefa í skyn að einhver skuggaviðskipti hafi átt sér stað í sambandi við þetta mál. Það hlýtur að vera eðlileg krafa að héðan úr ræðustól á Alþingi sé gengið á um að fá skýr svör við því, ef slík skuggaviðskipti hafa átt sér stað, hverjir framkvæmdu þau. Við hverja átti hv. þm. þegar þessi orð voru látin falla? Skattgreiðendur, sem auðvitað, eins og síðasti hv. ræðumaður gat um, munu á endanum borga þennan brúsa, horfa upp á að ábyrgðaraðilar í þessu máli kenna hverjir öðrum um, þeir bera það á torg jafnvel að skuggaviðskipti hafi átt sér stað. Ef svo er, hverjir eru það? Þessum spurningum verður að svara og þessum spurningum eiga skattgreiðendur, þeir sem þetta skip fyrst og síðast koma til með að borga, heimtingu á að fá svar við.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Það er fyllilega tímabært að þm. Norðurl. e. geri nokkra grein fyrir sínu máli úr ræðustól og sitji ekki þegjandi undir megninu eða sumu af því gaspri sem hér hefur heyrst. Það hafa fyrr verið keyptir togarar til Íslands. Ég vænti þess, að sú umr., sem hér fer fram stafi af ríkri siðferðiskennd þm., sem í ræðustól hafa komið — eða gæti verið að kjördæmasjónarmið ættu einhvern hlut að máli þegar menn fara hér upp núna? Ég spyr.

Ég sagði upphaflega um þetta mál, að það hefðu verið gefnar út þrjár óútfylltar ávísanir: sú fyrsta af þingmönnum, önnur af ríkisstj. og sú hin þriðja af stjórn Framkvæmdastofnunar. Við þetta stend ég. En það er annað, sem hefur gerst í þessu máli og er sýnu alvarlegra. Það virðist vera sambandsleysi á milli allra aðila sem hlut eiga að máli. Staðreyndin er nefnilega sú, að kaupendur fóru sínu fram. Þeir gerðu nákvæmlega það sem þeim datt í hug. Eftirlitshlutverk þeirra aðila, sem fara með valdið til að útvega peningana og til að sjá um fjármagnið sem kemur auðvitað úr almannasjóðum, var ekki meira en þetta, að kaupendur fóru sínu fram.

Sannleikurinn er sá, að þegar þm. Norðurl. e. rituðu undir bréf í maímánuði á síðasta ári voru þeir með í huga ákveðna gerð togara — sömu gerð og togarinn Hólmatindur á Eskifirði er af. Ég tel mig hafa fengið fulla vissu fyrir því, að þeim skilaboðum hafi verið komið á framfæri við hæstv. sjútvrh., að þessi togari væri hafður í huga. Er það ekki rétt? (**Sjútvrh.:** Jú, jú, en hvaða verð?) Já, verðið.

Ég hef mikið hugleitt hvað raunverulega skeður á ákveðnu tímabili í þessu máli þegar enginn veit nokkurn skapaðan hlut. Það gerist að ríkisstj. veitir heimildina 1. ágúst, en það gerist líka, að 4. sept. — rúmum mánuði síðar — er gerður bráðabirgðasamningur úti í Frakklandi um kaup á þeim togara sem þm. Norðurl. e. vildu fá, — mánuði eftir að ríkisstj. gefur heimild til kaupanna, og kaupverð þess togara er hér á samningnum 1.1 milljarður kr. Ég spyr eins og aðrir hafa spurt: Hvað gerist í millitíðinni? Hver ákveður að kaupa togara sem er 2 milljörðum dýrari? Þessi spurning liggur hér í lausu lofti. Það hljóta allir að spyrja um þetta. Svo berst auk þess til eyrna þm., loksins er við fréttum um skipakaupin, — ég í des. og jan. s. l., — að hér væri á ferðinni nokkurs konar verksmiðjutogari, það ætti að „montera" um borð í skipið vélar af öllu tagi: flatningsvélar, flökunarvélar og kúttunarvélar og fleira. Þá er náttúrlega tilgangurinn með atvinnuaukningunni í landi gersamlega farinn, horfinn, búinn. Þetta var auðvitað stöðvað.

Ég held að það sé lítið meira um þetta mál að segja. Hér hafa menn hver á fætur öðrum staðið upp og reynt að hvítskúra sig og hvítskrúbba sig. Það er svona og svona að gera það. Ég skrifaði upp á þetta bréf og ég stend við þá undirskrift. Málið er komið í hönk og ég ætla ekki að kenna neinum um hvernig komið er, en ég ætla að standa við undirskriftina. Hins vegar finnst mér býsna undarleg og skrýtin ákvörðun, hver sem stendur að henni, að það skuli eiga að taka 750 millj. til þessara togarakaupa af innlendri skipasmíðaiðn. Það er mjög alvarlegt mál í sjálfu sér. Þá er beinlínis verið að bæta atvinnuástand á einum stað á kostnað annarra. Þá hugmyndafræði skil ég ekki.

En ég hef svo sem í höndunum fleiri gögn í þessu máli. Ég hef gögn um að kaupendum stóð til boða að kaupa skip í Noregi, Vikheim, sem kostaði 13 millj. norskra kr., ágætisskip að mér er tjáð, en það var ekki keypt. Ég spyr: Hvers vegna?

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Það er mikið talað um þetta mál, sem eðlilegt er, en líklega hefði verið réttast og eðlilegast að hér í sölum Alþingis hefðu alþm. staðið upp og haft dauðaþögn í svo sem 1 — 2 mínútur í tilefni dagsins. Það kemur í ljós í þessu máli, eins og reyndar var vitað og hefur verið einkenni umræðna um þetta mál að undanförnu, ekki síst í sölum Alþingis, að talsvert ber á milli stjórnvalda í þessum efnum og má sjá þess glögg merki í dagblöðum bæjarins í dag. Þar á meðal hlýtur eitt að láta kynlega í eyrum. Einn af stjórnarmönnum Framkvæmdastofnunar leggur megináherslu á að hinn 4. júlí 1980, þegar ályktun er samþykkt í stjórn Framkvæmdastofnunar, sé lögð áhersla — í niðurlagi þeirrar ályktunar — á að ekki sé verið að samþykkja lánveitingar til viðkomandi togara. Þessi setning finnst hins vegar ekki í fórum hæstv. ráðh. og annaðhvort hefur hún verið strikuð út á leiðinni til hæstv. ráðh. eða hún hefur aldrei komist í það bréf sem til hæstv. ráðh. gekk. Á þessu hlýtur að finnast einhver skýring og ég er ekki ánægður fyrr en ég veit hvernig á því stendur. (**Sjútvrh.:** Vill þm. ekki fá þetta lánað?) Ég rengi ekki hæstv. ráðh.,

en það getur ekki komið heim og saman að hér komi stjórnarmaður úr Framkvæmdastofnuninni og lesi upp ályktun sem er lengri en sú, sem kemur fram í bréfi sem hæstv. ráðh. hefur undir höndum, og gerbreytir merkingu og niðurstöðu ályktunarinnar. Þetta þarf að fást skýrt fram, og það er þess vegna að vonum sem nokkrir þm. hafa farið fram á ítarlegri skýrslu um þetta mál.

Þá vekur það jafnframt athygli, að enginn virðist bera ábyrgð á eftirliti með breytingum um borð í togaranum né heldur hefur komið fram neitt um hver það er sem tekur endanlega ákvörðun um að þessi tiltekni togari skuli keyptur og þessar breytingar skuli gerðar á honum. Það hefur jafnframt komið í ljós, að Fiskveiðasjóður, sem venjulega annast slíkt eftirlit, hefur ekki með það að gera.

Þá hefur það ekki upplýstst hér í umr. heldur, og væri gott að það fengist upplýst síðar ef hægt er að ná höndum á því máli, hve mikið útgerðin eigi að greiða af brúttóaflaverðmæti skipsins vegna hinna óheyrilega háu lána sem hún hlýtur að taka. Jafnframt kemur í ljós að engin rekstraráætlun liggur fyrir, en tölur, sem á sveimi eru, segja að um 400 millj. gkr. megi gera ráð fyrir að rekstrartapið verði á ársgrundvelli. Þetta bætist við þær upphæðir sem hér er verið að fjalla um — og hver skyldi eiga að greiða þær upphæðir? Auðvitað lendir það á skattborgurum þessa lands eða a. m. k. um stundarsakir á Byggðasjóði. Rifja ég upp í því sambandi það sem flestir vita um hvernig útgerð hefur gengið á þessu landshorni, sem annars er alls góðs maklegt, að auðvitað hefur útgerð, t. d. á Raufarhöfn, útgerð Rauðanúps svo að ég taki dæmi, notið meiri fyrirgreiðslu úr Byggðasjóði og frá Framkvæmdastofnun en útgerð í landinu yfirleitt.

Það er ástæða til að fjalla ítarlega um kaupverð togarans. Auðvitað hlýtur það að vera markmið að nota sem ódýrust framleiðslutæki til að ná sem mestu aflamagni. Það gefur auga leið. En það er ekki aðeins kaupverð togarans sem vekur athygli í þessu máli, heldur kannske það kaupverð sem sett er á ákveðna þm. í þessu máli. Það kemur nefnilega í ljós, að hæstv. ríkisstj., sem nú starfar í landinu, verður að kaupa atkv. þm. í þessu máli eins og sumum öðrum málum. Gervasonimálið var leyst með einum kaffibolla heima hjá forsrh. 1500 millj. runnu til ákveðins þm. vegna sælgætisgjalds, sem hann var á móti, en varð að greiða atkv. með og greitt var fyrir. Þessar 1500 millj. hafa nú verið rýrðar með því að færa úr dálki viðkomandi þm. yfir í dálk annars þm. sem er líka óþægur þessari ríkisstj. Þarna fór á milli dálka í bókhaldi ríkisstj. Og hverju var síðan fórnað í þessu máli öllu saman öðru en íslenskum iðnaði! Þetta er saga málsins, sem snýr að almenningi þessarar þjóðar, og sú saga sem við skráum hér frá degi til dags og rýrir því miður virðingu þessarar hæstv. stofnunar.

Ég hef áður í umr. um þetta mál lagt á það ríka áherslu að birt verði öll skjöl málsins. Ég hef þess vegna skrifað undir þá beiðni sem hér hefur komið frá öðrum þm. um þetta mál. Það er kominn tími til að sjá hvernig Heródesar og Pílatusar þessa lands hafa hent þessu máli á milli sín.

Byggðastefna er hugtak sem engum hefur tekist að skýra enn þá til hlítar í þessu landi, en það liggur fyrir, sem því miður hefur allt of lítið verið rætt í þessum umr., að það er ákveðin deild hjá Framkvæmdastofnun ríkisins sem auðvitað á upphaf þessa máls. Það er byggðadeild Framkvæmdastofnunar. Það á auðvitað að heimta skýr svör af þessari deild um á hvaða forsendum hún starfar, á hvaða pólitískum forsendum hún tekur sínar ákvarðanir og um þau viðhorf sem hún sendir til stjórnar Framkvæmdastofnunar og öll þessi mál eru byggð á. Þetta eiga alþm. auðvitað kröfu á að vita. Þetta kemur væntanlega fram í þeirri skýrslu sem Matthías Á. Mathiesen og fleiri þm. hafa beðið um. Mér segir svo hugur um, að þegar á þá skýrslu verður litið verði hún ýmsum til skammar, en styðji það, sem ég held að margir þm. séu betur og betur að átta sig á, að það er e. t. v. kominn tími til að leggja ákveðna stofnun niður í þessu landi og þar á ég við Framkvæmdastofnun ríkisins. Það þarf að skera upp ýmsar deildir sem þar lifa sjálfstæðu lífi og einbeita sér að því í þessu landi að gefa fólki kost á að vinna við arðbærari atvinnurekstur en þann sem gerður er út á sjóði landsmanna.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Það er leitt að ekki skuli vera meiri tími til að ræða þetta mál til hlítar því að sannleikurinn er sá, að þrátt fyrir þau orð forstjóra Framkvæmdastofnunarinnar hér áðan að þm. væri kunnugt um þetta og hitt í þessu máli, held ég að svo sé alls ekki. Við vitum sáralítið um það. Í næstsíðustu ræðu vorum við að fá alveg nýjar upplýsingar sem ég veit að sárafáir þm. höfðu hugmynd um. Það er varðandi kaup á norskum togara frekar en frönskum.

En það er margt sem vekur furðu í þessum umr. og m. a. að svo virðist sem ákvörðun hafi verið tekin í Framkvæmdastofnun í þessu máli út af einu símtali milli tveggja manna. Þannig er nú ráðskast með milljarðana í þessu landi. Slík stjórnunaraðferð er auðvitað hin alvitlausasta sem hugsast getur. Og ekki batnaði það þegar hæstv. fjmrh. tók hér til máls og sagði að það yrði ekki snúið til baka „úr því sem komið er.“ Á svona lagað að geta skeð, að málin séu komin svo og svo langt áfram í meðferð að ekki verði til baka snúið þegar á að taka ákvarðanir um fjármögnum fyrirtækisins? Hvernig hefði verið að hugsa fyrst og hafa allt ljóst í málinu um búnað og kostnað þessa skips? M. a. er þetta skip þannig útbúið að það hefur ekki spil til venjulegra togveiða. Það má segja að það sé tvennt í svona skipum sem skiptir mestu máli og byggir upp alla veiðihæfni þessara skipa. Það eru vélin og spilið. (Gripið fram í.) Maður skyldi ætla að það hefði vél. Það á kannske eftir að koma á daginn að það hafi ekki nægilega mikið afl til að knýja hið nýja spil. En Framkvæmdastofnun bætir úr því.

Það er ljótt að heyra það hér í þingsölum — og það frá hæstv. fjmrh. sjálfum — að í ár sé óvenjuþung byrði á Byggðasjóði vegna togarasmíða og togarakaupa. Þetta er ljótt að heyra á sama tíma og vitað er að togaraflotinn er orðinn meira en nægilega stór og meira að segja miklu meira en nægilega stór. Þetta eru slæm vinnubrögð.

Það hafa líka fallið hér orð eins og „hreint áhættufjármagn.“ Það er sannarlega um hreint áhættufjármagn að ræða. Þarna fá þessir aðilar 100% lán, en þeir fengu líka lán á sínum tíma vegna rekstrar togarans Fonts og vegna frystihússins á Þórshöfn sem síðan var skuldbreytt. Senn fellur það lán og ekki er vitað til þess að þeir geti borgað í því nokkurn skapaðan hlut. Hvað þá með nýtt lán upp á 3500 millj. ofan á þær skuldbindingar sem fyrir eru? Hvað eru menn að hugsa eiginlega í þessu? Ég botna a. m. k. ekkert í því. Það gera kannske þeir hv. þm. sem hafa meira vit á togurum og togararekstri en ég, og þeir eru sjálfsagt flestir, trúi ég. (**Gripið fram í:** Hvað er

maðurinn að hugsa?) Það getur ekki verið að um 5 mínútur sé að ræða að þessu sinni. (**Forseti:** 4.5, þetta er aðvörun.)

Af öllu þessu og mörgu öðru, sem fram hefur komið, er ljóst að það er mjög nauðsynlegt að fá um þetta mál allt nákvæma skýrslu, allan gang málsins frá upphafi til enda, hverjir hafa sett það af stað o. s. frv., o. s. frv., hvenær hafi verið hætt við þennan togara og valinn annar, ég tala nú ekki um hvernig stendur á því, að menn eru að setja fiskvinnsluvélar um borð í þetta skip. Ég hélt að það væri ekki siður í togurum á Íslandi að hafa þar fiskvinnsluvélar og frystitæki. Er það til þess að koma því þannig fyrir að íbúar þessara staða, sem verið er að leysa atvinnuvandamál á, að því er sagt er, þurfi ekki að vinna aflann? Það er óskiljanlegt að þetta skuli geta átt sér stað. Sannleikurinn er sá, að jafnvel þó að menn vilji sigla með afla ef sæmilega hagar til um atvinnuástand á Þórshöfn er miklu verra að sigla með frystan fisk og flakaðan en nýjan. Menn vilja miklu frekar éta nýjan fisk en frystan. Frysting á fiski er ekki matreiðsluþáttur, heldur geymsluaðferð, og hann er verri frystur en nýr. (Forseti hringir.) Herra forseti. Aðeins örfá orð í viðbót. Það hafa það margir syndgað upp á náðina að ég hlýt að mega gera það í nokkrar sekúndur.

Það hefur verið lögð fram tillaga í ríkisstj. um að Þjóðhagsstofnun, og það verður víst að nafninu til að kveðja til Framkvæmdastofnun líka, sem að mínu áliti er óþarft, geri úttekt, eins og kallað er, á því, hverja möguleika þeir hafa á Þórshöfn til að standa við þær skuldbindingar sem fylgja kaupum á togaranum, auk annarra skuldbindinga sem þeir hafa tekið á sig á undanförnum árum og ég nefndi áðan. En spurningin er: Hverjir eru möguleikar á rekstri slíks skips á þessum stað? Ég tel þá vera sáralitla. Þjónustufyrirtæki eru engin á þessum stöðum sem geta sinnt því sem slíkir togarar þurfa á að halda. Er þá að nefna að þar er ekki vélaverkstæði sem ræður við þetta, ekki hleraverkstæði og engin veiðarfæragerð. Það má upplýsa kúabændur úr Eyjafirði um að þessi skip róa ekki með línu eða handfæri. Það er mín skoðun, að þeir menn, sem af góðum hug, trúi ég, eru hvað ákafastir í því að færa Þórshafnarbúum þennan togara sem þeir að mínu áliti ráða ekki við, eru með því að setja þá endanlega og gersamlega á höfuðið. Það á að leysa vanda þessara byggðarlaga með öðrum hætti og m. a. þeim, að í stað skuttogara við þessu verði eigi þeir að fá eins og tvo vel útbúna 200 tonna báta sem geta stundað netaveiðar þegar það er heppilegast og togveiðar þegar það er unnt.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Það má nú segja að öll umr. um þetta mál hér, og ekki síður í fjölmiðlum að undanförnu, hafi verið með hinum furðulegasta hætti. Tilgangurinn með allri þessari umræðu er líka allt annar en að ræða um togarakaup á Þórshöfn og Raufarhöfn. Það eru uppi átök um byggðamál, — átök um hvernig eigi í sjálfu sér í framtíðinni að stjórna Framkvæmdastofnun ríkisins og því fjármagni sem þar er. Ég minni á að fyrsta frv. um Framkvæmdastofnun, sem hét þá um Byggðajafnvægisstofnun ríkisins, var flutt fyrir 1969 og 1. flm. þess var Gísli heitinn Guðmundsson. Til hvers átti þessi stofnun að vera og til hvers er Framkvæmdastofnun í hugum fólksins í landinu? Hún er til þess að viðhalda byggð í landinu.

Hv. þm. Friðrik Sophusson spurði að því, hvers vegna byggðadeildin væri þarna og undir hvaða lögum eða reglum hún starfaði. (**FrS:** Ég spurði ekki að því.) Hann spurði að því. En hvernig er 8. gr.? (**FrS:** Ég spurði ekki að því.) „Deildin gerir áætlanir um þróun byggða og atvinnulíf víðs vegar um land með það fyrir augum að skapa landsmönnum öllum fulla atvinnu og eðlileg lífsskilyrði og stuðla að heilbrigðri byggðaþróun." Þetta á hún að gera. Það er að heyra á ýmsum þm. og fjölmiðlum að þeir geri sér alls ekki grein fyrir því, til hvers þessi stofnun er.

Ég sé ástæðu til þess að þakka úr þessum ræðustól byggðadeildinni fyrir sín störf, bæði að þessu máli og ýmsum öðrum, því að forstöðumaður þeirra deildar stendur undir nafni þó að sumir geri það ekki.

Það hefur verið rætt mikið um þetta mál. Menn eru að tala um upphaf þessa máls. Upphaf þessa máls er það, að einhvern tíma rétt eftir 1970 er þáltill. flutt í framhaldi af þeirri lagasetningu, sem ég vitnaði í. Hún var samþ. á hv. Alþingi. Þál. var um áætlun um byggðaþróun í Norður-Þingeyjarsýslu. Frá áætlun þeirri var gengið 1976. Undir eftirliti Framkvæmdastofnunar ríkisins var byrjað að byggja hraðfrystihús á Þórshöfn 1973. Það var vel að því staðið, bæði af Framkvæmdastofnuninni og af heimamönnum. Þegar frystihúsbyggingin hófst var bátaaflinn á Þórshöfn á fjórða þúsund tonn, en þegar verkinu var lokið 1976 var bátaaflinn kominn niður fyrir 1000 tonn. Þá var bátaaflinn á þessum stað kominn niður fyrir 1000 tonn á ári úr 3000.

Hv. þm. Halldór Blöndal sagði, að hann hefði viljað leysa þetta með bátum, og það hefði sjálfsagt verið skynsamleg leið ef það hefði verið áhugi á því. Það var reynt af Framkvæmdastofnuninni á s. l. ári, en þá reyndist sú leið ekki fær. Það veit hv. þm. Ég skal fá það staðfest. (Forseti hringir.)

Ræðutími minn er nú búinn. Ég hefði viljað segja margt um þetta mál. (**Forseti:** Það verður framhaldsumræða um málið.) Því miður verð ég að láta hér staðar numið. En ég verð að segja að það er alltaf spurning um hvað er dýrt og hvað er ekki dýrt. Þegar menn eru að tala um dýrt skip og ódýrt skip verður að gera greinarmun á því, hvort það er gamalt skip eða nýtt, hvernig það er búið o. s. frv.

Eggert Haukdal: Herra forseti. Mér þykir hlýða að gera grein fyrir þeirri bókun er ég gekk frá í gær á fundi stjórnar Framkvæmdastofnunar ríkisins, en hún var svohljóðandi:

„Ljóst er að þetta togarakaupamál hefur þróast þannig, að kaupverð ásamt breytingarkostnaði hefur vaxið svo frá því sem upphaflega var talað um að um gerbreyttar forsendur fyrir fjármagnskostnaði í rekstri er að ræða. Þá má telja mjög vafasamt að kaup á þessum togara verði á nokkurn hátt til að leysa atvinnuvandamál Þórshafnar og Raufarhafnar til frambúðar. Þvert á móti gætu þau sett atvinnulíf á þessu stöðum í strand þegar hallarekstur þessara togara fer að íþyngja í vaxandi mæli. Stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins samþykkti 14. 10. s. l. tilmæli ríkisstj. að lána 20% af stofnkostnaði, sem uppgefinn var 21 millj. norskra kr. Nú er fjárfestingarkostnaður gefinn upp 28 millj. norskra kr. Greinilegt er að viðbótarfé þarf til að koma togaranum endanlega á veiðar. Þess vegna tel ég allar forsendur brostnar fyrir þessum kaupum og

þessi mál verði að skoða aftur í nýju ljósi."

Í lokaorðum í bókun Ólafs G. Einarssonar og Matthíasar Bjarnasonar, sem voru rakin fyrr í umr., kemur fram mjög röng túlkun á minni bókun, að ég álíti að engin skylda hvíli á stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins í þessu máli, eins og þeir segja. Ekki hefur þvælst fyrir sumum að yfirgefa gefin loforð, sagði hv. þm. Ólafur G. Einarsson. Siðleysi, bætti hv. þm. Matthías Bjarnason við um mína afstöðu. Ég skrifa ekki upp á víxil nema í því augnamiði að borga hann, sagði einnig hv. þm. Matthías Bjarnason. Þetta er vissulega sú rétta regla. En togaravíxillinn var bara óútfylltur. Það blasti við að hann yrði margfalt hærri en búist var við, og það var ekki komið að skuldadögum. Það var og er enn hægt að leysa vandamál Þórshafnarbúa með miklu lægri víxli sem þeir sjálfir réðu við. Á því byggist mín afstaða. Ég var bæði að hugsa um hag fólksins þar fyrir norðan og Framkvæmdastofnunina með þeirri afstöðu.

Vegna hinna margumtöluðu 1500 millj.: Þær áttu og eiga að fara til innlendrar skipasmíði. Það var minn skilningur. Hv. þm. Friðrik Sophusson og fleiri eru enn og stöðugt að gambra um það mál og alls konar hrossakaup. Ég held að það væri mál fyrir þá, sem hæst hafa um það, að láta það til hliðar og líta í eigin barm.

Frv. að lánsfjárlögum var lagt á borð þm. í gær. Þar segir í 12. gr.:

„Byggðasjóði er heimilt að taka lán allt að 15 millj. kr. til að endurlána til smíði fiskiskipa. Fjmrh. er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast endurlánin með sjálfskuldaábyrgð."

Þarna er átt við þessar margumræddu 1500 millj. gkr. Enn fremur vantar breytingu á lögum um ríkisábyrgð vegna 90% ábyrgðar. Hún er ekki fyrir hendi í lögum sem stendur. Þetta mál er því ekki enn í höfn. Engin ákvörðun var tekin í ríkisstj. í gær, þ. á m. ekki heldur að taka af þessum margræddu 1500 millj. (Forseti hringir.) Ég er senn að ljúka máli mínu.

Í Vísi í dag segir hæstv. sjútvrh. um afstöðu stjórnar Framkvæmdastofnunar: „Ég verð að segja að ég fagna því, að þeir afgreiddu málið og firrtu sjálfa sig því að þurfa að punga út með 10% ábyrgð, sem þeir voru búnir að opna."

Það er ekki búið að borga neitt í þessu máli. Það á að borga 10% við undirskrift kaupsamnings. Hann hefur ekki enn verið fullgerður og verður það vonandi aldrei. Enn er hægt að snúa við og leita farsælli lausnar í þessu máli. Vonandi bera stjórnvöld í landinu gæfu til að svo verði. Þjóðin bíður eftir því.

Reglugerð um sjómannafrádrátt, þáltill. (þskj. 413). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Efri deild, 54. fundur.

Fimmtudaginn 19. febr., kl. 2 miðdegis.

Kennaraháskóli Íslands, frv. (þskj. 166, n. 418). — 2. umr.

Frsm. (Jón Helgason): Herra forseti. Menntmn. hefur fjallað um frv. til l. um breytingu á lögum um Kennaraháskóla Íslands. Á fund nefndarinnar kom Baldur Jónsson rektor Kennaraháskólans og enn fremur fulltrúar frá menntmrn., Árni Gunnarsson og Sigríður Thorlacius, og gáfu upplýsingar um málið. Í frv. felast þrjár breytingar frá gildandi lögum um Kennaraháskóla Íslands.

Í 1. gr. er sú breyting, að inn í 4. gr. laganna skuli koma nýr liður, 4. liður, um það að árlega skuli fara fram skrásetning nemenda og þeir greiða skrásetningargjöld. Er sú breyting samkv. ósk nemenda Kennaraháskólans og er í samræmi við lög um Háskóla Íslands.

Í 2. gr. er gert ráð fyrir að hætta að skilja nám handavinnukennara frá almennu kennaranámi og verður þá *jafnframt sú breyting á handavinnukennaranámi*, að nám þeirra í uppeldis- og kennslufræðum skuli jafngilda 30 námseiningum. Yrði þar með fullnægt ákvæðum laga um embættisgengi kennara sem sett voru fyrir tveimur árum. Jafnframt fullnægja kennarar, sem stunda nám í list- og verkgreinum, ákvæðum um að eigi færri en 30 einingar í sérgrein þeirra séu innifaldar í námi þeirra. Enn fremur er í 1. gr. frv. sagt að nánari ákvæði megi setja í reglugerð um inntöku nemenda í skólann og þá þar með að krefjast skuli einhverrar kunnáttu í list- og verkgreinum.

Í 3. gr. frv. er ákvæði, sem er í samræmi við lög um Háskóla Íslands, um að heimilt sé að flytja lektor úr lektorsstöðu í dósentsstöðu.

Menntmn. mælir með því, að frv. verði samþykkt óbreytt. Davíð Aðalsteinsson, Karl Steinar Guðnason og Gunnar Thoroddsen voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Er ekki hæstv. forsrh. einhvers staðar á næstu grösum? Hann var hér við umr. í gær. (**Forseti:** Það verða gerðar ráðstafanir til þess að ná í hann.)

Herra forseti. Það virðist ekki bóla á hæstv. forsrh., en kannske ég geri nokkur atriði að umræðuefni sem komu fram í umr. í gær. Ég ætlaði að víkja nokkrum spurningum til hæstv. forsrh., en ég get alveg eins gert það á eftir.

Það kom hér fram í umr. í gær, að ýmsir þm. viku að *mínu máli* og hv. þm. Guðmundur Bjarnason talaði um að hann hefði að sjálfsögðu haft samráð við heimamenn út af þessu máli. Hann virtist með þessu vera að gera einhvers konar aths. við það sem ég upplýsti hér í gær, að formlegt samráð við þm. hefði ekki verið haft fyrr en 28. jan. á fundi í Framkvæmdastofnun út af þessum skipakaupum, þó að bréf okkar til ríkisstj. hafi verið skrifað 12. maí 1980. Það, sem ég átti við með þessu, var að

sjálfsögðu — og það stendur óhaggað, enda staðfesti hv. þm. Stefán Jónsson það — að formlegt samband við okkur var ekki haft af neinum aðila, hvorki ríkisstj., stjórn Framkvæmdastofnunar né af hálfu 1. eða 2. þm. kjördæmisins, um þetta mál á þessum tíma. Að sjálfsögðu voru einstakir þm. í sambandi við ýmsa aðila út af málinu til þess að reyna að afla sér einhverra upplýsinga. Eins og hér kom fram, barst m. a. ósk um sérstakan fund um þetta mál þegar í fyrrasumar, en af honum varð ekki, þannig að ég vil að það komi hér fram, að bæði ég og aðrir þm. vorum að reyna að afla okkur upplýsinga um málið. Það, sem ég átti við, var einfaldlega þetta, að formlega var málið ekki tekið fyrir af hálfu þm. Norðurl. e. fyrr en 28. jan. s. l. og engin ósk kom fram frá neinum aðila, sem fjallaði um þetta mál, um að þm. hefðu ein eða önnur afskipti af málinu eftir að þeir skrifuðu þetta bréf, sem nánast var bréf um að komið yrði til aðstoðar þessu fólki með aðgerðum, og það hefur margoft komið hér fram hvernig þetta var orðað. Beinlínis var talað um skip í þessu sambandi, ákveðið skip — eða ef það væri ekki keypt, þá yrðu veitt leyfi fyrir innflutningi á skipi sem þá var verið að tala um að kostaði einhvers staðar á milli eins og hálfs milljarðs kr.

Hv. þm. Stefán Guðmundsson taldi að ég hefði komist þannig að orði, að ég hefði viljað láta hlutast til um val á skipum. Ég vil taka skýrt fram að það voru ekki mín orð. Ég benti hins vegar á og bendi enn á það, að ef stjórnvöld taka ákvörðun um að standa svo óvenjulega að skipakaupum sem hér um teflir, að greiða reikninginn 100% það sem skipið kostar, þá þarf að sjálfsögðu að standa að þeim málum á allt annan hátt en ef einkaaðilum er leyft að flytja inn skip eða smíða skip og fá út á það t. d. 80% fyrirgreiðslu. Þá liggur það í hlutarins eðli, að það er þessum aðilum hagkvæmt að standa sem allra best að slíkum skipakaupum eða smíðum. Ég er ekki á einn eða annan hátt að vantreysta þeim mönnum, sem að þessu stóðu, en af hálfu stjórnvalda er það náttúrlega hreinn barnaskapur, þegar ákveðið er að greiða fyrir slíku máli með 100% lánum, að hafa þá ekki sérstaka hönd í bagga með slíku, hver sem í hlut á. Það var aðeins þetta, sem ég átti við með mínum orðum.

Hv. þm. Eiður Guðnason komst einhvern veginn þannig að orði, að ég vildi sem minnst um þetta mál tala og kyngja þessum mistökum þegjandi, eins og ég held að hann hafi orðrétt komist að orði. Þetta er víðs fjarri sanni. Ég komst þannig að orði í upphafi ræðu minnar í gær að það væri kannske að bera í bakkafullan lækinn að fara að setja á langar tölur um þetta mál á Alþingi nú orðið, þar sem búið væri að ræða það mjög mikið í fjölmiðlum og annars staðar í þjóðlífinu undanfarið, en tók þó skýrt fram og vil endurtaka það hér, að ég er einn þeirra manna sem vilja að þetta mál verði á allan hátt upplýst, og ég tek mjög undir að lögð verði fram sú skýrsla sem nokkrir þm. hafa beðið um í þessu máli.

Hæstv. forsrh. hafði um þetta mál í gær, þau orð, sem hafa orðið fleyg í fjölmiðlum og um allt land, að það væri „alvarleg mistök". Nú er það upplýst af bréfi sem hæstv. fjmrh. skrifaði 6. okt. s. l., að samningur um kaup á þessu ákveðna skipi liggur þá fyrir, því að í þessu bréfi segir, eins og ég vitnaði til í gær:

„Hér með er staðfest að ráðuneytið mun nýta heimild í lögum nr. 28/1972 til að veita sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á skuttogara, er Útgerðarfélag Norður-Þingeyinga hf. hefur samið um kaup á í Noregi." Það er því alveg ljóst að hæstv. ráðh. veit hvað hann er að skrifa upp á þegar hann skrifar þetta bréf — og hæstv. ríkisstj. Hafi orðið alvarleg mistök í þessu máli hljóta þau að hafa orðið síðar og þá er spurningin í hverju þau eiga að vera fólgin. Ég verð að segja alveg eins og er, að þessi uppáskrift hæstv. ráðh. og uppáskrift stjórnar Framkvæmdastofnunar eru þess eðlis, að ég teldi að þessar stofnanir, stjórnvöld og Framkvæmdastofnun, væru að hlaupast frá skriflegum yfirlýsingum um ákveðin atriði, sem er alveg ljóst hver eru, ef til baka yrði snúið í þessu máli. Ég lýsi enn og aftur áhyggjum mínum af því, að það geti orðið bjarnargreiði fyrir þessi byggðarlög að fara út í svona gífurlega fjárfestingu. En ábyrgðin hlýtur að vera stjórnvalda, eftir að þau hafa tekið svo afdráttarlausa afstöðu til málsins á þessu stigi. Það hefur komið fram að skipið hækkaði allmikið í verði eftir að um það var samið, en það hefur verið sundurliðað í hverju þær verðhækkanir eru fólgnar.

En það, sem ég ætlaði að spyrja hæstv. forsrh. um að lokum, eru atburðir síðustu daga. Mér er tjáð — ég verð að segja að ég hef bara lausafregnir fyrir því — en mér er tjáð að hæstv. fjmrh. hafi skrifað ríkisábyrgðasjóði og talið sig mundu fara fram á 90% ábyrgð vegna þessara skipakaupa. Ég vil spyrja hæstv. forsrh. hvort þetta mál hafi verið rætt í ríkisstj., hvort ríkisstj. standi á bak við þessa málaleitan hæstv. fjmrh. Nú þarf auðvitað að leita heimildar Alþingis með sérstökum lögum ef þetta á að gerast, þar sem ekki er heimild í lögum nema fyrir 80% ábyrgð ríkissjóðs í þessum efnum, í því að ábyrgjast skipakaupalán. Ég vil spyrja hæstv. ráðh. hvort þetta sé þannig, hvort ríkisstj. hafi samþykkt þetta og þá hvort hæstv. ríkisstj. hugsar sér að flytja frv. á Alþingi um þetta efni. Enn fremur hvað sé rétt í því, sem hér var mest rætt um í gær út af þessu máli, að ríkisstj. hafi ekki gefið stjórn Framkvæmdastofnunar ákveðin fyrirmæli eða tilmæli um að samþykkja þá niðurstöðu sem stjórnin samþykkti í gær.

Ég held að það sé rétt á þessu stigi málsins, úr því að þetta mál er orðið svo mikið til umræðu, að það komi alveg skýrt og ákveðið fram hver stefna hæstv. ríkisstj. í málinu er, hvað hún hugsar sér að gera.

Að lokum vil ég segja það, að ég tel að þetta mál sé allt með ólíkindum og því miður geti þetta orðið bjarnargreiði við þessi byggðarlög. En ég sé ekki annað en það verði samt sem áður að gera kröfu til stjórnvalda um að þau standi við gefnar yfirlýsingar í þessu máli.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég hafði raunar ætlað mér í gær að kveðja mér ekki hljóðs öðru sinni um þetta utandagskrármál. En upp komu í ræðum hv. þm. Kjartans Jóhannssonar og Karls Steinars Guðnasonar atriði þess eðlis, að ég taldi mig til neyddan að leiðrétta mjög þýðingarmiklar rangfærslur varðandi útgerðarmál þeirra Þórshafnarbúa.

Hv. þm. Karl Steinar Guðnason talaði um að moka milljörðum til Þórshafnar. Hann tók það upp eftir flokksformanni sínum, hv. þm. Kjartani Jóhannssyni, að það hefði komið í ljós, er Þórshafnarbúar höfðu eignarhald á Fontinum, að þeir gætu ekki gert út togara. Báðir gátu hv. þm. þess, að vel gengi útgerðin á Fontinum í höndum hinna nýju eigenda á Siglufirði. Ég vil aðeins geta þess, að skip þetta, sem skírt var Fonturinn eftir að komið var til Þórshafnar og keypt var héðan sunnan af Nesjum nokkru áður en til greina hafði komið af hálfu

ónefndra manna að reyna að koma þangað togaranum *Ými og togaranum Rán, — að þetta skip var selt þeim* Þórshafnarbúum á 360 millj.kr. árið 1977. Umreiknað, uppfært til gildis í gömlum krónum um síðustu áramót, hefði söluverðið numið 1.9 milljörðum gkr. Þórshafnarbúar áttu þetta skip í eitt ár, svo að menn geta gert sér nokkra grein fyrir því, hvílíkir klaufar mennirnir eru í rekstri. Þeir áttu þetta skip í eitt ár. Að meðreiknuðum viðgerðum og eðlilegum breytingum á fjármagnskostnaði var verð skipsins komið upp í 1200 millj. eftir árið. Þannig var ástandið sem þeir tóku við þessu skipi í. Þessar 1200 millj. kr., sem skipið stóð í þegar það var tekið af Þórshafnarbúum, mundu samsvara 6.3 milljörðum gkr. nú. Lái þeim hver sem vill þótt þeir treystu sér ekki til að gera það skip út. Hv. þm. Kjartan Jóhannsson, sem látinn var gegna embætti sjútvrh. fyrir skemmstu, má svo setjast við og reyna að gera sér nokkra grein fyrir því, *hversu úthaldsdagar þess skips hafi verið margir á* því ári sem Þórshafnarbúar höfðu eignarhald þess með höndum, sem þurfti að gera við fyrir næstum 900 millj. kr., skips sem kostaði 360 millj.

Ég vil svo rétt aðeins í lokin, svo að ég fjalli nú um hið aldna skip Fontinn, reyna að leiða getum að því, að það hafi verið skárra skip sem þeir Siglfirðingar tóku við þegar búið var að gera við þetta 360 millj.kr. fley fyrir næstum því 900 millj., heldur en það sem Þórshafnarbúar tóku við af þeim Suðurnesjamönnum á sínum tíma. Skuldirnar, sem Þórshafnarbúar, hreppur og fiskiðjuver, höfðu lent í vegna þessara viðskipta, vegna þess að tekið var við ónýtu skipi úr 8 ára klössun, námu þá 200 millj. kr., sem jafngilda 500 millj. nú. Það mætti kannske segja að Þórshafnarbúar væru betur í stakk búnir til þess að gera út nýtt skip núna ef þeir hefðu ekki tekið þann *bagga með sér. Að skipt var um vélstjóra á Fontinum* 12 sinnum á einu ári er hreint ekki sönnun fyrir því, að illa hafi verið staðið að útgerð skipsins. Það er vottur um hvers konar skip það var, sem komið var á Þórshafnarbúa frá þeim Suðurnesjamönnum á þessum tíma.

Og nú skulu þessir innflytjendur slæmra skipa og sölumenn með ryðkláfa, þessir tveir hv. þm. af Suðurnesjum, taka sig til og reyna að gera mun á þessu tvennu: að taka við skipi núna, nýju og vel búnu skipi upp á 3—3.5 milljarða gkr. eða að gera út það skip sem þeim var fengið þá, þess háttar fleytu sem þá var komin í 6.3 milljarða kr. Þessir ágætu menn ættu að drepa aðeins við fæti þegar þeir tala um útgerðarmöguleika á skipum og svara spurningunni um það, með hvaða hætti er hægt að láta togara upp á 5 milljarða kr. standa undir fjármagnskostnaði núna, hvernig svo sem um það er að öðru leyti. (**Gripið fram í:** Það er flutt inn af Matthíasi Bjarnasyni.) Síðan má taka til athugunar rök eins og þau hjá hv. þm. Kjartani Jóhannssyni, fyrrv. sjútvrh., að ekki sé hægt að gera út skip nema þar sem viðgerðaraðstaða sé á staðnum. Það er viðgerðaraðstaða eða hitt þó heldur á hinum einstöku Austfjarðahöfnum, þar sem togarar eru gerðir út með góðum árangri, eða Vestfjörðum. Síðan koma rök eins og þau, að hv. þm. hitti mann hérna fyrir utan húsið, ónefndan mann sem sagðist nú skilja hvert peningar skattborgaranna færu — þ. e. til þess að standa undir hallarekstri á útgerð yfirleitt — að maður sleppi nú því innleggi hv. þm. Kjartans Jóhannssonar, að hann hefði einu sinni verið sumartíma í sveit á Þórshöfn. Hvort hv. þm. sagði þetta til þess að *renna stoðum undir* þá hugmynd, að hann bæri hlýjan hug til Þórshafnarbúa, eða hvort hann var bara á lubbalegan hátt að nudda þeim *upp úr gömlum mistökum veit ég ekki.*

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég bar fram fsp. til forsrh. hér í upphafi. Ég tók það fram í seinni ræðu minni, að ég þakkaði þau svör sem fengist hefðu, en ítrekaði hins vegar nokkrar spurningar. Ég trúi því ekki, að hæstv. forsrh. ætli að sitja hér undir þeim umræðum, sem hafa átt sér stað, án þess að svara þeim meginspurningum sem hér hafa verið bornar fram, en ýmsum þeirra hefur hann látið ósvarað, en í staðinn valið — eins og reyndar hæstv. forsrh. velur oft — að rekja þá sögu málsins sem allir þekkja og geta ekki talist svör við þeim spurningum sem á brenna.

Ég spurði t. d. og ítreka það enn, *hvernig eigi* að standa undir rekstri þessa skips. Er hugmyndin sú, að það verði styrkt af almannafé eða er hugmyndin sú, að *íbúarnir þarna norður frá eigi* að standa undir þessum geigvænlega hallarekstri? Við þessu verða vitaskuld að fást svör.

Ég hef líka spurt hvort það sé ekki rétt skilið af ræðu forsrh., að engin takmörkun hafi verið sett af hálfu ríkisstj. á þá upphæð, sem ríkisábyrgðin næði til, að ríkisstj. hafi ekki í samþykkt sinni verið með neina takmörkun af þessu tagi. Og ég vil fá það staðfest, hvort þetta sé ekki réttur skilningur, því að þarna liggur þá í raun og sannleika hundurinn að verulegu leyti grafinn.

Í öðru lagi spurði ég hvort nokkuð hefði verið um það í bréfinu til Framkvæmdastofnunar, að hún aðstoðaði við val og kaup á skipinu. Ég hef skilið svör forsrh. þannig, að það hafi ekki verið. Ég *vil gjarnan fá* það staðfest og trúi ekki öðru en forsrh. svari þessu ef hér er rangt með farið.

Ég hef líka leitað eftir svörum við því, hvað komi til þess, að ríkisstj. velji nú að hafa sjónarmið eins helsta guðföður síns, stjórnarformannsins í Framkvæmdastofnun, Eggerts Haukdals, að engu. Hvaða rök liggja til þess hjá ríkisstj. að hafa rök hans og afstöðu nú að engu? Og hver er rökstuðningurinn fyrir því, að fé, sem ætlað er til innlendrar skipasmíði, skuli varið til þess að kaupa skip til landsins?

En að lokum þetta: Það hefur upplýstst síðan í gær, að ráðh. hefur sagt að hér sé um alvarleg mistök að ræða. Sverrir Hermannsson, forstjóri Framkvæmdastofnunar, hafði áður sagt að þetta væri ógott mál, sem heitir á venjulegu máli að þetta sé slæmt mál eða mjög vont mál. Það er nú eiginlega komið svo, að *þetta mál* er farið að ganga fyrir misskilningi. Það er ekki bara um mistök að ræða, heldur er málið farið að ganga fyrir misskilningi. Í dag og síðdegis í gær hafa ýmsir ráðherrar hlakkað yfir því, að Framkvæmdastofnunin skyldi taka ákvörðun í fyrradag á grundvelli misskilnings, á grundvelli þess, að Sverrir Hermannsson hafi misskilið Steingrím Hermannsson. Mér þykir það nú orðið nokkuð hart, ef það á að margefla þau mistök, sem gerð hafa verið, með því að byggja lokaákvörðunina á misskilningi og hlakka svo yfir því. Ég trúi ekki öðru en hæstv. forsrh. grípi hér í taumana og leiðrétti þau mistök sem hér hafa verið gerð, að hann taki þá menn á beinið sem hlakka yfir því, að *mistökin séu staðfest og gerð endanleg á grundvelli* misskilnings. Þetta er hörmulegasta dæmi úr stjórnarfari, sem hægt er að hugsa sér, er svo á fram að ganga. Sumir hafa sagt að þetta þýddi að það yrðu greiddar skaðabætur. Sverrir Hermannsson hefur lýst því yfir, að hann og

hans stofnun hlyti að vera reiðubúin til að greiða skaðabæturnar. En þessar skaðabætur eru áreiðanlega ekki há upphæð í samanburði við þau feiknaútgjöld, sem verið er að taka á sig. Og í sambandi við mistök og í sambandi við skaðabætur og það að snúa við úr mistökum vil ég aðeins minna á það, að einu sinni varð eldgos í Kröflu þegar var verið að hefjast handa um framkvæmdir. Þá horfðu menn í, að mig minnir, 40 eða 60 millj., sem búið væri að spandera, og héldu áfram og hafa með þessu bakað sér stórfellt tjón. Það er stundum betra að taka bakslagið strax. (Gripið fram í.) Þetta heitir Kröflugígur og er megineldstöðin á þessu svæði, þó að það gjósi upp annars staðar, en ég legg ekki mikið upp úr því. Þetta er nægilega nálægt og nægilega miklar hörmungar sem hafa af hlotist, þannig að ég trúi ekki öðru en meira að segja hv. þm. á Norðurlandi skilji hvert verið er að fara.

Guðmundur Bjarnason: Herra forseti. Það er ekki ofsögum sagt, að margt furðulegt hefur fram komið í þessum umræðum hér um það mál sem nú er á dagskrá. Ég kallaði í gær þessar umræður storm, og ég tel að það hafi nánast verið þyrlað upp moldviðri í þessum stormi og það moldviðri eingöngu ætlað til þess að koma í veg fyrir lausn á erfiðu atvinnuástandi byggða á Norðausturlandinu. Menn kveðja sér hljóðs utan dagskrár til að velta sér upp úr þessu máli. Það er kallað hið versta mál, það er talað um óþef af málinu, það er kallað ógott mál, það er sagt að það sé smánarblettur á Alþingi. Er það smánarblettur þegar alþm. og ráðherrar reyna að ráða bót á atvinnuástandi hinna ýmsu byggða um allt land? Og svo er talað um virðingu Alþingis. Mér finnst nær að kalla þessar umræður smánarblett og fyrir neðan virðingu Alþingis.

Ég hefði skilið hv. 2. þm. Reykn., Kjartan Jóhannsson, hefði hann kvatt sér hljóðs utan dagskrár og rætt um afleiðingar þess óveðurs, sem blés yfir landið nú í vikunni, og hvernig bæta mætti það eignatjón sem fólk hefur orðið fyrir og ekki síst í hans kjördæmi.

Ég hefði einnig skilið hv. 5. þm. Vesturl., Eið Guðnason, hefði hann kvatt sé hljóðs utan dagskrár t. d. út af fyrirsögn sem birtist í Dagblaðinu í gær og fjallar um strand Heimaeyjar og hljóðar svo: „Ekki talin ástæða til að þiggja aðstoð varðskips" — ekki vegna þess að ég telji að það mál sé honum neitt sérstaklega skylt, heldur nefni ég það aðeins sem dæmi af því að ég veit að maðurinn er glöggur og fylgist vel með. Þess vegna hefði mig ekki undrað það, þó að hann hefði rætt um slíkt mál utan dagskrár. Ég tel það vera mál sem þyrfti athugunar við, og mér finnst furðu sæta að ekki skuli vera talin ástæða til þess að þiggja aðstoð varðskips til að bjarga verðmætum og mannslífum.

Ég hefði einnig skilið hv. 3 landsk. þm., Karl Steinar Guðnason, hefði hann kvatt sér hljóðs utan dagskrár og rætt um atvinnuástandið í Keflavík. Ég skal líka lýsa því yfir, að ég er reiðubúinn að styðja þá hv. þm. Reykn. við að bæta atvinnuástand í þeirra kjördæmi. Ég er að vísu ekki fáanlegur til þess að leggjast á bæn og biðja til guðs um að aukin verði hernaðarumsvifin á því svæði. En ég skal gjarnan styðja allar raunhæfar aðgerðir til úrbóta í atvinnumálum þar.

Ég hef nokkrar og reyndar miklar áhyggjur af atvinnuástandi í mínu kjördæmi, Norðurlandskjördæmi eystra, og tel það hlutverk mitt sem þm. þess kjördæmis að reyna að bæta úr því eigi ég þess kost. Tölur um atvinnuleysisskráningu nú í janúar sýndu að ástandið var kannske einna verst einmitt þar. Það var mjög slæmt bæði á Akureyri og Húsavík, og nú eru uppi hugmyndir um það á Akureyri að leggja niður starfsemi skóverksmiðjunnar Iðunnar, svo að ég nefni dæmi. Þar vinna um 50 manns sem þá verða atvinnulausir. Ég hef áhyggjur af þessu og ég vona að hv. þm. annarra kjördæma styðji drengilega við bakið á okkur í þeirri baráttu sem við þurfum að heyja til þess að efla og treysta atvinnulíf þar. (**EgJ:** Það verður að vera gagnkvæmt.) Ég tók það líka fram, að ég væri reiðubúinn að styðja það í öðrum kjördæmum. Ég vona að sú aðstoð verði samt ekki fólgin í því að endurtaka söguna um gamalt skip sem stöðugt var að bila og kostaði óhemjufjármagn að gera út. Hv. þm. Stefán Jónsson gerði reyndar grein fyrir þeirri sögu áðan og það er svo sem ekki ástæða til þess að fara nánar út í það. Þó vil ég minna á að hv. þm. Karl Steinar Guðnason gat um það í umræðum í gær, að það hefði þurft að skipta um vélstjóra á Fontinum nokkuð oft. Hann hlýtur að vita það eins og allir aðrir, sem eitthvað fylgjast með útgerð, að það er erfiðara að halda góðum mönnum á gömlum og lélegum skipum, sem sífellt eru að bila, heldur en á nýjum og fullkomnum skipum. Og það gefur þá líka þessum nýju og fullkomnu skipum betri möguleika, þegar þau fá betri áhöfn.

Nýjum eigendum hefur að sjálfsögðu gengið betur að reka það skip, vegna þess að þegar þeir tóku við því var búið að vinna á því margar endurbætur og framkvæma með ærnum kostnaði. Leiddi sá kostnaður auðvitað af sér mikla erfiðleika fyrir útgerðarfélagið á Þórshöfn á þeim tíma. En nýir aðilar taka við því skipi í allt öðru ástandi og á öðrum fjárhagslegum grundvelli. Nú er um það að ræða að útvega Útgerðarfélagi Norður-Þingeyinga, sem stofnað er til af einstaklingum og fyrirtækjum í fjórum sveitarfélögum, Þórshöfn, Raufarhöfn, Sauðaneshreppi og Svalbarðshreppi, nýtt og gott skip. Jafnvel hafa verið hugmyndir um að fimmta sveitarfélagið kæmi þarna inn í, að Presthólahreppur og Kópasker gætu gerst eigendur eða aðilar að þessu félagi, þó að ekki sé nú fullrætt um það mál. Þetta útgerðarfélag ætlar síðan að reka þetta skip í samstarfi við annað skip, þ. e. Rauðanúp á Raufarhöfn. Þarna á að miðla hráefni af tveimur skipum milli tveggja frystihúsa og hugsanlega síðar jafnvel til Kópaskers. (Gripið fram í.) Það er alveg ljóst, að það á að miðla milli tveggja frystihúsa af þessum tveimur skipum, það er hv. 3. landsk. þm. fullkunnugt um. Hv. þm. Sverrir Hermannsson hefur líka sagt það á fundum í Framkvæmdastofnuninni — og hann er vel kunnugur útgerðarmálum — að það sé eins erfitt og óhagkvæmt að reka eitt skip eins og það sé hagkvæmt og skynsamlegt að reka eða gera út tvö skip sameiginlega. Hér er ekki verið að tala um að kaupa skip fyrir þess 500 íbúa eða tæplega 500 íbúa sem á Þórshöfn búa, ekki fyrir þá eina, heldur fyrir miklu stærra svæði og miklu fleira fólk. En þess eru dæmi, að til sé ekki einn, heldur tveir togarar í sveitarfélögum sem eru minni og fámennari en byggðarlagið á Þórshöfn eitt sér. Hér er því að mínu mati verið að reyna að standa skynsamlega að málum, en ekki óskynsamlega.

Hér hefur verið gerður samanburður á atvinnuleysi staða. Ég ætla svo sem ekki að rifja það upp frekar, en ég vil aðeins benda á að atvinnuleysisskráning segir ekki ævinlega til um atvinnuleysi og á það við jafnt þarna austur frá og annars staðar. Og ég vil benda á það í

viðbót, að á þessu svæði er dulið atvinnuleysi í sveitum sem ekki á kannske hliðstæðu í Hafnarfirði eða í Keflavík. Það er verið að reyna að draga úr landbúnaðarframleiðslu, sem hefur í för með sér að það minnkar um atvinnuna í sveitunum og sveitafólkið í nágrannabyggðum við Þórshöfn á auðvelt með að sækja þangað vinnu, og það atvinnuleysi, sem þar er dulið, er hvergi á skrá.

Þetta skip er kallað dýrt og talað um að ekki sé hægt að reka það vegna þess hversu dýrt það sé, reyndar allt of dýrt, að sagt er. Hér er um að ræða fullkomið og vandað skip sem er talið kosta 3—3.5 milljarða gkr. En hvaða orð ná þá yfir skip sem kosta 5—6 milljarða gkr.? Hvaða kostnaðarhugtök eiga menn yfir það og hver er rekstrargrundvöllur þeirra skipa? Auðvitað er erfitt að gera út öll þessi skip og á það var bent í umræðunum í gær, þar er kannske stærsta vandamálið. Það á ekki við um þetta eina skip, því miður.

Hv. 5. þm. Vesturlands., Eiður Guðnason, gerði úr því mikið mál í umræðunum í gær, að hæstv. forsrh. taldi að hér hefðu verið gerð mistök og e. t. v. hafi vantað opinbert eftirlit. Þetta hafa reyndar fleiri ráðherrar sagt og e. t. v. hefði átt að setja hámark á kaupverð þessa skips. Ég get ekki séð að það sé neinum til minnkunar að viðurkenna mistök telji hann sig hafa gert mistök. Ég er hins vegar ekki alveg sannfærður um eða sammála því, að þarna hafi mistök átt sér stað. En hafi svo verið, þá verða mistök aldrei tekin til baka. Menn geta lært af mistökum og eiga að gera það, en menn geta ekki dregið þau til baka. Víxillinn, sem lagt var af stað með í fyrrasumar til þessara skipakaupa, var gefinn út af stjórnvöldum í haust, bæði af ríkisstj. og stjórn Framkvæmdastofnunar, og ég tel að því sé ekki hægt að breyta. Þá var auðvitað hægt að neita útgáfu víxilsins og segja: Víxillinn er of hár, það verður að lækka upphæðina. En þegar búið er að gefa víxilinn út verður því ekki breytt, það hljóta allir menn að vita.

Ég vil að lokum taka undir það sem hv. þm. Lárus Jónsson sagði í upphafi ræðu sinnar áðan, að það er rétt, að ekkert formlegt samráð var haft við þm. kjördæmisins frá því að þeir skrifuðu bréf sitt 12. maí 1980 þar til nú 28. jan. 1981. Og það, sem ég sagði hér í umræðunum í gær, var aðeins að ég hefði reynt að fylgjast með málinu og átta mig á því, hvað var að gerast á hverjum tíma, á þeim upphæðum, sem verið var að ræða um á hverjum tíma og ég ræddi um í gær og ætla ekki að endurtaka. En ég vil aðeins staðfesta að það er rétt hjá honum og þeim þm. öðrum úr kjördæminu, sem um það hafa rætt, að ekkert formlegt samráð var haft og við héldum engan formlegan fund um málið á þessum tíma.

Ég vil svo aðeins að lokum, herra forseti, endurtaka orð mín frá því í gær, að ég vona að þetta mál sé afgreitt, ég vona að það fái farsælan endi, þennan storm fari að lægja og Alþingi geti snúið sér að öðrum verkefnum sem fremur séu virðingu þess samboðin.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Aðeins örfá orð hér, sérstaklega kannske í tilefni af þeirri ræðu sem var verið að ljúka við að flytja hér, ræðu Guðmundar Bjarnasonar, hv. 5. þm. Norðurl. e.

Það er alger mistúlkun á mínum orðum hér í gær, að ég hafi sagt að það væri á einhvern hátt til minnkunar að forsrh. viðurkenndi hér úr ræðustóli að alvarleg mistök hefðu átt sér stað í þessu máli. Þvert á móti, mér finnst forsrh. vera maður að meiri að standa hér og viðurkenna að mistök hafi átt sér stað. Hins vegar benti ég á að það mundi ekki algengt að forsrh. stæði upp á Alþingi og viðurkenndi mistök. Þó að ég sé ekki með þessu að segja að mistökin séu á neinn hátt á hans ábyrgð, þá er hann einu sinni oddviti ríkisstj. og ríkisstj. hlýtur sem slík að bera ábyrgð á þessu. Þess vegna endurtek ég það, að mér finnst mannsbragur að því að koma hér og viðurkenna að mistök hafi átt sér stað. Það er ekki heldur rétt, sem hv. þm. Guðmundur Bjarnason sagði, að hafi mistök orðið sé ekkert hægt að gera. Vissulega er í mörgum tilvikum hægt að leiðrétta mistök. Ég lít svo á að það sé hægt í þessu tilviki.

Sömuleiðis verð ég að segja það, að ég skil ekki alveg þegar menn koma hér í ræðustól og fjargviðrast út af því, að verið sé að ræða þetta mál hér. Það er verið að ræða þetta mál í öllu þjóðfélaginu núna. Maður hittir varla tvo menn á tali öðruvísi en þetta beri á góma. Þess vegna hlýtur að vera eðlilegt að málið sé og rætt hér í sölum Alþingis. (**GB:** Enda hefur málið verið blásið út.) Það er ekki spurning um að blása út eða blása upp. Hv. þm. Guðmundur Bjarnason sagði að menn væru að velta sér hér upp úr þessu máli. Ég held að það sé skylda þm. að ræða þetta mál og ef þm. ræddu ekki þetta mál hér í sölum Alþingis væru þeir að bregðast skyldu sinni og bregðast þeim trúnaði sem þeim er sýndur þegar þeir eru valdir hér til starfa. Ef á að þegja svona mistök í hel, þá eru þm. að bregðast bæði kjósendum sínum og ég hygg sjálfum sér líka.

Hv. þm. Guðmundur Bjarnason undraðist það, að við hv. þm. Kjartan Jóhannsson skyldum ekki kveðja okkur hljóðs hér utan dagskrár til þess að ræða m. a. það eignatjón, sem varð í fárviðrinu fyrr í vikunni, og sömuleiðis þann hörmulega atburð, er varð við suðurströndina þegar skip strandaði og tveir sjómenn fórust. Við höfum vissulega hugleitt að gera þetta, og þar sem hv. þm. Kjartan Jóhannsson hefur þegar talað þrisvar í þessu máli og á þess ekki kost að tala hér aftur, þá segi ég það hér og nú fyrir okkar beggja hönd og óska hér með eftir því við forseta, að þessi mál verði tekin hér á dagskrá og rædd. Það er vissulega ástæða til þess. Jafnvel þótt skemmdirnar séu að mestu einskorðaðar við suður- og vesturhluta landsins, þá er vissulega ástæða til að ræða þessi mál hér. Það er vissulega ástæða til þess að Alþingi láti þessi mál til sín taka. En það þýðir ekki að hitt eigi ógert að láta, að ræða það mál sem hér er til umræðu.

Aðeins fáein orð hér vegna þess sem hv. þm. Lárus Jónsson sagði áðan. Hann gerði að umtalsefni þau orð sem ég viðhafði í minni ræðu í gær. Ég sagði að hann hefði talað í þá veru að það ætti að kyngja þessum mistökum. (**LJ:** Þegjandi.) Ég minnist þess nú ekki að hafa sagt þegjandi, enda er það ekki í samhengi þessa máls. En orðrétt sagði hv. þm. Lárus Jónsson, með leyfi forseta:

„Þess vegna verða menn að kyngja því, ef í þessu máli hafa orðið mistök, en vera menn til að standa við það sem þeir hafa skuldbundið sig til að gera." Þetta eru orðrétt ummæli þm., og það er þetta sem ég er ekki sammála honum um. Ég tel að við eigum ekki að kyngja þessu máli eins og það er fyrir lagt, það er mergurinn málsins. Við eigum ekki að kyngja því jafnvel þótt í þessari hv. þd. eigi sæti þingmenn sem kyngt hafa þremur flugskýlum úr steinsteypu án þess svo mikið sem að svelgjast á.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Út af ummælum hv. síðasta ræðumanns um það, að forseti taki þetta mál á dagskrá, þá vil ég taka það fram, að forseti gerir það ef það ber formlega að til þess að taka það á dagskrá. Forseti getur ekki tekið öðruvísi á dagskrá. En ég minni á það, að þetta mál hlýtur að verða til frekari umræðu í þinginu, því að hv. 5. þm. Vesturl. ásamt níu öðrum þm. hefur borið fram beiðni til forsrh. um að gefa skýrslu um málið. (**KJ:** Herra forseti. Ég óska hér með formlega eftir því að fá að taka til máls utan dagskrár við fyrstu hentugleika um afleiðingar ofsaveðursins, sem hér hefur gengið yfir og hefur gefið tilefni til að umræður fari fram.) Já, það hefur ekki verið venja að hafna því að taka mál fyrir utan dagskrár. Ég hef ekki heyrt þessa ósk fyrr en nú. (**KJ:** Hún var borin fram í gær.) Mér hefur láðst að taka eftir því, en auðvitað verður það tekið til athugunar. En við erum núna með umr. utan dagskrár um annað efni. Ég hygg að þetta verði ekkert vandamál.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Hv. þm. Lárus Jónsson spurðist fyrir um það, hvort ríkisstj. hefði gert ályktun um það mál, sem hér er til umr., á fundi sínum s. l. þriðjudag og í því sambandi varðandi skilaboð sem forstjóri Framkvæmdastofnunarinnar flutti stjórn hennar. Ég vil taka það fram hér, sem hefur komið fram einnig áður, að ég ætla, að ríkisstj. gerði ekki ályktun um þetta mál á fundi sínum s. l. þriðjudag og sendi stjórn Framkvæmdastofnunar engin tilmæli.

Á þskj. 434 hafa nokkrir þm. borið fram beiðni til forsrh. um skýrslu um kaup á togara fyrir Útgerðarfélag Norður-Þingeyinga á Þórshöfn. Að sjálfsögðu verður sú beiðni samþykkt á fundi Sþ. í dag, þar sem hún er á dagskrá. Ég vil taka það fram, að undanfarna daga hefur verið í undirbúningi í forsrn. samantekt skýrslu um málið, og mér finnst alveg sjálfsagt að eins fljótt og verða má verði Alþingi flutt skýrsla um málið þar sem saga þess og gögn verða rakin sem nákvæmast. Þar koma væntanlega svör við öllum þeim spurningum sem menn hafa borið hér fram. Hins vegar getur það ekki farið saman, að hv. þm. Kjartan Jóhannsson hefur borið fram ásamt fleiri þm. þessa beiðni um skýrslu mína í þinginu, þegar gagna hefur verið aflað og sú skýrsla er tilbúin, en svo þylur hann upp hér utan dagskrár fjölda spurninga sem hann ætlast til að sé svarað þegar á stundinni, en mörgum hverjum er auðvitað ekki unnt að svara fyrr en þessi skýrsla hefur verið tekin saman. Mér sýnist að hv. þm., sem stendur að þessari beiðni, ætti að una við það, að þessum spurningum hans verði svarað þegar skýrslan kemur til meðferðar. Ég ætla einnig að þá komi fram svar við seinni spurningu hv. þm. Lárusar Jónssonar.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Sjaldan hafa umræður á Alþingi orðið eins lágkúrulegar og áðan þegar farið er að blanda inn í þær sorglegum atburðum, er skeð hafa að undanförnu, og reyna með því að fela það fjármálahneyksli sem hér hefur átt sér stað. Við höfum vissulega rætt þessi mál, bæði sjóslys og óveður, innan þingflokks Alþfl. allítarlega, en að biðja um umræður utan dagskrár einmitt um þessi mannslát og það sem skeði í sambandi við umrætt sjóslys, það finnst mér of brátt, a. m. k. meðan harmurinn er hvað sárastur, sem hann vissulega er. Atvinnumál ýmissa byggðarlaga hafa spunnist inn í þessar umræður, m. a. Akureyrar sem hv. þm. hafa ekki talið ástæðu til að fjalla sérstaklega um, heldur aðeins um atvinnuleysi á Þórshöfn þar sem 17 — 18 manns hafa verið atvinnulausir að meðaltali frá 1978 til loka síðasta mánaðar. Og ætlunin er að leysa atvinnuvandamál þess byggðarlags, sem svona er statt, með því að koma á það þvílíkum drápsklyfjum að það rís ekki undir þeim. Eða er það alfarið ætlun þeirra, sem standa að þessu glæfraspili, að láta ríkissjóð greiða allan kostnað er að þessu lýtur hvernig sem allt fer?

Ég minntist á það í gær, hvernig farið hefði með útgerð togarans Fonts, og þá hörmungarsögu sem henni fylgdi, — sögu af þeirri vandræðaútgerð sem fræg varð að endemum um allt land og verður lengi í minnum höfð. Ég hygg að það sé einsdæmi, að gerður sé út togari á þann veg að á 11 mánuðum skuli þurfa 12 vélstjóra til skiptanna. Ástæðan var fyrst og fremst sú, að mennirnir fengu aldrei greidd launin sín. Og ég get upplýst það, að ég þekki marga menn sem voru á þessu skipi, og allir sögðu þeir og hafa sagt sömu söguna um þá vandræðaútgerð sem fylgdi þessu skipi. Það skiptir ekki máli hvaðan sá togari var keyptur. Togarinn var fluttur inn í stjórnartíð Matthíasar Bjarnasonar, og þegar útgerðin gafst illa á þeim stað sem hann var gerður út frá ákváðu Þórshafnarbúar sjálfir að kaupa þetta skip. En það þarf ekki að refsa Þórshafnarbúum með því að koma á þá öðrum drápsklyfjum, koma á þá klyfjum sem þeir ráða ekki við. Það er fyrirséð að þeir ráða ekki við þetta dæmi. Þess vegna höfum við bent á það — og það er kjarni málsins — við höfum bent á að lausnin er of dýr. Það má vera að togarinn sem slíkur sé ekki dýr ef miðað er við hæsta verð. En lausnin á þessu vandamáli er allt of dýr og ber þess merki, að þeim, sem harðast hafa gengið fram í þessu, er nákvæmlega sama hvernig farið er með opinbert fé, hvert skattgreiðendurnir verða að greiða fé, bara að pota og pota án tillits til hagsmuna heildarinnar. Væri Alþingi allt þannig saman sett, Guð hjálpi þá Íslendingum og Íslandi.

Í tilefni af þeim upplýsingum, sem komu fram í Nd., en þar kom fram að stjórnarmenn hefðu verið blekktir, mun ég krefjast fundar í stjórn Framkvæmdastofnunar um þetta mál að nýju til þess að menn geti rætt þessi nýju viðhorf. Ég veit að fleiri munu gera það og þá sjáum við hvernig málin líta út.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Hér er furðulegt mál á döfinni, og það er dapurlegt að þurfa að sitja hér á hv. Alþingi og hlusta á slíkar umræður sem þetta mál hefur þróast í. Mér finnst vera á döfinni mál sem varðar byggðastefnu og atvinnuuppbyggingu í landinu. Og ég geri ráð fyrir að allir séu sammála um að atvinnuuppbygging í hinum ýmsu landshlutum sé forsenda byggðastefnunnar. En forsenda atvinnuuppbyggingar hlýtur að vera það stórátak sem gera þarf í samgöngumálum hringinn í kringum landið.

Mér skilst að þetta mál sé ekki eina málið sinnar tegundar, þ. e. að farið er út í vafasama fjárfestingu sem fyrir fram er vitað að getur á engan hátt borið sig. Manni kemur óneitanlega í hug að vandamálið sé hreint ekki leyst þó að þessi togari komi til landsins. En hv. þm. Guðmundur Bjarnason hefur engar áhyggjur af því. Hann þekkir þetta að sjálfsögðu betur en ég, en ég hef hins vegar áhyggjur af því, hvert framhaldið verður. Ég hef ekki orðið vör við að það sé neitt framlag frá heimamönnum í þessari fjárfestingu. Kannske er ekki ástæða til að spyrja neitt um það, en ég hef áhyggjur af því,

hvernig verður staðið að rekstrinum, hvernig menn ætla að greiða af lánum. Hér er spurning um að standa þannig að málum, hvar sem er á landinu, að hagkvæmni sé gætt. Það er enginn vandi að leysa mál ef nægilegt fjármagn er fyrir hendi, en mér hefur virst að hv. Alþingi hafi orðið að horfa í smærri fjárhæðir og velta fyrir sér smærri fjárhæðum en 3 milljörðum þegar verið er að skipta kökunni hverju sinni. Og ég sé ekki að það sé nokkur afsökun að tala um að þetta sé ekkert betra hjá öðrum. Þegar mistök eiga sér stað annars staðar eru þau til að læra af þeim, en ekki til að taka þau til fyrirmyndar.

Stefán Guðmundsson: Herra forseti. Ég var að vona og mér sýnist að storminn fari að lægja svo að hægt verði að fara að róa og draga björg í bú. Menn tala um fjármálahneyksli hér, og við, sem höfum talað fyrir þessum málum, erum þá sjálfsagt valdir að því. Furðulegur stráksskapur er það af þm., þó ekki sé meira sagt, að vera að veifa í hv. Alþingi einhverju sem þeir kalla kaupsamning, en er raunverulega ekkert annað en sölutilraun gerð án allra skuldbindinga einhverra skipainnflytjenda. Mér er sagt að a. m. k. einn þessara samninga hljóði upp á togara sem smíðaður hafi verið árið 1973. Það er sem sé verið að gera samanburð á átta ára skipi og eins árs skipi. En hvað um búnað þess skips sem þessi samningur fjallar um? Hvað með stærð þessa skips? Hvað með tæki þessa skips? Þetta er kjarni málsins. En hann er ekki dreginn fram. Þetta sýnir ljóslega að hér er aðeins verið að reyna að blekkja, það á að halda þeim leik áfram.

Menn tala um verð á þessu skipi og að það hafi hækkað í meðförum. Það er rétt. Verð á þessu skipi hefur hækkað. En hefur ekki verð á fleiri skipum hækkað? Það skyldi þó aldrei vera. (**Gripið fram í:** Hver á að borga?) Hver á að borga, segir stjórnarmaður í Framkvæmdastofnun ríkisins. Kannast hann við þessar tölur: Þegar sótt var um lán til Framkvæmdastofnunar út á Ottó N. Þorlákssson var kynnt verð skipsins rúml. 1.9 milljarðar kr. Lokaverð þess skips mun aldrei verða undir 5 milljörðum króna. (**Gripið fram í:** Við getum hugsað fyrir því.) Stóðst þú ekki að láni úr Framkvæmdastofnun ríkisins upp á ákveðna prósentu af verði þessa skips? Var það bundið einhverri ákveðinni upphæð? (Gripið fram í.) Nei, það er engin trygging fyrir þig. Tökum Kolbeinsey, það var samið um það skip líka í nóv. 1979 upp á 1.8 milljarða. Það skip mun kosta a. m. k. 4 milljarða. Togari, sem á að fara til Grundarfjarðar og ég minntist á í gær, fer í kjördæmi Eiðs Guðnasonar, sem sá glórulausan rekstur á Þórshafnartogaranum, hann átti að kosta í ágúst 1980 2.6 milljarða kr., en sá togari mun örugglega kosta 4 milljarða. Hvar er rekstrargrundvöllurinn fyrir því skipi? Svona mætti halda áfram að telja. En mönnum finnst heppilegra að segja ekki hér frá, vegna þess að það á að velta sér upp úr þessu eina máli og hvernig þar hefur til tekist. Þó að megi kannske eitthvað þar að finna bendi ég á að það er víðar sem mætti rannsaka og rannsaka vel.

Menn vilja nú sem óðast hlaupa frá ábyrgð í þessu máli og helst af öllu að koma ímyndaðri sök á einhverja aðra. Því vil ég spyrja: Hvar eru nú drengskaparmennirnir? Hvar eru nú drengskaparmennirnir sem talað hefur verið um? (Gripið fram í.) Ég ætla ekki að fría mig af ábyrgð í þessu máli, langt frá því. Ég hef staðið að því á fundum Framkvæmdastofnunar að þetta mál yrði afgreitt á þann hátt að þessum aðilum yrði gert kleift að eignast umræddan togara, í þeirri trú að í því fælist lausn á því alvarlega atvinnuástandi sem verið hefur á þessu svæði, og að þessi kaup kæmu vissulega til með að bæta rekstrarafkomu frystihúsanna sem hér er talað um, bæði á Raufarhöfn og Þórshöfn. Og það er von mín að svo verði.

Guðmundur Karlsson: Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að taka þátt í þessari umr. Ég hef ásamt fleiri þm. óskað eftir skýrslu hæstv. forsrh. um kaupin á togaranum til Útgerðarfélags Norður-Þingeyinga og býst við að tækifæri gefist til að ræða þetta mál með sem fyllstum upplýsingum í Sþ. þegar sú skýrsla liggur fyrir.

Vegna ummæla hv. þm. Guðmundar Bjarnasonar áðan, þegar hann fer að taka inn í umræðurnar þann sorgaratburð sem varð við suðurströndina nú í vikunni, vil ég ekki láta hjá líða að koma hér upp og gera nokkra athugasemd. Ég vil harma það viðtal sem sjónvarpið hafði við skipherra varðskips í gærkvöld þar sem ýmislegt er gefið í skyn sem aldrei verður sannað. Ég vil eins harma það, hvernig fjölmiðlar hafa yfirleitt velt sér upp úr þessum sorgaratburði og ýft upp sár syrgjenda. Það er svo, að í hvert skipti sem sjóslys verður er sjóréttur rétti aðilinn til að upplýsa mál og rekja atburðakeðju sem þeim veldur. Oftast er það svo, þegar slíkir atburðir verða, að enginn mannlegur máttur getur orðið til að koma í veg fyrir slysin.

Ég vil láta það koma fram hér, að ég treysti þeim Þórði Rafni Sigurðssyni, skipstjóra á Ölduljóni, og Helga Ágústssyni, skipstjóra á Sindra, fullvel og ég veit að þeir hafa gert allt sem í mannlegu valdi stóð til að koma í veg fyrir að þessi atburður yrði. Ég treysti Helga Ágústssyni, sem ég þekki persónulega mjög vel, til þess að hafa gert allt það sem nokkrum manni var mögulegt til þess að bjarga skipinu, enda held ég að hann hafi gert það, því að hann var kominn inn í grunnbrotin þegar hann loksins hverfur af vettvangi.

Ég ætla að vona að alþm. taki ekki þátt í því að velta sér upp úr þessum sorgaratburði fyrr en sjópróf hafa farið fram og orsakakeðjan er upplýst. Ég sé ekki neinn tilgang í því að taka slíkt upp fyrr hér á Alþingi. Ef þá gefst tilefni til skulum við ræða þetta og þá með þeim upplýsingum sem eru réttar og fyrir liggja þá.

Guðmundur Bjarnason: Herra forseti. Ég skal reyna að bregðast ekki trausti því sem mér er sýnt og tala stutt, ég hef tvisvar talað áður í umr. Það er aðeins út af því sem beint hefur verið til mín hér af hv. þm. sem hér hafa talað síðast.

Ég skal fúslega játa mistök mín í því að ýfa hér upp viðkvæm sorgarmál, og ég tek undir það, að hér er um hörmulegan og hryggilegan atburð að ræða sem ekki hefði átt að leiða hér inn í umr. Það var reyndar ekki það sem ég ætlaði — ekki þessi hryggilegi atburður sem slíkur, sem ég ætlaði að taka hér inn í umr., heldur það mál, og það er reyndar ekki nýtt að skip í nauðum vilji ekki leita aðstoðar varðskips. Og ég tók það aðeins sem dæmi um mál sem eru í umræðu hverju sinni og oft eru gripin inn í umræður á Alþingi utan dagskrár, þeir atburðir sem eru að gerast í þjóðfélaginu hverju sinni. Sama má segja um veðurofsann og þær afleiðingar og eignatjón sem af honum leiddi. Ég nefndi þetta aðeins sem eitt dæmi í því sambandi, en ekki það að ég vildi fara að leiða hér inn í umr. þennan sérstaka sorglega atburð

sem varð við strandið á m/b Heimaey.

Ég get tekið undir það með hv. 9. landsk. þm., Guðmundi Karlssyni, að það er sjálfsagt að bíða eftir því hvað kemur út úr rannsókn þessa máls, og sé ástæða til, þá að taka það hér til umræðu. En það var aðeins hitt atriðið, sem ég tel ástæðu til, að hér sé athugað og rætt um hvernig stendur á því að skip, sem eru í nauðum, leita ekki aðstoðar varðskips og jafnvel síður en til annarra skipa.

Ég vil líka taka undir flest af því sem fram kom í ummælum hv. 4. landsk. þm., Salome Þorkelsdóttur, um það, að við þurfum að sjálfsögðu að hafa áhyggjur af framhaldi þessa máls og allra annarra hliðstæðra mála, — mála er varða rekstrarafkomu togaraútgerðar í landinu. En ég gat um að mér fyndist það sérstakt og dálítið einkennandi við þessar umræður, hvað menn höfðu miklar áhyggjur af þessu einstaka máli, en ekki af vandanum í heild sinni. Ég held að ég hafi ekki beinlínis réttlætt þetta mál með því að það væri ekki betra hjá öðrum og því gætum við eða réttara sagt þeir á Þórshöfn verið í sömu súpunni. En það, sem ég meina með því, hafi ég sagt eitthvað í þessa átt, er að ég tel að þeir eigi rétt á útgerð á þennan hátt, að fá að eiga og reka togara til að treysta sitt atvinnulíf, ekkert síður en önnur byggðarlög, önnur sjávarpláss um land allt.

Lánsfjárlög 1981, frv. (þskj. 430). — 1. umr.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Eins og kunnugt er er gert ráð fyrir því í efnahagslögum, sem samþykkt voru hér á Alþingi veturinn 1979, að skýrsla um lánsfjáráætlun og frv. til lánsfjárlaga fylgi fjárlagafrv. Þetta hefur þó aldrei komið til framkvæmda í raun og aðeins orðið verklagsregla sem ekki hefur tekist að standa við, ekki að þessu sinni frekar en endranær.

Í fjárlagafrv., sem lagt var fram á fyrsta degi þingsins, var gerð grein fyrir framkvæmdum sem lánsfjármagnaðar væru í A- og B-hluta fjárlaga. Má því segja að ríkissjóður og ríkisstofnanir í B-hluta fjárlaganna hafi gert nokkuð hreint fyrir sínum dyrum hvað lántökur varðar. Hins vegar bárust ekki á s. l. hausti þau gögn, þær áætlanir og skýrslur, sem nauðsynlegar voru til samningar lánsfjáráætlunar, frá Framkvæmdastofnun ríkisins, sem annast þann hluta skýrslunnar sem snýr að sjóðakerfinu, né frá Seðlabankanum, sem fjallar um lántökur einkaaðila og áætlanir um peningamagn í umferð, og því dróst nokkuð að skýrsla um lánsfjáráætlun yrði lögð fram og frv. til lánsfjárlaga.

Þegar komið var fram í desemberbyrjun taldi ég óhjákvæmilegt að leggja fram bráðabirgðaskýrslu um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1981 og gera þar grein fyrir öllum þeim upplýsingum sem þá lágu fyrir þannig að þær mætti skoða í tengslum við afgreiðslu fjárlagafrv. En eins og ég gerði þá grein fyrir höfðu þessi gögn ekki borist frá þessum tveimur stofnunum og var því ekki hægt að leggja fram skýrslu um lánsfjáráætlun.

Síðan hefur nokkurt vatn runnið til sjávar. Og ég verð að upplýsa það hér í þessu sambandi, að gögn um þessa þætti mála eru enn ekki frágengin í viðkomandi stofnunum og því mun enn dragast í nokkra daga að skýrsla um lánsfjáráætlun verði lögð fram. Seðlabankinn er hins vegar að leggja seinustu hönd á þær skýrslur sem frá honum koma um peningamagn í umferð og áætlaðar lántökur einkaaðila, og ég á von á að hægt verði að ganga frá skýrslu um lánsfjáráætlun innan skamms. En ég tilkynnti bankastjórn Seðlabankans fyrir hálfum mánuði að ég teldi ekki fært að draga öllu lengur að leggja fram frv. til lánsfjárlaga, þrátt fyrir það að skýrsla um lánsfjáráætlun væri ekki tilbúin. Þetta eru auk þess tvö aðskilin mál, annað er lagt fram í deild, hitt er lagt fram í Sþ., og þótt æskilegra hefði verið að þessi þingmál gætu orðið samferða inn í þingið og vissulega á allan hátt eðlilegast, þá tók ríkisstj. þá ákvörðun að láta ekki dragast lengur að leggja fram frv. til lánsfjárlaga, svo að hægt væri að koma því frv. til nefndar og gefa nm. sæmilegan tíma til að skoða frv. Ég geri hins vegar ekki ráð fyrir því að 2. umr. um frv. til lánsfjárlaga fari fram fyrr en skýrsla um lánsfjáráætlun liggur fyrir.

Í skýrslu um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1981, sem dreift var hér á Alþingi í des. s. l., er gerð grein fyrir áformuðum opinberum framkvæmdum, fjáröflun til þessara opinberu framkvæmda og ráðstöfun lánsfjár í smærri atriðum og vísa ég til töflu á bls. 5 í þeirri skýrslu þar sem nákvæm grein er gerð fyrir ráðstöfun lánsfjár og auk þess er fjallað um það í textanum sem á eftir fylgir. Þar er einnig gerð grein fyrir áformuðum fjárfestingum fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs og áformuðum framkvæmdum eða lántökum sveitarfélaga, og er fljótsagt að frá því að þessi skýrsla var lögð fram í desemberbyrjun hafa litlar breytingar orðið á þessum áformum, sáralitlar breytingar, en þó lítils háttar breytingar sem einkum varða hitaveiturnar og nokkrar aðrar framkvæmdir.

Á bls. 8 í þessari skýrslu var gerð grein fyrir áformuðum erlendum lántökum innlendra aðila, bæði opinberra aðila og einkaaðila, eins og fram kom á bls. 9, en þar var gert ráð fyrir að lántökur í A- og B-hluta fjárlaga væru rúmir 28 milljarðar gkr., fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs 48.9 milljarðar, lántökur sveitarfélaga 19.9 milljarðar, lánastofnana 10.9 milljarðar og atvinnufyrirtækja 26.8 milljarðar, eða samtals 134.8 milljarðar kr. Þessi upphæð hefur hækkað lítillega frá því sem var þegar áætlunin var lögð fram. Er það fyrst og fremst járnblendiverksmiðjan sem hækkar þessa tölu, þar sem óhjákvæmilegt virðist að taka sérstakt rekstrarlán hennar vegna að upphæð 1400 millj. kr., og einnig er gert ráð fyrir sérstökum frágangi láns sem Tryggingastofnun ríkisins hefur lengi tekið hjá sjóðum sem eru í hennar vörslu, 3000 millj. Gert er ráð fyrir að formlega verði frá þessu láni gengið með einum eða öðrum hætti og því er það tekið inn í lánsfjáráætlunina.

Hitaveituframkvæmdir eru hækkaðar um 480 millj. kr. og lántökur vegna framkvæmda Pósts og síma um 300 millj. kr. Jafnframt er tekið inn í lánsfjáráætlun áðurnefnt 1500 millj. kr. lán, sem ætlað er Byggðasjóði og er ætlað til þess að endurlána til smíði og kaupa á fiskiskipum.

Svo ég fari hér yfir einstakar greinar frv., þá er gert ráð fyrir að lántaka fyrir hönd ríkissjóðs á árinu verði allt að 288 millj. 840 þús. nýkr., og að lántökuheimild ríkissjóðs sé miðuð við þá upphæð eða jafnvirði hennar í erlendri mynt. Jafnframt er heimilað að taka lán á innlendum lánsfjármarkaði að fjárhæð allt að 158 millj. 100 þús. nýkr.

Í 3. gr. frv. er vikið að fjáröflun frá lífeyrissjóðakerfinu, og þar er um nákvæmlega sams konar ákvæði að ræða og var í lánsfjáráætlun á s. l. ári. Rétt er að minna á

það, að gerð var breyting á þessu ákvæði við meðferð málsins á þingi þegar lánsfjáráætlun fyrir árið 1980 var hér til meðferðar. Var gengið til móts við sjónarmið lífeyrissjóðamanna, og er ákvæðið nú í fullu samræmi við endanlega niðurstöðu um orðalag þessa ákvæðis á s. l. ári.

Í 4. gr. er vikið að lántökuheimild Landsvirkjunar, en eins og kunnugt er er langsamlega stærsta einstaka framkvæmdin á árinu framkvæmd Landsvirkjunar við Hrauneyjafossvirkjun. Lántaka í því skyni er upp á 46.2 milljarða gkr.

Í 5. gr. er ákvæði sem varðar lántöku til Járnblendifélagsins upp á 1400 millj. gkr. eða 14 millj. nýkr. Í þessu sambandi er rétt að geta þess, að í raun og veru þyrfti ekki að setja þetta ákvæði í lög, en venju samkvæmt er það þó sett hér fram til þess að menn hafi heildarmynd af öllum lántökum sem áformað er að eigi sér stað á þessu ári. Í raun mætti nýta þær heimildir, sem eru í lögunum frá 1977 um Járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, í þessu skyni.

Í 6. gr. er vikið að hitaveituframkvæmdunum. Þar er um að ræða sömu framkvæmdir og áformaðar voru þegar drög að lánsfjáráætlun voru lögð fram fyrir jólin, en upphæðin hefur hækkað um 480 millj. kr. Er það fjórði liðurinn, til annarra hitaveituframkvæmda, sem hefur hækkað á árinu 1981.

Í 7. gr. er sveitarfélögunum heimilað að taka lán á árinu 1981 allt að 15 millj. nýkr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, og er þessi lántaka fyrirhuguð vegna framkvæmda á vegum sveitarfélaga.

Í 8. gr. er vikið að lántökuheimild Orkubús Vestfjarða og er ekki þörf að fjölyrða frekar um þá lántöku sem er að upphæð 27 millj. og 200 þús. nýkr.

Í 9. gr. er vikið að lántökum Framkvæmdasjóðs Íslands sem verða að fjárhæð 89 millj. nýkr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, þ. e. 8900 millj. gkr. Jafnframt annast Framkvæmdasjóður lántöku sem Framleiðsluráði landbúnaðarins er heimilt að taka að fjárhæð allt að 17 millj. Er hafður sami háttur á varðandi þessa lántöku og verið hefur, að ríkissjóði er heimilað að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð þetta lán og greiða afborganir, vexti og verðbætur af láninu.

Í 11. og 12. gr. eru ákvæði um lánveitingar sem ætlaðar eru Byggðasjóði. Í 11. gr. er vikið að lántöku Byggðasjóðs að upphæð 31 millj. og 500 þús. nýkr. og jafnframt að framlag ríkissjóðs skuli takmarkast við 37 millj. kr., en ákvæði í lögum eru á annan veg, eins og menn þekkja, og er því nauðsynlegt að taka af skarið um að þessi upphæð eigi að duga á þessu ári þrátt fyrir ákvæði laga um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Í 12. gr. segir: „Byggðasjóði er heimilt að taka lán á árinu 1981 að fjárhæð allt að 15 millj. kr. til að endurlána til smíði og kaupa á fiskiskipum. Fjmrh. er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast endurlánin með sjálfskuldarábyrgð."

Hér er komið að máli sem er nátengt því máli sem virðist nú ætla að verða vikuverk Alþingis að þessu sinni að ræða, um kaup á einum skuttogara til Þórshafnar, en frá upphafi hefur verið gert ráð fyrir því, að fyrirgreiðsla vegna þessara skipakaupa flokkaðist undir þessa fyrirgreiðslu til Byggðasjóðs. Satt best að segja undrast ég það mjög, hversu mikill misskilningur hefur verið uppi um þennan þátt málsins, vegna þess að ljóst hefur verið frá öndverðu að Byggðasjóði væri heimilt að taka helminginn af fyrirgreiðslu sinni til þessa skips af þessari upphæð. Hins vegar má deila um hvort orðalagið er nógu skýrt hér, og sérstaklega er það athugasemdin í grg. sem er kannske ekki nægilega greinileg hvað þetta varðar, og er þá sjálfsagt að taka það til endurskoðunar í nefnd, nema Alþingi vilji ekki fallast á að heimildin nái til fyrirgreiðslu vegna þessa skips. Þá nær það að sjálfsögðu ekki lengra.

Í 13.—24. gr. frv. er einungis verið að staðfesta niðurstöður fjárlaga. Fjárlög eru ekki lög, eins og menn þekkja, í réttri merkingu þeirra orða. Lög eru það einungis sem hafa verið samþykkt við þrjár umr. í hvorri deild þingsins, og það á ekki við um fjárlög eins og kunnugt er. Þess vegna þarf að staðfesta þau ákvæði fjárlaga, sem hugsanlega stríða gegn ákvæðum í öðrum lögum, á formlegan hátt við 3. umr. í Ed. og Nd. Þessi ákvæði eru til staðfestingar á fjárlagatölum.

Í 25. gr. frv. er fjmrh. heimilað fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1981 að fjárhæð allt að 30 millj. nýkr. og endurlána m. a. Rafmagnsveitum ríkisins til að greiða eftirstöðvar kostnaðar við lagningu byggðalínu á árinu 1980 og til að greiða upp bráðabirgðalán vegna annarra framkvæmda á vegum ríkissjóðs á árinu 1980 er tekin voru hjá Seðlabanka Íslands. Hér er um það að ræða, að lánsfjáráætlun seinasta árs stóðst ekki alls kostar hvað snertir innlenda fjármögnun, og munaði þar mest um að sparisjóðir tóku ekki þann þátt í innlendri fjármögnun sem ráð hafði verið fyrir gert og lífeyrissjóðir keyptu ekki skuldabréf af ríkinu í þeim mæli sem reiknað hafði verið með. Þarna varð nokkur mismunur sem verður að ganga frá með formlegum hætti, og því er þessi frvgr. sett hér inn. Þetta er því í raun og veru uppgjör á árinu 1980, en snertir ekki árið 1981 eða framkvæmdir á því ári.

Í 26. gr. er ríkisstj. heimilað að veita sjálfskuldarábyrgð á skuld Útvegsbanka Íslands við Seðlabanka Íslands allt að 50 millj. nýkr. eða 5 milljörðum gkr. Skuld þessi skal færð á sérstakan reikning Útvegsbankans í Seðlabankanum og greiðir ríkissjóður vexti og afborganir af skuldinni með föstum árlegum greiðslum að fjárhæð 7 millj. og 500 þús. nýkr. í 12 ár, í fyrsta sinn á árinu 1982.

Eins og kunnugt er hafa málefni Útvegsbankans verið til umræðu. Hefur verið talið óhjákvæmilegt að styrkja fjárhagsstöðu bankans. Eru ýmsar ráðstafanir í undirbúningi og sumar þegar komnar til framkvæmda, en hér er leitað heimildar til þess að veita sjálfskuldarábyrgð á skuld Útvegsbankans við Seðlabankann að upphæð 5 milljarðar gkr. Eins og fram kemur í grg. verður skuld þessi áfram á nafni Útvegsbanka Íslands á sérstökum reikningi í Seðlabankanum en ekki er gert ráð fyrir að Útvegsbankinn greiði vexti eða afborganir af þessari skuld. Ríkissjóður skuldbindur sig til að greiða 7.5 millj. kr. í vexti og afborganir af þessari skuld á næstu 12 árum, og er það fullnaðargreiðsla. Það má því segja að ef Alþingi samþykkir þá till., sem gerð er í þessari frvgr., þá hafi þessari skuld verið létt af Útvegsbankanum, enda þótt hún muni áfram verða á nafni bankans á sérstökum reikningi, og Útvegsbankinn mun ekki þurfa að greiða vexti eða afborganir af þessari skuld, þar sem ríkissjóður tekur það að sér. En miðað við upphæðina, sem greiða á, er ljóst að ekki eru greiddir fullir vextir af fjárhæðinni, og má segja að Seðlabankinn taki þá á sig þann hluta uppgjörsins af þessari skuld.

Í 27. gr. frv. er fjmrh. heimilað fyrir hönd ríkisins að

taka lán erlendis í því skyni að greiða afborganir þessa árs af erlendum lánum ríkissjóðs og enn fremur að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar erlendra lána, þegar lánstíminn er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftartíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum.

Hér er sem sagt farið fram á heimildir til þess að framlengja lán, sem viðkomandi aðilar telja sér ekki fært að standa undir vegna þess að tekin hafa verið lán til tiltölulega skamms tíma og ríkisstj. getur fallist á að þurfi að „konvertera", eins og það heitir á erlendum málum. Hér er fyrst og fremst um að ræða lán sem tekin hafa verið vegna Kröfluframkvæmda og lán sem tekin hafa verið vegna byggðalína. Einnig er óhjákvæmilegt að framlengja eða „konvertera" lánum sem Rafveita Siglufjarðar hefur tekið. Þá er ljóst að framlengja verður lán sem Hitaveita Akureyrar hefur tekið, og nokkur fleiri dæmi eru um slík vandamál. Ég geri ráð fyrir því, að nánari grein verði gerð fyrir þessum væntanlegu framlengingum lána við meðferð málsins í nefnd.

Í þeirri bráðabirgðaskýrslu, sem lögð var fram í des. s. l., var gerð ítarleg grein fyrir væntanlegum fjárfestingum á árinu 1981. Þar kom m. a. fram að fjármunamyndun er áætluð 26% af vergri þjóðarframleiðslu á árinu 1981, miðað við það að talið er að fjármunamyndunin hafi verið 27.5% af þjóðarframleiðslu á árinu 1980. Hér er sem sagt um lítils háttar lægra fjárfestingarhlutfall að ræða heldur en í reynd varð á árinu 1980, en þetta er í fullu samræmi við þá stefnu ríkisstj. að fjárfesting í þjóðfélaginu sé um fjórðungur af vergri þjóðarframleiðslu, eins og nefnt er í stjórnarsáttmálanum. Að öðru leyti vísa ég til kaflans um fjárfestingu í þessari bráðabirgðaskýrslu, á bls. 9—12, þar sem ítarleg grein er gerð fyrir þessum þætti mála, og sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um hann. Ég geri svo ráð fyrir að þessi mál komi til nánari umræðu þegar skýrsla um lánsfjáráætlun verður lögð fram, sem ég vænti að verði innan skamms þó að ljóst sé nú þegar — vegna þess hve prentun á löngum skýrslum og miklum töflum tekur langan tíma — að það verður tæpast fyrr en eftir 2—3 vikur héðan í frá.

Herra forseti. Ég legg til að þessu frv. verði vísað til hv. fjh.- og viðskn. að lokinni þessari umr.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Hæstv. ráðh. lauk orðum sínum á því, að fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar ríkisstj. fyrir 1981 væri ekki að vænta fyrr en eftir 2—3 vikur. Í Ólafslögum er það alveg skýrt, eins og margoft hefur komið hér fram, að frv. að lánsfjáráætlun fyrir næsta ár skal lagt fram með fjárlagafrv. Hæstv. ráðh. afsakaði að nokkru að hann gerði þetta ekki — sem er lagaskylda — í grg. með fjárlagafrv. Þar segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „Fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1981 verður lögð fyrir Alþingi í nóvemberbyrjun." Síðan gerðist það, að hæstv. ráðh. kom hér með örstutta skýrslu sem einungis fjallar um lítinn hluta af því verki sem er fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1981.

Það er skýrt kveðið á um það í Ólafslögum hvað í því plaggi skuli vera. Þar segir að fram skuli koma í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun:

1) Heildaráætlun um opinberar framkvæmdir og fjármögnun þeirra með framlögum á fjárlögum, eigin fjármögnun opinberra fyrirtækja og lánsfé, enn fremur um framkvæmdir annarra aðila.

2) Framlög til framkvæmda atvinnuvega og einstaklinga.

3) Framlög til fjárfestingarlánasjóða.

4) Útlánaáætlanir fjárfestingarlánasjóða og fjármögnun þeirra.

5) Útlánareglur og lánskjör fjárfestingarlánasjóða.

6) Áætlun um erlendar lántökur opinberra aðila.

Það er því alveg ljóst, að hæstv. ríkisstj. ætlar ekki að gera það endasleppt með vinnubrögð í sambandi við fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1981. Nú er það sagt, mörgum mánuðum eftir að samkv. lagaskyldu bar að leggja fram þessa áætlun, að hún komi ekki fyrr en eftir 2—3 vikur, eftir að 1. umr. um heimild til handa ríkisstj. að framkvæma þessa áætlun fer fram og ætlast er til að þm. geti rætt þessi heimildarlög af einhverju viti.

Ég held að það sé að vísu til mikils mælst af núv. hæstv. ríkisstj. að hún virði Alþingi einhvers yfirleitt, en ég held að sjaldan hafi Alþingi verið gerð jafnmikil óvirðing og þegar slíkur umfangsmikill lagabálkur er lagður fyrir þingið og ætlast er til þess, að við 1. umr. málsins sé það bara rætt blindandi að ríkisstj. sé heimilað að framkvæma áætlun sem kemur ekki fyrr en eftir 2—3 vikur, þó að lagaskylda sé að hún eigi að liggja fyrir þinginu mörgum mánuðum fyrr.

Ég geri því þá kröfu, herra forseti, fyrir hönd þingflokks Sjálfstfl., að umr. um þetta mál verði í rauninni hætt. Þó skal ég fallast á að umr. verði haldið áfram eitthvað ef hæstv. ráðh. getur upplýst þingheim um ýmis atriði sem eru óljós í sambandi við þetta mál, en að umr. verði ekki lokið fyrr en þessi áætlun liggur fyrir. (**Forseti:** Óskar þm. þá eftir því að umr. verði frestað nú?) Ég óska ekki sérstaklega eftir því, en ég óska eftir að umr. verði frestað þegar á eftir ræðu næsta hv. þm. og svörum ráðh. ef svo vill verkast. (Forseti: Ég skal taka það til athugunar og bera mig saman við 1. varaforseta deildarinnar og ráðh. um málið.)

Ég skal þá fara örfáum orðum um þetta mál eins og það kemur fyrir og eins og hægt er að átta sig á því miðað við þau gögn sem liggja fyrir.

Hæstv. ráðh. fer fram á það og hæstv. ríkisstj. með frv. þessu, að Alþingi veiti heimild til stórfelldrar aukinnar lántöku erlendra lána frá því sem verið hefur. Sem dæmi má nefna að í 1. gr. felst heimild til þess að taka 154% hærra erlent lán heldur en fólst í 1. gr. lánsfjárlaga fyrir s. l. ár. Hæstv. ríkisstj. er því iðin við kolann, að halda áfram að spenna bogann að þessu leyti. Og enn er líka áformað að taka stóraukin lán á innlendum lánamarkaði. Þar er hækkunin þó ekki nema 77.6%, en ljóst er að þar er farið langt fram yfir verðbreytingar. Vonandi verða þær ekki svo miklar á milli áranna 1980 og 1981.

Það er mjög athyglisvert, að erlend lántaka til opinberra framkvæmda átti að aukast um hvorki meira né minna en 95% samkv. því brotabroti af fjárfestingar- og lánsfjáráætlun sem þingheimur fékk við afgreiðslu fjárlaga í desember. Hún á að hækka upp í 97 milljarða gkr. úr 49, eða um 95%.

Ég vil í þessu sambandi beina spurningu til hæstv. ráðh. Í fyrra voru lánsfjárlög afgreidd seint og um síðir. Það var mikill höfuðverkur hjá hæstv. ríkisstj. að koma þeim saman. Og að síðustu var gripið til þess ráðs að lækka ýmis framkvæmdaframlög um 10% og lækka lántökur að sama skapi. Með þessu náðist fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1980 saman á pappírnum. Nú vil ég spyrja hæstv. ráðh.: Hvernig tókst framkvæmd á

þessu, — ef hann vill láta svo lítið að hlusta aðeins á mig, — hvernig tókst framkvæmd á lánsfjáráætlun 1981 að því leyti er áformað var, að fresta 10% framlaganna og þar með lántöku til ýmissa framkvæmda? Í 29. gr. gildandi lánsfjárlaga fyrir árið 1980 segir svo: „Fjmrh. er heimilt að lækka áformuð lánsfjármögnuð útgjöld fyrirtækja og stofnana í B-hluta" — og enn fremur var svipuð heimild, að mig minnir, um A-hluta. Hvernig tókst að framkvæma þetta, hver varð erlend lántaka í raun? Ef ég man rétt þá átti hún að vera eitthvað í kringum 80 milljarðar gkr. Hvað varð erlend lántaka mikil í raun á árinu 1980?

Enn fremur er annað athyglisvert. Magnbreyting fjármunamyndunar milli ára er sýnd í þeirri skýrslu sem ég minntist á áðan. Þar er gert ráð fyrir stórfelldum samdrætti í fjárfestingu atvinnuveganna og stórfelldum samdrætti eða kyrrstöðu í fjárfestingu íbúðarhúsa, en hins vegar verulegri, alla vega ef tekin eru tvö ár saman, verulegri aukningu í opinberri fjárfestingu. Ég vil spyrja hæstv. ráðh.: Á hverju byggist þetta? Er það stefna hæstv. ríkisstj. að halda þannig áfram, að atvinnuvegirnir fái sem minnst svigrúm til að fjárfesta til þess að hið opinbera geti haldið áfram útþenslustefnu sinni á þessu sviði?

Þá vil ég gera nokkrar athugasemdir við frv. sjálft. Þær verða fáar af því að ég tel í raun ókleift að ræða þetta mál af nokkurri nákvæmni eða nokkurri heildaryfirsýn nema umrædd fjárfestingar- og lánsfjáráætlun liggi fyrir. Ég vil í fyrsta lagi gera þessa athugasemd: Hæstv. ráðh. sagði, þegar hann var að tala um 12. gr., að með 12. gr. væri Byggðasjóði heimilt að taka lán allt að 1500 millj. nýkr. til að endurlána til smíði og kaupa fiskiskipa. Í greininni stendur „smíði fiskiskipa", hæstv. ráðh. (Gripið fram í.) Hefur þskj. verið prentað upp? (Gripið fram í.) Það er þá undarleg prentvilla sem hefur orðið í þessu þskj., að það skuli allt í einu núna þurfa að bæta inn þessu orði. En ég ætla ekki að gera efnislega athugasemd við þetta mál. Ég hygg að alveg geti komið til greina að nýta þetta á þann hátt sem hæstv. ráðh. var að tala um, en þetta er einhver hluti af þeim draugagangi sem hefur verið í kringum Þórshafnarmálið af hálfu hæstv. ríkisstj., að þskj. skuli allt í einu núna vera komið inn, prentað upp, og þessu orði bætt inn í þessa grein.

Þá vil ég enn og einu sinni gera athugasemd við þá stefnu sem fram kemur í þessu frv. Í fyrsta lagi finnst mér þessar „þrátt-fyrir-ákvæði" greinar lánsfjárlaga hálfgerð háðung fyrir Alþingi. Mér finnst miklu eðlilegra — ef menn hugsa sér t. d. að skerða framlög til Fiskveiðasjóðs — að breyta þá lögum um Fiskveiðasjóð, en ekki vera með þessi „þrátt-fyrir-ákvæði" æ ofan í æ. Það þarf stundum að nota þessa lagatæknilegu leið, ef svo má orða það, en í svo stórum stíl sem gert hefur verið í þessu frv. að lánsfjárlögum tel ég það algera óhæfu.

Þá er annað atriði í þessu efni sem varðar stefnu. Það er að fara eins með ýmsa sjóði, skerða framlög til ýmissa sjóða, sem eiga að annast ýmsar félagslegar framkvæmdir, eins og framlög til venjulegra fjárfestingarsjóða. Ég er samþykkur þeirri stefnu að ekki sé þörf á því að ríkissjóður styðji almenna fjárfestingarsjóði eins og verið hefur, eftir að búið er að taka upp verðtryggingu á inn- og útlánum þessara sjóða. En ég tek það skýrt fram, að lækkun á ríkisútgjöldum sem stafar af slíku, á að sjálfsögðu að nota til skattalækkunar, en ekki til þess að þenja út ríkisútgjöldin að öðru leyti eins og gert hefur verið. Hér er t. d. núna verið að óska eftir því að það sé fest í lög, að þrátt fyrir ákvæði laga um erfðafjárskatt skuli framlög til Erfðafjársjóðs skert. Þetta er sjóður sem annast ýmiss konar félagslegar framkvæmdir, lánar m. a. og styður endurhæfingarstöðvar öryrkja. Þá er hæstv. ríkisstj. svo óheppin að vera núna að leita heimildar Alþingis til þess að skerða framlög ríkissjóðs til Bjargráðasjóðs sem einmitt þessa dagana — það hefur margoft komið fram í fréttum — skortir sárlega fé til þess að sjá fyrir þeim verkefnum, sem honum eru ætluð af löggjafanum, og enn bætist við verkefni Bjargráðasjóðs. Hér hefur verið flutt brtt. um þetta atriði. Ég geri ráð fyrir að 1. flm. þeirrar brtt. geri grein fyrir henni, en hún er einfaldlega í því fólgin að gera Bjargráðasjóði kleift að taka að láni fé til þess að aðstoða vegna þeirra miklu tjóna, sem orðið hafa vegna óveðurs sem gengið hefur yfir landið nú að undanförnu, eins og menn vita. En það sýnir bara hvað það er fráleitur hugsunarháttur hjá hæstv. ríkisstj. að líta á þessa sjóði, Erfðasjóð og Bjargráðasjóð, eins og einhverja fjárfestingarlánasjóði sem sjálfsagt sé að skera niður á alla enda og kanta. Til viðbótar þessu er farið fram á að skerða framlög ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs þroskaheftra og þar fram eftir götunum, þannig að þetta er dæmalaus stefna.

Þá vil ég víkja spurningu að hæstv. ráðh. út af ákvæðum 9. gr. Þar er gert ráð fyrir að Framkvæmdasjóði sé heimilað að hafa meðalgöngu um útvegun 1.7 milljarða gkr. til Framleiðsluráðs landbúnaðarins vegna greiðslu útflutningsbóta verðlagsársins 1979—1980. Hér er að sjálfsögðu um útflutningsbætur að ræða sem eru til viðbótar 10% útflutningsbótunum sem eru á fjárlögum. Spurning mín í sambandi við þetta er: Er þetta fullnaðargreiðsla þannig að bændur fái verðlagsgrundvallarverð fyrir allar útfluttar landbúnaðarvörur? Eða ef svo er ekki, hversu mikið greiða bændur í raun með útflutningi þessara búvara, ef þeir ættu að fá fullt verðlagsgrundvallarverð? Sem sagt, hvernig er þetta dæmi?

Þá vil ég vekja athygli á því í sambandi við 27. gr., að þar viðurkennir hæstv. ráðh. — með því að leggja fram þetta frv. — það sem ég sagði hér við umr. um afgreiðslu fjárlaga í hv. deild fyrir jól, að það voru reikningskúnstir þegar strikuð voru út lán til þess að borga af lánum sem voru tekin vegna Kröfluvirkjunar og vegna byggðalína. Hér er óskað eftir heimildum til þess að taka lán til að greiða þessar afborganir. Að sjálfsögðu hefði átt að hafa þessi lán, sem tekin eru þarna, inni í heildaryfirliti um lántöku 1981, þannig að þar sæist rétt og eðlileg lántaka og hægt væri að bera lántökuna í ár saman við lántökur fyrri ára.

Herra forseti. Ég skal ekki fjölyrða meira um þetta frv. að sinni, enda ókleift að ræða það í heild sinni, eins og ég sagði áðan, vegna þess að fjárfestingar- og lánsfjáráætlun liggur enn ekki fyrir. Ég ítreka þær óskir mínar að umr. verði frestað þegar fulltrúar þingflokka hafa tjáð sig um þetta mál og hæstv. ráðh. svarað.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég hafði eiginlega hugsað mér að taka til máls hér um þingsköp áður en þessi umr. hæfist, en var því miður fjarstaddur. Hér er farið út á þá braut að ræða frv. til lánsfjárlaga án þess að lánsfjáráætlun liggi fyrir, og það er fráleitt með öllu. En áður en ég vík nánar að því vil ég minnast á það sem hér hefur fram komið, að síðan í gær hafi fjmrh. brugðið á það ráð að láta endurprenta frv. til lánsfjárlaga til þess að

geta breytt 12. gr. frv. sem varðar þá peninga sem áttu að renna til skipasmíði innanlands, — breytt textanum þannig að nú skuli heimilt samkv. þessari grein að endurlána til smíði og kaupa á fiskiskipum. Fjmrh. hefur brugðið á það ráð að breyta þessari grein með tilliti til þeirrar umr. sem hér hefur farið fram. Þeir, sem vinna við skipasmíði í landinu, vita þá nákvæmlega hvar ríkisstj. stendur.

Hins vegar held ég að það væri ráð fyrir hæstv. fjmrh. að láta endurprenta þetta frv. einu sinni enn, vegna þess að það hefur láðst að gera samsvarandi breytingu í grg. Í grg. um 12. gr. stendur áfram að Byggðasjóður veiti fyrirgreiðslu vegna skipasmíði innanlands fyrir þetta fé. Ég vænti þess, að fjmrh. gæti að því að láta nú prenta þetta nægilega oft og vel og skýrt.

En svona er flumbruskapurinn á ríkisstjórnarheimilinu, að menn hafa ekki einu sinni vit á því að útfæra þetta alla leiðina.

Herra forseti. Ég sagði hér í upphafi að ég teldi með öllu ótækt að hér færi fram efnisleg umræða um þessi mál meðan lánsfjáráætlun lægi ekki fyrir. Ég mun því ekki fjalla um einn einasta efnisþátt í þessu máli og geri þá kröfu að umr. verði þegar frestað. Að vísu má gefa ráðh. heimild til þess að svara fsp., en ég tel að það svari engum tilgangi að halda þessari umr. áfram án þess að hin raunverulegu gögn málsins liggi fyrir, og hef ég þó hlustað á skýringar ráðh.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég hef þegar gert grein fyrir því, hvers vegna skýrsla um lánsfjáráætlun er ekki samferða hér inni í þingi frv. til lánsfjárlaga. Ég tel að ekki sé hægt að draga úr hófi fram að afgreiða lánsfjárlög, vegna þess að í þeim eru ýmsar heimildir til stofnana og fyrirtækja, einkum á vegum opinberra aðila, sem þarf að nota innan tíðar. Það getur verið mjög óþægilegt að draga afgreiðslu þessa máls úr hófi fram. En reynslan er sú, vegna þess hversu þetta er margþætt mál, að nefndir þingsins þurfa alllangan tíma til að yfirfara efni þess og leita umsagna um einstök atriði í frv. Það getur því skipt verulega miklu máli um afgreiðslutíma frv., þ. e. hvenær það verður endanlega afgreitt frá þinginu, hvort því er nú vísað til nefndar og tíminn næstu viku til 10 daga notaður til þess að kanna ýmsar hliðar málsins í nefnd, eða hvort menn bíða með málið óafgreitt þangað til lánsfjáráætlunin sjálf er lögð hér fram í þinginu.

Ég tel að það séu óhjákvæmileg vinnubrögð, að þessu máli sé nú vísað til nefndar, en eins og ég tók fram áðan er ekki ástæða til að láta 2. umr. um málið fara fram fyrr en skýrslan um lánfsfjáráætlun hefur verið lögð hér fram. Hins vegar álít ég að með þeim gögnum, sem fram komu í bráðabirgðaskýrslunni sem lögð var fram fyrir jól, og með því frv., sem hér er lagt fram, sé nefndinni ekkert að vanbúnaði að taka þessi mál til meðferðar, enda þótt hún hafi ekki endanlegar greinargerðir Seðlabankans um peningamagn í umferð og annað þess háttar. Ég held að það sé ekkert annað en fyrirsláttur að nota sér það, hversu mjög hefur dregist vegna annríkis í Seðlabankanum að ganga frá þessum málum þar. Ég álít að það sé ekki stjórnarandstöðunni til sóma að vera að reyna að tefja framgang þessa máls og koma af stað vandræðum og vandamálum með því að neita að málinu sé vísað til nefndar. Ef hv. þm. stjórnarandstöðunnar óska ekki eftir að segja fleira um þetta frv. til lánsfjárlaga að svo stöddu, þá er þeim auðvitað í lófa lagið að bíða með það, sem þeir vilja segja, þangað til 2. umr. fer fram. Þeir verða auðvitað að gera það upp við sig hvað þeir vilja segja margt um þetta mál við 1. umr. og hvort þeir láta nægja það sem þeir þegar hafa sagt. Hins vegar vil ég taka það fram, að það er í sjálfu sér ekkert atriði að afgreiða þetta mál til nefndar í dag. Við getum vissulega beðið með það fram í næstu viku, því að það mun vafalaust engu breyta um vinnubrögð hvort málinu er vísað til nefndar í dag eða hvort það verður eftir helgina.

Ég hef móttekið hér nokkrar fsp. frá hv. þm. Lárusi Jónssyni og hefði kosið að svara þeim frekar á næsta fundi, þar sem ég hef ekki öll þau gögn í höndum sem hann leitaði upplýsinga um. Ég held því að eðlilegast sé að umr. verði nú frestað. En að menn láti síðan málið liggja hér um langt skeið óafgreitt til nefndar að tilmælum hv. þm. Kjartans Jóhannssonar, það er auðvitað alveg af og frá og ekki til neins annars en að flækja málin og reyna að tryggja að lánsfjáráætlunin og þetta frv., sem hér er til umr., verði afgreitt sem allra seinast frá þinginu. Ég sé ekki að neinn sé bættur með því. Og ég sé ekkert því til fyrirstöðu, að fjh.- og viðskn. Ed. taki málið til meðferðar. Það eru fjöldamargir þættir þessa máls, sem liggja alveg skýrt fyrir, og satt að segja ákaflega lítið sem vantar inn í myndina. Fyrst og fremst, eins og ég segi, vantar endanlegar upplýsingar frá Framkvæmdastofnun um útlán fjárfestingarsjóðanna. Ég geri ekki ráð fyrir því að erlend lántaka Framkvæmdasjóðs muni verða önnur en hér er gerð till. um. Hins vegar er ekki ólíklegt að það mætti fá þessi plögg til bráðabirgða og leggja þau fram í nefnd áður en þau koma fram í formlegu skýrslunni, vegna þess að við verðum að sjálfsögðu að hafa þar öll gögn tiltæk og þar af leiðandi geta sumir þættir verið nú þegar tilbúnir, en aðrir ekki. Eins er það auðvitað fjarstæða að ekki sé hægt að fjalla um fjöldamarga þætti þessa lánsfjárlagafrv. án þess að vita um áform Seðlabankans um peningamagn í umferð á næstu mánuðum. Það er auðvitað bara fyrirsláttur og ekkert annað.

Ég mælist því eindregið til þess, herra forseti, að þegar þar að kemur fái þetta mál eðlilega afgreiðslu hér í þinginu og þegar ekki vilja fleiri ræða málið, þá verði því vísað til hv. fjh.- og viðskn. með eðlilegum hætti.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Sem formaður fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar vildi ég láta koma fram þá ósk, að æskilegt væri að nefndin gæti fengið þetta frv. fljótlega til meðferðar. Reynslan hefur sýnt að meðferð fjh.- og viðskn. beggja deilda þingsins á frumvörpum af þessu tagi er mikið vandaverk og tekur ætíð þó nokkurn tíma. Þar fer fram mjög ítarleg skoðun á þeim gögnum sem liggja að baki frv., og kallaðir eru til viðræðna þeir sérfræðingar og fulltrúar stofnana eða annarra aðila sem hlut eiga að máli varðandi frv. til lánsfjárlaga. Ég mun beita mér fyrir því sem formaður nefndarinnar, að í meðferð hennar verði aflað allra þeirra upplýsinga, sem nauðsynlegt er að hafa fyrir endanlega afgreiðslu málsins, og stuðla þannig að því að málið fái fullgilda meðferð hér í þinginu. Ég held að reynslan sýni okkur það, að við almenna 1. umr. um málið í fyrri deild hafi menn ekki við höndina öll þau gögn eða þá vitneskju sem nauðsynleg er til þess að ítarleg umfjöllun geti farið fram um málið. Venjan er sú, að við störf nefndanna afla menn sér þeirra gagna. Það er því oftast nær 2. umr. málsins sem er sú sem mestu máli

skiptir. Ég vildi þess vegna beina því til hv. þm. þessarar deildar og hæstv. forseta, að að loknum umr. um málið, t. d. n. k. mánudag eða svo, fái nefndin málið til meðferðar svo að hún geti lagt drög að því að það fái fullgilda efnislega meðferð í deildinni.

Umr. frestað.

Umræður utan dagskrár.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs utan dagskrár og skal vera mjög stuttorður. Tilefni þess er að mig langar til að beina fsp. til hæstv. forsrh.

Svo sem öllum er kunnugt gekk hér fárviðri yfir meginhluta landsins s. l. mánudagskvöld og aðfaranótt þriðjudags. Ljóst er að í þessu veðri hefur orðið gífurlegt tjón og eru raunar ekki öll kurl þar enn komin til grafar. Bæði hafa íbúðarhús einstaklinga skemmst og ljóst virðist vera að stórfellt tjón hefur orðið á gróðurhúsum. Þar verður því langtum minni uppskera en efni stóðu til, svo að vandi garðyrkjubænda er stórfelldur. Bílar einstaklinga hafa skemmst tugum saman a. m. k. Og svo hefur orðið verulegt tjón sums staðar á hafnarmannvirkjum.

Það er alveg ljóst, að þetta tjón er með þeim hætti að tryggingarfélög munu ekki bæta nema mjög óverulegan hluta þess. Það er sömuleiðis alveg ljóst, að þetta tjón er svo stórfellt að einstaklingar og aðrir aðilar, sem orðið hafa fyrir skakkaföllum í þessum efnum, munu ekki eða tæpast fá það borið uppi aðstoðarlaust. Þess vegna er fsp. *mín til hæstv. forsrh. í þá veru, hvort ríkisstj. hafi nú* þegar rætt eða muni beita sér fyrir t. d. lánsútvegun til Bjargráðasjóðs eða einhverjum aðgerðum öðrum til að koma *til móts við þá einstaklinga sem þarna hafa orðið* fyrir verulega tjóni. Ég get sagt það hér og nú, að það mun ekki standa á okkur fulltrúum Alþfl. á Alþingi að vera til viðræðna um það, með hverjum hætti best og hagkvæmast væri að afla fjár til þess að þessa aðstoð megi veita.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Mér er ánægja að svara fsp. hv. þm. Ekki er óeðlilegt að slík fsp. komi fram vegna þess mikla tjóns sem orðið hefur af fárviðrinu sem gekk yfir landið á mánudag og aðfaranótt þriðjudags.

Á ríkisstjórnarfundi í morgun var þetta mál rætt ítarlega. Hæstv. félmrh. og heilbr.- og trmrh. — en undir þau ráðuneyti heyra þessi mál fyrst og fremst — rakti þetta mál ítarlega. Eftir umr. í ríkisstj. voru samþykktar ályktanir um þetta efni. Skal ég rekja hér meginatriði þeirra.

Í fyrsta lagi var samþykkt að nú þegar fari fram könnun á því tjóni sem varð í ofviðrinu og sú könnun fari fram í hverju byggðarlagi.

Í öðru lagi verði undirbúin breyting á lögum um Viðlagatryggingu Íslands, þar sem m. a. verði gert ráð fyrir að tryggingin nái til tjóna af völdum fárviðris, eftir því sem unnt er.

Í þriðja lagi að enduskoðuð verði lög um Bjargráðasjóð, en eins og kunnugt er er hann nú vanmegnugur þess að rétta hjálparhönd eins og þarf varðandi þau málefni sem undir hann fjalla. Í sambandi við endurskoðun á lögum um Bjargráðasjóð þarf að sjálfsögðu bæði að athuga nánar um tekjustofna hans og einnig hvernig eigi að skipta verkefnum milli hans og Viðlagatryggingar, en það þarf sérstakrar könnunar við.

Þá var einnig samþykkt að við afgreiðslu lánsfjárlaga á Alþingi þyrfti að taka til athugunar að hve miklu leyti þurfi sérstaka lánsfjárheimild til að auðvelda endurbætur mannvirkja þegar mat á tjóni liggur fyrir.

Þetta eru meginatriðin í þeim ályktunum sem ríkisstj. gerði í morgun.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Hér hefur verið hreyft miklum vanda sem stafar af óveðrinu sem geisaði s. l. mánudagskvöld og aðfaranótt þriðjudags. Það er ekki að ófyrirsynju að því máli er hreyft hér, vegna þess að það er augljóst að orðið hefur gífurlega mikið tjón sem kemur mjög illa við fjölda fólks víðs vegar um landið. Það er enn fremur svo, að ekki eru fyrir hendi möguleikar á því að þetta tjón verði bætt af tryggingarfé eða með því að veita fé frá Viðlagatryggingu eða Bjargráðasjóði. Það er ekki hægt að veita fé frá Viðlagatryggingu vegna þess að samkv. lögum um Viðlagatryggingu Íslands tekur sú trygging, sem þar er um að ræða, ekki til þess að skaða sem varð í þessu ofviðri. Það er ekki heldur möguleiki eins og stendur að Bjargráðasjóður geti bætt mönnum það tjón sem þeir hafa orðið fyrir, vegna þess að þar er ekkert fjármagn fyrir hendi til að ráðstafa í þessar þarfir. Hins vegar er löggjöfin um Bjargráðasjóð þannig, að samkv. þeim lögum væri hægt að koma til aðstoðar því fólki sem tjón hefur þolað nú í þessu ofviðri, ef þar væri fjármagn fyrir hendi.

Með tilliti til þessa er augljóst að það þarf að gera ráðstafanir til að bæta hér úr. Hæstv. forsrh. hefur greint frá því sem hæstv. ríkisstj. hefur á prjónunum eða hefur ákveðið í þessu efni. Samkv. því, sem hæstv. ráðh. sagði, mun ríkisstj. gera ráðstafanir til þess að fram fari könnun *á því tjóni sem orðið hefur*. Það er að sjálfsögðu augljóst að slík könnun verður að fara fram.

Hæstv. ráðh. sagði að ríkisstj. hefði í hyggju að undirbúa breytingu á Viðlagatryggingu og þá væntanlega á þann veg að tjón það sem hlýst af ofviðri, svo sem hér var s. l. mánudag og þriðjudag, verði bætt samkv. lögum um Viðlagatryggingu Íslands.

Það er náttúrlega höfuðatriðið, að breytt verði lögum eins og lögum um Viðlagatryggingu, ef ætlunin er að bæta slíkt tjón sem hér er um að ræða samkv. þeim lögum. En hæstv. ráðh. sagði að það væri einnig ætlunin að endurskoða lög um Bjargráðasjóð. Mér er ekki alveg ljóst og það kom ekki fram í ummælum hæstv. ráðh., í hverju sú endurskoðun yrði fólgin og hvort það er ætlunin að löggjöfin verði þannig að áfram verði hægt að bæta slíkt tjón sem hér um ræðir með framlögum úr Bjargráðasjóði, þó að Viðlagatryggingin væri þess eðlis að það væri líka mögulegt eftir þeirri leið. Þetta kom ekki fram.

Hæstv. ráðh. sagði að þeir í hæstv. ríkisstj. hefðu talað um, að við afgreiðslu frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1981 yrði athugað hvort grípa þyrfti til ráða til fjárútvegunar af þessu tilefni.

Ég hef ekkert nema gott um allt þetta að segja. En ég tel að það sé hætta á að það taki of langan tíma að breyta löggjöf til þess að gera mögulegar aðgerðir til að bæta mönnum það tjón sem þeir hafa orðið fyrir, það sé eðlilegra núna að styðjast við þá löggjöf sem við höfum, þ. e. Bjargráðasjóðinn, og það verði gert með þeim hætti að gera þegar í stað ráðstafanir til þess að útvega Bjarg-

ráðasjóði sérstakt fé í þessu skyni. Þannig yrði bættur skaðinn eins fljótt og mögulegt er, um leið og við endurskoðuðum löggjöfina og athuguðum hvað skuli gert til frambúðar í þessu efni.

Með tilliti til þessa sjónarmiðs hef ég ásamt fimm öðrum þm. borið fram á þskj. 442 brtt. við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1981. M. ö. o.: við flm. þessarar till. teljum að það sé ekkert áhorfsmál og þurfi ekki sérstakrar athugunar við að ákveða það, að nú verði gerðar beinar ráðstafanir til fjárútvegunar til þess að gera Bjargráðasjóði að óbreyttri löggjöf mögulegt að mæta þessum þörfum. Með tilliti til þessa leggjum við flm. þessarar brtt. til að fjmrh. verði heimilað fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1981 að fjárhæð allt að 30 millj. kr. eða 3 milljörðum gkr. og veita Bjargráðasjóði það fjármagn til ráðstöfunar samkv. 8. gr. laga nr. 51 frá 1972, um Bjargráðasjóð.

Ég skal taka það fram, að í þessari till. er talað um 30 millj. kr. framlag til Bjargráðasjóðs, þó að enn liggi ekki fyrir könnun á því, hvað tjónið hefur verið mikið. Þessi upphæð er því áætlunarupphæð og við flm. væntum að þetta atriði liggi ljósar fyrir áður en till. verður afgreidd.

Ég vil enn fremur láta þess getið, að í þessari till. er talað um að veita Bjargráðasjóði það fjármagn, sem hér er um að ræða, til ráðstöfunar. Það er ekki tekið svo til orða, að það skuli endurlánað Bjargráðasjóði, og það er af ásettu ráði. Það liggur ekki fyrir hver kjör verða á því láni sem ríkissjóður tæki samkv. þessari till. Það kann að vera að slíkt lán yrði bæði verðtryggt og þyrfti að bera háa vexti eða hærri en eðlilegt er fyrir Bjargráðasjóð þegar ákveðin eru kjör á því sem Bjargráðasjóður lánar. Auk þess er það svo, að aðstoð Bjargráðasjóðs hefur ekki einungis verið fólgin í lánum til þeirra, sem hafa orðið fyrir tjóni, heldur einnig í beinum framlögum. Þess vegna skiptir það máli, að ekki séu lagðar neinar byrðar á Bjargráðasjóð í þessu sambandi sem torvelda að Bjargráðasjóður geti varið þessu fjármagni á hliðstæðan hátt og áður hefur tíðkast þegar Bjargráðasjóður hefur komið til aðstoðar.

Mér þótti rétt, herra forseti, að láta þetta koma hér fram í þeirri umr. sem hv. 5. þm. Vesturl. hefur hér stofnað til.

Davíð Aðalsteinsson: Herra forseti. Ég vil fyrst segja það, að þar er mjög eðlilegt og raunar sjálfsagt að þessi fsp. komi fram. Enn fremur vil ég fagna þeim upplýsingum sem fram komu í svari hæstv. forsrh. um það, að ríkisstj. hefði tekið þessi mál til athugunar. Ég vonast til þess og treysti því, að unnið verði hratt í þessu máli. Ég lít svo á að fyrstu viðbrögð ríkisstj. í málinu séu rétt. Það er nauðsynlegt að fyrst fari könnun á því, hversu mikið, hversu víðfeðmt tjón hefur orðið í óveðrinu á dögunum.

Ég segi fyrir mitt leyti að ég sé ekki neitt því til fyrirstöðu að breyta lögum um Viðlagatryggingu með tiltölulega skjótum hætti. Nú sagði ég áðan að ég vonaði að sú könnun, sem fram þarf að fara, og mat á því tjóni, sem orðið hefur, gangi hratt. Eigi að síður hlýtur það að taka einhvern tíma. Eins og kunnugt er eru hv. alþm. snarir til verka. Því lít ég svo á að ekkert sé því til fyrirstöðu að breyta lögum um Viðlagatryggingu með skjótum hætti. Nú leikur mér svolítil forvitni á að vita hversu mikið fjármagn er til umráða á vegum Viðlagatryggingar. Ég hef ekki heyrt þær tölur, en mér þætti fróðlegt ef einhver gæti upplýst það hér.

Að því er varðar þá brtt., sem hér hefur verið lögð fram við frv. til lánsfjárlaga, er út af fyrir sig ekkert nema gott um hana að segja. En ég hefði heldur kosið og mér finnst rökréttara að sú könnun, sem ég talaði um áðan og forsrh. kynnti að yrði framkvæmd, færi fyrst fram, að tjónið yrði kannað í grófum dráttum fyrst. Mér fyndist það eðlilegra. En það er mála sannast auðvitað, að Bjargráðasjóður er fjárvana. Til hans þarf að afla fjár, það vita allir menn.

Ég tel ástæðulaust að bæta hér mörgum orðum við. Ég vil þakka fyrir það, að þessi umræða fór fram, og ég geri ráð fyrir því, að menn standi heils hugar að öllu raunhæfu sem fram kemur í því skyni að aðstoða almenning vegna óveðursins sem gekk yfir á dögunum.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég vil aðeins þakka hæstv. forsrh. greinargóð svör við spurningu minni. Vissulega ber að fagna því, að ríkisstj. skuli hafa tekið þessi mál upp í morgun. Ég ítreka það sem ég sagði hér fyrr í dag, að það mun ekki standa á okkur Alþfl.-mönnum til samstarfs, ef óskað er, um fjárútvegun eða annað í sambandi við þetta mál. En ég legg áherslu á það, að þetta mál er þess eðlis að því verður að hraða, og ég treysti því, að hæstv. forsrh. muni beita sér fyrir því að svo verði gert.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Hv. 3. þm. Vesturl. sagði áðan að fyrstu viðbrögð hæstv. ríkisstj. hefðu verið rétt. Ég er ekki alveg sammála því. En ég er sammála því, að þessi viðbrögð ríkisstj. voru hárrétt og ber að fagna því.

Það, sem hljómaði hér í útvarpi morguninn eftir að þessar hörmungar dundu yfir, var yfirleitt: Við borgum ekki, við borgum ekki. — Það var byrjað á því að upplýsa fólk um það, að sú viðlagatrygging, sem menn töldu að næði fyrir slíkt tjón sem hér væri um að ræða, þ. e. af völdum náttúruhamfara, gerði það ekki. Þetta urðu mörgum mikil vonbrigði. Síðan fóru að heyrast fréttir af því, að Bjargráðasjóður væri tómur og ekki væri fé í hann að sækja.

Mér þykir það því fagnaðarefni, að ríkisstj. hefur á fundi sínum í morgun tekið aðra og góða stefnu. Hún er a. m. k. betri en kom fram í gærkvöld í útvarpsfréttum í viðtali við hæstv. félmrh. Það var helst á honum að skilja að menn ættu sjálfir að sýna fyrirhyggju og að það yrði lítil von á fyrirgreiðslu af hendi stjórnvalda í þessum efnum. Þess vegna þykir mér ánægjulegt og sjálfsagt að þakka þau viðbrögð sem hér hafa orðið.

Ég held að menn hljóti að gera sér grein fyrir því, að miðað við slíkar náttúruhamfarir sem nú áttu sér stað sé erfitt að fyrirbyggja tjón eða skakkaföll og þetta hljóti því að flokkast undir svipaðar aðstæður og náttúruhamfarir af völdum jarðskjálfta eða snjóflóða.

Varðandi þá könnun, sem hæstv. forsrh. skýrði hér frá að nauðsynlegt væri að gera, tek ég undir að það er auðvitað nauðsynlegt að sú könnun fari fram. Mér er kunnugt um að sveitarfélög — ég geri ráð fyrir flest — hafi nú þegar farið af stað með slíkar kannanir hjá sér. Þar sem ég þekki til er starfsmaður sveitarfélagsins nú þegar á ferðinni og tekur skýrslur af mönnum, hvaða tjón hafi orðið á hverjum stað, svo að það ættu að vera hæg heimatökin að fá slíkar skýrslur hjá sveitarfélögunum.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Hv. 3. þm. Vesturl. vék að till. þeirri á þskj. 442 sem ég lýsti áðan. Ég vil aðeins taka fram í tilefni þess sem hv. 3. þm. Vesturl. sagði, að við flm. þessarar till. höfum ekkert á móti því að leysa þetta mál á vegum Viðlagatryggingar. En við leggjum til að fjármagn verði veitt til Bjargráðasjóðs vegna þess að þar þarf ekki annars með og þarf ekki að breyta lögum.

Við leggjum áherslu á flýtinn í þessu máli. En við skulum svo flýta okkur hægt við það að ákveða framtíðarskipun málanna.

Hv. 3. þm. Vesturl. sagði að það væri eðlilegra að tjónið yrði kannað áður en nokkuð yrði gert. Við erum allir sammála um það, að nauðsynlegt er að kanna tjónið. En það þarf ekki að taka langan tíma. Og ég gerði ráð fyrir því í þeim orðum, sem ég sagði hér áðan, að það yrði búið að kanna tjónið þegar till. sú, sem ég lýsti, kæmi til afgreiðslu.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Varðandi fsp. um fé Viðlagatryggingar hef ég ekki handbærar nú þær tölur, en nokkurt fé mun Viðlagatrygging eiga í sjóði. Hins vegar mun Bjargráðasjóður ekki eiga fé í sjóði, að því er mér er tjáð.

Í ræðu hv. þm. Salome Þorkelsdóttur virtist koma í aðra röndina fram einhver gagnrýni á ríkisstj. í þessu efni og ekki alveg ljóst við hvað var átt. Þó taldi hv. þm. að ummæli hæstv. félmrh. í útvarpi í gær hafi ekki lofað góðu. Ég held að þau ummæli, sem hv. þm. sérstaklega hafði eftir félmrh., séu vissulega orð í tíma töluð. Þau voru hvatning hans til allra um að sýna fyrirhyggju. Vitanlega er það ljóst að þó megnið af því tjóni, sem þetta fárviðri olli, hafi vafalaust verið óviðráðanlegt, þá þekkja allir að þess eru líka dæmi, að tjón í sumum tilvikum hefði verið hægt að koma í veg fyrir eða draga úr tjóni. Það er t. d. vitað, að í sumum tilvikum hafa þakplötur og þakhellur ekki verið eins vel festar eða frá þeim gengið og æskilegt hefði verið. Hefur jafnvel komið fyrir að slíkar skemmdir hafi orðið á sömu byggingum og urðu fyrir tjóni fyrir nokkrum árum, þegar ofviðri geisaði, sem sýnir að þegar við var gert hefur ekki verið gengið nægilega vel frá.

Enn fremur er auðvitað ljóst að það er ástæða til að hvetja bæði einstaklinga og atvinnurekendur til þess að gæta vel að tryggingum, þannig að það gerist ekki aftur að atvinnufyrirtæki, vönduð og dýr, séu að verulegu leyti ótryggð. Og þó staðhæft sé að ekki sé hægt í vissum greinum að fá tryggingu innanlands, eins og mun hafa komið fram í samtali við mann úr einni slíkri grein í gær, þá hefur því verið andmælt af vissum tryggingarfélögum, auk þess sem um er að ræða vissa möguleika erlendis. Það er því alveg ljóst að um leið og sjálfsagt er að greiða fyrir því að bæta það tjón, sem orðið hefur af völdum ofviðrisins að verulegu leyti, eru það orð í tíma töluð hjá hæstv. félmrh. að hvetja menn til fyrirhyggju og forsjálni í þessum efnum.

Það er líka rétt að taka fram að það er of langt gengið í því að smjaðra fyrir fólkinu þegar sumir þeir, sem mest tala og skrifa um niðurfærslu á útgjöldum ríkisins og sparnað í rekstri, hvetja svo til þess í blaðagreinum, eins og t. d. í gær, og forustugreinum, að nú eigi hið opinbera að bæta til fulls allt tjón sem af þessu ofviðri hafi hlotist. Vissulega ber að gera allar skynsamlegar og eðlilegar ráðstafanir í þessu efni, en það verður einnig að hafa þarna nokkra fyrirhyggju, og ég tel ekki óeðlilegt að fólk sé til þess hvatt.

Að öðru leyti hef ég engu við það að bæta, sem ég skýrði frá áðan, nema því, að hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson taldi að nú þyrfti að hafa skjót viðbrögð og mætti ekki fara langur tími í endurskoðun og athugun á lögum. Eins og hér hefur komið fram á breyting á viðlagatryggingalögum ekki að taka langan tíma. Og eins og ég greindi frá hefur ríkisstj. í hyggju að beita sér fyrir því, að viðlagatrygging nái einnig til tjóna af völdum fárviðris eftir því sem unnt er.

Út af ummælum hv. þm. Salome Þorkelsdóttur um viðlagatrygginguna og gagnrýni, að mér skildist, af hennar hálfu á því, að tryggingin næði ekki til tjóns af völdum ofviðris, þá er það nú bara þannig í lögunum sem sett voru á sínum tíma og fyrrv. heilbr.- og trmrh., hv. þm. Matthías Bjarnason, beitti sér fyrir og eru honum til sóma. En í lögunum, eins og hann flutti þau og gengið er frá þeim, var ekki gert ráð fyrir því, að neitt tjón yrði bætt af þessum orsökum. Hins vegar er nú vissulega tímabært, álít ég, að endurskoða þau lög og rýmka þau að þessu leyti og bæta úr þessum annmarka sem á þeim var.

Hv. þm. Þorvaldur Garðar Kristjánsson vill hraða framkvæmdum í þessu efni og skýrði frá því, að hann hefði flutt till. við frv. til lánsfjárlaga um heimild til þess að taka lán á árinu 1981 að fjárhæð allt að 30 millj. kr. og veita Bjargráðasjóði. Þetta er góðra gjalda vert þó það sé kannske að vissu leyti nokkuð fljótráðið, eins og komið er fram í umr., að vera að slá þessari upphæð fastri. Eðlilegra væri að kanna málin áður, og það á ekki að taka langan tíma. En um leið og hv. þm. skýrir frá þessari till. sinni og nokkurra fleiri þm., sem er brtt. við frv. til lánsfjárlaga, og telur að með þessu sé hann mjög að greiða fyrir og flýta lausn þessara mála, þá vildi ég í allri vinsemd benda honum á að samtímis krefjast flokksbræðir hans þess, að afgreiðslu lánsfjárlaga sé frestað um óákveðinn tíma.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Það er kannske ekki mikil ástæða til að fara að deila við hæstv. forsrh., enda ætla ég ekki að gera það. Ég vil aðeins þakka honum fyrir undirtektir hans í þessu máli. Ég var ekki að gagnrýna hæstv. ríkisstj., heldur var ég aðeins að nefna það, að mér hefði fundist þessi viðbrögð vera mjög ánægjuleg og jákvæð eftir að hafa hlustað á það sem mér fannst koma fram hjá hæstv. félmrh. áður og hæstv. forsrh. var hér að svara fyrir.

Það var fyrst og fremst það sem ég vildi láta koma fram, að það er ekki hægt að sýna fyrirhyggju í tilfellum eins og áttu sér stað í þessu veðri. Það eru auðvitað alltaf einhver atriði sem má segja að hefði verið hægt að koma í veg fyrir, ég get tekið undir það, eins og varðandi fok bárujárns af þökum eða þess háttar atvik sem hafa endurtekið sig nú eins og gerðist 1973. Þetta er alveg rétt. Það merkilega við þetta er það, að þar virðist vera einhver nýtískutækni í hönnun þaka á húsum á Íslandi, að þau skuli fjúka nú af þessum nýju, dýru og íburðarmiklu húsum, en hins vegar sitja gömlu bárujárnsþökin, sem tíðkuðust hér áður fyrr, sem fastast á sínum stað og haggast ekki. Þetta er kannske mál fyrir sérfræðinga sem hanna þök húsa hér á Íslandi að taka til athugunar, ég get alveg tekið undir það. En þarna er áreiðanlega frekar um að kenna einhverri tæknilegri nýjung sem ekki virðist standast íslenskt veðurfar, a. m. k. ekki þegar það gerist

verst.

Ég vildi aðeins láta það koma fram, að ég var hreint ekki að gegnrýna það að menn væru hvattir til fyrirhyggju, heldur einungis að benda á það, að í mörgum þessum tilvikum og kannske fyrst og fremst hjá þeim sem eiga um sárast að binda eftir þessar hamfarir í veðrinu, þá eru það einmitt þeir sem hafa ekki haft möguleika á því að koma í veg fyrir þann skaða sem orðið hefur. Ég vildi aðeins ítreka þetta.

Þorv. Garðar Krisjánsson: Herra forseti. Það er aðeins örstutt athugasemd í tilefni af því sem hæstv. forsrh. sagði. — Ég skildi hann fyrst þannig, að honum þætti ég og félagar mínir fara nokkuð geyst í þessu máli, að bera fram till. um breyt. á frv. um lánsfjárlög fyrir árið 1981. En þegar leið á ræðu hæstv. forsrh. kom það út úr henni, að honum finnst að við förum ekki nógu hratt. Hann hefur áhyggjur af því, að það sé ekki nógu skjót leið að bíða eftir afgreiðslu frv. um lánsfjárlög og hefur áhyggjur af því, eins og hann orðaði það, að flokksmenn mínir, sem eru líka flokksmenn hans, séu að tefja það mál. En ég skal fullvissa hæstv. forsrh. um það, að flokksmenn mínir og flokksmenn hans eru ekki að gera neitt illt af sér með þessum tillöguflutningi.

Neðri deild, 55. fundur.

Fimmtudaginn 19. febr., kl. 2 miðdegis.

Barnalög, frv. (þskj. 426 (sbr. 5)). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Orlof, frv. (þskj. 114). — Frh. 1. umr.

Flm. (Karvel Pálmason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af því, sem fram kom fyrr við þessa umr., og þá sérstaklega út af ummælum hæstv. félmrh. og hv. þm. Guðmundar J. Guðmundssonar.

Það virðist vera álit þessara hv. þm. — og raunar sagði hæstv. félmrh. það beint — að ég tali hér fyrir minnihlutasjónarmiði innan verkalýshreyfingarinnar. En samhliða þessari fullyrðingu segja þessir hv. þm. báðir tveir, að um leið og þessi breyting yrði gerð á lögunum mundi þetta verða komið svo að segja á hjá hverju einasta félagi, þessi framkvæmd eins og hér er lagt til. Og það segir okkur einmitt að það eru félögin, það eru verkalýðsfélögin í landinu, það eru vinnuveitendur í landinu sem vilja fá þessa breytingu gerða.

Það upplýstist hér hjá hv. þm. Alexander Stefánssyni að tilvik, sem koma upp, eins og hann réttilega benti á og fleiri, þau koma upp vegna þess að löggjöfin er ekki í þeim anda sem almenningur innan verkalýðshreyfingarinnar og vinnuveitendur vilja að lögin séu. Það er hægt að benda á ótal dæmi þess, að það er farið fram hjá lögunum með ávöxtun á þessu fé, og það er auðvitað vegna þess að kerfið er andstætt vilja þeirra aðila sem eiga við það að búa. Og löggjafarvaldinu ber auðvitað skylda til þess að hafa hliðsjón af áliti þess fólks sem á að búa við löggjöfina.

Ég held að það kerfi, sem við búum við, eins og því er framfylgt, bjóði beinlínis upp á slíka misnotkun, vegna þess að kerfið er í andstöðu við meginvilja þess fólks sem á að búa við það. Og þess vegna á að breyta því. Það er því út í hött hjá hæstv. félmrh. og öðrum þeim sem halda því fram, að hér sé talað fyrir minnihlutasjónarmiði. Það má vel vera að einhverjir einstaklingar, forkólfar, eins og menn segja, innan verkalýðshreyfingarinnar, sjálfskipaðir, segja margir, hafi þá skoðun að það eigi að halda óbreyttu kerfi. En hinn almenni félagsmaður í verkalýðshreyfingunni krefst þess að fá að ákvarða það í sínu félagi við sinn viðsemjanda hvernig með þetta fé er farið. Um það snýst í raun og veru málið. Þetta er ekki spurning um það, hvað ég eða hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson sem verkalýðsforingi vill, það er hinn almenni maður í hreyfingunni sem vill þessa breytingu og þess vegna á að gera hana.

Ég ítreka svo aðeins eitt í viðbót. Hæstv. félmrh. var að tala um ríkisábyrgð. Ég sé ekki að það sé nein fjarstæða að gera ráð fyrir því, að yrði þessi breyting gerð á lögunum gæti jafnframt verið ríkisábyrgð — hvort sem það eru bankar eða sparisjóðir sem taka að sér þessa innheimtu — með nákvæmlega sömu ábyrgð og Póstgíróstofan gerir nú. Það hlyti að gilda jafnt ríkisábyrgð gagnvart því eins og núna gagnvart Póstgíróstofunni. Það er því ekki að mínu viti röksemd sem hægt er að taka alvarlega gegn þessari breytingu.

Það er einvörðungu eitt atriði sem ég tel að þurfi að skoða gaumgæfilega og þarf að finna lausn á, og það er vegna þess fólks sem vinnur víða, á mörgum stöðum. Mér er ljóst að það þarf að athuga. En ég er jafnframt viss um það, að á því er hægt að finna lausn innan þeirrar breytingar sem við leggjum hér til að gerð verði á lögunum.

Ég ítreka það, að ekkert hefur komið fram í þessum umr. sem bendir til þess eða rennir stoðum undir það, að það sé óeðlilegt eða óæskilegt að gera þessa breytingu. Þvert á móti er það staðreynd að það er vilji þess fólks sem við þetta hefur búið og á að búa, að þessi breyting verði gerð, hvað sem svo líður einstaka, að ég vil segja, hjáróma rödd ýmissa sjálfskipaðra verkalýðsforingja í hreyfingunni. Og þess vegna á að breyta lögunum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til félmn. með 28 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Það er út af fyrir sig ástæðulítið að ræða þetta mál hér í dag í ýkjalöngu máli. Ástæðurnar eru tvær: Í fyrsta lagi mun væntanlega gefast tækifæri til að ræða málið frekar þegar hæstv. forsrh. gefur skýrslu þá sem beðið hefur verið um, og þá munu væntanlega fást svör við ýmsum spurningum sem hér hafa verið bornar upp, en menn kinokað sér við að svara. Önnur ástæðan er sú, að eftir því sem mér er tjáð og ég vildi gjarnan vita sönnur á hefur hæstv. fjmrh. í

gær, þrátt fyrir þær umr. sem þá fóru fram, gefið út og undirritað bréf með heimild til ríkisábyrgðar á allt að 90% af kaupverðinu. Ég vildi gjarnan fá tækifæri til þess að leita eftir því við hæstv. fjmrh., hvort þetta er rétt. Ef þetta er rétt er framferði hæstv. ráðh. fyrir neðan allar hellur, að hann skuli gefa slíka heimild út þvert ofan í þær umræður sem fram fóru í gær.

Ég vildi gjarnan óska eftir því, herra forseti, að mér gæfist kostur á að gera örlítið hlé á ræðu minni meðan leitað er að hæstv. fjmrh. Mér skilst að enn muni vera í gildi 5 mínútna ræðutakmörkun. Er það ekki rétt? (**Forseti:** Nei, svo er eigi.) Þá er engin ástæða til að bíða neitt. Ég get þá væntanlega endurtekið þá spurningu síðar sem ég hef í huga.

En ég vil taka það fram, að ég ætla að biðja menn að doka eilítið við, gera sér ljóst að það er ekki orðið lítils vert sem þessir hæstv. tíu ráðh. eru farnir að vinna í þessu landi. Það er ekki ákveðið verð lengur á neinni vöru í landinu öðruvísi en að þessir tíu menn ákveði hvað viðkomandi vara eigi að kosta. Þeir ákveða hvað fiskurinn eigi að kosta upp úr sjónum. Þeir ákveða hvað fiskkaupmaðurinn í Reykjavík má taka mikið verð fyrir að sækja fiskinn, sem hann selur, til Grindavíkur. Þeir ákveða, hvað gengi íslensku krónunnar eigi að vera, með tilskipunum. Þessir sömu ráðh. ákveða hvaða vexti menn eigi að greiða af lánum sem þeir taka, og þeir taka ákvarðanir um hvort Jón Jónsson á þessum eða hinum staðnum megi kaupa sér togara, þá hvernig skip kaupa eigi, og þeir taka ákvörðun um hvar eigi að útvega peninga til kaupanna. Þessir tíu hæstv. ráðh. eru sem sé ekki orðnir lengur hefðbundin ríkisstj. í hefðbundnu þingræðisríki. Þeir eru einn daginn verðlagsyfirvald til að ákveða, eins og hæstv. félmrh. sagði, verð á smjörlíki og barnableium. Annan daginn taka þeir að sér hlutverk oddamanns í nefnd til að ákveða fiskverð. Þriðja daginn gefa þeir út tilskipun um hvert gengi íslensku krónunnar eigi að vera: í dag miðað við Bandaríkjadollar og á morgun miðað við meðalgengi annarra gjaldmiðla. Þá taka þeir sig til einn daginn og setjast í hlutverk Seðlabanka og fara að ákveða vexti o. s. frv., o. s. frv. Ég efast meira að segja um að í nokkru austantjaldsríki sé jafnmikið miðstjórnarvald og núverandi ríkisstj. er búin að taka sér í hendur. Ég efast jafnvel um að í nokkru kommúnistaríki austantjalds hafi ríkisstjórn tekið í sínar hendur öll þau völd sem þessir hæstv. ráðh. hafa ákveðið að þeir skuli nú fara með. Einu verkin, sem hæstv. ríkisstj. hefur ekki nokkurn tíma til að sinna og sinnir ekki, eru verkin sem hún á að sinna, þ. e. að stjórna landinu, að fjalla um þau mál sem m. a. ráða úrslitum um hvort hér er lífvænlegt til byggðar eða ekki.

Þetta er ekki nema eitt dæmi af mörgum um fyrirgreiðslupólitík hæstv. ríkisstj., þegar ráðh. velta á milli sín þeim bolta hver hafi tekið ákvörðunina um kaup á tilteknu skipi fyrir tiltekna aðila og enginn vill bera ábyrgð á því — að manni skilst — deginum lengur.

Þar sem hæstv. fjmrh. er kominn í salinn vil ég ítreka þá fsp., sem ég bar fram áðan, hvort það sé rétt að hæstv. ráðh. hafi í gær, þrátt fyrir umr. sem þá fóru fram um kaupin á þessu skipi, gefið út bréf með heimild til ríkisábyrgðar á allt að 90% af kaupverðinu. Ef þetta er rétt höfum við alþm. í sjálfu sér ekkert að gera með að ræða þetta mál frekar, því að þá liggur alveg fyrir að hæstv. ráðh. dettur ekki í hug að taka tillit til neins af því sem hér hefur verið sagt eða mun verða sagt um þetta mál.

Ég hef spurt samráðh. hans í ríkisstj., á þeim stutta tíma sem liðinn er síðan ég kom hingað í húsið, hvort þeim væri kunnugt um að hæstv. fjmrh. hafi tekið þá ákvörðun sem ég spurðist fyrir um áðan. Ég náði að vísu ekki í alla ráðh. níu, en náði þó í nokkra þeirra, og enginn þeirra vissi af því að þessi ákvörðun hefði verið tekin. Þess vegna ítreka ég spurningu mína: Þrátt fyrir þær umr., sem hér fóru fram, þrátt fyrir þá gagnrýni, sem hér var fram sett á umrædd skipakaup, tók hæstv. ráðh. samt sem áður þá ákvörðun að gefa út heimild til ríkisábyrgðar á allt að 90% af kaupverði?

Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um málið sjálft, en vekja þó athygli á því hvernig menn, sem komið hafa nálægt málinu og skipta með einhverjum hætti á milli sín ábyrgðinni á því, veltu þessu máli á milli sín hér í ræðustól á Alþingi eins og heitri kartöflu. Enginn þeirra vildi kannast við að hann ætti neina óuppgerða sök í því máli. Hæstv. ríkisstj. reyndi að velta allri ábyrgðinni yfir á stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins þó að fyrir liggi að stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins tók sínar ákvarðanir í málinu alveg frá upphafi vegna þess að hún taldi að hún væri þar að fara að fyrirmælum ríkisstj. Stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins taldi sig vera að fara að fyrirmælum ríkisstj. frá upphafi málsins, eins og glögglega kemur fram í fundargerðum stjórnarinnar. Það var ekki fyrr en í gær að nokkrir ráðh. upplýstu að þetta væri allt saman misskilningur. Hæst fannst mér þó reitt til höggs hjá hæstv. sjútvrh. Hann viðurkenndi að vísu hér úr ræðustól að allt það, sem hv. þm. Sverrir Hermannsson hafði um orðaskipti þeirra að segja í frægu símtali, væri rétt. Hæstv. ráðh. viðurkenndi að Sverrir færi þar með rétt mál í flestum eða öllum atriðum, en bætti því við, að hann skildi ekki hvernig hv. þm. Sverrir Hermannsson gæti misskilið sín orð á þann veg að hann hafi verið að skýra frá skoðunum ríkisstj. Hæstv. ráðh. sagði: Ég kom af ríkisstjórnarfundinum í síma til Sverris og sagði „Menn telja". Ég þykist ekkert endilega eiga við þá menn sem sitja í ríkisstjórninni, heldur bara menn svona almennt. — Og hæstv. ráðh. var alveg hissa á að hv. þm. Sverrir Hermannsson skyldi misskilja sig þannig, þegar hann fór að lýsa skoðunum manna á málinu, að hv. þm. Sverrir Hermannsson skyldi halda að ráðh. ætti við mennina í ríkisstj. Þetta var misskilningur sem hæstv. sjútvrh. botnaði ekkert í að forstjóri Framkvæmdastofnunar ríkisins skyldi gera sig sekan um.

En þeir, sem fylgjast með umræðum um ýmis mál tengd sjávarútvegi í blöðum og útvarpi, hljóta að muna eftir því, að þetta er ekki í fyrsta skipti sem hæstv. sjútvrh. vill fá að hlaupa frá ábyrgð og ákvörðun sem hann hefur tekið. Hæstv. sjútvrh. er nokkuð gjarn á að tala að óathuguðu og óhugsuðu máli, og það hefur nokkrum sinnum hent hæstv. ráðh. að hann hefur séð það eftir á, að hann hefði betur hagað orðum sínum með meiri gætni fyrsta kastið, og viljað þá fá að hlaupa frá öllu saman. Þetta er því ekki í fyrsta skipti sem hæstv. ráðh. vildi gjarnan getað hlaupið undan ábyrgð á málum sem hann hefur haft afskipti af. Það er kannske mannlegt, en það er ekki stórmannlegt. En þetta er sem sé ekki einsdæmi frá hæstv. ráðh.

Þó vil ég aðeins bæta einu við án þess að orðlengja nokkuð um þetta frekar: Í öllum þessum umræðum er rætt um að taka af fé skattborgara andvirði svo sem eins skuttogaraverðs vegna Norðurlandskjördæmis eystra. Á sama tíma eru þm. í Norðurlandskjördæmi vestra að ræða um svo sem eins og þrjú skut-

togaraverð úr almannasjóði og þykir ekki mikið fé.

Ég vil benda mönnum á að hér hefur nær ekki verið neitt um það spurt, hver væri líkleg rekstrarafkoma hjá þessu skipi sem á að fá almenning á Íslandi til að kaupa fyrir tiltekna aðila á Þórshöfn og Raufarhöfn. Menn virðast einskorða sig við að tala um málið á þeim grundvelli að almenningur eigi að kaupa þetta skip og afhenda það tilteknum aðilum til rekstrar og þar með sé málið búið, þar með séu íslenskir skattborgarar lausir allra mála. En svo er aldeilis ekki. Það þarf nefnilega meira en að kaupa skipið. Það þarf líka að reka það. Það kom fram í útvarpsfréttum um hádegið, sem ég hygg að hafi verið á vitorði nokkurra manna hér, að í grófum rekstraráætlunum, sem Framkvæmdastofnun ríkisins hefur gert um afkomu þessa skips, kemur í ljós að jafnvel þótt reksturinn á skipinu gengi framar vonum, þ. e. að afli yrði vel í meðallagi o. s. frv. og ekki yrðu nein sérstök óhöpp með þetta skip, vantar á sjöunda hundrað milljóna, í gkr. mælt, til þess að skipið geti staðið undir vöxtum og afborgunum.

Við erum hér að tala utan dagskrár m. a. um vandamál sem skapast hefur vegna þess að það vantar milli 200 og 300 millj. gkr. til að ná endum saman vegna kaupa á þessu skipi. Menn fjargviðrast yfir því, að þessa peninga eigi nú að taka til viðbótar hinum úr almannasjóði, en menn mega þá ekki gleyma því, að það er meira sem á eftir fylgir. Öllum er okkur það auðvitað ljóst, að þær rúmlega 600 milljónir gkr., sem vantar til að endar nái saman í rekstrinum, eiga líka að koma úr vasa okkar hinna. Þær eiga líka að koma úr vasa íslenskra skattborgara frá ári til árs og ár eftir ár. Þannig er ekki aðeins verið að láta landslýð gefa tilteknum aðilum skip, það er líka verið að ætlast til þess að íslenskur almenningur borgi rekstrarhallann sem verður af þessum togara frá ári til árs og ár eftir ár. Í umr. í gær virtist að enginn hefði sérstakar áhyggjur af þessu. Og hæstv. sjútvrh. upplýsir í umr. í gær — maðurinn sem hefur öðrum ráðh. fremur haft frumkvæði um þessi skipakaup — að hann hafi fyrst farið að spyrjast fyrir um rekstrargrundvöll skipsins fyrir tíu dögum. Fyrir tíu dögum bað hann um athugun á rekstrargrundvelli umræddss skips. Það var fyrst þá sem hæstv. ráðh. fór að hugleiða í alvöru hver bakreikningurinn kynni að verða, sem hann ætlar að senda íslenskum skattborgurum.

Hér eiga sæti menn sem beitt hafa áhrifum sínum á Alþingi til að taka heila atvinnugrein í landinu á ríkisframfæri, til að taka heila atvinnugrein í landinu á framfæri almennra skattborgara. Kostnaður almennings af rekstri þessarar atvinnugreinar nálgast nú að vera álíka há prósenta af heildarútgjöldum íslenska ríkisins og það kostar breska skattborgara að reka breska herinn. Það er ekkert skrýtið þó að mönnum, sem bera ábyrgð á þessu, finnist ekki aldeilis mikið um að tala þó að svo sem einn skuttogari sé tekinn á framfæri almennings til viðbótar.

Það er mjög athyglisvert hvaða hv. þm. og hæstv. ráðh. það eru sem ganga þarna fram fyrir skjöldu og láta sér ekki detta í hug svo mikið sem spyrjast fyrir um hugsanlega rekstrarafkomu skipsins fyrr en fyrir tíu dögum. Það eru ráðh. og þm. Framsfl. Það er ekki tilviljun.

Eins og ég sagði, herra forseti, væri full ástæða til að fara nokkru frekar út í þá sálma. Það ætla ég samt ekki að gera hér. En ég ætla að biðja menn að hugleiða í ró og næði hvort þessi ævintýri séu ekki svipuð og þau sem gerðust með sláturhús á Íslandi hér í eina tíð, þegar var verið að sjá svo um að þau kæmust öll undir eina og sömu stjórnina. Hverjir skyldu það nú eiginlega vera sem eiga að selja afurðirnar sem með þessum hætti er verið að afla fyrir fjárframlög almennings? Hverjir skyldu það nú vera sem eiga að hafa tekjurnar af sölu þeirra afurða? Ég ætla ekki að fara frekar út í þá sálma, en þetta er þó atriði sem ég tel að sé fyllilega umhugsunarvert fyrir alþm.

Ég ætla í lokin að bæta við tveimur atriðum.

Í fyrsta lagi minni ég á það, sem raunar kom fram í Ed. í gær, að fulltrúi Alþfl. í stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins hefur frá upphafi verið andvígur þessum togarakaupum með þeim hætti sem að þeim hefur verið staðið. Hann hefur greitt atkvæði gegn þeim og verið andvígur málinu frá upphafi og verið eini stjórnarmaðurinn í stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins sem þá afstöðu hefur haft alveg frá upphafi og til þessa dags.

Ég vil enn fremur bæta því við til frekari upplýsingar, að það er rétt, sem kom fram hjá hv. þm. Eggert Haukdal, formanni stjórnar Framkvæmdastofnunar ríkisins, hér í gær, að það er harla lítið samræmi milli annars vegar frv. til lánsfjárlaga, sem hæstv. fjmrh. leggur fram, og hins vegar þeirrar hugmyndar hans, sem nú virðist vera orðin ákvörðun, að afla fjár til þessara togarakaupa með því að ganga á sérstakan sjóð sem formaður stjórnar Framkvæmdastofnunar ríkisins fékk hjá ríkisstj. sællar minningar til að efla skipasmíðaiðnað í landinu. Hæstv. fjmrh. lét í það skína, að fé, sem hér um ræðir, væri til skipakaupa, það væri ekki sérstaklega ætlað til skipasmíðaverkefna innanlands. Á þeim grundvelli vildi hann rökstyðja þá ákvörðun sína að taka hluta af þessu fjármagni til kaupa á umræddu skipi, sem eins og allir vita er ekki smíðað á Íslandi, heldur keypt utanlands frá. En hæstv. ráðh. og formanni Framkvæmdastofnunar ríkisins, hv. þm. Eggert Haukdal, hefur sést yfir eitt atriði í þessu sambandi. Hæstv. fjmrh. virðist ekki muna það frá degi til dags hvað hann leggur fram hér í sölum Alþingis. Á sama tíma og hann beitir fyrir sig þessari röksemdafærslu stendur annað í athugasemdum með 12. gr. í frv. til lánsfjárlaga. Greinin er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Byggðasjóði er heimilt að taka lán allt að 15 millj. kr. til að endurlána til smíði fiskiskipa."

Þetta er greinin sjálf, en í aths. við greinina stendur að ráðgert sé að Byggðasjóður veiti fyrirgreiðsluna vegna skipasmíði innanlands. Í þessu frv. er því leitað sérstakrar heimildar til öflunar fjármagns til endurlána. M. ö. o.: Skýringin, sem hæstv. fjmrh. gefur sjálfur í frv. til lánsfjárlaga á þessari umræddu 12. gr., er sú, að fé, sem þarna er verið að ræða um, eigi að fara til skipasmíðaverkefna innanlands. Hann kom sjálfur í ræðustólinn í gær og hélt því fram, að það væru engin ákvæði sem byndu umrætt fjármagn við innlend skipasmíðaverkefni og því hefði hann fulla heimild til að taka af því til að ráðstafa til kaupa á þessum innflutta togara. En í sömu andránni og hæstv. ráðh. heldur þessu fram leggur hann fram hér á Alþingi frv. til lánsfjárlaga þar sem hann sjálfur segir að umrætt fé sé eyrnamarkað skipasmíðaverkefni innanlands. Þannig stenst ekki frá einni stund til annarrar það sem hæstv. ráðh. segir og gerir í þessari hv. deild. Ég hlýt því í þessu sambandi að taka undir með hæstv. iðnrh. og staðfesta það, a. m. k. hvað mig varðar, að ég tel að sá skilningur hans sé réttur, sem fram hefur komið í blaðaviðtölum við hæstv. ráðh., að

þetta umrædda fjármagn hafi verið eyrnamarkað til skipasmíðaverkefna innanlands og því sé hæstv. fjmrh. eða ríkisstj. óheimilt að taka til nota af því fjármagni til að kosta innflutning á fiskiskipi sem ekki var smíðað hér. Þessi skilningur hæstv. iðnrh. hlýtur að vera réttur, einfaldlega vegna þess að hann er festur hér á blað í þskj. af hæstv. fjmrh. sjálfum. Það þarf þá ekki frekar vitnanna við um hvor hæstv. ráðherranna hafi rétt fyrir sér í þessu sambandi.

Herra forseti. Ég tel enga ástæðu til að fara frekari orðum um þetta mál að þessu sinni, en ítreka þá fsp. sem *ég gerði til hæstv. fjmrh. áðan.*

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég ætlaði mér ekki að taka frekari þátt í þessum umr., þar sem mér þykir að þetta mál sé nú farið að fá svo ótrúlega fyrirferð í þingsölum að ég veit ekki til hvers ætti eiginlega að jafna, en vegna fsp., sem hér hefur komið fram, sé ég mig til neyddan að bæta nokkrum orðum við.

Auk þess sem segja má að þó að ég sé ekki frekar en margir aðrir allt of hrifinn af aðdraganda og undirbúningi þessa máls og telji að kaupverð skipsins sé allt of hátt, þá get ég ekki látið hjá líða að mótmæla ýmsum ýkjum og ósannindum sem borin eru á borð í þessu máli og eru sannarlega ekki til þess fallin að gera málið einfaldara í augum almennings.

Ég hefði sannarlega talið æskilegt að endurskoða þessi togarakaup þannig að kaupverðið hefði verið viðráðanlegra fyrir þá sem kaupa skipið. En ég er einn þeirra mörgu sem telja að nú, eftir að samningar hafa fyrir alllöngu verið gerðir um þessi skipakaup, sé ekki forsvaranlegt, hvorki fyrir ríkissjóð né Framkvæmdastofnunina, að fara að fleygja 300 — 400 millj. út um glugga með því að rifta samningum. (**Gripið fram í:** Hvenær voru samningarnir undirritaðir?) Mér er ekki kunnugt um það nákvæmlega, enda átti ég þar enga hlutdeild að, en ég giska á að það hafi verið einhvern tíma á haustdögum. (**Gripið fram í:** Heldur ráðh. að það sé búið að undirrita þessa samninga?) Ég held að það sé ekki aðeins búið að undirrita samninginn, heldur er mér kunnugt um að Framkvæmdastofnun hefur lagt fram ábyrgð á 10% af kaupverðinu. Hún er því þegar með þeim hætti bundin við greiðslu upp á liðlega 300 millj. kr. ef rifta ætti samningnum. Þegar af þessari ástæðu tel ég að það geti ekki komið til greina að hætta við kaupin.

Ég vil sérstaklega mótmæla þeim ummælum, sem uppi hafa verið höfð hér í þinginu og þá ekki síður í fjölmiðlum, að það eigi að leggja fram úr ríkissjóði 80% af kaupverði. Svo er að skilja á því, að ég hafi ekki undan að moka fé úr ríkissjóði í þessi togarakaup. Auðvitað er þetta eins og hver önnur endaleysa. Hérna er einungis um það að ræða að ríkissjóður ábyrgist erlend lán sem tekin eru í þessu skyni. Síðan tekur ríkissjóður auðvitað veð í skipinu og gerir jafnframt samning um að hann fái greiðslur af aflaverðmæti upp í vexti og afborganir sem greiða þarf af þessum lánum. (**Gripið fram í:** Hve hátt hlutfall?) Ég get upplýst það hér, að við höfum gert kröfu um 20% af aflaverðmæti í sambandi við þetta skip. Jafnóðum og afli er seldur af þessu skipi fær ríkissjóður 1/5 hluta upp í vexti og afborganir sem ríkisábyrgðasjóður hugsanlega kynni að þurfa að reiða fram.

Ég vil líka mótmæla því alveg sérstaklega, sem fram hefur komið hér af einhverjum misskilningi, að ákvörðun Framkvæmdastofnunar í þessu máli muni lenda á skipasmíðaiðnaðinum í landinu. Þetta er misskilningur. Ég vil hafa það alveg á hreinu að þessum misskilningi sé eytt vegna þess að ég heyri að þó að ég hafi verið að reyna að leiðrétta þetta, t. d. í umr. í gær, halda fjölmiðlarnir útvarp og sjónvarp áfram að tyggja þetta eins og einhverja gefna staðreynd. Þetta er hreinn misskilningur frá upphafi til enda.

Þegar um það var rætt á haustmánuðum, hvað ríkissjóður þyrfti að veita Byggðasjóði mikla viðbótarfyrirgreiðslu umfram það sem þegar hafði þá verið ákveðið með tillögum í fjárlögum og þar sem getið er um bein framlög úr ríkissjóði og lánsfjármögnun Byggðasjóðs, þá kom fram að skuldbindingar Byggðasjóðs vegna skipakaupa gætu numið allt að 3000 millj. gkr. á næsta ári. Með hliðsjón af þessu var ákveðið að útvega Byggðasjóði 1500 millj. gkr. til viðbótar í lán og að ríkissjóður mætti ábyrgjast þessi endurlán allt að 1500 millj. gkr. Eins og ég gerði grein fyrir hér í gær, var það skoðun mín og er skoðun mín enn, að kaupin á togaranum til Þórshafnar hafi verið innifalin í þessari upphæð alveg ótvírætt. — Ég get hér upplýst hvaða skip var verið að ræða um í sambandi við innlenda skipasmíði: Það var verið að tala um skipið Jón Magnússon frá Patreksfirði og áætlað að Byggðasjóður þyrfti að lána í það 110 millj. Það var um að ræða skipið Skagstrending og lán Byggðasjóðs upp á 560 millj. Það var um að ræða skipið „Flakkarann" svonefnda, sem er eign Slippstöðvarinnar, og lán Byggðasjóðs í því sambandi upp á 280 millj. Og það var um að ræða skipið Hólmadrang og lán Byggðasjóðs að upphæð 840 millj. Samtals voru þetta 1790 millj. Til viðbótar þessu gat svo komið til greina að á Byggðasjóð *féllu skuldbindingar vegna Fáfnis hf.* á Þingeyri, sem ætlar að láta byggja skip í Slippstöðinni á Akureyri. Lán Byggðasjóðs yrðu þá allt að 600 millj. kr. ef til þess kæmi, en mér vitanlega höfðu þá ekki verið teknar neinar ákvarðanir um að þetta skip yrði smíðað og mér skilst að endanlegir samningar um það hafi enn ekki verið gerðir, a. m. k. mun Fiskveiðasjóður ekki vera búinn að afgreiða það mál.

Til viðbótar við þessa upphæð, sem ég nú hef nefnt og nemur um 2400 millj. ef allt er talið, voru nokkur önnur lán af hálfu Byggðasjóðs þannig að samanlagt var talið að upphæðin gæti farið eitthvað upp fyrir 3000 millj. kr. Þá var að sjálfsögðu reiknað með, a. m. k. eins og þetta birtist mér, að skipið, sem ætti að fara til Þórshafnar, væri inni í þessari upphæð.

Þegar síðan er ákveðið að 1500 millj. séu veittar til viðbótar til Byggðasjóðs er ekki um það að ræða að *menn séu að koma á silfurfati* með 1500 millj. til skipasmíðaiðnaðarins í landinu. Hann hefði fengið sitt hvernig sem allt hefði oltið. Það hefði þá bara kostað það, að lánveitingar Byggðasjóðs til annarra mála hefðu orðið minni. Viðbótarframlag til skipasmíðaiðnaðarins sem slíks skiptir þar af leiðandi ekki máli í þessu sambandi. Hann var búinn að fá loforð meira eða minna fyrir þessari fyrirgreiðslu úr Byggðasjóði og hefði fengið þessar upphæðir hvort sem þessi fyrirgreiðsla ríkissjóðs hefði komið til eða ekki. En það er ljóst, að ef Byggðasjóður hefði þurft að standa við að reiða fram öll þessi lán til skipasmíðaiðnaðarins hefði ráðstöfunarfé sjóðsins til annarra mála orðið minna að sama skapi. Það vorum við með í huga þegar við ákváðum að 1500 millj. kr. yrðu útvegaðar til að láta í Byggðasjóð. Það er því ljóst af orðum mínum, að sú ákvörðun, sem tekin var um 1500

millj. eða sú ákvörðun, sem varðar það skip sem á að fara til Þórshafnar, snertir ekki skipasmíðaiðnaðinn í landinu á einn eða neinn hátt.

Það er aftur á móti alveg rétt, sem kom fram hjá hv. þm. Sighvati Björgvinssyni, að orðalagið í frv. til lánsfjárlaga er ekki alls kostar heppilegt. Það er kannske fullónákvæmt og þarfnast nánari skoðunar. Mér var strax ljóst þegar ég sá frv. að þarna höfðu orðið mistök. En ég vil samt benda á það, að í raun og veru er hægt að túlka þetta ákvæði á þann veg, að sú 600 millj. kr. viðgerð á skipinu, sem á að fara fram í Slippstöðinni á Akureyri, rúmi þá fyrirgreiðslu sem þarna er verið að ræða um. (**Gripið fram í:** En aðrar skipaviðgerðir í landinu?) Ja, þetta hefur engin áhrif á þær því að orðalagið í lánsfjárlögunum fullnægir algjörlega því, að þetta lán sé veitt til annarra skipasmíðaverkefna. Ég tel rétt að athuga nánar í nefnd hvaða orðalag menn vilja helst hafa á þessu ákvæði, og ég tel að kannske mætti orða það á nákvæmari hátt, en þó hygg ég að ef menn vildu halda því alveg óbreyttu mundi það samt sem áður duga, eins og það er orðað, til að ná yfir fyrirgreiðslu til þessa skips vegna þess að stendur til að fram fari stórfelld viðgerð á skipinu í Slippstöðinni á Akureyri og það væri þá hægt að lána fyrst og fremst til þeirrar framkvæmdar.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson bar fram þá fsp. í gær, hvort rétt væri að ákveðið hefði verið að hækka ábyrgðarhlutdeild ríkissjóðs úr 80% í 90% með bréfi sem hefði verið sent í gær. Ég vil láta það koma hér fram, að í gær var sent bréf frá fjmrn. þar sem gerð var grein fyrir því, að þegar hefði verið ákveðið að nota heimild í lögum um 80% ábyrgð vegna kaupa á skuttogurum, en jafnframt væri fyrirhugað, sbr. ákvæði í lánsfjárlögum, að taka ábyrgð á 10% til viðbótar. Samanlagt eru því áformin í sambandi við þetta skip um 90% ábyrgð ríkissjóðs. En auðvitað er þetta háð samþykki Alþingis. Það er alveg ljóst af bréfinu sem sent var í gær, að enn eru þetta einungis áform. Ef Alþingi er ekki reiðubúið að samþykkja, að ákvæðið um 1500 millj. nái til þessa skips og fyrirgreiðslu til þess segir sig auðvitað sjálft að þá fellur það áform um sjálft sig, nær ekki fram að ganga. En þannig var þetta hugsað á sínum tíma og þannig hafði ég alltaf skilið það og þess vegna hefur verið við það miðað.

Ég held að þessi útskýring mín geri fulla grein fyrir fsp. hv. þm. Það eru 80 prósentin, sem eru nú í lögum, sem áfram verður gert ráð fyrir að eigi við í þessu sambandi, og ef lánsfjárlagafrv. verður að lögum og það verður orðað á þann veg að það rúmi ótvírætt fyrirgreiðslu í þessu sambandi verður hún notuð í þessu skyni. Bréf um það hefur verið sent. Í þessu bréfi kemur jafnframt fram, að rn. hefur ákveðið að krefjast 20% hlutdeildar í aflaverðmæti næstu tvö árin og sé sá hlutur ætlaður til að greiða vexti og afborganir af láninu.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég kemst ekki hjá því að gera strax nokkrar aths. við ræðu hv. þm. Sighvats Björgvinssonar. Hann notaði æðioft orðin „að margt væri skrýtið" o. s. frv. Ég get ekki sagt að mér hafi þótt ræða hans neitt skrýtin, — við eigum hans málflutningi að venjast, — en það, sem sagt var, er allt fullt af rangtúlkunum og fullyrðingum sem ég verð að leiðrétta.

Hann fullyrti að enginn vildi taka ábyrgð á þessu. Ég sagði í gær að ég tæki fulla ábyrgð á því að hafa samþykkt viðbótartogara. Það gerði ég á fundi fyrst þegar til mín kom forstjóri Framkvæmdastofnunar, sem hér situr, í byrjun júlí ásamt fleirum og afhenti mér eintak af samþykkt Framkvæmdastofnunar frá 4. júlí, sem fram kemur í bréfi til forsrh., dags. 8. júlí. Ég sagði þá að að þessari niðurstöðu fenginni skyldi ég samþykkja að þarna kæmi viðbótartogari og á því tek ég alla ábyrgð. Togarinn hefði að sjálfsögðu ekki komið ef ég hefði hafnað því, geri ég ráð fyrir, og vonandi þarf ekki að fara fleiri orðum um það. Ég hef hins vegar litið svo á, að það væri ekki verkefni sjútvrh. að ákveða hvers konar skip útgerðarmenn kaupa.

Hv. þm. talar um frumkvæði. Flokksbróðir hans, hv. þm. Árni Gunnarsson, var þó maður til að viðurkenna að hann hefði átt frumkvæði með því bréfi sem hann skrifar ásamt fleiri þm. Ég hef ekki séð hann hlaupa undan merkjum. Og hv. 1. þm. Vestf. viðurkenndi þátt sinn í því að samþykkja upphaflega ábyrgð. Hvaða sleggjudómar eru þetta hjá hv. þm. Sighvati Björgvinssyni?

Hv. þm. talar mikið um vanskil. Því miður eru vanskil allt of mikil í útgerð. En ég hygg að hv. þm. viti í raun og veru að t. d. eru nokkrir góðir togarar í okkar kjördæmi í mjög miklum vanskilum, skulda hundruð milljóna. Ætlum við að segja þjóðinni að þeir séu ómagar á íslensku þjóðinni? Þeir flytja gífurlegt aflaverðmæti í land, halda uppi atvinnu. Og ég vil halda því fram, að þrátt fyrir þessi vanskil, sem eru vissulega mjög erfið og umhugsunarverð, séu þeir ekki ómagar á þjóðinni. Ég vil leyfa mér að vona að þeir greiði að lokum öll þau vanskil sem á þeim hvíla.

Sumir þessara togara voru samþykktir í Fiskveiðasjóði, og reyndar allir sem þarna er um að ræða, fyrir mína tíð. Sumir voru samþykktir í tíð hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar. Það er líklega enginn af þessum samþykktur í tíð hv. þm. Kjartans Jóhannssonar. Þeir eru að koma þrír. Það verður gaman að sjá hvernig þeir standa sig. Ég get ekki ætlast til þess, að hv. fyrrv. sjútvrh., Matthías Bjarnason, tæki ráðin af útgerðarmönnum og segði þeim að þessir togarar kæmu ekki til með að bera sig og því skyldu þeir ekki kaupa þá. Þá væru nú fyrst ríkisafskiptin orðin mikil ef sjútvrh. ætti að vera að ákveða hvort ákveðið skip er arðbært eða arðbært ekki eftir að viðkomandi sjóðir og fleiri hafa samþykkt það.

Ég vísa því algjörlega á bug og ég mun aldrei fallast á það á meðan ég er þar, að sjútvrn. taki þannig upp daglegt eftirlit með ákvörðunum einstakra útgerðarmanna, sem hafa fengið sín skip samþykkt eftir leiðum sem hér eru farnar, t. d. hjá Fiskveiðasjóði eða Byggðasjóði o. fl. (Gripið fram í.) Já, eða ríkisstj. Þá verða þeir sjálfir að standa skil á því. Hér er búið að gera samning. Viðkomandi skip á að greiða 20% af afla. Það ætti að vera nóg til að standa undir þessum lánum. (Gripið fram í.) Ekki ríkisafskipti? Ja, það er verið að tryggja það sem ríkisábyrgðasjóður í þessu tilfelli veitir ábyrgð fyrir. Fiskveiðasjóður, þegar hann á hlut að máli, gerir svipað.

Hv. þm. gerði mikið úr því sem fór á milli mín og forstjóra Framkvæmdastofnunar, hæstv. forseta þessarar deildar. Það virtist ekki komast inn í hans koll hvað um var að ræða. Ég viðurkenndi í gær að misskilningur virtist um eitt orð, hvort ég hafi sagt: „menn eru þeirrar skoðunar að málin skuli leysa svona" eða „við erum þeirra skoðunar". Ég nota sjaldan orðið „menn" út af fyrir sig. En þarna vorum við að ræða um fund sem við sátum, fjmrh., ég og forstjóri þessarar stofnunar, niðri í Kringlu. Ég átti að sjalfsögðu við að við fjmrh. vorum og erum

þeirrar skoðunar að málið mætti leysa svona. Það virðist valda miklu fjaðrafoki. Nóg um það.

Ég ætla ekki að fara að ræða fiskverð hér. Seinna gefst tækifæri til þess. En það kemur mér þó spánskt fyrir sjónir ef í þeirri ríkisstj., sem hv. þm. sat í, hefur ekki verið rætt um fiskverð. Í þeirri ríkisstj. einni, sem ég hef setið í áður, var ætíð rætt um fiskverðsákvörðun ef oddamaður varð að skerast í leikinn. Ég held að fiskverðsákvörðun sé svo mikilvæg að vafasamt sé að ræða slíkt ekki í ríkisstj.

En ég vil koma að málefnalegri ræðum, sem hér hafa verið fluttar, fyrst ég er staðinn upp.

Hv. þm. Magnús H. Magnússon nefndi réttilega að fjölgun togara þýði skerðingu á kjörum sjómanna, þ. e. minni þorskafla. Þetta er rétt og er umhugsunarmál. En skerðir ekki BÚR-togarinn neitt afkomu sjómanna eða þeir sex togarar sem hafa verið samþykktir af Fiskveiðasjóði undanfarin þrjú, fjögur ár? Þeir gera það því miður. Ég vona að þeir togarar standi sig, t. d. BÚR-togarinn sem kostar á sjötta milljarð. Það vona ég sannarlega. En ég verð að halda því fram, að þeir skerði líka kjör sjómanna.

Hv. þm. Vilmundur Gylfason spurði um franskt skip. Ég reyndi að afla mér upplýsinga um þau mál. Ég vil segja það hér, að þegar forstjóri stofnunarinnar ásamt fleiri kom til mín á fund spurði ég hvað skipið ætti að kosta. Mér var sagt að gert væri ráð fyrir að það kostaði 1400—1500 millj. Ég stóð í þeirri góðu trú að það yrði u. þ. b. verðið, ég verð að viðurkenna það. Ég held að sú breyting sé ákaflega vafasöm sem síðan hefur verið gerð, en tel að það sé málefni útgerðaraðilanna fyrst og fremst og Framkvæmdastofnunar sem bauð fram aðstoð í þessu máli í þeirri samþykkt sem hún gerði 4. júlí. Hvenær hætt er við franskt skip og kaup fest á norsku veit ég því ekki. En ég kynnti mér það einnig í morgun, að Framkvæmdastofnun gefur út ábyrgðarskírteini fyrir 10% af kaupverði skipsins og það er dagsett 17. okt. og tekið fram í þeirri ábyrgð að það sé byggt á kaupsamningi sem gerður hafi verið 19. sept. um kaup á þessum togara, Iversen, eða hvað hann heitir, með viðbótarsamningi, dagsettum 25. sept. Ég hef að vísu ekki séð þann samning, en ég tel ljóst að Framkvæmdastofnun hafi séð þann samning. Það hlýtur að vera, því ábyrgðin er gefin út á þeim grundvelli. Það hlýtur að koma fram um hvers konar skip er að ræða. Þá hefur það verið orðið norskt — enginn vafi.

Hv. þm. Árni Gunnarsson spyr hver ákveði kaup þessa togara. Ég hef kannske að hluta svarað því.

Hv. þm. Friðrik Sophusson gaf hálfpartinn til kynna samþykkt Framkvæmdastofnunar hefði breyst í meðförum ráðherra. Ég mun láta ljósrita það bréf og afhenda hv. þm. svo hann geti sannfærst um að þar er engin fölsun af minni hálfu — og þarf ekki að ræða meira um það.

Ég vil hins vegar leyfa mér að bera fram fsp. til hæstv. forseta þessarar deildar, forstjóra Framkvæmdastofnunar. Í Dagblaðinu í gær er skýrt frá viðtali við hann og fleiri. Þar segir svo og haft — innan gæsalappa — eftir Sverri Hermannssyni:

„Ég flutti stjórn Framkvæmdastofnunar skýrslu um stöðuna í togaramálinu fyrir Þórs- og Raufarhöfn í gærmorgun. Þegar umræður voru hafnar hringdi sjútvrh. og tjáði mér að málið hefði verið rætt á fundi ríkisstj. þá um morguninn. Viðhorf stjórnarinnar væri að það væri að fara úr öskunni í eldinn að hætta við kaup togarans. Áherslu skyldi leggja á að lækka endurbótakostnað. Kaupverð skyldi skoðast 28 millj. norskra kr. Hlutur byggðasjóðs skyldi vera 10% af því verði, en 10% mætti taka af sérstöku framlagi sem ríkissjóður ætlar að tryggja sjóðnum (svokallað sælgætisgjald) og stæði ábyrgð ríkissjóðs þar að baki."

Þetta er allt annað en m. a. hæstv. forseti gerði grein fyrir hér í gær. Hérna kemur hvergi fram, sem hann sagði í gær, en ég hefði undirstrikað í upphafi og lok míns samtals að ekki væri von á neinni samþykkt frá ríkisstj., heldur má skilja þetta svo, að hér sé einmitt um samþykki ríkisstj. að ræða. Ég man ekki til þess, að hann notaði í gær nokkurn tíma orðið „skyldi". Ég vildi gjarnan að hæstv. forseti leiðrétti þessi ummæli sín ef þau eru röng.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Maður skyldi halda af þeim umræðum sem hér hafa farið fram, að þetta væri eina skipið sem hefði verið smíðað eða komið á miðin á undanförnum árum. Ég man ekki til þess, að neinn hv. þm. bæði um að taka til máls utan dagskrár þegar öðrum skipum hefur verið hleypt af stokkum eða þau komið til landsins. Ég hef ekki heldur heyrt það, að t. d. hv. þm. Magnús H. Magnússon hafi bent á að aðrir togarar en þessi Þórshafnartogari mundu taka eitthvað af þorski eða öðrum sjávarafla. Öll umræðan um þetta mál snýst um að þessi eini togari, ekkert annað skip, geri þetta.

Ég vil vekja athygli á þessari umræðu. Það er merkilegt t. d., að eins hógvær þingmaður og 1. þm. Reykn. er, hv. þm. Matthías Á. Mathiesen, kemur upp í ræðustól og segir: Þetta er einstakt mál.

1973 komu þrír togarar til landsins. Hvert fóru þeir? Einn fór til Reykjavíkur, einn til Hafnarfjarðar og einn til Akureyrar. Þeir fengu ekki 100% fyrirgreiðslu í sambandi við þessi kaup, heldur var talið á þeim tíma að þeir hefðu fengið 105%, þ. e. að allur pakkinn var tekinn, ekki einungis skipið sjálft, heldur líka veiðarfæri. En þá eru skipakaupin núna allt í einu orðin einstakt mál, — eitthvað sem aldrei hefur áður gerst í þessu landi.

Menn athuga það ekki t. d. líka, að það eru tveir togarar skrásettir á Tálknafirði. Annar kom árið 1980. Ég er kannske orðinn minnislítill, en tók einhver hv. þm. til máls þá? Það eru 273 íbúar á Tálknafirði, miðað við það sem stendur í Hagtíðindum. Það mun víst rétt vera að annar togarinn landi, a. m. k. öðru hvoru og kannske alfarið, á Bíldudal. En þó að maður leggi þær íbúatölur saman stendur miklu færra fólk á þessum tveimur stöðum á bak við þá togara, sem ég er að tala um, en Þórshafnarskipið. Ég ætla ekki að finna að því þótt þetta hafi verið gert á Tálknafirði. Ég er eingöngu að benda á að ég gæti komið með óteljandi dæmi um að skip hafi verið flutt inn án þess þó að það hafi verið gert að öðru eins máli og þessi Þórshafnartogari er orðinn. Það mætti náttúrlega minna á margt fleira í því sambandi, bæði á loðnuskipin og ýmislegt fleira, en ég ætla ekki að fara út í þá sálma að þessu sinni.

Menn tala um að það sé verið að sækja í vasa skattborgaranna, og það er verið að tala um hvaða rekstrargrundvöllur sé fyrir þessu skipi. Er málið svona einfalt? Hver er rekstrargrundvöllur fyrir þau skip sem kosta næstum því tvöfalt meira? Er hann fyrir hendi?

Eins og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson talaði áðan mætti ætla af orðum hans að vegna þess að skipin eru orðin svo dýr ættum við að hætta kaupa skip. Hann hafði

ekki áhyggjur af neinum togara öðrum í þessu landi en Þórshafnartogaranum. Það er eins og þetta skip sé komið á heilann á sumum þingmönnum. Ég verð að spyrja: Er það eðlilegt og er það ekki umhugsunarvert að þetta mál skuli vera rætt hér dag eftir dag í sölum Alþingis, en önnur hliðstæð mál ekki?

Menn tala um að þetta skip sé dýrt. Það fer náttúrlega eftir því hvaða mælikvarða menn hafa á því, hvað er dýrt og hvað er ódýrt. Ég hef enga þekkingu á því að meta skip. En er það alveg víst, t. d. ef ég færi að kaupa bíla, að þó að ég keypti bíl sem væri nýrri og kostaði fleiri krónur væru það í raun og veru verri kaup — gæti það ekki verið það gagnstæða — en að kaupa 7—8 ára bíl, þó hann kostaði eitthvað færri krónur? Er ekkert spurt um það í sambandi við þessi mál, hvað er verið að kaupa? Horfa menn einungis á tölur, og athuga menn það ekki í sambandi við þessi skipakaup, ef rétt er frá skýrt, að svipað skip og þarna er um að ræða mundi kosta fast að því helmingi meira ef ætti að byggja það innanlands?

9. þm. Reykv., Vilmundur Gylfason, talaði um að þetta skip væri þrisvar sinnum dýrara en hefði verið rætt um. Ég er kannske ekki nógu góður í stærðfræði, en ég man ekki betur en væri verið að tala um að skipið mundi kosta 1400—1500 millj. og átti þá eftir að breyta því. Það var 7—8 ára gamalt skip, eftir því sem mér var tjáð, en þetta er svo þrisvar sinnum dýrara. Þetta er málflutningurinn.

Hvenær var ákveðið að kaupa þetta skip? Hæstv. sjútvrh. er búinn að svara því. Samningurinn mun vera undirskrifaður 19. sept., efir því sem sést í ábyrgðaryfirlýsingunni. Svo kemur formaður stjórnar Framkvæmdastofnunar ríkisins hér og segir að það sé ekki búið að gera neinn samning. Ætli hann hafi ekki verið mættur á þessum fundum? Hvernig er hægt að vitna í samning ef hann hefur aldrei verið fyrir hendi hjá Framkvæmdastofnuninni? Málflutningurinn er skýtinn.

Hv. þm. Vilmundur Gylfason talaði um að hér væri um einhver skuggaviðskipti að ræða. Hvað á þm. við? Hvað meinar þessi þm. með skuggaviðskiptum? Hann spyr enn fremur að því, hver hafi ákveðið að kaupa þetta skip og hvenær. Það er búið að svara því hvenær. Þeir menn, sem fóru út fyrir hönd Norður-Þingeyinga, ákváðu það eftir að vera búnir að skoða mörg skip, að mér er tjáð. Ég hef líka spurt að því nú, hvernig hafi staðið á því, að það var horfið frá því að kaupa þetta franska skip. Það vill svo til að í Útgerðarfélagi Norður-Þingeyinga eru ekki einungis Raufarhöfn og Þórshöfn, heldur enn fremur hrepparnir Svalbarðsstrandarhreppur og Sauðaneshreppur. Ég hef spurt oddvitana þar, hvort þeir hafi fylgst með því, hvernig þetta hafi verið, og fleiri menn. Það var almennur vilji fyrir því fyrir austan að reyna að fá ársgamalt eða tveggja ára skip ef það væri hægt. Því olli reynslan af hinum togaranum, óttinn við að sagan mundi endurtaka sig.

Hv. þm. Vilmundur Gylfason spyr forseta deildarinnar að því, 4. þm. Austurl., hv. þm. Sverri Hermannsson, niður um hverja hann hafi viljað leysa. Ég hef fengið þetta orðrétt eins og þm. mun hafa sagt þetta í sjónvarpinu. Hv. þm. forseti deildarinnar mun hafa sagt þetta, eftir því plaggi sem ég hef fengið frá sjónvarpinu.

„Já, því miður er þetta mál þannig vaxið að mínum dómi. Héðan af þarf að stöðva það til þess að leysa ofan um þá menn sem með þessum hætti haga sér: kaupendur, umboðsmenn og aðra sem með þessum hætti ganga fram."

Af þessu tilefni vil ég enn fremur spyrja forseta deildarinnar: Við hverja átti hann? Ástæðan fyrir því, að ég spyr um þetta, er sú, að ég tel að þm. séu umboðsmenn kjósenda sinna. Ég hygg að flestir hugsi þannig. Þess vegna vil ég fá það alveg hreint út við hverja er átt. Ég hygg að ummælin t. d. um hina ungu menn í Norður-Þingeyjarsýslu séu algjörlega ómakleg, sem hafa bæði verið í fjölmiðlum og hér á þinginu, að þeir hafi verið að gera eitthvað sem sé athugavert. Það eina, sem er rétt í þessu sambandi, er að niðurstaða þeirra var að kaupa ársgamalt skip sem reyndist að vísu dýrara en 7—8 ára skip. Það er málið.

Að marggefnu tilefni vil ég enn fremur spyrja hv. 4. þm. Austurl. að því, hvort þm. Norðurl. e. hafi legið á upplýsingum er varða þessi togarakaup eða villtu um fyrir starfsmönnum Framkvæmdastofnunar ríkisins á nokkurn hátt í sambandi við þetta mál. Ég vil líka fá þetta upp vegna þeirrar umræðu sem hér fer fram. Ég fullyrði að enginn af þm. Norðurl. e. hafi villt um fyrir neinum í þessu máli eða legið á upplýsingum. Þetta hef ég ekki eftir hæstv. forseta, en það er spurt að gefnu tilefni: umræðunni sem hér fer fram og hefur farið fram í þjóðfélaginu.

Ég hef náttúrlega verið sérstaklega nefndur til sögunnar í sambandi við þessi mál og ýmsum, sem hafa haft sambandi við mig, hefur fundist að sumt af því, sem vissir aðilar hafa sagt, hafi ekki verið af neinum sérstaklegum velvilja mælt í minn garð. Hitt vil ég þó taka fram, þannig að það liggi á hreinu, að þegar sumir af þessum aðilum brigsla mér hljómar það eins og lofsöngur í mínum eyrum.

Þá er komið að máli Framkvæmdastofnunar ríkisins. Það liggur nefnilega fyrir, að samningur lá fyrir upp á 21 millj. norskar kr. þegar ákvörðunin var tekin. Það liggur líka fyrir, að það var skýrt frá því á sama fundi að þetta væri rækjutogari sem þyrfti að breyta. Það var giskað á að það mundi kosta a. m. k. 3—4 millj. norskar. Ég vil spyrja: Er það reynslan hér að áætlanir hafi reynst lægri þegar á reynir en menn hafa haldið? Þarna var ekki inni í fiskikassar, lántökukostnaður og ýmislegt annað.

Ég tel að Framkvæmdastofnun hafi að vissu leyti hlaupið frá málinu þegar var samþykkt að standa við 20% af 21 millj. Hún var búin að samþykkja í sjálfu sér hærri upphæð því það lá í augum uppi að það yrði að breyta þessu skipi. Það lá fyrir að það mundi kosta a. m. k. allt að þeirri upphæð sem ég gat um áðan. Það er ekki stórmannlegt að hlaupa frá málum.

Það er spaugilegt að togarinn, sem hefur valdið svona mikilli umræðu, skuli vera frá þessum stað. Þaðan kom sá maður sem á frumkvæðið að því að Framkvæmdastofnun ríkisins og Byggðasjóður eru til. Þar var hann og starfaði sem fulltrúi þess staðar. Eins og ég gat um í gær var gerð byggðaáætlun um Norður-Þingeyjarsýslu. Í kjölfar samþykktar um Byggðajafnvægisstofnun ríkisins var flutt till. af Gísla heitnum Guðmundssyni, 1970, um þessa byggðaáætlun. Hún var tilbúin 1976. Ég vil biðja hv. þm. að lesa lögin um Framkvæmdastofnun ríkisins gera sér grein fyrir því, til hvers þessi stofnun er. Það virðist vera að ýmsir geri sér ekki grein fyrir því.

Það kom fram ýmislegt umhugsunarvert í ræðu hv. þm. Sighvats Björgvinssonar. Það vantar nú ekki að hann sé að því leyti til sjálfsagt öðruvísi en hann meinar

að hæstv. sjútvrh. sé, að hann er ekki fljótfær, hugsar vel sitt mál áður en hann ræðir það sem til umræðu er. En hv. þm. Sighvatur Björgvinsson segir að það eigi að gefa skipið. Á að gefa skip yfirleitt út á land og er það gert? Var Reykvíkingum fyrir átta árum gefið skipið, sem þeir fengu — eða Hafnfirðingum? Voru togararnir úti um allt land gefins? Er ekki líklegra að þetta skip a. m. k. standi fyrir sínu, miðað við það verð sem er á sams konar skipum sem er verið að smíða nú?

Og hann spyr hverjir eigi að selja afurðirnar. Sambandið selur nú fyrir Þórshöfn, Raufarhöfn er á annarra vegum. Þeir skipta þessu á milli sín.

Og svo kemur það: Fulltrúi Alþfl., segir hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, fulltrúi Alþfl. í Framkvæmdastofnun var alltaf andvígur togarakaupunum. Þetta er umhugsunarvert. Fulltrúi Alþfl. í þessari stofnun er andvígur í sjálfu sér því máli sem stofnunin á að framkvæma, þ. e. byggðajafnvægismáli. (Gripið fram í.) Ég er að segja hvað hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sagði, að hann hefði verið andvígur málinu frá fyrstu hendi. — En hv. þm. Árni Gunnarsson stendur öðruvísi að þessu máli. Hann er ekkert ofsæll af sínum félögum í þessu máli.

Og þá er komið að breytingunum. Það á að gera breytingarnar hér, það sem meira er: það á líka að kaupa fiskkassana af fiskkassaverksmiðjunni sem er verið að setja í gang. Líklega er þetta fyrsta skipið sem gerir það. Það er sjálfsagt ekki stuðningur við íslenskan iðnað að áliti sumra manna hér. Þannig er umfjöllunin.

Eins og ég sagði í gær á þessi umræða sér langtum dýpri rætur en hefur hér komið fram og miklu dýpri rætur en ég kæri mig um að ræða um á þessari stundu. En það kann að vera að ég eigi eftir að gera það. Það er fyrst og fremst verið að takast á um hvernig eigi að dreifa fénu sem er í Byggðasjóði. Það er verið að takast á um hvort eigi að halda uppi byggð í landinu á svona stöðum. Menn verða að athuga það t. d., að á Þórshöfn var byggt frystihús — það var byrjað á að byggja það 1973 — sem var miðað við 5—6 þús. tonna afla yfir árið. Hverjir stóðu fyrir því? Það var Framkvæmdastofnun ríkisins, og það var eftirlitsmaður frá stofnuninni, Karl Bjarnason, sem gerði það með prýði. Ég efast um að hafi verið betur að staðið að því af heimamönnun annars staðar að byggja slíkt hús. En þegar það var upp komið, 1976 hafði bátaaflinn hrapað úr rúmum 3000 tonnum niður fyrir 1000 tonn. Það var þá sem þeir óskuðu eftir að fá togara. Í kringum sjávaraflann snýst nefnilega öll atvinna á þessum stað.

Umræðan er alveg öfug við allt það eðlilega. Ef eitthvert byggðarlag ætti að fá togara á því herrans ári 1981 er það Þórshöfn vegna þess að Þórshöfn stendur og fellur með þessum hráefnum. Hvaða byggðarlag á Íslandi er þannig sett annað en Þórshöfn? Það kann að vera að það séu einn eða tveir staðir á Austfjörðum. Þá eiga þeir líka að fá svipaða aðstoð. (Gripið fram í.) Það kann að vera að það séu fleiri staðir, en þeir eru a. m. k. búnir að berjast lengst á þessum stað fyrir þessu.

Nú vil ég spyrja formann stjórnar Framkvæmdastofnunar ríkisins að því, hvernig hann ætlar að leysa mál Bjarna Herjólfssonar. Ég held að menn ættu að hugsa svolítið lengra. (Gripið fram í.) Það er óþarfi og ég ætla ekki að taka lengri tíma.

Ég deildi á það í upphafi, að þessi umræða öll hefði farið fram um þetta mál. Margt, sem hefur verið sagt um þetta mál, er lítilmannlega sagt og af litlum skilningi. Ég vona að slík umræða um önnur mál, þegar tekist verður á um mál annarra byggða sem líkt standa, heyrist aldrei í sölum Alþingis.

Ég þakka þeim sem hafa leyst þetta mál, bæði ríkisstj. og þeim mönnum í stjórn Framkvæmdasjóðs sem urðu til að leysa þetta mál, og ég þakka byggðadeild Framkvæmdastofnunar og framkvæmdastjóra hennar fyrir það sem hann hefur vel gert í þessu máli. Ég sagði: „fyrir það sem hann hefur vel gert“ — því það er mikið sem hann hefur gert vel í þessu máli. Það er mér alveg ljóst og er ekkert viss um að það hefði leystst — ég er raunar viss um að það hefði ekki leystst ef hann hefði ekki lagt þar hönd að. En svipað gæti ég kannske sagt um ýmsa aðra líka.

Að endingu vil ég segja það, að það er alveg rétt, sem hefur komið hér fram, að þetta var að frumkvæði þm. Norðurl. e., og ég veit ekki betur en þeir standi allir að þessu máli og beri þá ábyrgð sem fylgir því að vera þingmaður og berjast fyrir byggðarlag sem er í hættu, eins og hefur verið gert í þessu tilviki.

Ég ætla þar með að ljúka máli mínu.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Það hefur þegar verið sagt margt í þessu máli og hér hafa fleiri en einn ráðh. þegar talað svo að það er kannske ekki ástæða til þess, að fleiri af hálfu ríkisstj. segi mikið um þetta mál. Ég tel þó að það sé rétt að ég greini hér frá nokkrum sjónarmiðum af minni hálfu sem snerta þetta mál, m. a. af þeim sökum að það tengist uppbyggingu íslensks skipasmíðaiðnaðar með vissum hætti og fjárveitingum í því samhengi. Umræðan hefur a. m. k. sveigst inn á þá braut hér og ég tel því rétt, að ég segi hér nokkur orð um þetta.

Ég held að fáa hér á hv. Alþingi greini á um nauðsyn þess a reyna að jafna veiðar og vinnslu í landinu og nýta sem best þau atvinnutæki sem þegar hafa verið byggð upp eða eru í uppbyggingu, m. a. í sjávarútvegi okkar. Þetta stendur allvíða á blaði hjá þeim sem eru að leitast við að marka nýja stefnu í sambandi við sjávarútveginn í landinu, og ég tek mjög undir það, en það þarf áreiðanlega margt að gerast áður en við erum búnir að ná þar því marki sem æskilegt væri.

Það mál sem hér er til umr., togarakaupamál til Þórshafnar, tengist þessu markmiði með vissum hætti og var fram borið af þm. kjördæmisins með það í huga að fá úrlausn á vandkvæðum sem þarna væru að þeirra mati að þessu leyti. Ég hef aldrei verið sannfærður um það, frá því að þetta mál var upp tekið, að kaup á togara af þessari stærð, sem hér um ræðir, væru hin æskilegasta lausn fyrir viðkomandi byggðarlög, Raufarhöfn og Þórshöfn. Ég átti hlut að því innan ríkisstj. á s. l. sumri að taka undir þá tillögu, sem komið hafði frá Framkvæmdastofnun ríkisins, að fiskiskip yrði fengið til staðarins, en tjáði hins vegar þau viðhorf af minni hálfu þá og síðar að mér litist ekki á rekstrargrundvöll fyrir skip af þessari stærð fyrir þessar tiltölulega litlu byggðir. Þetta er atriði sem ég ætla ekki að gerast neinn dómari í, — ég þekki ekki það vel til mála á þessum stöðum„ — en það er þó mitt viðhorf að menn hafi sett markið óþarflega hátt sums staðar í tiltölulega litlum byggðum, þegar um það hefur verið að ræða að ráðast í skipakaup, og ekki alltaf sniðið stakk að vexti. Þannig hygg ég að hagi til m. a. varðandi togskip sem nú eru í byggingu hér innanlands samkv. góðum og gildum samningum sem gerðir hafa verið þar um. En hér verða að sjálfsögðu þeir að bera ábyrgð á eða ættu að

bera ábyrgð á sem eiga að standa fyrir rekstri viðkomandi skipa og standa sumpart fyrir fiskverkun jafnframt, og þarna er nauðsynlegt að saman fari nokkur fjárhagsleg ábyrgð og gerð samninga um útvegun atvinnutækja.

Það er jafnframt nauðsynlegt að minna á að það hagar víðar til á landinu svipað og á Þórshöfn, að ekki er samræmi varðandi veiðar og vinnslu. Ég hygg raunar að það megi finna staði á landinu þar sem þörfin fyrir skip til útvegunar hráefnis til að fullnægja lágmarksþörfum í því sambandi sé brýnni en á þessum stað, og ætla ég þó ekki að fara að nafngreina hér einstaka staði, en hef m. a. í huga staði á Austurlandi eins og Djúpavog, þar sem verið var að vígja nýtt frystihús fyrir fáum mánuðum. Það frystihús var búið að vera í byggingu um 10 ára skeið eða svo, en þar er nú engin fleyta til að draga fisk að landi að þessu nýja atvinnutæki, — engin fleyta svo teljandi sé. Þörfin er því víðar og það verður að vinna að því með skynsamlegu móti að brúa þessi bil.

Þegar rætt er um skipakaup og skipasmíðar hljótum við að hafa í huga þau markmið sem ég held að margir taki undir, að við þurfum að leysa verkefnin í sambandi við nýsmíðar og viðhald fiskiskipastóls okkar eins og verða má hér innanlands. Það á að vera íslenskt verkefni, innlent verkefni í framtíðinni að ráða við þetta, og við þurfum að vinna að því markvisst að verkefnunum sé beint til skipasmíðastöðva hér innanlands, bæði nýsmíði og viðhaldi flotans, og jafnframt verði aðstaða þessara stöðva bætt og þannig að þeim búið fjárhagslega að þær ráði við þessi verkefni með sambærilegum hætti og gerist í nágrannalöndum okkar, þ. e. séu samkeppnisfærar. Það er ekki að marka samanburð sem komið er með þegar dregin eru inn í dæmið fárra daga gömul skip sem eru til af offramleiðslubirgðum í Vestur-Evrópu og fáanleg fyrir tiltölulega lítið fé þessa stundina, mun lægra en hægt er að framleiða sambærileg ný skip fyrir hér innanlands. Slíkur samanburður er að sjálfsögðu ekki réttmætur þegar talað er um nýsmíðar. Það hafa flogið hér fyrir tölur um kostnað sem sé helmingi meiri hvað snertir nýsmíðar innanlands annars vegar og hins vegar erlendis. Hér eru dregnar fram meira en vafasamar tölur inn í þann samanburð. Ég held að það dæmi, sem menn hafa fyrir sér í sambandi við þennan margumrædda togara og þann kostnað sem hann hefur hlaðið utan á sig frá því að samningar voru gerðir, sé einmitt dæmigert fyrir það sem gerst hefur í mörgum hliðstæðum tilvikum. Menn koma með samninga erlendis frá, segja: Við höfum hérna skip á hendinni sem kostar þetta, — en þegar að er gáð og dæmið er gert upp og þær breytingar og viðbætur, sem gerðar eru á viðkomandi skipi, eru tölurnar oft til muna hærri en það sem látið er í veðri vaka.

Það hefur verið til athugunar nú einmitt að undanförnu að afla báta til Vestmannaeyja, þar sem brýn þörf er fyrir endurnýjun á fiskiskipastól. Þar voru óskir uppi um að flytja inn skip frá Póllandi og lágu fyrir tilboð þar að lútandi. En vegna eindreginna óska frá innlendum skipasmíðastöðvum var farið í að leita tilboða innanlands. Fullyrðingar voru uppi um að þetta væri nánast tímasóun því að innlendar skipasmíðar gætu ekkert komið inn í þessar mynd, þetta væri niðurgreiddur iðnaður hjá þeim pólsku. Eflaust er það kostnaðardæmi þannig að um niðurgreiðslu kann að vera að ræða. Það vil ég ekki meta. En hvað kom út úr dæminu eftir að tilboð lágu fyrir hér innanlands í þessum efnum? Tölur mjög hliðstæðar við þær sem fram höfðu verið lagðar í sambandi við tilboð erlendis frá.

Ég tel fulla ástæðu til að draga þessi dæmi inn í umr. til að benda á að það hefur verið haldið fram mjög hæpnum fullyrðingum, svo ekki sé meira sagt, þegar borið er saman við kostnaðarverð skipa smíðaðra erlendis og hins vegar hér innanlands. Skipasmíðaiðnaði okkar hefur verið að fleygja fram á undanförnum árum, framleiðni hans er að aukast. — Þar þarf hins vegar að bæta mjög um frá því sem nú er, og því megum við ekki við því að beina áfram verkefnum úr landi í þessu samhengi. En við þurfum vissulega að hafa kostnaðarlegt aðhald í sambandi við nýsmíðarnar innanlands og ekkert óeðlilegt að fylgst sé náið með hvernig þær standa þegar um er að ræða samanburð við það sem gerist erlendis varðandi hliðstæð verkefni.

Það hefur verið ýtt á eftir af núv. ríkisstj. Það hefur verið tekið undir óskir félags dráttarbrauta og skipasmiðja um að styðja við svokallað bátasmíðaverkefni af þeirra hálfu, þ. e. sérhönnun nokkurra gerða af bátum af stærðinni 150—300 tonn, en það er einmitt slík skipastærð sem þörf er á til endurnýjunar á okkar gamla bátaflota sem er orðinn mjög úreltur. Ég held að sumir þeir staðir sem hafa verið að mæna á togskip upp í 500 lesta stærð, hefðu átt að athuga þau mál jafnvel betur áður en þeir réðust í samninga og festu kaup á mun stærri skipum, því að tvísýnt er um rekstrargrundvöll og einnig um vinnslugetu á aflanum í landi.

Hér hefur verið rætt um fjármagn til innlendrar skipasmíði og að kaup á þessum togara, staðfesting á þeim samningum sem gerðir hafa verið, rýrðu möguleika innlends skipasmíðaiðnaðar. Það er mjög eðlilegt að menn séu viðkvæmir fyrir slíku í því samhengi sem er fram dregið varðandi þessi togarakaup. Ég sé hins vegar að í frv. til lánsfjárlaga er gert ráð fyrir öðru — það er óbreytt þó að þetta þinggagn hafi verið prentað upp og dreift hér í dag þannig — samkv. aths. við 12. gr. þess frv. Þar stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Ráðgert er að Byggðasjóður veiti fyrirgreiðslu vegna skipasmíði innanlands. Í þessu frv. er því leitað sérstakrar heimildar til öflunar 15 000 þús. kr. lánsfjár til endurlána.“ — Það eru 15 millj. væntanlega. Það eru 1500 millj. gkr. sem þarna er um að ræða og sérstaklega var um samið á s. l. hausti.

Ég ætla ekki að ræða það sérstaklega hvort með þessum fyrirhuguðu togarakaupum sé gengið á hlut innlends skipasmíðaiðnaðar. En það er nauðsynlegt að það verði upplýst með skýrum og skilmerkilegum hætti hvort svo sé, og ég tel að Byggðasjóður og forsvarsmenn hans þurfi að greina frá því, þannig að ekkert fari á milli mála, hvort hætta sé á að lánsfjármögnun til skipasmíðaverkefna hér innanlands verði skert með samningum og greiðslu þeirra skuldbindinga er varða þennan umrædda togara eða ekki. Ég vænti þess, að upplýst verði í þessum umr. hvort svo sé eður ei. Ég tel að ekki sé forsvaranlegt að ganga á fjármagn sem ráðstafað yrði að óbreyttu til skynsamlegra verkefna í skipasmíðaiðnaði okkar innanlands.

Ég vil svo að endingu segja það, að hér hefur verið rætt um byggðastefnu í þessum umr. Það er ofur eðlilegt, því að útvegun á þessu skipi eins og mörgum skipum áður snertir byggðavandann. En ég, sem tel mig bera byggðastefnu mjög fyrir brjósti, vil vara við því að menn gangi fram með mikilli einsýni í þeim efnum og telji að hvers konar ráðstöfun fjármagns undir merkinu byggðastefna

sé það sem að beri að stefna eða ávinningi skili. Við þurfum einmitt að gæta þess, að ráðstöfun fjármagns til að stuðla að viðhaldi og eflingu byggðar í landinu sé með skynsamlegum hætti þannig að að sem bestum notum komi og skjóti fótum undir arðbæran rekstur úti um landið. Ef við gerum það ekki ýtum við undir handahófsvinnubrögð í þessum málum, — handahófsvinnubrögð svipuð og liggja fyrir í þessu togaramáli, en um það verður ekki deilt, að ég hygg. Við skulum gæta þess að taka ekki allt of sterkt undir slíkt. Það gæti átt eftir að koma aftan að okkur við þau ótalmörgu verkefni sem óleyst eru í atvinnumálum landsbyggðarinnar og á ég þá við allra næstu framtíð. Því er það mín skoðun, að það sé full ástæða til að endurmeta þetta mál og alveg sérstaklega að læra af þeim mistökum sem hér hafa orðið og tengjast stjórnsýslu í þessu landi, fyrir utan þá mörgu aðila sem með beinum og óbeinum hætti hafa komið að þessu máli.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Ég hóf þessa umr. í gær vegna þess að mér þótti nauðsynlegt að gera grein fyrir afstöðu minni í stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins og svo hins vegar til að beina ákveðnum fyrirspurnum til ráðh. um afstöðu hæstv. ríkisstj. til málsins. Umr. hafa hins vegar teygst í allar áttir, án þess að ég gæfi nokkurt tilefni til þess, og nú síðast setur hæstv. iðnrh. á langa ræðu um innlendan skipasmíðaiðnað. Í sjálfu sér er það gagnlegt mál og nauðsynlegt að ræða það hér á hv. Alþingi, en ég get ekki séð að það eigi sérstaklega heima við þessa umr.

Hæstv. iðnrh. sagði í ræðu sinni að hann teldi nauðsynlegt að upplýsa hvort gengið yrði á fjárframlög til innlends skipasmíðaiðnaðar með fyrirhugaðri ráðstöfun á margnefndum 1500 millj. Mér dettur í hug að spyrja hvort þeir gætu ekki rætt við í rólegheitum, hæstv. iðnrh. og hæstv. fjmrh., vita hvort þeir gætu ekki sameiginlega komist að niðurstöðu um það, hvort svo muni verða.

Hæstv. fjmrh. lýsti því hér afdráttarlaust yfir í ræðu sinni áðan að það yrði ekki gengið á fjárframlög til innlends skipasmíðaiðnaðar með þessu móti.

Þar sem ég hóf þessa umr. í gær má ekki minna vera en ég þakki fyrir upplýsingar sem komið hafa hér fram, þótt magrar séu og engan veginn fullnægjandi. En um leið langar mig til að draga saman það sem mér sýnist hafa komið fram í umr., en það er í hnotskurn þetta:

Ríkisstj. telur sig engin tilmæli hafa sent inn á fund Framkvæmdastofnunar ríkisins í fyrradag, málin hafi aðeins verið rædd í ríkisstj. Þar virðist mér því vera á ferðinni misskilningur á milli stjórnar Framkvæmdastofnunarinnar og ríkisstj. Forstjóri stofnunarinnar, hv. þm. Sverrir Hermannsson, greindi í gær í ræðu sinni frá samtali sínu við hæstv. sjútvrh. og hvernig hann hefði flutt boð ráðh. inn á fund stjórnar stofnunarinnar. Hæstv. ráðh. staðfesti allt sem hv. þm. Sverrir Hermannsson sagði, nema hvað hann telur að þm. hafi lagt fulldjúpan skilning í orð sín, hvað sem það kann að merkja. Ég átta mig ekki alveg á því.

Stjórn stofnunarinnar taldi sig fá tilmæli frá ríkisstj. inn á fundinn og á því byggjum við hv. þm. Matthías Bjarnason grg. með atkv. okkar, en þá grg. las ég hér upp í gær. Þessu er nú mótmælt. Ég ætla ekki að gera neitt mál úr þessu ef ég fæ þær upplýsingar sem ég hef beðið um. Þær eru einfaldlega þessar: Hver er afstaða hæstv. ríkisstj. til þeirrar lausnar sem ákveðin var á fundi Framkvæmdastofnunarinnar í fyrradag?

Nú vil ég taka það skýrt fram, þó að ég ætti ekki að þurfa þess, að ég er lítið fyrir að taka við tilmælum frá hæstv. ríkisstj. En í þessu tilviki vil ég fá það alveg skýrt fram, hvort ríkisstj. styður þá lausn málsins, sem samþykkt var í stjórn Framkvæmdastofnunarinnar í fyrradag, eða hvort hún er henni andvíg. Þetta vil ég fá fram vegna þess að ríkisstj. verður að bera sína fullu ábyrgð á þessu vandræðamáli öllu. Eftir að allt það er komið í ljós, sem dregið hefur verið fram í þessu máli, getur hún ekki varpað endanlegri afgreiðslu þess yfir á Framkvæmdastofnun ríkisins og kennt henni svo um mistökin á eftir. Þess vegna spyr ég enn og aftur: Hver er afstaða ráðh.? Hæstv. sjútvrh. og fjmrh. hafa tjáð sig og virðast styðja þessa lausn. Hæstv. iðnrh. vill hins vegar endurmeta málið. Hvað með afstöðu hinna? Hæstv. forsrh. mun hafa sagt í umr. í hv. Ed í gær að hér hafi átt sér stað alvarleg mistök. Hver er hans afstaða? Ég vil gjarnan fá að heyra hana.

Fleira hefur komið fram í þessum umr. Hæstv. fjmrh. lýsti þeirri skoðun sinni, sem ég drap reyndar á áðan, að af margnefndum 1500 millj., sem Byggðasjóði hefur verið faldar til ráðstöfunar, sé eðlilegt að ráðstafa til þessara kaupa jafnvirði 2.8 millj. norskra kr., 10% af kaupverði togarans. Og ég spyr: Er þetta afstaða hæstv. ríkisstj. í heild eða er þetta einhver einkaskoðun hæstv. fjmrh. og hæstv. sjútvrh. Mér þykir mjög mikilvægt að fá þetta hér fram.

Hæstv. fjmrh. lýsti því líka yfir hér í gær, væntanlega fyrir hönd ríkisstj., þó veit ég það ekki, að ríkisstj. ógildi ekki það sem stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins hefur ákveðið. Ég spyr og þá hv. þm. Eggert Haukdal, formann stjórnar Framkvæmdastofnunarinnar: Eru þar með vonir stjórnarformannsins brostnar um að ríkisstj. stöðvi þetta mál? Þýðir þessi yfirlýsing hæstv. fjmrh. að málinu verði ekki breytt? Það má kannske segja að ég hafi fengið svar við spurningu minni með yfirlýsingu ráðh. Þó efast ég um að nokkuð sé að marka það. En það kemur í ljós.

Um frumkvæði í málinu, hver hafi átt frumkvæðið, fæst í sjálfu sér engin niðurstaða og skiptir kannske ekki meginmáli úr því sem komið er. En hæstv. sjútvrh. sýnist vilja halda því opnu hver hafi átt þarna stærstan hlut. Kannske væri hægt að nota það síðar ef vel skyldi greiðast úr þessu öllu saman, þá er gott að hafa ekki fullyrt of mikið um að hafa ekki átt neinn hlut að máli. (**Sjútvrh.:** Sagði ég að ég hafi ekki átt neinn hlut að máli?) Nei, ég var ekki að segja það. Ég var að segja að hæstv. sjútvrh. virtist vilja halda því opnu hver hefði átt stærstan hlutinn.

Stjórnarformaður Framkvæmdastofnunarinnar segir í viðtali við Morgunblaðið í fyrradag að málið sé í sínum augum mjög stórt mál, alla vega milljónfalt Gervasonimál. Það er nú ekkert annað. Milljónfalt Gervasoni-mál! Út frá þessum ummælum geta menn reynt að áætla þungann. Ég hef á tilfinningunni, að hann sé gífurlegur, og miða þá við hvað stuðningur við ríkisstj. vegur mikið nú á tímum. En ég veit ekki hver mælieiningin á að vera eða þá hvort atkv. einstakra stjórnarliða hafi yfirleitt sama vægi. Atkv. hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur vó t. d. einn Gervasoni hér um áramótin, — kannske einn kaffibolla í viðbót, ég veit það ekki. (**Gripið fram í:** Hún hefur neitað því.) Hún hefur neitað því, já. En samkv. mínum

skilningi á orðum hv. þm. Eggerts Haukdals vegur hans atkv. t. d. eina milljón slíkra. En eins og ég segi: Þetta er bara svo slæm mælieining og þess vegna spurningin hvort ekki sé hægt að færa það til peningaverðs, t. d. hvort einn liðhlaupi samsvari 1 millj. gkr. Það gæti út af fyrir sig kannske auðveldað hæstv. ríkisstj. að meta hversu langt hún getur gengið til þess að kaupa stjórnarliða til fylgis við einstök mál.

Menn halda sjálfsagt áfram að deila um feril og framgang þessa máls. Eins og ég sagði áðan var tilgangur minn með því að hefja umr. um málið að fá hér fram hver væri skoðun ríkisstj. Ég hef ekki fengið ákveðin svör. Ráðh. virðast ekki á sama máli og meira að segja hv. þm. Norðurl. e. tala ekki alveg sömu tungu allir, en þeir ætla þó að standa við sína undirskrift og það er meira en aðrir telja sig þurfa að gera nú á þessum síðustu dögum.

Í umr. í gær komu tvö atriði mér sérstaklega á óvart. Í fyrsta lagi þær upplýsingar hv. þm. Eggerts Haukdals, stjórnarformanns Framkvæmdastofnunarinnar, að kaupsamningur hefði ekki verið gerður. Hann sagði mér eftir umr. að hann hefði átt við að kaupsamningur hefði ekki verið undirritaður. Ég geri engan mun á því, óundirritaður samningur er auðvitað enginn samningur, þannig að það er alveg sama hvort heldur hann meinti. Mér er spurn: Hvaða þýðingu hefur þetta í málinu, ef það er rétt hjá hv. stjórnarformanni, að enginn samningur hafi verið undirritaður? Og hvernig í ósköpunum stendur á því, að starfsmenn Framkvæmdastofnunarinnar, framkvæmdastjóri lánadeildar og einhver sem skrifar svo vel að ég get ekki lesið nafnið hans, skrifa undir yfirlýsingu sem er byggð á samningi frá 19. sept. sem ég hef hér líka í höndunum, en hann er að vísu óundirritaður, þetta ljósrit sem ég er með, — hvernig stendur á því, að þeir gefa yfirlýsingu slíka sem þessa um að þeir muni greiða 10% af kaupverðinu eða „deponera" því? Hvernig stendur á því, að svona yfirlýsing er gefin út ef ekki er til undirritaður samningur? Hvar var stjórnarformaðurinn þegar þetta var gert? Mér finnst mjög mikilvægt að fá upplýst hvort þetta er virkilega svona, að ekki sé til undirritaður kaupsamningur, vegna þess m. a. að það hlýtur að hafa áhrif á skaðabótaskylduna ef kaupunum yrði rift. Það er alveg útilokað annað.

Hitt atriðið, sem kom mér líka á óvart, var sú fullyrðing sem ég held að hafi fyrst komið fram í ræðu hjá hv. þm. Halldóri Blöndal, að engin lagaheimild væri fyrir því að ríkisábyrgðasjóður tæki á sig 90% ábyrgð. Mér finnst að fsp. hv. þm. Halldórs Blöndals um þetta atriði hafi ekki verið svarað á fullnægjandi hátt, hvort frv. verði lagt fyrir þingið. Hæstv. fjmrh. ræddi þetta mál að vísu lítillega áðan og greindi frá bréfi þar sem væri beinlínis tekið fram að ábyrgðin yrði 90%, en hann bætir svo við að þetta sé háð samþykki Alþingis. Ég skil það svo, að það sé skoðun hæstv. fjmrh. að heimild sé ekki fyrir þessu í lögum, það verði að leita hennar á hv. Alþingi. Og ég spyr þá enn: Hvernig í ósköpunum stendur á því, að það er ekki búið að þessu? Málið er komið alveg á lokastig og reyndar fram yfir það. Mér skilst að lokafrestur hafi verið í gær um það, hvort skipið kæmi til landsins eða ekki. Hvernig stendur á því, að hæstv. ríkisstj. er ekki búin að kanna hér á Alþingi hvort vilji sé fyrir þessu? Þetta er ein af forsendunum fyrir samþykktinni sem gerð er í stjórn Framkvæmdastofnunarinnar í fyrradag. Nú vita menn ekkert hvort meiri hluti er fyrir þessari leið hér á hv. Alþingi.

Þessar umr. hafa sem sagt ekki leitt til niðurstöðu í þessu máli enn sem komið er. Og ég ítreka það, að ef ekkert kemur frekar fram við þessar umr. mun ég halda mér við þá kröfu mína að það verði kallaður saman fundur að nýju í stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins þar sem þetta mál verði tekið upp. Ég hef kannske vafasaman rétt til að gera slíka kröfu þar sem ég er varamaður í stjórn stofnunarinnar, en mér er kunnugt um að þessi krafa hefur einnig verið sett fram við umr. í hv. Ed. í dag.

Ég vísa aftur til grg. okkar hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar. Þar koma fram ákveðnar forsendur fyrir afstöðu okkar. Eins og þetta mál lítur út núna eru þessar forsendur brostnar. Þær eru brostnar ef það er óvíst hvort meiri hluti er fyrir því á hv. Alþingi að ríkisábyrgðasjóður taki á sig 90% ábyrgðarinnar. Þær eru líka brostnar ef í ríkisstj. er ekki stuðningur við málið nema þá hjá hæstv. fjmrh. og hæstv. sjútvrh. Hinir ráðh. geta ekki haft frjálsar hendur í þessu máli, það kemur ekki til greina. Síðast en ekki síst sýnist mér að forsendur fyrir okkar atkvæði séu líka brostnar ef aldrei hefur verið gerður neinn kaupsamningur. Svona einfalt er þetta. Ég mun ítreka þá kröfu mína, að mál þetta verði tekið upp að nýju í stjórn stofnunarinnar, og ég veit að til þess hef ég a. m. k. stuðning hæstv. iðnrh.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Vegna óskar forseta um að ræðumenn stytti mál sitt vil ég taka það fram að ég talaði um þetta mál í fimm mínútur í gær. Ég vil líka benda á það, sem mér finnst heldur óviðurkvæmilegt og þurfa að breytast í þingsköpum, að hæstv. ráðh. geta skotið sér inn á mælendaskrá hvenær sem er. Þeir eru búnir að tala hér lengi og margir í dag og hafa kannske dregið þessa umr. meira á langinn er flestir aðrir.

Það verður að segjast eins og er, að auðvitað er þessi umr. búin að taka allt of langan tíma. Hún er búin að taka lungann úr tveimur vinnudögum á Alþingi, utandagskrárumræðan um kaup á togara til Þórshafnar á Langanesi.

Þessi ræðustóll hefur minnt mig talsvert þessa tvo daga á skriftastól í kaþólskri kirkju og skriftafaðirinn er þjóðin öll. Þingmenn hafa gengið hér upp í stólinn og verið að afsaka gjörðir sínar, og síðan hafa aðrir komið sem þóst hafa fengið höggstað á einhverjum öðrum þm. En líklega eru ferðirnar í skriftastólinn af þeim toga spunnar að þm. hafi svona ríka réttlætiskennd. Varla eru það kjördæmissjónarmiðin sem ráða göngu þeirra hér upp í stólinn. Alla vega ekki hv. þm. Vestf.

Ég heyrði einu sinni málshátt, afríska, sem var í þá veru, að þegar fílarnir berðust væru það maurarnir sem meiddust. Menn geta lagt hvaða líkingu sem þeir vilja í þennan málshátt, en ansi er ég smeykur um að skilningur þeirra manna, sem hæst hafa haft um þessi togarakaup, á högum fólksins í þessu landi sé ekki ýkjamikill.

Það hefur oft verið sagt um Þórshöfn og Raufarhöfn að þau byggðarlög væru á mörkum hins byggilega heims. Þetta er að mörgu leyti rétt, bæði af veðurfarslegum og landfræðilegum ástæðum. Hins vegar hafa þessi byggðarlög á undanförnum árum og áratugum lagt óhemjufjárhæðir í þjóðarbúið. Er þess skemmst að minnast þegar spekúlantar úr Reykjavík komu til Raufarhafnar á síldarárum og hirtu þar milljónir á milljónir ofan og fluttu brott úr byggðarlaginu, sem sat síðan eftir og var nánast gjaldþrota og hefur ekki borið þess bætur enn í dag.

Menn hafa rætt um að það ætti að flytja alla íbúa þessara byggðarlaga á brott. Sumir hafa talað um það í fyllstu alvöru. Það hafa verið gerðir útreikningar á því, hvað það kostar að flytja íbúa Þórshafnar og Raufarhafnar á brott og koma þeim fyrir annars staðar. Það mundi kosta þjóðarbúið býsna miklar fjárhæðir ef til slíkra ráða yrði gripið og miklu hærri fjárhæðir en við erum að tala um þegar við erum að ræða um endurnýjun á báta- eða togaraflota þessa fólks.

Ég held að fólkið, sem býr við allan þann lúxus sem þéttbýlið sunnan- og suðvestanlands og víða á Norðurlandi og Vestfjörðum veitir, hafi ákaflega litla hugmynd um þá lífsbaráttu sem á sér stað á þessum slóðum. Ég vil minna á það, að ekki óvitlausari menn en Norðmenn hafa lagt mikið upp úr svokallaðri Norður-Noregsáætlun til að halda við byggðum. Þeir hafa ekki talið eftir sér að greiða umtalsverðar fjárhæðir af almannafé til að halda byggðunum uppi, til að halda uppi mannlífi á stöðum þar sem erfitt er að búa og þar sem ekki er hægt að sækja fiskinn í fjarðarkjaftinn, eins og gert er t. d. á Vestfjörðum.

Það skal hins vegar ekki rengt, að í þessu máli hafa verið gerð mörg mistök. Ég er búinn að rifja þau upp og reifa þau eins og þau hafa litið út frá mínum sjónarhóli. Ég hef nefnt þrjár óútfylltar ávísanir og ég hef nefnt sambandsleysi. Ég er alfarið þeirrar skoðunar, að vilji menn leita upphafs mistakanna eru þau falin í því þegar ríkisstj. gefur út heimildina til togarakaupanna 1. ágúst án nokkurra skilyrða.

Ég er alveg staðfastlega þeirrar skoðunar einnig, að það sé nauðsynlegt að gera nákvæma og glögga skýrslu um allan gang þessa máls, þó ekki væri til annars en læra af því.

En ég vil vegna þessarar umr. minna menn á það, hvað fram undan er í togarakaupamálum hér á Íslandi. Ég vona þessarar stofnunar vegna að það fari ekki jafnmikill tími í umr. um þau togarakaup og farið hefur í umr. um kaup á togara til Þórshafnar. Skyldi einhver af þm. annarra kjördæma standa upp hér á Alþingi og gera einhverjar aths. við togarasmíð sem er hafin fyrir Hólmavík, þar sem hvorki er mannafli, frystihús né hafnaraðstaða? Það er byrjað að smíða togara sem mun kosta um 6 milljarða gkr. þegar upp er staðið. Hefur þessu verið mótmælt? O, sussu nei. Hvað um togara til Skagastrandar sem fyrirhugaður er eða togara til Ísafjarðar? Það er auðveldara að gera út togara á Ísafirði, það dregur enginn í efa, og þeir hafa meiri fjármuni til að borga sína togara, enda er byggð ekki að fara á hausinn þar. Þar rísa núna stærstu byggingar á Íslandi. (**MB:** Þau eru öll í skilum þessi lán.) Þau eru ekki öll í skilum. Því var lýst hér úr ræðustól í dag, að jafnvel á Vestfjörðum væru togaralán í vanskilum. (**MB:** Það er annað mál.)

Við getum líka spurt sjálfa okkur að því, hve margir togarar voru keyptir hingað til landsins á síðasta ári. Getur einhver svarað því? Urðu einhverjar umræður um þau kaup? Ég minnist þess ekki.

Hins vegar vil ég segja það, að því hefur enn ekki verið svarað, sem ég talaði um í gær, hvenær sú breyting verður á þessum togarakaupum fyrir Þórshafnarmenn að það er hætt við að kaupa það skip sem þm. kjördæmisins lögðu til að yrði keypt upphaflega með bréfi sínu, þ. e. skip sem átti að kosta röskan 1 milljarð kr. og um 1½ milljarð með nauðsynlegum breytingum. Það liggur ljóst fyrir að 4. sept. er þessi skilningur enn á ferðinni hjá kaupendum togarans og þeim sem eru aðstandendur málsins því þá er gerður bráðabirgðasamningur um kaup á slíkum togara úti í Frakklandi, systurskip Hólmatinds á Eskifirði sem ágætur útgerðarmaður þar taldi nægilega gott skip fyrir sig. Sams konar skip hefur Einar Guðfinnsson á Bolungarvík áhuga á að kaupa núna og Valdimar Indriðason á Akranesi, og hafa þeir ekki verið taldir lakir útgerðarmenn. Svar við þessari spurningu hefur ekki fengist. Menn hafa hætt við þetta og farið út í ævintýri sem kostar 3.5 milljarða kr. og á að mínu mati eftir að kosta meira. — Ég ætla einhvern tíma að fá svar við þessari spurningu. Ég er harður á því.

Það kemur líka fram í gögnum, sem ég hef í mínum höndum, að í þennan togara, sem um ræðir, er gert ráð fyrir tækjabúnaði á teikningum, sem þó hefur ekki verið keyptur, sem gerir hann að fullkomnu verksmiðjuskipi. Eins og ég sagði við umr. í gær er þá auðvitað grundvöllurinn dottinn undan togarakaupunum, einfaldlega vegna þess að þá er ekki um að ræða neina atvinnuaukningu í landi — ekki nokkra. Þar er gert ráð fyrir því, að um borð í skipið fari samkvæmt þessum teikningum tvö stykki rækjuflokkunarvélar, færibönd fyrir rækjuna, fiskvinnsluvélar af gerðinni Baader-410 og Baader-189. Vonandi verður ekkert af þessu.

Ég harma það eins og margir hversu mörg mistök hafa verið gerð í þessu máli. En ég fer ekki ofan af þeirri skoðun minni, að þrátt fyrir allt ruglið í ýmsum mönnum, sem hér hafa komið upp og lýst yfir þessu hörmulega óláni, þessari þjóðarógæfu sem nú er að ganga yfir okkur, sé rétt og sanngjarnt að þetta fólk fái atvinnutæki til að bæta atvinnuástandið þar sem er árstíðabundið atvinnuleysi, þar sem fólk á í erfiðleikum með að sækja sjó vegna þess að það er langt á miðin og þarna eru veður býsna válynd. Ég held að menn ættu að draga úr þeim skömmum og yfirlýsingum, sem hér hafa flogið í allar áttir, og m. a. hæstv. forseti hefur orðið grimmilega fyrir og fleiri ágætir menn, sem raunverulega eigi ekki nokkra minnstu sök í þessu máli — ekki nokkra. Það er algjör fjarstæða. Þessir menn bera ekki nokkra sök í þessu máli. Sökun felst í mistökum og sambandsleysi. Þar er sökin í þessu máli. Og verði það okkur til lærdóms í sambandi við næstu togarakaup, sem ég hef m. a. nefnt núna, er þó nokkrum árangri náð.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég skal vera stuttorður, enda er, eins og hér hefur komið fram, búið að segja ærið mikið um þetta mál, en þó finnst mér að ekki sé búið að segja alveg nóg.

Hér virðist allt miðast við þau mistök sem hafa orðið við kaup á því skipi sem á að koma til Þórshafnar, en allir viðurkenna að koma þess er þyrnum stráð, þar hafa orðið mistök á mistök ofan. Þingmaður eftir þingmann hefur sagt hér: Við skulum heimta og viljum fá frekari skýringar. Og það er komin fram skrifleg beiðni um það til ríkisstj. að sú skýrsla verði gefin.

Mitt erindi hingað upp er m. a. að benda á að við þurfum auðvitað að fá fleiri svör en hafa komið fram beiðnir um í ræðum manna hér. Það er í fyrsta lagi þetta: Ríkisstj. gefur loforð, að mér skilst 1. ágúst, en áður en það skeður sýnist mér nokkur undanfari vera að málinu. Ég minnist þess að hafa heyrt forstjóra Framkvæmdastofnunar, þann sem ekki er í frii, hv. þm. Sverri Hermannsson, lýsa því yfir af mikilli hrifningu að þær tillögur og ákvarðanir, sem fyrir lægju hjá Framkvæmdastofn-

uninni, væru það eina rétta sem koma skyldi og þeim tillögum yrði að fylgja og framfylgja. Mér sýnist vanta inn í þetta að spyrja hvaðan þessar tillögur koma, hvernig þær eru unnar og af hverjum. Eftir því sem kom fram í ræðu hv. þm. Stefáns Valgeirssonar áðan þakkaði hann svokallaðri byggðadeild hjá Framkvæmdastofnuninni fyrir framlag hennar í þessu máli. Nú skilst mér að þar starfi maður sem er einn af varaþingmönnum Framsfl. Jú, hann er með einhverja háskólagráðu sem m. a. hefur orsakað það að hann er við störf í þessari stofnun. En hvað hann hefur fram yfir aðra menn, sem fást við fjárfestingarmál á Íslandi, og hvaðan honum kemur sú alviska eða þeim mönnum sem starfa í þessari deild hjá Framkvæmdastofnun að segja hvað sé hið eina rétta í sambandi við atvinnumál þeirra á Þórshöfn og Raufarhöfn veit ég ekki.

Ég tek fyllilega undir það með hv. síðasta ræðumanni, Árna Gunnarssyni, að málið er þannig vaxið að vissulega er full þörf á að ríkisstj. og Alþingi líka leggi sitt af mörkum til að leysa það. Undir það skal ég taka hvenær sem er. — En hvaðan það kemur að allir gleypa þær tillögur sem koma frá þessum manni eða mönnum, sem að þessu unnu, um að það eigi að kaupa tvo togara til þessara tveggja staða og leggja veg á milli, — sem að vísu aldrei hefur komið neitt fram um hvað eigi að kosta, en mér finnst í þeim tillögum vera það eina skynsamlega sem hefur komið fram, — veit ég ekki. Ég tel að það hefði átt að leita fleiri úrræða. Um það hefur ekkert verið rætt hér. Og mín spurning er þessi: Hvert fóru þessar tillögur byggðadeildar Framkvæmdastofnunar til efnislegrar gagnrýni? Gleypti Framkvæmdastofnunin við þeim tillögum af því þær komu frá þessum eina einstaklingi eða tveimur sem að þessu unnu, og gleyptu svo ráðherrar ríkisstj. við þeim? Þeir hafa kannske þá verið í þessu buxnastripli sínu sem forstjórinn spáði að verði á næstunni hjá þeim öllum. Þetta er ein af þeim spurningum sem á að svara.

Ekki nóg með að ég hef ekki heyrt neitt. Það hefur ekkert komið fram hjá þeim, sem um þetta hafa rætt, hvort það hafi ekki verið til neinar aðrar lausnir. Og þá komum við aftur að því sem kom fram í einu skynsamlegu ræðunni sem hér hefur verið flutt og flutt var af hæstv. iðnrh. áðan, að það hefði átt að kaupa báta af skynsamlegri stærð til þessa staðar. Þá komum við aftur að því, sem við vitum öll sem sitjum á Alþingi, að það er alfriðað svæði fyrir norðan og austur af þessari byggð. Spurningin er sú, hvort það hefði ekki verið skynsamlegra að leita til Alþingis um að þessir staðir hefðu fengið takmarkaðan aðgang að þessum friðuðu svæðum til veiða upp í ákveðið magn með skynsamlegri stærð skipa til þess að efla atvinnulífið á sínum stöðum. Ég hef ekki heyrt talað um það.

Ég hef heldur ekkert heyrt talað um að það hafi verið reynt að fá togara sem ekki eru bundnir ákveðnum fiskvinnslustöðvum hér á Vesturlandi og Suðvesturlandi. Ég hef ekkert heyrt talað um að það hafi verið reynt að fá þá til að landa þarna. Var möguleiki á því, að Framkvæmdastofnun ríkisins hefði útvegað fjármagn til Þórshafnar til að borga í reiðufé afla sem kom þar að landi? En við vitum að ein meginástæðan til þess, að togarar sigla með afla, er sú að það tekst ekki að fá greitt fyrir hann hér innanlands og þeir fara með hann á erlendan markað til að ná í reiðufé til að geta staðið undir nauðsynlegum skuldbindingum.

Þriðja athugasemd mín og sú alveigamesta, finnst mér, er sú, að sjútvrh. skuli leyfa sér, vitandi um hvernig ástand fiskstofnanna er, að bæta enn einu skipi við. Um ástand fiskstofna var vitað þegar var farið út í þá erfiðu sjómannasamninga, sem eru um sinn að baki, og ákvörðun fiskverðs, sem hefur tekið þann tíma sem öllum er kunnugt um, en þá finnst mér ámælisvert að það skuli vera vísvitandi, af ríkisstj. með sjútvrh. í fararbroddi, farið í að draga úr tekjum sjómanna og útgerðarmanna með því að bæta einum togara við — og fleiri munu vera á leiðinni. Það bætir auðvitað ekkert úr þótt aðrir hafi gengið sömu braut á undan. Mér sýnist þessi vegur hafa aldrei verið fetaður jafnhratt eða fimlegar en nú.

Sú forsenda fyrir togarakaupum til Þórshafnar, að skipið þurfi að vera þannig í stakk búið að hægt sé að flengjast á því um allan sjó frá Þórshöfn vestur um, suður um og suðvestur á Eldeyjarmið og austur eða suður á banka að vetrarlagi í olíukreppunni, — ég sé ekki að hún styðji þessa málaleitan. Miklu — og ég endurtek það sem ég sagði áðan — hefði verið skynsamlegra að fara út í að kaupa hentuga vélbáta til þessara staða og leyfa mönnunum að fást við það sem þeir eru langbestir til, því það eru harðduglegir bátasjómenn á þessum stöðum báðum, — það þekkjum við margir þm., — en hins vegar með öllu óvanir togaraveiðum. Það breytir engu, sem hér hefur komið fram sem röksemd, að fyrri togari, sem keyptur var til Þórshafnar, var gamall og ekki var viðgerðaraðstaða fyrir hendi í landi á Þórshöfn. Ný skip geta nefnilega bilað líka og ekki síst skip sem er verið að taka úr allt öðru verkefni og er sérsmíðað til annarra verkefna og er breytt mjög skyndilega og að lítt athuguðu máli. Slíkt skip á kannske frekar á hættu að þurfa á viðgerðum að halda og viðhaldsþjónustu en jafnvel gamalt skip, sem hefur verið haldið í sinni sérgrein frá því að það varð til. Því miður held ég að það eigi eftir að sýna sig að það þurfi að leita með þetta skip út fyrir þetta landsvæði til viðgerða og viðhalds ekki síður en þann fræga Font.

Ég sé ekki mikla ástæðu til að hafa þessi orð lengri, herra forseti. Ég tel rétt og skylt, eins og hér hefur komið fram, að hæstv. ríkisstj. svari þessu máli ítarlega og þar á meðal þeim spurningum sem ég hef komið hér með.

Það er alveg rétt, sem kom fram hjá hæstv. iðnrh., að það er afskaplega lítið samræmi í veiðum og vinnslu. Ég fæ hins vegar ekki skilið að það sé neitt réttlæti í því, ef hann telur svo vera sem gjarnan má skilja á máli hans, að við eigum að fara að kaupa enn einn skuttogarann, til Djúpavogs, þótt þar sé búið að byggja stórt frystihús. Ég þekki líka staði sem hafa fengið stóra togara nú og byggja stór frystihús. Það verður að vera eitthvert samræmi í þessari vitleysu.

Það er ekki rétt hjá hv. þm. Stefáni Valgeirssyni, að vegna þess að einhverjir aðrir hafi fengið togara eigi allir í hverri einustu byggð á Íslandi að fá togara líka: Kópavogur, Garðabær, Seltirningar væntanlega líka, Mjóifjörður og Árneshreppur. (**Gripið fram í:** Líst þér ekki vel á það?) Nei, hv. þm. orðaði það ekki svona. Hann talaði hins vegar réttilega um, og ég bið afsökunar á því ef það er misskilið þannig, en ég legg út af því á þann veg, að það koma auðvitað fram kröfur frá fleiri aðilum um að eignast togara en þeim stöðum sem hann lét liggja orð að að þyrftu á þeim að halda. Ég held að við verðum að gera okkur grein fyrir því, að það eru takmörk fyrir því, hvað fiskstofnar okkar þola og við verðum að reyna að nýta þá

á þann veg að við séum ekki að arka út í þá reginvitleysu sem togarafjöldinn og fjölgunin er að fara með okkur hér á Íslandi. Það ber allt að einum og sama brunni, að þessi atvinnuvegur er grundvallaratvinnuvegur þjóðarinnar og hefði átt og á að geta borið sig, en það fer sífellt lengra í þá áttina að reka hann með stórkostlegum halla. Þá erum við komnir á sama stig og nú virðist vera í vændum með Höllustaðarollurnar og virkjunina í Blöndu.

Eggert Haukdal: Herra forseti. Fyrst er aths. út af orðum Ólafs G. Einarssonar varðandi blaðasamtal við mig. Ég sagði blaðamanninum að þetta væri stórt mál. En hann spurði eitthvað út í Gervasonimál. Ég sagði aðeins um það, að það væri ómerkilegt mál, og við það stend ég.

En hvernig stóð á því, að Ólafur G. Einarsson sat ekki hjá í stjórn Framkvæmdastofnunar þegar atkvæði voru greidd um þessa tillögu? Ef fjórir hefðu setið hjá hefði umrædd tillaga ekki gengið fram. Það er nú upplýst af umr. hér í gær og enn í dag, að sú tillaga hefur verið algjörlega byggð á sandi. Ólafi G. Einarssyni hefði verið nær að sitja þá hjá en að vera stöðugt að kasta athugasemdum til mín, bæði hér í Alþingi og í stjórn Framkvæmdastofnunar. Þá stæði hann betur að vígi gagnvart þeim mörgu sem hafa síðan hann greiddi þarna atkvæði verið stöðugt að finna að afstöðu hans í atkvæðagreiðslunni.

Um kaupsamninginn. Mér varð það á hér í gær, og játa þau mistök, að segja að kaupsamningur hefði ekki verið gerður. En hann er ekki fullfrágenginn að því leyti, að samkv. kaupsamningi átti kaupandi að leggja 10% kaupverðsins á sameiginlegan reikning í banka í Noregi. Þetta ákvæði samningsins var framkvæmt með þeim hætti, að Byggðasjóður gaf út yfirlýsingu að sjóðurinn mundi greiða 10% kaupverðs um leið og skipið væri afhent kaupanda. Af því hefur ekki orðið. Ef skipið verður hins vegar aldrei afhent tel ég að sjóðurinn þurfi ekki að inna þessa greiðslu af hendi, nema hægt sé að kenna sjóðnum um riftunina. Það tekur marga mánuði eða jafnvel ár hjá seljendum að sækja sinn rétt á okkur. Þess vegna er það misskilningur hjá hæstv. fjmrh. að tala um að það sé hægt að reikna með í stöðunni í dag að við þurfum að punga út með 300 millj. á stundinni ef kaupsamningi er rift. Þetta er alls ekki rétt. Það er engin vissa um skaðabætur. Norðmenn verða að sækja þennan rétt. Við verjum okkur eins og við getum í málinu og það liggur ekkert fyrir um endanlegar tölur.

Það ber að athuga að enn eru ýmsir lausir endar í málinu. Það er ekki búið að semja endanlega um þær breytingar sem seljandi átti að framkvæma á trolldekki. Seljendur hafa lýst því yfir, að þeir vilji komast hjá því að láta framkvæma þessar breytingar og vilji heldur lækka verð skipsins. Í tilboði Slippstöðvarinnar var gert ráð fyrir að þessar breytingar kostuðu um 1 324 000 norskar kr. eða um 160 millj. gkr. En seljendur munu hafa boðið fram eitthvað lægri fjárhæð til lækkunar á kaupverði. Þetta er allt á lausu enn.

Það var mikill misskilningur hjá fjmrh. að þetta mál snerti ekki íslenskan skipaiðnað. Hann nefndi hér fjögur skip sem Byggðasjóður stendur í skuldbindingum við upp á 1790 millj. gkr. Til viðbótar er fimmta skipið í umsókn, Fáfnir á Þingeyri. Það er smíðað hjá Slippstöðinni. Lánsumsókn er áætluð á 600 millj. gkr. Nýtt skip hjá Stálvík er í sjötta lagi, 600 millj. gkr. Samtals er þá upphæðin 2990 millj. eða tæpir þrír milljarðar gkr. Helmingurinn af því var samið um til innlendrar skipasmíði. Það eru 1500 millj. gkr. Það er því ekkert afgangs í þennan nýja Font eða togarann Stefán Valgeirsson, eins og sumir vilja gefa honum nafn.

Það er ekki alveg ákveðið um þetta nýja skip hjá Stálvík, en það hafa verið gerðir bráðabirgðasamningar um að smíða fjóra báta þar. Þeir yrðu vafalaust samtals dýrari en þarna er gert ráð fyrir um togarasmíði Stálvíkur, 600 millj. gkr., þannig að það er alveg klárt að 3000 millj. gkr. þarf til innlendrar skipasmíði.

Það er rétt hjá ráðh., að þetta hefði verið greitt af Byggðasjóði þótt 1500 millj. hefði ekki fengist fram. En ætlaði hann að skilja þannig við Byggðasjóð að hann gæti á þessu ári bókstaflega ekki sinnt neinum verkefnum öðrum? Ég held að hæstv. ráðh. hafi einhvern tíma verið formaður þessa sjóðs. Það hefði ekki verið falleg saga hjá honum, þegar hann varð svo fjmrh. og hafði tækifæri til að efla þennan sjóð, að hann skildi við hann í rúst. Það lá fyrir að við fengjum ekkert framlag á fjárlögum til aukningar á tekjum sjóðsins. Ef þessar 1500 millj. hefðu ekki komið, hvar hvefðum við staðið í ár?

Ég vil því undirstrika orð iðnrh. sem ræddi þetta mál af skilningi, að þarna þarf að standa við bakið á íslenskum iðnaði.

Nýjustu fréttir í þessu máli, og ekki skemmtilegar, eru, eins og hæstv. fjmrh. gat um, að hann hefði gefið út bréf í gær. Hvernig gat hæstv. ráðh. gefið út bréf þegar fyrir lá hér að það hefur engin ákvörðun verið tekin í ríkisstj. í þessu máli eins og kom fram í umr. í gær, og ekki heldur enn í morgun, — engin fullnaðarákvörðun tekin, — og ekki liggur fyrir um endanlega fjármögnun þess? Ég hef séð afrit að þessu bréfi. Ég ætla að leyfa mér að lesa það hér upp, með leyfi forseta. Það er dagsett í gær, 18. febr. Bréfið er til ríkisábyrgðasjóðs.

„Ráðuneytið mun beita sér fyrir því, að veðmörk, sem nú eru 80% af kaupverði togara, sbr. lög nr. 28 1972, verði færð í 90%. Verður brtt. borin fram við ákvæði 1. gr. frv. lánsfjárlaga fyrir árið 1981 til að tryggja framgang þessa máls. Með hliðsjón af framansögðu felur rn. ríkisábyrgðarsjóði að staðfesta við þá aðila, er mál þetta varðar, áform þessi.

Rn. getur eftir atvikum fallist á að ríkisábyrgðasjóður taki ábyrgð á endurgreiðslu láns, er Útgerðarfélag Norður-Þingeyinga hf. áformar að taka í London í svissneskum frönkum, sbr. lánsáform er kynnt hefur verið ríkisábyrgðasjóði.

Rn. staðfestir hér með, að fallist hefur verið á að ábyrgðargjöld til ríkisábyrgðasjóðs verði greidd á næstu tólf mánuðum eftir að ábyrgð er veitt og taki sjóðurinn þau gjöld sem hluta af aflaverðmæti því er Útgerðarfélagið setur m. a. til tryggingar skuldbindingum sínum við ríkisábyrgðasjóð.

Loks hefur rn. ákveðið á krefjast ekki hlutdeildar í aflaverðmæti yfir 20% næstu tvö árin og sé hlutur þessi ætlaður til að greiða vexti og afborganir lána, er ríkisábyrgðasjóður og Byggðasjóður hafa tekið ábyrgð á. Rn. mun semja sérstaklega við Byggðasjóð um mál þetta."

Hefur hæstv. ráðh. greint ríkisstj. frá þessu bréfi? Hefur þetta verið rétt? Og hvernig stendur á, eins og staðan var öll í þessu máli í gær, að slíkt bréf er gefið út? (**SighB:** Það kom fram áðan að það hefur ekki verið rétt.) Já, það kom hér fram og ég veit að það var ekki rétt. Það má eigi að síður spyrja ráðherra þessarar spurningar.

En ef Alþingi fellst ekki á þau 10% sem þarna er talað um? Liggur það fyrir að það fallist á þau? Ekki greiði ég því atkvæði. Ég er víst búinn að lýsa hér yfir og rekja að þessar 1500 millj. eru ekki aflögu í þetta skipti. Það þarf nýtt fjármagn að koma til. Því var heitið þegar var gengið frá þessum 1500 millj., að þær yrðu og væru til innlendrar skipasmíði.

Það má spyrja ýmislegs í þessu máli. Er t. d. verið að bregðast útgerðaraðilum með því að hætta við kaupin? Þeir hafa brugðist trúnaði, sleppt því að kaupa ódýran togara, valið dýrari kost og það á eigið eindæmi, hlaðið skipið tækum og útbúnaði og hyggjast breyta skipinu í verksmiðjuskip. Það virðist fyrir löngu gleymt að farið var af stað í þessu máli til að bæta atvinnuástand í landi á Þórshöfn og Raufarhöfn.

Ef Þórshafnarbúar eiga að standa undir þessu er það mín skoðun að það ríði þessum plássum að fullu. Halli togarans á fyrsta ári, þótt ekki sé reiknað með afskriftum, er um 500 millj. gkr. Mætti ekki skoða þann möguleika að opna tímabundin svæði í nágrenni Þórshafnar fyrir báta, eins og ég held að síðast ræðumaður hafi vakið athygli á? Væri ekki gáfulegra að fækka skrapdögum togara, sem fyrir eru, og gefa þeim leyfi til að landa þorski á þeim stöðum sem vantar afla, eins og er á þessum stöðum?

Spyrja má: Getur hvert pláss í landinu sambærilegt þessum fengið á næstu dögum tæpa 4 milljarða úr ríkissjóði, eins og þetta margumrædda skip kostar? Mikil þörf væri víða fyrir marga 4 milljarðana. Er þessi lausn hjálp við þessa staði? Ég segi nei. Ég vil hjálpa þessum stöðum til sjálfsbjargar eftir betri leiðum, það er hlutverk Byggðasjóðs, en ekki að útvega þetta verksmiðjuskip.

Umræður utan dagskrár.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég hef tvær fsp. að flytja til hæstv. forsrh. og hafði gert honum viðvart um það í morgun, en hæstv. ráðh. er nú sennilega í Ed. og vil ég biðja hæstv. forseta að athuga hvort hann gæti brugðið sér af bæ úr Ed., þar eð ég veit að hæstv. forsrh. hefur undirbúið svör við þessu (**ÓRG:** Það er annar þingmaður Alþfl. að ræða við hann í Ed.) Ég tek eftir því, hæstv. forseti, að hv. Ed.-þingmaður er farinn að skipta sér af umræðum hér. (**Forseti:** Við skulum gera örstutt hlé meðan kannað verður hverju fram vindur. Það er gert fimm mínútna fundarhlé. Fundi er frestað í fimm mínútur. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Í fréttum útvarpsins í gærkvöld var verið að skýra frá niðurstöðum af fréttayfirliti um afleiðingar óveðursins, sem dundi yfir Ísland, hvað varðar flesta staði landsins. En þá var jafnframt byrjað að skýra frá því, að fréttir væru þá fyrst að fara að berast frá ýmsum stöðum í Vestfjarðakjördæmi. Ástandið þar var með þeim hætti, að algjörlega sambandslaust hefur verið við — að vísu fámennan stað — Ketildali í meira en eina viku. Ekkert samband var fram á miðjan dag í gær allt frá Brú í Hrútafirði og norður um alla Strandasýslu og vissi enginn fyrr en um miðjan dag í gær hvað þar hefði gerst. Sama máli gegnir um Reykhólasveitina alla, um Barðastrandahrepp og fjölmörg önnur Byggðarlög á Vestfjörðum. Það var því fyrst í gærkvöld — á miðvikudagskvöldi — sem einhverjar fregnir fóru að berast af því fólki sem þessa staði byggir. Við vitum ekki enn hvernig óveðrið hefur leikið ýmsa íbúa Vestfjarða, sem ekkert samband hafa getað haft við umheiminn jafnvel í heila viku.

Ég vildi vekja athygli á því, herra forseti, að á þeim tímum nútímatækni þegar við fáum nokkurn veginn jafnsnemma hér uppi á Íslandi fréttir af náttúruhamförum sem verða úti í hinu stóra heimi, jarðskjálftum og eldgosum á Ítalíu og Grikklandi, líða svo margir dagar, jafnvel heilar vikur að við vitum ekkert um örlög fólks sem byggir okkar eigið land og þarf náttúruhamförum að mæta. Þessu vildi ég vekja athygli á, að enn þá vitum við ekkert um hvaða áhrif þetta mikla óveður kann að hafa haft á fjölmargt fólk í mínu kjördæmi. Þaðan hefur ekkert frést.

Í því tilefni vildi ég beina þeirri fsp. til hæstv. forsrh. hvort hann sem yfirmaður Framkvæmdastofnunar ríkisins vildi ekki veita sinn atbeina til þess að hraðað verði gerð síðari þáttar svokallaðrar Vestfjarðaáætlunar, en fyrri þætti þeirrar áætlunar var lokið fyrir allmörgum árum, en engar framkvæmdir við þá áætlun hafa síðan verið. Ég vildi spyrja að því af þessu tilefni, hvort hæstv. forsrh. vildi ekki veita atbeina sinn til að hrinda af stað framkvæmd við þessa áætlanagerð að nýju svo að sú stórkostlega einangrun, sem ég er að vekja hér athygli á, verði rofin.

Í annan stað langar mig til að vekja athygli á því, að á sama tíma og þetta hefur gerst er fólk dögum saman og jafnvel upp í heila viku sambandslaust við umheiminn, enginn sími, ekkert útvarp, engar vegasamgöngur, engin hafnaraðstaða og engin leið hvort heldur að láta frá sér fara skilaboð, biðja um hjálp eða þiggja slíka hjálp. — Þá hefur verið hreint neyðarástand í raforkumálum á þessu sama landssvæði. Það er fyrst í dag sem frystihúsin og önnur stórvirk atvinnufyrirtæki hafa komist í gang, en rafmagn hefur verið skammtað alla þessa viku. Orkubú Vestfjarða býr nú við þær aðstæður, að það þarf að sæta afarkostum við kaup á raforku frá Rafmagnsveitum ríkisins, — slíkum afarkostum að það þarf nú að borga umfram það verð, sem aðrir njóta, um 2 millj. nýkr. á mánuði. Þetta samsvarar því, að fyrir hvern mánuð, sem Orkubúi Vestfjarða er gert að sæta þessum afarkostum, þyrfti að hækka gjaldskrá Orkubúsins á ársgrundvelli um 6.7%. Orkubúið hefur þurft að sæta þessum afarkostum í raforkukaupum og raforkuskorti síðan í desember. Ef Orkubúið ætti að mæta því með eðlilegum hætti væri rafmagn á Vestfjörðum nú 20% dýrara en það er annars staðar á landinu.

Forsendur fyrir því, að Orkubúið var stofnað, eru þrjár: Í fyrsta lagi, að fullnægt verði orkuþörf Vestfirðinga með innlendum orkugjöfum. Í öðru lagi, að Vestfirðingar búi við sambærilegt orkuverð og aðrir landsmenn. Og í þriðja lagi, að fyrirtækið hafi traustan rekstrargrundvöll. Þessum forsendum er alls ekki fullnægt nú, en þetta voru forsendur fyrir því, að sveitarfélögin gengu til stofnunar Orkubús Vestfjarða.

Málið hefur verið lagt fyrir hæstv. forsrh. og ríkisstj. hans og þess óskað, að ríkisvaldið veitti atbeina sinn til þess að koma í veg fyrir þann gífurlega orkuskort, sem hrjáir nú byggðir á Vestfjörðum, og koma í veg fyrir að aðbúnaður Vestfirðinga í orkumálum væri svo miklum mun verri en annarra landsmanna. Hæstv. ríkisstj. fjallar nú um það mál. Ég vildi óska eftir því við hæstv. forsrh., að hann segði nú frá því, hvaða niðurstöður væru vænt-

anlegar í þessu máli og hvort hæstv. forsrh. vildi ekki einnig veita atbeina sinn til þess að á því fengist góð lausn.

Herra forseti. Ég þakka forseta og forsrh. fyrir að gefa mér tækifæri til að bera þessar fsp. fram. Til þess að tefja ekki meira tíma þingsins en nauðsyn krefur mun ég ekki taka aftur til máls í þessum umr., en þakka hæstv. forsrh. svör hans fyrir fram.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ég held ég verði að byrja á því að þakka hv. þm. fyrir fyrirframþakklæti hans.

Varðandi fyrri fsp., um hvort ég vilji veita atbeina til þess að hrinda af stað öðrum áfanga Vestfjarðaáætlunar, þá mun ég að sjálfsögðu verða við ósk hv. þm. og koma þessari ósk á framfæri við Framkvæmdastofnun ríkisins, sem hefur áætlunargerðina með höndum. Það er ákaflega nærtækt hér að biðja hæstv. forseta þessarar deildar um að taka þetta til athugunar. Að sjálfsögðu verður það svo staðfest formlega.

Varðandi síðara atriðið, um orkuvandamálin á Vestfjörðum, þá er það kunnugt að í orkumálum Vestfjarða hafa stór framfaraspor verið stigin á hinum síðustu árum. Má þar sérstaklega til nefna stofnun Orkubús Vestfjarða þar sem í rauninni var stofnað til heimastjórnar þar í orkumálum í samræmi við nær einróma óskir Vestfirðinga sjálfra. Annar áfanginn var svo gerð og tenging Vesturlínu. Hins vegar hefur hún ekki komið að því gagni sem ætlað var og gert var ráð fyrir. Vegna þess orkuskorts, sem er hér á Landsvirkjunarsvæðinu, og vegna vatnsleysis í uppistöðulónum þeirra virkjana er þar nú alvarlegt ástand og er þess ekki vænta að þar rætist úr fyrr en með vorinu.

Varðandi þessi vandamál Orkubús Vestfjarða og Vestfirðinga í orkumálum er það rétt hjá hv. þm., að ríkisstj. hafa borist óskir í því sambandi. Þau mál eru til meðferðar hjá ríkisstj. Það er ekki búið að afgreiða þau, ekki komnar í því niðurstöður, og þess vegna ekki hægt að greina frá þeim hér. En ég vil fullvissa hv. þm. um að ríkisstj. mun reyna að sýna fullan skilning á þessum vandamálum.

Í sambandi við fsp hv. þm., sem standa að verulegu leyti í sambandi við það ofviðri sem gekk yfir landið á mánudag og þriðjudag, vil ég skýra frá því, að í morgun ræddi ríkisstj. allítarlega um þau mál. Hafði hæstv. félmrh. og heilbr.- og trmrh. haft um það forgöngu að undirbúa ályktanir fyrir ríkisstj. þar um, enda heyra þau mál og þær stofnanir, sem hér koma sérstaklega við sögu, fyrst og fremst undir hans rn. Eftir ítarlegar umræður í ríkisstj. var ákveðið að nú þegar skyldi fara fram könnun á því tjóni, sem varð í ofviðrinu, og skyldi sú könnun fara fram í hverju byggðarlagi og niðurstöðum komið á framfæri sem fyrst við Samband ísl. sveitarfélaga og ríkisstj. Í annan stað var ákveðið að undirbúa breytingu á lögum um Viðlagatryggingu Íslands, þar sem m. a. væri gert ráð fyrir að tryggingin næði til tjóns af völdum fárviðris eftir því sem unnt er. Í þriðja lagi að endurskoðuð verði lög um Bjargráðasjóð og athugað á hvern hátt sé rétt að skipta verkefnum milli hans og Viðlagatryggingar Íslands, því að það er ljóst að ýmis verkefni eru þar á mörkum eða skarast, sem kallað er, og þarf að draga þar skýrari línur á milli. En til viðbótar kemur það, að Bjargráðasjóður, sem hefur samkv. lögum viss verkefni og skyldur sem snerta mjög það mál sem við erum að fjalla um, er fjárvana og þarf því að sjálfsögðu að afla fjár með einum eða öðrum hætti til þess að hann geti staðið undir sínum skyldum. Í fjórða lagi var svo samþykkt að við afgreiðslu lánsfjáráætlunar yrði að taka til athugunar sérstaka lánsfjárheimild til að auðvelda endurbætur mannvirkja þegar mat á tjóni liggur fyrir. — Þetta eru meginatriðin í þeirri ályktun sem ríkisstj. samþykkti í morgun.

Sameinað þing, 51. fundur.

Fimmtudaginn 19. febr., að loknum deildafundum.

Umræður utan dagskrár.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Það var í gær að ég beindi þeim tilmælum til hæstv. forseta Sþ., að ég fengi að ræða mál utan dagskrár í dag, en ég gerði mér vitanlega ekki grein fyrir því þá, að sama mál gæti komið upp í hv. þd. utan dagskrár. Það mál, sem ég hafði áhuga fyrir að ræða utan dagskrár í dag, er hinn mikli vandi sem við blasir í mörgum byggðarlögum í sambandi við hið gífurlega tjón af völdum fárviðrisins sem gekk yfir landið s. l. mánudagskvöld og aðfaranótt þriðjudags. Hafa þúsundir manna í landinu orðið fyrir stórtjóni.

Þetta fárviðri var með því versta sem komið hefur hér, sérstaklega suðvestanlands, eða eins og veðurstofustjóri hefur sagt opinberlega: Veðurhæð var lítið minni en í fellibyljum á suðlægum breiddargráðum, sem þar skilja jafnan eftir sig húsarústir, auðn og mannskaða. — Ef undan er skilið hið hörmulega sjóslys, er Heimaey VE-1 rak á land í ofsaveðrinu og tveir ungir sjómenn fórust, má kallast kraftaverk að frekara manntjón varð ekki í þessu veðri né stórslys. Hins vegar varð eignatjónið gífurlegt og það mjög víðtækt í þéttbýlinu hér á stór-Reykjavíkursvæðinu, á Suðurlandi og um allt Vesturland, Vestfirði og Norðurland. Þök hafa svipst af húsum, gluggar brotnað, sum hús hrunið saman og gróðurhús brotnað og framleiðendur orðið fyrir gífurlegu tjóni sem kemur niður á framleiðslu og afkomu. Ég vil geta þess, að við þm. Vesturlands höfum verið beðnir að mæta á sérstakan fund hjá gróðurhúsaeigendum í Borgarfirði vegna þessa stórtjóns. — Íbúðarhús og peningshús í heilum sveitum hafa meira og minna laskast og opinber mannvirki skemmst. Rafmagn og sími hafa farið af og hafa liðið sólarhringar þangað til það var komið í lag. (**EG:** Ég held að þú ættir að boða þm. til fundar annars staðar en úr ræðustól.) Ég þarf ekki að lýsa þessu hér fyrir hv. þm., þetta hefur þegar komið fram í fjölmiðlum. — Í sambandi við framíkall hv. 5. þm. Vesturl. vil ég segja honum að það er hálftími síðan ég fékk þessi tilmæli formleg. Mun hann og aðrir þm. Vesturl. fá boðin um fundinn eftir öðrum leiðum, eins og venja hefur verið. Alvarlegust í þessu máli að mínu mati er sú nöturlega staðreynd að engar tryggingabætur eru til að bæta mestan hluta þess gífurlega tjóns sem talið er skipta mörgum milljörðum gkr.

Bjargráðasjóður er fjárvana og hefur því ekkert fjármagn til að láta af hendi, eins og stjórn sjóðsins hefur opinberlega tilkynnt. Við síðustu áramót skuldaði sjóðurinn rúmlega 90 millj. kr. í sambandi við það

verkefni sem hann hefur. Hér á hv. Alþingi hefur komið fram í umr. nauðsyn þess að taka lög um Bjargráðasjóð til endurskoðunar með það fyrir augum að gera sjóðinn að tryggingasjóði til að bæta tjón af völdum náttúruhamfara, farsótta eða óhappa í búskap o. s. frv. eða efla hann til útlána frekar en hefur verið til þessa, en því miður hafa þessi mál ekki náð fram að ganga enn þá.

Viðlagatrygging Íslands, sem er skyldutrygging á öllum fasteignum í landinu, greiðir ekki tjón af því tagi er varð í þessu ofsaveðri. Tiltekið er í lögum um Viðlagatryggingu að tryggingin greiddi tjón af völdum eldgosa, jarðskjálfta, snjóflóða, skriðufalla og flóða. Viðlagatrygging varð skyldutrygging, eins og allir vita, í kjölfar gossins í Heimaey og fylgir nú brunatryggingum í landinu. Ekki þótti rétt á sínum tíma að setja foktryggingu inn í viðlagatrygginguna, m. a. vegna þess rökstuðnings, að slík tjón væru mjög fátíð og snertu sjaldan mjög marga einstaklinga. Ljóst er nú, að þetta var ekki rétt mat. Staðreyndir nú og t. d. 1973 sýna allt annað. Ofsaveður sem jaðra við fellibylji eru engu síður hamfarir en snjóflóð og skriðuföll.

Ég tel augljóst að réttast sé að breyta lögum um Viðlagatryggingu og láta tjón af völdum veðurofsa falla undir þessa tryggingu. Þetta þarf að gera nú þegar. Jafnframt þarf að skoða hvort ekki er rétt að gera húseigendatryggingu að skyldu, þar sem vitað er að lítill hluti húseigenda í landinu hefur tekið slíka tryggingu. Sjálfsagt er einnig nauðsyn að taka til endurskoðunar skilmála tryggingarfélaganna almennt í landinu.

Ég vil, herra forseti, leita hér eftir viðbrögðum eða fyrirætlan hæstv. ríkisstj. í sambandi við þetta mál. Hef ég rætt um það við hæstv. félmrh. að fá hér svör. Fjöldi fólks í landinu hefur orðið fyrir stórskaða og margir eru ráðþrota og bíða eftir viðbrögðum stjórnvalda. Ég tel augljóst að Alþingi geti ekki látið sem ekkert hafi skeð. Það er skylda okkar að gera raunhæfar ráðstafanir og um leið reyna að finna leiðir til að tryggja þjóðina gegn tjóni af slíkum náttúruhamförum.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Þau alvarlegu vandamál, sem komu upp í landinu í framhaldi af óveðrinu aðfaranótt þriðjudagsins, hafa þegar verið rædd nokkuð hér á hv. Alþingi á fundum deilda í dag, þannig að það er kannske ekki þörf á því að fara mjög ítarlega út í þessi mál hér. Ég vil þó aðeins leggja á það áherslu, að hér er auðvitað um að ræða ákaflega tilfinnanlegt tjón, sem snertir mjög marga landsmenn með verulegum hætti. Það er alveg ljóst, að þetta tjón er svo margvíslegt og mismunandi að það er útilokað að unnt sé að bæta hverjum og einum skaðann 100%. Hér verður það vafalaust að koma til, að menn taki á sig, auk þeirra óþæginda sem menn hafa orðið fyrir, einhvern hluta af þeim vanda sem hér er um að ræða.

Strax á þriðjudagsmorgun, þegar ég kom á skrifstofu mína núna í vikunni, óskaði ég eftir skýrslum frá viðeigandi aðilum sem þessi mál snerta og eru á vegum minna ráðuneyta.

Það er í fyrsta lagi Bjargráðasjóður Íslands. Stjórn Bjargráðasjóðs kom saman til fundar þennan sama dag og gaf tafarlaust út yfirlýsingu um að fjárhagur sjóðsins leyfði í raun og veru engan stuðning í þessum efnum og að nauðsynlegt væri að gera ráðstafanir til að styrkja sjóðinn sérstaklega ef hann ætti að koma til stuðnings í þessum efnum. Ég er þeirrar skoðunar, að Bjargráðasjóður hafi vafalaust fyrr á árum og áratugum gert mikið gagn, en hins vegar orki mjög tvímælis hvort rétt sé að viðhalda sjóðnum með þeim hætti sem verið hefur á undanförnum árum. Ég tel að það sé ekki vansalaust fyrir stjórnvöld, hver svo sem þau eru, að verða fyrir því aftur og aftur, að þegar tjón koma upp er þessi stofnun, Bjargráðasjóður, það illa á sig komin að hún getur ekki gegnt því hlutverki sem henni er ætlað samkv. lögum landsins. Ég hef hreyft þeirri hugmynd margoft, bæði hér á hv. Alþingi á s. l. vetri og eins í ríkisstj., að það væri eðlilegt að athuga hver af verkefnum Bjargráðasjóðs ættu að flytjast yfir til tryggingakerfisins. Ég tel að það sé nauðsynlegt að þessi mál séu könnuð í botn áður en ákvörðun er tekin um með hvaða hætti framhaldsstarfsemi Bjargráðasjóðs verður háttað.

Eins og menn vita er Bjargráðasjóður sjálfseignarstofnun og er sameign ríkis, sveitarfélaga og Stéttarsambands bænda og þessir aðilar leggja sjóðnum til nokkurt óafturkræft framlag. Hins vegar hefur það farið svo á undanförnum misserum, að þegar sjóðurinn hefur þurft að taka við verulegum verkefnum hefur orðið að veita honum lánsfé eða stuðning samkv. fjárfestingar- og lánsfjáráætlun samkv. afgreiðslu hér á hv. Alþingi, eins og gerðist á s. l. vetri.

Ég aflaði mér upplýsinga um það frá stjórn Bjargráðasjóðs og starfsmanni hans, hvernig fjárhag sjóðsins er háttað og skuldbindingum á næstu árum. Þar kemur fram, að samkv. þeim skuldbindingum, sem þegar liggja fyrir, skortir sjóðinn fé á þessu ári upp á um 70 millj. kr., á árinu 1982 upp á 310 millj. gkr. og á árinu 1983 upp á 450 millj. gkr. Í öllum tilvikum er auðvitað miðað við það verðlag sem er í dag. Það er þess vegna ljóst, að þessi sjóður er þess allsendis vanmegnugur að taka á þeim verkefnum sem hér er um að ræða.

Varðandi lögin um Viðlagatryggingu Íslands vil ég segja það, að menn hafa auðvitað spurt að undanförnu hvað Viðlagatryggingin geti gert og hvernig standi á því, að hún bætir ekki tjón af þessu tagi. Eins og menn vita hóf Viðlagatrygging Íslands starfsemi sína 1. sept. 1975. Ekkert fjármagn var lagt fram sem stofnfé. Þess vegna varð þessi stofnun að byggja rekstur sinn á iðgjaldatekjum eingöngu. Fyrsta verk stjórnar Viðlagatryggingar Íslands var að afla endurtrygginga fyrir þessar tryggingar svo að hægt yrði að standa við skuldbindingar hennar um að bæta þau tjón er lögin gerðu ráð fyrir, en þau eru samkv. 4. gr. laganna. Í 4. gr. laga um Viðlagatryggingu Íslands er alveg tæmandi upptalning, að talið er, á þeim tjónum sem Viðlagatryggingin á að bæta, en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Viðlagatrygging Íslands skal vátryggja gegn beinu tjóni af völdum eftirtalinna náttúruhamfara: eldgosa, jarðskjálfta, skriðufalla, snjóflóða og vatnsflóða."

Fyrstu tjónin, sem komu til kasta Viðlagatryggingar Íslands, urðu í nóv. 1975, er mikið flóð varð vegna sjógangs suðvestanlands, einkum á Eyrarbakka. Í jan. 1976 urðu jarðskjálftar á Kópaskeri og nágrannahéruðum allt til Mývatnssveitar. Urðu þá stærstu tjón sem stofnun þessi hefur orðið að bæta. Síðan 1976 hefur ekki verið um meiri háttar tjón að ræða sem komið hafa til kasta Viðlagatryggingar Íslands. Hefur einkum verið um að ræða afmörkuð einstök tjón af völdum snjóflóða, vatnsflóða og skriðufalla. Staða Viðlagatryggingar Íslands var þannig í árslok 1979, að eigið fé eða hrein eign nam 1.7 milljörðum gkr. Þar af námu verðtryggð spari-

skírteini 1.2 milljörðum gkr. Talið er að í árslok 1980 hafi eigið fé Viðlagatryggingar Íslands, þ. e. iðgjöld plús verðbætur, numið um 3 milljörðum gkr.

Í álitsgerð, sem ég fékk frá forstjóra Brunabótafélagsins um þessi mál, segir m. a.:

„Það skal undirstrikað, að meginforsenda þess, að Viðlagatrygging Íslands geti staðið við skuldbindingar sínar, er að endurtrygging fáist fyrir meginhluta þeirrar vátryggingarverndar sem stofnuninni er ætlað að veita. Núgildandi endurtryggingarsamningur hljóðar upp á 20 millj. Bandaríkjadollara.

Spurt hefur verið um það," segir í þessari álitsgerð, „hvers vegna tjón af völdum storms eða fárviðris hafi ekki verið tekin upp í 4. gr. laganna. Því er til að svara, að um þetta var rætt í nefnd þeirri sem undirbjó frv. að lögum um Viðlagatryggingu Íslands. Niðurstaðan varð sú að taka storm ekki með, m. a. vegna þess að bætur vegna slíkra tjóna var auðvelt að fá tryggingu fyrir hjá tryggingafélögunum. Þar má nefna foktryggingu á húseignum, sem hefur verið til allt frá því 1960, heimilistryggingu, sem innifelur bætur á innbúi vegna slíkra tjóna, og húseigendatryggingu, sem einnig innifelur bætur fyrir þessa tegund tjóna."

Síðan segir í þessari álitsgerð:

„Heilbr.- og trmrh. skipaði 25. maí 1980 nefnd til þess að kanna möguleika á því að „tryggja þjóðina fyrir áföllum af meiri háttar náttúruhamförum", eins og þetta er orðað í erindisbréfi nefndarmanna. Samkv. lið 1 í bréfinu er nefndinni falin endurskoðun laga um Viðlagatryggingu Íslands, t. d. vegna eigna sem nú falla utan tryggingar. Nefndin hefur fram að þessu lagt megináherslu á öflun gagna um verðmæti meiri háttar mannvirkja, svo sem dreifikerfi, raforku, hitaveitur, vatnsveitur, hafnarmannvirki, brýr og ræktað land. Það er von nefndarmanna," segir formaður nefndarinnar, „að geta skilað áliti um þennan þátt fyrir lok marsmánaðar."

Loks segir í þessu yfirliti frá forstjóra Brunabótafélagsins og formanni þeirrar nefndar sem ég fól að endurskoða lögin um Viðlagatryggingu Íslands:

„Þá er það spurningin um það sem nú er efst í hugum manna: Á að taka tjón af völdum fárviðra inn í 4. gr. laga um Viðlagatryggingu Íslands? Það þarf að sjálfsögðu að íhuga þetta mál vel. Ég nefni hér aðeins þau atriði sem snúa að framkvæmdahlið málsins. Þar er mesta óvissan um það, hvort endurtryggjendur mundu samþykkja að taka þennan þátt inn í endurtryggingarsamning yfirstandandi árs og hvað það mundi kosta aukalega. Hvað þarf að hækka iðgjald Viðlagatryggingar af þessum sökum? Persónulega tel ég," segir Ásgeir Ólafsson," að aðstæður fyrir því að taka þennan þátt inn í Viðlagatryggingu Íslands séu töluvert breyttar frá því ástandi sem var þegar lögin um Viðlagatryggingu Íslands voru í mótun. Stofnunin var þá félaus, óvissa um endurtryggingarmöguleika og því ekki nema eðlilegt að varfærni væri gætt. Líta verður á hina veiku stöðu Bjargráðasjóðs nú, en hún virðist vera mun veikari en 1974. Á hinn bóginn hefur Viðlagatrygging Íslands styrkst fjárhagslega, þó enn sé hún á hálfgerðum brauðfótum þegar höfð eru í huga þau stóráföll sem geta dunið yfir okkar þjóðfélag af völdum náttúruhamfara." — Og af þeim ástæðum að nauðsynlegt er að stofnunin sé betur undir það búin að taka við tjónum sem verða af náttúruhamförum hefur verið sett á laggirnar sú nefnd sem ég vitnaði til hér áðan.

Það hefur einu sinni reynt á það áður, hvort Viðlagatrygging Íslands gæti bætt tjón sem verða af völdum óveðurs. Það var árið 1980, þ. e. á síðasta ári. Arnljótur Björnsson prófessor var beðinn um að meta hvort samkv. lögunum væri unnt að bæta það tjón sem þá varð. Hann sendi Viðlagatryggingu Íslands svar og á því byggist auðvitað sú afstaða sem forráðamenn Viðlagatryggingarinnar hafa orðið að taka nú. Í bréfinu segir:

„Í bréfi Suðureyrarhrepps til Viðlagatryggingar Íslands, dags. 23. mars 1980, er þess farið á leit, að stofnunin greiði bætur fyrir það tjón, er varð hér á Suðureyri þann 25. febr. s. l. af völdum fellibyls, er gekk hér yfir. Í bréfinu er engin lýsing á því hvað það var sem skemmdist."

Síðan segir prófessor Arnljótur Björnsson:

„Samkv. 4. gr. laga nr. 52/1975, um Viðlagatryggingu Íslands, tekur Viðlagatrygging til tjóns af völdum eldgosa, jarðskjálfta, skriðufalla, snjóflóða og vatnsflóða."

Hér er um tæmandi talningu að ræða og er Viðlagatryggingu Íslands því ekki heimilt að greiða bætur fyrir skemmdir er verða af öðrum orsökum en þeim, sem lagagreinin tekur til."

Í framhaldi af þessum skýrslum, sem ég hef fengið frá Bjargráðasjóði og Viðlagatryggingu Íslands og ég hef gert hér nokkra grein fyrir, óskaði ég eftir yfirliti frá Tryggingaeftirlitinu í sambandi við tryggingafélögin, starfsemi þeirra, skyldur og skilmála vegna þeirra tjóna sem hér hafa gengið yfir. Tryggingaeftirlitið segir í þeirri skýrslu, sem mér hefur borist varðandi endurskoðun vátryggingarskilmála, sem ég lagði mikla áherslu á:

„Tryggingaeftirlitið vill í tengslum við umræður um þessi mál benda á, að heildarendurskoðun á vátryggingarskilmálum vátryggingarfélaganna fer nú fram hjá eftirlitinu, en eins og kunnugt er eru allir skilmálar háðir samþykki þess. Á undanförnum vikum hafa m. a. skilmálar bifreiðatrygginga verið í endurskoðun og eru breytingar á þeim væntanlegar."

Ég óskaði eftir því, að Tryggingaeftirlitið, sem á að gæta þess að tryggingastarfsemi sé nægilega traust í landinu, segði álit sitt á því að skylda Viðlagatrygginguna til að taka slík tjón inn á sína dagskrá. Tryggingaeftirlitið hefur svarað mér með bréfi, sem er dags. í dag, og um það mál segir:

„Tryggingaeftirlitið vill geta þess, að þegar frv. um Viðlagatryggingu Íslands lá fyrir Alþingi benti eftirlitið þn. þeirri, er fjallaði um málið, á þá miklu takmörkun á vátryggingarsviðinu sem felst í því að óveðurstjón eru ekki innifalin. Rökin, sem lágu að baki þeirri takmörkun, voru þau, að stofnunin hefði ekki bolmagn til að taka á sig þessa áhættu í byrjun meðan sjóðir stofnunarinnar væru í uppbyggingu. Þá eru vátryggingar Viðlagatryggingar mjög takmarkaðar að því leyti, að einungis brunatryggðar eignir eru vátryggðar gegn náttúruhamförum. Telur Tryggingaeftirlitið brýnt að lögin um Viðlagatryggingu Íslands verði tekin til endurskoðunar."

Á grundvelli þessara gagna svo og þeirra upplýsinga sem við höfum fengið víðs vegar að af landinu, fjallaði ríkisstj. um þetta mál í morgun og þar var samþykkt tillaga sem ég gerði um afstöðu ríkisstj. og fyrstu skref í þessum efnum. Samþykkt ríkisstj. er á þessa leið:

„Ríkisstj. samþykkir að nú þegar fari fram könnun á því tjóni sem varð í ofviðrinu aðfaranótt s. l. þriðjudags. Verði þess farið á leit við sveitarfélögin, að þau taki saman yfirlit yfir tjón í hverju byggðarlagi og komi

niðurstöðum á framfæri við Samband ísl. sveitarfélaga og ríkisstj.

Ríkisstj. samþykkir enn fremur að undirbúin verði breyting á lögum um Viðlagatryggingu Íslands, þar sem m. a. verði gert ráð fyrir því, að tryggingin nái til tjóns af völdum fárviðris eftir því sem unnt er. Í þessu sambandi verði einnig endurskoðuð lög um Bjargráðasjóð og athugað á hvern hátt er rétt að skipta verkefnum milli hans og Viðlagatryggingar Íslands. Þess verði óskað sérstaklega við tryggingafélögin, að þau einfaldi skilmála sína þannig að ljósari verði sá réttur og þeir möguleikar sem viðskiptamenn tryggingarinnar hafa.

Þá samþykkir ríkisstj. að við afgreiðslu lánsfjárlaga verði tekið til athugunar að hve miklu leyti þarf að gera ráð fyrir sérstakri lánsfjárheimild til að auðvelda endurbætur mannvirkja er tjónamat liggur fyrir."

Herra forseti. Ég vænti þess, að þeirri fsp., sem til mín hefur verið beint utan dagskrár, hafi verið svarað. Það er því miður ekki hægt að gefa um þessi mál fyllri upplýsingar á þessu stigi, vegna þess að enginn veit nákvæmlega hversu víðtækt tjónið er, en vonandi líður ekki langur tími áður en niðurstöður liggja fyrir í þeim efnum þannig að unnt verði að taka ákvörðun um það, með hvaða hætti og að hve miklu leyti menn fá stuðning til þess að koma híbýlum sínum og vinnustöðum í samt lag eftir það fárviðri sem hér gekk yfir í landinu snemma í þessari viku.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Það er ekki að ófyrirsynju að hv. 1. þm. Vesturl. hefur hafið utan dagskrár umræður um óveðrið sem skall yfir á mánudagskvöld og aðfaranótt s. l. þriðjudags. Ég þarf ekki hér að fara að lýsa neinu um það, hvað þá skeði. Hv. 1. þm. Vesturl. gerði það ítarlega og okkur er öllum kunnugt um þau mál.

Þó er rétt að leggja sérstaka áherslu á það, að svo mikill skaði sem var hér næst okkur, í höfuðborginni og næstu byggðarlögum, þá var skaðinn ekki minni víðs vegar úti um landið. Þetta vill stundum gleymast. M. a. var það heldur óheppilegt hvernig haldið var á þessum málum óveðursnóttina því að útvarpinu var haldið opnu einungis meðan óveðrið var að ganga yfir Reykjavík og nágrenni, en látið svo sem ekki þyrfti að hafa möguleika á að koma skilaboðum til almennings í landinu, meðan óveðrið var að ganga yfir annars staðar, og útvarpinu þess vegna lokað.

Það verður ekki ofmælt um hve mikið tjón hefur orðið. En viðfangsefnið núna er að bregðast rétt við. Og við eigum allir að vera sammála um að til þess að gert verði það sem nauðsynlegt er þarf fjármagn. Auðvitað þarf að gá að ýmsu öðru. Hæstv. félmrh. hefur hér gert okkur grein fyrir því, hvað ríkisstj., að hans tillögu, eftir því sem hann upplýsti, hygðist gera varðandi þessi mál. Það voru nokkur atriði, sem þar komu fram, sem ekkert er nema gott um að segja. Ég lýsi ánægju minni yfir því, að ríkisstj. skuli hafa tekið þetta mál fyrir, enda hlaut svo að verða. Hvaða ríkisstj. sem hefði setið að völdum hefði gert slíkt.

Hæstv. ráðh. talaði um að þeir teldu að það þyrfti að fara fram könnun á því tjóni sem orðið hefur. Auðvitað er rétt að það þarf að ske. Það er náttúrlega undirstaðan undir því, hvert framhaldið verður. Hæstv. ráðh. sagði að ríkisstj. gerði ráð fyrir að undirbúa breytingu á lögum um Viðlagatryggingu Íslands. Hann gat þess enn fremur, að ætlunin væri að endurskoða lög um Bjargráðasjóð og sérstaklega athuga um skiptingu verkefna milli þessara stofnana. Að lokum kom það fram í máli hæstv. ráðh., að ríkisstj. hefði í huga eða vildi taka til athugunar hvað þyrfti að gera við afgreiðslu frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1981 til þess að afla fjármagns til að bæta þeim tjón sem urðu fyrir því í þessu ofviðri.

Hæstv. ráðh. flutti hér allfróðlegan pistil um ástand Viðlagatryggingar Íslands og Bjargráðasjóð. Hann gat þess, að mál þessara stofnana væru í undirbúningi og hann hefði skipað sérstaka nefnd til að vinna að því máli á síðasta ári. Það var að skilja á hæstv. ráðh., að það færi líka fram heildarendurskoðun hjá vátryggingarfélögum í landinu, og fleira taldi hann til. Um þetta er ekkert nema gott að segja. En einmitt þetta, að svo mikið þarf að aðhafast í þessum efnum, má ekki verða til þess að það seinki beinum aðgerðum til að koma til aðstoðar því fólki sem varð fyrir tjóni af ofviðrinu í byrjun vikunnar. Ég held að þessi tryggingamál séu almennt þess eðlis, að við þurfum vel að vanda allan undirbúning að framtíðarskipan þeirra mála. Og með því að það þarf að gera tel ég að það megi ekki bíða eftir að því verki sé lokið að grípa til beinna aðgerða vegna ofviðrisins sem nú skall yfir.

Með tilliti til þessa hef ég ásamt fimm öðrum sjálfstæðismönnum í Ed. lagt fram brtt. við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1981 á þskj. 442. Þessi till. er á þá leið, að fjmrh. verði heimilað fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1981 að fjárhæð allt að 30 millj. kr. eða 3 milljörðum gkr. og veita Bjargráðasjóði það fjármagn til ráðstöfunar samkv. 8. gr. laga nr. 51/1972, um Bjargráðasjóð.

Hvers vegna er þessi till. fram komin um að efla Bjargráðasjóð, en ekki t. d. Viðlagatryggingu Íslands? Það er vegna þess, eins og kom fram í máli hæstv. ráðh., að samkv. lögum er Viðlagatryggingu ekki heimilt að bæta það tjón sem varð í ofviðrinu í vikunni, en samkv. lögum er Bjargráðasjóði það heimilt. Bjargráðasjóður hefur ekki fjárhagslegt bolmagn til að gera neitt í þessu efni. Því er farin sú leið með þessum tillöguflutningi, að það verði veitt sérstakt fjármagn til Bjargráðasjóðs í þessu skyni.

Auðvitað verður að liggja fyrir hvað þetta tjón er mikið og það liggur ekki fyrir enn þá. Þess vegna er upphæð sú, sem sett er í tillögu okkar um eflingu Bjargráðasjóðs, 30 millj. kr., áætlunartala. En það hlýtur að vera hægt að halda svo á málum að það liggi ljóst fyrir hvað tjónið er mikið, þegar þessi till. verður afgreidd og frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1981. Þá kann að vera að þessi tala þurfi að koma til endurskoðunar.

Ég vil enn fremur vekja á því athygli, að samkv. þessari tllögugerð er ekki tekið svo til orða að ríkissjóður skuli endurlána Bjargráðasjóði það fjármagn sem hér er um að ræða. Það er af ásettu ráði ekki orðað svo vegna þess að það gæti verið lagt út þannig, að Bjargráðasjóður yrði að ráðstafa þessu fé með lánskjörum sem ekki samrýmdust venju við þá aðstoð sem Bjargráðasjóður hefur veitt, þ. e. lán með lágum vöxtum eða bein óafturkræf framlög. En með þessu móti á að vera séð fyrir því, að hægt sé að ganga núna til verks og koma við aðstoð á næstunni við það fólk sem hefur orðið fyrir tjóni í ofviðrinu. En á meðan getum við athugað gaumgæfilega öll þau mál og allar þær hliðar sem hæstv. félmrh. dró hér upp af ástandi mála almennt varðandi Viðlagatryggingu, Bjargráðasjóð og vátryggingamál í landinu.

Herra forseti. Mér þótti rétt að vekja hér í Sþ. athygli á þessu máli og þessari till., sem ég hér hef greint frá, en hún er að sjálfsögðu borin fram í Ed. þar sem frv. um lánsfjárlög fyrir árið 1981 er til umr.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég hygg að ef menn hafa í huga þær umr., sem hafa átt sér stað hér á hinu háa Alþingi undanfarna tvo daga, hljóti nú þm. að leiða hugann að því, hvort ekki sé í alvöru tímabært að þetta þing starfi í einni málstofu, því hér hafa sömu málin í tvo daga í röð verið til umr. í báðum deildum og nú í Sþ.

Það þarf engan að undra þó að það beri hér á góma utan dagskrár, hvernig mætt skuli þeim vanda sem skapast hefur vegna óveðursins sem geisaði hér á mánudagskvöld og aðfaranótt þriðjudags. Það mál hefur þegar verið rætt utan dagskrár í Ed. í dag og þar svaraði hæstv. forsrh. fsp. minni og taldi þar upp þau atriði sem ríkisstj. hafði gert samþykkt um í morgun. Ég fagna þessari samþykkt og tel að þar séu stigin fyrstu skrefin í rétta átt. Hins vegar er ekki tímbært, tel ég, á þessu stigi málsins að ræða þetta mál frekar í smáatriðum. Ég fagna því að þetta skuli hafa verið gert. Það er ljóst að tjónið í þessu fárviðri hefur orðið gífurlegt og sjálfsagt ekki allt enn komið í ljós sem þar hefur skemmst eða eyðilagst.

Ég tek undir þau orð hv. 4. þm. Vestf. áðan, að það er vissulega áhyggjuefni hvernig almannvarnir og Ríkisútvarpið brugðust við þarna um nóttina, þegar hætt var útvarpi og lokað þessu aðalöryggistæki sem tengdi þá saman sem voru að vinna að björgunar- og hjálparstörfum þessa nótt, — að hætt skyldi útvarpi þegar versta veðrið var gengið hér yfir suðvesturhornið. Það er kannske ævinlega auðvelt að vera vitur eftir á, en í ljósi þess, sem síðar gerðist, er alveg ljóst að þetta var röng ákvörðun. Ég mun beita mér fyrir því, að þetta mál verði tekið upp í útvarpsráði og rætt þar svo og nánari samvinna Almannavarnaráðs og Ríkisútvarpsins, sem er sá meginhlekkur í þessari keðju sem ekki má bresta.

Án þess að fara að ræða þetta mál hér efnislega vil ég aðeins ítreka þau ummæli sem við voru höfð í Ed. í dag af hálfu Alþfl., að við erum reiðubúnir til alls samstarfs um fjárútvegun til þessa þegar í ljós er komið hvert umfang tjónsins er og hvernig hagkvæmast og eðlilegast muni komið til móts við þá sem hér hafa orðið fyrir skakkaföllum. Það er líka ástæða til að leggja áherslu á það og óska eftir því við hæstv. forsrh. og hæstv. félmrh., að þessu máli verði hraðað svo sem kostur er.

Varðandi ræðu hv. 1. þm. Vesturl. áðan vil ég aðeins segja að það kemur mér ekki á óvart að garðyrkjubændur í Borgarfjarðarhéraði skuli hafa óskað eftir fundi með þm. kjördæmisins. Þeirra tjón er mikið og þeirra vandi er mikill. Hins vegar verð ég að lýsa þeirra skoðun, að það kemur mér nokkuð á óvart að til þessa fundar skuli vera boðað úr ræðustól á Alþingi. Er það nokkur nýlunda og mér finnst þau vinnubrögð hreint ekki til fyrirmyndar.

Ég tel sem sagt, að ríkisstj. hafi stigið hér fystu skrefin í rétta átt, og fagna því, án þess að ástæða sé á þessu stigi til þess að hafa fleiri orð hér um að sinni.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir ítarleg svör við tilmælum mínum og ég treysti því, að hæstv. ríkisstj. fylgi þessu máli eftir. Það er alveg rétt, sem áhersla hefur verið lögð hér á, að það þarf aðgerðir strax í þessu máli fyrir allan þann mikla fjölda fólks sem er ráðþrota gagnvart þessu gífurlega tjóni. Það treystir á vissar aðgerðir nú þegar.

Ég vil taka undir þær tillögur, sem samþ. voru á ríkisstjórnarfundi í morgun, og fagna þeim. Þær stefna allar í rétta átt, því að auðvitað eigum við að miða þær aðgerðir, sem þetta mikla tjón hefur vakið upp, við að tryggja að ef slíkar náttúruhamfarir koma fyrir aftur verði menn ekki eins berskjaldaðir fyrir tjóni og raun varð nú.

Ég geri ráð fyrir að sveitarfélögin bregðist vel við að safna upplýsingum. Það verður fundur í stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga á morgun sem mun sérstaklega taka þetta mál til meðferðar. Ég geri ráð fyrir að það verði mjög hert á því, að samstarf sveitarfélaganna við ríkisstj. um alla upplýsingaöflun í sambandi við þetta gífurlega tjón verði hraðað eftir föngum.

En aðalatriðið er, að við alþm. hljótum að vera samstiga í þessu máli og stuðla að því með ríkisstj., að þær ráðstafanir verði gerðar sem bæði koma að gagni, miðað við ástandið nú, og tryggja framtíðina í þessum málum. Það er aðalatriðið.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég þakka fyrir þær góðu undirtektir sem þessi mál hafa fengið hér í umr. Þegar svona mál koma upp í landi okkar gerist það oft, að menn eru reiðubúnir til að snúa bökum saman og vinna í sameiningu að þeim verkefnum sem leysa þarf.

Að sjálfsögðu stendur það ekki til, að þær athuganir, sem ég greindi frá áðan og hafa verið í gangi eina 10 mánuði, verði til að tefja þetta mál út af fyrir sig. Það er ekki meiningin að bíða eftir niðurstöðum og enduskoðun tryggingakerfisins í heild. Það hefur mér auðvitað aldrei dottið í hug. Það er miklu meira mál en svo. Sú endurskoðun á viðlagatryggingalögunum, sem ég hef verið með í gangi er geysilega flókin vegna þess að hún er fyrst og fremst um hvort unnt sé að tryggja þjóðina fyrir áföllum á meiri háttar mannvikjum, eins og t. d. raflínum, virkjunarmannvirkjum og því um líku. Þessi könnun er í gangi. Þetta er mjög flókið verk, og menn hafa talið að þetta væri allt of dýrt til að það væri nokkur leið að ráðast í það. En mér finnst að jafnvel þó að svona tryggingar geti verið dýrar á líðandi stund höfum við skyldu til að sýna lágmarksfyrirhyggju í þessum efnum og að kanna a. m. k. í botn hvort þetta er yfirleitt framkvæmanlegt. Það hefur ekki verið gert áður hér á landi.

Ég vil þakka fyrir undirtektir talsmanns Alþfl., hv. 5. þm. Vesturl., um að Alþfl. sé reiðubúinn að taka þátt í að stuðla að fjáröflun í þessu skyni þegar mat liggur fyrir. Þá er ég auðvitað ekki að tala um að mat þurfi að liggja fyrir í smáatriðum, að það þurfi að meta svo að segja hverja einstaka rúðu í þessum efnum, heldur þurfi matið að liggja fyrir í grófum dráttum, hver sá rammi er sem þarna þyrfti að fylla út í. Ég segi alveg eins og er, að ég treysti mér ekki til að slá því föstu, að þessi tala sé 3000 millj. gkr., á þessu stigi málsins, enda finnst mér ekki liggja á því af því að ég er viss um að Alþingi er reiðubúið að afgreiða þetta mál hratt þegar það á annað borð liggur fyrir nokkurn veginn hversu mikill þessi vandi er. Ég treysti mér því ekki til að nefna tölur í þessum efnum. Mér finnst að það sé í raun og veru alveg útilokað. Stjórn Bjargráðasjóðs lét það frá sér fara, að þetta tjón kostaði milljarða. Það er ekki nokkur vafi á að það hleypur á milljörðum gkr., en eitthvað af þessu tjóni verður bætt af tryggingafélögunum, eitthvað af því greitt, en ég treysti mér ekki til að meta hvaða tala ætti að vera þarna inni á

þessu stigi, enda finnst mér að það liggi í sjálfu sér ekki á því að gera það núna.

Ég undirstrika að lokum að sú samþykkt, sem ríkisstj. gerir í þessum efnum, er í þessum þáttum:

Það er í fyrsta lagi að fram fari könnun, hún verði á vegum sveitarfélaganna og niðurstöðum verði komið á framfæri við Samband ísl. sveitarfélaga og ríkisstj. Þetta er númer eitt.

Í öðru lagi hefur ríkisstj. samþykkt að breyta lögum um Viðlagatryggingu Íslands þannig að þau nái einnig til tjóna sem verða af fárviðri. Í tengslum við það hefur ríkisstj. samþykkt að endurskoða lögin um Bjargráðasjóð. En auðvitað er það þannig, að ef hér yrði um að ræða fjárhagslegar stuðningsaðgerðir geta þær að sjálfsögðu ekki verið á vegum Viðlagatryggingar Íslands. Það er alveg ljóst. Bjargráðasjóður hefur þarna vissa farvegi að fara eftir og kannske heppilegra að nota þann farveg, en hugsanlegt er að það þurfi að nota þarna einhverja aðra farvegi vegna þess að hér er líka um að ræða tjón sem Bjargráðasjóður hefur í raun og veru ekki fengist við. Hann hefur ekki fengist við hliðstæð tjón í öllum tilvikum, því að tjónin, sem urðu í fárviðrinu núna á dögunum, eru afskaplega mismunandi. Þetta var annar þátturinn í samþykkt ríkisstj.

Þriðji þátturinn er svo um endurskoðun tryggingarskilmálanna.

Fjórði þátturinn er svo um það, að ríkisstj. samþykkir að við afgreiðslu lánsfjárlaga verði tekið til athugunar að hve miklu leyti þarf að gera ráð fyrir sérstakri lánsfjárheimild til að auðvelda endurbætur mannvirkja ef tjónamat liggur fyrir.

Mér fannst eiginlega ekki hægt á þessu stigi málsins að orða þetta öllu nákvæmar en hér er gert, en hér er um að ræða afdráttarlausa viljayfirlýsingu ríkisstj., og það hefur komið fram góður stuðningur við þau sjónarmið í þessum umr.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Það hafa greinilega orðið einhver mistök hér. Ég var fyrir löngu búin að biðja um orðið. Ég ætla samt að koma hér upp, þó að segja megi að ráðh. sé búinn að ljúka þessu máli. Ég vil aðeins taka undir það, að þetta er mál sem allir eru reiðubúnir til samstarfs um.

Það er brýn nauðsyn að brugðist verið skjótt við, og ég get fallist á að þetta er í raun og veru tvíþætt. Það er annars vegar um að ræða þau atriði, sem lúta að því að endurskoða tryggingakerfið og aðlaga það ýmsum þáttum í ljósi reynslunnar, og hins vegar að koma til móts við þá aðila sem hafa orðið fyrir óbætanlegu tjóni bæði á fasteignum og atvinnulega. Ég fagna því, að þetta mál er komið á skrið hjá hæstv. ríkisstj., og ég legg áherslu á að hraðað verði raunhæfum aðgerðum, því að greinilegt er að víðs vegar um landið er neyðarástand hjá mönnum, sem horfa ekki aðeins upp á mannvirki sín í rústum, heldur einnig atvinnu sína og afkomu sem var til húsa í þessum mannvirkjum.

Eins og fram kom var þetta mál rætt utan dagskrár í Ed. áðan og ég ætla því ekki að ræða það frekar hér, hef tekið þar þátt í umr., en vil endurtaka að ég fagna því, að skriður er kominn á þetta mál hjá hæstv. ríkisstj.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég vil lýsa ánægju minni yfir því að hæstv. félmrh. virðist telja að Bjargráðasjóður sé eðlilegasta leiðin til að koma við bótum út af því tjóni sem það ofviðri hefur valdið sem hér um ræðir. Að vísu sagði hæstv. ráðh. að honum virtist að þetta tjón, sem nú hefði orðið, væri svo margbreytilegt að það mundi ekki allt falla undir Bjargráðasjóð. (**Félmrh.:** Ég sagði að það væri ekki víst.) Ekki víst, já. Ég skal ekki fullyrða neitt um þetta, en bendi á að 8. gr. laga um Bjargráðasjóð, sem kveður á um þetta efni, er ákaflega víðtæk. Mér þykir því ólíklegt að það sé margt sem ekki falli þarna undir.

Hæstv. ráðh. sagði svo að hann treysti sér ekki til að nefna ákveðna tölu um það, hvað bæturnar þyrftu að vera miklar, en í tillögu okkar sjálfstæðismanna er talað um 30 millj. nýkr. Ég tók fram í máli mínu að þetta væri áætlunartala. Auk þess er tekið svo til orða í till., að það sé allt að 30 millj. Frá okkar sjónarmiði getur þetta því komið til endurskoðunar, en við töldum að það væri ekki fráleitt að nefna þessa tölu. Eins og hæstv. ráðh. líka benti á fer ekki saman heildartjónið og heildarbæturnar eftir þessari leið, því að bætur geta komið eftir fleiri leiðum, t. d. úr tryggingakerfinu.

Þá vil ég segja það, að ég held að við verðum að gera ráð fyrir að þegar frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1981 verður afgreitt liggi fyrir í höfuðdráttum hvað tjónið er mikið umfangs, þannig að ég held að þetta með upphæðina verði okkur ekki að neinu vandamáli. Það hlýtur að koma í ljós. Aðalatriðið er það, að við getum sameinast um að gera markvissar ráðstafanir sem koma sem fyrst að notum. Mér virðist að menn geti verið sammála um að það verði eftir þeim leiðum sem við sjálfstæðismenn leggjum til, þ. e. að efla Bjargráðasjóð í þessu skyni.

Forseti tók öll dagskrármálin af dagskrá.

Sameinað þing, 52. fundur.

Mánudaginn 23. febr., kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Jón Helgason): Mér hafa borist eftirfarandi tvö bréf:

„Reykjavík, 19. febr. 1981.

Ólafur Jóhannesson, 5. þm. Reykv., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sinnt þingstörfum um sinn leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Reykjavík, Haraldur Ólafsson dósent, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Þorv. Garðar Kristjánsson,
forseti Ed."

„Reykjavík, 19. febr. 1981.

Ingvar Gíslason, 1. þm. Norðurl. e. hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sinnt þingstörfum um sinn leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að vegna forfalla 1. varamanns taki 2. varamaður Framsfl. í Norðurlandskjördæmi eystra, Hákon Hákonarson formaður Sveinafélags járniðnaðarmanna á Akureyri, sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Sverrir Hermannsson,
forseti Nd."

Eins og fram kemur í þessu bréfi þarf að fara fram rannsókn á kjörbréfi Hákonar Hákonarsonar og vil ég biðja kjörbréfanefnd að taka það til athugunar. Verður gefið fundarhlé á meðan. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Tómas Árnason viðskrh.): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur rannsakað kjörbréf Hákonar Hákonarsonar, 2. varaþm. Framsfl. í Norðurlandskjördæmi eystra, og ekkert fundið athugavert við kjörbréfið. Það liggja frammi bréf frá Ingvari Gíslasyni menntmrh. og hraðskeyti frá Níels Lund, sem er 1. varamaður Framsfl. í Norðurlandskjördæmi eystra, um að hann geti ekki tekið sæti vegna anna. Kjörbréfanefnd hefur orðið sammála um að mæla með því að kjörbréfið verði samþykkt og kosningin tekin gild.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 35 shlj. atkv.

Forseti (Jón Helgason): Hákon Hákonarson hefur ekki átt sæti á Alþingi áður og þarf því að undirrita eiðstaf.

Drengskaparheit unnið.

Hinn nýi þingmaður, Hákon Hákonarson, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Forseti (Jón Helgason): Hákon Hákonarson hefur undirritað eiðstaf. Býð ég hann velkominn til starfa. Enn fremur býð ég Harald Ólafsson velkominn til starfa á Alþingi.

Efri deild, 55. fundur.

Mánudaginn 23. febr., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Lánsfjárlög 1981, frv. (þskj. 430). — Frh. 1. umr.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Á fundi deildarinnar í seinustu viku, þegar þetta mál var til umr., bar hv. þm. Lárus Jónsson, 3. þm. Norðurl. e., fram þrjár spurningar til mín sem lúta að þessu máli, þ. e. frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1981 og framkvæmd lánfjáráætlunar fyrir seinasta ár. Ég ætla að svara þessum spurningum hér.

Fyrsta spurningin var sú, hvernig lánsfjáráætlun fyrir árið 1980 hefði komið út í reynd hvað fjáröflun snertir, og í öðru lagi, hvað erlendar lántökur hefðu orðið háar í reynd og hvernig tekist hefði til með þann niðurskurð sem ákveðinn var í lánsfjáráætlun þess árs.

Í grófum dráttum er því til að svara, að innlend fjáröflun til ríkissjóðs stóðst nokkurn veginn eins og til stóð og nam 25.7 milljörðum, en í lánsfjáráætlun var áætlað að hún mundi nema 24 milljörðum. Fjáröflunin innlenda var því ívið meiri en ráð var fyrir gert í lánfjáráætlun. Sala spariskírteina stóðst nokkurn veginn nákvæmlega á endum, það innheimtist meira af endurlánuðum spariskírteinum en ráð var fyrir gert, 3 milljörðum hærri upphæð. Verðbréfakaup bankakerfis urðu hins vegar um 1.7 milljörðum minni en ráð var fyrir gert. Sérstaklega urðu verðbréfakaup lífeyrissjóða allmiklu eða sem nam um 4.8 milljörðum minni, en á móti kom að önnur innlend lánsfjáröflun var allmiklu meiri en ráð var fyrir gert, og því var heildarútkoman ívið hærri en lánsfjáráætlun gerði ráð fyrir.

Hvað snertir erlendar lántökur, þá var erlend lántaka opinberra aðila 53 milljarðar í staðinn fyrir 49.8 milljarða sem og ráð var fyrir gert. Hefur áður verið gerð grein fyrir því hér í frv. um heimild fyrir ríkisstj. til töku erlends láns, sem afgreitt var hér fyrir jól, í hverju sá mismunur var fólginn. Hækkunin á erlendum lántökum opinberra aðila var sem sagt liðlega 3 milljarðar, og var þar einkum um að ræða auknar lántökur vegna raforkuframkvæmda. Það voru Rafmagnsveitur ríkisins sem þarna komu hvað helst við sögu, Jarðvarmaveitur

ríkisins á svæði Kísiliðjunnar og Kröfluvirkjun. Þessir aðilar fengu aukið lánsfé miðað við það sem áður var ráð fyrir gert, af óhjákvæmilegri nauðsyn, og þetta mál hefur verið afgreitt hér í þinginu þegar, það var gert þegar ákveðin var lántökuheimild til ríkissjóðs fyrir jól.

Lánastofnanir tóku að láni nákvæmlega þá upphæð sem ráð var fyrir gert, 5.5 milljarða. Aftur á móti kemur á daginn að í einkageiranum er um meiri lántökur að ræða en ráð var fyrir gert. Ber þar hæst innlendar skipasmíðar sem fóru allverulega miklu hærra í lántökum sínum á erlendum vettvangi en ráð var fyrir gert, í 7.5 milljarða í staðinn fyrir 3 eins og ráð var fyrir gert í lánsfjáráætlun. Flugvélakaup urðu 8.4 milljarðar í staðinn fyrir 7.7. Endurbætur fiskiskipa urðu rúmir 2 milljarðar í staðinn fyrir 1 milljarð. Og lántökur vegna fiskiskipa urðu 4.9 milljarðar í staðinn fyri 4.2. Liðurinn „vélar og tæki", þ. e. kaup einkaaðila á vélum og tækjum, varð allmiklu hærri en áætlað var eða 3.4 milljarðar í staðinn fyrir 2, og „ýmislegt ófyrirséð" hækkaði mjög verulega, varð 6 milljarðar í staðinn fyrir 1 milljarð. Samtals varð hækkunin hjá einkaaðilum — að meðtalinni Járnblendiverksmiðju sem hækkaði úr 8 milljörðum í 9.8 — um 16 milljarðar kr., og það er aðalástæðan fyrir því, að í heild urðu erlendar lántökur 104 milljarðar í staðinn fyrir rúml. 85 eins og áður var ráð fyrir gert. Hækkunin nemur 19 milljörðum. Hækkunin hjá opinberum aðilum, þ. e. hjá ríkissjóði, er, eins og hér hefur komið fram, liðlega 3 milljarðar, en hjá einkaaðilum um 16 milljarðar.

Í lánsfjáráætlun fyrir árið 1980 var gert ráð fyrir nokkrum niðurskurði á lánveitingu til opinberra framkvæmda og opinberra stofnlánasjóða frá því sem gert var ráð fyrir í fyrstu áætluninni sem lögð var fram. Hv. þm. spurði hvernig þessi niðurskurður hefði tekist. Ég vil upplýsa það hér, að í meginatriðum var fylgt áætlun. Áform flugmálastjórnar voru skorin niður um 40 millj., Ríkisútvarpsins um 30 millj., Skipaútgerðar um 20 millj., styrking dreifikerfa um 108 millj., sveitarafvæðing um 42 millj., einkarafstöðvar um 4 millj., hitaveitulán um 50 millj., og jarðhitaleit um 15 millj., eða samtals 309 millj. Hins vegar er rétt að sá áformaði niðurskurður, sem við höfðum sett á blaði stóðst ekki að öllu leyti. Eru það fyrst og fremst framkvæmdir á vegum Rafmagnsveitna ríkisins sem ekki reyndist unnt að skera niður í þeim mæli sem áætlað var. Þetta á t. d. við um Vesturlínuna, og á raunar líka við um framkvæmdir Kröfluvirkjunar og Jarðvarmaveitna ríkisins, eins og ég hef þegar tekið fram.

Framkvæmdasjóði var ætlað að draga úr útlánum um 10% eða um 2525 millj. kr. Sá niðurskurður skiptist þannig á einstaka sjóði, að Lánasjóður sveitarfélaga var skorinn niður um 330 millj., Fiskveiðasjóður um 990 millj., Stofnlánadeild landbúnaðarins um 310 millj., Iðnlánasjóður um 620 millj., Ferðamálasjóður um 60 millj., Landflutningasjóður um 30 millj., Verslunarlánasjóður um 40 millj., Lánasjóður samvinnufélaganna um 40 millj. og bein útlán Framkvæmdasjóðs voru skorin niður um 105 millj., eða samtals um 2525 millj. kr. Þessi niðurskurður stóðst fullkomlega áætlun og skiptist sem sagt með fyrrgreindum hætti.

Að lokum spurði hv. þm. hver væri hlutdeild bænda í því sem á vantar að fullnægt sé útflutningsbótaþörf á landbúnaðarafurðir miðað við fulla verðtryggingu á framleiðsluárinu 1979—1980. Svarið við þeirri spurningu er svo hljóðandi:

Talið er að útflutningsbótaþörfin á framleiðsluárinu 1979—1980 nemi um 13.9 milljörðum gkr. Ég tek það fram, að í máli mínu hér tala ég ævinlega um gkr. vegna þess að verið er að tala um liðið ár og þá virðist eðlilegast að tala um þá mynteiningu sem þá var. Bótaþörfin, þ. e. þessir 13.9 milljarðar kr., var fjármögnuð þannig: Fjárveiting á fjárlögum nam 8.4 milljörðum. Geymdur hluti frá lánsfjáröflun 1980 vegna framleiðsluársins 1978/1979, sem ekki var notaður vegna þess framleiðsluárs, að upphæð 1 milljarður, kemur þarna til viðbótar. Síðan kemur fyrirhuguð lánsfjáröflun í lánsfjáráætlun 1981 vegna framleiðsluársins 1979/1980 í samræmi við það mál sem hér er til umr., frv., til lánsfjárlaga, en ákvæði þess efnis er í 9. gr. frv. Og síðan kemur hluti bænda, sem er afgangurinn, 2.8 milljarðar. Samanlagt verða þetta 13.9 milljarðar kr.

Eins og hér kemur fram var ekki þörf fyrir allt það fé sem aflað var í lánsfjáráætlun 1980, m. a. vegna birgðauppsöfnunar landbúnaðarvara. Hefur það orðið að samkomulagi, að sú upphæð sé notuð til að brúa vandann á árinu 1981.

Varðandi útflutningsbótaþörf á framleiðsluárinu 1980/1981 er það að segja, að erfitt er að spá um hana. Margt bendir til þess, að bótaþörfin á seinasta framleiðsluári verði að tiltölu mun minni en á árinu 1979/1980. Ljóst er að kjötframleiðslan dregst verulega saman. Hugsanlegt er að útflutningur á kindakjöti geti numið 4 þús. tonnum í stað 5500 tonna 1980. Þá ber og að hafa í huga að mikil óvissa er um innanlandsmarkaðinn, enda tengist auðvitað innanlandsneyslan stefnu stjórnvalda í niðurgreiðslumálum. Hliðstæðu máli gegnir um framleiðslu mjólkurafurða, en þar ríkir þó enn meiri óvissa en um útflutningsbótaþörf vegna kjötsins.

Þetta seinasta, sem ég nú las, er svar fjárlaga- og hagsýslustofnunar við þeirri spurningu, hvernig þessi mál líta hugsanlega út núna á fjárlagaárinu. En það var nú fyrst og fremst hin spurningin sem hv. þm. vildi fá svar við, hver yrði hlutur bænda varðandi fjármögnun útflutningsbóta á liðnu framleiðsluári, og svarið við þeirri spurningu hefur þegar komið fram. Hlutur bænda er 2.8 milljarðar.

Herra forseti. Ég vænti að með þessu hafi ég svarað spurningum hv. þm.

Ég vil láta þess getið, að hv. þm. Lárus Jónsson og Kjartan Jóhannsson voru boðaðir á fund í fjmrn. í morgun þar sem gerð var grein fyrir þeim þáttum lánsfjáráætlunar sem enn eru ekki fram komnir hér í þinginu, ef það mætti verða til þess að greiða fyrir því, að málið kæmist til nefndar. Því miður var annar hv. þm. veðurtepptur austur á fjörðum og mun því ekki hafa komist á þennan fund, en ég vænti þess, að hann kynni sér þessi gögn um leið og hann kemur og að mál þetta geti fengið afgreiðslu til nefndar hið allra fyrsta.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. ráðh. fyrir svör við spurningum mínum. Ótal fleiri spurningar vakna þegar svona mál er á ferðinni, en það var gott að fá svör við þessum spurningum.

Ég vil þá í framhaldi af því upplýsa að það, sem hæstv. ráðh. sagði hér um að við hv. þm. Kjartan Jóhannsson hefðum fengið upplýsingar um það sem eftir stæði af

fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1981, er ekki alls kostar rétt. Þar vantar mjög verulega á. Þar vantar t. d. nýja þjóðhagsspá sem Þjóðhagsstofnun er að vinna að og er venja að komi í slíku plaggi. Eins vantar á þann kafla fjárfestingar- og lánsfjáráætlunarinnar sem venja er að Seðlabankinn vinni. Þarna er náttúrlega um að ræða gífurlega mikilvægar upplýsingar um svona umfangsmikið mál. En ég vil að það komi skýrt fram hér, að við höfum rætt það við hæstv. fjmrh. að ég muni ekki á þessu stigi bregða fæti fyrir að þetta mál verði látið ganga til nefndar á þinglegan hátt. Hins vegar vek ég athygli á því enn og aftur, að þarna er náttúrlega um alls ófullnægjandi málatilbúnað að ræða, svo ekki sé meira sagt. Það er skýlaus krafa að þessar upplýsingar komi fram tímanlega í hv. fjh.- og viðskn. áður en málið verður afgreitt til 2. umr.

Hugmynd mín með því að gera ekki frekari athugasemd við málsmeðferðina að þessu sinni er auðvitað sú að greiða fyrir framgangi málsins svo sem kostur er. Það er ekki vanþörf á því að þetta mál, eins og ég hef rakið hér, hefði átt að berast í hendur þingsins í upphafi þingstarfa í haust og hefði átt að afgreiða með öllum eðlilegum hætti með fjárlögum fyrir áramót. (**Fjmrh.:** Þjóðhagsáætlun kom í október.) Já, við skulum ekki deila um það, hæstv. ráðh., það er búið að tala svo mikið um þetta mál hér og segja svo margt um þessa málsmeðferð. Ég hef haft hér meira að segja orðrétt eftir sjálfum hæstv. ráðh. það sem hann sagði þegar hann lagði fram þessa áætlun í fyrra, — og þar fór hann vissulega með rétt mál — að lagaskylda væri að leggja þessa áætlun fram með fjárlagafrv., en afsökun þá var kosningar og óregluleg þingstörf.

Í þeim upplýsingum, sem bárust okkur í hendur í morgun, kemur fram að nokkuð er um breytingar á lánsfjáráætlun að því er varðar opinberar framkvæmdir frá því er fram kom í skýrslu hæstv. ríkisstj. og hæstv. ráðh. við fjárlagaafgreiðslu. Þar er um nokkur frávik að ræða og sum veruleg. Með þeim breytingum tókst hæstv. ríkisstj. að koma lánsfjáröflun í tæplega 100% hækkun frá fjárhæð lánsfjárlaga í fyrra. Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun, eins og hún verður væntanlega lögð fram af hálfu hæstv. ríkisstj., er gert ráð fyrir að taka erlend og innlend lán til opinberra framkvæmda á árinu 1981 sem nema hvorki meira né minna en 99.5 milljörðum gkr. Það er 99.9% hækkun frá lánsfjáröflun í fyrra samkvæmt lánsfjárlögum.

Ég hef margvakið athygli á því, að það er ekki einungis að hæstv. ríkisstj. auki skattheimtu og grípi til margvíslegra ráða til þess að þenja út ríkisútgjöldin. Hún hefur á s. l. tveimur árum sett algerlega nýtt met í lántökum til opinberra framkvæmda að auki, og ætlar sér að hækka lántökur til opinberra framkvæmda um hvorki meira né minna en rétt tæp 100% frá því í fyrra.

Það er einkar athyglisvert líka í þessu sambandi, að verulegur hluti af þessum lántökum er erlend lán. Að vísu skar hæstv. ríkisstj. í fyrra niður á síðustu stundu erlendar lántökur samkvæmt fyrirhugaðri lánsfjáráætlun um 10 milljarða gkr. og hugsaði sér að afla þeirra með innlendum lánum. Hæstv. ráðh. hefur gert grein fyrir því, að þetta hafi ríkisstj. tekist, að því er hann telur. Ýmis gögn benda þó til þess, að það hafi tekist misvel. Í síðustu Hagtölum mánaðarins segir Seðlabankinn: „Ríkisstofnanir í B-hluta. Staða B-hluta aðila við Seðlabankann versnaði á árinu 1980 um 19 m. kr. og stafar versnunin" — *eins og þeir segja hérna í þessum góða texta* — „að mestu af skuldaaukningu á reikningum lánsfjáráætlunar ríkisins." Versnunin stafaði af þessu. (**StJ:** Svo hefur náttúrlega átt sér stað betrun!) Þetta er gullaldartexti Seðlabankans. (**StJ:** *En bestunin?*) Það hlýtur að vera á einhverjum öðrum sviðum, vegna þess að hæstv. ráðh. sagði að honum hefði tekist sú lánsfjáröflun á innlendum vettvangi sem hann stefndi að í fyrra.

Eins og hann gat um brást þessi lánsfjáröflun fyrst og fremst að því leyti til, að ríkissjóður hefur ekki fengið lífeyrissjóðina til að kaupa þau verðbréf sem hæstv. ríkisstj. hugsaði sér samkvæmt lánfsfjáráætluninni í fyrra. Á þetta hef ég þráfaldlega bent núna vegna þess að hæstv. ríkisstj. stefnir að því að lífeyrissjóðirnir margfaldi lánsfjárframboð sitt til Byggingarsjóðs ríkisins á þessu ári. Mig minnir að hækkunin sé þar ekki 100% frá því í fyrra, eins og á lántöku til opinberra framkvæmda, heldur hvorki meira né minna en 169%. Ég sé því ekki betur en hæstv. ríkisstj. þurfi að endurskoða þessa áætlun miðað við reynsluna.

Ég sagði áðan að hæstv. ríkisstj. stefndi að því að auka verulega erlenda lántöku til opinberra framkvæmda. Í heild hugsar hún sér að auka lántökur erlendis í hvorki meira né minna en 138 milljarða kr. á þessu ári, úr 85 milljörðum sem lánsfjárlögin í fyrra gerðu ráð fyrir. Hæstv. ráðh. hefur skýrt frá því hér, að erlendar lántökur hafi farið úr böndunum í fyrra. Og því miður sýnist mér við fljóta yfirsýn að þessi áætlun sé að sumu leyti þannig úr garði gerð, að eins geti farið í ár.

Það er athyglisvert, að alltaf stefnir í meira og meira óefni í erlendum lántökum. Ef við athugum hver þróunin hefur orðið í þessu frá því 1977, þá verður staða erlendra lána um áramótin 50% hærri í erlendri mynt en hún var 1977 um áramótin þá. Og eftir að þessi lánsfjáráætlun hefur gengið fram fyrir árið í ár verður staða erlendra lána um áramótin rúmlega 70% hærri í erlendri mynt. Og skuldastaða okkar verður núna samkv. þeirri lánsfjáráætlun sem hér er til umr., hvorki meira né minna en 36.6% af þjóðarframleiðslu. Í þessu efni þykir mjög varhugavert að fara yfir 35%.

Nú er það svo, að þegar gengi er skráð eins og það er hjá okkur núna, að það er heldur vanmetið, — það ætti að vera lægra vegna útflutningsatvinnuveganna — þá eru slíkar tölur sem þessar alltaf vanmetnar að einhverju leyti. Það má því segja að skuldastaða okkar í prósentum af þjóðarframleiðslu sé að nálgast eða að komast yfir rautt strik. Við skulum t. d. segja að 37—38% væri algert hættumerki.

Ef við mælum þessa skuldagreiðslubyrði okkar á annan mælikvarða, sem oft hefur verið notaður og er einmitt notaður í málefnasamningi hæstv. ríkisstj., þá fer þessi greiðslubyrði okkar, greiðslubyrði erlendra lána í prósentum af útfutningstekjum, allverulega fram úr því marki sem hæstv. ríkisstj. taldi að ekki ætti að fara fram úr, þ. e. 15%. Núna er áætlað að 1981, þegar þau lánsfjárlög hafa gengið fram sem hæstv. ríkisstj. er nú að afla heimilda til hjá hinu háa Alþingi, verði þessi greiðslubyrði komin upp í 15.4%, og er þá, að ég hygg, reiknað með sæmilega góðum vaxtakjörum á erlendum lánum. Ef hins vegar vaxtakjör versna mjög eða afli brestur eða verðfall verður á okkar afurðum, þá eru þessar tölur fljótar að breytast. Það er einmitt af þeim ástæðum sem mjög varhugavert er að fara langt fram úr því marki sem sett var og talið er nokkuð

raunsætt að fara ekki fram úr, 15%.

Ég skal ekki fjölyrða frekar um þessi efni í svipinnn. Eins og ég sagði áðan skortir enn mjög verulegar upplýsingar um þetta umfangsmikla mál, umfjöllun um lánsfjárlög 1981. Þar skortir t. d. allar upplýsingar frá Seðlabankanum, sem nauðsyn er að hafa við slíka umr., og líka nýja þjóðhagsspá, sem mér er tjáð að sé verið að vélrita núna hjá Þjóðhagsstofnun. Ég vænti þess, að þessar upplýsingar liggi fyrir, eins og ég sagði áður, áður en þetta mál verður afgreitt úr nefnd, og skal láta máli mínu lokið í svip.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Hv. 3. þm. Norðurl. e. hefur nú gengið hér rösklega fram í því að fá þetta mál, sem frv. fjallar um, betur upplýst en hv. þm. hafa fengið tækifæri til að njóta. Ég mun ekki ræða almennt um frv., hv. 3. þm. Norðurl. e. hefur gert það ítarlega. En þó hann hafi spurt svo margs, þá er það ein spurning sem ekki hefur hér borið á góma en mér þykir rétt að bera upp við hæstv. fjmrh. þegar á þessu stigi málsins. Það er spurning sem varðar 16. gr. frv. Sú grein fjallar um það, að þrátt fyrir ákvæði laga frá 1965 um launaskatt skuli framlag ríkissjóðs samkv. þeim lögum til Byggingarsjóðs ríkisins á árinu 1981 eigi fara fram úr 27.8 millj. kr. Og síðan er sagt í þessari grein að það, sem umfram kunni að innheimtast af launaskatti 1981, renni í ríkissjóð.

Það er ekki að ófyrirsynju að ég hnýt um þessa grein. Þetta mál kom til umr. á milli mín og hæstv. ráðh. bæði við 2. og 3. umr. fjárl. Þá benti ég á að ekki væri hægt, eins og fjárlög gerðu ráð fyrir, að svipta Byggingarsjóð ríkisins meginhluta tekna sinna af launaskatti nema breyta lögunum um launaskatt frá 1965. En þar er gert ráð fyrir að 2% af launaskattinum fari til Byggingarsjóðs ríkisins. Nú skildi ég hæstv. ráðh. þannig í umr. um fjárlagafrv. að hann ætlaði að bera fram frv. eða að borið yrði fram stjfrv. þar sem lögum um launaskatt yrði breytt á þann veg, að 2% af launaskatti væru ekki bundin við Byggingarsjóð ríkisins. Nú er ég ekki að kalla hér eftir efndum á þessu fyrirheiti hæstv. ráðh., það er síður en svo, því að ég hef við öll tækifæri lagt áherslu á að það sé nauðsynlegt fyrir Byggingarsjóðinn að hafa tekjurnar af þessum 2% launaskatti. 16. gr. frv. þess, sem hér liggur fyrir til lánsfjárlaga fyrir árið 1981, virðist gera ráð fyrir að lögin um launaskatt eigi að haldast óbreytt. Það eigi hins vegar á árinu 1981 að skerða tekjur sjóðsins sem er aflað með þessum lögum. Mér þykir þetta betri kostur heldur en ef lögunum um launaskattinn væri breytt og sjóðurinn algerlega sviptur tekjum af launaskattinum. Þetta gæti gefið vísbendingu um það, að það, sem lagt er til í 16. gr. frv., sé einungis ráðstöfun til bráðabirgða, ráðstöfun fyrir það ár sem nú er að líða, en ríkisstj. hugsi sér að láta standa óskertan framvegis tekjustofn Byggingarsjóðs ríkisins af launaskatti. Ég vildi mega leggja þennan skilning í afstöðu ríkisstj., en spyr hæstv. ráðh. hvort þetta sé rétt. Ef þetta er ekki rétt, hvernig stendur þá á því að hæstv. ríkisstj. gengur ekki beint til verks og fær breytt lögunum um launaskatt?

Það er ekki einungis að þetta mál sé ákaflega þýðingarmikið fyrir Byggingarsjóð ríkisins og þar með fyrir hinn almenna húsbyggjanda í landinu, heldur er það, sem er að ske varðandi þetta mál, eitt ljótasta dæmi um skattheimtu, sem hægt er að finna. Þegar lagður er á skattur í ákveðnum tilgangi og lögð áhersla á að sá tilgangur sé þess eðlis að hann réttlæti skattbyrðina, þá er um að ræða bein svik við þær hugsjónir, sem sagðar eru liggja á bak við skattheimtuna þegar hún er ákveðin, ef fjármagnið, sem af skattheimtunni leiðir, gengur ekki til yfirlýstra þarfa heldur í ríkissjóðinn. Ég leyfi mér að halda því fram, að svona vinnuaðferðir séu eitt ljótasta dæmið sem hægt er að finna um það, hvernig skattheimta á ekki að vera.

Herra forseti. Af þeim ástæðum, sem ég hef núna greint, hef ég talið tilefni til þess að óska eftir því, að hæstv. fjmrh. svari þeirri spurningu sem ég hef þegar sett fram.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Eins og kunnugt er eru framlög til allmargra fjárfestingarsjóða skorin nokkuð niður í fjárlögum ársins 1981, miðað við það sem vera ætti samkv. lögum um viðkomandi sjóði. Ákvæði 13.—24. gr. þessa frv. fjalla öll um lagalega staðfestingu á þeim niðurskurði á framlögum til stofnlánasjóða sem fólgin er í fjárlögum fyrir árið 1981. Einhver benti á það við umr. nú fyrir helgina, að eðlilegast væri að breyta sjálfum lögunum í hverju tilviki fyrir sig, en vera ekki ár eftir ár með þennan bandorm þar sem í 13 lagagreinum er verið að breyta ákvæðum 13 mismunandi laga, það væri hreinlegra að lækka tekjustofna þessara sjóða með breytingum á lögunum sjálfum, en ekki með bandormum af því tagi sem hér er til umr. Ég tek undir það með þeim, sem þetta sagði hér við umr. fyrir helgi að auðvitað væri þetta eðlilegast. Hins vegar hefur það enn ekki verið gert og þess vegna er óhjákvæmilegt að fara að með þessum hætti.

Á s. l. ári var starfandi nefnd sem skipuð var fulltrúum allra þingflokka. Þessi nefnd gerði till. um lækkun á framlögum til stofnlánasjóða almennt, þ. á m. lækkun á framlögum til Byggingarsjóðs ríkisins. Það má segja að tillögurnar, sem byggt er á í fjárlögunum, séu í grófum dráttum miðaðar við samhljóða álit þessarar nefndar, þótt vissulega verði alltaf að minna á að einstakir nm. höfðu fyrirvara um einstök atriði till. og voru ekki að öllu leyti sammála um framlög til einstakra stofnlánasjóða. En heildarupphæðin, sem fólst í till. þeirra um niðurskurð, er sama niðurskurðarupphæðin og síðan var sett inn í fjárlögin, en skipt kannske með örlítið öðruvísi hætti á einstaka stofnlánasjóði. Það munaði þó ekki miklu.

Ég vil láta það koma hér fram vegna fsp. hv. þm., að þó að við framkvæmum þennan niðurskurð nú með gamla laginu, að nefna í bandormi af þessu tagi 13 breytingar á 13 lagabálkum, þá felur það ekki í sér nein áform ríkisstj. um að hætta við þann niðurskurð sem í þessu felst. Það verður auðvitað að koma í ljós síðar, hvað gert verður í þeim efnum. En mér þykir líklegt að sá niðurskurður, sem framkvæmdur hefur verið á framlögum til stofnlánasjóða, verði varanlegur. Hann er fullkomlega eðlilegur miðað við það, að þessir sjóðir eru nú verðtryggðir miklu betur en áður var. Þeir voru raunar alls ekki verðtryggðir áður og stofnfé þeirra rýrnaði verulega í verðbólgunni frá ári til árs. Eftir að útlán öll hafa verið verðtryggð þarf auðvitað minna framlag úr ríkissjóði til þeirra af skattpeningum og þess vegna hefur þessi breyting verið gerð. Og ég held satt að segja að býsna mikil samstaða sé um það hér í þinginu meðal þm. úr öllum flokkum, að það sé eðlilegt og sjálfsagt að skerða framlögin til stofnlánasjóðanna, miðað við þá breytingu,

sem orðið hefur á lánamarkaðinum, og miðað við þá breytingu, sem orðið hefur á verðtryggingu útlána þessara stofnlánasjóða.

Í 16. gr. frv. er svo kveðið á, að framlög af launaskatti skuli ekki nema hærri upphæð en 27 millj. 887 þús. nýrra kr., og það er einfaldlega í samræmi við fjárlagatöluna, sem þýðir það, að heildarframlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins skal eigi fara fram úr 43 millj. nýkr. eða 4.3 milljörðum kr., sem er líka í samræmi við fjárlagatöluna. Í þessu sambandi er auðvitað rétt að minna á það, að síðan 2% launaskatts runnu til opinberu byggingarsjóðanna eru nokkur ár. Framlögin hafa verið skert á undanförnum árum. En nú verður sú breyting á, að Byggingarsjóður verkamanna fær heilt prósent samkv. þeim lögum, hann fær 7.5 milljarða gkr. og þá fær Byggingarsjóður ríkisins að sama skapi lægri upphæð. Samtals er framlagið til þeirra líklega einhvers staðar nálægt 1.6 — 1.7% af launaskatti.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Í umr. fyrir helgi gagnrýndi ég mjög þau vinnubrögð að taka lánsfjáráætlun hér til umfjöllunar áður en ýmis þau töluleg gögn, sem lánsfjáráætlun þurfa að fylgja, lægju fyrir og áður en lánsfjáráætlun lægi fyrir í heild. Ég krafðist þess þá, að umr. yrði ekki haldið áfram fyrr en frekari upplýsingar bærust.

Ég ítreka það sem ég hef áður sagt, að það eru fráleit vinnubrögð að taka lánsfjárlög til meðferðar áður en lánsfjáráætlun liggur fyrir. Nú hefur ráðh. hins vegar ráðist í að tína saman ýmis gögn til að varpa frekara ljósi á lánsfjárlögin eins og þau liggja fyrir, gögn sem væntanlega verða hluti af lánsfjáráætlun ef hún sér einhvern tíma dagsins ljós, sem verður að ætla samkv. þeim upplýsingum sem ráðh. gaf hér fyrir helgina. Alla vega hafa þessi gögn orðið til þess að varpa ljósi á málið.

Það verður þó að segjast eins og er, að enn skortir mikið á að eðlilegar upplýsingar liggi fyrir, og lánsfjáráætlun liggur alls ekki fyrir. Það skortir upplýsingar um þjóðhagsáætlun og það skortir upplýsingar um peningamál. Um það höfum við engin gögn fengið. En aðrir þættir eru tölulega séð allvel upplýstir, að því er mér virðist af skjótri yfirsýn yfir þau gögn sem ráðh. hefur lagt fram. Ég verð þó að segja það, að mér bárust ekki þessi gögn fyrr en eftir að fundur hófst hér og þess vegna hefur mér ekki gefist tóm til að gaumgæfa þau eða skoða að neinu ráði. Af þeim orsökum er mér líka erfitt um vik að setja fram málefnalega gagnrýni, málefnalega umsögn um þau lánsfjárlög og þau gögn sem hér hafa verið lögð fram. En þar sem mótmæli mín frá því fyrir helgi hafa borið þann árangur, að þessi gögn hafa borist, þá mun ég ekki halda því til streitu að umr. verði enn frestað, heldur get fallist á að málinu verði nú vísað til nefndar, þó að ég ítreki enn að vinnubrögðin í heild eru síst af öllu til fyrirmyndar og alls ekki til eftirbreytni og ættu alls ekki að vera með þessum hætti. En viðleitni ráðh. mun ég virða með því að fallast á, að málið gangi nú til nefndar, og tel að eins og mál hafa þróast muni málefnaleg umfjöllun um þetta verða með eðlilegri hætti eftir að nefndin hefur haft málið til umfjöllunar. Ég mun því taka málið fyrir efnislega þegar nefndin hefur um það fjallað.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég bar fram fsp. til hæstv. fjmrh. sem hann hefur nú svarað. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svarið þó að mér þyki mjög miður hvernig það var efnislega. En af því verður ráðið að það er stefna ráðh. og hæstv. ríkisstj. að svipta Byggingarsjóð ríkisins meginhlutanum af tekjum hans af launaskatti, þó að þessi skattur hafi verið lagður á einungis í þeim tilgangi að fjármagna Byggingarsjóð ríkisins.

Hér er ekki um neinar smáupphæðir að ræða, því að samkv. lögum átti Byggingarsjóður ríkisins að fá um 150 millj. eða 15 milljarða gkr. í tekjur af launaskattinum. Nú eru honum ætlaðar einungis 27 millj. nýkr. Ég ætla ekki hér að ræða um það, hvaða þýðingu þetta hefur fyrir Byggingarsjóðinn eða ástand húsnæðismálanna í landinu. Það er augljóst hverjar afleiðingarnar verða. Þær verða skelfilegar og lýsa sér í meiri erfiðleikum fyrir hinn almenna húsbyggjanda heldur en við höfum þekkt á undanförnum áratugum. En af svari hæstv. fjmrh. kom það einnig fram, að ekki er ætlunin að leggja þennan skatt niður, þó að það sé ætlunin að svipta Byggingarsjóð ríkisins því sem hann gefur. Það er að sjálfsögðu í samræmi við hina almennu stefnu ríkisstj. í skattamálum, þ. e. að auka og viðhalda öllum þeim sköttum sem þeir mega. Það er þess vegna ekki furða þó að ég lýsi vonbrigðum mínum yfir svari hæstv. fjmrh. þegar þetta er haft í huga.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Tímabundið olíugjald til fiskiskipa, frv. (þskj. 435). — 1. umr.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um tímabundið olíugjald til fiskiskipa á þskj. 435. Hér er um að ræða að framlengja það olíugjald, sem var í lok síðasta árs, þ. e. 7.5%, út þetta ár, 1981.

Þetta frv. er flutt í tengslum við ákvörðun um fiskverð sem eins og hv. þm. er kunnugt var loks tekin nú fyrir fáum dögum. Er í þeirri ákvörðun gert ráð fyrir að fiskverð hækki um 18% frá 1. jan. til 1. mars, en frá þeim tíma og til loka maí um 6%. Við þá ákvörðun er gert ráð fyrir að afkoma báta verði eins og hér segir: Í fyrsta lagi, báta án loðnu verði janúar — maí plús 2.4%, en mars — maí plús 2.8%. Afkoma minni skuttogara verði á tímabilinu jan. — maí plús 0.2%, en mars — maí plús 0.7%, en afkoma stærri skuttogara verði hins vegar neikvæð, mínus 7.8% í jan. — maí, en mínus 8.0 ef aðeins er litið á mars til maí. Samtals er gert ráð fyrir að afkoman sé við núllið að meðaltali jan. — maí, en aðeins jákvæð á tímabilinu mars — maí, þ. e. 0.4%, og er þarna reiknað með 14% hækkun á svartolíuverði á næstunni.

Með tilliti til þessarar afkomu þykir ekki unnt að breyta olíugjaldinu. Olíugjaldið var tekið upp 2. mars 1979. Var það tekið upp vegna stórfelldrar hækkunar olíuverðs og þeirra erfiðleika sem það olli íslenskum sjávarútvegi. Gjaldið var í fyrstu 2.5%, af skiptaverði, en síðan hækkað í 7% í maí og í 12% gjald utan skipta í júlí 1979, enda fór olíuverð þá ört hækkandi. Undir lok ársins 1979 og framan af ári 1980 var hins vegar um tiltölulega litla breytingu á útsöluverði á olíu að ræða. Var olíugjald þá lækkað í áföngum í 2.5% í mars 1980.

Síðari hluta árs 1980 varð hins vegar umtalsverð hækkun á olíuverði, og frá 1. okt. í fyrra var olíugjaldið hækkað í 7.5%. Nú hafa enn orðið breytingar á olíugjaldi til hækkunar, einkum á svartolíu, og þykir því ekki fært að lækka olíugjaldið. Verð á svartolíu var 1281 kr. hvert tonn í byrjun okt., en er nú 1710 kr. og frekari hækkun er fyrirsjáanleg á næstunni. Verð á gasolíu var 2.10 kr. í okt., en er nú 2.35 kr. hver lítri.

Ég vil geta þess jafnframt, að fram hafa farið allmiklar viðræður í þeirri nefnd sem fyrrv. sjútvrh. skipaði til að endurskoða greiðslu á olíugjaldi. Ég hef átt fund með þeirri nefnd. Í henni eiga sæti fulltrúar sjómanna og útgerðamanna ásamt formanni frá Þjóðhagsstofnun. Því miður hefur ekki náðst þar samkomulag um annan hátt á greiðslu olíugjalds og harma ég það. Ég hef einnig rætt við aðila um hugmyndir sem fram hafa komið hér á hinu háa Alþingi m. a. hjá meiri hl. sjútvn. Nd., stjórnarandstöðunni, um að greiða a. m. k. hluta af olíukostnaði af almannafé, eins og þar var orðað. Þessi hugmynd hefur fengið misjafnar undirtektir. Sumir hafa viljað skoða hana og talið hana koma til greina, en aðrir verið henni mótfallnir.

Ég hef ekki talið fært og rétt að þvinga fram breytingu á þessu nema samstaða geti náðst um slíkt. Þetta er ákaflega viðkvæmt mál og mikilvægt að um það geti skapast nokkuð breið samstaða. Ég er þeirrar skoðunar, að vegna hins gífurlega kostnaðar, sem útgerðin hefur af olíu, og með tilliti til þess að hækkun olíu leggst mjög þungt á alla útgerð, sé rétt að greiða hluta af olíu niður á einn eða annan hátt, taka það af óskiptu. En eins og ég segi, ég tel að um slíkt þurfi að nást breið samstaða og það hefur ekki tekist enn.

Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð. Málið hefur mikið verið rætt hér á Alþingi hvað eftir annað og ekki ástæða til að endurtaka það. Ég leyfi mér síðan, herra forseti, að leggja til að máli þessu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Guðmundur Karlsson: Herra forseti. Ég þarf í sjálfu sér ekki að vera margorður um þetta frv., en vegna fyrri ummæla hæstv. sjútvrh. höfðum við sjálfstæðismenn gert okkur vonir um að nú, eftir allan þann tíma sem liðinn er frá því að olíugjald var síðast ákveðið, yrðu komnar fram ákveðnar tillögur um breytingu á þessu gjaldi. Það hafa verið gefin nokkur fyrirheit um það, að að þessu yrði unnið, en því miður virðist ekki ætla að verða hér nein breyting á. Ég geri ekki ráð fyrir að við tefjum fyrir því, að þetta frv. geti gengið á eðlilegan hátt gegnum þingið. En mér finnst að allan þennan tíma, sem liðinn er, og allan þann tíma, sem tekið hefur að ákvarða fiskverð, hefði átt að gefast nokkurt ráðrúm til að vinna betur að þessu máli en sýnist hafa verið gert.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég tel að hæstv. sjútvrh. hafi ekki farið algjörlega rétt með áðan þegar hann talaði um að ég hefði skipað nefnd til að endurskoða olíugjaldið. Nefndin var skipuð til þess að athuga hlutaskiptareglur og var ekki bundin við olíugjaldið eitt. Hitt er ljóst, að olíuverðið og þróun olíuverðs koma auðvitað inn í þá mynd og sjálfsagt fyrir nefndina að líta á það m. a. En verkefnið var langtum víðtækara sem fyrir nefndina var lagt. Þessari leiðréttingu vil ég koma á framfæri.

Nú flytur hæstv. sjútvrh. enn einu sinni frv. til laga um olíugjald. Við því er ekki mikið að segja annað en það, að margsinnis hefur það gerst hér áður, að hann hafi flutt þetta frv. í einni eða annarri mynd, og þá ævinlega lýst því yfir, að hann væri andvígur því frv. sem hann væri að tala fyrir. Mér leikur forvitni á að vita hvort svo sé enn.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Út af orðum hv. síðasta ræðumanns vil ég staðfesta að það er rétt hjá honum, að hann ætlaði þeirri nefnd, sem hann skipaði, meira verkefni en olíugjaldið eitt. Hins vegar er það nú svo, að olíugjaldið tengist mjög hlutaskiptareglum, og ég held ég megi fullyrða að umr. í nefndinni hafa snúist fyrst og fremst um það, hvernig fram hjá olíugjaldinu verði komist eða það fléttað inn í hlutaskiptareglur. M. a. tengjast þær tillögur, sem fyrrv. formaður nefndarinnar og forstjóri Þjóðhagsstofnunar lagði fyrir um hlutaskiptareglur, því beint, hvernig olíugjaldinu verði breytt. Það er því mikilvægur þáttur í störfum nefndarinnar. Ég held að hv. þm. hljóti að viðurkenna að sú nefnd hefur fjallað mjög um olíugjaldið. M. a. á sameiginlegum fundi, sem ég átti með þessari nefnd, var fyrst og fremst um það rætt.

Hv. þm. sagði að ég hefði verið mótfallinn þeim frv. sem ég lagði fram. Þetta er náttúrlega ekkert annað en venjulegur útúrsnúningur. Ég hef alltaf sagt að ég vilji finna aðra leið, en ég vil ekki leggja til aðra leið á meðan ekki næst um hana samstaða við hagsmunaaðila. Ég tel ákaflega mikilvægt að samstaða náist um þetta. Því hef ég t. d. ekki talið fært að skipa nefnd pólitískra aðila til að gera tillögur um aðra leið. Meðan ekki næst samstaða um annað en olíugjaldið sé ég mér skylt að flytja slíkt frv. áfram, ekki síst á meðan það er liður í því samkomulagi sem gert er í Verðlagsráði sjávarútvegsins um fiskverð.

Ég tel að það væri skynsamlegra að greiða olíuna á annan hátt en með tilliti til aflaverðmætis. Þessu hef ég hvað eftir annað lýst, og það væri út af fyrir sig fróðlegt að vita hvort hv. þm. er mótfallinn því, að æskilegt væri að greiða hana á annan máta. Vitanlega er ljóst að t. d. þeir togarar, sem eiga langt að sækja og nota mikla olíu til þess, fara mjög illa út úr þessari aðferð og hún kemur ójafnt niður. Þetta er t. d. tiltölulega góð leið fyrir togara í mínu kjördæmi. Það breytir hins vegar ekki því, að ég tel að þessi leið sé eins og ég hef margsinnis sagt, ekki sú besta. Við förum hana af því að við höfum ekki náð samstöðu um aðra betri.

Út af því, sem hv. 9. landsk. þm. sagði, vil ég taka fram, að það er rangt hjá honum að ekki hafi verið unnið að því að leita að öðru. Unnið hefur verið allmikið að slíku, bæði í þeirri nefnd, sem ég ræddi um áðan, og einnig hef ég átt viðræður við hagsmunaaðila um aðrar leiðir, m. a. þá sem sjálfstæðismenn og reyndar fulltrúi Alþfl. í Nd. mæltu með: að greiða olíu af almannafé. Ég hef tekið það mál upp bæði í ríkisstj. og við hagsmunaaðila og það hefur verið rætt í Verðlagsráði og reyndar víðar. Um þá leið hefur ekki heldur náðst samstaða. Menn hafa lýst sínum efasemdum með hana. Það er því rangt að ekki hafi verið leitað að öðrum leiðum, en hitt er rétt, að ekki hefur tekist að ná samstöðu um aðrar leiðir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 13 shlj. atkv.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum, frv. (þskj. 436). — 1. umr.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breyt. á lögum nr. 2 frá 1. febr. 1980, um breyt. á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum, nr. 5 13. febr. 1976, á þskj. 436. Frv. þetta gerir ráð fyrir, eins og fram kemur í ákvæði til bráðabirgða, að á þessu ári, 1981, verði útflutningsgjald af fob-verðmæti skreiðar og hertra þorskhausa hækkað í 10% úr 5.5%, en af frystum sjávarafurðum framleiddum á árinu 1981 lækkað úr 5.5% í 4.5%.

Þetta frv. er flutt í tengslum við þá fiskverðsákvörðun sem ég lýsti áðan. Eins og hv. þm. er kunnugt sýndu afkomureikningar Þjóðhagsstofnunar að gífurlega mikill munur er á afkomu frystingar og annarra greina fiskvinnslu. Þeir útreikningar, sem lágu fyrir 2. febr. s. l., gerðu ráð fyrir, miðað við það fiskverð sem þá var, að afkoma frystingar væri jákvæð um 1.6%, saltfiskverkunar um 10.5%, en skreiðar um 24.9%. Að nokkru leyti var dregið úr þessum mikla mun með breytingu á verðflokkun aflans, þannig að lakari flokkar voru hækkaðir nokkuð í verði með tilliti til 1. flokks og sömuleiðis dregið úr kassauppbót úr 12% í 10%. Þessi leið hefur verið töluvert umdeild, og þótt um hana yrði samkomulag í Verðlagsráði hafa ýmsir aðilar sjávarútvegsins lýst sig henni mótfallna. Og sannarlega má segja að þessi leið dregur úr viðleitni manna til að færa að landi fyrsta flokks afla. Ég tel þó, miðað við þann mikla mun sem er á afkomu þessara greina, að slík breyting komi til mála að vissu marki, en ekki lengra en þarna var gengið. Til þess að bæta að nokkru afkomu frystingarinnar hefur því verið ákveðið — og er liður í fiskverðsákvörðun — að gera þá breytingu á árinu 1981 á útflutningsgjaldi sem ég hef nú lýst.

Ég er hér með fyrir framan mig áætlun Þjóðhagsstofnunar um afkomu hinna ýmsu greina eftir að þessi breyting er gerð. Þar kemur í ljós að Þjóðhagsstofnun áætlar að með þessari breytingu og þeim yfirdrætti í Verðjöfnunarsjóði, sem gert er ráð fyrir, verði afkoma frystingar enn þá á tímabilinu jan. — maí mínus 0.4%, en mars — maí eingöngu mínus 2.0%. Söltunin er hins vegar áætluð plús 1.7% á tímabilinu jan. — maí, en við núllið ef litið er eingöngu á mars — maí. Afkoma herslunnar eftir þessa breytingu og þær breytingar, sem ég lýsti áðan, í verðhlutföllum á milli flokka er áætluð plús 9.6% á tímabili jan. — maí, en 8.0% á tímabilinu mars — maí. En á heildina litið verði útkoman plús 1.4% jan. — maí, en í kringum núllið mars — maí.

Eins ber þó að gæta í þessu sambandi. Frystihúsafyrirtæki eru einnig að töluverðu leyti í söltun og herslu og hafði Þjóðhagstofnun áætlað fyrir fiskverðshækkun að meta mætti meðalafkomu frystihúsafyrirtækja plús 5.3%, en eftir fiskverðshækkun plús 1 á tímabilinu jan. — maí. Hitt er svo alveg ljóst, að afkoma frystihúsafyrirtækja að þessu leyti er mjög misjöfn. Mjög er breytilegt, eftir því hvar er á landinu, hve mikinn hagnað þessi fyrirtæki hafa af skreið og söltun, og því ákaflega vafasamt að leggja slíkt til grundvallar við afkomuútreikninga frystingar. M. a. með tilliti til þessa tel ég réttlætanlegt að flytja tímabundið nokkuð af hagnaði herslunnar yfir til frystingar, eins og raunar er verið að gera með þessu frv. Að sjálfsögðu skiptir slíkt mjög litlu máli fyrir fyrirtæki sem eru að verulegu leyti bæði í frystingu og herslu, það breytir litlu í útgjöldum þeirra vegna útflutningsgjalda, en kemur fyrst og fremst þeim fyrirtækjum til góða sem eru lítið í herslu.

Þess ber jafnframt að geta, að frystingin skapar verulega meiri atvinnu heldur en herslan. Í afkomuútreikningum í desember fyrir fiskvinnsluna eru laun og launatengd gjöld hjá frystingunni um 29 — 30% — að vísu ber að hafa það í huga, að þá er hærra fiskverð ekki komið inn — en hins vegar hjá skreið um 20%, eða m. ö. o. laun og launatengd gjöld hjá frystingunni eru u. þ. b. 50% hærri en í skreiðarverkun. Þess vegna er ekki heldur óeðlilegt að reynt sé að styrkja þann atvinnuþáttinn sem meiri vinnu skapar, þegar svo er ástatt sem nú er og svo gífurlega mikill munur er á frystingu og herslu afkomulega séð.

Þá vil ég einnig nefna að mjög mikil aukning varð á herslu á síðasta ári. Aukningin varð um 150%. Og nú virðist enn mjög sækja í sama horf, að fiskur er yfirboðinn í verði til að herða. Þótt markaður virðist allgóður fyrir hertar afurðir nú verður að sjálfsögðu að gæta þess að ganga ekki of langt og ofbjóða ekki þessum markaði. Því er ástæða til að draga nokkuð úr ásókn manna í herslu. Sú ásókn verður eftir sem áður mikil, eins og þær afkomutölur, sem ég gat um áðan, eflaust benda til og gefa ástæðu til.

Útflutningsgjöld eru núna 5.5% og miðað við það hlutfall á allar greinar vinnslunnar er áætlað að frysting greiði 1981 í gömlum kr. 11 milljarða, söltun 4, hersla 2.5, en annað 7. Samtals 24.5 milljarða gkr. Samkvæmt lögum nr. 2 1980 skiptast þessi útflutningsgjöld þannig:

1. Til Aflatryggingasjóðs: Til almennrar deildar renna 15%, til verðjöfnunardeildar 20%, og til áhafnadeildar 21%.

2. Til Tryggingasjóðs fiskiskipa og til úreldingarstyrkja: Til greiðslu að hluta af vátryggingarkostnaði fiskiskipa samkv. reglum sem sjútvrn. setur 20%. Til aldurslagatryggingar til úthlutunar samkv. reglum sem sjútvrn. setur 3%.

3. Til Fiskveiðasjóðs Íslands og Fiskimálasjóðs: Til Fiskveiðasjóðs 18%, til Fiskimálasjóðs 0.8.

4. Til sjávarrannsókna og Framleiðslueftirlits sjávarafurða 1%.

5. Til Landssambands ísl. útvegsmanna 0.6%, til samtaka sjómanna 0.6%.

Eins og kemur fram í þessari skiptingu renna þessi gjöld öll til þarfa útgerðarinnar, getum við sagt, og því raunar ekki óeðlilegt að vinnuþáttur vinnslunnar sé skattlagður minna en t. d. hráefnið. Engu að síður er hér aðeins lagt til að breyting á þessu verði tímabundin, og bundin við þetta ár.

Herra forseti. Að lokinni þessari umr. legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Guðmundur Karlsson: Herra forseti. Ég vil lýsa yfir andstöðu við þetta frv. Ég tel að þarna sé farið inn á ranga braut. Ég tel að við höfum byggt upp ákaflega sterkt og gott tæki sem þarna hefði átt að nota. Það er Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins. Reynslan sýnir að skreiðarvinnsla hefur oft átt í býsna miklum erfiðleikum og þá hefur ekki verið á undanförnum árum gerð nein breyting þess vegna. Því finnst mér þarna rangt að farið. Ég tel rétt að það hefði þurft að byggja upp öflugra tæki, enn öflugra tæki en nú er, þar sem Verðjöfnunarsjóðurinn er. Allt sýnist benda til þess, að þarna eigi að halda

uppi rangri gengisskráningu. Það er náttúrlega engin spurning um það, að það er frystingin og söltunin sem eru með mestan útflutning og því ástæða til þess að miða gengisskráningu við afkomu þeirra greina, en ekki við skreiðina. Það er mikil óvissa ríkjandi á skreiðarmörkuðum, það hafa engir samningar náðst enn þá og ekkert vitað hvað úr því verður. Ég tel að það hafi verið ákaflega óheppileg auglýsing sem fór fram í sambandi við síðustu fiskverðsákvörðun um afkomu fiskvinnslunnar. Það er búið að hafa mikil áhrif á afkomu skreiðarvinnslunnar með tilfærslum í gæðaflokkum og eins með mikilli hækkun á ódýrari fisktegundum. Mér sýnist að auglýsingarstarfsemi, sem fram fór um afkomu greinanna, hafi verið ákaflega óholl og ekki að vita enn þá hvaða áhrif það hefur úti á mörkuðunum, að menn skuli geta sótt upplýsingar hingað um hver afkoma hverrar greinar er. Ég býst við að þeir menn, sem koma til samninga við okkur, kaupendur fiskafurða, komi miklum mun fróðari en áður um það, hvað þeir geta til okkar sótt.

Ég vil lýsa yfir andstöðu við þetta frv. og tel að hér sé farið inn á ranga braut.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Það var nú ekki sérlega glæsileg afkoma fiskvinnslunnar sem hæstv. ráðh. gerði hér grein fyrir, þrátt fyrir eins og hálfs mánaðar möndl, sem endaði með sögulegri uppákomu eins og menn muna þegar átti að ganga frá fiskverðinu á sínum tíma, þar sem ríkisstj. og fulltrúi hennar hoppuðu fram og til baka í prósentum úr 19 í 16 og upp í 18 á einni helgi.

Ég held að við eigum að vera minnugir þess, að skreiðarmarkaðir hafa reynst mjög stopulir. Ég held að ástæða hefði verið til þess að byggja sérstaklega upp verðjöfnunarsjóð í þeirri grein þegar afkoman er svona góð, ég tek undir þau sjónarmið sem fram hafa komið varðandi það efni.

En útkoman er nú ekki betri en þetta þrátt fyrir það að flutt séu til útflutningsgjöld og það sé tekið upp að verðlauna sérstaklega fyrir léleg gæði fisks, og þrátt fyrir það að ávísað sé upp á a. m.k. 6 milljarða að því er virðist, sem ekki eru til, í tóman sjóð.

Ég skal ekki fjölyrða mjög um þetta, en mér þykir það ærið kúnstugt að menn skuli velja að fara hér aftur inn á þá braut að ávísa á tóma sjóði. Það hafði tekist að venja sig af þeim óvana, og sannleikurinn er vitaskuld sá, að ávísun af þessu tagi er verðbólguhvetjandi og á þátt í því að halda uppi röngu gengi, sérstaklega þegar það á við um þá atvinnugreinina innan sjávarútvegsins sem sér fyrir um helmingnum af útflutningnum í greininni allri. Ég held líka að það sé ákaflega varasamt, sem hér hefur verið gert, að hækka sérstaklega verð á lélegum fiski á lakari gæðaflokkum. Ég minnist þess, að hæstv. ráðh. hefur talað mjög mikið um nauðsyn þess í sambandi við fiskveiðistefnu að gæðin yrðu efld, það yrði að efla gæðin á fiskinum, og bæta þá náttúrlega meðferð hans. Ég held að sú ákvörðun, sem tekin hefur verið um þetta efni, hljóti að miða í þveröfuga átt við það sem mér hefur þó skilst að væri stefna ráðh. Ég held að það sé varasamt til lengdar að fylgja þeirri reglu að framkvæma ævinlega hlutina í þveröfuga átt við það sem menn vilja stefna að. Mér finnst gerast allt of mikið af því, að menn vilji eitt, en geri hitt, og flytji frv. um það sem þeir vilja ekki.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Mig langar til að biðja hv. 9. landsk. þm., út af því sem hann sagði áðan, að upplýsa dálítið nánar hvernig hann vildi tryggja stöðu frystingarinnar. Hv. þm. sagðist telja að gengið væri rangt skráð. Miða ætti við þær greinar sem lakar stóðu, frystingu og söltun. Nú má reyndar segja að gengið sé miðað við söltunina nokkurn veginn. Ef átt hefði að miða gengið við frystinguna hefði orðið að fella það um svona u. þ. b. 4.5 — 5%. Ég vil gjarnan spyrja hvort það sé till. hv. þm., að gengið hefði verið fellt um 4.5 — 5% til viðbótar. Það er náttúrlega ákaflega mikilvægt innlegg í málið.

Út af orðum hv. 2. þm. Reykn. get ég út af fyrir sig tekið undir það með honum, að gæðin eru áreiðanlega númer eitt. Ég tel hins vegar að með þeirri breytingu, sem gerð er, sé því ekki stefnt í hættu. Ég tel að 10% munur á kassafiski sé ekki það lítill munur, að þessu sé stefnt í hættu. Og ég vek athygli á því, sem því miður hefur í vaxandi mæli átt sér stað, að skreiðarframleiðendur hafa beinlínis yfirboðið fisk úr öðrum og þriðja gæðaflokki af því að skreiðin hefur gefið mikið af sér. Ég tel því að það hafi ekki verið óeðlileg viðleitni seljenda og kaupenda, sem komu sér saman um þetta og gerðu mér grein fyrir því á sínum tíma, að sporna gegn slíku með nokkurri verðlagsbreytingu. Ég get upplýst að menn veltu mikið vöngum yfir því, hve langt væri óhætt að ganga í þessu sambandi.

Breytingin eðu tilfærslan í útflutningsgjaldi verkar í raun og veru alveg á sama máta, og það er hún sem er hér til umræðu, nema að því leyti að hún stuðlar ekki eins og verðbreyting að því að menn komi frekar með lélegri fisk til lands. Hún verkar gegn því að menn yfirbjóði lélega fiskinn til að setja hann í skreið, þar sem hagnaður er þá orðinn minni. Það er af þeirri ástæðu að ég tel eðlilegt, eins og nú er ástatt á mörkuðunum, að fara þá leið. Það má kannske deila um það, hvort það átti að fara meira þá leið og þá minna hina leiðina, að breyta verðhlutfalli á milli gæðaflokka. Það er atriði sem vel hefði mátt ræða.

Hv. þm. ræddi nokkuð um það, að tekinn væri upp fyrri ósiður að yfirdraga hjá Verðjöfnunarsjóði. Þetta hefur oft verið gert. Þetta var gert og samþykkt nákvæmlega á sama máta 1975 og 1977. Ég get út af fyrir sig tekið undir það með honum, að það er æskilegt að losna við slíkt. Hins vegar hefur það nú gerst með frystinguna, að nánast engin hækkun hefur orðið á frystum afurðum í eitt og hálft ár, sem ég hygg að telja verði heldur óeðlilegt miðað við aðrar hækkanir sem orðið hafa á dollaramörkuðum. Spurningin er þá hvort eigi — til að halda þeirri reglu að Verðjöfnunarsjóður yfirdragi ekki — fremur að fella gengið að fullu, eins og nauðsynlegt er til að mæta þörfum frystingarinnar. Er það eina leiðin sem hv. þm. vilja samþykkja til að mæta þörfum frystingarinnar? Bara fella gengið?

Jú, vitanlega má segja að önnur leið sé að samþykkja miklu lægra fiskverð. Ég var þeirrar skoðunar og er, að rétt hafi verið að leita samstöðu nú með sjómönnum og með seljendum, bæði með tilliti til afkomu útgerðarinnar, sem kom í ljós að var langtum, langtum lakari en áður hafði verið talið eftir þá útreikninga sem Þjóðhagsstofnun setti fram 12. jan., tvöfalt lakari, og tekna sjómanna. Tel ég að miklu minni fiskverðshækkun hafi verið nánast útilokuð vegna afkomu útgerðarinnar.

Ég vil einnig leyfa mér að halda því fram, að eins og fiskverðsákvörðun hefur þróast síðustu árin sé ekki óeðlilegt að sjómenn leiti þar hækkunar á sínum tekjum nokkuð til jafns við það sem hefur orðið í landi. Það er

staðreynd, að sjómenn munu ekki fá neina umtalsverða hækkun á sínum tekjum í gegnum aflaaukningu á þessu ári, ekki er hægt að geru ráð fyrir því a. m. k. Einnig blandast inn í þetta þeir samningar sem sjómenn og útgerðarmenn eiga nú í.

Margir hafa fordæmt það, að launamál sjómanna hafa dregist inn í fiskverðsákvörðun. Ég er ekki þeirrar skoðunar. Ég tel reyndar að með þeirri staðreynd, að löggjafinn hefur ætlað sjómönnum þar sæti, sé til þess ætlast að afkoma sjómanna sé skoðuð á sama stað að einhverju leyti. Og með þeirri breytingu, sem gerð var 1964, þegar bætt var inn þeim litlu orðum „meðal annars" — þar segir að taka skuli meðal annars tillit til markaðsverðs og framleiðslukostnaðar" — sé slíkt gefið til kynna. Ég vek athygli á því, að í fjölmörgum tilfellum undanfarin ár hefur fiskverðsákvörðun tekið mjög mið af þessu og oft orðið nákvæmlega sú sama sem hún hafði þá þegar orðið hjá landmönnum. Það eru mörg dæmi til þess svo að ég tel að sú fiskverðsákvörðun, sem nú varð, hafi verið skynsamleg og ég fagna henni. Það tók langan tíma að ná henni, það er alveg rétt, málið var mjög viðkvæmt. Ég tel að rétt hafi verið að rasa ekki um ráð fram.

En sem sagt, með tilliti til ástandsins alls er forvitnilegt að heyra, ekki síst frá hv. 9. landsk. þm., hvernig hann vildi tryggja afkomu frystingarinnar.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Mér dettur í hug að það sé í samræmi við allar aðfarir við ákvörðun fiskverðs og tilburði hæstv. ríkisstj. til að ná saman heillegri efnahagsstefnu núna frá áramótum, að niðurstaðan er sú í þessu frv. að leggja sérstakan skatt á herta þorskhausa. *En ég skal nú ekki fara lengra út í þá sálma og tek undir* það sem hér kom fram hjá hv. 9. landsk. þm. í sambandi við þetta mál út af fyrir sig.

En það, sem kom mér til að taka til máls núna við þessa umr., voru ummæli hæstv. ráðh. Hann viðurkenndi að gengið þyrfti að vera 4 — 5% lægra til þess að aðalútflutningsgrein okkar bæri sig. Ég endurtek: til þess að aðalútflutningsgreinin og sú langþýðingarmesta bæri sig. Og hæstv. ráðh. varpaði hér fram þeirri spurningu, hvort það eina, sem þm. hefðu til málanna að leggja væri að *viðurkenna rétta gengisskráningu, að viðurkenna* að aðalútflutningsgrein okkar þyrfti að fá uppi borinn kostnað við að afla gjaldeyrisins.

Ég vil segja hæstv. ráðh. að það er auðvitað algjörlega útilokað að hugsa sér að fara þá leið sem ríkisstj. er að gæla við að gera. Það gerir náttúrlega enginn maður, sem ekki vill láta kenna sig við hertan þorskhaus, að festa gengi krónunnar í 40 — 50% verðbólgu og segja: þetta er allt í himnalagi. — Ef verðbólga er eins og í okkar viðskiptalöndum, þá getum við haldið gengi stöðugu og þá þurfum við ekkert að deila um gengisskráningu.

Ég vil vekja athygli hæstv. ráðh. á því — ef hann og einhverjir aðrir í ríkisstj., sem ég tel að séu þrátt fyrir allt það skyni bornir, vilja hlusta á hvað þetta þýðir — að þetta verður til þess, að ekki aðeins þarf að yfirdraga svo og svo mikið til að halda aðalútflutningsgrein okkar fljótandi bara núna nokkra mánuði. Og það fé kemur, þegar öllu er á botninn hvolft, ekki annars staðar frá en frá okkur sjálfum á einn eða annan hátt. En þetta þýðir líka að nú verða stórfelldir erfiðleikar fyrir aðrar atvinnugreinar. Við skulum segja að við getum borgað þessari atvinnugrein hallann, aðalútflutningsgrein okkar hallann af þessari röngu stefnu, vegna þessarar röngu stefnu. En hvernig ætla menn að fara að bæta öðrum atvinnugreinum þetta?

Um áramótin var fellt niður aðlögunargjald af innfluttum iðnaðarvörum. Og nú kemur fram hjá hæstv. ráðh. að hann telur að gengið sé skráð 4 — 5% of hátt, þ. e. *gjaldeyririnn, sem erlendir aðilar nota til að flytja* hingað inn vörur, er á útsölu miðað við innlent kostnaðarverðlag fyrir þá sem eru að keppa við þá. Allir, sem framleiða iðnaðarvörur erlendis og flytja þær inn til Íslands, fá að flytja vörur inn fyrir 4.5 — 5% lægra innflutningsverð en þeir ættu í raun og veru að búa við. Þetta er atriði sem menn gleyma oft á tíðum, að þegar verið er að fjalla um gengisskráningu er ekki bara verið að tala um afkomu skreiðarframleiðenda eða frystingar eða söltunar. Það er verið að tala um almennt hagstjórnartæki, — tæki sem hefur gífurleg áhrif á alla aðra atvinnustarfsemi í landinu.

Ég vil spyrja hæstv. ráðh.: Hvað verður það að mati *hans og rn. mikil upphæð sem þarf að borga* með frystingunni þennan tíma? Og hvernig hugsar hæstv. ríkisstj. sér að afla fjár til að greiða þetta? Við skulum segja að fiskverð hækki ekki. Hæstv. ráðh. gat þess, að þetta hefði verið gert 1975 og 1977. Ég skal ekki draga fjöður yfir það. Það er ráðstöfun sem því miður varð að grípa til á þeim tíma. En þá vorum við svo heppnir að fiskverð hækkaði og ríkissjóður þurfti aldrei að hlaupa undir bagga. Hvað skeður núna ef svo verður sem okkur er sagt í opinberum skýrslum, að ekki sé hægt að gera ráð fyrir hækkun á *frystum afurðum á erlendum mörkuðum*, þó við vonum að það gerist? Hvernig verður þá þeirra peninga aflað, sem dregnir eru yfir í Verðjöfnunarsjóðnum og hvað er þarna um að ræða miklar upphæðir, t. d. fram til 1. maí?

Guðmundur Karlsson: Herra forseti. Ég vil svara því til, að ég tel að við þurfum að vera raunsæir. Við verðum að miða gengi íslenskrar krónu við afkomumöguleika stærstu útflutningsgreina okkar. Þá er náttúrlega frystingin efst á blaði. Það er staðreynd, að hún veitir flestu fólki í landinu atvinnu og flestir byggja á henni. Það er alveg sama hvar við förum með ströndinni, hvar við komum í fiskibæina, það er frystihúsið og fyrst og fremst frystihúsið sem veitir fólkinu atvinnuna. Og ég tel að þar sem frystingin er stærsta útflutningsgreinin og síðan saltfiskurinn, þá verði að miða gengið við afkomu þessara greina, hjá því verði ekki komist.

Við sjáum glöggt hvað var að gerast. Núverandi ríkisstj. ætlaði að festa gengið við dollarann. Hún gafst upp á því vegna hreyfingar á dollaranum. Við vitum ekki hvaða þróunar má vænta núna á næstunni. Það er ákaflega mikil óvissa um þróun mála á fiskmarkaðinum í *Bandaríkjunum. Við getum alveg eins búist við því* að hann geti hreyfst niður á við eins og upp á við. Við höfum verið ákaflega heppnir á undanförnum árum, þar hefur þróun verið okkur í flestum tilvikum jákvæð. Þó er það ekkert náttúrulögmál að slík þróun haldi áfram. Við getum alveg eins búist við að þar verði misviðrasamt á þessu ári og kannske næstu árum. Ég tel rangt ef á að fara að halda þessum stærsta iðnaði okkar uppi með millifærslum og styrkjum nú á næstu árum og komandi tíð.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): *Herra forseti.* Ég verð að biðja hv. 3. þm. Norðurl. e. að skilja orð mín rétt og fara rétt með þau. Ég sagði aldrei að gengið væri

rangt skráð um 5 af hundraði. Ég sagði það aldrei. Ég sagði að gengið hefði þurft að fella um allt að 5% til viðbótar ef mæta hefði átt þörf frystingarinnar eftir þeirri leið einni. (**LJ:** Það þýðir það sama.) Nei, það þýðir ekki það sama því ég tel að slíkt eigi ekki að gera. Jafnvel þó frystingin sé mikilvæg grein er útflutningsverðmæti hennar 40% af heildarútflutningsverðmæti, þó ekki meira. Jafnvel þó að hún sé það mikilvæg grein, þá tel ég slíkt ekki réttlætanlegt þegar svo gífurlegur munur er á afkomu frystingar og annarra greina, m. a. iðnaðar. Samkvæmt þeim upplýsingum, sem lágu fyrir um áramótin, er afkoma iðnaðar töluvert betri en frystingar. Ég efa að réttlætanlegt sé með tilliti til þeirra gífurlegu áhrifa, sem slík gengisbreyting hefur, að elta frystinguna með gengið. Leita verður annarra leiða. Og ég tel í þessu sambandi að farinn hafi verið skynsamlegur meðalvegur í gengisskráningu sem ákveðin var í des. með tilliti til afkomu hinna ýmsu greina íslensks útflutnings.

Ég hef reyndar ekki mörgu fleiru við þetta að bæta. Ég þakka hv. 9. landsk. þm. fyrir hans svör. Hann sagði réttilega að frystingin væri langsamlega mikilvægust atvinnuvega. Ég er honum sammála um það, og því verður að styrkja hana. Og einmitt það frv., sem hér er flutt, er flutt með tilliti til þess að létta af þessu meginatvinnutæki landsbyggðarinnar nokkru og færa yfir á skreið, sem hefur betri afkomu og langtum minna vinnuhlutfall. Þetta tel ég vera réttu og kannske mikilvægustu rökin fyrir þessari breytingu þó tímabundin sé.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 56. fundur.

Mánudaginn 23. febr., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Atvinnuréttindi útlendinga, frv. (þskj. 447). — 1. umr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Eins og kunnugt er hefur málefni farandverkafólks borið talsvert á góma í opinberri umræðu undanfarin misseri. Samtök farandverkafólks hafa verið stofnuð og þau hafa látið talsvert að sér kveða á þessum tíma, og í ljós er leitt ýmislegt sem betur mætti fara í málefnum farandverkafólks. Á þessum málum eru einkum tvær hliðar. Önnur er sú sem snýr að útlendingum sem starfa hér í töluverðum mæli á hverju ári tímabundið. Hin hliðin snýr að aðbúnaði og starfskjörum innlends farandverkafólks, húsnæði þess og fleira.

Hvað þá útlendinga snertir, sem hingað kjósa að koma til starfa tímabundið, hefur komið í ljós að kjaramálum þeirra og starfsskilyrðum er í ýmsu áfátt. Þetta fólk hefur oftast valist til fiskvinnslustarfa, en í þeirri starfsgrein er m. a. viðloðandi hráefnisskortur öðru hverju. Sú sérregla gildir hér á landi sem kunnugt er, að í slíkum tilvikum er verkafólk réttlítið og atvinnurekanda heimilt að vísa því heim án þess að þurfa að greiða laun. Gegn þessum fyrirvaralausa atvinnumissi hafa launþegasamtökin að vísu náð samningum um kauptryggingu í fiskiðnaði sem býður sjö daga uppsagnarfrest í hráefnisskorti. Það hefur hins vegar komið í ljós, að útlendingum var oft ókunnugt um þessa íslensku reglu, og í mörgum tilvikum hafði ekki verið gerð gangskör að því að koma þeim á svokallaðan kauptryggingarsamning við atvinnurekanda. Af þessu leiddi töluverð átök á s. l. ári eins og kunnugt er, sem ásamt því, að í ljós þótti leitt að aðbúnaður farandverkafólks var víða slæmur, hafði það í för með sér, að 18. mars á s. l. ári skipaði ég nefnd til þess að athuga gildandi lög og reglur er varða kjör og aðbúnað farandverkafólks, þar með talið erlent verkafólk, og var nefndinni gert að gera tillögur til úrbóta í þeim efnum.

Nefnd þessi hóf þegar störf og var ætlunin að ljúka verkefninu á tveim til þrem mánuðum. Ýmislegt kom þó í veg fyrir að svo gæti orðið, m. a. það, að nefndin tók þá ákvörðun í upphafi, að tillögu fulltrúa launþegasamtakanna, að láta fara fram á vegum Heilbrigðiseftirlits ríkisins umfangsmikla könnun á aðbúnaði farandverkafólks í landinu, þ. e. á öllu húsnæði sem því var ætlað, með það fyrir augum að semja nýjar reglur þar að lútandi. Þá taldi nefndin einsýnt að breyta þyrfti ákvæðum um rétt og ráðningu útlendinga til landsins og samræma lögin nútímaviðhorfum í því efni.

Rannsókn Heilbrigðiseftirlits ríkisins á húsnæði farandverkafólks lauk um miðjan september s. l. og var af því tilefni gefinn út bæklingur undir heitinu „Aðbúnaður farandverkafólks". Þar er gerð ítarleg könnun á húsnæði farandverkafólks, svo sem svefnherbergjum, göngum og forstofum, eldhúsum og matstofum, snyrtingum, þvottaaðstöðu, tómstundaaðstöðu og umhverfi húsnæðisins. Við mat á aðstæðum var stuðst við heilbrigðisreglugerð nr. 45 1972, um íbúðarhúsnæði, svo og greinar í veitingastaðareglugerð þar sem þær áttu við. Þá var stuðst við reglugerð um húsnæði vinnustaða og fleiri reglur.

Alls voru skoðuð um það bil 78 híbýli, sem teljast húsnæði farandverkafólks, á 31 stað víðs vegar um landið. Þar kom fram við skoðun að húsnæði farandverkafólks er að mestu leyti af þremur gerðum: Í fyrsta lagi íbúðarherbergi í sama húsi og vinnustaður, oft efri hæð í fiskvinnsluhúsi og mötuneyti í byggingunni. Í öðru lagi íbúðarhús, ein- eða fleirbýlishús sem verkafólk hefur til afnota og með flestum almennum þægindum, sem venjulega eru í íbúðarhúsum. Og í þriðja lagi færanlegt húsnæði, skálar, oftast timburhús, sem færa má úr stað eftir verkefnum eða hugsaðir sem bráðabirgðahúsnæði. Þá voru í nokkrum tilvikum hús byggð sem verbúðir, en þó ekki staðsett á sjálfu vinnusvæðinu.

Ekki skal farið ítarlega út í niðurstöður könnunar Heilbrigðiseftirlits ríkisins hér. Þess skal þó getið, að af 74 híbýlum sem skoðuð voru voru gerðar kröfur um úrbætur innan eins mánaðar á 8 stöðum, úrbætur innan eins til þriggja mánaða á 41 stað, úrbætur innan sex mánaða á 13 stöðum, en á aðeins 12 af þessum 74 stöðum þótti ekki ástæða til afskipta.

Af þeim 74 vistarverum, sem skoðaðar voru, var baðog snyrtiaðstaða góð í 38 tilfellum, gölluð í 21 tilfelli og óhæf í 15. Eldunaraðstaða var fyrir hendi í 33 tilvikum, mötuneyti í 37, en hvorugt í fjórum. Ástand og búnaður í eldhúsum var í 60% tilvika góður, en í 40% verulega ábótavant. Aðstaða til þvotta var aðeins á 39 stöðum, í öðru húsi var aðstaða til þvotta á 11 stöðum, í 5 tilvikum var séð um að þvo og hirða þvott fyrir fólk, en engin

aðstaða var til þvotta af neinu tagi í 19 tilvikum. Aðstaða til tómstunda reyndist venjulega vera setustofa með nokkrum húsgögnum og sjónvarpi. Á nokkrum stöðum voru sérstaklega innréttaðar stórar stofur eða salir fyrir ýmis tómstundastörf. Af þeim 74 tilvikum, sem athuguð voru, reyndist vera tómstundaaðstaða, oft minni háttar, til á 60 stöðum, en engin tómstundaaðstaða af neinu tagi á 14 stöðum. Umhverfi reyndist í 34 skipti af 74 gott eða þrifalegt, en í 42 óviðunandi eða mjög óþrifalegt. 23 verbúðir af þeim, sem athugunin náði til, voru í sama húsi og fiskvinnslufyrirtæki.

Niðurstaða þeirrar könnunar, sem ég hef nú sagt frá, er sú, að í ljós kom að víða er úrbóta þörf á aðbúnaði farandverkafólks. Gera þarf stórátak í þessum málum og er þá eðlilegt að ekki séu dregin sérstök mörk milli farandverkafólks og annars verkafólks í hverju sveitarfélagi. Þetta þýðir m. ö. o. að ef vel ætti að vera þyrfti íbúðarhúsnæði handa farandverkafólki að vera utan almenns vinnusvæðis. Þar sem svo háttar að um er að ræða starfsmannabúðir, t. d. virkjanir og önnur slík vinnusvæði, verður að gera kröfu til þess, að íbúðarbygging sé vel aðskilin frá vinnusvæði vegna hávaða, ónæðis og af fleiri ástæðum. Vegna sérstöðu hins svokallaða *færanlega húsnæðis — en með því er átt við íbúðarskála sem* oft er færðir úr stað og mynda starfsmannabúðir við samsetningu — er ekki óeðlilegt að um það séu settar skýrar reglur er varða stærð og annan búnað. Eðlilegast er í raun að allt húsnæði lúti sömu kröfum og íbúðarhúsnæði og að það fullnægi kröfum um hollustuhætti á hverjum tíma. Er mér kunnugt um að þetta viðhorf ríkir innan þeirrar nefndar sem undirbúið hefur frv. það sem hér liggur nú fyrir hv. Alþingi.

Nefndin, sem ég minntist á og skipuð var til þess að gera tillögur um úrbætur á málefnum farandverkafólks, vinnur nú að smíði reglugerðar á grundvelli þessarar könnunar. Er þess að vænta, að reglugerðin verði tilbúin á allra næstu vikum.

Frv. það, sem hér er flutt, er niðurstaða nefndarstarfs hvað varðar rétt erlendra manna á Íslandi og byggist á endurskoðun gildandi laga, nr. 39 1951. Höfð var hliðsjón af lögum um eftirlit með útlendingum, nr. 44 1975, og reglugerð um eftirlit með útlendingum, nr. 148 1965. Þá var litið til þáltill. sem borin var fram á Alþingi á vorþingi árið 1979 og var samþykkt þar. En þar ályktaði Alþingi að fela ríkisstj. að láta fram fara endurskoðun á lögum nr. 39 1951 *með það fyrir augum að leidd verði í* lög fyllri ákvæði um upplýsingaskyldu þeirra, sem vilja ráða erlenda verkamenn í þjónustu sína, gagnvart þeim sem ráðnir eru, um launakjör, vinnutíma og aðbúnað við vinnu hér á landi. Enn fremur um skatta og önnur opinber gjöld svo og þær skyldur, sem erlendir takast á hendur við vistráðningu hérlendis, svo að tryggð verði með lögum félagsleg og kjaraleg réttindi þeirra útlendinga, sem hér fá atvinnuleyfi, til jafns við heimamenn, eins og þau eru samkv. lögum og gildandi kjarasamningum á hverjum tíma.

Helstu breytingar, sem frv. þetta felur í sér, eru þær, að hér er lagt til að til þess að veita megi útlendingi atvinnuleyfi verði að liggja fyrir umsögn verkalýðsfélags á staðnum í hlutaðeigandi starfsgrein eins og áður, en að auki liggi fyrir undirskrifaður ráðningarsamningur milli atvinnurekanda og viðkomandi starfsmanns. Í þessum ráðningarsamningi sé kveðið á um starfstíma og verkefni. Þessi ráðningarsamningur verður að tryggja erlendum starfsmanni laun og önnur starfskjör til jafns við heimamenn, og í honum skal vísað til þess kjarasamnings sem um starfið gildir.

Í ráðningarsamningi þessum, sem gerður er fyrir fram, skulu vera ýmsar upplýsingar sem varða starfskjör útlendings hér á landi, m. a. um ferðakostnað og heimflutning, um húsnæði og hvernig með skuli fara þegar atvinna kann að falla niður af óviðráðanlegum ástæðum, sbr. 3. gr. laga nr. 19 1979, um rétt fólks til uppsagnarfrests.

Í ráðningarsamningi þessum, sem gert er ráð fyrir að liggi fyrir undirskrifaður þegar sótt er um atvinnuleyfi, skal vera ákvæði þess efnis, að viðkomandi starfsmaður hafi kynnt sér þær upplýsingar sem nú er lagt til að félmrn. gefi út og dreifi erlendis, sbr. 5. gr. frv. Ákvæði frv. um, að ráðningarsamningur skuli liggja fyrir og að vinnumáladeild félmrn. skuli dreifa upplýsingum erlendis er varða öll helstu atriði starfskjara á Íslandi, eru hvor tveggja nýmæli, til þess fallin að tryggja betur en nú er að erlent starfsfólk, sem hingað ræðst, fái allar tiltækar upplýsingar um aðbúnað og starfskjör á Íslandi og að aðilar hafi kynnt sér þær til hlítar áður en frá ráðningu er gengið. Ýmis önnur nýmæli frv. leiðir af þessari kerfisbreytingu og er þeirra getið í athugasemdum við einstakar greinar.

Í 3. gr. frv. eru talin þau skilyrði sem sett eru fyrir því, að útlendingi megi veita starfsleyfi á Íslandi.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því, eins og áður segir, að fyrir liggi umsögn verkalýðsfélags á staðnum í hlutaðeigandi starfsgrein.

Í öðru lagi er gerð til þess krafa, eins og nefnt var hér að framan, að áður en umsókn um atvinnuleyfi er lögð inn hjá félmrn. liggi fyrir undirskrifaður ráðningarsamningur til tiltekins tíma eða verkefnis og að í honum *séu ákvæði þess efnis, að erlendum starfsmanni* verði tryggð laun og öll önnur starfskjör til jafns við heimamenn, ásamt viðeigandi tilvísun til þess kjarasamnings, sem um þau kjör og starfsgrein gilda. Ýmislegt fleira þarf að vera í ráðningarsamningi þessum, m. a. um flutning viðkomandi frá Íslandi að starfstíma loknum, um fæði og húsnæði og um hvernig með skuli fara þegar atvinna fellur niður af óviðráðanlegum ástæðum.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir því, að í ráðningarsamningi séu ákvæði þess efnis, að viðkomandi starfsmaður hafi kynnt sér þær upplýsingar sem vinnumálaskrifstofa félmrn. útbýr og dreifir erlendis. Sú skylda hvílir á herðum atvinnurekanda eða umboðsmanns hans, að sjá um að sú upplýsingaskylda sé virt.

Þessi atriði tengjast ákvæðum 5. gr. frv., en þar er lagt til að vinnumálaskrifstofa félmrn. taki nú að sér að útbúa og dreifa skriflegum upplýsingum erlendis til íslenskra sendiráða, vinnumiðlana útlendinga og annarra sem áhuga hafa á. Upplýsingar þessar skulu vera nokkuð víðtæk heimild um almenn starfskjör á Íslandi, bæði hvað varðar efni í kjarasamningi og þau lög sem mestu máli skipta í því sambandi, t. d. um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, skatta og opinber gjöld og rétt til yfirfærslu fjármuna o. fl.

Þá er gerð til þess krafa, að vottorð viðkomandi yfirvalda liggi fyrir um að atvinnurekandi hafi hæfilegt húsnæði til ráðstöfunar fyrir erlendan starfsmann, ef þannig hagar til að atvinnurekandi leggur til húsnæði. Ákvæði þetta beinist auðvitað fyrst og fremst að svokölluðum verbúðum fyrir farandverkafólk. Því er ætlað

að tryggja með vottorði yfirvalda að það húsnæði uppfylli lágmarkskröfur um aðbúnað. Hér er um nýmæli að ræða í lögum. Þá er gerð krafa til heilbrigðisvottorðs viðkomandi útlendings o. fl.

4. gr. frv. er einnig nýmæli. Nýstofnuð vinnumálaskrifstofa félmrn. hefur með veitingu atvinnuleyfa að gera fyrir erlent starfsfólk. Nú eiga að fylgja með umsókn upplýsingar um vinnustað, tegund vinnu, aðila kjarasamnings, sem á svæðinu er og í starfsgreininni gildir, og áætlaða lengd daglegs vinnutíma á ráðningartímanum. Þá ber að færa fyrir því rök, að nauðsynlegt sé að ráða erlent starfsfólk, og gera grein fyrir því, hvaða tilraunir hafi verið gerðar til þess að ráða innlent fólk í starfið. Gert er ráð fyrir að vinnumálaskrifstofa félmrn. kanni síðan sjálfstætt, áður en atvinnuleyfi er veitt, hvert atvinnuástandið er á viðkomandi stað, og leiti til sambanda aðila vinnumarkaðarins um almenna stefnumörkun varðandi erlent starfsfólk með sérstöku tilliti til atvinnuástands í landinu og á ákveðnum landssvæðum.

Í 5. gr. frv. er svo nýmæli um upplýsingadreifingu félmrn. erlendis eins og áður var að vikið.

Frv. þetta felur í sér ýmsar aðrar smærri breytingar sem ekki skipta máli. Er gerð grein fyrir þeim í grg. með frv. Ef frv. þetta verður að lögum má gera ráð fyrir því, að málefnum útlendinga, sem hér starfa, sé sæmilega fyrir komið og réttur þeirra tryggður eins og frekast er unnt. Með setningu þeirrar reglugerðar, sem nú er í undirbúningi og fjallar um húsnæði farandverkafólks, standa vonir til þess, að málefni farandverkafólks séu komin í viðunandi horf og að tekist hafi að koma til móts við þær kröfur sem telja verður eðlilegar og sanngjarnar í þessu efni.

Ég leyfi mér að leggja til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Ég hef nokkrar athugasemdir að gera við þetta frv. Ég hef tjáð hæstv. félmrh. það og mun þess vegna ekki útskýra það hér frekar. En ég vænti þess, að geta komið fram skýringum og upplýsingum þegar um málið verður fjallað í hv. félmn., og er að sjálfsögðu reiðubúinn til þess að veita nefndarmönnum allar nánari upplýsingar um þetta efni.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég geri ráð fyrir því, að ekki hvarfli að hæstv. félmrh. að mál þetta fái afgreiðslu á þessu þingi. Hér er um mjög mörg nýmæli að tefla í þessari löggjöf sem þurfa nákvæmrar skoðunar við. Hér er gert ráð fyrir að þenja enn út ríkisbáknið, og maður gerir sér ekki alveg grein fyrir rökunum fyrir því, enda var lítið um þau fjallað. Að því leyti var ekki mikið á ræðu hæstv. ráðh. að græða.

Það er einfalt mál að fela mönnum að semja frv. eftir frv. ef lítið er eftir því farið. Og eins og þingheimi er kunnugt hefur ekki lítið verið gert af því, sérstaklega varðandi samvinnu og samráð við verkalýðshreyfinguna. Ég skal í þessu sambandi ekki setja á langar tölur um t. d. allt það samráðsbákn sem upp átti að setja með Ólafslögum og engin tilraun hefur verið gerð til að standa við.

Þetta frv. þarf að fara afskaplega víða, margir menn þurfa að skoða það og kynna sér. Þetta er ekki einfalt mál og ég geri ráð fyrir því, að nefndarmenn, sem frv. fá til umfjöllunar, muni fljótt komast að raun um að margt er hér ofsagt, of nákvæmlega fram tekið. Og náttúrlega á ríkisvaldið að vera með puttana alls staðar þegar um íslensk atvinnufyrirtæki er að ræða. Á hinn bóginn hafa þeir, sem þetta frv. sömdu, ekki gert neina tilraun til að íhuga umsvif erlendra manna hér á landi, ef þessi umsvif eru tengd störfum sendiráða sem hér eru. Hér er 11. gr. óbreytt frá því sem áður var: „Ekki þarf að sækja um atvinnuleyfi fyrir útlendinga í einkaþjónustu sendimanna erlendra ríkja," stendur þarna.

Á síðasta Alþingi var svarað fsp. frá mér um fjölda starfsmanna erlendra sendiráða í Reykjavík. Það er afskaplega athyglisvert, að samkvæmt þeim upplýsingum, sem fengust frá hæstv. utanrrh., voru langflestir erlendir sendimenn við sovéska sendiráðið. Sovéskir þegnar beint starfandi sem stjórnarsendimenn, skrifstofutæknimenn eða þjónustustarfsmenn voru 35, auk 42 fjölskyldumeðlima. Á hinn bóginn er enginn íslenskur maður starfandi við þetta sendiráð sem hefur svona mikla þörf fyrir starfskraft. Ef tekinn er samanburður við bandaríska sendiráðið, þá voru bandarískir þegnar þar starfandi: stjórnarsendimenn 8, skrifstofutæknimenn 10, samtals 18. Hins vegar eru íslenskir þegnar starfandi sem skrifstofutæknimenn alls 14. Þetta eru mjög athyglisverðar upplýsingar. Bretar hafa íslenska þegna starfandi við sitt sendiráð, sömuleiðis Danir, Frakkar, Norðmenn, Svíar, Sambandslýðveldið Þýskaland og reyndar einnig þýska Alþýðulýðveldið, en á hinn bóginn ekki önnur kommúnistaríki sem hér hafa sendiráð.

Ef við lítum á skrá yfir fasteignir erlendra sendiráða hér á landi sjáum við fljótt að ekkert samhengi er t. d. milli umsvifa sovéska sendiráðsins hér á landi og hinna miklu eigna sem Sovétríkin eiga hér. Og ekkert samráð er milli þess og þeirra hagsmuna sem það á hér að gæta. Þarna hefur hlaupið mikill ofvöxtur í umsvifin hjá nokkrum sendiráðum. Hæstv. félmrh. gleymir algjörlega þessari hlið á því máli sem þetta frv. snertir.

Ég var að vísu ekki í bænum nú um helgina svo að ég hef ekki séð þetta frv. fyrr en núna. Ég yrði mjög þakklátur þess vegna, herra forseti, ef hlé yrði gert á fundinum og mér gæfist tækifæri til að ljúka ræðu minni á næsta fundi deildarinnar á miðvikudag, svo að ég geti frekar kynnt mér efni frv. áður en því er vísað til nefndar. Ég held að það séu heilbrigðari vinnubrögð en að reyna að knýja málið fram nú, ef það væri hægt. Ég fer fram á það, herra forseti, að málið verði tekið út af dagskrá núna og ég fái að fresta ræðu minni þangað til á næsta fundi. Er það ekki hægt? (**Forseti:** Það mun verða orðið við óskum þm. um að ljúka ekki þessari umr. Ég tel þó ástæðu til að láta þá aðila, sem eru á mælendaskrá, taka til máls hér á eftir, en ég mun verða við þeirri ósk að fresta umr. til annars fundar.) Það er nefnilega það. Það er sjaldan orðið við tilmælum þingmanna hér. Klukkan er hálfþrjú, herra forseti, og venjulegur þingfundatími deildarinnar er til kl. fjögur.

Ég held að það hafi ekki komið neinum deildarmanni á óvart hversu langar tölur hæstv. félmrh. setti á í sinni ræðu um það sem kallað hefur verið farandverkafólk. Við höfum orðið vör við það og orðið vitni að því á undanförnum misserum, einkum á þeim tíma þegar hann var sjálfur ritstjóri Þjóðviljans, að allt í einu og skyndilega var gífurlega mikið gert með þetta fólk sem hafði raunar verið gleymt fram að þeim tíma. Og m. a. sá maður, sem hæstv. félmrh. hefur nú hvatt til að semja það frv. sem hér liggur fyrir, Jósep Kristjánsson, ættaður úr Axarfirði af ágætum framsóknarættum þar, var á þeim tíma starfsmaður Verkalýðsfélags Raufarhafnar og for-

maður félagsins. Og ég man eftir því, að svo mikið var viðhaft af Alþb.-mönnum meðan verið var að auglýsa upp samtök farandverkafólks, að hann var gerður að sérstökum ræðumanni Háskólans hinn 1. des. 1976, má ég segja, eða 1977. (**Gripið fram í:** 1979.) Mig minnir að hann hafi talað þegar hann var fulltrúi á Alþýðusambandsþingi. Var það ekki 1976 eða 1977? Hvað um það, hvenær sem það hefur verið, þá varð hann að gera hlé á störfum sínum á þessu þingi Alþýðusambandsins til þess að skjótast upp í Háskóla til að tala þar um farandverkafólk og fór það vel úr hendi. Eða var það ekki um farandverkafólk? Guðmundur jaki hristir höfuðið. Hann fylgdist vel með verkalýðsmálum á þessum tíma. Það var um þær mundir sem menn voru að berjast fyrir „samningunum í gildi" og töldu að fráleitt væri hinn 1. mars 1978 að samþykkja sérstaka löggjöf hér í þinginu um að skerða launin. (Gripið fram í.) En eins og við munum var mikil barátta um það hér í þjóðlífinu á árunum 1977 — 1978, einmitt á þessum árstíma, að knýja á um öryggi verkafólks, bæði farandverkafólks og annars. Og Jósep þessi var þar framarlega í hópi. (**Gripið fram í:** Er hann ekki Skaftfellingur í móðurættina?) Það er hann nú ekki, þetta er ekki rétt. Að vísu er hann kominn af Hrólfi Bjarnasyni, en það er miklu lengra í það.

Já, herra forseti, eins og ég var að segja voru miklar umr. um þetta leyti um það, bæði hér á þingi og annars staðar, hvort rétt væri að setja löggjöf um það hér á Alþingi að skerða launin. Og þá töluðu stjórnvöld einmitt um það, að mjög mikils virði væri að reyna að búa svo um hnútana að hinir lægst launuðu, þeir sem verst væru staddir, fengju sérstakar láglaunabætur, — sérstakar láglaunabætur, gagnstætt því sem nú er talað um í sambandi við brbl. sem gefin voru út í des. Í þeim var ekki gert ráð fyrir neinu af því tagi svo að naumast er við því að búast að það gangi fram.

Aftan við það lagafrv., sem hér liggur fyrir, er prentað sérálit Þorsteins Pálssonar við 3. gr., svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Félmrh. veitir atvinnurekendum atvinnuleyfi fyrir útlendinga, ef sérstakar ástæður þykja mæla með því, svo sem ef um er að ræða erlenda sérfræðinga eða aðra kunnáttumenn, sem ekki verða fengnir innanlands, eða ef atvinnuvegi landsins skorti vinnuafl, sem ekki er fáanlegt innanlands.

Útlendingar skulu njóta launa og starfskjara sem heimamenn og hafa réttindi og bera skyldur í samræmi við viðkomandi kjarasamning.

Áður en atvinnuleyfi er gefið út skal leita eftir umsögn viðkomandi verkalýðsfélags eða landssambands, ef ekki er verkalýðsfélag á staðnum.

Sé útlendingur ráðinn erlendis getur ráðh. sett það skilyrði fyrir útgáfu atvinnuleyfis, að atvinnurekandi greiði ferð útlendings frá Íslandi að ráðningartíma loknum, svo og ef um er að ræða heimflutning vegna veikinda, sem gera útlendingi ókleift að vinna út ráðningartímabilið að mati læknis.

Skilyrði þetta gildir eigi, ef útlendingur riftir ráðningarsamningi af ástæðum sem atvinnurekandi á ekki sök á.

Ráðh. er enn fremur heimilt að binda atvinnuleyfi því skilyrði, að atvinnurekandi hafi hæfilegt húsnæði fyrir útlendan starfsmann meðan ráðningarsamningur er í gildi, ef hinn útlendi starfsmaður hefur ekki slíkt húsnæði sjálfur.

Heimilt er félmrh. að veita nafnlaust atvinnuleyfi til bráðabirgða. Fullnaðaratvinnuleyfi má ekki veita fyrr en fyrir liggur heilbrigðisvottorð viðkomandi starfsmanns ásamt yfirlýsingu um síðasta dvalarstað áður en komið er til landsins. Fullnaðaratvinnuleyfi má eigi heldur veita nema fyrir liggi undirrituð yfirlýsing útlendings þess efnis, að hann hafi kynnt sér þær upplýsingar sem kveðið er á um í 5. gr. þessara laga. Heimilt er ráðh. að víkja frá skilyrðum þessarar málsgreinar þegar í hlut eiga ríkisborgarar annarra Norðurlanda.

Óheimilt er að veita útlendingi atvinnuleyfi sem ekki hefur dvalarleyfi hér á landi samkv. lögum nr. 45 1965, um eftirlit með útlendingum, eða hefur verið gert að fara af landi brott samkv. þeim lögum."

Þannig vill Þorsteinn Pálsson orða 3. gr.

Ég vil nú, herra forseti, aðeins skjóta því inn, að löngu fyrir jól lagði ég fram frv. um að afnema flugvallagjald. Það fékkst ekki tekið fyrir á síðasta fundi vegna þess að öðrum málum þurfti að koma fram sem ríkisstj. hafði lagt fram miklu síðar. Það fæst ekki heldur fyrir tekið á þessum fundi á undan því máli sem til umr. er. Og hæstv. forseti getur ekki hugsað sér að hliðra til fyrir þingmenn, að þeir geti kynnt sér mál eins og beðið er um. Þarf þó ekki langa íhugun til að sjá að sú beiðni, sem ég bar fram, var ekki óeðlileg, nú yrði gert hlé á umr. til þess að geta kynnt sér málin með eðlilegum hætti. (**Forseti:** Út af ummælum hv. þm. vil ég endurtaka það sem ég sagði hér áðan, að ég verð fúslega við þeirri ósk hans, að þessari umr. verði frestað, að málinu verði ekki vísað til nefndar, heldur verði umr. frestað til næsta fundar. En eins og ég tók fram eru hér nokkrir á mælendaskrá, og ég vil ljúka ræðum þeirra.) Ég óska þá eftir því, herra forseti, að fá að gera hlé á minni ræðu, að henni verði frestað. (Gripið fram í.) Það er nú ekki þannig samkvæmt fundarsköpum. En er það samþykkt, þannig að ég haldi mínum óskoraða rétti til að tala tvisvar? (Gripið fram í.) Er hæstv. forsrh. eitthvað órólegur? Svo vil ég einnig spyrjast fyrir um það, hvort frv. mitt um flugvallagjald verði tekið fyrir á þessum fundi — eða kannske ekki á næsta fundi heldur? (**Forseti:** Næsta mál á dagskrá á eftir þessu máli er flugvallagjald, frv., 126. mál, sem hv. þm. hefur framsögu fyrir.) Ég veit nú satt að segja ekki hvort á að gera það fyrir hæstv. forseta, vegna þess að það er skemmtilegra að kljást við aðalforsetann ef um deilur er að tefla. En ég vil aðeins ítreka óánægju mína yfir þessu og mælast til að til þess verði tekið tillit á næsta fundi deildarinnar um þetta mál, ef ástæða verður til, að ég hafi óskoraðan ræðutíma og geti fengið að tala um málið á þeim grundvelli.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Það er alveg ótrúlegt hvað hv. þm., sem hér talaði síðast, spannar vítt svið. Hann getur ekki rætt hér um frv. til laga um atvinnuréttindi útlendinga öðruvísi en hann ættfæri einhvern tiltekinn mann í ákveðnum landshluta og tilgreini jafnvel til hvaða stjórnmálaflokks hans ætt hneigist. Og jafnframt fylgir atvikalýsing úr lífi þess ágæta formanns verkalýðsfélags norður á Raufarhöfn. Ég verð að segja að ég hef í langa tíð verið nokkuð undrandi oft og tíðum á hv. þm. og skal ekki vera að útskýra hér af hverju, enda held ég að það sé alger óþarfi gagnvart þeim sem á hlýddu.

Frv., sem hér er til umr., gengur sérstaklega í eina átt: að tryggja erlendu verkafólki betri rétt og koma á betri upplýsingaskyldu viðkomandi íslenskra atvinnurekenda,

svo að það eigi aðgang að útdrætti um helstu samningsákvæði. Frv. miðar að því að tryggja þessu verkafólki ákveðin grunnréttindi sem við sjálfir vildum njóta ef Íslendingar væru ráðnir til einhvers ákveðins tíma erlendis. Við þekkjum öll þessi mál. Þetta vinnuafl starfar sér í lagi í fiskiðnaði. Hjá mörgum fyrirtækjum eru málefni þessa fólks í ákaflega góðu lagi og það er staðið fullkomlega við allar skuldbindingar gagnvart því. Aftur á móti, eins og vill verða, þá er þetta misjafnt. Og í sumum tilfellum er þetta allsendis ófullnægjandi og full ástæða til að tryggja þessu fólki ákveðinn rétt.

En í víðáttu sinni er hv. þm. allt í einu kominn inn á starfsmenn sendiráða og manni skilst helst að þetta sé spurningin um starfsmenn í rússneska sendiráðinu eða ameríska sendiráðinu og hvað þeir séu margir. Skyldi nú vera t. d. að þessi ákvæði í niðurlagi 2. tölul. 3. gr. eigi við sendiráðsmenn: „Í ráðningarsamningi sé einnig tilgreint hvernig háttað sé fæði og húsnæði.“ Dettur hv. þm. í hug að með þessu frv. sé verið að leggja þá skyldu á herðar t. d. norska sendiráðinu eða því ameríska, að það gefi starfsmönnum sínum nákvæmar upplýsingar um fæði og húsnæði? Hvers konar bull er þetta eiginlega? Geta menn ekki hreinlega tekið efnislega afstöðu til máls sem fjallar um ákveðna réttindaaukningu handa erlendu verkafólki og um ákveðna upplýsingaskyldu íslenskra atvinnurekenda svo að það njóti mannsæmandi réttinda? Þetta kemur ættfræði eða erlendum sendiráðum ekkert við. Þetta kemur við verkafólki, erlendu verkafólki sem sækir um vinnu á Íslandi og fær í sumum tilfellum rangar upplýsingar, öðrum tilfellum réttar. Það er verið að tryggja það með þessum lögum, að við stöndum að þessu eins og sómi okkar býður.

Það þýðir auðvitað ekkert að biðjast undan því að þurfa að hlusta á einhverja gagnmerka ræðu þessa hv. þm. hér að nýju. En ég held að það sé full þörf á að hann lesi frv. og átti sig á því, að það fjallar hvorki um ættfræði né erlend sendiráð.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég hef ekki miklu við þessa umr. að bæta núna. Margt kom fram í ræðu hv. 7. landsk. þm. sem ástæða væri til að ræða ítarlega, en það er ekki innan ramma þess dagskrárliðar sem hér er til umr. svo að ég sleppi því. Ég vildi bara láta það koma fram, að það hefur verið meining mín að fara þess á leit við hv. félmn. að hún reyndi að standa þannig að meðferð málsins, að það yrði afgreitt á þessu þingi. Ég tel að þetta sé í raun og veru ekki svo flókið mál að nefndin eða þingið þurfi nokkuð að hrökkva frá því verki. Og þegar það kemur í ljós, eins og hv. 7. þm. Reykv. benti á, að frv. fjallar hvorki um ættfræði, giftingar né erlend sendiráð, þá verður vafalaust hægt að hrista fram úr þessu verki. Ég vænti þess, að hv. nefnd verði við þeirri málaleitan ef þess er nokkur kostur.

Umr. frestað.

Flugvallagjald, frv. (þskj. 151). — 1. umr.

Forseti (Alexander Stefánsson): Hv. frsm. 126. máls finnst ekki í húsinu. Umr. um það mál er því frestað og málið tekið út af dagskrá.

Húsnæði aldraðra og öryrkja, frv. (þskj. 393). — Frh. 1. umr.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Ég er fyllilega sammála því frv. sem hér er á dagskrá og snýr að einum af þýðingarmestu þáttunum í þjónustu fyrir aldraða, þ. e. húsnæðis- og vistunarþættinum, þó vissulega sé fyllilega tímabært og nauðsynlegt að taka myndarlega á öllum þáttum vandans.

Ástandið í þessum efnum er þjóðfélaginu og okkur köllum til skammar. Talið er að 300—400 sjúk gamalmenni séu í heimahúsum á Stór-Reykjavíkursvæðinu, en það er ástandið af ýmsum ástæðum verst. Svo til allt þetta fólk þarf á vistun í einu eða öðru formi að halda. Hluti vandans stafar af skipulagsleysi og því öryggisleysi sem gamla fólkið á við að búa í þessum efnum. Þegar fólk eldist og sér fram á nauðsyn vistunar á dvalarheimili fyrr eða síðar reynir það sem fyrst að tryggja sér pláss. Og vegna þess hve erfitt er að komast inn og biðlistinn langur er tekið fyrsta tækifæri sem býðst, jafnvel þótt fólk gæti og vildi vera einhver ár til viðbótar heima hjá sér. Ef það sleppir tækifærinu hefur það enga tryggingu fyrir plássi þegar það þarf nauðsynlega á að halda.

Á dvalarheimilunum er því talsvert af fólki sem gæti og vildi vera lengur heima hjá sér, ef það hefði vissu um pláss þegar það þarf nauðsynlega á að halda. Á meðan verður að neita um pláss fjölda manns sem bráðnauðsynlega þarf á plássi að halda.

Það, sem stefna ber að, er:

Í fyrsta lagi að gamla fólkið geti verið eins lengi heima hjá sér og það vill og treystir sér til. Í því skyni verður að stórauka heimilisaðstoð og heimahjúkrun, fyrst og fremst vegna gamla fólksins sjálfs, en þar við bætist, eins og hv. 1. flm. frv. benti á, að það er langódýrasta lausnin fyrir ríkissjóð svo langt sem hún nær.

Í öðru lagi þarf að fjölga mjög sérsmíðuðum íbúðum fyrir aldraða þar sem boðið er upp á aukna heimilisaðstoð og heimahjúkrun, allt eftir því hverju fólk þarf á að halda og óskar eftir. Helst þurfa þær íbúðir að vera í tengslum við þjónustu dvalar- og/eða hjúkrunarheimila.

Í þriðja lagi þarf að vera til nægilegt rými á dvalarheimilum aldraðra þegar fólk treystir sér ekki eða vill ekki búa lengur í eigin húsnæði þótt víðtæk heimilisaðstoð og heimahjúkrun sé í boði.

Í fjórða lagi þarf að vera til nægilegt rými á hjúkrunarheimilum eða hjúkrunardeildum dvalarheimila þegar gamla fólkið er orðið svo lasburða að það þarf á mikilli hjúkrun að halda.

Í fimmta lagi þarf svo að vera nægilegt pláss á sjúkrahúsum þegar þess gerist þörf og þá helst á sérstökum öldrunardeildum þar sem séð er fyrir sérþörfum þessa fólks.

Á öllum stigum verður gamla fólkið að hafa aðgang að læknum með sérþekkingu á vandamálum aldraðra, t. d. á göngudeildum sem sérhæfa sig í öldurnarsjúkdómum. Aðalatriðið er að það þarf að vera til nægilegt rými til að fólk fái þá þjónustu sem það þarf á að halda hverju sinni, og það þarf að geta sjálft haft um það verulegt valfrelsi.

Ef gamalt fólk, sem hefur verið lasburða og þurft á vistun að halda, hressist á það að geta, ef það vill, farið heim til sín aftur í öruggri vissu þess, að það fái vistun við sitt hæfi hvenær sem á þarf að halda. Ef þannig væri um hnútana búið mundi það vistunarrými, sem nú er fyrir

hendi, nýtast miklum mun betur en nú gerist. Það breytir þó engan veginn þeirri staðreynd, að mjög myndarlegt átak þarf að gera í byggingu sérsmíðaðra íbúða fyrir gamla fólkið. Það út af fyrir sig mun rýma meira húsnæði en byggja þarf í þessu skyni, — húsnæði sem gæti þá nýst yngra fólki.

Sömuleiðis þarf mjög myndarlegt átak í byggingu dvalarheimila og hjúkrunarheimila. Það ásamt byggingu sérsmíðaðra íbúða er reyndar forsenda þess, að þeim hreyfanleika og því valfrelsi, sem ég gat um, verði komið á. Auðvitað kosta þessar framkvæmdir mikla peninga, en á móti mætti draga nokkuð úr byggingarframkvæmdum á vegum sjúkrahúsa, sem í dag eru hálffull af öldruðu fólki, en margt af því á fremur heima á hjúkrunarheimilum eða hjúkrunardeildum dvalarheimila aldraðra. Sjúkrahúsin, sem eru dýr í byggingu, en langtum dýrari þó í rekstri, mundu nýtast mun betur en nú gerist og jafnframt yrði unnt að leysa á tiltölulega ódýran hátt mörg aðkallandi vandamál sjúkrahúsanna, ef þau væru ekki hálffull af langlegusjúklingum sem margir hverjir eiga, eins og ég sagði áður, fremur heima á hjúkrunarheimilum eða sérstökum langlegudeildum.

Hv. 1. flm. frv. gerði í framsögu sinni samanburð á kostnaði við rekstur hinna ýmsu sjúkrastofnana og hjúkrunarheimila. Eins og gefur að skilja eru hjúkrunarheimili langtum ódýrari í rekstri en sjúkarhúsin og því sjálfsagt að byggja upp og nýta þjónustu hjúkrunarheimila þegar hún er fullnægjandi. Hafa verður þó allan vara á í slíkum samanburði. T. d. gerði hv. þm. Pétur Sigurðsson samanburð á kostnaði við hjúkrunardeildir dvalarheimila aldraðra og öldrunardeild Landspítalans við Hátún. Því er engan veginn hægt að jafna saman. Öldrunardeildin við Hátún er rekin sem sjúkrahús með allri þeirri þjónustu sem því fylgir. Þar er t. d. mjög mikil endurhæfing, m. a. í formi göngudeildarstarfsemi, en kostnaður af henni kemur fyrst og fremst fram í útreiknaðri hækkun daggjalda.

Hv. 1. flm. frv. minntist í sinni framsögu á nefnd sem ég skipaði í apríl 1979 til að semja frv. til l. um öldurnarþjónustu. Tilgangurinn var að samræma og auka stórlega alla félagslega og heilbrigðislega þjónustu við gamla fólkið, bæði í heimahúsum og á stofnunum. Nefndin vann mjög vel og af miklum áhuga. Vil ég nota tækifærið til að þakka hv. þm. Pétri Sigurðssyni fyrir ágætan þátt sinn í störfum nefndarinnar. Nefndin skilaði drögum að frv. til l. um þessi mál 1. febr. 1980. Strax og ég fékk drögin í hendur sendi ég þau til sérfræðilegrar skoðunar í heilbrmrn., ekki síst til að ganga úr skugga um að lögformlegum aðgerðum væri fylgt í hvívetna, að þau stönguðust ekki á við önnur lög o. s. frv. Þannig stóðu málin þegar ég lét af embætti heilbrmrh.

Ég hef verið að vonast eftir því, allt frá því að þing kom saman s. l. haust, að hæstv. núv. heilbr.- og trmrh. legði frv. sitt — eða annað sem gengi í sömu átt — fyrir hið háa Alþingi. Í umr. á Alþingi um þáltill. hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og fleiri um félagslega þjónustu fyrir aldraða sagði hv. þm. Guðrún Helgadóttir 30. okt. s. l. að hæstv. heilbr.- og trmrh. mundi á allra næstu dögum leggja fram á þingi frv. til l. um öldrunarþjónustu. Þessir allra næstu dagar eru orðnir býsna margir, nokkuð á annað hundrað, og enn hefur ekkert bólað á frv.

Hæstv. heilbr.- og trmrh. sagði s. l. mánudag við umr. um það mál sem hér er á dagskrá að til stæði að flytja frv. til l. um heilbrigðis- og vistunarmál aldraðra. Nafnið skipti auðvitað ekki máli, heldur hitt, að eitthvað róttækt sé í málinu gert og það fljótt, og vonast ég til að hæstv. ráðh. fylgi þessu máli vel eftir.

Herra forseti. Við megum ekki gleyma því, að það fólk, sem nú er orðið gamalt, er sú kynslóð sem meira en nokkur önnur hefur byggt upp það þjóðfélag sem við nú búum í, sú kynslóð sem lyft hefur stærri og fleiri Grettistökum en nokkur önnur frá upphafi Íslandsbyggðar, og er sú kynslóð, sem nú er á besta aldri, þar ekki undanskilin.

Við megum ekki heldur gleyma því, að við, sem yngri erum höfum byggt okkar íbúðarhús og byggt upp verulegan hluta af atvinnurekstri okkar með lánsfé frá þessu sama fólki, — lánsfé sem við höfum ekki greitt til baka nema að litlu leyti. Enn er það svo, að innlánsfé í bönkum er að langmestu leyti komið frá fullorðnu og gömlu fólki. Það eru því fjöldamargar ástæður sem við höfum til að búa betur að öldruðu fólki en við gerum í dag. Stórátaks er vissulega þörf.

Það frv., sem hér er til umr., beinist að þýðingarmiklum hluta þess vanda sem gamla fólkið á við að stríða. Því styð ég það eindregið, en skora jafnframt á hæstv. heilbr.- og trmrh. að leggja strax fram frv. til l. sem miðar að lausn allra þátta vandans.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég vil nota þetta tækifæri til að taka í megindráttum undir efni þess frv. sem hér er til umr. Ég vil þó á hinn bóginn vara eindregið við þeirri stefnu sem mér virðist hafa verið allt of rík hér á landi í sambandi við málefni aldraðara og fatlaðra, stefnu sem ég hef kallað einangrunarstefnu. Við höfum orðið vitni að því, hvernig fötluðu fólki hefur verið komið fyrir í ákveðnu húsnæði sem er sérhannað og sérbyggt fyrir það. Vil ég í því sambandi nefna Hátúnshúsin þar sem er nær eingöngu fatlað fólk. Þetta kerfi eða þessi stefna hefur ekki þótt ná þeim árangri sem menn vildu með því að sérhanna húsnæði fyrir fatlað fólk, og hið sama hygg ég að gildi um aldraða. Ég er alfarið þeirrar skoðunar, að það eigi að blanda saman aldurshópum og það eigi að blanda saman, þegar um það er að ræða og unnt er að koma því við, heilbrigðu fólki og fólki sem er veikt af einhverjum ástæðum, en getur bjargað sér á sómasamlegan hátt með örlítilli aðstoð. Ég held nefnilega að sú stefna ætti að vera í gildi, t. d. hjá Reykjavíkurborg við lóðaúthlutanir þegar verið er að úthluta fjölbýlishúsalóðum, að á þeim úthlutunum ættu að vera mjög ákveðnar kvaðir um tiltekinn fjölda íbúða fyrir aldraða og fyrir fatlaða, sem þá yrðu sérstaklega útbúnar svo að þetta fólk gæti notað þær. Það hefði þá tækifæri til þess að umgangast það sem við í daglegu tali köllum allt venjulegt fólk. Við ætlum ekki að loka aldrað fólk inni í byggingum eingöngu vegna þess að það er aldrað, en reyna miklu fremur að leyfa því að lifa eðlilegu lífi í samfélagi við yngri aldurshópa. Eins ættum við að leyfa því fatlaða fólki, sem um er að ræða, að vera innan um þá sem heilbrigðir eru taldir.

Þegar einangrunarstefnu, sem ég nefni því nafni, er fylgt, þá er raunverulega verið að fela vandamálin fyrir fólkinu í landinu. Þetta á sérstaklega við að mínum dómi um Hátúnshúsin þar sem fatlaða fólkið er raunverulega falið fyrir öllum hinum og það gerir ekkert annað en horfa á eigin spegilmynd allan guðslangan daginn, umgengst vart annað en fatlað fólk og svo það starfsfólk sem vinnur í húsunum. Þannig gerist tvennt: Fatlaða fólkið

gleymist og við hin hættum að læra að lifa með því. Vandamálið er sem sagt lokað inni. Þetta held ég að þyrfti að aðgæta mjög gaumgæfilega. Svíar hafa gert tilraunir með að blanda öldruðu fólki í fjölbýlishús með ungu fólki, og það hefur þótt takast býsna vel. Þar hefur verið um að ræða fjölbýlishús með litlum þjónustueiningum, þar sem aldraða fólkið hefur fengið mat og aðra þjónustu sem það hefur þurft á að halda.

Einnig vil ég koma að öðru máli sem hv. þm. Pétur Sigurðsson nefndi þegar hann flutti sína ræðu, og það eru málefni geðsjúkra gamalmenna. Ég vék að þessu sérstaklega í umr. hér fyrir nokkrum dögum, þegar hv. þm. Helgi Seljan talaði hér fyrir till. um geðverndarmál. Þá minnti ég sérstaklega á það, að í þáltill. hefðu málefni eða málaflokkur geðsjúkra gamalmenna algjörlega gleymst. Og þarna er náttúrlega þvílíkur vandi, að það veit enginn nema sem reynt hefur, t. d. bara í sambandi við „senilitet" og elliær gamalmenni hvers konar. Þar eru óhemju vandamál á ferðinni fyrir fjölskyldur sem bera ábyrgð á því fólki.

Ég hef ekki miklu við þetta að bæta. Ég get skýrt frá því, að byggingarsamvinnufélag eitt hér í Reykjavík, þar sem ég sit í stjórn, ákvað á stjórnarfundi fyrir skömmu að rita borgarráði Reykjavíkur bréf og bjóðast til þess að hafa um 20% af íbúðunum fyrir aldrað fólk, sem yrði þá forgangshópur, og/eða fatlað fólk. Þá yrði tekið tillit til þess við hönnun húsnæðisins. Ég held nefnilega að þessa leið mætti fara í mjög mörgum tilvikum því að það er ekki alltaf fjárhagurinn, sem kemur í veg fyrir að aldrað fólk geti eignast húsnæði, heldur ýmsa aðrar ástæður.

Það þarf ekki að rekja þau vandamál sem nú eru til umræðu í okkar samfélagi og sérstklega hér í Reykjavík, hjá öldruðu og gömlu fólki sem býður svo hundruðum skiptir á listum Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar eftir því að fá mannsæmandi húsnæði. Ég minnist þess, að einn af starfsmönnum Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar eftir því að fá mannsæmandi húsnæði. Ég minnist þess, að einn af starfsmönnun Félagsmálastofnunar orðaði það svo, að reykvískir hestamenn mundu ekki hýsa hross sín í sumu því húsnæði sem gamla fólkinu er boðið. Og þetta er í velferðarþjóðfélaginu á Íslandi árið 1981.

Öll umræða um þessi mál er af hinu góða. Ég vil taka undir þann anda, sem felst í þessu frv., og þakka hv. 1. flm., Pétri Sigurðssyni, fyrir það framtak sem hann hefur sýnt með þessu.

Flm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ég vil fyrst og fremst nota þetta tækifæri til að þakka þeim hv. ræðumönnum, sem hafa tekið til máls um þetta mál. fyrir góðar undirtektir þeirra, sérstaklega hæstv. heilbrmrh. og reyndar líka fyrrv. heilbrmrh., hv. 5. þm. Suðurl.

Að sjálfsögðu hafa komið fram nokkur atriði sem væri vert að ræða nánar.

Ég vil þá byrja á því að lýsa ánægju minni yfir því sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, að þegar sú þáltill., sem ég fór nokkrum orðum um í framsöguræðu minni, — mjög vönduð og ítarleg þáltill. um mál þeirra sem ekki eru geðheilir, — var hér til umr. skyldi þessi þm., hv. 6 þm. Norðurl. e., taka til máls og benda á þetta sérstaka vandamál, sem er gífulega mikið vandamál hjá okkur hér á Íslandi og reyndar alls staðar þótt í nágrannalöndum okkar t. d. hafi verið gerðar sérstakar ráðstafanir til að mæta því.

Hv. þm. minntist á mjög athyglisvert atriði í ræðu sinni, hinar svokölluðu blönduðu íbúðir. Nú er ég búinn að umgangast gamalt fólk á liðnum tuttugu árum sem nemur líklega þúsundum, alla vega mörgum hundruðum, og hef rætt við það þegar það hefur verið að leita sér vistunar á dvalarheimilum. Og ég hef aldrei nokkurn tíma heyrt hjá þessu fólki sérstakar óskir um að geta umgengist börn. Í allflestum tilfellum á þetta fólk sín barnabörn og því þykir ærið nóg á fá þau í heimsókn svona einu sinni í viku og sjá þau þá. Þetta fólk er komið til þess að leita sér að friði og ró, það er að sækjast eftir kunningsskap við sína jafnaldra eða fólk á líku reki og með sömu hugðarefni og það sjálft, sem er mjög fjarri því sem er hjá ungu fólki í dag.

Hitt er annað mál og það vil ég taka undir, að öll hin svokölluðu vandamál aldraðra eru auðvitað sömu vandamálin og hjá okkur sjálfum. Og þau eru kannske jafnmörg og einstaklingarnir sjálfir. Það er því ekki til nein ein lausn. Þess vegna þurfum við að búa okkur undir það í okkar þjóðfélagi, ef vel á að vera, að geta mætt því, sem ég hef margoft bent á sjálfur, en kom fram hjá hæstv. heilbrmrh. í ræðu hans hér um daginn, að við þurfum að búa okkur undir að verða við óskum hvers og eins um það, hvar vill hann búa og í hvers konar húsnæði.

Mér þykir sjálfsagt, og það er ekkert í mínu frv. sem kemur í veg fyrir það ef eitthvert byggingarfélag vill taka undan í sinni stórbyggingu íbúðir fyrir aldraða eða öryrkja, þá er ekkert ákvæði sem bannar það. Ég vil bara, og það er meginmál í þessu frv. mínu, að íbúðirnar, sem bera þetta nafn, séu búnar ákveðnum lágmarkseiginleikum. Og þegar þær falla undir hugtakið, þá vil ég að Alþingi Íslendinga, sveitarfélögin, einstaklingarnir, félagasamtökin, verkalýðshreyfingin geti í góðri trú stutt slíkar byggingar, hver sem er á ferðinni með þær, hvort sem það eru sveitarfélög, ríkið, sjáflseignarstofnanir, verkalýðshreyfingin eða einhverjir aðrir, en það sé bara vitað að það sé ekki verið að hlaupa fram hjá vandamálinu þegar verið er að byggja slíkar íbúðir.

Ég benti á það í minni framsöguræðu, að dæmi væru um það að komnar væru upp íbúðir sem væru kallaðar íbúðir aldraðra — ég er ekki að tala þá um Reykjavík, ég tek það fram, heldur hjá öðrum sveitarfélögum, alla vega einu sveitarfélagi — sem væru ekki í neinu frábrugðnar venjulegum íbúðum. Ef við ættum að fylgja þessu, þá gætum við að sjálfsögðu látið kalla hverja einustu íbúð á Íslandi íbúð fyrir aldraða, því að margt eldra fólk hefur búið í þeim flestum.

Hv. 5. þm. Suðurl. sagði að það væri ekki rétt að gera samanburð á dvalarheimili og Hátúnsdeildinni. Það er rétt, enda gerði ég það ekki. Ég gerði hins vegar samanburð á hjúkrunar- og sjúkradeild á dvalarheimili. Og ég gerði það m. a. vegna þess að ég hef í höndum — og hef haft í höndum alla vega frá 1987 — upplýsingar um hjúkrunarþyngd á þessum stofnunum. Þess vegna leyfði ég mér að bera þetta saman. Og það er eitt meginvandamálið í sambandi við öll þessi heimili og ákvörðun daggjaldanefndar um daggjöld, að daggjaldanefnd skuli ekki geta haft þann starfskraft í vinnu hjá sér, getum við sagt, sérfróðan starfskraft, sem getur farið og metið hjúkrunarþyngdina á fólkinu. Auðvitað ættu daggjöldin að fara eftir því hvað er lagt mikið af mörkum við að þjóna ákveðnum sjúklingi. Þá væri líka hægt að deildaskipta betur þannig að fólk, sem væri betur í stakk búið að vera með fólki á sama reki, gæti verið saman. Og svo

við komum aftir að þessu blessaða fólki sem býr við einhver geðræn vandamál eða umgengnisvandamál, þá getur það frekar verið til hliðar, en þó aldrei þannig að það sé lokað einhvers staðar inni og útilokað frá umgengni við aðra. Það finnst mér vera ómanneskjulegt, enda held ég að hjá okkar nágrönnum sé stefnt í gagnstæða átt.

Í ræðu hæstv. heilbrmrh., sem var mjög ítarleg komu fram nokkur atriði sem mig langaði til að víkja að. Hann spurði — ég held það hafi verið eina spurningin sem var varpað fram til mín — hvort þjónustumiðstöðvar ættu að verða í hverju dvalarheimili, minnir mig hann segði. Nú má segja að þjónustumiðstöð fyrir aldraða sé í hverju deildaskiptu dvalarheimili. Og hún starfar samkvæmt lögum og skilyrðum sem eru sett af heilbrigðisyfirvöldum. Að vísu gerist ekki mikið af því, að þær taki fólk utan heimilanna til meðferðar. Þó þekkist það. Ég tel t. d. að á margan hátt sé Hátúnsdeildin í Reykjavík þjónustustöð fyrir aldraða á miklu stærra svæði en margur hyggur, því þangað kemur fólk til meðferðar ótrúlega víða að. Og vegna þess að ég þekki til þar er mér ljúft að segja það hér, að læknar þar hafa náð frábærum árangri í sínu starfi á þeirri deild einmitt í endurhæfingu þessa fólks.

En við skulum ekki gleyma því, að slík endurhæfing — þó ekki hafi verið hægt að leggja alls staðar jafnmikla peninga til hennar — er komin á laggirnar alls staðar á þessum heimilum. T. d. verður það heimili, sem er núna í byggingu hjá sjómannadagssamtökunum í Hafnarfirði, með mjög fullkomna þjónustumiðstöð, svo fullkomna að það hefði verið hægt að koma fyrir heilsugæslustöð fyrir byggðina þar syðra ef það hefði ekki verið stöðvað af vissri togstreitu á milli byggðarlaga og arfi af gömlum þótta sveitarfélags sem telur sig kannske vera meira í dag en það í rauninni er. En það er skrýtið að hugsa til þess, að t. d. í Hafnarfirði vantar heilsugæslustöð. Það er vitað að læknar, sem hafa gegnt störfum þar, eru á götunni eftir nokkra mánuði. Samt sem áður hefur ekki náðst nein samstaða um það fyrir þá að flytja inn í húsnæði sem þeir gætu vel notað með læknum þessa heimilis og veitt náttúrlega enn víðtækari og meiri þjónustu en ella. En þjónustumiðstöð verður þar fyrir aldraða, sem mun þjóna miklu stærra svæði og fleira fólki en kemur til með að búa á þessu heimili. Þarna er fyrirhuguð byggð með mörgum gerðum íbúða fyrir aldrað fólk og eftirlaunafólk og fólk sem er að minnka við sig og búa sig undir efri árin, sem er kannske eitt af þeim réttu skrefum sem tekin eru í dag. Slík byggð verður þar í næsta nágrenni og þjónustumöguleikarnir í þessu hjúkrunarheimili standa þessu fólki til boða ekki síður en íbúum heimilisins. Þannig er þetta, þó við tökum ekki nánar fram í okkar frv. um slíka þjónustumiðstöð fyrir aldraða, sem veitir fleirum þjónustu en inni á heimilinu búa, þá er þetta m. a. til grundvallar. Enda sé ég ekkert því til fyrirstöðu, og ekkert í lögum sem bannar það, að slíka þjónustumiðstöð mætti setja upp, ekki bara af ríkinu og ekki bara af sveitarfélagi, heldur af einstaklingum. Nokkrir læknar geta tekið sig saman um að koma slíkri stofnun á fót ásamt sérfræðingum sem til þarf til þess a veita þá endurhæfingu sem nauðsynleg er.

Þetta var að ég held eina spurningin sem hæstv. ráðh. beindi til mín. En síðan voru nokkur atriði sem hann kom inn á og tölur sem mig langar að fara nokkrum orðum um.

Hann gat þess, að samkvæmt tali, líklega þeirra í heilbrmrn., þá væru — hann tók skiljanlega ekki fram að það hefðu verið 945 rými fyrir hjúkrunarsjúklinga til hér á landi, heldur væru 945 hjúkrunarsjúklingar. En einmitt í þessari fullyrðingu hefur oft legið sá stóri misskilningur, sem jafnvel okkar æðstu embættismenn í þessum málum hafa flaskað á og verið að vitna í og reikna út frá, og auðvitað hefur afleiðingin orðið sú, að niðurstaðan hefur verið tóm vitleysa.

Við skulum taka t. d. að í þessari tölu, 945, er reiknað með að það séu 225 hjúkrunarrými á Hrafnistu í Reykjavík. Þarna er fyrsti og stærsti misskilningurinn, geri ég ráð fyrir. Þar eru ekki nema 77 sérhönnuð hjúkrunarpláss plús tvö fyrir „akút" sjúklinga, þannig að þetta minnkar nú heldur betur. Þetta er samt í tölunni um að þetta rými sé til. Þetta er mikill misskilningur. Þarna er húspláss sem hefur verið tekið til bráðabirgðalausnar hins mikla vanda. Heimilið er byggt sem dvalarheimili, sem vistheimili, og það var aðeins sérhönnuð lítil deild í byrjun fyrir 40 sjúklinga sem enn er nýtt. Annað hefur ekki verið sérhannað þar heldur en ný deild fyrir nokkrum árum sem þar var komið upp, þótt á þessu aukna plássi, sem hefur verið tekið til bráðabirgðanotkunar, hafi auðvitað verið gerðar miklar umbætur og þar komið fyrir einu og öðru, sem léttir störf fólksins sem þar vinnur. En það er bara allt annað mál. Þessi pláss eru ekki til á landinu, og því finnst mér vera kominn tími til fyrir heilbrmrn., landlækni og aðra embættismenn að hætta að tala um þetta, að þetta sé til hjá okkur, og draga fram í skýrslugerð til nágrannaþjóða okkar að við eigum svo og svo mikið af hjúkrunarplássum fyrir aldraða sem alls ekki er til. Við getum þá alveg eins talað um og tekið inn í „statistik" þessara embættismanna sem hjúkrunarpláss fyrir aldraða herbergi á heimilum manna þar sem kannske einn og tveir hjúkrunarmenn eru allan sólarhringinn við að þjóna þessu gamla fólki. Það má alveg eins taka það með samkvæmt þessum kenningum embættismannanna. — Þetta vildi ég að kæmi hér fram og stæði í þingtíðindum.

Þá benti ráðh. á það, sem auðvitað er rétt af honum sem ráðh. að ræða og gott fyrir okkur að hafa í huga sem þingmenn, að auðvitað kostar ekki aðeins peninga að koma upp hjúkrunardeildum, heldur að reka þær jafnframt. Og hann benti á að ef komið væri upp 100 rúma hjúkrunardeild á því daggjaldi sem var hjá DAS 1. des., þá mundi reksturinn á ári kosta um 700 millj. kr. og á 300 rúma hjúkrunardeildum mundi kostnaðurinn verða 2—2.5 milljarðar, giskaði hann á. Þetta eru lauslegar tölur sem hann var að benda á, en ég held að allir hafi skilið að þetta mundi kosta mikla peninga.

Síðar í ræðu sinni kom hæstv. ráðh. inn á það, og það mun vera rétt, það held ég að sé algjör lágmarkstala, að á sjúkrhúsunum í Reykjavík séu a. m. k. 150 aldraðir sjúklingar sem gætu — eins og hæstv. ráðh. orðaði það — við venjulegar kringumstæður vistast á hjúkrunarheimilum.

Ef við tökum nú þetta sama dæmi sem hæstv. ráðh. var með, og snúum því aðeins við — og nú væri gott fyrir hv. fjvn.-menn að fylgjast með — þá mundu vistgjöld fyrir 150 slíka sjúklinga á þessu svokallaða DAS—gjaldi, sem hann orðaði svo, verða á ári 1 milljarður 182 millj. og 600 þús. kr. En á verði Borgarspítalans frá sama tíma mundu sömu 150 rúmin kosta 6 milljarða 761 millj. 625 þús. kr. Þarna er því verið að henda út um gluggann, segi ég, þessum mismun sem er 5 milljarðar 579 millj. 25 þús.

kr. Og ég leyfi mér að fullyrða, vegna þessa að ég hef átælanir yfir byggingarkostnað heimilis sem tekur 75 hjúkrunarsjúklinga, að sparnaðurinn á einu ári mundi nægja til að byggja upp og skila skuldlausu hjúkrunarheimili sem tæki þessa 150 sjúklinga. Sannleikurinn er nefnilega sá, að við stöndum hér oft að því að setja inn í heilbrigðiskerfið stórar upphæðir og látum þá, sem þar vinna, togast á um skiptinguna. Við höfum ekki sjálfir nóga sérþekkingu til þess að toga á móti, en að sjálfsögðu ættum við og þeir, sem starfa t. d. í fjvn., að leita ráða slíkra hlutlausra aðila, sem gætu tekið á þessum málum með efnislegri gagnrýni. Er ég þá að segja þessa setningu í annað skipti á örfáum dögum, en ég tel einmitt, eins og ég ræddi um fyrir nokkrum dögum, að fjárveitingavaldið þyrfti að viðhafa slíka efnislega gagnrýni, a. m. k. þegar sumir sérfræðingar Framkvæmdastofnunar ríkisins eru að koma með sínar tillögur. — Þetta vildi ég láta koma fram.

Þá kem ég að því sem hér var sagt og haft eftir borgarlækni í Reykjavík, að það vanti 350 hjúkrunarpláss hér í Reykjavík. Þetta voru hans orð fyrir nokkru, en ég held að hæstv. ráðh. hafi sagt eitthvað á þá leið, að það væri líklega Reykjavík og Reykjavíkursvæðið líka.

Nú man ég ekki betur en að fyrsta fullyrðing, sem kom frá borgaryfirvöldum um þetta mál, hafi einmitt átt við Reykjavík og það hafi verið 350. Alla vega leyfi ég mér að halda því fram, að þessi tala sé hærri á stór-Reykjavíkursvæðinu. Og ef bara er átt við Reykjavík, þá bendi ég á það, að tugir Reykvíkinga eru á slíkum heimilum utan Reykjavíkurborgar. Reykjavíkurborg hefur haft þá stefnu að stuðla sjálf að og leggja fé í það að byggja fyrir þá sem búa utan bæjar. En borgin hefur ekki viljað hjálpa til við byggingu á heimili fyrir Reykvíkinga sem eru utan Reykjavíkur. Það eru líklega um 40—50 Reykvíkingar t. d. á Hrafnistuheimilinu í Hafnarfirði, enda hefur ekki verið þar frekar en á Hrafnistuheimilinu í Reykjavík farið neitt eftir því hvar fólk býr. En ég er hræddur um að þessi tala sé t. d. ekki innifalin í tölu borgarlæknis í Reykjavík. Og ég held að þar sé ekki heldur vandamálið sem vonandi er að leysast vegna sérstakrar framgöngu og forgöngu einstaklinga í Kópavogskaupstað, að þar hafi ekki verið talin með þau hjúkrunarpláss sem vantar í þeim bæ.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa mörg fleiri orð um þetta. Málið verður sjálfsagt ítarlega rætt í nefnd, og ég mun sjálfur, af því að ég á sæti þar, gera till. um að það fari til umsagnar bæði til Sambands ísl. sveitarfélaga og Húsnæðisstofnunar ríkisins. Alla vega eru þessir tveir aðilar meðal þeirra sem ég tel sjálfsagt að fái málið til umsagnar því að þetta varðar þá báða.

Ég vil svo endurtaka þakkir mínar til ræðumanna, sem hafa talað í málinu, fyrir þeirra góðu undirtektir.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð sem ég vildi láta koma fram af minni hálfu þegar þessari 1. umr. er að ljúka. Við eigum vafalaust eftir að ræða um þessi mál ítarlegar á þessu þingi. En í þeim umr., sem hafa farið fram hér í dag, hefur ýmislegt komið fram sem varpar ljósi á málið og er fróðlegt að hafa í huga.

Ég verð nú að segja það, að ég tel að ekki sé hægt að bera kostnaðartölur saman með sama hætti og hv. þm. gerði áðan varðandi annars vegar 150 pláss á „DAS-verði“ eins og ég kallaði það og hins vegar 150 pláss á Borgarspítalaverði, þegar það er reiknað allt upp á því háa daggjaldi sem er á Borgarspítalanum. (Gripið fram í.) Út af fyrir sig er það rétt, en þegar verið er að reikna út daggjöld fyrir þessa stofnun og þó að þessir sjúklingar þurfi kannske miklu minni þjónustu en ýmsir aðrir, þá er inn í daggjöld þeirra reiknaður kostnaður við Slysavarðstofuna og þess háttar. Þessi daggjaldagrundvöllur, sem menn eru oft að miða við, orkar þess vegna mjög tvímælis og er villandi. Ég hef hitt forráðamenn sjúkrahúsa úti á landi sem halda því fram, að það sé miklu ódýrara að framkvæma minni háttar aðgerðir, eins og botnlangaskurð og þess háttar, hjá þeim vegna þess að daggjöldin séu þar lægri en annars staðar. Þetta er mikill misskilningur. Staðreyndin er auðvitað sú, að þjónustan kostar í grundvallaratriðum svipað í landinu, vegna þess að launakjörin hjá heilbrigðisstéttunum eru uppistaðan í kostnaðinum, og þau eru svipuð eða þau sömu í meginatriðum yfir landið. Mér finnst því að daggjaldaumræðan sé oft dálítið villandi.

Það er alveg rétt sem hv. þm. bendir á, enda þekkir hann þessi mál betur en flestir aðrir hér, að þau pláss, sem ég taldi upp, eru út af fyrir sig ekki sérhönnuð sem hjúkrunarpláss, en þau hafa verið tekin í notkun fyrir hjúkrunarpláss í neyð. Þau eru brúkuð sem slík um þessar mundir.

Hv. þm. Árni Gunnarsson vék hér nokkuð að því sem hann kallaði „einangrunarstefnu“ í þessum efnum, þ. e. að loka aldraða af í stórum húsum án þess að þeir væru í raun og veru í nokkrum tengslum við félagslegt umhverfi að öðru leyti. Ég er sammála þessum aðvörunum hans, og ég hef ekki haft mikinn áhuga á því að taka þátt í að fara út í stórframkvæmdir á þessu sviði, þar sem um yrði að ræða vistunarrými, við skulum segja t. d. fyrir 300 hjúkrunarsjúklinga aldraða, og sá fjöldi þarf á þessari þjónustu að halda hér. Ég held að slík stofnun yrði aldrei til lengdar til góðs vegna þess að þar yrði ekki sá heimilisbragur sem þarf helst að vera á þessum stofnunum. Þar yrði aðhlynningin ekki sem skyldi. Það yrði verksmiðjusvipur, en ekki svipur félagslegrar þjónustu yfir slíku bákni. Ég hef fyrir mitt leyti ýtt frá mér frekar en hitt tillögum um slíkar verksmiðjueiningar, liggur mér við að segja, — stóriðjueiningar í sambandi við okkar þjónustu við aldrað fólk.

Hv. þm. Magnús H. Magnússon vék hér nokkuð að frv. því sem hann lét undirbúa í heilbr.- og trmrn. varðandi þjónustu við aldraða. Það frv. hefur verið til meðferðar um alllangan tíma, og það hefur orðið dráttur á framlagningu þess. Af hverju hefur sá dráttur orðið? Hann hefur fyrst og fremst orðið vegna þess, að ég hef viljað sjá fyrir endann á kostnaðarvandamálunum áður en ég færi að leggja það hér fyrir. Ég hef ekki viljað leggja hér fyrir frv. sem tæki í raun og veru mjög lítið á þeim málum. Þau eru það þung og erfið, bæði fyrir ríki og fyrir sveitarfélögin, að það verður að taka á kostnaðarmálunum, annars er framlagning slíks frv. marklítil. Það eru þau mál sem ég hef viljað reyna að ná samkomulagi um á vettvangi ríkisstj. og stjórnarflokkanna og taka á þeim áður en ég legði frv. fram hér í endanlegum búningi. En eins og ég sagði er von mín að það komi fram hér áður en langur tími líður.

Ég vil aðeins nefna það hér, sem hefur verið nokkuð rætt, en þó lítið í þessum umræðum, að talsverðar aðgerðir eru í undirbúningi hér á Reykjavíkursvæðinu. Ég taldi upp þær húsbyggingar sem um er að ræða á vegum

Dvalarheimilis aldraðra sjómanna í Hafnarfirði. Ég nefndi húsnæðið við Droplaugarstíg í Reykjavík, sem er í byggingu, B-álmu Borgarspítalans og hjúkrunarheimili aldraðra í Kópavogi.

Auk þessa er mér kunnugt um að borgarstjórn Reykjavíkur hefur verið með í athugun ýmis önnur mál sem geta orðið til þess að draga úr versta neyðarástandinu. Þær hugmyndir, sem hafa verið í athugun sérstaklega á vegum Reykjavíkurborgar og hafa verið ræddar við mig af forráðamönnum hennar, eru þær, að á tiltölulega mjög skömmum tíma yrði unnt að taka í notkun u. þ. b. 70 pláss fyrir aldraða hjúkrunarsjúklinga á þremur stöðum hér á borgarsvæðinu. Þar er um að ræða Arnarholt, sem er ekki að fullu nýtt, að mér er tjáð, þar er um að ræða Hvítabandið og þar er um að ræða skrifstofuhúsnæði borgarlæknis í Heilsuverndarstöðinni. Samtals eru þetta u. þ. b. 70 pláss.

Þá hafa einnig komið að máli við mig forráðamenn Landakotsspítala, sem hafa óskað eftir því að fá að innrétta ákveðið húsnæði í grennd við spítalann fyrir langlegusjúklinga, þar sem yrðu 30 — 35 pláss.

Ég held að með aðgerðum af þessu tagi, sem ég hef hér talið upp, lagasetningu um betra skipulag heilbrigðisþjónustu við aldraða og þeim aðgerðum, sem að öðru leyti eru í gangi, sé hægt að halda því fram, að hér sé talsvert á málunum tekið, þó að það sé enn þannig, eins og ég lagði á áherslu við fyrri hluta 1. umr., að um er að ræða vaxandi verkefni á næstu árum. Öldruðu fólki fer fjölgandi hjá okkur, sem betur fer, og hér er um að ræða vaxandi viðfangsefni sem við þurfum að taka á.

Spurningin er þá fyrst og fremst sú, hvað þjóðin er tilbúin að leggja á sig af kostnaði, sköttum og útgjöldum vegna þessa. Það er spurningin, sem þetta snýst um, númer eitt, tvö og þrjú. Allir höfum við ákveðnar hugmyndir um nauðsynlegar lagfæringar, en þá verða menn að vera tilbúnir líka, ekki bara til að segja a, heldur líka b, og bera þann kostnað sem af þessu hlýst. Það er okkur skylt að gera. Sú góða umræða, sem hér hefur farið fram, finnst mér vera til marks um það, að hv. alþm. í öllum flokkum skilja þessa nauðsyn og eru reiðubúnir til þess að taka á málinu í samræmi við það, jafnframt því sem það er svo ljóst, sem hv. þm. Pétur Sigurðsson hefur lagt hér á áherslu og ég líka, að spurningin er líka um það, hvort hægt er að nýta þá fjármuni betur sem þegar eru í okkar heilbrigðiskerfi. Um það mætti setja á langa umræðu hér á Alþingi og væri satt að segja ekki vanþörf á en ekki er kostur á því á þessum fundi.

Flm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að lýsa fögnuði mínum yfir því sem kom fram í orðum hæstv. ráðh. þegar hann skýrði frá því átaki sem virðist vera fram undan til þess að bjarga út úr því neyðarástandi sem við erum í með hjúkrunarþurfandi eldra fólk. Ég vona sannarlega að það takist að gera þetta á þann veg sem hér hefur verið nefndur, þó að ég geri mér fulla grein fyrir því líka, að sumt af þessu húsnæði mun að sjálfsögðu verða bráðabirgðahúsnæði eins og þegar er nýtt í dag af þessu fólki.

En ég vil enn á ný taka fram það sem ég hef áður sagt í þessari umr. og frv. sem ég er 1. flm. að og hér er til umr., og það er það, að þegar við erum komnir út úr þessum vítahring ber okkur að horfa til framtíðarinnar. Ég var á fundi í gær með stjórn félags sem hefur fengið úthlutað lóðum hjá Reykjavíkurborg til þess að byggja íbúðir aldraðra á. Þarna er fólk á ferðinni sem er farið að hugsa alvarlega til þess, — það er enn þá á góðum aldri, það er á miðjum aldri, það er fólk sem er enn þá í vinnu, — það er að hugsa um staðreyndina að við eigum eftir að eldast. Við vitum hvernig ellin leikur okkur öll, og allir förum við á sama veg. En þetta fólk vill koma sér inn í sérhannað húsnæði sem hentar því ekki aðeins í dag, heldur veit það að húsið eða íbúðin er þannig úr garði gerð, að ef eitthvað bjátar á heilsunnar vegna í framtíðinni, þá verður mögulegt fyrir starfslið heimilisþjónustu og heimahjúkrunar að koma og veita þessu fólki þjónustu. Ég tel að slíkar íbúðir víðs vegar um landið, en þó fyrst og fremst þar sem hægt er að veita þjónustu, verði til þess að aðsóknin að hjúkrunarheimilunum og síðan að spítölunum, langlegudeildunum, minnki. Það dregur úr og um leið vinnst það, að þetta fólk getur verið áfram innan um sínar eigur, í eigin íbúð. Það er búið að skipta um eftir að það komst yfir miðjan aldur, frá því að börnin eru farin frá því, það þarf minna að hafa umleikis, minna í kringum sig. En það vill samt sem áður hafa mikið í kringum sig af sínum gömlu munum og geta tekið á móti sínu fjölskyldu, um leið og það er að hugsa til þess, að í ellinni geti það verið þar þangað til yfir lýkur. Það vonar að það þurfi ekki á því að halda að fara hvorki inn á spítala né hjúkrunarheimili aldraðra, og setur sína peninga í að búa svona um sig. Þetta finnst mér svo virðingarvert, að ég vil að Alþingi Íslendinga komi á móti slíku fólki, einstaklingum og samtökum, sem vinna að þessu, eða sveitarfélögum, til þess að hjálpa til að ná þessari stefnu fram og gera hana að raunveruleika. Þá held ég að við séum komnir yfir þetta vandamál sem við stöndum frammi fyrir í dag, öldrunarvandamálið, sem kallað hefur verið hér á Íslandi. Við erum allir sammála um það, að við þurfum að ná upp heimilum núna til þess að bæta úr neyðarástandinu, en við þurfum að horfa til framtíðarinnar líka.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 23 shlj. atkv.

Sameinað þing, 53. fundur.

Þriðjudaginn 24. febr., kl. 2 miðdegis.

Húshitunaráætlun, fsp. (þskj. 414). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Fsp. sú, sem hér er til umr., varðar húshitunarmálin sem svo mjög hafa verið á dagskrá þingsins á undanförnum misserum. Þess er skemmst að minnast, að um fá mál var meira rætt á síðasta þingi en einmitt húshitunarmálin. Höfðu þá komið fram tvö frv. varðandi það mál, annað sem ég ásamt þrem öðrum flm. stóð að, en hitt sem var stjfrv. Stjfrv. var samþykkt. Í einni grein þeirra laga eru ákvæði sem ég hef leyft mér að spyrja um í þeirri fsp. sem hér er á þskj. 414.

Í þessum lögum, nr. 53 frá 1980, er gert ráð fyrir að það verði gerð sérstök húshitunaráætlun fyrir tímabilið 1981 — 1983. Það er um þessa húshitunaráætlun sem

fsp. mín fjallar, en ég hef leyft mér að spyrja hæstv. iðnrh. að því í fyrsta lagi, hvort það hafi verið gerð húshitunaráætlun fyrir tímabilið 1981 — 1983 um nýtingu innlendra orkugjafa til húshitunar í stað olíu, svo sem gera skal samkv. 14. gr. laga um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar, nr. 53 frá 28. maí 1980.

Í öðru lagi hef ég leyft mér að spyrja hæstv. iðnrh. um hvaða tillögur væru um framkvæmdir í orkumálum, sem nauðsynlegar teldust til þess að sem flestir landsmenn byggju við innlenda orkugjafa eða nytu orku frá olíukyntri fjarvarmaveitu í árslok 1983.

Í framhaldi af þessu spyr ég hæstv. iðnrh. um hver sé áætlaður kostnaður slíkra framkvæmda.

Í fjórða lagi er spurt að því, hvernig framkvæmdirnar skiptist annars vegar á milli ára og hins vegar með tilliti til innlendra orkugjafa og olíu til fjarvarmaveitna.

Það fer ekki milli mála að hér er um ákaflega mikilvægt málefni að ræða. Því er það ekki að ófyrirsynju að ég hef leyft mér að spyrja hvað hæstv. ríkisstj. aðhafist í þessu máli.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég svara hér fsp. hv. 4. þm. Vestf. varðandi húshitunaráætlun.

Í fyrsta lið er spurst fyrir um það, hvort gerð hafi verið húshitunaráætlun fyrir tímabilið 1981 — 1983 um nýtingu innlendra orkugjafa til húshitunar í stað olíu. Unnið hefur verið að gerð áætlunar um þetta efni á Orkustofnun og samráð höfð við Rafmagnsveitur ríkisins um þetta efni og fleiri aðila allt frá því að lög um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar, nr. 53 frá 28. maí 1980, voru samþykkt. Áætlunargerðin er langt komin, en ekki lokið með afhendingu endanlegra tillagna eða skýrslu til iðnrn., en ég mun kynna hér þau drög sem fyrir liggja um þetta efni.

Við áætlunargerðina hingað til hefur megináhersla verið lögð á að kanna betur hvar hitun með jarðhita er vænleg eða möguleg á næstu þremur til fjórum árum. Hefur sérstök áhersla verið lögð á að athuga minni þéttbýlisstaði og einstakar bæjaþyrpingar í sveitum sem geta átt möguleika á sameiginlegri jarðhitaveitu. Þessu verki er langt komið, en ekki lokið. Eftir er að gera stofnkostnaðaráætlanir um nokkrar slíkar minni háttar jarðhitaveitur svo og að athuga nánar ýmis jaðartilvik, þar sem mjög er mjótt á munum milli rafhitunar og jarðhita hvað hagkvæmni snertir. Slík tilvik verða nánar athuguð í samráði við Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða. Þá þarf að tímasetja einstakar hitaveituframkvæmdir fram í tímann.

Ástæður þess, að áætlunarstarfið var hafið á þessum minni háttar jarðhitaveitum, eru tvær: Í fyrsta lagi hefur aðaláherslan verið á því fram að þessu að afla jarðhita fyrir stærri byggðarlög. Í öðru lagi geta jarðhitaveitur í strjálbýli, sem koma í stað rafhitunar, haft veruleg áhrif á álagið á raforkukerfi á viðkomandi stöðum og þar með á það, hversu aðkallandi er að styrkja rafdreifikerfið þar. Það er því nauðsynlegt að hafa gert sér glögga grein fyrir þeim áður en farið er að skipta styrkingu rafdreifikerfis niður í áfanga og skipuleggja hana í smáatriðum.

Þegar möguleikar á jarðhitaveitum í sveitum liggja sæmilega ljósir fyrir er ætlunin að teknar verði upp viðræður við Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða um áfangaskiptingu varðandi styrkingu rafdreifikerfisins í sveitum, og eðlilegt er að um það verði samráð haft við orkuráð. Á því sviði hefur mikilvægt undirbúningsstarf verið unnið með rammaáætlun orkuráðs frá 1979 um styrkingu sveitakerfisins svo og af Rafmagnsveitum ríkisins. Eftir er hins vegar að samræma áfangastyrkinguna því markmiði að losna við olíuhitun í strjálbýli á næstu árum, þar sem teknir eru með í reikninginn þeir möguleikar á jarðhitaveitum sem að framan eru nefndir, og áætla kostnað hvers árs um sig þegar menn hafa komið sér niður á áfangaskiptinguna. Að þessu verður unnið nú á næstu vikum og er stefnt að því að unnt verði að byggja fjárlagatillögur fyrir 1982 á slíkri áætlun. Jafnframt verður unnið að því að ljúka stofnkostnaðaráætlunum um jarðhitaveitur í sveitum svo að unnt verði að taka þær með í sambandi við undirbúning lánsfjáráætlunar fyrir 1982.

Á árinu 1977 hófust Rafmagnsveitur ríkisins handa um að láta gera heildarathugun á því, hvernig standa bæri að húshitunarmálum í þéttbýli á landinu þar sem möguleikar á öflun jarðvarma eru taldir litlir. Gerðar voru frumathuganir á hagkvæmni fjarvarmaveitna í 26 þéttbýlisstöðum. Í framhaldi af því var síðan gerður heildarsamanburður á því að hita viðkomandi þéttbýli upp með beinni rafhitun annars vegar og með fjarvarmaveitum eða svokölluðum RO-veitum hins vegar. Með RO-veitum er átt við að komið sé á fót kyndistöðvum í þéttbýli og þær látnar hita vatn með rafskauts- eða olíukötlum. Vatnsdreifikerfi er lagt um byggðarlögin til að dreifa varmanum. Niðurstöður áðurnefndrar athugunar sýndu að heldur hagkvæmara er að stefna beint í rafhitun á þéttbýlisstöðum ef litið er á þá sem eina heild. Sé hins vegar litið á hvern af hinum 26 þéttbýlisstöðum fyrir sig kemur í ljós að hagkvæmt getur verið að fara út í svonefndar RO-veitur á nokkrum stöðum. Var gerð athugun á því, hvaða þéttbýlisstaðir það væru sem hagkvæmast væri talið að stefna að slíkum veitum á. Þeir staðir, sem best komu út í þessari athugun á orkuveitusvæði Rafmagnsveitna ríkisins, voru Seyðisfjörður, Neskaupstaður, Höfn, Ólafsvík, Stykkishólmur og Grundarfjörður.

Enda þótt nokkur vinna sé enn eftir við hitunaráætlunina, einkum varðandi kostnaðaráætlanir og tímasetningu framkvæmda, hafa þó verið gerð drög að henni. Þau drög kunna að breytast eitthvað við endanlegan frágang áætlunarinnar, einkum tímasetning einstakra framkvæmda, en varla þó svo mikið að það raski þeirri heildarmynd sem Orkustofnun hefur nú þegar dregið upp af því verkefni að losna við hitun með olíu á Íslandi.

Þessi drög voru notuð af orkuspárnefnd við gerð svokallaðrar húshitunarspár fyrir tímabilið 1980 — 2000 sem nefndin gekk frá á síðasta hausti og birti í des. 1980. Í spánni kemur m. a. fram hvernig einstökum landsvæðum verður séð fyrir orku til hitunar, hvenær hitaveituframkvæmdum muni ljúka og hvenær 90% þeirra húsa, sem verða hituð með rafmagni, hafa fengið rafhitun.

Samkvæmt drögum að húshitunaráætlun er talið að hlutdeild jarðhita, raforku og olíu breytist sem hér segir á næstu árum. Tölurnar tákna hundraðshluta hitaðs húsrýmis sem hitað verður með hverjum orkugjafa fyrir sig. Lítum á þessar tölur, sem ég hef hér fyrir framan mig í töfluformi, og tökum þróunina varðandi jarðhitann fyrst:

Á árinu 1980 voru hituð upp af húsrými 75.3% með jarðhita. Á árinu 1983 er gert ráð fyrir að þetta hlutfall hafi hækkað um 5% eða í 80.4% af öllu hituðu húsrými í

landinu hlutfallslega. Á árinu 1985 hækki þetta örlítið eða í 80.7% og árið 2000 verði af húsrými í landinu 80.5% hituð upp með jarðhita. Hvað snertir raforku eru hlutfallstölurnar þessar: 1980 13.2%, 1983 15.9%, 1985 17.4% og árið 2000 19.4%. Eftir stendur þá olíuhitað húsnæði: 1980 verða 11.5% kynt með olíu miðað við þetta yfirlit, 1983 á þetta hlutfall að hafa lækkað niður í 3.7%, 1985 standi eftir 1.9% og árið 2000 0.1% eða nánast ekki neitt.

Samkvæmt þessari áætlun verður hlutdeild olíu í húshitun 1983 minni en þriðjungur og 1985 einungis 1/6 þess sem hún var 1980. Að örfáum árum liðnum verður húshitun með olíu ekki lengur vandi nema mjög lítils hluta þjóðarinnar, vandi tiltölulega fámenns hóps sem mun þurfa á aðstoð samfélagsins að halda til að sitja við sama borð og aðrir, nema þá að aðrir hentugir hitunarkostir finnist en jarðvarmi og raforka.

Í þessari fsp. er vikið að fleiri þáttum, m. a. spurst fyrir um tillögur um framkvæmdir í orkumálum sem teljast nauðsynlegar til þess að sem flestir landsmenn búi við innlenda orkugjafa eða njóti orku frá olíukyntri fjarvarmaveitu í árslok 1983, og spurst er fyrir um áætlaðan kostnað framkvæmdanna svo og hvernig framkvæmdir skiptist milli ára, annars vegar með tilliti til innlendra orkugjafa og olíu til fjarvarmaveitna hins vegar. Þar sem gerð húshitunaráætlunar er ólokið er ekki hægt að gefa tæmandi svör við þessum spurningum, en nokkrar upplýsingar vil ég reiða hér fram.

Nú er verið að vinna að gerð nýrrar tveggja ára framkvæmdaáætlunar fyrir árin 1982 — 1983 hjá Rafmagnsveitum ríkisins. (Forseti hringir.) Herra forseti. Ég er senn búinn að svara þessu, en svolítinn tíma vildi ég fá til viðbótar. — Er fyrirhugað að sú framkvæmdaáætlun liggi fyrir í maí — júní 1981 eða nú í vor. Samtímis verður væntanlega gefin út ný fimm ára framkvæmdaáætlun fyrir árin 1982 — 1986. Tillögur Rafmagnsveitna ríkisins um úrbætur í byggðalínukerfum, stofnlínukerfum, aðveitustöðvum, innanbæjarkerfum svo og rafdreifikerfum í sveitum verða miðaðar við húshitunaráætlunina. Að hliðstæðri áætlunargerð er unnið á vegum Orkubús Vestfjarða þar sem margir búa enn við olíukyndingu.

Rafmagnsveitur ríkisins hafa reynt að meta áætlaðan kostnað við þær framkvæmdir á vegum fyrirtækisins sem nauðsynlegar teljast til að koma á aukinni rafhitun. Eru þessar áætlanir byggðar á tveggja ára framkvæmdaáætluninni, sem gefin var út í júní 1980, svo og á fimm ára framkvæmdaáætlun frá október 1979. Miðað er við áætlað verðlag í febrúar 1981.

Á árunum 1981, 1982 og 1983 er áætlað að verja þurfi árlega að meðaltali um 50 millj. nýkr. í svonefndar „almennar framkvæmdir" vegna rafhitunar á vegum fyrirtækisins. Þar er fyrst og fremst átt við framkvæmdir við stofnlínukerfi, aðveitustöðvar og innanbæjarkerfi.

Í kyndistöðvar fjarvarmaveitna svo og í fjarvarmaveitu í Grímsey er áætlað að verja um 11 millj. kr. á árinu 1981. Óvíst er með framkvæmdafé til kyndistöðva fjarvarmaveitna 1982 og 1983, en ef reistar verða fjórar slíkar stöðvar er gert ráð fyrir að til þess þurfi samtals um 25 millj. kr. á árunum 1982 og 1983. Vatnsdreifikerfi eru ekki innifalin í þessum tölum nema í Grímsey.

Ekki er talið unnt á þessu stigi að svara til um hlutdeild aukinnar rafhitunar í kostnaði við byggðalínukerfi eða orkuöflun. Sama er að segja um framkvæmdir við styrkingu rafdreifikerfa í sveitum. En þessi mál eru til athugunar og verður mótuð stefna um þau í sambandi við undirbúning áætlana fyrir næsta ár og næstu ár og að þeim málum unnið í iðnrn.

Á þessu ári verður unnið áfram að hitaveituframkvæmdum á Akureyri, Akranesi, Borgarnesi, Suðurnesjum, Egilsstöðum, Vestmannaeyjum og víðar. Framkvæmdir verða hafnar við Hitaveitu Eyra á þessu ári og væntanlega einnig við hitaveitu á Rangárvöllum, a. m. k. gert ráð fyrir fjármagni í því skyni.

Á vegum Orkubús Vestfjarða verður unnið við fjarvarmaveitur á Ísafirði, í Bolungarvík og á Patreksfirði. Stefnt er að því að fjarvarmaveitur á Höfn og Seyðisfirði verði komnar í fulla notkun á árinu 1981. Þá hefur verið lagt til að komið verði á fót fjarvarmaveitu í Grímsey á þessu ári. Er síðan áætlað að 1983 — 1984 verði reist þar vindrafstöð til framleiðslu á raforku til almennra þarfa svo og til upphitunar á vatni fyrir fjarvarmaveituna. Að sinni hefur verið slegið á frest framkvæmdum við fjarvarmaveitur í Neskaupstað, í Stykkishólmi, Ólafsvík og Grundarfirði. Var það gert vegna þess að tvísýnt þótti um að hagsmunir Rafmagnsveitna ríkisins væru tryggðir með þeirri gjaldskrá sem nota á á Höfn og Seyðisfirði. Í ljósi þeirrar reynslu, sem fæst við rekstur fjarvarmaveitna á þessum tveimur stöðum, verður tekin afstaða til áframhaldandi uppbyggingar á fjarvarmaveitum annars staðar og m. a. í því sambandi gert ráð fyrir að herða á jarðhitaleit á norðanverðu Snæfellsnesi á þessu ári, sem kæmi þá hitaveitum þar að gagni, hvort sem yrðu fjarvarmaveitur í upphafi eða jarðvarmaveitur.

Ef árangurinn af fjarvarmaveitum, sem reistar hafa verið, verður jákvæður má reikna með því, að byggðar verði fjarvarmaveitur á tveimur til þremur stöðum 1982 og einum til tveimur stöðum 1983. Gert er ráð fyrir að á þessu ári verði unnið við hita- og fjarvarmaveitur fyrir röskar 300 millj. nýkr.

Fyrirspyrjandi (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir svör hans, en ég hef ástæðu til þess að gera nokkrar athugasemdir við þau.

Það eru alvarlegustu upplýsingarnar, sem fram komu í máli hans, að það hefur ekki verið lokið við að gera þá áætlun sem lögin frá því í fyrra gerðu ráð fyrir. Það er alvarlegt vegna þess að það er komið hátt upp í eitt ár frá því að lögin voru sett. Og þetta fjallar um mál sem var ekki nýtilkomið þá. Það er öðru nær.

Á síðasta þingi bárum við sjálfstæðismenn fram þáltill. um framkvæmdaáætlun í orkumálum vegna húshitunar. Þar var í ítarlegu máli gerð grein fyrir þessum viðfangsefnum. Í tillögugreininni voru taldir upp þeir framkvæmdaliðir sem sérstök ástæða var að leggja áherslu á. Það var í fyrsta lagi jarðhitaleit, í öðru lagi framkvæmdir við hitaveitur, í þriðja lagi lagning aðalháspennulínu rafmagns, í fjórða lagi styrking rafdreifikerfis, í fimmta lagi að sveitarafvæðingunni yrði lokið og í sjötta lagi orkusparandi aðgerðir.

Ríkisstj. daufheyrðist við þessari till., en enginn talaði gegn henni. Raunar mátti skilja mál hæstv. iðnrh. á þá leið, að hann væri meðmæltur tillögunni þegar hún var til umr. Honum var þetta mál ekkert óljóst. En má ég minna á að þetta var á síðasta þingi, en á þinginu þar áður, á þinginu 1978 — 1979, berum við sjálfstæðismenn fram hliðstæða till. um þetta mál.

Allir hafa sagt að ekkert væri þýðingarmeira í orku-

málunum en að vinda bráðan bug að framkvæmd þessara mála. Enginn hefur mælt á móti því og þetta hefur öllum verið ljóst. En svo kemur hæstv. iðnrh. núna og segir að það sé ekki lokið þessari áætlunargerð. Þó er þessi hæstv. ráðh. búinn að vera ráðherra iðnaðarmála hartnær allan tímann frá því 1978. Hvernig stendur á þessu? Hvernig stendur á þessum seinadrætti í jafnþýðingarmiklu máli sem þessu? Hvernig stendur á því, að það þokast svo seint áfram í máli sem allur þingheimur segist vera sammála um að þurfi að vinna að? Hver er skýringin? Skýringin er sú, að hæstv. ríkisstj. dregur fæturna í þessu máli. Það er skýringin. Og það er ekki nóg með það.

Ég verð að segja að þær upplýsingar eru einkennilegar sem hæstv. ráðh. gaf hér áðan um vinnubrögð í sambandi við áætlunargerðina sem hann segir að sé nú verið að vinna að. Mér finnst það harla einkennilegt hvað hæstv. ráðh. segir að sé lögð mest áhersla á núna við áætlunargerðina, en það er að kanna betur jarðhita svo að hægt sé að koma á smáhitaveitum og að kanna jaðartilvik, sem hann nefnir svo. Það kann að vera, og ég mótmæli því ekki, að það sé sjálfsagt að gera þetta, en það er höfuðatriði nú að leggja áherslu á framkvæmdir í hitaveitumálum þar sem þéttbýli er. Það hefur mesta þjóðhagslega þýðingu. Hvað gerir ríkisstj. í þessu efni? Hún dregur fæturna í þessu máli. Það kemur berlega fram í því, að það er ekki nægilega vel haldið á framkvæmd þessara mála með því að útvega þeim aðilum, sem standa í hitaveituframkvæmdum, meira fjármagn og ýta undir það að fleiri aðilar en nú eru að fást við þessi viðfangsefni taki til hendinni í þessu efni.

Ríkisstj. gerir ekki nægilegt til að ýta undir þetta. Hún sefur á verðinum meira og minna í þessu efni. Það lýsir sér best í þeirri staðreynd, að það skuli ekki enn þá vera lokið þeirri framkvæmdaáætlun í húshitunarmálum sem ég hef gert hér að umræðuefni.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Mér heyrðist hann nú vera genginn í norðvestrið hérna áðan. Það hefði kannske verið tilvinnandi að reyna að beisla eitthvað af þeim vindi, sem gekk út úr þessum ræðustól hjá hv. fyrirspyrjanda, og taka með í leiðinni eitthvað af þeim nýyrðum sem af vörum hans hrutu. Hann talar um „seinadrátt" ríkisstj. Það kann að vera vestfirska. Ég hef ekki heyrt það, a. m. k. ekki í þeim landshluta þar sem ég þekki best til.

Mér fannst sá blástur, sem kom frá hv. þm., vera afskaplega lítið rökstuddur. Ég held að ef hv. þm. lítur á framkvæmdir í orkumálum á því ári, sem liðið er, og þær tillögur, sem fyrir liggja um framkvæmdir í orkumálum, komist hann ekki hjá því að sjá að það hefur verið brotið í blað í sambandi við framlög til þessara mála. Áherslan er alveg sérstaklega í sambandi við það að útrýma olíunni.

Við hv. þm. höfum oft verið nokkuð sammála um þær áherslur sem þyrfti að leggja á orkumálin, og ég hef notið góðs stuðnings hans í ýmsum þáttum þeirra mála og vænti þess að svo verði áfram. Það er kannske ágætt að hann veki menn einnig upp í sínum flokki og leggi línurnar þar. Ég ætla ekki að hafa á móti því.

Hann var að gagnrýna að það væri verið að kanna jaðartilvik í sambandi við húshitunarmálin. Ég held að þeir, sem vilja horfa með nokkurri skynsemi á framgang þessara mála, geti tekið undir þýðingu þess, að það fáist skorið úr um hvaða orkugjafa á að nota á þeim stöðum og svæðum þar sem menn eru ekki vissir um hvað hagkvæmast teljist. Þó að það liggi ekki fyrir skýrsla eða fullbúin áætlun samkvæmt lögunum frá því í fyrra þýðir það ekki að ekki hafi verið tekið á þessum málum. Menn hafa verið að taka ákvarðanir í samræmi við niðurstöður af athugunum sem unnar hafa verið og fyrir hafa legið og þar sem ákvarðanir hefur þurft að taka. Það vinnst ekki út af fyrir sig neitt endanlega með því að fyrir liggi skýrsla í máli. Hitt er mest um vert, að menn vinni sig fram úr þeim erfiðleikum og vanda sem hér er við að glíma. Að þessu er unnið og þar á meðal er sú áætlunargerð, sem lögin bjóða, þýðingarmikil í þessu sambandi. Ég held að þeir aðilar í strjálbýli, sem eiga hugsanlega von í jarðvarma, lasti ekki þó það séu kannaðir möguleikar á að hagnýta slíkar auðlindir þótt í strjálbýli sé. Auðvitað varðar þetta líka fjárveitingar til dreifikerfisins á raforkunni, sem þarna á ekki að þurfa að kosta jafnmiklu til ef hægt er að létta á rafhituninni.

Varðandi marga þætti þessara mála mundum við óska þess að við hefðum meira fjármagn til ráðstöfunar, ekki síst þeir sem fyrir þessum málum standa, og það á m. a. við um hina svonefndu sveitarafvæðingu sem hv. þm. nefndi í máli sínu að hefði verið einn þátturinn í framkvæmdaáætlun sem nokkrir hv. þm. Sjálfstfl. báru fram í tillöguformi í fyrra. Ég vænti þess, að hv. þm. vinni að þessum málum og leggi í orkuráði gott til mála, eins og hann hefur yfirleitt gert, og það megi takast gott samstarf um úrlausn þess vanda sem við er að fást í sambandi við hinn mjög mismunandi kyndingarkostnað í landinu, þar sem við þurfum að leggja alla áherslu á að koma innlendum orkugjöfum í gagnið fyrr en seinna.

Það var nefndur hér orkusparnaður. Það er þáttur sem veruleg áhersla hefur verið lögð á í upplýsingarskyni og í almennum áróðri, og það hefur áreiðanlega einnig gefið nokkra raun á þessu tímabili.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég vil taka undir áhuga hv. fyrirspyrjanda í sambandi við þetta mál. Þetta mál er að vísu búið að vera hér til umr. áður. Miklar umr. hafa farið fram um þennan þátt orkumála: húshitunaráætlun og allt sem henni fylgir.

Það væri sjálfsagt hægt að rifja upp ýmislegt í sambandi við það sem hér hefur áður komið fram í þessum málum. Ég hef eins og fleiri bundið miklar vonir við þá húshitunaráætlun sem ríkisstj. vinnur að, því að ég tel að hún geti markað leiðina og orðið til þess að unnið verði skipulegar að þessum málum. Hins vegar er eðlilegt að eftir því sé leitað, hvenær slík áætlun sjái dagsins ljós, því að eftir henni er beðið.

Ég vil segja það, að ef áætlunin um að losa þjóðina við olíu í húsahitun stenst, sem hæstv. iðnrh. sagði hér áðan, er það vissulega vel. En ég get ekki látið hjá líða í sambandi við þetta að lýsa vissri vantrú minni á þeirri grg. eða athugun sem Rafmagnsveitur ríkisins létu gera á fjarvarmaveitum. Þar var farið helst til geyst af stað og gefið of mikið undir fótinn um þær framkvæmdir og orkuverðið. Auðvitað er það alveg hárrétt stefna að fá úr því efni skorið með þeim tveimur fjarvarmaveitum sem núna eru í byggingu, þ. e. á Seyðisfirði og Höfn í Hornafirði, til að átta sig á hvort það grunnverð, sem þar er lagt til grundvallar, er það sem hægt verður að bjóða notendum fjarvarmaveitna. Sveitarfélögin standa þarna vissulega frammi fyrir miklu vandamáli sem er ekki svarað enn.

Mig langar að nota tækifærið hér til að lýsa því, að ég vænti þess, að Alþingi samþykki er það afgreiðir lánsfjáráætlunina, og það er raunar inn í hana komið, sérstakt fjármagn til jarðhitaleitar á Snæfellsnesi. Það er mjög brýnt mál. Þarna er þéttbýli með yfir 4000 íbúa sem geta hagnýtt sér jarðhita eða hitaveitu. Ég vænti þess að því verði fylgt eftir að Orkustofnun láti framkvæma jarðhitaleit á þessu þéttbýlissvæði tímanlega á þessu ári.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég fagna því, að þessi fsp. hefur verið lögð fram, og læt einnig í ljós ánægju með að iðnrn. hefur ekki gleymt því að gera athuganir hvað jaðarbyggðir snertir.

Mér fannst það athyglisvert, að iðnrh. talaði um að stefnt væri að því að koma upp vindmyllu í Grímsey. Vissulega er þar farið inn á merkilega braut. Ég hygg að það sé vænlegra en að nýta þá orku sem kemur frá ræðumönnum hér úr pontunni, jafnvel þó að þar geti orðið hvasst stundum.

Hins vegar saknaði ég þess, að hann minntist ekkert á notkun á varmadælum á lághitasvæðum. Ég tel að það þurfi alveg sérstaklega að athuga þá möguleika sem varmadælur gefa.

Einnig vona ég að iðnrh. upplýsi hvort því megi treysta, að húshitunaráætlunin geri ráð fyrir að sveitarafvæðingunni verði lokið innan þess ramma, því að að sjálfsögðu verður ekki komið á viðunandi lausn í upphitun til sveita nema rafvæðingin eigi sér stað. Ef til vill má segja að það hefði þurft sérstaka fsp. um þau mál. Því miður hefur rafvæðing sveitanna tekið lengri tíma en æskilegt er og mjög víða er sú mismunun orðin óþolandi. Það stafar af því að býli hafa ekki fengið rafmagn og það hefur ekki komið fram nein ákveðin stefna um hvernig beri að leysa orkumál þeirra.

Fyrirspyrjandi (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Hæstv. iðnrh. var að hafa orð á því að kannske væri hægt að beisla einhverja orku frá mér. Ég er honum þakklátur fyrir að vekja athygli á slíku. En því miður hefur víst engum dottið í hug að hægt væri að beisla orku frá hæstv. iðnrh. í sambandi við þetta mál.

Þá verð ég að segja það, að mér fannst nokkuð táknrænt þegar hæstv. iðnrh. gerir að einhverju atriði í máli sínu það sem hann kallar nýyrði. Ég talaði um seinagang hjá ráðh. og drátt í málum. Úr þessu segir hann að hafi orðið seinadráttur. Það getur vel verið að það megi notast við þetta orð þegar maður lýsir framgangi iðnrh. í þessu máli. Við skulum taka það til athugunar.

Ég hef ekki hér tíma til að leiðrétta sumt, sem hefði kannske verið ástæða til, og ætla ekki að brjóta þingskapareglur með því að lengja mál mitt. En ég vil leggja áherslu á að þessi framkvæmdaáætlun, sem fsp. fjallar um, hefði að réttu lagi getað verið fullbúin fyrir löngu.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Það skal vera örstutt athugasemd.

Hér veik hv. 1. þm. Vesturl. að fjarvarmaveitum. Um þær var fjallað sérstaklega í svari við fsp. fyrr á þinginu, og ég vísa til þess sem þar kom fram og liggur fyrir í þingskjölum. Þar er mikið nauðsynjamál á ferðinni, sem þarf að fá skorið úr um fyrr en seinna, hvernig leyst verður og hvernig ráðist verður í. Það er ofureðlilegt að Rafmagnsveitur ríkisins hiki við að ganga til samninga sem eru þeim sýnilega óhagstæðir, og þar verða aðrar leiðir til að koma. Ef þær eiga að standa þar að máli verður að leggja til fé, sem tekur þá tillit til þess að um þjóðhagslega hagkvæmar framkvæmdir er að ræða, og verður þá að koma eftir öðrum leiðum.

Hv. 5. þm. Vestf. nefndi hér sveitarafvæðinguna og að það vantaði stefnu í sambandi við hana. Ég vil minna á það, að við undirbúning fjárlaga í ár ritaði ég fjvn. sérstakt erindi þar sem kynntar voru óskir iðnrn. um að fá aukið fjármagn til sveitarafvæðingar til að leysa vanda þeirra nær 30 býla, 30 jarða, sem eru innan 6 kílómetra marka hvað meðalfjarlægð snertir, og sú stefna dregin upp að þetta verkefni þyrfti að leysa á þriggja ára tímabili. En til þess hefði þurft að koma verulega meira fjármagn og raunar margfalt meira fjármagn en til þessa er ætlað samkvæmt fjárlögum í ár. Fjvn. sá sér því miður ekki fært að bæta þar við frá því sem var í fjárlagafrv.

Ég mun ýta á eftir þessu máli innan ríkisstj. við undirbúning áætlana fyrir næsta ár og jafnframt að leitað verði leiða í sambandi við vanda þeirra jarða sem eru utan við þessa umræddu fjarlægð, þar sem horfa ber til annarra leiða til að leysa vanda varðandi orkuöflun. Þar mætti m. a. líta á möguleika á að beisla vindinn.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Aðeins örstutt athugasemd vegna ummæla hæstv. ráðh., sem talaði hér síðastur, um að fjvn. hefði ekki lagt fram meira fé til þessarar starfsemi, og lét með þeim orðum að því liggja að það væri á valdi nefndarinnar að gera slíkt.

Hæstv. ráðh. veit nákvæmlega jafnvel og allir aðrir hv. þm. að það er takmarkað fé til umráða þrátt fyrir gífurlega skattheimtu þeirrar hæstv. ríkisstj. sem setið hefur að völdum í landinu nú um skeið. Ástæðan fyrir því, að ekki er hægt að leggja til hliðar fjármagn til þessara framkvæmda, er að sjálfsögðu engin önnur en sú, að sú sama hæstv. ríkisstj. og hæstv. ráðh. á aðild að hefur ákveðið að nota fjármagnið til annars. Ég skora þess vegna á ráðh., áður en hann fer með slíkan boðskap í ræðustól á hv. Alþingi, að kanna vel innan hæstv. ríkisstj. hvort hægt væri að skipta fjármununum með öðrum hætti í því fjárlagafrv. sem lagt er fram á haustin af hæstv. ríkisstj. — Ég veit ekki betur en hæstv. fjmrh. sé, a. m. k. þessa stundina, samflokksmaður hæstv. iðnrh., jafnvel þótt gusti á milli þeirra á stundum.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það voru aðallega þau ummæli hæstv. iðnrh., sem hann lét hér falla og hv. þm. Friðrik Sophusson var hér að ræða um, sem ollu því að ég kvaddi mér hljóðs.

Það er í raun og veru furðulegt að heyra ráðh. tala eins og hæstv. iðnrh. talaði hér áðan. Hann var beinlínis að saka fjvn. um að hafa ekki séð fyrir meira fjármagni til sveitarafvæðingar. Ég veit ekki betur en hæstv. ráðh. hafi með fjárlagafrv., sem lagt var fram í haust, sjálfur ákvarðað og lagt til hvað átti að fara í þessa sveitarafvæðingu. Hann rýkur síðan upp til handa og fóta í sýndarmennsku eftir að hann sjálfur hefur lagt til í fjárlagafrv., hve mikið fé þarna ætti að veita, og skrifar fjvn. bréf og óskar eftir meira fjármagni en hann sjálfur lagði til sem ráðh. í ríkisstj. að fjárlagafrv. hefði inni að halda í þessum efnum. Hér er því hrein sýndarmennska á ferðinni hjá hæstv. ráðh. Það var hann sem lagði það til, að svo til engin nýframkvæmd í sveitarafvæðingu yrði framkvæmd á árinu 1981. Því ömurlegra er að hlusta á hæstv. ráðh. tala með þessum hætti þegar allur þing-

heimur og öll þjóðin veit miklu betur. Það var tillaga hæstv. iðnrh. og hæstv. ríkisstj. í fjárlagafrv. að ekki yrði meira fjármagn veitt til sveitarafvæðingar en það frv. hafði að geyma. Ég vísa því alfarið á bug þeim ummælum hæstv. ráðh. sem hann viðhafði hér áðan og vildi láta taka sem svo að það hafi staðið á fjvn. að veita meira fjármagn til þessara mála. Það var beinlínis óskað eftir því, a. m. k. af minni hl. fjvn., að þarna fengist meira fjármagn, en stjórnarliðið með hæstv. ráðh. í broddi fylkingar neitaði því alfarið. Svonu málflutningur hér á Alþingi er auðvitað fyrir neðan allar hellur og allra síst ætti þetta að koma frá hæstv. ráðh., en eigi að síður kemur það fyrst og fremst frá honum í þessu tilfelli.

Aðeins nokkur orð til viðbótar, herra forseti, ég skal brátt ljúka máli mínu.

Það mál, sem er hér fyrst og fremst til umr., er hinn geysilegi vandi sem fylgir kostnaði við upphitun hér á landi. Það er út af fyrir sig rétt, að gert hefur verið nokkurt átak til þess að þeim fækkaði sem þurfa að bera þann geigvænlega bagga sem olíukynding við upphitun íbúðarhúsnæðis er. Eftir sem áður eru þeir margir sem ekki á þessu ári, ekki á næsta ári og þarnæsta ári fá bætt úr þessu böli. Eftir sem áður verður kyndingarkostnaðurinn geigvænlegur baggi á herðum þessa fólks, og verður af hálfu hins opinbera — þjóðfélagsins í heild — að koma til móts við það og létta þennan bagga eins og mögulegt er.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Það bætti aðeins í norðvestangustinn og ég ætla ekki að reyna að virkja hann að þessu sinni, en aðeins að geta þess, að við undirbúning fjárlagagerðar á s. l. ári voru tillögur míns rn. um allt aðrar og hærri upphæðir í sambandi við sveitarafvæðingu en fallist var á innan ríkisstj. við mótun fjárlagafrv. Í framhaldi af því vakti ég athygli hv. fjvn. á því, hvernig þessi mál stæðu, og þörfinni á auknu fjármagni í þessu skyni ef þarna ætti að þoka fram málum hraðar en fjárveitingar leyfðu.

Ég hef nú litið svo til, að vald fjvn. sé nokkuð, þó að ég hafi alls ekki átt von á því, að hún gæti ausið úr stórum sjóðum í þessu skyni á yfirstandandi ári. Ákveðnar áherslur geta væntanlega frá nefndinni komið í einstökum málum og það gerist við hennar tillögugerð. Ég held að það gæti verið gagnlegt ef fjvn. sem slík léti koma fram sitt álit, ef menn eru þar samstæðir eða þar ríkja mismunandi skoðanir um þær áherslur sem ber að leggja á þennan þátt orkumálanna, sem varðar umrædda sveitarafvæðingu.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Eftir ummæli hæstv. iðnrh. mætti ætla að hæstv. ráðh. hefði hvorki staðið að framlagningu fjárlagafrv. né afgreiðslu fjárlaga. Mér er spurn: Er hæstv. iðnrh. andvígur þessum þætti fjárlaganna ellegar greiddi hann atkvæði með öðrum hætti en þeim að samþykkja fjárlögin lið fyrir lið og í heild? Í annan stað man ég ekki betur, þó að mér hafi ekki gefist tími til að gá að því, en að við afgreiðslu fjárlaga hafi verið birtar brtt. einmitt varðandi sveitarafvæðingarmálin. Hvernig skyldi hæstv. iðnrh. Hjörleifur Guttormsson hafa greitt atkvæði um slíkar brtt? Ef afstaða hans er sú sem hann lýsir hér, hvernig stóð á því, að hæstv. iðnrh. lét málið fram hjá sér fara með þeim hætti sem hann hefur sjálfur lýst, og hvernig stóð á því, að hæstv. iðnrh. greiddi ekki atkvæði með brtt. um þessi atriði né heldur beitti sér fyrir að slíkar brtt. gætu komið fram hér í þinginu?

Málflutningur eins og hæstv. iðnrh. tíðkar er ekki alveg dæmalaus, en hann heyrir til fádæma. Auðvitað getur hæstv. ráðh. ekkert frekar en aðrir ráðh. í þessari ágætu ríkisstj. komið sér undan því að bera ábyrgð á þeim afgreiðslum sem ríkisstj. og stjórnarmeirihlutinn hér í þinginu standa að.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Aðeins örfá orð.

Það var greinilegt að hæstv. ráðh. hafði hægara um sig í seinni ræðunni en áður. En það væri fróðlegt að fá hæstv. iðnrh. til að lýsa því yfir í ræðustól í þessum umr., hvernig hann greiddi atkvæði við atkvgr. um þá tillögu við afgreiðslu fjárlaga sem gerði ráð fyrir að hækka fjárveitingar til sveitarafvæðingar. Vill ekki hæstv. iðnrh. lýsa því yfir hérna, hvernig hann greiddi atkvæði í þeirri atkvgr.? Samþykkti hann þá tillögu eða greiddi hann atkvæði á móti henni? Aðeins eitt orð af hálfu hæstv. iðnrh. getur skýrt það. Ég veit hvernig menn greiddu atkvæði, en ég vil fá hann til að segja það sjálfan. Það getur orðið til þess að svipta hulunni af hræsninni sem hér hefur komið fram hjá hæstv. orkumrh. í þessu máli. Ég skora á hæstv. ráðh. að koma hér upp og segja hvernig hann greiddi atkvæði um þá tillögu sem hér var til afgreiðslu við afgreiðslu fjárlaga um að hækka fjárveitingar til sveitarafvæðingar. Ef hann kemur ekki hér upp og segir það, hefur ekki þor til þess eða þrek, skilur allur þingheimur hver staða hans er í málinu.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Það er e. t. v. ekki gustukaverk að koma hér í stólinn enn einu sinni út af ummælum hæstv. ráðh. Svo vandlega hefur hann verið kveðinn í kútinn að varla verður gerður úr honum virkjunarkostur úr þessu.

Það er alveg rétt, sem kom fram hjá hæstv. ráðh., að í tillögum hans í upphafi voru mun hærri tölur en þær sem sáust í fjárlagafrv. Málið snerist þannig í hæstv. ríkisstj. að þær tölur voru lækkaðar. Tillögur hæstv. iðnrh., sem er félagi í Alþýðubandalaginu, voru lækkaðar af fulltrúum hæstv. fjmrh., sem er í sama stjórnarflokki. Svo leyfir þessi hæstv. ráðh. sér að koma á fund í Sþ. og tala um að það sé fjvn. sem hafi haft úrslitavaldið í þessum efnum. En hver skyldi vera formaður fjvn. annar en Geir Gunnarsson, samflokksmaður hæstv. ráðh., sem því miður er ekki staddur á þessum fundi í dag.

Það kemur æ oftar fyrir í þessari hæstv. ríkisstj., hvort sem um er að ræða Þórshafnarmál, virkjunarframkvæmdir, umræður um flugskýli og flugstöðvar eða orkumál og rafvæðingu, að ráðh. í hæstv. ríkisstj., sem hér starfar, tala sinn í hvora áttina. Einn segir þetta og hinn hitt. Aðeins eitt eiga hæstv. ráðh. sameiginlegt. Þeir reyna að koma sökinni á einhverja aðra en sjálfa sig. Á þetta þarf auðvitað að leggja áherslu aftur og aftur hér á hæstv. þingi til að koma í veg fyrir að svínaríismálflutningur á borð við þennan eigi sér stað oftar á hæstv. Alþingi.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Það er kannske ekki ástæða til að bæta miklu við það sem hér hefur verið sagt af minni hálfu. Ég vil aðeins rifja það upp í sambandi við atkvgr. um brtt. við fjárlagagerð, að þar var gert ráð fyrir að draga verulega úr fjármagni til styrkingar dreifikerfa í sveitum — ég tel mig muna það

rétt — og bæta í hina svonefndu sveitarafvæðingu verulegri upphæð. Ég taldi þessa tilfærslu á fjármagni innan orkuþáttarins ekki vera frambærilega.

Þarna var ekki verið að leggja til auknar fjárveitingar, heldur tilfærslu. Mig minnir að tillögumaður hafi verið hv. fyrirspyrjandi, sem bar hér fram sína fsp. (**Gripið fram í:** Má hv. fyrirspyrjandi gefa þær upplýsingar að till voru tvær. Hin var ekki um millifærslu á fjárlögum.)

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég hygg að þm. hafi veitt því athygli, hverju hæstv. iðnrh. svaraði. Hann sagði ekki hvernig hann greiddi atkvæði. Till. um þetta mál voru tvær. *Í annarri till. var ekki um neina millifærslu að* ræða. Í báðum tilfellunum greiddi hæstv. orkumrh. atkv. gegn hækkun til þessa þáttar framkvæmdanna. En hann hafði ekki þrek eða þor til þess að segja það hér. Eftir þessa umr. ættu ekki bara alþm., heldur og almennignur í landinu að hafa um það hreina vitneskju hvernig þessi hæstv. ráðh. svo og sumir hverjir aðrir haga málflutningi sínum þegar þeim þykir það henta gagnvart sjálfum sér og sínum flokki. — Þm. tóku eftir því. Hæstv. orkumrh. þorði ekki að segja hvernig hann greiddi atkv.

Kjör og aðbúnaður farandverkafólks, fsp. (þskj. 401). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Karl Steinar Guðnason): Herra forseti. Á síðasta þingi flutti ég ásamt Karvel Pálmasyni og Jóhönnu Sigurðardóttur till. til þál. sem er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta fram fara endurskoðun á lögum nr. 39/1951, um rétt erlendra manna til að stunda atvinnu á Íslandi.

Meginmarkmið endurskoðunarinnar skulu vera:

1. Að leiða í lög fyllri ákvæði um upplýsingaskyldu þeirra, sem vilja ráða erlenda menn í þjónustu sína, gagnvart þeim sem ráðnir eru, um launakjör, vinnutíma og aðbúnað við vinnu hér á landi. Enn fremur um skatta og önnur opinber gjöld svo og hverjar þær skyldur sem erlendir menn takast á hendur við vistráðningu hérlendis.

2. Að tryggja með lögunum félagsleg og kjaraleg réttindi þeirra erlendu manna, sem fá atvinnuleyfi hér á landi, til jafns við heimamenn, eins og þau eru samkvæmt lögum og gildandi kjarasamningum á hverjum tíma.

3. Að skylda þá, sem leita eftir erlendu vinnuafli, til þess að hafa samráð við hlutaðeigandi stéttarfélag áður en erlendir starfskraftar eru vistráðnir.

Við endurskoðun þessa, sem skal hraðað eftir föngum, skal haft samráð við heildarsamtök aðila vinnumarkaðarins."

Till. þessi varð ekki útrædd, en í umr. kom fram að mönnum þótti sem athuga bæri fleira en málefni erlends farandverkafólks. Þá var vikið að fæðiskostnaði og lélegum aðbúnaði á ýmsan hátt, sem vissulega var réttmætt. En nokkru eftir að umr. höfðu farið fram var skipuð nefnd til þess að fjalla um þessi mál. Því er það, að nú hef ég ákveðið að spyrjast fyrir um störf þessarar nefndar og hef því lagt fram svohljóðandi fsp.:

„Hinn 18. mars 1980 skipaði félmrh. nefnd til að kanna gildandi lög og reglur um kjör og aðbúnað farandverkafólks, þ. m. t. erlends farandverkafólks, hér á landi og gera tillögur til úrbóta í þeim efnum.

Í fréttatilkynningu er frá því greint, að nefndin skuli skila áliti innan þriggja mánaða.

1. Hefur nefndin skilað áliti?

2. Ef svo er, hvaða tillögur gerir nefndin til úrbóta á málefnum farandverkafólks, þ. m. t. erlends farandverkafólks, hér á landi?"

Fyrir nokkrum dögum var lagt fram frv. til 1. um atvinnuréttindi útlendinga, sem vissulega er svar við fsp. minni að hálfu. Ég vil lýsa því hér yfir, að ég er mjög ánægður með það frv. sem liggur fyrir. Það virðist greinilega mjög vel unnið og alveg í dúr við þá þáltill. sem ég flutti á síðasta þingi. Ég þakka það starf sem unnið *hefur verið með framlagningu þessa frv., en mig langar* að vita hvað líður málefnum innlends farandverkafólks.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Karl Steinar Guðnason, hv. 3. landsk. þm., hefur borið fram fsp. til mín um könnun á kjörum og aðbúnaði farandverkafólks. Hann víkur í fsp. sinni að nefnd sem ég skipaði 18. mars s. l. til að fjalla um þau mál.

Nefndin fékk það verkefni fyrst og fremst að vinna að því að semja frv. um erlent verkafólk, réttindi þess og skyldur, og að semja tillögur að breytingum á reglugerð*um vegna aðbúnaðar í verbúðum. Þar var um að ræða* heilbrigðisreglugerð annars vegar, sem gefin hefur verið út af heilbr.- og trmrn., og hins vegar veitingahúsareglugerð, sem er á vegum dómsmrn.

Það var strax ljóst eftir að nefndin hafði hafið störf, að hún gæti fyrir sitt leyti lokið þessari endurskoðun á 2-3 mánuðum. Hins vegar kom fram ósk um það frá fulltrúum verkalýðshreyfingarinnar í nefndinni, að fram færi sérstök könnun á aðbúnaði farandverkafólks í landinu, og ósk var komið á framfæri við mig um að útgáfu reglugerðar yrði frestað þar til sú könnun lægi fyrir. Ég féllst á þessa málaleitun nefndarinnar og verkalýðssamtakanna. Jafnframt var tekin ákvörðun um það í heilbr.- og trmrn. að fela Heilbrigðiseftirliti ríkisins að láta þessa könnun fara fram á aðbúnaði farandverkafólks víðs vegar í landinu, og var gerð könnun á 70-80 stöðum.

Ég gerði ítarlega grein fyrir þessari könnun í framsöguræðu í gær fyrir frv. til l. um erlent verkafólk á Íslandi. Ég tel þess vegna ekki ástæðu til að endurtaka niðurstöður könnunarinnar hér, en á grundvelli þeirrar könnunar hefur síðan verið unnið að nýrri tillögugerð um breytingar á heilbrigðisreglugerð í þessum efnum svo og á veitingahúsareglugerð að svo miklu leyti sem hún á hér við. Geri ég ráð fyrir að unnt verði næstu daga að ganga frá þeirri reglugerð sem hér um ræðir. En þeir aðilar, sem eru í nefndinni sem undirbýr reglugerðina, þ. e. fulltrúar frá Alþýðusambandi Íslands, Vinnuveitendasambandi Íslands og fleiri aðilum, hafa nú haft reglugerðardrögin til athugunar, þannig að ég bíð í *rauninni eftir niðurstöðu þeirra og síðan yfirferð nefnd*arinnar á niðurstöðum þeirra síðan athuga ég málið áður en ég get gengið frá þeirri reglugerð sem hv. þm. hefur hér lagt fram fsp. um.

Umræður utan dagskrár.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Ég skal ekki tefja tímann, en ég fæ ekki skilið, enda þótt ég viti að hér muni fara fram umr. utan dagskrár, að í fyrirspurnatíma á Alþingi séu teknar út af dagskrá allar fsp. að þeim

tveimur undanskildum sem búið er að svara. Hér mæta ráðh. ekki til þess að svara fsp. Það er búið að svara tveimur fsp. frá því kl. 2. í dag. Það er verið að taka allar aðrar fsp. út af dagskrá. Þetta er að mínum dómi ekki samboðið Alþingi og ég vil gera athugasemd um það við forseta að þessar fsp. séu nú þegar teknar út af dagskrá. Við getum látið fram fara utandagskrárumr. og síðan haldið áfram dagskránni þegar þeim hefur verið lokið.

Forseti. (Jón Helgason): Vegna athugasemda hv. 1. þm. Reykn. vil ég aðeins geta þess, að það hefur verið venja að fsp.-fundur yrði a. m. k. til kl. 4, en vegna óska hv. 1. þm. Reykv. um umr. utan dagskrár, sem verða á síðari fundi, varð ég við því að hafa þennan fund ekki lengri.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég verð satt að segja að lýsa furðu minni yfir þessari athugasemd hv. 1. þm. Reykn.

Hér hafa farið fram í allan vetur mjög verulegar umr. utan dagskrár. Bæði ríkisstj. og forsetar hafa reynt að gera það sem unnt er til að greiða fyrir því, að hv. þm. fengju svör við þeim fsp. sem þeim brenna í huga hverju sinni, enda þótt hafi verið umdeilanlegt hversu mikið lægi á að svara einstökum fsp. hafa menn lagt á það áherslu að reyna að koma þeim frá. Nú gerist það hins vegar, að það er gagnrýnt af hv. 1. þm. Reykn. að ráðh. skuli ekki svara fsp. á dagskrá, — mér liggur við að segja jafnframt því sem þeir svara fsp. utan dagskrár. Þannig ganga málin ekki fyrir sig hér á hv. Alþingi og geta ekki gert.

Ef hv. þm. vill koma í veg fyrir að það gerist, sem nú er að koma upp, að fsp. á dagskrá sé frestað vegna fsp. utan dagskrár, er nauðsynlegt fyrir hann í þessu tilviki, sem nú er í uppsiglingu, að fjalla um málið sérstaklega við hv. 1. þm. næsta kjördæmis, það er að segja Reykjavíkur.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég vil bara upplýsa það, að ég hafði vænst þess að eiga þess kost að svara hér þremur fsp. sem eru á dagskrá þessa fundar, en vegna þess að formaður Sjálfstfl. vill komast að með utandagskrárumr. kem ég ekki þeim svörum að. — Ég held að hv. þm. Matthías Á. Mathiesen hafi gefið harla villandi mynd af því ástandi sem hér er.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Hv. félmrh. virtist ekki gera sér grein fyrir því, hvað hér var að ske.

Forseti var að taka mál út af dagskrá. Ef hann hefði frestað dagskránni þar til utandagskrárumr. væri lokið hefði engin athugasemd komið, en hann tekur út af dagskrá allar fsp., að þeim tveimur undanskildum sem þegar hafði verið svarað.

Ég var að gagnrýna að dagskrármálunum skyldi ekki frestað þar til utandagskrárumr. væri lokið og hægt væri þá að halda áfram og svara þeim fsp. sem tími gæfist til, ef utandagskrárumr. hefði verið lokið fyrir kl. 4. Það var ég að gagnrýna, en ekki að það væri verið að fresta einhverju. Það er verið að taka fsp. út af dagskrá.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins skýra frá því, að um miðjan dag í gær var haldinn fundur formanna þingflokka ásamt með forseta, — að vísu gat einn formaður ekki setið á þeim fundi, — og á þeim fundi var gert samkomulag um þinghaldið næstu tvær vikur. Í því samkomulagi fólst m. a. að fundur í Sþ. í dag mundi ekki standa lengur en til kl. 4, þá hæfust deildarfundir til þess að unnt væri að afgreiða frv. til staðfestingar á brbl. hæstv. ríkisstj. Enn fremur fólst í þessu samkomulagi tilhögun þinghalds áfram þessa viku og næstu. Ég tel að þessu sé hæstv. forseti deildarinnar að framfylgja með þeim afgreiðslum sem hann hefur staðið að í dag.

Kemur mér það satt að segja á óvart ef menn vita ekki af samkomulaginu sem gert var í gær.

Sameinað þing, 54. fundur.

Þriðjudaginn 24. febr., að loknum 53. fundi.

Ókeypis símaþjónusta opinberra stjórnsýslustofnana, þátill. (þskj. 438). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Beiðni um skýrslu um kaup á togara fyrir Þórshöfn (þskj. 434). — Hvort leyfð skuli.

Beiðnin leyfð með 37 shlj. atkv.

Samkeppnisaðstaða Íslendinga, þáltill. (þskj. 120). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 37 shlj. atkv. og umr. frestað.

Vararaforka, þáltill. (þskj. 192). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Ívilnanir til loðnusjómanna, þáltill. (þskj. 202). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Samkomulag um gagnkvæmar heimildir Íslendinga og Færeyinga til veiða á kolmunna, þáltill. (þskj. 383, n. 446). — Síðari umr.

Frsm. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Utanrmn. hefur fjallað um till. til þál. um staðfestingu á samkomulagi um gagnkvæmar heimildir Íslendinga og Færeyinga til veiða á kolmunna og orðið sammála að mæla með að þáltill. verði samþykkt.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 37 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 37 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 461).

Umræður utan dagskrár.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs utan dagskrár í tilefni ummæla og yfirlýsinga nokkurra ráðh. og stuðningsmanna ríkisstj. í fjölmiðlum nýverið um leynisamning eða óbirt samkomulag aðila ríkisstj. varðandi ákvarðanir um framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli, varnarliðsframkvæmdir eða jafnvel almennt varðandi afgreiðslu meiri háttar mála í ríkisstj.

Tilefni þessara ummæla ráðh. og fleiri er fyrirhuguð bygging þriggja flugskýla á Keflavíkurflugvelli, sem málsvarar Alþb. hafa mótmælt að hæstv. utanrrh. geti leyft upp á sitt eindæmi. Hæstv. utanrrh., Ólafur Jóhannesson, sagði hins vegar í viðtali við Tímann fimmtudaginn 12. febr., með leyfi forseta:

„Í núverandi málefnasamningi stendur ekki einn stafkrókur um, að Alþb. hafi nokkra sérstöðu í ríkisstj., né heldur nokkurt orð um varnarmál eða varnarliðsframkvæmdir að neinu leyti."

Og Tíminn heldur áfram:

„Hann" — þ. e. Ólafur — „sagðist að vísu ekki hafa tekið neinn þátt í gerð núverandi málefnasamnings. En sér hafi heldur ekki verið skýrt frá því að gerður hafi verið neinn leynisamningur um þetta atriði. Alþb. gæti því ekki kennt sér um, ef þeim fyndist þeir eitthvað hafa verið hlunnfarnir í þessu sambandi."

Hæstv. forsrh., Gunnar Thoroddsen, segir í Morgunblaðinu föstudaginn 13. febr.:

„Ég vil ekkert um það segja" — þ. e. hvort til sé leynisamningur. — „Ég tel enga ástæðu vera til að fjalla um efni samtala í sambandi við stjórnarmyndunina. Það, sem fyrir liggur opinberlega, er stjórnarsáttmálinn."

Það er von að sú spurning vakni, hvort eitthvað liggi fyrir, sem ekki hefur verið gert opinbert, þegar þetta orðalag hæstv. forsrh. er haft í huga.

Lúðvík Jósepsson segir í Morgunblaðinu 13. febr., sama dag:

„Ég segi ekkert um þetta mál fyrr en ég er búinn að heyra um það, hvernig þetta mál hefur borið að."

Steingrímur Hermannsson segir í Morgunblaðinu enn sama dag:

„Nei, það er ekki um að ræða neitt samkomulag milli stjórnarsinna um þessi mál."

Morgunblaðið segir enn fremur: „Steingrímur sagði, að ekki hefði heldur verið gert neitt samkomulag til hliðar við stjórnarsáttmálann, um að öll ríkisstj. yrði að standa að þeim málum er hún ynni að."

Hins vegar segir Svavar Gestsson í viðtali við Þjóðviljann sama föstudag, 13. febr.:

„Jafnframt skal lögð á það áhersla að milli núverandi stjórnaraðila eru auk þess til reglur um vinnubrögð stjórnarinnar almennt sem allir verða að taka tillit til og snerta öll meiri háttar mál."

Þennan sama dag hefur Morgunblaðið eftir ónafngreindum forustumanni Alþb. eftirfarandi:

„Það var gert skriflegt samkomulag um tvö atriði við stjórnarmyndunina. Í fyrsta lagi, að forsrh. beitti ekki þingrofsvaldinu án samþykkis allra aðila stjórnarsamstarfsins og hins vegar um það, að engin meiriháttar ákvörðun yrði tekin gegn vilja neins eins stjórnaraðila. Þetta samkomulag undirrituðu forsrh. og formenn Alþb. og Framsfl."

Laugardaginn 14. febr. segir Ólafur Ragnar Grímsson í viðtali við Morgunblaðið:

„Því var lýst í þingflokknum hvernig yrði unnið í ríkisstj. er stjórnin var mynduð."

Ólafur Ragnar var spurður, hvort um væri að ræða skriflegt samkomulag, og hann segir:

„Um það vil ég ekkert segja á þessu stigi, þetta er samkomulag sem stjórnarflokkarnir hafa komið sér saman um."

Síðan segir Ólafur Ragnar enn í sama viðtali:

„Ég segi það sama um það og ég svaraði útvarpinu: Ég sagði þar, að þessar hernaðarframkvæmdir, sem Ólafur Jóhannesson stefnir að, flugskýlin, flugstöðin, nýjar flugbrautir og fjórföldun eldsneytisbirgðanna, þetta eru slíkar stórbreytingar, að þær koma ekki til greina af okkar hálfu.

Við höfum lagt þessi mál upp í heild sinni, við teljum þessi mál öll tengd og við teljum þetta vera mál sem þurfi að ræðast milli Framsfl. og Alþb."

Það vekur raunar athygli að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson gerir ekki ráð fyrir að mál þetta þurfi að ræðast við þriðja samstarfsaðilann í ríkisstj. Hann er bersýnilega núll og nix að áliti Alþb. og Framsfl.

Með tilvísun til þess, sem ég hér hef rakið, vil ég beina eftirfarandi spurningum til hæstv. forsrh. Gunnars Thoroddsens, hæstv. sjútvrh. Steingríms Hermannssonar formanns Framsfl. og hæstv. félmrh. Svavars Gestssonar formanns Alþb.:

1. Var gert samkomulag, skriflegt eða munnlegt, við myndun núv. ríkisstj. eða síðar um að framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli eða í þágu varnarliðsins yrðu ekki leyfðar nema með samþykki allra aðila er að ríkisstj. standa?

2. Eru til reglur, sem ríkisstj. eða ráðh. hafa sett sér og ekki hafa verið birtar, um að ríkisstj. taki enga ákvörðun í meiri háttar málum nema allir stjórnaraðilar samþykki?

Herra forseti. Ég tel, að þm. og raunar þjóðin öll eigi kröfu á því að fá skýr og ótvíræð svör við þessum spurningum, og vænti þess, að hæstv. ráðh. séu sama sinnis. Það kom mér því mjög á óvart, eftir að ég hafði í morgun gert ráðstafanir til að kynna hæstv. ráðh. efni fsp. minna, að mér voru borin þau skilaboð frá ráðh. að þeir vildu ekki svara þeim. Ég bað um þau skilaboð til baka, að ég sætti mig ekki við skilaboðin frá ráðh. og mundi halda fast við að bera þessar fsp. fram utan dagskrár. Ég geri mér enn vonir um að hæstv. ráðh. hafi hugsað málið betur, breytt um skoðun og svari fsp. mínum nú hér á eftir.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Enginn ráðh. í núv. ríkisstj. skorast undan því að svara fsp. hv. þm. utan dagskrár. Hér var eingöngu um að ræða hvort ætti að víkja til hliðar þingmálum einn daginn enn, en marga daga undafarið hafa umræður utan dagskrár verið það langar að þingmál hafa ekki komist að. Nú stendur einmitt þannig á í dag, að frv. um viðnám gegn verðbólgu, staðfesting á brbl. frá því á gamlársdag, er á dagskrá Ed. til 2. umr. og samkomulag um það, eins og kom fram áðan, að reyna að afgreiða það mál bæði við 2. og 3. umr. í dag. Það var eingöngu með það í huga að umr. utan dagskrár eyðilegðu ekki þetta samkomulag um afgreiðslu þingmáls sem búið var að gera, sem þarna var talið hæpið að hefja umr. utan dagskrár. Hins vegar var auðvitað ekkert því til fyrirstöðu að svara fsp. hv. þm.

eftir að hæstv. forseti Sþ. lýsti því yfir, að þessar umr. yrðu ekki leyfðar lengur í dag en til klukkan 4 þannig að fundur hv. Ed. gæti byrjað á þeim tíma.

Í stjórnarsáttmálanum er eitt ákvæði þar sem nefnt er samþykki allrar ríkisstj. Segir þar:

„Áætlanir um flugstöð á Keflavíkurflugvelli verði endurskoðaðar og ekki ráðist í framkvæmdir við hana nema með samkomulagi allrar ríkisstj."

Ég held að í rauninni hljóti allir að hafa verið þá og vera enn sammála um að endurskoðun á áætlunum um byggingu flugstöðvar þar sé óhjákvæmileg þar sem svo mikil óvissa ríkir um Atlantshafsflugið að öllum var ljóst að þær teikningar og áætlanir, sem fyrir lágu áður, gátu ekki átt hér við. Þess vegna hefur hæstv. utanrrh. líka í samræmi við þetta ákvæði látið endurskoða þessar áætlanir.

Að öðru leyti vil ég út af fsp. hv. þm. segja þetta:

Frá því er ríkisstj. var mynduð hefur hún kostað kapps um að eiga sem best samstarf í öllum greinum. Hún leitast við að ná samkomulagi um þau mál þar sem skoðanir eru skiptar og menn kann að greina á. Það hefur vel tekist á því röska ári sem stjórnin hefur starfað og það eru engin teikn á lofti um að þar verði breyting á veðurfari.

Um vinnubrögð og vinnulag innan ríkisstj. við afgreiðslu mála tel ég ekki ástæðu til að ræða hér frekar.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Hv. 1. þm. Reykv. hefur borið fram fsp. til hæstv. forsrh., til mín og hæstv. sjútvrh. um vinnubrögð innan ríkisstj. Hæstv. forsrh. hefur svarað þeirri fsp. eins og efni er til á þessari stundu og hef ég að sinni fyrir mitt leyti engu við svar hæstv. forsrh. að bæta.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég vísa til svars hæstv. forsrh. og hef engu við það að bæta.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Þessar umr. eru nú þegar að gerast sögulegar, því það er veigamikil spurning sem fram var lögð þegar formaður eins þingflokkanna óskaði eftir að fá að vita hvort það væri eitthvert formlegt samkomulag milli stjórnarflokkanna annað en birt hefur verið. Þetta er slíkt grundvallaratriði að þjóðin hlýtur að eiga heimtingu að fá við henni skýrt svar. Já eða nei. En forsrh. og félagar hans svara þessu engu.

Þetta er ekki spurning um innri vinnubrögð í ríkisstjórn. Þetta er spurning um allt annað og meira, — spurning um hvort það sé annað samkomulag en það sem birt hefur verið. Og hvað er það sem spurt er um frekar? Það er vísað til tiltekins máls þar sem vitað er að einn af stjórnarflokkunum, sem hefur milli 19 og 20% kjörfylgi í landinu, er á annarri skoðun í meginatriðum en hinir flokkarnir. Því er um það að ræða, hvort íslenskt lýðræði sé komið á það stig að flokkur með tæplega 1/5 af kjörfylgi í landinu geti ráðið opinberri stefnu ríkisins með samningamakki í samsteypustjórn.

Í annan stað er löng hefð um þessi atriði eins og fjöldamörg önnur sem varða verkaskiptingu milli ráðuneyta, hvað er í verkahring einstakra ráðuneyta og hvað er í verkahring ráðuneyta sameiginlega. Ráðuneytin eru nú varla nefnd í stjórnarskránni, hins vegar ráðherrar oft, svo að þeirra vald og aðstaða er æðimikið, og það er alvarlegt og mikilvægt mál ef á að taka ráð af einstökum ráðh. og ákveða að viss mál skuli afgreidd af ríkisstj. allri.

Varðandi framkvæmdir í sambandi við varnarliðið hafa ákvarðanir ávallt verið teknar af utanrrh. Ég get minnt á t. d., að olíustöðin í Hvalfirði, sem er hliðstæð framkvæmd við þá sem nú er deilt um, var byggð á þann hátt, að aldrei var um það mál fjallað eða gerð nein ákvörðun í ríkisstj., og var þó ekki fyrir neinn ágreiningur í grundvallarstefnuatriðum í þeim málaflokki innan ríkisstj. þá eins og nú. Síðan hefur það gerst á hverju einasta hausti, að utanrrh. hefur tekið ákvarðanir um þessi mál. Hér hefur verið um að ræða um langt árabil 15-20 millj. dollara framkvæmdir af ýmsu tagi.

Ég vil ítreka það, að ég harma að hæstv. forsrh. skuli láta það koma fyrir og það skuli standa í þingtíðindum héðan í frá, að hann sé ekki reiðubúinn að skýra þjóðinni frá því, hvort gert hafi verið eitthvert leynilegt samkomulag milli stjórnarflokkanna eða ekki. Við slíkt getur þjóðin alls ekki unað.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég get tæpast þakkað hæstv. ráðherrum svörin, nema að því leyti að þögn þeirra og efnisinnihaldið, svo rýrt sem það var, segir sína sögu og af því er hægt að draga ákveðnar ályktanir.

Ég vil láta það koma alveg skýrt fram, að þegar ég gerði ráðherrum aðvart um þetta mál í morgun var áskilið að samkomulagið yrði auðvitað haldið um afgreiðslu brbl. eins og formenn þingflokkanna höfðu komið sér saman um. Sannleikurinn er sá, og það sýnir aðdragandi þessara fsp. og undirbúningur þessara umræðna, að hæstv. ráðh. ætluðu að skjóta sér undan að svara. Þetta var feimnismál af þeirra hálfu. Þeir höfðu ekki svörin tiltæk. Þeir eru ekki sammála, að því er virðist, um hvernig svara skuli. Þeim hefur ekki tekist að koma sér saman, eins og hæstv. forsrh. talaði allfjálglega um að þeir legðu áherslu á.

Hér kemur það fram, að hæstv. forsrh. talar fyrir hönd Alþb. og talar fyrir hönd Framsfl. Formenn þessara flokka hafa áður opinberlega sagt sína skoðun í þessum efnum og þeim bar þá ekki saman.

Steingrímur Hermannsson, formaður Framsfl., sagði að það hefði ekki verið gert neitt samkomulag til hliðar við stjórnarsáttmálann um að öll ríkisstj. yrði að standa að þeim málum er hún ynni að. Og nú vil ég spyrja hæstv. sjútvrh., formann Framsfl.:

Stendur hann við þessi orð, sem birtust í Morgunblaðinu 13. febr. s. l.? Er þetta satt? Og ég ætlast til svars. Já eða nei dugar mér.

Þá hefur verið haft eftir hæstv. félmrh., Svavari Gestssyni, og það í Þjóðviljanum, svo varla dregur hann þau orð í efa. Hæstv. félmrh., formaður Alþb., segir 13. febrúar eftirfarandi:

„Jafnframt skal lögð á það áhersla að milli núverandi stjórnaraðila eru auk þess til reglur um vinnubrögð stjórnarinnar almennt sem allir verða að taka tillit til og snerta öll meiri háttar mál."

Er hér rétt eftir hæstv. félmrh., formanni Alþb., haft í hans eigin blaði? Það segir sína sögu ef svo er. Þá er til leynisamningur, reglur sem ríkisstj. hefur samþykkt að fara eftir — eða með orðalagi hæstv. félmrh.: „sem allir verða að taka tillit til og snerta öll meiri háttar mál."

Það er ekki hægt að koma þessum orðum hæstv. félmrh. og hæstv. sjútvrh. heim og saman. Og í þeim tilgangi að fá upplýst, hvor þeirra hefði rétt fyrir sér, var

hæstv. forsrh. einnig spurður hér í dag, en hann svarar engu. Ég ítreka að þingheimur og þjóðin öll á kröfu á að vita hið sanna og rétta í málinu.

Það verður þó að álykta, meðan annað fæst ekki upplýst, að hæstv. utanrrh. hafi fullt og óskorað vald til að leyfa framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli, eins og t. d. byggingu olíugeymanna í Helguvík, eins og t. d. byggingu þriggja flugskýla, og andmæli Alþb.-manna við slíkum framkvæmdum hafi ekkert við að styðjast, þeir hafi engan rétt til þess samkvæmt stjórnarsamningnum er þjóðin hefur fengið birtan, að hreyfa legg né lið gegn framkvæmdum sem þessum. Allt tal þeirra um annað er algert fleipur.

Ég vil láta þetta koma hér fram og ítreka jafnframt áskorun mína til hæstv. forsrh. og spurningar mínar til annarra hæstv. ráðh. Þeim er skylt að svara þeim fsp. sem ég hef varpað hér fram. Þjóðin og þingheimur eiga kröfu á því.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Það er næsta furðulegt að hlusta á þessa tvo hv. þm., Geir Hallgrímsson og Benedikt Gröndal, tala úr þessum ræðustól í *nafni þingheims og segja að þingheimur krefjist svara frá* okkur. Ég held að þeir séu alls ekki fulltrúar þingheims. Ef þeir vilja vita vilja þingheims eða þingmeirihluta er í góðu lagi hjá þeim að flytja t. d. till. um að skipa rannsóknarnefnd samkv. stjórnarskránni sem hefði það verkefni að leita uppi leynisamninga í sambandi við stjórnarmyndanir fyrr og síðar. — En út yfir tekur þó þegar þessir hv. þm. fara svo þar á eftir að tala í nafni þjóðarinnar. Ég hélt að þessir hv. þm. hefðu heyrt og lært það að undanförnu, að því fer fjarri að þeir séu fulltrúar íslensku þjóðarinnar.

Ég hef svarað spurningum hv. þm. Geirs Hallgrímssonar og tel enga ástæðu til að bæta þar neinu við, enda er *tilgangurinn með fsp. ekki að fá upplýsingar um eitt eða* annað, heldur eingöngu að þarna sýnist vera möguleiki á að koma á einhverri sundrung innan ríkisstj. Það er tilgangurinn og enginn annar.

Ég hef lýst því yfir, að það er eitt af meginatriðum í stjórnarsamstarfinu að ná sem bestu samkomulagi og leita samkomulags þegar um mál er að ræða sem menn líta mismunandi augum á, þar sem menn greinir á, sem eðlilegt er og hlýtur að verða í sérhverri ríkisstj.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Það er síður en svo nokkurt aðhlátursefni eða gamanmál sem hér er á ferðinni. Hér er um það að ræða að látið hefur verið í veðri vaka opinberlega, þ. á m. af einu málgagni núv. hæstv. ríkisstj., að í gildi sé samkomulag milli þeirra aðila sem að ríkisstj. standa, til viðbótar við það samkomulag sem hefur verið gert þjóðinni kunnugt héðan frá Alþingi. Það er látið í veðri vaka af þessu sama blaði og þessum sama flokki að samkomulagið sé á þann veg, að einum aðila ríkisstj., sem aðeins, eins og komið hefur fram, nýtur stuðnings innan við fimmta hvers kjósanda í þessu landi, sé selt sjálfdæmi, sé afhent neitunarvald í málum *sem falla undir forræði ráðh. úr öðrum flokki.* Hæstv. forsrh. var spurður að því héðan úr ræðustól á Alþingi hvort þetta væri rétt. Hæstv. forsrh. vék sér undan að svara þessari spurningu.

Herra forseti. Það þarf ekki að skipa neina rannsóknarnefnd til að leita að leynisamningum. Hæstv. forsrh. getur með einu orði sjálfur kveðið upp úr um hvort eitthvað svona samkomulag sé gert. En þó að hæstv. forsrh. hafi komið tvívegis hingað upp í ræðustólinn skýtur hann sér undan að gera það.

Hæstv. félmrh. og formaður Alþb. gekk hingað upp í ræðustól í fótspor hæstv. forsrh. til að ítreka þann skilning sinn og Þjóðviljans að slíkt samkomulag væri í rauninni fyrir hendi, öðruvísi urðu orð hans ekki skilin áðan en að svo sé.

Það sýnir vinnubrögðin. Sá maður, sem á þarna mest í hættu og mest í húfi, maðurinn sem á að fara með stjórn utanríkismála í þessu landi og hefur verið valinn til þess af flokksbræðrum sínum, hagar orðum sínum svo á opinberum vettvangi, að það verður ekki séð betur en hann hafi seint og um síðir fengið nasasjón af því að gert hafi verið af formanni hans eigin flokks eitthvert samkomulag sem hann ekki veit um, en sviptir hann að verulegu leyti forræði í því starfi sem hann hefur verið valinn til og tekið að sér. Það er dæmi um hvernig að málum er nú staðið í Framsfl., að hv. formaður Framsfl., Steingrímur Hermannsson, og formaður þingflokks Framsfl., hv. þm. Páll Pétursson, skuli geta látið það á sig sannast að forráðamenn annarra flokka gangi á þeirra fund til að bera *upp kvartanir og kæra fyrrv. formann Framsfl.*, Ólaf Jóhannesson, fyrir núv. formanni flokksins án þess að gefa honum tækifæri til að bera hönd fyrir höfuð sér hvað þá annað. Þetta sýnir þvílíkt ógnartak Alþb. hefur á Framsfl., að formaður flokksins, Steingrímur Hermannsson, skuli geta látið það á sig sannast, að forveri hans, hinn gamli leiðtogi Framsfl., sé kærður fyrir honum af kommúnistum án þess að hafa svo mikið sem tækifæri til að vera viðstaddur þann kærufund. Það sýnir hvert risið á Framsfl. er orðið, að Ólafur Jóhannesson skuli vera kærður fyrir Páli Péturssyni. Ekki eru það glæsileg örlög fyrir þann gamla foringja né þann gamla flokk.

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara öllu fleiri orðum hér um, en það er *ljóst eftir þessar umr.*, þar sem því hefur ekki verið mótmælt, heldur þvert á móti grunur manna styrktur í því, að einhvers konar samkomulag hafi verið gert, hvort sem það eru kallaðar vinnureglur eða eitthvað annað, sem gefur Alþb., flokki sem aðeins nýtur stuðnings eins af hverjum fimm Íslendingum, algjört forræði í utanríkismálum landsins um allar framkvæmdir á því sviði með því að afhenda þessum flokki neitunarvald og gera það án þess svo mikið sem láta þess getið við þann mann sem á um málin að fjalla, utanrrh., fyrrum formann Framsfl., sem er nú orðinn að kæruefni hjá núv. formanni Framsfl., Steingrími Hermannssyni.

Það eitt út af fyrir sig sýnir hvílíkt heljartak Alþb. og kommúnistar hafa á Steingrími Hermannssyni og öðrum þeim sem nú hafa valist til formennsku og forustu í Framsfl.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Eitt sinn gerði þessi hv. þm., Sighvatur Björgvinsson, landsfræga árás á Ólaf Jóhannesson forsrh. úr þessum stól.

Sú furðulega ræða, sem hann flutti hér nú, minnir mig á slíkan *málflutning.* Ég vil láta það koma skýrt fram, að Framsfl. stendur heils hugar að baki Ólafi Jóhannessyni í þeim ákvörðunum sem hann hefur tekið í utanríkismálum.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vek athygli á því, að þrír þm. höfðu kvatt sér hljóðs á undan hæstv. sjútvrh.

Hæstv. sjútvrh. kvaddi sér ekki hljóðs fyrr en rétt á slaginu fjögur. Ég fæ ekki séð að ástæða hafi verið til að hleypa honum fram fyrir aðra þm. í þessum umr., — allra síst eftir þann skæting sem hæstv. forsrh. viðhafði áðan.

Efri deild, 56. fundur.

Þriðjudaginn 24. febr., kl. 4 síðdegis.

Viðnám gegn verðbólgu, frv. (þskj. 384, n. 451, 452 og 454, 445, 455). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. þessarar deildar hefur haft þetta frv. til meðferðar og fjallað ítarlega um það í samvinnu við fjh.- og viðskn. Nd. Nefndin hefur fengið á sinn fund fulltrúa Seðlabanka Íslands, Þjóðhagsstofnunar og enn fremur fengið gögn og yfirlýsingar frá ýmsum öðrum aðilum, svo sem Alþýðusambandi Íslands, Vinnuveitendasambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Verslunarmannafélagi Reykjavíkur, auk gagna sem nefndin hefur fengið frá Hagstofu Íslands og yfirlýsingar frá hæstv. viðskrh. Tveir nm., hv. þm. Lárus Jónsson og Eyjólfur Konráð Jónsson, hafa verið svo vinsamlegir að prenta mikið af þessum gögnum í nál. sínu og ber að þakka þeim fyrir þá þjónustu við þingheim. Er sjálfsagt að gera nál. þeirra myndarlegra í hendi með því að láta þessi gögn þar koma fram. Ég sé því ekki ástæðu til að vera að rekja það ítarlega, sem fram kom hjá þessum aðilum, þar eð það liggur fyrir í áliti 1. minni hl. nefndarinnar.

Við, sem myndum meiri hl. fjh.- og viðskn., leggjum til að þetta frv. verði samþykkt og þau brbl., sem ríkisstj. gaf út á gamlársdag, þar með staðfest. Það hefur greinilega komið í ljós, að þessi brbl. njóta yfirgnæfandi stuðnings þjóðarinnar og mikill fjöldi fólks og samtaka hér í landinu hefur með beinum og óbeinum hætti lýst stuðningi sínum við þessa aðgerð. Við erum þeirrar skoðunar, eins og þorri þjóðarinnar, að hér sé um að ræða veigamikið skref í barráttunni gegn verðbólgunni, — skref sem felur í sér verulegan árangur í þeirri baráttu án þess að til atvinnuleysis sé efnt í þessu landi, án þess að kjör almennings í þessu landi séu skert og án þess að efnt sé til ófriðar innanlands milli aðila eða þjóðfélagshópa um efnahagsaðgerðirnar. Það er mjög ánægjulegt og farsælt að ríkisstj. skuli veita þjóðinni slíka forustu að geta lagt upp slíkan árangur í baráttunni gegn verðbólgunni og á sama tíma tryggja kjör alls þorra launafólks í landinu, tryggja atvinnuöryggi, tryggja vinnufrið og tryggja þá þjóðfélagslegu samstöðu sem nauðsynleg er eigi slíkar efnahagsaðgerðir að bera árangur.

Ásamt því frv., sem hér liggur fyrir, gaf ríkisstj. út sérstaka efnahagsáætlun, sem unnið er eftir. Hluta þessarar efnahagsáætlunar hefur þegar verið hrundið í framkvæmd og nú þessa dagana er verið að hrinda í framkvæmd ýmsum öðrum þáttum efnahagsáætlunarinnar. Ríkisstj. hefur þegar skipað sérstaka viðræðunefnd af sinni hálfu til að eiga viðræður við samtök launafólks og hagsmunasamtök atvinnulífsins á næstu vikum um mótun varanlegra efnahagsaðgerða fyrir árin 1981 og 1982. Þær viðræður munu tvímælalaust leggja grundvöllinn að því, að áfram verði haldið á þeirri braut sem mörkuð var með brbl. á gamlársdag, svo að árangur verði í baráttunni gegn verðbólgunni og þeim skilyrðum öðrum, sem ég gat um áðan í máli mínu, verði einnig fullnægt á þeim tíma sem eftir er af þessu ári og einnig á árinu 1982. Enn fremur er í brbl. og efnahagsáætluninni ákvæði um skattalækkanir og ákvæði um vaxtalækkanir. Að þessum atriðum hefur verið unnið og verður unnið og niðurstöður þeirra verða tilkynntar jafnvel að hluta til í umr. síðar í dag eða þá næstu daga. Ber vissulega að fagna því, að slíkur stjórnmálalegur og efnahagslegur árangur skuli hafa náðst.

Það er athyglisvert að á sama tíma og ríkisstj. sýnir órofa samstöðu með skynsamlegum aðgerðum af þessu tagi skuli það gerast hér á Alþingi að stjórnarandstaðan klofnar innbyrðis og flytur algerar sýndartillögur í efnahagsmálum. Það er rétt að hv. deild, þingheimur allur og þjóðin veiti því athygli, að stjórnarandstöðuflokkarnir tveir, flokksbrot Geirs Hallgrímssonar, sem hefur innan við 10% þjóðarinnar á bak við sig í þessu máli samkv. skoðanakönnunum, og þm. Alþfl., sem hafa rétt um helming kjósenda eigin flokks á bak við sig í andstöðunni við þessi brbl., — þessir tveir stjórnarandstöðuaðilar á Alþingi hafa ekki getað komið sér saman um tillögur í efnahagsmálum. Það liggur því ljóst fyrir, skjalfest með þeim þskj. sem lögð hafa verið til grundvallar í þessari umr., að stjórnarandstaðan er klofin, stjórnarandstaðan er sundruð, hún hefur ekki kraft og mátt eða pólitískt þrek til að standa að sameiginlegum tillögum í efnahagsmálum. Það undistrikar betur en nokkuð annað að ekki er til nokkur annar meiri hluti á Alþ. fyrir samræmdum og sameiginlegum tillögum í baráttunni gegn verðbólgunni en sá sem styður þær tillögur sem núv. hæstv. ríkisstj. stendur að. Stjórnarandstaðan hefur berlega afhjúpað innri sundrung sína með þeim tveimur nál., sem hún hefur flutt, og þeim tillögum sem Alþfl. annars vegar og flokksbrot Sjálfstfl. hins vegar standa að. Þetta er annað meginatriðið í þeirri pólitísku staðreynd sem stjórnarandstaðan afhjúpar í þessari umr.

Hitt atriðið, sem stjórnarandstaðan afhjúpar einnig, er hve gersamleg sýndarmennska einkennir tillögugerð þeirra í efnahagsmálum. Þeir leggja fram tillögur um skattalækkanir, sem eru þó á þann veg, að ekki er gerð nein grein fyrir því, hvernig eigi að skera niður ríkisframkvæmdir og ríkisrekstur á móti 10—15 milljarða lækkunum sem hv. stjórnarandstaða leggur til. Ég hélt satt að segja að sá tími væri liðinn í íslenskum stjórnmálum að menn legðu fram sýndartillögur af þessu tagi. Þetta tíðkaðist hér áður fyrr. Þá töldu menn þjóðina og þinheim svo vanþroska að það væri hægt að veifa framan í fólk tillögum um skattalækkanir án þess að spurningin væri sett fram: Hvað á skera niður á móti? En það er einmitt þessi barnaskapur, þetta ábyrgðarleysi sem báðir aðilar núverandi stjórnarandstöðu hafa gert sig seka um og eru því samferða í þessu atriði einu. Þetta er það eina sem þeir hafa getað náð saman um í stjórnarandstöðunni við þetta frv., að leggja fram skattalækkunartillögur án þess að hafa kjark til að segja þjóðinni hvað eigi að skera niður á móti. Hvað á að skera niður í heilbrigðiskerfinu? Hvað á að skera niður í skólakerfinu? Hvað á að skera niður af framkvæmdum? Hvað á að skera niður í tryggingakefinu? — Við þessu eru engin svör. Það eru engin svör við þessum spurningum því að þeir aðilar stjórnarandstöðunnar, sem flytja tillögur af þessu tagi, hafa ekki

póltískan kjark til að koma fram fyrir þjóðina og botna vísuna.

Efnahagstillögur stjórnarandstöðunnar, brtt. við þetta frv., eru því með stóru gati. Þær ganga einfaldlega ekki upp. Þær sýna að stjórnarandstaðan hefur hvorki pólitískt þrek né innri samstöðu til þess að takast á við efnahagsvanda þjóðarinnar því að hún þorir ekki að flytja hér í þingsölum nema hálfkveðnar vísur. Fyrr en hv. fulltrúar stjórnarandstöðunnar í fjh.- og viðskn. og hér í deildinni hafa kjark til að flytja ásamt skattalækkunartillögum sínum tillögur um hvað eigi að skera niður, hvað eigi að skera niður af framkvæmdum til sjúkrahúsa, til skóla, til tryggingamála og annarra veigamikilla þátta í ríkisbúskapnum, verður ekki tekið mark á sýndartillögum á borð við þær sem nú eru fluttar.

Það verður fróðlegt að fylgjast með því, hvort samflokksmenn þessara aðila í hv. Nd. þessa þings munu taka upp sams konar tillögur. Vissulega verður það fróðlegt, því að þá mun liggja fyrir að gjörvöll stjórnarandstaðan á Alþingi Íslendinga er bæði innbyrðis sundruð og getulaus til þess að setja fram fullbúnar efnahagstillögur. Ég held að sá víðtæki stuðningur, sem efnahagsaðgerðir ríkisstj. um síðustu áramót hafa fengið, sýni rækilega að þjóðin sér að þeir aðilar, sem nú eru í stjórnarandstöðu, eru á engan hátt megnugir þess að stýra þjóðinni í baráttunni gegn verðbólgunni.

Um leið og við í meiri hl. fjh.- og viðskn. leggjum til að þetta frv. verði samþ. vísum við til efnahagsáætlunar ríkisstj. og þeirra fjölmörgu atriða annarra, sem verið er að vinna að á vegum ríkisstj. þessa dagana eða hefur nú þegar verið lokið við frá því að brbl. voru sett, og þeirrar samvinnu, sem ríkisstj. hefur þegar lagt grundvöll að við samtök launafólks og önnur samtök atvinnulífsins á næstu vikum og mánuðum í því skyni að móta til ársins 1981 og ársins 1982 samræmda og varanlega stefnu sem tryggir fulla atvinnu í landinu, tryggir kjör alls almennings í landinu og tryggir varanlegan og verulegan árangur í baráttunni gegn verðbólgunni.

Frsm. 1. minni hl. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður gat ekki varist brosi þegar hann gekk úr ræðustól og hló við, enda held ég að honum hafi sjálfum blöskrað þessi ræða. (**ÓRG:** Það er misskilningur.)

Frv. það, sem hér er til umr., fjallar um staðfestingu Alþingis á brbl. sem ríkisstj. gaf út á gamlársdag. Í frv. felst lögþvinguð einhliða fórn launþega og bótaþega almannatrygginga sem nemur 7% af verðbótum launa og bótafjárhæðum hinn 1. mars n. k. frá því sem verið hefði að óbreyttum lögum. Þetta þýðir það, að skerðing verkamannalauna verður núna með Ólafslögum og brbl. 41 574 gkr. 1. mars og þá er miðað við mánaðarlaun verkamanna með tveggja stunda eftirvinnu. Þessi skerðing þýðir einnig ásamt skerðingu Ólafslaga, að t. d tekjutrygging hjóna lækkar um 11 600 gkr. hinn 1. mars. Taldi hv. síðasti ræðumaður stórkostlegan árangur í viðureigninni við verðbólguna og stórkostlegan sigur fyrir sinn flokk að þetta skyldi hafa náð fram að ganga. Öðruvísi mér áður brá, í febr. 1978 t. d. og síðar.

Í frv. sjálfu er ekkert bitastætt ákvæði til að draga úr þessari kjaraskerðingu bótaþega lífeyristrygginga, ekki einu sinni þeirra sem þurfa einvörðungu að lifa af tekjutryggingu einni saman, og sama gildir um láglaunafólk. Samkv. frv. mun kaupmáttur þess skertur verulega og í líkingu við það sem verður um hálaunafólk. Þess munu ekki dæmi, a. m. k. síðustu áratugina, að svo hafi verið staðið að lagasetningu sem þessari af hálfu ríkisstj. og Alþingis.

Þrátt fyrir þessa einhliða fórn launþega og bótaþega almanntrygginga næst ekki meiri árangur en svo í viðureigninni við verðbólguna að hún verður svipuð og áður eða um og yfir 50%, að mati Þjóðhagsstofnunar. Þá felast í frv. og efnahagsáætlun ríkisstj. ákvæði um verðlagshöft, falska gengisskráningu og stórhækkun vaxta sem nefna má uppskrift fyrir atvinnuleysi.

Við hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson, sem skipar ásamt mér 1. minni hl. hv. fjh.- og viðskn., höfum leyft okkur að flytja á þskj. 445 brtt. við frv. Þessar brtt. felast í að tryggja hag láglaunafólks og bótaþega almannatrygginga og vernda kaupmátt þessa fólks þrátt fyrir skerðingu verðbóta á laun um 7% hinn 1. mars. Þá fela þessar till. okkar í sér verulega hjöðnun verðbólgu 1. maí, skattalækkun og ekki síst ráðstafanir til að koma í veg fyrir atvinnuleysi, sem stórhætta er á að óbreyttri stefnu ríkisstj.

Sjálfstfl. hefur stundum þurft að standa að lagasetningu á Alþingi sem öðrum þræði hefur falist í að skerða verðbætur á laun. Þá hefur þess verið gætt í hvert sinn að í þeirri löggjöf sjálfri fælust ákvæði sem drægju úr kaupmáttarskerðingu og kæmu í veg fyrir kjaraskerðingu láglaunafólks og bótaþega almannatrygginga. Þá hefur það verið skoðun Sjálfstfl., að við slíkar aðstæður þyrfti hið opinbera að ganga á undan í sparnaði og niðurskurði útgjalda og skattalækkun.

Ekki fer milli mála að verðbótaskerðing launa og bóta lífeyrisþega almannatrygginga er kjarni þessara brbl. Svo sem fram kemur í bréfi hagstofustjóra er ótvírætt að ákvæði 5. gr. laganna ná til tryggingabóta. Bréfið og útreikningur Hagstofunnar eru birt með nál. okkar sem fskj. II. Í þessu bréfi segir orðrétt:

„Hins vegar mun skerðing verðbóta í framkvæmd ávallt hafa gilt gagvart bótum almannatrygginga, nema annað hafi verið ákveðið sérstaklega í viðkomandi lögum eða annars staðar."

Í útreikningi Hagstofunnar, sem fylgir sem fskj. með nál. okkar, kemur fram að hækkun framfærsluvísitölu frá 2. nóv. 1980 til 1. mars 1981 er 14.32 stig. Samkv. skerðingu Ólafslaga vegna búvörufrádráttar og verðhækkunar áfengis og tóbaks dragast frá þessu 2.21% þegar kaupgjaldsvísitala er reiknuð, en vegna viðskiptakjara bætast 0.84% við kaupgreiðsluvísitöluna. Þá hefði hún átt að hækka um 12.95% hinn 1. mars, en vegna ákvæða brbl. og þessa frv. lækkar þessi tala um 7% og kaupgreiðsluvísitalan verður 5.95% hinn 1. mars. Þessi skerðing nær einnig til bóta almannatrygginga, eins og ég gat um áðan, samkv. bréfi hagstofustjóra, nema öðruvísi verði ákveðið í lögum eða stjórnvaldsúrskurði.

Síðar á árinu á skerðing samkv. 50. gr. Ólafslaga að falla niður þegar kaupgjaldsvísitalan er reiknuð á laun sem nema 725 þús. gkr. eða lægri upphæð, en haldast í gildi gagnvart útreikningi á hærri laun. Hinn 1. júní og síðar verður því um tvær kaupgreiðsluvísitölur að ræða sem oft og tíðum þarf að nota báðar til að reikna út verðbætur eins launþega.

Afnám þessara skerðingarákvæða á laun hafa sáralitla þýðingu til að bæta láglaunafólki þá kaupmáttarskerðingu sem felst í 5. gr. Hér er um að ræða frádrátt frá framfærsluvísitölu sem stafar af hækkun launaliðar

bónda í búvöruverði og ákvæði samkv. 3. tölul. 50 gr. Ólafslaga um áhrif viðskiptakjara.

Viðskiptakjör hafa versnað mjög síðan Ólafslögin voru sett og hefur það haft í för með sér 16.9% skerðingu verðbótavísitölu fram til 1. mars í ár. Nú hafa viðskiptakjör á hinn bóginn batnað og fá launþegar nú 1. mars 0.84% kauphækkun vegna þessa ákvæðis. Kaupuppbótin hjá verkamanni 1. mars nemur líklega rúmlega 4000 gkr. vegna viðskiptakjarabata. Einmitt þá, þegar svo er ástatt, er afnumið þetta ákvæði og sagt að það sé til hagsbóta fyrir launafólk! Þjóðhagsstofnun spáir því, að viðskiptakjör hvorki versni né batni það sem eftir er yfirstandandi árs. Flest bendir þó til þess, að þau fari heldur batnandi en hitt. T. d. hefur ekki orðið verðhækkun á frystum fiski í Bandaríkjunum í tvö ár og líkur taldar á að þar fari verð þessarar mikilvægu útflutningsvöru okkar að hækka. Það er því einkennileg kjarabót fyrir láglaunafólk að afnema áhrif viðskiptakjara á laun þegar svo er ástatt. Þessi „kjarabót" láglaunafólki til handa er sögð hafa náðst vegna harðrar baráttu forustumanna Alþb. í launþegasamtökum, ríkisstj. og á Alþingi. Ekki veit ég hvort ástæða er til þess að óska launþegum til hamingju með slíka forustumenn.

Ýmsir stjórnarsinnar hafa haldið því fram, að launþegar skipti á sléttu með þessum lögum í kaupmætti, eins og það er orðað. Þjóðhagsstofnun hefur látið fjh.- og viðskn. í té útreikninga sem birtir eru í nál. okkar. Þar kemur allt annað í ljós. Fram kom á sameiginlegum fundi fjh.- og viðskn. Ed. og Nd. frá hálfu forstjóra Þjóðhagsstofnunar að kaupmáttur launa á 4. ársfjórðungi ársins 1981 mundi verða 5—6% minni en á 4. ársfjórðungi ársins 1980. Nú er ekki hægt að kenna um að viðskiptakjör versni, því eins og ég sagði áðan gerir Þjóðhagsstofnun ráð fyrir að viðskiptakjör hvorki versni né batni það sem eftir er af þessu ári.

Í þessum útreikningum Þjóðhagsstofnunar, sem birtast í nál., kemur í ljós að kaupmáttur kauptaxta félaga í ASÍ rýrnar um 5.2% 1. mars og er minni út allt árið vegna áhrifa þessara brbl. en verið hefði ef engin lög hefðu verið sett.

Ekki er öll sagan sögð þótt tíundað sé hver sé kaupmáttarskerðing taxtakaups launþega og bótaþega almannatrygginga samkv. þessum lögum. Samtímis útgáfu brbl. var öll opinber þjónusta hækkuð um 10% og áformuð stórfelld skattahækkun þriðja árið í röð á allan almenning.

Þessi hækkun skatta, sem áformuð er milli áranna 1980 og 1981, er að raungildi sem hér segir á verðlagi fjárlaga 1981: Orkujöfnunargjald hækkar skatta frá fyrra ári um 8 milljarða gkr., innflutningsgjald á sælgæti, sem er nýr skattur, um 1200 millj. gkr., nýtt vörugjald á sælgæti og gosdrykki um 3600 millj. gkr., skattahækkun á bensín umfram verðlag hækkar skatta um 4700 millj. kr., hækkun tekju- og eignarskatta miðað við skattvísitölu 145 hækkar tekju- og eignarskatta um 10.5 milljarða gkr., miðað við breytingar á tekjum milli áranna 1980 og 1981. Samtals eru þetta 28.5 milljarðar gkr., en frá þessu dregst skattalækkun vegna afnáms aðlögunargjalds, afnáms nýbyggingargjalds og áformaðrar tollalækkunar. Þar er um að ræða 4300 millj. gkr. Er niðurstaðan þá sú, að áform eru um skattahækkun milli áranna 1980 og 1981 sem er um 24 milljarðar gkr. að raungildi.

Þessi skattahækkun bætist við fyrri hækkanir skatta sem núv. ríkisstj. og ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar bera ábyrgð á frá hausti 1978. Heildarhækkun skatta frá þeim tíma er orðin 70—80 milljarðar gkr. að raungildi á fjárlagaverði í ár eða rúmlega 1700 þús. gkr. á hverja 5 manna fjölskyldu í landinu.

Þegar þannig er staðið að málum og ríkisstjórnir fara æ dýpra í vasa skattborgaranna á tímum rýrnandi þjóðartekna er ekki von að kjör almennings batni. Óljós loforð í svonefndri efnahagsáætlun ríkisstj. um óverulega tilslökun á þessum skattahækkunum, sem blasa við, eru almenningi harla lítils virði.

Í 2. gr. brbl., sem þessu frv. er ætlað að staðfesta, er kveðið svo á að fresta skuli verðtryggingu sparifjár og inn- og útlána samkv. 33. gr. svonefndra Ólafslaga. Í 3. gr. er á hinn bóginn kveðið svo á að stofna skuli þegar í stað til verðtryggðra innlána sex mánaða sparifjárreikninga í bönkum og sparisjóðum, en þetta þýðir auðvitað í raun verðtryggingu inn- og útlána að verulegu leyti þegar í stað og er um leið lögfesting á hávaxtastefnu án tillits til allra aðstæðna annarra í þjóðfélaginu. Mér hefði þótt tíðindum sæta fyrir allnokkru ef slíkar hugmyndir hefðu komið frá Alþb. Þegar Lúðvík Jósepsson var og hét var annað uppi á teningnum.

Þeir bankamenn, sem komu á fund fjh.- og viðskn. til þess að skýra frá vaxtastefnu sem felst í þessum greinum laganna, kinokuðu sér við að skýra þær í samhengi. Sá þeirra, sem varkárastur var, sagði að þær „virtust ganga sitt í hvora áttina". Þegar þessir mætu bankamenn voru spurðir hvernig þessi ákvæði samræmdust 10. lið svonefndrar efnahagsáætlunar ríkisstj. þar sem segir: „Stefnt verði að almennri lækkun vaxta 1. mars", fengust engin svör. Segja má að þá hafi vel átt við það orðtæki, sem stundum heyrist hér í þingsölum, að þeir „vöfðu hreinlega tungu um höfuð sér".

Þegar fjh.- og viðskn. óskaði eftir skriflegu svari um það, með hvaða hætti unnið væri að slíkri vaxtalækkun, svaraði hagfræðideild Seðlabankans þannig orðrétt, eins og fram kemur í fskj. III með þessu nál.: „Um það hvernig unnið sé að því stefnumiði að lækka vexti 1. mars, treystist hagfræðideild ekki að svara að svo stöddu".

Og hvað eru nú margir dagar, hæstv. ráðherrar, þangað til þessi ákvörðun á að koma til framkvæmda? Hagfræðideild Seðlabankans getur ekkert um það sagt og veit ekkert hvernig unnið er að þessu máli. (**Fjmrh.:** Þeir eru nú ekki einir um að eiga almanak.)

Augljóst er, hver ástæðan er fyrir þessu svari hagfræðideildar Seðlabankans, ef skoðuð eru fylgigögn bréfs bankans í fskj. með nál. Þar kemur skýrt í ljós, að ákvæði 3. gr. laganna um að skylda banka og sparisjóði til að hafa á boðstólum verðtryggða sex mánaða innlánsreikninga, sem síðar var ákveðið að bæru 1% vexti, þýddi stórfellda hækkun innláns- og útlánsvaxta svo til þegar í stað.

Bankamenn og hagfræðideild Seðlabankans hafa svo sannarlega átt erfitt um svör þegar spurt er um hversu mikla hækkun inn- og útlánsvaxta sé að ræða raunverulega miðað við fyrra vaxtakerfi. Skrifleg svör Seðlabankans koma fram í áðurnefndu fskj. með nál. Þar eru raunvextir innlána í 55% verðbólgu neikvæðir á bilinu 12.9—5.8% í núverandi vaxtakerfi, en verðtryggð innlán bera á hinn bóginn jákvæða vexti. Útlán bankanna verða a. m. k. þeim mun dýrari sem þessi vaxtamismunur gefur til kynna. Vafasamt er hvort nokkru sinni fyrr

hefur verið tekin ákvörðun um meiri hækkun vaxta en með 3. gr. brbl.

Þetta eru að sjálfsögðu góðar fréttir fyrir sparifjáreigendur og verður vonandi til að efla innlendan sparnað að mun. Spurningin er sú, hvort atvinnuvegirnir eru við núverandi aðstæður og stjórnarfar í stakk búnir til að taka á sig þessa miklu raunvaxtahækkun.

Taprekstur flestra greina atvinnulífsins undanfarin ár er viðurkennd staðreynd, m. a. í greinargerðum fjárlagafrv. ríkisstj. og hæstv. fjmrh. Enn er afkomu þeirra á þessu ári stefnt í tvísýnu svo að ekki sé meira sagt. Greiðslustaða atvinnufyrirtækja er afleit og vanskil mikil.

Hvað þýðir stórhækkun raunvaxta, spennitreyja verðlagshafta, falskt gengi krónunnar og skattpíning við slíkar aðstæður? Skyldi þetta vera aðbúnaður sem auðveldar vélvæðingu, aukna framleiðni, gróanda atvinnulífs, bætta aðbúð verkafólks og þar með bætt lífskjör í landinu? Svarið liggur í augum uppi. Þessi stefna séð í samhengi, lögbinding hávaxtastefnu við þessar aðstæður, er í raun uppskrift fyrir stöðvun atvinnuveganna og atvinnuleysi.

Almennt er talið að í byrjun des. á s. l. ári hafi gengi krónunnar verið 8—9% of hátt skráð til þess að útflutningsatvinnuvegirnir hafi fengið kostnað sinn við öflun gjaldeyris uppi borinn. Vegna mikils gengissigs í des. var þetta hlutfall komið niður í 3—4%. Eftir ákvörðun fiskverðs skortir 5—6% á að gengi krónunnar sé „rétt" skráð, miðað við að allar greinar sjávarútvegsins fái uppi borinn kostnað við gjaldeyrisöflun. Hæstv. sjútvrh. viðurkenndi þessa staðreynd m. a. í umr. hér í hv. deild í gær. Ástandið væri auðvitað miklu verra ef „himnasendingin" sem er hækkun dollarans vegna vinsælda Reagans í Bandaríkjunum miðað við Evrópugjaldmiðla, hefði ekki komið til.

Þessi stefna, að halda uppi fölsku gengi eða jafnvel frystu á tímum 50—60% innlendrar verðbólgu, hlýtur að leika sjávarútveginn grátt svo og útflutningsiðnaðinn, enda kom hér fram í umr. í gær að sumar greinar sjávarútvegsins yrðu reknar með verulegum halla. Samkeppnisiðnaðurinn er þó jafnvel enn verr settur þar sem allar innfluttar iðnaðarvörur framleiddar erlendis af erlendu verkafólki eru raunar niðurgreiddar þegar slík stefna er uppi á teningnum. Til viðbótar óhagstæðu gengi hefur ekki tekist að fá stjórnvöld til að bæta samkeppnisiðnaðinum missi 3% aðlögunargjalds.

Ákvæði 1. gr. um „herta" verðstöðvun, hækkun raunvaxta samkv. 3. gr. og millifærslukerfi, sem þýðir falskt gengi, ásamt sífelldri hækkun skatta á atvinnuvegina og landsfólkið eru augljóslega tilvalin uppskrift fyrir atvinnuleysi, eins og ég sagði áðan.

Það er mjög athyglisvert, að með brbl., sem staðfesta á með þessu frv., vinnur ríkisstj. það vel lukkaða afrek að hjakka í sama óðaverðbólgufarinu og gert var ráð fyrir að yrði í fyrra, án þess að eitt eða neitt væri gert til að hamla gegn verðbólgunni. Þetta er nú allur árangurinn.

Þjóðhagsstofnun spáði því í apríl í fyrra, að verðbólgan yrði 50—55% árið 1980 ef ekkert væri að gert. Forsrh. sagði þá að vísu í sjónvarpi: „Ef áform okkar standast gæti verðbólgan orðið 40% frá ársbyrjun til ársloka, við skulum segja að hún verði í mesta lagi 45% á árinu. Ég trúi því ekki að hún verði meiri", sagði hæstv. ráðh. í sjónvarpinu. — Þetta var að sönnu tilslökun frá „niðurtalningunni" og forsendum fjárlaga sem gerðu ráð fyrir 31% verðbólgu frá ársbyrjun til ársloka.

Ég mótmælti þessum sjónvarpsummælum forsrh. í utandagskrárumr. í þessari hv. deild í fyrra, þar sem hæstv. forsrh. átti að hafa spá Þjóðhagsstofnunar í sínum fórum og vita betur þegar hann viðhafði þessi ummæli. Ég sagði þá, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég óska hæstv. ráðh. til hamingju með að lesa þessa umr. eftir nokkra mánuði og sjá hvað hér hefur farið fram. Það er kannske rétt að enda á því að segja að reynslan er ólygnust. Og ég er algerlega óhræddur að láta reynsluna dæma hvor okkar hæstv. ráðh. hefur farið hér með rétt mál. En ég tel það mjög alvarlegt þegar þjóðin er beinlínis blekkt í málum sem þessum, eins og hæstv. ráðh. gerði í sterkasta fjölmiðli þjóðarinnar."

Þetta sagði ég orðrétt við umr. utan dagskrár í apríl í fyrra, og hefði hæstv. forsrh., sem raunar ber ábyrgð á þessu frv., gjarnan mátt vera viðstaddur og hlýða á þau orð einu sinni enn.

Og reynslan reyndist líka ólygnust. Verðbólgan varð 55% frá 1. des. 1979 til 1. des. 1980 og slík skriða verðhækkana varð í des. í fyrra, m. a. vegna kjarasamninga sem ríkisstj. hafði veruleg áhrif á, að verðbólga frá ársbyrjun til ársloka varð 58.9%, en ekki 40—45% eins og hæstv. forsrh. hélt fram í þessari hv. deild í apríl í fyrra og sagðist ekki trúa að hún yrði meiri vegna aðgerða sem ríkisstj. ætti uppi í erminni.

Nú spáir Þjóðhagsstofnun um 50% verðbólgu í kjölfar þessara brbl. á árinu 1981, en hæstv. forsrh. er enn að tala um 40 prósentin sín frá því í fyrra. Hæstv. viðskrh. er þó svo raunsær að hann þreytist ekki á að tala um að frekari ráðstafana sé þörf til að ná verðbólgunni niður fyrir það mark sem Þjóðhagsstofnun spáir nú.

Þegar ég tala um hæstv. viðskrh. minnir það mig á að hæstv. ráðh. skrifaði hv. fjh.- og viðskn. bréf að ósk nefndarinnar. Þetta bréf er dæmigert um þau svör sem hæstv. ráðh. hafa viðhaft á Alþingi þegar þeir hafa verið spurðir um hvað ríkisstj. hafi á prjónunum til þess að veita viðnám hinni geigvænlegu verðbólgu sem tröllriðið hefur þjóðarbúskapnum undanfarin ár. Raunar er þetta bréf keimlíkt þeim svörum sem hæstv. ráðherrar gefa um öll önnur mál, sbr. utandagskrárumr. í Sþ. í gær. Þetta bréf er stutt, eins og formaður fjh.- og viðskn. sagði hér í sæti sínu, og ég ætla, með leyfi hæstv. forseta, að lesa það orðrétt. Það hljóðar svo:

„Fjárhags- og viðskiptanefnd Alþingis hefur með bréfi, dags. 16. febrúar s. l., spurt rn., hvernig verðlagsmálum og verðlagseftirliti verði hagað eftir 1. maí n. k.

Ríkisstj. er að fjalla um frekari aðgerðir í efnahagsmálum, en niðurstöður liggja ekki fyrir enn. Verðlagsmálin eru einn þáttur þessara mála.

Af þessum ástæðum er ekki unnt að svara spurningum nefndarinnar á þessu stigi málsins.

Tómas Árnason."

Þetta held ég að sé dæmigert svar sem segir ekki neitt. Raunar er þó eitt sem ávallt hefur heyrst frá þessari ríkisstj. frá því að hún kom til valda fyrir rúmu ári. Hún segir í raun við þjóðina: Við vitum ekki neitt og ætlum því ekki að segja ykkur neitt um hvað við ætlum að gera.

Sannleikurinn er sá, að ef ríkisstj. grípur ekki til frekari úrræða í baráttunni við verðbólguna en fram koma í þessum brbl. um bráðabirgðaúrræði eru allar líkur á að sagan frá því í fyrra endurtaki sig og þegar kemur að kjarasamningum í haust og um áramótin

stöndum við í nákvæmlega sömu sporum og í fyrra, þegar verðbólgan fór svo vaxandi að Þjóðhagsstofnun spáði 70% verðbólgu á árinu 1981 ef ekkert væri að gert.

Það er næsta kátbroslegt að hæstv. ríkisstj. miðar árangur sinn í viðureigninni við verðbólgu við þessa 70% verðbólguspá Þjóðhagsstofnunar. Aðgerðaleysi ríkisstj. í efnahagsmálum í fyrra og afskipti af kjarasamningum urðu til þess, að alger ringulreið og 70% óðaverðbólgumet blasti við. Með einhliða fórn og kaupmáttarskerðingu bótaþega almannatrygginga og launafólks — jafnt láglauna- sem hálaunamanna — nær ríkisstj. verðbólgunni niður á það stig sem henni var spáð í fyrra ef hún hefði þá haft vit á að sitja með hendur í skauti og gera ekki nokkurn skapaðan hrærandi hlut, hvorki til ills né góðs. Þetta er árangurinn sem næst með þessum fórnum almannatrygginga bótaþega og launþega. Því má með sanni segja um þessi brbl., að þau séu of mikil og einhliða fórn launafólks og lífeyrisþega fyrir of lítinn árangur. Það hefur í rauninni ekkert gerst, ekkert áunnist annað en að bæta fyrir „alvarleg mistök" — svo að notuð sé fleyg orð hæstv. forsrh. — alvarleg mistök ríkisstj. sjálfrar á s. l. ári og kippt er til baka allri grunnkaupshækkun launþega sem sum launþegasamtökin voru upp undir ár að semja um. Ég óska hv. frsm. fjh.- og viðskn., hv. formanni þingflokks Alþb., til hamingju með það, hvað hann er ánægður með þessi brbl.

Þessi brbl. sýna, svo að ekki verður um villst, að núv. hæstv. ríkisstj. var mynduð án þess að samstaða væri um nein úrræði í viðureigninni við þá óðaverðbólgu sem hér ríkir og gegnsýrir og sýkir íslenskt efnahagslíf. Hin margfræga „niðurtalningarleið" varð ríkisstj. svo rækilega til skammar á s. l. ári að niðurtalning er bannorð í nýrri efnahagsáætlun ríkisstj., sem er í rauninni óljóst orðagjálfur. Í stjórnarsáttmálanum segir orðrétt: „Á árinu 1981 verði ákveðin tímasett mörk í samræmi við markmið um hjöðnun verðbólgu." — Og ef ég mætti biðja einhvern hæstv. ráðh. að vera viðstaddan ætla ég að varpa fram fsp. (**Forseti:** Já, það mun verða gerð tilraun til þess að fá ráðh. hingað. — Ráðherrar ganga nú í salinn margir.)

Ég vakti athygli á því, hæstv. ráðherrar, að í stjórnarsáttmálanum, sem stundum er lesið upp úr hér á hinu háa Alþingi, stendur: „Á árinu 1981 verði ákveðin tímasett mörk í samræmi við markmið um hjöðnun verðbólgu." Ég spyr: Hvar er að finna þessi tímasettu mörk, hver eru þau og hver eru markmið ríkisstj. á árinu 1981 um hjöðnun verðbólgu? Ég tek ekki mark á því að tala um hin margfrægu 40%, sem var talað um hér í fyrra og allir vita hvernig fór um, en í fyrra, eins og þið munið, voru sett ákveðin tímasett mörk um hjöðnun verðbólgu á þeim tímamörkum þegar vísitala er reiknuð út, og ég spyr: Hver eru þessi mörk á árinu 1981 í samræmi við stjórnarsáttmála?

Það er kapítuli út af fyrir sig, að þau brbl., sem ríkisstj. gaf út á gamlársdag, eru með öllu óþörf og brjóta því í bága við það ákvæði stjórnarskrárinnar að brýna nauðsyn hafi borið til að setja þau.

1. gr. laganna er óþörf. Ríkisstj. hafði heimild í lögum til að haga verðstöðvun að eigin vild í framkvæmd.

2. gr. er óþörf vegna þess að 3. gr. tekur hana efnislega til baka og lesnar saman eru þessar greinar eins og brandari í áramótaskaupi.

Ef ríkisstj. vildi verðtryggja inn- og útlán með því að taka upp verðtryggða innlánsreikninga, sem bundnir voru til sex mánaða, hafði hún heimild til að gefa Seðlabankanum fyrirmæli um það samkv. VII. kafla Ólafslaga. Trúlega hefðu flestir menn talið að sú ákvörðun væri fullnægjandi framkvæmd á ákvæðum þess kafla.

4., 5. og 6. gr. var unnt að lögfesta á Alþingi með venjulegum hætti fyrir 1. mars, eins og verið er að gera nú, og hefði raunar verið hægt að hafa þá afgreiðslu fyrr á ferðinni.

7. gr. er enn betur fallin til skemmtunar í áramótaskaupi en 2. og 3. gr. Þar setur ríkisstj. lög um að hún hafi heimild til að gera það sem heimild er þegar fyrir í fjárlögum, þ. e. skera niður framkvæmdir, og henni sé heimilt að fresta framkvæmdum samkv. lánsfjárlögum, sem enn eru til meðferðar á Alþingi.

Sannleikurinn er sá, að það er með algerum ólíkindum hvað þessi brbl. eru mikið flausturverk. Það rennir stoðum undir ummæli hæstv. viðskrh. í blöðum um að marktækar tillögur ríkisstj. í efnahagsmálum hafi fyrst verið festar á blað á aðfangadag jóla. Trúlegri eru þessi ummæli en það, að hæstv. forsrh. hafi haft einhver úrræði í huga í apríl 1980, þegar hann trúði því ekki, eins og hann sagði orðrétt í sjónvarpi, að verðbólgan yrði meiri en 40 — 45% á síðasta ári.

Gjaldmiðilsbreyting átti sér stað um síðustu áramót. Augljóst er að almenningur hefur tekið þessari breytingu vel. Áþreifanlega hefur sannast að gjaldmiðilsbreytingin hefði getað orðið mikilvægur hlekkur í samstilltum aðgerðum gegn verðbólgunni, eins og ég leyfði mér að halda fram fyrir nokkrum árum þegar ég flutti þáltill. um hliðstæða gjaldmiðilsbreytingu. Þessi breyting hefði getað orðið almenningi nauðsynlegt ytra tákn hugarfarsbreytingar og stjórnmálamönnum brýning til allsherjarhreingerningar í efnahagsmálum til eflingar og styrktar hinum nýja gjaldmiðli. Því miður er þetta tækifæri í þann veginn að glatast til óbætanlegs tjóns fyrir þjóðina vegna úrræðaleysis og aðgerðaleysis ríkisstj.

Í athyglisverðri grein, sem dr. Jóhannes Nordal Seðlabankastjóri ritar nýlega í Fjármálatíðindi, bendir hann réttilega á hvílíkt tækifæri gjaldmiðilsbreytingin er sem þáttur í víðtækum ráðstöfunum til viðnáms gegn verðbólgu. Hann hvetur til þess að gera „samstillt átak á tiltölulega skömmum tíma", svo að orðrétt sé vitnað í hann, gegn verðbólguvágestinum. Orðrétt segir Jóhannes Nordal, með leyfi hæstv. forseta, í umræddri grein:

„Í öðru lagi er ástæða til að benda á þann litla og yfirleitt skammæja árangur, sem náðst hefur á undanförnum árum með því að reyna að draga úr verðbólgunni með hægfara aðgerðum á tiltölulega skömmum tíma. Þótt fyrir þessari leið megi færa ýmis góð og gild rök virðist hún krefjast meira úthalds og harðara aðhalds um langan tíma en stjórnkerfi Íslands ræður við. Sannleikurinn er sá, að varla er við því að búast, að hin hagstæðu áhrif verðbólguhjöðnunar á atvinnustarfsemi og þjóðlíf fari að koma fram í verulegum mæli fyrr en verðbólguhraðinn er kominn mjög langt niður fyrir það sem hann er nú, jafnvel um helming eða meir, svo að eitthvað markmið sé nefnt. Eigi að bíða eftir slíkum árangri árum saman, er hætt við að stíflan bresti áður en svo langt er komið og allt sæki í sama far. Margt mælir því sterklega með því," segir dr. Jóhannes Nordal, „að reynt verði að draga úr verðbólgunni með samstilltu átaki á tiltölulega skömmum tíma, á meðan hagstæð áhrif gjaldmiðilsbreytingarinnar geta enn orðið að nokkru liði."

Betur er ekki hægt að komast að orði, ef lýsa á þeim

hugmyndum í grundvallaratriðum sem sjálfstæðismenn lögðu fram fyrir síðustu kosningar til viðnáms og hjöðnunar verðbólgu á skömmum tíma. Andstæðingum okkar tókst að afflytja og hræða fólk á þessum hugmyndum. Þær voru róttækar og óþekkt fyrirbrigði í íslenskri stjórnmálasögu, að flokkur legði þannig spilin á borðið fyrir kosningar og segði að verðbólgan yrði ekki lækkuð án nokkurra fórna allra landsmanna í bili. Fleiri gera sér nú ljóst, að þessar hugmyndir sjálfstæðismanna fólu í sér raunhæfa leið til þess að nema burt þetta illkynja þjóðarmein með „samstilltu átaki á tiltölulega skömmum tíma" einmitt um það leyti sem gjaldmiðilsbreytingin var fyrirhuguð. Svo rammt kveður að þessari skoðun að jafnvel pólitískir andstæðingar sjálfstæðismanna játa þetta í blaðaskrifum.

Við hv. þm. Eyjólfur Konráð flytjum á þskj. 445 nokkrar brtt., en þær fela í sér skref í átt til endurreisnar íslensks efnahags- og atvinnulífs. Með slíkum aðgerðum sem þær fela í sér yrði undirbúið samstillt átak á tiltölulega skömmum tíma til viðnáms gegn verðbólgu. Ég rek nú nokkur meginatriði þessara brtt.

Í fyrsta lagi eru atvinnuvegirnir leystir úr spennitreyju með þessum brtt. Eins og áður segir er lögfesting hávaxtastefnu komin til framkvæmda samkv. 3. gr. frv. og brbl. Sú hávaxtastefna er mjög varhugaverð fyrir atvinnuvegina, svo að ekki sé meira sagt, í þeirri spennitreyju sem hörð verðlagshöft og falskt gengi eru. Úr þessum vanda er lagt til að leysa atvinnuvegina með 1. og 4. brtt., enda mundu þá skapast skilyrði til þess að verðtryggja inn- og útlán bankakerfisins án þess að hætta á stöðvun atvinnuveganna og valda atvinnuleysi.

1. brtt. fjallar um að 8. og 12. gr. verðlagslaga þeirra, er við sjálfstæðismenn og framsóknarmenn beittum okkur fyrir að fá lögfest á Alþingi árið 1978, taki gildi á ný, og 4. brtt. leggur bann við millifærslum til að halda uppi óraunhæfu gengi, útsölu á gjaldeyri og stuðla þannig að taprekstri atvinnuveganna.

Í öðru lagi miða þessar brtt. að því að vernda kaupmátt bóta almannatrygginga og láglauna. 2. brtt. felur í sér að bætur lífeyristrygginga í almannatryggingakerfinu skerðist ekki um 7%, eins og verður ef frv. verður samþykkt. Á sama tíma sem framfærslukostnaður hækkar um 14.32% eiga elli- og örorkulífeyrisþegar að fá einungis 5.95% hækkun samkv. óbreyttum brbl. og samkv. þessu frv. Hér er augljóslega um feiknalega óréttláta lögþvingaða kjaraskerðingu að ræða hjá því fólki sem minnst má sín. 7% skerðing elli- og örorkulífeyris sviptir bótaþega 3.5 milljörðum gkr. það sem eftir er af þessu ári.

Verst kemur þetta þó niður á þeim sem einvörðungu hafa framfæri sitt af bótum, þ. e. elli- og örorkulífeyrisþegum sem lifa á tekjutryggingu, en með þessu frv. er lögfest að svipta þessa aðila, sem allir eru sammála um að séu verst settir í þjóðfélaginu, 1 þús. millj. gkr. á yfirstandandi ári og rúmlega það þó. Eins og ég sagði áðan nemur þessi skerðing fyrir hjón tæplega 9 þús. gkr. á mánuði.

Þá er leitast við að vernda kaupmátt láglaunafólks og almennra launþega með skattalækkunartillögum í 5. brtt., en meginatriði þeirrar brtt. er að skattar hækki ekki. Ég undirstrika það af því, að hv. frsm. sagði áðan að við værum með óraunhæfar skattahækkunartillögur. Hér er verið að flytja brtt. til að tryggja að skattar hækki ekki frá fyrra ári á sama tíma sem verið er að skerða verðbætur á laun, eins og 5. gr. brbl. gerir ráð fyrir. Ég rakti áðan hversu miklar þessar skattahækkanir væru.

5. brtt. gerir ráð fyrir að tekju- og eignarskattur haldist óbreyttur frá fyrra ári með raunhæfri skattvísitölu miðað við tekjubreytingu milli ára. Hún er a. m. k. 51 — 52% á sama tíma sem skattvísitala er ákveðin 145. Sjá allir, sem vit hafa á skattalögum, að það þýðir stórfellda skattahækkun. — Við leggjum til að lög um skatt á sælgæti og gosdrykki falli úr gildi. Þarf ekki að rökstyðja hvers konar öngþveiti þessi skattur hefur valdið. Sérstakt vörugjald leggjum við til að lækki um 6% og söluskattur um 2%. Samtals léttir þetta sköttum af almenningi sem nema 25 milljörðum gkr. eða nálægt því sem áformað er samkv. fjárlögum að hækka skatta frá því í fyrra, eins og ég sagði áðan. Það er því algerlega úr lausu lofti gripið og ég vísa því til föðurhúsanna — og næsta hlálegt að heyra talsmann Alþb. halda því fram — að við séum hér að flytja skattalækkunartillögur sem séu alger sýndarmennska. Í okkar huga er það lágmarkskrafa að ekki sé stefnt að stórfelldri skattahækkun þegar verðbætur eru skertar eins og frv. gerir ráð fyrir. Í fjárlögum eru 11 milljarðar gkr. „til efnahagsráðstafana." Niðurskurður samkv. 7. gr. yrði þá 14 milljarðar gkr. eða rúmleg það, þar sem örðugt er að meta nákvæmlega tekjutap ríkissjóðs í þessu dæmi.

Í brtt. okkar við 7. gr. er lögð áhersla á að lækka ekki síður rekstrarútgjöld ríkissjóðs en framkvæmdaliði, eins og gert er í frv. sjálfu. Hæstv. ríkistj. virðist ekki koma auga á nokkra einustu leið til að lækka ríkisútgjöldin að öðru leyti en skera niður framkvæmdir. Það er eitt út af fyrir sig stórkostlegt nýmæli að sjá a. m. k. í till. sem Alþb. styður. Við leggjum áherslu á að ríkisstj. leggi hugmyndir sínar um lækkun rekstrarútgjalda, lækkun útgjalda, sem eru lögbundin, og framkvæmdaútgjalda, fyrir Alþingi og fjvn. Ég get lýst því hér yfir að ég mun ekki taka á þeim lækkunartillögum á einn eða annan óábyrgan hátt.

Í fjórða lagi er að geta um eitt mikilvægasta atriðið í þessum brtt., fyrir utan skattalækkanir og verndun á kaupmætti bótaþega almannatrygginga. Eitt meginatriðið í þessum tillögum er að þær mundu þýða hjöðnun verðbólgu um 2% 1. maí. Þær mundu lækka framfærslu- og verðbótavísitölu vegna lækkana á veltusköttum 1. maí um 2%. Þetta mundi lækka greidd laun í landinu að krónutölu um 20 milljarða gkr. frá 1. júní og ríkissjóðs um 1600 millj. gkr.

Ég vil taka það skýrt fram, að við sjálfstæðismenn erum reiðubúnir að ræða ýmsar leiðir í niðurfærslu ríkisútgjalda, og það er úr lausu lofti gripið að við höfum engar hugmyndir í þeim efnum. Ég skal nefna ýmis dæmi ef hv. formaður fjh.- og viðskn. vildi vera hér inni.

Ég vil segja honum það, að við værum alveg reiðubúnir t. d. að tala um niðurfærslu á framlögum til fjárfestingarsjóða, ef féð er notað til skattalækkana, en ekki til þess að þenja út ríkisbáknið, eins og hv. þm. hefur staðið að. Nú þegar fjárfestingarsjóðir eru verðtryggðir, bæði innlán og útlán fjárfestingarsjóða, er engin ástæða til að halda þeim á ríkisframfæri, eins og verið hefur að miklu leyti, en það er skýlaus krafa okkar sjálfstæðismanna að það fé sé notað til skattalækkana, en ekki til að þenja út ríkisbáknið.

Við höfum margbent á að í mörgum tilfellum er óhófleg yfirvinna hjá ýmsum ríkisstofnunum. Hefur undirnefnd fjvn. oft gert ýmsar tillögur og unnt er að stemma

stigu við því, að yfirvinna sé eins óhófleg og sums staðar er hjá ríkisstofnunum, og talið að það væri þá skárra að ráða nýja starfsmenn til að sinna verkefnum í sumum stofnunum en að láta þær komast upp með að hafa slíka óhóflega yfirvinnu. Þá höfum við nefnt ýmsar hugmyndir um hagræðingu í rekstri og e. t. v. ekki síst hækkun sértekna ýmissa stofnana, þannig að ríkisstofnanir selji þjónustu sína á sanngjörnu verði, en skattborgararnir séu ekki látnir borga þá þjónustu.

Ríkisstj. sjálf hefur óskað eftir heimild til að fresta framkvæmdum. Við erum alveg reiðubúnir að ræða það.

Svo vil ég nefna síðast, en ekki síst, að ríkisstj. hefur stórkostlega lækkað niðurgreiðslur að raungildi á landbúnaðarvörum frá því í fyrra, þ. e. hún lækkaði þær á árinu 1980 frá árinu 1979 allverulega að raungildi. Við sjáum ekkert athugavert við að halda áfram stefnunni að þessu leyti, ekki síst ef nýr vísitölugrunnur tekur gildi á næstunni.

Þannig erum við reiðubúnir að ræða fjölmargar hugmyndir um verulega niðurfærslu ríkisútgjalda. En það gefur auga leið, að ríkisstj. á hverjum tíma hefur miklu betri möguleika á og er raunar eini aðilinn sem hefur möguleika á að koma fram með slíkar hugmyndir og leggja fyrir rétta aðila, t. d. fjvn., þar sem stjórnarandstaðan mundi þá taka á slíkum tillögum með fullri ábyrgð.

Að lokum, herra forseti, ef brtt. okkar hv. þm. Eyjólfs Konráðs yrðu samþykktar er þetta frv. þess eðlis að við sjálfstæðismenn hefðum getað staðið að slíkum ráðstöfunum, enda grundvallaratriði fyrr og síðar í stefnu okkar sjálfstæðismanna að færa fjármagn frá hinu opinbera til almennings og sérstaklega vernda kaupmátt bótaþega og láglaunafólks þegar skerða hefur þurft verðbætur á laun vegna efnahagsráðstafana. Og í síðasta lagi, og það skulu vera mín lokaorð: Slíkar ráðstafanir hafa jafnan verið góður undirbúningur að frambúðarefnahagsstefnu, en þetta frv. er það ekki.

Frsm. 2. minni hl. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Eins og kemur fram í nál. frá 2. minni hl. fjh.- og viðskn. hefur þingflokkur Alþfl. mótað brtt. við frv. til l. um ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu sem flutt er til staðfestingar á brbl. ríkisstj. frá því á gamlársdag. Þessar tillögur eru á þskj. 455. Till. miða að því að hlífa hinum verr settu við kjaraskerðingu ríkisstj., lækka skatta og bæta kjör sparifjáreigenda og húsbyggjenda. Þær miða að því að ná betri tökum á lánamálum og sníða nokkra agnúa af frv. ríkisstj.

Eins og ég hef látið koma fram áður munu þær ráðstafanir, sem hér er til gripið af hálfu ríkisstj., ekki duga til þess að ná varanlegum árangri. Það er líka mikill ljóður á þessum tillögum, að í þeim er ekkert um hvernig eigi að vernda hag og kjör þeirra sem verst eru settir í þjóðfélaginu. Í yfirlýsingu, sem ríkisstj. gaf á gamlársdag, er að vísu talað um að leitast verði við að lækka skatta hjá fólki með lágar tekjur og miðlungstekjur, en um það hefur ekkert sést. Við í þingflokki Alþfl. teljum nauðsynlegt að sem liður í þeim ráðstöfunum, sem hér verði gerðar, sé lágmarkskrafa að það liggi skýrt fyrir með hvaða hætti eigi að vernda hag hinna verst settu með aðgerðum í skattamálum og í tryggingamálum.

Till. þær, sem ég tala hér fyrir og þingflokkur Alþfl. stendur að, fela í sér sex meginefnisþætti: Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að tekjuskattur einstaklinga sé lækkaður um 240 millj. kr. eða 24 milljarða gkr. frá því sem gildandi skattalög gera. — Í annan stað verði sú kaupskerðing, sem ríkisstj. boðar hinn 1. mars, ekki látin ná til bóta almannatrygginga. — 3. Komið verði á nýjum sparifjárreikningum, sem veiti fulla verðtryggingu á því fé sem óhreyft er hverja fjóra mánuði, en peningarnir séu ekki bundnir og geti eigendur þeirra gengið að allri innstæðunni hvenær sem er. — 4. Að lán húsnæðisstjórnar verði aldrei lægri en 35% af kostnaðarverði staðalíbúðar. — 5. Að veitt verði viðbótarlán úr bankakerfinu er nemi helmingi húsnæðisstjórnarláns. Þessi lán verði verðtryggð, með lágum vöxtum til langs tíma. — 6. Heimild til frestunar framkvæmda verði miðuð við 100 millj. kr. (10 milljarða gkr.) og háð samþykki fjvn.

Eins og hv. deild er sjálfsagt kunnugt eru engar ráðstafanir gerðar til þess í brbl. ríkisstj. að verja hag þeirra sem njóta bóta hjá almannatryggingum. Þvert á móti er hugmyndin að sú 7% launaskerðing, sem fyrirhuguð er hinn 1. mars, gangi líka yfir gamalt fólk og öryrkja og aðra þá sem njóta bóta frá almannatryggingum. Þetta er að sjálfsögðu óviðunandi ástand með öllu og fyrir því flytjum við tillögu um að þessar bætur verði óskertar hinn 1. mars n. k.

Í tillögum ríkisstj. er svo gert ráð fyrir að mynda verðtryggða reikninga þar sem innstæða sé bundin til sex mánaða, og birtar hafa verið allflóknar reglur um hvernig féð ávaxtist og hvenær það sé bundið og hvenær það sé laust. Það tekur heilar tvær síður í Hagtíðindum að útskýra það fyrir sparifjáreigendum hvers konar reglur gilda í þessum efnum. Hér er farið inn á flókna leið sem er óaðgengileg, tyrfin og er ekki líkleg til árangurs. Það, sem við leggjum til í þessum efnum, er einfalt og mundi koma til móts við sparifjáreigendur með eðlilegum hætti. Menn mundu njóta verðtryggingar á því sem er raunverulegur sparnaður. Lægsta innstæðan á hverju tímabili yrði verðtryggð, en að öðru leyti reiknaðir sparifjárvextir á inn- og útlán.

Að því er húsnæðismál varðar hefur ríkisstj. talað um að leitast við að breyta í lengri tíma lán ýmsum skammtímalánum hjá húsbyggjendum sem á því þurfa að halda. Það voru fróðlegar umr. sem fóru fram um þessi mál hér í deildinni fyrir ekki löngu, þar sem hæstv. viðskrh. fjallaði um hvernig sérstakt lánalengingarráð, sem væri samsett af fjórum „bureaukratískum" stofnunum, ætlaði að rýna í framtöl manna til þess að komast að því, hvort þeir hefðu virkilega þörf fyrir þessa lánalengingu. Það var verið að undirbúa starf þessara fjögurra stofnana, sem eru félmrn., Seðlabanki, húsnæðismálastjórn og viðskrn., ef mig misminnir ekki. Ég er ansi hræddur um að það verði djúpt á aðgerðum í þessum efnum, og auk þess verður það þá eins konar skömmtunarkerfi sem þarna er tekið upp. Í stað þessa höfðum við Alþfl.-menn þegar í desembermánuði lagt fram tillögur um það, og þær eru hér með ítrekaðar, að þörfum húsbyggjenda verði mætt með því annars vegar að halda sér við þá stefnumörkun, sem núv. hæstv. félmrh. stóð að á sínum tíma, að hækka lán húsnæðisstjórnar upp í 35% af verði staðalíbúðar á þessu ári, en því til viðbótar gerum við tillögur um að bankakerfið veiti lán til langs tíma sem nemi helmingi húsnæðisstjórnarlána, en þessi lán verði verðtryggð með lágum vöxtum. Þetta mundi gagnast sparifjáreigendum mjög vel og að þessum lánum gætu menn þá gengið.

Ég gat þess hér í upphafi, að í tillögum okkar væri gert

ráð fyrir verulegri lækkun á tekjusköttum einstaklinga. Það er vert að gefa því gaum, að núgildandi skattalög munu færa ríkissjóði tekjur sem eru 5.5 milljörðum kr. hærri en í fjárlögum er áætlað. Það er líka vert að gefa því gaum, að skattar samkv. fjárlagatillögum eru öðrum 5.5 milljörðum kr. hærri en svarar til óbreyttrar skattbyrði milli áranna. Skattbyrði einstaklinga á árinu 1980 var um 13.3%, ef við tökum greiðslubyrði með tilliti til greiðsluárs, sem er eðlilegasta viðmiðunin. Heildarskattar, þ. e. beinir skattar, munu hafa verið 123 — 124 milljarðar kr., en tekjur einstaklinga 927 907 millj. kr. Til þess að halda þarna óbreyttu hlutfalli þarf sem sagt skattlagningin af tekjuskatti að vera 5.5 milljörðum kr. lægri en í fjárlögum eða 11 milljörðum kr. lægri en núverandi skattalög gera ráð fyrir.

Ég vek sérstaka athygli á þessu. Þetta þýðir það í raun og sannleika að þegar koma á til framkvæmda lækkun á greiðslubyrði skatta til að vernda ráðstöfunartekjur verður fyrst að lækka um 11 milljarða og síðan um viðbótarfjárhæð sem nemur því sem nauðsynlegt er til að mæta hugmyndum um að lækkunin verði 1 — 1.5% af tekjunum. 11 milljarða kr. lækkun ein sér mundi ekki þýða neina lækkun á greiðslubyrði af sköttum á greiðsluári, heldur óbreytta greiðslubyrði. Það er mikilvægt að menn hafi þetta í huga þegar litið er á það viðfangsefni að tryggja ráðstöfunartekjur fólks með skattalækkun.

Tillögur okkar Alþfl.-manna gera ráð fyrir að lækka skattbyrði frá því, sem hún var í fyrra, um 1.5% af *tekjum hjá öllum þeim sem hafa miðlungstekjur eða minna*. Þetta þýðir að samkv. okkar till. mundi skattbyrðin lækka um þessi 1.5% að því er varðar greiðslubyrði eða meira hjá hjónum sem hafa minna en 12 millj. gkr. í tekjur á liðnu ári. Sama gildir um einhleypa með 8 millj. gkr. eða minna og einstæða foreldra með 10 millj. gkr. eða minna.

Skattatillögurnar eru allfjölþættar og mun ég nú gera grein fyrir efni þeirra.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að persónuafsláttur hækki úr 7325 kr. í 8600 kr. eða um 1275 kr. (127 500 gkr.) Þetta þýðir reyndar samtals 255 þús. gkr. hjá hjónum.

Í annan stað er gert ráð fyrir að persónuafsláttur nýtist til greiðslu eignarskatts. Fram til þessa hefur persónuafsláttur ekki nýst til greiðslu eignarskatts, en með því að *leiða það í lög og taka upp það form mundi væntanlega* verða létt undir með t. d. ýmsu öldruðu fólki sem þarf að standa undir eignarsköttum af íbúðum sem það býr í. Sama mundi auðvitað gilda um þá sem hefðu orðið fyrir áföllum einhverra hluta vegna og hefðu lækkað verulega í tekjum eða hefðu lágar tekjur.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir því, að ónýtanlegur persónuafsláttur allt að 430 þús. gkr. greiðist út þeim sem eldri eru en 20 ára og stunda ekki atvinnurekstur. Hér er um það að ræða að innan þjóðfélagsins er ákveðinn hópur fólks sem hefur verið skattlaus að undanförnu, en býr við mjög bág kjör. Við viljum freista þess að koma til móts við þennan hóp með því að sá persónuafsláttur, sem ekki nýtist til þess að mæta opinberum gjöldum og eftir stendur, verði greiddur út allt að 430 þús. í gkr. Þetta höfum við þó takmarkað við fólk, sem er 20 ára og eldra og stundar ekki atvinnurekstur. Takmörkunin tekur mið af því, að á yngri árum eru margir heima við og að því leyti sem þeir eru ekki heima við væri réttara að mæta þeirra þörfum t. d. með námslánum og því um líku, og í annan stað höfum við ekki séð ástæðu til þess að hinn ónýtanlegi persónuafsláttur og útgreiðsla hans næði til atvinnurekenda.

Í fjórða lagi gerum við ráð fyrir að lágmarksupphæð fasts frádráttar hjá einhleypum hækki úr 550 þús. gkr. í 900 þús. gkr. Þessi fasti frádráttur var upp tekinn í fyrra eftir allmiklar umr. hér, þar sem einhleypum hafði verið ætluð mjög mikil aukning á skattbyrði, og á elleftu stundu ekki bara í óeiginlegri merkingu heldur líka bókstaflega séð — fann fjmrh. það til ráðs að finna upp þessa lágmarksupphæð fasts frádráttar til að draga úr skattaíþyngingu á þessu fólki. Nú stendur þessi upphæð óhreyfð vegna þess að hún hefur ekki verið miðuð við skattvísitölu eða bundin við skattvísitölu. Hér er gert ráð fyrir því, að hún aukist verulega umfram þá skattvísitölu, sem hæstv. ráðh. hefur látið samþykkja, og fari úr 550 þús. gkr. í 900 þús. gkr.

Í annan stað er gert ráð fyrir því, að þessi lágmarksupphæð fasts frádráttar, sem var 550 þús. gkr. hjá einstæðum foreldrum í fyrra, verði nú 13 500 kr. eða 1 millj. 350 þús. gkr. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að skattur var hækkaður mjög verulega á einstæðum foreldrum samkv. þeim skattalögum og því skattkerfi sem lögfest var hér í fyrra. Að víu hefur hæstv. fjmrh. ekki verið mjög ginnkeyptur fyrir að viðurkenna að svo hafi verið. En ég rökstuddi það í fyrra að svo væri, og af þeim gögnum, sem ég hef fengið vitneskju um hjá sérstakri nefnd sem hæstv. ráðh. skipaði, hefur einmitt sannast að einstæðir foreldrar með tekjur á bilinu 2—5 *millj. kr. í hittiðfyrra hafa orðið fyrir verulegri skattaíþyngingu*, rétt eins og ég sagði. Með þessari sérstöku aðgerð, að hækka fastafrádráttinn verulega umfram það sem hann er hjá einhleypum að því er varðar einstæða foreldra, er leitast við að lagfæra þetta. Hér er sem sagt sú regla upp tekin, að lágmarksupphæð fasts frádráttar hjá einstæðum foreldrum sé 50% hærri en hjá einhleypum.

Þessar aðgerðir þýða það, að skattur lækkar mjög verulega hjá fólki eða um það bil um 255 þús. gkr. hjá hjónum, yfirleitt á bilinu 215—300 þús. gkr. hjá einhleypum og hjá einstæðum foreldrum yfirleitt á bilinu 325—400 þús. gkr. Hér væri því stigið mjög myndarlegt skref til þess að vernda kaupmátt ráðstöfunartekna hjá fólki. En ég vil þó vekja sérstaka athygli á því, að það hefur mjög veruleg áhrif að greiða út ónýtanlegan persónuafslátt. Það bætir einkanlega og langt umfram þetta hag þeirra sem lægstar hafa tekjurnar og verst hafa orðið úti. Enn fremur er það einkenni þessara tillagna, að skattlækkunin er *hlutfallslega meiri af lágum tekjum en miðlungstekjum*.

Að því er framkvæmdaratriði varðar, um fyrirframgreiðslu og því um líkt, flytjum við líka brtt. um tvö atriði. Við teljum að það sé augljóst að sú kjaraskerðing, sem boðað er að komi til framkvæmda núna 1. mars, muni bitna harðast á fólki á fyrstu þremur mánuðum á eftir mars, apríl, maí, og reyndar verulega í júní líka. Þess vegna er það augljóst mál, að til að mæta þörfum þessa fólks og vernda það og ráðstöfunartekjur þess fyrir þeirri kjaraskerðingu, sem koma á til framkvæmda 1. mars, komi tekjuskattslækkunin í reynd til framkvæmda einmitt þann dag líka, þannig að fyrirframgreiðslurnar á þessum mánuðum verði lækkaðar sem nemur þeirri tekjuskattslækkun sem koma á til framkvæmda. Það eru vitaskuld ótæk vinnubrögð ef fara á þannig að að láta tekjuskattslækkunina einungis koma til framkvæmda á

síðari hluta ársins. Fólkið þarf á þessum ívilnunum að halda strax upp úr 1. mars. Auðvitað kostar þetta þá fyrirhöfn að það verður að senda út nýja seðla um fyrirframgreiðslur, en ég tel að það sé lítið í lagt með tilliti til þess að þarna væri verið að koma til móts við fólkið þegar þegar það tekur á sig þessa kjaraskerðingu, sem ég geri ráð fyrir að verði að lögum. Einkum á þetta náttúrlega við varðandi þá sem lægst hafa launin.

Enn fremur flytjum við tillögu um það, að barnabætur verði greiddar út á fyrirframgreiðslutímabilinu hjá þeim sem eiga tvö börn eða fleiri. Ég vænti þess, að hv. deild sé ljóst að barnabætur eru nú einungis greiddar út á síðari hluta ársins eða eftir að álagning hefur farið fram, rétt eins og menn eigi ekki börnin nema hálft árið. Ég tel að slíkt sé ótækt fyrirkomulag sem sjálfsagt sé að leita leiðréttingar á. Það er að vísu svo, að þeir, sem í nauðum eru staddir og kunna á kerfið, geta óskað eftir því að fá barnabæturnar greiddar út líka á fyrirframgreiðslutímabilinu. En ekki kunna allir á kerfið og stundum síst þeir sem helst þyrftu á fyrirgreiðslunni að halda. Það er afleitt kerfi að vera með undanþágu- og umsóknarákvæði gagnvart fólki sem stendur höllum fæti. Og ég vek athygli á því, að þetta á einmitt við að því er varðar það fólk, vegna þess að hér er um að ræða það fólk sem fær barnabæturnar greiddar út, en ekki þá sem nýta barnabæturnar til að mæta skattinum. Úr þessu þarf vissulega að bæta. Þörfin hefur náttúrlega orðið enn brýnni með tilliti til þeirrar kjaraskerðingar sem fyrirhuguð er 1. mars n. k. Við höfum að vísu takmarkað þetta við að börnin séu tvö eða fleiri þannig að þetta yrði heldur einfaldara í framkvæmd.

Nú kunna ýmsir að spyrja hvernig eigi að mæta þeirri tekjuskattslækkun sem Alþfl. boðar með þessum till. Því er fljótsvarað. Í fyrsta lagi eru áætlanirnar í fjárlögum lægri sem nemur 5.5 milljörðum kr. en það sem kemur út úr gildandi skattkerfi. Í annan stað gerum við ráð fyrir að sú fjárhæð sem er í fjárlögum og ætluð er til efnahagsráðstafana, verði nýtt í þessu skyni. Þar eru 11 milljarðar kr. Þá gerum við ráð fyrir því, að heimild í fjárlögum til lækkunar ríkisútgjalda um 3 milljarða gkr. verði enn fremur nýtt. Þetta eru samtals um 29 milljarðar kr. þannig að svigrúm er nægilegt í þessum efnum. Auk þess get ég bent á tillögur Alþfl. frá því að fjárlög voru til afgreiðslu. Þar var líka bent bæði á niðurskurðaratriði og eins á atriði sem mættu verða til frekari tekjuöflunar. Ég tel að með samþykkt till. af þessu tagi væri stigið mjög verulegt spor í þá átt að jafna aðstöðu fólksins í landinu og vernda ráðstöfunartekjur þess og einkanlega þá þeirra sem verst eru settir.

Þær brtt., sem við höfum flutt, birtast á sérstöku þskj., eins og ég gat um áðan, 455.

Við gerum ráð fyrir því, að við 2. gr. bætist nýr málsliður sem fjalli um nýja innlánsreikninga og viðbótarlán úr bankakerfinu til íbúðabygginga og íbúðakaupa.

Við gerum ráð fyrir því að 3. gr. verði breytt þannig, að þar verði tekið fram að lánahlutfall megi ekki ákvarðast undir 35% af áætluðum byggingarkostnaði staðalíbúðar að því er varðar húsnæðisstjórnarlán.

Að því er skattamálin varðar höfum við gert ráð fyrir fimm nýjum greinum sem komi á eftir 4. gr., og þær fjalla um þau efnisatriði sem ég hef rakið. Þessar greinar yrðu 5., 6., 7., 8., og 9. gr.

Í 5. gr. er skilgreindur lágmarksfrádráttur hjá einhleypum og einstæðum foreldrum. Ég vek athygli á því, að þær tölur, sem hér eru fram settar, eru miðaðar við skattvísitölu 100 í brtt., en þær tölur, sem ég hef nefnt, eru að sjálfsögðu miðaðar við skattvísitölu 145. Þess vegna ber að margfalda þær tölur, sem birtast í brtt., með 1.45 til þess að fá þær tölur sem notaðar yrðu við álagninguna, en þetta er gert svo að samræmi sé milli brtt. og gildandi skattalaga.

Í 6. gr. er fjallað um persónuafslátt, skilgreind upphæð hans miðað við skattvísitölu 100 og einnig hvernig persónuafslætti skuli varið: fyrst til að mæta reiknuðum skatti af tekjuskattsstofni, í öðru lagi vegna sjúkratryggingagjalds, í þriðja lagi eignarskatti, í fjórða lagi útsvari og síðan til útgreiðslu allt að 430 þús. gkr. Er sú tala, sem sett er fram hér, miðuð við skattvísitölu 100 eins og aðrar tölur sem þetta varða.

Í 7. gr. er fjallað um útborgun á barnabótum og skilgreint hvernig með skuli fara.

Í 8. gr. er skilgreining þess, að þær fjárhæðir, sem upp eru taldar, og aðrar í skattalögunum skuli breytast í samræmi við skattvísitölu sem ákveðin skal í fjárlögum ár hvert, þ. á m. og ekki síst að því er varðar lágmarksfrádrátt einstæðra foreldra og einhleypra, sem ekki hefur verið bundinn við skattvísitölu og ekki hækkaður enn.

9 gr. fjallar svo um fyrirframgreiðslu eða lækkun fyrirframgreiðslu í samræmi við það sem ég taldi áðan. Henni yrði breytt og hún yrði einungis 12% af þeim þinggjöldum, sem bar að greiða á árinu 1980, og leiðrétting yrði framkvæmd í samræmi við það.

Á eftir þessum kafla, sem fjallar um skattmálin, er brtt. sem varðar það, að bætur frá Tryggingastofnun ríkisins skuli óskertar vera þrátt fyrir ákvæðin um 7% launa- og kjaraskerðingu.

Loks er svo breyting við 7. gr., sem samkv. þessu yrði 12. gr. og hljóðar svo:

„Ríkisstj. er heimilt að fresta framkvæmdum þrátt fyrir ákvæði fjárlaga fyrir árið 1981 um allt að 100 þús. kr. (10 milljarða gkr.) og tekur þetta einnig til fjárlagaliða sem jafnframt eru ákveðnir með öðrum lögum en fjárlögum. Frestun framkvæmda er þó því aðeins heimil að samþykki fjvn. sé jafnframt fengið."

Við 8. gr. flytjum við að lokum brtt., en hún yrði þá 13. gr. Hún er á þá lund, að lög þessi öðlist þegar gildi og að þau ákvæði, sem varða skattamál og eru í 5., 6., 7., og 8. gr., komi til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1981 vegna ársins 1980 og eigna í lok þess árs.

Ég hef nú, herra forseti, gert grein fyrir þessum till. í megindráttum. Ég legg áherslu á að það ber brýna nauðsyn til þess, þegar gripið er til ráðstafana af þessu tagi, að koma til móts við þá sem verst eru settir í þjóðfélaginu. Tillögur okkar í þessum efnum miða sérstaklega að því að framfylgja því markmiði. En jafnframt höfum við flutt till. um bætta stjórn lánamála, eins og ég hef gert hér grein fyrir. Þessar till. mundu sníða ýmsa verstu agnúana af þeim áformum sem uppi eru hjá ríkisstj., þær mundu mæta þörfum þeirra sem verst eru settir, bæta kjör sparifjáreigenda og rétta hag húsbyggjenda.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál. Auðvitað er öllum ljóst að tillögur ríkisstj., eins og þær eru úr garði gerðar, munu ekki duga til að ná varanlegum árangri, en það, sem hér hefur verið gerð tillaga um, mundi geta lagt grunn að því.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Mér finnst við hæfi að skýra frá því við þær umr., sem hér fara fram um efnahagsráðstafanir ríkisstj. sem kynntar voru á gamlárskvöld, að að sjálfsögðu var það alltaf ætlun ríkisstj., að í tengslum við þessar ráðstafanir mundu bætur almannatrygginga, þ. e. lífeyrisdeildar almannatrygginga, sæta sérstakri meðferð. Þeir, sem til þekkja, vita að lífeyrisbætur almannatrygginga eru ævinlega ákveðnar eða þeim er breytt miðað við verðlagstilfærslur með reglugerðarsetningu hverju sinni. Það hefur því ekki verið talið og ekki þannig að hlutunum staðið að til þess þyrfti sérstaka löggjöf þegar um væri að ræða hækkun á einstökum flokkum lífeyrisdeildar almannatrygginga. Þennan skilning hafa trmrh. haft hér svo lengi sem heilbr.- og trmrn. hefur starfað a. m. k. Í samræmi við þetta álit og vegna þeirra efnahagsaðgerða, sem ríkisstj. hefur nú til meðferðar og hér eru á dagskrá, fjallaði ríkisstj. um þessi mál í morgun og sérstaklega um tekjumál og skattamál þeirra sem eru með lægstu tekjurnar hér í landinu. Hæstv. fjmrh. mun væntanlega hér á eftir gera grein fyrir ramma þeirra ákvarðana sem á döfinni eru af hálfu ríkisstj. vegna skattamálanna, en ég kem hér aðeins upp til að skýra frá meðferð tryggingamálanna í ríkisstj. í morgun.

Á fundi ríkisstj. í morgun var samþykkt tillaga um sérstaka 8% hækkun tekjutryggingar elli- og örorkulífeyrisþega. Jafnframt var samþykkt sérstök hækkun heimilisuppbótar, einnig um 8%. Hér er um að ræða sérstaka hækkun á tekjutryggingu og heimilisuppbót um 8%. Ofan á þessa hækkun kemur síðan sú 6% hækkun sem kemur sem verðbætur í landinu núna um mánaðamótin. Hér er því um að ræða liðlega 14% hækkun tekjutryggingar aldraðra og öryrkja og heimilisuppbótar. Eftir þessa ákvörðun liggur fyrir að aldraðir og öryrkjar, sem njóta tekjutryggingar, munu frá næstu mánaðamótum búa við hærra hlutfall í samanburði við umsamin laun í landinu en verið hefur.

Auk þeirrar sérstöku 8% hækkunar, sem ríkisstj. samþykkti á fundi sínum í morgun, hefur ríkisstj. áður samþykkt sérstaka 5% hækkun tekjutryggingar, þannig að frá því að núv. ríkisstj. tók við hefur tekjutrygging aldraðra og öryrkja hækkað um 13% umfram verðbætur á laun.

Þeir einstaklingar, sem búa við elli- og örorkulífeyri með fullri tekjutryggingu og heimilisuppbót, hafa frá og með 1. mars 305 200 gkr. á mánuði eða 3052 nýkr. á mánuði. Hjón með fulla tekjutryggingu hafa á mánuði 4509 nýkr. Til samanburðar skal þess getið, að dagvinnulaun samkv. 7. taxta Verkamannasambands Íslands eftir eitt ár verða frá 1. mars 3906 kr. á mánuði. Tekjutrygging hjóna, sem bæði njóta fullrar tekjutryggingar, verður því um það bil 15—16% hærri en umsamin laun samkv. þessum taxta Verkamannasambands Íslands, en einstaklingur, sem hefur fulla tekjutryggingu og heimilisuppbót, hefur milli 78 og 79% af umsömdum taxta Verkamannasambands Íslands.

Ég taldi nauðsynlegt vegna þeirra brtt., sem hér hafa komið fram, herra forseti, að gera grein fyrir þeim ákvörðunum sem ríkisstj. hefur tekið í þessum efnum, en þær lúta að þessu grundvallaratriði, eins og ég áður sagði, að sérstök ákvörðun er tekin um hækkun heimilisuppbótar og tekjutryggingar upp á liðlega 14%, en bætur almannatrygginga hækka að öðru leyti í samræmi við verðbætur á laun.

Hérna er um að ræða grundavallaratriði samþykktarinnar, en að öðru leyti mun hæstv. fjmrh. gera grein fyrir þeim þáttum þessara mála sem lúta sérstaklega að skattlagningunni. Auðvitað er það þannig, að sérstök lækkun á tekjuskatti, sem um hefur verið talað, kemur ekki til þess fólks sem hér er um að ræða og er með bætur frá almannatryggingunum einvörðungu til að lifa af. Ljóst var því, að nauðsynlegt var að taka ákvörðun um mun meiri hækkun til þessa fólks en ella hefði verið.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Um leið og brbl. ríkisstj., sem gefin voru út á gamlársdag, eru til afgreiðslu hér á Alþingi við 2. umr. í Ed. þykir mér rétt að skýra frá því, að ákveðið hefur verið að verja 100 millj. nýkr. eða um 10 milljörðum gkr. til skattalækkana sem svara til 1½% í kaupmætti lágra launa og meðallauna.

Eins og kunnugt er gaf ríkisstj. út þá yfirlýsingu í tengslum við útgáfu brbl á gamlárskvöld, að til að vega upp á móti þeirri kaupmáttarrýrnun, sem hugsanlega gæti orðið af efnahagsráðstöfunum ríkisstj., mundi ríkisstj. tryggja skattalækkun sem svaraði til 1½% í kaupmætti launa. Ríkisstj. hefur átt ítarlegar viðræður við fulltrúa miðstjórnar Alþýðusambands Íslands um það atriði, með hvaða hætti þetta verði best framkvæmt. Ákvörðun hefur nú verið tekin á grundvelli þessara viðræðna.

Eins og skattalögin eru núna óbreytt er lagt 1.5% sjúkratryggingagjald á tekjur allt að 6.5 millj. gkr., miðað við þá hækkun skattvísitölu sem ákveðin hefur verið í fjárlögum, en þessi skattur er 2% á tekjur þar fyrir ofan. Sjúkratryggingagjald er brúttóskattur, eins og kunnugt er, og rennur alfarið í ríkissjóð og því er hér um að ræða hluta af tekjusköttum ríkisins, sem hér er hreyft við. Áformað er og ákveðið hefur verið að afnema þennan skatt með öllu af tekjum upp að 6.75 gömlum millj. eða 67 500 nýkr., en skatturinn verður áfram 2% á tekjur þar fyrir ofan.

Svo að dæmi sé nefnt leiðir þessi breyting á tekjusköttum til 1.5—1.8% skattalækkunar á tekjubilinu milli 4 og 10 millj. gkr., en að sjálfsögðu er það nokkuð mismunandi á hverju tekjubili hversu mikil skattalækkunin er. Þetta, sem ég nefndi nú, eru hins vegar meðaltalstölur, 1.5—1.8% á tekjubilinu milli 4 og 10 millj. kr.

Einnig verður persónuafsláttur nokkuð hækkaður og verður væntanlega um 760 þús gkr. eða 7610 nýkr. Nokkrar fleiri breytingar verða gerðar á skattstigum í þessu sambandi sem nánari grein verður gerð fyrir síðar.

Eins og hæstv. félmrh. gerði grein fyrir hér á undan mér kemur þess skattalækkun illa til skila til þeirra sem lifa eingöngu á tekjutryggingu og heimilisuppbót Tryggingastofnunar ríkisins. Þess vegna hefur verið ákveðið, eins og hann gerði hér grein fyrir, að hækka þessar bætur 1. mars n. k. um 8% umfram þá hækkun sem verður þá á almennum launum vegna hækkunar verðbóta um 5.95%. Því er það svo, eins og hann gerði grein fyrir, að kaupmáttur tekjutryggingar verður verulega miklu meiri á þessu ári þar sem hækkanir 1. júní, 1. sept. og 1. des. miðast við óskerta framfærsluvísitölu, en ekki þá skertu verðbótavísitölu sem áður var í gildi. Tryggingabætur hækka því meira en orðið hefði án þessara efnahagsaðgerða.

Útreikningar á þessari skattalækkun eru miðaðir við

ákveðnar breytingar sem gera verður á tekjuskatti áður en þessi skattalækkun upp á 1.5% bætist þar við þar sem í fjárlögum er miðað við skattvísitölu 145. Áformað er að breyta skattstigum og hækka persónuafslátt nokkuð og verður varið til þess þeim 4 milljörðum sem ráð var fyrir gert að í þessu skyni yrði varið við fjárlagaafgreiðslu, auk 1 milljarðs til viðbótar, eða samtals 5 milljörðum gkr. eða 50 millj. nýkr.

Eftir þær breytingar, sem má segja að séu gerðar til að skapa ákveðinn núllgrunn til að miða skattalækkunina við, er skattbyrðin nákvæmlega sama á meðaltekjur og hún hefði orðið ef skattvísitalan hefði verið ákveðin 151 í fjárlögum. Það er út frá þessum grunni sem svo er aftur reiknuð 1.5% skattalækkun í samræmi við yfirlýsingar ríkisstj. frá því á gamlársdag. Þá stenst auðvitað engan veginn, sem sumir stjórnarandstæðingar hafa gjarnan viljað segja og láta líta út fyrir, að fyrst hafi verið framkvæmd skattahækkun og svo sé nú verið að gefa til baka það sem áður hefur verið tekið. Grunnurinn er reiknaður upp á nýtt miðað við fjárlagatölur, því að fjárlagatölurnar eru nefnilega ekki í samræmi við skattvísitölu 145, og varið til hækkunar á skattþrepum 5 milljörðum gkr. Þar af var gert ráð fyrir 4 milljörðum í fjárlögum, en 1 milljarður bætist við, þannig að þegar þessi núllgrunnur er reiknaður er fjárlagatalan raunverulega orðin 1 milljarði lægri eða innheimtar tekjur af tekjuskatti eru orðnar 1 milljarði lægri en fjárlagatalan gerir ráð fyrir. Skattalækkunin bætist svo hér við og er upp á 9 milljarða. Skattalækkunin mun sem samt minnka tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti um sem svarar 9 milljörðum gkr., miðað við fjárlagatölur, en aukning tryggingabóta mun kosta 1 milljarð gkr., miðað við fjárlög ársins.

Þetta vildi ég að kæmi fram við afgreiðslu þessa máls. (**LJ:** Er þetta ekki alger sýndarmennska, sbr. orð formanns fjh.- og viðskn. áðan?) Ja, nú veit ég ekki hvað þm. á við, því að ég hef líklega ekki heyrt þau orð og get því engu svarað. En ætli sé ekki réttast að þm. beini þessari spurningu til einhvers annars en mín. Ég var víst ekki hér inni þegar þau ummæli, sem hér er vitnað til voru látin falla. — En ég held hins vegar að það fari ekkert milli mála að hér hefur verið tekin ákvörðun um skattalækkun upp á 1.5%, miðað við kaupmátt launa. Ég held að það sé óumdeilanlegt að þetta sé rétt reiknað dæmi, en vissulega munu alþm. fá betra tækifæri til að átta sig á útreikningunum á síðara stigi. Við þetta tækifæri er ekki hægt að gera nánari grein fyrir þessum útreikningum.

Ég vil láta þessa getið hér, að á fundi með fulltrúum Alþýðusambands Íslands, sem haldinn var í fjmrn. í dag, voru mættir af hálfu Alþýðusambands Íslands Ásmundur Stefánsson, Björn Þórhallsson, Jón Helgason og Guðmundur J. Guðmundsson. Þessir fulltrúar Alþýðusambandsins lýstu því yfir á fundinum, að þeir teldu að með þessari ákvörðun hefði ríkisstj. fyllilega staðið við það loforð sitt að lækka skatta sem svarar 1.5% miðað við kaupmátt launa.

Frsm. 2. minni hl. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Ég tel að það sé ánægjulegt að þessi umfjöllun hafi orðið til þess að ýta svolítið við ríkisstj., þó að eins og kom fram í ræðu hæstv. fjmrh., þetta væri dálítið ófullburða enn þá og ekki hægt að gera fullkomna grein fyrir því. Það eru ekki nema bráðum tveir mánuðir síðan yfirlýsingin var gefin svo að kannske er ekki von að menn séu komnir lengra í þeim herbúðum, miðað við það sem menn hafa kynnst í þeim efnum. En ég held að það eigi við í þessu efni að ráðh. hafi sest niður og reiknað á elleftu stundu einu sinni enn. Það er auðvitað góðra gjalda vert að hann hafi sig í það að reikna stöku sinnum, þó að það sé á elleftu stundu.

Út af þessum skattahugmyndum ríkisstj., — því að ekki eru þetta tillögur, þetta er aðeins skárra en yfirlýsingin á gamlárskvöld, en ekki geta þetta talist fullmótaðar tillögur og eru hér ýmsir lausir endar, — en út af þessu vil ég benda sérstaklega á það atriði sem kom fram í ræðu hæstv. ráðh.

Hann talaði um skattalækkun frá fjárlagatölum upp á 9 milljarða gkr. Þó var 1 milljarður einhvers staðar að dingla sitt hvorum megin við fjárlagatöluna. En látum það nú gott heita að þetta sé skattalækkun frá fjárlagatölunni upp á 9 milljarða gkr. Það verður að benda á að skattatala fjárlaganna er 5.5 milljörðum kr. hærri en óbreytt greiðslubyrði milli áranna. Fyrir því hef ég útreikninga. Þá getur hæstv. ráðh. fengið hjá Þjóðhagsstofnun, svo að það dugar lítið að hrista hausinn yfir því. Þannig eru málin. Þannig er raunveruleg skattalækkun samkv. þeim hugmyndadrögum, sem hæstv. ráðh. kynnir, ekki 9 milljarðar gkr., heldur 3.5 milljarðar gkr. (**ÓRG:** Þetta er bara rugl hjá þm.) Ég held að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson ætti að skoða tölurnar betur áður en hann heldur því fram að hér sé farið með rangt mál. Þetta getur hann fengið staðfest ef hann bara vill setja sig inn í málin.

Ég hef gert hér skilmerkilega grein fyrir því, að til þess að halda óbreyttri skattbyrði milli áranna verður álagningartalan að vera 5.5 milljörðum kr. lægri en er í fjárlögum. Sú skattalækkun, sem ráðh. er hér að tala um, er upp á 3.5 milljarða að því er varðar lækkun á greiðslubyrði milli ára. En mér sýnist að hæstv. ráðh. hafi tekist dálítið snoturlega að nýta þessa upphæð, 3.5 milljarða, ef út úr því kemur upp á punkt og prik allar tekjur upp í 10 millj. kr. séu með 1.8% skattalækkun, en að vísu frá fjárlögum. (**Fjmrh.:** 1.5—1.8) 1.5—1.8. Ef við bara lítum á þetta beint er það um þriðjungur þeirrar tölu sem er raunveruleg lækkun í greiðslubyrði eða 0.5—0.6. Það ætti ráðh. að athuga og líta á og kynna þjóðinni nákvæmlega.

Auðvitað er gott að ráðh. skuli vera á leiðinni með þetta og er góðra gjalda vert. Ef hann stígur eitt svona skref á hverju kvöldi þarf hann ekki nema eins og 3—4 kvöld. Þá mundi hann geta talað um að hafa efnt það loforð sem gefið var á gamlárskvöld.

Ég læt líka í ljós ánægju mína með það, að ríkisstj. skuli hafa áttað sig á því, að það væri ekki vel við hæfi að allt gamalt fólk og öryrkjar tækju á sig þá 7% kjaraskerðingu sem boðuð hefur verið. Hæstv. félmrh. taldi að ríkisstj. hefði samþykkt í morgun sérstaka hækkun á tekjutryggingu og heimilisuppbót til aldraðra og öryrkja sem nemur 8%. Sumir munu telja að það dugi ekki ríkisstjórnarsamþykkt fyrir þessu, heldur þurfi lagasetningu, en það koma þá væntanlega lög um þetta. (**ÓRG:** Reglugerð.) Ég held að hv. þm. ætti líka að lesa lögin um almannatryggingar. (Gripið fram í.) Ég er bara að segja þm. hvað hann eigi að gera til þess að vera sæmilega að sér í þessum efnum.

En það er annað í þessu. Auðvitað er það góðra gjalda vert og mjög ánægjulegt að þarna skuli vera fyrirhuguð 8% hækkun á tekjutryggingu og heimilisuppbót. En ég

vek athygli á því, að það eru mjög margir lífeyrisþegar sem ekki hafa sérlega miklar tekjur, en eru ekki á tekjutryggingu. Það er ekki gert ráð fyrir því í þessum tillögum að komið sé á nokkurn hátt til móts við þá. Ég þekki marga slíka. Ég veit ekki betur en þeir teljist meðal þeirra hér í þjóðfélaginu sem ekki hafa það allt of gott og teljast í hópi þeirra tekjulægstu og mundu lítið fá út úr þessum skattatillögum hæstv. fjmrh. Hér er stór hópur fólks skilinn eftir. Í till. okkar vildum við mæta þessu með tvennum hætti: Í fyrsta lagi með því að skerðingin á tryggingabótum almennt um 7%, sem fyrirhuguð er, en hefur nú verið tekin til baka að því er varðar ákveðinn hluta af þessum hóp, yrði alls ekki látin fram ganga, og í annan stað með útgreiðslu á ónýttum persónuafslætti hjá þeim sem lenda að öðrum kosti utanveltu í þessu kerfi. — En þetta er náttúrlega til marks um það, að ákvörðunin hafi verið tekin á síðustu stundu. Ég vona að þegar ríkisstj. hefur verið bent á þessi atriði sjái hún að sér og taki þau til athugunar og flytji nú tillögur um lagfæringar. Eitt skref á dag er í áttina.

Frsm. 1. minni hl. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Þeir skemmtilegu atburðir, sem skeð hafa hér í hv. Ed. núna við 2. umr. þessa máls, sýna í fyrsta lagi að það er rétt sem ég sagði áðan, að það er með ólíkindum hvernig þessi lög voru úr garði gerð frá hálfu hæstv. ríkisstj. Í þeim var ekki að finna eitt einasta ákvæði sem tryggði hag elli- og örorkulífeyrisþega og láglaunafólks í landinu, þrátt fyrir stórfelldari skerðingu á verðbótum á laun og tryggingabætur en menn eiga að venjast.

En ég verð að segja það, að geti hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, sem hér var að tala áðan, með einhverjum rétti talað um sýndarmennsku, þá getur hann sannarlega talað um sýndarmennsku fylgismanna sinna við þessa umr. Þetta frv. um brbl. ríkisstj. er samkv. mínu almanaki búið að vera í 55 daga í meðferð Alþingis eftir að brbl. voru gefin út. (**ÓRG:** Í meðferð Alþingis? Nei, nei.) *Í meðferð Alþingis að vissu leyti. Þm. voru í jólaleyfi, en* þeir fengu þetta frv. í hausinn í jólaleyfinu. Síðan eru að vísu ekki komnir svona margir vinnudagar Alþingis, en menn hafa haft tækifæri til að kynna sér þetta. — Fjárhags- og viðskiptanefndir beggja deilda hafa verið að störfum síðan Alþingi kom saman úr jólaleyfi og hafa fengið til sín fjölda manna til að spyrja þá um ákvæði þessara laga. Að vísu var tekið upp það nýmæli núna að ljósrita umsagnir aðila vinnumarkaðarins upp úr blöðum og átti ekki að vera þörf á því að tala neitt við þá mætu menn. Þar er brotið í blað. (**ÓRG:** Þetta er nú ekki alveg rétt frá sagt.) Verður sjálfsagt hægt að vitna til þess síðar. Ég óskaði eftir því, eftir að ég kom til starfa í hv. fjh.- og viðskn., — ég þurfti að bregða mér í burtu, — að fá *umsagnir þessara aðila. Ég vildi þá ekkert vera að tefja* málið með því að biðja þá um að koma á fund nefndarinnar og fékk þær. — Ég veit vel hvað hv. þm. á við, og ég skal leiðrétta það ef hann vill endilega misskilja orð mín þannig. Það mun hafa verið samþykkt í n. áður en ég kom þangað að láta nægja að fá umsagnir þessara aðila án þess að tala við þá.

En það var ekki það sem ég ætlaði að gera hér að umræðuefni, heldur það, að þráfaldlega hefur verið að því spurt að því er varðar þessi atriði, sem hér hafa verið upplýst núna frá hálfu hæstv. ríkisstj. og voru til umr. í ríkisstj. í morgun og fjmrn. í dag, — það hefur þráfaldlega verið spurt að því þennan tíma sem þetta mál hefur verið til umr., hvað hæstv. ríkisstj. hygðist gera í þessum efnum og hvað ákvæði 5. gr. um skerðingu verðbóta á laun þýddu að því er varðar bætur almannatrygginga. Ég trúi því ekki, að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson neiti því, að á síðasta fundi, þegar ég lagði fram okkar brtt., lá fyrir bréf frá hagstofustjóra og þá fengum við ekki önnur svör í hv. fjh.- og viðskn. en að þessi skerðing næði til almannatryggingabóta. Svo koma menn hér og segja að það hafi að sjálfsögðu allan tímann, frá því að þessi lög voru gefin út, verið ætlun ríkisstj. að framkvæma þessi lög með þeim hætti að bótaþegar almannatrygginga fengju sérstakar bætur.

Hér er mikil sýndarmennska á ferðinni. En hér er annað á ferðinni. Þetta sýnir að hæstv. ríkisstj. er hrædd. Hún hefur orðið hrædd við gerðir sínar. Hún hefur áttað sig á hversu flaustурslega hún stóð að þessari lagasetningu. Hún hefur orðið hrædd og hræddir menn gera ekki alltaf rétt.

Það vill svo til að í þessu efni hafa menn af einhverjum undarlegum ástæðum, og þá kannske af því að þessi ákvörðun var líka tekin í flýti, ekki áttað sig á að þeir hugsa sér að bætur þeirra, sem hafa tekjutryggingu eina til lífsframfæris, skerðist þrátt fyrir allt um 0.37% miðað við framfærsluvísitölu. Það liggur á borðinu í sambandi við það sem hæstv. ráðh. sagði. Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hristir höfuðið. Ég sé að hann hefur ekki tekið eftir því, hvað hæstv. ráðh. sagði. (**ÓRG:** Jú, jú.) Hann getur þá kannske tekið þátt í því með mér hér á eftir, því að ég mun flytja brtt. við 3. umr. til þess að tryggja að þetta verði alveg á hreinu, svo að það verði enginn misskilningur í því, að þeir, sem njóta tekjutryggingar og hafa heimilisuppbót, njóti sömu hækkunar 1. mars og verður á framfærsluvísitölu — og hv. þm. Stefán Jónsson getur tekið þátt í því með mér líka.

En út af vinnubrögðunum vil ég enn vekja athygli á því, að svo grandvar maður sem ég hygg að allir þm. viðurkenni að Klemens Tryggvason hagstofustjóri er *segir orðrétt í bréfi sem ég vísaði til áðan, sem hann* skrifar nefndinni:

„Að því er varðar spurningu nefndarinnar um hvort ákvæði 5. gr. um 7 prósentustiga skerðingu vísitölubóta taki „til útreikninga á bótum almannatrygginga", skal eftirfarandi tekið fram: Svo er ekki beinlínis, enda er í brbl. aðeins kveðið á um verðbætur á laun. Hins vegar mun skerðing verðbóta í framkvæmd ávallt hafa gilt gagnvart bótum almannatrygginga, nema annað hafi verið ákveðið sérstaklega" o. s. frv.

Hæstv. ríkisstj. er hér því í algerum skammarkrók. (**StJ:** Grandvarir menn geta haft rangt fyrir sér.) Það má vel vera að þeir geti haft rangt fyrir sér, en það mun þá vera í fyrsta skipti sem einhver hv. þm. treystist hér til *þess að vefengja orð Klemens Tryggvasonar um slík efni.* — Hér er því verið að viðurkenna hversu flaustурslega var að þessum lögum staðið og hversu óréttlátlega var að þessum lögum staðið að því er þetta varðar og svo margt annað sem ég hef hér áður bent á. Og ég vek enn athygli á því, að umrædd samþykkt var gerð í ríkisstj. í morgun, eftir allan þennan tíma.

Hvers vegna var hún þá ekki gerð fyrr ef það var alltaf ætlun ríkisstj. að gera þetta? Og svo vitnar hæstv. fjmrh. til fundar sem hafi verið haldinn í fjmrn. í dag. Hann er búinn að hafa nákvæmlega jafnlangan tíma og hæstv. félmrh. til að koma hugmyndum sínum fram um hvernig hann ætli að milda eða draga úr kjaraskerðingu þessara

laga. Hann vitnar til fundar, sem hann hafi haft í fjmrn. í dag með einhverjum mönnum utan úr bæ, og tilkynnir það hér og telur það góða og gilda vöru í staðinn fyrir það, að hann hefði að sjálfsögðu átt að koma þessum hugmyndum sínum til fjh.- og viðskn. eða flytja brtt. hér á hinu háa Alþingi. (**ÓRG:** Alþýðusamband Íslands er nú ekki einhverjir menn úti í bæ.) Alþýðusamband Íslands átti ekki þarna hlut að máli, heldur nokkrir fulltrúar Alþýðusambands Íslands. (Gripið fram í.) Já, það má vel vera.

Hæstv. ráðh. komst skoplega að orði áðan. Hann sagði að hann kæmi hér með hugmyndir sem fram hefðu komið á fundi í fjmrn. í dag og ættu að vega upp á móti kaupmáttarrýrnun sem hugsanlega gæti orðið af þessum margfrægu brbl. (**Fjmrh.:** Það liggur ekki fyrir.) Það liggur á borðinu frá hálfu sérfræðinga sem um þetta mál hafa fjallað, og hér hefur það komið greinilega fram. Hæstv. ráðh. hefur ekki hlustað á þessa umr., hefur ekki látið svo lítið.

Það er með fullkomnum ólíkindum hvernig að þessu máli er staðið af hálfu hæstv. ríkisstj., en það geta fylgismenn ríkisstj. hjálpað okkur stjórnarandstæðingum að laga á eftir við 3. umr. Þeir geta þó alla vega tryggt það, — það verður lögfest ef þeir vilja, — að þeir, sem njóta tekjutryggingar og heimilisuppbótar í voru landi fái jafnmikla hækkun á sínar bætur og verður á framfærslukostnaði þeirra um næstu mánaðamót.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að flytja hér langa ræðu, en að gefnu tilefni vil ég láta það koma hér fram, að það var um það fullt samkomulag í hv. fjh.- og viðskn., að ekki væri þörf á því að kalla til fulltrúa aðila vinnumarkaðarins til viðræðna þar eð öll helstu samtök þeirra hefðu gefið út ítarlegar yfirlýsingar um efni brbl. í janúarmánuði. Þessara yfirlýsinga var aflað úr öruggum og traustum dagblöðum og þeim var dreift í nefndinni og síðan tilkynnt að ef óskað yrði væri sjálfsagt að kalla á fulltrúa þessara samtaka, en þess var ekki óskað. Þetta er ekki meiri háttar mál, en ég vildi þó láta þetta koma hér fram vegna þess að venjan hefur verið sú, eins og réttilega var sagt, að kalla á slíka fulltrúa, en nú var þannig ástatt að samtökin höfðu öll sent frá sér formlegar yfirlýsingar um málið þegar þing sat ekki, og það var látið duga.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um það sem hér hefur komið fram. Það er ljóst að það eru stjórnarandstöðunni mikil vonbrigði að ríkisstj. ætlar í þessum málum sem og öðrum að standa við fyrirheit sín og áform ríkisstj. ganga öll upp jafnt og þétt hvert í sínum áfanga. Það á jafnt við um skattalækkanir sem annað. Sá misskilningur, sem hefur komið fram frá fulltrúum stjórnarandstöðunnar, bæði varðandi hækkun tryggingabóta almannatrygginga og upphæðir skattalaganna, verður auðvitað leiðréttur í reynd, þannig að þessir ágætu herramenn munu sjá það í verki að sú túlkun, sem þeir settu fram áðan, er ekki rétt.

ATKVGR.

Brtt. 445,1 felld með 11:6 atkv.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 455,1 felld með 11:8 atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 455,2 felld með 11:8 atkv.
3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 455,3. a-b felld með 11:2 atkv.
— 455,3.c felld með 11:2 atkv.
— 455,3.d felld með 11:4 atkv.
— 455,3.e felld með 11:2 atkv.
— 455,4 felld með 11:8 atkv.
— 445,2 felld með 11:8 atkv.
5. gr. samþ. með 11:2 atkv.
6. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 455,5 felld með 11:8 atkv.
— 445,3 felld með 11:8 atkv.
7. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 445,4 felld með 11:8 atkv.
— 445,5 felld með 11:8 atkv.
8. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 445,6 tekin aftur.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Kennaraháskóli Íslands, frv. (þskj. 166). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 462).

Efri deild, 57. fundur.

Þriðjudaginn 24. febr., að loknum 56. fundi.

Viðnám gegn verðbólgu, frv. (þskj. 384). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. 1. minni hl. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Eins og ég gat raunar um við 2. umr. hafði ég í hyggju ásamt fleiri hv. þm. að flytja við 3. umr. brtt. í ljósi þeirra upplýsinga sem komu fram við 2. umr. hjá hæstv. félmrh., en þessi brtt. fjallar um að tekin skuli af öll tvímæli um það, að þrátt fyrir ákvæði 5. gr. skuli þeir elli- og örorkulífeyrisþegar, sem njóta tekjutryggingar, og þeir lífeyrisþegar, sem njóta heimilisuppbótar, frá 14.32% hækkun á sínar bætur 1. mars n. k. Samkv. þeim yfirlýsingum, sem hæstv. ráðh. gaf áðan, fengju þessir bótaþegar 13.95% hækkun sinna bóta. Till. okkar gengur út á það, að þessir bótaþegar fái nákvæmlega þá hækkun sem verður á framfærslukostnaði þeirra á þessum tíma. Svo virðist sem hæstv. ríkisstj. hafi ekki gert sér nákvæma grein fyrir því, hvað um var að ræða, þegar hún var að fjalla um þetta mál, en það er kannske ekki aðalatriði þessarar till., heldur að það verði tekið fram í lögunum sjálfum, eins og jafnan hefur verið gert þegar almannatryggingabætur fylgja ekki kaupgjaldsvísitölu, hvernig farið sé með tryggingabætur. Eins og ég benti á áðan er það almenna reglan, eins og hagstofustjóri segir í bréfi sínu, að í sjálfum lögunum, sem kveða á um skerðingu kaupgjaldsvísitölu, sé kveðið á um ef öðruvísi

skal fara með almannatryggingabætur. Það er til að freista þess að sú verklagsregla verði höfð eins og verið hefur og eins til að tryggja þessum aðilum eðlilega hækkun bóta 1. mars, miðað við það sem fram hefur komið hjá hæstv. félmrh., að till. er flutt.

Flm. að þessari till. eru ég, hv. þm. Eyjólfur K. Jónsson og Kjartan Jóhannsson. Þessi brtt. er skrifleg og of seint fram komin. Ég óska eftir afbrigðum, hæstv. forseti.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 464) samþ. með 14 shlj. atkv.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Nokkrir hv. þm. hafa flutt tillögu sem gengur út á það, að hækkun tekjutryggingar 1. mars verði eigi lægri en 14.32%, en það er hækkun framfærsluvísitölu á seinasta þriggja mánaða tímabili eða tímabilinu 1. nóv. til 1. febr. Ég vil upplýsa af þessu tilefni, að þessi tillöguflutningur er óþarfur með öllu því að hækkunin á tekjutryggingunni verður ívið meiri en hér er gerð tillaga um eða 14.426 í staðinn fyrir 14.32, eins og till. gengur út frá. Þetta byggist á því, að verðbætur á laun hækka um 5.95% núna 1. mars og síðan er reiknuð 8% hækkun, eins og félmrh. gerði, grein fyrir í dag, ofan á þá tölu. Samanlagt verður því hækkunin 14.426. Þessi till. er því bersýnilega óþörf. (**Gripið fram í:** Till. er um lækkun.) Till. mundi fela það í sér að tekjutryggingarupphæðin yrði þá lægri en ríkisstj. hefur áformað samkv. því sem hér hefur verið gerð grein fyrir í dag.

Ég vil rétt að lokum, úr því að ég er staðinn hér upp og kominn í ræðustól, nota þetta tækifæri til að mótmæla alveg sérstaklega þeim tölum sem hv. þm. Kjartan Jóhannsson hafði uppi hér við 2. umr., þar sem hann taldi, að ekki væri um að ræða 9 eða 10 milljarða kr. skattalækkun, eins og ég hafði áður gert hér grein fyrir, heldur eitthvað miklu minna vegna þess að skattvísitala hefði ekki hækkað eins og tekjubreytingin milli áranna 1979 og 1980. Ég var búinn að gera grein fyrir þessu atriði og ég þarf út af fyrir sig ekki að endurtaka það hér. Eins og fram kom þar er fjárlagatalan 4 milljörðum lægri en hún ætti að vera ef miðað væri við þá skattvísitölu sem þar er tilgreind. Þarna voru sem sagt 4 milljarðar teknir frá til að geta lagað skattalögin á síðara stigi. Það dugar hins vegar ekki til að ná sléttum grunni á meðaltekjur. Við verðum að bæta þar 1 milljarði við. Þess vegna byrjum við á því að gera þá breytingu á skattalögum sem kostar okkur 5 milljarða, miðað við skattvísitöluna 145. Við hækkum persónuafslátt og gerum fleiri breytingar. Þá höfum við náð sléttum grunni, þannig að skattbyrðin er sú sama og ef skattvísitala hefði verið ákveðin 151. Það er út frá þessum grunni sem skattalækkun upp á 1 1/2% er reiknuð, þ. e. 1.5-1.8.

Ég vísa útreikningum hv. þm. algerlega til föðurhúsanna, enda hef ég sterklega grun um að hans útreikningar séu miðaðir við talsvert aðrar forsendur og aðrar útreikningsviðmiðanir en það dæmi sem ég var að gera hér grein fyrir. En hann gerir kannske grein fyrir því hér á eftir. — T. d. sagði hann mér í samtali að hann hefði ekki bara miðað við tekjuskatta til ríkisins, heldur hefði hann verið að miða þarna við alla skatta, þ. á m. útsvör. Það segir sig sjálft, að það má auðvitað reikna þessi dæmi á mjög mismunandi vegu ef menn gefa sér gerólíkar forsendur. En svona er dæmið eins og við reiknum það og þannig er þetta alveg hrein og klár 1.5% skattalækkun á tekjusköttum til ríkissjóðs miðað við kaupmátt launa.

Frsm. 1. minni hl. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég tók svo eftir, þegar hæstv. félmrh. flutti sína ræðu áðan og gerði grein fyrir hækkuninni, að hann væri að tala um 8% hækkun á tekjutryggingu og heimilisuppbót plús 5.95%. (**Fjmrh.:** Ofan á 5.95%.) Hæstv. ráðh. er að upplýsa það núna. En það er eftir öðru hvernig að þessu máli er staðið hjá hæstv. ríkisstj. Naumast er hægt að gera sér grein fyrir því, hvað fyrir henni vakir.

Ég benti áðan á að þarna væri um að ræða minni hækkun en verður á framfærsluvísitölu og þá var því ekki mótmælt. Það getur verið að það hafi verið gleymska. Ef það er rétt sem fjmrh. segir vil ég að sjálfsögðu hafa það sem sannara reynist og dreg þessa till. til baka sem 1. flm. hennar, enda má skoða þetta mál nánar í Nd.

Ég legg til að þetta mál verði skoðað allt mjög rækilega í Nd. og svo verði þó að við gerðum samkomulag um að málið gengi út úr deildinni í dag. Að vísu gerðum við það í trausti þess, að ríkisstj. hefði staðið að þessu máli með þinglegum hætti, en hér hefur komið fram að alls konar laumuspil og ráðabrugg hefur verið bak við tjöldin og er slöngvað fram á síðustu stundu án þess að þm. hafi haft nokkra möguleika til þess að gera sér grein fyrir því, þrátt fyrir að þeir séu búnir að spyrja eftir þessu máli síðan þing kom til starfa.

En eins og ég sagði áðan skal hafa það sem sannara reynist, og ekki skal ég verða til þess að draga í efa að þetta sé ætlun ríkisstj. fyrst það hefur komið hér skýrar fram núna en við umr. áðan. Þess vegna dreg ég þessa till. til baka og legg til að málið verði skoðað fyrir umr. í Nd., þó að það væri maklegast að draga til baka allt samkomulag um meðferð þessa máls eins og að því er staðið frá hálfu hæstv. ríkisstj.

Frsm. 2. minni hl. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Aðeins nokkur orð út af reiknikúnstum hæstv. fjmrh.

Hann gerði mikið úr því, að ég hefði ekki tekið tillit til þess, þegar ég talaði áðan, að þeir 9 milljarðar gkr., sem hann taldi skattalækkun, væru umrfam þá 5 milljarða sem gerði að leiðrétta fyrir því að skattheimtan væri meiri en fjárlögin áætluðu. Þetta er alrangt. Ég tók einmitt tillit til þess og tók fram að það væri augljóst á þeim grundvelli að þeir 9 milljarðar, sem um væri talað, væru ekki raunveruleg lækkun á skattbyrði fólksins í landinu sem þessari upphæð nemur, heldur einungis lækkun sem næmi 3.5 milljörðum kr. Ég stend fyllilega við það.

Nú lagði hæstv. fjmrh. á það áherslu í seinustu orðum sínum, að hann væri auðvitað bara að tala um skattbyrðina af tekjuskattinum. En ég er hræddur um að það komi jafnhart við fólkið í landinu hvort sem hækkunin er á tekjuskatti eða öðrum sköttum. Ég hélt að hugmyndin væri að vernda ráðstöfunartekjur fólksins, en ekki bara horfa í pyngju ríkissjóðs. Ég held að það komi mörgum spánskt fyrir sjónir að það hafi aldrei verið hugmyndin með þessu 1 — 1.5% að vernda ráðstöfunartekjur fólksins sem þessu nemur, heldur ætti þetta bara að vera smáútlitsbreyting á fjárlögum, og það er það sem um er að ræða. Ef litið er á heildargreiðslubyrðina af beinum sköttum, sem lagðir eru á fólkið, þarf skattalækkunin út af því að nema 5.5 milljörðum áður en farið er að líta á

þessi 1 — 1.5%. Það er staðreyndin í málinu. Og það er þess vegna sem þessi upphæð, sem hæstv. fjmrh. er að tala um og er 9 milljarðar kr. á fjárlögum, hrekkur ekki nema að mjög litlu leyti til þess að mæta þeirri auknu greiðslubyrði sem leggst á fólkið. Þannig mun greiðslubyrðin af beinum sköttum ekki lækka um nema 0.5 — 0.6% samkv. þessum tillögum. Það er alveg augljóst.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Það er mikill misskilningur hjá hv. þm. Lárusi Jónssyni, að það hafi eitthvert laumuspil og skúmaskotaatferli átt sér stað varðandi þær aðgerðir sem hér hafa verið tilkynntar í dag. Það lá í hlutarins eðli að þær breytingar, sem gerðar yrðu á tekjutryggingu og öðrum þáttum almannatrygginga, yrðu tilkynntar fyrir 1. mars og það yrði gert, eins og oft hefur verið gert áður, með reglugerðarbreytingu, — ekki lagabreytingu, heldur reglugerðarbreytingu. Þegar um þessi mál var rætt í n. var það ávallt rætt á grundvelli hugsanlegra breytinga á lögunum, en sú reglugerðarbreyting, sem tilkynnt hefur verið í dag, er í fullu samræmi við fyrri vinnubrögð og fyrri aðferðir við að hækka þessa þætti almannatrygginganna. Það hlaut hver maður að geta sagt sér að það hlyti að gerast fyrir 1. mars. Þess vegna er ósköp eðlilegt og ég tel það virðingu við Alþingi, en alls ekki neitt skúmaskotaatferli, að tilkynna það fyrst hér á Alþingi, eins og hæstv. félmrh. gerði í dag. Hæstv. félmrh. tilkynnti Alþingi Íslendinga þetta í dag. Það var fyrsti aðilinn sem fékk að vita um þessa ákvörðun. Eðli málsins samkv. hefði þó ekki þurft að tilkynna Alþingi hana vegna þess að samkv. stjórnskipun landsins þarf ekki að tilkynna Alþingi slíkar reglugerðarbreytingar. Ég vildi láta þetta koma hér fram til þess að það væri ljóst að hér er ekki á neinn hátt óeðlilega að málum unnið.

Í öðru lagi hefur það komið fram í meðferð fjh.- og viðskn. Ed. og það fyrir löngu, að það hafa farið fram viðræður milli ríkisstj. og Alþýðusambands Íslands um skattalækkanir. Forseti Alþýðusambands Íslands, Ásmundur Stefánsson, kom á fund n. fyrir nokkru og fræddi n. um þær viðræður, en sagði þá, sem rétt var, að niðurstöður viðræðnanna hefðu ekki fengist. Hins vegar lá það nokkuð ljóst fyrir, að fyrir 1. mars mundu þær niðurstöður fást. Það er þess vegna fullkomlega eðlilegt og í samræmi við þingræðisleg vinnubrögð að hæstv. fjmrh. skuli tilkynna Alþingi fyrstum aðila í þjóðfélaginu efnisniðurstöður þeirra viðræðna sem hafa átt sér stað á undanförnum vikum.

Ef litið er bæði til ákvæðanna um breytingar á almannatryggingum og eins á vinnubrögðin varðandi skattalækkanirnar hefur Alþingi verið fullkunnugt um það og fjh.- og viðskn. þingsins, að það hafa átt sér stað núna í nokkrar vikur viðræður milli Alþýðusambandsins og ríkisstj. um það atriði. Þegar þær viðræður bera árangur er það fagnaðarefni að Alþingi Íslendinga skuli vera fyrsti aðili til að frétta um það. Ég vísa því algerlega á bug að það hafi verið einhver óeðlileg vinnubrögð, þarna hafi verið einhver skúmaskotavinnubrögð varðandi þessar breytingar. Þær eru í samræmi við það sem venja hefur verið í þessu þjóðfélagi og fjh.- og viðskn. hefur haft fulla vitneskju um þær.

Hins vegar er það ánægjulegt að tillögumenn þessarar brtt. skuli hafa dregið hana til baka. Ég tel að hún sé byggð á misskilningi. Það er kannske eðlilegur misskilningur vegna þess að þessi mál voru flutt hér af ræðustól, en ekki lögð fram í skriflegu formi. Eru engar ástæður til að vera að elta ólar við það, slíkur misskilningur getur alltaf átt sér stað, en fagnaðarefni að till. skuli hafa verið dregin til baka.

Frsm. 2. minni hl. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Það er vitaskuld rétt hjá hv. síðasta ræðumanni, 11. þm. Reykv., að nm. var kunnugt um að skattamál hefðu verið rædd við fulltrúa Alþýðusambands Íslands. En hitt er það, að þær hugmyndir, sem hér voru kynntar, voru mjög ófullburða hjá hæstv. ráðh. og ekki endanlega frá þeim gengið, eins og hann reyndar tók fram í ræðu sinni. Við höfum talið að það væri nauðsynlegt að ganga frá slíku þannig að það lægi alveg ljóst fyrir og þar fyrir utan væri það tryggt, að í rauninni væri verið að vernda ráðstöfunartekjur fólksins með þeim aðgerðum sem gripið yrði til í skattamálum. Ég sé að það er fyllilega ástæða til þess að halda vöku sinni í þeim efnum.

Að því er varðar yfirlýsingar hér um að auðvitað hefði ríkisstj. ævinlega ætlað sér að breyta þessum tryggingabótum með reglugerð, þá er það að segja, að það hefur ekki verið til siðs að breyta þeim með þessum hætti þegar kaupgjaldsþróun hefur verið önnur en verðlagsþróun. Heimild ráðh. til útgáfu reglugerðar miðast við launaþróun, en ekki verðlagsþróun.

Frsm. 1. minni hl. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég skal verða við þeim tilmælum forseta að hafa þetta ekki langt.

Ég er búinn að margsegja það sem hv. síðasti ræðumaður sagði, og það er einmitt það sem kemur fram í bréfi hagstofustjóra, sem ég vona að hv. þm. vefengi ekki frekar en ég, að hér er um að ræða algerlega óvenjulega aðferð við þær aðstæður að verið er að skerða með lögum verðbætur á laun. Þá hefur aðferðin verið sú að taka ákvörðun um það í sömu lögum hvernig með skuli fara bætur almannatrygginga. Það er allt annað mál þegar almennt hefur t. d. verið tekin ákvörðun um að hækka bætur þeirra sem hafa tekjutryggingu um einhverja aðra prósentu en verðbætur á laun, eins og t. d. gert var í fyrra og oft hefur verið gert. En þegar verið er að setja lög um skerðingu verðbóta á laun hefur venjan verið að taka í sömu lögum ákvörðun um bætur almannatrygginga. Þetta kemur skýrt fram í bréfi hagstofustjóra.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta. Hæstv. fjmrh. sagði sjálfur áðan að það væri ekki von að þm. gætu gert sér grein fyrir því, hvað í því fælist sem hann væri að koma með beint ofan úr fjmrn. í tengslum við lög og frv. sem eru búin að liggja fyrir þinginu allan þennan tíma. Ég held því að hæstv. ráðh. hafi sjálfur dæmt þessa vinnuaðferð sína og hann þurfi ekki á formanni þingflokks Alþb. að halda til að skýra það á einn eða annan hátt.

Það væri maklegt að flytja hér hina skriflegu brtt. aftur og taka þá upp þessa tölu, sem hæstv. ráðh. nefndi, til þess að þá væri niðurneglt að þessir aðilar fengju bætur eftir því sem hér hefur komið fram, en ég ætla ekki að draga til baka ummæli mín frá því áðan. Ég lít svo til, að það megi skoða þetta mál í Nd. Þar vilja sjálfsagt einhverjir aðilar tryggja að í lögunum sjálfum, eins og venja hefur verið, verði ákvæði um með hvaða hætti almannatryggingabætur skuli greiða 1. mars. Það er þverbrot á öllum venjum að svo sé ekki.

Ég vil að lokum við þessar einkennilegu umr. hér í

hinni háu Ed. fagna því, að ríkisstj. hrekst úr einu víginu af öðru í afgreiðslu sinni á þessu máli. Hún varð hrædd þegar hún sá þessar brtt. stjórnarandstöðunnar um að það skyldi ekki með þessu lagi fara aftan að bótaþegum almannatrygginga í landinu. Þó hefur hún ekki séð sóma sinn í því að milda á einhvern hátt skerðingu annarra bótaþega en sem taka tekjutryggingu og heimilisuppbót. Hún hefur ekki gert þetta almennt. Þetta þarf að skoða nánar og verður sjálfsagt gert. En ég vil fagna því, að hæstv. ríkisstj. hefur þó gert a. m. k. að einhverju leyti hreint fyrir sínum dyrum vegna þeirrar gagnrýni sem hún hefur fengið á afgreiðslu þessara laga. Það er ekki lítil gagnrýni sem hefur komið fram í fjárhags- og viðskiptanefndum þingsins, og oft og tíðum hafa menn skemmt sér konunglega yfir þeim klaufaskap sem ríkisstj. hefur sýnt með útgáfu þessara brbl.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, formaður fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar, gaf vissulega tilefni til þess að öll málsmeðferð væri rædd ítarlega, og væri maklegt að taka þann tíma sem til þess þyrfti. En það kvöldar nú og menn sjálfsagt farnir að þreytast svo að ég skal reyna að fara ekki langt út í þá sálma. En það er fráleitt að ætla á lokastigi málsins að fara að halda því fram, að þær upplýsingar, sem hér koma fram í dag, sem er verið að þvæla saman í ríkisstj. alveg til síðustu stundar, hafi verið á allra vitorði. Sjálfsagt hefur umr. í gær verið frestað þó að það væri búið að boða hana á mánudegi, vegna þess að ríkisstj. — (**ÓRG:** Það var samkv. ósk stjórnarandstöðunnar sem þeim var frestað.) Að vísu er það heldur sjaldgæft að hæstv. ráðh. segi sannleikann nú á dögum eða a. m. k. gefi þær upplýsingar sem Alþingi ætti að eiga heimtingu á, en báðir þessir ráðh. hafa úr þessum stól lýst yfir að þessar ákvarðanir í ríkisstj. eða hugmyndir hafi fæðst í dag. (**Gripið fram í:** Að þær hafi fæðst í dag hefur enginn sagt, en verið teknar í dag.) Já, það var talað um það sem hugmyndir líka af öðrum ráðh. Það voru ekki miklar ákvarðanatökur. — Auðvitað hefur þetta verið að þvælast í þessari ríkisstj. eins og allt annað, þar sem allt er byggt á undirferli, lygum, svikum og stjórnin sjálf á því byggð. Það kann auðvitað ekki góðri lukku að stýra þegar þannig er að málum staðið, ef æðstu stjórnvöld landsins geta aldrei komið heiðarlega og hreinskilnislega fram og sagt hvað undir býr. Það þarf alltaf að fara eins og köttur í kringum heitan graut ef það er ekki beinlínis logið.

Og þá er komið að því, að um þessi tvö mál, sem hér hafa verið rædd á lokastigi afgreiðslunnar, hefur bókstaflega ekkert af hálfu stjórnarliða verið rætt í fjh.- og viðskn. Hv. formaður n. spurði okkur stjórnarandstæðinga hvort við værum með brtt. sem við vildum kynna. Við gerðum það, kynntum þær. Ég hélt að við værum að ræða þetta allt saman í einlægni. Það kom aldrei eitt einasta orð um að ríkisstj. ætlaði á lokastigi málsins að gefa einhverjar yfirlýsingar. Ég hef aldrei heyrt það. Svo kemur þessi maður hér upp og segir okkur í nefndinni fara mátulega með sannleikann og segir hagstofustjórann beinlínis ljúga! (**ÓRG:** Það er ekki satt.) Nú, það fólst í orðunum: taka ekkert mark á hans skýringu.

Eins og ég sagði áðan skal ég ekki fara ýkjalangt út í þessa sálma. En ég ætla aðeins að segja það, að ljótt er ef svona vinnubrögð á að fara að viðhafa af hálfu stjórnarsinna, ráðh. og annarra slíkra, eins og t. d. hafa verið viðhöfð í dag í þessari deild eða þá í umr. í Sþ. í dag. Auðvitað er öllum ráðh. til háborinnar skammar framkoman þar. Svo er verið að nefna virðingu Alþingis. Það gerði hv. formaður fjh.- og viðskn. nú: ríkisstj. sem mynduð var til að gæta virðingar Alþingis. (**Gripið fram í:** Og hefur gert.) Já, það er aldeilis að virðing Alþingis hafi vaxið. Ég veit ekki til að einn einasti maður á Íslandi, nema þá ráðh. og þessir hjálparsveinar þeirra, telji að virðing Alþingis hafi vaxið á síðasta árinu og rúmlega það. Auðvitað hefur Alþingi aldrei verið sett jafnlangt niður og á s. l. ári og kannske aldrei lengra niður en í dag í umr. í Sþ. og svo aftur núna.

Á lokastigi málsins, þegar við erum að greiða fyrir afgreiðslu mála, kemur formaður fjh.- og viðskn., á lokamínútum umr., og fer að halda því fram að þetta hafi allt saman legið fyrir í fjh.- og viðskn. Aldrei eitt einasta orð um það. Jú, Ásmundur Stefánsson kom þarna einu sinni og hafði sama sem ekkert að segja. Nákvæmlega ekki neitt. Þetta eru hrein ósannindi sem formaður n. flytur hér á lokastigi málsins. Það væri þess vegna kannske tilefni til að halda þessum umr. áfram í alla nótt, kannske nokkra daga. (**ÓRG:** Ég sagði ekki að það hefði legið fyrir í n. Það hefði átt að vera hverjum manni ljóst hins vegar.) Vera ljóst? Hvernig gat það verið okkur ljóst nema það væri nefnt? (**ÓRG:** Að hugsa pínulítið.)

Auðvitað veit hver einasti maður hér inni og landslýður allur að þessar ákvarðanir voru teknar í skyndingu í dag af ótta. Stjórnin er að hopa, og það er gott að hún hopar á þessu sviði vegna þess að auðvitað er ekki hægt að níðast á því fólki í landinu sem langsamlega erfiðast á með að draga fram lífið vegna þeirrar stanslausu kjaraskerðingar og óðaverðbólgu og ofstjórnar sem í landinu ríkir.

En ég ætla að segja það, að ef á að fara að tíðka þessi vinnubrögð verða þau auðvitað önnur vinnubrögðin sem við stjórnarandstæðingar beitum. Við höfum alltaf reynt að greiða fyrir málum í einu og öllu. Svo á lokastigi á að fara að bera upp á okkur ósannindi margháttuð. (**ÓRG:** Það hefur enginn borið upp á ykkur ósannindi.) Menn heyra nú hér. Það eru ekki allir heyrnarlausir. Það eru kannske einhverjir í þessari stjórn bæði mállausir og heyrnarlausir, eins og einn góður þm. sagði hér fyrr í vetur, og fara kannske líka að verða ærulausir. (**StJ:** Nei strákar, ekki þetta.) Hv. þm. Stefán Jónsson telur þó ekki að þeir séu að verða ærulausir. En hvernig var nú í þessu togaramáli þarna? Eru nú allir með fulla æru? (Gripið fram í.) Ég á ekki við þennan þm. sérstaklega. Ég held að þessar umr., allt þetta háttalag þessarar stjórnar, sem eins og ég áðan sagði er byggð á undirferli og svikum frá upphafi, sé auðvitað að fara með æru Alþingis, kannske okkar allra. Hvað haldið þið að fólk segi og hugsi um það stjórnarfar, sem hér ríkir, þegar æðstu ráðamenn þjóðarinnar svokallaðir, virðuleikamennirnir sem ætluðu að gæta virðingar Alþingis, fórnuðu sér fyrir Alþingi og þjóðina, haga sér þannig að ekki er hægt að trúa einu einasta orði sem þessir menn segja? Það veit enginn hverju er logið og hvort þeir einhvern tíma slysast til að segja satt.

ATKVGR.

Brtt. 464 tekin aftur.
Frv. samþ. með 11:8 atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 57. fundur.

Þriðjudaginn 24. febr., kl. 4 síðdegis.

Flugvallagjald, frv. (þskj. 151). — 1. umr.

Flm. (Halldór Blöndal): Herra forseti. Ég lagði fram frv. á þskj. 151 um afnám flugvallagjalds allnokkru fyrir jólin, nægilega tímanlega til þess að unnt hefði verið að fella þetta gjald niður við afgreiðslu fjárlaga yfirstandandi árs ef vilji hefði til þess staðið hjá stuðningsmönnum núv. hæstv. ríkisstj. En eins og við var að búast stóð hugur þeirra ekki til þess, enda er hugmyndaflug ríkisstj. ótrúlega mikið varðandi það að leggja á nýja skatta eða hækka opinber gjöld og álögur sem á þjóðinni hvíla.

Samkvæmt plöggum, sem ég hef í höndum, hefur hæstv. fjmrh. m. a. ákveðið eftirfarandi hækkanir á gjöldum með reglugerð nú um áramótin eða á s. l. ári:

Í fyrsta lagi varðandi þungaskatt samkvæmt lögum nr. 79/1974, um fjáröflun til vegagerðar, sbr. lög nr. 78/1977. Samkvæmt reglugerð nr. 636/1980 hækkuðu gjöld þessi hinn 1. jan. s. l. um ca. 50% eða það sem nemur hækkun á byggingarvísitölu á s. l. ári, sbr. 5. gr. þeirra laga. Eins og mönnum er kunnugt var þó gert ráð fyrir því við afgreiðslu fjárlaga að verðbólgan mundi ekki hækka nema um 42% milli ára þannig að ríkisstj. tekur þarna 8% í sinn vasa umfram það sem ætla má að verðhækkunin verði samkvæmt afgreiðslu fjárlaga.

Bensíngjald hækkaði á s. l. ári fjórum sinnum: hinn 14. apríl úr 78.93 kr. í 91.36 kr., hinn 28. júní upp í 99.84, hinn 9. okt. í 112.47 kr. og 24. des. í 123.72 eða samtals um 35.42% á átta og hálfum mánuði, sem ég hygg að sé eitthvað um 50% á ársgrundvelli.

Sú breyting var gerð á flugvallagjaldinu með lögum nr. 18/1980, að gert er ráð fyrir að fjmrh. geti einhliða ákveðið að hækka það í samræmi við byggingarvísitölu. Ég lít svo á, að með þessari breytingu hafi núv. hæstv. ríkisstj. staðfest þann vilja sinn að gera flugvallagjaldið varanlegt, en eins og hv. þm. rekur minni til var gert ráð fyrir því þegar flugvallagjaldið var lagt á upprunalega, að það mundi ekki verða til langframa. Ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar hafði raunar lækkað flugvallagjaldið umtalsvert þegar hún fór frá völdum eftir mitt ár 1978. Samkvæmt reglugerð, sem gildi tók hinn 10. des. s. l., hækkaði flugvallagjald sem hér segir: Fyrir fullorðna á leið úr landi hækkaði flugvallagjaldið úr 8800 kr. upp í 11 200 kr., en fyrir börn 2—12 ára að aldri úr 4400 kr. í 5600 kr. Í innanlandsflugi bar að greiða 650 kr. fyrir fullorðna og 325 kr. fyrir börn. Það hækkaði í 800 kr. og 400 kr.

Enn er það að segja, að samkvæmt aukatekjulögum skal fjmrh. ákveða með reglugerð gjöld fyrir hvers konar leyfisbréf, skírteini og skráningar, og samkvæmt reglugerð nr. 635/1980, um aukatekjur ríkissjóðs, hækkuðu þau gjöld, sem þar greinir, hinn 1. jan. s. l. um ca. 50—70%. Þetta er í raun framlag hæstv. ríkisstj. til að lækka verðlag í landinu og vinna gegn verðbólgunni. Strax daginn eftir að hæstv. forsrh. flutti afmælisræðu sína í ríkisútvarpið á gamlársdag, strax á miðnætti þann sama dag, tók sem sagt gildi ný reglugerð frá hæstv. fjmrh. um að hækka hvers konar gjöld fyrir leyfisbréf, skírteini og skráningar, sem undir hann heyra, um 50 — 70%. Nokkru síðar kom svo út fréttatilkynning frá Skýrsluvélum um að þær hefðu hækkað alla sína þjónustu frá 1. jan. um 25%.

Eins og ég hef hér sýnt fram á hefur ríkisstj. varið síðustu dögum desembermánaðar og fyrstu dögum janúarmánaðar einkanlega til að hækka alls konar álögur og greiðslur fyrir þjónustu eftir því sem heimildir hennar hafa staðið til. En samkvæmt fjárlögum er gert ráð fyrir að flugvallagjaldið nemi 14 millj. nýkr. eða 1.4 milljarði gkr. á yfirstandandi ári. Þetta gjald er mjög hátt. Mér er sagt að þetta sé eitt hæsta flugvallagjald í heimi, og þær upplýsingar hef ég fengið frá einum af framámönnum Flugleiða. Dreg ég það ekki í efa. Jafnframt hefur það komið fram margsinnis, að sumar ferðaskrifstofur, sem selja farmiða til Íslands, veigra sér við að innheimta flugvallagjaldið um leið og farseðlar eru seldir þeim sem ferðast til landsins. Þetta hefur valdið margvíslegum óþægindum fyrir starfsfólk Flugleiða sem verður að innheimta þetta gjald. Það hefur orðið fyrir skömmum og svívirðingum erlendra ferðamanna sem hafa lent í erfiðleikum af þessum sökum.

Enn má á það minna, að Vestur-Íslendingar, bæði í Bandaríkjunum og Kanada, hafa skrifað hingað heim og hvatt til þess, að flugvallagjald verði fellt niður. Þeir styðja áskorun sína m. a. með því, að frændur okkar vestra sætta sig einfaldlega ekki við að greiða svo hátt flugvallagjald ofan á annan ferðakostnað. Það er mergurinn málsins í þessum efnum.

Ég vil svo rifja það upp í lokin, að á sínum tíma var söluskattur lagður á flug hér innanlands, en ekki millilandaflug, og var flugvallagjaldið í upphafi réttlætt með því, að þar yrði að koma jöfnuður á milli, auk þess sem verið var að afla fjár með því til framkvæmda varðandi flugsamgöngur. Þær gömlu röksemdir, sem hér um ræðir, eru löngu úr sögunni.

Ég held að það sé sanngirnismál, að fólk utan af landi þurfi ekki að greiða þennan sérstaka skatt. Hann bitnar þyngst á þeim sem fjærst búa og þurfa kannske að nota millilendingar, fljúga með litlu flugfélagi til áætlunarstaða Flugleiða og skipta þar, eins og t. d. á Norðurlandi eða Austurlandi.

Ég vil enn fremur ítreka þau almennu rök, að skattar af þessu tagi, þessir dæmigerðu vinstristjórnarskattar, eru fremur til óþrifnaðar í tekjuöflunarkerfi okkar. Flugvallagjaldið er aðeins eitt af mörgum gjöldum sem okkur væri nær að leggja niður. Ég get til viðbótar nefnt t. d. gjald á ferðalög til útlanda, sem á þessu ári er talið nema 27 millj. og 500 þús. nýkr. eða 2.7 milljörðum gömlum. Þessir sérlegu skattar á ferðalög nema því samtals rúmum 4 milljörðum gkr. eða rúmlega 40 millj. nýkr. Það heyrir fortíðinni til að amast við því, að þeir efnaminni geti ferðast milli landa. Þessi skattur kemur að sjálfsögðu mest við þá sem sjálfir verða að kosta sína för og geta hvorki skrifað kostnað hjá stofnun né fyrirtæki. Því legg ég áherslu á það, að sú n., sem málið fær til umfjöllunar, taki málið umsvifalaust fyrir þannig að hægt verði að afgreiða það á þessu þingi.

Ég vil leyfa mér, herra forseti, að leggja til að málinu verði vísað til fjh.- og viðskn.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Ég er sammála hv. flm. þess frv., sem hér er til umr., um að flugvallaskattur í innanlandsflugi er vandræðaskattur, því hann leggst svo til eingöngu á þá sem fjarri Reykjavík búa og er þó ferðakostnaðurinn ærinn fyrir. Á sama hátt má segja að söluskattur á almenna farþega og vöruflutninga innanlands sé alfarið skattur á dreifbýlið. Hér er um neikvæða byggðastefnu að ræða. Það ber að leggja þessa skattlagningu niður og finna aðra tekjustofna ef nauðsynlegt er talið.

Um flugvallaskatt í millilandaflugi gegnir nokkuð öðru máli, þótt auðvitað sé rétt að endurskoða hann, m. a. vegna breyttra aðstæðna, og á ég þá fyrst og fremst við erfiðleika í millilandaflugi.

Herra forseti. Ég styð það frv., sem hér er til umr., einkum að því er varðar skattlagningu í innanlandsflugi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Lögheimili, frv. (þskj. 425). — 1. umr.

Flm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Frv. þetta, sem ég flyt á þskj. 425 ásamt hv. þm. Ólafi G. Einarssyni, er í nokkrum skyldleika við og í framhaldi af frv. sem ég er 1. flm. að og hefur verið til umr. hér í hv. deild að undanförnu, frv. til 1. um sérhannað húsnæði fyrir aldraða og öryrkja.

Lagt er til með frv. þessu að breyting verði gerð á lögum um lögheimili, að breytt verði 2. gr. laga nr. 35/1960, hvar ákvæði eru um hvar heimili manna skuli teljast. Þar segir „elliheimili eða annarri slíkri stofnun," en komi: sérhönnuðum heimilum og íbúðum aldraða og öryrkja byggðum í tengslum við þjónustumiðstöð aldraðra eða heilsugæslustöð.

Það er nokkuð síðan hugtakið „elliheimili" hefur verið lagt niður hjá frændþjóðum okkar, og ef það væri ekki til í nafni slíks heimilis hér á landi væri það sjálfsagt búið að vera hér líka. Eru margar skýringar á að svo sé, m. a. sú gamla og heldur lélega reynsla sem fékkst fyrr á öldum og á fyrstu áratugum þessarar aldar víða á Norðurlöndum af heimilum sem féllu undir þetta heiti: Nú hefur, eins og ég hef reyndar komið inn á í því máli sem ég vitnaði til, verið breytt til og slík heimili bera allt annað heiti, enda sú starfsemi, sem þar er rekin, allt önnur en var á hinum gömlu elliheimilum, sem voru bæði fátæklingaheimili og geymsluheimili, sem ekki þekkist í dag.

Í því frv., sem ég vitna til, er lagt til m. a. að það verði tekin upp nokkur sérstök heiti á öllum sérhönnuðum íbúðum aldraðra og öryrkja. Sú hugsun er að sjálfsögðu á bak við, að bæði Byggingarsjóður ríkisins og aðrir aðilar, jafnvel Alþingi líka, komi til með að styrkja slíkar byggingar á einn eða annan hátt, annaðhvort með góðum lánum, eins og sagt er nú, eða þá með beinum styrkjum eða annarri fyrirgreiðslu. Þetta þýðir að sjálfsögðu að aldraðir munu sækja til slíkra bygginga, og það er ljóst að slíkar byggingar munu verða reistar í námunda við þá þjónustu sem mun verða og er þegar orðin hjá t. d. heilsugæslustöðvunum og reyndar líka hjá þjónustustöðvum aldraðra sem eru að rísa og hafa risið og í kringum spítala sem hafa á sínum vegum það sem fellur undir hugtakið „hjúkrunarheimili aldaðra," en það má segja að svo sé um marga spítala víðsvegar um landið.

Það stendur t. d. þannig á hér í nágrenni við okkur, á mörkum Garðabæjar og Hafnarfjarðar, að í Hafnarfirði er verið að reisa hjúkrunarheimili fyrir aldraða og þar verður þjónustumiðstöð fyrir aldrað fólk sem mun spanna yfir stærra svæði, þ. á m. nokkur sveitarfélög, a. m. k. þrjú til fjögur sveitarfélög, sem munu eiga bæði beina og óbeina aðild að þeirri þjónustumiðstöð. Það er fyrirhugað að reisa slík sérhönnuð hús í nágrenni þessa heimilis, en þau verða í Garðabæ. Það er nokkur uggur í bæjarstjórn Garðabæjar um að svo geti farið, að þangað flytji stórir hópar af öldruðu fólki sem eigi þá kröfu á sveitarfélagið bæði um heimahjúkrun og heimilishjálp, sem svo lítið sveitarfélag mun eiga í miklum vandræðum með að standa undir.

Við hér í Reykjavík þekkjum vel þetta vandamál. Við höfum orðið að búa við það áratugum saman, að margs konar félagsleg þjónusta, sem hér í borginni er veitt og hefur verið veitt um áratugaskeið fram yfir það sem mörg önnur sveitarfélög hafa veitt, hefur kallað á að aldrað fólk víðs vegar að af landinu, og þ. á m. fólk sem er að nálgast eftirlaunaaldur, hefur reynt að ná sér í sveitfesti hér í borginni og náð. Það hefur haft í för með sér að þeir þegnar í Reykjavíkurborg, sem borga skatta og skyldur til borgarinnar, verða að standa undir auknum útgjöldum af þessum sökum, en það sveitarfélag, sem hafði skatttekjur af þessu fólki meðan það gat greitt þær, meðan það var í blóma lífsins, heldur afrakstri þeirra eftir, en þarf ekki að hafa neinar áhyggjur af þessu gamla fólki þegar svo er komið.

Hér er að sjálfsögðu átt við ef þetta fólk fer inn í íbúð sem er á þess nafni.

Það á hins vegar ekki við um svokölluð elliheimili eða aðrar slíkar stofnanir, en undir þá skilgreiningu falla dvalarheimilin m. a. Á þeim heldur vistfólk áfram sínu gamla lögheimili þótt það flytjist inn á þau úr öðru sveitarfélagi, enda tæplega hægt að búast við öðru, því við höfum hér á landi mörg heimili sem eru byggð á þann veg og rekin að þau eru ekki rekin fyrir íbúa eins sveitarfélags. Ég fæ ekki séð annað, ef þessi breyting verður ekki gerð, en að þá verði útilokað fyrir aðra aðila en sveitarfélögin sjálf að byggja slíkar sérhannaðar íbúðir innan sinna vébanda og þá eingöngu fyrir það fólk sem þar hefur verið búsett um ákveðið árabil.

Ég sé enga ástæðu til þess að við hjálpum ekki til þess að taka slíka sveitfesti af öldruðu fólki. Hæstv. heilbrmrh. hefur tekið undir fyrri orð mín í umr. um daginn, að þetta gamla fólk okkar ætti að sjálfsögðu að hafa sem mest val um hvar það býr og hvernig það býr. Ég tel að samþykkt þessa frv. sé einmitt í áttina til þess að svo geti orðið.

Ég sé ekki, herra forseti, ástæðu til að hafa fleiri orð um frv., nema frekari ástæða gefist til, og legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og til alshn.

Umr. atkvgr. frestað.

Efri deild, 58. fundur.

Miðvikudaginn 25. febr., kl. 2 miðdegis.

Vegalög, frv. (þskj. 197, n. 443, 444). — 2. umr.

Frsm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Samgn. hefur á nokkrum fundum fjallað um frv. það til breytinga á vegalögum sem hér um ræðir, og hefur nefndin orðið ásátt um að mæla með því, að frv. verði samþykkt með breytingu sem nefndin flytur tillögu um á þskj. 444. Samgn. leggur til að 1. gr. frv. orðist svo: 1. málsl. 24. gr. laganna orðist þannig:

„Undanskildar vegaskatti samkv. 23. gr. eru allar kirkjur, skólahús, þinghús, félagsheimili, vitar og enn fremur orlofsheimili í eigu stéttarfélaga launþega á svæðum sem sérstaklega eru skipulögð fyrir orlofs starfsemi."

Frv. þetta var flutt til efnda á fyrirheiti sem ríkisstj. gaf í sambandi við kjarasamninga Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambandsins. Fyrirheitið var í þá veru, að ríkisstj. mundi á yfirstandandi Alþingi leggja fram frv. til laga um breytingu á vegalögum, þess efnis, að orlofshúsnæði verkalýðsfélaganna yrði undanþegið því gjaldi sem um ræðir í þessu frv. Það er ekki vitað með fullri vissu hversu miklu tekjutapi sýsluvegasjóðir verða fyrir ef þetta frv. verður að lögum, en þó er talið að það sé mjög óverulegt.

Sú breyting, sem nefndin leggur til að gerð verði á frv., er í þá veru, að þetta verði skýrara og afmarkaðra og þannig, að minni hætta verði á að unnt sé með einhverjum hætti að misbeita þessu ákvæði. Nefndin leggur sem sagt til að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu sem hún flytur á þskj. 444.

ATKVGR.

Brtt. 444 (ný 1. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Barnalög, frv. (þskj. 426 (sbr. 5)). — 1. umr.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Frv. til barnalaga var fyrst lagt fram á Alþingi vorið 1976, en síðan endurflutt fjórum sinnum, síðast í ársbyrjun 1980, án þess að það virtist vekja sérstaka athygli hv. alþm.

Það var ákveðið, að þetta frv. til barnalaga ætti að leysa af hólmi lög nr. 57 frá 1921, um afstöðu foreldra til skilgetinna barna, og lög nr. 87 frá 1947, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, en þau lög komu í stað laga nr. 46 frá 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

Þó að nokkrar breytingar hafi verið gerðar á þessari löggjöf á síðari árum má þó segja að hún sé að stofni til 60 ára gömul. Þarf því engan að undra þótt lögin þurfi nokkurrar endurskoðunar við. Lögin frá 1921, sem ég nefndi, voru mjög vandlega unnin á sinni tíð og byggð á norrænu samstarfi. Á undanförnum árum hefur farið fram um öll Norðurlönd endurskoðun á þessari löggjöf af ýmsum ástæðum sem óþarft er að rekja. Ég ákvað því að láta skoða þetta frv. vandlega einu sinni enn s. l. sumar. Það var gert af höfundum frv., sifjalaganefnd dómsmrn. Frv. var lagt fram í Nd. í þingbyrjun sem mál nr. 5. Hefur því unnist allgóður tími til þess að athuga það í Nd. Það er nú komið hingað til hv. Ed.

Mér er kunnugt um það, að frv. var athugað allvendilega í Nd. og höfundar kallaðir til skrafs og ráðagerða. Á frv. voru gerðar nokkrar breytingar, en þær eru, þegar nánar er að gætt, ekki stórvægilegar og voru allar samþykktar einróma í Nd. að mig minnir.

Frv. þessu fylgir mjög ítarleg grg. svo að ég þarf ekki að hafa þessa framsögu langa að sinni. Ég leyfi mér að vísa til hinnar ítarlegu grg. svo og þeirra orða sem ég mælti í hv. Nd. þegar ég fylgdi frv. úr hlaði.

Ég leyfi mér að vænta þess, að áhugi hv. alþm. dugi nú til að koma þessu mikilvæga og merka frv. áfram, þannig að það verði að lögum á þessu þingi. Ég treysti hv. Ed.-mönnum vel til þess að láta það ekki tefjast lengi hér í deildinni.

Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Aðeins örfá orð vegna þeirra orða sem hæstv. dómsmrh. lét falla hér áðan, þar sem hann eiginlega höfðaði til áhuga þm. hér um að láta þetta mál ekki dragast hér. Ég get glatt hæstv. dómsmrh. með því, að enda þótt ekki sé formlega búið að vísa málinu til allshn. hefur nefndin þegar haldið tvo fundi um þetta mál og haft þar sér til ráðuneytis ráðuneytisstjóra dómsmrn. Nefndin mun halda sinn þriðja fund um þetta á föstudagsmorgun og ég geri ekki ráð fyrir að neitt muni standa upp á allshn. Ed. um að skila þessu máli frá sér með eðlilegum hætti. Hins vegar er hér um mál að ræða sem eðli sínu samkv. þarf mikillar athugunar við. Hér er fjallað um viðkvæm persónuleg málefni í löggjöf og gert ráð fyrir ýmsum töluvert veigamiklum breytingum. Ég þykist geta fullyrt það, að allshn. muni flytja brtt. við frv., og mun nefndin stefna að því að það geti gerst í svo tæka tíð að Nd. gefist tími til að fjalla um frv. að því hér breyttu. En ég get fullyrt það, að það mun ekki standa neitt upp á allshn. hv. deildar í þessu máli.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Það frv., sem liggur hér fyrir, hefur legið fyrir Alþingi alloft áður, eins og hæstv. dómsmrh. minnit á, og það hefur ekki vakið athygli alþm. eins og vert væri. Hér er um að ræða endurskoðun á 60 ára gömlum lögum, eins og hann reyndar gat um, og það hefur verið mikil nauðsyn á því að endurskoða þessi lög. Nú er mikil nauðsyn á því að afgreiða þessi lög hið allra fyrsta, því að víða gætir mjög óréttlætis í meðferð þessara mála og miskunnarleysis, sérstaklega gagnvart umgengnisrétti feðra við börn sín ef hjúskaparslit hafa átt sér stað.

Ég vakti athygli á mjög sorglegu dæmi nú í vetur, dæmi um það hvernig þessi mál ganga fyrir sig í dag. Ef þessi lög verða ekki samþykkt mjög bráðlega, þá munu eiga sér stað mjög hryggilegir atburðir, áþekkir þeim sem átt hafa sér stað á undanförnum árum. Þetta dæmi fjallaði um umgengnisrétt föður við barn sitt og reyndar þann alvarlega þátt þessara mála, að móður er samkv. núgild-

andi lögum heimilt að gefa barn án þess að leita eftir samþykki föður hafi foreldrarnir ekki verið í hjónabandi.

Ég fagna því, sem upplýst var hér áðan, að allshn. hefur nú þegar hafið störf við að athuga frv. Það var öðruvísi farið að í Nd. þar sem frv. lá í salti allmargar vikur áður en það var hreyft. Ég treysti því, að allshn. Ed. haldi áfram af sama röskleika og geri allt hvað mögulegt er til þess að afgreiða frv. hið allra fyrsta. Ef það verður ekki, þá eru líkur á að ýmislegt eigi eftir að ske sem miður er og enginn alþm. mundi vilja hafa á samvisku sinni ef hann vissi hvernig málum er komið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Dýralæknar, frv. (þskj. 421). — l. umr.

Flm. (Egill Jónsson): Herra forseti. Á þskj. 421 hef ég ásamt hv. þm. Sveini Jónssyni lagt fram frv. til laga um breytingu á dýralæknalögum, sem felur það í sér, ef samþykkt verður, að einu dýralæknisumdæmi verður bætt við í Austurlandskjördæmi frá því sem nú er.

Fyrir tveimur áratugum eða þar um bil og allt fram að þeim tíma var aðeins einn dýralæknir á Austurlandi, en síðan hafa þær breytingar orðið, að nú eru þar þrjú dýralæknisumdæmi, þ. e. Austur-Skaftafellssýsla, suðurhluti Suður-Múlasýslu og síðan norðurhluti hennar og Norður-Múlasýsla að Vopnafirði. Það hallast hins vegar enn þá æðimikið á í þessum efnum. Austurlandsumdæmi syðra, sem er, eins og ég sagði áðan, syðstu hreppar Suður-Múlasýslu, er mun minna umdæmi en Egilsstaðaumdæmi sem er langstærst þessara dýralæknisumdæma.

Það hafa um nokkurra ára skeið komið fram óskir um breytingar í þessum efnum þannig að stofnað yrði sérstakt dýralæknisumdæmi niðri á fjörðum, og gengur þetta frv. einmitt í þá átt. Hér er lagt til að fimm sveitarfélög verði innan þessa nýja dýralæknisumdæmis og er það ekki ósvipuð tala og nú er varðandi tvö önnur umdæmi í þessu kjördæmi, þ. e. Austur-Skaftafellssýslu þar sem sveitarfélögin eru að vísu sjö, og syðra Múlasýsluumdæmið, þar sem sveitarfélögin eru sex. Hér kemur það til viðbótar, að á þessu landssvæði eru samgöngur erfiðar og miklum annmörkum háð og kostnaðarsamt að þjóna alla leið frá Egilsstöðum niður á Norðfjörð. Til viðbótar kemur svo það, að á síðari árum hafa verkefni dýralækna mjög aukist og þá sérstaklega í sambandi við heilbrigðiseftirlit, bæði í sláturhúsum og ekki síður í mjólkursamlögum, en eins og kunnugt er þá er starfandi mjólkursamlag á Norðfirði.

Eins og ég sagði áðan hafa legið fyrir óskir frá heimamönnum, fyrst og fremst sveitarstjórn Norðfjarðar, en auk þess frá Búnaðarsambandi Austurlands, og Búnaðarþing hefur líka lagt áherslu á að þessi skipan mála kæmist á.

Ég vænti þess, að þetta mál sé nægilega skýrt hér fyrir hv. þm. í þessari deild, og geri svo að minni till., herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til landbn.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Við þessa umr. vil ég gjarnan láta þess getið, að landbrn. hefur haft til athugunar samræmingu á dýralæknalögum þannig að þeim yrði steypt saman í einn lagabálk, en þau eru nú í mörgu lagi.

Í öðru lagi hefur það kannað umdæmaskiptingu dýralæknisumdæma í landinu.

Rn. hefur leitað álits yfirdýralæknisembættisins varðandi þessi mál. Hef ég hér í höndum tvö bréf frá yfirdýralækni varðandi þessi efni. Í því fyrra er sérstaklega leitað álits á því máli sem hér er gert að umtalsefni í þessu frv., þ. e. stofnun nýs dýralæknisembættis á Austurlandi, en í lok þess bréfs yfirdýralæknis lýsir hann því, að full þörf sé á að stofna þar nýtt dýralæknisumdæmi. Lætur hann þess getið, að svo sé einnig á öðrum svæðum á landinu, og segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Í þessu sambandi vil ég leyfa mér að minna á, eins og áður hefur verið rætt um, að enn eru sum dýralæknisembættin svo stór og skepnumörg, að ofætlun er einum manni að sinna öllum þeim störfum sem þar kalla að mikinn hluta ársins. Hafa í því sambandi verið nefnd t. d. Skagafjarðarumdæmi, Þingeyjarþingsumdæmi, Borgarfjarðarumdæmi, Laugarásumdæmi, Gullbringu- og Kjósarsýsluumdæmi. Ég tel því að huga þurfi að nokkurri endurskoðun á þessu máli hið fyrsta. Ég er að sjálfsögðu fús til þess að leggja fram frekari tillögur í þessu máli hvenær sem þess er óskað.

Virðingarfyllst.
Páll A. Pálsson."

Ég vil láta þess getið, að í framhaldi af þessum umsögnum yfirdýralæknis tel ég mikla nauðsyn á að umdæmaskipting héraðsdýralækna verði endurskoðuð. Um leið verði það tekið til athugunar, sem ég gat um í upphafi, að steypa dýralæknalögum saman í einn lagabálk. Það frv., sem hér er lagt fram, er einn þáttur þessa máls. Sama dag og þetta frv. var lagt fram hér í hv. Ed. var lagt fram í Nd. frv. um nýtt dýralæknisembætti í Þingeyjarþingsumdæmi. Hér er því um fleiri atriði að tefla sem þörf er á að athuga. Með þessum orðum er ég vitaskuld ekki að leggjast gegn því, að þetta sérstaka mál sé tekið til athugunar hér á hinu háa Alþingi, en hafa ber í huga að þetta mál er stærra en það frv. fjallar um, sem hér er á ferðinni, og þörf á að taka það fyrir í heild.

Þá verður einnig að hafa það í huga, að þeim lagabreytingum, sem hefðu í för með sér fjölgun dýralæknisumdæmanna sem þessu nemur og hér hefur verið rakið, hlyti að fylgja verulegur aukinn kostnaður. Þau útgjöld þarf að hafa í huga um leið og stefnt verður að því að reyna að auka og bæta þessa þjónustu. Þar þarf að sigla meðalveg, eftir því sem fært þykir. Hverju nýju dýralæknisembætti fylgja ekki einungis laun og annar kostnaður við starf dýralæknis, heldur einnig dýralæknisbústaður, og það þarf að afla fjár til þess að geta komið þeirri aðstöðu upp. Því er auðvitað nauðsynlegt að Alþingi gefist kostur á að taka afstöðu til slíkra málefna fyrir landið í heild.

Flm. (Egill Jónsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. fyrir þær upplýsingar, sem hann gaf hér, og raunar áhuga hans á þessu máli. Mér er reyndar ekki alveg ljóst hver afstaða hans er varðandi þetta frv. Það er

að visu alveg ljóst, að hann er velviljaður þessari breytingu. Hins vegar talar hann um að málið sé stærra og það þurfi að skoða í stærra samhengi, í víðara samhengi. Þess vegna væri mikil þörf á því að fá vitneskju um það hjá hæstv. ráðh., í hvaða samhengi það á að vera. Enn þá liggur ekki annað fyrir en þær bréfaskriftir sem átt hafa sér stað milli yfirdýralæknis og landbrn., og ráðh. gat ekki um að uppi væru né hefðu verið teknar ákvarðanir um endurskoðun á þessari löggjöf.

Nú er það út af fyrir sig alveg rétt sem ráðh. segir, að dýralæknalögin eru í mörgu lagi, en það varðar nær eingöngu, að því er ég hygg, umdæmaskiptinguna sjálfa. Um verkefni og tilgang laganna að öðru leyti, held ég að sé fjallað á einum og sama stað.

Ég fæ ekki séð annað en þetta mál geti gengið alveg hiklaust áfram hér á Alþingi svo fremi að ekki komi fram sérstakar till. eða sérstakar ákvarðanir hafi verið teknar um heildarendurskoðun á þessum málum, og það kom ekki fram í máli hæstv. ráðh. áðan.

Ég fagna því, að það liggur nú fyrir hér líka, samkv. bréfi því sem hæstv. ráðh. vitnaði í, að yfirdýralæknir telur að stofnun þessa dýralæknisumdæmis sé tímabær, og er það ein viðurkenningin til viðbótar við þær sem ég taldi áðan. Og sömu skoðunar er sá dýralæknir sem þarna er næstur, Jón Pétursson dýralæknir á Egilsstöðum. Hann hefur tjáð mér að hann væri hlynntur þessari breytingu og þessari skipan mála. Þar er einmitt um að ræða stórt umdæmi og erfitt yfirferðar sem hann þjónar, og það er vel hugsanlegt og hefur komið inn í þessa umr. að þarna gæti orðið um aukna hagkvæmni að ræða á milli þessara tveggja dýralæknisumdæma, m. a. með tilliti til þess þegar dýralæknarnir fara í frí eða þarf að leysa þá af, eins og það er nú gjarnan orðað, undir öðrum kringumstæðum.

Svo að það vefjist ekki neitt fyrir mönnum, m. a. ekki hæstv. landbrh., þá tel ég að framgangur þessa máls á Alþingi sé alveg eðlilegur og réttmætur. Það, sem síst gæti hugsanlega verið þar steinn í götu, væri ef tekið væri til — og það rösklega og í einhverri alvöru — við að endurskoða dýralæknaskipunina í heild. En það er ekki nein ástæða til að láta þetta mál bíða eftir einhverjum hugmyndum í þeim efnum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 12 shlj. atkv.

Atvinnuleysistryggingar, frv. (þskj. 431). — 1. umr.

Flm. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 431 að flytja frv. til l. um breyt. á lögum nr. 57 frá 27. apríl 1973, um atvinnuleysistryggingar, og síðari breytingum á þeim lögum. Flm ásamt mér eru hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson, Guðmundur Bjarnason, Stefán Jónsson og Stefán Guðmundsson.

Þetta frv. er flutt í samráði við velflesta þm. Norðlendinga í Nd., og ég geri raunar ráð fyrir að sakir efnis þess sé það stutt og þm. yfirleitt að meginefni til.

Í frv. felst það að breyta lögum um atvinnuleysistryggingar í þá veru, að ef mikið atvinnuleysi er yfirvofandi af völdum náttúruhamfara, t. d. að hafís loki höfnum á stóru svæði, þá sé stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs heimilt að greiða í samráði við viðkomandi sveitarstjórnir aukakostnað sem hlýst að því að koma í veg fyrir atvinnuleysi af þessum sökum.

Fyrsta grein, sem raunar er eina efnisgrein frv., hljóðar svo:

„Í VII. kafla laganna bætist ný gr. er verði 24. gr. og orðist svo:

Nú verður víðtækt og mikið atvinnuleysi yfirvofandi af völdum náttúruhamfara, t. d. hafíss sem lokar höfnum á stóru landssvæði, og er þá stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs heimilt að greiða í samráði við viðkomandi sveitarstjórnir aukakostnað sem hlýst af því að koma í veg fyrir atvinnuleysi á viðkomandi landssvæði, t. d. flutningskostnað á afla milli byggðarlaga og landshluta.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs leggur sjálfstætt mat á það, hvort, hvernig eða hvenær henni þykir ástæða til að nota þessa heimild."

Ekki þarf að hafa um þetta langt mál. Eins og hv. þm. vita er óvenjumikill hafís fyrir öllu Vestur- og Norðurlandi, og ýmsir hafa spáð því, að hafís geti orðið mönnum þungur í skauti á þessu ári. T. d. telja veðurfræðingar jafnvel eins slæmar horfur á komu hafíss nú og verstu ár síðustu tvo áratugina. Nýlega var birt umsögn sjórannsóknadeildar Hafrannsóknastofnunarinnar þar sem tekið var nokkuð djúpt í árinni um hættu á hafís. Þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Þessar niðurstöður um ástand sjávar og hafísinn benda til þess, að ísinn geti enn rekið í átt til landsins og jafnvel rekið [illegible] að öllu Norður- og Norðausturlandi þegar líður [illegible] inn."

Menn hafa [illegible] onum haft af þessu áhyggjur þar sem flest byggð[illegible] í þessum landhlutum eru háð því, að afli berist til þ[illegible]ra plássa. Þær hugmyndir, sem hér er hreyft í frv.-formi, hafa komið fram í viðræðum þm. við forráðamenn sumra þessara sjávarplássa. Við, sem stöndum að flutningi þessa máls, leggjum áherslu á það sem stendur hér síðast í greininni: „Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs leggur sjálfstætt mat á það, hvort, hvernig eða hvenær henni þykir ástæða til að nota þessa heimild." Við teljum að stjórn sjóðsins verði að hafa það í hendi sér að meta hvenær slík vá sé fyrir dyrum í þessum efnum að hún vilji nota þessa heimild.

Því hefur verið stungið að okkur, að það væri kannske eðlilegra form vegna fordæmis að gera ráð fyrir því, að Atvinnuleysistryggingasjóður lánaði sveitarfélögum fé og þau mundu þá styrkja slíka flutninga, t. d. aflaflutninga. Ég legg áherslu á það — og hef haft um það samráð við meðflm. mína — að þetta atriði sem og önnur, er varða þetta mál, verði afgreidd í samráði við stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Ég vil að lokum leggja á það mjög þunga áherslu, að þetta mál nái fram að ganga, nái mjög skjótt fram að ganga, þannig að hægt verði með tiltækum ráðum að beita fjármagni Atvinnuleysistryggingasjóðs fremur til þess að koma í veg fyrir fjöldaatvinnuleysi af völdum hafíss eða hliðstæðra náttúruhamfara. Og ég vil leyfa mér að vænta þess, að hv. þm. taki undir það með mér.

Ég legg svo til, herra forseti, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. heilbr.- og trn.

Guðmundur Bjarnason: Herra forseti. Frv. það, sem hér er flutt, fjallar um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar.

Eins og hv. 1. flm. frv., Lárus Jónsson, gat um áðan er

þetta heimildarákvæði fyrir stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs, til að vinna að fyrirbyggjandi aðgerðum er atvinnuleysi er yfirvofandi. Ef líkur eru á að náttúruhamfarir einhvers konar eða aðrir atburðir geti valdið atvinnuleysi á stórum landssvæðum eða í heilum landshlutum, þá sé Atvinnuleysistryggingasjóði eða stjórn hans heimilt að veita fjármagn til þess að stuðla að áframhaldandi atvinnu eftir mætti, fremur en að þurfa síðar að greiða bætur beint til þeirra sem atvinnulausir verða. Hér er skýrt kveðið á um að það sé stjórn sjóðsins sem leggi sjálfstætt mat á hvort, hvernig eða hvenær hún telji rétt eða ástæðu til að beita þessu heimildarákvæði ef það verður að lögum.

Ég hygg að hvatinn að flutningi þessa frv. sé fundur sem þm. Norðurlandskjördæmis eystra áttu með fulltrúum frá bæjarstjórn Húsavíkur, en síðan hefur þetta — og sjálfsagt bæði fyrr og síðar — verið rætt við fulltrúa ýmissa sveitarfélaga, eins og hv. 1. flm. gat um. Á umræddum fundi var einkum rætt um það, að ef hafnir lokuðust af hafís mætti verja einhverju fjármagni til að taka þátt í kostnaði við flutning afla milli landshluta eða staða. Þetta getur átt við í ýmsum fleiri tilvikum. Ég hef lengi haft þá skoðun, að það beri að athuga hvernig beita megi Atvinnuleysistryggingasjóði á þann hátt sem hér er vikið að, að hann beiti sér fyrir fyrirbyggjandi aðgerðum svo að koma megi í veg fyrir að atvinnuleysisvofan knýi dyra hjá íbúum landsins, hjá hinu vinnandi fólki, fremur en bíða eftir atvinnuleysinu og þurfa síðan að greiða peninga því fólki sem ekki hefur atvinnu. Vafalaust er það gert í ýmsum tilvikum. Atvinnuleysistryggingasjóður hefur lánað til ýmissa nytsamlegra hluta í atvinnuuppbyggingarskyni, en ég álít að þarna sé hægt að ganga lengra og eigi að skoða þetta mál ítarlega.

Ég tel fyllilega tímabært að taka einmitt þennan þátt atvinnumálanna til gaumgæfilegrar athugunar.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Mér er ekki kunnugt um annað en að Atvinnuleysistryggingasjóður hafi undanfarna áratugi lánað allverulega til atvinnuuppbyggingar þar sem þess hefur verið þörf, þar sem verið hefur nauðsyn á því, og þar hafi sjóðurinn gegnt mjög þýðingarmiklu hlutverki einmitt í þá veru að koma í veg fyrir atvinnuleysi, efla atvinnulíf þar sem atvinnuöryggi er lítið. Mér er næst að halda að fyrir hendi séu heimildir til að gera það sem hér er rætt um, utan þess að greiða flutningskostnað á afla milli byggðarlaga og landshluta.

Ég er ekki heldur viss um að það sé rétt að auka kvaðir á þennan sjóð. Það eru nú þegar of miklar kvaðir á honum og greiðslustaða hans er slík, að ef við hefðum atvinnuleysi — við skulum segja 10% atvinnuleysi í 1—2 mánuði — þá kæmist sjóðurinn í alger greiðsluþrot. Og verkalýðssamtökin, sem eiga stjórnaraðild að þessum sjóði, yrðu mjög óhress ef sjóðurinn gæti ekki sinnt sínu hlutverki.

Sem betur fer höfum við verið lausir við fjöldaatvinnuleysi nú hin seinni ár, og vonandi þarf ekki til þess að koma. En mér er kunnugt um að greiðslustaða sjóðsins er mjög erfið, ekki síst vegna þess að menn hafa verið mjög kappsamir að leggja hvers kyns kvaðir á þennan sjóð, — kvaðir sem alls ekki er eðlilegt að hann hafi.

Hins vegar vil ég minna á það, að þessi sjóður er til kominn vegna samninga verkalýðshreyfingarinnar við atvinnurekendur á sínum tíma. Þessi sjóður varð til þess að leysa all alvarlega vinnudeilu, að ég held árið 1955, og það er mat verkalýðssamtakanna að þau eigi að hafa seinasta orðið um það, hvernig þeim fjármunum er varið sem þar eru. Því þarf að leita álits þeirra og einnig stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs á því, hvernig með þetta mál skuli fara. Engu að síður þarf að leysa það vandamál sem hlýtur að koma upp ef hafís leggst að landinu. Það er á sínum stað, og ég er reiðubúinn að stuðla að því að slíkum sjóði eða slíkri fyrirgreiðslu verði komið á. En ég vara eindregið við því að vaða í þennan sjóð sem nú er þannig staddur að liggur við greiðsluþroti.

Ég vona að þegar þessu hefur verið vísað til nefndar afli menn sér upplýsinga um, hvernig málum er komið varðandi greiðslugetu sjóðsins, og menn hverfi þá frá þessum hugmyndum. Og ef samþykkt væri að sjóðurinn greiddi hitt og þetta í þessu sambandi, þá hygg ég að það yrði að afla sjóðnum aukinna tekna til að geta sinnt þessu hlutverki.

Því beini ég því til viðkomandi nefndar að hún skoði þetta frv. mjög vel og þá einkum, hvort eðlilegt er að Atvinnuleysistryggingasjóður taki þessar kvaðir á sig, og einnig, hvort nokkrir fjármunir eru í sjóðnum til að sinna þessum verkefnum.

Davíð Aðalsteinsson: Herra forseti. Ég vil lýsa því yfir, að hér er mál á ferðinni sem er allrar athygli vert. Ég vil vekja athygli á því, eins og raunar hv. flm. og frsm. gerði, að hér er um að ræða heimild til Atvinnuleysistryggingasjóðs, og hann ítrekaði það í sinni framsögu hér. Ég lýsi því yfir sem formaður heilbr.- og trn., að við munum að sjálfsögðu taka þetta mál fljótlega fyrir. Hins vegar er að því vikið í grg., að mikil hætta sé á því á þessum vetri að hafís leggist að landinu. Sem betur fer hefur sú hætta minnkað, það var ekki allt vont við þetta óveður sem gekk yfir á dögunum. En þegar verið er að setja eða breyta löggjöf, þá hugsum við auðvitað ekki aðeins til þess árs, sem er að líða, heldur til næstu ára.

Í þessu sambandi vil ég taka það fram, að það eru fjölmörg önnur atriði sem við þyrftum að huga að vegna þeirra erfiðleika sem dunið geta yfir ef hafís leggst að þessu blessaða landi okkar. Það eru ekki eingöngu þau atriði, sem hér er vikið að, heldur fjölmörg önnur. Ég tel samt ekki ástæðu til að fjölyrða um það hér.

Ég vil lýsa því yfir, að við munum að sjálfsögðu taka þetta frv. til rækilegrar athugunar í þeirri nefnd sem frv. verður vísað til, heilbr.- og trn. Hv. síðasti ræðumaður, hv. þm. Karl Steinar Guðnason, á sæti í þeirri nefnd svo að við munum væntanlega skoða þetta frv. í sameiningu.

Flm. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Aðeins nokkur orð. Ég þakka hv. formanni heilbr.- og trn., sem talaði hér síðast, Davíð Aðalsteinssyni, 3. þm. Vestul., fyrir undirtektir hans um að skoða þetta mál með skjótum hætti. Það þarf ekki að þýða það, að það verði ekki gert á þann hátt sem hér er lagt til, þ. e. í fullu samráði við stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs, eins og sérstaklega er tekið fram í grg.

Ég held að það, sem kom hér fram hjá hv. 3. landk. þm., Karli Steinari Guðnasyni, eigi kannske að einhverju leyti rétt á sér. Menn verða að íhuga, hver greiðslustaða Atvinnuleysistryggingasjóðs er, í sambandi við þetta mál. En ég vek athygli á því, að bæði í sjálfri frvgr. og grg. er lögð áhersla á að ekkert skuli gert í þessu efni sem þvingar stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs til eins eða

annars. Hins vegar tel ég það mjög gagnlegt, að stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs hafi heimild til að gera slíkt ef hún telur sig geta gert það, telur sig komast betur frá því fjárhagslega heldur en að greiða atvinnuleysisbætur og hún er sammála um að hún hafi svigrúm til þess að gera slíkt. Það er einmitt þetta sem fyrir mér vakir í þessum efnum.

Ég er algerlega sammála hv. þm. Davíð Aðalsteinssyni um að þetta mál er margþætt: hafís leggst að landi og verður til þess að lama atvinnulíf á stórum landssvæðum og valda verulegu tjóni o. s. frv. Mér er persónulega kunnugt um að við slíkar aðstæður koma upp mál sem eru flókin og margþætt. Við, sem flytjum þetta frv., höfum reynslu af því, m. a. hv. þm. Stefán Jónsson. Það var því hugmynd okkar að hreyfa þessu máli sérstaklega og fjölyrða ekki frekar um þau atriði í sambandi við vá af völdum hafíss. Ég hvet eindregið til þess, að þetta mál verði skoðað vel, en að það hljóti afgreiðslu á þessu þingi. Og ég verð að segja alveg eins og er, að þar sem stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs er selt algert sjálfdæmi getur hún metið það, hvort hún hefur fjárhagslegt afl til að greiða flutning á afla og geti jafnvel komist betur út úr því en að greiða atvinnuleysisbætur.

Ég vek athygli á því, að af atvinnuleysistryggingum hefur verið létt allverulegum greiðslum með nýrri löggjöf um fæðingarorlof. Og ég fæ ekki séð að það sé með neinu móti hægt að hafa á móti því, að stjórn, sem er algerlega sjálfstæð, eins og stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs er, og verkalýðshreyfingin hefur meiri hluta í, hafi sjálfdæmi um það, hvort hún geti eða hvernig hún vilji framkvæma slíka heimild. Það er þetta sem fyrir okkur vakir. Að sjálfsögðu er hugsanlegt að fara einhverjar aðrar leiðir í því að greiða þann kostnað sem hlýst af atvinnujöfnun við tilvik þegar hafís lokar kannske höfnum á stórum landssvæðum. En það er spurning hvort það er ekki einmitt rétti aðilinn, að stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs geti metið hvorn kostinn hún vill heldur taka, að greiða einhvern kostnað af því að halda uppi atvinnu á þessum landssvæðum eða greiða töluverðar atvinnuleysisbætur.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég þarf ekki löngu máli við að bæta framsögu hv. þm. Lárusar Jónssonar til skýringar á þessu máli. Ég vil aðeins undirstrika þau atriði, að hér er svo ráð fyrir gert, að stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs ráði því, hvort fé sjóðsins verði ráðstafað á þennan hátt við sérstakar aðstæður eða ekki, og ætla að þá muni stjórnin leggja á það mat — rökstutt mat — hvort slíkt sé í þágu verkalýðshreyfingarinnar, hvort slík ráðstöfun sé hagstæð fyrir sjóðinn, hvort litið er til lengri eða skemmri tíma.

Einnig legg ég áherslu á það, að mál þetta verði athugað gaumgæfilega í nefnd. Ég hef heyrt því haldið fram af þeim, sem ég ætla að vit hafi á, að réttara sé að kveða á um heimild til stjórnarinnar að veita lán úr sjóðnum í þessu skyni fremur en að féð verði veitt beint úr sjóðnum. Þetta atriði þarf að athuga gaumgæfilega í nefnd, og svo náttúrlega síðast en ekki síst þurfum við að leita álits sérfræðinga verkalýðshreyfingarinnar á þessu sviði.

Ég hef rætt þetta við ýmsa af forustumönnum verkalýðssamtakanna og þeir, sem ég hef rætt þetta mál við, hafa ekki séð á því faglegan eða tæknilegan annmarka, að stjórnin fái heimild af þessu tagi, og telja eðlilegt að stjórn sjóðsins leggi mat á það hverju sinni, hvort heppilegt sé fyrir sjóðinn og í samræmi við tilgang sjóðsins að verja fé á þennan hátt. En aðeins þetta: ég legg áherslu á að málið í heild verði athugað vandlega í nefnd og leitað álits hinna færustu manna.

Ég veit að við vissar aðstæður, svo við tökum aðeins líkinguna, svo við víkjum aðeins að því dæmi sem hv. þm. Lárus Jónsson tók um þegar hafís hindrar hráefnisflutninga til hafna, — við slíkar aðstæður getur ráðstöfun fjár á þennan hátt orðið hagstæð. Dæmin gætu orðið fleiri um hliðstæðar aðstæður þar sem eðlilegt gæti talist að slíkt væri á valdi sjóðsstjórnar.

Það fer ekkert á milli mála, að þetta opnar leið til þess að ásókn aukist umfram það sem fyrir var, að meira sé til sjóðsstjórnar leitað. En ætlan mín er að þeir menn, sem verkalýðshreyfingin velur til setu í stjórn þessa sjóðs, muni hafa bein í nefi til að standast slíkt.

Og svo rétt aðeins í lokin vil ég geta þess, að þeir þm., sem standa að flutningi málsins, hafa af ákaflega skiljanlegum ástæðum haft sambandi við fulltrúa á þessu hættulega hafíssvæði á Norður- og Norðausturlandi, og þar var ekki síður mælt með framgangi þessa máls — sem raunar var vakið af þeim Norðlendingum — af fulltrúum verkalýðsfélaganna, sem við þm. ræddu, heldur en af hinum.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Ég vek enn athygli á því, að Atvinnuleysistryggingasjóður hefur heimild til þess að lána til atvinnuuppbyggingar og hefur gert það í mjög ríkum mæli. En fjármagnið er af mjög skornum skammti.

Það dæmi, sem er verið að tala um hérna, hafísinn og þau vandamál sem koma til með að fylgja honum, er miklu stærra en menn kannske átta sig á. Ég held að það þurfi e. t. v. sérstaka umfjöllum um það, hvernig við eigum að bregðast við slíkum málum og gera það á annan hátt en að fara í sjóð sem er fjárhagslega vanmegnugur að sinna sínu hlutverki. (**StJ:** Það verður að fara í sjóðinn. Það verður að veita sjóðsstjórninni heimild til þess.) Ég held að þessi heimild sé til að mestu leyti samkv. reglum sjóðsins í dag og þess vegna sé þetta frv. óþarft. En ég held að það þurfi að skoða þessi hafísmál alveg sérstaklega með það fyrir augum, að hægt verði að fá fjármagn til að sinna þessum málum. Ég held að það verði ekki gert með því að setja einhverjar sérstakar auknar kvaðir á Atvinnuleysistryggingasjóð utan þess að stuðla að atvinnuuppbyggingu. Ég held að niðurstaðan í nefndinni hljóti að verða sú, að ástæða sé til að fara aðrar leiðir. Spurningin er sú, hvort þetta er ekki fremur hlutverk Bjargráðasjóðs eða Viðlagasjóðs eða einhverra slíkra sjóða eða nýs sjóðs sem stofnaður yrði til að sinna þessum vandamálum, því að auðvitað horfum við ekki upp á það, að heilir landshlutar leggist í rúst vegna svona óáranar.

En það má ekki reyna að leysa málin á þann hátt að eyðileggja þann sjóð sem ætlaður er til þess að sinna atvinnuleysisvandamálum sérstaklega. Ég er nefnilega hræddur um það, að ef settar eru á sjóðinn sérstakar kvaðir til að leysa svona sérstök mál, þá bresti í fyrsta lag algjörlega greiðslugetuna hjá sjóðnum og einnig verði ekkert gagn að því fyrir málið sjálft að einblína einungis á Atvinnuleysistryggingasjóðinn.

Ég er reiðubúinn að taka þátt í því að ræða og samþykkja það, að staðið verði að fjáröflun til að

leysa þessi vandamál með sérstakri fjáröflun.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég skil fullvel áhyggjur hv. þm. Karls Steinars Guðnasonar af Atvinnuleysistryggingasjóði. Þm. hefur lifað það eins og við fleiri, að í þennan sjóð hefur verið gengið í afsakanlegum kannske — en vissulega annarlegum tilgangi, og hefur Atvinnuleysistryggingasjóði þá ekki verið hlíft fremur en ýmsum öðrum sjóðum. En það er nú eðli sjóða, geymslustaða peninga, að þeir eru æ í hættu fyrir þá sem skortir, allt frá linfrómum mönnum og upp í forsjármenn ríkis sem eru með tóma kassa. Þetta er okkur fullvel ljóst.

Ég endurtek það sem ég sagði í fyrri ræðu minni, að ég geri mér grein fyrir því, að heimild af þessu tagi til stjórnarinnar mun opna leið fyrir aukna ásókn í sjóðinn. Þá verður um það að ræða, að sjóðsstjórnarmenn standi þar á móti og leggi á þetta sjálfstætt mat. Við höfum gert ráð fyrir því, að stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs muni meta það hverju sinni, hvort þarna verði ekki um það að ræða að Atvinnuleysistryggingasjóður þurfi að reiða af höndum upphæð, hærri eða lægri, hvort eð er og þá beint til atvinnuleysisbóta, og meta það þá, hvort það fé kæmi ekki að betri notum með því að veita það til þess að standa að einhverju leyti straum af flutningi á hráefni til vinnslu í fiskiðjuverunum eða til annarra þeirra framkvæmda, sem komið gætu í veg fyrir það atvinnuleysi sem ella mundi kalla á veitingu á þeirri hinni sömu fjárupphæð.

Ég geri mér grein fyrir því, að litlu munar að heimildirnar séu til, eins og hv. þm. Karl Steinar gerði grein fyrir í ræðu sinni. En nokkru munar, það sem hér er ekki um að ræða framkvæmdir til atvinnuuppbyggingar, heldur til þess að ráða bót á aðsteðjandi atvinnuleysisvandamáli af völdum náttúruhamfara eða annarra slíkra nauða, svo sem hafíss. Hérna munar þessu, að við höfum fengið þau svör, að það sé ekki heimild til að veita fé úr sjóðnum í þessu skyni. Þetta reyndum við hafísárið í hittiðfyrra þegar um það var að ræða að fá fjármagnsfyrirgreiðslu til þess að styrkja flutning á fiski í frystihús sem lokuð voru vegna hafíssins á þeim tíma. (Gripið fram í.) Já, að vísu kom það fram líka, en þá getur náttúrlega hv. þm. Karl Steinar spurt ósköp einfaldlega sem svo, hvort það sé þá ekki ástæða til að breyta þeim lögum líka. Það kynni að vera, að ástæða væri til þess að breyta þeim jafnframt. En ég ítreka þetta, að hér er eingöngu um það að ræða að veita stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs skýlausa heimild til að ráðstafa fé á þennan hátt ef hún telur það hagstætt. Og ef með þarf, ef í ljós kemur að þeir reynist gljúpir fyrir, stjórnarmenn, af þessum sökum, vegna aukinnar ásóknar, þá verða hæg heimatökin fyrir verkalýðssamtökin að kjósa bara harðari karla í stjórnina.

Guðmundur Bjarnason: Herra forseti. Ég vil mjög eindregið taka undir það með hv. 3. landsk. þm., Karli Steinari Guðnasyni, að það þurfi að sjálfsögðu að kanna mjög vandlega greiðslugetu sjóðsins og getu hans yfirleitt til þess að standa við slíkar skuldbindingar sem hér er veitt heimild til að hann taki á sig. En ég vil jafnframt ítreka það, eins og fram hefur komið í umr. áður, að hér er aðeins og fyrst og fremst um að ræða heimild. Það er ekki lögð eins ströng kvöð á sjóðinn og mér fannst hv. 3. landsk. þm. tala um, þar sem það er alfarið í höndum stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs að meta aðstæður hverju sinni og hvort hún telur rétt eða þörf á að beita þessu ákvæði.

En mér finnst gæta svolítils misskilnings eða mismunar á skilningi okkar á þessu máli, þar sem hann talar um og telur að þetta sem lagt er til í þessu frv., sé allt eins og kannske ekki síður verkefni Bjargráðasjóðs eða Viðlagasjóðs en Atvinnuleysistryggingasjóðs. Ég vil aftur líta svo á, eins og ég gat um í fyrri ræðu minni, að það sé hlutverk Atvinnuleysistryggingasjóðs að reyna að vinna sem mest að aðgerðum til að koma í veg fyrir atvinnuleysi, ekki síður en að greiða hreint út atvinnuleysistryggingabætur. (Gripið fram í.) Já, hann gerir það, segir hv. þm., og það er líka rétt, enda veit ég það og gat um það einnig í fyrri ræðu minni. Mér er fullkunnugt um það, að sjóðurinn hefur lánað mikið til atvinnuuppbyggingar.

Hv. alþm. Stefán Jónsson nefndi það, hvort kannske ætti frekar að kveða hér á um lánveitingu í stað styrkja, sem ég held að sé ekki nægjanlegt í þessu tilviki. Og ég vil líka benda á það, að ég tel að líta megi á það sem nokkurs konar ávöxtun fjár Atvinnuleysistryggingasjóðs þegar það er lagt í fyrirbyggjandi aðgerðir, aðgerðir sem koma í veg fyrir atvinnuleysi, vegna þess að af því nýtur sjóðurinn raunverulega aftur tekna. Ef um atvinnu er að ræða, áframhaldandi atvinnu, þá hlýtur sjóðurinn af því tekjur og þannig er um nokkurs konar ávöxtun á fé sjóðsins að ræða. En á hinn bóginn eru beinar greiðslur atvinnuleysisbóta hrein útgjöld fyrir sjóðinn.

Stefán Guðmundsson: Herra forseti. Það er aðeins örstutt sem ég vildi segja í þessu máli. Ég get tekið undir það sem flm. þessa frv. hafa sagt, og kem aðeins til að undirstrika það.

Ég vil segja vegna ummæla hv. þm. Karls Steinars Guðnasonar, sem sagði að með þessu væri ætlast til að menn gætu vaðið í þennan sjóð, eins og hann orðaði það, og ætlast til þess, að úr honum yrði greitt hitt og þetta, að hér er náttúrlega um mikinn misskilning að ræða. Og ég vildi segja um þennan ágæta þm., að hér sé vísvitandi farið rangt með, því að eins og segir í 1. gr. frv. er hér aðeins um heimild að ræða. En í niðurlagi þessarar 1. gr. segir: „Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs leggur sjálfstætt mat á það, hvort, hvernig eða hvenær henni þykir ástæða til að nota þessa heimild."

Þetta er kjarni málsins. Hins vegar vil ég hvetja til þess eins og aðrir, að málið verði skoðað vel í nefnd, og hér hefur formaður þeirrar nefndar, hv. þm. Davíð Aðalsteinsson, lýst yfir að hann muni beita sér fyrir því að málið fái góða meðferð í nefnd.

Ég tek undir með þeim flm., sem hér hafa talað, að mér finnst það þess vert, að menn skoði málið rækilega. Ég held að finna megi haldgóð rök fyrir því, að það geti verið skynsamlegt og heppilegt að greiða úr Atvinnuleysistryggingasjóði fé til þess að koma í veg fyrir atvinnuleysi á ákveðnum landssvæðum.

Það hefur komið hér fram og mér finnst ástæða til að velta því fyrir sér, hvort þarna væri eðlilegra að kveða á um heimild handa sjóðnum til að veita lán í þessu skyni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 13 shlj. atkv.

Neðri deild, 58. fundur.

Miðvikudaginn 15. febr., kl. 2 miðdegis.

Flugvallagjald, frv. (þskj. 151). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Lögheimili, frv. (þskj. 425). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Viðnám gegn verðbólgu, frv. (þskj. 384.). — 1. umr.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Á gamlársdag voru gefin út brbl. um ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu. Frv. til staðfestingar á þeim brbl. var lagt fyrir Alþingi þegar það kom saman að nýja eftir jólahlé. Frv. var lagt fyrir hv. Ed. og hefur hún nú lokið afgreiðslu þess. Var það í gær samþykkt þaðan óbreytt og afgreitt til þessarar hv. deildar.

Á gamlársdag sendi ríkisstj. frá sér tilkynningu um stefnumótun í efnahagsmálum eða um efnahagsáætlun ríkisstj. Nokkur atriði hennar eru fest í því frv. sem hér liggur fyrir.

Þess er fyrst að geta, að þessar efnahagsaðgerðir ríkisstj. mótast af þremur meginsjónarmiður, en þau eru:

1) Að efla atvinnulíf og tryggja landsmönnum næga vinnu.
2) Að draga úr hraða verðbólgunnar.
3) Að tryggja kaupmátt launafólks.

Í þessu frv. fjallar 1. gr. um verðstöðvun, og til nánari skýringar á framkvæmd þessa ákvæðis vil ég taka það fram, að hæstv. viðskrh. ritaði verðlagsráði svohljóðandi bréf:

„Með tilvísan til brbl. um ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu, nr. 87 frá 31. des. 1980, þar sem kveðið er á um verðstöðvun á tímabilinu frá 1. jan. til 1. maí 1981, beinir viðskrn. þeim tilmælum til verðlagsráðs og Verðlagsstofnunar að fylgt verði mjög strangri stefnu í verðlagsmálum á umræddu tímabili og mun strangari en að undanförnu.

Ráðuneytið beinir því til verðlagsráðs, að ráðið framfylgi almennri verðstöðvun sem meginstefnu fram til 1. maí n. k. og samþykki ekki verðhækkanir nema í algjörum undantekningartilvikum að undangenginni ítarlegri athugun Verðlagsstofnunar."

Þetta bréf hæstv. viðskrh. var rætt á fundi verðlagsráðs og þar gerð svohljóðandi samþykkt:

„Með hliðsjón af tilmælum viðskrn. samþykkir verðlagsráð að fresta um sinn umfjöllun hækkunarbeiðna annarra en þeirra sem byggja á verulegri hækkun helstu kostnaðarþátta í rekstri fyrirtækja."

Í 2. gr. þessa frv. er fjallað um verðtryggingu sparifjár og inn- og útlána. En í lögum frá 1979 um stjórn efnahagsmála var svo á kveðið, að fyrir árslok 1980 skyldi komið á verðtryggingu sparifjár og inn- og útlána. Til þess að fullnægja þessu ákæði var talið að vextir hefðu þurft að hækka um s. l. áramót um 10% eða um það bil. Ríkisstj. taldi alveg útilokað að fallast á hækkun vaxta, svo þung sem vaxtabyrðin er þegar bæði fyrir einstaklinga og atvinnulíf. Hafði þetta sjónarmið ríkisstj. raunar komið fram í því, að á s. l. ári hafði hún hafnað tillögum um vaxtahækkanir nema í eitt skipti, 1. júní, þar sem hún féllst á nokkra vaxtahækkun að tillögu Seðlabankans, en hafnaði hins vegar vaxtahækkun 1. mars, 1. sept., 1. des. og í lok ársins. Var því talið með hliðsjón af þessu nauðsynlegt að breyta þessu tímamarki verðtryggingar. Er það samkvæmt þessu ákvæði flutt fram um eitt ár þannig að í stað ársloka 1980 koma árslok 1981.

Í 3. gr. frv. segir að stofna skuli til verðtryggðra sparireikninga í bönkum og sparisjóðum, þar sem binda má fé til sex mánaða. Í stjórnarsáttmálanum var svo ákveðið, að verðtryggðum sparireikningum skyldi komið á fót í bönkun og sparisjóðum þar sem sparendur fengju fulla verðtryggingu síns sparifjár. Ríkisstj. taldi þegar við stjórnarmyndunina mjög mikilvægt að til slíkra sparireikninga yrði stofnað þegar á síðasta ári, en engir slíkir sparireikningar höfðu þá verið til í innlánsstofnunum. Það var skoðun okkar að slík ráðstöfun væri líkleg til að auka sparnað í landinu. Margir eru þeir, sem hafa á undanförnum verðbólguárum flýtt sér að nota það fé, sem þeir kynnu að hafa aflögu, til kaupa á erlendum vörum, bifreiðum, heimilistækjum eða öðru, eða til þess að festa í fasteign.

Með því að opna þannig verðtryggða sparireikninga gat fólk, með fullri vissu um að verðgildi sparifjárins héldist, hætt við eða frestað um sinn slíkum innkaupum eða fjárfestingu og lagt féð í staðinn á hina verðtryggðu reikninga. Með þessum hætti var hugsað að auka mætti sparifé, draga úr eftirspurn eftir erlendum gjaldeyri og draga úr vexti verðbólgu.

Þegar þessir reikningar voru opnaðir 1. júlí var svo á kveðið að ráði Seðlabankans, að fé, sem inn á þá yrði lagt, skyldi bundið í tvö ár fyrst, en síðar eitt ár. Reynslan sýndi að hér var um of langan binditíma að ræða þannig að þessir reikningar voru notaðir miklu minna en vonast hafði verið til. Af þessari ástæðu var þetta ákvæði sett inn í brbl., að binditíminn skyldi verða sex mánuðir í staðinn fyrir tvö ár.

Þessir sex mánaða reikningar voru síðan opnaðir um miðjan febrúarmánuð. Og þó ekkert sé enn hægt að segja um reynsluna af þeim, þá held ég að sá stutti tími, sem liðinn er síðan, bendi til þess, að þeim hafi verið vel tekið og líkur séu til að verulegt fé komi inn á þessa sparireikninga.

Í næstu greinum frv. eru ákvæði um vísitölu framfærslukostnaðar og verðlagsbætur. Er efni þeirra m. a. það, að við greiðslu verðbóta 1. mars n. k. skuli miða verðbætur við þá hækkun framfærsluvísitölu sem orðið hefur frá áramótum, en þá var ákveðið að breyta útreikningi vísitölu þannig að miða við 100 frá og með 1. janúar, þó þannig að verðbætur skyldu ekki verða lægri en 7% minni en orðið hefði ef óbreytt ákvæði hefðu gilt, og miðað við verðhækkanir í nóv., des. og jan.

Einnig var ákveðið í samræmi við áskorun síðasta

Alþýðusambandsþings að breyta verðbótaákvæðum á þá lund að afnema svokölluð skerðingarákvæði önnur en þau er lúta að verði áfengis og tóbaks.

Rétt er að geta þess áður en lengra er haldið og í sambandi við vaxtamálin og hina verðtryggðu reikninga, að þegar litið er yfir aukningu sparifjár og innlána á s. l. ári, þá var því spáð af ýmsum að sú ákvörðun ríkisstj. í stjórnarsáttmálanum að fallast ekki á hækkun vaxta 1. mars og að gæta hófs í vaxtahækkun, eins og ég greindi frá áðan, mundi draga úr sparifjármyndun. Niðurstaðan hefur ekki orðið sú, heldur hefur aukning innlána á árinu 1980 orðið hlutfallslega töluvert meiri en á árinu 1979, sem þótti þó gott ár í þeim efnum.

Þá er svo kveðið á í 7. gr. frv., að ríkisstj. sé heimilt að fresta framkvæmdum í tvenns konar tilgangi. Annars vegar er þá miðað við ef nauðsynlegt kann að þykja einhvern tíma á árinu til þess að draga úr hættu á ofþenslu sem kynni að valda aukinni verðbólgu, en hins vegar til þess að afla fjár til ýmissa ráðstafana og aðgerða í sambandi við framkvæmd efnahagsstefnunnar.

Í sambandi við efnahagsáætlunina er skráning krónunnar að sjálfsögðu grundvallaratriði. Það hefur löngum verið talið og verið kenning hagfræðinga, að lækkun á gengi íslensku krónunnar verki þannig á vísitölu og verðbólguþróun, að fyrir hverja prósentu, sem gengið lækkar, aukist verðbólgan um 1/3 úr prósenti. Reynslan hefur sýnt að í verðbólguþróun undanfarinna ára stenst þessi skoðun ekki nema að nokkru leyti. Hún mun vera rétt að því leyti, að þessi þriðjungsáhrif koma yfirleitt fram mjög skjótlega í verðlagsmálum. En þegar frá líður verða áhrifin af lækkun krónunnar miklu meiri. Þannig hefur Þjóðhagsstofnun t. d. metið það, og meðal margra dæma, sem hún reiknaði út, taldi hún að 4% lækkun krónunnar um áramótin mundi þýða aukningu verðbólgunnar um 5% áður en árið væri á enda. Af þessu má sjá hversu víxlverkanir í þjóðfélaginu magna mjög þessi áhrif gengislækkana. Var því ljóst að forsenda og eitt meginsjónarmið í sambandi við efnahagsáætlunina hlyti að vera að draga úr þessari hættu. Var ákveðið að freista þess að halda genginu og verðgildi krónunnar óbreyttu eða stöðugu, a. m. k. fyrstu mánuði þessa árs. Ríkisstj. ákvað því að höfðu samráði við Seðlabankann að lækkun krónunnar eða svokölluðu gengissigi, sem mjög hefur tíðkast undanfarin ár, skyldi hætt og skráningu krónunnar haldið sem mest óbreyttri frá áramótum fram eftir ári. Það er talað um næstu mánuði í efnahagsáætluninni.

Þegar ríkisstj. hafði tekið þessa afstöðu var það ætlun hennar og vilji, að viðmiðunin væri „vegið meðalgengi" sem svo er kallað. Við skráningu gjaldmiðils er nokkur vandi við hvað á að miða, og fyrst spyrja menn: Er einhver fastur punktur til sem hægt er að miða við? Fyrr á árum var miðað við gull. Lækkun og hækkun gjaldmiðils var þá miðuð við gull. Fyrir löngu er horfið frá þeirri viðmiðun og hún ekki möguleg nú.

Þá var talið um nokkurt skeið að í staðinn væri öruggast að miða við Bandaríkjadollar, og m. a. var það alllengi svo, að íslenska krónan og margir aðrir gjaldmiðlar voru við hann miðuð. En fyrir nokkrum árum var einnig horfið þessu sem föstum punkti, enda hefur það verið svo um nokkurra ára skeið, að dollarinn, sem áður fyrr var talinn mjög traustur og fastur gjaldmiðill, fór að breytast og lækkaði verulega. Hefur hann svo tekið ýmsum sveiflum síðustu árin, lækkað að gildi verulega frá því sem áður var, en svo nú á þessu ári aftur á móti stefnt upp á við og hækkað verulega, sérstaklega í þessum mánuði og síðari hluta janúarmánaðar.

Gengisviðmiðun getur í rauninni ekki byggst á gulli eða dollar nú, heldur telja menn að það, sem helst verði þá við að miða til að fá sem réttasta mynd, sé hið svokallaða „vegna meðalgengi" sem Seðlabankinn reiknar út á hverjum tíma. Er þá miðað við gjaldmiðla í helstu viðskiptalöndum okkar, miðað við mikilvægi þeirra í viðskiptum okkar, bæði innflutningi og útflutningi.

Miðað við þetta vegna meðalgengi hefur krónan haldið gildi sínu þannig að hún er nú í sama gildi og söm að verðmæti og hún var í byrjun þessa árs. Hitt hafði náttúrlega engum dottið í hug, að gengi íslensku krónunnar ætti að miðast við einhvern tiltekinn gjaldmiðil, hvort sem hann færi upp eða niður að verðmæti. Ég held að varla hafi nokkrum manni dottið í hug í alvöru að við hefðum til þess aðstæður nú í okkar þjóðfélagi að framkvæma raunverulega gengishækkun íslensku krónunnar, eins og það mundi þýða hefði krónan fylgt óskoraðgengi dollarsins.

Þessar ákvarðanir, sem ríkisstj. tók og ýmsar koma fram í þessu frv. og það byggist á, þó að ýmis ákvæði og forsendur þessara efnahagsaðgerða komi ekki fram í frv., — þessar aðgerðir stóðu einnig í beinu sambandi við gjaldmiðilsbreytinguna, þegar tekin voru tvö núll aftan af krónunni og nýkróna tók gildi 1. jan., hundraðfalt verðmeiri en sú sem áður var. Það þótti sjálfsagt að nota þá möguleika, sem gjaldmiðilsbreytingin hefði í för með sér, til þess að gera efnahagsráðstafanir.

Þegar litið er yfir þróunina þá tæpa tvo mánuði sem liðnir eru síðan, þá er engum blöðum um það að fletta, að veruleg áhrif hafa þegar orðið annars vegar af gjaldmiðilsbreytingunni og hins vegar af efnahagsaðgerðum ríkisstj. Þessi áhrif hafa m. a. komið fram í meiri stöðugleika í efnahagslífinu, m. a. í meira jafnvægi í gjaldeyrisviðskiptum en áður. Það hefur dregið úr hinni miklu eftirspurn eftir gjaldeyri. Eftirspurnin hefur a. m. k. breyst í verulegum efnum.

Um verðbólguþróunina nú er erfitt að segja, þar sem enn liggur fyrir aðeins ein tala, þ. e. hverjar verðhækkanir hafi orðið í janúarmánuði. En í febrúarbyrjun fór fram verðkönnun — reyndar fyrst í janúarbyrjun vegna þess að vísitalan var ákveðin 100, og síðan í febrúarbyrjun. Það kom í ljós við þessar kannanir, að framfærsluvísitalan hækkaði í janúarmánuði um 1.6%. Það var nokkru minni hækkun en gert hafði verið ráð fyrir. Menn höfðu reiknað með a. m. k. um 2.5%.

Nú vil ég engar ályktanir af þessu draga þar sem hér er aðeins um einn mánuð að ræða. En síðasta spá, sem gerð hefur verið um verðlagsþróunina á þessu þriggja mánaða tímabili, febrúar, mars og apríl, sem kemur þá fram í vísitölunni fyrir maímánuð og ræður um verðbætur 1. júní, — nýjasta spáin sem Hagstofa Íslands hefur gert, að sjálfsögðu með öllum venjulegum fyrirvörum þar sem spáin er gerð í rauninni í upphafi þessa þriggja mánaða verðbótatímabils, sú spá er um 8.7% hækkun á þessu þriggja mánaða tímabili.

Nú skal ég að sjálfsögðu ekkert um það fullyrða, hvort þessi spá — eða eins og hagfræðingar vilja stundum kalla slíkt: ágiskun — hvort hún stenst eða hvort hækkunin verður meiri. Hins vegar hefur ríkisstj. fullan hug á því að finna leiðir til að reyna að draga úr þessari hækkun, en um það er ekki hægt að skýra frá neinum niðurstöðum enn.

Ef við hins vegar miðum við þessar tölur, annars vegar 1.6% hækkun í janúarmánuði, sem liggur fyrir, og svo þessa spá um 8.7% næstu þrjá mánuði, — þegar þessir fjórir mánuðir eru þannig teknir saman og byggt á þessum tveim tölum, þá táknar það um 35% verðbólgu á ársgrundvelli. Ég hef að sjálfsögðu alla fyrirvara um hvernig þetta reynist. Við þekkjum það öll og ástæðulaust að vera um það að deila, að óteljandi spár hafa verið og eru gerðar sem staðist hafa misjafnlega, enda byggðar oft á misjöfnum forsendum. En þannig horfa þessi mál við nú í dag á þeim forsendum sem ég nefndi.

Það er von okkar, sem stöndum að ríkisstj., að efnahagsaðgerðirnar beri árangur. Að sjálfsögðu verður reynt að fylgja þeim eftir þannig að verulegur árangur náist og meginmarkmiðum verði náð: að draga verulega úr verðbólguhraðanum, tryggja næga atvinnu í landinu og treysta kaupmátt launafólks.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Á dagskrá er frv. til l. um ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu, en frv. þetta er, eins og kunnugt er, staðfesting á brbl. sama efnis er út voru gefin 31. des. 1980. Þingmönnun er í fersku minni sú umr. sem fram fór hér á þingi fyrir jólaleyfi þm., þar sem rætt var um hvort ríkisstj. hygðist fresta Alþingi í þeim tilgangi að setja brbl. er hefðu inni að halda alhliða efnahagsráðstafanir. Við sjálfstæðismenn mótmæltum slíku verklagi, eins og kunnugt er, og töldum að hér væri ekki rétt að farið og Alþingi óvirðing sýnd. Það hefur komið á daginn að við höfðum rétt að mæla, og bera brbl. og það frv. þeim til staðfestingar, sem nú er til umr., vitni um það.

Í 1. gr. þessa frv. er kveðið á um verðstöðvun, en í þessari grein er ekkert það sem ekki var fyrir í lögum áður. Ríkisstj. hefur með þessari grein engar frekari heimildir eða meira vald til þess að kveða á um verð vöru og þjónustu en hún hafði áður en þessi brbl. voru sett. Eina nýmælið í þessari grein frá því, sem gilti fyrir setningu brbl., er að kveðið er á um að verðstöðvun skuli lokið 1. maí n. k., án þess að frá því sé í raun skýrt, hver ætlun ríkisstj. sé að þá taki við. Það er því ljóst að ekki þurfti að setja nein brbl. til þess að koma efni 1. gr. að.

Í 2. gr. er um að ræða framlengingu aðlögunartíma vaxta og verðbólgu samkv. 33. gr. laga nr. 13 frá 1979, um stjórn efnahagsmála, þ. e. svokallaðra Ólafslaga. Framlengingin tekur til tveggja missera, þ. e. yfirstandandi árs.

Það er einkennandi fyrir ríkisstj., að hún setur þessi lög eða kveður á um framlengingu aðlögunartímans á síðasta degi ársins þegar allt er komið í óefni. Í raun og veru hefur ríkisstj. það að kennimerki sínu að gera aldrei neitt nema á síðustu stundu, ef hún þá hefur sig til þess.

Okkur er minnisstætt hér á þingi um þetta leyti í fyrra, að athygli ríkisstj. var vakin á því, að hún fylgdi ekki ákvæðum 33. gr. Ólafslaga varðandi aðlögun vaxta og verðbólgu. Þá var gefin út mjög hátíðleg fréttatilkynning frá ríkisstj. og Seðlabankanum, að engar breytingar skyldu gerðar á vöxtum, enda væru mál þessi til umfjöllunar hjá ríkisstj. og Seðlabanka og m. a. kæmi til greina að framlengja aðlögunartímann samkvæmt 33. gr.

Enn endurtekur sagan sig í maímánuði á síðasta ári, nema með þeirri undantekningu að þá voru vextir hækkaðir í landinu um 2—4, ef ekki 4.5%, mismunandi eftir ýmsum útlánagreinum. Þessi hækkun vaxta átti sér staða þvert ofan í málefnasamning ríkisstj. þar sem þvert á móti var komist svo að orði: „Verðbótaþáttur vaxta hækki ekki 1. mars og fari síðan lækkandi með hjöðnun verðbólgu.“ Vextir voru óbreyttir 1. mars, en fóru síðan hækkandi, enda fór verðbólgan vaxandi.

Það er rétt að rekja það enn fremur, að í ágústmánuði s. l. var enn birt fréttatilkynning frá Seðlabanka og ríkisstj., að nú skyldi áfram tekið til við umræður um aðlögun vaxta og verðbólgu og framlengingu aðlögunartímans. En ekkert skeði. Og sömuleiðis var þetta endurtekið líklega í fjórða sinn í nóv. s. l. Bæði í nóv. og des. vöktum við í stjórnarandstöðunni athygli ríkisstj. á því, að nauðsylegt væri að setja lög um framlengingu þessa aðlögunartíma samkv. 33. gr. Ólafslaga. En ríkisstj. daufheyrðist við þeim ábendingum og hafði sig ekki í aðgerðir fyrr en síðasta dag ársins. Þetta ákvæði er í raun og veru einasta ákvæðið í brbl., sem segja má að nauðsyn bæri til að setja, og er eina ákvæðið í brbl., sem þannig fullnægir skilyrðum stjórnarskrárinnar til þess að gefa megi brbl. út, þ. e. þegar brýna nauðsyn ber til.

Í 3. gr. er talað um stofnun verðtryggðra sparifjárreikninga í bönkum og sparisjóðum, þar sem binda má fé til sex mánaða. Þetta lagaákvæði var algjörlega óþarft, enda minnist ég þess ekki, að sett hafi verið nein sérstök lög þegar stofnað var til verðtryggðra sparireikninga á miðju síðasta ári, þar sem fé var bundið til 12 mánaða. Stofnun þeirra reikninga var í samræmi við og samkvæmt heimild í Ólafslögum, verðtryggingarákvæðum þeirra laga. 3. gr. var því efnislega ekkert nýmæli sem gaf tilefni til útgáfu brbl.

Í 4. gr. er kveðið á um útreikning nýrrar kaupgjaldsvísistölu, og má segja að þar sé um verklagsreglu að ræða, sem hefur ekki heldur í för með sér þörf fyrir útgáfu brbl., vegna þess að ríkisstj. gat auðvitað látið reikna vísitölu framfærslukostnaðar miðað við verðlag í janúarbyrjun 1981 og fengið síðan heimild Alþingis til þess að miða við þann útreikningsdag.

Í 5. gr. er ákvæði um það, að kaup skuli lækka um 7% 1. mars, verðbætur skuli vera 7% lægri en hefði orðið samkvæmt ákvæðum Ólafslaga. Það liggur í augum uppi að tími var nægur til að leggja frv. til laga þessa efnis fyrir Alþingi þegar Alþingi kom saman, jafnvel þótt óbreyttur samkomudagur Alþingis hefði verið 26. jan. s. l. Það munar ekki miklu að þetta frv. verði afgreitt fyrir mánaðamót, og verður e. t. v. afgreitt fyrir mánaðamót hvort eð er, þótt meðferð í þingnefndum hafi tekið töluverðan tíma, eins og eðlilegt má teljast að vissu leyti. En að hinu leytinu er sú skýring, að gögn, sem hefðu átt að vera til hjá ríkisstj., voru það ekki og þurftu því ýmsar stofnanir nokkurn tíma til að safna þeim saman samkv. beiðni nefndarmanna.

Það er því ljóst, að 4. og 5. gr. gáfu ekki tilefni til útgáfu brbl. Það hefði verið hægt að leggja frv. til l. fram með eðlilegum hætti þegar Alþingi kom saman og samt sem áður ná þeim tilgangi sem ríkisstj. sýnist miða við.

Þá er 7. gr. frv., um heimild til að fresta framkvæmdum þrátt fyrir ákvæði fjárlaga og sömuleiðis að endurskoða lánsfjáráætlun, með eindæmum afkáraleg, þar sem fjárlög höfðu verið samþykkt tíu dögum áður eða svo og lánsfjáráætlun hafði ekki einu sinni verið lögð fyrir Alþingi. Þess vegna var undarlegt af fara fram á heimild til þess að fresta framkvæmdum þrátt fyrir ákvæði í lánsfjáráætlun sem hafði ekki séð dagsins ljós og var því

algjörlega á valdi ríkisstj. hvernig yrði þegar hún væri lögð fram. Það er því ljóst, að enga brýna nauðsyn bar til útgáfu brbl. að þessu leyti.

Ég rek þetta til þess að sýna það, að ríkisstj. hefur brotið í bága við það skilyrði stjórnarskrárinnar að brýna nauðsyn beri til þess að brbl. verði gefin út. Efnislega hefði ríkisstj. sömuleiðis getað náð þeim tilgangi, er hún stefndi að, með því að leggja þetta mál fyrir þing með venjulegum hætti, eins og vera ber.

Þá er rétt að víkja að efnishlið málsins og ræða þá fyrst 1. gr. frv. þar sem greint er frá verðstöðvuninni. Ég hygg raunar að fulltrúar Sjálfstfl. í Ed. hafi gert grein fyrir skoðun okkar sjálfstæðismanna í þeim efnum og brtt., sem þeir fulltrúar Sjálfstfl. í fjh.- og viðskn. Ed., Lárus Jónsson og Eyjólfur Konráð Jónsson, hafa flutt þar, greina frá. Við viljum leggja áherslu á það, að verðstöðvun er í raun og veru óraunhæf leið eins og stendur til þess að koma í veg fyrir verðbólguþróun. Það er hugsanlegt að verðstöðvun geti gert sitt gagn um skamman tíma, en eins og kunnugt er hefur verðstöðvun verið í gildi frá haustinu 1970, og þó hafa verðhækkanir aldrei verið meiri en á þessum rúma áratug sem síðan er liðinn, verðbólgan aldrei alvarlegri, og staðnæmst löngum í 50—60% verðbólgu á milli ára, með nokkrum undantekningum þó þegar verðbólgan var um eða yfir 30% milli ára. Þessi reynsla sýnir að verðstöðvun getur ekki verið tæki í baráttu gegn verðbólgu þegar til lengdar lætur. Það verður að horfast í augu við staðreyndir efnahagslífsins og raunverulegt verð vöru og þjónustu ef menn vilja ekki stöðva atvinnufyrirtækin og innleiða atvinnuleysi.

Það er þess vegna í samræmi við þessa skoðun okkar sjálfstæðismanna að brtt. þeirra hv. þm. Lárusar Jónssonar og Eyjólfs Konráðs Jónssonar fjallar um það, að frá og með 1. maí n. k. skuli taka gildi 8. og 12. gr. laga nr. 56 frá 1978, en það eru þau lög sem samþykkt voru vorið 1978, eftir að þáv. stjórnarflokkar, Sjálfstfl. og Framsfl., höfðu varið mjög löngum tíma til undirbúnings þeirra. Þau fela það í sér, að þar sem samkeppni er nægileg skuli verðlag gefið frjálst. Við erum þeirrar skoðunar, að samkeppni um hylli neytenda sé ein til þess fallin að lækka verð vöru og þjónustu og bæta um leið þjónustu við neytendur almennt.

Ég vil þá víkja að vaxtamálum og verðtryggingarmálum sem um er rætt í 2. og 3. gr. Þar er annars vegar um framlengingu aðlögunartíma samkv. Ólafslögum að ræða. Sú framlenging hefur það í för með sér að öllu óbreyttu, að í stað þess að vextir hefðu þurft að hækka um 10% um síðustu áramót ættu vextir að fara smáhækkandi á yfirstandandi ári um þau 10%, miðað við þá verðbólguspá sem Þjóðhagsstofnun hefur gefið út. Út af fyrir sig var það ekki óeðlilegt úr því sem komið var. Hins vegar segir efni 3. gr. — þar sem rætt er um stofnun verðtryggðra sparifjárreikninga þar sem binda má fé til sex mánaða — að þessi hækkun fjármagnskostnaðar og vaxta muni væntanlega eiga sér stað örar ef einhver veruleg aukning verður í innlánum á slíkum verðtryggðum sparifjárreikningum, meðan verðbólguþróunin er sú sem spáð er bæði af hálfu Þjóðhagsstofnunar og raunar fleiri aðila í þjóðfélaginu, eins og hagdeilda Verslunarráðs Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands.

Þannig er í raun nokkur mótsögn varðandi efni 2. gr. annars vegar og 3. gr. hins vegar. Hvort tveggja mun hafa í för með sér hækkun vaxta og/eða fjármagnskostnaðar, og eftir því sem árangur verður meiri af stofnun verðtryggðra sparifjárreikninga til sex mánaða verður þessi vaxtahækkun og hækkun fjármagnskostnaðar örari.

Heyrst hefur að lækka eigi vexti um næstu mánaðamót um 1—2% á einstaka útlánum. Það er að vísu í samræmi við efnahagsáætlun ríkisstj. sem út var gefin samhliða brbl. á gamlársdag, þar sem komist var svo að orði, að „stefnt skuli að lækkun vaxta". En ég vek athygli á því, að þar er ekki stigið nema að hálfu leyti eða tæplega það til baka það skref sem stigið var til hækkunar vaxta um mitt síðasta ár, þvert ofan í málefnasamning ríkisstj. í upphafi ferils hennar. Og þar sem samhliða er boðað að hækka skuli þjónustugjöld banka og lánastofnana, þá er hér um algera sýndarmennsku og sjónarspil að ræða. Lántakendur og viðskiptamenn banka eiga a. m. k. að greiða jafnmikið eða meira en áður til bankastofnananna og lánastofnananna samkv. því sem boðað hefur verið.

Í raun og veru stendur ekkert annað eftir af brbl. ríkisstj., sem efnisþýðingu hefur, en ákvörðun um að verðbætur á laun verði 7% lægri en orðið hefði samkv. Ólafslögum 1. mars n. k. Og þar komum við auðvitað að mjög athyglisverðu atriði, að í brbl. var ekki að einu eða neinu leyti getið um það, að greiðslur til elli- og örorkulífeyrisþega skyldu vera undanþegnar, né heldur rætt um að tekjutrygging og heimilisbætur skyldu vera undanþegnar þessari skerðingu. En það kemur fram í álitsgerð hagstofustjóra, sem fylgir nál. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. í Ed., að hann telur það vera venju að bætur þessar fylgi launaákvörðunum, þegar um það sé að ræða að skerða verðbætur, taki það og til slíkra bóta nema skýrt sé tekið fram að svo verði ekki.

Þess vegna var flutt brtt. af hálfu sjálfstæðismanna, 1. minni hl. fjh.- og viðskn. Ed., að skerðing verðbóta hinn 1. mars 1981 nái ekki til bóta Tryggingastofnunar ríkisins og skuli þær hækka í samræmi við breytingar á vísitölu samkv. Ólafslögum.

Þessar brtt. voru kynntar í fjh.- og viðskn. Ed. fyrir 10 dögum eða hálfum mánuði án þess að neinna viðbragða yrði vart af hálfu málsvara stjórnarsinna. Það er ekki fyrr en í gær, þegar 2. umr. fer fram í Ed. um frv. þetta, að stjórnarsinnar hafa tekið sig á og áttað sig á því gerræði sem þarna væri um að ræða ef ákvæði brbl. væru óbreytt að þessu leyti. Og þá kemur fram tilkynning af hálfu ráðh. um að ætlunin sé að tekjutrygging og heimilisuppbót skuli hækka um 5.95% eins og önnur laun, en enn fremur um 8%, þ. e. til þess að vega upp á móti 7% skerðingunni sem áður hafði verið á komin.

En ég vek athygli á því, að ellilífeyrisþegum og örorkulífeyrisþegum almennt, sem ekki njóta tekjutryggingar, er ætlað að þola þá skerðingu verðbóta sem launþegar almennt verða að gera nú um n. k. mánaðamót.

Það er þess vegna fullkomið tilefni til þess að flytja hér í Nd. þá brtt. sem þm. Lárus Jónsson og Eyjólfur Konráð Jónsson fluttu í Ed.

Ég kemst ekki hjá því að víkja nokkuð að skerðingu verðbóta samkv. þessari grein og þá einkum og sér í lagi að því, að Alþb. hefur varið þátttöku sína í ríkisstj. — frá 1978 og til þessa dags með nokkru hléi — með því, að það væri að verja launþega í landinu fyrir kaupskerðingu, þátttaka þess í ríkisstj. réttlætist af því, að það væri með þeim hætti að koma í veg fyrir kaupskerðingu og skerðingu kaupmáttar. Ég hef áður vakið athygli á því hér á Alþingi, að frá því að Alþb. tók þátt í ríkisstj., frá 1.

sept. 1978 og til þessa dags, hafa fulltrúar Alþb. staðið að hverri kaupskerðingunni á fætur annarri. Í des. 1978 tóku þeir þátt í því að skerða verðbætur launa um 8%. Í apríl 1979 tóku fulltrúar Alþb. þátt í því að setja ákvæði Ólafslaga, en samkv. því, sem formaður Alþb., hæstv. félmrh., hefur sagt opinberlega, hafa áhrif Ólafslaga á verðbætur á laun orðið til þess að þær hafa verið skertar um 16.6% til þessa dag. Þetta eru lög sem Alþb.-menn bera ábyrgð á. Nú bæta þeir gráu ofan á svart og ganga enn lengra á bak orða sinna með því að skerða verðbætur á laun um 7%. Samtals er þetta skerðing um 32—34%, auðvitað meiri skerðing í raun, vegna þess að þetta bætist hvað ofan á annað. En á þessu tímabili hafa grunnkaupshækkanir verið fyrst 3% á árinu 1979 og síðan um 10% á s. l. ári.

Hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson, sem sat ábúðarmikill 10 mánuði síðasta árs við að semja um grunnkaupshækkanir og tókst að ná fram um 10% grunnkaupshækkun, er hins vegar á síðasta degi ársins að draga þessa grunnkaupshækkun til baka í einu vetfangi. Þessi hv. þm., sem barði sér á brjóst og kallaði 1978: „Samningana í gildi" og „kosningar eru kjarabarátta" — hann hefur sýnt umbjóðendum sínum hvaða gildi það hefur að kjósa hann og hans líka á þing. Árangurinn er sem sagt um 30—35% skerðing verðbóta á laun meðan launþegar fá 10—13% grunnkaupshækkun. — Árangurinn er sem sagt skerðing kaupmáttar. Og þetta lætur þessi hv. þm. eins og aðrir hv. þm. Alþb. sér vel líka. (Gripið fram í.) Ég hef ekki minnst á skattahækkanirnar sem hafa komið til viðbótar kaupskerðingu og hv. þm. flúði, en hann hefur hins vegar mjög ánægður tekið þátt í öllum kaupskerðingum. Hann hafði þó einhverja sómatilfinningu þegar átti að hækka skattana, en það hefur hann ekki þegar um skerðingu verðbóta er að ræða.

Það er því alveg ljóst að það stendur ekki á Alþb., þegar á að skerða verðbætur á laun, og yfirlýsingar Alþb.-ráðherra eru einskis virði í þeim efnum. Það má skjóta því hér inn, að það eru einstaka menn sem segja að það sé ágætt að láta Alþb. éta ofan í sig eitt og annað. Það hefur verið talað um slíkt ofaníát í sambandi við varnarmálin, eins og kunnugt er, en þeir eru matlystugir Alþb.-mennirnir í fleiri efnum, og í kaupgjaldsmálum sýna verkin merki.

Það er auðvitað rétt og verður ekki fram hjá því gengið, að kaupgjald í landinu hefur áhrif á verðlag og verðbólguþróun, og þegar um það er að ræða að berjast gegn verðbólgunni hlýtur kaupgjald að koma til álita og hvernig við skuli bregðast breytingum þess. En hitt er með öllu gagnslaust, að snúa sér eingöngu að kaupgjaldinu og ekki að öðrum þáttum efnahagslífsins. Hér verður að vera um samræmdar ráðstafanir að ræða. En í þessum lögum er það eina, sem upp úr stendur, lækkun verðbóta á laun um 7% 1. mars n. k.

En hér komum við líka að ákaflega skoplegum þætti þessara brbl. Það er sá þáttur og sú áhersla sem Alþb.-menn leggja nú að það að afnema skuli viðmiðun verðbóta við viðskiptakjör. Eftir að hafa tíundað að m. a. vegna skerðingu verðbóta vegna versnandi viðskiptakjara séu verðbætur á laun um 16—17% minni frá því að Ólafslög tóku gildi, þá skeður það núna þegar viðskiptkjör fara heldur batnandi — það mælist að því er mig minnir um 0.9% hækkun launa 1. mars vegna batnandi viðskiptakjara — þá er viðmiðunin við viðskiptakjör afnumin. Ef þessi þróun heldur áfram, sem við allir þm. vonum og allir landsmenn vona, að viðskiptakjör fari batnandi, þá njóta launþegar ekki góðs af batnandi viðskiptakjörum, þó að þeir hafi þurft að þola skerðingu verðbóta þegar viðskiptakjör versnuðu. Svo vísdómsleg er forsjá þeirra Alþb.-manna fyrir launþegum í landinu. Og hún er enn þá merkilegri fyrir þá sök, að vera kann að 1. júní og 1. sept. n. k. muni þeir, sem hafa hærra kaup en 725 þús. gkr. á mánuði, fá hækkað kaup á þann hluta kaupsins sem fram yfir þá tölu er, meðan hinir lægra launuðu fá enga slíka hækkun.

Það er alveg furðulegt að hv. þm. Alþb. skuli hafa geð í sér til þess að standa að slíkri lagasetningu. En reynslan sýnir, eins og ég hef getið um, að það er ekkert bannorð í þeirra huga að skerða laun, ef þeir eru þar með að tryggja setu í ráðherrastólum til þess að nálgast sem mest það stjórnarfyrirkomulag sem þeir dá mjög í austantjaldsríkjum. En ég held að Íslendingar frábiðji sér slíkt.

Það er ekki þörf á því að fara fleiri orðum um það ákvæði brbl. sem 7. gr. hefur inni að halda.

Við sjálfstæðismenn erum þeirrar skoðunar, að það sé skylda ríkisstj. að leggja fram á Alþingi till. sínar um frestun framkvæmda eða lækkun fjárveitingar til framkvæmda samkv. fjárlögum eða lánsfjáráætlun, sé það nauðsynlegt, og við viljum ekki binda þessa lækkun útgjalda einungis við framkvæmdir, heldur miklu fremur leggja áherslu á að rekstrarkostnaður lækki.

Það er svo nauðsynlegt, þótt þessi brbl. kveði ekki á um gengisskráningu, að fjalla nokkuð um þann þátt mála, einnig í tilefni af ummælum hæstv. forsrh.

Festing gengis í 50-60% verðbólgu er auðvitað tómt mál, og fyrirsjáanlega bíður slík stefna skipbrot. Hæstv. ráðh. sagði að ríkisstj. hefði um áramót miðað skráningu íslensku krónunnar við dollar, en horfið frá því þegar dollarinn tók að hækka. (Gripið fram í.) Við áramótin? En vegna hvers var það þá ekki gert? Af hverju fylgdi íslenska krónan dollarnum nokkrar vikur, en ekki meðalgenginu? Ég held að það sé alveg ljóst, að ríkisstj. miðaði við dollar og fyrirskipaði Seðlabankanum að skrá íslensku krónuna samkvæmt dollaragenginu. Og það var sjálfstæð ákvörðun ríkisstj., gott ef það var ekki gefin út tilkynning af hálfu ríkisstj. og Seðlabanka um að horfið væri frá viðmiðun við dollar og til meðalgengis. Ég held að það sé frekar hæstv. forsrh. en ég sem þarf að hressa upp á minni sitt. (Gripið fram í: Þetta var í áramótaskaupinu.) En það liggur í augum uppi, að jafnvel það að hverfa frá viðmiðun við dollar, sá flótti sem í raun og veru felst í því að hverfa aftur að viðmiðun við meðalgengi, — sá flótti verður aðeins upphaf að þeirri þróun sem fyrirsjáanleg er síðar á árinu, að gengi íslenskrar krónu heldur áfram að falla meðan ríkisstj. hefur ekki hug og dug í sér til þess að gera ráðstafanir gegn verðbólguþróuninni. Það er ljóst mál, að ef verðbólga er hér á Íslandi milli 50 og 60%, en ekki meira en 10% í okkar viðskiptalöndum, þá mun mismunurinn ekki verða uppi borinn með öðrum hætti en hækkun útflutningsafurða okkar umfram hækkun innflutningsvara til landsins, eða aukinni framleiðni í landinu sjálfu, nema með því að láta gengið falla og hækka verðið á erlendum gjaldeyri. Ef það er ekki gert, að brúa bil verðbólgustigsins hér á landi og erlendis með þeim hætti, þá stöðvast hjól atvinnulífsins og atvinnuleysi heldur innreið sína.

Ég held að þetta séu svo augljós sannindi að það að telja sér trú um allt annað er mikil sjálfsblekking. En auðvitað er núverandi ríkisstj. meistari í sjálfsblekkingu,

og þess vegna er engin von til þess, að hún sé fær um að ráða fram úr erfiðleikunum.

Það er ljóst, að fast gengi undir þessum kringumstæðum, í 50% verðbólgu, er falskt gengi, enda standa málin svo nú, að búið er að ákveða útborgunarverð fyrir sjávarafurðir, sem að vísu nægir ekki til að standa undir rekstrarkostnaði, en er samt sem áður 5-6% yfir því sem fæst fyrir afurðir okkar erlendis. Þarna er ætlunin, eins og segir í efnahagsáætlun ríkisstj., að útvega fé til þess að borga þennan mismun. Við höfum hvað eftir annað spurst fyrir um það, hvernig eigi að útvega þetta fjármagn, en ekkert svar fengið. Það hafa verið ýmsar hugmyndir í stjórnarliðinu um þetta, m. a. að taka svo og svo mikið af gengishagnaði Seðlabankans og blekkja sjálfa sig með því, að hækkun á verði dollarans þýði aukningu á eign Seðlabankans, sem er fjarri sanni. Eins og ég hef nefnt hér áður á sá maður ekkert meira, sem á 1000 dollara um áramótin 1979-80, sem þá voru jafngildi 400 þús ísl. kr., þótt hann eigi enn 1000 dollara um síðustu áramót, sem þá voru skráðir á 625 þús. ísl. kr.

Það er og sagt í efnahagsáætlun ríkisstj., að útvega skuli iðnaðinum fjármagn til þess að búa við falskt gengi.

Með hvoru tveggja þessu er farið inn á styrkja- og uppbótakerfi, millifærsluleið sem skekkir allt okkar hagkerfi, dregur úr framleiðni og afköstum framleiðslu atvinnuveganna og er síst til þess fallið að vera leið til þess að vinna bug á verðbólgunni. Hér ber og að hafa í huga að það eru ýmsir aðrir atvinnuvegir sem bíða hnekki af fölsku gengi, t. d. ýmiss konar þjónustuatvinnuvegir eins og samgöngur, ferðamál, verslun og viðskipti, og falskt gengi mun vissulega auka spákaupmennsku fyrr en síðar.

Það er því alveg ljóst, að þegar saman fer í efnahagsráðstöfunum ríkisstj. að verðstöðvun gildir án þess að samkeppni sé örvuð, að gengið er sett fast og komið á fölsku gengi og hávaxtastefnan er höfð í hávegum, þá hlýtur svo að fara, að ríkisstj. verði að gefa eftir í öllum þessum þáttum. Eða — ef hún heldur fast við stefnu sína — munu hjól atvinnulífsins stöðvast og atvinnuleysi halda innreið sína.

Það eru þess vegna alger öfugmæli þegar í forsendum efnahagsáætlunar ríkisstj. er sagt að ráðstafanirnar séu gerðar í fyrsta lagi til þess að tryggja atvinnu landsmanna, í öðru lagi til þess að vinna gegn verðbólgunni og í þriðja lagi til þess að tryggja kaupmátt launa.

Ég hef þegar fjallað um að stefna ríkisstj. mun ekki tryggja atvinnu í landinu heldur miklu frekar, ef fast verður við hana haldið, leiða til atvinnuleysis.

Hvað verðbólguþróun snertir er í forsendum efnahagsáætlunarinnar talað um að verðbólga eigi að nást niður í 40%, en allar spár Þjóðhagsstofnunar og annarra aðila sýna fram á að verðbólgustigið verður milli 50 og 60% á þessu ári eftir þær efnahagsaðgerðir sem boðaðar hafa verið og nú eru m. a. til umræðu.

Það er athyglisvert að rifja upp hvaða samræmi hefur verið í fyrirheitum vinstri stjórna frá 1978 til þessa dags hvað snertir verðbólgu og hjöðnun hennar.

Þegar Ólafslög voru sett í apríl 1979 var gert ráð fyrir að þau hefðu þau áhrif að verðbólgan yrði ekki meiri en 35% á því ári, en verðbólgan varð 60%.

Þegar núv. ríkisstj. tók við völdum fyrir rúmu ári undirbjó hún fjárlög og fékk þau samþykkt á þeim grundvelli að verðbólgan yrði 31% á síðasta ári, frá upphafi til loka ársins. Hæstv. forsrh. hélt því fram í apríl að hún yrði ekki nema 40%, í ágúst að hún yrði undir 50%, en hún varð 60% frá byrjun árs til loka árs.

Nú er sem sagt ætlunin að koma verðbólgunni í 41%. Allar spár segja að verðbólguvöxturinn verði a. m. k. milli 50 og 60%. En ef sama samræmi verður milli fyrirheita og framkvæmda og áður hvað snertir löggjöf vinstri stjórna um efnahagsmál, þá er allt eins líklegt að verðbólgan verði töluvert yfir því marki. Rétt er að rifja upp í því sambandi að samkvæmt stjórnarsáttmálanum var markmiðið að verðbólgan væri 10-15% um næstu áramót. Þannig eru þessar efnahagsráðstafanir víðs fjarri að ná því markmiði.

Hvað kaupmáttinn snertir liggja fyrir skýrslur um það, að kaupmáttur hafi rýrnað um 4-5% á síðasta ári miðað við árið 1979, og á þessu ári mun ekki ósennilegt að kaupmáttarrýrnunin verði álíka mikil.

Það er svo athyglisvert, að stjórnarliðar eru ekki sammála um framhald málsins. Ráðherrar Framsfl. segja að ekki sé nóg að gert og frekari ráðstafanir verði að gera. Ráðherrar Alþb. segja hins vegar að það velti á Framsfl. og fulltrúum hans í ríkisstj., hvort árangur verði af þessum efnahagsaðgerðum eða ekki. Þeir hafa sagt það hér opinberlega, að það séu ráðherrar Framsfl. sem fari með verðlagsmál og það sé undir þeim komið hve fast og vel sé á þeim málum haldið, verðstöðvun og framkvæmd verðstöðvunar. Þeir hafa sagt að það séu ráðherrar Framsfl. sem fari með vaxtamálin og það sé undir Framsfl. komið hvort vextir lækki. Og þeir hafa sagt að það séu ráðherrar Framsfl. sem fari með sjávarútvegsmálin og því sé undir Framsfl. komið hvort sjávarútvegurinn verði rekinn með sæmilegum hætti.

Ég hygg að þessi orðaskipti milli framsóknarmanna og Alþb.- manna sýni hve óvænlega horfi að þessi ríkisstj. sé fær um að ráða við þann vanda sem við er að glíma, enda sýnir þróun mála allt frá því að hún var mynduð að í upphafi var ekkert samkomulag um ráðstafanir til úrlausnar þeim vandamálum sem þá voru fyrirsjáanleg og voru raunverulegt viðfangsefni stjórnarmyndunarinnar. Og því samkomulagi, sem í orði kveðnu tókst með harmkvælum síðasta dag ársins, er þann veg farið, að það nær ekki tilgangi sínum eins og honum hefur verið lýst. Við sjáum, ef best lætur, þriðja árið í röð með 60% verðbólgu.

Hér er ljóst að brjóta verður í blað, og brtt. okkar sjálfstæðismanna í Ed. við þessi brbl. sýna hvernig við viljum varða þann veg endurreisnar sem nauðsynlegt er að fara ef við eigum að vinna bug á verðbólgunni. Við gerðum þær brtt. við brbl., að dregið skyldi úr skattheimtunni. Það er ljóst að núv. ríkisstj. hefur aukið skattbyrði landsmanna um 40-45 milljarða gkr., þar af um 24 milljarða með fjárlagafrv., sem afgreitt var fyrir jól, og ýmsum þeim skattafrv. sem samþykkt hafa verið nýverið.

Við viljum þess vegna í fyrsta lagi breyta skattvísitölunni í samræmi við tekjuhækkun milli ára, því að þegar tekjur hækka á milli ára um 53% er það auðvitað stórkostleg skattaþynging að skattvísitalan skuli ákveðin 145. Við viljum í öðru lagi afnema sérstakt tímabundið vörugjald, eins og það var ákveðið hér síðast fyrir jólin, og lækka sérstakt vörugjald af innfluttum vörum og innlendri framleiðslu niður í 18%. Og í þriðja lagi viljum við fella niður 2% söluskattsauka.

Við teljum að með þessum hætti sé dregið úr heildarskattheimtu landsmanna og einstaklingum og atvinnu-

fyrirtækjum veitt aukið svigrúm til að byggja sig upp og auka framleiðsluna og verðmætasköpunina í landinu, sem auðvitað er eina leiðin til þess að ná verðbólgunni niður.

Það er nauðsynlegt að leggja áherslu á almenna atvinnuuppbyggingu í landinu, standa að öflugri orku- og iðnaðarstefnu, en orkuframkvæmdir og iðnaðarframkvæmdir eru drepnar í dróma af núv. hæstv. ríkisstj. og einkum og sér í lagi núv. hæstv. iðn.- og orkumrh.

Við leggjum áherslu á að endurskoðun á ríkisútgjöldum og samdráttur í skattheimtu og ríkisumsvifum er alger forsenda fyrir því, að við náum okkur út úr þeim vítahring verðbólguhringiðunnar sem við erum lentir í. Við leggjum áherslu á að örvun samkeppni og frjáls verðmyndun er til þess fallin að skapa fyrirtækjum og atvinnustarfsemi grundvöll til þess að bæta þjónustu sína og auka framleiðni.

Við leggjum áherslu á að stefna að jafnvægisvöxtum, þ. e. að framboð og eftirspurn lánsfjármagns verði til þess að lækka fjármagnskostnað í landinu og létta af atvinnurekstrinum og húsbyggjendum í landinu þeim drápsklyfjum sem hávaxtastefna núv. ríkisstj. hefur á lagt.

Herra forseti. Ég skal nú láta staðar numið, en fulltrúar okkar sjálfstæðismanna í fjh.- og viðskn. munu fjalla nánar um málið í nefnd og þ. á m. taka til meðferðar þær till. sem fram komu í Ed. í gær varðandi tekjutryggingu og heimilisuppbætur og varðandi afnám sjúkratryggingagjalds á tekjur allt að 6.5 millj. gkr. Hið fyrra hef ég þegar rætt um, en hvað hið síðara snertir er í raun og veru alls ekki komið fram að það fullnægi því að auka kaupmátt launa um 1.5%, eins og yfirlýsing ríkisstj. bendir á. Í því sambandi viljum við sjálfstæðismenn benda á það, að væntanlega hefur afnám 1.5% sjúkratryggingagjalds ekki einu sinni svo mikil áhrif að vega upp á móti þeirri skattþyngingu sem felst í því, að skattvísitalan er lægri en tekjuhækkun á milli ára. Og augljóst er að fljótlega mun þetta valda skattaþyngingu á hærra kaup en 6.5 millj. kr.

Ég skal svo aðeins að lokum leggja áherslu á það, að ef við meinum eitthvað með því sem við segjum, að verðbólgan sé vágestur sem við verðum að vísa á bug, þá verður annað og meira að koma til en ráðstafanir eins og þær, sem þetta frv. hefur inni að halda, eða þær óljósu, almennt orðuðu yfirlýsingar sem gengið hafa fram af munni hæstv. ráðh.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Því verður ekki neitað, að þegar núv. hæstv. ríkisstj. tók við völdum fyrir rétt rösku ári tók hún við ýmsum erfiðum viðfangsefnum sem hún ætlaði sér að leysa. Þau viðfangsefni eiga sér gamla sögu, því vandann má í eðli sínu rekja allt aftur til ársins 1971, þegar Alþb. og Framsfl. komust til valda í þessu þjóðfélagi eftir að hafa verið utan stjórnar um margra ára skeið. Má segja að kaflaskipti hafi orðið árið 1971 í stjórn efnahagsmála með þessari þjóð. Þá kvöddum við tíma, sem einkennst höfðu af hófsemd og ró í efnahagsmálunum, en við tók verðbólga af þeim toga sem við höfðum ekki áður haft kynni af.

Ekki verður því um kennt, að ytri aðstæður hafi verið slæmar fyrir þau öfl sem þá fóru að stjórna landinu, því á árunum eftir 1971 og fyrri helming áttunda áratugsins voru bestu aðstæður og mest uppgrip sem verið hafa í íslenskum efnahagsmálum. Mjög mikill afli barst þá á land og tekjuaukning varð gífurlega mikil. En þrátt fyrir það að ytri aðstæður voru með þessum hætti hagstæðari en þjóðin átti að venjast var þannig haldið á málum að í miðju góðærinu var gengið á sjóði þjóðarinnar, stofnað til stórkostlegrar skuldasöfnunar við útlönd, þannig að þegar á bjátaði, t. d. með miklum olíuverðshækkunum, seinni hluta áratugsins höfðu Íslendingar ekki í neina varasjóði að hverfa og verðbólgan, óðaverðbólgan sem sköpuð hafði verið af ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar eftir árið 1971, óx og magnaði. Þetta er vandi sem undanfarnar ríkisstjórnir hafa reynt að ráða við, en engri tekist.

Við þessu erfiða viðfangsefni tók núv. hæstv. ríkisstj. fyrir u. þ. b. einu ári. Og það vantaði ekki aldeilis á það þá að hæstv. ríkisstj. og þeir aðilar, sem að henni stóðu, þættust ætla að gera mikið á stuttum tíma. Hæstv. forsrh. sagði í ræðustól á Alþingi að ekki aðeins ætti ríkisstjórn hans að bjarga heiðri og sóma íslensku löggjafarsamkundunnar, heldur ætlaði ríkisstj. og þeir aðilar, sem að henni stóðu, einnig að ná á skemmri tíma meiri árangri í efnahagsmálum en nokkur önnur ríkisstj. hefði náð á þessum áratug sem ég ræddi um áðan. Og hæstv. ríkisstj. lagði fram bæði í athugasemdum með fyrstu fjárlagagerð sinni og eins í stjórnarsáttmálanum nokkuð nákvæmlega útfærðar hugmyndir sínar um — ekki hvað hún ætlaði að gera, heldur hverjar ættu að verða niðurstöður af aðgerðum hennar.

Menn muna t. d. að hæstv. ríkisstj. setti fram, fyrst í stjórnarsáttmálanum og síðan í athugasemdum með fyrsta fjárlagafrv. sínu, nákvæm ársfjórðungsleg mörk verðhækkana á árinu 1980.

Þar lýsti hæstv. ríkisstj. því, hverjar yrðu frá ársfjórðungi til ársfjórðungs afleiðingarnar af þeim ráðstöfunum sem hún hugðist beita. Hins vegar varð nokkur bið á því, að þessar ráðstafanir kæmu fram. Hæstv. ríkisstj. reyndist sem sé ekki hafa náð samkomulagi um neitt nema niðurstöðurnar. Og þó að hæstv. ríkisstj. sé ekki búin að sitja lengi að völdum, eru þær nú orðnar ansi margar, yfirlýsingarnar frá hæstv. forsrh. um það sem hann ætlaði ríkisstj. sinni að gera á þessum tólf mánuðum.

Í athugasemdum með fjárlagafrv. og forsendum fjárlagafrv. boðaði ríkisstj. Gunnars Thoroddsens þannig að hún mundi halda svo á málum á árinu 1980, að verðhækkanir frá upphafi til loka þess árs færu ekki fram úr 31%. Hæstv. ríkisstj. setti síðan fram nákvæm ársfjórðungslega mörk þessara verðhækkana, sem áttu að lýsa því hvernig þetta mundi gerast.

Þegar leið að vori, örfáum vikum eftir að hæstv. ríkisstj. hafði lagt fram þessa óskadrauma sína, fór fram hér í Ed. Alþingis mjög hörð umr. milli hæstv. forsrh. og stjórnarandstæðinga í deildinni. Þar fullyrti hæstv. forsrh. að hvað sem hver segði væri ríkisstj. búin að ákveða að beita sér fyrir því, að verðbólgan á árinu 1980 færi ekki fram úr 40% frá upphafi til loka ársins. Með því var hæstv. forsrh. að vísu fallinn frá þeim boðskap sínum, sem hann tiltók nokkrum vikum áður, að verðbólgan á árinu 1980 ætti ekki að fara fram yfir 31% frá upphafi til loka ársins, var kominn með verðbólguna upp í 40%, en hann — liggur mér við að segja — lagði heiður sinn og sinnar ríkisstj. að veði fyrir því, að hvað svo sem aðrir segðu mundi verðlagsþróunin ekki fara yfir 40% á árinu.

Um mitt s. l. sumar skýrðu dagblöðin frá nýjum spám Þjóðhagsstofnunar um líklega verðlagsþróun á árinu. Þeim spám mótmælti hæstv. forsrh. sem röngum í samtali við blöð og sagði að það mætti vel vera að þessar spár

gengju eftir ef ekkert yrði að gert, en ríkisstj. ætlaði nú aldeilis að hafast að. Ríkisstj. ætlaði að tryggja það, að verðbólgan færi ekki fram úr 45-50% á árinu. Síðla s. l. vetur talaði hæstv. forsrh. um 31% verðbólgu, í vor talaði hann um að verðbólgan færi ekki fram úr 40%, en um mitt sumar talaði hann um að ríkisstj. mundi tryggja að verðbólgan færi ekki yfir 45-50%. — En það gerðist aldrei neitt. Það eina, sem gerðist hjá hæstv. ríkisstj., var að fyrst var skipuð nefnd, ráðherranefnd, síðan var ráðherranefndin lögð niður og skipuð efnahagsnefnd, síðan lauk efnahagsnefnd sínum störfum og skilaði af sér og þá var skipuð ný ráðherranefnd til þess að yfirfara störf efnahagsnefndarinnar og svona koll af kolli. Þríbjörn togaði í Tvíbjörn, Tvíbjörn í Einbjörn o. s. frv., en aldrei gekk rófan. Aldrei kom nein niðurstaða frá hæstv. ríkisstj. önnur en ný yfirlýsing frá hæstv. forsrh. á svo sem eins og tveggja mánaða fresti, þegar hann taldi verðbólguna upp um nokkur prósentustig frá síðustu yfirlýsingum sjálfs sín. Það er það eina sem hæstv. forsrh. hefur gert í þessu máli — fyrir utan það að sjálfsögðu að ráða sér tvo aðstoðarmenn í ráðuneyti sitt til að hjálpa sér við þessa merkilegu stefnumótun.

Auðvitað verða menn að horfa til reynslu liðins tíma, en ekki að deila um mismunandi óvissar spár fyrir framtíðina. Þess vegna er dálítið athyglisvert að gera sér grein fyrir því, hver hefur orðið verðbólguferillinn á árinu 1980.

Þegar hæstv. ríkisstj. tók við völdum hafði verðbólgan á síðasta verðbótatímabili áður en ríkisstj. tók við, á tímabilinu frá 1. nóv. 1979 til 1. febr. 1980, numið 9.1%. Það samsvarar verðbólguhraða sem hefði skilað um það bil 42% verðbólgu á heilu ári. Þannig var ástandið þegar hæstv. ríkisstj. tók við. En strax eftir að hæstv. ríkisstj. kom til valda breyttist þessi mynd. Hæstv. ríkisstj. ætlaði að telja þessa verðbólgu niður og boðaði það m. a. í forsendum fjárlagafrv., að á fyrsta verðbótatímabili eftir að hún tæki við völdum, þ. e. frá 1. febr. til 1. maí, mundu verðhækkanir ekki verða meiri en 8%. Ríkisstj. mundi sjá til þess. Hún mundi telja verðbólguna niður með þeim hætti að verðbólgan, sem verðbótatímabilið áður en ríkisstj. tók við völdum var 9.1%, mundi lækka ofan í 8% á fyrsta verðbótatímabilinu eftir að hæstv. ríkisstj. tók við. En því var ekki aldeilis að heilsa. Verðbólgan á þessu fyrsta tímabili ríkisstj., frá 1. febr. til 1. maí, nam ekki neinum 8% eins og hæstv. ríkisstj. boðaði, því er nú verr og miður. Hún nam 13.2%. Verðbólgan varð á þessu fyrsta verðbótatímabili u. þ. b. 60% meiri en hæstv. ríkisstj. boðaði.

Á öðru verðbótatímabili ársins 1980 hafði ríkisstj. boðað að verðhækkanir mundu aðeins nema 7%, vera 1% lægri en verðbótatímabilið þar á undan. Þetta var tíminn frá 1. maí til 1. ágúst s. l. ár. En það gekk nú ekki aldeilis eftir. Verðhækkanir á þessu tímabili voru ekki 7%, eins og hæstv. ríkisstj. boðaði, heldur 10.1%.

Þriðja verðbótatímabilið átti svo niðurtalning Framsfl. heldur betur að vera farin að segja til sín. Áttu verðhækkanir þá aðeins að nema 5% samkv. yfirlýsingum ríkisstj., á tímabilinu frá 1. ágúst s. l. til 1. nóv. En því var ekki aldeilis að heilsa. Þá nam verðbólgan ekki 5%, heldur 10.9%. Verðbólguhraðinn var sem sé á því tímabili rösklega tvöfaldur á við það sem hæstv. ríkisstj. hafði spáð og hafði gefið yfirlýsingar um að hún mundi tryggja. Það er von að hæstv. forsrh. þurfi að gefa nýjar yfirlýsingar í þessum málum á tveggja mánaða fresti.

Og síðasta verðbótatímabilið, það sem nú er nýliðið, frá 1. nóv. s. l. til 1. febr. s. l., námu verðhækkanir ekki neinum litlum 5%, eins og mér heyrðist forsrh. vera að gefa í skyn áðan, heldur hvorki meira né minna en 15%. Verðbólguhraðinn á þessu síðasta verðbótatímabili, frá 1. nóv. í haust til 1. febr. í vetur, nemur því, að verðbólgan á ársgrundvelli sé komin upp í tæplega 75% eða 74.9%. Á þessu eina ári hefur verðbólguhraðinn hjá ríkisstj. þannig farið vaxandi frá verðbótatímabili til verðbótatímabils. Þegar hæstv. ríkisstj. tók við var verðbólguhraðinn aðeins 9.1% á heilu verðbótatímabili, sem samsvarar um 42% verðbólgu á heilu ári. Þegar ríkisstj. skilaði uppgjöri sínu 1. febr. s. l. var verðbólguhraðinn á heilu tímabili kominn upp í 15%, sem samsvarar 75% verðbólgu á heilu ári. Þetta var nú allur afraksturinn. Verðbólguhraðinn hafði aukist í meðförum hæstv. forsrh. og félaga hans í ríkisstj. á einu ári úr u. þ. b. 42% á heilu ári upp í 75%.

Þetta kallar Framsfl. að telja niður. Þetta hygg ég að allir aðrir kalli að telja upp. Og það er einkar athyglisvert fyrir t. d. þá Alþb.- menn, sem sögðust hafa farið inn í þessa ríkisstj. fyrst og fremst til þess að varðveita kaupmátt launa, að á þessu eina ári, frá 1. febr. 1980 til 1. febr. 1981, hefur verðlag í landinu hækkað um rösklega 59%. Á þessum sama tíma, á þessu sama eina ári hafa verðbætur á laun hins vegar aðeins hækkað um 40%. Á sama tíma og dýrtíðin hefur aukist um 59% hafa verðbætur á laun aðeins hækkað um 40%. Bilið, sem þarna er á milli, hafa menn reynt að brúa í samningum um hækkað grunnkaup. Hjá sumum hefur þetta bil verið brúað til fullnustu, þeim sem mestar beinar og duldar hækkanir hafa fengið, en hjá öðrum, sérstaklega láglaunafólkinu sem hefur átt erfitt með að sækja sinn hlut, hefur þetta bil alls ekki verið brúað þrátt fyrir grunnkaupshækkanir sem orðið hafa á tímabilinu. Og það er einkar athyglisvert fyrir Alþb.- menn að hyggja að því, að niðurstaðan af öllu þeirra brölti s. l. eitt ár í ríkisstj. skuli vera sú, að á sama tíma og dýrtíðin jókst um tæplega 60% hækkuðu verðbætur á laun aðeins um rúmlega 40%, og til þess að brúa þetta bil hefur verkalýðshreyfingin þurft að standa í erfiðri kjarabaráttu og knýja fram grunnkaupshækkanir, sem skilað hafa sumum mismuninum, þeim í launþegahópnum sem best voru staddir fyrir, en láglaunafólkið hefur setið eftir.

Þannig hefur nú, herra forseti, ferill þessarar ríkisstj. verið s. l. eitt ár. Það hefur verið mikið um stór orð og hástemmdar yfirlýsingar, en það hefur ekkert gerst fyrr en þá á gamlársdag þegar hæstv. forsrh. kom í sjónvarp og útvarp og tilkynnti þjóðinni að nú væri ríkisstj. búin að bjarga málinu.

Það er einkar athyglisvert, að það hefur komið í ljós í yfirlýsingum annarra ráðherra, t. d. ráðherra Framsfl., að eftir að ríkisstj. hafði setið á rökstólum frá því 6. febr. og fram undir jól, þá var ekkert til, hafði ekki náðst samkomulag um neina úrlausn og ekkert verið sett á pappír á Þorláksmessu. Þegar fólk fór heim til þess að halda jól eftir að ríkisstj. hafði setið að störfum síðan 6. febr., þá var ekkert tilbúið. Það var ekki búið að ná samkomulagi um eitt né neitt og það var ekki fyrr en örfáum klukkustundum áður en hæstv. forsrh. átti að fara í sjónvarpið að halda sína áramótaræðu, sem mér heyrðist að hv. þm. Matthías Bjarnason hefði gefið nafnið áramótaskaup áðan, aðeins nokkrum klukkustundum áður en hæstv. forsrh. fór upp í sjónvarp til að

flytja ræðu sína náðist samkomulag milli stjórnarflokkanna um hvað gera ætti. Þess vegna var það ekki árangurinn af alvarlegum umr. sem kynntur var í ræðu hæstv. forsrh. í sjónvarpinu á gamlársdag. Lausnin, ef lausn skyldi kalla, var framkölluð af klukkutifinu á borðinu í stjórnarráðinu. Klukkan var að falla á hæstv. ríkisstj. og hún varð eitthvað til bragðs að taka. Og það, sem hún tók til bragðs, er frv. það til laga sem við fjöllum nú um.

Í áramótaræðu hæstv. forsrh. flokkaði hann með réttu hinar svonefndu aðgerðir ríkisstj. í tvennt. Annars vegar voru það brbl., hins vegar svonefnd efnahagsáætlun ríkisstj. Ef við víkjum fyrst að efnahagsáætluninni, þá er ekki hægt að flokka það plagg undir aðgerðir, því að aðgerðir eru að sjálfsögðu ekki annað en það sem aðhafst er. Í efnahagsáætluninni er ekkert aðhafst. Í efnahagsáætluninni setja menn fram misjafnlega almennt orðaðan óskalista um hluti sem menn eru að tala um eða hefur dottið í hug um leið og þeir settu stafina á pappír. Í efnahagsáætluninni er ekki eitt atriði sem menn geta fest hönd á, og komið hefur í ljós síðar hjá hæstv. ráðh. að mjög mörg atriði, sem minnst er á í efnahagsáætluninni, eru menn ýmist að hugleiða eða skoða, en þau eru algjörlega órædd í ríkisstj. Þetta er pappírsplagg sem búið var til á nokkrum mínútum, rétt áður en hæstv. forsrh. hljóp niður í sjónvarp, til þess að hann hefði þó eitthvað í höndunum til að sýna þjóðinni.

Það eina, sem hægt er að segja að fáist út úr þessari efnahagsáætlun, er sú aðgerð í gengismálum sem hv. þm. Geir Hallgrímsson ræddi um áðan og ég ætla ekki að fara frekari orðum um. Það gefst tækifæri til þess síðar. En ég held að öllum sé ljóst, ekkert síður ráðherrum og stuðningsmönnum ríkisstj. en öðrum, að sú aðgerð, sem þar er lagt úrt í, er vægast sagt harla vafasöm og skammgóður vermir. Hinar raunverulegu aðgerðir, þ. e. það sem gert er, felast í brbl. sem nú eru hér til meðferðar.

Þessar aðgerðir brbl. felast í sjö efnisgreinum auk gildistökugreinar, þannig að hér er um að ræða lesmál sem kæmist fyrir á einni vélritaðri pappírsörk. Merkilegri er nú ekki niðurstaðan hjá ríkisstj. eftir 11 mánaða umþóttunartíma: Sjö efnisgreinar sem kæmust fyrir á einni vélritaðri pappírsörk.

Í þessum sjö efnisgreinum er fjallað um fjögur atriði. Það er í fyrsta lagi atriði sem kemur fram í 1. gr. frv., um framlengingu á verðstöðvun sem gilt hefur raunar í landinu lítið eða ekki breytt í heilan áratug. Í öðru lagi er ákvæðið um vaxtamál í 2. og 3. gr. Í þriðja lagi er ákvæðið um frestun framkvæmda í 7. gr., og síðast er meginefni laganna sem er lækkun kaupgjalds með lögum um 7% 1. mars n. k. Þetta er að sjálfsögðu þungamiðja aðgerða ríkisstj., það eina sem skiptir máli í sambandi við verðbólguspár Þjóðhagsstofnunar. Þjóðhagsstofnun treystir sér ekki til þess að meta neitt af hinum atriðunum þremur til áhrifa á verðbólguþróunina í landinu. Samkv. þeim gögnum, sem við höfum fengið frá Þjóðhagsstofnun, metur hún öll atriði brbl. þannig að það er aðeins eitt, aðeins kauplækkunin ein, sem hún telur að hafi einhver reiknanleg áhrif á verðbólguþróunina. Hin atriðin þrjú, sem brbl. fela í sér, eru þannig að Þjóðhagsstofnun og aðrir þeir aðilar, sem eru ríkisstj. og Alþingi til ráðuneytis, treysta sér ekki til að segja til um að þau hafi nokkur minnstu áhrif á feril verðbólgunnar. Það er aðeins kauplækkunin ein sem Þjóðhagsstofnun segir að hafi einhver áhrif á það vandamál sem hæstv. ríkisstj. þykist vera að fást við.

Ef við förum í örstuttu máli yfir þessi fjögur efnisatriði og skiljum kauplækkunina eftir þar til síðast, þá er fyrst ástæða til að minnast á það síðasta, þ. e. efnisatriði í 7. gr. brbl., þar sem ríkisstj. er heimilt að fresta einhverjum ótilteknum framkvæmdum fyrir einhverjar ótilteknar fjárhæðir þrátt fyrir ákvæði fjárlaga fyrir árið 1981 eða lánsfjáráætlun fyrir sama ár. Það er ekkert óvanalegt að ríkisstj. sé veitt heimild til þess að fresta framkvæmdum þrátt fyrir ákvæði samþykktra fjárlaga. Slíkt var t. d. gert við afgreiðslu fjárlaga frá Alþingi nú í desembermánuði. Þá var hæstv. ríkisstj. veitt heimild til þess að spara útgjöld samkv. afgreiddum fjárlögum um allt að 3 milljarða gkr. (**Forseti:** Ég geri ráð fyrir að hv. þm. eigi eftir töluvert óflutt af ræðu sinni.) Ekki mjög mikið, en töluvert. (**Forseti:** Ég bið hann að gera hlé á henni eins fljótt og verða má.) Ég er að hugsa um að gera það strax. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Þegar líður á ræðu mína á ég þess von að þurfa að spyrjast fyrir um þær aðgerðir hæstv. ríkisstj. í skattamálum og tryggingarmálum sem við alþm. höfum verið að lesa um í blöðum í dag. Og þá væri viðkunnanlegra að einhver úr hinni fjölmennu ríkisstjórn dr. Gunnars Thoroddsens væri viðstaddur. (Forseti: Ég vil geta þess, að hæstv. forsrh. hafði auglýst fyrir alllöngu fund á Akranesi og hefur haldið þangað. En ég hafði gert ráðstafanir til að aðrir hæstv. ráðh. yrðu hér, a. m. k. einhverjir, til andsvara ef á það reyndi. Við skulum vænta þess, að hæstv. ráðh. gangi innan tíðar í salinn og áður en að mikilvægar spurningar verði fram lagðar.)

Herra forseti. Ég var þar kominn máli mínu að byrja að ræða um þau fjögur efnisatriði, sem í þessum brbl. eru fólgin, og ætlaði að ræða þá fyrst um síðasta efnisatriðið, sem fram kemur í 7. gr. þessa frv. Þar er ríkisstj. veitt heimild til að fresta ótilteknum framkvæmdum fyrir ótilteknar fjárhæðir þrátt fyrir ákvæði fjárlaga fyrir árið 1981 svo og lánsfjáráætlun fyrir sama ár.

Nú er það ekkert óvanalegt, að hæstv. ríkisstj. séu veittar slíkar heimildir til frestunar á framkvæmdum sem búið er að samþykkja með afgreiðslu fjárlaga héðan frá Alþingi. Það er mjög vanalegt að slíkt sé gert jafnhliða fjárlagaafgreiðslunni, þannig að í heimildagrein fjárlaga sé ríkisstj. veitt heimild til tiltekinnar frestunar á framkvæmdum eða sparnaðar í ríkisrekstri. Þetta var einnig gert við afgreiðslu fjárlaga nú. Í heimildagrein er hæstv. ríkisstj. veitt heimild frá Alþingi til þess að fresta framkvæmdum og skera niður útgjöld ríkisins sem samsvarar allt að 3 milljörðum gkr. Þessa heimild hefur hæstv. ríkisstj. í hendi sér, og mér er ekki kunnugt um að hæstv. ríkisstj. hafi enn notað þá heimild, ekki einu sinni byrjað að nota hana. Fyrst svo er, hvaða nauður rak þá hæstv. ríkisstj. til þess að veita sér umframheimild í þessu skyni með brbl.- setningu? Ég furða mig á því, að ríkisstj. skuli hafa gert slíkt, því að ég fæ ekki séð hvers vegna hæstv. ríkisstj. þurfti að veita sjálfri sér slíka heimild með brbl.-setningu þegar hún hafði í höndunum heimild frá Alþingi til þess að fresta framkvæmdum og lækka útgjöld um allt að 3 milljarða gkr.

Í stjórnarskrá íslenska lýðveldisins segir að því aðeins megi setja brbl. að brýna nauðsyn beri til. Til þess að ríkisstj. geti sett brbl. verður þar tvennt til að koma: Í fyrsta lagi að Alþingi sitji ekki að störfum, og í öðru lagi að brýna nauðsyn beri til að lög séu sett utan starfstíma Alþingis, þannig að ekki gefist tími til þess að kalla þingið saman til starfa. Nú spyr ég: Hvaða brýna nauðsyn

bar til þess, að ríkisstj. þurfti að veita sjálfri sér heimild til að fresta framkvæmdum í samþykktum fjárlögum þrátt fyrir að hún hafði þegar í höndum lögformlega heimild til þess arna, sem hún hefur ekki enn byrjað að nota?

Auðvitað getur verið að ríkisstj. þurfi skyndilega að taka ákvörðun um framkvæmdafrestun utan starfstíma Alþingis, jafnvel í jólaleyfi þm., og geti af þeim sökum ekki beðið eftir því að Alþingi komi saman til að veita slíka lögformlega heimild. Slíkar aðstæður gætu réttlætt það að slík heimild yrði veitt í brbl. En nú liggur það fyrir, að hæstv. ríkisstj. hefur ekki einu sinni rætt slíka framkvæmdafrestun. Hæstv. fjmrh. hefur skýrt frá því í útvarpi, og raunar hér á Alþingi líka, að það sé allsendis óvíst hvort ríkisstj. muni nota þessa heimild til frestunar á framkvæmdum og fari svo að ríkisstj. noti heimildina, þá muni það ekki gerast fyrr en eftir mitt ár. Miðað við þessa yfirlýsingu hæstv. ráðh. gengur það ekki saman í mínum huga hvernig ríkisstj. getur réttlætt brbl.-setningu um veitingu slíkrar heimildar sem fyrir liggur að ekki eigi að nota fyrr en eftir mitt ár.

Auðvitað eru engin rök sem mæla með því, herra forseti, að brbl. séu sett á svo veikum grunni. Og þetta, eitt af mörgu, gerir það að verkum, að stuðningur hlýtur að fara vaxandi við að sú breyting sé gerð á stjórnarskrá lýðveldisins við endurskoðunina núna, að brbl.-valdið verði með einum eða öðrum hætti tekið af ríkisstj. Ég vil taka það sérstaklega fram, að þar á ég ekki aðeins við þessa ríkisstj., heldur er það orðinn plagsiður allra ríkisstjórna, sem verið hafa í landinu nú a. m. k. hin síðari árin, að reyna að leysa flestöll meiri háttar vandamál þjóðfélagsins með þeim hætti að bíða með úrlausn málanna þangað til Alþingi situr ekki og taka síðan á málum með brbl.-setningu. Þegar jafnvel er farið að tíðka það — og ekkert frekar endilega af þessari ríkisstj. en öðrum — að setja brbl. um atriði, sem er jafnfráleitt að hægt sé að rökstyðja með brýnni þjóðarnauðsyn eins og það sem hefur verið gert hér, þá rennir það enn frekari stoðum undir það að afnema eða a. m. k. takmarka mjög mikið vald ríkisstj. til þess að setja brbl. Og það er ekki gott, eins og fram hefur komið í umr. hér á Alþingi, þegar bókstaflega er haldið þannig á af hálfu ríkisstj., sem hefur tæpan þingmeirihluta, að bíða með að afgreiða torleyst mál þangað til alþm. eru farnir heim, ekki vegna þess að hæstv. ríkisstj. eigi þar í erfiðleikum með harkalega stjórnarandstöðu, heldur vegna hins, að hæstv. ríkisstj. á í erfiðleikum með að fá eigið þinglið til að samþykkja ráðstafanir sem hún hyggst gera.

Þetta hefur m. a. komið mjög fram hjá núv. hæstv. ríkisstj. Ég er alveg sannfærður um að ef Alþingi hefði setið að störfum kringum jólin, þá hefði hæstv. ríkisstj. aldrei náð fram neinni lagasetningu, ekki vegna þess að hún hefði þurft að sæta svo mikilli andstöðu stjórnarandstöðunnar að hún hefði ekki komið slíkum lögum fram, heldur fyrst og fremst vegna hins, að hæstv. ríkisstj. hefði ekki getað fengið sitt eigið þinglið til að sameinast um neinar niðurstöður. Auðvitað er þetta á vitorði allra þm., þar á meðal hæstv. ráðh., að ráðið við þessu hjá ríkisstj. er að bíða með allar afgreiðslur mála þangað til þingi er lokið, ekki til þess að losna við stjórnarandstöðuna, heldur fyrst og fremst til þess að losna við eigin stuðningsmenn úr röðum stjórnarflokkanna og grípa síðan á málinu með brbl.-setningu.

Herra forseti. Ég sé ekkert við það að athuga að veita hæstv. ríkisstj. heimild til þess að fresta framkvæmdum þrátt fyrir ákvæði fjárlaga umfram þá framkvæmdafrestun sem hún öðlaðist með samþykki fjárlaga og heimildargrein þar um í samþykktum fjárlögum nú um áramótin. Mér þykir ekkert athugavert við að veita hæstv. ríkisstj. slíka heimild, þó ég fái ekki séð að nauðsyn hafi borið til þess að setja brbl. þar um, eins og ég rakti áðan. En ég held að Alþingi hljóti að krefjast þess annaðhvort að ríkisstj. gefi Alþingi einhverjar hugmyndir um frestun þeirra framkvæmda, sem á döfinni eru, ellegar þá hitt, að Alþingi leggi fyrir ríkisstj. að framkvæmdafrestunarheimildin sé miðuð við einhverja tiltekna fjárhæð, eins og t. d. framkvæmdafrestunarheimildin í heimildagreinum fjárlaga er, og jafnframt að frestun framkvæmda taki ekki gildi nema um hana hafi verið fjallað í fjvn.

Nú er það eitt af meginverkefnum fjvn., sem hún vinnur að allt haustið hér í þinginu, að reyna að raða framkvæmdum í forgangsröð og taka ákvarðanir um hvernig að einstökum framkvæmdum skuli staðið. Það er mjög óeðlilegt, eftir að Alþingi og fjvn. hafa eytt mjög miklum starfstíma í þetta erfiða verkefni, að þá skuli ríkisstj. vera veitt heimild til ótiltekinnar framkvæmdafrestunar fyrir ótiltekna fjárhæð án þess að hæstv. ríkisstj. þurfi nein samráð að hafa við fjvn. Alþingis um hvernig hún standi að slíkri frestun, vegna þess að segja má að ef ekki komi til slíkt samráð sé allt verk fjvn. að hausti og allt verk Alþingis við afgreiðslu fjárlaga unnið fyrir gýg. Þá er eins hægt að ætlast til þess af ríkisstj. strax við upphaf fjárlagaumræðu að hún leggi fram erindi til Alþingis þess efnis, að sama sé hvað Alþingi hyggist afgreiða með fjárlagaafgreiðslunni, þá hafi ríkisstj. heimild til þess að breyta því. Þess vegna tel ég nauðsynlegt að gera þá breytingu á 7. gr., annaðhvort að tiltaka þá upphæð, sem framkvæmdafrestunin heimilar mesta, ellegar þá — eða hvort tveggja, að taka fram að framkvæmdafrestunin öðlist ekki gildi nema hæstv. ríkisstj. hafi haft um það samráð við fjvn.

Annað efnisatriði úr 7. gr. er broslegt. Það er það efnisatriði, að ríkisstj. skuli veitt heimild til þess að fresta framkvæmdum samkvæmt lánsfjáráætlun fyrir árið 1981. Hvers vegna er þetta ákvæði broslegt? Jú, vegna þess að engin lánsfjáráætlun hefur verið afgreidd. Við erum með í þinginu núna lánsfjárheimildarlög í vinnslu sem í raun réttri átti að afgreiða fyrir áramót. Það var hins vegar aldrei gert. Og með þessari grein, eins og hún er nú, verðum við núna að afgreiða frá Alþingi heimild til ríkisstj. til að fresta ótilteknum framkvæmdum samkvæmt lánsfjáráætlun sem ekki er til, sem ekki hefur verið afgreidd. Það er auðvitað alveg fráleitt að standa þannig að málum, að veita ríkisstj. fyrst heimild til ótiltekinnar framkvæmdafrestunar samkvæmt lánsfjárlögum og ætla síðan þegar sú heimild hefur verið veitt, að fara að fjalla um lánsfjárlögin sjálf. Auðvitað gæti svona heimild átt erindi, en þá á hún erindi í lánsfjárlögunum sjálfum, en ekki með þeim hætti sem hér er stofnað til. Þá mætti eins leggja fram í upphafi hvers þings frv. einhvern veginn á þá lund, að þrátt fyrir þær ákvarðanir og lagasetningar, sem Alþingi kynni að eiga eftir að ákveða á þessum vetri, væri hæstv. ríkisstj. veitt heimild til að gera hverjar þær breytingar þar á sem henni þætti hlýða. Það er slíkur afgreiðslumáti sem hafður er í 7. gr., þar sem á að afgreiða heimild til ríkisstj. til frestunar á framkvæmdum samkvæmt lánsfjáráætlun sem er óafgreidd og verið er að fjalla um hér í þinginu. Svona geta menn að

sjálfsögðu ekki staðið að afgreiðslu mála. Þetta ákvæði um lánsfjáráætlunina á ekkert erindi í þessa lagasetningu. Það ber að strika út úr þessari grein. En ef hæstv. ríkisstj. vill engu að síður hafa slíka heimild, þá á hún erindi inn í lánsfjárheimildalögin sem nú eru til meðferðar hér í þinginu, en alls ekki að gerast með þeim hætti sem hér er stofnað til.

Herra forseti. Ég hef fjallað hér nokkuð um þennan efnisþátt laganna, sem skiptir í sjálfu sér ákaflega litlu máli um þá verðbólguþróun, sem þessi lög eiga að vinna gegn, og er atriði sem maður fær ekki séð að neitt erindi eigi inn í brbl.-setningu.

Annað atriði, efnisatriði brbl. og frv. sem flutt er til staðfestu á þeim, er í 1. gr. frv., þar sem í raun réttri er með lögum verið að ákveða verðstöðvun ofan á verðstöðvun sem fyrir er. Ég veit ekki hvort menn halda að verðstöðvun haldi eitthvað betur, sé eitthvað endingarbetri, ef menn setja um hana tvennar lagasetningar, — þá endist hún betur en ef verðstöðvun sé ákveðin með einni. Að öðru leyti hef ég ákaflega lítið um þetta að segja. Hér er um að ræða tilraun til verðstöðvunar sem hefur staðið yfir nú í áratug. Slík tilraun getur staðist um stutta stund til þess að veita ríkisstj. umþóttunartíma til að grípa til annarra ráðstafana. Hins vegar vitum við allir Íslendingar að verðstöðvun í heilan áratug, eins og við höfum búið við, er ekkert annað en skrípamynd af raunverulegri verðstöðvun og ákvæði þessarar greinar breyta engu um það.

Skýrasta dæmi um það, að ákvæði þessarar greinar breyti engu, er fordæmi opinberra stofnana sjálfra. Menn minnast þess, að áður en þessi verðstöðvun ofan á verðstöðvun var í lög leidd með brbl. nú um áramótin ákvað ríkisstj. 10% hækkun á gjaldskrá ýmissa opinberra stofnana og fyrirtækja. Og eftir að þessi verðstöðvun ofan á verðstöðvun hefur verið í lög leidd hefur ríkisstj. heimilað t. d. Skýrsluvélum ríkisins og Reykjavíkurborgar hvorki meira né minna en 25% hækkun á þjónustu sinni. Skýrsluvélar ríkisins og Reykjavíkurborgar hafa núna eftir áramótin hækkað verð á þjónustu sinni um hvorki meira né minna en 25%. Þannig ganga ríkisstofnanir á undan og láta svo sem þær viti ekki einu sinni af þessu ákvæði sem hér er fjallað um í 1. gr., og hæstv. ríkisstj. virðist lítið sem ekkert gera til að stuðla að því, að ríkisstofnanir, stofnanir sem hún sjálf stjórnar, hagi sér eftir lögunum. Enda, herra forseti, af þeim gögnum, sem við höfum fengið frá Þjóðhagsstofnun og öðrum ráðunautum ríkisstjórnar og Alþingis um efnahagsmál, verður ekki annað séð en að þessir aðilar treysti sér alls ekki til að gefa okkur alþingismönnum neinar upplýsingar um að ákvæði 1. gr. komi að nokkru gagni í baráttunni við verðbólguna. Af þeim gögnum, sem fram hafa verið lögð frá Þjóðhagsstofnun, Seðlabanka og öðrum slíkum stofnunum, verður ekki séð að ákvæði 7. gr. og ákvæði 1. gr. brbl., tvö af fjórum efnisatriðum laganna, hafi hin minnstu áhrif á verðlagsþróunina í landinu. Sem ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu eru þessi tvö efnisatriði að mati þessara aðila hreinlega gagnslaus.

Þriðja efnisatriði kemur síðan fram í 2. og 3. gr. frv., þar sem ákveðnar eru tilteknar breytingar á lánamálum og vaxtamálum. Þessar greinar stangast hins vegar algjörlega á. Í 2. gr. er verið að fresta því, að verðtryggingu sparifjár og inn- og útlána verði á komið. Frestun er veitt um eitt ár. En í 3. gr. er verið að stefna að því að auka verðtryggingu innlána í bönkum og sparisjóðum. Auðvitað segir það sig sjálft, að ef verðtryggð spariinnlán aukast í bönkum og sparisjóðum hljóta bankarnir og sparisjóðirnir að auka að sama skapi verðtryggingu útlána sinna. Og ekki er það líklegt til að slá á frest verðtryggingu fjárskuldbindinga, eins og á þó að gera samkv. 2. gr. Þannig stangast tilgangur 3. gr. á við markmið 2. gr. og þessar tvær greinar ganga ekki saman. Ef verðtryggð sparifjárinnlán aukast í bönkum og sparisjóðum hlýtur verðtrygging á útlánum þessara sömu stofnana að aukast að sama skapi. Það sér hver heilvita maður.

En þetta efnisatriði, þetta þriðja efnisatriði frv. hefur ekki heldur nein merkjanleg áhrif á spár efnahagsráðunauta ríkisstj. um líklega verðlagsþróun á yfirstandandi ári.

Ég hef hér lýst þremur efnisatriðum í frv. til viðnáms gegn verðbólgu sem ekki hafa nein áhrif á verðbólguna, jafnvel þótt svo sé látið heita í fyrirsögn þessa frv. Og þá er aðeins ein aðgerð eftir sem raunverulega hefur áhrif á verðbólguna á árinu 1981. Það eru aðgerðirnar sem felast í 4., 5. og 6. gr. frv. og eru einvörðungu um að lækka almenn laun í landinu um 7% frá og með 1. mars n. k. Auðvitað eru það engin ný tíðindi, að það hefur áhrif á verðbólguþróun hvort laun eru hækkuð eða lækkuð. Ef laun í landinu hækka almennt án þess að nokkur innistæða sé fyrir þeirri launahækkun, þá er um að ræða innihaldslitlar peningalaunahækkanir sem hverfa jafnóðum aftur í aukinni verðbólgu. Ef engin innistæða er fyrir almennum launahækkunum þýða slíkar hækkanir einvörðungu aukna verðbólgu. Þetta þekkjum við Íslendingar af langri reynslu. Meðal annars þess vegna hafði Alþfl. þá afstöðu við gerð kjarasamninganna nú í haust, þeirri afstöðu var fylgt eftir af Alþfl.-mönnum í verkalýðshreyfingunni, að í staðinn fyrir að berjast fyrir innihaldslitlum peningalaunahækkunum, sem yrðu jafnóðum teknar aftur annaðhvort af ríkisvaldi eða aukinni verðbólgu, ætti að leysa málefni láglaunafólksins með lækkun á tekjuskatti og úrbótum í tryggingamálum. Þar væri um að ræða raunhæfar kjarabætur sem enginn gæti aftur tekið eftir að þær hefðu verið settar á.

Því miður náði sú stefna Alþfl. ekki fram að ganga í þessari kjarasamningagerð. Samið var um launahækkanir á bilinu frá 3 — 10%, og ætli launahækkanirnar hjá ýmsum öðrum hærra launuðum hópum hafi ekki verið nokkru meiri en þessu nemur? En hvað svo sem um það má segja, þá er ljóst að þær launahækkanir, sem samið var um í haust, hafa nú verið teknar aftur. Hæstv. ríkisstj. tók þær aftur með brbl. sem hún setti nú um áramótin. Og hefði hæstv. ríkisstj. ekki tekið þær aftur með þeim hætti, þá hefðu þessar sömu launahækkanir horfið engu að síður í þeirri óðaverðbólgu sem hefði fylgt í kjölfarið og Þjóðhagsstofnun spáði að gæti orðið á bilinu 65 — 70%.

Þannig standa menn uppi eftir þessa kjarasamningalotu engu nær. Samt sem áður er það alveg ljóst og menn vita og hafa ávallt vitað og viðurkennt að breytingar á peningalaunagreiðslum gætu haft áhrif á verðbólguna. Ef peningalaunagreiðslur eru hækkaðar án þess að innistæða sé fyrir hendi fyrir þeirri launahækkun hlýtur verðbólgan að vaxa. Með sama hætti er hægt að draga úr verðbólgu tímabundið með því að lækka peningalaun, t. d. með lögum eins og núv. hæstv. ríkisstj. hefur gert. Þetta er alkunna, því að svo margar ríkisstjórnir á Íslandi hafa beitt þess konar aðferðum. Það var aðferðin sem

ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar beitti vorið 1978. Hún miðaðist svo til einvörðungu við að lækka peningalaun með lögum til þess að hafa áhrif á verðlagsþróunina í landinu. Og við vitum af reynslunni að slíkar ráðstafanir hafa áhrif á verðlagsþróunina, en aðeins um mjög stuttan tíma, aðeins um fárra mánaða skeið. Ef ekkert er gert annað en þetta eilífa krukk í kaupið, þá skilar það árangri fyrstu 3 — 6 mánuðina eftir að aðgerðin er framkvæmd, en síðan fellur allt í sama farið aftur og verðbólgan kemst aftur upp í sín 50 — 70%. Þetta eru engin ný sannindi. Þetta er reynslan sem Íslendingar hafa fyrir augunum. Þetta er reynslan sem undanfarin ár hafa fært okkur heim sanninn um.

Nákvæmlega eins verður þetta núna. Efnahagsaðgerðir ríkisstj., sem fólgnar eru í þessu frv., eru raunar aðeins ein aðgerð: kauplækkun, lækkun launa um 7% frá og með 1. mars n. k. Hin þrjú efnisatriði frv., sem ég ræddi um áðan, hafa engin áhrif á verðbólguþróunina í landinu. Þetta er eina ráðstöfunin sem hefur áhrif. Og hún hefur þessi gamalkunnu áhrif sem við þekkjum af reynslunni. Hún dregur úr hraða verðbólgunnar í svipinn, næstu 3 — 6 mánuði, svo fellur allt í sama farið aftur.

Ef til vill ætti frv. frekast að heita frv. til laga um ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu fram yfir landsfund Sjálfstfl. Það væri raunverulega rétt heiti á frv., því að þessar aðgerðir eru sennilega ekki til neins annars gerðar heldur en að geta velt á undan sér vandanum fram yfir landsfund Sjálfstfl. Þær duga fram yfir vor og fram undir sumar. Og þær ættu að heita frv. til laga um ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu fram yfir landsfund Sjálfstfl. (Gripið fram í.) Ja, ef ætti að fresta landsfundi Sjálfstfl. yrði hæstv. forsrh. sennilega að bæta einhverri lagagrein við frv. svo að það samsvaraði því sem það á að skila.

En þetta er því miður staðreyndin sem við þekkjum af sögunni, af reynslunni, og búið er að segja hæstv. ríkisstj. af öllum hennar ráðunautum. Þessi aðgerð skilar tímabundnum árangri, hún kemur í veg fyrir að verðbólgan æði strax upp í 70%. Hún mun skila nokkrum árangri á næsta verðbótatímabili, en síðan fellur allt í sama farið aftur, og í septembermánuði nú í haust munum við standa í nákvæmlega sömu sporum hvað verðbólguna varðar og við stóðum í septembermánuði á s. l. hausti. Þá verðum við aftur komin í 50 — 53% verðbólgu. Og hvar er þá nokkuð sem vinnst? Við höfum unnið okkur smátíma, fram yfir landsfund Sjálfstfl., þeir sem hafa áhuga á því, en að landsfundinum loknum kemur aftur haust og þá stöndum við í sömu sporum í verðbólgumálunum og við stóðum á s. l. hausti. Eini ávinningurinn, sem við höfum haft út úr þessu, er 5 — 6 mánaða frestun á tilteknum vanda sem hæstv. ríkisstj. hefur ekki getað leyst.

Það er margoft, af mörgum ríkisstj., búið að gera tilraun til að leysa verðbólguvandann með því einvörðungu að kákla í kaupið. Og reynslan hefur alltaf orðið sú sama. Slíkar aðgerðir skila mjög takmörkuðum árangri. Þær skila árangri í 3 — 6 mánuði, síðan fellur allt í sama farið aftur. Þess vegna var það sem við Alþfl.-menn lögðum á það áherslu vorið 1978, þegar við neituðum því ekki að það gæti þurft að grípa til lagasetningar um frestun á greiðslu verðbóta, breytingu á vísitölukerfi eða niðurfellingu á verðbótagreiðslum, að öllum slíkum ráðstöfunum yrðu að fylgja úrræði um gjörbreytta efnahagsstefnu, — til þess að sú fórn, sem væri þar verið að láta fólk færa gæti skilað einhverjum árangri — yrði jafnframt að fylgja ný stefna í atvinnumálum til þess að tryggja áframhaldandi framfarir í landinu og fulla atvinnu. Það yrði að breyta stefnunni í ríkisfjármálum. Það yrði að lækka skattana. Það yrði að taka upp nýja stefnu í félagsmálum, í fjárfestingarmálum, í peninga- og lánamálum o. s. frv.

Við þm. Alþfl. höfum þrisvar á þessum stutta tíma síðan 1978 lagt fram ítarlegar till. um það, hvað slík gjörbreytt efnahagsstefna ætti að fela í sér. Og nú á Alþingi í vetur hafa þm. Alþfl. lagt fram hvert frv. og hverja þáltill. á eftir annarri einmitt um slíka stefnumótun. Við höfum lagt hér fram till. til þál. um stórátak í virkjunarmálum og stóriðju. Við höfum lagt fram till. um að breyta stefnunni í landbúnaðarmálum, hverfa frá fjárfestingu í hefðbundnum búgreinum, sem ekki skila neinum arði, en taka í staðinn upp myndarlegar fjárveitingar til nýrra hliðarbúgreina og búgreina sem eru líklegar til að geta skilað góðum arði. Við höfum lagt fram till. og frv. um stóreflingu fiskræktar, bæði á vatnafiskum og sjávarfiskum. Við höfum lagt fram frv., sem nú eru til meðferðar í Ed. Alþingis, um stórbreytingu á fjárfestingarmálum í sjávarútvegi og fiskvinnslu. Við höfum lagt fram frv. m. a. hér í Nd. um lífeyrismál, um málefni aldraðra o. s. frv., o. s. frv. Við höfum lagt fram frv. um nýja stefnu í lánamálum, nýja stefnu í vaxtamálum o. s. frv. Þetta teljum við að verði að fylgja aðgerðum í vísitölumálum. Ríkisstj. verður fyrst að ganga á undan með góðu fordæmi um að hún vilji af sinni hálfu leggja eitthvað nýtt fram í baráttunni gegn verðbólgunni. Þá fyrst þegar ríkisstj. hefur gert það getur hún sagt við launafólkið: Viljið þið nú ekki leggja ykkar skerf fram líka? Og því aðeins að ríkisvaldið sýni slíkar aðgerðir, því aðeins að það gangi á undan með góðu fordæmi og móti þá atvinnustefnu — gerbreyttu efnahagsstefnu — sem gefur okkur vonir um að ná árangri í baráttunni við verðbólguna, því aðeins að þetta sé gert er réttlætanlegt að taka á launamálum fólksins í landinu með þeim hætti sem núv. ríkisstj. er að gera. Því aðeins er það réttlætanlegt og því aðeins er það líklegt til að skila árangri.

Og það er hörmulegt til þess að vita, að menn skuli gera sér leik að því, eins og Alþb. nú, að setja lög um stórskerðingu kaupgjalds, vitandi að slík aðgerð mun aðeins endast í 3 — 5 mánuði og síðan mun allt falla í sama farið á ný.

En það er út af fyrir sig ekkert óeðlilegt, herra forseti, miðað við forsögu Alþb., þó að þessir herramenn láti sig hafa það. Það hefur nefnilega aldrei gerst að Alþb. hafi sett slík mál fram fyrir setu sína í ríkisstj. Það hefur aldrei gerst að Alþb., hafi það átt sæti í ríkisstj., hafi talið launamál mikilsverðari en stjórnarsetuna. Ýmsir aðrir, sem hafa starfað í ríkisstjórnum með Alþb., hafa sett slík mál fram fyrir áframhaldandi stjórnarsetu. Það hefur Alþb. aldrei gert. Þegar ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar rofnaði eftir þriggja ára stjórnarstörf, vegna þess að sú ríkisstj. hafði í bígerð kaupránsaðgerðir sem ASÍ mótmælti og tók afstöðu gegn, þá var það ekki Alþb. sem hvarf frá stuðningi við þær aðgerðir og hótaði stjórnarslitum. Nei, Alþb. sat kyrrt hvað sem ASÍ sagði. Það var þáv. forseti ASÍ, Björn Jónsson, og félagar hans í Samtökum frjálslyndra og vinstri manna sem sögðu nei, en ekki Alþb. Alþb. hefur aldrei tekið launamál fólksins í landinu fram yfir áframhaldandi stjórnarsetu sína, frem-

ur en Alþb. hefur nokkurn tíma tekið varnarmál og málefni hinnar svokölluðu herstöðvar, eins og þeir orða það, fram yfir stjórnarsetu. Í huga Alþb. hefur stjórnarseta ávallt algjöran forgang fram yfir allt annað, eins og sýnir sig af því, að Alþb. er sennilega eini stjórnmálaflokkurinn á Íslandi sem aldrei í sögu sinni hefur hótað því að fara úr ríkisstj. eða farið úr ríkisstj. út af launamálum. (Gripið fram í.) 1946 gerðist það nú ekki út af því. (Gripið fram í.) Nei, út af allt öðrum málum. Og hafi það gerst 1946, sem ég efast stórlega um, þá gerist það ekki 1981, það er alveg ljóst.

Herra forseti. Það er aðeins tvennt sem mig langaði til að forvitnast um hjá ráðherrum í ríkisstj. og ætla að ljúka ræðu minni með að beina fsp. til þeirra um.

Í fyrsta lagi höfum við í Ed. og Nd. Alþingis fjallað að undanförnu um brbl. hæstv. ríkisstj. og haldið fundi sameiginlega um þau lög í fjh.- og viðskn. beggja deilda. Þar höfum við stjórnarandstæðingar m. a. ítrekað lagt fyrir ríkisstj. spurningar um hvernig hæstv. ríkisstj. hygðist verða við ýmsum af þeim yfirlýsingum og loforðum sem fylgdu þessum brbl., svo sem í skatttamálum o. fl. Hæstv. ríkisstj. og fulltrúar hennar í fjh.- og viðskn. þingsins hafa aldrei fengist til að svara einu orði þessum spurningum okkar. Hins vegar lásum við það, þm. eins og aðrir, í blöðum í dag, að hæstv. ríkisstj. hefði ákveðið að lækka skatta um 10 milljarða kr. og teldi sig þar með hafa efnt loforð sitt um lækkun á skattbyrði um 1.5% í kaupmættinum.

Nú standa mál þannig eins og flestir vita, að álagning samkv. gildandi skattalögum mun færa ríkissjóði tekjur sem nema 5.5 milljörðum gkr. umfram áætlaðar tölur fjárlaganna. Og áætlunartölur fjárlaga segja okkur að tekjuáætlun af tekjuskatti einstaklinga er þar öðrum 5.5 milljörðum gkr. of há miðað við óbreytta skattbyrði milli ára. Ef ætti að hafa skattbyrðina hina sömu á árinu 1981 og hún var í fyrra þyrfti m. ö. o. að lækka þessar áætlunartölur og gera breytingar á skattlagningu sem næmi 11 milljörðum kr. Fyrr erum við ekki búin að ná áætluðum skatttekjum ríkisins í ár af einstaklingum niður í óbreytta skattbyrði frá því í fyrra. Áður en við getum farið að lækka skattbyrðina frá því í fyrra verðum við sem sé að lækka þessar áætluðu tölur um 11 milljarða kr.

Til þess að efna að fullu loforð hæstv. ríkisstj. um lækkun á sköttum sem nemur 1.5% í kaupmætti þyrfti m. ö. o. að lækka skattana í ár frá áætlunum ríkisstj. um 24 milljarða kr. Hvernig ríkisstj. telur sig vera búna að efna það loforð með tekjuskattslækkun um aðeins 10 milljarða kr., um innan við helming fjárhæðarinnar, er ofar mínum skilningi. Ég hef ekki séð neinar útlistanir á því, hvernig hæstv.ríkisstj. hyggst gera þetta, og mun að sjálfsögðu leita eftir því í fjh.- og viðskn. Nd. að hún leggi fram gögn þar að lútandi.

Í annan stað vek ég athygli á því, að komið hefur í ljós í blaðafréttum í dag að þær upplýsingar, sem hæstv. ríkisstj. gaf við umr. í Ed. Alþingis í gær um almannatryggingamál, eru rangar. Þar upplýstu hæstv. ráðh. að þeir mundu hækka lífeyri gamla fólksins um rúmlega 14%. Þetta er ekki rétt. Ellilífeyririnn var ekki hækkaður, heldur aðeins tekjutryggingin. Þess vegna er ekki um að ræða þá hækkun sem hæstv. ráðh. lýstu hér í gær, heldur aðeins hluta af þeirri hækkun. Og sú hækkun, sem hæstv. ríkisstj. hrósar sér af í sambandi við þessi tryggingamál og lesa má um í blöðunum í dag, nær ekki nema til lítils hluta af þeim bótaþegum almannatrygginga sem látið er í veðri vaka að sé verið að koma til móts við. Hún nær ekki, gróft áætlað, nema til u. þ. b. fimmta hvers manns sem þiggur bætur samkv. lögum um almannatryggingar. Þetta þarf einnig að fást upplýst svo að ljóst sé hvað hæstv. ríkisstj. er hér raunverulega að gera. Og ég vek athygli á því, að eins og frv. hæstv. ríkisstj. er frágengið og eins og brbl. voru sett, þá er gert ráð fyrir því í brbl. að kauplækkunin, kjaralækkunin 1. mars n. k. taki til allra, einnig þeirra sem minnst mega sín og hafa sínar tekjur í formi bóta frá Tryggingastofnun ríkisins. Einnig þetta lágtekjufólk á samkv. brbl. að axla fulla kjaraskerðingu. Og hver eru þá orðin áhrif Alþb. í þessari frumvarpssmíði? Hver eru þá orðin áhrif hæstv. félmrh. í þessu máli, fyrst hann stendur þannig að brbl. um kjaraskerðingu að gert er ráð fyrir að hinir smæstu af þeim smáu, lágtekjufólkið sem hlýtur allar sínar tekjur í formi tryggingabóta, taki á sig fulla kjaraskerðingu?

Herra forseti. Ég tel ástæðulaust að ræða málið öllu frekar við þessa umræðu, enda að því stefnt, að ég hygg, af hæstv. ríkisstj. að reyna að fá fram afgreiðslu á máli þessu í dag og á morgun. Við höfum rætt þá ósk í þingflokki Alþfl. og erum fúsir til að veita atbeina okkar til þess, að hægt sé að ljúka umræðu og afgreiðslu þessa máls frá deildinni í dag og á morgun, og munum að sjálfsögðu standa við þá afstöðu okkar. M. a. af þeim sökum mun ég ekki fara fleiri orðum um málið hér, þó svo að það sé margt í því sem er óljóst og þyrfti nánari skýringa við.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Mér komu nokkuð á óvart síðustu orð hv. síðasta ræðumanns um það, að Alþfl. ætli að leggja sig fram um að hraða afgreiðslu þessa máls. Ég vil lýsa því yfir, að ég hef síður en svo á móti því, að þetta mál sé afgreitt, en afgreitt með eðlilegum hætti. Og ég get ekki tekið undir þá lipurð við ríkisstj. sem Sighvatur Björgvinsson sýnir. Þegar frsm. þessa máls, hæstv. forsrh., er horfinn undir umr. alveg sporlaust, þá sé ég ekki að það sé mikill áhugi hjá ríkisstj. að afgreiða þetta mál. Þeir koma hér einn og einn í salinn og setjast í stólinn eins og kría sest á stein. Ég sagði hér áðan: Sennilega eru þeir að kaupa farseðlana til þess að komast úr landi sem allra fyrst á Norðurlandaráðsþingið. Þetta er nú áhuginn fyrir að koma þessu máli sínu fram. Þeir eru allir á þönum út og suður nema blessaður sjútvrh. Hann kvað ætla að vera heima núna. (**Gripið fram í:** Breytir það nokkru? — **ÓRG:** Það er slæmt að mega ekki grípa fram í núna.) Ja, var nú ekki leiðtogi Sþ. og Ed. að gera það eitthvað núna eða með tilburði í þá áttina. Ég verð að segja það, að ekki finnst mér þetta bera vott um að Alþingi haldi mikilli reisn. Það er verið að ræða hér staðfestingu brbl., sem vöktu að dómi ráðh. heimsathygli á gamlárskvöld eða gamlársdag, og áhugi þdm. er ekki meiri en svo, að það er aldrei hér yfir fjórðungur þdm. inni í einu og sennilega ekki nema helmingur í húsinu, og ef nú verður hætt umr. hér er ekki hægt að koma málinu til nefndar. (**Gripið fram í:** Ekki einu sinni með aðstoð Ed.-manna?) Jafnvel þó að sá Ed.-maður, sem sýnir svo mikinn áhuga á störfum deildarinnar, fengi að greiða atkvæði í Nd., þá mundi það ekki duga. (**Gripið fram í:** Það fær hann ekki.) Nei.

Í ræðu, sem Geir Hallgrímsson flutti hér fyrr í dag rakti hann ítarlega brbl. og færði rök fyrir því, að það bar enga nauðsyn til að setja brbl. á gamlársdag, það var ekkert sem knúði ríkisstj. til að leggja fram brbl. annað en það,

að ríkisstj. þurfti að halda áramótaskaup á gamlársdag. Hún lagði fram þessi brbl. og svokallaða efnahagsstefnu þann dag. Og Alþb.-menn og framsóknarmenn rifust dagana milli jóla og nýárs og fram á gamlársdag um hin og þessi ákvæði brbl. með þeim afleiðingum að fresta varð upptöku í sjónvarpssal tvisvar eða þrisvar þennan dag. Og veslings forsrh., bandingi kommúnista, beið og beið með sitt spariandlit. Og það varð að taka þáttinn upp tvisvar. Það var ekki hægt að gera þetta í einu lagi. Það þurfti að endurtaka hann í stúdíóinu því þetta var enginn tími fyrir forsrh., sem er afbragðsleikari og kominn af leikurum, að ná hlutverkinu í fyrstu atrennu. Þess vegna varð að endurtaka það.

Í vetur, eða frá því að þing kom saman og alveg fram að jólum, voru þessir tíu garpar spurðir, þ. e. þegar þeir voru heima svona sitt á hvað á landinu, hvað þeir ætluðu að gera í efnahagsmálum. Það fékkst aldrei neitt út úr þeim. Það var alveg eins og væri skorin úr þeim tungan. Nema þeir komu með negrakossagjaldið og gosdrykkjagjaldið rétt fyrir jólin, sem kostaði 1.5 milljarða, og einn negrakoss fyrir einn til að sitja hjá. Þetta voru afrekin í efnahagsmálunum. Það mátti ekkert segja og ekkert gera fram að jólum. En svo voru góð ráð dýr. Þetta bölvaða Alþingi var þá komið heim og þeir lausir við það. Og nú gátu þeir sett á svið þennan þátt sem var síðbúinn, eins og ég sagði áðan. Og það er margt skemmtilegt í þessu. Þeir hafa heimild í fjárlögunum til þess að skera niður framkvæmdir upp á 3 milljarða gkr. og þeir hafa enn fremur samkvæmt þessu heimild til enn frekari niðurskurðar. Þeir hafa getað glímt við þessa 3 milljarða gkr. frá 20. des., að þeir losnuðu við þingið, til 25. febr., en við frekari niðurskurð frá áramótum eða frá gamlársdegi. Það væri fróðlegt að fá upplýsingar um það hjá fjmrh., hvað hann væri nú búinn að skera niður, hvað liggi nú eftir kappana eftir allan þennan tíma, hvar sé allur sparnaðurinn og hvað þeir ætli að gera, en ekki afla sér alltaf heimilda ofan á heimildir. Sennilega getur engin ríkisstj. í allri veröldinni státað sig af öðru eins og þessi, þegar hún gefur út brbl. á gamlársdag um heimild til að skera niður lánsfjáráætlun ríkisstj. sem hefur ekki enn þá séð dagsins ljós hér á Alþingi. En þeir töldu brýna nauðsyn bera til að fá heimild á gamlársdag til þess að skera niður lánsfjáráætlun sem hefur ekki verið lögð fram 25. febr. Og það eru tveir lagaprófessorar í ríkisstj. Ég tala nú ekki um hina átta. Þetta er afrek sem verður tekið eftir í heimspressunni.

Flokkurinn, sem ræður öllu í ríkisstj., Alþb., hefur haft harða og ákveðna stefnu í kjaramálunum. Það er flokkur sem hefur ekki verið að klípa utan af því hvað þeir ætluðu að gera þegar þeir kæmu til áhrifa. Eins og eftir útflutningsbannið 1978, þá kom út glansútgáfan af stefnuskránni. Og þar segir að ríkisvaldinu beri að hafa náið samráð við samtök launamanna, sjómanna og bænda um allar aðgerðir, sem snerta hagsmuni þeirra, og styðja þessi samtök í sókn til bættra lífskjara og réttlátara þjóðfélags. Það er þetta sem réð t. d. afstöðu ríkisstj. til fiskverðsákvörðunar Verðlagsráðsins fyrir skömmu. Og það er ekki fyrr en flotinn er að sigla í höfn að þeir leggja niður rófuna, þessir garpar. Samningsfrelsi og verðbætur á laun eru prentaðar hérna með rauðu, yfirskriftin, með uppáhaldslitnum. Og síðan kemur: „Stéttarsamtökin skulu hafa fullt frelsi til samninga um kjör félaga sinna. Gerða samninga ber skilyrðislaust að virða." Þetta eru þeirra orð, ekki mín. „Stuðla ber að launajöfnuði og tryggja raunverulegt launajafnrétti karla og kvenna. Launamenn eiga réttláta kröfu til þess að laun séu verðtryggð samkvæmt samningum hverju sinni."

Þetta er skýlaus stefna og ákveðin. Og þessari stefnu er fylgt fast eftir af þingmönnum Alþb. og forustumönnum í launþegastétt sem fylgja nú fast eftir hvernig eigi að tryggja samningana í gildi. Það kom hér fram í ræðu í dag, að Alþb. hefur staðið að kaupskerðingu upp á hvorki meira né minna en 34%. Þetta er framkvæmd þessarar stefnu. Þetta eru heiðarlegir menn eða hitt þó heldur. Ég er hissa að þeir skuli ekki læðast með veggjum. Hvar er svo launþegahreyfingin núna? Hvar er launajafnréttisstefna Alþb.? Lýsir hún sér í samningunum við BSRB og fjmrh. fyrir skömmu. Þá eru með annarri hendinni teknar af þeim með kaupskerðingu launauppbætur, en svo fá þeir aftur einhverja smáuppbót, og hún er með þeim hætti, jafnlaunastefnan, að þeir, sem eru í lægstu launaflokkunum, fá 1/6 á móti þeim að krónutölu sem eru í hæstu flokkunum. Og þetta segir hæstv. fjmrh. að sé launajafnréttisstefna.

Forusta ASÍ er orðin nokkuð breytt núna á síðustu dögum. Hún er kölluð upp í fjmrn. í gær, og m. a. s. fjmrh., sem hefur gott samband við suma af þessum mönnum, taldi að þetta væri bara fyrsti fundur. En þeir byrjuðu, forustumenn ASÍ, að bukka sig og beygja. Og hinn notaði auðvitað tækifærið, sem var alveg sjálfsagt af honum að gera, því að hinir sögðu: Ja, þetta er ágætt, hæstv. fjmrh., við erum afskaplega ánægðir með þessa stefnu, með þessa skattalækkun, með uppbætur á bætur almannatrygginga. Og fjmrh. sagði og hugsaði sem svo: Fyrst þeir eru svona grautlinir, þá er best að ganga frá þessu strax og vera ekki að eyða lengri tíma á þessa pilta. (**Gripið fram í:** Við þökkuðum honum fyrir líka.) Já, og föðmuðuð hann og kysstuð og meira til. Það fer ekki fram hjá neinum þó menn sjái það ekki, þeir vita það.

Svo kom ágæt frétt í gær, fyrst hér inn í þingið, í Ed. Það var fréttatilkynning frá heilbr.- og trmrn. Og þetta kemur við lok umræðna í Ed. Síðan hlaupa fréttamiðlar af stað og fjöldi af ellilífeyrisþegum í þessu landi stóð á því fastar en fótunum eftir þessar fréttir, að bætur almannatrygginga hefðu hækkað um 14.6% umfram þær verðbætur sem launamenn áttu að fá, því að fréttatilkynningin og fréttin var svona vel og haganlega úr garði gerð. Það var ekki fyrir alla. Og þm. í Ed. flöskuðu á þessu, töldu að fram komin brtt. gengi skemmra en ákvarðanir ríkisstj., og skal ég nánar koma að þessu, enda á því brýn nauðsyn. Það er brýn nauðsyn fyrir almenning í þessu landi og fyrir alla aðra að vara sig á blekkingavef þessarar ríkisstj. Allt, sem þessi ríkisstj. gerir, er gert í blekkingaskyni. Hún getur aldrei komið hreint til dyranna, hún þarf alltaf að blekkja fólkið í landinu, og m. a. s. gengur það svo langt, að þeir eru alltaf að blekkja hver annan í ríkisstj. Og jafnvel einstakir ráðherrar reyna að blekkja sjálfa sig til þess að halda sér við það að vera að blekkja.

Verðuppbætur á laun áttu að hækka samkv. framfærsluvísitölu frá 2. nóv. á s. l. ári til 1. febr. um 14.32%. Frá átti svo að dragast búvörufrádráttur 1.32% og verðhækkun áfengis og tóbaks í nóv. 0.89%, eða 2.21%. Hér hefði því verið um að ræða 12.11%, en við bætast svo áhrif bættra viðskiptakjara samkv. 3. tölulið 50. gr. laga nr. 13 frá 1979, 0.84%, þannig að verðbæturnar hefðu átt að nema 12.95%. Frá þessu eru svo dregin 7% samkv. þessum brbl., þannig að verðbótahækkun launa

núna frá 1. mars er 5.95%.

Heilbrmrn. segir: „Á fundi ríkisstj. í gær var samþykkt tillaga um sérstaka 8% hækkun tekjutryggingar elli- og örorkulífeyrisþega. Jafnframt var samþykkt sérstök hækkun heimilisuppbótar, einnig 8%. Ofan á þessa hækkun komi síðan hækkun um 6% og skulu allar bætur lífeyrisdeildar almannatrygginga hækka um þá prósentu. Þannig verður heildarhækkun tekjutryggingar elli- og örorkulífeyris og heimilisuppbótar liðlega 14%."

Fólk gleypti við þessari tilkynningu og hélt að hér væri um að ræða almenna hækkun ellilífeyris, tekjutryggingar og heimilisuppbótar um 14%. En það var nú aldeilis ekki. Það er rétt, að heimilisuppbótin hækkar um þessi 14.6%. En heimilisuppbótin er tiltölulega lítil uppbót, sem í árslok 1979 var greidd til 2577 manna, einstaklinga. Tekjutryggingarhækkunin er góðra gjalda verð, það skal ég alveg taka undir. Og hún er auðvitað langstærsta uppbótin, því að hún náði á sama tíma og ég nefndi áðan til 11 409 manna. En þeir, sem eru með almennan ellilífeyri, voru á þessum sama tíma 18 317. Þeir fá ekki nema 6% hækkun á þann lífeyri.

Ef við tökum hjón, sem njóta tekjutryggingaruppbótar og auðvitað ellilífeyris eða örorkulífeyris, þá hækka grunnlaun þeirra í ellilífeyrinum úr 1186 nýkr. í 1257, en tekjutryggingin úr 1160 í 1329. Ef við leggjum saman grunnlífeyrinn til einstaklinga og tekjutrygginguna, þá er það samtals 2586 kr. fyrir einstakling, en 4509 kr. til hjóna — og er þá miðað í báðum tilfellum við 67 ára aldur. Þá er hækkunin 10.1%. Það eru nú öll ósköpin á sama tíma og vísitalan átti að hækka um 14.32% ef skerðingarákvæði Alþb. og félaga þess hefði ekki verið til að dreifa. M. ö. o. er verið að skerða lífskjör þessa fólks af vinum þeirra, sem eru vinir þeirra fyrir kosningar — og það heldur betur.

Hvað er svo með aðrar bætur? Hvað með bætur til ekkju, ekkils, barnalífeyri, slysadagpeninga, sjúkralífeyri, vasapeningana á sjúkrahúsunum og uppbót á lífeyri til þeirra sem engar tekjur hafa, hvað með fæðingarorlofið? Það er skert eins og til annarra — og það heldur betur. Þarna ná þeir sér niðri, og forustumenn ASÍ þakka alveg sérstaklega fyrir, alveg innilega ánægðir og segja að nú hafi þeir allt á sléttu.

En forustumenn ASÍ þurfa ekki að halda að þeir sleppi svona vel. Ef verið væri að gera markvissar ráðstafanir í efnahagsmálum, sem mundu hafa í för með sér að við værum að vinna bug á verðbólgunni, færa verðbólguna verulega niður og á þann hátt að styrkja stöðu þeirra sem minnst mega sín í þjóðfélaginu, þá væri ekkert við þessu að segja og sjálfsagt að taka undir þetta. En niðurstaðan af brbl. er ekkert annað en kaupskerðing. Svo er lofað á báða bóga. Við næsta tímabil verða greiddar fullar verðbætur, er sagt: 1. júní, 1. sept., 1. des. Og meira en það, það á að borga þetta til baka, þessi skerðingarákvæði. Þessu er lofað. En hvernig á að hægja á verðbólgunni með þessum loforðum einum saman? Forsrh. er horfinn. Hann sagði ekkert um það, þegar hann fylgdi málinu úr hlaði í dag, hvað væri fram undan, hvað ætti að gera í næsta skrefi. Þessu landi er stjórnað núna frá degi til dags af ráðþrota ríkisstj., af mönnum sem hafa komið sér saman um að mynda ríkisstj. með blekkingum einum saman og lifa í blekkingum síðan. Þeir ætla sér að lifa í blekkingum áfram og mega því ekki vera að því að gera tilraun til að stjórna landinu, enda rekur þetta þjóðfélag fyrir sjó og vindi. Og það er hart að launþegaforingjar í landinu skuli láta fara með sig eins og einn ónefndur þm. gerir sem hér er inni, hann veit við hvern ég á.

Ég tel erfitt og í raun og veru útilokað að halda umr. áfram um þetta mál nema forsrh. sé viðstaddur. Ég veit að það er mikið og náið samband milli félmrh. og forsrh. Ég held jafnvel að þeir hefðu átt að hafa hausavíxl og senda hæstv. félmrh. upp á Akranes, því að það sér enginn lengur hvor er meiri kommi, hann eða hæstv. félmrh. Nema sá er munurinn, að félmrh. hefur vald í sínum flokki, en hinn ímyndar sér að hafa eitthvert vald og að hann sé þjóðardýrlingur af því Dagblaðið er að spila með hann, strákar þar. Honum hefði verið nær, hæstv. forsrh., að vera hér við umr. og fylgja áramótaskaupi sínu eftir.

Vinnubrögð þessarar ríkisstj. eru með eindæmum. Og ef menn vilja trúa því, að almenningur í landinu telji þetta til fyrirmyndar og hann taki við hverju sem er, þá mega þeir lifa í villu og svíma sem það vilja. En það verður hægt að fletta ofan af þeim sem þannig haga sér. (**Gripið fram í:** Er þetta skrifað illa?) Já, þessi fsp. kemur nú skriflega. Þá getur forseti sennilega ekki bannað mér að svara. (**Forseti:** Það verða ekki veitt afbrigði fyrir henni.) Hver var hækkun á bótum almannatrygginga með lögum 17. febr. 1978? Í öllum aðgerðum þeirrar ríkisstj. var alltaf séð fyrir láglaunauppbót. Allt frá því að hún tók við 1974 og til þess tíma að hún hvarf frá 1978. Nú er það ekki gert.

Þessar skattabreytingar, sem formaður Verkamannasambands Íslands kyssti fjmrh. fyrir í gær, það er viðurkennt að þær komi illa til skila til tekjutryggingarþega. Þeir sitja eftir með skarðan hlut, þetta fólk sem hefur minnstar tekjur í landinu. Og það er það sem þeir eru að þakka núna fyrir, þessir höfðingjar. (**GJG:** Eru það ekki 2%?) Í yfirlýsingu fjmrh., sem dagsett er í gær, um fyrirhugaðar skattalækkanir segir svo:

„Svo dæmi sé nefnt leiðir þessi breyting á tekjusköttum til 1.5 — 1.8% skattalækkunar á tekjubilinu 4 — 10 millj. kr. Þar sem þessi skattalækkun kemst hins vegar illa til skila til þeirra, sem lifa eingöngu á tekjutryggingu og heimilisuppbót Tryggingastofnunar ríkisins, hefur verið ákveðið að hækka þessar bætur 1. mars n.k. um 8% umfram þá hækkun sem verður þá á almennum launum vegna hækkunar verðbóta um 5.95%. Kaupmáttur tekjutryggingar eykst því verulega á þessu ári."

Þvílíkt fals og blekking! Vita ekki forustumenn ASÍ að þeir, sem njóta tekjutryggingarbóta njóta jafnframt ellilífeyris eða örorkubóta? Því er ekki um kaupmáttaraukningu að ræða þegar við lítum á þessar tekjur í heild. Þarna er blekkingin uppi. Þetta er blekkingin sem fjölmiðlarnir, sérstaklega ríkisfjölmiðlarnir, báru á borð fyrir þjóðina í gærkvöld. Það kom engin skýring með. Fulltrúar beggja stjórnarandstöðuflokka fengu að tala í eina mínútu í hádegisútvarpinu. Það má segja að það ríki að vissu leyti aðeins meira frelsi hér enn þá en er austantjalds, því þar hefðu þeir ekki fengið eina sekúndu. En það kemur enginn sínum skýringum að með þessu móti.

Blekkingin lifir, segir þessi ríkisstj. Hún lifir á blekkingunum. Hún nærist á þeim. Ef þeir viðhefðu ekki blekkingar mundu þeir drepast út af á örskömmum tíma. Því að þeir geta ekki breytt um fæðu, þeir eru búnir að venja sig á þetta. (**Gripið fram í:** Þingmaðurinn er nú vel nærður líka.) Já, ég borða landbúnaðarafurðir og sjávarútvegsafurðir. Ég lifi ekki á flugskýlum og slíku.

Þessi ákvörðun um skattalækkun var tekin að höfðu samráði við fjóra fulltrúa ASÍ sem lýstu því yfir á fundi í fjmrn. í dag, að þeir teldu að með þessari ákvörðun hefði ríkisstj. fyllilega staðið við það loforð sitt að lækka skatta sem svarar 1.5% í kaupmætti launa. Það væri gaman að fá þá, þessa fjóra höfðingja, til að sýna útreikninga sína á kaupmætti launa með þessum aðgerðum. Það kemur ekki fram, að samkv. því sem Þjóðhagsstofnunin hefur látið frá sér fara hafa laun á milli ára hækkað um 51—52%, en skattvísitala fjárlaga er 45%. Á þann hátt tók ríkisvaldið og ætlar að taka af fólkinu í landinu mun hærri skatta en gert var á s. l. ári. Og þetta var einnig gert með samþykki þingmanna stjórnarliðsins, annars hefði það ekki náð fram að ganga. Og það er eitthvað annað en sagt var hér nokkru fyrr af ASÍ. Þá var kvartað undan þessum skerðingum. Í bréfi Alþýðusambandsins 17. febr. segir:

„Stjórnvöld hafa nú ákveðið með lögum að skerða verðbætur fyrir 1. mars n. k. um 7 prósentustig. Með því er gengið þvert á mikilvæg samningsákvæði, sem eitt sér er fordæmanlegt. Á móti þessu kemur ákvörðun um að síðar á árinu verði ýmsir skerðingarliðir verðbótavísitölu afnumdir og skattar lækkaðir um 1.5% á meðaltekjum og lægri.“

Hver er lækkunin ef gengið hefði verið út frá því að tryggja óskertan kaupmátt á milli ára? Er þá hér um lækkun að ræða? Nei, það er um hækkun að ræða. Mér dettur ekki í hug að halda því fram, að forvígismenn ASÍ séu svo vitlausir að þeir hafi ekki vitað þetta. Þeir eru sekir ekkert síður en ríkisstj.

Alþýðusambandið sagði líka 17. febr.: „Alþýðusambandið hefur á allan fyrirvara um þessar ráðstafanir stjórnvalda“ — það var um brbl. — „og áskilur sér fyllsta rétt til nauðsynlegra aðgerða til þess að tryggja umsaminn kaupmátt. Samtökin ítreka að jafnmikilvægt og það er að draga úr verðbólgunni er nauðsynlegt að sjá svo um að atvinnuöryggi og kaupmætti fólks með meðaltekjur og lægri verði ekki fórnað. Miðstjórn ASÍ leggur á það höfuðáherslu, að staðið verði við þá yfirlýsingu að kaupmáttur haldist óskertur, og er ljóst, að til þess að ná þeim árangri í þróun verðlagsmála, sem að er stefnt, verður fleira að koma til en þær ákvarðanir varðandi launa- og gengismál sem þegar hafa verið teknar.“

Og miðstjórn ASÍ leggur í þessu bréfi áherslu á að hraða ákvörðunum um framkvæmd aðgerðanna, jafnt til langs og skamms tíma, og þess verði að krefjast, að verkalýðssamtökin fái aðild að undirbúningi þeirrar ákvarðanatöku þegar á frumstigi.

Hvaða aðild hefur ASÍ fengið að ákvarðanatöku ríkisstj.? Þeir eru kallaðir, þeir eru leiddir fyrir ráðh. og sagt að strjúka bakið á þeim. Og þeir gera það, þessir stóru og miklu baráttumenn, ábúðarfullir mjög, sem hefur farið mikið fyrir á undanförnum árum. Nú getur ekki stærri maður en Ragnar Arnalds er troðið Guðmundi J. Guðmundssyni niður í vasa sinn. Ég hugsa að hann Hjörleifur geti komið honum í vestisvasann. Þetta er nú harkan í verkalýðsforustunni á Íslandi í dag. Hún situr bara eftir með kjaraskerðinguna og verðbólguna á fullri ferð. (**Forseti:** Ég vil biðja hv. þm. að kjósa sér hentugan stað í ræðu sinni til frestunar því að innan tíðar mun ég fresta þessum fundi.) Já, ég tek alveg undir það að þessari umr. verði frestað. Þá gefst þingdeildinni tækifæri til þess að hafa forsrh. hér viðstaddan umr. Fjh.- og viðskn. var boðuð til fundar kl. hálfníu í fyrramálið. (Gripið fram í.) Já, það er gott að heyra það. Og Framkvæmdastofnun er á fundi á sama tíma. Stjórnarliðar ráða ferðinni í fundarboðun. En þeir, sem eru á báðum stöðum, geta ekki verið nema á einum fundi samtímis. Það var ætlunin í dag að afgreiða málið fyrir hádegi, helst fyrir kl. 11, og þar með átti þessi deild, Nd., eiginlega ekkert að fjalla um málið. Og mér skilst á talsmanni Alþfl, að hann hafi legið alveg hundflatur fyrir þessu öllu, eins og hann sagði í lok ræðu sinnar.

Við sjálfstæðismenn eru tilbúnir að halda fund á föstudag. Við erum ekkert að biðjast undan því að afgreiða þetta mál. Það er enginn að biðjast undan því. En til þess að hægt sé að afgreiða mál er ekki hægt að boða menn nema á einn fund í einu. Og það er líka skilyrði að ráðh. og þá sérstaklega forsrh. sé viðstaddur umr. í máli sem hann hefur framsögu fyrir. Þá þarf að spyrja allmargra spurninga, ekki eingöngu um þessi brbl., heldur einnig hvað á að koma á eftir. Það er það sem þjóðin bíður eftir. Enginn venjulegur maður lifir mánðum saman á blekkingunum einum. — [Frh.].

Efri deild, 59. fundur.

Fimmtudaginn 26. febr., kl. 2. miðdegis.

Vegalög, frv. (þskj. 465). — 3. umr.

Enginn tók til máls

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Framkvæmd eignarnáms, frv. (þskj. 449). — 1. umr.

Flm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. þm. Kjartani Jóhannssyni og Karli Steinari Guðnasyni að flytja hér frv. til l. um breyt. á lögum um framkvæmd eignarnáms. Frv. þetta felur það í sér, að inn í þessi lög komi ný grein, sem svo hljóðar:

„Þegar fasteign er tekin eignarnámi skal miða fjárhæð eignarnámsbóta við þá notkun, sem fasteign er í, þegar beiðni um eignarnámsmat hefur borist matsnefnd, sbr. 4. gr.

Til grundvallar eignarnámsbótum skal leggja söluverðmæti fasteignar og við mat á því skal hafa söluverðmæti hliðstæðra fasteigna í viðkomandi landsfjórðungi eða landshluta. Verði því ekki við komið eða notagildi fasteignar fyrir eignarnámsþola nemur meiru skal miða bætur við það.

Að öðru leyti skal gæta eftirfarandi meginsjónarmiða við mat á bótum vegna eignarnáms fasteigna:

1. Við bótaákvörðun skal taka tillit til breytinga á notkun eignar sem eðlilegt er að reikna með eftir aðstæðum á staðnum, en með hliðsjón af þeirri starfsemi eða þeim tilgangi sem notkun eignarinnar hefur verið tengd.

2. Ekki skal taka tillit til möguleika á verðhækkun eignar í framtíðinni.

3. Ekki skal heldur taka tillit til þess, hversu mikið

eignarnemi hefði vegna hinna sérstöku þarfa sinna verið reiðubúinn til að greiða fyrir eignina, ef eignarnámsheimild hefði ekki verið fyrir hendi.

4. Ekki skal meta verðbreytingar, sem leiðir af tilgangi eða markmiði eignarnámstökunnar, né heldur af framkvæmdum eða starfsemi, hvorki þegar gerðum né fyrirhuguðum, sem eru í tengslum við eignarnámstökuna."

Herra forseti. Það er skemmst frá því að segja, að frv. þessa sama efnis hefur áður verið flutt hér á hinu háa Alþingi, fyrst á 100. löggjafarþingi. Þá fluttu það þeir Bragi Sigurjónsson, Ágúst Einarsson, Bragi Níelsson og Karl Steinar Guðnason. Enn var frv. sama efnis flutt á 102. löggjafarþingi, en náði þá eigi fram að ganga. Flm. þá voru Kjartan Jóhannsson, Karl Steinar Guðnason og Eiður Guðnason. En um það leyti sem frv. var flutt var jörðin Fífuhvammur í Kópavogi auglýst til sölu og var þá yfirlýst af hálfu eigenda að þeir teldu hæfilegt verð fyrir þennan jarðarskika um 1 milljarð kr. Um svipað leyti kom fram í dagblöðum að hugsanlegt væri að Reykjavíkurborg mundi gera tilboð í jörðina.

Í grg. með frv. sem flutt var á 102. löggjafarþingi, sagði m. a.:

„Engum dettur í hug að svo blómlegt búskaparlag sé í Fífuhvammi eða að landeigandi hafi hýst jörðina svo vel, að hún sé 800—1000 millj. kr. virði. Hliðstæð jörð með húsum í Stafholtstungum, Skútustaðahreppi eða á Barðaströndinni fengist fyrir lítið brot af þessu verði. Skýringin á þessum verðmun liggur ekki í framtaki eða atorku ábúandans. Hún liggur í því, að fyrir framtak fjölda annars fólks og atorku hefur risið þéttbýli í Kópavogi og nærtækt land fyrir frekari þróun þéttbýlis þar er m. a. í landi Fífuhvamms. Hliðstæða sögu um okurverð á landi má finna víðs vegar um landið, t. d. á Eskifirði og í Keflavík, svo dæmi séu nefnd. Þéttbýlissveitarfélögin standa þannig frammi fyrir því, að eðlilegur viðgangur þeirra og vöxtur sé kyrktur með afarkjörum á nærtæku landi, og stendur þá verðlagning landsins ekki í neinu samhengi við afrakstur þess til verandi nota heldur hugsanlegt verðmæti til lóðaúthlutunar.

Þær reglur, sem í gildi hafa verið við ákvörðun eignarnámsbóta og fasteignamats, hafa rennt stoðum undir þetta óréttlæti og komið ýmsum sveitarfélögum í óbærilega aðstöðu, þar sem þær grundvallast á svonefndu markaðsverði. Landeigandi skákar þannig í skjóli þeirrar aðferðar sem beitt er við eignarnámsmat fyrir opinbera tilstuðlan. Með þessu móti geta fjársterkir aðilar ráðið byggðaþróun. Og samkvæmt þeim hugmyndum, sem kynntar eru í tilvitnaðri frétt Dagblaðsins hér að framan gætu fjársterk sveitarfélög keypt upp land í umdæmi fjárvana sveitarfélaga. Spyrja má, hvort þessi háttur geti leitt til þess, að Hafnarfjarðarbær stundi lóðabrask á Siglufirði, Húsavík á Reyðarfirði" o. s. frv.

Að mati okkar flm. er hér vitaskuld fetuð röng braut. Allir sanngjarnir menn vilja auðvitað að við eignarnám sé hverjum og einum umbunað fyrir það sem frá honum er tekið, en sú umbun á ekki að fara fram úr þeim afrakstri sem hann hefði haft af eign sinni til þeirra nota sem hún er í.

Nú vill svo til, að með því að breyta aðferðum við ákvörðun eignarnámsbóta má einmitt tryggja framgang þessarar stefnu og afnema það óréttlæti, sem viðgengst, og jafnframt koma þéttbýlissveitarfélögunum úr þeirri úlfakreppu sem þau eru í. Ef eignarnámsbætur eru miðaðar við þá notkun, sem eign er í þegar beiðni um eignarnámsmat hefur borist, en ekki metnar verðbreytingar, sem rekja má til tilgangs eignarnámstökunnar, er mörkuð ný braut í þessum efnum og tilgangur þessa frv. er einmitt að marka þá nýju braut.

Ágætisdæmi um það, hvernig landeigendur hugsa í þessu tilviki, er t. d. þegar Landssími Íslands hafði fengið leyfi til þess að reisa endurvarpsstöð fyrir útvarp og sjónvarp og síma á fjallstindi nokkrum. Þá fékk landeigandi bætur fyrir þau spjöll sem talin voru gerð á landinu þegar vegur var lagður þangað upp. Þegar vegurinn var kominn upp vildi landeigandi fá auknar bætur fyrir fjallstoppinn vegna þess að þangað væri kominn vegur og því væri hægt að reisa þar hótel og því væri þetta nú öllu verðmætara en nokkru sinni fyrr. — En þetta var nú frekast útúrdúr.

Á málþingi Lögfræðingafélgs Íslands, sem haldið var 25. nóv. s. l. haust, flutti Jón G. Tómasson hrl., sem er borgarlögmaður í Reykjavík, erindi um ákvörðun eignarnámsbóta. Erindi Jóns Tómassonar er birt sem heild sem fskj. með grg. þessa frv., en þar koma einmitt fram ákaflega mörg og veigamikil atriði sem styðja þann megintilgang er þetta frv. hefur, þ. e. að landeigendur geti ekki gert sé náð við þéttbýli og þann möguleika, að lönd þeirra séu hæf til skipulags sem byggingarlóðir að jafngríðarlegri féþúfu og dæmin sanna og þannig sett þéttbýlissveitarfélögunum í rauninni stólinn fyrir dyrnar um eðlilega þróun.

Á vettvangi Sambands ísl. sveitarfélaga hefur oftlega verið fjallað um vandamál sem tengd eru eignarnámi lands í þéttbýli eða næsta nágrenni við þéttbýli. Á fulltrúaráðsfundi Sambands ísl. sveitarfélaga 13. og 14. mars 1980 var gerð svofelld ályktun, með leyfi forseta:

„Fulltrúaráðið ítrekar fyrri samþykktir um lagasetningu varðandi eignarnám lands í þéttbýli, þar sem tekið verði tillit til þess afraksturs, sem eigandi hefur haft af landinu, án tillits til legu gagnvart skipulagi. Bent er á fordæmi í norskri löggjöf sama efnis."

Nokkru síðar eða 14. apríl 1980 var eftirfarandi samþykkt gert á fundi í stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga, með leyfi forseta:

„Ályktun um eignarnám lands í þéttbýli.

Rædd var ályktun fulltrúaráðsfundarins 13. og 14. mars um eignarnám lands í þéttbýli.

Jafnframt var lagt fram frv. til l. um breyt. á lögum nr. 11 6. apríl 1973, um framkvæmd á þskj. 287, 141. mál, flm. Kjartan Jóhannsson o. fl.

Stjórnin lýsir sig efnislega samþykka frv., vísar til ályktunar stjórnarinnar, sem send var stjórnarskrárnefnd Alþingis í ársbyrjun 1975 um þetta efni, og leggur áherslu á, að afgreiðslu málsins sé hraðað á Alþingi."

Hér lýkur tilvitnun í þessa samþykkt.

Það er ljóst af því sem hér hefur verið sagt, að það er Sambandi ísl. sveitarfélaga mikið áhugamál að frv. um þetta efni nái fram að ganga, enda er hér um að ræða stórkostlegt hagsmunamál sveitarfélaganna í landinu og um almannahagsmuni er hér að ræða um leið. Það er mikilvægt að löggjöf verði sett um þetta efni sem tryggi í senn hagsmuni sveitarfélaganna og hagsmuni alls almennings.

Mig langar að lokum að vitna til niðurlagsorða í erindi Jóns G. Tómassonar borgarlögmanns í Reykjavík á málþingi Lögfræðingafélags Íslands. Þar segir, með leyfi forseta:

„Ég mun ekki fara nánar út í einstök atriði þeirrar lagasetningar, sem ég hef nú lýst og tel sjálfsagða en þegar í ársbyrjun 1975 setti nefnd á vegum Sambands ísl. sveitarfélaga, sem ég var í fyrirsvari fyrir, fram þá skoðun, að við ættum að taka norsku eignarnámslögin frá 1973 okkur til fyrirmyndar, enda eigi ekki að miða eignarnámsbætur fyrir land eða önnur landgæði við væntanleg eða fyrirhuguð not þessara verðmæta, eftir að hið opinbera hefur með skipulagi og framkvæmdum breytt möguleikum til nýtingar, en það viðhorf hefur óneitanlega vegið þungt við verðlagningu fram til þessa. Um norsku eignarnámslögin fjallaði Gunnlaugur Claessen deildarstjóri í fjmrn. á málþinginu.

Ljóst er, að lagasetning, sem kveður á um meginreglur til viðmiðunar bótaákvarana við eignarnám getur engan veginn tæmt öll tilvik, sem upp kunna að koma. Mörgum spurningum hef ég eflaust látið ósvarað og að sjálfsögðu verður ávallt visst mat að ráða endanlegri niðurstöðu um fjárhæðir. Eflaust verður einnig unnt að benda á, að slíkar megninreglur kunni að leiða til ósanngjarnrar niðurstöðu í einstökum og afmörkuðum tilvikum, t. d. með viðmiðun við önnur og eldri dæmi, þar sem landeigendur hafa fengið ríflega greiðslu fyrir eignarréttindi, eða að aðrir, sem ekki þurfa að þola eignarnámstöku, kunni síðar að verða betur settir, hafa aukna hagnaðarvon með frjálsri ráðstöfun eða nýtingu eigna sinna."

En að lokum segir Jón G. Tómasson:

„Ekki verður þó séð ástæða til að viðhalda almennu óréttlæti, að viðhalda sérréttindum fárra útvaldra á kostnað alls almennings, með því að skírskota til þess, að aðrir og enn færri njóti óskertra hagsvona, og slík niðurstaða verður ekki sótt til meginreglunnar um, að allir eigi að vera jafnir að lögum."

Eitt atriði mætti minnast á hér í sambandi við framkvæmd þessara mála, ef þetta frv. verður að lögum, og það er það, að auðvitað verður að hafa hliðsjón af því við ákvörðun fasteignagjalda af þeim löndum sem hér um ræðir, ef þessar reglur verða teknar upp um framkvæmd eignarnáms. Það segir sig sjálft.

Herra forseti. Ég mun ekki hafa fleiri orð um þetta hér að þessu sinni, en ég legg til að málinu verði vísað til 2. umr. og allshn.

Davíð Aðalsteinsson: Herra forseti. Hér er, að mínum dómi, hreyft mjög þýðingarmiklu máli í sjálfu sér, þ. e. um ákvörðun fjárhæðar vegna eignarnámsbóta. Það hefur löngum verið talin mjög örlagarík ákvörðun þegar einstaklingur er sviptur eign sinni, og þess vegna er, eins og hér hefur réttilega verið bent á og getið er um í grg., um það rætt og það skjalfest í hinni íslensku stjórnarskrá að þar skuli koma til fullar bætur. Hliðstætt ákvæði er raunar í stjórnarskrá fleiri ríkja og er þess getið hér, t. d. í norsku stjórnarskránni, 105. gr., og í 73. gr. dönsku stjórnarskrárinnar. Þess ber náttúrlega að geta, að auðvitað hefur í ýmsum tilfellum verið gengið á rétt samfélagsins og að margra dómi, og að mínum dómi jafnframt, væri e. t. v. ástæða til að reisa skorður við óeðlilega háum bótum.

Svo að við víkjum að Noregi aftur hafa þar verið sett sérstök lög um eignarnámsbætur, en í Danmörku hafa menn ekki treyst til að stofna til slíkrar löggjafar.

Ég ítreka að e. t. v. þarf að koma í veg fyrir óhóflegan hagnað eins aðila á kostnað samfélagsins, ég vil ekki neita því. En þessu máli má e. t. v. sinna á fleiri vígstöðvum en þar sem áhersla er lögð á forsendur laga um eignarnám, t. d. mætti athuga skattalöggjöfina og jafnframt skipulagslög. Það verður í sjálfu sér ekki um það deilt, að gífurlegt vandaverk er að semja lög um fjárhæð eða ákveða hversu háar fjárhæðir skuli til koma vegna eignarnámsbóta. Miðað við núverandi aðstæður held ég að svo sé einmitt þegar um það er að ræða að einstaklingar fá í ríkum mæli að halda fasteignum sínum og njóta arðs af þeim og hagnaðar af sölu á frjálsum markaði. Þessi viðfangsefni fela því að mínum dómi í sér mjög vandasamt pólitískt úrlausnarefni, hversu nærri sé þá réttlætanlegt að ganga að þeim einstaklingum sem eignarnám í sumum tilfellum bitnar á. Þarna eru því fjölmörg atriði sem koma til og eru mjög vandasöm í meðferð, þ. e. að setja skorður að því er varðar hámark þessara bóta. Ég vil ítreka að þessi málefni þurfa vandlegrar skoðunar við það vil ég ítreka og það er mín einlæga skoðun en ég vil vara við því, að gengið sé til lagasetningar frá einhliða sjónarmiðum.

Það hefur komið fram í framsögu hv. 1. flm. að um þetta hefur verið fjallað á opinberum vettvangi og hann hefur skilmerkilega greint frá því. En það er mín skoðun á þessu frv., að e. t. v. þurfi það að taka til fleiri atriða og kveða á um fleiri þætti en fram koma þar. Sumar reglur, sem þar eru, þarfnast að mínum dómi samræmingar og frekari útfærslu, t. d. annars vegar reglan um notagildi og hins vegar reglan um söluverðmæti. Hér er um það að ræða, að lagt er til að bætt verði einni grein inn í lög um eignarnám. Ég kysi frekar að menn gengju til þess verks að semja heildarlöggjöf um þessi efni.

Eins og ég vék að áðan og hv. flm. gat um er í Noregi sérstök heildarlöggjöf um ákvörðun eignarnámsbóta. Ég vil minna á það, eins og raunar hefur komið hér fram, að að sjálfsögðu þarf að taka til greina ákvæði 67. gr. íslensku stjórnarskrárinnar um fullar bætur. Enn fremur er rétt að hafa í huga, að hin norsku lög hafa orðið tilefni umfangsmikilla málaferla í Noregi. Niðurstaða hæstaréttar Noregs varð raunar sú að takmarka yrði í ýmsum veigamiklum atriðum þær reglur er miðuðu að lækkun eignarnámsbóta. Úr því les ég það, að niðurstaða hins norska hæstaréttar hafi raunar verið sú, að þarna hafi verið um stjórnarskrárbrot að ræða.

Ég segi einu sinni enn, að þessi mál eru afskaplega vandmeðfarin og við verðum að gæta þess, að lagasetning leiði ekki til umfangsmeiri og harðvítugri málaferla en þegar hafa átt sér stað í þessum efnum, við skulum gæta þess. Ég vil koma í veg fyrir að réttur samfélagsins sé fótum troðinn, en við verðum jafnframt að hafa í huga hversu langt eigi þá að ganga í að skerða rétt einstaklingsins. Við skulum gæta að því, hvort ákveðin skref, sem stigin yrðu, væru e. t. v. ekki aðeins byrjun á öðru meira. Slíka löggjöf sem hér er verið að fjalla um þarf mjög að vanda.

Flm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Mér kemur ekki á óvart þó að sjónarmiðum þeirra, sem telja sig eiga landið og eru stundum skrifaðir fyrir landi, sé haldið hér fram að nokkru, en auðvitað er það rétt hjá hv. síðasta ræðumanni, 3. þm. Vesturl., að hér er um vandasamt mál að ræða. Ég vil aðeins út af því, sem hann sagði, leyfa mér að vitna til erindis Jóns G. Tómassonar, sem manna mest hefur hugleitt þessi mál og manna mest hefur um þau fjallað, bæði á hinum fræðilega vettvangi svo og í daglegu starfi, og þekkir þau. Hann hefur sett þetta á pappír

betur en ég treysti mér til að gera og þess vegna vildi ég gjarnan vitna hér í fáeinar málsgr., með leyfi forseta. Það segir hér:

„Þegar skýra skal eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar er nauðsynlegt að hafa í huga þjóðfélagsástandið eins og það var, þegar ákvæðið var upphaflega sett. Taka verður mið af þjóðfélagslegum breytingum og ekki má missa sjónar af því, að tilgangurinn með setningu ákvæðisins var fyrst og fremst að vernda þá eign, sem einstaklingurinn hafði sjálfur skapað, en ekki að samfélagið ætti að greiða bætur fyrir verðmæti, sem skapast hafa vegna aðgerða þess, og skattleggja síðan eignir eða tekjur annarra til að greiða bæturnar."

Það er þetta sem þetta mál snýst um. Síðan segir áfram:

„Ákvæðið á rætur sínar að rekja fyrst og fremst til 18. aldar heimspeki um verndun einstaklinga og eigna þeirra gegn gerræðisfullum aðgerðum stjórnvalda. Nú er hins vegar ástandið þannig, að oft þarf fremur að vernda hagsmuni almennings gegn óeðlilegum gróða einstaklinga, gróðahugmyndum, sem skapast vegna aðgerða þjóðfélagsins og löggjafar frönsku byltingarinnar og aðrir, sem fetuðu í fótspor þeirra, ætluðust ekki til að vernda með eignarréttarákvæðum sínum, enda sáu þeir eflaust ekki fyrir, að slíkur gróði gæti myndast."

Síðan segir hér: „Margir hafa talið vandkvæði á því að taka í lög ákvæði um fjárhæð eignarnámsbóta, þar sem m. a. ákvæði 67. gr. stjórnarskrár setji slíkri löggjöf vissar og óhagganlegar skorður. Þessi skoðun á eflaust rétt á sér, en aðeins að vissu marki.

Stjórnarskráin tryggir eignarnámsþola vissulega rétt á bótum, sem svari til „fulls verðs", en gefur enga vísbendingu um með hvaða hætti slík verðviðmiðun skuli fundin. Í ákvæðinu segir ekki, að endurgjaldið skuli ákvarðast með hliðsjón af þeim hagsmunum eignarnámsþolans að fá óáreittur að halda hinni teknu eign og nýta hana með óbreyttum hætti, eða þeim hagsmunum hans að kunna síðar að geta breytt eigninni til arðvænlegri nota. Og ákvæðið segir heldur ekki, að endurgjaldið skuli ákvarðast með hliðsjón af þeim hagsmunum, sem eignarnemi kann að hafa af eignarnáminu. Milli þessa hagsmunamats getur þó verið reginmunur, nánast hyldýpi, þegar það er metið til fjár."

Síðan segir hér að lokum, — ég skal ekki lengja þessar umr. mjög:

„Spurningin, sem leita þarf svars við, er sú," — og það er aftur kjarni þessa máls, — „hvort hið opinbera skuli við eignarnám greiða bætur fyrir verðmæti, sem það sjálft hefur skapað eða leiðir af athöfnum þess, m. ö. o. hvort sækja eigi í vasa skattborgaranna greiðslu fyrir verðmæti, sem þeir hafa þegar greitt fyrir."

Þetta er kjarni málsins. Ég ítreka það og minni á það, að Samband ísl. sveitarfélaga hefur hvað eftir annað lýst fullum stuðningi við þetta mál og lagt fram óskir um að það megi ná fram að ganga á Alþingi.

Ég hef þá lokið máli mínu, herra forseti.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Efri deild, 60. fundur.

Fimmtudaginn 26. febr., að loknum 59. fundi.

Eftirlaun til aldraðra, frv. (þskj. 459). — 1. umr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég leyfi mér að þakka hæstv. forseta svo og þeim fulltrúum stjórnarandstöðuflokkanna, sem ég ræddi við um það, að gefinn er kostur á því að taka þetta mál á dagskrá nú með þessum óvenjulega hætti. Ástæðan er sú, að þau bréf sem eiga reglum samkvæmt að ganga til forseta deildanna þegar um er að ræða frumvörp af þessu tagi, hafa með einhverjum hætti misfarist, enda þótt frumvörpunum hafi verið útbýtt fyrir 2—3 dögum, og með tilliti til þess, að ég er á förum eins og fleiri ráðherrar — eins og alþjóð veit — á þing Norðurlandaráðs, óskaði ég eftir því að fá að mæla núna fyrir þessum málum sem eru á hinni nýju útbýttu dagskrá.

Það frv., sem ég mæli fyrir nú, fjallar um breytingu á lögum um eftirlaun til aldraðra og gerir ráð fyrir að menn fái sjálfkrafa 3 stig í lífeyrisréttindi til viðbótar við þau réttindi sem menn hafa þegar fyrir samkv. lögum um eftirlaun aldraðra. Þessi breyting hefur það í för með sér, að talsvert eykst sá lífeyrisréttur sem menn fá frá Umsjónarnefnd eftirlauna, en hann er lítill, eins og menn vita, og brýn nauðsyn á að þar verði úr bætt. Það verður hins vegar ekki gert, að mínu mati, nema með heildaruppstokkun á lífeyriskerfinu sem er orðið allt of flókið.

Þau 3 stig, sem hér er um að ræða, verða kostuð af Atvinnuleysistryggingasjóði samkv. frv. Kostnaður við það er um 800 millj. kr., en þar á móti hefur ríkisstj. og Alþingi létt af Atvinnuleysistryggingasjóði útgjöldum upp á um það bil 2000 millj. kr. vegna breytingar á lögum um fæðingarorlof sem voru afgreidd hér í hv. deild fyrir hátíðarnar. Það er mat okkar að Atvinnuleysistryggingasjóður eigi því að geta ráðið við það verkefni sem hér er lagt til að á hann verði lagt.

Það er jafnframt ljóst, að í lögum um eftirlaun til aldraðra er gert ráð fyrir að flest fjárhagsákvæði þeirra gildi aðeins til ársloka 1982, og þess vegna er óhjákvæmilegt að allar forsendur þeirra laga verði endurskoðaðar. Í yfirlýsingum ríkisstj. um lífeyrismál hefur komið fram, að stefnt sé að því að koma á samfelldu lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn á árinu 1982. Það er í samræmi við þá stefnumörkun, að því hefur verið lýst yfir að þeirri útgjaldaaukningu, sem er um að ræða í þessu frv., verði létt af Atvinnuleysistryggingasjóði í áföngum.

Við höfum hins vegar ekki treyst okkur til þess að kveða nánar á um þá áfanga. Það er ekki hægt á þessu stigi málsins og þess vegna verður að sinni að nægja slík yfirlýsing af hálfu ríkisstj., eins og raunar kom fram í þeim viðræðum sem við áttum við verkalýðshreyfinguna þegar gengið var frá kjarasamningum 27. okt. s. l. Það er alveg ljóst, að verkalýðshreyfingin er ekki samþykk því að þetta verði kostað úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Samþykki hennar við því liggur ekki fyrir og ég ætla enga dul að draga á það hér.

Ég leyfi mér herra forseti, að leggja til eftir þessa stuttu framsöguræðu, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað

til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn. Ég vil þó að allra síðustu segja ykkur frá yfirliti um útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs eins og þau eru áætluð núna vegna laga um eftirlaun til aldraðra.

Á árinu 1981 er gert ráð fyrir að Atvinnuleysistryggingasjóður beri vegna I. kafla laganna, þ. e. 75% af útgjöldum til lífeyris án uppbótar, 12.4 millj. nýkr., hann beri vegna II. kafla laganna 2.9 millj. nýkr. og samkv. þeim kafla, sem hér er verið að fjalla um, kosti þessi 3 viðbótarstig um 8—9 millj. nýkr. Þá er meðtalin sá kostnaður sem hlýst af verðlagsuppbót á þessi 3 stig.

Ég er reiðubúinn að svara um þetta spurningum, en með tilliti til þess, hvernig málið er komið hér inn á dagskrá, vil ég ekki þreyta menn á löngum ræðuhöldum um málið að sinni.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Aðeins örfá orð í tilefni af þessari nýju dagskrá og þeim tveimur nýju málum sem hér hafa verið tekin til umr. að beiðni ráðh.

Það mun ekkert standa á Alþfl. að veita þessu máli brautargengi rétta leið. Ég vil hins vegar greina frá því hér og nú, að við meðferð málsins í n. verður flutt brtt. af hálfu Alþfl. við 1. gr. þessa frv. í þá veru að þessi þriggja stiga viðbót falli ekki aðeins í skaut þeim, sem réttinda njóta samkv. I. kafla laganna, heldur og þeim, sem réttar njóta samkv. II. kafla laganna. Það sýnist engin ástæða til að gera greinarmun þar á, en í II. kafla laganna er fjallað um þá sem ekki hafa áður átt aðild að lífeyrissjóði.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Út af þessari aths. hv. 5. þm. Vesturl. vil ég taka það fram, að þessi mál voru lítillega skoðuð þegar þetta mál var til meðferðar á sínum tíma og menn treystu sér ekki til þess að taka þetta inn. Mér finnst sjálfsagt að það verði reiknað út, hvað úr þessu yrði sem hér er verið að fjalla um, og það verði skoðað í heilbr.- og trn. hv. deildar.

Davíð Aðalsteinsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð.

Mig langaði til að spyrja hæstv. ráðh. að því, hvort eða hvernig hefði verið tekið á erindi sem barst frá Stéttarsambandi bænda varðandi þó nokkurn hóp aldraðra og öryrkja í sveitum sem samkv. nánari skoðun virðast ekki njóta bótanna sem þarna er um að ræða. Ég veit að hæstv. ráðh. er kunnugt um þetta bréf sem barst honum væntanlega frá Stéttarsambandinu. — Mig langaði að forvitnast um hvernig á því máli yrði tekið.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Nokkur orð um fsp. frá hv. þm. Davíð Aðalsteinssyni, 3. þm. Vesturl.

Ég kannast við þetta bréf frá Stéttarsambandi bænda. Ég sendi það strax Umsjónarnefnd eftirlauna til athugunar. Ég hef enga niðurstöðu fengið þaðan, en ég geri ráð fyrir að hér sé um að ræða fólk sem nýtur engra réttinda samkv. lögum um eftirlaun til aldraðra vegna þess að ekki er um að ræða einstaklinga sem verið hafa í venjulegri launavinnu og geta ekki sannað það, hvorki með skattframtölum né öðrum hætti. Það er um að ræða mikinn fjölda fólks í landinu sem nær ekki lífeyrisréttindum út úr þessu, það er alveg ljóst. — Ég hef ekki fengið niðurstöðu frá Umsjónarnefndinni varðandi þetta sérstaka mál, en get gengið eftir henni hvenær sem er.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 12 shlj. atkv.

Eiturefni og hættuleg efni, frv. (þskj. 460). — 1. umr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það frv. sem hér er flutt, til laga um breyt. á lögum nr. 85/1968, um eiturefni og hættuleg efni, hefur verið undirbúið af eiturefnanefnd. Frv. gengur út á það að takmarka notkun efna sem heita heldur skuggalegum nöfnum. Annars vegar er þar um að ræða aflífunarefni og hins vegar um að ræða útrýmingarefni. Jafnframt er gert ráð fyrir því, að skylt verði að skrá fleiri efni en verið hefur sem eiturefni.

Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða um frv. þetta og legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn. Ég vænti þess, að hv. n. geti borið sig saman við eiturefnanefnd um þá meðferð aflífunarefna og útrýmingarefna sem lögð er til í þessu frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 11 shlj. atkv.

Neðri deild, 59. fundur.

Fimmtudaginn 26. febr., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Mér hefur borist svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 26. febr. 1981.

Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sinnt þingstörfum um sinn, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kostningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Alþb. í Austurlandskjördæmi, Sveinn Jónsson verkfræðingur, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Hjörleifur Guttormsson,
5. þm. Austurl."

Sveinn Jónsson hefur átt sæti á Alþingi áður og þarfnast kjörbréf hans því ekki rannsóknar. Býð ég hann velkominn til starfa í hv. deild.

Viðnám gegn verðbólgu, frv. (þskj. 384). — Frh. 1. umr.

Matthías Bjarnason [frh.]: Herra forseti. Ég talaði nokkuð í gær þó að forsrh. væri fjarverandi, en nú sé ég ekki ástæðu til að halda áfram fyrr en hann er kominn. Ég tel að það sé alveg lágmarkskurteisi af ráðherrum sem flytja hér mál, að þeir séu viðstaddir umr. Ég býst ekki við, að hann sé uppi á Akranesi enn þá, og ég ætla því að

bíða. — Hvort ég á að bíða hér í ræðustólnum eða fara í sætið, ég ætla ekki að flytja ræðu mína nema forsrh. sé viðstaddur. (**Forseti:** Ég gef hv. þm. leyfi til að taka sér sæti á meðan við hinkrum við.)

Herra forseti. Það hafa verið fréttir í gær og dag um opinbera heimsókn forseta Íslands til Danmerkur og fjölmiðlar hafa gert þeirri för og gestrisni Dana góð skil, eins og sjálfsagt er og skylt, en það brá nú aftur út af hjá útvarpinu. Jafnhliða fréttum af opinberri heimsókn forseta Íslands til Danmerkur er skýrt ítarlega frá för forsætisráðherra Íslands til Akraness. Þetta er eiginlega alveg nýr fréttaflutningur og nýr fréttamáti. Var sennilega um þetta beðið af ríkisstj. til að fylgja eftir hugmyndum hennar og forsrh. um að hann sé þjóðarleiðtogi og alveg sérstaklega vinsæll í landi sínu. Verða þá opinberir fréttamiðlar að fylgja slíkum þjóðarleiðtoga eftir og endursegja það sem hann lætur frá sér fara.

Hann mun hafa kvartað undan því uppi á Akranesi að sjálfstæðismenn hér í deildinni væru að beita málþófi. Ég ætla ekki að ásaka forsrh. um það þó að hann hafi haldið hér í hálftíma í gær nauðaómerkilega ræðu og sagði ekki neitt í henni. Hún hefði alveg eins getað verið 2 mínútur og 30. Ég er ekki að saka hann um að hann hafi verið að beita málþófi. Í hverju er málþóf fólgið? Er það fólgið í því að sinn hvor maðurinn frá stjórnarandstöðuflokkunum, formaður Sjálfstfl. og formaður þingflokks Alþfl., töluðu á fundartímanum, sem var þó ekki allur tíminn kl. 2 og 4, því að nokkrar mínútur fóru framan af fundartímanum, en að öðru leyti fór sá tími í þetta mál? Þetta er meira mál en setning brbl. Það hefur einnig í för með sér umr. um efnahagsáætlun ríkisstj. Þetta eru umr. um almenn efnahagsmál. — Síðan var haldinn fundur. Þá er forsrh. farinn upp á Akranes og vitaskuld átti að fresta þeim fundi, en talsmaður Alþfl., sem hafði ekki lokið máli sínu fyrr en kl. 4, hélt sinni ræðu áfram og ég hóf mína ræðu.

Ég hafði hugsað mér að verða ekki mjög langorður í þessari ræðu, en mér finnst það hart þegar forsrh., sem leggur mál fyrir, hverfur af þingfundi kl. hálfsex, þegar þingfundir hefjast að nýju, og er farinn úr bænum. Það eru haldnir fundir til klukkan að ganga 7, en þá er hann að klaga Sjálfstfl. uppi á Akranesi. Ja, þvílík væluskjóða! Ég ætla að þakka fyrir slíkar umkvartanir og sömuleiðis útvarpinu fyrir að flytja þessar umkvartanir Það fer aftur minna fyrir fregnum í Ríkisútvarpinu af því sem fulltrúar stjórnarandstöðu segja um þessi mál. Áramótaskaupið í sjónvarpinu hjá ríkisstj. tók marga daga. Það var ekki bara á gamlársdag. Því var haldið áfram dag eftir dag. Þar fékk ríkisstj. að glenna sig með að þetta væru stórkostlegar efnahagsráðstafanir og nytsamir sakleysingjar innan þessarar stjórnar tóku svo undir það við hana. En eftir stendur ekki neitt. Það hafa verið færð rök að því að það þurfti engin brbl. að gefa út. Alþingi gat afgreitt þau mál sem þurfti að lögfesta. Fyrir öðru voru heimildir í brbl. Þetta er búið að margtaka hér fram.

Ég tel orðið fullkomið áhyggjuefni hvernig fréttamenn bæði ríkisfjölmiðla og annarra fjölmiðla reyna að koma fréttum til almennings. Ég held að það væri fróðlegt að fá á því rannsókn, hvort þar sé þrýstingur frá ríkisstj. eða hvort það sé af eigin hvötum fréttamanna almennt og þá á ég ekki við neinn einn út af fyrir sig.

Það hafa ekki verið gerð mikil skil í fréttum, ekki í ríkisfjölmiðlum, tillögum sjálfstæðismanna og Alþfl.-manna í brtt. þeirra við þetta frv. í Ed. Þeim var leyft að komast að í eina mínútu hvorum í hádegisútvarpinu í gær. Það er mínútu meira en andófsmönnum yrði leyft í Sovétríkjunum. Ég veit ekki hver er yfirmaður útvarps, því að menntmrh. er lítið hér á landi eftir að hann varð ráðh. Hann er meira erlendis, er farinn víst enn, en hver gegnir starfi hans veit ég ekki. Það væri fróðlegt, ef sá heyrir hér og er viðstaddur, ef hann skýrði frá því, hvort það sé fyrir atbeina ríkisstj. að þessi nýi máti í fréttaflutningi er tekinn upp.

Ég kom hér í gær inn á fréttatilkynningu frá heilbr.- og trmrn. og orðalag hennar og hvað það olli víða misskilningi hjá fólki og þá ekki síður hjá öldruðu fólki. Það taldi að hér væri um að ræða 8% hækkun tekjutryggingar elli- og örorkulífeyrisþega, það væri ekkert undanskilið þar, en þeir, sem þekkja vel inn á þessi mál, skildu það. Meira að segja þm. í Ed. misskildu þessa fréttatilkynningu og létu blekkjast af umbúðunum um hana með því að taka aftur till. sína. Þeir sáu þó fljótt hvernig þessum málum var háttað, en það var of seint.

Það var látið að því liggja að till. þeirra um hækkun almennra bóta almannatrygginga gengi skemur en ákvörðun ríkisstj. En í ljós kemur að hinn almenni ellilífeyrir hækkar aðeins um 6%. Út úr eru teknar tekjutryggingin og heimilisuppbótin, sem nær aðeins til 2577 manna miðað við árslok 1979, og má reikna með að séu um 3% fleiri um síðustu áramót. Elli- og lífeyrisþegar og aðrir bótaþegar almannatrygginga voru um 25 þús. í árslok 1979 og heildarfjölgun ætti því að vera 3% ofan á þá tölu. Ellilífeyrisþegar voru þá taldir vera 18 300, en þeir, sem fengu tekjutryggingu, bæði skerta og óskerta tekjutryggingu, voru taldir þá 11 400. Það er því enginn smáhópur sem verður nú að sætta sig við aðeins 6% hækkun þegar verðbótavísitalan gerir ráð fyrir 14.32% hækkun. Það er ekki lítið sem er verið að taka af bótaþegum almannatryggingarinnar.

Við skulum líta á hinn almenna ellilífeyri til hjóna. Hann var 2135 nýkr., hann fer í 2263 nýkr., en ef bótaþegar hefðu fengið fulla vísitölu hefðu bæturnar orðið 2441 kr. Skerðing á ári miðað við þetta er hvorki meira né minna en 2136 nýkr. eða 213 600 gkr.

Ég held að það væri búin að koma glannafyrirsögn í Þjóðviljanum, ef kommarnir væru ekki í ríkisstj., og talað mikið um það. Mér segir svo hugur að sumir þm., sem nú sitja í salnum og þegja þunnu hljóði, væru búnir að spretta hér margoft á fætur og fara í ræðustól. En nú er það í lagi. Nú gerir ekkert til þó að skertar séu bætur almannatrygginga. Hvað segja nú baráttumenn fyrir almannatryggingum úr hópi kommúnista? Hvað segja þeir nú? Hvað segja þeir um sjúkradagpeningana, vasapeningana? Þær verður 6% hækkun þegar verðbótavísitalan er 14.32. Hvað með fæðingarstyrkina, baráttumálið mikla fyrir jólin? Hvað er um barnalífeyrinn? Hvað er um mæðralaun og bætur til ekkna, 6%, sem nú þykir ágætt? Nú er þetta allt í góðu lagi. Hverjir fara með heilbrigðis- og tryggingamál? Alþb. Flokkur þeirra sem berjast alltaf fyrir lítilmagnann. Þetta væri ekkert óeðlilegt ef það væru vondir menn í ríkisstj. sem aldrei vildu sinna þessu fólki nema vera neyddir til þess, eins og þessi flokkur hefur viljað halda fram.

Guðmundur J. Guðmundsson lagði hér inn á borðið fsp. Af því að forseti vildi ekki leyfa honum að bera fram fsp. undir ræðu minni kom hann með hana hingað og spurði: Hvað voru bæturnar 1978 háar, hverjar voru þær? Nú er hann alveg gufaður upp, hann sést ekki. Ég

sagði honum þá að ég héldi hér áfram kl. 2. — Ég skal koma nánar inn á þessar bætur. Ég sagði þá, að sennilega væri hann kominn í jakkavasann á fjmrh. eða í vestisvasann á orkumálaráðh. (**SighB:** Eða til Stykkishólms.) Kannske er hann kominn til Stykkishólms. Það fer ekki mikið fyrir jakahlaupi þessa dagana.

Ég held að það væri rétt að minna á það út af bótum almannatrygginga, að þegar ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar tók við og til 1. júní 1978 hækkaði elli- og örorkulífeyrir um 263.5%, tekjutryggingin hækkaði á sama tíma um 495.2% og tekjutryggingarmark elli- og örorkulífeyris að viðbættri tekjutryggingu á sama tíma hækkaði um 345.3%. Tekjutryggingarmark með heimilisuppbót, sem tekið var upp á árinu 1977 eftir kjarasamninga, hækkaði á því stjórnartímabili um 423.9%. Frítekjumarkið, þ. e. hámarksfjárhæð tekna annarra en af lífeyri, sem ekki skerðir réttindi tekjutrygginga, hefur hækkað um 380% til 1. júní 1978. En í byrjun júlímánaðar það ár voru gefin út brbl. þar sem frítekjumarkið var hækkað verulega til að skerða ekki rétt tekjutryggingarþega. Hækkunin eftir útgáfu þeirra laga var því 692% fyrir einstakling og 516% fyrir hjón. Á sama tíma og þetta gerðist í tryggingamálunum hækkuðu kauptaxtar verkamanna um 261.6% og kauptaxtar allra launþega um 252.7%. Á þessu sést að elli- og örorkulífeyrir ásamt tekjutryggingu hefur hækkað mun meira en almennt kaupgjald hækkaði í landinu á þessum tíma og þó alveg sérstaklega til einstaklinga sem njóta heimilisuppbótar. Í lok valdatíma vinstri stjórnarinnar, sem var á undan og fór frá 1974, var hámark tekjutryggingar einstaklings 54.6% af elli- og örorkulífeyri, en þegar stjórnin fór frá 1978 var þetta hámark komið upp í 89.4% og auk þess tekin upp heimilisuppbót fyrir einstaklinga. Þannig var hlutur þeirra, sem verst voru settir, aukinn verulega á tímabili þeirrar ríkisstj. sem sat 1974—1978.

Þetta þótti Alþb. alveg hræðileg stjórn og gat ekki unað því að hún fengi starfsfrið, og þá var hafinn skæruhernaður og skemmdarstarfsemi í landinu undir forustu Alþb. Þá voru verkalýðsleiðtogar í þeim hópi heldur vígreifir. Þá var ekki staðið í 10 mánaða samningastappi upp á það að fá að meðaltali 1% kauphækkun á mánuði. Nei, þá var brugðið heldur harkalega við. Það var sett útflutningsbann á íslenskar afurðir. Það varð að nota fiskinn í frystihúsunum fyrir keyri og stöðva útflutninginn. Það var kjarabarátta fyrir fólkið að stöðva útflutninginn og beita skæruhernaði, — beita hreinni og klárri skemmdarstarfsemi. Þetta var gert. Þá þótti núv. hæstv. forsrh. þetta ekki gott frekar en öðrum hugsandi mönnum. En á bak við þetta bjó að koma átti frá völdum ríkisstj. sem naut ekki stuðnings þessarar klíku. Og þá var ekki verið að spyrja um hver væri með henni. Þá var sagt við launþega: Stéttasamtökin skulu hafa fullt frelsi til samninga um kjör félaga sinna. Gerða kjarasamninga ber skilyrðislaust að virða. Stuðla ber að launajöfnuði og tryggja raunverulegt launajafnrétti karla og kvenna. Launamenn eiga réttlátа kröfu til þess að laun séu verðtryggð samkv. samningum hverju sinni. — Þetta var stefnan 1978. Síðan er búið að skerða launin um 34% og gráðugra fólk er ekki til en Alþb.-fólkið sem étur þetta allt saman ofan í sig. Það endurprentar sennilega stefnuna næst þegar gengið verður til kosninga. Þetta er flokkurinn sem ræður öllu í þessari ríkisstj. Hann hefur Framsfl. meira eða minna í taumi, að ég tali nú ekki um hina þrjá. Það þarf ekki einu sinni að hafa taum á þeim, þeir elta, enda er aldrei talað um það.

Sagt er að Alþb. og Framsfl. séu að ræða saman um ágreiningsmál núna, og yfirþm. hv. Ólafur Ragnar Grímsson segist ekkert vilja um málið segja fyrr en þetta sé búið og þá auðvitað með fullum sigri kommúnista. Það er ekki minnst á hina þrjá í ríkisstj. frekar er þeir séu ekki til. Þeir vita að þeir dingla með hvernig sem þetta fer. Þeir fljóta ofan á eins og korktappi.

Ég bjóst nú við því, að þegar forsrh. fylgdi þessu frv. úr hlaði mundi hann skýra frá hvaða aðgerðir væru væntanlegar í efnahagsmálunum. En það kom ekki eitt orð frekar en fyrir jólin. Það verður sennilega ekki gert á Alþingi. Það verður gert í fjölmiðlum og þá verður leikþáttur undirbúinn alveg eins og var á gamlársdag, — tvær upptökur. Rullan kom svo seint frá Svavari Gestssyni og Steingrími Hermannssyni að jafngóður leikari og forsrh. þurfti tvær upptökur. (**Forseti:** Það ber að ávarpa hæstv. ráðh. sem hæstvirta.) Já, hæstv. Ég skal taka það til greina, hæstv. forseti.

Nú ber vel í veiði. Nú hefur gengið í salinn 7. þm. Reykv., formaður Verkamannasambands Íslands, Guðmundur J. Guðmundsson. (**Forseti:** Það ber að ávarpa hv. þm. sem háttvirta.) Já, Lási kokkur sagði oft við menn: Guðmundur heitinn sálugi. Mér finnst jafnvel eiga við að segja, þegar maður hugsar til þess mikla baráttumanns fyrir verkalýðshreyfinguna, að nú sé hann orðinn Guðmundur J. sálugi heitinn. (**Forseti:** Hv. þm.) Já, hv. Guðmundur J. sálugi heitinn. Svo er honum nú aftur farið að eins og ég sagði kemst hann nú jafnvel fyrir í vestisvasa hæstv. iðnrh.

Berum saman baráttu Alþýðusambands Íslands 1977, útflutningsbannið og allt það, berum nú saman samningana á s. l. ári í 10 mánuði og afraksturinn, 1% á mánuði eftir 10 mánaða vinnu, og berum saman núna kjaraskerðinguna, sem á sér stað með brbl. sem við erum að ræða hér, og skerðingu Ólafslaga, sem Alþb. átti fulla aðild að. Þá kallar fjmrh. í þessa höfuðsmenn Alþýðusambands Íslands og segir þeim að þá verði skattalækkun og lækkun á sjúkratryggingagjaldinu. Og fjmrh. bjóst við þó nokkrum fundum með þeim, en varð svo undrandi að þeir gleyptu þetta á fyrsta fundi og kepptust við að segja að hér væru „slétt skipti". Nú gerir það ekkert til, nú má skerða launin. Og það má líka leika sama leik og sá meiri hl., sem styður þessa ríkisstj., lék fyrir jólin, að afgreiða fjárlög með skattvísitölu 145 — þegar hún átti að vera a. m. k. 151—152 að dómi Þjóðhagsstofnunar — til þess að íþyngja í sköttum. Það er núna verið að gefa eftir af þeirri íþyngingu sem ranglega var mörkuð með afgreiðslu fjárlaga og svo lágt er risið á forustumönnum Alþýðusambands Íslands að þeir segja: Já takk, við gleypum þetta á sléttu. — Ég held að það sé jafnvel betra að gleypa heilt flugskýli en gleypa þetta fyrir hönd allra launþega í landinu — og þó þau séu þrjú. Ég spyr: Finnst alþm. og finnst þjóðinni að forustumenn launþegasamtakanna standi í stöðu sinni? Finnst þeim ekki vera munur á hvernig forustumenn þeirra haga sér eftir því hvaða ríkisstj. situr? Er þetta hið faglega starf verkalýðshreyfingarinnar? Nei, hér eru menn á ferðinni sem nota verkalýðshreyfinguna og launþegasamtökin í landinu annars vegar til skemmdarverka gagnvart ríkisstj. sem þeir eru á móti, en hins vegar liggja þeir hundflatir þegar er ríkisstj. sem þeir eru með. Þetta er léleg forusta.

Ég tel sjálfsagt að verkalýðshreyfingin og launþegar

taki fyllsta tillit til hvaða ríkisstj. sem er í að móta efnahagsstefnu, og jafnvel verða launþegar sem aðrir einhverju að fórna. Ég hefði ekkert talið athugavert við að skerða kaupið, sem þessi brbl. gera ráð fyrir að skerða, ef samræmdar aðgerðir til að koma í veg fyrir verðbólgu eða samræmdar aðgerðir til að lækka verðbólguna væru gerðar um leið. En þegar ekkert stendur eftir í þessum brbl. annað en að skerða kaup launþega, en halda áfram á fullri ferð í verðbólgudansinum, tel ég að fulltrúar verkalýðssamtakanna hafi ekki átt að standa að málum eins og þeir hafa gert. Þeir hefðu þá átt að gera aðrar og meiri kröfur til ríkisvaldsins.

Til hvers er þetta sama ríkisvald að óska eftir og gefa út brbl. um heimild til að skera niður framkvæmdir á fjárlögum þegar 3000 millj. heimild gkr. er í fjárlögum og ekkert er farið að gera, að við vitum? Það væri fróðlegt að fá að vita nú hjá hæstv. fjmrh. hvað líði þessum niðurskurði. Ég spyr hann ekki hvað líði niðurskurði á lánsfjáráætluninni, sem brbl. gera ráð fyrir að heimila ríkisstj., af þeirri einföldu ástæðu að lánsfjáráætlun liggur ekki enn þá fyrir frá hendi ríkisstj. og hæstv. fjmrh.

Ég hef áhuga á að vita hver sé afstaða ríkisstj. til búvöruverðsbreytinga núna eftir tvo daga. Það er uppi ágreiningur í sexmannanefndinni um það, hvernig túlka eigi verðstöðvunina í brbl. Hverngi túlkar ríkisstj. verðstöðvunina? Er bann við því að hækka búvöruverðið eða er ekki bann við því? Ef þetta er óljóst ákvæði, hvernig stendur þá á því að ríkisstj. flytur ekki brtt. við brbl. til að gera þetta ákvæði fyllra þannig að menn þurfi ekkert um það að deila dögum saman? Það er verið að byrja þarna. Voru ekki fulltrúar bænda að ganga á fund landbrh.? Hver er hans skoðun? Hver er skoðun fjmrh.? Hver er skoðun forsrh. á þessu máli eða ríkisstj. í heild, ef hún hefur heildarskoðun á málinu? Er þá ekki nauðsynlegt að breyta þessu frv., þó að það sé komið til Nd., til að taka af öll tvímæli í þessum efnum.?

Það er undarlegt að á þessum tímum verðstöðvunar var gamlársdagur notaður vel til að hækka hressilega þjónustu opinberra aðila og nú nýlega voru Skýrsluvélar að hækka þjónustu sína um 25% og það rann í gegn í ríkisstj. Ná þá verðstöðvunarlögin ekki til Skýrsluvéla ríkisins? Ég sé þar hvergi neitt undanskilið. Er samræmi í þessu starfi? Ég held að annar gangi eitt skref áfram og hinn eitt skref aftur á bak.

Það væri gaman að fá að vita hjá formanni Verkamannasambands Íslands hvað hann telji að í árlegar afborganir og vexti og vísitöluálag af lánum Byggingarsjóðs til hverrar íbúðar fari af daglaunum verkamanns, en stefna Alþb. var að þar færu aldrei yfir 20% af daglaunum verkamanns. Hvað á þetta eiginlega eftir að breytast núna á þessu ári, ef áfram heldur skerðing á launum, hvað verður hlutfallið ef þessi stjórn sæti nú út kjörtímabilið með sama árangri og hún hefur sýnt í liðlega eitt ár? (**Gripið fram í:** Hún situr út kjörtímbilið.) Já, en alls ekki lengur, það er útilokað, — ekki nema hafa þá engar kosningar eða bara einn frambjóðanda, eins og þeir gerðu í einu ákveðnu ríki sem þm. þekkti einu sinni vel, en er nú farinn að afneita því núna öðru hverju.

Í gær var ætlunin að afgreiða þetta mál til 2. umr. og það var ætlunin að kalla saman fund í n. í morgun og afgreiða málið fyrir hádegi. Ég sagði formanni fjh.- og viðskn. Nd. að ég væri annars staðar. Hann hefur alltaf reynt — og reynir enn — að hafa gott samstarf við nm. og því gekk hann auðvitað ekki til þess, enda kom forsrh. sjálfur í veg fyrir að frv. væri vísað til 2. umr. og nefndar með því að vera víðs fjarri. Hann segist hafa verið búinn að ákveða þennan fund og það getur enginn neitt sagt við því, hann hefur að sjálfsögðu eins og allir aðrir leyfi til að fara eitthvað annað, en þá þýðir það ekki í sömu andránni að kenna öðrum um að þeir séu að beita málþófi og töfum í þessu máli. Ég skora á hæstv. forsrh., að áður en þessari umr. lýkur, áður en ríkisstj. heldur til Kaupmannahafnar, skýri hann þd. frá því helsta sem er í undirbúningi nú í efnahagsmálum. Það getur verið fróðlegt að vita hvað á að taka við. Það er loforð um að ekki eigi að skerða verðbætur á laun 1. júní, 1. sept. og 1. des. Það eru fyrirheit um að draga úr verðbólgunni. Okkur leikur forvitni á að vita og heyra með hvaða hætti menn ætla að draga úr verðbólgunni út þetta ár og halda áfram að öðru leyti á fullri ferð. Þeir verða harðast úti af völdum verðbólgunnar sem eiga minnst og þeir sem urðu harðast úti eftir aðgerðir verkalýðsforustunnar 1977. Þeir biðu mesta tjónið af útflutningsbanninu, en ekki sú ríkisstj. sem sat þá. Þetta á verkalýðshreyfingin að skilja á hverjum tíma.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er að sjálfsögðu eðlilegt að þm. gefi sér nokkuð góðan tíma til að ræða stefnuna í efnahagsmálum. Það er málefni sem höfðar til flestra í þjóðfélaginu, og ekki er þetta síst eðlilegt miðað við það sem gerst hefur á undanförnum vikum og mánuðum og horft til enn lengri tíma.

Það frv., sem hér er til umr., er um staðfestingu á brbl. sem hæstv. ríkisstj. gaf út á gamlársdag. Eins og hér hefur komið fram er í raun og veru einvörðungu um það að ræða í þessum brbl. að skerða almennt kaup í landinu um 7%, taka 7% af því kaupgjaldi sem aðilar vinnumarkaðarins undir handarjaðri hæstv. ríkisstj. sömdu um í frjálsum samningum í lok októbermánaðar s. l. Ég sagði „skerða“ kaup. Einhvern tíma hefðu einhverjir sagt „kauprán“ undir svipuðum kringumstæðum. Það á kannske ekki síst við hv. þm. Guðmund J. Guðmundsson og hæstv. félmrh. Þeir hefðu notað það orðbragð við svipaðar kringumstæður hefði öðruvísi staðið á með ríkisstjórn landsins.

Auðvitað er það rétt, að margar — líklega allar — ríkisstjórnir hér á landi hafa með einhverjum hætti krukkað í gerða kjarasamninga og vísitölubætur. Ég hygg að þar þurfi enga ríkisstj. undan að skilja. Vissulega hefur þetta verið gert með misjöfnum hætti. En það er þó eitt eftirtektarvert í þessu: Sá flokkurinn, sem nú ræður ferðinni í ríkisstj., Alþb., hefur alfarið og alltaf þar til nú neitað því að eiga aðild að skerðingu á vísitölubótum eða að skerðingu gerðra samninga með lögum. Hann hefur alfarið neitað því að eiga aðild að slíku.

Það er fróðlegt í þessu að rifja upp með örfáum orðum það sem hefur gerst á nokkrum undanförnum árum. Það hefur verið vikið að því fyrr í umr. hvað gerðist t. d. 1978. Þá var það ekki kallað jöfn skipti að breyta vísitöluuppbótum með löggjöf eða skerða laun. Þá var það einfaldlega kallað „kauprán“ og svo langt gengið af þeim fulltrúum Alþb., fyrst og fremst í verkalýðshreyfingunni, sem réðu ferðinni, að ekki var einvörðungu sett útflutningsbann, sem kom auðvitað langverst niður á þeim sem síst skyldi, heldur og uppi hafðar ólöglegar aðgerðir í formi verkfalla með ólöglegum hætti. Þá þótti sumum hverjum hv. þm., sem nú eru á þingi og voru í fararbroddi í verkalýðshreyfingunni þá og eru enn, svo mikið við

liggja að þeir töldu líf liggja við að beita ólöglegum vinnubrögðum til að knýja frá völdum ríkjandi stjórn á þeim tíma. Þá var kjörorðið „samningana í gildi". Það kom ekki síst frá hv. þm. Guðmundi J. Guðmundssyni. (**Gripið fram í:** Og þér líka.) Já, það er rétt, hv. þm. Halldór Ásgrímsson. Það kom frá mér. En ég virti þó lýðræðisleg vinnubrögð í landinu og í hreyfingunni. Það er meira en hægt er að segja um suma þá samstarfsmenn sem þú hefur valið þér, hv. þm. (**Fjmrh:** Hvernig þá?) Hann hefur valið sér þá af frjálsum vilja, geri ég ráð fyrir, nema því aðeins að hann hafi verið þvingaður til þess með einhverjum hætti. Kannske hæstv. fjmrh. eigi einhvern hlut að máli þar. (Gripið fram í. — **Forseti:** Ekki samtal.) Ég held að það sé rétt, hæstv. forseti, að leyfa þeim þm., sem erfitt eiga um að sitja undir þessum umr., að tjá sig beint úr sæti sínu. Þeim liggur greinilega mikið á og er eðlilega mikið niðri fyrir undir þessum kringumstæðum.

Ég ætla að víkja örfáum orðum að því sem hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson sagði 1978, rétt í þann mund sem íslensk alþýða gekk að kjörborðinu í almennum alþingiskosningum. Undanfari þess var það sem gert var af hálfu verkalýðshreyfingarinnar undir forustu kommúnista fyrst og fremst, þ. e. ólögleg verkföll og útflutningsbann. Þá sagði þessi hv. þm., með leyfi forseta, 23. júní, í tilefni af eins árs afmæli sólstöðusamninganna svonefndu: Fyrirsögnin er: „Fullar verðlagsbætur, eina vörn launafólksins". Hv. þm. sagði þá:

„Samningarnir bundu loks enda á þriggja ára tímabil samfelldrar kjararýrnunar. Kaupmætti launa var lyft verulega, einkum láglauna. Tekin voru inn að nýju ákvæðin um fulla og óskerta vísitölu. Fullar verðlagsbætur samkv. vísitölu eru eina vörn launafólks gegn því að verðbólgan rífi niður kaupmáttinn. Full vísitala er líka beinlínis vörn gegn óðaverðbólgu. Reynslan sýnir að því skertari sem vísitalan er, þeim mun meiri er verðbólgan."

Hvað þýðir þetta? Þetta þýðir einfaldlega það, að hafi þessi ummæli þessa hv. þm. verið rétt og séu rétt er hann nú að breyta algerlega andstætt því sem hann hélt að væri rétt þá, nema þá því aðeins að hv. þm. hafi komist að raun um að hann hafi haft vitlausa skoðun þá. Það er ekki nema tvennt til: Annað hvort hefur hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson haft rangt fyrir sér þegar hann fullyrti þetta eða hann er nú vísvitandi að skerða laun og kjör láglaunafólks í landinu þrátt fyrir að hann viti fyrir fram til hvers það leiðir. Þetta er svo einfalt að hver ætti að sjá, og auðvitað sjá menn þetta. En það eru til menn innan íslenskra stjórnmálaflokka sem gegna þeirri iðju, leggja það á sig í flokkshollustu að ganga gegn sinni sannfæringu, ganga gegn þeim umbjóðendum sem þeir eru talsmenn fyrir, skerða kjör þess láglaunafólks sem þeir eiga fyrst og fremst að vernda. Þetta hendir allt of oft í íslenskum stjórnmálum, ekki kannske hvað síst hjá þeim forustumönnun innan verklýðshreyfingarinnar sem eru í pólitísku starfi líka og tilheyra þá sér í lagi einum stjórnmálaflokki, Alþb.

Það væri hægt að rekja svona ummæli velflestra, ef ekki allra forustumanna Alþb. í verkalýðshreyfingunni frá árinu 1978. Ég læt nægja í bili, nema frekara tilefni gefist til, að vitna í þennan oddvita Alþb. innan verkalýðshreyfingarinnar, sem er í ofanálag forsvarsmaður láglaunafólksins í landinu og á fyrst og fremst að gæta hags þess. Það er gert með þessum hætti.

Nú skal það tekið skýrt fram, að það hefur verið og er yfirlýst stefna verkalýðshreyfingarinnar í landinu — grundvallarafstaða — að það eigi ekki að skerða löglega gerða samninga með lagaboði.

Í kosningaslagnum 1979 minnist ég þess, að í ræðum margra frambjóðenda Alþb. í þeim kosningum var margítrekað að efnahagsvandann ætti ekki að leysa á kostnað launafólks, ekki skerða laun eða kaup þessa fólks, og því aðeins yrði haldið við þá stefnu í reynd að Alþb. kæmi sterkt út úr þeim kosningum. Það yrði aldrei léð máls á því að breyta gerðum kjarasamningum til skerðingar með lagaboði ef Alþb. hefði aðstöðu í ríkisstj. Þetta voru kosningaloforðin sem gefin voru. En það er eitthvað annað sem nú blasir við. Það er engin furða þó að farið sé að gæta pólitísks náttúruleysis hjá einstökum þm. Alþb. þegar svona er snúið þversum á þau fyrirheit sem gefin hafa verið í kosningum, — ekki bara 1979, heldur og oft áður. Ég er ekkert hissa á því, þó að þm. Alþb. fari að lýsa yfir pólitísku náttúruleysi hver á fætur öðrum í því ástandi sem nú ríkir innan herbúða þar. Og ég er ekkert hissa á því, þó að almenningur í landinu hafi fyrir löngu orðið var við það pólitíska náttúruleysi sem ný hrjáir einstaka þm. Alþb. Það hefur í reynd verið að grafa um sig í nokkuð langan tíma, en brýst nú út, eins og alþjóð er kunnugt og hefur heyrst í ríkisfjölmiðli fyrir stundu og virðist íþyngja æ meir og æ fleiri þessum hv. þm.

Hv. Alþb.-þm. hafa gagnrýnt Alþfl. fyrir það, að hann hefur viljað í samstarfi við launþegahreyfinguna í landinu taka skynsamlega á málum í sambandi við kjarasamninga og kjarabætur, að hann hefur lýst því yfir, að það sé hagstæðara, raunhæfara, ekki síst fyrir láglaunafólkið, sem fyrst og fremst þarf að bæta kjör hjá, að bæta þau með skattalækkunum og í gegnum almannatryggingakerfið. Fyrir þetta hefur Alþb.-liðið gagnrýnt Alþfl. og það oft heiftarlega.

Á s. l. ári — árinu 1980 — undir forustu Alþb.-manna í Alþýðusambandinu stóðu samningaumleitanir yfir í 10 mánuði áður en þær leiddu til niðurstöðu. Og hverjar voru grundvallarkröfur verkalýðshreyfingarinnar í þessum samningum? Það heyrðist aldrei að það fælist kröfuharka í kröfugerð verkalýðshreyfingarinnar á síðasta ári, enda erfitt um vik að flokka þær kröfur, sem þá voru settar fram, undir kröfuhörku, miðað við það sem gerst hefur í þjóðfélaginu á undanförnum nokkrum mánuðum. Grundvallarkröfur verkalýðshreyfingarinnar í samningunum 1980 voru skattalækkanir, jöfnun lífeyrisréttinda og sömu laun fyrir sambærileg störf. Þetta voru þrjár meginkröfur í þessum samningum.

Að því er varðar skattalækkanir, sem voru grundvallarkrafa í þessum samningum, var því alfarið neitað af hæstv. ríkisstj. að fara slíkar leiðir. Alfarið var neitað skattalækkunum til handa láglaunafólki þó að vitað væri að þær kæmu því best. Og það er staðreynd, sem ekki verður á móti mælt, að þetta langa samningsþóf varð ekki síst vegna þeirrar afstöðu ríkisstj. að neita alfarið bæði skattalækkunarleiðinni og jöfnun á lífeyrisréttindum til handa aðildarfélögum innan ASÍ. Það er ekki síst sú afstaða hæstv. ríkisstj. sem varð til þess að samningar tóku þetta langan tíma. Segja má því að ríkisstj. með hæstv. fjmrh. í broddi fylkingar beri höfuðábyrgð á því, hversu langan tíma tók að semja fyrir láglaunafólk á s. l. ári.

Það gerðist síðan í ágúst s. l., að hæstv. fjmrh. undir-

ritaði samninga við BSRB. Nú þarf ekki að greina hv. þm. frá því, að geigvænlega mikill munur var á lífeyrisréttindum annars vegar einstaklinga innan BSRB og hins vegar þeirra einstaklinga sem eru í félögum innan Alþýðusambands Íslands. Geigvænlega mikill mismunur var þarna BSRB-fólki í hag. En í þeim samningum, sem gerðir voru í ágúst við hæstv. fjmrh., var enn aukið á þetta misrétti. Enn var breikkað bilið milli lífeyrisréttinda opinberra starfsmanna annars vegar og launafólks innan Alþýðusambands Íslands hins vegar, á sama tíma og neitað var alfarið af hálfu hæstv. ríkisstj. og þá fyrst og fremst af hálfu hæstv. fjmrh. að leiðrétta þetta misræmi að einhverju — ég tala nú ekki um að verulegu leyti. Eftir að þetta var ljóst lagði samninganefnd Alþýðusambands Íslands að sjálfsögðu enn meiri þunga á þá kröfu sína að leiðrétta lífeyrisréttindi til handa verkafólki innan Alþýðusambandsins.

Um það bil tveimur mánuðum eftir að BSRB gerði samninginn við hæstv. fjmrh. voru undirritaðir samningar af hálfu Alþýðusambands Íslands og vinnuveitenda. Það verður ekki sagt að í þeim samningum hafi náðst mikill árangur, en þó í áttina. Oft hefur það að vísu verið svo, að árangur baráttu verkalýðshreyfingarinnar hefur fengist í stuttum skrefum — misjafnlega stuttum, en þó hefur yfirleitt þokað. Þessir samningar Alþýðusambandsins veittu verkafólki kauphækkun á bilinu frá líklega 4—10%. Þetta gerist í lok októbermánaðar með samþykki og vitund hæstv. ríkisstj., sem sjálf taldi að hér hefði verið hóflega að staðið og að þjóðarbúið þyldi þessa samningsgerð eins og frá henni var gengið.

Um tveimur mánuðum síðar — á gamlársdag — kippti hæstv. ríkisstj. þessu öllu til baka og líklega nokkru meira en því. Hún kippir til baka allri þeirri kauphækkun og kjarabót sem samningarnir frá 27. okt. innifólu og ríkisstj. sjálf taldi að væri við hæfi og þjóðarbúið þyldi. Öllu saman var kippt til baka með brbl. Svona vinnubrögð af hálfu ríkisstj., hvaða ríkisstj. sem í hlut ætti, eru auðvitað forkastanleg því að það hafa engar forsendur breyst frá því í lok okt. til loka des. sem sýndu að það væri nauðsynlegt að ógilda með öllu allt það sem áunnist hafði í samningunum frá því í lok okt. Það hafa engar forsendur breyst sem réttlættu slíkt. Og það er ekki nema eðlilegt, að almenningi í landinu — sérstaklega þó því láglaunafólki sem þetta snýr að — þyki nokkuð langt gengið af hálfu stjórnvalda þegar menn haga sér með þessum hætti.

En það er ekki allt búið enn. Ríkisstj. samdi fyrst við BSRB í ágúst, síðan stuðlaði hún að samningum aðila vinnumarkaðarins í lok okt., kippir öllu til baka á gamlársdag, semur upp á nýtt við BSRB eftir áramót og færir þeim aðilum innan BSRB að vísu mismunandi miklar kjarabætur, en allt upp í það að „dekka" skerðinguna sem aðrir eiga að bera. Þar var kauphækkun á bilinu frá 3% og upp í milli 6 og 7%. Því hefur verið yfirlýst, þessar starfsaðfarir ríkisstj. leiða til þess, að þeir einu, sem á að skerða launin hjá samkv. brbl. og staðfestingu á þeim hér í Alþingi, eru félagar innan Alþýðusambands Íslands. Það á fyrst og fremst að skerða kjör hjá láglaunafólkinu. BSRB-fólkið fær vísitöluskerðinguna að hluta til bætta og sumt að langsamlega mestu leyti. Það má því í raun og veru segja að með þessum vinnubrögðum af hálfu hæstv. ríkisstj. hafi hún komið í bakið á Alþýðusambandinu, í bakið á launafólki innan Alþýðusambandsins. Einhverjir hefðu sagt undir svipuðum kringumstæðum, hefði Alþb. ekki verið innan ríkisstj. og slík vinnubrögð hefðu verið viðhöfð, að stjórnvöld hefðu rekið rýtinginn í bakið á alþýðusamtökunum. Það er ekki ólíklegt að slíkt orðbragð hefði verið viðhaft af einhverjum forustumönnum Alþb. innan verkalýðshreyfingarinnar eða á Alþingi. Ef þessi annars að nokkru leyti sæmilegi flokkur hefði verið utan ríkisstj. hefði þetta orðbragð verið notað.

Ég segi enn: Þegar menn velta fyrir sér þessum skoðunum, yfirlýsingum og vinnubrögðum er engin furða þó að æ fleiri innan þessa flokks lýsi yfir pólitísku náttúruleysi. Menn þurfa að þola mikið til að þola svona hringrás aftur og aftur, að það, sem menn lýsa yfir og lofa í kosningum í stjórnarandstöðu, éti þeir svo allt saman ofan í sig í stjórnaraðstöðu, enda hafa menn tekið eftir því, að önnur eru viðbrögð hjá verkalýðshreyfingunni nú en áður var.

Ég mæli ekki með því, að forustumenn í verkalýðshreyfingunni beiti hreyfingunni í pólitískum tilgangi. Þar á fyrst og fremst að vera í öndvegi fagleg barátta, en ekki flokkspólitískir gæðingar sem þar sitja að völdum og beita hreyfingunni eftir eigin geðþótta og flokksins. Því miður hefur það verið brennimark á forustumönnum Alþfl. í hreyfingunni að beita henni hvar og hvenær sem þeir hafa getað í flokkspólitískum tilgangi, burt séð frá hinum faglegu sjónarmiðum. Með þessa skoðun hlýt ég að sjálfsögðu að fagna því, ef hér er að verða breyting á af hálfu forustumanna í Alþb., ef þeir eru í raun og veru að mannbætast að því leyti að hafa sömu skoðun utan ríkisstj. og innan og taka faglega afstöðu, en ekki pólitíska. Ber að þakka það, en ekki lasta. En það er eftir að sjá framhaldið. Það er alveg öruggt að Alþb. á eftir að vera utan ríkisstj. Það er alveg klárt mál. (**Gripið fram í:** Og það lengi.) Og það lengi, segja sumir. (**GJG:** Það er nú langt þangað til.) Það getur aldrei orðið ýkjalangt þangað til. En þá á eftir að sjást hvort þessir annars sæmilegu einstaklingar, ágætir sumir hverjir, hafa þann manndóm til að bera að vera sjálfum sér samkvæmir og taka afstöðu innan hreyfingarinnar í ljósi faglegra staðreynda, en ekki flokkspólitískra sjónarmiða. Ef það verður væri vel, en ekkert hefur bent til þess enn og sporin frá fyrri tíð hræða, þannig að það er miklu líklegra, þó að ég vilji engu spá um það, að þegar að því kemur — það er enginn vafi að það gerist — að þessir sömu einstaklingar verða utan ríkisstj., þá taki þeir upp sömu flokkspólitísku vinnubrögðin og beiti hreyfingunni í flokkspólitískum tilgangi.

Það hlýtur að vekja nokkra athygli að hæstv. fjmrh. og raunar ríkisstj. öll sá ástæðu til að taka upp aftur á miðju samningstímabili samninga við BSRB, en það er ekki að sjá að þessi sama hæstv. ríkisstj. ætli að hreyfa hönd eða fót til að leiðrétta neitt hjá aðildarfélögum Alþýðusambands Íslands. Hún hefur vissulega til þess tækifæri. Nokkur aðildarfélög Alþýðusambands Íslands og Verkamannasambandsins semja beint við ríkisvaldið um launakjör sinna starfsmanna. Það væri ekki óeðlilegt, ef samhengi væri í þessu, ríkisstj. leiðrétti hjá þessum aðilum á sama hátt og gert var hjá BSRB. En það er greinilegt að núverandi stjórnvöld — Alþb. kannske fyrst og fremst — halda þeirri stefnu að hlúa fyrst og fremst að þeim aðilum sem eru skörinni ofar í launakjörum í þjóðfélaginu en hinn almenni verkamaður er.

Eins og menn muna fylgdi ýmislegt með almennu orðalagi í yfirlýsingu hæstv. ríkisstj. á gamlársdag og

brbl. — óskhyggja kannske sumt af því — um það sem gera ætti. Eitt af því var að skattar verði lækkaðir sem nemi 1.5%. Mér er tjáð að hæstv. fjmrh. hafi fjálglega lýst því yfir í umr. í Ed. fyrr í vikunni að þetta loforð væri búið að efna. Ég vil að það komi skýrt fram hér sem minn skilningur, að þegar ég er að tala um að lækka skatta á launafólki og þá fyrst og fremst á láglaunafólki er ég að tala um skattbyrðina, skattana sem heild, ekki einhvern hluta af sköttum. Með því, sem nú hefur verið lýst yfir af hálfu hæstv. ríkisstj. að verði skattalækkun, lækkar skattbyrði innan við 1% milli ára 1980 og 1981. Því fer víðs fjarri að fullnægt hafi verið því loforði hæstv. ríkisstj. í yfirlýsingu, sem fylgdi brbl., að lækka skatta á launafólki — fyrst og fremst þeim lægst launuðu — um a. m. k. 1.5%. Þar vantar æðimikið á enn. Það er auðvitað augljóst mál að það er ekkert vandamál að hækka skattana fyrst mikið frá því sem þeir voru til þess svo að geta lækkað eitthvað frá toppnum. Mér sýnist það einmitt það sem hér er verið að leika, verkalýðshreyfingin eigi að kaupa aftur og aftur hinar sömu skattalækkanir. Það er a. m. k. ekki sá skilningur sem ég hef lagt í kröfugerð verkalýðshreyfingarinnar um að skattar verði lækkaðir hjá launafólki. Það er skattbyrðin, það er pyngjan sem skiptir máli þar fyrst og fremst, eins og í öðru, og það er að því sem þarf að hyggja. Ég tel því, eftir þeim upplýsingum sem ég hef fengið og eftir því sem þetta mál blasir við mér og eftir þeim grundvallarskilningi sem ég legg í kröfugerð verkalýðshreyfingarinnar um að skattar verði lækkaðir, að ekki hafi verið fullnægt því loforði hæstv. ríkisstj. að skattar verði lækkaðir sem svarar 1.5% af launatekjum, þar þurfi nokkuð til viðbótar að koma til þess að það verði gert, auk þess sem ýmislegt annað er gersamlega óljóst í sambandi við framkvæmd á ýmsum yfirlýsingum í hinni svokölluðu efnahagsmálastefnu sem fylgdi brbl.

Það er svo auðvitað sérkapituli út af fyrir sig, sem ég skal ekki eyða löngum tíma í að ræða hér, hvernig að þessu *máli er staðið. Viku eftir viku og mánuð eftir* mánuð allt fram undir jól urðu hér ítrekaðar umr. um efnahagsstefnu hæstv. ríkisstj. og spurst fyrir um hver hún væri. Aldrei fengust neinar upplýsingar. Síðan er þing sent heim um 20. des. brbl. gefin út á gamlársdag. Þetta eru auðvitað ekki eðlileg vinnubrögð í lýðræðislandi, að stjórnvöld hagi sér með þessum hætti, hvaða stjórnvöld sem þar ættu hlut að máli. Auðvitað átti þingið að fá að fjalla um þetta, því að meiri hluti þingsins var hér staddur a. m. k. flesta daga milli jóla og nýárs ef ekki sjálfar hátíðarnar, til þess að komast að samkomulagi um þessi efni. Það eitt út af fyrir sig er ámælisvert að stjórnvöld skuli með þessum hætti taka í raun og veru valdið af Alþingi.

Eitt er það atriði sem tiltölulega lítið hefur verið rætt um í sambandi við þessi mál öll, og það er sú ákvörðun ríkisstj. að leyfa 10% hækkun á allri þjónustu ríkisstofnana áður en ráðstafanir hennar kæmu til framkvæmda. Skyldi þetta ekki hafa í för með sér einhverja kjararýrnun hjá launafólki almennt, a. m. k. 10% hækkun á allri vöru og þjónustu hjá ríkisstofnunum og allt yfir 20%, eins og hér hefur komið fram í umr., og tvöföld verðstöðvun í gildi? A. m. k. Alþýðusambandið hefur harðlega mótmælt þessu. Þar ofan í kaupið er með þessari ákvörðun gengið á gefin loforð, svikin gefin loforð við verkalýðshreyfinguna um ákveðna meðferð á hækkunum hjá ríkisstofnunum á ákveðnum tímum. Hér er auðvitað um að ræða beina kjaraskerðingu hjá launafólki áður en 7% kjaraskerðingin kemur til framkvæmda. Og ég segi enn og aftur: Mig undrar ekki þó að enn fleiri innan stjórnarliðsins fari að lýsa yfir pólitísku náttúruleysi að þurfa að búa undir þessu. Það kæmi mér ekki á óvart þó að þeim fjölgaði heldur af báðum kynjum sem lýstu því yfir. Það hlýtur að öllum líkindum að framkalla stórkostlegt pólitískt náttúruleysi að búa við slíkt sem hér um ræðir, yfirlýsingar og síðan í kjölfarið framkvæmdir þvert á gefnar yfirlýsingar. (**Gripið fram í:** Hvaða ofsi er þetta) — (**Fjmrh.:** Pólitískur kynofsi.) Pólitískur kynofsi, sagði hæstv. fjmrh. Hvar skyldi hann nú eiga upptök sín? Það er spurning sem hæstv. fjmrh. ætti að ýja að í sínum eigin flokki, hvar póltískt náttúruleysi eða pólitískur kynofsi á fyrst og fremst upptök sín. Ég fel hæstv. *fjmrh. að kanna hvar það hefur fyrst komið fram.*

Ég skal ekki, herra forseti, hafa um þetta öllu fleiri orð. En það er ljóst, að eftir að þessi brbl. voru gefin út getur ekki lengur sá pólitískur flokkur á Íslandi, sem lengst af hefur viljað vísa því frá að hann ætti hlut að skerðingu á löglega gerðum kjarasamningum, Alþb., skýlt sér á bak við slíkt. Það er staðreynd að nú liggur það ljóst fyrir, að hvað sem fyrri yfirlýsingum, hvað sem fyrri loforðum og hvað sem fyrri heitstrengingum líður, að Alþb. leggur til að breyta gerðum kjarasamningum með lögum, skerða löglega gerða kjarasamninga sem Alþb.-menn sjálfir töldu hógværa og allt í lagi með fyrir röskum tveimur mánuðum. Þarna má segja að sé kannske brotið í blað í íslenskri póltík. Menn geta villt á sér heimildir tímbundið á fölskum forsendum og með fölskum klæðaburði, en það er ekki hægt til lengdar. Kannske hefur þetta verið hægt á þeim tíma sem almenningur í landinu var ekki nægilega upplýstur, fjölmiðlar komu fréttum ekki nægilega vil til skila, en sá tími er liðinn. Nú er ljóst að þeir hinir sömu geta ekki lengur hafið sig undir þessum tilvitnuðu orðum, hvorki undir fölskum loforðum né öðru slíku. Alþb. er bert að því nú að hafa beinlínis forustu um að breyta þeim kjarasamningum *sem gerðir voru 27. okt. s. l.*

Ég skal ekki, herra forseti, hafa um þetta öllu fleiri orð. En það er ljóst að í þessu frv. til staðfestingar brbl. margnefndu er einvörðungu um að ræða skerðingu á launum frá því sem búið var að semja um. Þess atriðis þurfa hv. þm. að taka afstöðu til þegar þeir greiða atkv. um það frv. sem hér liggur fyrir, hvort þeir samningar, sem gerðir voru í lok okt., hafi verið með þeim hætti að þeir stefni þjóðarbúinu í voða og því beri brýna nauðsyn til, eins og hæstv. ríkisstj. orðar það, að rifta þeim með löggjöf. Það er það sem Alþb., Framsókn og sá hluti Sjálfstfl., sem í ríkisstj. er, leggja til. Á öðrum tímum hefur hinn hluti Sjálfstfl. lagt svipað til, þannig að þessir aðilar eru allir á sama báti að því er þetta varðar.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég vil gjarnan fá tækifæri til að gera örfáar aths. við það frv. sem hér er til umr. og fá tækifæri til að varpa fram nokkrum fsp. til hæstv. forsrh. og fjalla um málið að öðru leyti, enda er hér á ferðinni það mál sem snertir efnahagsaðgerðir ríkisstj. og telst til meiri háttar mála Alþingis á yfirstandandi þingi.

Mér þótti leitt að heyra það í hádegisútvarpinu í dag, að hæstv. forsrh. hefði haldið því fram að stjórnarandstaðan hefði hótað málþófi. Vonandi verður það ekki kallað málþóf þótt nokkrir þm. komi fram með sín sjónarmið í svo stórvægilegu máli. En fréttaflutningur Ríkis-

útvarpsins vakti kannske mesta athygli fyrir að þar kom ekki fram stærsta frétt dagsins í dag, — sú frétt sem ég hélt að miklu fleiri hefðu beðið eftir en frétt af fundinum á Akranesi, sem eflaust var góður, — en það er sú frétt, að í morgun lét hæstv. ríkisstj. frá sér fara ályktun í sambandi við togarakaup á Þórshöfn. Það hefði verið full ástæða að Ríkisútvarpið hefði sagt frá því og efni þeirrar ályktunar. En með það mál er nú farið með öðrum hætti en hingað til hefur verið gert. Það væri vissulega fróðlegt, ef hæstv. forsrh. hefði gefið sér tíma til að leggja fyrir þingið umbeðna skýrslu um það mál, þannig að það væri hægt að sjá og lesa það mál — ef ég má nota orðalagið — „í sögulegu samhengi“ þess.

Eins og hv. þm. vita var gert ráð fyrir að það mál, sem hér er til meðferðar, hefði greiðan gang í Nd. Alþingis og Alþingi fyrir mánaðamótin sem eru í lok þessarar viku. En vegna þess, að í fyrradag, við síðustu umr. í Ed., komu fram nýjar upplýsingar í skattamálum og varðandi tryggingabætur, og eins vegna þess, að hæstv. ríkisstj. hefur látið frá sér fara yfirlýsingu um vaxtabreytingar um næstu mánaðamót, hafa komið fram ný sjónarmið í þessu máli sem gera það að verkum að hv. fjh.- og viðskn. Nd. verður að sjálfsögðu að fá tækifæri til að skoða þau gögn, sem lögð hafa verið fram, en hafa ekki verið rædd í nefndum þingsins og hafa ekki verið sýnd í þingflokkum, en hafa hins vegar gengið á milli fárra útvalinna stuðningsmanna ríkisstj.

Í umr., sem áttu sér stað hér í gær, og í framíkalli hæstv. forsrh. undir ræðu formanns Sjálfstfl. var því haldið fram af hæstv. forsrh., að það hefði ekki verið ákvörðun hæstv. ríkisstj. að miða gengi íslensku krónunnar við dollarann frá áramótum. Er þetta að sjálfsögðu alveg ný yfirlýsing og dálítið merkileg með tilliti til þess, að það stendur skýrum stöfum í lögum um Seðlabankann að hann starfi í samræmi við stefnu ríkisstj. í gengismálum. Þetta þýðir m. ö. o. að annaðhvort hafa þessi boð komið frá ríkisstj. eða Seðlabankinn hefur valið þessa leið án þess að hafa samband við ríkisstj. Ég held að það, sem hafi gerst í þessu máli hafi verið að Seðlabankinn hefur auðvitað ákveðið þessa viðmiðun í því skyni að hjálpa ríkisstj. af tveimur ástæðum. Önnur ástæðan var sú, að fiskverð var ekki komið og það var auðvitað til bóta fyrir þá, sem sömdu um fiskverð, að hafa gengi dollarans fasta stærð. Eins byggist þessi ákvörðun á því, að því hafði verið spáð í Bandaríkjunum, bæði af fjármálamönnum og hagfræðingum, að gengi dollarans yrði stöðugt frá áramótum eða a. m. k., eins og það var orðað í ýmsum tímaritum, mundi gengi dollarans ekki hækka eftir áramót. En í Bandaríkjunum er kominn nýr valdhafi, jafnaldri núv. hæstv. forsrh., ágætur stjórnmálaskörungur og góður leikari, og hann sló kollega sínum hér á Íslandi heldur betur við því að hann styrkti með yfirlýsingum sínum og róttækum hugmyndum stöðu bandaríska gjaldmiðilsins með þeim hætti að við urðum að hverfa hér uppi á Íslandi til gömlu viðmiðunarinnar, sem auðvitað er eðlilegra að miða við, þ. e. meðalgengi. Þetta held ég að sé skýringin á því, hvers vegna dollarinn var valinn frá áramótum og hvers vegna horfið var frá þeirri ákvörðun nokkrum vikum síðar.

Mig langar til þess að gera eina formlega aths. við framlagningu brbl., þ. e. frv. til staðfestingar brbl. Þá aths. hef ég gert margoft úr þessum ræðustól. Hún er á þá leið, hvort ekki sé eðlilegra að hafa athugasemdir við einstakar greinar, eins og oftast er gert við stjfv. Hefði í þessu tilviki t. d. mátt fylgja skjal um efnahagsaðgerðir að öðru leyti, í stað þess að vitna beint í brbl. þannig að frv. verður tvítekning og ekkert annað. Þetta er ekkert nýtt fyrirbrigði. Þannig hefur verið farið að um áratugaskeið og sjálfsagt ætíð, en fyrir allan þann fjölda, sem les lagafrumvörp, væri til mikilla bóta að skýringar væru við einstakar greinar ef um frumvörp til staðfestingar á brbl. er að ræða rétt eins og um önnur stjfrv. Þetta er ekki mikilvægt atriði, en á það minni ég nú vegna þess að það er áreiðanlega öllum til góðs.

Í öðru lagi, sem eflaust má falla jafnframt undir formlegan þátt þessa máls, vil ég spyrja þeirrar spurningar, hvort ástæða hafi verið til að efna til efnahagsaðgerðanna með brbl.

Skipta má efni brbl. í fjóra meginflokka: í fyrsta lagi verðstöðvun, í öðru lagi vaxtaákvörðun, í þriðja lagi kaupskerðingu og í fjórða lagi frestun opinberra framkvæmda.

Hvað snertir verðstöðvunina hefur það margoft komið fram, að verðstöðvunarákvæði brbl. er nákvæmlega eins orðað og það verðstöðvunarákvæði sem í gildi var, að öðru leyti en því, að nú er sett inn dagsetningin 1. maí án þess að hæstv. ríkisstj. fáist til þess að svara því, hvað gerist eftir 1. maí, hvort gömlu lögin öðlist þá gildi, sem ég held að gerist ekki, eða verði felld úr gildi, og hvort verðlag verði þá gefið frjálst. Um þetta hafa ekki fengist skýr og greinargóð svör, en ég vænti þess, að hæstv. forsrh., nú þegar dregur að 1. mars og þetta tímabil er um það bil hálfnað, og skal ég þá ekki tala í nafni íslensku þjóðarinnar né heldur þingheims, heldur aðeins í mínu nafni, geti sagt okkur nokkurn veginn fyrir hvað gerist eftir tvo mánuði.

Um kaupskerðinguna er það að segja, að hún er það eina sem er krystaltært í brbl. Það er stórkostlegt fyrir starfandi sjálfstæðismenn að lesa Þjóðviljann — eitt helsta málgagn ríkisstj. — hæla forsrh. og taka við hann viðtal eftir viðtal um snilld hans við að koma þessum brbl. fram. Í slíku hóli og í slíkum viðtölum er Þjólviljinn að gera gífurlegt grín að sjálfum sér, því að snilld forsrh., sem vissulega er mikil, felst fyrst og fremst í því að hafa fengið Alþb. til að framkvæma aðgerðir sem Alþb.-menn sjálfir höfðu úthrópað þremur árum áður. Þá var núv. hæstv. forsrh. í Þjóðviljanum af núv. hæstv. félmrh. kallaður öllum illum nöfnum, sem ég þori ekki að viðhafa hér. Nú þremur árum síðar er hæstv. forsrh. kallaður hinn mesti snillingur fyrir að hafa komið fram slíkum aðgerðum. Ég skal taka undir það með Þjóðviljamönnum, að það þarf talsverða snilld til að fá þá Þjóðviljamenn og núv. ráðh., sem áður voru á Þjóðviljanum, til að éta allt þetta ofan í sig. Ég óska hæstv. forsrh. innilega til hamingju, því að það má segja að hann hafi þarna hefnt harma sinna og þeirrar ríkisstj. sem sat að völdum í febr. 1978.

Frestun opinberra framkvæmda hefur verið til umr. Það hefur margoft verið sýnt fram á að í raun og veru var í fjárlögum heimild fyrir fjmrh. til að skera niður um 3 gamla milljarða, en svo kemur hæstv. fjmrh. í Ríkisútvarpið og segir: Ja, 3 milljarðar og skera niður. Þetta er bara heimild. Það er bara heimild í brbl. að skera niður til að við getum, ef við þurfum á að halda einhvern tíma seinni hluta ársins, gripið til þessa ákvæðis. Ég er að gera aths. við þessi ummæli og þessa grein í brbl. vegna þess, og það er kjarni málsins, að þetta eru brbl. og samkv. íslensku stjórnarskránni á ekki að setja brbl. nema brýna

nauðsyn beri til. Og tökum nú eftir: Brýna nauðsyn ber til að fjmrh. geti hugsanlega á síðari hluta ársins frestað framkvæmdum um eitt eða tvö ár. Þetta stendur í þessum brbl. Og í brbl. stendur: Brýna nauðsyn ber til að halda áfram að hafa í lögum það sem stendur í lögum um verðstöðvun. Þetta er brýna nauðsynin. Og brýna nauðsyn ber til að segja á gamlársdag að kaupið eigi að skerðast 1. mars, alveg eins og Alþingi komi ekki saman á milli gamlársdags og 1. mars. Þetta eru spurningar sem ég vakti hér upp vegna þess að ég vonast til þess að formaður stjórnarskrárnefndar, sem situr að störfum, íhugi það rækilega, hvort ríkisstj. hafi farið rétt að og hvort ekki sé kominn tími til að stjórnarskrárnefnd íhugi gaumgæfilega breytingar á þessu ákvæði sem komi í veg fyrir slíka misnotkun. Ástæðan fyrir því, að löggjafarvaldið er ekki einungis í höndum löggjafans, sem venjulega er kallaður svo, þ. e. Alþingis, er sú, að þegar þetta ákvæði kom inn í stjórnarskrána var þinghald örfáir mánuðir annað hvort ár. Vegna samgönguskorts í landinu var ekki hægt að kalla þm. saman til fundar. Og nú spyr ég: Skyldu þm. hafa verið kallaðir til fundar milli jóla og nýárs? Var ekki alveg útséð um að samgöngur kæmu í veg fyrir að þm. gætu hist á milli jóla og nýárs, þegar til setningar brbl. var gripið? Ég veit ekki betur en allir þm. stjórnarinnar hafi verið kallaðir til Reykjavíkur og þeir hafi komið hingað nánast undanbragðalaust. Og ég er alveg handviss um að stjórnarandstöðuþm. hefðu á sama hátt getað komið til Reykjavíkur og þess vegna gat þinghald vel haldið áfram, eins og var bent á fyrir jól. Ég beini þess vegna þeirri vinsamlegu ábendingu til formanns stjórnarskrárnefndar, að hann íhugi hvort ekki sé ástæða til að breyta þessu ákvæði og koma á þeim vinnubrögðum í þessum efnum sem upphaflega var ætlast til, en þau voru auðvitað að löggjafarvaldið væri hjá svokölluðum löggjafa. Þetta veit auðvitað fyrrv. prófessor í stjórnskipunarlögum að byggist á þrígreiningu ríkisvaldsins.

Þetta er um hinn formlega þátt þessa máls. Það er vissulega sorglegt að sú hæstv. ríkisstj., sem mest hefur talað um að bjarga virðingu Alþingis og m. a. hefur lýst því yfir, að til hennar hafi verið stofnað til þess að bjarga virðingu Alþingis, skuli ekki virða Alþingi meira en svo að efna til setningar brbl. og senda stjórnarandstöðuþm. heim því að hinir voru kallaðir til Reykjavíkur. Á þetta minni ég nú því að í þessu felst ákveðin hætta fyrir lýðræðið. Hún felst í því, að ef ríkisstjórnir halda slíkum hætti áfram gerist það að þær grípa sífellt til þess ráðs að efna til brbl. á sumrin og í jólafríum til að hafa löggjöfina til þegar þing kemur saman. M. ö. o.: Þeir komast hjá því, ef stjórnin er veik á Alþingi, að þurfa fyrst í eigin flokkum að ná fram þessari löggjöf. Þetta þýðir m. ö. o. það, að stigið er ákveðið skref í þá átt að hafa Alþingi sem allra minnst á fundum. Með sama framhaldi þarf aðeins að kalla þing saman rétt eftir kosningar, mynda ríkisstj. og svo getur þingið farið heim. Ef stjórnin vill svo setja brbl. hringir hún í nokkra þm., sem eru tryggir stjórninni, mynda meiri hl., og lýsir yfir að nú sé þessi löggjöf tilbúin. Síðan er það samþ. í þingflokkum, löggjöfin tekur gildi og enginn hefur áhyggjur af lýðræðinu meir. En lýðræðið er meira en sá formlegi þáttur að ná meiri hl. á Alþingi. Lýðræðið felst nefnilega líka í því, að menn geti á hinu háa Alþingi haft áhrif á skoðanir hver annars. Það er mjög mikilvægur þáttur og gerir lýðræði á Vesturlöndum annað og gefur aðra og meiri merkingu lýðræðishugtakinu á Vesturlöndum en nokkurn tíma annars staðar þar sem mest er talað um lýðræði.

Hæstv. ríkisstj. setti í brbl. ákvæði um vexti, og eins og fram hefur komið er það eina ákvæðið sem þurfti atbeina löggjafans við, því að þar var um að tefla lagaatriði sem þurfti að breyta til að ná fram stefnumiðum ríkisstj. Breytingin var í því fólgin að breyta svokölluðum Ólafslögum þannig, að í fyrsta lagi yrði frestað um eitt ár að ná fram fullri verðtryggingu og í öðru lagi, að í stað þess að setja verðtryggingu á þriggja mánaða innlánsreikninga yrðu slíkir reikningar til sex mánaða. Þetta sagði hæstv. ríkisstj. að væri gert til að koma í veg fyrir vaxtahækkun, þetta væri gert til vaxtalækkunar. Mánuði síðar, þegar hinir verðtryggðu reikningar fóru að taka gildi, kemur auðvitað í ljóst að þessi ákvörðun ríkisstj. leiðir til vaxtahækkunar, einfaldlega vegna þess — og það vitum við sem erum að byggja og þurfum að kaupa húsnæði og fjöldi annarra sem stendur þannig á um, — að bankakerfið hefur sitt á hreinu. Ég get lýst því yfir eftir að hafa haft samband við bankastjóra hér í bænum og beðið um lán sem var til lengri tíma en til tveggja og hálfs árs, að engin önnur lán fást en svokölluð lánskjaravísitölulán. Það þýðir í raun að vextir hafa stórhækkað. Þetta kemur berlega í ljós í umsögn Seðlabankans, sem segir að verðbólgan verði 50% frá upphafi til loka þessa árs á meðan ríkisstj. sýni ekk einhverjar nýjar tillögur. Þessi útlán eru með 2.5% vöxtum. Það þýðir að vaxtakjörin eru í raun 53.75% á ári eins og þeir geta séð sem kunna fyrir sér í reikningi. Þetta hefur fulltrúi Seðlabankans staðfest og kom fram í svari hæstv. viðskrh. fyrir nokkru. Svokallaðir vaxtaaukareikningar, sem ríkisstj. talar mikið um að sé verið að lækka vexti á, slík lán fást ekki. Þess vegna eru það alger öfugmæli hjá hæstv. ríkisstj. að hún sé að lækka vexti. Hún ætlar sér að vísu að gera það 1. mars, lækka aðeins mun á innláns- og útlánsvöxtum af öðrum reikningum en þessum verðtryggðu, en hún gerir það auðvitað upp á þau býti að þjónustugjöld bankanna hækki á móti. Það er jafnframt staðfest og kemur fram í efnahagsáætlun ríkisstj. Það þýðir einfaldlega að sá, sem tekur lán úr bankakerfinu, þarf að borga nákvæmlega jafnmikið og áður. Það kemur nákvæmlega jafnmikið við pyngju hans og áður. Ég er ekki að segja þetta af því að ég sé á móti stefnunni sem þarna kemur fram. Hún er út af fyrir sig skynsamleg. Þetta er sama stefnan og Sjálfstfl., Alþfl. — og ef maður skildi rétt — Framsfl. þóttust vera að berjast fyrir fyrir síðustu kosningar. Ég er að benda á að það er ekki rétt af hæstv. ríkisstj. að segjast annars vegar vera að lækka vexti, en að gera það aðeins af lánum sem ekki fást, en að öðru leyti hækka stórlega vextirnir. Þetta þarf að koma skýrt og greinilega fram, þótt ég viti að allir þeir, sem þurfa að taka lán, verði varir við þessi vinnubrögð hjá bankakerfinu. Sá, sem í þessum stól stendur, hefur sjálfur prófað það með því að hringja í bankastjóra hér í bænum.

Eitt af helstu markmiðunum í efnahagsáætlun ríkisstj. í seinni tíð er að koma verðbólgunni niður í 40%. Fjárlögin eru byggð á grundvelli 42%, en nú hefur Þjóðhagsstofnun sagt að verðbólgan verði líklega 50—52% á þessu ári. Hæstv. ráðherrar Framsfl. hafa oftar en einu sinni sagt í blöðum að það þrufi að grípa til frekari aðgerða í því skyni að koma verðbólgunni niður í 40%. Og hæstv. forsrh. sagði í ræðu sinni hér í gær, að ríkisstj. væri að finna leiðir til að lækka verðbólguna og það ætti að gerast strax á tímabilinu 1. mars til 1. júní, sem í raun

er nú tímabilið 1. febr. til 1. maí. Hæstv. forsrh. sagði að það væri verið að vinna að þessu máli. Er eitthvað vitað til hvaða ráðstafana á að grípa? Að þessu er spurt vegna þess að ekki eru miklir möguleikar á að grípa til annarra ráðstafana, a. m. k. hjá þessari hæstv. ríkisstj., nema hún gerbreyti um stefnu, en í fyrsta lagi að skerða launin, eins og hún hefur gert, eða í öðru lagi að skera verulega niður ríkisútgjöldin, eins og hún hefur ekki þorað að gera. (Gripið fram í.) Ég veit að hæstv. forsrh. heyrir svo vel að hann getur bæði talað og hlustað í senn.

Með brbl. fylgdi svokölluð efnahagsáætlun, og í þessari efnahagsáætlun er minnst á að ríkisstj. muni stefna að því í áföngum að veita greiðslufrest á tollum. M. ö. o.: ríkisstj. hyggst taka upp svokallaða tollkrít. Mér er það mikið ánægjuefni að ríkisstj. skuli nú ætla að vinna að þessu máli, ekki síst vegna þess að í umr. á hv. Alþingi s. l. vor kom það greinilega fram hjá hæstv. forsrh., að hann ætlaði að leggja fram frv. um þetta mál s. l. haust. Ef ég má — með leyfi forseta — lesa örstutt ummæli hæstv. forsrh., þá eru þau á þessa leið:

„Allt frá því ríkisstj. var mynduð hafa tillögur og hugmyndir um greiðslufest á tollum og einföldun á tollmeðferð vöru verið til athugunar. Ráðuneyti, sem þetta mál snertir, hafa unnið að þessu og viðræður farið fram um málið milli ráðherra. Í stjórnarsáttmálanum eru ákvæði þess efnis að greiða fyrir hagkvæmum innkaupum til lækkunar á vöruverði.

Greiðslufrestur á tollum eða tollkrít, eins og það er kallað, gæti haft marga kosti, svo sem minnkun geymslukostnaðar og vaxtakostnaðar. Það ætti að hafa áhrif til lækkunar á vöruverði. Einnig gæti tollkrít örvað hagkvæm innkaup á vöru. Um verulegan sparnað fyrir þjóðarbúið gæti því verið að ræða af slíku fyrirkomulagi. Atriði, sem þarf að kanna rækilega, eru m. a. áhrif tollkrítar á fjárstreymi úr ríkissjóði. Sumir telja, að ríkissjóður yrði fyrir skammtímatapi þegar slíkt kerfi væri innleitt, og einnig, að hugsanleg séu þensluáhrif af völdum greiðslufrests á tolli. Að lokinni nákvæmri athugun á því, hvernig best verði að þessu máli staðið til þess að forðast neikvæðar hliðarverkanir, ætti málið að liggja ljóst fyrir þegar þing kemur saman að nýju í haust.

Ég er því fylgjandi að þessu frv. verði vísað til 2. umr." o. s. frv.

Þetta er ræða hæstv. forsrh. vegna till. frá mér og nokkrum öðrum þm. Sjálfstfl. og Alþfl. um tollkrít. Sú till. hefur verið endurflutt á þessu þingi og málið liggur hjá nefnd. Ríkisstj. gefur út ný loforð, en ekkert heyrist meira af málinu. Ég hirði ekki um, vegna fjarveru hæstv. fjmrh., að lesa hans jákvæðu umsagnir um þetta mál. Það er kominn tími til, að mínu viti, að hæstv. forsrh., sem ég veit að fylgir þessu máli, segi frá því hvenær — ég ætlaði að segja í haust, en við skulum segja á þessu þingi — við megum eiga von á þessu frv. Að þessu er spurt vegna þess að ekki sýnist vera gert ráð fyrir því í fjárlögum íslenska ríkisins að um skammtímatap af tolltekjum verði að ræða.

Hæstv. ríkisstj. setti sér ákveðin og skelegg og skýr markmið í upphafi stjórnarferilsins. Í svokölluðum stjórnarsáttmála ríkisstj. segir m. a., að ríkisstj. muni vinna að hjöðnun verðbólgu þannig að á árinu 1982 verði verðbólgan orðin svipuð og í helstu viðskiptalöndum Íslendinga. 1982, það ár, hefst við lok ársins 1981, sem er yfirstandandi ár. Þetta þýðir það, að því er einn af hv. þm. Framsfl. hefur sagt, að verðbólgan þurfi að vera komin niður í 19% um næstu áramót. Í stjórnarsáttmálanum er talað um samstarf og samráð. Þá er enn fremur sagt í stjórnarsáttmálanum að sett verði ákveðin tímamörk í samræmi við niðurtalninguna á árinu 1981. Þessi tímasettu mörk hafa hvergi komið fram, enda hefur hæstv. ríkisstj. hopað af hólmi. Hún þorir ekki lengur að láta hafa eftir sér neinar tölur, enda hefur hún brennt sig stórlega á slíkum talnaflækjum. Eins og menn muna urðu um það umr. í hv. Ed. á síðasta þingi hver verðbólgan yrði á því ári. Hv. þm. Lárus Jónsson hélt því fram, að verðbólgan færi upp í 55%, en hæstv. forsrh. staðhæfði, að verðbólgan yrði 31%. Ég hygg að flestir viti nú hvor hafði rétt fyrir sér.

Ég minni á þennan stjórnarsáttmála hér til þess að það komi ekki fyrir að einhver haldi að ríkisstj. hafi í raun ætlað að efna til aðgerða án samráðs við launþega til að ná því einasta markmiði að halda verðbólgunni í 50%, sem hún hefur verið undanfarin tvö ár, en slíkt mætti ætla af ummælum hæstv. ráðh. í sambandi við brbl.

Í þessum umr. öllum hefur talsverður tími farið í skattamál. Við 3. umr. í Ed. lýsti hæstv. fjmrh. því yfir, að skattar yrðu lækkaðir um 10 milljarða. Miðað við hvað? Miðað við s. l. ár? Nei, miðað við skattana eins og hæstv. ríkisstj. ætlaði að hafa þá á yfirstandandi ári. Skattahækkun í gömlum krónum á fjárlagagrundvellinum er 24 milljarðar gkr. Nú á að slaka út 10 milljörðum, en 14 milljarða skattahækkun stendur eftir. Hvað kallar hæstv. ríkisstj. þetta? Gífurlega skattalækkun, alveg með sama hætti og hún kallar það mikla verðbólguhjöðnun að hafa komið í veg fyrir að verðbólgan færi upp í 70 — 80% í lok þessa árs. Þannig er rökstuðningurinn í þessu máli. Á þetta þarf auðvitað að leggja mikla áherslu, einkum og sér í lagi vegna þjónkunar verkalýðsforingjanna við hæstv. ríkisstj.

Hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson var einn af þeim fjórum vitringum og spekingum sem kallaðir voru til hæstv. fjmrh. til að leggja blessun sína yfir tillögur ríkisstj. Ég hlakka til að sjá hv. þm. Guðmund J. Guðmundsson koma hér í pontu og lýsa yfir að 14 milljarða skattahækkun á milli ára á föstu verðlagi sé til hagsbóta fyrir almenning og launþega í landinu. Ég hlakka til að heyra það. (**GJG:** Vill þm. endurtaka það?) Vegna sérstakrar beiðni hv. þm., sem af einhverjum ástæðum virðist þurfa að fá kennslu í þessu, skal ég endurtaka þetta og gera það eins hægt og rólega og mér er unnt: Hæstv. ríkisstj. hækkar skatta á föstu verðlagi á milli ára um 24 milljarða gkr. a. m. k. Hún lofar síðan að hætta við að hækka skattana nema um 14 milljarða og segist hafa lækkað þá um 10 milljarða. Síðan er kallað á fjóra spekinga og þ. á m. hv. þm. Guðmund J. Guðmundsson, varaformann Dagsbrúnar í Reykjavík, sem er þm. sem spurði, ef hann skyldi ekki átta sig á því. Hann leggur blessun sína á þessa svokölluðu skattalækkun. Ég hlakka þess vegna til þegar hann kemur hér í ræðustól á eftir og skýrir það út fyrir mér og öðrum hvernig þetta getur verið lækkun á sköttum fyrir almenning og launþega. (**Forseti:** Ég má til að biðja hv. ræðumann um að gera hlé fljótlega á ræðu sinni.) Ég er alveg, herra forseti, að ljúka máli mínu og tel mig geta gert það um það bil er klukkan slær fjögur.

Ég ætla ekki, herra forseti, að fjalla efnislega frekar um þetta mál. Ég vil aðeins taka það fram, að við stjórnarandstöðuþm. höfum ekki í hyggju að tefja afgreiðslu þessa máls fyrir mánaðamót. Það kemur ekki til greina af

okkar hálfu. Við viljum þvert á móti fá að koma skoðunum okkar á framfæri. Við teljum að nefndarstörf geti farið fram í kvöld og í fyrramálið og hægt sé að taka þetta mál til afgreiðslu á morgun.

Það þarf að svara ýmsum spurningum í hv. fjh.- og viðskn. Ég leyfi mér að vísa eftirfarandi spurningum til þeirrar nefndar, því að ég veit að formaður n., hv. þm. Halldór Ásgrímsson, hefur ávallt verið allra manna fúsastur til að viðhafa vönduð vinnubrögð. Það þarf að fá vegna breyttra forsendna og nýrra atriða, sem fram hafa komið, eftirfarandi upplýsingar: Upplýsingar um breytingu á skattbyrði vegna hugmynda fjmrh. sem hann setti fram í fréttatilkynningunni 24. febr. Í öðru lagi vantar upplýsingar um breytingu skattbyrði milli ára og raungrunn fyrir og eftir hugmynd um þessar breytingar og þá á að miða annars vegar við skattvísitöluna 145 og að tekjubreytingar á milli ára séu 51 — 52%. Í þriðja lagi vantar upplýsingar um kaupmátt tekjutryggingar og heimilisbóta 1. mars frá því að ríkisstj. tók við, frá 1. febr. 1980. Það þarf í fjórða lagi að fá upplýsingar um skerðingu almenns elli- og örorkulífeyris 1. mars í krónum talið, annars vegar samkv. Ólafslögum og hins vegar samkv. brbl. Í fimmta lagi vantar upplýsingar um kaupmátt almenns elli- og örorkulífeyris frá því að ríkisstj. tók við. Í sjötta lagi vantar upplýsingar um skerðingu almennra verkamannalauna 1. mars, miðað við framfærsluvísitölu annars vegar og ákvæði brbl. hins vegar. Í sjöunda lagi þarf að fá útreikning Alþýðusambands Íslands um „slétt skipti" launþega í kaupmætti fyrir og eftir brbl. Í áttunda lagi þarf nefndin að fá viðtal við Ásmund Stefánsson, Björn Þórhallsson, Jón Helgason og hv. þm. Guðmund J. Guðmundsson um samkomulag við fjmrh. Það þarf að spyrja þeirrar spurningar, hvort þetta samkomulag sé endanlegt. Hefur miðstjórn Alþýðusambandsins samþykkt þetta samkomulag? Eiga samráðin í framtíðinni að vera með þessum hætti? Loks væri gott í níunda lagi að fá viðtal við bankastjóra, t. d. Jóhannes Nordal og Helga Bergs, út af því sem hefur verið kallað „lækkun vaxta", til þess að spyrja þá hvort lán á borð við þau, sem lækkun vaxta tók til, séu yfirleitt á boðstólum. Ég veit að það er mikil eftirspurn eftir þeim.

Ég hef minnst hér á örfá atriði sem þarf að fá leyst úr. Þessi atriði eru öll til. Það þarf ekki að vinna þau. Þau eru örugglega til því að annars væri ekki búið að taka ákvörðun.

Herra forseti. Ég vonast til þess, að hæstv. forsrh. hafi tækifæri til að svara þeim spurningum sem ég hef beint til hans. Ég vænti þess enn fremur, að hv. fjh.- og viðskn. taki til athugunar þau atriði, sem ég hef drepið á, í þeirri umfjöllun sem fer fram væntanlega á eftir, í kvöld og í fyrramálið í hv. nefnd.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Mér skildist á hádegisútvarpinu í dag að hæstv. forsrh. væri mjög í mun að heyra hvað flokksbræður hans hér í deildinni segðu. Í gamalli vísu segir:

Hrekkja spara má ei mergð,
manneskjan skal vera
hver annarrar hrís og sverð,
hún er bara til þess gerð.

Þegar maður rifjar upp stjórnmálaþróunina hér á landi s. l. þrjú ár og hvernig viðsjár hafa aukist, ekki aðeins í þeim þrönga heimi, sem er hér inni á Alþingi, heldur líka í heimi fjölmiðlunar hér á landi og innan verkalýðshreyfingarinnar, þá er ekki kynlegt þótt vísa af þessu tagi komi upp í hugann.

Ég hygg einnig að það hafi vakið athygli afskaplega margra manna, hvað það var sem Eysteinn Jónsson, sá gamalreyndi stjórnmálamaður lagði mesta áherslu á þegar hann var spurður um skoðanir hans á þingræðinu í landinu og hvaða breytingar væri æskilegt að gera til að treysta það. Eysteinn Jónsson sagði þá, að við þyrftum að treysta og styrkja stjórnmálaflokkana. Hann undirstrikaði að lýðræði og þingræði gæti ekki haldist í landinu nema þessar stofnanir fólksins hefðu sterka innviði, þessar stofnanir væru lausar við spillingu og að þeir menn, sem þar hefðu valist til mests trúnaðar, vildu axla þá byrði, sem því fylgir að komast til hárra metorða í skjóli fjöldans, og freistuðust ekki til þess eftir á að sigla beggja skauta byr á fölskum forsendum.

Eysteinn Jónsson, sá gamli stjórnmálamaður, mátti reyna það í upphafi síns stjórnmálaferils að Framsfl. klofnaði og var raunar við það að klofna aftur í þann mund sem hann varð fyrst ráðh. Hans fyrstu verk í stjórnmálabaráttunni beindust að því að treysta innviði Framsfl. Eysteinn setti síðan mikið svipmót á störf Alþingis, barðist trúlega og trúverðuglega fyrir sínum skoðunum á því, hvernig þingtími ætti að lengjast og bæta ætti stöðu alþm. Það var eftirtektarvert, þegar hann komst á sjötugsaldurinn, hversu umhugað honum var um að skilja vel við sinn flokk og sína samherja. Síðustu störf hans á Alþingi voru einmitt í því fólgin að treysta innviði Framsfl., efla ungan mann í flokki sínum til dáða, og kaus hann það fremur en að þjóna hégómagirnd sinni eða metnaðargirnd.

Ég hygg að það hafi vakið mikla eftirtekt á sínum tíma þegar faðmlögin heitu urðu fyrir rúmu ári milli hæstv. forsrh., hæstv. viðskrh. og hæstv. sjútvrh., í þann mund sem þeir undirskrifuðu leyniplaggið sem Alþingi má ekki einu sinni fá nasasjón eða nasaþef af. Í Hávamálum segir:

Eldi heitari
brennur með illum vinum
friður fimm daga,
en þá slokknar,
er hinn sétti kemur,
og versnar allur vinskapur.

Það er enginn vafi á því, að mörgum hafi komið þetta í hug þegar þeir hafa m. a. hlýtt á ástarjátningar hæstv. félmrh. og hæstv. forsrh. En þeirra viðskipti eru ekki ný. Á sínum tíma, þegar hæstv. félmrh. var ritstjóri Þjóðviljans, á árinu 1975, þá á vordögum, setti hæstv. þáv. félmrh. og núv. forsrh. brbl. þar sem verkföll voru bönnuð í ríkisverksmiðjum. Þá skrifaði þáv. ritstjóri Þjóðviljans, Svavar Gestsson, leiðara, hinn 31. maí, sem bar fyrirsögnina: „Ólög að engu hafandi", en þar segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Og enn, 1975, reynir afturhaldsstjórn að brjóta verkalýðshreyfinguna niður, því þótt verkfallsbanninu sé beint gegn verkfallinu í ríkisverksmiðjunum er hér um að ræða tilraun ríkisstj. til þess að mylja niður þá samstöðu, sem skapast hefur innan verkalýðshreyfingarinnar, í því skyni að veikja slagkraft hennar í komandi átökum um almennt kaup og kjör fólksins í landinu. Í þetta sinn er það Gunnar Thoroddsen, einn misvitrasti foringi Sjálfstfl., erindreki auðmannastéttarinnar í landinu, sem forustuna hefur. Honum fylgja eins og druslur tveir ráðh. Framsfl., sem alltaf og ætíð gegna fyrirskipunum íhalds-

ins og unnt er að etja á hvaða forað sem er hvenær sem er. Ekki er minnsti vafi á því, að þessi brbl. Gunnars Thoroddsens eiga fullri andstöðu að mæta meðal flestra fylgismanna Sjálfstfl., þannig að það er alveg víst að það er enginn þjóðarmeirihluti á bak við lögin, aðeins brotabrot þjóðarinnar gæti sætt sig við slíka óhæfu, örfáir ófyrirleitnustu spámenn íhaldsins."

Enn fremur skrifaði þáv. ritstjóri Þjóðviljans, Svavar Gestsson, af þessu tilefni um núv. hæstv. forsrh. með leyfi hæstv. forseta:

„Samningaviðræður voru í eðlilegu horfi þegar gerðardómslögin voru sett. Samningafundur hafði staðið alla liðlanga nóttina, en upp úr kl. níu tilkynnti sáttasemjari, Logi Einarsson, öllum að óvörum að samningafundinum væri lokið. Hafði þó verið gert ráð fyrir því af hálfu sáttasemjara nokkrum klukkustundum áður að samningum yrði fram haldið uns sæist fyrir endann á þeim. Gunnar Thoroddsen félmrh. ákvað hins vegar að nota aðstöðu sína, meðan Geir Hallgrímsson var erlendis, til þess að gefa út brbl., burt séð frá því ástandi sem var í samningunum, til þess að upphefja sjálfan sig þær örfáu klukkustundir sem hann átti eftir að sitja í embætti forsrh. í fjarveru Geirs."

Enn fremur segir í Þjóðviljanum hinn 3. júní, að vísu ekki eftir núv. hæstv. félmrh. að því sinni, með leyfi hæstv. forseta:

„Og Gunnar Thoroddsen var auðvitað áfjáður að vinna þetta verk meðan hann sat í þeim stóli sem hann telur sér einum sæma, á hægindi forsrh."

Það dylst engum manni, sem heyrir þennan vitnisburð í Þjóðviljanum um núv. hæstv. forsrh., að sú heita vinátta, sem tekist hefur með þeim mönnum sem nú hvíslast á, er algerlega ný af nálinni, kemur algerlega á óvart, en nærist á því að koma fyrrverandi samherjum hæstv. forsrh. á kné. Og það, sem gerir auðveldara en ella að brjóta niður einkaframtakið í landinu, er það, að nú er stimpill varaformanns Sjálfstfl. á aðgerðum vinstri stjórnarinnar og það eru sumir — því miður — svo skyni skroppnir að þeir líta aðeins á stimpilinn. Það er t. d. ekki ónýtur stimpill á því plaggi, sem ég held hér á, sjálft skjaldarmerki Íslands, og á því stendur: Fréttatilkynning frá ríkisstj., dags. 12. nóv. 1980, útgefin af forsrh., sem ég ætla að lesa, með leyfi hæstv. forseta:

„Vísitala framfærslukostnaðar hækkaði um 10.86% frá ágústbyrjun til októberloka samkv. niðurstöðum Hagstofu Íslands og Kauplagsnefndar í dag. Verðbólgan hefur því verið um 51% á ársgrundvelli síðustu þrjá mánuði. Verðbólgan var um 61% frá upphafi til loka árs í fyrra og um eða yfir 60% á þeim tíma er núv. ríkisstj. var að hefja störf. Verðbólgan hefur þannig hjaðnað úr rúmlega 60% í 51% á starfstíma ríkisstj. reiknað á ársgrundvelli. Ríkisstj. mun vinna að áframhaldandi hjöðnun verðbólgu á næstu misserum og stuðla að því að tryggja sem best kaupmátt launa."

Svo mörg voru þau orð. Ég ætla ekki að spyrja hæstv. forsrh. hvað hafi gerst frá þeim tíma sem hann gaf þessa fréttatilkynningu út og hélt jólakökuveisluna uppi í forsrn. með blaðamönnunum til að segja þeim ósatt fram að áramótum. Allur þingheimur, allur landslýður vissi á sömu stundu og þessi fréttatilkynning var gefin út að þar var að hefjast eitt mesta sjónarspil í stjórnmálasögunni á síðustu misserum, mesta verðbólguæðið var að hefjast. Og á sama tíma og verðbólgan gaus upp úr öllum hæðum, 80 — 90 — 100% á næstu tveim mánuðum, gefur hæstv. forsrh. út fréttatilkynningu um að hann hafi komið verðbólgunni niður. Hann gefur það í skyn. Og ef hann var búinn að koma verðbólgunni niður í 51% á ársgrundvelli 1. nóv. 1980 og úr því að hæstv. ríkisstj. hafði tök á þessu öllu saman, af hverju þurfti hann þá að koma fram fyrir þjóðina 31. des., skírskota til orða hreinlynds manns, Einars Benediktssonar, og segja: „Vilji er allt sem þarf," ef erindið þá var það að taka tíundu hverja krónu úr vasa hvers einasta launamanns á landinu til að reyna að halda verðbólgunni einhvers staðar milli 50 og 60%, að hún færi ekki miklu hærra?

Á sínum tíma, þegar stjórnarmyndunarviðræður stóðu yfir fyrir rúmu ári, var reynt að gera lítið úr orðum okkar: „Leiftursókn gegn verðbólgu," og sagt að á bak við það stæði löngun til að búa til atvinnuleysi, til að skerða kaupmátt verkafólksins. Við sjálfstæðismenn, sem störfum samkv. samþykktum okkar flokks og virðum þær leikreglur, sem við höfum sjálfir sett okkur, sögðum í ársbyrjun 1980: Það er ekki svigrúm til grunnkaupshækkana á árinu 1980. Ef verkalýðshreyfingin vill geta menn náttúrlega haldið samningaviðræðum gangandi, en ef menn raunverulega vilja koma verðbólgunni niður verða þeir að fallast á þá grundvallarstaðreynd, að svigrúm til grunnkaupshækkana er ekki til. — Það vildi enginn maður í þingflokki Sjálfstfl., fyrir utan þá sem styðja núv. hæstv. ríkisstj. eða sitja í henni, gefa þjóðinni falskar vonir um það fyrir rúmlega ári að það væri hægt að semja um grunnkaupshækkanir á árinu 1980 og bæta kjörin með þeim hætti. Þetta var á þeim tíma sem formaður Verkamannasambandsins talaði um það ásamt hæstv. félmrh., sem ég hygg að sé kominn út úr húsinu, að undir engum kringumstæðum mætti skerða kaupmáttinn. Síðan fór í hönd margra mánaða samningaþóf. Hæstv. ríkisstj. reið á vaðið með verulegar grunnkaupshækkanir, sem voru miklu meiri en þær sýndust vera ef menn gá að því, hvernig starfsmannafjöldi ríkisins og starfsmannafjöldi innan Alþýðusambands Íslands dreifist eftir störfum, eins og mönnum er kunnugt. Þegar þessir samningar höfðu verið gerðir voru gerðir samningar á hinum almenna vinnumarkaði, sem fólst í um 10% kauphækkun. Í millitíðinni hafði hæstv. forsrh. lýst yfir að samningarnir, sem gerðir voru við opinbera starfsmenn, væru innan þess ramma sem efnahagskerfið þyldi, og það voru ýmsir launamenn, láglaunafólk í landinu, sem trúði því að forsrh. meinti það að hann vildi koma til móts við þess þarfir. En afmælisræðan var haldin og í henni var þetta kjarni málsins: Við ætlum að taka til baka hverja einustu krónu, sem samið var um við Alþýðusambandið, og heldur meira en við sömdum um við BSRB. Mennirnir, sem sögðu við hv. 1. þm. Reykv. á árinu 1978 að það væru svik, það væri siðferðilega rangt af ríkisstj. að rifta samningum sem hún hefði sjálf gert, og áttu þá við samningana við opinbera starfsmenn á haustmánuðum 1977, — sögðu að það væri siðferðilega rangt, — sömu menn sitja nú hér í þingsölum og eru reiðubúnir að greiða atkv. með því að rifta samningum um kauphækkun sem eigin ríkisstj. þeirra reið á vaðið með. Og ef menn halda að það sé einhver vegur að telja ungu fólki trú um að lýðræðið sé betra þjóðskipulag en annað þjóðskipulag, að einhver trygging sé í þingræðinu fyrir unga fólkið til þess að eignast betri veröld, sækja fram á veginn, þá getum við a. m. k. ekki bent þessu unga fólki á þá menn sem stjórna landinu núna og fóru bakdyramegin inn í Stjórnarráðið, og við getum

ekki heldur sagt við þetta unga fólk að það, sem sagt sé við það í ríkisfjölmiðlum, sé þann veg vaxið að það sé traustvekjandi. Það er jafnvel orðið að fréttaefni að hæstv. forsrh. bregði sér upp á Akranes, en hitt ekki, að með því komi hann í veg fyrir, með þessu þarflausa flakki upp á Skaga, að hægt verði að afgreiða frv., sem hér liggur fyrir, með eðlilegum hætti.

Það þarf vissulega að gera úttekt á því, hvaða áhrif fjölmiðlar hafa í þessu landi, og það þarf ekki síður að gefa gaum að því, hvernig t. d. pantaðar skoðanakannanir eru fjármagnaðar og hverjir við þær vinna, því að svo mikið veit ég um þau efni að þessar svokölluðu skoðanakannanir, sem gerðar hafa verið hér á undanförnum misserum, svara ekki þeim lágmarkskröfum sem til slíks eru gerðar í menningarlöndum. Væri þarflegt að setja lög um þau efni til þess að menn losni við þennan óskapnað.

En svo er það í þriðja lagi sjálf verkalýðshreyfingin. Það eru ekkert litlar tekjur sem renna í hennar vasa yfir árið — eða hvað skyldu menn í verkalýðshreyfingunni hafa til ráðstöfunar um ársins hring? Ætla má að á s. l. ári, ef ég man rétt, hafi launatekjur verið einhvers staðar um 1500 milljarðar kr. Það þýðir þá að það skiptir milljörðum sem til verkalýðshreyfingarinnar rennur. Ég þori ekki að nefna tölur um heildargreiðslur, en algengt er að 1% af launum sé tekið í félagsgjöld. Það er ekki mælt í þúsundum kr. eða milljörðum sem til verkalýðshreyfingarinnar rennur. Nú skulum við aðeins athuga hvernig hún stendur sig.

Ég hef hér fyrir framan mig fréttabréf Alþýðusambands Íslands, sem út var gefið á árinu 1978, og fréttabréf Alþýðusambands Íslands, sem út hefur verið gefið á þessu ári. Á þessu ári eru það tveir sneplar. Efnisyfirlit er hér að vísu. Ályktun um efnahagsráðstafanir ríkisstj. frá 30. jan. s. l. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórnvöld hafa nú ákveðið með lögum að skerða verðbætur hinn 1. mars n. k. um sjö prósentustig. Með því er gengið þvert á mikilvæg samningsákvæði, sem eitt sér er fordæmanlegt. Á móti þessu kemur ákvörðun um að síðar á árinu verði ýmsir skerðingarliðir verðbótavísitölu afnumdir og skattar lækkaðir um 1.5% á meðaltekjum og lægri. Ríkisstj. telur að þegar tillit sé tekið til þess, að verðbólga muni minnka úr 70% í innan við 50% nægi þessar gagnráðstafanir til þess að halda þeim kaupmætti sem yrði ef ekkert væri að gert.

Í aðgerðum stjórnvalda er ýmislegt óljóst og niðurstaða því óviss. Þetta á enn frekar við um þau atriði sem til lengri tíma lúta, og af öllu er ljóst, að aðgerðirnar eru tilraun til þess að vinna tíma til varanlegrar stefnumótunar.

Alþýðusambandið hefur á allan fyrirvara um þessar ráðstafanir stjórnvalda og áskilur sér fyllsta rétt til nauðsynlegra aðgerða til þess að tryggja umsaminn kaupmátt. Samtökin ítreka, að jafnmikilvægt og það er að draga úr verðbólgunni er nauðsynlegt að sjá svo um að atvinnuöryggi og kaupmætti fólks með meðaltekjur og lægri verði ekki fórnað. Miðstjórn Alþýðusambands Íslands leggur á það höfuðáherslu, að staðið verði við þá yfirlýsingu að kaupmáttur haldist óskertur, og er ljóst að til þess að ná þeim árangri í þróun verðlagsmála, sem að er stefnt, verður fleira að koma til en þær ákvarðanir varðandi launa- og gengismál sem þegar hafa verið teknar. Verðlagi verður að halda í skefjum. Miðstjórn Alþýðusambands Íslands leggur áherslu á að hraða verður ákvörðunum um framkvæmd aðgerðanna jafnt til langs og skamms tíma, og þess verður að krefjast, að verkalýðssamtökin fái aðild að undirbúningi þeirrar ákvarðanatöku þegar á frumstigi, þannig að boðað samráð verði framvegis meira en orðin tóm."

Svo mörg voru þau orð. Síðan er hér ályktun um hækkun opinberrar þjónustu, ályktun um samningamál sjómanna, ályktun um úrskurð Kjaradóms, útgáfa bæklings um vinnuvernd, svo er eitt sem heitir Krían, ný stjórn MFA, Thorstein Bergman á Íslandi, og efni bréfs sem kom út 20. febr. s. l. er hvíldarákvæði vinnuverndarlaganna, verðbætur á laun 1. mars 1981. Og nú skyldi maður verða forvitinn. Hvað skyldi standa um það? Þá er það bara fréttatilkynning, bara útreikningur og tölur. Nefnd um lánaþörf og lánveitingar, nefnd um dagvistunarmál, — kannske fyrir þreytta verkalýðsleiðtoga, — skólanefnd Tækniskóla Íslands, miðstjórnarnefnd um efnahagsmál, MFA, námskeið um skrifstofuhald stéttarfélaga, norræni MFA-skólinn. Meira er það nú ekki.

Ef menn kynna sér hvað Verkamannasamband Íslands hefur gefið út á þessu ári af VMSÍ-fréttum, þá hefur ekki eitt einasta blað komið út. En það var nokkuð öðruvísi að verki staðið 1978. Fyrirsögn þá er: „Ólögin" — og fjallað hér um, ef ég man rétt, útflutningsbannið líka og annað eftir því. Þá þótti hv. 7. þm. Reykv. þörf að sýna dugnað í sínu starfi, efna til ólöglegs verkfalls, sem hann hefur í gæsalöppum, 1. og 2. mars. Ég man eftir að hann sendi framkvæmdastjóra sinn norður til Akureyrar þá til að undirbúa þetta ólöglega verkfall — og hann hélt sig ríkmannlega. Ég hitti þennan sama framkvæmdastjóra fyrir norðan í febrúarmánuði s. l. Ég held að þar hafi verið einhvers konar námskeið, sem Verkamannasambandið ætlaði að halda, um fundarsköp.

Hér er útflutningsbannið. Hér er það bara á forsíðu 1978. Þannig var nú staðið að þessum málum þá. Og það var ekki aðeins að skrifað væri mikið og menn væru sendir út um allt land. Það voru send línurit, eins og þetta hérna, þar sem var sýndur kaupmáttur í des. 1977 — des. 1978 stendur hér, — svo er sýnt hvernig kaupið hefði orðið ef skerðingarlögin hefðu ekki orðið og hvernig kaupið yrði af því að það var vond ríkisstj. í landinu. Hér stendur undir, með leyfi hæstv. forseta: „1. des. 1978 yrði kaupmáttur 8% lægri en 1. des. 1977" — 12% lægri en samkv. samningi í des. 1978.

Þennan sama vetur gáfu launþegasamtökin: Alþýðusamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Samband ísl. bankamanna og Bandalag háskólamanna — út í tveim litum a. m. k. dreifibréf sem hét: „Hverju tapar þú? Fyrsta skrefið 5—6 vikna kaup." Síðan segir, með leyfi hæstv. forseta:

Þvingunarlög ríkisstj. þýða í reynd, að hver einasti launþegi í landinu tapar á einu ári meira en mánaðarlaunum. Miðað við 35% verðbólgu lítur dæmið þannig út, miðað við heildartekjur: Dagvinna, eftirvinna plús bónus plús álög, og þú tapar á einu ári. — Auðvitað er yfirvinnan tekin með því að hún átti að skerðast. En það var reynt að halda uppi láglaunabótum. Formanni Verkamannasambandsins þótti nú ekki gott að það ætti að reyna að hugsa um þá sem verst voru staddir í þjóðfélaginu. — Þetta er allt teiknað upp og síðan er sagt: „Tap á mánuði, miðað við 200 þús. í febr.: 11 þús., 19 þús., 29 þús. og 49 þús." stendur hér.

Nú hef ég látið reikna út hverju launþegar tapa ef dæmið er reiknað með sama hætti nú. Þá er reiknað með 55% verðbólgu og reiknað með mánaðarlaunum. Ég hygg að menn geri sér grein fyrir því, að 400 þús. kr. laun núna eru síður en svo neitt sambærileg við þau 200 þús. kr. laun sem formaður Verkamannasambands Íslands talaði mest um vorið 1977 að þyrfti að ná. Það er miklu verri hagur manna á fyrstu mánuðum þessa árs en hann var 1977. Lífskjör í landinu fóru þá batnandi, kaupmáttur jókst eftir því sem á árið leið. Maður með 4000 kr. í febr. 1981 — 400 þús. kr. gamlar — tapar 28 þús. gkr. í mars, 28 þús. gkr. í apríl og maí, 32 600 gkr. í júní, aftur í júlí og aftur í ágúst, 35 900 gkr. í september, aftur í október og svo í nóvember, 39 600 gkr. í des., janúar og febr. — samtals 400 083 gömlum eða 4083 nýjum. Maður sem hefur 500 þús. kr. mánaðarlaun, mun eftir þessari reikningsaðferð tapa 5100 nýkr. eða hálfri milljón gamalli rúmlega eftir þessi skerðingarlög, sem nú eru sett á, eftir þeim reikningi sem Alþýðusambandið gaf út 1978. Maður með 6 þús. kr. nýjar eða 600 þús. gamlar mundi tapa 611 700 gkr. á þessum tíma, 6117 nýjum, — meira en mánaðarlaunum sínum. — Atburðir eins og þessir snerta ekki formann Verkamannasambands Íslands meira en svo, að hann sér ekki ástæðu til þess að gefa út fréttabréf hvað þá meira í tilefni af þessu. Eftir höfðinu dansa limirnir.

Ég gerði grín að því, þegar ég var yngri, þegar sagt var: Heimur versnandi fer. — Má vera að hann geri það á öllum tímum. Ég er hræddur um að siðferðið verði orðið rotið um aldamótin ef svo fer fram sem horfir, að siðferðishnignunin er jafnvel meiri hér á landi en verðbólguhraðinn — og er þá mikið sagt.

Það var efnt til mikilla fundahalda hér á s. l. hausti. Þá var haldið 34. þing Alþýðusambands Íslands. Í plaggi, sem þar var lagt fram og ber yfirskriftina: „Þróun kauptaxta og kaupmáttar 1972—1980", segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Í apríl 1979 voru sett lög um stjórn efnahagsmála og fleira, Ólafslög. Með lögum þessum var áður gildandi verðbótaákvæðum breytt. Breytingarnar fela m. a. í sér frádrátt eða viðbót við verðbætur vegna breyttra viðskiptakjara og frádráttarlið vegna breytinga á tóbaks- og áfengisverði, auk þess sem afnuminn var verðbótaaukinn sem bætti upp tafirnar sem eru á verðbótahækkununum. Á sjö fyrstu verðbótatímabilunum eftir setningu Ólafslaga hefur viðskiptakjaraákvæðið mætt verðbótaskerðingu í sex skipti, en aldrei viðauka á verðbætur. Með rýrari verðbótaákvæðum en áður lækkaði kaupmáttur allmikið, einkum eftir mitt ár 1979. Þessi þróun hefur haldið áfram á yfirstandandi ári allt þar til nýir kjarasamningar voru gerðir 27. okt. s. l. Áætlanir benda til þess, að kaupmáttur taxtakaups verkamanna verði á árinu 1980 4% lakari en á fyrra ári og er þá miðað við ársmeðaltal. Októbersamningarnir stefna að því, að kaupmáttur taxtakaupsins verði á fyrri hluta næsta árs svipaður og á árunum 1973 og 1979, en á árinu í heild svipaður og á þessu ári".

Nú er kannske ekki úr vegi að rifja upp hvað átt er við með kaupmætti kauptaxta. Þá kemur í ljós, að á árinu 1977 batnaði kaupmáttur kauptaxta um 11.8% og á árinu 1978 um 7.6%. Á árinu 1979 var hann á hinn bóginn mínus 1%. Og samkvæmt þessu plaggi, sem Alþýðusamband Íslands lagði fram eða hagfræðingur þess á síðasta þingi sambandsins, versnaði kaupmáttur taxtakaups um 4% á s. l. ári. Munurinn núna og 1978, þegar talað var um „samningana í gildi", er sem sagt sá, að þá vorum við að reyna að fóta okkur í þjóðfélagsþróun sem var jákvæð, þegar atvinna var mikil, þegar kaupmáttur fór batnandi, þegar bjartsýni ríkti í landinu, þegar beinir skattar voru miklu, miklu lægri en hæstv. forsrh. ætlar núna að rausnast til að hafa þá, jafnvel eftir loforðin, jafnvel eftir að hann tók tíundu hverja krónu úr buddu verkamannsins nú um áramótin eða ætlar að gera það 1. mars. Þá voru beinu skattarnir miklu lægri. Þá var jákvæð þróun í þjóðfélaginu. Við höfðum m. ö. o. ekki nokkurn skapaðan hlut við verkalýðshreyfingu að gera. — Og ef ég má rifja upp aðeins meira: Á árinu 1978 var samið um grunnkaupshækkanir á nokkurra mánaða skeiði, og ef ég man rétt kom sú síðasta til framkvæmda 1. des. 1978. Þó að verðbótavísitalan væri þannig skert í mars mátti vænta þess, að það yrði aftur bætt upp síðar meir með umsömdum grunnkaupshækkunum, ef ég man rétt tveim eða þrem, það sem eftir var af þessu ári. Það er engum slíkum grunnkaupshækkunum til að dreifa á þessu ári. Launþegar eiga ekki von á því að fá neina 3% grunnkaupshækkun 1. júlí, enga 3% grunnkaupshækkun 1. sept. eða 1. des. Þess er því ekki að vænta að sú kjaraskerðing, sem hér er efnt til, verði bætt upp með þeim hætti, og það er ekki hægt að þvo hendur sínar Pílatusarþvotti í skjóli þess.

Þegar sagt var á þingi Alþýðusambands Íslands, að stefnt sé að því að kaupmáttur taxtakaups verði á fyrri hluta þessa árs, sem nú er, svipaður og á árunum og 1973 og 1979, en á árinu í heild svipaður og á s. l. ári, þá var vitaskuld út frá því gengið að ekki kæmi til þeirrar skerðingar á kauptöxtum sem brbl. ákveða. Þau orð, sem ég vitnaði í, standast því ekki lengur. Samkv. töflu sem ég er með hér frá Þjóðhagsstofnun og dags. er 18. febr. 1981 kemur m. a. fram, að á 2. ársfjórðungi núna eigi kaupmátturinn að fara niður í 94.7 innan Alþýðusambandsins, niður í 94.8 á 3. ársfjórðungi og niður í 92.2 á 4. ársfjórðungi. Hann á m. ö. o. að vera lægri en á öllum ársfjórðungum ársins 1980. Í lok þessa árs verður sem sagt búið að koma lægst launaða fólkinu niður fyrir það sem það hafði lakast á s. l. ári, þegar kaupmátturinn rýrnaði um 4% miðað við það sem hann var 1979, en þá hafði hann rýrnað um 1% miðað við það sem hann var 1978. — Það er ekki nema eðlilegt að menn hafi gaman af því að fá jólaköku uppi í forsrn. Einu sinni voru það pylsur. Já, sá pylsusali, sem þar á í hlut, hefur forframast mjög síðan.

Hæstv. fjmrh. gaf út yfirlýsingu. Þær eru orðnar margar yfirlýsingarnar, sem hann gefur út, og allar gefnar af góðum hug. Hann er þar að lýsa einhverjum skattalækkunum og skattahækkunum. Þá komum við að einni mjög skemmtilegri áráttu hjá þessari ríkisstj. Það minnir á gamla sögu. — Það var einu sinni svo, að maður gyðingatrúar kom til rabbína síns og sagði honum að nú væri illt í efni, það væri vont samkomulag á heimilinu, þau hjónin væru ásamt tengdaforeldrum sínum öldruðum og sjö börnum í einu herbergi og sambúðin færi versnandi dag frá degi, þetta væri alveg óþolandi ástand. Og hann spurði rabbínann: Hvað á að gera? Farðu með geit inn í herbergið, sagði rabbíninn, og komdu svo til mín eftir viku og segðu mér hvernig þér líkar þá. Maðurinn kom eftir viku alveg niðurbrotinn. Hann sagði, að ofan á allt það sem fyrir var væri nú geitin skítandi og mígandi og fnykur af henni, og undi sér hálfu verr en

áður. Þá sagði rabbíninn við hann: Farðu með geitina út úr herberginu og komdu svo til mín eftir viku. Maðurinn kom eftir viku og var himinlifandi og sagði að nú liði öllum vel, helvítis geitin væri farin út og nú væri þetta allt í stakasta lagi.

Þessi ríkisstj. hefur síðan hún settist að af og til verið að leiða alls konar geitur inn í íslenskt efnahagslíf. Svo heldur hún að menn séu alls hugar fegnir þegar hún leiði geiturnar út aftur og allt sé við það sama. Hún býr til vandræði á pappírnum, hún býr til sundurþykki út af frönskum flökkustrákum. Svo þegar eitthvert málamyndasamkomulag er komið á þetta, þetta er strikað út, heldur hún að það sé allt í stakasta lagi og hún hafi gert eitthvað ógurlega mikið, jafnvel komið verðbólgunni niður í 51% í nóvember. Ég hygg að það sé nú ríkisstyrkur á geitum. Það getur vel verið að hún ætli að ná sér í einhvern sparnað. Ja, ég sé það nú ekki. Það ber náttúrlega eyðslustefnunni gott vitni.

En þessi geitahneigð ríkisstj. er satt að segja orðin hálfhvimleið og hún lýsir sér vel í síðustu fjárlögum. Þá kepptust stuðningsmenn ríkisstj. við að fella allar skattalækkunartillögur stjórnarandstöðunnar. Það var talað hér með miklum ábyrgðarþunga um að ríkissjóður yrði að vera með greiðsluafgangi. Hvernig var það á s. l. ári? Var ekki greiðsluhalli á ríkissjóði? Af hverju fáum við ekkert að frétta um það? Það var greiðsluhalli á ríkissjóði s. l. ár þrátt fyrir skattheimtuna. En á jólaföstu létu menn í veðri vaka að svo yrði ekki og töluðu um að áfram yrði að halda ábyrgri stefnu. Umfram allt yrði ríkissjóður að afla meiri tekna en hann eyddi. Þess vegna varð að hækka tekjuskattinn svo og svo mikið. Það tókst afskaplega vel. Samkvæmt upplýsingum, sem ég hef í höndum, fara álagðir skattar í hlutfalli við tekjur fyrra árs upp í 22.6% samkv. fjárlögum og hækka úr 22.2 upp í 22.6. Síðasta árið, sem 1. þm. Reykv. var forsrh., voru álagðir skattar 16.3% af tekjum fyrra árs. Svo kemur þessi ríkisstj. hér og er að tala um að það ætti að lækka skatta. Hún er með fjárlögum sínum búin að pína skattana hærra en þeir hafa verið nokkru sinni. Og þó að hún gefi eftir nokkrar krónur um leið og hún skerðir launin um 9—10% á maður að líta á hana sem einhverja dýrðlinga. Það á að vera eitthvað guðsþakkarvert. Og ýmsir verkalýðsleiðtogar eru að lýsa því yfir í blöðunum, sér til skammar, að ríkisstj. hafi gert eitthvað fyrir verkalýðinn í landinu. En hvernig er þetta ef dæmið er reiknað út? Það kemur í ljós að 2 milljarða 820 millj. gkr. vantar eða í nýjum krónum 28 millj. og 200 þús til þess að beinu skattarnir verði 1.5% lægri en þeir voru í fyrra. Þá miða ég við rauntölur frá árinu 1980, en áætlanir á árinu 1981, en allur þingheimur veit að skattar eru aldrei áætlaðir of hátt í fjárlögum, það er engin hætta á því, enda var í því hangið við fjárlagagerðina, að launahækkanir á milli ára væru ekki nema 45%, þó nú sé komið í ljós að launin hafi hækkað um 52.3% eða eitthvað um það bil. En ef út frá þessu er gengið vantar þarna rúmlega 2 milljarða gamla upp á til þess að skattbyrði einstaklinga verði sambærileg og á s. l. ári.

Ég hef hér fyrir framan mig samanburð Þjóðhagsstofnunar á skattbyrði einstaklinga á árunum 1964 til 1981. Á þessari töflu eru einungis sambærilegar tölur frá árunum 1974 til 1981. Tvö ár skera sig úr, árin 1980 og 1981, um mikla skattbyrði, ásamt með árinu 1979. Öll þessi ár, árið í ár og tvö s. l. ár, fer skattbyrði einstaklinga, álagðir skattar í hlutfalli við tekjur fyrra árs, upp fyrir 20% og aldrei endranær. Þetta talar auðvitað sínu máli um að beinir skattar eru síður en svo að lækka í landinu. Hvernig má það líka vera, á sama tíma og þjóðartekjur dragast saman og ríkissjóður tekur meira í sinn hlut að auki, — hvernig má þá vera að skattaálögur minnki? Vitaskuld halda þær áfram að þyngjast og versna. Skattaálögurnar þyngjast og versna enn meir en þessar tölur benda til, ef það er jafnframt haft í huga að ráðstöfunartekjur heimilanna hafa dregist saman þannig að nú verður að greiða skattana af minni efnum en áður.

Skýrasta dæmið um hvernig ástandið er orðið í landinu er að núv. ríkisstj. varð að skipa nefnd til að breyta óreiðuskuldum húsbyggjenda í föst lán. Hvað fór formanni Verkamannasambands Íslands, forseta Alþýðusambands Íslands, varaforseta Alþýðusambands Íslands og ríkisstj. á milli um þetta fólk? Það er búið að leggja fram tillögur í húsnæðisnefnd. Þær liggja uppi í Stjórnarráði. Í hverju eru þessar tillögur fólgnar? Þær eru fólgnar í því að hjálpa þessu fólki, sem nú er í standandi vandræðum, með sams konar lánum og útgerðin hafnar. Af náð sinni ætlar ríkisstj. að segja við íslenskan æskulýð: Þið megið fá lán með lánskjaravísitölu og 2.5% vöxtum að auki. — Á sama tíma og verkalýðsforingjarnir lýsa yfir ánægju yfir þessari samvinnu í blöðunum gera þeir ráðstafanir til að skerða kaupgjaldsvísitöluna um 9%. En í leiðinni eru ekki gerðar ráðstafanir til að skerða lánskjaravísitöluna með sama hætti, þannig að sami taktur haldist í kaupgjaldsvísitölunni og lánskjaravísitölunni. Ráðstafanir ríkisstj. núna bitna því með tvöföldum þunga á þessu fólki og það því fremur sem við vitum að ef hlutfallshækkunin kemur strax, eins og núna, verður hækkunin enn meiri síðar því hún hefur margföldunaráhrif í sér.

Á s. l. vori man ég eftir því, að ríkisstj. sá sérstaka ástæðu til að hrósa sér yfir því, hversu úrræði hennar í húsbyggingarmálum væru skjót og góð, mundu breyta miklu í þessu þjóðfélagi. Þegar 1. þm. Reykv. var forsrh. var byggingariðnaðurinn á Akureyri vaxandi og mjög öflugur. Þrjú stærstu byggingaverktakafyrirtækin þá byggðu hvert um sig jafnmargar íbúðir og samtals voru byggðar á Akureyri á s. l. ári. Á þeim tíma þegar hv. 1. þm. Reykv. var forsrh. seldust íbúðirnar fyrir fram. Í dag er ekki hægt að koma út ársgömlum íbúðum. Byggingastarfsemin dregst óðum saman og hver maðurinn á fætur öðrum er að hætta rekstri. Atvinnuleysi hefur haldið innreið sína. Það er ekki skemmtilegt að koma á heimili þess fólks sem hefur selt húsnæði sitt í þeim bullandi hallarekstri, taprekstri, drápsklyfjum vaxta og vondra ríkisstj. sem verið hafa á undanförnum árum. Og starfið, allt ævistarfið, er lagt í rúst.

Við erum að tala um að alveg sjálfsagt sé og ágætt mál og upplagt að fjölga skipum. Eigum við ekki að kaupa togara? En hvernig er reksturinn þegar togarinn er kominn, þegar skipin eru komin á þessa smástaði? Það er mikið talað um Norður-Þingeyjarsýslu. Þar er verið að selja einn bát núna. Ætli það séu ekki eftir tveir? Þeir voru fimm eða sex þegar hv. 1. þm. Reykv. var forsrh. og fór fjölgandi. Hvernig er ástandið á Raufarhöfn? Ætli það sé mikill hagnaður af útgerðinni þar? Ætli atvinnuöryggið sé mikið? Hvernig er ástandið í Vopnafirði? Það var blómlegt pláss og vaxandi þegar hv. 1. þm. Reykv. var forsrh. Og hvernig er ástandið í Breiðdalsvík? Hvernig er það á Djúpavogi? Halda menn að fyrirtæki eins og Kaldbakur hf. á Grenivík yrði byggt upp í dag?

Ætli unga fólkið, sem kemur úr skólunum núna, hugsi fyrst um það af öllu hvernig það geti orðið sjálfstætt fólk og hafið rekstur? Ætli það sé ólmt í að leggja fram fé, leggja fram vinnu sína til að byggja upp sterkan atvinnurekstur?

Ég minnist þess frá þeim tímum þegar Magnús Jónsson var fjmrh., að upp komu viss vandamál fyrir norðan í tveim plássum. Og lausnin þá var sú, og hún tókst: Stofnið þið hlutafélag, leggið fram fé, leggið fram vinnu sem óafturkræft framlag í þessi fyrirtæki, og um leið og þið sýnið heima í héruðunum með vinnu ykkar með frjálsum framlögum að þið viljið byggja upp sterkan rekstur í fæðingarsveit ykkar skal ég koma á eftir og ég skal hjálpa ykkur um það sem á vantar.

Við trúðum því þá, sjálfstæðismenn, að kraftur þjóðarinnar lyfti okkur upp úr meðalmennskunni og byggi til ævintýrið mikla um þessa litlu þjóð hér norður á hjara, sem gat keppt við aðrar þjóðir, kjörorðið var einmitt þetta, að menn hefðu sanna ættjarðarást til að bera, frelsisást, og vildu leggja eitthvað af mörkum til að fegra land sitt og bæta. Við munum eftir smáíbúðahverfinu hér. Það var glæsilegur borgarstjóri sem þar hvatti menn til dáða. Þá var ekki einblínt á ríkið og sagt: Fleiri verkamannabústaði. — Það var verið að byggja. Þá voru ekki félagslegar — hvað heitir það? — félagslegar umbætur, félagsmálapakki, sem svo er ekki staðið við. (Gripið fram í.) Ég man það ekki alveg. Það er kannske hægt að fletta því upp hver var borgarstjóri þegar byrjað var á smáíbúðahverfinu. En það var gott framlag, hver sem það hefur gert. (**Gripið fram í:** Er hann forsrh. núna?) Það skyldi nú ekki vera að hæstv. forsrh. hafi þá verið borgarstjóri og staðið sig býsna vel. Það eru alltaf einhver takmörk fyrir vexti hvers manns. Maðurinn ræður kannske vel við eitt þó að hann ráði ekki við annað.

Við erum að velta því fyrir okkur sums staðar: Skyldu þessi togaraútgerðarfélög, sem hafa verið stofnuð núna upp á síðkastið, geta staðið sig t. d. ef „sveitarstjórinn mildi" borgarbyggðasjóðsframlagið með hærri sköttum? Hvað skyldi þurfa að borga mikið með útgerðinni til þess að hún geti haldið áfram að starfa? Það var boðið að breyta lausaskuldum útgerðarinnar í löng lán samkvæmt frásögn Vilhjálms Jónssonar forstjóra. Eru kjörin þannig? Með leyfi hæstv. forseta:

„Um kjörin á þessum lánum er það að segja, að hvað sem hver segir hafa lán bundin lánskjaravísitölu verið óhagstæðustu lán á lánamarkaði hér. Ársvextir samkvæmt lánskjaravísitölu 1/12 1980 — 1/3 1981 voru 73.6%. Og ef síðasti mánuður, sem reiknaður hefur verið, er tekinn einn sér svarar það til 81.99% ársvaxta. Ef menn tala um að lán með lánskjaravísitölu verði hagstæð ef verðbólga fari niður fyrir 50%, þá gefa þeir sér þá forsendu að almenn vaxtakjör verði samt óbreytt. Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða frekar þessi lánakjör, en vegna fyrirsagnar á viðtali því, sem varð orsök þessara skrifa, skal tekið fram að enginn viðskiptavinur olíufélagsins hf. hefur beðið það um skuldbreytingu. Olíufélagið hf. hefur því ekki haft tækifæri til þess að hafna verðtryggðum skuldabréfum. Hins vegar hef ég mótmælt aðferðum og kjörum varðandi þessa skuldbreytingu."

Svo mörg voru þau orð. En þessi lán, sem engum útgerðarmanni dettur í hug að líta við, eru þau lán sem mér skilst, — ég veit ekki um það, ég er ekki trúnaðarsveinn núv. hæstv. ríkisstj., — en ætli þetta séu ekki svipuð lán og á að láta það unga fólk og þá einstaklinga, sem eru að gefast upp í óðaverðbólgunni að eignast þak yfir höfuðið, fá með vaxandi drápsklyfjum síðar? Það á að sýnast í bili og láta aðra um að leysa vandann þegar hann kemur, gefa út fréttatilkynningu, eins og gefin var út í nóvember, um að verðbólgan sé 51%, og koma svo til þjóðarinnar 31. des. og segja: „Vilji er allt sem þarf" — því að verðbólgan er komin upp í skýin.

Meðal þeirra plagga, sem fjh.- og viðskn. Ed bárust vegna brbl. var bréf frá Verslunarmannafélagi Reykjavíkur. Ég er nú ekki með allt bréfið, en í því, sem ég er með, stendur þetta m. a., með leyfi hæstv. forseta: „Þann 5. jan. s. l. ályktaði stjórn og trúnaðarmannaráð Verslunarmannafélags Reykjavíkur um brbl. ríkisstj., sem sett voru á gamlársdag. Í þeirri ályktun mótmælti félagið harðlega, að stjórnvöld skyldu hafa ógilt nýgerða kjarasamninga með setningu brbl., sem skerðir verðbótavísitöluna um 7% þann 1. mars n. k. Verður ekki séð að brýna nauðsyn hafi borið til þess að setja brbl. á gamlársdag varðandi þetta atriði, sem ekki kemur til framkvæmda fyrr en 1. mars n. k., það er löngu eftir að Alþingi hefur komið saman til fundar.

Verslunarmannafélag Reykjavíkur vill leyfa sér að benda á, að stór hluti launþega innan ASÍ tekur laun, sem eru á bilinu frá 3000 — 5000 kr., samkvæmt þeim samningum, sem verkalýðshreyfingin undirritaði við vinnuveitendur þann 27. okt. s. l., eftir um tíu mánaða samningaþóf.

Sá fjöldi launþega, sem verður að sætta sig við að taka laun samkvæmt þessum launatöxtum og hefur orðið að þola mjög tilfinnanlega kaupmáttarskerðingu að undanförnu vegna ákvæða laga nr. 13 1979, má illa við því að missa af þeirri 7% launahækkun, sem kjarasamningarnir áttu að tryggja þeim frá 1. mars n. k., en eru nú afnumin með enn nýrri lagasetningu.

Félagið skorar því á Alþingi að fella það ákvæði úr frv.

Benda má á þá staðreynd, að á s. l. tveimur árum hefur skerðing verðbóta á laun, að meðtöldum áhrifum brbl., numið tæplega 25% miðað við það ef samningarnir hefðu verið í gildi allan þennan tíma.

Það er þó til bóta, að skerðingarákvæði laga nr. 13 1979 er afnumið frá 1. júní n. k. í meginatriðum."

Í ályktun VR er því einnig harðlega mótmælt, að stjórnvöld ógildi með lagaboði kjarasamninga, sem verkalýðshreyfingin gerir við viðsemjendur sína. Sjálfsagðir hlutir stjórnvalda í gildandi kjarasamninga er orðin hrein ógnun við frjálsan samningsrétt launþega, sem verkalýðshreyfingin getur ekki unað við.

Þá er því einnig mótmælt, að engin samráð voru höfð við samtök launþega um ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu, þrátt fyrir fögur loforð stjórnvalda um að það yrði gert.

Þessi ummæli eru afskaplega skýr og afdráttarlaus. Við vitum að lög eins og þessi snerta mjög fólk einmitt innan Verslunarmannafélags Reykjavíkur. Ég var satt að segja mjög undrandi þegar ég las viðtal bæði við forseta og varaforseta ASÍ í blöðunum í dag, sem eru fulltrúar þessa fólks og komust í krafti þess inn á síðasta Alþýðusambandsþing, að þeir skuli ekki reyna að standa sig betur og í samræmi við óskir umbjóðenda sinna. Vitaskuld segir það ekki neitt fyrir fólk með 3000 kr. á mánuði þótt 1.5% sjúkratryggingagjald verði lagt niður á móti 7% í launum.

Ég er ekki einn þeirra manna sem halda að ógæfa Íslands sé í því fólgin að við gerum of vel við okkar

minnstu og smæstu bræður sem verstu kjörin hafa. Ég er í engum vafa um það, að eyðslan og sóunin í þjóðfélaginu er á allt öðrum stöðum. Og kjaraskerðing af því tagi, sem hér er miskunnarlaust og undanbragðalaust beitt gagnvart þeim mönnum sem lægst kaupið hafa á landinu, er ekki af því tagi að maður geti við unað, allra síst undir þeim kringumstæðum sem nú eru, að engar áætlanir eru uppi um það, svo séð verði, hjá stjórnvöldum að snúa þróuninni í atvinnumálum við.

Herra forseti. „Ef þú vin átt, þann er þú illa trúir, viltu af honum gott geta, fagurt skaltu við þann mæla, en flátt hyggja og gjalda lausung við lygi." — Við höfum lesið og heyrt ummæli og orðræður einstakra ráðh., hvernig þeir tala hver um annan, hvernig þeir tala um virkjunarmálin, hvernig þeir hafa talað um togaramál Þórshafnar, hvernig þeir hafa talað um eitt og annað. Og við finnum að á sama hátt og sú gamla vísa um hina heitu ást á við þessa ríkisstj., þá á ekki síður við hana þessi síðari, að í núv. hæstv. ríkisstj. er goldin lausung við lygi. Það, sem tengir þessa menn saman, er ekki að þeir hafi vissu fyrir því, að þeir geti látið gott af sér leiða. Ef þeir hefðu vissu fyrir því hefðu þeir ekki skrifað undir leyniplaggið fræga sem ekki má nefna frekar en snöru í hengds manns húsi. Ef þeir treystu hver öðrum þyrftu þm. ekki að vera að eyða tím Alþingis hvað eftir annað til þess að þráspyrja einstaka ráðh. hverjar séu meiningar ríkisstj. í hinum ýmsu málum. En þótt svo sé, þótt þessi skyndilega vinátta og þetta litla traust, sem þarna ríkir þó í öllum þessum kærleikshita, sé ekki trúverðugt, þá skuli menn samt vara sig á því að halda að það geti ekki enst eitthvað.

Hæstv. félmrh. talaði um hægindi í Þjóðviljanum forðum. Þar vilja sumir vera. Og nú er hann kominn í þá sveit.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Ég er nú búinn að standa í fundahöldum og hvers konar þvargi í a. m. k. 35 ár, og ég verð satt að segja að segja það, að þó að oft hafi verið glatt á hjalla man ég vart eftir ræðu eins og hjá hv. síðasta ræðumanni. Ef ég vildi svara hv. 7. landsk. þm. í svipuðum tón og hann talar mundi ég segja að fyrir pólitíska tilviljun og ógæfu samtíðarinnar hafi hann skolast inn á hv. Alþingi. Svona málflutningur, svona botnlaust persónuhatur, sem heltekur þennan hv. þm., er satt að segja á því stigi að það er ekki til umræðu og á ekki að svara slíku.

Ég held ég leggi ekki í umr. við hv. 1. þm. Reykv., en ég hef nokkurn áhuga á hv. 1. þm. Vestf. Bæði er það nú, að hann er einn harðskeyttasti stjórnarandstæðingurinn hér og á það til að vera býsna skemmtilegur oft á tíðum í málflutningi sínum. En áður en að því komi vil ég svara Friðrik Sophussyni. Hann hélt hér efnislega ræðu. Það er meira en hægt er að segja um flesta aðra sem hér hafa talað í dag.

Hann beindi ákveðinni spurningu til mín um 1.5% skattalækkun sem „fjórir spekingar" hefðu samþykkt fyrir hönd Alþýðusambandsins. Ég skal skýra þetta. Það voru fengnir fimm menn til að ræða við fjmrh. um framkvæmd þessa fyrirheits ríkisstj. Í þessari nefnd voru menn sem tilheyra ólíkum stjórnmálaflokkum og með mjög mismunandi afstöðu til skattamála. Hlutverk þeirra var alls ekki það, að þeir ættu fyrir hönd Alþýðusambandsins að lýsa sínum skoðunum. Þar voru ágætir Alþfl.-menn með allt aðrar skoðanir á skattamálum. Það var einungis verkefnið að vera umboðsmenn Alþýðusambandsins til að tryggja að þessi skattalækkun upp á 1.5% kæmi til skila. Þetta var verkefnið. (**Gripið fram í:** Skattalækkun miðað við hvað?) Vissulega er miðað við fjárlög. Hvað er annað miðað við? Hvað datt hv. þm. í hug?

Einn ágætur flokksbróðir þessa hv. þm., Björn Þórhallsson, var um árabil formaður framtalsnefndar Reykjavíkurborgar fyrir hönd Sjálfstfl. Hann er þrautreyndur skattamaður. Ég mundi taka svo djúpt í árinni að hann væri einna þrautkunnugastur skattamálum þeirra sem ég þekki. Hvort sem pólitík hefur verið með í spilinu eða ekki hefur þessi ágæti maður alltaf verið talinn ómissandi vegna geysilega góðrar þekkingar sinnar og hæfni á þessum málum. Hann átti sæti í nefndinni.

Ég vænti þá að spurningunni sé svarað. Við lýstum því yfir, að með þessum aðgerðum væri stjórnin búin að uppfylla þetta ákvæði. Það bindur ekki t. d. Alþfl.-mann eða sjálfstæðismann, ef hann tilheyrir þeim flokkum, að það séu skoðanir hans í skattamálum — alls ekki. Þessir fimm voru nánast gæslumenn þess, að skattalækkunin væri framkvæmd. Það var gert og liggur skýrt fyrir.

En víkjum nú að hv. 1. þm. Vestf. Hann fór á kostum í gær. Hann sá Alþb. í hverju horni. Hann býsnaðist lifandis ósköp yfir að hæstv. forsrh. væri að flækjast upp á Akranes og hæstv. félmrh. gæti farið þangað. Mér skilst að þetta hafi verið fundur hjá sjálfstæðisfélögunum á Akranesi. Hvað um hv. þm. Jósef H. Þorgeirsson? Hann hlýtur að vera kominn á svartan lista. Hann mætti með varaformanni flokksins, — sem hv. 1. þm. Vestf. féll fyrir á síðasta landsfundi, ef ég man rétt, — á fundi upp á Akranesi. Og mér er sagt að þarna hafi verið sjálfstæðismenn fyrst og fremst. Mér er sagt að það hafi verið ágætasti fundur sem þeir hafi haldið. Sjálfsagt hafa þeir sungið sjálfstæðisstefnunni lof og dýrð. En það var meira. Hann kvartaði mjög undan því, hvernig Alþýðusambandsstjórn hefði brugðist við þeim tillögum í efnahagsmálum sem hér liggja fyrir. Alþýðusambandsstjórnin gaf einróma umsögn um þessar tillögur. Þar voru t. d. tveir ágætir vinir mínir, — 20% af þingflokki Alþfl. Þar voru þrír flokksbræður hv. 1. þm. Vestf. og gegna allir trúnaðarstörfum í flokknum. Voru þetta allt tómir Alþb.-menn? Í viðræðunefndinni í skattamálum var minni hlutinn Alþb.-menn. Allt Alþb.-menn, segir 1. þm. Vestf. Mig skal ekki undra þó að menn séu ókyrrir þegar þeir sjá Alþb.-menn í hverju horni og þegar lagt er til að formaður Alþb. sé framsögumaður í sjálfstæðisfélaginu á Akranesi. Ég held að menn verði að hefna harma sinna í flokknum, en ekki vera að kveina hér á Alþingi yfir þessum ósköpum. Fyrir hönd formanns Alþb. afþakka ég þetta boð, að mæta á fundum sem framsögumenn hjá Sjálfstfl. hvar sem er á landinu, en í kappræðu getum við farið við Matthías Bjarnason o. fl.

Ekki nóg með það. Síðan barðist hv. þm. hér ansi hressilega um og lýsti yfir hvernig þetta væri nú, hvernig gamla fólkið hefði verið leikið, og talaði um falsið og svikin og blekkingarnar, ríkisstj. lifði á blekkingum. Ég held að hann hafi sagt það tíu sinnum. Ég held að það sé óhjákvæmilegt vegna þessara gífurlegu, hryllilegu svika og út af þeim umr., sem hér hafa farið fram áður að staldra við.

Hvað fólst í lögunum frá 17. febr.1978? Það fólst í þeim að það skyldi aðeins greiða hálfar verðbætur 1.

mars, 1. júní, 1. september og 1. desember. Í þessum brbl. er hins vegar lagt til að verðbætur séu skertar 1. mars um 7%, á móti komi krafa, sem verkalýðsfélögin lögðu fram í samningum, um breytt vísitöluform. Þær tölur, sem hafa verið nefndar um minnkandi kaupmátt, má að verulegu leyti rekja til þessara laga. Það má að vísu koma með alls konar tölur um kaupmátt og það geta sjálfsagt allir haft rétt fyrir sér út frá hvaða forsendum þeir ganga. — En hvernig er nú komið fyrir gamla fólkinu? Í lögum frá 1978 segir, með leyfi forseta, í 3. gr., — það er best að lesa 3. gr. fyrir fyrrv. heilbr.- og trmrh.:

„Bætur almannatrygginga, aðrar en fæðingarstyrkur, skuli 1. mars 1978, 1. júní 1978 og 1. september 1978 taka sömu hlutfallshækkun á laun almennt þessa daga. Hækkun þessi skal einnig taka til greiðslna samkv. 73. gr. laganna“ — þ. e. allt skert um helming um vísitöluna.

„Fjárhæð uppbótar á lífeyri, tekjutryggingar, samkv. 1. mgr. 19. gr. laganna, svo og heimilisuppbótar, samkv. 2. mgr. 19 gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 56/1977, skal hækka um 2. prósentustig 1. mars 1978 umfram hækkun almennra bóta þann dag“ — 2 stig. Þetta átti að gilda árið. Það var eitt kaupgreiðslutímabil sem það er sett á 2% hækkun. Nú er verið að leggja til miklu meiri hækkun. Haldið þið að einhver segi nú: Er þetta hægt, Matthías“ — að leggja sjálfur til 2%, en tala um það sem rán ef það eru 8%? Hvers konar málflutningur er þetta af prýðilega hæfum og þrautreyndum stjórnmálamanni? Það er meira en lítið sem á gengur þegar menn halda svona á málum.

Ég vil ekkert fara að elta ólar við hv. þm. Karvel Pálmason. Munurinn á þessum lögum, sem hann taldi sig nú saklausan af baráttu gegn 1978, — ég er nú ekki viss um að flokksbræður hans mundu fagna þessum yfirlýsingum, svo rösklega gengu þeir nú margir fram, — munurinn er sá, að hér er um að ræða einu sinni 7% skerðingu, en á öllum fjórum tímabilunum 1978 var vísitalan skert um helming. Þar kemur ekkert í staðinn. Nú kemur í staðinn ákveðin skattalækkun. Það kemur nýtt vísitöluform, sem mikið hefur verið barist fyrir. Án þess að ég geri Þjóðhagsstofnun að minni biblíu, þá rúllar um það bil 1% hvorum megin kaupmáttarrýrnunin er. Hitt skal ég vera fúsastur til að viðurkenna, að allt slíkt er ákaflega vafasamt og hættulegt og dugar ekki eitt sér. Af hverju ekki? Þegar þessi lög voru sett í febr. 1978 var þeim að vísu breytt í maí 1978, en lögin voru í gildi allan tímann þar til ríkisstj. hrökklaðist frá.

Það er talað mikið um útflutningsbann Verkamannasambandsins, sem ég skal ekki vera margorður um. Verkamannasambandið hélt ákaflega snyrtilega á sínu útflutningsbanni. Það hélt þannig á því, að það stöðvaðist ekkert frystihús í landinu. En aftur á móti, undir lok ráðherratíðar hv. 1. þm. Vestf., — ég vil að hv. 1. þm. Vestf. taki eftir, það er verið að lýsa afrekum hans, — tókst honum það sem Verkamannasambandinu tókst ekki, að hverju einasta frystihúsi í landinu var lokað og allur flotinn ætlaði að sigla til hafnar. Þetta voru afrek ráðh. og þannig kvaddi hann. Þetta var útflutningsbann í lagi. Ætti ég aftur eftir að standa í útflutningsbanni og vildi hafa það fullkomið mundi ég kveðja mér til ráðuneytis 1. þm. Vestf.

Ekki veit ég hvort það hefur mikið gildi að vera að þjarka hér fram og aftur á því plani sem þessar umr. hafa verið á. Ég skal fúslega taka undir það, að aðgerðir eins og þessar eru býsna hættulegar. En þegar menn lýsa hér yfir að síðan vinstri stjórnin tók við hafi verið 32—36% kaupmáttarskerðing, síðan hafi komið þarna á móti 3% 1979 og síðan hafi komið þarna 10% undir lok ársins 1980, er náttúrlega um að ræða fráleitar tölur. Sannleikurinn er sá, að menn geta leikið sér nokkuð mikið með tölur. En ég hef hér kaupmáttartölur hvers mánaðar síðan 1971. Það er ákaflega auðvelt að gera sér grein fyrir þeim vegna þess hvað hlaupið er mikið á milli ársfjórðunga og milli mánaða, en ég var að þræða mig áfram í þessu.

1978, þegar vísitalan er sett á að fullu, er kaupmáttur samkv. tímakaupi 118.8, en í des. 1980 er hann 113.9 eða 114. Eftir því sem mér er sagt — og er vissara að vera ekki að slá föstum hér afgerandi tölum — er þarna sennilega um að ræða kaupmáttarrýrnun upp á u. þ. b. 4.9 stig, sem mundi gera um 4.1%. Svo má deila ákaflega um hvað miðað er við, hvort sú vísitala, sem miðað er við, sé sú rétta, en hitt er ekki vafi, að kaup hefur rýrnað um milli 4 og 6 stig á þessum tíma. Þetta er sér í lagi á árinu 1980. Ég miða hér við kaupmátt verkamanna, sem er að vísu heldur hærri vegna tveggja stiga hækkunar sem Verkamannasambandið fékk sérstaklega á árinu 1979, skerðingarákvæði bitnuðu ekki á því, en þá er engu að síður kaupmátturinn um 114 stig. Hv. 1. þm. Vestf. finnst þetta alger óhæfa, en kaupmátturinn í febrúar 1978 var 109 stig og þá taldi þessi hv. þm. ekki eftir sér að skera allar vísitölubætur niður um helming. Þetta tal í mönnum er því ekki trúverðugt. Að vísu skal ég viðurkenna að jafnmálsnjöllum manni og hv. 1. þm. Vestf. tókst ákaflega illa að útfæra „leiftursóknina“. Ég held að hann hafi aldrei dansað þar fullkomlega með. Þarna voru aldeilis 7 sinnum 7%. Þarna fylgir ekki nokkur hugur máli, — eða á hverju strandaði helst myndun ríkisstj. eftir kosningar? Hún strandaði helst á því, að það voru uppi harðar kröfur frá Sjálfstfl. og því miður að nokkru leyti Alþfl. um að skerða mjög verulega vísitölu á kaup. Það var á þessu fyrst og fremst sem strandaði. Og að koma síðan hér, berja sér á brjóst og hneykslast niður í tær á þessum vinnubrögðum er fráleitt.

Ég læt það alveg ósagt og það er best að vera ekki með neinar fullyrðingar um að það takist að halda þeim kaupmætti sem við bjuggum við, einhvers staðar í kringum 114 eða svo. Þetta kemur að vísu með ákvæðum sem ég hef nefnt, en það verður að hafa vel í huga, að til þess að ráða við verðbólgu er ekki lækkun á kaupgjaldi einhver sérstök einhæf aðgerð sem leysir vandann. Það er öðru nær. Er skemmst að minnast að eftir að hv. 1. þm. Vestf. hafði komið þessu áhugamáli sínu fram í febr. 1978 og vísitala var skert um helming óð verðbólgan áfram. Hitt geri ég mér fullkomlega ljóst, að verkalýðssamtökin þurfa að halda mjög vöku sinni. Þau þurfa að veita ríkisstj. aðhald og þau eiga að starfa með ríkisstj. að öllum góðum málum, eins og t. d. þeim skattalækkunum sem var verið að álasa okkur fyrir, eins og t. d. að þeim hækkunum á tekjutryggingu sem var verið að álast okkur fyrir. En fyrst og síðast verður að leggja sig fram í því með margþættum ráðum — og um það hygg ég að sé býsna góð samstaða í ríkisstj. — að tryggja að lægstu laun og lægri laun, manna sem hafa innan við eða um 4000 kr. á mánuði, stígi upp á við. Að því munum við stuðningsmenn ríkisstj. stefna.

Mín vegna mega hv. þm. hefja umr. Mér skilst að hér hafi verið samkomulag um afgreiðslu málsins. Ef menn vilja ekki viðurkenna það, þá þeir um það. En þó þeir

berjist hér um á hæl og hnakka trúir þeim ekki nokkur maður. Þessir menn stóðu að því að svipta launamenn helmingi vísitölubóta og ætluðu sér meira. Þeir ætluðu sér líka með heimildarákvæði að taka alla óbeina skatta og tolla út úr vísitölunni þannig að það væri hægt að spila á hana eins og píanó.

Ekki þarf ég að verja varaforseta Alþýðusambands Íslands, en ansi finnast mér kaldar kveðjurnar hjá flokksbróður hans hv. þm. Halldóri Blöndal, í garð þessa ágæta manns sem er kjörinn varaforseti Alþýðusambandsins með rösklega 2/3 atkvæða. Ég efast um að í nokkurri stofnun, nema þá einhvers staðar í innri hringum Sjálfstfl., fengi Halldór Blöndal 2/3 atkv.

Ég gæti þrætt söguna, bæði kaupmátt lið fyrir lið, skatta og tryggingabætur. Ég held að aðgerðir núv. ríkisstj. séu á öllum sviðum allt aðrar og ólíkt óhagstæðari launþegum en þegar hv. 1. þm. Vestf. var ráðh. Við skulum engu slá föstu. Við skulum halda vöku okkar. Við erum á því að 70—80% verðbólga mundi ekki laga til fyrir þeim lægst launuðu. Verkafólk hefur jafnan verið tilbúið í baráttu við verðbólguna. Standi ríkisstj. sig í því að vernda kaupmátt þessa fólks á hún vísan stuðning almenns láglaunafólks í landinu — og hvorki Halldór Blöndal né Matthías Bjarnason gætu þá talað fyrir þess hönd.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að taka aftur til máls við þessa umr., en hv. síðasti ræðumaður hefur haldið þannig á sínum málflutningi að ég sé mér ekki fært annað en svara honum og þeim mörgu rangfærslum sem hann kom með í ræðu sinni.

Það er að vissu leyti eitt ánægjulegt við ræðu þessa hv. þm., að þdm. vita þá að hann hefur fengið málið aftur. Það er alltaf ánægjulegt að verða þess áskynja að menn séu heilir heilsu. En það hefur farið lítið fyrir þessum hv. þm. á undanförnum mánuðum, eins og allir vita. Nú grípur hann til margvíslegra blekkinga og stórlyga sem hann var fyrr á árum þekktur fyrir. Ég vil t. d. minna hv. þm. á það, að sennilega hefur íslensk útgerð aldrei staðið betur en á árinu 1978. Nú kemur hann í ræðustól hér á Alþingi og segir að útgerð og fiskvinnsla hafi öll verið stöðvuð, hann hafi þó hagað útflutningsbanninu á þann veg að það hafi ekki orðið stöðvun þess vegna. Þá voru margvíslegar ráðstafanir gerðar með því að keyra fisk á milli staða og útgerðarfyrirtækin og fisvinnslufyrirtækin urðu fyrir stórum útlátum og fjártjóni vegna skemmdarstarfsemi þeirra manna sem að banninu stóðu.

Útgerðin á árinu 1978 stóð með blóma. Fiskvinnslan stóð aftur mjög erfiðlega vegna þeirra gífurlegu verðhækkana og kauphækkana sem urðu á árinu 1977. Það vissu allir þá, að boginn var spenntur of hátt. Það vissi hver einasti maður, líka þeir sem voru að gera kröfurnar. Þær kröfur voru gerðar í þeim tilgangi að koma verðbólguhjólinu aftur af stað. Hvað gerði svo ríkisstj. sem tók við, vinstri stjórnin? Hvað gerði hún? Hún lækkaði gengið. Ég lagði til í ágústmánuði, þegar stjórnarmyndunarviðræður vinstri flokkanna töfðust lengi, að framkvæma þá gengislækkun, en sumir ráðh. í þeirri ríkisstj. vildu bíða. Þetta var eina aðgerðin. Það var hægt að gera þetta hvenær sem var. Það var ekkert annað gert en það, að samtímis þeirri aðgerð íþyngdi vinstri stjórnin atvinnurekstrinum í landinu um leið, öllum atvinnurekstri. Það fer lítið fyrir fullyrðingum hv. þm. í þessum efnum eins og öðrum.

Hann kom inn á ráðstafanir ríkisstj. með lögum í febr. 1978 og talaði þar um skerðingu launa. Ég hef margoft tekið fram, að það getur verið nauðsynlegt hjá hvaða stjórn sem er, ef þannig er ástatt í efnahagsmálunum, að skerða laun ef það væru samræmdar aðgerðir til þess að ná árangri í þeirri viðleitni að veita viðnám gegn verðbólgu. En lögin í febr. 1978 voru miklu viðameiri en frv. sem við erum að ræða hér. Eftir standa í þessum brbl. aðeins kaupskerðingarákvæðin en í lögunum frá 1978, áður en til aðgerða var gripið, var miðað að því að lækka verðbólgu í 36 úr 40 miðað við ársmeðaltal eða í 30% úr 36%. Ef miðað er við verðlag frá upphafi til loka árs var búist við að kaupmáttur ráðstöfunartekna 1978 yrði 7% hærri á mann frá árinu áður. Aðgerðirnar gerðu ráð fyrir því, að hinir tekjulægstu bæru ekki verðbótaskerðingu á við aðra, og fólu þar með í sér launajöfnun. Þessu sleppti hv. þm. alveg. Það var gert ráð fyrir að laun vegna vísitölu 1. mars hækkuðu um 10%. Ákveðið var að helminga hækkun verðbóta og verðbótaauka sem koma áttu til framkvæmda 1. mars, 1. júní, 1. september og 1. desember. Láglaunafólk átti að bera minni skerðingu þannig: Hækkun lægstu kauptaxta miðað við dagvinnu rúmlega 8%, hækkun meðaldagvinnukauptaxta um 7.5% og hækkun allra annarra launa 5—7.5%. Þetta þýddi að launþegi með 88 þús. kr. fengi fullar verðbætur og engin skerðing fyrr en við 100 þús. kr. laun, sem um áramót voru sama og 330 þús. gkr., og átti þá kauphækkun að vera hjá þessum hópi 8800 kr. Síðan áttu verðbætur að skerðast þannig, að laun sem næmu 176 þús. kr., um áramót tæplega 600 þús. kr., áttu að fá hálfar verðbætur eða 5%. Þá voru ráðstafanir til þess að styrkja kaupmátt ráðstöfunartekna. Barnabætur voru hækkaðar um 5%, vörugjald var lækkað úr 18 í 16%. Tekjumissir ríkissjóðs af því var áætlaður um 1000 millj. kr. Niðurgreiðslur voru auknar um 1300 millj. á ári. Það var álitið jafngilda 1% í kaupmætti ráðstöfunartekna. Auk þessa voru hækkanir almannatrygginga, tekjutryggingar og heimilisuppbótar.

Ég sagði hér í dag — þá var hv. þm. ekki kominn — að á tímabili þeirrar ríkisstj. hækkaði elli- og örorkulífeyrir um 263.5%, tekjutrygging hækkaði um 495.2%, tekjutryggingarmarkið og viðbætur elli- og örorkulífeyris við tekjutryggingar hækkuðu um 345.3%. Ég þarf ekki að endurtaka þær tölur sem ég fór með í dag, en ég get alveg kinnroðalaust og minn flokkur, Sjálfstfl., horft framan í hvaða mann sem er og fulltrúa hvaða flokks sem er án þess að blygðast mín fyrir ráðstafnir sem gerðar voru á þessu tímabili, sérstaklega gagnvart þeim sem minnst máttu sín. Eins og ég sagði í dag hækkaði tekjutryggingin á þessu tímabili hvorki meira né minna en úr 53% í rúmlega 89%.

Þessi hv. þm. segir: Við metum og metum þessa skattalækkun. — Meta fulltrúar ASÍ skattalækkanir út frá fjárlögum? Jú, það var gripið fram í fyrir honum og hann játaði: Það gerum við út frá fjárlögum. — Þar er sökin. Sökin felst í afgreiðslu fjárlaga. Það er ekki tekið tillit til þeirrar hækkunar launa sem hefur orðið á milli ára og að því „blöffi“ stóð Guðmundur J. Guðmundsson. M. ö. o.: Það var verið að afgreiða fjárlög með skattvísitölu 145 í staðinn fyrir skattvísitölu 151—152 til að fá fleiri milljarða kr. í auknar tekjur inn í fjárlögin og segja svo aftur eftir áramót eða í febr.: Nú skulum við gefa yður gjafir, launþegar í landinu. — Fyrst taka þeir of

mikið, meira en þeir eiga að gera og þeir hafa leyfi til, af skattborgurum í þessu landi, og þegar þeir eru búnir að afgreiða það kalla þeir í Guðmund J. Guðmundsson, sem afgreiddi fjárlög með skattvísitölu 145 í staðinn fyrir skattvísitölu 151 eða 152, og segja: Þú stóðst með okkur, Guðmundur minn, að því að afgreiða fjárlögin með miklu hærri sköttum en við þurftum á að halda. Nú ætlum við að gefa þér fyrir umbjóðendur þína í Verkamannasambandi Íslands og Alþýðusambandinu nokkrar milljónir til baka. — Og þá sagði Guðmundur J. Guðmundsson og hneigði sig fyrir Ragnari Arnalds: Þakka þér óskaplega vel fyrir, Ragnar minn. Ég vissi að þú ert höfðingi. — Þetta er sannleikur málsins.

En svo kemur þessi þm. fullur hræsni. Hann kemst ekki núna fyrir í vestisvasa orkumálaráðherrans. Hann fyllti alveg út í stólinn núna. Það var ekki nokkur leið á því augnabliki að koma honum í vestisvasa orkuráðh. eða í vasa fjmrh. þegar hann belgdi sig út. Hann kom ekkert inn á það sem máli skiptir og ég drap á í minni ræðu. Það var: Hvar er stefna Alþb.? Hvar eru núna fyrirheitin um að stéttasamtökin skuli hafa fullt frelsi til samninga um kaup og kjör félaga sinna? „Gerða kjarasamninga ber skilyrðislaust að virða," segir í skrautútgáfu Alþb., sem þeir fengu kosningasigur út á 1978. Allt hafa þeir svikið. Vitaskuld eru það þeir sem ráða ferðinni.

Að síðustu: Mér finnst nú ekki skipta höfuðmáli brotthvarf hæstv. forsrh. í gær. Ég setti út á það, að umr. væri haldið áfram þegar hæstv. forsrh. hefði farið frá, og ég sagði í gamni að hann hefði þá alveg eins getað verið, fyrst hann vildi halda umr. áfram, og sent félmrh. fyrir sig á fundinn. En það þarf hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson ekki að óttast, að „flokksbrotið" í Sjálfstfl. biðji kommana að koma til þess að tala á fundi yfir Sjálfstfl. Það er langt í land að slíkt eigi sér stað. — Ég vildi ekki á nokkurn hátt setja því stólinn fyrir dyrnar að hæstv. forsrh. kæmist á fund. Hitt fannst mér óeðlilegt, að halda þessum umr. áfram á meðan, en þó alveg sérstaklega vegna þess að haft var eftir ráðh. á þessum fundi að við værum að halda hér uppi málþófi. Það voru aðeins búnar að vera umr. í tæpa tvo tíma og síðar í einn tíma og korter í gærdag í þessum málum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22:1 atkv. og til fjh.- og viðskn. með 21 shlj. atkv.

Sameinað þing, 55. fundur.

Þriðjudaginn 3. mars, kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfs — varamenn taka þingsæti.

Forseti (Jón Helgason): Mér hefur borist eftirfarandi bréf:

„Reykjavík, 26. febr. 1981.

Sverrir Hermannsson, 4. þm. Austurl., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég þarf á næstunni tvívegis til útlanda í opinberum erindum, leyfi ég mér með vísun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska eftir að 1. varamaður Sjálfstfl. í Austurlandskjördæmi, Tryggvi Gunnarsson skipstjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Sverrir Hermannsson
forseti Nd."

Tryggvi hefur áður átt sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili. Býð ég hann velkominn til starfa.

Mér hefur borist eftirfarandi bréf:

„Reykjavík, 26. febr. 1981.

Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sinnt þingstörfum um sinn leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að vegna forfalla 1. varamanns taki 2. varamaður Alþb. í Norðurlandskjördæmi vestra, Þórður Skúlason sveitarstjóri, sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að þér látið fara fram í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Sverrir Hermannsson,
forseti Nd."

Hér fylgir með skeyti frá Hannesi Baldvinssyni, 1. varamanni, ásamt kjörbréfi Þórðar Skúlasonar sem rannsókn þarf að fara fram á. Vil ég biðja kjörbréfanefnd að taka það til athugunar og verður gefið fundarhlé á meðan. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Skúli Alexandersson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur komið saman til fundar og tekið fyrir kjörbréf Þórðar Skúlasonar sveitarstjóra á Hvammstanga sem taka skal sæti á þingi í forföllum Ragnars Arnalds fjmrh. Hann er 2. varamaður Alþb. í Norðurlandskjördæmi vestra, en 1. varamaður hefur tilkynnt forföll.

Nefndin leggur til að kjörbréfið verði tekið gilt og seta Þórðar Skúlasonar samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 35 shlj. atkv.

Forseti (Jón Helgason): Þórður Skúlason hefur ekki átt sæti á Alþingi fyrr og þarf því að undirrita eiðstaf.

Drengskaparheit unnið.

Hinn nýi þm., Þórður Skúlason, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Forseti (Jón Helgason): Þórður Skúlason hefur undirritað eiðstafinn og býð ég hann velkominn til starfa á Alþingi.

Snjómokstursreglur á þjóðvegum, fsp. (þskj. 432). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 432 fyrirspurn til hæstv. samgrh. um snjómokstursreglur á þjóðvegum, ásamt hv. þm. Halldóri Blöndal. Fyrirspurnin er svohljóðandi:

„Hverjar voru veigamestu breytingar á snjómokstursreglum á þjóðvegum sem gerðar voru í okt. s. l.?

Hver eru rökin fyrir því, að þörf sé að ryðja snjó af veginum um Ólafsvíkurenni og Óshlíð milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar alla virka daga, en einungis einn dag í viku um Ólafsfjarðarmúla?"

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að vetrarsamgöngur eru mjög stopular um Ólafsfjarðarmúla, og þar er um að ræða þá einu leið sem menn geta komist á landi milli byggðarlaga ef menn þurfa að fara til annarra staða. Það hefur lengi verið erfitt að eiga við þennan veg sökum snóþyngsla, og heimamenn hafa verið óhressir yfir því, að þeim finnst þeir ekki sitja við sama borð, ekki fá sömu þjónustu af hálfu samfélagsins og aðrir til þess að komast leiðar sinnar á vetrum. Er þó enginn að fara fram á neina feiknalega fyrirgreiðslu í þessum efnum, t. d. að veginum sé haldið opnum alla vikuna eins og víða er gert, heldur að þarna verði komið til móts við heimamenn um aukna þjónustu. Skylt er að geta þess, að það hafa verið núna í seinni tíð sveigjanlegri reglur að því leyti, að heimamenn hafa haft nokkur áhrif á það, hvaða dagur í viku er valinn til þess að ryðja snjó af þessum vegi, og það hefur orðið til þess að snjómoksturinn hefur stundum nýst miklu betur. Og þetta hefur dregið úr sárustu óánægjunni með framkvæmd þessara mála í Ólafsfirði. En það er síður en svo að þarna sé að mati sanngjarnra manna gengið nægjanlega langt til móts við heimamenn. T. d. hafa þeir þráfaldlega óskað eftir því að hafa tiltæk snjómokstурstæki í Ólafsfjarðarkaupstað, þannig að þeir geti sjálfir gripið til þeirra, t. d. snjóblásara, en margir eru þeirrar skoðunar að snjóblásari sé á þessum stað heppilegasta tækið. En þrátt fyrir að Vegagerð ríkisins á Akureyri hefur átt snjóblásara í nokkur ár og suma vetur geymt þetta tæki svo til einvörðungu á Akureyri og ekki notað, þá hefur þetta sanngirnismál ekki náð fram að ganga, að þeir fái einu sinni að reyna hvort ekki væri lausn fólgin í því að hafa slíkt tæki á Ólafsfirði og nota það og fá þá að ryðja snjó af veginum tvisvar í viku á þann hátt.

Ég vænti þess, að hæstv. ráðh. svari þessum spurningum jákvætt.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Mig undrar ekki að spurt er um snjómokstursreglur. Þeir eru ákaflega margir sem telja sinn hlut þar of lítinn og það er mjög skiljanlegt. Þetta eru viðkvæm mál, og eins og hv. fyrirspyrjandi sagði vilja menn gjarnan geta komist sinna ferða. Að sjálfsögðu takmarkast snjómokstur af því fjármagni sem er til ráðstöfunar, og ég vil upplýsa það í upphafi míns máls, að á síðasta ári fór snjómokstur um það bil 200 millj. gkr. fram úr áætlun, þrátt fyrir það að mjög snjólétt var framan af árinu. Engu að síður vildi ég reyna að auka nokkuð snjómokstur og bað Vegagerðina um tillögur í því skyni. Mun ég fara yfir þær og er það svar við fyrri mgr. í fsp. hv. þm.

Nokkrar breytingar voru gerðar á snjómokstursreglum í okt. s. l. Þessar breytingar, sem allar voru til rýmkunar á reglunum, áttu sér almennt þær forsendur, að breytingar hefðu orðið á vegakerfinu á viðkomandi svæði eða ástandi vega, þannig að aukin vetrarþjónusta væri eðlileg og framkvæmanleg, bæði tæknilega og fjárhagslega. Þá var í nokkrum tilvikum um að ræða breytingar á samgöngum og samgönguþörf og var þá gjarnan um að ræða atriði eins og nýtingu á hafnaraðstöðu, flugvöllum, heilbrigðisþjónustu, skólakerfi og fleira þess háttar.

Mun ég nú telja þær helstu breytingar sem urðu, þótt þær yrðu að vísu nokkuð mismunandi á einstökum vegum.

1. Á Þorlákshafnarvegi aukinn snjómokstur til samræmis við ferðir Herjólfs.
2. Á Vesturlandsvegi í Borgarfirði vegna opnunar vegar yfir Borgarfjörð.
3. Á Útnesvegi milli Ólafsvíkur og Hellissands vegna hafnaraðstöðu, flugvallar og samvinnu í fiskiðnaði.
4. Á Bíldudalsvegi milli Patreksfjarðar og Bíldudals vegna samvinnu í fiskiðnaði og hafnaraðstöðu, flutninga Ríkisskips og þess háttar.
5. Á Djúpvegi milli Súðavíkur og Bolungarvíkur vegna hafnaraðstöðu, flugvallar og skólakerfis.
6. Á Norðausturvegi milli Húsavíkur og Raufarhafnar, svo og um Hálsa, tengt endurbyggingu vegar um Melrakkasléttu.
7. Á Norðfjarðarvegi milli Reyðarfjarðar og Eskifjarðar í framhaldi af endurbótum á vegi og vegna samvinnu í fiskiðnaði.
8. Á Austurlandsvegi milli Breiðdalsvíkur og Hornafjarðar tengt nýjum vegi fyrir Hvalnesskriður.

Auk breytinga á einstökum vegum voru rýmkuð heimildarákvæði um opnun þeirra vega sem fyrirvari er á um opnun vegna snjóþyngsla eða veðráttu. Heimilt var að tvöfalda opnunartíðni þessara vega vor og haust meðan snjólétt er, en nú er þessi heimild ekki lengur bundin við vor og haust, heldur eingöngu háð snjóþyngslum. Eða m. ö. o., það er heimilt að opna tvisvar eins lengi og snjóþyngsli gera það kleift með viðunandi eða viðráðanlegum kostnaði. Meðal þessara vega er að finna flesta snjóþyngstu vegarkafla landsins. Má þar nefna Breiðadalsheiði, Ólafsfjarðarmúla, Fjarðarheiði og Oddsskarð. Með þeim snjómokstrarákvæðum, sem gilda og gilt hafa um þessa vegarkafla og aðra álíka, er í raun verið að setja takmark á það fjármagn sem verja má til vetrarþjónustu á einstökum vegum og vegarköflum.

Um allar þær breytingar, sem gerðar voru á snjómokstursreglum, lágu fyrir umsóknir frá heimaaðilum og raunar um miklu fleiri vegi og víðtækari rýmkanir, sem ekki þótti fært að verða við á þessu stigi af fjárhagsástæðum, eins og ég gat um í upphafi míns máls.

Þá er í öðru lagi spurt sérstaklega um Ólafsvíkurenni og Óshlíð annars vegar og Ólafsfjarðarmúla hins vegar. Ég hef hér svar frá Vegagerðinni við þessari spurningu og vil lesa það með leyfi forseta:

„Snjómokstursreglur þær, sem gilda á þjóðvegakerfi landsins, taka annars vegar mið af þörfum fyrir samgöngur og hins vegar þeim takmörkunum sem veðurfar, ástand vega og aðrar aðstæður setja á vetrarþjónustu. Í flestum tilvikum má segja að umræddar takmarkanir komi að lokum fram sem fjárhagslegar takmarkanir, þannig að kostnaður við að leysa þær þarfir sé það atriði sem ráði úrslitum. Ef bera á saman einstaka staði er því nærtækast að líta á þessi tvö atriði. Þörf fyrir samgöngur speglast í umferð, ef um sambærilega þjónustu er að ræða á þeim vegum sem bornir eru saman. Sé litið á umferð þeirra vega, sem fsp. tilgreinir, þ. e. Ólafsvíkurenni og Óshlíð og Ólafsfjarðarmúla, var hún sem hér segir árið 1979:

Sumarumferð	Bílar á dag
Ólafsvíkurenni	436
Óshlíð	406
Ólafsfjarðarmúli	253

Ársumferð	
Ólafsvíkurenni	309
Óshlíð	275
Ólafsfjarðarmúli	186

Sumarumferð er hér talin mánuðina júní-sept. Eins og sést á þessum tölum er umferð greinilega minni um Ólafsfjarðarmúla en hina vegina tvo, og er sá munur öllu meiri á sumarumferð en ársumferð, þó að minni vetrarþjónusta í Ólafsfjarðarmúla ætti að leiða til hins gagnstæða. Sé hugað að skýringum á þessum hlutfallslega mikla mun á umferð koma fyrst til álita atriði eins og aðgangur að flugvelli, en Ólafsvík og Bolungarvík sækja á flugvöll um tvo fyrstnefndu vegina. Þá er hafnaraðstaða ekki fullkomin á þessum stöðum þannig að vöruflutningar fara í nokkrum mæli a. m. k. um viðkomandi vegi. Til Ólafsfjarðar gengur flóabátur og uppskipun fer fram um eigin höfn. Þar er nú einnig kominn flugvöllur með föstum áætlunarferðum. Vegalengdin milli þéttbýlisstaða um tvo fyrrnefnda vegi er mun styttri en milli Ólafsfjarðar og Dalvíkur og hvetur það að sjálfsögðu til samskipta á mörgum sviðum, svo sem í atvinnulífi, skólagöngu og fleiru.

Sé litið á kostnaðarhliðina kemur í ljós að Ólafsfjarðarmúli er fjárfrekastur þessara vega í vetrarviðhaldi. Árin 1977—1979 var að meðaltali varið 47 millj. gkr. hvert ár til vetrarviðhalds í Ólafsfjarðarmúla á verðlagi ágúst 1980. Sambærilegar tölur fyrir hina vegina tvo eru 9 millj. kr. í Ólafsvíkurenni og 16 millj. kr. í Óshlíð. Raunar má segja að Ólafsfjarðarmúli sé í hópi erfiðustu vega landins í þessu tilliti. Meðal þessara vega má t. d. nefna Breiðadalsheiði, Fjarðarheiði og Oddsskarð, en á þessum vegum öllum gilda sömu reglur hvað snjómokstur varðar. Stærð byggðarlaga, sem um þessa vegi sækja, er einnig svipuð."

Hér hefur verið drepið á nokkur helstu atriðin, sem hafa ber í huga og höfð eru í huga þegar snjómokstursreglur eru ákveðnar. Ég sagði í upphafi míns máls að kostnaður við snjómokstur hefði farið töluvert fram úr

áætlun á síðasta ár, og lítur satt að segja ekki vel út á þessu. Til fróðleiks vil ég geta þess, að meðaltalskostnaður í hinum ýmsu kjördæmum við snjómokstur frá 1976—1979 var eins og hér segir á verðlagi 1980: Suðurland 130 millj. kr., Reykjanes 185.8, Vesturland 215, Vestfirðir 356, Norðurland vestra 134, Norðurland eystra 283.7 millj. kr. og Austfirðir 401.9 millj. kr.

Ég vona að mér hafi tekist að svara þessari fsp. og vil endurtaka að lokum að víða er beðið um meiri snjómokstur, t. d. ekki síst úr ýmsum sveitum landsins sem í vaxandi mæli þurfa að senda nemendur til skóla í þéttbýli. Ekki hefur þó verið talið fært að taka upp snjómokstur á slíkum leiðum. Það mundi þýða að snjómokstur yrði að taka upp á líklega um 20—30 slíkum dreifbýlisleiðum víðs vegar um landið. Því miður er fjármagn ekki svo mikið að unnt sé að ráða við það. Vel má vera að auka eigi fjármagn til snjómoksturs, en þó hygg ég að skynsamlegasta leiðin sé að vinna jafnt og þétt að því að koma, eins og sagt er, vegum upp úr snjó og létta þannig á snjómokstri.

Helgi Seljan: Herra forseti. Það er full ástæða til þess að fagna þeim rýmkunum sem urðu varðandi snjómokstursreglur á s. l. hausti. Ég sé ástæðu til þess varðandi okkur á Austurlandi. Við fögnum því sannarlega að þar var rýmkað nokkuð til, bæði varðandi Fjarðarheiði og Oddsskarð og eins hið sjálfsagða mál milli Eskifjarðar og Reyðarfjarðar. Við viljum þó ekki láta hjá líða að benda á þá undarlegu eyðu sem er í okkar vegakerfi eystra varðandi snjómokstur, á leiðinni Breiðdalsvík-Djúpivogur. Það er eyða sem við eigum ákaflega erfitt með að sætta okkur við, að þar sé fært allt í kring, en síðan sé sá tiltölulega stutti kafli ófær heilu vikuna — eða heilu vikurnar jafnvel eins og verið hefur nú í vetur.

En ég kom hér aðallega í ræðustól til að leiðrétta ákveðinn misskilning sem ég hef séð að hefur verið ítrekaður nú að undanförnu og ég held að sé örugglega kominn frá opinberum aðilum, þ. e. að þessar snjómokstursreglur séu settar í samráði við þm. hvers kjördæmis. Ég hef lesið þetta einhvers staðar á prenti og ég hef heyrt þetta í fjölmiðlum. Ég vil aðeins leiðrétta þetta. Þetta er ekki rétt. Það hefur vissulega verið rýmkað til og vissulega eru ákveðnar reglur til um það hvernig með skuli fara. Starfsmenn Vegagerðarinnar hafa sannarlega oft tekið vel ýmsum málaleitunum okkar þm. Hins vegar eru það auðvitað rn. og Vegagerð ríkisins sem setja um þetta ákveðnar endanlegar reglur. Eflaust er um eitthvað haft samráð við þm. hvers byggðarlags, en ég veit það með okkur Austurlandsþingmenn, að varðandi þær reglur, sem settar voru núna síðast, var ekki haft samráð við okkur. Við erum þessu þó, held ég, að þeim ráðamönnum Vegagerðarinnar ólöstuðum, allra manna kunnugastir og verðum einnig að svara fyrir það heima í héraði sem mönnum þykir þar ábótavant. Því vil ég að þessari leiðréttingu sé hér komið á framfæri.

Fyrirspyrjandi (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin. Ég geri ekki mjög miklar efnisathugasemdir við þessi svör, sem voru flest um staðreyndir. Hitt er svo annað mál, að það hlýtur alltaf að vera matsatriði og pólitískt mat hvenær menn eiga að gera upp á milli borgaranna eins og gert er með þessum snjómokstursreglum. Ég vek athygli á því, að ef skoðað er hvaða fjármunum er varið til vetrarviðhalds, eins og Vegagerð ríkisins kallar snjómokstur á þjóðvegum, þá hefur þetta verið nokkuð svipað síðustu árin. Ef þessi samanburður er gerður á raungildi, þá er ívið meir 1979 sem var varið til þessara mála heldur en 1980. Það voru vissar ástæður fyrir því, sem ég ætla ekki að rifja hér upp, en það var náttúrlega alveg ljóst þegar þessar reglur voru endurskoðaðar hvaða fjármunum var þarna að skipta, og þess vegna er í rauninni ekki hægt að skýla sér á bak við að það þurfi að mismuna mönnum svo mjög — eins og kemur fram í þessum breytingum — vegna fjárskorts, vegna þess að þarna er ráðist í að greiða svo vel fyrir sumum byggðarlögum, að gert er ráð fyrir að halda aðalvegi, sem tengir þau við þjóðvegakerfið, opnum alla virka daga. Aftur á móti eru sumir hafðir útundan, eins og Ólafsfirðingar, í þessu efni. Það er það sem menn eiga erfitt með að sætta sig við þó að það muni kannske kosta eitthvað meira. En engum dettur í hug að halda að breyttar reglur á ýmsum vegum, sem mjög gott er að skuli hafa verið breytt kosti ekki samfélagið meira í útlátum. Það er fyrst og fremst þetta sem menn reka augu í þegar verið er að gera svona breytingar, og ég vil taka undir það með hv. þm., sem hér síðast tók til máls, Helga Seljan 2. þm. Austurl., að það ætti að hafa meiri samráð við þm. um þessi mál. Þarna er náttúrlega um að ræða viðkvæm mál, eins og hæstv. ráðh. kom inn á, og það væri æskilegt að betri samvinna væri milli þm. og hæstv. ráðh. hverju sinni og Vegagerðarinnar um þessi mál.

Að lokum vil ég svo leggja á það áherslu, að svo háttar um veg um Ólafsfjarðarmúla að þar er í rauninni ekki um annað að ræða en að leggja í allverulegan kostnað við snjómokstur vegna náttúrlegra aðstæðna, svo fremi að ekki verði gerðar mjög umfangsmiklar framkvæmdir til þess að tengja þetta byggðarlag betur við vegakerfi landins. Því held ég að menn verði að horfast í augu við þessa staðreynd á meðan menn treysta sér ekki til að gera veigameiri ráðstafanir til þess að samgöngur verði þarna eðlilegar miðað við nútímakröfur, og þess vegna verði að leggja á það áherslu, að um verði breytt og ekki síst að sinna þeirri sjálfsögðu og eðlilegu kröfu heimamanna að þeir fái að hafa tæki á staðnum til að freista þess, hvort ekki sé unnt að framkvæma þennan snjómokstur þannig að hann komi að betri notum en nú er unnt.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég varð fyrir verulegum vonbrigðum þegar snjómokstursreglur birtust á s. l. hausti, því að ég var búinn að gera mér vonir um að þeim yrði breytt á þann veg, að Ólafsfirðingar fengju tvo mokstursdaga í viku. Hins vegar fagna ég því, að þessum reglum var breytt á þann veg, að það má segja að það sé háð mati Vegagerðarinnar hvort þessi mokstur fer fram einu sinni eða tvisvar. Það er matsatriði hvenær þeir telja að ekki sé snjóþyngra en svo, að forsvaranlegt sé að moka tvo daga vikunnar.

En í sambandi við snjómokstursreglur sitja landsmenn alls ekki við sama borð. T. d. við Eyjafjörð er þjóðvegur í gegnum líklega fimm hreppa báðum megin fjarðarins sem er alltaf mokaður. Aftur á móti verða aðrir að borga helminginn af mokstrinum í hvert sinn sem er mokað til þeirra. Þetta gerir það að verkum, að þarna ríkir mikið ósamræmi sem verður líka að líta á í sambandi við þessar snjómokstursreglur.

Ég held að það þurfi að gera heildarathugun á þessum málum, þannig að landsmenn búi við svipaða þjónustu

að þessu leyti eftir því sem við verður komið.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ekki skal ég mæla gegn því, að Ólafsfjarðarmúli verði mokaður oftar en vil fyrirbyggja misskilning í sambandi við ummæli hv. 3. þm. Norðurl. e. að því er varðar Ólafsvíkurenni eða snjómokstur þar — og raunar gildir það sama um Óshlíðina, þar sem hann sagði að þessir vegir væru mokaðir daglega til þess að komast í aðalþjóðvegakerfi landsins. Þarna er ekki um það að ræða, því miður, heldur er þarna fyrst og fremst um að ræða að tryggja dagleg samskipti milli þessara byggðarlaga, eins og raunar kom fram hjá hæstv. samgrh. Um er að ræða ekki aðeins dagleg samskipti í sambandi við atvinnumál, í sambandi við að komast á flugvöll, heldur er þarna einnig um að ræða sameiginlega læknisþjónustu og margt fleira sem mætti rekja en ég geri ekki hér.

Ég vil aðeins nota tækifærið hér til að koma þessari athugasemd að og einnig benda á það, að eins og kom fram í skýrslu hæstv. ráðh. var meðalumferð, ársmeðaltalið árið 1979, um Ólafsvíkurenni 309 bílar á dag, en voru á síðasta ári komnir yfir 400. Ég vek athygli á þessu hér vegna þess, að eins og væntanlega flestir hafa fylgst með er þarna um mjög mikið vandamál að ræða á þessum vetri þar sem óvenjulega mikið er um grjóthrun og skriðuföll. Vandamál vegna þessa vegar koma væntanlega til meðferðar Alþingis í sambandi við afgreiðslu vegáætlunar á næstunni.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Ég vil taka undir það, að eðlilegt sé að hugsað sé vel til Ólafsfirðinga um snjómokstur, og svo þarf sjálfsagt víðar að vera um landið. En fyrst farið var að bera saman okkur fyrir utan Enni og moksturinn um Ólafsvíkurenni, þá kom ég hér aðeins upp til þess að minna á, umfram það sem hv. 1. þm. Vesturl. minnti á í sambandi við umferð um Ólafsvíkurenni, að við Neshreppingar höfum leitað eftir því ár eftir ár, til þessa að reyna að tryggja að umferð til okkar sér örugg, — en eins og hv. þm. vita hefur truflun á umferð um Ólafsvíkurenni verið mjög mikil og það dugar ekki neinn venjulegur snjómokstur vegna þeirra skriðufalla og snjóflóða sem þar eiga sér stað — en við höfum sótt eftir því ár eftir ár að fá smávegis snjómokstur fyrir Jökul. — Við höfum gengið í það núna í vetur að biðja Vegagerðina um að sýna okkur smáliðlegheit, og það höfum við þm. gert allir sameiginlega, að moka nú fyrir Jökul einstaka sinnum til að tryggja umferð að Hellissandi við þær aðstæður þegar Ólafsvíkurenni er ófært, sem hefur verið oftar en skyldi í vetur. En það hefur ekki fengist. Þess vegna finnst mér þær upplýsingar, að snjómokstursreglur séu á vegum þm. kjördæmanna, alls ekki réttar, enda hef ég ekki orðið var við það, að leitað hafi verið álits þm. Vesturlands um hvernig mokað skuli snjó á Vesturlandi, heldur séu þetta fyrst og fremst einhverjar uppbúnar ársemishugmyndir Vegagerðarinnar. Ég er á því og vil undirstrika það, að mér finnst að þar eigi sér stað vissir hlutir sem séu fullkomlega gagnrýnisverðir. M. a. það, að við þær aðstæður, sem núna eiga sér stað um Ólafsvíkurenni, skuli ekki vera hægt að fá mokað fyrir Jökul á vegum Vegagerðarinnar. Ég held að við höfum nefnt mokstur einu sinni í mánuði til þess að tryggja samgöngur við Hellissand og hafa þá leið opnari en verið hefur.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Aðeins örfá orð vegna þeirra umr. sem hér hafa spunnist um veginn fyrir Ólafsvíkurenni. — Ég vil leyfa mér að minna á það, að til meðferðar í þinginu er till. til þál. sem flutt var hér í haust. Flm. var Gunnar Már Kristófersson. Till. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta kanna hvernig best verði hagað endurbótum á veginum undir Ólafsvíkurenni, þannig að komið verði í veg fyrir hættu af grjóthruni og snjóflóðum."

Þarna hefur ástandið aldrei verið eins slæmt og nú á þessum vetri, eins og hér hefur raunar þegar komið fram. Ég vil hér með skora á þá nefnd sem hefur þessa till. til meðferðar, að afgreiða hana frá sér sem fyrst, þannig að hún megi koma hér til atkvæða í sameinuðu þingi.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Það fór eins og mig grunaði, að engum þykir nóg gert. Ég hef síður en svo á móti því að hafa samráð við þm. um snjómokstur. En þegar fyrir mig var lagður óskabunkinn, sem er æðiþykkur alls staðar af landinu um meiri snjómokstur, þá ræddi ég það nokkuð við þá vegagerðarmenn og þeir sögðu að enginn samgrh. hefði lagt í að taka þau mál þannig upp við þm. Við skulum sjá hvort ég legg í það við aðra endurskoðun, ef ég gegni þá þessu embætti. Ekki vil ég lofa því.

Hér hafa menn talað mikið um það, að allir sitji við hið sama, og það væri ákaflega æskilegt ef einhver formúla fyndist til þess. Nú er opnað tvisvar í viku frá Reykjavík og reyndar á köflum oftar allt norður um land, alla leið til Akureyrar og Húsavíkur og töluvert út frá þeim meginvegi, vestur á Snæfellsnes, Stykkishólm, til Ólafsvíkur og þar reyndar allvíða, um allt Suðurlandið og reyndar víða oftar, alla leið austur á Höfn og þaðan norður um að Egilsstöðum, en ekki er opnað einu sinni í viku inn á Vestfirðina. Hverjir hafa borið skarðan hlut að þessu leyti? Haldið þið að kröfurnar um að opna inn á Vestfirðina séu ekki háværar? Menn hafa ekki treyst sér — ekki ég heldur — til að verða við þeim kröfum. Ég óttast að matið á því, hvenær sé jafnt gert, verði í fyrsta lagi ákaflega erfitt og ekki víst að þeir, sem tala hæst um það, beri mest úr býtum við slíkan samanburð.

Eins og kom fram hjá mér áðan — og reyndar hjá hv. þm. sem hér töluðu áðan — er töluvert önnur aðstaða í Óshlíð og Ólafsvíkurenni heldur en í Ólafsfjarðarmúla. Í Óshlíð hefur reyndar verið opnað meira eða minna hvern dag alllengi. Þar teppist vegur mjög sjaldan af snjókomu, heldur af snjóflóðum, sem eru stundum að vísu mörg, en yfirleitt ekki eins stór — þó þau geti verið stór — og í Ólafsvíkurenni og yfirleitt hefur verið reynt að fjarlægja slík snjóflóð þegar þau hafa verið lítil. Samt kemur fram að kostnaður við opnun Óshlíðar var árið 1979 aðeins 9 millj. gkr., en 47 millj. við Ólafsfjarðarmúla. Og ef ég man rétt var það innan við 17 millj. kr. við Ólafsvíkurenni, þannig að þarna er gífurlegur munur á.

Ég verð að taka undir það sem hv. þm. Eiður Guðnason sagði, að vitanlega er eina lausnin á þessu máli, að lagfæra þá staði sem eru erfiðastir að þessu leyti. Ef við ætlum að mæta þeim fjölmörgu óskum sem fram eru bornar um meiri snjómokstur, þurfum við að auka snjómokstursfé gífurlega. Tvöföldun þess efa ég að nægði til að fullnægja öllum þeim óskum sem fyrir liggja.

Fyrirspyrjandi (Lárus Jónsson): Herra forseti. Þetta hafa orðið fróðlegar umr. og eiginlega meiri umr. en ég ætlaði með þessari saklausu fsp. minni. En hæstv. ráðh. fór að tala hér um náttúrlegar aðstæður á þessum vegum, sem ég tiltók sérstaklega og taldi að væri svo vel staðið að þjónustu á að mönnum fyndist mismunurinn of mikill, þ. e. um Ólafsvíkurenni og Óshlíð. Þá fór hann að tala um það í sambandi við náttúrlegar aðstæður þar, hann taldi mikið um snjóflóð þar, og það kom hér líka fram af hálfu þm. Vestlendinga.

Ég get upplýst hæstv. ráðh. og þingheim um það, að ég talaði fyrir nokkrum dögum við umsjónarmann vega á þessu svæði, Ólafsfjarðarmúla, og benti honum á að nokkuð mikið væri gert af þessu, að segja fréttir af því að snjóflóð féllu á vegi, ýmsa vegi og sérstaklega þarna vestur frá. Þá sagði hann: Guð minn góður, ef ég ætti að fara að segja frá því á hverjum degi, hvað fellur mikið af snjóflóðum á Ólafsfjarðarmúla, þá gerði ég ekkert annað.

Ég held því að menn geti ekki mismunað þessum stöðum af þessum sökum. Þarna er því miður við afskaplega erfiðar aðstæður að etja vegna snjóflóða og stórhætta raunverulega fyrir menn að fara við viss skilyrði um þessa vegi. Það þarf auðvitað að reyna að gera allt sem hægt er til þess að koma í veg fyrir slys, sinna lagfæringum og auka eftirlit. Það, sem kemur náttúrlega fyrst og fremst til greina á þessum stöðum, er — eins og aðeins hefur verið talað um og er lítillega farið að rannsaka — að gera jarðgöng. Það er auðvitað eina frambúðarlausnin þó að enginn fari í grafgötur um það, að slíkar framkvæmdir eru feiknalega dýrar og verða kannske að bíða um sinn.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður kom að kjarna málsins varðandi Ólafsfjarðarmúla og skal ég ekki orðlengja það. Ég vil hins vegar fagna þeim áhuga sem ýmsir af þeim þm., sem skipa sér á bak við ríkisstj., hafa sýnt bættum samgöngum úti í strjálbýlinu. Það er núna búið að leggja fram hér á Alþingi vegáætlun sem gerir ráð fyrir að skerða vegaframkvæmdir álíka mikið og kaupið var skert 1. mars. Þá seildist hæstv. ríkisstj. ofan í vasa skattborgaranna og tók tíundu hverja krónu úr vasanum hjá launþegum jafnt hjá fátækum sem ríkum, og hugmyndin með vegáætluninni núna er að taka tíunda hvern metra af því sem lofað var 1979, af hæstv. samgrh. sem þá var, Ragnari Arnalds, núv. hæstv. fjmrh., og núv. hæstv. samgrh. sat líka líka í þeirri ríkisstj. sem þá stóð fyrir vegáætlunni.

Ég verð því að segja það, að ég óska þessum hv. stuðningsmönnum ríkisstj. til hamingju með árangurinn og fyrir — ég vil segja: hugrekkið, að þora þó að biðja um aukinn snjómokstur, en hafa á hinn bóginn engan kjark til þess að reyna að standa á bak við loforðin frá 1979, heldur klípa utan af því sem ekkrt er, þeim fáu krónum sem þó eru ætlaðar til bættra samgangna í strjálbýli, m. a. til þess að koma vegi upp úr snjó, þannig að nú er svo komið fyrir 2. þm. Norðurl. e. að hann kemst ekki einu sinni eftir skurðunum á bíl sínum fram fæðingardalinn, fram Hörgárdal.

Lánskjör Fiskveiðasjóðs, fsp. (þskj. 432). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 432, ásamt hv. þm. Halldóri Blöndal að bera fram fsp. til sjútvrh. um lánskjör Fiskveiðasjóðs. Fsp. er svohljóðandi:

„1. Hver eru kjör Fiskveiðasjóðs á skipalánum síðan 1978?

2. Hefur ríkisstj. í hyggju að þessi kjör verði jöfnuð og ef svo er, þá hvernig og hvenær?"

Eins og hv. þm. mun vafalaust kunnugt var það lengst af svo, að Fiskveiðasjóður lánaði til skipakaupa og skipasmíða með þeim kjörum, að annars vegar fengu menn gengistryggð lán og hins vegar innlend lán sem voru óverðtryggð og báru þolanlega vexti. En fyrir skömmu, ég hygg að það hafi verið 1978 eða 1979, var þessum útlánareglum breytt allmikið og síðan hafa breytingar á útlánakjörum Fiskveiðasjóðs verið mjög tíðar, þannig að mér er ekki grunlaust um að sumir hverjir, sem hafa hlotið lán á þessum tíma, séu með mjög miklu óhagstæðari kjör en menn fá þó í dag, og þykja mönnum þó ekki kjörin nægjanlega góð.

Það, sem fyrir mér vakir með þessari fsp., er að vekja athygli á því, að þarna er um að ræða allmisjöfn kjör og menn sitja þarna við mjög misjafnt borð að þessu leyti. Mér er persónulega kunnugt um það og þekki til þess, að sum þessara fiskiskipa, þó þau séu afbragðs aflaskip, hafa ekki nokkurn möguleika á að standa undir þessum lánskjörum. Þess vegna er kannske meginatriði spurningarinnar það, sem kemur fram í 2. lið hennar: Er hugmynd ríkisstj. að jafna þessi kjör? Hvenær verður það þá gert og hvernig?

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Lánveitingum Fiskveiðasjóðs vegna fiskiskipa má skipta í þrjá hluta: lán vegna nýsmíði innanlands, lán vegna skipakaupa erlendis og lán vegna tækjakaupa og endurbóta á fiskiskipum. Gilda mismunandi lánareglur í hverju tilviki, bæði hvað varðar lánstíma og hámarkslán. Hámarkslán vegna innlendrar nýsmíði hefur verið 75% allan síðasta áratug og hámarkslánstími 18 ár síðan 1975. Hámarkslán vegna skipakaupa erlendis hefur verið 50% síðan 1977, og á síðasta ári var sett í reglur sjóðsins að skip svipaðrar stærðar skuli þá selt úr landi. Lánstími er sá sami og í innanlandssmíði að frádregnu verði eldra skips, ef það er keypt notað.

Núgildandi aðalregla vegna tækjakaupa og endurbóta er 50% hámarkslán, en þó með vissum undantekningum. Lánstíminn er yfirleitt á bilinu 5—7 ár.

Lán Fiskveiðasjóðs s. l. áratugi hafa annaðhvort eða bæði verið gengistryggð og vísitölutryggð og þá með breytilegum vöxtum. Þetta lánakerfi er við það miðað, að sjóðurinn sé skaðlaus af áhrifum gengis- og verðlagsbreytinga. Með þetta í huga er hægt að lýsa þeim breytingum sem hafa orðið á lánskjörum Fiskveiðasjóðs síðustu árin með einföldu dæmi.

Þar sem mismunur á lánskjörum Fiskveiðasjóðs frá ári til árs kemur nægilega vel fram þótt erlendri fjármögnun sé sleppt mun ég taka dæmi bát minni en 75 brúttólestir sem er smíðaður innanlands. Þetta dæmi er tekið til að forðast þá óþörfu flækju sem verður þegar erlend fjármögnun kemur til, sem er eðlilega með þeim kjörum sem erlenda fjármögnunin fæst á. En ég vil þó geta þess, að Fiskveiðasjóður hefur sett það skilyrði fyrir lánveitingum úr sjóðnum vegna skipakaupa erlendis svo og vegna endurbóta erlendis, að slíkar framkvæmdir séu til að

byrja með fjármagnaðar með erlendu langtímaláni, 7—8 ára láni í kauptilviki og 5—7 ára láni í endurbótatilviki. Sjóðurinn veitir bakábyrgð á erlenda láninu, en bein fjármögnun Fiskveiðasjóðs vegna slíkra kaupa eða endurbóta felst aðeins í lengingu lánsins þegar það á við, og á sú fjármögnun sér stað með gildandi lánskjörum á hverjum tíma.

Frá 1979 hefur þessi fyrirgreiðsla einnig verið látin ná til lánveitinga vegna nýsmíði stærri skipa innanlands og vegna meiri háttar endurbóta innanlands. En breytingar á lánskjörum Fiskveiðasjóðs síðustu ár koma best fram með því að taka dæmi, eins og ég sagði áðan, innlenda smíði báts minni en 75 brúttólestir. Ef hann er stærri koma til bein lán í þýskum mörkum vegna véla- og tækjakaupa.

1) Árið 1977 lánaði Fiskveiðasjóður 75% kaupverðsins. 10% þess var byggingarvísitölutryggt lán með 5.5% vöxtum. 67.5% kaupverðsins var lán með gengisákvæðum og voru vextir þess 8% á árinu 1977.

2) Árið 1978 er veitt út á sams konar bát lán, og þá eru 27% af lofaðri fjafhæð vísitölulán með 5.5% vöxtum, þ. e. þá voru tæp 55% kaupverðsins lán með gengisákvæðum og voru vextir þess 11%. **(Gripið fram í:** 55%). Já, 55% kaupverðsins voru lán með gengisákvæðum og voru vextir þess 11%.

3) Á árinu 1979 verður hins vegar veruleg kerfisbreyting samhliða því sem hlutfall vísitölulána eykst enn einu sinni. Hámarkslánið er sem áður 75% og þar af 42% í vísitölulánum með 55% vöxtum. Kerfisbreytingin kemur hins vegar fram í gengistryggðu lánunum. Þá er hætt að veita lán með gengisákvæðum, en þess í stað tekin upp lán í reikningseiningum Fiskveiðasjóðs, sem eru í raun SDR-mynt, þ. e. vegið meðaltal 16 helstu viðskiptamynta heims. Þessi reikningseiningalán eru sem önnur lán með breytilegum vöxtum og voru þeir 9% á árinu 1979.

4) Í tengslum við fiskverðsákvörðun í ársbyrjum 1980 verður enn ein breyting. Þá eru vísitölulánin felld niður og allt 75% lánið verður SDR-lán með breytilegum vöxtum, sem eru nú 11%. Þar sem meiri gengistrygging er fólgin í SDR-lánum en hinum eldri svo og að vísitölutryggðu lánin hafa reynst erfiðari en önnur lán, þá er ljóst að árið 1978 og sérstaklega árið 1979 eru lántakendum erfið. Því samþykkti stjórn Fiskveiðasjóðs að kanna skyldi hvort ekki væri hægt að létta lánabyrðina, en ákvörðun hefur ekki verið tekin þar að lútandi. Ég vil taka það fram í þessu sambandi, að ég hef rætt þetta mál við formann stjórnar Fiskveiðasjóðs sem hefur tjáð mér að hann muni ganga eftir því, að þær upplýsingar, sem á verður að byggja, liggi fljótlega fyrir þannig að ákvörðun megi taka.

Það er mikilvægt að gera sér grein fyrir því, að Fiskveiðasjóður hefur ekki annað fé til útlána en það sem hann fær sjálfur að láni. Það fé, sem sjóðurinn fær þannig til ráðstöfunar, er honum skylt samkv. lögum að endurlána með sambærilegum kjörum og hann sætir sjálfur. Í raun endurspegla lánskjör fiskveiðasjóðs því aðeins lánskjör á almennum lánsfjármarkaði bæði hérlendis og erlendis og er varla nokkuð óeðlilegt við það. Það liggur því í augum uppi, að kjör Fiskveiðasjóðs eru breytileg frá ári til árs og því misjafnlega hagstæð. Ég hef einnig látið gera töflu sem gerir samanburð á smíði innanlands með kjörum Fiskveiðasjóðs á árunum 1977—1980, sem reyndar má segja að sé samantekin í því sem ég las áðan. Eftir 1977 á slíkur samanburður við alla báta og skip sem smíðuð eru innanlands en árið 1977 við 75 brúttólesta báta eða minni. Ég skal aðeins hlaupa yfir töfluna til skýringa.

Árið 1977 eru engin SDR-lán. Þá eru 90% af láninu með gengisákvæði, en vísitölubundið er 10% af því sem lánað er. Þá eru vextir á gengistryggðu lánunum 8% og af vísitölulánunum 5.5%. 1978 eru 73% af láninu með gengisákvæði, en 27% vísitölubundið, og gengishlutinn er með 11% vöxtum, á vísitölubundna hlutanum 5.5% 1979 hins vegar eru 58% lánsins SDR-lán, en 42% vísitölubundin. Vissulega er SDR-lánið gengistryggt eins og áður var, en eins og ég las áðan nokkuð önnur gengisviðmiðun. Þá eru vextir af SDR-láninu 9% og af vísitöluláninu 5.5%. En árið 1980 er allt lánið með SDR-viðmiðun og vextir af því láni 11%.

Vona ég að þetta skýri þá breytingu sem þarna hefur á orðið. Ég þarf ekki að taka það fram að af kaupverði bátsins eru veitt 75%, og því má að sjálfsögðu breyta þeim tölum sem ég las upp áðan til hlutfalls af kaupverði bátsins.

Fyrirspyrjandi (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir ítarleg svör við þessum fsp. Það kom glöggt fram í svari hans, að þarna er um að ræða nokkuð misjöfn lánskjör síðustu árin og að þeir, sem tóku lán árin 1978 og 1979, búa við verri lánskjör en flestir aðrir sem hafa fengið skipalán hjá Fiskveiðasjóði.

Ég vil sérstaklega fagna því, að hæstv. ráðh. hefur rætt þetta mál við stjórn Fiskveiðasjóðs, og eins og mér heyrðist á máli hans er í athugun hvort ekki sé hægt að lagfæra þetta. Ég vil sérstaklega leggja áherslu á að það verði gert og þeirri athugun verði hraðað.

Um önnur atriði, sem komu fram í svari hæstv. ráðh., er ekki ástæða til að fjölyrða að sinni, að öðru leyti en því að það er að sjálfsögðu rétt, sem fram kom hjá honum, að Fiskveiðasjóður á og þarf að lána til skipakaupa og skipasmíða með þeim kjörum sem hann fær sína peninga á. En það er að sjálfsögðu mikið áhyggjuefni, að ný skip, bæði þau sem eru keypt erlendis frá og smíðuð innanlands, eiga í mjög miklum erfiðleikum við núverandi aðstæður að standa í skilum eins og menn vita. En það er önnur saga.

Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin og vænti þess, að viðleitni hans til að jafna þessi lánskjör verði árangursrík.

Símamál, fsp. (þskj. 463). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Ég hef ásamt hv. 10. þm. Reykv. borið fram fsp. til hæstv. samgrh. Þessi fsp. tengist máli sem vakið hefur allmikla athygli að undanförnu og margir bera kvíðboga fyrir hvernig framkvæmt verður. Ég vil rifja upp í þessu sambandi að á s. l. ári, það var liðið undir lok þingtíma, bar ég fram fsp. til hæstv. samgrh. um þetta sama mál. Sú fsp. komst ekki á dagskrá, en henni var svarað skriflega, og þóttu mér þá svör hæstv. ráðh. ærið ófullkomin og gerði aths. við það úr þessum ræðustól. Nú er liðið næstum ár síðan þetta mál var hér á dagskrá, og sannast sagna hefur málið mjög lítið skýrst í hugum almennings eða hugum þingmanna, enda engin tilraun gerð af hálfu Pósts og síma né hæstv. ráðh. að skýra þetta mál fyrir fólki og

gera grein fyrir því, hvað raunverulega væri fyrirhugað í sambandi við uppsetningu þessara tækja. Hér er ekki eingöngu um tæknilegt mál að ræða — ég vek athygli á því — heldur er hér um pólitískt mál að ræða, þ. e. hæstv. ráðh. verður að taka pólitískar ákvarðanir í sambandi við þetta mál. Ekki síst til þess að reyna að fá fram hver sé stefna ráðh. og vilji hans í þessu máli er þessi fsp. borin hér fram. Hún hljóðar svo:

„Í tilefni af ákvörðunum Pósts og síma um að setja upp tækjabúnað til að mæla lengd símtala og innheimta afnotagjöld í samræmi við það er spurt:

1. Hver tók ákvörðun um að setja upp þennan tækjabúnað og á grundvelli hvaða heimilda?

2. Er fyrirhugað að búnaður til mælinga á lengd símtala verði settur upp víðar í landinu og þá hvar og hvenær?

3. Hvaða meginsjónarmið koma til með að ráða í þeirri endurskoðun gjaldskrár, sem þessi búnaður mun hafa í för með sér?

4. Í svari samgrh. við fsp. á síðasta þingi um lengd skrefa segir: „Hæstv. samgrh. mun að sjálfsögðu velja réttláta lengd innanbæjarskrefa og skrefagjald.“ Hver verður „hin réttláta lengd innanbæjarskrefa“ og hvert verður skrefagjaldið?

5. Hyggst ráðh. láta stýra gjaldtöku þannig að ekki verði þungbært fyrir fólk, sem notar síma mikið af félagslegum ástæðum, t. d. elli- og örorkulífeyrisþega?“

Ég vil minna á að ekki alls fyrir löngu fékk Alþingi veglega heimsókn. Hingað komu konur sem sátu þing Bandalags kvenna í Reykjavík, sennilega um hundrað konur, á fund okkar þm. Reykv. til að láta í ljós áhyggjur sínar yfir þessu máli, ekki síst vegna síðasta eða fimmta töluliðar í þessari fsp., þ. e. hvernig líklegt sé að þessu máli verði beitt gagnvart elli- og örorkulífeyrisþegum. Afhentu þær okkur þm. Reykv. sérstakt bréf um það mál, og það er ekki síst í tilefni af því sem þessi síðasti liður í fsp. er borinn fram.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Þar sem mál þetta hefur nú verið alllengi á döfinni óskaði ég eftir grg. frá Pósti og síma og hef fengið þá grg. bæði frá forstjóra stofnunarinnar og nokkrar ítarlegri upplýsingar frá verkfræðingi. Ég ætla að leyfa mér að lesa bréf frá forstjóra stofnunarinnar, með leyfi forseta, og bæti þá inn í nokkrum upplýsingum frá eigin brjósti í þessu sambandi. Í fyrrnefndu bréfi segir:

„Með tilvísun til bréfs samgrn., dags. 25. febr. 1981, með fsp. á þskj. 463 varðandi skrefatalningu símtala skal eftirfarandi upplýst:

Það er af augljósum ástæðum að mínu mati,“ segir forstjórinn, „að margir eða flestir fyrrv. hæstv. samgrh. frá 1971 höfðu áhuga á að mæla símtöl innanbæjar með hliðstæðum hætti og á sér stað í landssímakerfinu. Hin sameiginlega fjárhagsbyrði símakerfisins dreifðist með þeim hætti réttlátast hvarvetna á landinu. Í þessu sambandi má á það benda, að norska Stórþingið samþykkti samhljóða að gera sams konar gjaldskrárbreytingu í maí 1973, og höfuðmarkmiðið var sama og hér, að jafna símgjöldin í „ulike deler af landet“, segir hér í bréfinu.

Ég vil jafnframt geta þess til viðbótar, að samkv. þeim upplýsingum, sem ég hef, tóku Norðmenn þetta upp 1975, Vestur-Þjóðverjar tóku þetta upp 1980 og Svíar hafa ákveðið að taka upp skrefatalningu 1982. Frakkar hafa ákveðið að taka upp skrefatalningu í höfuðborg sinni París, þó að það hafi ekki verið tímasett.

Ég vil einnig upplýsa að í svokallaðri byggðanefnd, sem starfaði hér um árið, var þetta mjög mikið rætt, enda kom í ljós í úttekt, sem gerð var á kostnaði landsmanna eftir byggðarlögum, að símakostnaður var, ef ég man rétt um 50% hærri í dreifbýlinu heldur en á þéttbýlissvæðinu hér. Því flutti sú nefnd tillögu þar sem lögð var áhersla á að jafnaður yrði kostnaður milli þéttbýlis og dreifbýlis. Á löngum fundum og mörgum, sem þá voru haldnir með póst- og símamálastjóra og fleiri tæknimönnum, kom í ljós að þetta mætti heita nánast ógerlegt án þess að taka upp talningu.

Ég les síðan áfram, með leyfi forseta:

„1. Þau kerfi, sem í boði eru við fyrstu athugun, þóttu of kostnaðarsöm, og það liðu nokkur ár áður en hægt var að leggja fyrir rn. áætlun um búnað sem hentaði að þessu leyti og á viðráðanlegu verði. Samkvæmt framansögðu er ljóst að margir ráðherrar hafa komið hér við sögu. En það er í ráðherratíð Ragnars Arnalds sem samgrn. ákveður kaup tækja til tímamælinga á innanbæjarsímtölum. Og fyrir hinn almenna notanda var það talið betri kostur en nefskattur, sem nokkuð mun hafa verið um rætt.

2. Fyrirhugað er að teljarabúnaður fyrir innanbæjartalningu verði á öllum símstöðvum landsins og uppsetningu mun verða lokið í júlí n. k.

3. Hin breytta gjaldskrá miðast við að meiri jöfnuður náist hvarvetna á landinu.“

Þessi gjaldskrá er ekki enn þá komin til mín, en það munu verða tilbúnar tillögur um hana fljótlega. Ég get því ekki á þessu stigi sagt nákvæmlega hvert gjaldið verður. Að sjálfsögðu er með þessu leitast við að jafna símakostnað dreifbýlis og þéttbýlis, ekki að auka tekjur stofnunarinnar, og er vert að hafa það í huga þegar um gjaldskrána er rætt.

4. „Þegar velja á einhverja réttláta skrefalengd ber að hafa í huga meðalsímtalalengd, en um þessar mundir hefur hún mælst um 2.6 mínútur. Þá tel ég,“ segir forstjórinn, „að þessi skrefalengd eigi að vera minnst tvöföld meðalsímtalalengd, eða sex mínútur eða átta mínútur, svo dæmi sé nefnt.“

Þetta hefur hann lagt til við mig. Ákvörðun um það hefur ekki verið tekin, en mér sýnist þetta út af fyrir sig skynsamleg tillaga. Síðan segir:

„Svíar munu taka upp sex mínútna skrefalengd, Þjóðverjar nota átta mínútna skrefalengd, en flest önnur lönd nota skemmri skref innanbæjar, svo sem þrjár mínútur. Umrædda skrefatalningu má láta fylgja dagtaxtatímabilinu, sem er frá klukkan átta að morgni til klukkan 19 mánudaga til föstudaga, og á laugardögum frá klukkan 8 — 15. Utan þessa tíma má taka tímamælinguna af svo og alla sunnudaga.“

Og ég vil geta þess, að ég hef þegar samþykkt að þessi háttur verði á hafður. Verður þá ekki um skrefamælingu að ræða eftir klukkan 7 mánudaga til föstudaga og ekki um helgar eftir klukkan 3 á laugardögum.

„Í þessu sambandi,“ segir enn fremur, „er rétt að benda á að nú færist óðfluga í vöxt að flytja eftir símaleiðum innanbæjar boð milli tölvustöðva, og þess háttar sambönd eða leiðir er nú orðið auðvelt að velja í sjálfvirka símakerfinu. En sambönd eins og hér um ræðir eru allt annars eðlis en venjuleg símtöl manna á milli. Þau geta staðið yfir svo tímunum skiptir hverju sinni og

þar af leiðandi mjög eðlilegt að gjaldfæra þau samkvæmt hinum fyrirhuguðu gjaldskrám. Enn fremur er ógerningur fyrir stofnunina að vita hvaða aðilar taka tölvur í símaþjónustu og of mikil og óeðlileg hnýsni í einkahagi verður að telja að grennslast eftir slíku," segir forstjórinn.

Ég vil jafnframt geta þess, að í því bréfi verkfræðings, sem fylgir með, ræðir hann allítarlega einmitt um þetta og kveður ekki óalgengt að tölva sé með síma innanbæjar í notkun allan daginn og greiðir þá að sjálfsögðu ekki nema eitt skref. Þetta íþyngir kerfinu að sjálfsögðu ákaflega mikið og veldur truflunum og erfiðleikum fyrir aðra að nota símann eins og til er ætlast. Mér er jafnframt tjáð að þau tilfelli séu mörg að símalína er upptekin þannig allan daginn, en aðeins notuð lítinn hluta úr degi, þar sem að sjálfsögðu kostar minna að velja númer og halda línunni allan daginn heldur en að velja númer oftar.

Síðan segir forstjóri: „Skrefagjaldið mætti hugsanlega færa niður í 33 — 34 aura frá því sem nú er, 35 aurar, auk lækkunar sem kemur á leiðirnar, sem nú reiknast á 8, 10 og 12 sekúndur, en þær færu í 10, 12 og 15 sekúndur." En eins og ég sagði áðan hefur endanleg ákvörðun ekki verið tekin um gjaldskrána.

„5. Elli- og örorkulífeyrisþegar eru nú undanþegnir að greiða ársfjórðungsgjöldin, og hugsanlega mætti láta þá alla sitja við sama borð og njóta 600 frískrefa á ársfjórðungi, en nú hafa notendur á höfuðborgarsvæðinu aðeins 300 skref innifalin í ársfjórðungsgjaldinu.

Varðandi fsp. um mismun á kostnaði við skrefatalningu í dreifbýli og á höfuðborgarsvæðinu er erfitt að gefa nákvæma tölu, en allt bendir til þess að þetta sé hlutfallslega mjög svipað."

Í ítarlegri grg. verkfræðings kemur margt fróðlegt fram og ætla ég, með leyfi forseta, að lesa hér aðeins stuttan kafla.

Verkfræðingurinn upplýsir að Pósti og síma hafi borist kvartanir af þéttbýlissvæðinu, en engar utan af landsbyggðinni, og segir: „Samtök sveitarfélaga hafa þvert á móti lýst yfir ánægju sinni með framkvæmdina. Þeir einu, sem kvarta, eru þeir sem búa í Reykjavík og nágrenni. En þeir, sem á því svæði búa, hafa líka hingað til haft geysihagstæðar aðtæður í símamálum samanborið við aðra landsmenn. Þrátt fyrir stærð svæðisins hafa allar símstöðvar í Hafnarfirði, Garðabæ, Kópavogi, Reykjavík og Mosfellssveit verið samtengdar eins og um eina símstöð væri að ræða og bæjarsímtalagjald látið gilda fyrir allt svæðið eins og um einn bæ væri að ræða, þ. e. ein talning fyrir hvert símtal innan svæðisins óháð tímalengd símtalsins. Á þessu svæði eru tveir þriðju hlutar allra uppsettra símanúmera á Íslandi. Á þessu svæði er öll stjórnsýsla landsins og aðalstöðvar nær allra stærstu fyrirtækja og þjónustustofnana landsins. Notendur þessa svæðis hafa haft þau réttindi fram yfir dreifbýlisnotendur að geta hringt í svo mörg númer og aðila á bæjargjaldi."

Og síðar segir: „Á þessu svæði eru símstöðvar á sex mismunandi stöðum, og eru þessar símstöðvar allar samtengdar með miklum fjölda millistöðvalína. Þetta gerir símakerfi þessa svæðis hlutfallslega dýrara en nokkuð tilsvarandi símakerfi í dreifbýlinu, og er því eðlilegt að jafna að einhverju leyti símakostnað dreifbýlisins og þessa svæðis."

Síðar segir: „Sumir hafa kvartað yfir því, að þegar þeir hringi í ýmsar stofnanir og fyrirtæki og biðji um samband við einhverja ákveðna persónu, þá séu þeir látnir bíða lengi, og á því muni þeir ekki hafa ráð þegar tímamæling bæjarsímtala verði komin á. Eflaust er mörgum fyrirtækjum nauðsynlegt," segir hér, „að bæta símakerfi sín þannig að slíkur biðtími komi helst ekki fyrir. Með þeirri löngu skrefalengd, sem fyrirhuguð er, ætti þessi biðtími ekki að verða verulegur kostnaðarauki. Einnig má benda þeim á það, sem þessu halda fram, að hingað til hefur dreifbýlið hringt í þessi fyrirtæki og tekið á sig þessa bið með skrefalengd sem er 8—12 sekúndur, í stað 6 mínútna eða 8 mínútna sem hér er verið að tala um." — Og ég gæti gjarnan bætt því við, að að sjálfsögðu hefur þéttbýlisbúinn tækifæri til að fara til þessara opinberu stofnana og ná þannig tali af mönnum, sem dreifbýlismaðurinn hefur að sjálfsögðu ekki sama tækifæri til.

Undir þessa grg. verkfræðingsins skrifar Þorvarður Jónsson yfirverkfræðingur hjá Póst- og símamálastofnun.

Helgi Seljan: Herra forseti. Í þessum málum öllum held ég að okkur sé hollast að hafa það í huga, að það markmið, sem við stefnum að, er fullur jöfnuður í símamálum landsins alls. Þar á ég ekki við aðeins hvað kostnað snertir, heldur ekki síður hvað þjónustu snertir. Við vitum að hér eigum við langt í land. Við vitum að landsbyggðin býr hér við mjög skertan hlut, ekki bara hvað þjónustu snertir, heldur ekki síður við stóraukinn kostnað, eins og gleggst kom fram í máli hæstv. ráðh. áðan.

Það er rétt, að þegar byggðanefndin vann að þessu máli á sínum tíma fékk hún greinargóðar upplýsingar um kostnað manna af síma um landið. Og það fór ekki á milli mála þá og kom engum á óvart, hversu Reykjavík stóð þar best að vígi. Og þetta hef ég svo sannarlega sannreynt eftir að ég fór að vera hér langdvölum. Ein af þeim tillögum, sem við fengum þá, var skrefatalning á innanbæjarsímtölum sem leið til þessarar jöfnunar. Ég var strax á því, að þessi skrefatalning væri sjálfsögð. Og mér skilst á máli hæstv. ráðh. að sú skrefatalning, sem hér er um að ræða, sé það rúm að vart sé unnt að segja, eins og jafnvel er rætt um, að hér verði um að ræða einangrun og innilokun þess fólks sem lítt kemst út, t. d. elli- og örorkulífeyrisþega.

Ég vil hins vegar ekki draga úr því, að það eigi að veita elli- og örorkulífeyrisþegum ákveðna rýmkun eða það fyrirkomulag, sem hæstv. ráðh. ræddi um áðan, og það verði athugað vandlega, því svo sannarlega eru þeir ekki ofhaldnir af sínum kjörum almennt.

En hitt vil ég leggja áherslu á, að hversu hátt sem menn hafa um þetta mál, — og ég skil það vel, að enginn vill auka við sínar byrðar, jafnvel þó í jafnaðarátt sé fyrir heildina, það er sama hver er, — þá hljótum við sem þm. hér fyrst og fremst að miða við það, að sem mestur jöfnuður náist hjá öllum íbúum landsins, bæði hvað snertir þjónustu og kostnað. Þessi leið hefur verið farin annars staðar með góðum árangri til jöfnunar og ég tel hana því ekki síður sjálfsagða hér.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Mig langar til að rekja nokkur atriði þessa máls. Það er að vísu stuttur tími sem er til ráðstöfunar þegar um fsp. er að ræða. En ég vil í fyrsta lagi benda á að skrefatalningar eru sjaldgæfar í heiminum. Það er að vísu rétt sem kom fram hjá hæstv. ráðh., að það er dýrara hér, þar sem um margar innan-

bæjarstöðvar er að ræða í Reykjavík, að hringja í númer á milli stöðva. En hitt er jafnljóst, að símtalið, sem fer fram í tveimur áföngum ef svo má segja, annars vegar þegar valið er og hins vegar að halda uppteknum tveimur línum á milli tveggja símtækja, að ef það er innan sama kerfisins þá er þetta það langsamlega ódýrasta og slitminnsta fyrir símakerfið sjálft.

Í öðru lagi vil ég minna á að fjvn. Alþingis féllst ekki á að verða við beiðni hæstv. fjmrh. um að fella niður aðflutningsgjöld af tækjunum sem voru ærið dýr og keypt voru í upphafi fyrst og fremst til þess að skattleggja Reykvíkinga. En sem betur fer hefur það og gerst síðan að ákveðið hefur verið að taka upp sams konar skrefatalningu á innanbæjarsímtölum alls staðar á landinu í einu. Það er mikil framför og hefur orðið fyrst og fremst fyrir þrýsting eftir að málið fór af stað, eins og hægt er að sýna fram á.

Í þriðja lagi er ánægjulegt að heyra hæstv. ráðh. lýsa því, að skrefið eigi að vera 6 eða 8 mínútur, því að þær tölur, sem voru áður til í bréfum á milli Póst- og símamálastjórnarinnar og samgrn., voru 3 mínútur að degi til en 6 mínútur að kvöldi til og um helgar. Var látið að því liggja í bréfinu, að það væri gert til þess að hægt væri síðar að slaka á þessum nýju byrðum Reykvíkinga.

Í fjórða lagi vil ég benda á að hugmyndin um frínúmer, sem er í lögunum um póst- og símamál, er komin frá Oddi Ólafssyni upprunalega. Það væri vissulega ástæða til þess að spyrja hvernig það mál stendur, því að til er tækni sem hægt er að beita, og um það hefur nú verið flutt þáltill.

Í fimmta lagi varðandi tölvurnar, sem er tiltölulega ný röksemd í þessu sambandi, er enginn vandi — og það hef ég gert fyrirspurnir um — að skrá þessar tölvur. Það þarf hvort sem er að gera það, og þá má skrá þá síma sem þessar tölvur eru tengdar, sem eru yfirleitt á milli tveggja síma: Á milli tveggja síma innan fyrirtækis eða milli fyrirtækja. Þetta er hægt að skrá, er mér sagt, og skrá þá síma sérstaklega og hafa þá á öðru gjaldi.

Ég fagna því, að það á að taka aukið tillit til elli- og örorkulífeyrisþega. Það er samt umhugsunarvert, hvort gera á það með þessum hætti eða hækka elli- og örorkubætur. En þessi ríkisstj. virðist ekki vilja fara þá leið.

Herra forseti. Ég lýk brátt máli mínu. Ég er 2. fyrirspyrjandi að þessari fsp. og leyfi mér þess vegna, ef hægt er, að fá að syndga upp á náðina í örfáar sekúndur í viðbót.

Mjög vafasamt er að hægt sé að segja að ákvörðunin um gjaldskrármálið byggist á samþykkt Alþingis, svo ekki sé meira sagt. Það kemur nánast hvergi fram, það hefur að vísu komið fram í nefndum, sem alþm. hafa átt sæti í, en að öðru leyti er ekki hægt að sjá að skrefatalninguna hafi átt að taka upp. Þvert á móti hafa umræður gengið í þá átt að jafna símgjöldin með öðrum hætti.

Þá vil ég ítreka það í lokin, herra forseti, og fagna því, að þetta á yfir alla að ganga í einu á öllum innanbæjarsamtölum á landinu. Og ég vil óska eftir því, að haft verði samráð við þm. Reykv. og borgarstjórn um þetta mál, rétt eins og haft er samráð við þm. annarra landshluta þegar um er að ræða mál sem sérstaklega snerta þá.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Það hefur mikið veður verið gert úr þessu skrefatalningarmáli öllu saman, allt of mikið. Menn hafa miklar áhyggjur af því, að gamalt fólk hér í Reykjavík skuli þurfa að borga tvö skref fyrir 10 — 12 mínútna samtal, en það sama fólk sem hefur áhyggjur af þessu hefur engar áhyggjur af því, að gamalt fólk á Akureyri, Vestfjörðum eða Austurlandi þurfi að borga 70 skref fyrir 10 mínútna samtal. (**FrS:** Í innanbæjarsamtöl?) Við ættingja sína hér á Reykjavíkursvæðinu. Margt af þessu fólki, flest af því kannske, á ættingja sína hér á Reykjavíkursvæðinu, og þetta fólk verður að standa undir þessum mikla kostnaði.

Það hefur lengi staðið til að þessi skrefatalning verði á öllum sjálfvirkum stöðvum. Það hefur aldrei verið neitt vandamál.

Kaupin á tækjabúnaði eru gerð fyrir Reykjavík, það er rétt, vegna þess að hinar stöðvarnar eru allar byggðar með þetta í huga, þær eru allar byggðar þannig, að þetta er afskaplega auðvelt, það þarf ekki nema eina klukku, sem síminn smíðar sjálfur, til þess að setja á allar hinar stöðvarnar, klukku sem kostaði á síðasta ári 300 þús. kr. eða þar um bil. Það er því ekkert vandamál og hefur aldrei verið.

Það eru margir kostir sem fylgja skrefatalningunni. Í fyrsta lagi léttir á álagi, það dregur úr óþarfanotkun. Það geta ekki verið nema einhvers staðar á bilinu 16—18% af símnotendum á tali í einu. Við hringjum og hringjum og hringjum, annaðhvort fáum við ekki són eða við fáum ekki samband þó að við náum sóni. Það er af því að álagið er of mikið. Það er líka afskaplega hvimleitt ef maður þarf að hringja og hringja lon og don, kannske heilu og hálfu klukkutímana, án þess að ná sambandi vegna þess að það er alltaf á tali, þannig að það er sjálfsagt að reyna að draga úr því.

Aðalatriðið er þó jöfnunin. Það er ekkert vit í því, að fólk úti á landsbyggðinni skuli þurfa að borga 50, 60 eða 70 sinnum meira þegar það þarf að ná í kaupstað heldur en fólk á þéttbýlissvæðunum, ekkert vit í því af þeirri einföldu ástæðu, að þessi mismunur á langlínusamtölum og innanbæjarsamtölum er margra áratuga gamall, frá þeim tíma þegar það þurfti vír alla leið á milli, tvo víra og stúlkur á báðum endum ef ekki á tengistöðvum líka. Nú er með tiltölulega ódýrum radíósendum hægt að senda 400—500 samtöl á einu radíósetti frá Skálafelli til Akureyrar, þannig að kostnaðurinn á langlínusamtölum er ekki miklu meiri en á innanbæjarsamtölum. Þess vegna mæla engin rök með því, að langlínusamtöl séu miklu meira en 4—5 sinnum dýrari, jafnvel 70 sinnum dýrari eins og þau eru í dag.

Ingólfur Guðnason: Herra forseti. Það virðist ekki vera sama hvaðan réttlætið er mælt. Það er mikið talað um réttlæti hér í þessari virðulegu stofnun, Alþingi Íslendinga, og er það vel. En réttlætismatið birtist í hinum ýmsu myndum. T. d. virðist mér að ýmsir þeir, sem hér sitja á hv. Alþingi, telji það réttlæti, að frá Hólmavík sé skrefið 10 sekúndur, frá Blönduósi og austur um land til Hafnar sé það 8 sekúndur, og það sé óréttlæti, ef skrefið hér í Reykjavík ætti að verða kannske 6—8 mínútur.

Mín ræða hér verður að miklu leyti endurtekning á því sem síðasti ræðumaður hafði yfir. Ég bendi á það, að ellilífeyrisþegar eru og hafa verið og munu verða bæði í Reykjavík og sem kallað er „úti á landi". Ég er þeirrar skoðunar, að réttlætið felist í því að aðstaða þessa fólks til að vera í sambandi við vini og kunningja og ættmenn sé sambærileg. Í því felst réttlæti að mínum dómi. Réttlætið ætti að vera fólgið í því, að síminn væri til svipaðra nota fyrir þetta fólk, en ekki að annar, ef hann talar við

vin sinn eða kunningja eða ættmenni, þurfi að borga 7-falt, 8-falt meira fyrir þetta mjög svo nauðsynlega samband heldur en hinn. Ég vil undirstrika þetta.

Það hefur komið hér fram, að símanotkun er að meðaltali um það bil 50% dýrari í dreifbýli og ef það þykir ekki réttlæti að jafna þennan kostnaðarmun eitthvað, þá skil ég ekki þá túlkun á réttlæti.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það hefur verið ákaflega fróðlegt að hlusta á umr. um þetta mál. Viðhorf manna um það, hvernig opinber stofnun eigi að haga sinni gjaldskrá, virðist alfarið fara eftir búsetu og kjósendahræðslu jafnframt. Ég vil spyrja hæstv. ráðh. hvort það standi til að lengja skrefin í landssímasímtölum úr 8—12 sekúndum upp í kannske 2—3 mínútur, sem væri eðlilegt. Stendur til við þessa gjaldskrárbreytingu að breyta flokkunum þannig að þeir verði bara tveir, innanbæjarsímtöl og langlínusímtöl.

Hitt verður þó kannske skoplegast, þegar menn ætla að fara að hæla sér hér af sigrum og lýsa því yfir, að það hafi staðið til að leggja þetta aðeins á í Reykjavík. Það hefur aldrei staðið til. Það hefur ávallt verið gert ráð fyrir að tímamæla öll innanbæjarskref, hvar sem er á landinu. Þess vegna held ég að umr. um þetta einkennist allt of mikið, eins og ég sagði áðan, annars vegar af viðhorfum eftir því hvar menn búa og hins vegar af kjósendahræðslu.

En hitt vil ég undirstrika, að það er óverjandi að veita stofnun eins og Landssímanum einkaleyfi til þess að sjá um símaþjónustu í landinu og reka hana jafnilla og gert er úti um hinar breiðu byggðir landsins. Þar eru stórir hópar fólks sem ekki eiga þess kost að hringja til læknis eða í slökkvilið eða í neyðartilfellum að ná sambandi við þá stjórnsýsluaðila sem þeim er ætlað að ná sambandi við. Það er hið mesta óréttlæti í þessum málum.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég held að þetta mál og þær umr., sem hér eiga sér stað, séu öndvegisdæmi um það, þegar menn taka sig saman til þess að reyna að gera úlfalda úr mýflugu. Hér er um mál að ræða sem ég held að sé jöfnunarmál og réttlætismál í senn. Við skulum ekki gleyma því, við sem búum hér á Reykjavíkursvæðinu, að í landinu er stór hópur fólks sem á ekki kost á símaþjónustu nema fáeinar klukkustundir á dag, sem getur ekki talað í síma við sinn lækni, t. d. trúnaðarmál, öðruvísi en að keyra kannske 60—70 km til þess að komast í lokaða línu. Og við skulum líka muna það, að það er gífurlegur munur á símakostnaði þeirra sem búa hér í þéttbýlinu, og þeirra, sem búa úti á landi. Í mörgum tilvikum er símakostnaður venjulegra fjölskyldna, sem búa úti á landi, tvöfaldur á við það sem hann er hér í Reykjavík, og ég skil satt að segja ekki hvað menn sjá óeðlilegt við það, að fólk greiði fyrir símtöl í hlutfalli við lengd þeirra og raunar í hlutfalli við notkun símans. Í einu símtali binda menn ákveðnar línur símans og ákveðin tæki, og ég sé ekkert óeðlilegt við það, að menn borgi í hlutfalli við notkun. Það gera menn þegar þeir kaupa rafmagn, það gera menn þegar þeir kaupa heitt vatn af hitaveitu. Þetta er sú almenna regla sem gildir hjá opinberum þjónustustofnunum.

Ég held að ef álasa á Pósti og síma fyrir eitthvað í þessu máli, þá sé það fyrir að hafa ekki kynnt þetta mál nægilega vel og hafa ekki skýrt það út. Hv. þm. hefðu betur hlustað á þáttinn Morgunpóstinn í morgun. Þá var póst- og símamálastjóri þar og skýrði þetta mál einkar vel. Hann vék þar sérstaklega að öldruðum og öryrkjum, sem nota símann sem öryggistæki, og gat þess, að með því að hækka greiðslurnar til þeirra í gegnum Tryggingastofnunina um kannske 1—2 kr. á dag væri þeirra hlutur kannske betri en áður.

Ég get tekið undir það sem hv. síðasti ræðumaður sagði hér, að mér finnst þetta bera nokkurn keim af kjósendahræðslu. Menn eru að viðra sig upp við kjósendur með þessum hætti og gera úlfalda úr mýflugu alveg tvímælalaust. Hér er aðeins um jöfnunar- og réttlætismál ræða.

Varðandi það, sem hv. þm. Friðrik Sophusson sagði áðan, að þetta hefði í rauninni aldrei verið samþykkt, þá man ég ekki betur — hann leiðréttir það þá ef rangt er — en hann hafi átt sæti í fjvn. þegar þar var fjallað um fjárfestingaráætlun Pósts og síma, þar sem voru innifalin tæki til Karlsonstalningar. Og ég hygg að öllum fjvn.-mönnum hafi verið mætavel ljóst hvað þar var átt við.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Fyrst út af því sem hv. síðasti ræðumaður sagði um störf okkar í fjvn., þá er það rétt, að sú ákvörðun kom fram í fjvn. að kaupa Karlsonstæki. Það var ekkert greint frá því af hálfu Pósts og síma, hvers konar tæki þetta væru, og kom ekki í ljós fyrr en Póstur og sími gerðu grein fyrir því með bréfi 18. maí vorið 1979, að frestað hefði verið að kaupa þessi tæki. Þá fyrst var okkur kynnt hvað þessi eina lína þýddi í þessari fjárhagsáætlun þeirra. En þetta skiptir ekki máli vegna þess að ákvörðunin var tekin án samráðs við Alþingi 8. febr. 1979 í skrifstofu þáv. hæstv. samgrh., Ragnars Arnalds, að viðstöddum póst- og símamálastjóra, eins og skjöl bera vitni um. Ákvörðun Alþingis er ekki til í þessu máli, burt séð frá því hvort málið er sanngjarnt eða ósanngjarnt.

Hér tala menn mikið um réttlæti. Það getur vel verið að það sé réttlátt að km sé styttri úti á landi en í Reykjavík, það má vel vera að það sé eitthvert réttlætismál. Menn verða að hafa í huga að hér er spurning um það að greiða eftir því hvað hlutirnir kosta mikið. Ég hef sagt hér og það hefur ekki verið hrakið í þessum umr., að það að hafa upptekna eina línu innan sama kerfis, innan sömu stöðvar, er það ódýrasta sem til er í símakerfinu í landinu. Hitt er svo annað mál, að það er eðlilegt að jafna kostnaðinn, og það getur gerst með fleiri og öðrum aðferðum en þeirri að telja skrefin með þessum hætti.

Svo koma menn hér upp og segja að við berjum okkur á brjóst og hér sé talað um kjósendahræðslu af því að tímamælingin hafi alla tíð átt að koma úti um allt land. Þetta er rangt. Það er ekki fyrr en í fyrrasumar sem hægt var að draga það út úr bæði póst- og símamálastjóra og Þorvarði Jónssyni verkfræðingi að það væri ákveðið að taka þetta upp samtímis á öllu landinu. — Þegar ég spurði hvað væri „samtímis“, þá var sagt að það væri 1—3 mánuðir sem mundu vera á milli.

Það er alveg rétt, sem hv. þm. Magnús H. Magnússon sagði, að nýju stöðvarnar eru auðvitað þannig gerðar, þær eru svo miklu nýrri, að það er auðvelt að koma þessu á í þeim. En það var ekki meiningin a. m. k. í upphafi — ekki eins og mér hefur verið sagt frá því.

Að lokum, herra forseti, skal það sagt, að hér koma menn og segja að það sé dýrt fyrir þá, sem eiga ættingja og vini í Reykjavík, að hringja til þeirra í gegnum Landssímann. Þetta er alveg rétt. En hvað eru menn að segja?

Eru þá ekki ættingjar og vinir líka á hinum endanum, og hvað kostar fyrir þá að hringja út á land? Það er nákvæmlega það sama. Það kostar jafnmikið fyrir þá sem eiga ættingja og vini úti á landi að hringja úr Reykjavík og þangað, þannig að þetta eru auðvitað ekki nokkur rök.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er kannske ekki nema eðlilegt að það fari nokkur tími hjá Alþingi í að ræða mál sem þetta. En ég er undrandi á því moldviðri sem þm. Reykv. fyrst og fremst blása hér upp í sambandi við þetta mál. (**Gripið fram í:** Það eru bara sumir þm. Reykv.) Sumir? (**FrS:** Ekki þeir sem búa á Seltjarnarnesi.) Ekki þeir sem búa ekki í kjördæminu, áttu við.

Hér er að mínu viti verið að stíga skref í þá átt sem Alþingi er búið að lýsa yfir að það vilji að verði gert, að jafna símakostnað landsmanna. Það kemur engum á óvart — og ætti ekki að koma þm. Reykv. utan Seltjarnarness, ef á að taka það fram — að hér hefur verið um að ræða geigvænlega mikið órétti að því er varðar kostnað við síma, annars vegar hjá þeim sem búa úti á landsbyggðinni, og hins vegar hjá þeim sem búa hér á þéttbýlissvæðinu. Hér er því verið að halda áfram á þeirri braut að jafna þennan mismun. Og það er viljayfirlýsing Alþingis að sem fyllstum jöfnuði verði náð í þessum efnum.

Mér finnst það raunar furðulegt, að þessir hv. þm., sem hæst hafa um það sem hér á nú að fara að gerast, beita fyrir sig gamla fólkinu í þessum efnum. En skyldi ekki vera gamalt fólk víðar en hér í Reykjavík? Hvað hefur þetta gamla fólk úti á landsbyggðinni og almenningur allur úti í dreifbýlinu orðið að bera vegna þess ójafnaðar sem ríkt hefur í þessum efnum? Menn ættu að leiða hugann að því. Menn ættu að láta hugann reika ár og áratugi aftur í tímann út fyrir Stór-Reykjavíkursvæðið og huga að því, hvað það fólk hefur orðið að borga fyrir þessa þjónustu samanborið við það sem greitt hefur verið hér í Reykjavík. Mér finnst það afskaplega slæmt þegar menn ganga inn á þær brautir, sem mér sýnist vera gengið inn á, að beita fyrir sig þessum þjóðfélagshópi. Það er viðkvæmt mál og það er illa gert að taka upp þau vinnubrögð að nota þessa þjóðfélagsþegna til að leiða fram sem vitni í þessu máli. Ég hygg að það sé almennur vilji landsmanna, ekki síður hér á þessu svæði, hvað sem forustumönnum líður, að á því verði fundin réttlát lausn þannig að frekari jöfnuður náist en nú er. Og menn skulu hafa það í huga, að Alþingi er búið að samþykkja stefnuyfirlýsingu um að ná sem mestum jöfnuði að því er varðar símakostnað landsmanna allra.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ég vildi mega færa fram þá beiðni eða þá ósk til hv. þm., sérstaklega Reykjavíkur eða stór-Reykjavíkursvæðisins, að þeir láti það ekki henda sig að fara að gera mjög mikinn hávaða gegn þessari sjálfsögðu aðgerð sem í undirbúningi er. Þetta er svo sjálfsagt réttlætismál — þetta er svo sjálfsagt mál að öllu leyti, að allt, sem mælt er gegn þessu, er raunverulega verið að tala á mót skynseminni. Ég vonast til þess, að menn átti sig á því þegar þeir fara að kynna sér málið, að allt tal um þessa væntanlegu skrefatalningu hefur verið blásið upp af miklum misskilningi. Fyrsta ástæðan er sú, að menn hafa í raun og veru ekki lagt sig fram um að kynna sér eðli málsins.

Ég verð að segja það við hv. 10. þm. Reykv., að fjvn. mótmælti aldrei þessari áætlun Pósts og síma að setja á skrefatalningu — aldrei, þannig að fullyrðing hans er alger misskilningur. Og þegar við heyrum hér hjá hæstv. ráðh. upplýsingar um það, hvernig áformað er að standa að þessu, þá hlýtur maður að álykta að þarna sé miklu rýmra hugsað í sambandi við þetta mál, þ. e. skrefagjald, heldur en ég hef talið fært miðað við þær aðstæður sem við búum við, miðað við óunnin verk við símakerfi landsins sem aðkallandi eru.

Ég ætla ekki að tala hér langt mál, það væri hægt að tala hér í marga klukkutíma um það óréttlæti sem landsmenn búa við einmitt í sambandi við þessa þjónustu. Og við skulum athuga það, að það er fjöldi fólks á landsvæðum hér á landi sem ekki hefur síma og hefur ekki einu sinni aðgang að honum nema 3—4 tíma á dag, og ég veit um heilar sveitir sem hafa orðið vikum saman að búa við það að geta ekki komið frá sér nauðsynlegum boðum. Ég held að það sé áríðandi að við sameinumst um að vinna að raunhæfri áætlun um að koma sjálfvirkum síma um allt landið. Það er það verðuga verkefni sem við eigum að vinna að, og með því hljótum við í leiðinni að jafna þennan sjálfsagða kostnað sem landsmenn verða að búa við og um leið að skapa það öryggi, að allir landsmenn fái aðgang að síma hvar sem þeir búa í landinu. Það er mál nr. eitt.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það hefur nokkru sinnum í þessum umr. verið vikið að þm. Reykv. Það er ekki rétt að nota slíkt orðalag í þessari umr. þótt örfáir einstaklingar í okkar hópi hafi kosið, í þessu máli sem og öðrum, að gerast sérstakir talsmenn ójafnréttis í landinu. Mér finnst það miður, að margir félagar mínir í hópi þm. Reykv. hafa bæði í þessu máli og á fyrri þingum reynt að slá sig til riddara í augum kjósenda hér í Reykjavík með þeim hætti að verja það gífurlega misrétti sem tíðkast hér í landinu hvað snertir verðlag á grundvallarþjónustu eins og rafmagni, hita og símakostnaði. Það þjónar ekki hagsmunum Reykvíkinga að þeir, sem kjörnir eru fulltrúar fyrir þetta kjördæmi, geri það að sínum verkum hér á Alþingi að verja það hrikalega misrétti sem hér ríkir í verðlagningu á nauðsynlegum heimilisútgjöldum, hvort sem það er rafmagn, hiti eða sími. Ég vil þess vegna í þessari umr. — líkt og ég hef gert áður þegar hliðstæð mál hafa verið til umr. — lýsa því yfir, að ég er eindregið þeirrar skoðunar og mun halda áfram að berjast fyrir því, hvað svo sem einstakir félagar mínir úr hópi þm. Reykv. segja, að það eigi að jafna þennan kostnað. Það á að stefna að því að sama verðlagning verði á grundvallarþjónustu til heimilanna í landinu hvar sem menn búa.

Ég greiddi atkvæði á sínum tíma með verðjöfnunargjaldi á raforku, þrátt fyrir það að ýmsir og reyndar flestir þm. Reykv. greiddu þar atkvæði á móti. Ég hef ekki orðið var við það, að einn einasti kjósandi minn í hópi Reykvíkinga hafi mótmælt þeirri ákvörðun, ekki einn einasti. Ég hef ekki trú á því, að þeir, sem hér gerast talsmenn þessa misréttis úr hópi þm. Reykv. eigi yfirleitt meiri hljómgrunn í þessu máli heldur en hinir. Ég vil þess vegna að lokum, herra forseti, beina því til félaga minna úr hópi þm. Reykv., að þeir hugi vel að sínum málatilbúnaði áður en haldið verður áfram á þeirri braut — sem því miður hefur oft verið gert hér á Alþingi — að magna ríginn milli landsbyggðar og Reykjavíkur. Það þjónar ekki hagsmunum Reykvíkinga að þm. þeirra hér gerist

talsmenn þess að halda áfram því misrétti sem ríkir í landinu.

Fyrirspyrjandi (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. samgrh. fyrir þau svör sem hann gaf við þeirri fsp., sem hér er á dagskrá, og vekja jafnframt athygli á því, að þetta er í raun og veru í fyrsta sinn sem þetta mál, er rætt hefur verið manna á meðal í meira en ár bæði hér í Reykjavík og annars staðar, er raunverulega skýrt fyrir mönnum hér á Alþingi. Það vakti líka athygli í svari hæstv. ráðh. og sýnir þann mun sem er á því, hvernig ríkisstjórnir á Íslandi og opinberar stofnanir á Íslandi umgangast Alþingi, þegar hann vitnaði í hvernig Norðmenn hefðu farið með þetta mál hjá sér. Hann sagði að sú gjaldkrárbreyting, sem fól í sér að taka upp skrefagjald, hefði verið samþykkt í norska Stórþinginu. Þannig hefði verið fullkomin ástæða til að taka þetta mál til umr. í hv. Alþingi áður en slík grundvallarbreyting var samþykkt, en ekki eftir, þegar engu verður breytt, eins og hér er verið að gera.

Sannleikurinn er nefnilega sá, að hvað sem menn segja um jöfnuð og réttlæti í þessu sambandi er þetta mjög umdeild ákvörðun — umdeild tæknileg ákvörðun. Ég hef t. d. hér í höndunum blaðagrein sem Guðmundur Ólafsson verkfræðingur skrifaði, en hann var mjög lengi starfsmaður Pósts og síma, sérfræðingur í símaverkfræði og hefur starfað sem ráðgjafi í símamálum nú um nokkurra ára skeið. Hann hefur fært mjög sannfærandi tæknileg rök gegn því, að þessi breyting sé tekin upp. Hann bendir á að þetta sé mjög dýr búnaður. Ég hef ekki tíma til að rekja ummæli hans hér, en hann bendir á geysilegan kostnað þessu samfara, hann bendir á að afkastageta símakerfisins á höfuðborgarsvæðinu sé það rúm, að hún sé nánast aldrei fullnýtt, og þess vegna sé það öfugt að farið að gera einhverjar aðgerðir sem minnki notkun kerfisins, og hann bendir á að mælingar á tímlengd símtala á Reykjavíkursvæði sýni að langflest þeirra séu tiltölulega stutt. Þannig séu um 40% símtala skemmri en ein mínúta, um 70% skemmri en 3 mínútur og aðeins um 15% símtala séu lengri en 6 mín. Og hverjir skyldu það vera sem að jafnaði eru í hópi þessara sem tala lengur en 6 mín., þeirra 15% sem nú eiga að taka á sig þennan dreifingarkostnað sem talað er um? Það er gamla fólkið í borginni, það eru elli- og örorkulífeyrisþegar sem nota síma fyrst og fremst í félagslegum tilgangi. Það eru ekki viðskiptaaðilar, þeir tala ekki löng símtöl. Það hefur að vísu verið talað um tölvur sem hægt er að tengja, en það er líka upplýst að það er til búnaður sem getur mælt þær sérstaklega þegar svo ber undir. Hér er því um tæknilega umdeilanlegt mál að ræða sem að sjálfsögðu hefði átt að taka ákvörðun um á Alþingi áður en ráðist var í jafnumfangsmiklar breytingar og nú stendur til að gera.

Það eru líka margs konar aðrar leiðir til þess að jafna símakostnað og það er fráleitt þegar einstakir þm. bæði í dreifbýli og í Reykjavík eru að reyna að koma því orði á okkur, að við séum að magna einhvern ríg á milli byggðarlaga. Ég er alveg sammála því, að það þarf að jafna símagjöld í vissum tilvikum. Ég nefni þó í því sambandi t. d. að við Reykvíkingar höfum haft þrjú skref á dag í innanbæjarsímtölum meðan t. d. Akureyringar hafa sex. Hvers eigum við að gjalda í þeim efnum? Og auðvitað hringja menn í báðar áttir, eins og fram kom hjá hv. 10. þm. Reykv. Friðrik Sophussyni, áðan. Þannig er margt í þessu máli sem ástæða hefði verið til að ræða. Og því fer fjarri að við séum hér að ástæðulausu að gera þetta grundvallaratriði í gjaldskráruppbyggingu Pósts og síma að einhverju stórmáli eða gera úlfalda úr mýflugu, eins og getið var um. Ég held þó að þessar umr. — bæði hér og reyndar að undanförnu hjá ýmsum öðrum sem hafa gagnrýnt þetta — hafi orðið til þess, að úlfaldinn hafi fengið því áorkað að fyrir liggur ákvörðun sem ekki lá fyrir áður, að taka þetta upp um allt land samtímis. Það virðist vera ákvörðun nú að miða skrefalengd við 6—8 mín., sem ekki lá fyrir áður, og það virðist vera ákvörðun nú, sem ekki lá fyrir áður, að aldraðir og öryrkjar eigi að fá að njóta sérstakrar undanþágu í þessu efni, og því fagna ég. En það vil ég fyllyrða, að það er fyrst og fremst vegna þess að það var ekki látið ganga þegjandi og hljóðalaust fyrir sig að þessari breytingu væri skáskotið í gegnum kerfið, eins og átti að gera með samvinnu ráðh. — ekki endilega núv. hæstv. samgrh., heldur forvera hans — og yfirmanna Pósts og síma. Við tókum þetta mál upp til opinberrar umræðu og þess vegna virðist nú von um að sú ákvörðun, sem endanlega verður tekin, ætli að vera a. m. k. sæmilega sanngjörn.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Það hefur nokkuð verið talað um það, hvenær ákvörðun var tekin um að fleiri landshlutar en Reykjavíkursvæðið kæmu inn á talningu. Að fara að kaupa tæki og setja þau upp á Reykjavíkursvæðinu var samþykkt af ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar að tillögu þáv. samgönguráðh. Póst- og símamálastjóri kom til mín fljótlega eftir að ég tók við embætti samgrh. um tíma og spurði hvort ekki ætti að halda áfram áætlun um talningu í Reykjavík, og auðvitað játti ég því, enda var þá fyrir samþykkt um það. Þá spurði hann hvort ég væri ekki fylgjandi því líka að taka upp talningu úti á landi. Mér fannst það sjálfsagt þegar hitt lá fyrir, og hann skýrði fyrir mér búnaðinn til þess. Hvort búið var að taka formlega ákvörðun um það áður skal ég ekki segja um. Þetta var sem sagt haustið 1979.

Það hefur verið sagt að menn tali í báðar áttir. Vitanlega tala menn í báðar áttir. Sumir Reykvíkingar eiga foreldra úti á landi og öfugt. En Reykvíkingar geta talað við 60% þjóðarinnar án þess að það sé mælt. Og með svona hóflegri mælingu geta þeir talað í 6 eða kannske 10—12 mín. að jafnaði fyrir tvö skref. En hitt fólkið, sem þarf að tala utan af landi, það nær ekki nema til 1% þjóðarinnar sumt af því, sumt ekki nema 0.1% án þess að það sé tímamælt. Það er stóri munurinn. Reykvíkingar geta, eins og ég segi, talað við meiri hluta þjóðarinnar án skrefamælingar, en það geta ekki aðrir. Þar að auki eru margar stöðvar hér á Reykjavíkursvæðinu innifaldar í þessu: Mosfellssveit, Hafnarfjörður, Kópavogur o. s. frv. Hér er því um margar stöðvar að ræða sem unnt er að tala frítt á milli.

Hv. síðasti ræðumaður vék að því, að það væri gamla fólkið sem talaði mest. Vel má vera að þess vegna þurfi, eins og hæstv. samgrh. kom inn á, að gera einhverjar sérstakar ráðstafanir. Auðvitað eru allir á því, en ég held að það séu fyrst og fremst unglingarnir sem tala lengi í síma, ekki gamla fólkið.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég fagna því, ef svar það, sem ég gaf hér, hefur upplýst þetta mál að einhverju leyti, því að vissulega er mikil þörf á því og má e. t. v. upplýsingaskortur vera skýringin á

því, að menn hafa nú gert úlfalda úr mýflugu. Það hygg ég að sé rétt lýsing á því uppþoti sem orðið hefur í kringum þetta — sem ég vil kalla — sjálfsagða réttlætismál.

Ég vil láta það koma hér fram, að ég hef ætíð litið svo á, að þetta hafi verið ákvörðun Alþingis. Hér var, hygg ég 1973, samþykkt till. til þál. um að jafna símakostnað um landið. Töluverð umræða varð um þá till. áður en hún var samþykkt. Ég var reyndar 1. flm. að þeirri till. og var á henni ásamt ýmsum öðrum þm. Í þeim umr. kom fram að póst- og símamálastjóri hafði upplýst að ekki væri unnt að ná þessu markmiði svo vel væri, eins og íslenska símakerfið er upp byggt, nema með skrefamælingu. Ég minnist þess ekki, að nokkur hafi mótmælt því þá. Hins vegar hörmuðu ýmsir, að sjálfsögðu fyrst og fremst fulltrúar dreifbýlisins, að taka mundi alllangan tíma að koma slíkri mælingu á. Skýring á því kom fram í svari sem ég las áðan frá póst- og símamálastjóra. Það tók nokkurn tíma að kanna hvers konar tæki væru hentugust til að ná þessu markmiði.

Strax og ég tók við starfi samgrh. ræddi ég við póst- og símamálastjóra og ég gæti reyndar haft svipaða lýsingu á því og hv. síðasti ræðumaður. Þar ræddum við um framkvæmd á þessu. Ég leit að sjálfsögðu svo á, að þetta væri ákveðið og samþykkt, og að sjálfsögðu svo á, að mæling yrði tekin upp um allt land. Það kemur dálítið undarlega fyrir eyru að heyra að menn hafa talið að þetta ætti eingöngu að vera í Reykjavík. Ég hafði ekki gert mér grein fyrir þeim misskilningi, sem eflaust stafar af því að málið hefur ekki verið skýrt nægilega mikið.

En ein af ástæðunum fyrir því, að málið hefur ekki verið skýrt til þessa, kann að vera sú, að ýmsir þættir málsins eru nokkuð viðamiklir og flóknir. Ég ákvað t. d. strax að skoða hvernig væri unnt að gera þetta án þess að valda allt of mikilli röskun á — við skulum segja venjum þéttbýlisins í notkun símans. Inn í það kom vitanlega ákvörðun um það, sem reyndar er ekki endanlega tekin, hve unnt væri að hafa skrefið langt. Hér hef ég nefnt 6—8 mín., og ég fagna því ef það reynist unnt. En ákvörðun er ekki endanlega um það tekin. Inn í þetta kemur einnig skipulag símans um svokallaðar hnútastöðvar um landið, svæði sem yrðu verulega stærri en núverandi svæði þar sem hringja má á sama gjaldi.

Ég get nefnt sem dæmi að gert er ráð fyrir tveimur slíkum svæðum, hnútasvæðum, á vesturhluta Vestfjarða, þ. e. öðru á Patreksfjarðarsvæðinu og hinu á Ísafjarðarsvæðinu. Þannig er margt sem skoða verður. Verða teknar ákvarðanir um þessa hluti nú á næstunni.

Ég hef ekki þekkt til þess, að Alþingi hafi verið til kvatt þegar gjaldskrá Pósts og síma hefur verið ákveðin. Alþingi hefur lýst vilja sínum um það, hvert skuli stefnt við ákvarðanir gjaldskrár, og hér hafa iðulega verið gefnar skýrslur um aukinn jöfnuð við ákvörðun á gjaldskrá, t. d. með lengingu skrefa. Hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson spurði hvort gera mætti ráð fyrir sömu lengd skrefa á langlínum. Ég get því miður ekki svarað því nú. Það er í athugun. Skrefin verða lengd, á því er enginn vafi. Að sjálfsögðu er meginmarkmið með þessu öllu að ná auknum jöfnuði. Hvort honum verður náð með lenginu skrefa eingöngu eða með lækkun gjalds get ég ekki sagt á þessu stigi.

Hv. þm. Friðrik Sophusson minntist á svokölluð frinúmer. Ég hygg að hann eigi við númer sem unnt er að hringja í og komast á milli stöðva eftir að lokað er. Ákveðið er að taka upp slíkt númer fyrir Suðurnesjasvæðið til reynslu fyrst. Líklega verða það tvö núll, sem gerir mönnum þá kleift í öryggisskyni að ná t. d. í lögreglu eða brunavörslu á öðru svæði, ef ekki er um slíkt að ræða á viðkomandi svæði.

Ég hef rætt um það við Póst og síma að taka upp slíka þjónustu um land allt. Það er í athugun. Í því sambandi þarf reyndar að sameina símavörslu fyrir slíka þjónustu alla. Má vel vera að þar sé um meiri árekstra að ræða eða erfiðleika heldur en út af fyrir sig að taka upp slíkt símanúmer hjá Pósti og síma. Erfiðlega hefur gengið að fá ýmsa þessa aðila, eins og brunalið, lögreglu, heilsugæslu og jafnvel fleiri, til að sameinast um eina símavörslu. Þetta hefur víða verið tekið upp í nágrannalöndum okkar og ég tel það ákaflega mikilvægt.

Minnst hefur verið á ellilífeyrisþega. Ég verð að segja fyrir mitt leyti að ég hef talið mér skylt, samkvæmt því sem mér hefur virst koma fram hér á Alþingi, að þeir fái svona þjónustu ókeypis. Ég verð hins vegar að segja það, að ég er mjög sömu skoðunar og kom fram hjá einum hv. þm. áðan, að þetta mætti og væri jafnvel réttara að leysa — ekki með því að fella niður símgjald, heldur með því að hækka greiðslur til slíkra aðila í gegnum tryggingakerfið. Ég tel það vera að mörgu leyti æskilegri lausn á þessu máli.

Hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson sagði að Póstur og sími væri illa rekin stofnun. Ég vil andmæla því. Ég held að Póstur og sími sé að mörgu leyti vel rekin stofnun, þó að margt megi þar bæta eins og víðast hvar. Ég hef hins vegar mjög miklar áhyggjur af því, hve miklu seinna gengur að koma sjálfvirkum síma í dreifbýlið en að hefur verið stefnt árum saman. Ástæðan er vitaskuld sú, að óskir Pósts og síma um fjárfestingarfjármagn hafa verið skornar niður gífurlega á hverju ári, t. d. nú úr rúmum 9 milljörðum í um 5.5 milljarða. Þeirri reglu hefur verið fylgt að fjármagna ekki nema að litlu leyti slíkar framkvæmdir Pósts og síma með lánsfé, heldur af tekjum. Ég hef talið það skynsamlega stefnu. Ég hef talið varasamt að ganga langt í þessu efni, eins og gert hefur verið t. d. hjá rafveitunum, þannig að þegar Pósti og síma hefur verið neitað um hækkanir, sem farið hefur verið fram á til að geta framkvæmt það sem talið er nauðsynlegt, þá hefur orðið að draga úr framkvæmdum. Þann kostinn hefur m. a. fjvn. valið. Ég vil taka það fram, að það hefur ekki verið gert í andstöðu við mig þó að ég hafi harmað að slíkt hafi orðið að gera, heldur hef ég talið nauðsynlegt að takmarka hækkanir Pósts og síma á meðan við erum að reyna að ná margumtalaðri verðbólgu niður.

Ég mun mjög fljótlega leggja fram frv. um sjálfvirkan síma í sveitum. Verið er að leggja síðustu hönd á það. Það tel ég vera stærsta framkvæmdamál Pósts og síma í dag. Ég mun gera ráð fyrir sérstakri fjáröflun í því skyni.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég kveð mér nú hljóðs til þess að mótmæla þeim röddum sem hér hafa heyrst í umr., að það sé óeðlilegt af hálfu fyrirspyrjenda að leggja fram þær fsp., sem þeir hafa gert, eða leggja út af þeim hætti sem raun ber vitni. Það er talað um kjósendahræðslu. Hvílík fjarstæða. Er það ekki skylda þingmanna að hlusta á kjósendur sína og íbúa þess svæðis sem þeir eru fulltrúar fyrir? Það er upplýst að hingað kom sendinefnd, fulltrúar 14 þús. reykvíska kvenna, með áhugamál sín og báðu þm. Reykv. að kanna hvernig í þeim lægi og hvernig framkvæmd skyldi háttað á til-

teknu sviði mannlegs lífs sem nú er orðinn nauðsynlegur þáttur í samskiptum manna á meðal. Er það kjósendahræðsla að spyrjast fyrir um framkvæmd fyrirhugaðra aðgerða að þessu leyti? Ég segi nei. Hér er um eðlilegar, fullkomlega eðlilegar fsp. að ræða, og eins og fram hefur komið af hálfu hæstv. ráðh. er þar um að ræða upplýsingar sem ekki lágu fyrir áður, upplýsingar sem þessu fólki og öðru er nauðsynlegt að hafa tiltækar. Ég held jafnvel að ýmsum þingmönnum annarra kjördæma hafi alls ekki verið ljóst að það var verið að taka upp skrefatalningu í þeirra kjördæmum. Er ekki nauðsynlegt fyrir þá og íbúa þeirra kjördæma að vita um gang mála og framkvæmd að þessu leyti?

Það er talað um misjafna aðstöðu og misrétti. Við viljum auðvitað allir þm. jafna aðstöðu Íslendinga eins og kostur er á. En það kann að vera að það skipti máli með hvaða hætti aðstaðan er jöfnuð. Það er hægt að jafna aðstöðu með þeim hætti að allir búi við lakari hlut. Það er hægt að jafna aðstöðu með þeim hætti að enn sé til staðar hvati fyrir íbúa hvers landssvæðis fyrir sig að bæta stöðu sína og þar með heildarinnar um leið. Þess vegna er það stefnumarkandi atriði og stefnumarkandi þáttur, sem m. a. er skylda Alþingis að fjalla um, með hvaða hætti aðstaðan skuli jöfnuð.

Við Reykvíkingar og þm. Reykv. höfum síst af öllu eytt tíma Alþingis fyrir sérmál okkar kjördæmis eða okkar umbjóðenda. Og ég vil mótmæla því þegar sú rödd heyrist m. a. úr hópi þm. Reykv., að málflutningur okkar hér í þessu máli og fyrirspyrjenda sérstaklega sé af þeim toga spunninn. Ég tel að hann ætti að standa reikningsskap gerða sinna og orða við sína kjósendur, og hann mun verða kvaddur til þess.

Það er áhugamál okkar Reykvíkinga og þm. Reykv. sérstaklega, að skilningur aukist milli þéttbýlis og strjálbýlis. Og ég held að þetta mál, skrefatalningin og fyrirkomulag, sé alveg eins hagsmunamál strjálbýlisins og þéttbýlisins, alveg eins elli- og örorkulífeyrisþega í strjálbýli og í þéttbýli. Og með þeim hætti eigum við að taka á málinu.

Ég held að það sé ástæða til þess fyrir samgöngunefndir þingsins og fjvn. að fjalla mun ítarlegar um þetta mál en unnt er að gera í fyrirspurnatíma í Sþ. Ég held að það sé ástæða til þess, m. a. í ráðgjafanefnd sem er til trausts og halds stjórnendum Pósts og síma, að fara yfir þær breytingar sem orðið hafa frá því að byggðajöfnunarnefnd fjallaði um þessi mál, hvaða breyting hefur orðið á símakostnaði í þéttbýli og strjálbýli. Mér segir svo hugur um, að sem betur fer hafi nokkur jöfnun átt sér stað síðan talið var að þessi útgjaldamunur væri 50%. Ég held líka að það væri ástæða fyrir þessar nefndir með tilvísun til tækniþróunar að kanna hver kostnaður er vegna símaþjónustu í mismunandi hlutum landsins, einmitt vegna þess að slík könnun gæti bent á eðlilegustu leiðir til þess að jafna þennan útgjaldaþátt án þess að úr þeim hvata væri dregið að gera símaþjónustuna sem hagkvæmasta fyrir alla landsmenn.

Ég læt máli mínu lokið að þessu sinni með áskorun til samgn. Alþingis og fjvn. sérstaklega um að fjalla um þessi mál innan vébanda sinna og kalla til embættismenn sem geta veitt upplýsingar í þeim efnum, en legg loks áherslu á að þm. Reykv. fái að fylgjast með framkvæmd þessa máls í einstökum atriðum og fái tækifæri til þess að hafa áhrif á niðurstöður mála. Og þá þykist ég tala þar fyrir hönd hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar sem annarra. Ég trúi ekki öðru en að hann vilji standa með okkur sem og öðrum þingmönnum að því að gera símaþjónustuna sem hagkvæmasta fyrir alla landsmenn.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það er virðingarverð viðleitni hjá hv. þm. Geir Hallgrímssyni að reyna að rétta hlut þeirra hv. þm. Friðriks Sophussonar og Birgis Ísl. Gunnarssonar í þessari umr. En það er spurning hvort þessi liðveisla er ekki flutt til þess að óska eftir liðveislu þeirra á öðrum vettvangi. En við skulum ekki leiða neinum getum að því. Niðurstaða hv. þm. var sú, að óska eftir að samgrn og fjvn. tækju þetta mál til könnunar svo að við þm. Reykv. gætum fengið að fylgjast með málinu. (**GeirH:** Svo að við fengjum enn fremur að fylgjast með málinu.) Já, já, svo að við fengjum enn fremur að fylgjast með málinu.

Það vill nú svo skemmtilega til, að við þm. Reykv. eigum einn fulltrúa í fjvn. og það er flokksbróðir hv. þm., Friðrik Sophusson. Það hefur verið upplýst hér í umr., að hann gegndi svo illa hlutverki sínu sem þm. Reykv. í þessari nefnd þegar þetta mál kom þar fyrir — hv. þm. Eiður Guðnason upplýsti það m. a. hér áðan — að hann einfaldlega tók ekki eftir þessu stóra hagsmunamáli Reykvíkinga — tók ekki eftir því. Þetta mál sýnir þess vegna að það dugar okkur lítt, þm. Reykv., að senda inn í fjvn. jafnvel svo vaska menn eins og hv. þm. Friðrik Sophusson, þegar það er svo upplýst hér í umr., að þeir hafa ekki hugmynd um það þegar stór hagsmunamál Reykvíkinga — að þeirra eigin dómi og dómi Geirs Hallgrímssonar — eru afgreidd í þessari nefnd. Þeir láta það fram hjá sér fara án þess að veita því hina minnstu athygli, láta okkur hina þm. Reykv. ekki vita af þessu stóra hagsmunamáli.

Friðrik Sophusson hefði getað fyrir tæpum tveimur árum látið okkur félaga sína, þm. Reykv., vita af þessu stóra hagsmunamáli. En hann gerði það ekki. Þess vegna er það, að ef einhver einn maður ber ábyrgð á því umfram aðra að þm. Reykv. hafa ekki vitað af þessu máli og íbúar Reykjavíkur ekki vitað af þessu máli, þá er það hv. þm. Friðrik Sophusson sem hefur verið kjörinn af Alþingi til þess að vera eini fulltrúi Reykvíkinga í fjvn. Það er þess vegna rétt, ef hv. þm. Geir Hallgrímsson hefur einhvern sérstakan áhuga á því að stuðla að því, að hagsmunamálum Reykvíkinga sé betur gaumur gefinn hér í nefndum þingsins, að hann gefi þessum eina fulltrúa okkar í fjvn., Friðrik Sophussyni, tiltal um það að standa sig betur eftirleiðis en hingað til.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Þessi síðasta ræða var jafnvel fyrir neðan virðingu hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar, og segir það sitt um innihald ræðunnar. Í augnabliks fjarveru hv. þm. Friðriks Sophussonar vil ég aðeins segja að það hefði bersýnilega ekki skipt nokkru máli hvort hv. þm. Friðrik Sophusson hefði rótað við hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni fyrr eða síðar, vegna þess að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hefði ekki látið sig það neinu máli skipta.

Hins vegar vil ég segja það, að það er ákaflega gott að fjvn. taki þetta mál til meðferðar. Ég hef gert það að tillögu minni í trausti til allra nefndarmanna fjvn. og þá ekki síst hv. þm. Friðriks Sophussonar.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Aðeins örstutt innskot út af þeim umr. sem hafa orðið um störf fjvn. að því er varðar fjárfestingu Pósts og síma.

Það er nú einu sinni svo, að fjvn. fær oft fjárfestingaráætlun Pósts og síma einungis til umfjöllunar á einum eða tveimur fundum milli umræðna, 2. og 3. umr., og má heita í raun að það sé fyrst og fremst stjórnarliðið hverju sinni sem mótar þá áætlun. Ég man eftir því, að einmitt þessi skrefatalningartæki hafa komið til umræðu á slíkum augnabliksfundum milli 2. og 3. umr. tvisvar, tvívegis að ég best man.

Í fyrra skiptið, sem þessi tæki komu þar til umræðu, gerði hv. þm. Friðrik Sophusson sérstakan fyrirvara frá sinni hálfu einmitt um þessi ágætu tæki, ef ég man rétt. Það er hægt að fletta því upp og gá að hvort það er ekki rétt, og þá skal ég hafa það sem sannara reynist, ef þetta er ekki rétt hjá mér. En ég held að það sé alveg öruggt að hann hafi gert þetta á þeim tíma.

Síðan mun það hafa verið svo, að í annað skipti sem fjárfestingaráætlun Pósts og síma kom til umfjöllunar í hv. fjvn. höfðum við minnihlutamenn alveg sérstakan fyrirvara einmitt um fjárfestingaráætlanir allra B-hlutafyrirtækja. Það, sem hér hefur komið fram um afstöðu hv. þm. Friðriks Sophussonar í hv. fjvn., er því ekki á rökum byggt. Ég vil upplýsa það hér, ef menn vita það ekki, að hv. þm. Friðrik Sophusson hefur unnið sín störf afskaplega vel í fjvn. og hann er mjög verðugur fulltrúi Reykjvíkinga þar.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Mér finnst hlutur hv. þm. Friðriks Sophussonar ekki verða betri eftir þessa síðustu vitneskju sem hér var flutt í ræðustól. Nú er það upplýst, að hv. þm. Friðrik Sophusson hafði gert sér grein fyrir því, hvers eðlis þessi tæki voru, og hafði m. a. s. gert fyrirvara í fjvn. um afgreiðslu þeirra. Það er leitt að hv. þm. skuli ekki vera hér. Stundum er forseti beðinn að ná í ráðh., og ég vildi gjarnan að það væri náð í þennan ágæta þm., því að leitt er að ræða málið að honum fjarstöddum, það gæti orðið til þess að hv. þm. Geir Hallgrímsson yrði að tala enn einu sinni. Og verð ég að segja það, að miklu frekar vil ég hafa Friðrik Sophusson sem flm. eigin málstaðar heldur en að hann þurfi að treysta á liðsinni af því taginu.

Ég held, ef ég man rétt, að hv. þm. Friðrik Sophusson hafi sagt áðan að hann hafi ekki gert sér grein fyrir því, hvers eðlis þessi tæki voru. En nú kemur hv. þm. Lárus Jónsson og upplýsir það, að hv. þm. Friðrik Sophusson hafi haft um þetta fyrirvara og meira að segja ekki viljað taka þátt í endanlegri afgreiðslu málsins í fjvn. Þá spyr ég bara sem þm. Reykv. — og vil taka undir með foringja okkar, 1. þm. Reykv., Geir Hallgrímssyni: Hvers í ósköpunum áttum við hinir að gjalda að Friðrik Sophusson skyldi ekki láta okkur vita? (Gripið fram í.) Já, þetta snerti okkur Reykvíkinga að ykkar dómi alveg sérstaklega. Hvers áttum við að gjalda að hann skyldi leyna okkur þessari vitneskju og ekki láta okkur þm. Reykv. vita á fundum okkar um þær ákvarðanir sem þarna var verið að taka?

Ég tel þess vegna, herra forseti, að þær upplýsingar, sem hv. þm. Lárus Jónsson flutti hingað inn í umr., staðfesti enn frekar að það hvílir á Friðrik Sophussyni mikil sök í þessu máli, að hafa ekki látið okkur þm. Reykv. fá vitneskju um málið fyrst hann vissi það á þeim tíma.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs þó að ég viti að enginn hv. þm. taki hv. þm. Ólaf Ragnar Grímsson alvarlega eða orð hans gild. En ég tel mjög ómaklegt að veitast svo að hv. þm. Friðrik Sophussyni. Ég minni á að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson á fyrst og fremst aðgang að þeim þm. í fjvn. sem hann með atkvæði sínu hefur stutt til setu í fjvn. Og ég skil ekkert í framkomu hv. þm. Alþb. í fjvn. að láta ekki þm. Reykv., Ólaf Ragnar Grímsson, fylgjast með svona mikilvægu hagsmunamáli Reykvíkinga. Hann ætti heldur að finna orðum sínum og ásökunum stað heldur en að veitast að hv. þm. Friðrik Sophussyni, sem nú er kominn í salinn og er maður til að bera hönd fyrir höfuð sér, sem raunar er ekki ástæða til að þessu gefna tilefni.

En ég vil aðeins að lokum, vegna þess að umr. hefur verið drepið á dreif, ítreka það, að nauðsynlegt sé að taka þetta mál til meðferðar á efnislegum grundvelli og kanna það ofan í kjölinn. Því hef ég beint þeim tilmælum til nefnda þingsins, sem aðstöðu hafa til að fjalla um þetta mál, að fylgjast með því, um leið og ég beini þeim tilmælum til hæstv. ráðh., að hann láti okkur þm. Reykv. sérstaklega fylgjast með gangi mála áður en endanlegar ákvarðanir eru teknar. Mun ég fylgja þeim tilmælum eftir við hæstv. ráðh.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég var búinn að tala mig dauðan í þessu máli og bjóst ekki við að þurfa að koma hér aftur í ræðustól, en mér er sagt að hv. þm. Seltirninga, Ólafur Ragnar Grímsson, hafi kvatt sér hljóðs og rætt dálítið um málefni Reykvíkinga. Ég fagna því, að hann er kominn í hóp þeirra manna sem hafa áhuga á velferð okkar Reykvíkinga. Hann vék, að mér skildist, að setu minni í fjvn. og ég vil taka í því sambandi eftirfarandi fram. (**ÓRG:** Það var að gefnu tilefni.) Ég ætla bara að rekja söguna þannig að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson átti sig á því, hvernig þetta mál varð til, og afskipti fjvn.

8. febr. 1979 hittust Póst- og símamálastjóri og páv. hæstv. samgrh., sem er flokksbróðir Ólafs Ragnars Grímssonar og heitir Ragnar Arnalds, og ákváðu að taka tilboði um að kaupa tæki til þess að mæla innanbæjarsamtöl í Reykjavík. Það er ekki fyrr en ári síðar, það er ekki fyrr en 1980, ári síðar og rúmlega það, sem fjvn. fær einhverja vitneskju um þetta mál, í því formi að það kemur fjárhagsáætlun fyrir árið 1980. Eins og hv. þm. veit jafnvel og ég fóru fram kosningar á landinu haustið 1979 sem frestuðu afgreiðslu fjárlaga, þannig að fjárhagsáætlun Pósts og síma var til umræðu á vordögum 1980. Þá fyrst komu til afskipti fjvn. og þau voru m. a. í þeim dúr, að fjvn. féllst ekki á beiðni ráðh., sem þá var orðinn fjmrh., að fella niður aðflutningsgjöld af þessum dýru tækjum til þess að mæla skref á Reykvíkinga.

18. maí þetta vor, 1980, kom bréf frá póst- og símamálastjórninni þar sem hún sagðist mundu fresta þessari skrefatalningu um eitt ár og fresta kaupum á þessu tæki til næsta árs. Þá gerði ég aths. í fjvn. og sagði að ég gæti ekki staðið að kaupum á slíkum tækjum. Þetta eru mín afskipti í nefndinni og þau eru, held ég, alveg skýr.

Það kemur náttúrlega engum við þótt Ólafur Ragnar Grímsson belgi sig hér út í ræðustól og tali um þetta mál af engu viti og beri hér sakir á menn. Það kemur í ljós, að hagsmuna Reykjavíkur hefur verið gætt eins og hægt var í fjvn. Annars staðar var ekki hægt að gera það, því að hér er um að ræða stjórnvaldsákvörðun, ákvörðun sem ráðh. hefur í sinni hendi að taka. Og það var Ragnar Arnalds, flokksbróðir Ólafs Ragnars, sem tók þessa

ákvörðun. Og það er fyrir harðfylgi Reykjavíkurþm. sem það hefur komið á daginn, að hægt er að jafna símtöl um allt land á sama tíma, þ. e. að mæla skrefin á innanbæjarsímtölum ekki aðeins í Reykjavík, heldur alls staðar annars staðar í innanbæjarkerfum.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég þakka fyrir umburðarlyndi forseta og enn fremur þakka ég Friðrik Sophussyni alveg sérstaklega fyrir þá ræðu sem hann flutti hér, vegna þess að nú staðfestir hann það hér sjálfur, að hann hafi í heilt ár — hvorki meira né minna en heilt ár — vitað af þessu máli án þess að taka það upp með einum eða neinum hætti við samþingismenn sína úr Reykjavík. Þar með hefur það verið staðfest af Friðrik Sophussyni, að það sem ég flutti hér inn í umr. að gefnu tilefni frá Geir Hallgrímssyni, er alveg hárrétt, að sök hvílir fyrst og fremst á hv. þm. Friðrik Sophussyni, sem í heilt ár er búinn að geyma þessa vitneskju með sjálfum sér án þess að hafa tekið það upp við okkur hina þm. Reykv. Þess vegna eru þau tilmæli og áskorun og umkvartanir, sem Geir Hallgrímsson flutti hér áðan yfir því að þm. Reykv. hefðu ekki verið látnir fylgjast með þessu máli, — þær ásakanir eiga fyrst og fremst að beinast til hv. þm. Friðriks Sophussonar sem nú hefur staðfest það hér í umr., að hann hefur vanrækt í heilt ár, hvorki meira né minna, að fjalla um málið við samþingismenn sína í Reykjavík. Þetta vandamál er því greinilega innanhúsvandamál hjá þeim Geir Hallgrímssyni og Friðrik Sophussyni og væri æskilegt að þeir töluðust meira við en upplýst hefur verið hér í umr.

Sameinað þing, 56. fundur.

Þriðjudaginn 3. mars, að loknum 55. fundi.

Svæðisskipulag fyrir Fljótsdalshérað, þáltill. (þskj. 453). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Aldurshámark starfsmanna ríkisins, þáltill. (þskj. 63, n. 429). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Allshn. Sþ. hefur fjallað um þáltill. sem ég flutti ásamt hv. 3. þm. Reykv. og hv. 4. landsk. þm., þess efnis, að ríkisstj. yrði falið að láta endurskoða reglur um hámarksaldur opinberra starfsmanna og sú endurskoðun skyldi beinast að því að kanna hvort rétt væri að hækka þennan hámarksaldur og gera reglur um hann sveigjanlegri.

Samhljóða till. var flutt á síðasta þingi. Þá leitaði þessi sama nefnd umsagnar allmargra aðila sem málið varðar, en það eru fjmrn., Starfsmannafélag ríkisstofnana, Bandalag háskólamanna, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og Alþýðusamband Íslands. Allir þessir aðilar töldu rétt að endurskoða þessar reglur. Einn aðili þ. e. Bandalag háskólamanna, hafði að vísu þann fyrirvara, að hann taldi ekki rétt að breyta reglunum um hámarksaldur. En aðrir aðilar mæltu með samþykkt þessarar till. Nefndin varð því sammála um að mæla með því, að till. þessi yrði samþykkt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Flugvellir í Austurlandskjördæmi, þáltill. (þskj. 178). — Ein umr.

Flm. (Egill Jónsson): Herra forseti. Ég hef ásamt hv. þm. Helga Seljan flutt till. til þál. um uppbyggingu flugvalla í Austurlandskjördæmi. Það þarf að sjálfsögðu ekki að koma neinum á óvart þótt alþm. af Austurlandi hafi áhuga á uppbyggingu flugvalla í sínu kjördæmi, því að mjög óvíða á þessu landi hefur flugið þjónað stærra hlutverki og valdið meiri breytingum en einmitt á Austurlandi. Á þetta ekki síst við þann hluta kjördæmisins sem ég þekki best til í, þ. e. Austur-Skaftafellssýslu, þar sem segja má að tilkoma flugsins í samgöngum hér á landi hafi valdið þar algjörum þáttaskilum í samgöngumálum.

Nú hefur þetta hins vegar þróast þannig með breyttum samgönguháttum á landi, að flug hefur ekki eins mikla þýðingu fyrir þann hluta kjördæmisins varðandi samgöngur hingað við þéttbýlið, þótt hann sé eftir sem áður mikilvægur. En vegna fjarlægðar annarra hluta kjördæmisins frá höfuðstaðnum hefur þar aftur á móti vaxið enn frekari þörf fyrir bættar samgöngur, bæði við þéttbýlið og ekki síður hefur þörfin og áhuginn vaxið á bættum flugsamgöngum innan kjördæmisins.

Nú um nokkurra ára skeið hefur starfað sérstakt flugfélag á Austurlandi, Flugfélag Austurlands, sem hefur annast póstflutninga og farþegaflutninga og hefur haft gífurlega miklu hlutverki að gegna og vaxandi í samgöngum innan Austurlandskjördæmis. Er nú svo komið, að einmitt sum hin afskekktari byggðarlög hafa enn meiri áhuga á þessari þjónustu en áður var. Þetta kemur m. a. fram í því, að ýmsar sveitarstjórnir á Austurlandi hafa sett á fót sérstakar flugmálanefndir til þess að fjalla um flugmál sem sérstaklega eru tengd þeirra byggðarlögum. Á fundi sveitarfélaga á Austurlandi á s. l. sumri var kjörin sérstök nefnd á vegum samtakanna til þess að fjalla um áætlun og skipulagningu flugmála í Austurlandskjördæmi. Þeir aðilar, sem þar hafa verið valdir til forustu, hafa beint þeim óskum til þm. Austurl., að komið verði á samstarfi milli heimamanna og yfirstjórnar flugmála um þessa áætlunargerð. Og það eru einmitt þau tilmæli sem eru tilefni þessa tillöguflutnings.

Ég tel ákaflega mikilvægt og við báðir flm., að unnið verði sameiginlega að skipulagningu þessara verkefna, ekki síst vegna þess að í stærri áætlunum vilja stundum hinir smærri staðirnir frekar gleymast, og það er ákaflega þýðingarmikið að þess sé gætt vel, að allir fylgist að í þessum efnum.

Ég orðlengi þetta ekki frekar, en geri till. um að þessu máli verði að lokinni umr. vísað til atvmn.

Helgi Seljan: Herra forseti. Ég þarf fáum orðum við að bæta það sem hv. fyrri flm. sagði um þetta mál. Ég tel að vísu rétt og um það erum við ábyggilega báðir sammála, að það sé skylda hverrar ríkisstj. að hún marki áætlun á svipaðan máta varðandi flugmálin og hafna- og vegamálin. Ég held að þó að þar skakki alltaf nokkru og menn séu óánægðir með það, hvernig bæði hafnaáætlanir og vegaáætlanir raskast af völdum verðbólgu og af ýmsum öðrum ástæðum, þá sé það engu að síður svo, að það sé býsna nauðsynlegt fyrir okkur að fá ákveðna heildarflugmálaáætlun fyrir landið til þriggja eða fjögurra ára.

Á sínum tíma vann nefnd mjög mikið í flugvallamálum hér og skilaði viðamikilli skýrslu um þau mál og gerði þar

margar merkar till., sem ég get svo sannarlega gert að mínum á ýmsan veg, en ætla ekki að fara nánar út í hér.

Ekki þarf að taka það frekar fram en hv. fyrri flm. gerði áðan, hve flugið er sérlega mikilvægt fyrir mörg byggðarlög eystra sem byggju við algera einangrun að öðrum kosti.

Ég vil líka taka það fram, að þegar ég tala um heildaráætlun fyrir allt landið varðandi flugmálin, þá er það engu að síður svo, eins og reyndar hv. 1. flm. kom inn á, að svo ólíkar eru þarfir einstakra landshluta að ég held að vissar landshlutaáætlanir séu nauðsyn, a. m. k. innan marka heildaráætlunar, því að auðvitað verðum við að líta á alla heildina um leið og þá sérstaklega með tilliti til fjárveitinga.

Mála sannast er það vitanlega, að ekki skiptir máli hvort við höfum verið í stjórn eða stjórnarandstöðu, við höfum staðið illa að fjárveitingum til flugmála í heild. Þessi þáttur, þessi gífurlega mikilvægi samgönguþáttur okkar hefur einhvern veginn orðið út undan. Við þm. höfum einhvern veginn vanrækt hann. Og það gildir sama um alla flokka og þm. allra flokka, að þeir hafa ekki sinnt þessum málaflokki á þann hátt sem vera ber. Það verður að segjast alveg eins og er, að fjárveitingar eru í algeru lágmarki, að vísu núna með skásta móti, með langskásta móti, og við flm. segjum gjarnan: með réttlátasta móti einnig, og vísa ég því til hv. flugráðsmanns um leið. En fjárveitingar til þessara mála hafa verið smánarlegar á undanförnum árum, alveg sérstaklega þegar litið er til öryggisþáttarins, því það verður aldrei of mikið gert í því að öryggi sitji í fyrirrúmi og við búum þannig að flugmálum okkar og flugbrautum okkar að við séum ekki stöðugt með mannslíf í hættu. En staðreyndin er sú, að jafnvel á mörgum stærri flugvöllum okkar er öryggi svo ábótavant að til hreins vansa má telja. Þar eigum við allir mikla sök.

Ég get svo ekki stillt mig um að benda á það, að í flugmálum okkar eystra eigum við eitt risavaxið verkefni fram undan sem við verðum að snúa okkur að fyrr en seinna, og það er uppbygging flugvallarins á Egilsstöðum. Flugvöllurinn á Egilsstöðum er gífurlegur umferðarflugvöllur, eins og menn vita. Hann er einnig millilendingarflugvöllur fyrir flug til Færeyja, og ég geri mér ljóst að hann á eftir að þjóna í framtíðinni enn mikilvægara hlutverki. Hins vegar hafa stangast á áætlanir manna um það, á hvern hátt væri best að endurbyggja þann flugvöll. Ég held að menn séu nú komnir almennt á þá skoðun, að sú gamla hugmynd um hinn svokallaða Snjóholtsvöll sé úr sögunni og að fara eigi aðra nærtækari leið, leið sem er dýr og kostnaðarsöm, en leið sem engu að síður er óhjákvæmilegt að fara. Við verðum að fara að taka hér um ákvörðun og byggja þennan flugvöll upp þannig að hann sæmi þeirri miklu umferð sem um hann fer. Og þá get ég vitanlega ekki stillt mig um í leiðinni að minna á það sem ég minntist á hér í fyrirspurnatíma á sínum tíma, að vitanlega kemur varaflugvöllur fyrir millilandaflugið inn í þá mynd, ekkert síður en hann gerði á sínum tíma þegar ákveðin nefnd, sem starfaði að þeim málum, — skilaði áliti og taldi að af veðurfarsástæðum ýmsum og vegna margs annars væri Egilsstaðaflugvöllur, þegar hann væri orðinn vel búinn, ákjósanlegastur varaflugvöllur fyrir millilandaflugið. Ég kem því hér með enn á framfæri, að það sé sjálfsagt að skoða það um leið rækilega hvort ekki sé rétt að haga uppbyggingu flugvallarins á Egilsstöðum með tilliti til þess.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 61. fundur.

Miðvikudaginn 4. mars, kl. 2 miðdegis.

Heimild fyrir ríkisstjórnina að veita sjálfskuldarábyrgð til kaupa á skuttogurum, frv. (þskj. 440). — 1. umr.

Flm. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Það þarf í sjálfu sér ekki að hafa mjög mörg orð í framsögu fyrir þessu frv. Frv. er um afnám laga nr. 28 frá 12. maí 1972, um heimild fyrir ríkisstj. að veita sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á skuttogurum.

Eins og deildinni er kunnugt er almenna reglan sú, að ríkisábyrgðir af þessu tagi eru veittar með sérstökum samþykktum Alþingis. En á árinu 1972 þótti rétt að greiða fyrir kaupum á skuttogurum erlendis frá og örva til slíkra kaupa. Þess vegna voru sett sérstök lög um heimild fyrir ríkisstj. til að veita sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á skuttogurum. Samkvæmt þeim lögum er ríkisstj. heimilt gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar, að veita sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á skuttogurum allt að 80% af kaupverði slíkra skipa.

Nú eru aðstæður gerbreyttar frá því að lögin um sérstaka heimild fyrir ríkisstj. til ríkisábyrgðar voru sett. Tilgangur þeirra þá var að örva togarakaup, en nú er, eins og deildinni er kunnugt, frekast ástæða til þess að hafa hemil á stærð skipastólsins. Þess vegna þykir nú rétt að afnema þessi lög, þannig að í þeim tilvikum, þar sem nú þætti koma til greina að veita ríkisábyrgð vegna togarakaupa, kæmi það til afgreiðslu Alþingis.

Ég held að það hafi stundum borið á góma á undanförnum árum, að ástæðulaust væri að vera með slíka fría ábyrgðarheimild í höndum ríkisstj. en það hefur greinilega ekki orðið af því að breyta því.

Kannske á ríkisstj. sjálf erfitt með að fara fram á það, að af henni séu teknar heimildir af þessu tagi, og því eðlilegast að frv. um þetta efni komi fram frá þm. í deildinni. Ég hef þess vegna ásamt Eiði Guðnasyni og Karli Steinar Guðnasyni flutt frv. um þetta efni. Hér er sem sagt um það að ræða að með afnámi þessara laga fari það fyrir Alþingi hverju sinni ef menn vilja veita ábyrgðarheimildir af þessu tagi, og verður það að teljast eðlilegur framgangsmáti, enda líka þá fyrir því séð að ríkisstj. falli ekki í freistni að óþörfu eins og dæmin sanna.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Hagkvæmni í endurnýjun skipastólsins, frv. (þskj. 441). — 1. umr.

Flm. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Eins og kunnugt er eru fiskveiðar nú mjög skammtaðar hér við

land. Það eru 150 dagar á ári eða þar um bil sem togurum eru ekki heimilaðar þorskveiðar. Það hefur verið klipið aftan af vertíðinni hjá vertíðarbátum, síldveiðar eru skammtaðar, loðnuveiðar eru skammtaðar. Allt er þetta til marks um það, að fiskiskipastóllinn sé, eins og sakir standa, of stór miðað við afrakstursgetu fiskstofnanna.

Engu að síður er sífelld ásókn í ný skip og þá einkum togara, sífelld ásókn í viðbótartogara í fiskiskipastólinn. Og þrátt fyrir það að allflestir viðurkenni í orði þá staðreynd, að fiskveiðiflotinn sé of stór miðað við aðstæður, hefur stjórnvöldum gengið illa að framfylgja þeirri stefnu í reynd að hafa hemil á stærð skipastólsins og sjá til þess að hann stækkaði ekki.

Af þessum sökum teljum við flm. þess frv., sem hér er til umr., að nauðsynlegt sé að grípa til fastmótaðra aðgerða sem stefni markvisst að því að hafa hemil á stærð skipastólsins og draga úr stærð hans um sinn. En jafnframt er auðvitað nauðsynlegt að sjá til þess, að eðlileg endurnýjun geti átt sér stað.

Það er út frá þessum sjónarmiðum sem það frv. er flutt sem hér er til umr. Vitaskuld koma upp mismunandi aðstæður víðsvegar á landinu, og fram undir þetta hefur staðan verið sú, að menn hafa getað bætt úr lélegu atvinnuástandi á tilteknu landshorni eða í tilteknu plássi með því að afla þangað viðbótarskipa í flotann.

Nú er auðvitað öld snúin að því leytinu, að við vitum að afrakstursgeta fiskstofnanna er gefin og sérhver viðbót við flotann, sérhver stækkun flotans þýðir í raun og sannleika einungis minna í hlut þeirra sem fyrir eru, minna í hvern hlut.

Vitaskuld er úr vöndu að ráða í þessum efnum. En það trúi ég að hljóti þó að teljast grundvallaratriði í þessu sambandi, ef menn vilja hafa hemil á stærð flotans og draga úr stærð hans, að viðbæturnar á hverjum tíma verða að vera minni en það sem brott fellur. Og það er meginefni þessa frv.

Flestum ættu að vera þau sannindi ljós, að viðbót verður einungis til þess að rýra kjör sjómanna og útgerðar og þjóðarinnar allrar, og eins hitt, að ekki verði hamlað gegn stækkun flotans öðruvísi en að viðbæturnar séu minni en það sem brott fellur á hverjum tíma.

Ég held að þessi viðhorf njóti nú orðið almenns skilnings og þá ekki síst meðal sjómanna og útgerðarmanna og annarra þeirra sem starfa í sjávarútvegi. Engu að síður hefur það átt sér stað á síðustu tímum, að það hefur verið hleypt á ný af stað skriðu innflutnings sem vitaskuld eykur stær skipastólsins. Allar þær reglur, sem settar voru undir því yfirskini að þær ættu að draga úr stækkun skipastólsins vegna innflutnings, hafa verið brotnar, eins og dæmi sanna. Ýmsir hafa orðið til þess að undrast það, að sífellt skuli vera ásókn í ný fiskiskip þótt afkoma sé léleg og erfitt að sjá rekstrargrundvöll fyrir ýmis þau skip sem í flotann bætast. En skýringin er vafalaust sú, að útgerðaraðilar byggja það á reynslunni, að stjórnvöld hlaupi undir bagga þegar í harðbakkann slær. Á hinn bóginn tel ég að það sé mjög mikilvægt fyrir okkur að gefa því gaum, og á það vil ég leggja áherslu, að hver einstakur útgerðaraðili hlýtur vitaskuld að keppast við að ná sem mestu í sinn hlut án tillits til þess, að aukin aflabrögð hans eru á kostnað allra annarra í greininni þegar heildarafli er takmarkaður. Það er í sjálfu sér eðlilegt að hver einstakur útgerðaraðili keppist einmitt við á þennan hátt. En þessi viðleitni birtist í rauninni í ásókn í ný skip. En einmitt það, að það skuli vera eðli greinarinnar að svona sé málum háttað, leggur vitaskuld stjórnvöldum ríkari skyldur á herðar um að hafa stjórn á þessum málum. Einmitt af þessum sökum verða stjórnvöld að tryggja hæfilega stærð skipastólsins og hindra ofvöxt hans. Fiskveiðistefna án takmörkunar á stærð skipastólsins er vitaskuld markleysa.

Jafnframt því að stefna að hagkvæmri stærð skipastólsins verður að vinna að því, að fiskiskipin séu vel búin, og veiti góðan aðbúnað. Eðlileg framþróun og endurnýjun verður að eiga sér stað, og þótt togaraflotinn sé tiltölulega nýr, þá er ljóst að bátaflotinn er að ýmsu leyti úr sér genginn og þarfnast endurnýjunar og endurbóta. Að slíkri þróun er eðlilegt að stefna, en það verður að gerast innan þeirra marka að heildarskipastóllinn vaxi ekki, heldur verði úr honum dregið. Það er engin leið til önnur til þess að draga úr stærð skipastólsins en að sjá til þess, að meiri söknarþungi hverfi úr rekstri en það sem við bætist vegna endurnýjunar. Nærtækasta og jafnframt átakaminnsta leiðin er að setja sér að viðbætur og endurnýjun fari ekki fram úr tilteknu hlutfalli af úrfalli úr flotanum.

Með þessu frv. er sú stefna mörkuð. Nú eru sjálfsagt margir sem óska þess, að örar miðaði en gert er ráð fyrir í frv., og vitaskuld má færa fyrir því margvísleg rök. Engu að síður mundi með samþykkt frv. miða til réttrar áttar, í stað þess að nú stefnum við í öfuga átt.

Þetta frv. er flutt til þess að vilji löggjafans komi fram, og þá ekki síst með hliðsjón af því, hve hörmulega hefur tekist til hjá núverandi ríkisstj. í þessum efnum. Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir að almenna reglan verði sú, að endurnýjun skipastólsins megi ekki á neinu ári fara fram úr 50% af meðaltali úrfalls næstu tveggja ára á undan, mældu í brúttórúmlestum. En með tilliti til þróunarinnar síðustu misseri er þó gert ráð fyrir að á árunum 1981 og 1982 verði algert hlé á innflutningi fiskiskipa og innlendar smíðar verði takmarkaðar. Í frv. er hins vegar ekki kveðið á um í hvers konar skipum sú endurnýjun, sem frv. heimilar, eigi sér stað. Við flm. töldum ekki að það ætti að vera í lagafrumvarpsformi, heldur væri eðlilegra að ríkisstj., lánasjóðir og aðilar í sjávarútvegi marki stefnuna að því leytinu.

Frv. er tiltölulega einfalt, og auðvitað leggur það skyldur á herðar þeim aðilum sem með þessi mál fara. Þannig þurfa sjútvrh., viðskrh. og lánastofnanir, sem starfa í þessari grein, auðvitað að hafa samráð sín á milli. Ég held að það eigi ekki að þurfa að verða þessu máli fjötur um fót. Það er hvort eð er samgangur á milli þessara stofnana, og opinberar lánastofnanir og gjaldeyrisyfirvöld hljóta að geta séð um þetta að höfðu samráði sín í milli.

Ég skal svo ekki fjölyrða öllu frekar um þetta mál, þó að vissulega væri ástæða til þess. Þó vil ég segja að t. d. þar sem talað er um að hámarka nýsmíði innanlands við 1200 rúmlestir hvort næstu tveggja ára, þá er það auðvitað matsatriði, en þessi tala hefur verið valin með hliðsjón af því, að þetta er nokkurn veginn meðaltal nokkurra undangenginna ára. En auðvitað geta menn velt því fyrir sér hvað sé eðlilegt í þeim efnum. Ég taldi líka og við flm. að það væri eðlilegt að næstu tvö árin yrðu ekki veitt lánsloforð né heimildir til innflutnings á fiskiskipum meðan menn væru að komast yfir í þetta nýja kerfi, og okkur sýnist að það sé nauðsynlegt að fara þannig með þessi mál.

Það er auðvitað nauðsynlegt að það ríki markviss

heildarstjórn á því, hvernig við nýtum auðlindir hafsins, svo að þjóðin njóti til frambúðar fulls afraksturs þeirra. Þess vegna verður auðvitað að skipuleggja uppbyggingu fiskiskipaflotans og fiskvinnslunnar í samræmi við sóknarþol fiskstofnanna og taka aflann með þeim skipum og veiðarfærum sem hagkvæmust eru, en halda sókninni í skefjum með því að hafa stjórn á stærð skipastólsins. Það er lykilatriði þessa máls.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., er um margt athyglisvert, ég ætti kannske að segja furðulegt. Ég skipaði í fyrrasumar nefnd til að fara yfir þessi mikilvægu mál. Ég fékk n. það verkefni sem ég skal nú lesa, með leyfi forseta:

„Starfshópur um endurnýjun fiskiskipaflotans skoði sérstaklega og skili áliti um eftirgreind atriði:

1. Eðlilega stærð flotans við núverandi aðstæður, miðað við líklega aukningu afla á næstu árum, með tilliti til atvinnuöryggis í hinum ýmsu byggðum landsins.
2. Endurnýjunarþörf, í fyrsta lagi togaraflotans og í öðru lagi bátaflotans. Endurnýjunarþörfin verði m. a. metin fyrir hinar ýmsu veiðar.
3. Æskileg aukning flotans á næstu árum, ef einhver er, fyrir hinar ýmsu veiðar með tilliti til áætlana um aukið veiðimagn.
4. Afkastagetu íslenskra skipasmíðastöðva til viðhalds og nýsmíði.
5. Kostnað við nýbyggingu innanlands til samanburðar við kostnað erlendis.
6. Hugmynd um sérhönnun fiskibáta til endurnýjunar á fiskiskipaflotanum.
7. Um raðsmíði slíkra báta.
8. Um stjórnun og stýringu á endurnýjun flotans."

Þessi nefnd hefur haldið marga fundi og rætt málið mikið, safnað miklum mjög góðum og fróðlegum upplýsingum um bátaflotann, og togaraflotann, sem sagt fiskiskipaflotann. Hins vegar verður ekki sagt að þar hafi náðst samstaða, því miður.

Ég hef átt tvo fundi með n. og ég kynnst þeim ágreiningsatriðum sem þar eru. Þó virtist miða heldur í samkomulagsátt. Nú um áramótin og eftir áramótin komu fram í n. athyglisverðar till., og þá vill svo einkennilega til að sumar þessar till. eru nú komnar hér inn á Alþingi í frv.-formi og næstum því orðréttar eins. T. d. var lagt fram í nefndinni 19. jan. till. sem m. a. fjallar um það sem kemur fram í 1. mgr. þessa frv. Þar segir:

„Leyfilegt hámark endurnýjunar í bátaflotanum verði takmarkað við visst hlutfall (40—60%) meðalúrfalls næstliðinna tveggja ára."

Í 1. mgr. segir: „Á hverju ári frá og með 1983 skulu viðbætur og endurnýjun fiskiskipa nema að hámarki 50% af meðaltali úrfalls tveggja næst liðinna ára."

Þarna má heita orðrétt tekið upp það sem fram kom í n. 19. janúar. Hins vegar er sú till. miklu heillegri og á allan máta betur unnin en það frv. sem hér liggur fyrir.

Þá kom á s. l. hausti fram till. í n. sem er merkt trúnaðarmál og fjallar um það sama og hér er í ákvæði til bráðabirgða. Þar er lagt til að með fjármagnsstjórnun verði stuðlað að lágmarksframhaldi innlendrar skipasmíði, t. d. nýsmíði 1200 rúmlesta á ári. Hér er að vísu talað um hámarkið 1200 rúmlestir á ári. Ég átti fund með n. nú fyrir 3 dögum og menn voru þar ákaflega óhressir yfir því, að þetta skuli nú komið hér fram sem frv., þetta viðkvæma mál, og þar kom greinilega fram að engum nm. hafði dottið í hug að það kæmi til greina að lögbinda reglur sem þessar. Ég verð að segja fyrir mitt leyti, að ég tel það fásinnu að lögbinda svona reglur. Slík reglustrikuframkvæmd er að mínu mati útilokuð í þessum málum.

Ég sagði áðan að safnað hefði verið miklum upplýsingum, m. a. um fiskiskipastólinn. Ég vil geta þess t. d., að af fjölda báta, sem eru 774, eru 462 15 ára eða eldri. Og hvað á að segja t. d. við mikinn dugnaðarmann, sjómann sem sækir vel sjóinn og er úr kjördæmi hv. þm. sem talaði fyrir þessu máli? Hann er á 38 tonna bát, hann er 34 ára gamall, hann vill endurnýja. Sá maður telur sér ekki kleift fjárhagslega að láta smíða bát hér innanlands. Hann er búinn að fá tilboð í u. þ. b. 170 lesta bát, sem honum er sagt að kosti hátt í 2 milljarða. Þessi maður segir mér að hann skuldi ekki neitt og hann ætli ekki að steypa sér í það skuldafen sem slíku fylgir. Hann segir hins vegar að hann geti raunar varla boðið sinni duglegu áhöfn að sækja djúpt í þeim ógæftum sem hafa verið. Ég segi fyrir mitt leyti, að ég held að maður eins og þessi eigi sannarlega að fá tækifæri til að endurnýja, fá sér einhvern stærri og betur útbúinn bát.

Þetta er aðeins eitt dæmi um fjölmarga eigendur þessara 462 báta, bátur sem þarf nauðsynlega að endurnýja. Ég mun koma að því á eftir, hvernig yrði um slíka endurnýjun með reglustrikuákvæðum eins og þeim sem fram koma í þessu frv.

Í Vestmannaeyjum, ef ég man rétt, eru 17 bátar síðan fyrir 1951 af 36 fiskiskipum og vitanlega orðið lífsspursmál fyrir þann stað að endurnýja flotann. Sá staður byggir nánast eða við getum sagt eingöngu á fiskveiðum. Hvernig yrði það má leyst með þessari reglu? Hér kemur hvergi fram í frv. hvernig eigi að úthluta þessu 50% kvóta sem ætlaður er til endurnýjunar. Ég tel jafnframt, eins og ég hef sagt, lög eins og hér er lagt til vægast sagt vafasöm, og vil ég nefna nokkur atriði fyrir utan slík dæmi sem ég hef nefnt nú frá einstökum stöðum.

Hvaða áhrif hafa svona lög á úreldingu skipa? Þeir menn, sem úrelda, hafa enga tryggingu fyrir því að þeir fái nýjan bát. Það fær einhver nýjan bát út á helming af því sem úrelt er. Er ekki alveg augljóst að við skulum segja dugnaðarmaður eins og sá, sem ég nefndi áðan, úreldir ekki 34 ára gamlan bát ef hann á á hættu að fá ekki annan í staðinn. Hann heldur áfram að sækja sjóinn í ógæftum með illa búinn bát að ýmsu leyti, og þetta hlýtur náttúrlega að leiða til þess, að flotinn eldist og verður óhæfari til að stunda veiðar.

Ég er eindregið þeirrar skoðunar, að við eigum að stunda okkar veiðar með hagkvæmustu og fullkomnustu tækjum, og mér sýnist alveg ljóst að svona lög stuðla að hinu andstæða, ég held að á því sé ekki nokkur vafi.

Það liggur að sjálfsögðu í augum uppi, að afleiðingin yrði jafnframt sú að minna fellur úr eða úreldist. Ekki úreldist þá annað en sem ekki verður í veg fyrir komið, vegna bilana og aldurs, og þar með verður smám saman að sjálfsögðu endurnýjunin minni og minni og minni og minni verkefni fyrir í nýsmíði fyrir íslenskar skipasmíðastöðvar, minnkandi öryggi o. s. frv.

Ég vil einnig segja það, að með svona reglu, ef að lögum yrði, er loku fyrir það skotið að einstaklingar, sem verða fyrir miklum bilunum með sína báta, t. d. bilun á vél, sem eru mörg dæmi um að kosta í viðgerð jafnvel meira en langtum yngri notaður bátur, — að þeir fái að endurnýja bátana. Það er eitt tilfelli nú fyrir Fiskveiða-

sjóðinn þar sem bilar vél í stórum bát. Áætlað er að það kosti 450 milljónir að endurnýja vélina og gera ýmislegt fleira við bátinn. Sá bátur er rúmlega 200 lestir, hins vegar kostar sama eða í mesta lagi 500 milljónir að fá 4 ára gamlan bát keyptan frá Færeyjum og tekur miklu, miklu skemmri tíma. Á að neyða manninn til að endurnýja þennan gamla bát, sem er orðinn, ef ég man rétt 18 ára eða meira, eða leggja hann til hliðar, úrelda hann, og gera útgerðinni kleift að fá annan bát í staðinn? Sú vinnslustöð, sem hér um ræðir, þarf nauðsynlega að hafa bát — og reyndar fleiri en einn. Hún getur ekki verið án þess að fá bát í staðinn eða leggja í það að endurnýja þennan bát með ærnum kostnaði. Ég held að svarið sé alveg augljóst, enda hafa allir, sem um þetta mál hafa fjallað, sagt: Þetta er alveg sjálfsagt. — Samkv. þeirri reglu, sem hér lögð til, er þetta útlokað mál. Báturinn yrði að úreldast og síðan fengi einhver 50% af rúmlestatölu bátsins sem nýjan bát.

Í þetta frv. vantar svo að sjálfsögðu öll ákvæði um það, hvernig á að úthluta þessum kvóta, til hvers á að taka tillit þegar sótt er um nýsmíði, sem eins og ég sagði áðan hlýtur mjög að dragast saman.

Ég verð því að segja að mér þykir út af fyrir sig leitt að vinna, sem er í gangi hjá hinum hæfustu mönnum sem hafa lagt mikið á sig í því að reyna að ná samstöðu um skynsamlegar reglur, skuli flutt hér í frv.-formi áður en n. lýkur sínum störfum. Mér var næst skapi að leggja niður þessa nefnd, þegar þetta gerðist, en ákvað að gera það ekki af því að verkefnin eru önnur og mörg. Hins vegar óttast ég að þessi staðreynd leiði til þess, að enn erfiðara verði eftir en áður að ná samstöðu, ekki síst þar sem n. virðist sammála um að aldrei hafi komið til mála að lögbinda slík ákvæði.

Ég vil svo geta þess, að ég mun nú eftir helgina leggja fyrir ríkisstj. þær hugmyndir sem ég hef um stefnumörkun á þessu sviði. Ég er alveg sammála hv. þm., að stefnumörkun í þessum málum er vitanlega óaðskiljanlegur þáttur í fiskveiðistefnu, og þess vegna hef ég á grundvelli m. a. þess, sem fyrir liggur þegar hjá nefndinni, samið ákveðnar reglur, sem ég tel rétt að um þetta gildi. Ég mun kynna þær fyrir Fiskveiðasjóði áður en hann afgreiðir þær umsóknir sem fyrir sjóðnum liggja nú.

Ég ætla ekki að tíunda það út af fyrir sig hér nú, en ég get sagt um þetta þó, að ég tel að það væri hæfilegt markmið að viðhalda flotanum eða sóknarþunganum nokkurn veginn eins og hann er nú, og ég tel svo brýnt að endurnýja bátaflotann, þennan gamla flota, til að koma í veg fyrir þær kollsteypur sem við höfum tekið hvað eftir annað í endurnýjun okkar skipa, að það verkefni verði að hafa forgang. Ég tel alveg sjálfsagt að menn, sem verða fyrir tjóni eða af einhverjum ástæðum þyrftu að leggja í gífurlegan kostnað við að endurnýja sitt skip, fái heimild til að endurnýja það með nýrra skipi, enda auki það ekki sóknarþunga þorskveiðiflotans. Ég er sammála því sem kemur fram í bráðabirgðaáliti frá n., að í sumum greinum sjávarútvegs ber að stöðva alla endurnýjun, eins og t. d. loðnuflotann eins og nú er ástatt. Það er enginn munur gerður á því í þessu frv.

Ég tel jafnframt að við úthlutun eða samþykkt á umsóknum um ný eða eldri skip þurfi að skoða ýmsa þætti, eins og t. d. þörf eins byggðarlags fyrir aukinn afla af atvinnuástæðum eða hver aldur þess bátaflota þess byggðarlags er orðinn. Ég tel alveg sjálfsagt, að innlend skipasmíði gangi fyrir, og hef því t. d. óskað eftir því í sambandi við umsókn frá einu byggðarlagi, Vestmannaeyjum, að þeir kæmu með sambærilegt tilboð frá innlendum skipasmíðastöðvum, og það liggur nú fyrir. Ég tel sjálfsagt að mönnum verði gert skylt að taka slíku tilboði ef það er innan skynsamlegra marka borið saman við það erlenda.

Þessar og fleiri hugmyndir, sem eru nú til umr., má vitanlega framkvæma án lagasetningar. Í fyrsta lagi getur stjórn Fiskveiðasjóðs framkvæmt þær sjálf, og í öðru lagi hefur ráðh. vald til þess að breyta reglugerð ef talið er nauðsynlegt til þess að tryggja að framkvæmd verði með slíkum hætti.

Ég vil svo segja það, að inn í þetta blandast mál eins og t. d. úreldingarsjóður. Ég sé að hv. þm. er með frv. um það líka. Þetta er líka mikið rætt í n. og komnar á blað hugmyndir eins og þarna eru. Úreldingarsjóð þarf að efla, það er alveg ljóst, og ég geri ráð fyrir að það verði gert. Það þarf að hraða endurnýjun bátaflotans, og til þess þarf að útvega meira fjármagn. Í því skyni koma ýmsar leiðir til greina.

Menn tala ákaflega mikið um að þorskveiðiflotinn sé allt of stór. Ég ræddi fyrir nokkrum dögum við einn mikinn aflamann í Vestmannaeyjum sem er bæði að hans og annarra dómi með mjög góða áhöfn. Hann mótmælti þessu harðlega og sagði að menn væru að tala um að auka okkar afla og tekjur með því að minnka flotann. Hann sagði: Jafnvel með minni áhöfn treysti ég mér ekki til að leggja á mannskapinn meiri afla, ef vel á að fara með hann, og þar eru að sjálfsögðu gerðar miklu meiri kröfur en áður var. Dæmið er nefnilega ekki eins einfalt og sumum reiknimeisturum hættir til að setja það upp, að hver togari geti aflað 30 tonn á dag og það eru 270 vinnudagar í árinu, m. ö. o. geti togarinn aflað 8100 lestir á ári. Niðurstaðan: 86 togarar geta tekið allan aflann og því má leggja öllum bátaflotanum. Þetta er öfgafull uppsetning kannske, en þannig í raun og veru nálgast útkoma reiknimeistaranna á stærð bátaflotans. Það er að sjálfsögðu ekkert tillit tekið til þeirra skakkafalla sem einstakar byggðir yrðu fyrir með slíkum niðurskurði, jafnvel 30% niðurskurði bátaflotans, þannig að mín niðurstaða er nú sú, eins og ég sagði áðan, að það beri að leggja á það áherslu að halda flotanum innan þeirra marka sem hann er nú, en leggja áherslu á endurnýjun bátaflotans, það sé okkur nauðsynlegt, bæði einstökum byggðarlögum og til þess að tryggja að við sækjum aflann með bestu fáanlegum tækjum.

Guðmundur Karlsson: Herra forseti. Ég vil líta á þetta frv. sem jákvætt framlag til þeirrar umr. sem þarf og verður að fara fram um endurnýjun og viðhald fiskiskipaflotans. Hvort hér er sett fram nákvæmlega sú rétta formúla sem fyrir endurnýjun á að vera, það er ég ekki viss um. Maður rekur fyrst augun í brúttórúmlest. Áður fyrr voru þessi fiskiskip aðeins skrokkurinn með litlu vélarrúmi og kassa ofan á þar sem stýrishúsið var. Nú er orðin gífurleg breyting. Nú er hugsað um að mannskapurinn hafi góðar aðstæður og því er náttúrlega fiskiskipið allt annað en þá var.

Ég vil halda fram að þessu markmiði, sem stefnt er að með þessu frv., hefðu alveg eins mátt ná með beitingu fjárfestingarsjóðanna, bæði Fiskveiðasjóðs, Byggðasjóðs og með Aldurslagasjóði og Úreldingarsjóði. En auðvitað hljótum við Íslendingar sem fiskveiðiþjóð að stefna að því að byggja sem mest af okkar fiskiskipum

sjálfir. Þarna virðist vera stefnt að því náttúrlega, en ég vil minna á það, að ef við ætlum að stefna að því, þá þurfum við að búa miklu betur að okkar innlendu skipasmíðum en er í dag. Við þurfum að gera skipasmíðarnar samkeppnishæfar við erlendar skipasmíðastöðvar og þá fyrst og fremst með því að létta af þeim kvöðum þeim og tollum sem þær verða að greiða umfram það sem annars staðar er gert.

Við hljótum, þegar við skoðum svona frv., að spyrja okkur að því, hvernig eigi að stefna að því að nýta okkar landhelgi, hvort það eigi að gera með stórum togveiðiskipum, hvort á að gera það með öðruvísi samsettum fiskiskipaflota. Ég held að fyrst og fremst hljótum við að stefna að því að ná okkar fiski á sem ódýrastan hátt og huga að því, að sem mest framleiðni verði í fiskveiðunum. Þess vegna hljótum við að skoða þetta margslungna og erfiða vandamál frá öllum hliðum og gera okkur grein fyrir því, með hvaða stærðum og hvernig skipum við eigum að endurnýja okkar flota.

Þá vildi ég líka koma að þeirri spurningu, hvort þetta eigi að verða áfram eins og er í dag, að menn eigi að fá skip, en ekki að greiða þau. Ég get ekki séð annað, eins og ástandið er hér í dag, en að hver sá maður, sem fer út í það að kaupa sér nýtt skip, hvort sem þau eru keypt hér innanlands eða erlendis frá, gerir upp við sig að hann getur ekki greitt skipið og því sé um það að ræða að fá skip, en ætla sér alls ekki að greiða það eða standa í skilum af þeim lánum sem fengin eru. Ég held að við getum flestir verið sammála því, að t. d. hefur allt of mikil endurnýjun átt sér stað á síðustu árum í togaraflotanum. Áður fyrr gátu allir glaðst yfir því að sjá nýtt togskip á sjónum, þessi glæsilegu skip, en satt að segja eru það blandnar tilfinningar sem fara um mann þegar maður sér þessi skip núna koma hvert af öðru.

Síðan hlýtur sú spurning að vakna þegar svona regla er sett fram eins og virðist vera í þessu frv., hverjir það séu sem eigi að fá að endurnýja flotann og hverjir eigi að njóta þess að fá þau skip sem smíðuð eða keypt verða. Eru það einstaklingarnir, sem eru að berjast í þessu, eða eru það stór og sterk fyrirtæki, sem hljóta við þær aðstæður, sem nú eru, að vaxa upp og geta yfirboðið einstaklingana. Satt að segja væri það mikill skaði, held ég, fyrir íslenskan sjávarútveg ef einstaklingurinn hyrfi sem slíkur út úr honum. Sjávarútvegurinn hefur til þessa mest byggt á framtaki einstaklingsins. Það eru dugnaðarsjómenn og skipstjórar sem hafa orðið í flestum tilvikum eignaraðilar að fiskiskipunum, og væri mikill skaði skeður ef það þyrfti að falla út.

Ég held að það hljóti að vera, að við Íslendingar stefnum að því að reka okkar fiskiskip með hagnaði, og ég held að hagnaðarsjónarmiðið hljóti að verða ráðandi. Með því að beita þeim sjóðum, sem nefndir voru í byrjun, held ég að hægt væri að ná hverju því markmiði sem við setjum okkur í endurnýjun flotans. En ég vil fyrst og fremst líta á þetta frv. sem jákvætt framlag til þeirrar umr. sem verður að fara fram um þetta mál. Það þarf að fjalla um þetta vel í þeirri n., sem málið tekur fyrir, og gera sér grein fyrir því, á hvern hátt framhaldið verður.

Flm. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Ég verð að segja að ég held að ræða hæstv. sjútvrh. hafi byggst á miklum misskilningi. Það var helst á honum að skilja að sams konar hugmyndir hefðu komið fram í nefnd og væru þá ágætar. En ef þær kæmu fram í lagafrv.-formi á Alþingi væru þær afleitar. Þetta gengur vitaskuld ekki upp.

Það jaðraði við að hæstv. sjútvrh. væri að þjófkenna mig héðan úr ræðustól, gerði það kannske ekki beinlínis, en það jaðraði við það. Ég veit náttúrlega ekki hvaða hugmyndir aðrir hafa verið með í þessum efnum eða hvenær þær hafa komið fram, en ég get upplýst það hér, að drög að þessu lagafrv. voru samin í byrjun desember af mér og Ágúst Einarssyni, varaþm. Magnúsar H. Magnússonar, sem sat þá á þingi, þannig að hvort sem aðrir hafa verið með þessar hugmyndir eða ekki höfðu þær þróast hjá okkur á þeim tíma.

Um bann við innflutningi, sem mér skildist að hefði verið önnur hugmynd nefndarinnar, og takmörkun á innlendum skipasmíðum, þá held ég að það sé óhætt að segja að varla hefði ég þurft að fara í smiðju til neinnar nefndar með það. Ég veit ekki betur en ég hafi sjálfur sett reglugerð um það meðan ég var sjútvrh. Þó að sú hugmynd komi aftur upp í einhverri nefnd getur það nú varla talist neitt sérlega frumlegt af nefndarinnar hálfu þó að sjálfsagt sé allt gott um hana að segja.

Ég held að við eigum ekki að drepa þessari umr. á dreif, heldur halda okkur við meginefnið, meginkjarnann í þessu máli. Sá meginkjarni birtist m. a. í þeirri ræðu sem hv. þm. Guðmundur Karlsson hélt hér áðan, þegar hann sagði að við hlytum að stefna að því að reka útgerðina með hagnaði. Ef við erum sífellt að stækka skipastólinn mun okkur veitast sífellt erfiðara að reka útgerðina með hagnaði. Tilkostnaðurinn vex, en tekjurnar ekki. Það er inn í þann vítahring sem við erum komnir. Og það er úr þeim vítahring sem við þurfum að komast. Það frv. til laga, sem hér er flutt, snýst eingöngu um þetta atriði. (Gripið fram í.) Þetta frv. er ekki víðtækt, það setur einungis fram þessa meginreglu. Sjálfsagt geta menn haft einhverja aðra skoðun á því, hvort prósentan eigi að vera 50 eða hvort tonnatalan næstu tvö árin eigi að vera 1200. En meginatriðið er sú stefna sem felst í frv. Þegar hæstv. ráðh. talar um það öðrum þræði, að það sé ómögulegt að setja lagafrv. um þetta, og svo hinum þræðinum, að það vanti ákvæði um úthlutun í lagafrv., þá finnst mér það líka stangast á. En vitaskuld er það hugsað af okkar hálfu þannig, að Alþingi setur rammann, dregur meginlínuna. Engum stendur það nær en Alþingi. En síðan var ekki hugmynd okkar að binda hendur ríkisstj. og lánastofnana varðandi reglur um hverja einstaka úthlutun. Það hlýtur að verða sveigjanlegt. Og er það ekki svo, að jafnvel við gildandi ástand hafa menn eitthvert verklag við þær úthlutanir sem þeir eru með, og ekkert er því til fyrirstöðu og ekkert er sjálfsagðara en að menn ætli sér tiltekið verklag við úthlutun líka, þegar meginstefna hefur verið mörkuð eins og frv. þetta gerir ráð fyrir. Og það var ekki hugmynd okkar að taka þar völd eða áhrif af hæstv. sjútvrh. eða öðrum í ríkisstj. Það er meira að segja tekið fram í grg., að við teljum eðlilegt að stefnan í þeim efnum sé mörkuð af ríkisstj. og af lánastofnunum og þeim sem eru í útgerðinni. Við ætlum ekki að binda þetta niður skip fyrir skip.

Hæstv. ráðh. talaði um það að það þyrfti auðvitað að stöðva endurnýjun loðnuflotans, en það væri ekkert um það í lagafrv. Það er ekkert sem hindrar það að stefnumörkunin sé í þá áttina á hverjum tíma innan ramma lagafrv., það er bara verið að tala um heildarstærð.

Hæstv. ráðh. talaði líka um að það kynni að þurfa að

taka tillit til atvinnusjónarmiða við úthlutun. Vitaskuld. Er það ekki gert? Auðvitað á að halda því áfram.

Hæstv. ráðh. talaði líka um manninn sem ætti ónýta bátinn og langaði til að endurnýja hann. Það er ekkert í þessu lagafrv. sem hindrar að hann fái að endurnýja. Það er meira að segja í lófa lagið fyrir ráðh. og lánastofnanir að ætla slíkum mönnum sérstakan forgang. Hér hefur líka verið flutt frv. um aukningu úreldingar þannig að auðvitað þarf það að fylgjast að. Hugmyndin með þessu frv., sem ég er alveg sannfærður um að menn munu skilja, er sú, að ef við aukum úreldinguna, þá aukum við svigrúmið til endurnýjunar. En við getum ekki endurnýjað ofan á þann flota sem þegar er fullstór. Þá lendum við bara í enn þá meiri örðugleikum.

Þegar ég segi að hér sé um mikinn misskilning að ræða hjá ráðh., þá er það fyrst og fremst varðandi það atriði, að auðvitað hljóta menn alveg eins núna og ekkert síður eftir að þetta er orðið að lögum að setja sér verklagsreglur um hvernig úthlutun fari fram. En ég taldi ekki rétt að binda það í lögum, en meginstefnuna, hvernig eigi að halda utan um heildina, verðum við beinlínis að binda í lögum vegna þess að við höfum margfalda reynslu fyrir því, að þetta fer allt úr böndunum hjá þeim blessuðu aðilum sem fara með stjórn þessara mála. Það tókst ekki einu sinni nógu vel hjá mér þó að ég væri kannske langtum strangari en nokkrir aðrir, hvað þá ef við berum það saman við reynslu síðustu missera eða daga, liggur mér við að segja, svo að ég vitni nú í frægt mál.

En auðvitað setur Fiskveiðasjóður sér reglur. Það má taka tillit til þess að einhver sé að úrelda skip og eigi þess vegna frekar forgang. Það má taka tillit til byggðasjónarmiða og þar fram eftir götunum. Auðvitað á ríkisstj. að marka stefnu um það, með hvaða hætti endurnýjunin á að fara fram. Það er tekið fram í grg. með þessu frv. að bátaflotinn sé úreltur. Auðvitað á hann þá að hafa vissan forgang eins og staðan er núna. En við flm. vildum ekki binda það í lögum. Við ætluðum ríkisstj. innan gefins ramma að beina kröftum sínum í þá áttina að halda uppi skynsamlegri stefnu að þessu leyti.

Þetta er í raun og sannleika meginatriði málsins. Við getum svo velt því fyrir okkur aftur og aftur, hvernig skip eigi að kaupa, en það er bara síbreytilegt. Það á eitt við á einum tíma og annað á öðrum tíma. Við getum líka velt fyrir okkur greiðslukjörum, eins og hv. þm. Guðmundur Karlsson gerði áðan, og kannske væri ástæða til þess að menn ættu frekar að greiða þessi skip heldur en ekki, þó að alls konar fordæmi séu nú komin upp í þeim efnum. En það er ekki meginatriði málsins. Meginatriði málsins er það, að við verðum að hafa hemil á stærð skipastólsins, við verðum að setja okkur reglur um það. Okkur hafa ekki dugað þær reglur sem við höfum verið með að undanförnu. Þess vegna er eðlilegt að Alþingi taki af skarið í þessum efnum, setji heildarrammann, en síðan er auðvitað stjórnvalda að sjá um útfærsluna og verklagsreglur í sambandi við úthlutun. Ég held að það sé þess vegna mjög eðlilegt og í rauninni sjálfsagt að Alþingi samþykki heildarstefnumörkun af þessu tagi með lögum.

Við verðum að horfast í augu við þá staðreynd, að við búum við sífellt harðnandi samkeppni á mörkuðum okkar, einkanlega í Bandaríkjunum. Hvernig ætlum við að mæta þeirri samkeppni? Við verðum að mæta henni með þeim hætti í fyrsta lagi að endurvæða fiskvinnsluna, hafa hana nýtískulega, en í öðru lagi með þeim hætti, að veiðarnar sjálfar séu ódýrar. Besta ráðið til að sjá til þess, að veiðarnar sjálfar séu ódýrar, er að sjá til þess, að fiskiskipastóllinn sé hæfilega stór þannig að við séum ekki að bera kostnað af því að vera með svo og svo stórt skömmtunarkerfi, veð séum með kostnaðinn af rekstri fleiri skipa en þarf til þess að veiða þennan fisk. Það er stærsti kostnaðarliðurinn, og ef við ætlun að standa okkur í samkeppninni verðum við að hugsa um þetta líka.

Ég skal ekki fjölyrða öllu frekar um þetta. En ég held að það sé alger misskilningur hjá hæstv. ráðh. að ætlast til þess, að úthlutunarreglur séu settar í lög. Mér finnst að það hafi verið eðlileg afstaða hjá okkur að það ætti að móta af bærum aðilum á hverjum tíma. En ég tel að það sé líka alger misskilningur hjá ráðh., að Alþingi eigi ekki að setja lög um það efni sem hér um ræðir. Ég tel að reynslan hafi sannað okkur að það beri nauðsyn til að setja lög af þessu tagi, og ég held að Alþingi hafi gert allt of lítið að því að marka heildarstefnu í vissum þáttum atvinnumálanna með þeim hætti sem reynt er að gera með þessu lagafrv. og öðrum sem við flm. þessa frv. höfum flutt samhliða þessu frv.

Ég ætla að vona að þetta mál fái góða umfjöllun í nefnd og farsælan framgang, því að ég er sannfærður um að þetta er eitt af mikilvægustu málum sem á þarf að taka. Við megum ekki drepa umr. á dreif með því að tala um smáatriðin og alls konar útúrdúra, eins og tilhneiging er til, en horfa fram hjá meginatriðinu. Og það er meginatriðið, einungis meginstefnan, sem verið er að setja fram í því frv. til l. sem hér er til umræðu. Ef við höldum áfram að drepa umr. á dreif, hugsa um loðnuflotann, hugsa um hvað eru margir gamlir bátar og hvort eigi frekar að fara togari á stað A heldur en B, þá komumst við aldrei til þess verks sem er mikilvægast, og það er að marka stefnuna um hvernig eigi að sjá til þess, að hér sé hæfilega stór fiskiskipastóll.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að hætta mér mjög langt út í þessar almennu umræðu um skipulagningu í sjávarútvegi. Satt best að segja finnst mér að varla geti það verið við hér sem getum tekið ákvarðanir í smáatriðum í því efni, og mér finnst stundum að þessar umr. gangi nokkuð út og suður og er kannske ekki að furða. Það er um mikið vandamál að tefla. Það er ljóst, að floti okkar er of stór og hefur kannske verið farið heldur geyst í uppbyggingu togaraflotans sérstaklega og þessi mál hljóta auðvitað öll að verða til umræðu á næstu árum. En ég held að við eigum ekki að ætla okkur þá dul, að hér í þingsölunum leysum við öll mannleg vandamál með skipulagningu á þessu sviði og öðrum. Og ekki vil ég óska sjávarútveginum þess að lenda í sömu sporum og landbúnaður nú er lentur, þar sem tekið er upp kvótakerfi og nokkurs konar lénsskipulag. Ég held að þrátt fyrir allt þurfi einhverjir að borga skipin, eins og einn ræðumanna vakti hér athygli á, það verði að fara mjög gætilega í að gefa mönnum skip og kannske borga með þeim og allt muni það leiða til þess, að stöðnun verði í íslenskum atvinnuvegum fremur en hitt. Auðvitað verða menn eitthvað á sig að leggja til að geta eignast glæsileg skip. Ætla ég ekki að fara lengra út í þessar hugleiðingar. Þetta kemur allt seinna meir til umræðu. Mér er auðvitað ljóst eins og öllum öðrum, að óhöpp geta borið við á einstökum stöðum á landinu og verður að grípa til sérstakra ráðstafana til að létta undir með ákveðnum byggðarlögum. En þegar það á að fara að verða almenn regla að úthluta skipum til manna eftir

geðþótta einstaklinga, kannske ágætra manna, þá líst mér ekki orðið á blikuna, þá held ég að sjávarútvegurinn fari að fara halloka rétt eins og landbúnaður og svo kæmi iðnaður auðvitað á eftir og við værum meira og minna lentir í greipum sósíalisma og ofstjórnar og þar af leiðandi lakari lífskjara. En út í stórpólitík ætla ég nú ekki að fara.

Það er alveg ljóst, að við verðum að halda áfram skipasmíðaiðnaði á Íslandi og við eigum þá ekki endilega að einblína á að það þurfi að smíða stærstu skip, heldur kannske ekki síður smábáta. Og svo vill til, að við höfum nokkrar mjög glæsilegar skipasmíðastöðvar sem einmitt smíða minni skipin og þau skipin sem ég hygg, þegar allt kemur til alls, að skili kannske mesta arðinum, séu ódýrust í rekstri og hreini arðurinn af þeirri útgerð sé kannske meiri en af hinni sem meira ber á. En við skulum láta það liggja á milli hluta. Það er alveg ljóst, að smábátaútgerð verður á Íslandi og hún á að vera á íslenskum bátum, bátum smíðuðum hér, og hún á að vera á nýjum bátum sem mest og nýlegum bátum. Þess vegna er úrelding skipa auðvitað alveg sjálfsögð við þær aðstæður sem nú eru, bæði af öryggisástæðum og eins af fjárhagslegum ástæðum, og það séu hagstæð skip sem séu notuð, en ekki óhagstæð. Ég nota þetta tækifæri þess vegna til að spyrja hæstv. sjútvrh. hvort tilraunir þær, sem ég veit að hann hefur gert til að fá Fiskveiðasjóð til að breyta reglum sínum um lánsloforð þannig að íslenskar skipasmíðastöðvar, einmitt þær sem smíða litlu bátana, fái eðlilega afgreiðslu og sitji við sama borð og aðrir.

Mér er kunnugt sérstaklega um eina skipasmíðastöð, skipasmíðastöð Guðmundar Lárussonar á Skagaströnd, mjög glæsilegt fyrirtæki, að hún er nánast sett algerlega hjá, það fæst ekki smíðaður þar nokkur bátur með eðlilegum lánum hjá Fiskveiðasjóði. Þó er þarna um geysimerkilegt fyrirtæki að ræða. Það var hafin uppbygging á því á erfiðleikaárunum í kringum 1970 og þá smíði eikarbáta, en síðan voru hafnar smíðar á plastbátum sem hafa reynst mjög vel og eru hin glæsilegustu skip þó að ekki séu þau stór. En á síðustu árunum hefur ekki fengist að smíða einn einasta slíkan bát. Og eins og ég sagði, þá veit ég að hæstv. sjútvrh. hefur áhuga á að bæði þetta fyrirtæki og önnur í skipasmíðaiðnaði fái að sitja — kannske ekki við sama borð og stóru skipin af því að það er ekki verið að víla fyrir sér að afgreiða nokkra milljarða í skuttogara þegar ekki fást nokkrir tugir milljóna eða nokkrar milljónir í þessa einstöku smábáta. Þess vegna er verið að leggja þennan iðnað í rúst, eina glæsilegustu iðngrein hérlendis sem ég hef séð, stórglæsilega og ætti auðvitað að verða útflutningsiðnaður og ætti að styrkja menn til að geta stundað þennan rekstur. Mér sýnist það vera alveg augljóst mál, að slíkar stöðvar eigi að fá einhvers konar lánafyrirgreiðslu úr þessu margslungna og þrælfléttaða lánakerfi landsins sem er að sliga sjálft sig og þar með efnahagslíf þjóðarinnar. En látum það einnig liggja á milli hluta. Á meðan þessi frumskógur er ætti þó a. m. k. einhvers staðar að vera í honum glufa fyrir mestu athafnamenn landsins, eins og t. d. þann mann sem ég áðan nefndi, Guðmund Lárusson, sem hefur drifið upp þetta glæsilega stórfyrirtæki. Um leið og það er komið á laggirnar og búið að smíða nokkur skip, þá er sagt: Nei takk, góði minn, þú átt ekki upp á pallborðið, svona skip ætlum við ekki að smíða, við ætlum að smíða nokkra skuttogara í viðbót, og þeir skulu fá alla peningana úr Fiskveiðasjóði.

Þetta er staðreynd málsins og þessu verður auðvitað að breyta. Þarna er um rangsleitni að ræða. Það er hrein nauðung við þá menn sem hafa byggt upp slík fyrirtæki, auðvitað í trausti þess, að þeir fengju að reka þau. Þess vegna endurtek ég spurningu mína til ráðh. og þakka honum fyrir það sem hann hefur reynt að gera í þessu efni vegna þess að allir hljótum við að vera sammála um að þennan iðnað megi ekki deyða. Skipasmíðaiðnaður á að verða mjög stór iðngrein á Íslandi í framtíðinni og hlýtur að verða það, vegna þess að þótt fiskveiðar víða um heim séu nú stundaðar með halla vegna ýmiss konar breyttra aðstæðna í hafréttarmálum o. s. frv., þá verða auðvitað fiskveiðar auknar mjög samhliða því sem verður farið að hjálpa náttúrunni til að auðga hafið með því að rækta það alveg eins og landið. Þá þarf skip til að veiða aukinn afla. Þess vegna verða fiskveiðiskipasmíðar miklar í framtíðinni, og vísi af skipaiðnaði má ekki drepa á Íslandi. Því eigum við að sameinast um að sjá til þess, að sá veiki vísir, sem er að þessari iðngrein, fái að blómgast og dafna og fiskiskip hérlendis verði íslensk, bæði af því að þau eru betri og verða betri en nokkur skip önnur vegna reynslu okkar og af því líka að þau verða ódýrari ef íslenskur skipasmíðaiðnaður fær að búa við svipuð kjör og slíkur iðnaður gerir í öðrum löndum.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég vakti athygli á því áðan, að tölur og jafnvel setningar í frv. þessu eru svo að segja óbreyttar frá tillögum sem komið hafa fram í ákveðinni nefnd sem að þessum málum hefur starfað. Ég bar aldrei upp á hv. þm. að hann hefði stolið þessu. Það kann að vera að hann hafi fengið leyfi þeirra manna sem þetta fluttu, ég veit það ekki. En það hlýtur að vekja nokkra undrun þegar svo nákvæmlega er fylgt þeim till. sem þar koma fram.

Ég sagði aldrei að þær till. væru ágætar af því að þær voru komnar frá nefndinni. En nefndin hafði alls ekki lokið umfjöllun um þetta og það eru mjög skiptar skoðanir í nefndinni um slík ákvæði. Ég sagði að engum í nefndinni, eins og þeir sögðu mér sjálfir, hefði dottið í hug að til greina kæmi að setja slíkt í lög. Og ég sagði að þessar tillögur hér væru að því leyti lakari, að ýmislegt fleira er í tillögum nefndarmanna sem þarf að fylgja með þegar svona mál eru ákveðin.

Ég hef sjálfur aldrei talið koma til greina að fastsetja reglu um þessi 50%. Ég tel hana vera fjarstæðu, og ég rakti áðan hvers vegna. En hv. þm. kom ekkert inn á það sem er vitanlega kjarni málsins. Ég minnist ekki þess, að ég hafi upplýst að nefndin legði til að banna innflutning á fiskiskipum. Það hlýtur hv. þm. að hafa annars staðar frá. Einstakir menn þar hafa verið með þær hugmyndir, en nefndin hefur ekki lagt það til. En ég nefndi að 1200 lestirnar væru sama og kemur fram í nefndinni, að vísu sem lágmark þar því þar voru menn að hugsa um skipasmíðastöðvarnar, en ekki sem hámark.

Það er út af fyrir sig rétt, að ákvæði um úthlutun mættu koma í reglugerð. En ég held að menn ættu þá að gera sér grein fyrir því, hvernig slík ákvæði gætu orðið og hvernig á að framkvæma þau lög sem menn eru að hugsa um að setja. En kjarni málsins er vitanlega þessi, að slíkt sem þetta hlýtur að leiða til þess, að minna og minna verður úrelt, menn sleppa ekki bátunum nema tilneyddir, ef þeir hafa sáralitla von um að fá endurnýjun.

Á árinu 1980 úreltust 1311 lestir. Frá 18. júlí á síðasta ári til miðs febrúar úrelti Úreldingasjóður, þ. e. keypti,

863 brúttólestir, og það var ekki of mikið framboð. Það leit lengi svo út að ekki yrði hægt að ráðstafa þeim peningum sem Úreldingasjóður hefur. Hvers vegna? T. d. maðurinn, sem ég nefndi áðan, lætur ekki sinn 38 tonna bát, þó hann sé 34 ára gamall, nema hann hafi nokkra von í að ná í bát sem hann ræður við. Bátar eru ófáanlegir núna hér á almennum markaði. Það eru nokkrir staðir kringum landið sem leita mjög að bátum, þá vantar meiri afla. En bátar hafa verið ófáanlegir — algjörlega ófáanlegir. Og svona regla, að ekki megi endurnýja nema um 50% af því sem úreldist, hlýtur að leiða okkur úr öskunni í eldinn að þessu leyti. Menn úrelda enn síður sína báta. Þetta er kjarni málsins. Þarna hef ég rætt um málið frá útgerðarinnar hlið, en frá hlið skipasmíðastöðva er málið ekki síður alvarlegt.

Hitt verð ég að segja, að þó að ég beri hag skipasmíðastöðvanna mjög fyrir brjósti hef ég ekki getað fallist á að smíða eigi fiskiskip þeirra vegna án tillits til þess hvað fiskstofnar þola o. s. frv.

Deiluatriði hér er m. a. það, hvort aðkallandi sé að draga úr stærð fiskiskipaflotans eða hvort hann geti verið í svipaðri stærð og nú. Það tengist náttúrlega því, hvað menn gera ráð fyrir miklum afla af Íslandsmiðum í framtíðinni, þrátt fyrir allar hrakspár. M. a. hv. þm., þegar hann gegndi störfum sjútvrh., lagði til takmarkanir sem voru mikið ræddar í ríkisstj. og ég fyrir mitt leyti taldi skynsamlegar. Samt sem áður hefur þorskstofninn eflst, eða eins og einn fiskifræðingurinn sagði: það virðist útilokað að gera út af við þennan blessaða þorsk. Tillögur fiskifræðinganna eru þegar komnar upp í 400 þús. lesta ársafla. Hvað getur hann orðið mikill? Skýrslur sýna okkur að þegar þorskafli hefur farið yfir 500 þús. lestir, þá hefur aflinn þau tvö tímabil, sem það hefur gerst, hrunið árin á eftir. En aðrar og mjög mikilvægari breytingar hafa orðið. Á örfáum árum hefur hlutdeild af smáfiskaflanum gjörbreyst. Meira að segja árið 1976 var um 25 — 30% af aflanum þriggja ára fiskur og yngri, en núna um 5% af aflanum, og þessu fylgir náttúrlega að tonnatalan getur orðið meiri. Ég hef rætt þetta við fiskifræðinga sem hafa viðurkennt að þetta kunni að vera mjög mikilvægt, og þetta er reyndar ástæðan fyrir því, að þeir hafa endurskoðað sínar niðurstöður. Hvort þetta getur leitt til þess, að íslensk mið beri meira en 500 þús. lestir, jafnvel þó að þau hafi ekki borið það áður, skal ég engu um spá, en ég held að ljóst sé að stofninn þolir meiri veiði, þegar veiddur er stærri fiskur, heldur en eins og þetta var áður. Þetta sjá að sjálfsögðu allir.

Við viljum vitanlega veiða karfa, verðum að veiða hann, ufsa og aðra fiskstofna: Þó að menn kalli það skrapdaga og geri lítið úr, þá viljum við veiða þá stofna. Niðurstaða mín er því sú, þegar jafnframt er tekið tillit til byggingarsjónarmiða og atvinnusjónarmiða, að alls ekki sé svo ljóst sem sumir vilja vera láta að skipastóllinn sé of stór, þegar til nokkuð langs tíma er litið. Ég held að það stefni óðum að því, að íslensk fiskimið geti borið sóknarþunga eins og nú er. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar, að skipastóllinn sé í hámarki og eigi að sporna gegn frekari aukningu hans.

Ég vil þess vegna halda því fram, að vel getur svo farið að þetta frv. nái alls ekki þeim tilgangi sínum að draga ört úr stærð flotans. Menn halda gömlu bátunum og láta gera við þá, og það er ákaflega hættuleg og svo varasöm þróun að ég hlýt að mæla eindregið gegn því, að svona regla verði tekin upp í lög. Þetta eru vitanlega hin efnislegu aðalatriði þessa máls.

Hv. 5. landsk. þm. fjallaði áðan um þetta mál og get ég tekið undir það sem hann sagði. M. a. get ég tekið undir það sem hann sagði um skipasmíðastöðvar sem hafa sérhæft sig í smærri bátum. Það er alveg rétt að þessir bátar gegna mjög mikilvægu hlutverki, ekki síst þegar litið er á þarfir einstakra byggðarlaga þar sem slík útgerð hentar vel. Þeir skapa verulega atvinnu og verulegar tekjur og þeir auka ekki svo að um sóknarþungann, t. d. í botnfiskaflann. Ég hef talið af ýmsum ástæðum rétt að reyna að stuðla að því, að þessar skipasmíðastöðvar fái fyrirgreiðslu í Fiskveiðasjóði. Því máli er alls ekki lokið. Ég hef farið fram á að þetta verði athugað. Það er hins vegar rétt hjá hv. þm. að afstaða Fiskveiðasjóðs hefur verið nokkuð neikvæð, m. a. vegna þess að töluvert af þessum bátum eru grásleppubátar og Fiskveiðasjóður hefur ekki fengið framlag af þeirri afurð, a. m. k. ekki enn, og þess vegna ekki talið sér eins skylt að lána til slíkra báta. Nú eru vitanlega sumir þessara báta notaðir á aðrar veiðar, en stundum erfitt að greina á milli. Ég hef litið svo á að m. a. þetta málefni hljóti að verða að afgreiða með þeirri stefnumörkun sem nú er verið að reyna að framkvæma og ég vinn að í samráði við að sjálfsögðu formann Fiskveiðasjóðs. Ég hef ekki hér með mér lista yfir umsóknir til sjóðsins hafa borist nú, þær eru nokkuð miklar, en það er mjög áberandi að mjög er sótt um einmitt smærri báta af þessari stærð.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Mig langar til að leggja fá orð í belg. Hér er vissulega um að ræða stórt mál og grundvallarmál í okkar atvinnulífi og eðlilegt að það sé rætt á Alþingi.

Ég held að það séu ákaflega breytt viðhorf í þessum málum öllum á tiltölulega mjög skömmum tíma, og ég held að menn geri sér ekki fulla grein fyrir því enn þá hvert horfir um fiskstofnana. Með fullri virðingu og stuðningi við fiskifræðinga og þeirra starfsemi, þá held ég þó að það sé það margt sem mönnum er hulið í þessum efnum, að menn geri sér ekki fulla grein fyrir hvert horfir í sambandi við fiskstofnana og þess vegna skynsamlegt að bíða nokkuð átekta um það, hvað gerist í þessum málum, áður en menn fara að draga ályktanir sem geta verið of snemma á ferðinni og byggist ekki á nægilegri reynslu við nýjar aðstæður í þessum efnum. Það eru gífurlegar breytingar sem orðið hafa með því að útlendingar hafa horfið af okkar fiskimiðum.

Mér er það ákaflega minnisstætt, vegna þess að ég er alinn upp við ströndina og við sjóróðra þegar ég var unglingur á Austfjörðum á haustin, að sjá fyrir öllu Austurlandi borg af erlendum flota fiskiskipa, óslitna allar götur norður undir Vopnafjörð og suður í Berufjarðarál, þannig að íslensku bátarnir, sem þarna stunduðu sjóróðra, urðu annaðhvort að vera innan við þessa borg og þetta belti eða utan við það, annað var vonlaust. Ég hef að vísu ekki upplýsingar um hver tala þessara veiðiskipa var á þessum tíma, en hún var geigvænleg. Hér hafa því auðvitað orðið gífurleg umskipti, og ekki nóg með það, heldur var það svo, að þessi floti fiskaði upp í fjörusteina, T. d. eystra var það þannig, að sérstaklega Bretar enduðu gjarnan sínar veiðiferðir með því að taka kolann í lokin og voru þá að fiska upp við fjörusteina. Og svona var þetta meira og minna í kringum landið.

Það er náttúrlega miklu meira stunduð djúpslóð núna heldur en áður var, og þetta eru svo gjörbreytt viðhorf að ég held að menn þurfi nokkurn tíma til þess að fá úr því skorið, hvert horfir í þessum efnum, og það sé alls ekki svo að menn hafi alla þá kunnáttu sem til þarf eða reynslu, til þess að fullyrða hvert horfi í þessum efnum við nýjar aðstæður. Ég er þess vegna alveg sammála hæstv. sjútvrh. um það efni, að meginstefnan eigi að vera sú að viðhalda fiskiskipastólnum nokkurn veginn í þeirri stærð sem hann er nú og sjá til. Það er athyglisvert, að fyrir tveimur eða þremur árum töldu fiskifræðingar að 250 þús. tonna þorskveiði væri skynsamleg. Hún var miklu meiri eins og allir þekkja. Nú í dag telja þeir 400 þús. tonna þorskveiði hæfilega, þannig að hér hefur orðið á örstuttum tíma gífurleg breyting á viðhorfum manna í þessum efnum og skoðunum. Auðvitað getur ótalmargt komið til sem hefur áhrif á þessi mál En ég held að það sé of snemmt að fara að marka stefnu til mikilla breytinga á okkar fiskiflota. Ég held að við eigum að bíða átekta og viðhalda flotanum svipuðum og hann er nú, enda er sannleikurinn sá, að það er óskaplega stórt mál ef á að minnka fiskiflotann, vegna þess að uppbygging fiskiflotans og stærð fiskiflotans miðast ákaflega mikið við þarfirnar, miðast við okkar land, okkar strandlengju og atvinnuaðstöðu alla kringum landið. Því er á margt að líta.

Menn ræða um einstök skip hér á Alþingi og jafnvel einstaka báta. Ég verð að leyfa mér að segja það alveg eins og er, að miklar umræður um einn bát, sem er fluttur til landsins ef þörf er á því einhvers staðar, — mér finnst það varla vera verkefni Alþingis satt að segja. Það kann að gegna öðrum máli um einn togara. Um það mál hef ég ekki tekið mikinn þátt í að ræða og ætla ekki að gera. Það er ýmislegt fleira í því máli. Reynslan hjá okkur hefur verið sú, að það hafa liðið tímabil þar sem sáralítið hefur verið keypt eða byggt af skipum, síðan hafa komið gusur. Það var komin ný ríkisstj. með nýjan málefnasamning og hún ákvað að efla útgerð, kaupa 30 togara. Það var viskulegt að lýsa því yfir. Það var nýsköpunarstjórnin fræga. Ekki skal ég nú fara að efna til umræðu um hana. En hún lýsti því yfir í stjórnarsáttmálanum, að hún ætlaði að kaupa 30 togara. Náttúrlega hækkuðu allir togarar a. m. k. í Bretlandi, það vita allir nú, af því það átti að kaupa 30 togara til Íslands. Því var lýst yfir svo þeir voru fljótir að lyfta prísunum. En það er nú annað mál.

En síðan hefur þetta gerst með nokkuð stöðugu millibili, að það hafa verið teknar gusur og stór stökk í þessum efnum. Ég held að það sé miklu skynsamlegra að hafa þetta minna og jafnara og stefna á það, eins og sakir standa, að viðhalda flotanum nokkuð svipuðum því sem hann er nú og sjá til frekar hver framvindan verður um þróun fiskstofnanna.

Það eru margþætt vandamál sem koma upp þegar á að fara að setja hömlur. Það er t. d. hvernig þetta á að þróast hjá einstökum greinum útgerðar. Nú eru þær ákaflega misjafnar, og t. d. útgerðarmannastéttin, sem er mjög þýðingarmikil stétt. Hún er misjöfn eins og gengur og gerist, og ef settar eru strangar hömlur er hætt við að áhugi dofni hjá mönnum að byggja upp myndarleg fyrirtæki á þessu sviði vegna þess að þeir hafi ekki svigrúm til að þróa þau með eðlilegum hætti. Það er því á margt að líta í þessu sambandi. Inn í þetta koma svo öryggismálin að sjálfsögðu ef settar eru strangar reglur.

Nú er ég ekki að tala fyrir því, að það sé ekki skynsamlegt að viðhalda bátum með eðlilegum hætti. Það er nauðsynlegt og skynsamlegt og búmannlegt. En það má ekki ganga út í öfgar þannig að menn freistist til þess að nota skip sem eru ekki nægilega örugg.

Ég tek undir það með hv. þm. Kjartani Jóhannssyni, að það þarf að endurbæta fiskvinnsluna. Ég tek undir það. Hins vegar er rétt og skylt að geta þess um leið, að það hafa verið gerð stórkostleg átök í þessum málum á undanförnum árum, sérstaklega á árunum 1970—1980, áratugnum sem hefur verið kallaður Framsóknaráratugur stundum, — stórkostleg átök, slík bylting að það er ekki hægt að líkja því saman við það sem var fyrir þann tíma. Ég gæti haldið um það langa ræðu.

Ég skal fúslega viðurkenna það, að viss svæði landsins urðu nokkuð útundan í þessari þróun, eins og t. d. Reykjanesið. En það voru ýmsar ástæður sem voru þess valdandi, m. a. þær, að þar var lögð mikið áhersla á saltfiskverkun. En það hefur mikið gerst í þessum málum. Þó ég vilji taka undir það, að það þurfi að halda þessum verkum áfram, þá má ekki gleyma því, að það hefur mikið gerst, geysilega mikið, og verið varið stórkostlegum fjármunum til þess að endurbæta t. d. fiskiðjuverin í kringum landið, og þeim fjármunum er vel varið.

Ég skal ekki hafa þessi orð öllu fleiri, en ég vil leggja áherslu á það, að þessi mál eru vandasöm og eiga verulegt erindi í þingsali.

Flm. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Hæstv. viðskrh. sló úr og í eins og gerist og gengur á þeim bæ. En það er eitt sem ég held að menn ættu að hafa í huga, og það er að tala ekki gáleysislega um hvað megi veiða mikið úr hverjum einstökum fiskstofni. Hér hafa menn talað um að fiskifræðingar hafi sagt fyrir tveimur árum að það væri ráðlegt að veiða 250 þús. tonn, en núna segðu þeir að það væri ráðlegt að veiða 400 þús. tonn. Í hverju einstöku tilviki verða menn auðvitað að hafa það í huga, hvaða markmið menn hafa varðandi uppbyggingu þorskstofnsins. Það skyldi þó ekki vera að uppbygging þorskstofnsins væri hægari ef það væri veitt meira. Ég veit ekki betur en það dæmi, sem hér er til vitnað um 400 þús. tonna veiði núna, geri ráð fyrir hægari uppbyggingu þorskstofnsins en annað dæmi sem gerði ráð fyrir 350 þús. tonna veiði, sem líka gerir ráð fyrir hægari uppbyggingu en þriðja dæmið sem gerði ráð fyrir 300 þús. tonna veiði. Þannig er sannleikurinn í þessu máli. Þetta tengist auðvitað saman og menn geta ekki bara sagt: Fiskifræðingarnir segja þetta og fiskifræðingarnir segja hitt — ef menn horfa ekki á orsakasamhengið.

Sem betur fer hefur þorskstofninn verið að styrkjast á undanförnum árum. Ég tel líka að það sé mikið atriði fyrir okkur, ef við ætlum að standa okkur í samkeppni við aðrar þjóðir, að við byggjum þennan fiskstofn upp.

Ég held að Íslendingum væri hollt að hugleiða hvernig Kanadamenn hafa farið að í þessum efnum og hvað þeir eru að byggja upp gífurlega sterka þorskstofna hjá sér og taka tiltölulega lítið úr þeim. Sannleikurinn er vitaskuld sá, að markmiðið verður að vera að þorskstofninn sé svo sterkur að jafnvel þótt klak misfarist nokkur ár í röð þurfum við ekki að draga tiltakanlega úr veiðunum. Það hlýtur að vera markmiðið að ná þannig stöðugleika. Hitt hlýtur að vera afleit aðferð, sem mér fannst hæstv. viðskrh. jafnvel tala um sem möguleika, að menn gætu bara aukið veiðarnar áfram og áfram, það hefðu einu

sinni verið veidd hér 500 þús. tonn — eða var það sjútvrh. sem ræddi um þetta? — svo hefði aflinn að vísu dottið niður á eftir. (**Viðskrh.:** Ég held að það hafi verið ég.) Ég held að við eigum ekki að tefla þannig á tæpasta vað, tefla málum með þeim hætti í tvísýnu.

Hæstv. viðskrh. talaði líka um að það væri ekki gott að vera með hömlur, en nú virðist það vera samanlagt álit hæstv. viðskrh. og sjútvrh. að fiskiskipastóllinn sé hæfilega stór, ekki of stór, en þeir hafa orðað það svo, að hann væri hæfilega stór eins og hann væri núna. Ég spyr þá bara ef á að fylgja þeirri kenningu, að skipastóllinn sé hæfilegur: Skyldi þá ekki líka þurfa hömlur til þess að sjá til þess, að fiskiskipastóllinn stækkaði ekki, heldur héldist óbreyttur að stærð. Það skyldi þó ekki þurfa einhverjar takmarkanir bara til þess að ná því markmiði. Tilraun til að flýja frá málinu með þessum hætti er misheppnuð. Menn komast ekki frá því, hvert hið raunverulega vandamál er, jafnvel þó að þeir telji að fiskiskipastóllinn sé hæfilega stór, því að staðreyndin er sú, að skipastóllinn hefur verið að aukast að undanförnu. Vandamálið er því jafnt fyrir hendi hvort sem hann telst vera 5% eða 10% of stór.

Hitt er auðvitað furðulegt, að heyra menn tala um að fiskiskipastóllinn geti ekki verið of stór, á sama tíma og skömmtunarkerfi á skömmtunarkerfi ofan eru í gangi. Auðvitað er það vegna þess að fiskiskipastóllinn er of stór. Ef hann væri hæfilega stór þyrftum við ekki að vera með skammtanir af þessu tagi og þá værum við ekki heldur að draga á okkur allan þann feiknalega tilkostnað sem fylgir því að hafa þessa hluti eins og þeir eru.

Hæstv. viðskrh. talaði um að það væri of snemmt að taka upp nýja stefnu. Ég held að það hefði verið hollt ef t. d. hefði verið tekin upp ný stefna í landbúnaðarmálum svolítið fyrr. Ég held að það hafi verið röng stefna sem fylgt var í landbúnaðarmálum að þetta væri í lagi eins og það væri og við gætum bara séð til, þjóðinni mundi áreiðanlega fjölga mikið og hún mundi éta meira kjöt og drekka meiri mjólk og þess vegna væri sjálfsagt að rækta meira og meira. Sannleikurinn er sá, að við erum að koma sjávarútveginum í sama farveginn ef við tökum ekki til hendinni núna, við erum þá að búa okkur til sams konar vandamál í sjávarútveginum og við höfum við að glíma í landbúnaðinum og ekki er það skemmtilegt.

Hæstv. viðskrh. talaði líka um að það hefði ýmislegt verið gert í uppbyggingu hraðfrystihúsanna. Þó er það svo, að mjög víða er mjög mikið ógert í þeim efnum og þau eru mjög víða mjög illa á sig komin. Þess eru meira að segja dæmi, að menn fá ekki lánafyrirgreiðslu til þess að byggja sér ný frystihús eða eiga í erfiðleikum með lánafyrirgreiðslu í sambandi við það, en hins vegar er allt í lagi að útvega þeim einn togara í viðbót. Þetta dæmi er frá Skagaströnd. Ég hef skoðað frystihúsið þar, það er gamalt sláturhús, og ég held að það sé eitt lífsins undur að það skuli nokkurn tíma komast fiskur í það hús, svo langar leiðir sem hann þarf að ferðast upp og niður á milli hæða, og þar að auki er frystigeymslan varla manngeng. (**Gripið fram í:** Þar er besta nýting á landinu.) Það er gott fólk á Skagaströnd. Þess vegna finnst mér líka að það ætti að fá nýtt frystihús, en það hefur ekki fengið þá lánafyrirgreiðslu í sambandi við það, en ekki stendur á henni í sambandi við skipakaup. Það er kjarni þessa máls.

Hæstv. sjútvrh. talaði um að ef það frv. yrði að lögum, sem hér er flutt, mundu skipin hætta að úreldast eða að menn mundu hætta að úrelda skip, eins og ég held að hann hafi orðað það, menn mundu hanga í gömlum döllum ef þessi regla skyldi gilda. Ég held að þetta sé alrangt og það sé alls ekki þannig, vegna þess að eins og þessar reglur eru settar fram er augljóst að þeim mun meira sem verður úrelt, þeim mun meira svigrúm verður til endurnýjunar. Það held ég að menn muni vitaskuld sjá. Við flm. þessa frv. höfum flutt hér líka frv. um aukningu úreldingarstyrksins. Ég er hins vegar tilbúinn til þess að hjálpa hæstv. ráðh. með það að tengja það saman, að menn hafi forgangsrétt til nýrra skipa ef þeir hafa úrelt skip. Ég hafði ekki hugsað mér að setja það inn í lagatextann og er í sjálfu sér reiðubúinn til að vinna að slíkum reglum með ráðh. án þess að það fari í lagatextann. En ef ráðh. vill endilega hafa eitthvað slíkt í lagatextanum er sjálfsagt að gefa því gaum og reyna að finna því stað og form. Það kann að vera rétt hjá ráðh., að það ætti þá að vera í lagatextanum. Ég er samt ekki sannfærður um það, en mundi vera reiðubúinn til að teygja mig til samkomulags við ráðh. um það ef hann teldi það mikils virði.

Hinu komumst við ekki fram hjá, og það er meginatriði málsins, að útgerð er þess konar atvinnuvegur að þar er rík tilhneiging til offjárfestingar. Þess vegna verður hið opinbera að hafa afskipti af þessum málum. Hvort sem mönnum líkar vel eða illa við hömlur, og gjarnan mega þær víða vera minni en meiri að mínum dómi, þá er sjávarútvegur þess konar atvinnugrein að ekki verður komist hjá því að stjórnvöld marki heildarstefnuna vegna þess að hagsmunir hvers einstaks aðila ganga þvert á hagsmuni hinna. Þegar einn hlýtur að keppast við að ná sem mestu í sinn hlut og vera með sem nýtískulegast skip, þá er það auðvitað á kostnað hinna þegar heildarafrakstur inn er gefinn. Það kemur minna í hvern einstakan hlut á eftir. Það er út frá þessu grundvallarsjónarmiði sem við verðum að skoða þetta mál.

Það er eindregin skoðun mín, að eins og málum sé nú komið sé það skömmtunarkerfi, sem er í gangi, til marks um það, til vitnis um það, að fiskiskipastóllinn er nú fullstór. Þess vegna, og vegna þess hvert eðli greinarinnar er, þá ber nauðsyn til að samþykkja þetta frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 60 fundur.

Miðvikudaginn 4. mars, kl. 2 miðdegis.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 400). — 1. umr.

Flm. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Á þskj. 400, sem er 207. mál yfirstandandi þings, höfum við leyft okkur, ég ásamt hv. þm. Halldóri Blöndal og Matthíasi Á. Mathiesen, að flytja frv. um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt og fjallar það um tvö atriði sem snerta námsmenn sérstaklega. Annað atriðið, sem fram kemur í 1. gr. frv., er um námsfrádrátt. Hitt atriðið, sem er í 2. gr., er að vaxtagjöld og verðbætur af námslánum njóti frádráttar með sama hætti og húsnæðislán.

Eins og öllum er kunnugt hafa orðið talsverðar breytingar á högum námsmanna á síðustu árum og áratugum. Upp á síðkastið hefur verið minna um atvinnu námsmanna með námi, þar sem þeir hafa getað drýgt tekjur sínar, og eins minna um vinnu í sumarfríi námsmanna. Í staðinn hafa námsmenn orðið meira og meira að treysta á námslán og framfleytt sér á slíkum lánum. Varðandi námsfrádráttinn kemur þess vegna oft fyrir að frádrátturinn nýtist námsmönnum ekki þar sem þeir eru tekjulausir allt árið, en njóta þess í stað námslána.

Þetta frv. er flutt meðfram vegna þess að lög og reglur um námslán eru að breytast í það horf, að endurgreiðslur verða mun hraðari en verið hefur, og ef nýtt frv., sem enn hefur ekki verið lagt fram reyndar, verður samþykkt hér á hinu háa Alþingi má gera ráð fyrir að 90% þeirra, sem taka námslán, muni endurgreiða lánin að fullu og þá allt verðtryggt.

Í sumar starfaði nefnd á vegum hæstv. menntmrh. að því að útbúa nýtt frv. um námslán og námsstyrki. Því starfi var lokið í þingbyrjun, en því miður hefur hæstv. ráðh. enn ekki lagt þetta frv. fram á Alþingi.

Um 2. gr. frv., þar sem gert er ráð fyrir að vaxtagjöld og gjaldfallnar verðbætur af námslánum verði frádráttarbær frá skatti, þarf að geta þess, að hugsanlegt er að nú nýlega hafi Alþingi samþykkt breytingu á sömu grein skattalaga sem geri það að verkum að þessari grein þurfi að breyta í hv. nefnd. Tilgangurinn með þessari 2. gr. er að gera námslán gagnvart lánþegum að sams konar lánum og um húsnæðislán sé að ræða.

Með samþykkt þessa frv. mundi löggjafinn viðurkenna að nám, sem menn stunda eftir 20 ára aldur, sé þjóðhagslega hagkvæmt á sama máta og öflun íbúðarhúsnæðis er nú samkv. skattalögunum. Nám er í sjálfu sér ein tegund fjárfestingar sem löggjafinn hlýtur að vilja ýta undir. Það eru þess vegna sanngirnissjónarmið sem mæla með samþykkt þessa frv., og ég vænti þess, að hv. nefnd skoði þetta mál með fullum skilningi á högum námsmanna, enda er ráð fyrir því gert að hv. fjh.- og viðskn. haldi áfram í vetur að endurskoða skattalögin. Í því sambandi má geta þess, að enn hafa ekki lokið störfum nefndir sem starfað hafa á vegum fjmrn., önnur um 59. gr. skattalaganna um reiknaðar tekjur og hin um einstæða foreldra. Innan tíðar má gera ráð fyrir að þessar nefndir skili áliti og verður þá væntanlega lagt fram af hálfu hæstv. fjmrh. frv. til breytinga á skattalögum. Mér fyndist þess vegna vel koma til greina að þetta frv., sem ég mæli nú fyrir, komi til skoðunar og afgreiðslu í hv. fjh.- og viðskn. um leið og aðrar breytingar verða gerðar á tekjuskatts- og eignarskattslögunum.

Það er óþarfi að taka fram að samtök námsmanna hafa lýst yfir stuðningi við efnisatriði þessa frv., og ég er sannfærður um að það hlýtur að njóta skilnings þegar tillit er tekið til þess, að námsmenn, sem verða að taka fyllilega verðtryggð lán meðan á námstíma stendur, þurfa, þegar þeir endurgreiða lánin, að endurgreiða þau með tekjum, sem eru skattlagðar í hæsta skattþrepi, en það leiðir til þess að greiðslubyrði margra fyrrverandi námsmanna er gífurlega mikil.

Herra forseti. Ég vonast eftir góðum undirtektum undir þetta mál og fer fram á að því verði vísað til 2. umr. og fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Reglugerð um sjómannafrádrátt, þáltill. (þskj. 413). — Ein umr.

Flm. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Mál þetta á þskj. 419 er till. til þál. sem við hv. þm. Pétur Sigurðsson flytjum og er á þá lund, að „Alþingi ályktar að skora á fjmrh. að gera þá breytingu á reglugerð nr. 310 frá 27. júlí 1980, um sjómannafrádrátt, að dagafjöldi samkv. 2. gr., sem sjómannafrádráttur er heimilaður fyrir, verði ákveðinn með hliðsjón af ráðningartíma í stað lögskráningardaga."

Í gildandi skattalögum eru ákvæði um þennan sjómannafrádrátt sem samkv. orðanna hljóðan í skattalögunum á að veita sjómönnum sem lögskráðir eru á íslensk fiskiskip. Í sumar gaf hæstv. fjmrh. út reglugerð samkv. þessum lögum um hvernig ætti að framkvæma frádrátt þennan. Samkv. reglugerðinni er sjómannafrádráttur aðeins heimill fyrir þá daga sem viðkomandi sjómaður hefur verið lögskráður.

Nú vitum við að það er mjög algengt, t. d. á togurum, að á hverjum togara sé hálf önnur áhöfn og sjómaður sé í landi í þriðja hverjum túr. Þá eru þessir menn afskráðir og missa þar með sjómannafrádráttinn sem þeir ella hefðu fengið. Þá gerist það einnig, þegar sjómenn verða fyrir slysum eða veikindum, að þeir eru afskráðir og fá ekki þennan sjómannafrádrátt þar af leiðandi fyrir þá daga sem þeir eru fjarverandi vegna veikinda eða slysa, nema eftir umsókn þar að lútandi til viðkomandi skattstjóra, þar sem það yrði lagt í vald skattstjóra og væntanlega ríkisskattstjóra og ríkisskattanefndar hvort tillit yrði tekið til slíkra óska. Í þriðja lagi hefur það gerst og er vitað um nokkur dæmi um það, m. a. norðan af Akureyri, að þegar fiskiskip kemur í höfn til þess að landa afla t. d. að morgni til, þá er öll áhöfnin afskráð frá og með þeirri stundu, þegar skipið tekur höfn, og sama áhöfn skráð aftur á skipið daginn eftir, þegar það heldur úr höfn, til þess einvörðungu að spara útgerðinni kostnað við greiðslu iðgjalda af tryggingum þessara manna. Þessar aðferðir gera það að verkum, að viðkomandi sjómenn, sem eru fastráðnir á skipið og dveljast aðeins í landi einn sólarhring eða tæplega það, missa sjómannafrádrátt vegna þessara athafna útgerðaraðilans.

Þessi mál hafa nokkuð verið rakin af hálfu forsvarsmanna sjómannasamtaka í landinu nú að undanförnu og óskað leiðréttingar þar sem þeir hafa talið að svona framkvæmd hafi ekki verið í huga Alþingis þegar lögin, sem heimiluðu lögskráðum sjómönnum sérstakan frádrátt, voru sett. Tveir af forsvarsmönnum sjómanna komu nýverið að máli við fjh.- og viðskn. Alþingis og lögðu þessa ósk þar fram og sögðust hafa rætt málið við hæstv. fjmrh. Í umr. nokkru síðar kannaðist hæstv. ráðh. hins vegar ekki við, að neitt slíkt erindi hefði borist sér, og lét í veðri vaka að hann vildi gjarnan fá slík tilmæli formlega. Þar sem þessi tilmæli hafa af einhverjum ástæðum ekki borist fjmrh. og hann lét í veðri vaka að hann mundi e. t. v. sinna þessum einföldu tilmælum um smávægilega breytingu á reglugerð um sjómannafrádrátt ef tilmæli um það kæmu fram til hans, þá brugðum við hv.

þm. Pétur Sigurðsson á það ráð að flytja till. til þál. um þetta efni til þess að í ljós kæmi hver sé vilji löggjafans í þessum efnum og hvernig löggjafinn vilji túlka þær gerðir sínar sem fólust í ákvæði nýlega samþykktra skattalaga um frádrátt til lögskráðra sjómanna á íslenskum fiskiskipum.

Herra forseti. Þetta er ekki stórt mál né flókið og ég tel ástæðulaust að hafa öllu fleiri orð um það, en óska eftir að till. þessari verði að lokinni umr. nú vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil beina því til þeirrar nefndar, sem fær þetta mál til umfjöllunar, að athuga jafnframt og bera saman gildandi lagaákvæði um fiskimanna- og sjómannafrádrátt og þá reglugerð, sem núv. hæstv. fjmrh. hefur gefið út varðandi sjómannafrádráttinn. Ég hygg að þá muni koma í ljós að reglugerðarákvæðin stangist á við sett lög, eins og formaður fjh.- og viðskn., hv. 3. þm. Austurl., Halldór Ásgrímsson, lýsti yfir í framíkalli þegar skattamálin voru síðast til umr. hér í deildinni. Ég vek athygli á því, að þessi hv. þm. er sérlegur skattaráðunautur þessarar ríkisstj. og kom mjög nálægt setningu núgildandi tekjuskattslaga á sínum tíma. Ég geri því ráð fyrir að hann muni fúslega verða við þessari beiðni og leggja til við n. að frv. verði flutt til þess að staðfesta fyrri vilja Alþingis ef þörf er á.

ATKVGR.

Till. vísað til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv. og umr. frestað.

Dýralæknar, frv. (þskj. 422). — 1. umr.

Flm. (Halldór Blöndal): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er afskaplega einfalt í sniðum. Þar er gert ráð fyrir að skipta Þingeyjarþingsumdæmi sem í stórum dráttum nær yfir austanverða Suður-Þingeyjarsýslu að Jökulsá á Fjöllum, þ. e. yfir Kelduneshrepp að auki.

Í frv., sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir að skiptin verði þannig að í Vestur- Þingeyjarþingsumdæmi verði Bárðdælahreppur og þeir bæir vestan Fljótsheiðar sem eru í Reykdælahreppi og Aðaldælahreppi norðan Hafralækjaskóla, en í Austur-Þingeyjarþingsumdæmi verði Suður-Þingeyjarsýsla austanverð, Húsavík og Kelduneshreppur í Norður-Þingeyjarsýslu.

Þessi skipting er í samræmi við skoðanir þess dýralæknis sem nú gegnir þessu umdæmi, en að sjálfsögðu er eðlilegt að kanna hvort rétt kunni að vera að hafa mörkin annars staðar. Má í þeim efnum nefna sem dæmi að eðlilegra kunni að vera að Fjallahreppur eða Hólsfjöll fylgi Austur-Þingeyjarþingsumdæmi. Sömuleiðis hef ég heyrt raddir um að eðlilegt sé að Öxarfjörður fylgi Austur-Þingeyjarþingsumdæmi fremur en Norður-Þingeyjarsýslu eða Norðausturlandsumdæmi eins og segir í lögunum.

Ég þarf ekki að hafa fleiri orð um þetta. Reynslan hefur sýnt að Þingeyjarþingsumdæmi er of stórt til þess að einn maður geti gegnt því svo að vel sé. Það er engum manni fremur ljóst en þeim dýralækni sem þar hefur verið ráðinn til starfa, og þess vegna er það, að hann hefur sjálfur átt frumkvæði að því að fá þessa skiptingu fram.

Ég þarf ekki að taka fram að þeir bændur, sem ég hef haft samband við um þetta mál, eru þessum málum fylgjandi og óska eftir að málið geti fengið þinglega meðferð. Ég legg áherslu á að deildin taki afstöðu til þess eða Alþingi áður en gengið verður frá fjárlögum næsta árs, til þess að hægt verði að gera þar ráð fyrir fjölgun dýralækna í Suður-Þingeyjarsýslu.

Hv. 6. þm. Norðurl. e. er flm. að þessu máli ásamt mér, en hv. 2. þm. Norðurl. e., Stefán Valgeirsson, treysti sér ekki til að taka afstöðu til málsins að svo stöddu og kaus þess vegna ekki að vera flm. að málinu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til landbn. með 26 shlj. atkv.

Sameinað þing, 57. fundur.

Fimmtudaginn 5. mars, kl. 2 miðdegis.

Innlendur lyfjaiðnaður, þáltill. (þskj. 467). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Árlegt lagasafn, þáltill. (þskj. 468). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Vínveitingar á vegum ríkisins, þáltill. (þskj. 473). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Bætt þjónusta við íbúa Vestur-Húnavatnssýslu, þáltill. (þskj. 473). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Rannsóknir á háhitasvæðum, þáltill. (þskj. 474). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Flugvellir í Austurlandskjördæmi, þáltill. (þskj. 178). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Aldurshámark starfsmanna ríkisins, þáltill. (þskj. 63 n. 429). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 31 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 479).

Stefnumörkun í landbúnaði, þáltill. (þskj. 111). — Ein umr.

Flm. (Egill Jónsson): Herra forseti. Sögu landbúnaðar á Íslandi þarf ekki að rekja hér, enda hefur sá atvinnuvegur lifað með þjóðinni gegnum ár og aldir, lengst af deilt kjörum hennar og tekið breytingum í tímans rás. Annað mál er að á tímum umbrota og breytinga er þörf á að meta til hvers breyttar aðstæður kunna að leiða og hvert skal halda.

Í umræðum á síðari tímum um landbúnaðarmál hefur komið fram margháttuð gagnrýni og efasemdir um gildi þessa atvinnuvegar grafið um sig í þjóðfélaginu. Þess vegna meðal annars þarf og er raunar nauðsynlegt fyrir stjórnmálaflokk að skýra fyrir þingi og þjóð viðhorf sín til málefna landbúnaðarins. Þess vegna flytjum við 19 þingmenn Sjálfstfl. á þskj. 111 till. til þál. um stefnu í landbúnaðarmálum.

Þessi stefnumótun kemur fram í sjö greinum í sjálfri tillögunni. Helstu þættir hennar eru:

Lögð er áhersla á að treysta sjálfseignarábyrgð bænda og að landbúnaðurinn sé metinn sem sjálfstæður atvinnurekstur.

Að grundvöllur landbúnaðar, sem felst í ræktun landsins, verði treystur.

Að fullnægt sé þörfum þjóðarinnar fyrir landbúnaðarvörur, bæði til neyslu og iðnaðar.

Að miða við að hefðbundnar búgreinar ásamt aukinni nýtingu hlunninda leggi grundvöll að núverandi byggð í sveitum landsins og að ný viðfangsefni treysti enn frekar en nú er sveitabyggðirnar.

Að lífskjör sveitafólks og félagsleg réttindi þess verði tryggð.

Og að lokum er lögð á það áhersla, að gætt sé hófsemi í umgengni við landið og náttúru þess og að öllum Íslendingum verði gefinn kostur á að njóta samskipta við náttúru Íslands.

Tilefni þeirrar umræðu, sem átt hefur sér stað um landbúnaðarmál og að hefur verið vikið, ber einkum að rekja til hinnar svokölluðu umframframleiðslu í landbúnaði. Segja má að stefna í landbúnaðarmálum hafi verið óbreytt í tvo áratugi. Með breytingum á lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins árið 1960 var landbúnaðinum tryggður réttur til bóta á útfluttar búvörur er að upphæð máttu nema allt að 10% af heildarverðmæti landbúnaðarvara. Þessi lögboðna verðtrygging nægði til að verðbæta útfluttar búvörur allt til ársins 1976, en þá hófst sá vandi, sem síðan hefur vaxið, að óverðtryggðar birgðir búvara hafa aukist ár frá ári.

Vöntun útflutningsbóta á þessu tímabili á verðlagi hvers árs um sig hefur numið verðlagsárið 1976/1977 500 millj. kr., verðlagsárið 1977/1978 1.8 milljörðum kr., verðlagsárið 1978/1979 ca. 3.5 milljörðum kr., og í upphafi verðlagsársins 1979/1980 var áætlað að um 7 milljarða skorti til þess að verðbæta alla umframframleiðslu búvaranna. Í reynd mun þessi vöntun nema 5.9 milljörðum kr. Allar þessar tölur eru miðaðar við gamlar krónur.

Til að unnt sé að meta þá þróun í framleiðslumálum, sem hér hefur átt sér stað, er nauðsynlegt að skýra hverjar séu þær ástæður sem til grundvallar liggja. Samkvæmt yfirliti frá Þjóðhagsstofnun, sem birtist sem fskj. með þáltill., kemur í ljós að meðalútflutningsverð á síðustu tveimur áratugum hefur numið ca. 52% af innanlandsverðinu. Fróðlegt er að bera saman þetta hlutfall í upphafi þessa tímabils, þ. e. upp úr árinu 1960, við verðlagið nú í dag. Við þann samanburð kemur í ljós að í fyrra tilvikinu gaf erlendi markaðurinn ca. 75% af verði hér innanlands. Á árinu 1978, sem er síðasta samanburðarárið, er hliðstæð tala innan við 40%. Breytingin, sem orðið hefur á þessu tímabili, er m. ö. o. sú, að erlendi markaðurinn gefur nú helmingi minna verðmæti miðað við innanlandsverð búvara en hann gerði fyrir tveimur áratugum.

Til að skýra ástæðurnar ætla ég enn að vitna til Þjóðhagsstofnunar og Hagstofu Íslands, en álit þeirra kemur m. a. fram á tveim fskj. með tillögunni.

Á áratugnum 1960—1970, þegar verðlag í landinu var stöðugt, reyndust útflutningsbótaheimildir í flestum tilvikum fullnægjandi. Á síðasta áratug verða tvívegis mikilvægar breytingar í verðlagsþróuninni. Allt til ársins 1972 fylgjast þrír mikilvægir verðlagsferlar að, þ. e. vöru og þjónustu, búvöruverðs og útflutningsbótaréttar. En þá fara þeir líka að greinast að. Árið 1976 skiptist svo verðlagsferill útflutningsbótaréttar og þarfar, jafnframt því sem á þeim verður mikil hækkun. Frá þessum tíma til dagsins í dag nær það tímabil í búvöruframleiðslu sem kennt hefur verið við offramleiðslu búvara. Frá framleiðsluárinu 1969 til ársins 1979 var framleiðsluaukning í landbúnaði tæp 30%. Þessi framleiðsluaukning er jafnan talin orsök þeirrar birgðasöfnunar í landbúnaði sem átt hefur sér stað. Að hinu ber þó að gá, eins og áður er frá sagt, að sá vandi varð ekki til fyrr en á árinu 1976, en frá þeim tíma er aukning í framleiðslu búvaranna á milli 3 og 4%.

Þá er ekki síður fróðlegt að virða fyrir sér magnferil útfluttra landbúnaðarvara. Þannig hefur á síðasta áratug hlutfall útfluttra búvara af heildarframleiðslu landbúnaðarvara verið lægra en það var fyrir tíu árum. Árið 1980, sem er síðasta viðmiðunarárið, nemur þessi mismunur ca. 10%.

Mikilvægt er að athuga tölu búfjár í landinu og þær breytingar sem orðið hafa á búfjárstofninum á síðari árum. Sauðfjártalan í landinu hefur jafnan verið háð árferði eins og það hefur verið á hverjum tíma. Þannig fækkaði sauðfé á áratugnum milli 1960 og 1970. Þá var árferði fremur óhagstætt fyrir landbúnað, m. a. vegna kals í túnum. Aftur á móti hefur sauðfé fjölgað á síðasta áratug þar til á allra síðustu árum, þegar harðna tók í ári á nýjan leik að sauðfé hefur fækkað og er nú að fjölda til svipað og var að meðaltali á áratugnum milli 1960 og 1970. Öðru máli gegnir með mjólkurkúastofninn, en þar hefur átt sér stað stöðug fækkun og er nú svo komið að mjólkurkýr á fóðrum eru færri en verið hefur nokkurt ár frá árinu 1960.

Í grg. með till. er gerð nákvæm grein fyrir áhrifum kjarnfóðurs í búvöruframleiðslunni. Þar kemur m. a. fram að kjarnfóðurverð á síðustu árum hefur verið sérlega hagstætt. Á árunum upp úr 1960 var verð á einu

kílói af mjólk og einu kílói af kjarnfóðri svipað, en á síðustu árum hafa þessi verðhlutföll breyst þannig að verð á hverju kílói af mjólk er svipað og verð tveggja kílóa af kjarnfóðri.

Augljóst er að kjarnfóðurverðið á hverjum tíma hefur mikil áhrif á notkun kjarnfóðurs, sérstaklega við mjólkurframleiðslu. Samkvæmt þeim forsendum, sem miðað er við í grg., þ. e. niðurstöðum búreikninga, nemur kjarnfóður að meðaltali á síðasta áratug um 26% af fóðurnotkun mjólkurbúa og hefur aukist úr ca. 20% í upphafi hans í ca. 30% í lok áratugsins. Samkvæmt sömu heimildum hefur kjarnfóðurnotkun í sauðfjárrækt hins vegar ekki aukist, en hún nemur ca. 15% af fóðurþörf sauðfjárins.

Hér að framan hef ég gert nokkra grein fyrir framleiðsluþróun í landbúnaði á tveimur s. l. áratugum og þeim orsakaþáttum sem snerta landbúnaðarframleiðsluna. En til að auðvelda mat á því vandamáli, sem gjarnan er nefnt offramleiðsla í búvörum, er vert að athuga sérstaklega þróun þessara mála á fjórum síðustu árum, þ. e. frá þeim tíma sem útflutningsbótaréttirinn dugði ekki lengur. Miðað við verðlag eins og það hefur verið á hverjum tíma hefur umframþörfin aukist úr hálfum milljarði króna í tæpa 6 milljarða króna, þ. e. tólffaldast. Umreiknað til verðlags ársins 1977 hefur aukningin hins vegar 4—5-faldast. Engan veginn verður þessi vöntun á útflutningsbótafé skýrð með þeirri framleiðsluaukningu búvara sem átt hefur sér stað á þessu sama tímabili, en hún nemur, eins og áður hefur verið sagt, á milli 3 og 4%.

Á árinu 1977 var verðbólgan hér í landi á ársgrundvelli ca. 30% og hefur því á þessu tímabili nálega tvöfaldast.

Þegar þessar staðreyndir eru metnar er augljóst að það er verðbólgan í landinu sem er sú orsök sem mest áhrif hefur haft. Þess vegna ber að leggja áherslu á að dreifing byggðar og búseta kann frekar að ráðast af verðbólguþróuninni í landinu en nokkru öðru.

Þrátt fyrir þessa staðreynd verður ekki hjá því komist að viðhafa nokkra stjórn á búvöruframleiðslunni. Augljóst er að framleiðsluskömmtun í þeirri mynd, sem hún birtist innan hins svokallaða kvótakerfis, samrýmist ekki stefnu Sjálfstfl. Enn fremur verður að hafa hugfast að með tilliti til þess, að búfé er að tölu til í lágmarki, eru ekki rök fyrir frekari búfjárfækkun sem hlýtur óhjákvæmilega að leiða af kvótakerfi.

Sem viðmiðun er í tillögunni lagt til að kjarnfóður, sem þarf til búvöruframleiðslunnar innanlands, verði ekki skattlagt eða heimilt verði að taka gjald af toppnum á kjarnfóðurnotkuninni. Lögð er á það áhersla, að því fjármagni, sem þannig fæst, verði varið til niðurgreiðslu á áburði eða annarra hliðstæðra nota. Í till. er lögð áhersla á að ná fram þeim markmiðum í búvöruframleiðslunni er leiði til jafnvægis án þess að byggð skerðist. Þess vegna er áhersla lögð á að á næstu þrem árum verði sú framleiðsla, sem ekki nýtur nú verðtryggingar, verðbætt að nokkru. Með því fær landbúnaðurinn tíma til aðlögunar sem gerir bændum kleift að mæta vandanum án þess að tekjuskerðing verði eins tilfinnanleg og ella yrði. Þessi markmið hafa grundvallarþýðingu til að draga úr hættu á röskun byggðar í landinu.

Landbúnaðurinn býr við sterk félagasamtök og á það ekki síst við búnaðarfélagsskapinn heima í héraði. Mikilvægt er að færa í ríkari mæli skipulagningu framleiðslumálanna heim í hérað. Þar með væri vandinn færður nær bændunum sjálfum. Áhrifamesta aflið til að ná framangreindum markmiðum og koma á umbótum í framleiðslumálum landbúnaðarins er leiðbeiningaþjónustan sem fram til þessa hefur verið lítils megnug þar sem stefnan í framleiðslumálum hefur ekki verið löguð að breyttum aðstæðum. Um leið og ákveðin stefna er mótuð, sem m. a. felst í ákveðnari stjórn á framleiðslunni, umbótum í sölu og vinnslu búvara, stórbættri fóðurframleiðslu og víðtækari heimildum um ráðstöfun þess fjármagns, sem nær einvörðungu hefur verið bundið við að verðbæta búvörur til útflutnings, er leiðbeiningaþjónustunni gert kleift að beita áhrifum sínum til samræmis við þau viðhorf er breytt stefna í málefnum landbúnaðarins felur í sér.

Umræða um niðurgreiðslu vöruverðs á frumstigi hefur jafnan átt sér stað og þá m. a. með það í huga að draga úr kostnaði við framleiðslu búvaranna. Í till. er lagt til að slíkar heimildir verði fyrir hendi og þá sérstaklega varðandi kaup bænda á tilbúnum áburði. Sérstök áhersla er lögð á að kjarnfóðurgjald, sem innheimt kann að verða, fari beint til niðurgreiðslu á áburðarverði og verði þannig tilfærsla á milli rekstrararliða í landbúnaði í stað launagreiðslu eins og nú er.

Þá er enn fremur bent á að dragi úr búvöruframleiðslunni þannig að ekki þurfi að nýta 10% verðtryggingarheimildina verði heimilt að nota hluta hennar til niðurgreiðslu á áburðarverði og fleiri þeirra nota sem drægju úr verði á búvörum hér innanlands eða auðvelduðu sölu þeirra til annarra nota heima fyrir.

Þessar breytingar hefðu mikil áhrif, ef þær kæmust til framkvæmda, bæði á nýtingu útflutningsbótafjármagns og einnig varðandi hina raunverulegu stefnu í framleiðslumálum, sem frekar mundi með þessu móti leita inn á umbætur og hagræðingu í landbúnaði en hina óþvinguðu framleiðslustefnu svo sem verið hefur.

Herra forseti. Hér að framan hef ég skýrt afstöðu okkar flm. til þeirra viðfangsefna og vandamála sem landbúnaðurinn stendur sérstaklega frammi fyrir nú í dag. Ástæðan fyrir því er sú, að til þess að unnt sé að tryggja óskerta byggð er nauðsynlegt að skilgreina vandamálin eins og þau eru og meta viðbrögðin út frá því. Í máli mínu hef ég einkum lagt áherslu á að skýra viðhorf, sem landbúnaðurinn stendur frammi fyrir nú, og þær leiðir, sem fram koma í till. til að mæta þeim vanda.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að rétt notkun hvers konar lyfja byggist á vitneskju og eðli þeirrar meinsemdar sem við er að fást hverju sinni.

Í till. koma fram margar ábendingar um möguleika á nýju viðfangsefni í landbúnaði, hagræðingu í rekstri og viðskiptum. Einn mesti ágallinn við útflutningsvandamál landbúnaðarins hefur verið að núverandi fyrirkomulag hefur ekki haft hvetjandi áhrif varðandi öflun hagstæðra markaða þar sem verðtryggingin tryggði að vissu marki fullt útborgunarverð og umboðslaun eru greidd án tillits til söluverðs erlendis. Þegar svo er komið að framleiðendur búvara fá hluta þeirra greiddan á útflutningsverði verður að skapast mikill þrýstingur frá þeirra hendi um að þessum málum sé vel fyrir komið. Eðlilegt er því að ákvarðanir varðandi útflutninginn verði í ríkari mæli bundnar bændasamtökunum en nú er. Sama máli gegnir um vinnslu landbúnaðarvara til útflutnings. Þannig hafa íslenskar gærur verið unnar erlendis og seldar á mörkuðum þar. Hér er um nýlenduviðskipti að ræða, sem engan

veginn eru forsvaranleg. Öflugt átak í sölu og vinnslu landbúnaðarvara getur haft mikil áhrif til að auka gildi landbúnaðarins. Ákvörðun Búnaðarfélags Íslands um ræktun feldfjár er lofsvert framtak sem áhugavert verður að fylgjast með.

Þar sem stofnlán til landbúnaðar eru nú að fullu verðtryggð hlýtur að koma til álita hvort ekki sé brostinn grundvöllur fyrir því gjaldi er greitt hefur til Stofnlánadeildar landbúnaðarins af búvöru til lánajöfnunar.

Eitt mikilvægasta verkefnið í landbúnaði er stórbætt heyverkun. Fóðuriðnaður hefur þegar náð fótfestu. Mikil þörf er á að efla þá starfsemi og tengja hana störfum bændanna eða félagasamtaka þeirra.

Nýjar búgreinar hafa mikið verið til umræðu. Varast ber að tengja þá umræðu úrræðum um skjóta lausn á framleiðsluvandamálum landbúnaðarins. Þrír áratugir eru liðnir frá því að umræður hófust um innflutning á holdanautum. Nú hins vegar á þessu ári fer fyrst áhrifa þeirrar baráttu að gæta. Nýbúgreinum þarf að finna ákveðið form í landbúnaðinum bæði að því er varðar uppbyggingu, rekstur og sölu framleiðslunnar. Hér þurfa m. a. til að koma nýir þættir rannsókna- og leiðbeiningastarfsemi.

Ræktun landsins og gróðurvernd eru nú sem fyrr veigamestu þættir í íslenskum landbúnaði. Landgræðsla ríkisins hefur fyrir löngu sannað fyrir alþjóð hversu mikilvægu hlutverki hún hefur að gegna. Ný landgræðsluáætlun er verðug viðurkenning til þeirra starfa.

Þau viðfangsefni, sem hér eru nefnd dæmi um, eru dæmi um þá möguleika sem felast í störfum bændanna í þessu landi og mörg hver verða að mótast og vinnast af djörfum áformum. Það verður að varðveita það umhverfi í sveitum landsins sem á eftir að verða vettvangur ókominna kynslóða. Þegar tímar líða mun það reynast traustur grundvöllur þeirra áforma að byggja Ísland allt.

Ég vil svo, herra forseti, gera það að tillögu minni að að lokinni þessari umræðu verði till. vísað til atvmn.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Fyrir u. þ. b. einu ári var skipuð nefnd til þess að setja saman till. um stefnumörkun í landbúnaðarmálum. Þessi n. hefur síðan starfað og er skipuð ágætum mönnum, þeim Agli Bjarnasyni ráðunaut á Sauðárkróki, Hákoni Sigurgrímssyni framkvæmdastjóra Stéttarsambands bænda og Helga Seljan alþm. Nefndin hefur síðan verið að starfi og tvívegis skilað bráðabirgðaáliti. Hún gerði að vísu hlé á starfi sínu um sinn vegna þess að hún beið eftir að önnur n., sem starfað hefur á vegum lanbrn., skilaði áliti. Starf þeirrar n. hefur dregist meira og verið viðameira viðfangs en ætlað var í fyrstu. Það er nefnd sem sem sett var til þess að gera úttekt á þjóðhagslegu gildi landbúnaðarframleiðslunnar og þó einkum þess hluta hennar sem er umfram innanlandsþarfir. Þetta verk hefur reynst, eins og ég sagði, viðameira en ætlað var í upphafi, og sú n. hefur enn eigi skilað áliti. Hefur því orðið niðurstaðan að draga eigi lengur störf stefnumótunarnefndarinnar.

Í des. s. l. skilaði n., sem fjallar um stefnumörkun í landbúnaði, til rn. drögum að áliti sem síðan hefur verið til umfjöllunar og frekari vinnslu. Þess er að vænta að innan skamms geti n. tekið þær ath s., sem fram hafa komið, til meðferðar og lokið starfi sínu þannig að leggja megi till., sem byggist á starfi nefndarinnar, fyrir Alþingi áður en langir tímar líða. Þessa vil ég geta hér, en eins og kynnt hefur verið hér á Alþingi fyrr er gert ráð fyrir að í þeirri till. birtist stefna sem öll ríkisstj. getur staðið að.

Sú till., sem hér er á dagskrá og hefur verið mælt fyrir, er þess eðlis, að ég tel að um marga hluti sé þar vel að verki staðið. Ég vil einnig láta þess getið, sem hv. alþm. munu átta sig á, að till. er að verulegu leyti, jafnvel meginhluta, byggð á till. til þál. sem flutt var fyrir tveimur árum af sjálfstæðismönnum og ég var 1. flm. að. Þannig eru þau sjö meginmarkmið, sem rakin eru í upphafi till., nálega efnislega eins og í þeirri till. sem ég var 1. flm. að fyrir tveimur árum. Þar er að vísu um örfáar orðalagsbreytingar að ræða, en efnisinnihald er að heita má alveg hið sama. Hér er um markmið að tefla sem ekki eru bundin við tímabundnar sveiflur eða tímabundið ástand í landbúnaði, heldur má telja að séu og verði framtíðarmarkmið. Það er ljóst að ég lít svo á að þessi markmið hafi mikla þýðingu.

Annar kafli þessarar till. fjallar um leiðir til þess að ná þeim sjö markmiðum sem eru meginefni tillögunnar. Þar er í fyrsta lagi gert ráð fyrir að gerðar verði markvissar ráðstafanir til að koma á jafnvægi í framleiðslu og sölu búvara. Þetta markmið sýnist mér ekki vera skilgreint miklu nánar, þannig að ég hef eigi komið auga á hvort hér sé átt við að það skuli komið á jafnvægi milli framleiðslu og sölu búvara innanlands eða hvort hér skuli nýttir erlendir markaðir fyrir framleiðsluvörur landbúnaðarins að einhverju leyti og þá að hvað miklu leyti.

Ég tel að það segi sig sjálft, að við verðum að stefna að því að haga framleiðslu á búvörum þannig að hæfi markaðnum. En ég lít svo til að hluta af landbúnaðarframleiðslunni eigum við að flytja á erlenda markaði, því að ef við miðuðum aðeins við innanlandsþarfir gæti landbúnaðurinn ekki staðið undir þeirri byggð, sem hann er nú uppistaðan í um landið allt, eins og er í dag. Þetta er veigamikið atriði sem ég vil vekja athygli á.

Í annan stað er að því meginatriði vikið, hvernig eigi að nálgast grundvallarmarkmiðin og að samtök bænda fái víðtækar heimildir til að stjórna framleiðslu landbúnaðarvara í samræmi við þarfir markaðarins á hverjum tíma. Ég tel að þetta sé einnig gott markmið, og ég tel að löggjöf, sem sett hefur verið, ásamt þeim brbl., sem sett voru á s. l. sumri, gefi heimildir til þess fyrir félagssamtök bænda að hafa stjórn á framleiðslu og hafa mjög viðamikil áhrif á hvernig að þessum málum skuli staðið. Þetta vil ég leggja áherslu á og tek undir það, sem fram kemur í þessu atriði till., að það sé eðlilegt og nauðsynlegt að samtök bændanna fái í löggjöf rúmar heimildir til þess að vinna eftir við stjórnun framleiðslumála landbúnaðarins.

Án þess að ég ætli að rekja þessa till. miklu frekar þykir mér rétt að leggja áherslu á nokkra þætti, sem hér koma fram, og það sem segir í framhaldi af þessu í tillögugreininni sjálfri, sem er í fyrsta lagi í a-lið, að heimilt verði að leggja gjald á allt innflutt kjarnfóður. Er það fyrsta aðgerð í þessari till. sem bent er á til framleiðslustjórnunar. Sagt er að þetta gjald skuli vera svipað því sem nemur útflutningsbótum á kjarnfóðri í helstu viðskiptalöndum okkar, þ. e. niðurgreiðslum á kjarnfóðri í helstu viðskiptalöndum okkar sem flytja fóðurvörur hingað til lands. Eins og nú er helst þetta mjög í hendur. Nú er gjald á innflutt kjarnfóður 33.3%, en getur þó orðið hærra þegar farið er fram út tiltekinni hámarksnotkun.

Í öðru lagi er í b-lið, sem einnig fjallar um kjarnfóðurgjald, lagt til að leggja sérstakt gjald á hámarksnotkun

kjarnfóðurs sem miðist við framleiðslu og bústofn. Þetta rímar nokkuð við framkvæmd gjaldtöku af kjarnfóðri eins og það er gert í dag og þýðir það í raun og veru að hér er lagt til að koma á tvöfaldri gjaldtöku á kjarnfóður, þ. e. tvöfaldri skattlagningu á innflutt kjarnfóður: í fyrsta lagi við innflutning og í öðru lagi á hámarksnotkun, sem yrði að taka eftir skömmtunarkerfi eða öðru finnanlegu kerfi miðað við bústofn, eins og hér segir, og þá væntanlega á sölustigi.

Þetta er framkvæmt með líkum hætti í dag. Það verðum að segjast, að þessi framkvæmd er ærið flókin, og er að mínum dómi mikil þörf á að einfalda þessa framkvæmd. Ég tel þó ekki rétt að þrengja heimildir, sem að þessu lúta, í lögum og tel rétt að bændasamtökin hafi, eins og er raunar markmið í þessari till., nokkuð í hendi sér að grípa til slíkra ráða. En það er afar mikilvægt að reyna að haga þessum málum þannig að flækjur verði ekki of miklar í framkvæmd. Flækjur bjóða heim mikilli vinnu og þar af leiðandi meiri hættu á að menn þreytist á því kerfi, sem upp er sett, en ella væri.

Á þetta vil ég benda. En ég fæ ekki betur séð en þessir staliðir, sem hér hafa verið raktir í þessari till., falli mjög saman við framkvæmd þessara mála eins og hún er í dag.

Mér heyrðist þó í ræðu hv. flm. að hann segði að kjarnfóður til innanlandsframleiðslu skyldi ekki skattlagt, og hafi ég heyrt það rétt fellur það ekki saman við þessa tilvitnuðu stafliði í tillögugreininni sjálfri.

Varðandi aðra þætti, sem í þessari till. er fjallað um varðandi stjórnun á framleiðslu, þá er gert ráð fyrir að kvótakerfi sé í framkvæmd. Það er gert ráð fyrir að heimildir verið áfram í lögum um verðmiðlun búvöru og að samtökum bænda verði veittar heimildir til að skipuleggja og hagræða framleiðslu búvara innan héraða- og framleiðslusvæða.

Þessi atriði eru í raun og veru öll heimil samkvæmt lögum og eru meira og minna í framkvæmd. Það er þó hægt að hugsa sér að framleiðslustjórnun væri færð meira á héraða- eða framleiðslusvæðagrundvöll heldur en gert hefur verið. En þrátt fyrir að það væri gert þyrfti tiltekna yfirstjórn þeirra mála sem bændasamtökin yrðu að hafa í sínum höndum.

Ég vil minna á það, að á ýmsan hátt, hefur verið greitt fyrir því, að framleiðsla héldist eða væri aukin á tilteknum svæðum landsins þar sem hún er of lítil, t. d. mjólkurframleiðsla. En það er vel hægt að hugsa sér að breyta að einhverju leyti skipulagi á þessum málum þannig að færa þetta meira yfir í héraðaskipulag, en þó þarf það allt mikillar athugunar við.

Aðra þætti, sem í þessari till. er fjallað um varðandi þær leiðir sem eiga að liggja til þess að ná aðalmarkmiðunum, skal ég ekki fara mikið út í. Ég sé ekki ástæðu til þess. Þar eru ýmsir liðir sem voru í þeirri till. sem ég flutti fyrir tveimur árum. Enn fremur er þar fjallað um vissar ábendingar um það, hvernig megi verja fé, sem nú er varið til útflutningsbóta, á annan máta en nú er gert. Ég tel að enn sem komið er höfum við fulla þörf fyrir að nota útflutningsbótafé til verðtryggingar, og ég sé ekki grundvöll fyrir því að verja því til annarra viðfangsefna eins og sakir standa og meðan jafnrík þörf er fyrir útflutningsbótatrygginguna og raun ber vitni.

Það er rétt, sem hv. þm. sagði, að það hefur oft verið rætt um það og margsinnis farið fram athuganir á því, hvort ekki sé hagkvæmt að verja niðurgreiðslufé beint til niðurgreiðslna á frumþáttum framleiðslunnar í stað þess að nota niðurgreiðsluféð til að greiða niður vöruverð á lokastigi. Jafnan hefur það komið svo út að það hefur verkað betur í verðlagsþróuninni að nota fjármuni ríkisins til niðurgreiðslu á vöruverði á lokastigi fremur en á frumþörfum og frumþáttum framleiðslunnar.

Þetta kann allt að breytast. Slíkt getur breyst, t. d. með breytingum á vísitölugrundvelli, og er ekki fyrir að synja að athuganir á þessu máli þurfi að gera alltaf öðru hvoru. Til þessa tíma hefur þó jafnan farið svo, að það hefur reynst heldur dýrara að nota fé ríkisins í niðurgreiðslur á frumþörfum heldur en á vöruverði á lokastigi.

Ég tel alveg nauðsynlegt þegar nýr vísitölugrundvöllur verður ákveðinn, sem liggur í loftinu að verði gert innan skamms tíma, að þá verði þessir þættir teknir upp til nýrrar athugunar.

Ég vil svo segja það í sambandi við þessi mál, sem ég tel ekki ástæðu til að fjalla um hér í langri ræðu, vegna þess að ég geri ráð fyrir að mæla fyrir till. um slíkt mál síðar á þessu Alþingi, að stefnumál í landbúnaði er auðvitað þýðingarmikið mál. Þar eru meginmarkmiðin að mínum dómi að freista þess, að það fólk, sem starfar að landbúnaði, geti búið við sambærileg kjör og aðrar fjölmennar stéttir þjóðfélagsins. Og til þess að þessu verði náð þurfum við að halda uppi framleiðslustarfsemi í sveitunum, við þurfum að halda uppi tekjuöflunarmöguleikum þessa fólks. Jafnframt er það yfirlýst markmið, að ég tel meginhluta þjóðarinnar og a. m. k. flestra stjórnmálaflokka landsins, að við skulum halda byggð sem næst því sem hún er í dag, að við viljum byggja Ísland allt. Þessum markmiðum náum við ekki ef við höldum áfram að draga saman framleiðsluna öllu meira en þegar hefur verið gert. Ég tel að það hafi verið nauðsynlegt að draga saman framleiðslu mjólkur og mjólkurafurða, eins og gert hefur verið og stefnt hefur verið að á síðustu árum og síðast á s. l. sumri gripið til lagasetningar til þess að því marki yrði náð. Nú höfum við náð því marki að mjólkurframleiðslan var á síðasta ári aðeins 1.2% umfram innanlandsþarfir. Við erum sem sagt komnir með mjólkuframleiðsluna í það horf að hún helst í hendur við innanlandsneyslu. Ég tel að við þurfum að varast það að halda áfram á sömu braut þannig að mjólkurskortur verið. Samtímis því, að þetta hefur gerst, hafa birgðir mjólkurvara stórlega dregist saman, einkum þó smjörbirgðir, sem eru nú meira en helmingi minni en þær voru fyrir einu ári.

Um leið og ég tel að það gengi glapræði næst að spyrna nú ekki við fótum og freista þess að staðnæmast sem næst því ástandi, sem við erum í í dag í mjólkurframleiðslunni, og reyna að halda henni stöðugri, sem vissulega er erfitt viðfangsefni í okkar landi með þær árferðissveiflur, sem ganga yfir og allir þekkja, þá tel ég nauðsynlegt að við höldum sauðfjárframleiðslu í svipuðu horfi og verið hefur til þess að tryggja að við getum haldið uppi tekjumöguleikum fólks og haldið uppi byggð um allt Ísland, sem ég tal vera markmið meginþorra þjóðarinnar og vonandi allrar.

Við höfum stefnt að því á allra síðustu árum — og til þess var varið verulegu fjármagni á síðasta ári — að leggja grunn að uppbyggingu nýrra búgreina og nýrra tekjuöflunarleiða í sveitum landsins. Ég tel það mikilsvert verk, og smám saman eiga slíkir nýir tekjuöflunarmöguleikar þessa fólks að geta bætt upp það sem skerðist í hinum hefðbundnu búgreinum. En allt tekur það sinn tíma í hinum hefðbundnu búgreinum. En allt tekur það

sinn tíma og það þarf verulegt svigrúm til þess að slíkar nýjar tekjuöflunarleiðir geti orðið almenningseign og að þær geti að verulegu marki tekið við af tekjumöguleikum hinnar hefðbundnu búfjárframleiðslu. Þrátt fyrir það ber okkur að halda áfram ótrauðir á þeirri braut, þó að þar þurfi eins og annars staðar að fara með nokkurri varúð og ætla sér ekki í einu vetfangi að gleypa allan heiminn, því þá er hætt við að mikil mistök kynnu að verða gerð. Einnig í þessum efnum þarf því að fara með varúð við uppbyggingu þessara atvinnumöguleika.

Það er vitaskuld alveg hárrétt, sem fram kom hjá hv. 1. flm. þessarar till. og ég hef margsinnis lagt mikla áherslu á, að við þurfum að gæta þess að nýta markaði eftir því sem föng eru á. Innlendi markaðurinn er auðvitað langsamlega þýðingarmestur, því hann verður að taka við meginþorra framleiðslunnar úr sveitum landsins. Og við þurfum að reyna, eftir því sem föng eru á, að haga framleiðslu okkar þannig að hún sé við hæfi innlenda markaðarins.

Á hinn bóginn vil ég líka ítreka að erlendur markaður er þýðingarmikill fyrir vissar greinar okkar framleiðslu. Þar á ég ekki síst við úrvinnslugreinar, t. a. m. ullar- og skinnaiðnaðinn, eins og hér var nefnt. Auðvitað er mikil þörf á því, að þær iðngreinar verði þannig starfræktar að vara verði sem allra mest fullunnin hér í landinu sjálfu og síðan flutt út. Allt verður það þó að einhverju marki að lagast að markaðsástandi á hverjum tíma. En ég tel að við verðum að byggja á nokkrum útflutningi dilkakjöts á a. m. k. næstu árum og á þeim vettvangi verðum við að haga markaðsstarfsemi þannig að við nýtum þá möguleika, sem fyrir hendi eru, sem allra ítarlegast hverju sinni. Þar þarf bæði forsjálni og árvekni til þess að vel megi til takast. Þar er við ríkjasamsteypur og viðskiptaheildir að fást, og í því starfi þarf að leita samráðs og samninga við þjóðir innan slíkra samsteypna.

Ég skal ekki ræða þessi markaðsmál mikið. Ég get þó getið þess, að besti dilkakjötsmarkaður okkar, Noregsmarkaðurinn, er talinn í hættu með að þrengjast hvað magn snertir um leið og talið er að verðið fari þar hækkandi. Það stafar af því, að norska stjórnin, sem nú situr, hefur ákveðið að lækka stórlega niðurgreiðslur á þessari vöru þar í landi, um leið og Norðmenn keppa að því að verða sjálfum sér nógir með dilkakjötsframleiðslu, en þeir hafa flutt inn 2800 tonn af dilkakjöti frá Íslandi og nokkurt magn frá Nýja-Sjálandi á síðustu árum. Er talið að nýsjálenski innflutningurinn þoki fyrst, en síðan íslenska dilkakjötið, og ef þetta er rétt má búast við því, að þessi markaður þrengist og þá þurfum við meira að rækja markað í öðrum löndum. Þeir markaðir hafa fremur verið að glæðast á síðasta ári í vissum tilvikum enda þótt allir séu þeir þröngir og gefi of lágt verð. Þrátt fyrir að þessi markaður gefi of lágt verð. Þrátt fyrir að þessi markaður gefi of lágt verð og það krefjist þess, að um nokkra verðtryggingu verði að ræða, vil ég lýsa því sem minni eindregnu skoðun, að meðan ekki hafa verið byggðir upp frekari tekjuöflunarmöguleikar fyrir fólk í sveitum landsins en þegar er orðið og fyrirsjáanlegt er að muni taka nokkurn tíma, þá hljótum við að verða að halda þessari framleiðslu gangandi og nýta okkur erlendan markað til þess að koma þeirri framleiðslu í verð.

Herra forseti. Ég sé að í þessari till. er felldur út veigamikill kafli úr þeirri till. sem ég var 1. flm. að fyrir tveimur árum, sem fjallar um verðlagningar- og verðbreytingakerfi í landbúnaðinum. Ég skal ekki ræða það að þessu sinni, ég aðeins endurtek það, að ég vænti þess, að áður en langir tímar líða muni ég geta lagt fram till. um þetta efni hér á hv. Alþingi af hálfu hæstv. ríkisstj., um leið og ég tel að fjölmargt í þeirri till., sem hér er á dagskrá, sé ekki einungis athyglisvert, heldur mjög þarft.

Helgi Seljan: Herra forseti. Eins og kom fram í máli hæstv. landbrh. hef ég um nokkurt skeið átt sæti í nefnd sem fjallað hefur um stefnumótun í landbúnaði. Það hefur komið mjög vel í ljós í þessari n., að hér er um vandmeðfarið mál að ræða. Það þarf að mörgu að hyggja, og margs að gæta þegar heill atvinnuvegur er tekinn til athugunar og stefnumörkunar. Það þarf því engum á óvart að koma þó að okkur, sem n. erum, hafi verið nokkur vandi á höndum við að skila af okkur fullkomnu nál., og við tökum enn að sjálfsögðu við athugasemdum, eins og kom fram í máli hæstv. ráðh., og þurfum að samræma enn betur ýmis þau sjónarmið sem á lofti eru varðandi þennan atvinnuveg sem og aðra atvinnuvegi okkar þjóðar.

Varðandi þessa till. má segja það, að flest atriði hennar eru slík að undir meginefni þeirra geti allir þeir tekið sem á annað borð vilja heilbrigðan og öflugan landbúnað á Íslandi, landbúnað sem geri hvort tveggja í senn: sinni bændastéttinni sem best tekjulega og félagslega og sinni þörfum neytenda sem allra best og á sem hagkvæmastan hátt. Þar hljóta að koma til sameiginlegir hagsmunir beggja aðila. Þeir hljóta að eiga að vera þar í fyrirrúmi. Það er hollast fyrir atvinnugreinina, það er hollast fyrir stéttina, sem framleiðir þessa dýrmætu vöru, og eins fyrir þá, sem vörunnar neyta, þá sem vöruna kaupa. Hér þarf því tvímælalaust í allri stefnumörkun að gæta þess vel, að sem best samvinna og samstarf takist milli framleiðenda og neytenda, langt umfram það sem verið hefur.

Ég held að ein frumforsendan fyrir því, að við getum byggt okkar landbúnað sem fjölbreyttastan og blómlegastan, sé sú, að við gætum við að nýtingu landsins. Þar verðum við að láta sem mesta skynsemi ráða. Þar verðum við að rannsaka enn betur en gert hefur verið hvert beitarþol lands okkar er og hvernig við nýtum það best, og kannske verður þessi landnýting hollasta leiðarljósið sem við höfum í framleiðslumálum landbúnaðarins í heild, alla vega þegar til lengri tíma er litið. Það er auðvitað alveg ljóst, að það er nauðsyn að land okkar sé sem mest í byggð, og þá á ég ekki við það að halda hverju einstöku býli í byggð, hversu fjarri byggð sem það kann að vera, heldur fyrst og fremst að skapa lífvænleg skilyrði þeim byggðum sem í hættu eru, en þjóna ákveðnum tilgangi bæði byggðarlega séð varðandi landbúnaðinn og ekki síður varðandi einstök landssvæði og þéttbýlið.

Vegna þess að ég á sæti í þeirri n., sem getið var um að framan, get ég farið hér fljótt yfir sögu og aðeins tæpt á nokkrum atriðum sem eru að miklu leyti eigin hugleiðingar.

Ég held að það sé nauðsynlegt að landbúnaður eða búseta í sveitum verði styrkt, ekki aðeins með þeim aukabúgreinum, sem nú er mjög talað um, heldur og ýmsum smáiðnaði sem tengdur er landbúnaði og þjónustu við landbúnaðinn. Ég minni á till., sem hér hefur verið samþykkt á Alþingi varðandi þetta, og minni á það, að Framkvæmdastofnun ríkisins hefur látið fara fram á þessu rækilega rannsókn sem bendir til þess, að hér sé um býsna mikla möguleika að ræða í þessum efnum. Ég vil líka taka það fram varðandi aukabúgrein-

arnar, sem ég efast ekki um að sé fullur vilji hjá hæstv. núv. landbrh. að framfylgja mjög strangt, að þá sé tryggt að það séu bændur sem njóti þeirra, en að ekki komi nýir aðilar sem hreinn viðauki við stéttina, menn sem ættu í raun og veru að stunda allt annað.

Menn greinir nokkuð á um þær tvær höfuðtegundir búgreina sem við byggjum á í dag. Skoðun mín er sú varðandi mjólkurframleiðsluna, að hún þurfi að vera sem næst því að anna innanlandsþörf okkar. Það er auðvitað fullljóst hins vegar, að það þarf vissa sveigju, það þarf vissa umframframleiðslu til þess að taka á móti óvæntum og sérstökum áföllum. Hversu mikil sú sveigja á að vera skal ég ekki segja hér um, en ekki þætti mér óeðlilegt að sú tala ætti að vera einhvers staðar í kringum 5% eða nálægt því. Við vitum að ef áföllin verða mikil dugar þetta tæplega til. Hér er góð skipulagning höfuðatriði, og þá þurfum við að hafa það í huga miklu betur en við höfum gert, að markaðssvæði og framleiðslusvæði séu í sem nánustu samhengi, að það sé sem nánast samhengi á milli framleiðslusvæða annars vegar og markaðssvæða hins vegar, þó ég viti að þar sé ekki auðvelt úr að bæta, síst í einu vetfangi.

Varðandi sauðfjárframleiðsluna gegnir nokkuð öðru máli. Ég verð að játa að offramleiðsla þar verður vissulega að vera innan skynsamlegra marka. En ég segi það einnig hiklaust, að með tilliti til þess dýrmæta iðnaðarhráefnis og þeirrar miklu atvinnu, sem t. d. ullin og gærurnar okkar skapa og geta skapað í enn ríkari mæli en þær gera í dag, þarf hér að gæta vel að. Einhver umframleiðsla, jafnvel veruleg, kann því að vera meira en réttlætanleg, ekki síst ef okkur tekst að skapa okkur betri markaði fyrir kjötið en hefur verið til þessa. Eins og kom fram í máli hæstv. landbrh. fer nú fram þjóðhagsleg úttekt á gildi landbúnaðarframleiðslunnar í heild. Ég geri mér alveg ljóst að það er slæmt að þurfa að leggja fram stefnumótun í þessum málum án þess að þessi þjóðhagslega úttekt liggi fyrir. Að niðurstöðum hennar þarf vandlega að hyggja og í raun og veru byggja stefnumótunina á þeim í verulegum atriðum, því að hér er bæði um þjóðhagslegt atriði að ræða og eins kemur þá í ljós hvert gildi landbúnaðurinn hefur í raun og veru fyrir okkar efnahagslíf.

Varðandi kjör bænda vil ég aðeins segja það, að vissulega er brýnt að þeir hafi sambærileg kjör við aðrar vinnandi stéttir þjóðfélagsins. Varðandi kjör er um miklu víðari skilning að ræða en aðeins sjálf launin. Það er um að ræða aðstöðu alla, ekki síst þá félagslegu, sem er ákaflega mikilvæg og er kannske í dag mest ábótavant þrátt fyrir allt, þó ég viti að bændur séu allra manna félagslyndastir. En þeir eiga oft erfitt með að sinna þessu félagslega eðli sínu svo sem best mætti vera. Það þarf því að tryggja að búandfólk búi ekki við lakari félagsleg og um leið og ekki síður vinnufarsleg réttindi en aðrar stéttir.

Ég legg áherslu á að það verði rækilega kannað, hvaða búskaparform sé heppilegast. Við viljum stuðla að því, að félagsbúskapur sé efldur, og ég bendi þar á till. sem flutt var af Þorbjörgu Arnórsdóttur fyrr í vetur og fékk hinar bestu undirtektir manna úr öllum flokkum. Kostir þess búskaparforms eru í mörgum tilfellum of ótvíræðir til þess að við eigum ekki hiklaust að stuðla þar að og styrkja sem best, og þar inn í kemur hinn félagslegi þáttur ekki hvað síst.

Sú nefnd, sem hefur starfað að þessum málum, hefur unnið að því að fá ákveðna búrekstrarkönnun. Að henni er nú verið að vinna og úr henni fást án efa margar hagnýtar upplýsingar. Ég held að þessi búrekstrarkönnun sé mjög nauðsynleg og hana þurfi að gera sem allra ítarlegasta. Þar verður t. d. að koma í ljós hversu uppbygging stendur, hver staða búanna er, hver aldur ábúanda er, hver líkindi eru um ábúendaskipti. Ég bendi t. d. á það alveg hiklaust, að það er staðreynd að margt aldrað fólk býr of lengi við of erfiðar aðstæður. Til þess að bæta þar úr þarf að mínu viti tvennt til að koma: stórefling Jarðakaupasjóðs til þess að tryggja þessu fólki viðunandi verð fyrir sitt lífsstarf og um leið viss dvalarheimilisaðstaða, svo sem við nokkrir þm. Alþb. höfum flutt till. um hér á Alþingi, þar sem smábúskapur væri mögulegur svo þetta fólk þyrfti ekki að hverfa algerlega frá sínu lífsstarfi, heldur gæti sinnt því áfram þó í smáum mæli væri.

Þá hlýtur að vera nauðsynlegt að viss framleiðslustjórnun fari fram. Sú framleiðslustjórnun er nú reynd, og vissulega er full ástæða til þess að gæta vel að, hvernig hún tekst, og sníða þar af þá vankanta sem á eru og reyna úr að bæta. Þar kemur t. d. svæðisskiptingin vel til greina. Ég viðurkenni að svæðisskipting má ekki vera of einskorðuð. Hún má ekki vera eins og stundum hefur verið sagt, að þarna skuli vera mjólkurframleiðsla eingöngu, þarna sauðfjárframleiðsla eingöngu, en með höfuðáherslu þó á annað hvort þarf að huga vel að hvort við getum ekki svæðisskipt landinu að nokkru.

Framleiðslustýringin hlýtur svo að miklu leyti að stjórnast af stofnlánum. Fjárfestingarlánastjórnin þarf því að vera sem virkust, og þar hafa vissulega viss skref verið tekið af stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Það getur þurft vissa svokallaða haftastefnu þegar út í ófæru er stefnt eða hreint gáleysi, og þá þarf kjark til þess og á að hafa kjark til þess að setja þar við vissar skorður og viss takmörk, því að margir þeir, sem þar hafa fjárfest langt um of, eru nú í sannkallaðri hengingaról í dag einmitt af þeim ástæðum.

Ég vil taka það fram og leggja á það sérstaka áherslu, að stjórn fjárfestingarmála landbúnaðarins á ekki einvörðungu að taka til bænda eða til fjárfestingar á vegum bænda sjálfra, hún á ekki síður að taka til vinnslustöðva landbúnaðarins, því að þar sýnir sagan okkur að margt hefði öðruvísi mátt vera varðandi uppbyggingu þeirra. Oft hefur verið vikið í umr. um landbúnaðarmál að þéttbýlisbúskapnum og menn verið nokkuð ráðvilltir þar hvað gera skyldi. Ég held að við eigum að gæta töluvert vel að þessu. Ég held að þessi búskapur sé töluvert miklu meiri en skýrslur sýna. T. d. er þessi búskapur, sem ég kalla þéttbýlisbúskap eða aukagetu manna sem stunda aðra atvinnu eða atvinnugreinar, stundaður miklu meira á lögbýlum heldur en menn hafa gert sér grein fyrir.

Ég t. d. stunda „hobbýbúskap", sem ég er með, á lögbýli og er ágætt dæmi þar um. Ég held að þessum búskap eigi að setja þröngar skorður. Ég held að bann sé rangt í þessum efnum. Hér nefnilega um vissa sálarheill að ræða í mörgum tilfellum. (Gripið fram í.) Já, ég tala nú ekki um ef um svo alvarlega hluti væri að ræða, sem menn þekkja eflaust dæmi um af Vestfjörðum.

Ég verð hins vegar að segja það, að það þarf að setja viss skilyrði sem illt er undan að komast. Ég nefni sem dæmi að hér mætti hugsa sér hámarksstærð t. d. og að menn hefðu ekki nema ákveðinn fjölda búfjár undir höndum, þeir sem stunduðu aðra atvinnu einvörðungu.

Það væri að æra óstöðugan að ætla að fara að ræða þessi mál í heild, enda ætla ég ekki að gera það. Ég ætla aðeins í lokin að víkja örfáum orðum að þeirri framleiðslustjórnun sem nú hefur verið reynd.

Ég held að fóðurbætisskatturinn sé meira en réttlætanlegur að vissu marki. Offramleiðsla, sem byggð er á innfluttu kjarnfóðri, er endileysa. Hún hlýtur að vera endileysa. Hvernig fóðurbætisskattinn á að framkvæma er svo mat manna og þar þarf að reyna að komast að sem réttastri og bestri niðurstöðu. Ég held að það sé rétt, sem hæstv. landbrh. kom hér inn á áðan, að við megum vara okkur á því að vera með svo flókið kerfi í þessu að það sé undanþágukerfi og alls konar skriffinnskukerfi sem tröllríði þessum málum. Við þurfum þess vegna að finna upp það kerfi sem einfaldast getur verið og um leið virkast, og ég held að við fáum núna af þessu dýrmæta reynslu sem rétt er að hafa í huga varðandi framtíðarskipan þessara mála.

Hvað sem menn vilja segja um kvótakerfið, og þar hafa bændur sjálfir lagt hönd á plóginn varðandi framleiðslustjórnun, þá held ég að það sé rétt, að það þurfi að sýna sig hvernig það kerfi kemur út, það þurfi að sýna gildi sitt, það þurfi að sýna vankanta sína og kosti og að loknum ákveðnum reynslutíma þurfi að framkvæma á því endurmat og þá þurfi að tryggja fyrst og fremst að þeir lakar settu og frumbýlingarnir fái sem best notið sín í þessum efnum. Þó að ég hafi hér talað áður um það, að við megum ekki stefna blint í offramleiðslu, þá hljóta áfram, sem betur fer, að verða frumbýlingar á Íslandi sem við þurfum að hlynna að eftir föngum og við eigum sannarlega að láta njóta sín, ef þeir eru menn til þess að stunda þessa atvinnugrein á þann máta sem hagkvæmast og best er.

Þetta eru nokkur áhersluatriði sem ég vildi koma á framfæri, þó ég vænti þess að geta fjallað ítarlegar um þetta þegar hæstv. landbrh. flytur hér tillögu um stefnumörkun sem ég hef átt að nokkra aðild að semja og ég vona að geti verið sem fyrst, þó ég dragi ekkert úr því, að málið er svo vandasamt og að svo mörgu að hyggja og ýmsar þær kannanir, sem við höfum verið með í gangi, svo stutt á veg komnar að enn hlýtur nokkur tími að líða þar til full samræming hefur átt sér stað og ríkisstj. getur lagt fram heildstæða stefnumörkun sem er eitthvert gagn að til frambúðar.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég hygg að þótt þessi þáltill. sé efnislega að sumu leyti þannig að það sé hægt að taka undir marga liði í henni, þá marki hún engin sérstök tímamót í stefnumótun í landbúnaði. Ég held að það, sem menn verða að gera sér grein fyrir nú, sé hvernig við ætlum að byggja landið. Ætlum við að halda landinu öllu í byggð, eins og flestir segja nú sem koma upp í þennan ræðustól? Ef við ætlum að gera það verðum við að marka einhverja atvinnumálastefnu sem tryggi viðhald byggðanna. Þessi till. gerir það ekki, og það kann að vera að aðrar till., sem hafa komið hér á borð að undanförnu, geri það ekki heldur. Þetta er kannske enn flóknara en virðist í fljótu bragði vegna þess að þetta er svo samofið atvinnu hinna ýmsu þéttbýlisstaða víðast hvar á landinu.

Ég ætla ekki hér og nú að fara að ræða þessa till. efnislega, vegna þess að ég vænti þess, þar sem kom fram hjá hæstv. landbrh. áðan, að það verði kleift að leggja fram till. um stefnumótun í landbúnaði af hálfu hæstv. ríkisstj. á þessu þingi. En ég vil leggja áherslu á það að niðurstaða af könnun t. d. á gildi sauðfjárframleiðslunnar fyrir þjóðina liggi fyrir áður en slík stefnumörkun verður lögð fram, vegna þess að það er kannske veigamesta atriðið til þess að geta gert sér grein fyrir því, hvernig við ætlum okkur að byggja upp atvinnulífið, ef það reynist svo að við verðum líka að draga sauðfjárframleiðsluna verulega saman.

Ég hef merkt mörg atriði í þessari till. og ekki síður grg. og mundi gera aths. við þau, ef ég væri að ræða þessa till. á þann veg að ég gerði ráð fyrir að hún yrði tekin þannig til umfjöllunar að það ætti að samþykkja hana hér á hinu háa Alþingi. En ég held að það þurfi að breyta henni nokkuð mikið til þess að það verði samstaða um hana.

Það eru örfá atriði sem ég ætla að drepa hér á með nokkrum orðum.

Það er í fyrsta lagi hvernig á að stjórna framleiðslunni, framleiðslustjórnunin. Það hefur verið mikið rætt um kvótakerfið og kjarnfóðurskattinn á undanförnum árum. Auðvitað eru það ekki nein gleðitíðindi að skuli þurfa að setja á framleiðslutakmörk. En til hvers er að framleiða t. d. mjólk til útflutnings sem ekkert fæst fyrir? Er þá ekki skynsamlegra að reyna að gera einhverjar ráðstafanir til þess að framleiða ekki þessa mjólk? Og ef á að tryggja búsetu í landinu verður það ekki gert öðruvísi en með einhvers konar svona ráðstöfunum. Það þarf enginn að halda að kjarnfóðurskattur nái þessu marki. Það kemur harðast niður á þeim sem eru verr settir. En að nota báðar aðferðirnar, það er allt annað mál, ef kjarnfóðurnotkun er í hóflegu samræmi við þá framleiðslu sem hver og einn hefur möguleika til að framleiða til þess að fá fullt verð fyrir sína framleiðslu. Ef framleiðslan er of mikil — það höfum við séð og það skilja allir — þá kemur það þannig út að við fáum ekki fullt verð.

Það er gert ráð fyrir að færa stjórnina inn í héruðin. Ég held að það yrði nokkuð þungt í vöfum, vegna þess að eðli sínu samkvæmt hlýtur alltaf höfuðstýringin að verða frá einhverjum einum stað og þá er bara verið að koma fyrir öðru stýringarkerfi heima fyrir sem yrði í reyndinni að fara að miklu leyti eftir formúlu frá höfuðstöðvum. Annað væri ekki framkvæmanlegt. Það er hægt að hugsa sér að þeir gætu stjórnað því þannig, sem kemur nú af sjálfu sér, að einhver framleiði minna og annar meira eftir ástæðum og fjölskyldustærð heima fyrir, breyta þannig til, en í heildinni mundi það ekki koma, að ég hygg, að neinu verulegu gagni. Hins vegar er það nú gert og er sjálfsagt að hafa þetta eitthvað í samráði við búnaðarsamböndin heima fyrir.

Það, sem ég er alveg sammála hv. 1. flm. um, er að kjarnfóðurgjaldið ætti að fara til þess að borga niður t. d. verð á tilbúnum áburði, vegna þess að þarna er verið að færa til. Það er mikilvægur þáttur í þessari stjórnun og ég er alveg sammála því, að það sé eðlilegast að halda þannig á málum. Það getur ekki verið neitt markmið í sjálfu sér að ætla að skattleggja rekstrarvöru, hvorki bænda né annarra, heldur að hafa stjórnunaráhrif á hvers konar rekstrarvörur eru þá notaðar.

Það eru ákaflega mörg vandamál sem blasa nú við lanbúnaðinum og t. d. kemur ekki fram í þessari till. hvernig eigi að bregðast við. Það er orðin staðreynd að við höfum dregið úr mjólkurframleiðslunni. Það gerðist á stuttum tíma. Mjólkurframleiðslan er þannig að það er

ákaflega hætt við að hún haldi áfram að minnka. Það er mjög hætt við því, að á næstu einu, tveimur árum minnki mjólkurframleiðslan svo mikið að það geti orðið jafnvel vöntun á mjólk á vissum árstímum. Það er líka vegna þess að þjóðfélagið er að breytast. Það eru fáir sem vinna orðið á laugardögum og sunnudögum og jafnvel eru menn að hætta að vinna seinni hluta föstudaga. Unga fólkið í sveitunum vill ekki binda sig við þessi störf, og þegar við bætist sá áróður, sem uppi hefur verið á móti þessari framleiðslu að undanförnu og er búið að berja inn hjá sumum að það þurfi að minnka hana og minnka, þá er hætt við að viðbrögðin verði þau, að menn vilji breyta enn þá meira til en þjóðfélagið þolir. Ég segi að þjóðin þoli ekki að minnka það niður fyrir þau mörk sem hún þarf til neyslu. En við erum komnir að þeim mörkum á svo stuttum tíma að það er hætt við að þessi minnkun stöðvist ekki.

Því miður hefur sauðfjárframleiðslan líka dregist saman, og menn sjá að þeir fá ekki fullt verð fyrir þá framleiðslu eins og nú er háttað. Þessi till. leysir engan vanda í því efni.

Ef ekki finnast einhverjir tekjumöguleikar fyrir fólkið í dreifbýlinu, ekki verður fundið eitthvað annað — og hv. 1. flm. lagði áherslu á það í ræðu sinni áðan, að það þýddi ekki og varaði við því að treysta á einhverjar nýjar eða aðrar búgreinar, þá er rökrétt að hann geri ráð fyrir að fólkinu fækki í sveitunum. Þó að því sé haldið fram, að hægt sé að ná meiri tekjum út úr minni búum að einhverju leyti, þá er það ekki nema að takmörkuðu leyti, a. m. k. sums staðar, enda er sú raunin nú, að það eru ekki bændur eða bændasynir sem bjóða í jarðir sem eru lausar. Það eru allt aðrir menn. Og þá erum við komnir að öðru áhyggjuefninu. Það eru aðrir en þeir, sem ætla að stunda landbúnað, sem jafnvel kaupa þær jarðir sem best eru fallnar fyrir landbúnaðinn. Framleiðslan t. d. á Suðurlandi er að færast meira upp til fjallanna, upp úr lágsveitunum. Það eru peningamennirnir sem bjóða í þessar jarðir, ekki til búskapar. Og þetta er að gerast víðar en á Suðurlandi, og það er sýnilegt að bændur eða bændasynir hafa enga möguleika á að keppa við þessa menn. Þarna er mikið áhyggjuefni. Og hvernig á að bregðast við? Hv. þm. Helgi Seljan var að tala um að styrkja þyrfti Jarðakaupasjóð, en þegar er farið að bjóða í 100 milljóna í húsalausar eða húsalitlar jarðir, þá held ég að þyrfti að styrkja hann nokkuð mikið til þess að hann yrði umkominn að kaupa mikið af þessum jörðum.

Það er náttúrlega hægt að hugsa sér að Stofnlánadeildin, ef hún hefði fjármagn, reyndi að hjálpa bændum eða sveitarfélögum til að komast yfir þessar jarðir. En þá þarf hún fjármagn sem hún því miður hefur ekki. Hér stendur að stofnuð verði sérstök deild innan Stofnlánadeildar landbúnaði til stuðnings við ný verkefni í landbúnaði. Ég held að þurfi enga sérstaka deild til þess. Stofnlánadeildin lánar til allra þátta landbúnaðar og það er ekki spurningin um að stofna deild, það er bara spurningin um fjármagn og spurningin um fjárfestingarstefnu í landbúnaðinum.

Hv. 1. þm. þessarar till. taldi að það ætti ekki að láta kvótann verka á bú sem eru u. þ. b. vísitölubú. Hvernig mundi þetta verka ef það væri framkvæmt? Það eru um 70% af allri framleiðslu landbúnaðarvara sem eru framleidd á búum sem eru 300 ærgildi og minni. Ég hef ekki tölur um bú með allt að 420. Það eru nokkur bú sem eru miklu stærri, en það eru líka margir aðilar um sum þessi bú. Það má ekki miða við stóru búin ef aðilarnir eru margir sem að þeim standa. Þegar ég segi þetta þá miða ég við framleiðendurna, að 70% af allri framleiðslunni séu á búum sem eru 300 ærgildi eða minna á hvern framleiðanda. Það þýðir ekkert að hrista höfuðið, ég þekki vel þessi mál. Það er alveg þýðingarlaust, þó að ég hafi ekki handbæra hina töluna og það viðurkenni ég. Slíkt væri alveg út í hött, það væri alveg tilgangslaust að nota kvótann þannig. Auk þess eru sumir af þeim mönnum, sem eru með stærri bú, 500, 600, 700, 800 ærgilda bú, ungir menn sem hafa verið að byggja upp á síðasta áratug og margir hverjir standa langverst að vígi nú í sambandi við sína framleiðslu og sínar skuldir. Það verður að gá að ýmsu í þessu efni.

Ég verð að segja það, taka undir með hv. 2. þm. Austurl., Helga Seljan, að ég held að kvótafyrirkomulagið verði að sýna sig. Mér er ljóst að það eru ýmsir örðugleikar á framkvæmdinni. Það var alltaf ljóst. En þarna var verið að mæta staðreyndum. Það blasti við að við fengjum ekki fullt verð, það var verið að leita eftir skásta kostinum, og skásti kosturinn hlýtur að vera sá að minnka frekar framleiðsluna heldur en að fá ekkert fyrir hana, t. d. mjólkurframleiðsluna. Og til þess að þetta kæmi ekki misjafnlega á var þetta réttlátasta leiðin ef hægt er að framkvæma hana skynsamlega.

Ekki ætla ég að fullyrða neitt um það, hvaða framleiðsla mundi henta okkur, þegar til lengri tíma er litið, eða mundi standast skást. Það er ekki hægt að sjá það fyrir fram. Við sjáum það þegar við lítum til baka á það sem var talað um fyrir nokkrum árum, eins og t. d. að framleiða Óðalsost, að það stóð ekki lengi. Markaðirnir breytast, möguleikarnir breytast, og það, sem er í dag gott, getur orðið lakara á morgun. Það er ekki einungis með landbúnað. Við sjáum að það er líka með allt annað. Hvernig er með álframleiðsluna? Hvernig er með málmblendið? Og hvernig er yfirleitt með allt sem við framleiðum? (**Gripið fram í:** Ostabúið á Akureyri.) Já, ég segi það. Það sagði einhver áðan um vinnslustöðvarnar, að það þyrfti að stjórna því. Því var stjórnað, t. d. vinnslustöðinni á Akureyri. Það var óskað eftir að hún væri byggð til þess að framleiða Óðalsost á sínum tíma. Þetta er nokkuð erfið framleiðsla og þegar peningarnir eru litlir þarf eitt búið að framleiða þessa tegund og annað aðra til þess að þurfa ekki að vera með alls konar framleiðslu á öllum búunum. En í dag nýtist ekki þetta samlag eins og skyldi vegna þess að grundvöllurinn er brostinn.

Ég var á landbúnaðarráðstefnu hér fyrir nokkrum vikum og þar var rætt um þá möguleika sem kynnu að vera á að koma á atvinnurekstri úti í strjálbýlinu. Þegar ég lít yfir það sem kom þar fram, jafnvel þó að segja verði að sumt hafi verið sett fram af nokkurri bjartsýni, tel ég að þó að væri ekki nema 1/3 af þeim möguleikum, sem væri hægt að nýta fyrir strjálbýlið, landsbyggðina, þá ætti að vera hægt að byggja upp sæmilega framleiðslu og sæmilegt atvinnulíf úti um land. En það þarf til þess áræði, það þarf til þess kjark, það þarf til þess skipulagningu og það þarf til þess fjármagn. Ég vona að sú stefnumörkun, sem stuðningsflokkar ríkisstj. eru að fjalla nú um, muni að einhverju leyti bera þau merki að stjórnarflokkarnir hafi kjark til þess að taka á þessum vandamálum, hafi raunsæi til þess að vinsa það úr sem mundi gefa besta raun. En það gerist ekki ef það verður ekki séð til þess, að það fólk, sem er úti í strjálbýlinu nú, hafi svipuð lífskjör á

næstu árum og aðrir í þjóðfélaginu, vegna þess að slíkri stefnu verður ekki hrundið í framkvæmd á einu eða tveimur árum, heldur á lengri tíma, og þess vegna verður *Alþingi að hafa raunsæi til þess að búa þannig að þessu* fólki á meðan að byggðin grisjist ekki þannig að óbætanlegt verði þegar við þurfum á þessari framleiðslu á halda. Það þarf líka að hyggja að því, hvernig á að hindra að þær jarðir, sem eru kannske best settar til landbúnaðar, lendi ekki í höndum á mönnum sem nýta þær ekki þannig og gera kannske um a. m. k. árabil ómögulegt að nýta þær þannig. Þetta er erfitt mál vegna þess að ég geri ráð fyrir að margir mundu segja að það væri verið að *ganga á rétt manna ef ætti að hindra* sölu jarða á frjálsum markaði að einhverju marki. En það er líka þá verið að hindra rétt og þörf þjóðarinnar til að nýta þessar jarðir í framtíðinni ef ekki verður eitthvað gert í því að stemma stigu við slíkri þróun.

Ég ætla svo að láta máli mínu lokið.

Davíð Aðalsteinsson: Herra forseti. *Ég vil leyfa mér* að segja hér nokkur orð í tilefni þeirrar þáltill. sem hér er til umr. Ég hef ekki í hyggju að fjalla í löngu máli efnislega um þessa till., en vil, eins og ég áður sagði, segja nokkur orð.

Ég vil fagna því, að þegar slík till. kemur fram verður jafnan opinská umræða um þann málaflokk eða þá málaflokka, af hvaða tagi sem till. er, en í þessu tilfelli um landbúnaðarmál. Ég ætla ekki að fara að rekja þá sögu, *en eins og við vitum allir hafa ýmis orð fallið í gegnum* árin, sérstaklega síðustu ár, að því er varðar íslenskan landbúnað, þá framleiðslu sem frá honum hefur komið. Ég segi það sem mína skoðun, að það er afar mikilvægt að í þeirri umr., sem hér fer fram og mun fara fram, verði íslenskum landbúnaði ekki að fótakefli pólitískt ofstæki eða annað af því tagi.

Eftir því er ég fæ best séð er þessi tillaga að mestu leyti af því tagi, að hún fetar þær götur sem menn hafa leitast við að ganga að því er varðar framleislumál landbúnaðarins. Að vísu eru þar örfá frávik, en að mestu leyti sýnist mér þar vera höggvið í sama knérunn, og þá er það niðurstaða mín, að sú framleiðsluskerðing eða framleiðslustjórnun, sem beitt hefur verið um nokkurt skeið, hafi verið óhjákvæmileg samkvæmt því efni, sem fram kemur í tillögunni, og jafnframt þær aðferðir, sem beitt hefur verið til framleiðslustjórnunar, verið óhjákvæmilegar. Niðurstaðan og reynslan hefur sýnt það undanfarin tvö ár, að í allri þeirri umfjöllun, sem fram hefur farið meðal bænda sjálfra um þessi efni, hafa menn í sannleika ekki komið auga á aðrar aðferðir en beitt hefur verið, þ. e. kvótakerfi og fóðurbætisskatti í framhaldi af kvótakerfinu.

Nú skal ég játa það, að þegar kvótakerfið var sem mest til umræðu setti miklar efasemdir að mínum huga og eftir því sem ég reyndi að horfa fram í tímann, þá óttaðist ég að bændur landsins yrðu felmtri slegnir, sérstaklega yngra fólkið sem hafði á ýmsum forsendum haslað sér völl í þessari atvinnustarfsemi, þ. e. landbúnaðinum. Ég óttaðist að þetta fólk mundi flýja sveitirnar. En reynslan hefur nú sýnt það, þrátt fyrir beitingu þessa kvótakerfis eða þrátt fyrir umfjöllun þess, — skal nú tekið fram að í verðlagningu er ekki farið að beita því enn sem komið er, — þá hafa enn þá a. m. k. ekki gerst alvarleg tíðindi að því er varðar flótta úr sveitunum. Þvert á móti er nú reynslan að fjölmargir, ekki aðeins peningamenn úr Reykjavík, — það er ekki rétt sem kom fram hér áðan úr þessum ræðustól, — heldur ýmsir aðrir leita mjög út í sveitirnar og leita mjög eftir jarðnæði til búskapar. Þetta er staðreyndir.

Í till., sem hér er til umr., er aðeins vikið að fóðurbætisskattinum eða kjarnfóðurgjaldi og það er talið eðlilegt ráð til þess að stemma stigu við offramleiðslu og ég get tekið undir það. Hins vegar vil ég segja að í till. gæti e. t. v. svolítils tvískinnungs. Hér stendur — með leyfi forseta — á bls. 9:

„*Sjálfstfl. er andvígur því fyrirkomulagi í stjórn* framleiðslumála er byggist á framleiðsluskömmtun eða kvótafyrirkomulagi, eins og sú aðferð er jafnan nefnd.

Með þeim fyrirvörum, sem að framan greinir," — og nú tel ég of langt mál að telja upp alla þá fyrirvara, en væntanlega er hv. alþm. kunnugt um þá, — „með þeim fyrirvörum, sem að framan greinir, er þó hægt að fallast á að slíkar heimildir séu fyrir hendi í lögum."

Þarna komum við að dálítið mikilvægu atriði. Og þá er það stóra spurningin, *hvernig menn ætla að meta það* og vega á hvaða tímamótum skuli beita kvótakerfinu. Það er gert ráð fyrir því, að þessi heimild sé gjarnan í lögum, en þegar hlutir eru skjalfestir í lögum verðum við að reikna með að hugsanlega verði þeim beitt.

En varðandi þá stefnu, sem nú er rekin í landbúnaði, ætla ég út af fyrir sig ekki að hafa mörg orð. Það er mála sannast og við *vitum það allir alþm., að 1972* var gerð tilraun til þess að koma á fót framleiðslustjórnun í landbúnaði. Það tókst ekki, því miður. M. a. af þeim sökum óx þetta vandamál. Við skulum gá að því, að landbúnaður er frjáls atvinnustarfsemi, og það er svo, að við Íslendingar erum nú hugdjarfir og við viljum gera meira á morgun heldur en við gerðum í dag. Og einmitt þetta hefur nú aðeins leitað á huga minn að því leyti, að ég hef reynt að gera mér í hugarlund ástæðuna sem fyrst og fremst liggur að baki því, að menn stunda búskap.

Nú sýnir reynslan að meðaltekjur bænda hafa yfirleitt ekki náð þeim mörkum sem menn hafa viljað, yfirleitt ekki náð tekjum viðmiðunarstéttanna, því miður. En þá komum við að spurningunni: Af hverju eru menn í búskap? Ef ég ætti að svara þessu í sem fæstum orðum, þá vildi ég segja að það væri það hóflega frelsi sem menn njóta eða hafa notið í þessari atvinnustarfsemi. En það er ekki þar með sagt að þetta eigi að gerast stjórnlaust. Það er sitt hvað höft eða stjórn. Og þar er svo, að þegar við lítum til annarra atvinnuvega neyðast menn til þess að stjórna þar líka. Hvernig er í sjávarútvegi? Hvernig er í iðnaðarframleiðslunni? Þar er reynt að haga svo málum að einstaklingar eða hópar troði ekki skóinn hver niður af öðrum.

Ég vil taka undir það sem hér hefur komið fram, að við *eigum að reyna þetta svonefnda kvótakerfi*. Við eigum að reyna það. Það er óhæfa að slá úr og í, e. t. v. á hverju ári, hafa þessa stefnuna þetta árið og hina það næsta. Það er ótækt, og ég held, þegar öllu er á botninn hvolft, að við munum læra af þessu. Staðreyndin var sú, eins og ég áður gat um, að menn urðu að grípa til einhverra ráðstafana til þess að stemma stigu við síaukinni framleiðslu. Og það skal játað, að *kvótakerfið hefur haft áhrif, en að ýmsu* leyti er þar úr vöndu að ráða um rétt áhersluatriði. Við verðum að nýta þennan tíma vil til þess að líta til allra átta og meta stöðuna gaumgæfilega. g það var einmitt öðrum þræði tilgangurinn með því að nema staðar þar sem komið var.

Ég vil taka undir það sem hér hefur komið fram, að við eigum að reyna þetta svonefnda kvótakerfi. Við eigum að reyna það. Það er óhæfa að slá úr og í, e. t. v. á hverju ári, hafa þessa stefnuna þetta árið og hina það næsta. Það er ótækt, og ég held, þegar öllu er á botninn hvolft, að við munum læra af þessu. Staðreyndin var sú, eins og ég áður gat um, að menn urðu að grípa til einhverra ráðstafana til þess að stemma stigu við síaukinni framleiðslu. Og það skal játað, að kvótakerfið hefur haft áhrif, en að ýmsu leyti er þar úr vöndu að ráða um rétt áhersluatriði. Við verðum að nýta þennan tíma vel til þess að líta til allra átta og meta stöðuna gaumgæfilega. Og það var einmitt öðrum þræði tilgangurinn með því að nema staðar þar sem komið var.

Nú vil ég taka undir það sem hér hefur komið fram að því er varðar atvinnustarfsemi úti um landsbyggðina og byggðastefnu. Öðrum þræði verða landbúnaður og byggðastefna ekki sundur skilin. En við bændur segjum það nú gjarnan, að við séum ekki einir stétta sem eigum að greiða fyrir þá byggðastefnu, enda er alls ekki þannig. Atvinnustarfsemi úti í dreifbýlinu á öðrum forsendum en landbúnaðar er kannske ekki síður áhyggjuefni í dag. Og þegar við erum að tala um samdrátt í landbúnaðarframleiðslu, þá tek ég undir það sem hér hefur komið fram. Það hefur ekki verið nægilega hugað að því, hvert þjóðhagslegt gildi þeirrar umframframleiðslu, sem nefnd hefur verið svo, er í raun og veru.

Nú er það mála sannast, að þúsundir manna hafa atvinnuframfæri sitt af úrvinnslu landbúnaðarvara og þjónustu við landbúnað úti um land. Og það liggur í hlutarins eðli, að ef um yrði að ræða allverulegan samdrátt frá því, sem nú er, þá missa auðvitað atvinnu sína hópar fólks. Það liggur í hlutarins eðli. Ella vex okkur langt yfir höfuð úrvinnslukostnaður þessara vara.

Vegna þessarar till., sem hér er til umr., lýsi ég því yfir, að það er mjög af hinu góða að fleiri og fleiri taki virkan þátt í umr. um landbúnaðarmál. Og ég segi það hiklaust, það er mönnum til lofs þegar þeir leitast við að leggja fram tillögur. Það er mjög af hinu góða. Hins vegar er það svo, að menn setja inn í tillögur allan skrambann sem er kannske ekki allt af miklu viti. En sú umr., sem slíkar tillögur vekja, held ég að hljóti að vera af hinu góða. En ég endurtek það sem ég sagði í upphafi: Við megum ekki verða til þess, að atvinnuvegi eins og landbúnaði verði að fótakefli pólitískt ofstæki, hvaðan sem það kemur, og við eigum að ræða þessi mál hreinskilnislega og opinskátt.

Þegar talað er um nýjar búgreinar held ég að við verðum að fara að taka á honum stóra okkar og framkvæma í alvöru eitthvað af því tagi. Vandamál landbúnaðar í dag eða sú stefna, sem menn vilja koma fram, er kannske tvíþætt. Það er í annan stað að hafa hemil á hefðbundinni framleiðslu okkar, þ. e. sauðfjár- og mjólkurafurðum, en í annan stað að stofna til nýrra búgreina sem örðum þræði gætu fyllt í skarðið, en jafnframt af því taginu og til þess að auka búsetumöguleika og lífsafkomu þeirra sem dreifbýlið byggja. En varðandi nýbúgreinarnar svokölluðu eru stór vandamál, og það er mála sannast, að það er allt annað að tala um landbúnað í ljósi hinna hefðbundnu framleiðslugreina, þ. e. sauðfjárframleiðslu og nautgriparæktar. Þetta er atvinnuvegur sem hefur verið með þjóðinni um aldir. Hitt er, eða sumt a. m. k. miklu nýrra af nálinni. Og það er nú svo, að það gengur stundum erfiðlega að segja við þennan og segja við hinn: Þú átt að hafa þessa starfsemi með höndum. — Ég veit að fjölmargir bændur eru þannig sinnaðir, að þeim þykir ekki meiri skyldleiki t. d. með loðdýrarækt við landbúnað heldur en það, að hvort tveggja heyrir undir landbrn. Viðhorf sumra bænda, sem ég þekki til, eru á þennan veg, enda eru þessar búgreinar að ýmsu leyti gerólíkar ef litið er til samanburðar.

Ég hef lýst því áður yfir og geri það enn, að þeir, sem landbúnað stunda, verða að eiga möguleika til tekna sem nægja til framfæris. Annaðhvort eru menn bændur eða ekki.

Í framhaldi af þessu vil ég segja að það þarf auðvitað að auka fjölbreytni atvinnulífsins. En það er ekkert á móti því að bóndi, sem hefur e. t. v. brugðið búi, stundi einhverja aðra atvinnustarfsemi svo framarlega sem hann hefur hefur sveitfesti í viðkomandi byggðarlagi. Það er byggðin sem verður að halda ákveðnum þéttleika til þess að hægt sé að halda uppi eðlilegu mannlífi í þessu landi.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Þeir. hv. stjórnarþm. sem hér hafa tekið til máls, hafa verið heldur daprir í bragði, að mér hefur fundist, og þótt syrta í álinn fyrir landbúnaði og er ekki að furða. Ég held að þeir hafi alveg rétt fyrir sér í því, að vandamál landbúnaðarins séu nú meiri en oftast áður á seinni tímum og að úrræði séu engin haldgóð enn þá a. m. k. sem gripið hefur verið til. Mig furðar raunar ekkert á því, að hv. þm. Stefán Valgeirsson skuli hafa sagt hér áðan orðrétt, að hann vonaðist til að sú stefna, sem væri verið að reyna að marka milli þriggja aðila ríkisstj., mundi að einhverju leyti bera þess merki, að stjórnarflokkarnir hafi til að bera kjark til einhvers konar úrbóta. Og hv. þm., sem síðast talaði, sagði að ekki hefðu menn komið auga á annað en kvótakerfi, fóðurbætisskatt og annað slíkt sem tilraun til úrbóta í hinum gífurlegu vandamálum sem landbúnaðurinn stendur frammi fyrir, sem eru e. t. v. meiri en oftast áður og ég vil segja: ekki vegna stjórnleysis, heldur ofstjórnar. Er það þó raunar kannske eitt og hið sama, því að óstjórn leiðir oftast af ofstjórninni í mannlegu lífi eins og alkunna er, og mætti kannske tala um tvíburasysturnar ofstjórn og óstjórn. Það er náskylt í stjórnarfari ríkjanna. Því meir ofstjórn, því meiri óstjórn, því meiri upplausn og því meiri vandræði í þjóðfélögum.

En svo vill nú til, að það hafa komið fram hugmyndir, sem þm. hljóta að hafa heyrt, um aðrar aðgerðir í landbúnaðarmálum heldur en þær sem nú kveður mest að, þ. e. kvótakerfi. Og þar er um tvennt að ræða sem kannske er mikilvægast í landbúnaðarmálum í dag. Annars vegar er það, að bændur fái sína fjármuni í hendur, en þeim sé ekki haldið fyrir þeim í óðaverðbólgu sem er nú 50% og stefnir kannske mun hærra og áreiðanlega miklu hærra ef þessi langversta ríkisstj., sem setið hefur á Íslandi frá því að lýðveldið var stofnað, heldur lengi áfram enn þá. Hitt er að reyna að stjórna þessari offramleiðslu eða hafa áhrif á hana með allt öðrum hætti en kvótakerfi, þ. e. að beina fjármunum bænda til þeirra sjálfra og að afurðaverð, þegar þeir leggja inn sínar afurðir, verðir að einhverju leyti lægra sem nemur því sem þeir þegar hafa fengið greitt. Þetta hefur verið skýrt margsinnis hér í þingi og m. a. í bréfi frá Stéttarsambandi bænda, dags. 6. mars 1979, sem stílað er til mín. Þar eru mörg dæmi nefnd um þetta. Mikil vinna var í þetta lögð af hálfu Stéttarsambandsins og sérstaklega Árna Jónassonar, og þetta vita bændur auðvitað. En það hefur verið einhver

dulinn máttur sem bannar þeim að ganga á eftir eigin fjármunum. Við vitum svo sem allir hvaða máttur það er. Það er ekki bara máttur vanans, það eru líka önnur máttarvöld sem halda fyrir þeim fjármununum þannig að bændur fá ekki sína peninga í hendur. Halda menn ekki að öðruvísi væri umhorfs í landbúnaði ef bændur hefðu fengið sitt fé alltaf á réttum gjalddögum og getað notað það í stað þess að láta það étast upp í óðaverðbólgu í höndum manna sem enga heimild hafa til að fara með þetta fé? Og þegar afurðalánavextir t. d. eru nú, að mér skilst, 28% og aðrir vextir eru 50%, ætli það sé þá ekki þægilegt að geta haft þetta fé undir höndum og valsað með það og heimtað svo hæstu vexti af bændum ef þeir eru taldir skulda? Og þegar um er að ræða milljónatugi, peninga sem engir vextir eru af, þar sem er uppbótafé og niðurgreiðslur, þá er líka þægilegt að geta haft það undir höndum svolítinn tíma, hvað þá þegar það er kannske mánuðum saman eða misserum.

En ástæðan til þess, að ég kveð mér hér hljóðs, er fyrst og fremst sú, að hinn 25. nóv. s. l. urðu umr. hér í Alþingi um þessi mikilvægustu hagsmunamál íslensks landbúnaðar. Á því er enginn vafi, að það eru mikilvægustu hagsmunamálin. Og þá lá frammi fsp. annars vegar til hæstv. lanbrh., sem hér er mættur, og hins vegar hæstv. viðskrh., sem hér mætti líka a. m. k. í byrjun fundarins, og ég vil óska þess við hæstv. forseta, að hann biðji hæstv. viðskrh. að vera viðstaddan þessa umr. Mér finnst ekki of mikið að þeir þrír hæstv. ráðh., sem af einhverjum sökum komust ekki til Kaupmannahafnar og eru þess vegna hér á landi þessa viku, — það er ekki til of mikils mælst að þeir sitji þá stuttu þingfundi sem hér eru. Og ef svo skyldi nú vera, að einhver ráðh. í ríkisstj. færi með málefni fjmrh., sem ég hygg að hljóti að vera, að ráðh. Alþb. hafi beðið einhvern þessara þriggja, sem heima sitja, að gegna sínum málaflokkum, þá vildi ég líka óska þess við hæstv. forseta, að sá, sem gegnir störfum hæstv. fjmrh., mæti hér nú, ef það er ekki hæstv. landbrh. sem það gerir. Ég ætla þá að doka við augnablik meðan ég fæ upplýsingar um þetta. (**Forseti:** Hæstv. viðskrh. mun vera farinn úr húsinu og mér er ekki kunnugt um hver gegnir störfum fjmrh. nú í fjarveru fjmrh.) Mér skilst, að hæstv. landbrh. gegni störfum hæstv. forsrh., hann getur þá vafalaust upplýst hver fari með fjármálin. (Gripið fram í.) Þetta held ég að hljóti að vera einsdæmi, að ráðherrar hlaupi af landi burt í heila viku og enginn fari með málefni sem undir þá heyra. Ég botna ekki í þessu satt að segja. En þetta er svo sem í stíl við annað hjá þessari endemis hæstv. ríkisstj., ef það er enginn sem fer með málaflokkana þó að þeir séu í burtu í viku eða kannske hálfan mánuð eða lengur — ég veit ekki hvað lengi það er. En nú skilst mér að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, formaður þingflokks Alþb., muni vera í húsinu og mig langar að biðja hv. þm. ef hann kynni að geta upplýst okkur um þetta. (**Gripið fram í:** Kannske hann sé forsrh.) Kannske hann gegni þessum ráðherraembættum öllum saman. En á meðan þessu fer fram ætla ég að leyfa mér að spyrja hæstv. lanbrh. sem lýsti því yfir hér í umr. 25. nóv., að hann mundi fúslega vilja láta athuga með hvaða hætti yrði unnt að koma fjármunum bænda beint til þeirra. Við ræddum þá sérstaklega um ályktun Búnaðarþings 1979, þar sem segir — með leyfi hæstv. forseta — um þessar tillögur, um beinar greiðslur útflutningsbóta og niðurgreiðslna til bænda:

„Búnaðarþing telur að enn liggi ekki fyrir nægar upplýsingar til þess að unnt sé að taka efnislega aðstöðu til þeirra hugmynda sem í till. felast, en óskar eftir því við stjórn Stéttarsambands bænda, að hún láti fara fram frekari könnun á málinu."

Þetta er á Búnaðarþingi fyrir tveim árum, og ég held að ég muni það rétt, að hæstv. landbrh. hafi tekið því ljúfmannlega að halda þessari könnun áfram og veita sína tilstuðlan til þess. Nú er liðið eitthvað á fjórða mánuð síðan þær umr. fóru fram, og ég efast ekki um að eitthvað hafi þessum könnunum miðað áfram. En það er mjög mikilvægt að fá úr því skorið, vegna þess að mjög auðvelt væri að losna algerlega við kvótakerfið ef þessar tillögur væru framkvæmdar, t. d. með þeim hætti að hluti af niðurgreiðslufé og útflutningsbótafé yrði notaður til að senda bændum heim mánaðarlega greiðslur, — við skulum segja að eingöngu þeir, sem eru með meðalbú og þaðan af minni, fengju þessar greiðslur, en síðan yrði stöðvað t. d. við 400 eða 500 ærgildi. Við getum hugsað okkur að taka fyrsta dæmið í þessum hugmyndum og hugleiðingum Árna Jónassonar og Stéttarsambandsins sem ég vitnaði til áðan, þar sem talað er um að greiða 25% af grundvallarverðinu beint til bænda. Síðan yrði innleggsverð eingöngu 75% af grundvallarverðinu vegna þess að menn hefðu þegar fengið 25% greidd. Þetta er ósköp einfalt í framkvæmd. Það þarf ekkert kvótakerfi. Og ef einhverjir geta framleitt fyrir þessi 75%, framleitt meira en 400% ærgildi, framleitt 450, 500 eða hvað menn vilja miða við, fái þeir aðeins greitt upp að þeirri upphæð. En ef þeir geta síðan framleitt fyrir 75% er öllum það heimilt, þar þarf ekkert eftirlit. Það þarf ekki að segja mönnum að þeir megi eiga þennan gripinn, en ekki hinn. Það þarf ekki að vera inni í högum hvers einasta manns, og það þarf ekki að hafa það lénsskipulag í landbúnaði sem nú er verið að koma á. Menn geta verið frjálsir verka sinna.

Ef þessi upphæð, þessi mismunur, 25%, nægði ekki til þess, að svo drægi úr framleiðslunni að hún yrði rúmlega fyrir innanlandsmarkað, þá mætti hækka þessa beinu greiðslu til bændanna um 5%. Ef þetta verkaði of mikið til að draga úr framleiðslu á stærstu búunum mætti lækka hana niður í 20% o. s. frv. Allt er þetta ofureinfalt í sniðum gagnstætt því ömurlega kerfi sem nú er verið að hrúga upp, enda sagði hæstv. landbrh. réttilega að framkvæmdin væri ærið flókin og þetta væru flækjur í framkvæmd. Ég öfunda hann satt að segja ekkert af því að bera ábyrgð á framkvæmd þessa kerfis, enda er mér næst að halda að honum sé þetta kerfi að ýmsu leyti ógeðfellt. Ég vona að svo sé um fleiri ráðamenn og þeir beiti áhrifum sínum til þess, að ekki verði allt of langt siglt út á þennan ógæfusjó, út í þetta brimrót sem gæti vissulega valdið landbúnaðinum þeim búsifjum sem hér heyrðist t. d. á hv. þm. Stefáni Valgeirssyni að hann sæi á næsta leiti. Og það er engin furða þó að þeir, sem telja sig sérstaka málsvara landbúnaðarins, beri nú ugg í brjósti, því að ég hygg, eins og ég sagði áðan, að sjaldan eða aldrei á seinni áratugum hafi vandamál landbúnaðarins verið eins gífurleg og það einmitt vegna þess að bændur fá ekki náð rétti sínum, fá ekki fjármuni sína í hendur og þeim er ekki heimilað að strjúka um frjálst höfuð, heldur er verið að hrúga upp þessu kerfi sem hæstv. ráðh. sagði að væri flókið í framkvæmd og flækjur o. s. frv.

En nú langar mig að spyrja hv. þm. Ólaf Ragnar Grímsson, formann þingflokks Alþb., hvort hann geti upplýst það, hver muni fara með ráðherraembætti Alþb.

nú í fjarveru þeirra úti í kóngsins Kaupmannahöfn, hvort enginn fari með þau eða hvort hann viti til þess, að einhver hinna ráðh. fari með þessi embætti eins og venja er til þegar ráðh. eru fjarverandi. — Hann svarar ekki. Þá mun það vera rétt sem hæstv. landbrh. sagði hér áðan, að Alþb. á engan mann í stjórn, og ég vona að það verði aldrei aftur maður úr Alþb. í stjórn á Íslandi.

Þar sem hæstv. viðskrh. lætur nú ekki svo lítið að vera hér mættur þó að hann sé einn þeirra þriggja sem urðu strandaglópar, þá verð ég víst að láta hér staðar numið og fæ ekki svar við þeim fsp. sem ég ætlaði að beina til hans. Nú mundi kannske hæstv. forseti koma þeim á framfæri, en þær eru um það, hvað hafi gerst síðan ráðh. upplýsti 25. nóv. að hann mundi halda áfram athugun á því, með hvaða hætti hann gæti framfylgt vilja Alþingis í skýlausri ályktun Alþingis frá 22. maí 1979. Það er nú að verða tvö ár síðan. Ályktunin hljóðar þannig með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hlutast til um að settar verði reglur um rekstrar- og afurðalán landbúnaðarins sem tryggi að bændur fái í hendur þá fjármuni, sem þeim eru ætlaðir, um leið og lánin eru veitt."

Þetta eru skýlaus fyrirmæli til viðskrh. um að sjá til þess, að bændur fái fjármunina í hendur. Hinn 25. nóv. hafði því ekki verið komið í kring, en ráðh. lofaði þá að gangast fyrir því, að svo mundi verða á næstunni. Síðan er liðið nokkuð á fjórða mánuð, og ég leyfi mér að óska þess við hæstv. forseta, að hann komi þessari fsp. á framfæri við hæstv. viðskrh. Hefur hann eitthvað gert í málinu? Er hugmyndin að framfylgja vilja Alþingis? Fá bændur sína peninga í hendur eða fá þeir þá ekki? Ef ég ekki fæ svar við þessu, í næstu viku t. d., frá ráðh. persónulega skulum við segja, þá mun ég óska eftir því að fá að ræða málið utan dagskrár.

Flm. (Egill Jónsson): Herra forseti. Ég ætla að byrja þessi orð með því að þakka fyrir þær undirtektir sem þetta mál hefur fengið hjá þeim sem hafa tekið til máls í þessari umr. Það er mjög mikilvæg ábending um kosti þessarar till. hvað hún fær jákvæðar undirtektir hér hjá öllum hv. alþm. nema einum, hv. þm. Stefáni Valgeirssyni. Reyndar fannst mér það stærsti kosturinn og ég er honum reyndar miklu þakklátari en öðrum þm. að tala hér í þessum gamaldags Framsóknarnöldurtón um þessa till. og þetta mál. Það finnst mér vera mest meðmæli með tillögugerðinni.

Svo að ég gleymi ekki þeim hv. þm. alveg, þá er best að það komi hér skýrt fram sem hann staðhæfði úr þessum ræðustól, þar sem hann sagði að 70% eða líðlega það — það er líklega 73% af landbúnaðarframleiðslunni — kæmi frá búum sem væru innan við 300 ærgildisafurðir. Þetta er rangt. 73% af landbúnaðarframleiðslunni koma af fyrstu 300 ærgildisafurðunum. Það eru sem sagt 27% af landbúnaðarframleiðslunni sem koma af þeim bústofni sem er umfram 300 ærgildisafurðir, og í þessari tölu, sem Stefán er með — og það er hans stóri misskilningur, eru að sjálfsögðu öll bú í landinu. Þetta vissi þessi hv. ræðumaður eins og svo margt annað, og er það nokkuð til marks um vísdóm hans í landbúnaðarmálum almennt séð!

Hæstv. landbrh. talaði jákvætt um þessa till. Hann gat þess, að hann hefði verið 1. flm. að líkri till. fyrir tveimur árum. Hann má ekki gleyma því, hæstv. ráðh., að það er miklu skemmra síðan hann flutti sams konar till. Það mun ekki vera nema rúmt ár. Hæstv. ráðh. lét hins vegar taka þá till. hér af þingbekkjum án þess að ráðgast um það við okkur aðra flm. að þeirri till., og kannske er það skýringin á því, að hæstv. ráðh. kýs heldur að tala um tillöguflutning sinn fyrir tveimur árum en tillöguflutning sinn fyrir rúmu einu ári. En þetta út af fyrir sig skiptir ekki máli, heldur hitt, að það er rétt sem ráðh. sagði hér áðan, að markmiðin í þessum tillöguflutningi eru að meginstofni til mjög svipuð og sama eðlis. Þetta er stefna Sjálfstfl. Þetta er landsfundarsamþykkt Sjálfstfl. í landbúnaðarmálum í meginefnum, og auðvitað breytist það ekki eftir því hvaða maður það er sem er þar efstur á blaði sem flm. Stefna Sjálfstfl. breytist ekki út frá því. En kannske er það skýringin á því, hvað hv. þm. Stefáni Valgeirssyni fannst þetta ógeðfelldur tillöguflutningur.

Aftur á móti er það kostur við þessa till. fram yfir aðrar till. sem hafa verið fluttar um landbúnaðarmál hér á Alþingi, að það er gerð miklu nákvæmari úttekt á vandamálum landbúnaðarins og þau eru skilgreind og röksemdirnar, sem eru notaðar, eru sóttar fyrst og fremst til Þjóðhagsstofnunar og Hagstofu Íslands, þannig að þetta er úttekt sem þess vegna verður ekki vefengd. Og í þessari tillögugerð eru þessum þætti málanna gerð miklu nákvæmari skil, enda er það að sjálfsögðu þýðingarmest í þessu öllu saman að það liggi fyrir, hvaða leiðir menn ætla að fara til þess að ná tilteknum markmiðum.

Hæstv. landbrh. talað um að framleiðslusjónarmiðið væri ekki skilgreint, og annar hv. þm., Stefán Valgeirsson, talaði um að byggðasjónarmiðið væri ekki skilgreint í þessari till. Þetta er hvort tveggja rangt. Þetta er einmitt hvort tveggja skilgreint í till. og það miklu skýrar en í öðrum till. sem hafa komið fram um þessi efni.

Í 4. gr. sjálfrar ályktunarinnar er byggðasjónarmiðið skilgreint. Þar er sagt, svo að ég vitni hér — með leyfi hæstv. forseta — í greinina eins og hún er: „Áhersla verði lögð á að treysta byggð í sveitum landsins. Miðað verði við að héðbundnar búgreinar ásamt aukinni nýtingu hlunninda fullnægi atvinnuþörf sveitanna í núverandi mynd, en nýjar búgreinar og aukin atvinnutæki, m. a. í iðnaði og þjónustugreinum, auki á styrk byggðar í sveitum landsins."

Þetta er skilgreiningin á byggðasjónarmiðinu. Framleiðslusjónarmiðið er líka skilgreint. Það er miðað við að halda áfram 10% verðtryggingunni á útfluttar búvörur. Og ef fjármagnið nýtist betur með öðrum hætti en þeim að framleiða búvörur til útflutnings, þá sé heimilt að nota það til annarra þarfa. Það er sérstök áhersla lögð á að það sé aðeins ákveðið tímabil, sem vari í þrjú ár, sem hið opinbera gangi til móts við bændurna í þessu landi um að ná þessu jafnvægi. Bæði þessi atriði ættu þess vegna ekki að vefjast fyrir nokkrum lifandi manni. Bæði byggðasjónarmiðið og framleiðslusjónarmiðið eru skýrð til fulls.

Þá er kannske út af fyrir sig rétt að ræða ofurlítið þann þátt ræðu hæstv. landbrh. sem fjallaði um stjórnunaraðgerðir á landbúnaðarframleiðslunni.

Það vakti sérstaka eftirtekt hjá mér, að hæstv. landbrh. var að láta að því liggja og leitast við að færa að því rök, að þar sem í till. er fjallað um kjarnfóðurgjald og jafnvel kvótakerfi, þar sé stefnt að því sama og það sé til samræmis við þau brbl. sem hann gaf út á s. l. ári. Hér er um afskaplega mikinn misskilning að ræða hjá hæstv. ráðh. Ég vil byrja á því að leiðrétta það sem ráðh. sagði varðandi þann fyrirvara og þá viðmiðun sem við göngum út frá um lágt gjald á kjarnfóður, að þar er ekki hægt að

setja jafnaðarmerki á milli niðurgreiðslna Efnahagsbandalagsins og 33% skattsins hér innanlands. Niðurgreiðslur Efnahagsbandalagsins, eins og þær voru í des., voru nokkuð áþekkar þessum skatti eins og hann er, en nú eru þær aðeins þriðjungur á móts við það, sem þær voru þá, og mestar horfur á því, að þær hverfi með öllu. Og hæstv. landbrh. má ekki ruglast í því, hvað felst einmitt í þessu ákvæði þáltill. Hér er ekki átt við kjarnfóðurgjald sem stjórnunaraðgerð. Það verður að liggja alveg skýrt fyrir, að hér er ekki átt við kjarnfóðurgjald sem stjórnunaraðgerð á landbúnaðarframleiðslunni. Það, sem liggur til grundvallar þeirri viðmiðun, er að tryggja íslenskan landbúnað fyrir innrás á erlendu vinnuafli í landbúnaðinn með því að það sé greitt niður af Efnahagsbandalagi Evrópu. Á þessu er svo gífurlega mikill munur að það má með engum hætti rugla þessu tvennu saman, því að eins og löggjöfin er og eins og að er stefnt hjá hæstv. landbrh., þá er þessi 33% skattur ekkert annað en verðmiðlunargjald. Hann er ekkert annað en tilfærsla á milli bænda og búgreina. Og m. a. af þeirri ástæðu hefur verið alveg ómögulegt að fá forsvarsmenn þessarar skipunar mála að taka upp það form að færa þetta á milli rekstrarliða í landbúnaðinum. Þetta er verðjöfnunargjald og ekkert annað. Og það er einmitt það sem við erum andsnúnir, m. a. vegna þess að á þessu fjármagni, eins og hefur komið fram í ræðu m. a. hv. þm. Eyjólfs Konráðs, verður slíkt misræmi að það er útilokað að það sé hægt að sætta sig við það. Það er ekki farið að skila bændum sjálfum einni einustu krónu af þessum kjarnfóðurskatti og það á ekki að gera það fyrr en í aprílmánuði. Menn geta velt því fyrir sér, hve margir aurar eru þá orðnir í hverri krónu sem hefur verið tekin af bændum allt frá því í júlímánuði og fram undir síðustu áramót, og enn þá auðveldara eiga menn með að gera það upp við sig, hvað það fjármagn dregur í útborgunarverði á búvöruverði til bændanna í þessu landi. Það er alveg skýrt, að flm. þessarar till. eru á móti kjarnfóðurgjaldi til verðjöfnunar með þessum hætti.

Annað mál er að leggja kjarnfóðurgjald, eins og ég sagði áðan í minni ræðu, á toppinn á kjarnfóðurnotkuninni og skapa þannig aðhald að kjarnfóðurnotkun í landinu. Vera má að menn séu ekki sérstaklega hrifnir af því fyrirkomulagi vegna þess að þá koma ekki inn miklir peningar. Bændur hagræða þá málum innan síns búrekstrar hver og einn og ná þannig þeim árangri, sem að er stefnt, án þess að þvinga framleiðslu þeirra niður með sama hætti og var gert með brbl. á s. l. vori. Það er svo annað mál, að þessi umr. af minni hálfu um kjarnfóðurgjaldið kemur hér inn af þessu sérstaka tilefni, þessari sérstöku viðleitni hæstv. landbrh. til að reyna að sanna að hægt væri að segja jafnaðarmerki á milli þessara tveggja mjög svo ólíku sjónarmiða varðandi notkun á kjarnfóðurgjaldi.

Ég sakna þess nú, að hv. þm. Davíð Aðalsteinsson skuli ekki vera hér í salnum. (**Gripið fram í:** Jú, jú.) Já, mér þykir vænt um, að hann heyrir mitt mál, og ég get verið honum þakklátur eins og raunar öðrum hv. þm. fyrir undirtektir varðandi þessa till. En hv. ræðumaður talaði um, að það gætti nokkurs tvískinnungs í tillöguflutningi, og í því sambandi kom hann með ákveðnar tilvitnanir úr grg. fyrir till., á bls. 9 í þáltill. Það er varðandi notkun á framleiðslukvóta. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Með þeim fyrirvörum, sem framan greinir, er þó hægt að fallast á að slíkar heimildir séu fyrir hendi í lögum“

Þetta las hv. þm., en lengra las hann hins vegar ekki. Og það skiptir meginmáli vegna þess að í því, sem á eftir kemur, koma fram skýringar, og það er kannske engin tilviljun að stuðningsmaður ríkisstj. vilji ekki lesa þetta upp, en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Við núverandi aðstæður í peninga- og verðlagsmálum, þar sem verðgildi útflutningsbóta rýrnar og stöðugt breikkar bilið milli framleiðslukostnaðar búvara og þess verðs, er fæst fyrir þær vörur á erlendum mörkuðum, getur þurft að grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir óeðlilega birgðsöfnun.“

Það er m. ö. o., að það getur þurft frekar að veifa röngu tré en engu, og við þær aðstæður, sem nú eru í þjóðfélaginu, er það ákafleg víða sem menn þurfa að nota röngu trén og þau þurfa að vera til, frekar en að hafa ekkert í höndunum. Það er með þessum hætti sem óhjákvæmilegt er að slíkar heimildir séu fyrir hendi í lögum þótt þær séu hins vegar algerlega andtæðar stefnu Sjálfstfl.

Þetta eru þeir efnisþættir sem mestu skipta í sambandi við það sem hefur komið fram efnislega í þessum umr., og í raun tel ég að ég hafi svarað því. En til viðbótar við það, sem ég hef þegar sagt um brbl. frá síðasta vori og þá út frá því sem hæstv. landbrh. var að tala um gildi þeirra og árangur, er kannske vel þess vert að vitna hér í ummæli Árna Jónassonar um þann árangur, en hann segir m. a. í viðtali við Þjóðviljann, með leyfi forseta: „Minnkun kjarnfóðurnotkunar hefur þannig valdið óverulegum samdrætti á mjólkurmagninu eftir kú.“ Og í greininni kemst hann enn fremur að því, að það sé minnkun bústofns sem sé fyrst og fremst orsök þess, hvað framleiðslan hefur dregist saman. Og það er einmitt í samræmi við það sem ég gat um í minni framsöguræðu, að búfjártalan í landinu er komin niður fyrir það sem hún hefur verið nokkru sinni á tveimur síðustu áratugum. Menn geta þá metið til hvers það kann að leiða í landbúnaðarframleiðslunni ef á að halda áfram að þvinga bústofninn í landinu niður með kvótakerfi. Það er á móti því sem við flm. erum.

Tillöguflutningur af hendi ríkisstj. hefur verið hér til umr. og sá boðskapur enn einu sinni kynntur, að þar færu menn mikið í tillögugerð. Í stjórnarsáttmálanum er frá því sagt, að stefnu í landbúnaði eigi að ákvarða með flutningi og samþykki till. um stefnumótun í landbúnaði. Það er kannske skýring á þeim mikla doða sem er í kringum landbúnaðarmál núna, að ríkisstj. sé ekki enn þá búin að koma sér niður á stefnu í landbúnaðarmálum. Og þá er sannarlega ástæða til þess, að menn fari að hugsa sig um.

Það er tvennt sem ég vildi sérstaklega minnast á í sambandi við það sem hefur komið fram í ræðum út frá þessari væntanlegu tillögugerð, og ætla ég þá að sjálfsögðu að geyma mér eðlilega, eins og við væntanlega munum almennt gera, umr. um hana þar til hún kemur fram. En tvennt ákaflega mikilvægt hefur komið fram í þessum umr. Í fyrsta lagi er það, að það hefur verið frá því sagt að það eigi að gera búrekstrarkönnun og það eigi að gera úttekt á landbúnaðinum í landinu. Skyldi þetta nú vera eitthvað nýtt? Ég held að þetta sé búið að gera þrisvar eða fjórum sinnum á þeim tíma sem ég hef verið ráðunautur. Og þar eru til mjög nýlegar heimildir um þetta í sumum búnaðarsamböndum. Aftur á móti hefur

þessi gagnasöfnun og þessi úttekt, sem hefur þannig verið til stofnað af og til í þrjá síðustu áratugi, aldrei skilað neinu. En nú er best að sjá hvað setur. Væntanlega skeður eitthvað í þeim efnum núna. Ég vona aðeins að þetta sé ekki fyrirboði þess, að með þessu móti eigi að fara að káfast í búrekstrinum hjá hverjum og einum bónda í þessu landi. Ég vona sannarlega að þessar upplýsingar séu ekki fyrirboðar þess. Þá verður sannarlega ekki nein ástæða til þess að óttast offramleiðslu í landbúnaði, því að við þær aðstæður búa íslenskir bændur ekki.

Annað, sem hefur komið fram og virðist vera ákaflega vinsæll boðskapur, er að það vanti að meta þjóðhagslegt gildi landbúnaðarframleiðslunnar, sérstaklega vanti að meta þjóðhagslegt gildi sauðfjárræktar á Íslandi. Þetta segir m. a. hæstv. landbrh., einn slyngasti sauðfjárræktarmaður á Íslandi, sem m. a. á einn allra lagðprúðasta hrútastofn sem nokkur íslenskur bóndi á. En samt metast menn um gildi þess, að þessi búgrein skuli vera stunduð á Íslandi. Allt rekst þetta nokkuð á. En, þeir sem ekki vita, geta spurt aðra, og ef mönnum er ekki kunnugt um þetta í landbrn. er hægt að fara í hús til nágrannans og spyrja hvað hann hafi að segja. Í tímariti um iðnaðarmál, 4. tbl., birtist grein eftir Svein Björnsson, og ég ætla — með leyfi hæstv. forseta — að lesa hér aðeins innganginn í þeirri grein. Þar segir svo:

„Ullariðnaðurinn er aðalvaxtarbroddur íslensks útflutningsiðnaðar. Á síðasta ári nam útflutningsverðmæti hans milli 8 og 9 milljarða kr. Um 1100 manns starfa að ullarvöruframleiðslu í um 40 fyrirtækum um allt land. Eftirspurn eykst stöðugt. Um 80% útgjalda í prjóna- og saumagreinum þessa iðnaðar eru vinnulaun og efni. Frá okt. 1978 til jafnlengdar 1979 hækkuðu þessir kostnaðarliðir um sem næst 40%. Á sama tíma hækkaði meðalgengi Bandaríkjadollars um 23—24%. Samið er um fast verð við erlenda kaupendur á haustin."

Vart þarf að hafa fleiri orð um stöðu ullariðnaðarins til að lýsa áhrifum verðbólgunnar á tilveru hans. Í rauninni eru áhrifin meira og minna þau sömu á alla aðra útflutningsstarfsemi.

Sveinn Björnsson er ekki í neinum vafa um þjóðhagslegt gildi sauðfjárræktar á Íslandi. Hann segir í þessari grein að útflutningsverðmætin nemi 8—9 milljörðum, og hann segir að það séu 40 fyrirtæki víðs vegar um land sem vinni að þessari framleiðslu. Og hann segir líka að 80% af framleiðslukostnaðinum séu vinnuafl og framleiðsla. Menn virðast ekki endilega þurfa að eiga fallega hrúta til þess að geta áttað sig á gildi sauðfjárræktar á Íslandi.

Það var að sjálfsögðu málefnaleg ræða sem hv. þm. Helgi Seljan flutti hér áðan, og átti ég reyndar ekki von á öðru, svo vel sem ég þekki til þess manns. En við eitt atriði verð ég þó að gera aths., og það er þar sem hann ætlaði sér að fara að stýra landbúnaðarframleiðslunni með aðhaldi í fjárfestingu. Um þetta hefur verið mikið talað, og það eru reyndar alls ekki orð þessa hv. þm. að erfiðleikarnir í landbúnaðarframleiðslunni stöfuðu af of mikilli fjárfestingu í landbúnaði. En vandamálin hafa í vissum tilvikum verið skýrð á þann einfalda hátt, að of mikil fjárfesting í landbúnaði hafi valdið of mikilli framleiðslu. Ég hef hér meðferðis sérstakt yfirlit frá Þjóðhagsstofnun um þetta atriði. Þar kemur fram að frá árinu 1965 til ársins 1979, sem er síðasta árið þar sem allar tölur liggja fyrir, hefur fjármunamyndun í landbúnaði 20-faldast á þessu tímabili. Menn líta gjarnan á þessa tölu og ganga út frá henni þegar þeir eru að tala um offramleiðsluna í landbúnaði og tilurð hennar. En þegar þetta er hins vegar fært til réttrs verðlags kemur í ljós að fjárfesting er nálega á öllu þessu tímabili alveg sú sama. Þar eru aðeins frávik rétt í kringum 1970, á erfiðleikaárum þá, og samdráttur í þeirri fjárfestingu kemur einkum niður á vélum og tækjum. Og það er aðeins aukning á tveimur árum á þessum síðasta áratug, og það er vegna byggingar grænfóðurverksmiðjanna. Að öðru leyti er fjárfesting í landbúnaði, árleg fjárfesting 15 s. l. ár, alveg sú sama. Og það er reyndar athyglisvert, að á sama tíma og fjárfestingin eykst, 20-faldast að krónum til, þá minnkar hún að magni til um 20%. Þessa get ég hér alveg sérstaklega vegna þess, að ef menn ætla að fara að stýra landbúnaðarframleiðslunni út frá þessu, þá er þar um mikla reikningsskekkju að ræða. Ég held að það megi nefnilega ekki vera öllu minni fjárfesting í landbúnaði til þess að halda honum í eðlilegu horfi, og má m. a. tilgreina það, að inni í þessum tölum er t. d. öll mjólkurtankvæðing í sveitum landsins.

Ég er nú búinn að afhenda hv. þm. Helga Seljan afrit af þessari skýrslu frá Þjóðhagsstofnun svo að ég veit að hann glöggvar sig á þessu eins og mörgu öðru.

Ég hef nú fjallað hér um þau sérstöku efnisatriði sem hafa komið hér fram, og ég reyndar veit ekki vel hvernig ég á að meta það sem menn hafa verið að tala hér um, að þetta væri ekki tímamótatillaga. Það er mikil spurning hvort það væri nokkur sérstakur kostur við þessa till. að þetta væri einhver tímamótatillaga. Á hvern hátt ætti það þá að vera? Hér hafa t. d. verið lagðar fram á Alþingi tillögur um að fella niður útflutningsbótatrygginguna á 5 árum. Það eru engin slík tímamót í þessari tillögu. Hæstv. viðskrh., sem ekki er hér við þessa umr., sagði við umr. í Ed. í fyrravor, að Framsfl. hefði alltað verið á móti og væri á móti 10% verðtryggingunni. Það eru engin slík tímamót sem felast í þessari tillögu. Ekki er hún heldur um það, að fækka eigi bændum um 1300 eða einhverja álíka tölu. Það væru tímamót ef tillaga kæmi fram um það á Alþingi. En það, sem skiptir máli, er, hvort sem tillagan verður samþykkt eða ekki, að það liggur fyrir hver er vilji okkar flm. í þessari tillögugerð. Það er að sjálfsögðu alls ekki leitast við að koma neitt þvert á þær reglur sem nú eru fyrir hendi í landbúnaðarlöggjöf, ekki nema einn og einn vanskapnaðarkróga, eins og kjarnfóðurgjaldið á s. l. vori, og kvótafyrirkomulagið, eins og það er. Annað fær að sjálfsögðu að standa í þessari stefnumótun. Það er hins vegar farið inn á nýjar leiðir, sem bent er á og hafa verið skýrðar fyrr í þessum umr. Þetta tel ég vera jákvætt við þessa till., og það er m. a. af þessari ástæðu sem við höfum fengið fram hér á Alþingi jákvæð viðbrögð við þessum tillöguflutningi, eins og m. a. kom fram í máli hv. þm. Helga Seljans, sem sagði að hér gætu menn verið sammála um langflesta hluti. Og hvað er þá að?

Hæstv. landbrh. lýsir því yfir, um leið og hann gengur hér úr ræðustól, að það sé margt gagnlegt í þessum tillöguflutningi og flest mjög jákvætt. Hv. þm. Helgi Seljan, talsmaður Alþb. í landbúnaðarmálum á Alþingi, segir að flest af þessum málum sé með þeim hætti, að menn geti verið sammála um það. Það virðist þá helst, miðað við ræðu hv. þm. Stefáns Valgeirssonar, vera Framsfl. sem hefur þá sérstöðu að geta ekki stuðlað að því að koma á skynsamlegri umræðu og skynsamlegum tillöguflutningi í landbúnaðarmálum hér á Alþingi.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Þetta eru orðnar allmiklar umræður og er sjálfsagt að lýsa ánægju sinni yfir því. Þær hafa verið að ýmsu leyti gagnlegar og þingmenn hafa rætt þessi mál af yfirvegun yfirleitt og margt verið réttilega sagt.

Ég skal ekki fara í löngu máli út í ræðu hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar, hv. 5. landsk. þm., en hann spurði um tiltekin atriði í fyrsta lagi hvað hefði verið unnið af hálfu rn. frá því í nóv. s. l. að útreikningum á því, hvernig það komi út að greiða hluta af niðurgreiðslum af útflutningsbótum beint til bænda. Ég svara því mjög á sömu lund og ég gerði, að ég hygg, 25. nóv., er ég hafði þann fyrirvara, að starfsmenn Stéttarsambands bænda og Framleiðsluráðs væru enn mjög önnum kafnir við útfærslu á þeim reglum sem bændasamtökin hafa samþykkt og landbrh. lögum samkvæmt hefur ekki heimild til þess að gefa þeim fyrirmæli um að hverfa frá, svo að meðan sú vinna stæði væri þess varla að vænta að mikið gerðist í þessu máli. Hins vegar mun þessi vinna nú langt komin, og er sjálfsagt að athuga það frekar. Hins vegar er rétt að vekja á því athygli, að um þetta sérstaka atriði hafa ekki komið fram óskir frá fulltrúum bænda yfirleitt. Nú skal ég síður en svo draga í efa að hv. 5. landsk. þm. sé fulltrúi bænda eins og annarra kjósenda í okkar kjördæmi. En þeir, sem eru fulltrúar í bændasamtökunum, hafa ekki hvatt mikið til þessa máls.

Hv. þm. minntist hér á eitt dæmi í þeim útreikingum sem fyrir lágu í bréfi hans frá Stéttarsambands bænda 6. mars 1979. Þar kemur út úr því dæmi, þar sem reiknað væri með að 25% framleiðslukostnaðar væru greidd hverjum bónda á 500 ærgilda búi beint af niðurgreiðslufé, í fyrsta lagi, að miðað við það kerfi yrði verð samanlagt á mjólk 70 kr. hærra til neytanda, en á dilkakjöti yrði heildsöluverð 486 kr. hærra á kíló. Þetta dæmi kom því þannig út, að það sýndist ekki hagstætt. Enn hefur ekki komið í ljós að hér sé um hagstæða leið að ræða. En það geta vitaskuld orðið breytingar miðað við nýjan vísitölugrundvöll, eins og ég drap á í minni ræðu, að þá gæti komið hagstæðar út að verja fé af niðurgreiðsluþætti ríkisútgjalda til þess að greiða niður frumþarfir framleiðslunnar. Það er ókannað mál og verður að bíða síns tíma. En ég mun nú ítreka þetta við fulltrúa bændasamtakanna, vegna þess að þessi ósk hefur komið hér fram að nýju á hv. Alþingi, og beina því til þeirra, hvort þeir sjái sér fært að leggja vinnu í að athuga þetta frekar.

Nú vil ég aðeins segja það, eins og ég sagði 25. nóv., ef ég man þá dagsetningu rétt, að það eru mjög mikil vandkvæði á framkvæmd þessa máls, — mjög mikil vandkvæði. Ég lagði mikla vinnu í það, bæði sjálfur og lét líka leggja mikla vinnu í það s. l. haust, að athuga á hvern hátt væri hægt að koma því við að greiða beint til bænda orlofsþáttinn sem nú er inni í búvöruverðinu. Við þá vinnu, sem væri mjög sambærileg að kerfi til, kom það í ljós, að það urðu slíkar flækjur að ég treysti mér ekki til að koma þessu í framkvæmd, sem ég taldi hagstætt ef einföld eða tiltölulega greiðfær framkvæmdaleið hefði fundist. Svo væri bæði fyrir neytendur og framleiðendur.

Því miður fundust ekki við þá vinnu, sem í þetta var lögð á þeim tíma, nægilega greiðar framkvæmdaleiðir til þess að við treystum okkur til að fara í þann þátt málsins, og það er mjög sambærilegt hvað framkvæmd snertir við það sem hv. þm. talar nú um.

Hv. þm. beindi jafnframt fsp. til hæstv. viðskrh., sem ekki er nú viðstaddur, varðandi þann þátt málsins, hvað gert hefði verið í því að framfylgja ályktun Alþingis um að koma því fé, sem bundið er í rekstrarlánum og afurðalánum landbúnaðarins, beint til bænda. Ég fól í fyrravetur sérstakri nefnd, sem vann að athugun á afurðalánakerfinu, að taka þetta mál til sérstakrar athugunar. Þessi nefnd skilaði áliti, ef ég man rétt, nú eftir áramót. Því miður er ég ekki með nefndarálitið hjá mér, ella væri mjög nauðsynlegt að koma niðurstöðum úr því nál. á framfæri við hv. 5. landsk. og raunar við Alþingi í heild. En niðurstöður úr áliti nefndarinnar voru mjög neikvæðar á þá lund að það hefðu ekki fundist leiðir til þess að framkvæma þetta á þann máta sem ályktun Alþingis gerði ráð fyrir.

Formaður þessarar nefndar, sem hafði verið skipuð fyrir mína tíð í landbrn., var Vilhjálmur Hjálmarsson fyrrv. menntmrh., og í n. voru fulltrúar frá bankakerfinu, þ. á m. Seðlabanka Íslands, og frá Alþingi og að ég hygg frá bændasamtökunum. Nú minnist ég þess, að hv. þm. Árni Gunnarsson var einn af nefndarmönnum, og hann sagði mér, eftir að nefndin hafði komist að niðurstöðum sínum, að niðurstöður hennar væru í rauninni mjög alvarlegar fyrir Alþingi vegna þess að sýnilegt væri að Alþingi hefði samþykkt till. sem erfitt væri að framkvæma.

Mér er ekki kunnugt um það, hvort hæstv. viðskrh. hefur látið vinna í þessu frekar, vegna þess að þessu máli hefur nú upp á síðkastið verið beint til hans, og eins og ég segi, ég er ekki með þessar niðurstöður nefndarinnar hér hjá mér.

Nú þykist ég vita að það sé unnt að finna leiðir í þessu máli sem eru kannske nokkuð á annan veg en hv. þm. Eyjólfur Konráð hefur gjarnan orðað, og þær leiðir eru í raun og veru framkvæmdar á vissum framleiðslusvæðum. Það er á þann veg, að ég hygg, að framleiðslufélögin hljóti og verði að vera lántakendur þessara lána, en þau gætu lagt þessa fjármuni annað tveggja inn á viðskiptareikning hlutaðeigandi framleiðanda eða inn á bankareikning hans, gjarnan eftir samkomulagi milli framleiðslufélags og milli hlutaðeigandi einstaklings. Þessa leið hygg ég hægt að fara í svona máli. Hitt hef ég aldrei talið fært, að gera alla framleiðendur búvöru á Íslandi að lántakendum. Ég hef aldrei talið það fært. Ég hef ekki tölu á því, hvað þeir eru margir, en þeir eru vafalaust a. m. k. fjórum sinnum fleiri en bændur í landinu, og að hafa bókhald á því öllu saman og endurgreiðslur í lagi, tryggingar o. s. frv., það er án efa of flókið kerfi.

Ég skal ekki eyða tíma í að ræða það, hvort nú séu einhver meiri vandamál í landbúnaði en verið hefur. Ég tel að þau séu í raun og veru minni en var fyrir einu til tveimur árum, enda þótt vandamálin séu ærin. Þau eru af ýmsum toga og meira að segja þeim þáttum sem lítt hefur borið á í þessari umræðu í dag. Skal ég ekki fara að leiða þá þætti inn í hana nú þegar svo langt er komið. En þau vandamál eru auðvitað ærin í íslensku þjóðfélagi, það vitum við og ég skal ekki gera lítið úr því. En ég held þau séu raunar heldur minni en þau hafa verið fyrir einu til tveimur árum.

Hvort hér sé ofstjórn eða óstjórn á þessum hlutum, þá vil ég nú ekki taka undir það. Ég tel að bændastéttin og forustumenn hennar hafi tekið á framleiðsluvandamálum sínum með miklum myndarskap. Út af fyrir sig getum við sagt að það hefði kannske eitthvað mátt betur fara, en við öðru var ekki að búast. En bændastéttin hefur haft forustu um það og löggjafinn veitt lagaheimildir til þess

að gera það mögulegt að leysa að verulegu leyti úr þeim framleiðsluvandamálum sem íslenskur landbúnaður var staddur í. Að þeim orðum loknum get ég ekki tekið undir það með hv. 5. landsk., að vandamálin séu nú stærri en áður var.

Í sambandið við ræðu hv. 11. landsk., 1. flm. þessarar till., þá er það út af fyrir sig alveg hárrétt hjá honum, að sú till., sem ég vitnaði í að ég hefði verið 1. flm. að, var flutt fyrir rúmlega einu ári. En hún var fyrst flutt fyrir tveimur árum. Hún var endurflutt á haustþingi árið eftir og ekki afgreidd á því þingi. Hún var ekki afgreidd og hefur ekki verið endurflutt. Það þarf því ekki að bera neitt á milli okkar um það.

Hv. þm. gerði nokkuð mikið úr því, að þau stefnumál, sem þessi till. byggðist á, væri unnin upp úr gögnum frá Þjóðhagsstofnun og Hagstofu Íslands. (**Gripið fram í:** Meðal annars.) Hv. 1. flm má vel standa í þessari trú. En þau gögn, sem hér birtast frá þessum tveimur ágætu stofnunum, eru í fyrsta lagi fskj. V frá Þjóðhagsstofnun, þar sem er skrá um magn og verðlag búvöruframleiðslunnar árin 1963—1979. Þar eru verðvísitölur, magnvísitölur og til hliðar er þar einnig vísitala hámarksábyrgðar verðtryggingar, þ. e. útflutningsuppbóta. Frá Þjóðhagsstofnun er einnig skrá um útfluttar landbúnaðarafurðir 1963—1978 og verðmæti þeirra á óbættu útflutningsverði svo og innanlandsverði og hlutfallstölur þar að lútandi. Frá Hagstofu Íslands er hér skrá um það, hvernig 10% verðábyrgð, þ. e. útflutningsbætur hafa nýst á árabilinu 1963—1979. Þetta eru allt saman þýðingarmikil gögn og er mjög gott að fá þau hingað. En í þessu felst ekki nein stefnumörkun, þó að þessi gögn hafi sögulegt gildi og sýni þróun búvöruframleiðslunnar og verðlags.

Ég þakka hv. flm. fyrir skilgreiningu hans á framleiðslusjónarmiðinu, sem ég tel fullnægjandi skýrt af hans hálfu, þannig að það sé meining flutningsmanna að framleiðslan skuli miðast við það að 10% verðtryggingin haldist og sé fullnýtt. Þetta tel ég fullnægjandi skýringu og ég þakka hv. flm. fyrir það.

Þá kemur aftur að framleiðslustjórnuninni sem er í rauninni aðalatriðið í útfærslu á þessari till., þ. e. eftir að grundvallaratriðunum sleppir. Þá fór nú heldur að versna í því. Sem sé tillagan sjálf, eins og hún er úr garði gerð og ég las nokkrar setningar úr, er eiginlega staðfesting á því, að flm. vilja stefna á sama hátt og gert hefur verið í þeim aðgerðum til stjórnunar á framleiðslu sem beitt hefur verið síðan ég kom í landbrn. og raunar nokkru áður. Hún er staðfesting á því.

En ræða hv. flm., seinni ræða hans, var bara öll í aðra átt og það þótti mér sannast sagna mjög svo einkennilegt. Ég skal ekki fara að rekja þetta því að mér finnst ekki taka því, því að till. sjálf liggur fyrir. Hún er á borðum allra hv. þm. og þar segir sem fyrsta atriði í þessari till., að heimilt sé að leggja gjald á allt innflutt kjarnfóður og svo til viðbótar gjald á umframnotkun. Svo kemur hv. þm. hér og segir að kjarnfóður, sem notað er til innanlandsframleiðslu, eigi að vera gjaldfrítt. Og hann talar um þetta sem vanskapnaðarkróga. Ég veit ekki hvort ræða hv. þm. ætti að kallast vanskapnaðarkrógi, því að hún fór alveg á mis við till. sjálfa sem hann var að mæla fyrir. Svo koma aftur í grg. till., sem er auðvitað í samræmi við tillögugreinina sjálfa og allt gott um það að segja, — þar koma fram sterkar röksemdir fyrir kjarnfóðurgjaldi, sem sjálfsagt er. Flm. virðist styðja sína till. sterkum rökum. Það er sjálfsagt og má þakka honum fyrir það. Hann hefur gert það mjög skýrt. Það segir m. a.: „Notkun kjarnfóðurs hefur tekið breytingum eftir verðlagi þess á hverjum tíma, sem síðan hefur komið fram í aukinni framleiðslu. Þetta sýnir að kjarnfóðurgjald er áhrifamikil leið til að stjórna framleiðslu á búvörum."

Ég tel ekki þörf á því að lesa fleiri setningar úr grg. þessarar till. (Gripið fram í.) Till. sjálf og grg. eru í samræmi, flm. vilja kjarnfóðurgjald, telja það áhrifaríkustu og þá fyrstu leið sem fara á til stjórnunar á framleiðslu búvara. Og ég er alveg sammála um þetta.

Ég held að það sé ekki ástæða til þess að fjalla um þetta í löngu máli. Ég vil aðeins taka það fram, sem hv. 1. flm. minntist hér á og vitnaði í Árna Jónasson, að minnkun kjarnfóðurnotkunar hefði haft óveruleg áhrif á framleiðslu búvara. Þetta getur allt verið að nokkru leyti rétt. Hér segir í fréttabréfi frá upplýsingaþjónustu landbúnaðarins 1. mars, þar sem er útdráttur úr uppgjöri frá nautgriparæktarfélögunum í landinu, að talið sé einna athyglisverðast í skýrslum að þrátt fyrir að kjarnfóðurgjöf hafi minnkað um 231 kg á ársbú hafi nytin aðeins minnkað um 53 kg á ársbú hjá nautgriparæktarfélögunum. En samkvæmt kenningu eiga að fást 2—2.5 kg af mjólk fyrir 1 kg af fóðurblöndu. Samt minnkaði nytin aðeins um 53 kg við það að kjarnfóðurgjöfin dróst saman um 231 kg. Það virðist sem sé koma í ljós, að kjarnfóðurgjöf hafi verið í óhófi til mjólkurframleiðslu að undanförnu og að menn hafi ekki einungis framleitt mjólk sem þeir hafi síðan ekkert getað fengið fyrir, vegna þess að mjólkurafurðir hafi ekki selst fyrir meira en vinnslukostnaði á erlendum markaði, heldur hafi þeir lagt í stórkostleg útgjöld við kjarnfóðurkaup sem síðan hafi sama og ekkert fengist fyrir í framleiðslu. Það má því leiða að því getum, að á einhverjum svæðum landsins geti bændur í nautgriparæktarfélögunum, sem sjá þessar tölur fyrir framan sig, jafnvel lært eitthvað í fóðurfræði. Það er auðvitað gott ef við getum keppt að aukinni hagkvæmni í framleiðslu og að samdrætti í notkun erlendra aðfanga og haldið samt nokkurn veginn í horfi með framleiðslu.

Hv. 1. flm. þessarar till., 11. landsk. þm., undraðist það að bóndinn á Akri, sem ætti lagðprúða hrúta, skyldi þurfa að spyrja um gildi sauðfjárframleiðslu og sauðfjárræktar. Nú er það svo, að ég þykist kannske vita mínu viti um sauðfjárrækt og gildi hennar. En það eru bara ekki allir sem viðurkenna það sem ég segi — við skulum segja úr þessum ræðustól. Ég hafði hugsað mér að fá úttekt á þjóðhagslegu gildi umframframleiðslu í landbúnaði til þess að fá niðurstöður sem fólkið í þéttbýlinu tryði. Til þess voru settir í þá nefnd starfsmenn frá opinberum stofnunum, eins og Þjóðhagsstofnun og hagdeild Seðlabanka Íslands, til að taka þátt í þessari úttekt. Ég hafði nefnilega sterka trú á því, að ég segi kannske vissu, að það mundi sannast að það væri hagstætt fyrir íslenska þjóð að framleiða sauðfjárafurðir enda þótt hluta þeirra þyrfti að flytja út með verðuppbótum úr ríkissjóði. Svo mikilvæg er þessi framleiðslugrein í mínum augum og ég trúi því enn, að þegar niðurstöður fást úr þessari úttekt muni þetta sannast. Allt, sem hv. þm. Egill Jónsson sagði, studdi þetta, ekki síst það sem hann las um ullariðnaðinn úr ritgerð eftir Svein Björnsson og var auðvitað mikilsvert innlegg í þetta mál þó það sé ekki nema hluti af dæminu. Ég hef stundum rakið þetta dæmi nokkru lengra, ég skal ekki taka tíma í það nú, en það

dæmi er stórt þegar allir þættir þess eru skoðaðir.

Ég held því að það sé mikilvægt fyrir þá, sem bera hagsmuni landbúnaðarins fyrir brjósti, að slík sönnunargögn fáist, ef okkur tekst að fá því ráðið til lykta, — slík sönnunargögn verði lögð á borðið af hálfu aðila sem þjóðin í heild trúir. Þá höfum við fengið fastari grundvöll í allri landbúnaðarumræðu og sú landbúnaðarumræða er stundum með nokkuð sérkennilegum hætti, — en þá höfum við fengið fastari grundvöll að standa á heldur en við höfum haft hingað til. Þó svo að ég þykist vita mínu viti í þessu máli og þó svo að hv. þm. Egill Jónsson viti kannske allt um þetta mál, þá er ekki alveg víst að aðrir viðurkenni þetta fyrr en við höfum úttekt aðila sem þjóðin öll ber traust til. En það er þetta sem liggur að baki því að sett var nefnd til að vinna þetta verk.

Herra forseti. Vegna þess að það líður dagurinn, þó ærið sé órætt, skal ég ekki lengja þetta mál. En málefni landbúnaðarins og stefnumál í landbúnaði eru, eins og hér hefur verið ítarlega bent á, ákaflega þýðingarmikið mál fyrir bændastéttina, fyrir það fólk sem byggir sveitir landsins, en ekkert síður fyrir þjóðina í heild. Við þurfum að styðja þá umræðu þeim gögnum að það geti tekist sátt um þessi mál. Og að það sé ekki lengur unnt fyrir óvandaða menn, hvaðan sem þeir koma, að halda uppi óhróðursskrifum eða óhróðurstali um landbúnaðarmálin, eins og stundum hefur gerst, því miður.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Ég tek undir með hæstv. landbrh. þegar hann segir að það sé nauðsynlegt að hafa úttekt, sem allir trúi og allir geti treyst, þegar talað er um þessi mál, því að það hefur því miður af mörgum aðilum og úr öllum áttum verið talað um þessi mál af allt of miklu ofstæki, líka af fulltrúum þeirra sem verja landbúnaðarstefnuna og hafa varið hana á undanförnum árum. Ég er því mjög ánægður með það að menn hafi einhvern fastan grundvöll til að standa á og menn viti vel hvað þeir eru að tala um.

Það ber að virða að bændur og forsvarsmenn þeirra hafa nú tekið upp stjórnun á framleiðslu landbúnaðarvara og hafa á ýmsan annan hátt tekið upp skynsamlegri stefnu og skynsamlegri vinnubrögð en oft áður hafa verið uppi höfð. Betra hefði auðvitað verið og ástandið ekki eins slæmt og nú er raunin á ef forustumenn landbúnaðarins hefðu áður hlustað á og tekið alvarlega aðvaranir Alþfl. um það, hvert óheft offramleiðsla mundi leiða. En betra er seint en aldrei.

Mér hefur ávallt fundist mismunur á kjörum bænda innbyrðis óhóflega mikill og miklu meiri en gengur og gerist annar staðar í þjóðfélaginu. Lítið sem ekkert hefur verið gert af forustumönnum landbúnaðarins til að lagfæra þetta. Mér finnst að mjög sé nauðsynlegt að þetta verði lagfært, ekki síst núna þegar verið er að draga úr landbúnaðarframleiðslu, sem hlýtur auðvitað að koma niður á mörgum.

Herra forseti. Það er margt skynsamlegt í þeirri þáltill. sem hér er til umr. Við Alþfl.- menn getum stutt efni hennar í mörgum veigamiklum atriðum þótt við séum ekki sammála um þáltill. á öllum sviðum.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég fagna því að hér er komin fram till. til ál. um stefnumörkun í landbúnaði. Ég ætlaði að geyma mér að ræða þessi mál þar til landbrh. hefði lagt fram slíka till. til ál. hér á Alþingi, en í hans máli hefur komið fram margt nú í dag sem skýrir stefnu hans.

Það er sérstaklega eitt atriði sem ég vil þó gjarnan fá orðað á ljósari hátt. Það er 3. grein í markmiðunum: „Framleiðsla landbúnaðarafurða miðist fyrst og fremst við það, að fullnægt verði þörfum þjóðarinnar fyrir neysluvörur og hráefni til iðnaðar. Auk þess verði tekið fullt tillit til þjóðhagslegs gildis þeirra atvinnutækifæra annarra, sem landbúnaðarframleiðslan veitir." Nú skilst mér að hér sé fyrst og fremst verið að tala um sauðfjárræktina í þessu landi. Og þar sem hv. flm. hefur lýst því hér mjög ákveðið yfir, að hann viti hvert þjóðhagslegt gildi þessarar atvinnustarfsemi sé, virðist mér sem hann hafi enga þætti óljósa til að kveða upp úr um það, hvort með þessu sé verið að leggja til fjölgun eða fækkun á íslensku sauðfé. Það liggur ekki ljóst fyrir eins og þetta er hér sett fram. Það er nefnilega ekki víst að saman fari annars vegar þörf þjóðarinnar fyrir neysluvörur og hins vegar þarfir iðnaðarins fyrir hráefni. Og ég óska eindregið eftir því, að hann skýri það á ljósu máli, helst ljósara en hæstv. forsrh. notar stundum, hver merking þessara orða sé.

Ég ætla ekki að hafa hér fleiri orð um, en vænti þess, að ég fái svarið það skýrt að ég skilji og allir aðrir sem hér eru inni.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Þetta er vonandi ekki að verða spurningaþátturinn „Veistu svarið". Athugasemdir hv. síðasta ræðumanns minna okkur á hvernig svör oddvita núv. hæstv. ríkisstj. venjulega eru, enda held ég að menn fari nú að átta sig á því. En þar sem sá ágæti maður er nú ekki hér mættur ætla ég ekki að ræða hans persónu sérstaklega að þessu sinni, það gefast ræki færi til þess síðar.

Næsti hv. ræðumaður þar á undan, talsmaður Alþfl. í landbúnaðarmálum, sagði: Betra er seint en aldrei. — Það eru ummæli hans um núverandi stefnu núv. ríkisstj. í landbúnaðarmálum. Hann sagði, að þar hefði allt verið stjórnlaust, og fáraðist mjög yfir því, og það hafa þeir Alþfl.- menn gert, eins og menn vita, í áratugi, einnig í viðreisnarstjórninni þótt þeir yrðu að láta þar í minni pokann, að allt of mikið væri framleitt í landbúnaðinum og allt of mikið byggt og allt of mikið ræktað. Allt þetta þekkja menn, og ég hélt satt að segja að t. d. ég og hv. þm. Stefán Valgeirsson og hæstv. landbrh. værum sammála um að vera á móti stefnu Alþfl.

Vitnisburðurinn um stefnu hæstv. ríkisstj. í landbúnaðarmálum frá Alþfl. er þessi: Betra er seint en aldrei. Ég held að hann hafi tvítekið það. Ég held að það sé dómur um það, að landbúnaðurinn sé staddur í erfiðleikum á þeim vegamótum, eins og bæði ég og hv. þm. Stefán Valgeirsson útlistuðum hér í nokkrum orðum í ræðum okkar. Ég held, að það séu mjög erfiðir og alvarlegir tímar fram undan í landbúnaðarmálum, og skal ekki fara lengra út í þá sálma. En ég bið stuðningsmenn hæstv. núv. ríkisstj. að hugleiða orð Alþfl.: Betra er seint en aldrei. Nú loksins eru þeir ánægðir. Nú er Alþfl. ánægður. Nú er Dagblaðið, málgagn ríkisstj., ánægt. Nú eru allir þeir, sem hafa nítt skóinn niður af bændum, ánægðir eftir þessum orðum að dæma. Og þetta eru sjálfsagt ekki mín orð. Mín orð eru nákvæmlega þau sömu og hv. þm. Stefáns Valgeirssonar. Það er mikill vandi fram undan í landbúnaðinum og miklir erfiðleikar. Ég held að hann hafi sagt eitthvað á þá leið, að hann væri hræddur um að minnkunin gæti haldið áfram. Það er ég líka hræddur um.

Að því er varðar aftur svör hæstv. landbrh., þá er ég honum mjög þakklátur fyrir þau. Hann vék að bæði því málinu, sem heyrir beint undir hann og fjmrh., þ. e. beinu greiðslurnar til bænda. Að vísu sagði hann að frá bændum hefðu ekki komið óskir um sérstaka athugun á þessu máli. Það er ekki rétt. Ég hef að vísu ekki opinberlega heyrt neitt nú nýverið um það, en ég las hér upp ályktun Búnaðarþings 1979, og ég held að ég verði að fá að endurtaka hana að gefnu þessu tilefni, að bændur hafi ekki óskað eftir athugun á þessu sínu mesta hagsmunamáli. Það hafa þeir einmitt gert. En þar segir um 6. mál þingsins:

„Tillaga Eyjólfs Konráðs Jónssonar um að hluti niðurgreiðslna og útflutningsbóta verði greiddur beint til bænda.

Málið afgreitt með eftirfarandi ályktun, sem samþykkt var með 24 shlj. atkv.:

Búnaðarþing telur, að enn liggi ekki fyrir nægar upplýsingar til þess að unnt sé að taka efnislega afstöðu til þeirra hugmynda, sem í till. felast, en óskar eftir því við stjórn Stéttarsambands bænda, að hún láti fara fram frekari könnun á málinu."

Og í grg. segir:

Ýmsir hafa leitt hugann að því, hvort það fjármagn, sem hið opinbera ver til niðurgreiðslna og útflutningsbóta búvara, kunni að nýtast betur í öðru formi en því sem beitt hefur verið. Hér er um háar fjárhæðir að ræða og full ástæða til þess að gaumgæfa vel alla möguleika um hagkvæmari notkun þess fyrir landbúnaðinn og þjóðarheildina.

Ljóst er að hugmyndin um að greiða hluta framleiðsluverðs beint til bænda með þessu móti krefst ítarlegar skoðunar á mörgum þáttum framleiðslu- og sölukerfisins. M. a. munu hugmyndir Eyjólfs Konráðs Jónssonar vera í frumathugun hjá Stéttarsambandi bænda og því ekki tímabært fyrir Búnaðarþing að taka endanlega afstöðu til málsins."

Þetta eru skýr orð og þarf ekki að fjalla um þau frekar. Það er sem sagt ósk Búnaðarþings að Stéttarsambandið haldi áfram þessum athugunum.

Ég efast ekki um að það hefur farið fram könnun á því, hvernig hægt væri að koma orlofsfénu beint til bænda. En ég er ekki viss um nema það geti verið að einhverju leyti flóknara. Þessir ágætu embættismenn okkar, sem þeir flestir eru, hafa nú fundið það upp að flækja hlutina býsna mikið á ýmsum sviðum og þ. á m. í orlofsmálum þannig að erfitt er fyrir menn að brjótast í gegnum frumskóginn oft á tíðum. Það kann vel að vera að þannig sé um það búið að þegar menn lendi inni í kerfinu og eigi að brjótast út úr því, þá sjái þeir ekki útgönguleiðina.

Þá er ég kominn að því að ræða um útreikninga Árna Jónassonar í bréfinu sem mér var sent 6. apríl 1979 og hæstv. ráðh. vék að. Þeir eru byggðir á þágildandi vísitöluútreikningum, þeim reglum og kerfi þegar búið er að margníðast á vísitölunni af öllum ríkisstj. og sérstaklega með niðurgreiðslu landbúnaðarvaranna til þess að hafa sem mest áhrif til fölsunar á vísitölu, vil ég segja. Allar ríkisstj. hafa verið að reyna að falsa blessaða vísitöluna, í staðinn fyrir að ganga hreint til verks og skerða kjörin, eins og núv. hæstv. ríkisstj. þó gerði, og breyta frá grundvellinum. Og nú er verið að breyta vísitölugrundvelli, ekki eftir ákvörðun núv. ríkisstj. að vísu. Það er miklu betra að koma hreint til verks. Að vísu gat hæstv. ráðh. þess réttilega, að með nýju vísitölunni og öðrum reglum kynni þetta dæmi að koma öðruvísi út. En bara samkvæmt ósköp einfaldri, venjulegri skynsemi hlýtur það að koma betur út fyrir bændur og þar með neytendur, þótt vöruverðið sé lægra, að bændur fái sína peninga beint í hendur, í staðinn fyrir að bíða eftir einhverjum útreikningsdæmum og útreikningskúnst. Ég skil ósköp vel að hæstv. landbrh. hefur ekki búið til allar þessar kúnstir. Hann lendir í þessu kerfi, í þessu tilfelli að sjálfsögðu sem stjórnmálamaður, en líka embættismaður. Hann á að framkvæma þetta eftir einhverjum reglum sem eru orðnar svo skrumskældar, ekki af hans verkum, heldur allra mögulegra manna annarra, að það er ekki hægt af þessum sökum. Auðvitað á að breyta þessum frumskógi svo að fólkið í landinu skilji. Það er þetta sem ég átti við með ofstjórnarskerfinu, ekki að það væri sök hæstv. ráðh., — alls ekki. En það er haldið áfram á sömu braut. Það er haldið áfram á braut vinstri stefnunnar, sem hlýtur auðvitað að leiða til lakari lífskjara en ella væru og leiða til þess, að enginn veit sitt rjúkandi ráð í öllum ósómanum. Það er ekki einu sinni hægt að skilja svo einfalt mál, að það hljóti að vera betra fyrir bændur að fá sína peninga beint, af því að það þurfi að reikna þetta eftir einhverjum kúnstum, að vöruverðið muni hækka, smjörkg um 70 kr. eða mjólkurlítirinn eða hvað það nú er. Það er þetta sem er að verða óþolandi, og ég hygg að hæstv. landbrh. skilji mætavel að það þarf að brjótast út úr þessum vítahring.

Þá er hitt málið, rekstrar- og afurðalánin. Ég hef nöfnin á mönnum sem í henni voru, það voru nokkrir bankamenn og ýmsir heiðursmenn aðrir og ég held að hæstv. ráðh. hafi sagt að einn nm. hafi sagt við sig að Alþingi hafi orðið sér til minnkunar með því að samþykkja tillöguna. (**Gripið fram í:** Ekki minnkunar, en niðurstöður nefndarinnar væru í rauninni alvarlegar fyrir Alþingi.) Já, niðustöður nefndarinnar væru alvarlegar fyrir Alþingi. Þá skil ég það svo, að Alþingi hafi gert eitthvað sem því var ekki sæmandi, það hafi samþykkt reglur sem eru óframkvæmanlegar, og þá hefur Alþingi náttúrlega orðið sér til minnkunar. Ég held að þetta hljóti að ganga upp svona og komi heim og saman.

Við vissum það allir, alþm., þegar við samþykktum þetta, að bankakerfið var búið æ ofan í æ að halda því fram að þetta væri óframkvæmanlegt. Við vissum líka allir jafnvel, að það var vel framkvæmanlegt, og það var margsinnis útlistað hvernig það væri framkvæmanlegt. Það er einfaldasta mál í heimi að koma peningum manna inn á bankabók eða sparisjóðsreikning eða hvernig sem þeir vilja fá þá, og um veðsetningarnar fer nákvæmlega eins og t. d. í sjávarútvegi. Þetta er ekkert einsdæmi, enda benti hæstv. ráðh. á það strax í næsta orðinu réttilega, og það er ég honum innilega þakklátur fyrir, að til væru einmitt þessar leiðir sem ég var að tala um, að afurðasölufyrirtækin legðu þetta annaðhvort inn á viðskiptareikning strax eða beint inn á bankareikning strax. Ráðh. sjálfur benti á leiðina. Ég hef oft bent einmitt á þessa leið, og ég las hér upp meira að segja grg. 25. nóv. s. l. um hvernig þetta gerðist í sjávarútveginum. Það gerðist 1977 endanlega. Að vísu hefur verið bannað allt frá árinu 1930 með lögum nr. 22 að færa launatekjur sjómanna og verkamanna í innskrift, eins og gert er með bændur. Það hefur verið bannað. En það voru samt vandkvæði á að koma aflahlutnum eða öllu heldur fiskverðinu stundum til útvegsmanna. Þeir fengu það ekki strax frá

fiskvinnslunni. Þá gerði ríkisstj. samþykkt, svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnin hefur ákveðið að beita sér fyrir því, að viðskiptabankar sjávarútvegsins taki að sér að annast greiðslur hráefnisandvirðis til fiskseljenda“ o. s. frv. — Síðan er bókað í gerðabók Landssambands ísl. útvegsmanna, að þetta hafi ekki gengið fram. Það var krafa þess og hún var samþ. af ríkisstj. Síðan segir: „Gekk ekki eða rak í þessu efni fyrr en forsrn. var ritað svo hljóðandi bréf, dags. 12. okt. 1977:

„Vér höfum ákveðið að rifta kjarasamningum við sjómenn, sem undirritaðir voru með fyrirvara 9. júlí s. l., vegna vanefnda á gefnu loforði ríkisstj. um greiðslu aflaandvirðis af afurðalánum.““ Þetta er auðvitað gert af því að bankarnir segja að þetta sé óframkvæmanlegt, neita að fari inn á það. Hvað gerist þá? Hér stendur enn þá bókað:

„Daginn eftir að bréf þetta var ritað var formaður LÍÚ boðaður á fund forsrh., sjútvrh. og forstjóra Þjóðhagsstofnunar. Þar var þeim gerð grein fyrir að LÍÚ mundi þann dag rifta kjarasamningum við sjómenn ef ekki fengjust efndir á hinu gefna loforði um greiðslu afurðaandvirðis. Eftir að kvaddir höfðu verið til tveir bankastjórar Seðlabankans fékkst loforð um að Seðlabankinn mundi gera það að skilyrði fyrir endurkaupum afurðalána að aflaandvirði væri greitt.“

Í framhaldi af þessum fundi, sama daginn, ritaði Seðlabankinn viðskiptabönkunum svohljóðandi bréf:

„Í framhaldi af viðræðum milli ríkisstj., Seðlabanka, Landsbanka og Útvegsbanka um framkvæmd á þessu atriði hefur verið ákveðið að viðskiptabankarnir greiði af afurðaláni“ o. s. frv. Síðan eru nákvæmari fyrirmæli til viðskiptabanka um að greiða mönnum peningana sem þeir eiga að fá.

Það þarf eitt svona bréf, ekki annað. Auðvitað er þetta nákvæmlega á sama hátt hægt að gera gagnvart bændum eins og útvegsmönnum og sjómönnum, það sér hvert mannsbarn. Ég er satt að segja svo oft búinn að tala um þetta mál, að ég nenni því varla lengur. En ég er mjög þakklátur hæstv. landbrh. fyrir að hann virðist ætla að taka á báðum þessum málum og beita áhrifum sínum til þess að þau komist loks í höfn og vilji Alþingis verði staðfestur og framkvæmdur.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Í sambandi við það sem síðasti ræðumaður sagði með beinar greiðslur til bænda, þá erum við búnir að ræða þau mál og ég satt að segja nenni ekki heldur að ræða um þessi mál. En ég vona að við getum þó verið sammála um eitt, og það er að hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson ætlist ekki til að þetta fyrirkomulag verði þvingað upp á bændastéttina. (**EKJ:** Ekki aldeilis.) En ef ætti að taka bókstaflega ræðu hans áðan, þá virtist mér það liggja í orðunum, en það er gott ef það er misskilningur. (Gripið fram í.) Við þurfum þá ekki að hafa áhyggjur af þessu. Ég held að það séu örfáir bændur í landinu sem mundu kæra sig um þetta svo að við þurfum ekki að hafa miklar áhyggjur af þessu.

Í sambandi við það sem hv. þm. hafði eftir mér, að það væru miklir erfiðleikar í landbúnaði, dettur mér ekki í hug annað en undirstrika það aftur. En ég get alveg tekið undir það sem hæstv. landbrh. sagði áðan, að þeir séu ekki meiri núna, þeir séu kannske minni en þeir voru fyrir 1-2 árum. En vandinn er ekki mikill þannig lagað, ef Alþingi og ríkisstj. taka þessi mál réttum tökum, því að möguleikarnir eru miklir, það hef ég sannfærst um á undanförnum árum.

Ég ætla ekki að fara að þreyta ykkur með að ræða um þau mál hér og nú, það geri ég kannske síðar, þegar till. um þessi mál kemur frá hæstv. landbrh. og þeim flokkum sem styðja núv. ríkisstj. En ég held að hæstv. ráðh. hafi skýrt þetta alveg rétt í ræðu sinni áðan, að gagnvart almenningi í landinu, gagnvart ýmsum aðilum er okkur nauðsynlegt að fá úttekt á þessum málum sem verði ekki vefengd. Það er ekki nóg að einhverjir landbúnaðarmenn, sem eru að karpa um þetta við aðra, viti það. Við þurfum að fá þetta frá þeim aðilum sem eru teknir af þjóðinni gildir að hafa gert slíka úttekt.

Það var margt í ræðu hv. 11. landsk. þm. sem væri kannske ástæða til að gera aths. við, en ég nenni því ekki frekar en að ræða um beinar greiðslur til bænda nú. Ég ætla þó að taka eitt atriði sem hann kom inn á. Hann sagði að þeir sjálfstæðismenn væru á móti því, að það yrði bústofnsfækkun sem leiddi af kvótakerfinu. Ég verð að segja það, að hann er háfleygur, þessi hv. þm., ég bara skil hann ekki. Kvótakerfið þvingar ekki neina fækkun. Það eru markaðirnir sem þvinga þessa fækkun, og ég vil ráða því sjálfur hvort ég er með 20 kýr eða 25 kýr, hvernig ég fóðra þær o. s. frv. Ég get kannske komist af með 20 kýr til þess að fylla minn kvóta. Ég get líka fóðrað þær öðruvísi og haft 25-26. Ég vil ráða þessu. Ég vil ekki neina ofstjórn á þessu. Ég vil ekki láta stjórna þessu meira en auðsynlegt er.

Það er ákaflega mikill misskilningur að það sé kvótinn, sem stjórnar þessu. Það eru aðstæðurnar, það eru markaðirnir, það eru möguleikarnir. Og það skiptir engu máli þó að þm. sé að boða það, að sjálfsagt sé að framleiða vörur, t. d. mjólk, sem ekkert fæst fyrir.

Hann gaf í skyn að það væri hart að það væri ekki hægt að hafa hér uppi skynsamlegar umr. um landbúnaðarmál vegna mín. (Gripið fram í.) Ég sagði að hv. þm. hefði kvartað yfir því, að það væri ekki hægt að hér færu fram skynsamlegar umr. vegna þess að ég tæki þátt í þeim. (**EKJ:** Ég sagði að það væri undarlegt.) Nei, þú sagðir þetta svona. Það náttúrlega verður hver og einn, bæði hv. þm. og aðrir, að ræða um þessi mál eftir því sem þeir eru menn til, og það er annarra að dæma hver talar af skynsemi og hver ekki í þessu máli. En vandamálið er ekki það sem felst í þessari tillögu. Vandamálið er annað. Vandamálið er það, hvernig á að byggja upp atvinnulífið úti í hinum strjálu byggðum og úti um allt land og hvernig á að taka á því vandamáli. Það er það sem við þurfum að fjalla um, það er það sem við þurfum að vera sammála um og það er það sem við verðum að vinna að.

Það er athyglisvert, að allt bendir til þess — a. m. k. lítur þannig út í dag — að það sé mjög hagkvæmt að setja upp loðdýrabú. Þó að ég ætli mér ekki að eiga við þá framleiðslu, þá virðist það vera hagkvæmt, en mér þykir hún ekki skemmtileg. En það bendir líka allt til þess, að það sé hægt að gera stóra hluti í sambandi við fiskrækt. Ekki þarf að efast um að það, sem gerist í þeim efnum nú í Noregi, er svo merkilegt að við hljótum að reyna að höndla þá þekkingu, sem Norðmenn eru búnir að fá, og kanna með hvaða móti eða hvort við getum fært okkur hana í nyt. Meira að segja eru Norðmenn farnir að klekja út þorskhrognum í allverulegum mæli, og tel ég að hægt sé að gera það í mjög stórum stíl. Þeir eru búnir að gera þetta í mörg ár. En þessi mál þarf að taka þannig að strjálbýlið njóti

teknanna sem af þessari framleiðslu verða. Það er vandinn.

Flm. (Egill Jónsson): Herra forseti. Ég get haldið áfram að þakka mönnum fyrir undirtektir við þessa till., og ég get reyndar endurtekið það sem ég sagði fyrr í þessum umr., að mesta viðurkenningin á till. finnst mér vera afstaða hv. þm. Stefáns Valgeirssonar.

Það er kannske óþarft að vera að tefja tímann með að leiðrétta ummæli hæstv. landbrh. um það sem hann sagði að ég hefði sagt, að ég vissi allt um gagnsemi sauðfjárræktar á Íslandi. Ég held að hann hafi tekið misgrip á mönnum. A. m. k. bendir orðalagið til þess, að það hafi verið einhver annar maður sem hafi verið að segja að hann vissi allt, það hafi ekki verið ég, enda var það ekki svo.

Það er svo annað mál, að ég satt að segja þekki ekki það fólk og veit ekki um það fólk sem þarf að leggja í sérstaka vinnu til að sannfæra það um gildi landbúnaðarins. Ég held að almenningur á Íslandi sé miklu jákvæðari gagnvart landbúnaðinum en kom fram í ræðum bæði hæstv. landbrh. og hv. þm. Stefáns Valgeirssonar, nema þá þeir umgangist eitthvað fólk sem hefur neikvæðar hvatir til landbúnaðarins.

Það er í rauninni aðeins eitt efnisatriði sem ágreiningur er um á milli okkar flm. og hæstv. landbrh., og ég fagna því. Það hefur í rauninni ekki komið fram nema eitt einasta atriði og það er varðandi kjarnfóðurgjaldið. Það er það eina sem er deiluefni. Og nú skal ég enn einu sinni skýra þetta fyrir hæstv. landbrh. svo að ekkert fari á milli mála.

Það segir í till., með leyfi hæstv. forseta:

„Heimilt verði að leggja gjald á allt innflutt kjarnfóður, er að upphæð verði svipað og nemur útflutningsbótum á kjarnfóðri frá viðskiptalöndum okkar."

Þetta er margbúið að lesa og menn ættu þess vegna ekki að vera í vafa um við hvað þessi viðmiðun er bundin. Hún er ekki bundin við 33%, heldur er hún bundin við útflutningsbæturnar frá Efnahagsbandalagslöndunum, og þetta ákvæði á ekkert skylt við framleiðslustjórnun. Þetta er hugsað sem vörn landbúnaðarins gegn því að fá niðurgreitt vinnuafl inn í landbúnaðinn. Þannig er þetta hugsað. Og eins og ég gat um í minni fyrri ræðu er langleiðina búið að fella þetta gjald niður á þessu ári og kjarnfóðurverð er núna með þeim hætti, burt séð frá öllum sköttum, að íslenskri fóðurframleiðslu stafar ekki nokkur hætta af samkeppni við það. Aftur á móti er hámarksgjaldið sá þátturinn sem við bendum á til að skapa aðhald að landbúnaðarframleiðslunni, og af því að ráðh. byrjaði að lesa, þá er best að lesa til enda þar sem hann hvarf frá. Það stendur svo á bls. 9, með leyfi hæstv. forseta:

„Notkun kjarnfóðurs hefur tekið breytingum eftir verðlagi þess á hverjum tíma sem síðan hefur komið fram í aukinni framleiðslu. Þetta sýnir að kjarnfóðurgjald er áhrifamikil leið til að stjórna framleiðslu á búvörum." — Þetta las hæstv. ráðh., en lengra fór hann ekki. Framhaldið er svona:

„Sé litið á skiptingu kjarnfóðurs eftir búgreinum má ætla að nálega helmingur þess fari til nautgriparæktar, ca. 1/5 til sauðfjárræktar og ca. 30% til annarra búgreina. Augljóst er að kjarnfóðurgjald kemur þannig misjafnlega niður á hinar einstöku búgreinar, sem óhjákvæmilega hlýtur að leiða til andstöðu við það innan bændastéttarinnar."

Enn fremur segir: „Þá ber líka að athuga, hvernig tekjum af kjarnfóðurgjaldi yrði varið. Sé það ekki talið til kostnaðar við búreksturinn er það orðin bein skattlagning á bændurna í landinu. Þess vegna er lögð á það áhersla, að það fjármagn, sem fæst vegna kjarnfóðurgjalds, verði hagnýtt þannig að leiði til frekari framleiðni í búrekstri, hagkvæmni við innlenda fóðurframleiðslu, svo og til þróunar verkefna, allt eftir eðli og möguleikum hverrar búgreinar."

Þetta er sá meginmunur sem er á skoðunum okkar hæstv. landbrh. í þessum efnum, að við viljum ekki hafa þetta sem launagreiðslu, við viljum ekki hafa þetta sem tilfærslu á milli búgreina og við viljum ekki hafa þetta sem verðjöfnunargjald í landbúnaðinum. Það eru til önnur ákvæði og alveg fullnægjandi ákvæði í framleiðsluráðslögunum um það, hvaða heimildir séu fyrir hendi um verðmiðlun á landbúnaðarvörum. Og ef landbrh. vildi bara tala aðeins skýrara en hann hefur gert, þá er það hans stefna að hafa lágan skatt á allt kjarnfóður og nota hann til verðjöfnunar í landbúnaðarframleiðslunni. En við eigum eftir að tala um kjarnfóðurgjald á þessum vetri, en þetta ætti vafalaust að geta orðið til þess að menn skildu frekar hverjir aðra í þessum efnum.

Mér er að sjálfsögðu skylt að verða við tilmælum hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar um að skilgreina bústærðina í þessu landi. Það er kannske af því að hv. þm. Stefán Valgeirsson, sem var að springa hér af vísdómi áðan, var að tala um og útskýra kvótakerfið, að það væri með þeim hætti alls ekki hugsað til þess að draga úr búfjárstofninum í landinu. Ég held að það þyrfti að gera úttekt á ýmsu þjóphagslegu gildi frekar en sauðfjárrækt í þessu landi. Kvótakerfið er þannig upp byggt og hugsað, að það fæst minna eftir því sem búin verða stærri, og það leiðir af sjálfu sér og er beinlínis tilgangurinn með þessu, að það felst í því ákveðinn hvatning, það er ákveðinn hagnaður fyrir bændurna, vegna þess að minni skerðing verður ef þeir minnka sinn bústofn og minnka sína framleiðslu. Þetta er grundvallarþýðingin í sambandi við kvótakerfið, og þetta veit hv. þm. eins og allir aðrir þm. á Alþingi Íslendinga. Hann stendur ekki einn í þessari trú. En annað er það sem skiptir meira máli, og það er að gefa hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni svar við spurningu hans. Þá er um það að segja, að í rauninni tökum við ekki beinlínis tillit til bústofnsstærðar í landinu. Hún er nú orðin það minnsta sem hún hefur verið á tveimur áratugum. Mjólkurkúastofninn er núna minni en hann hefur verið nokkurt ár í tvo áratugi, og sauðfjárstofninn er svipaður að meðaltali og hann var á áratugnum milli 1960 og 1970, þegar útflutningsbótarétturinn dugði. Og við því er varað, eins og komið hefur hér fram, af okkur flm. að fækka búfé frá því sem nú er.

En svo að ég taki enn einu sinni fram hver er okkar raunverulega viðmiðun í sambandi við framleiðslumálin, þá er það markaðurinn hér innanlands og 10% verðtryggingin og ef ekki þarf á henni að halda njóti bændur hennar til annarra þarfa en að flytja út landbúnaðarvörur. Þetta er ákaflega mikilvægt vegna þess að það hlýtur að vaka með bændunum sú eðlilega viðleitni að fullnýta þennan tekjustofn, og þá eru þeir frekar með landbúnaðarframleiðsluna yfir markinu heldur en undir því. Ef þeir hafa hins vegar tryggingu fyrir því, að þetta yrði ekki skert þótt þeir nýttu það ekki til útflutnings-

bóta, heldur færi t. d. til niðurgreiðslu á áburði, þá mundi það verða frekari hvati og reyndar mjög ákveðinn hvati til þess að halda landbúnaðarframleiðslunni innan þessara marka.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það fór sem mig grunaði, að ég hefði það ekki alveg ljóst í kollinum hvort lögð væri til fækkun eða fjölgun eftir svar hv. flm. Hann gat þess hér, að það væri varað við fækkun. Eigi að trúa orðanna hljóðan hlýtur það að leiða til þess, að maður geti ályktað gagnkvæmt: Það er ekki varað við fjölgun. Og til þess að hafa þetta alveg á hreinu vil ég skilja orð hv. flm. á þann veg, að það sé ekki lagt til að sauðfé á Íslandi verði fækkað vegna þjóðhagslegs gildis sem það hefur fyrir iðnaðinn. Þetta verður þá jafnframt að skilja á þann veg, að þeir flm., sem hér skrifa undir, séu sammála flm. um þetta. Vissulega er það mikil stuðningsyfirlýsing við það sem hæstv. landbrh. sagði í ræðu sinni í dag.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Svæðisskipulag fyrir Fljótsdalshérað, þáltill. (þskj. 453). — Ein umr.

Flm. (Sveinn Jónsson): Herra forseti. Á þskj. 453 hef ég leyft mér að leggja fram till. til þál. um svæðisskipulag fyrir Fljótsdalshérað. Till. er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hlutast til um að skipulagsstjóri ríkisins beiti sér fyrir að gert verði svæðisskipulag fyrir Fljótsdalshérað í samvinnu við hlutaðeigandi sveitarstjórnir og aðra er málið varðar. Skipulag þetta nái til helstu þátta landnotkunar og landverndar og taki mið af æskilegri og mögulegri nýtingu landsgæða, félagslegum viðhorfum og áætlunum um atvinnuþróun á svæðinu."

Till. fylgir grg. og skal ég hér gera henni nokkur skil.

Ég vil fyrst víkja að tilganginum með gerð svæðisskipulags. Yfir orðin skipulag og áætlanagerð nær á ensku aðeins eitt orð, þ. e. planning. Það er því mikilvægt í þessu samhengi að gera sér grein fyrir sambandi og þýðingu þessara tveggja orða. Ég mun þó fyrst of fremst notast við orðið skipulag.

Skipulagsstjóri ríkisins hefur tjáð mér, að til þessa hafi aðeins eitt svæðisskipulag verið unnið hér á landi áþekkt því sem hér er að stefnt. Náði það til þriggja hreppa, þ. e. Selfosshrepps, Ölfushrepps og Hveragerðishrepps. Sú vinna, sem þar var unnin, lofaði góðu og var fyrsta þætti hennar lokið 1978. Segja má að þar við sitji, þar sem hlutaðeigandi sveitarfélög hafa ekki sýnt málinu tilhlýðilegan skilning og staðið hefur á staðfestingu af þeirra hálfu.

„Markmið svæðisskipulagsvinnunnar" — ég vitna hér til grg. með áðurnefndu svæðisskipulagi — með leyfi hæstv. forseta — „er að veita íbúum svæðisins nokkra tryggingu fyrir að landnotkun verði í samræmi við almennar þarfir þeirra og í samræmi við kosti landsins og hæfni til að mæta þeim þörfum. Tillagan á að vera verkfæri íbúanna og kjörinna fulltrúa þeirra sveitarstjórna til þess að ná þessu marki."

Ég vil enn fremur — með leyfi hæstv. forseta — vitna í starfsreglur sem svmvinnunefnd um skipulagsmál áðurnefndra hreppa voru settar. Þar segir í 4. gr.:

„Á uppdrætti skal auðkenna núverandi notkun lands. Skulu þar sýnd svæði þau er tilheyra núverandi lögbýlum, grasbýlum og gróðurhúsabýlum, afréttir, sandgræðslusvæði, skógræktarsvæði, svæði sem tilheyra skólum eða stofnunum, friðuð svæði, sumarbústaðahverfi, svæði þau sem þegar hafa verið byggð eða skipulögð sem þéttbýli og annað sem máli þykir skipta. Einnig skal auðkenna á uppdrætti friðaðar minjar eða náttúruvætti, jarðhitasvæði sem þekkt eru, helstu borholur og aðalhitaveituæðar, helstu vatnsból sem þekkt eru og aðalvatnsveituæðar, háspennulínur og aðalspennistöðvar, helstu símalínur, jarðstrengi og loftlínur, malartekjusvæði, helstu rotþrær og fráfrennslisæðar og útrásir þeirra í árvötn og læki, þar sem vitað er um veiði, fiskeldisstöðvar og annað sem þykir skipta máli."

Í 5. gr. segir enn fremur: „Á uppdrætti að aðalskipulagi skal sýna fyrirhugaða notkun lands og ráðgerða nýja vegi, hitavietur, vatnsveitur, háspennulínur og frárennsli sem máli skipta. Auðkenna skal sérstaklega framtíðarlandbúnaðarsvæði, ráðgerð gróðurhúsahverfi, ráðgerð þéttbýlishverfi og sumarbústaðahverfi, skógræktarsvæði, ráðgerð svæði fyrir skóla og stofnanir, hverfi til fiskræktar, alifuglabúskapar, ráðgerð útivistarsvæði og gönguleiðir, svæði undir reiðskóla og reiðgötur, ráðgerð tjaldsvæði, svæði fyrir húsvagna, svæði sem æskilegt er að friða vegna sérstakrar fegurðar eða vegna sérstæðra náttúrumyndana, gróðurs eða dýralífs, og skal í þessu efni haft samráð við hlutaðeigandi náttúruverndarnefnd. Að öðru leyti skal höfð hliðsjón af reglugerð nr. 217 frá 1966 og samráð við höfunda Suðurlandsáætlunar eftir því sem ástæða þykir til."

Fyrir liggur Austurlandsáætlun og í okkar tilfelli mundi þykja viðeigandi að hafa af henni hliðsjón við gerð skipulagsins. Svokallaðar byggðaþróunaráætlanir eiga rætur sínar að rekja til aðgerða ríkisvaldsins til viðnáms gegn þeirri búseturöskun sem átt hefur sér stað hér á landi meiri hluta þessarar aldar. Sem betur fer hefur þessari óheillaþróun verið snúið, en þó ekki vegna þessarar byggðaþróunaráætlana, sem hafa náð allt of skammt og því ekki verið hægt að fylgja eftir, en þær hafa í raun ekki komist nema rétt á gagnasöfnunarstigið.

Hér á landi skortir mikið á að unnið sé að kortlagningu, endurbættum landmælingum og þróun fjarkönnunar miðað við þarfir og þá möguleika, sem nútímatækni leyfir. Vöntun á slíkum gögnum og upplýsingum bitnar á margháttuðum rannsóknum sem æskilegar væru á náttúru landsins, skipulagsvinnu og framkvæmdaundirbúningi. Nægir að nefna þá hjálp og gagn sem ráðunautum bænda og bændum sjálfum yrði að þessum kortum, svo að ekki sé talað um Vegagerð ríkisins, Póst og síma, Rafmagnsveiturnar og fleiri aðila auk alls almennings.

Mikilvægt er að skipuleggja notkun lands og nýtingu auðlinda með heilbrigt umhverfi og þarfir komandi kynslóða í huga. Ráðstöfun lands og náttúrugæða getur haft áhrif um langa framtíð. Slíkar gerðir þarf að byggja á staðgóðri og viðtækri þekkingu, sem m. a. leiðir í ljós líkleg áhrif á náttúru, efnahagslíf og félagslegt og menningarlegt umhverfi. Þessara sjónarmiða mun gæta meira í framtíðinni við skipulag og áætlunargerð hérlendis, en því aðeins ná fram að þeim sé sýndur nægur skilningur og fjárveitingar tryggðar.

Skipulag landnotkunar tekur fyrst og fremst mið af hæfni landsins, landkostum í daglegu tali og möguleikum á nýtingu þeirra. Þekkingu á gerð landsins, byggingu

þess, yfirborði, gróðurfari o. s. frv. eða m. ö. o. náttúrufarslegar forsendur eru grundvallaratriði við skipulagningu af þessu tagi.

Alþingi setti fram háleit markmið með landgræðslu- og gróðurverndaráætlun til minningar um 1100 ára búsetu þjóðarinnar í landinu. Náði hún m. a. til aðgerða vegna gróður- og jarðvegseyðingar í byggð og á hálendi, átaks á sviði skógræktar og til rannsókna á verndun og hagnýtingu beitilanda. Einnig voru þar áform um gerð gróður- og jarðakorta, er næðu yfir allar byggðir og gæfu m. a. til kynna stærð hverrar jarðar, landamerki, ræktunarhæfni landsins, stærð og gæði beitilanda. Mikilvægt er að áfram verði unnið að þessum háleitu markmiðum. En ekki skal hér kveðinn upp dómur um þann árangur sem náðst hefur til þessa. Mér er í dag tjáð að ekki hafi orðið nema að nokkru leyti af þessum fyrirætlunum um kortagerð og það þó svo að Landmælingar ríkisins hafi mjög góðum tækjakosti á að skipa, en sá tækjakostur hefur ekki verið nýttur sem skyldi. Hér hefur ríkisvaldið ekki staðið sig sem skyldi því hér er fyrst og fremst kennt um fjárskorti til að standa straum af annars bráðnauðsynlegri kortagerð, og því hlýtur skilningsleysi ráðamanna að vera um að kenna. Hér á e. t. v. vel við orðtakið, að oft sé dýrt að vera fátækur. Menn gera sér væntanlega ekki grein fyrir því, hvaða tíma og kostnað og e. t. v. mistök það getur sparað þeim, sem á þessum gögnum þurfa að halda, væru þau fyrir hendi. Hér þarf því að koma til hugarfarsbreyting og skilningur á þessu mikla hagsmunamáli allra sem að áætlunargerð, skipulagi og framkvæmdaundirbúningi standa.

En við skulum jafnframt hafa í huga að þetta kemur íbúum landsins til góða á beinan eða óbeinan hátt. Hér er einnig um mikla heimildasöfnun að ræða sem kemur ekki aðeins okkur til góða, heldur einnig komandi kynslóðum sem kynna vilja sér söguna og staðhætti. Okkur ber til þess nokkur skylda að sjá svo um, að frá þessum þætti mála verði gengið á aðgengilegan máta. Ég tel að ekki sé hér sem svo víða annars staðar í þjóðarbúskap okkar litið nægilega til framtíðar. Framkvæmdum í héruðum landsins skal mörkuð stefna sem byggist á úttekt á ástandi, þörfum og möguleikum. Grundvöllurinn á að vera byggður á skynsamlegu mati á mismunandi leiðum sem séu í sífelldri endurskoðun.

Stefnumörkun í málefnum landbúnaðarins er mjög til umræðu og þar sem annars staðar þarf að taka á málum af festu.

Fyrirsjáanlegar eru talsverðar breytingar í búskaparháttum og framleiðsluþáttum, og nauðsynlegt er að aðgerðir og framkvæmdir á þessu sviði valdi ekki stórfelldri röskun, en sú aðlögun, sem koma mun, verði vel yfirveguð.

Herra forseti. Ég hef hér reynt að gera því nokkur skil, hvaða tilgangi kortagerð og svæðisskipulag þjónar, og vil nú víkja að meir staðbundnum þáttum þessa máls.

Á Fljótsdalshéraði hefur byggð mjög eflst á undanförnum árum og er það fyrst og fremst að þakka vexti og viðgangi þéttbýlisins á Egilsstöðum og í Fellahreppi við Lagarfljótsbrú. Einnig er öflugur vísir að þéttbýli á Hallormsstað í tengslum við vaxandi skógrækt og grunnskóla. Á Eiðum er vísir að þéttbýli í tengslum við grunnskóla og alþýðuskóla. Með bættum samgöngum vex ferðamannastraumur með hverju ári, og vegna orðlagðrar veðursældar og fjölbreyttrar náttúru á Héraði hefur ásókn í sumarbústaðalönd mjög aukist. Þar hafa risið tvær þyrpingar slíkra bústaða, önnur á Einarsstöðum á vegum Alþýðusambands Austurlands, hin í Hjallaskógi á vegum einkaaðila, og að undirbúningi vegna tveggja annarra er nú unnið: á Eiðum fyrir 30-40 bústaði á vegum BSRB og í Eyvindardal á vegum kaupfélaganna á Austurlandi. Að auki hafa svo einstakir bústaðir risið víða um héraðið á undanförnum árum. Samræming og skipulagning þessara mála hefur verið í lágmarki og nauðsynlegt að úr verði bætt. Nú eru uppi áform um virkjun í Fljótsdal og að á Reyðarfirði verði komið upp orkufrekum iðnaði. Þetta eru allt þættir sem hafa veruleg áhrif á byggðaþróun á stórum svæðum, og hér falla saman á margan hátt málefni sveitarfélaganna á Héraði. Þar á við 3. gr. skipulagslaganna, sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú hagar svo til, að skipulag í einu sveitarfélagi er að dómi skipulagsstjórnar svo háð skipulagi í nærliggjandi sveitarfélagi eða í fleiri nærliggjandi sveitarfélögum, að nauðsyn beri til þess að gera að einhverju leyti sameiginlegt skipulag fyrir þessi sveitarfélög, og getur ráðherra þá ákveðið, að samvinnunefnd verði skipuð til þess að gera tillögur um skipulag sem að þessu leyti er sameiginlegt fyrir sveitarfélögin.“

Í 4. gr. skipulagslaganna segir enn fremur: „Ráðherra getur að fengnum tillögum skipulagsstjórnar látið gera drög að héraða- og landshlutaskipulagi.“

Á vegum SSA, Sambands sveitarfélaga á Austurlandi, hefur á undanförnum árum verið unnið að hagrænni áætlun fyrir allt Austurland og nær sú áætlun fyrst og fremst til þéttbýlisstaðanna. Síðasti hluti þessarar áætlunar er iðnþróunaráætlun sem nú er unnið að á vegum iðnþróunarnefndar heimamanna og starfshóps á vegum iðnrn. Talið er nauðsynlegt að tengja þessar hagrænu áætlanir meira við landnýtingaráætlanir hinna einstöku sveitarfélaga með gerð svæðisskipulags fyrir fleiri sveitarfélög, þar sem teknir eru inn þættir eins og landbúnaður, sem tiltölulega lítið er vikið að í Austurlandsáætlun, efnistaka, samgöngur, staðarval fyrir skógrækt, staðarval fyrir iðnað, orlofsbústaðir, náttúruvernd, útivist o. fl. Þessa vinnu væri jafnframt hægt að tengja gerð iðnþróunaráætlunar og þá e. t. v. sérstaklega með tilliti til samgangna og staðarvals fyrir iðnað af ýmsu tagi. En eins og áður sagði er lítið komið inn á landbúnaðarmál í Austurlandsáætlun, og talið er mjög brýnt að hafinn verði undirbúningur að svæðisskipulagi fyrir hreppana á Héraði. Landbúnaðarframleiðslan á Héraði hefur verið í góðu jafnvægi við markaðinn, en þar gæti nú nokkurar röskunar sem m. a. á rót sína að rekja til aðgerða til lausnar framleiðsluvanda sem fyrst og fremst virðist þó vera annars staðar á landinu. Það heyrist nú einnig meir talað um ofbeit á afrétti sumra hreppa og deilumál hreppa þar að lútandi, — vandamál, sem hefur verið landlægt í öðrum fjórðungum um langt skeið, enda hefur þar verið varið stórfé til áburðardreifingar og uppgræðslu. En hér skulum við taka á vandanum áður en hann verður okkur ofviða.

Annað er það sem okkur Héraðsmönnum er sérlega hugleikið, en þarfnast skipulagningar því að þar mun verða bundið land til langrar frambúðar, ef við notfærum okkur þá möguleika sem þarna eru fyrir hendi, og hér á ég við nytjaskógrækt. Sú stefna er nú ríkjandi að draga verði úr hefðbundinni framleiðslu bænda, ég ætla ekki hér að fjalla um réttmæti þess. Þess er e. t. v. ekki eins mikil þörf á Héraði og víða annars staðar. En hér þykir

engu að síður rétt að vekja athygli á þeim möguleikum sem fyrir hendi eru á Héraði til skógræktar.

Það hefur verið sýnt fram á það í reynd, að á Fljótsdalshéraði innan Egilsstaða vaxa áfallalítið eða áfallalaust flestar þær barrtrjátegundir sem teknar hafa verið til athugunar hér á landi. Lerkitegundir bera þar af öðrum hvað vöxt snertir og vaxa þar betur en á nokkrum öðrum stað á landinu. Mér tek ég til vitnis bókina Skógarmál, sem út kom 1977 og tileinkuð var Hákoni Bjarnasyni fyrrv. skógræktarstjóra. Um þessi mál hafa að auki margir fjallað í fjölda greina í blöðum og tímaritum.

Það er álit þeirra sem um skógræktarmál fjalla, að á Fljótsdalshéraði og nokkrum stöðum öðrum á landinu megi rækta allan þann trjávið sem fluttur er til landsins, að undanteknum harðviðartegundum að sjálfsögðu. Hægt hefur þó miðað í þá átt og er það okkur ekki sæmandi miðað við þá möguleika, sem landið virðist hér hafa að bjóða. Með þessu værum við að búa í haginn fyrir ókomnar kynslóðir sem mundu þakka okkur fyrir þá framsýni og það átak sem okkur ber að sýna á þessu sviði.

Herra forseti. Með till. þessari er verið að fara fram á það við ríkisstj., að hún hlutist til um gerð svæðisskipulags fyrir Fljótsdalshérað. Í 3. og 4. gr. skipulagslaga er nánar kveðið á um hvernig staðið skuli að gerð svæðisskipulags. Undirbúningur væri fyrst og fremst fólginn í skipun samvinnunefndar samkv. skipulagslögum, gagnasöfnun og kortagerð, svo sem að framan er rakið. Landmælingar ríkisins ráða yfir mjög góðum tækjabúnaði til að gera ortofotografisk kort, þ. e. kort sem eru í senn loftmynd og hæðarlínukort. Slík kort í mælikvarðanum 1:10 000 fyrir hin mikilvægari svæði og annars staðar í mælikvarða 1:20 000 mundu létta mjög gerð svæðisskipulags. Slík kort eru engin fyrir hendi af umræddu svæði og þessi kort mundu koma mörgum opinberum aðilum auk heimamanna að gagni.

Eðlilegt verður að telja að ríkið standi alfarið undir kostnaðinum af þessari kortagerð, vegna þess að margir opinberir og hálfopinberir aðilar mundu þar fyrst og fremst njóta góðs af. Kostnaðinum af skipulagsvinnunni yrði skipt jafnt milli sveitarfélaganna á Héraði annars vegar og ríkisins hins vegar samkv. 34. gr. skipulagslaganna. Það er því nauðsynlegt að verkefni þessu verði tryggð fjárveiting á fjárlögum fyrir næsta ár. Það er von mín að till. þessi hljóti afgreiðslu á yfirstandandi þingi og hægt verði að hefjast handa á árinu 1982. Hér er ekki um að ræða verkefni sem verður unnið í einum áfanga. Samvinnunefnd verður að raða verkefnum í forgangsröð. Þar er kortagerðin e. t. v. efst á blaði, enda verður t. d. ákvæði skipulagslaga um skipulagsskyldu allra sveitarfélaga ekki með góðu móti framkvæmd nema kort séu fyrir hendi. Skipulagsstofnun Austurlands hefur verið komið á fót á vegum Sambands sveitarfélaga á Austurlandi og við teljum æskilegt að verkefni þetta verði unnið á vegum stofnunarinnar í náinni samvinnu við skipulagsstjóra ríkisins og samvinnunefnd þá sem ráðherra mundi láta skipa til að vinna að undirbúningi málsins.

Herra forseti. Ég leyfi mér að gera þá till. að máli þessu verði að lokinni umr. vísað til hv. atvmn. Sþ.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Könnun á vinnutíma launþega, þáltill. (þskj. 472). — Fyrri umr.

Flm. (Hákon Hákonarson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 472 svohljóðandi till. til þál. um skipun nefndar er kanni vinnutíma launþega:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að skipa 5 manna nefnd er fái það verkefni að safna glöggum upplýsingum um hvernig raunverulegum vinnutíma hinna ýmsu starfshópa er háttað. Sömuleiðis verði kannað hvernig vinnutíma er háttað í hinum ýmsu byggðarlögum. Í nefndinni skulu sitja tveir fulltrúar tilnefndir af ASÍ, einn fulltrúi frá BSRB og einn fulltrúi frá BHM og einn skipaður án tilnefningar af félmrh. sem jafnframt skal vera formaður nefndarinnar."

Herra forseti. Ástæðan fyrir því, að ég hreyfi þessu máli hér á Alþingi, er fyrst og fremst sú, að ég hef um árabil haft aðstöðu starfs míns vegna til að hafa samband við mikinn fjölda launþega í landinu og einnig haft aðstöðu til að fylgjast nokkuð með starfsháttum fyrirtækja. Það, sem vekur mesta athygli, er að Íslendingar eru yfirleitt vinnusamir og harðduglegir, tilbúnir að leggja á sig strangan og langan vinnudag til að skapa sér og börnum sínum viðunandi lífsviðurværi og búa í haginn fyrir komandi kynslóðir. En það vekur hins vegar spurninguna, hvort ekki sé ástæða til að staldra aðeins við og athuga hvort þessu takmarki megi ekki ná þó að aðeins sé slakað á spennunni.

Við lifum nú í heimi mikilla tækniframfara sem raunar gera það að verkum, að menn vita naumast hvað morgundagurinn ber í skauti sér. Dæmi sanna okkur að nú þegar er tæknivæðing orðin það mikil í vissum starfsgreinum að orðin er minni þörf fyrir starfsfólk en áður og full ástæða til að ætla að svo verði í öðrum starfsgreinum á komandi árum. Ég vona að við getum öll verið sammála um að hófleg vinna er öllu fólki lífsnauðsyn, ekki aðeins til að afla sér fjár til lífsviðurværis, heldur einnig af félagslegum ástæðum.

Ég vek sérstaka athygli á aðstöðu þeirra einstaklinga sem af einhverjum ástæðum hafa verri aðstöðu, t. d. vegna örorku eða aldurs, að ganga í hvaða störf sem bjóðast. Ég vil minna hv. þm. á að þessir þjóðfélagshópar eiga engu minni rétt en aðrir á störfum við sitt hæfi. Á s. l. ári tók Félag málmiðnaðarmanna á Akureyri ásamt Menningar- og fræðslusambandi alþýðu, Málm- og skipasmíðasambandi Íslands og Slippstöðinni hf. á Akureyri þátt í samnorrænu verkefni sem nefndist Vinnan og heimilið. Hluti þessa verkefnis var ráðstefna sem sóttu milli 50 og 60 manns. Á ráðstefnunni voru fluttar nokkrar framsöguræður um vinnutíma og vinnufyrirkomulag. Óhætt er að fullyrða að menn voru þar sammála um að margvísleg hætta væri fyrir dyrum, ef ekkert yrði að gert. Raunar veit ég af samtölum mínum við ýmsa forsvarsmenn atvinnurekenda að þeir eru svipaðrar skoðunar.

Að lokum vil ég segja þetta: Tilgangur minn með þessum tillöguflutningi hér á hinu háa Alþingi er að fá menn til athafna í málinu. Ég tel að upplýsingar þær, sem reiknað er með að fáist með umræddri könnun, séu grundvallaratriði varðandi allt tal og allar athafnir um aukið launajafnrétti í landinu. Ég vil því leyfa mér að óska eftir að að lokinni umr. hér í dag verði þáltill. þessari vísað til síðari umr. og allshn.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 62. fundur.

Mánudaginn 9. mars, kl. 2 miðdegis.

Greiðslutryggingarsjóður fiskafla, frv. (þskj. 450). — 1. umr.

Flm. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. sem við flytjum þrír þm. Alþfl. í þessari deild, þeir Eiður Guðnason og Karl Steinar Guðnason ásamt mér. Það fjallar um Greiðslutryggingarsjóð fiskafla.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að margvísleg dæmi eru um að svo mikill afli berist á land á einu landshorni að við ekkert verði ráðið og aflinn skemmist, hráefnið nýtist ekki sem skyldi, á sama tíma og atvinnuleysi blasir við annars staðar eða hefur dunið yfir fyrir sakir hráefnisskorts, fyrir sakir skorts á fiski. Um þetta er ég sannfærður að allir þm. kunna mýmörg dæmi.

Það hefur oft verið til umræðu manna á meðal og það jafnvel hér í þingsölum, hvort ekki væri ástæða til að skipuleggja betur með hvaða hætti þorskafla væri landað, og er þá einkum átt við landanir hinna stærri skipa, þ. e. togaranna. Menn hafa þá gjarnan vitnað til þess, að tekist hafi nokkuð vel til við skipun mála að því er varðar löndun á loðnu. Sannleikurinn er hins vegar sá, að málið er allt langtum flóknara og erfiðara viðfangs að því er varðar botnfiskafla eða þorskafla alveg sér í lagi.

Hins vegar hefur það komið í ljós í umræðum af þessu tagi, að ýmsir útgerðarmenn telja að þeir mundu hafa áhuga á því að landa afla úr skipum sínum á öðrum landshornum ef þeir gætu gengið út frá því sem vísu að aflinn yrði staðgreiddur. Þeir færa þá fyrir því m. a. þau rök, að stundum neyðist þeir til þess í fjárhagsvandræðum sínum að fara í siglingar með afla, jafnvel þó þeir hafi ekki beinlínis hug á því, en þeir verði að gera það af fjárhagsástæðum og þá sé veigamesti þátturinn í þeirri ákvörðun af þeirra hálfu sá, að aflinn sé staðgreiddur erlendis. Þetta bendir til þess, að með því að tryggja staðgreiðslu afla ætti að vera hugsanlegt að jafna hér nokkuð milli landshluta.

Nú er það kunnara en frá þurfi að segja, að ýmsir stjórnmálamenn og þá einkum þeir sem sitja í núv. ríkisstj., hafa talað mjög mikið um samræmi milli veiða og vinnslu. Í raun og sannleika er það frv., sem ég tala hér fyrir, kannske það fyrsta raunhæfa sem hefur verið lagt fram í þeim efnum. Það dugar lítið að tala og tala um samræmi milli veiða og vinnslu, en hafa svo lítið til málanna að leggja. Trú okkar flm. er sú, að með því að stofna greiðslutryggingarsjóð af því tagi sem hér um ræðir megi stuðla að auknu samræmi milli veiða og vinnslu.

Í sannleika sagt hefur verið ástæða til þess að gefa því gaum, hvort þetta frv. ætti ekki alveg eins að vitna til þess, að með því væri stuðlað að samræmi milli veiða og vinnslu. En það er fleira sem kemur til. Við Íslendingar höfum búið við það að undanförnu að geta sífellt aukið fiskafla okkar með því að bæta skipum í fiskiskipastólinn. Þegar á hefur bjátað á einu landshorni eða í tilteknu plássi hefur ráðið venjulegast verið að sjá til þess að þeir, sem þar byggju, ættu kost á að ná sér í nýtt fiskiskip. Nýjasta þróunin í þeim efnum hefur verið sú að hjálpa til þess að menn fengju skuttogara. Nýjasta dæmið af þessu tagi er ævintýrið á Þórshöfn sem hér hefur verið til umr. Ég held að það liggi ljóst fyrir, að öllum alþingismönnum þyki slæmt að til atvinnuleysis þurfi að koma í tilteknu plássi vegna þess að aðföng séu ekki nægilega ríkuleg af hráefni. Ég held að menn finni til þess hér á Alþingi og telji að það sé slæmt ef atvinnuástand má ekki tryggja t. d. á Þórshöfn. En sannleikurinn er sá, að sú aðferð, sem hefur verið notuð til þessa, nefnilega sú að bæta fiskiskipum við flotann, dugar ekki lengur. Staða mála er þannig, að afrakstursgeta fiskstofnanna er nokkuð þekkt og ákveðin stærð og hún mun ekki vaxa þótt bætt verði við fiskiskipastólinn — eða a. m. k. er óhætt að segja að ekki sé skynsamlegt að hún vaxi. Þess vegna er sú leið, sem menn hafa haft til að bæta úr öryggisleysi í atvinnumálum, sú leið að bæta skipum við flotann, ekki lengur fyrir hendi í raunhæfum skilningi. Hún er óhagkvæm, hún rýrir lífskjör okkar allra og hún getur verið myllusteinn um háls í þeim plássum þar sem skipunum er úthlutað. Þetta er það sem við sjáum fyrir okkur t. d. í sambandi við svonefnt Þórshafnarmál. Þá er spurningin: Getur ekki verið að einmitt í tilvikum sem þessum mundi það líka duga til þess að bæta úr tímabundinni atvinnueklu að gera mönnum kleift á þessum landshornum að staðgreiða afla og laða þannig til sín hráefni með sérstökum greiðsluskilmálum, t. d. að telja útgerðarmenn af því að sigla í staðinn? Það er á þessum tveimur aðalatriðum, sem það frv., sem hér er flutt, hvílir.

Í fyrsta lagi gæti slíkt fyrirkomulag orðið til þess að jafna hráefni milli landshluta þegar ekla er á einum stað, en offramboð á öðrum. Ég kann dæmi af því t. d. á Reykjanesi, þegar mjög mikið framboð var af fiski á ýmsum öðrum landshornum, en menn bjuggu við atvinnuleysi á Reykjanesi. Stundum snýr dæmið á hinn veginn, að það er of lítið framboð annars staðar á landinu.

En svo er hitt: Getum við ekki einmitt notað þetta ráð til þess að komast hjá því að auka við skipastólinn? Getum við ekki notað þetta ráð til að tryggja mönnum hráefni á stað eins og Þórshöfn yfir vetrartímann? Og ég segi: Ef þetta dugar ekki til skulum við gera aðeins betur. Alla vega er ljóst að þegar fiskiskipastóllinn er of stór er sú leið að bæta skipum í flotann til að tryggja hráefnisaðdrætti í einhver sjávarpláss beinlínis óhagkvæm og á kostnað þess flota, sem fyrir er, og reyndar þjóðarinnar allrar.

Það frv., sem hér er flutt, er tiltölulega mjög einfalt að allri gerð. Það er gert ráð fyrir því, að stofnaður verði sérstakur sjóður sem sé þó í umsjá og vörslu Aflatryggingasjóðs. *Þetta form er valið* til þess að vera ekki að setja upp óþarfabákn í kringum þessa nýju tilhögun. Stjórn Aflatryggingasjóðs er síðan ætlað að kjósa þriggja manna framkvæmdastjórn fyrir Greiðslutryggingarsjóð. Okkur flm. þótti rétt að stjórn Greiðslutryggingarsjóðs væri tiltölulega fámenn, þannig að auðveldara væri að boða fundi og taka ákvarðanir. Eins er hitt, að okkur þótti rétt, eins og kemur fram í grg., og leggjum það til í grg., en jafnframt í vald Aflatryggingasjóðs, að í stjórn Greiðslutryggingarsjóðs séu fulltrúar frá þremur meginþáttum sjávarútvegsins: frá vinnslunni, frá útgerðinni og frá sjómönnum. Þó það sé ekki tiltekið í lagagr. er ábending þar um í grg.

Tilgangur þessa sjóðs er sem sagt að tryggja staðgreiðslu afla sem landað er utan heimahafnar, á stöðum sem búa við hráefnisskort til fiskvinnslu. Trygging þessarar staðgreiðslu á að gerast með veitingu lána til fiskkaupenda. Aðferðin yrði sú, að eftir að samningar hefðu

tekist milli fiskkaupanda eða fiskvinnslu og útgerðaraðila getur fiskkaupandinn sótt um lán úr þessum greiðslutryggingarsjóði til þess að aflinn yrði staðgreiddur. Greiðslan færi fram til útgerðarmannsins, en fiskkaupandinn yrði skuldaður fyrir láninu. Það væri fiskkaupandinn sem hefði tekið lánið. Í þessu felst trygging útgerðaraðilans fyrir því, að hann fái peningana jafnskjótt og lokið hefur verið löndun úr skipinu.

Við flm. höfum síðan valið það að setja ekki öllu flóknari reglur um meðferð þessa máls. Það er framkvæmdastjórnar sjóðsins, og reyndar tiltekið í lagagr., að taka afstöðu til lánsumsóknarinnar og meta hana á grundvelli þess, hvort samræmi sé á milli lánsumsóknarinnar og þess sem telst tilgangur laganna. Ef sjóðurinn veitir lán greiðist andvirðið til útgerðaraðila þegar að löndun lokinni. Það er svo sjóðsstjórnarinnar að setja reglur um, hvaða tryggingar hún telur nauðsynlegar fyrir lánum af þessu tagi, og setja reglur um lánskjör.

Stofnfé þessa sjóðs er ekki ætlað mjög hátt, einungis 5 millj. kr. eða ½ milljarður gkr. Er gert ráð fyrir því í 4. gr. þessa frv. til l., að Byggðasjóður leggi fram helming þessa fjár eða um 2.5 millj. kr., en Aflatryggingasjóður úr almennri deild 2.5 millj. Þetta yrði sem sagt eingöngu lánasjóður sem lánaði til fiskkaupenda, en greiddi til útgerðaraðila þegar þannig stæði á að hráefnisekla væri á tilteknum stað og úr mætti leysa með þessum hætti.

Við flm. erum auðvitað til viðræðu um það, að sú fjárhæð, sem hér er lögð til að verði stofnfé þessa sjóðs, geti verið einhver önnur. Við erum vitanlega til viðræðu um að setja strangari reglur um með hvaða hætti lán skuli veitt ef menn telja það nauðsynlegt. En okkar viðhorf hefur verið að í síbreytilegu þjóðfélagi og þar sem meta verði aðstæðurnar sé eðlilegast að sjóðsstjórnin setji sér reglur, bæði um tryggingar fyrir lánum og um lánskjörin sjálf, og síðan hlýtur það að vera ákvörðunarefni sjóðsstjórnarinnar, hvort taka skuli lánsumsókn til greina eða ekki.

Nú getur auðvitað enginn fullyrt um það, að þetta muni duga til að ná þeirri jöfnun í afla sem ég trúi að deildin öll og þingið allt og þjóðin í rauninni vilji gjarnan að komist á. Það getur enginn fullyrt um það, hvort þetta muni duga til að jafna met eða tryggja atvinnuástand. En þetta er þó a. m. k. tilraun til að ná samræmi milli veiða og vinnslu sem mjög hefur verið á milli tannanna á ýmsum án þess að þeir hafi nokkuð gert í því, sbr. hæstv. sjútvrh., og það er líka tilraun til að jafna milli landshluta eftir því hvernig á stendur.

Ef marka má þær umr., sem hafa farið fram í hópi útgerðarmanna, er ekki ólíklegt að spor af þessu tagi mundi geta skilað verulegum árangri. Það er hugsanlegt, að það spor þurfi að vera stærra. En þá verður á það að reyna. Þetta frv. er eiginlega flutt sem liður í mörkun nýrrar fiskveiðistefnu, nýrrar stefnu í útvegsmálum, — stefnu sem eigi að gera það kleift að efla undirstöðu atvinnulífsins, gera afkomu okkar hér betri og betri með því að hafa hemil á stærð skipastólsins, en leitast við að jafna aflanum með þeim ráðum sem tiltæk kunna að finnast.

Við flm. teljum að það sé ákaflega mikilvægt að menn komi sér nú til þeirra verka hér á Alþingi að móta nýja stefnu í þessum efnum. Sú stefna, sem fylgt hefur verið, hefur gengið sér gjörsamlega til húðar. Þess vegna er þörf nýrrar stefnu, bæði um endurnýjun flotans og hvernig halda skuli utan um heildarstærð hans og eins um það að koma til móts við byggðarlög sem búa við hráefniseklu, hvort heldur hún er tímabundin eða ekki.

Ég tel að með því að stíga þau skref, sem sett eru fram í þeim frv. sem við höfum hér flutt, væri þessum málum komið á nýjan og heilbrigðari grundvöll. Ég vara við því, að menn sofi á verðinum. Ég vara við því, að menn láti það sama gerast í sjávarútveginum og í landbúnaðinum. Ég vara við því, að menn búi sér til landbúnaðarvandamál í sjávarútveginum. Landbúnaðarvandamálið er nógu erfitt við að kljást eins og það er og eins og allir vita. Það er líka það, að ef seint er í rassinn gripið, eins og hefur orðið ofan á í landbúnaðarmálunum, er þeim mun erfiðara að snúa ofan af, þeim mun tímafrekara að snúa ofan af og koma sér á rétta braut.

Ég vænti þess, herra forseti, að þetta mál fái góða umfjöllun hér í þinginu og farsælar lyktir, að þetta mál verði samþykkt til heilla fyrir byggðarlögin og þjóðina í heild.

Guðmundur Karlsson: Herra forseti. Þetta frv. vekur athygli á vandamáli sem vissulega er fyrir hendi, en upp vakna nokkrar efasemdir um að stofnfé þessa sjóðs, sem gert er ráð fyrir, komi til með að duga.

Sá afli, sem er landað utan heimahafna, er fyrst og fremst loðna og síld, og það er rétt, að fiskkaupendur hafa oft komist upp með að skulda æðilengi. En mér sýnist að ýmsir hnökrar verði á að stjórna sjóðum sem þessum og ná saman stjórn eins og gert er ráð fyrir að taka þurfi ákvarðanir sem til þarf.

Aftur hlýtur að vakna sú spurning, hvort hér sé orðin ástæða til að gera kerfisbreytingu á svipaðan hátt og Norðmenn hafa gert. Þeir hafa stofnað hjá sér svokallað Råfisklag og Sildesalgslag og þar eru skrifstofur sem starfa vítt um ströndina og ábyrgjast fiskimönnum staðgreiðslu á afla. Þar verða líka fiskkaupendur í byrjun vertíðar að leggja fram ábyrgðir og fá viðurkenningu þessara skrifstofa áður en vertíð hefst. Það má vel vera að sú staða sé komin upp hér á Íslandi að ástæða sé til að taka upp eitthvað slíkt kerfi.

Flm. gera ráð fyrir því, að þetta muni stöðva siglingar báta og skipa á erlendar hafnir. Ég held að þarna gleymi menn alveg hinum mannlega þætti þessa fyrirbæris, sem er fyrst og fremst það, að útgerðin sér sér hag í að kaupa inn ódýrari vörur til útgerðarinnar, veiðarfæri og annað. Olía er yfirleitt ódýrari í erlendum höfnum. Stærri hluti kemur af aflanum í Stofnfjársjóð þegar siglt er á erlenda höfn. Og svo skulum við ekki gleyma því, að þeir geta, karlarnir, keypt konfekt handa konunni og eitthvað smálegt handa blessuðum börnunum og síðan labbað inn á ölstofu og fengið sér einn bjór. Það er sitthvað sem hefur áhrif í þessum efnum.

Vissulega vil ég taka undir að hér sé vakin athygli á ákveðnu vandamáli, en ég efast um að þetta frv. leysi það. En það má vel vera að kominn sé tími til að gera hér á kerfisbreytingar.

Flm. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Ég þakka góðar undirtektir hjá hv. þm. Guðmundi Karlssyni, 9. landsk. þm. (**Gripið fram í:** Þær voru nú ekki nema sæmilegar.) Ég vil, herra forseti, þakka ágætar undirtektir hjá þessum þm. vegna þess að hann gaf sér tóm til þess að huga að því meginvandamáli sem hér er við að fást meðan aðrir sátu hnípnir og þorðu ekki að hugsa. Þetta var meginatriði málsins.

Auðvitað er okkur flm. ljóst að við getum ekki boðið upp á bjór í innlendum höfnum. Auðvitað er okkur flm. ljóst að við getum ekki boðið upp á ódýrari olíu í innlendum höfnum. Auðvitað er okkur flm. ljóst að siglingar muni ekki leggjast af þótt þetta frv. yrði samþykkt. En hitt vitum við, að útgerðaraðilar hafa haldið því fram, að það mundi duga í ýmsum tilvikum til þess að þeir fengjust til að landa afla utan heimahafnar ef þeir ættu trygga staðgreiðslu aflans. Hitt vitum við flm., að ýmsir útgerðaraðilar taka þá ákvörðun að sigla með aflann beinlínis vegna þess að þeir fá staðgreiðslu þegar siglt er. Auðvitað getur þetta frv. ekki komið í staðinn fyrir bjórinn eða olíuna, en það tekur á þeim þætti sem við ráðum þó bærilega vel yfir. Það tekur á þætti sem við getum raunverulega haft áhrif á. Og ef það reynist nægilegt, eins og margir útgerðaraðilar hafa haldið fram, til þess að laða afla á þann stað þar sem hráefnisekla er, ef það reynist nægilegt að tryggja staðgreiðslu aflans, væri auðvitað vítavert gáleysi að reyna það ekki eins og staðan er nú í sjávarútvegsmálum hjá okkur.

Það var þessi skilningur sem kom fram hjá hv. þm., og það var þessi skilningur sem var mikils virði. Það var þessi skilningur sem ég vil sérstaklega þakka.

Eins og ég tók fram í framsögu minni áðan er okkur flm. vitaskuld ljóst að hér sé um vandasamt mál að ræða og að sú fjárhæð t. d., sem þarna er tiltekin, upp á hálfan milljarð gkr., sé ákaflega takmörkuð. Við erum reiðubúnir að taka það til endurskoðunar ef mönnum sýnist að þetta sé svo áhrifaríkt tæki að það þurfi meira fé. Það þarf auðvitað ekki meira fé ef tækið er ekki áhrifaríkt. Það er vegna þess að menn trúa á þetta, eins og hv. þm. Guðmundur Karlsson áðan, sem menn tala um að það þurfi meira fé. Það erum við vitaskuld reiðubúnir til þess að líta á og viljum gjarnan fá mat sem flestra á því, hvað sé hæfileg upphæð í þessum efnum.

Annað atriði, sem hv. þm. Guðmundur Karlsson vék hér að, var um stjórnun sjóðsins. Ég skildi hann þannig, að það gæti stundum þurft að taka skjótar ákvarðanir. Það er vissulega rétt. En áður en ég vík að því vil ég samt gera örlitla grein fyrir því, hvernig þetta kerfi er hugsað af hálfu okkar flm., hvernig við mundum leggja til við stjórn sjóðsins að hann hagaði sér í stórum dráttum.

Menn vita það með einhverjum fyrirvara hvar sé fyrirsjáanleg hráefnisekla eða hvar sé líklegt að hráefnisekla komi upp næstu þrjá, fjóra eða sex mánuðina. Þeir staðir, sem telja sig búa við slíkar aðstæður, mundu geta haft samband við stjórn sjóðsins og skýrt henni frá því, að þannig væru mál hjá þeim að líklegt væri að þetta kæmi upp. Þá gæti stjórn sjóðsins gengið frá tryggingum, veðum, fasteignaveðum t. d., sem baktryggingu fyrir hugsanlegum lánum sem síðar yrðu veitt. Hitt yrði síðan að vera samningsatriði milli sjóðsstjórnarinnar og fiskkaupendanna, hvort t. d. fiskkaupandinn væri reiðubúinn að veita vilyrði um það að einhver hluti af greiðslu fyrir afurðir, þegar að því kæmi, rynni til greiðslu á láninu eða að afurðalán gætu mætt þessu að einhverju leyti. Það yrði að vera samningsatriði í hverju tilviki, en hins vegar væri baktryggingin fyrir hendi og hefði verið frá henni gengið áður. — Þetta er í rauninni aðalhugmyndin um það, hvernig menn gætu staðið að þessu. Við töldum ekki rétt að setja þetta í lagafrumvarpsform, því að þetta er einungis hugmynd, sem rétt er að reifa og ræða, en hins vegar ætluðum við sjóðsstjórninni að ganga frá atriðum af þessu tagi.

Hitt er það, hvort ákvarðanir kunni að vera teknar nógu rösklega. Það var út frá því, að ákvarðanir gæti þurft að taka með tiltölulega skömmum fyrirvara, sem við flm. settum það ákvæði í frv. að það skyldi vera þriggja manna stjórn. Hún þarf auðvitað helst að vera þannig staðsett á landinu að hún geti náð saman. Þetta töldum við að þeir, sem ættu að velja í stjórnina, mundu skilja. En ef mál hefðu verið undirbúin með tilliti til þess að líklegar aðstæður væru nokkuð þekktar fyrir fram, þá töldum við að það mundi auðvelda störf stjórnarinnar og hún ætti að geta ráðið við að taka svona ákvarðanir með mjög skömmum fyrirvara. Ef menn hins vegar eru hræddir um, að þetta yrði engu að síður of þungt í vöfum, er í rauninni ekkert sem hindrar það í þessu lagafrv., eins og það liggur fyrir, að stjórnin fæli oddvita sínum að taka ákvarðanir um þessi mál eftir þeim línum sem stjórnin hefði lagt. Það er ekki beinlínis sagt í frv. að þannig skuli gengið til verka, en það er heldur ekkert sem hindrar það. Við völdum þann texta, sem hér hefur verið fluttur, með tilliti til þess, að það væri ekki tekið fyrir möguleika af þessu tagi, að sá möguleiki væri opinn.

Herra forseti. Ég vil að lokum enn þakka hv. þm. 9. landsk. þm., Guðmundi Karlssyni, fyrir ágætar undirtektir undir þetta mál. Ég vil ítreka það, að það eru mál af þessu tagi sem hafa lent út undan hér á Alþingi, en það eru mál af þessu tagi sem skipta mjög miklu máli um það, hvernig okkur miðar í þá átt að bæta lífskjörin hér á landi, að gera lífið betra hér.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Hv. 2. þm. Reykn. flutti hjartnæma ræðu um byggðamál og byggðastefnu sem væri ástæða til að ræða nokkru meira um almennt og þá ekki síst með tilliti til þess, hvernig Alþfl. hefur staðið að byggðastefnumálum og Byggðamálum yfirleitt.

Ég álít að það eigi að vera meginstefnan í þessum efnum, að sjávarplássin kringum landið geti yfirleitt staðið að hráefnisöflun sinni sjálf. Þannig hefur verið unnið að þessum málum á undanförnum árum að byggja upp vinnsluaðstöðu í landi og reyna jafnhliða að tryggja hráefnisöflun til þessara stöðva. Það eru svo margir þættir í þessum málum sem ekki eru beint fjárhagslegir, sem koma inn í þetta, eins og t. d. að það hefur verið nokkrum vandkvæðum bundið í framkvæmdinni að fá einstök skip til að leggja upp utan sinnar heimahafnar þegar af þeirri ástæðu að sjómennirnir, sem eðlilegt er, vilja gjarnan koma til heimahafnar sinnar og vera þar á meðan verið er að afferma skipin og búa þau til nýrrar veiðiferðar.

Það hafa verið gripin á lofti nokkur tilvik þar sem gengið hefur illa í þessum efnum. Langvíðast hefur þetta gengið vel. Hins vegar hefur það komið fyrir, að það hefur hvorki heppnast útgerð né fiskvinnsla á einstökum stöðum og þá hefur það verið gripið á lofti af þeim sem eru engir sérstakir talsmenn byggðastefnu, eins og t. d. Alþfl., og þyrlað upp moldviðri um einstök málefni.

Ýmsir þættir þessa máls, sem hér er verið að ræða og hér er lagt fyrir, eru gott mál, ég get tekið undir það með hv. flm. og frsm. En ég er ekki alveg viss um að það sé rétta leiðin í þessu efni að fara að stofna sérstakan sjóð og sérstaka stofnun. Ég hefði haldið að það væri miklu vænlegri leið að bankakerfið rækti þetta verkefni. Hér er um að ræða að leggja upp aflann. Það þarf náttúrlega að greiða hann á meðan verið er að vinna hann og selja —

eða um takmarkaðan tíma. Það væri miklu eðlilegra að bankakerfið annaðist um þetta í stað þess að stofna sérstaka stofnun og sérstakan sjóð til viðbótar við allar hinar stofnanirnar og til viðbótar við alla hina sjóðina. Það væri e. t. v. eðlilegra í slíkum tilvikum að Byggðasjóður kæmi að því máli með einhverjum hætti. Þetta er raunar gert þegar, að vísu ekki í stórum stíl. T. d. var núna fyrir helgina togari austan af fjörðum að landa afla sínum á Djúpavogi. Það var banki, — ég hygg að það hafi verið Landsbankinn — sem leysti það mál, tók ábyrgð á greiðslu aflans. Það var því ekki vandamál. Ég mundi álíta að það væri skynsamlegra að leysa þetta þarfa mál að þessu leyti til í gegnum bankakerfið í stað þess að fara að setja upp nýja stofnun og nýtt kerfi með nýjum kostnaði. Hér er í raun og veru aðeins fjallað um einn þátt málsins, þ. e. að greiða aflann þar til hann hefur verið unninn og seldur, afskipaður. Ég vek athygli á þessu, að ég held að lausnin í þessu máli sé ekki sú að setja upp nýja stofnun, heldur að leysa þessi mál á annan hátt.

En ég vil endurtaka það, að ég vil gjarnan taka undir það með hv. flm., að þetta er þarft mál í heild sem þyrfti að koma í framkvæmd, ekki í mjög stórum stíl, en í nokkrum mæli. Þetta hefur stundum verið hugsað þannig að framkvæma leyfisveitingar til útgerða til að selja eða landa erlendis með þeim skilyrðum að þegar sérstaklega stendur á lönduðu þær öðru hvoru hér innanlands. Það er auðvitað ekki hægt að gera nema tekin sé ábyrgð á greiðslu fyrir aflann.

Ég vildi, vegna þess að hv. frsm. var að stjaka svolítið við mönnum í ræðu sinni, taka til máls. Ég vil taka undir að þetta er þarft mál þegar á heildina er litið. En ég er ekki viss um að leiðin sé sú að stofna nýja stofnun eða nýjan sjóð, heldur að leysa þetta í gegnum bankakerfið. Eins og ég sagði áður væri kannske eðlilegt að stofnun eins og Byggðasjóður kæmi að því máli.

Guðmundur Bjarnason: Herra forseti. Aðeins örfá orð um þetta frv., sem hér er til umr. um Greiðslutryggingarsjóð, og er það sumpart vegna þeirra ummæla hv. 2. þm. Reykn. og 1. flm., að þm. hafi setið hnípnir við umræðurnar og ekki virst þora eða vilja taka til máls.

Ég vil ekki viðurkenna að ég hafi setið neitt hnípinn yfir þessu máli. Ég hlustaði nokkuð vel á framsögu hv. 1. flm. og hef hugleitt þetta mál nokkuð. Ég geri ráð fyrir að ég sitji í þeirri nefnd sem um þetta fjallar síðar, hvort sem það er sjútvrn. eða fjh.- og viðskn., þannig að ég muni eiga eftir að sjá þetta.

En ég vil taka undir ummæli hv. flm. og frsm. hvað varðar miðlun fisks milli fiskvinnslustöðva eða milli staða. Það mál tel ég að þurfi að taka sérstaklega til athugunar. Ég vil geta þess, að í Norðurlandskjördæmi eystra hefur þegar átt sér stað á undanförnum árum nokkuð mikil miðlun afla milli staða. Þar hefur fiskur verið fluttur milli Akureyrar og Húsavíkur í töluverðum mæli. Þar hefur fiskur verið fluttur milli Húsavíkur og Grenivíkur. Og nú stendur einnig til með nýjum atvinnuháttum á norðausturhorninu, þ. e. Þórshöfn og Raufarhöfn, sem hv. flm. kallaði „Þórshafnaræ vintýrið", að miðla afla. Allt eru þetta skref í rétta átt.

Hvort þetta frv. og sú stofnun sjóðs, sem hér er um rætt, er til þess fallið að örva miðlun afla skal ég ekki segja um á þessu stigi. Það kann að vera. Það er alla vega stefnt að því að gefa mönnum tryggingu fyrir því að fá afla greiddan ef þeir landa utan heimahafnar. En því hafa fylgt ýmis önnur vandamál en það að fá greiddan aflann. Við vitum að það, sem kannske hefur helst staðið í vegi fyrir miðlun afla milli staða, er að viðhald skipa og viðgerðir þurfa gjarnan að fara fram meðan skipin staldra við í heimahöfn. Þá þarf að vera þar aðstaða til þess. Þá aðstöðu þarf að byggja upp í heimahöfn skipsins. Hæstv. viðskrh. nefndi einnig frítíma sjómanna, sem gjarnan fylgir þessu, og að sjómenn vildu, þegar löndun fer fram, vera í heimahöfn eða í sinni heimabyggð. Það eru kannske miklu fremur þau vandamál sem staðið hafa í vegi fyrir því, að miðlun gæti átt sér stað og farið fram í þeim mæli sem þörf væri á, heldur en þetta mál með greiðsluna, þó að það spili sjálfsagt inn í líka.

Ég held að það vandamál, sem í frv. er fjallað um, sé enn þá viðtækara. Útgerðarmenn hafa bent mér á að hugsanlegt væri að meta það til einhverra prósenta í fiskverði ef þeim væri tryggð greiðsla fyrir hráefnið hverju sinni eða eins fljótt og unnt er eftir að löndun hefur átt sér stað, ekki endilega vegna þess að það væri utan heimahafnar, heldur ekki síður í heimahöfn. Það mál þyrfti að taka til athugunar. Það fellur ekki sérstaklega að miðlunarmálum, en ég tel að það ætti að skoða og gæti jafnvel komið til skoðunar í sambandi við þetta frv. þó að það sé ekki beinlínis tilgangurinn með flutningi þess.

Þetta eru hugleiðingar. Ég undirstrika að ég tek undir það með flm. hv. 2. þm. Reykn., að huga þarf að þessum miðlunarmálum og leita leiða til að auka miðlun með aukna hagkvæmni í huga og með það í huga að samræma betur veiðar og vinnslu, eins og mikið hefur verið um rætt.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Hér hygg ég að hafi verið hreyft máli af skynsamlegum og góðum tilgangi, enda þótt ég hefði það næstum því á tilfinningunni undir ræðu hv. 1. flm., hv. þm. Kjartans Jóhannssonar, að e. t. v. ætti frv. fremur að heita: Um löðun afla.

Ég hygg að andmæli þau, sem fram hafa komið gegn frv. og sem lúta að siglingu skipanna og fjarveru úr heimahöfn, fái ekki að öllu staðist vegna þess að alls ekki er loku fyrir það skotið, ekki einu sinni ýjað í þá átt, að ekki megi flytja þennan fisk á milli með bifreiðum og að einum og sama farmi verði þá e. t. v. miðlað á fleiri en eina höfn.

Ég treysti mér ekki til þess að gagnrýna þau atriði sem lúta að stofnun sjóðs í þessu skyni. Fram að þessu hafa bankarnir lánað út á fisk upp úr sjó. E. t. v. væri rétt að láta bankana um þetta framvegis, en greiða fyrir því — e. t. v. með lagaákvæðum eða öðrum ráðum — að fjármagn verði auðfengnara úr bönkum í þessu skyni en verið hefur. Það breytir ekki þeirri staðreynd að minni hyggju, að hér sé hreyft góðu og athyglisverðu máli, að það sé nytsamlegt að ræða um það, með hvaða hætti við getum stuðlað að miðlun afla milli hafna, einkanlega frá togaraflotanum.

Ég vil minna á það, að samþykkt var á sínum tíma þáltill., flutt af Lúðvík Jósepssyni, sem miðaði að skipulagi á löndun bolfiskafla milli fiskiðjuvera. Ég vildi gjarnan ræða þetta mál einmitt í tengslum við hugsunina sem þar lá að baki.

Ekki er mér alveg ljóst hvort við getum borið íslenska fiskverkun, og kannske enn þá síður fiskverslun, saman við þær aðstæður sem kölluðu á sínum tíma á stofnun

Ráfisklaget í Noregi, þar sem um er að ræða allt annars konar fyrirkomulag á fiskversluninni. Meira er um fiskkaupmenn með Noregsströnd sem kaupa fisk og selja jafnóðum, og aðstaða Norðmanna til sölu á ísuðum fiski, ísuðum flökum, hálfaðgerðum fiski, er miklu betri en okkar aðstaða og fiskverslun miklu almennari, ef svo má segja, en hér er, þar sem langflest fiskiðjuverin okkar eru, guði sé lof, í samfélagseign og eru tengd atvinnuuppbyggingu á stöðunum meðfram ströndinni.

Ég tel þetta frv. vel þess virði að huga að því og ræða það. En það er ætlan mín, að vandlega þurfi í þessu máli að gá jafnframt að öðrum leiðum sem til þess væru fallnar að tryggja hráefnismiðlun milli hafnanna.

Það má vel vera, og ekki skal ég þræta fyrir það, að löngunin í góðan bjór og svolitla upplyftingu í leiðinni, þegar siglt er með afla, geri það að verkum að áhöfn taki tilhugsuninni um siglingu með afla glaðlegar en ella hefði verið. Ég hygg þó að í ákaflega mörgum tilfellum sé þetta þannig, að útgerðaraðilar skipsins telji sig eiga von í betra verði þegar blöndun afla er rétt á sæmilegum markaði erlendis. Svo er náttúrlega frekar á að líta að gera má ódýr innkaup í ýmsum myndum í sambandi við siglinguna.

Ég vil ekki orðlengja um þetta mál frekar, aðeins hvetja til þess, að hugsað verði af alúð og festu um leiðir til þess að tryggja miðlun aflans milli þeirri sjávarplássa þar sem sífelld hætta er á hráefnisþrotum og atvinna fólksins er í voða.

Flm. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Fyrst var það bjórinn, svo er það olían, svo er það viðhaldið, nú er það upplyftingin. Ég er sannfærður um að blómarósir á Langanesi og Raufarhöfn munu taka vel og veita upplyftingu þreyttum sjómönnum að sunnan. Ég held líka að fallegar stúlkur á Reykjanesi muni vera reiðubúnar að sjá til þess að menn annars staðar að eigi sér góðar stundir. En þetta er vitaskuld ekki meginatriði málsins.

Hv. þm. Guðmundur Bjarnason, 5. þm. Norðurl. e., ræddi hér lítils háttar um viðhaldið, að það bæri nauðsyn til þess, þegar skip kæmu í höfn, að sinnt væri ýmsum viðhaldsverkefnum. Vitaskuld. En þeir, sem gera sér vonir um að sinna megi viðhaldi á plássum eins og t. d. Þórshöfn á Langanesi fyrir skip sem sé stöðugt gert út þaðan, eru væntanlega ekki hræddir um að það megi ekki sinna smáviðvikum þegar annað skip landi þar. Hitt vitum við líka, að það er nokkuð um það þegar að skip landi annars staðar en í heimahöfn og fái sinnt þeim viðhaldsverkefnum sem nauðsynleg teljast. Auðvitað er ekkert við því að segja að fram komi ábendingar af þessu tagi, en ég held að þetta séu atriði sem muni leysast og skipti ekki kjarna málsins.

Ég tók líka eftir því í ræðu hv. þm. Stefáns Jónssonar, 4. þm. Norðurl. e., að hann velti sérstaklega fyrir sér dreifingu afla á hafnir sem væru tiltölulega nálægar, dreifingu afla eða jöfnun afla innan landshluta, getum við sagt. Jöfnun afla af því tagi er þó nokkuð útbreidd, a. m. k. á vissum landssvæðum, eins og hér á suðvesturhorninu, í Eyjafirðinum og sjálfsagt víðar. Það er vitaskuld rétt að stuðla bera að slíkri jöfnun, en hún er eiginlega til viðbótar við þá jöfnun sem verið er að fjalla um í þessu frv. Það er fyrst og fremst verið að fjalla um jöfnun milli landshluta. Jöfnunin milli landshlutanna er ekki síður mikilvæg vegna þess að við höfum fyrir okkur mýmörg dæmi um að menn ráði illa við afla í einum landshluta á sama tíma og atvinnuleysi ríkir annars staðar. Það er ein stoðin undir þessu frv. Hin stoðin er sú að gera mönnum kleift, þar sem við vitum að um tímabundna hráefniseklu verði að ræða, að komast yfir afla án þess að þurfa að taka á sig myllusteina, án þess að þurfa að gera því skóna eða fara bónbjargarleiðir um það að láta gefa sér togara t. d. Von okkar flm. er að þetta frv. geti þannig orðið liður í heilbrigðari sjávarútvegsstefnu, heilbrigðari fiskveiðistefnu.

Hæstv. viðskrh. minntist hér líka á sjómennina. Auðvitað vildu þeir helst koma til heimahafnar. Okkur er það fullljóst. Hitt vitum við líka, eins og ég sagði áðan, að dæmi eru um það að landað sé utan heimahafnar. Það er ekki fordæmalaust. Í annan stað töldum við að það væri uppgjörsmál milli útgerðar og sjómanna hvort eitthvað þyrfti til að koma til að sjómenn yndu því að fara á aðra höfn en sína heimahöfn. En þá hefur líka útgerðaraðilinn fengið ávinning staðgreiðslunnar til þess að standa undir hugsanlegri umbun af því tagi. Ég held að það sé ekki skynsamlegt að fara að teygja löggjöf um aðgerðir af þessu tagi inn á hvert einstakt svið, heldur hljóti það að vera mál útgerðaraðilans og sjómannanna hvernig hún skuli ráðin.

Hæstv. viðskrh. ræddi hér nokkuð um svonefnt Þórshafnarmál eða Þórshafnarævintýri, eins og það er nú kallað meðal almennings, og lagði út frá því á tvo vegu, báða ranga vitaskuld.

Hann talaði um það, að Alþfl. hefði verið sérstakur fjandmaður byggðastefnu. Þetta er gömul framsóknarklisja sem menn hengja sig í þegar þeir hafa ekkert til málanna að leggja, ómerkileg og ekki til þess fallin að umræðan sé á því plani sem hún ætti að vera á og hefur að öðru leyti verið á hér í þessari deild núna. Það vita allir, sem vilja vita, að Alþfl. hefur fylgt fram raunhæfri byggðastefnu af jafnmiklum eða meiri þrótti og langtum meiri skynsemi en margir aðrir.

Hitt atriðið, sem hæstv. viðskrh. gerði sérstaklega að umtalsefni, var það, að mennirnir í plássunum ættu að eiga atvinnutækin sjálfir í sem ríkustum mæli. Vitaskuld er það rétt. Það er heldur ekkert í þessu frv. sem gerir ráð fyrir því, að eignaraðildin sé tekin af mönnum í einstökum byggðarlögum. Það er verið að gefa mönnum valkost. Það er verið að gefa mönnum möguleika á því að geta valið hvort þeir fara þessa leið til þess að mæta tímabundinni hráefniseklu eða hvort það eigi að gerast með stórum og miklum fjárfestingum, — fjárfestingum sem allir vita að eins og sakir standa munu einungist bitna á greininni í heild á sama tíma og það getur orðið mönnunum í plássinu hræðilegur myllusteinn. Þess vegna hefur það ekki með málið að gera sem hæstv. viðskrh. sagði í þessum efnum.

Ég tók víst svo til orða hér áðan, að menn hefðu setið hér hnípnir. Ég verð að biðjast afsökunar á því, að ég þekkti ekki nógu vel svipbrigðin á hv. þm. Guðmundi Bjarnasyni til þess að átta mig á því, að hann var auðvitað að hugsa. En ég vil nota þetta tækifæri til að þakka honum og öðrum þeim, sem hér hafa tekið til máls — bæði hv. þm. Stefáni Jónssyni og hæstv. viðskrh., fyrir skilning á því máli sem hér er verið að flytja. Ég verð að segja það, að þrátt fyrir smávægilegar athugasemdir, sem ég tel reyndar léttvægar og annaðhvort falla utan við efnisrammann eða hafa ekki með aðalatriði málsins að gera, voru þeir sammála okkur flm. um að hér kynni að vera leið sem reyna bæri til að ná frekara jafnvægi milli

vinnslu og veiða, til þess að ná frekara jafnvægi í löndun aflans milli landshluta.

Það kom fram bæði hjá hæstv. viðskrh. og eins hjá hv. þm. Stefáni Jónssyni, hvort það gæti ekki verið að bankakerfið ætti að sinna þessu. Um þetta vil ég segja eftirfarandi:

Það er búið að tala um það í heilan áratug, að bankakerfið eigi að sinna þessu, og það hefur ekkert gerst. Það hefur ekki náðst árangur í þeim efnum. Og jafnvel þótt bankarnir heyri undir hæstv. viðskrh. er mér stórlega til efs að það muni eitthvað frekar hreyfast í þeim málum. Svo er það, að Alþingi getur illa sett lög á bankana í þessum efnum. En Alþingi getur sett lög af því tagi sem hér er flutt frv. um. Alþingi getur með auðveldum hætti gripið inn í þessi mál með því að setja á stofn sjóð af þessu tagi.

Nú erum við hv. flm. ekki sérstakir talsmenn þess að byggja bákn á bákn ofan eða nefnd á nefnd ofan, en okkur sýndist að þetta væri raunhæfasta leiðin eins og sakir standa. Við leituðumst við að finna það form sem ekki væri af því tagi að það væri sérstakur stofnanabragur. Þessum sjóði er í raun og sannleika ætlað að vera deild innan Aflatryggingasjóðs. Honum er ætlað að vera starfræktur á vegum Aflatryggingasjóðs. Umsjón sjóðsins, bókhald og því um líkt yrði á hans vegum. Það er ekki sett upp neitt stórkostlegt „apparat" til þess að stjórna þessum sjóði, heldur er Aflatryggingasjóði ætlað að velja þrjá menn til þess að sjá um þau verkefni sem hér um ræðir.

Þess vegna segi ég það og ítreka, að þó menn geti haldið því fram að auðvitað ætti bankakerfið að sinna þessu hefur reynslan sýnt okkur að bankakerfið gerir það ekki. Reynslan hefur sýnt okkar að jafnvel þó að það sé vilji fyrir því, t. d. á Alþingi, að bankakerfið sinni þessu, gerist ekki neitt. Reynslan hefur sýnt okkur að það heldur áfram að vera sama ástandið og áður: Það er kannske hráefnisskortur á einum stað, en menn eru að kafna í fiski á öðrum stað. Þess vegna er þetta frv. flutt.

Herra forseti. Ég vil svo að lokum þakka þær undirtektir sem þetta frv. hefur fengið hér, sem ég tel vera mjög jákvæðar að því er aðalatriði málsins varðar. Ég tek það fram, eins og ég gerði reyndar í framsöguræðu minni, að við flm. erum vitanlega reiðubúnir að taka tillit til mismunandi sjónarmiða, sem upp kunna að koma, og reyna að finna þessu það form sem best er.

Að lokum legg ég til, herra forseti, að þessu frv. verði vísað til sjútvn.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég hafði raunar ekki ætlað það, er ég tók til máls í fyrra sinnið, að ég þyrfti að gera það öðru sinni, en hv. þm. Kjartan Jóhannsson er stundum, að því er virðist, gæddur þeim veikleika — undarlegt með jafngáfaðan og vel upplýstan mann — að skemma ágætismál með því að tala um þau of oft og of lengi.

Hann vó hér, ef svo mætti segja, í lokaræðu sinni öðru sinni í þann knérunn sem honum eru kaup á fiskiskipi til Þórshafnar á Langanesi. Raunar hefur hann í hin fyrri skiptin, við aðrar umræður þegar rætt hefur verið um kaup á þessum togara, staðfest það, sem við höfðum ýmsir rökstuddan grun um, hversu gjörsneyddur maðurinn er öllum skilningi á vandamálum sjávarútvegsins á Íslandi. Og ekki virtist honum aukast skilningur á eðli þessa bjargræðisvegar okkar við það að gegna í meira en ár embætti sjútvrh.

Ég hirði ekki um að leggja enn einu sinni fyrir hann þá spurningu, með hvaða hætti hann ímyndar sér að hægt sé að ávaxta „kapital" upp á 5 milljarða gkr. í togara við Faxaflóa ef það er ekki hægt með 3 milljarða gkr. í góðum togara norður á Þórshöfn. En hitt ætla ég, að ef við ræðum af alvöru um skipulag sjávarútvegsmála á Íslandi, hráefnisöflunar, væri öllu nær að sjá til þess, að ekki væri mokað á land það miklum afla á tilteknum landssvæðum, svo sem eins og á vetrarvertíðarsvæðinu, að fólk, sem við fiskverkun vinnur þar, hefði alls ekki undan og gerði hluta af aflanum að skít. Þá væri betra að hemja svolítið aflann með skipulagsbundnum aðgerðum á þessum landssvæðum, þannig að fiskiskip í öðrum landshlutum fengju þá að veiða nokkru lengur, það þyrfti ekki að takmarka afla á þeirra kostnað.

Ég ítreka þá skoðun mína, að hugsunin á bak við þetta þingmál, á bak við þetta frv., sé nokkuð góð. En ég bið hv. þm. Kjartan Jóhannsson, fyrrv. sjútvrh., að hugleiða það nokkuð, hvort ástæðan fyrir því, að bankakerfið, sem lánar út á fisk upp úr sjó, hefur ekki verið tilkippilegt að taka að sér þetta hlutverk, þ. e. tryggja staðgreiðslu afla sem landað er annars staðar en í heimahöfn, sé ekki sú, hversu mismunandi fjárhagsafkoma fiskverkunarstöðvanna úti á landi er. Ég spyr hv. þm. með hvaða hætti hann ætlast til þess að fiskiðjuverið þar norður í rassi, svo við fylgjum nú hugsanaþræði hans, setji fullnægjandi tryggingu til hins nýja sjóðs sem ekki væri jafnframt fullnægjandi trygging fyrir banka. Ástæðan fyrir því, að ekki hefur verið lánað til hlítar til aflakaupa í þessu skyni, hefur í langsamlega flestum tilfellum verið bág staða hlutaðeigandi fiskiðjuvera.

Nei, við tryggjum ekki siglingu togara með afla frá einum landshluta til annars með öðrum hætti en þeim, að kostnaðurinn við þessa fiskflutninga verði greiddur. Það kostar orðið óhemju fé að sigla með togarafarm frá Hafnarfirði norður að Langanesi og leiðin á miðin til baka. Hér yrði um það að ræða í mjög mörgum tilfellum, að greiða yrði flutningskostnað á þessum fiski, greiða yrði hærra verð fyrir hann en gangverðið. Nú á hv. þm. Kjartani Jóhannsyni náttúrlega ekki að bregða svo mjög í brún við þá hugsun, þar sem hann er þm. fyrir það svæði landsins þar sem tíðkast hefur á undanförnum árum að fiskkaupendur bjóða í aflann og hann er keyptur á uppsprengdu verði — og hefur tíðkast svo um árabil. En hér er ekki til þess hugsað að stofnaður verði raunverulegur sjóður til að greiða niður flutningskostnað eða til að hækka verð á fiski til að gera það fýsilegt að sigla með aflann í aðra landsfjórðunga. Það er ég alveg viss um, að sú „löðun afla", sem hv. þm. ræðir um, verður ekki framkvæmd, henni verður ekki til leiðar komið með öðrum hætti en þeim, að útgerðaraðilar þessara skipa sjái sér í því nokkra hagnaðarvon að sigla þetta með aflann.

Ég tek undir það með hv. þm., að hér gegnir allt öðru máli en þegar um það er að ræða að miðla afla innan landsfjórðuna þar sem vegasamband er sæmilegt, en því fer víðs fjarri að á þeirri fiskmiðlun sé skipulag nokkurs staðar á landinu. Ég vil minna á það, að í hittiðfyrra, í heitri sumartíð í hittiðfyrra, var settur í bræðslu þorskur um svipað leyti á gjörvöllu svæðinu frá Austfjörðum norður á Skagaströnd, þegar mokafli var og ekki hafðist undan að vinna í frystihúsunum. Þetta gerðist úti á landi í

heitri sumartíð. Þarna kom upp vandamál úti á landi í heitri sumartíð sem vissulega er sambærilegt við það sem gerist í mokaflanum hérna syðra á vetrarvertíðinni. Þá þýddi ekki að miðla fiski á milli staða á þessu svæði. Á þessum tíma hefði vandinn ekki heldur verið leystur með því að senda togarafarma hingað suður á Faxaflóa, því svo vildi til á þeim tíma, enda þótt miklu minna bærist að af fiski á svæðinu frá Vestmannaeyjum og upp á Skaga, að fiskiðjuverin þar höfðu ekki mannskap til að hafa undan.

En þetta breytir ekki því, að minni hyggju, að hugsunin á bak við það frv., sem hér er flutt, sé góð, hún sé skref í þá átt að við tökum þau mál til alvarlegrar athugunar, með hvaða hætti við getum staðið miklu skynsamlegar að vinnslu afla en við höfum gert hér á landi og með hvaða hætti við getum samræmt útböku hráefnis úr sjó og vinnslu.

Guðmundur Karlsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu, en vil taka undir það meginsjónarmið, að nauðsyn sé að tryggja staðgreiðslu afla.

Ég stóð hérna upp til þess að leiðrétta þá umsögn hv. flm., að bankakerfið hefði ekkert gert í þessum efnum, en það vinnulag hefur verið tekið upp í Vestmannaeyjum að Útvegsbankinn þar sér um greiðslu hráefnisins hálfsmánaðarlega að fullu. Ég held að í þessu tilviki verði varla annað sagt en að það verði að skoðast sem staðgreiðsla. Þá skiptir ekki máli hvort bátar eru samningsbundnir eða koma til löndunar annars staðar frá.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

Neðri deild, 61. fundur.

Mánudaginn 9. mars, kl. 2 miðdegis.

Fiskvinnsluskóli, frv. (þskj. 12, n. 457, 458). —2. umr.

Frsm. (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Þetta mál, sem er númer eitt á dagskránni, 11. mál, er frv. til l. um breyt. á lögum um Fiskvinnsluskóla. Það er þannig með þetta mál, 11. mál, að því fylgir annað, 24. mál sem er um breyt. á lögum um Framleiðslueftirlit sjávarafurða. Þessi mál hanga þannig saman að þau verður að afgreiða annaðhvort hvorugt eða bæði.

Frv. þessa efnis, um breytingu á lögum um Fiskvinnsluskóla og Framleiðslueftirlit sjávarafurða, hefur verið lagt fram hér á Alþingi a. m. k. tvisvar sinnum áður, en ekki hlotið afgreiðslu. Þessu máli var vísað til hv. sjútvn. þó að þetta sé menntamál, ekki veit ég af hverju, nema kannske því, sem manni dettur fyrst í hug, að menn vænti þess, að skjótari og betri afgreiðsla fáist hjá hv. sjútvn. sem er ekki vön að liggja á neinum málum sem til hennar koma.

Ég held að það sé varla ástæða til að fjölyrða mikið um þetta frv. Það er í stuttu máli um það að festa í lögum samband milli Fiskvinnsluskólans og Framleiðslueftirlitsins. Það er kveðið á um það að haft skuli samband við Framleiðslueftirlitið varðandi námskeiðahaldið, sem nú flyst allt til Fiskvinnsluskólans, og síðan er gerð breyting á skipun skólanefndar.

Sjútvn. hefur rætt þetta frv. á nokkrum fundum sínum, og eins og segir í nál. á þskj. 457 leitaði nefndin álits ýmissa aðila sem eiga hlut að máli; Fiskifélags Íslands og Framleiðslueftirlits sjávarafurða og svo skólastjóra Fiskvinnsluskólans. Við fengum bæði skriflegar umsagnir og eins fengum við þessa menn til okkar á fundi og til að ræða við þá beint. Nefndin setti sig því vel inn í málið eins og sjálfsagt er og skylt, og auk þess höfðum við samband við fulltrúa þeirra sem höfðu útskrifast úr þessum skóla.

Nefndin varð sammála um afgreiðslu málsins. Hún leggur til að frv., 11. mál, verði samþykkt með nokkrum breytingum. Breytingarnar eru fólgnar í því, að aðeins er breytt orðalagi þannig: „Skólinn skal hafa samráð við Framleiðslueftirlit sjávarafurða um námskeiðahald fyrir matsmenn“ o. s. frv. Við 2. gr. er lögð til lítils háttar breyting. Í frv, er gert ráð fyrir 11 mánaða skipulagðri starfsþjálfun, en því er breytt í 9 mánuði. Það er ekki gert í því skyni að draga úr kröfum, heldur til þess að þetta falli saman við lengd skólaársins, sem er 9 mánuðir. Þetta er eingöngu praktískt að þessu leyti. Í stað þessarar styttingar gerir nefndin till. um breytingu á frv. um Framleiðslueftirlit sjávarafurða þar sem bætt er við tveggja mánaða verklegri kennslu handa þeim sem útskrifast úr þessum skóla. Það fellur því í rauninni ekkert niður, það eru meira að segja auknar kröfur um verklega þjálfun heldur en hitt, þó að um styttingu sé að ræða á þessum stað.

Þá er gerð till. um breytingu á skipun skólanefndarinnar. Skólanefnd þessa skóla hefur verið skipuð fimm mönnum.

Till. er gerð um að úr fyrirsögn falli brott vísun til laga nr. 57 frá 21. apríl 1974, um fiskvinnsluskóla, ósköp einfaldlega vegna þess að nefnd lög eru ekki um neitt annað en skólanefnd Fiskvinnsluskólans, og þar sem verið er að breyta skipan þessarar skólanefndar með þessu frv. hlýtur sú grein að falla burt. (Gripið fram í.) Hún er ekki nema ein grein, um skólanefnd, annað ekki. Sjútvn. þessarar hv. deildar lagði til að skólanefndin skyldi skipuð þannig, að einn nefndarmanna væri tilnefndur af Fiskifélagi Íslands, einn af félagi lærðra fiskiðnaðarmanna, Fiskiðn, og einn úr hópi nemenda skólans. Þarna eru komnir þrír. Síðan lagði nefndin til að ráðh. skyldi skipa tvo nefndarmenn án tilnefningar, og er sú kvöð jafnframt lögð á ráðh. að velja þessa menn þannig, að annar þeirra kæmi frá framleiðendum, úr fiskvinnslunni, og hinn frá Framleiðslueftirlitinu.

Þetta eru, herra forseti, þær brtt. sem við höfum lagt til að gerðar yrðu. Og ég tek það fram einu sinni enn, að nefndin varð sammála í öllum atriðum um meðferð þessa máls.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég sé ástæðu til að þakka hv. sjútvn. fyrir afgreiðsluna á þessu máli. Eins og fram kom í máli frsm. áðan var þessu máli, um Fisvinnsluskólann, sem út af fyrir sig heyrir undir menntmrn. og ætti að öllu eðlilegu eftir okkar venjum að vísa til menntmn., vísað til sjútvn. Voru sérstakar ástæður fyrir því, að sú leið var valin að vísa málinu til sjútvn. Það var eins konar samkomulagsatriði, að þau mál, sem saman hanga, eins og hv. frsm. nefndi hér áðan, þetta og það mál sem er næst á dagskrá í dag, væru tekin fyrir í

sömu þingnefnd. Finnst mér ósköp eðlilegt eins og á stendur að þessu máli væri vísað til sjútvn., úr því að samkomulag var um það, og ekkert við það að athuga. Ég vil þakka nefndinni fyrir það, hvernig hún hefur staðið að þessu máli.

Hv. frsm. gerði grein fyrir þeim brtt. sem koma frá sjútvn. Brtt. eru af því tagi að ég sé enga ástæðu til að hafa neitt á móti þeim, það er engu verulegu hnikað til í sambandi við efni frv. nema þá hvað varðar skipan skólanefndar. Ég tel till. nefndarinnar vera af því tagi að engin ástæða sé til að fetta fingur út í þær og mun ekki gera það, heldur vænti þess, að þetta mál nái fram að ganga í því horfi sem sjútvn. leggur til.

ATKVGR.

Brtt. 458,1 samþ. með 29 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 458,2 samþ. með 33 shlj. atkv.
2. gr., (verður 3. gr.), svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 458,3 (ný 3. gr., verður 2. gr.) samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 458,4 samþ. með 31 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 458,5 samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn, svo breytt, samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 32 shlj. atkv.

Framleiðslueftirlit sjávarafurða, frv. (þskj. 25, n. 456). — 2. umr.

Frsm. (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Eins og ég gat um áðan í sambandi við fyrsta dagskrárliðinn eru þessi tvö frv., 11. mál og 24. mál, óaðskiljanleg. Það fór eins um meðferð nefndarinnar á þessu máli og hinu, að hún varð honum sammála um afgreiðslu þess. Þannig leggur hún til að frv. verði samþykkt með nokkrum breytingum. Breytingarnar eru settar fram af nefndarinnar hálfu þannig, að tekið er svo til orða að 2. gr. frv. orðist svo, að 2. mgr. 9. gr. laganna orðist eins og þar segir, og eru þá allar breytingarnar inni í textanum. Ef hv. þdm. vilja gera sér grein fyrir því, í hverju breytingarnar eru fólgnar, verða þeir að lesa saman þessa grein í frv. sjálfu annars vegar og hins vegar í brtt. á þskj. 456.

Breytingarnar eru svo sem ekki mjög stórkostlegar, en þó nokkrar, þannig að það er líklega rétt að geta þess í hverju þær eru fólgnar.

Í fyrsta lagi verður breyting á 1. mgr. Í frv. segir að fiskiðnaðarmenn fái að loknu prófi í Fiskvinnsluskólanum löggildingu sem ferskfisk- og freðfiskmatsmenn. Þessu vill sjútvn. breyta þannig, að nemendur úr skólanum fái löggildingu sem freðfiskmatsmenn, en við teljum eins og fleiri, sem þekkja til í þessum efnum, að þessir nemendur hafi ekki fengið nægilega reynslu úr skólamenntuninni sjálfri til þess að meta ferskfiskinn, til þess þurfi þeir vinnu- og reynslutíma, sem vonandi leiðir til þess í framtíðinni, að mat á fiski verður samræmt eitthvað meira en nú er. Með prófinu fá þeir sem sagt löggildingu sem freðfiskmatsmenn, en þurfa að vinna við ferskfiskmat, eins og segir í næstu málsgr., í tvo mánuði eða 300 vinnustundir minnst með löggiltum matsmanni. Það álítum við raunar allt saman lágmarkstíma og hefðum talið að um þetta þyrfti að setja ákvæði í reglugerð.

Í frv. er gert ráð fyrir því, að menn fái löggildingu sem matsmenn við að meta saltfisk og saltsíld og skreið með þeim skilyrðum, að þeir þurfi að vinna allt að tveimur mánuðum eða minnst 300 vinnustundir við að meta saltfisk og saltsíld, en þegar um skreið er að ræða var í frv. aðeins gert ráð fyrir rúmlega hálfum slíkum reynslutíma, þ. e. 170 stundum. Nefndin leggur til að þar þurfi að vera jafnlangur reynslutími, menn þurfi að vinna jafnlangan reynslutíma við að meta skreið og saltfisk og saltsíld. Við komum ekki auga á það, að unnt sé að sleppa mönnum með miklu styttri tíma við að meta skreið heldur en saltfisk og saltsíld.

Ég veit ekki hversu margir hv. þdm. vita hvernig skreið lítur út. Hún er ekki opinn fiskur, heldur lokaður, og til þess að kanna ástand hennar þurfa menn áreiðanlega að venjast því vel að meta hana. (Gripið fram í.) Það hefði kannske ekki veitt af að hafa hérna dálítið námskeið. (Gripið fram í.) Já, ýmsir greinilega farnir að þorna heldur mikið hér.

En ég ætla ekki að fjölyrða um þetta. Aðalatriðið er það, að af hálfu nefndarinnar höfum við lagt til að láta nemendur vinna um 300 tíma við að meta þessa fiskframleiðslu til þess að verða löggiltir matsmenn. Ég held að það sé sanngjarnt og rétt að stefna að þessu.

Nú er það svo, að það eru fleiri sem meta fisk en nemendur Fiskvinnsluskólans einir. Fjöldi manna um land allt fæst við alls kyns fiskmat. Þeir þurfa auðvitað að fá sína löggildingu eftir að hafa að sjálfsögðu lært til þess verks á námskeiðum sem Fiskvinnsluskólinn heldur.

Það er talað um að sjútvrn. löggildi þá matsmenn einnig. Áður voru það lögreglustjórar. Löggildingin fer fram í ráðuneytinu, sem ekki er óeðlilegt, en til þess að unnt sé að löggilda þessa menn þurfa þeir að fá staðfestingu þess, að þeir hafi hlotið nægilega þjálfun til verksins, og þess vegna lét nefndin það fylgja. Það þarf að koma umsögn um það áður en þeir verða löggiltir. Sama er að segja um þá menn sem af einhverjum ástæðum teljast ekki hæfir til starfanna og þarf að svipta þessari löggildingu. Ef til þess kæmi grípur ráðuneytið þar inn í með því að svipta viðkomandi mann löggildingu til þessa starfs, en þá að fenginni umsögn þeirra sem til þekkja. Þess er einnig getið þarna og fannst nefndinni rétt að þetta væri hvort tveggja í frv.

Annað er varla umtalsvert, og ég held að það sé varla ástæða til þess, herra forseti, að tíunda það frekar. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þessum breytingum og ég vil enn þá leggja áherslu á það, að sem endranær stendur öll nefndin að þessari skynsamlegu lausn málsins.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 456 (ný 2. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Atvinnuréttindi útlendinga, frv. (þskj. 447). — Frh. 1. umr.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir, er fyrir margra hluta sakir athyglisvert og kannske mest fyrir þá sök að það er algjörlega óþarft. Það er ekkert ákvæði í þessu frv. sem nauðsynlegt er að setja inn í lög, en á hinn bóginn ber það vitni þess, að hæstv. félmrh. virðist ekki hafa mikið að gera við hagnýt störf og hann virðist vera órólegur út af því, að Alþb. á við mjög alvarleg innanhúsvandamál að stríða, þar sem er sú deild þess sem kennd er við farandverkafólk annars vegar og svo venjulegt verkafólk hins vegar. Vakti raunar undrun mína þegar þetta mál var til umr. áður hér í deildinni, að formaður Verkamannasambands Íslands, Guðmundur J. Guðmundsson, hv. 7. þm. Reykv., skyldi fagna frv. sem gengur út frá þeirri forsendu, að erlent fólk í frystihúsum skuli hafa forréttindi fram fyrir íslenskt verkafólk. En ein grein þessa frv., 3. gr., gerir einmitt ráð fyrir að erlent verkafólk skuli hafa á ýmsan hátt forréttindi gagnvart íslensku verkafólki. Enn fremur get ég ekki séð annað samkv. þessu frv. heldur en hæstv. félmrh. ætli að setja strangari ákvæði gagnvart heilbrigðiseftirliti og um ýmislegt annað þegar erlendir menn eiga í hlut en íslenskir, eins og ég mun víkja nánar að síðar í minni ræðu.

Ég vil segja það í fyrsta lagi, að það er eftirtektarvert, að þótt þetta frv. heiti frv. til laga um atvinnuréttindi útlendinga einskorðast það við fólk í frystihúsum, að því er manni virðist. Og þótt ég hafi beðið um upplýsingar um það hjá einum starfsmanni félmrn., hvaða niðurstöður eða hvaða álit hafi fylgt þessu frv. til ráðh., var ég nú satt að segja litlu nær, enda kannske eðlilegt að sem minnst fréttist af því, hvernig unnið var að þessu frv. frá sjónarmiði ráðh., sem allt beinist að því að búa til eitt allsherjarbákn í félmrn. undir því virðulega nafni vinnumálaskrifstofa félmrn. Og vegna þess að hæstv. félmrh. hafði hér um daginn afskaplega mörg orð um einmitt þennan þátt málsins, hversu þýðingarmikil þessi vinnumálaskrifstofa félmrn. væri, vil ég í fyrsta lagi spyrja hann að því, hversu margir menn vinna við vinnumálaskrifstofuna, hvort hann hafi í huga að fjölga starfsfólki þar eða hvernig hann hugsar sér að þessi vinnumálaskrifstofa komist yfir þau verkefni, sem þegar er búið að ákveða henni í lögum, og þau, sem hann auk þess leggur til að hér bætist við.

Ég hef ekki getað aflað mér upplýsinga um og veit ekki hvort það er raunar til nein kostnaðaráætlun yfir það, hvað þau auknu verkefni, sem hér er gert ráð fyrir, kosti hið opinbera. Og ég beini þeirri fsp. til hæstv. félmrh., hvort hann hafi látið gera kostnaðaráætlun í tengslum við það frv. sem hér liggur fyrir.

Samkvæmt lögum frá 10. apríl 1979, svokölluðum Ólafslögum, var m. a. ákveðið að verkefni vinnumálaskrifstofu félmrn. skyldu vera þessi, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Að afla og koma á framfæri upplýsingum um atvinnutækifæri á landinu öllu og samræma það starf að vinnumiðlun, sem nú fer fram á vegum sveitarfélaganna."

Nú er mér algjörlega ókunnugt um það, hvort þessu verki er lokið, hversu langt það er komið og hvaða árangur hefur af því orðið.

Í öðru lagi, með leyfi hæstv. forseta:

„2. Að beita sér fyrir ráðstöfunum í því skyni að greiða fyrir tilfærslum starfsmanna milli atvinnugreina og landshluta og jafnframt veita öryrkjum og unglingum aðstoð við að finna vinnu við hæfi eftir því sem kostur er."

Mér er einnig ókunnugt um, hvað hefur verið gert í þessum málum síðan þessi lög voru sett, og vildi fá upplýsingar um það hjá hæstv. félmrh., hvað sérstaklega hafi verið gert í þessum efnum, hvort hann telji að fullnægjandi hafi verið að því unnið eða hversu þessi mál standa.

Í þriðja lagi, með leyfi hæstv. forseta:

„3. Að bæta og samræma upplýsingasöfnun um atvinnuleysi og birta mánaðarlegar skýrslur um skráð atvinnuleysi á landinu öllu."

Nú má vera að þarna hafi verið betrumbætt einnig, mér er ekki kunnugt um hvaða þátt félmrn. gæti átt í því.

„4. Að kanna ástand og horfur í atvinnumálum og birta niðurstöður sínar ársfjórðungslega."

Þessi fjórði liður snertir mig auðvitað sérstaklega sem þm. Norðurl. e. Það er t. d. enginn vafi á því, að á Akureyri er núna alvarlegra ástand í atvinnumálum en verið hefur um mjög langt skeið, einkanlega í byggingariðnaðinum, og nær til fleiri greina byggingariðnaðarins þar heldur en annars staðar á landinu. Ein af ástæðunum fyrir þessu er vafalaust sú, að ríkisstj. hefur ekki staðið við fyrirheit sín um fyrirgreiðslu og lánveitingar handa húsbyggjendum. Og ef við hugleiðum niðurstöður þeirrar nefndar, sem nú hefur skilað áliti gagnvart þeim mönnum sem eru í erfiðleikum með að halda húsum sínum, því unga fólki, þá liggur þar fyrir að hugmyndin er sú, að þetta fólk taki verðtryggð lán til 6 eða 8 ára eða þar um bil. Það á sem sagt að framlengja vandann, en ekki veita neina lausn.

Það er ekki að sjá að nein bjartsýni ríki á Akureyri hjá húsbyggjendum a. m. k. Eftirspurn hefur ekki aukist þar eftir íbúðum og hæstv. ríkisstj. hefur ekki staðið við fyrirheit sín, sem gefin voru af stjórnvöldum vegna byggingar sjúkrahússins þar, þannig að þeim byggingarframkvæmdum mun ekki miða áfram eins og áður hafði verið ákveðið og heitið hafði verið. Og þannig mætti áfram telja. Hið opinbera hefur ekki staðið við sín fyrirheit og mér er ekki kunnugt um að félmrn. hafi gert neitt sérstakt til þess að kanna ástand og horfur í atvinnumálum fyrir norðan, þar sem það er bágast um þessar mundir.

Hvað hefur félmrn. t. d. gert til að kanna ástand og horfum í atvinnuleysismálum á Húsavík, að ég tali ekki um Norður-Þingeyjarsýslu? Við skulum tala um Kópasker. Hefur félmrn. yfirleitt látið til sín heyra um þessi mál? Ef það hefur gert það, þá hefur það a. m. k. ekki látið þm. kjördæmisins vita um það, þannig að hafi félmrn. eitthvað gert í samræmi við þessa klásúlu, 4. tölulið 54. gr. þessara laga, að kanna ástand og horfur í atvinnumálum og birta niðurstöður sínar ársfjórðungslega, þá er mér ókunnugt um það. Ég hygg þvert á móti, að tími vinnumálaskrifstofu félmrn. hafi allur farið í það að búa til ný pappírsfrumvörp sem ekkrt er að marka, og efast ekki um að hæstv. félmrh. kunni að færa mörg falleg rök fyrir því, hversu nauðsynlegt sé að auka skriffinnskuna, eins og þetta frv., sem hér liggur fyrir, stefnir allt að. En á hinn bóginn er ekki um það að ræða, að hann hafi neinar raunhæfar till. um að bæta úr atvinnuástandi þar sem það er bágast, enda hefur það ekki verið tilgangur

þessa manns, síðan hann kom á Alþingi, að flytja neinar till. um að efla atvinnureksturinn á einum eða öðrum stað, heldur hafa allar till. hans miðað að því að brjóta niður það sem aðrir hafa byggt upp, auka tilkostnaðinn án þess að sjá um það að atvinnureksturinn hafi getað aflað sér nauðsynlegs fjármagns til að fylla upp í skörðin sem þessi vinstri stjórn og tvær á undan henni hafa brotið niður.

Herra forseti. Ég óska eftir því að gera hlé á ræðu minni á meðan hæstv. félmrh. er fjarverandi. Ég er reiðubúinn að ljúka ræðu minni á næsta fundi. Ég sá að hæstv. sjútvrh. þurfti að koma máli að þarna. Það má kannske gefa honum tækifæri. (**Forseti:** Félmrh. er í salnum.) Nú, hann er kominn þarna megin. Maður veit ekki í hvaða gátt hann er.

Og svo er í fimmta lagi, með leyfi hæstv. forseta:

„Að gera töllögur um úrbætur í atvinnumálum."

Þetta eru mikil verkefni og þess vegna er ekkert óeðlilegt að maður spyrji: Hversu margir eru starfsmenn vinnumálaskrifstofu félmrn.? Telur hæstv. félmrh. að þeir séu nógu margir til þess að geta annað því sem lagt er til í 54. gr.? Eða hefur hæstv. félmrh. kannske fólk aflögu er anni þessu öllu saman og geti bætt á sig verkum? Er kannske kominn tími til að leggja niður byggðadeild Framkvæmdastofnunarinnar, getur hann tekið þetta allt saman inn á bekk til sín? (Gripið fram í.) Mér finnst lágmark að menn séu í salnum þegar þeir grípa fram í fyrir manni.

En nú þurfa menn náttúrlega ekki að vera í vafa um það, að þótt eitthvað hafi verið kroppað í öll þau margvíslegu og miklu verkefni sem talað er um í 54. gr. Ólafslaga, þá fer því víðs fjarri að nein fullnægjandi skil hafi verið gerð þeim verkefnum sem þar skipta mestu máli, og það er að gera tillögur og ráðstafanir til að byggja aftur upp atvinnulífið í landinu á sama tíma og þjóðartekjur fara minnkandi ár eftir ár, 1979, 1980 og 1981.

Það er eitt enn sem rétt er að minnast á í sambandi við þetta frv. Lög um eftirlit með útlendingum eru nánast þýdd úr dönskum lögum. Síðan þau voru sett hefur verið unnið mikið og merkt starf til að samræma norræna löggjöf. Á hinn bóginn skilst mér að þessi lög hér um atvinnuréttindi útlendinga séu algjörlega út í hött, — „skáldskapur þinn er skothent klúður, skakksettum höfuðstöfum með," — séu algjörlega út í hött miðað við aðra norræna löggjöf um þessi mál. Og mig langar til að spyrja hæstv. félmrh. af því tilefni, hvort hann telji að það þjóni ekki tilgangi að efla norrænt samstarf á þessu sviði, og vil m. a. vekja athygli á því, að samkvæmt því frv., sem hér liggur fyrir, er hugsanlegt að útlendum manni sé veitt atvinnuleyfi, en þegar hann kemur síðan hingað á Keflavíkurflugvöll kemur í ljós að þessum manni hefur verið vikið brott úr einhverju öðru Norðurlanda, og þá hefur hann ekki landvistarleyfi hér samkvæmt þeim samningum sem um það gilda. Maðurinn getur því setið uppi með atvinnuleyfi í landinu án þess að mega vera í því.

Í framhaldi af þessu vekur líka forvitni hvers vegna hæstv. félmrh. var á móti því, að inn í þetta frv. kæmi klásúla þess efnis — eða með leyfi hæstv. forseta, svo ég vitni orðrétt í till. Þorsteins Pálssonar sem birt er sem sérálit með þessu frv.: „Óheimilt er að veita útlendingi atvinnuleyfi, sem ekki hefur dvalarleyfi hér á landi samkv. lögum nr. 45 1965, um eftirlit með útlendingum, eða hefur verið gert að fara af landi brott samkv. þeim lögum."

Í fyrsta lagi langar mig til þess að spyrja hæstv. félmrh.: Er hann ekki sammála því, að ef einhverjum manni hefur verið gert að fara af landi brott samkvæmt lögum um eftirlit með útlendingum, þá skuli hann ekki fá atvinnuleyfi hér á landi? Má ekki bæta þessu inn? Eigum við ekki bara að útiloka það, að félmrn. geti þannig farið á bak við dómsmrn.? Og af því að hæstv. dómsmrh. situr hér í sínum stól: Er það endilega víst að þau ákvæði, sem eru í þessu frv., séu í samræmi við starfsvenjur, starfsreglur og þau lög sem Útlendingaeftirlitið vinnur eftir? Eða eru þessi lög kannske þvert ofan í þau ákvæði sem þar gilda?

Þegar ég bað um að fá í félmrn. þær athugasemdir, sem fylgdu við samningu þessa frv., þá gerði ég satt að segja ráð fyrir því, að leitað hefði verið álits Útlendingaeftirlitsins áður en frv. var samið. En það er greinilegt að ekkert erindi hefur komið þaðan varðandi þetta mál og ekki hefur verið haft samráð við það við samningu þessa frv. Þykir mér það að sönnu að fara aftan að hlutunum og get ekki skilið hvaða nauðsyn bar til þess að viðhafa þvílík vinnubrögð.

Í 3. gr. segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Enn fremur skulu vera í ráðningarsamningi ákvæði um flutning viðkomandi frá Íslandi að starfstíma loknum, sé viðkomandi ráðinn erlendis, svo og um greiðslu ferðakostnaðar og heimflutning í veikindum eða við óvænt ráðningarslit, sem starfsmaður á ekki sök á. Í ráðningarsamningi sé einnig tilgreint hvernig háttað sé fæði og húsnæði svo og ákveðið hvernig með skuli fara þegar atvinna fellur niður af óviðráðanlegum ástæðum, sbr. 3. gr. laga nr. 19 1979."

Athygli vekur að þarna er ekki neitt um það fjallað, hvernig með skuli fara ef ráðningarsamningur fellur úr gildi vegna vanefnda þess sem ráðinn er. Á hinn bóginn getur maður ekki betur séð en í þessari grein séu erlendum starfsmönnum veitt miklu meiri réttindi en íslenskum starfsmönnum sem vinna fjarri sínum heimilum. Ekki getur íslenskur starfsmaður gengið út frá því sem gefnu, að í lögum standi að hann skuli fá greiðslu ferðakostnaðar og heimflutning í veikindum eða um það sé ákveðið áður en hann ræður sig til vinnu. Þarna er því verið að gera erlendum mönnum hærra undir höfði en íslenskum, og get ég ekki fallist á að út frá þeirri meginreglu sé gengið við íslenska lagasetningu. En mér er tjáð að í praksís muni þetta koma þannig út. Ég vil spyrja hæstv. ráðh. nánar um skilning hans á þessu ákvæði, hvernig hann hugsi sér þetta.

Hér er í 4. tölul. komist svo að orði: „Að vottorð viðkomandi yfirvalda liggi fyrir um að atvinnurekandi hafi hæfilegt húsnæði fyrir erlendan starfsmann meðan ráðningarsamningur er í gildi, ef hinn erlendi starfsmaður hefur ekki slíkt húsnæði sjálfur." Einnig þarna eru ákvæði sem gera ekki annað en auka á skriffinnsku. Ég vil aðeins benda á það, að sú nefnd, sem samdi þetta frv., er nú — á vegum félmrn. eða heilbrmrn. kannske öllu frekar — að vinna að reglugerð um verbúðir, starfsmanna- og viðlegubúðir með stoð í heilbrigðislögum. Ég get ekki séð annað en að þar sé sá eðlilegi vettvangur fyrir ákvæði af þessu tagi og get alls ekki skilið að nein ástæða sé til að gera upp á milli innlendra manna og erlendra varðandi heilbrigði og hollustuhætti í verbúðum eða á vinnustöðum. En þetta er náttúrlega bara uppsláttarfrv., pappírsflóð, gagnslaust með öllu, og ekki eitt

einasta ákvæði í þessu frv. sem hæstv. ráðh. getur ekki með sama hætti, ef hann hefur áhuga á, komið fram með reglugerð eða hefur ekki nægilegar lagaheimildir fyrir annars staðar. Ef það er eitthvað í þessu frv., sem hann telur sig ekki hafa nægilegar lagaheimildir fyrir nú þegar, þá langar mig að vita hvað það mundi vera.

Ef fyrirtæki er í rekstri, ætli það sé þá ekki almennt eftirlit á staðnum varðandi hollustuhætti viðkomandi verbúða? Það ætti að vera það a. m. k. Það á a. m. k. ekki heima í lögum um atvinnuréttindi útlendinga, að það eigi að ganga sæmilega um vistarverur starfsfólks hér uppi á Íslandi. Útlendingar eiga ekki meiri rétt en Íslendingar.

Í 4. gr. er svo enn eitt pappírsflóðið: „Með umsókn um atvinnuleyfi skulu vera upplýsingar um vinnustaðinn, tegund vinnu, aðila kjarasamnings og áætlaða lengd daglegs vinnutíma á ráðningartímanum. Í umsókn skal enn fremur færa rök fyrir nauðsyn þess að nota erlent starfsfólk og gera grein fyrir því hvaða tilraunir hafi verið gerðar til þess að ráða innlent starfsfólk í starfið. Áður en atvinnuleyfi er veitt rannsakar vinnumálaskrifstofa félmrn. sjálfstætt atvinnuástand á viðkomandi stað og í nágrenni hans, en hún skal einnig leita til Alþýðusambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna um almenna stefnumörkun varðandi innflutning erlends starfsfólks, með tilliti til atvinnuástands í landinu á ákveðnum landssvæðum."

Þarna eru mörg orð sem hafa marga stafi, en hvert er innihaldið? Áður er í 3. gr. gert að skilyrði nr. eitt fyrir atvinnuleyfi að fyrir liggi umsögn verkalýðsfélags á staðnum í hlutaðeigandi starfsgrein, eða viðkomandi landssambands ef ekki er verkalýðsfélag á staðnum. Svo á í 4. gr. að leita til Alþýðusambandsins, Farmanna- og fiskimannasambandsins, Vinnuveitendasambandsins, Vinnumálasambandsins. Hvers konar umsagnardella er þetta eiginlega? Eigum við Íslendingar ekki að vera í öðru en að gefa hver öðrum umsagnir? Ég hef nú séð hvernig fjórðungssamböndin eru, ekkert nema umsagnir. Hver les allar þessar umsagnir? Í Útlendingaeftirlitinu vinna núna fjórir menn, fyrir 10 árum voru þeir fimm og fyrir 30 árum voru þeir fimm. Þeir eru ekki með alla þessa skriffinnsku, þeir reyna að skipuleggja starf sitt vel. Hvað ætli erlent verkafólk vinni í mörgum frystihúsum? Hvað ætli félmrn. þurfi að athuga sjálfstætt, rannsaka sjálfstætt atvinnuástand á viðkomandi stað víða? Og hvað felst í þessum orðum: að rannsaka sjálfstætt atvinnuástand á viðkomandi stað og í nágrenni hans? Hvers konar rannsókn er hér verið að tala um? Eða eru þetta bara orðaleppar?

Það er eðlilegt að útbúa skriflegar upplýsingar og dreifa til sendiráða Íslands, til opinberra vinnumiðlana erlendis og annarra sem þess óska, þar sem greint sé frá almennum launakjörum, vinnutíma, aðbúnaði við vinnu hér á landi, sköttum og öðrum opinberum gjöldum o. s. frv., eins og gert er ráð fyrir í 5. gr., en þessi grein er algjörlega óþörf. Hæstv. ráðh. getur alveg komið þessu í kring án þess að hafa stoð í þessum lögum. Hins vegar má vel vera að hann þurfi að fá fjárveitingu til þess í fjárlögum. En það er algjör misskilningur að halda að setja þurfi ákvæði um þetta inn í lagasafn, — algjör misskilningur.

Og 6. gr. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hvers konar áróður til þess fallinn að hvetja til innflutnings verkafólks til landsins er óheimill ef hann er villandi eða byggður á röngum og ónógum upplýsingum."

Nú er orðið áróður í sjálfu sér neikvætt orð og niðrandi að merkingu. Tökum þetta orðalag t. d.: byggður á ónógum upplýsingum. Hvenær er áróður fyrir því að fá fólk til Íslands byggður á nógum upplýsingum? (**Gripið fram í:** Það hefur verið. Þetta er að gefnu tilefni.) Er þetta að gefnu tilefni, já? Formaður Verkamannasambandsins segir að þetta sé að gefnu tilefni. Hvaða viðurlög eru svo við því, ef einhver maður skyldi reyna að fá hingað mann, og til hvers er öll þessi löggjöf, ef þetta er nauðsynlegt? Er ekki löggjöfin um að tryggja það, að enginn komi hingað án þess að nægar upplýsingar séu fyrir hendi? Heldur hv. þm. að þeir menn, sem leituðu allra ráða til að fá hingað verkafólk, mundu taka nærri sér þótt eitthvað af þessu tagi standi í íslenskum lögum?

Þessi 6. gr. er bara orðaleppar. Það er eðli málsins samkvæmt óheimilt að blekkja menn. Það á ekki aðeins við um erlenda menn, það á líka við um íslenska menn. Atvinnurekendum er almennt óheimilt að blekkja menn til að ráða sig í vinnu. Þvílíkur vinnusamningur er ógildur sem reistur er á röngum forsendum og fölskum forsendum og þar sem um vanefndir er að ræða. Það leiðir af sjálfu sér. Þess vegna get ég ekki skilið hvaða tilgangi þetta þjónar. Þetta svo sem skaðar engan og má vel standa þarna. Þetta skiptir engu máli. Það má fylla lagasafnið af alls konar almennum hugleiðingum sem enga þýðingu hafa, og þetta er eitt af því.

Ég veit ekki hvað maður á að halda þessu lengi áfram. Það gefur náttúrlega auga leið, að ef farið yrði nákvæmlega eftir ákvæðum 3. gr. eins og þau eru hér, þá mundi það torvelda t. d. fólki, sem á íslenskan maka, að setjast hér að og hefja hér störf. Ef þessum ákvæðum yrði vandlega fylgt varðandi starfsfólk hjá heilbrigðisstofnunum, þá mundi þetta einnig torveldu ráðningu þess svo og alls konar sérfræðinga sem hér vinna.

Vegna þess að þessi löggjöf er einvörðungu miðuð við fólk í frystihúsum og tekur þess vegna ekki til ýmissa afbrigða annarra, þá held ég að það sé líka deginum ljósara, að erlent fólk fær ýmis forréttindi samkvæmt þessu frv., eins og raunar ýmsum öðrum lögum sem benda má á. Segjum t. d. að erlendur maður og íslenskur maður vinni saman í frystihúsi og ætli að skjótast til útlanda í sumarleyfi. Þá getur sá erlendi fengið meiri gjaldeyri en sá íslenski og sá íslenski verður að borga 10% meira fyrir gjaldeyrinn en sá erlendi, þar sem er gjaldeyrisskatturinn sem þessi ríkisstj. lagði á, skatturinn á ferðamannagjaldeyri. Í þeim lögum eru einnig forréttindi fyrir erlent fólk sem hér vinnur gagnvart Íslendingum. Og þannig er þetta víðar. Það var því síst ástæða til að bæta þar um.

Ég vil svo að lokum ítreka fyrirspurnir mínar til hæstv. félmrh.

Í fyrsta lagi: Telur hann að vinnumálastofnunin hafi með sómasamlegum eða fullnægjandi hætti annast þau verkefni sem ég lýsti áðan og um getur í 54. gr. svokallaðra Ólafslaga, sérstaklega varðandi það að koma með tillögur um úrbætur í atvinnumálum þar sem atvinna er stopulust og verst? Ég vil bæta því við í þessu sambandi, hvort vinnumálaskrifstofa félmrn. hafi kannað þær heimildir sem eru í lögum um Atvinnuleysistryggingasjóð, um vaxtalaus lán til þess að bæta úr

atvinnuleysi, t. d. í byggingariðnaðinum, með því að flýta fyrir verkefnum. Ég get tekið þar sem dæmi Víðishúsið við Laugaveg, hvort fram hafi farið einhver athugun á vegum félmrn. á því að verða við ósk Múrarafélags Reykjavíkur um að flýta fyrir að ganga frá því húsi að innan og hvort viðræður hafi hafist um það milli félmrn. og fjmrn. Og ég vil jafnframt spyrja hæstv. ráðh. hvort hann hafi rætt um það við Seðlabankann hvort ástæða væri til að reyna nú að reisa húsið sem á að standa neðan við Arnarhól, ljúka því til þess að atvinnulausir byggingarmeistarar fengju þá störf við það, — eða hvaða tillögur aðrar hæstv. félmrh. hefur gert um úrbætur í atvinnumálum. Við vitum að ýmsir byggingariðnaðarmenn fóru fyrir einum 13 árum til annarra Norðurlanda og sóttu þangað vinnu. Þessir menn eru núna ýmist að búa sig undir að hverfa af landi brott, á fyrri slóðir, eða búnir að því vegna atvinnuástandsins. Þess vegna er við því að búast að vinnumálaskrifstofan hafi látið þau mál að einhverju leyti til sín taka.

Og í öðru lagi spyr ég hæstv. félmrh: Liggur fyrir jákvæð umsögn um þetta frv. frá dómsmrn. eða undirstofnunum þess, og er þetta frv. samið í samráði við þær ríkisstofnanir sem annast eftirlit með útlendingum og hafa um þau mál að segja lögum samkvæmt?

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Hv. 7. landsk. þm. hefur flutt hér alllanga tölu um þetta mál og komið víða við, þó ekki eins víða núna í þeirri seinni sem hann flutti og þeirri fyrri, þar sem hann ættfærði m. a. forustumenn félags farandverkafólks og rakti feril þeirra bæði í einkalífi og stjórnmálum með næsta rækilegum og óvenjulegum hætti. En það er ekkert nýtt að þessi ágæti þm. komi víða við í ræðum sínum. Hann gætir þess yfirleitt, þegar hann kemst hér í ræðustólinn, að koma aldrei nálægt því efni, sem á dagskránni er, nema sem allra, allra minnst. Í fáeinum tilvikum tókst honum það þó núna.

Í fyrri hluta ræðu sinnar ræddi hann um vinnumálaskrifstofu félmrn. Vinnumálaskrifstofa félmrn. var sett á stofn, eins og hann gat um, með lögum nr. 13 frá 1979, svokölluðum Ólafslögum. Í lögunum er ein grein sem kveður á um það, að setja skuli upp við félmrn. sérstaka vinnumálaskrifstofu. Þessi vinnumálaskrifstofa hefur þó nokkur verkefni samkvæmt þessari lagagrein, og hún hefur sinnt þeim að svo miklu leyti sem mögulegt hefur verið, miðað við þann mannafla sem skrifstofan hefur haft.

Í fyrsta lagi tel ég að atvinnuleysisskráning af hálfu félmrn. hafi verið bætt frá því að þessi vinnumálaskrifstofa tók til starfa. Yfirlit um atvinnuleysisskráningu eru gefin út reglulega, og þau hafa verið samræmd og eru á ýmsan hátt gleggri en áður var, eins og þeim mönnum er kunnugt um sem hafa nennt að lesa blaðafréttir sem birst hafa undanfarna mánuði um þessi mál.

Í öðru lagi hefur vinnumálaskrifstofa félmrn. gefið út reglulegt mat á atvinnuhorfum í landinu öllu, einstökum stöðum, svæðum og landinu í heild. Þessar niðurstöður hafa verið birtar almenningi með fréttatilkynningum til fjölmiðla, sem hafa vafalaust komið misjafnlega skýrt fram eftir blöðum og fjölmiðlum. En við höfum ekki legið á þeim, þær hafa komið fram opinberlega hverju sinni.

Í þriðja lagi hefur vinnumálaskrifstofa félmrn. sett á laggirnar samráðsnefnd aðila vinnumarkaðarins um atvinnuhorfur. Þessi samráðsnefnd kemur saman reglulega a. m. k. einu sinni í mánuði. Aðilar að þessari nefnd eru fulltrúar verkalýðssamtakanna og atvinnurekenda. Vinnumálaskrifstofan hefur auk þessa undirbúið sérstaklega að taka á atvinnumálaáætlunum í samvinnu við Framkvæmdastofnun ríkisins og Þjóðhagsstofnun. Þessi starfsemi er nýlega farin af stað, og það er ekki vegna þess að við í félmrn. höfðum ekki ýtt á eftir því, heldur hefur ekki tekist fyrr en núna að koma þessu samstarfi á sem skyldi. En það er komið í gang og á vafalaust eftir að bera einhvern árangur.

Það er hins vegar rétt sem hv. þm. gat um áðan, að það eru fleiri aðilar sem eiga að fjalla um atvinnumál í þessu þjóðfélagi en vinnumálaskrifstofa félmrn. Það eru atvinnumálaráðuneytin að sjálfsögðu, það er Framkvæmdastofnun ríkisins, svo ég nefni aðeins dæmi. Þess vegna er það fyrst og fremst hlutverk vinnumálaskrifstofunnar og félmrn. í þessu tilviki að reyna að rýna inn í þróun atvinnumála til lengri tíma og gæta að þeim boðum sem kunna að vera fram undan varðandi alvarlegan samdrátt í atvinnumálum.

Hv. þm. spurði: Hversu margir eru starfsmenn vinnumálaskrifstofu félmrn.? Svar: Starfsmennirnir eru einn, það er einn starfsmaður á vinnumálaskrifstofu félmrn.

Hv. þm. spurði hvort ráðh. teldi nauðsynlegt að bæta þarna við starfsliði? Svar mitt er jákvætt. Ég tel að það sé óhjákvæmilegt, og þá er ég ekki að hugsa um þetta frv. sem hér er, það er tiltölulega lítilvægt í þeim efnum, heldur tel ég að til þess að sinna þeim verkefnum, sem lögð eru á vinnumálaskrifstofuna samkv. lögum nr. 13 frá 1979, verði að bæta við a. m. k. einum manni. Það er mín skoðun. Það yrðu þá tveir menn starfandi í vinnumálaskrifstofu félmrn., í því mikla bákni sem þar er, ef marka má orð hv. þm.

Hv. þm. vék síðan nokkuð að frv. sjálfu, og almennt um hans athugasemdir vil ég segja það, að ef unnt er að ná sama árangri með öðrum hætti og minni fyrirhöfn en gert er ráð fyrir í frv., þá er ég sannfærður um að hv. félmn. deildarinnar tekur slíkar málefnalegar ábendingar til athugunar. Við höfum engar fastar endanlega mótaðar forskriftir um það, hvernig nákvæmlega eigi að þessu að standa, en við teljum að hér sé um að ræða skynsamlegustu og árangursríkustu aðferðina sem hér er sett á blöð. Ef hv. 7. landsk. þm. getur bent á einhverja aðra aðferð til að ná sama árangri, þá er velkomið að hlýða á hans tillögur í þeim efnum. Og ég er viss um að hv. félmn. deildarinnar, sem er skipuð mönnum með góða þekkingu á þessum málum, er reiðubúin að taka fullt tillit til jákvæðra ábendinga þm., sem hann er vafalaust reiðubúinn til að koma á framfæri í sambandi við þetta mál nú eins og mörg önnur mál sem hér hafa verið á dagskrá í deildinni.

Það er hins vegar rangt sem hv. þm. sagði, að í þessu frv. væri gert upp á milli íslenskra verkamanna og erlendra. Frv. hefur engan annan tilgang en þann, númer eitt, tvö og þrjú, að tryggja erlendum verkamönnum á Íslandi sömu réttindi, sömu kjör og íslenskir verkamenn hafa.

Hér er um að ræða reglu sem er auðvitað sjálfsögð, og í mörgum grannlöndum okkar í Vestur-Evrópu hafa slík ákvæði verið færð í lög fyrir löngu. Það er hins vegar reynsla fyrir því, það hefur verið sýnt fram á það með býsna átakanlegum hætti, að erlent vinnuafl hefur verið flutt inn til nágrannalanda okkar og hefur verið látið búa

við kjör sem eru miklu lakari en þarlent verkafólk á við að búa. Í þessum efnum mætti nefna dæmi jafnvel frá grannlöndum okkar hinum næstu, því miður, ég tala nú ekki um þegar lengra er farið, inn í Vestur-Evrópu eða suður eftir Evrópu. Þar er um að ræða alvarleg vandamál sem hafa skapað árekstra milli erlendra verkamanna og innlendra. Þessi lög hafa einmitt þann tilgang — eða þetta frv. ef að lögum verður — að draga úr hættu á þeim alvarlegu árekstrum sem komið hafa upp erlendis milli erlendra og innlendra verkamanna.

Að lokum, herra forseti, hef ég eina fsp. til hv. þm. Ber að skilja það svo, að andstaða hans við þetta frv. sé stefna Sjálfstfl? Er sá meiri hluti Sjálfstfl., sem er andstæður ríkisstj., andvígur þessu frv. og mun hann standa gegn því? Ég spyr vegna þess að hv. þm. er eini þm. úr röðum Sjálfstfl. sem hefur talað í þessum umr. Aðrir hafa ekki talið það ómaksins vert, fæstir að vera hér í salnum hvað þá meir. Þess vegna leyfi ég mér að draga þá ályktun, að orð þm. hljóti að vera til marks um það, að í Sjálfstfl. sé veruleg andstaða við þetta frv. Það kæmi að vísu ekkert á óvart þó að svo væri. Það væri að mörgu leyti í góðu samræmi við sögulega fortíð þeirra pólitísku afla sem Sjálfstfl. á rætur að rekja til. Það væri út af fyrir sig ekkert til að verða undrandi á, ekki heldur með tilliti til þess, að þessi hv. þm. hefur í allan vetur í rauninni verið aðaltalsmaður Sjálfstfl. hér í flestöllum málum sem upp hafa komið. Þess vegna er fsp. lögð fram. Ber að líta á orð hv. þm. gegn þessu frv. sem stefnu Sjálfstfl. eða eru þau markleysa, marklaus ómagaorð?

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það er alltaf gaman að heyra í hæstv. félmrh. þegar hann er að komast hjá því að svara spurningum. Ég spurði hann beint að því, hvort það frv., sem hér liggur fyrir, væri samið í samráði og samvinnu við aðra þá aðila innan ríkiskerfisins sem fara með málefni útlendinga hér á landi. (**Félmrh.:** Þetta er stjfrv.) Ég nefni sérstaklega til dómsmrn. og Útlendingaeftirlitið. Og þá spyr ég, úr því að hæstv. ráðh. vill svara og grípa fram í: Liggur þá fyrir að hæstv. dómsmrh. sé samþykkur efnisatriðum þess frv. sem hér liggur fyrir?

Hæstv. félmrh. greip fram í og sagði að þetta væri stjfrv. Og hann spurði mig að því, hvort sá armur Sjálfstfl., eins og hann sagði, sem ekki styður ríkisstj., væri á móti frv. Ég spyr hann: Er sá hluti Sjálfstfl., sem er í ríkisstj., sammála öllum efnisatriðum þessa frv.? (**Félmrh.:** Þetta er stjfrv.) Hæstv. félmrh. vill ekki svara. Það skyldi þó aldrei vera svo, að hæstv. dómsmrh. væri ekki samþykkur frv. Það er leitt að hann skuli ekki vera hér í salnum til þess að hægt sé að spyrja hann beint að þessu. Það fæst ekki eitt einasta orð um það frá hæstv. félmrh., hvort í fyrsta lagi hann hafi borið þetta frv. undir þá aðila í ríkiskerfinu, sem fara með málefni útlendinga, og í öðru lagi hvort hæstv. dómsmrh. sé samþykkur þessu frv., en hann er yfirmaður Útlendingaeftirlitsins. Við því fékkst ekki heldur svar, sem var eftirtektarvert, hvort hæstv. félmrh. væri sammála því sem ég spurði um áðan, að maður, sem vikið hefði verið úr landi, skyldi ekki fá atvinnuleyfi hér á landi. Við því fékkst ekki svar, sem ekki er von, vegna þess að ríkisstj. hangir á þeim bláþræði að frú Gervasoni haldi áfram stuðningi við hana.

Hæstv. félmrh. sagði hér áðan með töluverðum myndugleik, að það væri markmið þessa frv. og annað ekki, að útlendingar skyldu hafa sama rétt og búa við sömu kjör og Íslendingar. Þá spyr ég: Hvernig stóð á því, að hans menn í félmrn. gátu ekki fallist á að þessi setning stæði í frv., sem Vinnuveitendasambandið lagði til, með leyfi hæstv. forseta: „Útlendingar skulu njóta launa og starfskjara sem heimamenn og hafa réttindi og bera skyldur í samræmi við viðkomandi kjarasamning?“ Ef þetta var tilgangurinn, sem lýsir sér í þessari setningu, hvernig stóð þá á því, að hæstv. félmrh. treysti sér ekki til að taka af skarið? Það þurfti ekki í rauninni að segja meira. Og inn á það var ekki heldur komið áðan af hæstv. félmrh., hvort hann ætlaðist til að ákvæði 2. tölul. 3. gr., þar sem fjallað er um ýmis réttindi útlendinga, yrðu skilin á þann veg, að í þeim fælust forréttindi gagnvart íslensku verkafólki. Um það fékkst ekki eitt einasta orð.

Svo verð ég nú að segja að ég dáist að þessum eina manni í félmrn., sem er með vinnumálaskrifstofuna, ef hann hefur með sómasamlegum hætti getað gert allt það sem hæstv. ráðh. sagði að hann hefði gert, gengið svo langt meira að segja að rýnt inn í þróun atvinnumála langan tíma, — einn maður sem hefur tekið á sig margvísleg önnur störf. Og hann talar um tvo menn. En það hefur bara ekki verið við það staðið að gera tillögur um úrbætur í atvinnumálum. Þessi hæstv. ráðh. samþykkti það hér, ég man nú ekki hvort það var í Ed. eða Nd., þegar Ólafslögin voru sett, að þessi vinnumálaskrifstofa skyldi gera tillögur um úrbætur í atvinnumálum. Við þetta hefur ekki verið staðið. Það kom fram hjá hæstv. ráðh. áðan. Það hefur ekki heldur verið staðið við það að gera ráðstafanir til að greiða fyrir tilfærslum starfsmanna milli atvinnugreina og landshluta og jafnframt að veita öryrkjum og unglingum aðstoð við að finna vinnu við hæfi, eftir því sem kostur er, sbr. ummæli ráðh. áðan. Það liggur því fyrir, að þessi deild félmrn. rís ekki undir nafni og stendur ekki undir lögum. Og við því er ekki heldur að búast ef hrúgað er upp lögum, en síðan ekki séð um að mannafli sé til þess að hrinda í framkvæmd því sem þar er kveðið á um. Það er afskaplega auðvelt verk að semja lög um hvað eina ef því er síðan ekki fylgt eftir með fjármagni. Svo er t. d. um húsnæðismálalöggjöfina sem hæstv. félmrh. hafði svo mörg orð um að mundi auðvelda mönnum að eignast þak yfir höfuðið. Þar hefur ekki verið staðið við fyrirheitin. Skal ég svo ekki orðlengja það, enda ástæðulaust.

Ég hafði á hinn bóginn gaman af því þegar hæstv. ráðh. var að tala um sögulega fortíð þeirra stjórnmálaflokka sem nú eru við völd. Ég held menn muni eftir því, að Sameiningarflokkur alþýðu — Sósíalistaflokkurinn varð fyrst að afli í íslenskum stjórnmálum þegar sett voru gerðardómslög á sjómenn. Og það var einmitt í þeirri bylgju sem á eftir kom sem Sameiningaflokkur alþýðu — Sósíalistaflokkurinn náði undirtökum í Dagsbrún. Og þessi bylgja var nægilega stór til fleyta þáverandi formanni Dagsbrúnar Sigurði Guðnasyni, inn á þing og síðan Eðvarð Sigurðssyni. Og nú er hv. 7. þm. Reykv., Guðmundur J. Guðmundsson, samsvarandi maður hér á hinu háa Alþingi. Það var baráttan á móti gerðardómi á sjómenn sem bjó þetta til. Hins vegar gerðist það svo í fyrsta skipti sem núv. hæstv. félmrh. komst í ríkisstj., hv. 2. þm. Reykv., Svavar Gestsson, að settur var gerðardómur á sjómenn aftur. Og hann beitti sér sérstaklega fyrir því ásamt þeim ráðh. öðrum sem sátu í ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar sumarið 1979. En það sýnir hins vegar á hvaða brauðfótum okkar þingræði stendur, að þessi brbl. voru aldrei borin undir Alþingi. Það var hlaupið í það skjólið, að gildistími þeirra væri útrunninn, og þess vegna

reyndi ekki á hvort brbl. hefðu þingfylgi. Og það var í skjóli þess, sem hæstv. félmrh. gat talað um það fyrir síðustu kosningar að hann mundi ekki skerða kjarasamninga, þó hann hafi raunar gert það bæði 1. des., 1978, með löggjöfinni sem sett var fyrir 1. des., og síðan með Ólafslögunum. Hann hljóp í þetta skjól.

En nú er aftur komið að því að hann bregst sinni sögulegu fortíð með þeim brbl. sem sett voru á gamlársdag, þar sem gert er ráð fyrir að taka 7% af hverri krónu lægst launaða fólksins og fleygja á verðbólgubálið. Þessi ungi og glæsilegi stjórnmálamaður, sem hæst allra hefur talað um að stjórnvöld eigi ekki undir neinum kringumstæðum að grípa inn í kjarasamninga og mest af öllum þm. talar um sögulega fortíð og annað því um líkt með merkissvip, hann er forgöngumaður þess í Alþb. að við liggur að kjarasamningar séu brotnir með lögum, brotnir á bak aftur á messerisfresti og stundum með hverri tunglkomu. Og sá, sem er dyggasti stuðningsmaður hans í þessu, er formaður Verkamannasambandsins og svo sérlegur fulltrúi stjórnar Bandalags starfsmanna ríkis og bæjar, frú Gervasoni.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra foreseti. Það er annars alveg makalaust þegar ráðh. bera fram fsp. til þm. að þeir skuli ekki svara þeim. Þó það hafi verið gert mjög ítarlega í alllangri ræðu, sem ég flutti hér áðan, og þó að hv. þm. hafi haldið þrjár ræður þegar við þessa 1. umr., þá hefur hann enn ekki komið að því máli sem skiptir þó öllu í þessu sambandi, og það er þetta: Stendur Sjálfstfl. á bak við þann málflutning sem hv. þm. hefur leyft sér að hafa í frammi hér í dag? (**HBl:** Er dómsmrh. með frv.?) Eða eru það aðeins ómerk ómagaorð eins og fyrri daginn sem þm. hefur hér uppi í þessum virðulega ræðustól? Það er líklega að svo sé, eftir síðari ræðu hans að dæma, að það séu ómerk ómagaorð og það sé ekkert að marka þetta uppþot, Sjálfstfl. taki ekki frekar en fyrri daginn mark á þessum hv. þm. Það kæmi mér ekkert á óvart.

Varðandi aftur það sem hann spyr nú um í sambandi við hæstv. dómsmrh. og dvalarleyfin, þá vil ég taka það fram, að ég tel að félmn. eigi að athuga með hvaða hætti atvinnuleyfi verða tengd málinu. Það hef ég tekið fram áður við þessa umr. svo og hæstv. dómsmrh. Hins vegar hlustar þessi hv. þm. yfirleitt aldrei á það sem máli skiptir hér á þingi og grípur helst upp setningar úr samhengi og snýr út úr þeim. En það er hans vandi, og vegur hans minnkar stöðugt við hverja ræðu sem hann flytur af því tagi sem hann hefur flutt hér í dag. Vona ég þess vegna að hann flytji þær sem allra flestar.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Það má vissulega um það deila, hvort á að virða hv. 7. landsk. þm. svars. Í fyrri umferð 1. umr. veitti ég honum nokkrar vítur hér úr ræðustól fyrir að forðast efnisatriði máls og tala um allt milli himins og jarðar. Hitt vekur vægast sagt mikla furðu, maður er oft undrandi á þessum hv. þm., hvernig hann brýst hér um á hæl og hnakka — og út af hverju? Hvað er það sem gengur á, hvaða ósköp eru það sem á að fara að setja hér í lög? Það, sem á að fara að setja hér í lög, eru réttindi erlends verkafólks, að tryggt sé að það hafi ráðningarsamning til tiltekins tíma, ákvæði um flutning þess frá Íslandi að starfstíma loknum sé það ráðið erlendis, greiðsla á ferðakostnaði, ef erlendur maður verður fyrir veikindum á ráðningartímanum eða einhverjum óvæntum óhöppum, sem hann á ekki sök á, þá sé honum tryggður þessi réttur. Hvað er það annað sem er svona refsivert í þessu frv.? Það, sem er svona refsivert að dómi hv. 7. landsk., er að það er upplýsingaskylda til þessa verkafólks. Atvinnurekendur margir hverjir — rangt væri að segja að það væru allir — hafa gefið alrangar upplýsingar þegar það hefur komið hingað og ráðið það á röngum forsendum. Ég endurtek: Það væri ómaklegt að kenna þarna öllum frystihúsaeigendum eða starfsmönnum um.

Hvað gengur hér eiginlega á? Það er verið að tryggja þessu erlenda verkafólki, sem við þurfum að grípa til oft á tíðum, einföldustu mannsæmandi réttindi. Hv. 7. þm. landsk. ætlar algjörlega að komast úr sambandi. Þvílíkt og annað eins! Síðan óskapast hann þessi býsn yfir 6. gr., sem ég vildi nú, með leyfi forseta, lesa:

„Hvers konar áróður til þess fallinn að hvetja til innflutnings verkafólks til landsins er óheimill ef hann er villandi eða byggður á röngum eða ónógum upplýsingum.“ og þá segir hv. þm.: Þá má hrúga upp lögum. — Að vísu er það rétt hjá hv. þm., að sennilega er allt of mikið að því gert að hrúga upp lögum og mætti Alþingi fara að athuga það í heild sinni. En í sambandi við alla þessa lagamergð, ákaflega lítið af henni fjallar um réttindi verkafólks. Og ef þessi lög eru ofhlaðin, þá held ég að þetta sé það minnsta, vegna þess að aðilar hafa verið staðnir að því að senda verkafólk til Íslands með villandi upplýsingar, án ráðningarsamnings, og þetta fólk hefur staðið hér uppi vegalaust.

Það er von að hv. þm. þykist tala fyrir hönd verkafólks og réttlætis í landinu. Það er eðlilegt að hann vitni til sögunnar. Einhver alda átti að hafa skolað, skilst mér, mér og ýmsum forverum mínum inn á Alþingi. Hann fór ekki einu sinni rétt með, söguþekkingin var ekki meiri en það. Það voru einhver lög á sjómenn. Það, sem þm. á örugglega við, eru lög þar sem bannaðar voru almennt kauphækkanir í landinu og samningsréttur tekinn af. Verkföll voru óheimil, kauphækkanir voru óheimilar.

Og vitið, þekkingin á því máli sem um er fjallað hér, það er svipað og söguþekkingin. Þarn var allt annað og miklu meira mál á ferðinni, þessi alda sem viðkomandi þm. var að tala um.

Það má vel vera, að einhver atriði séu í þessu frv. sem megi breyta. Það má vel vera að einhverjar orðalagsbreytingar séu til hins betra. Það er sjálfsagt að athuga það í nefnd. Það er sjálfsagt að taka á móti till. frá hv. 7. lands. þm. þar að lútandi. En að umturnast hér dag eftir dag í ræðustól yfir því, að verið er að tryggja að erlent verkafólk, sem kemur til landsins, hafi eðlileg réttindi, hafi eðlilegar tryggingar og ákveðnar upplýsingar sé skylt að veita því, — að berjast gegn því er að mínu mati ósæmilegt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til félmn. með 23 shlj. atkv.

Þýðingarsjóður, frv. (þskj. 469). — 1. umr.

Flm. (Guðrún Helgadóttir): Herra foreseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um þýðingarsjóð á þskj. 469, sem við höfum leyft okkur að flytja, hv. þm. Ingólfur Guðnason og ég.

Frv. þetta fjallar um sjóð sem styrkt geti útgefendur til útgáfu þýðinga á erlendum bókmenntum. Það er talinn einn af hornsteinum menningar okkar, að íslenska þjóðin eigi aðgang að fjölbreytilegum bókakosti, bæði fræðiritum og fagurbókmenntum. Í samræmi við þetta sjónarmið svo og það grundvallarsjónarmið, að réttur manna til menntunar og menningar skuli vera sem jafnastur, eru rekin almenningsbókasöfn í landinu til þess að gera þann bókakost, sem fyrir hendi er nú á íslensku, sem aðgengilegastan almenningi. Jafnframt er reynt að hafa á boðstólum nokkurt úrval bóka á erlendum málum, eftir því sem fjárframlög leyfa.

Það er ljóst, að bækur á erlendum málum nýtast ekki nema takmörkuðum hluta landsmanna vegna þess að því fer fjarri að öll þjóðin sé læs á erlendar tungur. Sá hluti landsmanna, sem þannig er farið um, er því algjörlega háður þeim bókakosti sem til er á móðurmálinu, og er auðsætt að hér er um að ræða mikinn mun á aðstöðu einstaklinga til þess að kynna sér það sem hugsað er og skrifa á erlendum tungum. Þennan aðstöðumun er að sjálfsögðu aldrei hægt að jafna fullkomlega. En mikið mætti gera til úrbóta með því að auka verulega útgáfu á íslenskum þýðingum þeirra erlendra skáldrita og fræðirita sem umræddust eru á hverjum tíma. Á slíka útgáfu hefur verulega skort á undanförnum árum vegna þess að við val þýddra rita til útgáfu ráða oftast nær markaðslögmálin ein og aðeins eru valin rit sem talin eru líkleg til vinsælda og sölu. Er þá yfirleitt um að ræða svokallaðar afþreyingarbækur, sem að vísu geta verið ágætar til síns brúks, en auka litlu við reynslu eða þekkingu lesandans og gefa litla hugmynd um það úrval sem fyrir hendi er, þar sem þær samtíðarbókmenntir, sem mikilsverðastar eru taldar, verða nær algjörlega út undan. Hið sama gildir um sígild bókmenntaverk sem öllum menningarþjóðum þykir sjálfsagt og nauðsynlegt að eiga í vönduðum þýðingum á eigin tungu. Stór hópur landsmanna á því mjög takmarkaðan aðgang að slíkum ritum.

Þess má einnig geta, að vandaðar þýðingar á góðum bókmenntum eru mikilsverður þáttur í bókmenntastarfi hverrar þjóðar. Bókmenntum okkar er þörf áhrifa og strauma erlendis frá, og slíkir straumar verða sterkari og nákomnari ef þeir koma í gegnum íslenskar þýðingar. Auk þess eflist tungan að sveigjanleik og tjáningarhæfni í glímunni við að orða merkilegar hugsanir á okkar eigin tungu. Þarf þessu til stuðnings ekki annað en að nefna það mikla gildi sem snilldarþýðingar manna eins og Jóns Þorlákssonar, Sveinbjarnar Egilssonar, Magnúsar Ásgeirssonar og Helga Hálfdanarsonar hafa haft fyrir íslenskar bókmenntir.

Vissulega var ekki unnt að sækja um neina styrki handa þessum mönnum. En þá var öldin önnur, menn höfðu ekki þær fjárhagskvaðir sem nútímamenn hafa, og hrædd er ég um að þeir nútíma Íslendingar verði ekki margir sem vinna það starf sem þarna var unnið, þó að vissulega sé þar okkar ágæti Helgi Hálfdanarson undantekning.

Við lauslega athugun á íslenskri bókaskrá kemur í ljós að af u. þ. b. 100 erlendum bókum, sem þýddar eru árlega á íslensku, eru innan við tíu ritverk sem almennar viðurkenningar njóta, og að tala slíkra ritverka útgefinna á íslensku hefur lítið breyst á síðustu áratugum meðan fjöldi hinna léttvægari bóka hefur aukist í réttu hlutfalli við aukna efnalega velmegun þjóðarinnar.

Þýðing góðra bóka er erfitt og tímafrekt starf. Væri það greitt í réttu hlutfalli við tíma og erfiði yrði þýðingarkostnaður mikilsverðra bókmennta mun hærra hlutfall útgáfukostnaðar en þýðingarkostnaður afþreyingarbókmennta. Þetta er vafalaust ein af ástæðunum fyrir því, hve lítið er gefið út af góðum þýddum bókum bókum á Íslandi. Væru útgefendur styrktir til þess að greiða þýðendum sómasamleg laun fyrir slík störf, líkt og Þýðingarsjóður Norðurlandaráðs styrkir þýðingar af einu Norðurlandamáli á annað, væri vafalaust unnt að auka mikið fjölbreytni og gæði þeirra bóka sem allur þorri manna á aðgang að. Með því væri tvímælalaust stigið skref fram á við í jafnréttismálum og hornsteinar menningar okkar og bókmennta til muna styrktir.

Nú er mér ljóst að fjölmargir hv. þm. setja spurningarmerki við þegar farið er að tala um markaða tekjustofna. Og vissulega get ég verið sammála því, að það er e. t. v. ekki æskilegt að allt of stór hluti fjárlaga hverju sinni sé bundinn í mörkuðum tekjustofnum. Hitt er hins vegar jafnljóst, að oftlega þarf markaðan tekjustofn til að slík mál sem þessi lognist ekki út af. Ég held að hér sé um að ræða mál sem hver einasti þm. hv. deildar hlýtur að geta verið sammála um. Við tölum um jafnrétti, við tölum um jafnrétti karla og kvenna, við tölum um jafnrétti manna til atvinnu. Ég held að við megum ekki gleyma — mitt í allri þeirri umræðu — mikilvægi þess að allir Íslendingar geti lesið nokkuð af því merkilegasta sem hugsað er og skrifað í heiminum á hverjum tíma. Ég vil því leyfa mér að skora á hv. deildarþingmenn að taka þetta mál alvarlega og veita því brautargengi þannig að það verði afgreitt á þessu þingi.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra foreseti. Efni þessa frv. er óneitanlega mjög athyglisvert og mikilvægt, og það minnir mig á gamla daga, á fyrri þingár mín, ef svo má segja. Þá flutti ég frv. til l. um mjög svipað efni, sem ég held að ég hafi kallað frv. um fjárhagsstuðning við útgáfu erlendra öndvegisrita, en ekki man ég nú lengur hversu háar upphæðir voru nefndar í því frv. En það vil ég taka fram, að þetta er mjög mikilvægt mál og ég held að nauðsynlegt sé að taka það gaumgæfilega til athugunar.

Það er rétt, sem fram kemur í grg. og kom fram í ræðu fyrri flm. áðan, að þýðingar erlendra bókmennta, erlendra öndvegisrita, eru mjög mikilvægar fyrir íslenskar bókmenntir. Og það hefur kannske aldrei verið gerð á því náin úttekt, hversu mikilvægar ýmsar þýðingar, sem gerðar hafa verið í aldanna rás, hafa verið fyrir bókmenntir Íslendinga og fyrir málþróunina á Íslandi. En ég hygg þó að sýna mætti fram á það, að slíkar þýðingar hafi haft úrslitaþýðingu um bókmenntaþróun og um málþróun á Íslandi. Að þessu leyti get ég sannarlega tekið heils hugar undir mikilvægi þess, að unnið sé sem skipulegast að því að þýða slík erlend öndvegisrit á íslensku og í miklu ríkara mæli en verið hefur. Og það verður að segjast sem er, að því miður eru Íslendingar heldur fátækir af slíkum ritum á eigin máli, og það kann að hafa sín áhrif á þekkingarheim okkar og hvernig við öflum okkur menntunar.

Ég held líka að það sé augljóst mál, að Íslendingar hafa löngum verið kunnir að því að vilja fylgjast vel með í ýmsum fræðum og menntum, og sjálfsmenntun hefur verið talin mjög mikil á Íslandi. Ég held að enn sé fyrir hendi þörf fyrir að gera mönnum kleift að afla sér sjálfs-

menntunar á sem auðveldastan hátt. Og það er alveg áreiðanlegt að mínum dómi, að ef á íslensku væru til ýmis erlend öndvegisrit, sem markað hafa spor í sögu mannsandans, bókmenntanna og fræðanna yfirleitt, þá mundi það hafa mjög veruleg áhrif á þekkingarheim Íslendinga.

Nú er auðvitað af svo miklu að taka í þessu efni að það er dálítið erfitt að ætla sér að leysa þetta stóra verkefni í einu vetfangi. Hins vegar tel ég að stefnt sé í rétta átt með þeirri hugsun, sem kemur fram í þessu frv., að hafa tiltækt fjármagn til að greiða þýðendum, hæfum þýðendum, fyrir að þýða á íslensku vönduð rit, bæði fræðileg rit og bókmenntarit, sem mjög brýnt er eða a. m. k. æskilegt að Íslendingar eigi aðgang að á eigin máli.

Með tilliti til þessa get ég tekið mjög undir efni þessa frv. Ég áskil mér þó allan rétt í sambandi við tölur, sem hér eru nefndar, 500 þús. kr. á ári, til þessara hluta. Ég held að ég geri hvorki að játa né neita að það sé eðlileg tala. En efnislega get ég vel fellt mig við þetta frv. og tek undir þá skoðun sem í frv. kemur fram, að mikilvægt sé að á íslensku séu til þýðingar erlendra öndvegisrita, bæði ýmissa rita, sem eldri höfundar hafa skrifað og haft hafa áhrif á gang sögunnar, mest menningarsögunnar, og einnig rita, sem hæst ber í heiminum á hverri tíð og þannig hafa bein áhrif á samtímann. Hvort tveggja þetta hlýtur að koma til greina að mínum dómi, og ég get fallist á að það sé að vissu leyti eyða í okkar bókmenntir að ekki skuli vera til meira af slíkum ritum. Og ég get með góðri samvisku sagt að ég vildi geta stuðlað að því fyrir mitt leyti að fleiri slík rit yrðu til á íslensku.

Vilmundur Gylfason: Herra foreseti. Ég vil eins og hæstv. menntmrh. taka mjög eindregið undir þá meginhugsun, sem í þessu frv. til l. felst, og m. a. þann málatilbúnað allan, að það er æskilegt að erlend öndvegisrit séu til þýdd á okkar þjóðartungu. Og auðvitað væri æskilegt að vel væri hægt að gera við slíka starfsemi.

Hins vegar eru hér auðvitað ákveðin vandkvæði, eins og hv. flm. gat raunar um. Við vitum að það eru vandræði í okkar hagstjórn allri. Þessir svokölluðu mörkuðu tekjustofnar festa niður fjármagn úti um hagkerfið allt með þeim afleiðingum að hagstjórn verður æ erfiðari með hverju árinu sem líður.

Í 2. gr. frv. er gert ráð fyrir að festa 500 þús. nýkr. með þessum hætti og gera það um langan tíma væntanlega. Og það gildir auðvitað þarna, að hversu háleitt sem markmiðið er sem í frv. felst, þá er það nú einu sinni svo, að markmiðin eru misjafnlega háleit, og sennilega leggjum við á það mælikvarða eftir því hvaða áhugamál við höfum fyrst og fremst. Það eru þessar almennu athugasemdir sem ég vil gera við þetta frv.

Þegar þetta frv. var í smíðum og hv. flm. sýndi mér það og ræddi efni málsins og stakk ég upp á því, hvort ekki gæti verið skynsamlegt, — og vil varpa því fram hér til umhugsunar fyrir menntmn., sem síðan fær þetta frv. til meðferðar — hvort það væri skynsamlegra um frv. af þessu tagi að láta gilda um það svofellda reglu, að lög þessi öðlist gildi en falli síðan úr gildi eftir tiltekinn árafjölda, t. d. eftir þrjú ár. Það er auðvitað rétt, sem fram kemur hjá flm., að stundum verður ekki hjá því komist að binda tekjustofna um einhvern tíma. En e. t. v. gæti orðið auðveldara fyrir hv. alþm. að meðtaka efni svona frv. ef því væri aðeins ætlað að gilda í þrjú ár og falla síðan sjálfkrafa úr gildi. Menn yrðu þá að rétta upp höndina upp á nýtt ef þeir vildu framlengja efni þess.

Þessi aðferð hefur verið farin víða erlendis þar sem menn hafa haft áhyggjur af að binda fjármagn til langs tíma í lögum. Og þessi aðferð, sem er á engilsaxnesku kölluð sólarlagsaðferðin, hefur þótt gefa góða raun. Menn hafa komið af stað þýðingarmiklum verkefnum og menn hafa ekki eins horft í það að binda fjármagn þegar það er aðeins gert til skamms tíma í einu. Þessu er varpað fram hér til umhugsunar.

Í annan stað má gera athugasemdir við að í 1. gr. frv. er menntmrn. gert að setja reglugerð um framkvæmd þessara laga. Fyrir vikið er þessi lagabálkur, eins og honum er ætlað að koma frá Alþingi, mjög svo opinn. Hugleiða mætti hvort ekki væri skynsamlegt, ef af þessu yrði, að hafa þetta með einhverjum hætti nákvæmar bundið í lögum.

Þriðju hugmyndinni má varpa fram um þetta, hvort æskilegt sé að hér sé einvörðungu og að öllu leyti um styrki að ræða, hvort ekki mætti hugsa sér að hluti af þessu fjármagni yrði lánaður og yrði þar með endurgreitt eftir einhvern tíma. Við vitum það um mikla útgáfustarfsemi, að oft er það fyrsta fjármagn sem vantar. Það skilar sér svo inn síðar. Spurningin er hvort ekki mætti ná þeim virðulegu markmiðum, sem hér er auðvitað verið að fjalla um, og hvort ekki væri hægt að fara betur með fjármagn og gera fleirum kleift að stunda þessa starfsemi með því að hugsa sér að t. d. hluti af því, sem úr þessum sjóði rynni, yrði að lánsfé.

Auðvitað er skiljanlegur áhugi allra hv. alþm. á því að fá sérleg áhugamál sín fest í lög. Og að engum skyldi hvarfla að gera lítið úr slíkum áhuga. En þegar við stöndum frammi fyrir því, að ríkisfjármálum er nánast ekki stjórnandi vegna þess hvað á undanförnum árum og áratugum er búið að gera mikið af þessu — og yfir allt sjónarsviðið, ekki bara í menningarmálum eins og hér er verið að fjalla um, heldur í vegagerðarmálum og framkvæmdamálum hvers konar, — þá er það auðvitað þarna sem menn staldra við og spyrja: Er ekki hægt að fara einhverja aðra leið, einhverja leið sem er minna bindandi, til að ná svipuðum árangri, þó að um skamman tíma væri.

Þessu frv. verður væntanlega vísað til menntmn. þar sem ég meðal annarra á sæti, og ég vil aðeins lýsa þeirri skoðun minni, að auðvitað ber að skoða þetta frv. af mikilli virðingu. En það eru nokkur ljón þarna í veginum sem ég vona þó að með einhverjum hætti megi vinna bug á.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að lýsa stuðningi mínum við þetta mál. Ég hef ekki kynnt mér það vandlega, en við skjóta yfirsýn sýnist mér hér á ferðinni ágætt mál og mál sem við ættum að taka mjög föstum tökum. Það getur verið ágreiningsatriði, eins og hv. síðasti ræðumaður benti á, hverjar tekjur þessa sjóðs ættu að vera. Og oft hefur það leitt huga minn að reglu sem franskir þingmenn hafa þegar þeir leggja fram svokölluð eyðslumál, að þeir leggja á móti einhverja hugmynd um tekjustofna, ekki eingöngu það að greitt sé úr ríkiskassanum.

Ég vil geta þess, að hingað til lands eru flutt á hverju ári ógrynni af erlendum tímaritum og léttbókmenntum svokölluðum, og mér dettur í hug svona í skjótri svipan, hvort ekki mætti leggja eitthvert tiltekið gjald á þessar bókmenntir, sem við erum að flytja hingað inn fyrir tugi ef ekki hundruð milljóna á hverju ári, og er þá kannske

einfaldast að minnast á dönsk kvennablöð sem hingað koma í stórum bunkum, og að tekjur af því, hvort sem við kölluðum það skatt eða eitthvað annað, rynnu í sjóð af þessu tagi. Nú veit ég ekki hvort þessi leið er fær, ég viðurkenni það strax.

En ég vil minna á það í sambandi við þetta frv., að til er norrænn þýðingarsjóður sem gegnt hefur mjög mikilvægu hlutverki á milli Norðurlandanna í þá veru að færa bókmenntir einnar þjóðar til annarrar. Af þeim sjóði höfum við Íslendingar notið góðs á undanförnum árum og hann mun verða mjög þýðingarmikill áfram.

Ég geri ráð fyrir því, að þetta mál verði tekið til gaumgæfilegrar athugunar, en ég tek undir með síðasta ræðumanni: Við Alþfl.-menn höfum ekki verið mjög hlynntir því að binda tekjustofn eða binda útgjöld af þessu tagi í langan tíma. Ég tel að það væri fullkomin ástæða til þess að athuga hvort ekki væri hægt að leita einhverra annarra leiða til þess að fjármagna þennan sjóð. En málið styð ég eins og það liggur fyrir að því leyti, að tilgangurinn er góður og hann er réttmætur. En hvort ekki er nauðsynlegt að gera ýmsar breytingar á þessu frv., það skal ég ósagt láta, en tel þó í fljótu bragði að það verði að gera.

Flm. (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég skal ekki bæta miklu við þetta. Ég vil aðeins þakka jákvæðar undirtektir undir þetta frv. okkar hv. þm. Ingólfs Guðnasonar. Mér er ljóst að auðvitað getur vel verið að líta þurfi betur á þetta frv. og gera á því einhverjar breytingar til bóta. Persónulega held ég þó eftir töluverða athugun einmitt á 2. gr. frv., að við hljótum að hafa efni á því að hafa markaðan tekjustofn til þessara hluta. Ég held að fá mál séu, þegar öllu er á botninn hvolft, þýðingarmeiri en það að við viðhöldum tungu okkar. Ég held að það þurfi að þýða töluvert mikið af því, sem út er gefið í heiminum í dag, í þeirri hröðu þróun sem á sér stað, til þess að tungan haldi í við erlend mál. Og eftir töluverða umhugsun fannst mér að það væri varla ofverk Alþingis Íslendinga að hafa þann tekjustofn markaðan. Ég er hins vegar alveg sammála því, að það veldur vissulega erfiðleikum fyrir hv. fjvn. hversu margir hinir mörkuðu tekjustofnar eru.

En þar sem fundartíminn er úti vil ég þakka enn á ný vinsamlegar undirtektir við þetta mál og leyfa mér að leggja til að því verði vísað til hv. menntmn. deildarinnar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til menntmn. með 24 shlj. atkv.

Sameinað þing, 58. fundur.

Þriðjudaginn 10. mars, kl. 2 miðdegis.

Norsku- og sænskukennsla í grunnskólum, fsp. (þskj. 439). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Árni Gunnarsson): Herra forseti. Ég hef af gildum ástæðum lagt eftirfarandi fsp. fyrir hæstv. menntmrh. um norsku- og sænskukennslu í grunnskólum:

1. Samkv. lögum geta nemendur í grunnskólum, sem þess óska, tekið próf í norsku eða sænsku í stað dönsku. Hefur nemendum verið gert kleift að læra þessi tungumál?

2. Er norska eða sænska kennd í grunnskólum? Ef svo er, hvað mörgum?

3. Eru til kennslubækur í norsku og sænsku sem telja má við hæfi íslenskra nemenda?

4. Telur menntmrh. æskilegt að leggja eins mikla áherslu á dönskukennslu og gert hefur verið, í stað þess að auka kennslu í norsku og/eða sænsku?"

Í örfáum orðum vil ég geta ástæðunnar fyrir þessari fsp., en hún er einfaldlega sú, að það hefur sætt stöðugt meiri gagnrýni meðal foreldra barna, sem í grunnskóla fara, að nemendurnir skuli ekki geta átt þess kost að nema þar sænsku eða norsku í stað dönsku, enda er það almennt viðurkennt, að bæði sænska og norska gilda miklu fremur og miklu betur í hinu norræna samstarfi sem við tökum þátt í.

Þá er þess að geta einnig, að þetta hefur valdið talsverðum erfiðleikum vegna þeirra Íslendinga, sem flutt hafa til Svíþjóðar og Noregs, svo að dæmi séu tekin. Og það verður að segjast eins og er, að eins og sakir standa gengur danskan lakast skandinavisku málanna í því málasamstarfi sem Íslendingar þurfa að eiga við nágrannaþjóðirnar á hinum Norðurlöndunum.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að svara þessari fsp., sem er í nokkrum liðum, á þessa leið:

Í lögum um grunnskóla, nr. 63 1974, þ. e. í 44. gr. þeirra laga, segir m. a. að kenna skuli erlend tungumál og séu forsendur fyrir vali þeirra annars vegar að varðveita tengslin við uppruna þjóðarinnar og norræna menningu og hins vegar að opna Íslendingum leið til samskipta við sem flestar þjóðir. Í þessari grein er því ekki tekin afstaða til þess, hvert Norðurlandamálanna skuli kenna í grunnskólum. En eins og flestum er kunnugt er danska eina Norðurlandamálið sem kennt er á þessu skólastigi. Norska og sænska eru ekki kenndar í neinum grunnskóla, það ég veit til. Að þessu leyti til er hér fengið beint svar við einum lið fsp. hv. þm.

Nokkuð hefur verið um það að nemendur, sem dvalið hafa um lengri eða skemmri tíma í Noregi eða Svíþjóð og náð nokkru valdi á hlutaðeigandi tungumáli, hafi sótt um að fá að taka próf í þessum málum í stað dönsku. Er ekki annað vitað en að skólar, sem í hlut eiga, hafi í öllum tilfellum orðið við slíkri beiðni. Hins vegar hafa skólarnir ekki haft aðstöðu til að halda uppi kennslu fyrir þessa nemendur. Eru ástæðurnar einkum þær, að nemendur, sem óska að nema annað Norðurlandamál en dönsku, eru mjög fáir í hverjum skóla og enn fremur er lítið um að kennarar sérhæfi sig til kennslu í norsku og sænsku.

Hins vegar er nauðsynlegt að geta þess, að þar sem námsflokkar eru starfandi, og það er á allmörgum stöðum á landinu, mun yfirleitt haldið uppi kennslu í norsku og sænsku, og hafa umræddir nemendur stundað nám þar hafi þeir getað komið því við.

Á yfirstandandi skólaári stunda samtals 58 nemendur á skólaskyldualdri, þ. e. grunnskólanemendur, nám í norsku og 94 nemendur nám í sænsku við Námsflokka Reykjavíkur. Kennslan er skipulögð þannig, að hún fer fram utan reglulegs skólatíma nemenda og er þannig aukaálag á nemandann, má segja. Áætlað er að alls stundi u. þ. b. 65 nemendur á skólaskyldualdri nám í

norsku og u. þ. b. 100 nemendur á skólaskyldualdri nám í sænsku.

Nú í febrúar voru haldin svokölluð samræmd próf í 9. bekk grunnskóla, og samkvæmt upplýsingum frá prófanefnd tóku 20 nemendur, þar af 12 í Reykjavík, samræmd próf í norsku, og 21 nemandi í landinu öllu, þar af 17 í Reykjavík, samræmd próf í sænsku.

Spurningunni um kennslubækur, sem er auðvitað nokkuð mikilvæg spurning í þessu sambandi, vil ég svara með því að segja að kennslubækur í norsku og sænsku verður að fá erlendis frá, og kennarar við Námsflokka Reykjavíkur hafa yfirleitt útvegað þessar bækur. Hins vegar hefur menntmrn. veitt nokkra styrki til þessara bókakaupa, og rætt hefur verið um það, og það má segja reyndar að það sé stefna mín, að Ríkisútgáfa námsbóka styrki þessi bókakaup. En m. a. vegna þess, hve fjárhagur Ríkisútgáfunnar eða Námsgagnastofnunar er slæmur og hefur verið slæmur, þá hefur ekki verið unnt að framkvæma þessa stefnu. Hins vegar hefur rn. greitt hálf laun kennara í norsku og hálf laun kennara í sænsku við Námsflokka Reykjavíkur.

Þetta er til upplýsingar um það sem spurt er um bækurnar og hvernig reynt er að framkvæma það efni. En af þessu svari er náttúrlega ljóst, að það stendur upp á okkur að hafa sérstaklega samdar bækur fyrir íslenska nemendur. Eigi að síður held ég að þær bækur, sem við er stuðst og fengnar hafa verið erlendis frá, hafi gefið tiltölulega góða raun.

En þá kem ég að 4. lið fsp., og ég verð að viðurkenna að honum er á ýmsan hátt vandsvarað. Ég get alls ekki sagt að það sé neitt metnaðarmál hjá mér né hafi verið hjá öðrum menntamálaráðherrum að danska hafi jafnmikinn forgang fram yfir önnur Norðurlandamál og raun ber vitni í skólum landsins. Ég vil taka það fram, að ég tel að stefna beri að því að kenna sænsku og norsku á grunnskólastigi eftir því sem mögulegt er. En jafnframt vil ég hafa á þann fyrirvara, að slíkri kennslu verður ekki komið á nema með verulegum undirbúningi og á talsvert löngum tíma. Í því sambandi vil ég upplýsa að ég hef fyrir nokkrum vikum skipað sérstaka nefnd eða starfshóp til þess að gera tillögur um kennslu í norsku og sænsku fyrir nemendur í grunnskóla sem vegna fyrirfarandi dvalar í Noregi eða Svíþjóð óska eftir kennslu í öðru hvoru þessara mála í stað dönsku. Þessari nefnd er ætlað að hraða störfum og skila áliti til menntmrn. sem fyrst.

Ég tel starf þessarar nefndar mjög mikilvægt fyrir allan undirbúning frekari aðgerða þessa máls. Fram til þessa hefur lítið eða ekkert verið gert til þess að koma norsku- og sænskukennslu á í grunnskólum, en ég vil gjarnan stuðla að því, að svo verði í framtíðinni, að svo miklu leyti sem það er mögulegt. Fyrst um sinn tel ég að eðlilegast sé að stefna að því að greiða götu þeirra, sem sérstaklega óska eftir því að taka próf í norsku eða sænsku, og miða þá að því að færa kennslu í þessum málum inn í sjálfa skólana og aðlaga námsskrá hlutaðeigandi nemenda slíku námi. Slíkt mundi vera stórt spor fram á við frá því sem nú er, þar sem engin sérstök námsskrá er fyrir þessa nemendur og þeir verða að stunda nám sitt utan skólanna, þ. e. í námsflokkum.

Í þessu sambandi verður að taka það fram, að kennarar í norsku og sænsku hér á landi eru mjög fáir, og það eitt er að sjálfsögðu hindrun í vegi fyrir víðtækri kennslu í þessum málum.

Ég vona, að hv. fyrirspyrjandi geti sætt sig við þessi svör, og læt máli mínu lokið.

Fyrirspyrjandi (Árni Gunnarsson): Herra forseti. Vegna margvíslegra ástæðna og nokkurs óróa í þingsölum, sem virðist stafa af einhverjum utanaðkomandi áhrifum, óttast ég nokkuð að ágæt svör menntmrh. við þessari fsp. kunni að hafa farið fyrir ofan garð og neðan hjá hv. þm. og öðrum sem hlustað hafa og hlýða hér venjulega á umræður. Hér er nefnilega á ferðinni hið stórmerkasta mál, og þegar rætt er um það hvort nemendum á grunnskólastigi verði almennt gert að þurfa að læra dönsku frekar en norsku eða sænsku, þá held ég að menn verði að átta sig á því, að það er almenn skoðun þeirra sem einhver samskipti hafa við Norðurlandaþjóðir, að það komi íslenskum nemendum yfirleitt meira að gagni að læra t. d. norsku eða sænsku heldur en dönsku. Það getur því haft mikil áhrif hvernig á þessum málum verður haldið í framtíðinni.

Það upplýstist hér m. a., að ekki eru til neinar kennslubækur í norsku eða sænsku fyrir grunnskóla og reynt er að ráða bót á því með því að fá þær erlendis frá.

En ég vil þakka hæstv. menntmrh. hans ágætu svör, og tel þau fullnægjandi. Einnig þakka ég honum fyrir þá nefndarskipun sem hann skýrði hér frá, sem ég tel að sé stórt spor í rétta átt.

Skilyrði fyrir ríkisábyrgð vegna lántöku Flugleiða, fsp. (þskj. 414). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Fsp. er svo orðuð: „Með hvaða hætti hafa Flugleiðir hf. efnt skilyrði þau sem sett voru við ákvörðun um heimild til ríkisábyrgðar vegna lántöku fyrirtækisins?"

Eins og hv. deild rekur sjálfsagt minni til voru sett ýmis skilyrði við þessa lántöku. Við efni þeirra gerði ég ekki ágreining, enda tel ég efni þeirra skilyrða á ábyrgð ríkisstj. Á hinn bóginn var það skoðun mín og okkar Alþfl.-manna, að skilyrði þessi ættu að vera í lögum svo að þau yrðu ekki teygð eða toguð, heldur yrði eftir þeim farið.

Skilyrðin voru: Í fyrsta lagi þau, að aukning hlutafjár í 20% verði komin til framkvæmda fyrir næsta aðalfund félagsins. Í annan stað, að starfsfólki yrði á sama tíma gefinn kostur á að eignast hlutafé fyrir 200 millj. kr. Í þriðja lagi, að aðalfundur yrði haldinn fyrir lok febrúarmánaðar — það er sá febrúarmánuður sem þegar er liðinn. Í fjórða lagi, að Starfsmannafélagi Arnarflugs væri gefinn kostur á að kaupa hlut Flugleiða í Arnarflugi. Í fimmta lagi, að ársfjórðungslega verði ríkisstj. gefið yfirlit yfir þróun og horfur í rekstri Flugleiða. Í sjötta lagi, að fram fari viðræður milli ríkisstj. og Flugleiða um nýjar reglur varðandi hlutafjáreign í fyrirtækinu, sem m. a. takmarki atkvæðisrétt einstaklinga og fyrirtækja. Í sjöunda lagi, að Norður-Atlantshafsfluginu verði haldið fjárhagslega aðskildu eins og frekast er unnt.

Það varð ofan á hjá stuðningsmönnum ríkisstj., að það dygði að setja þessi skilyrði í nál., og skyldi fara með það þannig, að ráðherrar sæju um að framkvæmd málsins væri í samræmi við þau skilyrði sem eru í nál. Við bentum hins vegar á, fulltrúar Alþfl., að slíkt skilyrði væri á engan hátt bindandi og hætta yrði á að málin yrðu teygð og toguð.

Ég spyr hvernig hafi til tekist um að efna þessi skilyrði. Er aukning hlutafjár komin til framkvæmda? Hafa starfsfólki verið boðin hlutabréf, og þá með hvaða hætti, og hve mikið var keypt og hvenær gerðist þetta? Ég vil líka spyrjast fyrir um aðalfund Flugleiða. Mér er vissulega ljóst að hann hefur ekki verið haldinn. Hins vegar hafa verið haldnir tíðir fundir síðan þessari fsp. var dreift hér í þingsalnum, og mætti spyrjast fyrir um hvort einhverra tíðinda væri að vænta af öllum þeim mörgu stjórnarfundum sem hafa verið haldnir.

Enn fremur spyr ég hvernig eða hvenær það verði efnt, að Starfsmannafélagi Arnarflugs verði gefinn kostur á að kaupa hlut Flugleiða í Arnarflugi. Hefur þetta verið efnt eða hvenær verður það efnt? Og hver var hugmyndin, þegar þetta skilyrði var sett, um það, hvenær þetta skilyrði yrði efnt?

Hver hafa skilin verið á yfirlitunum yfir þróun og horfur? Hafa farið fram viðræður milli ríkisstj. og Flugleiða um nýjar reglur varðandi hlutafjáreign? Og hefur Norður-Atlantshafsfluginu verið haldið fjárhagslega aðskildu?

Það má líka í þessu sambandi velta fyrir sér hvernig hafi til tekist um framtíðarstefnumótun í þessum málum. Þegar þessi mál voru til umræðu á sínum tíma gerðum við fulltrúar Alþfl. till. um að fenginn yrði óháður aðili með sérþekkingu á sviði flugrekstrar og markaðssviðs flugmála til þess að gera úttekt á stöðu þessara mála og vera ríkisstj. til ráðuneytis um stefnumörkun. Á þeim tíma talaði hæstv. ráðh. um að líklega mundi hann skipa nefnd í málið. Ég vil gjarnan spyrjast fyrir um hvernig það mál standi, hvort nefnd hafi verið skipuð í málið, hvernig hafi miðað í framtíðarstefnumótun, hvort núna sé t. d stefnt að því að leggja Ameríkuflugið niður eða hvort það sé liður í hinni nýju stefnumótun að leiguflug gangi til erlendra aðila, eins og lesa má í blöðum í dag.

Ég skal ekki fjölyrða öllu frekar um þetta mál. Að vísu væri freistandi að spyrja frekari spurninga, t. d. um það, hvort Flugleiðir hafi í reynd óskað eftir því að halda áfram svonefndu Atlantshafsflugi eða ekki og hvort mat ráðh. sé það, að stjórn fyrirtækisins sé nú traustari en þegar þessi mál voru hér upphaflega til umræðu. Hver er sem sagt líkleg þróun þessara mála, hvernig er staða þessara mála? Ég spyr vegna þess að hér er um mjög mikilvægan málaflokk að ræða, og ég ítreka spurninguna: Hvernig gengur að uppfylla skilyrðin sem sett voru, og hvernig hefur eftirlit ráðh. verið með þeim málum?

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Á þskj. 414 spyr hv. 2. þm. Reykn., Kjartan Jóhannsson, með hvaða hætti Flugleiðir hf. hafi efnt þau skilyrði sem sett voru við ákvörðun um heimild til ríkisábyrgðar vegna lántöku fyrirtækisins.

Í 15. gr. laga nr. 74 26. jan. 1980, um málefni Flugleiða hf., segir að við veitingu ríkisábyrgðar samkv. 1. og 3. gr. sömu laga sé ríkisstj. heimilt að setja þau skilyrði sem hún metur nauðsynleg, þ. á m. að fyrirtækið standi skil á opinberum gjöldum og aukin verði áhrif starfsfólks á stjórn félagsins með sölu hlutabréfa.

Í grg. segir um þetta atriði laganna, að heimild greinarinnar til skilyrðasetningar sé í samræmi við venju. Síðan segir, að skilyrði, sem ríkisstj. þyki nauðsynlegt að setja í sambandi við aðstoð sem í frv. felst, komi fram í samþykkt ríkisstj. frá 16. sept. 1980, og er nefnd nauðsyn fjárhagslegs aðskilnaðar Norður-Atlantshafsflugsins frá öðru flugi á vegum Flugleiða hf., aukinnar aðildar starfsfólks að stjórn félagsins og tilrauna til að bæta rekstrarfjárstöðuna t. d. með sölu eigna og aukningu hlutafjár.

Við umfjöllun frv. í fjh.- og viðskn. Alþingis svo og í viðræðum stjórnvalda og forustumanna Flugleiða hf. þróuðust ákveðnar hugmyndir um skilyrði fyrir afgreiðslu ríkisábyrgðar og voru þau tekin upp í meirihlutaálit nefndanna, þar sem mælt var með samþykkt frv. á þeim grundvelli, að 5. gr. yrði framkvæmd í samræmi við þau.

Um efndir á þessum skilyrðum er spurt, og skal ég nú fara yfir það:

Fyrsta skilyrði var að aukning hlutafjár ríkisins í 20% yrði komin til framkvæmda fyrir næsta aðalfund. Þetta hefur þegar verið framkvæmt. Ríkissjóður átti fyrir hlutabréf að upphæð 164 018 600 gkr. og vantar því til viðbótar hlutabréf fyrir 535 981 400 gkr. Frá þessu hefur verið gengið og er hlutur ríkissjóðs nú 20%.

Annað skilyrði: Starfsfólki eða samtökum þess verði á sama tím gefinn kostur á að eignast hlutafé fyrir a. m. k. 200 millj. kr. og þannig stuðlað að því að sameiginlegt atkvæðamagn starfsfólks nægi til kjörs eins fulltrúa í stjórn. Í bréfi Flugleiða hf. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Með vísan til þess skilyrðis fyrir ríkisábyrgð til handa Flugleiðum hf., að starfsfólki eða samtökum þess verði gefinn kostur á að eignast hlutafé fyrir a. m. k. 200 millj. kr. í félaginu, og jafnframt með vísan til fyrri bréfaskrifta milli rn. og Flugleiða hf. varðandi það mál og frekari umfjöllunar um það á fundi yðar, herra ráðherra, með Sigurði Helgasyni forstjóra og Erni Ó. Johnson stjórnarformanni þann 24. nóv. s. l. viljum við taka fram eftirfarandi:

Samkvæmt ósk yðar voru Starfsmannafélagi Flugleiða hf. og fimm stéttarfélögum rituð bréf þann 26. nóv. s. l. og þau beðin að tjá félaginu óskir sínar um kaup á hlutabréfum í Flugleiðum hf. „— Vil ég taka það fram, að mér voru sýnd þessi bréf og sýndist mér þau að öllu leyti fullnægja því skilyrði sem hér var sett. —“ Svör bárust ekki frá tveimur félaganna, þ. e. frá Flugvirkjafélagi Íslands og Flugfreyjufélagi Íslands. Tvö þeirra félaga, sem svöruðu, Félag ísl. atvinnuflugmanna og Félag flugumsjónarmanna, óskuðu ekki eftir kaupum á hlutabréfum. Stjórn Starfsmannafélags Flugleiða hf., STAFF, tilkynnti þá ósk sína að fá keypt hlutabréf fyrir 1 millj. kr., með þeim fyrirvara þó að slík kaup yrðu samþykkt á félagsfundi. Félag Loftleiðaflugmanna svaraði með bréfi, en þó ekki fyrr en 7. des., og óskaði eftir viðræðum um málið. Þær viðræður fóru fram og kom þá í ljós að Félag Loftleiðaflugmanna vildi kaupa hlutabréf fyrir 42 millj.kr. fáist þau greiðslukjör að 20 millj. kr. yrðu greiddar strax, en afgangurinn tekinn af launum á einu ári.“

Stjórn Flugleiða hafi ekki tekið afstöðu til óska þessa félags síðast þegar ég vissi, en ljóst er að nægilegt magn hlutabréfa verður úselt þó að búið sé að uppfylla ósk ríkissjóðs um 20% eignaraðild, enda verður því miður að segjast, að þrátt fyrir mörg stór orð um mikinn áhuga á að taka þátt í hlutafjáraukningu félagsins hafa svör starfsfélaga ekki orðið á þá leið. Ég tel því að einnig þessu skilyrði hafi verið fullnægt, starfsfólki hefur verið boðið að taka þátt í hlutafjáraukningu.

Þriðja skilyrði: Aðalfundur Flugleiða verði haldinn fyrir lok febr. 1981 og kosin ný stjórn í samræmi við breytta hlutafjáreign, en framhaldsaðalfundur haldinn síðar ef þörf krefur. Í bréfi rn., dags. 11. febr. s. l., segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Með tilvísun til bréfs félagsins, dags. 9. þ. m., svo og fundar með stjórnarformanni þess hinn 6. þ. m. skal tekið fram, að rn. getur eftir atvikum fallist á að skilyrði um aðalfund Flugleiða hf. í febr. 1981, sem sett var vegna framkvæmda laga nr. 74 1980, verði breytt eins og stjórn félagsins leggur til í tilvitnuðu bréfi, þ. e. að ríkisstj. tilnefni tvo menn í stjórn nú þegar og framvegis árlega, enda verði samþykktum þannig breytt á hluthafafundi nú í febrúar. Um framanritað hefur verið haft samráð við forsætis- og fjármálaráðuneytið, svo og formenn fjh.- og viðskn. Alþingis.

Til þess að ganga frá formlegu samkomulagi við stjórn félagsins um þetta mál eru hér með tilnefndir af hálfu ríkisstj. þeir Birgir Guðjónsson deildarstjóri í samgrn. og Gunnlaugur Claessen deildarstjóri í fjmrn."

Aðdragandi þessa máls var sá, að í jan. gekk formaður félagsins á minn fund og kvað í fyrsta lagi vera mörg tormerki á því að halda aðalfundinn í febrúar, þar sem ekki lægju þá jafnvel fyrir drög að ársreikningi félagsins sem háværar kröfur væru um meðal félagsmanna að fá að sjá áður en gengið yrði til stjórnarkjörs.

Þá vil ég jafnframt upplýsa að samþykktir félagsins eru þannig, að annað hvert ár skal kjósa fimm menn í stjórn og hitt árið fjóra. Á þeim aðalfundi, sem nú ber að halda, skal kjósa fimm menn. Af þeim á ríkið aðeins kost á að fá einn af fimm og þá einn til viðbótar að ári liðnu. Í viðræðum mínum við forsrh. og fjmrh. og svo formenn fjh.- og viðskn. þótti mönnum að því fylgdi nokkur kostur að fá þegar tækifæri til þess að tilnefna tvo menn í stjórnina og væri þar með náð því markmiði sem með hlutafjáraukningunni er að stefnt meðal annars.

Ég þarf ekki að greina frá því, hvernig þeim fundi lauk að þessu leyti sem haldinn var í febrúar. Þar voru tillögur stjórnarinnar felldar. Ég vil hins vegar geta þess, að í viðræðum þeirra fulltrúa, sem ég nefndi áðan, við þá, sem tilnefndir voru af stjórn Flugleiða, náðist ekki fullt samkomulag um það, hvaða háttur yrði á hafður í sambandi við tilnefningu þessara tveggja manna. Var því ákveðið að fylgja tillögunum til bráðabirgða, en ljúka endanlegum frágangi málsins fyrir reglulegan aðalfund. En einnig sú tillaga til bráðabirgða var felld, þrátt fyrir fylgi ríkissjóðs sem þá hafði eignast 20% af hlutafé í félaginu.

Eftir þennan fund óskaði ég eftir því við formann félagsins, að aðalfundur yrði haldinn svo fljótt sem frekast er unnt. Og eftir því sem ég best veit er stjórn félagsins að ganga frá þeim málum nú á þessari stundu, á stjórnarfundi sem hófst eftir hádegi.

Fjórða skilyrði: Starfsmannafélagi Arnarflugs verði gefinn kostur á að kaupa hlut Flugleiða í Arnarflugi. Með bréfi, dagsettu 24. nóv. 1980, tilkynnti stjórn Flugleiða Starfsmannafélagi Arnarflugs, að ákveðið hefði verið að verða við tilmælum um hugsanlega sölu á eignarhluta Flugleiða í Arnarflugi til Starfsmannafélagsins, og jafnframt tilnefndir þrír fulltrúar í viðræðunefnd. Starfsmannafélag Arnarflugs tilnefndi einnig þrjá fulltrúa með bréfi, dags. 27. nóv. 1980, og héldu nefndirnar fyrsta fund sinn 1. des. s. l. Frá því um miðjan des. 1980 hefur þriggja manna matsnefnd starfað. Ég lét kanna það nú fyrir örfáum dögum, hvenær vænta mætti niðurstöðu þeirrar matsnefndar. Tjáði oddamaður ráðuneytinu að hann gerði sér fastlega vonir um að takast mætti að höggva á hnútinn nú í þessari viku og matið gæti þá legið fyrir. Út af fyrir sig voru engin tímamörk sett í þessu sambandi. Engu að síður hefur þetta tekið töluvert lengri tíma en ráð var fyrir gert manna á milli, og upplýst hefur verið að þetta stafi m. a. af því, að Flugleiðir hafa gert kröfu til Arnarflugs um greiðslu á ótal liðum sem ég get ekki talið upp hér, en þar eru varahlutir, vanefndir flugtímar o. s. frv., sem ég get ekki gert skil á, og Arnarflug mun hafa svarað á svipaðan máta með miklum kröfum á hendur Flugleiðum. Þetta skilst mér að hafi staðið nokkuð í matsmönnum. En ég lít svo á að þetta skilyrði sé í gangi og því verði að sjálfsögðu fullnægt.

Fimmta skilyrði: Ársfjórðungslega verði ríkisstj. gefið yfirlit yfir þróun og horfur í rekstri Flugleiða. Við höfum fengið þau mánaðarlegu yfirlit sem stjórnin sjálf fær. Auk þess hafa starfsmenn samgrn. setið á fundum með forustumönnum Flugleiða og verið þar upplýstir um stöðu félagsins

Sjötta skilyrði: Fram fari viðræður ríkisstj. og Flugleiða um nýjar reglur varðandi hlutafjáreign í fyrirtækinu sem m. a. takmarki atkvæðisrétt einstaklinga og fyrirtækja sem hlut eiga í Flugleiðum. Báðir aðilar hafa tilnefnt menn til viðræðna um þetta mál. Hins vegar er samkv. hlutafélagalögum ekki heimilt að takmarka atkvæðisrétt umfram hlutafjáreign niður fyrir 20 prósentin nema með samþykki allra hluthafa, og það liggur þegar fyrir að hluthafar Flugleiða munu ekki samþykkja slíka takmörkun. Þó að megi segja að það eigi kannske eftir að ganga formlega frá því, þá er það þegar upplýst að þeir munu ekki samþykkja slíka takmörkun. Tel ég að það skilyrði sé þannig fallið um sjálft sig.

Sjöunda skilyrði: Norður-Atlantshafsfluginu verði haldið fjárhagslega aðskildu eins og frekast er unnt. Þetta tel ég að hafi verið gert, sérstakir reikningar hafi verið lagðir fram yfir Norður-Atlantshafsflugið. Ég get upplýst að það hefur nokkurn veginn staðist þær áætlanir sem gerðar voru. Jafnframt hér ég óskað eftir því við Loftferðaeftirlitið, að sérstaklega verði fylgst með framkvæmd þess flugs, og það hefur verið gert. Hins vegar má lengi um það deila, hvað frekast er unnt að gera í þessu máli. Það er erfitt að skilja í sundur yfirstjórn og fjölmargt annað sem tengist báðum flugleiðunum, en á þetta hefur verið lögð áhersla og ég tel að það hafi verið framkvæmt.

Herra forseti. Mér vinnst ekki tími til að svara ýmsu öðru sem hv. þm. kom inn á, en mér skilst að ég fái að koma hér upp aftur og þá get ég kannske gert það.

Fyrirspyrjandi (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Ég vil þakka þau svör, sem ráðh. veitti, og það yfirlit, sem hann gaf yfir þróun mála. Það hlýtur hins vegar að vekja undrun, að ráðh. og aðrir fulltrúar ríkisstj., sem áttu í viðræðum við Flugleiðir þegar þetta mál var til afgreiðslu, skyldu geta komist að þeirri niðurstöðu þá, og væntanlega án mótmæla flugfélagsins Flugleiða, að aðalfund mætti halda fyrir lok febr. 1981, en komist síðan að þeirri niðurstöðu, að það sé ekki hægt. Þannig hafa svör og viðbrögð ráðh. verið — og reyndar nefndarformanna sem hafa verið að krukka í þessu máli greinilega með ríkisstj. án þess að það væri borið undir nefndirnar. Þannig hafa viðbrögð þeirra verið. Þeir hafa fallist á að breyta skilyrðum sem Alþingi setti. Ráðherrar og nefnd-

arformenn hafa fallist á að breyta skilyrðum sem Alþingi setti.

Það var einmitt þetta sem við fulltrúar Alþfl. vöruðum við á sínum tíma. Við sögðumst ekki leggja okkur í það, hvernig skilyrðin yrðu samsett, það hefðu farið fram viðræður milli ráðherra og fyrirtækisins og annarra oddvita og fulltrúa ríkisstj. væntanlega líka og þar hefðu menn komist að ákveðinni niðurstöðu varðandi þessi skilyrði. En við sögðum: Við viljum hafa skilyrðin kvitt og klár. Við viljum að ef sett eru skilyrði, þá séu þau sett til að halda þau. Þess vegna m. a. lögðum við til að skilyrðin yrðu sett í lög.

Nú eru það ljóst, að með þetta hefur verið höndlað eftir að Alþingi afgreiddi málið. Og í raun mætti segja að forsendurnar fyrir afgreiðslu Alþingis væru brostnar. Þetta tel ég að sé ekki til fyrirmyndar um vinnubrögð. Ég tel að þetta sé óvirðing við Alþingi. Einmitt það hefur gerst, sem við vöruðum við, að menn eru að setja skilyrði sem síðan er ekki staðið við með þeim hætti sem gengið er frá þeim.

Nú kunna vitaskuld að vera ótal orsakir fyrir því, að erfitt sé að halda þá fundi, sem menn vilja halda, fyrir þennan tíma. En það verður að teljast andkannalegt að menn skyldu þá ekki geta séð það fyrir skömmu fyrir jól, heldur uppgötva það 8. jan. eða í janúarmánuði alla vega, ef ég man rétt. Það er fallist á að þessu sé breytt, hluthafafundur ákveði tvo menn, og þá eru menn líka að uppgötva að það gildi ákveðnar samþykktir fyrir fyrirtækið, sem m. a. feli það í sér að ekki megi kjósa nema fimm menn í stjórn. Á ég að trúa því, að ráðh. og aðrir oddvitar ríkisstj. hafi ekki sett sig inn í það, hvað væri mögulegt og hverjar væru samþykktir fyrirtækisins, þegar skilyrðin voru sett. Ósköp finnast mér það kúnstug vinnubrögð ef svo er.

Ég vil líka spyrjast frekar fyrir um hlutafjárútboðið til starfsfólksins, vegna þess að mér hefur borist til eyrna að það hafi kannske verið staðið svolítið klunnalega að þessu hlutafjárútboði og menn ekki beinlínis teygt sig mjög í átt til starfsfólksins. Einn starfsmaður sagði mér að samkvæmt auglýsingu, sem hann hefði haft aðgang að varðandi þessi mál, hafi hlutabréfin verið boðin með tveggja daga fyrirvara og beðið um að þau yrðu staðgreidd. Hann sagði: Þetta skilyrði gat ég ekki uppfyllt. —Áður hafði verið talað um að hlutabréfin gætu fylgt í launaumslögunum. Mér hefur líka skilist að aðrir starfshópar hafi fengið ámóta fyrirvara varðandi þetta mál, enda er útkoman, eins og upplýst var hér af ráðh., sú að starfsfólkið hefur ekkert keypt. Og m. a. hið fjársterka félag flugvirkja hefur ekkert keypt og ansar ekki einu sinni erindum.

Var ekki hugmyndin sú, var það ekki hugmyndin, ráðh., þegar þessi mál voru til afgreiðslu hér á þingi, að hann fylgdist með því að útboð á hlutafé til starfsfólksins færi fram með eðlilegum og greiðvirkum hætti?

Ég vil svo að öðru leyti ítreka þær fsp. sem ég bar fram um framtíðaráætlanirnar og stefnumótun í þessum málum. Það gengur sú saga, ég veit ekki hvort nokkuð er til í henni, að e. t. v. ætli Flugleiðir að selja hina nýju vél. Og það hefur líka heyrst, að Air Bahama stæði ekki sérlega vel. Kannske getur ráðh. upplýst eitthvað af þessum málum líka. Ég veit að starfsfólki fyrirtækisins líður ekkert vel við þessar aðstæður.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Þegar Alþingi afgreiddi ríkisábyrgð handa Flugleiðum varð algjör samstaða um það hér á Alþingi hver þau skilyrði ættu að vera sem sett væru. Hins vegar var ágreiningur um það, hvort þessi skilyrði ætti að binda í lögum, en hæstv. samgrh. lýsti því þá yfir og við aðrir, sem að því stóðum að ganga frá þessu nál., að skilyrðin væru ígildi laga.

Það er hins vegar rétt, að í ljósi reynslunnar hefði e. t. v. verið réttara að fara þá leið sem fulltrúar Alþfl. lögðu þá til, að binda skilyrðin í lögum. Því miður verður að játa það hér, að stjórn Flugleiða hefur hvað eftir annað og í hverju tilvikinu á fætur öðru reynt að skjóta sér undan því að standa við þessi skilyrði. Fyrirspyrjandi Kjartan Jóhannsson lýsti hér hvernig reynt hefur verið með margvíslegum ráðum að koma í veg fyrir að starfsfólk gæti eignast stærri hlut í fyrirtækinu.

Það er einnig ljóst í öðru lagi, að reynt hefur verið að hengja aftan í kaup starfsmanna Arnarflugs á hlutabréfum Flugleiða í því fyrirtæki alls konar óeðlileg skilyrði til að hindra að þau kaup gætu orðið að veruleika. Það er einnig ljóst í þriðja lagi, að stjórnendur fyrirtækisins hafa reynt eftir ýmsum leiðum að tefja það að ríkið, fulltrúar almennings í landinu, gæti eignast ákvörðunarrétt í stjórn félagsins í samræmi við það fjármagn sem látið hefur verið í té.

Við stöndum þess vegna frammi fyrir því í dag, Alþingi Íslendinga, sem staðreynd, að nú á fyrri hluta marsmánaðar hefur fyrirtækið annaðhvort ekki eða næstum því ekki staðið við þrjú af þeim meginskilyrðum sem Alþingi Íslendinga setti fyrir þessari ríkisábyrgð. Það er staðreynd, óumdeilanleg staðreynd. (Forseti hringir.) Ég verð, herra forseti, að fá að klára þetta. Það er hins vegar misskilningur hjá fyrirspyrjanda, að ég sem formaður fjh.- og viðskn. Ed. hafi tekið þátt í einhvers konar samkrulli með ráðherrum eða öðrum aðilum um það að fallast á að ekki yrði orðið við þessum skilyrðum. Það eina, sem ég átti hlut að, var að tjá mig um það, hvort hluthafafundur væri aðferð til þess að ná fulltrúum ríkisvaldsins í stjórn fyrirtækisins. Og ég taldi það vera rétta aðferð, vegna þess að markmiðið var að fá þessa fulltrúa inn, enda kom fram í nál. fjh.- og viðskn. Nd., þegar Nd. samþykkti skilyrðin, að sú aðferð kæmi einnig til greina. Ég taldi þess vegna að með þessari aðferð væri ekki verið að ganga neitt á móti þeim skilyrðum, sem Alþingi hefði sett. En það er það eina. Ég vil láta það koma skýrt fram.

Ég hef hins vegar tjáð bæði hæstv. samgrh. og eins hæstv. fjmrh. þá skoðun mína, — og ég er að ljúka máli mínu, herra forseti, — sem ég var hér að lýsa, að það hefur ekki verið staðið við þrjú af þeim meginskilyrðum sem sett voru. Og Alþingi Íslendinga og stjórnvöld standa nú frammi fyrir þeirri ákvörðun innan tíðar, kannske innan nokkurra daga eða örfárra vikna, hvort eigi að láta fyrirtækið fá alla ríkisábyrgðina, það sem eftir er af ríkisábyrgðinni, þrátt fyrir það að við öll skilyrðin hafi ekki verið staðið. Það væri nauðsynlegt að fram færi hér innan Alþingis umræða um það, hvort Alþingi er reiðubúið að láta alla ríkisábyrgðina af hendi næstu daga eða næstu vikur eða meira en gert hefur verið nú þegar, þó að skilyrðin hafi ekki verið uppfyllt.

Ég þakka umburðarlyndið, herra forseti.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég vil benda á það, að þegar menn ræða um skilyrði sem Alþingi Íslendinga setur, þá skiptir ekki aðeins máli hvað stendur í nál. hv. Ed., heldur einnig hvað stendur í nál. Nd. Svo

virðist sem menn gangi út frá því í þessu máli, að það eitt skuli standa sem Ed. setti í sitt nál. Því miður var þetta mál ekki unnið sameiginlega af nefndunum, og í Nd. komust menn að nokkru leyti að annarri niðurstöðu. Varðandi skilyrði nr. 2, um að starfsfólki eða samtökum þess verði gefinn kostur á að kaupa hlutafé í Flugleiðum segir í nál. Nd.:

„Undirritaðir nm. telja mikilvægt að efla samstöðu og áhrif starfsfólks í stjórn félagsins. Í 47. gr. laga nr. 32/1978, um hlutafélög, segir: „Í samþykktum er heimilt að veita stjórnvöldum eða öðrum rétt til að tilnefna einn eða fleiri stjórnarmenn." Við teljum rétt að starfsfólk fái tækifæri til að tilnefna fulltrúa á þessum grundvelli og samþykktum félagsins verði breytt í þessu skyni."

Við höfðum ekki mikla trú á því, að starfsmenn fengju aðild að stjórninni með því að kaupa hlutafé, og töldum að það væri hyggilegt að starfsfólk fengi aðild að stjórninni á þeim grundvelli að það er starfsfólk félagsins.

Í öðru lagi sögðum við um þriðja skilyrði, þar sem stendur að aðalfundur verði haldinn fyrir febrúarlok: „Stjórn félagsins telur að annmörkum sé háð að halda aðalfund í febrúar vegna ársuppgjörs. Samkv. 2. mgr. 47. gr. laga um hlutafélög skal hluthafafundur kjósa stjórn hlutafélags. Samkv. því er ekkert til fyrirstöðu að hluthafafundur verði haldinn í febrúar." Við töldum sem sagt nægilegt að það yrði haldinn hluthafafundur í febrúar en ekki aðalfundur. Og eftir því hefur verið farið, það hefur verið haldinn nú nýlega hluthafafundur.

Í þriðja lagði sögðum við um 6. atriðið þar sem var talað um að takmarka atkvæðisrétt einstakra hluthafa: „Undirritaðir nm. hafa ekkert við það að athuga, að nefndar viðræður fari fram, en vilja hins vegar benda á að hér er um að ræða réttarskerðingu einstakra aðila, en um það segir m. a. í 77. gr. hlutafélagalaga," o. s. frv.

Með þessu var nefnd Nd. að segja í reynd að þetta skilyrði væri óframkvæmanlegt samkvæmt gildandi lögum. Ég vil biðja menn um að hafa þetta nál. í huga þegar þeir eru að ræða þessi mál.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Hv. 3. þm. Austurl. hefur að nokkru tekið af mér ómakið. Um það má vitanlega deila, hvort skilyrðin átti að setja í lög. En ég er enn þeirra skoðunar, að erfitt hefði verið að setja í lög skilyrði um það t. d., að Arnarflug skuli selt starfsmönnum. Ætli starfsmenn vilji ekki fá að hafa síðasta orðið um það, hvort þeir vilja kaupa Arnarflug?

Ég tel einnig ákaflega vafasamt að setja í slík lög sem þessi svo viðamikla breytingu á hlutafjárlögunum sem í því felst að takmarka rétt einstakra hluthafa umfram það sem hlutafélagalögin gera ráð fyrir. Nóg um það.

Ég held að það sé ofsagt hjá hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni að þrjú skilyrðin séu ekki uppfyllt. Að vísu má segja að þetta skilyrði sem ég nefndi síðast, um takmörkun á hlutafjárrétti, sé ekki uppfyllt og verði ekki uppfyllt. Eins og kom fram í áliti Nd. er alls ekki unnt að tryggja að það verði uppfyllt nema þá að setja lög um það. Það verða menn þá að gera. Hlutafélagalögin ákveða hvaða rétt einstakir hluthafar hafa og m. a. til að hafna takmörkun á eigin rétti umfram það. Ég er þeirrar skoðunar enn, að slíka takmörkun verði þá að gera á annan máta og betur undirbúinn.

Það er mikill misskilingur hjá hv. þm. Kjartani Jóhannssyni, að ég hafi ekki vitað að kjósa á fimm á öðrum aðalfundi, en fjóra á hinum. En ég lýsi undrun minni að hv. þm., sem sat í nefnd sem vann mikið að þessu máli, skyldi ekki kynna sér samþykktirnar. Hvers vegna í ósköpunum gerði hv. þm. það ekki? Samþykktirnar hafa legið fyrir t. d. uppi í rn. og alls staðar hjá hluthöfum þessa félags. Þannig lá ljóst fyrir að aðeins yrðu kosnir fimm á fyrsta hluthafafundi. (**KJ:** Ég hef aldrei sagt það, ég vissi það. Þú varst að lýsa yfir að þú hefðir fengið bréf um það.) Ég lýsti engu, ég nefndi ekki að ég hefði fengið neitt bréf. Ég upplýsti þessa staðreynd, að það ætti að kjósa fimm á fyrsta fundi og því væri að sjálfsögðu kostur að fá tvo menn kjörna strax á hluthafafundi eða skipaða strax á hluthafafundi, eins og hv. þm. Halldór Ásgrímsson rakti hér áðan.

En það er skilyrði, sem hefur ekki verið haldið, er um aðalfundinn, það er alveg ljóst. Um það má deila hvort átti að fallast á þá ósk Flugleiða að afgreiða málið frekar á hluthafafundi. Ég taldi það ekki, og aðrir, sem ég ræddi við um það mál úr ríkisstj., töldu það ekki frágangssök, m. a. með tilvísun til þess sem kom fram í nál. Nd.

En það er alrangt, að ég hefði sagt að Flugleiðir hefðu tilkynnt að ekki væri hægt að halda aðalfundinn í febrúar. Ég vildi gjarnan að hv. þm. hætti að koma með slíkan útúrsnúning og rangfærslu. Ég nefndi þetta ekki. Vitanlega var hægt að halda aðalfund í febrúar og síðan framhaldsaðalfund síðar. Þetta lá alveg ljóst fyrir. Og vel má vera að það hafi verið mistök að standa ekki fast á því og láta þá nægja að fá einn mann. Um það má deila, það getur vel verið. En vitanlega er ljóst að hægt var að halda aðalfund. Að vísu höfðu Flugleiðir haldið því fram í bréfi til nefndarinnar, að það væri miklum vandkvæðum bundið, en segja í því sama bréfi, að sé á það lögð sérstök áhersla muni það að sjálfsögðu gert og síðan framhaldsaðalfundur síðar. Á þetta var því fallist af því að menn töldu þetta fullt eins góðan kost. Og ég vil leyfa mér að fullyrða að ef sú hugmynd hefði náð fram að ganga sem að var unnið, þá hefði það ekki verið lakari kostur og þá ríkisvaldið með tvo menn í stjórn félagsins.

Ég lít því svo á að einu skilyrði hafi ekki verið og verði ekki héðan af fullnægt eins og að var stefnt. Um Arnarflug fer vitanlega eftir því hvort starfsmenn vilja kaupa, og eftir því verður gengið. Ég get ekki sagt hvert matið verður, og það getur eflaust enginn sem hér er staddur. Því síður get ég sagt hvort starfsmenn Arnarflugs velja þann kostinn að kaupa félagið á því mati. Þetta verður að hafa eðlilegan gang. Það eru hinir ágætustu menn, eftir því sem ég best veit, sem meta.

Ég vil upplýsa að formanni stjórnar félagsins hefur verið tilkynnt að ríkisábyrgðin verði ekki afgreidd að fullu fyrr en öllum skilyrðum hafi verið fullnægt, m. a. með aðalfundi. Aðalfund verður að halda áður. Ríkisábyrgðin hefur verið afgreidd að 3/4, 1/4 er eftir. Hvort einhver hluti af því verður afgreiddur skal ég ekkert um segja, það finnst mér koma til greina. En ég er eindregið þeirrar skoðunar, að ekki komi til mála að afgreiða ríkisábyrgðina alla fyrr en öllum skilyrðum er fullnægt.

Í framsöguræðu sinni kom hv. þm. inn á fjölmörg önnur stórmál sem við gætum rætt hér lengi. Hann spurði hvort ætlunin væri að sleppa öllu leiguflugi lausu. Það er alls ekki ætlunin, langt frá því. En verið er að semja nú ítarlega skýrslu um þessi leiguflugsmál. Ég veit ekki hvort hv. þm. vita að það eru örfá ár síðan við gengum, ef ég má orða það svo, með grasið í skónum eftir Dönum til

að fá leiguflug íslenskra félaga þangað og fengum leyfi fyrir 20 ferðum eitt árið. Það er dálítið alvörumál ef Dönum er síðan neitað um leiguflug hingað. Leiguflug hefur tíðkast í gegnum árin. Það hefur verið mismunandi mikill hávaði í kringum þau. Ég veit að hv. þm. er eflaust ekki kunnugt um það, að Tjæreborg, sem á Sterling, hefur þegar fengið samþykktar hingað tólf ferðir. Umsókn kom til Loftferðaeftirlitsins, leitað var umsagnar Flugleiða og Flugleiðir svöruðu, að vísu munnlega, segir Björn Jónsson hjá Loftferðaeftirlitinu mér, að þær gerðu enga athugasemd. Verðið á þessum ferðum er 3298 danskar kr. fyrir einnar viku dvöl hér í tveggja manna herbergi á hóteli.

Hinar ferðirnar til Danmerkur, sem beðið er um og ekki hefur verið afgreitt, eru á 3000 ísl. kr. fyrir dvöl í fimm manna sumarhúsum, að vísu í tvær vikur en miklu ódýrara húsnæði. Ég get vel skilið suma Íslendinga sem kvarta undan því, að Dönum skuli gert kleift að fljúga hingað fyrir lægra verð og njóta sumarleyfis hér heldur en Íslendingum til Danmerkur. Og hvers vegna gera Flugleiðir ekki athugasemd við flug Dana hingað? Mætti ekki ætla að einhverjir af þessum Dönum hefðu flogið með Flugleiðum? Og hvernig stendur á því, að lengi hefur tíðkast að Danir gætu keypt helgarferð hingað fyrir 1800 kr., en Íslendingur þarf að borga yfir eða um 4500 kr.?

Það er mikil spurning hvort það á að líðast að okkur sé haldið hér í eins konar herkví hárra fluggjalda. Ég vil vekja athygli á því, að þegar menn tala um kostnað er ekki sambærileg olíueyðsla Boeing-727 vélar frá 1967, þriggja mótora, og Super Caravelle vélar frá 1973 eða 1974. Og hér liggja fyrir hjá ferðaskrifstofum t. d. boð frá Britannia og frá Braathens um leiguflug til Íslands sem er sambærilegt eða lægra en það sem Sterling býður. Getur verið að þessir aðilar séu allir svona vondir, að þeir ætli að fórna sjálfum sér til þess að setja Flugleiðir á hausinn?

Nei, við höfum dregist aftur úr, því miður, með flugvélakost, og þetta er vandasamt mál og spurning hvernig við getum í raun og veru komist úr þeirri miklu klípu, sem við erum komnir í með okkar flugmál, m. a. vegna stöðnunar á þessu sviði um allmörg ár. Þetta mál er nú í ítarlegri skoðun og verður reynt að leysa það þannig að menn geti við unað. En ég get ekki rætt það hér.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég hef átt það góða samvinnu við hæstv. samgrh. í þessu máli að mér fannst leitt að fram kom misskilningur hjá honum áðan. Þau þrjú skilyrði, sem ég nefndi að fyrirtækið hefði enn ekki uppfyllt, eða næstum því ekki, voru ekki þau sem hann nefndi í sinni ræðu. Ég vil þess vegna ítreka þau.

Það er í fyrsta lagi varðandi Arnarflug. Ég lýsi því sem minni skoðun, að það er fullkomlega óeðlilegt að Flugleiðir ætli að hengja aftan í það mál skyldukaup á stórum varahlutalager fyrirtækisins, sem jafnvel nemur hærri upphæð en verðið á hlutabréfunum sjálfum. Stjórnin er þar með að gera starfsfólki Arnarflugs mjög erfitt fyrir að eignast þennan hlut með því að hengja aftan í það skilyrði sem aldrei var nefnt í meðferð Alþingis. Í öðru lagi varðandi hlut ríkisins í stjórn fyrirtækisins sem enn hefur ekki verið uppfyllt. Í þriðja lagi, það sem er kannske verst af öllu, að með margvíslegum undanbrögðum og ákvörðunum hefur starfsfólki fyrirtækisins verið gert næstum því ómögulegt að eignast aukinn hlut í fyrirtækinu.

Það eru þessi þrjú skilyrði sem stjórn fyrirtækisins hefur annaðhvort alveg eða óbeint komið sér hjá að uppfylla. Alþingi stendur þess vegna frammi fyrir því að horfast í augu við það, hvað á að láta stóran hluta af ríkisábyrgðinni, meðan þessi þrjú grundvallarskilyrði, sem Alþingi var sammála um að væru þau mikilvægustu af þeim sem nefnd voru, hafa ekki verið uppfyllt.

Það hefur komið hér fram, að ¼ af ríkisábyrgðinni er eftir. Eru menn reiðubúnir að láta meira af henni meðan þetta er óuppfyllt? Eða er kannske ekki nauðsynlegt að fyrirtækið uppfylli a. m. k. eitt af þessum þremur áður en meira er látið af hendi?

Hitt er svo rétt sem kom fram hjá hæstv. ráðh., að við búum enn við það hér, almenningur á Íslandi, sem ráðherra nefndi herkví hárra fluggjalda. Það er í reynd lagt ferðahaft á almenning á Íslandi með því að fyrirtækið beitir sér gegn lágum fargjöldum og reynir að hindra það að almenningur í landinu geti ferðast til útlanda á sömu kjörum og almenningur annars staðar. Þess vegna er það nauðsynjamál, að Alþingi Íslendinga og aðrir haldi áfram að sinna þeirri skyldi sinni að tryggja að hér séu í landinu flugsamgöngur sem bjóði íslenskum almenningi jafnmikið öryggi og jafnódýr fargjöld og nágrannaþjóðir okkar búa við.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Það voru aðallega ummæli, sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson viðhafði hér áðan, sem gefa mér tilefni til að bæta nokkrum orðum í þessa umræðu. Hann sagði að það hefði, eftir á að hyggja, verið skynsamlegra ef farið hefði verið að tillögum Alþfl. Þetta er auðvitað hárrétt hjá hv. þm., og ég vona að hann taki sér þetta til fyrirmyndar í langtum fleiri málum en þessu.

Hins vegar hafa þessar umræður snúist svolítið einkennilega. Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson sagði áðan að yfirlýsing um þessi skilyrði hefði ígildi laga, menn hefðu komið sér saman um það. Menn geta ekki komið sér saman um neitt slíkt. Ekkert hefur ígildi laga nema lög sem Alþingi samþykkir. Og þannig hefði þetta orðið ef farið hefði verið að tillögum Alþfl. Það er alveg sama hverju hæstv. samgrh. — og jafnvel þó hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson komi þar til líka — lýsir yfir að það hafi lagagildi, það öðlast ekki lagagildi við það. Til þess verður að koma samþykki Alþingis.

Hins vegar sagði hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson áðan að fyrirtækið, sem hér um ræðir, hefði ekki eða næstum því ekki uppfyllt skilyrðin. Hvernig ber að skilja þetta? Annaðhvort uppfylla menn skilyrði eða ekki. Hér greinir menn á um hvort það er eitt skilyrði eða þrjú sem ekki hafa verið uppfyllt. Og mér heyrist líka að formenn fjh.- og viðskn. greini í nokkrum atriðum á og að nefndarálitin hafi farið svolítið sitt í hvora áttina. Og hvort er það þá sem gildir? Mér heyrist að þar sé ekki alveg samhljómur hjartnanna a. m. k.

En að lokum vildi ég aðeins segja það, að það eru vissulega athyglisverðar upplýsingar sem hæstv. samgrh. greindi frá hér áðan um flugfargjöld í leiguflugi og áætlunarflugi að og frá landinu, og það er ærin ástæða til að hafa áhyggjur af því, ef allt er rétt sem fram kom hjá honum, sem ég hef enga ástæðu til að efast um.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Það er aðeins vegna ummæla hæstv. samgrh. og hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar um herkví hárra fargjalda. Þetta eru barna-

legar skoðanir sem þeir báðir halda fram, vegna þess að þær byggjast á skorti á upplýsingum og skorti á þekkingu á því máli sem um er verið að ræða. Í fyrsta lagi: Erlend flugfélög hafa margfalt stærri markað en þau íslensku. Íslensku flugfélögin eru á öllum sínum flugleiðum erlendis bundin af IATA-fargjöldum. Og það er frægt dæmi um alla Mið-Evrópu, að leiguflugfélög, sem þar starfa, geta boðið mun lægri fargjöld á vissum árstímum til tiltekinna staða. Ég held að menn ættu að líta aðeins betur á þetta áður en þeir telja í raun og veru að það sé verið vísvitandi að halda uppi háum fargjöldum. Það tel ég að sé rangt, það sé ekki gert. En staðreyndin er hins vegar sú, að sá markaður, sem íslensku flugfélögin hafa, er svo lítill, hann er svo sáralítill, að það er ekki nokkur vegur fyrir þau að bjóða lág fargjöld í sama mæli og önnur risaflugfélög geta boðið leiguflugferðir víða um heim. Þetta eru bara staðreyndir. Menn verða að hugsa um þetta þegar þeir tala um þessi mál.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Mér hefur stundum áður í þessum stól verið borin á brýn vanþekking í þessum málum. Ég held að reynslan hafi sýnt annað.

Staðreynd málsins er sú, að 1979 var gróði Flugleiða af Evrópufluginu 2 milljarðar kr. Fargjöldin voru svo há, að gróði fyrirtækisins af Evrópufluginu, þessu flugi sem hér er verið að tala um, var 2 milljarðar kr. Það jafngildir því, að allir kjósendur í Norðurlandskjördæmi vestra og allir kjósendur á Vestfjarðakjördæmi hefðu getað farið frítt fram og til baka til London, eða m. ö. o. allir kjósendur frá Eyjafirði vestur um land og á Breiðafirði hefðu getað farið ókeypis til Lundúna og til baka fyrir þann umframgróða sem Flugleiðir tóku á þessu eina ári á Evrópufluginu.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Mér láðist að upplýsa áðan að í bréfi Flugleiða til starfsmannafélaganna, dags. 26. nóv., þar sem er beðið um svar fyrir 8. des., segir: „Tekið skal fram að gert er ráð fyrir staðgreiðslu bréfanna." En fyrir lá margrómað tilboð ríkisvaldsins um aðstoð við þá staðgreiðslu. Ég held að öllum hafi verið kunnugt um að slík fyrirgreiðsla kæmi til greina. Til mín leitaði enginn um slíka fyrirgreiðslu, og í viðræðum, sem ég átti við fulltrúa starfsmannafélaga eftir að þessi frestur var útrunninn, lýsti ég nokkurri furðu minni á því, að þetta tilboð skyldi ekki vera notað. Þá komu fram allt aðrar skýringa á því, hvers vegna svo hefði ekki orðið, heldur en hér hafa komið fram.

Það er nú því miður ekki tími til að ræða þetta víðtæka mál um leiguflugið. En ég vil upplýsa hv. þm. Árna Gunnarsson, þótt ég viti að hann sé manna fróðastur um flugmál og kannske margt fleira, að margt hefur verið athugað í þessu máli. Og þetta er satt að segja slíkur myrkviður, að ég efast um að jafnvel honum sé allt ljóst sem þar gerist.

Það er alveg rétt hjá honum, að vitanlega er það hinn litli markaður sem hefur takmarkað mjög möguleika okkar flugfélags til að sinna þessum málum. Hann komst þar að sömu niðurstöðu og ég, og e. t. v. þess vegna eru fargjöldin þetta há. En ég veit að hv. þm. er kunnugt um það, að Arnarflug er í höndum Flugleiða. Arnarflug hefur ekki fengið heimild til þess að bjóða í leiguflug á Skandinavíu. Þeim hefur ekki verið heimilað það af meiri hluta stjórnarinnar. Og ég veit ekki hvað hefði orðið ef Arnarflug hefði haft tækifæri til að bjóða í flug til Danmerkur. Ég þori ekkert að fullyrða um það. En margir telja að þá hefði fengist sambærilegt boð við það sem nú liggur fyrir.

Fyrirspyrjandi (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Það er sjálfsagt matsatriði hvort þetta hafi verið fróðlegar umræður eða ekki. En þær hafa þó a. m. k. verið fróðlegar að því leyti, að hv. formaður fjh.- og viðskn. Ed. upplýsir eða staðfestir að félagið hafi tafið fyrir því og flækst fyrir því að starfsfólki væri boðið hlutafé, en ráðherra upplýsir að það hafi ekki verið gert og telur að það framboð og það bréf, sem þarna sé um að ræða, dugi til þess að sanna að staðið hafi verið með eðlilegum hætti að útboði hlutafjár til starfsfólks. Ekki gengur þetta nú sérlega vel upp.

Það hefur líka komið fram, að skilyrðin eru mismunandi eftir því, hvort hv. formaður fjh.- og viðskn. Ed. segir frá eða hv. formaður fjh.- og viðskn. Nd. segir frá.

Það hefur líka komið fram, að ráðh. telur að einungis eitt skilyrði sé uppfyllt, meðan annar nefndarformaðurinn telur að þrjú séu óuppfyllt. Þarna ber því nokkuð á milli.

En því miður hefur ekki fengist neitt út úr þessari umræðu um stefnumörkun. Við erum engu nær um það, jafnvel þó að menn hafi pexað mikið um leiguflugsfargjöld.

Ávöxtun skyldusparnaðar, fsp. (þskj. 223). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur G. Þórarinsson): Herra forseti. Ég hef lagt fram á þskj. 223 svohljóðandi fsp. til félmrh. um ávöxtun skyldusparnaðar ungs fólks:

„1. Hvað líður setningu reglugerðar um útreikning og framkvæmd á ávöxtun skyldusparnaðar ungs fólks í samræmi við lagasetningu um þessi mál á Alþingi s. l. vor?

2. Eftir hvaða reglum er ávöxtun skyldusparnaðar ungs fólks hagað nú?"

Eins og öllum þingheimi er kunnugt hefur á undanförnum misserum farið fram nokkuð viðamikil umræða um ávöxtun skyldusparnaðar ungs fólks, þ. á m. hér á Alþingi. Það er engin ástæða til að endurtaka þær umræður, þær eru sjálfsagt flestum í fersku minni. En ég hygg að alþjóð hafi verið sammála um að þær reiknireglur, sem um þessa ávöxtun giltu, hafi verið algjörlega fráleitar í því verðbólguþjóðfélagi sem við lifum í.

S. l. vor lagði Alþingi áherslu á breytta tilhögun um ávöxtun þessa skyldusparnaðar með sérstakri lagasetningu. Það virðist hafa dregist nokkuð að reglugerð um nánari útfærslu þessara laga kæmi fram. Fsp. var borin fram fyrir áramót, og mér er ekki alveg kunnugt um hvað hefur skeð í þessu máli síðustu daga, en orðalag fsp. er miðað einmitt við þann tíma. Ég vil sérstaklega spyrja félmrh., ef þessi reglugerð hefur komið fram, núna síðust daga, á hvern hátt ávöxtun skyldusparnaðar ungs fólks verði hagað þann tíma sem líður frá setningu laganna til útgáfu reglugerðar, og leggja áherslu á þann skilningi minn, að ávöxtun skyldusparnaðarins eigi auðvitað að fara fram í samræmi við lögin frá því að þau voru sett.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. Guðmundi G. Þórarinssyni, 12. þm. Reykv., að það hefur tekið langan tíma að koma saman reglugerð um ávöxtun skyldusparnaðar, sem kveðið er á um í lögum um húsnæðismál, sem samþykkt voru hér á Alþingi s. l. vor. Ástæðan til þess er vitaskuld sú, að hér er um að ræða býsna flókið mál, og það er ekki fyrr en núna alveg síðustu daga að ég hef fengið í hendur uppkast að reglugerð um skyldusparnað frá þeirri nefnd sem unnið hefur að málinu fyrir mig. Reglugerðaruppkast þetta verður til meðferðar í húsnæðismálastjórn nú í dag, þriðjudag, og ég geri ekki ráð fyrir að það verði afgreitt frá stjórn stofnunarinnar í dag, heldur þá n. k. þriðjudag frekar. — Þá vænti ég að fyrri lið fsp. sé svarað.

Um síðari lið fsp. er það að segja, að það er auðvitað stjórn Byggingarsjóðs sem á að taka ásamt félmrh. formlega ákvörðun í málinu. Mín afstaða er sú, að þær reglur, sem kveðið er á um í lögunum, hljóti að gilda frá gildistökudegi laganna, þannig að þau ákvæði, sem útfærð eru nánar í reglugerðinni, verði að þessu leyti afturvirk. En ég tek fram að húsnæðismálastjórn hefur ekki tekið ákvörðun í þessu efni enn þá, ég er hér að lýsa minni afstöðu.

Með þessari ákvörðun og þeim lögum, sem samþykkt voru hér á Alþingi s. l. vor um skyldusparnað og húsnæðismál, verður sparnaðarform þetta sennilega eitt hagsæðasta sparnaðarform sem til er í landinu af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi þeirri, að það eru 2% vextir ofan á fulla verðtryggingu sem reiknast mánaðarlega. Og í öðru lagi af þeirri ástæðu, að þetta fé er skattfrjálst. Þegar þessi lög eru að fullu komin til framkvæmda og reglugerðin hefur verið gefin út, sem ég vænti að verði alveg á næstu dögum, þá er hér tvímælalaust um að ræða besta sparnaðarform sem kostur er á hér á landi.

Ég ætla að leyfa mér, þó að það sé kannske nokkuð óvenjulegt, að lesa hér upp lítinn kafla úr 1. gr. og 14. gr. reglugerðaruppkastsins sem fyrir liggur í þessum efnum. Þar segir í 1. gr.:

„Fé það, sem lagt er til hliðar á þennan hátt", — þ. e. sem skyldusparnaður, — „er undanþegið tekjuskatti og útsvari. Sem eign er það, að vöxtum og verðbótum meðtöldum, skattfrjálst en framtalsskylt. Vextir af skyldusparifé skulu vera 2%, sbr. 33. gr. laga nr. 51 1980, auk fullrar verðtryggingar frá innborgunardegi til úttektardags, sbr. 15. gr. þessarar reglugerðar."

Í 14. gr. uppkastsins segir:

„Hver sá, sem eignast hefur fé á skyldusparnaðarreikningi samkv. 1. gr. reglugerðar þessarar og rétt á til endurgreiðslu samkv. 5., 6., og 7. gr., skal eiga þess kost að fá sparifé sitt endurgreitt samkv. þeim lögum, sem nánar er sagt frá hér á eftir. Þann fyrsta hvers mánaðar, þegar ný lánsvísitala tekur gildi, er innistæða skyldusparnaðar uppfærð með sömu hlutfallslegri breytingu og orðið hefur á lánskjaravísitölu. Vextir samkv. 1. gr. reiknast sem dagsvextir af stöðu uppfærðs sparnaðar og leggjast við höfuðstól um hver áramót. Við næstu áramót eftir að skyldusparandi nær 26 ára aldri ber reikningur hans almenna sparisjóðsvexti eins og þeir eru á hverjum tíma, en verðtrygging samkv. lánskjaravísitölu og vextir samkv. 1. gr. falla þá jafnframt niður eftir að skyldusparnaðartímanum er lokið."

Þannig lítur þetta út hér í uppkasti.

Hinn 23. okt. skipaði ég nefnd til að undirbúa reglugerð um þessi mál. Í henni voru fulltrúar frá ýmsum stofnunum sem um þessi mál fjalla. Verkefni samstarfshópsins var þetta: Í fyrsta lagi að semja reglugerð um skyldusparnað í samræmi við lög nr. 51 1980. Í öðru lagi að gera greina fyrir kostum og göllum þess að flytja skyldusparnað yfir til Póstgíróstofunnar. Í þriðja lagi að semja starfsreglur vegna framkvæmdar á skyldusparnaði í samræmi við áðurgreind lög, bæði á meðan hann er í vörslu veðdeildar og eins ef til komi að hann yrði fluttur til Póstgíróstofunnar. Og í fjórða lagi að athuga hvernig samræma mætti innheimtu og afgreiðslu við innheimtu orlofsfjár.

Hér er um afar umfangsmikið verkefni að ræða og hefur nefndin haldið fundi vikulega auk undirbúnings nefndarmanna fyrir fundi. Nefndin hefur látið vinna umfangsmikla útreikninga varðandi ávöxtun skyldusparifjár hjá Seðlabanka Íslands og Póstgíróstofunni, enda hafa setið í nefndinni menn sem eru sérfræðingar á sviði bankamála og skýrsluvéla, og segir hér í lok grg. sem mér hefur borist frá nefndinni um uppkastið að reglugerð sem nú liggur fyrir:

„Það uppkast að reglugerð, sem hér fylgir með, tekur ekki nema að hluta tillit til þess, að skyldusparnaður verði fluttur frá Veðdeildinni. Ástæðan er sú, að þessi nýja framkvæmd getur ekki hafist fyrr en í lok þessa árs og því er ekki rétt að festa nú í reglugerð ákvæði sem ekki verða virk fyrr en á árinu 1982. Starfshópurinn hefur hins vegar kannað hvaða breytingar þurfi að gera til þess að aðhæfa reglugerðina fyrirhugaðri breytingu á framkvæmd og á hvern hátt eðlilegast sé að samræma orlofs- og skyldusparnaðarreglugerðirnar. Þessi reglugerð hins vegar, sem hér fylgir með, tekur mið af þeim breytingum sem lög nr. 51 1980 kváðu á um varðandi meðferð skyldusparnaðar. Sérstakleg snertu lögin ákvæði um breytt ávöxtunarkjör," segir í grg. frá þeim starfshópi, sem unnið hefur það reglugerðaruppkast sem verður, eins og ég sagði áðan í svari við fsp, hv. þm., væntanlega afgreitt nú á næstu dögum.

Ég vænti þess, að ég hafi svarað þeirri fsp. sem hv. þm. bar fram. Ástæðurnar til þess, að það hefur dregist, eru einfaldlega þær, að málið var miklu flóknara og viðameira en menn höfðu gert sér í hugarlund þegar starfið hófst. Einkum var það þó það sem vafðist fyrir mönnum, að ljóst sýndist að ávöxtunarkjörin samkvæmt lögunum væru með ótvíræðum hætti miklu betri en almennt er í boði í okkar sparnaðarkerfi. Þurfti m. a. að leita álits lagadeildar Háskóla Íslands á einstökum atriðum reglugerðarinnar, vegna þess hve flókið málið er, áður en frá því var gengið af hálfu samstarfshópsins.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur G. Þórarinsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. félmrh. fyrir svör hans og vona að það sé rétt, að þetta mál sé nú loksins að komast í höfn. Ég vil hins vegar segja það, að mér þykir þetta mál hafa tekið allt of langan tíma. Það er nú bráðum ár frá því að lögin tóku gildi, og drögin eru væntanlega núna að sjá dagsins ljós sem reglugerð. Ég vil ekki draga úr því sem félmrh. sagði, að hér sé um flókið og viðamikið mál að ræða. Það er sjálfsagt alveg rétt. En mér þykir tíminn orðinn ærið langur og þetta er mál sem mjög marga snertir.

Ég fagna því sem félmrh. sagði, að hans skilningur væri sá, að þessi ávöxtun skyldusparnaðar, sem kveðið er á um í lögunum, skuli taka gildi um leið og lögin taka gildi. Mér sýnist það alveg einsýnt að svo skuli vera, og ég á satt

að segja dálítið erfitt með að sætta mig við það, að eitthvert ráð eða einhverjir fundir úti í bæ fjalli um það á annan hátt.

Félmrh. sagði að með því formi, sem lögin hafa ákveðið varðandi þessa ávöxtun, sé þarna um að ræða hagstæðasta sparnaðarform sem unnt er að finna í þjóðfélaginu. Ég held að það sé alveg ótvírætt, að þegar ríkisvaldið leggur á ungt fólk skyldusparnað, þá hljóti ávöxtun slíks skyldusparnaðar að vera fyllilega sambærileg við það besta sem unnt er að fá fram í þjóðfélaginu. Slík ávöxtun má ekki vera lakari en það besta sem unnt er að fá.

Ég vonast til að þessi reglugerð, sem ráðh. er nú að láta setja, verði mikil bót á þessum málum. Að vísu er erfitt að festa hendur á því, sem lesið er upp hér í ræðustól, án þess að fá að sjá þessa reglugerð, en ég vonast til þess, að þar verði kveðið á um úrbætur varðandi framkvæmd þessa skyldusparnaðar sem hefur ekki verið nægilega góð.

En hvað um það, ég fagna því, að þetta mál er nú loks að komast í höfn, og þeim ummælum, sem félmrh. lét hér falla um ávöxtun skyldusparnaðarins á þeim tíma frá því að lögin voru sett þar til reglugerðin tekur gildi.

Sameinað þing, 59. fundur.

Þriðjudaginn 10. mars, að loknum 58. fundi.

Fasteignamat ríkisins, þáltill. (þskj. 480). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umræða.

Stefnumörkun í landbúnaði, þáltill. (þskj. 111). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Svæðisskipulag fyrir Fljótsdalshérað, þáltill. (þskj. 453). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Könnun á vinnutíma launþega, þáltill. (þskj. 472). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv. og til allshn. með 37 shlj. atkv.

Eftirgjöf á gjaldi fyrir síma elli- og örorkulífeyrisþega, þáltill. (þskj. 62, n. 428). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. allshn., sem liggur hér fyrir á þskj. 428, um till. til þál. um eftirgjöf á ársfjórðungsgjaldi fyrir síma elli- og örorkulífeyrisþega. Fyrir nefndinni hefur legið umsögn póst- og símamálastjórnar og ráðuneytisstjóra samgrn. um samhljóða till. sem lá fyrir á síðasta þingi.

Jafnframt fékk nefndin á sinn fund þá Jón Skúlason póst- og símamálastjóra og Róbert Sigurðsson forstöðumann þjónustuíbúða aldraðra að Dalbraut 27.

Nefndin varð sammála um að mæla með samþykkt till., en fjarstaddir voru hv. þm. Halldór Blöndal, Páll Pétursson og Steinþór Gestsson.

Ég get ekki stillt mig um að fagna því, að þetta mál skuli nú loksins vera komið á þetta stig. Þessi litla þáltill. er búin að liggja hér fyrir tveim þingum. Hún náði ekki afgreiðslu á síðasta þingi vegna umsagna sem voru ákaflega neikvæðar. Það kom hins vegar í ljós, þegar menn komu til viðtals við nefndina, að þær umsagnir voru hreinlega á misskilningi byggðar og vanþekkingu. Þetta er nokkurt umhugsunarefni fyrir okkur þm. Þegar við eigum ekki sæti í þeim nefndum, sem fjalla um mál sem við erum að flytja hér, kunnum við að eiga á hættu að þau nái ekki fram að ganga vegna þess að umsagnir eru ekki réttar. Slíkt getur auðvitað alltaf komið fyrir. En sem betur fer leiðréttist þessi misskilningur nú í nefndinni, og engar raddir komu fram sem voru andstæðar því að till. næði fram að ganga. Og ég treysti því, að hv. Sþ. samþykki nú þessa till. og þetta mál sé þar með úr sögunni. Það er satt að segja of lítið til að vera svo lengi á leiðinni og fá svo langa meðferð.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 33 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 496).

Ókeypis símaþjónusta opinberra stjórnsýslustofnana, þáltill. (þskj. 438). — Ein umr.

Flm. (Árni Gunnarsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um ókeypis símaþjónustu — sem innan gæsalappa eru kölluð „frínúmer" — opinberra stjórnsýslustofnana. Þessi till. er flutt af þm. Alþfl. og í upphafi till. segir:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta þegar í stað gera þær breytingar á símakerfum helstu stjórnsýslustofnana ríkisins, að þar verði notuð svokölluð „frínúmer". Almenningi verði gert kleift að hringja í þessi „frínúmer" hvaðan sem er af landinu án kostnaðar eða þannig, að hver hringing telji aðeins eitt skref."

Þetta mál er þess eðlis, ef ég nota um það fá orð, að í ýmsum löndum hefur sá siður verið upp tekinn, bæði hjá stórfyrirtækjum og opinberum þjónustustofnunum, að til þeirra getur fólk hringt hvaðanæva að — ekki eingöngu af því svæði sem þessar stofnanir eru á, heldur alls staðar að — án þess að hringingin bæti á kostnað þess er hringir. Þetta er t. d. mjög algengt í Bandaríkjunum. Þar nota opinberar stofnanir þetta kerfi mikið til þess að jafna raunverulegan símakostnað hins almenna borgara.

Í grg. með þessari till. segir m. a.:

„Um langt árabil hefur ójöfnuður ríkt um notkun síma á milli íbúa einstakra landshluta. Innan stór-Reykjavíkursvæðisins hefur kostnaður símnotenda verið lægri en utan þess. Ójöfnuðurinn verður því meiri þegar þess er gætt, að nær allar stjórnsýslustofnanir hins opinbera eru á Reykjavíkursvæðinu svo og höfuðstöðvar banka og sjóða og hvers konar þjónustumiðstöðvar.

Íbúar utan stór-Reykjavíkursvæðisins verða á ári hverju að greiða margfaldan símakostnað vegna viðskipta við hið opinbera, ef borið er saman við íbúa innan svæðisins. Vart þarf að minna á hve oft þarf stundum að hringja til að ná í einn tiltekinn mann, hve oft þarf að bíða í síma langar stundir og árangur þá ekki alltaf tryggður. Bið og margar hringingar í opinberar stofnanir í Reykjavík kosta mikla fjármuni þegar hringt er utan 91-svæðisins.

Stjórnvöld vilja reyna að leysa vanda ójafnaðar með því að hækka gjöld þeirra sem léttari byrðar hafa borið, sbr. skrefatalningu í Reykjavík, með ærnum tilkostnaði. Ekki skal lagður dómur á nauðsyn þessarar aðferðar, en ætla má að jafneðlilegt væri að reyna að lækka kostnað þeirra er búa utan stór-Reykjavíkursvæðisins. Það má m. a. gera með „frínúmerum", eins og hér er gerð till. um, og með lengingu þess tíma á hverjum sólarhring þegar taxti er lækkaður.

Í allmörgum löndum er „frínúmera"-kerfi notað. Má í því sambandi nefna Bandaríkin, þar sem margar opinberar stofnanir veita ókeypis símaþjónustu. Þetta gerist einnig hjá nokkrum fyrirtækjum í einkaeign og er algengt hjá flugfélögum.

Samkvæmt upplýsingum símafyrirtækisins „Pacific North-West Bell" er kostnaður við tæknilegar breytingar tiltölulega lítill og hefur farið lækkandi með nýrri tækni. Þar hefur þessi þjónusta verið veitt í rúmlega 17 ár, og hver sem er getur tekið slíkt kerfi — eða slíka tækni — á leigu.

Ekki er nauðsynlegt að símnotendur losni algjörlega við kostnað ef þeir hringja í „frínúmer". Hugsanlegt væri að þeir greiddu eitt skref og þá allir jafnt hvar sem er á landinu.

Nauðsynlegt er að meta vandlega hvaða opinberar stofnanir ættu að hafa slík „frínúmer". Í því sambandi má nefna Stjórnarráð Íslands, Framkvæmdastofnun, Tryggingastofnun ríkisins og Húsnæðisstofnun ríkisins.

Það er trú flm. þessarar till., að „frínúmer" gætu að mun jafnað þann óeðlilega mismun sem getur orðið við að njóta þjónustu hins opinbera eftir því hvort einstaklingurinn býr innan eða utan stór-Reykjavíkursvæðisins."

Ég vil svo eingöngu bæta því við, herra forseti, að ég tel að hér gæti verið á ferðinni eitt þeirra mála sem jöfnuðu þann kostnað, sem fólk innan og utan stór-Reykjavíkursvæðisins hefur af því að nota síma, og einnig að það mundi létta mörgum þá miklu byrði sem það er að þurfa að leita til opinberra stofnana hér á Reykjavíkursvæðinu þegar ýmsir menn eru ekki við og það þarf að bíða í síma. Og það var eins og maðurinn sagði: Það var maður, sem eitt sinn hringdi í opinbera skrifstofu og fékk það **svar** að forstjórinn væri **þar.** — En það er önnur saga. Tillagan er flutt í þeim tilgangi að jafna símakostnað fólks á stór-Reykjavíkursvæðinu og utan þess.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Grasköggla verksmiðja, þáltill. (þskj. 397). — Ein umr.

Flm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Á þskj. 397 er till. til þál. um grasköggla verksmiðju. Flm. auk mín eru hv. þm. Alexander Stefánsson, hæstv. dómsmrh. Friðjón Þórðarson, hv. þm. Skúli Alexandersson, Eiður Guðnason og Jósef H. Þorgeirsson, þ. e. allir þm. Vesturl. Till. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að undirbúa þátttöku ríkisins í stofnun og rekstri grasköggla verksmiðju í Borgarfirði í samvinnu við heimaaðila."

Í framsögu minni mun ég leitast við að gera grein fyrir þessu máli í sem fæstum orðum, enda geri ég ráð fyrir að hv. þm. sé kunnugt um flest það sem lýtur að íslenskum fóðuriðnaði. Ég vil þó í upphafi minna á það, að sögu íslensks fóðuriðnaðar má rekja til ársins 1948 þegar Klemens á Sámsstöðum hóf framleiðslu á grasmjöli. Um tveggja áratuga skeið eða síðan 1961 hefur hraðþurrkað fóður verið framleitt í verksmiðjum hér á landi. Nú eru starfandi fjórar verksmiðjur í eigu ríkisins auk verksmiðjunnar í Brautarholti, sem er í einkaeign. Eimingargeta þessara verksmiðja er orðin u. þ. b. 20 tonn af vatni á klst. og framleiðslugetan 10 — 12 þús. tonn af grasköggum árlega.

Eins og kunnugt er er í undirbúningi bygging grasköggla verksmiðja í Saltvík í Suður-Þingeyjarsýslu og í Hólminum í Skagafirði. Fyrirhugað er að nýta innlenda orku til hraðþurrkunar í stað svartolíu eins og gert er í þeim verksmiðjum sem nú starfa. Ef athugaðar eru tölur um framleiðslu á hraðþurrkuðu fóðri kemur fram að uppbygging í fóðuriðnaði hefur verið mest á árabilinu 1971 — 1978, en síðan hefur lítið verið gert. Ef litið er yfir þróunina er, að ég held, óhætt að segja að sala grasköggla framleiðslunnar hafi gengið nokkuð greiðlega flest árin þrátt fyrir harða samkeppni við niðurgreiddar fóðurvörur frá Efnahagsbandalagslöndum, enda láta bændur mjög vel af þessari íslensku framleiðslu.

Haldgóðar rannsóknir hafa jafnframt farið fram á gæðum grasköggla. Niðurstöður þeirra rannsókna sýna að grasköggla eru fullkomlega samkeppnisfærir við innflutt kjarnfóður sem fóðurbætir fyrir jórturdýr að vissu marki. Einnig hefur komið fram að notagildi grasköggla til fóðrunar er meira en fóðurgildisákvarðanir á þeim benda til. Talið er að hið drjúga notagildi stafi af jákvæðum samverkandi áhrifum grasköggla og heyfóðurs. Rannsóknir og niðurstöður þeirra eru samhljóða rannsóknum á sama sviði erlendis. Rétt er að geta þess, að samkvæmt upplýsingum frá Búnaðarfélagi Íslands má grasmjöl nema 15—20% í fóðurblöndum handa varphænum. Sama gildir um fóður varpfugla í uppeldi. Í fóðri svína, annarra en sláturgrísa, má grasmjöl nema 15 — 20% af heildarfóðrinu. Miðað við það magn af fóðurblöndum, sem nú er notað til hænsna- og svínafóðurs hér á landi, mætti nota í þær 1500 — 2000 tonn af grasmjöli. Eins og kunnugt er þykja grasköggla mjög gott fóður handa hrossum. Sennilega mun óhætt að fullyrða að bændur yfirleitt telji sig hafa haft mjög góða reynslu af notkun grasköggla og jafnframt betri en fóðurgildismælingar segja til um.

Jafnframt aukningu innlendrar fóðurframleiðslu hefur dýrmætum gjaldeyri verið eytt til kaupa á erlendu kjarnfóðri undanfarin ár. Innflutningur á kjarnfóðri árið 1979 var 84 918 tonn, enda hefur innflutningur kjarnfóðurs ekki verið meiri í annan tíma, en eins og kunnugt er fór saman mjög erfitt árferði og lágt verð á fóðurbæti. Árlegur meðalinnflutningur á kjarnfóðri 1970 — 1979 var u. þ. b. 66 þús. tonn. Svo sem kunnugt er var inn-

flutningur á liðnu ári miklu minni, eða líklega tæp 60 þús. tonn.

Árið 1976 gerði Búnaðarþing ályktun um innlenda fóðurframleiðslu þar sem jafnframt er skorað á landbrh. að skipa nefnd til þess að gera heildaráætlun um eflingu fóðuriðnaðar á Íslandi er fullnægt geti að mestu fóðurbætisþörf landbúnaðarins. Nefndin var skipuð 7. maí sama ár. Í henni sátu sjö valinkunnir menn með staðgóða þekkingu og reynslu í málefnum íslensks landbúnaðar.

Nefndin vann allítarlegt álit, en þar stendur m. a., með leyfi forseta:

„Að vandlega athuguðu máli telur nefndin því réttmætt að gera skipulegt átak til að stórauka fóðuriðnað í því skyni að draga sem frekast má verða úr innflutningi erlends fóðurs. Bersýnilega þarf að mörgu að hyggja að því er varðar skipulag, uppbyggingarhraða, fjármögnun, rekstrarform, eignaraðild, dreifingarkerfi o. fl."

Fram kemur í nál. að auka beri afköst hins innlenda fóðuriðnaðar í u. þ. b. 40 þús. tonn árlega og að æskilegt væri að því marki yrði náð árið 1990. Í nál. stendur, með leyfi forseta:

„Eins og fram kemur víðar í þessari álitsgerð telur nefndin brýna nauðsyn að nota innlenda orku til þurrkunar í verksmiðjunum, eftir því sem tök eru á, og álítur það raunar hafa meginþýðingu fyrir framgang þeirrar ráðagerðar sem hér er verið að ræða. Kemur hér einkum til greina nýting jarðhita, þ. e. að byggja verksmiðjur þar sem hans er kostur án mikils hitaveitukostnaðar."

Segja má að framleiðslugeta þeirra verksmiðja, sem fyrir eru í landinu, hafi verið næstum fullnýtt á liðnu sumri. Framleiddar voru 12 458 lestir af grasköggum, 400 lestir af mjöli og 350 lestir af graskökum. Heildarframleiðslan var því 13 208 lestir af hraðþurrkuðu fóðri. Þrátt fyrir þær verksmiðjur, sem fyrirhugað er að byggja í Hólminum og í Saltvík, er langt frá því, að innlendur fóðuriðnaður hafi náð þeirri hlutdeild á hérlendum fóðurmarkaði sem vísustu menn telja æskilegt, og fyrir því má telja upp fjölmörg rök í ríkari mæli en gert hefur verið í þessari framsögu. Þess vegna er augljóst að bygging fleiri grasköggla verksmiðja þarf að koma til ef einhver alvara er í því að auka innlendan fóðuriðnað. Með sem hagkvæmastan rekstur að markmiði auðvitað og eðlilega staðsetningu með tilliti til landkosta. Það er álit mitt og vafalaust allra flm., og ég trúi því að það sé álit flestra alþm., að með því móti verði enn frekar treyst þjóðhagslegt gildi landbúnaðar.

Áhugi á byggingu grasköggla verksmiðju í Borgarfjarðarhéraði hefur verið meðal heimamanna um langt skeið. Fyrir u. þ. b. áratug fóru fram kannanir á staðsetningu slíkrar verksmiðju, en því miður varð ekkert úr framkvæmdum í þá tíð, m. a. vegna forgangsröðunar er gerð var samkvæmt lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Þegar frumkönnun á hitaveitu fyrir Akranes og Borgarnes var gerð af Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen árið 1973 var stofnun og starfræksla grasköggla verksmiðju tekin inn á áætlun um hitaveituna. Þótti líklegt að slík verksmiðja gæti orðið arðbært fyrirtæki sem nýtti umframorku frá hitaveitunni. En síðan hefur lítið gerst þar til á liðnu ári. Bygging grasköggla verksmiðju var rædd á sameiginlegum fundi allra oddvita í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu og stjórnar Búnaðarsambands Borgarfjarðar 26. mars 1980. Á þessum fundi kom fram mikill áhugi á því að setja á fót grasköggla verksmiðju í Borgarfjarðarhéraði. Kosin var þriggja manna nefnd til þess að vinna að þessu þýðingarmikla máli. Í nefndinni eru Bjarni Guðráðsson, Nesi, Sigurður Sigurðsson, Stóra-Lambhaga, og Sveinn Bjarnason, Brennistöðum. Jafnframt hefur Bjarni Arason ráðunautur starfað með þessari nefnd.

Það er rétt að geta þess, að nefndin hefur unnið af krafti að þessu máli og telur mjög álitlegt að reisa verksmiðju er nýti umframorku frá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar til fóðuriðnaðar. Viðhorf forráðamanna Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar til slíkrar orkusölu hafa verið könnuð og er ekki hægt að segja annað en að viðbrögð hafi verið hin jákvæðustu. Nefndin hefur rætt við landbrh. og landnámsstjóra. 7. nóv. 1980 hélt nefndin síðan fund með oddvitum í héraðinu og lagði þar til að stofnað yrði félag um uppbyggingu og rekstur grasköggla verksmiðju sem yrði skipað einstökum sveitarfélögum í héraðinu og að auki Andakílsárvirkjun, Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar og Kaupfélagi Borgfirðinga. Öllum þessum aðilum voru send bréf og málið kynnt og leitað eftir stuðningi. Svör hafa borist frá flestum ef ekki öllum og undirtektir hafa verið mjög jákvæðar og bera í sannleika sagt vitni áhuga á þessu máli. Málið var einnig kynnt sveitarstjórnum á sunnanverðu Snæfellsnesi, og þar er einnig mikill áhugi á þátttöku.

Af framansögðu er augljóst að mikill og eindreginn stuðningur við þessar ráðagerðir er fyrir hendi í héraðinu, enda hljóta allir að vera sammála um að forsenda fyrir farsælum framgangi þessa máls sé samstaða heimamanna.

Stofnsetning grasköggla verksmiðju kostar mjög mikið fé, enda er útilokað að heimamenn ráði við slíka fjárfestingu án einhverrar þátttöku ríkissjóðs. Það er a. m. k. álit heima fyrir eins og sakir standa. Ekki skal lagt mat á það hér, hversu stór eignarhluti ríkissjóðs þyrfti að vera í verksmiðjunni, en eftir því sem menn hafa ráðið þar í þykir líklegt að þar yrði um að ræða stærstan eignarhlut þeirra sem ættu hlut að máli.

Segja má að hugmyndir þær, sem stuðst er við í ráðagerðum um byggingu grasköggla verksmiðju í Borgarfjarðarhéraði, byggist fyrst og fremst á því að nýta umframhita úr vatni hitaveitunnar á þann hátt að aðeins nokkur hluti hitans verði tekinn úr vatninu, en síðan verði því veitt á ný inn á stofnæð veitunnar. Vilyrði liggja fyrir um samfellt ræktunarland í Andakílshreppi sem nægði til 3 þús. tonna ársframleiðslu verksmiðjunnar eða 600 — 700 ha. lands. Umrætt land er svo að segja í slóð meginlagnar hitaveitunnar. Enn fremur skal þess getið, að nægjanlegt land fyrir þá verksmiðju, sem hér er verið að ræða um, er í Reykholtsdal í grennd við sjálfan Deildartunguhver.

Gert er ráð fyrir því að þessi verksmiðja mundi hafa eimingargetu um 5 þús. kg. vatns á klst. Talið er að hitaþörf bandþurrkara með þessari afkastagetu sé sem svarar hitafalli úr 90°C í 70°C á 83.6 l/sek. eða úr 90°C í 60°C, 55.6 l/sek. Hér er vitnað í Stefán Örn Stefánsson verkfræðing.

Lauslega áætlað mun sumarrennsli í aðveitu hitaveitunnar 1982—1985 verða um 140 l/sek. þegar um er að ræða rennsli úti í Andakílshreppi. Hitastig þar er áætlað um 94° C. Til þess að grasköggla verksmiðja af þeirri stærð, sem hér er um talað, fengi næga orku þyrfti hitafall að vera 12°C.

Eins og þessar tölur benda til er hér um að ræða næga og að því er virðist mjög hagkvæma orku þann tíma sem grasköggla verksmiðjan starfar ár hvert, þegar minnst er þörfin fyrir upphitun húsa yfir sumartímann. Þrátt fyrir það hefur verið hugað að möguleikum á starfrækslu slíkrar verksmiðju til fleiri nota. Í athugun er í samráði við Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins hvort slík verksmiðja gæti komið að notum til fiskþurrkunar í ljósi þess að lengja starfstíma hennar ár hvert og þar með e. t. v. að auka á rekstrarhagkvæmni verksmiðjunnar.

Herra forseti. Í þessari stuttu grg. hef ég reynt að varpa ljósi á þetta, að dómi okkar flm., mjög mikilvæga mál. Ég hef reynt að greina frá helstu atriðum er varða fóðuriðnað í landinu, reynt að greina frá því, hver staða málsins er heima í héraði og á hvaða stigi undirbúningur er. Að dómi okkar flm. þykir eðlilegt á því stigi að færa málið hér inn í sali Alþingis í þeim tilgangi að hv. alþm. gefist kostur á að taka á því málefni sem hér er til umræðu, sem er þó ekki nema hluti af miklu víðfeðmara máli, þ. e. alfarið fóðuriðnaði í landinu, og e. t. v. grunninum að íslenskum landbúnaði og hagsæld hans.

Ég legg til að að loknum þessum hluta umr. verði málinu vísað til atvmn.

Egill Jónsson: Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. frsm. fyrir skýran málflutning hér og raunar þeim félögum öllum fyrir að flytja þetta mál hingað inn á Alþingi. Eins og fram kom hjá honum eru miklir möguleikar bundnir í þessum fóðuriðnaði sem stundaður hefur verið í landinu frá því fljótlega upp úr 1962, þannig að á þessa starfsemi er komin æðimikil reynsla. Og reynsla er komin á ýmsa hluti aðra en þá, hvernig gengur að afla hráefnis og hvernig gengur að umsetja það í landbúnaðinum. Það er líka komin reynsla á það kerfi sem þessi framleiðsla byggir á. Og það, sem þarf umfram allt að taka til athugunar og er eiginlega algjör forsenda þess, að þessi starfsemi geti byggst upp með eðlilegum hætti, er að endurskoða þau lög og þær reglur og það form sem komið er á í sambandi við þessa starfsemi.

Ég hygg að þau einu lög, sem til eru um fóðuriðnað hér á landi, séu frá árinu 1972. Þau voru einmitt sett eftir tíu ára starfsemi þriggja grasköggla verksmiðja, og má segja að þau hafi verið sett út frá því formi sem þar var komið á. Það byggðist á því, eins og mönnum er væntanlega kunnugt, að það var ríkið sem byggði upp þessar verksmiðjur einkum, þ. e. var þá orðinn eigandi allra verksmiðjanna nema einnar. Og þetta er einmitt það sem þarf að breyta.

Nú var það einu sinni hér á Alþingi að Sverrir Hermannsson flutti till. til þál. um það, að eignaraðild að verksmiðjunni í Flatey yrði þannig fyrir komið að bændur eða samtök þeirra í Austur-Skaftafellssýslu gætu *eignast hlut í henni. Þessi till. var ekki afgreidd hér á* Alþingi og í umsögnum um hana komu ekki fram alfarið jákvæðar undirtektir við þessa tillögugerð. En á síðasta aðalfundi Búnaðarsambands Austur-Skaftfellinga var samþykkt tillaga þar sem beint var til þm. Austurlands að *vinna að því*, að eignarhlutdeild í verksmiðjunni í Flatey gæti breyst þannig að þetta yrði fyrirtæki sem bændurnir í Austur-Skaftafellssýslu eignuðust og ræku. Þetta tel ég ákaflega mikilvægt, ekki síst með tilliti til þess stjórnarforms sem er á þessum verksmiðjum, þ. e. að það eru stjórnir heima í héruðum, skipaðar tveimur mönnum, en hins vegar skipar landnámsstjóri eða fulltrúi hans formannssætið í þessum nefndum, svo að í rauninni eru þessar nefndir alveg valdalausar og hafa þannig tiltölulega mjög lítil áhrif á þennan rekstur allan. Það, sem vantar hér framar öllu, er ákveðið samband á milli þessarar starfsemi og bændanna sjálfra, líkt og gerist t. d. í sambandi við afurðafélög eða annan þann félagsskap sem bændurnir hafa myndað um sín hagsmunamál.

Annað mikilvægt atriði er líka núna mikill þröskuldur í þessari starfsemi, og það er verðákvörðunin, verðákvörðunin á framleiðsluvörunni hvert ár. Þar er um að ræða það form, að líklega helst landnámsstjóri og þá kannske verksmiðjustjórarnir gera um það tillögur til landbrh., hvert verðið á að vera á hverjum tíma. Og þannig hefur t. d. tekist til nú á þessu ári, að í skjóli kjarnfóðurgjaldsins, sem var sett á, var verðið á graskögglum ákveðið það hátt að sala þeirra hefur gengið langtum tregar en áður hefur gerst. Og það eina, sem getur nú bjargað a. m. k. sumum þessum fyrirtækum í sambandi við sölu á framleiðslunni, er að það verði nógu hart í vori. Þetta er allt saman mjög alvarlegt, og það er nauðsynlegt að þessi ábyrgð og þessar ákvarðanir allar verði færðar til þeirra sem eiga að kaupa og nota þessa framleiðslu.

Tillöguflutningurinn, sem hér um ræðir, er þess vegna sérstaklega mikilvægur með tilliti til þess, að hann er enn ein mjög ákveðin ábending í þá veru, að það þurfi að breyta þessu kerfi.

Nú er það þannig, að m. a. vegna starfa minna á Búnaðarþingi er mér vel ljóst hvað Borgfirðingar eru búnir að vinna í þessum efnum, sem er til mikillar fyrirmyndar. Og í raun fæ ég ekki séð hvað það er sérstaklega sem hindrar þá í að byggja þessar verksmiðjur. Ég held t. d. að það hefði verið stórum auðveldara að byggja grasköggla verksmiðjuna í Flatey, ef það hefði verið gert á vegum félagssamtaka bænda í Austur-Skaftafellssýslu, heldur en með aðild ríkisins. Það eru mörg ljón á vegi sem verður til vegna þess að ríkið á aðild að þessari uppbyggingu.

Ég get í þessum efnum nefnt tvö dæmi. Annað er varðandi stofnlán. Þegar verið var að leita eftir stofnlánum til grasköggla verksmiðjunnar í Flatey, þá kom einfaldlega það svar, að áður en hægt væri að fara að lána ríkinu úr Stofnlánadeild landbúnaðarins væri *eðlilegt* að ríkið tryggði rekstur verksmiðjunnar að öðru leyti. Þótt við höfum kannske, þegar verksmiðjan í Flatey var byggð upp, ekki sérstaklega þurft að verða fyrir barðinu á Innkaupastofnun ríkisins og hún sýndi reyndar nokkuð *mikil liðlegheit þá, er það þó á allra vitorði, að í* sambandi við slíkar framkvæmdir sem þessar er ákaflega þýðingarmikið að það þurfi ekki að vera háð sams konar kerfi og þar um ræðir. Eini, alls eini vinningurinn, sem fylgir því að ríkið hugsanlega ætti í þessum verksmiðjum, er sá, að það væri greiðari aðgangur að fjármagni í gegnum fjárlög. En það er atriði sem mér finnst óþarft að setja fyrir sig, nema síður væri, því að áreiðanlega væri miklu betra að þetta fjármagn færi beint til þessara verkefna án viðkomu hjá ríkisaðila heldur en með öðrum hætti. Og eins og menn vita kemur þetta fjármagn ekki aftur til baka inn í ríkisgeirann. Það væri því mjög eðlilegur kostur í þessu sambandi, að slíkar verksmiðjur yrðu byggðar upp af félagssamtökum bændanna sjálfra og þær nytu sömu fyrirgreiðslu og þótt ríkið ætti í hlut.

En eftir sem áður stendur það alveg óhaggað, að vitanlega þarf að hafa einhverja og ákveðna stjórn og

stjórnarfyrirkomulag á þessari starfsemi í heild eins og öðrum framleiðslumálum í landbúnaði, og það er einmitt það sem vantar, að fá því rekstrarfyrirkomulagi ákveðið form.

Það, sem ég hef hér sagt, er síður en svo til að draga úr gildi þessa tillöguflutnings. Og mér er þetta vel kunnugt, m. a. vegna þess að verkfræðingur hjá Sigurði Thoroddsen, sem hefur haft mjög mikinn áhuga á þessum verkefnum uppi í Borgarfirði, var um svipað leyti með ákveðin verkefni í sambandi við grasköggla verksmiðjuna í Flatey. Og sú ábending, sem kemur fram í þessari till., þ. e. um not á innlendri orku til þurrkunar, er að sjálfsögðu sá þáttur þessara mála sem ber að hverfa að, jafnvel þótt hún spari kannske ekki mikið fjármagn. Þetta er hins vegar sá þátturinn sem menn hafa ekki náð tökum á enn þá. Það liggur ekki fyrir með hvaða hætti þetta verði gert. Og í þessu fyrirkomulagi felst líka aukinn fjármagnskostnaður. Sérstaklega á það við ef raforka er notuð.

Það hefur nú gerst í sambandi við rekstur a. m. k. sumra grasköggla verksmiðjanna á síðari árum, að þótt að olíu- og raforkukostnaður hafi hækkað mikið hefur vaxtakostnaðurinn ekki hækkað neitt minna, í sumum tilvikum jafnvel meira. Það er því að ýmsu að hyggja í þessum efnum.

Það er ekki ástæða til að ræða þetta frekar. Ég legg áherslu á að þetta fyrirkomulag allt þarf að taka til mjög nákvæmrar endurskoðunar. Og ég tel í raun og veru alveg út í hött að halda áfram að byggja fleiri grasköggla verksmiðjur í landinu nema þessari starfsemi allri verði fundið ákveðið félagslegt form, sérstaklega í rekstri og stjórn þessarar framleiðslu. Ég tel mjög mikilvægt að þær óskir og þær hugmyndir, sem m. a. hafa komið fram hjá bændum í Austur-Skaftafellssýslu, sem áttu mjög drjúgan þátt í því að byggja þar upp verksmiðju og lögðu mikið á sig í þeim efnum, — að óskir þeirra um aðild að rekstri og stjórn þessarar verksmiðju verði virtar og það sama gildi um aðrar hliðstæðar verksmiðjur.

Að öðru leyti er þessi till. allrar athygli verð og ber ekki að skoða þessa afstöðu á nokkurn hátt sem andstöðu gegn henni, nema síður sé. Við þurfum að breyta þessu formi og byggja upp fleiri verksmiðjur.

Helgi Seljan: Herra forseti. Varðandi þetta síðasta, rekstrarformið, tel ég fyllilega athugandi að við könnum rækilega hvaða form sé heppilegast á rekstri þessara verksmiðja. Og samstarf með okkur Austurlandsþingmönnum er nú svo gott, að það verða ekki vandræði fyrir okkur hv. 11. landsk. þm. að komast að sameiginlegri niðurstöðu í þeim efnum.

Það skal í engu dregið úr því, að kanna beri rækilega form þeirrar verksmiðju sem hér er um rætt, þó að auðvitað minni þetta okkur á verkefni sem lengi hafa verið í undirbúningi varðandi verksmiðjurnar bæði í Saltvík og Hólminum. Auðvitað minnir þetta á þær um leið og hvað stutt er þar á veg komið enn varðandi þau tvö mikilvægu svæði.

Ég tel þess vegna rétt og skylt að huga vel að hagkvæmni þessrar verksmiðju. Ég held að það sé rétt, sem hv. 1. flm. kom inn á, að aukinn innlendur fóðuriðnaður og bætt heyverkun í heild séu einhverjir veigamestu þættirnir í þróun íslensks landbúnaðar, einmitt í átt til aukinnar hagkvæmni í landbúnaðinum.

Ég kom hins vegar hingað upp aðeins til að vekja athygli á því, sem reyndar mun blasa við á borðum þm. á morgun, að á s. l. þingi flutti Guðrún Hallgrímsdóttir matvælaverkfræðingur, sem sat þá hér á þingi sem varamaður, till. um rannsóknir á nýtingu innlendrar orku til bættrar heyöflunar og innlendrar kjarnfóðurframleiðslu. Í till. sagði að Alþingi ályktaði að fela ríkisstj. að láta framkvæma nauðsynlegar rannsóknir og kveðja til aðila til að gera langtímaáætlun um það, hvernig hægt væri að nýta innlenda orkugjafa til að bæta heyverkun og efla innlenda kjarnfóðurframleiðslu. Þessa till. höfum við verið með nú í nokkurri endurvinnslu og höfum leyft okkur að endurflytja hana, með nokkuð breyttu orðalagi að vísu. Inn í það dæmi kæmi greinilega spurningin um það sem hv. 11. landsk. þm. fjallaði um, því að sú till. er það víðtæk að orðalagi. Og án þess að draga nokkuð úr þessu einstaka máli, þá held ég einmitt að langtímaáætlun svipað og segir í till. Guðrúnar Hallgrímsdóttur frá síðasta þingi, sem kom því miður aldrei hér til umræðu, sé sjálfsögð og taki til sem allra flestra þátta í þessum málum.

Ég nefni þetta aðeins hér, að þetta sé skoðað sem jákvætt innlegg í þetta einstaka mál. En ef við erum ekki með neinar áætlanir í þessum efnum og byggjum þetta ekki upp með heildarsýn yfir landið í huga, þá verður þetta þannig, að eitt mál kallar á annað og verksmiðja í einu héraði kallar í viðbrögð manna í öðru héraði um að fá verksmiðju þangað. Það þarf ekki endilega virkjun til þess að menn tryllist.

Ég segi það þess vegna, að ef ekki er unnið samkvæmt áætlun þar sem hliðsjón er höfð af hagkvæmni og öllum aðstæðum, t. d. með tilliti til markaðarins, sem er auðvitað stórt atriði í þessu, með tilliti til rekstrarformsins, sem hér var talað um áðan, — ef ekki er unnið samkvæmt slíkri áætlun koma auðvitað héruðin hvert af öðru í kjölfarið, og þá kann raunin að verða sú, að það verði í raun og veru hvergi aðhafst neitt. Ég ætla að vona að örlög þeirra Borgfirðinga verði ekki svipuð og raunin hefur orðið á varðandi þá Norðlendinga sem eru búnir að bíða æðilengi eftir verksmiðjunum í Saltvík og Hólminum, eins og menn þekkja.

Ég gæti auðvitað nefnt það hér, að það er ekki mikill vandi fyrir okkur hv. 11. landsk. að nefna hið víðlenda Fljótsdalshérað sem dæmi um ákjósanlegan stað, sérstaklega með tilliti til markaðar, og þá ekki bara á Fljótsdalshéraði, heldur líka e. t. v. til markaðar á norðausturhorninu og þar í grennd, sem mjög æskilegan stað fyrir svona verksmiðju.

Ég held sem sagt að flm. hafi mjög mikið til síns máls varðandi Borgarfjörðinn, varðandi hagkvæmnina þar og ýmislegt sem kemur fram og er vel stutt í þeirra grg. En ég er enn sannfærður um það, að langtímaáætlun, svo sem till. var hér uppi um á síðasta þingi og kom þá ekki til umr., sé einmitt það sem við eigum að fara út í hér og vinna svo skipulega samkvæmt því.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Ég get ekki stillt mig um að leggja hér nokkur orð í belg, og þá fyrst og fremst til að taka undir ábendingar hv. 11. landsk. þm. um nauðsyn þess að endurskoða lög um rekstrarform grasköggla verksmiðjanna. En það er einmitt þetta atriði varðandi eignaraðild ríkisins, sem kemur fram í þessari þáltill., sem mér finnst vera stórt mál og ég vil leyfa mér að gera athugasemdir við. Ég tel að það þurfi að kanna þetta mjög vel.

Við höfum dæmi um grasköggla verksmiðju í Brautarholti á Kjalarnesi sem rekin er án þátttöku opinberra aðila, og ég veit ekki annað en að sá rekstur hafi gengið mjög vel, þeir hafi staðið sig með mikilli prýði. Þess vegna held ég að það hljóti að vera grundvöllur fyrir því, að svona verksmiðja sé rekin af heimamönnum, þ. e. samtökum bænda heima í héraði, að þeir séu færir um að standa undir þessum rekstri án íhlutunar eða þátttöku ríkisins.

Ég ætla ekki að fara frekar út í umr. um þetta mál, en ég vildi aðeins ítreka þessar ábendingar hv. 11. landsk. þm. Ég vil einnig taka undir það sem hv. þm. Helgi Seljan, 2. þm. Austurl., nefndi hér varðandi markaðinn og markaðsmöguleikana, því að einhvern veginn hvarflar að manni að það verði að gæta aðsemi í framhaldinu ef á að reisa margar verksmiðjur, að það verði ekki til þess að markaðurinn verði ofmettaður.

Flm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir að taka þátt í þessari umræðu.

Hv. þm. Egill Jónsson kom að eignarforminu og stjórnarforminu um leið, með hvaða hætti væri best að haga því í þeim rekstri sem hér er til umræðu, þ. e. fóðuriðnaðinum. Ég skal taka undir ýmislegt af því sem hann sagði. En það er ekki víst að sama form henti jafnvel alls staðar. Það er alls ekki víst. Það, sem lagt er til í þeirri till. sem er til umfjöllunar, er fyrst og fremst að ríkið verði þarna hluthafi. Það er mergurinn málsins sem lagt er til hér.

Að því er vikið í till., að líklegt sé að með tilkomu ríkisins sem eignaraðila yrði sá eignarhluti e. t. v. stærstur hinna ýmsu eignarhluta. Nú er þetta ekkert ákveðið. En í hugum heimamanna þykir að ýmsu leyti tryggara að hafa styrka hönd ríkisins með sér í þessari ráðagerð. Þannig eru viðhorfin nú. Hinu vil ég ekki neita, að varðandi rekstur slíkrar verksmiðju er mjög nauðsynlegt að ábyrgð heimaaðila sé óyggjandi, og ég tel að eins og þetta mál er hér lagt fyrir, að um er að ræða stærstan samanlagðan eignarhlut heimaaðila, þá mundi ábyrgðin fyrst og fremst vera hjá heimaaðilum.

Hv. þm. Salome Þorkelsdóttir tók undir orð hv. þm. Egils Jónssonar um það, að einkareksturinn mundi í þessu tilliti e. t. v. gilda best. Nú vil ég segja það, að rekstur Brautarholts-verksmiðjunnar hefur gengið mjög vel og þeir, sem þar ráða og starfa, hafa sýnt mikinn dugnað í þessari starfsemi, um það er ekki deilt. Hins vegar hefur það komið fram í þessari umr. — og það ætla ég ekki að fara að endurtaka — að mesta áhyggjuefnið er sú stýring sem þarf að vera á sölu varningsins sem kemur frá þessum verksmiðjum. Og þar komum við e. t. v. að því atriði sem mest er um vert að fari vel úr hendi og að gengið verði lengra í þá átt í íslenskum landbúnaði að nýta þessa innlendur framleiðslu til búvöruframleiðslunnar. Það eru mál sem vissulega þurfa gaumgæfilegrar athugunar við. Og ég endurtek það hér: ég lít svo á, að eftir því sem íslenskur landbúnaður byggir meira á heimaafla, því styrkar séu stoðir hans.

Ég þakka jákvæðar undirtektir við þessa till. og sé ekki ástæðu til að fjölyrða um hana frekar.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Þingmannanefnd, er vinni að samstarfi Íslendinga, Færeyinga og Grænlendinga, þáltill. (þskj. 394). — Ein umr.

Flm. (Árni Gunnarsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um kjör þingmannanefndar er vinni að auknu samstarfi Íslendinga, Færeyinga og Grænlendinga. Flm. þessarar till. eru úr öllum flokkum. Auk mín eru flm. hv. þm. Stefán Jónsson, Halldór Ásgrímsson, Sverrir Hermannsson, Matthías Á. Mathiesen og Páll Pétursson.

Í till. er gert ráð fyrir því, að Alþingi álykti að kjósa fjóra þingmenn í nefnd, einn úr hverjum þingflokki, er hafi það hlutverk, ásamt þingmannanefndum frá Færeyjum og Grænlandi, að vinna að auknu samstarfi um sameiginleg hagsmunamál þjóðanna.

Lengi hefur verið um það rætt á Íslandi, í Færeyjum og á Grænlandi, hve nauðsynlegt sé að auka öll samskipti þessara þjóða á þeim mörgu sviðum er hagsmunir þeirra gætu verið sameiginlegri. Ýmsar tilraunir hafa verið gerðar í þessa átt. Á síðari árum hefur áhugi manna einkum beinst að því, að þessi samvinna gæti komist í fastar skorður og að hún tæki á sig ákveðnari mynd en verið hefur.

Samskipti þessara grannþjóða hafa verið nokkuð tilviljanakennd, en þeim ekki beint í ákveðinn farveg. Engin ein þjóðanna getur tekið ákvörðun um hvernig samstarfinu skuli háttað, og er því nauðsynlegt að koma á fót fastri samstarfsnefnd þingmanna þjóðanna er móti og geri tillögur um hvaða leiðir skuli farnar. Samstarfið getur verið á breiðum grundvelli, og má þar nefna atvinnu- og landbúnaðarmál, samgöngumál, orkumál, menningarmál, og þó ber einkum að nefna fiskveiðar og fiskvinnslumál.

Ég vil aðeins staldra við fiskveiðar og fiskvinnslumál og minna hv. þm. á þá atburði sem hafa verið að gerast að undanförnu við Grænland, þar sem Efnahagsbandalag Evrópu hefur alfarið í sinni hendi úrskurðar vald um hvað veitt er og hvernig veitt er á heimamiðum Grænlendinga, en þeir sjálfir geta ekki rönd við reist. Ég tel, ásamt með væntanlega öllum flm., að við verðum að átta okkur á hinum gífurlega áhrifamætti þessara þriggja þjóða ef þær standa saman. Þær ráða yfir einhverju stærsta hafsvæði heims og líklega einhverju mesta matarforðabúri veraldar. Þessi þáttur í samskiptum þjóðanna er því brýnni en flestir aðrir sem hér um ræðir.

Innan Norðurlandaráðs hefur talsvert verið fjallað um samvinnu af þessu tagi og nefnd embættismanna hefur skilað ítarlegu áliti um nauðsyn á nánara samstarfi þessara þriggja þjóða hér norður í hafi, þó svo að þessi tillaga sé hvergi bundin því áliti embættismannanna. Hins vegar er hún í fullu samræmi við þær umræður sem fram hafa farið innan veggja Norðurlandaráðs á undanförnum árum, og má geta þess í sambandi við tillöguna, að sérstök nefnd hefur starfað frá því í desember á s. l. ári, sem í eiga sæti embættismenn frá Íslandi og Færeyjum, og embættismenn frá Grænlandi munu einnig bætast í þá nefnd. Þessi nefnd hefur á fjárlögum Norðurlandaráðs fengið talsverða peningaupphæð til þess að ráða starfsmann.

Um þessar mundir mun verið að ráða þennan starfsmann og hann mun annaðhvort hafa aðsetur í Færeyjum eða hér á Íslandi. Hafi hann aðsetur hér á Íslandi mun hann starfa hjá byggðadeild Framkvæmdastofnunar, en

hafi hann aðsetur í Færeyjum mun hann einnig hafa aðstöðu til starfa hjá byggðadeild Framkvæmdastofnunar.

Þessum starfsmanni er ætlað það hlutverk að vinna að margvíslegum verkefnum sem gætu stuðlað að nánari samvinnu þjóða á þessu svæði, sem stundum hefur verið nefnt „Vest-Norden", en þar eru fyrrnefndar þrjár þjóðir einkum hafðar í huga.

Ég legg mikla áherslu á það, að þessi till. fái skjótan framgang. Hún hefur þegar fengið mjög skjótan framgang á Landsþinginu í Færeyjum, þar hafa verið kjörnir þingmenn í samstarfsnefnd af þessu tagi, og Grænlendingar hafa mikinn áhuga á því að flýta kjöri sinna manna í þessa nefnd. Nú er ekki þar með sagt að sá þingmannahópur, sem kjörinn verður í þessa nefnd, þurfi allur að starfa í þessari samstarfsnefnd, heldur geti hann innan sinna vébanda kjörið einn eða tvo menn í einhvers konar undirnefnd. En brýnast er að þetta mál fái nú skjótan framgang og að við sýnum í verki að við höfum áhuga á samstafi þessara þriggja þjóða sem við í skálaræðum höfum oft stór og falleg orð um að við þurfum að taka upp bætt og betra samstarf við.

Sannleikurinn er nefnilega sá, að við höfum átt samskipti við þessar þjóðir meira eða minna þegar það hefur komið okkur sjálfum vel, og það er okkar skömm. Þess vegna tel ég að samstarf, sem gæti verið virkt árið um kring, gæfi betri árangur, við gætum undirbúið sameiginleg hagsmunamál og — eins og ég gat um áðan, — einkum og sér í lagi þau mál er varða hin miklu verðmæti í hafi okkar, og einnig það, að það hafsvæði, sem við ráðum yfir, er nú eitt hernaðarlega mikilvægasta svæði á norðurhveli jarðar, og er það mál út af fyrir sig.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þessa tillögu. Ég tók það fram, að flm. væru úr öllum flokkum. Að lokinni þessari umr. óska ég eftir því, að málinu verði vísað til utanrmn., og ég vænti þess fastlega að hún sjái sér fært að afgreiða till. hið allra fyrsta.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég hef að vísu ekki þýðingarmiklum atriðum við að bæta framsöguræðu hv. þm. Árna Gunnarssonar, 1. flm. þessarar þáltill., en vil þó ekki láta hjá líða að kveða svo að orði að ljóst verði að það er ekki aðeins til málamynda sem ég er þessari till. fylgjandi.

Engar tvær þjóðir eiga svo ríka hagsmuni sameiginlega með okkur sem Færeyingar og Grænlendingar. Engar tvær þjóðir búa við lík lífsskilyrði þeim sem við búum við sem þessar tvær þjóðir. Og ég er efalaus um það, að velferð okkar, efnahagsleg og menningarleg, er að verulegu leyti undir því komin að þróttmikið þjóðlíf geti þróast í þessum tveimur grannlöndum okkar. Ég hef áður minnt á þáltill. sem samþykkt var hér á þinginu árið 1972, einmitt meðan á hinu öðru landhelgisstríði stóð, um nauðsyn þess að taka upp virkt samstarf við Færeyinga og Grænlendinga — þá voru að vísu Norðmenn taldir með í þeirri tillögu — um nýtingu fiskislóðarinnar og um fiskverslun. Síðan hefur allmikið vatn til sjávar runnið. Eftir sitjum við með það enn frá þeirri tíð, að hvorug þessara þjóða, grannþjóða okkar sem hér um ræðir, hefur hlotið eða tekið sér fullkomið sjálfstæði. Þar af leiðandi er það skynsamleg aðferð, þar sem ekki verður unnið eftir ríkisstjórnarleiðum formsins vegna, að það verði þingmenn þessara landa sem taki upp, ef svo má segja, eðlilegt pólitískt samstarf til undirbúnings málum sem lúta að hagsmunum allra þessara þriggja þjóða.

Nú fyrir skemmstu heyrðum við frá því sagt hér á þingi, að íslenskir embættismenn stæðu í samningum við Efnahagsbandalag Evrópu um rétt til þess að fiska innan efnahagslögsögu Grænlendinga. Jafnvel hlýddum við á fréttir af því, að af hálfu Íslendinga eða íslenskra embættismanna hefði það verið boðið, að í staðinn fyrir það, að Efnahagsbandalagið féllist á að við fengjum að fiska í grænlenskri efnahagslögsögu við Austur-Grænland, þá fengju skip Efnahagsbandalagsins sérstaka aðstöðu til viðgerða og annarrar þjónustu umfram það sem vanalegt er í íslenskum höfnum.

Ég vil, samtímis því sem ég brýni fyrir hv. þm. nauðsyn þess að þáltill., sem við höfum hér fyrir framan okkur, verði samþykkt sem skjótast og myndarlegast, vara eindregið við því, að af hálfu íslenskra yfirvalda verði neitt það aðhafst í tengslum við þá deilu sem nú er risin og harðna mun á milli Grænlendinga annars vegar og Efnahagsbandalagsþjóðanna hins vegar, sem Grænlendingar gætu túlkað á þá lund að við virtum ekki og viðurkenndum ekki skýlausan rétt þeirra til þessara svæða við Grænlandsströnd og úrtakslausan rétt þeirra og einkarétt til þess að fjalla um auðæfi á fiskislóð við Grænland.

Ég vil biðja hv. þm. um að leiða hugann til baka til þess tíma, þegar við áttum í býsna hörðum slag við ríki Efnahagsbandalagsins og Breta á sinni tíð um íslensku fiskveiðilögsöguna, og hugleiða með hvaða hætti Íslendingar hefðu brugðist við því ef grannar okkar, svo sem Norðmenn eða Færeyingar, hefðu farið að makka við Efnahagsbandalagsríkin, í skjóli samningsins sem áður hafði verið gerður við Breta og Þjóðverja, um rétt til þess að veiða innan íslensku fiskveiðilögsögunnar. Ég minni þá jafnframt á hversu innilega það gladdi okkur þegar Færeyingar — ekki færeyska landsstjórnin heldur færeysk alþýða — tóku upp á eigin spýtur þá ákvörðun að synja Bretum og Þjóðverjum um rétt til þess að leita af Íslandsmiðum hafnar í Færeyjum til viðgerðar. Við þurfum ekki að efast um það, að hversu svo sem lykta kann þjóðaratkvæðagreiðslu, sem fyrirhuguð er í Grænlandi eftir rösklega hálft annað ár um aðild að Efnahagsbandalaginu, þá mundu Grænlendingar efalaust verða minnugir þess, með hvaða hætti við styðjum við bakið á þeim núna, og ekki síst eftir úrskurð hins þjóðréttarfróða danska þingmanns sem kvað upp úr um það nú fyrir þremur dögum, að ekki yrðu tekin gild loforð eða fyrirheit danskra yfirvalda um það, að Grænlendingar ættu þess kost að losna úr Efnahagsbandalaginu þótt þeir sjálfir vildu, þar sem slíkt mundi brjóta í bága við alþjóðarétt.

Grannar okkar þarna norðvestur frá hafa sannarlega vaknað til vitundar um eigið gildi sem þjóðar. Um það ber vott Ínúíta-ráðstefnan mikla sem haldin var á Grænlandi s. l. sumar. Og við Íslendingar njótum þeirrar sérstöðu, a. m. k. enn sem komið er, að enda þótt Grænlendingar hafi allt að því tekið kalda afstöðu til hvíta kynstofnsins á þessari ráðstefnu sinni í Grænlandi á liðnu sumri, þá virðast þeir ekki líta á Íslendinga sem hvíta manninn í þeirri deilu, heldur næstu granna sem þeir vænta góðs af. Ég er efalaus um að það er mikið í húfi fyrir okkur að reynast nú Grænlendingum drengir góðir, og að við tökum frumkvæði í því að koma á eðlilegu samstarfi á milli stjórnmálamanna á Íslandi, Grænlandi og í Færeyjum.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég hef litlu við það að bæta sem hér hefur komið fram, en ég er sammála því, að við þurfum mjög að efla tengsl milli þeirra þjóða sem vikið er að í þessari tillögu. Ég hygg að vandi Færeyinga í fiskveiðimálum sé þó hvað mestur. Þeir hafa misst rétt til að veiða á tveim þriðju hlutum þess svæðis sem þeir hafa áður veitt á. Og það kom einmitt fram í máli lögmannsins frá Færeyjum á Norðurlandaráðsþingi fyrir skemmstu, að eina þjóðin, sem hefði sýnt þessu máli einhvern skilning, væri Íslendingar. Þetta er náttúrlega gífurlegt áfall fyrir Færeyinga, og ég á ekki von á að þetta vandamál Færeyinga verði hægt að leysa nema með auknu samstarfi milli Íslands, Færeyja og Grænlands. Við vitum að við Grænland eru mikil fiskimið sem Grænlendingar eru a. m. k. ekki enn þá í stakk búnir til að nýta til fulls. Það eru verulegar líkur fyrir því, að Grænlendingar muni segja sig úr Efnahagsbandalaginu. Á hitt er að líta, að Grænland fær verulegar greiðslur frá Efnahagsbandalaginu, og það verður nokkurt mál að komast yfir það að hætta að fá þá fjármuni. Hér er því hið vandasamasta mál að leysa, sem er eðlilegt að við höfum afskipti af og reynum að vera í sem bestu samstarfi við þessar þjóðir.

Síðan þessi till. var flutt hefur mér orðið nokkuð hugsað um það sem hér stendur: „Alþingi ályktar að kjósa fjóra þingmenn í nefnd“ til að annast þessi mál. Ég vil benda á það, að við eigum starfandi utanríkismálanefnd sem á að sinna utanríkismálum. Þessu máli verður nú vísað til utanrmn. og það er í mínum huga mjög eðlilegt að máli sem þessu sé vísað til utanrmn., henni sé falið að sjá um það. Það hefur að vísu ekki tíðkast að utanrmn. hafi sem slík mikil samskipti við kjörna fulltrúa annarra landa eða geri sér títt um að heimsækja önnur lönd. Hitt er svo annað mál, að utanrmn. ber að sjálfsögðu að standa undir því nafni. Hún starfar allt árið og hefur að því leyti sérstöðu, og það hlýtur að verða að flokkast undir hlutverk hennar að sinna máli sem þessu. Þess vegna finnst mér allt eins koma til álita, í stað þess að kjósa í þetta sérstaka nefnd, að samþykkja till. til þál. um að fela utanrmn. þetta verkefni.

Flm. (Árni Gunnarsson): Herra forseti. Aðeins örstutt. Ég þakka undirtektir sem mér að vísu ber þó ekki að þakka, vegna þess að hér hafa talað meðflm. mínir. En hvað sem því líður vil ég enn á ný leggja mikla áherslu á að afgreiðslu þessarar till. verði hraðað, og ég get vel tekið undir þá hugmynd hv. síðasta ræðumanns, að utanrmn. kjósi sér eða innan sinna vébanda fjóra menn til þess að annast þetta. Það er hins vegar umræðuefni sem nefndin verður að skera úr um áður en málið kemur hingað aftur. Ég legg eingöngu á það áherslu, að frændur vorir — sem við köllum svo í daglegu tali — í Færeyjum og á Grænlandi vænta mikils af þessu máli og þeir vænta mikils af þessari nefnd. Það hefur komið fram í greinaskrifum í dönskum blöðum, þar sem um þetta hafa fjallað grænlenskir menn og danskir raunar líka, að þarlendir vænta sér mikils af þessu, og sama gildir um Færeyinga, eins og kom glöggt fram á Norðurlandaráðsþinginu í síðustu viku.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Bætt þjónusta við íbúa Vestur-Húnavatnssýslu, þáltill. (þskj. 473). — Ein umr.

Flm. (Þórður Skúlason): Herra forseti. Á þskj. 473 leyfi ég mér að flytja till. til þál. um bætta opinbera þjónustu við íbúa Vestur-Húnavatnssýslu. Tillögugreinin hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að vinna að því, að á Hvammstanga verði starfrækt umboðsskrifstofa frá sýslumannsembættinu á Blönduósi, þar sem m. a. verði skrifstofuhald sýslusjóðs og sjúkrasamlags Vestur-Húnavatnssýslu, umboð Tryggingastofnunar ríkisins, innheimta þinggjalda og veðmálabækur.“

Árið 1907 er Húnavatnssýslu skipt í Austur- og Vestur-Húnavatnssýslu. Ástæða þeirrar skiptingar hefur eflaust verið sú, að íbúunum og löggjafanum hefur verið ljóst að landfræðilegar aðstæður og miklar vegalengdir kæmu í veg fyrir að íbúar Húnavatnssýslu óskiptrar gætu myndað eina félagslega heild. Það er fyrir löngu ljóst, að þessi skipting Húnavatnssýslu í tvær sýslur var skynsamleg ákvörðun og tekin á réttum tíma. Það er engin tilviljun, að sýslunefndir Húnavatnssýslna hafa löngum verið starfsamari og tekið að sér fleiri og stærri verkefni en aðrar sýslunefndir. Það er fyrst og fremst því að þakka, að sýsluskipanin var á sínum tíma löguð að héraðslegum þjónustusvæðum og byggð upp í kringum verslunarstaði sem eru þannig í sveit settir, að allir íbúar sýslnanna eiga auðvelt með að sækja þangað alla daglega þjónustu.

Hvammstangi er verslunar- og þjónustumiðstöð Vestur-Húnavatnssýslu. Hann byrjar að byggjast um líkt leyti eða litlu áður en Húnavatnssýslu er skipt, en áður höfðu íbúarnir sótt verslun um langan veg, m. a. til Blönduóss og Borðeyrar. Þegar eftir sýsluskiptin hófu íbúar sýslunnar, bæði í gegnum sýslunefnd og í frjálsu félagsstarfi, uppbyggingu verslunar og alhliða þjónustu á Hvammstanga. Og allar götur síðan hefur sú þróun haldið áfram. Á Hvammstanga er vöruhöfn fyrir Vestur-Húnavatnssýslu. Þar er skipað upp þungavöru er dreifist um alla sýsluna, og þaðan eru fluttar landbúnaðar- og sjávarafurðir. Kaupfélag Vestur-Húnvetninga rekur þar verslun, sláturhús og kjötvinnslu — og mjólkursamlag, trésmiðju og bakarí í samvinnu við aðra. Verslun Sigurðar Pálmasonar hf. er gamalgróið verslunarfyrirtæki er kaupir og selur afurðir bænda úr sýslunni allri og rekur sláturhús. Á Hvammstanga er bátaútgerð og vinnsla sjávarafla fer þar ört vaxandi. Allar stofnanir sýslusjóðs Vestur-Húnavatnssýslu eru á Hvammstanga, enn fremur Sparisjóður Vestur-Húnavatnssýslu og Sjúkrahús Hvammstanga sem einnig er elliheimili. Þar eru nú samtals um 35 rúm og í tengslum við það er rekin tveggja lækna heilsugæslustöð. Þá eru flestir hreppar sýslunnar nú að byggja saman á Hvammstanga átta íbúðir fyrir aldraða. Bæjarhreppur í Strandasýslu er einnig aðili að því samstarfi, en Bæhreppingar hafa um langan tíma sótt læknisþjónustu til Hvammstanga og verið í Hvammstangalæknishéraði. Að vísu var Bæjarhreppur fluttur undir Hólmavíkurumdæmi samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu frá 1978. Það var gert að Bæhreppingum fornspurðum og í algerri óþökk þeirra og vil ég

beina til hv. þm. að því þarf að breyta. Á síðustu árum hefur verið komið á fót á Hvammstanga löggæslu og viðgerðarþjónustu fyrir síma og Rafmagnsveitu ríkisins sem þjónar sýslunni allri. Varla þarf að taka það fram, að á Hvammstanga er auðvitað fyrir hendi margs konar þjónusta önnur sem ekki verður talin upp hér. Af þessu má fullljóst vera að flestir sýslubúar eiga oft erindi til Hvammstanga, og þangað vilja þeir geta sótt sem víðtækasta og besta þjónustu.

Þjónusta sýslumannsembættisins er þess vegna nær því eina opinbera þjónustan sem sýslubúar þurfa að hafa greiðan aðgang að og ekki er fyrir hendi á Hvammstanga. Dómsvald og stjórn löggæslu er ekki nema hluti af því starfi sem unnið er við sýslumannsembætti. Ýmis konar skrifstofuhald annað er stór hluti starfseminnar Innheimta þinggjalda, sjúkratryggingagjalda, söluskatts, launaskatts, bifreiðagjalda, kirkju- og kirkjugarðsgjalda og fleiri gjalda fyrir ríkissjóð og aðra er einn þátturinn, skrifstofuhald sjúkrasamlags er annar, umboðsstörf fyrir Tryggingastofnun ríkisins sá þriðji. Ýmiss konar skráning er einnig veigamikill þáttur, þinglýsingar, stimplun afsala og kaupsamninga, útgáfa veðbókarvottorða og fleira þess háttar. Allt er þetta þjónusta sem þegnar landsins þurfa að hafa sem greiðastan aðgang að. Greiður aðgangur skattgreiðenda að innheimtustofnunum er mikilvægur, bæði fyrir innheimtumenn og gjaldendur, m. a. vegna ákvæða um álagningu dráttarvaxta. Greið upplýsingamiðlun eyðir líka óþarfri tortryggni og misskilningi og stuðlar að betri innheimtu. Ekki þarf að eyða löngu máli í að útlista nauðsyn þess að fólk hafi góðan aðgang að skrifstofu sjúkrasamlags, sem sér m. a. um ýmsar endurgreiðslur, t. d. tannlækninga og sjúkraflutninga. Sama er að segja um umboð Tryggingastofnunar ríkisins. Ég óttast hreint og beint að vegna erfiðleika á samskiptum við tryggingaumboðið leiti fólk ekki bótaréttar síns. Við skulum hafa það í huga, að hér er fyrst og fremst um fólk að ræða sem gengur ekki heilt til skógar, er óframfærið og á ekki gott með að afla sér upplýsinga. Forsvarsmenn sveitarfélaganna eiga líka mikil viðskipti við sjúkrasamlagið, m. a. vegna greiðsluþátttöku sveitarsjóðanna. Sama er að segja um sýslusjóðinn sem fjármagnaður er með álögum á sveitarsjóðina.

Þá má geta þess, að nær öllum fjármunum sjúkrasamlags Vestur-Húnavatnssýslu og sýslusjóðs er ráðstafað í Vestur-Húnavatnssýslu. Alla þessa þjónustu þurfa íbúar Vestur-Húnavatnssýslu að sækja til sýslumannsembættisins á Blönduósi. Hvammstangabúar þurfa þá að aka 120 km, en þeir sem lengst eiga að sækja, um 200 km. Þess er hins vegar skylt að geta, að sýslumaður hefur sýnt góðan vilja til að bæta þjónustuna, þó innan þess ramma að skrifstofuhaldið verði áfram á Blönduósi. Hann eða fulltrúi hans kemur oftast einn dag í viku til Hvammstanga og er þá með viðtalstíma. Í flestum tilfellum er biðstofan við afgreiðsluherbergi þeirra þéttsetin, og þó eru fjölmargir sem gefa sér ekki tíma til að bíða, heldur reyna að leysa mál sín eftir öðrum leiðum.

Auðvitað eru margar leiðir til úrbóta í þessu máli. Ein er sú sem sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu benti dómsmrn. á að farin yrði, en það er að gera Vestur-Húnavatnssýslu að sérstöku lögsagnarumdæmi. Þess eru líka nýleg dæmi, að sú leið hafi verið farin þar sem líkt stóð á, t. d. með skiptingu Skaftafellssýslu í tvö lögsagnarumdæmi árið 1977. Það er þó ekki lagt til nú, m. a. vegna þess að það þyrfti lengri aðdraganda en Vestur-Húnvetningar telja sig geta beðið eftir. E. t. v. væri hægt að koma á fót gjaldheimtu í Vestur-Húnavatnssýslu, t. d. með Hvammstangahreppi eða fleiri sveitarfélögum, og auðvitað er þægilegast fyrir alla aðila að geta greitt bæði þinggjöld og útsvör á sama stað. Þó er mér einungis kunnugt um eina gjaldheimtu utan Reykjavíkur, þ. e. á Seltjarnarnesi.

Stjórn Sjúkrasamlags Vestur-Húnavatnssýslu reyndi á sínum tíma að flytja skrifstofu samlagsins til Hvammstanga, en neikvæð afstaða Tryggingastofnunar ríkisins kom í veg fyrir það. Það hefði þó verið viðleitni til úrbóta.

Sýslusjóður Vestur-Húnavatnssýslu er nú að byggja 500 — 600 fermetra húsnæði þar sem m. a. er ætlað að koma upp héraðsbókasafni og lögregluvarðstofu og fleiru. Þar verður því strax á þessu ári húsnæðisaðstaða fyrir þá þjónustustarfsemi sem við íbúar Vestur-Húnavatnssýslu viljum flytja inn í sýsluna, og er húsið m. a. byggt með það fyrir augum. Auðveldasta og fljótvirkasta leiðin til úrbóta í þessu máli tel ég þess vegna að sé sú sem þáltill. gerir ráð fyrir, að umboðsskrifstofa frá sýslumannsembættinu á Blönduósi verði starfrækt á Hvammstanga.

Loks skal á það bent, að ólíklegt er að umtalsverður kostnaðarauki hljótist af því að koma skrifstofunni á fót á Hvammstanga. Fyrst og fremst er um það að ræða að flytja þjónustustarfsemi, sem nú er unnin annars staðar, heim í héað til þeirra íbúa sem hún á að þjóna. Sá kostnaðarauki er a. m. k. smávægilegur miðað við þá hagkvæmni er umboðsskrifstofan hefði í för með sér fyrir íbúa Vestur-Húnavatnssýslu og ályktun þessi miðar að.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu. Að umr. lokinni legg ég til að þessari þáltill. verði vísað til allshn.

Umr. frestað.

Umræður utan dagskrár.

Ingólfur Guðnason: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs utan dagskrár til að vekja athygli hv. alþm. á hinu alvarlega ástandi sem nú ríkir í raforkumálum þjóðarinnar, þar sem stór landssvæði hafa með stuttu millibili orðið rafmagnslaus vegna vatnsskorts til virkjana þeirra sem við eigum stærstar og treyst er á af meiri hluta þjóðarinnar svo og vegna bilana sem orðið hafa á flutningslínum.

Það verður að teljast óskynsamlegt og raunar háskalegt hversu öllum stærstu raforkuverum landsins hefur verið valinn staður, þar sem þau eru í sama héraðinu og orkunni síðan dreift þaðan út um byggðir landsins með línum sem reynst hefur bilanahætt í þeim veðrum sem tilheyra íslenskri vetrarveðráttu. Ég mun ekki gera tilraun til að spá um framtíðina, hvorki um veðurfar landsins né aðra þætti íslenskrar náttúru. Ég þykist vita að allir hv. alþm. geri sér ljósa þá hættu, sem staðsetning mestu raforkuvera landsins á eldvirkum svæðum hefur í för með sér, og að bilanir, eins og verið hafa að undanförnu á dreifikerfi raforku um landið, svo og sá vatnsskortur til orkuveranna, sem nú er, væri e. t. v. varla umtalsverður miðað við það ástand sem skapast gæti ef til alvarlegra tíðinda drægi á virkjanasvæðunum á Suðurlandi, svo sem eldgosa eða jarðskjálfta. Er því

einsýnt að hér þarf að ráða bót á og það fyrr en síðar.

Herra forseti. Með vísan til þess sem ég hef nú sagt vil ég leyfa mér að vekja athygli hv. Alþingis á atburði sem átti sér stað hér í Alþingishúsinu nú skömmu áður en þingfundir hófust í dag, en þá voru hæstv. iðnrh. afhentir undirskriftalistar með nöfnum rúmlega 3000 kjósenda í Norðurlandskjördæmi vestra þar sem áhersla er lögð á að næsta stórvirkjun landsins verði utan eldvirkra svæða. Með leyfi forseta mun ég lesa bréf það sem hæstv. iðnrh. var afhent í dag, þar sem 3256 kjósendur í Norðurlandskjördæmi vestra skrifuðu nöfn sín undir, en bréfið hljóðar þannig:

„Við undirritaðir kjósendur á Norðurlandi vestra leggjum ríka áherslu á að hraðað verði samningum um virkjun Blöndu. Við skorum eindregið á ríkisstj., iðnrh., þm. kjördæmisins og alla samningsaðila að vinna markvisst að því að sanngjarnir samningar náist þar sem gætt sé í hvívetna hagsmuna heimaaðila og þjóðarinnar.

Þá skorum við á ríkisstj. og Alþingi að taka ákvörðun um að Blönduvirkjun, sem er fjarri eldvirkum svæðum, verði næsta stórvirkjun. Virkjunin fellur vel að dreifikerfi raforkunnar og verður tvímælalaust til öryggis og heilla fyrir landsmenn alla."

Það er sérstök ástæða til að vekja athygli hv. alþm. á alvöru þessa máls, þar sem hér er um að ræða undirskrift um 50% þeirra sem á kjörskrá voru við síðustu almennar kosningar sem fram fóru hér á landi, þ. e. forsetakosningar á s. l. sumri, og 56% þeirra kjósenda af Norðurlandi vestra sem neyttu kosningarréttar síns við sömu kosningar.

Unnið hefur verið að undirskriftasöfnun síðustu viku eða svo, oft við erfiðar aðstæður sökum illviðra og rafmagnsleysis og ófærðar á vegum. Fer því ekki hjá því, að þeir eru margir sem ekki áttu þess kost að skrifa nafn sitt á þessa lista til styrktar málefninu á þennan hátt, en þó hefðu gjarnan viljað vera með. Sá mikli fjöldi kjósenda á Norðurlandi vestra, sem með undirskrift sinni hafa sýnt hversu alvarlega þeir líta á núverandi ástand raforkumála á Norðurlandi vestra og raunar allrar þjóðarinnar, svo og sá fjöldi Norðlendinga, sem situr hér á pöllum hv. Alþingis, hygg ég að sýni ótvírætt samstöðu heimamanna um þetta málefni og ótvíræða kröfu um að að þessum málum verði unnið af festu og framsýni af hálfu forsvarsmanna orkumála, hæstv. ríkisstj. og raunar hv. alþm. allra.

Með áskorun þessari um virkjun Blöndu, sem ég las áðan, fylgja aðeins nöfn kjósenda úr Norðurlandskjördæmi vestra. Það ber þó ekki að skilja þannig, að fleiri hafi ekki áhuga á að sá virkjunarkostur verði nýttur næst þegar virkjun verður gerð. Mér er kunnugt um áhuga Vestlendinga, Vestfirðinga og íbúa Norðurlandskjördæmis eystra fyrir þessu máli, enda fara hagsmunir þessara landshluta saman á þessu sviði, og raunar eru það hagsmunir þjóðarinnar allrar að dreifa áhættu gegn óhöppum svo sem verða má.

Herra forseti. Ég leyfi mér að beina því til hæstv. iðnrh., að hann hlutist til um að unnið verði sem ötullegast að virkjun Blöndu svo að þjóðin komist sem fyrst úr því hættuástandi sem hún nú er í á sviði orkumála. Beini ég því raunar til hæstv. ríkisstj. allrar svo og alþm., að þeir vinni hér að svo sem verða má.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu og vil þakka það tækifæri sem mér er gefið til að taka hér til máls utan dagskrár og beina athygli hv. alþm. að þessu mjög svo brýna hagsmunamáli íslensku þjóðarinnar.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Hv. 5. þm. Norðurl. v. hefur vakið hér athygli á málefnum sem snerta Blönduvirkjun og hefur gert það í framhaldi af heimsókn sem bar við hér í Alþingishúsinu í dag og margir hv. alþm. hafa eflaust veitt athygli, þar sem allmargir frá Norðurlandi komu á minn fund og afhentu þar undirskriftaskjal til stuðnings við virkjun Blöndu. Ég veitti að sjálfsögðu þessum undirskriftum viðtöku og munu þær varðveittar í iðnrn., eins og óskað var eftir, og á þær litið þar á sama hátt og litið hefur verið á hliðstæð undirskriftagögn sem okkur hafa borist vegna þessa máls og út af fleiri málum. Það var fyrr á þessum vetri að ég fékk heimsókn úr sama landshluta með undirskriftir sem beindust nokkuð í aðra átt í sambandi við málefni þessarar virkjunar, eins og greint var frá opinberlega á þeim tíma. Það er ekki mitt verkefni að fara að leggja mat á þau viðhorf sem að baki þessum tiltölulega ólíku gögnum búa né heldur að fara að draga fram höfðatöluna sem að baki þeim liggur, en hitt er ljóst, að af þessu svæði hafa borist á undanförnum árum misjöfn viðhorf í sambandi við undirbúning virkjunar á svæðinu, Blönduvirkjunar, sem unnið hefur verið að verktæknilega um alllangt árabil, sérstaklega frá árinu 1975 að telja.

Eftir að ríkisstj. hafði ákveðið það sem stefnumið sitt að næsta virkjun fyrir landskerfið risi utan eldvirkra svæða beitti iðnrh. sér fyrir því, að hert yrði á undirbúningi virkjana sem fallið gætu undir þetta stefnumið, og þá bæði þeirrar virkjunar, sem í undirbúningi hefur verið á Norðurlandi vestra, og einnig á Austurlandi. Á Austurlandi var varið verulegum fjármunum til virkjunarrannsókna á liðnu sumri og á Norðurlandi vestra var lögð sérstök áhersla á að leita lausnar á þeirri deilu sem þar hefur verið uppi um árabil í sambandi við virkjanaundirbúning þar.

Ég hef sem iðnrh. leitast við að láta málsmeðferð varðandi þessa virkjanakosti fylgjast sem mest að, að það yrði tekið hliðstætt á málum þannig að ekki væri hægt að væna þar um hlutdrægni í málsmeðferð. Ég tel að það sé mjög nauðsynlegt að standa þannig að vikjanaundirbúningi í okkar landi að við höfum um fleiri en einn og helst fleiri en tvo kosti að ræða hverju sinni, hagkvæma kosti, til þess að ráðast í í sambandi við nýtingu orkulinda okkar.

Hv. málshefjandi vék að nauðsyn þess að dreifa áhættunni í sambandi við staðsetningu virkjana. Undir það markmið tek ég að sjálfsögðu fullum hálsi. Einmitt með það í huga hefur ríkisstj. sett sér það markmið, að næsta virkjun verði utan Suðurlands, utan eldvirkra svæða, og að því verður unnið, að svo geti orðið, og tillögur þar að lútandi eru í mótun, eins og fram hefur komið hér á hv. Alþingi, og verða væntanlega innan fárra vikna liggjandi fyrir þinginu eftir að hafa fengið meðferð og umræður í ríkisstj.

Ég tel ástæðu til þess að fara hér örfáum orðum um málsmeðferð varðandi Blönduvirkjun, sem hér var sérstaklega til umræðu á s. l. ári, og það sem lýtur að þeim sjónarmiðum sem menn þar í héraði hafa tekist á um. — Mismunandi viðhorf hafa þar verið uppi.

Það var í fyrrasumar að Rafmagnsveitum ríkisins var falið að standa fyrir málum sem virkjunaraðila, en áður hafði undirbúningur mála verið í höndum Orkustofnunar. Er það mál út af fyrir sig að við höfum ekki til skamms

tíma haft aðila til þess að færast í fang undirbúning meiri háttar virkjana utan Suðurlands, og það hefur án efa átt nokkurn þátt í því, að rannsóknir og annar undirbúningur utan þess svæðis hafa ekki gengið fram sem skyldi. En Rafmagnsveitur ríkisins hafa verið að eflast á undanförnum árum og fengið aukin verkefni og þær hafa að mínu mati tekið myndarlega á í sambandi við athugun þeirra virkjana sem þeim var falið að annast á síðasta ári — og raunar fyrr þar sem var meðferð mála varðandi Kröfluvirkjun.

Það var á vegum Rafmagnsveitnanna og sérstakrar ráðgjafarnefndar, sem iðnrn. kvaddi til vegna Blönduvirkjunar og raunar einnig Fljótsdalsvirkjunar, staðið fyrir fundum með heimaaðilum, fyrst með oddvitum og sveitarstjórnarmönnum bæði vestan og austan Blöndu í ágústmánuði s. l. Kynningarbæklingur var gefinn út um virkjunartilhögun, eins og hún lá fyrir, og honum dreift í viðkomandi hreppum um allt svæðið þannig að íbúar þessara svæða gætu sem best áttað sig á hvert stefndi miðað við verktæknilegan undirbúning.

Það var einnig fundur haldinn með stjórn Fjórðungssambands Norðurlands í nóv. s. l. og síðan almennur kynningarfundur varðandi Blönduvirkjun, sem Rafmagnsveitur ríkisins og iðnrn. áttu hlut að í samvinnu við heimaaðila, og var hann haldinn á Húnavöllum 7. des. 1980 — raunar eftir að fresta þurfti honum vegna veðurs. Það er nokkuð oft á þessum vetri sem menn hafa þurft að breyta áætlunum sínum vegna óblíðrar veðráttu, sem einnig hefur komið við sögu í sambandi við orkumál í landinu svo sem kunnugt er og hér var minnst á.

Í framhaldi af þessum fjölsótta fundi í Húnavöllum sneru Rafmagnsveitur ríkisins sér til sveitarfélaga sem eiga beinna hagsmuna að gæta varðandi þau svæði, sem Blönduvirkjun tekur til, og óskað var eftir að sveitarfélögin tilnefndu tvo menn hvert í viðræðunefnd við virkjunaraðila til að leita leiða til lausnar á deilumálum. Fundir hafa verið haldnir með fulltrúum frá Rafmagnsveitunum og umræddri ráðgjafarnefnd fulltrúum sex hreppsfélaga sem þarna eiga hlut að máli, fyrst í janúar og síðan í febrúarmánuði, og fram undan eru fleiri fundir um þetta efni mjög bráðlega til að taka nánar á málum.

Ég tel að það hafi þegar verulega mikið áunnist í sambandi við þessi mál. Málefni Blönduvirkjunar voru komin í verulega sjálfheldu að mínu mati á síðasta ári, og þær viðræður, sem farið hafa fram síðan, hafa orðið til þess, að báðir aðilar, bæði virkjunaraðili og heimamenn, hafa áttað sig betur á eðli þeirrar deilu sem verið hefur í sambandi við virkjunina. Ég vænti þess, að þessar viðræður leiði til samkomulags um virkjunartilhögun þannig að í reynd verði hægt að líta á Blönduvirkjun sem virkjunarkost í fullri alvöru, en þannig lágu mál ekki fyrir að mínu mati eins og þau voru snemma á síðasta ári, miðað við að ekki hafði verið tekið með þeim hætti á deilumálum um virkjunina sem nauðsyn ber til.

Ég hef orðað það svo, að um þessa virkjun sem aðrar meiri háttar framkvæmdir í landi okkar þurfi að takast sæmilegur friður áður en ákvarðanir yrðu teknar um að hefja þar framkvæmdir. Ég held að það þurfi ekki að hafa um það mörg orð, hver nauðsyn er á því að slíkur friður geti ríkt um stór mannvirki, sem snerta hag margra. Við höfum orðið þess vitni, að menn hafa þurft að miðla málum eftir að fórnað hefur verið miklum fjármunum í sambandi við virkjanaundirbúning hérlendis. Þá sögu þekkja menn. Hún er 10 ára gömul og rösklega það. Við erum þess og vitni, að í grannlöndum okkar hafa framkvæmdir, sem varða vatnsvirkjanir, leitt til mjög harðra deilna þar sem erfitt hefur verið um vik að ná málamiðlun. En ég vona að það megi takast samningar í sambandi við þennan hagkvæma virkjunarkost, Blönduvirkjun, þannig að hann verði til álita í sambandi við þá stefnumótun um virkjanir til langs tíma sem iðnrn. ætlar sér að leggja fyrir ríkisstj. og Alþingi nú innan skamms.

Ég sé, herra forseti, ekki ástæðu til að fara hér frekari orðum um þetta mál nema sérstakt tilefni gefist til þess. Ég svaraði fyrr á þessu þingi fsp. frá öðrum hv. þm. þessa kjördæmis varðandi Blönduvirkjun og framkvæmdaundirbúning er að henni lýtur, og ég ætla ekki núna að fara að leiða neitt líkur að því, hvernig mál muni þróast áframhaldandi varðandi þetta efni. Viðræður aðila eru á hreyfingu, en á viðkvæmu stigi að mínu mati, og ég held að þeir, sem vilja stuðla að sáttum í þessu máli, þurfi að hafa vakandi auga á því að aðhafast ekkert það sem geti orðið mönnum til sundurþykkis frekar en samstöðu sem nauðsynleg er til þess að þarna verði hægt að vinna sig fram úr því deilumáli sem menn þekkja og við höfum orðið með vissum hætti vitni að hér á hv. Alþingi í dag.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Það er enginn vafi á því, að eitt mesta hagsmunamál Norðlendinga um þessar mundir og raunar landsmanna allra er að virkjun til raforkuvinnslu verði byggð á Norðurlandi og það eins fljótt og nokkur tök eru á og að sú virkjun verði staðsett utan eldvirkra svæða. Því eru það mikil vonbrigði, ekki síst á Norðurlandi, að ekki hefur enn náðst samkomulag um fyrirkomulag Blönduvirkjunar, þar sem hún er eini virkjunarkosturinn þar sem búið er að rannsaka að nokkru ráði.

Um það má eflaust deila, í hvert sinn sem virkjun er ákveðin, hvaða sjónarmið eigi að ráða og eðlilegt sé að hafi úrslitaáhrif á hvaða kostur er valinn. Á það að vera hagkvæmnisjónarmið virkjunarinnar einnar sem á að ráða gerð hennar og fyrirkomulagi, eða á að meta það tjón og óhagræði sem landeigendur og ábúendur þeirra jarða, sem hlut eiga að máli, verða fyrir, og hvernig á að meta slíkt tjón þegar reiknað er út hvaða gerð og fyrirkomulag virkjunarinnar er hagkvæmast.? Ég er ekki svo kunnugur öllum staðháttum í sambandi við Blönduvirkjun eða hef þá þekkingu um byggingu raforkuvirkjunar að ég ætli mér að gerast dómari um hvernig á að virkja Blöndu eða hvernig á að meta þá hagsmuni sem í húfi eru fyrir landeigendur, en ég óttast þó, að sérfræðingarnir, sem rannsaka virkjunarkostina yfirleitt og taka ákvarðanir um gerð þeirra og fyrirkomulag mikli að jafnaði ekki fyrir sér það tjón sem bændur kunna að verða fyrir þegar virkjanir eru ákveðnar.

Öllum verður að vera það ljóst, að það verður ekki friður um þessi mál nema báðir aðilar sýni tillitssemi. Ef þeir, sem taka ákvarðanir um virkjanir, taka ekki tillit til hagsmuna bænda á eðlilegan hátt stefna þeir málinu í hættu, að ekki verði meira sagt, og ef bændur verða ekki við eðlilegum tilmælum og þörfum þjóðarinnar, sé á annað borð tekið tillit til hagsmuna þeirra eftir því sem hægt er af hagkvæmniástæðum, eru verulegar líkur fyrir því, að fyrr eða síðar verði tekinn af þeir umráðaréttur-inn yfir landinu. Því er mikið í húfi fyrir alla hvernig til tekst í þessum efnum.

Almennir hagsmunir krefjast þess, að Blanda verði

virkjuð og því fyrr því betra. Spurningin er því sú, hvort nú næst samkomulag um virkjunina eða hvort aðrir virkjunarkostir verða teknir á undan Blönduvirkjuninni.

Atvinnuástandið á Norðurlandi er nú með þeim hætti að í sumum stöðum er verulegt atvinnuleysi, t. d. á Akureyri og á Húsavík. Það verður því ekki undan því vikist að gera ráðstafanir til að tryggja betur og gera ráðstafanir til að örva atvinnulífið á þessum stöðum. Það getur reynst erfitt ef orka er ekki fyrir hendi, eins og hefur verið á þessum vetri. Hér eru því miklir hagsmunir í húfi fyrir Norðlendinga alla, og ég vil treysta því í lengstu lög að gifta fylgi þeim, sem eru að reyna að ná sáttum í þessu máli, og að sættir takist.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. 5. þm. Norðurl. v. fyrir að vekja máls á þessu þýðingarmikla máli hér á hv. Alþingi. Ég vil enn fremur þakka þeim sem heimsótt hafa Alþingi í dag og veitt hafa því forustu að hæstv. iðnrh. hefur verið afhent undirskriftaskjal með nöfnum margra kjósenda í Norðurlandskjördæmi vestra. Ég hygg að það sýni glöggt þann áhuga sem ríkir á þessu landssvæði fyrir orkumálum og fyrir virkjunarmálum í þeim landshluta. Ég hygg einnig að það sýni glöggt að menn telja ekki eftir sér að leggja á sig erfiði, eyða í það tíma og leggja í nokkurn kostnað til að láta áhuga sinn og vilja koma í ljós eins og hér hefur verið gert.

E. t. v. liggja þær rætur til þessara atburða, sem hér hafa gerst í dag, að því hefur verið mjög haldið á loft að í þessum landshluta væri stórkostlegur ágreiningur um virkjunarmál. Víst hefur ágreiningur verið nokkur og deilur hafa staðið, en það hefur, eins og raunar kom fram í máli hæstv. iðnrh., verið að því unnið að lægja þær öldur, að vinna að sáttum í þeim deilum. Ég er þá meira en lítið glámskyggn ef ekki hefur áunnist verulega í þessu starfi. Mér missýnist þá einnig mjög ef það er ekki svo, að eftir því sem nær dregur að menn viti að nauðsynlegt sé að taka ákvörðun um næstu virkjun landsmanna geri menn sér þess ljósa grein, hvað hér er mikið í húfi, ekki einungis fyrir þann landshluta, sem á hlut að máli að þessu sinni, heldur fyrir þjóðina í heild. Og eftir því sem menn hugsa málið ítarlegar frá þessu sjónarmiði fjölgar þeim mönnum sem vilja ganga til samstarfs um þá virkjun sem hér er um rætt í dag.

Ríkisstj. tók ákvörðun um það þegar hún var mynduð, eins og hér hefur komið fram, að næsta stórvirkjun á landinu skyldi vera utan eldvirkra svæða. Þetta er að mínum dómi ákaflega mikilvæg ákvörðun og nauðsynleg vegna þess að því fylgir of mikil hætta að halda því áfram að reisa öll okkar stærstu orkuver svo gott sem á sama bletti landsins. Þetta er ekki sagt af neinni óvild í garð þess landshluta sem þar á hlut að máli. Hitt er jafnljóst, að við ráðum ekki náttúrufari á landi okkar, við ráðum ekki því, hvenær bregður til náttúruhamfara sem við vitaskuld öll vonum að ekki verði. En við Íslendingar erum undir þá sök seldir að eiga þá hættu yfirvofandi að brugðið geti til hins verra um þessi efni. Það sannar reynslan okkur margsinnis um allar aldir. Og allt okkar atvinnulíf, allur rekstur heimila, jafnvel rekstur samgöngutækja og öryggistækja, er því háður að við eigum yfir orku að ráða. Ef svo færi að út af brygði með eldsumbrotum eða jarðhræringum þannig að stórspillti orkuafhendingu frá orkuverum, þó svo að það spillti ekki orkuverunum sjálfum, þá getur verið um vá að tefla í landi okkar. Þess vegna var nauðsynleg ákvörðun að næst skyldi virkjað utan eldvirkra svæða.

Þetta er þó aðeins einn þáttur málsins, því að orkukerfið krefst þess í raun, að virkjunum sé dreift um landið, ella nýtast orkuverin lakar, það verður tap á orkuflutningi því lengra sem orkan er flutt eftir línum þó góðar séu. Þess vegna er það einnig hagkvæmur búskapur og hyggilegt búskaparlag að reisa orkuverin víðar um landið en gert hefur verið til þessa til að nýta orkuna sem best. Þessu má alls ekki gleyma í þessu máli. Það er stór þáttur þessa máls.

Ég skal ekki rekja frekar öryggisþátt þessa máls, að honum hefur þegar verið vikið, m. a. í ágætri ræðu hv. 2. þm. Norðurl. e., en sá þáttur er þó mjög veigamikill.

Þegar öryggisþættinum sleppir er vitaskuld hagkvæmniþátturinn veigamestur og hann hlýtur alltaf að verða gífurlega mikilsverður í stórmáli sem þessu. Það er stórmál að virkja á Íslandi. Það kostar enga smápeninga. Ef um stærri virkjanir er að ræða kostar það ekki minna en frá 50—100 milljarða gkr. Miðað við þær kostnaðaráætlanir, sem fyrir liggja um Blönduvirkjun, svo að það dæmi sé tekið, er gert ráð fyrir, miðað við verðlag frá síðasta hausti, að hún kosti 73 milljarða gkr. Það eru því stórar fjárhæðir sem hér er um að tefla. Okkur er skylt að nýta þetta fjármagn eins vel og mögulegt er. Við höfum nóg með fjármagn að gera, Íslendingar, og við þurfum einnig að gæta þess, um leið og nauðsynlegs öryggis er gætt, að hafa þennan þátt ákaflega sterkt í huga og hann hlýtur að ráð úrslitum þegar til kasta kemur í vali á milli virkjunarkosta, ef þeir kostir eru taldir sambærilegir hvað snertir öryggissjónarmið og stöðu vegna flutningskerfisins.

Þetta tel ég rétt að láta koma fram, að um leið og við erum hér að ræða Blönduvirkjun tel ég að hagkvæmni í virkjunarkostum hljóti að ráða þegar til kasta kemur, ef um sambærilegt öryggi er að ræða og ef um sambærilega stöðu er að tefla hvað snertir afhendingu orkunnar með tilliti til orkukerfisins.

Nú er það svo, að í þeim áætlunum, sem ég hef séð, og eru þær áætlanir þó því marki brenndar að þær geta breyst, stendur Blanda í fremstu línu og framar en aðrir kostir. Sérfræðingar hafa talið að þar væri svo lítill munur að ekki væri hægt að gera upp á milli svo að marktækt væri. Víst kann allt slíkt að vera háð breytingum við frekari úrvinnslu gagna, en eftir þeim gögnum, sem ég hef séð, taka ekki aðrir kostir Blöndu fram hvað hagkvæmni snertir. Þess vegna er í raun verið að vinna að þjóðnýtu viðfangsefni þegar unnið er að framgangi þessa virkjunarmáls.

Ég vil aðeins segja það, að þau gögn, sem fram hafa verið lögð hér í dag, ásamt því að flytja þetta mál hér inn á hv. Alþingi, tel ég vera mikilsverðan þátt í því að vinna gegn nokkuð útbreiddum misskilningi þjóðarinnar og kannske Alþingis, sem sé þeim misskilningi að þeir, sem væru á móti þessu máli á Norðurlandi vestra, væru yfirgnæfandi hluti fólksins á því landssvæði. Ég hef orðið var við þessa skoðun hér og þar. Þetta er mikill misskilningur, eins og allir hljóta nú að sjá. (**StJ:** Á hverju sjá þeir það?) Þið sjáið það væntanlega á því, hv. þm. Stefán Jónsson, að meiri hluti atkvæðisbærra manna í þessu kjördæmi hefur ritað undir meðmæli með þessu máli og það verulegur meiri hluti og eins og allir sjá var við þær aðstæður hvergi nærri um tæmandi úrtak að ræða.

Ég held að það hafi verið í raun og veru tími til kominn

að hv. Alþingi og þeir, sem vinna að fjölmiðlun meðal þjóðarinnar, áttuðu sig á því, að þó að fyrir nokkrum árum væru nokkuð háværari þær raddir sem lýstu andstöðu við þessar virkjunarframkvæmdir er það yfirgnæfandi meiri hluti sem styður þær. Og er ég meira en lítið glámskyggn ef það er ekki svo, að flestir séu komnir á þá skoðun að þeir vilji ná saman um þetta mál. Það er unnið að því í samninganefndum og fundir verða í samninganefndum þegar á morgun um þessi mál áfram. Það er sannarlega von mín að þeir samningafundir leiði til þess að samkomulag takist.

Hitt er svo aftur annað mál, að það er kannske tæplega þess að vænta að allir, hver og einn einasti maður, verði sammála um svona stórmál. Ég get tæplega búist við því. Og þá er spursmál: Er það réttlætanlegt að örfáir menn stöðvi það? Ég tel það tæplega.

Varðandi það, sem fram hefur komið í sambandi við þær samningaumræður sem yfir standa, liggur fyrir að athugaðir hafa verið ýmsir kostir varðandi virkjunartilhögun. Þeir kostir voru athugaðir á árunum 1974—1976 og þeir kostir hafa verið athugaðir að nýju. Það verður því miður að segja að yfirleitt eru þau frávik á virkjunartilhögun frá því, sem aðalkosturinn greinir, því marki brennd að breytingarnar kosta ákaflega mikið fé. Þá er að meta hvort ekki sé hægt að verja því fé betur með öðrum hætti en þó að takist að friða nokkurn hluta af því landi sem ella færi undir vatn. Ég þykist vera landsár maður og flestir bændur eru landsárir, en það er ljóst að ekki er hægt að kosta of miklu til. Það er a. m. k. ljóst, að það er hægt að kosta of miklu til að verja tiltekið landssvæði þegar um slíka hagsmuni er að tefla sem hér hefur verið lýst. Yfirleitt er það svo annars staðar, þar sem virkjunarkostir eru í öðrum landshlutum, að leggja þarf mikið land undir vatn, og virkjanir eru þess eðlis, að ef þær eiga að búa við öryggi þurfa þær miðlunarlón á bak við sig sem annað tveggja er til staðar þegar virkjun er byggð í náttúrlegu umhverfi, eins og Þórisvatn, eða þá hitt, að þetta lón verður að mynda með því að leggja land undir vatn. Þetta er nauðsynlegt til að eiga forða þegar vatnsrennsli er minna og þarf ekki útskýringa við.

Ég held að það sé ekki ástæða til þess að ég fjalli um þetta efni í löngu máli. Ég vil aðeins segja það og taka undir það sem kom fram hjá hv. þm. Stefáni Valgeirssyni og ég hef raunar stundum sagt áður, að við þurfum að gæta okkar sem viljum varðveita eignarréttinn. Ég vil taka undir þessi orð hans. Við, sem viljum varðveita þennan eignarrétt, þurfum að halda á honum af festu, en þó skilningi og víðsýni, þannig að við séum reiðubúnir að meta stærri hagsmuni meira en minni hagsmuni og halda á eignarréttinum þannig að þjóðfélagið krefjist þess ekki, að hann sé af okkur tekinn. Þá væri sannarlega illa farið. Ég sé sérstaka ástæðu til að ítreka orð hv. þm. Stefáns Valgeirssonar.

Ég legg einnig áherslu á að út frá þessum sjónarmiðum um að meta stærri hagsmuni meira en minni hagsmuni takist að ná sáttum og samkomulagi um þann virkjunarkost sem að lokum verður metinn hagstæðastur af samkomulagsaðilum og að eðlilegar og sanngjarnar bætur verði greiddar fyrir landspjöll og annað rask sem virkjunarframkvæmdum er samfara. Þær bætur eru sjálfsagðar og ég tel að það sé fullur vilji hjá yfirvöldum orkumála í landinu að greiða slíkar bætur. Þær bætur þurfa að miðast við að vinna sem mest upp á nýjum vettvangi það gróðurlendi sem tapast við virkjunarframkvæmdir. Annars ætla ég ekki að fara út í einstakar leiðir varðandi bætur. Það er samningsatriði sem samningsaðilar hafa í hendi sér og vonandi næst samkomulag um.

Ég vil svo ljúka þessum orðum með því að endurtaka þakklæti mitt til hv. 5. þm. Norðurl. v. og lýsa enn fremur þakklæti mínu við þá mörgu sem lagt hafa á sig erfiði, mikla vinnu og lagt í kostnað til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Það er í rauninni fremur sjaldgæft að hinn þögli meiri hluti komi sjónarmiðum sínum á framfæri í einstökum málum, en það hefur nú verið gert og það með myndarlegum hætti.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Það hefði kannske verið ástæða að gera nokkra athugasemd við upprröðun á mælendaskrá hjá forseta, þ. e. að ráðherrar skuli geta skotið sér inn í umr. eins og hér hefur verið, og eiga þó ekki beina aðild að málinu. Það er eðlilegt að hæstv. iðnrh. tali hér. Ég veit ekki hvort hæstv. landbrh. á erindi á mælendaskrá á þann hátt sem varð hér raunin.

Ég vil eingöngu, herra forseti, ítreka þau sjónarmið sem ég hef áður látið koma fram í þessu máli. Það er orðið langt síðan ég varaði við því, bæði í blaðagreinum og á fundum Fjórðungssambands Norðlendinga, að þær deilur, sem upp voru að koma í Norðurlandi vestra, mundu leiða til þess, að þetta mál kæmist í sjálfheldu. Ég hef einnig bent á það, að við höfum fyrir okkur dæmi frá Laxárvirkjunardeilunni. Það dæmi er þess eðlis að þar er nú ódýrasti virkjunarkostur landsins — 18 mw. — sem hægt er að fá með hækkun stíflu, en því miður er ekki leyfilegt. Ég hef líka tekið það skýrt fram, að ég tel, að brýna nauðsyn beri til þess að ná sáttum í þessu máli á einhvern hátt, og hef lagt á það hvað drýgsta áherslu. En ég hef líka sagt, að fyrir hönd Norðlendinga sé það mjög alvarlegt ef deilur heima í héraði verða þess valdandi, að hæstv. iðnrh. sér ástæðu til að fresta þessum virkjunarkosti og taka annan upp, sem gæti í þessu tilviki verið Fljótsdalsvirkjun, og þætti mér ekki ólíklegt að þau yrðu endalok þessa máls.

Mér finnst menn gleyma því, sem er býsna alvarlegt, í þessari umr., að það er ekki eingöngu um að ræða að það verði unnin spjöll á landi, heldur erum við að ræða um stórkostleg atvinnumál. Við erum að ræða um þróun atvinnumála og þróun iðnaðar ekki bara á Norðurlandi vestra, heldur Norðurlandi eystra, einnig þegar við erum að tala um virkjun Blöndu.

Því hefur verið marglýst yfir af orkumálastjóra og fleiri sérfræðingum, að Blanda væri einn hagkvæmasti virkjunarkosturinn á landinu öllu. Því er kannske rétt að bæta við, að það eru til fleiri hagkvæmir virkjunarkostir og við eigum að hraða okkur í þessum virkjunarmálum. Sá véfréttastíll, sem verið hefur á svörum hæstv. iðnrh. í sambandi við væntanlegar virkjunarframkvæmdir, er nánast að verða óþolandi. Það verður að fara að taka einhverja ákvörðun í þessu máli, hæstv. iðnrh. Þar væri kannske skynsamlegast að leggja undir 2-3 virkjanir, en ekki eingöngu eina.

Mig langar að benda á nokkrar staðreyndir í þessu máli og þá sérstaklega í atvinnulegu tilliti. Það, sem ég nefni, varðar það kjördæmi, sem ég er þm. fyrir, og það kjördæmi, sem þessi virkjun á að verða í.

Vettvangsrannsóknir vegna Blönduvirkjunar fóru fram á vegum Orkustofnunar árin 1973-1979, mest þó tvö síðustu árin. Þar hafa verið gerðar mjög ítarlegar, mjög nákvæmar rannsóknir. Það hefur verið gerð rann-

sókn á lífríki vatna og lífríki og nytjum heiðanna. Að þeim hafa staðið auk Orkustofnunar Veiðimálastofnun og Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Náttúrugripasafnið á Akureyri annaðist náttúruverndarkönnun sem gerð var 1976.

Náttúruverndarráð — og nú legg ég þunga áherslu á málið — Náttúruverndarráð hefur fjallað um fyrirhugaða Blönduvirkjun og í umsögn sinni hefur það ekki lagst gegn virkjuninni. Þessi þáttur hlýtur að vega þungt.

Mig langar einnig að minna á þær tölur sem orkuspárnefnd hefur gert um mannafla í atvinnugreinum hér á landi fram til ársins 2000. Er gert ráð fyrir því, að fram til ársins 2000 fækki í landbúnaði um 2300, í fiskvinnslu verði nánast engin aukning atvinnutækifæra, í fiskiðnaði verði nánast engin aukning atvinnutækifæra, — einfaldlega vegna tækninýjunga sem þar bætast við, í byggingarstarfsemi verði sáralítil aukning, en það verði iðnaðurinn, sem þurfi á að halda 6100 nýjum atvinnutækifærum, *og þjónustugreinar hvorki meira né minna en 22000 nýjum atvinnutækifærum.*

Þá langar mig að minna á þá staðreynd, að í könnun, sem byggðadeild og Fjórðungssamband Norðlendinga stóðu fyrir meðal iðnaðarfyrirtækja á Norðurlandi á síðasta ári, kom í ljós að 89 norðlensk iðnaðarfyrirtæki af 239, sem spurð voru, áforma að bæta við sig samtals 310-450 manns á næstunni. Hjá þessum fyrirtækjum unnu samtals 1843 menn árið 1978. Áformaður vöxtur þeirra er því 17-25%. Ef áform fyrirtækjanna komast til framkvæmda á þremur árum er árlegur vöxtur í mannafla fyrirtækjanna 5.3-7.6%, en ef þau nást ekki nema á fjórum árum lækkar árlegur vöxtur mannafla þeirra í 4-5.7%.

Í þessari könnun segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Af framansögðu er ljóst, að ef ekki kemur til sérstakt átak til eflingar iðnþróun mun iðnaður ekki geta orðið sá vaxtarbroddur framleiðsluatvinnuvega sem þarf til þess að öllum nýliðum á vinnumarkaði svæðisins gefist kostur á atvinnu heima fyrir."

Þetta er kannske kjarni þess máls sem við erum að tala um, þ. e. þau atvinnutækifæri sem þarf að skapa á Norðurlandi fram til ársins 2000. Þau verða ekki sköpuð í fiskiðnaði. Þau verða ekki sköpuð í landbúnaði. Þau verða sköpuð með nýiðnaði og uppbyggingu nýiðnaðar. Það er af þessari ástæðu fyrst og fremst að ég tel að Blönduvirkjun sé Norðlendingum og Norðurlandi brýn nauðsyn. Og kannske meiri nauðsyn en í flestum öðrum landshlutum. Ég vil leggja áherslu og höfuðáherslu á þennan þátt.

Þá kemur í ljós að að öllu óbreyttu mun annar iðnaður á Norðurlandi, og þá er verið að tala um iðnað utan fiskiðnaðar, veita um 2900 manns atvinnu árið 1983. Ef svo verður samkvæmt þessari spá vantar atvinnu fyrir *1550 manns ef allir nýliðar á vinnumarkaði norðanlands* eiga að geta fengið atvinnu heima fyrir. Hvað gerir þetta unga fólk ef það fær ekki atvinnu heima fyrir? Það hverfur á braut. Það fer í burtu. Það, sem ég tel alvarlegast í því sem við erum að ræða um hér, er sú byggðaröskun sem getur skapast af þeirri þróun sem gæti orðið vegna þess að einhverjir stöðvuðu þær virkjunarframkvæmdir sem fyrirhugaðar eru og hagkvæmastar eru á öllu landinu.

Ég vil, herra forseti, hafa það sem mín lokaorð, að vissulega tek ég undir það að ná þurfi sáttum í þessu máli, en sættir mega ekki verða svo dýru verði keyptar að þarna verði um óhagkvæma virkjun að ræða. Slíkt kemur ekki til greina. Fyrst og fremst eru það sættir heimamanna, sættir manna í Norðurlandskjördæmi vestra, sem öllu skipta, því ef aðrir hagsmunaaðilar, ef ég má orða það svo, geta litið á ósættina í heimabyggðinni þannig að það borgi sig ekki að standa í þrefi sem leitt geti til annarrar Laxárdeilu líst mér ekki á blikuna.

Egill Jónsson: Herra forseti. Það var svo að skilja á þeim hv. þm. sem hóf þessa umræðu að hún ætti að fjalla almennt um orkumál. Það er þannig kannske ekki alveg sérstaklega viðeigandi að það séu aðeins alþm. úr einu eða tveimur kjördæmum sem tjái sig í þessu máli, — ekki síst þegar öllum er ljóst í hvaða ástandi orkumálin eru á þessu landi og hversu mikil og brýn nauðsyn er að taka þar sem skjótast glöggar ákvarðanir.

Það, sem hefur einkennt þessa umræðu og kemur fram í máli nálega allra ræðumanna, nema þá að fráteknum hæstv. iðnrh., er að málið sé svo einfalt að það sé aðeins um eina virkjun í þessu landi að ræða og að það sé aðeins þörf á einni virkjun. Menn geta að sjálfsögðu haft þessar skoðanir út af fyrir sig, en Austfirðingar hafa ekki þessar skoðanir.

Það hefur verið um margra ára skeið unnið að undirbúningi Fljótsdalsvirkjunar. Tilefni að því voru m. a. tillögur sem Sverrir Hermannsson flutti á Alþingi fyrst árið 1973, en voru síðan samþykktar á Alþingi sem ályktun Alþingis árið 1975. Að vísu voru þær að því leyti breyttar að þar var einvörðungu talað um virkjunarrannsóknir, en ekki tengdar stóriðjuáformum við Reyðarfjörð, eins og tillaga Sverris Hermannssonar gerði sérstaklega ráð fyrir. Um það mál var ekki þá samstaða meðal alþm. á Austurlandi og þess vegna var þessi till. ekki samþykkt nema að hálfu leyti.

Á þessari tillögugerð og þessari samþykkt hafa síðan verið í meginatriðum byggðar þær mikilvægu virkjunarrannsóknir sem farið hafa fram á Austurlandi og þá sérstaklega í sambandi við virkjun í Fljótsdal. Þær hafa vissulega skilað miklum árangri þó að ég láti mér ekki detta í hug, eins og aðrir ræðumenn hér á undan mér, að fara að meta niðurstöður þeirra áður en þær liggja fyrir. Það er háttur í málflutningi sem ég kann ekki sérlega vel við þegar menn eru hér að dæma um hagkvæmni einstakra virkjunarkosta án þess að fyrir liggi skýrslur þar um. En það er að sjálfsögðu þeirra mál.

Það er annað sem hefur þróast á Austurlandi til mjög ánægjulegs vegar. Ég gat um það áðan, að það hefði ekki orðið samstaða meðal þingmanna Austurlands, sem áttu sæti á Alþingi árið 1975, um það, að inn í samþykkt till. frá Alþingi félli rannsókn á stóriðju við Reyðarfjörð. En Austfirðingar tóku málið sjálfir í sínar hendur að því er þetta varðaði. Fyrsti þátturinn í þeim efnum var fundur sem atvinnumálanefndir byggðarlaganna við Reyðarfjörð, þ. e. Reyðarfjörður og Eskifjörður, héldu árið 1978 og komust þá að algjöru samkomulagi um það, að stefnt skyldi að uppbyggingu stóriðju við Reyðarfjörð í tengslum við Fljótsdalsvirkjun. Sveitarstjórnir þessara sömu byggðarlaga *héldu ári síðar sameiginlegan fund* þar sem líka var algjör samstaða um þetta mál. Þarna áttu hlut að máli fulltrúar sveitarfélaganna. Og það gilti einu hvar í flokki þeir stóðu, það voru allir, bæði í atvinnumálanefndum Reyðarfjarðar og Eskifjarðar og eins í sveitarstjórnunum sjálfum, alveg sammála um að hverju skyldi stefnt í þessum málum. Samhliða þessu fór að

sjálfsögðu fram um allt Austurland mjög mikilvæg umræða, bæði um virkjunarmálin og eins stóriðjumálin, og hafði þar einkum forgöngu um Samband sveitarfélaga á Austurlandi, en þar fyrir utan var þetta mál rætt um allt byggðarlagið og m. a. í Austur-Skaftafellssýslu þar sem allar samþykktir hnigu í sömu átt. Því var það á síðasta aðalfundi Sambands sveitarfélaga á Austurlandi, sem var haldinn norður í Vopnafirði í ágústmánuði s. l., að þar var tekin alveg skýr afstaða með Fljótsdalsvirkjun í tengslum við stóriðjuuppbyggingu á Reyðarfirði. Það var ekki einn einasti maður á þeim fundi í andstöðu við þá samþykkt, og það hefur ekki heyrst ein einasta rödd á Austurlandi sem hefur gengið á móti þeirri stefnu sem þar hefur verið mörkuð í sambandi við þessi mál. Það hygg ég að sé kannske langmikilvægasta innleggið í orkumál og iðjumál á Austurlandi, hve öll byggðarlögin þar, bæði stór og smá, eru algjörlega sammála um hvað þar skuli gert.

Ég tók eftir því, að þulurinn í sjónvarpinu sagði frá því í gærkvöld að það mætti fljótlega búast við stórum sendinefndum úr kjördæmum þar sem virkjunaráform stæðu fyrir dyrum. Við þm. Austurlands höfum fengið sendinefndir á okkar fund. Við höfum fengið þær bæði nú á þessu ári og áður. Þingmenn Austurlands fengu t. d. sendinefndir frá Reyðarfirði og Eskifirði á sinn fund og þá voru þessar sendinefndir skipaðar æðimörgum mönnum, — kannske upp undir tíu manns, eftir því sem á stóð. En það hefur alltaf verið að fækka í þessum sendinefndum af Austurlandi. Núna á þessu ári hafa ekki verið nema tveir menn í þessum sendinefndum. Það er eins og það sé einn aðalmaður og annar til vara ef eitthvað sérstakt félli upp á. En þetta hefur að sjálfsögðu verið til ákaflega mikilla þæginda vegna þess að þessir menn hafa getað talað í nafni Austurlands alls. Þeir hafa ekki þurft að skýra það fyrir þm. Austurlands, að það væri ekki samstaða um þessi mál á Austurlandi. Sendinefndir getur nefnilega borið að með ýmsum hætti og þær eru að sjálfsögðu misfjölmennar, alveg eftir því hvað það er góð samstaða í byggðarlögunum á bak við þá sem fara í slíkar sendiferðir.

Ég vil nú vænta þess, að þessi mál fari öll bráðlega að skýrast, og ég treysti því, að þar sé um það vönduð vinnubrögð að ræða að hægt verði að glöggva sig á þeim valkostum sem sérstaklega verða fyrir hendi. Hitt hygg ég að Austfirðingum sé alveg ljóst, að virkjun í fjórðungnum verður ekki byggð með öðrum hætti en þeim, að myndarlega verði tekið á iðjumálunum líka. Það hefur reyndar alltaf nú á síðari árum verið annar hluti af virkjunaráformum þar.

Það er virkilega stórt mál og það markar sannarlega tímamót í sögu orku- og iðjumála á Íslandi ef menn reynast það framsýnir að treysta sér að taka þannig á málum að það sé ekki verið að metast um hvar orkuver eigi að standa sem slík, heldur að það eigi að nota það fjármagn, sem felst í slíkri orku, til atvinnuuppbyggingar í þessu landi. Þá er að sjálfsögðu ákaflega mikilvægt að hafa þannig heildarsýn yfir þau mál að það sé ekki bundið við einn eða tvo landshluta.

Það er satt að segja einn allra stærsti kosturinn við virkjun í Fljótsdal, að það verður ekki komist hjá því að taka þar jafnhliða ákvörðun um myndarlega atvinnuuppbyggingu.

Ég vil svo að lokum, herra forseti, leggja á það þunga áherslu, að þessi umræða verði ekki til þess að smækka okkur hér á Alþingi, smækka áform okkar í stóriðju- og virkjunarmálum, hún verði ekki til þess að þrengja þau sjónarmið sem Alþingi þarf að hafa þegar teknar verða ákvarðanir um stórátök í virkjunar- og iðjumálum, væntanlega á þessum vetri.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Ég mun stytta mál mitt. — Hæstv. landbrh. sagði að sér fyndist að fáir menn ættu ekki að geta stöðvað svo þjóðhagslega hagkvæmt fyrirtæki sem hér er um að ræða. Mér þykir vænt um að heyra þetta, því þá virðist hann vera komin á sama mál og Alþfl. í þessum efnum.

Það hefur mikið verið talað um það hér og reyndar áður að dreifa áhættunni og virkja utan eldvirkra svæða, eins og það er kallað. Í því sambandi vil ég geta þess, að Sultartangavirkjun, sem er næsta virkjun sem hugsuð er sem virkjun á Suðurlandi, er utan eldvirkra svæða. Hún stendur á jafngömlu bergi og Reykjavík og ég hef ekki heyrt talað um að Reykjavík væri á eldvirku svæði. Auk þess er hún utan við það sem venjulega er skilgreint sem hættusvæði vegna Suðurlandsskjálfta, vegna jarðskjálfta á Suðurlandi.

Í þessum efnum á ekki að tala um annaðhvort eða, heldur bæði og. Hrauneyjafossvirkjun verður fullnýtt árið 1985 þótt engin aukning í stóriðju eða orkufrekum iðnaði eigi sér stað. En auðvitað hlýtur veruleg aukning í orkufrekum iðnaði að eiga sér stað ef við ætlum ekki að sætta okku við að lífskjör alls almennings haldi áfram að versna. Við höfum við núverandi aðstæður ekki efni á að láta eina af þremur helstu náttúruauðlindum okkar að mestu ónýtta. Við verðum að hraða mjög nýtingu þessarar auðlindar til hagsbóta fyrir fólk í þessu landi, og við eigum að miða að því að ljúka við allar þær þrjár virkjunarframkvæmdir, sem verið er að tala um, á 10-12 næstu árum.

Sultartangavirkjun er eina virkjunin sem gæti orðið tilbúin til orkuframleiðslu árið 1985. Þess vegna á að hefjast handa þar í beinu framhaldi af Hrauneyjafossvirkjun. Þannig nýtist best vel þjálfaður mannskapur, vélakostur og annað sem fylgir slíkri mannvirkjagerð. Orka Sultartangavirkjunar er áætluð 124 mw. plús 30 mw. sem mundu bætast við Búrfellsvirkjun, vegna þess að hagkvæmni hennar mun aukast mjög við þessa framkvæmd, og gefur það Sultartangavirkjun aukna hagkvæmni miðað við útreikninga að öðru leyti. En það á einnig, einmitt vegna þess að vinna við byggingu Sultartangavirkjunar kemur ekki til með að endast nema í 2-3 ár ef sæmilega er staðið að atvinnuuppbyggingu í þessu landi, að hefjast handa um framkvæmdir við Blöndu strax og samkomulag næst við landeigendur. Þar til viðbótar á einnig að halda áfram undirbúningi við Fljótsdalsvirkjun og hefja framkvæmdir þar strax og stór orkukaupandi eða stórir orkukaupendur eru til, enda hefur ekki verið sýnt fram á það enn þá að Fljótsdalsvirkjun sé hagkvæmur virkjunarkostur nema fyrsti áfangi verði tiltölulega mjög stór og þá um leið ekki nema stóriðja eða mjög orkufrekur iðnaður fylgi með.

Herra forseti. Við eigum strax að ráðast í Sultartangavirkjun og miða að því, að hún verði tilbúin til orkuframleiðslu 1985. Enn fremur eigum við strax og aðstæður leyfa að ráðast í Blönduvirkjun og miða að því, að hún verði tilbúin til orkuframleiðslu 1987 eða 1988. Og við eigum að halda áfram undirbúningi að Fljótsdalsvirkjun og hefja framkvæmdir þar strax og markaðsað-

stæður leyfa. Samtímis þessu eigum við að flýta könnun á möguleikum til aukinnar stóriðju, bæði eins og við skilgreinum það hugtak venjulega og til stóraukins annars orkufreks iðnaðar.

Ef við stöndum ekki þannig að málum getum við varla búist við verulega aukinni hagsæld almennings hér á landi á næstunni, sem við hljótum þó öll að stefna að.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Eins og hæstv. iðnrh. gat um í ræðu sinni áðan urðu hér umræður um fsp., sem ég bar fram til hans, um mánaðamótin jan.-febr., þar sem hann lýsti því yfir, að á yfirstandandi þingi yrðu teknar ákvarðanir um næstu stórvirkjun. Hann ítrekaði þá yfirlýsingu sína hér áðan og því ber að fagna. Í þessum umræðum var auðvitað farið vítt og breitt yfir hagkvæmni ýmissa virkjana og það hefur verið gert í umr. hér áðan, og þess vegna get ég farið að óskum forseta og reynt að stytta mál mitt. Þar að auki hygg ég að t. d. gestir okkar hér í dag hafi margir heyrt mig síðustu áratugina eða svo berjast fyrir virkjun Blöndu og reyndar stórvirkjunum yfirleitt og orkufrekum iðnaði að vissu marki. Vissulega er það gleðilegt tímanna tákn, að nú ræða talsmenn allra stjórnmálaflokka meira og minna um nauðsyn þess að við nýtum okkar orkulindir og gerum það jafnvel býsna hratt, eins og síðasti ræðumaður t. d. vék að. Ég er honum sammála um að það er alveg áhættulaust að fara talsvert hratt í virkjanir.

Ég hélt satt að segja að þegar stefnuyfirlýsing ríkisstj. var birt mættu menn vera nokkuð öruggir um að Blanda yrði næst virkjuð. Það var talað um að virkja næst utan eldvirkra svæða. Ég held að menn hafi einmitt haft hliðsjón af því, að næsta virkjun yrði þá ekki á Þjórsársvæðinu, hvað sem jarðfræði líður, eins og síðasti ræðumaður var að nefna hér. Þá var ekki nema um tvær virkjanir að ræða: Blönduvirkjun og stóru virkjunina á Austurlandi, Fljótsdalsvirkjun, sem vissulega er ekki hagstæð virkjun nema hún verði mjög stór strax í fyrsta áfanga og þá með stóriðju. Sumir telja það óhagstætt að stóriðja skuli verða að fylgja slíkri virkjun. Það tel ég ekki. Ég tel æskilegt að eitt stóriðjufyrirtæki rísi á Austurlandi og annað á Norðurlandi. En hins er að gæta, að það tekur mjög langan tíma að ná slíkum samningum og að byggja slíkt stórt orkuver og samhliða iðjuver sem á að nota orkuna, þannig að það lá í augum uppi að fyrst yrðu menn þá að ráðast í virkjun Blöndu af því að þar var ekki nauðsyn á neinni stóriðju. Það er hægt að flytja nærri því helming orkunnar hingað suður til Reykjavíkur. Það hefur ekki komið hér fram í röksemdum fyrir Blönduvirkjun, sem er ekki síst mikilvægt og þá einmitt fyrir Suðvesturlandið, að með því að geta flutt orku úr tveim áttum eftir línum, sem þegar eru til, eykst auðvitað öryggi hér suðvestanlands gífurlega. Ég held að Reykvíkingar ættu ekki síður en aðrir að berjast fyrir því, að Blanda verði virkjuð og það sem allra fyrst. Að hluta til er auðvitað hægt að nota orkuna frá Blöndu til þeirrar stóriðju, sem þegar er fyrir hendi í Hvalfirði, og yrði vafalaust gert.

Til að forðast allan misskilning bæti ég við að ég er mjög eindreginn stuðningsmaður Fljótsdalsvirkjunar og ég tel að það eigi að leggja í þær framkvæmdir eins fljótt og nokkur kostur er, en það verður ekki gert alveg á næstu árum af þeirri ástæðu, eins og ég áðan gat um, að það tekur langan tíma að ná samningum um stóriðju og það tekur miklu lengri tíma að fullhanna svo stórt iðjuver en það sem minna er og einfaldara í sniðum, þar sem Blanda er.

Síðasta árið hef ég ekki haft mjög hátt um Blönduvirkjun, meðfram vegna þessarar yfirlýsingar í sáttmála ríkisstj. Að vísu tek ég það plagg ekki ýkjahátíðlega, — það er nú búið að svíkja í því flest, — en engu að síður hafði maður þó von um að við yrði staðið að næsta virkjun yrði utan eldvirkra svæða, og þá var það auðvitað Blönduvirkjun. Ekkert annað gat komið til greina ef ekki átti að bíða svo lengi að landið yrði orðið orkulaust, yrði orkuþurrð, ekki bara til stóriðju, heldur líka til almennrar notkunar. Það held ég að allir menn viti og sjái í hendi sér.

Ástæðan til þess, að ég m. a. hef ekki haft mjög hátt um Blönduvirkjun, er sú, að það hafa verið deilur í kjördæminu. Að vísu er það ekkert vafamál — ég fullyrði það — að yfirgnæfandi meiri hluti fólks í þessum landshluta vill fá Blönduvirkjun og vill fá hana strax. En það eru aðrir sem hafa talið að óhætt væri að fara lítið eitt hægara, athuga sinn gang betur og hafa meir séð eftir þeim landspjöllum, sem óneitanlega verða, heldur en aðrir menn hafa gert. Ég hef fyrir mína parta viljað reyna að leggja mig fram um að sættir gætu náðst, jafnvel þó virkjunin yrði eitthvað dýrari en ella. Það eru einmitt, eins og hér hefur komið fram, samningamenn að störfum þessa dagana, og ég held að við hljótum öll að vona og treysta að einmitt núna, alveg næstu daga, — ég vil segja daga, en ekki vikur, — verði á það reynt að ná þessu samkomulagi.

Það er kannske svo, eins og einhver ræðumaður vék að, að aldrei getur hver einasti maður verið sammála um slíka stórframkvæmd. Stjórnarskráin gerir raunar ráð fyrir því, að hagsmunir eins og eins manns eða örfárra manna verði að víkja fyrir almannaheill. Helst ætti ekki til þess að koma að neinn maður þurfi að kúga. Ég hef einhvern veginn trú á því, að svo fari að engan mann þurfi að kúga í þessu máli. Ég held að ef menn snúa bökum saman um það núna alveg næstu dagana — og ég endurtek: dagana — að reyna að leysa þetta mál geti það leystst svo farsællega að allir geti vel við unað. Það skulu verða mín síðustu orð hér nú. Ég vona sem sagt einlæglega að sú lausn náist sem allir getir vel við unað.

Það er vissulega ánægjulegt að fólkið í kjördæminu og á Norðurlandi öllu hefur lýst hug sínum til þessa máls. Auðvitað er þetta líka hagsmunamál Vestfjarðanna, Vesturlands, en alls ekki síst Suðurlandsins og stór-Reykjavíkursvæðisins þar sem vandræðin yrðu auðvitað langsamlega mest ef allt rafmagn færi. — Við skulum játa að við erum langóviðbúnastir. Fólkið í sveitunum hefur þó — sums staðar a. m. k. — nokkur tækifæri til að bjarga sér, en ef við missum allt rafmagn og allan hita erum við algerlega ósjálfbjarga.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég vil fyrst óska fólki á Norðurlandi vestra til hamingju með þessa myndarlegu suðurgöngu. Ég skil það vel, að íbúar í Norðurlandi vestra hafi miklar áhyggjur af því, að sundurlyndi í héraði eða kröfuharka fámenns hóps þar verði til þess að tefja fyrir eða hindra virkjun Blöndu. Það er vissulega ástæða til að óttast það eins og málin hafa gengið að undanförnu.

Það er kannske ekki nema von að íbúar á Norðurlandi vestra hafi haft sérstakar áhyggjur af þessu — líka af því að heyra málflutning hæstv. iðnrh. Ég get ekki sagt að

málflutningur hans hér í dag hafi sefa þennan ótta eða gefið ástæðu til þess að úr honum drægi. Það sterkasta, sem hæstv. ráðh. hafði um þetta að segja, var að hann vonaði náttúrlega að þannig tækist að halda á málum að Blanda kæmi til álita varðandi stefnuna til langs tíma. En vitaskuld hafa Austfirðingar líka áhuga á sínum virkjunarmálum og það er von.

Í þessu sambandi vil ég sérstaklea vekja athygli á því, að landshlutatogstreita má ekki verða til þess að tefja fyrir virkjunarframkvæmdum hér á landi. Blanda hefur átt sér marga ötula talsmenn, eins og bæði Árna Gunnarsson alþm. og Finn Torfa Stefánssons fyrrv. alþm., og það hafa líka verið til ötulir talsmenn fyrir virkjun í Fljótsdal. Engu að síður er það svo, að sú spurning, sem fyrir okkur liggur, snýst í rauninni fyrst og fremst um hvort við ætlum að virkja til stóriðju eða ekki. Mér virðast þau áform, sem uppi eru, vera af því tagi að það eigi ekki að virkja til stóriðju. Þau áform, sem uppi eru, og það má ráða af ræðu hæstv. iðnrh., beinast að því, að það komi hér inn virkjun á árinu 1987 eða 1988. Það þýðir að ekkert svigrúm er til frekari stóriðju. Það er ekkert svigrúm til frekari framkvæmda í orkufrekum iðnaði fram til þess tíma og mjög takmarkað þá.

Ef við lítum á hver virkjunarhraðinn hefur verið að undanförnu er það svo, að ef við héldum sama virkjunarhraða á komandi árum og við höfum haft, og uppbygging í orkufrekum iðnaði hefur ekki verið sérlega mikil, ættu allar þær þrjár virkjanir, sem hér hafa verið gerðar að umtalsefni, að vera komnar í gagnið innan 12 ára, — ef við bara héldum sama virkjunarhraða og á undanförnum 15 árum. Ef hugmyndin er hins vegar að mæta þörfinni fyrir aukna atvinnu, fyrir fleiri atvinnutækifæri, með stóriðju, með orkufrekum iðnaði, sem er áreiðanlega langbesti valkosturinn í þessum efnum, á virkjunarhraðinn vitaskuld að vera meiri en hann hefur verið að undanförnu. Ef hann væri 50% meiri en hann hefur verið að undanförnu ættu allar þær þrjár virkjanir, sem hér hafa verið gerðar að umtalsefni, að vera komnar í notkun innan átta ára. Það er þessi stefna sem ég tel að þurfi að marka hér á Alþingi. Ef sú stefna liggur fyrir er ekkert meginmál hver röðin verður nákvæmlega.

Allir góðir menn vænta þess væntanlega að þær sættir takist að enginn þessara virkjunarvalkosta lendi út undan á þessu tímabili. Að því hljóta allir að vilja vinna. Þess vegna held ég að jafnvel þótt áhyggjur séu á Norðurlandi vestra um þessi mál og líka á Austfjörðum sé það meginstefnumörkunin sem skiptir sköpum og það skipti ekki meginmáli hvar byrjað er, svo framarlega sem menn geta haldið þannig á málum að þessar virkjanir verði ekki eyðilagðar með hagsmunatogstreitu sé rúm fyrir þær allar innan átta ára. Það er þetta sem við eigum að setja niður fyrir okkur.

Það er annað sjónarmið sem ég tel nauðsynlegt að menn hafi í huga: atvinnusjónarmiðið í virkjunarframkvæmdunum sjálfum. Það hafa sjálfsagt um 600—800 manns eða jafnvel fleiri haft atvinnu af því að vinna í virkjunarframkvæmdum og við byggingu iðjuvera á undanförnum árum. Ef þeirri stefnu verður fylgt fram að gera ekkert fyrr en 1983 verður hlé á virkjunarframkvæmdum. Þá verður fjöldi fólks sem ekki hefur atvinnu. Og það sem verra er: Þetta er fólk sem kann til verka. Þetta er fólk sem kann að byggja virkjanir. Og hættan er sú, að ofan á annan landflótta, sem við höfum hér á landi, fáum við viðbótar landflótta af hálfu þessa fólks sem flýr úr landi vegna þess að það hefur ekki verkefni. Þess eru meira að segja dæmi að menn, sem hafa unnið við virkjunarframkvæmdir, hafa þegar flutt sig til Afríku — til Mogadishu í Sómalíu — vegna þess að verkefni eru ekki fyrir hendi hér á landi.

Herra forseti. Ég vil einungis leggja áherslu á það, að ef við ætlum að koma í veg fyrir landflótta, ef við ætlum að skapa hér betri lífskjör verður virkjunarhraðinn að vera meiri en hann hefur verið að undanförnu, þá verður virkjunarhraðinn að vera meiri en ráða má af orðum hæstv. iðnrh., og þá er rúm fyrir allar þessar þrjár virkjanir innan áratugs. Þá ættu menn, sem bera hag þessara þriggja virkjana hverra fyrir sig sérstaklega fyrir brjósti, allir að geta unað sáttir við sitt. Í þessu máli má það ekki henda, að landshlutatogstreita verði til þess að tefja fyrir eðlilegri og æskilegri framþróun.

Þórður Skúlason: Herra forseti. Það er sannarlega ekki að tilefnislausu að þessi umr. um orkumál er hafin hér í dag. Fjölmenn sendinefnd af Norðurlandi vestra er hér mætt og hefur afhent orkumrh. undirskriftir mikils fjölda kosningarbærra manna í kjördæminu undir áskorun á stjórnvöld um að hraða samningagerð við landeigendur vegna Blönduvirkjunar þannig að hægt verði að ákveða að hún verði næsta stórvirkjun sem í verður ráðist. Það undirstrikar þann þunga, sem að baki undirskriftunum liggur, að þeim var safnað á örfáum dögum við erfið skilyrði: ófærð, slæma veðráttu og rafmagnsleysi, og að hingað skuli jafnfjölmennur hópur leggja á sig langt og strangt ferðalag í ótryggri færð á hörðum vetri.

Fyrst farið er að ræða virkjunarmál get ég ekki á mér setið að leggja örfá orð í belg, ekki vegna þess að ég hafi neinn nýjan fróðleik fram að færa á því sviði, heldur til að rifja upp örfá atriði og lýsa skoðunum mínum á þeim málum, og ég skal ekki tala neitt rósamál.

Nú er mest rætt um þrjá virkjunarkosti: Blönduvirkjun, virkjun við Sultartanga og Fljótsdalsvirkjun. Um virkjun við Sultartanga þarf ekki að fara mörgum orðum. Hún er á eldvirku svæði og núv. ríkisstj. hefur lýst yfir að næsta stórvirkjun skuli rísa utan þess svæðis. Sultartangavirkjun og allar línur frá henni eru einnig innan þess svæðis er yrði fyrir verulegum áföllum ef jarðskjálfti yrði á Suðurlandi, eins og spáð hefur verið. Of mikil áhætta er því tekin með því að ráðast í þá virkjun næst og setja allar stórvirkjanir landsins niður á þessum stað. Einnig ber á það að líta, að Sultartangavirkjun liggur ekki eins vel við þeim landshlutum, sem nú eru í orkusvelti, og t. d. Blönduvirkjun.

Fljótsdalsvirkjun er styttra á veg komin í rannsóknum en hinir virkjunarkostirnir tveir. Hún liggur fjarri orkumarkaðnum, nema Austurlandi, og er álitin óhagkvæm, nema með tengingu við stóriðjufyrirtæki á Austurlandi, álverksmiðju eða eitthvað því um líkt. Hæpið er að Austfirðingar almennt séu reiðubúnir til þess að kalla slíkt yfir sig nú þegar, en ákvörðun um næstu stórvirkjun þarf að taka innan tíðar.

Blönduvirkjun er þess vegna tvímælalaust viturlegasti virkjunarkosturinn sem völ er á í virkjunarmálum þjóðarinnar. Hún er hagkvæm, í hana er hægt að ráðast án þess að tengja hana við stóriðju, hún liggur á heppilegum stað á Norðurlandi þar sem grunnorka er hvað minnst á landinu, hana er auðvelt að tengja bæði við Vestfirði og jafnvel Austfirði og hún mundi stórauka öryggi í raf-

orkumálum Norðurlands, sem er ákaflega ótryggt í dag. Blönduvirkjun er einnig mikilvæg forsenda eðlilegrar atvinnuþróunar á Norðurlandi vestra og jafnvel Norðurlandi öllu. En hvers vegna er Blanda þá ekki virkjuð? Óhamingja okkar Norðlendinga og þar með þjóðarinnar allrar liggur í því, að sárafámennur en harðsnúinn hópur landeigenda er virkjunaráformunum andsnúinn. Trúlega er þar um að ræða annars vegar menn sem enga virkjun vilja — þeir eru þó sennilega mjög fáir — og hins vegar aðila sem vilja halda þannig á málum, að sem mestar bætur fáist fyrir landspjöll.

Auðvitað ber að bæta jarðeigendum þá skerðingu er bújarðir þeirra verða fyrir vegna framkvæmdanna. Það er sjálfsagt mál og ekkert stórmál. Þær bætur verða að vera í því formi að þær verði viðvarandi á jörðunum, en ekki þannig, að þær komi núverandi ábúendum einum að gagni. Ég hef verið þeirrar skoðunar, að rétt væri að bændur hefðu eignarhald á jörðum og afréttum og ýmsar aðrar eignir bæri að þjóðnýta á undan jarðeignum. En þannig virðast mál geta þróast vegna afstöðu bænda gegn þjóðhagslega nauðsynlegum framkvæmdum að fleiri en ég og þá einnig þeir, sem staðið hafa fjarri öllum þjóðnýtingaráformum, kynnu að neyðast til að endurskoða afstöðu sína í því efni.

Efalaust mundu flestir alþingismenn fagna því að geta fært stórvirkjun inn í sitt kjördæmi, en það er önnur ógæfa okkar Norðlendinga hvernig sumir hv. þm. norðurl. v. hafa haldið á þessu máli, ýmist með því að gerast talsmenn andstöðuliðsins eða hafa enga skoðun á málinu. Þrátt fyrir ítrekaðar spurningar um afstöðu þingmanna til Blönduvirkjunar alveg frá því fyrir síðustu kosningar er það fyrst núna þessa dagana að þeir opinbera skoðun sína á málinu. Því ber vissulega að fagna að nú er loks að rofa til í hugum hv. þm. og þeir að ná áttum. Vonandi að það sé ekki um seinan.

Mínar skoðanir í þessu máli fara saman við skoðanir alls þorra Norðlendinga. Samningum við landeigendur vegna Blönduvirkjunar þarf að hraða þannig að virkjunarframkvæmdir geti hafist sem allra fyrst. Þar fara saman hagsmunir Norðlendinga og allra annarra íbúa þessa lands. Ég vil trúa því, að samningaviðræðum ljúki fljótlega þannig að allir hafi sæmd af.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég ætla ekki hér eða nú að fara að elta ólar við eða gera athugasemdir við sumt í ræðu hv. þm. Þórðar Skúlasonar, en ég vil einungis segja að það er skörulegt framtak að safna þessum undirskriftum og forgöngumenn hafa vakið rækilega athygli á vilja sínum. Ég vil ekki kalla þennan meiri hluta þögulan, eins og hæstv. ráðh. Pálmi Jónsson gerði áðan, en ég er ekkert hissa á því að fjöldi kjósenda á Norðurlandi vestra hafi treyst sér til að skrifa undir þann haus. Það er ekkert í þessari ályktun sem hneykslar mig og sumt er alveg stórvel sagt. Ég vil leyfa mér að lesa t. d. þessa klausu:

„Við skorum eindregið á ríkisstjórn, iðnrh., þingmenn kjördæmisins og alla samningsaðila að vinna markvisst að því að sanngjarnir samningar náist þar sem gætt sé í hvívetna hagsmuna heimaaðila og þjóðarinnar."

Að þessu vil ég vinna og að þessu þykist ég reyndar nokkuð hafa unnið. Að þessu hefur hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson lýst vilja sínum til að vinna og ég á vona á því að okkur takist vel til.

Það er kannske spurning hvort tími sá, sem valinn er til þessara undirskrifta og kynningar á þeim, er heppilegur. Málið er, eins og margoft hefur komið fram, á viðkvæmu viðræðustigi. Það er samningafundur á morgun. Ég vona að samkomulag náist í þessari deilu, þ. e. samkomulag sem allir geti sæmilega við unað. Samkomulag þegar báðir slaka nokkuð á ýtrustu kröfum sínum, en annar aðilinn heimtar ekki að fá allan vilja sinn og hinn lætur alfarið undan, er ekki samkomulag.

Ég vil þakka öllum mönnum sem af sanngirni vilja vinna að lausn þessarar deilu, en þeir, sem hvergi sýna sanngirni, mega hafa skömm fyrir. Sanngjarnir samningar, svo ég vitni til orðalags undirskriftabréfsins, þurfa að nást, og þeim er áreiðanlega hægt að ná ef menn vilja. Ég vil taka það fram, að ég tel að það sé óskynsamlegt að nota ekki vatn Blöndu til raforkuframleiðslu, en jafnframt — og ég undirstrika það sérstaklega — þarf að gæta þess að fara svo sparlega með landið sem unnt er og hafa umhverfisáhrif ríkt í huga. Mér er jafnframt ofarlega í huga hinn félagslegi þáttur sem fylgir framkvæmdum eins og þessum, og ég vil biðja menn að huga ekki síður að honum, að atvinnulíf svæðisins verði ekki í rúst þegar framkvæmdum lýkur. Við höfum um það ófögur dæmi í Rangárvallasýslu, að þess hefur ekki verið gætt að byggja upp atvinnulíf jafnframt því sem stórframkvæmdir hafa verið í gangi. Ég tel að þegar í Blönduvirkjun verði ráðist sé það meginmál að menn gleymi því ekki, að þær framkvæmdir taka enda og menn þurfa á einhverju að lifa þegar þeim framkvæmdum lýkur.

Stefán Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal verða við tilmælum og verða stuttorður. Hér hafa margar ræður verið fluttar. Ég vildi segja að hér eigi vissulega við og sé ekki óeðlilegt að vitna til ummæla er Kristján Eldjárn viðhafði í ræðu þegar hann bað menn að gæta lífbeltanna tveggja: hafsins umhverfis landið og gróðursins upp frá ströndinni. Okkur er nefnilega nauðsyn að sjá svo um, að þau sár, er við óhjákvæmilega komum til með að valda á lífríkinu vegna margs konar nýsköpunar í landinu, verði grædd upp.

Í þessu máli hafa mörg orð verið sögð og skrifuð sem betur hefði aldrei verið, ef menn á annað borð hafa haft áhuga á að leita lausnar í viðkvæmu máli. Því miður verð ég að draga í efa að þeir, sem mest hafa böðlast, hafi viljað finna farsæla lausn, heldur treyst á að geta fiskað í gruggugu vatni Blöndu.

Virkjunarkostir á Norðurlandi eru miklir. Má þar t. d. nefna Blöndu, Villinganesvirkjun, Jökulsárnar í Skagafirði, virkjun Skjálfandafljóts og Jökulsár á Fjöllum. Í stjórnarsáttmála núv. ríkisstj. segir að næsta virkjun skuli vera utan eldvirkra svæða. Blanda er óefað hagkvæmasti virkjunarkostur landsins, sá virkjunarkostur sem best er rannsakaður, auk þess að vera utan eldvirkra svæða. Blanda liggur einstaklega vel að dreifikerfi bæði til austurs, suðurs og ekki síst til Vestfjarða. Virkjunin verður þeim mun hagkvæmari sem orkukaupandinn er staðsettur nær virkjuninni sjálfri. Blanda fellur þannig einstaklega vel að þeirri þörf sem er á Norðurlandi fyrir ný atvinnutækifæri í iðnaði. Atvinnuþróun á Norðurlandi væri það mikill ávinningur að næsta stórvirkjun yrði reist í fjórðungnum. Það hlýtur því að vera sameiginlegt áhugamál þm. Norðurlands vestra og Norðurlands eystra að vinna að framgangi þessa máls. Ein meginforsenda framfara og framkvæmda á líðandi stund er nægjanleg orka og hún er víða til, en því miður í allt of ríkum mæli enn í óbeisluðum orkulindum. Því hníga rök

að því, að sá kostur skuli valinn og trúlegt að framkvæmdir væru hafnar við virkjun Blöndu ef ekki hefði komið til ágreiningur milli þeirra er hagsmuna eiga að gæta á Auðkúlu- og Eyvindarstaðaheiði annars vegar og virkjunaraðilans hins vegar.

Ég ætla ekki að fjölyrða um þennan þátt málsins hér og nú. Ég trúi því og treysti, að menn átti sig á því sem hér er að gerast. Breyttir þjóðfélagshættir valda því að sækja þarf í auknum mæli í þá orku, sem í fallvötnunum er, til margs konar framþróunar í því þjóðfélagi sem við viljum byggja og bæta og nútímaþjóðfélag krefst. Því fylgir óhjákvæmilega einhver röskun á fyrri högum og lífríki þess næsta umhverfis. Ég vona að þeir menn, sem valdir hafa verið til að leita leiða til sátta í þessu mikla hagsmunamáli, beri gæfu til að finna þá lausn er tryggi að ágreiningur um virkjunarkosti komi ekki í veg fyrir að Blanda verði sá orkugjafi sem vænst hefur verið og aflgjafi norðlenskrar byggðar m. a. til aukinnar iðnþróunar.

Guðmundur G. Þórarinsson: Herra forseti. Hv. þm. Ingólfur Guðnason, 5. þm. Norðurl. hóf í dag umr. sína um þessi mál með tali um orkuskortinn eða orkuskömmtunina sem þjóðin hefur búið við undanfarna mánuði. Í ljósi þeirrar stöðu eða öllu heldur skugga hennar hélt hann síðan ræðu sína. Þessi orkuskortur er auðvitað mjög alvarlegt mál. Iðnrh. hefur nú óskað eftir rannsókn á orsökum orkuskortsins og væntanlega geta þm. fengið skýrslu um þær innan tíðar.

Það er út af fyrir sig ekkert óeðlilegt að nokkurs orkuskorts gæti það ár sem ný virkjun tekur til starfa. Landsvirkjun hefur haldið því fram, að slæmt vatnsár sé ein aðalástæða þessa orkuskorts. Eigi að síður er það svo, að í byrjun hausts er staða vatnsmiðlana í landinu glettilega góð. Það er auðvitað enginn vafi á því, að hin mikla aukning álags á raforkukerfið, sem kom til framkvæmda á síðasta ári, hefur hér mikil áhrif. Álverið var stækkað, ofni var bætt við málmblendiverksmiðjuna, Vestfjarðalína var tengd, Vopnafjarðarlína var tengd, svo að nokkur dæmi séu nefnd. Auk þess nefna menn sem orsök lekann í Sigöldulóni, sem sjálfsagt er mál þess eðlis að ekki væri óeðlilegt að þm. fengju skýrslu um stöðu þess máls. Eigi að síður var staðan sú í vatnsbúskap Íslendinga haustið 1980, að vatnshæð miðlunarlóna var tiltölulega góð. Í ljósi þessa gerði Landsvirkjun þann samning við málmblendiverksmiðjuna að keyra báða ofna hennar út októbermánuð. Það hafði auðvitað í för með sér að verulegu vatni var hleypt úr Þórisvatni út allan október áður en að venjulegur miðlunartími hefst. Í október var hins vegar nægilegt rennsli í Þjórsá til þess að knýja Búrfellsvirkjun, þannig að það vatn, sem hleypt var úr Þórisvatni í gegnum Sigölduvirkjun, rann fram hjá Búrfelli ónotað, og getur það hæglega numið meðalvetrarrennsli Þjórsár í nokkuð langan tíma, gæti vel verið 90 til 140 rúmmetrar á sekúndu. Síðan lenda menn í þeirri stöðu, að októbermánuður er óvenjulega kaldur og ísmyndun í Þjórsá verður geysilega mikil, þannig að í nóvember verður að nota upp undir 1/3 af Þórisvatni til að skola ís fram hjá Búrfelli. Þar með reynist sú ákvörðun að keyra báða ofna málmblendiverksmiðjunnar út október röng. Þetta hefur auðvitað veruleg áhrif á orkuskortinn og orkuskömmtunina sem í kjölfar alls þessa kemur. Þetta leiðir síðan til þess, að framleiðsla verður verulega raforku með olíu á þessum vetrarmánuðum og jafnframt að skammta svo mikið raforku að mikil skömmtun er hjá álverinu, málmblendiverksmiðjunni er lokað, mikil skömmtun hjá áburðarverksmiðjunni o. s. frv., o. s. frv. Enn eru landsmenn ekki búnir að súpa seyðið af þessu fyllilega vegna þess að sú mikla olíukeyrsla, sem þarna er um að ræða, hefur í för með sér verulegan halla hjá Rafmagnsveitunum og ekki kæmi mér á óvart að þar væri um að ræða nokkra milljarða króna sem eftir er að finna lausn á hvernig greiða skuli. Hér er því auðvitað um mjög alvarlegt mál að ræða.

Það er rétt, sem hér hefur komið fram í ræðum margra manna, að í stjórnarsáttmálanum er sagt að stefnt skuli að því að næsta virkjun skuli vera utan eldvirkra svæða. En þegar menn tala um öryggi virkjana eiga menn ekki bara við hættu vegna eldgosa eða jarðskjálfta. Þar kemur fleira til, ekki kannske hvað síst mismunandi úrkomusvæði og vatnsbúskapur landsmanna, eins og við höfum áþreifanlega einmitt orðið vitni að þessa síðustu vetrarmánuði. Enn fleira kemur til. Í því sambandi mætti nefna þá hættu, sem stofnlínur frá virkjunum eru í vegna veðurofsa, og hættan auðvitað mun meiri ef línurnar eru allar á sama svæði. Þannig mætti lengi telja. En þegar menn tala um öryggi í orkubúskap er það auðvitað ekki aðeins um öryggið sem varðar staðsetningu virkjunarinnar sjálfrar, heldur líka það öryggi að næsta virkjun komi nægilega fljótt á eftir Hrauneyjafossi til þess að ekki komi upp orkuskortur í svipuðum mæli á milli virkjana og við erum nú í. Þessi öryggisatriði verða að vera í lagi. Þetta eru meginatriði. Reynslan s. l. vetur hlýtur að kenna okkur það, að við verðum að taka tillit til þessara atriða. Hagkvæmnin spilar auðvitað mjög mikið þarna inn í, en öryggið verður að vera í fyrirrúmi.

Því hefur oft verið haldið fram að Hrauneyjafossvirkjun, sem á að taka til starfa í lok þessa árs, muni verða fullnýtt einhvern tíma á árunum 1986-1987, jafnvel þó að ekki komi til neinn orkufrekur iðnaður á þeim tíma. Þá verður ný virkjun að taka til starfa. Að vísu greinir menn nokkuð á um þennan tíma og hann færist nokkuð til eftir því, hversu bjartsýnir menn eru um orkuframleiðslu Kröflu og fleiri atriði. En eitt verða menn að vera sammála um í öllu þessu tali, og það er að næsta virkjun verður að geta tekið til starfa áður en kemur til orkuskorts á eftir Hrauneyjafossi.

Það er rétt að Íslendingar eru þó það lánsamir nú að þeir eiga að geta valið um þrjá hagkvæma virkjunarkosti. Ég held að það hafi komið fram í ræðu hæstv. landbrh., að eftir þeim tölum, sem hann hefði, væri e. t. v. ekki mjög mikill munur á hagkvæmni þessara virkjana. Það stemmir nokkuð við þær tölur sem ég hef séð. En ég tek undir orð þeirra manna sem hér hafa talað og sagt að þarna sé ekki um endanlegar tölur að ræða og þær geti enn þá breyst. Þess vegna er umræða um þessi mál varla tímabær. Þarna getur ýmislegt breyst enn þá.

Blanda liggur vel við kerfinu, segja menn, og Blanda er hagkvæmur virkjunarkostur. Það er enginn vafi á því. En deilur verða menn að setja niður og friður verður að nást áður en menn verða sammála um að ráðast í virkjun þar.

Fljótsdalsvirkjun er í 500-600 m hæð yfir sjávarmáli eða verulegur hluti framkvæmdasvæðisins. Þar er nýtt virkjunarsvæði og sjálfsagt óttast margir að hún muni ekki verða tilbúin nægilega snemma.

Sultartangi gæti líklega orðið fyrstur í röðinni, ef ráðist væri í hann, en þau jarðlög, sem gera þar virkjun hag-

kvæma, valda þar líka erfiðleikum með leka sem fram hefur komið þarna fyrir ofan.

Þrjár virkjanir höfum við, því höfum við keppt að, til að velja á milli en væntanlega stöndum við frammi fyrir talsverðum héraðadeilum um þessar virkjanir því að allir vilja fá virkjanir eins og staðan er.

Það er auðvitað rétt, að virkjunarmálin er ekki hægt að slíta úr tenglsum við atvinnumálin og það skiptir miklu máli hver orkunýtingin er. Menn horfa mikið til orkufreks iðnaðar, og ég skal ekki draga úr því, að okkur er nauðsynlegt að nýta orkulindir okkar og fá úr þeim eins mikið fé og unnt er. En ég vil benda mönnum á að reynslan af okkar orkufreka iðnaði er ekki sérlega glæsileg.

Álsamningurinn, með því lága raforkuverði sem þar er, er okkur að verða fjötur um fót. Við verðum að fá þann samning endurskoðaðan. Það eru grundvallaratriði sem hafa breyst í öllum orkumálum veraldarinnar síðan sá samningur var gerður, en samningurinn er samt enn með bundið lágt orkuverð. Þessi samningur minnir mig á 12 mílna landhelgissamninginn við Breta. Við verðum að brjótast út úr honum, fá hann endurskoðaðan, — brjótast út úr honum á sama hátt og landhelgissamningnum á sínum tíma.

Ef ég man rétt er gert ráð fyrir að hallinn af málmblendiverksmiðjunni verði þó nokkuð margir milljarðar á þessu ári. Þetta verða menn að hafa í huga. Það er fleira matur en feitt kjöt. Það er fleira iðnaður en orkufrekur iðnaður. Það verða menn líka að hafa í huga. Ýmis léttur iðnaður, sem byggist á hugvita og þekkingu, er mjög mikils virði í þessu sambandi og þar ættum við líka að taka á.

Það er enginn vafi á því, að það er nauðsynlegt að taka ákvörðun um næstu virkjun fyrir þinglok. E. t. v. er rétt að taka ákvörðun um tvær virkjarnir eða tímasetja allar virkjanirnar þrjár, en umfram allt verður að leggja þunga áherslu á að iðnrh. fái þm. hið allra fyrsta í hendur öll nauðsynleg gögn um þessa þrjá virkjunarkosti svo að þeir hafi nauðsynlega undirstöðu og séu í stakk búnir til að taka ákvörðun sem tæpast getur dregist lengur.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Hér hafa orðið ítarlegar umræður um orkumál og ekki að ástæðulausu þar sem ljóst er að ákvarðanir um næstu virkjanir þarf að taka hið fyrsta. Hér hefur verið lýst af mörgum ræðumönnum kostum þess að virkjað sé við Blöndu, og ég held það sé nú búið að segja flest það sem segja þarf í því sambandi og ekki ástæða til að fjölyrða frekar um þann þátt málsins, en ég hef sjálfur margoft lýst yfir stuðningi mínum við virkjun Blöndu og vil gera það hér enn.

Ég verð hins vegar að segja að fyrir eins og hálfum til einum áratug var það í mínu kjördæmi talsvert mikið álitamál hvaða virkjun ætti að verða næst fyrir valinu og fyrst fyrir valinu af stórum virkjunum þar. Þá var tiltölulega lítill orkumarkaður þar fyrir hendi, — landið ekki samtengt eins og nú er, — og menn deildu um hvor virkjunin væri heppilegri, Villinganesvirkjun eða Blönduvirkjun. Við óttuðumst það margir, að ef Blanda væri virkjuð við þær aðstæður yrði það til þess að farið yrði að selja verulegan hluta af orkunni til erlendrar stóriðju á lágmarksverði, eins og vond reynsla er af hér á landi, og ég var satt að segja alls ekki hrifinn af því að mál tækju þá stefnu, taldi þá hyggilegra að byrja á Villinganesvirkjun. En nú er gjörbreytt staða orðin í þessum málum og það fyrir allnokkru. Landið er allt orðið að samtengdu kerfi í raforkumálum, og nú er það svo, að Blönduvirkjun upp á 160 til 170 mw. er alls ekki stór virkjun. Það er hægt að nýta hana í þágu landsmanna allra nokkurn veginn tafarlaust eftir að hún hefur verið byggð og engin sérstök hætta á að menn telji óhjákvæmilegt að tengja hana við stóriðju erlendra manna.

Vissulega hefur það verið áhyggjuefni margra hversu miklar deilur hafa orðið um þá landeyðingu á heiðum uppi sem virkjunin veldur, en að sjálfsögðu er það fyrst og fremst samningamál. Það er samkomulagsatriði og framkvæmdaatriði sem auðvitað er hægt að finna lausn á ef vilji er fyrir hendi. Ég tel það mjög gott, að nú í seinni tíð eru ört vaxandi líkur á að viðunandi samkomulag geti tekist um fyrirkomulag þessarar virkjunar. Mér finnst að menn tali um þessi mál af talsvert miklu meiri skynsemi en þeir gerðu fyrir kannske einu til tveimur árum og menn geri sér ljóst að finna verði lausn á þessum vandamálum og að hún hljóti að vera innan seilingar. Í því sambandi vil ég taka það fram, að auðvitað koma ekki til greina neinir afarkostir í samningamálum. Auðvitað verða samningar að vera af því tagi að virkjunin sé áfram í hópi hagkvæmra virkjana og þar verða menn að kunna sér hóf í kröfugerð og leita að lausnum sem eru raunhæfar.

Ég er sem sagt sæmilega bjartsýnn á að menn finni rétta niðurstöðu í þessum efnum, og þá virðist það blasa nokkuð ljóst við að Blanda sé einn allra hagkvæmasti kosturinn sem völ er á. Ég legg hins vegar á það áherslu, að við Íslendingar erum að taka ákvörðun um virkjun í sameiningu. Við erum ekki að taka ákvörðun um virkjun í þágu einhvers sérstaks landshluta eða í þágu einhvers ákveðins hóps manna sem vantar atvinnu. Við erum að taka ákvörðun um virkjun sem á að nýtast landsmönnum öllum og þar verður auðvitað hagkvæmnisjónarmiðið að vera allsráðandi. Við verðum að velja hagkvæmasta kostinn. Ég er ekki, eftir þeim upplýsingum sem ég hef fengið, í neinum vafa um að Blanda stendur mjög vel að vígi í þeim samanburði.

Sveinn Jónsson: Herra forseti. Ákvæði stjórnarsáttmálans um að næst skuli virkja utan eldvirkra svæða er sem lítil þúfa sem veltir þungu hlassi. Og það er mér ánægjuefni að hér í dag hafa menn einmitt talað þannig, að það eru virkjanirnar Blönduvirkjun eða Fljótsdalsvirkjun sem dæmið snýst um. Sultartangi virðist þar vera fyrir utan.

Öryggissjónarmiðin hafa hér fyrst og fremst ráðið ferðinni og þar er miklum áfanga náð, því að auðvitað er það ekki réttlætanlegt, hvernig haldið hefur verið á þessum málum lengi vel. Allar helstu virkjanir landsins hafa verið byggðar upp hér á Suðurlandi og stofnlínur þaðan liggja um eldvirk svæði og ekkert öryggi er fyrir því að þær geti ekki dottið út hvenær sem er. Það ástand, sem hefur verið undanfarin ár og þá sérstaklega s. l. ár, hefur kallað á það, að tekið verði á þessum málum af festu. Það er rétt að vakið hefur verið máls á því, að eini valkosturinn þar sé Sultartangavirkjun og hún þurfi að koma inn 1985. En sem betur fer, segi ég, höfum við ákvæði í stjórnarsáttmálanum, og ég geri mér vonir um að ríkisstj. standi saman um að framfylgja því ákvæði sem þar er sett fram og Sultartangavirkjun sé ekki þarna í dæminu. Við þurfum að tryggja það um land allt að við fáum örugga

orku. Við þurfum að taka á á þessu sviði og það er einmitt þar sem Fljótsdalsvirkjun kemur verulega til álita. Fljótsdalsvirkjun er stærsti virkjanavalkostur okkar í dag. Hún er sennilega upp á 330 mw. og framleiðir á ársgrundvelli 1470 gwst. á móti 800 í Blönduvirkjun.

Það er annað sem verður þarna að leggja þunga áherslu á. Það er miðlunargeta virkjunarinnar og þeir miklu kostir sem hún hefur umfram Blönduvirkjun hvað það varðar. Það, sem einmitt er að fara með orkukerfið hjá okkur og hefur verið að fara með orkukerfið hjá okkur á síðasta ári, er hversu miðlunargeta virkjananna, sem við höfum byggt, er lítil. Því hefur verið haldið fram að við værum að virkja á Austurlandi vatnslausar ár, en hvað hefur reynslan sýnt? Þær virkjanir, sem þar eru, mala í dag gull. Þær koma til með að gera það áfram og ekki síður þegar Fljótsdalsvirkjun bætist þar í hópinn. Á síðasta ári var framleiðsla Sigölduvirkjunar, þ. e. 1980, á þessu ári orkuskortsins, — það er varla hægt að segja að það hafi verið prenthæft, — 516 gwst., sem svarar til 3725 nýtingartíma eða aðeins 42.5% nýtni. Þetta er ekki neitt til þess að hrópa húrra fyrir. Þess vegna þurfum við að velja virkjun núna sem er þeim kostum búin að taka á sig það ástand sem getur skapast hvenær sem er og við vitum aldrei fyrir. Fljótsdalsvirkjun gerir það því hún hefur í sínum miðlunarlónum vatnsforða sem samsvarar 1000 gwst., en Blönduvirkjun aðeins 283. Þar er aðeins um að ræða rétt rúmlega 1/4 á við Fljótsdalsvirkjun.

Við vitum hvaða vandamál hafa skapast á Þjórsárvirkjunarsvæðinu vegna íss nú á vetrum. Hvað það varðar hefur Fljótsdalsvirkjun líka stóra kosti umfram Blönduvirkjun.

Blönduvirkjun hefur í miðlunarlónum sínum aðeins sem svarar 13.45 gwst., sem svarar til rúmlega þriggja daga forða á fullu afli, en Fljótsdalsvirkjun hefur í sínu inntakslóni 160 gwst. forða, sem svarar til 20 daga á fullu afli, og það afl er þó tæplega helmingi meira en uppsett afl Blönduvirkjunar. Þetta þýðir að það afl, sem þarna er fyrir hendi, óháð ísreki og aðsteðjandi vanda af þeim sökum, er tólf sinnum meira en það afl sem Blönduvirkjun hefur til ráðstöfunar. Þetta eru atriði sem skipta miklu máli þegar við erum að líta til öryggissjónarmiða í þessu sambandi.

Annað, sem ég vil vekja máls á, er staðsetning virkjunarinnar. Hún er austur á landi. Hún er á öðru úrkomusvæði en virkjanir hér syðra. Hún er á öðru úrkomusvæði en Blönduvirkjun, sem mér er sagt að sé með þurrviðrasamari svæðum landsins. Það skyldi aldrei vera að það hafi gleymst að rannsaka þann þátt þegar rannsóknir hafa farið fam á Blöndusvæðinu. En við þurfum ekki að fara í grafgötur um þann mikla forða sem við eigum í úrkomu á Austurlandi og það einmitt hvað mest þegar hann er minnstur hér sunnanlands. (Gripið fram í.) Það má vel vera og við þekkjum vel hvað norðaustanáttin gerir austanlands.

En Fljótsdalsvirkjun — (Forseti hringir.) Já, herra forseti, ég skal rétt ljúka máli mínu. — Fljótsdalsvirkjun er virkjunarvalkostur sem kemur okkur landsmönnum öllum til góða. Hún léttir af notkuninni austanlands, hún gerir Austurland sjálfu sér nógt um raforku og við verðum færir um að flytja sem nemur 950 gwst. eða um 110 mw. út úr fjórðungnum með mjög hagkvæmu móti, að sagt er. Þá er eftir u. þ. b. 1/3 af framleiðslugetu virkjunarinnar og hann skulum við nota til atvinnuuppbyggingar á Austurlandi því að það er alveg eins mikið hagsmunamál þar að taka á þeim málum og á Norðurlandi vestra, það skulum við muna.

Ingólfur Guðnason: Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns þakka iðnrh. fyrir að hann kom hér á þingfund til að taka þátt í þessum umr., enda þótt varamaður hans sitji á þingi og ráðh. gegni að jafnaði ekki þingstörfum um þessar mundir. Einnig vil ég þakka öðrum sem tekið hafa til máls.

Mér þykir vænt um hversu iðnrh. er bjartsýnn á að árangur verði af þeim samningaumleitunum sem nú fara fram, og á ég að sjálfsögðu ekki betri ósk en þá, að þar gangi allt í haginn.

Einnig er nokkur styrkur í því, að landbrh., Pálmi Jónsson, er formaður RARIK, sem er virkjunaraðili Blönduvirkjunar, en hann þekkir til staðhátta þar. Hann segist vera landsármaður og kann ég vel að meta þá afstöðu, en hófs þarf að gæta í öllu.

Ég hef orðið var við það í þessum umr., að hér hafa ýmsir menn tekið áskorun fréttamanns sjónvarpsins í gærkvöld þegar hann var að reyna að egna saman Austfirðingum, Norðlendingum og Sunnlendingum. Má þar til nefna Egil Jónsson, hv. þm. Austurl., og Svein Jónsson, hv. þm. Austurl. Meira að segja kemst Sveinn svo langt að fara að kenna mér um hversu lítil úrkoma er á Norðurlandi vestra. Okkur þykir alla vega nóg um þegar við erum á kafi í snjó þar langtímum saman og flestir munu kannast við rigningarnar. (**EgJ:** Þið eigið nú ekki einir Alþingi samt.) Það er ég sem hef orðið.

Hér var einn maður í kosningahugleiðingum, vinur minn hv. þm. Þórður Skúlason. Hann talaði hér dulmál og hálfkveðnar vísur sem fáir skildu. Ég ætla ekki að segja hvernig ég skildi hann vegna þess að mér þykir vænt um fjmrh.

Guðmundur G. Þórarinsson gerði hér á greinargóðan hátt lýsingu á orkuskorti þeim, sem nú ríkir í landinu, og þeim kostnaði, sem landsmenn yrðu að hafa af orkuvinnslu með dísilvélum og nefndi hann milljarða í því sambandi. Ég er ekki eins tölfróður og Guðmundur, en ég efa ekki að þessar tölur séu réttar. Og það leiðir okkur að upphafsatriði fyrri ræðu minnar, hversu mjög illa við erum á vegi stödd í raforkumálum.

Ræðumenn hafa yfirleitt lýst áhyggjum sínum yfir því ástandi, sem ríkir, og jafnvel yfir því ástandi, sem mun verða á komandi árum hvað orkuvinnslu snertir. Kemur það heim og saman við mitt sjónarmið í þeim málum. Ég hóf þessa umr. til að reyna að undirstrika það hættuástand sem nú ríkir. Er tilgangi mínum náð ef umræðan hefur fært okkur nær skilningi á því, að nauðsynlegt er að nýta fyrst þá virkjunarkosti sem hagkvæmastir eru og öruggastir. Ég hef aldrei talað um að það ætti að taka einn kost nú og hina síðar. Því hefur verið lýst í þessum umr., hversu ástandið er geigvænlegt og hversu mjög við þurfum að flýta okkur að hagnýta þessa auðlind landsins. Hér hef ég verið að benda á nauðsyn þess fyrir Norðlendinga að virkja Blöndu sem allra fyrst. Ég hef ekki neitað því, að Austfirðingar gætu fengið sína virkjun. En það er allt annað mál. En með tilliti til þess ástands, sem nú ríkir, sýnist mér mega ætla að virkjun Blöndu verði fyrst eða jafnsnemma öðrum virkjunarkostum þegar ákvörðun verður tekin í hinu háa Alþingi um þessi mál.

Herra forseti. Ég vil enn þá þakka fyrir það tækifæri sem mér gafst hér í dag til að vekja athygli á þessu máli. Ég óska Norðlendingum góðrar heimferðar og góðrar

heimkomu og ég er þess fullviss, að koma þeirra hingað til Reykjavíkur í dag og vera þeirra hér á áheyrendapöllum Alþingis mun undirstrika alvöru málsins.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég er ekki viss um nema sumt í þeirri umræðu, sem farið hefur fram í dag, sé orsökin fyrir því, hvað allar virkjunarframkvæmdir utan Landsvirkjunarsvæðisins hafa dregist mikið á langinn. Hér stöndum við Íslendingar með aðeins 6 — 10% af virkjanlegu vatnsafli okkar virkjuð. Hér horfumst við í augu við það og höfum vitað af því lengi, að til raforkuskorts mundi koma um þessar mundir. Samt sem áður hefur það gerst æ ofan í æ, þegar orkumál hafa komið á dagskrá hér á Alþingi að mestöll umræðan hefur farið fram á milli þm. einhverra tiltekinna kjördæma þar sem þeir hafa deilt sín á milli um hvort næsta virkjun eigi að vera í mínu kjördæmi eða þínu kjördæmi. Þetta er m. a. skýringin á því, hvers vegna allar framkvæmdir utan Landsvirkjunarsvæðisins hafa dregist úr hófi fram, og þetta er m. a. ástæðan fyrir því, að í virkjunar- og orkumálunum geta menn ekki séð skóginn því að þeir eru svo uppteknir af að skoða trén.

Fyrir utan mannauðinn, þ. e. þekkingu og dugnað þjóðarinnar, eiga Íslendingar í þrjár auðlindir að ganga: í gróður landsins, í fiskimiðin í sjónum og í orku djúphita og fallvatna. Sú fyrsta þessara auðlinda, gróður jarðar, hélt í okkur lífinu öld fram af öld og gerði það að verkum, að íslenska þjóðin er til. Önnur auðlindin, fiskimiðin í sjónum, gerði okkur fært að framkvæma sannkallaða iðn- og lífskjarabyltingu á hálfum mannsaldri. Þessar tvær auðlindir eru nú þegar fullnýttar og að sumra sögn jafnvel ofnýttar. Íslendingar geta ekki lengur sótt sér lífskjarabætur með því að leggja meiri þrýsting en þeir gera nú á það nýta þessar auðlindir. Af þessum ástæðum höfum við á undanförnum árum ávallt verið að dragast meira og meira aftur úr öðrum þjóðum í lífsgæðum hér í þessu landi. Fyrir aðeins einum áratug var íslenska þjóðin í þriðja sæti meðal þjóða heims yfir framleiðsluverðmæti á hvert mannsbarn. Frá því hefur okkur stórlega hrakað ár frá ári þannig að Íslendingar standa nú uppi með versnandi lífskjör og verri lífskjör en flestallar nágrannaþjóðir okkar búa við. Einasta svarið, einasta ráðið til að sækja aftur okkar sess í lífskjörum meðal þjóða heims er að nýta þessa ónýttu auðlind okkar, orku vatnsfalla og djúphita.

En það hlýtur að vera umhugsunarefni fyrir menn, að svo til í hvert skipti sem tilraun hefur verið gerð til þess á undanförnum árum að nýta þessar orkulindir fyrir fólkið í landinu hafa komið upp stórkostlegir erfiðleikar og stórkostlegar fjárkröfur frá nokkrum einstaklingum sem telja sig eiga þessar auðlindir íslensku þjóðarinnar. Þau mál hefur oft orðið að leysa með stórkostlegum fjárframlögum hins landlausa almennings í þessu landi. Þegar til stendur að gera eitthvað fyrir þetta land, eigi að græða upp land, eigi að yrkja afréttir og hálendi Íslands, og leitað er að einhverjum til að borga er Ísland eign þjóðarinnar allrar. Þá er komið hingað til Alþingis með reikninginn og við alþm. látnir framsenda þennan reikning til hins landlausa almennings. En þegar að því kemur að það eigi að hafa gagn af þessu landi og auðlindum þess kemur fámennur hópur landsmanna og segir: Þetta land á ég.

Það hlýtur að vera umhugsunarefni fyrir menn þegar það gerist æ ofan í æ, þegar hinn landlausi almenningur ætlar að njóta góðs af auðlindum eigin lands, að því sé spillt vegna fjárkrafna nokkurra manna sem segja þegar svo standa mál: Þetta land á ég. En þegar þarf að greiða einhverja peninga fyrir að bæta þetta land segja þessir sömu menn: Þetta land er eign okkar allra. Væri þarfara umræðuefni en umræða af þeim toga sem hér fer fram, þar sem þm. einstakra kjördæma deila sín á milli, að reyna að móta einhverja heildarstefnu hvernig eigi að nýta þessar auðlindir okkar Íslendinga allra, ekki til gagns fyrir einhverja fáa útvalda, heldur fyrir þjóðina í heild.

Það er ekki nokkur vafi á því, herra forseti, að Blönduvirkjun er með hagstæðustu virkjunarkostum eins og sakir standa. Hins vegar vitum við það líka, að þeirri hagkvæmni er mjög auðvelt að breyta til hins verra ef gerðar eru slíkar fjárkröfur á hindur hins landlausa almennings að virkjunarkosturinn verði ekki lengur jafnhagkvæmur og hann er. Það er ekki nokkur vafi á því, að virkjun Blöndu nýtur mikils stuðnings meðal Vestfirðinga. Þeir mundu gjarnan vilja fá slíka virkjun í næsta nágrenni við sig. Það ber að leggja kapp á að ná sáttum í þessu máli. En sáttum verður ekki náð öðruvísi en að virkjunarkosturinn, sem Blanda býður, verði áfram jafnhagkvæmur og hann er. Ef kröfur þær, sem gerðar eru á hendur ríkisvaldinu og almenningi í þessu landi, eru þess eðlis að virkjunarkostur Blöndu verður ekki hagkvæmur er auðvitað ljóst að af þeirri virkjun verður ekki. Hér er fyrst og fremst um að ræða mál sem verður að útkljá heima í héraði. Þeir Norðlendingar, sem hafa hingað komið í dag, skulu halda heimleiðis í fullvissu þess, að ef þeir útkljá ekki þessi deilumál í sínum hóp er harla ólíklegt að af þessari virkjun geti orðið með þeim hætti sem þeir óska helst eftir.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Ég skal ekki tefja þessar umr. mikið. Ég hafði ekki hugsað mér að taka þátt í þeim, en ég get ekki látið hjá líða að gera að umtalsefni ræðu hv. 3. þm. Vestf.

Mér skilst á máli hans, að seinagangur í orkumálum á Íslandi og það hvað orkuverin mörg hver hafa orðið dýr megi rekja til þess, að þeir, sem landréttindin og vatnsréttindin eiga, hafi verið svo dýrseldir á þau réttindi að ástæða sé til að endurskoða þá eignaraðild. Hann kom að því, sem rétt var, að það hefur verið virkjað ákaflega hægt nema á því svæði sem Landsvirkjun hefur haft með að gera. En fyrir hvað er það, að Landsvirkjun hefur getað unnið dálítið hratt að sínum málum? Það er fyrst og fremst fyrir þá sök, að þar hefur verið gengið jöfnum höndum að því verki að rannsaka orkuskilyrðin og að tryggja þau réttindi sem þarf til þess að virkjun geti komist á. Það er þarna sem skilur á milli feigs og ófeigs, að það sé gert með réttu hugarfari af þeim sem eru að fást við virkjanirnar að ræða við þá sem réttindin eiga. Þannig hefur Landsvirkjun tekið á þessum málum.

En fyrst ég er kominn hér í ræðustól vil ég jafnframt gera athugasemdir við mál hv. 12. þm. Reykv., sem sagði í ræðu sinni, þegar hann var að ræða um virkjunarkosti um landið vítt og breitt: Gallin er sá við Sultartangavirkjun, sagði hann, að sú miðlun er á svæði sem lekur, eins og er um nálægar virkjanir.

Það er nú svo. Það er hægt að segja þetta. En ég sem kunnugur maður fullyrði að þetta er sú virkjun við Þjórsá sem fullyrða má að sé fyrir utan eldvirk svæði. Og ég á von á því, að ríkisstj., sem trúlega hugsar sér að fara eftir

sínum sáttmála, muni ekki eiga erfitt með að smokra sér fram hjá virkjunarkafla hans þegar nauðsyn býður að virkja Sultartanga, því að Sultartangavirkjun verður ekki á eldvirka svæðinu. Það verður áhættulítið að ganga til hliðar við þetta ákvæði í stjórnarsáttmálanum, það get ég fullyrt. (Gripið fram í.) Þjórsárhraunið nær ekki inn á þetta svæði, auk þess sem jaðarinn, sem stíflan verður á, er orðinn fylltur af aurburði.

Sá, sem hóf þessar umræður utan dagskrár í dag, hv. 5. þm. Norðurl. v., komst að þeirri niðurstöðu, að það, sem fyrst og fremst bæri að keppa að, væri að forða frá því hættuástandi sem nú ríkti í orkumálum. Ég er honum innilega sammála um það. Ég vil líka taka undir orð hv. þm. Stefáns Valgeirssonar, hv. 2. þm. Norðurl. e., þegar hann sagði: Það eru miklir hagsmunir í húfi fyrir Norðlendinga að fljótt greiðist úr orkumálunum. Ég vil taka undir þessi orð. Og ég ítreka það, að ég er hvatamaður þess að virkjað verði hratt, virkjað verði við Blöndu og virkjað verði á Austurlandi. En ef menn vilja uppfylla óskir hv. 5. þm. Norðurl. v. og hv. 2. þm. Norðurl. e. er það aðeins ein virkjun sem læknar ástandið fljótt og það er Sultartangavirkjun. Hún getur verið komin í gagnið 1983 — 1984, en hinar virkjanirnar ekki fyrr en 1985—1987.

Sameinað þing, 10. mars

Laugavegur 166 (Víðishúsið).

Svar fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um húseignina að Laugavegi 166 (Víðishúsið), á þskj. 390 sent þm. 10. mars.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. Hve mikill er kostnaður orðinn við húseignina? Óskað er sundurliðunar á heildarkostnaði: a) kaupverð, b) viðgerðarkostnaður, c) annar kostnaður og gjöld.
2. Hve mikill er áætlaður sundurliðaður kostnaður við að koma öllu húsinu í nothæft ástand? (Verðlag jan. 1981.)
3. Hverjar eru áætlanir varðandi viðgerðarframkvæmdir og nýtingu húsnæðisins?
4. Hverjar eru áætlaðar greiðslur fyrir leiguhúsnæði ríkisstofnana og ráðuneyta á árinu 1981? (Kostnaður vegna menntamálaráðuneytis sérstaklega tilgreindur.)

Skriflegt svar óskast.

Svar við 1. lið.

Kaupsamningur er dagsettur 15. febrúar 1978. Kaupverð alls hússins var 259 millj. kr. Útborgun, sem greiddist á einu ári, var 130 millj. kr. Eftirstöðvar, 129 millj. kr., greiðast á næstu fimm árum eftir undirritun kaupsamnings með jöfnum afborgunum. Engar áhvílandi skuldir voru yfirteknar.

Af eftirstöðvum kaupverðs (129 millj. kr.) greiðast 13% ársvextir af skuldinni eins og hún er á hverjum tíma. Af einstökum útborgunarliðum greiddust ekki vextir.

Afhending hússins átti sér stað hinn 1. mars 1978 að því er 2., 3., 4. og 5. hæð varðar, en afhending 1. hæðar fór fram 1. september 1978.

Ríkisútgáfa námsbóka, nú Námsgagnastofnun, er talin kaupandi 1. og 2. hæðar og eiga 42,47% heildareignar. Ríkissjóður (forsætisráðuneyti) v/Stjórnarráðs Íslands er talinn kaupandi 3., 4. og 5. hæðar eða 57,53% eignarinnar.

Menntamálaráðuneytið svarar fyrirspurnum skv. b.-lið og c.-lið að því leyti er þær snerta 1. og 2. hæð hússins með svofelldum hætti:

„b) Viðgerðarkostnaður greiddur af Námsgagnastofnun 1978—1980 nam 14.496.131 gkr.

c) Annar kostnaður greiddur af Námsgagnastofnun er fasteignagjöld, sem á sömu árum voru 7.424.054 gkr."

Viðgerðir eða endurbætur hafa ekki farið fram á þeim hluta fasteignarinnar sem keyptur var til afnota fyrir Stjórnarráð Íslands. Fasteignagjöld hafa verið greidd vegna 3., 4. og 5. hæðar á móti Ríkisútgáfu námsbóka í samræmi við eignarhluta.

Svar við 2. lið.

Menntamálaráðuneytið svarar fyrirspurninni og fjallar um viðgerðarkostnað alls hússins:

„Samkvæmt frumkostnaðaráætlun frá Húsameistara ríkisins, dags. 28.08.1978, var lagfæring hússins að utan (veggir, gluggar, þak) talin kosta 2,45 millj. kr. og frágangur lóðar og gerð bifreiðageymslu húss 1,04 millj. kr. Samkvæmt frumkostnaðaráætlun teiknistofunnar Arkhönn frá 02.10.1978 var kostnaður við frágang innanhúss áætlaður 3,36 millj. kr. á hverja hæð nema á fyrstu hæð 2,78 millj. kr. eða alls 16,22 millj. kr. Samtals var endurbyggingarkostnaður því áætlaður 19,71 millj. kr. og er þá miðað við vísitölu byggingarkostnaðar í janúar 1981 eða 626 stig."

Svar við 3. lið.

Menntamálaráðuneytið svarar fyrirspurninni að því er varðar 1. og 2. hæð svo:

„Samkvæmt ákvæði í fjárlögum er heimilt að taka allt að 1 millj. kr. lán og nota það ásamt söluandvirði húseignanna Tjarnargötu 12 og Brautarholt 6 til endurbóta á hluta Námsgagnastofnunar í Laugavegi 166. Skv. bréfi Námsgagnastofnunar frá 05.02.1981 gerir stofnunin ráð fyrir að verja fé þessu í eftirfarandi;

1. teikningar á innréttingu,
2. lagfæra lagerhúsnæði í Nóatúnsálmu,
3. innrétta kennslumiðstöð á 1. hæð.

Endanlegar ákvarðanir um fyrirkomulag og framkvæmdir einkum á 2. hæð er þó ekki unnt að taka fyrr en niðurstaða liggur fyrir varðandi viðgerð á veggjum, gluggum og lögnum."

Til viðbótar þessu svari er rétt að minna á að samkvæmt fjárlögum fyrir árið 1981 er ætlað að verja 1 milljón króna til að greiða viðgerðarkostnað við húsið og er þá fyrst og fremst stefnt að því að koma þaki í viðunandi horf og forða húsinu þar með frá frekari skemmdum en orðið hafa.

Að svo stöddu er óráðið um not 3., 4. og 5. hæðar. Nú standa yfir viðræður milli ríkissjóðs og Sambands íslenskra samvinnufélaga um hugsanleg kaup ríkissjóðs á húseign Sambandsins við Sölvhólsgötu. Takist þar viðunandi samningar munu áform um not húseignarinnar að Laugavegi 166 fyrir ráðuneyti að sjálfsögðu verða lögð til hliðar. Alþingi hefur veitt heimild til að selja þessar hæðir en til eru þær ríkisstofnanir sem nú eru í

leiguhúsnæði er nýtt gætu húsnæði þetta án þess að kostnaður við breytingar á því yrði mjög mikill.

Svar við 4. lið.

Greiðslur ríkisins fyrir leiguhúsnæði nema um 1 028 þús. kr. á mánuði miðað við vísitölu atvinnuhúsnæðis 1883 stig, sem gildir í janúar 1981. Vegna verðstöðvunarlaga er ekki fyrirsjáanlegt að þessi grunnvísitala breytist fyrir 1. maí 1981.

Gert er ráð fyrir að hækkun húsaleigu nemi 17% 1. maí, 8% 1. júlí og 11,5% 1. október. Þessar hækkanir jafngilda 41% hækkun á leiguhúsnæði frá upphafi til loka árs. Þannig myndu greiðslur fyrir húsaleigu ríkisins nema alls um 14 759 þús. kr. á árinu 1981 miðað við gefnar forsendur. Heildargreiðslur á vegum menntamálaráðuneytisins nema um 4 229 þús. kr., eða ca. 29% af heildargreiðslum ríkisins í leigugjöld, þar af nema leigugreiðslur ráðuneytisins sjálfs um 440 þús. kr. á árinu 1981.

Efri deild, 63. fundur.

Miðvikudaginn 11. mars, kl. 2 miðdegis.

Eiturefni og hættuleg efni, frv. (þskj. 460, n. 481). — 2. umr.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Heilbr.- og trn. hefur haft til umfjöllunar frv. til l. um breyt. á lögum nr. 85 1968, um eiturefni og hættuleg efni. Þetta frv. er flutt fyrst og fremst sökum þess, að til hafa komið ný efni á síðari tímum sem eðlilegt þykir að skráning taki til. Frv. felur það í sér fyrst og fremst, að skráningin tekur til fleiri efna en áður var. Hér er um rýmkun að ræða.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt. Fjarverandi voru Salome Þorkelsdóttir og Gunnar Thoroddsen.

Ég vil að gefnu tilefni taka það fram að smávægileg mistök hafa orðið hjá nefndinni í umfjöllun málsins. Það virðist vanta gildistökugrein frv. Ég vænti þess að það verði athugað á milli 2. og 3. umr.

Forseti (Helgi Seljan): Eins og fram var tekið mun milli 2. og 3. umr. verða bætt úr því að hér vantar nauðsynlega 2. gr., þ. e. um gildistökuna, og er það lán að við skyldum uppgötva þetta áður en frv. fór frá þessari hv. deild, sem alltaf gaumgæfir svona hluti mjög vel.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Tímabundið olíugjald til fiskiskipa, frv. (þskj. 435, n. 477). — 2. umr.

Frsm. (Stefán Guðmundsson): Herra forseti. Hér er til meðferðar frv. til l. um tímabundið olíugjald til fiskiskipa, 220. mál Ed.

Sjútvn. þessarar deildar ræddi frv. á fundi 4. mars s. l. og leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt. Guðmundur Karlsson og Egill Jónsson skrifa undir nál. með fyrirvara, en fjarverandi afgreiðslu þess voru Gunnar Thoroddsen og Kjartan Jóhannsson.

Meginefni þessa frv. er að framlengja olíugjald til fiskiskipa til ársloka 1981. Þetta gjald hefur verið 7.5% af fiskverði.

Frv. um olíugjald til fiskiskipa hefur æðioft verið á borðum þm. s. l. tvö ár, en það var tekið upp með lögum fyrir réttum tveimur árum og var þá ákveðið 2.5%. Þá kostaði gasolíulítrinn 68.90 kr., en hefur nú verið hækkaður í dag og er því núna kominn í 2.60 eða 260 gkr. lítrinn. Í mars 1979 kostaði svartolían 40.50 kr., en með þessari hækkun, sem við heyrðum núna, er lítrinn kominn í 201 kr.

Eftir þessar hækkanir, sem nú eru kunnar, hefur gasolía hækkað um 68% frá því í júní í sumar, en svartolía þó enn meir eða um hvorki meira né minna en rétt um 99%. Þessi holskefla olíuhækkana, sem nú ríður yfir útgerðina, er geigvænleg og mun kosta útgerðina á einu ári hvorki meira né minna en um 6 milljarða gkr.

Ég vænti þess, að hv. alþm. átti sig á þeim mikla vanda sem hér er við að fást. Ef svo heldur fram sem horfir sé ég ekki hvernig sú undirstöðuatvinnugrein, sem nær allt okkar efnahagslíf byggist á, fær undir risið. Ég legg þunga áherslu á að unnið verði af fullri festu og hraða að frekari lausn þessa vanda. Það atriði var lítillega rætt á fundi sjútvn. þegar þetta olíugjald var þar til meðferðar.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál hér og nú þó að vissulega gefi það tilefni til ítarlegra umræðna. Það olíugjald, sem hér er ákveðið, kemur ekki nema að hluta til með að bæta útgerðinni þær gífurlegu olíuhækkanir sem orðið hafa. Það verður að leita annarra leiða. Ég vil hvetja hæstv. sjútvrh. og treysti honum til að sjá svo um að ýtt verði rösklega úr vör til að forða hér frá frekari áföllum.

Guðmundur Karlsson: Herra forseti. Ég vil gera grein fyrir þeim fyrirvara sem ég gerði við undirskrift undir nál. Það var vegna þess að áður höfðu verið gefnar yfirlýsingar um að leitað yrði nýrra leiða til að bæta útgerðinni þann mikla kostnað sem orðinn er og stöðugt er að vaxa. Við sjálfstæðismenn erum á því, að það þurfi að veita útgerðinni aðstoð vegna þeirra miklu verðhækkana sem nú dynja stöðugt yfir. Við teljum að það hefði átt að vinna hraðar og betur að lausn þessa máls, en ég viðurkenni að ég kann ekki „patentlausn" þar á. Ég mun sitja hjá við atkvgr., en ekki tefja málið.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10:1 atkv.
2. — 4. gr. samþ. með 10:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 62. fundur.

Miðvikudaginn 11. mars, kl. 2 miðdegis.

Fiskvinnsluskóli, frv. (þskj. 483). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Framleiðslueftirlit sjávarafurða, frv. (þsk. 484). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 475). — 1. umr.

Flm. (Guðmundur J. Guðmundsson): Herra forseti. Mál það, sem hér er um fjallað á þskj. 475 er ekki viðamikið að efnisbreytingum, en þó býsna viðkvæmt fyrir ýmsa þá sem hlut eiga að máli. Hin fræga 66. gr. laga um tekju- og eignarskatt hljóðar svo nú, með leyfi forseta:

„Heimilt er skattstjóra að taka til greina umsókn manns um lækkun tekjuskattsstofns þegar svo stendur á sem hér greinir:

1. Ef ellihrörleiki, veikindi, slys eða mannslát hafa skert gjaldþol manns verulega".

Síðan eru talin hér upp sjö atriði. Sjöundi liðurinn er sem dæmi: „Ef maður lætur af störfum vegna aldurs og gjaldþol hans skerðist verulega af þeim sökum."

Brtt., sem felst í frv. sem við flytjum, er sú, að í staðinn fyrir að heimilt sé skattstjóra komi: „Skattstjóri skal taka til greina umsókn manns um lækkun tekjuskattsstofns þegar svo stendur á sem hér segir." Síðan eru allir liðir óbreyttir, en síðasta málsliðnum breytt til samræmis við upphafið.

Sannleikurinn er sá, að það er ekki minnsti vafi á að hugsun löggjafans, þegar þessi lög eru samþykkt, er sú, að þegar svo stendur á fyrir fólki sem hér er til greint, skuli taka til greina umsókn manns um lækkun tekjuskattsstofns. — Reyndar ætti að lögleiða sérstaklega ef maður lætur af störfum vegna aldurs og gjaldþol hans skerðist verulega af þeim sökum o. s. frv. Það er full ástæða til að lögleiða slíkt alveg sér á parti.

Það, sem knýr okkur til að flytja í frv. þessa brtt., kemur fram í grg., að eins og ég tók fram áðan er ekki vafi á hver er hugsun löggjafans þegar þessi lög voru sett, en reyndin er sú, að túlkun er mjög mismunandi hjá hinum ýmsu skattstjórum og ákaflega mismunandi úrskurðir skattstjóra í þessum efnum þó í sama skattumdæmi sé. Að vísu er það, að mörgum þeim, sem hlut eiga að máli og þarna hafa mesta þörf, er hreinlega ekki kunnugt um þessi ákvæði og þennan rétt sinn, að þeir eigi þennan rétt ef þeir verða fyrir þessum áföllum.

Við flm. viljum taka þarna af öll tvímæli um það, að skattstjóra beri skylda til að taka fullt tillit til lækkunar á tekjuskattsstofni vegna veikinda o. fl. samkvæmt þessari grein. Ég vil fá það afdráttarlaust og skýrt fram í lögum að það sé skylda skattstjóra. Það eru hér skýringarákvæði sem fylgja um að þetta sé ekki heimildarákvæði, — ef þessi skilyrði séu fyrir hendi sé það skylda viðkomandi skattstjóra að gefa eftir, það sé engin geðþóttaákvörðun tekin þar að lútandi.

Ég tek það fram, að í fjölmörgum tilfellum bregðast skattstjórar vel við og afgreiða þessi mál vel og drengilega. Í öðrum tilfellum er mér hulin ráðgáta hvernig þeir úrskurða oft og tíðum og skjóta sér oft og tíðum bak við að í 66. gr. sé heimildarákvæði sem nánast sé á þeirra valdi hvort þeir nýti eða nýti ekki.

Með því að samþ. frv. þetta tel ég að réttur þess fólks, sem lendir í erfiðleikum á borð við þá sem eru tilgreindir í lögunum, sé betur tryggður en fyrir var og þess vegna sé frv. til bóta.

Ég legg til að eftir 1. umr. verði frv. vísað til fjh.- og viðskn. Nd.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 476). — 1. umr.

Flm. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Við hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson höfum leyft okkur að flytja hér frv. til l. á þskj. 476 um breyt. á lögum nr. 40 frá 1978, um tekju- og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 frá 1980.

Í 1. gr. hljóðar svo:

„Á eftir 2. málslið 1. mgr. 113. gr. laga nr. 40/1978 (sbr. 49. gr. laga nr. 7/1980) bætist nýr málsliður er orðist svo:

Aldrei skulu launagreiðendur þó halda eftir meira en nemur 75% af heildarlaunagreiðslu hverju sinni.

2. gr.:

Lög þessi öðlast þegar gildi."

Með leyfi forseta vil ég lesa hér upp grg. sem fylgir. Hún er stutt.

„Oft hefur verið undan því kvartað, að innheimta opinberra gjalda gangi svo langt að launafólk hafi ekki til hnífs og skeiðar milli launagreiðsludaga. Frv. þetta er flutt til þess að koma í veg fyrir að áfram verði haldið á þeirri braut, að launagreiðendum verði gert að skyldu að taka allt að fullum launum launþega upp í opinber gjöld.

Með því að takmarka það við 75% af heildarlaunagreiðslum, sem launagreiðendur innheimta hverju sinni, er tryggt að launþegi fái ávallt a. m. k. 1/4 launa sinna til ráðstöfunar milli launagreiðsludaga.

Það hlýtur að vera hverjum manni ljóst, að vandi heimilanna er mikill, ef fyrirvinna fær eingöngu greiðslukvittun fyrir opinberum gjöldum í stað peninga á útborgunardegi.

Frv. þetta er flutt til að minnka þennan vanda og verja launþega gegn þeim hörðu aðgerðum sem þeir verða annars fyrir af hálfu innheimtumanna opinberra aðila."

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri, en um leið leyfi ég mér að gera að tillögu flm. að frv. þessu verði vísað til fjh.- og viðskn. þessarar virtu þd., og ég vil um leið biðja hv. þm. um að styðja þetta frv. og veita því brautargengi bæði í nefnd og eins við lokaafgreiðsluna.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég vil lýsa yfir stuðningi við frv. sem hér er lagt fram. Það minnir okkur

vissulega á þá miklu nauðsyn, að staðgreiðslukerfi skatta verði að veruleika. Hér er talað um að taka megi allt að 75% af heildarlaunagreiðslu hverju sinni. Það sér náttúrlega hver maður, að ef um lágtekjumann er að ræða og hafi ruglingur komist á varðandi greiðslur hans er það sáralítið sem hann fær greitt út, — miklu minna en eðlilegt væri ef staðgreiðslukerfi skatta væri komið á. Þess vegna tel ég, að þetta frv. muni ýta mjög á eftir því máli, og tel það vel. — Ég vil þakka flm. fyrir að leggja þetta frv. fram.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Siglingalög, frv. (þskj 448). — 1. umr.

Flm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Árið 1972 urðu miklar umr. hér á Alþingi varðandi tryggingamál sjómanna, þ. e. tryggingar við dauða og örorku. Þá náðist samkomulag á hv. Alþingi um að tryggja samningsbundnar bætur á þann veg, að sett voru ákvæði þess efnis til bráðabirgða inn í siglingalögin sjálf. 1977 voru svo gerðar miklar umbætur og breytingar á þessu bráðabirgðaákvæði og gilda þær enn í dag, — breytingar sem fólu m. a. í sér ákveðnar upphæðir, sem kæmu til greiðslu þegar slík slys bæri að, og jafnframt viðmiðunarupphæðir við sambærilegar bætur frá almannatryggingum. Jafnframt var í þessu nýja lagaákvæði tekið fram, eins og segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Nú verður breyting á vikukaupi í almennri verkamannavinnu, og skal ráðh. þá innan 6 mánaða breyta upphæðum bóta samkv. bráðabirgðaákvæði þessu í samræmi við það."

Nú er sú staðreynd ljós, að sjómönnum hefur þótt nokkuð á skorta að þessu lagaákvæði væri fylgt og telja það hafa dregist úr hófi fram oft og tíðum. Sú skoðun hefur líka komið fram hjá tryggingasérfræðingum, að þótt ráðh. sé þetta skylt verði ekki talið að breytingar á fjárhæðum bráðabirgðaákvæðisins taki gildi nema ráðh. auglýsi þær. Því hefur líka verið haldið fram af sömu aðilum, að breyting fjárhæða bráðabirgðaákvæðisins taki þá fyrst gildi er ráðh. auglýsir breytingu, en gildi ekki aftur fyrir sig frá þeim tíma er breyting varð á vikukaupi í almennri verkamannavinnu.

Gildandi bætur til sjómanna eru nú miðaðar við 16. okt 1980 og voru dánarbætur við áramót 83 860 nýkr. — 1. jan. 1981, og örorkubætur 1. jan. 1981 frá 16. okt. 251 570 nýkr. Ef hækkun hefði komið á þessar bætur 1. des. 1980, eins og lagaheimild er fyrir að mati flm., hefðu dánarbæturnar átt að hækka og verða 101 340 nýkr. eða tæpum 2 millj. kr. hærri í gkr. Örorkubæturnar hefðu átt að verða 304 þús nýkr. eða rúmum 5 millj. kr. meira í gkr.

Frv. þetta er m. a. flutt vegna þeirra mannskaða sem hafa orðið á tímabilinu frá 1. des. s. l. Þeir hljóta að vekja þá spurningu, hvort það sé einhver ástæða fyrir löggjafann að skapa efa í brjóstum þeirra, sem bótanna eiga að njóta, eða hafa af þeim réttmætar fjárhæðir, ef lagaákvæðum er ekki fylgt og ekki brugðið nógu fljótt við þegar breyting er heimil. Það er þess vegna sem ég hef flutt þetta frv. nú að beiðni aðila úr sjómannasamtökunum. Þeir hafa margoft bent á nauðsyn þessara breytinga, ekki aðeins í síðustu samningum, heldur og áður. Þeir hafa löngum fengið vilyrði um að þessar breytingar muni komast á, en það hefur ekki enn orðið og því er þetta frv. nú flutt.

Ég sé ekki, herra forseti, ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta, nema frekara tilefni gefist til, og leyfi mér að leggja til að þegar þessari umr. er lokið verði málinu vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég stend upp til að lýsa fylgi mínu við þessa breytingu. Mér er að sjálfsögðu einnig kunnugt um tilmæli sjómannasamtaka og hafði gefið fyrirmæli um, að frv. um þetta efni yrði útbúið. Nú er slíkt frv. fram komið og ég fagna því og lýsi stuðningi mínum við málið.

Flm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir undirtektir hans við frv. þetta.

Ég óska eftir því, sem ég gleymdi í framsöguræðu minni, að hv. sjútvn. taki til athugunar 2. mgr. í bráðabirgðaákvæði þessu, sem talið er af tryggingasérfræðingum að sé með öllu úrelt orðið. Það ákvæði er um að frá bótum sem greiddar eru dagpeningar sem áður hafi verið greiddir af Tryggingastofnuninni. Ég óska eftir því, að hv. n. taki þetta ákvæði jafnframt til greina, og endurtek þakklæti mitt til hæstv. sjútvrh.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til sjútvn. með 24 shlj. atkv.

Fiskiveiðilandhelgi Íslands, frv. (þskj. 221). — 1. umr.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til 1. á þskj. 221 um breyt. á lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 42 13. maí 1977 og lög nr. 67 30. maí 1979. Þetta frv. flyt ég sem sjútvrh. og á því eru ákveðnar skýringar. Ég óskaði ekki eftir því sérstaklega að þetta yrði flutt sem stjfrv. eða að þingflokkar væru fyrir fram á einn eða annan máta bundnir af fylgi við þetta mál. Hér er um að ræða dragnótaveiðar í Faxaflóa, sem hafa verið mjög umdeilt mál, og ber að á dálítið sérstakan máta. Fram hafa farið tilraunir að ósk sjútvrn., og það er á grundvelli niðurstöðu af þeim sem ég taldi mér skylt að flytja þetta frv. þannig að Alþingi geti ákveðið hvort breyta beri þeim ákvæðum sem um dragnótaveiðar í Faxaflóa gilda nú. Sjálfur er ég sannfærður um, eftir þær tilraunir sem hafa verið gerðar, að svo beri að gera.

Um þá umræðu, sem um dragnótaveiði hefur fram farið á undanförnum áratug, mætti margt segja. Má segja að þær hafi ýmist verið bannaðar eða leyfðar og líklega háðar meiri takmörkunum, bönnum og boðum en flest önnur veiði. Ég skal þó ekki fara ítarlega í það, en vil þó nefna nokkur meginatriði.

Í fyrsta lagi má nefna að 1923 var veitt heimild fyrir ríkisstj. til að banna dragnótaveiðar í landhelgi, en heimild þessi mun aldrei hafa verið notuð. Með lögum frá 1928 um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi eru dragnótaveiðar bannaðar í landhelgi með vissum undantekningum. Dragnótaveiði var þó leyfð frá 1. sept.

til 30. nóv. ár hvert. Síðan eru rýmkaðar heimildir til dragnótaveiða með brbl. 1932, en svo fór að þingið felldi frv. þegar það var lagt fyrir Alþingi. Hins vegar er 1933, með lögum nr. 52, um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi, dragnótaveiði í landhelgi leyfð, auk þeirrar heimildar sem veitt var með lögum frá 1928 á vissum svæðum, þ. e. frá Hjörleifshöfða vestur undir Látrabjarg frá 15. júní — 30. nóv., en á Faxaflóa og Breiðafirði þó eingöngu heimilt þeim bátum sem skrásettir eru innan lögsagnarumdæmisins. Þannig má sjá að þegar á fyrstu árum eru mjög skiptar skoðanir um dragnótaveiði og má segja að þar sveiflist bönn og boð fram og aftur.

Með lögum nr. 45 13. júní 1937, um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi, eru heimildir til dragnótaveiða enn rýmkaðar til muna. Með þeim eru dragnótaveiðar leyfðar frá 15. maí til 30. nóv. ár hvert á svæði frá Eystra-Horni sunnan um land að Straumnesi og frá 15. júní til 30. nóv. ár hvert á svæði frá Straumnesi austur um land að Eystra-Horni. Þó eru skipum 35 brúttórúmlestir eða stærri bannaðar dragnótaveiðar frá 15. maí til 30. sept. ár. hvert. Og enn er gerð breyting með lögum nr. 1940. Þá er dragnótaveiði í landhelgi leyfð á tímabilinu 1. júni - 30. nóv. bátum sem eru innan við 35 rúmlestir að stærð. Aftur 1945, með viðauka við lög frá 1937, nr. 45, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi, getur ráðh. með vissum skilyrðum heimilað að ákveða frekari takmörkun eða bann gegn notkun dragnótar en eldri lög höfðu áður gert ráð fyrir.

Síðan eru með reglugerðarákvæðum, sem ég ætla ekki að rekja hér, gefnar út ýmsar reglur og bönn við dragnótaveiðum öll þessi ár, t. d. 1945 og 1950 með breytingu á reglugerðum.

Þá vil ég koma nokkuð meira inn á það sem hér er til umræðu: dragnótaveiðar í Faxaflóa.

Með lögum nr. 50 frá 16. apríl 1971, um breyt. á lögum nr. 21 10. maí 1969, um breyt. á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu, flotvörpu, voru dragnótaveiðar bannaðar í Faxaflóa. Bann þetta er síðan ítrekað í lögum frá 27. des. 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, og aftur með lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Því hafa dragnótaveiðar ekki verið stundaðar í Faxaflóa nema í tilraunaskyni síðan sumarið 1970. En á þeim tíma hefur Hafrannsóknastofnun gert tilraunir með kolaveiðar í dragnót á hverju sumri og hausti síðan 1976. Stofnunin hefur ítrekað í bréfum til rn. lagt til að dragnótaveiðar verði leyfðar í Faxaflóa með sömu skilyrðum og annars staðar við landið. Stofnunin telur að veiða megi í Faxaflóa 1500 lestir af kola án þess að skaða kolastofninn eða aðrar fisktegundir.

Á Alþingi 1978-1979 var lagt fram frv. til 1. um breyt. á lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, og gerði það ráð fyrir að dragnótaveiðar yrðu leyfðar í tilraunaskyni í Faxaflóa 1979 og 1980. Flm. voru Ólafur Björnsson og Guðmundur Karlsson. Máli þessu var vísað til ríkisstj. með ákveðinni ósk um að ríkisstj. hlutaðist til um að Hafrannsóknastofnunin héldi áfram tilraunaveiðum í Faxaflóa svo úr því yrði skorið, hvort nýta mætti þennan fiskstofn á skynsamlegan hátt þannig að ekki skaðaði fiskislóð á þessu þýðingarmikla svæði.

Haustið 1979 veitti því sjútvrn. tveimur bátum heimild til tilraunaveiða á kola í dragnót í Faxaflóa undir stjórn og eftirliti Hafrannsóknastofnunar og stóðu tilraunir yfir ágúst til september. Skilaði Hafrannsóknastofnun ítarlegri skýrslu um árangur þeirra tilrauna.

Í umræðum, sem urðu á Alþingi 28. maí 1980 vegna fsp. frá hv. alþm. Pétri Sigurðssyni um þessar veiðar, svaraði ég, að ég hefði í huga að þessum tilraunum yrði haldið áfram s. l. sumar og yrði bátum fjölgað, og jafnframt lýsti ég því yfir, að ég mundi leggja fram frv. um opnun fyrir dragnót í Faxaflóa yrðu niðurstöður þeirra framhaldstilrauna hinar sömu og fengist höfðu áður.

Í framhaldi af þessu voru gerðar enn ítarlegri tilraunir með dragnót í Faxaflóa og tóku nú fimm bátar þátt í þeim. Þessar veiðitilraunir stóðu frá 1. júlí til 15. nóv. Ítarlegar skýrslur Hafrannsóknastofnunar hafa verið gefnar út. Hygg ég að hafi verið dreift hér á Alþingi skýrslum Aðalsteins Sigurðssonar um tilraunaveiðar með dragnót. Þar kemur greinilega fram hver árangur varð af þessum tilraunum, m. a. rakið hver annar afli var á hinum ýmsu svæðum og hinum ýmsu tímum. Ég ætla því ekki að rekja þetta hér í smáatriðum, en vil segja að þessi annar afli var hverfandi lítill og er meginniðurstaðan eins og segir í upphafi skýrslunar frá 1979, með leyfi forseta:

„Samkvæmt tillögum Alþingis frá síðari hluta vetrar 1979 veitti sjútvrn. tveimur bátum leyfi til tilraunaveiða með dragnót í Faxaflóa í þrjá mánuði á árinu 1979, þ. e. ágúst-október. Auk áframhaldandi rannsókna Hafrannsóknastofnunar á skarkolaveiðum með dragnót í Faxaflóa mæltist Alþingi til þess að gerð væri athugun á hagkvæmni veiðanna. Hafrannsóknastofnun hefur unnið að rannsóknum á áhrifum dragnótaveiða á aðra fiskstofna í Faxaflóa en skarkola síðan 1976 og komist að þeirri niðurstöðu, að þau séu sáralítil."

Ég vísa til þessara skýrslna fiskifræðingsins til nánari upplýsingar um einstakar fisktegundir sem fengist hafa í þessum tilraunum.

Með hliðsjón af niðurstöðu Hafrannsóknastofnunar er lagt til að banninu við dragnótaveiðum í Faxaflóa verði aflétt, en þó aðeins leyfðar veiðar á skarkola. Gert er ráð fyrir því, að Hafrannsóknastofnun geri tillögur um skipulag þessara veiða, þ. á m. um aflahámark þess skarkola sem veiða má árlega, veiðisvæði og veiðitíma. Ráðuneytið getur síðan bundið úthlutun leyfa þeim skilyrðum sem þurfa þykir, t. d. um leyfilegt hámark annars afla en skarkola. Veiðarnar yrðu síðan undir ströngu eftirliti og gæti rn. fyrirvaralaust svipt leyfishafa leyfum brjóti þeir gegn ákvæðum leyfisbréfa, enn fremur fyrirvaralaust stöðvað allar veiðar á ákveðnum svæðum ef ástæða þykir til.

Um dragnótaveiðar þessar mætti fara mörgum fleiri orðum og um suma hluti hefur verið spurt sem ég skal reyna að hlaupa yfir, en þó stytta mál mitt.

Veiðisvæðið hafa menn spurt um. Ég vil upplýsa að tilraunaveiðar þær, sem farið hafa fram undanfarin ár, hafa einkum verið gerðar á svæðum þeim sem opin voru fyrir dragnótaveiðum fyrir lokunina 1970. Hefur innsti hluti Faxaflóa með allri strandlínunni verið lokaður, þ. e. innan línu sem dregin er úr Hólmbergsvita um bauju nr. 6, þaðan um Þormóðsskersvita í Gölt á Snæfellsnesi. Talið er að á því svæði, sem opið var, sé helstu kolamiðin að finna. Hins vegar þyrfti að kanna fleiri svæði undir eftirliti Hafrannsóknastofnunar og þá einkum á norðanverðum flóanum. En eins og ég hef áður lýst yrðu engin svæði opnuð nema Hafrannsóknastofnun teldi það vera í

lagi með tilliti til þess, sem ætlíð hefur verið haft í huga, að takmarka sem allra mest veiðar á öðrum fiskstofnum.

Um eftirlit með veiðunum hefur töluvert verið rætt. Að mínu mati er ýmislegt sem gerir sjútvrn. og Hafrannsóknastofnun kleift að fylgjast mjög vel með þessum veiðum.

Í fyrsta lagi er það nálægð veiðisvæðisins og löndunarstaða sem gerir auðvelt að fylgjast með þessum veiðum og að sumu leyti betur en öðrum veiðum, bæði af Hafrannsóknastofnun og eftirlitsmönnum ráðuneytisins. Enn fremur verður að telja að auðveldara verði fyrir Landhelgisgæsluna að fylgjast með því, að dragnótabátar fari ekki inn á lokuð svæði, þar sem skip og flugvélar gæslunnar eiga að sjálfsögðu mjög oft leið um flóann úr og í eftirlitsferðir. Einnig má minna á að á tveimur undanförnum sumrum hefur rn. orðið vart við marga aðila, t. d. trillukarla, sem vilja hafa eftirlit með þessum veiðum — við getum sagt í sjálfboðavinnu — og eru fljótir að láta frá sér heyra ef þeim þykir eitthvað brotið af þeim reglum sem settar eru. Að vísu er mér tjáð, þegar ég hef spurt um slíkar upplýsingar, að þær hafi ekki ætíð reynst nægilega öruggar, en enginn vafi er á að í þessu er töluvert aðhald.

Eftirlit ráðuneytisins yrði, eins og verið hefur, einkum fólgið í því að fylgjast með aflasamsetningunni, en fyrirvaralausri leyfissviptingu varðar að vigta ekki allan aflann sundurliðaðan eftir tegundum. Enn fremur verður farið í veiðiferðir með bátum til þess að fylgjast með veiðarfærum, veiðiaðferðum og fleira.

Um möskvastærðina er það að segja, að fram til ársins 1975 var lágmarksmöskvastærð í dragnót 110 millimetrar, en var breytt í 135 millimetra með reglugerð sem var gefin út 9. sept. 1974. Með reglugerð sem var gefin út 26. mars 1976 var lágmarksmöskvastærð í poka, þ. e. í fimm öftustu metrum pokans, ákveðin 170 millimetrar, en var áfram 135 millimetrar í öðrum hlutum nótarinnar. Sú reynsla, sem fékkst af þessari möskvastærðarstækkun í 170 millimetra, reyndist ekki vel. Fiskimenn töldu sig missa of mikinn fisk, næstum allan bolfisk og kola langt yfir hirðanlegri stærð. Afleiðingin af þessu varð að margir hættu að stunda þessar veiðar, en aðrir gripu til ýmissa ráða til að minnka möskvann, t. d. klæðningar eða bundu einfaldlega fyrir belginn fyrir ofan 170 millimetra möskva, og er það að sjálfsögðu ekki góð leið. Eftir miklar umræður var þó ákveðið að fallast á tillögur Hafrannsóknastofnunar og gripið til þess með reglugerð frá 23. maí 1979 að ákveða 155 millimetra lágmarksmöskvastærð í allri nótinni. Ég held ég megi segja að sú millileið hafi gefist vel og menn hafi bæði sætt sig við hana og talið að viðunandi árangur með veiðum náist með þeirri möskvastærð.

Um dragnótaveiðar á svæðum öðrum en Faxaflóa mætti flytja nokkuð langt mál, því þær eru víða stundaðar þó að þær hafi farið mjög minnkandi undanfarin ár. T. d. má nefna að 76 veiðileyfi voru veitt 1975, 62 leyfi 1976, 60 leyfi 1977, 57 leyfi 1978, 46 leyfi 1979 og 37 leyfi 1980. Þannig hefur jafnt og þétt úr þessum veiðum dregið. Helstu verstöðvarnar eru Ólafsvík, Patreksfjörður, Sauðárkrókur, verstöðvar við Eyjafjörð, Húsavík, Raufarhöfn og Þórshöfn, og 2-3 bátar hafa stundað slíkar veiðar frá Austfjörðum. Sá samdráttur, sem hefur orðið í þessum veiðum, stafar af því, að við stækkun möskvans hefur bolfiskafli minnkað og víða er lítill áhugi á því að fá kola til vinnslu eða a. m. k. var þó að það sé von mín að það kunni nú að breytast. Ráðuneytið hefur þó reynt að auka kolaveiðarnar með því að veita rýmri veiðisvæði og hefur, eins og ég sagði áðan, dregið úr andúð á þessu veiðarfæri, að okkar mati, og einnig andstöðu gegn þeim möskva sem nú er ákveðinn. Ég hygg að stækkun möskvans eigi töluverðan þátt í því að menn snúast minna gegn notkun þessa veiðarfæris almennt. Enn fremur vil ég geta þess, að rn. hefur oft gripið til þess að veita dragnótabátum frá ákveðnu byggðarlagi rýmri heimild til kolaveiða í þeim firði þar sem byggðarlagið stendur. Hefur það verið gert í samkomulagi við útgerðar- og sjómenn frá þeim stað og gefist vel.

Ég vil að lokum, með leyfi forseta, lesa bréf frá vinnsluaðila, því um það var beðið í tilvísun sjútvn. til rn. að vinnslan yrði einnig könnuð. Hef ég því fengið bréf frá Ísbirninum hf. sem ég vil leyfa mér að lesa. Það er dagsett 10. febr. 1981 og segir svo:

„Sem svar við bréfi sjútvrn., dagsettu 26. jan. s. l., um skarkolavinnslu Ísbjarnarins hf. s. l. sumar, viljum við láta eftirfarandi upplýsingar í té:

Tveir bátar, Aðalbjörg RE 5 og Guðbjörg RE 21, lögðu upp skarkolaafla sinn hjá félaginu. Veiðar hófust 7. júlí og lauk þeim 29. okt. Afli bátanna, sem Ísbjörninn hf. tók á móti, var sem hér segir:

Aðalbjörg 177 410 kg í róðrum, þar af 5976 kíló af öðrum fiski en skarkola eða 2765 kíló af skarkola í hverjum róðri að meðaltali.

Guðbjörg 195 352 kíló í 65 róðrum, þar af 4569 kíló af öðrum fiski en skarkola eða 2935 kíló af skarkola í hverjum róðri að meðaltali.

Yfirleitt var afli nokkuð jafn. Minnsti afli í róðri var um 1000 kíló og sá mesti um 5700 kíló. Samtals tók félagið í vinnslu af ofangreindum bátum 362 217 kíló af skarkola.

Veiðunum var þannig háttað, að bátarnir fóru yfirleitt í róður milli kl. 6 og 8 að morgni og komu milli 20 og 22 að kvöldi. Gert var að aflanum um borð og hann þveginn og ísaður í kassa. Aflanum var strax landað er komið var að landi og settur í stálkör með ísvatni, geymdur í kælikistu til morguns þar til vinnslan hófst. Dagsaflinn var ætíð unninn upp á einum degi.

Vinnslunni var hagað þannig, að fyrst var kolinn þveginn í þar til gerðri þvottavél og síðan var hann flakaður í kolaflökunarvél. Að flökun lokinni var kolinn snyrtur, stærðarflokkaður í sjö flokka og flökin sérfryst í bandfrystitæki. Loks var flökunum pakkað, ýmist í 35 punda kassa eða 10 punda kassa, hvort tveggja fyrir Bretland. Enn fremur var nokkuð magn pakkað í 2 punda poka fyrir innanlandsmarkað.

Vinnslan tókst mjög vel að öllu leyti, nýting var góð og hráefnisgæðin voru eins og best verður á kosið.

Sala á framleiðslunni hefur gengið allsæmilega, en eins og áður var getið var kolinn nær eingöngu framleiddur fyrir Bretlandsmarkað, en aðrir helstu markaðir eru Bandaríkin, Danmörk, Vestur-Þýskaland og fleiri lönd í Mið-Evrópu. Til þess að innflutningur til ríkja Efnahagsbandalagsins geti verið arðbær er nauðsynlegt að flaka kolann, en innflutningur til EBE-landa er tollfrjáls, en 15% tollur á heilfrystum fiski. Enn fremur er meiri og betri markaður í Evrópu fyrir sérfryst kolaflök heldur en blokkfryst og þurfa flökin þá jafnframt að vera nákvæmlega stærðarflokkuð.

Óhætt er að fullyrða að þessar vinnslutilraunir Ísbjarnarins hf. s. l. sumar leiði ótvírætt í ljós að vinnsla á

skarkola getur verið arðbær og eigi mikla framtíð fyrir sér."

Undir þetta skrifar f. h. Ísbjarnarins hf. Jón Ingvarsson.

Eftir þessar tilraunir, og ég leyfi mér að segja: ítarlegar tilraunir, og athugun á kolaveiðum í Faxaflóa er ég eindregið þeirrar skoðunar, að slíkar veiðar beri að heimila en undir ströngu eftirliti, bæði Hafrannsóknastofnunar og sérstakra eftirlitsmanna, til að koma í veg fyrir að það tjón skapist af þessum veiðum sem getur orðið ef óvarlega er að þeim staðið. Ég tel að þessar tilraunir hafi sýnt að hægt er að standa að þessum veiðum þannig að slíkt tjón verði algjörlega í lágmarki.

Það hefur einnig áhrif á afstöðu mína í þessu máli, að kolastofninn er einn af þeim fáu fiskstofnum sem við nýtum ekki til hlítar. Þar má auka sóknina nokkuð. Ég held að okkur sé nauðsynlegt að nýta fiskstofna okkar alla að því marki sem óhætt er talið og því æskilegt að auka sóknina í kolastofninn. Auk þess er ljóst að markaður er fyrir þessa framleiðslu. Þessi framleiðsla er mjög góð. Þessi fiskur er ákaflega góður. Það veit ég að þeir geta borið um sem hafa reynt.

Ég sagði í upphafi að mér er ljóst að um þetta mál eru verulegar deilur. Því er þetta mál ekki flutt sem stjfrv., heldur að sjálfsögðu lagt í ákvörðun Alþingis og einstakra þm. að ákveða hvort Faxaflói skuli lokaður áfram, eins og verið hefur, eða opnaður með þeim takmörkunum sem ráð er fyrir gert.

Að svo mæltu, herra forseti, legg ég til að frv. þessu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Eins og fram hefur komið í löngu og ítarlegu máli hæstv. sjútvrh. fjallar frv. það, sem hér er til umr., um breyt. á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Eins og hæstv. ráðh. gat réttilega um voru dragnótaveiðar bannaðar í Faxaflóa með lögum nr. 50 frá 16. apríl 1971. Þetta bann hefur verið í gildi síðan, með ýmsum smávægilegum takmörkunum þó, en þó má segja að dragnótaveiðar hafi ekki verið stundaðar í Faxaflóa síðan sumarið 1970 nema í algjöru tilraunaskyni. Frá árinu 1976 hefur Hafrannsóknastofnunin gert tilraunir með kolaveiðar í dragnót á þessu svæði á hverju sumri og hausti. S. l. sumar munu fimm bátar hafa tekið þátt í þessum veiðitilraunum í Faxaflóa.

Það er rétt, sem hæstv. ráðh. vék að, að mál þetta hefur löngum verið mikið deilumál á Alþingi. Þeir, sem muna hvernig málum var komið á þessu fiskveiðisvæði áður en bann það gekk í gildi sem hér er til umræðu, óttast mjög ef flóinn verður opnaður á ný. Með þessu frv. er að vísu gert ráð fyrir því, að banninu við dragnótaveiðum í Faxaflóa verði aflétt á þann veg, að aðeins verði leyfðar veiðar á skarkola. Eigi að síður hygg ég að menn séu síður en svo á einu máli um þetta frv. og þau rök sem það byggist á. Þess vegna vil ég taka undir það sem hæstv. sjútvrh. sagði, að frv. þetta hefur að vísu verið rætt í rikisstj., en það er ekki flutt sem stjfrv., heldur af sjútvrh., en einstakir ráðherrar hafa fyrirvara um stuðning við þetta mál og þar á meðal er ég.

Ég leyfi mér aðeins, án þess að gera þetta mál að löngu umræðuefni við þetta tækifæri, að vitna í öll þau rök sem hafa verið flutt á mörgum undanfarandi þingum gegn tillögum af þessu tagi, þegar slík mál hefur borið á góma, — mörg og mikilvæg rök, ótta manna við opnun þessa veiðisvæðis sem byggður er á langri sögulegri reynslu.

Ég skal ekki hafa mál mitt lengra að sinni, en tek fram að ég hef fullan fyrirvara um þetta frv. og hef ekki lýst yfir stuðningi við það.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að halda langa ræðu um þetta efni.

Ég undrast að enn skuli vera til menn sem eru á móti því að reyna að nýta kolann, svona góðan og dýran fisk. Á sama tíma er alltaf verið að reyna að vísa fiskiflotanum okkar á svokallaðar vannýttar tegundir, sem sumar hverjar eru líklega miklu verr á vegi staddar en þorskurinn sem allir eru að passa. Ég ætla ekki að fara út í það.

Kolinn er bókstaflega ekkert veiddur hér við land, hvorki skarkolinn né þykkvalúran, sem fær að vera alveg í friði. Við þurfum að finna einhver ráð til að breyta lögum og reglum okkar þannig að við getum líka nýtt þann stofn, — það mikla og dýra sælgæti sem er á ferðinni í mynd þykkvalúrunnar.

Hæstv. ráðh. nefndi í sinni ræðu að hann flytti þetta mál einn sem sjútvrh., en það væri ekki flutt sem stjfrv.. Þá vil ég segja það, þó að ég þurfi auðvitað ekki að tala lengi hér vegna þess að ég er í þeirri nefnd sem fær þetta mál til meðferðar, að þó að ég sé ekki valdamaður í Alþb. af skiljanlegum ástæðum hef ég þó ráð á einu atkvæði enn þá og lýsi yfir stuðningi mínum við þetta frv. og hefði stutt það þó gengið hefði verið lengra.

Það er ólíku saman að jafna, hvernig var með dragnótaveiði hér fyrr meir og þá dragnótaveiði sem nú er stunduð. Þá var dragnótin öðruvísi notuð og allt annað veiðafæri en nú er. Og þó að menn tali um að þeir, sem muna ástandið fyrir 1970, hvernig þá hafi verið komið fyrir flóanum, — að þeir óttist að flóinn verið opnaður á ný, eins og hæstv. dómsmrh. orðaði það, er þarna ólíku saman að jafna.

Í fyrsta lagi er ósannað að veiði hafi dregist svona mikið saman í Faxaflóanum vegna dragnótarinnar. Hún hafði dregist saman býsna mikið víða um land þó að dragnót hefði þar hvergi verið hreyfð. En friðun landhelginnar og stækkun hennar og útilokun útlendinga á þessu tímabili hefur orðið til þess, að fiskigengd á grunnmiðum af smáfiski hefur vaxið. Fiskigengd hefur aukist þrátt fyrir allt of mikla veiði að því er talið er.

Það er allt annað veiðarfæri sem er með 100 millimetra möskva eða 150 millimetra möskva eða þar yfir, enda sýndi það sig að þegar möskvinn í poka var stækkaður í 170 millimetra gátu menn hreint ekki stundað þessar veiðar vegna þess að þá sleppur bókstaflega allt út. Það er svo með troll með 155 millimetra möskva. Það heldur ekki t. d. þykkvalúrunni, lemmanum eins og kallaður er. Hann skríður út, leggur sig saman og kveður. Það er áreiðanlegt að það er mikill fiskimaður sem getur veitt mikið að smáfiski á snurvoð, sem er með 155 millimetra möskva. Hann er klókur sá. (**PS:** Þeir eru seigir undir Jöklinum.) Já, þeir eru seigir, en varla nógu seigir til þess.

Ég vil benda á það, sem stendur hér í grg., að Hafrannsóknastofnunin hefur ítrekað lagt til að dragnótaveiðar yrðu leyfðar. Á einum vígstöðvunum erum við sífellt að ragast út í þessa stofnun fyrir að vilja leyfa allt of litlar veiðar og mikið um það talað og hátt barist í þeim efnum í þjóðfélaginu, en svo leggur þessi sama stofnun til ár eftir ár að veiðar verði auknar á kolanum og þá eru

menn tregir til að taka undir. Það undrast ég. Ég er alveg viss um að þessi tala, sem stofnunin nefnir þarna, 1500 tonn, er ekki of há. Þeir fara varlega í þessar sakir. Það er ekki nokkur vafi á því.

Ég er hissa á því að Reykvíkingar skuli ekki sérstaklega berjast fyrir því, að menn skuli fá að veiða sér í flóanum svo ágætan matfisk sem kolinn er. Það eru aðeins sumir af þm. Reykv. sem hafa gert það, en aðrir ekki.

Ég vil sem sagt strax í upphafi lýsa yfir því, að ég er fylgjandi þessu frv. og ég vildi gjarnan láta gera meira að því að auðvelda duglegum fiskimönnum að ná í kolann víðar, ekki bara í dragnót, heldur í einhver önnur veiðarfæri, því að sannleikurinn er sá, að það skiptir ekki máli hvort við fiskum stóran og góðan fisk innan eða utan við einhverjar ákveðnar línur og ekki heldur hvort við fáum hann í þetta eða hitt veiðarfærið. Dauður fiskur er jafndauður hvort hann er drepinn á línu eða í troll. Það þarf bara að haga þessu skynsamlega og reyna að koma ákveðnum skikk á allar veiðar. En það er rangt að mínum dómi, á meðan við sækjum heldur grimmt í suma fiskstofna, að skilja þá aðra alveg eftir sem við vitum að eru orðnir of stórir sumir hverjir.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Þetta frv. um að leyfa dragnótaveiðar í Faxaflóa tel ég eðlilegt að komi fram, og ég vil lýsa því hér yfir að ég er fylgjandi því, að veiðar í dragnót í Faxaflóa verði leyfðar. Ég er því einnig fylgjandi, að Hafrannsóknastofnunin eigi að gera tillögur um skipulag þeirra veiða og þá sérstaklega aflamagn, veiðitíma og veiðisvæði.

Hitt finnst mér ekki rétt, eins og er í frv., að Hafrannsóknastofnunin eigi að segja til um fjölda veittra leyfa. Það er ekki á verksviði vísindamanna eða vísindastofnunar. Það hlýtur að vera á verksviði stjórnvalda eingöngu. Ég held að með því að taka slík ákvæði inn í þessi veiðileyfi ein og sér sé verið að skapa mjög víðtækt fordæmi á ýmsum öðrum sviðum. Þar sem ég á sæti í þeirri n., sem fær frv. til meðferðar, ætla ég ekki að fjölyrða frekar um þetta atriði. En ég er efnislega sammála því sem hæstv. ráðh. sagði í framsöguræðu sinni fyrir frv.

Ég vil einnig taka undir það sjónarmið sem kom fram hjá hv. 4. þm. Suðurl., að það hefur margoft verið bent á að skarkolastofninn færi vaxandi, hann væri því vannýttur hjá okkur á sama tíma og við gengjum mun lengra en vísindamenn leggja til við nýtingu aðalfiskstofnsins, þorskstofnsins, og teldum okkur hafa getað leyft okkur það, enda hefur það verið nú árum saman, en þrátt fyrir að það hefur verið gert hafa vísindamenn hækkað sínar tillögur verulega, þrátt fyrir svartsýni á þeim árum sem hin svokallaða „svarta skýrsla" var gefin út. Það kemur því ákaflega undarlega fyrir sjónir þegar menn eru að bera saman dragnótaveiðar nú, með þeim breytingum, sem gerðar hafa verið, og öllum þeim takmörkunum, sem fylgdu, — bera þær saman við dragnótaveiðar eins og þær voru fyrir nokkrum áratugum. Þetta þolir auðvitað engan samanburð og fær ekki staðist, að á sama tíma og við veiðum meira en vísindamenn leggja til af aðalfiskstofnunum geti menn verið á móti því að nýta það sem vísindamenn leggja til að nýtt verði.

Ég fyrir mitt leyti get alls ekki staðið á því að leggjast gegn því hér á Alþingi sem vísindamenn leggja til, eins og Hafrannsóknastofnunin hefur lagt til í þessu máli. — Sérstaklega hefur fiskifræðingurinn Aðalsteinn Sigurðsson fylgst með skarkolastofninum víðs vegar kringum landið og þá ekki síst í Faxaflóa og hefur birt í tímritinu Ægi mjög merkilegar greinar um tilraunaveiðar með dragnót og síðast í desemberhefti Ægis á s. l. ári um tilraunaveiðar með dragnót í Faxaflóa sem þeir framkvæmdu sumarið 1980. — Við megum ekki gera svona atriði að trúaratriði þó að í ákveðnum kauptúnum eða kaupstöðum hafi menn skipast á móti dragnót og aftur á öðrum stöðum með dragnót. Ég held að þingmenn eða stjórnmálamenn eigi ekki að láta segja sér fyrir verkum í þeim efnum.

Það er til ágæt saga af þingmanni, einum þekktasta stjórnmálamanni landsins. Þegar hann kom á fund í sínu kjördæmi, í Keflavík, það var Ólafur Thors, voru menn almennt með dragnót. Þá sagði hann: Auðvitað er ég með dragnót hér í Keflavík, en þegar ég kem í Garðinn er ég á móti dragnót. — En hann gat leyft sér ýmislegt sem aðrir geta kannske ekki.

Ég held að það sé sama hvort maður kemur í Keflavík eða Garðinn eða Keflavík eða Akranes, að ef við teljum vera óhætt að veiða meira og nýta fiskstofnana betur, þ. e. þá stofna sem eru í uppbyggingu og eru vannýttir, eigum við tvímælalaust að nýta þá. Og við verðum líka að gæta þess í sambandi við það, að við höfum haldið fram á alþjóðavettvangi — og þá á Hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna — að við teljum okkur geta nýtt og þurfa að nýta alla fiskstofna. Ef við verðum uppvísir að því að nýta ekki ákveðna fiskstofna eiga aðrir rétt á að fá að nýta þá. Á sama tíma og við erum að beita fiskimenn okkar og útgerð ákaflega hörðum og róttækum aðgerðum og draga með því úr veiði megum við ekki í leiðinni gera okkur seka um að nýta ekki þá fiskstofna sem vísindamenn okkar telja að séu vannýttir. Þetta er það sem ræður afstöðu minni til þessa máls, og því vil ég styðja frv., en vil gjarnan að það falli niður úr greininni sem ég nefndi í upphafi máls míns.

Umr. frestað.

Útvarpslög, frv. (þskj. 478). — 1. umr.

Flm. (Ólafur Þ. Þórðarson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér frv. til l. um breyt. á útvarpslögum, nr. 19 15. apríl 1971, ásamt Alexander Stefánssyni og Stefáni Valgeirssyni. Ég vil — með leyfi forseta — lesa greinina eins og hún kæmi þá fram breytt:

„Ríkisútvarpið hefur einkarétt á útvarpi, þ. e. útsendingu til viðtöku almennings á tali, tónum, myndum eða öðru efni, hvort sem er þráðlaust, með þræði eða á annan hátt. Í þessu skyni reisir Ríkisútvarpið sendistöðvar og endurvarpsstöðvar eftir þörfum.

Ríkisútvarpið skal hafa til útlána fyrir almenningssöfn og sjómannastofur myndsegulbandsspólur með öllu því efni til fróðleiks og skemmtunar er á dagskrá þess hefur verið í a. m. k. tvo mánuði eftir útsendingu, enda takist samningar við réttarhafa efnis.

Heimilt er Ríkisútvarpinu að flytja inn, eiga og reka senditæki, viðtæki og önnur slík tæki, sem eru sérstaklega framleidd fyrir útvarp, enda fullnægi tækin þeim skilyrðum um öldutíðni, útgeislun o. fl. sem ákveðið er samkvæmt alþjóðasamþykktum og reglugerðum varðandi fjarskipti, sem Ísland er aðili að."

2. gr. þessa frv. hljóðar svo:

„Lög þessi öðlast þegar gildi.“

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að sjónvarpið er áhrifamesti fjölmiðillinn. Samt er það svo, að fjölmennir hópar í þessu þjóðfélagi eiga þess ekki kost að fylgjast með dagskrá þess. Hér veldur annars vegar að þeir þurfa að sinna störfum sínum til sjós eða á landi á sama tíma og útsending sjónvarpsins stendur yfir eða þá að þeir eru búsettir eða dveljast á stöðum sem útsending sjónvarpsins nær ekki til. Hér er um mikla þjóðfélagslega mismunun að ræða.

Sú lausn, sem hér er lögð til, er ekki fullnægjandi til frambúðar hvað dreifingu útsendingarefnis varðar, en ætti að gera mönnum biðina léttari.

Sanngjarnt væri að tollar af myndsegulböndum til þeirra, sem ekki gætu notið sjónvarps með öðru móti, væru felldir niður.

Ég tel að hér sé hreyft sjálfsögðu máli, að útvarpið sinni þjónustu á þann hátt sem hér er lagt til, en að sjálfsögðu væri eðlilegt að gjald kæmi fyrir.

Ég vil bæta því við það sem er minnst á í grg., að ég hygg að skólar muni í framtíðinni nota myndsegulbönd sem kennslutæki og þetta ætti að auðvelda þeim að koma sér upp innan sinna veggja safni af efni sem sýnt hefur verið í sjónvarpinu og hefur kennslugildi.

Ég vænti þess, að menn horfi á þetta frv. með velvild, vitandi að þar stéttir þjóðfélagsins, sem helst verða út undan, eiga það vissulega inni hjá íslenskri þjóð að þær fái að njóta efnis sjónvarpsins sem aðrir þegnar í þessu landi.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Það er út af fyrir sig fagnaðarefni að sjá hér frv. til breyt. á útvarpslögunum sem snertir þennan sérstaka þátt. Hér er um að ræða mál sem lengi hefur verið talað um af mörgum aðilum, sérstaklega í útvarpsráði, en enn fremur var á sínum tíma sett á laggirnar nefnd til að vinna sérstaklega að þessu viðfangsefni. Sá, sem skipaði þá nefnd, var þáv. menntmrh. Vilhjálmur Hjálmarsson.

Þessar umræður hafa auðvitað átt sér stað meðfram vegna þess, að það er opinbert leyndarmál að flestöll meiri háttar útgerðarfyrirtæki á landinu láta taka upp efni sjónvarps og senda það síðan með veiðiskipum þannig að þeir, sem stunda sjómennsku, eiga margir hverjir kost á því að fylgjast með efni sjónvarpsins, völdu af útgerðinni, ef svo má að orði komast. Venjulegast er efnið frá þeim tíma er síðasta veiðiferð skipsins stóð yfir. Menn hafa séð í gegnum fingur við þetta, en það er auðvitað ólögmætt athæfi, þar sem íslenskir sjómenn eiga þess ekki kost að fylgjast með efni sjónvarpsins vegna hinna slæmu móttökuskilyrða á miðunum og hins gífurlega kostnaðar sem mundi verða ef ætti að leysa það mál sérstaklega með öðrum hætti en samstarfi við önnur Norðurlönd, t. d. Nordsat eða með öðrum slíkum aðferðum. — Samstarf við Breta um gervihnetti kæmi auðvitað til greina. Reyndar hafa íslensk yfirvöld látið panta sér stað úti í himinhvolfinu og halda því opnu með hverjum við höfum samstarf, annars vegar Norðurlöndum og hins vegar Bretum.

Það er ljóst að sá iðnaður hefur vaxið gífurlega að undanförnu sem fjöldaframleiðir myndsegulbandspólur með ýmiss konar kvikmyndum og öðru efni sem áhugavert þykir. Slíkt efni flæðir nú um heiminn. Til skamms tíma var ekki ljóst hvaða tæknikerfi yrði ofan á í þessu sambandi, en íslenskir aðilar hafa fylgst mjög náið með því. Þar á meðal má nefna verkfræðing sjónvarpsins, Hörð Frímannsson, en hann var einn þeirra sem skipaðir voru í nefnd hæstv. menntmrh. á sínum tíma.

Vegna erfiðleika út af höfundarrétti er ákaflega erfitt fyrir íslenska sjónvarpið, án þess að það kosti gífurlega fjármuni, að gera samninga við erlenda rétthafa efnisins, því að öllum er ljóst að endurútsending kostar sitt og verðviðmiðunin er með þeim hætti að það er aðeins miðað við eina útsendingu í þessu fámenna þjóðfélagi. Þess vegna er verð til íslenska sjónvarpsins miklu lægra en til annarra sjónvarpsstöðva.

Hitt er svo annað mál, að tiltölulega einfalt væri fyrir íslenska sjónvarpið að gefa út fréttir og annað efni sem sjónvarpið á algjöran höfundarrétt yfir. En ég veit ekki hve áhugavert slíkt efni yrði eftir smátíma. Sama má reyndar segja um þætti sem sjónvarpið vinnur algjörlega á eigin spýtur og á umráðarétt yfir. Slíkir þættir geta þó vissulega haft varanlegra gildi en fréttaefni sem dugir frá degi til dags.

Varðandi frv. sjálft vil ég aðeins taka það fram, að mér finnst það vera virðingarvert að frv. komi fram og það er sjálfsagt að það fái góða skoðun í nefnd og þar sé tekinn upp þráðurinn sem frá var horfið. Mér er það til efs, sem stendur í grg., að það geti verið sanngjarnt að tollar á myndsegulböndum til þeirra, sem ekki geta notið sjónvarps með öðru móti, væru felldir niður, einfaldlega vegna þess hve auðvelt er að þurrka út af þessum spólum og setja annað efni á þær. Þær geta líka auðvitað gengið kaupum og sölum, eins og allir kannast við. Hitt er svo annað mál, hvort á annað borð eigi að vera tollar af slíkum tækjum hér á landi sem eru jafnmikilvæg við miðlun á ýmsu efni, og má til sanns vegar færa að sama regla ætti að gilda um myndsegulbönd og t. d. bækur sem engir tollar eru á.

Til upplýsingar fyrir þá, sem eru flytjendur þessa frv., og eins fyrir aðra hv. þm. má geta þess, að í nefnd þeirri, sem Vilhjálmur Hjálmarsson skipaði á sínum tíma, voru þeir Ingólfur Ingólfsson, hann var form. nefndarinnar, Hörður Frímannsson verkfræðingur sjónvarpsins og Ómar Ragnarsson fréttamaður. Aðeins voru haldnir örfáir fundir nefndarinnar. Hörður, eins og ég sagði áður, kannaði rækilega hvaða kerfi helst kæmi til greina. Ingólfur kannaði jafnframt hjá forráðamönnum sjónvarps og útvarps um höfundarrétt eins ítarlega og hægt var. En vegna þess hve starfið gekk illa og hægt endaði starf þessarar nefndar með því að formaðurinn, Ingólfur Ingólfsson, sagði af sér. Síðan hefur þetta starf legið niðri, því miður.

Ég tel fulla ástæðu til þess að þingnefnd, sem fær frv., kanni þetta mál og kanni hvernig hægt sé að bregðast við. Það er auðvitað hægt að gera það með ýmsum öðrum hætti en að Ríkisútvarpið sjái um þetta hlutverk. Það gætu ýmsir aðrir aðilar komið til greina. Tækninni fleygir fram á þessu sviði og gera má ráð fyrir að á næstu árum og áratugum verði myndsegulbönd á hverju íslensku heimili. Á sama tíma er hugsanlegt að gervihnettir — annaðhvort yrðum við þá í samvinnu við Norðurlönd eða við aðrar þjóðir — geri það að verkum að við þurfum ekki að hafa áhyggjur af dreifingu sjónvarpsefnis því að þeir koma í stað núverandi dreifikerfis. Með útbúnaði, sem hægt er að koma fyrir á fiskiskipum og eflaust verður þá betri en nú er, má gera ráð fyrir að fiskiskip við Íslandsstrendur geti

þá náð efni íslenska sjónvarpsins beint með aðstoð gervihnattar.

Ég vona að hv. flm. telji þau sjónarmið, sem koma fram í minni ræðu, vera jákvæð sjónarmið. Ég er ekki viss um að það sé hægt í einu vetfangi að samþykkja þau atriði sem koma fram í frv., en mér finnst sjálfsagt að kalla til þá, sem hafa kannað þetta rækilega, og hafa það í huga fyrst og fremst á þessu stigi málsins, hvernig við getum komið til móts við sjálfsagðar óskir íslensku sjómannastéttarinnar.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Það gat ekki annað verið en að þyrfti mikið til þess að breyta áður kunnri stefnu Framsfl., enda sést það á hv. flm. þessa frv. En það er að sjálfsögðu af hinu góða þegar þeir sameinast þessir þrír hv. þm. um að koma góðu máli áfram. Ég man þá tíð þegar ég flutti þetta mál í einni eða annarri mynd ár eftir ár, að harðasti og eini andstæðingurinn, sem kom í ræðustól á hv. Alþingi, var þáv. menntmrh. Framsfl., hv. fyrrv. þm. Vilhjálmur Hjálmarsson og komu engin mótmæli þá úr þingmannaliði Framsfl. gegn skoðunum hans. En batnandi mönnum er best að lifa, stendur einhvers staðar, og ég fagna því, að þetta frv. er komið fram í þessari mynd, og fagna því jafnframt að sjá hér, bæði í grg. og reyndar í frv. sjálfu, sumt af mínum fyrri orðum og tillögum flutt af þeim framsóknarmönnum.

Ég held að það geti ekki verið rétt sem segir í grg., með leyfi forseta. „Sanngjarnt væri að tollar af myndsegulböndum" o. s. frv., eigi að vera: myndsegulbandstæki. — Er það ekki rétt skilið? Mér er ekki kunnugt um að það séu sérstakir tollar af sjálfum böndunum frekar en af kvikmyndum. Hins vegar voru tillögur hér uppi frá mér og öðrum í eina tíð um það, að innflutningsgjöld af myndsegulbandstækjum, sem færu um borð í skipin, væru felld niður því að þetta gat þýtt gífurlegar fjárupphæðir. Þingið vildi ekki fallast á þær tillögur að þeir hópar manna, sem ekki fá notið sjónvarpsins hér í landi, fengju þarna tollfríðindi. Í flestum tilfellum, ef um fjölskyldumenn er að ræða, borga þeir sitt afnotagjald. Því er margt sem mælir með því, að þessi hópur manna fái myndsegulbandstækin á tollfrjálsu verði um borð í skipin. Ég óttast ekki það, sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, að það þurfi að vera neinn ótti samfara því að þessi tæki fari að ganga kaupum og sölum í landi. Það er afskaplega auðvelt að innsigla þessi tæki um borð. Þetta er iðulega gert og var gert meðan sjálf sjónvarpsviðtækin voru fyrst að koma um borð í skipin. Þau voru innsigluð um borð. Hefði þurft að fara með þau í land til viðgerðar hér heima sáu tollverðir um að þau kæmu um borð aftur. (**Gripið fram í:** En myndsegulbönd?) Ég er að tala um tækin líka.

Ég var að segja það áðan, þegar hv. þm. var einhvers staðar fjarverandi, að mér væri ekki kunnugt um að það væru tollar á þeim. Það má hins vegar vel vera að það séu tollar á áteknum myndsegulböndum, en t. d. á kvikmyndafilmum er það ekki. Alla vega er orðinn undarlega mikill innflutningur þessa efnis t. d. hér á höfuðborgarsvæðinu. Reyndar eiga þar lögbrot í stórum stíl sér stað. Mér er kunnugt um að það eru kannske í uppsiglingu fyrstu alvarlegu átökin á þeim vettvangi vegna þess að eitt kvikmyndahúsanna er að undirbúa kæru á húsfélag hér í bænum. Það húsfélag er með í sínu húsi nýja kvikmynd á segulbandi sem viðkomandi kvikmyndahús er nýbúið að kaupa á okurverði frá dreifingaraðila. Þar er tekið fram, að það hafi ekki verið seld nein réttindi til segulbandssýningar. Þarna er því augljóslega um lögbrot að ræða og hreinan þjófnað.

Það hlýtur að vera erfitt fyrir útgerðirnar að þurfa að standa að því, — ég vil samt sem áður þakka flm. fyrir þá hugulsemi sem hefur komið fram hjá þeim í garð áhafnanna á skipunum, — að láta taka upp eitt og annað innlent efni til að flytja um borð í skipin. Það hlýtur að vera viss freisting í því fólgin til að taka upp um leið annað efni sem kannske er utan við lög og rétt í eiginlegri merkingu. Það er leitt að vita til þess, að þeir skuli þurfa að standa í því eða þá að áhafnir skipanna verði neytendur slíkrar vöru. Ég mun fagna því, ef frv. gengi fram eftir nánari skoðun, og mun mæla með því og taka þátt í að greiða fyrir því.

Vegna þess að hér er jafnframt um fréttaflutning að ræða, sem kemst þótt seint sé um borð í skipin, get ég ekki varist því að minnast hér á, fyrst ég er kominn hér í ræðustól, það sem varð mér að spurnarefni ekki alls fyrir löngu á Alþingi, um ástæðu þess að morsfréttasendingar voru felldar niður til skipa. Í staðinn eða jafnframt voru teknar upp svokallaðar stuttbylgjusendingar, talsendingar, sem fullyrt var að mundu heyrast um allan heim. Nú komu til mín tveir sjómenn í gær niður í þing og töluðu við mig, af sitt hvoru skipinu, og sögðu mér þær sögur, að þeir væru búnir að vera tvo mánuði að heiman og þeir hefði í um það bil sex eða sjö vikur af þeim tíma ekki heyrt eitt einasta orð frá Íslandi og engar fréttir fengið. Það er auðvitað fyrir neðan allar hellur að ekki skuli vera hægt að halda uppi þeirri lágmarksþjónustu að senda út á morsi fréttir til íslenskra skipa einu sinni á hverjum degi. Það eru gerðar kröfur um það til útgerðanna, að þegar skip hafa náð ákveðinni stærð og eru með ákveðinn fjölda skipverja um borð eigi þar að vera loftskeytamenn sem eru sérlærðir til slíkra verka, — og reyndar fleiri en þeir um borð í skipunum. Það eru líka þeir sem skipstjóralærðir eru, þeir eru farnir að læra þetta mjög ítarlega núna, — og það er ekki nokkur mynd á því, að ekki skuli vera hægt að ná sambandi fljótt og vel ef á þarf að halda með þessari móttökutækni og að fréttirnar séu sendar út. Að sjálfsögðu er hægt að hafa samband um loftskeytastöðina, það verður tekið við því, en fréttirnar reglulegu hafa ekki verið sendar út um langt skeið. Ég harma það og ég vildi óska þess, að nefndin, sem fær það mál, sem hér er til umræðu, til meðferðar, beiti sér fyrir því að gera eitthvað í því máli til úrbóta.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Aðeins örfá orð út af þessu máli.

Ég vil þó fyrst víkja að því, sem hv. þm. Pétur Sigurðsson kom hér að síðast, morsfréttum. Það komu hingað í Alþingi sjómenn sem höfðu verið fjarverandi allt upp í þrjá mánuði og sögðu mér að þeir hefðu ekki heyrt eitt einasta orð héðan frá landi allan þann tíma. Slíkt er auðvitað gersamlega óþolandi. Mér skilst, án þess að ég vilji um það fullyrða, að ekki sé um að ræða ýkjamikinn kostnað við að inna slíka þjónustu af hendi. Það hefði verið fróðlegt undir þessum umr., ef hæstv. samgrh. hefði getað upplýst þingheim eitthvað um stöðu þessa máls eða kannske menntmrh. — það er sama hvaðan það kemur, báðir eru þeir í Framsfl. En það er auðvitað óþolandi ástand ef þessu heldur áfram. Þessi fréttasending var felld niður á áramótum, að mér er tjáð. Það hlýtur að vera krafa sjómannastéttarinnar að aftur

sé kippt í liðinn. Ef ég man rétt, — nú skal ég ekkert um það fullyrða, — minnir mig að eitthvað hafi verið á þetta minnst í „sjómannapakka“ á sínum tíma. Ég hafði ekki tækifæri til að kynna mér það frekar núna, en ég man ekki betur en að eitthvað hafi verið um það rætt í sambandi við lausn á sjómannadeilu að fyrir því yrði séð að þessi fréttaskeyti féllu ekki niður.

Nokkur orð út af frv. á þskj. 478. Ég hefði gjarnan viljað sjá viðbrögð hv. þm. Framsfl. í þessa átt fyrr en nú, en ég fagna því eigi að síður að þau koma fram þótt seint sé. Þing eftir þing var flutt frv. um bættar sjónvarpssendingar á fiskimiðin til handa sjómönnum. Hvert þingið á eftir öðru var slíkt frv. flutt, en hlaut aldrei náð fyrir eyrum þeirra sem þá réðu ferðinni. Ég hefði gjarnan viljað fá stuðning Framsfl. á þeim tímum við það mál. En ég endurtek: Ég fagna því, að augu manna hafa nú opnast og sjá nauðsyn á því. Það er líka frumkrafa sjómannastéttarinnar að hún fái að njóta sambærilegrar aðstöðu að því er þetta varðar og það fólk sem í landi býr — ekki síðri. Hér er um að ræða einstaklinga sem eru fjarri heimilum sínum svo vikum eða mánuðum skiptir. Það er auðvitað lágmarkskrafa að allt sé gert sem hægt er til þess að þeir njóti sambærilegra réttinda að því er þetta varðar og við sem í landi búum. Að því leyti er það fagnaðarefni að hv. þrír þm. Framsfl. hafa nú tekið sig saman um að flytja hér frv. í þessa átt. Er það vonandi vegna þess og í ljósi þess, að þeir treysta því, að núverandi meiri hluti á Alþingi ásamt okkur í minni hluta, sem höfum barist fyrir þessu máli um árabil, komi málinu þessu fram og í gegnum þingið. Ég treysti því, að það sé það leiðarljós sem hv. flm. hafa stefnt á og fara eftir, — ekki til þess að svæfa það, heldur knýja á að málið verði afgreitt. Ég tek því mjög undir það, að við gerum það sem í valdi okkar stendur til að koma til móts við þær meginóskir sem uppi hafa verið um langt árabil af hálfu sjómannastéttarinnar um að hér verði bætt úr frá því sem nú er og verið hefur.

Hv. þm. Friðrik Sophusson, útvarpsráðsmaður með meiru — (Gripið fram í.) vara, það er ekki verra, — sýnir mér hér þær upplýsingar að það séu 127.5% aðflutningsgjöld af böndum. Því er hér með komið á framfæri og inn í umræðurnar.

Ég vil líka út af því, sem hér kom fram í sambandi við útgerðaraðila, segja að það er rétt, að þeir hafa tekið upp það sem ríkinu í raun og veru bar skylda til að framkvæma: að láta sjómenn fá einhverja nasasjón af því sjónvarpsefni sem hefur verið í gangi. Þeir eiga að sjálfsögðu þakkir skyldar fyrir það. Það má vera að einhverjir hafi talið að það væri skylda útgerðaraðila að sjá fyrir þessu. Ég er þeirrar skoðunar, að svo hafi ekki verið. Það hefur verið fyrst og fremst skylda ríkisvaldsins að sjá þeim einstaklingum, sem eru um borð í skipunum, fyrir þessum fjölmiðli eins og öðrum landsmönnum.

Ég tek mjög undir þetta mál og fagna breyttum viðhorfum af hálfu þm. Framsfl. Þau hefðu gjarnan mátt koma fyrr fram. En ég vænti þess, að þau verði nú til þess, þó ekki sé stærra skref stigið en hér um ræðir, að það sé gert í ljósi þess, að málið nái fram að ganga og því sé borgið í höndum núverandi stjórnarliða með stuðningi okkar hinna.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til menntmn. með 22 shlj. atkv.

Sameinað þing, 60. fundur.

Fimmtudaginn 12. mars, kl. 2 miðdegis.

Minnst látins fyrrv. alþingismanns.

Forseti (Jón Helgason): Áður en gengið verður til dagskrár vil ég minnast nokkrum orðum Steingríms Pálssonar fyrrv. símstjóra og alþm., sem andaðist í fyrradag, þriðjudaginn 10. mars, á sextugasta og þriðja aldursári.

Steingrímur Pálsson var fæddur 29. maí 1918 vestur í Bandaríkjum Norður-Ameríku. Faðir hans, Páll Sigurðsson, var þá prestur í Íslendingabyggð þar, Garðabyggð í Norður-Dakota. Móðir Steingríms var Þorbjörg Steingrímsdóttir trésmiðs frá Brúsastöðum í Vatnsdal Guðmundssonar. Á barnsaldri fluttist Steingrímur heim til Íslands með móður sinni.

Steingrímur Pálsson lauk gagnfræðaprófi í Reykjavík árið 1938 og loftskeyta- og símritunarprófi 1941. Ævistarf sitt vann hann fyrst og fremst hjá Landssíma Íslands, hóf störf þar sem sendisveinn árið 1930. Hann var símritari 1941 — 1952, lengst af í Reykjavík. Jafnframt var hann starfsmaður í skrifstofu Bandalags starfsmanna ríkis og bæja 1945 — 1946, og kennari við símritunarskólann í Reykjavík 1947—1948. Hann var síðan umdæmisstjóri Pósts og síma að Brú í Hrútafirði á árunum 1952—1974. Fluttist hann þá aftur til Reykjavíkur og var síðast skrifstofustjóri í umdæmisskrifstofu rekstrarmála Landssímans, uns hann lét af störfum þar sökum vanheilsu um áramótin 1978 — 1979.

Steingrímur Pálsson var áhugasamur félagi í samtökum símamanna, sat í stjórn Félags ísl. símamanna, var formaður þess, og nokkur ár var hann í stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Hann var varaþingmaður í Vestfjarðakjördæmi 1963—1967, og tók þá þrisvar sæti um skeið á Alþingi. Síðan var hann landskjörinn þingmaður 1967 — 1971, átti sæti á sjö þingum alls.

Steingrímur Pálsson var í þjónustu Landssímans nærri hálfa öld. Þar var meginvettvangur starfa hans. Áhugi hans og störf að félagsmálum og þjóðmálum leiddu til setu hans á Alþingi nokkur ár. Hann var háttvís drengskaparmaður og vann störf sín hér sem annars staðar af skyldurækni og prúðmennsku.

Ég vil biðja hv. alþm. að minnast Steingríms Pálssonar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Skóiðnaður, þáltill. (þskj. 482). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Siglingalög, þáltill. (þskj. 488). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Bankaþjónusta á Suðurfjörðum í Austurlandskjördæmi, þáltill. (þskj. 489). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Innlent fóður, þáltill. (þskj. 490). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Bætt þjónusta við íbúa Vestur-Húnavatnssýslu, þáltill. (þskj. 473). — Frh. einnar umr.

Ingólfur Guðnason: Herra forseti. Á þskj. 473 flytur hv. þm. Þórður Skúlason þáltill. um bætta opinbera þjónustu við íbúa í Vestur-Húnavatnssýslu. Ég vil undirstrika nauðsyn bættrar þjónustu í Vestur-Húnavatnssýslu. Eins og flm. gat um kemur sýslumaður eða fulltrúi sýslumanns síðdegis einu sinni í viku til Hvammstanga og er þá þröngt á þingi í orðsins fyllstu merkingu, biðraðir langar myndast og miklar tafir.

Það hafa, eins og ekki þarf að lýsa fyrir hv. alþm., orðið miklar þjóðfélagsbreytingar á síðustu áratugum eða jafnvel á síðustu árum, og það, sem gott þótti þá, þykir ekki viðunandi núna. Það eru allmörg ár síðan sýslumaður eða fulltrúi hans fór að veita okkur þessa þjónustu. Áður þurftu allir Vestur-Húnvetningar að fara til Blönduóss ef þeir áttu erindi við sýslumann eða sýsluskrifstofu, að því leyti sem ekki var hægt að reka þessi erindi gegnum síma, en símamál Vestur-Húnvetninga hafa löngum verið í hinni mestu úlfakreppu og eru enn árið 1981.

Þessar þjóðfélagsbreytingar hafa m. a. — hvort sem okkur líkar það betur eða verr — leitt til aukinna umsvifa í opinberri umsýslu sem sífellt verður viðameiri. Og er það raunar umhugsunarefni fyrir okkur alþm., hversu langt eigi að ganga á þeirri braut að auka opinbera umsýslu stöðugt. Við hér á Alþingi erum sífellt að samþykkja hvers konar ályktanir og lög sem auka þessa umsýslu. Og við krefjumst aukinnar þjónustu, en kvörtum jafnframt yfir því að þurfa að borga þessa þjónustu í formi skatta eða einhverra annarra tegunda fjárgreiðslna til ríkisins. Er hér enginn flokkur undanskilinn.

Með þessari þáltill. er ekki gert ráð fyrir aukinni þjónustu ef á heildina er litið, heldur tilfærslu á þjónustu. Virðist það eðlilegur vinnumáti að flytja þá þjónustu, sem á að veita fólki í umræddu byggðarlagi, til fólksins sem á að njóta þjónustunnar, fremur en að neyða það til að ferðast um langan veg, að sjálfsögðu í misjöfnum veðrum, til þess að fá notið þessarar þjónustu sem þá oft og tíðum er sú að fá að greiða hin margvíslegustu gjöld til hins opinbera. Eins og frsm. gat um er þetta frá Hvammstanga að telja 120 km leið fram og til baka til þess að hitta sýslumann Húnvetninga og þykir mörgum nóg um.

Ég stend hér og mæli með samþykkt þessarar þáltill. og vænti þess, að sá ráðh., sem fer með þessi mál, athugi þetta mjög svo brýna hagsmunamál og réttindamál þessa byggðarlags og að þessi till., ef samþykkt verður, verði ekki bara pappírsgagn eitt, heldur leiði til aðgerða í þessu mjög svo brýna hagsmunamáli Vestur-Húnvetninga.

Flm. (Þórður Skúlason): Herra forseti. Ég vil þakka hv. 5. þm. Norðurl. v. fyrir yfirlýstan stuðning við till. mína um bætta opinbera þjónustu við íbúa Vestur-Húnavatnssýslu. Þar talaði maður sem gjörþekkir allar aðstæður og nauðsyn þess að úrbætur fáist á því sviði sem till. gerir ráð fyrir. Það er von mín, að till. fái jákvæða afgreiðslu í nefnd og flutningur hennar leiði til úrbóta í þessu hagsmunamáli Vestur-Húnvetninga.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33:1 atkv. og umr. frestað.

Veiðar og vinnsla skelfisks í Flatey, þáltill. (þskj. 149). — Ein umr.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Fyrsti flm. að þessari till. var hv. þm. Gunnar R. Pétursson sem gegndi störfum hér á Alþingi fyrir mig um skeið sem varaþingmaður á s. l. hausti. Ásamt honum flytja þessa tillögu þingmennirnir Matthías Bjarnason og Karvel Pálmason. Tillögugreinin orðast svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela sjútvrh. að veita íbúum Flateyjar á Breiðafirði leyfi fyrir veiðum og vinnslu á skelfiski. Leyfið verði veitt eigi síðar en að hausti 1981."

Eins og fram kemur í grg. með þessari till. hafa íbúar í Stykkishólmi árum saman — og nú upp á síðkastið Grundfirðingar — búið einir að skelfiskveiðum og vinnslu á þessu svæði. Skelfiskurinn, sem þeir sækja sem hann vinna, er m. a. sóttur upp undir landsteina í Flatey, og sýnist flm. því augljóst sanngirnismál að Flateyingar fái hlutdeild í þessum veiðum, og því fyrr þeim mun meiri sanngirni.

Þá er tekið fram í grg. með réttu að byggð í Breiðafjarðareyjum standi nú mjög höllum fæti, m. a. vegna þess að veiði á selum og vinnsla á selskinnum hefur gefið lítið af sér hin síðari ár. Sýnist flm. því vera hér um raunverulegt jafnvægismál að ræða að því er byggð á þessum slóðum varðar.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að bæta mörgum fleiri orðum við það sem ég hef þegar sagt um þessa litlu þáltill. Hún verður að sjálfsögðu athuguð nánar í þeirri nefnd þingsins, sem hana fær til meðferðar, og þá væntanlega leitað álits m. a. hæstv. sjútvrh. og rn. hans á þessu máli, möguleikum til að veita þetta leyfi og fleira slíkt.

Það kemur væntanlega í ljós við athugun nefndarinnar hvernig þau mál standa.

Ég legg svo til, herra forseti, að till. verði vísað til hv. atvmn. að þessari umr. lokinni.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Ég fór að lesa þessa till. einhverja kvöldstund og gerði ráð fyrir því, að þarna væri um gagnmerka till. að ræða, þar sem einn af flm. er fyrrv. sjútvrh. og — að öðrum ólöstuðum — þá sennilega fáir jafnvel að sér og hann í hvers konar veiðum og vinnslu er lýtur að sjávarútvegi.

Í till. er lagt til að Flateyingar fái leyfi fyrir veiðum og vinnslu á skelfiski. Leyfið verði veitt eigi síðar en haustið 1981. Og síðan kemur grg.

Íbúar í Flatey eru 15 eða 16, og eitthvað af því eru börn og gamalmenni. Mér er sagt að það væru þrír til fjórir menn sem möguleikar væru á að fá þarna í vinnu þrír til fjórir sem væru á lausu. Og ekki nóg með það, þarna er fyrir tólf tonna bátur. Hann eiga þrír menn, ágætir, sómakærir heiðursmenn. Og þá fer nú að fækka um fullvaxna menn í Flatey eða vinnuhæfa. Ekki geta þeir bæði veitt og unnið. (**KP:** Er það ekki vinna, að veiða?) Jú, það er vinna, en það eru nú aðrir sem annast

vinnslu í Bolungarvík heldur en þeir sem veiða, þó að hvort tveggja sé vinna.

En ég verð nú að sleppa hv. þm. Karvel Pálmasyni. Ég var satt að segja ekkert undrandi þó að hann væri flm. En ég held að þetta hafi verið eitthvert slys með hv. 1. þm. Vestf.

Athugum þetta mál svo aðeins betur. Ef þessi bátur veiddi t. d. 2 tonn, þá þarf 20-30 manns til að handvinna þetta. Það er ekki að ástæðulausu að verið er að ræða hér um farandverkafólk, það verður að flytja inn allt verkafólkið til að vinna þetta. Og ekki nóg með það. (**SighB:** Hefurðu séð þetta á skýrslum um Stykkishólm?) Ég hef kynnt mér þetta frá Stykkishólmi, það er rétt, kynnt mér það frá Stykkishólmi. (Gripið fram í.) Það kemur að því.

Frystihús hefur ekki verið starfrækt í Flatey frá því fyrir 1960. Ég skal ekki segja um hvort það eru nokkrir tugir millj. eða nokkur hundruð millj. sem þarf til að koma þessu frystihúsi í gagn. Það er ekkert frystihús þarna í vinnsluhæfu ástandi. Svo er það vatnið. Skelfiskvinnsla er ákaflega vatnsfrek. Það er ekkert vatn til þessarar vinnslu í Flatey. Þar er brunnvatn, mjög lítið og ekki viðurkennt til vinnslu í frystihúsum. Flm. hljóta að hafa gert sér grein fyrir því, a. m. k. hv. þm. Karvel Pálmason, að þá þarf líka að leigja skip til að flytja vatn út í Flatey.

Það er sem sagt allt í lagi með þessa till. Það vantar fólk, það vantar frystihús og það vantar vatn. Ef Alþingi ætlar að gera það að leik sínum — með fullri virðingu fyrir íbúum Flateyjar — að samþykkja tillögur jafnilla grundaðar og þessi till. er, þá virðast nú vera til nægir peningar. Auk þess er atvinnuástandið í Stykkishólmi þannig, því góða byggðarlagi, að þar er nú ákaflega lítið um fiskvinnslu og skelfiskvinnsla er grunnurinn undir atvinnulífi íbúa. Þarna er búið að vélvæða allt saman með einni bestu tækni sem þekkist í veröldinni. Á nú að fara að taka þetta af Stykkishólmsbúum, flytja þetta til Flateyjar, lappa þar upp á frystihús fyrir nokkra tugi eða hundruð milljóna, flytja þangað fólk og flytja þangað vatn og hafa kvóta þeirra Stykkishólmsbúa þeim mun minni?

Ég mun nú leggja til að þessi till. verði hreinlega felld. En meðal flutningsmanna er sá indæli maður Gunnar R. Pétursson, sem ég vil ekki leggja til og ekki er hér viðstaddur. En af því að þarna væru möguleikar á að fjórir Flateyingar gætu fengið vinnu með þessum líka litlu tilfæringum, þá legði ég til frekar, ef þeir kæmu þessari till. í gegn, að þeir skiptu, gerðu samkomulag um að fá sitt atkvæðið hver, flutningsmenn, og hefðu svo hlutkesti um það fjórða.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ekki efast ég um að hjá þeim þremur valinkunnu sæmdarmönnum, sem þessa till. flytja, hafi góður hugur legið að baki. Hins vegar — eins og kom raunar fram í máli síðasta ræðumanns hér — er þessi till. ekki þrauthugsuð. Þar fyrir er svo sem engin sérstök ástæða til að hafa þetta mál í flimtingum hér á Alþingi, ég sé það a. m. k. ekki.

Það er alveg rétt, sem hér hefur fram komið, að í Flatey er nánast engin aðstaða til að vinna skelfisk eins og er. Þar er ekki frystihús, þar vantar vatn, þar vantar rafmagn og þar vantar vinnukraft. Þetta mál hefði því, held ég, átt að hugsa á svolítið öðrum forsendum. Ef menn vilja bæta úr atvinnumálum þeirra sem þarna búa, þá held ég að vænlegra hefði verið að leita einhverra annarra ráða í þeim efnum en þessara. Þar að auki er því við að bæta, að í Stykkishólmi er skelfiskvinnsla meginatvinna þeirra, sem þar búa, og atvinnulíf þess staðar hvílir á þeirri vinnslu. Þess vegna er það miður, eins og gert hefur verið raunar að umtalsefni hér á Alþingi áður, að hæstv. sjútvrh. skuli hafa farið út á þær brautir að dreifa þessum skelfiskkvóta á æ fleiri staði. Nú hafa bæst við Grundarfjörður og síðast Brjánslækur þar sem aðstaða til slíkrar vinnslu mun ekki heldur vera góð. Hefur þess vegna verið farið þar út á hæpnar brautir, að ekki sé meira sagt, og engin ástæða til að fjölga frekar þeim stöðum sem fást við vinnslu skelfisks. Eins og síðasti ræðumaður gat um, þá er mjög fullkomin aðstaða til slíkrar vinnslu í Stykkishólmi og raunar hægt að vinna þar allan þann afla, sem leyft er að veiða, og þó meira væri. Og þar er þetta undirstaða atvinnulífsins.

Ég held að leita beri annarra leiða ef brýnt þykir að bæta atvinnuástand hjá þeim sem í Flatey búa. Ég held að þessi till., þótt ég efist ekki um þann góða hug sem þar liggur að baki, sé ekki rétta leiðin til að leysa það vandamál.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Hv. 7. þm. Reykv. hefur nú látið ljós sitt skína hér í þingsölum í sambandi við atvinnumál landsbyggðarinnar og tekist mun betur upp en honum hefur tekist í ýmsum öðrum málum hér á Alþingi, þó sérstaklega í kjaramálum sinna umbjóðenda. Þar hefur árangurinn ekki verið með sama hætti.

Það getur verið að menn geti skemmt sér yfir því, að ákveðnar byggðir eru komnar jafnilla og Flatey á Breiðafirði, og haft það í flimtingum hér í þingsölum. Ég ætla að minna þennan hv. þm. á það og aðra þm., að í Flatey á Breiðafirði var blómleg byggð lengi. Þar voru á annað hundrað íbúar lengst af. Þessi byggð hefur verið að eyðast fyrir það að samfélagið hefur ekki komið til móts við fólkið sem þarna býr. Ég vil líka segja þessum hv. þm. að í Stykkishólmi er myndarleg vinnsla á hörpudiski. Vinnslustöðvar hafa unnið þar mikið stórvirki. Þessar veiðar voru stundaðar af mörgum öðrum, m. a. bátum héðan frá Faxaflóa á tímabili, og þá átti þessi vinnsla mjög erfitt uppdráttar. Það lá við borð að þessar veiðar og þessi vinnsla félli niður með öllu. Ég tel því að það hafi verið rétt stefna að tryggja Stykkishólmi hörpudiskveiðarnar eins og gert var. Ég sé ekki að það breyti miklu þó að einn bátur, sem fyrir er í þessari eyju, fengi veiðileyfi. Hann þarf ekki endilega að veiða hörpudisk. Það eru nefnilega til fleiri skelfiskar en hörpudiskur, en það kom ekki fram hjá hv. þm., hann sá aðeins hörpudiskinn, enda hefur hann oft verið ærið einsýnn og ekki séð nema rétt fram fyrir sig í það og það skiptið. Það hafa verið hlífðarpjötlur fyrir augunum svo að hann hefur ekki getað horft til beggja hliða. Þess vegna er nú nauðsynlegt að horfa á þá möguleika.

Það er ekki til vatn nema í brunninum, sagði hv. þm., og er búinn að mæla vatnsmagnið þar alveg til hlítar og þar af leiðandi kemur auðvitað ekki til greina að stunda þar neina fiskverkun. Í Flatey á Breiðafirði var saltaður fiskur og það mikill fiskur, og það var rekið frystihús á sínum tíma í Flatey. En þá voru líka miklir erfiðleikar hjá frystihúsum almennt í landinu og af mörgum ástæðum varð atvinnureksturinn á þessum stað fyrir miklum áföllum. En það er hægt að bora fyrir vatni í eyjum alveg eins og á fastalandinu, skal ég segja hv. þm. Og það getur verið fleira með vatn að gera heldur en að nota það við skelfiskframleiðslu. Ef byggðarlag hefur tapað megin-

þorra íbúa sinna, eigum við þá að slá því föstu að þar megi alls ekki vera fleiri en þrír eða fjórir vinnandi menn, eins og hv. þm. sagði? Ég tel að það eigi einmitt að gera þessum byggðum kleift að rísa upp aftur, því þarna er búsældarlegt fyrir margra hluta sakir. Eyjabúskapur hefur verið á undanhaldi á síðustu árum og áratugum, en ég held að landið sé ekkert of stórt og að við eigum ekki að leggja byggð niður á þessum svæðum, heldur reyna að styrkja hana. Byggð í eyjunum á Breiðafirði, þeim stærstu og búsældarlegustu, á fullan rétt á sér. Ég er ekki að segja að hér sé um einu hugsanlegu lausnina að ræða. Að því leyti get ég verið hv. þm. báðum sem hér töluðu sammála. Það kann að koma í ljós, þegar málinu hefur verið vísað til nefndar, að einhverjar aðrar leiðir finnist sem menn geta orðið ásáttir um að fara til þess að treysta þarna byggð.

Þó að ég sé ekki eldri en um sextugt, þá hef ég séð heila hreppa fara í eyði. Sléttuhreppur í Norður-Ísafjarðarsýslu var með í kringum 1930, að mig minnir, um 550 íbúa. Þeir síðustu fluttu burt á árinu 1949. Þar hafði verið búið frá upphafi Íslandsbyggðar, en þar voru erfiðleikar miklir í samgöngum og hafnleysa. Grunnavíkurhreppur fór með öllu í eyði nokkru síðar. Þarna var lifað og búið um langan aldur. Að vísu var það oft hart líf og erfitt. En við erum ekki að tala um að reisa byggð þar nú um sinn, heldur fyrst og fremst að treysta þær byggðir sem ekki eru farnar í eyði. Einn hrepp enn horfum við upp á á Vestfjörðum sem farið hefur í eyði. Þar er Múlahreppur í Barðastrandarsýslu. Og það er ekkert óeðlilegt að þm., sem kemur hér inn úr þessari sömu sýslu, fari að hugleiða þessi mál. Þegar hann spurði mig hvort ég vildi verða meðflm. að þessari till. sagði ég já. Og ég stend við það.

En ég lít ekki á þetta sem eina úrræðið, heldur er það mín skoðun að Alþingi eigi að gera ráðstafanir til þess að fleiri hreppar fari ekki í eyði en þegar er orðið. Það eru ýmsir aðrir þm. sem þekkja baráttusögu úr sínum byggðarlögum og vita hve byggð hangir á veikum þræði. Og ég held að í þessu landi, þar sem allir vilja fá allt, megi einnig hugsa um það í alvöru, hvernig eigi að bregðast við þessum vanda. Ég tek líka alveg undir það, að vandinn er mikill þar sem fólkið er fleira, og þar verður auðvitað að taka myndarlega á. En ég tel ekki ástæðu til að henda gaman að þessum tillöguflutningi. Hér er ekki um að ræða nein skipakaup í þessu sambandi, og það mun engu muna fyrir Stykkishólm, sem er alls góðs maklegur, þó að eitthvert slíkt leyfi væri veitt þessum eina bát sem í eyjunni er. Það er ekki það sem kæmi til með að draga úr atvinnu þeirra Hólmara í þessum efnum. Og eins og ég tók fram áðan má einnig hugsa sér að gera tilraunir með aðrar tegundir en hörpudisk í þessu sambandi.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég er að vísu alveg sammála því sem felst í lögum um samræmingu veiða og vinnslu, enda flutti ég slíkt frv. hér á þingi tvisvar, en það var síðan flutt af þáv. sjútvrh. í svipaðri mynd og var gert að lögum. Hins vegar er ég ósammála því, að þau lög komi í veg fyrir að einstök byggðarlög við sama fjörð fái örlítið magn, sérstaklega þegar veiðimagn er vaxandi eins og er á Breiðafirði og þegar slíkt örlítið magn getur orðið til þess að tryggja atvinnuástand. Það munar stundum mjög mikið um smávegis magn sem einstök byggðarlög geta þannig fengið.

Í því tilfelli, sem hér er um að ræða, er gagnrýnt af hv. 5. þm. Vesturl. að 400 lestum var úthlutað á tvo aðra staði við Breiðafjörð heldur en Stykkishólm. En það er misskilningur hjá hv. þm. að aðstaða á Brjánslæk sé léleg að þessu leyti. Þar er ágætt vatn t. d., þar er nógu margt fólk til að vinna þessar 400 lestir og þar er að hluta mjög nýlegt hús, t. d. með frysti. Ég vil leiðrétta þetta, án þess að fara að endurtaka þær umræður sem við áttum í Ed. um þetta mál.

Af þessari ástæðu hugleiddi ég mjög að úthluta Flatey einhverjum smákvóta, þegar úthlutað var nú, og ég lét embættismenn athuga aðstöðu. Að vísu var mér sjálfum kunnugt um það vitanlega sem þm. kjördæmisins, að þarna væri aðstaða mjög erfið til slíkrar vinnslu og ólíklegt satt að segja að hún gæti orðið eins og nú er ástatt. En ég lét samt sem áður skoða það mál. Og því miður er það rétt, sem kom fram áðan hjá 7. þm. Reykv., að þar er hvorki nægilega gott vatn né nægilega mikið, frystihúsið er orðið gamalt og úr sér gengið og þar er fátt fólk. En við skulum segja að því gæti fljótlega fjölgað.

Niðurstaðan var sú, að þótt ég veitti leyfi mundi þessi staður ekki fá heimild vegna hollustuhátta. Hann fullnægir ekki þeim ströngu reglum sem settar eru í dag um vinnslu á skelfiski sem og öðrum fiski, því miður. Ég vil segja því miður. Því að ég er sannfærður um, að smákvóti fyrir Flatey mundi mjög styrkja þar byggð, og ég tel enga goðgá þó að einhverju örlitlu yrði úthlutað til slíks staðar sem liggur á miðjum miðunum sem eru í kringum eyjuna.

Að vísu er sá bátur, sem þarna er, fulllítill til hörpudiskveiða. Það fylgja því ákveðnar hættur að stunda veiðar á hörpudisk með þungum plóg á svo litlum bát, en það má þó gera.

Ég vil segja það að ég hef verulegar áhyggjur — eins og kom fram einnig í ræðu hv. 1. þm. Vestf. — af byggðaþróun í eyjunum. Það var þess vegna sem ég flutti í stjórn Framkvæmdastofnunar fyrir þremur árum till. um það, að gerð yrði sérstök byggðaáætlun fyrir þessa mjög athyglisverðu byggð, þessa byggð þar sem ýmislegt fólk vill í raun og veru vera og þar sem stundaður er búskapur sem ekki nýtur neinna styrkja og þarf ekki á neinum styrkjun að halda. Þar er t. d. mjög arðvænlegur búskapur með æðarfugl, sem eflaust mætti auka ef rétt væri að málum staðið, fleira sem þannig má gera. Ég harma að þessari áætlunargerð er ekki lokið. Mér skilst að hún sé nú langt komin, en mér finnst að hún hafi dregist allt of lengi.

Ef þarna á að vinna skelfisk, þá hygg ég að stofnun eins og t. d. Byggðasjóður hljóti áður eða um leið að þurfa að hlaupa undir bagga með verulegri fjárveitingu til að bæta þá aðstöðu sem gera verður kröfu til við slíka vinnslu. Mér sýnist því að þetta mál væri best komið í þeirri athugun sem Framkvæmdastofnun og Byggðasjóður eru með, og ég hef reyndar hreyft því máli við starfsmenn þeirrar stofnunar, hvort þeir geti ekki gert nokkra úttekt á því, hvað þarna þurfi að gera til þess að megi vinna hörpudisk.

Þessi till. hljóðar hins vegar um það, að Alþingi skipi sjútvrh. að veita þetta leyfi í síðasta lagi haustið 1981. Ef það verður samþykkt geri ég það að sjálfsögðu. En því miður er ég viss um að ekki fæst leyfi til vinnslu af öðrum ástæðum, sem ég rakti áðan, svo að ég held að skynsamlegra væri að halda á þessu máli á annan hátt, reyna að gera nauðsynlegar lagfæringar og athuganir í gegnum Byggðasjóð. Það kann vel að vera að húsið, sem þarna er, sé svo lélegt orðið að sú fjárfesting, sem talin verður

nauðsynleg, sé of mikil. Ég er ekki dómbær á það á þessari stundu. En ég held að málið þurfi sem sagt töluvert meiri athugunar við áður en unnt er að samþykkja að leyfi til skelfiskvinnslu sé veitt.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég hef í sjálfu sér ekki miklu við það að bæta sem hér hefur komið fram bæði hjá hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni og hæstv. sjútvrh., en vil aðeins fara örfáum orðum um þetta mál og þá ekki síst þá ræðu sem hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson flutti áðan.

Nú er það auðvitað lögmál lífsins, að menn hafa mismunandi skoðanir á hinum ýmsu hlutum og menn greinir á um það, hvernig framkvæma eigi eða leiðrétta ýmislegt. En mér ofbýður alveg þegar þessi hv. þm., hv. 7. þm. Reykv., þm. Alþb., formaður Verkamannasambands Íslands, kemur hér upp í ræðustól og er nánast með skítkast í þá íbúa sem þarna eiga hluta að máli, gerir þetta að algjöru gamanmáli, máli sem í hans augum virðist líta út fyrir að vera algjört skrípamál.

Nú langar mig fyrst að vita hvort hv. þm. hefur hér túlkað stefnu Alþb. í þessu máli, hvort hér er um að ræða afstöðu Alþb. til byggðastefnunnar. Ef svo er, þá höfum við það líka. En manni hefur heyrst á a. m. k. sumum frambjóðendum Alþb. víðs vegar um landið að þeir hafi ekki fylgt þessari byggðastefnu Guðmundar J. Guðmundssonar. En ég óska eftir svari við því, hvort hér er um að ræða stefnu Alþb. í byggðamálum.

Ég þakka hv. þm. Guðmundi J. Guðmundssyni fyrir það, að hann hafði fyrst og fremst trú á því, að ég stæði að slíkum tillöguflutningi að því er varðar byggðastefnuna. Ég tek þetta sem hól um mig, því að hér er í raun og veru um að ræða algjöra byggðastefnu spurningu um það, hvort gera á ráðstafanir af hálfu hins opinbera til að þessi byggð fari ekki í eyði, eða hvort á með tilstuðlan Alþingis að horfa upp á það, að þessi annars blómlega byggð fyrr á árum verði gjörsamlega lögð í eyði. Ég tel þetta því mér til tekna og ég er alveg viss um að það hefur verið þannig meint af hv. þm. Hann hefur meint það svo sannarlega úr sínu stóra hjarta, að þetta væri mjög jákvætt fyrir mig.

Það er út af fyrir sig rétt, að það er ekki mikill mannskapur þarna til þess að vinna. En má ekki fjölga þar? Er það bannmál af hálfu Alþb., að fjölgað sé úti á landsbyggðinni, á þeim stöðum sem geta verið blómlegir ef ríkisvaldið á annað borð leggur sitt af mörkum til þess að svo geti orðið, og það þarf oft á tíðum ekki mikið til þess að það geti orðið. Það er ekki um mikla fjármuni að ræða á þennan stað til þess að þarna geti verið traust byggð, að vísu ekki stór og þarf ekki að vera það, en eigi að síður traust. Það þarf oft ekki að bæta miklu við til þess að íbúarnir, ens og t. d. á þessum stað, telji sig geta unað áfram og orðið þar með þjóðfélaginu kannske að meira gagni heldur en með því að flytja þá í steinkassa hér á Reykjavíkursvæðinu sem litlu sem engu þjónar, þó að ríkisvaldið hafi oft og tíðum lagt ógrynni fjármuna fram til þess, m. a. að kröfu hv. þm. Guðmundar J. Guðmundssonar, — kröfu um að hér yrði fyrst og fremst veitt fjármagn til að byggja steinkassa fyrir fólk utan af landi til að setjast að í.

Hv. þm. sagði: Ef Alþingi ætlar að gera það að leik sínum að samþykkja slíka till., þá er til nóg af peningum. Mér þykir slæmt ef enginn fjölmiðlafulltrúi er hér í dag. Mér þykir afar slæmt ef blaðamaður frá Þjóðviljanum er ekki hér staddur til þess að koma á framfæri við sína lesendur orði til orðs þeim ummælum sem hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson hafði um þetta mál í ræðu hér á Alþingi. (Gripið fram í.) Það væri full ástæða til þess, að ritstjóri Þjóðviljans kæmi þessu vel til skila, t. d. til Vestfirðinga, þessum ummælum og þessari afstöðu Alþb. til þessa máls. (Gripið fram í.) Já, ég óska sérstaklega eftir því. Það er ekki svo oft sem Þjóðviljinn greinir frá mínu máli hér á Alþingi. Það er sérstök ósk um það að frá þessu máli verði sérstaklega greint að því er varðar Guðmund J. Guðmundsson, það er mín ósk að svo verði gert sérstaklega, með skilaboðum til ritstjóra Þjóðviljans sem ég veit að er því mjög hlynntur að vel sé frá þessu greint í Þjóðviljanum fyrir Vestfirðinga.

Hv. þm. var að tala um atkvæði. Það er greinilegt að þessi hv. þm. hugsar einvörðungu í atkvæðum. Því fer víðs fjarri að ég geri það eða við hinir sem höfum talað í þessu máli. Hér er fyrst og fremst um það að ræða, að halda í byggð stað sem áður fyrr var blómlegur og getur verið blómlegur með tiltölulega lítilli tilstuðlan af hálfu ríkisvaldsins. Það er skylda ríkisvaldsins að mínu viti að leggja það af mörkum sem til þess þarf að þarna geti áfram verið blómleg byggð.

Þó að á þessu svæði væru eintómir kommúnistar — sem betur fer er ekki svo — en þó að þarna væru eintómir kommúnistar, meira að segja línukommúnistar, þá breyti það engu um afstöðu mína í þessu máli, að það þarf að rétta hlut þessa fólks. Ég hugsa ekki í atkvæðum eins og hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson.

Ég tek að sjálfsögðu undir það — og það er ekki nema eðlilegt að það komi fram — að þetta er kannske ekki eina leiðin sem hægt er að fara til að rétta hlut þessa fólks. Vel má vera að hægt sé að finna aðra leið, sem hentar því eins vel, jafnvel betur, til að styrkja þessa aðstöðu. En þá á líka að kanna það og benda á þá leið, en ekki, eins og hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson, að koma hér upp og gera grín að þessu máli, vera með skítkast í það fólk, sem þarna á hlut að máli, og hafa þetta mál algjörlega í flimtingum hér á Alþingi. Það er ekki þess eðlis og engin ástæða til þess.

Ég skal ekki, herra forseti, fara um þetta fleiri orðum. Sem flm. að till. vænti ég þess að sjálfsögðu, að hún fái eðlilega meðferð hér í þinginu og jákvæða, og að menn hafi þetta mál ekki í flimtingum heldur fjalli um það af alvöru, með því hugarfari að gera þurfi tilraun til að bæta stöðu þessa fólks frá því sem hún er, en að Alþingi eða ríkisvald beiti sér ekki gegn því að það geti verið áfram á þessum stað ef það vill vera þar.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Þetta litla mál hefur orðið tilefni óvenjumikilla umræðna og miklu meiri en ástæða er til, því að þetta mál á vissulega erindi eins og það hefur verið flutt. Þetta er einmitt rétti vettvangurinn til að flytja mál af þessu tagi, þ. e. að setja þau í þáltill.- form. Þegar þm. fá hugmynd um hugsanlega úrlausn á vandamáli í byggðarlagi sínu, sem þeir vilja fá athugaða, þá flytja þeir að sjálfsögðu slíkt mál á Alþingi eins og hér hefur verið gert. Og það, sem þeir ætlast til með því, er að þeir, sem hafa yfir þekkingu og aðstöðu að ráða til þess að kanna, hvort hugmynd af slíku tagi gæti nýst eða verið framkvæmanleg, verði fengnir til þess að gera þá könnun. Þetta vakti fyrir flm. till. öllum þremur, að óska eftir að þessi könnun yrði gerð. Og það að þessi till. skuli hafa verið flutt hér og bent á hugsanlega leið til

úrbóta hefur áreiðanlega átt sinn þátt í því, að hæstv. sjútvrh. lét einmitt kanna þetta mál nú í vetur.

Ég vil enn fremur vekja athygli á að þó að í tillgr. sé rætt um leyfi til veiða og vinnslu á skelfiski — en ekki hörpudiski einvörðungu, eins og vikið er að — þá þarf það ekki endilega að vera, að þarna þurfi til að koma leyfi til bæði veiða og vinnslu á skelfiski. Vel gæti verið að niðurstaðan yrði sú, að þó að af vinnslu gæti ekki orðið í landi væri rétt að heimila þessum aðilum veiðar.

Mér finnst það vera að bera í bakkafullan lækinn, þær umr. sem hafa orðið hér af þessu tilefni. Ég veit ekki betur en að margar slíkar þáltill. hafi komið fram á Alþingi með hugmyndum um ýmsar úrbætur í atvinnumálum, bæði fámennra og fjölmennra byggðarlaga. Ástæðan fyrir því, að hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson kvaddi sér hér hljóðs sérstaklega áðan með þeirri ræðu sem hann flutti, er e. t. v. sú, að hér er um svo fáa menn að ræða, svo fátt fólk og svo langt í burtu, að hv. þm. hefur þótt óhætt að leggjast á þetta fámenna byggðarlag af öllum þunga. Þetta er nú í fyrsta skipti á þessu þingi sem hv. þm. hefur talið ástæðu til að taka hér til máls af þeirri röggsemi og með þeim sannfæringarþunga sem hann flutti mál sitt hér á vordögum árið 1978. Ég man eftir því, að þá flutti hv. þm. álíka skörulega ræðu 1. maí, þar sem hann lagði út af kafla úr ritverki eftir Halldór Laxness, umræður sem áttu sér stað í þrælakistunni á Bessastöðum milli Jóns Hreggviðssonar og Ásbjörns Jóakimssonar sem hafði neitað að gerast ferjumaður fyrir menn kóngsins. Og hv. núv. þm., sem þá var á leiðinni í framboð, hvatti menn mjög til þess, Íslendinga, að gerast ekki ferjumenn fyrir kóngsins menn á Skerjafirði.

Nú hafa það orðið örlög þessa hv. þm., eftir að hann gerðist hér alþm., að gerast slíkur ferjumaður hjá núv. hæstv. ríkisstj., gerast ferjumaður ríkisstj. á Skerjafirði til þess að flytja fyrir hæstv. ríkisstj. menn kóngsins. Hann gerir það svikalaust. Hv. þm. tók svo til orða að það þyrfti kannske ekki að horfa svo í peninginn um framkvæmdir til þess að bæta atvinnu aðeins fjögurra manna. En dýrir eru nú orðnir þessir þrír ráðh. Alþb. fyrir fólkið í landinu. Ég veit ekki betur en hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson, ferjumaður ríkisstj. á Skerjafirði og víðar, hafi gert sér lítið fyrir og keypt þrjú stykki af ráðherrastólum fyrir 7% kjaraskerðingu og sé einmitt að gera það nú. Það kallar hv. þm. slétt skipti, að fá þrjá ráðherrastóla fyrir 7% lækkun á launum.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Flatey lætur aldeilis að sér kveða, ég segi það bara. Hún kemst inn í umr. um brbl. og ég veit ekki hvað og hvað.

Ég fer nú ekki að tína upp þau rök sem ég var með hér áðan gegn þessari till. Og ég fer ekki heldur að svara hv. 1. þm. Vestf., en ég verð að endurtaka að ég held að þetta hafi verið svona eins og þegar maður skrifar upp á víxil fyrir kunningja sinn og svo fellur hann á mann, enda upplýsti hv. 1. þm. Vestf. að hann hefði gert þetta, skrifað upp á þetta, og hann stæði náttúrlega við það, og er ekkert um það að sakast. En ég nafngreindi hann eingöngu vegna þess að hann hefur frábæra þekkingu á atvinnulífi og sjávarútvegi. Ég ætla ekki heldur að svara því, að hann leggur til að nú sé hert á, nú sé bara borað eftir vatni í Flatey. Ég vil ekki tefja tímann með því að ræða við hv. þm. Karvel Pálmason. Hann taldi sér þetta frv. til tekna og til hróss. Hver hefur sinn smekk í því. Og ef hann hefur haldið að ég mælti það af heilum hug að þetta væri honum til hróss, þá hann um það. En það, sem ég vildi segja, ef ræða á í alvöru um þetta mál, er það, að ég mótmæli því sem menn halda hér fram, að ég hafi verið með einhverjar flimtingar eða skítkast í það ágæta fólk sem býr í Flatey. Það kom hvergi fram í minni ræðu. Ég mundi hiklaust styðja allar tillögur sem miðuðu að því á raunhæfan hátt að endurreisa þarna byggð, og það væri þá þáltill. efnislega eitthvað á þá leið, að einhverri ákveðinni nefnd væri falið að athuga möguleika á endurreisn eða eflingu byggðar í Flatey og kynna sér hvaða atvinnugreinar kæmu til greina og hvaða þættir væru þar árangursríkastir. Þannig á að flytja tillögur. En það á ekki að flytja tillögur sem eru, eins og í þessu tilfelli, á engan hátt framkvæmanlegar eða til þess fallnar að bjarga því fólki sem hlut á að máli. Ég fer ekki að pylja þau rök upp aftur. Ef hv. 1. þm. Vestf. hefði sjálfur samið þessa till. — (Gripið fram í.) Já, hv. þm. Karvel Pálmason hefur skrifað upp á hana á eftir honum. Hann hefði sjálfsagt lesið hana áður hefði hann séð nafnið hans fyrir á till. En ef svona till. er gerð, þá á hún ekki að beinast að ákveðnum framkvæmdum þar sem viðkomandi möguleikar eru ekki til. Ef það eru fjórar manneskjur atvinnulausar í Flatey, þá vil ég vissulega gera eitthvað í þeim efnum, en ekki með þessum ósköpum. Þetta er ekkert hugsað, þetta er engin markviss tillaga til lausnar vanda fólks í Flatey eða til eflingar byggð í Flatey. Alveg það gagnstæða. Ég vísa því þess vegna frá mér, að ég hafi verið með eitthvert skítkast til fólks í Flatey eða á einhvern hátt verið að gera lítið úr því. Ekkert er jafnfjarri mér og það.

Ég tek undir með hæstv. sjútvrh. um rannsóknir á þessu máli, byggð í Breiðarfjarðareyjum. Hins vegar vildi ég spyrja þá hv. þm., sem aðhyllast byggðarstefnu og hlustuðu hér á Karvel Pálmason hvísla yfir þingsalinn: Er þetta til framdráttar byggðastefnu, svona tillögur? Svona tillögur eru alveg í gagnstæða átt, þær eru til hins gagnstæða og eru til skaða.

Að endingu þakka ég svo hv. þm. Karvel Pálmasyni fyrir að meta mjög vel framlag mitt til byggingar verkamannabústaða í Reykjavík.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Alþjóðasamþykkt um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála, þáltill. (þskj. 392, n. 487). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Utanrmn. hefur fjallað um till. til þál. um fullgildingu á alþjóðasamþykkt varðandi samstarf um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála, og er sammála um að leggja til að till. verði samþykkt.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 36 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 36 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 511).

Umræður utan dagskrár.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég skal reyna að verða við þeim tilmælum að vera ekki mjög langorður.

Tilefni þess, að ég kveð mér hljóðs utan dagskrár, er að beina þeirri spurningu til hæstv. menntmrh., hvað líði skýrslu þeirri er níu þingmenn óskuðu eftir frá hans hendi um málefni Ríkisútvarpsins hinn 27. jan. s. l. Nú er sem næst hálfur annar mánuður liðinn síðan og ekkert hefur enn gerst, engin skýrsla séð dagsins ljós. Því er það spurning mín: Hvað tefur þessa skýrslugerð? Ég mun rökstyðja það nokkrum orðum, herra forseti, hvers vegna það er mjög brýnt að þessi skýrsla um málefni Ríkisútvarpsins verði lögð fyrir Alþingi hið allra fyrsta.

Að undanförnu hefur mikið verið rætt um fjárhagsvanda Ríkisútvarpsins, mestu menningarstofnunar þjóðarinnar. Rekstrarhalli Ríkisútvarpsins s. l. tvö ár nemur 16 millj. kr., m. a. vegna þess að stofnunin hefur verið svipt tolltekjum af innflutningi sjónvarpstækja og ekkert fengið í staðinn, líka og ekki síður vegna þess, að Ríkisútvarpinu hefur verið synjað um eðlilegar hækkanir afnotagjalda.

Þegar útvarp hófst hér á landi fyrir 50 árum var útvarpað í þrjár klst. á dag og þá var afnotagjaldið svipað og áskriftarverð dagblaðs. Í dag er útvarpað 17 klst. á dag og sjónvarpað 24-25 klst. á viku, en afnotagjald útvarpsins rétt lafir í því að vera það sem menn borga fyrir áskrift að einu dagblaði. Hér hallast auðvitað hrikalega á, og þetta þrjóskast stjórnvöld af einhverjum ástæðum við að leiðrétta, en þetta verður að leiðrétta.

Í dagblaðinu Vísi í gær var viðtal við hæstv. menntmrh. um fjárhagsstöðu Ríkisútvarpsins. Þar segir m. a., með leyfi forseta: „Við ætlum að fara að byggja og koma þaki yfir útvarpið. Við gerum ekki allt í einu, að stórefla dagskrána og byggja stórhýsi yfir stofnunina," sagði Ingvar Gíslason menntmrh. í samtali við Vísi í gær.

Þessi ummæli hæstv. ráðh. koma mér afskaplega mikið á óvart. Ég spurði ritstjóra Vísis að því núna eftir hádegið, hvort menntmrh. hefði óskað eftir leiðréttingu á þessum ummælum, því að mér flaug í hug að e. t. v. væru þau ekki rétt eftir höfð. Svo var ekki, ráðh. hafði ekki óskað eftir neinni leiðréttingu þessara ummæla.

Staðreyndin er sú, að húsbygging Ríkisútvarpsins kemur þessu máli ekkert við. Af afnotagjaldi fara samkv. ákvörðum Alþingis 10% í framkvæmdasjóð Ríkisútvarpsins, sem verja skal til öflunar húsnæðis og tækjabúnaðar, það er allt annar handleggur. Og það er ekki heldur verið að tala um að stórefla dagskrána. Það er verið að tala um að skerða dagskrána annars vegar eða halda henni í því horfi sem hún hefur verið. Það eru engar áætlanir uppi í útvarpsráði eða annars staðar í Ríkisútvarpinu um stóreflingu dagskrárinnar meðan stofnunin er í fjárhagslegum viðjum af hálfu stjórnvalda. Það stendur ekki til og hefur ekki staðið til að nota dagskrárfé Ríkisútvarpsins til að kaupa steypu né heldur á að nota þá peninga, sem til eru í framkvæmdasjóði, til að gera dagskrár. Þetta eru aðskilin mál, og þau ummæli menntmrh., sem ég hef hér vitnað til og ætla að rétt séu höfð eftir, lýsa vægast sagt lítilli þekkingu á starfsemi þessarar stofnunar.

Það hefur mjög mikið verið um það rætt að undanförnu, að nú sé fram undan að skerða dagskrá Ríkisútvarpsins. Það er mat yfirstjórnar útvarpsins, að til þess að ná jafnvægi í rekstri miðað við tekjulíkur þurfi að draga saman kostnað við dagskrárgerð í sjónvarpi um 9% og í hljóðvarpi um 14%. Rætt hefur verið um að fella niður sjónvarp í einn dag eða klípa af á ýmsum stöðum, stytta daglegan útsendingartíma, lengja svokallaða sumardagskrá, sem er einfaldari í sniðum og viðaminni en vetrardagskráin, og lengja svokallaða sumarlokun sjónvarpsins, sem ætti að vera búið að afleggja fyrir langa löngu. Þetta eru auðvitað alger neyðarúrræði, og það er hart ef ríkisstj. ætlar sér að halda upp á 50 ára afmæli útvarps í landinu með því að láta skerða dagskrána og þar með þá þjónustu sem þessi stofnun veitir landsmönnum öllum.

Ég spyr því, hvort það sé vilji ríkisstj. og ætlun, að nú verði dagskrá útvarps og sjónvarps stytt verulega frá því sem verið hefur, á þessu afmælisári útvarpsins. Og það skyldu menn hafa í huga, að sú stytting dagskrárinnar kemur harðast niður á þeim sem síst skyldi.

Ég vil að lokum, herra forseti, greina frá samþykkt sem þingflokkur Alþfl. gerði í gær og er svohljóðandi.:

„Þingflokkur Alþfl. er alfarið andvígur því, að dagskrá sjónvarps og útvarps verði skert eins og nú hefur verið boðað að í vændum sé. Það er skoðun þingflokksins, að sú skerðing bitni mest á þeim sem síst skyldi, öldruðu fólki og þeim sem af ýmsum ástæðum eiga ekki heimangengt eða búa við einangrun.

Þingflokkur Alþfl. minnir á að Ríkisútvarpið er ekki aðeins ein mesta menningarstofnun þjóðarinnar, heldur og öryggistæki í þágu allra landsmanna, og því skipti höfuðmáli að starfsemi þess verði ekki skert með neinum hætti, heldur beri að efla vöxt þess og viðgang í hvívetna.

Á þessu þingi hafa verið fluttar þrjár till. um að styrkja fjárhag Ríkisútvarpsins með því að það fái að nýju tolltekjur af innfluttum sjónvarpstækjum. Þessum tolltekjum var Ríkisútvarpið svipt án þess að nokkuð kæmi í staðinn. M. a. þess vegna á stofnunin nú við erfiðan fjárhag að stríða. Tvær af þessum till. hafa verið felldar, en sú þriðja er enn í umfjöllun menntam. Ed.

Þingflokkur Alþfl. telur einsýnt að ríkisstj. verði tafarlaust að gera ráðstafanir til að rétta fjárhag Ríkisútvarpsins. Það er hægt að gera með margvíslegum hætti öðrum en að skerða þá þjónustu sem stofnunin veitir landsmönnum.

Þingflokkur Alþfl. ítrekar andstöðu sína við öll áform um að stytta dagskrá útvarps og sjónvarps."

Ég ítreka svo, herra forseti, spurningu mína til hæstv. menntmrh.: Hvað líður skýrslu þeirri sem níu þm. óskuðu eftir fyrir einum og hálfum mánuði, hinn 27. janúar s. l.? Það þýðir víst lítið að beina öðrum spurningum hér til ráðh. hæstv. ríkisstj. því að enginn þeirra er hér í salnum nema hæstv. menntamrh. En það hefði verið rík ástæða til þess að fá svör um það frá hæstv. forsrh., hvort það er stefna núverandi ríkisstj. að skerða dagskrá útvarps og sjónvarps og þrengja að allri starfsemi þessarar mestu menningarstofnunar sem er sameign þjóðarinnar.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Það er mjög ánægjulegt til þess að vita, að ýmsir hv. þm. hafa áhuga á málefnum Ríkisútvarpsins, og ég ætla ekkert að draga í efa áhuga hv. 5. þm. Vesturl. á málefnum þess. Þessi áhugi virðist þó aðallega hafa komið fram á þessu þingi nú í vetur. Ég minnist þess reyndar, að þessi hv. þm. var um eitt skeið, ég held í hittiðfyrra, formaður fjárveitinganefndar, en ég minnist þess ekki að hann hafi

sérstaklega búið þá í haginn fyrir Ríkisútvarpið. Ég minnist þess ekki. En hvað varðar þessar umr. annars, þá hringdi hv. 5. þm. Vesturl. til mín í morgun og kvaðst vilja spyrja hvað liði ákveðinni skýrslugerð um Ríkisútvarpið, sem þm. hafa beðið um samkv. sérstöku ákvæði í þingskapalögum. En mál hans hér áðan var nú ekki aldeilis við það eitt bundið, heldur hélt hv. þm. býsna langa ræðu hér á kostnað dagskrártíma þingsins, og þó sýnast mér vera um 20 mál á dagskránni.

Þó að ég hafi ævinlega verið þeirrar skoðunar, að það eigi að vera möguleiki á því, að þm. fái aðstöðu til þess að tala utan dagksrár, — ég vil taka það skýrt fram, að ég tel að sá möguleiki eigi að vera fyrir hendi, — þá held ég að hv. þm. ættu að kosta kapps um að misnota ekki þennan rétt og misnota ekki þá möguleika sem þinginu eru gefnir til að ræða mál utan dagskrár. Ég hel að menn ættu að reyna að venja sig á það. Það hefur tekist svo til í vetur, að það hefur keyrt úr öllu hófi hvernig menn, ég vil segja: misnota þennan rétt. En ég ætla að taka það fram um þessa fsp., að það var út af fyrir sig ekkert við það að athuga þó að hv. þm. 5. þm. Vesturl. vildi leggja áherslu á mál, sem hann telur mikilsvert, og að þessi skýrsla, sem hann beitti sér fyrir að gerð yrði af minni hálfu, — ég tel ekkert við það að athuga þó að hann leggi áherslu á að sú skýrsla komi fram sem allra fyrst. Það finnst mér ósköp eðlilegt. Og ég tel ekki óeðlilegt þó að hann hafi staðið hér upp utan dagskrár þeirra einna erinda að spyrja ráðh. um þetta. Slíkt hefur oft skeð í þingsögunni og ekkert við því að segja. Hins vegar verð ég jafnframt að segja, að það var engin ástæða til þess fyrir hv. þm. að hafa allan þann formála sem hann hafði eða fara að rekja hér langan aðdraganda að þessari fsp. sinni og taka hér málefni Ríkisútvarpsins til umr. á ákaflega breiðum grundvelli.

Ég held að það sé nægur tími til þess að bíða þeirrar skýrslu, sem hv. þm. hefur beðið um og unnið er að og ég mun að sjálfsögðu leggja fyrir þingið svo fljótt sem kostur er. Að þessari skýrslu er unnið. Ég vil minna hv. 5. þm. Vesturl. og reyndar þingheim allan á það, að sú beiðni um skýrslugerð, sem um ræðir, er ekkert smáræði. Það er ekkert smáræði sem á að koma fram í þessari skýrslu. Og ég tel að það sé skylda mín að vinna vel að þessari skýrlsugerð, í samræmi við það sem spurt er, og að því verður unnið og skýrslan verður lögð fyrir þingið svo fljótt sem verða má. Það er rétt, að það hefur orðið kannske helst til langur dráttur á því, að skýrslan kæmist í það form að hægt væri jafnvel að skýra fyrirspyrjendum eitthvað frá niðurstöðu hennar, það er rétt, en til þess liggja vissar ástæður. Ég mun sem sagt reyna að hraða skýrslugerðinni og tel að það sé heldur ávinningur fyrir mig og fyrir Ríkisútvarpið að slík skýrsla sé gerð og lögð fyrir þingið heldur en hitt, og um það hugsa ég að við séum sammála, hv. 5. þm. Vesturl. og ég.

En sem sagt, það, sem ég vil leggja höfuðáherslu á í þessu sambandi, er að mér finnst að verið sé að misnota þann rétt og þann möguleika, sem þingmenn hafa til að ræða mál utan dagskrár, með því að fara að ræða þetta mál á þann hátt sem hér hefur verið gert. Látum svo vera þó hv. þm. vilji ýta á eftir þingmáli sem honum finnst dragast að fái lausn, en hitt tel ég alveg óþarfa af honum, að taka málið upp eins og gert var.

Sannleikurinn er sá, að maður gæti haldið að það væri einhver lífsháski á ferðinni, að það sé einhver óskaplegur voði á ferðinni í sambandi við þetta mál, eins og hv. þm. túlkaði þetta núna. Hef ég varla heyrt hann eiginlega túlka þetta mál — þó hann hafi oft talað um málefni Ríkisútvarpsins — á þann hátt sem hann gerði núna. Það virðist allt vera í voða. Þetta er alger misskilningur. Það, sem er að gerast hjá Ríkisútvarpinu núna, er einmitt að það er verið að reyna að hreinsa upp þá fjármálaóreiðu, vil ég segja, og vandræði sem voru og hafa verið að skapast þar undanfarin ár. Það er verið að reyna það. Það er sannleikurinn. Og ef hv. þm. vill fara að halda því fram, að það sé eitthvert vandræðamál fyrir Ríkisútvarpið, finnst mér satt að segja að hann sé að tala gegn þeirri stefnu sem flokksmenn hans hafa mótað, ef það á að vera einhver voði að reynt sé að laga starfsemi Ríkisútvarpsins að því fjármagni sem Alþingi ætlar því. Ég get ekki séð að þar sé neinn voði á ferð, heldur sé þar um að ræða skynsamlegar fjármálaráðstafanir. Og það er einmitt það sem verið er að vinna að núna. Það er verið að vinna að því að skynsamlegar fjármálaráðstafanir verði gerðar innan útvarpsins til þess að það geti staðið undir rekstri sínum, vinna að hagræðingu í rekstri Ríkisútvarpsins með þetta fyrir augum. Þetta er enginn voði, hv. þm., þetta er nákvæmlega það sem ég held að flestir þm. vilji að gert sé þegar um opinberar stofnanir er að ræða.

Ég ætla ekki að fara að kenna einum eða neinum um það, hvernig fjárhag Ríkisútvarpsins var komið. Það eru áreiðanlega margar ástæður fyrir því, að Ríkisútvarpið var rekið með verulegum halla árið 1979 og með miklum halla árið 1980. Þetta á sér allt sinn langa aðdraganda, en ég tel að eins og nú er sé þó verið að reyna að spyrna við fótum. Alþingi afgreiddi fjárlög nú með þeim hætti og skildi þannig við sakir Ríkisútvarpsins, að segja má að Ríkisútvarpið sé gert upp á núlli á þessu ári. En vandræðin í sambandi við fjárhag Ríkisútvarpsins núna eru vitanlega þau að greiða upp þann halla sem safnast hafði fyrir á undanförnum árum, og ég held að sá halli — þó að hann sé vissulega mikill — sé varla svo mikill sem hv. þm. nefndi hér áðan ef allt er tekið til. En látum það vera. Ég held að það vinnist tími til að greiða niður þann halla. En það er ekki hægt á sama tíma að gera kröfu til þess, að Ríkisútvarpið haldi öllu óbreyttu í dagskrá jafnframt því sem að því er þrengt um fjáröflun og það er að koma sér út úr hallarekstri og vandræðum sem hafa verið að skapast.

Ég held að allir sanngjarnir menn sjái að málin liggja þannig fyrir. Auðvitað hefur enginn — og síst af öllu ég — ástæðu til að fagna því, að nú verður að grípa til tiltekinnar skerðingar á dagskrártíma. Það er enginn fögnuður hjá mér yfir því. En ég vil jafnframt vara menn við að gera úr þessu þau ósköp sem hér komu fram í máli hv. þm. áðan, vegna þess að það er óþarfi. Maður gæti ímyndað sér að það ætti bókstaflega að fara að skrúfa fyrir útvarpið meira og minna. Þó að verið sé að skerða útsendingartíma um hálftíma eða kannske að lengja sumarfríið hjá sjónvarpinu um viku eða eitthvað slíkt, þá er fjarri því að verið sé að gera Ríkisútvarpinu einhvern þann óskunda, að þau ósköp séu að gerast hjá Ríkisútvarpinu að það verði ekki unnið upp fljótlega eftir að hægist um fjárhag Ríkisútvarpsins. Það er fjarri því.

Ég held að það sé ekki til bóta að fara að koma því inn hjá almenningi, að það eigi að fara að skerða svo þjónustu Ríkisútvarpsins, dagskrá þess, að fólk hafi engin not eða lítil af Ríkisútvarpinu. Þetta er algjör misskilningur, og ég tel að svona svartsýni eigi engan rétt á sér. Það er

hins vegar engin ástæða til að fagna því í sjálfu sér, að til þessa þarf að grípa. Ég held þó satt að segja að það ætti frekar að vekja fögnuð í hjörtum þeirra Alþfl.-manna, að það er gerð tilraun til þess í einni ríkisstofnun að laga starfsemi hennar að því fjármagni sem hún hefur yfir að ráða. Það held ég satt að segja að ætti að vera. En kjarni þessa máls er auðvitað sá, að það er verið að vinna að því að Ríkisútvarpið komist út úr fjárhagsvanda sínum. Það getur tekið allt þetta ár, það getur tekið næsta ár, en við skulum þá vona að það batni úr því. Við skulum vona það.

Auðvitað þarf að tryggja þá tekjustofna sem Ríkisútvarpið hefur. Það hefur ekki alltaf verið gert, og ég skal fúslega viðurkenna að það hefur ekki tekist í minni tíð að auka svo tekjur Ríkisútvarpsins t. d. af afnotagjöldum eins og ég hef lagt til og óskað eftir að væri og stofnunin hefur gert. En ýmsar ástæður valda því, að menn hafa ekki treyst sér til að stíga svo langt í einu spori að jafna út þennan halla á stuttum tíma, enda má líka til sanns vegar færa að heppilegra sé að gera það í fleiri skrefum.

En sem sagt, kjarni málsins er að mínum dómi sá, að það er enginn sá voði á ferðum hjá Ríkisútvarpinu að ástæða sé til þess að hlaupa hér upp utan dagskrár til þess að tilkynna þingheimi að þar sé allt á völtum fótum og allt í afturför og láta það síðan berast út til almennings. Það er engin ástæða til slíks. Ég held að full ástæða sé til þess hins vegar að líta raunsætt á þessi mál eins og þau eru. Við erum að berjast við erfiðleika í rekstri undanfarinna ára, og það er verið að reyna að koma sér út úr þessum erfiðleikum. Og þetta veit ég reyndar að hv. þm. Eiður Guðnason, sem er vel kunnugur þessari stofnun og reyndar sanngjarn maður að auki, sér, að svona er það, þegar hann hugsar málið nánar.

En hvað varðar svo þá fsp. hans sérstaklega, hvað líði skýrslugerðinni, þá er að henni unnið og ég vona að í mánaðarlokin, a. m. k. í fyrstu viku apríl verði þessi skýrsla fullbúin og fær til umræðu hér á hv. Alþingi.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég tel ekkert óeðlilegt að hér sé rætt um þetta mál utan dagskrár, ekki síst vegna þess sem fram kom í máli þess hv. þm. sem hóf umr. hér, að eftir hæstv. menntmrh. er haft í blöðum að hann rugli saman rekstri og stofnkostnaði Ríkisútvarpsins.

Það var ánægjulegt að heyra lokaorð hæstv. ráðh., þar sem hann boðaði að skýrslan kæmi fyrir lok þessa mánaðar, og eins hvernig hann dró í land um afstöðu sína til hv. þm. sem hóf þessar umr., því að fyrr í sinni ræðu veittist hæstv. ráðh., kannske óviljandi, heldur ódrengilega að hv. þm. Eiði Guðnasyni sem á sínum tíma var formaður fjvn. Ég vil hér með staðfesta það, að þessar ásakanir á hv. þm. Eið Guðnason eiga við engin rök að styðjast. Það var á leynifundi meiri hl. fjvn. í fyrra sem teknar voru allar meiri háttar fjárhagsákvarðanir um Ríkisútvarpið og kom formaður fjvn. þar hvergi nærri. Reyndi hann þó að berjast ötulli baráttu fyrir hagsmunum fyrirtækisins, en hafði ekki erindi sem erfiði.

Þetta þarf að koma fram, því að þetta er í annað sinn á þessum vetri sem þm. Framsfl. ráðast á hv. þm. Eið Guðnason með þessum brigslum, gífuryrðum og ósannindum. Slíkt þarf að reka til föðurhúsanna, hver sem í hlut á, því að það er ekki sæmandi hv. þingmönnum.

Vel má vera að hér sé verið að misnota réttinn til utandagskrárumræðna. Ég lýsi yfir ánægju minni með að hæstv. ráðh. skuli taka eftir því. Virðist hann fylgjast mjög náið með störfum þingsins og veit það á gott, því að það þýðir væntanlega að störf Alþingis fréttast um heim allan.

Þá er komið að þeirri spurningu, hver eigi að gefa fyrirmæli um sparnað og hvers konar sparnað hjá Ríkisútvarpinu. Auðvitað verður menntmrh. að taka þátt í þeim leik. Það er ekkert ósanngjarnt að ætlast til að þeir, sem bera ásamt fjmrn. ábyrgð á því, hvernig þessi stofnun er haldin fjárhagslega, beri einnig ábyrgð á því, hvar sparnaðurinn á að koma niður.

Þá vil ég fara nokkrum orðum um rekstur þessarar stofnunar á grundvelli talna sem ég þekki annars vegar og hef aflað mér nýlega hins vegar.

Það er ljóst, að á árinu 1979 varð 445 millj. kr. halli og 1980 1200 millj. kr. halli á Ríkisútvarpinu í gkr. talið. Það þýðir, að án þess að færa það upp til verðlags dagsins í dag eru þetta 16.5 millj. nýkr. Þá veitti hæstv. ríkisstj. — og það er rétt að það komi fram því að það hjálpar auðvitað hæstv. ríkisstj. nokkuð í sinni stöðu í þessu máli, — þá veitti ríkisstj. Ríkisútvarpinu lán að upphæð 570 millj. gkr., sem Ríkisútvarpið lítur á sem óafturkræft lán vegna þess að um teknaskerðingu hafi verið að ræða, sem ég veit að hæstv. ráðh. þekkir mjög vel. En það mál er ekki útkljáð og væri vissulega skemmtilegt ef hægt væri að upplýsa það hér og nú, hvort ætlunin sé að krefja útvarpið um þessa fjármuni aftur.

Samkvæmt fjárlögum og í forsendum fjárlaga var gert ráð fyrir því, að Ríkisútvarpið gæti aflað tekna á grundvelli hækkaðra afnotagjalda — hinn 1. mars upp á 22.5% og 6% 1. sept., síðari hluta ársins. Ég tek það skýrt fram, að Ríkisútvarpið fékk ekki þessa 10% hækkun um áramót. En þó ber þess að geta, að auglýsingatekjur hækkuðu um áramótin um 25—28%, og auglýsingatekjur útvarps og sjónvarps eiga að hækka um 60—70% á yfirstandandi ári, en þær hækkuðu milli ára síðast um 80%. Samt sem áður hef ég það eftir fjármálastjóra Ríkisútvarpsins, að hækkunarþörf útvarpsins síðari hluta ársins sé 30% í staðinn fyrir 6%, til þess aðeins að fjárlögin geti staðist. Og að auki þurfi að koma 10% til viðbótar ef greiða á niður halla tveggja síðustu ára á fimm árum, og er þá ekki tekið tillit til hins óendurkræfa láns.

En þetta er ekki einsdæmi um þessa stofnun. Þetta gerðist líka í tíð vinstri stjórnarinnar 1971—1974. Það er reyndar megineinkenni vinstri stjórna að reka opinberar stofnanir með halla og fresta venjulega úrlausnum allra vandamála, því að sömu sögu má segja um aðrar ríkisstofnanir, eins og t. d. Skipaútgerð ríkisins og Póst og síma.

Ég biðst afsökunar, herra forseti, að hafa farið fram út tíma og þakka umburðarlyndið.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég held að það hljóti að vera vegna þess, hve hæstv. menntmrh. hefur verið mikið fjarverandi á þingfundum það sem af er þessum vetri, að hann fullyrðir að sjaldan eða aldrei hafi verið meira um utandagskrárumræður en nú. Ég fullyrði það gagnstæða. Það hefur verið minna um utandagskrárumræður á þessum vetri en oft áður. Hins vegar hefur verið mun meira um það, að orðið hefur að stytta fundi vegna fjarveru ráðh. eða að menn hafi orðið að ræða mál, sem ráðherrar hafa lagt fram, í fjarveru þeirra. Sumir hæstv. ráðh. hafa ekki einu sinni séð sóma sinn í

því að vera viðstaddir umræður á Alþingi um mál sem þeir sjálfir hafa lagt fram.

Í annan stað held ég að ég verði að segja það um hæstv. menntmrh., að hann virðist búa yfir sérstökum hæfileika til að hvetja menn til að taka til máls þegar hann kemur hingað í stólinn, vegna þess að málflutningur hæstv. ráðh., sem kom hér fram áðan, einkenndist af því að svo til allan ræðutíma sinn, a. m. k. fyrri hluta ræðutíma síns, notaði hann til mjög óviðurkvæmilegra persónulegra árása á mann sem bar fram til hans mjög einfalda spurningu.

Hæstv. menntmrh. var ekki mjög lengi forseti hér í Alþingi. En það verð ég þó að segja, að ég vil heldur treysta mati núv. forseta Alþingis á því, hvaða umræður séu þinglegar og hvenær menn fari þar rétt að, heldur en skoðun hæstv. menntmrh. á því máli. Mæli ég það af reynslu af þessum mönnum báðum sem forsetum hér í þinginu.

Herra forseti. Það er ekkert óeðlilegt við að málefni útvarpsins séu tekin til umræðu hér á Alþingi, þegar það virðist ætla að gerast að hæstv. núv. menntmrh., sem hefur ekki látið mikið að sér kveða í umræðum hér á Alþingi, síðan hann tók við því embætti né í málatilbúnaði hér, virðist ætla að reisa sér þann minnisvarða, að á fyrsta heila stjórnarári hans í menntmrn. sé ekki aðeins um að ræða stöðnun í málefnum ríkisfjölmiðlanna, heldur hreina afturför, ef það á að gerast, að á fyrsta heila ári hæstv. menntmrh. sem æðsta yfirmanns útvarps og sjónvarps skuli eiga að stórskerða dagskrá sjónvarpsins, sem er sá fjölmiðill sem gamalt fólk, fatlað fólk og annað fólk, sem á erfitt um vik með að komast af heimili sínu, þarf helst á að halda. Það er ekkert óeðlilegt að upp sé tekin umræða um slíkt utan dagskrár hér á Alþingi þegar við erum, eins og kom fram raunar hjá hæstv. ráðh. sjálfum, búnir að bíða hátt í tvo mánuði eftir að eitthvað heyrist frá hæstv. menntmrh. um málefni Ríkisútvarpsins, vitandi í hvílíkum vandræðum þessi stofnun er. Og það sýnir aðeins ókunnugleika hæstv. menntmrh. á málinu, furðulegan ókunnugleika, ef hæstv. ráðh. heldur að úrslit um afkomu ríkisfjölmiðils, útvarps og sjónvarps, séu ráðin af fjvn. Maður, sem er búinn að sitja í stól menntmrh. jafnmarga mánuði og hæstv. menntmrh., hlýtur að vita það, að úrslitin um afkomu Ríkisútvarpsins ráðast af ákvörðunum ríkisstj. um afnotagjöld og auglýsingataxta. Það er ekki verkefni fjvn., hæstv. menntmrh., að fjalla um slíka hluti. Það er hins vegar verkefni ríkisstj. En e. t. v. sýnir það best, hversu lítinn tíma hæstv. menntmrh. hefur til þess að sinna málefnum Ríkisútvarpsins, að hann skuli ekki vita þetta.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég er einn af þeim þm., sem standa að ósk þessari með hv. þm. Eiði Guðnasyni um skýrslu frá hæstv. menntmrh. um fjárhag útvarpsins. Ég fæ nú ekki séð að hægt sé að taka illa upp fyrir hv. þm. þó hann ræki á eftir þessari skýrslu, ekki heldur þótt hann stillti sig ekki um að minnast á ráðstafanir sem þegar hefur orðið uppvíst um að til mála kemur að gera til þess að ráða bót á fjárhagsvandræðum útvarpsins, enda þótt ég geti ekki að öllu leyti tekið undir það sjónarmið, sem fram kom hjá hv. þm., að stytting dagskrár hlyti að vera hinn versti kostur, og enn þá síður náttúrlega undir þingflokkssamþykkt Alþfl. um að snúast gegn því að dagskrá útvarps verði stytt.

Ég veit það ekki — ég hafði nú ætlað mér það, — jú, hér situr hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, svo að mér er óhætt að segja það sem mér kom í hug þegar hann var að tala, hv. þm., nú fyrir nokkrum mínútum. Þá kom mér í hug sú skilgreining á afstöðu minni til lengdar dagskrár og gæða, að lengd er ekki ávallt mælikvarði á gæði. Ég er ekki viss um að gæði þyrftu að rýrna við styttingu.

En við eigum sem sagt von á svari senn frá hæstv. menntmrh. Ég fagna því. Það er rétt, að um margt var spurt, en það þýðir ekki endilega það, að ritverkið með svörunum þurfi að vera langt. Það sama gildir um þetta eins og dagskrá útvarpsins og hæð hv. þm. Sighvats Björgvinssonar: Stutt svör, en skýr við þessum mörgu spurningum yrðu vel þegin. En hæstv. ráðh. gerði okkur svo forvitna, jók á forvitni okkar í ræðu sinni áðan, sem mér fannst óþarflega löng og ítarleg, en gaf þó í skyn að við gætum átt vona á býsna merkilegum upplýsingum þegar svörin koma.

Og aðeins vil ég víkja því að hv. þm. Friðrik Sophussyni, sem ég hef að vísu einum tvisvar sinnum áður vikið að honum þegar hann hefur rætt um málefni Ríkisútvarpsins, að ég öfunda hann ekki aðeins af hvatleika hans og snerpu þegar hann skundar hér í ræðustól, heldur einnig af ásku hans, að hann skuli muna svo skammt í ferli Ríkisútvarpsins sem svo lengi sem ég man — og man ég þó alveg frá upphafi tilorðningar þess, orðinn það gamall — hefur æ verið í fjárhagsvandræðum. Hefur þá ekki skipt máli hvort það er hægri stjórn eða vinstri stjórn. Ég bið hv. þm. um að trúa þessum orðum mínum, að einnig svo hefur verið þegar Sjálfstfl. hefur haft tögl og hagldir á fjármálum ríkisins. Leita ber annarra orsaka en hinna flokkspólitísku ef maður vill komast að hinu sanna í málinu.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. það svar hans, að þessi skýrsla skuli nú fljótlega væntanleg, þó ég hafi svo sem ekki sérstaka ástæðu til að þakka ýmislegt annað af því sem fram kom í ræðu hans sem mér þótti nú reyndar ekki sérlega rismikil. En það er vissulega ágætt til þess að vita, að þessi skýrsla skuli fljótlega væntanleg — og þó fyrr hefði verið, vegna þess að þau atriði, sem um er spurt, eru að vísu kannske nokkuð mörg, en ég hygg að upplýsingar um þau og fróðleikur sá, sem óskað er eftir, liggi fyrir ýmist í Ríkisútvarpinu eða hjá menntmrn., og ættu því að vera hæg heimatökin að koma þessu á blað og raunar ekki mikið verk.

Hæstv. ráðh. vék að því hér, að það hefði ekki borið mikið á áhuga mínum á málefnum þessarar stofnunar fyrr en þá kannske á þessu þingi. Ég andmæli þessu. Ég hygg að ef hæstv. menntmrh. hugsar svolítið til baka minnist hann þess, að við öll þau tækifæri, að ég hygg, sem umræður hafa orðið hér í Sþ. um málefni Ríkisútvarpsins munum við báðir hafa tekið þátt í þeim og lagt þar nokkuð til mála.

Hæstv. menntmrh. notaði hér orð áðan um fjárhagsstöðu Ríkisútvarpsins sem ég kann ákaflega illa við. Hann talaði um fjármálaóreiðu í Ríkisútvarpinu. Þetta eru stór orð og þau orð verður hæstv. ráðh. að skýra nánar. Það er ekkert sem réttlætir það, þótt um þennan rekstrarhalla hafi verið að ræða s. l. tvö ár, að kalla það fjármálaóreiðu. Ég hygg hins vegar að sá maður, sem gegnir starfi fjármálastjóra Ríkisútvarpsins, geri það af hinni mestu prýði. Og það er engan veginn heiðarlegt eða réttmætt að tala þar um fjármálaóreiðu, þó svo að

aðgerðir stjórnvalda hafi valdið því, að Ríkisútvarpið hefur verið rekið með halla.

Það er fróðlegt að heyra það, að hæstv. menntmrh. skuli telja það raunar smámál og alls engan voða á ferðum þótt í fyrsta skipti í 50 ára sögu Ríkisútvarpsins standi nú fyrir dyrum að skerða verulega þá þjónustu sem stofnunin veitir sínum hlustendum. Ef sú staðreynd á að verða minnisvarði um menntamálaráðherratíð hæstv. núv. menntmrh., verði honum þá að góðu, og þá eru lítil geð guma, að ekki sé meira sagt.

Ég nefndi hér tölur áðan um rekstrarhalla Ríkisútvarpsins undanfarin tvö ár. Hæstv. ráðh. dró þær í efa. Hv. 10. þm. Reykv., Friðrik Sophusson, hefur staðfest þessar tölur. Og ef ráðh. trúir okkur ekki, þá er afar einfalt fyrir hann að skoða reikninga Ríkisútvarpsins, eins og honum hlýtur raunar að bera skylda til sem æðsta yfirmanni þeirrar stofnunar. Þessar tölur verða ekki vefengdar.

Ég vonast síðan til þess, herra forseti, að þegar skýrsla sú, sem hér um ræðir, verður fram lögð gefist betra tækifæri til að ræða málefni þessarar mikilvægu stofnunar, og ég vona að þá hafi orðið sú hugarfarsbreyting hjá hæstv. menntmrh., að hann meti meir stöðu og starf Ríkisútvarpsins en hann auðheyrilega gerir nú.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja þessar umr. En ég vil aðeins minnast á orðið „fjármálaóreiða", sem ég mun vera borinn fyrir að hafa notað. Ég skal viðurkenna að þetta orð er hægt að misskilja og er vafalaust allt of sterkt í notkun hér, enda meinti ég það ekki á þann veg sem hægt er að misskilja það, því að fáum mönnum treysti ég betur en fjármálastjóra Ríkisútvarpsins og mundi síðast af öllu vilja væna hann um nokkra óreiðu. Það, sem ég átti við, voru þau stórfelldu fjárhagsvandræði sem Ríkisútvarpið hefur átt við að etja, og fer ég ekki ofan af því, að þessi fjármálavandræði hafa verið að myndast á undanförnum árum, og það verður að vera höfuðverkefnið í fjármálastjórn útvarpsins að komast út úr þeim ógöngum sem þar blasa við og útvarpið er í.

Það hefur einnig verið á það minnst og borin fyrir fyrirsögn í Vísi, sem ég hafði ekki tekið verulega eftir, og á henni byggt, að ég rugli saman húsbyggingarmálum og rekstri útvarpsins, t. d. hvað varðar dagskrárgerðina. Það er rétt, að þetta bar á góma í alllöngu samtali sem ég átti við blaðamann Vísis. En ég fylgdist ekki nákvæmlega með því, hvernig hann gekk síðan frá fyrirsögnum og öðru í sambandi við þetta. En það kom nokkuð fram í þessum viðræðum mínum við blaðamanninn, að það hefði komið fyrir á undanförnum árum að gengið hefði verið á afskriftafé Ríkisútvarpsins á þann veg, að afskriftafé hefði gengið til dagskrárgerðar. Ég held að þetta sé staðreynd, sem hægt er að fá upplýsingar um og staðfestingu á, og ég tel að það sé ekki óeðlilegt, þegar sú stefna er svo tekin að nota afskriftaféð til þeirra hluta sem ætlast er til, að þá kunni það að hafa líka sín áhrif á það fjármagn sem fer til dagskrárgerðar. Þetta vildi ég taka fram, og ég held að við verðum allir að lokum sammála um að óeðlilegt sé að færa þannig á milli fjárlagaliða eins og þarna hefur átt sér stað.

En sem sagt, aðalatriðið í þessu máli er það, að ég vinn að þessari skýrslugerð. Mér skildist, eins og beiðnin var lögð fram, að óskað væri eftir viðamikilli og umfangsmikilli skýrslu um útvarpið og þannig er að þessu máli staðið. Og þetta er meira verk en menn skyldu ætla, ef þetta á að vera sæmilega frágengið mál. Ég stefni að því að þessi skýrsla verði til svo fljótt sem verða má og vonandi verður það núna í lok mánaðarins.

Kennsla í útvegsfræðum, þáltill. (þskj. 162). — Ein umr.

Flm. (Guðmundur Karlsson): Herra forseti. Ég hef ásamt hv. 11. þm. Reykv., Ólafi Ragnari Grímssyni, 2. þm. Reykn., Kjartani Jóhannssyni, og 3. þm. Norðurl. v., Stefáni Guðmundssyni, leyft mér að bera fram svohljóðandi þáltill.:

„Alþingi ályktar að hafin skuli kennsla í útvegsfræðum við Háskóla Íslands. Skipuð verði nefnd fróðustu manna, sem undirbúi og skipuleggi námið, og stefnt að því að byrja kennslu eigi síðar en haustið 1984."

Á síðari árum hefur mikil umræða orðið um þörf aukinnar menntunar fólks, sem starfar í sjávarútvegi, og um þörf almennrar fræðslu um sjávarútveginn. Talsvert hefur verið unnið á þessu sviði af opinberri hálfu og síst skyldi vanþakka það sem vel hefur verið gert, en betur má ef duga skal.

Með bréfi til menntmrh., dags. 1. apríl 1976, fór fiskimálastjóri, Már Elíasson, þess á leit, að settur yrði á fót vinnuhópur til þess að gera tillögur um fyrirkomulag og umfang menntunar og þjálfunar fólks á framhaldsskólastigi fyrir sjávarútveg og fiskiðnað, ekki síst í tengslum við núverandi og væntanlega fjölbrautaskóla. Jafnframt var sett fram ósk um að reynt yrði að láta þetta nám fara fram sem víðast eða a. m. k. hluta þess.

Um mánaðamótin jan.—febr. 1976 var myndaður vinnuhópur undir forustu Más Elíassonar fiskimálastjóra. Voru hugmyndir um starfsáætlun að setja fram fyllri áætlanir um kynningu námsefnis í 8. og 9. bekk grunnskóla, sem yrði starfskynning, leggja útlínur að námsefni í sjávarútvegsgreinum, sem kenna mætti í 1. bekk framhaldsskóla (fjölbrautarskóla), að ræða tengsl við verknámsskóla og þá sérstaklega Vélskólann, Stýrimannaskólann og Fiskvinnsluskólann.

Hópurinn starfaði vel, hélt marga fundi og fékk fjölda manna til skrafs og ráðagerða. Ýmsar íhugunarverðar staðreyndir komu fram í starfi hópsins og niðurstöðum. Skortur virtist vera á fólki með praktíska menntun í fiskiðnaði, ungt fólk leitaði ekki sem skyldi inn í þessa þýðingarmiklu atvinnugrein. Talið var að ungt fólk legði ógjarnan út á námsbraut sem ekki væri skipulögð og skilgreind frá upphafi til enda. Staðhæft var að fiskverkunarstöðvarnar yrðu á taka að sér í ríkara mæli þjálfun fólks, ella yrði ekkert þjálfað starfsfólk til innan skamms tíma. Mikil vélvæðing hefur átt sér stað í fiskiðnaði hér hin síðari ár sem kostað hefur mikla fjármuni. Með tilliti til þess virðist auðsætt að gera verður meiri kröfur til þjálfunar starfsfólks en áður. Hugarfarsbreyting þarf að eiga sér stað gagnvart fiskveiðum og fiskiðnaði og virðing skapast fyrir starfsgreinunum. Óeðlilegt er að sjómenn og fiskiðnaðarmenn fái ekki grundvallarfræðslu í náttúrufræðigreinum, svo sem í haffræði, veðurfræði, fiskilíffræði og fleiri skyldum greinum. Sjávarútvegur og fiskiðnaður er flókin atvinnugrein, samspil milli líffræðilegra og haffræðilegra lögmála er flókið og í mörgum tilvikum lítt þekkt.

Starfshópur um sjávarútvegsbrautir á framhalds-

skólastigi, sem í voru Gerður G. Óskarsdóttir skólastjóri, Sigurður Haraldsson skólastjóri og Þorsteinn Gíslason skipstjóri og kennari, skilaði niðurstöðuskýrslu sinni til menntmrn. í mars 1980. Í inngangi að skýrslunni segir svo, með leyfi forseta:

„Fiskurinn í hafinu umhverfis landið er mikilvægasta auðlind Íslendinga. Þjóðarbúskapurinn stendur og fellur með því, hvernig til tekst um nýtingu hans og skiptingu afrakstursins. Samt hefur ekki þótt til þess ástæða hingað til að mennta fólk í skólum til undirbúnings fiskveiða og fiskvinnslu. Ákveðna menntun þarf til þess að vinna önnur matvæli, eins og kjöt, brauð og mjólk, en öllum á að vera í blóð borið að meðhöndla fisk. Þar eð einskis undirbúnings er krafist til að vinna þessi störf njóta þau lítillar virðingar og eru lítils metin til launa. Þekkingarleysi og lítil tengsl milli sjómanna og verkafólks annars vegar og sérfræðinga hins vegar valda oft tortryggni og koma í veg fyrir að hægt sé að beita nauðsynlegum stjórnunaraðgerðum.

Sjávarútvegs er að litlu getið í námsefni grunnskólans, nám tengt sjávarútvegi er nú eingöngu í sérskólum eða á námsbrautum fjölbrautaskóla sem eru í raun hluti sérskólanna. Stýrimannaskóli, Vélskóli og Loftskeytaskóli búa menn undir að stjórna skipum og vélum þeirra og sjá um fjarskiptasamband. Í þessu námi er varla minnst á fisk, líffræði sjávarins eða sögu og félagsfræði sjávarútvegsins. Mjög auðvelt virðist vera að fá undanþágur frá tilskildum starfsréttindum og er það ekki til að efla þessa skóla. Fiskvinnsluskólinn hefur þarna nokkra sérstöðu, en hann er alger fagskóli og býr nemendur undir stjórnunarstörf í fiskvinnslu, en veitir engin lögbundin réttindi. Sama gildir um útgerðartæknanám sem er sérnám án starfsréttinda. Iðnskólar búa menn undir að smíða skip og framleiða og gera við veiðarfæri. Háskóli Íslands menntar matvælafræðinga og matvælaverkfræðinga til eftirlits og rannsóknarstarfa í matvælaiðnaði.

Ljóst er að mikið verk er fram undan á næstu árum í skipulagningu námsbrauta á framhalds- og háskólastigi og námskeiða til menntunar starfsfólks í fiskiðnaði og fiskveiðum, en með auknum gæðakröfum og aukinni tækni á öllum stigum veiða og vinnslu stóreykst þörfin fyrir slíkt nám."

Síðan er gerð grein fyrir núverandi námsmöguleikum á sviði sjávarútvegs í sérskólunum fjórum og á námsbrautum fjölbrautaskóla sem í raun eru hluti sérskóla. Sérskólarnir eru Fiskvinnsluskólinn í Hafnarfirði, Stýrimannaskólinn í Reykjavík, útgerðardeild Tækniskóla Íslands og Vélskóli Íslands. Stýrimannanám fer einnig fram í deildum skólans á Akureyri og Ísafirði, í stýrimannaskólanum í Vestmannaeyjum og fjölbrautaskólunum á Akranesi og á Suðurnesjum.

Hlutverk Fiskvinnsluskólans er að veita fræðslu og þjálfun í vinnslu sjávarafla. Fiskvinnsluskólinn í Hafnarfirði útskrifar fiskiðnaðarmenn og fisktækna auk þess sem hann heldur ýmiss konar námskeið fyrir starfsfólk í fiskiðnaði.

Kennsla skólans miðar að því að: a) fiskiðnaðarmenn hafi öðlast nægilega undirstöðuþekkingu, bóklega og verklega, til þess að geta annast almenna verkstjórn, gæðaflokkun og stjórn fiskvinnsluvéla. b) Fisktæknar verði auk þess færir um að annast sérhæfð eftirlitsstörf, verkþjálfun, vinnuhagræðingu, stjórnun og tiltekin rannsókna- og skipulagsstörf. Náminu er skipt í bóklegt og verklegt skólanám og starfsþjálfun á vinnustöðum. Námstími fer eftir undirbúningi og því, að hvaða námslokum er að stefnt.

Hlutverk Stýrimannaskólans er að mennta skipstjórnarmenn á fiskiskip, kaupskip og varðskip. Skipstjórnarnám er nú í fjórum stigum og veitir hvert stig sérstök skipstjórnarréttindi.

Samkvæmt reglugerð Tækniskólans er útgerðardeild ein af sérgreinadeildum skólans. Hún útskrifar útgerðartækna. Inntökuskilyrði eru m. a. 18 mánaða starfsreynsla í sjómennsku og fiskverkun.

Vélskólinn menntar vélstjóra til starfa við vélgæslu á sjó og landi. Náminu er skipt í fjögur stig sem hvert um sig veitir ákveðin atvinnuréttindi.

Fimm fjölmennir fjölbrautaskólar eru nú starfandi í landinu og fjöldi smærri skóla með fjölbrautanám tengt þessum skólum.

Í Námsvísi fjölbrautaskólanna á Akranesi, í Flensborg í Hafnarfirði og á Suðurnesjum, sem út kom í desember 1978 og yfir 20 skólar í landinu starfa nú eftir, er gerð grein fyrir sjö námssviðum sem hvert um sig skiptist í nokkrar námsbrautir. Á einu þessara sviða, tæknisviði, eru fjórar brautir með nám til undirbúnings starfa á sviði sjávarútvegs. Þær eru fiskvinnslubraut, fisktæknabraut, skipstjórnarbraut 1. stig og vélstjórabraut 1. og 2. stig.

Við Hagaskólann er starfandi sjávarútvegsbraut á framhaldsskólastigi og er það eina framhaldsnámið við skólann. Skiptist námsbrautin í fiskvinnsludeild og skipstjórnardeild.

Við Háskóla Íslands er hægt að stunda matvælafræði til BS-prófs, sem tekur þrjú ár, og matvælaverkfræðiprófs á fjórum árum innan verkfræði og raunvísindadeildar. Námið er undirbúningur undir eftirlits- og rannsóknarstörf í matvælaiðnaði. Einnig geta nemendur úr deildinni farið í kennslustörf í matvæla- og næringarefnafræði í framhaldsskólum.

Þá má geta þess, að í viðskiptadeild Háskólans er valgrein, sem nefnist fiskihagfræði, og í raunvísindadeild er kennd haffræði og sjávarlíffræði.

Í námsefni grunnskólans fer lítið fyrir efni um sjávarútveg. Í lokabekk grunnskólans, 9. bekk, geta skólar ráðstafað nokkrum vikustundum í valgreinar og hafa allmargir skólar siglingafræði og verklega sjóvinnu meðal þessara valgreina. Skólaárið 1978—1979 munu 340 nemendur í 9. bekk í rúmlega 30 skólum hafa verið í siglingafræði og nokkru fleiri í verklegri sjóvinnu.

Starfshópurinn leggur til að skipulagðar verði sjávarútvegsbrautir við fjölbrautaskólana. Við skipulagningu námsefnisins verði annars vegar tekið mið af því, að hér sé um almennt menntandi nám að ræða sem uppfylli þau markmið framhaldsskóla að bjóða upp á víðtæka undirstöðumenntun er stuðli að alhliða þroska nemandans. Hins vegar verði boðið upp á námsefni er veitir nemendum nokkra innsýn í sjávarútveg landsmanna frá líffræðilegu, félagslegu og rekstrarlegu sjónarmiði. Námið er þannig undirbúningur undir ákveðin störf eða frekara nám og gert ráð fyrir að starfsnám eða önnur tengsl við atvinnulífið verði hluti námsins. Hér er um að velja almennt menntandi nám sem leggur áherslu á fræðslu um hafið, fiskinn og sjávarútveginn.

Í niðurlagi skýrslu starfshópsins segir, með leyfi forseta:

„Hópurinn leggur áherslu á að þær tillögur, sem hér liggja fyrir, verði aðeins fyrsta skrefið í uppbyggingu á námi í sjávarútvegi í landinu. Verði þessar tillögur að

veruleika og takist framkvæmd vel er mjög mikilvægt að haldið verði áfram og stofnað til fleiri námsbrauta á framhaldsskólastigi til undirbúnings hinna ýmsu starfa í útgerð og fiskvinnslu í landinu og einnig verði gert átak í uppbyggingu fullorðinsfræðslu á þessu sviði. Æskilegt væri að reynt yrði að greina þörfina á eftirmenntun og þjálfun starfsfólks í fiskiðnaði eins og nefnd á vegum iðnrn. gerir nú í sambandi við annan iðnað."

Huga þarf að mótun námsleiða að háskólastigi. Sjálfsagt er að hafa samvinnu við aðrar fiskveiðiþjóðir meðal Norðurlandaþjóðanna um þessa uppbyggingu. Við Íslendingar höfum tekið þátt í samstarfi Norðurlandanna um þessi mál og er sjálfsagt og nauðsynlegt að halda því samstarfi áfram. En um leið verðum við að vinna hér heima og megum hvergi síga aftur úr þeirri þróun sem er með öðrum fiskveiðiþjóðum. Norðmenn eru óskoruð forustuþjóð í kennslu í útvegsfræðum. Það tók Norðmenn langan tíma að undirbúa og stofna til kennslu í útvegsfræðum á háskólastigi. Nefndir og ráð höfðu rætt og gert áætlanir um námið frá því fyrir seinni heimsstyrjöld. En það var fyrst árið 1972 að skriður komst á málið. 2. mars 1972 var loks samþykkt tillaga í Stórþinginu um að byrja kennsluna í háskólanum í Tromsø. Byrjað var að kenna strax sama haust en síðan hafa orðið miklar breytingar á náminu og þróun háskóladeildarinnar orðið mjög ör. Markmið kennslunnar er að mennta sem hæfasta starfskrafta fyrir sjávarútveg og fiskvinnslu með alhliða menntun og sérfræðilega þekkingu og með því skapa þá starfsmenn sem sjávarútveginum eru nauðsynlegir en hann hefur til þessa vantað, enda ekki verið til.

Það er skoðun Norðmanna, að þróun samfélagsins krefjist æðri menntunar í útvegsfræðum. Með þeim eru margar og áleitnar spurningar vakandi um ástand auðlinda sjávarins. Hvernig eiga þeir að varðveita fiskstofnana, sem þeir bera ábyrgð á, og hvernig eiga þeir að ábyrgjast endurnýjun þeirra og viðhald? Hvers konar veiðarfæri eiga þeir helst að nota? Hvernig á fiskveiðiflotinn að vera samsettur? Hvernig verður mestri framleiðni náð í sjávarútveginum? Hvernig verður 200 sjómílna fiskveiðilögsagan best nýtt? Hvernig verður fiskveiðum best stjórnað? Hvernig á skipulagið að vera? Hvernig verða auðlindir sjávarins best nýttar? Hvernig verður sjávaraflinn best nýttur til manneldis? Er hægt að finna nýjar aðferðir og tækni til meiri og betri nýtingar auðlindanna? Hver eru áhrif aukinnar tæknivæðingar á fiskveiðarnar og samfélagið? Hver eru áhrif hennar á fiskimanninn og starfsmanninn í fiskvinnslunni, líf þeirra, störf og afkomu? Hvaða áhrif hafa gildandi lög og reglugerðir á þróun og skipulag sjávarútvegsins? Á að reyna að skapa þeim framleiðslueiningum og fiskimannasamfélögum, sem byggja afkomu sína eingöngu á fiskveiðum, áfram lífvænleg skilyrði til vaxtar og viðgangs, eða á að beita áhrifum til breytinga og umsöðlunar í atvinnuháttum? Hvað kemur unglingnum til að velja sér starf við fiskveiðar og vinnslu? Hvernig verður atvinnuöryggi best tryggt í sjávarútveginum? Er stefnt að réttum markmiðum í sjávarútvegi? Hinir ungu og vel menntuðu Norðmenn leita svara við öllum þessum áleitnu spurningum og mörgum fleiri.

Námið í háskólanum í Tromsø tekur venjulega fjögur og hálft ár og er því lokið með kandidatsprófi (fiskerikandidat), en hægt er að vera lengur við nám og ljúka æðri prófum eða gráðum. Grunnnámið felst í líffræði, félagsfræði, hagfræði og tæknigreinum og ýmsum aukagreinum, svo sem stærðfræði, statistik og efnafræði. Þá er kennd rekstrarhagfræði, þjóðhagfræði, þjóðfélagsfræði og fiskveiðiskipulag og stjórnun. Í síðasta hluta námsins eru tæknifræðileg efni, útgerðar- og skipatækni, haffræði, fiskirækt og framleiðnitækni. Náminu lýkur með eins árs sérhæfingu í líffræði hafsins, fiskihagfræði, fiskirækt, fiskveiðisamfélagsfræði og fiskveiðastjórnun eða fisktæknifræði, og skrifa nemendur lokaritgerð um valgrein sína. Nemendurnir fá því mjög alhliða fræðslu um vandamál í sjávarútveginum, en um leið tækifæri til að sérhæfa sig í valgrein sinni og áhugasviði. Þeir fá heildarsýn yfir allan sjávarútveginn og hvernig vandamál í líffræði, tækni, haffræði, hagfræði, skipulagi og stjórnun vegast á. Þeir ættu því að vera vel til þess hæfir að taka þátt í þeirri skipulagningu, stjórnun og stefnumörkun sem fram undan hlýtur að vera.

Til inntöku í skólann er krafist 18 mánaða starfsreynslu í sjávarútvegi, annaðhvort í veiðum eða vinnslu. Starfsreynslan er talin nauðsynlegur bakgrunnur til þess að nemendur öðlist nægilegan skilning á fræðilegu og bóklegu námi. Krafist er stúdentsprófs eða ámóta undirbúningsmenntunar. Reynslan hefur sýnt að nemendurnir koma úr strandhéruðum Noregs og hefur meðalaldur þeirra verið óvenjulega hár og viðhorf þeirra til námsins mjög jákvætt.

Í Noregi er sjálf sjómannafræðslan einnig að færast á háskólastig. Skip búin háþróuðum tæknibúnaði gera auknar kröfur um tæknimenntun skipstjórnarmanna. Fyrsta kennslan mun hafa byrjað við sjómannaháskóla haustið 1979 og er stefnt að því að stofna níu slíka skóla. Námið mun ætlað stýrimönnum, skipstjórum, vélstjórum og rafeinda- og stýritæknum.

Aukin tæknivæðing kaup- og fiskiskipa okkar gerir stöðugt meiri kröfur um meiri tækniþekkingu og innsýn bæði stjórnenda og undirmanna. Og svo langt er komið, að líta verður á sjómenn sem fagmenn eða sérfræðinga sem eiga kröfur á bestu menntun, fræðslu og þjálfun í fagi sínu, og hlýtur skylda okkar að vera sú að gera þá sem hæfasta til að taka við og nota allar nýjungar í starfi sínu. Ef ekkert verður aðhafst hér verður þess ekki langt að bíða að sjómannsmenntun verður á öllum sviðum minni og lakari en meðal samkeppnisþjóða okkar, þó enn séum við í fremstu röð með sjómannamenntun. Það er mikið og krefjandi starf að skipuleggja og útbúa námsgögn fyrir svo fjölbreytt nám sem sjómannafræðsla er og því ekki ráð nema í tíma sé tekið.

Hvatinn að tillögu þessari um kennslu í útvegsfræðum við Háskóla Íslands var viðtöl við Gísla Pálsson, stundakennara við Háskólann, en hann er mikill áhuga- og fræðimaður á þessu sviði. Hann samdi drög að grg. um útvegsfræði og segir þar m. a., með leyfi forseta:

„Hér verða leidd að því nokkur rök, að tímabært sé að skapa sérstakan vettvang fyrir kennslu og rannsóknir á sviði útvegsfræða við Háskóla Íslands. Ef haft er í huga þjóðhagslegt mikilvægi sjávarútvegsins verður vart komist hjá því að álykta að nauðsynlegt sé að auka verulega framboð á vinnuafli sem er sérstaklega menntað á sviði sjávarútvegs. Nokkuð hefur að vísu áunnist í þessum efnum á allra síðustu árum. M. a. hafa verið stofnaðar sérstakar námsbrautir í fiskvinnslu- og útgerðartækni, en engu að síður er ljóst að tengslin milli menntakerfis og atvinnulífs eru afar veik. Tilfinnanlegur skortur er á fjölmenntuðu starfsliði sem er fært um að

takast á við vandamál íslensks sjávarútvegs. Þeir starfsmenn, sem lagt hafa stund á háskólanám og starfa nú að útvegsmálum, hafa fyrst og fremst sótt í þekkingarbanka tiltölulegra fárra og þröngra fræðigreina, einkum fiskifræði, haffræði og matvælafræði. Og flestir hafa þeir stundað nám erlendis. Eins og nánar verður vikið að síðar er unnt að leiða veigamikil rök að því, að þessi skipan mála sé afar óhagkvæm þegar til lengdar lætur. Hér skal aðeins minnt á að vandamál útvegsins fléttast inn í öll önnur svið þjóðlífsins vegna þess hve einhæft atvinnulífið er. Við höfum því ekki efni á að beita skammvinnum lausnum sem kunna að koma okkur í koll síðar. Af þessu leiðir að heildarsýn yfir samspilið í sjávarútveginum og tengslin milli atvinnulífs og þjóðfélags eru forsenda fyrir skynsamlegri stefnumótun og ákvarðanatöku.

Margar ástæður eru fyrir því, að tengslin milli menntunar og atvinnulífs eru jafnveik og raun ber vitni. Hér eru aðeins nefndar tvær ástæður. Í fyrsta lagi hefur menntakerfið oft verið sniðið eftir erlendum fyrirmyndum sem jafnan eru sprottnar upp úr mjög framandi umhverfi. Í öðru lagi hefur sjávarútvegurinn orðið helsta atvinnugrein landsmanna á ótrúlega skömmum tíma og kannske er óhjákvæmilegt að menntakerfið beri þess nokkur merki. Að sumu leyti hefur menntakerfið ekki náð að aðlaga sig breyttum atvinnuháttum einfaldlega vegna þess hve hratt breytingarnar hafa gerst. Nýskipan útvegsfræði við Háskóla Íslands getur ekki átt sér stað án ítarlegrar umræðu. Þeir, sem ættu að taka þátt í umræðunni, eru m. a. fulltrúar hagsmunasamtaka í sjávarútvegi, yfirvöld sjávarútvegs og menntamála og þeir fjölmörgu aðilar sem líklegastir eru til að móta framtíð þessara fræða næstu ár og næstu áratugi. Það er því hvorki tímabært né réttmætt að fjalla á þessu stigi um skipulag útvegsfræðanna, markmið þeirra og tengsl við þá kennslu og rannsóknastarfsemi sem fyrir er í landinu. Þó má minna á að til er sá háskóli sem Íslendingar geta hugsanlega dregið nokkurn lærdóm af í þessum efnum. Hér er átt við háskólann í Tromsø í Norður-Noregi, en árið 1972 fól norska þingið honum að annast rannsóknir og kennslu á sviði sjávarútvegs.

Sérstök stofnun við umræddan háskóla sinnir nú þessu hlutverki og þar er um þessar mundir unnið athyglisvert brautryðjendastarf í ýmsum sviðum fiskveiðirannsókna sem hingað til hafa orðið út undan við hefðbundna háskóla. Nokkrir Íslendingar hafa þegar sótt þangað menntun sína.

Útvegsfræði, sem hér er hvatt til að verði stofnað til við Háskóla Íslands, ætti fyrir margra hluta sakir að vera fjölþættur vettvangur. Markmið slíkrar samhæfingar er menntun starfsliðs fyrir íslenskan sjávarútveg og efling þekkingar á atvinnuveginum og kjörum og lífi fólksins sem störfin vinnur. Þessi vettvangur ætti því að tengja kennslu og rannsóknir á þeim fjölmörgu sviðum sem snerta útveginn, t. a. m. fiskifræði, vistfræði hafsins, fiskihagfræði, félagsfræði fiskveiða, tæknifræði fiskveiða, líffræði og næringarefnafræði. Það, sem mælir með slíkri samhæfingu, er m. a. eftirfarandi:

Hver þannig menntun er óumdeilanlega skeleggt veganesti fyrir það fólk sem í framtíðinni mun annast skipulag einstakra þátta sjávarútvegsins. Slík menntun tryggði þeim heildarsýn yfir atvinnuveginn og það margþætta samspil vistfræðilegra, hagfræðilegra, félagslegra og tæknilegra þátta sem þar eru að verki. Víða um heim er þessi háttur hafður á í menntun starfsliðs fyrir landbúnaðinn þótt enn sem komið er sé sjávarútvegurinn víðast hvar afskiptur í þessu tilliti. Sérstakur vettvangur fyrir rannsóknir á sjávarútveginum yrði mikilsverð hvatning fyrir íslenska vísindamenn. Slíkur vettvangur mundi sameina krafta þeirra sem þegar vinna að skyldum rannsóknum hérlendis, auk þess sem hann mundi stuðla að aukinni þekkingu á ýmsum sviðum fiskveiðirannsókna sem hingað til hafa verið stórum vanræktar bæði hér og víða erlendis. Kennsla í útvegsfræðum mundi njóta góðs af slíkum rannsóknum þegar fram í sækti, auk þess sem þekkingarleit þeirra muni draga fram í dagsljósið haldgóða vitneskju sem nauðsynlegt er að hafa til hliðsjónar þegar teknar eru ákvarðanir í málefnum sjávarútvegsins. Slík vitneskja er forsenda fyrir skynsamlegu mati á því, hvort opinberar aðgerðir ná tilætluðum árangri eða ekki.

Vegna þjóðhagslegs mikilvægis sjávarútvegsins er samhæfing kennslu og rannsókna á sviði þessa atvinnuvegar mjög brýn. Á sama hátt og við höfum ekki efni á að tefla þorskstofninum í tvísýnu með áhættusömum stjórnunaraðferðum höfum við ekki ráð á að láta sjávarútveginn dankast eða stefna honum í voða með vanhugsuðum áætlunum. Sjávarútvegurinn skipar einnig að öðru leyti sérstöðu sem veldur því, að ástæða er til að gefa honum sérstakan gaum í æðstu menntastofnun þjóðarinnar. Vegna þess að um er að ræða nýtingu á sameiginlegum, en hverfulum auðlindum, sem tryggja verður til frambúðar ef forðast á verulega röskun á lífi og kjörum allra þegna landsins, bera stjórnunarmál útvegsins vott um sérlega áleitin vandamál. Hvernig ber að tryggja nauðsynlega endurnýjun stofnanna, hvaða tækni ber að nota og á hvern hátt ber að endurnýja flotann? Er unnt að benda á nýjar leiðir í nýtingu auðlindanna í hafinu? Á hvern hátt móta tækninýjungar líf og kjör þeirra sem vinna við hráefnisöflun og vinnslu? Hver eru þau skilyrði sem setja framleiðslueiningunum skorður og hver eru vaxtarskilyrði sjávarplássanna? Að hve miklu leyti gæti endurskipulagning á sjávarútveginum stuðlað að lausn á helstu efnahagsvandamálum þjóðarinnar? Og svo mætti lengi telja.

Íslendingar hafa staðið framarlega í alþjóðlegri umræðu um fiskvernd og lögsögu strandríkja, og því er ljóst að fyrirmyndir okkar getum við ekki sótt til annarra þjóða nema að mjög takmörkuðu leyti þegar við leitum að lausnum á stjórnarvanda sjávarútvegsins. Með nokkrum rétti má segja að við stundum tilraunir í útvegsmálum sem aðrar þjóðir mættu draga lærdóm af. Umfram allt verðum við þó sjálf að vera fær um að draga skynsamlegar ályktanir af eigin tilraunum, en ef svo á að verða hljótum við að þurfa að efla mjög innlendar rannsóknir á málefnum sjávarútvegsins í sem víðtækustum skilningi og stórbæta menntun starfsfólks á þessu sviði. Stofnun útvegsfræði við Háskóla Íslands yrði veigamikið skref í þessa átt.

Útvegsfræðin, sem hér hafa verið gerð að umtalsefni, kynnu að verða ómetanleg lyftistöng fyrir Háskóla Íslands jafnt sem helsta atvinnuveg þjóðarinnar. Ef vel er á málum haldið yrðu þau um leið mikilvæg og eðlileg tengsl milli atvinnulífs og menntakerfis.

Starfsmöguleikar fólks með menntun í útvegsfræðum yrðu við stjórnun í fyrirtækjum, bæði í vinnslu og útgerð, hjá fagfélögum, hjá útflutningssamtökum, í opinberri stjórnun bæði hjá ríki og landshlutasamtökum, hjá

Fiskifélagi Íslands, Framleiðslueftirliti sjávarafurða og Rannsóknastofnun sjávarútvegsins. Þá ættu að bíða mikil verkefni í menntakerfinu, í grunnskólum, fjölbrautaskólum, sérskólum sjávarútvegsins og við námskeiðahald og eftirmenntun. Ef sjávarútvegurinn hlýtur þá viðurkenningu í menntakerfinu sem hann verðskuldar verður mikil þörf fyrir vel menntaða kennara. Ekki efast ég um þörf Norðmanna og annarra fiskveiðiþjóða fyrir vel menntað starfsfólk í sjávarútvegi, en því brýnni verður þörf okkar Íslendinga sem sjávarútvegurinn er þjóðarbúi okkar mikilvægari. Íslenskur sjávarútvegur stendur frammi fyrir mörgum óleystum vandamálum. Þróun er ör, gömul vandamál eru leyst, en ný skapast sem leysa verður. Okkur vantar fólk með víðtæka alhliða þekkingu sem skoðar vandamálin frá nýjum sjónarhóli."

Það er því von okkar flm., að alþm. sjái sér fært að samþykkja till. þessa og að framkvæmd hennar auki á veg sjávarútvegsins og virðingu með þjóðinni.

Að lokinni þessari umr. legg ég til að till. verði vísað til menntmn.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Þessi þáltill. er flutt af fjórum hv. þm. og tilheyra þeir hver sínum flokki. Ég vil taka það alveg sérstaklega fram, að ég tek undir þá stefnu, sem fram kemur í þessari till., um það að stefna beri markvisst að því að koma á kennslu í útvegsfræðum á háskólastigi hér á landi. Ég er því samþykkur efni tillögunnar.

Ég vil jafnframt geta þess, að þessi mál hafa verið til umræðu nú um nokkurt skeið innan Háskólans og þar er vilji fyrir því, að tekin verði upp skipuleg kennsla í útvegsfræðum. Og ég held að allir séu sammála um að það sé mikil nauðsyn. Þetta vil ég taka sérstaklega fram varðandi þetta mál, og ég vona að þessi till. fái eðlilega afgreiðslu hér í hv. Alþingi, verði samþykkt, og ég hygg að það verði einmitt á grundvelli hennar, eftir að fyrir liggur þingvilji, á ýmsan hátt auðveldara fyrir Háskólann að ráðast í þær framkvæmdir og byggja upp það skipulag sem þarf til þess að koma slíkri kennslu fyrir.

Mér þykir rétt að geta þess, að ýmiss konar kennsla, sem tengist útvegsfræðum, á sér stað innan Háskólans, eins og tekið er saman í grein eftir Sigurð Haraldsson skólastjóra Fiskvinnsluskólans, sem hann skrifar í blað sem nefnist „Útvegstæknirinn" og hefur gengið hér um á meðal manna í þinginu. Hins vegar kemur það greinilega í ljós af því yfirliti, sem Sigurður gefur þar um þessa kennslu, að þar vantar samræmingu sem nauðsynleg er til þess að hægt sé að tala um að um sé að ræða heildstæða kennslu í þessum fræðum.

Sem sagt: Ég tek undir þá stefnu, sem kemur fram í þessari till., og vil láta þess getið. Ég vænti þess, að till. nái fram að ganga að efni til, og það verður þá þingnefndar að kanna hvort einhverju þurfi að hnika til í orðalagi. Það skal ég ekki ræða frekar hér, en mæli með efni þessarar tillögu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Innlendur lyfjaiðnaður, þáltill. (þskj. 467). — Ein umr.

Flm. (Guðmundur G. Þórarinsson): Herra forseti. Ég hef ásamt hv. þm. Páli Péturssyni, Jóhanni Einvarðssyni, Davíð Aðalsteinssyni og Jóni Helgasyni lagt fram þáltill. um eflingu innlends lyfjaiðnaðar. Till. er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að beita sér fyrir eflingu innlends lyfjaiðnaðar. Í því sambandi beiti ríkisstj. sér fyrir eftirfarandi atriðum:

1. Lyfjaverslun ríkisins verði efld og kerfisbunið hafin framleiðsla lyfja í stað lyfja sem flutt eru inn og hagkvæmt væri að framleiða innanlands.
2. Freistað verði að samræma átak innlendra lyfjaframleiðenda til eflingar innlendum lyfjaiðnaði.
3. Lyfjanefnd verði gefin fyrirmæli um að skráning innlendra sérlyfja gangi fyrir erlendum.
4. Innlendum lyfjaframleiðendum verði tryggður greiður aðgangur að lánsfjármagni til fjárfestingar, bæði í byggingum og tækjum.
5. Innlendur lyfjaiðnaður fái aðstöðu til verðlagningar hliðstætt því sem gerist með innflutt lyf.
6. Felld verði niður aðflutningsgjöld af áhöldum og tækjakosti til lyfjaiðnaðar ásamt rannsóknatækjum.
7. Ríkisspítölum og öðrum opinberum stofnunum verði gefin fyrirmæli um að kaupa innlend lyf í stað erlendra þar sem gæði og verð eru sambærileg. Sjúkrasamlög taki ekki þátt í kostnaði við erlend sérlyf ef innlend lyf eru sambærileg að verði og gæðum.
8. Leitað verði samkomulags við lækna um að ávísa á innlend lyf þar sem þau eru sambærileg að verði og gæðum við hin erlendu. Lyfjafræðingum verði gefin heimild til að breyta lyfseðli á erlend sérlyf ef innlend lyf eru sambærileg að verði og gæðum, nema áritun læknis kveði sérstaklega á um annað.
9. Rannsóknastofnun Háskóla Íslands í lyfjafræði verði efld til þess að annast nauðsynlegar rannsóknir fyrir lyfjaiðnaðinn.
10. Skipuleg könnun verði gerð á því, hver hinna erlendu sérlyfja, sem nú eru flutt til landsins, gæti verið hagkvæmt að framleiða innanlands."

Því hefur oft verið varpað fram, að lyfjaiðnaður sé ein þeirra greina iðnaðar sem ætti að geta blómstrað á Íslandi. Er þá sérstaklega bent á að hér á landi eru margir vel menntaðir lyfjafræðingar, lyfjaiðnaðurinn ætti að geta greitt góð laun, talsverðan hluta þeirra lyfja, sem nú eru innflutt, ætti að mega framleiða í landinu og á Íslandi er að finna ýmis hráefni til lyfjagerðar. Staðan er þó sú, að innlendur lyfjaiðnaður er á undanhaldi. Hlutur innlendra lyfja í heildarverðmæti seldra lyfja hefur farið minnkandi með ári hverju.

Á Íslandi framleiða aðallega þrír aðilar lyf, auk þess er talsverð lyfjaframleiðsla á Keldum og nokkur í apótekum: Lyfjaverslun ríkisins, sem nú býr við endurbætta aðstöðu og er vel í stakk búin til framleiðslu stungu- og dreypilyfja, auk taflna og annarra lyfja. Pharmaco hf., sem hefur lagt áherslu á töfluframleiðslu, en framleiðir auk þess aðrar tegundir lyfja, sem áður voru framleidd í apótekum. Pharmaco hefu reyndar framleiðsluleyfi aðeins til bráðabirgða, en hyggur á bættan húsakost og aðstöðu. Stefán Thorarensen hf. ræður yfir nýrri aðstöðu til töflufframleiðslu.

Innlend lyfjaframleiðsla hefur á undanförnum árum sparað mikið fé. Til sönnunar því má nefna fjölmörg dæmi um samanburð á verði innlendra lyfja og sambærilegra erlendra. Oftast eru í þessu sambandi nefnd lyfin Valíum, sem er innflutt sérlyf, og Diazepam-töflur

sem er í reynd sama lyfið og er framleitt hérlendis. 100 töflur 5 mg af Valíum kosta í nóv. 1980 9693 gkr., en 100 töflur 5 mg af Diazepam kosta 1568 gkr.

Við athugun aðeins nokkurra töflutegunda, sem Lyfjaverslun ríkisins hefur framleitt, kemur í ljós að Lyfjaverslun ríkisins hefur sparað á þessum töflum eingöngu um 670 millj. gkr. á heildsölustigi á síðustu 10 árum, miðað við innflutning. Hér er miðað við það verð, sem Lyfjaverslun ríkisins selur þessar töflur á, en sjálfsagt þyrfti að skoða nánar bókhald til þess að sjá hvort sparnaður er í raun enn þá meiri en þarna kemur fram.

Sé tekin öll framleiðsla lyfjaframleiðendanna þriggja er hér um miklar fjárhæðir að ræða. Sparnaður ríkisins er mjög verulegur. Nú er það svo, að sjúklingur greiðir í nóv. 1980 3000 gkr. fyrir 100 töflur 5 mg af Valíum og Tryggingastofnun mismuninn eða 6693 gkr. Hins vegar mundi sjúklingur greiða 1100 gkr. fyrir 100 töflur 5mg af Diazepam, en Tryggingastofnunin mismuninn eða 468 gkr.

Í þessu sambandi er rétt að benda á að sjúklingurinn greiðir sama gjald samkvæmt núgildandi reglum, hversu stór sem lyfjaskammturinn er. Þetta freistar manna til að hafa lyfjaskammtinn eins stóran og læknirinn fæst til að hafa hann, þar eð greiðslan er sú sama. Rannsóknir erlendis frá benda til að einmitt af þessum orsökum sé verulegu magni lyfja fleygt, vegna breyttrar lyfjagjafar eða hins takmarkaða geymsluþols þeirra. Vegna þess að greiðslan er sú sama birgja menn sig upp af lyfjum sem þeir þurfa ekki að nota og verða síðan að fleygja vegna takmarkaðs geymsluþols eða breyttrar lyfjagjafar. Óskynsamlegt er að hafa reglur beinlínis hvetjandi í þessa átt og flytja inn dýr lyf sem síðan er hent. Nauðsynlegt er að setja hámark á magn lyfja á hverjum lyfseðli, miða t. d. við eins mánaðar notkun.

Ekki er unnt að slá fram í fljótu bragði hversu mörg þeirra erlendu sérlyfja, sem nú eru flutt inn, mætti framleiða innanlands. Könnun þarf til þess að svara þeirri spurningu. Í grein, sem Guðmundur Steinsson lyfjafræðingur ritaði í des. 1979 og hann nefnir „Innlend lyfjaframleiðsla", segir hann m. a.:

„Á íslenskum lyfjamarkaði er mikill fjöldi erlendra lyfja, sem á tiltölulega skömmum tíma á að vera hægt að hefja framleiðslu á hér á landi, ef rétt er á málum haldið. Þess má geta, að Pharmaco hf. hefur aðallega beitt sér að undirbúningsrannsóknum á átta lyfjategundum, sem það gæti á næstu tveimur árum hafið framleiðslu á og annað öllum íslenska markaðinum, án viðbótarfjárfestingar í vélum og tækjum. Í dag" — þ. e. í okt 1979 — „er verðmæti þessara erlendu sérlyfja um 590 millj. ísl. gkr. á heildsöluverði á ársgrundvelli."

Í okt. 1979 var þarna um að ræða 590 millj. gkr. á heildsöluverði. Þessi tala þessara átta lyfja er í okt. 1980 763 millj. gkr. og gæti hæglega verið um 900 millj. gkr. nú. Hér nefnir Guðmundur Steinsson þó aðeins örfá lyf.

Margir kunna að velta því fyrir sér, hvort einkaleyfi hinna erlendu lyfjaverksmiðja verði ekki þrándur í götu. Einkaleyfi eru tímbundin, en taka ekki til virka efnisins sjálfs, heldur framleiðsluaðferðar þess. Lyfjaverksmiðjur geta fengið einkaleyfi á nafni lyfs og framleiðsluaðferð virka efnisins. Þeir, sem fundið hafa aðrar aðferðir til framleiðslu á hlutaðeigandi efni, selja hins vegar oft „virk efni" á frjálsum markaði. Íslensk lyfjaframleiðsla byggist fyrst og fremst á efnum sem þannig er unnt að kaupa.

Sumir telja að Íslendingar gætu átt möguleika á framleiðslu á hráefni til lyfjagerðar. Það mál þyrfti að athuga nánar. Vert er að geta frumkvæðis fyrirtækisins G. Ólafsson hf. sem nú hefur hafið tilraunaútflutning á blóði fylfullra mera til lyfjaframleiðslu.

Um röksemdir þess að efla innlendan lyfjaiðnað mætti margt segja. Guðmundur Steinsson nefnir í grein sinni: „Innlendur lyfjaiðnaður veitir erlendum lyfjaframleiðendum samkeppni og heldur lyfjaverði innan sanngjarnra verðlagsmarka.

2. Innlendur lyfjaiðnaður sparar þjóðinni gjaldeyri.

3. Innlendur lyfjaiðnaður eykur innlenda þekkingu á sviði lyfjarannsókna og lyfjaframleiðslu og skapar íslenskum rannsóknarstofnunum frekari möguleika á hagnýtum rannsóknarverkefnum.

4. Innlendur lyfjaiðnaður getur tekið við auknum mannafla, bæði með og án sérþekkingar.

5. Innlendur lyfjaiðnaður er hagkvæmari en ýmis annar iðnaður, þar sem ekki er um að ræða mikla hráefnisflutninga til landsins og framleidd er háþróuð og dýr vara, þannig að hráefniskostnaður er að meðaltali 27% af heildarverðmæti.

6. Innlendur lyfjaiðnaður gefur umbúðaframleiðendum aukna sölu.

7. Íslensk stjórnvöld tapa engum tolltekjum þótt þau styðji innlendan lyfjaiðnað."

Í lyfjalögum, nr. 49/1978, var kveðið á um staðfestingu lyfjaforskrifta og skráningu lyfja og framleiðslu lyfja. Í reglugerð nr. 334/1979 eru síðan ákvæði um skráningu innlendra sérlyfja. Með þessari reglugerð er mjög hert á kröfum til og eftirliti með innlendum lyfjaframleiðendum. Lyfjanefnd sér um skráningu sérlyfja og er algengt að biðtími skráningar sé um tvö ár. Þennan tíma þyrfti að stytta því að innlendum lyfjaframleiðendum er ókleift við núverandi verðlagsákvæði innlendrar lyfjaframleiðslu að leggja í dýrar rannsóknir og athuganir á lyfjum og bíða síðan mánuðum og árum saman eftir skráningu þeirra. Því er í þessari þáltill. bent á nauðsyn þess, að skráning innlendra sérlyfja hafi forgang, sem og nauðsyn þess, að verðlagningarákvæði innlendrar framleiðslu verði rýmkuð.

Lyfjaframleiðsla byggir á mikilli fagþekkingu. Fyrirtækjunum er nauðsyn að auka þessa þekkingu og efla og geta búið yfir hentugasta tækjakosti ef samkeppni við innflutning á að vera raunhæf. Því þarf að leysa þessa framleiðslu undan óraunhæfum verðlagsákvæðum. Sumir nefna lyfjaframleiðslu hérlendis til útflutnings. E. t. v. gæti það orðið á síðari stigum málsins.

Lyfjamarkaðurinn er mjög sérstæður markaður. Kaupandi lyfjanna hefur í flestum tilvikum lítið vit á, hvað hann er að kaupa, og ræður raunar litlu sem engu um lyfjaval. Læknirinn ákveður lyfið, sjúklingurinn neytir þess, en ríkið greiðir fyrir það. Fyrir ríkisvaldið eru því í lyfjamálum margir þættir sem mikilsvert er að hafa gát á. Ýmsar stórar og ríkar þjóðir hafa talið nauðsynlegt að taka lyfjamálin föstum tökum. Í mörgum fylkjum Bandaríkjanna er talið að spara megi verulegar fjárhæðir með því að lyfjafræðingar megi breyta lyfseðli læknis og velja ódýrara lyf þegar um sama lyf er að ræða. Sumar þjóðir gera reglulega athugun á því, hvaða lyf læknar velja, og aðvara lækna sem velja fremur dýru lyfin. Bretar og Vestur-Þjóðverjar hafa átt í stríði við fjölþjóðafyrirtækin og þvingað þau til að lækka verð á sumum lyfjum. Hérlendis er mikilvægt að innlend lyf séu valin ef verð og

gæði eru sambærileg við erlend sérlyf. Enginn vafi er á því, að innlendur lyfjaiðnaður getur orðið mikilvæg atvinnugrein á Íslandi ef rétt er á málum haldið.

Flutningsmenn hafa við tillögugerð notið upplýsinga og ráðlegginga frá þeim Erlingi Eðwald, forstjóra Lyfjaverslunar ríkisins, og Guðmundi Steinssyni deildarstjóra lyfjaþróunardeildar Pharmaco hf.

Ég vil í þessu sambandi alveg sérstaklega leggja áherslu á það, að þegar menn tala um aukningu eða fjölgun atvinnutækifæra á Íslandi hættir mönnum um of að líta til orkufreks iðnaðar, stóriðju eða slíkra fyrirtækja sem krefjast geysilegrar fjárfestingar. Ekki vil ég draga úr því, að okkur sé nauðsyn á að selja okkar miklu orku og fá fyrir hana fé til þess að bæta lífskjör þjóðarinnar. En hitt er enginn vafi, að vaxtarbroddur íslensks iðnaðar getur í talsvert miklum mæli legið í þeim iðngreinum, sem byggja á þekkingu og lærdómi, sem byggja á talsverðu sérhæfðu vinnuafli. Í lyfjaiðnaði eigum við marga góða, vel menntaða menn. En það er ekki bara á því sviði, heldur er ég einnig sannfærður um að í ýmsum léttum efnaiðnaði gætu Íslendingar átt mikla möguleika. Það er vafalaust hægt að framleiða hér mörg hráefni til lyfjaiðnaðar, framleiða hér hormóna og enzym eða hvata úr ýmsum hráefnum, sem hér falla til, svo sem sláturúrgangi og jafnvel fiskúrgangi. Lungu og garnir eru mikilvægt hráefni einmitt í slíkri framleiðslu. Það væri ekki lítils virði ef stjórnvöld mörkuðu stefnu hér í landi um uppbyggingu á slíkum léttum iðnaði, ekki hvað síst vegna þess að fjölmörg þeirra ungmenna, sem leita fyrir sér með háskólanám eða langskólanám, velta því mjög fyrir sér hverju sinni hvert skuli stefna, hvað skuli læra, við hvað fáist vinna. Slík stefnumörkun gæti orðið mörgum hvatning að leggja út í nám einmitt á þessari braut og þá efling fyrir iðnaðinn um leið.

Án þess að lasta greinar eins og félagsfræði og sálarfræði og aðrar slíkar, þá er það auðvitað takmarkað hversu mörgum okkar fámenna þjóð getur veitt atvinnu á slíkum sviðum. Það er því enginn vafi, að einmitt tengsl milli stefnumörkunar stjórnvalda í atvinnumálum sem þessum og Háskólans og hans starfs eru mjög mikilvæg.

Herra forseti. Ég vil leggja til að þáltill. verði vísað til allshn. að loknum umr.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég átti satt að segja von á því að þetta mál yrði sent til atvmn., þar sem ég á sæti, og þar gæfist mér kostur á að fjalla frekar um þetta ágæta mál. Og ég vil nú alla vega biðja hæstv. forseta að kanna það til hlítar, hvort tillagan á ekki fremur heima í atvmn. en í allshn. Sþ. eðli málsins samkvæmt, og beini þeim tilmælum til hæstv. forseta sem er jafnframt einn af flm. málsins. Að sjálfsögðu er þetta ekki neitt stórmál, en það kemur samt sem áður dálítið á óvart, að ætlunin sé að senda það til allshn., þegar skýrt er tekið fram í fyrirsögn að till. sé til þál. um eflingu innlends lyfjaiðnaðar. Samt sem áður getur það verið álitamál.

Það skal tekið fram, að ég fer ekki fram á að þetta mál færi til nefndarinnar vegna þess að það vanti lyfjagjöf til að lífga þá nefnd við, því að ég get sagt þær fréttir, að hún hélt fund fyrir þingfund í dag og fór þar fram ýmiss konar vinna. Þ. á m. voru sendar út til umsagnar 15 þáltill. og rætt var um 10, sem umsagnir hafa komið um, og ákveðið að halda fundarhöldum áfram strax í næstu viku. (**StJ:** Það er haft fyrir satt, að hún hafi étið allt þetta Valium sem um getur í þáltill.) Þar sem hv. þm., sem kallar fram í, virðist vera betur að sér um störf þessarar nefndar en ég, þá held ég að ég vísi til hans um frekari störf nefndarinnar. En það skal tekið fram hans vegna, að hv. þm. Garðar Sigurðsson var ekki á fundinum.

Ég vil fyrst af öllu segja það, að það er auðvitað mjög þakkarvert að þessi þáltill. skuli lögð fram hér í Sþ., og það er satt að segja nokkuð óvenjulegt að hv. þm. taki sig til og vinni jafnmikið eins og virðist hafa verið gert við undirbúning slíkrar þáltill. sem þessarar. Ég er þó ekki viss um að allt það, sem kemur fram í þessari till., sérstaklega í þeim tíu liðum sem sérstök áhersla er lögð á, sé með þeim hætti að hvað eina geti orðið lyfjaiðnaðinum hér á landi til framdráttar. Ég hygg reyndar að það sé fyrst og fremst eitt atriði sem gæti jafnvel leyst úr læðingi þann kraft sem til er í landinu, og það er fimmta atriðið, sem fjallar um að innlendur lyfjaiðnaður fái aðstöðu til verðlagningar hliðstætt því sem gerist með innflutt lyf. Þetta er aðalatriði másins. (Gripið fram í.) Þetta er aðalatriði málsins, skal ég endurtaka. Og ég vík að því betur síðar.

Aðrir liðir aftur á móti eru kannske fremur sjálfsagðir hlutir, en sumt orkar hins vegar algjörlega tvímælis, eins og t. d. að fella niður aðflutningsgjöld, sem kemur fram í 6. liðnum. Og þá orkar líka tvímælis 7. liðurinn um það að gefa fyrirmæli um kaup á innlendum lyfjum. Eins og réttilega kemur fram í grg. með þáltill. hefur þetta verið reynt annars staðar og þar er þessu stýrt. En það er ekki sjúklingurinn sjálfur sem ræður hvaða lyf hann tekur, það eru læknarnir sem gera það. Og þeir fara eftir sínum siðareglum, og ég er hræddur um að þeir fáist ekki til að hlíta slíkum fyrirmælum.

Hitt er svo annað mál, að með óbeinum hætti, eins og t. d. er nefnt í grg. þáltill., má auðvitað með vissu millibili benda læknum, sem fyrst og fremst nota dýrari lyfin, á að eftir því hafi verið tekið. Það mætti gjarnan birta slíkt og reyndar mætti birta meira af því, ef um það er að ræða að einstakir læknar skeri sig úr hvað þetta varðar. Á þetta bendi ég ekki vegna þess að þetta kann sjálfsagt að vera æskilegt frá sjónarmiði lyfjaiðnaðarins. Ég bendi á þetta fyrst og fremst vegna þess, að það eru á þessu vankantar, þar sem læknarnir hafa auðvitað að miklu leyti síðasta orðið í þessum efnum. Og það hefur margsinnis komið fyrir, að lyf, sem talin hafa verið jafngóð, hafa ekki reynst það þegar tímar liðu fram, og oft er það þannig, að verðmunurinn liggur í gæðum, þótt hitt sé auðvitað einnig til.

Mér finnst jafnframt í grg. vera gert of mikið úr ágóða af Lyfjaverslun ríkisins, og ég skal styðja það nokkrum rökum. Þau eru fyrst og fremst þau, að ég efast um að í rekstri Lyfjaverslunar ríkisins sé tekið tillit til hins gífurlega mikla stofnkostnaðar sem hefur orðið hjá fyrirtækinu og allir kannast við sem fylgst hafa með húsnæðismálum Lyfjaverslunarinnar. Mér þykir eðlilegt að á þetta sé bent, því að ekki er alltaf hægt hjá ríkisfyrirtæki að taka rekstrarreikninga fyrirtækjanna og bera þá síðan saman við önnur fyrirtæki. Stundum a. m. k. er ekki tekið tillit til þessa stofnkostnaðar. Ég skal fúslega viðurkenna að ég er þessu sérstaka máli ekki gjörkunnugur, en ég bendi á að það sé varhugavert að bera þetta saman nema að þessu atriði sé gáð.

Eins og vitað er eru það fyrst og fremst „forskriftarlyf" og „eftirlíkingar" sem framleidd eru hér á landi, því að það er hárrétt sem kemur fram bæði í grg. og þar af leiðandi enn fremur í ræðu hv. flm. að rannsóknirnar eru

auðvitað langsamlega viðamesti þáttur framleiðslustarfsins. Rannsóknarþátturinn tekur allt að 15 ár við gerð sumra lyfja, og þar þarf að koma til samstarfs framleiðandans og venjulega sjúkrahúsa sem gera tilraunir með lyf. Oftast er það þannig, að það eru mörg sjúkrahús sem gera tilraunirnar, og þá jafnvel við mismunandi skilyrði, þannig að það er fyrst og fremst verkefni fyrir stórþjóðir að efna til slíks rannsóknarstarfs og mjög erfitt um vik fyrir smærri þjóðir og þá ekki síst örsmáar eins og við Íslendingar erum.

Hitt er annað mál, að það er auðvitað fullgilt að framleiða hér lyf sem eru þá forskriftarlyf eða eftirlíkingar. Og það er ekkert óeðlilegt við það nema síður sé, að við gerum það eins og fjöldamargar aðrar þjóðir sem nánast svindla á einkaleyfislöggjöf annarra landa, því að þótt einkaleyfið nái aðeins til framleiðsluaðferðanna er það vitað og opinbert leyndarmál, að einmitt slíkum hugmyndum er nánast stolið, lítils háttar breytt, og síðan eru lyf framleidd án þess að framleiðandinn í öðru landi borgi nokkurn hluta rannsóknarkostnaðarins sem farið hefur í að framleiða upphaflega lyfið.

Í þessu sambandi er m. a. rétt að geta þess, að það er í mörgum tilvikum hægt að kaupa til landsins meira að segja ódýrari lyf, sem framleidd eru með þeim hætti, heldur en sum þeirra lyfja sem Lyfjaverslun ríkisins, svo dæmi sé tekið af innlendum lyfjaframleiðanda, getur framleitt á.

Í þessu sambandi er m. a. rétt að geta þess, að það er í mörgum tilvikum hægt að kaupa til landsins meira að segja ódýrari lyf, sem framleidd eru með þeim hætti, heldur en sum þeirra lyfja sem Lyfjaverslun ríkisins, svo dæmi sé tekið af innlendum lyfjaframleiðanda, getur framleitt á.

Það, sem kannske skiptir mestu máli og ég held að sé aðalröksemdin fyrir því að flytja slíka þáltill., sem ég tel vera góðra gjalda verða og merkilegt og gott framtak, er auðvitað öryggisatriði sem felst í því að hér sé hægt að framleiða lyf, því að þau lyf, sem hægt er að vinna hér á landi, eru þau lyf sem þurfa að vera til öryggisins vegna. Það eru þessi öryggissjónarmið sem ráða þess vegna kannske langmestu um það, að við þurfum að byggja upp innlenda lyfjagerð, auk atvinnusjónarmiðanna sem réttilega komu fram hjá hv. flm. En varðandi þau atriði sérstaklega tel ég að þessi atvinnuvegur eigi aðeins að njóta sömu skilyrða og aðrar atvinnugreinar í landinu. Það er auðvitað sjálfsagt og eðlilegt að hann fái lánafyrirgreiðslu og aðra fyrirgreiðslu bankastofnana eins og aðrar atvinnugreinar. En ég tel varla forsvaranlegt að hann fái niðurfellingu á gjöldum umfram annan iðnað. En auðvitað á hann að fá sömu niðurfellingu og annar iðnaður, og ég veit að hv. þm. er mér sammála um það, að fella þarf niður aðflutningsgjöld af aðföngum iðnaðar, tækjum, vélum og hráefni, ekki aðeins lyfjaiðnaðar, heldur alls iðnaðar í landinu. Og um það hefur verið fjallað í sölum Alþingis mörg undanfarin ár, að ríkisstj. hefur ekki staðið í skilum við iðnaðinn hvað þetta varðar vegna inngöngunnar í EFTA á sínum tíma.

Ég ítreka það, herra forseti, að mér finnst þessi þáltill. vera gott framlag. Ég hef að sjálfsögðu bent á þau atriði sem mér finnst þurfa frekar skoðunar við, og nefnt þau sem ég er ósammála, en tel engu að síður að þetta mál eigi að fá eðlilega og góða meðhöndlun í nefnd. Og ég tel fulla ástæðu til að samþykkja slíka þáltill. með viðeigandi breytingum, ekki síst vegna þess að um þessar mundir er verið að vinna að lyfjadreifingarlagafrv., að því er ég best veit. Og það hefur vissulega þýðingu, ekki síst vegna þess að í vissum tilvikum verður að varast það, að lyfsalar, þeir sem dreifa lyfjunum, og læknar, sem endanlega ákveða hvaða lyf eigi að gefa, séu jafnframt framleiðendur eða innflytjendur á þessu sviði. Og þar læt ég staðar numið varðandi þetta mál, enda e. t. v. kominn inn á of hættulegar brautir.

Helgi Seljan: Herra forseti. Ég tel fyrst sérstaka ástæðu til að taka undir orð hv. 1. flm. þessarar till. um vaxtarbrodd íslensks iðnaðar utan allrar stóriðju. Þeirri yfirlýsingu ber svo sannarlega að fagna. Hún er réttmæt og sjálfsögð og við mættum gjarnan huga betur að því, hversu raunhæft og rétt þetta er í öllu stóriðjuþruglinu sem yfir okkur gengur stundum.

Ég get tekið undir meginefni þeirrar þáltill., sem hér er lögð fram, og er ekki ósammála út af fyrir sig neinum sérstökum lið sem þarna er nefndur, enda hlýtur það að vera svo, að þegar nefnd fær þetta til meðferðar verður um hvern einstakan lið fjallað og menn velta því fyrir sér, hvað skuli þar tekið sérstaklega og hverju skuli breytt og hvað jafnvel niður fellt til þess að menn nái þar samkomulagi.

Þetta kallar hins vegar á spurninguna um það, sem hv. síðasti ræðumaður kom inn á, að okkur vantar í raun og veru nýja löggjöf varðandi lyf almennt, lyfjadreifingu, framleiðslu og sölu þeirra. Og það er mikil nauðsyn á því að fá nýja löggjöf fram af því tagi. Það er mikil ástæða til að minna á það, að núv. ríkisstj. vinnur hér að. Og það er full ástæða fyrir alla að ná þar saman og láta ekki togstreitu, sem um sumt kann að vera annarleg innan þessarar greinar, ráða þar um of ferðinni.

Það er rétt að minna á þetta hér, kannske alveg sérstaklega að rifja þetta upp fyrir okkur hv. 1. flm., vegna þess að við höfum verið tilnefndir hvor af sínum stjórnaraðila til þess að fjalla sérstaklega um frv. af þessu tagi. Og ég held að það gildi um okkur báða, að við höfum ekki lagt okkur nægilega fram til þess að ganga vel til verks. (Gripið fram í.) Já, við erum bara tveir í þessu tilfelli, ég nefni ekki þann þriðja. Þriðji aðilinn er ekki hér í þingsalnum. Vissulega eru þrír stjórnaraðilar, og það veit hv. þm. allra manna best. (**Gripið fram í:** Sárast.) Eða allra manna sárast, já. En ég skal viðurkenna það þó, að mín sök gagnvart því máli er meiri en hv. 1. flm. varðandi það, hvernig vinnsla á þessu frv. hefur farið úrskeiðis allt um of, og einnig að þar hefur ekki verið rekið nóg á eftir að menn næðu saman endum.

Þrátt fyrir þessa till., sem lýtur að ýmsu utan við það sérstaka frv. sem við höfum nú verið að fjalla um, hv. 1. flm., þá veit ég að við munum áfram vinna að lyfjadreifingarfrv. og ná þar um fyrr eða síðar samstöðu. Ekki bara við tveir, heldur einnig þriðji stjórnaraðilinn. Og ég held að á þessu sé mikil nauðsyn. Það kallar á ýmislegt af því sem kemur fram í þeim töluliðum sem hérna eru sérstaklega nefndir, kallar beinlínis á nýja lagasetningu um sölu og framleiðslu lyfja. Og þar þurfum við að fá fram sem skýrust og ákveðin lagaákvæði, þó að hér sé einnig komið inn á önnur ákvæði sem ég get tekið undir.

Á sínum tíma gerðum við hv. þm. Stefán Jónsson svipaða tilraun og hér er gerð til að vekja athygli á þessu máli og fluttum till. til þál. um eflingu innlendrar lyfjaframleiðslu. Og með leyfi hæstv. forseta sakar ekki að lesa hana. Hún var ekki svona ítarleg og vel undirbúin,

en þó freistuðum við þess að afla okkur greinargóðra upplýsinga sem við gátum komið með inn í umræðuna. Tillagan var styttri, en þó nokkuð ákveðið orðuð:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta undirbúa frv. á þá lund, að innlend lyfjaframleiðsla njóti forgangs umfram innflutt lyf sé hún fyllilega samkeppnisfær. Að því leyti sem innlend lyf eru talin jafngóð erlendum verði læknum lögð viss skylda á herðar að nýta þau umfram hin erlendu lyf og jafnframt verði stuðlað að fjölbreyttari lyfjaframleiðslu en nú er."

Hér er í raun og veru komið inn á kannske þrjú þau atriði sem mestu máli skipta í þeirri till. sem nú er til umfjöllunar. Ekki er ég að vekja athygli á þessari till. vegna hugvitsemi okkar hv. þm. Stefáns Jónssonar á sínum tíma, þó að hana beri vissulega að meta. Hins vegar vil ég taka það fram, að þetta var gert á þeim tíma þegar ljóst var að ekkert var á döfinni af hálfu stjórnvalda varðandi frumvarpsgerð eða undirbúning að frv.-gerð, hvorki um lyfsölu né lyfjaframleiðslu, þannig að við höfðum ríka ástæðu til að ýta hér á eftir — (**StJ:** Það var undir stjórn Geirs Hallgrímssonar.) — með sérstöku tilliti til þess, að á árunum 1972 og 1973 voru flutt hér á Alþingi mjög viðamikil stjfrv. varðandi lyfsölu og lyfjadreifingu.

Aðalástæðan til þess, að ég minni á þessa till. nú, er í raun og veru sú, að hún rennir stoðum undir samþykkt þeirrar till. sem hér um ræðir, af því að þá fékk till. þessi hinar bestu undirtektir. Ef mig misminnir ekki töluðu fulltrúar allra flokka í Ed. um þessa till., lýstu yfir stuðningi við hana, og það sem okkur þótti vænst um var viss stuðningur hv. þáv. þm. Odds Ólafssonar við meginefnisatriði till. þó að hann vildi þar hafa nokkurt annað orðalag á. En þrátt fyrir það að við endurflyttum þessa till. og fengjum hana í nefnd tvívegis til skoðunar, og menn væru þá að fást við hin sömu vandamál og hv. 1. flm. benti á að væru til staðar, ekkert síður alvarleg þá en nú, varðandi þá mismunun sem hér er um að ræða, þá fór nú samt svo, að þessi till. var ekki afgreidd. Þó að ég ætti þá sæti í þeirri nefnd, sem fékk þessa till. til meðferðar og reyndi mitt besta, þá náði þessi till. ekki samþykki þrátt fyrir góð orð þm. Þannig vill það því miður oft verða.

Ég fagna hins vegar eindregið því sem hv. þm. Friðrik Sophusson sagði hér áðan um hið nýja líf sem hv. atvmn. hefur fengið — (**FrS:** Án lyfjagjafar.) — án allrar lyfjagjafar og vænti þess, að fái hún nú þessa till. til viðbótar, með hæfilegri lyfjagjöf, þá muni hún friskast svo mjög að við förum meira að segja að sjá frá henni nál. senn hvað líður. Ég vona það.

En sem sagt, ég vildi aðeins vekja athygli á því, að þrátt fyrir það að meiri hl. þm. sé sammála um meginatriðið, um nauðsyn þess að efla innlendan lyfjaiðnað, veita honum ákveðinn forgang, þá er eins og það gangi ekki sérlega vel fyrir okkur að koma því í gegn. Við skulum horfast í augu við þau vandamál, sem eru innan þessa lyfjaiðnaðar, og þá vissu togstreitu, sem þar ríkir milli einstakra aðila, og ekkert horfa fram hjá því að þar eru viss vandamál á ferðinni, því miður, hjá okkur eins og í fleiri greinum. Menn eru að togast á um hluti sem verða að aðalatriðum hjá þeim og menn láta sér vaxa um of í augun, en eru í raun og veru alger aukaatriði þegar að meginmálinu er komið. Og við skulum um leið leggja áherslu á það, að við þurfum að ýta á eftir því við stjórnvöld — og við hv. 1. flm. höfum þar sérstaka skyldu — að lyfjadreifingarfrv. og lyfsölufrv. nái sem fyrst fram að ganga á viðunandi hátt.

Flm. (Guðmundur G. Þórarinsson): Herra forseti. Ég vil sérstaklega þakka þeim þm., sem hér hafa tekið til máls, mjög jákvæðar undirtektir við þessa þáltill. Ég vil líka taka undir þau orð þeirra, að þessi till. fái athugun í nefnd. Finni menn á henni einhverja vankanta eða eitthvað sem bæta má, þá vonast ég til að um það verði efnislega fjallað og það vandlega.

Um þær aths., sem hv. 10. þm. Reykv., Friðrik Sophusson, kom hér með, vil ég fara fáeinum orðum. Hann dró nokkuð í efa þær tölur sem hér eru dregnar fram í grg. varðandi hagnað ríkisins af framleiðslu Lyfjaverslunar ríkisins eða samanburð á verði sem þar kemur fram. Aftast í þessari þáltill., á aftasta blaði hennar, er birt tafla sem Lyfjaverslun ríkisins hefur látið vinna núna í jan. 1981, þar sem heildsöluverð á nokkrum framleiðslutegundum Lyfjaverslunar ríkisins í 10 ár er borið saman við heildsöluverð innfluttra sambærilegra lyfja. Þessa töflu hef ég notað. Nú dregur hv. 10. þm. Reykv. nokkuð í efa að þessar tölur muni standast og spyr þá m. a. hvernig bókhald fyrirtækisins sé fært og hvernig stofnkostnaður hinnar nýju deildar þar komi inn í þetta, hvort hann komi inn í þetta verð og hvernig þessar tölur snúi. Ég skal fúslega játa það, að ég er ekki inni í bókhaldi Lyfjaverslunar ríkisins til þess að geta skorið úr þessu. En ég geri mér fyllilega grein fyrir hvað það er sem þm. á við, og það mætti sjálfsagt skoða betur. Kannske er þessi hagnaður meiri en þarna kemur fram, og kannske er hann eitthvað minni ef bókhaldsreglum væri öðruvísi beitt. Því kann ég ekki að svara. Hins vegar hygg ég að það muni vera í lögum, að Lyfjaverslun ríkisins skuli ekki rekin með hagnaði. (**FrS:** Það eru skratti góð lög.) Það eru skratti góð lög, já. Ég hygg nú að það kunni að hafa haldið þessu ágæta fyrirtæki eitthvað niðri og ég efast um að ákvæði slíkra laga séu sanngjörn.

Hv. þm. fór nokkrum orðum um aðrar greinar. Sérstaklega talaði hann um þetta að felld yrðu niður aðflutningsgjöld af áhöldum og tækjakosti og nefndi reyndar aðföng líka. Hér er nánast, ef ég man rétt, fylgt þeim þáltill. sem fyrir liggja til iðnþróunar, sem ríkisstj. hefur lagt fram um almennan iðnað, þannig að hér er ekki verið að fara fram á nein sérréttindi fyrir lyfjaiðnað, heldur eingöngu verið að ítreka það, að eigi þessi iðnaður að standa í samkeppni við erlendan lyfjaiðnað verður hann að njóta slíkra kjara.

Hv. 10. þm. Reykv. fór nokkrum orðum um 7. liðinn í þáltill. sem hljóðar svo, að ríkisspítölum og öðrum opinberum stofnunum verði gefin fyrirmæli um að kaupa innlend lyf í stað erlendra þar sem gæði og verð eru sambærileg. Og hann ræddi nokkuð um reglur lækna og taldi að þarna gætu verið einhver ljón á veginum. Í 8. liðnum er reyndar sagt: Leitað verði samkomulags við lækna um að ávísa á innlend lyf þar sem þau eru sambærileg að verði og gæðum við hin erlendu.

Ég skal fúslega játa að það kunna að vera einhverjir erfiðleikar á vegi þarna. En ég hygg að í mörgum tilvikum, ef ekki flestum, séu lyfjafræðingar ekki síður dómbærir á gæði lyfs heldur en læknar. Og ég efast um — og ég árétta það, að ég efast mjög mikið um að læknar setji sig inn í það, þó um sömu lyf sé að ræða, hvaða lyf sé hagkvæmast fyrir Tryggingastofnun að kaupa sé. (**StJ:** Það eru framleidd fleiri lyf heldur en læknar þurfa að

ávísa.) Það er alveg rétt. (**StJ:** T. d. tröllamjöl.) Ég heyri að hv. þm. er vel inni í þessum málum. En hvað sem því líður, þá er sagt í grg. með þessari þáltill., að hér sé um það stóran útgjaldalið að ræða fyrir íslenska ríkið að vel þurfi að huga að, og erlendar þjóðir margar, sem bæði eru stærri og ríkari en okkar íslenska þjóð, hafa talið mikla nauðsyn á að fylgjast mjög fast með þessum málum.

Hér er talað um að leita samkomulags við lækna um þessi atriði, og það kæmi mér á óvart ef ekki væri ríkur skilningur hjá þeim einmitt um þessi mál. Hins vegar kom hv. þm. ekki inn á atriði þarna sem vafalaust þyrfti að skoða betur, varðandi það hvort einhverjir hugsanlegir árekstrar gætu orðið við fríverslunarsamninga, sem Íslendingar hafa gert, þar sem segir t. d. í framhaldi af þessum 7. lið að sjúkrasamlög taki ekki þátt í kostnaði við erlend sérlyf ef innlend lyf eru sambærileg að verði og gæðum.

Ég skal ekki segja um það, það þarf að skoða, hvort þetta kann að rekast á við samninga sem Íslendingar hafa gert. Það má vel vera, að niðurstaða af þeirri athugun gæti orðið sú, að Tryggingastofnun eða sjúkrasamlög tækju ekki meiri þátt í kostnaði við erlend lyf en innlend, ef þau eru sambærileg að verði og gæðum, og þá yrði sjúklingur að greiða sjálfur hærri mismun, ef hann vill heldur hið erlenda dýra lyf, sé annað innlent á boðstólum sem að mati lækna og lyfjafræðinga er jafngott, og í mörgum tilvikum er um að ræða nánast sama lyfið.

Hér er líka í 8. lið atriði þar sem segir að lyfjafræðingum verði gefin heimild að breyta lyfseðli á erlend sérlyf ef innlend lyf eru sambærileg að verði og gæðum, nema áritun læknis kveði sérstaklega á um annað. Sjálfsagt mætti halda mjög langa ræðu um þetta atriði.

Eftir þeim gögnum, sem ég hef komist yfir, virðast a. m. k. nokkur ríki Bandaríkjanna hafa sett lög í þessa átt og þau telja samkv. þeim gögnum, sem ég hef séð, að þetta hafi sparað verulegt fjármagn því að í mörgum tilvikum er um að ræða sama lyfið með mismunandi nafni, — þarna hafi verið um verulegan sparnað að ræða án þess að nokkuð væri slakað á gæðum. Hins vegar kann þetta mál að snerta lyfjadreifingarfrv. sem hér var gert að umræðuefni áðan og hv. 2. þm. Austurl. ræddi sérstaklega.

Eitt af þeim atriðum, sem menn hafa mjög mikið velt fyrir sér varðandi lyfjadreifingarfrv., er einmitt þetta, að smásala lyfja er í höndum lyfjafræðinga og þeir hafa einokun á þeirri smásölu. Í framhaldi af því hafa menn velt því mjög fyrir sér, hvort eðlilegt sé að smásali lyfja geti jafnframt verið umboðsmaður fyrir erlenda sérlyfjaframleiðendur og hvort hugsanlega gætu orðið í slíku tilviki einhverjir hagsmunaárekstrar. Þetta hefur mikið verið rætt varðandi lyfjadreifingarfrv., sem ég vonast til að verði lagt fram mjög fljótlega enn á ný hér á þinginu.

Hins vegar er það svo samkv. gögnum sem ég hef fengið í hendur í dag, að t. a. m. í Danmörku snúast umræðurnar ekki um það, hvort apótekarinn eða smásali lyfja eigi að hafa rétt til að vera umboðsmaður erlendra sérlyfjaframleiðenda, heldur miklu frekar hitt, hvort það geti samrýmst að hann sé smásali og jafnframt framleiðandi lyfja, hvort þar geti orðið hagsmunaárekstrar. Og mér sýnist af lyfjasérfræðiritum í Danmörku, að umræðurnar í Danmörku snúist um þetta núna, um framleiðslu lyfja annars vegar og smásölu lyfja hins vegar. Og þá kann maður að velta fyrir sér aftur, ef lyfjafræðingi er gefinn kostur á að breyta lyfseðli læknis á erlend sérlyf yfir á innlend, hvort þar gæti orðið hagsmunaárekstur ef lyfjafræðingurinn er sjálfur framleiðandi að þessu innlenda lyfi eða á þar hagsmuna að gæta.

Þarna eru málin kannske glettilega flókin og þurfa skoðunar við, og þar gætum við e. t. v. horft betur til nágrannaþjóðanna sem vafalaust hafa unnið miklu meira á þessum sviðum en við.

Hv. 10. þm. Reykv. gerði það að umræðuefni, að framleiðslan hér væri að mestu leyti forskriftarlyf eða það sem hann kallaði eftirlíkingar. Það kemur líka fram í grg., að innlend lyfjaframleiðsla byggir mest á kaupum virkra efna, sem seld er á frjálsum markaði erlendis, en eru nánast sömu efnin og eru í mörgum öðrum lyfjum, en upphaflegi lyfjaframleiðandinn hefur eingöngu einkaleyfi á ákveðinni framleiðsluaðferð. Sá, sem þannig framleiðir, hefur auðvitað ekki lagt í rannsóknarkostnað eða þær feiknamiklu og dýru tilraunir og þá leit sem liggur að baki framleiðslu lyfsins. Þetta er alveg rétt. Ég held að innlend lyfjaframleiðsla muni áfram byggjast á þessu atriði, á kaupum á virkum efnum á frjálsum markaði. Og eins og hv. 10. þm. Reykv. sagði, það eru fjölmargar aðrar þjóðir sem einmitt framleiða lyf á þennan hátt.

Ég held að í stórum dráttum megi skipta innlendum lyfjaiðnaði og jafnvel framtíð hans í þrjá liði. Það er í fyrsta lagi að auka hlutdeild innlendrar lyfjaframleiðslu í þeim lyfjamarkaði sem hér er í landinu. Samkv. þeim tölum, sem nefndar eru í þessari grg., er þar um verulegt fé að ræða, um verulegan sparnað í erlendum gjaldeyri að ræða, jafnvel án mikillar viðbótarfjárfestingar. Og þar er til mikils að vinna. Það er engin spurning. Þarna getum við talsvert mikið gert og aukið vinnu við þennan iðnað.

Annar þáttur í þessu gæti orðið einhvern tíma í framtíðinni hugsanlega — og e. t. v. ekki svo langt frammi í framtíðinni — framleiðsla hér á lyfjum til útflutnings, þ. e. framleiðsla á lyfjum í samvinnu við erlenda aðila sem fundið hafa lyfið upp. Margir telja að í því gæti orðið nokkur framtíð einmitt að framleiða hér lyf á þann hátt til útflutnings.

Í þriðja lagi er um það að ræða að framleiða hráefni til lyfjaframleiðslu og þá jafnvel hormónaframleiðslu eða hvata- eða enzymaframleiðslu og fleira slíkt, eins og ég nefndi í minni framsöguræðu. Það hafa verið unnar nokkrar skýrslur hér á landi um slíka hugsanlega vinnslu, og ég efast ekki um að þar gætu verið talsverðir möguleikar fyrir Íslendinga. Ég held að við ættum að opna augu okkar meira fyrir slíkum möguleikum. Þar gætum við unnið úr innlendu hráefni og byggt á menntuðu innlendu starfsliði.

Ég vonast til að þessi till. fái jafngóðar undirtektir í nefnd og hún hefur fengið hér við umr. og okkur takist að fá hana samþykkta. Þó að hv. 2. þm. Austurl. hafi ekki komist áfram með sína till. á sínum tíma, þá er ég viss um að hann stendur með okkur flm. um að koma þessari till. áfram, og ég vonast til að það geti orðið til eflingar innlendum lyfjaiðnaði.

Umr. frestað.

Efnisskrá.

Alþjóðasamþykkt um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála 2874.
Atvinnuréttindi útlendinga 2765.
Ávöxtun skyldusparnaðar 2796.
Bankaþjónusta á Suðurfjörðum í Austurlandskjördæmi 2864.
Bætt þjónusta við íbúa Vestur-Húnavatnssýslu 2814, 2865.
Eftirgjöf á gjaldi fyrir síma elli- og örorkulífeyrisþega 2799.
Eiturefni og hættuleg efni 2845.
Fasteignamat ríkisins 2799.
Fiskveiðilandhelgi Íslands 2850.
Fiskvinnsluskóli 2761, 2846.
Framleiðslueftirlit sjávarafurða 2763, 2847.
Grasögglaverksmiðja 2801.
Greiðslutryggingarsjóður fiskafla 2749.
Innlendur lyfjaiðnaður 2891.
Innlent fóður 2865.
Kennsla í útvegsfræðum 2884.
Könnun á vinnutíma launþega 2799.
Laugavegur 166 (Víðishúsið) 2843.
Minnst látins fyrrv. alþingismanns 2864.
Norsku- og sænskukennsla í grunnskólum 2781.
Ókeypis símaþjónusta opinberra stjórnsýslustofnana 2800.
Siglingalög (frv.) 2849.
Siglingalög (þáltill.) 2864.
Skilyrði fyrir ríkisábyrgð vegna lántöku Flugleiða 2784.
Skóiðnaður 2864.
Stefnumörkun í landbúnaði 2799.
Svæðisskipulag fyrir Fljótsdalshérað 2799.
Tekjuskattur og eignarskattur (frv. AG og GJG) 2848.
Tekjuskattur og eignarskattur (frv. GJG og AG) 2847.
Tímabundið olíugjald til fiskiskipa 2845.
Umræður utan dagskrár 2816 (Virkjun Blöndu), 2875 (Skýrsla um máleni Ríkisútvarpsins).
Útvarpslög 2858.
Veiðar og vinnsla skelfisks í Flatey 2866.
Þingmannanefnd er vinni að samstarfi Íslendinga Færeyinga og Grænlendinga 2810.
Þýðingarsjóður 2776.

Mælendaskrá.

Forseti Sþ. Jón Helgason 2864.
Forseti Ed. Helgi Seljan 2845.
Dómsmrh. Friðjón Þórðarson 2855.
Félmrh. Svavar Gestsson 2771, 2775, 2797.
Fjmrh. Ragnar Arnalds 2837.
Iðnrh. Hjörleifur Guttormsson 2818.
Landbrh. Pálmi Jónsson 2821.
Menntmrh. Ingvar Gíslason 2762, 2778, 2782, 2876, 2883, 2891.
Sjútvrh. Steingrímur Hermannsson 2785, 2791, 2795, 2850, 2869.
Viðskrh. Tómas Árnason 2754.
Albert Guðmundsson 2848.
Árni Gunnarsson 2780, 2781, 2784, 2794, 2800, 2810, 2813, 2824.
Davíð Aðalsteinsson 2801, 2809, 2845.
Egill Jónsson 2805, 2826.
Eiður Guðnason 2794, 2867, 2875, 2882.
Eyjólfur Konráð Jónsson 2829.
Friðrik Sophusson 2859, 2879, 2895.
Garðar Sigurðsson 2761, 2763, 2856.
Geir Hallgrímsson 2874.
Guðmundur Bjarnason 2755.
Guðmundur J. Guðmundsson 2775, 2847, 2866, 2873.
Guðmundur Karlsson 2752, 2761, 2846, 2884.
Guðmundur G. Þórarinsson 2796, 2798, 2835, 2891, 2900.
Guðrún Helgadóttir 2776, 2781, 2799.
Halldór Ásgrímsson 2790, 2813.
Halldór Blöndal 2765, 2773.
Helgi Seljan 2807, 2898.
Ingólfur Guðnason 2816, 2840, 2865.
Karvel Pálmason 2862, 2871.
Kjartan Jóhannsson 2749, 2752, 2757, 2784, 2788, 2796, 2830.
Magnús H. Magnússon 2828.
Matthías Bjarnason 2857, 2868.
Ólafur Ragnar Grímsson 2789, 2793, 2795.
Ólafur Þ. Þórðarson 2848, 2858.
Páll Pétursson 2833.
Pétur Sigurðsson 2849, 2850, 2861.
Salome Þorkelsdóttir 2808.
Sighvatur Björgvinsson 2841, 2866, 2872, 2880.
Stefán Guðmundsson 2834, 2845.
Stefán Jónsson 2756, 2759, 2811, 2881.
Stefán Valgeirsson 2820.
Steinþór Gestsson 2842.
Sveinn Jónsson 2838.
Vilmundur Gylfason 2779.
Þórður Skúlason 2814, 2832, 2865.

Efri deild, 64. fundur.

Mánudaginn 16. mars, kl. 2 miðdegis.

Eiturefni og hættuleg efni, frv. (þskj. 460, 499). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 499 samþ. með 13 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Framleiðslueftirlit sjávarafurða, frv. (þskj. 484). — 1. umr.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Frv. það, sem nú er til umr. um Framleiðslueftirlit sjávarafurða, er flutt í tengslum við frv. til l. um breyt. á l. um fiskvinnsluskóla, og hafa þessi frv. fylgst að í gegnum hv. Nd. Þetta frv. um Framleiðslueftirlit sjávarafurða var flutt á síðasta löggjafarþingi og raunar einnig á þinginu þar áður, en hlaut ekki fullnaðarafgreiðslu.

Frv. þetta svo og frv. til breyt. á l. um fiskvinnsluskóla, sem ég gat um áðan, voru samin af þriggja manna nefnd sem var skipuð fulltrúum frá sjútvrn., Fiskvinnsluskólanum og Framleiðslueftirlitinu. Ástæður fyrir endurflutningi frv. nú eru hinar sömu og áður og má raunar segja að því brýnna sé að lögfesta ákvæðin því lengri sem tíminn verður frá því að þessi frv. voru samin.

Ég hef raunar ekki mikið um þetta mál að segja. Ég gat þess í Nd. að nokkrar athugasemdir voru gerðar við frv. þetta af forstjóra Framleiðslueftirlits sjávarafurða, og þær hafa verið teknar að nokkru leyti til greina í hv. Nd. og hef ég ekkert við þær breytingar að athuga.

Ég vil svo leggja til að að þessari umr. lokinni verði málinu vísað til hv. sjútvn. og 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

Fiskvinnsluskóli, frv. (þskj. 483). — 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til sjútvn. með 13 shlj. atkv.

Tímabundið olíugjald til fiskiskipa, frv. (þskj. 435). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10:1 atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 63. fundur.

Mánudaginn 16. mars, kl. 2 miðdegis.

Veiðar í fiskveiðilandhelgi, frv. (þskj. 221). — Frh. 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til sjútvn. með 24 shlj. atkv.

Sameinað þing, 61. fundur.

Þriðjudaginn 17. mars, kl. 2 miðdegis.

Almennar skoðanakannanir, fsp. (þskj. 399). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Á þskj. 399 hef ég leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. forsrh. um almennar skoðanakannanir. Hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hvað líður undirbúningi að setningu reglna eða laga um almennar skoðanankannanir samkv. þál. er samþ. var á Alþingi 23. maí 1979?"

Á 100. löggjafarþingi fluttu þrír þm. Framsfl., hv. 1. þm. Norðurl. v., hv. 1. þm. Norðurl. e. og ég, till. til þál. um almennar skoðanakannanir, svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að beita sér fyrir setningu laga um almennar skoðanakannanir."

Till. fór til allshn. og fyrir þinglok 23. maí 1979 samþykkti Alþingi shlj. till. þannig breytta frá nefndinni.

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að skipa nefnd til þess að setja reglur um almennar skoðanakannanir."

Þegar þessi till. kom fram voru skoðanakannanir dagblaðanna farnar að vekja verulegan áhuga almennings og raunar voru þær marktæk nýjung í þjóðmálum okkar. Var ljóst að hér var um þróun að ræða sem hlaut að verða sjálfsagður þáttur í upplýsingastreymi um skoðanamyndun í landinu, bæði hvað varðar stjórnmál og almenn þjóðmál á hverjum tíma. Voru því flestir á þeirri skoðun, að rétt væri að íhuga að setja vissar reglur um að uppfylla þyrfti tiltekin almenn skilyrði um framkvæmd skoðanakannana til að auka trú fólks á gildi þeirra.

Þegar frsm. allshn. mælti fyrir nál. á Alþingi 1979 sagði hann m. a., með leyfi hæstv. forseta: „Það er ekki skoðun nm., að með þessari till. sé verið að samþykkja að settar verði reglur til þess að setja almennum skoðanakönnunum einar eða aðrar skorður, heldur fremur að reglurnar, sem settar yrðu, yrðu leiðbeinandi við framkvæmdina og þess efnis, að skoðanakannanir uppfylltu almenn skilyrði um framkvæmdina þannig að fólkið í landinu mætti hafa eitthvert traust á niðurstöðum slíkra skoðanakannana."

Síðan þessi þál. var samþykkt hafa margar skoðanakannanir farið fram, sérstaklega á vegum síðdegisblaðanna. Hafa þessi blöð augljóslega lagt mikla vinnu og kostnað í þessar kannanir og lagt metnað sinn í að gera þær trúverðugar, þótt um niðurstöður eða aðferðir megi að sjálfsögðu deila. Hefur Dagblaðið greinilega náð forustu í þessu máli og skoðanakannanir þess hafa vakið gífurlega athygli. Hafa ríkisfjölmiðlar, sjónvarp og útvarp, viðurkennt þessar skoðanakannanir með því að taka þær upp sem aðalfréttaefni. Það vekur athygli að Dagblaðið hefur látið skoðanakannanir ná til fleiri þátta í þjóðlífinu en könnunar á sviði stjórnmála. Tel ég ástæðu til að þakka stjórnendum Dagblaðsins fyrir það framtak og forustu í almennum skoðanakönnunum.

Einmitt vegna þess, hversu augljóst það er að almennur áhugi er vakandi í landinu fyrir hvers konar skoðanakönnunum og ljóst er að þær geta haft viss áhrif á skoðanamyndun um margvísleg málefni eða alla vega haft bein áhrif á hvaða mál eru tekin til umræðu manna á meðal, er ég þeirrar skoðunar að setja þurfi grundvallarreglur um skoðanakannanir. Slíkar reglur geta orðið til að styrkja frekar en hitt aðila eins og t. d. síðdegisblöðin eða opinbera stofnun við að gera vandaðar skoðanakannanir sem fólk tekur mark á. En það tel ég raunar mikilvægast að koma um leið í veg fyrir að skoðanakannanir verði ofnotaðar og þar með gerðar marklausar í meðferð.

Herra forseti. Þess vegna taldi ég tímabært að beina þessari fsp. til hæstv. forsrh. um framkvæmd þál. frá 23. maí 1979.

Forsh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Fsp. hljóðar svo:

„Hvað líður undirbúningi að setningu reglna eða laga um almennar skoðanakannanir samkv. þál. er samþ. var á Alþingi 23. maí 1979?"

Ég held að það sé rétt að rekja í örfáum orðum gang þessara mála vegna þess að nú eru liðin rúm 10 ár síðan Alþingi fjallaði um skoðanakannanir, en það var á þinginu 1970, 24. nóv., sem samþ. var þáltill. um að Alþingi skyldi kjósa fimm manna nefnd í Sþ. og hún skyldi framkvæma athugun á því, hvernig skoðanakannanir yrðu best framkvæmdar með tilliti til þess að niðurstaða þeirra leiddi í ljós sem best mætti verða vilja þess hóps sem skoðanakönnunin tekur til. Hlutverk nefndarinnar skyldi vera tvíþætt:

1. Að gefa út leiðbeiningar um það, hvaða grundvallarreglum beri að fylgja við framkvæmd skoðanakannana þannig að þær gefi sem réttasta mynd af því, hvaða skoðun er ríkjandi meðal þess hóps sem könnunin nær til.

2. Nefndin skal athuga, hvort grundvöllur mundi vera fyrir því að komið yrði á fót stofnun er gegndi því hlutverki að framkvæma skoðanakannanir á hlutlausan hátt, annaðhvort að eigin frumkvæði eða fyrir aðra er til stofnunarinnar kynnu að leita.

Þannig var ákveðið verkefni nefndarinnar sem Alþingi samþykkti í nóv. 1970 að kjósa. Í þessa nefnd til að fjalla um skoðanakannanir voru valdir Ólafur Björnsson prófessor, Jónatan Þórmundsson prófessor, Friðrik Sophusson, þá stud. jur., Sighvatur Björgvinsson ritstjóri og Hjalti Kristgeirsson hagfræðingur.

Þessi nefnd mun hafa aflað sér nokkurra gagna og rætt málin, en hún mun hafa, samkv. upplýsingum formanns nefndarinnar, Ólafs Björnssonar, hætt störfum haustið 1973 eða skömmu þar á eftir svo að hún hefur ekki skilað álitsgerð eða tillögum frá sér um þetta efni.

Í maímánuði 1979 er svo flutt hér till. til þál. um almennar skoðanakannanir. Flm. voru þeir Páll Pétursson, Alexander Stefánsson og Ingvar Gíslason. Samkv. till. skyldi Alþingi fela ríkisstj. að beita sér fyrir setningu laga um almennar skoðanakannanir. Nefndin, sem fjalla skyldi um málið og mælti með samþykkt þess, lagði til að till. yrði breytt þannig, að í stað þess að beita sér fyrir setningu laga skyldi nefndin hafa það verkefni að setja reglur um almennar skoðanakannanir. Á þann veg var þál. samþykkt 23. maí 1979, svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að skipa nefnd til þess að setja reglur um almennar skoðanakannanir."

Síðan þessi þál var samþykkt hafa setið hér þrjár ríkisstjórnir. Tvær hinar fyrri munu ekki hafa tekið ákvarðanir í sambandi við þál. eða framkvæmd hennar. Núv. ríkisstj. hefur rætt málið og athugað hvernig nefndarskipun skuli háttað.

Þess er að geta í þessu sambandi, að í fyrra sinnið sem ég nefndi, þ. e. í nóv. 1970, var ákveðið að kjósa pólitískri kosningu þannig að flokkarnir fengju þar menn í hlutfalli við styrkleika sinn á Alþingi. Spurningin er m. a. sú, og það mál hefur verið rætt allítarlega í ríkisstj., hvort ekki væru hentugri vinnubrögð að skipa þessa nefnd fyrst og fremst á faglegum grundvelli, en ekki flokkspólitískum. Þessum athugunum ríkisstj. er ekki lokið, en ég vil taka það fram, að það er ákveðið að nú alveg á næstunni verði skipuð sú nefnd sem þál. frá 1979 fjallar um.

Fyrirspyrjandi (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir þessi svör og það er óþarfi að ræða meira um það. Ég vil undirstrika að ljóst er að þessi fsp. var tímabær. Ég held að hér sé um mál að ræða sem alla varðar. Ég vænti þess, að hæstv. ríkisstj. láti verða af því að koma því til leiðar að á þessu máli verði tekið og settar verði almennar reglur sem verði leiðbeinandi í málinu í heild.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég held að það sé ekkert nema gott um það að segja að almennar reglur séu settar um skoðanakannanir, eins og hér er um rætt. Hins vegar þykir mér skjóta skemmtilega skökku við þegar hv. þm. Framsfl. koma hér og þakka Dagblaðinu það frumkvæði sem það hefur haft í þessum efnum. Það hefur tekið forustu í þessum málum með mjög ánægjulegum árangri, að manni skilst. Af því tilefni langar mig til að rifja hér upp fáein orð sem hv. þm. Páll Pétursson, 1. þm. Norðurl. v., viðhafði hér í apríl í hittiðfyrra í umr. um þessa till. Þá sagði hann orðrétt, með leyfi forseta:

„Sú þróun hefur orðið hér á landi, að nokkrir aðilar eru farnir að fást við að framkvæma það sem þeir kalla opinberar skoðanakannanir. Þessar kannanir hafa til þessa flestar verið framkvæmdar á mjög frumstæðan hátt og niðurstöður þeirra eru auðvitað fjarri því að vera marktækar. Þess vegna er augljós nauðsyn þess, að settar verði ákveðnar reglur, rammalöggjöf, um það, hver skilyrði verði að uppfylla til þess að geta kallað athuganir af þessu tagi almennar skoðanakannanir. Þetta er því nauðsynlegra sem sumar þessar kannanir hafa verið framkvæmdar af pólitískum áróðursmálgögnum, dagblöðum, sem hafa opinberlega gengið erinda stjórnmálaflokka. Auðvitað mætti líta á athuganir þeirra sem saklaust gaman og aðferð fjáraflamanna til þess að selja blöð sín á strætum og gatnamótum, enda tilgangurinn augljóslega sá að auka sölu þar sem reynt er að dreifa frásögnum af könnunum þessum á marga daga. En því ber ekki að leyna, að niðurstöður, sem fengnar eru með óvísindalegum eða jafnvel mjög vafasömum hætti, geta haft stórkostlegt áróðursgildi eftir að niðurstöður hafa verið birtar. Nægir þar að benda á það, að skoðanakannanir Dagblaðsins meðan það studdi Alþfl. stuðluðu miklu fremur en dómgreind almennings að sigri þess flokks í síðustu kosningum. Hins vegar eftir að Dagblaðið hætti stuðningi við Alþfl. og tók aftur að styðja Sjálfstfl. kom í ljós í skoðanakönnun blaðsins að geysilegur kosningasigur

Sjálfstfl. væri á næsta leiti, þó að vitræn rök styðji ekki þá ályktun."

Og síðan segir hér, með leyfi forseta:„Sem dæmi um það, hvernig menn leyfa sér að haga sér, má nefna síðustu skoðanakönnun Dagblaðsins. Þar eru allar þær meginreglur, sem áður er getið, þverbrotnar." (Forseti hringir). Já, herra forseti, ég er rétt að ljúka máli mínu. — „Mig minnir að 38% hafi ekki tekið afstöðu. Val þátttakenda kann að hafa verið út í bláinn, í skásta falli eftir símaskrá. Og svo leyfa þessir herrar sér að belgja sig út á prenti um að þeir hafi gert marktæka skoðanakönnun."

Ég vil bæta því við, að í þessum umr. sagðist hv. 1. þm. Vesturl. taka undir hvert orð af því sem flm. hefði sagt. Nú væri fróðlegt að fá að vita hvað valdi þessum skyndilegu skoðanaskiptum hjá hv. þm. Framsfl.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Í umr., sem urðu fyrir ári eða svo um þáltill. um almennar skoðanakannanir varði ég mjög við því, að almennar reglur yrðu settar um skoðanakannanir, af þeirri einföldu ástæðu að ég tel hættu á að slíkar almennar reglur gætu orðið mjög hamlandi. Ég tel rétt, úr því að þessi fsp. er fram borin, að endurtaka viðvaranir mínar hér.

Hættan er sú, að ef reglur eru um þetta settar, sem kalla á mjög dýra framkvæmd, getur svo farið, að það standi ekki í valdi nema örfárra aðila að framkvæma slíkar skoðanakannanir. Önnur hætta er sú, eins og hæstv. forsrh. drap á áðan, að ef það yrði niðurstaða nefndarinnar með einum eða öðrum hætti að setja upp einhverja ríkisstofnun eða fela einhverri ríkisstofnun, eins og t. d. Hagstofu, að framkvæma slíkar kannanir er það þar með orðin ríkisákvörðun og jafnvel pólitísk ákvörðun um hvað er spurt, á hvaða tíma er spurt og hvers konar skoðanakannanir yfir höfuð eru framkvæmdar.

Nú er það auðvitað ljóst, og það er öllum í sjálfu sér ljóst, að því fylgir mikil ábyrgð að framkvæma slíkar skoðanakannanir. Má auðvitað deila um þann hátt sem hafður hefur verið á því hjá síðdegisblöðunum tveimur. En engu að síður er það sannfæring mín, að því færri reglur sem um slíkt eru viðhafðar og þeim mun meiri ábyrgð sem er falin almenningi í landinu, hinum almenna blaðalesanda, að draga sjálfur ályktanir, bæði af vinnubrögðum við slíkar skoðanakannanir og niðurstöður þar af, þeim mun betur sé farið.

Ég geri ráð fyrir að ef um slíkar reglur verði að ræða hljóti þær að koma fram í formi lagafrv. Þetta á eftir að koma til kasta Alþingis á nýjan leik. Ég endurtek þær viðvaranir, að séu slíkar reglur gerðar hamlandi fyrir skoðanakannanir kunni það ekki einungis að vera af hinu illa, heldur beinlínis stórhættulegt.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég vil taka undir þau orð hv. síðasta ræðumanns, að það beri að vara mjög við því að settar séu reglur sem verka hamlandi á framkvæmd skoðanakannana. Hitt er nauðsynlegt, að tryggja að þeir aðilar, sem framkvæmi þessar kannanir, geri það samkv. ítrustu kröfum og séu reiðubúnir að gera gögn sín opinber þannig að aðrir aðilar en þeir sjálfir geti gengið úr skugga um að rétt hafi verið úr könnununum unnið. Víða þar sem skoðanakannanir hafa verið framkvæmdar hefur verið farin sú leið, oftast nær þó með óformlegum hætti, að skoðanakannanastofnanir leggja frumgögn allra kannana sinna inn í tölvustofnanir sem opnar eru öllum almenningi eða öðrum fræðimönnum, sem geta þá gengið úr skugga um hvort meðferð könnunarinnar hefur verið með eðlilegum og réttum hætti. Ég er þeirrar skoðunar, að það sé í raun og veru eina tryggingin, sem hægt sé að setja í lýðræðislegu samfélagi til að skoðanakannanir fái að njóta sín og þær séu öruggar, að þeir, sem framkvæma slíkar kannanir, verði skyldaðir með einum eða öðrum hætti til að leggja að lokinni könnun gögn hennar inn á opinbera stofnun eða opna stofnun, þar sem hver einstaklingur, sem hefur til þess löngun, getur gengið úr skugga um að úr könnuninni hafi verið rétt unnið. Ég beini því til hæstv. ráðh. og þeirra aðila annarra, sem um þetta mál fjalla, að athuga þann möguleika fyrst og fremst.

Það er rétt, sem hv. þm. Eiður Guðnason sagði áðan, að viðhorf manna hér á þingi hafa breyst gagnvart skoðanakönnunum. En hitt hefur líka vakið athygli, að eina blaðið í landinu, sem á undanförnum vikum hefur barist hatramlega gegn skoðanakönnunum og reynt að gera þær tortryggilegar með öllu mögulegu móti, er Alþýðublaðið.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég fagna því mjög, að hv. þm. Eiður Guðnason lesi skynsamlegar ræður eftir mig hér úr ræðustólnum, og þykir mér hann verja tíma sínum vel að gera það. Ég hef enn svipaða skoðun og ég hafði þegar ég flutti þessa ræðu. Það var að vísu ekki í fyrravetur, heldur veturinn þar áður eða veturinn 1978—79.

Skoðanakannanir hafa að vísu þróast nokkuð hjá þeim sem hafa stundað þær, svo að þær eru kannske eitthvað markaðkari nú en þær voru, en þær eru náttúrlega fjarri því að vera ábyggilegar, og allra síst þegar farið er að leggja út af þeim í smáatriðum eins og það hvort flokkur sé klofinn eða ekki klofinn og því um líkt.

Það er mikilsvert að vanda skoðanakannanir vegna þess að þær eru óskaplegt áróðurstæki. Þær eru óskaplega máttugt tæki til þess að mynda skoðun hjá fólki, þær eru leiðbeinandi um hvert straumurinn liggur og verða e. t. v. stundum réttar eftir á. Ég held að það sé nauðsynlegt að hafa lágmarks-„standard" á þessu öllu saman.

Ég vitnaði til þess í ræðu minni, hver skilyrði ég teldi að þyrfti að uppfylla eða æskilegast væri að uppfyllt yrðu, en ég hef ekki tíma til að rekja þau hér núna. Eitt er það t. d., að orðalag spurninganna má ekki vera leiðandi. Það er hægt að ráða nokkru um niðurstöður skoðanakannana með því, hvernig spurningar eru orðaðar. Ég vitnaði í þessari ræðu minni til þess, hvernig fór í Bandaríkjunum. Harris-stofnunin var mjög andvíg Nixon og Nixon kom alltaf miklu verr út úr skoðanakönnunum þar en hjá Gallup. Nixon lét gá að þessu. Þá kom í ljós að spurningarnar voru öðruvísi orðaðar. Þær voru orðaðar þannig hjá Harris að þær voru leiðandi.

Það er líka nauðsynlegt að svaraprósenta sé nokkuð há og menn taki afstöðu og úrtakið sé nógu stórt og gefi rétta mynd af aldursdreifingu, kynferðisdreifingu og þvílíku og jafnframt að svarendum sé gert það ljóst, að þeir séu ekki neyddir til að svara.

Hvað varðar símakannanir hér vil ég benda á það, að menn eru miklu tregari að svara í opnum síma en í lokuðum síma. Þar af leiðandi gefa þær ekki rétta mynd að því leytinu til heldur, þessar símakannanir, sem eru óæskilegri en vandaðri kannanir bornar upp augliti til auglitis.

Fyrirspyrjandi (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Vegna ummæla hv. 5. þm. Vesturl. vil ég aðeins segja að það, sem hann vildi hafa hér eftir og ég átti að hafa sagt í umr. um till. 1979, er alrangt en er þó í fullu samræmi við ýmsar þær fullyrðingar sem hv. þm. hefur tamið sér í umræðum á opinberum vettvangi. Ég vil ráðleggja honum í leiðinni að lesa vandlega ritstjórnargreinar í Alþýðublaðinu undanfarið um þessi mál.

En ég vil aðeins segja það að lokum, að ég mæli ekki með því að reglur um skoðanakannanir séu settar þannig að þær hamli eðlilegri skoðanamyndun. Ég vil endurtaka ummæli þn. sem ég kom inn á í framsögu, þar sem mælt var með samþykkt þessa máls 1979 og var einróma samþykkt hér í sölum Alþingis. Þar stendur, með leyfi hæstv. forseta: „. . .það er ekki skoðun nefndarmanna að með þessari tillögu sé verið að samþykkja að settar verði reglur til þess að setja almennum skoðanakönnunum einar eða aðrar skorður, heldur fremur að reglurnar, sem settar yrðu, yrðu leiðbeinandi við framkvæmdina og þess efnis, að skoðanakannanir uppfylltu almenn skilyrði um framkvæmd þannig að fólkið í landinu mætti hafa eitthvert traust á niðurstöðum slíkra skoðanakannana."

Hver einasti þm. á Alþingi þá samþykkti þessa tillögu.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Út af þeim ummælum, sem hv. 1. þm. Vesturl. viðhafði áðan, skal ég segja honum það til hugarhægðar, að ég hef lesið allar forustugreinar Alþýðublaðsins um þessi efni mér til mikillar ánægju og get tekið undir ákaflega margt af því sem þar kemur fram.

Hann lét sér sæma að segja hér, að ég hefði ekki haft rétt eftir þau ummæli sem ég vitnaði til áðan. Í þingtíðindum stendur, ég er að vísu ekki með það hér orðrétt, að Alexander Stefánsson sagðist ekki hafa neinu við það að bæta sem flm. till. hefði sagt. Það skil ég þannig, að hann taki undir þau orð hans. Hafi hann meint eitthvað annað hefði hann átt að segja það þá.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Vegna þess að ég tel umr. um skoðanakannanir mjög mikilvægan þátt í lýðræðisumræðum í landinu og hef í þeim efnum verið baráttufélagi hv. þm. Vilmundar Gylfasonar hér á Alþingi langar mig til að spyrja hann héðan úr ræðustól hvort hann sé sammála þeirri gagnrýni á skoðanakannanir og þeim boðskap um þær sem fram hefur komið í leiðurum Alþýðublaðsins á undanförnum vikum.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Í leiðurum Alþýðublaðsins hefur að undanförnu farið fram nokkuð fræðileg umræða um skoðanakannanir, um gildi þeirra og takmarkanir þeirra, og ég segi eins og hv. þm. Eiður Guðnason, að ég get tekið undir ákaflega margt af því sem þar hefur komið fram. Kjarninn í málflutningi mínum áðan og raunar þegar þessi till. var til umr. fyrir tveimur árum er einfaldlega sá, að ég vara við því, að reglur um skoðanakannanir, sem væntanlega kæmu fram í frv.-formi, verði hamlandi með einum eða öðrum hætti. Það er kjarni málsins. En geri menn við það aths., hvernig einstakar skoðanakannanir eru framkvæmdar, geta slíkar aths. hafa verið gerðar í ívitnuðum blaðagreinum. Kjarni málsins í mínum málflutningi er sá, að reglur, sem hér kunna að verða settar, verði á engan hátt hamlandi. Ég tel að þessi sjónarmið geti vel farið saman: annars vegar hinar almennu aths., sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson spyr um, og hins vegar sú skoðun, að hömlur verði ekki settar á skoðanakannanir.

Umræður utan dagskrár.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ég hafði óskað eftir því við hæstv. forseta, að hann tæki 4. mál á dagskrá fyrir í upphafi eða snemma þessa fundar. Það er fsp. til mín frá hv. þm. Halldóri Blöndal. Svo er mál með vexti, að ég held að þetta sé þriðji eða fjórði fundurinnn sem ég hef óskað eftir að svara þessari fsp., en hv. fyrirspyrjandi er ekki við. Mér skilst á hæstv. forseta að hann taki málið ekki fyrir vegna þess að hv. fyrirspyrjanda vanti. Ég vil, vegna þess að nokkuð er umliðið síðan þessi fsp. var borin fram, láta þetta koma fram.

Friðrik Sophusson: Herra foreseti. Það er ekki í fyrsta skipti sem það skeður að það vantar fyrirspyrjanda í fundarsal, og það er kannske ástæða til þess stundum að hafa orð á slíku þegar það kemur fyrir. En vegna ummæla hæstv. forsrh. tel ég mér skylt að upplýsa að það hefur æ ofan í æ komið fyrir að hæstv. ráðherrar hafa ekki svarað fsp. svo vikum skiptir, stundum mánuðum. Þeir hafa verið á ferðalögum út um heiminn til þess að gegna skyldum sínum við land og þjóð, sem er ekkert við að segja. En um það hefur lítið verið rætt þegar slíkt hefur komið fyrir og venjulegir hv. þm. hafa ekki séð ástæðu til að taka það sérstaklega upp og reynt að sjá í gegnum fingur við ráðh., því að við vitum að stundum eru eðlilegar skýringar á því að menn geta ekki komið á þingfundi.

Ég á fyrirspurnir á dagskrá þessa fundar sem ég hef átt von á að geta fengið svarað að undanförnu, en hæstv. fjmrh. lætur ekki sjá sig á hinu háa Alþingi í dag. Hann á reyndar ekki sæti á þingi, það er rétt að það komi fram, heldur varamaður hans. En það sama gilti um daginn þegar hér var til umr. í sölum Alþingis Blönduvirkjun. Þá átti hæstv. fjmrh. ekki heldur sæti á Alþingi því að annar maður var í hans stað og sá hinn sami tók til máls varðandi Blönduvirkjun, en þá kom hæstv. ráðh., vegna þess að þeim umr. var sjónvarpað, til þess að láta ljós sitt skína. Þá kom hann til þess að allir tækju eftir því að hann sæti á Alþingi. En sama dag gat hann ekki komið hingað og svarað einföldum fsp. sem vissir þm. telja vera nokkuð brýnar orðnar, þar á meðal fsp. um mál sem átti að leggja fyrir Alþingi s. l. haust.

Hæstv. félmrh. hefur jafnframt vikið sér undan því að svara 5. fsp. sem er á dagskrá Sþ. í dag, vegna þess einfaldlega að hann á engin svör við henni. Það er verið að vinna enn þá í þeim málum og eru það þó afleiðingar af efnahagsráðstöfunum ríkisstj. sem hún gerði um síðustu áramót.

Þannig mætti lengi halda áfram að telja. Samt sem áður erum við ekki að kvarta undan þessu nema vegna þess að nú sér hæstv. forsrh. sig knúinn til að kvarta undan því, að ákveðinn hv. þm. er ekki í þingsölum. (**ÓRG:** Þm. hefur ruglast í númerum.) Ég biðst afsökunar. Það er rétt hjá hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni. Það er 6. málið sem átt er við. Ég þakka hinum háttvísa hv. þm. fyrir þetta framígrip.

En það, sem ég ætlaði að segja, er einfaldlega þetta, að það geta verið ástæður til þess að menn komist ekki á fund. Það gildir jafnt um hæstv. ráðh. og almenna hv. þm. Ég skil hæstv. forsrh. mjög vel, að hann skuli koma hér og kvarta undan þessu, en hann og hans ágætu hæstv. ráðherrar verða þá jafnframt að skilja að þannig megum við venjulegir þm. stundum una því að koma þriðjudag

eftir þriðjudag án þess að fá fsp. svarað.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það eru nokkur orð út af orðum hv. þm. Friðriks Sophussonar.

Það hefur verið þannig varðandi 6. lið á dagskrá þessa fundar, um lengingu lána til húsbyggjenda, fsp. frá hv. þm. Þorv. Garðari Kristjánssyni, að ég hef rætt um það við hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson á hverjum þriðjudegi frá því að fsp. var lögð fram, að ég mundi svara henni strax og niðurstöður í málinu lægju fyrir. Mér hefur fundist óeðlilegt að taka málið hér upp öðruvísi en niðurstöður lægju endanlega fyrir, en ég væri þó tilbúinn að taka það á dagskrá án þess. Mér finnst því að það sé mjög ómaklega að mér veist í þessum orðum hv. þm. Friðriks Sophussonar. Auk þess lá fyrir að ég gat á þessum fundi svarað annarri fsp. ef óskað hefði verið eftir því.

Iðulega kemur það fyrir, að menn telja heppilegra, bæði þm. og ráðh., að geyma fsp. Ég frábið mér því þau orð sem komu fram hjá hv. þm. Friðrik Sophussyni í ræðustólnum áðan.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Það hefði heldur mátt búast við því, að hv. þm. Friðrik Sophusson tæki til máls í næsta máli á undan, sem er um skoðanakannanir, þar sem hann var þingkjörinn fulltrúi í þeirri nefnd sem valin var hér 1970 og hefur ekki enn þá skilað áliti rúmum 10 árum síðar, en hann sá ekki ástæðu til að blanda sér í þær umr.

Ég vil út af því, sem hv. þm. segir, í fyrsta lagi taka það fram, að hv. þm. þykir það sjálfsagt þegar þeir óska eftir einhverjum umr. utan dagskrár, að ráðh. komi þar fyrir varalítið, kannske með örstuttum fyrirvara. Ég held að það sé tæpast dæmi þess, að ráðh. hafi skorast undan að vera á þingfundi og svara fsp. utan dagskrár þegar þess hefur verið óskað. Yfir því er ekki ástæða til að kvarta.

Varðandi þær formlegu fsp., sem lagðar eru fram á þskj., er vitað að þó að ekki sé beint í samræmi við þingsköp eru margar fsp. þannig að það kostar mjög mikla vinnu að semja svör við þeim. Það þarf oft að leita til stofnana og sérfræðinga hingað og þangað og tekur kannske ekki aðeins daga, heldur margar vikur að fá svör við öllum þeim upplýsingum sem óskað er eftir. Það er, að ég ætla, oftast skýringin á því, að fsp. er ekki alltaf svarað strax í næstu viku, eins og gert er ráð fyrir í þingsköpum. Þetta á sér eðlilegar skýringar.

Það, sem ég gerði aths. við, var þetta: Þm. hefur lagt fram formlega fsp. sem hann óskar svars við, og viðkomandi hefur fund eftir fund verið tilbúinn að svara og óskað eftir því við forseta að máli yrði tekið fyrir, en þá hefur það ekki verið hægt vegna þess að hv. fyrirspyrjandi er ekki viðlátinn. Það er þetta sem ég benti á. Ég vil gjarnan að það liggi fyrir ef ég yrði síðar meir fyrir ásökunum, t. d. frá þessum hv. fyrirspyrjanda, um að hafa ekki svarað fsp. hans, að þessar eru ástæðurnar.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Hæstv. forsrh. hefur upphafið hér heldur óvenjulegar umr. um þingsköp.

Það er alveg rétt allt sem hv. þm. Friðrik Sophusson sagði um það mál, að hér gengur oft erfiðlega að fá ráðh. til að svara fsp. Nú eru sjö ráðh. nýkomnir af Norðurlandaráðsþingi og ekki var mörgum fsp. svarað þá vikuna sem þeir voru burtu. Raunar var, held ég, á þingfundum yfirleitt ekki staddur nema einn ráðh. þó að þrír ættu að vera á landinu. Það kemur úr hörðustu átt þegar hæstv. forsrh. ætlar að fara að deila á einstaka þm. fyrir að af einhverjum ástæðum séu þeir ekki við nákvæmlega á því augnabliki sem hann vill svara fsp. Ég dreg mjög í efa sannleiksgildi þess, að hann hafi fjórum sinnum krafist þess að þetta mál yrði tekið til umr., eins og margra orða þessa manns upp á síðkastið annarra sem verður að draga í efa.

En tilefni þess, að ég kem hér í ræðustól, er, að hæstv. forsrh. á sæti í Ed. Alþingis. Það er oftsinnis þannig í þeirri hv. deild, næstum því alltaf þegar mikilvæg málefni eru til umr., ekki síst málefni stjórnarinnar, stjfrv., að þá er ekki hægt að koma málum í gegnum nokkra umr. nema við stjórnarandstæðingar hjálpum til. Þetta geta allir þm. í deildinni staðfest og þetta vita allir menn. Þetta gerðist síðast í síðustu viku. Þá nægði ekki einu sinni að ég, sem venjulega er kallaður til að hjálpa þeim, greiddi atkv. með þeim til þess að mál gengi til 3. umr. og það var stórmál. Í öllum þessum tilfellum er hæstv. forsrh. fjarverandi. Hann sést yfirleitt ekki í þeirri deild sem hann á þó sæti í. Að hann skuli svo leyfa sér að koma hér og ráðast á hv. þm. Halldór Blöndal, sem sinnir sínum þingmannsstörfum vel, — þó að ég sé í annarri deild fylgist ég með því, — hann gerir það vissulega og í Sþ. er hann yfirleitt alltaf viðstaddur. Það er miklu meira en hægt er að segja um hæstv. forsrh. Þessi vinnubrögð þessa manns eru með þeim hætti að ég hef aldrei vitað slík hér í þinginu fyrr, að menn fari að vega aftan að öðrum með þessum hætti, — aldrei nokkurn tíma, — og er ég þó búinn að sitja hér ýmist sem varamaður eða kjörinn þm. alllangan tíma.

Ég vil ekki hafa um þetta öllu fleiri orð. En ég endurtek: Í Ed. verðum við stjórnarandstæðingar svo til ætíð að hjálpa til að koma málum í gegn vegna þess að stjórnarþingmenn mæta ekki betur en þetta og forsrh. yfirleitt aldrei. Væru störf þar meira og minna lömuð ef þetta væri ekki gert.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Auðvitað var megnið af því, sem hv. síðasti ræðumaður sagði hér, eintómt blaður. Mér finnst skylt og sjálfsagt að þakka hv. þm. það, að hann segist hvað eftir annað hafa hlaupið undir bagga með ríkisstj. Mér skilst að hann sé fullur af vilja gerður að gera slíkt þegar á þarf að halda. Nú eru það sorgartíðindi, sem borist hafa, að innan fárra daga muni hv. þm. fara til útlanda á Hafréttarráðstefnuna. Það er auðvitað mikill harmur að okkur kveðinn og mikil eftirsjá. Ég veit ekki hvernig fer fyrir stjórninni þegar Eyjólfur Konráð er farinn af landi burt.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Hæstv. forsrh. var með vangaveltur vegna fjarveru hv. þm. Eyjólfs Konráðs á Hafréttarráðstefnunni í næsta mánuði. Það verður að sjálfsögðu auðvelt að ráða fram úr því, ef hæstv. forsrh. er hræddur um að stjórn hans falli þess vegna. Ríkisstj. getur fylgt honum eftir og verið á Hafréttarráðstefnunni þennan tíma. Við erum nefnilega ekkert óvanir því hér á þingi að vera lausir við alla ráðh. Þetta er alveg sérstakt, að hafa um 80% þeirra hér í dag. Það hefur verið þess vegna sem hæstv. forsrh. upphóf þessa furðulegu umr., er hann var að ráðast á hv. þm. Halldór Blöndal vegna fjarveru hans, að ég tali nú ekki um smekkleysi forsrh. þegar hann fór að tala um nefnd sem hv. þm. Friðrik

Sophusson átti sæti í og hefur ekki skilað einhverju áliti. Ég minni þingheim og jafnframt hæstv. forsrh. á það, að hann er formaður í svokallaðri stjórnarskrárnefnd. Við eigum kannske von á einhverjum skilum frá þeirri ágætu nefnd og hæstv. forsrh. á næstunni. Ég efa það, ef ég þekki verkin þeirra rétt þar.

Má ég jafnframt benda á það, að hæstv. forsrh. ásamt öðrum meðráðh. sínum, einum eða tveim, lagði á það mikla áherslu á s. l. hausti að ryðja sér inn í nefndir bæði í Ed. og Nd. Kannske við ættum að taka fram fundargerðarbækur og athuga með mætingar hæstv. ráðh. þar. Það er kannske ástæða til þess á næsta fundi í Sþ. að benda á það. Þeir fá ekki 10 fyrir þá mætingu.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það er misskilningur hjá síðasta ræðumanni að stjórnarskrárnefnd hafi ekki starfað vel. Hún hefur þegar skilað tveimur skýrslum til þingflokkanna, sem þingflokkarnir hafa ekki svarað. Það er ljóst að hún hefur starfað mjög vel.

Það er rétt, sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson sagði áðan, að það hefur verið góð samvinna milli stjórnar og stjórnarandstöðu í deildum þingsins. Hún hefur m. a. komið fram í Ed. eins og hann lýsti. Hún kemur líka fram í því, að það er ekki unnt að taka brbl. ríkisstj. til umr. í Nd. fyrr en seinni hluta þessarar viku vegna þess að tveir hv. þm. Sjálfstfl., þeir Matthías Bjarnason og Matthías Á. Mathiesen, héldu báðir á fund norður til Bolungarvíkur og óskuðu eftir að meðferð málsins yrði frestað meðan þeir væru að halda sinn Bolungarvíkurfund, og vegna þess, að okkur er ljóst að Bolungarvíkurfundir eru mikilvægir fyrir þann hluta Sjálfstfl. sem er í stjórnarandstöðu, urðum við auðvitað við þessari ósk.

Þannig eru mörg dæmi um það, að menn vinna saman hér um að koma málum fram, hvort sem það er sá ágæti stuðningur, sem við fáum oft frá Eyjólfi Konráð Jónssyni í Ed., eða sá skilningur, sem Nd. sýnir þessum tveimur þm. Sjálfstfl., Matthíasi Bjarnasyni og Matthíasi Á. Mathiesen, að geyma umr. um brbl. í rúmu hálfa viku vegna þess að þeir eiga mikilvægum fundahöldum að sinna í Bolungarvík einkum og sérstaklega með tilliti til þess, að landsfundi tiltekins stjórnmálaflokks hefur nú verið frestað og a. m. k. annar ef ekki báðir af þessum tveimur ágætu mönnum, sem nú hafa verið í Bolungarvík, hafa verið orðaðir við formennsku í flokknum. Við teljum nauðsynlegt að allir þeir, sem til greina komi, fái að halda þær Bolungarvíkurræður sem þeir telja nauðsynlegar.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessa umr. og sérstaklega með tilliti til þess að þeir hv. tveir þm., sem síðast töluðu, hafa nú tekið af mér ómakið að miklu leyti.

Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, formaður þingflokks Alþb., bar vitni um að við stjórnarandstæðingar reyndum að greiða fyrir þingstörfum í Ed. eins og annars staðar í þinginu og sagði mig fara þar rétt með í einu og öllu, enda vita það allir menn í þeirri hv. deild. Auðvitað var ég ekki að styrkja ríkisstj. með því. Ég tel mig hafa þingmannsskyldu að gegna, og ég reyni að greiða fyrir þingstörfum. Jafnvel þó við höfum langsamlega verstu ríkisstj. sem nokkurn tíma hefur setið á Íslandi er þó einu sinni Alþingi til og það er rétt að reyna a. m. k. að halda því að einhverju leyti upp úr þeim — ja, mér liggur við að segja sora sem víða er nú hægt að sjá í þessu þjóðfélagi. Við eigum auðvitað að sameinast um það. Og það er af þeim sökum, en ekki vegna þess að ég sé að styrkja hæstv. ríkisstj., sem ég hjálpa til við að koma málum fram í Alþingi. Kannske hefur verið of mikið að því gert að láta ekki mennina sjálfa standa ábyrga gerða sinna.

Skætingur hæstv. forsrh. kemur mér nákvæmlega ekkert við og yfirleitt ekki neitt sem sá maður segir, enda þegir hann oftast ef hann er spurður. Hann telur sig ekki þurfa að standa Alþingi skil á einu eða neinu í gerðum sínum og því síður auðvitað þjóðinni. Það verða sem betur fer umr. utan dagskrár á eftir um leynisamninginn svokallaða og þá kemur það nú allt saman til athugunar og umr. Ég vona, að þær umr. byrji fljótlega, og skal ekki lengja þessar.

Og svo er náttúrlega þetta með stjórnarskrána sem hv. þm. Pétur Sigurðsson gat um: Það er ekki bara ein stjórnarskrárnefnd sem hæstv. forsrh. hefur verið að dunda í. Þær eru allmargar og fer að nálgast, held ég, hálfa öld; ferðir til Sviss og núna á síðari árum með ritara og eiginkonu til Norðurlandanna allra til þess að kynna sér stjórnarskrár þeirra landa því að það er víst erfitt að kosta frímerki á bréfin þaðan.

Páll Pétursson: Herra forseti. Mér finnst að þessum umr. ætti að fara að ljúka. Þetta eru orðnar nokkuð undarlegar umr.

Hæstv. forsrh. kvartaði yfir því, að tiltekinn þm., hv. þm. Halldór Blöndal, vantaði í salinn. Það er auðvitað merki þess, að hæstv. forsrh. saknar hv. þm. Halldórs Blöndals. En þá rjúka menn hér til og eru eitthvað hörundsárir yfir því, að forsrh. skuli sakna vinar í stað, og fara að setja hér á heilmikla umr. um það, eins og það sé eitthvað hneykslanlegt við það þó að hv. þm. Halldór Blöndal hafi orðið að víkja sér frá dagstund og ekki getað sótt þennan tiltekna þingfund.

Ég tel það þakkarvert hjá Ed.-mönnum og stjórnarandstæðingum í Nd. líka þegar þeir greiða fyrir málum ríkisstj. Ég vil leggja áherslu á gott samstarf milli stjórnar og stjórnarandstöðu um framgang mála. Það er ekkert fengið með því að standa í basli að óþörfu. Það er miklu betra að reyna að láta þetta ganga liðlega fyrir sig og skemmtilegra andrúmsloft.

Ég fullvissa þingheim um að hv. þm. Halldór Blöndal kemur hér aftur. Ég fullvissa þingheim um að hv. þm. Halldór Blöndal ratar hér upp í ræðustólinn. Og ég get huggað hæstv. forsrh. með því, að hann fær tækifæri til þess að eiga orðastað við þm. þótt síðar verði.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég skal ekki flytja hér langa ræðu.

Ég skal gjarnan viðurkenna það, sem kom fram í ræðu hæstv. forsrh., að sú nefnd, sem ég átti sæti í og fjallaði um skoðanakannanir, lauk aldrei störfum. Hún vann talsvert starf framan af, en lauk ekki störfum. Það skrifast auðvitað á þá sem sátu í þeirri nefnd og ég er einn þeirra. Það er alveg rétt, að það hefði vissulega verið fenguur í því ef sú nefnd hefði lokið störfum á sínum tíma. Þannig gerist það nú með fleiri nefndir, eins og hér hefur komið fram, og ég ætla ekki að fara að taka þetta mál upp aftur.

Ég ætla að nota tækifærið til þess í lokin að segja frá því, að mér finnst og fannst áðan, þegar hæstv. forsrh., sem er talinn einn háttvísasti þingmaður á Alþingi, kemur í stólinn og bendir réttilega á fjarveru hv. þm., að það

hlyti að vera skylda þm. þar á meðal mín, sem á hér á dagskránni mál þriðjudag eftir þriðjudag og fæ þeim ekki svarað, að benda á fjarveru ráðh. Mér þykir leiðinlegt að hæstv. forsrh. skuli taka því illa að á þetta skyldi hafa verið bent, því að ég efast um að hann eigi enn sem komið er svo gengt inn í Alþb. að það sé ætlast til þess af honum að hann sé barnapía fyrir hæstv. ráðh. Alþb. Það er óþarfi fyrir hann að taka því þunglega þess vegna.

Ég held að þessar umr. séu út af fyrir sig gagnlegar. Þær verða kannske til þess að hv. þm. mæti betur á fundi þegar um fsp.-tíma er að ræða og fsp. þeirra á að svara. *Jafnframt er ég sannfærður um að þessar umr., sem hafa* tekið drjúgan tíma af fundartíma í dag, verða til þess að hæstv. ráðherrar skilja að margar þær fsp., sem hv. þm. koma með, eru tímabundnar. Það skiptir verulega miklu máli að við þeim fáist svör innan tiltekins tíma. Það var þess vegna sem ég sá mig knúinn til að koma hér í ræðustól, fyrst fjarvera þingmanns varð tilefni til umr. um þingsköp.

Ég kann hæstv. forsrh. bestu þakkir fyrir að hafa hafið þessar umr. Ég vona að við öll hin hérna lærum af þessum umr. og þetta verði til þess að hér verði betur mætt í framtíðinni.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er út af fyrir sig rétt, að þetta hafa að nokkru leyti verið gagnlegar umr. undanfarnar mínútur. Það er að vísu ekkert nýtt, — við hlýðum á það svo að segja vikulega, — að þeir flokksbræður, sjálfstæðismenn hér á Alþingi, taka snerpur og reyna að gera upp sín mál, en það er heldur hinn hlutinn sem ég held að menn ættu að veita athygli.

Það er ekkert nýtt að einstaka þm. vanti hér á fundi. Til þess geta legið ýmsar ástæður og full rök geta verið á bak við það að menn geta ekki mætt. En þetta á ekki bara við um óbreytta þm. Þetta á ekkert síður við um hæstv. ráðh. Og þetta á ekki bara við hér í Sþ. Þetta á líka við í *báðum deildum þingsins.* Ekki er verið að ræða fyrirspurnir þá. Þá er verið að ræða stjfrv. og annað og mörg eru þess dæmin, a. m. k. sem ég veit um í Nd. Alþingis, að viðkomandi ráðh., sem lagafrv. heyrir undir og hann flytur, er ekki viðstaddur umr. um það mál. Þess eru mörg dæmi.

Ég er ekki að draga þetta hér fram til að reyna að klekkja á einum eða neinum. Auðvitað ætti það að vera frumskylda hvers og eins og ráðh. að koma til fundar á eðlilegum tíma þegar fundir eru haldnir, þó að vissulega hljóti að koma upp undantekningartilvik í því sem öðru og fullkomlega eðlileg. En mér hefur fundist það allir of oft koma fyrir að ekki aðeins hæstv. ráðh. séu fjarverandi umr. um mál sem þeir sjálfir flytja, heldur verði hvað eftir annað að slíta fundum á Alþingi vegna þess að hæstv. ráðh. eru ekki við. Í gær var í Nd. Alþingis aðeins *10 mínútna fundur og þá virtist ekkert liggja fyrir.* Þó voru á dagskrá mál sem tilheyrðu ríkisstj. Og af hverju voru þau ekki rædd? Ég spyr. Það er ekki einungis í þessu einstaka tilviki, sem varð til að þessar umr. hófust, hægt að snupra menn fyrir að vera fjarstaddir þingfundi. En það á ekki heldur að vera neitt feimnismál að ræða það frekar en annað hér. Það er ástæðulaust að vera að leyna einu eða neinu í þeim efnum.

Ég þakka hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni fyrir að vekja sérstaka athygli á því, hversu Bolungarvík er mikils metin hér í þingsölum og á landsmælikvarða. Það er ekkert nýtt að hann hugsi gott til þess landshluta, enda á hann þar sterkar rætur frá fyrri tíð, þó ekki sé nú. Það er þó eftir sem áður ánægjulegt að bæði hann og aðrir taka tillit til þess þegar þarf þar, að mér skildist, að vinna merkileg verk, flytja merkilegar og stefnumótandi ræður. Ég þykist vita hvað hann átti við þegar hann talaði um það merkilega í sambandi við þessa tvo hv. þm., Matthíasana báða. Hann hefur þá hugsað til formanns Sjálfstfl. og hinnar stefnumarkandi ræðu hans þar vestra á síðasta ári.

En fyrir alla muni: Hæstv. ráðh. geta ekki sett sig á háan hest og sett ofan í við óbreytta þm. hér. Það má segja að kannske eigi við um allflesta að þeir séu einhvern tíma á þingtíma fjarverandi þingfundi, en til þess liggja margar orsakir og eðlilegar. En það er ástæða til að undirstrika það, að hæstv. ráðh. hafa ekkert sérstakt fram yfir aðra þm. að því lútandi. Þeir eru ekki neinir sérstakir englar að því er varðar þingsetu og fundasetu og því síður hvað það varðar að taka þátt í umr. þó að þeir eigi mál sem um er verið að ræða hverju sinni.

Fjármagn til yfirbyggingar vega, fsp. (þskj. 463). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason): Herra forseti. Á þskj. 463 hef ég leyft mér að flytja svohljóðandi fsp. til hæstv. samgrh.:

„Hversu miklu fjármagni hefur verið varið til að kanna möguleika til að byggja yfir gil á Óshlíðarvegi og í Ólafsfjarðarmúla?"

Ástæða þessarar fsp. er sú, að við afgreiðslu vegáætlunar hér á Alþingi 16. maí 1972 var gert ráð fyrir því, að varið væri af liðnum til tilrauna í vegagerð fjármagni til þess að kanna möguleika á að byggja yfir gil á Óshlíðarvegi og einnig á Ólafsfjarðarvegi. Nú þarf ekki að taka það fram, vænti ég, við hv. þm. að á báðum þessum stöðum er það brýn nauðsyn og beinlínis knýjandi að fundin verði lausn til þess að forða frá stórkostlegri hættu á slysum, og því er spurt, vegna þess að tiltölulega lítið virðist hafa gerst í þessum málum og meira að segja Vegagerð ríkisins hefur neitað því, að Alþingi hafi ákvarðað fjárveitingu til þessa verkefnis. Ég hygg þó að nú sé orðið ljóst, að við afgreiðslu vegáætlunar 1972 var *bæði í nál. fjvn. svo og í framsöguræðu formanns fjvn.* sérstaklega tekið fram að verja ætti af liðnum til tilrauna í vegagerð fjármagni til að kanna möguleika á að byggja yfir þessa tilteknu staði með tilraunagerð. Því er fsp. fram lögð.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Að gefnu tilefni af heldur lítt uppbyggjandi umr. hér áðan vil ég taka það fram, að ég kannast ekki við að beðið hafi verið óeðlilega lengi eftir svörum við fsp. til mín. Þetta er nú eina fsp. sem ég á á dagskrá.

Ég hef kannað þetta mál að sjálfsögðu og rætt það allítarlega við Vegagerð ríkisins og fengið frá henni upplýsingar sem ég byggi á svar mitt.

Við afgreiðslu vegáætlunar fyrir árin 1972—1975, sem gerð var á Alþingi vorið 1972, var þess getið í nál. meiri hl. fjvn. að fé af liðnum til tilrauna í vegagerð skyldi

varið til að kanna möguleika á að bygggja yfir hættulega staði í Óshlíð og í Ólafsfjarðarmúla, eins og kom fram í ræðu hv. spyrjanda. Í framhaldi af þessu hélt verkfræðingur frá Vegagerð ríkisins til Noregs sumarið 1972 til að kynna sér yfirbyggingu vega, þ. e. vegþekjur, vegsvalir og þess háttar, og í framhaldi af því voru gerðar ýmsar rannsóknir, mælingar og lauslegar kostnaðaráætlanir. Sérstaklega voru hafðir í huga hættulegir staðir, bæði í Óshlíð og í Ólafsfjarðarmúla. Kostnaður af þessari ferð varð um 10 þús. nýkr., en annar kostnaður vegna rannsókna, hönnunar o. fl. um 20 þús. kr.

Í vegáætlun fyrir árin 1974—1977 var fjárveiting árið 1976 til verkfræðilegs undirbúnings við hættulega staði í Ólafsfjarðarmúla sem nam 50 þús. nýkr. Við endurskoðun vegáætlunar 1976 var þessari fjárveitingu frestað, en aftur tekin inn á vegáætlun við endurskoðun vegáætlunar 1977—1980 og þá ákveðin fyrir árið 1979. Sú fjárveiting nam þá 100 þús. nýkr.

Á árinu 1978 fóru tveir verkfræðingar til Sviss til að kynna sér hvernig staðið er að slíkum málum þar og í beinu framhaldi til Noregs. Eftir þá ferð var fyrri hönnun endurskoðuð og nákvæmari kostnaðaráætlanir gerðar. Kostnaður af þessari ferð nam um 22 þús. kr., en kostnaður af hönnun var um 20 þús. kr.

Undanfarna fimm vetur hafa snjóflóðatalningar verið gerðar á ýmsum hættulegum stöðum, m. a. í Óshlíð og í Ólafsfjarðarmúla. Í Óshlíð voru talin veturinn 1975—1976 164 snjóflóð, veturinn 1976—1977 34, 1977—1978 50, 1978—1979 53 og veturinn 1979—1980 61 snjóflóð eða að meðaltali 72 snjóflóð á veginn á vetri. Kostnaður við slíkar talningar, bæði í Óshlíð og víðar, hefur ekki verið sérstaklega saman tekinn því starfsmenn Vegagerðarinnar, sem vinna við vegaeftirlit og snjómokstur, sinna þessum málum samhliða öðrum störfum.

Að þessum undirbúningi loknum má telja að fyrir liggi nokkuð haldgóðar upplýsingar um það, hvernig standa verður að slíkri vegsvalagerð. Að vísu er aðstaða hér á landi mjög mikið önnur víðast hvar en er í þeim löndum þar sem þetta er tíðkað, m. a. í Noregi og Sviss, þar sem þessi mál voru könnuð. Þar er víðast góður veggur af náttúrunnar hendi hlíðarmegin, þ. e. klettar sem festa má í og byggja vegsvalir út frá, en hér á landi er þessu víða og kannske víðast ekki svo farið, heldur skriður, þannig að byggja verður sterkan og öruggan vegg einnig þeim megin. Þetta eykur verulega kostnað við vegsvalir og virðist þær því verða dýrari hér en er almennt í þessum nágrannalöndum okkar.

Ég hef svo — í jan. s. l. — falið Vegagerð ríkisins að vinna áætlun yfir lausn á samgöngumálum þeirra þriggja staða þar sem telja má að öryggi sé einna hættast. Það eru Óshlíðin, Ólafsfjarðarmúli og Ólafsvíkurenni. Þetta verk er nú í gangi. Niðurstöður liggja að sjálfsögðu ekki fyrir. Þetta er allmikið verk. En ég hef haft í huga að þegar niðurstöður liggja fyrir megi m. a. skoða hvort ekki komi til greina að fjármagna vegagerð á þessum hættulegustu vegasvæðum sérstaklega og til viðbótar við hina almennu vegáætlun. Ég vil taka það fram, að ég er almennt mótfallinn því að taka verkefni út úr vegáætlun, en ég tel að hér sé um svo mjög sérstakt verkefni að ræða, vegna þeirrar hættu sem vegfarendum er búin á þessum stöðum, að slíkt megi þó athuga þegar áætlanir liggja fyrir.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svörin. Hafi ég náð rétt tölum sem hæstv. ráðh. var hér með, þá sýnist mér þetta vera í kringum 18 millj. gkr. Nú kom það ekki fram í svari hæstv. ráðh., hvort þessum fjármunum hefur verið varið af þessum tiltekna lið, en sé svo sýnist mér hafa verið ærið misskipt fjármagni til þessara tveggja staða.

Nú minnir mig að þm. Norðurl. e. hafi á sínum tíma ákvarðað framlag til þessa liðar af fjárveitingum sem áttu að fara í það kjördæmi til almennrar vegagerðar. Ég þori ekki um þetta að fullyrða, en ef þessu fjármagni hefur verið varið af liðnum til tilrauna í vegagerð er þarna æðimikill munur á. Ég skal ekki deila á það út af fyrir sig, en ég ítreka þá brýnu nauðsyn sem á því er að finna lausn á þessu máli, hefja framkvæmd í þessu máli. Ég tek undir það með hæstv. samgrh. að þarna er einn staðurinn enn kominn inn sem er Ólafsvíkurvegurinn. Þarna er um að ræða þrjá staði, og held ég að Alþingi verði og hljóti að taka þá til meðferðar og láta hefja þar framkvæmdir með sérstökum hætti og hljóti að fjármagna þær fyrir utan hið almenna vegafé. Það verður ekki gert með öðrum hætti en fá til þess fjármuni utan hins almenna vegafjár.

Þetta er mikið öryggismál á öllum þessum stöðum, að ég hygg. Ég þekki að vísu mest til að því er varðar Óshlíðina, en ég hygg að margt sé sameiginlegt með öllum þessum stöðum að því er varðar öryggisatriði og mikil nauðsyn á því að þetta verði gert. Ég treysti því og trúi, að það fáist á þeirri vegáætlun, sem verður afgreidd hér áður en þingi lýkur, fjármunir sem tryggja að farið verði í að vinna þessi verk. Mér er ljóst að það tekur nokkurn tíma að framkvæma til fulls það sem þarna þarf að gera, og kannske verður því seint lokið að fullu, en það er brýn nauðsyn að íbúar þessara svæða fái um það vitneskju og sjái að að þessu máli verður unnið áfram og með meiri hraða og meira fjármagni en gert hefur verið hingað til. Það er ljóst að íbúar þessara svæða una því ekki lengur að þarna verði ekki tekið myndarlegar á en gert hefur verið og að það sjáist fjárveiting í þessu skyni á vegáætlun þeirri sem væntanlega verður afgreidd hér áður en það þing, sem nú situr, fer heim á komandi vori.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég vil taka undir það sem hér hefur komið fram í sambandi við þessa fsp. Hér er um að ræða leiðir eða vegi sem hljóta að flokkast undir lífshættulega vegi. Við 1. umr. um vegáætlun hér á hv. Alþingi ræddi ég þetta mál og nauðsyn þess, að þessir þrír lífshættulegu vegir yrðu teknir til meðferðar í sambandi við afgreiðslu vegáætlunar, sem nú er unnið að, sem sérstakt verkefni.

Ég vil taka undir það með hv. síðasta ræðumanni, að þetta er mál sem er ekki hægt að víkja sér undan öllu lengur. Hér er um leiðir að ræða sem eru lífsnauðsynlegar fyrir íbúa á þessum svæðum öllum að því er varðar öryggismál og eins atvinnumál og umferðarmál, bæði hvað varðar vegakerfið og ekki síður í sambandi við flugmál. Ég vil þess vegna taka undir það, að mjög brýnt er að við afgreiðslu vegáætlunar, sem fram undan er, fáist samstaða um það hér í hv. Alþingi að taka þessa vegi undir sérstök verkefni. Ég mun beita mér fyrir því og ég vænti stuðnings hv. síðasta ræðumanns við að í fjvn. verði sú niðurstaðan að leggja þetta til.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Það mál, sem hér er til umr., hefur oft áður verið rætt hér í þingsölum. Það hefur líka komið fram í þessum umr., að það eru mörg ár síðan farið var hér að leggja sérstaka áherslu

á framkvæmdir á þeim hættulegu vegum sem hér er um að ræða: Óshlíðarvegi, Ólafsfjarðarmúla og Ólafsvíkurenni, og það hefur verið talað mikið um þetta.

Það hefur verið lögð áhersla á að það þyrfti að rannsaka og það hefur meira að segja verið lagt fé fram til þess að rannsaka. En allan þennan tíma hefur ekkert skeð. Það hefur ekkert verið framkvæmt. Þó virðast allir, sem hafa talað um þetta, hafa verið sammála um að það *þyrfti að gera eitthvað*. Hvers vegna hefur ekkert verið gert? Jú, menn hafa borið fyrir sig að það væri ekki til fjármagn til þessa. Auðvitað höfum við ekki fjármagn til alls sem gera þarf, en ég held — og tek undir það sem hér hefur komið fram hjá hæstv. samgrh., fyrirspyrjanda og líka síðasta ræðumanni — að það sé nauðsynlegt að taka þessi verkefni sem alger sérverkefni. Við tölum í vegagerðinni um sérverkefni, hin stóru verkefni sem eru fjármögnuð af *óskiptu* vegafé. En ég á ekki við að setja þau verkefni þrjú, sem við ræðum hér um, í þann flokk, heldur í sérstakan flokk sem byggir á því, að þessar framkvæmdir mega ekki dragast lengur vegna þess hættuástands sem fylgir þessum vegum.

Hv. síðasti ræðumaður sagði, að hann mundi beita sér fyrir þessu máli í fjvn., og sagðist vita að hv. fyrirspyrjandi mundi styðja hann í því. Ég skildi hæstv. ráðh. svo, að hann ætlaði að beita sér fyrir þessu máli. Mér sýnist að málið liggi þannig fyrir nú, að það séu allir sammála um þetta: ríkisstj. hæstv. samgrh., stjórnarandstaðan og þeir aðrir þm. úr stjórnarliðinu sem helst beita sér í þessum efnum. Ég geri ráð fyrir að þess vegna megum við vænta þess, að nú loks verði eitthvað jákvætt gert í þessu á þann veg að nú verði hafnar framkvæmdir. Umfram allt verðum við að hefja framkvæmdir. Þeim verður kannske í sumum tilfellum seint lokið, en við verðum að hefja þær og síðan að halda þeim áfram með þeim hraða sem unnt er.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Það kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda að fjármagni í þessu skyni kynni að vera nokkuð ójafnt skipt og má það vel vera. En í viðræðum mínum við Vegagerðina kom fram, að það er út af fyrir sig nokkuð erfitt að skipta jafnt á einstaka staði, því að einn staður nýtur þess sem fyrir annan er skoðað. T. d. er sú ferð, sem farin var 1978 til Sviss og var, má segja, kostuð af þeim 100 þús. nýkr. sem ætlaðar voru til að skoða þetta verkefni á vegáætlun 1974 og 1977. Vitanlega nutu allir þeir staðir sem við snjóflóðahættu búa, þeirrar þekkingar sem út úr þessu kom. Svipað má segja um það sem gert var áður samkv. vegáætlun 1972—1975. Hins vegar er mér ekki fyllilega *ljóst hvort fjárveitingin* 1974—1977 var af fé Norðurlandskjördæmis eystra eða af hinum almenna lið til tilrauna í vegagerð. Ef svo er höfum við notið þess að einhverju leyti líka á Vestfjörðum og ber að þakka það.

Ég fagna því, að menn taka vel þeirri hugmynd að fjármagna þessi sérstöku verkefni með sérfjárútvegun. Ég get hins vegar ekki tekið undir það með hv. síðasta ræðumanni, að nú sé umfram allt að byrja á þessum verkum. Umfram allt er að undirbúa þau sem allra best svo að menn fari ekki út í neina vitleysu. Ég er að vísu ekki hér með bráðabirgðakostnaðartölur, svo að það er kannske óvarlegt að fara með þær eftir minni, en ég held að ég fari rétt með að Vegagerðin telur kostnað við lausn á samgöngum fyrir Ólafsfjarðarmúlann á bilinu 70 og 140 millj. kr. og þar koma einar 3—4 lausnir til greina. Í fyrsta lagi er um að ræða mismunandi löng og mikil jarðgöng og í öðru lagi vegsvalir. Að því er nú unnið að *meta þessa kosti og liggur ekki endanlega fyrir hvað þeir* muni leggja til í því sambandi hjá Vegagerðinni.

Sama má segja um Ólafsvíkurenni. Þar eru vegsvalir ekki taldar lausn, en hins vegar liggur ekki fyrir hvernig málið verður þar leyst.

Ég hygg að Óshlíðin sé komin einna lengst í þessu sambandi. Þar mun niðurstaðan orðin sú, að þar verði að gera vegsvalir líka kallað vegþekjur. Mig minnir að kostnaður þar sé áætlaður á bilinu 40—60 millj. kr., en eins og ég sagði áðan er það með fyrirvara sagt og fer töluvert eftir því, hve mörg hættuleg gil og langur hluti af þeim vegi er tekinn. En að þessu er nú unnið og ég efast um að þetta geti legið nægilega fyrir í vetur. En þá má e. t. v. taka það upp sem sérstakan *lið að nýju fyrir* 1982.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Ég vil fyrst lýsa mig sammála þeim hv. þm. sem hér hafa talað um þessa fsp. og nauðsyn þess, að þau framkvæmdarverkefni, sem hér er rætt um, verði tekin sem sérstök verkefni.

Ég vil einnig taka undir orð hæstv. ráðh. um það, að kannske sé ekki höfuðatriðið að ráðist verði í framkvæmdir nú þegar á þessum stöðum. Aðalatriðið hlýtur að vera að þessi mál séu vel könnuð áður en framkvæmdir eru hafnar.

Það, sem kom mér fyrst og fremst til að koma hér upp, var sú fullyrðing hæstv. ráðh., að það lægi þegar raunverulega fyrir, að ekki yrði um það að ræða að vegsvalir, eins og hann nefndi það, yrðu byggðar í Ólafsvíkurenni. Mér finnast þetta miklar og sérstakar fréttir og vondar fréttir fyrir okkur Hellissandsbúa, ef það liggur þegar fyrir að sú lausn sé ekki fær, því að okkur sýnist að hinar leiðirnar, sem nefndar hafa verið, annaðhvort vegur í sjó eða vegur í gegnum Enni, séu fjarlægir möguleikar.

En þegar rætt er um Ólafsvíkurenni og veginn um Ólafsvíkurenni tel ég ástæðu til þess að nefna hér aðra leið að Hellissandi en um Ólafsvíkurenni. Er nauðsynlegt að unnið sé að því, um leið og verið er að gera rannsóknir á, hvað best er að gera í Enni og stefnt að því að gera þann veg sem öruggastan, að athuga leiðina fyrir Jökul. Ég legg áherslu á að í þeirri vegáætlun sem nú er verið að undirbúa verði ætlað allverulegt fjármagn til *þess að gera þann veg miklu betri en nú er*. Sérstaklega er þar um að ræða að koma veginum upp úr snjó. Hreppsnefndin í Breiðuvíkurhreppi og hreppsnefndin í Neshreppi hafa lagt á þetta mikla áherslu og leggja á það enn þunga áherslu að tekinn verði fyrir góður áfangi í þeim vegi til þess að tryggja umferð fyrir Jökul við þær aðstæður að Enni er lokað. Mér sýnist samkv. þeim upplýsingum, sem hér hafa komið fram að það sé fjarlægt að búast við að kominn verði öruggur vegur um Ólafsvíkurenni. Á þeim tíma förum við fram á að Vegagerðin eða ríkið sjái um að vegur að Hellissandi verði ekki eins hættubundinn og nú er, þegar ekki er um aðra leiða að ræða en fara undir Enni, og vegurinn fyrir Jökul verði endurbyggður. Aðallega er þar um að ræða að koma honum upp úr snjó. Sú vegagerð þjónar jafnframt því að tryggja byggð í Breiðuvíkurhreppi og halda uppi samgöngum við þá sveit, *sem er eini hreppurinn á Snæfellsnesi* sem nýtur ekki þeirrar þjónustu að ríkið annist þar snjómokstur.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég vil í senn þakka fyrirspyrjanda og hæstv. samgrh. fyrir svör við þessari fsp., sem vissulega snertir afskekktasta byggðarlagið í Norðurlandskjördæmi eystra þar sem eru Ólafsfirðingar sem búa við mikla nauð í samgöngumálum. Ég hlýt að vekja athygli á því, að þar eru erfiðleikarnir ekki fyrst og fremst í tengslum við snjóflóðahættu, heldur er vegurinn fyrir Ólafsfjarðarmúla lífshættulegur á sumri sem vetri. Þarna hafa orðið hörmuleg slys af völdum grjóthruns.

Af hálfu þm. Norðurl. e. hefur þrásinnis verið um það rætt að freista þess að útvega fé til að tryggja veginn fyrir Ólafsfjarðarmúla utan fjárlaga og utan vegáætlunar að reyna að knýja fram að þetta verkefni verði tekið sérstaklega fyrir. Þá höfum við að sjálfsögðu hugsað til þeirra Bolvíkinga, — ekki þarfar fyrir reglulegar heimsóknir tveggja Matthíasa, heldur vegna þess að þar eru aðstæður ákaflega svipaðar. Vegurinn fyrir Óshlíð er torveldur með svipuðum hætti og hættulegur eins og vegurinn fyrir Ólafsfjarðarmúla.

Ég leyfði mér að kalla fram í fyrir hæstv. samgrh. þegar hann nefndi þarna vegsvalir. Það var ekki af orðhengilshætti, heldur vegna þess að ég tel ákaflega mikilvægt að hugmyndirnar til úrbóta séu nefndar nokkurn veginn réttum nöfnum til þess að menn geri sér ljósari grein fyrir þeim verkfræðilegu og fjárhagslegu viðfangsefnum sem þarna eru á döfinni. Svalir eru sambærilegar við þann pall sem hæstv. ráðh. gengi og mun ganga fram á til þess að láta lýðinn hylla sig eftir afreksverk á sviði stjórnmálanna, en þekjur eru aftur á móti til þess fallnar að hlífa fyrir því sem að ofan kemur úr loftinu. Sessunautur minn, hv. þm. Tryggvi Gunnarsson, skaut nú að mér enn heppilegra og réttara heiti yfir það fyrirbæri sem hér er verið að hugsa um. Þar gætu verið vegupsir sem slúta fram yfir veginn.

Þau ár, sem ég hef átt sæti á þingi, hafa vegagerðarmenn verið að impra á þeim möguleika að hlífa vegunum á þennan hátt, vernda vegfarendur fyrir grjóthruni og snjóflóðum með þeim hætti að setja traustar þekjur eða upsir yfir vegi á hættulegustu stöðunum. Um þetta hefur verið rætt þessi ár og því miður er mér ekki kunnugt um að tilraunir séu hafnar nú þegar með gildi ráðstafana af þessu tagi. Umhugsunartíminn og aðdragandinn er orðinn býsna langur. Ég hlýt nú að taka undir með hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánssyni þegar hann hvatti til þess, að nú yrði hin andlega atlaga að þessu viðfangsefni stytt og tekin ákvörðun um hvenær hafist skuli handa.

Ég hef gilda ástæðu til þess að ætla það, að við Íslendingar höfum verið heldur afturhaldssamir og huglitlir þegar við höfum rætt um möguleika til þess að komast með vegina okkar í gegnum fjöll. Þær tilraunir, sem hér hafa verið gerðar, og þær litlu framkvæmdir sem hér hafa átt sér stað í gerð jarðganga hafa verið að fremur litlum efnum og í lítið lagt. Vegagerðarmenn upplýsa okkur um það, að við gætum fengið það sem þeir kalla „stóra borinn", og taka raunar þar kafla úr sögunni frægu um Búkollu, þar sem stóra skessan sendir litlu skessuna heim eftir stóra bornum hans föður síns til þess að komast í gegnum fjall. Nú eru borar af þessari tegund til og í notkun annars staðar við gerð á jarðgöngum. Þá er við það miðað að þurfa ekki endilega að sneiða fjallaxlir eða eggjar, þar sem okkar lausagrjót er síst til þess fallið að gera göng í gegnum fjöllin, heldur hægt að komast með skemmri tíma í gegnum hin þéttari berglög. Það er býsna dýrt fyrirtæki að fá slíkan bor til landsins og nota hann hérna, en ég hygg að það væri vel ef yfirmenn samgöngumála huguðu að því, að verkefni eru miklu fleiri hér á landi en þessi þrjú — verkefni fyrir slík tæki til þess að gera með jarðgöng. Það væri vel ef gerð væri áætlun um að nýta slíkan bor til að bæta vegakerfi okkar á miklu fleiri stöðum en þar sem brýn lífshætta kallar á slíkar framkvæmdir.

En ég ítreka það, að ég er þeirrar skoðunar að við hljótum að taka út úr þessi þrjú verkefni, a. m. k. lagningu á öruggum vegi fyrir Ólafsfjarðarmúla, og verða okkur úti um sérstakar fjárveitingar til að geta gengið í þessi verkefni hið allra fyrsta og á sem myndarlegastan hátt.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason): Herra forseti. Ég varð fyrir vonbrigðum með síðari ræðu hæstv. samgrh. og fannst hann draga um of fætur, því að hæpið var að hann teldi að hægt yrði að ráðast í eitt eða neitt á þessu ári.

Hæstv. ráðh. talaði um að yfirbyggingu vega þyrfti að undirbúa sem best. Út af fyrir sig hljóta allir að vera sammála um það, En hlýtur nú ekki að vera kominn sæmilegur undirbúningstími — allt frá 1972 — að því er varðar t. d. Óshlíðarveg og Ólafsfjarðarmúla? Ég a. m. k. held að það hljóti að liggja fyrir, og raunar veit ég að það liggja fyrir að því er varðar Óshlíðarveginn svo miklar upplýsingar að hægt væri að hefja byrjunarframkvæmdir á þessu ári. Ég þori ekkert að fullyrða um Ólafsfjarðarmúlann, en mér finnst a. m. k. að vegagerðarmenn, sérfræðingar, séu búnir að hafa ærinn tíma til að hugleiða þetta verkefni, afla sér upplýsinga um það, bæði hérlendis að því er varðar staðhætti og erlendis, og ættu að hafa þessar upplýsingar allar í höndum þannig að það hljóti að vera hægt, ef stjórnvöld og Alþingi geta á annað borð útvegað fjármuni til þessara verkefna, að koma þeim inn á vegáætlun nú og byrja framkvæmdir á þessu ári.

Mér er ljóst, eins og ég sagði áðan, að það tekur sjálfsagt langan tíma að ljúka mannvirkjum þarna. — Kannske verður þeim seint eða aldrei lokið — en tel að það verði ekki undan því vikist að fjármagn verði útvegað á þeirri vegáætlun, sem nú liggur fyrir að samþykkja, og að framkvæmdir verði hafnar helst á þessu ári. Ég spyr hæstv. ráðh., hvort ekki megi treysta því að hann í broddi fylkingar ríkisstj. sjái svo um að öll þessi verkefni verði tekin sem framkvæmdaverkefni inn á þá vegáætlun, sem nú er verið að undirbúa, og að í þau verði ráðist helst á þessu ári. Ég hef þá trú, að meiri hl. sé fyrir því á Alþingi að þetta verði gert. Ég treysti því, að hæstv. samgrh. í broddi fylkingar nýti sér þann meirihlutavilja Alþingis og að um þetta fjármagn verði séð sem fjármögnun á sérstökum verkefnum, en ekki tekið af hinu almenna vegafé.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Í svari mínu áðan notaði ég orðið vegsvalir. — Ég veit ekki hvort hv. þm. má vera að því að hlusta á mig, ég skal bíða þangað til hann er tilbúinn. — Hv. þm. Stefán Jónsson gerði aths. við notkun á orðinu vegsvalir. Það er rétt að ég notaði það, en ég sagði jafnframt „yfirbygging vega" til að vera alveg öruggur um að hv. þm. skildi við hvað væri átt. Vegagerðin notar gjarnan orðið vegsvalir og hins vegar stundum vegþekju, en það er áreiðanlega þarft að finna í þessu gott heiti sem allir skilja. Ekki er ég að amast við því.

Út af því, sem hefur verið sagt um framkvæmdir í ár, ætla ég ekki að vera með yfirboð. En staðreyndin er sú t. d., að við þm. í Vestfjarðakjördæmi höfum ekki treyst okkur til að taka Óshlíðina fram fyrir t. d. Steingrímsfjarðarheiðina sem sérverkefni. Við höfum raðað þar sérverkefnum þannig að Önundarfjarðarbrúin var fyrst, síðan Steingrímsfjarðarheiðin og þá gæti fyrst komið að Óshlíðinni eða veg yfir eða í gegnum Breiðadalsheiði. Nú er ljóst að þessi verkefni taka mjög langan tíma, og mér er ekki kunnugt um að það hafi verið neinn ágreiningur um það t. d. í okkar kjördæmi. — Og ég veit ekki heldur til þess að þm. Norðurl. e. hafi sett Ólafsfjarðarmúla fremst í sín sérverkefni. Þar er önnur mjög stór sérverkefni á undan ákvörðun þm. sjálfra, þ. e. Víkurskarðið og vegurinn yfir Eyjafjarðarleirur. (**StJ:** Ég átti við það að þetta væri tekið út af vegáætlun.) Ég kem að því.

Þegar mér var ljóst, að þessir hættulegu staðir, eins og t. d. Ólafsvíkurenni, yrðu ekki lagfærðir fyrr en mjög seint meðal sérverkefnaflokksins í vegáætlun, bað ég Vegagerðina 26. jan. s. l. að gefa mér yfirlit yfir hvað þetta mundi kosta og jafnframt hvernig framkvæma mætti það utan hinnar almennu fjáröflunar til vegáætlunar.

Á þeim tíma var búið að ganga frá fjárl., búið að ganga frá því, hvað færi til vegamála, búið að ganga frá ramma að lánsfjáráætlun, svo að ég vil alls ekki vera að gefa undir fótinn með að unnt sé að taka þetta til viðbótar á árinu 1981 eftir að gengið var frá þeim þáttum. Auk þess veit ég bókstaflega ekki hvað þarf mikið til þess að ná áfanga af viti. Ég nefndi áðan að það er talað um að lausn við Ólafsfjarðarmúla kosti 70—140 millj., vegsvalir ef ég man rétt. Þá er hver metri í þeim talinn kosta 2300—2400 nýkr. Hér er því verið að tala um gífurlega upphæð.

Út af því, sem hv. þm. Skúli Alexandersson sagði áðan um Ólafsvíkurenni, er þess að geta að fram kom í viðræðum, sem ég átti við Vegagerðina, að í Ólafsvíkurenni falla svo gífurlega miklar aurskriður að vegsvalir, vegþekja eða yfirbygging, hvað sem menn vilja kalla það, þyrfti að hafa margfaldan styrkleik borið saman við snjóflóð t. d. í Óshlíð. Því kynnu slíkar framkvæmdir þar að vera mjög kostnaðarsamar. Það er af þeirri ástæðu sem mér hefur skilist á Vegagerðinni að hún vildi skoða aðra lausn þar.

Því miður eru Ólafsvíkurenni og Ólafsfjarðarmúli ekki lengra komin í tillögugerð frá Vegagerðinni. En það er áreiðanlega rétt, sem hefur komið fram bæði hjá mér og hv. þm. Karvel Pálmasyni, að Óshlíðin er líklega einna lengst komin með tillögur til lausnar á þeim vanda sem þar er.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Hæstv. samgrh. hefur mestar áhyggjur af því, að það þurfi að athuga og rannsaka málin betur en gert hefur verið á s. l. áratug. Ég vil ekki gera lítið úr því, að málin séu rannsökuð og undirbúin, en ég hef sannfæringu fyrir því, að búið sé að athuga þessi mál þannig að þau liggi þannig fyrir að hægt sé þegar á þessu ári að hefja framkvæmdir.

Mér fannst engin ástæða til þess af hæstv. ráðh. að vera sérstaklega að láta þess getið hér, að við Vestfjarðaþm. hefðum ekki komið okkur saman um að láta Óshlíðina ganga á undan. (**Sjútvrh.:** Við erum sammála um að hún komi ekki á undan.) Já, að hún komi ekki á undan. Ég vil ekki mótmæla því sem hæstv. ráðh. segir. En þetta er ekkert höfuðatriði núna. Það er rétt að Steingrímsfjarðarheiði er eitt af þessum sérstöku verkefnum. En skoðun mín er sú og ég legg áherslu á það, að ekki eigi að setja þessa þrjá vegi, sem við höfum verið hér að ræða, í flokk sem við höfum hingað til kallað „hin sérstöku verkefni", heldur eigi þessir þrír vegir og aðrir, sem væru þá hliðstæðir, að vera í forgangsflokki vegna þeirrar lífshættu sem fylgir umferðinni á þessum vegum.

Auðvitað er það rétt hjá hæstv. ráðh., að það er þýðingarmikið til þess að sinna þessum verkefnum að fá fjármagn til viðbótar við það sem veitt er til annarra þarfa í vegamálum. Auðvitað er rétt að það er þýðingarmikið. Ég sé ekki að það sé ástæða til að ganga út frá því á þessari stundu að ekki sé hægt að gera það. Ég veit ekki til þess að búið sé að afgreiða lánsfjáráætlun fyrir þetta ár. En ég segi: Jafnvel þó að ekki takist að fá viðbótarfjármagn í þessi sérstöku verkefni, þar sem lífshætta er á ferðinni, er þetta svo þýðingarmikið að taka á af því fjármagni, sem fyrir er til vegamála að óskiptu, en ekki úr hverju kjördæmi fyrir sig. Þannig er þetta mál svo þýðingarmikið, að hvernig sem við lítum á það eigum við að verja fjármagni til framkvæmda strax á þessu ári. Það er hægt að gera.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason): Herra forseti. Það skal vera örstutt.

Það er aðeins vegna þess, að hæstv. samgrh. sagði áðan að þm. Vestf. hefðu ekki treyst sér til þess að taka Óshlíðarveg fram fyrir verkefni eins og Önundarfjarðarbrúna og Steingrímsfjarðarheiðina. Ég vil minna hæstv. ráðh. á það, að í apríl 1978 var samþykkt einróma á fundi þm. Vestf. að Óshlíðarvegur yrði næsta verkefni sem farið væri í á Vestfjörðum. Ég taldi ekki ástæðu til að blanda þessu inn í umr. að fyrrabragði, en það er ekki rétt, sem hæstv. ráðh. sagði áðan um ágreining Vestfjarðaþm. í ákvarðanatöku um Óshlíðarveg, og leiðréttist hér með. (Gripið fram í.) Það byggist líklega á því, að ég náði ekki kjöri til Alþingis í kosningunum 1978 og þess vegna liggur málið eftir. Hæstv. ráðh. hefur ekki séð sóma sinn í því að framfylgja þessari ályktun þm. Vestfjarða.

Sameinað þing, 62. fundur.

Þriðjudaginn 17. mars, að loknum 61. fundi.

Kennsla í útvegsfræðum, þáltill. (þskj. 162). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Vegarstæði milli Vopnafjarðar og Fljótsdalshéraðs, þáltill. (þskj. 503). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Húsakostur Alþingis, þáltill. (þskj. 510). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Kosning fimm manna í stjórn Grænlandssjóðs til þriggja ára, frá 1. jan. 1981 að telja til 31. des. 1983, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 6. gr. laga nr. 102 31. des. 1980, um Grænlandsráð.

Fram komu þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr:

Haraldur Ólafsson lektor (A),
Matthías Bjarnason alþm. (B),
Geir Gunnarsson alþm. (A),
Sigurgeir Jónsson aðstoðarbankastjóri (B),
Benedikt Gröndal alþm. (C).

Umræður utan dagskrár.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Eins og forseti gat um var hér hafin umr. um daginn — en nú er orðið svo langt síðan að menn geta sjálfsagt tæplega talið dagana — um málefni sem varðar alla þjóðina, nefnilega tilvist leynisamnings milli ríkisstjórnarflokkanna. Hæstv. forsrh. var spurður um það einfalda mál, hvort gerður hefði verið sérstakur samningur milli stjórnarflokkanna sem ekki hefði verið birtur. Það var ærið tilefni til þess að spyrjast fyrir um þetta því að formaður Alþb., hæstv. félmrh., hafði látið hafa það eftir sér opinberlega að samningur af þessu tagi væri fyrir hendi, og formaður þingflokks Alþb., hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, hafði líka látið hafa eftir sér opinberlega að slíkur samningur væri fyrir hendi og hefði verið kynntur í hans flokki — samningur sem veitti í reynd flokki þeirra, Alþb., neitunarvald í öllum meiri háttar málum.

Ég tel að það sé mikið alvörumál ef Framsfl. og hæstv. forsrh., Gunnar Thoroddsen, og félagar hans hafa gert samkomulag af þessu tagi, framkvæmt valdaafsal af þessu tagi til Alþb. í leynum — flokks sem hefur gerólíka stefnu og aðrir flokkar hér inni í mjög mikilvægum málum, t. d. utanríkismálum. Ég held að það verði tæpast sagt að þeir Framsóknarþm. eða hæstv. forsrh., Gunnar Thoroddsen, og félagar hans hafi verið kjörnir á þing af stuðningsmönnum sínum til að framkvæma valdaafsal af þessu tagi. Eða halda menn að kjósendur Framsfl. og Sjálfstfl. hafi gert ráð fyrir því við seinustu kosningar, að þessir menn afhentu Alþb. umboð sitt í veigamiklum málum?

Nú fór það svo, að hæstv. forsrh. svaraði spurningunni í engu og valdi í rauninni þann kost að tala í norður þegar spurt var í suður. Annað eins hefur gerst að vísu, en það eitt lýsir vitaskuld miklu ábyrgðarleysi og forstokkun að svara með því að svara ekki. Í því felst að mínum dómi jöfnum höndum fyrirlitning á sannleikanum og í raun á eigin kjósendum. Það má svo segja að formenn Alþb. og Framsfl. hafi bætt gráu ofan á svart með því að lýsa því flissandi yfir að þeir hefðu ekkert frekar um málið að segja.

En það er ekki úr vegi að líta á staðreyndir þessa máls. Formaður Alþb. hefur sem sagt lýst því yfir, að samkomulag hafi verið gert um að engin meiri háttar mál yrðu afgreidd gegn vilja Alþb., og formaður þingflokks Alþb. hefur sagt að slíku samkomulagi hafi verið lýst í þingflokki Alþb. Á hinn bóginn segir hæstv. utanrrh., Ólafur Jóhannesson, að ekkert slíkt hafi hann séð, og formaður Framsfl. sagði: Nei, það er ekki til. — en það, sem stendur upp úr, er að forsrh. fæst ekki til að afneita því, að samkomulag af þessu tagi hafi verið gert, og enginn talsmanna Alþb. hefur dregið til baka neina af staðhæfingum sínum. Þær standa því óhaggaðar.

Ef við göngum út frá því, að enginn þessara aðila hafi sagt ósatt og ekki heldur Ólafur Jóhannesson, hæstv. utanrrh., er aðeins einn möguleiki sem kemur til greina, nefnilega þessi: að samkomulagið hafi verið gert og greint frá því í Alþb., en ekki sagt frá því í Framsfl. Á hinn bóginn kunna menn að segja að Steingrímur Hermannsson, formaður Framsfl., hafi neitað að slíkur leynisamningur hafi verið gerður. En ef hann skýrði aldrei frá slíkum leynisamningi í sínum flokki er e. t. v. skiljanlegt að hann hafi ekki viljað koma upp um sig og þess vegna afneitað leynisamningnum. Ef hæstv. sjútvrh., Steingrímur Hermannsson, segir satt um það, að enginn slíkur samningur hafi verið gerður, spyr ég: Hvernig í ósköpunum getur hann þá liðið að Alþb. og hæstv. forsrh. klíni því á hann, að hann hafi gert svona samning? Hvernig í ósköpunum getur hann dregið sig svo til baka, að þegar þessi mál koma til umr. í hv. þingi heldur hann sig ekki við fyrri yfirlýsingu sína, heldur skýtur sér á bak við svör forsrh. sem voru engin svör, — svör sem ekki afneituðu leynisamningnum? Trúir því eiginlega nokkur maður, að formaður næststærsta flokks landsins, sigurherra seinustu kosninga, láti niðurlægja sig og flokk sinn með þessum hætti ef hann hefur ekkert samkomulag gert? Ef formaður Framsfl. einn hefur á réttu að standa hefur hann nú með því að skjóta sér á bak við svör forsrh., sem voru engin svör, beygt sig svo gersamlega í duftið fyrir Alþb. að slíks munu engin dæmi að nokkur stjórnmálamaður hafi látið niðurlægja sig og flokk sinn jafnherfilega. Þá er honum ekki bara gersamlega sama um sannleikann, heldur líka um virðingu sína og síns flokks. Ætlar hann að lifa við það, að sú lygi verði þá skráð sem staðreynd að hann hafi gert svona samning? Ég held að það sé hæpið að nokkur maður trúi því að nokkur maður beri svo litla virðingu fyrir sjálfum sér og sannleikanum að hann láti fara svona með sig. En meðan forsrh. afneitar ekki leynisamningnum er það þó þetta sem formaður Framsfl. verður að búa við, ef afneitun á leynisamningi er sönn. Ég held að fáir trúi því, að formaður Framsfl. láti fara svona með sig ef sannleikurinn er á hans bandi. Ég held að flestir hljóti að telja að hitt sé sönnu nær, að afneitun formanns Framsfl. hér á dögunum hafi verið eins konar sjálfsvarnarskrök, af því að hann hafði ekki skýrt frá leynisamningnum í sínum flokki, og einmitt þess vegna hafi formaður Framsfl. valið þann kost að endurtaka ekki skrökið í umr. hér um daginn, heldur skotið sér á bak við svokölluð svör forsrh. sem voru engin svör. Hvaða aðra viðhlítandi skýringu er hægt að finna á svona háttalagi?

Ég held að fæstir ætli annað en hæstv. utanrrh. Ólafur Jóhannesson fari með rétt mál. Samkv. því er niðurstað-

an sú, að leynisamningur hafi verið gerður, en ekki skýrt frá honum í Framsfl. Þetta er auðvitað stóralvarlegt mál. En úr því að hæstv. forsrh. kýs að setja þetta mál upp í gátu komumst við hv. þm. ekki hjá því að reyna að ráða þá gátu. Það eru einungis tvær hugsanlegar lausnir á því máli og ég hef rakið þær hér. Ég tel að hvort heldur er, hvor heldur lausnin sem við á, sé um mjög alvarlegt mál að ræða og því verði ekki unað ef skýr svör fást ekki í þessum efnum. Ótrúlegt þykir mér að formaður Framsfl. skuli getað unað því, ef hans fyrri svör eru rétt, að honum sé nuddað upp úr því að hafa gert svona samning. Það þykir mér furðulegast af öllu.

En ég vil ítreka að það er óviðunandi með öllu að fá ekki svör um þessi mál. Hér er um svo mikið valdaafsal að ræða, sem felst í þeim leynisamningi sem allt bendir til þess að hafi verið gert, að þjóðin á auðvitað kröfu á því að fá skýr svör, en ekki svör í norður ef spurt er í suður.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Síðasti ræðumaður, hv. þm. Kjartan Jóhannsson, hefur með einstökum ágætum í stuttu máli rakið gang þess mikla alvörumáls sem hér er nú til umfjöllunar. Það var hér til umr. fyrir réttum þrem vikum, en hefur síðan ekki fengist haldið áfram umr., og eru ýmsar ástæður til þess og sumar réttlætanlegar. Það var Norðurlandaráðsþing, og ýmis atvik ollu því að ekki var hægt að halda umr. áfram fyrr en nú í dag.

Hæstv. utanrrh. er hér mættur og einstakir ráðh. eru það raunar, en ég sakna þó nokkurra þeirra. Að vísu er mér um það kunnugt að hæstv. forsrh. getur ekki verið mættur, a. m. k. núna í upphafi þessara umr., en ég tel það raunar ekki skipta neinu máli vegna þess að frá honum fást engin svör. Hann hefur greint okkur frá því, að hann muni ekki svara nema þá í véfréttarstíl. Menn minnast þess, hvernig umr. um þetta lauk fyrir þrem vikum. Þá tilkynnti hann nánast að hann væri þingið og eiginlega að hann væri líka þjóðin. Hann sagði að ef þeir, sem voru formenn Sjálfstfl. og Alþfl. í síðustu kosningum, væru að tala fyrir þjóðina, þá væru þeir ekki að tala fyrir einn eða neinn í varnarmálunum. Þó held ég að þeir hafi verið kosnir sem forustumenn ríflegs meiri hluta þjóðarinnar einmitt í varnar- og utanríkismálum. Það voru a. m. k. margir sjálfstæðismenn sem eftir því tóku þegar varaformaður flokksins sagði formann hans ekki tala fyrir þjóðina eða mikinn hluta þjóðarinnar þegar hann væri að árétta stefnu Sjálfstfl. í varnar- og öryggismálum. Þess vegna verður auðvitað ekki undan því vikist að hér verði haldið áfram umr. þangað til sannleikur þessa máls er kominn í dagsljósið. — Ég vildi helst að henni lyki alls ekki, hún héldi áfram í nótt og á morgun ef á þyrfti að halda, að við stöndum ekki upp fyrr en ráðherrar eða þá einhverjir þm. segja sannleikann, því að hér hefur ekki verið sagður sannleikur, það er ljóst, í besta falli hálfsannleikur, en þó að mestu leyti ósannindi.

Ég hafði tilkynnt allmörgum hv. þm. að ég mundi spyrja þá hér ákveðinna spurninga. Í þeim hópi er hæstv. landbrh., sem ég skýrði frá því fyrir tæpum þrem vikum að ég mundi spyrja um leynisamninginn þegar þessum umr. yrði haldið áfram. Í dag tilkynnti ég hæstv. dómsmrh. að ég mundi einnig spyrja hann spurninga. Þeir eru hvorugur hér mættur, en koma vonandi á eftir. Ég mun engu að síður lesa upp þær spurningar, sem ég ætla að beina til þeirra, og koma þeim á framfæri við þá með hjálp hæstv. forseta t. d., sem hefur reynt að finna út hvar þeir væru svo þeir gætu fengið þessar spurningar í hendur, en efnislega vita þeir af þeim, eins og ég greindi frá. Ég tel alveg sjálfsagt að þessir hæstv. ráðh. fái tækifæri til að bera af sér allan grun um að þeir séu aðilar að slíkum leynisamningi. Ef hann er fyrir hendi og þeir hafa ekki að honum staðið eiga þeir auðvitað að gera hreint fyrir sínum dyrum hér á hinu háa Alþingi. Alveg á sama hátt tel ég einsýnt að hv. þm. Eggert Haukdal hljóti að gera grein fyrir því, hvort honum hafi verið kunnugt um slíkan samning, og mun beina spurningum til hans og hef að sjálfsögðu skýrt honum frá því.

Ég hef einnig ákveðið að bera fram spurningar til fjögurra hv. þm. Framsfl., sem ég met alla mjög mikils, og trúi ekki öðru en þeir vilji segja satt og rétt og þeir muni virða bæði eigin heiður og virðingu Alþingis það mikið að skýra satt og rétt frá málum og hjálpa til að knýja á að ráðh. segi hér sannleikann. (**ÓRG:** Við hvaða þm. er átt?) Það kemur á daginn. Ég skal reyndar skýra frá því strax. Þeir hv. þm. Framsfl., sem ég hef hugsað mér að spyrja þessara spurninga, eru: Hv. þm. Davíð Aðalsteinsson, hv. þm. Halldór Ásgrímsson, sem að vísu er hér ekki staddur nú, en hann veit hins vegar af því, að þessi spurning verður borin fram til hans, hv. þm. Stefán Guðmundsson og síðast en ekki síst hæstv. forseti okkar, Jón Helgason.

Spurningar þær, sem ég legg hér fram til hæstv. landbrh. og hæstv. dómsmrh., eru á þennan veg:

1. Var þér kunnugt um að Gunnar Thoroddsen hefði gert leynisamkomulag við forustumenn stjórnarflokkanna þegar þú tókst sæti í ríkisstj. hans?

2. Ef svarið við spurningunni er nei er spurt: a) Hefur þú síðar komist að vitneskju um að slíkt samkomulag hafi verið gert? b) Ef þú veist um efni slíks samkomulags, viltu þá hér og nú greina frá því? c) Ef svo er ekki, viltu þá hér og nú krefjast þess af forsrh. og formönnum stjórnarflokkanna að þeir upplýsi, hvort slíkt samkomulag hafi verið gert, og greini frá efni þess?

Þetta eru þær spurningar sem ég ber fram við þessa tvo hæstv. ráðh. Ég treysti því að þeir svari þeim og svari þeim lið fyrir lið og án allra vífilengja og ekki með neinum véfréttarbrag á borð við málflutning hæstv. forsrh. og ég verð raunar að segja líka formanna stjórnarflokkanna. Ég átti að vísu ekki von á að formaður Alþb. mundi svara einu eða neinu, en ég segi það eins og er, að ég hef orðið fyrir geysilega miklum vonbrigðum með að hæstv. sjútvrh., formaður Framsfl., skyldi hér engu svara, heldur aðeins vitna til véfréttar Gunnars Thoroddsens, hæstv. forsrh. Ég hefði mjög gjarnan viljað geta borið þessa spurningu fram við hann sem formann Framsfl., en ekki þurft að grípa til þess að bera þær fram við aðra menn í hans flokki. Það er ekki vegna þess að ég sé að reyna að lítilsvirða hann. Hann hefur sjálfur dæmt sig úr leik. Og þó, hann gæti komið hér upp strax á eftir mér og skýrt satt og rétt frá málinu. Hann á enn þá tækifæri til þess að lenda ekki í Watergate-máli, en ég sé ekki betur en allt þetta mál lykti af Watergate. En ef þessi samningur er fyrir hendi hygg ég þó, að það verði hvorki hægt þar að skera eða brenna, eins og í Hvíta húsinu, því að ég er sannfærður um að ef þessi samningur hefur verið undirskrifaður af hæstv. forsrh. og formanni Framsfl. og Alþb. muni þeir Alþb.-menn geyma sitt eintak til að sýna þegar upp úr stjórnarsamstarfi slitnar og til að geta sannað að þessi samningur hafi verið gerður.

Ég get ekkert sannað í þessu efni. En ég tek undir með

síðasta ræðumanni, að það fer varla hjá því að samningurinn sé fyrir hendi. A. m. k. skyldi maður ætla að það fari ekki hjá því, að samningurinn sé fyrir hendi, eftir öllum þeim upplýsingum sem fram hafa komið. A. m. k. held ég að það sé alveg ljóst, að gert hefur verið samkomulag um að þingrofsvaldið væri ekki hjá forsrh. Það er altítt að gera það í samsteypustjórnum. En það fæst ekki einu sinni svar við því, hvort það samkomulag hafi verið gert, né heldur hinu, að samkomulag þurfi að vera um allar meiri háttar ákvarðanir í ríkisstj., sem auðvitað er fyrst og fremst hugsað til þess að veita kommúnistum neitunarvald í öryggismálum landsins.

Spurningarnar, sem ég ber fram við sjálfstæðismenn, þessa tvo hæstv. ráðh. sem ég þegar hef spurt og hv. þm. Eggert Haukdal, eru auðvitað ekki síst bornar fram vegna þess að hver einasti kjósandi þessara manna — eða svo til hver einasti — kaus þá í því trausti að þeir stæðu á verðinum í öryggis- og varnarmálum. Svo augljós er stefna Sjálfstfl. í því máli og raunar Alþfl. líka, eins og ég gat um áðan, þ. e. þeirra tveggja flokka. Það er þess vegna alveg ljóst að þeir hljóta að eiga heimtingu á því að fá að gera hreint fyrir sínum dyrum hvað öryggis- og varnarmál snertir. Um hitt má alltaf deila, hvort stefnur séu svo skýrar í efnahagsmálum, þar sem samsteypustjórnir eru, að sjálfstæðismenn hafi ekki undir neinum kringumstæðum, neinir þeirra, kosið þessa menn til að reka efnahagsmálastefnu, sem ég tel að vísu sósíalíska og vonlausa stefnu í einu og öllu, en það má alltaf um það deila. Um hitt verður alls ekki deilt, að hver einasti kjósandi þessara manna á heimtingu á að þeir svari því, hvort öryggis- eða varnarmálunum sé að einhverju leyti stefnt í hættu þannig að kommúnistar hafi þar neitunar- eða úrslitavald. Um það snýst þetta mál. Þetta er ósköp einfalt. Það snýst fyrst og fremst um þetta. Ef þessi leynisamningur er fyrir hendi er þetta ákvæði inn í hann sett til að tryggja kommúnistum í fyrsta skipti í sögunni úrslitavald í öryggis- og varnarmálum. Það hefur engin vinstri stjórn veitt kommúnistum áður. Það er þá í fyrsta skipti. Þá lýðræðissinna, sem á því bera ábyrgð, á að draga til ábyrgðar, en það á líka að koma í veg fyrir að aðrir saklausir liggi undir sökum af því að það fæst ekki skýrt frá því, hvort samningurinn hafi verið gerður, og ef hann hefur verið gerður, á hverra ábyrgð hann hafi verið gerður, hverjir viti um hann og hafi vitað um hann. Um þetta snýst málið.

Þá er ég sem sagt kominn að því að spyrja þessa hv. fimm þm., sem ég áðan nefndi, og spurningarnar eru auðvitað mjög svipaðar, en þó eðli málsins samkv. aðeins annað orðalag. Þess vegna ætla ég að lesa þær upp eins og ég hef sett þær á blað og mun afhenda þeim hér á eftir. Þessum spurningum er sem sagt beint til hv. þm. Eggerts Haukdals, Davíðs Aðalsteinssonar, Stefáns Guðmundssonar, Halldórs Ásgrímssonar og hæstv. forseta, Jóns Helgasonar, og ég efast ekki um, að þessir menn muni svara, og ég þykist vita, að þeir muni svara greitt, að einnig þm. Framsfl., og þá auðvitað ekki síst forseti, vilji gæta virðingar Alþingis og réttar þess til að fá að vita um afdrifaríkar ákvarðanir æðstu stjórnvald og samninga sem gerðir eru.

Það er þingræðisstjórn við völd á Íslandi. Þingið á heimtingu á að fá að vita allt sem máli skiptir í herbúðunum. Það er þingræðið. Þess vegna er auðvitað alveg ljóst að hæstv. forseti mun svara þessum spurningum greiðlega og ekki færast undan að hjálpa til við að fá allan sannleikann leiddan fram í dagsljósið. (**ÓRG:** Hvað segja hinir þm. Framsfl.?) Ég valdi þessa menn vegna þess að ég treysti þeim, tel þá mjög heiðarlega og góða menn. Það eru fleiri heiðarlegir og góðir menn í Framsfl. Ég spyr engan Alþb.-mann, af því að ég vænti ekki neins svars frá þeim sem bitastætt er í. Þeir munu allir vitna til véfréttar Gunnars Thoroddsens. Þess vegna spyr ég ekki hv. þm. Ólaf Ragnar Grímsson, því mig varðar ekkert um hvað hann segir í þessu máli. Það er ósköp einfalt. (**ÓRG:** Ég spurði um hina þm. Framsfl.) Hvers vegna ekki þeir allir? (**ÓRG:** Já.) Ef þessir fjórir svara ekki mun verða reynt að spyrja aðra, en ég veit að einhver þessara fjögurra og þeir væntanlega allir munu svara greitt og satt. (**StJ:** Nú verður þm. fyrir vonbrigðum.) Og þá er spurt:

1. Var þér kunnugt um að Gunnar Thoroddsen hefði gert leynisamning við forustumenn stjórnarflokkanna þegar þú ákvaðst að styðja ríkisstj. hans?

2. Ef svar við spurningunni er nei, er spurt:

a) Hefur þú síðar komist að vitneskju um að slíkt samkomulag hafi verið gert?

b) Ef þú veist um efni slíks samkomulags, viltu þá hér og nú greina frá því?

c) Ef svo er ekki, viltu þá hér og nú krefjast þess af forsrh. og formönnum stjórnarflokkanna að þeir upplýsi, hvort slíkt samkomulag hafi verið gert, og greini frá efni þess?

Ósk mín er sú, að hverjum lið þessara spurninga sé svarað afdráttarlaust. Ég fer ekki fram á neitt meira en það á þessu stigi málsins.

Það er ljóst, eins og ég raunar vék að áðan, að virðingar sinnar vegna getur Alþingi ekki látið þetta mál niður falla. Það verður að halda þessum umr. gangandi — kannske með einhverju svefnhléi ef í það fer — þangað til svörin fást. Það verður að draga sannleikann fram í þessu máli. Hann verður dreginn fram í þessu máli alveg eins og í Watergate-málinu. Hver sem hann er skal hann koma fram. (**ÓRG:** Var þm. sammála grein Styrmis Gunnarssonar um sögulegar sættir?) Kemur það þessu máli við? (**ÓRG:** Já.) Ég býst við að hv. þm. eigi við það, hvort það hefði verið hugsanlegt að Sjálfstfl. gengi til samstarfs við kommúnista um ríkisstjórnarmyndun. Ég las þessa grein Styrmis, ef það er það sem hann á við. Ég get upplýst að í þingflokki Sjálfstfl. var sá möguleiki ræddur meðal margra annarra að ganga til samstarfs við kommúnista, annaðhvort kommúnista eina eða með kommúnistum og Alþfl. Hins vegar datt engum lifandi manni í hug að Sjálfstfl. gæti nokkurn tíma gengið til samstarfs við Alþb. og Framsfl. og þá eina. Það yrði þá að vera í þjóðstjórn. Sjálfstfl. yrði í algerum minni hl. í slíkri stjórn. Það datt engum þessi möguleiki í hug í öllum þeim umræðum sem fram fóru um stjórnarmyndun. Hitt datt okkur í hug, að starfa með Alþfl. einum, að starfa með Framsfl. einum, að starfa með Alþfl. og Framsfl., að starfa með kommúnistum einum, að starfa með kommúnistum og Alþfl., við buðumst til að mynda minnihlutastjórn og utanþingsstjórn var í burðarliðnum. Þarna voru átta möguleikar sem voru hagstæðari fyrir Sjálfstfl. og íslensku þjóðina en uppákoman sem síðan varð: stjórnarmyndun hæstv. forsrh. Gunnars Thoroddsens. (**ÓRG:** En hvað um möguleika Alþb., Framsfl. og Sjálfstfl.?) Ég var að segja að það datt engum í hug. Það var svo fjarstæðukennt að við gerðum það. En þegar við létum okkur detta í hug að mynda stjórn með kommúnistum

einum t. d. eða kommúnistum og Alþfl. höfðum við auðvitað gengið frá því, eins og lög gera ráð fyrir, að kommúnistar kæmu hvergi nálægt öryggis- og varnarmálum. Það hefði beinlínis verið tekið fram. Það hefði þá verið gert með leynisamningi ef það hefði ekki mátt birta það. Það var allt í lagi að gera leynisamning þannig, og auðvitað hefðu þeir skýrt frá honum ef þess hefði verið krafist. En það er augljóst að Sjálfstfl. gat ekki farið í stjórn með báðum höfuðandstæðingum sínum, nema þá það væri þjóðstjórn. Það datt engum lifandi manni í hug, fyrr en hæstv. núv. forsrh. datt það í hug þegar aðrir höfðu hryggbrotið hann. Þetta var hans einasta von til að geta orðið forsrh. Það er staðreynd málsins. Það vita allir sem vilja vita.

En ég ætla sem sagt ekki á þessu stigi að tefja þessar umr. Þessar spurningar liggja skýrar fyrir. Ég mun nú útbýta þeim hér. Ég hef ljósrit af þeim og vil láta þessa heiðursmenn, sem ég hef hér spurt, hafa þær fyrir sér. Ég veit að þingheimur allur hefur áhuga á að fá þessi svör og bíður spenntur eftir þeim.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég sakna þess mjög að hafa ekki verið viðstaddur í dag þegar hæstv. forsrh. fékk málið. En mér kom það satt að segja svo á óvart, að hann ætlaði sér að svara spurningum, að ég átti ekki von á því. Annars, eftir þeim spurnum sem ég hef haft af ummælum hæstv. forseta hér á fundi áður, skilst mér að hann hafi verið reiðubúinn að svara fsp. er ég bar fram með þinglegum hætti fyrir allnokkru. Á fyrirspurnatímum Alþingis síðan hef ég m. a. verið veikur eða veðurtepptur norður í landi, en alla aðra þriðjudaga hef ég verið hér mættur. Ég man ekki hvort ég hef verið fjarverandi tvisvar eða þrisvar, en alla aðra þriðjudaga hef ég verið hér mættur og mér hefur ekki verið gefinn kostur á að bera fsp. mína fram. Á hinn bóginn stóð svo á í dag, að það varð misskilningur á milli mín og forseta þar sem hann sagði mér að ég mundi ekki komast að í dag og átti þá við þennan síðari fund þar sem fyrir liggur þáltill. sem ég átti að mæla fyrir. Tók ég það sem svo, að mér gæfist hvorki kostur á að mæla fyrir fsp. né þáltill.

Þarna var sem sagt um misskilning að ræða.

Um hitt var hæstv. forsrh. fullvel kunnugt, að ég kvaddi mér hljóðs í þessari umr., sem nú fer fram, vegna þess að hann svaraði ekki fsp. sem til hans var beint á fundi þingsins um hvort einhver leynisamningur hefði verið gerður á bak við hæstv. utanrrh. þess efnis, að Alþb. hefði neitunarvald varðandi framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli. Og þetta er auðvitað kjarni málsins. Það skiptir miklu meira máli, hvort þvílíkur leynisamningur hafi verið gerður, en þótt smávegis misskilningur hafi orðið milli mín og hæstv. forseta. Og úr því að hæstv. forsrh. var nú á svarskónum í dag hefði hann átt að manna sig upp og reyna að svara einhverju um þetta atriði.

Nú má auðvitað segja að það skipti ekki máli, ríkisstjórnir geti haft svo og svo marga leynisamninga. — Ég tók eftir því, að hæstv. landbrh. kvaddi sér hljóðs áðan, væntanlega til að svara þessu atriði, hvort honum sé kunnugt um leynisamninginn. — Það má auðvitað segja að aðra varði ekki um þvílíka samninga. Og þó, ef marka má yfirlýsingar utanrrh. í blöðum hvað eftir annað hefur komið fram að hann þykist einfær um að fara með embætti utanrrh., og ef marka má röggsemi hans oft og tíðum áður, þegar honum hefur fundist yfir sig gengið, má ætla einnig í þetta skipti að hann muni reiðubúinn að gefa skýrleg svör, og ég veit að hann mun gera það.

Ég vil svo ítreka þær fsp., sem hv. 5. landsk. þm. bar hér fram, og harma að ég skyldi hafa verið fjarverandi þessa stuttu stund sem hæstv. forsrh. var reiðubúinn að svara beinum spurningum.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Þessi umr. mun vera framhald af utandagskrárumr. sem hófust hér fyrir alllöngu um meðferð utanríkismála í ríkisstj. og það sem kallað hefur verið hugsanlegir leynisamningar um þau mál. Ég tel rétt að vekja athygli á því, að í málefnasamningi núv. ríkisstj. segir:

„Áætlanir um flugstöð á Keflavíkurflugvelli verði endurskoðaðar og ekki ráðist í framkvæmdir við hana nema með samkomulagi allrar ríkisstj."

Þetta liggur fyrir í málefnasamningi og þetta er öllum hv. þm. ljóst.

Varðandi fsp., sem hér hafa verið fram bornar, vil ég segja það, að engar aðrar sérreglur um framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli eða aðra þætti utanríkismála voru samþykktar við myndun ríkisstj., hvorki munnlegar né skriflegar. Það hefur ekki heldur verið gert síðan. Getsakir um einhvern leynisamning eru því úr lausu lofti gripnar. Það er því ekkert óeðlilegt þó að hv. 5. landsk. þm. kæmist svo að orði, að hann ætti ekki von á því, að hann gæti sannað að um slíkt væri að ræða.

Utanrrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þessum spurningum um verkefnaskiptingu milli ráðh. og hvort bókanir kunni að hafa verið gerðar við stjórnarmyndun var og er réttilega beint til forsrh. Hann hefur nú svarað þeirri fsp., en mér skilst að sumir þm. kvarti yfir því, að þeir hafi ekki skilið svar hans. Ég vænti að eftir að hæstv. landbrh. hefur talað hér hafi verið svarað þessu á þá lund að allflestir — svo að ég segi nú ekki meira — hv. þm. hafi skilið.

Það er sagt að þessar spurningar hafi verið sérstaklega varðandi varnarmál og öryggismál. Ég hef áður lýst því, hvað ég tel þar um gilda. Mér er ljúft að gera grein fyrir því hér, án þess að ég ætli nokkuð að fara að ganga inn á verksvið forsrh. og svara fyrir hann, og ég segi þetta: Það er ekki fyrir hendi neitt sérstakt samkomulag um varnarliðsmál er þrengi valdsvið utanrrh. í þeim efnum. — Ég skal gjarnan endurtaka þetta: Það er ekki fyrir hendi neitt sérstakt samkomulag um varnarliðsmál er þrengi valdsvið utanrrh. í þeim málefnum.

Ríkisstj. er ekki fjölskipað stjórnvald nema í undantekningartilfellum. Ákvarðanir þar byggjast því sjaldnast á atkvgr. Hitt er annað mál, að á ríkisstjórnarfundum er auðvitað mjög oft fjallað um þau málefni sem óumdeilanlega eru í verkahring tiltekins ráðh. Slíkt á auðvitað fyrst og fremst við þegar um er að ræða lagafrumvörp sem nauðsynlegt er að kanna og tryggja að þingfylgi sé fyrir, en auk þess getur það átt við um önnur þingmál og getur þá oft verið æskilegt til þess að skapa pólitíska samstöðu og samstöðu og samábyrgð ríkisstj. Leiki vafi á því, undir hvaða ráðh. málefni heyri, sker forsrh. úr. Og auðvitað sker forsrh. úr ef hér verður einhver vafi, og ekki ætla ég mér að fara að deila við dómarann. Hitt er náttúrlega annað mál, að ég áskil mér allan rétt í því sambandi, hvort ég vil þá skipa sæti utanrrh.

Þau ár, sem ég hef verið ráðh, er það alger undantekning að fjallað hafi verið á ríkisstjórnarfundum um varn-

arliðsmál og varnarliðsframkvæmdir. Í stjórnarskránni er reyndar ákvæði um ráðherrafundi og það ákvæði er endurtekið í lögunum um Stjórnarráð Íslands. Samkv. þeim ákvæðum á að fjalla um nýmæli í lögum og mikilvæg stjórnarmálefni á ráðherrafundum. Það er að sjálfsögðu teygjanlegt hvað séu mikilvæg stjórnarmálefni. En hvað sem skýringu á því líður vísa ég til þeirrar venju sem fylgt hefur verið um afgreiðslu varnarliðsmála svo lengi sem mér er kunnugt um og ég lýsti áður. Auðvitað breyta þessi ákvæði stjórnarskrár og stjórnarráðslaga engu um það, hjá hverjum ráðh. ákvörðunarvaldið sé.

Ég tel mig mjög hafa kappkostað að hafa sem best samstarf við utanrmn. Það á líka við um varnarliðsmál eftir því sem unnt er. Ég vek athygli á að samstarf utanrrh. við þn. er með öðrum hætti og nánara en annarra ráðh. við þn., þar sem hann mætir alltaf á fundum utanrmn., gefur þar skýrslu og svarar fyrirspurnum.

Ég vona að ég hafi með þessum orðum svarað skýrt þeirri fsp. sem hv. þm. Halldór Blöndal beindi til mín.

Davíð Aðalsteinsson: Herra forseti. Ég vil fyrst lýsa því yfir, að mér finnast þetta öðrum þræði allsérkennilegar umr. Hins vegar ætti ég kannske að byrja á því að þakka það traust sem hv. þm. Eyjólfur Konráð sýnir okkur sumum hverjum óbreyttum þm. Hins vegar er það oft og tíðum hæpið að draga menn í dilka á opinberum vettvangi. Það er ekki víst að það sé alltaf heppilegt.

Hæstv. utanrrh. hefur nú skýrt frá ýmsum atriðum þessa máls og að mínum dómi er það raunar að bera í bakkafullan lækinn að bæta þar við. Ég tel mér þó skylt að greina frá viðhorfum mínum til þessa máls.

Ég hef aldrei vitað til þess, eftir að núverandi stjórnarsamstarf kom til sögunnar, að um væri að ræða nokkuð það sem mætti kalla leynisamning um eitt eða neitt, — a. m. k. ekki að því leytinu að okkur stafaði einhver hætta af slíkum samningum. Það liggur alveg ljóst fyrir, enda getum við ekki reiknað með því, að núv. hæstv. ráðh. okkar séu slík börn að gera samninga á bak okkur hinum almennu þm. Við vitum það allir að við erum bundnir sannfæringu okkar einni saman og engu öðru. Því væri ekkert um það að ræða að koma í bakið á okkur.

Ég vil jafnframt segja það, að ef til hefði komið vitneskja um einhverja leynisamninga er alveg ljóst, a. m. k. að því er varðar mig, að ég hefði ekki látið undir höfuð leggjast að bregðast við því með réttum hætti. En ég enda þessa tölu á þann veg, að ég veit ekki til þess að um sé að ræða neitt leynimakk eða neina leynisamninga að því er varðar þetta stjórnarsamstarf. Stjórnarsáttmálinn er okkur öllum kunnur. Hann er opinbert plagg. Hann getum við lesið. Það kann að vera að ýmislegt þar megi túlka á fleiri en einn veg, en um pólitíska kúgun verður ekki að ræða vegna leynisamninga sem ekki eru til.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég leyfi mér að þakka hæstv. utanrrh. fyrir mjög afdráttarlausa afstöðu sem hann tók í ræðustól áðan. Hans skoðun á þessum málum er alveg ljós. Hæstv. utanrrh. mun ekki una því, að starfssvið hans eða valdsvið, sem hann hefur, verði skert með einum eða öðrum hætti, þó svo þess verði krafist og þó svo að látið verði í veðri vaka að eitthvert samkomulag hafi verið gert um það. Um þetta var hæstv. utanrrh. alveg afdráttarlaus. Hann mun ekki una slíku og hann gaf það til kynna úr ræðustól áðan. Sé ætlast til þess af honum mun hann endurskoða þá ákvörðun sína að sitja sem utanrrh. í hæstv. ríkisstj.

En ég vek athygli á öðru í máli bæði hæstv. utanrrh. og hæstv. landbrh., að þeir tóku fram að ekkert sérstakt samkomulag hefði verið gert utan við stjórnarsáttmálann, sem næði til meðferðar utanríkismála eða varnarmála, og engar sérstakar reglur hefðu verið settar um þann þátt málsins. Ég vek líka athygli hv. alþm. á því, að hæstv. sjútvrh., formaður Framsfl., hefur setið undir þessum umr. eins og dæmdur maður.

Ég ætla að skýra frá því svona til gamans, að þegar þessi mál voru rædd hér síðast voru þeir hæstv. fjmrh. og hæstv. sjútvrh., sem sitja hlið við hlið við þetta borð hér, að varpa á milli sín dálítið einkennilegu litlu blaði með undirskriftum þriggja manna. Ég var einn af þeim þm. sem tóku eftir þessum blaðaskiptum hæstv. ráðh., þegar hæstv. fjrmh. vakti athygli hæstv. sjútvrh. á þessu litla blaði með undirskrift þriggja tiltekinna aðila. Í beinu framhaldi af því og eftir yfirlýsingar hæstv. utanrrh. leyfi ég mér að spyrja formann Alþb. og þá Alþb.-menn að því, hvort rétt geti verið að gert hafi verið eitthvert samkomulag milli formanna stjórnarflokkanna tveggja og hæstv. forsrh., sem undirritað hafi verið, um að ekki yrði afgreidd mál úr ríkisstj. sem einn aðili samstarfsins mundi setja sig afdráttarlaust á móti. Ég á ekki við að sérstök regla hafi verið sett um varnar- eða utanríkismál, heldur sú almenn regla, að ekki yrðu afgreidd mál hjá ríkisstj. sem einn af aðilum stjórnarinnar setti sig alfarið á móti. Þessari spurningu beini ég til t. d. hæstv. félmrh., formanns Alþb., eða hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar, formanns þingflokks Alþb., í tilefni af þeim bréfaskiptum sem ég varð áhorfandi að fyrir nokkrum dögum.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Það er orðið æðilangt síðan þessar umr. hófust hér á hv. Alþingi og e. t. v. muna því ekki allir glögglega þau orð sem féllu þegar hæstv. forsrh. svaraði þeirri fsp. sem fyrir hann var lögð. Reyndar eru hér sumir nú sem ekki voru viðstaddir þann fund. En ég held að okkur öllum sem þá vorum hér inni, sé mjög minnistætt hvernig þessari fsp. var svarað. Hæstv. forsrh. kom hér upp og svaraði ekki þeirri fsp., hvort gerður hefði verið leynisamningur milli forustumanna stjórnarflokkanna eða einstakra ráðh. um varnarmál eða önnur mál.

Það var ekki svo, að við hv. þm. skildum ekki hæstv. forsrh., eins og hæstv. utanrrh. gefur til kynna. Ég held að við, allir þm. sem í þessum sal vorum, höfum fyllilega skilið hæstv. forsrh. Hann neitaði því ekki að slíkur samningur væri til. Hann játaði því reyndar ekki heldur. En það vakti líka athygli, að tveir hæstv. ráðh. komu nánast eins og sprellikarlar hér upp í stólinn, lásu greinilega fyrir fram samda yfirlýsingu, sem þó var ekki nema örfáar línur, þess efnis, að þeir hefðu ekkert um þetta mál að segja annað en það sem hæstv. forsrh. hefði sagt. Allir þeir, sem á þetta hlýddu, gátu ekki dregið aðra ályktun af þessum svörum en þá, að slíkur samningur væri til.

Hæstv. utanrrh. og hæstv. landbrh. hafa komið hér báðir upp og með nokkuð sérstöku orðalagi neitað því, að slíkir samningar væru til. Hæstv. utanrrh. segir að ekki sé fyrir hendi neitt sérstakt samkomulag um varnarliðs mál sem þrengi valdsvið utanrrh. í þeim málum. Hann bætir því við, að ríkisstj. sé ekki fjölskipað stjórnvald og hann hafi því valdið í þessu efni sem utanrrh. — og ég

segi: sem betur fer. Ég átti satt að segja ekki von á að sá dagur kæmi að maður liti sérstöku vonarauga til hæstv. utanrrh. Ólafs Jóhannessonar, en ég geri það í þessu máli. Ég fagna því, að hæstv. utanrrh. virðist vera eini ráðh. í þessari ríkisstj. sem einhverja tilburði hefur uppi til þess að standa gegn Alþb. — a. m. k. í utanríkismálum og jafnvel í fleiri málum. Aðrir hæstv. ráðh. sýna litla eða enga tilburði í þá átt.

Ég minnist í þessu sambandi orða sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, formaður þingflokks Alþb., viðhafði rétt um það bil sem verið var að mynda þessa ríkisstj. — sennilega nokkru eftir — og frá því var skýrt í Þjóðvilj anum. Hann var að skýra fyrir sínu fólki í Alþb. þessa ríkisstj., tilurð hennar og tilgang. Hann viðhafði þau orð, að þessi ríkisstj. væri sérstaklega fýsileg vegna þess að þeir ráðh. úr Sjálfstfl., sem tæku sæti í henni, yrðu sem bandingjar innan ríkisstj. (**ÓRG:** Þetta hef ég aldrei sagt.) Þetta sagði Þjóðviljinn eftir Ólafi Ragnari Grímssyni. Ef þetta er ekki satt skal hann snúa sér til ritstjóra Þjóðviljans. (**ÓRG:** Ég skora á þm. að finna þessi um mæli í Þjóðviljanum.) En mér finnst að þarna hafi hv. þm. — aldrei þessu vant — ratast satt orð á munn. (**ÓRG:** Enda sagði ég þetta ekki.) Það kann vel að vera að menn telji það sé hafandi í flimtingum, og ég tek undir það, að þá sjaldan sagt er að hv. þm. segi satt komi í ljós að hans eigin mati að hann hafi ekki sagt það.

Fyrir mér er þetta ekki — og ég býst ekki við að svo sé fyrir mörgum þm. hér inni — neitt sérstakt gamanmál sem við erum hér að ræða um. Málið snýst um hvort það sé satt að einhverjir ráðh. úr ríkisstj., t. d. forustumenn þeirra flokka sem hér um ræðir, hafi gert með sér sérstakt leynisamkomulag sem eigi að tryggja Alþb., sem hefur ekki að baki sér nema 20% kjósenda, sérstakt neitun arvald í ákveðnum málum. Hæstv. utanrrh. og hæstv. landbrh. hafa neitað þessu. En það er alveg ljóst, að það er einhver sem segir ekki satt í þessu máli. Ég skal ekki leiða neinum getum að því hér hver það er.

Ég vitna í Þjóðviljann aftur og það er haft eftir hæstv. félmrh. 13. febr., þegar verið er að ræða um framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli. Þar segir hann, og vitnar í það ákvæði stjórnarsáttmálans sem ýmsir hafa vitnað hér í, að það sé skýlaust ákvæði í stjórnarsáttmálanum um framkvæmdir við flugstöðvarbygginguna. En síðan segir hæstv. ráðh.:

„Jafnframt skal lögð á það áhersla, að milli núverandi stjórnaraðila eru auk þess til reglur um vinnubrögð stjórnarinnar almennt sem allir verða að taka tillit til og snerta öll meiri háttar mál.

Í núverandi stjórnarsáttmála er flugstöðin nefnd ein framkvæmda vegna þess að þá var hún eina framkvæmdin sem á döfinni var í tengslum við herstöðina. Þess vegna var sú framkvæmd nefnd sérstaklega og í því ákvæði felst að hið sama hlýtur að gilda um aðrar meiri háttar framkvæmdir við herstöðina."

Ég vek sérstaka athygli á þessu orðalagi, að hann talar um að það séu til reglur um vinnubrögð stjórnarinnar í þessu efni. Hvað eru reglur í hugum þeirra sem íslenskt mál tala og skilja? Reglur eru ákveðið form á samkomulagi eða ákvörðunum um hvernig haga beri sér undir tilteknum kringumstæðum. Það er þess vegna alveg ljóst að allur sannleikur þessa máls er ekki enn kominn fram. Hæstv. félmrh. segir annað en hæstv. utanrrh. og hæstv. landbrh. hafa sagt á þessum fundi.

Nú kann svo að vera, eins og látið hefur verið að liggja á þessum fundi af öðrum ræðumönnum, að þessar reglur eða samningur, hvaða orði sem við viljum kalla það, hafi ekki verið gerðar af öllum hæstv. ráðh. ríkisstj. og því síður af stuðningsmönnum hennar. Það kann vel að vera að þessar reglur eða samningur hafi einungis verið gerður af þremur hæstv. ráðh., þ. e. formönnum flokkanna, Alþb. og Framsfl., og hæstv. forsrh. (**SighB:** Lúðvík Jósepsson var formaður Alþb.) Ja, ég á við núverandi formann eða þá einhvern annan ráðh. Alþb. sem hefði verið meir í forsvari fyrir Alþb. þegar stjórnin var mynduð. — Úr þessu er ekki hægt að fá skorið nema með einu móti á þessum fundi, að hæstv. sjútvrh. form. Framsfl., komi í þennan ræðustól og lýsi því ótvírætt yfir, þannig að skiljist, að enginn slíkur samningur hafi verið gerður. Hann er eini hæstv. ráðh. hér inni nú sem getur staðið upp og lýst því yfir þannig að óyggjandi sé. Við þingmenn hljótum að gera þá kröfu til hæstv. ráðh. að hann komi hér upp og gefi skýlausar yfirlýsingar um þetta. Það gerði hann ekki þegar hann stóð í þessum ræðustól við fyrri hluta þessara umræðu.

Jón Helgason: Herra forseti. Það var beint spurningum til mín áðan og ég skal reyna að svara þeim. Að vísu er mér ekki alveg ljóst um hvað þarna er verið að spyrja, og ég mun ekki geta gefið skýrari svör en t. d. hæstv. utnarrh. gaf. Ég vil að mestu leyti vísa í hans svar. (**EKJ:** Fyrirgefðu. Hann talaði eingöngu um utanríkismál. Ég spurði um hvort leynisamningurinn héti eitthvað.) Ég hef engan leynisamning í höndum og get þess vegna ekki skýrt frá innihaldi slíks. Ég hef ekkert slíkt sem ég get sagt frá. Mér skilst á þeim ummælum, sem hér hafa farið hjá fyrirspyrjendum og ræðumönnum, að um það sé að ræða að Alþb. hafi verið tryggt neitunarvald á málum í ríkisstj. Ég skil satt að segja ekki almennilega hvernig þetta er hugsað, því að ég held að það sé öllum ljóst, að þessi ríkisstj. styðst ekki við mikinn meiri hl. á Alþingi. Hún má ekki missa stuðning margra þingmanna, hvað þá ráðh. Ef það er eitthvert mál, sem er borið upp í ríkisstj., sem einhver ráðh. vill alls ekki sætta sig við, þá er augljóst að hann hefur stöðvunarvald. Það hafa allir ráðh. möguleika á að segja af sér og hætta að styðja ríkisstj., hvort sem eitthvað væri skrifað á blað um það eða ekki, þannig að vitanlega er það neitunarvald sem menn hafa þannig. Menn geta stöðvað framgang mála. (**EKJ:** Spurningin er: Er eitthvert samkomulag? Er eitthvað á blaði?) Ég veit það ekki. Ég hef það ekki í höndunum. Ef ég færi að fullyrða eitthvað um það væri það eitthvað sem ég byggi til.

En sem sagt: Þó eitthvað væri á blaði sé ég ekki annað en að það væri það sama og það stöðvunarvald sem er hjá ráðh. hvort sem er eins og hæstv. utanrrh. gaf í skyn áðan. Ef menn sætta sig ekki við eitthvað í ríkisstj., sem styðst við svona lítinn þingmeirihluta, hefur hver ráðh. vitanlega stöðvunarvald.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég verð að segja eins og er, að mér þykja þessar umr. orðnar hinar furðulegustu. Fyrir nokkrum vikum var spurt spurningar og henni beint til forsrh., félmrh. og mín. Hún fjallaði þá fyrst og fremst um hvort leynisamningur væri til sem takmarkaði ákvarðanavald utanrrh. í varnarmálum. Því var svarað. Það gerði hæstv. forsrh. Ég hafði engu við það svar að bæta. Svarið var rétt. Þetta hefur verið staðfest hér af utanrrh. og af landbrh. Báðir

þessir ráðh. hafa sagt nákvæmlega rétt frá þessum málum. Nú er verið að reyna að útvíkka þetta, að því er mér skilst, og mér m. a. borið á brýn að ég hafi gert samkomulag ásamt öðrum formönnum flokkanna sem aðrir í ríkisstj. vita ekki um. Ég vil taka það skýrt fram, að það er ekki til neitt slíkt samkomulag — alls ekkert.

Hér kemur hv. 3. þm. Vestf. upp og upplýsir að sér hafi tekist að kíkja yfir öxlina á fjmrh. og mér og séð eitthvert blað ganga á milli okkar. Þetta eru hinar furðulegustu njósnir. Þetta fer nú að nálgast Watergate, ég verð að viðurkenna það.

Hér var svo spurt að því, hvort við hefðum þrír gert samkomulag sem aðrir vissu ekki um. Það er alrangt. Ekkert slíkt samkomulag er til.

Svo var verið að spyrja að því áðan, hvort ríkisstj. hefði sett sér einhverjar starfsreglur. Vitanlega hefur hún gert það. Hafa ekki allar ríkisstj. gert það? Til dæmis: Er það eitthvert leyndarmál, að samkomulag er um að forsrh. noti ekki þingrofsrétt einn? Er það einhver leynisamningur?

Ég hef setið í tveimur ríkisstjórnum. Í þeirri fyrri voru mál stundum afgreidd með atkvæðum. Ég vil segja fyrir mitt leyti að það tókst ekki vel. Menn voru hlaupandi út um hvippinn og hvappinn til að gera grein fyrir atkvæðum sínum í fjölmiðlum. Ég vil fyrir mitt leyti forðast að mál verði afgreidd þannig í þessari ríkisstj. Er það eitthvað illt, eitthvað sem varðar þjóðarheill?

Ég vísa til þess, sem hæstv. utanrrh. sagði áðan um réttindi og skyldur ráðh. samkvæmt stjórnarskrá. Því er að sjálfsögðu fylgt. Ég vil taka það skýrt fram, að það er ekki til neinn samningur, a. m. k. sem ég veit um, nema einhverjir aðrir hafi gert hann, a. m. k. enginn samningur sem ég hef undirskrifað, um að mér beri að leggja t. d. sjávarútvegsmál yfirleitt fyrir ríkisstj. Hann er ekki til. Ég hef ekki undirskrifað slíkan samning.

Ég vel að sjálfsögðu hvaða mál í sjávarútvegi ég legg fyrir ríkisstj. vegna þess að ég vil hafa samstöðu um mikilvægustu málin. Mér dettur ekki í hug annað en að leita samkomulags í ríkisstj. t. d. um hvernig oddamaður við fiskverðsákvörðun beiti atkvæði sínu — það held ég að fyrri sjútvrh. hafi einnig gert, a. m. k. þeir sem ég þekki til, — eða um almenna stefnu í fiskveiðimálum eða t. d., svo að ég nefni fleira, aflakvóta í þorskveiðum. Þetta met ég sjálfur vegna þess að ég tel grundvallarskilyrði fyrir góðu samstarfi í ríkisstj. að um þessi mál sé samstaða. Þarf þetta að vera einhver leynisamningur?

Ég verð að segja það, að mér finnst þetta orðinn hinn mesti farsi. Vitanlega ákveður utanrrh. sjálfur hvort og þá hvaða mál hann telur nauðsynlegt, ef þau eru einhver, að ræða í ríkisstj. Um það hefur að vísu skapast hefð sem er nokkuð önnur en um aðra ráðh. Varnarmál hafa yfirleitt, að því er mér er tjáð, ekki verið rædd í ríkisstjórnum og ekkert frekar í þessari en annarri ríkisstj. sem ég hef setið í. Um einstaka fagráðherra hefur hins vegar skapast fremur sú hefð, að mikilvæg atriði í ráðuneytum þeirra eru rædd í ríkisstj. Mál þar þurfa fremur en mál utanrrh. að fá atfylgi á Alþingi og því nauðsynlegt að tryggja að allir flokkar, sem að ríkisstj. standa, standi saman um þau. Þetta hefur eflaust ráðið mjög hvernig að þessum málum er unnið.

Nei, í þessari ríkisstj. er fullkomin eining um að leysa mál eins og frekast er unnt með einingu, með samstöðu, en ekki hefja um þau opinberar deilur. Við getum kannske sagt að það sé vegna þess að ríkisstj. hefur ekki þann meiri hluta á þingi að hún hafi efni á slíku. Við getum kannske skýrt það þannig. En ég tek undir það, sem hæstv. utanrrh. sagði, að vitanlega verður hver ráðh. að meta fyrir sig hvort hann fær það fylgi við sín mál að hann geti við það unað.

Svo get ég ekki séð að ég hafi fleira um þetta furðulega mál að segja.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Eins og allir þm. vita er þröngt setinn bekkurinn í þessum litla sal þegar sitja hér 50 þm. og 10 ráðh., og eins og við stöndum hér og sitjum er miklu líklegra, að hæstv. sjútvrh. gæti kíkt yfir öxlina á mér, enda situr hann fyrir aftan mig þar sem ég stend í ræðustól, fremur en ég gæti kíkt yfir öxlina á honum.

Ég varð einfaldlega áhorfandi að því ásamt fleiri hv. þm., þegar þessi mál voru rædd fyrir nokkrum dögum og hvað harðast gengið eftir því, hvort slíkt samkomulag á milli formanna flokka væri til, að þá fór hæstv. fjmrh. í tösku sína og sótti þangað lítið blað með undirskriftum þriggja nafnkenndra manna og sýndi blaðið hv. formanni Framsfl., sem mér fannst nú ekkert bregðast sérstaklega vel við því skjali. Ég spurði bæði hv. formann Alþb. og hæstv. fjmrh. hvort þetta væri hið margumtalaða samkomulag. Þeir hafa hvorugir svarað því neinu, hvorki játandi né neitandi, en báðir glott í kampinn með svipuðum hætti og hæstv. félmrh. gerði rétt í þessu og gerir nú.

Ég ítreka það, að hér hefur verið komið fram og sagt og margoft tekið af hæstv. sjútvrh. og öðrum ráðherrum, að það ríkir samkomulag í ríkisstj. um að hæstv. forsrh. beiti ekki þingrofsvaldi sínu nema allir aðilar ríkisstj. standi að þeirri ákvörðun. Vel má vera að það samkomulag sé skriflegt eða þá munnlegt, um það veit ég ekki.

Ég leyfi mér að ítreka fsp. mína, sem ég bar fram áðan. Ég hef ekki spurt um sérstakt samkomulag um einhverja afmarkaða málaflokka. Ég hef spurt þeirrar einföldu spurningar, hvort samkomulag hafi verið gert milli forsvarsmanna þeirra afla sem standa að núv. ríkisstj., hæstv. forsrh. og formanna tveggja stjórnarflokkanna, Alþb. og Framsfl., um að mál verði ekki látið fram ganga í ríkisstj. ef einn aðili ríkisstj. beitir sér alfarið gegn því. Það er auðvitað alveg ljóst að slíkur málatilbúnaður gæti, eins og mál eru í pottinn búin, ekki verið nema á einu sviði, þ. e. á sviði utanríkismála. Þetta er mjög einföld spurning sem ég ber fram í annað skiptið: Er samkomulag um það eða hefur það verið gert af hálfu forsvarsmanna þeirra afla, sem að ríkisstj. standa, að mál verði ekki látin ganga fram ef einn flokkurinn, sem á aðild að ríkisstj., beitir sér alfarið gegn því? Ef slíkt almennt samkomulag hefur verið gert þýðir það að Alþb. hefur neitunarvald gegn hvaða framkvæmdum sem hæstv. utanrrh. hefði í hyggju að beita sér fyrir í sínu rn. En e. t. v. er þetta deila um keisarans skegg eftir að hæstv. utanrrh. hefur upplýst það sjálfur, að jafnvel þótt slíkt samkomulag kunni að vera til, sem hæstv. ráðh. augsýnilega veit ekki um, muni hann ekki láta það hafa nein áhrif á gerðir sínar í því rn. sem hann veitir forstöðu. Það er auðvitað mergurinn málsins.

Stefán Guðmundsson: Herra forseti. Mér er ljúft að svara hv. fyrirspyrjanda um þetta efni og vona að hann geti sæmilega við þau svör unað.

Við 1. liðnum segi ég nei. Við 2. liðnum segi ég nei. Í

sambandi við b-lið 2. spurningar vil ég segja, að af fyrri svörum er hér engu við að bæta. Og í sambandi við c-liðinn vildi ég mega vonast til þess, að fyrirspyrjandi og ég getum vel unað svörum formanns Framsfl.

Ég get svo sagt það til viðbótar, að ég ber mikið traust til núv. utanrrh. Við vitum það, bæði ég og hv. fyrirspyrjandi, að þar fer drengskaparmaður. Það er m. a. af þeim sökum sem ég treysti því, að öryggismál þjóðarinnar séu í góðum höndum.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. síðasta ræðumanni fyrir drengileg svör og skýr, svo langt sem þau ná, og ég vil raunar líka þakka hæstv. sjútvrh. fyrir allskýr svör. Málið er nú farið að skýrast. Hann sagði að vísu að það væri ekkert leynisamkomulag, ég held að hann hafi notað það orðalag, en bætti svo við, að það væri samkomulag um að forsrh. gæti ekki notað þingrofsvald, — ég held að ég hafi örugglega skilið það rétt — ekki einn. Það er sam sagt orðið samkomulag um þetta, það er þá orðið upplýst hjá formanni Framsfl., og hann bætti við að vitanlega hefur ríkisstj. sett sér starfsreglur. Það er sem sagt komið í ljós, að um tvennt hefur verið launung. Við höfum ekki fengið svar við því áður.

Nú er ljóst að samkomulag er um að forsrh. geti ekki einn notað þingrofsvaldið. Ég leyfi mér að spyrja: Er það samkomulag skriflegt og hverjir hafa undirritað það? Síðan er upplýst að settar hafi verið sérstakar starfsreglur ríkisstj. Ég leyfi mér að spyrja: Eru þær skriflegar og hverjir hafa undirskrifað það? Er þetta eitt og sama plaggið eða eru plöggin tvö?

Þetta eru auðveldar og einfaldar spurningar sem ég vona að hæstv. sjútvrh. skjóti sér ekki undan að svara úr því að hann er byrjaður að segja okkur sannleikann. Hann hefur sagt okkur þann sannleika, að það sé samið um þingrofsvaldið og það sé samið um sérstakar starfsreglur. Þegar hann hefur svarað þessu, hvort sem hann segir nú að þetta sé munnlegt samkomulag eða skriflegt, þá á ég von á að hann upplýsi okkur um hverjar þessar sérstöku starfsreglur séu, og helst að við fáum strax í dag að sjá eða heyra og fáum að vita hvort plaggið er eitt eða tvö. Leynisamningurinn er fyrir hendi. Það er upplýst af hæstv. sjútvrh. Fyrir það er ég honum auðvitað hjartanlega þakklátur og við öll og sjálfsagt þjóðin öll. Nú er bara eftir að fá að sjá plaggið eða plöggin ef þau eru fleiri en eitt. Svona er málið einfalt. Þetta var hægt að gera strax. Það þurfti ekki að bíða í þrjár vikur með það eftir að hæstv. utanrrh. lét að því liggja í viðtali við Tímann að slíkt plagg væri fyrir hendi.

Við skulum svo, þegar við erum búin að fá að sjá plaggið, deila um það — já, og þurfum ekkert að deila um það. Við skulum vona að það sé með þeim hætti að það sé rétt að það taki ekki til utanríkismálanna. En það var þó athyglisvert, eins og hv. þm. Birgir Ísleifur Gunnarsson vakti athygli á, að hæstv. utanrrh. var með hnitmiðað orðalag. Það væri ekki fyrir hendi neitt sérstakt samkomulag um varnarmálin o. s. frv. Ég hygg að þetta muni vera rétt. Ég hygg að plaggið sé eitt og fjalli fyrri liðurinn um þingrofsvaldið og hinn síðari um að engar meiri háttar ákvarðanir séu teknar nema með samþykki allra aðila ríkisstj., þ. e. að þar með hafi Alþb.-mönnum verið fengið stöðvunarvald í varnarmálunum eins og öðrum málum. Þetta hygg ég sé staðreynd og mér sýnist þetta allt saman vera að koma á daginn.

En sem sagt til þess að spara nú tíma, væri það hugsanlegt, hæstv. sjútvrh., að þú greindir nú og hér frá því, hvort þetta væri eitt og sama plaggið og hverjar starfsreglurnar, sem þú upplýstir að hefðu verið settar, væru? Eru þær skriflegar? Eru þær munnlegar? Er hægt að fá að vita hverjar þær séu? Er þetta plagg til? Er leynisamningurinn til eða er hann ekki til? Þetta er ósköp einfalt mál.

Þetta er Watergate-mál. Sannleikurinn kemur í dagsljósið. Ef hann kemur ekki fram nú á næstu mínútum og næstu klukkutímum, þá kemur hann fram í dagsljósið seinna. Það þýðir ekkert að ætla sér að skjóta sér undan því í svona máli, það er alveg ljóst. Sannleikurinn er að koma í ljós og hann verður dreginn út úr mönnum.

Mér þótti heldur vanta á hjá vini mínum, hv. þm. Stefáni Guðmundssyni, að víkja ekki að c-liðnum öðruvísi en hann gerði. En þó gat hann kannske ekki gert það vegna þess að hann hefur sjálfsagt skilið hæstv. sjútvrh. eins og ég, að hann væri búinn að upplýsa að samkomulagið væri fyrir hendi, vantaði aðeins að hann sýndi okkur það, af því að hæstv. ráðh. hafði þá talað. Ég varð hins vegar fyrir miklum vonbrigðum með hv. þm. Davíð Aðalsteinsson, að sneiða alveg hjá þessu, af því að þá hafði ráðh. ekki talað. Hv. þm. — og á sama hátt hæstv. forseti — vék ekkert að því, hvort þeir væru tilbúnir að hjálpa okkur til að fá samningana fram í dagsljósið. C-liðurinn hljóðaði um það. Hvorugur þeirra vék að því einu orði.

Spurningar mínar hljóða einungis um það: Hefur verið samið um eitthvað sem þjóðinni hefur ekki verið sagt frá og þinginu ekki sagt frá? Ég er ekki að spyrja um nokkurn skapaðan hlut annan.

Til er slíkt samkomulag. Ég nota orðið samkomulag. Nú segir hæstv. sjútvrh. að slíkt samkomulag sé til og ekki bara um eitt atriði, heldur tvö, það sé um tvö atriði. Þetta virðist vera eins og að tala við smábörn, en ég endurtek: Hæstv. ráðh. hefur upplýst að það sé til samkomulag um þingrofsvaldið. Hann hefur upplýst að það sé til samkomulag um sérstakar starfsreglur. Þetta liggur á borðinu. Nú er spurningin: Er þetta skriflegt plagg eða er þetta munnlegt? Eru þetta eitt eða tvö plögg? Megum við fá að vita hvað í þessu stendur? Hvert er efni málsins?

Auðvitað er það rétt sem hæstv. utanrrh. sagði, að forsrh. á að skera úr um mismunandi skoðun á því, hvaða rn. fari með þetta málið eða hitt eða þennan þátt mála eða hinn. Auðvitað ætti hæstv. forsrh. að svara, en það er svo margbúið að biðja þann mann að svara slíku að ég held ég sé nú ekkert að beina spurningunni til hans. Ég býst ekki við að hann svari einu eða neinu. En ég á von á að hæstv. sjútvrh. svari nú þessu og ég skal endurtaka það einu sinni enn: Hvernig hljóðar þetta ákvæði um þingrofsvaldið, sem hann segir að sé fyrir hendi, og hvernig eru þessar starfsreglur? Vitanlega hefur stjórnin sett sér starfsreglur. Hvernig hljóða þessar starfsreglur? Er ekki langbest að sýna plaggið?

Eggert Haukdal: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar undarlegu umræður, en það var beint til mín spurningum og ég mun vera sá eini hér í sal sem á ósvarað og því skal ég verða við beiðni hv. þm. Eyjólfs Konráðs og svara.

Fyrsta spurningin: Mér er ekki kunnugt um neitt samkomulag um þetta mál — svarið er því einfaldlega nei — og ég hafði engum heimilað neitt slíkt. Þar af leiðandi

kemur aftur nei og enn nei. Það er ósköp einfalt mál. Um slíkt leyniplagg er ekki að ræða.

Það hefur komið hér fram hjá ýmsum hv. þm. sérstakt traust til ráðh. í þessari ríkisstj. og ég get sagt að maður ber misjafnt traust til ráðh., en að slíkt samkomulag, sem hér hefur verið rætt um, hafi verið gert eða eitthvert leyniplagg gert í ríkisstj. er ekki mér vitanlega, en að sjálfsögðu einhverjar starfsreglur. Þetta eru í raun og veru fáránlegar umræður og mál að linni.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég tel mér skylt að taka hér til máls, vegna þess að ég hóf þessar umr. fyrir nokkrum vikum, og það er ekki úr vegi að ég rifji upp þær fsp. sem voru upphaf þessara umræðna.

Fyrri fsp. var svohljóðandi: Var gert samkomulag, skriflegt eða munnlegt, við myndun núv. ríkisstj. eða síðar um að framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli eða í þágu varnarliðsins yrðu ekki leyfðar nema með samþykki allra aðila er að ríkisstj. standa?

Og 2. fsp.: Eru til reglur, sem ríkisstj. eða ráðherrar hafa sett sér og ekki hafa verið birtar, um að ríkisstj. taki enga ákvörðun í meiri háttar málum nema allir stjórnaraðilar samþykki? — Þannig hljóðuðu þessar tvær fsp.

Á fundinum fyrir nokkrum vikum svaraði hæstv. forsrh. þessum fsp. og hæstv. félmrh. og hæstv. sjútvrh. sömuleiðis, en til þeirra var fsp. beint, þannig að menn voru jafnnær eftir sem áður. Framhald þessara umræðna í dag hefur hins vegar leitt í ljós svar við fyrri fsp., að það var ekki gert samkomulag við myndun núv. ríkisstj. eða síðar um að framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli eða í þágu varnarliðsins yrðu ekki leyfðar nema með samþykki allra aðila er að ríkisstj. standa. Ég skil þannig svar hæstv. utanrrh. og hæstv. landbrh. og raunar það sem hæstv. sjútvrh. sagði. Það svar hefði getað legið fyrir á fundinum fyrir nokkrum vikum og hefði sparað okkur nokkurn tíma í þessum framhaldsumræðum. Ég vil sérstaklega þakka þessum ráðh. þó fyrir að segja svo mikið á þessum fundi.

Hins vegar er ljóst að ekki hefur verið svarað nægilega greinilega annarri fsp., hvort til væru reglur, sem ríkisstj. eða ráðh. hafa sett sér og ekki hafa verið virtar, um að ríkisstj. taki enga ákvörðun í meiri háttar málum nema allir stjórnaraðilar samþykki. Og þó — þessari fsp. hefur í raun verið svarað. Hæstv. sjútvrh. segir að ríkisstj. hafi sett sér reglur, allar ríkisstjórnir setji sér starfsreglur. Ég held að það þurfi nánari skýringa við, hvað átt sé við með þessu.

Hæstv. utanrrh. nefndi það sérstaklega að ríkisstj. væri ekki fjölskipað stjórnvald. Ef þessar reglur eru t. d. á þann veg, sem önnur spurning mín gaf í skyn, að ríkisstj. taki enga ákvörðun í meiri háttar málum nema allir stjórnaraðilar samþykki, þá er auðvitað að þessi samþykkt og þessar starfsreglur taka til utanríkismála sem annarra mála. Ef ég ætti að reyna að greina þarna frekar loðin ummæli og svör ráðh. gæti ég reynt að aðstoða þá við svörin og segja sem svo, að þetta gilti eingöngu um þau mál sem væru borin upp í ríkisstj., en þetta gilti ekki um þau mál sem væru á valdi hvers ráðh. Þá er það ljóst að mínu mati, að utanrrh. hefur fullt vald til að samþykkja hvaða framkvæmdir á vegum varnarliðsins eða í þágu varna og öryggis Íslands sem hann telur rétt að heimila án þess að hafa samráð um það í ríkisstj. eða við aðra ráðh.

Hér kemur mér í hug eitt dæmi sem rætt hefur verið á Alþingi, þ. e. byggíng eldsneytisgeyma fyrir varnarliðið á Keflavíkurflugvelli. Það urðu að vísu nokkur blaðaskrif um það, hvort hér væri um mál að ræða, sem hæstv. utanrrh. réði einn, eða hvort hér væri um mál að ræða, sem ríkisstj. öll þyrfti að fjalla um. Ég minnist þess, að hæstv. utanrrh. kvað upp úr um þetta og sagði að þetta væri mál sem hann hefði einn vald til að ákveða. Ég man eftir því, að hæstv. forsrh. sagði opinberlega í blaðaviðtali að auðvitað væri þetta mál sem ríkisstj. mundi öll fjalla um. Þarna höfum við mál í hnotskurn sem getur í raun og veru skorið úr um hvort slíkar reglur eru til sem ástæða er til að ætla, og tilefni til að ætla að um leynisamning sé að ræða.

Hæstv. forseti sagði í svari sínu að það skipti e. t. v. ekki miklu máli hvort um slíkt samkomulag væri að ræða í þessari ríkisstj. eða ekki, ef ég hef skilið hann rétt, þar sem ríkisstj. styddist við svo nauman meiri hluta á Alþingi að ef einhver ráðherranna eða stjórnaraðilanna sætti sig ekki við afgreiðslu mála í ríkisstj. hefði hún ekki þingmeirihluta. Þetta er e. t. v. satt og rétt út af fyrir sig. En það er mjög mikill munur á því, hvort sá ráðh. eða sá stjórnaraðili, sem ekki sættir sig við framgang mála, þarf að segja af sér og rjúfa stjórnarsamvinnuna til að koma í veg fyrir framgang máls eða hvort hann getur setið áfram í ríkisstj. og samt sem áður náð þeim tilgangi sínum að mál það, sem hann er andvígur, nái ekki fram að ganga. Þingræðisreglunni er í raun og veru snúið við. Það eru þeir, sem vilja fá mál fram, sem verða að sætta sig við að það nái ekki fram. En það eru hinir, sem vilja stöðva mál, sem geta gert það með einu orði í ríkisstj. án þess jafnvel að málið sé borið undir þing. Á þessu er greinilegur munur og þar af leiðandi er það skoðun mín að slíkar starfsreglur, ef til eru, að meiri háttar mál verði ekki afgreidd í ríkisstj. og þá e. t. v. ekki borin upp á Alþingi, séu þess eðlis að brjóti í bága við þingræðisreglur.

Ég vil ítreka það, að hæstv. sjútvrh. hefur í blöðum sagt að það hefði ekki verið gert neitt samkomulag til hliðar við stjórnarsáttmálann um að öll ríkisstj. yrði að standa að þeim málum sem hún ynni að. Hins vegar voru hér fyrr í umræðunum rifjuð upp ummæli Svavars Gestssonar í Þjóðviljanum: „Jafnframt skal lögð á það áhersla, að milli núverandi stjórnaraðila eru auk þess til reglur um vinnubrögð stjórnarinnar almennt sem allir verða að taka tillit til og snerta öll meiri háttar mál.“ Þessar tvær yfirlýsingar fá ekki staðist samhliða.

Það vekur auðvitað mjög mikla athygli í þessum umræðum, að þeim var að ljúka nú rétt áðan án þess að neinn Alþb.-maður kveddi sér hljóðs. Hæstv. félmrh., formaður Alþb., hefur setið þegjandi undir þessum umr. Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, formaður þingflokks Alþb., hefur ekki séð ástæðu til að kveðja sér hljóðs. (**StJ:** Hann hefur kallað fram í.) Hvað skyldi þögn þeirra merkja? Auðvitað átti tilvitnun þeirra í mögulegt leynisamkomulag eða starfsreglur um vinnubrögð stjórnarinnar almennt, sem allir verða að taka tillit til og snerta öll meiri háttar mál, að sannfæra Alþb.-menn um að ráðherrar þeirra hefðu stöðvunarvald t. d. hvað snertir varnarframkvæmdir. Það átti að stinga því snuði upp í svokallaða herstöðvaandstæðinga til að fá þá til að sætta sig við veru Alþb. í ríkisstj. þótt Alþb. hefði runnið af hólmi með stefnu sína í utanríkismálum.

Það er ljóst að meðan fulltrúar Alþb., hæstv. félmrh. og formaður Alþb. og formaður þingflokks Alþb., upplýsa ekki að þessar starfsreglur hafi í för með sér neitun-

arvald Alþb. um varnarframkvæmdir geta þeir auðvitað ekki borið þetta samkomulag eða þessar starfsreglur fyrir sig og á meðan getur hæstv. utanrrh. farið sínu fram og veitt leyfi fyrir þeim framkvæmdum sem hann telur eðlilegar og sjálfsagðar hvað snertir öryggi landsins. Skiptir þá engu máli þótt hæstv. forsrh. segi að ríkisstj. öll þurfi um málin að fjalla nema að því leyti sem til úrskurðar hans kæmi varðandi verksvið og starfsskiptingu ráðherra. Hæstv. utanrrh. hefur gefið yfirlýsingu á þessum fundi um að hann áskilji sér allan rétt og geri þann fyrirvara, að ef sá mögulegi úrskurður hæstv. forsrh. falli honum ekki í geð muni hann að sjálfsögðu taka til endurskoðunar hvort hann kæri sig um að starfa áfram í ríkisstj.

Það hefur þó, þrátt fyrir véfrétt hæstv. forsrh. og hæstv. félmrh. og hæstv. sjútvrh. fyrir nokkrum vikum, áunnist með þessum framhaldsumræðum, að það er upplýst að samkomulag er fyrir hendi. Það hefur verið gert samkomulag í fyrsta lagi um notkun þingrofsréttarins og það hafa sömuleiðis, að því er ég fæ best skilið, verið settar starfsreglur, en ekki hefur fengist upplýst nákvæmlega í hverju þessar starfsreglur eru fólgnar.

Hæstv. sjútvrh. sagði, og ég hélt fyrst að mér hefði misheyrst, að það væri ekki venja að ræða um utanríkismál í ríkisstjórnum. (**Sjútvrh.:** Það var utanrrh. sem sagði það.) Hvað? (**Sjútvrh.:** Hann sagði að það væri ekki venja.) Og er hæstv. sjútvrh. sammála því? (**Sjútvrh.:** Utanrrh. þekkir það miklu betur en ég. Ég endurtók það sem hann sagði.) Ég held að hæstv. sjútvrh. hafi talað um að í þeim tveim ríkisstj., sem hann hefði starfað í, hefði hann komist að þeirri niðurstöðu að almennt væri ekki talað um utanríkismál. Ég tók að vísu ekki eftir ummælum hæstv. utanrrh. (**Utanrrh.:** Varnarliðsmál.) Hæstv. utanrrh. grípur fram í og segir „varnarliðsmál". Þá vildi ég minna hæstv. utanrrh. á það, að við sátum saman í fjögur ár í ríkisstj. og þar var rætt um málefni varnarliðsins og utanríkismál eins og hver önnur mál. Þá er kannske skýringin fengin á þeim ummælum sem hér hafa verið viðhöfð: Það er ekki talað um utanríkismál í ríkisstjórnum sem Alþb. á sæti í. — Þannig á það auðvitað að vera. Alþb. á að vera áhrifalaust um utanríkismál og varnarmál og öryggismál Íslands. Það er mjög til fyrirmyndar. En það, sem setur ugg að manni í þessum efnum, eru ummæli hæstv. forsrh. að ætla að taka einstakar varnarframkvæmdir til umræðu í ríkisstj. þar sem Alþb. á sæti.

Að fengnum þessum upplýsingum er það alveg ljóst, að Alþb.-menn geta sagt herstöðvaandstæðingum hvað sem þeir vilja, en þeir geta ekki dulið þá eða kjósendur sína þess, að þeir hafa hopað af hólmi varðandi utanríkisstefnu sína. En ég ítreka og endurtek að það verður fylgst mjög náið með þróun mála. (Gripið fram í.) Hv. þm. getur fengið orðið, ég er viss um það. Hæstv. forseti hefur ekki sett í málbann þennan þm. sem þorir ekki að koma í ræðustól og er að reyna að grípa fram í fyrir ræðumönnum. Ég vænti þess, að hæstv. forseti slái í bjölluna til að þagga niður í hv. þm. meðan hann þorir ekki í ræðustól. Hins vegar er ég því mjög meðmæltur að hv. þm. fái eins langan ræðutíma hér í ræðustól og hann vill.

Ég held að það sé fram komið að starfsreglur hafa verið settar. Spurningin er hins vegar, hvert er efni þessara starfsreglna. Meðan það er ekki upplýst getur Alþb. ekki borið þær fyrir sig og ekki stöðvað nauðsynlegar framkvæmdir í þágu öryggis og varna Íslands. Hitt hlýt ég og að átelja, ef þær starfsreglur eru svo víðtækar að taki til allra meiri háttar málefna, vegna þess að þá tel ég að þingræðisvenjur og reglur séu brotnar með þeim hætti að lýðræðisflokkum sé ekki sæmandi, hvað sem má segja um Alþb.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Í raun og veru hef ég engu við það að bæta sem ég sagði áðan, en vegna margendurtekinna óska frá hv. þm. Eyjólfi Konráð skal ég draga saman það sem ég sagði áðan.

Í fyrsta lagi upplýsti ég, sem ég hygg að allar ríkisstjórnir hafi gert, að við höfum gert okkur starfsreglur. Sé ég ekki að það sé leyndarmál. Hins vegar dettur mér ekki í hug að fara að rekja hér þá starfshætti sem ráðherrar í þessari ríkisstj. hafa sett sér eða hvort það er skriflegt eða bókað í fundargerðabókum ríkisstj. eða munnlegt. Við höfum sett okkur að leysa ágreining eins og frekast er unnt. Við höfum t. d. tíðkað það mjög að setja þriggja manna ráðherranefndir í mál. Er eitthvað ljótt við það — eða tíða fundi einstakra ráðh. um mál sem viðkvæm eru og menn vilja leysa? Ég sé ekki að það sé mál sem hv. þm. geti krafið mig eða aðra upplýsinga um.

En hvað hefur staðið á þessu svokallaða leyniplaggi sem fór á milli mín og fjmrh? Best er að spyrja hv. 3. þm. Vestf. um það. Aðalatriðið í þessum umr. öllum er vitanlega það, að engar reglur hafa verið settar sem takmarka réttindi og skyldur ráðherra frá því sem stjórnarskrá og lög gera ráð fyrir. Það er vitanlega aðalatriði málsins. Margupplýst er með svörum allra þeirra ráðherra, sem hér hafa staðið upp, að svo er og það er aðalatriði málsins. Ef þarna væri um eitthvað að ræða sem takmarkaði réttindi og skyldur ráðh. umfram það hefðu þm. ástæðu til að krefjast slíkra upplýsinga, en ekki er um það að ræða.

Ég hef einnig svarað því sem kom fram áðan og byggðist á einhverjum misskilningi og vangaveltum, að formenn flokkanna, þ. á m. ég, hefðu gert eitthvert samkomulag, jafnvel þó það væri bara um starfsreglur, sem væri fram hjá öðrum ráðherrum gert. Það er alrangt. Ekkert slíkt er til. Þetta er kjarni málsins og ég fæ ekki betur séð en þeim spurningum, sem hér hafa komið fram, sé fyllilega svarað.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra foreseti. Það er fyrst að því er varðar ummæli hæstv. sjútvrh. í þessari síðari ræðu hans. Mér virðist hann nú hálfpartinn vera að reyna að draga eitthvað í land aftur. Alla vega vill hann ekki svara því, þó að það ætti ekki að geta verið stórt leyndarmál, hvort það væri t. d. skriflegt samkomulag um þingrofsvaldið. Það fékkst ekki einu sinni svar við því, hvort það væri skriflegt. Og þegar hann ræðir um starfsreglurnar núna fer hann að tala um að það hafi ekki verið brotin stjórnarskrá landsins eða nein lög. Við vorum ekki að spyrja um það. Við vorum að spyrja um hvort flokkarnir hefðu gert með sér eitthvert samkomulag. Auðvitað geta flokkar gert með sér samkomulag í þingræðisríki. Þá á að greina frá því samkomulagi í þinginu og þingmenn taka afstöðu til ríkisstj. eftir því, hvort þeir vilja styðja þann málefnasamning. Auðvitað er slíkt samkomulag þá hluti málefnasamnings. Það er þetta sem verið er að spyrja um. Nú liggur það alveg ljóst fyrir. Það felst í orðum þessara manna og þögn Alþb. Samkomu-

lagið er fyrir hendi. Leynisamningurinn er staðreynd. Þetta er Watergate-mál.

Það er ekkert betra fyrir þessa menn að ætla að draga það á langinn að upplýsa þetta. Það, sem formaður þingflokks Framsfl. gerði best fyrir sjálfan sig, flokk sinn og þjóð sína, væri auðvitað að skýra frá því, hvort þetta er skriflegt, og leggja það fram. Hvernig hljóðar þetta um þingrofsvaldið? Hvernig hljóðar það samkomulag? Er þetta ekki ein málsgrein í þessu litla plaggi? Og hvernig hljóðar hin málsgreinin? Er það rétt að hún hljóði þannig, að engar meiri háttar ákvarðanir verði teknar í ríkisstj. án samkomulags allra aðila hennar? Þjóð og þing veit nú að hún hljóðar þannig. Ég held að allir hljóti að draga þá ályktun af þessum ummælum. Hví þá ekki að sýna okkur þetta og hreinsa til? Plaggið verður aldrei brennt, vegna þess að Alþb.-menn halda því auðvitað ef þeir eiga það — og við skulum segja að það sé skriflegt — því þeir ætla að veifa því síðar meir.

Hitt er svo ágætt, að hæstv. utanrrh., eins og hans er von og vísa, hefur tekið hérna af skarið um að hann ætli að fara sínu fram í varnarmálunum. Þetta hefur verið mesta átveisla sem ég hef nokkurn tíma verið viðstaddur hjá þeim Alþb.-mönnum. Þeir hafa étið og étið og étið með þögninni hér í allan dag, bara opnað munninn til að éta og til að gapa svolítið, eins og formaður þingflokks þeirra. Hann hefur gapað hérna fyrir þá alla. Hinir hafa verið að éta. Þeir éta auðvitað flugskýlin og auðvitað éta þeir flugstöðvarbygginguna og auðvitað éta þeir Helguvíkina. Þeir vilja vera í þessari stjórn. Það er svo gaman að sitja í stólunum. Þetta er átveisla!

Samningurinn er sem sagt fyrir hendi, það er ljóst. Í honum er fólgið tvennt: Annars vegar þetta um þingrofsvaldið og hins vegar starfsreglur. Það hafa ekki verið brotin nein lög eða stjórnarskrá, segir formaður Framsfl. Þess vegna get ég mjög vel við þessar umræður unað. Málið er að upplýsast. Það dylst áreiðanlega engum manni lengur, að leynisamningurinn er staðreynd og að í honum var kommúnistum fengið neitunarvald, en þeir þora ekki að nota það, vilja ekki nota það. Þeir vilja stólana. Þeir ætla samt að halda fylgi hernámsandstæðinga og segja: Við höfum plaggið, við notum það seinna. — Þetta er staðreynd málsins, liggur alveg ljóst fyrir.

Karl Steinar Guðnason: Herra foreseti. Þetta hafa verið hinar ágætustu umræður. Utanrrh. hefur lýst því yfir, að hann muni einn fara með utanríkismálin og gera það á þann hátt sem honum býður helst að gera. Og svo á það að vera.

En í þessum umr. hafa forustumenn Alþb. ekki verið spurðir neins og þeir hafa þagað þunnu hljóði. Nú langar mig til að varpa fram nokkrum spurningum sem vissulega hljóta að skipta máli. Ef menn ætla að ná samkomulagi um mál hlýtur Alþb. að gera kröfu til þess, að á það sé hlustað í þeim málum sem það hefur haft hvað hæst um á undanförnum árum. Því spyr ég: Mun Alþb. sætta sig við byggingu eldsneytisgeyma í Helguvík? Mun Alþb. sætta sig við byggingu nýtísku flugskýla á Keflavíkurflugvelli? Mun Alþb. sætta sig við aðrar framkvæmdir sem lúta að styrkingu varna á Norður-Atlantshafi?

Mig langar til að spyrja formann Alþb. að þessu því að ef Alþb.-menn hafa ekki étið allt ofan í sig, sem reyndar eru uppi raddir um, hljóta þeir að láta sig þessi mál nokkru skipta. Því er nauðsynlegt að vita hvað er fram undan í þessum efnum. Er meiningin að éta þetta allt saman eða er meiningin að ná einhvers konar samkomulagi, eins og kallað er, um að stöðva þetta eða afgreiða það með einföldum bókunum, eins og stundum hefur verið gert?

Reyndar er reynslan sú, að þegar Alþb. hefur setið í stjórn hafa hvað mestar framkvæmdir verið þar syðra. Er skemmst að minnast lengingar flugbrautar, sem var mikið mál á þeim tíma, en það var leyst með snyrtilegri bókun í ríkisstj. og allt gekk fram í þeim efnum. Nú er mjög fróðlegt að vita hvort meiningin er að fara að á sama veg og áður.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Mér finnst, þegar hæstv. ráðherrar og hv. þingmenn eru að furða sig á þessum umr., að þeir horfi alveg fram hjá því, hvert var tilefni þeirrar umræðu sem hér hefur átt sér stað, nefnilega það, að formaður Alþb. og formaður þingflokks Alþb. höfðu staðhæft á opinberum vettvangi í málgagni sínu að það hefði verið gert samkomulag innan ríkisstj. sem tryggði Alþb. völd í máli sem þá var til umræðu í öryggismálum þjóðarinnar, varðandi framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli. Þetta er hið raunverulega tilefni umræðnanna. Það var verið að ræða um framkvæmdir af þessu tagi. Viðbrögð forustumanna Alþb. á þeim tíma voru þau að vitna til þess, að þeir hefðu gert samkomulag við hina stjórnaraðilana sem fæli það í sér að þeir hefðu tök á þessu máli. Engan getur því undrað þó að fsp. séu bornar fram um þetta efni, svo mikilvægt sem það er, og engan getur undrað þó að þm. láti ekki við það sitja að fá flissandi ráðherra upp í stólinn, eins og var fyrir þremur vikum, heldur vilji fá skýr svör.

En málin hafa líka þokast. Á þeim tíma þegar þessar framkvæmdir voru upprunalega til umræðu og forustumenn Alþb. gáfu yfirlýsingar um að þeir hefðu tök á málinu vegna þess að samkomulag af þessu tagi hefði verið gert, þá afneitaði formaður Framsfl. því algjörlega í viðtali í Tímanum. En málin hafa þokast, vegna þess að nú gildir ekki lengur þessi algjöra afneitun formanns Framsfl. Hann vill bara ekki kalla þetta samkomulag. Hann vill kalla þetta starfsreglur. Hins vegar hefur formaður Framsfl. ekki enn þá — né heldur aðrir þeir sem hér hafa tekið til máls af hálfu ríkisstj. — fengist til þess að upplýsa hvernig þessar starfsreglur væru. Það hefur verið vitnað út og suður um að stundum töluðu ráðherrar saman. Annað eins hefur gerst og ekki verið flokkað undir starfsreglur.

Því hefur verið haldið fram í þessum umr., að þessar starfsreglur væru að því tagi, að öll meiri háttar mál þyrftu samþykki allra aðila, og þar með að sú staðhæfing forustumanna Alþb., að þeir hefðu tök á þessum málum í gegnum þessar starfsreglur, ætti við rök að styðjast. Því hefur verið haldið fram í þessum umr. Þessu hefur í raun og sannleika ekki verið afneitað. Þær yfirlýsingar, sem hæstv. landbrh. og utnarrh. gáfu um þetta efni, fjölluðu einungis um hvort það væri sérstakt samkomulag um öryggismálin. Þeir fjölluðu ekki um það, hvort það væru starfsreglur fyrir hendi sem innihéldu þetta ákvæði sem þeir talsmenn Alþb. hafa haldið fram. Því hefur ekki verið neitað.

Þetta tel ég að sé auðvitað meginmál. Meðan þessu hefur ekki verið afneitað, hvorki af hæstv. forsrh. né heldur af formanni Framsfl., sem hefur þó átt hvað drýgstan þátt í að upplýsa þessi mál hér í dag, hlýtur

þingheimur að ganga út frá því, að sú starfsregla, sem til er vitnað, sé með því innihaldi sem hér hefur verið haldið fram og einn ríkisstjórnarflokkurinn hefur líka haldið fram að væri. Það er ekki nema von að það veki ýmsum mönnum úr öðrum flokkum ugg að vita til þess, að starfsregla sé af þessu tagi. Vitna ég þá til þess sem ég sagði við upphaf þessarar umræðu, að varla hafa kjósendur Framsfl. eða Gunnars Thoroddsens og hans félaga gert ráð fyrir að atkvæði þeirra yrðu nýtt með þeim hætti að afhenda Alþb. neitunarvald af þessu tagi.

En við skulum í guðs bænum ekki agnúast út í þá umræðu sem hér hefur farið fram. Það var ríkisstj. sjálf, það voru ráðherrarnir sem bjuggu þessar umr. til með þeim yfirlýsingum sem þeir gáfu á opinberum vettvangi og stönguðust á. Það er ekki nema von að við viljum fá skýr svör um þetta efni.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir svör hans. Hann sker sig nokkuð úr í ríkisstj. fyrir þá sök að honum er gjarnt að segja það sem honum býr í brjósti.

Það er eftirtektarvert, ef maður hugleiðir þær umr., sem nú hafa farið fram, og viðbrögð Alþb.-manna fyrst eftir myndun þessarar ríkisstj., að bera þetta saman og veita því athygli að hvarvetna kemur fram staðfesting á því, að Alþb. telur sig hafa stöðvunarvald í framkvæmdum sem snerta öryggishagsmuni Íslendinga. Þann dag, sem ríkisstj. tók við, skrifaði ritstjóri Þjóðviljans leiðara þar sem hann talaði um að undir forustu Alþb. mundi takast að vinna sósíalískum sjónarmiðum vaxandi fylgi. Skömmu síðar kom í Þjóðviljanum ábending um að það mætti orða það svo, að flokkurinn mætti ekki gefa „Alþingi götunnar" frí þótt hann tæki þátt í meirihlutasamstarfi á Alþingi við Austurvöll. Hvað var það sem skriffinnum Þjóðviljans var mest í mun þegar ríkisstj. settist í stólana? Það var í fyrsta lagi þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„Enginn skyldi heldur vanmeta sundrunguna meðal íhaldsaflanna. Þegar Reykjavík féll í kosningunum 1978 vegna kosningasigurs Alþb. spáði Þjóðviljinn því, að það mundi reynast Sjálfstfl. dýrt spaug að missa lykilaðstöðu sína í íslenska valdakerfinu. (**ÓRG:** Það hefur reynst rétt.) Á sama tíma var því spáð, að hin nýja valdaaðstaða sósíalista og vinstri sinna í sveitarstjórnum um land allt og í landsstjórninni þýddi vatnaskil í íslenskum stjórnmálum. Þjóðviljinn hefur reynst sannspár í þessu efni vegna þess að með því að missa meirihlutaaðstöðu í Reykjavík urðu allir innri veikleikar Sjálfstfl. berir landsmönnum og þeim sjálfum."

Í framhaldi af þessu talaði ritstjóri Þjóðviljans um að Alþb. mætti ekki halda of fast utan um sinn pólitíska jómfrúrdóm. Ég veit að formann þingflokks Alþb. rekur minni til þess, að Alþb. var trútt því markmiði sínu að halda ekki of fast um jómfrúdóminn.

En hvað var það svo sem Alþb. taldi sig ná á þessum degi með þessari stjórnarsamvinnu? Við skulum líka líta á það, með leyfi hæstv. forseta:

„Fyrir síðustu kosningar höfðu allir flokkar nema Alþb. uppi ákveðnar tillögur um stóriðju í samvinnu við erlenda auðhringa. Jafnframt voru komin á flugstig áform um að þiggja ölmusu af Bandaríkjastjórn í íslenska framkvæmd á Keflavíkurflugvelli. Gagnvart hvoru tveggja hefur Alþb. nú stöðvunarvald með þátttöku í ríkisstj." — Ég ætla að endurtaka þessa síðustu setningu, sem er feitletruð í Þjóðviljanum: „Gagnvart hvoru tveggja hefur Alþb. nú stöðvunarvald með þátttöku í ríkisstj."

Ef við rifjum upp atburðarásina gagnvart því fyrrnefnda rekur menn minni til þess, að í svokölluðum efnahagsmarkmiðum ríkisstj. um áramótin var áréttað að um orkufrekan iðnað yrði ekki að ræða hér á landi með þeim hætti sem hann hefur verið byggður upp. Það er þess vegna alveg ljóst, að þar hefur Alþb. náð sínu markmiði fram, stöðvað frekari uppbyggingu orkufreks iðnaðar og þar með komið í veg fyrir að við getum virkjað fallvötnin svo sem hagkvæmast er og þá um leið jarðað draum Austfirðinga um Fljótsdalsvirkjun. Hitt atriðið er líka alveg skýrt, þ. e. stöðvunarvald gegn hvers konar framkvæmdum sem veit að því að auka öryggi Íslendinga. Það er þetta tvennt, sem Þjóðviljinn taldi sig ná fram, sem ritstjóri skrifaði um samkvæmt pöntun formanns Alþb. Á grundvelli þessa kemur fram þessi mikli óskadraumur, að hin unga forusta Alþb. muni geta unnið sósíalískum sjónarmiðum brautargengi á Íslandi m. a. með því að nota sér þær veilur sem um stundarsakir hafa því miður komið upp meðal borgaralegra afla, eins og Alþb.-menn segja, meðal lýðræðisafla — sem er mitt orðalag — í landinu.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Mér finnst athyglisverðast við þessar umr., sem nú eru búnar að standa á þriðja klukkutíma og fjalla um utanríkismál að verulegu leyti, að enginn af hv. þm. Alþb. hefur opnað hér munn öðruvísi en að gjamma fram í. Það hefði einhvern tíma þótt tíðindum sæta að hér á Alþingi stæðu yfir umr. utan dagskrár um utanríkis- og varnarmál án þess að einn einasti þm. úr Alþb. treysti sér til að koma upp í ræðustól og tala um þau mál. Hvað er nú um allar stóru yfirlýsingarnar, öll stóru orðin utan þingsala um þessi mál? Hvað er með allar stóru yfirlýsingarnar í Þjóðviljanum um þessi mál? Af hverju þora þessir hv. þm. ekki í umræðum í dag á Alþingi að opna munn til að segja eitt einasta orð um þessi mál hér? (**EJK:** Þeir eru hræddir um stólana.) Skyldi það vera vegna þess að fyrir dyrum stendur, að því er mér er tjáð, á morgun skoðunarferð af hálfu utanríkismálanefndar Alþingis á Keflavíkurflugvöll. Ætli það sé svo, að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, formaður þingflokks Alþb., vilji ekki, daginn áður en hann fer í slíka ferð, segja of mikið hér á Alþingi um þessi mál? (**Félmrh.:** Skyldi ekki vera?) Skyldi það vera að svo væri? Ég heyri það að hæstv. félmrh. hyggur að svo sé. Og líklega þekkir hann betur innviði þingmannsins Ólafs Ragnars Grímssonar en ég. (**FrS:** Oj bara.) Já, oj bara, segir hv. þm. Friðrik Sophusson.

Það skyldi nú ekki vera að með þessari þögn séu þm. Alþb. að búa betur í haginn, svo þeir geti kyngt enn þá meira en þeir hafa gert til þessa, með því að þegja hér þunnu hljóði daginn áður en þeir taka sér reisu til Keflavíkurflugvallar til að skoða þar mannvirki ásamt, að ég hygg, góðum veitingum á þeim góða bæ. (Gripið fram í.) Það skyldi ekki vera að þetta væri a. m. k. meðal annars ástæðan fyrir því kjarkleysi og þeim eymdarskap sem þessir hv. þm. sýna í umr. á Alþingi um þetta mál.

Mig langar til að spyrja hæstv. félmrh., formann Alþb., og hv. þm. Ólaf Ragnar Grímsson, formann þingflokks Alþb., hvort þeir séu sammála hæstv. utanrrh. í því að hann hafi óskorað vald til framkvæmda á Keflavíkurflugvelli, eins og hann hefur lýst yfir að hann teldi sig

hafa. Eru þessir hv. þm. sammála þessari túlkun hæstv. utanrrh. um þessi málefni? Ég skora á þessa hv. þm. að koma hér upp í ræðustól til að segja skýrt og skorinort hvort þeir séu sammála þessari túlkun eða ekki. Hafi þeir ekki kjark til að gera það verður að líta svo á að þögn sé sama og samþykki.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég kvaddi mér fyrst og fremst hljóðs til að vekja athygli hv. þm. á setningu sem hæstv. samgrh. sagði áðan. Ég skrifaði hana eftir honum. Hún hljóðaði svo: Ef menn vilja fá að vita hvað stóð í leyniplagginu, sem gekk á milli mín og fjmrh., skulu menn spyrja 3. þm. Vestf.

Herra forseti. Ég tók það fram í fyrri ræðu minni, að ég hefði því miður ekki séð hvað stóð á leyniplagginu, en ég þakka hæstv. ráðh. fyrir að upplýsa að þetta gekk á milli þeirra ráðherranna. Ef hann hefur áhuga á að gefa mönnum nasasjón af því, hvað þarna stóð, getur hæstv. ráðh. væntanlega gert það með að lesa upp úr þessu plaggi fyrir okkur hér. Það var ekki langt. Það stóð ekki mikið á því.

En það er skemmtilegt til þess að vita, að ástandið skuli nú vera orðið þannig hér á Alþingi Íslendinga að það sé hægt að ræða um varnar- og utanríkismál hér næstum því dögum saman með þátttöku þriggja flokka og sá fjórði sé stikkfrí. Eins og hv. þm. Geir Hallgrímsson sagði áðan: Svona á þetta að vera. Auðvitað á að ræða þessi mál án þess að Alþb. komi þar neitt nærri. (**ÓRG:** Eruð þið ekki ánægðir með það?) Jú, við erum mjög ánægðir með þetta og einkum og sér í lagi ánægðir með að það skiptir ekki lengur, herra forseti, neinu máli hvort svona samkomulag hefur verið gert eða ekki, því það er alveg ljóst að hæstv. utanrrh. ætlar sér ekki að standa við slíkt samkomulag sem kann að hafa verið gert eða kann ekki að hafa verið gert. Það er alveg ljóst að hann telur sig hafa til þess fulla heimild og fullan rétt.

Hvað eftir annað hafa þeir Alþb.-menn verið spurðir um álit á þessu máli. Þeir hafa kosið að segja ekki neitt. Auðvitað þýðir það, að þegar lokið er umr. eins og hér hefur farið fram og Alþb.-menn hafa ekki notað þau tækifæri sem þeim hefur gefist hér til að ítreka sína fyrri skoðun, sem þeir virðast nú horfnir frá, þá er líka ljóst að þó að svona samkomulag hafi verið gert ætla þeir sér ekki að krefjast þess að því verði framfylgt, enda segja þeir þá furðulegu sögu nú í röðum herstöðvaandstæðinga — ég þekki ýmsa góða menn þar — að allar þessar framkvæmdir á Keflavíkurvelli séu runnar undan rifjum hins alþjóðlega kapítalisma til þess eins að hrekja Alþb. úr íslensku ríkisstj. og auðvitað megi Alþb.-menn ekki ætlast til þess, að ráðherrar Alþb. og þingmenn þess láti undan þessum þrýstingi hins alþjóðlega kapítalisma og hverfi úr ríkisstj. — Ég veit m. a. s. hver hefur haldið þessu fram. Það er enginn annar en hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, formaður þingflokks Alþb.

Karl Steinar Guðnason: Það veldur mér vonbrigðum að hér skuli ekki hafa fengist svör við þeim spurningum sem ég spurði áðan. En þögn er sama og samþykki. Og ég vek athygli á því, að niðurstaða þessara umræðna er sú, að utanrrh. muni geta gert hvað sem honum sýnist hvað varðar framkvæmdir í sambandi við varnarliðið. Og þótt ég hafi ekki fengið svör frá þeim Alþb.-mönnum eða formanni þingflokksins sé ég hann fyrir mér hér í ræðustól. Ég sé hann fyrir mér í gervi Þorsteins matgoggs þá er hann hafði kýlt vömbina og étið sér til óbóta og sagði: Ég vildi að ég væri háttaður, sofnaður, vaknaður aftur og byrjaður að éta.

Sameinað þing, 63. fundur.

Miðvikudaginn 18. mars, kl. 2 miðdegis.

Friðnaðarsvæði við Keflavíkurflugvöll, þáltill. (þskj. 514). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Veðurfregnir, þáltill. (þskj. 515). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Tilraunageymir til veiðarfæratilrauna, þáltill. (þskj. 150). — Ein umr.

Flm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Það verður að teljast í meira lagi andkannalegt, að við Íslendingar, sem höfum okkar lífsviðurværi að stórum hluta af sjávarútvegi, skulum ekki fyrir löngu vera búnir að koma upp veiðarfæratilraunatanki, þar sem margsannað er notagildi hans og sparnaður fyrir þá sem í þessum atvinnuvegi standa, og það er satt að segja ótrúlegt, að ekki megi fá einhvers staðar fé til þess að reisa slíkan tank sem kostar lítið eða ekkert meira en lúxuseinbýlishús nú á dögum. M. a. vegna þessa höfum við fjórir þm., einn úr hverjum flokki, leyft okkur að flytja það mál sem hér er til umr., till. til þál. um tilraunageymi til veiðarfærarannsókna. Till. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta kanna í samráði við Fiskifélag Íslands og Hafrannsóknastofnunina möguleika þess, að hér á landi verði komið upp tilraunageymi til veiðarfærarannsókna. Skal könnun þessi m. a. beinast að stofn- og rekstrarkostnaði slíkrar rannsóknarstarfsemi, hugsanlegri þátttöku hagsmunaaðila þar að og að stjórnun og staðsetningu slíkrar rannsóknarstarfsemi."

Eins og kemur fram í grg. er þetta ekki nýtt mál hjá okkar nágrannaþjóðum og fleiri fiskveiðiþjóðum. Þetta tæki hefur lengi þekkst og verið mikið notað í nágrannalöndum okkar um langt árabil. Þessir tankar eru af ýmsum stærðum og gerðum og að sama skapi er verð þeirra mismunandi. Meira að segja er svona tilraunatankur nú kominn upp í Færeyjum. Er þar sama sagan og á mörgum öðrum sviðum í okkar sjávarútvegsmálum, að þeir frændur eru að skjóta okkur ref fyrir rass. En Japanir eru líklega komnir lengst á þessu sviði og hafa lengsta þróun að baki í notkun slíks búnaðar, enda kom þar mjög fljótt í ljós að ótrúlega margir aðilar töldu sig hafa not af slíkum tönkum. Það voru veiðarfæraframleiðendur, þar voru útgerðarmenn, það voru fiskimenn og skipstjórnarmenn ásamt vísinda- og rannsóknarmönnum úr hinum ýmsu greinum, sem að sjávarútvegi koma, sem töldust til þessa hóps.

Þegar ég las sjálfur fyrst um þetta mál og reyndar skoðaði einn slíkan tank nokkru síðar var ég ekki í nokkrum vafa um — og það var kveikjan í mínum huga að flutningi þessarar till. — að hve miklu gagni slíkt gæti orðið fyrir skipstjórnarmenn okkar í fiskveiðiflotanum. Ég er ekki í nokkrum vafa um að slíkur tilraunatankur, sem staðsettur væri í nágrenni stærsta stýrimannskóla landsins, Stýrimannaskólans í Reykjavík, mundi gera ótrúlega mikið gagn, þegar þess er einnig gætt, að hér á þessu svæði eru stærstu veiðarfæraframleiðendur okkar og hér er líka settur saman stór hluti innfluttra veiðarfæra: Og hér eru enn fremur þær rannsóknastofnanir vísindamanna sem láta sig þessi mál skipta.

Skipstjórnarmenn hafa í mörg ár skrifað um nauðsyn þess að slíkum tilraunatanki væri komið hér upp, og reyndar hafa útgerðarmenn gert það líka. Og nú hin síðari ár, eftir að menn fóru að sérmennta sig í þessari grein, hafa þeir haft orð á og skrifað um að nauðsyn væri á því, að þessu tæki yrði komið upp hér á landi. Sem fskj. með þáltill. okkar eru birt „Nokkur orð um notagildi vatnsflæðistanka til tilrauna og athugana á veiðarfærum", skrifuð af Jónasi Hallgrímssyni veiðarfæraverkfræðingi sem nýkominn er frá slíku námi austur í Japan. Sá, sem mesta reynslu hefur hér á landi og er menntaður í slíkum greinum, er ábyggilega Guðni Þorsteinsson fiskifræðingur sem hefur fengist við margs konar rannsóknir á veiðarfærum okkar og tilraunir með þau.

Það er athyglisvert, að nú fyrir skömmu efndi stærsti veiðarfæraframleiðandi okkar til sérstakrar ráðstefnu þar sem hagsmunaaðilar komu saman og ræddu um veiðarfæraframleiðslu hér heima. Þar kom að sjálfsögðu upp þetta mál um tilraunatank fyrir veiðarfæri. Ég skal ekki rekja þær umræður allar sem þar urðu, en þar var bent á mörg þýðingarmikil atriði sem sjálfsagt verður að ræða í þeirri nefnd sem fær málið til meðferðar. Við flm. teljum að affarasælast verði að þetta verði í höndum fárra aðila, að það verði Fiskifélagið og Hafrannsóknastofnunin sem sjái um þessa könnun. Síðan geta að sjálfsögðu bæst við fleiri aðilar í sambandi við stjórnun þessarar stofnunar eða fyrirstækis. Við höfum ekki gert neinar ákveðnar tillögur, hvorki um fjármögnun né annað til þess að koma tankinum upp eða um framtíðarrekstur hans. Það geta að sjálfsögðu margir hagsmunaaðilar komið þar við sögu. Persónulega álít ég ekki neitt því til fyristöðu, að til að fjármagna uppsetningu þessa þýðingarmikla tækis væri farin skyld leið og farin var á sínum tíma þegar sjávarútvegurinn sjálfur fjármagnaði byggingu rannsóknarskipanna okkar sem við þurfum sjálfsagt að fara að endurnýja hvað úr hverju. Ég mundi ekki telja það neina goðgá þótt leitað væri eftir því við hagsmunasamtökin, sem eiga þar óneitanlega hagsmuna að gæta, að sú leið yrði farin. Ef vel tekst til með uppsetningu slíks tanks — og ég er hlynntur því að ekki sé verið að fara ódýrustu leið, heldur eigum, við, ef við förum út í þetta, að koma upp vönduðu tæki — þá veit ég að slíkt tæki á eftir að skila sjávarútvegi okkar og um leið þjóðarbúinu ómældum verðmætum í framtíðinni.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri, herra forseti. Ég legg til að þegar að lokinni þessari umr. verði henni frestað og málinu vísað til atvmn.

Tryggvi Gunnarsson: Herra forseti. Ég get ekki annað en lýst mikilli ánægju minni yfir þessari till. Mér sýnist þar sem flm. eru úr öllum flokkum eins og hv. þm. Pétur Sigurðsson tók fram, muni tillagan eiga nokkuð greiðan gang hér í gegnum Alþingi. Vænti ég þess þá um leið, að henni verði fylgt eftir með hæfilegu fjármagni til að koma þessu fram.

Ég hef litlu við að bæta ágæta ræðu hv. frsm. Hann drap á flest þau atriði sem ég vildi sagt hafa, en ég undirstrika gildi þessa. Við höfum haft tilraunir hér, búnir að vera lengi með tilraunir, og við höfum haft hafið sjálft sem tilraunatank. Það er nefndur hér flæðigeymir í grg. Við myndum flæði með því að keyra skipin og fá þannig straum. Þessar tilraunir hafa verið gerðar á hverju einasta skipi næstum því. Þær eru búnar að kosta ótalda tugi millj. gkr. á skip. Þetta er það sem við erum að leika okkur að á sjónum, þess vegna er einmitt afbragð og mjög gott að fá svona tank á einn stað. Þá hættum við hreinlega við þessar tilraunir sem sáralítið gagn hefur verið að, því miður, þó að við séum að reyna að leita þess betra sem eðlilegt er. Við erum alltaf að leita og það stefnir náttúrlega fram, það er ekki hægt að banna okkur þetta. En eins og hv. frsm., Pétur Sigurðsson, sagði, þá erum við orðnir langt á eftir öðrum þjóðum hvað þetta varðar. Við erum orðnir svo aftarlega á merinni, að það gerði ekkert til þótt við færðum okkur örlítið framar í hnakknum og færum að nálgast a. m. k. Færeyinga. Það gerði ekkert til.

Ég held að ég þurfi ekki að hafa þessi orð fleiri. Ég vona og ég skil þetta þannig, að þar sem þessir fjórir ágætu menn úr öllum flokkum standa að tillögunni sé meiningin að fylgja þessu fram með fjármunum.

Hv. frsm. talaði um að hafa þarna góðan tank, og vissulega þurfum við þess. Það eru til margar gerðir. Ég er ekkert frekar fylgjandi því, að við förum í stærstu og dýrustu gerð. Ég held að við ættum að fara að ráðum sérfræðinga okkar. Við eigum sérfræðinga, netagerðarmenn og aðra, á þessu sviði, og ég held að við eigum að taka það sem okkur hæfir.

Að lokum langar mig til að segja það í sambandi við þessar tilraunir sem ég minntist á að við höfum gert, ég vona að þeim verði þá aflétt, við hættum þessu og getum gert tilraunir sem við sjáum árangurinn af.

Frsm. minntist aðeins á fjármögnun. Auðvitað er rétt að láta þá aðila, sem mest gagn hafa af þessu, fjármagna þetta, þ. e. útgerðir, veiðarfæragerðir og fiskimennina sjálfa, en því miður held ég að hagur þeirra standi ekki til slíks eins og er. En ég ætla ekki að hætta mér í þá umræðu.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Ég tek mjög undir það sem hv. 1. flm. að þáltill., sem hér er til umr., sagði í framsöguræðu sinni. Við vitum mörg dæmi þess, að skip hafa verið með ranglega hönnuð veiðarfæri. Túr eftir túr og jafnvel langtímum saman, eins og kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, hafa menn verið að fikra sig áfram hver fyrir sig með ærnum tilkostnaði fyrir sjómenn, útgerðarmenn og þjóðfélagið. Sérstaklega á þetta við þegar ný veiðarfæri eða ný útfærsla á veiðarfærum er á döfinni. Kostnaður við slíkar tilraunir er auðvitað óheyrilegur, eins og hér hefur komið fram. Ég tel að hér sé um þýðingarmikið mál að ræða og styð það eindregið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Vegarstæði milli Vopnafjarðar og Fljótsdalshéraðs, þáltill. (þskj. 503). — Ein umr.

Flm. (Tryggvi Gunnarsson): Herra forseti. Ég geri nú tíðförult hér í ræðustól, en þetta er allt í lagi, ég er að fara héðan á morgun þannig að ég þreyti ykkur ekki mikið.

Ég hef leyft mér að flytja þáltill. sem hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta fara fram rannsókn á framtíðarvegarstæði milli Vopnafjarðar og Fljótsdalshéraðs."

Þessi orð voru ekki fleiri, en það er annað verra í efni. Því var skotið að mér af ágætum vini mínum innan þessara sala, að á svona till. væri litið — afsakið, herra forseti — sem þingkjaftæði. (Gripið fram í.) Já, en það yrði ekki nógu gott, finnst mér, því að ég er þannig gerður og hef verið til þessa, að ég hef haft mikla ánægju af að fylgjast með þingstörfum í mörg ár, hef lesið ræður í fjölda ára og þar á meðal þáltill. og hvernig þær eru orðaðar, og ég þóttist orða þetta nánast eftir því sem þar stóð. Ég vissi bara ekki að það væri ekki hæfilegt eða væri talið þingkjaftæði að koma með svona kurteislega orðaða till. — ég vissi það ekki. Og ég á þá afsökum eina að hafa ekki orðað þetta öðruvísi.

En um leið og þessi ágæti maður gerði mér þennan grikk, vil ég segja, þá eyðilagði hann hina ágætu skrifuðu ræðu, því að í beinu framhaldi af því, að þessu er lýst svona, hljóta líka framsöguræðurnar að vera með sama nafni, og ég vil helst ekki taka hið leiða orð oftar mér í munn. Þetta átti að vera leiðbeining hjá þessum ágæta manni og það efa ég ekki, en svona geta hlutir snúist í höndum manns. Þetta er nú kannske utan garna að ykkur finnst, en eitthvað verður að klóra í bakkann og reyna að tala fyrir þessari till. sem hljóðar upp á framtíðarvegarstæði. Að vísu eyddi ég nokkurri vinnu í grg. og þar lýsti ég ýmsu. Það kemur, held ég, ekki fram þar, en frá Vopnafirði eigum við um þrjár leiðir að velja, í þrjár áttir og það þykir víst allgott tölulega séð að geta farið í þrjár áttir. Ég veit ekki hvort Reykvíkingar geta farið nema í tvær, en við getum farið í þrjár.

Einni leiðinni, til norðurs, lýsi ég í grg. og fer ekki að þylja það aftur. Það köllum við að fara ströndina.

Önnur leið er Vopnafjarðarheiðin sem liggur frá Vopnafirði og upp á hringveginn hjá Möðrudal. Þessi leið er eitthvað um 70 km löng. Þessi kafli var tekinn inn á vegalög 1979, ef ég man rétt, og það var ekki að sökum að spyrja, síðan hefur ekkert verið gert þar. Þannig er háttað, að á 16 km kafla í Langadal, þ. e. efst á veginum, er vegarslóð niðurgrafin. Ef menn ætla að fara þá leið þegar byrjar að snjóa og renna um leið, þá er eina leiðin að fara utan vegar. Þetta er önnur leiðin. Ég lýsi henni ekki nánar hér.

Þriðja leiðin, sem ég er að reyna að mæla hér fyrir, er yfir Hellisheiði. Það þekkja margir þá heiði, að ég held, vegna þess hve hún er sjaldan opin þegar menn langar til að fara hana. Ég segi víst í grg. að sá vegur fari í himnahæð. Mér er tjáð að þessi hæð sé 705 m. En það er eins og fleira gott austur þar, það er stutt upp í sjálfan himininn. Nú höfum við ekkert á móti himninum, Austfirðingar, en till. hljóðar um að leitað verði annarrar leiðar en þessarar, sem liggur svona nærri hinum hæsta tróni. Þetta vildi ég skýra örlítið. Við eigum þarna um ýmislegt að velja. Mörgum dettur í hug að fara með ströndinni fyrir nes sem er á milli Vopnafjarðar og Héraðs og heitir Kollumúli. Þar utar er Bjarnarey þar sem Austfirðingar fólu Jón lærða forðum þegar hann varð fyrir galdraáburði annarra manna. Þessi leið er sennilega ófær vegna þess að þarna eru þverhnípishamrar og nánast engum færir, enda mætti segja að það heyrði undir náttúruspjöll ef við hreyfðum við svo voldugum klettum, fullum af álfum og tröllum.

Sú leið, sem mest hefur verið talað um austur þar, er að fara fyrst með strönd fyrir fjallið Búr, sem skilur Böðvarsdal, frægan úr gömlum sögum, og Fagradal. Þessi leið er efst á baugi þar núna, þ. e. upp Fagradal og niður að sunnan skammt norðan Ketilsstaða. Þessi leið fer í 405 m hæst en á 4 km kafla er hæðin 100—405 m. Til samanburðar get ég nefnt að Hellisheiði syðra fer í 370 m, Vaðlaheiði 520 m, Brattabrekka 390 m. Ég nefni þessi vegarstæði vegna þess að þetta eru þekktar leiðir og menn vita hvað ég er að bera saman þegar ég nefni þetta. Þetta er sú leið sem helst hefur verið bent á nú að fær yrði.

Ein önnur leið er til líka með þennan veg, að gera jarðgöng í gegnum fjallið. Við höfum reyndar ekki reiknað með þeim möguleika til þessa, því að þar er svo mikill kostnaðarmunur að það eitt mundi setja okkur stólinn fyrir dyrnar, en nú er komin alveg ný tækni í sambandi við jarðgangagerð, borun, og eftir því sem ég hef heyrt nálgast hún það að vera jafngóð og tæknin í sjálfri Búkollusögunni. (Gripið fram í.) Ef það er rétt að sú tækni sé á næsta leiti, þá er auðvitað engin spurning um það, að við eigum að grafa göng og vera sem allra næst jörðinni í okkar snjóþunga landi. Það er ekkert vafamál. Þetta á við alls staðar. Við eigum að fara í gegnum fjöllin, „brjótast það beint", eins og skáldið sagði. En á meðan svo er ekki verðum við að sætta okkur við það sem lakara er, þó að ég styðji það síður, en tækni þessa, bortækni, þurfum við að athuga alvarlega.

Nú hljóðar till. upp á það að rannsókn fari fram. Þar varð mér á í messunni, eins og ágætur vinur minn sagði, að orða þetta svona, því að ég lagði þann skilning í þessa till., að með því að koma henni áfram til æðstu valda væri þó viss skylda lögð á herðar hinni æðstu stjórn sem fær svona till. í hendurnar. Ég sé að vísu að það er þykkur bunkinn á borðinu, en ég hélt satt að segja ekki að sá bunki færi til þess eins upp til æðstu stjórnar að hafna í ruslakörfunni. Ég vissi þetta ekki.

Herra forseti. Ég held að ég þreyti ekki þingheim meira á þessu bulli mínu. Það er viss vinur minn sem eyðilagði þarna ágæta framsöguræðu fyrir mér að mínum dómi. Þess vegna fór sem fór, ég varð að segja örfá orð svona upp úr mér.

Aðeins að lokum í sambandi við snjómokstursreglur. Það er mokað einu sinni í hálfum mánuði frá okkur, þ. e. til norðurs. Leið 2, Vopnafjarðarheiðin, er aldrei mokuð og hún er opin svona fjóra mánuði á ári. Hellisheiði er opin 1—2 mánuði á ári. Þetta eru samgöngurnar sem við búum við í dag, og því er kannske engin furða þótt ég, sem skýst hér inn í hv. Alþingi, vilji reyna að bæta aðeins úr á þessu sviði.

Sveinn Jónsson: Herra forseti. Hér er að mínu mati á ferðinni till. sem vart getur flokkast undir þingkjaftæði. Mér er nær að halda að hér séu margar till. fluttar sem eru meira kjaftæði en þetta. En það, sem flm. benti

réttilega á, er hversu brýnt það er fyrir Vopnfirðinga og byggðina fyrir norðan Hellisheiði að komast í betra samband við suðurhluta þessa svæðis, sem sagt Fljótsdalshérað fyrir sunnan Hellisheiði — og þá líka norður um þó að þessi till. fjalli ekki sérstaklega um þá leið. En það er tengingin við Fljótsdalshérað sem skiptir gífurlega miklu máli, ekki aðeins fyrir Vopnfirðinga, heldur skiptir líka talsverðu máli fyrir okkur Héraðsbúa að fá þarna tengingu norður um. En að sjálfsögðu er það enn þá mikilvægara fyrir þá Vopnfirðinga, því að við vitum að vel geta þeir tímar komið að hafís leggist að strönd og loki höfnum þar og áfram norður um. Þá gæti verið mikilvægt að eiga möguleika á því að sækja suður um. Sú rannsókn, sem hér er verið að fara fram á, verður að leiða í ljós hvaða leið þarna sé hagkvæmust og best að fara.

Það er rétt sem flm. benti hér á, að það er leiðin fyrir Búr og upp Fagradal og yfir Hellisheiði sem helst hefur verið til athugunar, og það er mjög athyglisvert, að það er ekki meira en 4 km leið sem þar er í meira en 200 m hæð yfir sjó. Leiðin fyrir sjálft Búrið hefur verið talin illfær, en með nútíma sprengitækni er ekki talið dýrt fyrirtæki að gera þar mjög góðan veg. Mér er kunnugt um það, að verkfræðingar Vegagerðar ríkisins á Austurlandi hafa kynnt sér þetta mál fyrst og fremst að eigin frumkvæði. Til þess hafa þeir ekki fengið neinn sérstakan fjárstuðning, en að sjálfsögðu þarf að veita hér fé og taka á þessu máli af alvöru svo að af einhverjum framkvæmdum geti orðið og þetta mál nái fram að ganga.

Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð, herra forseti, en vil lýsa mig fylgjandi þessari till. og lýsa því yfir, að ég tel mikilvægt að hún fái hér jákvæða og skjóta og góða afgreiðslu í þingi.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Áður en ég kem að þessari till sjálfri, þá var að leita á mig nýlega — og flokkast það ekki undir þessa till. — hvað það er mikil nýlunda að starfandi sjómaður skuli sitja hér á Alþingi. Þetta gæti sumum virst undarlegt. Hér hefur frá upphafi þings setið fjöldi bænda og gerir enn og er það vel, en það er hrein hending ef það kemur sjómaður hér inn í þingsali, — ég sé að hv. 1. landsk. þm., Pétur Sigurðsson, byrjar að skrifa. Það er að vísu mesta saltremman farin af honum, en engu að síður kemur þessi hv. þm., Pétur Sigursson, á hverju þingi með fjöldann allan af till. um öryggismál sjómanna. Að vísu á hann undir högg að sækja gagnvart lögfræðingum síns flokks, en það er annað mál. Ég ætla ekki að fara að gefa þm. hér einkunnir, en ég vil bara vekja athygli á þessu, að sjómenn í landinu eru jafnmargir og bændur, en það er hrein hending ef hér kemur sjómaður inn á þing. (**Gripið fram í:** Þú mátt ekki gleyma Garðari Sigurðssyni.) Hann er sumarsjómaður, Garðar Sigurðsson, en hann hefur vissulega stundað sjó og allt gott um Garðar Sigurðsson.

Ætli ég sé ekki sá seki sem vitnað var til í upphafi um „þingkjaftæðið". Það er ekki vegna þess — og fjarri því — að ég geti ekki stutt þessa till. í bak og fyrir. Þessi heiði er fræg, Smjörvatnsheiði, og ef forseti mótmælir ekki langar mig til að hafa hér yfir gamla vísu sem einn af frambjóðendum Sjálfstfl. fór með, Árni heitinn frá Múla, þegar hann fór yfir þessa heiði. Þá hraut frambjóðandanum þessi vísa af munni þegar hann fór þessa heiði:

En sá heiðarandskoti,
ekki strá né kvikindi,
en hundrað milljón helvíti
af hnullungum og stórgrýti.

(**Gripið fram í:** Þetta var Smjörvatnsheiði.) Já, Smjörvatnsheiði, ég tók það fram. (Gripið fram í.) Við skulum nú ekki deila um hvar vísan var ort. En það var annað sem ég ætlaði sérstaklega að gera að umræðuefni um leið og ég lýsti stuðningi mínum við þessa till. — mér finnst hún eðlileg og sjálfsögð. Einstöku sinnum hef ég verið að glugga í Alþingistíðindi og fylgjast með þingstörfum í dagblöðum, og það, sem ég vildi benda á, er að hér eru samþykktar þáltill. ár eftir ár, en stjórnvöld gera ekki nokkrun skapaðan hlut með þær í býsna mörgum tilfellum þó að þær séu samþykktar hér á hv. Alþingi.

Nú ber ekki að líta á það sem ásökun á núv. hæstv. samgrh. því að þetta hefur reyndar verið einkenni á flestum ráðherrum úr hvaða flokki sem þeir hafa verið, en ég vil spyrja hæstv. samgrh.: Ef þessi þáltill. verður samþykkt frá Alþingi, mun hann þá gera ráðstafanir til þess að láta fara fram rannsókn á vegarstæðum milli Vopnafjarðar og Fljótsdalshéraðs eða mun hann hafa það eins og margir fyrirrennarar hans, að lesa þessa till. í þinginu — og svo verður hún aftur borin fram eftir tvö ár eða svo?

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Það er dálítill vandi að svara þessari spurningu. Það eru því miður ákaflega margar samþykktir sem þessar sem leggjast niður í skúffu og eru svo teknar upp, eins og hv. þm. sagði, og fluttar að nýju. Það er ekki til eftirbreytni, undir það vil ég taka.

Til samgrh. berast mjög mörg tilmæli um rannsóknir á einu vegarstæði eða öðru. Hins vegar hygg ég að það sé svo, ekki bara í minni tíð, heldur fyrri samgrh., að þessar tillögur hafi yfirleitt allar verið sendar til Vegagerðar til meðferðar. Ég vek athygli á því að í raun og veru er það verkefni samgrh. að leggja fyrir Alþingi vegáætlun, eins og gert hefur verið nú, þar sem gert er ráð fyrir ákveðnu fjármagni, t. d. tæplega 40 milljörðum gkr. nú í ár, og skiptingu þess fjármagns í meginflokka. Það, sem þetta gæti hugsanlega fallið undir, er það sem heitir „Tæknilegur undirbúningur", sem í ár nemur 845 millj. gkr. Þessi flokkur er að sjálfsögðu til undirbúnings vegaframkvæmdum um allt land. Þetta bætist ofan á framkvæmdakostnaðinn. Síðan er annar liður sem heitir „Til tilrauna" og nemur 113 millj. gkr. í ár, sem er ekki talinn beint tengdur verkefnum, sem eru á vegáætlun. Ég get nú ekki svarað því hér í smáatriðum til hvers því hefur verið varið. Ég held að það hafi verið notað vítt og breitt þar sem skoðaðar hafi verið framkvæmdir til lengri tíma.

En meginhluti fjármagns til nýrra vega fer í gegnum hendur þingmanna viðkomandi kjördæmis. Því er skipt af fjvn. í ákveðnum hundraðshlutum á stofnbrautir, þjóðbrautir og sérstök verkefni, sem ég þarf ekki að ræða hér, þm. þekkja. Síðan eru það þm. viðkomandi kjördæmis sem skipta þessu, og ég man t. d. ekki eftir að við í Vestfjarðakjördæmi höfum fengið sérstaka fjáveitingu til rannsókna á mikilvægum vegarspottum þar.

Ég verð að segja eins og er, að ég lít svo á að svona verkefni sé fyrst og fremst á valdi þm. kjördæmisins að ákveða. Þeir veita einhverju af því fjármagni, sem þeir hafa út úr þessum skiptum, til að undirbúa verkefni.

Nú þekki ég ekki nægilega vel til, en mér skilst að þetta sé þjóðvegur. Er það ekki rétt? (**StJ:** Bíll hæstv. sjútvrh. hefur farið þessa leið.) Það er ekki víst að hann sé fær öllum samt. En sem sagt, þetta er þjóðvegur og þá er hann tvímælalaust í þeim flokki undirbúningsverkefna sem þm. verða sjálfir að ráðstafa til. Ég kannast ekki við að sérstök fjárveiting hafi verið veitt til undirbúnings slíkra framkvæmda.

Ég lofa því, að þetta skal ekki rykfalla. Það færi þá frá mér til vegamálastjóra, og ég er næstum viss um að hann tæki þetta þá aftur upp við þm. kjördæmisins, og vel má vera að hv. flm. sitja á þeim fundi þannig að þá sé þetta komið hringinn. Ef Alþingi hefur lýst vilja sínum til þess að rannsaka þennan veg hljóta hinir þm. kjördæmisins — sem kannske eru eitthvað tregari, ég veit það ekki — að taka fullt tillit til þess.

Flm. (Tryggvi Gunnarsson): Herra forseti. Ég vil þakka undirtektir sem þessi till. mín hefur fengið. Þau skipti, sem ég hef setið hér á Alþingi, hefur flm. venjulega talað einn og það verið látið gott heita.

En í sambandi við það sem hæstv. ráðh. sagði, að þetta væri sérverkefni, þá held ég að tillaga mín mundi einmitt falla undir það. Á sínum tíma var hringvegurinn, sem kallaður er svo, sérverkefni, en hann stendur alls ekki undir nafni eins og er, hringvegurinn. Hringur er hringur, en þarna er ekki um hring að ræða þegar allt Norðausturlandið er eftir. Við getum tekið þetta sem sérverkefni í framhaldi af hringveginum. Og það er rétt sem hv. þm. Sveinn Jónsson sagði, að það er náttúrlega ekki minni þörf fyrir veginn úr báðum áttum. Vegir liggja til allra átta. Það er ekki minni þörf kannske frá hinni hliðinni að fá þessa samgöngubót. En ég vil sérstaklega út af því, sem hæstv. ráðh. sagði, benda á að þetta gæti fallið undir sérverkefni. Það er minn skilningur.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég vil láta það koma fram, að ég er síður en svo að mæla gegn þessum vegi. Þó mér hafi tekist að fara hann, þá er ekki víst að hann sé nægilega góður. En það, sem ég var að segja, var að litið hefur verið á það sem verkefni þm. að ákveða hvaða vegi eigi að velja í einstökum kjördæmum. Það gildir líka um sérverkefni. Nýbyggingar falla í þrjá flokka, eins og ég rakti áðan: stofnbrautir, þjóðbrautir og sérverkefni, og þm. raða sjálfir niður verkefnum, svo ég verð að segja eins og er, að ég held að þessi till. eigi fyrst og fremst erindi til þm. kjördæmisins. Ég held að þeir hljóti að vera færastir að dæma um í hvaða forgangsröð þeir vilja velja verkefnin.

Ég er á engan máta að draga úr þessu verkefni. Það er rétt að mikil þörf er á samgöngubót vegna hafíss og fleira á þessu svæði — áreiðanlega mjög þarft verkefni. En ég endurtek að ef till. verður samþykkt verður henni vitanlega komið á framfæri við Vegagerðina. Ekkert sérstakt fjármagn er í svona vegi. Einstöku sinnum hefur það gerst, eins og með hafísvegi, að þessi sérstöku verkefni eru tekin út úr vegáætlun, en til vandræða yfirleitt. Maður veit aldrei hvenær þeim lýkur og hvaða nýtt verkefni tekur við. Það hefur verið stefna Alþingis að ná sem flestum af þessum sérverkefnum undir vegáætlun. Ég endurtek því að ég held að þetta eigi fyrst og fremst erindi hjá þm., en vil undirstrika það, að ég er síður en svo á móti þessari vegagerð sem slíkri.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég reyndist forspár um það, er ég kvaddi mér hljóðs, að hæstv. samgrh. mundi gefa tilefni til þess, að ég gerði smáathugasemd við ræðu hans sem síðar kom. Hann kvaðst vera andvígur sérverkefnum í vegagerð á borð við hafísveginn utan vegáætlunar. Og það er náttúrlega mála sannast að ástæðan fyrir því, að þm. Norðurlands eystra og Austfirðinga beittu sér sérstaklega fyrir því, að tekið yrði fyrir það verkefni að tengja með vetrarfærum vegi hafnirnar á Norðausturlandi, var sú að ekki var reiknað á vegáætlunum — þrátt fyrir talsvert langa reynslu — með þeim möguleika að hafís bannaði hafnir á landi hér og torveldaði flutninga. Það var sem sagt mjög svo rökstudd og vitræn ástæða fyrir því að þm. þessara svæða, sem tíðast hafa orðið fyrir því í ellefu aldir að hafís bannaði flutninga, beittu sér fyrir því að þetta verkefni yrði tekið út úr og því flýtt umfram það sem áður hafði verið ráðgert á vegáætlun eða við áætlanir Vegagerðar ríkisins yfirleitt um það, með hvaða hætti vegir yrðu byggðir upp á landi hér.

Ég kannast við Hellisheiði. Þrisvar hef ég gert tilraun til þess í júlímánuði að aka yfir hana á venjulegum fólksbíl, en sæmilega duglegum. Einu sinni hefur mér tekist það. Minnir mig það ekki rétt, hæstv. samgrh., að hæstv. ráðh. hafi ekki sjálfur verið í bílnum sínum þegar hann fór þessa leið, heldur hafi hæstv. ráðh. fengið duglegan bílstjóra til að aka bílnum yfir heiðina? (**Gripið fram í:** Hvernig fór þá ráðh. ef hann var ekki í bílnum?) Það var ekki vegna þess, hygg ég, að hann hafi ekki treyst sér til að aka þessa leið, hann er duglegur bílstjóri, heldur hafði hann ekki tíma til að fara þá leið, ef mig minnir rétt. En þetta er tröllavegur. Það er hægt að komast hann tvo mánuði á árinu, þegar sæmilega viðrar og ekki er mjög blautt, á öflugum bifreiðum með drifi á öllum hjólum. Á þurrkdögum komast snjallir bílstjórar þetta á venjulegum fólksbílum. Ég hef það fyrir satt að það hafi hvorki verið þm. Austf. né verkfræðingar sem valið hafi þetta vegarstæði forðum, heldur hafi það — svo sem títt hefur við borið við vegarlögn á Íslandi — verið sauðkindin sem leiðina valdi og menn síðan — sem oft ber við í íslenskri sögu — fetað í spor hennar þessa leið.

Það getur varla verið á valdi þm. kjördæmisins að fella úrskurð um það, hvort þessi leið milli Vopnafjarðar og Héraðs sé hin æskilega fyrir vandaða vegagerð. Í þáltill., sem hér um ræðir, er svo ráð fyrir gert að landsstjórnarmönnum verði falið að stuðla að því að hin besta leið verði valin, rannsókn á bestu leið yfir heiðina. Slíkt hlýtur náttúrlega að koma til þeirra vegagerðarmanna, til Vegagerðar ríkisins að framkvæma þessa athugun. Og ég fæ ekki séð hví ekki mætti veita sérstaka fjárupphæð til þess að leita að vegarstæðinu. Þótt það kunni e. t. v. ekki að hafa verið gert í Vestfjarðakjördæmi, þá er mér ljóst að akbrautir eða ökuleiðir hafa verið kannaðar í ýmsum héruðum án þess að til kæmi sérstök fjárveiting á vegáætlun eða reiknað hafi verið inn í heildarfjárveitingu til þess kjördæmis. Það er ég viss um að hefur verið gert, gæti jafnvel nefnt dæmi þess.

En aðeins í lokin vil ég vekja athygli á því, að enn hefur ekki verið lokið lagningu hafísvegarins svonefnda. Það hefur enn ekki komið til þess að framkvæmdir hæfust að gagni sunnan Helkunduheiðar sem — svo sem þm. vita — skilur á milli Norður-Þingeyjarsýslu og Norður-Múlasýslu. Þarna er enn ólokið verkefni sem gefið hefur verið fyrirheit um, að lagður verði vetrarfær vegur til þess að tryggja hafnirnar á Norðausturlandi, ef hafís bæri að

garði með meðfylgjandi veðráttu á næstu árum. svo sem e. t. v. er yfirvofandi á þessu vori. Það hefur úrslitaþýðingu fyrir byggðir Norður-Þingeyjarsýslu að slíkt vegarsamband komist á við Vopnafjörð og síðan áfram suður á firðina ef vel á að vera.

Ég vil aðeins í lokin skjóta því að hv. þm. þeirra Austfirðinga, að einhvern veginn fór það svo, þegar rætt var um fjárveitingar í hafísveginn á sínum tíma, að þá virtust þeir hafa meiri áhuga á því að lagður yrði vegur um Vopnafjarðarheiði upp á hringveginn heldur en treysta sambandið með sjó fram til annarra hafna. Nú vænti ég þess, að nokkur hugarfarsbreyting hafi orðið hjá þeim í þessu máli síðan. En umfram alla muni vil ég stuðla að því, að fundið verði gott vegarstæði með sjó fram milli Fljótsdalshéraðs og Vopnafjarðar svo að fara megi jafnt á vetri sem sumri.

Helgi Seljan: Herra forseti. Ekki er nú gott fréttasambandið milli þm. á Norðurlandi eystra og Austfjörðum, það er greinilegt, ef þeir þm. Norðurl. e. hafa þær undrafréttir að Austurlandsþm. hafi á sínum tíma viljað leggja hafísveginn um Vopnafjarðarheiði. Þetta hef ég aldrei heyrt og er í fyrsta skipti sem ég heyri þær fréttir. (Gripið fram í.) Skiptir ekki máli hver þar er borinn fyrir því að vitanlega er þetta rangt með öllu. Þetta datt okkur aldrei í hug. Hins vegar vildum við gjarnan, — ef inn á þetta mál er komið í alvöru þó að ekki séu tök á því hér, — þá vildum við gjarnan ræða við þá hv. þm. Norðurl. e. um skiptingu á þessu fé milli Austurlands annars vegar og Norðurlands eystra hins vegar — en ég ætla ekki að fara út í það hér — og benda á visst ranglæti í þeirri skiptingu sem við létum viðgangast af sanngirnisástæðum á sínum tíma og af því einnig hvað þeir báru sig aumlega, þm. Norðurl. e., á þeim tíma. Þetta gerðum við af miskunnsemi við þá og reyndar íbúana þar um leið. (**Gripið fram í:** Var það ekki vegna hafíssins?) Hann náði býsna langt suður eftir þá, hv. þm.

Ég vildi aðeins í sambandi við það, sem hæstv. ráðh. kom inn á áðan, minna á það, að það er rétt að þm. geta af þeirri fjárveitingu, sem fer til hvers kjördæmis hverju sinni, varið ákveðinni upphæð til verkefnis af þessu tagi. En þá vil ég sérstaklega benda á annað sem ég held að hæstv. ráðh. hafi gleymt, en er aðalatriðið sem liggur að baki þessari till. sem er áherslutillaga varðandi ákveðinn lið í vegáætlun. Áætluð upphæð á þessu ári til tæknilegs undirbúnings nemur 845 millj. samkv. vegáætlun. Þessi tæknilegi undirbúningur er algerlega á vegum Vegagerðar ríkisins. Þm. einstakra kjördæma koma aldrei inn í skiptingu á þessum lið, — aldrei. En til að rifja það upp fyrir hæstv. ráðh. og öðrum þm. segir um þennan lið í vegáætluninni núna:

„Þau verkefni, sem einkum lenda á þessum lið, auk stjórnunarstarfa, eru því hönnunarkostnaður verkefna sem ekki hafa fjárveitingu."

Það er því alveg ljóst, að ef Alþingi samþykkir þá till. sem hv. þm. Tryggvi Gunnarsson hefur hér mælt fyrir, þá er búið að leggja sérstaka áherslu á það við Vegagerð ríkisins að hún verji fé af þessum tæknilega undirbúningslið til þessa sérstaka verkefnis. Við skulum svo gjarnan athuga það, þm. Austf., hvort við getum ekki bætt þar við ef okkur þykir þar skorið við nögl af hálfu Vegagerðarinnar. En það er ótvírætt skylda hennar, eftir að slík samþykkt hefur verið gerð hér á Alþingi, að taka tillit til þess varðandi skiptingu á þessum sérstaka lið sem er ætlaður beinlínis til hönnunar þeirra verkefna sem hafa ekki fjárveitingu.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Eins og merkt verður af umr. hér í þinginu ætti ekki að verða neitt því til fyrirstöðu að fá þetta þarfa mál samþykkt á þessu þingi. Væri það vissulega vel ef Alþingi tæki myndarlega á því erindi sem hér liggur fyrir. En því miður horfa málin þannig norður og austur þar, að ekki er útlit fyrir að jafnmikið verði úr framkvæmdum, t. d. með hafísvegarfé, og menn höfðu vænst.

Hafísféð hefur ekki fengist bætt sem nemur verðbólgunni frekar en annað sem er í vegáætlun. Hefur farið um þær vonir, sem við það fé voru bundnar, eins og um ýmislegt annað, að menn verða að taka á þolinmæðinni og bíða lengur en þeir höfðu vænst eftir því að fá vegi sína upp úr snjó.

Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um það nauðsynjamál sem það er fyrir Vopnfirðinga að fá betri samgöngur. Þeir eru afskaplega einangraðir. Og eins og fram kom í ræðu flm. eru það jafnframt hagsmunir byggðanna fyrir norðan að skjót lausn verði fundin á samgöngumálum, ekki aðeins Vopnafjarðar og Fljótsdalshéraðs, heldur líka norður um. Ég vil því vænta þess, að þessi tillöguflutningur megi ekki aðeins verða til að greiða fyrir samgöngum til Austurlands, heldur reki á eftir um það að hafísféð verði verðbætt þannig að það standi undir þeim vonum sem til þess voru gerðar.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að taka til máls um þessa till., en hv. þm. Stefán Jónsson fór að hafa eitthvað eftir mér úr sæti sínu. Ég man nú ekki betur en hv. þm. færi með okkur til Vopnafjarðar — er það ekki rétt munað? — þegar hafísnefndin forðum daga flaug þangað. (Gripið fram í.) Var ekki þm. með? Þá kom í ljós hvað þessir menn vildu, bæði á Vopnafirði og Bakkafirði og annars staðar þar sem nefndin fór. Þá kom það í ljós, að þeir vildu láta byggja upp veginn norður. Þeir töldu ekki aðra leið mögulega eins og á stóð. Ég man eftir því, að það var rætt um leiðina suður milli Vopnafjarðar og Héraðs, og ég man ekki betur en það væri sérstaklega tekið fram að ekki væri hugsanlegt nema með göngum að gera þá leið þannig að hún væri nokkuð til að byggja á, t. d. í vetrarveðráttu. Og það var meira að segja rætt um það, að ef væri búið að byggja upp veginn yfir Möðrudalsöræfi væri þó frekar að fara þá leið heldur en beint suður. En þeir lögðu aðaláhersluna á að byggja upp veginn norður.

Það kom fram hjá hv. þm. Helga Seljan að hann var óánægður með þessi skipti. Ég vil upplýsa það, að þessi skipti komu frá Vegagerðinni, það var hún sem lagði þetta til. Aðalhindrunin á leiðinni var Sléttan og ég hygg að það hafi verið ástæðan fyrir því, að hún lagði þessi skipti til. Og enn er það þannig að það er aðalhindrunin á þessari leið, og því miður lítur ekki út fyrir að þessu verði lokið á næsta sumri. Ef ég man rétt mun vanta til þess að ganga frá þessum svokallaða hafísvegi, þ. e. veginum frá Vopnafirði til Kópaskers, rúma 2 milljarða gkr., gott ef það eru ekki 2.3. En þá er miðað við að búið sé að ganga frá veginum nokkuð vel.

Ég ætla ekki að ræða þetta frekar. Ég vildi bara benda á þetta. Og ég vil líka benda á það, að hugmyndin um hafísveginn kom upp út af þessu ferðalagi fyrst og fremst. Heimamenn lögðu áherslu á það, að ef hafnirnar lokuð-

ust væri eina leiðin landleiðin og það væri eina leiðin að byggja upp veg í norður.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Í hið fyrra sinnið vék ég að afstöðu þm. Austf. á sínum tíma sem tóku ekki ákaflega hressilega undir hugmyndina um hafísveginn. En ég verð, fyrst ég er kominn hingað upp aftur, aðeins að rétta af minni nafna míns, hv. þm. Stefáns Valgeirssonar. Ferðalag það, sem hann talaði um á vegum hafísnefndarinnar, var farið eftir að samþykkt hafði verið í ríkisstj. till. um byggingu hafísvegar á þessu svæði. Sú hugmynd kom fyrst upp í svonefndri hafísnefnd þar sem við nafni minn sátum báðir. Og ég vil kalla til vitni, sem að vísu eru ekki hérna núna, en munu verða til þess fáanleg að votta að það var undirritaður sem bar uppástunguna fram í hafísnefndinni á sínum tíma, en ætlar alls ekki að eigna sér þessa hugmynd þar fyrir. Hún varð til með allt öðrum hætti í ágætu samstarfi þeirra manna sem skipaðir voru í þessa svonefndu hafísnefnd, þar sem enginn — merkilegt nokk og sjaldgæft — gerði neina tilraun til þess að eigna sér prívat og persónulega heiður af því máli. Þess vegna hygg ég að það hafi verið sem fjárveiting fékkst til lagningar hafísvegarins og þeim þm., sem sátu í þessari nefnd, auðnaðist að gera lýðum ljóst hver þörf væri fyrir þennan veg.

Ég tek undir það sem hv. þm. Stefán Valgeirsson sagði, nauðsyn þess að ljúka þessari vegagerð sem er allt annars eðlis í þörf sinni heldur en vegagerð á landi hér almennt, vegna þess að það er sannarlega rétt, sem hv. þm. sagði, að hér er um það að ræða að tryggja flutninga á nauðsynjum við hin verstu vetrarskilyrði og þó e. t. v. enn þá fremur þegar loksins hlánar eftir hafísvetur og hafísvor og vegirnir komast ella í þess háttar ástand að ekki þoli neitt farartæki.

Eins og hv. þm. Halldór Blöndal sagði fengust ekki verðbætur á fjárveitingar til hafísvegarins nú síðast. Það er útlit fyrir að endanlegur frágangur þessa vegar muni dragast á langinn. Við skulum vona að það beri nú ekki svo til að við finnum fyrir því á þessu vori að betur hefði þessari vegargerð verið flýtt. Með því getum við reiknað alveg fastlega, að áður en þessi áratugur er á enda munum við þurfa á því að halda að hafa þarna vetrarfæran veg til þess að flytja varning á milli hafna.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Það ætlar að verða mikið mál út af þessum ágæta vegi sem mér heyrist að allir séu sammála um að þurfi að leggja. En ég vildi aðeins skýra nánar það sem ég sagði áðan út af því sem hv. þm. Helgi Seljan sagði. Það er rétt hjá honum, að þessar 840 millj. í tæknilegan undirbúning fara ekki í undirbúning á vegum sem eru þegar á vegáætlun. Það er rétt. En þetta fer í stjórnunarkostnað í sambandi við tæknimál og til undirbúnings nýrri vegáætlun. Þar er aðalkostnaðurinn. Nauðsynlegt er að undirbúa alls konar verkefni sem koma til endurskoðunar við vegáætlun fyrir öll kjördæmi landsins. Þar með eru t. d. sérverkefni sem þm. lýsa vilja sínum um röðun á. Ég þekki það úr mínu kjördæmi. Það hefur t. d. núna í 2—3 ár verið unnið að undirbúningi að vegi yfir Steingrímsfjarðarheiði sem við höfum kosið að setja næst í okkar röð, Vestfjarðaþingmenn, og það er greitt af þessum lið. Þannig geta menn farið í kringum allt landið.

En ég verð að segja það, að ég kannast ekki við að samþykktir hafi verið gerðar af Alþingi um einhverja sérstaka vegi til viðbótar eða fram hjá því sem þm. viðkomandi kjördæmis hafa valið. Það kann vel að vera að þetta sé rangt, en ég man ekki eftir að það hafi verið gert. En þessu fé er ráðstafað til að undirbúa vegáætlun fyrir hin einstöku kjördæmi og ný verkefni í því sambandi. Þess vegna vil ég í fullri vinsemd benda flm. og þeim, sem styðja þennan veg, á að taka málið upp við þm. kjördæmisins. Ég efast ekki um, miðað við þær mjög góðu undirtektir sem hér eru, að menn vilji raða þessum vegi ofarlega á sínn lista, og þá stendur áreiðanlega ekki á Vegagerðinni að ráðstafa fjármagni af þeim lið til undirbúnings þessum vegi. Ég er sannfærður um það. En ég held að menn hljóti að sjá að það verður orðinn hálfgerður frumskógur, ef annars vegar eru þm. viðkomandi kjördæmis, sem vilja láta skoða einhverja vegi, og síðan er þingið að samþykkja till. um aðra. Þetta þarf að samræma, og ég tel að sú regla, sem orðin er í þessu sambandi, sé mjög viðunandi, það verð ég að segja.

Um hafísveginn skal ég ekki ræða mikið. En það er víðar sem hafís getur lokað höfnum en á Norðurlandi eystra. Ég bendi t. d. á Strandirnar, Ísafjarðardjúp og víðar um Norður- og Austurland. Austfirðingar telja sig hafa orðið út undan með hafísfé. Þeir telja sig þola hafís, en ekki hafa fengið hafísfé.

Það er a. m. k. staðreynd, að sérstök nefnd var skipuð fyrir nokkrum árum til að reyna að losa vegáætlun úr viðjum þessara mörgu verkefna sem voru fyrir utan hana. Ég hygg að hv. þm. kannist við það. Og sú nefnd sameinaði þetta í vegáætlun undir þessa þrjá flokka, þ. e. stofnbrautir, þjóðbrautir og sérverkefni. Ég tel að það hafi verið skynsamlegt, þótt við höfum fallist á hafísveg sem sérstaka nauðsyn í þessu tilfelli.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Árangur nemenda í grunnskólum og framhaldsskólum, þáltill. (þskj. 168). — Ein umr.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég flyt hér ásamt Ragnhildi Helgadóttur, sem var 1. flm. þessa máls, meðan hún sat hér á þingi, og hv. 2. þm. Suðurl., Steinþóri Gestssyni, svohljóðandi till. til þál.:

„Alþingi ályktar að fela menntmrn. að kanna eða láta kanna svo sem enn er frekast kostur, hver áhrif nýlegra breytinga á skólahaldi og skipulagi skóla hafa orðið á ástundun og árangur nemenda í grunnskólum og framhaldsskólum."

Á síðasta áratug hafa verið gerðar ýmsar breytingar á skólahaldi og skipulagi skóla og ýmsar tilraunir á því sviði sem í mörgu eru frábrugðnar því sem áður tíðkaðist. Við þessar breytingar og tilraunir var þess ekki gætt sem skyldi, að eftir á yrði unnt að meta hver áhrif þær hefðu á árangur skólastarfsins og allan skólabrag. Þetta er einkum bagalegt þar sem um beinar tilraunir í skólastarfi var að ræða, en óhjákvæmilegt virðist að meta árangur reglulega svo að unnt sé að breyta tilraunum ef þörf krefur. En jafnvel þar sem meiri háttar breytingar hafa verið gerðar til frambúðar er full ástæða til að fylgjast náið með áhrifum þeirra svo að unnt sé að lagfæra það sem betur mætti fara þótt ekki sé ætlunin að hverfa frá þeirri nýskipan, sem komið hefur verið á, eða gera á henni stórvægilegar breytingar. Um leið og breytingar og

tilraunir voru gerðar á síðasta áratug hefði þurft að staðla einhvern mælikvarða sem gert hefði kleift að bera saman hið fyrra skólahald og hið nýja. Þannig hefði verið æskilegt að staðla próf í nokkrum mikilvægum greinum áður en grundvallarbreytingar voru gerðar á skólakerfinu, svo að síðar mætti halda sams konar próf til samanburðar. Jafnframt hefði verið æskilegt að fylgjast náið með áhrifum breytinganna á skólasókn. Þá hefði verið æskilegt að leita leiða til að meta hvort breytingarnar hefðu áhrif á líðan nemenda.

Í grunnskólalögum er gert ráð fyrir því, að menntmrn. fylgist með tilraunum í skólastarfi og meti með þeim hætti sem hér er lagt til. Slíkt starf hefur þó ekki hafist svo að orð sé á gerandi. Menntmrn. gaf að vísu út skýrslu vorið 1978 um framkvæmd grunnskólalaganna til skólaársins 1977—1978, en í henni er aðeins að finna upplýsingar um framkvæmdir í skólamálum, en ekkert um árangur þeirra. Ýmis vitneskja, sem afla hefði mátt ef ráð hefði verið tekið í tíma, er nú glötuð. Þó má enn bjarga ýmsu, sem leynist í gögnum skólanna, og styðjast við fyrri reynslu sem enn er ekki týnd. Einnig mætti leita umsagnar reyndra kennara og foreldra.

Æskilegast væri að slík könnun á námsárangri næði til sem flestra þátta skólastarfsins, en þó má vænta skjótari árangurs ef aðeins er leitað eftir fáum en mikilvægum þáttum. Má þar sérstaklega nefna eftirfarandi atriði: a) þekkingu nemenda á íslenskri tungu, b) þekkingu nemenda í reikningi, c) skólasókn, d) fjarvistir nemenda vegna veikinda, e) almennt heilsufar nemenda og viðhorf þeirra til skólans.

Könnun eins og sú, sem hér er lagt til að gerð verði, er mikilvæg nú m. a. vegna þess, að án efa heldur skólakerfið áfram að breytast og aðlagast daglegu lífi manna á hverju tíma. Til þess að geta jafnan brugðist rétt við er *nauðsynlegt að fylgjast vel með öllum breytingum* skólakerfisins og taka ákvarðanir með hliðsjón af þróun þjóðlífsins í heild.

Ég hef nú lesið hér þá grg., sem fylgir frv., til þess að hv. þdm. gefist kostur á að glöggva sig betur á málinu og rifja upp aðdraganda þess, en töluvert er síðan þessi tillaga var lögð fram hér á þinginu. Um þau atriði, sem hér er sérstaklega fjallað um, vil ég almennt segja það, að breytingarnar á skólahaldi hafa orðið svo miklar nú síðustu 3—4 árin að við, sem hættum kennslu á árinu 1976 í gagnfræðaskólum, erum naumast lengur dómbærir á það *sem fram fer í skólunum*. Ég hef ástæðu til að ætla að enn hafi ekki tekist að koma framhaldsskólunum í það horf sem nauðsynlegt er til þess að þeir geti tekið við af hinum nýja grunnskóla, eins og til er ætlast, og get tekið dæmi af því, bæði hér í Reykjavík og raunar líka annars staðar, að margt er handahófskennt í framkvæmd framhaldsskólanna og námskröfur vægast sagt á reiki eða mjög tilviljanakennt til hvers er ætlast.

Í þessu sambandi vil ég rifja það upp, að í þann mund sem grunnskólalögin voru sett hafði veruleg breyting orðið í gagnfræðaskólum. M. a. hafði tekist að koma gagnfræðaskólaprófinu fyrir í skólakerfinu þannig að það hafði orðið skilgreinda þýðingu, var próf sem mark var takandi á, og reynslan af 4. bekknum var mjög góð síðustu árin sem hann var. Fjórðubekkingar þroskuðust mikið þennan síðasta vetur. Þeir fundu að þeir áttu erindi í skólann og á marga lund voru það skemmtilegustu nemendurnir sem maður kenndi á þeim árum. Með grunnskólanum var 4. bekkurinn lagður niður og samtímis því var námskröfum breytt í 3. bekk, sem nú heitir 9. bekkur, þannig að öllum var gert að fara yfir sama námsefni. Þó lá það fyrir á þeim tíma, eins og reyndar líka núna, að nemendur voru afskaplega misvel undir það búnir, bæði hvað undirbúning varðaði og almennan þroska, að leggja á sig samsvarandi nám á árunum eftir fermingu. Þar sem tilraunir voru gerðar, t. d. varðandi reikning, kom líka í ljós að bestu nemendur gátu tileinkað sér þá reikningskunnáttu á hálfum vetri sem þeir, sem verr voru undir búnir, höfðu enga möguleika til að tileinka sér á tveim vetrum. Ef við berum saman t. d. árangur af reikningsprófi í hinum almennu landsprófsdeildum á miðjum áttunda áratugnum og niðurstöður í reikningi á gagnfræðaprófi, þá sjáum við að yfirleitt var það svo í landsprófsdeildum að nemendur höfðu góð tök á þessari námsgrein, en því fór víðs fjarri í 4. bekk. Ég held þess vegna að það sé síst að ástæðulausu sem hér er sérstaklega bent á þekkingu nemenda í reikningi, enda held ég að ég muni það rétt að ýmsar tilraunir hafi verið gerðar um reikningskennslu á síðustu árum og námsefninu verið breytt.

Varðandi þekkingu nemenda á íslenskri tungu vil ég sérstaklega segja það, að þar hefur mjög verið dregið úr kröfunum, og það, sem kannske er bagalegast, er að ekki er við grunnskólapróf, hið samræmda próf, gerð tilraun til þess að mæla þekkingu nemenda eða hvernig þeim hefur tekist að tileinka sér það námsefni sem þeir hafa fjallað um yfir veturinn, heldur virðist þetta vera einhvers konar gáfnapróf og matið á námsárangrinum eftir því. Mér er það t. d. minnistætt síðasta árið sem ég kenndi — þá var grunnskólaprófið komið upp — að ég gaf hæsta nemanda, sem ég kenndi, 8.6, en þegar sú einkunn kom að sunnan var búið að hækka hana upp í 10. Gat ég aldrei skilið hvernig á því stóð, en var náttúrlega þakklátur fyrir hönd nemandans fyrir þessa ofrausn sem honum var sýnd.

Að vísu er það svo að einstaka kennari, gamall, íhaldssamur og fastur fyrir, kennir enn þá íslensku með gamla laginu. Mér skilst líka á nemendum t. d. í menntaskólum og fjölbrautaskólum, að þeir nemendur, sem hafa þvílíka kennara, gamla í hettunni, séu betur undirbúnir en aðrir. Ég held raunar að nauðsynlegt sé að taka sérstaklega fyrir hversu íslenskukennslu er háttað, og ég efast stórlega um að ástæða sé til að láta þá menn, sem hafa ákveðið námsskrár og námsefni í tungunni á undanförnum árum, koma neitt nálægt endurskoðun námsefnisins eins og allt er í pottinn búið.

Varðandi skólasókn er kannske margt að segja. Þar sem ég þekki best til, í gagnfræðaskólanum á Akureyri, hefur skólasókn frekar batnað nú hin síðustu ár og kemur þar fleira til en þær tilraunir sem fjallað er um í þessari þáltill. En ég vænti þess, að annars staðar sé reynslan kannske önnur. Mér er t. d. ekki ljóst hvaða áhrif fjölbrautaskólakerfið hefur í þessum efnum, og vafalaust eru til einstök dæmi um að nemendur hafa ekki fundið sig í því kerfi og beinlínis hrökklast úr skóla af þeim sökum.

Hér er fjallað sérstaklega um fjarvistir nemenda vegna veikinda og almennt heilsufar nemenda, sem er forvitnilegt að fá nánari upplýsingar um, og að síðustu viðhorf nemenda til skólanna. Það hefur verið breytingum undirorpið á síðustu árum og raunar á fleira að líta í því sambandi heldur en grunnskólalögin ein.

Ég veit ekki hvort ástæða er til að fara um þetta fleiri

orðum. Ég vil aðeins undirstrika það, að ég hef vissar hugmyndir um að við séum á villigötum í sumun námsgreinum, eins og t. d. í íslensku. Ég tel afskaplega lofsvert að reynt skuli vera að ná fótfestu í sambandi við reikninginn. Að síðustu vil ég sérstaklega fara viðurkenningarorðum um þær miklu framfarir sem orðið hafa t. d. í kennslu á erlendum tungumálum, en á hinn bóginn held ég að höfuðmeinsemdin í skólamálum hjá okkur núna sé sú, að námið er ekki nógu markvisst. Okkur hættir til að stefna öllum nemendum inn í sama básinn, ef svo má segja, varðandi bóklegt efni, án tillits til þeirrar hæfni sem nemendur hafa til þess að tileinka sér bóklegt nám, og þá að sjálfsögðu með þeim afleiðingum að bóklegri námstíminn nýtist ekki sem skyldi þeim nemendum sem betri möguleika hafa á að tileinka sér það nám. Auðvitað eru nemendur mismunandi undir það búnir að takast á hendur erfitt bóklegt nám og sumir hafa engan áhuga á því. Þetta er alveg eins og um fullorðið fólk. Sumt fólk er bókhneigt, annað er kannske verklagið eða hefur meiri ánægju af því að fást við slíka hluti.

Og svo að síðustu þetta: Ég tel mig hafa vissu fyrir því, að framhaldsskólinn sé ekki undir það búinn að taka við nemendum úr grunnskóla og að nauðsynlegt sé að koma þar við einhvers konar umbótum. Miðað við þá reynslu, sem ég hef sem kennari, mundi ég einkum mæla með því, að sú hugmynd, sem gamli gagnfræðabekkurinn, 4. bekkur gagnfræðanámsins, var reistur á, verði endurvakin og þannig reynt að blása nýju lífi í námsvilja og námskraft þessara unglinga.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Þessi till., sem hér er til umr., snertir mjög mikilvægt málefni sem nauðsynlegt er og sjálfsagt að ræða. Ég vil gjarnan segja um hana nokkur orð og tala þá að sjálfsögðu eins og þetta mál blasir við mér.

Það er rétt, sem fram kom hjá hv. frsm. fyrir þessari till. og flm., að mjög miklar breytingar hafa orðið á ýmsu í skólakerfinu síðustu ár — og reyndar má segja síðustu áratugi. Hv. flm. ræddi um að þessar öru breytingar hefðu orðið nú allra síðustu árin, 4—5 árin, en óhætt er að segja að aðdragandinn að þessum breytingum sé miklu lengri. Breytingarnar á skólakerfinu hafa tekið yfir alllangan tíma, má segja áratugi, sérstaklega á sjöunda áratugnum, þar sem þessar breytingar byrja fyrir alvöru eftir 1960. Það er því alveg ljóst að skólakerfið hefur stækkað mjög mikið, það hefur beinlínis þanist út, eins og sumir vilja orða það. Slíkt orðalag er kannske stundum notað af því að þá felst í því einhvers konar efasemd eða tortryggni gagnvart þessum miklu breytingum. Og ég ætla ekki að lá neinum þó að hann kunni að hafa efasemdir um ágæti allt of örra breytinga á skólakerfinu. Ég held að full ástæða sé til þess að fylgjast með slíkum breytingum og gera það með opnum huga og vissulega með gagnrýni.

En jafnframt vil ég taka það fram, að ég sé enga ástæðu til þess að vera um of gagnrýninn á þetta eða allt of svartsýnn þó að skólakerfið taki stakkaskiptum, þó að það breytist eins og annað á svo hraðfleygum breytingatímum sem við lifum nú og höfum lifað síðustu ár og áratugi. Auk þess er ég efins um að rétt sé að kalla þessar breytingar byltingu, eins og sumir taka sér nú reyndar í munn, því að þrátt fyrir allt er þróunin í skólamálum á þessari öld alveg samfelld og auðvelt að rekja hana allt frá því að dr. Guðmundur Finnbogason, uppeldis- og sálfræðingur þeirrar tíðar, lagði á ráðin um setningu fræðslulaganna frá 1907. En að því verki vann dr. Guðmundur Finnbogason í mörg ár, skrifaði um það bækur og skýrslur og um skólamál yfirleitt og vann að öllu leyti mjög fagmannlega að þessu verki á meðan það stóð. Fræðslulögin frá 1907 voru bylting á sinni tíð. Síðan má segja að allt okkar skólakerfi hafi byggst á þessum grunni og tekið breytingum, má segja, á grundvelli laganna frá 1907.

En það er satt, að breytingar á skólakerfinu hafa orðið ákaflega miklar á síðustu 12—15 árum og við erum óneitanlega enn þá í þessari breytingadeiglu, breytingatíminn stendur enn þá yfir. Og sú till. sem hér er til umr., sýnir það, að flm. gera sér ljóst að það er að mörgu að hyggja þegar örar breytingar ganga yfir skólakerfið, og ég er þeim sammála um það.

Ég vil sérstaklega taka undir þá meginhugmynd sem mér virðist búa að baki þessari till., og það er nauðsynin á því að fylgjast stöðugt með starfi skólanna, ekki síst nýjungum, og meta þetta starf og þessar nýjungar og hafa niðurstöðurnar til viðmiðunar þegar taka þarf ákvarðanir um starfshætti einstakra skóla eða ákvarðanir um skólamál á breiðum grundvelli, t. d. í rn. eða á öðrum stöðum þar sem ráðum er ráðið í skólamálum.

Ég sé að í grg. fyrir till. er bent á fimm atriði, sem æskilegt væri að kanna, og ég ætla að víkja hér nokkrum orðum sérstaklega að þeim sérstöku atriðum sem þar eru nefnd.

Þar er þá fyrst til að taka þekkingu nemenda á íslenskri tungu. Þetta er mjög mikilsvert atriði. En sannleikurinn er sá, að könnun á þekkingu nemenda á íslenskri tungu með samanburði við þekkingu nemenda á sama skólastigi fyrr á árum er mjög miklum vandkvæðum bundin. Ástæðurnar eru m. a. þær, eins og kom reyndar fram í máli hv. flm. áðan, að námsefni í íslensku hefur breyst og önnur áhersla er nú lögð á einstaka þætti í móðurmálsnáminu heldur en áður var að ýmsu leyti. Þá má líka benda á það sem málfræðingar kalla „málumhverfi" nemenda. Það hefur breyst mjög mikið á síðari árum í breyttu þjóðfélagi, ekki síst eftir að útivinna húsmæðra varð jafnalgeng og raun ber vitni og þjóðfélagið allt hefur reyndar gerbreyst. Þetta hefur leitt til þess, að nemendur umgangast aðallega jafnaldra sína og læra þá málið hver af öðrum, en minna af fullorðna fólkinu miðað við það sem áður var, ekki síst í okkar gamla sveitaþjóðfélagi þar sem allt fólk, á hvaða aldri sem var, var samvistum allan daginn og vann mikið til saman og hafði mjög náin samskipti frá morgni til kvölds.

Í grg. með till. er bent á að æskilegt hefði verið að hafa staðlað próf í nokkrum mikilvægum greinum áður en grundvallarbreytingar voru gerðar á skólakerfinu svo að síðar mætti halda sams konar próf til samanburðar. Ég hef borið þetta undir menn sem vel þekkja til skólakerfisins. Hér verður náttúrlega að hafa það í huga, að notkun slíkra prófa til samanburðar á árangri nemenda yfir lengri tíma krefst þess, að námsefnið breytist ekki svo umtalsvert sé og að alltaf sé lögð sama áhersla á einstaka þætti námsefnisins og að málumhverfi nemandans sé svipað. Á svo miklum umbrotatímum sem hér hafa ríkt að undanförnu á öllum sviðum er langt frá því að unnt sé að fullnægja þessum skilyrðum. Á öllum tímum hefur eitt af markmiðum íslenskukennslunnar verið að kenna nemendum að tjá sig sæmilega í töluðu og rituðu máli. Ég vil fullyrða að það sé enn markmiðið með íslensku-

kennslunni. Kennurum á öllum tímum hefur gengið misjafnlega að ná þessu markmiði, og það hefur lengi verið kvartað undan því, að þegar menn útskrifast úr skóla séu þeir hvorki talandi né skrifandi. Ég tók hérna með mér svolítinn kafla úr bók sem mig langar, með leyfi hæstv. forseta, að vísa til og lesa upp úr. Þessi kafli, sem ég er með ljósrit af, er úr bók eftir Baldur Jónsson sem heitir „Mályrkja Guðmundar Finnbogasonar". Hann sýnir vel hvernig menn hafa löngum haft efasemdir uppi varðandi árangur af íslenskukennslu sérstaklega. En þannig segir í þessari bók:

Árið 1919 samþykkti þingið (þ. e. Alþingi) að skora „á stjórnina að gera þær breytingar á reglugerð menntaskólans, sem nauðsynlegar þættu að undangenginni rannsókn. Þessi þingsályktun varð til þess, að 12. mars 1920 voru þeir prófessorarnir Guðmundur Finnbogason og séra Sigurður P. Sívertsen til þess kvaddir að sitja í menntamálanefnd stjórninni til aðstoðar við endurskoðun fræðslumála. Nefndin skilaði viðamiklum tillögum og álitsgerðum, sem prentaðar voru í fernu lagi sem Menntamálanefndarálit 1—4 (Reykjavík 1921—22).

Ekki er ástæða til að rekja efni þessara álitsgerða hér," segir Baldur Jónsson. „Þó er ekki úr vegi að segja nokkuð frá því, sem fram kemur um árangur íslenskukennslunnar í menntaskólanum í fyrsta hefti álitsins, og má geta þess um leið, að í þessu hefti koma ýmis orð fyrir í fyrsta skipti, einkum nýyrði á stærðfræðilega sviðinu. Menntamálanefndarálit 1 kemur því einnig við sögu síðar í þessu riti," heldur Baldur Jónsson áfram.

„Nefndarálitið um menntaskólann er undirritað 20. október 1920, alls 64 bls. með titilsíðu og fylgiskjölum, svo að ljóst er, að þeir félagar hafa látið hendur standa fram úr ermum. Fyrsta verk þeirra var að kanna prófskýrslur skólans og skýrslur um frammistöðu stúdenta hans á embættisprófum háskólans. Enn fremur sendi nefndin háskólakennurum í öllum deildum fyrirspurnir, sem síðar verður getið," segir hér í bókinni. „Og loks kynntu nefndarmenn sér fyrirkomulag sams konar skóla í öðrum löndum, einkum Norðurlöndum," og er þar vísað til Menntamálanefndarálits 1, bls. 3.

„Þegar þeir félagar höfðu kynnt sér árangurinn af starfi menntaskólans á undanförnum árum, komust þeir að þeirri niðurstöðu, að skiptinguna í gagnfræðadeild og lærdómsdeild, sem komið var á með reglugerðinni 1904, bæri að fella niður og hafa 6 ára óskiptan skóla. Tillagan um þetta var rædd á kennarafundi í menntaskólanum og samþykkt með 8 atkvæðum gegn 2 (sama rit, bls .4). Að sjálfsögðu var gert ráð fyrir þessu fyrirkomulagi í frumvörpum nefndarinnar um lög og reglugerð skólans (sama rit, bls. 21—40), en þau náðu aldrei fram að ganga.

Einhver athyglisverðasti þátturinn í starfi nefndarinnar er samvinna hennar við deildir háskólans," segir Baldur Jónsson. „Nefndin mæltist til við háskólaráð, að eftirfarandi spurningar yrðu lagðar fyrir kennara allra háskóladeilda (sama rit, bls. 6):

1. Hvernig hefir yður reynst andlegur þrosi stúdenta, er þeir koma frá Menntaskólanum og byrja nám sitt við Háskólann?

2. Í hvaða námsgreinum Menntaskólans finnst yður þeim helst ábótavant frá sjónarmiði háskólanámsins?

3. Hverjar breytingar á undirbúningi þeirra undir háskólanámið teljið þér æskilegar eða nauðsynlegar?

Svör háskólakennaranna eru birt sem fylgiskjöl með nefndarálitinu og eru einkar athyglisverð," segir Baldur Jónsson enn fremur. „Það, sem hér skiptir mestu máli, er dregið saman í „Áliti" nefndarinnar, einkum á bls. 7—8, og er einfaldast að taka það hér upp orðrétt. Þar segir svo:

Niðurstaða háskólakennaranna verður þá í stuttu máli sú, að stúdentar, er þeir koma frá Menntaskólanum, hafi ekki fengið þann þroska í að hugsa sjálfstætt og rökvíslega, er æskilegur er til háskólanáms.

Sum svörin við 2. spurningunni benda að nokkru leyti í sömu átt. Er þar sérstaklega athugavert það sem sagt er um kunnáttuna í **íslensku.** Guðfræðideildin segir: „Sérstaklega finnst oss, að stúdentum sé ábótavant í þekkingu á **íslenskri tungu**. Við allar skriflegar æfingar kemur það í ljós, að ýmsa þeirra skortir mjög þekking í íslenskri réttritun og hafa litla hugmynd um notkun aðgreiningarmerkja. Réttritunarvillur lýta stórlega ritgerðir sumra við prófið, og margir hafa lært svo illa að skrifa, að þraut er að komast fram úr ritgerðunum. Öll framsetningin og vöntun kommusetningar bera þess stundum vott, að þeir hugsa ekki eins skýrt og ætlast mætti til eftir sex ára nám í Menntaskólanum."

Lagadeildin segir: „Skal þess þá fyrst og fremst getið, að deildinni hefir reynst þekking stúdenta á íslenskri tungu ærið ábótavant, bæði um vöndun máls, setningaskipun og jafnvel réttritun."

Prófessor Guðmundur Hannesson svarar spurningunni um það, í hvaða námsgreinum Menntaskólans stúdentum sé helst ábótavant, svo: „Langaugljósast í **íslensku.** Ef dæma má eftir prófritgerðum stúdenta, þá geta fáir ritað íslensku stórlýtalaust."

Og prófessor Sigurður Nordal segir: „En af almennum kynnum af stúdentum, m. a. af því að hafa hlýtt á allt íslenskuburtfararprófið 1915 og lesið stílana, get ég fullyrt, að kunnáttu stúdenta í móðurmálinu er stórra ábóta vant, og miklu meiri en hægt er að ráða af prófeinkunnum þeirra, sem virðast mjög af handahófi."

Slíkir gallar á meðferð móðurmálsins benda, eins og guðfræðisdeildin gefur í skyn, eflaust ekki aðeins á vankunnáttu heldur og skort á skýrri hugsun. Hugsun og mál er svo nátvinnað, að sá, sem vanur er að vega hugsanir sínar og ályktanir á viðkvæma vog, mun sjaldan láta sér sæma hirðulauslega meðferð málsins." Hér lýkur lestri úr áðurgreindri bók.

Ég les þetta plagg hér, sem er orðið yfir 60 ára gamalt, til þess að sýna fram á eða benda á það, að oft hefur verið efast um árangur af kennslu í skólum landsins og þá ekki síst varðandi íslenskunámið, en að sjálfsögðu er það við þetta að athuga, að hér er átt við Menntaskólann sem þá var einn í landinu, en við höfum kannske fremur hér verið að ræða aðra skóla eða skóla á lægra stigi.

En svo að ég víki að þekkingu nemenda í reikningi, sem hv. flm. talaði nokkuð um, þá er sjálfsagt ástæða til þess að líta vel á það, hvernig staðan er í því máli. En námsefni í reikningi hefur breyst mjög mikið og áhersla á einstaka þætti í námsefninu er önnur en áður og vissir þættir hafa sjálfsagt alveg horfið. Og það er sérstaklega ástæða til að benda á það, að alls konar reiknivélar eða vasatölvurnar hafa nú náð mikilli útbreiðslu og eru nánast að segja í hvers manns eigu. Án efa er mikil nauðsyn á því að þjálfa börn og unglinga í að fara með slík tæki. Ég held að yfirleitt sé ekki búið enn þá að sjá alveg fyrir endann á því, hvaða áhrif þessi mikla notkun reiknitækjanna og tölvanna hefur og á eftir að hafa á kennslu í skólum, en ég held að það sé mjög raunhæft einmitt að

gera sér grein fyrir því, og ég man ekki betur en hér liggi till. núna fyrir Alþingi frá ýmsum hv. sjálfstæðismönnum þar sem tekið er á þessu máli og það alveg réttilega.

Einnig er hér í till. minnst á skólasókn og fjarvistir nemenda vegna veikinda og almennt heilsufar nemenda og að ástæða sé til þess að kanna hvernig öllu því sé farið. Ég reikna með að með orðinu skólasókn sé átt við það, hvernig nemendur sækja skólann daglega, en ekki hitt, hvort nemendur fara í skóla yfirleitt, heldur hvernig þeir rækja nám sitt eftir að þeir hafa skráð sig í skóla. Auðvitað er mjög gagnlegt að geta gert sér grein fyrir því. Og reyndar get ég upplýst það, að skólarannsóknadeild menntmrn. hefur gert nokkuð að því að kanna þetta og ýmsar upplýsingar liggja fyrir um það efni í rn.

Hvað varðar viðhorf nemenda til skólans getur vissulega verið gagnlegt að kynnast því, ef menn finna þá reglu fyrir því, hvernig á að framkvæma slíka könnun. Ég er ekki í vafa um að það mun hafa mjög mikla þýðingu í sjálfu sér að þekkja það, hvernig nemendur bregðast við skólanum, hvernig þeir hugsa til skólans, því að það hefur auðvitað gífurlega mikil áhrif á nám þeirra og viðhorf þeirra til námsins, námsárangur, hvaða hug þeir bera til skólans. Ég get vissulega fallist á að það sé eðlilegt og sjálfsagt að reyna að kanna þessi mál, og niðurstöður slíkrar könnunar mundu vafalaust verða gagnlegar sem ábending fyrir einstaka skóla og fyrir fræðsluyfirvöldin yfirleitt.

Ég vil svo segja það almennt í lokin um þessa till., að það er fátt mikilvægara en að starfslið skóla og fræðsluyfirvöld fylgist náið með skólastarfinu á hverjum tíma og leitist við að finna þær leiðir sem skila bestum árangri hverju sinni. Hins vegar, eins og ég held að ég hafi tekið fram áður, er samanburður á milli námsárangurs nemenda á mismunandi tímum mjög erfiður og getur e. t. v. gefið að einhverju leyti villandi upplýsingar um ástandið ef rangt er að staðið. Í öðrum tilvikum getur slíkur samanburður verið nauðsynlegur. Það, sem við gerum í dag, á rætur sínar í fortíðinni. En það sem skiptir höfuðmáli er túlkun upplýsinganna og meðferð þeirra. Það er samdóma álit flestra þeirra sem fást við menntamál eða skólamál, að hvers konar söfnun upplýsinga og úrvinnsla úr þeim sé mjög mikilvæg vegna ákvarðana, sem sífellt þarf að taka, m. a. vegna stöðugrar þróunar skólakerfisins sem gegnir mikilvægu hlutverki í breytilegu þjóðfélagi. Í menntmrn. liggja nú þegar margvísleg gögn og upplýsingar sem ekki hefur reynst mögulegt að vinna úr vegna annarra aðkallandi verkefna. Þá er unnt að afla margvíslegra upplýsinga um skóla og skólastarf án verulegs viðbótar- eða aukatilkostnaðar. Allt starf í þessa átt mundi auðvelda yfirsýn yfir skólahald í landinu, gera mönnum auðveldara að átta sig á hvað er að og hverra úrbóta er þörf. Söfnun slíkra upplýsinga hefur einnig sögulegt gildi. Nái slíkar upplýsingar yfir lengra tímabil ætti að vera unnt að gera sér grein fyrir heildareinkennum þróunarinnar og ætti þá jafnframt að skapast möguleiki á að móta heildarstefnu á öllum sviðum skólamála til lengri tíma, þannig að minni þörf yrði á bráðabirgðaúrlausnum heldur en oft hefur reynst.

En svo að ég víki beint að till. eins og hún liggur fyrir, þá get ég mælt með því, að hún verði athuguð í nefnd og fái í hvívetna þinglega meðferð því að hér er vissulega hreyft mjög mikilvægu máli.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka hæstv. menntmrh. fyrir það að hann eyddi tíma í að gera þessa till. að umræðuefni og segja álit sitt á henni og ræða innihald hennar. Hins vegar þótti mér það ekki nægilega traustvekjandi, hversu mikið hann vildi gera úr því, að erfitt væri að gera slíka könnun sem þessa. Og í lokin tók hann það fram, að hann mundi mæla með því að till. fengi athugun í nefnd. Ég hafði vænst þess, að hæstv. menntmrh. mundi taka því fagnandi, að þær skoðanir kæmu fram hér í þingi að það þyrfti að undirbúa vendilega endurskoðun á grunnskólalögunum. Ég held að ég fari rétt með það, að í lögunum eru ákvæði um það, að innan 10 ára skuli fara fram endurskoðun á þeim lögum. Þau munu hafa verið sett 1974, svo að það líður óðum að þeim tíma að þetta verk verði að vinna.

Ég er ekki að halda því fram að það, sem er tilgreint í till. okkar, sé fullnægjandi könnun til þess að byggja á endurskoðun grunnskólalaganna. En ég vil halda því fram og staðhæfi það, að hér er bent á mikilvægustu atriðin sem verða að liggja ljós fyrir þegar að endurskoðun á að vinna á grunnskólalöggjöfinni. Og það, sem hvatti okkur til að flytja þessa till., var það fyrst og fremst, að við óttuðumst að undirbúningur væri allt of skammt á veg kominn til þess að notast þannig, að niðurstöður af endurskoðun grunnskólalaganna væru tilbúnar innan 10 ára tímabilsins.

Ég sé ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um till. að þessu sinni. Ég veit að hún fær þinglega meðferð. Hún verður að sjálfsögðu athuguð í nefnd og ég geri mér vonir um að Alþingi samþykki hana. Hvort hún samþykkir hana orðrétt eins og hún er lögð hér fram, það er kannske ekki aðalatriðið. Aðalatriðið er það, að meining hennar komist til skila og komist til nota til þess að hægt sé að vinna að endurskoðun laganna eins og gert er ráð fyrir. Og ég tel að það megi einskis láta ófreistað til þess að fram fari könnun í svipuðu formi og hér er gert ráð fyrir.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Út af ummælum síðasta hv. ræðumanns í sambandi við endurskoðun grunnskólalaganna þykir mér alveg nauðsynlegt að greina frá því, að endurskoðunarnefnd grunnskólalaga var sett á laggirnar fyrir rúmlega ári, þó líklega nær tveimur árum, og þessi nefnd lauk störfum nú á þessum vetri. Hún lauk störfum í janúarmánuði. Nefndarálit þessarar nefndar er býsna langt og yfirgripsmikið. Það hefur verið fjölritað í nokkur hundruð eintökum og nú fyrir nokkru hef ég gert gangskör að því, að það verði sent fjölda manns í landinu og stofnunum, ekki síst skólamönnum og stjórnmálamönnum, og þá fyrst og fremst hef ég lagt svo fyrir að þingflokkarnir fengju þetta álit, því að jafnvel þó að þessi þriggja manna endurskoðunarnefnd hafi lokið störfum tel ég ákaflega mikilvægt að almenn umræða fari fram um þetta nefndarálit meðal skólamanna og meðal stjórnmálamanna.

Ég vona satt að segja að þessi skýrsla, sem er býsna löng, berist áhugamönnum um þessi efni sem allra fyrst. Og það skal ekki standa á okkur í menntmrn. að afhenda þeim, sem áhuga hafa á að sjá skýrsluna, að afhenda hana til lestrar. En sem sagt, hún er til í þó nokkuð stóru upplagi og það er þegar búið að senda nokkuð mikið út af því og verður reynt að sjálfsögðu að losa sig við sem allra mest af því þannig að menn fái þetta til athugunar.

Ég er alveg sammála hv. þm. Steinþóri Gestssyni um það, sem ég hef áður oft sagt, að grunnskólalögin eru enginn sá heilagur pappír að ekki sé ástæða til að endurskoða þau, enda var til þess ætlast þegar lögin voru samþykkt hér fyrir átta eða níu árum, og þó tæplega það, að svo yrði gert. Það hefur sem sagt verið unnið að þessu á þann hátt sem lögin sjálf gera ráð fyrir, að sérstök endurskoðunarnefnd færi yfir lögin og gerði till. til ráðh. og Alþingis um þær breytingar sem æskilegar þættu.

Hitt er annað mál, að þetta er, eins og ég segi, mjög yfirgripsmikið álit og erfitt að gera nákvæma grein fyrir því í stuttu máli og nánast ekki hægt. En þó má segja það almennt um þetta álit, að það er ekki hægt að merkja af því að um sé að ræða tillögur um neinar grundvallarbreytingar á löggjöfinni. Hins vegar eru þar ótalmargar breytingar á orðalagi og ýmiss konar uppsetningu á lögunum. E. t. v. má líka finna þar ýmsar grundvallarefnisbreytingar ef vel er leitað, en þó hygg ég að svo sé reyndar ekki að neinu ráði.

En ég vil minna á þetta að gefnu tilefni frá hv. þm., og ég tel mjög æskilegt að flokkarnir taki þetta álit sem allra fyrst til athugunar þannig að hægt verði eftir allvíðtækar umræður meðal skólamanna og stjórnmálamanna að ákveða hverjar breytingar skuli gera eða hvaða breytingar sé líklegt að Alþingi muni samþykkja á núgildandi grunnskólalögum. Venjan er sú, þegar um er að ræða víðtæka skólalöggjöf, að það tekur býsna langan tíma að koma fram breytingum á henni. Og yfirleitt held ég að reynslan sé sú, að það sé óskynsamlegt að ætla sér að knýja fram breytingar á skólalöggjöf án þess að víðtækar umræður hafi farið fram áður um það á meðal skólamanna og alþm. og annarra í landinu. Þannig held ég að rétt sé að vinna að þessu máli nú, eftir að þetta álit liggur loks fyrir, álit endurskoðunarnefndarinnar. Og eins og ég segi, ég vænti þess að þingflokkarnir taki þetta mál upp strax þegar þeir hafa tækifæri til og þetta álit berst þeim í hendur.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil þakka góðar undirtektir menntmrh. Ég skildi hann svo, að hann vildi greiða fyrir því, að þetta mál fengi afgreiðslu í nefnd og hjá þinginu.

Ég vil aðeins bæta því við það sem ég sagði hér áðan, að það er rétt sem hann sagði, að tíska breytist í sambandi við málnotkun. Ég man hvað ég varð hissa þegar ég notaði einu sinni orðið dýrtíð í gagnfræðaskóla í 30 manna bekk og það þekkti enginn nemandi í bekknum þetta orð, vissi ekki hvað það þýddi. Og þá rifjaðist það upp fyrir mér, að sennilega notum við ævinlega orðið verðbólga nú orðið, en orðið dýrtíð hefur fallið í gleymskunnar dá og er ekki notað lengur.

Á hinn bóginn get ég ekki á það fallist, að ekki sé hægt að staðla próf til þess að mæla þekkingu manna í íslenskri tungu. Ég held að markmið okkar með íslenskukennslu séu almennt þau sömu. En á hinn bóginn ítreka ég það sem ég sagði áðan, að ég held að við séum komin þar á villigötur og að ýmsu því, sem mestu máli skiptir í sambandi við málrækt, sé ekki gefinn nægilegur gaumur í kennslunni og beinlínis ætlast til að því sé sleppt. En ekki gefst tími til að ræða það hér að þessu sinni. Að öðru leyti skal ég ekki lengja mál mitt, en aðeins leggja áherslu á það, að auðvitað er mismunandi árangur í skólastarfi. Yfirleitt reyna kennarar að leggja sig fram, og ég vona að orð mín hafi ekki fallið á þá lund, að það hafi eingöngu verið gagnrýni í þeim fólgin. Ég veit að mikið starf hefur verið unnið. Einkanlega held ég samt að skorti á um tengslin milli framhaldsskólans og grunnskólans og þau mál þurfi að hugsa betur.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Bankaþjónusta á Suðurfjörðum í Austurlandskjördæmi, þáltill. (þskj. 489). — Ein umr.

Flm. (Sveinn Jónsson): Herra forseti. Tímans vegna skal ég reyna að hraða máli mínu, en mér þykir vænt um að fá hér tækifæri til að mæla fyrir þessari till. sem hv. 2. þm. Austurl. hefur lagt fram með mér á þskj. 489 og varðar úrbætur í bankaþjónustu á Suðurfjörðum í Austurlandskjördæmi. Till. er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hlutast til um að komið verði upp viðunandi bankaþjónustu fyrir svæðið frá Stöðvarfirði um Breiðdalsvík og til Djúpavogs, með útibúum frá ríkisbönkunum."

Með till. fylgir grg. og þarf út af fyrir sig ekki að hafa um hana mörg orð. En atvinnulíf þessa svæðis, sem um margt er nokkuð einangrað, er nokkuð fábreytt og stendur frekar höllum fæti. Þar hefur fyrst og fremst verið til umræðu atvinnulíf á Djúpavogi og það auma ástand sem þar hefur ríkt nú síðustu mánuði sér í lagi. Þar hefur verið vígt og tekið í notkun nýtt frystihús sem hefur verið í byggingu í níu ár, og þá vill svo einkennilega til að á staðnum er enginn bátur sem leggur þar upp afla. Þetta er að sjálfsögðu óviðunandi og þess vert að taka það mál fyrir hér á hv. Alþingi, þó svo að ekki sé útlit fyrir að það verði að þessu sinni.

En sú till., sem hér er lögð fram, snýr fyrst og fremst að bankamálum þessa svæðis. Ég ætla ekki að tíunda það sem til greint er í grg., en mér þykir miður að hæstv. ráðh. bankamála og jafnframt 1. þm. kjördæmisins skuli ekki vera hér viðstaddur, því að ef þessi till. hlýtur afgreiðslu héðan af þingi má búast við að það komi til hans kasta öðrum fremur að hrinda þessu í framkvæmd. Ástand þessara mála á svæðinu, bankamálanna, er sem sagt svo fábreytt og aumlegt að það verður að teljast óviðunandi. Þetta er aðeins einn liður í því að skjóta frekari stoðum undir atvinnulíf svæðisins, og á það verður að leggja áherslu að þar þarf að sjálfsögðu margt fleira til að koma. Með þessari till. er farið fram á að ríkisstj. hlutist til um að á þessu verði fundin viðunandi lausn.

Ég vil leggja til að till. verði að lokinni þessari umr. vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 65. fundur.

Fimmtudaginn 19. mars, kl. 2 miðdegis.

Varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum, frv. (þskj. 521). — 1. umr.

Utanrrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Með þessu frv. er leitað heimildar fyrir ríkisstj. til þess að

staðfesta fyrir Íslands hönd samning um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum, en sá samningur var gerður í París 4. júní 1974 og var niðurstaða af ráðstefnu sem þar var haldin um þetta efni á árunum 1973 og 1974. Áður hafði verið gerður samningur, sem kenndur er við Osló, um losun úrgangsefna í sjó úr skipum og flugvélum.

Í frv. er gert ráð fyrir að þessi samningur hafi lagagildi hér á landi þegar hann hefur öðlast gildi að því er Ísland varðar. Samkv. frv. er gert ráð fyrir að samgrh. annist framkvæmd samningsins og siglingamálastjóri á hans vegum. Siglingamálastjóri fer nú með málefni Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar, m. a. með framkvæmd Lundúnasamningsins um varnir gegn mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna og annarra efna í það. Samkv. lögum nr. 20/1973 sér sjútvrn. um framkvæmd Oslóarsamningsins, sem ég nefndi, um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum, en samkomulag hefur orðið um það í framkvæmdinni, að siglingamálastjóri annist daglegan rekstur vegna þess samnings.

Vegnu þess nána samstarfs sem komist hefur á milli skrifstofu Parísarnefndarinnar og skrifstofu Oslóarnefndarinnar og Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar er talið eðlilegt að siglingamálastjóra verði einnig falið að annast framkvæmd Parísarsamningsins í umboði samgrh.

Samningur þessi er allítarlegur og hann er birtur með frv. sem fskj. og verður, eins og ég hef áður sagt, að lögum eða verður veitt lagagildi ef þetta frv. verður samþykkt. Það eru nokkrar skýringar varðandi þetta í grg. eða aths. með frv., en að öðru leyti skýrir samningurinn sig nokkuð sjálfur.

Ég leyfi mér að leggja til, herra forseti, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og — það er kannske ekki sjálfgefið til hvaða nefndar þessu skuli vísað. Ég held að þar sem um vafatilvik er að ræða leggi ég til að því verði vísað til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Norðurlandasamningur um félagslegt öryggi, frv. (þskj. 522). — 1. umr.

Utanrrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd Norðurlandasamning um félagslegt öryggi. Með þessu frv. er leitað heimildar til fullgildingar á samningi Norðurlandanna um félagslegt öryggi sem nýlega var undirritaður í Kaupmannahöfn. Þessi samningur kemur í stað samnings um sama efni frá árinu 1955, sem veitt var lagagildi með lögum nr. 53/1956, og í stað síðari breytinga á þeim samningi, svo sem gerð er grein fyrir í aths. og ég fer ekki frekar út í.

Þessi samningur er langur og ítarlegur. Í honum eru að sjálfsögðu mörg sömu ákvæði og í eldri samningi voru, en auk þess eru í honum allmörg nýmæli. M. a. er það nýmæli í þessum nýja samningi, að tekin eru af öll tvímæli um að hann skuli taka til tryggingargjalda ekki síður en tryggingabóta. Óvissa í þessu efni hefur á liðnum árum valdið því, að í sumum tilvikum hefur ýmist átt sér stað tvígreiðsla gjalda eða gjaldfrelsi. Enn fremur eru í samningnum ákvæði um greiðslu ferðakostnaðar manna sem veikjast eða slasast á ferðalagi um Norðurlönd utan síns heimalands, en lausn þess máls hefur stundum tekið nokkuð langan tíma og það hefur verið áhugamál Norðurlandaráðs að fá settar reglur um það efni.

Enn fremur má nefna ákvæði um að biðtími annars staðar á Norðurlöndum nýtist þegar úrskurða skal um rétt til viðbótarlífeyris, þ. e. lífeyris úr lífeyrissjóði. Það eru auk þess ýmis önnur nýmæli í þessum samningi eða ákvæði sem horfa til þess að gera hin eldri ákvæði skýrari, og vísa ég um það efni til aths. Þessi samningur var gerður að frumkvæði Norðurlandaráðs, þ. e. sú heildarendurskoðun, sem hér liggur fyrir og þessi samningur er niðurstaða af, hefur farið fram að frumkvæði félagsmálanefndar Norðurlandaráðs og að henni unnu viðkomandi rn. í hverju landi, hér á landi heilbr.- og trmrn.

Ég mun ekki rekja texta samningsins, þar sem hann fylgir hér með, og vísa að öðru leyti til þess sem um þetta segir almennum orðum í aths. með frv.

Ég leyfi mér svo að leggja til, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og heilbr.- og trn.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Á stofnþingi Norðurlandaráðs 1953 var samþykkt till. til ríkisstjórna landanna um það, að athugaðir yrðu möguleikar á því að fella þágildandi samninga Norðurlanda á sviði félagsmála inn í einn heildarsamning um félagslegt öryggi. Samkv. þessari till. Norðurlandaráðs vann félagsmálnefnd Norðurlanda að undirbúningi þessa máls og voru það dönsku fulltrúarnir í nefndinni sem gerðu upphaflega uppkast að samningi. Samningurinn var síðan undirritaður á fundi félmrh. Norðurlanda í Kaupmannahöfn 15. sept. 1955 og hinn 9. apríl 1956 voru samþykkt á Alþingi lög um heimild fyrir ríkisstj. til að staðfesta þennan samning fyrir Íslands hönd.

Við gildistöku samningsins á sínum tíma voru felldir úr gildi níu samningar sem gerðir höfðu verið af Íslands hálfu við eitt eða fleiri Norðurlandanna um félagsleg málefni.

Það eru því að verða 25 ár síðan Alþingi samþykkti lög um þann samning sem síðan hefur verið í gildi milli Norðurlandanna um félagslegt öryggi. Á þessu 25 ára tímabili hefur að sjálfsögðu mjög margt gerst í félagsmálum Norðurlanda og varla um virkara tímabil á því sviði að ræða, enda var svo komið fyrir 10 árum að mönnum þótti orðið tímabært að endurskoða gildandi samning og fella inn í hann með formlegum hætti ýmsar viðbætur og breytingar sem samþykktar höfðu verið á tímabilinu. Norræna félagsmálanefndin, þ. e. embættismannanefndin, ákvað því í nóv. 1972 að setja á laggirnar undirnefnd sem fékk það hlutverk að yfirfara og endurskoða þennan samning. Þessi nefnd hefur unnið í áföngum og lagði 1974 fram tillögur um nýjan sjúkratryggingasamning, sem staðfestur var 1975, og nýjan samning um lífeyrirgreiðslur, sem staðfestur var 1978. Síðan þetta var hefur nefndin unnið að heildarendurskoðun samningsins.

Nál. um þann samning, sem hér er verið að ræða um, var gefið út á árinu 1979 og lagt fram á þingi Norðurlandaráðs hér í Reykjavík 1980. Samningstillögurnar hafa síðan verið til umfjöllunar hjá umsagnaraðilum í löndunum öllum, eins og hæstv. utanrrh. gat um, og það

var ekki fyrr en haustið 1980 og raunar ekki fyrr en í lok ársins 1980 að samningurinn lá fyrir með þeim breytingum sem gera þurfti eftir að leitað hafði verið álits hjá hinum ýmsu aðilum í öllum löndunum.

Leggja verður áherslu á það, að í grundvallaratriðum hefur samningurinn ekki breyst við þessa endurskoðun. Hins vegar hafa verið endurskoðuð einstök atriði sem þurfti að samræma lagabreytingum í löndunum á gildistímabili gamla samningsins. Þá var samningurinn orðinn allerfitt vinnuplagg eins og hann lítur nú út, því að ýmsir þættir hans áttu ekki lengur við, og ýmislegt í honum var leyst með öðrum hætti en gert var í nýrri alþjóðlegum samningum, og ýmislegt var raunar alls ekki rætt í honum.

Af Íslands hálfu er það heilbr.- og trmrn. sem hefur haft með þessi endurskoðunarmál að gera, bæði fulltrúar í norrænu félagsmálanefndinni, en ekki síst Guðjón Hansen tryggingafræðingur sem hefur frá byrjun unnið að endurskoðun samningsins. Hann var áður tryggingafræðingur Tryggingastofnunar ríkisins og var því þessum málum gerkunnugur er hann tók þetta starf að sér.

Samningurinn sjálfur er nú í fjórum hlutum, alls 38 greinum, en auk þess er viðauki um ákvæði sem snerta löggjöf landanna.

Mjög mikil vinna hefur verið lögð í þennan samning og það hefur tekið langan tíma að samræma hann öllum þeim sjónarmiðum sem fram hafa komið. Fullt tillit hefur verið tekið til þeirra aths. sem fram hafa komið af Íslands hálfu, en þær aths. hafa fyrst og fremst verið frá Tryggingastofnun ríkisins, fjmrn. og utanrrn. Þessi samningur var til umræðu á þingi Norðurlandaráðs fyrr í þessum mánuði. Að þeim umræðum loknum undirritaði ég samninginn hinn 5. mars fyrir Íslands hönd með fyrirvara um fullgildingu hans með löggjöf hér á Alþingi.

Það er e. t. v. til marks um það, hve Norðurlandaþjóðir telja félagslegt öryggi og félagsmál til sjálfsagðra hluta, að enda þótt danski félmrh., sem hafði forgöngu um undirskrift samningsins, boðaði til fréttamannafundar í tilefni af undirskrift hans kom enginn blaðamaður á fundinn né heldur ljósmyndari til að veita þessum atburði athygli. Þetta er til marks um það, að félagslegt öryggi er að verða svo sjálfsagt að mati íbúa á Norðurlöndunum að það telst hvorki fréttnæmt né frásagnarvert.

Lokafrágangur samningsins var gerður í utanrrn. af Guðmundi Eiríkssyni þjóðréttarfræðingi og íslenska þýðingin er gerð af Jóni S. Ólafssyni skrifstofustjóra í félmrn. í samráði við Guðjón Hansen.

Í tilefni af þeirri umr., sem fram fer hér á Alþingi um þennan samning, væri ástæða til að ræða nokkuð almennt um norrænt samstarf á sviði heilbrigðis-, félags- og tryggingamála. Ég ætla mér ekki að þessu sinni að lengja umr. með því miklu frekar. Hins vegar verður ekki komist hjá að minna á að á Norðurlöndunum leitast menn við að byggja upp heilbrigðis- og félagslega þjónustu í meiri og stærri stíl en tíðkast í öðrum löndum. Og reynslan hefur orðið sú, að þetta hefur gerst með svipuðu móti hjá þjóðunum öllum, enda þótt í reynd hafi hver þjóð fyrir sig byggt upp það kerfi sem hún hefur talið sér henta. Í málefnum fjölskyldnanna hafa markmiðin verið svipuð, að stuðla að fjárhagslegu öryggi barnafjölskyldna og skapa börnum vaxtarskilyrði sem þeim henta best. Jafnframt hefur á hverjum tíma orðið að nota takmarkað fjármagn til að leysa þau vandamál sem upp hafa komið við hinar ólíku aðstæður.

Ljóst er að Norðurlöndin eiga það sameiginlegt að þar er mikill áhugi á uppbyggingu félagsmála. En eins og ég sagði áðan virðast málin færast æ meira í það horf, að menn líti á félagslegu réttindin sem sjálfsagða hluti, svo sjálfsagða að það þurfi tæplega að gefa þeim nokkurn gaum.

Á síðasta áratug hefur sú samvinna, sem Norðurlöndin hafa komið á hjá sér, orðið fastari í sessi á þessu sviði. Það má að verulegu leyti þakka skrifstofu norrænu ráðherranefndarinnar í Osló og vaxandi starfi og fundum heilbr.- og félmrh. Norðurlanda og félags- og umhverfismálanefndar Norðurlandaráðs. Á fundi þessara aðila varið 1976 varð samkomulag um að stefna að sérstakri áætlun um samvinnu milli Norðurlanda á þessu sviði, og nú er unnið eftir áætlun sem samþykkt var af heilbr.- og félmrh. Norðurlanda í ágúst 1977. Ný áætlun er nú í vinnslu í norrænu heilbrigðis- og félagsmálanefndinni og verður sennilega afgreidd til ráðherranna á fundi sem haldinn verður í þeirri nefnd hér í Reykjavík í aprílmánuði n. k.

Tilgangurinn með áætluninni um samvinnu er að þar sé lagður grundvöllur þeirra verkefna sem unnið er að af Norðurlöndunum sameiginlega og ráðherranefndin ber ábyrgð á. Hér er bæði um að ræða samvinnu almenns eðlis, en einnig sérstök verkefni sem eru fjármögnuð af fjármunum sem ráðherranefndin hefur yfir að ráða.

Í öllu því starfi, sem Norðurlöndin vinna að sameiginlega, hefur Ísland að sjálfsögðu einskorðað sig við þá þætti innan félagsmála og heilbrigðismála sem á hverjum tíma hefur verið talið að landið hefði mest gagn af. Á mörgum sviðum hefur því Ísland komið lítið við sögu. Við höfum ekki talið að við hefðum mannafla til að taka þátt í ýmsum þáttum starfsins, en við höfum hins vegar leitast við að fá upplýsingar um hvað er að gerast. Í því skyni ber sérstaklega að minna á starf norrænu félagsmálanefndarinnar og sérlega góð samskipti heilbr.- og trmrn. við skrifstofu Norðurlandaráðs í Osló og ómetanlegar upplýsingar sem þaðan berast um hvernig málin þróast á hverjum tíma.

Svo að ég víki að lokum aftur að samningnum, þá vil ég minna á það, að samningurinn gerir ráð fyrir að hlutaðeigandi stjórnvöld skuli í samvinnu semja þær reglur sem þörf er á til að tryggja samræmda norræna framkvæmd samningsins. Mun heilbr.- og trmrn. að sjálfsögðu taka þátt í því starfi svo sem nauðsynlegt er, enda gerir samninginn ráð fyrir því í sambandi við framkvæmd hans, að stjórnvöld og stofnanir veiti gagnkvæmt liðsinni eftir þörfum. Samningurinn gerir einnig ráð fyrir því, að í sérhverju landi skuli vera stofnun tilnefnd af hlutaðeigandi stjórnvaldi sem sé sérstakur tengiliður um samninginn, og hef ég gert ráð fyrir að tilnefna Tryggingastofnun ríkisins af okkar hálfu til samstarfs í þessum efnum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 13 shlj. atkv.

Meðferð einkamála í héraði, frv. (þskj. 281, n. 493, 494). — 2. umr.

Frsm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, hefur alloft verið á ferðinni hér á Alþingi,

fyrst vorið 1976. Það hefur margsinnis verið flutt, en aldrei hlotið fullnaðarafgreiðslu. Réttarfarsnefnd hefur endurskoðað þetta frv. frá því að það kom hér fyrst fram í upphaflegri gerð og þannig, í endurskoðaðri mynd, var það lagt fyrir 102. löggjafarþing, en hlaut þá ekki umfjöllun.

Allshn. þessarar deildar hefur fjallað um þetta frv. og fengið til viðræðna við sig m. a. ráðuneytisstjóra dómsmrn. Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt frv. með einni brtt. Í frv. segir nú í 44. gr., að lög þessi öðlist gildi 1. jan. 1981. Af eðlilegum ástæðum flytur nefndin nú þá brtt. að lög þessi öðlist gildi 1. jan. 1982.

Í þessu frv. felast nokkur nýmæli sem flest miða að því að gera gang þessara mála greiðari en verið hefur.

Í fyrsta lagi er lagt til að sáttanefndir verði lagðar niður og sáttastörf þess í stað falin dómurum.

Í öðru lagi að tekinn verði upp aðalmálflutningur mála, þar sem fram komi þær skýrslur sem gefa á munnlega, og síðan fari munnlegur málflutningur fram í beinu framhaldi af því.

Í þriðja lagi verði úrskurðir að jafnaði án forsendna og dómar verði styttir.

Í fjórða lagi hefur þetta frv. í för með sér að nokkrir sérdómstólar verði lagðir niður, þ. á m. sjó- og verslunardómur, merkjadómur í Reykjavík og á Akureyri og aðrir fasteignadómstólar.

Í fimmta og síðasta lagi eru í frv. tillögur um einstök atriði sem eiga að stuðla að hraðari meðferð dómsmála og ótvíræðari reglum en nú gilda. Um sumt er þar stuðst við venjur sem myndast hafa, t. d. um skriflegar greinargerðir og aðilaskýrslur.

Herra forseti. Ég tel óþarfa að hafa um þetta fleiri orð. Allsn. mælir með samþykkt frv. með þeirri brtt. sem ég hef gert grein fyrir.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—43. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 494 samþ. með 14 shlj. atkv.
44. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Eftirlit með skipum, frv. (þskj. 282, n. 495). —2. umr.

Frsm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Þetta frv. er fylgifrv. þess sem hér var til umr. áðan. Það er samið til samræmis við tillögur í frv. til l. um meðferð einkamála í héraði. Þetta frv. gerir ráð fyrir að sjó- og verslunardómur verði lagður niður.

Allshn. mælir með samþykkt frv. með sams konar brtt. og við hið fyrra frv., þ. e. að gildistaka laganna miðist við 1. jan. 1982.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 495 (ný 3. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Barnalög, frv. (þskj. 426 (sbr. 5.), n. 519, 520). —2. umr.

Frsm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Allshn. þessarar deildar hefur á allmörgum fundum fjallað um frv. til barnalaga. Hv. Nd. hefur þegar afgreitt þetta mál og þar voru gerðar á því nokkrar breytingar. Í allshn. var enginn ágreiningur um þau atriði. En eftir mjög vandlega — að ég vil segja — og ítarlega umfjöllun þessa máls varð það niðurstaða okkar í allsn. Ed., að flytja nokkrar brtt. við frv. eins og það lá fyrir þegar það kom til okkar. Þessar brtt. okkar eru á sérstöku þskj. og mun ég nú gera nánar grein fyrir þeim. Þær eru ekki stórvægilegar. Flest af þessu mætti e. t. v. kalla lagfæringar.

Er þá fyrst til að taka að allshn. leggur til að 1. gr. laganna orðist svo sem hér segir:

„Lög þessi taka til allra barna, en um kjörbörn eru einnig sérlög. Einstök ákvæði laganna ná til stjúpbarna og fósturbarna samkv. því sem í þeim segir.

Réttarstaða barna er í hvívetna hin sama nema lög mæli á annan veg.

Í lögum þessum er mælt fyrir um framfærslu barna að einkarétti, en ekki gagnvart hinu opinbera nema sérstaklega sé getið.“ Það eru gerðar brtt. þarna við tvær fyrri mgr.

Það mun ekki vera unnt fram hjá því að komast að greina í þessum lögum milli skilgetinna barna og óskilgetinna. Þó að slík skilgreining ætti kannske ekki að vera til er hún engu að síður talin nauðsynleg af ýmsum ástæðum. Hins vegar þótti nm. eðlilegt að í upphafsgrein laganna yrði þessi skipting ekki viðhöfð, heldur einfaldlega sagt að lögin tækju til allra barna. Þetta er 1. brtt. allshn.

2. brtt. er nánast formsatriði. Þau mistök hafa orðið í prentun brtt. allshn. Nd., að 8. gr. laganna er prentuð þar sem ein mgr., en ekki þrjár eins og áður var. Nú er það þannig síðar í þessum lögum, að þar er vitnað í tiltekna mgr. 8. gr. Nefndin gerir það því að till. sinni að uppsetning hennar verði svo sem áður var, henni verði skipt í þrjár mgr.

3. brtt. er við 9. gr. frv., sem hljóðar svo eins og það liggur fyrir nú:

„Nú er lýstur barnsfaðir geðveikur eða sálrænum högum hans að öðru leyti þannig háttað, að varhugavert er að taka mark á yfirlýsingum hans, og skal dómur þá ganga á mál.“

Okkar niðurstaða varð sú að orða þetta sem hér segir:

„Nú er þann veg háttað sálrænum högum lýsts barnsföður, að varhugavert er að taka mark á yfirlýsingu hans, og skal dómur þá ganga á mál.“

Okkur þótti eðlilegra að þarna væri hreinlega fellt niður orðið „geðveikur“, en með því orðalagi, sem nefndin leggur til, er engin efnisbreyting á greininni.

Í fjórða lagi gerir nefndin till. um breytingu á 3. mgr. 15. gr., en hún hljóðar svo eins og frv. liggur nú fyrir:

„Nú hefur faðir barns sætt dómi fyrir skírlífisbrot gagnvart móður þess, og telja verður að barn sé getið við slíka háttsemi, og skal þá úrskurða barnsföður til að kosta framfærslu barns að öllu leyti.“

Það varð okkar niðurstaða að orðið „skírlífisbrot“ væri þarna a. m. k. ekki notað í þeirri merkingu sem algengast og venjulegast er, og að höfðu samráði við hina

vísustu menn var þessu breytt þannig, að nefndin leggur til að mgr. verði orðuð sem hér segir:

„Nú hefur faðir barns sætt dómi fyrir brot samkv. XXII. kafla almennra hegningarlaga gagnvart móður þess, og telja verður að barn sé getið við þessa háttsemi, og skal þá úrskurða barnsföður til að kosta framfærslu barns að öllu leyti."

Þetta var 4. brtt. nefndarinnar.

Í fimmta lagi er brtt. við 18. gr. sem hljóðar svo:

„Meðlag skal greiða mánaðarlega fyrir fram nema annað sé löglega ákveðið."

Síðan kemur 2. mgr.:

„Ekki leysir andlát barns eða ættleiðing þess undan skyldu til greiðslu meðlags fram til þess að andlát eða ættleiðingu bar að höndum."

Nefndin leggur til að þessi síðari mgr. verði felld niður, enda um svo augljóst, sjálfsagt og í rauninni einfalt mál að ræða, að ekki ætti að þurfa að taka það sérstaklega fram.

Í sjötta lagi gerir nefndin það að till. sinni, að fyrirsögn V. kafla breytist lítillega og orðist svo: „Barnsfararkostnaður o. fl. greiðslur er standa í tengslum við barnsburð og meðgöngu." Hið fyrra orðalag var: „Barnfararkostnaður o. fl. greiðslur er standa í tengslum við barnsburð og getnað." Eðlilegra þótti að setja þarna orðið „meðgöngu" í staðinn fyrir orðið „getnað".

Við 34. gr. gerir nefndin till. um að niður falli í lok 2. mgr. orðin „eftir því sem fært reynist." Setningin hljóðar þá svo: Ríkissjóður endurgreiðir þessar fjárhæðir, en Innheimtustofnun sveitarfélaga innheimtir greiðslur þessar hjá föður barns."

Við 2. mgr. 42. gr. er einnig brtt. frá nefndinni, en þessi mgr. hljóðar svo í frv.: „Ef sá sem fer með forsjá barns misbeitir forráðum sínum eða vanrækir forsjárskyldur eða hann er hneigður til drykkjuskapar eða óhæfur af öðrum ástæðum til forsjár" o. s. frv. Í stað orðanna „eða hann er hneigður til drykkjuskapar" gerir nefndin till. um að komi: „svo sem vegna drykkjuskapar" — sem er skýrara og einfaldara mál.

Í níunda og síðasta lagi eru ákvæði í 47. gr. sem ég hygg að muni vera einsdæmi í íslenskum lögum. Þó að ég viti ekki alveg gjörla um það, þá segir mér svo hugur um að svo muni vera. Í 3. mgr. 47. gr. segir: „Lögreglumenn eru skyldir til að veita dómara lið til að leita uppi lýstan barnsföður og færa hann fyrir dómara til skýrslutöku, svo og að aðstoða við framkvæmd blóðtöku á aðiljum máls, ef því er að skipta, eða við aðra sérfræðilega mannerfðarannsókn."

Þarna er samkv. orðanna hljóðan lögreglumönnum beinlínis gert skylt að aðstoða við blóðtöku, sem sagt að halda manni meðan læknir tekur honum blóð. Ég hygg, eftir því sem ég þekki íslenska lækna og til þeirra starfa og starfsvenja, að ekki mundu margir læknar lúta slíku, að taka manni blóð eða taka sýni frá manni sem er haldið nánast nauðugum.

Hliðstæð ákvæði um svipað efni eru auðvitað í umferðarlögum. Það varð niðurstaða okkar, að í stað þessa orðalags, sem flestum finnst, held ég, fremur ógeðfellt, verði þetta orðað til samræmis við ákvæði í umferðarlögunum og að þessi grein hljóði þá þannig: „Og eru viðkomendur skyldir til að hlíta blóðtöku, svo og annarri rannsókn í þágu sérfræðilegra kannana." Þá er þetta orðað á nákvæmlega sama veg og hliðstæð ákvæði í umferðarlögunum þar sem er um að ræða blóðtöku vegna gruns um ölvun við akstur.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð. Ég hef gert grein fyrir þeim brtt. sem allshn. þessarar deildar hefur orðið sammála um að flytja við frv. til barnalaga. Þær eru, eins og ég sagði í upphafi, engar verulegar efnisbreytingar, fyrst og fremst um lagfæringar að ræða. Og nefndin er sammála um að mæla með samþykkt þessa frv. með þeim breytingum sem ég hef nú gert grein fyrir.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Þetta mál er nú búið að fara í gegnum mína deild, Nd., og ég gerði engar aths. við málið þar og hafði ekki farið nægilega vel yfir það. Sé ég núna að það vill oft verða svo með stór frumvörp. Það er sérstaklega ein grein í þessu frv. sem ég vil biðja hv. allshn. um að kanna hvort ekki sé hægt að líta á milli 2. og 3. umr. Það er greinin sem fjallar um vitnisburðarskyldu barnsmóður í barnsfaðernismáli, 50. gr., einkum 1. og 2. mgr.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð, til skýringar á undirskrift minni og meðmælum mínum í allshn. með samþykkt þessa frv.

Frv. kom með lítils háttar, en þó nokkrum breytingum frá Nd. Ég var ekki einn um það af nm. Ed. að æja nokkuð. Sú áleitna tilfinning greip mig við lestur frv., að hér hefðum við rétt einu sinni fengið þýdd dönsk lög, erlend lög, þar sem efnt væri til lagaákvæða sem e. t. v. væri ekki bein þörf hér á landi ellegar aðhæfa þyrfti fremur þjóðháttum okkar, venjum og félagslegum aðstæðum.

Í heild má segja að maður finni fyrir svölum skugga Stóradóms, lítils háttar a. m. k., í ýmsum lagagreinum, ekki bara í 50. gr. sem hæstv. ráðh. Svavar Gestsson vakti athygli á áðan, heldur víðar. Að mínu viti hefði verið betra að fresta því að samþykkja frv. á þessum vetri, á þessu þingi, og að því hefði ég reynt að stuðla ef ég hefði séð nokkra rökstudda ástæðu til þess að ætla að við fengjum málið miklu betur búið fyrir annað þing. Það var nokkur ábyrgðarhlutur að stöðva frv. í allshn. Ed. núna vegna þess að þrátt fyrir þá meinbugi, sem ég hef nú vakið máls á á þessum lagabálki, geymir hann óneitanlega fjölmörg atriði sem eru til þess fallin að tryggja rétt barna í mjög þýðingarmiklum tilvikum.

Ég geri mér vonir um að stutt kunni að verða í það, að flutt verði öðru sinni frv. til barnalaga sem þá verði fært meira til samræmis við skynsamlegar breytingar á íslenskri réttarfarslöggjöf að ýmsu leyti. En ég vildi ekki taka á mig ábyrgð á því — og hið sama hygg ég að gilt muni hafa um flesta aðra fulltrúa í allshn. Ed. — að bregða nú fæti fyrir samþykkt frv. með þeim breytingum þó sem á því voru gerðar í Ed. og allar hníga í þá átt, þær sem til raunverulegra breytinga teljast, að gera frv. skynsamlegra en það áður var.

ATKVGR.

Brtt. 520,1 (ný 1. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 520,2 (ný 8. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 520,3 samþ. með 15 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
10.—13. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
14. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 520,4 samþ. með 15 shlj. atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
16.—17. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 520,5 samþ með 15 shlj. atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
19.—24. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 520,6 (ný fyrirsögn V. kafla) samþ. með 15 shlj. atkv.
25.—27. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
28.—32. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
33. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 520,7 samþ. með 15 shlj. atkv.
34. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
35.—41. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 520,8 samþ. með 15 shlj. atkv.
42. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
43.—46. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 520,9 samþ. með 16 shlj. atkv.
47. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
48.—58. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Sölustofnun lagmetis og Þróunarsjóður lagmetisiðnaðarins, frv. (þskj. 518). — 1. umr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir hönd hæstv. iðnrh., sem er fjarverandi, fyrir frv. til l. um Sölustofnun lagmetis og Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins. Frv. þetta er að meginstofni samið af nefnd framleiðenda sem aðild eiga að Sölustofnun lagmetis. Tillögur nefndarinnar voru kynntar á fulltrúaráðsfundi Sölustofnunar lagmetis sem fól stjórn stofnunarinnar að óska eftir því við iðnrh. að frv. yrði flutt á Alþingi.

Frv. nefndarinnar hefur tekið nokkrum breytingum eftir athugun iðnrn. á því, og við meðferð málsins í ríkisstj. kom fram að einstakir ráðherrar höfðu fyrirvara um endanlega afstöðu til vissra atriða í frv. Í gildandi lögum er gert ráð fyrir að tekjur Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins falli niður hinn 1. apríl n. k., og er því mikilvægt að frv. þetta nái fram að ganga hið fyrsta.

Frv. skiptist í þrjá meginhluta. I. kaflinn fjallar um Sölustofnun lagmetis, II. um gjöld af lagmeti og hinn síðasti um Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins.

Í frv. er ekki gert ráð fyrir stórfelldum breytingum á skipulagi Sölustofnunar lagmetis í framtíðinni, en jafnhliða því sem tekið er á þeim atriðum, sem bundin eru tímamörkum í gildandi lögum, gerir frv. ráð fyrir ýmsum viðbótarákvæðum sem tilfinnanlega skortir í gildandi lög, m. a. varðandi ábyrgð aðila stofnunarinnar og fleiri tengd atriði.

Helstu efnisbreytingar í frv. frá gildandi lögum eru þessar:

1. Fulltrúaráð kjósi alla stjórnarmenn í stað þess að ráðh. skipi tvo af fimm stjórnarmönnum.

2. Sölustofnun lagmetis er veittur einkaréttur til sölu og útflutnings á lagmeti til lands þar sem ríkið er aðalkaupandinn, þó þannig að viðskrn. er heimilt að veita aðila utan stofnunarinnar undanþágu þegar sérstakar ástæður mæla með því.

3. Komið verði á fót stofnsjóði sem aðila stofnunarinnar greiða í í hlutfalli við sölu hennar á vörum þeirra. Stofnsjóður stendur sem hlutur aðila í stofnuninni og takmarkast ábyrgð þeirra í skuldbindingum stofnunarinnar við þá upphæð.

4. Atkvæðisréttur aðila á fulltrúaráðsfundum fari eftir verðmæti útflutnings á liðnu reikningsári. Enginn getur þó farið með meira en 15% atkvæðamagns.

5. Þróunarsjóði lagmetis verði skipuð sérstök stjórn og hlutverk sjóðsins takmarkað við veitingu lána eða styrkja til framleiðenda lagmetis til útflutnings og til Sölustofnunar lagmetisiðnaðarins.

Varðandi fyrsta atriðið, um samsetningu og kjör stjórnar Sölustofnunar lagmetis, má segja að sú tilhögun, sem frv. gerir ráð fyrir, sé eðlilegt framhald af þeirri þróun sem orðið hefur og stefnt hefur að því, að framleiðendur sjálfir taki alhliða við stjórn og ábyrgð stofnunarinnar. Er stofnunin naut ríkisframlags samkv. lögum fyrstu fimm starfsár hennar skipuðu ríkisskipaðir fulltrúar meiri hluta stjórnar eða þrjá af fimm. Er hinn opinberi styrkur féll niður að þessum fimm árum liðnum tóku framleiðendur við meiri hluta stjórnar og skipaði ráðherra tvo stjórnarmenn, en kjörtímabili þeirra lýkur 1. apríl n. k. Með frv. er gert ráð fyrir að frá og með næsta aðalfundi fulltrúaráðs framleiðenda kjósi það alla stjórnarmenn stofnunarinnar.

Önnur meginbreyting er sú, að skýrt er kveðið á um að Sölustofnunin hafi einkarétt á sölu og útflutningi á lagmeti til landa þar sem ríkisstofnun, ríkið sjálft eða aðili fyrir þess hönd er aðalkaupandinn. Ákvæði þar að lútandi er í núgildandi lögum, en framkvæmdin hefur orðið önnur og misjöfn, og þótti því nauðsynlegt að taka hér af öll tvímæli. Samkv. frv. er viðskrh. þó veitt heimild til undanþágu frá þessu ákvæði, að fenginni umsögn Sölustofnunar lagmetis. En gera verður ráð fyrir að undanþáguheimild þessi verði aðeins notuð ef sýnt er að unnt sé að ná hagkvæmari samningum.

Í Noregi er nú í undirbúningi stofnun nýrra sölusamtaka lagmetisiðnaðar. Þeim undirbúningi er ekki endanlega lokið, en ljóst virðist að þar er stefnt að því að um bindandi aðild framleiðenda verði að ræða og sölusamtökin komi fram sem ein heild á erlendum mörkuðum. Samtökin munu hafa einkarétt á sölu lagmetis gagnvart ríkjum þar sem er einn aðalkaupandi að lagmeti, og enn fremur einkarétt á öðrum mörkuðum fyrir tvær helstu lagmetisvörur Norðmanna um þessar mundir, þ. e. sardínu og skelfisk.

Þriðja meginbreytingin er sú, að aðilar að stofnuninni leggi henni fé í hlutfalli við verðmæti þeirrar vöru sem hún selur fyrir þá. Fé þetta stendur sem lán til stofnunarinnar og má verja því í þarfir hennar. Stofnsjóðurinn ákvarðar uppgjör við aðila, sem ganga úr henni, svo og uppgjör á milli aðila stofnunarinnar ef til slita hennar kemur. Sem fyrr segir takmarkast ábyrgð aðila stofnunarinnar á skuldbindingum hennar við framlög þeirra, líkt og um hlutafélag væri að ræða.

Þess má geta hér, að í 5. gr. frv. er orðuð sú almenna regla að framleiðendur beri fulla ábyrgð gegn Sölustofnuninni á vöru sinni og hún eigi því endurkröfurétt á hendur framleiðanda vegna galla á vörum og annarra vanefnda hans.

Í fjórða lagi er gert ráð fyrir að atkvæðisréttur aðila að stofnuninni á fulltrúaráðsfundum sé í hlutfalli við framlög þeirra. Til þess að tryggja hagsmuni hinna smærri aðila er hámark atkvæðamagns einstakra aðila bundið við 15%.

Í fimmta lagi eru sett sérstök ákvæði um stöðu Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins og ákvæði um tekjur til hans eru framlengd, en sem fyrr segir falla þær niður 1. apríl n. k. Gert er ráð fyrir að gjöld af grásleppuhrognum lækki í 1% og falli niður 1. apríl 1982, enda stendur til að grásleppuhrognaframleiðendur stofni eigin sjóðakerfi eins og kunnugt er.

Þrátt fyrir ýmsa erfiðleika, sem steðjað hafa að íslenskum lagmetisiðnaði á undanförnum árum, hefur hlutdeild hans í útflutningi iðnaðarvara aukist jafnt og þétt og nam um 4.9 milljörðum gkr. árið 1980. Bæði árin 1979 og 1980 áttu ellefu lagmetisverksmiðjur hlut að útflutningi Sölustofnunar lagmetis, þó mismikinn, þar sem fjórar verksmiðjur framleiddu meginuppistöðu alls útflutnings á vegum stofnunarinnar eða 93.2%, þar af tvær þeirra um 70%. Það er vissulega mikið áhyggjuefni, hversu dreifing framleiðslunnar er lítil og nýting margra aðildarverksmiðja er takmörkuð. Veldur þar m. a. hráefnisskortur þar sem hráefni hefur vantað einmitt þegar markaðir eru reiðubúnir til að taka við vörunni. Er þar einkum átt við þorsklifur, en því fór fjarri á s. l. ári að unnt væri að anna eftirspurn eftir henni.

Alls voru 15 tegundir lagmetis framleiddar á árinu og verður að telja það allmikla vörubreidd.

Athyglisvert er að á fyrstu árum stofnunarinnar var nær öll sala Sölustofnunar lagmetis til Austur-Evrópulanda, einkum Sovétríkjanna, eða allt að 80%. En þetta hlutfall hefur minnkað hin síðari ár eftir því sem tekist hefur að afla nýrra markaða. Á síðasta ári nam sala til Austur-Evrópu rúmum 40% af heildarútflutningi lagmetis.

Hér má enn minna á að lagmeti er yfirleitt vandmeðfarin tegundarvara þar sem miklar og vaxandi kröfur eru gerðar til umbúða, tölvumerkinga fyrir stórverslanir og alls kyns merkinga og texta á fjölmörgum tungumálum, auk þyngdarmerkinga sem eru breytilegar eftir löndum. Eins eru þess dæmi að merkingar á fleiri en einu tungumáli eru lögbundnar í einu og sama landinu, t. d. í Kanada og í Finnlandi, þannig að að mörgu verður að hyggja á sviði markaðsmála að framleiðslu lokinni áður en unnt er að koma vörunni til kaupenda. Af þessum og fleiri ástæðum verður að telja framleiðslu og útflutning á lagmeti með vandasamari útflutningsgreinum sem stundaðar eru á Íslandi.

Í lagmetisiðnaði starfa alls um 600—700 manns á öllu landinu og eru lagmetisverksmiðjur þýðingarmikill þáttur í atvinnulífi margra þéttbýlissvæða. Af þessu má ljóst vera að nauðsynlegt er að hlúa að lagmetisiðnaði með lagasetningu þessari og á annan hátt þannig að hann geti, ef rétt er á málum haldið, orðið enn mikilvægari þáttur í þjóðarbúskapnum. Er það von mín að góð samstaða náist um frv. þetta til þess að eðlilegur vöxtur iðngreinarinnar verði sem best tryggður.

Ég leyfi mér að leggja til, herra forseti, að frv. verði að lokinn þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns, sem ég ætla ekki að hafa langt að þessu sinni, taka það fram, að ég fagna því, að þetta frv. er komið fram, og mér er mikil ánægja að því að taka undir flest af því sem hæstv. ráðh. sagði þegar hann mælti fyrir þessu frv. Ég hef átt þess kost að kynnast undirbúningi þessa máls þar sem ég gegndi störfum formanns stjórnar þessarar stofnunar um skeið, eins og mönnum mun eflaust kunnugt, og flest meginatriði í þessu frv. voru mótuð þá. Ég vil sérstaklega fagna því, að hæstv. ráðh. hefur lagt þetta frv. þannig fram að gert er ráð fyrir að framleiðendur sjálfir taki algerlega við stjórn þessarar stofnunar og beri ábyrgð á henni, en sérstök stjórn verði síðan yfir Þróunarsjóði lagmetisiðnaðarins, sem eðlilegt er að sé skipuð að hluta af ríkisvaldinu, þar sem þar er ráðstafað skattpeningum, sem innheimtir eru í þann sjóð bæði samkv. gildandi lögum og þessu frv. þegar það er orðið að lögum, sem vonandi verður á þessu þingi.

Það er aðeins eitt atriði á þessu stigi málsins sem ég vildi gera hér að umræðuefni. Í 2. gr. þessa frv. segir svo í b-lið, að stofnunin annist sölu á niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum til landa þar sem ríkisstofnun, ríkið sjálft eða aðili fyrir þess hönd er aðalkaupandinn. Sölustofnun lagmetis hefur einkarétt til sölu og útflutnings á lagmeti til þeirra landa sem ákvæði þetta nær til. Þetta er efnislega það sem er í gildandi lögum, að Sölustofnun lagmetis hefur einkarétt til að selja lagmeti til þessara landa. Það tel ég vera eðlilegt og sjálfsagt hagsmunamál íslenskra framleiðenda og Íslendinga, að þannig sé að málum staðið á þessum mörkuðum, þar sem einn kaupandi getur ráðið verði, ríki eða ríkisstofnun getur ráðið verðinu, að margir íslenskir aðilar séu ekki að bjóða sömu vöruna og þá kannske á misjöfnu verði til þessara landa. Á það vil ég samt leggja áherslu, að á undanförnum árum hefur Sölustofnun lagmetis gagnstætt þessu, að því er varðar frjálsu markaðina, tekið upp þá stefnu að rýmka möguleika til þess að aðrir aðilar flytji út lagmeti til þeirra landa. En fyrir þær verksmiðjur, sem eru aðilar að Sölustofnuninni sem slíkri, hefur umboðslaunum í þeim tilvikum verið skipt.

En þar sem einn aðili, ríkið eða ríkisstofnun, er aðalkaupandinn og getur ráðið verðinu, þar tel ég mjög varhugavert að opna þá heimild sem í þessari grein felst. En í framhaldi af þessu stendur: „Þó er viðskrh. heimilt í einstökum tilvikum að veita aðila utan stofnunarinnar undanþágu frá einkaréttarákvæði þessu, enda sýni aðilinn fram á að hann geti fengið hagkvæmara verð en stofnunin. Leita skal umsagnar stjórnar Sölustofnunar lagmetis áður en slík undanþága er veitt."

Hæstv. ráðh. gat þess, hvernig verið er að vinna að þessum málum í Noregi. Nú er ég ekki að mæla með því, að farið verði eins að og verið er að gera þar, því að þar er ætlast til að það verði bindandi að allir lagmetisframleiðendur verði í einni stofnun og komi fram sem einn aðili á öllum mörkuðum, bæði þeim mörkuðum þar sem einn kaupandi er og þar sem margir kaupendur eru. Þetta held ég að sé leið sem við Íslendingar mundum ekki vilja fara. En ég bendi alveg sérstaklega á að okkur er nauðsyn að hafa um þetta mjög ákveðnar reglur, að því er varðar markaði þar sem einn kaupandi getur ráðið verðinu. Þetta undanþáguákvæði getur valdið því, að um verði að ræða truflun á sölustarfseminni á þessum mörkuðum, það er alveg ljóst. Ég þekki af reynslu að það hefur verið reynt að gera þetta. Þó að Sölustofnunin hafi ótvíræðan einkarétt samkv. lögum hefur þetta verið reynt undanfarin ár, og það liggja fyrir alveg óyggjandi gögn um að það hefur orðið til þess að trufla og lækka verð eða komið í veg fyrir að Sölustofnunin hafi náð því verði sem hún annars hefði getað náð að okkar mati. Þess vegna tel ég að þetta mál þurfi að skoða mjög vel.

Ég er mjög mikill frjálshyggjumaður þegar ég tel að Íslendingar hafi hagsmuni af því að frjálshyggja ríki. En

ég er líka jafnmikill fylgjandi þess að við högum málum okkar þannig, að þegar við höfum hag af séum við ekki að slá af því að hafa samtakamáttinn í bakhöndinni. (**StJ:** Vill ræðumaður ekki að einstaklingurinn fái að græða?) Jú, en ekki á því að bjóða útflutningsvöru á lægra verði, vegna þess að þá tapar einhver á því og það vil ég koma í veg fyrir.

Ég bið hv. iðnn. að skoða þetta mál rækilega, hvort ekki sé rétt að hafa þetta óbreytt eins og það er í lögunum þannig að ekki verði um það að ræða að truflanir verði á framboði á lagmeti á þessum mörkuðum með þeim afleiðingum e. t. v. að íslenskir framleiðendur og þar með þjóðin fái lægra verð fyrir þessa vöru.

Ég held herra forseti, að ekki sé ástæða til að fara frekari orðum um þetta. Ég vil endurtaka það, að ég fagna því, að þetta mál er komið fram, og styð það í öllum meginatriðum, en tel að þetta mikilvæga atriði þurfi að skoða vel.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það er fróðlegt að heyra yfirlýsingar hv. 3. þm. Norðurl. e. um viss grundvallaratriði í stjórnmálunum sem komu fram hjá honum áðan. Hann tekur greinilega undir þau sjónarmið, sem við Alþb.-menn höfum verið með á liðnum árum, að leggja ætti á það áherslu, að menn stæðu saman, og koma í veg fyrir að lögmál frumskógarins gildi sem allra mest. Þó að ég búist við að hann hefði fengið heldur lága einkunn hjá Milton Friedman og því fólki og Hannesi Hólmsteini, þá fagna ég ummælum hans.

En að öllu gamni slepptu vil ég láta það koma fram hér út af orðum hans um þessi mál áðan, að þann tíma sem ég var í viðskrn. leit ég þannig á, að hér væri um að ræða einkarétt Sölustofnunar lagmetis gagnvart löndum þar sem ríkisstofnanir eru aðalkaupendur. Ég byggði þetta á því sem ég gat lesið mér til úr umr. sem fram fóru um lögin um Sölustofnun lagmetis hér á Alþingi á sínum tíma. Þann tíma aftur sem Ólafur Jóhannesson var í viðskrn., árin 1974—1978, mun í einu eða tveimur tilvikum hafa verið farið á einhvern hátt á svig við þessi ákvæði, og af þeim ástæðum óskaði ég eftir mati lagadeildar Háskóla Íslands á þessu ákvæði núgildandi laga. Það var Björn Þ. Guðmundsson prófessor sem samdi fyrir mig álitsgerð um þetta efni, og hann kvað upp þann úrskurð af sinni hálfu, að það væri tvímælalaust að Sölustofnun lagmetis ætti að hafa einkarétt þegar um væri að ræða útflutning til Austur-Evrópulandanna. Það var alveg ótvírætt að hans mati. Og á grundvelli þess skrifaði ég Sölustofnun lagmetis bréf, þegar ég var í viðskrn., jafnframt því sem ég sendi stofnuninni, ef ég man rétt, greinargerð Björns Þ. Guðmundssonar um málið.

Á það ákvæði, sem er í þessu frv., er tæplega hægt að líta að mínu mati sem verulega opnun á þessum lagaákvæðum. Skírskotað er í raun og veru til gildandi laga um innflutnings- og gjaldeyrismál sem voru sett vorið 1979. Í þeim lögum er gert ráð fyrir því grundvallaratriði, að þegar viðskrn. heimilar útflutning á einstökum vörum á viðskrn. að gæta að tvennu: í fyrsta lagi því, að verðið sé sambærilegt við það sem best er hægt að fá á hverjum tíma, og í öðru lagi á að gæta að því, að skil á greiðslum til Íslendinga, íslenska útflytjandans, verði sem best. Það er þetta tvennt sem viðskrn. á að taka tillit til í sínum almennu störfum í sambandi við útflutningsleyfi.

Talsverðar umræður hafa verið að undanförnu um útflutningsleyfi, eins og kunnugt er, til ýmissa landa, m. a. Grikklands og Spánar, og ég ætla í sjálfu sér ekki að fara út í þau mál nánar hér þó það gæti verið fróðlegt fyrir menn að ræða þau. En það er alveg ljóst að viðskrn. hefur fyrst og fremst þarna tvíþætta skyldu. En í þessu frv. aftur sem við erum að ræða hér, er gert ráð fyrir að það sé heimilt að veita öðrum aðila útflutningsleyfi til Austur-Evrópuríkjanna þegar um er að ræða meðmæli Sölustofnunar lagmetis. Ég held að þetta sé í raun og veru nægileg þrenging á þessum heimildum til þess að tryggt eigi að vera að ekki geti átt sér stað undirboð, hætta á því að Íslendingar verði af fjármunum vegna þess að menn séu að bjóða niður hver fyrir öðrum. Þannig held ég að þetta ákvæði frv. komi mjög vel heim og saman við þau félagslegu sjónarmið sem ég og hv. 3. þm. Norðurl. e. höfum í þessum efnum.

Davíð Aðalsteinsson: Herra forseti. Ég hef ekki ætlað mér að fara að ræða þetta frv. Hins vegar tel ég mér skylt vegna orða hv. þm. Lárusar Jónssonar að taka það fram, að auðvitað mun þetta frv. fá eðlilega umfjöllun í iðnn. þessarar deildar og ég mun að sjálfsögðu beita mér fyrir því sem formaður þeirrar nefndar. Ég ætla hvorki að ræða um frv. né heldur grundvallaratriði í stjórnmálum, eins og vikið var að áðan, en ég fullvissa hv. þm. um að frv. mun fá ítarlega skoðun.

Ég hef þessi orð ekki fleiri og lýsi í engu viðhorfum mínum til frv. á þessari stundu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til iðnn. með 12 shlj. atkv.

Olíuleitarmál og hagnýtar hafsbotnsrannsóknir, frv. (þskj. 486). — 1. umr.

Flm. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. þm. Eyjólfi Konráð Jónssyni að flytja á þskj. 486 frv. til l. um skipan olíuleitarmála og hagnýtra hafsbotnsrannsókna á íslensku yfirráðasvæði. Megintilgangur þessa frv. er að fella olíuleit og hagnýtar hafsbotnsrannsóknir að ákveðnu skipulagi, efla rannsóknir á þessu sviði og undirbúa hugsanlega olíuvinnslu á íslensku yfirráðasvæði. Frv. gerir ráð fyrir því, að Alþingi hafi aukin áhrif á gang þessara mikilvægu mála og kosin verði sjö manna þingkjörin nefnd sem annist þau viðtæku verkefni á sviði hagnýtra hafsbotnsrannsókna og olíuleitarmála sem í frv. eru tilgreind. Hér er um hliðstætt form að ræða og á kosningu orkuráðs og kosningu stjóriðjunefndar samkv. tillögum sem við sjálfstæðismenn höfum flutt á þessu þingi.

Við Íslendingar höfum nú í raun eignast mikil yfirráðasvæði á hafsbotni utan og innan 200 mílna efnahagslögsögunnar. Því miður eru grundvallarrannsóknir og hagnýtar rannsóknir mjög skammt komnar á hafsbotni þessa svæðis. Þetta hefur þegar valdið erfiðleikum í viðræðum um yfirráðarétt okkar á hafsbotninum utan 200 mílna lögsögunnar. Í viðræðum við Norðmenn um hafsbotninn milli Íslands og Jan Mayen, þar sem til voru kvaddir sérfræðingar frá nokkrum löndum, voru Íslendingar þeir einu sem gátu ekki lagt fram rannsóknaniðurstöður á þessu umdeilda svæði máli sínu til stuðnings þótt

þeir gerðu kröfur til yfirráða þar. Sama máli gegnir raunar um fleiri hafsvæði, eins og hagsmuni okkar á svæðinu milli Íslands og Bretlandseyja, svonefndu Hatton-Rockall-svæði.

Ljóst er að tími er kominn til að efla og auka rannsóknir á jarðlögum hafsbotnsins innan og utan íslenskar efnahagslögsögu. Á árinu 1978 veitti þáv. iðnrh. bandarísku fyrirtækinu Western Geophysical Co. of America leyfi til mælinga setlaga norðan Íslands. Leyfið var bundið ýmsum skilyrðum um eftirlit og afhendingu rannsóknargagna. Um þessar rannsóknir ásamt fleirum gaf iðnrh. Alþingi skýrslu hinn 10. jan. 1980 og fylgir hún í fskj. með þessu frv.

Þá hefur jarðfræðingurinn Karl Gunnarsson tekið saman skýrslu á vegum Orkustofnunar um vitneskju og stöðu þekkingar á hafsbotninum umhverfis Ísland og fylgir hluti hennar einnig til upplýsinga.

Þessar skýrslur sýna, svo að ekki verður um villst, að brýn nauðsyn er á að efla þessar rannsóknir og taka í alvöru á þeim möguleika, að olía og önnur hagnýt efni *kunni að finnast á íslensku landgrunni og yfirráðasvæði* okkar. Engum blöðum er um það að fletta, að niðurstöður rannsókna, þar sem setlög hafa fundist á svæði úti fyrir Eyjafirði og Skjálfanda, hafa varpað nýju ljósi á þekkingu sérfræðinga á jarðfræði hafsbotnsins umhverfis Ísland. Engin leið er á grundvelli þeirra einvörðungu að fullyrða um tilvist olíu á þessum slóðum, en líkurnar *hafa stóraukist fyrir því, að um slíkt gæti hugsanlega* verið að ræða.

Brýna nauðsyn ber til að halda þessum rannsóknum áfram. Líkast til þarf að setja út nýjar mælilínur á þessu svæði og gera frekari setlagakönnun þar á sérstaklega útbúnum skipum áður en hafist yrði handa um boranir. Þess má geta, að 1000 km mælilína, sem talin er lágmarksverkefni ef skip er fengið til slíkra mælinga, er talin kosta 400—500 millj. gkr.

Á fyrrnefndu Eyjafjarðar- og Skjálfandasvæði, þar sem setlög hafa fundist, er Flatey á Skjálfanda, eins og kunnugt er. Þegar nægilegum yfirborðsmælingum er lokið er mjög auðvelt að fá nauðsynlega vitneskju um jarðlög á þessu svæði og ganga úr skugga um tilvist olíu með tilraunaborun í Flatey. Slík borun hefur mikla kosti fram yfir borun á palli í hafsbotninn. Borun á landi er margfalt ódýrari og mengunarhætta er hverfandi miðað við borun á sjó og nær engin. Að þessum rannsóknum þarf því að vinna bráðan bug næstu 2—3 árin og nota þau hagstæðu skilyrði að bora til þess að rannsaka þessi jarðlög í Flatey eða á öðrum stöðum þar sem henta þykir að bora, fyrst og fremst á landi, þar sem borun á sjó er bæði dýr og hefur líka í för með sér nokkra mengunarhættu.

Þess má geta, að við Íslendingar verðum mjög háðir olíuinnflutningi á næstu árum þrátt fyrir auðlindir vatns- og hitaorku í landinu. Orkuspárnefnd hefur spáð því, að olíunotkun minnki nokkuð fram til aldamóta vegna hagnýtingar innlendra orkugjafa og sparnaðarráðstafana. Samt sem áður er innflutningsþörfin talin vera um 560 þús. tonn á aldamótum á ári í samanburði við 570 þús. tonn á árinu 1980. Þetta er miðað við ítrasta sparnað og að allir kostir á hagnýtingu vatns- og varmaorku hafi verið nýttir.

Reynslan sýnir hvað það kostar að vera eins háður innflutningi olíuvara og verið hefur. Það hlýtur því að vera algert nauðsynjamál að ganga úr skugga um hugsanlega olíuvinnslu umhverfis Ísland, einkum ef svo vildi til að unnt væri að vinna olíu með fast land undir fótum, eins og í Flatey á Skjálfanda, þar sem mengunarhætta í sjó er nánast engin.

Þótt ég hafi, herra forseti, lagt hér nokkuð ríka áherslu á olíuleit fjallar þetta frv. einnig um hagnýtar hafsbotnsrannsóknir að öðru leyti. Einsýnt virðist að allar hagnýtar hafsbotnsrannsóknir séu á vegum sama aðila í stjórnkerfinu. Verkefni á þessu sviði eru gífurleg, eins og bent var á hér að framan, og væri það eitt út af fyrir sig nægilegur rökstuðningur fyrir því skipulagi og eflingu þessara rannsókna sem frv. gerir ráð fyrir.

Í frv. eru aths. við einstakar greinar og skal ég fara örfáum orðum um þær að lokum.

Í 1. gr. er gert ráð fyrir að þessi mál heyri undir iðn.- og orkuráðherra. Um þetta eru tekin af tvímæli, en nokkur styrr stóð um afskipti ráðuneyta af setlagarannsóknum sem hófust 1978. Rannsóknaráð heyrir t. d. undir menntmrh. Hér eru tekin af tvímæli um að þetta skuli heyra undir orkuráðherra.

Í 2. gr. *er ákvæði um það að kjósa þingnefnd til að fara* með þessi mál. Er í rauninni ekkert um þá grein að segja annað en það, að þar er farin nákvæmlega sama leið og þegar um kosningu á orkuráði er að ræða.

Í 3. gr. er kveðið svo á, að gera skuli áætlun til nokkurra ára um að ljúka sem fyrst grundvallar- og hagnýtum hafsbotnsrannsóknum.

Í 4. gr. er talið upp nokkuð ítarlega hvert skuli vera hlutverk olíuleitarnefndar, sem svo er nefnd. Það er auðvitað matsatriði hversu ítarleg upptalning á að vera í frv. og lögum sem þessum, en hér hafa verið settir fram níu töluliðir og þetta verkefni skilgreint nokkuð nákvæmlega.

Í 5. gr. er kveðið á að Orkustofnun sé falið að hafa á hendi framkvæmdastjórn fyrir nefndina. Þess verður að gæta, að þessi deild sé nægilega aðgreind frá núverandi starfsemi Orkustofnunar, vegna margvíslegra leyndarákvæða sem þarf að fjalla um þegar rannsóknasamningar eru gerðir við utanaðkomandi aðila. Að öðru leyti er um svo sérhæft verkefni að ræða að sjálfstæði deildarinnar er nauðsynlegt.

Í 6. gr. er gert ráð fyrir að nefndin taki til hendi um ítarlegri laga- og reglugerðarsetningu um hagnýtar hafsbotnsrannsóknir, olíuleitarmál og olíuvinnslu. Þetta frv. er að sjálfsögðu frumsmíð og er eðlilegt að nefndin sinni *þessum störfum og setji fram ítarlegri hugmyndir og* reglur um þessi efni, m. a. undirbúi reglugerð sem kveði á um mengunarmál og önnur slík atriði.

Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa fleiri orð um þetta frv. Það ætti að vera öllum hv. dm. ljóst, hvaða máli er hér hreyft. Ég vil gera að tillögu minni að málinu verði vísað að lokinn þessari umr. til hv. iðnn.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Eins og hv. síðasti ræðumaður, hv. þm. Lárus Jónsson, gat hér um í framsögu sinni fyrir þessu frv., hafa rannsóknir á landgrunninu ekki verið mjög miklar á þeim hafsbotnssvæðum, sem tilheyra Íslandi nú þegar og þar sem við erum að ávinna okkur réttindi, og það raunar þó að þáltill. hafi verið samþ. strax haustið 1978 um þetta efni. Þar hefur auðvitað að einhverju leyti ráðið fjárskortur og kannske líka sinnuleysi. Við fórum of seint af stað til að rannsaka þessi hafsbotnssvæði. Þetta hefur háð mönnum nokkuð, t. d. á hafréttarráðstefnu og í viðræðum við erlenda

menn, nágranna okkar, um yfirráð á þessum svæðum. Engu að síður hefur þó talsverðrar þekkingar verið aflað að undanförnu þannig að við stöndum nokkru betur að vígi en við áður gerðum.

Þessi vanþekking kom í ljós í viðræðum við Norðmenn um Jan Mayen-svæðið. En góðu heilli tókst þó þar samkomulag sem menn þorðu varla að vona að yrði jafnhagstætt, a. m. k. ekki þegar umr. hófust um það mál og fyrst voru gerðar kröfur af Íslands hálfu til yfirráða yfir þessu svæði og hlutdeildar í auðlegð sjávar og hafsbotns þar. Það mál er þó farsællega í höfn komið. Eigi að síður þarf að halda áfram rannsóknum á þessu hafsvæði og sérstaklega að beina sjónum okkar að olíuleitinni, þó að auðvitað komi til álita margt fleira, hugsanlega málmar, og eins eru öll botnlæg dýr, dýr sem ekki þrífast öðruvísi en með snertingu við botn, svo sem krabbadýr ýmiss konar, eign þess ríkis sem hafsbotnsréttindi tilheyra. Í samningum okkar við Norðmenn höfum við auðvitað líka mjög víðtæk réttindi til að nýta fiskstofna á Jan Mayen-svæðinu í samvinnu við Norðmenn.

En það svæði, sem við hljótum nú sérstaklega að beina augunum að, er Rockall-svæðið svonefnda. Ég held að ekki fari hjá því að alþjóðareglur um hafsbotnsmálefni, hafréttarmálefni, muni tryggja okkur réttindi á Reykjaneshryggnum allt að 350 sjómílur út, réttindi til hafsbotnsins þar. Hins vegar eru fjórar þjóðir sem leita réttar síns á Rockall-svæðinu. Eins og hv. alþm. er mætavel kunnugt hefur verið samþykkt ályktun og raunar ályktanir um það efni, en síðast á liðnu vori um samvinnu við Færeyinga til þess að tryggja réttindi Íslendinga og Færeyinga á þessu gífurlega stóra hafsbotnssvæði og væntanlega mjög verðmæta. Þetta er í annan stað sem sagt samvinna þessara tveggja frændþjóða og nágrannaþjóða og að hinu leytinu að teknir verði upp samningar við Íra og Breta til þess að reyna að ná samstöðu allra þeirra fjögurra þjóða sem hér hafa réttindi að gæta. Auðvitað væri æskilegast að heildarsamkomulag gæti náðst, annaðhvort um sameiginlegan eignarrétt að þessu svæði eða einhverja skiptingu sem menn gætu komið sér ásamt um.

Nú er mér kunnugt um að utanrrn. hefur haft samband bæði við Breta og Íra um þetta mál og Bretar hafa þegar svarað því játandi, að þeir vilji taka upp viðræður við okkur til að reyna að komast að niðurstöðu um þessi efni. Viðræður hafa þegar nokkrum sinnum farið fram við Færeyinga, bæði í Færeyjum og eins á hafréttarráðstefnunni í New York, og hæstv. utanrrh. hefur greint frá því, að hann hafi tekið þessar viðræður upp við utanrrh. Dana nú síðast í Kaupmannahöfn þegar hann var þar á ferðalagi. Ég geri ráð fyrir, að fulltrúar á hafréttarráðstefnu muni ræða þessi mál við þessar þjóðir, og leyfi mér raunar að óska þess, að hæstv. utanrrh. greini okkur frá því, hvaða hátt hann hyggist hafa um áframhald þeirra viðræðna sem hann þegar hefur sett í gang eða öllu heldur undirbúið. Þær hafa verið í gangi að því er Færeyinga varðar og nú verið undirbúnar að því er Breta og Íra varðar, og ég þykist þess fullviss að úr því að Bretar taka upp þessar viðræður muni Írar óðfúsir vilja gera það sama, því að þeir reyna auðvitað að tryggja sín réttindi. Það væri ánægjulegt ef hæstv. utanrrh. vildi að gefnu þessu tækifæri, sem við hér höfum, skýra okkur frá því, hvað næst sé á döfinni. Það er nú einu sinni svo í þessum málum, að sveltur sitjandi kráka en fljúgandi fær. Það nær enginn réttindum í þessum leik, sem nú stendur yfir, nema sá sem ber sig eftir björginni, og til þess sækjum við hafréttarráðstefnur að reyna að tryggja réttindi Íslendinga. Því væri mjög æskilegt að fá um það upplýsingar nú, hvort t. d. sendinefnd okkar á hafréttarráðstefnunni yrði falið að taka upp formlegar viðræður við þessar þjóðir og þá auðvitað sérstaklega ambassador okkar, Hans G. Andersen, sem mundi leiða slíkar umr., en hugsanlega að t. d. fulltrúar stjórnmálaflokkanna væru þar viðstaddir, tækju þátt í þeim viðræðum eða sætu a. m. k. sem áheyrnarfulltrúar.

Þetta svæði, Rockall-svæðið, er talið geta verið mjög auðugt bæði að ýmiss konar jarðgasi og olíum. Þetta er geysimikið og stórt svæði og þó að menn átti sig ekki á því þegar þeir líta lauslega á kort af svæðinu, þá er það svo að mikill hluti þess er nær Íslandi en Bretlandi og Írlandi, og ef miðlína yrði á milli Íslands og Færeyja mundi allur Hatton-bankinn, þ. e. vestasti hluti þessa sokkna lands, falla í hlut Íslendinga. Ef aftur á móti miðlína réði með Færeyingum, Írum og Bretum, þá yrði það mjög stórt svæði sem vestan þeirrar línu yrði og yrði þá væntanlega sameign Íslendinga og Færeyinga. Þetta er allt saman viðkvæmt mál og hugtök eins og „eðlileg framlenging lands" (natural promotion), eru meira og minna óskilgreind í þessum umr. og sáttmálagerð sem nú stendur yfir. Þarf því að vera vel á verði og halda til öllum þeim rökum sem við höfum fyrir því að við eigum þarna réttindi, og höfuðrökin eru að sjálfsögðu þau, sem áður hafa fram komið, að hin upphaflega gliðnun, þegar Atlantshaf myndast, er austan þessa svæðis. Landið, sem þarna er sokkið, var um það bil í 50 millj. ára áfast við Grænland og úthafið var á milli þessa lands og Írlands og Bretlands. Þess vegna fæ ég ekki með nokkru móti skilið hvernig þær þjóðir eiga að geta talið þetta land vera eðlilegt framhald af þurrlendi þessara ríkja eða landgrunni þeirra. Miklu frekar er þetta land hluti af þeim parti jarðarkringlunnar sem Ísland og Færeyjar eru á, bæði samkv. landslagi og eins að eðli til og hvernig það rekur frá Grænlandi um það leyti sem Ísland er að myndast og Reykjaneshryggur og þetta hafsvæði sem við búum á.

Hvað sem um þetta má segja er alveg nauðsynlegt að halda réttindum okkar fram og reyna að afla sem víðtækastra réttinda, og eins og ég sagði áður fáum við auðvitað ekki neitt á þessu svæði, frekar en við höfðum fengið á Jan Mayen-svæðinu, nema við gætum réttar okkar til hins ítrasta. Þess vegna væri áreiðanlega bæði fréttnæmt og ánægjulegt ef hæstv. ráðh. gæti upplýst okkur eitthvað frekar um hvers vænta mætti um gang þessara mála á næstunni.

Utanrrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Hér er um mikið mál að tefla, en tíminn takmarkaður og þess vegna ætla ég ekki að lengja þessar umr. nú. En að gefnu tilefni frá hv. þm. Eyjólfi Kónráð Jónssyni get ég staðfest það, að unnið hefur verið að framkvæmd þeirrar þál. sem gerð var hér á Alþingi s. l. vor, ég man nú ekki dagsetninguna, um landgrunnsmál á Rockall-svæði og þar um kring og sérstaklega að leitað verði samstarfs við Færeyinga um það. Og ég get staðfest að það er rétt sem hann sagði, að borist hefur jákvætt svar frá Bretum, þeir eu tilbúnir að ræða þessi mál, og frá Írum hefur borist fsp. um, hvaða atriði það væru sem við mundum vilja ræða við þá, og við höfum gefið þeim svör í því efni. En svar er ekki endanlega komið frá þeim. Ég geri ráð fyrir að það svar verði jákvætt líka og þessar þjóðir verði þannig

reiðubúnar að ræða við okkur um þessi málefni. Í því felst auðvitað ekki annað og meira. Það felst ekki í því að þær taki neina efnisafstöðu til málaleitunar okkar.

Við Færeyinga hefur verið haft náið samstarf, eins og hv. þm. gat um, og ég fyrir mitt leyti er vongóður um að það takist. Þessi mál verða athuguð af sendinefnd á hafréttarráðstefnunni, þar sem sendinefndinni mun falið að reyna viðræður við þessa aðila eða sendinefndir þeirra ríkja sem hér eiga hlut að máli. Að sjálfsögðu geri ég ekki ráð fyrir að nein lausn fáist í þeim efnum á þessari ráðstefnu, en það ætti að verða tækifæri til þess að skýra sjónarmiðin. Ég geri ráð fyrir því, að á eftir verði að taka upp formlegar viðræður við þessar þjóðir, annaðhvort allar saman, sem væri mjög æskilegt, eða þá hverja í sínu lagi.

Sáttanefndin, sem hefur unnið að tillögugerð varðandi hafsbotnsréttindi á Jan Mayen-svæðinu, hefur verið að starfi, sérfræðingaálit hefur verið fengið og ég geri mér vonir um að innan tíðar geti línur eitthvað skýrst í því máli.

Fleira ætla ég ekki að segja um þetta mál á þessu stigi.

Guðmundur Bjarnason: Herra forseti. Aðeins örfá orð í sambandi við þetta frv. sem hér er til umr. og gerir ráð fyrir því, að skipuð verði nefnd til að kanna möguleika á olíuvinnslu á landgrunni okkar.

Það er ekki óeðlilegt að fram komi slíkar hugmyndir, þegar við búum við eins mikla orkukreppu í heiminum og öllum er ljóst af atburðum undangenginna missera og ára, og þá komi upp þær hugmyndir einnig hér hjá okkur, að við könnum hvort svipað geti háttað til á okkar landgrunni eins og komið hefur í ljós hjá nágrönnum okkar Norðmönnum. Nú er það vitað, að þessar rannsóknir hafa verið mjög litlar hér á okkar svæði. Það kemur reyndar fram í skýrslu, sem prentuð er sem fskj. með þessu frv., frá hæstv. iðnrh. um könnun á setlögum á landgrunninu út af Norðurlandi, að þessum jarðlögum hér svipar nokkuð til þess sem hefur verið á öðrum stöðum í heiminum þar sem kolvetni hafa safnast fyrir í setlögum. En hér er aðeins um mjög grófa mynd að ræða og þarf að vinna miklu meira að ýmiss konar rannsóknum á því sviði.

Í skýrslu ráðh. kemur jafnframt fram, að hann hefur hugsað sér að hlutast til um að samdar verði reglur um rannsóknir á auðlindum landgrunnsins og þau mál öll verði könnuð miklu nánar. Það kann að vera að það megi flýta þessu máli með því að stofna sérstaka nefnd til að kanna þessi mál eða fela það að öðru leyti Orkustofnun sem hefur haft með okkar orkumál að gera að allmestu leyti, t. d. hvað varðar leit eftir heitu vatni og slíkar rannsóknir. Það kemur reyndar fram í frv. hjá hv. flm., að þeir gera ráð fyrir að við Orkustofnun verði sett á fót deild sem annist framkvæmd þessara rannsókna.

Ég vil aðeins taka undir það með flm., að ég tel að hér sé um mjög áhugavert mál að ræða sem beri að skoða ítarlega, en jafnframt verður að hafa mjög í huga öll mengunar- og umhverfissjónarmið í því sambandi. Og þá kemur einnig upp sú sérstæða aðstaða sem hér gæti verið við tilraunaboranir, þ. e. ef hægt væri að bora tilraunaborholur og leita nánari upplýsinga á landi, ef það væri t. d. hægt í Flatey á Skjálfanda, en það eru einmitt svæðin út af Eyjafirði og Skjálfanda sem hvað líklegust eru talin til að gefa góða raun í þessu skyni.

Ég vil aðeins ítreka það og lýsa því yfir, að ég tel að hér sé hreyft mjög þörfu máli og að okkur beri að kanna allar leiðir í þessu sambandi og athuga gaumgæfilega hvort land okkar eða landgrunn búi yfir þeim auðæfum, sem hér gæti verið um að ræða, og að þetta mál verði skoðað mjög ítarlega.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Án þess að tjá mig sérstaklega um frv. sem slíkt eða hvort ég fylgi því eins og það er lagt hér fram vil ég segja örfá orð í sambandi við þetta mál, sem er að mínu mati hið merkasta mál og eitt af þeim málum sem á margan hátt eru þess eðlis að þau leita á hugann og menn spyrja gjarnan sjálfa sig hvers sé að vænta í sambandi við olíumálin á næstu árum og hvernig eigi að bregðast við því sem er að gerast á því sviði.

Ég las nýlega í mjög áreiðanlegu bandarísku tímariti um það, hverju menn spá um verðlag á olíuvörum á næstunni. Á s. l. 7—8 árum hefur jarðolían hækkað frá því að vera um 3 dollarar á tunnuna upp í 30—35 dollara og í dag er verðið um 35—36 dollarar á heimsmarkaði. En því er spáð, að eftir fjögur ár eða árið 1985 verði verð á hverri tunnu af jarðolíu komið upp í 80 dollara. Þetta eru fjögur ár og nærri því þrefalt verð á við það sem er í dag. Þessi spá, sem þarna hefur verið gerð, er talin vera aðhaldssöm spá. Hún byggir á því að friður haldist við Persaflóa, sem er náttúrlega geysilega mikið atriði varðandi þróun verðlags á olíuvörum.

Þetta vekur auðvitað upp margar spurningar. Það vekur t. d. upp þá spurningu, hvernig fer um okkar sjávarútveg, okkar fiskisókn. Þurfum við að breyta um gerðir fiskiskipa á tiltölulega stuttum tíma? Verður eins hagkvæmt eftir örfá ár að haga sjósókn á svipaðan máta og við gerum nú eða þurfum við að leggja áherslu á að breyta til með tilliti til þessarar þróunar, ef þróun skyldi kalla, sem þarna blasir við. Þessi mál eru því mjög þýðingarmikil og þarft að hreyfa þessu máli hér á Alþingi.

Þetta vekur einnig upp spurningar um það, hvernig háttað er öryggi okkar í þessum málum og hvernig það öryggi verður best tryggt. Við höfum leitast við núna á seinustu árum að auka öryggi okkar á þessum sviðum með því að dreifa innkaupum á olíuvörum til landsins. Þetta vekur enn fremur þá spurningu, hvort við þurfum ekki að auka olíubirgðir í landinu því að það er ekki eingöngu um að ræða spurningu um verð, heldur einnig spurninguna um það, hvort yfirleitt verði hægt að fá olíu.

Ég hef verið að láta athuga um alllangan tíma hvort æskilegt væri að við Íslendingar gerðumst aðilar að Alþjóðaorkustofnuninni. Það hefur verið unnið mikið undirbúningsstarf í viðskrn. að því máli og það verður væntanlega rætt í ríkisstj. innan skamms. Ég get vel sagt frá því, að ég er þeirrar skoðunar að það komi mjög til greina að Ísland gerist aðili að Alþjóðaorkustofnuninni til þess að auka öryggi í þessum málum. En ef til þess kemur að ríkisstj. samþykki það, sem ég skal ekkert um segja, það hefur ekki verið rætt í ríkisstj., þá verður það náttúrlega tekið fyrir hér á hv. Alþingi og rætt miklu nánar.

Þetta mál vekur, eins og ég sagði áðan, margar spurningar, bæði um öryggi, um verðlag og hvaða áhrif þessi framvinda orkumálanna er líkleg til að hafa á okkar atvinnulíf og hvort ekki er tímabært fyrir okkur að fara að huga meira að því sem fram undan er í þessum málum, því að það virðist hilla undir byltingu á þessu sviði sem kallar á endurskoðun á okkar atvinnulífi. Það virðast svo

örar hækkanir að það sé full þörf á því að gefa þessum málum meiri gaum en gert hefur verið og tímabært að athuga ýmsa þætti í okkar efnahags- og atvinnulífi til þess að vera betur undir það búin að mæta því sem kemur, nema því aðeins að við verðum svo lánsamir að finna olíu hér á okkar landi eða við okkar land. Það mundi að sjálfsögðu breyta mjög stöðu okkar í þessum málum öllum.

En hér er hreyft þörfu máli sem fyllsta ástæða er til að ræða og fjalla um hér á Alþingi.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Mig langar að þakka hæstv. utanrrh. fyrir þær upplýsingar, sem hann hér hefur gefið okkur, og ákvörðun hans um að fela nefnd Íslendinga í New York, sendinefndinni á hafréttarráðstefnu, að taka upp viðræður við Breta og Íra þar og þá Færeyinga að sjálfsögðu líka. Það mun þá að sjálfsögðu eitthvað þoka málinu áleiðis, þó að auðvitað sé allt rétt sem hann sagði um það, að engin niðurstaða verður á þessum fyrstu fundum. En hálfnað er verk þá hafið er, og ég á von á því, að ef hyggilega er á málum haldið geti jafnvel komið út úr slíkum samningaumleitunum heildarsamkomulag þessara fjögurra þjóða, sem væri auðvitað gífurlega mikilvægt og ánægjulegt ef svo margar þjóðir leystu sín vandamál og sína árekstra með heildarsamkomulagi um þetta mikla hafsbotnssvæði, sem getur verið, eins og ég sagði, og meira segja eru taldar miklar líkur til að sé mjög auðugt af gasi og olíu. Þetta er allt mjög ánægjulegt.

Ég vil einnig þakka undirtektir annarra hv. ræðumanna. Auðvitað er okkur flm. það ekkert hjartans mál að frv. sé samþykkt nákvæmlega í þessu formi. Það er auðvitað málefnið sjálft sem fyrir okkur vakir, en ekki hvaða háttur sé á hafður. Aðalatriðið er að slíkar boranir verði framkvæmdar og þessar athuganir haldi áfram og verði með vaxandi hraða og vaxandi þunga því að þarna er mikið verk ónunið. Auðvitað hefði verið æskilegast að við hefðum nú þegar getað ákveðið ytri mörk landgrunns okkar til suðurs og raunar út af Reykjanesskaganum líka, en þetta er í mótun á hafréttarráðstefnu og eins í þeim samningum sem fram fara, og úr því að þessi fundur er nú byrjaður í New York er eðlilegt að sjá hverju þar vindur fram áður en við grípum til einhliða ákvarðana um ytri mörk landgrunnsins sem gætu verið kannske 350 mílur suður í hafi.

Um hafréttarráðstefnuna að öðru leyti vita menn að það er mikil tvísýna um gang mála þar, en allar líkur eru þó á því, þó að Bandaríkjamenn hafi í upphafi ráðstefnunnar sett fram allharkaleg ummæli, að reynt muni verða til hins ítrasta að ljúka ráðstefnunni á þessum fundi. Það er markmiðið, og þá þurfa íslensk stjórnvöld auðvitað þegar í stað að gera upp hug sinn og neyta allra þeirra ítrustu réttinda sem Íslendingar kunna að eiga eftir hinum nýja sáttmála, jafnvel þótt hann hafi þá ekki verið formlega staðfestur, ef menn vita um efni hans, hvert það verður við staðfestinguna. Ef þessum fundi lýkur með þeim hætti, má auðvitað engan dag missa að vinna að framgangi þessara mála og tryggja réttindi okkar, bæði á Rockall-svæðinu og Reykjaneshrygg, og með sama hætti auðvitað að halda til haga þeim rétti sem við áunnum okkur með Jan Mayen-samkomulaginu. Það var ánægjulegt að hæstv. ráðh. skyldi upplýsa að sáttanefndin væri að störfum, og vonandi verður þeim lokið fyrr en síðar og þá með ánægjulegum hætti.

Ég vil gjarnan nota þetta tækifæri til að lýsa enn yfir þeirri skoðun minni, að ég teldi langsamlega æskilegast að hert yrði á þeirri hugsun, sem fram kemur í sáttmálanum við Norðmenn, að um sameiginlega hagnýtingu á svæðinu yrði að ræða bæði að því er fiskveiðar varðar og eins hafsbotninn. Eðlilegast væri að því er hafsbotninn varðar að mínu mati og hefur alltaf verið, að Norðmenn og Íslendingar ættu hann í sameiningu, óskiptan í sameiningu eða einhvern hluta hans, a. m. k. svæðið frá Jan Mayen til Íslands væri sameign þessara tveggja ríkja og hagnýtt af þeim í sameiningu. Ég vona að samninganefndarmaður okkar, Hans G. Andersen, reyni að halda á málum einmitt á þann veg og íslensk stjórnvöld svo að öðru leyti.

Flm. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ég vil þakka hæstv. ráðherrum, sem hér hafa tekið til máls, fyrir góðar undirtektir við þetta mál og hv. þm. Guðmundi Bjarnasyni. Það er uppörvun að heyra slíkar undirtektir.

Ég tek mjög undir það með hæstv. viðskrh., að það eru á margan hátt mjög áskyggilegar horfur í olíumálum í heiminum. Eins og kom raunar fram þegar ég mælti fyrir þessu frv. er það svo, að þó við séum ríkir að orkulindum verður þörf okkar fyrir olíu og bensín og annað slíkt eldsneyti áfram mjög mikil og breytist sáralítið þó að við hagnýtum alla möguleika til þess að nýta aðrar orkulindir. Þörfin breytist sáralítið nema það verði, eins og hæstv. ráðh. kom hér inn á, gerbylting í okkar málum, t. d. að því er varðar eldsneytisnotkun. Við eyddum á s. l. ári um 12—13% af okkar útflutningstekjum til þess að flytja inn olíuvörur og ef verðþróunin yrði eins og hann talaði um að spár væru nú um, þá gæti þetta orðið þungur baggi, kannske einhvers staðar á milli 20 og 30%, sem við þyrftum að eyða af okkar útflutningstekjum eingöngu í að flytja inn eldsneyti. Ég held því að við þurfum að hugsa um þessi mál mjög rækilega og ræða þau.

Ég tek mjög undir það, að við þurfum að hugleiða það á jákvæðan hátt að gerast aðilar að Alþjóðaorkumálastofnuninni. Ein af meginreglum hennar er sú, að það séu jafnan til a. m. k. þriggja mánaða birgðir af eldsneyti í viðkomandi löndum. Þetta er mjög mikið öryggisatriði, eins og hæstv. ráðh. kom inn á, og ég tel, að það sé alveg einsýnt að við eigum að taka af skarið í þeim efnum, og er eindregið fylgjandi því að við göngum í þessa stofnun.

Ég vildi að þetta kæmi fram hér og þakka enn undirtektir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til iðnn. með 11 shlj. atkv.

Neðri deild, 64. fundur.

Fimmtudaginn 19. mars, kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Í framhaldi af umr. þeim sem fram fóru hér í gær um hvaða samkomu-

lag kunni að hafa verið gert milli aðila stjórnarsamstarfsins, þá komu fram í því máli nýjar upplýsingar í gærkvöld og í morgun sem gerðu það að verkum að ég óskaði eftir því við hæstv. forseta þessarar deildar að fá að taka hér til máls utan dagskrár og beina ákveðinni fsp. að gefnu tilefni til hæstv. sjútvrh., formanns Framsfl. Hæstv. forseti deildarinnar hafði ekkert á móti því, að ég fengi þessa heimild, né heldur hæstv. sjútvrh. er ég ræddi við hann í morgun. Mér bárust hins vegar fréttir af því nú alveg nýverið, að það ætti ekki að heimila þessar umr. Ég vil spyrja hæstv. forseta úr ræðustóli hvort þetta sé rétt, að hæstv. forseti neiti að heimila þessar umr., og þá á hvaða röksemdum hann byggir þá afstöðu sína. (**Forseti:** Hefur hv. þm. lokið máli sínu?) Nei. (**Forseti:** Ég geymi það þangað til orðið verður laust.) Gott og vel, herra forseti. Þá vil ég gjarnan fá að skýra herra forseta frá því, áður en hann svarar, hvaða ástæður lágu til þess að ég fór þess á leit við hæstv. forseta að fá að taka hér til máls utan dagskrár um þetta mál, þó að það hefði verið rætt í gær.

Eins og menn vita fóru í gær fram umr. utan dagskrár þar sem leitað var svara við því, hvort í gildi væri eitthvert samkomulag milli aðila stjórnarsamstarfsins sem gefur einum aðila þess neitunarvald gagnvart framkvæmdum í málaflokki sem heyrir undir ráðh. úr öðrum flokki. Ég spurði hvort samþykki allra þyrfti að koma til svo að meiri háttar framkvæmdir eða ákvarðanir verði teknar. Engin skýr svör fengust þá önnur en þau, að samið hefði verið um að hæstv. forsrh. beitti ekki þingrofsvaldi sínu nema með samþykki allra, sem er vanalegt, og í öðru lagi komu þær upplýsingar fram m. a. hjá hæstv. ráðh., formanni Framsfl., að ríkisstj. hefði sett sér einhverjar ótilteknar starfsreglur sem hann ræddi um eins og væri alvanalegt.

Herrra forseti. Ég hef spurst fyrir um það — ég er að rökstyðja beiðni mína hér til herra forseta — ég hef spurst fyrir um það hjá ráðherrum úr ríkisstjórnum allar götur síðan viðreisnarstjórnin var stofnuð, hvort nokkur fordæmi séu til um að starfsreglur, einhvers konar umferðarreglur í ríkisstj., hafi verið samþykktar, hvort nokkur fordæmi séu fyrir því að ríkisstj. hafi samþykkt einhverjar starfsreglur aðrar en þær sem liggja fyrir í reglugerð um Stjórnarráð Íslands. Engin þessara ríkisstjórna hefur nokkurn tíma gert slíka samþykkt, þannig að þetta er þá í fyrsta skipti sem ríkisstj. og ráðherrar hafa sett sér einhverjar slíkar starfsreglur og þess vegna eðlilegt að spurt sé um hvað þessar starfsreglur fjalli.

Herrra forseti. Ég er að ljúka máli mínu. Varaþm. formanns Framsfl., Finnbogi Hermannsson, skýrði frá því í Dagblaðinu í gær, að í gildi væri slíkur samningur milli aðila stjórnarsamstarfsins sem veitti einum aðilanum neitunarvald. Ég hafði samband við þennan varaþm. í gærkvöld og í morgun og hef eftirfarandi eftir honum orðrétt, með hans leyfi:

„1. Frétt Dagblaðsins um samkomulag stjórnarflokkanna hefur verið lesin fyrir mig. Ég staðfesti að allt það, sem þar er eftir mér haft, er rétt eftir haft.

2. Ástæðan fyrir því, að ég skýrði frá samkomulaginu sem gert var milli oddvita hinna þriggja aðila ríkisstjórnarsamstarfsins, er sú, að ég tel fyrirhugaðar framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli vera brot á því samkomulagi, í þeim anda, að enginn einn aðili geti tekið ákvörðun um slíkt stórmál sem ríkisstj. þarf öll um að fjalla."

Og í þriðja og síðasta lagi, hæstv. forseti: „Ég tel ótvírætt," segir varamaður formanns Framsfl. á Alþingi, „að Alþb. geti stöðvað þessar framkvæmdir með tilvísan til samkomulagsins um að engar meiri háttar ákvarðanir verði teknar í ríkisstj. nema með samþykki allra aðila stjórnarsamstarfsins, með sama hætti og ég tel að aðrir aðilar samstarfsins geti með sama hætti stöðvað ákvarðanir, sem þeir eru á móti og telja vera meiri háttar, með vísan til þessa samkomulags."

Hæstv. forseti. Þegar slíkar upplýsingar hafa komið fram, á þá að meina mér að beina fsp. til formanns Framsfl. og fá tafarlaus svör hans við því, hvort þarna sé rétt með farið og hvað felist þá í þessum samstarfsreglum? Og hver er ástæðan fyrir því að meina mér að bera slíkar spurningar fram?

Forseti (Sverrir Hermannsson): Hv. 3. þm. Vestf. tjáði mér í gærkvöldi að hann hygðist biðja um orðið utan dagskrár að ræða þetta tilgreinda málefni sem hann gat um hér. Ég svaraði sem jafnan í slíkum tilvikum, að það mundi ég að öðru jöfnu gera ef sá hæstv. ráðh. eða sá, sem viðkomandi þm. vill beina máli sínu til, samþykkti. Hæstv. sjútvrh., sem hv. þm. ætlaði að beina máli sínu til, benti á að þetta mál hefði fengið rækilega umfjöllun á hinu háa Alþingi í ítarlegum umr. utan dagskrár. Þessi rök hlaut ég að meta gild og ákvað þess vegna að leyfa ekki umr. um þetta málefni utan dagskrár, og við þá ákvörðun mína held ég.

Sighvatur Björgvinsson: Herrra forseti. Ástæðan fyrir því, að umr. er ekki leyfð, er sem sé sú, að hæstv. sjútvrh. *neitar að svara. Hann neitar að svara, hæstv. ráðh., þegar* það hefur gerst í millitíðinni, frá því að umr. lauk í gær og þar til óskað er eftir að umr. fari fram um málið í dag, að *varamaður hans á Alþingi hefur gefið upplýsingar um* það mál sem hæstv. ráðh. hefur verið spurður um, en hann sjálfur hefur neitað að gefa til þessa. Þegar hæstv. sjútvrh. og formaður Framsfl. er spurður um þessar upplýsingar varaþm. hans beitir hann valdi sínu — sem hann vissulega hefur hér á Alþingi sem ráðh. — til þess að stöðva umr. með því að neita að svara.

Þessu mótmæli ég, herra forseti, ekki við forseta, sem hér fer rétt að, heldur framkomu ráðh. í málinu.

Tímabundið olíugjald til fiskiskipa, frv. (þskj. 435). — 1. umr.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herrra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um tímabundið olíugjald til fiskiskipa sem lagt var fram í Ed. og hefur verið samþ. þar og er hingað komið. Þetta gjald er að sjálfsögðu í tengslum við fiskverðsákvörðun um miðjan febrúar. Með þeirri ákvörðun var fiskverð hækkað frá áramótum um 18%, en 6% frá 1. mars, en jafnframt varð að samkomulagi í tengslum við þá ákvörðun að olíugjald yrði eins og það var í lok ársins, þ. e. 7.5%.

Ég þarf út af fyrir sig ekki að fara mörgum orðum um þetta. Í grg. eða aths. með frv. er rakið hvernig olíugjald hefur breyst síðan það var upphaflega upp tekið, og þá venjulega verið tekið nokkurt mið af því, hvernig olíuverð hefur breyst. Ég hef einnig áður rætt það, að æskilegt væri að finna aðrar leiðir. Um það hefur mikið verið fjallað, bæði við hagsmunaaðila og fleiri. Það hefur ekki tekist og því er lögð áhersla á að gjaldið verði framlengt eins og það er nú.

Ég vil geta þess, að í sambandi við þessar ákvarðanir

um fiskverð varð afkoma bátaflotans að ýmsu leyti óvenjulega góð, a. m. k. reikningslega. Samkv. áætlunum Þjóðhagsstofnunar er hreinn hagnaður sem hlutfall af tekjum jan.-maí 2.4% fyrir báta án loðnu, minni skuttogara 0.2%, stærri skuttogara mínus 7.8 og er það áhyggjuefni út af fyrir sig. Samtals er þetta í núllinu og eru þá fullar afskriftir reiknaðar sem sjaldan hefur verið unnt.

Hins vegar verður afkoman nokkru betri í mars til maí og heildarútkoman þá aðeins yfir núlli eða 0.4%.

Mér þykir hins vegar skylt að geta þess, að frá því að þetta samkomulag var gert hafa orðið meiri hækkanir á olíuvörum, því miður, en upplýsingar frá olíufélögunum gáfu til kynna í byrjun febrúar. Ég hef látið kanna hvernig þeirra upplýsinga var aflað, og er mér tjáð að þær hafi verið fengnar beint frá einu olíufélaganna. Það upplýsti framkvæmdastjóri Landssambands ísl. útgerðarmanna og sömuleiðis Þjóðhagsstofnun. Ég verð að segja eins og er, að mér er það ráðgáta að svo aðeins 2—3 vikum seinna sækja olíufélögin um miklu meiri hækkun en þau höfðu upplýst. Þetta veldur að sjálfsögðu stórum meiri útgjaldaauka hjá útgerðinni en ráð hafði verið fyrir gert. Í samkomulagi um fiskverð var gert ráð fyrir útgjaldaauka upp á 1.9 milljarða, en útgjaldaauki á ársgrundvelli verður um 5.8 milljarðar. Á milli ber því 3.9 milljarða gkr.

En eins og ég sagði í upphafi míns máls: með þessu samkomulagi var afkoma útgerðarinnar vel við unandi, og því vil ég leyfa mér að vona að sú hækkun, sem hefur orðið, verði ekki eins tilfinnanleg og oft hefur verið.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða þetta mál lengi. Það er þaulrætt hér á hinu háa Alþingi.

Ég vil, herra forseti, leggja til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Skömmu eftir að núv. ríkisstj. var mynduð lagði sjútvrh. fram frv. um tímabundið olíugjald sem var afgreitt, að mig minnir, í byrjun aprílmánaðar á s. l. ári. Þar lækkar hann verulega olíugjaldið og kvað vísa menn hafa sagt sér að þróun þessara mála yrði með þeim hætti, að olíuverð mundi fara lækkandi og því væri eðlilegt að þetta tímbundna olíugjald lækkaði. Jafnframt lýsti hann yfir að hann teldi olíugjald, sem lagt væri á með þessum hætti, vera ranglátt og alveg sérstaklega vitlaust, eins og hann sjálfur orðaði það.

Eftir fiskverðsákvörðun á s. l. hausti lagði hæstv. ráðh. til að hækka þetta olíugjald um hvorki meira né minna en 200%, úr 2.5 í 7.5%, og aftur endurtók hann þá skoðun sína, að þetta gjald, eins og það væri á lagt, væri ranglátt og óeðlilegt í alla staði og vitlaust með öllu, eins og hann orðaði það aftur í þeim umr. Við fulltrúar Sjálfstfl. í sjútvn. gagnrýndum það, að fyrst væri verið við eina fiskverðsákvörðun að lækka gjaldið verulega frá því sem það var ákveðið í ársbyrjun eða í janúarmánuði á s. l. ári, og það svo verulega sem núv. hæstv. ríkisstj. lagði til, og síðan aftur við næstu ákvörðun að þrefalda það. Nú er lagt til að þetta gjald verði hið sama á þessu ári og lagt á með sama hætti og greitt til skipa með sama hætti, ofan á fiskverð.

Við fulltrúar Sjálfstfl. tókum það fram, að við værum reiðubúnir til samstarfs við ríkisstj og við hæstv. sjútvrh. um að finna skynsamlegri og réttlátari lausn á þessu máli. Hæstv. ráðh. hefur ekki haft svo mikið við að ræða það mál einu orði. Og nú bregður svo við, þegar hann leggur þetta frv. fram, að hann talar ekkert um að þetta sé ranglát og vitlaus aðferð, bæði við álagningu gjaldsins og eins greiðslur til útgerðarinnar sem þess á að njóta. Nú langar mig til að vita hvort hæstv. ráðh. hefur snúist í þessari afstöðu sinni og telji nú þetta gjald, eins og það er á lagt og greitt til skipa, vera orðið réttlátt og skynsamlegt — og hvað hafi þá breytt afstöðu hans til málsins, þegar hann hafði áður svo beina og ákveðna afstöðu um að þetta væri alveg sérstaklega ranglátt og vitlaust.

Hitt skal ég fúslega taka undir, að útgerðinni veitir ekki af að fá ofan á fiskverðið 7.5% til þess að standa undir útgerðarkostnaði. Og eins þætti mér gaman að vita hverjar eru spár hæstv. ráðh. hvað snertir verð á olíu á þessu ári bæði gasolíu og svartolíu. Svartolían hefur hækkað mun meira en gasolían. Telur hann að þessi þróun verði áfram með svipuðum hætti? Telur hann að fram undan séu verulegar hækkanir, eða vill hann jafnvel halda því fram, sem nýlega hefur verið haft í fjölmiðlum eftir forstjóra eins olíufélagsins, að búast megi við að verð á olíu fari lækkandi þegar við séuum lausir við viðskipti við breska ríkisfyrirtækið. Hver yrðu áhrif þeirra viðskipta? Það væri fróðlegt að þd. fengi um þetta einhverjar upplýsingar.

Hæstv. ráðh. gat hér um hver staða útgerðarinnar væri í hinum ýmsu greinum, báta án loðnu, skuttogara og stærri togara, og taldi svo í samantekt sinni, og vitnaði þá í Þjóðhagsstofnun, að útkoman hjá útgerðinni þegar á heildina væri litið væri mjög bærileg. Ég held að þetta yfirlit Þjóðhagsstofnunar, sem er framreikningur, sé engan veginn einhlítt, eins og allir hljóta að vita, því að þar er ekki gert ráð fyrir þeim óskaplega skuldabagga sem útgerðin og sjávarútvegurinn veltir núna á undan sér með refsivöxtum. Það er ekki inni í þessu dæmi eins og allir vita. Sömuleiðis hygg ég að minnkandi afli, þegar á heildina er litið, miðað við sama tíma í fyrra hljóti að hafa gífurleg áhrif á útkomu veiðiflotans. Ég held að það sé fullmikil bjartsýni að segja nú, þegar varla er liðinn einn fjórðungur af þessu ári, að afkoma útgerðar geti talist bærileg. Það er mikil bjartsýni að halda því fram. Ég hef ekki tölur í höndum, en þó þykist ég vita svo mikið, að mér er óhætt að fullyrða að afkoman núna, þegar á heildina er litið, er ekki bærileg, heldur óbærileg. Það eru víða ákaflega miklir erfiðleikar sem við er að etja í útgerð.

Ég er sömu skoðunar og í haust þegar mál sama eðlis var hér til umr. Þá taldi ég að hér ætti að einhverju leyti að vera um samhjálp að ræða, en ekki leggja þessar kvaðir á sjávarútveginn einan. Olíuhækkanirnar, sem orðið hafa í heiminum og hafa dunið á okkur eins og öllum öðrum þjóðum, eru ekki einkamál sjómanna og útgerðar, fiskvinnslu og sjávarútvegs. Þær eru afleiðing af risavöxnu vandamáli í heiminum sem þjóðina varðar um og þjóðin á sameiginlega að leysa. Þess vegna var það sem sú skoðun kom fram hjá okkur á s. l. hausti, að þó gripið hafi verið til tímabundins olíugjalds í byrjun, þegar verulegra hækkana fór að gæta á olíu, sé takmarkað hversu lengi eigi að halda áfram þeirri aðferð. Þess vegna var ég að mörgu leyti sammála hæstv. ráðh. þegar hann taldi nauðsynlegt að breyta þessum grundvelli og gera gjaldið réttlátara en hann sagði að það væri. Og því bjóst ég við að nú, þegar frv. er lagt fram, mundi verða gerð hér róttæk breyting, eftir að hæstv. ráðh. hefur setið í ráðherrastóli í rúmlega ár. En þá er þetta frv. nánast

„kopiering" af lögunum sem runnu út um síðustu áramót.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég vil strax við 1. umr. þessa máls lýsa andstöðu minni við þetta frv. Ég er algerlega andvígur því. Ég held að almennt séu ekki bara þm., heldur menn almennt sammála um að það er mjög óeðlilegt gjald sem hér er um að ræða. Ég minni á, eins og raunar hv. síðasti ræðumaður, að nú er þetta í annað skipti sem hæstv. sjútvrh. leggur til að framlengja það gjald sem hann sjálfur hefur talið og telur enn að sé mjög óréttlátt og raunar vitlaust.

Síðast þegar þetta gjald var hér til umr. og var framlengt að tillögu hæstv. ráðh. lýsti hann yfir að hann teldi að þetta gjald þyrfti að afnema, hann væri mótfallinn því og það yrði að finna einhvern annan grundvöll í staðinn fyrir þetta gjald. Ég skal ekki fara mörgum orðum um þetta nú. Ég á sæti í þeirri nefnd sem þetta mál fer til, þannig að það gefst frekara tækifæri til að ræða einstök atriðið í sambandi við þetta mál. En ég vil minna á — og þá sér í lagi hæstv. ráðh. — að fyrir um ári gaf hann loforð um það vestur á fjörðum í sambandi við lausn á kjaradeilu sjómanna sem þá stóð yfir, að þetta gjald yrði afnumið. Þetta loforð varð m. a. og kannske ekki síst til þess að sú kjaradeila sjómanna, sem þá stóð yfir, leystist, en nokkru eftir að það gerðist, þ. e. á s. l. hausti, leggur hæstv. ráðh. til að gjaldið sé hækkað frá því sem það var þegar hann gaf loforðið um að það skyldi afnumið. Og enn leggur hann til að olíugjaldið verði 7.5%.

Það eru ekki síst sjómannasamtökin og sjómannastéttin sem eru alfarið andvíg þessari gjaldtöku eins og hún er í pottinn búin. Mér finnst það nánast vítavert af hæstv. sjútvrh., eftir þau loforð sem hann gaf við lausn kjaradeilu sjómanna fyrir vestan fyrir um tæpu ári, að hann skuli leggja til að þetta gjald verði áfram innheimt óbreytt. Og hann á ábyggilega eftir, hæstv. ráðh., að heyra hljóð úr horni frá samtökum sjómanna og sjómannastéttinni um meðferðina á þessu máli.

Ég skal ekki, herra forseti, ræða þetta frekar nú. En ég taldi rétt að strax við 1. umr. málsins kæmi fram andstaða mín við frv.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Hv. 1. þm. Vestf. spurði hvort mér hefði snúist hugur í þessu máli. Það er ekki, ég er enn þeirrar skoðunar að leita beri annarra leiða. Ég hef, eins og ég hef hvað eftir annað sagt, talið þetta óeðlilega leið til að bera olíukostnað útgerðarinnar. Og mikið hefur verið að því unnið að reyna að ná samstöðu um aðrar leiðir, m. a. í þeirri nefnd sem enn starfar að því að ná slíkri samstöðu, en það hefur því miður ekki tekist.

M. a. hefur verið rætt við hagsmunaaðila, hvort fara mætti að hluta þá leið sem hv. stjórnarandstaða lagði til í nál. og ég hef alls ekki afskrifað og tel vel koma til greina. En í ljós kom að ekki náðist heldur samstaða á milli hagsmunaaðila um þá leið. Það er þess vegna sem ekki er lögð til breyting nú. Ég tel ákaflega nauðsynlegt að samstaða náist um þetta mál þannig að deilur þurfi ekki að halda áfram.

Ég gleymi ekki því liðsinni sem hv. sjálfstæðismenn — og reyndar hv. síðasti ræðumaður — hafa boðið í þessu sambandi. Ég mun sannarlega hafa samband við þá ef ég sé að eitthvað rofar til í þá átt að menn geti náð samstöðu.

Um olíuverð framundan þori ég lítið að spá, ég verð að viðurkenna það. Ég kynnti mér þessi mál fyrr á árinu og fékk þá svipaðar upplýsingar og fulltrúi LÍÚ fékk. Mér var sagt að ekki væri að vænta mikillar olíuverðshækkunar. Þetta var í byrjun febrúar. Síðan gerðist það þremur vikum seinna að sótt er um nánast þrefalt meiri hækkun en þá hafði verið talað um. Ég hef einnig fengið þær fréttir frá viðskrh., sem að sjálfsögðu gerir sér far um að fylgjast með þessum málum, að fram undan kunni að vera eitthvað betra í olíumálum, en mér sýnist þó af reynslunni að heldur lítið sé á því byggjandi.

Ég ætla ekki að ræða það við hv. þm. Karvel Pálmason um hverju ég lofaði, þetta er allt skriflegt. Þannig stendur það og sjálfsagt er að hv. þm. fái það eins og það er skrifað. Ég skal láta hv. þm. fá það. Ég hef lofað að vinna að því að losna við olíugjaldið í þessu formi og að því er ég að reyna að vinna. Mönnum getur þótt það ganga seint, mér þykir það sjálfum ganga seint, en því verður haldið áfram.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til sjútvn. með 25 shlj. atkv.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv. (þskj. 38, n. 504, 505). — 2. umr.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. til l. um staðfestingu á brbl. um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Nefndin leggur til að frv. þetta verði samþykkt með einni lítils háttar breytingu. Það kemur fram á þskj. 505, að Kjaradómur fjallar um kjaramál ráðherra, hæstaréttardómara, ríkissaksóknara og ráðuneytisstjóra. Það hefur þótt eðlilegt, að þessir aðilar væru ekki aðilar að kjarasamningum á hverjum tíma. Nefndinni þykir eðlilegt að í þessum hóp sé biskup Íslands. Oft hefur verið um það rætt, að hann skyldi einnig vera í þessum hóp, og það mun nánast hafa verið fyrir mistök að það hefur fallið niður. Nefndin mælir eindregið með því, að biskup Íslands sé í þessum hópi manna, enda verður að teljast óeðlilegt að biskupinn sé aðili að kjarasamningum, og mun eðlilegra að Kjaradómur fjalli um hans mál ekki síður en þeirra manna sem ég hef hér upp talið.

Ég vildi síðan aðeins að lokum ítreka það, að nefndin mælir eindregið með því að frv. verði samþykkt með þeirri breyt. sem fram kemur á þskj. 505.

ATKVGR.

Brtt. 505, a (ný gr., verður 1. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 505, b (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv.

1. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.

2. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Efri deild, 66. fundur.

Mánudaginn 23. mars, kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Helgi Seljan): Mér hefur borist svohljóðandi bréf:

„Reykjavík, 23. mars 1981.

Samkvæmt beiðni Eyjólfs Konráðs Jónssonar, 5. landsk. þm., sem farinn er til útlanda í opinberum erindagjörðum, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður hans, frú Sigurlaug Bjarnadóttir menntaskólakennari, taki á meðan sæti hans á Alþingi.

Virðingarfyllst,

Þorv. Garðar Kristjánsson."

Sigurlaug Bjarnadóttir hefur áður tekið hér sæti á þessu kjörtímabili og þarf því ekki að fara fram rannsókn á kjörbréfi hennar. Býð ég hana velkomna til starfa.

Meðferð einkamála í héraði, frv. (þskj. 537 (sbr. 281)). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Eftirlit með skipum, frv. (þskj. 538 (sbr. 282)). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Ný orkuver, frv. (þskj. 512). — 1. umr.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Frv. til l. um ný orkuver, sem hér er til umr., er flutt af okkur sex sjálfstæðismönnum í Ed., Eyjólfi Konráð Jónssyni, Agli Jónssyni, Guðmundi Karlssyni, Lárusi Jónssyni, Salome Þorkelsdóttur, auk mín. Einnig standa að flutningi frv. þrettán þm. Sjálfstfl. í Nd.

Þetta frv. kveður á um framkvæmdir í virkjunarmálum. Gert er ráð fyrir heildaráætlun um tiltekin verkefni sem lokið verði á þeim áratug sem núna er að hefjast.

Um fátt er meira rætt um þessar mundir en orkumálin. Ekki er það að ófyrirsynju, svo þýðingarmikil sem þessi mál eru. Mikið vatn hefur runnið til sjávar frá því að fyrsta rafmagnsveitan hér á landi var stofnuð árið 1904. Þróun rafveitumála í þau tæp 80 ár, sem liðin eru frá þeim tíma, má með nokkrum rétti skipta í þrjú tímabil.

Fyrsta tímabilið, 1904—1933, mætti nefna frumbýlingsár í orkubúskap þjóðarinnar. Á þeim tíma eru byggðar aðeins smáar stöðvar og sveitarfélögin eru hvert út af fyrir sig með sína smástöð og litla rafveitu sem aðeins nær til íbúa þess eina sveitarfélags. Alls voru þessar kaupstaða- og kauptúnarafveitur orðnar 38 að tölu þegar 30 ár voru liðin frá byggingu fyrstu rafstöðvarinnar, í Hafnarfirði. Hin stærsta þessara rafveitna var að sjálfsögðu Rafmagnsveita Reykjavíkur. Orkuver hennar, Elliðaárstöðin, varð árið 1933 rúm 3 mw., er síðasta aukning vatnsaflsstöðvarinnar fór fram. Samtals var afl þeirra 38 rafstöðva, sem þá voru í landinu, 5 mw., en árleg orkuvinnsla rúmlega 10 gwst.

Annað tímabil í þróun raforkumálanna hér á landi má segja að standi frá árinu 1933 til 1965, en árið 1933 voru sett lög um virkjun Sogsins. Í þeim lögum var tekið fram að Sogsvirkjuninni bæri að láta í té raforku til almenningsnota í nálægum héruðum, auk Reykjavíkur. Síðan risu upp samvirkjanir af þessu tagi víðsvegar um landið og í lok þessa tímabils voru 8 aðskilin samveitusvæði á landinu.

Samanlagt afl í raforkuverum allra rafveitna árið 1964 var orðið um 150 mw. eða um það bil 30 sinnum meira en það var 30 árum áður. En orkuvinnslan var í lok tímabilsins um 650 gwst. á ári eða rúmlega 60 sinnum meira en í upphafi þessa tímabils.

Þetta rúmlega 30 ára tímabil má kenna við samvirkjanir og samveitur. Þróunin á þessum árum gekk hvarvetna í þá átt að tengja saman nálæg veitukerfi og virkja sameiginlega fyrir stærri og stærri svæði víðs vegar um landið.

Með setningu laga um Landsvirkjun árið 1965 má segja að hefjist þriðja tímabilið í þróunarsögu raforkumálanna hér á landi. Í þeim lögum var Landsvirkjun heimilað að reisa allt að 210 mw. raforkuver í Þjórsá við Búrfell ásamt aðalorkuveitum og gera nauðsynlegar ráðstafanir á vatnasvæði Þjórsár ofan virkjunarinnar til þess að tryggja rekstur hennar. Þegar hér var komið var Sogið fullvirkjað, en hafin virkjun á nýjum stöðum til að fullnægja aukinni raforkuþörf þjóðarinnar. Þá var talið að raforkunotkunin yxi svo ört að hún tvöfaldaðist á hverjum tíu árum. Reiknað var með að áður en tíu ár væru liðin yrði að vera lokið við að virkja afl til viðbótar er næmi öllu því afli sem þá væri fyrir hendi í orkuverum landsins, þannig mundi raforkunotkunin halda áfram að vaxa hér á landi næstu áratugi. Til að fullnægja þessum þörfum yrði að gera stærri og stærri virkjanir og að Soginu fullvirkjuðu væri að því komið að virkja stórár landsins.

Forsendan fyrir þessari virkjunarstefnu á sinni tíð var að komið væru upp orkufrekum iðnaði er byggðist á hinni miklu ónotuðu vatnsorku landsins. Þannig fylgdist að ákvörðun um Búrfellsvirkjun og byggingu álverksmiðjunnar í Straumsvík. Þannig var mögulegt að hagnýta hagkvæmasta virkjunarkostinn sem tiltækur var á þeim tíma. Auk þess var hér fyrst lagt út á braut stóriðjunnar sem nú hefur sýnt mikilvægi sitt fyrir þjóðarbúið og aflað verðmætrar reynslu sem í haginn hlýtur að koma við stóriðjuáform á komandi tímum.

Árið 1971 voru sett lög sem heimiluðu Landsvirkjun að reisa allt að 170 mw. raforkuver í Tungnaá við Sigöldu og allt að 170 mw. raforkuver í Tungnaá við Hrauneyjafoss. Enn voru framkvæmdir í virkjunarmálum tengdar við hagnýtingu orkunnar til orkufreks iðnaðar. Þannig

kom til járnblendiverksmiðjan á Grundartanga. Allt er þetta svo kunnugt og í svo fersku minni að hér skal ekki rakið sérstaklega. (**StJ:** Það er nú aldeilis verðmæt reynsla.)

Auk virkjana Landsvirkjunar hafa á tímabilinu 1965—1981 verið reistar vatnsaflsvirkjanir, svo sem Lagarfossvirkjun og stækkanirnar við Andakílsá, Laxá, Mjólká og Skeiðsfoss. Framkvæmdir í vatnsvirkjunum námu því alls á tímabilinu um 520 mw. í uppsettu afli eða um 35 mw. á ári að meðaltali.

Nú er svo komið að uppsett afl í vatnsvirkjunum verður orðið samtals 680 mw. þegar með er talið 140 mw. afl í Hrauneyjafossvirkjun, sem nú er í smíðum. Framkvæmdir þær sem gert er ráð fyrir samkvæmt frv. sem hér er til umr., nema samtals 710 mw. eða um 70 mw. að meðaltali á ári miðað við 10 ára framkvæmdatíma. Hér er um rúmlega tvöföldun að ræða frá því afli sem fyrir er, og af því má marka hve hér er um mikið átak að ræða þar sem gert er ráð fyrir að þessum framkvæmdum verði lokið á einum áratug. Þó er þetta í anda þess sem menn gerðu ráð fyrir þegar lögin um Landsvirkjun voru sett árið 1965 þegar gert var ráð fyrir að það þyrfti að tvöfalda uppsett afl í rafvirkjunum landsins á 10 ára tímabili á næstu áratugum, eins og það var orðað í grg. með frv. að lögum um Landsvirkjun.

Forsendan fyrir þessum framkvæmdum nú er sú, að þörf sé fyrir þá aukningu orkunnar sem hér um ræðir. Þegar þörfin er metin þarf margs að gæta. Fyrst ber að líta á orkuspá þá sem gerð hefur verið. Orkuspárnefnd Orkustofnunar hefur unnið það verk.

Nefndin hefur byggt orkuspá sína á spá Framkvæmdastofnunar ríkisins um mannfjölda á Íslandi fram til 1990 og spá þeirrar stofnunar um skiptingu mannafla á einstakar atvinnugreinar á sama tímabili. Enn fremur hefur verið gengið út frá því, að fólksfjölgun verði hlutfallslega hin sama í öllum landshlutum sem spáin er greind eftir. Þetta táknar að gert er ráð fyrir að byggðastefnan nái þeim árangri að ekki verði röskun á búsetu milli landshluta í framtíðinni. Þá er gert ráð fyrir áframhaldandi hagvexti sem lýsir sér í spánni sem vaxandi orkunotkun á hvern starfsmann í atvinnulífinu, en hana má telja forsendu þeirrar framleiðniaukningar sem er nauðsynleg undirstaða hagvaxtar þegar til lengdar lætur. Gert er ráð fyrir svipuðum vexti orkunotkunar á starfsmann og hann hefur reynst vera hér á landi að undanförnu, en jafnframt höfð hliðsjón af nýlegum spám um þetta frá nágrannalöndunum. Orkuspáin tekur ekki til afgangsraforku til neinna nota, enda hefur sala hennar ekki áhrif á stærð og tímasetningu nýrra virkjana.

Orkuspáin felur í sér mat á því, hver verða muni eftirspurnin eftir raforku á hverjum tíma ef notendur hafa frjálst val. Hún tekur ekki mið af því, að notkuninni verði haldið niðri, hvorki með beinni skömmtun eða annars konar boðum og bönnum yfirvalda né heldur vegna þess að orkuver, flutningslínur og dreifikerfi anni ekki álaginu.

Þá er orkuspáin miðuð við þá forsendu hvað húshitun varðar að forgangsraforka komi í stað olíu til hitunar húsrýmis í strjálbýli og í þéttbýli þar sem möguleikar á öflun jarðvarma eru taldir litlir eða vafasamir sem stendur. Gert er ráð fyrir að þessi breyting á hitunaraðferð eigi sér stað að langmestu leyti fyrir árið 1985. Þörfin fyrir rafmagn til húshitunar í hverjum landshluta er áætluð fyrir hvern byggðakjarna landshlutans og strjálbýlið í hverri sýslu og metið að hve miklu leyti hægt sé að nýta jarðhita til húshitunar. Þau svæði, sem ekki njóta hitaveitu samkvæmt þessari áætlun, eru skráð sem rafhitunarsvæði og einnig þau svæði þar sem hitaveitufram-kvæmdir eru í óvissu af einhverjum ástæðum.

Gert er ráð fyrir mikilli aukningu á raforkunotkun til heimilisnota á hvern íbúa og því til viðbótar kemur aukning vegna fólksfjölgunar. Reiknað er með að tveir þættir hafi einkum áhrif á raforkunotkun í þjónustugreinum og iðnaði, þ. e. starfsmannafjöldinn annars vegar og aukning í vélvæðingu, sem kemur fram í aukinni raforkunotkun á starfsmann, hins vegar. Áhrif aukins mannafla í iðnaði og þjónustu að viðbættri aukinni orkunotkun á starfsmann valda þeirri aukningu í þessum greinum sem áætlunin reiknar með.

Reynslan ein getur skorið úr um það, að hve miklu leyti orkueftirspurn hins almenna markaðar fer eftir spá orkuspárnefndar. Í forsendum spárinnar er þess getið, að ekki sé gert ráð fyrir að raforka komi í stað olíu að neinu marki til hins almenna iðnaðar, en það gæti haft marktæk áhrif til hækkunar á spánni. Orkueftirspurn kann að vera varlega metin í fleiri tilfellum. En í þessu sambandi er mest um vert að hafa í huga að spáin gerir hvorki ráð fyrir, að aukið verði við orkufrekan iðnað af neinu tagi, né að raforka komi í stað innflutts eldsneytis til annars en húshitunar.

Samkvæmt orkuspánni er einnig gert ráð fyrir að almenn notkun raforku fyrir árið 1981 nemi 311 mw. í afli, en árið 1991 550 mw. Spáin gerir ráð fyrir að á sama tíma sé orkunotkun á áburðarverksmiðjunnar, álversins og járnblendiverksmiðjunnar óbreytt eða samtals 199 mw. í afli. Alls nemur þetta árið 1981 534 mw. í afli, þegar stofnkerfistöp eru meðtalin, og árið 1991 784 mw. í afli. Samkvæmt þessu eykst aflþörfin á þessu tíu ára tímabili um 250 mw., en samkvæmt frv. því, sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir að uppsett afl aukist um 710 mw. á þessum sama tíma. Er þá ekki meðtalið 140 mw. afl þeirrar virkjunar við Hraueyjafossvirkjun sem nú er í smíðum. Aukning í uppsettu afli fram yfir það, sem orkuspáin gerir ráð fyrir í aukningu aflnotkunar á þessum tíma, nemur því allt að 600 mw. Forsendan fyrir þessari miklu aukningu í uppsettu afli er að orkan verði hagnýtt í orkufrekum iðnaði.

Þegar litið er á raforkuna á þessu sama tímabili sést að án nýrrar stóriðju eykst orkuþörfin úr 3.4 í 4.7 twst. á ári. Með þeim virkjunum, sem frv. þetta gerir ráð fyrir, og Hrauneyjafossvirkjun, sem í smíðum er, aukast möguleikar til nýrrar stóriðju sem nemur í lok tímabilsins allt að 2.5 til 3.0 twst. árlegri orkunotkun. Til samanburðar skal þess getið, að núverandi stóriðja notar tæpar 2 twst á ári.

Markmið okkar er að efla hagsæld og velferð þjóðarinnar. Til þess þarf að auka þjóðarframleiðsluna, sem er eina örugga undirstaðan að batnandi lífskjörum hér á landi. Þetta er þeim mun brýnna að hafa í huga þar sem flestir eru sammála um að lífskjörin séu nú lakari hér á landi en í nágrannalöndunum. Greinilegt sjúkdómseinkenni er búferlaflutningur Íslendinga til annarra landa sem við höfum orðið að horfa upp á á undanförnum árum.

Staðreyndin er að það hefur dregið úr vexti þjóðarframleiðslunnar að undanförnu. Þó að fjárfestingin sé mikil skilar hún of lítilli framleiðsluaukningu. Á sama tíma fjölgar fólki stöðugt við atvinnustörf, þannig að

eitthvað hlýtur að vera bogið við arðsemi fjárfestingarinnar eða framleiðniþróunina í landinu. Hér er því brýnt viðfangsefni við að fást.

Ásamt gæðum lands og sjávar eru orkulindirnar þau gæði sem okkur eru verðmætust. Þrátt fyrir hinar miklu framfarir, sem orðið hafa á þessari öld, höfum við ekki enn þá beislað 10% af nýtanlegri vatnsorku landsins. Augljóst er að Íslendingar eiga í orkulindum sínum stórkostleg náttúruauðæfi, sem þar að auki eru óþrjótandi, en annars staðar í heiminum fæst meginhluti orkunnar úr lífrænu eldsneyti sem gengur óðum til þurrðar. Það er því höfuðatriði að nýta þessa miklu auðlind, sem fólgin er í orkulindum landsins, til að örva hagvöxtinn. *Samkeppnisstaða íslenskrar vatnsorku hefur stórbatnað* vegna þverrandi orkulinda og hækkandi orkuverðs í heiminum. Um leið fer þeim stöðum mjög fækkandi sem boðið geta upp á ódýra vatnsorku. Komið er að nýjum þáttaskilum í íslenskri hagsögu.

Áður urðu þvílík þáttaskil með byltingu þeirri sem hófst í sjávarútvegi landsmanna upp úr síðustu aldamótum og líta má á sem upphaf nútímaefnahagsþróunar á Íslandi. Þrátt fyrir sterka stöðu og mikilvægi sjávarútvegsins verðum við að hafa í huga að framleiðniaukningu, sem byggist á örum vexti framleiðsluverðmætis í fiskveiðum og fiskvinnslu, eru takmörk sett. Spurningin er hvort sjávarútvegur og fiskvinnsla geta aukið framleiðsluverðmæti sitt í sama mæli og við höfum átt að venjast. Vafalaust verður um framleiðsluaukningu að ræða, jafnvel þó að ekki takist að auka framleiðslu sjávarafurða í þeim mæli að heildarframleiðni í þjóðfélaginu geti aukist í samræmi við kröfur um bætt lífskjör. Hér er það náttúran sjálf sem setur sjávarútveginum takmörk. Órækasta merkið um, að komið geti að hinum náttúrlegu mörkum, eru aflatakmarkanir þær sem nú eru og dulið atvinnuleysi í fiskveiðunum sjálfum. En með útfærslu fiskveiðilögsögu okkar höfum við lagt grundvöll að fiskverndar- og fiskveiðistefnu sem tryggt getur viðgang og vöxt sjávarútvegsins. Það er því ekki um að ræða að ýta sjávarútveginum til hliðar sem atvinnugrein. Hann hlýtur að vera áfram sem hingað til styrkasta stoðin í efnahagslífinu. En gera verður ráð fyrir að við hliðina á sjávarútveginum komi annar jafnþýðingarmikill atvinnuvegur þar sem verðmætasköpunin byggist á hinum miklu orkulindum sem þjóðin ræður yfir. Á þann veg væri lagður grundvöllur að nýrri framfarasókn í íslensku efnahagslífi sem væri sambærileg við þá tæknibyltingu sem hófst í íslenskum sjávarútvegi í upphafi þessarar aldar og hefur síðan verið undirstaða efnahagslegrar velferðar þjóðarinnar. Það er þetta sem liggur til grundvallar umræðum um orkufrekan iðnað eða stóriðju.

Hagkvæmni orkufreks iðnaðar byggist fyrst og fremst á hlutfallinu á milli orkukostnaðar annars vegar og flutningskostnaðar á hráefni og fullunninni vöru hins vegar. Ef flutningskostnaður á hráefni er tiltölulega mikill miðað við verðmæti vörunnar er tilhneiging til þess að iðnaðurinn verði staðsettur nálægt hráefnislindunum, en þessu er öfugt farið ef um dýra vöru er að ræða, þar sem flutningskostnaður á hráefni og fullunninni vöru er tiltölulega lítill hluti af framleiðsluverðmæti, en orkukostnaðurinn að sama skapi mikill. Þetta hefur í aðalatriðum leitt til þess, að þjóðir, sem búa yfir hagkvæmum orkulindum, en vantar hráefni, hafa tekið upp í stórum stíl framleiðslu á vörutegundum eins og áli og kísiljárni, þar sem orkukostnaðurinn er verulegur hluti framleiðslukostnaðar, en flutningskostnaður tiltölulega lítill miðað við heildarverðmæti. Þetta er leið fyrir lönd, sem búa yfir mikilli en staðbundinni orku, til þess að breyta henni í útflutningsvöru. Fleiri framleiðsluvörur koma hér að sjálfsögðu til greina, svo sem magnesíum og ýmsar tegundir af járnblendi aðrar en kísiljárn. Flest bendir þó til þess, að við núverandi aðstæður — að því er varðar orkuverð, flutningskostnað og markaðsmöguleika — sé fyrst og fremst um þrjár vörutegundir á sviði orkufreks iðnaðar að ræða sem sé ótvírætt hagkvæmt að framleiða hér á landi, en þær eru ál, kísiljárn og hreinn kísilmálmur. Framleiðsla allra þessara vara krefst mikillar orku, þær eru mjög verðmætar miðað við þyngd og flutningskostnað *og eftirspurn eftir þeim hefur verið vaxandi.*

En hagnýting orkulinda landsins getur einnig orðið með öðrum hætti en til gjaldeyrisöflunar í formi útflutningar iðnaðarvöru. Hafa verður í huga að Íslendingar flytja inn orku í miklum mæli sem eldsneyti. Um helmingur þeirrar orku, sem nú er notuð í landinu, er innflutt orka. Þetta er umhugsunarefni þegar haft er í huga að enn er óvirkjaður mestur hluti þeirrar orku sem mögulegt er að virkja í landinu. Vandamál það, sem hér er við að fást, er fyrst og fremst að koma orkunni í nýtanlegt form sem eldsneyti.

Vetni er nú talið líklegt til að leysa af hólmi núverandi eldsneyti. Það gæti í vissum tilfellum orðið um að ræða annað eldsneyti en vetni, en þá yrði vetnisframleiðslan eftir sem áður undirstaða undir framleiðslu eldsneytisins. Eina hráefnið, sem þarf í vetni, er vatn og til framleiðslunnar er hægt að nota næstum hvaða orkulind sem er. Við Íslendingar eigum mikið vatn og nógar orkulindir til vetnisframleiðslu. Við þurfum því að vera viðbúnir að hagnýta þessa möguleika í orkumálum okkar um leið og leyst verða þau tæknilegu vandamál sem enn standa í vegi fyrir að fyrirætlanir þessar verði að veruleika.

Það er ekki talinn vafi á að orkubúskapur heimsins eigi eftir að taka stórkostlegum stakkaskiptum áður en þessi öld er liðin. Gert er ráð fyrir þeim möguleika að olía muni ganga til þurrðar fljótlega upp úr aldamótum. Talið er að kol og jarðgas muni endast eitthvað lengur. Með sívaxandi orkunotkun er því augljóst að mannkynið verður áður en þessi öld er liðin að hefjast handa um að nýta í verulegum mæli orkulindir sem fram til þessa hafa verið lítið eða ekkert nýttar.

Allt þetta ber að hafa í huga þegar metið er hve stór átök beri nú að gera í virkjunarmálum okkar Íslendinga. Þá horfum við fram til þeirra möguleika til gjaldeyrissparnaðar sem geta verið fólgnir í hagnýtingu orkulinda landsins í framleiðslu innlends eldsneytis, auk möguleikanna til gjaldeyrisöflunar í útflutningi í formi iðnaðarvöru.

Ég ætla ekki hér að fara að ræða almennt um stóriðju eða einstakar framkvæmdir í stóriðjumálum. Hér vík ég aðeins að þessum málum vegna þess hve stóriðjan er mikil forsenda fyrir þeim virkjunarframkvæmdum sem lagðar eru til með frv. því sem við hér ræðum.

Við sjálfstæðismenn höfum lagt fram á þessu þingi till. til þál. um stefnumótun í stóriðjumálum. Þar er lagt til að sett skuli á stofn nefnd til stefnumótunar í stóriðjumálum. Nefndina skipi sjö menn kjörnir hlutfallskosningu á Alþingi og að loknum hverjum alþingiskosningum. Verkefni nefndarinnar eru tiltekin.

Í fyrsta lagi skal nefndin kanna hagkvæmni framleiðslugreina, sem til álita koma á sviði orkufreks iðn-

aðar, með tilliti til orkuverðs, flutningskostnaðar og markaðsmöguleika.

Í öðru lagi skal nefndin kanna möguleika á samvinnu við erlenda aðila á sviði tækni, markaðsmála og fjármögnunar í stóriðju.

Í þriðja lagi skal nefndin gera tillögur um stóriðjuframkvæmdir sem hagkvæmt þykir að stofna til. Skal þar kveða á um eignaraðild fyrirtækja, fjármögnun, orkuöflun, orkuverð og önnur rekstrarskilyrði og staðsetningu iðjuvera.

Gert er ráð fyrir að nefndinni sé heimilt að leita samvinnu við hvern þann aðila sem hefur sérþekkingu á málum er varða störf hennar.

Með þessari till. er lögð áhersla á að í orkulindum landsins sé að finna grundvöll að nýrri sókn til betri lífskjara, líkt og sjávarútvegurinn var í upphafi þessarar aldar. Bætt lífskjör og atvinnuöryggi landsmanna eru höfuðmarkmið þeirrar atvinnustefnu sem fylgja þarf. Það er því meginverkefni nú að hagnýta hin gífurlegu verðmæti sem fólgin eru í orkulindum landsins.

Ég skal nú gera grein fyrir efni frv. sjálfs og einstakra greina þess.

Framkvæmdir þær, sem frv. þetta felur í sér, eru: Raforkuver allt að 330 mw. í Jökulsá í Fljótsdal, raforkuver allt að 180 mw. í Blöndu, raforkuver allt að 130 mw. við Sultartanga og stækkun Hrauneyjafossvirkjunar um allt að 70 mw. Eins og ég hef áður greint frá nema þessar framkvæmdir samtals 710 mw. Hér er því um að ræða stærsta átakið sem enn hefur verið gert til þess að nýta orkulindir landsins til verðmætasköpunar fyrir þjóðarbúið.

Tillögur um orkuframkvæmdir þær, sem frv. þetta felur í sér, grundvallast á hagkvæmnisútreikningum sem fyrir liggja. Ég sé ekki ástæðu til þess að gefa sundurgreinda lýsingu á hinum einstöku framkvæmdum í framsögu fyrir frv. þessu. Ég leyfi mér að vísa til grg. frv. sjálfs þar sem er að finna lýsingu á Fljótsdalsvirkjun, Blönduvirkjun, Sultartangavirkjun og stækkun Hraueyjafossvirkjunar. Ég vísa einnig til ítarlegra fskj. sem fylgja frv. og fjalla um þetta efni. Hér er byggt á grg. Orkustofnunar, Landsvirkjunar, Rafmagnsveitna ríkisins og ráðgjafaraðila þeirra.

Auk þess sem 1. gr. frv. kveður á um framkvæmdirnar sjálfar er þar heimilað að fela virkjunaraðilum að gera nauðsynlegar ráðstafanir á viðkomandi vatnasvæði til að tryggja rekstur virkjananna, enn fremur að leggja aðalorkuveitu frá orkuverum til tengingar við aðalstofnlínur og meiri háttar iðjuver.

Virkjunarframkvæmdir þær, sem frv. fjallar um, eru mjög fjárfrekar og ekki framkvæmanlegar nema með miklum lántökum. Til að greiða fyrir þeim er ríkisstj. heimilað samkv. 2. gr. frv. að ábyrgjast lán er virkjunaraðilar koma til með að taka. Ríkisstj. er einnig heimilað að taka lán í þessu skyni og endurlána virkjunaraðilum. Samkvæmt frv. er þessi aðstoð ríkisins við virkjunaraðila bundin við upphæð allt að 3500 millj. kr. til greiðslu stofnkostnaðar þeirra mannvirkja sem um er að ræða. Upphæð þessi, 3500 millj. kr., er miðuð við verðlag í ársbyrjun 1981. Þá var gert ráð fyrir að virkjunarkostnaður framkvæmda, sem frv. felur í sér, væri sem hér segir: Fljótsdalsvirkjun 1510 millj. kr., Blönduvirkjun 740 millj. kr., Sultartangavirkjun 890 millj. kr. og stækkun Hrauneyjafossvirkjunar 100 millj. kr. Tölur þessar eru settar fram með fyrirvara og gefa ekki tæmandi upplýsingar um kostnaðarsamanburð milli hinna einstöku framkvæmda. Auk þess er ótalinn kostnaður við byggingu flutningslína og annarra orkuvirkja sem eru ómissandi fyrir hinar einstöku virkjanir.

Gera verður ráð fyrir að menn séu sammála um að leggja verði áherslu á framkvæmdir í orkumálum. Verður meira að segja að ætla að mönnum sé alvara þegar þeir tala um að framkvæmdir í orkumálum eigi að hafa forgang. Þetta helgast af því, að hvergi er að finna meiri arðsemi í fjárfestingu en einmitt í orkumálum. Þess vegna er enginn vafi að okkur ber að gera ítrasta átak í þessari fjárfestingu. Á þeirri forsendu er frv. þetta lagt fram.

Það verður naumast fært þessu frv. til foráttu að of lítið sé að gert í þessum efnum. Hins vegar eru takmörk fyrir öllu og þá einnig því, hve þjóðin getur ráðstafað miklu fjármagni og hve hröð uppbyggingin getur orðið í orkuframkvæmdum. En ekki verður með rökum sagt að of langt sé gengið með þeirri tillögugerð sem í frv. þessu felst. Við skulum minnast þess, að uppbyggingin hefur áður verið hröð í orkumálunum. Á tímabilinu 1966—1980 var meðalfjárfesting í raföflunarkerfinu um 20 milljarðar kr. á ári, miðað við verðlag í des. 1979. Á tveim síðustu árum, árið 1979 og árið 1980, er áætlað að fjármunamyndun í rafvirkjunum og rafveitum hafi numið samtals 75 milljörðum kr. á verðlagi hvors ár. Þegar slíkar staðreyndir eru hafðar í huga hljótum við að álykta sem svo, að fjárfesting, sem nemur að meðaltali 35 milljörðum kr. á ári, miðað við verðlag í janúar s. l., þurfi ekki að vera nein ofraun á næstu 10 árum ef mönnum er alvara með tali sínu um að orkumálin eigi að hafa forgang.

Í 3. gr. frv. er kveðið svo á að fella skuli niður aðflutningsgjöld og söluskatt af efni, tækjum, vélum og aðalorkuveitum til virkjananna sem frv. fjallar um. Þessi niðurfelling gjalda nær þó ekki til vinnuvéla vegna framkvæmdanna. Þó er fjmrh. heimilt að fresta innheimtu aðflutningsgjalda og söluskatts af vinnuvélum eða hluta þeirra gegn þeim tryggingum sem hann metur gildar. Þó falla gjöld þessi niður ef vélarnar og tækin eru flutt úr landi að loknum framkvæmdum. Þetta eru hliðstæð eða sams konar ákvæði og sett hafa verið í lög um virkjunarframkvæmdir og þarfnast ekki frekari skýringar.

Þá er gert ráð fyrir að virkjunarframkvæmdum samkvæmt frv. verði lokið á 10 árum eða, eins og það er orðað í grg. með frv., áður en þeim áratug, sem nú er að hefjast, er lokið. Það gefur auga leið að þetta er meira en að segja það. Þessi áætlun er það stíf að engan tíma má missa. Þess vegna er kveðið svo á í 4. gr. frv. að undirbúningi að byggingu orkuveranna svo og framkvæmdunum sjálfum skuli hraðað svo sem kostur er. Til þess að þetta megi verða er nauðsynlegt að hefjast þegar handa og hvar sem við verður komið. Þarf því að ráðast til atlögu við öll viðfangsefnin í senn. Þetta þýðir að strax verði efnt til sjálfra framkvæmdanna þar sem því verður við komið, eins og stækkun Hrauneyjafossvirkjunar, en þar sem því er ekki að heilsa verði strax að hraða undirbúningi og ljúka honum svo fljótt sem verða má til þess að framkvæmdirnar sjálfar geti hafist.

Samkv. frv. skal reisa raforkuver allt að 330 mw. í Jökulsá í Fljótsdal, þ. e. Austurlandsvirkjun, þegar ákvörðun hefur verið tekin um að setja á stofn stóriðju á Austurlandi. Það er engin tilviljun, að hér er gert ráð

fyrir að framkvæmdir við Fljótsdalsvirkjun hefjist ekki fyrr en ákvörðun hefur verið tekin um að setja á stofn stóriðju á Austurlandi. Í þessu efni vísa ég til þess sem ég hef áður sagt um stóriðju og þá forsendu sem hún er fyrir hinum miklu virkjunarframkvæmdum sem frv. þetta gerir ráð fyrir. Á Austfjörðum er gert ráð fyrir stærstu framkvæmdinni. Á Austfjörðum er að finna líklega um helming þess hagkvæmasta vatnsafls sem óvirkjað er enn á Íslandi. Þegar gera á stórátak til hagnýtingar orkulinda landsins hlýtur að koma til stórvirkjunar á Austfjörðum, eins og lagt er til með frv., en grundvöllur fyrir slíkri stórvirkjun er ekki fyrir hendi nema fyrir fram sé fundinn markaður fyrir orkuna. Þann markað er ekki að finna nema í formi stóriðju.

Þannig hafa þeir, sem raunhæft hafa litið á fyrirætlanir um stórvirkjun á Austfjörðum, gert sér grein fyrir að hún yrði ekki reist nema jafnhliða stóriðju til að nýta orkuna. Þegar á Alþingi 1973—1974 bar hv. þm. Austfirðinga, Sverrir Hermannsson, fram till. til þál. um beislun orku og orkusölu á Austurlandi. Þar var lögð áhersla á að ljúka sem fyrst rannsóknum á byggingu Fljótsdalsvirkjunar eða fyrsta áfanga Austurlandsvirkjunar. Jafnframt var lagt til að leitað yrði eftir kaupanda að raforku með stóriðju staðsetta í Reyðarfirði fyrir augum, eins og það var orðað í þessari þáltill. Þannig verður Fljótsdalsvirkjun ekki aðskilin frá fyrirætlunum um stóriðju á Austfjörðum. Með því að stóriðjan er forsendan fyrir þessari virkjunarframkvæmd veltur nú mikið á því, að unnið sé markvisst og af einurð til undirbúnings að stofnun stóriðjufyrirtækis, en jafnframt þessu verður að ljúka sem fyrst verkhönnun að Fljótsdalsvirkjun og láta það verkefni ekki liggja í láginni meðan unnið er að undirbúningi stóriðjuframkvæmdanna. Það tekur sinn tíma að undirbúa stóriðjuframkvæmdir og tíminn hefur að undanförnu farið fyrir lítið. En þó að ekki hafi verið áður endanlega gengið frá stofnun stóriðjufyrirtækis á Austurlandi ber að leggja áherslu á að hafist verði handa í sjálfu virkjunarmálinu með því að ganga frá útboðum á verkinu og vinna annað til undirbúnings, eins og gert var við Búrfellsvirkjun þó að ekki væri endanlega búið að ganga frá samningum um álverksmiðjuna í Straumsvík.

Frv. gerir ráð fyrir að ekki verði hafnar framkvæmdir við Blönduvirkjun fyrr en tryggð hafa verið nauðsynleg réttindi vegna virkjunarinnar, eins og það er orðað. Þessi fyrirvari um framkvæmd þessa er til kominn vegna þeirrar andstöðu er fram hefur komið úr hópi heimamanna vegna spjalla á landi og nytjum þess. Það er ekki að ófyrirsynju að þessi fyrirvari er hafður á. Menn minnast deilunnar um Laxárvirkjun og til þess eru vítin að varast þau.

Eins og ekki þarf að taka fram hafa staðið yfir umfangsmiklar viðræður milli stjórnvalda og heimamanna um virkjun Blöndu. Eru þar til athugunar og umræðu mismunandi virkjunarkostir eftir áhrifum mannvirkjagerðar á umhverfi og nytjar lands. Tillaga sú, sem þetta frv. felur í sér um orkuver í Blöndu, er borin fram í trausti þess, að þessum athugunum og umræðum ljúki hið fyrsta á þann veg að hagkvæmni virkjunarinnar verði tryggð svo að um raunhæfan virkjunarkost verði að ræða. Er þá ekkert til fyrirstöðu að virkjunarundirbúningi verði lokið svo að framkvæmdir geti hafist.

Frv. þetta kveður ekki á um forgang framkvæmda, áfangaskipti eða röðun orkuvera sem reisa skal. Það er gert ráð fyrir að hagkvæmni- og öryggissjónarmið ráði gangi framkvæmda og þau vinnubrögð verði viðhöfð að þeim verði öllum lokið á framkvæmdatímabili heildaráætlunar um byggingu allra virkjananna. Það gæti verið beinlínis til þess að tefja og torvelda framkvæmd þessarar áætlunar um virkjunarframkvæmdir ef í lögum væri kveðið á um röðun framkvæmda. Þetta leiðir af því, að nú liggur ekki ljóst fyrir í öllum tilfellum hvenær verði lokið undirbúningi framkvæmda eða skilyrðum fyrir framkvæmdum verði fullnægt. Þess vegna verður að vinna að þessum verkefnum eftir því sem í ljós kemur hvernig þau liggja fyrir til úrlausnar. Slík vinnubrögð eru besta tryggingin fyrir því, að ljúka megi framkvæmdunum öllum á hinum tilsetta tíma.

Frv. gerir ráð fyrir að Landsvirkjun eða landshlutafyrirtæki skuli reisa og reka raforkuver þau sem það mælir fyrir um að reist verði. Virkjunaraðilinn er því ekki fastbundinn í öllum tilvikum. Ekki kemur þó annar aðili til greina en Landsvirkjun að því er varðar raforkuverið í Sultartanga og stækkun Hrauneyjafossvirkjunar.

Hins vegar gegnir öðru máli um raforkuverin í Blöndu og Jökulsá í Fljótsdal. Fyrir fram er ekki gefið að Landsvirkjun sé aðili að þessum virkjunum, sem eru utan núverandi orkuveitusvæðis Landsvirkjunar. Þess vegna gerir frv. ráð fyrir að landshlutafyrirtæki gætu átt kost á að reisa og reka þessar virkjanir. Með landshlutafyrirtækjum er hér átt við sameignarfélög ríkis og viðkomandi sveitarfélaga eða sameignarfélög sveitarfélaga. Ef engin landshlutafyrirtæki yrðu stofnuð í þessum tilgangi bæri að fela Landsvirkjun að reisa og reka þessar virkjanir.

Hér er gert ráð fyrir þeim möguleika að landshlutafyrirtæki geti orðið stofnuð. Þátttaka sveitarfélagu í landshlutafyrirtækjum þýðir að þau verða ekki stofnuð nema að vilja þeirra. Enn fremur hljóta viðkomandi sveitarfélög að hafa um það að segja, hvernig fer um eignaraðild, hlutverk, stjórnun og almenna uppbyggingu hvers landshlutafyrirtækis. Slík fyrirtæki geta því orðið með mismunandi móti eftir aðstæðum og viðhorfum í hinum einstöku landshlutum. Þess vegna er ekki að finna í þessu frv. almenn ákvæði sem kveða á um þessi efni. Það ber og að hafa í huga að hvert landshlutafyrirtæki fyrir sig hlýtur að verða stofnað með sérlögum.

Um þessi efni, sem varða skipulag orkumála, vísa ég til frv. til orkulaga sem flutt var af okkur sjálfstæðismönnum í hv. Ed. á þessu þingi og er enn til afgreiðslu í iðnn. Það er í samræmi við þá stefnu í skipulagsmálum raforkuvinnslunnar, sem þar er að finna, að hér er gert ráð fyrir að Rafmagnsveitur ríkisins verði ekki virkjunaraðili að þeim framkvæmdum sem frv. gerir ráð fyrir.

Í orkulögum segir að það þurfi leyfi Alþingis til að reisa og reka raforkuver stærra en 2 mw. Í samræmi við þetta hafa verið sett lög um ný orkuver. Þau lög hafa að forminu til verið heimildarlög þar sem tilteknum virkjunaraðila hefur verið heimiluð tiltekin virkjun eða ríkisstj. heimilað að fela tilteknum aðilum að virkja.

Í þessu frv., sem við nú ræðum, er aftur á móti ekki um heimild að ræða til ríkisstj., heldur fyrirmæli um það sem gera skal. Það er engin tilviljun að þessi háttur er viðhafður á frv. sem nú er til umr. Það er til þess að leggja áherslu á þá stefnu frv. að hraða beri orkuverunum, bæði undirbúningi og framkvæmdunum sjálfum. Það er til þess að leggja áherslu á að enginn vafi geti leikið á því, að reisa skuli öll þau orkuver sem hér um ræðir. Þess vegna er hér ekki um heimild að ræða til handa ríkisstj., heldur

bein fyrirmæli. Það eru fyrirmæli um að enginn dráttur verði á málinu. Það eru fyrirmæli um framkvæmdir strax.

Í þessu sambandi skulum við hafa í huga að það hefur dregist úr hömlu að ákveða næstu virkjunarframkvæmdir. Þetta seinlæti stingur í stúf við fyrri vinnubrögð í þessum efnum. Það er t. d. nú unnið að framkvæmdum við Hrauneyjafossvirkjun sem heimilaðar voru fyrir einum áratug með lögum frá 1971.

Ég geri ráð fyrir að það geti orðið víðtæk samstaða um að viðhafa þessi vinnubrögð og hraða sem frv. kveður á um. Ég geri ráð fyrir að víðtæk samstaða sé um framkvæmdir þær sem frv. fjallar um. Þessar ályktanir dreg ég af almennum umræðum og yfirlýsingum stjórnvalda á undanförnum mánuðum og misserum. Viðbrögð við frv. þessu benda og til hins sama. Ég skil afstöðu málgagna ríkisstj. og ummæli einstakra ráðh. á þann veg, að í raun og veru megi vænta samstöðu um meginstefnu þessa frv. Þá vildi ég mega bera það traust til núv. ríkisstj. að hún leggi lóð sitt á vogarskál samstöðu en ekki sundrungar í máli sem allir ættu að vera sammála um.

En hafa ber í huga að ekki er nægilegt að vilja framkvæmdir þær í rafvirkjunum sem ráð er fyrir gert í frv. Menn verða að hafa vilja til að skapa forsenduna fyrir þessu risaátaki í orkumálunum. Menn verða að vilja stóriðju til hagnýtingar orkunnar. Það þýðir að fara verður af alefli í undirbúning stóriðjuframkvæmda.

Ef menn vilja ekki stóriðju er tómt mál að tala um slíkar framkvæmdir í virkjunarmálum sem þetta frv. felur í sér. Þá getum við farið okkur hægt í virkjunarmálunum og miðað framkvæmdir við áætlaða aukningu í almennri notkun, heimilisnotkun, húshitun og smáiðnaði. Þetta er stefna út af fyrir sig. En þetta er röng stefna, vegna þess að þá hagnýtum við okkur ekki svo sem kostur er okkar miklu orkulindir til verðmætasköpunar fyrir þjóðarbúið.

En verst af öllu er sú stefna eða réttara sagt stefnuleysi að ætla stórvirkjanir án stóriðju eða vilja sem stærstar virkjanir með sem minnstri stóriðju. Slíkt er mótsögn í sjálfu sér sem leiðir til sjálfheldu í framfarasókn þjóðarinnar til atvinnuöryggis og hagsældar.

Frv. það, sem við nú ræðum, markar stærsta sporið sem tekið hefur verið í virkjunarmálum landsmanna. Stefna þess í framkvæmd þýðir þáttaskil í íslenskri hagsögu. Hér er á ferð mál hafið yfir hversdagsleik og dægurþras. Hér er mál til að sameinast um.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði vísað til hv. iðnn. að lokinni þessari umr.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég hef hlýtt með athygli á framsögu hv. 1. flm. þessa frv., 4. þm. Vestf. Frv. þetta var lagt fram á þinginu fyrir viku, en þann tíma, sem síðan er liðinn, hef ég dvalið í opinberum erindum erlendis. Ég hef tekið sæti á þinginu í dag og vil ekki láta hjá líða að fara af tilefni þessa frv. nokkrum orðum um efni þess og stöðu þeirra mála, sem það fjallar um, svo og um nokkrar af þeim hugmyndum sem fram komu hjá hv. flm. varðandi efni frv. og þætti, sem því tengjast, og þá sérstaklega varðandi orkunýtingarþáttinn. Ég ætla þó að reyna að fara ekki afar mörgum orðum um þetta viðamikla mál nú vegna þess að orkumálin hafa verið rædd þegar á þessum vetri hér í þinginu og m. a. í þessari hv. deild og ekki ástæða til að margendurtaka atriði sem fram hafa komið í þeim umr., þótt segja megi að góð vísa verði sjaldan of oft kveðin.

Ég tel ekkert óeðlilegt að stjórnarandstaðan leitist við að láta til sín taka í þessum málaflokki sem öðrum og hafi uppi viðleitni til tillögugerðar, eins og fram kemur í þessu frv. Þetta gerir stjórnarandstaðan og í þessu tilviku hv. þm. Sjálfstfl. hér í deildinni, sem eru flm. þessa frv., vitandi að að þessum málum hefur verið unnið og er unnið á vegum iðnrn. og orkuráðuneytisins og ríkisstjórnarinnar samkvæmt markaðri stefnu í stjórnarsáttmálanum. Það kemur m. a. fram í þessu þingplaggi, frv. sem hér liggur fyrir, að þar er byggt á nokkrum þeim atriðum sem lögð hafa verið fram af mér til kynningar á undirbúningi og stöðu mála í þinginu á þessum vetri. Þar á ég sérstaklega við það kynningarefni um stöðu undirbúnings varðandi Blönduvirkjun og Fljótsdalsvirkjun sem tekið er inn sem fylgigögn þessa frv. Ég tel það út af fyrir sig ekkert aðfinnsluvert þó að stjórnarandstaðan hagnýti sér slík gögn til að skýra sitt mál, en kynningarbæklingar um þessi efni, stöðu undirbúnings og tæknilegar upplýsingar varðandi þessar tvær stórvirkjanir utan Suðurlands, sem mest hafa verið umræddar á þessum vetri, voru notaðir í sambandi við viðræður um undirbúning mála heima fyrir í héruðum í sambandi við samningaumleitanir við heimamenn um réttindamál og til kynningar á þeim vettvangi og einnig dreift hér til hv. þm. til þess að þeir áttuðu sig betur á stöðu þessara mála. Það voru Rafmagnsveitur ríkisins, sem settar hafa verið sem virkjunaraðili í sambandi við þessar fyrirhuguðu tvær virkjanir, sem hafa staðið að útgáfu þessa kynningarefnis sem hv. þm. þekkja.

Ég ætla í byrjun að fara nokkrum orðum um frv. sjálft efnislega, en það gerir, eins og hv. flm. hefur rakið, ráð fyrir að Alþingi veiti heimild til þriggja stórvirkjana í senn og að ríkisstj. verði heimilað að taka nauðsynlegt fjármagn eða ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán sem virkjunaraðilar taki til að standa að þessum miklu framkvæmdum. Þar að auki er svo gert ráð fyrir að bæta við virkjunarheimild vegna þriðju vélar Hrauneyjafossvirkjunar sem nokkuð skortir á að lagaheimild sé fyrir.

Það er vissulega matsatriði hversu langt menn teygja sig og hvað hv. Alþingi telur réttmætt að veita heimildir langt fram í tímann í sambandi við virkjanir og fjármögnun vegna raforkuöflunar í landinu. Eflaust mætti bæta við þennan lista ef menn vildu vera mjög stórtækir og sprengja fyrri met í þessum efnum og tína til heimildir fyrir virkjunaráformum sem komin eru á blað og nokkuð hefur verið að gert varðandi rannsóknir. Það þarf ekki annað en vísa til áætlana um virkjanir, m. a. í stórfljótum norðanlands, eins og Dettifossvirkjanir, sem nokkrar áætlanir hafa verið gerðar um, svo og um ýmsar virkjanir á Þjórsár- og Tungnaársvæðinu, sem Landsvirkjun hefur gert um mynsturáætlun, svo að ekki séu nefndar hugmyndir og lauslegar áætlanir um frekari stórvirkjanir á Austurlandi, en einnig þar hafa verið gerðar mynsturáætlanir um hagnýtingu vatnsafls.

Ég tel að það sé nokkurt matsatriði hversu langt eigi að ganga í þessum efnum hverju sinni. En ég er út af fyrir sig ekki að gagnrýna það sem er sett hér á blað um þessi efni, að það sé veitt heimild fyrir virkjunum, sem mjög hafa verið um talaðar, og það sé lagt á vald ríkisstj. að ákveða frekar um framkvæmdir. Í þessu frv. felst raunar verulegt traust til ríkisstj. í sambandi við meðferð þessara mála, þar sem henni er ætlað á grundvelli þessara heimilda að taka ákvarðanir um frekari framvindu mála og henni er veitt heimild til þess að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs

nauðsynlegar fjárveitingar í því skyni. En vegna orða, sem féllu hér hjá hv. frummælanda undir lok ræðu hans, þar sem hann nefndi að dregist hafi úr hömlu að ákveða næstu virkjunarframkvæmdir, eins og hann mun hafa orðað það, vil ég vekja athygli á að þetta frv., sem hér liggur fyrir, bætir ekki mjög ákvarðandi úr því. Það veitir heimildir — og það rúmar heimildir — til mikilla framkvæmda í þessum efnum, en það tekur ekkert af um það, í hvað næst skuli ráðist. Það er þó það sem mestu umtali hefur valdið í sambandi við orkumál á þessum vetri í sambandi við raforkumálin, og þar hefur fram komið að sitt sýnist hverjum um hvernig standa skuli að framkvæmdum og hvar hafist skuli handa.

Ég vil vekja sérstaka athygli á því — sem raunar var gert af hv. frummælanda — sem fram kemur í 4. gr. frv., þar sem fram koma mjög ákveðnir og ljósir fyrirvarar í sambandi við undirbúning og byggingu viðkomandi orkuvera. Það segir, með leyfi hæstv. forseta, í 4. gr.:

„Undirbúningi að byggingu orkuveranna svo og framkvæmdunum sjálfum skal hraðað svo sem kostur er" — ég endurtek: „svo sem kostur er. Ekki er kveðið á um röðun framkvæmda, enda mega þær ekki hefjast nema fyrir liggi nákvæmar áætlanir um orkuverin, skilyrðum samkv. 1. gr. hafi verið fullnægt og tryggt hafi verið nægilegt fjármagn til framkvæmdanna."

Hér er í rauninni vísað til þess sem er mergur málsins í sambandi við þessi efni, þ. e. að í stórframkvæmdir er ekki unnt að ráðast, ekki svo að vel fari a. m. k., nema nauðsynlegum undirbúningi sé lokið og fyrir liggi nákvæmar áætlanir, svo að notað sé orðalag frv., um viðkomandi mannvirki og fullnægt hafi verið skilyrðum og m. a. hafi verið gengið frá samningum varðandi réttindi og annað það er að slíkri mannvirkjagerð lýtur.

Ég hef verið þeirrar skoðunar og er það enn, að það sé í rauninni mjög æskilegt að þegar löggjafanum er ætlað að veita heimildir um stórframkvæmdir í landinu liggi það sem skýrast fyrir hv. Alþingi hvernig undirbúningi mála sé komið, hvað liggi fyrir í þeim efnum og hvað sé þar ógert. Auðvitað getur hv. Alþingi metið mál þannig, eins og hér er gert af hv. flm., að valdið sé best komið í höndum hæstv. ríkisstj. og framkvæmdavaldsins og þess sé að meta hvenær þessum nauðsynlega undirbúningi sé lokið og hvenær eigi að hefjast handa. Það ætti út af fyrir sig ekki að vera gagnrýnisefni af minni hálfu sem handhafa framkvæmdavalds í þessum efnum að fá slíkar rúmar heimildir. En ég hef sem alþm. og raunar áður en ég kom inn í þessa hv. stofnun litið svo á að framlagning og samþykkt heimildarlaga, sem byggist á takmörkuðum og oft allsendis ófullnægjandi undirbúningi, sé nokkuð tvíeggjuð aðferð. Við höfum, eins og hv. þm. þekkja eflaust flestir hverjir og geta lesið sér til um í þingtíðindum, allmikið af heimildum til virkjunarframkvæmda sem aldrei hafa verið notaðar. Það var fyrir nokkrum árum — ég segi ekki: tískuatriði, en það var kappsmál þm. af einstökum svæðum á landinu að leggja fram í þinginu frv. til heimildarlaga um virkjanir á svæði í viðkomandi kjördæmi enda þótt mjög skammt hafi verið komið undirbúningi, hvað þá að einhver samanburðargrundvöllur lægi fyrir um kostnað, svo að ekki sé nefnt að réttindamál varðandi landeigendur, hvað þá landnýtingarmál eða náttúruverndarmál, hafi legið fyrir afgreidd af viðkomandi aðilum eða um þau samið. Ég hef talið að í þessum efnum megi ofgera með því, að löggjafinn veiti slíkar heimildir of fljótt, og það geti leitt til handahófskenndra ákvarðana nema menn standi þeim mun betur á verðinum að halda svo á málum að ekki sé ráðist í framkvæmdir fyrr en öllum nauðsynlegum þáttum undirbúnings sé lokið og slíkar ákvarðanir hvíli á nokkuð víðtæku mati eins og vera þarf í þessum efnum.

Það kemur líka í ljós, þegar horft er á þetta frv. og aths. sem því fylgja, að hv. flm. þess gera sér grein fyrir því, að það er ýmsu ólokið eða hefur verið áfátt ýmsu er varðar undirbúning þeirra stórframkvæmda sem hér er lagt til að heimildir verði veittar til, og því hafa þeir eðlilega sett fyrirvara inn í þetta frv. Mín hugsun í sambandi við undirbúning ákvarðana í þessum efnum, sem ég hef oft og mörgum sinnum greint frá opinberlega hér á hv. Alþingi og í fjölmiðlum á þessum vetri, hefur verið sú, að það væri eðlilegt að greina hv. Alþingi sem gleggst frá því, hvernig stöðu undirbúnings væri háttað, og helst að það væri búið að skera úr um sem flest vafaatriði sem varða það að unnt sé innan ekki langs tíma að ráðast í viðkomandi framkvæmdir, þannig að menn séu ekki að taka hér afstöðu til stórmála á mjög óljósum forsendum.

Ef við lítum til þeirra tillagna, sem hér er um að ræða og þetta frv. um heimildir varðandi ný orkuver snertir, skal ég hv. þdm. til glöggvunar fara örfáum orðum um þessi atriði.

Það er í fyrsta lagi lagt til að veita heimild til byggingar stórrar virkjunar á Austurlandi, og þar er raunar gert að skilyrði samkv. tillögum þessa frv. að í hana verði ekki ráðist fyrr en ákvörðun hefur verið tekin um að setja á stofn stóriðju á Austurlandi, eins og það er orðað.

Varðandi undirbúning að Fljótsdalsvirkjun er það að segja, að á s. l. ári, um það leyti sem núv. ríkisstj. var mynduð, var það mat rannsóknaraðila, sem unnið hafði að málum þar eystra, að það vantaði um tvö ár til að nauðsynlegum undirbúningsrannsóknum væri lokið eða að þessi virkjunarkostur væri kominn jafnfætis virkjun á Norðurlandi vestra tæknilega séð, þ. e. Blönduvirkjun, sem nefnd er sem númer tvö í þessu frv. án þess að þar sé verið að raða framkvæmdaröð, eins og skýrt er fram tekið í frv. Nú gerðist það hins vegar á liðnu ári, að það tókst í senn að afla fjármagns og nýta mjög vel mikið fjármagn, hátt í milljarð gkr., til vettvangsrannsókna í tengslum við þessa stóru virkjun á Austurlandi og það tókst þannig að jafna metin í sambandi við tæknilegan undirbúning þessarar virkjunar, sem í fyrravetur var talið að þyrfti við þær kringumstæður, sem menn gengu þá út frá, um tvö ár til þess að jafna. Var sannarlega mjög ánægjulegt að þetta skyldi gerast.

Þegar ég tek svo til orða segi ég þetta án þess að hafa í höndum á þessari stundu fullkomna úttekt eða úrvinnslu á þessum rannsóknum, en hennar er að vænta alveg á næstunni. Ég hef hins vegar reynt að fylgjast með gangi þessa máls, eins og öðrum þáttum sem snerta undirbúning eða athugun vegna virkjunarkosta í landinu, og það hefur ekkert það komið fram í sambandi við þessa virkjun og þær rannsóknir, sem fram fóru á s. l. ári, sem bendir til þess að ekki sé hægt að halda þar markaða braut og taka ákvarðanir um framhald í sambandi við hana miðað við tæknilegar forsendur, verkfræðilegar forsendur. Þarna er um að ræða, eins og tölur sýna, stóra virkjun, stærstu virkjun í afli ef miðað væri við það hámark sem hér er sett og nefnt hefur verið, en gæti lækkað hvað snertir afltölur ef gert væri ráð fyrir umtalsverðri sölu á orku frá þessari virkjun til orkufreks iðnaðar.

Ég tel það ekki skynsamlegt né réttmætt, sem fram kemur í þessu frv., að gera að skilyrði varðandi ákvörðun um þessa virkjun að þegar sé búið að semja um sölu á tilteknu magni af orku frá virkjuninni til orkufreks iðnaðar. Ég tel ekki þörf á því, að slíkt skilyrði sé sett. En með því vil ég engan veginn segja að ég telji óeðlilegt að hluta af orkuframleiðslu þessarar virkjunar sé varið til atvinnuuppbyggingar, til orkufreks iðnaðar, enda verði staðið að uppbyggingu slíks iðnaðar með eðlilegum hætti og með þeim hætti sem stjórnarsáttmálinn gerir ráð fyrir í sambandi við slíka atvinnuuppbyggingu, þ. e. að allt forræði þar sé í íslenskum höndum, þar sé um að ræða fyrirtæki sem við Íslendingar höfum fullt vald á. En það er ekki nauðsynlegt né réttmætt að gera ráð fyrir því, að fyrir mannvirki, sem þarf jafnlangan undirbúningstíma og byggingartíma og þessi virkjun, sé nauðsynlegt skilyrði að búið sé að selja orkuna til kaupenda, til fyrirtækis sem nýtti hluta af þeirri orku. Og hvers vegna ekki? Vegna þess að þessi virkjun er einhver sú allra hagstæðasta í landinu. Þó svo við notuðum hana eingöngu til orkuframleiðslu fyrir almennan markað er einingarverð á kwst. frá þessari virkjun í Fljótsdal ámóta og gert hefur verið ráð fyrir frá Blönduvirkjun fyrir almennan markað. Þetta þýðir líklega lægsta einingarverð sem fáanlegt er frá virkjunum í landinu fyrir almennan markað í landinu.

Vegna þess að Sultartangavirkjun er hér þriðji virkjunarkosturinn, sem gert er ráð fyrir að heimild verði veitt til og ýmsir hafa rætt um að væri eðlilegt að ráðast í sem fyrst og væri að sumra mati, að mér hefur heyrst, hagkvæmasti virkjunarkosturinn, er þess að geta, að miðað við þessa forsendu, sölu til almenns markaðar í landinu og ekki í tengslum við stóran orkukaupanda, er verðið á orkueiningu frá Sultartangavirkjun mun hærra, allt að þriðjungi hærra, ef litið er á tölurnar einar saman, en frá hinum virkjununum tveimur, Blönduvirkjun og Fljótsdalsvirkjun. Hefur að vísu verið á það bent í þessu sambandi og er rétt að geta þess hér, að menn færa fram atriði eins og að það kosti sitt hvað að færa sig yfir á nýtt svæði til að virkja, þó nokkur aukakostnaður fylgi því að flytja sig á milli landshluta til virkjunarframkvæmda og það eigi að taka inn í samanburð af þessu tagi. Auðvitað er hægt að vera með reikningskúnstir af slíku tagi. En hvenær í ósköpunum komast menn þá nær þeirri stefnu að dreifa virkjunum um landið, sem ég held að sé nú að verða sammæli hjá mönnum, hvar sem þeir búa í landinu, að sé nauðsynlegt, að sé skynsamleg stefna með hagsmuni þjóðarheildarinnar fyrir augum? Og þá segir það sig sjálft að við þurfum að leggja í nokkurn kostnað sem er því samfara að sitja ekki kyrr í sama stað og gera ekki bara út úr einni vör í þessum efnum. Sá viðbótarkostnaður við framkvæmdir, m. a. í vegum, vegabótum, svo að dæmi sé tekið, sem fylgir því að ráðast í stórar framkvæmdir á tilteknu svæði, nýtist auðvitað líka öðrum þáttum en virkjunarframkvæmdum. Hann nýtist viðkomandi svæði almennt og atvinnulífi þar og íbúum á slíkum svæðum, og eflaust er það einn þátturinn í þeirri eðlilegu ósk sem uppi er þar sem góðir virkjunarkostir eru, að í þá verði ráðist, enda takist samkomulag um landnýtingarmál og annað sem deilum veldur eða ágreiningi kann að valda, svo sem þekkt er á vissum stöðum.

Ég vil fullyrða það hér, að það hafa engar tafir orðið í ákvörðunum í sambandi við eða á framkvæmdum í þágu virkjunarmála vegna þess að ekki hafi verið veittar heimildir nú þegar fyrir slíkum framkvæmdum — eða hafa hv. alþm. gert ráð fyrir því og verið reiðubúnir til þess að bæta mörgum milljörðum gkr. ofan á fjárfestingar- og lánsfjáráætlun þessa árs, svo að dæmi sé tekið, til þess að herða þar á? Ég hef ekki orðið var við þann vilja, og á það, held ég, jafnt við um stjórn og stjórnarandstöðu, þó að ég vilji ekki vera að gera hv. stjórnarandstöðu sérstaklega upp skoðanir í þeim efnum því að hún hefur kannske ekki staðið með beinum hætti frammi fyrir því að svara slíkum spurningum. Ég hef orðið var við það hins vegar, að það hefur verið fyrirstaða að veita það fjármagn til orkuframkvæmda í landinu sem margir teldu æskilegt út frá ýmsum sjónarmiðum, m. a. til þess að lækka olíureikninginn og spara gjaldeyri og halda þar hraðar fram en gert hefur verið, þrátt fyrir þá stórauknu áherslu sem lögð hefur verið á þetta á síðustu árum og alveg sérstaklega í fyrra og nú á þessu ári, og er það út af fyrir sig ekki þakkarvert svo sjálfsagt sem það er í okkar þjóðarbúskap að herða á þessu sviði. Ég vil sem sagt fullyrða um þær heimildir sem nauðsynlegt er að Alþingi veiti til orkuframkvæmda á þessu ári og nauðsynlegt er eða mjög æskilegt er að verði veittar á yfirstandandi þingi og ég vona að verði, — að því gefnu að slíkar heimildir fáist, engar tafir hafa orðið á undirbúningi mála vegna þeirra virkjana sem hér eru nefndar og vissulega hafa allar verið í sviðsljósinu hver með sínum hætti af þeim sökum. Þvert á móti hefur verið unnið — það tel ég mig geta fullyrt — af fullri einurð og fylgni af þeim mönnum, sem starfað hafa að þessum málum á vegum iðnrn., að því að undirbúa þá þætti sem undirbúa þarf vegna þessara framkvæmda. Það á við um verktæknilegan undirbúning, það á við um félagslegan undirbúning, samninga við þá aðila, sem semja þarf við um þessar framkvæmdir, og mat þeirra aðila, sem meta þurfa einstaka þætti í sambandi við stórframkvæmdir af þessu tagi, þ. á m. náttúruverndaryfirvöld í landinu. Allir þessir þættir hafa verið í fullum gangi og eru í gangi. Með sem fyllstar upplýsingar um þessi efni hefur það verið ásetningur minn og ríkisstj. að leggja hér fram í þinginu framkvæmdaáætlun um raforkuöflun og raforkuflutning til lengri tíma litið og öflun nauðsynlegra heimilda til þess að ráðast í þær framkvæmdir sem næstar eru. Og auðvitað verður það samkomulagsatriði innan ríkisstj. og e. t. v. við stjórnarandstöðuna, því að ekkert vil ég hafa á móti því að geta tekið á málum með henni ef þannig ber undir, hversu langt menn vilja teygja sig í að veita framkvæmdavaldinu heimildir í sambandi við framkvæmdir af því tagi sem hér er um að ræða — stórframkvæmdir.

Varðandi uppbyggingarhraðann í raforkukerfi okkar segir í þessu frv. að framkvæmdunum sjálfum skuli hraðað svo sem kostur er. Það er ekki óskynsamlegt orðalag. En það segir ekki heldur mjög mikið, — ekki í þeim texta til laga sem hér er. Í aths. með frv. er hins vegar að þessu vikið og þar er þannig tekið til orða að hraða skuli öllum undirbúningi og framkvæmdum og, eins og þar segir, með leyfi hæstv. forseta: „Er það þá markmiðið, að búið verði að taka í notkun öll orkuverin samkv. 1 gr. áður en þessum áratug er lokið."

Þetta er það sem segir um þetta efni. En það er ekki kveðið á um það í sjálfum lagatextanum, heldur kemur það fram hér sem stefnumið frá hv. flm. — Það segir í aths. með sömu grein:

„Til þess að þetta megi verða er nauðsynlegt að hefjast

þegar handa og hvar sem við verður komið. Þarf því að ráðast til atlögu við öll viðfangsefnin í senn."

Þetta þýðir að strax verði efnt til sjálfra framkvæmdanna þar sem því verður við komið, en þar sem því er ekki að heilsa verði strax unnið að því að skapa þau skilyrði sem eru nauðsynlegur undanfari framkvæmda, svo sem ákvörðun um stóriðju á Austurlandi og að réttindi verði tryggð á Blöndusvæðinu. Síðar í aths. með sömu grein er talað um að þau vinnubrögð verði viðhöfð, að þeim — þ. e. væntanlega framkvæmdunum — verði öllum lokið á framkvæmdatíma heildaráætlunar um byggingu allra virkjana, eins og það er orðað í þessum aths.

Hér kemur það sem sagt fram eins og í frv.-textanum sjálfum, að hv. flm. gera sér grein fyrir að það þarf að undirbúa þessi verk. Þeim undirbúningi er ekki til fulls lokið þannig að hægt sé að ráðast í framkvæmdir og við það ber að miða í sambandi við framkvæmdirnar sjálfar. En nokkuð er það stórt sem sagt er: „Þarf því að ráðast til atlögu við öll viðfangsefnin í senn" — ef átt er við að menn telji skynsamlegt að standa að byggingu allra þessara orkuvera á sama tíma.

Ég efast ekkert um stórhug hv. 1. flm. þessa frv. í sambandi við orkumál. Hann vill leggja þar nokkuð stórt undir og eflaust aðrir hv. flm., en ég er ekki búinn að sjá að þeir hinir sömu, jafnvel þótt framkvæmdavaldið hefðu, stæðu þannig að málum að unnið væri á fullu við allar þessar framkvæmdir í einu, enda leyfi ég mér að skilja þetta orðalag frekar þannig, að það sé unnið að undirbúningi mála varðandi þessi mannvirki á sama tíma, en ekki að það verði unnið að framkvæmdum samtímis, og vil þó engan veginn útiloka að það geti verið skynsamlegt ef markaður leyfir og býður að framkvæmdir geti farið saman að einhverju leyti við virkjanir í landinu. Það vil ég engan veginn útiloka að geti gerst í vissum tilvikum, enda falli það að markaðnum.

Þá vil ég, herra forseti, fara örfáum orðum um þann þátt málsins, þ. e. markaðshliðina, vegna þess að hv. flm. ræddi það nokkuð í máli sínum og við hljótum að horfa til þeirra mála þegar verið er að leggja áætlanir um stórframkvæmdir af því tagi sem hér um ræðir. Hversu svo sem menn vilja á þeim málum halda hljóta þessi atriði að þurfa að fylgjast nokkuð að, hugmyndir um nýtingu og hvernig menn ætla að tengja saman uppbyggingu orkukerfisins og nýtinguna. Þar er þó best að taka fram í upphafi, að í þessar stóru og hagkvæmu virkjanir getum við ráðist og lítið síðan á og metið í framhaldinu hversu hratt við nýtum orkuna, vegna þess að við höfum ekki hagstæðari kosti til orkuöflunar að mati sérfróðustu aðila en einmitt þá sem hér eru taldir, a. m. k. þegar um er að ræða Fljótsdalsvirkjun og Blönduvirkjun, jafnvel þó við séum eingöngu að virkja fyrir almennan markað í landinu. Sé það markmiðið að virkja sem hagkvæmast og virkja sem ódýrast getum við gengið þannig fram. Þess vegna tel ég ekki skynsamlegt að vera að tengja heimildir fyrir þessar virkjanir við ákvörðun um stórnotanda eða sölu til orkufreks iðnaðar, þó að slíkt gæti komið til greina ef öllum undirbúningi þar að lútandi væri lokið þannig að menn teldu sig geta gert slíkt dæmi upp með viðunandi hætti. Þetta er sem sagt einn möguleikinn, og hann skulum við hafa í huga þegar við ræðum þessi mál, að það er engin nauðung, eins og ég hef orðað það í umr. hér áður, að við þurfum að ráðast í stóriðju eða orkufrekan iðnað í landinu vegna þess að við erum að virkja það sem við köllum vera stórt. Við erum einfaldlega lengur að nýta þessar hagkvæmu virkjanir ef við tengjum þær ekki við atvinnuuppbyggingu.

En síðan kemur hin spurningin: Er það skynsamlegt fyrir íslenskan þjóðarbúskap, fyrir atvinnuuppbyggingu í landinu að hagnýta þessar orkulindir, í þessu tilviki raforkuna, sem bakhjarl fyrir atvinnuuppbyggingu í landinu? Þar er mitt svar nokkuð afdráttarlaust. Ég er þeirrar skoðunar, að í þessum orkulindum eigum við góðan bakhjarl fyrir atvinnuuppbyggingu í landi okkar á næstu árum og áratugum ef rétt er að málum staðið. En við þurfum að standa þannig að þeirri atvinnuuppbyggingu að hún verði okkur ekki að fótakefli efnahagslega eða hvað varðar sjálfstæði þjóðarinnar. Þar er hið efnahagslega sjálfstæði, eins og við væntanlega erum allir sammála um, undirstaða undir hinu pólitíska sjálfstæði. Það er mat mitt og míns flokks, að þessar forsendur séu ekki tryggðar nema við Íslendingar höfum forræði yfir þessum atvinnurekstri sem öðrum í landinu. Því viljum við ekki fara hraðar í þessum efnum en svo, að Íslendingar hafi þarna tök á málum og geti ráðið ferðinni. Þarna kann menn að greina á og hefur reyndar komið nokkuð ljóslega að skoðanir eru skiptar.

Nú ætla ég ekki að fara langt út í þá sálma að ræða hér einstaka orkunýtingarkosti. Ég vil hins vegar víkja hér að einu atriði, sem oft virðist gleymast í umræðum um þessi mál og mér þótti allnokkuð á skorta hjá hv. frsm. í máli hans í sambandi við umr. um þennan þátt málsins, orkunýtingunni, nýtingu þessarar auðlindar til uppbyggingar atvinnulífs í Íslandi, og spurningunni um hvaða stefnu við höfum og hvaða viðhorf við höfum til verðlagningar á orkunni til stórnotenda á Íslandi, ekki síst ef við ætlum að eiga þar einhver samskipti við erlenda aðila, sem ég útiloka ekki að skynsamlegt geti verið í einhverjum mæli í vissum tilvikum. Þá þurfum við sannarlega á því að halda að hafa mótað okkur um það stefnu hvað við ætlum að fá fyrir þessa orku, hvernig við ætlum að verðleggja hana. Þar vara ég afar sterklega við þeirri hugsun, að við eigum að henda okkur til sunds með því að fara að virkja og virkja í þessum og hinum landshlutanum, jafnvel samtímis, með þann hugsunarhátt að auglýsa eftir kaupendum úti um heiminn, auglýsa með þeim hætti sem stundum hefur heyrst í máli manna sem hratt hafa viljað fara í þessum efnum, að hér uppi á Íslandi sé að hafa orku sem kosti sáralítið, sé nánast að hafa fyrir „spottprís". Þannig eigum við ekki að ganga til verka.

Mér rennur það til rifja þegar ég heyri menn ræða um það í sömu andránni, eins og við höfum orðið vitni að á undanförnum dögum og vikum, að við eigum m. a. að hraða okkur mjög í virkjunum í landinu til þess að geta stækkað álverið í Straumsvík, væntanlega undir þeim merkjum sem þar er siglt, og það jafnvel réttlætt með því að með því eigum við að geta fengið meira verð fyrir orkuna. Ætli sé nú ekki vænlegt, hv. þdm., að sjá framan í það, hvaða möguleikar eru á að ná fram einhverri sanngirni í viðskiptum við þann erlenda aðila, sem þar er við að eiga, áður en menn fara að bjóða fala meiri orku við lágu verði til þess fyrirtækis? Ég tek þetta hér sem dæmi til þess að undirstrika þýðingu þess, að í sambandi við umræður um þessi mál í umræðum um orkufrekan iðnað, höfum við það mjög vel í huga að við þurfum í sambandi við stefnumótun um þessi atriði að marka okkur stefnu um hvað við viljum fá, hvaða svigrúm það er sem við erum að tala um í sambandi við orkuverð í þessum efn-

um. Við þurfum að gæta þess, að við erum hér að tala um hina miklu fjárfestingu í þessum virkjunum og við höfum ekki það upp úr því sem við þurfum að hafa og eigum að geta haft nema við séum orðnir sæmilega sameinaðir um það, Íslendingar og íslensk stjórnvöld, hvað við viljum hafa fyrir þessa auðlind. Hvar ætlum við að setja mörkin? Ekki er ráðlegt að standa þannig að málum að sitja uppi með svo og svo mikið af virkjaðri orku og vera í vandræðum með fjárfestinguna og fjárfestingarkostnaðinn og nánast vilja ganga að hverju sem er í sambandi við orkusöluna. Þannig eigum við ekki að standa að málum.

Við, sem að áætlunum vinnum um þessi efni, höfum talið skylt að horfa á þennan þátt mála jafnhliða og reyna að reisa merki um að við stingum við fæti í sambandi við það verð sem við ætlum okkur að fá, ef við ætlum að nýta þessa orku í atvinnuuppbyggingu í landinu þannig að íslenskt þjóðarbú hafi eitthvað annað upp úr því en kannske glundroða í öðrum atvinnurekstri í landinu, kollsteypu sem þegar upp er staðið gefur kannske minna en ekki neitt.

Herra forseti. Ég hef þegar tekið nokkurn tíma hér til að ræða þessi efni og á þó raunar afar margt ósagt af því sem leitar á hugann þegar farið er yfir þessi mál. En ég vil ekki að við séum hér að efna til meiri deilna um mál en efni standa til eða nauðsyn krefur. Ég vænti þess, að stjórnarandstaðan geti tekið undir það stefnumið ríkisstj. að næst skuli ráðist í virkjun fyrir landskerfið utan eldvirkra svæða, utan Suðurlands. Ég vil alveg sérstaklega í því samhengi vara við þeim málflutningi, sem fram hefur komið í umr. um þessi mál, að það sé nauðsynlegt að fara í virkjun hér á Suðurlandi til að lenda ekki í orkuskorti svipað og gerst hefur á yfirstandandi vetri, að fara að taka mið á Sultartangavirkjun til að lenda ekki í orkuskorti. Sem betur fer er ekki þörf á slíku. En það er hins vegar þörf á að gera ráðstafanir og það á allra næstu árum til að bæta stöðu þeirra virkjana og þess afls, sem búið er að setja niður á Suðurlandi, með vatnaveitum, með mannvirkjum sem gera það kleift að ráða við ísvandamálin í Þjórsá við Búrfellsvirkjun. Um það vænti ég líka að ekki sé ágreiningur. En að slíkum mannvirkjum gerðum og með því að vinna jafnframt að virkjun utan Suðurlands getum við með auðveldum hætti náð saman endum í okkar orkubúskap og jafnframt haft einhverja orku aflögu til orkufreks iðnaðar í landinu, sem yrði að vísu ekki stórfelldur á allra næstu árum, á þeim árum sem við erum að vinna okkur út úr því stóra verkefni að koma innlendum orkugjöfum í gagnið í húshitum í landinu og koma orkudreifingunni í landinu í viðunandi horf. Í það fjárfestum við mikið á þessum árum og á sama tíma og við þurfum að vinna okkur markvisst fram úr því verkefni að finna eðlilega kosti í iðnaðaruppbyggingu í landinu, — kosti sem reynast ekki neikvæðir efnahagslega, sem reynast búhnykkur, en ekki hið gagnstæða. Að þeim málum er unnið og ég vil að að því sé staðið í góðri samvinnu við Alþingi.

Á vegum ríkisstj. er starfandi nefnd sem vinnur að því að marka fyrir hennar hönd orkustefnu næstu ára og áratuga. Ég vænti þess, að útlínur að þeirri stefnu liggi fyrir með vordögum þannig að hv. stjórnarandstaða geti einnig sagt sitt álit á þeirri stefnumörkun áður en hún kemur til frekari meðferðar hjá þinginu á komandi vetri. Þá á ég við alla þá þætti sem eðlilegt er að dregnir séu inn í sambandi við stefnumörkun í orkumálum til langs tíma, einnig að því er snertir orkuverð, verðlagningu á orku til atvinnurekstrar og stórnotenda í landinu. Ég tel að við þurfum að nýta þennan tíma vel, næstu misseri og næstu ár, til að leggja undirstöður undir skynsamlega hagnýtingu orkulinda okkar til eflingar atvinnulífs í þessu landi. Þar er það auðvitað mikilsvert verkefni að koma innlendum orkugjöfum í gagnið hvarvetna þar sem hagkvæmt og skynsamlegt reynist, væntanlega einnig með eldsneytisframleiðslu áður en mjög langur tími líður, þannig að öryggi okkar sé sem best tryggt og við séum reiðubúnir að taka á í þeim efnum strax og hagkvæmni og öryggissjónarmið bjóða, en einnig til að efla útflutningsframleiðslu með orkulindir okkar sem bakhjarl. Þar er raforkan auðvitað einn þýðingarmesti þátturinn. En við skulum ekki gleyma jarðvarmanum að heldur, því að ekki síst á sviði iðnaðar mun hann reynast okkur notadrjúgur í framtíðinni.

Herra forseti. Það ætti ekki að vera mitt að vanþakka þær heimildir sem hér er lagt til að framkvæmdavaldið fái í þessum efnum. Ég tel eðlilegt að á þessi mál, þær tillögur sem hv. sjálfstæðismenn í stjórnarandstöðu í þessari þd. hafa hér lagt fram í frv.-formi, sé litið jafnhliða þeim tillögum sem ríkisstj. mun leggja fram í þessum málum innan skamms. Ég vænti þess vissulega að sem best samstaða geti tekist um þessi efni og áfram verði unnið eins og að undanförnu að því að leysa þau efni og álitamál sem varða einstaka framkvæmdaþætti í sambandi við raforkuöflunina.

Umr. frestað.

Neðri deild, 65. fundur.

Mánudaginn 23. mars, kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Mér hefur borist svohljóðandi bréf:

„Reykjavík, 23. mars 1981.

Samkv. beiðni Benedikts Gröndals, 4. þm. Reykv., sem nú dvelst erlendis í opinberum erindum, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Alþfl. í Reykjavík, Jón Baldvin Hannibalsson ritstjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru hans.

Sighvatur Björgvinsson,
3. þm. Vestf.,
formaður þingflokks Alþfl."

Jón Baldvin Hannibalsson hefur áður átt sæti á þessu þingi og býð ég hann velkominn til starfa.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv. (þskj. 536). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Eiturefni og hættuleg efni, frv. (þskj. 517). — 1. umr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það frv., sem hér liggur frammi, er samið samkv. tillögum eiturefnanefndar og að fengnu áliti Lyfjaeftirlits ríkisins og lyfjanefndar. Frv. gerir ráð fyrir því, að heimilt verði að takmarka notkun á fleiri flokkum eiturefna en er samkv. gildandi lögum. Er þar einkum um að ræða efni sem kölluð eru þeim skuggalegu nöfnum aflífunarefni og útrýmingarefni.

Frv. þetta hefur sætt meðferð í hv. Ed. Alþingis. Þar varð niðurstaðan að leggja samhljóða til að frv. yrði samþykkt.

Ég tel ekki ástæðu til þess, herra forseti, að fjölyrða um efni málsins frekar og legg til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 23 shlj. atkv.

Viðnám gegn verðbólgu, frv. (þskj. 334, n. 497, 509 og 526, 498, 528). — 2. umr.

Ingólfur Guðnason: Herra forseti. Í forföllum hv. þm. Halldórs Ásgrímssonar, sem er frsm. fjh.- og viðskn. Nd., mæli ég fyrir nál. á þskj. 509 um frv. til l. um ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu. Þetta er nál. frá 2. minni hl. nefndarinnar.

Nefndin hefur fjallað um frv. Haldnir voru sameiginlegir fundir um málið og bárust margháttuð gögn, eins og fram kemur í nál úr Ed.

Eftir að frv. barst n. í Nd. hefur verið rætt við fulltrúa frá fjmrn. um skattamál og fulltrúa frá Kjararannsóknarnefnd um þróun kaupmáttar.

Fjh.- og viðskn. Nd. klofnaði í afstöðu til málsins, eins og fram kemur á framlögðum þskj. Mér er þó óhætt að fullyrða að allir nm. séu sammála um eitt meginatriði, en það er að verðbólga sú, sem herjað hefur hér um árabil, sé mikill bölvaldur. Þegar umræðan beindist aftur á móti að því, hverjar leiðir væru líklegar til að lækka verðbólguna, skildust leiðir.

Við, sem stöndum að nál. á þskj. 509, teljum að með samþykkt frv. þess, sem hér liggur fyrir, megi vænta verulegs árangurs til hjöðnunar verðbólgu, eins og raunar blasir við nú þegar, en hér er um brbl. að ræða sem í gildi hafa verið hátt á þriðja mánuð og hafa sýnt verulegan árangur á þessu sviði. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. mælir því eindregið með því, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir. 2. minni hl. skipa Halldór Ásgrímsson, Ingólfur Guðnason og Guðmundur J. Guðmundsson.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Hv. 5. þm. Norðurl. v. mælti hér fyrir áliti 2. minni hl. í forföllum frsm. Því er eins farið með mig hér og nú, að ég mæli fyrir nál. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. í forföllum frsm., hv. 1. þm. Vestf., sem boðað hefur veikindaforföll.

Frv. til l. um ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu er dæmigert fyrir vinnubrögð núv. ríkisstj. Þetta frv. endurspeglar líka hvaða hugmyndir núv. ríkisstj. hefur til lausnar þeim vandamálum sem við er að glíma. Þetta frv. endurspeglar einnig með hvaða hætti hæstv. ríkisstj. telur samboðið Alþingi að leggja mál fyrir.

Eftir nærri eins árs setu, þ. e. á gamlársdag s. l., voru gefin út brbl. þau sem leitað er staðfestingar Alþingis á nú, og báru brbl. sömu yfirskrift og það frv. sem hér er til umr. Það hafði verið spurst fyrir um það hjá hæstv. ríkisstj. þegar kom fram á vor á s. l. ári og dró að þinglokum, hverjar væru hugmyndir ríkisstj. til lausnar þeim vandamálum sem við blöstu. Það hafði verið spurst fyrir um það, hvað þeir menn ætluðu að gera sem mynduðu ríkisstj. í þessu landi til þess að bjarga heiðri þjóðarinnar og sæmd Alþingis. En það var fátt um svör. Jú, það var að vísu sagt að það væri verið að vinna að tillögum, það hefði verið sett nefnd til að koma með tillögur til ríkisstj., efnahagsmálanefnd, þetta væri allt saman í undirbúningi og smíðum og mundi að sjálfsögðu sjá dagsins ljós fyrr en varði. Á þessu varð þó töluvert mikil bið og þegar Alþingi kom saman s. l. haust hafði ekkert frést af ráðstöfunum eða af tillögum til lausnar þeim vandamálum sem við var að glíma. Alþm. spurðust fyrir um hverju þetta sætti. Enn var verið að skoða málin. Enn voru málin í nefnd. Að vísu hafði efnahagsmálanefnd sent ríkisstj. tillögur sínar, en það hafði eitthvað dregist að ríkisstj. gæti komist að niðurstöðu, gæti lagt fram sínar tillögur. Þegar spurst var fyrir um þetta rétt fyrir jólaleyfi alþm. á s. l. ári voru engin svör. Sennilega er það rétt, sem haft er eftir hæstv. viðskrh., að á gamlársdagsmorgun hafi ekki verið búið að stinga niður penna, þá hafi ekki eitt orð verið komið á blað né byrjað að móta tillögur um lausn þeirra vandamála sem við var að glíma.

En það voru góð ráð dýr. Það skyldi haldin ræða á gamlárskvöld. Þjóðin skyldi ávörpuð. Það varð að vera eitthvað innihald í því ávarpi sem hæstv. forsrh. flytti þjóð sinni á þeim tímamótum. Og í snarhasti á gamlársdag voru sett saman brbl. Í þeim fólst kjaraskerðing launþega og þeirra sem njóta bóta frá almannatryggingum, án þess að nokkuð væri gert til að bæta þar um, og síðan voru samdar nokkuð margar greinar til að dylja í raun og veru efni frv., til að reyna að gera örlítið stærra frv. úr því sem hafði verið hin eina tillaga sem ríkisstj. hafði fram að færa. Þannig voru efnahagsráðstafnir ríkisstj. á árinu 1980 fluttar þjóðinni í brbl. á gamlársdag. Þar var um að ræða kjaraskerðingu ásamt ýmsum ákvæðum sem fyrir voru í lögum eða reglugerðum og ekki þurfti að endurtaka í nýrri lagasetningu. Nú er komið fram á þriðja mánuð ársins 1981 og þetta er það eina sem frá hæstv. ríkisstj. hefur komið.

En eru vinnubrögðin í þessu tilfelli einsdæmi eða sjáum við þau víðar? Auðvelt er að svara þessari spurningu. Við sjáum þessi vinnubrögð alls staðar. Í hv. Ed., í fjh.- og viðskn. þar, er fjallað um frv. um heimildir handa ríkisstj. fyrir lántöku samkv. lánsfjáráætlun sem enn hefur ekki séð dagsins ljós. Lánsfjáráætlun er reyndar heildarrammi um efnahags- og peningamálastefnu viðkomandi ríkisstj. Það er enn ekki farið að birta Alþingi þennan boðskap. Fjh.- og viðskn. hafa að vísu verið send ýmiss konar skjöl, margs konar upplýsingar, óskalisti þeirra aðila sem um skal fjallað í lánsfjáráætlun. Því hefur verið haldið fram af hæstv. fjmrh., að staðið hafi á Seðlabankanum hvað snertir þær upplýsingar sem hann ætti að láta frá sér fara. Það var þess vegna fremur broslegt á fundi fjh.- og viðskn. í morgun þegar formaður

n. óskaði eftir því við fulltrúa Seðlabankans, sem sat á fundi, að hann gengi nú eftir því með formanninum að það kæmu greinargerðir frá fjárlaga- og hagsýslustofnuninni svo að hægt væri að koma þessu skjali heim og saman.

Þetta er í samræmi við vinnubrögð hæstv. ríkisstj. og gefur auga leið að þegar slíkum vinnubrögðum er beitt, þ. e. hlutirnir eru látnir reka á reiðanum, nást ekki tök á vandamálum efnahagslífsins, verðbólgunni, enda æðir hún áfram. Þegar komið var fram í desembermánuð á s. l. ári sýndi sig hvert verðbólgustigið var orðið. Verðbólgan var á milli 70 og 80% og stefndi enn þá hærra.

Í brbl. um ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu var kveðið á um verðstöðvun sem fyrir var í lögum. Í þá tvo mánuði, sem liðnir eru, hefur verðstöðvun að einhverju leyti verið meiri en áður. Hins vegar sá ríkisstj. svo um, undir sumum kringumstæðum óumbeðin, að hækka gjaldskrár opinberra fyrirtækja. Engu að síður liggur ljóst fyrir að það hefur ekki dugað til þess að þessar stofnanir yrðu reknar hallalaust. Beiðnir liggja því fyrir óafgreiddar og munu verða látnar bíða fram yfir þau tímatakmörk sem í þessu frv. eru.

Engu að síður og þrátt fyrir þetta sýna tölur úr efnahagslífinu hvert stefnir í þessum efnum. Hækkun lánskjaravísitölu fyrir marsmánuð frá því í febrúar er um 82%, ef miðað er við þann eina mánuð. Ef lánskjaravísitalan er skoðuð frá upphafi árs er hún á ársgrundvelli eða frá janúar til janúar 52.59%. Ef litið er til febrúar er hún 54.68%. Ef litið er til mars er hún 58.04%, þ. e. síðustu 12 mánuði, og má reikna með að hún verði mjög svipuð þegar kemur fram að apríl og hún verði, reiknuð þá um eða tæplega 58%. Þessar tölur liggja fyrir þegar hæstv. ríkisstj. gerir ráðstafanir í peningamálum og gefur út að samkv. verðlagsþróuninni fyrstu tvo mánuði ársins sé verðbólgan komin niður í 35%.

Öll eru þessi vinnubrögð með þeim hætti, að það er verið að sýna ástandið með allt öðrum hætti en það í raun og veru er, og þær ráðstafanir, sem gerðar eru, eru gerðar til skamms tíma, til þriggja mánaða, til fjögurra mánaða, til fimm mánaða, til þess að hægt sé að ná fram einhverri þeirri jákvæðu mynd sem ríkisstj. vill gjarnan geta skreytt sig með. En ég er því miður hræddur um að þegar áfram verður haldið verði allt þetta, það sem ríkisstj. hefur verið að gera, svipað og skeði hjá keisaranum þegar hann fékk sér ný föt

Efni þess frv., sem hér er fjallað um, er í fyrsta lagi einhliða fórn fyrir launþega og lífeyrisþega almannatrygginga. 7% skerðing launa varð 1. mars. Það er í raun og veru uppistaðan, eins og ég sagði áðan, í þessu frv. Það er svo skreytt með ýmsum þeim ákvæðum sem óþarft var að setja á prent á gamlársdag, einfaldlega vegna þess að heimildir voru allar fyrir hendi. En á sama tíma og ákveðin er lækkun launa um 7% og þar með lögð til kaupskerðing eru skattar þyngdir með fjárlögum og opinber þjónusta hækkuð án þess að framfærsluvísitalan fái talið það.

Með ráðstöfunum í vaxtamálum, sem nokkuð lengi dróst að fá nánari skýringar á hjá hæstv. ríkisstj. og hjá Seðlabanka kemur í ljós að hér er stefnt í vaxtahækkun, þ. e. hækkun raunvaxta, en ekki í það sem ríkisstj. hafði haft á prjónunum og ætlaði sér að gera. Það var hins vegar látið heita svo, þegar kom fram í febrúar, að vextir væru lækkaðir í nokkrum þáttum útlána. Það eru að vísu ekki mjög algeng eða auðfengin lán núna. Þar var auðvitað um sýndarmennsku að ræða eins og allt annað, en önnur ákvæði þessa frv. í vaxtamálum gera það að verkum að í raun verður hér um vaxtahækkun að ræða.

Þá aflar ríkisstj. sér heimildar í brbl. til niðuskurðar eða til að draga úr útgjöldum ríkissjóðs. Í fjárlögunum sjálfum er heimild. Enn fremur er ríkisstj. að sýna Alþingi virðingarleysi þegar með brbl. er eftir 10 daga frá samþykkt fjárlaga fengin heimild til að breyta úgjöldum ríkissjóðs. En það kastar fyrst tólfunum í þessum efnum þegar ríkisstj. aflar sér heimildar með brbl. á gamlársdag til að breyta lánsfjáráætlun sem enn hefur ekki séð dagsins ljós og verður sennilega ekki lögð á borð alþm. áður en þetta frv. verður orðið að lögum. Þannig er með þessum brbl. verið að gera að markleysu það sem Alþingi kemur á næstu dögum og vikum til með að fjalla um, þ. e. lánsfjáráætlun, og um framkvæmdir, sem eru fjármagnaðar með lántökum, svo og um lántökuheimildir.

Af öllu þessu verður ekki annað séð en það hjakki allt í sama farinu. Það eru gerðar tímabundnar ráðstafanir til þess að hægt sé að segja: Febrúarmánuður kom ansi vel út. Verðlagsþróunin í febrúar var þessi, sem sýnir að á ársgrundvelli er verðbólgan komin niður í þetta prósentustig. — Hækkunum er haldið niðri. Það sjá allir hvernig þetta dæmi endar, hvenær svo sem þessum skollaleik verður hætt.

En þá kem ég að þeirri spurningu, sem að vísu var gerð mjög góð grein fyrir við 1. umr. þessa máls af hv. 1. þm. Reykv., hvaða atriði það voru sem gerðu það nauðsynlegt að setja þessi brbl. á gamlársdag. Ef farið er yfir frv. held ég að ýmist séu heimildir í lögum eða þá að nægur tími hafi verið til þess frá því Alþingi kom saman eftir áramót og fram til 1. mars að fá samþykki fyrir því sem þurfti sérstaklega. Kauplækkunin var í raun og veru aðalinnihald þessa frv. Það er sama hvar stungið er niður: Verðstöðvun 1. gr. er í lögum, vaxtaákvarðanakaflinn hafði áður verið tekinn til skoðunar af Seðlabanka og ríkisstj. og þess vegna ekki ástæða til þeirra ráðstafana, heimild var til að draga úr ríkisútgjöldum. Það var hins vegar ekki heimild til að breyta þeirri lánsfjáráætlun sem enn hefur ekki verið samþykkt.

Það er þá mergurinn málsins í því frv., sem ríkisstj. kallar„ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu", að í frv. felst einhliða fórn launþega og bótaþega almannatryggginga sem nemur 7% af verðbótum launa og bótafjárhæðum frá 1. mars s. l. frá því sem verið hefði aðóbreyttum lögum. Þetta þýðir að skerðing launa verkamanna er nú orðin með Ólafslögum og brbl. 41 574 gkr. Þá er talin til mánaðarlauna verkamanns tveggja stunda eftirvinna. Þessi skerðing þýddi ásamt skerðingu Ólafslaga að tekjutrygging hjóna lækkaði um 11 600 gkr. hinn 1. mars. Þessar ráðstafanir hafa talsmenn ríkisstj., og það kemur fram í nál. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. sérstaklega, talið að væri mikill sigur fyrir ríkisstj. og árangur í viðureigninni við verðbólguna. Í nál. segir, með leyfi forseta:

„2. minni hl. n. telur að frv. sé nauðsynlegur þáttur í baráttunni gegn verðbólgu. Undirritaðir nefndarmenn telja verðbólguna mikinn böivald í þjóðfélaginu og mæla eindregið með því að frv. verði samþykkt."

Þetta undirstrikaði áðan hv. 5. þm. Norðurl. v. sem talaði fyrir 2. minni hl. nefndarinnar.

Með hv. 5. þm. Norðurl. v. rita undir þetta nál. þm. Halldór Ásgrímsson og Guðmundur J. Guðmundsson. Það er nú eins og menn kannist fremur við annan tón í

slíkum málum hjá hv. þm. Guðmundi J. Guðmundssyni en fram kemur í þessu nál., þegar um er að ræða kjaraskerðingu þeirra, sem lægstu launin hafa, og þeirra, sem njóta bóta úr tryggingakerfinu. Menn minnast ársins 1978. — *Ég sé á nál. 3. minni hl. fjh.- og viðskn. að ýmislegt það, sem sagt var á þeim tíma, hefur þar verið upp tekið, að vísu alfarið það sem mér sýnist þeir Alþb.-menn hafa sagt. Það má vel vera og er skiljanlegt að hv. 3. minni hl. hafi einkanlega varið tíma sínum til að finna hvað Alþb.-menn sögðu á þessum tíma. Þeir hafa sjálfsagt á reiðum höndum hvað sagt var af öðrum þeim sem sýndu andstöðu við þær aðgerðir sem framkvæmdar voru á vormánuðunum 1978.*

Eins og frv. þetta var lagt fram var ekkert bitastætt í því til að draga úr þeirri kjaraskerðingu sem þar er lögð til fyrir bótaþega lífeyristrygginga, ekki einu sinni þeirra sem þurftu einvörðungu og þurfa einvörðungu að lifa af tekjutryggingunni einni saman, og sama gildir um láglaunafólk. Samkv. frv., eins og það var lagt fram, mun kaupmáttur þess skertur verulega og í líkingu við það sem hefur orðið hjá þeim sem hærri launin hafa. Þessi vinnubrögð held ég að séu einsdæmi síðustu áratugina og að svo hafi ekki verið staðið áður að lagasetningu sem þessari af hálfu ríkisstj. og Alþingi. Þrátt fyrir þessa einhliða fórn launþega og bótaþega almannatrygginga næst ekki fram meiri árangur í viðureigninni við verðbólguna en svo, að hún er metin af Þjóðhagsstofnun munu verða á þessu ári á milli 50 og 60%.

Í mjög ítarlegu nál. fulltrúa Sjálfstfl. í fjh.- og viðskn. Ed. er gerð grein fyrir sjónarmiðum sjálfstæðismanna í þessum efnum og þar eru birtar sem fskj. ýmsar þær upplýsingar sem fjh. og viðskn.-menn óskuðu eftir til þess að styrkja þá skoðun sína sem þar kemur fram og ég hef komið fram með í máli mínu. Við 2. umr. í Ed. kom yfirlýsing frá ríkisstj. varðandi þá aðila sem njóta bóta frá almannatryggingum. Þar var gerð nokkur lagfæring á þeirra málum. Í hv. Ed. höfðu tillögur sjálfstæðismanna hins vegar verið felldar. Við fulltrúar Sjálfstfl. í fjh.- og viðskn. Nd. flytjum þær í þessari hv. deild, að vísu með nokkrum breytingum. Þessar brtt., sem við flytjum óbreyttar í Nd., fela að meginstefnu í sér skattalækkun, þær fela í sér verulega hjöðnun á verðbólgunni 1. maí og síðast en ekki síst ráðstafanir til að koma í veg fyrir atvinnuleysi, sem hætta er á fyrr en varir að óbreyttri stefnu ríkisstj. í efnahags- og atvinnumálum.

Þessar brtt. okkar voru lagðar fram á sameiginlegum fundum fjh.- og viðskn. Ed og Nd. Fulltrúar stjórnarflokkanna tóku ekki undir till. okkar, ekki einu sinni varðandi bótaþega almannatrygginga, enda þótt fyrir lægi bréf frá hagstofustjóra sem gerði grein fyrir því, með hvaða hætti farið skyldi með mál þeirra, nema eins og þar segir, með leyfi forseta, „annað hafi verið ákveðið sérstaklega í viðkomandi lögum eða annars staðar". En svo skeður það, þegar 2. umr. þessa máls fer fram í hv. Ed., að ríkisstj. tekur ákvörðun um að hluti lífeyris þeirra elli- og örorkulífeyrisþega, sem njóta tekjutryggingar og heimilisuppbótar, skuli hækka um 14.6%, en allar aðrar tryggingabætur um 6%. Þar er um að ræða grunnlífeyri, barnalífeyri, mæðralaun, ekkjubætur og sjúkra- og slysadagpeninga, svo að nokkuð sé nefnt. Þessar lífeyris- og nauðþurftargreiðslur eiga samkv. brbl. ríkisstj. aðeins að hækka um 6% á sama tíma sem framfærslukostnaðurinn hækkar vegna ástandsins í landinu um 14.32% samkv. útreikingi Hagstofu Íslands. Hér er þó ekki sögð sagan öll, því að hin síðari ár hafa allir verið sammála um að fólk, sem nær einvörðungu hefði fyrir sig að leggja lífeyri úr almannatryggingum, væri verst sett í þjóðfélaginu, og þess vegna hefur þessum aðilum verið bætt upp það sem þeir hafa í misst. Það er hins vegar gripið til þess, eins og hér var sagt áðan, að hluti fengi 14.6% og það látið líta svo út í fréttatilkynningu, sem fram kom frá heilbr.- og trmrn., að allar bætur til lífeyrisþega og bótaþega frá almannatryggingum hækkuðu um 14.6%. Það er 6% hækkum hjá þeim sem hafa elli- og örorkulífeyri, en það er 10.2% hækkun hjá hinum, en ekki 14.6%. Það er vissulega sárt að horfa upp á að slíku fólki skuli ekki þyrmt þegar verið er að gera þetta, en verra er þegar menn hugsa sér að láta málin líta öðruvísi út en þau í raun og veru eru.

Ég hef nú gert að umræðuefni efni þessa frv. og hvernig að því var staðið. Ég geri að lokum grein fyrir brtt. sem við hv. 1. þm. Vestf., Matthías Bjarnason, hv. 3. þm. Reykv., Albert Guðmundsson, og ég flytjum á þskj. 498. Það eru sex brtt.

1. gr. verði umorðuð og þar ákveðið hvað við skuli taka þegar 1. maí er kominn og gert ráð fyrir að 8. og 12. gr. laga nr. 56/1978, eins og þær voru upprunalega samþykktar á Alþingi, taki gildi og þar með falli úr gildi 59. og 60 gr. laga nr. 13/1979.

Í 2. brtt. er gert ráð fyrir að skerðing verðbóta 1. mars 1981 skuli ekki ná til þeirra sem njóta bóta frá Tryggingastofnun ríkisins.

3. brtt. gerir ráð fyrir því, að áður en ríkisstj. fær heimild samkv. 7. gr., eða fyrir hinn 1. apríl, skuli hún hafa samið tillögur um niðurskurð eða lækkun rekstrarútgjalda ríkisins.

Í fjórða lagi er lagt til, að þær ráðstafanir, sem gera á í sambandi við millifærslukerfið sem upp á að taka, gerist ekki og þeir styrkir, sem þar er um talað, verði ekki með neins konar millifærslu.

Þá er í 5. brtt. gert ráð fyrir skattalækkunum, ýmist með breytingum á skattvísitölu eða öðru. Gert er ráð fyrir breytingu á vörugjaldi og síðan á söluskattsauka til þess að koma til móts við það fólk sem verður fyrir kjaraskerðingu og þá gert ráð fyrir að til skattalækkunar geti komið.

Ég sé ekki ástæðu, herra forseti, til að lengja mál mitt. Þessar brtt. eru forsenda þess sem við teljum að hægt sé að gera, en náist þær fram þurfi að taka til þar á eftir við raunverulegar ráðstafanir og glíma við það vandamál sem núv. ríkisstj. hefur ekki treyst sér til í það ár og mánuð sem hún hefur setið.

Frsm. 3. minni hl. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, er til afgreiðslu í síðari deild og til staðfestingar á brbl. sem hæstv. ríkisstj. setti á gamlársdag á s. l. ári. Eins og á hefur verið bent eru í frv. aðeins fjórir efnisþættir og er það allur árangurinn af ellefu mánaða setu núv. hæstv. ríkisstj. Þetta eru fyrstu aðgerðir af þeim sem hæstv. ríkisstj. lofaði að hrinda í framkvæmd með málefnasáttmála sínum. Þær drógust í ellefu mánuði, þessar fyrstu aðgerðir, og þegar þær komu rúmuðust þær á einu vélrituðu blaði.

Þær átta frvgr., sem eru í frv. þessu, fjalla um fjögur efnisatriði, fyrir utan gildistökuákvæði í 8. gr. Fyrsta efnisatriðið kemur fram í 1. gr. frv. og er um framlengingu á verðstöðvun sem hefur staðið lítið breytt á Íslandi s. l. 10 ár. Annað efnisatriði er í 2. og 3. gr. frv. og fjallar

um peninga- og lánamál og þá eingöngu um vaxtamál inn- og útlána. Þriðja efnisatriði frv. er í 7. gr., þar sem ríkisstj. er heimilað að fresta ótilteknum framkvæmdum samkv. samþykktum fjárlögum og ósamþykktri lánsfjáráætlun.

Það er einkar athyglisvert um þessi þrjú efnistatriði, að í umfjöllun Alþingis um þau er ekki hægt að sjá og ekki hægt að fá upplýst að þessi þrjú efnisatriði af fjórum hafi hin minnstu áhrif á verðbólguþróunina í landinu þó svo frv. sé kallað „frv. til l. um ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu". Hvorki Þjóðhagsstofnun, Seðlabanki né neinn annar aðili, sem ríkisstj. og Alþingi hafa sér til ráðuneytis treysti sér til að meta þessi þrjú efnisatriði í frv. til hinna minnstu áhrifa á verðbólguþróunina í landinu. Verðbólguáhrif þessara þriggja efnisatriða eru nákvæmlega núll. Þjóðhagsstofnun treysti sér ekki til þess að segja fyrir um að þessar aðgerðir hefðu minnstu áhrif á verðbólguna á Íslandi.

Þá er bara eitt atriði í brbl. eftir. Það er efnisatriðið í 4., 5. og 6. gr. Þær lúta að því í fáum orðum sagt að lækka öll laun í landinu um 7% frá og með 1. mars. n. k. Þetta er hin eina aðgerð af þeim fjórum sem felast í frv. sem nokkur merkjanleg áhrif hefur á verðbólguna.

Nú vita það allir og er fyrir löngu viðurkennt, að laun eru svo stór þáttur í þjóðarbúskapnum að auðvitað hefur það áhrif á verðbólguþróun hvernig launaákvarðanir verða. Ef peningalaun eru hækkuð umtalsvert í kjarasamningum án þess að nokkur raunveruleg verðmæti standi á bak við slíka hækkun peningalauna hefur hún þau einu áhrif að magna verðbólguvandann og peningalaunahækkunin hverfur á örfáum vikum eða mánuðum í auknum verðhækkunum. Þetta vita allir landsmenn þó menn séu misjafnlega fúsir á að viðurkenna það. Með því að hækka peningalaun á pappírnum án þess að innstæða sé fyrir þeirri peningalaunahækkun kemur eingöngu út aukin verðbólga. Með nákvæmlega sama hætti er auðvitað hægt að hafa áhrif á verðbólgu til skamms tíma með því að lækka peningalaun. Það eru einu aðgerðirnar til lækkunar á verðbólgu sem Íslendingar hafa kynnst og reyndar hafa verið á umliðnum árum. Einkennilegt er til þess að hugsa, að það virðist ekki skipta neinu máli hvort það er Sjálfstfl., sem er mestu ráðandi í ríkisstj. í landinu, eða Alþb. Það skiptir engu máli hvor flokkurinn það er. Það er ávallt slík aðgerð sem er reynd: Tímabundin viðnámsaðgerð gegn verðbólgu sem einvörðungu er fólgin í því að lækka laun í landinu um 7, 10 eð 12%. Við vitum af reynslunni hver árangurinn verður: Verðbólgan lækkar um stund, lækkar nokkuð á næsta vísitölutímabili, en fer síðan í vöxt aftur og eftir nokkurra mánaða bið erum við komin í sama farið.

Þetta frv. til l. um ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu felur aðeins í sér eitt atriði sem hefur áhrif á verðbólguþróunina. Það er launalækkun um 7%. Önnur efnisatriði frv. hafa þar ekki minnstu áhrif. Frv. stæði óbreytt hvað varðaði áhrif þess á verðbólguþróun í landinu þó að 1. gr., 2. gr., 3. gr. og 7. gr. yrðu felldar niður. Þó svo að þessar greinar frv. yrðu felldar niður og eftir stæði aðeins eitt efnisatriði í frv., þ. e. lækkun launa um 7% með lögum, mundi það engu breyta um áætlanir Þjóðhagsstofnunar um áhrif af þessum aðgerðum. Skyldu íslenskir launþegar ekki vera farnir að þekkja lyktina af slíkum ráðstöfunum? Skyldu Íslendingar almennt ekki vera farnir að læra af reynslunni, sjá að svona aðgerðir skila árangri á einu verðbótatímabili, en síðan er árangurinn smádvínandi eftir því sem lengra líður og innan nokkurra mánaða er allt fallið í sama farið aftur? Það er nákvæmlega þetta sem mun gerast á árinu 1981. Þessi ráðstöfun 7% lækkun á launum, felst í því að launahækkunin frá því s. l. hausti, sem ekki var innstæða fyrir og hefði því komið út í aukinni verðbólgu, er tekin aftur og verðbólgan lækkuð sem því nemur. Í septembermánuði í haust munum við svo standa í sömu sporum og við stóðum í septembermánuði á s. l. hausti. Við stöndum þá uppi með um eða yfir 50% verðbólgu. Þá eru kjarasamningar fram undan og þá hefst sami hringdansinn á nýjan leik. Þetta vita allir hér inni. Þetta höfum við í fjh.- og viðskn. fengið upplýst frá þeim sérfræðimenntuðu ráðunautum sem til okkar hafa komið, og þetta hlýtur allur almenningur að hafa á tilfinningunni. Ráðstafanir ríkisstj. eru sem sé eingöngu fólgnar í því að skapa sér ofurlítið olnbogarými um nokkurra mánaða skeið á fyrstu mánuðum ársins 1981, en þegar kemur fram yfir mitt það ár er aftur fallið í sama gamla farið.

Herra forseti. Þingflokkur Alþfl. mótaði afstöðu sína til þessa frv. grein fyrir grein þegar það var til meðferðar í Ed. Alþingis og þær brtt. voru síðan fluttar á sérstöku þskj. og gerð ítarlega grein fyrir þeim, bæði í nál við það tækifæri og eins í ræðum þm. Alþfl. í Ed. Svo að farið sé mjög fljótt yfir sögu um þessar till., sem nú eru endurfluttar, eru þær þessar:

Við 1. gr. höfum við enga brtt. að gera. Við höfum ekkert á móti því, að þeirri verðstöðvun, sem haldið hefur verið með mjög takmörkuðum árangri síðasta áratug, verði haldið áfram, en við gerum okkur ekki vonir um að það beri umtalsverðan árangur að hafa verðstöðvun á pappírnum á áttunda áratugnum, eins og allir neytendur vita. Við sjáum engu að síður ekki ástæðu til að gera brtt. við þessa grein.

Eins og ég vék að við 1. umr. málsins gengur efnisákvæði 2. gr. ekki saman við markmið 3. gr., þ. e. það getur einfaldlega ekki farið saman að auka verðtryggingu á innlánum í bönkum og lækka vexti á útlánum. Ef menn ætla að auka verðtryggingu á innlánsfé í bönkum, eins og gera á samkv. 3. gr., hljóta bankarnir að svara því með því að hækka vexti á útlánum sínum, ella gengur dæmið ekki upp í peningabúskap bankanna. 2. og 3. gr. eru því marklausar. Önnur hvor greinin hlýtur að láta undan, annaðhvort ákvæði 2. gr. um vaxtalækkun eða ákvæði 3. gr. um bættan hag sparifjáreigenda. Reynslan ein getur skorið úr um hvor greinin það verður sem lætur í minni pokann. Við þm. Alþfl. höfum þess vegna í staðinn fyrir þessar tvær greinar lagt til að inn í frv. komi sem ákvæði til bráðabirgða efnisatriði í frv. sem Kjartan Jóhannsson, formaður Alþfl., ásamt Alþfl.-mönnum í Ed. hefur flutt þar í vetur um bættan hag sparifjáreigenda og aukna aðstoð við húsbyggjendur. Þetta er 1. brtt. sem við flytjum og er flutt á þskj. 528.

Við þriðja efnisatriði brbl., sem fram kemur í 7. gr., þar sem ríkisstj. er gert heimilt að fresta framkvæmdum í samþykktum fjárlögum og í ósamþykktri lánsfjáráætlun, gerum við einnig brtt.: Í fyrsta lagi þá, að ríkisstj. verði vissulega heimilað að fresta framkvæmdum þrátt fyrir ákvæði fjárlaga, en tilgreint skuli við afgreiðsluna hvaða fjárhæðum slík framkvæmdafrestun megi nema og jafnframt hafa svo eðlileg og sjálfsögð vinnubrögð, að við ákvörðun um frestun á slíkum framkvæmdum skuli leitað til fjvn. Það þarf væntanlega ekki að rökstyðja fyrir alþm. að það eru nauðsynleg og sjálfsögð vinnubrögð.

Þar sem fjvn. fjallar um allar framkvæmdir ríkisins og leggur mikla vinnu í þetta á haustdögum og afgreiðir síðan fjárlög með slíkum framkvæmdatölum er að sjálfsögðu eðlileg krafa alþm., þegar Alþingi veitir ríkisstj. heimild til að fresta einhverjum ótilteknum framkvæmdum, að haft sé samráð við fjvn. um slíka frestun. Við leggjum fram brtt. um að svo skuli gert. — Jafnframt viljum við að heimild ríkisstj. til að fresta framkvæmdum samkv. ósamþykktri lánsfjáráætlun verði felld út úr lögunum sem við ræðum hér. Það getur vel komið til greina að veita ríkisstj. heimild til að fresta framkvæmdum samkv. lánsfjáráætlun, en slíka frestunarheimild á þá að veita við afgreiðslu lánsfjárheimildarlaga sem bíða afgreiðslu þingsins, en ekki að veita frestunarheimildina fyrst og afgreiða lögin síðar. Frestunarheimildin og afgreiðslan á lögunum, sem frestunarheimildin á við, eiga auðvitað að verða samferða í gegnum þingið.

Meginatriðið í brtt. okkar Alþfl.-manna er hins vegar við fjórða efnisatriði frv., þ. e. við það efnisatriði frv. að lækka laun með lögum um 7% 1. mars. Nú kemur það engum á óvart. Það hefur verið skoðun Alþfl. og við höfum oft haldið því fram og ekkert legið á þeirri afstöðu okkar, að við þær efnahagsaðstæður sem Íslendingar hafa búið við á umliðnum árum sé tómt mál um að tala að veruleg hækkun á launum til allra þegna samfélagsins standist, slík peningalaunahækkun verði aðeins til þess að auka á verðbólguvandann og ef menn telji óhjákvæmlegt að veita einhverja hækkun peningalauna verði slík hækkun að miðast við þá sem búa sannanlega við lökust kjör. Nú hefur það hins vegar gerst, að samið hefur verið um allverulega peningalaunahækkun, sem allir, að því er virðist, og þá ekkert síður forsvarsmenn verkalýðsfélaga en aðrir, telja að ekki hafi verið raunhæf og ýmsar aðrar aðferðir hefðu e. t. v. getað veitt raunhæfari kjarabætur en peningalaunahækkanirnar sem samið var um.

Í því sambandi vil ég minna á að sú var afstaða Alþfl. og verkalýðsforustu Alþfl. við kjarasamningagerðina í sumar og haust að leggja áherslu á að menn reyndu að ná kjarabótum með öðrum aðferðum en samningum um beinar peningalaunahækkanir. Við lögðum í þessu sambandi sérstaka áherslu á tvennt: Aðgerðir í skattamálum fyrir launafólk og aðgerðir í tryggingamálum fyrir það fólk sem ber úr býtum svo lág laun að það greiðir ekki skatta, og aðra lágtekjuhópa. Þetta var sú afstaða sem Alþfl. og verkalýðsforingjar Alþfl. hver um annan þveran höfðu við undirbúning samninganna í sumar og haust, en á þessa afstöðu var því miður ekki hlustað þá, heldur tekin sú ákvörðun af forsvarsmönnum Alþýðusambandsins og BSRB að leggja áherslu á peningalaunahækkunina, þó svo þeir mættu vita sjálfir og virðast viðurkenna nú að slíkar hækkanir skili engum árangri öðrum en aukinni verðbólgu.

En gott og vel. Menn virðast, m. a. vinur minn hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson og aðrir verkalýðsleiðtogar, vera opnari fyrir slíkum úrræðum á vetrinum 1980—1981 en þeir voru sumarið 1980, og er ekkert nema gott um það eitt út af fyrir sig að segja.

En ég legg áherslu á og vek athygli á því, að ekkert af slíku er að finna í frv. þessu til l. um ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu. Það er ekki eitt aukatekið orð um það sem ætti að koma í staðinn fyrir þessa 7% kaupmáttarskerðingu. Þar hefur Alþb., sem oft er kallað forustuflokkur ríkisstj., ekki haft fyrir því að setja svo mikið sem einn stafkrók um það sem koma eigi í staðinn fyrir þessa launalækkun. Þeir eru fyrst farnir að tala um það, þeir heiðursmenn, nú eftir að Alþingi er komið á fremsta hlunn með að afgreiða staðfestingarfrv. á þessum brbl. sem Alþb. setti ásamt öðrum stjórnarsinnum á síðasta degi hins gamla árs. Þeir höfðu ekki fyrir því við það tækifæri að beita afli sínu í ríkisstj. til að setja eitt aukatekið orð um einhverja þá aðgerð sem gæti orðið til þess að létta þessari kjaraskerðingu af fólki, ekki einu sinni því fólki sem við lægstu kjörin býr. Ráðh. Alþb. og þm. eru alltaf með munninn uppi um öryggis- og varnarmál. Þeir geta talað nógu digurbarkalega þegar rætt er um einhver mál úti í löndum eða varnarliðið á Keflavíkurflugvelli eða einhverjar framkvæmdir þar. (Gripið fram í.) Þeir þegja að vísu um hann, en í Þjóðviljanum gapa þeir engu að síður um þessi mál á hverjum einasta degi. Þar hefur maður varla annað lesið frá áramótum en einhverjar langlokur um utanríkismál. En þegar kemur að því að krefjast þess, að eitthvað sé sett inn fyrir lægst launaða fólkið, t. d. fyrir það fólk sem ekki nýtur neins nema bóta almannatryggingganna, um leið og afgreidd er 7% almenn launalækkun í landinu, sem líka tekur til þessa fólks, þá þegir Alþb. Ekki eitt einasta aukatekið orð um slíkar ráðstafanir var sett inn í brbl. ríkisstj. á s. l. ári — ekki eitt orð, ekki neitt hefur þar verið sett inn enn. Það leggst lítið fyrir kappana, hv. þm. Guðmund J. Guðmundsson og félaga hans úr Alþb., að standa að slíku.

Herra forseti. Ég á ekki von á því, að hv. þm. og félagar hans hafi verið kjörnir á Alþingi af verkafólki, t. d. hér í Reykjavík, til að standa þannig að málum, enda töluðu þeir nokkuð á annan veg fyrir síðustu kosningar en þeir tala hér.

Við Alþfl.-menn leggjum til að inn í þetta frv. komi ráðstafnir fyrir almennt launafólk og lágtekjufólk um aðgerðir annars vegar í skattamálum og hins vegar í tryggingamálum. Þessar aðgerðir voru sérstaklega skýrðar í nál í Ed. þar sem rakin voru áhrif þeirra lið fyrir lið. Þetta er til í prentuðu þskj., 454, sem allir þm. hafa séð.

Ég ætla ekki að lengja mál mitt með því að fara frekar út í þá sálma, aðeins að bæta því við, að til viðbótar þeim till., sem fluttar voru í Ed., mæli ég fyrir tillögu um að sá háttur verði tekinn upp að nýju að skattskrá verði jafnan gefin út strax eftir álagningu, en það ákvæði var fellt úr lögum og hefur ekki gilt s. l. ár. Niðurstaðan hefur orðið sú, að þó að álagningin hafi farið fram á s. l. sumri, fyrir bráðum heilu ári, hefur skattskrá enn ekki komið út og fólki enginn kostur gefist á því að skoða skattskrána, eins og gerðist áður fyrr, og reyna að gera sér raunverulega grein fyrir gjöldum sínum og sinna samanborið við útsvör, tekjuskattsgreiðslur og skattgreiðslur ýmissa annarra aðila í þjóðfélaginu. Ég tel mjög miður fara að svo langur tími líði á milli þess sem álagning fer fram og þangað til skattskrá er gefin út því að skattskráin hefur verið tæki sem hefur gefið mönnum ekki bara upplýsingar um eigin skattgreiðslu og annarra, heldur líka verkað til mikils aðhalds og til þess að setja pólitíska þrýsting m. a. á þessa stofnun til þess að fá leiðréttar ýmsar misfellur sem koma í ljós við álagningu skatta, þar sem fólkið hefur fengið að sjá það svart á hvítu hvernig við álagningu, t. d. tekjuskatts, á sér stað gróflegt misrétti í þessu þjóðfélagi og grófleg mismunun á milli einstakra þjóðfélagsþegna.

Það eru ýmis rök fyrir því að rétt sé að bíða með útgáfu skattskrár þangað til ekki aðeins álagning hefur farið

fram, heldur búið er að úrskurða um öll kæru- og vafaatriði sem upp koma, svo að sú skattskrá, sem út kemur, sé ævinlega rétt. En það nær auðvitað ekki nokkurri átt þegar reynslan er sú, að heil misseri líða frá því að álagning hefur farið fram án þess að skattskrá komi út. Þá er betra að hafa gamla lagið á þó svo því fylgi nokkrir ágallar. Þess vegna höfum við Alþfl.-menn lagt til nú í Nd. að horfið sé til hins fyrra horfs í þessu sambandi og skattskrá gefin út að álagningu lokinni. Síðan gæti að sjálfsögðu komið til greina að gefa út skattskrá í heilli mynd að nýju þegar lokið er úrskurði allra kærumála, en það er auðvitað framkvæmdamál sem er í höndum ríkisskattstjóra og fjmrh.

Ég heyri það, herra forseti, að hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson tekur úr sæti sínu undir þessar ábendingar mínar. Ég vænti þess þá að við Alþfl.-menn og flytjendur þessa máls megum eiga von á liðsinni hans þegar gengið verður til atkv. Varla getur þetta flokkast undir flokkspólitískt stórmál, heldur er aðeins ætlað að lagfæra misfellur sem menn geta orðið sammála um að séu á gildandi skattalögum.

En viðvíkjandi hv. þm. Guðmundi J. Guðmundssyni og þeim Alþb.-mönnum, herra forseti, er sú afgreiðsla, sem hér fer fram, einstaklega lærdómsrík. Alþb. leikur hlutverk kamelljónsins í íslenskri pólitík. Það skiptir um lit eftir umhverfi. Það skiptir um lit eftir því hvort það er í ríkisstj. eða utan ríkisstj. Til að sýna fram á litbrigði Alþb. hef ég — bæði í gamni og alvöru — tekið saman nokkuð óvenjulegt nál. að vísu, en ég tel að varpi talsvert miklu ljósi á þennan tvískinnung þeirra Alþb.-manna. Þetta nál. tel ég að eigi erindi inn á hvert einasta launþegaheimili í landinu og þá ekki síst til þeirra sem kosið hafa Alþb. á umliðnum árum. Ég er sannfærður um það m. a., að ýmsir fyrrv. forustumenn Alþb., þ. á m. hv. fyrrv. þm. Lúðvík Jósepsson, muni hafa bæði skemmtun, en þó nokkrar áhyggjur af því að lesa það sem í þessu nál. stendur.

Staðreyndin er nefnilega sú, að með kynslóðaskiptunum, sem orðið hafa í Alþb., hefur öllu því gamla, sem áður auðkenndi þennan flokk, verið kastað fyrir björg. Nú er það aðeins eitt sem máli skiptir og það er að halda í völdin. Svo langt ganga þessir menn um fráhvarf frá sínum algeru grundvallaratriðum, eins og þau voru áður fyrr, svo að annað dæmi sé nefnt, að formaður þingflokks Alþb., hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, prédikar það í röðum herstöðvaandstæðinga hér á Íslandi að menn megi ekki láta glepjast af framkvæmdunum, sem sé verið að ráðgera á Keflavíkurflugvelli í sambandi við styrkingu varna landsins, vegna þess að þetta sé alþjóðlegt samsæri kapítalismans til þess að hrekja Alþb. út úr ríkisstj. Auðvitað megi Alþb.-menn í ríkisstj. ekki láta undan árásum slíkra afla, heldur veita þeim viðspyrnu. Ég leyfi mér að spyrja: Hvernig á að veita þeim viðspyrnu? Auðvitað með því að láta eftir þeim, láta þá ekki komast upp með það að hrekja Alþb. út úr ríkisstj. með framkvæmdum í varnarmálum, heldur eigi Alþb. að samþykkja slíkar framkvæmdir svo að þessu samsæri hins vesturheimska kapítalisma verði hrundið. Þetta er það sem þeir Alþb.-menn í raun og sannleika halda fram og er m. a. styrkt með því að í nýlega útkomnu fréttabréfi miðstjórnar Alþb. er hinn nýkjörni formaður flokksins, hæstv. félmrh. Svavar Gestsson, að rökstyðja það sérstaklega að þessi þrjú flugskýli, sem eigi að byggja þarna á Keflavíkurflugvelli, séu engin stórframkvæmd, heldur eðlilegt viðhald. Hvað skyldu nú forverar hans í starfi segja um slíkan rökstuðning?

Þó er einn hópur manna sem ég hef sérstakar áhyggjur af í þessu sambandi og sé satt að segja eftir í þá hervæðingu hinnar nýju kynslóðar sem átt hefur sér stað í Alþb. Það er ákveðinn hópur af verkalýðsforingjum Alþb. Örlög þessara manna eru þau að vera nokkurs konar skiptimynt fyrir hina pólitísku forustu Alþb. í sameiningu um stjórnarstóla. Þegar flokkar setjast að loknum kosningum niður við borð til að semja um ríkisstj. mæta þar af hálfu Alþb. hvítflibbakommarnir á Þjóðviljanum, fyrrv. framsóknarmenn og aðrir slíkir blúndubolsar, eins og hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson kallaði þá í leiðara í Alþýðublaðinu nýverið, en aðrir menn sjást þar ekki, m. a. hvorki hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson né aðrir verkalýðsforingjar Alþb. Þeir eru víðs fjarri. Það sem þessi nýja forustukynslóð gerir, er að hún segir — að vísu undir rós: Nú geta viðsemjendur okkar valið. Ef þið takið okkur með í ríkisstj. fáið þið Guðmund J. og Ásmund og alla þessa verkalýðsforingja með. Þið fáið þá í skiptum fyrir stólana og þurfið ekki að hafa neinar áhyggjur af þeim eða hreyfingum þeirra í því sem þið munuð taka ykkur fyrir hendur. Ef þið hins vegar takið okkur ekki með og látið okkur ekki hafa ráðherrastóla munu þessir menn beita áhrifum sínum í verkalýðshreyfingunni og gera allt vitlaust í landinu. Þetta er hlutverk þessara ágætu Alþb.-manna, forustumanna Alþb. í verkalýðshreyfingunni, eins og hv. þm. Guðmundar J. Guðmundssonar sem hér situr. Það er hlutverk þeirra að vera spegilfögur skiptimynt í hrossakaupum Alþb. við aðra flokka um ráðherrastóla. Ef Alþb. fær ráðherrastól fáið þið Guðmund, ef Alþb. fær ekki ráðherrastól skuluð þið fá að finna fyrir Guðmundi. — Þetta er samningsaðstaðan hjá þeim, og hlutverk verkalýðsforingja Alþb. er síðan að fara eftir því sem þessir hvítflibbakommar og blúndubolsar skipa þeim að gera og segja: Þið eigið að tala svona fyrir kosningar og svo eigið þið að gera þveröfugt eftir kosningar.

Þetta held ég að fólki sé að verða ljóst, herra forseti. Ég held að fólki sé að verða þetta ljóst, m. a. vegna þess að það vita þetta engir betur en verkalýðsforingjar Alþb. sjálfir. Halda menn t. d. að hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson hafi flúið að gamni sínu af hólmi til Stykkishólms þegar var verið að afgreiða tekjuskattsálagningu á launamenn fyrir nokkrum mánuðum? Halda menn að hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson hafi gert það að gamni sínum að bregða sér af bæ og setjast á þing Sameinuðu þjóðanna þegar verið var að afgreiða skattlagningu á sælgæti og gosdrykki sem leiddi til fjöldauppsagna í sælgætis- og gosdrykkjaiðnaði hér í Reykjavík? Það er ekki að gamni sínu sem menn hlaupa svona af bæ, nýkjörnir þm. Nei, það var út af því, herra forseti, að þessum mönnum líður illa í því helsi sem búið er að hneppa þá í af blúndubolsunum í Alþb., hinni nýju valdasveit. Það þarf ekki annað, herra forseti, en líta til míns ágæta vinar, hv. þm. Guðmundar J. Guðmundssonar, í sæti sínu þarna til að sjá hversu illa honum líður.

Þessi tvískinnungur Alþb. kemur m. a. mjög glöggt í ljós ef menn bera saman það, sem Alþb. sagði í blaði sínu 1978, og það, sem Alþb. segir í blaði sínu Þjóðviljanum — eða segir reyndar ekki — árið 1981.

Árið 1978 stóð þannig á, að 22. júní sumarið áður og 25. okt. um haustið voru undirritaðir kjarasamningar við Alþýðusambandið og Bandalag starfsmanna ríkis og

bæja sem þáv. ráðh. ýmist undirrituðu eða áttu mikinn þátt í .Þegar komið var fram í febr. 1978 og nokkrir mánuðir liðnir frá því að þessir samningar voru undirritaðir afnám þáv. ríkisstj. samningsákvæði með lögum. Núna standa mál þannig, að 20. ágúst í haust og 27. okt í haust var nákvæmlega sams konar kjarasamningur gerður við Alþýðusamband Íslands og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og hæstv. fjmrh. ríkisstj., Ragnar Arnalds, undirritaði annan þennan samning eigin hendi. Aðeins örfáum vikum síðar rauf hæstv. ríkisstj. þetta samkomulag með brbl. Menn geta deilt um hvort brbl. ríkisstj. núna séu verri eða betri en lög Geirs Hallgrímssonar 1978, menn geta haft sína skoðun á því að þessi lög, sem nú eru sett, séu eitthvað skárri en aðgerðirnar 1978, en eðlið er hið sama. Kjarasamningum, sem menn hafa gert og ráðherrar sjálfir undirritað, er rift með lagaboði, með valdboði, nokkrum vikum seinna og ákveðið með lögum hvernig eigi að greiða laun í landinu. Það skiptir engu máli í þessu sambandi þó að menn deili um að önnur lagasetningin sé verri en hin eða segi að önnur lagasetningin sé hinni skárri. Það er stigsmunur, en ekki eðlismunur. Rift er með valdboði löglega gerðum kjarasamningum og ákveðið með valdboði hvað greiða skuli í laun. Það er mergurinn málsins, en ekki hvort síðari lögin séu verri eða betri.

Hvernig brást Alþb. við þessu 1978 og hvernig bregst það við þessu nú í ár, 1981? Það er eins og að skoða svart og hvítt að bera þetta tvennt saman. Það er eins og að skoða kamelljónið fyrir og eftir litbrigðin. Til gamans hef ég tekið saman í þessu litla nál. nokkrar ívitnanir í Þjóðviljann fyrir og eftir.

Alþb. kvaddi, strax og fréttist um slík áform ríkisstj., verkalýðsmálaráð sitt — 200 manna ráð — saman til fundar 1978. Mér er ekki kunnugt um að slíkt ráð hafi komið saman í ár. Þjóðviljinn réðst á þáv. stjórnvöld fyrir gróf svik, grófustu svik á gerðum samningum og ósvífna árás 1978. 1981 kemur einn „svikarinn" fram í Þjóðviljanum og segir: Ég færi ykkur aðeins slétt skipti. Ég ætla mér að ákveða með lögum hvaða laun þið eigið að fá. Þið eigið eftir seinna á árinu að fá sitthvað frá mér í staðinn.

1978 sagði þáv. ritstjóri Þjóðviljans, núv. formaður Alþb., svo í blaði sínu um þau áform ríkisstj. að ógilda kjarasamninga verkafólks með lögum: „Alþingi götunnar þarf að sýna hrokagikkjum valdsins við Austurvöll hver það er sem ræður." Þetta sagði þáv. ritstjóri Þjóðviljans, Svavar Gestsson: „Alþingi götunnar þarf nú að sýna hrokagikkjum valdsins hér við Austurvöll hver það er sem ræður."

Hvað gerir sami maður núna? Nú er hann kominn hingað inn í þetta hús. Nú er hann orðinn einn af þessum „hrokagikkjum valdsins" og ekki bara alþm., heldur ráðh. Hvað gerir hann? Hann setur brbl. um að afnema gerða kjarasamninga með valdboði og ákveða mönnum í þessu landi laun með valdboði, og hann spyr hvorki Alþingi Íslendinga né „Alþingi götunnar" um gerðir sínar. Slík eru nú litbrigði kamelljónsins.

Sami maður sagði í leiðara Þjóðviljans 12. febr. 1978 um ríkisstj. sem þannig hegðaði sér, með leyfi hæstv. forseta:

„Burt með ríkisstj.! Burt með ráðherra sem svíkja í dag þá samninga, sem þeir gerðu í gær um kaup verkafólks! Burt með þá valdsmenn úr stjórnarráðinu og Alþingi sem nota sitt pólitíska vald til þess að níða niður umsamin lífskjör venjulegs daglaunafólks."

Eru ekki ráðh. á Íslandi í dag? Hafa þeir ekki svikið samninga sem þeir gerðu fyrir nokkrum mánuðum við starfsmenn ríkisins? Hafa þeir ekki notað sitt pólitíska vald til að svipta m. a. verkamennina hans Guðmundar J. Guðmundssonar í Dagsbrún yfir 8000 kr. á viku? Jú, það hafa þeir gert. Og hvað segir Þjóðviljinn við því? Þjóðviljinn segir: Ég er ráðherrahollt blað. Ég tek ekki þátt í neinni gagnrýni á núv. ríkisstj. af því að ég er svo ráðherrahollur.

Þjóðviljinn var ekki aldeilis ráðherrahollur 1978. Af hverju er hann svona ráðherrahollur í dag? Jú, vegna þess að maðurinn, sem skrifaði leiðarann 1978 um „Alþingi götunnar" og „Burt með ríkisstj.", er sjálfur orðinn ráðh.

Hvernig hefur þáttur þess eina þm. af ellefu í röðum Alþb., sem er í forsvari fyrir launafólk innan Alþýðusambands Íslands, verið? Af þessum ellefu þm. Alþb. er aðeins einn sem menn hafa séð ástæðu til að taka úr hópi þessa fólks. Hinir eru ýmist blúndubolsar eða hvítflibbakommar af Þjóðviljanum eða þá hlaupadrengir frá Framsfl. En hvert skyldi nú vera hlutverk þessa eina, síðasta móhíkanans í þingflokki Alþb.? Jú, hlutverk hans er að tala með rödd Jakobs þó að hendurnar séu Esaús. Hlutverk hans er að prédika sem forsvarsmaður alþýðusamtakanna í landinu eins og hann sé að tala með rödd óhlutdrægs launþegaforingja, en í raun réttri er það hans hlutverk fyrst og fremst að tala þar og sitja þar sem Alþb.-maður, flytja þar mál Alþb. og tala eins og hvítflibbakommarnir, flokkaflækingarnir og blúndubolsarnir segja honum að tala. Það er hans hlutverk. Hans hlutverk er að tala með rödd Jakobs þó að hann taki á launafólkinu með höndum Esaús.

Og að hugsa sér, herra forseti, einhvern tíma hefðu það þótt tíðindi að ekki er finnanlegt eitt einasta aukatekið orð, hvorki eftir þennan þm. né eftir þessum þm. haft í Þjóðviljanum, um kjaraskerðingaráform ríkisstj. 1981. Þessi hv. þm. var svo málglaður 1978 að varla mátti opna Þjóðviljann öðruvísi en að horfa á eitthvað eftir honum haft eða frá honum komið. Hann segir ekkert í Þjóðviljanum í janúar, hann segir ekkert í Þjóðviljanum í febrúar og hann segir ekkert í Þjóðviljanum í mars á árinu 1981 — ekki eitt aukatekið orð. Svo langt var gengið 1978 að þegar þáv. formaður Verkamannasambands Íslands, sem enn er formaður Verkamannasambandsins, heyrði á skotspónum að þáv. ríkisstj. kynni að vera að brugga einhver launráð um að rifta þeim samningum sem hún hafði gert, m. a. við starfsfólk ríkisins, taldi hann ástæðu til að kalla framkvæmdastjórn Verkamannasambands Íslands saman til fundar og ályktaði um málið. 1981 er hann innsti koppur í búri ríkisstj. og hefur allra manna fyrstur í verkalýðshreyfingunni vitað um að slíkar aðgerðir væru á döfinni, en hann sér enga ástæðu til að kalla framkvæmdastjórn Verkamannasambands Íslands saman til fundar fyrr en 5. febr., þegar meira en heill mánuður var liðinn frá því að brbl. um samningsrofið voru sett. Og hvað skyldi nú framkvæmdastjórn Verkamannasambands Íslands hafa rætt á þessum fundi? — Dagskráin er að sjálfsögðu ákveðin af formanninum. — Hver skyldi nú dagskrá fundarins hafa verið? Skyldi nú ekki hafa verið búið að undirbúa ályktun og afstöðu Verkamannasambands Íslands til þessara brbl. á öllum þessum tíma? Nei, ekki eitt einasta orð. Málið var ekki á dagskrá. Málið var ekki tekið fyrir þegar framkvæmdastjórn Verkamannasam-

bands Íslands kom saman til fundar 5. febr. 1981. Auðvitað getur formaður bætt fyrir slík mistök og gleymsku. Hann hefði getað það þegar hann kallaði framkvæmdastjórn Verkamannasambands Íslands saman til fundar á ný skömmu síðar eða 18. febr. En þá var málið ekki heldur á dagskrá. Og þegar framkvæmdastjórn Verkamannasambands Íslands kom saman til fundar 3. mars var ekki heldur rætt um málið. Verkamannasamband Íslands hefur enga skoðun á þessum aðgerðum ríkisstj. árið 1981. Þetta afl íslenskra launamanna, sem tók forustu í andófinu árið 1978, er skoðanalaust árið 1981. Og hvers vegna skyldi það vera? Skýringin er bara ein. Skýringin er sú, að þeir hæstv. ráðherrar Svavar Gestsson, Ragnar Arnalds og Hjörleifur Guttormsson eru í ríkisstj., en ekki stjórnarandstöðu. Þess vegna hefur Verkamannasamband Íslands ekki skoðun á brbl. um að rifta launasamningum launafólks.

Það var dálítið gaman að rekast á tilvitnun í fræga ræðu hv. þm. Guðmundar J. Guðmundssonar frá útifundi 1. maí 1978. Þar sagði hann orðrétt, herra forseti:

„Í hugum alþýðufólks eru samningar skuldbindandi. Almennt alþýðufólk lítur á samning þannig að honum megi ekki rifta eða hlaupast frá. Það kemst ekki upp með að greiða ekki skatta sína og skyldur né neita að greiða af íbúðum sínum eða öðru sem það festir kaup á. En stjórnvöld hafa á þessu aðrar skoðanir, enda kemur spillingin ætíð ofan frá."

Ég man meira að segja eftir áherslunum sem hv. núv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson lagði á þessi orð sín 1. maí 1978. En hvaðan kemur spillingin nú, herra forseti? Kemur hún nú að neðan kannske? Er nú spillingin kannske komin í grasræturnar? Hvernig stendur á því að hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson endurtekur nú ekki þessa 1. maí-ræðu sína aftur? Kannske væri hægt að fá hv. þm. til þess að fara á 1. maí-fund í Stykkishólmi eða jafnvel í Flatey, þar sem bara eru fjórir íbúar, eins og hv. þm. tók fram, og er nú ekki á mikið hætt þó að hv. þm. leyfði sér að hafa skoðun þar. Hvernig væri að hv. þm. héldi 1. maí-ræðu í Flatey? Honum væri sennilega óhætt að segja þar að spillingin kæmi ofan frá. Þaðan kemur hún ekki lengur, — ekki eftir að Alþb. er komið í ríkisstj. En hvaðan kemur spillingin þá?

Hv. þm. flutti í upphafi ræðu sinnar 1. maí 1978 mjög athyglisverða tilvitnun í Íslandsklukkuna, þar sem hann sagði frá samtali tveggja brotamanna við Jón Hreggviðsson í þrælakistunni á Bessastöðum, og sat þar annar inni, Ásbjörn Jóakimsson, — mig minnir að ég fari rétt með nafn hans — fyrir að neita að ferja kóngsins mann yfir Skerjafjörð. Hv. þm. sagði í 1. maí-ræðu sinni 1978 við íslenska launþega: Hví megið þið ekki ferja kóngsins mann yfir Skerjafjörð. Nú megið þið ekki veita þessari ríkisstj., sem spillingin kemur frá, atbeina til eins eða neins, jafnvel ekki rétta henni hönd eins og drukknandi manni. — En hver er nú orðinn ferjumaður hvers? Hvenær ferjar maður mann og hvenær ferjar maður ekki mann? Ég sé nú ekki betur en hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson sé orðinn ferjumaður ríkisstj. og ráði ansi miklu sem slíkur, því að hv. ferjumaður ríkisstj. ræður því, hvort þetta frv. hér kemst yfir ána eða ekki. Ef hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson greiddi atkv. gegn staðfestingu brbl. um afnám samninga með valdboði mundi það mál ekki komast yfir fjörðinn, þá mundi það sökkva á miðri leið. Hv. ferjumaður er þá farinn að ráða svona miklu. Það verður gaman að sjá þegar atkvæði falla hér að lokum eftir þessa umr. hvort hv. þm. ætlar að ferja ríkisstj. með þessu föruneyti yfir fjörðinn eða hvort hann ætlar að láta fyrir sér fara eins og Ásbirni Jóakimssyni að láta loka sig niðri í þrælakistu. Það yrði ekki á Bessastöðum, en það mætti sjálfsagt finna einhverja slíka kistu í innviðum Alþb. fyrir hv. þm. og nokkuð öruggt að þar fyndist blúndubolsi sem mundi vilja nota lykil sinn til að loka þeirri kistu kirfilega á eftir hv. þm.

Hv. þm. sagði í sömu ræðu, með leyfi forseta: „Lítum aðeins nánar á siðferðið í þessum ráðstöfunum" — þ. e. að ógilda kjarasamninga launafólks með valdboði, — „Ráðherrar og aðrir æðstu valdsmenn fá milli 40 og 50 þús. kr. hækkun í verðlagsbætur fyrir marsmánuð. Almennt fólk fær 6—7 þús. kr."

Hvað um siðferðið? spyr hv. þm. En hvað fá ráðherrar nú miklar verðlagsbætur fyrir marsmánuð? Hvað fær láglaunafólkið miklar verðlagsbætur fyrir sama mánuð? Eru einhverjar breytingar á þessu gerðar við afgreiðslu brbl. ríkisstj.? Nei. Hvað þá um siðferðið, hv. þm.? (**GJG:** Það er nú ekki vel gott enn þá.)

Það er ósköp eðlilegt að mottóið hafi verið valið slíkt við lok þessa kafla sem það er valið: „Röddin er rödd Jakobs, en hendurnar eru hendur Esaús." Það er nákvæmlega þetta sem menn eru að sjá, sem óbreytt launafólk er að horfast í augu við nú á þessum dögum. Er lærdómsríkt fyrir þetta fólk og vel þess virði að hafa svona ríkisstj. um nokkurt skeið í landinu ef fólk verður almennt vart við það og sér það, horfist í augu við þá staðreynd að hjá verkalýðsforingjum Alþb. má vera að reynt sé að láta röddina hljóma sem rödd Jakobs, en hendurnar á þeim eru hendur Esaús, hendur flokksins. Þeir tala eins og flokkurinn fyrirskipar, gera eins og flokkurinn segir. Þeir taka þátt í litbrigðum kamelljónsins, láta blúndubolsana segja sér fyrir verkum, láta þá koma til samstarfsaðila Alþb., sem eru að semja við þennan flokk um samstarf í ríkisstj., og segja: Ef þið látið okkur hafa ráðherrastól skuluð þið fá Guðmund J., Ásmund og Guðjón og þessa menn. Þá verða þeir til friðs. Takið þið okkur ekki með skuluð þið fá að kenna á þessum sömu mönnum. — Þetta er ekkert leyndarmál, vegna þess að samstarfsaðilar Alþb. í núv. ríkisstj., bæði hæstv. forsrh. og fylgismenn hans og ekki síður framsóknarmenn, lýsa því við hvern sem heyra vill að ástæðan fyrir því, að Alþb. var valið sem samstarfsaðili, sé sú ein að það bauð þessa verkalýðsforingja í skiptum, en þessir verkalýðsforingjar Alþb. séu svo miklir flokksmenn að þeir láti blúndubolsana segja sér fyrir verkum.

Halda menn, herra forseti, að það sé að ástæðulausu að Félag bókagerðarmanna hefur ekki viljað taka þátt í þessum skrípaleik lengur? Haldið þið að það sé að ástæðulausu að ekki heyrist lengur í Alþýðusambandinu frekar en það sé ekki til? Haldið þið að það sé að ástæðulausu að nú fyrst, í fyrsta skipti um langt skeið, má heita að það sé engin forusta til í Alþýðusambandinu, í fyrsta skipti um langt árabil sem forusta Alþýðusambandas Íslands þorir ekki að hafa skoðun? Það er ekki að ástæðulausu. Það er búið að selja þessa menn mannsali. Þeir hafa verið seldir og keyptir og afhendingin hefur farið fram, meira að segja verið kvittað fyrir opinberlega. Þetta vita auðvitað allir aðilar í Alþýðusambandinu. Halda menn að launafólkið í landinu finni ekki fyrir því að Alþýðusamband Íslands er forustulaust? Halda menn að launafólkið í landinu verði ekki vart við að forusta Alþýðusambandsins hefur enga skoðun? Haldið þið að

launafólkið í landinu finni ekki fyrir því að forusta Alþýðusambandsins víkur sér ávallt undan að svara spurningum beint ef til forustunnar er beint spurningum varðandi launakjör fólksins og aðgerðir ríkisvaldins til að eyðileggja samninga sem gerðir hafa verið með réttum aðferðum milli hinna frjálsu aðila vinnumarkaðarins og milli BSRB og ASÍ? Þetta eru bara fyrstu merkin, herra forseti, þegar stór aðildarsamtök að þessum fyrrum svo voldugu samtökum taka sig saman og neita að halda aðildinni áfram. Það hljóta forustumenn þessara samtaka að vita. Þeir hljóta að gera sér grein fyrir fyrirboðanum sem í því felst. En auðvitað heldur slík þróun áfram svo lengi sem menn reyna að tala með rödd Jakobs, en láta fyrirskipa sér að taka á sínu fólki með höndum Esaús.

Það verð ég að segja að mikill munur var á viðbrögðum Alþýðusambands Íslands og íslenskrar launþegaforustu, á meðan Björns Jónssonar naut á þeim vettvangi, frá því sem nú er. Það var tvennt ólíkt að sjá viðbrögð ASÍ-forustunnar 1978 eða 1981, þar sem á aðra hlið var skoðun, en á hina hlið skoðanaleysi. Það er ekki út í hött sem hv. þm. Guðmundur J. Guðmundssonar kinkar kolli við þeim ummælum.

Herra forseti. Þegar ég var að blaða í gömlum Þjóðvilja, frá 1978, sá ég tvennt sem vakti athygli mína. Annars vegar árásir blaðsins á þáv. ríkisstj. og hins vegar árásir blaðsins á Alþfl. Ég hef rakið hér með nokkrum orðum árásir blaðsins á ríkisstj., en ekki minnst á árásir blaðsins á Alþfl. Og fyrir hvað skyldu þeir Alþb.-menn og Þjóðviljinn 1978 hafa ráðist á Alþfl.? Fyrir að neita að taka þátt í þeirri grímulausu sjálfsblekkingu sem þeir Alþb.-menn og Þjóðviljamenn viðhöfðu á þeim mánuðum, fyrir að neita að taka undir þau skýlausu loforð, að ef stjórnarandstöðunni yrðu greidd atkv. mundi hún tafarlaust leiða samningana í gildi, fyrir að neita að taka þátt í ólöglegum verkföllum, fyrir að neita að taka þátt í útflutningsbanni o. s. frv., o. s. frv. Annar hvor leiðari Þjóðviljans var árás á þáv. ríkisstj., annar hvor leiðari Þjóðviljans árás á Alþfl. og einstaka Alþfl.-menn með slíkum ásökunum. Það eru margir leiðarar Þjóðviljans, sem ég get lesið upp fyrir menn, með slíkum árásum á núv. þm. Alþfl., eins og hv. þm. Karl Steinar Guðnason og hv. þm. Vilmund Gylfason og fleiri, fyrir að neita að taka undir þennan söng sem Alþb. ástundaði þá um samningana í gildi og þau skýlausu loforð sem þá voru gefin.

Þjóðviljinn sagði 8. júní 1978 að einasta leiðin til að stöðva áform hinna svokölluðu kaupránsafla væri að kjósa Alþb.-menn á þing. Guðmundur J. Guðmundsson sagði í Þjóðviljanum 13. júní að kjörseðillinn væri vopn í kjarabaráttu, með því að greiða Alþb. atkv. sitt fengju menn samningana á ný. „Atkv. greitt Alþb. skilar tafarlausum árangri," sagði Þjóðviljinn þriðjudaginn 20. júní. „Sigur fyrir Alþb. tryggir samningana í gildi á ný," sagði Guðmundur J. Guðmundsson í Þjóðviljanum 23. júní. „Vinni Alþb. kosningasigur er kaupránsmúr stjórnarflokkanna hruninn," sagði Þjóðviljinn 25. júní 1978. Og kosningadag sagði Svavar Gestsson í Þjóðviljanum: „Vonandi mun enginn iðrast þess í fyrramálið hvernig hann greiddi atkv. í dag." Skyldu menn hafa iðrast þess, sem greiddu Alþb. og þm. þess árið 1978 atkv. sitt út á þessi skýlausu loforð, hvernig þeir þá létu atkv. falla?

Í Þjóðviljanum 28. febr. 1978 birtist fræg forustugrein undir nafninu: „Ætlar þú að vinna kauplaust í 5—6 vikur fyrir Geir?" Var þar rætt um Geir Hallgrímsson, þáv. hæstv. forsrh. Í þessari forustugrein voru leiddar líkur að því, að kaupránslög þáv. ríkisstj. mundu hafa af mönnum laun í 5—6 vikur. Þá skorti ekki aldeilis á að Alþýðusamband Íslands eða miðstjórn þess léti frá sér fara alls konar útreikninga, fréttatilkynningar og línurit sem sýndu fram á hvað kaupmáttarskerðingin yrði mikil þá. En hvar eru nú fréttatilkynningarnar? Hvar eru nú línuritin? Hvar eru nú töflurnar? Hvar er nú sá hinn talnafróði maður sem stýrði þessu verki fyrir Alþýðusambandið 1978?

En hvað hefur gerst? Skilaði atkv. greitt Alþb. tafarlausum árangri? Voru samningarnir leiddir í gildi eins og lofað var? Við skulum aðeins athuga málið.

Maður, sem tekur laun samkv. 3. taxta Verkamannafélagsins Dagsbrúnar eftir 4 ár, en 3. taxti Dagsbrúnar er fjölmennasti taxti þess félags, þar eru m. a. hafnarverkamenn og fiskverkafólk, fékk með „sólstöðusamningunum" tryggt kaup fyrir 40 stunda dagvinnu sem 1. júlí 1977 nam 97 059 kr. á mánuði. 1. 12. 1978, þegar atkv. greitt Alþb. hafði skilað þeim tafarlausa árangri að Alþb. komst í ríkisstj. og Guðmundur J. Guðmundsson á Alþing, fékk þessi maður á mánuði í laun 164 247 kr. Hann hefði átt að fá samkv. „Sólstöðusamningunum" 172 001 kr. Vangreiddar voru þessum manni 7754 kr. á mánuði. Í árslok 1979, 1. 12., átti þessi verkamaður hjá Dagsbrún að fá á mánuði 270 248 kr., en fékk bara 248 991 kr. Vangreiddar voru þessum manni þá á mánuði 21 254 kr. 1. des. s. l. hefði þessi maður átt að fá, ef „Sólstöðusamningarnir" hefðu gilt, 441 718 kr. á mánuði, en fékk aðeins greiddar 388 013 kr. á mánuði. Voru honum þá vangreiddar 53 705 kr. á hverjum einasta mánuði. 1. 3. s. l. hefði þessi maður átt að fá 498 935 kr. á mánuði, en fékk aðeins 411 100 kr. og vantaði þá upp á kaupið hans, svo að staðið yrði við loforð Alþb., 87 835 kr. á mánuði. Samtals á þessi maður, sem vinnur á 3. taxta Dagsbrúnar eftir 4 ár, vinnur aðeins dagvinnu, vinnur enga eftirvinnu, kröfu á þá, sem lofuðu honum samningunum í gildi, sem í dag nemur 736 003 kr. sléttum.

Nú spyr ég, herra forseti: Hvert á þessi maður að senda reikninginn? Þennan mann vantar 736 þús. kr. upp á kaupið sitt, — við skulum setja sem svo að hann gefi 3 kr. eftir. Hvert á hann að senda reikninginn? Á hann að senda reikninginn til formanns Alþb., hæstv. félmrh. Svavars Gestssonar? Á hann að senda reikninginn til formanns Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, formanns Verkamannasambands Íslands, hv. þm. Guðmundar J. Guðmundssonar? Er nú enginn sem vill fylgja þessum reikningi eftir fyrir Jón Jónsson hafnarverkamann? Það eru ekki góðar vonir sem Jóni Jónssyni eru gefnar því að 1. mars s. l. gengu í gildi brbl., samþykkt og út gefin af ríkisstj. með þessu sama Alþb. í og studd af þessum sömu Alþb.-mönnum, Svavari Gestssyni og verkalýðsforingjanum Guðmundi J. Guðmundssyni. 1. mars s. l. gengu í gildi ný skerðingarákvæði sem höfðu af verkamanni hjá Dagsbrún, sem aðeins hefur dagvinnu til að framfleyta sér á, 27 172 kr. á mánuði til viðbótar þessari kjaraskerðingu. Á næsta vísitölutímabili hefur þessi verkamaður hjá Dagsbrún orðið af röskum 81 þús. kr., sem hann hefði átt að fá ef Alþb. hefði ekki tekið þátt í að setja brbl. á gamlársdag s. l. Þessar 81 þús. kr. á þremur mánuðum nema því að Jón Jónsson hafnarverkamaður í félagi hv. þm. Guðmundar J. Guðmundssonar sé látinn

vinna 6 daga launalaust fyrir Alþb. og ríkisstj. á því tímabili. Áður hafði þessi sami maður unnið 54 daga launalaust, ef miðað er við loforðið sem hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson og flokksbræður hans í Alþb. gáfu um samningana í gildi. Samtals getur þessi maður því skrifað sig fyrir yfir 60 launalausum dögum fyrir Alþb. — Og hver vill nú vinna kauplaust 5—6 vikur fyrir Geir?

Herra forseti. Þetta kalla þeir Alþb.-menn slétt skipti. Á hverju er þarna um slétt skipti að ræða? Hvað er það sem verkamaðurinn í Dagsbrún hefur fengið fyrir að vinna 54 daga launalaust frá 1. des. 1978? Jú, hann hefur fengið þrjá Alþb.-ráðh. í skiptum. Og hvað fær Dagsbrúnarverkamaðurinn nú í skiptum fyrir að bæta 6 launalausum dögum við frá 1. mars s. l., næsta þriggja mánaða tímabil? Hvað fær hann fyrir þau skipti? Jú, hann fær að hafa þessa þrjá hvítflibbaráðherra og blúndubolsa Alþb. í ráðherrastólum í þrjá mánuði áfram. Þetta kalla þeir Alþb.-menn slétt skipti: á þremur ráðherrastólum og 54 plús 6 launalausum dögum hjá hafnarverkamanni í Reykjavík. Ef eitthvert dæmi skortir enn til að staðfesta litbrigði kamelljónsins held ég að það sé þetta. Og það er von að forusta Alþýðusambandsins hafi ekki á málinu neina skoðun.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 64. fundur.

Þriðjudaginn 24. mars, kl. 2½ miðdegis.

Samráð stjórnvalda við samtök launafólks og atvinnurekenda, fsp. (þskj. 391). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal): Herra forseti. Það vekur nú athygli mína að hlaupið er fram hjá fyrstu þrem dagskrármálunum, en mér skildist að áhersla hefði verið lögð á það í síðasta fsp.-tíma að reynt yrði að halda sig við prentaða dagskrá. — Annars vil ég segja það út af þeim ummælum, sem hæstv. forsrh. viðhafði þá, að hingað til hefur það verið athugasemdalaust af þm. ef maður hefur veikindaleyfi, og hingað til hefur ekki heldur verið amast við því, þó að maður fylgdi gömlum samstarfsmönnum sínum til grafar eða væri veðurtepptur norður á Akureyri og hefði fjarvistarleyfi.

Í síðasta fsp.-tíma vildi svo til að ég misskildi ummæli hæstv. forseta á þann veg, að mín mál kæmust ekki á dagskrá þann dag. Af þeim sökum var ég eki viðbúinn því að mæla fyrir þeirri fsp. sem hér er, enda orðinn þreyttur á því að hafa með mér tilskilin plögg og geta ekki mælt fyrir fsp. hér í hv. deild.

Það er afskaplega eðlilegt að þessi fsp. skuli fram komin. Við minnumst þess, að á s. l. ári hafði hæstv. ríkisstj. frumkvæði að því að semja um grunnkaupshækkanir til handa opinberum starfsmönnum, og við minnumst þess einnig, að þegar ríkisstj. var mynduð voru engin orð látin falla á þá lund, að efnahagskerfið þyldi ekki grunnkaupshækkanir handa launþegum. Ef ræður hæstv. forsrh. eru skoðaðar, eftir að almennir kjarasamningar voru gerðir á síðasta ári, kemur enn fremur í ljós að hann taldi að í þeim samningum, sem gerðir voru við opinbera starfsmenn, fælust engin þau ákvæði er hefðu í för með sér aukna verðbólgu fyrir launafólk í landinu. Og við minnumst þess enn fremur, að eftir að framfærsluvísitalan hafði verið reiknuð út hinn 1. nóv. s. l., um svipað leyti og Þjóðhagsstofnun sendi frá sér lauslega áætlun um breytingar verðlags og launa og kaupmáttar á árinu 1981, sendi forsrn. frá sér fréttatilkynningu þess efnis, að verðbólga færi nú mjög hjaðnandi í landinu.

Ég man eftir því á þessum dögum, að ýmsir menn nátengdir verkalýðshreyfingunni hér á Alþingi — og raunar einnig í blöðum — höfðu við orð að lítið samráð hefði verið haft um efnahagsráðstafanir sem boðaðar voru. Og mér er kunnugt um það, að ekkert samráð var haft varðandi brbl. 31. des. við Alþýðusamband Íslands sem slíkt og ekki heldur fyrir þann tíma. Ég veit ekki hvort eitthvað hefur verið talað við einstaka menn um það, en við Alþýðusamband Íslands sem slíkt og við Verkamannasamband Íslands sem slíkt var áreiðanlega ekkert samráð haft. Og eftir þeim ummælum, sem Kristján Thorlacius, formaður BSRB, hefur viðhaft varðandi þessi mál, held ég að ljóst sé að við hann var ekki heldur samráð haft um þær efnahagsráðstafanir.

Ólafslög svonefnd eru nr. 13 10. apríl 1979 og fjalla um stjórn efnahagsmála. Þar segir í II. kafla, 3. gr.: „Efla skal reglubundið samráð og samstarf stjórnvalda og launafólks, sjómanna, bænda og atvinnurekenda í efnahags- og kjaramálum.“ Í 4. gr. segir, með leyfi hæstv. forseta: „Þátttakendur í samráði samkv. 3. gr. skulu vera fulltrúar launafólks, sjómanna, bænda og atvinnurekenda og opinberra aðila. Samráðsfundi má halda bæði með fulltrúum einstakra samtaka og fulltrúum ríkisstj. og öllum samráðsaðilum í senn. Skipa skal starfshópa til að vinna að einstökum málaflokkum á vegum ríkisstj.“ Í 5. gr. er síðan þetta samráð nánar útfært.

Fsp. mín til forsrh. liggur fyrir á þskj. 391 um samráð stjórnvalda við samtök launafólks, sjómanna, bænda og atvinnurekenda. Þar sem tími minn er búinn skal ég ekki endurtaka hana eða hafa efni hennar eftir hér, en ég vil að lokum segja vegna hinnar óvæntu uppákomu hæstv. forsrh. s. l. þriðjudag:

> Óvænt margur upphefð fær
> er fer nær um geðhrif þín.
> Gunnar, veistu vel mig slær
> ef verð ég fjær þú saknar mín.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Það er ekki rétt skilið hjá hv. fyrirspyrjanda að ég hafi deilt á hann á þriðjudaginn var hér í Sþ., hvað þá að ég hafi saknað hans. Hitt er rétt, að þar sem ég hafði hugsað mér og nefnt það við hæstv. forseta Sþ. í nokkur skipti í fsp.-tíma hér, að ég væri tilbúinn til að svara fsp. hv. þm., og óskaði eftir því, en það hafði ekki getað orðið í ein þrjú eða fjögur skipti vegna fjarveru eða forfalla hv. þm., þá vildi ég að þetta lægi fyrir, því að eftir fyrri ræðuhöldum og þekktu hugarfari hv. þm. mátti búast við að hann mundi fyrr eða síðar deila á mig fyrir að vera ekki búinn að svara fsp. Þess vegna vildi ég að þetta lægi fyrir, en í þessu fólust engar ádeilur á hv. þm.

Út af fsp. vil ég taka þetta fram:

Með lögum nr. 13 frá 10. apríl 1979 voru sett ákvæði um samráð stjórnvalda við samtök launafólks, sjó-

manna, bænda og atvinnurekenda. Í 5. gr. laganna segir að verkefni samráðs þessa skuli vera:

„1. Að ræða meginþætti í efnahagsmálum og helstu efnahagsmarkmið ríkisstj. frá ári til árs og til lengri tíma, í því skyni að leggja grundvöll að samræmdum ákvörðunum á sviði opinberra fjármála, peninga- og lánamála, lífeyrismála og verðlagseftirlits af opinberri hálfu, og á sviði kjaramála af hálfu aðila vinnumarkaðarins.

2. Að fjalla um þjóðhags-, fjárfestingar- og lánsfjáráætlanir, tekjustefnu og forsendur þeirra.

3. Að fjalla um önnur þau atriði sem horfa til framfara á sviði atvinnu-, verðlags-, kjara- og launamála og efnahagsmála almennt."

Þetta er meginefni laganna hvað samráð varðar. En um það eru nánari ákvæði í reglugerð. Þar segir m. a. að í okt. ár hvert skuli forsrh. kalla samráðsaðila til sameiginlegs fundar og leggja fyrir þá þjóðhagsáætlun til kynningar og umfjöllunar.

Lögin gengu í gildi 10. apríl 1979. Þegar núv. stjórn tók til starfa 8. febr. 1980 hafði reglugerð verið sett samkv. lögunum, en að öðru leyti voru þessi ákvæði laganna lítt komin til framkvæmda. Enn er ekki komið fast form á tilhögun þess samráðs sem lögin gera ráð fyrir. Þó hefur margt verið gert sem miðar í áttina.

30. okt. 1980 var haldinn fyrsti fundur með samráðsaðilum samkv. lögunum og fjallað um þjóðhagsáætlun. Fulltrúar frá eftirtöldum aðilum voru boðaðir til fundarins: Alþýðusambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Bandalagi háskólamanna, Sambandi ísl. bankamanna, Stéttarsambandi bænda, Sambandi ísl. sveitarfélaga, Vinnumálasambandi samvinnufélaganna og Vinnuveitendasambandi Íslands.

Á þessum fyrsta formlega samráðsfundi, sem haldinn var 30. okt. 1980, flutti forsrh. inngangserindi sem fjallaði annars vegar um tilgang reglubundins samráðs og samstarfs stjórnvalda og hagsmunaaðila atvinnulífsins og hins vegar gerði hann grein fyrir þjóðhagsáætlun fyrir árið 1981. Að því loknu urðu ítarlegar umræður, skipst var á skoðunum og fyrirspurnum svarað og tekið við ýmsum ábendingum. Fundurinn var í senn gagnlegur og ánægjulegur.

Í framhaldi af samráðsfundinum fóru fram margvíslegar óformlegar viðræður. Á þessum tíma var unnið að því að móta efnahagsaðgerðir ríkisstj. Þær voru birtar á gamlársdag, en áður voru samráðsaðilar boðaðir til fundar hver í sínu lagi og efnahagsáætlunin kynnt. Var þar bæði fjallað almennt um þessar ráðstafanir og rætt um framkvæmd þeirra á næstu vikum og mánuðum.

Í 5. lið efnahagsáætlunar ríkisstj. frá 31. des. 1980 segir svo: „Viðræður verði hafnar við samtök launþega og aðra hagsmunaaðila atvinnulífsins um framkvæmd samræmdrar stefnu í kjaramálum, atvinnumálum og efnahagsmálum til næstu tveggja ára."

Ríkisstj. skipaði 12. febr. s. l. viðræðunefnd til að hafa samráð við hagsmunaaðila atvinnulífsins. Viðræðunefndin hefur þegar haldið fundi með öllum samráðsaðilum. Samstarfsformið hefur verið rætt, fundir verið haldnir með fulltrúum hvers samráðsaðila fyrir sig og verður svo a. m. k. fyrst um sinn. Með því fyrirkomulagi er þess vænst að umræður geti orðið opnari og frjálslegri, en auk þess gefst rýmri tími til að kanna ítarlega einstök mál, sem e. t. v. snerta einn hagsmunaaðila fremur en annan. Það er þó á engan hátt búið að festa tilhögun samstarfsins í endanlegt form, heldur er leitast við að halda leiðum opnum í þessu efni þannig að samráðsformið geti farið í þá farvegi sem talið er bera mestan árangur á hverjum tíma. Fyrirhugað er að halda næstu fundi fyrir lok þessa mánaðar. Samtök hagsmunaaðila atvinnulífsins munu þá væntanlega kynna sjónarmið sín og setja fram drög að yrirliti yfir helstu viðfangsefni sem þau óska eftir og telja eðlilegt að tekin verði fyrir á þessum vettvangi. Viðræðunefnd ríkisstj. mun hins vegar kynna og afhenda nýjustu gögn og upplýsingar um stöðu og horfur í efnahagsmálum og aðra þá þætti sem falla undir verksvið þessa samráðs.

Þarflaust er að rekja nánar nytsemi samráðs með þessum hætti. Það er nauðsynlegur þáttur í lýðræðisríkjum, eykur skilning og stuðlar að þjóðfélagslegri samstöðu. Reynsla ríkisstj. af samráði við hagsmunaaðila atvinnulífsins hefur þegar verið góð, og fyrirhugað er að efla það eftir þeim línum sem þegar hafa verið lagðar.

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal): Herra forseti. Það kemur mér afskaplega mikið á óvart ef samband hefur verið haft við forseta þessarar deildar um það, að þessi fsp. yrði sérstaklega tekin fyrir s. l. þriðjudag, sem er þvert ofan í það samtal sem við áttum saman þann morgun. Ég skal ekki rengja hæstv. forsrh. um að það hafi átt sér stað, en það hefur þá orðið einhver misskilningur. Ég skal svo ekki tala um það nánar. En ég ítreka það sem ég sagði hér fyrir viku, að það er gaman að hitta á þá óskastund þegar hæstv. forsrh. er reiðubúinn til að svara því að það er ekki oft. Hann hefur kannske verið það nokkrum sinnum á þessu ári, en hann hefur samt sem áður ekki svarað ítarlega þeirri fsp. sem hér var borin fram.

Í fyrsta lagi var ekki svarað ýmsum atriðum hér, eins og t. d. hvort fundargerðum af samráðsfundum yrði dreift til þm., hvort ríkisstj. teldi að samráð, sem haft hefði verið við launþegasamtökin á s. l. ári, hefði náð tilgangi sínum eða hvort uppi væru hugmyndir um að breyta lagaákvæðum um þetta samráð. Ég varð ekki heldur var við að það kæmi fram hjá hæstv. forsrh. hvort á þessum samráðsfundum hefði verið rætt t. d. um fjárfestingar- og lánsfjáráætlanir, tekjustefnur og forsendur þeirra, hvort rætt hefði verið um meginþætti í efnahagsmálum og helstu efnahagsmarkmið ríkisstj. frá ári til árs og til lengri tíma og þar fram eftir götunum. Hins vegar var talað um að slíkt samráð sem þetta gæti almennt verið gott ef til þess yrði stofnað, enda þarf ekki annað en líta yfir helstu fyrirsagnir viðtala við forustumenn launþegahreyfingarninnar strax eftir áramótin til þess að sjá að þetta samráð hefur verið eitthvað undarlegt. Hér segir m. a. formaður BSRB orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Í mínum huga er það mjög alvarlegur atburður, að nú skuli enn einu sinni hafa verið rift gerðum kjarasamningum milli launþegasamtakanna og atvinnurekenda, að því er okkur varðar í BSRB samningum við ríkisvaldið og bæjarstjórnir í landinu. Ég tel þetta grundvallaratriði og mjög hættulegt þjóðhagslega séð að viðhafa slík vinnubrögð. Kjarasamningar voru undirritaðir fyrir nokkrum mánuðum. Í þeim var ákveði um verðbætur á laun. Þessir sömu kjarasamningar eru nú rofnir með brbl. og vísitalan skert. Ég tel að það sé mjög þýðingarmikið að hægt sé að treysta samingum, bæði hvað varðar opinbera aðila og milli einstaklinga."

Annar verkalýðsleiðtogi talar um að kjarasamningunum hafi verið fleygt á áramótabrennuna og þar fram eftir götunum. Það þarf þess vegna ekki neitt um það að fjölyrða, að samráð sem því nafni getur nefnist var ekki haft við verkalýðsleiðtoga og samtök þeirra áður en brbl. voru gefin út, hvað þá að rætt hafi verið um efnahagsmál og helstu efnahagsmarkmið ríkisstj. Það var ekki gert.

Ég vil svo, herra forseti, þakka hæstv. forsrh. samt sem áður fyrir svarið við þessari fsp., því að eftir atvikum held ég að menn megi vel við una.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Það kom mjög skýrt og greinilega fram í svari hæstv. forsrh. við fsp. hv. þm. Halldórs Blöndals, að lítill gaumur hefur verið gefinn að því ákvæði Ólafslaga að hafa samráð við aðila vinnumarkaðarins, fulltrúa launþega í Alþýðusambandi Íslands og Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og fulltrúa Vinnuveitendasambands Íslands eða Vinnumálasambands samvinnufélaganna. Ólafslög voru samþykkt 13. apríl 1979. Það kom fram í svari hæstv. forsrh., að þrátt fyrir ákvæði Ólafslaga, sem leggur lagaskyldu á stjórnvöld um slík samráð, og þrátt fyrir yfirlýsingu núv. ríkisstj. við myndun hennar um að hafa samráð við aðila vinnumarkaðarins, þá hafði ekkert samráð verið haft fyrr en 30. okt. 1980. Frá 13. apríl 1979 til 30. okt 1980 höfðu sem sagt lagaákvæðin verið hundsuð. En þá eru það ummæli hæstv. forsrh. að gagnlegur og ánægjulegur fundur hafi verið haldinn. Það er víst sá fundur þar sem boðið var upp á kaffi og smákökur og heyrðust ekki önnur tíðindi af þeim fundi heldur en kaffið og kökurnar hefðu verið bærilegar veitingar og vel þegnar út af fyrir sig, en minna fór fyrir fréttum af hinu andlega fóðri.

Síðan er það svo 31. des. sem brbl. eru sett sem í raun og veru hafa ekkert efnisatriði inni að halda annað en 7% skerðingu verðbóta launa í kjölfar 8 plús 16% skerðingar verðbóta launa frá því í des. 1978 og frá og með Ólafslögum í apríl 1979 til síðustu áramóta. Það er haft fyrir satt a. m. k. hef ég lesið ummæli fulltrúa Alþýðusambands Íslands, fulltrúa Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og fulltrúa Vinnuveitendasambands Íslands um það, að ekki hafi neitt samráð verið haft við þessa aðila fyrr en á gamlársdag þegar ríkisstj. var búin að ganga frá brbl. Það breytir svo ákaflega litlu að ríkisstj. ætli nú, tveim árum eftir samþykkt Ólafslaga, samþykkt lagaákvæðis sem leggur þá skyldu á herðar stjórnvalda að hafa slíkt samráð, að stjórnvöld ætli nú að bæta ráð sitt. Það er þó góðra gjalda vert, ef satt reynist, en útlit er þó fyrir að ekki verði um meiri efndir að ræða í framtíðinni en s. l. tvö ár, enda sagði hæstv. forsrh. að eftir tvö ár væri ekki búið að festa samráðsformið. Það er samráðsformið sem á að gera að aðalatriði, í stað þess að það er efni málsins sem skiptir máli, en ekki formshliðin.

Jöfnun raforkukostnaðar, fsp. (þskj. 386). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan): Herra forseti. Á þskj. 386 hef ég leyft mér ásamt hv. þm. Skúla Alexanderssyni að bera fram svohljóðandi fsp. til hæstv. iðnrh.:

„Hvernig hyggst ríkisstj. bregðast við þeim vanda, sem blasir við Rafmagnsveitum ríkisins, Orkubúi Vestfjarða og fleirum vegna mikils kostnaðar við raforkuframleiðslu með olíu á þessum vetri?“

Það er alllangt um liðið frá því að fsp. þessi var lögð fram og hefur ýmislegt valdið því að henni hefur ekki verið svarað fyrr. En á þeim tíma, sem þá var, komu eðlilega fram á nær hverjum degi samþykktir og áskoranir utan af landsbyggðinni til stjórnvalda um vissa jöfnun á þeim vanda sem var og er við að stríða vegna hins mikla viðbótarkostnaðar við raforkuframleiðslu af þeim völdum er allir þekkja.

Eins og myndin blasti þá við landsbyggðarfólki, þ. e. viðskiptavinum RARIK, Orkubús Vestfjarða og ýmissa smærri veitna, var tæpast annað að sjá en þessi aukakostnaður mundi með einhverjum hætti lenda á þeim einum af fullum þunga, en þeir slyppu þá jafnframt sem við lægst raforkuverð búa í landinu, nema þá að um vissa jöfnun yrði að ræða, í hvaða formi sem hún kynni þá að verða. Hér var því á þessum tíma um eðlilegar áhyggjur þess fólks að ræða sem býr við orku- og kyndingarkostnað sem er langt umfram það sem er t. d. hér á þessu landssvæði.

Stjórnvöld hafa nú ákveðið hvernig með skuli fara og spurningunni er því í raun og veru að mestu svarað nú þegar. En nátengt þessu vaknar upp sú spurning, hvernig til hefur tekist með jöfnun raforkuverðs almennt, hversu langt menn hafa þar náð í jöfnunarátt almennt, og ef hæstv. iðnrh. kæmi inn á það í leiðinni, hver hlutföllin eru t. d. í dag miðað við Reykjavík annars vegar og viðskiptasvæði RARIK hins vegar, miðað við þann hrikalega mismun sem áður var þar, þá væri það gott, þær upplýsingar yrðu vel þegnar, um leið og hæstv. ráðh. gerði þá grein fyrir því fyrirkomulagi sem fsp. lýtur sérstaklega að.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Það er nú svo með ýmsar af þeim fsp., sem hér koma á dagskrá þingsins, að röðin kemur ekki að þeim til svara fyrr en stundum eftir dúk og disk, og eru ástæður af ýmsum toga, en sérstaklega þó hversu mikið er um fsp. og tíminn takmarkaður til að svara þeim, miðað við þær miklu umr. sem oft spinnast um þessi efni.

Varðandi þá fsp. sem hér liggur fyrir um jöfnun raforkukostnaðar, og fyrirspyrjandi hefur gert grein fyrir ástæðunum fyrir henni, þá hafa, eins og hann tók fram, þegar verið veitt svör við því með hvaða hætti stjórnvöld telja rétt á þessu stigi mála að bregðast við þeim viðbótarkostnaði, sem dæmst hefur á ákveðnar rafveitur í landinu til þess að mæta tilkostnaði við olíukeyrslu til raforkuframleiðslu vegna orkuskorts. Eftir athugun þessara mála á vegum stjórnvalda og eftir að ræddar höfðu verið mismunandi leiðir í þessum efnum varð að ráði að hækka gjaldskrá rafveitna um sem næmi jafnri auratölu á hverja kwst. til þess að gera þeim kleift að ná þannig inn fyrir kostnaði og fá greiddan að verulegum eða nokkrum hluta þann kostnaðarauka sem um er að ræða. Þegar áætlanir voru gerðar um þetta var miðað við allt að þriggja mánaða tímabil sem þessu orkuskortur gæti varað. Um síðustu mánaðamót, þegar ákvarðanir voru teknar um þetta, horfði á þann veg um tíðarfar að talið var að það ætti að vera unnt að draga úr þessari orkuskömmtum og orkuframleiðslu með olíu, en síðan hafa veðurguðirnir brugðið til hins verra í þessum efnum, þannig að nú á þessum degi þarf að keyra þó nokkuð af olíustöðvum til raforkuframleiðslu. Það munu vera yfir 30 mw. sem framleidd eru þannig á þessum degi, en það hefur verið misjafnt, 33.7 mw. nákvæmt talið eftir upplýsingum sem ég fékk í morgun. En það hefur verið

dagamunur á þessu frá því um síðustu mánaðamót og þetta er sem sagt í hámarki miðað við það sem verið hefur.

Þessi ákvörðun um hækkun á gjaldskrám miðaðist við það, að 6 aurar fengjust fyrir kwst. Með því móti var t. d. gert ráð fyrir að rafveitur hér á Suðvesturlandi fengju þann kostnaðarauka greiddan sem þær hafa lagt í þetta vegna greiðslu til járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga sem hætti rekstri samkv. samkomulagi við orkusalann. Og Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða fá upp í þann verulega kostnaðarauka sem þær eiga við að glíma, en hann er raunar mestur hjá þessum tveimur orkuframleiðslufyrirtækjum. Ég tel skylt að það komi fram, að þrátt fyrir þessa gjaldskrárhækkun og miðað við að hún standi í um þriggja mánaða tíma í því formi sem nú er, þá vantar þó nokkuð á að þessi kostnaður sé að fullu greiddur hjá þessum fyrirtækjum. Þarf að líta á það mál þegar þar að kemur og þá e. t. v. í tengslum við verðjöfnunargjald á raforku sem heimild er fyrir að lækka um 3% á miðju ári, en mér þykir mjög líklegt að ekki séu efni til að nýta þá heimild eins og nú horfir og full þörf á því fyrir þessi fyrirtæki að fá einmitt uppi borið það sem út af stendur í þessum kostnaði með þeim hætti. En á þetta mál verður litið nánar þegar séð verður hversu mikill þessi kostnaðarauki verður.

Þær leiðir aðrar, sem til álita voru hjá iðnrn. og ríkisstj. í þessum efnum, voru spurningin um að nota verðjöfnunargjaldsgrunninn og hækka þá gjaldtöku tímabundið. Frá því var horfið. Sú aðferð, sem valin var, að hækka gjaldskrárnar mismunandi hátt í prósentum eftir því hver grunnurinn var fyrir, gerði það kleift að hafa sem næst auratölu á hverja orkueiningu og er auðvitað vænlegra að standa þannig að máli heldur en að mismuna með álagningu á grunn sem er misjafn fyrir, þannig að þessi leið hefur þann kost fram yfir það að hækka verðjöfnunargjaldið eða setja á sérstakan skatt, eins og var til álita að gera, og láta hann gilda um nokkurt skeið, nokkuð fram eftir árinu.

Hinn möguleikinn var að taka lán fyrir þessu og ávísa þessu á framtíðina. Ekki var horfið að því ráði. Hitt er þó ljóst, að nauðsynlegt verður innan ársins a. m. k. að auðvelda þeim rafveitum, sem mest eiga hér undir, rekstrarlega að jafna út þann kostnað sem á þær hefur hlaðist á undanförnum mánuðum, og að því er unnið að athuga stöðu þeirra með tilliti til þess.

Hv. fyrirspyrjandi spurði hvernig dæmið stæði varðandi verðmun á raforku og þá viðleitni til jöfnunar á raforkukostnaði sem stjórnvöld hafa staðið fyrir á undanförnum misserum og árum. Því er til að svara, að eftir þá hækkun, sem varð á gjaldskrám 15. mars, og raunar er það mjög svipað og var eftir hækkunina um síðustu áramót, er mismunurinn á gjaldskrám hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur annars vegar og Rafmagnsveitum ríkisins hins vegar, miðað við 4000 stunda nýtingu á ári, 24.3% eða tæpur fjórðungur. Þessi samanburður fer eftir því hvaða nýtingarstundir eru valdar til samanburðar, og ég vil ekki fullyrða hvað sé hárrétt viðmiðun í því sambandi. Menn nefna tölur frá 3500—4500 stundir á ári, og Rafmagnsveiturnar hafa raunar talið að hærri talan muni eiga við í mörgun tilvikum úti á landi. Þá er þessi munur heldur minni eða 22.7% ef miðað er við 4500 kwst. noktun á ári. Hér hefur því þokað í rétta átt frá því sem var þegar þessi munur var mestur á árinu 1978, en þá var hann 80—90% á heimilistaxta annars vegar hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur og hjá Rafmagnsveitum ríkisins hins vegar og raunar Orkubúi Vestfjarða líka. Hjá Orkubúi Vestfjarða er heimilistaxtinn svolítið lægri sem þarna er við að miða, þannig að miðað við 3500 stunda notkun er þar um að ræða rétt um 20% verðmun á kwst. á heimilistaxta miðað við Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

Þess má geta, að til eru rafveitur á landinu með lægri taxta, rafveitur eins og á Eyrarbakka og Stokkseyri og í Hveragerði, svo að dæmi séu tekin, sem eru með raforkuverð samkv. heimilistaxta um 5% undir því sem er hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur, og ýmsar rafveitur sveitarfélaga liggja á milli þess, sem er hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur, og hins vegar hjá þeim sem hæst raforkuverð greiða, sem eru viðskiptavinir Rafmagnsveitna ríkisins. Því miður er þarna um verulegan mun að ræða enn. Því er nauðsynlegt að vinna að enn frekari jöfnun á þessum verðmun.

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara lengra út í þessi efni, þó að margt mætti um þetta mál segja fleira, og læt þetta nægja sem svar við fsp.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan): Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. svör hans. Það er rétt sem kom fram í máli hans, að um meðferð þessarar jöfnunar má alltaf deila. En þessi leið var nú valin og ég held að landsbyggðarfólk telji almennt að hún sé nokkuð viðunandi.

Það verður hins vegar seint um of minnt á þá mismunun þjóðfélagsþegnanna sem kom fram í máli hæstv. ráðh., þó að vissulega beri að meta og þakka það sem áunnist hefur, því að mismunurinn er þó orðinn stórum minni en hann var t. d. fyrir rúmum tveimur árum. Ég vil aðeins ítreka það, að vitanlega gildir það varðandi orkuverð í landinu almennt, að það þarf að halda veginn fram til fulls jafnræðis í þeim efnum. Það skal ekki frekar rætt í fsp.-tíma því að inn í það mál allt saman fléttast orkusalan eða orkugjöf okkar til stóriðju, og það er meira mál en svo að út í það eigi að fara hér.

Tenging dísilrafstöðva í eigu Rafmagnsveitna ríkisins, fsp. (þskj. 439). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Ingólfur Guðnason): Herra forseti. Á þskj. 439 hef ég leyft mér að beina fsp. til hæstv. iðnrh. í tveim liðum, staflið a og staflið b. Fyrri liður fsp. hljóðar þannig:

„Hvað tefur tengingu 500 kw dísilrafstöðvar, sem Rafmagnsveitur ríkisins eiga á Hvammstanga, við Orkuveitu Hvammstanga eins og ætlunin var þegar vélin var flutt þangað frá Reykjaskóla í Hrútafirði?"

Tilefni þessarar fsp. er að á s. l. sumri var flutt dísilrafstöð frá Reykjaskóla í Hrútafirði til Hvammstanga, ca. 500 kw. að afli. Rafstöð þessi hafði um margra ára skeið þjónað sem varaaflstöð og var til notkunar þegar rafmagnsskortur var á þessum slóðum. E. t. v. vegna breyttra aðstæðna var rafstöð þessi flutt til Hvammstanga á s. l. sumri. Skildist mönnum þar nyrðra að þar ætti að nota hana sem varaorkugjafa, en hún væri ekki flutt þangað einungis til geymslu, enda búið að ganga frá ýmsum lögnum að og frá vélinni, en rafallinn er enn ótengdur við rafmagnskerfi þorpsins þó rúmt hálft ár sé síðan stöðin var flutt á staðinn.

Á Hvammstanga búa tæplega 600 manns. Þar er

margvíslegur atvinnurekstur, svo sem mjólkurvinnsla, fiskvinnsla, saumastofa, verkstæði með tré og járn, svo að eitthvað sé talið. Auk þess er þarna sjúkrahús. Á þessum vetri hafa orðið þar tíðar rafmagnstruflanir sem lamað hafa allan atvinnurekstur, auk margs konar annarra óþæginda. Er skemmst að minnast rafmagnstruflana sem urðu vegna útsláttar á byggðalínu sökum óveðurs 16. og 17. febr., en þá var rafmagnslaust á Hvammstanga á annan sólarhring samfellt.

Þessi spurning er borin fram til að fá vitneskju um hvort um einhver stór vandamál sé að ræða við tengingu þessarar vélar og þá hvort heimamenn geti á einhvern hátt greitt þar fyrir. En það er mjög erfitt að una við slíkar búsifjar sem rafmagnsskortur er, ef þær eru að ástæðulausu eða ástæðulitlu.

Síðari liður fsp., b-liður, hljóðar þannig: „Hvað tefur tengingu 75 kw. dísilrafstöðvar í eigu Rafmagnsveitna ríkisins, sem sett var niður á Reykjaskóla snemma á þessum vetri og ætluð var til öryggis fyrir Reykjaskóla?"

Á Reykjaskóla er 150—160 manna heimili, þ. e. héraðsskóli og grunnskóli. Þar er heitu og köldu vatni dælt með rafmagni og að sjálfsögðu eru hvers konar tæki til matseldar og geymslu matvæla rafdrifin. Í þessu sambandi bið ég menn að ímynda sér möguleikana á því að elda mat fyrir 150 manna heimili við frumstæðar aðstæður, þegar öll áhöld eru miðuð við notkun rafmagns. En í umræddu veðri var Reykjaskóli rafmagnslaus í hálfan annan sólarhring samfellt, og segja kunnugir mér að hefðu dísilrafstöðvar á Hvammstanga og Reykjaskóla verið virkar hefði rafmagnsleysi á þessum stöðum ekki þurft að vara nema stutta stund.

Það er von mín, að hæstv. iðnrh. geti gefið skýringu á, hvað veldur þeim töfum á tengingu fyrrgreindra véla sem fsp. fjallar um, og finni jafnframt ráð til úrbóta. Ég get jafnframt fullvissað hæstv. ráh. um að heimamenn eru allir af vilja gerðir til að aðstoða við að úrbætur fáist á því vandræðaástandi sem þarna hefur ríkt í þessum málum, og þætti mér vænt um ef hæstv. ráðh. gæti upplýst mig og aðra um hvað veldur svona dularfullum töfum.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Það svæði, sem þessi fsp. frá hv. 5. þm. Norðurl. v. varðar, er á vegum Rafmagnsveitna ríkisins. Eftir að mér barst fsp. hans leitaði ég upplýsinga hjá framkvæmdastjóra Rafmagnsveitnanna, rafmagnsveitustjóra, hvaða skýringar væru á þeim drætti sem orðið hefði á tengingu þessara dísilrafstöðva. Í svari, sem mér barst frá honum, kom það fram, eins og fsp. ber með sér, að dráttur hafi á þessu orðið og það raunar tilfinnanlegur fyrir þá aðila sem hafa mátt búa við línubilanir á þessu svæði, eins og reyndar víðar á landinu á þessum tiltölulega harða vetri. Samkv. upplýsingum Rafmagnsveitnanna eru ástæðurnar þessar:

Starfsmenn þeirra á Norðurlandi vestra ætluðu að framkvæma þessi verk á s. l. hausti. Vegna mikilla anna við lagfæringar og tengingar á veitusvæðinu fyrir veturinn og hinna miklu truflana og bilana, sem orðið hafa síðan óveðurskaflinn í des. hófst, hefur verkinu ekki verið lokið þegar þetta var ritað, 9. mars s. l. Þá var unnið við lokaáfangann og var vonast til að vélarnar yrðu fulltengdar innan fárra daga. Samkv. nýjustu upplýsingum um þetta frá sama aðila er staðhæft að dísilrafstöð við Reykjaskóla hafi verið tengd 4. mars s. l. og á Hvammstanga 12. mars og séu þær notaðar eftir þörfum nú sem varaafl á þessu svæði. Þannig er væntanlega fengin lausn á þessu tiltekna vandamáli sem hv. fyrirspyrjandi vakti athygli á með sinni fsp.

Ég vil aðeins bæta því við, að veðráttan í vetur hefur reynt mjög á línukerfi í landinu, og fátt er svo með öllu illt að ekki megi sjá á því jákvæðar hliðar, því að línur okkar, sumar hverjar nýlegar eða nýlega lagðar, hafa fengið vissa eldskírn í þeim stórviðrum, sem gengið hafa yfir landið á þessum vetri, og væntanlega þá komið í ljós veilur í byggingu þeirra eða frágangi sem lagfærðar hafa verið eða lagfærðar verða. Þess er að vænta, að menn læri af þeirri reynslu, sem þannig hefur fengist, í sambandi við hönnun og frágang á frekari línulögnum í okkar oft stórviðrasama landi.

Það hefur jafnframt komið í ljós í tengslum við þessar bilanir, hver nauðsyn það er að hafa tiltækt varaafl, helst í hverju byggðarlagi, sérstaklega þar sem línur liggja yfir torfær svæði og þar sem veðrasamt er. Það er nauðsynlegt að taka varaaflsþáttinn inn í áætlunargerð og framkvæmdir í okkar raforkumálum. Það er eðlilega reynt að halda kostnaði niðri. Án þess að ég ætli að vera með nokkurn ásökunartón til þeirra sem fjárveitingum hafa stýrt í þessum efnum, því að ég skil vanda þeirra sem horfa á háar tölur ef lagt er saman, held ég að við höfum verið óþarflega sparsamir, svo að ekki sé meira sagt, á stundum í sambandi við að tryggja nægilegt varaafl, og sá möguleiki að hafa færanlegar varaaflsstöðvar til að grípa til hefur að mínu mati ekki verið nýttur nógsamlega til þessa. Það þarf að taka til athugunar í sambandi við öryggi landsmanna að þessu leyti.

Fyrirspyrjandi (Ingólfur Guðnason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir svör hans. Það gleður engan meira en mig ef þessi mál eru komin í lag eða við það að komast í lag. En eftir þeim fréttum, sem ég hef, er því nú því miður ekki að fagna að fullu. Það mun hafa verið 6.—7. mars sem gerði óveður og þá varð rafmagnslaust þarna fyrir norðan í hálfan dag. Þá mun hafa verið búið að tengja þessa vél á Reykjaskóla, en það hafði þá láðst að kenna einhverjum að gangsetja hana svo að hún var sama og ótengd þess vegna. Eins mun eitthvað hafa verið gert í tengingu þessarar vélar á Hvammstanga, en einungis er hægt að keyra hana inn á landskerfið eða á mjög stórt svæði, en hún má sín ákaflega lítils ef um línubilanir er að ræða.

Ég veit að starfsmenn Rafveitnanna hafa haft mikið verk að vinna í vetur vegna síendurtekinna óhappa og þess vegna er ég ekkert undrandi yfir því að þeir hafi ekki haft tíma til alls. En ég vil benda á það, að frá okkar sjónarmiði — eða sjónarmiði þeirra sem við þetta eiga að búa — er málið miklu stærra en svo að hægt sé að bíða eftir að einhver einn maður eða einhverjir tveir menn geti unnið verkið, þegar nóg er af faglærðum mönnum á þessu sviði í næsta húsi. Þess vegna vil ég beina því til umhugsunar, hver vandi steðjar að ýmsum þegnum þessa lands þegar þeir virðast gleymast í hinu svokallaða kerfi. Og mér finnst sem öðrum sem búa á hinum afskekktu svæðum, þ. e frá stór-Reykjavíkursvæðinu séð, að þeir gleymist oft og menn muni ekki eftir því að þeir fáu og smáu eru líka hluti þjóðarinnar.

En ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir svörin og vona að menn geti með rökum séð fram á bjartari tíma.

Afkoma ríkissjóðs, fsp. (þskj. 401). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Á árinu 1977 beitti ég mér fyrir því, að fjmrn. gerði Alþingi grein fyrir afkomu ríkissjóðs samkv. tölum ríkisbókhaldsins fyrir næstliðið ár. Miklar breytingar höfðu þá verið gerðar á vinnubrögðum fjmrn., m. a. hjá ríkisbókhaldinu, sem leiddu til þess, að allar upplýsingar um stöðu ríkissjóðs svo og einstök ráðuneyti og stofnanir þeirra og þar með allar tekjur og öll útgjöld ríkissjóðs voru fyrir hendi vikulega. Mér fannst þá eðlilegt að fjmrn. eða fjmrh. f. h. fjmrn. gæfi Alþingi svo fljótt sem auðið væri eftir hver áramót fyrstu upplýsingar um afkomu ríkissjóðs, þ. e. tekjur liðins árs og ógreidd gjöld, síðan væri gerð ríkisreiknings hraðað og A-hluti hans lagður fram á Alþingi fullbúinn áður en þingi væri slitið.

Fyrsta skýrslan var gefin í mars 1977. Voru í þeirri skýrslu ýmsar þjóðhagsstærðir sem skoðun var gerð á með tilliti til þeirra talna sem fram komu um útkomu ríkissjóðs árið 1976. Önnur skýrslan var gefin í febr. 1978 varðandi útkomu ríkisfjármála 1977. Og fyrrv. fjmrh., Tómas Árnason, lagði í marsmánuði 1979 fram skýrslu um afkomu ríkissjóðs 1978, að vísu ekki með öllum þeim sömu upplýsingum sem verið höfðu í fyrri skýrslum. Skýrsla vegna 1979 var aldrei gefin, e. t. v. vegna þess ástands sem var í stjórnmálunum hér hjá okkur þá. Og skýrsla hefur enn ekki verið gefin fyrir árið 1980.

Ég er enn sömu skoðunar, að slíka skýrslu skuli fjmrh. gefa og leggja fram á Alþingi svo fljótt sem verða má. Ég tel það fremur óviðurkvæmilegt, að alþm. verði að lesa í ritum gefnum út af öðrum stofnunum en fjmrn. um afkomu ríkissjóðs, en það hefur einmitt gerst nú.

Í Hagtölum mánaðarins, mánaðarriti Seðlabanka Íslands, marshefti, sem er nýútkomið, má lesa hverjar tekjur ríkissjóðs 1980 voru, 366.1 milljarðar gkr., og gjöld 368.9 milljarðar og þá greiðsluhalli 2.8 milljarðar gkr. Það er lakari afkoma ríkissjóðs sem nemur 5.7 milljörðum gkr. en fjárlög 1980 gerðu ráð fyrir. Það hafði að vísu verið gefin út fréttatilkynning fyrstu daga janúarmánaðar, heldur óljós, miklum mun óskýrari en þær fréttatilkynningar sem gefnar höfðu verið út undir sömu kringumstæðum áður, en kunnugir gátu lesið út úr þeirri yfirlýsingu að skuld ríkissjóðs við Seðlabankann hafði aukist um 3.4 milljarða kr. á árinu 1980. Fyrir því spyr ég hæstv. fjmrh. á þskj. 401: Hvenær má vænta skýrslu fjmrh. um afkomu ríkissjóðs 1980, samkv. bráðabirgðatölum ríkisbókhalds?

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Hv. þm. Matthías Á. Mathiesen hefur spurt þeirrar spurningar, hvenær vænta megi skýrslu fjmrh. um afkomu ríkissjóðs 1980, samkv. bráðabirgðatölum ríkisbókhalds. Í þessu sambandi er rétt að rifja það upp, að um miðjan janúarmánuð s. l. gaf fjmrn. út fréttatilkynningu um afkomu ríkissjóðs á árinu 1980, og voru það fyrstu upplýsingar um afkomuhorfur á liðnu ári sem fyrir lágu. Hins vegar er ljóst að fyrst eftir áramót er margt óuppgert. Söluskattur frá liðnu ári er þá ekki allur inn kominn, söluskattur frá desembermánuði 1979 er þá inni í tölunum, en söluskattur frá desembermánuði 1980 er ekki inn kominn fyrr en undir lok janúarmánaðar, og auk þess eru fjöldamargar færslur og reikningar óuppgerðir.

Ég hef beðið ríkisbókhald og fjárlaga- og hagsýslustofnun að undirbúa bráðabirgðaskýrslu til Alþingis um afkomu ríkissjóðs á árinu 1980, eftir þeim gögnum sem liggja fyrir, og ég vænti þess að hægt verði að dreifa slíkri skýrslu í byrjun næsta mánaðar. Hins vegar er ljóst að ekki munu endanlegar tölur liggja fyrir um afkomu ársins 1980 fyrr en A-hluti ríkisreiknings er frágenginn. En ég geri mér vonir um að unnt verði að útbýta A-hluta ríkisreiknings hér á Alþingi áður en það lýkur störfum í vor.

Fyrirspyrjandi (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Eins og uppbygging fjárlaganna er, þá er annars vegar um að ræða rekstargrunn, þ. e. greiðslu útgjalda ríkissjóðs á viðkomandi ári og þær tekjur sem inn koma á því sama ári. Þar er ekki um að ræða uppgjör samkv. ríkisreikningi. Þær tölur, sem hingað til hafa verið gefnar út í þeim skýrslum sem lagðar hafa verið fram á Alþingi, hafa verið tölur samkv. þeim greiðslum, sem fram hafa farið hjá ríkissjóði á næstliðnu ári, og þeim tekjum, sem inn komu. En bókhaldi ríkissjóðs er lokið um áramót. Þegar ríkisreikningurinn er síðan gerður er fyrst um að ræða að færðar eru óinnkomnar tekjur viðkomandi árs og gjöld ógreidd. Þá er fundinn greiðslujöfnuður þegar ríkisreikningur hefur verið gerður upp. Í þeim skýrslum, sem hér hafa verið lagðar fram, og í því, sem fram kemur í Hagtölum mánaðarins, er byggt á þeim greiðslum sem farið hafa fram á árinu, og þeim tekjum, sem inn voru komnar þegar árinu lauk.

Ég þakka svo ráðh. svör hans.

Greiðslufrestur á tollum, fsp. (þskj. 413). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 413 að leggja fram fsp. til hæstv. fjmrh. um greiðslufrest á tollum, svohljóðandi:

„Hvenær stefnir ríkisstj. að því að veita greiðslufrest á tollum? Hve mikinn? Hve langan?"

Fyrst væri kannske ástæða til að ræða aðeins orðalag spurninganna, því að vera má að það sé ekki alveg skýrt, hvað sé átt við með spurningunni „hve mikinn". Það, sem vakti fyrir mér, var að fá svör við því, til hverra þetta fyrirkomulag ætti að ná og hve mikið til hvers og eins. Það er frekari útlistun á því. Ég vonast svo til að þetta hafi ekki vafist fyrir þeim sem svara á.

Þannig er mál með vexti, að s. l. vor lögðum við fimm þm. í hv. Nd. fram frumvörp um tollkrít og breytingar á lögum sem óhjákvæmilegt er að gera ef greiðslufrestur verður tekinn upp á tollum. Í umr., sem urðu á síðustu dögum þingsins, kom fram að víðtækur stuðningur var við þetta mál og í þingtíðindum, í dálk 3226 frá 29. maí 1980, tekur hæstv. fjmrh. undir þessar till. og segir síðan, með leyfi forseta:

„En ég sem sagt ítreka það sem ég hef þegar sagt, að ég tel sjálfsagt að þetta mál verði gaumgæfilega athugað á næstu vikum og nú í sumar undirbúið fyrir komandi þing að hausti."

Hæstv. forsrh. tók einnig til máls í þessum umr. og var ákveðið fylgjandi þeirri hugmynd, sem kom fram í frumvörpunum, vitnaði m. a. til stjórnarsáttmálans og sagðist geta lesið út úr honum stuðning við málið. En þar segir í kaflanum um verðlagsmál að hæstv. ríkisstj. ætli sér að vinna að lækkun vöruverðs, m. a. með því að greiða fyrir

því að unnt sé að lækka vöruverð með innkaupum í stórum stíl. Þetta sagði hæstv. forsrh., að væri stuðningur við fram komin frumvörp, og sagði síðan orðrétt, með leyfi forseta:

„Að lokinni nákvæmri athugun á því, hvernig best verði að þessu máli staðið til þess að forðast neikvæðar hliðarverkanir, ætti málið að liggja ljóst fyrir þegar þing kemur saman að nýju í haust."

Hér er stuðningur við þessi mál af hálfu hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. þannig að það ætti að nægja til að sjá málinu farborða í gegnum þingið. En haustið kom og ekkert gerðist. Þeir hv. þm., sem stóðu að flutningi þingmálanna sem ég gat um áður, endurfluttu þess vegna frumvörpin, sem eru þrjú talsins, og þau liggja í hv. fjh.- og viðskn. Nd. og bíða þar afgreiðslu. Ég býst við að hv. nefnd sé enn fremur að bíða eftir því, hvernig ríkisstj. ætli sér að taka á málinu í ljósi þessara yfirlýsinga.

Þá er þess að geta, að í efnahagsáætlun ríkisstj., í síðari þættinum sem mér skilst að sé minni háttar loforð og fyrri yfirlýsingar endurteknar, segir í 5. lið m. a. að ríkisstj. ætli sér að stefna að því í áföngum að veita greiðslufrest á tollum. Ég hef að vísu heyrt að það, sem standi í efnahagsáætluninni, sérstaklega síðari kaflanum, sé ekki þess eðlis að það liggi beinlínis á öllu því sem þar stendur. Um það veit ég ekki. Það getur hæstv. ráðh. frekar skýrt en ég. En þetta er þó vísbending um það, að málið sé á hreyfingu. Og reyndar veit ég að málið hefur hreyfst því að það hafa farið fram viðræður á milli tollstjórans í Reykjavík, Björns Hermannssonar, og Verslunarráðs Íslands um þessi mál og tollanefnd Verslunarráðsins hefur lagt fram ítarlegar hugmyndir sem eru byggðar á niðurstöðum viðskiptaþings frá árinu 1979, og nýlega sendi tollanefndin ráðuneytinu og tollstjóranum í Reykjavík hugmyndir sínar í átta liðum um framkvæmd á tollkrít eða greiðslufresti á tollum. Þar er að finna atriði sem þarf að taka tillit til, og þar eru áberandi flest þau atriði sem koma fram í þeim frumvörpum sem nú þegar liggja í hv. fjh.- og viðskn. Í fyrsta lagi segir að tollyfirvöld gefi út skírteini sem viðkomandi framvísi þegar hann óskar eftir að fá vöru afhenta í samræmi við veittan greiðslufrest. Í öðru lagi að viðkomandi innflytjanda sé í sjálfsvald sett hvort hann nýti greiðslufrestinn fyrir allan innflutning sinn eða aðeins að hluta. Í þriðja lagi verði hægt að senda vöruna beint heim frá flutningstæki til innflytjanda. Í fjórða lagi er rætt um að gjaldfrestur verði 45 dagar, í fimmta lagi að gjaldfresturinn sé vaxtalaus, í sjötta lagi að bankastimplun falli niður, í sjöunda lagi að vottorð tjónaskoðunarmanns tryggingafélags um vöntun eða galla á vörum verði tekið gilt af tollyfirvöldum í þessu sambandi og í áttunda lagi að viðurlög við vanskilum á greiðslu aðflutningsgjalda séu dráttarvextir og við ítrekuð alvarleg brot svipting heimildar á greiðslufresti.

Herra forseti. Það var af þessu tilefni og af því að ég veit að þetta mál er nú komið á hreyfingu sem mér fannst eðlilegt að leggja þessa fsp. fyrir hæstv. ráðh., vegna þess að ekkert hefur ákveðið heyrst frá hæstv. ráðh. frá því að hann gaf yfirlýsingu hér á hv. Alþingi í fyrravor um að það mætti vænta frv. s. l. haust.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Hv. þm. Friðrik Sophusson spyr: „Hvenær stefnir ríkisstj. að því að veita greiðslufrest á tollum? Hve mikinn? Hve langan?"

Mál það, sem um er spurt, er tvímælalaust athyglisvert mál og það hefur um alllangt skeið verið til meðhöndlunar í fjmrn. án þess að fá þaðan endanlega afgreiðslu. Fyrir liggur nefndarálit, sem frágengið var sumarið 1978, um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum. Ekki varð úr frekari framkvæmdum á þeim tíma vegna þess að of mikið þótti enn óunnið í málinu til að hægt væri tæknilega að hrinda því í framkvæmd. Einnig varð ljóst að ein sú breyting, sem nál. gerði till. um, fól í sér verulega tekjutilfærslu eða tekjuseinkun fyrir ríkissjóð, auk hugsanlegra afleiðinga fyrir efnahagsþróun, en að þessum hliðum málsins var lítið vikið í fyrrnefndu nál. Rétt er að greina í örstuttu máli frá helstu niðurstöðum þessa álits frá 1978.

1. Nefndin lagði til að stefnt yrði að löggjöf, en ekki leyst úr málinu með breytingu á reglugerð eða öðru stjórnvaldserindi.

2. Rétt þótti að krefja innflytjendur um tryggingu fyrir þeim tollum, sem þeir fengju lánaða, og eðlilegast að það væri í formi bankatryggingar. Þetta er veigamikið atriði sem snertir tryggingu opinberra fjármuna. Mjög margt er enn ókannað hvað þessa hlið málsins snertir.

3. Gjaldfrestur skyldi vera almennur, miðaður við verðmæti, en ekki ákveðnar vörutegundir.

4. Nefndin var þeirrar skoðunar, að vegna tilfinnanlegs tekjumissis fyrir ríkissjóð yrði tollkrítin að koma smám saman. Þetta atriði hefur ekki verið skoðað nógu vel eins og er. Er því veruleg óvissa um þennan þátt málsins og ákvarðast að sjálfsögðu mest af lengd gjaldfrestsins og fjölda innflytjenda. Ef farið hefði verið eftir niðurstöðum nál. hefði vaxtatap ríkissjóðs árið 1977 numið frá 500 til 800 millj. kr. Þetta hefði í reynd verið tekjutilfærsla frá ríkissjóði til innflytjenda og má af þessari tölu sjá að um verulegar upphæðir er hér að ræða.

Nefndin varð sammála um að ekki kæmi til mála að aðrir yrðu aðnjótandi tollkrítar en þeir sem stunduðu innflutning sem aðalatvinnu og yrðu þeir annaðhvort að hafa tollkrít á öllum innflutningi sínum eða engum. Nú er þannig háttað málum, að engin skrá er til um þá innflytjendur sem hafa innflutning sem aðalatvinnu, og þarf því að semja slíka skrá. Tollstjóranum í Reykjavík hefur verið falið að annast margvíslega forvinnu út af því, en hann hefur m. a. haft samband við Verslunarráð Íslands um þetta og ýmis fleiri atriði sem snerta tollkrítarmálin almennt og þarfnast frekari glöggvunar.

Ekki þykir ástæða til að rekja frekar niðurstöður nefndarinnar frá ágúst 1978 nema ef geta ætti þess, að hún áleit 60 daga rétta lengd gjaldfrestsins.

Eins og áður segir er nokkuð óljóst um almenn efnahagsleg áhrif þessa fyrirkomulags, en augljóst er að það eykur peningaþenslu í þjóðfélaginu til að byrja með. Á móti dregur að einhverju leyti úr útlánum bankanna til innflytjenda. Heildaráhrifin eru þó enn of lítið könnuð, en Seðlabankinn hefur tekið að sér að gera úttekt á þessari hlið málsins, og þeirri úttekt er enn ekki lokið.

Eins og ég hef getið hér að framan eru mörg veigamikil vandamál óleyst sem flest snerta fjárhagsafkomu ríkissjóðs, þ. e. þau skilyrði sem tollkrítin byggist á og hvað varðar tekjutap ríkissjóðs og endurgreiðslu lánanna. Auk þess bætast hugsanlega við aukin útgjöld vegna meiri tollgæslu.

Það er áform ríkisstj. að vinna að því, að tollkrít verði tekin upp í áföngum. Þetta markmið kom fram í svo-

nefndum áramótaboðskap núv. ríkisstj., þ. e. stefnumótun ríkisstj. í efnahagsmálum á gamlársdag.

Fyrirspyrjandi gat þess hér áðan, að hreyfing mundi nokkur á málinu, og ég vil staðfesta að svo er. Eins og ég hef þegar gert hér grein fyrir er verið að vinna að málinu. Ég hef m. a. stuðlað að því, að tollstjórinn í Reykjavík hefur tekið upp beint samband við Verslunarráð Íslands, og gert er ráð fyrir að fulltrúi frá Verslunarráði Íslands vinni alfarið að þessu máli um nokkurt skeið. En málið er sem sagt óljóst í mörgum veigamiklum atriðum.

Til þess að vinna að þessum og öðrum málum sem snerta þetta stóra mál, svo og til að semja frv. til laga um tollkrít, hefur verið ákveðið að skipa sérstaka nefnd. Á *nefndin að hafa skilað af sér fyrir 1. júlí n. k.*

Að öðru leyti en að framan getur er ótímabært að greina frá einstökum atriðum þessa máls nánar, en stefnt er að því að leggja fram lagafrv. næsta haust.

Fyrirspyrjandi (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svör hans við þessari fsp. minni. Varðandi nál. þeirrar nefndar, sem vann að þessum málum á sínum tíma og hæstv. ráðh. vitnaði til, skal þess getið, að hæstv. ráðh. sagði í umr., sem ég vitnaði til í fyrri ræðu minni, að hann mundi senda þetta álit til allra þm. á næstu dögum. Ég man ekki til þess, að þetta hafi verið sent til þm., en svo kann að vera, og hafi það ekki verið gert væri vissulega ástæða til að spyrja hvort ekki sé hægt að bæta úr því þótt ár hafi fallið úr á milli.

Þá ræddi hæstv. ráðh. um tekjuóvissuna, sem skapaðist af því að taka upp tollkrít, og minntist á vextina, 500—800 millj. gkr., sem áætlað hefði verið 1977. Þetta er vissulega rétt. En það kemur jafnframt fram að menn búast við því, að þetta vinnist upp og leiði til sparnaðar og aukinnar hagkvæmni, og þetta vekur óneitanlega upp þá spurningu, sem ég held að hæstv. fjmrh. hljóti að hafa *velt fyrir sér, hvenær eðlilegt sé að tekjur ríkissjóðs fáist* af vörum, því að það hlýtur að vera krafa þeirra, sem stunda vöruinnflutning og versla með vörur, að tekjurnar komi ekki til ríkisins fyrr en um endanleg kaup hafi verið að ræða, þ. e. síðasti liðurinn í keðjunni, neytandinn, hefur keypt vöruna. Þannig er þetta í flestum löndum og langeðlilegasta skattheimtuaðferðin.

Hér skal ég ekki fara inn á þær brautir að ræða um það, hvort eðlilegt sé að ríkisvaldið taki á sig auknar byrðar vegna tollgæslunnar og hver eigi að borga kostnaðinn af tollstjóraembættinu, hvort fara eigi með slíkt eins og með lögreglustjóraembætti eða ekki. Það er atriði sem þarf að kanna, en kemur þessu máli ekki við. En ég minnist á þetta því að það er talað um tekjuóvissuna.

Því er líka haldið fram og kom fram í máli hæstv. ráðh., að óvissa væri um það, hverjir stunduðu innflutning að aðalstarfi. Þess má geta, að Skýrsluvélar ríkisins og Reykjavíkurborgar vinna að skýrslu fyrir Hagstofuna. Auk þeirrar vinnslu, sem birt er í Verslunarskýrslum, er nafnnúmer innflytjandans gatað og þar er undir allur innflutningur viðkomandi, skipt í einstakar afgreiðslur. Þær upplýsingar eru varðveittar á svokölluðum örskyggnum eða „*míkrofilmum*" og er ríkisendurskoðun og skattyfirvöldum afhent sitt hvort eintak af filmunni. Ef heimild fæst er ekkert því til fyrirstöðu að fleiri eintök séu gerð af filmunni. Með notkun hennar væri auðvelt fyrir tollyfirvöld að ganga úr skugga um hvort umsækjandi um greiðslufrest uppfyllti þau skilyrði um umfang innflutnings sem kunna að verða sett.

Það hefur komið dálítið á óvart, hve úttekt Seðlabankans og rn. hefur gengið illa og seint, og nú kemst hæstv. ráðh. að þeirri óljósu niðurstöðu, að það séu áform hæstv. ríkisstj. að taka upp greiðslufrest á tollum í áföngum. Þess vegna neyðist ég til að spyrja: Í hvers konar áföngum? Hve langir verða þessir áfangar? Verða þeir á þessu ári eða næsta ári eða hvers konar áfanga er hæstv. ráðh. að hugsa um?

Í öðru lagi er ástæða til að spyrja hæstv. ráðh. hvort hann geti ekki fellt sig við þau frumvörp, sem liggja þegar fyrir og hafa verið tvíflutt á Alþingi, og hvort það sé ekki heldur seint að setja nú fyrst á stofn nefnd, þó að auðvitað sé betra seint en aldrei, til þess að skila áliti ekki *fyrr en 1. júlí, því að það er ljóst að ef nefndin skilar ekki* fyrr er ekki hægt að taka málið upp fyrr en næsta haust. Segjum nú svo að það takist að þessu sinni að koma saman frv., mun þá hæstv. ráðh. leggja það frv. fyrir Alþingi næsta haust? Það væri vissulega ástæða til að fá skýrari svör við þessum spurningum, ef hæstv. ráðh. treystir sér til, því að það er kominn tími til að margra áliti að verslun hér í landinu verði með svipuðu sniði og gerist meðal flestra siðmenntaðra þjóða heims. En eins og allir vita tíðkast það að gefa greiðslufrest á tollum í flestum okkar nágranna- og viðskiptalöndum.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Eftir að frv. um það mál, sem hér er spurt um, voru lögð fram á Alþingi í fyrravor og þeim vísað til hv. fjh.- og viðskn. voru þau send til umsagnar öllum þeim aðilum sem talið var rétt að fengju þetta mál til umfjöllunar. Þessir aðilar hafa allir sent sínar umsagnir til nefndarinnar og fjmrn. hefur að sjálfsögðu fengið umsagnir þessara aðila líka. (Gripið fram í.) Hefur rn. ekki fengið umsagnirnar? Ef svo er, þá er mjög auðvelt að bæta úr því. Ég vil þess vegna undirstrika og ítreka það sem kom fram í máli hv. 10. þm. Reykv., þ. e. hvort hv. *fjmrh. væri ekki reiðubúinn til að* taka upp samstarf við fjh.- og viðskn. til þess að reyna að ná fram afgreiðslu á þeim frumvörpum sem nú þegar liggja fyrir þessari hv. deild og voru flutt snemma á þessu þingi. Það gæti orðið til þess að hraða þessu máli. Ég trúi því, að ef menn hefðu verulegan áhuga á að koma þessu máli fram, svo sem við flm. höfum og mjög þarft er að það nái fram, þá held ég að mjög auðvelt væri að vinna þannig að þessu máli að frumvörpin gætu orðið að lögum áður en þessu þingi lyki.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Fyrr í þessum fsp.-tíma var vakin athygli á því, að lagaákvæði, sem tóku gildi í aprílmánuði 1979, voru ekki enn komin til framkvæmda varðandi samráð við aðila vinnumarkaðarins, og það er fyrst nú tveimur árum síðar að reynt er að finna form fyrir slíku samráði, eins og hæstv. forsrh. komst að orði. Nú verðum við vitni þess, alþm., þegar við hlýðum á svör hæstv. fjmrh., að slík vinnubrögð eru ákaflega einkennandi fyrir starfshætti núv. ríkisstj., þau bera vitni seinagangi og úrræðaleysi. Það er að vísu ekki um svo alvarlegt brot að ræða sem í fyrra tilvikinu, þ. e. lagabrot, *það sem við nú fjöllum um, vegna þess að hér er aðeins* — og þó ekki aðeins, hér er um það að ræða að hæstv. fjmrh. efni ekki þau heit sem hann gefur. Um þetta leyti í fyrra kvaðst hann mundu leggja þetta mál fyrir Alþingi s. l. haust. Nú upplýsir hins vegar hæstv. fjmrh. að hann sé að hugsa um að skipa nefnd, sem eigi að skila áliti 1. júlí n. k., og væntanlega verði málið flutt í frv.-formi hér

á þingi á komandi hausti. Hann er sem sagt ári á eftir eigin áætlun og eigin fyrirheiti. Ég vil nú beina því til hæstv. fjmrh., að hann taki af skarið og svari fsp. hv. 10. þm. Reykv., hvort hann geti ekki fallist á þau frv., sem liggja nú þegar fyrir þinginu, og efnt það fyrirheit, sem hann gaf þingheimi fyrir einu ári, og gengið svo frá að þessi frv. séu samþykkt og komi til framkvæmda. Þannig hefði hann heimild til þess að gera það sem hann vill gera eða segist a. m. k. vilja gera.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Það er alveg rétt, sem bent hefur verið á í þessum umr., að við umr. um málið fyrir einu ári væntu menn þess, að hægt yrði að ljúka afgreiðslu þessa máls á Alþingi nú í vetur. En ég segi það bara eins og er, að ég hef ekki mikla von um að svo geti orðið. Málið hefur reynst flóknara en menn ætluðu, og mér hafa tjáð allir þeir ráðgjafar, sem ég hef sótt ráð til um þetta mál, að ýmsir þættir málsins þurfi nánari skoðunar við, ekki sé ráðlegt að samþykkja málið óbreytt í þeim búningi sem gerð hefur verið till. um hér í þinginu, það þurfi að ræða miklu betur en gert hefur verið hvernig þessu verði komið á í framkvæmd. M. a. er tollstjórinn í Reykjavík mjög eindregið þessarar skoðunar, en ég hef margsinnis rætt málið við hann og fleiri menn. Ég tel því óhjákvæmilegt að málið verði nánar skoðað.

Eins er það með fjárhagshliðina. Það er óumdeilt, að þegar fyrirkomulag af þessu tagi kemst til framkvæmda hlýtur það fyrst í stað að hafa í för með sér mjög verulegan tekjumissi fyrir ríkissjóð. Fljótt á litið, miðað við núverandi tekjur ríkisins af tollum, er líklegt að tekjumissir ríkisins geti numið einhvers staðar á milli 50 og 100 millj. nýkr. eða milli 5 og 10 milljörðum gkr. Það er engin smáupphæð og það verður auðvitað að sjá fyrir því með hvaða hætti ríkissjóður geti tekið á sig slíka byrði, hvernig hann geti mætt slíku áfalli þannig að það hafi ekki alvarlegar efnahagslegar afleiðingar. Þessi þættir málsins eru sem sagt ekki nægilega kannaðir, auk þess sem ráðstöfun af þessu tagi gæti haft efnahagslegar afleiðingar sem Seðlabankinn hefur sérstaklega tekið að sér að gera greinargerð um, en hefur ekki skilað henni enn þá. Þess vegna held ég, ef eðli málsins er skoðað, að engum þurfi að koma á óvart þótt afgreiðsla þess dragist til næsta vetrar.

Ég vil í þessu sambandi leyfa mér — án þess að vera með nein sérstök skot í því sambandi — að minna á það, að hv. þm. Geir Hallgrímsson veitti forstöðu ríkisstj. í fjögur ár án þess að koma þessu máli í höfn. Ég er ekki að saka hann um að honum hafi orðið einhver stórfelld mistök á, en það er greinilegt, að málið hefur dregist fyrr en nú. Þetta mál var til umræðu allan seinasta áratug. Líklega hefði verið hægt að drífa það fram ef nægilega mikil starfsorka og kraftur hefðu verið lögð í að undirbúa málið meðan hv. þm. gegndi stöðu forsrh. En því miður tókst það ekki, og við verðum að vonast til að við komum því í höfn áður en langt um líður.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. sagði, að eðli málsins samkv. þyrfti að skoða málið betur, og tilgreindi einhverjar afsakanir og skýringar á því, hvers vegna málið þyrfti enn að tefjast. Þær afsakanir og þær skýringar voru auðvitað fyrir hendi fyrir einu ári, og hæstv. fjmrh. átti þá að geta sagt sér sjálfur að þær væru þess eðlis, að hann hefði ekki átt að lofa upp í ermina á sér. Sannleikurinn er sá, að þessar skýringar og þessar afsakanir eru haldlausar. Nefndarálit það, sem skilað var í ágúst 1978 að tilhlutan þáv. fjmrh., Matthíasar Á. Mathiesen, í þeirri ríkisstj. sem ég veitti forstöðu, var að okkar mati svo vel unnið að það var unnt að taka ákvarðanir á grundvelli þess nefndarálits þegar í stað og flytja málið á þinginu 1978—1979. Það var ekki gert og það var ekki heldur gert fyrr en á síðasta þingi af hálfu okkar sjálfstæðismanna. Og þá voru undirtektir svo góðar af hálfu hæstv. fjmrh. og af hálfu hæstv. forsrh., að hvorugur þeirra sá neina meinbugi á framkvæmd málsins og hétu að koma málinu í framkvæmd og undirbúa það á s. l. sumri og koma því í framkvæmd nú í vetur.

Nú eru alls konar vandkvæði útlistuð af hálfu hæstv. fjmrh., — vandkvæði sem er auðvitað hlutverk stjórnvalda á hverjum tíma að leysa og ráða fram úr. Þetta er því ekki nein afsökun fyrir seinagangi í vinnubrögðum hæstv. fjmrh. og brigðum á fyrirheitum sem hann hefur gefið hér á þingi.

Albert Guðmundsson: Herra forseti.Ég vil vekja athygli á því, að öll rök gegn tollkrítarmálinu eða fyrirgreiðslu við innflutning á vörum erlendis frá eru þau sömu nú og voru í áratug gegn tilkomu tollvörugeymslunnar. En við tilkomu tollvörugeymslunnar varð ríkissjóður ekki af neinum tekjum, það varð enginn tekjumissir, heldur þveröfugt. Þá vil ég benda á að ef tollkrít kæmist á mundi það létta mikið á viðskiptabönkunum í fjárfestingu í innflutningi á vörum. Það mundi líka létta á og spara þjóðfélaginu tugi milljóna ef ekki meira í fjárfestingu við dýrustu mannvirkjagerð þjóðarinnar. Það eru hafnarsvæði þar sem vörugeymsluhús eru dýrt byggð og þurfa að vera traust vegna veðréttu o. fl. Það þyrfti ekki að byggja þau í sama mæli og nú er gert, heldur yrðu þær tómu vörugeymslur, sem fyrirtækin eiga nú, nýttar að fullu. Hvernig sem á málið er litið, frá hvaða hlið sem er, þá er rangt að tefja framgang þessa máls.

Fyrirspyrjandi (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Ég vil þakka þann stuðning sem hefur komið fram við þetta mál. Ég vissi að hann er mikill hér á þingi. Ég þarf aðeins að taka það fram, að í fyrsta skipti, sem hér var haldinn verulegur fundur um þetta mál af hálfu innflytjenda, í apríl 1977, skipaði þáv. fjmrh., hv. núv. þm. Matthías Á. Mathiesen, nefndina margumræddu. Hún skilaði af sér í ágúst 1978 og þá var ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar orðin starfsstjórn þannig að þá var ekkert hægt að gera meira í málinu að sjálfsögðu.

Tollstjóri átti sæti í þessari nefnd ásamt ríkisendurskoðendum þannig að það er alveg ljóst að fulltrúarnir úr ríkiskerfinu, ef ég má nota það orð, voru gerkunnugir málinu. (**Gripið fram í:** Og ritari nefndarinnar skrifstofustjóri ráðuneytisins.) Og ritari nefndarinnar skrifstofustjóri rn., er upplýst hér.

Ég vil aðeins að lokum skora á hæstv. ráðh. annaðhvort að lýsa yfir stuðningi við frv. okkar fimm þm. eða að leggja fram næsta haust frv. um þessi mál. Og enn fremur, sem kannske er mikilvægasti þátturinn í þessu, og ég held að hann hafi verið sá sem kannske hefur tafið mest fyrir, að taka tillit til málsins við sjálfa fjárlagagerðina.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Úr því að farið er að orðlengja svo mjög um forsögu þessa máls þykir mér við hæfi að það komi alveg skýrt fram hver gangur málsins hefur verið. Það er rétt sem hér hefur komið fram, að það er í tíð ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar, hv. núv. 1. þm. Reykv., að nefndarálitið, sem hér er um rætt, verður til. Því er skilað í ágústmánuði 1978. Kannske hefði ekki verið fráleitt að nál. hefði þá verið útbýtt til þm. og það kynnt fyrir þeim. En það var ekki gert í valdatíð ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar.

Sú stjórn, sem þá tók við, tók málið ekki upp, og ég vil upplýsa það hér, að mér var ekki kunnugt um þetta nefndarálit fyrr en ég kom í fjmrn. veturinn 1980. Nú spyr ég, úr því að mönnum lá svo mjög á að koma þessu máli fram og eru nú með þungar ásakanir í minn garð vegna þess að ég skuli ekki hafa komið málinu fram, hvernig stóð þá á því að þessir ágætu hv. þm. Sjálfstfl. fluttu ekki málið hér á Alþingi veturinn 1978—1979? Þeir virtust ekki vita frekar en ég að þetta mál væri til þann vetur. Það er ekki fyrr en á s. l. vetri að málið er flutt. (**Geir H:** Það átti að gefa viðtakandi ríkisstj. tækifæri til þess að flytja málið.) Ja, menn gátu vissulega sýnt áhuga sinn í verki úr því að sú ríkisstj. bar ekki málið strax fram. Mér kemur á óvart ef það er rétt, sem hér er upplýst, að þessi bók, sem inniheldur nefndarálitið, hafi ekki náð til þm. Ég held að það sé fyllilega tímabært að svo verði hið fyrsta.

En sem sagt, ég held að forsaga þessa máls, sem er nú áreiðanlega orðin eins áratugs löng, og ýmislegt það, sem komið hefur fram jafnvel hjá þeim mönnum sem stóðu að nefndarálitinu, eins og tollstjóranum í Reykjavík, sýni og sanni að málið er alls ekki einfalt og það þarf bersýnilega að gera talsverða úttekt á ýmsum hliðum þess áður en hægt er að koma því í framkvæmd. Það hefur greinilega vafist fyrir fleirum en mér og það hefur greinilega vafist fyrir fleiri ríkisstjórnum en þeirri, sem nú situr, að koma málinu fram.

Ég ætla að vonast til að það sé eins mikil hreyfing á málinu núna og hér hefur verið gerð grein fyrir svo að hægt sé að ljúka því hið fyrsta. Ég tel að það samstarf, sem hefur tekist, m. a. fyrir forgöngu hv. þm. Alberts Guðmundssonar, milli fjmrn., tollstjórans í Reykjavík og Verslunarráðsins, sem hefur sent okkur ýmsar gagnlegar upplýsingar um þetta mál, verði til þess að hægt sé að koma málinu í framkvæmanlegt horf innan tíðar.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Á seinustu dögum ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar skilaði sú nefnd því áliti sem hér hefur verið til umr. Það var því mjög eðlilegt að sá aðili, sá einstaklingur sem tók við embætti fjmrh., fengi tækifæri til að skoða þetta mál og ekki aðeins það, heldur var mér kunnugt um að fulltrúar þeirra samtaka, sem mestan áhuga hafa haft á þessu máli, gengu á fund þáv. fjmrh., Tómasar Árnasonar, til að ræða við hann um það. Hann lýsti því fyrir þeim, að þetta mál væri í skoðun hjá ríkisstj. og síðan yrði tekin afstaða til þess þegar þar að kæmi.

Ég taldi eðlilegt, þar sem þetta mál var skoðað fyrir frumkvæði ríkisstj. og fjmrn., að nýr fjmrh. fengi tækifæri til að kynna sér málið. Ég vonaðist síðan til þess, að fjmrh. eða ríkisstj. flytti málið þegar liði á þingið 1978—1979. Það reyndist hins vegar ekki. Þess vegna var það að þessi frumvörp voru síðan flutt sem þmfrv. á næsta þingi þar á eftir. Mér kemur það ákaflega mikið á óvart, ef hæstv. núv. fjmrh. hefur hvorki frétt af né séð þetta nefndarálit fyrr en hann kom í fjmrn. sem fjmrh. í núv. ríkisstj. Ég veit að þetta mál hafði verið til umræðu á fundum ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar, sem hann sat í sem ráðh., að vísu ekki fjmrh. Ég vil undirstrika það, að allar þær umsagnir, sem fjh.- og viðskn. hefur fengið í sambandi við þessi frv., verða að sjálfsögðu sendar rn., ef fjmrn. hefur ekki fengið þær sem mér finnst afar einkennilegt, þ. á m. umsögn Seðlabanka Íslands. Ég held, miðað við það sem mér heyrist, að mjög góður vilji sé hér í þingi til að ná þessum málum fram. Þá ættum við að taka höndum saman, fulltrúar í fjh.- og viðskn. og fulltrúar fjmrn., fara í gegnum þetta mál og reyna að fá það lögfest áður en þingi lýkur. Það er ábyggilega hægt ef sá vilji er fyrir hendi sem hér hefur komið fram hjá fulltrúum stjórnarinnar.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég hef haft afskipti af þessu máli frá því 1962, ekki bara frá 1976 eða 1975. Síðan 1962 hefur þetta verið mitt áhugamál. Ég hef talað við fjmrh. ég held allra ríkisstjórna, sem setið hafa síðan, um þetta mál, og ég vil staðfesta það, sem kom hér fram hjá fjmrh., að eftir einn fund með honum setti hann á laggirnar nefnd sem er starfandi núna, og með hans leyfi bar ég Verslunarráðinu þau boð, að Verslunarráðið skipaði einn af þremur í þá nefnd og er lögfræðingur Verslunarráðsins starfandi í nefndinni.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Hv. þm. Albert Guðmundsson hefur upplýst það hér, að hann hafi unnið að þessu máli frá árinu 1962 og hann hafi rætt við alla fjmrh. um þetta brýna hagsmunamál. Mér þætti vænt um ef hv. þm. Matthías Á. Mathiesen vildi upplýsa hvernig stóð á því, að í þau fjögur ár sem hann var fjmrh. var ekkert gert í þessu máli utan það eitt, að mánuði áður en gengið var til kosninga og umboð ráðh. skyldi renna út lét hann nefnd skila áliti um málið. Hvaða skýringar eru til á því, að í fjögurra ára ráðherratíð Matthíasar Á. Mathiesens var jafnslælega unnið að þessu brýna hagsmunamáli? Ljóst er að það voru 12 ár frá því að upphaflega hófst barátta fyrir þessu máli og þar til hv. þm. Matthías Á. Mathiesen varð ráðh., en samt sem áður entust honum ekki fjögur ár til annars en að láta eina nefnd skila af sér mánuði áður en umboð hans rann út.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Það mátti heyra það af orðum hv. 11. þm. Reykv., að hann var ekki vel að sér í sögu þessa máls. Sú nefnd, sem ég skipaði, var skipuð í upphafi árs 1977 til þess að kanna þetta mál og koma fram með grg. í málinu. Þetta mál vannst ekki fyrr en svo að nefndin skilaði áliti í ágústmánuði 1978. Nefndarálitið var ekki komið fram fyrir kosningar sem þá fóru fram. Það kom fram í ágúst 1978, skömmu áður en sú ríkisstj. fór frá sem hafði beitt sér fyrir málinu. Það höfðu ekki aðrir gert áður, ekki heldur sú ríkisstj. sem sat hér á árunum 1971—1974, svo að ég bendi á þá sem þessi hv. þm. treystir kannske betur til að fara með málefni ríkisins heldur en þeim sem sátu í ríkisstj. 1974—1978, því að Alþb. átti fulltrúa í ríkisstj. 1971—1974.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Matthíasi Á. Mathiesen fyrir að upplýsa það hér, að það tók hann 2½ ár frá því að hann varð fjmrh. þar til

hann kom því í verk að skipa nefnd í þetta brýna hagsmunamál sem Albert Guðmundsson var búinn að berjast fyrir síðan 1962. Ef hæstv. forseti vill sýna umburðarlyndi gagnvart þm. Matthíasi Á. Mathiesen, þá væri mjög gagnlegt að fá fram upplýsingar um það hér í umr., hvers vegna það tók hann 2½ ár að koma því í verk að skipa nefnd í þetta mikilvæga mál.

Sameinað þing, 65. fundur.

Þriðjudaginn 24. mars, að loknum 64. fundi.

Húsakostur Alþingis, þáltill. (þskj. 510). — Ein umr.

Flm. (Jón Helgason): Herra forseti. Á þskj. 510 flytjum við forsetar Alþingis Helgi Seljan, Sverrir Hermannsson ásamt mér, og Benedikt Gröndal, hv. 4. þm. Reykv., till. til þál. um framtíðarhúsakost Alþingis.

Hinn 1. júlí n. k. eru 100 ár liðin síðan Alþingi kom fyrst saman til fundar í þessu húsi. Það segir sína sögu um það, sem öllum hv. alþm. er best kunnugt, hvað starfsemi Alþingis hefur aukist og margfaldast frá því Alþingishúsið var reist. Það ber sannarlega vitni stórhug forfeðra okkar við undirbúning að og ákvörðun um byggingu þessa húss að enn þá skuli þing vera haldið í þessu húsi og í þessu sal, a. m. k. lítið breyttum. Það er hins vegar ekki að undra þótt nokkuð sé umliðið síðan farið var að ræða um endurbætur á húsakosti Alþingis og byggingu á nýju alþingishúsi.

Í þeim umr., sem farið hafa fram, var m. a. minnst á þann möguleika að reisa alþingishús á nýjum stað og bent á ýmsa staði hér í Reykjavík og jafnvel utan hennar sem kæmu þar til greina. En ekki náðist samstaða um slíkan stað eða framkvæmdir að öðru leyti svo að úr þeim hefur ekkert orðið fram að þessu. Hins vegar hafa brýnustu þarfir Alþingis í húsnæðismálum verið leystar á þann hátt að keypt hafa verið gömul hús hér í grenndinni og þau tekin til notkunar fyrir margvíslega starfsemi sem fram fer á vegum Alþingis. Á þann hátt hefur fengist húsaskjól fyrir þessa starfsemi, en að öðru leyti held ég að óhætt sé að fullyrða að það hafi ekki skapað æskilega starfsaðstöðu. En með þessum húsum hefur Alþingi jafnframt fengið lóðir svo að nú á Alþingi að mestu orðið svæðið sem afmarkast af Templarasundi, Kirkjustræti, Tjarnargötu og Vonarstræti, nema húsið Vonarstræti 10 og þá lóð sem því fylgir. Þar með hefur Alþingi fengið umráð yfir svo stóru svæði hér í kring að það á að vera auðvelt að koma þar fyrir byggingum sem nægja munu Alþingi um ófyrirsjáanlega framtíð. Það virðist því ekki vera lengur nein ástæða til að flytja Alþingi frá þeim stað þar sem það hefur nú verið háð um einnar aldar skeið, og reyndar má segja hér á þessu svæði allt frá því að það var endurreist, því að fram að þeim tíma að þetta hús var byggt var það haldið í Menntaskólanum í Reykjavík hér örskammt frá.

Það er af þessum ástæðum sem við flytjum nú till. um það, að nú þegar verði efnt til samkeppni á meðal arkitekta um byggingu sem hæfa og henta muni Alþingi í náinni framtíð hér á þessum stað. Við teljum að jafnframt því sem þörfin knýr á að þetta verði gert, þá sé það viðeigandi nú á 100 ára afmæli þessa húss, og við væntum þess, að samstaða náist um að gera það af sömu reisn og stórhug og einkenndi byggingu þessa húss á þeim tíma sem það var reist.

Ég vil vænta þess, að þessi till. fái greiða afgreiðslu og góðan stuðning hér á Alþingi, og óska þess, að henni verði nú, þegar þessari umr. er frestað, vísað til hv. fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Skóiðnaður, þáltill. (þskj. 482). — Ein umr.

Flm. (Guðmundur Bjarnason): Herra forseti. Á þskj. 482 hef ég leyft mér ásamt hv. þm. Norðurl. e., Stefáni Jónssyni, Lárusi Jónssyni, Árna Gunnarssyni og Stefáni Valgeirssyni, að flytja till. til þál. um athugun á rekstrargrundvelli skógerðar og skóiðnaðar í landinu. Þáltill. þessi hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta nú þegar fara fram könnun á með hvaða hætti hægt er að efla og styrkja rekstrargrundvöll skóiðnaðar og stuðla að áframhaldandi rekstri skógerðar í landinu. Sé þörf sérstakrar lagasetningar í þessu sambandi skal ríkisstj. láta undirbúa slíka löggjöf og leggja fyrir Alþingi hið fyrsta."

Ástæðan fyrir flutningi þessarar þáltill. er fyrst og fremst sú, að nú blasir við að skógerð eða skóiðnaður verði lagður niður hér á landi og slíkri starfsemi að fullu hætt. Þó að hér hafi um áraraðir starfað skógerðir og skóverksmiðjur sem veitt hafa fjölda fólks atvinnu er nú svo komið á þessum tímum, þegar mikið er talað um iðnað og iðnaður er talinn vera sú grein atvinnulífsins sem þurfi að taka við því fólki sem bætist við á vinnumarkaðinn á næstu árum, og þó að á tyllidögum séu haldnar lofsamlegar ræður um mikilvægi iðnaðar, þá er nú svo komið að aðeins ein skóverksmiðja, skóverksmiðjan Iðunn á Akureyri, er starfrækt.

Skóverksmiðja þessi hóf starfsemi sína á árinu 1936. Þegar starfsemin stóð þar með sem mestum blóma unnu hjá fyrirtækinu um 120 manns, en vegna mikilla rekstrarerfiðleika á undanförnum árum og samdráttar í framleiðslu og sölu hefur starfsfólki fækkað svo að nú vinna þar aðeins um 50 manns. Á s. l. hausti, með bréfi dags. 10. okt. 1980, tilkynnir iðnaðardeild Sambands ísl. samvinnufélaga félmrn. að stjórn Sambandsins hafi ákveðið að hætta starfsemi skóverksmiðjunnar og muni öllum starfsmönnum hennar verða sagt upp á næstunni. Málefni verksmiðjunnar voru þó aftur til umræðu á fundi í stjórn Sambandsins 17. nóv. 1980 og var þá bókað eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir um langt skeið til þess að tryggja skóverksmiðjunni rekstrargrundvöll er hún enn rekin með verulegum halla og ekki fyrirsjáanlegt að takast megi að bæta afkomu hennar svo að viðunandi sé. Í framhaldi af bókun á síðasta stjórnarfundi heimilar stjórnin framkvæmdastjóra iðnaðardeildar að halda áfram undirbúningi að lokun verksmiðjunnar frá miðju ári 1981 og tilkynna það bréflega viðkomandi aðilum. Málið verði þó tekið til endanlegrar meðferðar og ákvörðunar á stjórnarfundi Sambandsins í febr. 1981. Fram að þeim tíma verði enn kannað hvort hægt sé að finna verksmiðjunni rekstrargrundvöll."

Í þessari bókun felst í raun að ákveðið var að reyna að halda rekstrinum áfram nokkru lengur og sjá hvort rekstrarafkoman lagaðist ekki og hvort ekki reyndist unnt að halda þessum rekstri gangandi í framtíðinni. En nú er því miður ljóst samkv. bráðabirgðauppgjöri fyrir árið 1980 að rekstrarerfiðleikar eru enn miklir, og í

bókun á fundi stjórnar Sambands ísl. samvinnufélaga hinn 5. mars s. l. segir svo, með leyfi forseta:

„Í framhaldi af bókun sambandsstjórnar frá 17. nóv. 1980 skýrði framkvæmdastjóri iðnaðardeildar frá því, að um áframhaldandi taprekstur sé að ræða hjá skóverksmiðjunni. Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri var tap 52 millj. kr. á árinu 1980. Stjórnvöld hafa ekki að neinu leyti komið til móts við Sambandið varðandi rekstrargrundvöll verksmiðjunnar. Rekstraráætlun fyrir 1981 gerir ráð fyrir 603 þús. kr. tapi á árinu. Af þessum ástæðum verður stjórn Sambandsins að halda við fyrri ákvörðun samkv. nefndri bókun, nema til komi aðgerðir af hálfu stjórnvalda til að tryggja rekstrargrundvöllinn. Framkvæmdastjóra iðnaðardeildar er falið að kynna skriflega þessa stöðu mála viðkomandi aðilum. Málið verður tekið fyrir aftur á fundi stjórnarinnar 27. mars n. k."

Af þessu má sjá að ákveðið var að doka við enn um sinn og sjá hvort stjórnvöld og bæjaryfirvöld á Akureyri mundu reynast reiðubúin til að sýna verksmiðjunni einhvern stuðning í verki ella mundi Sambandið neyðast til þess að loka verksmiðjunni.

Eins og áður er að vikið vinna nú í þessari iðngrein um 50 manns. Er mikið af því fullorðið fólk, sem hefur unnið á sama vinnustað um árabil og á því án efa erfitt með að fá vinnu við sitt hæfi, ef starfsemi þessari verður nú hætt sökum rekstrarörðugleika. Teljum við flm. þessarar þáltill. því að hér sé um að ræða verulegt vandamál, bæði í atvinnulegu og eins í félagslegu tilliti, sem stjórnvöld verði að taka til athugunar, og leita beri allra hugsanlegra leiða til að koma í veg fyrir að iðngrein þessi verði lögð niður. Eins og kunnugt er hafa viðbrögð manna við fréttum af örðugleikum verksmiðjunnar verið eindregið á þann veg, að mjög væri miður farið ef þessi eina skóverksmiðja landsins yrði að hætta störfum, enda hefur framleiðsla hennar líkað ágætlega. Má í því sambandi vitna til samþykktar, sem aðalfundur Skókaupmannafélags Íslands, haldinn 26. febr. 1981 að Marargötu 2 í Reykjavík, gerði og lét frá sér fara, en fundurinn ályktaði eftirfarandi samhljóða:

„Fundurinn samþykkir að mælast til þess við félagsmenn Skókaupmannafélagsins, að þeir geri sitt til þess að stuðla að áframhaldandi rekstri skóverksmiðjunnar Iðunnar á Akureyri með skóinnkaupum frá henni.

Skókaupmannafélag Íslands,
Ebba Hvannberg,
formaður."

Má af þessu sjá að það eru ekki aðeins eigendur verksmiðjunnar sem hafa áhuga á að reka hana og starfrækja áfram, heldur er það einnig álit félagsmanna í Skókaupmannafélagi Íslands að það væri mjög miður ef þessi verksmiðja hætti starfsemi sinni.

Í dagblaðinu Tímanum 4. mars s. l. er viðtal við Ebbu Hvannberg, sem er formaður Félags skókaupmanna, og segir hún þar m. a., með leyfi forseta:

„Okkur þykir sjálfsagt að gera okkar til þess að styðja við bakið á íslenskum iðnaði, einkum þar sem þetta er iðnaður sem á við erfiðleika að stríða, þrátt fyrir að hann framleiði vöru er fyllilega stenst samanburð við innflutta vöru. Eins og aðrir framleiðendur er Iðunn svolítið afmörkuð á sínu sviði, en t. d. í karlmanna- og unglingaskófatnaði, svo og sérstaklega í kuldaskófatnaði er framleiðsla verksmiðjunnar mjög góð. Yfirleitt er gott hráefni í vörunni og hún fyllilega samkeppnishæf. Því þótti okkur ástæða til þess að beina þessari hvatningu til félagsmanna okkar, að þeir beindu innkaupum til Iðunnar eftir kostum."

Ályktun aðalfundar Skókaupmannafélagsins er prentuð í grg. með þáltill. á sérstöku fskj.

Ég leyfi mér enn að vitna í umræður í fjölmiðlum um málefni verksmiðjunnar og skóiðnarins.

Í Þjóðviljanum þriðjudaginn 17. mars segir eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Verður Iðunni á Akureyri lokað? Skógerð hætt hér á landi? Málefni skóverksmiðju Sambandsins á Akureyri eru nú mjög í brennidepli þar nyrðra, en ef ekki verður gripið til viðeigandi ráðstafana er ekkert fram undan annað en uppsögn 50 starfsmanna og lokun verksmiðjunnar og þar með endalok íslenskrar skóframleiðslu, en verksmiðjan á Akureyri er sú eina sinnar tegundar á landinu."

Þá er í þessari frétt í Þjóðviljanum vitnað í viðtal við Kristínu Hjálmarsdóttur varaformann og starfsmann Iðju á Akureyri og eftir henni haft eftirfarandi:

„Við teljum þetta vera mjög alvarlegt mál. Starfsfólkið í skóverksmiðjunni er flest nokkuð fullorðið fólk og hefur unnið lengi við þennan iðnað og er því sérþjálfaður starfskraftur. Það er mjög ósennilegt að þetta fólk gangi inn í önnur störf á vinnumarkaðinum. Þess biði sennilega ekkert annað en atvinnuleysið."

Á sérstöku fskj. með grg. er yfirlit yfir aldur starfsfólks skógerðarinnar. Það yfirlit er dags. 6. júlí 1978. Þó hér sé ekki um að ræða alveg nýja samantekt má gera ráð fyrir að starfsskipting sé þó nokkuð lík því sem þarna kemur fram enn í dag. Má af þessu sjá að verulegur hluti af starfsfólkinu er orðið fullorðið fólk og eru 65% af öllu starfsliðinu eldri en 55 ára og 26% eða rúmlega 1/4 hluti starfsfólksins er yfir 65 ára aldri. Aðeins þrír starfsmenn verksmiðjunnar eru á aldrinum 20—30 ára. Allt rennir þetta því stoðum undir það álit okkar flm., að hér sé um verulegt félagslegt vandamál að ræða, auk þess sem lokun verksmiðjunnar mundi hafa veruleg áhrif á atvinnulíf á Akureyri. En eins og menn muna og komið hefur fram í fréttum hefur atvinnuástand í Norðurlandskjördæmi eystra verið mjög erfitt í vetur, ekki síst á Akureyri. Á það þó sérstaklega við í þjónustuiðnaði og byggingariðnaði, en einnig eiga verksmiðjur Sambandsins á Akureyri við verulega rekstrarerfiðleika að stríða. Má þar lítið út af bera svo að ekki þurfi að draga saman í starfseminni og í framhaldi af því að segja upp fólki. Málefni skóverksmiðjunnar eru þó að því leyti sérstæð, að hér er um það að ræða að loka algerlega einu verksmiðjunni, sem rekin er á þessu sviði, og hætta þeirri starfsemi fyrir fullt og allt. Því töldum við ástæðu til að flytja þessa þáltill. um að rekstrargrundvöllur skógerðarinnar verði kannaður til hlítar og stjórnvöld reyni að leita allra tiltækra leiða til að koma í veg fyrir stöðvun þessa rekstrar.

Rétt er að það komi hér fram, að iðnrn. hefur á undanförnum árum haft nokkur afskipti af rekstri skóverksmiðjunnar Iðunnar á Akureyri og leitað leiða til að bæta rekstrargrundvöll hennar. Gerð var úttekt á rekstri verksmiðjunnar, sem m. a. leiddi það í ljós, að rekstur með 70—100 manna starfsliði ætti ekki framtíð fyrir sér. Framleiðslutegundir væru of margar, þannig að framleiðnin yrði of lág og launakostnaður þar með of hár. Hins vegar kom einnig í ljós að ef skóframleiðslan legðist niður færi veruleg verkkunnátta forgörðum. Auk þess

þyrfti rekstrarhagræðingu og að endurnýja vélar og tæki. Einnig hafði verið reynt að framleiða vörur til útflutnings, einkum til Rússlands, en það hafði gefist fremur illa. Framleiðsla sú, sem best hafi gengið, sé vetrarskófatnaðurinn og ekki sé fullreynt með sölu á vetrarskófatnaði á erlendum markaði, en þar virtist árangur vera vænlegastur.

Þá var sett upp sérstakt námskeið í starfsþjálfun og rekstrarráðgjöf og greiddi Iðnþróunarsjóður hluta af kostnaði vegna þess námskeiðs.

Þá beitti iðnrh. sér fyrir því, að Seðlabankinn lánaði verksmiðjunni nokkra upphæð í ársbyrjun 1979 og skyldi það lán vera til eins árs. Þeir aðilar, sem um málið fjölluðu af hálfu rn., voru mótfallnir því, að verksmiðjunni yrðu veittir beinir rekstrarstyrkir, heldur að útvegað yrði lán sem nota mætti í hagræðingarskyni og taka þá frekar þátt í fjármagnskostnaðinum. Vart verður talið að hér hafi verið um háa upphæð að ræða sem gæti haft veruleg áhrif á rekstrarafkomuna, þó vafalaust hafi það hjálpað eitthvað til. Þá var og lánstími mjög skammur, en nú hefur lánið verið framlengt til 15. jan. 1981 og var þá gerður samningur um að það yrði greitt upp á þessu ári með fjórum greiðslum með tveggja mánaða millibili.

Þrátt fyrir þessar aðgerðir er nú ljóst að við enn meiri rekstrarerfiðleika er að glíma en menn gerðu ráð fyrir. Er því með þessari þáltill. farið fram á að ríkisstj. láti nú fara fram rækilega könnun á því, hvort nokkur rekstrargrundvöllur sé fyrir þessa starfsemi, og leitað sé allra leiða til að koma í veg fyrir að hún leggist niður.

Iðnrh. mun nú á síðustu dögum hafa haft einhver afskipti af málinu og hann eða menn á hans vegum átt viðræður við forsvarsmenn verksmiðjunnar og er það þakkarvert. Má kannske segja að þar með sé þáltill. þessi orðin að almennu þingkjaftæði, eins og einn hv. þm. orðaði það hér á dögunum og segist hafa þau ummæli eftir reyndum þm. sem taldi það eiga við um flestar þáltill. En nokkur tími er liðinn frá því að þessi þáltill. var lögð fram hér á þingi og hefur tíma Alþingis oft síðan verið varið í ýmiss konar umr., sem ég tel fremur eiga að flokka sem þingkjaftæði — svo að ég leyfi mér að nota það orð — en umfjöllun um þáltill. M. a. vegna þeirra umr. hefur framsaga fyrir og áframhaldandi meðferð þessarar till. dregist óþarflega lengi þar sem tími til aðgerða er naumur, og því vil ég þakka að ráðh. skuli þegar hafa litið til með málinu.

Ástæðurnar fyrir samdrætti í íslenskri skógerð eru vafalaust margvíslegar og er leitt getum að nokkrum þeirra í grg. með þáltill. Má þar m. a. nefna aðgerðir af hálfu Efnahagsbandalagsins og áhrif aðildar Íslands að EFTA og tollalækkanir í því sambandi, samkeppni frá láglaunalöndum svo og framleiðsluvandamál sem skapast af því hvað okkar innlendi markaður er lítill. Ýmsar nágrannaþjóðir okkar eiga í svipuðum erfiðleikum með sinn skóiðnað og hér er við að glíma, en þær hafa reynt að snúast til varnar og aðstoða sínar verksmiðjur með ýmsum ráðum til að halda rekstrinum áfram, bæði af félagslegum ástæðum svo og með ýmiss konar öryggissjónarmið í huga, ef aðstæður breyttust þannig í heiminum að erfitt yrði að fá skófatnað. Er þar trúlega einkum átt við styrjaldarástand, sem er því betur alltaf nokkuð fjarlægt í hugum okkar Íslendinga, en þó er aldrei að vita við hverju má búast. Og ekki er óeðlilegt að við Íslendingar hugsum eitthvað svipað nágrönnum okkar í þessu efni og reynum í lengstu lög að halda gangandi okkar einu skóverksmiðju, jafnvel þótt það kostaði einhver fjárútlát af hálfu opinberra aðila. Í því skyni hefur okkur helst dottið í hug að iðngrein þessari yrði veittur fjárfestingarstyrkur eða hagræðingarstyrkur eða þá verulegt lán, til lengri tíma en getið var um að iðnrh. hafi áður beitt sér fyrir, og yrði það notað til að auka hagræðingu og hagkvæmni í rekstri verksmiðjunnar. Þá mætti líka benda á aukna og hagkvæmari lánafyrirgreiðslu í formi rekstrar- eða afurðalána, svo sem iðnaðurinn hefur mjög ákveðið farið fram á, að hans afurða- og rekstrarlánakjör væru bætt til samræmis við t. d. sjávarútveginn. Þá er einnig bent hér á að hugsanlega megi lækka orkuverð, en þó hefur það nú verið upplýst, að orkunotkun skóverksmiðjunnar muni ekki vera mikil, þannig að óvíst er hvort þarna munar nokkrum verulegum upphæðum. Þá er einnig lagt til að notuð verði heimild í lögum, sem samþykkt voru fyrr á þessu þingi, til að leggja á innfluttar samkeppnisvörur aðlögunar- eða jöfnunargjald eða ígildi þess. Einnig mætti kanna hvort hægt er að ganga lengra en þegar hefur verið gert í að lækka eða fella niður aðflutningsgjöld eða tolla af hráefni, tækjum og vélum. Þó er hætt við að ekki verði öllu lengra gengið í þessum efnum en þegar hefur verið gert. Loks má athuga hvort hægt sé að lækka eða fella niður opinber gjöld af starfsemi þessari. Kemur þá ekki síður til kasta bæjaryfirvalda á Akureyri en til Alþingis og ríkisstj.

Um þessar mundir er mikið leitað eftir nýiðnaðartækifærum ýmsum og fjármagni varið af hálfu ríkisins til rannsókna og athugana á ýmsum möguleikum þar að lútandi svo og staðarvali slíkra væntanlegra fyrirtækja. Á fjárlögum er nú varið 2 millj. kr. eða 200 millj. gkr. til athugana á ýmiss konar orkufrekum iðnaði. Er í því sambandi m. a. rætt um kísilmálmframleiðslu, magnesíumframleiðslu, pappírsframleiðslu o. fl. Einnig er um að ræða athuganir á eldsneytisframleiðslu, saltvinnslu, sykurhreinsunarverksmiðju, steinullarverksmiðju og stálbræðslu, þ. e. vinnslu úr brotajárni, og hefur einmitt komið fram í fréttum nú á síðustu dögum að mikill áhugi er hjá mönnum á slíkri verksmiðju. Jafnframt hefur komið fram í fréttum af því máli að slík verksmiðja mundi kosta um 10 milljarða gkr. eða um 100 millj. kr. og það fé mundi skila sér á 15 árum ef áætlanir þar að lútandi standast. Þessi verksmiðja mun þó aðeins veita um 60 manns atvinnu. Er af því ljóst að a. m. k. sum þessara nýiðnaðartækifæra, sem miklu fjármagni er varið til að rannsaka og undirbúa, veita álíka mikla atvinnu og sá skóiðnaður sem nú er starfræktur í landinu. Að sjálfsögðu er það fyllilega tímabært og til þess gert að efla atvinnulíf okkar og auka fjölbreytni þess, svo og að nýta dýrmætar orkulindir, að kanna nýjar leiðir í atvinnumálum okkar Íslendinga og þá einkum á sviði iðnaðar. Er einnig vonandi að hér sé um arðbæra fjárfestingu að ræða, fjárfestingu sem skili auknum tekjum í þjóðarbúið og bæti lífskjör þegnanna.

En þá hlýtur einnig að vakna sú spurning, hvort ekki sé eðlilegt og mikilvægt að gæta vel að þeim iðnaði, sem fyrir er, og leita allra leiða til að koma í veg fyrir að gamlar og grónar iðngreinar leggist niður, jafnhliða því sem hugað er að nýjum atvinnumöguleikum.

Herra forseti. Að lokum langar mig til að lesa hér upp tvær ályktanir sem mér hafa borist frá Akureyri varðandi þetta málefni. Sú fyrri er frá bæjarstjórn Akureyrar og hljóðar svo:

„Akureyri, 18. mars 1981.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur á fundi sínum 10. mars s. l. samþykkt eftirfarandi tillögu:

„Bæjarstjórn Akureyrar beinir þeirri áskorun til ríkisstj., að hún beiti sér fyrir nauðsynlegum stuðningi við skóiðnað í landinu."

Þetta tilkynnist yður hér með.

Bæjarstjórinn Akureyri."

Og hin bókunin er frá atvinnumálanefnd Akureyrar og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Akureyri, 18. mars 1981.

Atvinnumálanefnd Akureyrar hefur á fundi sínum í dag gert eftirfarandi bókun:

„Atvinnumálanefnd Akureyrar beinir þeirri ósk til Alþingis, að till. til þál., borin fram af Guðmundi Bjarnasyni og fleirum, um athugun á rekstrargrundvelli skógerðar og skóiðnaðar í landinu verði samþykkt hið fyrsta. Jafnframt beinir atvinnumálanefnd þeirri ósk til ríkisstj., að þeirri athugun, sem till. fjallar um, verði hraðað sem kostur er og stjórnvöld beiti áhrifum sínum til að koma í veg fyrir lokun skóverksmiðjunnar Iðunnar meðan á þessari athugun stendur."

Þetta tilkynnist yður hér með.

F. h. atvinnumálanefndar Akureyrar.
Páll Hlöðversson."

Ég vil að lokum aðeins ítreka og leggja áherslu á það sem hér kemur fram í bókun atvinnumálanefndar Akureyrar, að máli þessu verði hraðað svo sem kostur er í gegnum þingið og nefnd sú, sem fær þáltill. til meðferðar, reyni að hraða afgreiðslu hennar svo sem frekast er kostur. Ég minni í því sambandi á bókun þá, sem ég las upp fyrr í ræðu minni frá fundi stjórnar Sambands ísl. samvinnufélaga, þar sem gert er ráð fyrir að mál þetta verði tekið fyrir á næsta stjórnarfundi, sem halda á 27. mars n. k., en það er á föstudaginn kemur. Ef ekki er líklegt að Alþingi og ríkisstj. taki jákvætt á þessu máli má reikna með að stjórn Sambandsins álykti að standa við fyrri bókanir og loka verksmiðjunni á miðju þessu ári. Sé hins vegar einhver von til aðgerða af hálfu ríkisvaldsins er trúlega hægt að ná samkomulagi við eigendur verksmiðjunnar um að starfseminni verði haldið eitthvað áfram meðan þær athuganir fari fram, í þeirri von að þær leiði það af sér, að hægt sé að halda áfram starfsemi verksmiðjunnar, sem hlýtur að vera mikils virði í atvinnulegu, félagslegu og þjóðhagslegu tilliti.

Herra forseti. Að lokinni þessari umr. legg ég til að till. verði vísað til hv. atvmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Fasteignamat ríkisins, þáltill. (þskj. 480). — Ein umr.

Flm. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Okkur Íslendingum hættir gjarnan til að vera tregir til að taka upp nýja og oft nauðsynlega þjónustu. Við viljum ekki auka við báknið. Á hinn bóginn erum við einnig mjög tregir til að leggja niður eða draga úr þjónustu sem upphaflega hefur verið nauðsynleg, en vegna breyttra aðstæðna er það e. t. v. ekki lengur, a. m. k. ekki í sama mæli og upphaflega. Stundum tökum við upp þjónustu sem á að yfirtaka störf annarrar sem fyrir er, e. t. v. í nokkuð annarri mynd. Sú nýja tekur til starfa, sú gamla heldur áfram eins og ekkert hafi í skorist. Af þessum og mörgum öðrum ástæðum á sér stað mikill tvíverknaður í þjóðfélaginu með tilheyrandi aukakostnaði.

Dæmi um tvíverknað er mat fasteigna, annars vegar brunabótamatið, hins vegar fasteignamatið. Öll nýbyggð hús eru metin brunabótamati strax og þau eru tilbúin til notkunar. Kostnaðinn við það greiða húsbyggjendur. Þau tryggingafélög, sem annast brunatryggingar fasteigna, láta svo gjarnan á 5—8 ára fresti endurskoða brunabótamat í hinum ýmsu byggðarlögum eftir því sem tilefni er talið til. Kostnað við það greiða tryggingafélög. Auk þess getur svo hver og einn hvenær sem er óskað eftir endurmati á húseignum sínum. Að öðru leyti fylgir brunabótamatið ársfjórðungslegum breytingum á byggingarvísitölu. Ekki er vitað nákvæmlega um heildarkostnað við brunabótamat á landinu öllu, en áætla má að hann sé á bilinu 300—400 millj. gkr. á ári miðað við áætlað verðlag ársins 1981. Samkv. fjárl. fyrir árið 1981 er áætlaður kostnaður við Fasteignamat ríkisins 491 millj. gkr. og er þá miðað við verðlag og kaupgjald eins og það var í des. s. l. og á því auðvitað eftir að hækka. Auk þess leggja sveitarfélögin fram talsverða vinnu við undirbúning fasteignamatsins.

Hér er að mestu leyti um óþarfan tvíverknað að ræða og miðar þáltill. að því að draga mjög verulega þar úr. Brunabótamat hvers húss er miðað við endurbyggingarkostnað sams konar húsnæðis. Fasteignamatið gengur í stórum dráttum út frá því sama, en matsupphæðin er lækkuð með fyrningarstuðli. Auk þess er tekið tillit til áætlaðs markaðsverðs í hverju byggðarlagi. Þar við bætist svo mat lóða og lendna sem ekki er innifalið í brunabótamatinu.

Einn höfuðtilgangur fasteignamatsins er að meta eignir sem grundvöll skattlagningar (eignarskattur til ríkissjóðs, fasteignaskattur til sveitarfélaga, vatnsskattur o. fl.) Spurningin er því einfaldlega sú, hvort og þá hvernig nota megi grundvöll brunabótamatsins í sama tilgangi. Í fyrsta lagi er auðvelt að nota fyrningarstuðul við ákvörðun skatta, ef það er á annað borð talið æskilegt. Í öðru lagi er auðvelt að setja inn ákveðinn verðbreytingarstuðul fyrir hvert byggðarlag. Með þessu tvennu er svo til búið að ná grunni fasteignamatsins út úr brunabótamatinu. Í þriðja lagi þarf svo að meta nýjar lóðir og lendur og endurskoða eldra mat á nokkurra ára fresti. Að öðru leyti fylgir það breytingum á byggingarvísitölu eins og annað mat. Þar eð hér er fyrst og fremst um að ræða mat til skattlagningar er eðlilegt að ríkisskattstjóri annist það og endurskoðun þess á nokkurra ára fresti í samráði við viðkomandi sveitarfélög eða samtök þeirra og með aðstoð Þjóðhagsstofnunar sem m. a. hefur yfir að ráða öllum nauðsynlegum upplýsingum sem varða landbúnað.

Því hefur verið haldið fram, að þetta muni leiða til mikillar hækkunar fasteignagjalda, sérstaklega úti á landsbyggðinni. Það er engan veginn rétt. Sumir mundu segja að það væri mikill misskilningur. Ég hef bent á að auðvelt er að nota sérstakan fyrningarstuðul og auðvelt að nota sérstakan verðfyrningarstuðul fyrir hvert byggðarlag og ná þannig núverandi fasteignamatsgrunni út úr brunabótamatinu. Auk þess hafa sveitarfélögin nokkuð frjálsar hendur um álagningu fasteignagjalda. Það þarf því engan veginn að verða breyting á fasteigna-

gjöldum þótt sá háttur verði upp tekinn sem þáltill. gerir ráð fyrir. Svo til allir útreikningar og upplýsingar, bæði hjá Fasteignamati ríkisins og viðkomandi tryggingafélögum, eru unnar og geymdar í tölvum og því auðvelt að samræma þær og sameina.

Það mætti hugsa sér að ná svipuðum árangri til sparnaðar með því að fela Fasteignamati ríkisins að annast brunabótamat húseigna og er rétt að athuga þann möguleika einnig. Fasteignamat ríkisins hefur í sínum tölvum svo til sömu upplýsingar og þær sem liggja til grundvallar brunabótamati. Einfaldara virðist þó að fara þá leið sem þáltill. gerir ráð fyrir, m. a. vegna þess að það eru beinir hagsmunir húseigenda að brunabótamatið sé ávallt sem réttast. Tilkynningar um endurbætur húseigna og viðbætur koma því miklu fyrr til tryggingafélaganna en til Fasteignamats ríkisins og dómkvaddir matsmenn tilnefndir af viðkomandi sveitarfélagi eru ávallt til staðar til að framkvæma brunabótamatið. Þar við bætist svo að ríkisfyrirtækjum hættir meira en öðrum til að hlaða utan á sig, til að verða að báknum. Með þáltill. er ekki verið að gagnrýna störf Fasteignamats ríkisins. Tilgangurinn er eingöngu sá að draga stórlega úr óþarfa tvíverknaði og óþarfa tilkostnaði. Þáltill. er þannig, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að undirbúa breytingu á lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu með það fyrir augum að leggja Fasteignamat ríkisins niður í núverandi mynd."

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til að þáltill. verði að lokinni þessari umr. vísað til allshn.

Jón Helgason: Herra forseti. Ég vil taka undir með flm. þessa frv. að það er nauðsynlegt að vera vel á verði ef einhvers staðar er hægt að einfalda það þjónustukerfi, sem við búum við, og gera það ódýrara. Í sambandi við þessa till. vil ég fyrst og fremst taka undir það sem fram kemur rétt síðast í grg., en þar segir, með leyfi forseta:

„Það mætti e. t. v. hugsa sér að ná svipuðum árangri til sparnaðar með því að fela Fasteignamati ríkisins að annast brunabótamat húseigna og er rétt að athuga einnig þann möguleika."

Þegar Alþingi var að ganga frá lögum um skráningu og mat fasteigna höfðu menn mjög í huga þennan möguleika við fasteignamat. Í 8. gr. þeirra laga segir svo, með leyfi forseta:

„Við Fasteignamat ríkisins skal starfa ráðgefandi nefnd þeirra aðila sem nýta eða geta nýtt skrána við starfsemi sína."

Og þar eru talin upp m. a. tryggingafélög og ýmsir fleiri aðilar. Ég verð að segja að ég held að eðlilegra og hagkvæmara hljóti að vera að svona starfsemi fari fram á einum stað heldur en skipta þessu milli allra aðila sem annast brunatryggingar húsa.

En það er annað í þessu sambandi sem ég vildi einnig vekja athygli á, og það eru lögin um brunatryggingar húsa. Sumir þeirra, sem um þau mál fjalla, telja að með hagræðingu á tryggingamálum sé hægt að ná fram verulegum ávinningi og sparnaði, þá jafnframt fyrir þá sem njóta þessara trygginga. Við mig hefur verið varpað fram þeirri hugmynd, að komið verði á einhverju grunnmati, eins og reyndar er gert ráð fyrir í lögum um skráningu og mat fasteigna og einnig er rætt um í grg. þessarar till., og þetta mat sé síðan hægt að nota til að leggja á fasteignaskatta og það sé notað til að ákveða bætur fyrir brunatjón. Þá sé ekki endilega miðað við einhverja fyrir fram ákveðna upphæð, heldur séu iðgjöldin miðuð við þetta mat og síðan eigi sá, sem eignina tryggir, rétt á því að fá tjónið bætt. Þeim, sem standa í því að gera upp tjón, finnst ákaflega slæmt þegar þeir standa frammi fyrir því, að brunabótamatið hefur verið lægra en tjónið, og verða svo að fara að klípa af tjónabótum. Þetta er mjög tilfinnanlegt, fyrst og fremst vitanlega fyrir tjónþola, en einnig erfitt fyrir þá sem í uppgjöri þurfa að standa fyrir hönd tryggingafélagsins. Með því að rígbinda ekki endilega við einhverja ákveðna bótaupphæð, heldur að fundið verði út eitthvert mat, sem iðgjaldið miðast við, telja þeir að hægt væri að komast a. m. k. að miklu leyti fram hjá slíkum erfiðleikum.

En svo er þriðji aðilinn eða þriðji hópurinn sem oft lætur fara fram mat á mörgum eignum, og það eru lánastofnanir. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að reyna að koma því inn í þetta heildarmat, að ekki þurfi að meta eign sérstaklega í hvert skipti sem lántaka fer fram, heldur sé fyrirliggjandi og gildandi mat sem hægt sé að styðjast við. Það getur vel verið að þessi nefnd, sem gert var ráð fyrir í lögum um skráningu og mat fasteigna, sé ekki nægileg enda þótt þar eigi að koma inn aðilar sem geti notað þetta, hún sé ekki nægileg til þess að þessir aðilar líti á þetta sem sína stofnun sem hægt sé að treysta. Ég held að það hlyti þá að vera rétt að skoða þá hugmynd, hvort þetta gæti orðið eins konar sameignarfélag ef talið er að slíkt rekstrarform muni draga eitthvað úr kostnaði og gera þetta trúverðugra. Ég vil sem sagt taka undir það, að reynt sé að ná því markmiði, sem ætlað var með lögum um skráningu og mat fasteigna, að gera þetta einfaldara, eins og tæpt er á í till. En ég dreg í efa að því marki yrði náð með því að fara að dreifa þessu á milli allra tryggingafélaga þar sem þá væri ekki lengur um einn aðila að ræða sem annaðist þetta og þá væri meiri mismunur eða minna samræmi í matinu.

Flm. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Ég þakka góðar undirtektir hv. 3. þm. Suðurl. um grundvallaratriði þáltill. og ég endurtek það, að ég vil alls ekki útiloka þann möguleika sem hann minntist á, sem er reyndar getið í grg., en það er að Fasteignamatinu verði falið að gera þetta, þó að mér virðist að hitt verði auðveldara.

Ég tek undir það líka, að það þarf að vera eitthvert það mat sem allir geta treyst, lánastofnanir og allir aðilar, og finnst mér nauðsynlegt að skoða þetta allt saman. Aðalatriðið er að þetta þarf að vera einfaldara, öruggara og ódýrara en það er í reynd í dag.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 67. fundur.

Miðvikudaginn 25. mars, kl. 2 miðdegis.

Barnalög, frv. (þskj. 539 (sbr. 5), 542). — 3. umr.

Frsm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Það kom fram hér við 2. umr. þessa máls aths. frá hæstv. félmrh. þar sem hann m. a. benti á og óskaði raunar eftir að allshn. tæki til endurskoðunar 50. gr. barnalaganna. Það, sem

hæstv. ráðh. m. a. benti á, var ákvæði í 3. mgr. 50. gr. eins og hún er orðuð. Þar segir, með leyfi forseta:

„Dómari getur látið sækja aðila máls með valdi til að *gefa skýrslu fyrir dómi*“ o. s. frv. Svo og *þótti mönnum* sem hinar fyrri tvær mgr. mætti e. t. v. orða öðruvísi án þess að þar yrði um merkingarbreytingu að ræða.

Allshn. hefur fjallað um þetta mál og flytur brtt. um að 50. gr. orðist svo:

„Nú er maður yfirheyrður sem málsaðili eða vitni í barnsfaðernismáli, og er honum þá skylt að gefa skýrslu um samneyti sitt við barnsmóður á getnaðartíma barns.

Barnsmóður er skylt að skýra frá því í slíku máli, hverjir hafi átt samneyti við hana á getnaðartíma barns.

Aðilum máls er skylt, eftir kröfu dómara, að mæta fyrir dómi og gefa skýrslu, konunni þó ekki ef hún er sóknaraðili máls, enda skal vísa máli frá dómi ef hún neitar að gefa skýrslu, sem henni er unnt að gefa fyrir dómi, eða neitar að leggja sig og barnið undir blóðrannsókn eða aðra sérfræðilega rannsókn sem dómari mælir fyrir um.“

Allshn. var á einu máli um að leggja til að þessu yrði breytt á þennan veg. Ég hygg að segja megi með nokkrum sanni að e. t. v. sé orðalag viðkunnanlegra á þessari grein eins og nefndin leggur til að henni verði breytt. Nefndin leggur sem sé til að þessi brtt. við 50. gr. verði samþykkt.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Mér skilst að þetta sé í fimmta sinn sem frv. um barnalög er lagt fyrir hv. Alþingi, og nú loksins virðist sjá fyrir endann á því að það nái fram að ganga. Það hefur komið fram, að menn eru ekki sannfærðir um að allt, sem í þessu frv. felst, sé gott, og einmitt það, að breytingar eru gerðar á frv., einnig í allshn. Ed. eftir að það hefur fengið umfjöllun í allshn. Nd., staðfestir það, að menn eru hikandi í þessum efnum.

Enn mætti nefna, eins og fram kom áðan hjá frsm., að þegar málið var hér til afgreiðslu við 2. umr. kom ábending frá hæstv. félmrh. um atriði sem lagfæra þyrfti í 50. gr. Nefndin skoðaði þetta og telur til bóta þá brtt. sem gerð er á þeim atriðum. Þannig eiga eflaust fleiri gallar eftir að koma fram. En hitt hefði verið til vansa fyrir hv. Alþingi, ef þetta frv. hefði ekki fengið afgreiðslu á þessu þingi. Ég held að við getum fagnað því, að frv. er á leið í höfn, hafandi í huga að möguleikar gefast þá síðar til að lagfæra einstök atriði ef reynslan sýnir að þess gerist þörf.

ATKVGR.

Brtt. 542 samþ. með 13 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

Varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum, frv. (þskj. 525, n. 543). — 2. umr.

Frsm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Allshn. hefur fjallað um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum. Að vísu var einn nm. fjarstaddur, hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir, en það var samdóma álit allshn. að mæla eindregið með samþykkt þessa frv. Ætla ég ekki að hafa um það fleiri orð.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Aldurslagatrygging fiskiskipa, frv. (þskj. 470). — 1. umr.

Flm. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Það frv. til laga, sem ég mæli hér fyrir fyrir hönd okkar þriggja flm., er hið síðasta af fjórum lagafrv. sem við þm. Alþfl. flytjum hér í þessari hv. deild fyrir hönd flokks okkar. Hin frv. fjölluðu um afnám ríkisstjórnarheimildar til sjálfskuldarábyrgðar vegna skuttogarakaupa, í annan stað um stofnun greiðslutryggingarsjóðs til að jafna afla og auka samræmi milli veiða og vinnslu og hið þriðja um hagkvæmni og stærð í endurnýjun skipastólsins.

Í þessum frumvörpum fjórum samanlögðum felst stefnumörkun í veigamiklum þætti sjávarútvegsmála, þ. e. í skipastólsmálum, en þau ráða í raun og sannleika mjög miklu um það, hvernig okkur vegnar í þessari atvinnugrein í framtíðinni.

Við flm. *höfum valið þann kost að setja stefnuna fram í* lagaformi, því að þannig er hún frá gengin skýr og klár eins og Alþingi sæmir að ganga frá henni, jafnframt því að verða með þeim hætti sá fasti rammi sem framkvæmdavaldinu ber að starfa eftir. Vitaskuld hefði verið hampaminna að setja stefnuna fram í formi þál. Slík meðferð hefur þó þann annmarka, að af slíkri samþykkt er framkvæmdavaldið ekki bundið og því allt í óvissu um hvort einhverju hefði verið áorkað. Reynslan kennir okkur líka að framkvæmdavaldið er harla ístöðulaust og því ekki vanþörf á lagafyrirmælum.

Ég get ekki látið hjá líða að ítreka fáein grundvallaratriði í þessu sambandi.

1. Einungis með markvissri heildarstjórn verður frambúðarafrakstur af auðlindum hafsins tryggður.

2. Hver einstakur útgerðaraðili sækist vitaskuld eftir sem mestu í sinn hlut og hefur því m. a. tilhneigingu til að vilja auka sóknarmátt sinn eða skipa sinna, þótt það verði einungis á kostnað annarra þegar fiskimiðin eru þegar fullnýtt. Þess vegna, einmitt af þessum orsökum verða stjórnvöld að takmarka heildarsókn og þar með fjárfestingu í nýjum skipum.

3. Of stór fiskiskipastóll *þýðir aukna skömmtun*, minna í hvern hlut og verri afkomu fyrir sjómenn, útgerð og þjóðina í heild.

4. Það skömmtunarkerfi í fiskveiðum, sem nú er beitt, er til sannindamarks um það, að fiskiskipastóllinn er of stór miðað við afrakstursgetu fiskstofnanna.

5. Til að takmarka stærð fiskiskipastólsins og draga úr henni er það helst til ráða, nærtækast ráða að sjá til þess að viðbætur á hverjum tíma verði minni en brottfall úr flotanum.

Í frv. okkar Alþfl.-manna um hagkvæmni í stærð og endurnýjun skipastólsins eru sett þau takmörk á endurnýjun og viðbætur, að þau megi ekki fara fram úr helmingi brottfalls á hverjum tíma næstu fimm árin. Í því frv., sem ég mæli nú fyrir, eru gerðar ráðstafanir til að auka möguleika á brottfalli og skapa þannig svigrúm til endurnýjunar umfram það sem ella væri. Samkv. frv. er gert

ráð fyrir að hluti útflutningsgjalds til úreldingarstyrkja hækki úr 3% í 5% af útflutningsgjaldi, en hluti Fiskveiðasjóðs minnki að sama skapi. Enn fremur er Fiskveiðasjóði gert að greiða 20% af framlagi ríkisins til sjóðsins til aukningar á úreldingarstyrkjum.

Í grg. með frv. er þetta rökstutt nánar með svofelldum hætti. Þar segir:

„Ríkjandi hömlur á fiskveiðum, svo sem takmarkanir á þorskveiðum togara og báta og loðnuveiðum bátaflotans, eru til marks um að sóknargeta fiskiskipaflotans er meiri en svarar til afrakstursgetu fiskstofnanna eins og sakir standa. Augljóslega er dýrt og óhagkvæmt að standa undir rekstri á stærri flota en fiskstofnarnir þola. Á hinn bóginn verður að skapa svigrúm til endurnýjunar, einkanlega á bátaflotanum. Sú leið er nærtækust til þess að draga úr stærð flotans jafnframt því að endurnýjun eigi sér stað að sjá til þess, að meiri sóknarþungi hverfi úr rekstri en það sem við bætist í endurnýjun.

Mörg úrelt og óhagkvæm fiskiskip eru nú í rekstri. Þegar hefur verið gripið til nokkurra aðgerða til þess að auðvelda útgerðaraðilum að hætta útgerð úreltra skipa. Óhætt mun að fullyrða að reynslan af þeim aðgerðum hafi verið allgóð. Hins vegar virðist einsýnt að auka beri möguleikana til að taka skip úr rekstri með þessum hætti. Fyrir því er þetta frv. flutt."

Í frv. er gert ráð fyrir að auka hlut úreldingarstyrkja í útflutningsgjaldi og tiltekinn hundraðshluti af ríkisframlagi til Fiskveiðasjóðs fari sömuleiðis til þessa verkefnis. Eins og nú háttar til mun það styrkja afkomu útgerðarinnar í landinu að verja auknu fé til úreldingar frekar en til innkaupa á fiskiskipum. Meginatriðið er þó engu síður að skapa með þessum hætti svigrúm til endurnýjunar án þess að fiskiskipastóllinn stækki.

Með samþykkt þessa frv. mundu fjárráð til úreldingar rúmlega tvöfaldast. Tekjur af þessum þáttum, sem ráðstafað er til úreldingarstyrkja, færu þannig úr um það bil 780 millj. gkr. í um 1650 millj. gkr.

Í þessu sambandi þykir mér rétt að benda á nokkrar staðreyndir varðandi stærð skipastólsins og þróun hans á undanförnum árum. Lítum fyrst á viðbætur við skipastólinn á árunum 1971—1980. Á því tímabili voru keypt fiskiskip erlendis frá sem voru alls 51 433 brúttórúmlestir. Nýsmíðar innanlands á þessum sama tíma námu 12 879 brúttórúmlestum. Heildarviðbætur námu því 64 312 brúttórúmlestum. Af þessum viðbótum voru 43 872 brúttórúmlestir í skuttogurum eða $^2/_3$, 6682 brúttórúmlestir voru í loðnuskipum en 9340 lestir í öðrum fiskibátum.

Lítum svo á brottfall úr flotanum á sama tímabili. Á þessu sama tímabili voru eyðilagðar 14 723 brúttórúmlestir af fiskiskipum, en skip, sem fórust, töldust alls 6321 brúttórúmlest. Úr landi voru flutt fiskiskip sem í heild töldust 6085 brúttórúmlestir. Ef þetta er tekið saman var heildarbrottfall á þessu tímabili 27 129 brúttórúmlestir á sama tíma og viðbætur námu 64 312 brúttórúmlestum. Auk þess voru mörg skip stækkuð, eins og kunnugt er, og veiðihæfni þeirra þar með aukin og heildarstærð flotans aukin umfram það sem hér er talið.

Í stað þess að fara nánar út í þessar tölur fyrir áratuginn í heild er rétt að líta nánar á seinustu fjögur ár, þ. e. 1977—1980 að báðum árum meðtöldum, og þá ekki síst með tilliti til þess, að um þær mundir má telja að fullljóst hafi verið að skipastóllinn stefndi í það að fara að verða of stór. Lítum á þessi ár, árin 1977—1980 hvert fyrir sig svo og tímabilið í heild.

Árið 1977 voru viðbætur 5083 tonn, sem voru innflutt erlendis frá, og 991 tonn, sem var smíðað hér innanlands, eða alls viðbætur á árinu 1977 upp á 6074 tonn. En brottfall á þessu sama ári var 2039 tonn. Nettóviðbót á árinu 1977 fyrir utan stækkanir og því um líkt voru því 4000 tonn rúmlega.

Árið 1978 voru innflutt fiskiskip alls 3849 brúttórúmlestir. Innanlandssmíðin nam 1390 rúmlestum. Alls voru viðbætur því 5239 tonn á árinu 1978, en brottfallið á því ári var einungis 241 tonn. Nettóviðbótin á því ári var því um 5000 tonn, rétt tæplega.

Árið 1979 nemur innflutningur fiskiskipa 2050 tonnum. Innanlandssmíðin nam 722 brúttórúmlestum svo að alls eru þá viðbætur af þessu tagi 2772 tonn, en brottfallið á þessu ári, 1979, reyndist 4 672 tonn. Þetta ár, árið 1979, minnkaði því fiskiskipastóllinn um 1900 tonn.

Árið 1980 nema innflutt fiskiskip 2040 tonnum, innanlandssmíðin 1112 tonnum. Samtals gerir þetta viðbætur upp á 3152 tonn, en brottfallið á árinu 1980 eru 1253 tonn. Það ár tók því fiskiskipastóllinn að vaxa á ný og var nettóviðbótin nokkurn veginn sú sama og nettósamdrátturinn hafði verið árið áður. Nettóviðbótin árið 1980 er 1899 tonn.

Á árinu 1979 hafði stækkunarþróunin þannig ekki bara verið stöðvuð, heldur hafði þróuninni verið snúið við. Strax á árinu 1980 sótti svo aftur í sama stækkunarfarveginn.

Það er athyglisvert að skoða tölur yfir brottfall úr flotanum nokkru nánar, einkanlega með tilliti til þess frv. sem hér var flutt og ég mæli nú fyrir. Ef litið er á fjölda þeirra fiskiskipa, sem beinlínis svarar til þess sem venjulega má flokka undir brottfall, þá má telja slík skip, skip af því tagi sem eyðilögð eru og úrelt eða send í brotajárn. Árið 1977 voru það einungis tvö skip sem þessi örlög hlutu. Árið 1978 voru þau þrjú talsins, en árið 1979 voru þau 35 að tölu. Árið 1980 voru þau aftur á móti 12 talsins. Árið 1979 sker sig þannig úr, enda var þá gert sérstakt átak til þess að taka úrelt skip úr rekstri. Það átak hefur aftur runnið að verulegu leyti út í sandinn síðan eins og þessar tölur sýna.

Það er ekki síður athyglisvert að líta á tölur yfir brottflutning skipa úr landi, ekki síst með tilliti til þess, að ýmsir sjútvrh. hafa gert sérstakt númer úr því að skip færi úr landi í stað innflutts skips. Árið 1977 voru þrjú skip flutt úr landi. Árið 1978 var ekkert skip flutt úr landi, en árið 1979 voru þau sjö talsins. Árið 1980 er öld hins vegar aftur snúin því að þá er einungis eitt skip flutt úr landi.

Það er líklega ekki úr vegi að geta þess, að á árinu 1979 var sérstakt átak gert til þess að þvinga erlenda kaupendur íslenskra fiskiskipa til að flytja úr landi þau skip sem þeir höfðu keypt og áttu að flytja úr landi. Því höfðu þeir ekki vanist og þetta kostaði nokkra fyrirhöfn. En líka í þessum efnum er öld snúin og undanlátssemin riður nú húsum á ný.

Oft hefur verið haft á orði að meðalbrottfall úr fiskiskipastólnum á ári væri væntanlega um 1700 tonn. Hefur þá verið stuðst við svonefnda fiskiskipaáætlun, en samkv. spá í henni yrði meðalbrottfall á árunum 1976—1985 1689 brúttórúmlestir. Á liðnum árum hefur þessi spá þó reynst of há. Sé litið á árin 1976—1978, þá var spáð meðalbrottfalli upp á 1385 tonn á ári. En brottfallið

reyndist aðeins rúmur helmingur þess. Átakið 1979 réttir þetta hins vegar af þannig að árleg rauntala fyrir árin 1976—1979 verður 1340 tonn meðan spáin er 1279 tonn. Með því átaki, sem gert var á árinu 1979, tókst þannig að ná þeirri tölu, sem spáð hafði verið, og vel það.

Þetta sannar að með átaki er svigrúm til þess að ná spátölunum og vel það, en án sérstakra aðgerða fer því fjarri, eins og árin þar á undan sanna okkur að svo sé. Þetta sannar nauðsyn þess, að úreldingarstyrkir séu auknir eins og hér er flutt frv. um.

Sé hins vegar litið á spána samkv. fiskiskipaáætlun fyrir næstu ár, árin 1981—1985, þá verður að taka vara við því, að inni í henni er brottfall á síðutogurum upp á 3558 tonn, en nú er einungis einn síðutogari í rekstri og hann er ekki svona stór og reyndar ekkert sérstakt útlit fyrir að hann hverfi úr flotanum á næstunni. Sé leiðrétt fyrir þessu gerir spáin í rauninni ekki ráð fyrir meira brottfalli en 1417 tonnum að meðaltali á þessu tímabili fram til ársins 1985. Hins vegar mætti segja mér að þessi spá sé of lág miðað við aldurssamsetningu bátaflotans og væri það auðvitað athugunarefni. Hitt verður ekki síður að leggja áherslu á, að reynslan sýnir að með sérstöku átaki má auka brottfall umfram spána eins og reynslan frá árinu 1979 sýnir, sbr. það sem áður er sagt. Til viðmiðunar má enn fremur hafa að síðan úreldingarstyrkir hlutu fastan tekjustofn mun úthlutun styrkja hafa numið 433 millj. gkr. vegna skipa sem voru samtals 863 brúttórúmlestir. Þetta svarar til um 500 þús. gkr. fyrir hverja rúmlest sem úr útgerð var tekin með þessum hætti, og ber þá að miða við meðalverðlag á árunum 1980—1981.

Það frv., sem hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir því, að úreldingarstyrkir verði rúmlega tvöfaldaðir, og því má vænta verulegs árangurs af þeirri breytingu sem frv. gerir ráð fyrir. Í fyrri úthlutun úreldingarstyrkja, þ. e. á árinu 1979, var úthlutað til brottfalls á 27 bátum alls 1422 rúmlestir og nam úthlutunin 371 millj. gkr., sem svarar til um 260 þús. kr. á brúttórúmlest og þá auðvitað á verðlagi þess árs. Það er auðvitað ekki síðri árangur en í síðari úthlutun.

Eins og kunnugt er var gert þríþætt átak til þess að sporna gegn óhagkvæmri stækkun skipastólsins í tíð ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar. Í fyrsta lagi voru teknir upp sérstakir úreldingarstyrkir, sem fyrst voru fjármagnaðir með ákveðnu framlagi úr gengismunarsjóði, en hlutu síðan fastan tekjustofn sem hlutdeild í útflutningsgjaldi. Í öðru lagi var innflutningur fiskiskipa stöðvaður með sérstakri reglugerð. Í þriðja lagi voru erlendir aðilar, sem áttu hér skip, neyddir til að flytja þau úr landi svo að þau færu ekki í endursölu hér eins og dæmi voru um.

Síðan núv. ríkisstj. tók við er öld snúin. Sett var af stað skriða innflutnings. Reglugerð um að flytja út skip í stað skips, sem flutt væri inn, var notuð sem skálkaskjól, en sú reglugerð hefur síðan verið þverbrotin, m. a. fyrir forgöngu hæstv. sjútvrh. sjálfs. Enn fremur hafa sérstakir tilburðir verið uppi við að flytja inn að nýju skip sem voru þegar flutt út, og minni ég á Hamravíkina í því sambandi, og tilburðir uppi um það að skip, sem eiga að heita fara úr landi, fari alls ekki, sbr. hugmyndir sem uppi eru varðandi Guðbjörgu ÍS. Mér telst svo til að viðbótin í stórum skipum á árinu 1981, út frá þeim loforðum sem þegar hafa verið gefin, muni nema um 2600 brúttórúmlestum. Eru þá ótaldir smærri bátar sem smíðaðir verða innanlands. Má telja líklegt samkv. reynslu að sú smíð yrði á bilinu 100—200 tonn. Hér hef ég þó ekki talið Þórshafnartogara, enda tel ég það mál ekki frágengið, en hann mundi að öðrum kosti bætast við og að honum meðtöldum fer viðbótin þannig upp í ca. 3200 tonn. Ég hef ekki heldur talið þá togara og báta sem lausafregnir herma að séu uppi þreifingar um, svo sem af hálfu Akurnesinga, Patreksfirðinga og Djúpvíkinga. (**StJ:** Ekki Djúpvíkinga, Djúpavogsmanna.) Djúpavogsmanna, það verður víst að hafa það þannig. (Gripið fram í.) Ég vona að þm. geti fundið einhverja skekkju í því, sem hér hefur verið farið með, úr því að hann brúkar munn með þessum hætti.

Ég hef ekki heldur talið þann samning sem Vestmanneyingar munu hafa gert við Slippstöðina um smíði fyrir sig, og ég hef ekki heldur talið endurinnflutning á Guðbjörgu til Reyðarfjarðar, eins og um mun talað eða jafnvel frá gengið. Að öllu þessu ótöldu reiknast mér viðbótin sem sagt um 3200 tonn. Án átaks í úreldingu tel ég ekki ólíklegt að búast megi við brottfalli sem nemur ca. 1200—1300 tonnum á þessu ári, sbr. bæði spá um brottfall í fiskiskipaáætlun og reynsluna af s. l. ári. Samkv. því væri fyrirsjáanleg nettóviðbót á árinu 1981 upp á um það bil 2000 tonn.

Ég tel að þetta ætti að sanna betur en nokkuð annað nauðsyn þess að samþykkja lagafrumvörp þau sem við Alþfl.-menn höfum flutt hér í hv. deild um stefnumörkun í skipastólsmálum, þ. e. frv. um afnám ríkisábyrgðarheimildar ríkisstj. vegna skuttogarakaupa, frv. um greiðslu tryggingarsjóð fiskafla, frv. um hagkvæmni í stærð og endurnýjun skipastólsins og síðast en ekki síst það frv. sem hér er mælt fyrir, um aukningu úreldingarstyrkja eða eflingu aldurslagatryggingar fiskiskipa.

Herra forseti. Að lokinni þessari umr. legg ég til að frv. verði vísað til sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum, frv. (þskj. 436, n. 533, og 550). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Stefán Guðmundsson): Herra forseti. Hér kemur til umr. frá sjútvn. Ed. frv. til l. um breyt. á lögum nr. 2 1. febr 1980, um breyt. á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum, nr. 5 13. febr. 1976. Meginefni frv. er að lækka útflutningsgjald af frystum sjávarafurðum úr 5.5% í 4.5% af fob-verði afurðanna, en hækka útflutningsgjald af skreið í 10% þannig að heildarfjárhæð útflutningsgjalda sé sem næst óbreytt.

Í umr. um þetta mál hafa menn gjarnan kallað þetta styrkja- eða millifærsluleið og talið hana ófæra með öllu, þrátt fyrir það að þetta gjald sé aðeins tímabundið og eigi að falla úr gildi 31. des. 1981. Frv. var sett fram í beinu framhaldi af síðustu fiskverðsákvörðun og er megintilgangurinn að bæta hag frystingarinnar, sem ekki hefur staðið eins vel að undanförnu og aðrar greinar gera nú um sinn. Nauðsyn þess að tryggja svo sem kostur er að frystingin geti gengið sem best helgast m. a. af því, að sú grein framleiðslunnar er um 40% af útflutningi okkar og veitir auk þess mjög mikla atvinnu eins og við vitum. Vissulega hefði getað komið til álita við ákvörðun fisk-

verðs að hækka enn frekar en gert var annan og þriðja verðflokk vegna þess að þær greinar fiskvinnslunnar hafa haft betri afkomu nú um sinn, eins og ég vék að áðan. Að mati þeirra, er um þessi mál fjölluðu, var ekki talið skynsamlegt að ganga lengra en gert var til að minnka þann verðmun sem verið hefur á milli 1. gæðaflokks og lakari fisks.

Sjútvn. afgreiddi frv. um útflutningsgjaldið á fundi sínum 19. mars s. l. eftir að hafa leitað umsagna um málið. Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu frv. Meiri hl., þeir Guðmundur Bjarnason, Geir Gunnarsson, Gunnar Thoroddsen og Stefán Guðmundsson, leggja til að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir á þskj. 436, en hv. nm. Guðmundur Karlsson, Egill Jónsson og Kjartan Jóhannsson skila sérálitl.

Frsm. minni hl. (Guðmundur Karlsson): Herra forseti. Eins og fram kom í máli hv. þm. Stefáns Guðmundssonar klofnaði sjútvn. við afgreiðslu þessa máls. Meiri hl. nefndarinnar vill samþykkja frv., en við undirritaðir, Kjartan Jóhannsson, Egill Jónsson og ég, erum andvígir þeirri breytingu sem lögð er til.

Sá rökstuðningur, sem uppi er hafður í frv. fyrir breytingu þessari, varðar eingöngu markaðsaðstæður eins og þær eru um þessar mundir. Reynslan sýnir hins vegar að markaðsaðstæður geta fljótlega breyst í skreiðarsölu. Eltingarleikurinn við markaðsaðstæður mundi í fyrsta lagi skapa eilíft hringl og óvissu. Í öðru lagi er mismunun í útflutningsgjaldi á grundvelli markaðsverðs á hverjum tíma stórvarasöm, því að hvatning til að gera góða sölusamninga hverfur ef ábatinn er jafnan tekinn til baka með hækkun á útflutningsgjaldi. Þess má geta, að aðalfundur skreiðarframleiðenda mótmælti þeim breytingum sem nú á að gera á útflutningsgjaldi.

Við nm., sem erum í minni hl., teljum að það grundvallarsjónarmið eigi að vera og að það sé meginregla, að útflutningsgjald af sjávarafurðum sé hið sama. Við getum viðurkennt það, að útflutningsgjaldið er notað til mjög nauðsynlegra útgjalda sjávarútvegsins, en aftur á móti hlýtur það alltaf að verða umræðuefni og spurning sem velta má fyrir sér, hvort eða hve lengi við getum leyft okkur að halda útflutningsgjaldi í þeirri mynd sem nú er. Ég held að þetta útflutningsgjald á sjávarafurðum hjá okkur Íslendingum sé orðið alveg sérstakt fyrirbrigði. Ég held að það þekkist ekki hjá nokkurri annarri fiskveiðiþjóð að helsta útflutningsgreinin beri slík gjöld sem þessi.

En ég vil benda á það, að það erum ekki bara við nm. sem erum á því að hér sé ekki rétt að staðið, heldur slær dagblaðið Tíminn því upp í gær að stjórnvöld séu að eyðileggja skreiðarviðskiptin við Nígeríu. Það eru ekki mín orð, þetta eru stór orð, en þarna er viðtal við forstjóra Bæjarútgerðar Reykjavíkur. Hann segir að skreiðarmarkaður sé þarna mjög í hættu og skreiðarsala vegna þeirrar mismununar sem skreiðin verður nú að lúta. Ég tel að þetta sé óeðlilegt, og við sem í minni hl. nefndarinnar erum, að elta svona markaðsaðstæður á hverjum tíma, þarna þurfi að gilda ein regla yfir allan útflutning.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10:4 atkv.
2. gr. samþ. með 10:3 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv. (þskj. 536). — 1. umr.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Hinn 9. sept. 1980 voru gefin út brbl. um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Þessi brbl. voru sett í framhaldi af samningum sem gerðir voru við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og m. a. fólu í sér ýmsar félagslegar réttindabætur sem samið var um í tengslum við gerð þessara kjarasamninga.

Í þessum lögum er sérstaklega fjallað um atvinnuleysisbætur til handa opinberum starfsmönnum, en þeirra réttinda höfðu þeir ekki notið fram að þessu. Bætt er inn í lögin um kjarasamninga opinberra starfsmanna svofelldu ákvæði:

„Þeir félagar BHM í þjónustu ríkisins, sem ekki njóta ákvæða 14. gr. laga nr. 38/1954, skulu njóta atvinnuleysisbóta sambærilegra við annað launafólk, í samræmi við gildandi lög og framkvæmd þeirra á hverjum tíma, sbr. einkum IV. og V. kafla laga um atvinnuleysistryggingar. Bótaréttur skal m. a. háður því skilyrði, að atvinnulaus starfsmaður hafi sannanlega ekki neitað annarri vinnu, sem boðist hefur, sbr. 16. gr. laga um atvinnuleysistryggingar og túlkun hennar á liðnum árum."

Eins og hér kemur fram í lagatextanum eða frv.-textanum er hér fyrst og fremst fjallað um atvinnuleysisbætur í þágu félagsmanna í Bandalagi háskólamanna, en samsvarandi lagabreytingar voru jafnhliða gerðar með brbl. í þágu félagsmanna BSRB.

Herra forseti. Ég held að ekki sé þörf á að fjölyrða frekar um frv. þetta, sem þegar hefur hlotið afgreiðslu Nd., en ég legg til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Efri deild, 68. fundur.

Miðvikudaginn 25. mars, að loknum 67. fundi.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum, frv. (þskj. 436). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9:5 atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 66. fundur.

Miðvikudaginn 25. mars, kl. 2 miðdegis.

Viðnám gegn verðbólgu, frv. (þskj. 384, n. 497, 509 og 526, 498, 528). — Frh. 2. umr.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Það er nú að líða þriðji mánuðurinn frá því að þessi brbl. voru sett, og fram hefur komið að í raun er lítið eftir af efni þessara laga annað en 7% skerðing verðbóta á laun 1. mars s. l. En þó er það svo, að þar sem aðeins einn mánuður er til 1. maí eða rúmlega það og lögin eru í raun miðuð við þann dag, öllum vandamálunum er stefnt saman að þeim degi, þá er ástæða til þess að fjalla nokkuð um ekki síst 1. gr. brbl., þ. e. verðstöðvunina sem sagt er í frv. að skuli standa frá 1. jan. til 1. maí. Raunar er verðstöðvun ekki annað en ítrekun á lagaákvæðum sem fyrir voru í lögum, og eina nýmælið í þessari grein er að verðstöðvun skuli ljúka 1. maí. Það er þess vegna ástæða til að spyrja hæstv. forsrh. og/eða hæstv. viðskrh. um það, hvað við skuli taka í þessum efnum 1. maí n. k.

Herra forseti. Ég sé nú að hvorugur ráðh. er viðstaddur þessar umr. og óska þess að annar hvor eða báðir verði hér til staðar. (**Forseti:** Ég mun gera ráðstafanir til þess að athuga hvort hæstv. ráðh. eru staddir í húsinu, en vil fyrir mitt leyti fallast á að hv. þm. geri hlé á ræðu sinni meðan málið er athugað og þeim gefst kostur á að ná fundi.) Ég þakka forseta.

(**Forseti:** Þá verður fundi fram haldið. Ég hef spurnir af því, að hæstv. forsrh. er væntanlegur á hverri stundu, og ég vænti þess, að hv. 1. þm. Reykv. geri svo vel og haldi fram ræðu sinni.) Herra forseti. Ég var þar kominn í ræðu minni sem ég vakti athygli á því, að í raun væri nú aðeins mánuður þar til verðstöðvun samkv. 1. gr. þess frv., sem við ræðum hér, ætti að ljúka, og ég beindi þeirri fsp. til hæstv. forsrh. og/eða hæstv. viðskrh., hvað mundi taka við eftir 1. maí 1981, hvort ríkisstj. hygðist framlengja verðstöðvunartímabilið eða hvaða fyrirkomulag hún hygðist hafa í verðlagsmálum eftir 1. maí n. k. Það liggur fyrir brtt. frá fulltrúum Sjálfstfl. í fjh.- og viðskn. þar sem lagt er til að upp verði tekið það fyrirkomulag verðlagsmála sem ríkisstj. Sjálfstfl. og Framsfl. hafði komið sér saman um og fengið samþykkt hér á Alþingi vorið 1978.

Ég leyfi mér að vona að það sé þetta fyrirkomulag sem eigi að taka við eftir 1. maí n. k. En svo skammt er til stefnu að það ætti ekki að vera ofætlun að óska þess af hæstv. ráðh., að þeir svari því að hverju þeir stefni um fyrirkomulag verðlagsmála eftir 1. maí n. k.

Þá vil ég enn á ný leggja áherslu á þá skoðun okkar sjálfstæðismanna, að verðstöðvun, eins og gert er ráð fyrir í 1. gr. þessa frv., nær ekki tilgangi sínum, einkum og sér í lagi þegar svo á að heita að verðstöðvun hafi verið í gildi heilan áratug. Þessi áratugur ber vitni mestu verðhækkunum sem við Íslendingar höfum kynnst í sögu okkar, a. m. k. svo lengi sem við kærum okkur að rekja söguna á þessu sviði. Það hefur og sýnt sig á þessum nær þremur mánuðum sem liðnir eru frá gildistöku brbl., að verðhækkanir hafa orðið miklar, og almenningur í landinu, neytendur hafa ekki orðið varir við að verðbólgan hafi stöðvast. Þvert á móti heldur hún áfram af fullum krafti. Því er það önnur spurning mín til hæstv. forsrh. eða/og hæstv. viðskrh., hvað sé ráðgert varðandi hækkun framfærsluvísitölu frá 1. febr. til 1. maí n. k. Það hefur verið haft eftir hæstv. forsrh., að áætlun frá Hagstofu Íslands liggi fyrir um þetta efni og sé hún á þá lund, að framfærsluvísitalan eigi að hækka um 8.45% og af því leiði að verðbætur á laun hækki um sama hlutfall.

Nú er það sömuleiðis haft eftir hæstv. forsrh., að ríkisstj. gangi út frá þessari hækkun meðan annað komi ekki í ljós. En ég hef fyrir satt að í þessari spá sé t. d. ekki gert ráð fyrir hækkun á vinnslu- og dreifingarkostnaði mjólkurvara né á álagningu landbúnaðarvara í smásölu, sem ekki var innifalið í síðustu verðhækkun þeirra. Spurning mín er þá þessi: Er álitið að vinnslustöðvar landbúnaðarins eða smásala landbúnaðarafurða standi svo vel að vígi að unnt sé að halda uppteknum hætti áfram og koma í veg fyrir að þessi aukni kostnaður fari út í verðlagið? En ef svo færi, þá er ljóst að það mundi verða til þess að framfærsluvísitalan hækkaði meira 1. maí.

Þá hef ég það og fyrir satt, að ekki sé gert ráð fyrir neinni hækkun á opinberum þjónustugjöldum né á verði tóbaks og áfengis í þessari vísitöluspá. Þess vegna er það fyrirspurn mín til hæstv. forsrh. og/eða hæstv. viðskrh., hvort það sé ætlun ríkisstj. að leyfa engar hækkanir opinberra þjónustugjalda fyrir 1. maí n. k. og hvort það sé þá þeirra mat, að staða þessara þjónustufyrirtækja sé slík að þau geti vel staðið undir hækkandi tilkostnaði með óbreyttum tekjum.

Ég hlýt að skjóta því hér inn í mál mitt, að á fundi, sem þm. Reykvíkinga héldu með borgarfulltrúum í Reykjavík fyrir nokkrum vikum, var það helsta áhugamál borgarfulltrúa í Reykjavík — og ekki síst, heldur jafnvel fyrst og fremst borgarfulltrúa núv. meiri hluta í borgarstjórn Reykjavíkur, að fá viðurkenningu opinberra aðila á hækkun á gjöldum opinberra þjónustufyrirtækja Reykjavíkurborgar, eins og Hitaveitu, Rafmagnsveitu og Strætisvagna Reykjavíkur. Vakin var athygli á því, að það ættu að veru hæg heimatökin fyrir meiri hluta borgarstjórnar í Reykjavík að hafa þau áhrif á ríkisstjórn Íslands að hún liti með sanngirni á slíkar beiðnir og afgreiddi þær í samræmi við þörf þessara stofnana. En hækkunarþarfir, sem um var talað af hálfu borgarfulltrúa í Reykjavík, voru frá 20 og upp undir 50% hvað þessi þjónustugjöld snertir.

Þess vegna ítreka ég þessa fsp. mína: Hvað ætlast ríkisstj. fyrir um afgreiðslu þessara þjónustugjalda? Sömuleiðis spyr ég hvort ríkisstj. telji ekki enn vera við lýði þá skuldbindingu af hálfu ríkisstj. að afgreiða ekki hækkun þjónustugjalda opinberra fyrirtækja nema á 10 síðustu dögum fyrir útreikningsdag vísitölu, þ. e. í þessu tilviki á milli 20. og 30. apríl n. k. Þessi skuldbinding var brotin af hálfu núv. ríkisstj. við setningu þessara brbl. með ákvörðun hennar um 10% hækkun opinberra þjónustugjalda rétt fyrir áramótin síðustu, þ. e. mánuði fyrr en útreikningsdagur vísitölunnar er, 1. febr., þannig að launþegar þurftu að bera þennan aukna kostnað óbættan mánuði lengur en ella. Heyrðist þá ekki hósti né stuna frá stuðningsmönnum ríkisstj. meðal forsvarsmanna Alþýðusambands Íslands sem þó höfðu lagt á það áherslu að fá þessu framgengt í samningum við ríkisstj. er sat 1974—1978.

Þegar á þetta er litið má sjá hvað það er óraunhæft að

tala um að framfærsluvísitalan hækki ekki nema um 8.45%. En við skulum vona það besta, og út af fyrir sig væri gott ef framfærslukostnaður hefði ekki hækkað meira á þessu tímabili, 1. febr. til 1. maí, en þessu nemur. En þegar hafðir eru í huga þeir þættir sem ég hef hér bent á og ekki er gert ráð fyrir í þessari spá, þá er hæpið að ganga út frá því.

Þá er að því komið að gera sér grein fyrir hvernig málin standa í raun og veru að mánuði liðnum. Samhliða verðstöðvun var ákveðin af hálfu ríkisstj. föst gengisskráning, sem þó hefur verið vikið frá og gefið eftir. Þó liggur það fyrir, að afkoma frystingarinnar er þannig að á vantar a. m. k. 5% að tekjur standi undir gjöldum, a. m. k. skortir það hlutfall á að Verðjöfnunarsjóður sé fær um að standa undir greiðslu viðmiðunarverðs. Þegar að því kemur að kauphækkun verður, hvort sem hún verður 8.5% 1. júní, 10% eða þaðan af meira, og fiskvinnslan verður að greiða þá hækkun, og þegar að því kemur að nýtt fiskverð er ákveðið og væntanlega hækkað um sama hlutfall, þá má ganga út frá því sem vísu að framleiðslukostnaður í landinu hafi hækkað um nálægt 10% frá og með 1. júní. Þegar þessi hækkun framleiðslukostnaðar helstu útflutningsatvinnuveganna er höfð í huga, til viðbótar þeim hallarekstri sem fyrir er, er ljóst mál að vandinn er engu minni en hann var um síðustu áramót eða í byrjun þessa árs, og e. t. v. meiri. Þessu til viðbótar hefur ríkisstj. ákveðið að festa vexti í verðtryggingarstigi í vaxandi mæli, og þegar verðbólgan er fyrirsjáanlega 50—60% á ári er slík stefna til þess fallin auðvitað að auka vaxta- og fjármagnskostnað framleiðsluatvinnuveganna. Það fer því ekki á milli mála, að þm. eigi kröfu til þess að fá að vita hvaða ráðagerðir ríkisstj. hefur varðandi lausn þess vanda sem við blasir, hvernig á að mæta núverandi taprekstri útflutningsatvinnuveganna, hvernig á að mæta þeim skuldum og skuldbindingum, sem hvíla á útflutningsatvinnufyrirtækjum og margar hverjar eru í vanskilum, og hvernig á að mæta vaxandi tilkostnaði eftir 1. júní n. k.

Nú hafa heyrst frá einstaka ráðherrum mismunandi skoðanir í þessum efnum. Hæstv. sjútvrh. hefur látið þá skoðun í ljós, að takmarka ætti verðbætur á laun við 8% frá og með 1. júní n. k., án tillits til þess, hver hækkun framfærsluvísitölu verður, og þar með án tillits til þess, hve verðbætur á laun ættu að hækka samkv. þeim brbl. sem nú eru til umræðu, en þar er skýrt og greinilega talað um að hækkun verðbóta eigi að vera í fullu samræmi við hækkun framfærsluvísitölu, þó án tillits til hækkunar áfengis og tóbaks.

Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, formaður þingflokks Alþb., og ég held að ég fari einnig rétt með, hæstv. félmrh., formaður Alþb., hafa hins vegar látið í ljós að ekki komi til greina að skerða verðbætur á laun umfram það sem þegar hefur verið gert með þessum brbl. Og fulltrúar Alþb. hafa skákað í því skjólinu, að verðlagsmál og vaxtamál og sjávarútvegsmál væru öll í höndum ráðh. framsóknarmanna og það væri á valdi framsóknarmanna þar af leiðandi hve verðhækkanir yrðu miklar og hvaða skuldbindingar og kostnaðarhækkanir kæmu á atvinnuvegina vegna hækkaðra verðbóta á laun. Þannig hafa þeir og lagt ábyrgðina á afkomu sjávarútvegsins á herðar framsóknarmanna og sömuleiðis hvað framkvæmd hávaxtastefnu núv. ríkisstj. snertir. Það má e. t. v. segja að enginn sé annars bróðir í leik, en slík framkoma ráðherra gagnvart starfsbræðrum sínum eins og framkoma Alþb.-manna gagnvart ráðherrum framsóknarmanna í þessu tilviki er þó íhugunarefni fyrir landsmenn.

Ég verð að segja það eins og er, að ég held að það sé ekki á valdi neinna stjórnvalda, hvorki ríkisstj. né Alþingis, að ákveða með lögum að verðlag skuli vera óbreytt eða stöðugt. Ég held að það hljóti að vera svo, að kostnaðarþættir við framleiðslu og framboð og eftirspurn ráði verðlaginu þegar til lengdar lætur. Það er þó verkefni stjórnvalda að skapa fyrst og fremst skilyrði til þess að unnt sé að halda stöðugu verðlagi. Þau skilyrði hafa ekki verið sköpuð af hendi núv. stjórnvalda, síður en svo. Þar hefur verið kynnt undir verðbólguþróunina, og nægir í því sambandi að nefna stefnu ríkisstj. t. d. hvað snertir verðlagningu opinberrar þjónustu, þar sem seinkun á afgreiðslu raunhæfra og rökstuddra hækkunarbeiðna þessara fyrirtækja hefur orðið til þess, að þegar svo er látið undan er hækkunarþörfin orðin mun meiri en hefði orðið ef sanngjörn afgreiðsla hefði fengist þegar í upphafi. Og þessum fyrirtækjum er vísað á að taka erlend lán sem auk þess að auka skuldabyrði framtíðarinnar eru til þess fallin að auka spennuna innanlands og kynda undir verðbólgunni.

Það er athyglisvert, að þessi brbl. sem og efnahagsáætlun ríkisstj., ef hvort tveggja er skoðað saman, er til þess fallið annað tveggja að falla um sjálft sig og verða að engu eða að verða til þess að hjól atvinnulífsins stöðvast og atvinnuleysi heldur innreið sína. Það er athyglisvert, að þetta eru þeir kostir sem ríkisstj. hefur í raun og veru myndað sér sjálf eftir eins árs valdaferil í þeirri bestu árgæsku sem við Íslendingar höfum lengi notið. Ytri aðstæður á s. l. ári eru með því allra besta sem við þekkjum, fiskafli með besta móti, eins og sést á því, að þorskaflinn varð 426 þús. tonn, en það eru ekki nema 5—6 ár síðan þorskaflinn var 250 þús. tonn. Það munar um minna en slíka aukningu þorskafla til að vinna úr og fá tekjur af, og ætti út af fyrir sig að hafa orðið til þess að ríkisstj. hefði tæki í höndunum til þess að vinna gegn verðbólgunni. En því vopni hefur hún ekki beitt og misst úr höndum sér.

Það er íhugunarefni, alvarlegt íhugunarefni, að svo er haldið á málum í tíð vinstri stjórna frá hausti 1978 til þessa dags, að aukning þjóðarframleiðslu er sama og engin árið 1979 og árið 1980, þrátt fyrir þann aukna fiskafla sem ég gat um. Og nú á yfirstandandi ári spáir Þjóðhagsstofnun að þjóðarframleiðslan standi í stað. Það er hin dauða, staðnaða hönd Alþb. fyrst og fremst og vinstri flokkanna almennt sem þessu veldur. Það sígur sífellt á ógæfuhliðina þrátt fyrir góðar ytri aðstæður. Það er hvergi gróska í íslensku atvinnulífi í raun og veru sem marktæk er til frambúðar. Fólk streymir úr landi og sumpart er haldið uppi óarðbærum atvinnurekstri í einstökum greinum.

Ríkisfjármálin eru sögð í sæmilegu lagi, en hv. þm. Matthías Á. Mathiesen greindi frá því hér í umr. í gær að þar er ekki útlit og horfur jafngóðar og stjórnarsinnar hafa hingað til látið í veðri vaka. Það er heldur enginn vandi að halda sæmilegum jöfnuði í ríkisfjármálum ef það er annars vegar gert með stóraukinni skattheimtu, en á yfirstandandi ári eru 60—70 milljarða kr. meiri skattar á lagðir en gert var fyrir þremur árum. Auk þess er vanda ríkisfjármálanna velt yfir á lánsfjár- og fjárfestingaráætlun, þannig að til viðbótar aukinni skattheimtu eru auknar erlendar lántökur látnar leysa fjárþörf ríkisins og opinberra framkvæmda. Með þessum

hætti er einnig verið að auka á þensluna innanlands og verðbólgubálið kynt.

Það, sem nú er nauðsynlegt að gera, er auðvitað að treysta undirstöður atvinnuuppbyggingarinnar, að marka stórhuga orku- og iðnaðarstefnu, en hvort tveggja hefur verið látið undir höfuð leggjast í tíð núv. ríkisstj. og *fyrri ríkisstjórna er vinstri menn hafa borið ábyrgð á.* Það er nauðsynlegt að draga stórlega úr skattheimtu og ríkisumsvifum, endurskoða ríkisútgjöldin frá grunni til þess að auka frelsi einstaklinga og atvinnufyrirtækja svo að verðmætasköpunin geti hafist og aukning þjóðarframleiðslu verði tryggð. Það er nauðsynlegt að gerbreyta um stefnu í verðlagsmálum og koma á frjálsri verðmyndun *með því að örva samkeppni. Í þeim efnum má nefna* mikilvægi þess máls er á góma bar í gær, þ. e. að veita gjaldfrest á greiðslu aðflutningsgjalda til þess að auka vöruframboðið í landinu svo að samkeppni aukist og verðlag fari lækkandi. Það er nauðsynlegt í stað hávaxtastefnu að byggja á jafnvægisvöxtum, þ. e. að framboð og eftirspurn ráði fjármagnskostnaði í samræmi við arðbærni fjárfestinga í landinu.

Þessi brbl. og efnahagsáætlun ríkisstj. eru sögð flutt og að þeim staðið í þeim tilgangi að treysta atvinnulífið í landinu. Ég hef skýrt það hér í máli mínu, að ríkisstj. á í raun og veru ekki nema tveggja kosta völ: að hverfa frá verðstöðvun, föstu gengi og hávaxtastefnu og gerbreyta stefnu sinni með þeim hætti, eða hjól atvinnulífsins stöðvast og atvinnuleysi heldur innreið sína. Þannig eru hvorki brbl. né efnahagsáætlunin til þess fallin að treysta atvinnulífið eða atvinnuöryggið í landinu, heldur þvert á móti.

Okkur er einnig sagt að þessi brbl. svokölluð og efnahagsáætlun ríkisstj. séu til þess fallin að draga úr verðbólgu í landinu. En áætlanir Þjóðhagsstofnunar segja okkur að verðbólgan verði enn 50—60% á yfirstandandi ári eða sama verðbólgustig og var á síðasta ári. Það er enginn árangur þannig í baráttunni gegn verðbólgunni. *Það er eingöngu hægt að nefna árangur þegar miðað er* við í hvað hefði stefnt í verðbólguvexti vegna óstjórnar og stjórnleysis ríkisstj. á s. l. ári, en þá hefði stefnt í 70% verðbólgu. En miðað við það, sem þróun verðlags í tíð vinstri stjórna hefur sýnt, og þegar hafður er í huga samanburður á verðbólguspám og raunveruleikanum, þá má allt eins búast við að þar sem nú er spáð 50% verðbólgu verði um mun hærra verðbólgustig að ræða.

Okkur er sagt að þessi efnahagsáætlun og brbl. eigi að tryggja kaupmátt launa. Það var í raun og veru höfuðafsökun eða skýring Alþb. opinberlega og út á við á þátttöku Alþb. í núv. stjórnarsamstarfi að vernda kaupmátt launa. Árangurinn eftir árið 1980 er sá, að kaupmáttur kauptaxta allra launþega í landinu er 5% minni en á árinu 1979. En á sama tíma eru þó þjóðartekjur 1% hærri en á árinu 1979. Hlutdeild launþega í þjóðartekjum hefur m. ö. o. skerst í tíð þessarar ríkisstj. Alþb., í tíð þessarar ríkisstj. sem Alþb. hefur veg og vanda af.

Herra forseti. Ég skal nú fara að stytta mál mitt, en hlýt þó að bregða upp mynd af því í hvað stefnir ef svo heldur fram sem horfir. Nú í dag er útbýtt fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1981, þeirri fjárfestingar- og lánsfjáráætlun sem átti að fylgja fjárlagafrv., sem er venjulega fyrsta mál þingsins. Það hafa sem sagt liðið hátt í sex mánuði, heilt misseri frá því að fjárlagafrv. er lagt fram og þar til fjárfestingar- og lánsfjáráætlun er lögð fram. Svo vel er staðið við þá lagaskyldu sem á stjórnvöldum hvílir samkv. svokölluðum Ólafslögum. Og samkv. þessari fjárfestingar- og lánsfjáráætlun er bersýnilegt að halda á áfram á þeim glötunarvegi, sem núv. ríkisstj. hefur markað sér, að leysa meira og minna öll vandamál með auknum erlendum lántökum. En samkv. *þessari lánsfjáráætlun trúi ég að áætluð heildarlántaka* erlendis sé 145 milljarðar gkr., það eru þær upplýsingar sem ég hafði, en hef ekki haft tíma til þess að staðreyna þær upplýsingar með yfirlestri þessa plaggs sem var að koma á borð okkar. Þar sem áætluð heildarlántaka erlendis mun vera á yfirstandandi ári 145 milljarðar gkr., en afborganir af erlendum lánum munu verða á þessu ári um 70 milljarðar gkr., *munu erlend lán aukast* um 75 milljarða gkr. Erlendar skuldir í árslok 1980 voru 597 milljarðar gkr., en það merkir að það hvíla 2.6 millj. gkr. í erlendum skuldum á hverju mannsbarni, jafnt barni í vöggu og öldungi sem hefur lokið starfsævi sinni, og væntanlega verður þessi upphæð nálægt 3 millj. gkr., eða um 12 millj. gkr. á fjögurra manna fjölskyldu, í árslok 1981. Mun það væntanlega vera nokkru hærra en meðaltekjur slíkrar fjölskyldu á yfirstandandi ári. Talið er að við munum á þessu ári verja rúmlega 16% af útflutningstekjum okkar til greiðslu vaxta og afborgana af erlendum lánum. Þetta er sú þróun sem ekki má halda áfram, en hlýtur óhjákvæmilega að halda áfram ef ólánsstefnu núv. ríkisstj. er fylgt fram, þeirri ólánsstefnu að víkja alltaf vandamálunum frá sér, velta þeim á undan sér eins og snjóbolta sem veltur niður fjallshlíðina og stækkar og stækkar þar til hann verður að snjóflóði. Það er von mín, að sú stefnubreyting takist í íslenskum efnahagsmálum, áður en snjóflóðið kaffærir meginhluta atvinnuvega í landinu, sem dugi til þess að byggja hér upp á ný á Íslandi gróskumikinn iðnað og vaxtarbrodda í atvinnuvegunum á grundvelli stórhuga orkustefnu.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Hv. 1. þm. Reykv. *varpaði nokkrum spurningum fram til hæstv.* forsrh. og einnig til mín. Ég heyrði ekki ræðu hans alla vegna þess að við vorum bundnir við atkvgr. í Ed., en ég skal svara því sem ég heyrði af þeim spurningum sem hann beindi til okkar.

Sú spurning, sem fyrst og fremst var beint til ríkisstj., var þessi: Hvað tekur við 1. maí n. k. þegar verðstöðvun þeirri lýkur sem kveðið er á um í brbl. sem hér eru til meðferðar? Um það vil ég aðeins upplýsa að ríkisstj. hefur verið og er að fjalla um efnahagsmálin. Það var alltaf hugmyndin að gera úttekt á stöðunni þegar færi að líða á þetta tímabil frá áramótum fram til 1. maí, að gera úttekt á stöðunni og reyna að átta sig á því, hvernig til hefði tekist um þróun efnahagsmálanna. En þar sem þessi úttekt hefur ekki endanlega farið fram — þó að við vitum nú um vissa hluti sem ástæða er til að ætla að breytist ekki mikið frá því sem nú er, og kem ég að því hér á eftir, — þá eru ekki tök á að svara því nú hvað tekur við 1. maí, *vegna þess að menn vita ekki til fulls hvernig* þróunin verður á þessu tímabili. Það er þó ástæða til að geta þess í þessu sambandi, að í efnahagsáætlun ríkisstj. frá áramótunum er gert ráð fyrir að dregið verði svo úr hraða verðbólgunnar á þessu ári að hún lækki í um 40%. Þetta er stefnuskráratriði sem stefnt er að. Og í öðru lagi, að á næstu mánuðum, eins og það var orðað, verði ákveðin tímasett mörk fyrir hámark verðhækkana í sam-

ræmi við hjöðnun verðbólgu. Það fer því ekkert á milli mála hvaða markmið það eru sem ríkisstj. stefnir að í þessum efnum. Hvernig til tekst skal ég ekki spá á þessari stundu, en ég er þó þeirrar skoðunar, að með tilliti til þess, sem gert var um áramótin, eigi ríkisstj. að hafa öll skilyrði til að ná þessum markmiðum ef ekki gerist eitthvað ófyrirséð sem kann að breyta málum.

Ég hef látið þá skoðun í ljós, gerði það raunar þegar um áramótin og við framsóknarmenn höfum ítrekað það, að þær aðgerðir, sem gerðar voru þá, hafi verið skref í þá átt að lækka verðbólgu, vinna að hjöðnun verðbólgu, en að þær aðgerðir komi ekki að fullum notum nema þeim verði fylgt eftir. Eins og hv. 1. þm. Reykv. drap á liggur nú fyrir áætlun um að framfærsluvísitala hnekki um 8.45% 1. maí n. k. Og það er alveg rétt, það liggur fyrir áætlun frá Hagstofunni um það. Hv. þm. ræddi síðan um og spurðist fyrir um nokkur efni sem hafa auðvitað áhrif á framfærsluvísitöluna, eins og t. d. opinber þjónustugjöld. Og það er rétt, að þau eru ekki inni í þessari áætlun og ekki gert ráð fyrir hækkun opinberra þjónustugjalda. Sú ákvörðun var tekin fyrir áramótin að hækka opinber þjónustugjöld yfir heilu línuna, ef svo mætti komast að orði, um 10%.

Ég skal ekki spá um það, hvað hægt er að komast af með í sambandi við hækkun á opinberum þjónustugjöldum, en ég vil þó auðvitað benda á að í áætlunum ríkisstj. er gert ráð fyrir að koma verðbólgunni niður í 40% á þessu ári. Það er engin launung á því, að ríkisstj. leggur á það hið mesta kapp að halda niðri opinberum þjónustugjöldum. Það er mikið kvartað undan því í þjóðfélaginu, að í baráttunni við verðbólguna sé tregða á því af hálfu ríkisvaldsins að gera ráðstafanir af sinni hálfu til þess að lækka verðbólgu, m. a. með því að lækka þjónustugjöld. Það hafa ekki verið teknar ákvarðanir um það enn þá, hvað gert verður í þessu efni 1. maí. Það hafa ekki heldur verið teknar ákvarðanir um það, hvað gert verður í sambandi við þjónustugjöld ýmissa opinberra þjónustuaðila Reykjavíkurborgar. Það gefur auðvitað auga leið, að ef á að lækka þjónustugjöldin og opinber útgjöld, þá verður að verða breyting á rekstri þeirra stofnana sem hlut eiga að máli, hvort sem er um að ræða stofnanir ríkisins eða stofnanir Reykjavíkurborgar eða einhverjar aðrar opinberar þjónustustofnanir. Það hefur verið mikil tregða í kerfinu að aðlaga sig vilja stjórnvalda í þessum efnum, og oft hafa menn vaknað upp við vondan draum, við það að málefni opinberra þjónustustofnana eru komin í óefni.

Ég hef ekki trú á því, að það verði hægt að koma við lækkunum á opinberum þjónustugjöldum nema þessar stofnanir breyti rekstri sínum, en það kann að koma niður á þjónustu þeirra að einhverju leyti. Það verða menn að horfast í augu við.

Ég er alveg sammála um það, sem oft er sett fram, að til þess að lækka verðbólguna og verðlagið í landinu verður að lækka kostnaðartilefni, þá verður að eyða tilefni til verðhækkana. Ég er sammála um það. Það er ekki hægt að skrúfa fyrir verðbólguna eins og fyrir radíó, það er alveg ljóst mál.

Hv. 1. þm. Reykv. kom nokkuð inn á gengismálin. Af því tilefni vil ég aðeins ítreka það sem áður hefur verið sagt, að íslenska krónan hefur staðið algerlega í fullu gildi gagnvart öllum þeim gjaldmiðlum, sem skráðir eru hjá Seðlabankanum, þegar meðaltalið er tekið frá áramótum. Hún hefur að vísu lækkað gagnvart dollar, en það er ekkert einsdæmi. Það hafa náttúrlega gjaldmiðlar um víða veröld gert, vegna þess að dollarinn hefur styrkst miklu meira en menn áttu von á. Ég held því að við getum verið fullsæmdir af því, Íslendingar, ef krónan hjá okkur stendur í sama verðgildi, miðað við meðaltal þeirra gjaldmiðla sem skráðir eru hjá okkar Seðlabanka. En ég skal ekki spá um afkomu sjávarútvegsins og fiskvinnslunnar sem hv. 1. þm. Reykv. gerði sérstaklega að umræðuefni. Ég vil þó geta þess, að verðþróun hefur verið mjög hagstæð, ákaflega hagstæð núna seinustu vikur. Það er búið að gera óvenjustóra og góða samninga um sölu á bæði skreið og saltfiski á þessu ári og verðið allmiklu hærra en áður var. T. d. var gerður mjög stór samningur núna á dögunum um sölu á saltfiski og verðið er 20% hærra en það var áður í erlendum gjaldeyri. Til viðbótar við þetta kemur styrking dollarans, þannig að afkoma skreiðarvinnslu og saltfisksvinnslu er áreiðanlega mjög góð um þessar mundir, það er mín skoðun.

Það hafa ekki orðið hækkanir á freðfiski í Bandaríkjunum, hvorki á flökum né blokkinni. Nú er svo komið að það er vaxandi verkun bæði í skreið og saltfisk, og mér er kunnugt um að það veldur þeim nokkrum áhyggjum sem hafa með að gera sölu á sjávarafurðum til Bandaríkjanna. Ég var að vonast til þess, að minna framboð þangað mundi leiða til verðhækkana. Þó er því miður ekki hægt að skýra frá því nú, að það sé á næsta leiti. En það kann að fara svo, að þeir, sem vinna úr blokkinni, t. d. í Bandaríkjunum, sjái sig tilneydda að hækka verðið til þess að fá yfirleitt hráefni, til þess að keppa við þá sem verka í skreið og saltfisk. Ég er því frekar að vonast til þess, að ekki líði ákaflega langur tími þangað til verð hækkar t. d. á blokkinni.

Hv. þm. kom inn á vaxtapólitíkina og um það mætti tala langt mál. Ég vildi þó aðeins nefna það, að afkoma bankakerfisins í landinu, bæði Seðlabankans og viðskiptabankanna, var tiltölulega mjög hagstæð á seinasta ári, hagstæðari en hún hefur verið um mörg ár, bæði hvað snertir afkomu og einnig hvað snertir ráðstöfunarfé. Innlánsaukningin í bönkunum var um 66% á sama tíma sem útlánsaukningin var um 55%, þannig að ráðstöfunarfé bankakerfisins hefur aukist. Þetta þýðir það, að þarna er eitthvert svigrúm til þess að hafa í huga þegar vaxtapólitíkin er ákveðin.

Hv. þm. gat þess, að sjútvrh. hefði sagt að vísitalan mætti ekki verða hærri en 8%, og hann bætti við: án tillits til framfærslukostnaðar. Þetta hefur sjútvrh. ekki sagt. Hann hefur gert sér grein fyrir því, eins og margsinnis hefur verið tekið fram af hálfu okkar framsóknarmanna, að það þurfi að fylgjast að helstu þættir verðlagsins í sambandi við það að vinna að hjöðnun verðbólgu. Og við höfum þá talið þar í flokki verðlagið sjálft, bæði á vörum og þjónustu, verðlag á landbúnaðarvörum, fiskverð, verðbætur á laun, vexti og gengispólitík. Þetta eru þeir þættir sem við höfum sérstaklega lagt áherslu á að þyrftu að fylgjast að í sambandi við niðurfærslu verðbólgunnar. Og það er á þeim nótum sem hæstv. sjútvrh. hefur talað.

Þá kom hv. þm. nokkuð inn á stöðuna almennt í efnahagsmálum og vil ég víkja að því nokkrum orðum.

Það verður að segja það eins og er, að þrátt fyrir óðaverðbólgu, sem hefur verið í landinu, og þrátt fyrir olíukreppu, sem hefur bitnað mjög á okkar efnahagskerfi, þá er staða íslenska efnahagskerfisins í sumum greinum furðanlega góð. Ég vil fyrst víkja að ríkisfjármálunum. Staðan í ríkisfjármálunum í þrengri merkingu

er alveg þolanleg að mínu mati og miklu betri en hjá mörgum nágrannaþjóðum okkar, jafnvel ríkum þjóðum eins og t. d. Svíum, svo að dæmi sé tekið. Ef við lítum á útflutningsverslunina á seinasta ári, þá kemur í ljós að utanríkisviðskiptin einkenndust af því, að útflutningur vöru var meiri en innflutningur vöru og munurinn á þessu var um 11 milljarðar gkr. Hins vegar var þjónustujöfnuðurinn óhagstæður á seinasta ári og fyrir því voru fyrst og fremst ákveðnar ástæður. Það var í fyrsta lagi sú ástæða, að vextir hækkuðu gífurlega mikið á alþjóðamörkuðum á seinasta ári og þetta hafði veruleg áhrif á okkar þjónustujöfnuð. Í öðru lagi var um mjög mikla erfiðleika að ræða í flugsamgöngunum við útlönd, sem einnig hafði mikil áhrif í þessum efnum. En eigi að síður varð útkoman sú, að viðskiptajöfnuðurinn var óhagstæður um 2.4% af þjóðarframleiðslu, sem er sannanlega ekki mikið borið saman við flestar þjóðir í kringum okkur, flestar nágrannaþjóðir og flestar þær þjóðir sem við skiptum við, sem búa margar hverjar við mikinn viðskiptahalla. Og álitið er að viðskiptahallinn á þessu ári verði svipað hlutfall af þjóðarframleiðslu og var á seinasta ári. Þjóðarframleiðslan jókst á seinasta ári um 2.5%. Því er spáð nú, að hún muni standa í stað á þessu ári, og það er slæmt, það viðurkenni ég. En þess ber að geta, að í októbermánuði s. l. töldu menn að þjóðarframleiðslan mundi ekki vaxa nema um 1% á seinasta ári. Þetta gerbreyttist á seinustu mánuðunum og það urðu 2.5% þegar upp var staðið. Við skulum vona að eitthvað svipað gerist á yfirstandandi ári.

Peningamálin eru býsna gildur þáttur efnahagsmála og mjög þýðingarmikið að efla peningalegan sparnað og skapa jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar lánsfjár. Ég gerði grein fyrir því áður, að staða bankakerfisins hefði styrkst á seinasta ári, bæði hvað afkomu snertir og einnig varðandi ráðstöfunarfé. Síðan vil ég nefna það, að okkur Íslendingum hefur tekist að halda uppi fullri atvinnu fram að þessu, sem er meira en flestar þjóðir í kringum okkur geta státað af, og það er ekki svo lítill þáttur í okkar þjóðarbúskap, kannske sá þýðingarmesti þegar allt kemur til alls. En þrátt fyrir þetta, þó að ýmsir þættir efnahagsmálanna hafi staðið furðanlega vel miðað við aðstæður um s. l. áramót, þá skal ég á engan hátt draga úr þeim erfiðleikum og þeim hættum sem fram undan eru í efnahagsmálum ef ekki er rétt stýrt og stefnt. Og ég vil endurtaka það, að ég álít að þær aðgerðir, sem gerðar voru um áramótin, hafi verið gífurlega þýðingarmiklar, en nái ekki tilgangi sínum til fulls nema þeim verði fylgt eftir með frekari ráðstöfunum á árinu, eins og gert er ráð fyrir í efnahagsáætlun ríkisstj.

Það kunna að hafa verið fleiri atriði, sem hv. 1. þm. Reykv. drap á í sínu máli, en eins og ég gat um í upphafi kom ég því ekki við að heyra alla ræðu hans. (Gripið fram í.) Í sambandi við vísitöluna? Í sambandi við vísitöluútreikninginn 1. maí? Þessi málefni, sem varða ákvarðanatöku í efnahagsmálum á vegum ríkisstj. og ég hef skýrt frá að eru í vinnslu og ekki komin á það stig að menn hafi tekið ákvarðanir, þetta atriði er eitt af þeim sem til álita koma í þessum efnum. Verðlagið á landbúnaðarvörum er eitt af þeim atriðum sem koma til álita í þessari glímu við verðbólguna. (**GH:** Ríkisstj. hefur sem sagt ekki hugsað fyrir neinu eftir 1. maí?) Jú, jú, ríkisstj. hefur hugsað fyrir ýmsu eftir 1. maí, en hún er ekki fær um það núna að skýra frá því hvað hún hyggst fyrir, hún er ekki fær um það, eins og ég hef margskýrt hér frá. Hún er að taka sólarhæðina, hún er að gera sér grein fyrir því, hvernig staðan er, og þegar hún hefur það fyrir framan sig hvernig staðan er í efnahagsmálunum, hvernig þróunin hefur verið síðan um áramótin, þá fyrst er hún í færum að taka ákvarðanir um framhaldið.

Ég vil segja það, að efnahagsaðgerðum ríkisstj. um áramótin hefur verið vel tekið af þjóðinni, nema Morgunblaðinu og kannske Alþýðublaðinu. Ég er á þeirri skoðun, að t. d. Morgunblaðið hefði átt að snúa sér dálítið öðruvísi í því máli, vegna þess að hvað sem um þessi mál má segja, um þau má deila að sjálfsögðu, þá er það staðreynd, að ef ekki hefði verið gripið til — ég vil segja hastarlegra aðgerða um áramótin, þá hefði verðbólgan sennilega siglt upp í 70—80% á þessu ári. En ég held að það sé viðurkennt af öllum nú, að verðbólgan verði miklu minni. Eigi að síður álít ég að það þurfi að fylgja þessum aðgerðum eftir til þess að ná því marki sem menn hafa samið um og sett sér.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Nú þegar þetta frv. til laga um ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu er að koma til atkvæða í seinni deild á hv. Alþingi er liðinn nærfellt mánuður síðan áþreifanlegustu efnisatriði þessa frv., þ. e. 5. gr. frv. um skerðingu vísitölubóta á laun, eru komin til framkvæmda.

Almennt um þessi efni er það auðvitað kjarni málsins, að þrátt fyrir þessi brbl. standa spár til þeirrar áttar, að verðbólgan muni nema á þessu ári 50—60% ef ekki verður frekar að gert. Hæstv. viðskrh. segir hér áðan, sem hann hefur raunar oft sagt áður, að þessar aðgerðir skili engum árangri nema — svo að vísað sé beint til orða hans — þeim sé fylgt eftir með öðrum aðgerðum. Þetta er auðvitað bæði satt og rétt. En spurningin stendur þá um það, hverjar þessar aðrar aðgerðir eru sem hæstv. ráðh. segir að nauðsynlegar séu, með hverjum hætti að því er stefnt og með hverjum hætti fylgt verður eftir.

Um þessi efni hafa auðvitað farið fram ítarlegar umr. í samfélaginu öllu, en eitt vantar þó. Það er auðvitað ljóst, að þegar boðskapur ríkisstj. gekk út á gamlársdag var eitt öðru fremur æpandi staðreynd. Og það var sú einfalda staðreynd, að verðbætur á laun skyldu skertar um 7 prósentustig frá og með 1. mars 1981.

Í nál., sem hv. 3. þm. Vestf., Sighvatur Björgvinsson, dreifði hér með tillögum Alþfl., reifar hann og rifjar upp ummæli eins af hv. stjórnarsinnum, Guðmundar J. Guðmundssonar, sem hann lét falla um sams konar aðgerðir á árinu 1978, og ég vil raunar einnig, eins og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson gerði í sinni ræðu, rifja þessi ummæli upp gagngert í því skyni að kalla eftir greinargerð frá hv. þm. Guðmundi J. Guðmundssyni. Hann sagði 1978 þessar setningar, með leyfi hæstv. forseta:

„Í annan stað vil ég benda á að heiðarlegasta fólk þessa lands er hinn venjulegi alþýðumaður, og það hefur fram til þessa litið svo á, að samningar, sem það gerir, séu löglegir og heiðarlegir samningar."

Þetta birtist í Þjóðviljanum 28. febr. 1978. Og í annan stað sagði hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson í ræðu, sem hann flutti 1. maí 1978, með leyfi hæstv. forseta:

„Í hugum alþýðufólks eru samningar skuldbindandi. Almennt alþýðufólk lítur á samning þannig, að honum megi ekki rifta eða hlaupast frá."

Tilvitnanir í þessa veru eru auðvitað miklu fleiri, en ég læt þennan upplestur nægja. Mig langar til að mælast til þess og kalla eftir því við hv. þm. Guðmund J. Guð-

mundsson, að áður en þessi mál koma til atkvgr. nú eftir 2. umr. hér í Nd. geri hann í örstuttu máli grein fyrir því héðan úr ræðustól, hvað það er sem hefur breyst, hver eðlismunurinn er og hvort það hafi breyst á milli áranna 1978 og 1981, að alþýðufólk þessa lands líti á samninga, sem gerðir eru, sem löglega og heiðarlega samninga. Ég hygg að það sé út af fyrir sig rétt, að fólk vill geta litið svo á, að samningar, sem gerðir eru, séu bæði löglegir og heiðarlegir samningar. En ég hygg einnig að fólk vilji líta svo á, að stjórnmálamenn og alþm., sem svona orð viðhafa, skipti ekki um skoðanir í þessum efnum svo auðveldlega sem hér hefur augljóslega átt sér stað. Ég minni á það í sambandi við þau brbl. sem út voru gefin á gamlársdag, að það er að vísu rétt, að Alþýðusambandið, nýkjörin forusta þess, var ærið veikgerð í sinni umsögn um þetta mál, en á hinn bóginn mótmælti Bandalag starfsmanna ríkis og bæja mjög kröftuglega og með nákvæmlega sömu rökum og fyrrnefndur hv. þm. og raunar fleiri hv. þm., eins og hv. þm. Guðrún Helgadóttir, gerðu fyrir örfáum árum.

En af hverju skiptir það máli, að til að mynda hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson geri grein fyrir því og leyfi þingheimi og þjóðinni einnig að heyra hverjar eru röksemdir fyrir því að það sé leyfilegt nú sem var óleyfilegt þá? Það er vegna þess að því er marglýst yfir, að þessar aðgerðir séu ekki nein efnahagsleg endastöð. Því er marglýst yfir og m. a. af þeim hæstv. ráðh. sem hér var í ræðustól næstur á undan mér, að þessar aðgerðir séu nærfellt lítils virði, nær því einskis virði nema þeim sé fylgt eftir. Og getur það verið að þessi eftirfylgja eigi eftir að felast í því, að til enn verulegri kjaraskerðingar, enn verulegri skerðingar á vísitölubótum á laun eigi eftir að koma á næstu vikum eða mánuðum? Getur verið að þessar aðgerðir séu einasta byrjunin á þeim leik?

Ég er þeirrar skoðunar, að fólk í þessu landi, kjósendur, allur almenningur eigi kröfu á því, að nokkurt samhengi sé á milli orða og gerða, hann eigi kröfu á því, að menn gangi ekki svo blygðunarlaust á bak orða sinna að menn skipti ekki svo blygðunarlaust um skoðun eins og hér hefur átt sér stað. Og af þeirri ástæðu kalla ég — áður en þetta frv. kemur nú til atkv. — eftir þó ekki væri nema örstuttri grg. frá hv. þm. Guðmundi J. Guðmundssyni um það, hvað hefur breyst, hvort orð og lýsingar frá vormánuðum 1978 eigi ekki lengur við, hvað það raunverulega sé sem hafi breyst í þjóðfélaginu, hvað það er sem hafi breyst í þeim efnum, að alþýða þessa lands, sem hann þá sagði að liti svo á að gerðir samningar væru löglegir og heiðarlegir og á þá mætti ekki ganga, hvers vegna það, sem óleyfilegt var þá, er orðið leyfilegt nú, og af hverju er með þessum hætti verið að höggva aftur og aftur í sama knérunn. Og ég endurtek ástæðurnar fyrir því, að ég beini orðum til þessa hv. þm. Það er vegna þess að margir ráðh. í hæstv. ríkisstj., og þ. á m. sá sem hér talaði síðast, endurtaka aftur og aftur að þetta séu einasta fyrstu aðgerðir. Og það er auðvitað alveg ljóst, því að þrátt fyrir að gengið hafi verið á samninga með þeim hætti sem hér hefur verið rakið, þá stefnir samkv. spám allt í það, að hér verði áfram 50—60% verðbólga. Og þar sem hvorki hæstv. ráðh. né sá sem hér stendur og sennilega ekki hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson heldur telur það viðunandi árangur, þá er spurningin með hverjum hætti verði haldið áfram. Verður haldið áfram að höggva í knérunn launanna? Mun hv. þm. Guðrún Helgadóttir, munu hv. þm. Alþb. sætta sig enn við það og semja um skerðingu á vísitölubótum launa til þess að halda lífinu í núv. ríkisstj. með sama hætti og verið hefur?

Ég endurtek enn: Ég óska eftir því að áður en þessi mál komi til atkvgr. geri hv. þm. hér grein fyrir því, af hverju hann hyggst greiða frv. atkv. — sem ég hygg að hann muni gera — og ég vænti þess að þau orð, sem hann þá lætur falla, geti orðið álíka söguleg og álíka til þess fallin að í þau sé vitnað eins og þau orð sem hann lét falla um svipuð efni, en væntanlega í aðra átt, á árinu 1978.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Hv. þm., einkum og sér í lagi Vilmundur Gylfason og Sighvatur Björgvinsson, hafa við þessar umr. ástundað vitnaleiðslur. Aðalvitnið í máli þeirra hefur verið hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson, síðasti móhíkaninn í þingflokki Alþb., síðasti fulltrúi verkalýðshreyfingarinnar í þessum hv. þingflokki sem hann stundum kennir við gáfufólk.

Ég tek það fram, að ég er tregur til að taka þátt í þessum leik. Satt að segja rennur mér þegar til rifja þögn hv. þm. Og ég vil reyndar taka það fram, að kannske væri rétt að nota tækifærið og leiða fram fleiri vitni, því að fleiri þyrftu trúlega að svara til saka.

Fleyg voru þau ummæli þegar hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson, á þeim örlagaríku dögum í febr.—maí 1978, spurðist fyrir um það, hver væri reiðubúinn til þess að ferja kóngsins lausamenn yfir Skerjafjörð. Að þessum fleygu ummælum hefur verið vikið, einkanlega vegna þess að hv. þm. hefur sjálfur svo eftirminnilega gerst ferjumaður kóngsins, þ. e. ráðh. Alþb., yfir þann Skerjafjörð kjaraskerðingarinnar sem framkvæmd var með lagaboði til að rifta kjarasamningum 1. mars s. l. Þetta tal um kóngsins ferjumann, sérstaklega í innblásnum særingarþulum hv. þm. Sighvats Björgvinssonar hér á mánudag, minnti mig á harmsögulega goðsögn forngríska, um örlög Orfeusar og Evridísar. Orfeus þessi var sem kunnugt er ákaflega hugfanginn af sinni Evridís, eins og vitað er líka að Alþb. er hugfangið af sinni verkalýðshreyfingu og þó einkum og sér í lagi sínum verkalýðsforingjum. Þau urðu örlög Orfeusar, þegar Evridís varð fyrir ótuktarlegu snáksbiti og hvarf á braut til heljar, — hann var mikill og góður tónlistarmaður, eins og raunar hæstv. forsrh. hefur orð á sér fyrir að vera — og hann fékk leyfi hins fræga ferjumanns á Heljarfljóti að fara yfir það fljót, sem skilur að lifendur og dauða, og freista þess að sækja Evridísi til baka. En eitt skilyrði var sett, og það var að hann mætti aldrei líta til baka á leiðinni. Harmleikurinn var í því fólginn, að Orfeus stóðst ekki freistinguna og leit til baka.

Það má ekki taka þessa harmsögu of bókstaflega þó að vissir hlutir þoli líkinguna. Nú virðist mér sjálfur ferjumaðurinn standa í þeim sporum, að hann megi aldrei líta til baka til ummæla sinna eða athafna frá því í febr. og fram undir maí á árinu 1978 — og sennilega ekki heldur til þeirrar tíðar þegar kemur til atkvgr. hér á hinu háa Alþingi um lagasetninguna sem hann nú stendur að, um að þurrka út afleiðingar þeirra kjarasamninga sem hann sjálfur sat yfir ásamt félögum sínum í 10 mánuði.

Þetta á ekki aðeins við um ferjumanninn sjálfan, heldur líka þá sem sitja á ráðherrastólunum. Vilji þeir gera sér vonir um að viðhalda trúnaði verkalýðshreyfingarinnar, þá ríður þeim á að ekki sé litið til baka til þessara tíma og orð þeirra verði ekki rifjuð upp.

En þess má svo geta að lokum, til þess að ljúka líkingunni, að örlög Orfeusar urðu þau, að þegar hann hafði orðið að sjá á bak sinni Evridísi aftur yfir fljótið mátti hann ekki aðrar konur þýðast, en það rann svo í skap rauðsokkum þeirrar tíðar, að þau urðu endanleg örlög hans að hann var rifinn í sundur af trylltum rauðsokkum þeirra tíma. Mér renna svo mjög til rifja örlög þessara pólitísku ferjumanna Alþb., að ég bið þess lengstra orða, að við þurfum ekki að horfa upp á það í þingsölum, þótt nokkuð beri á pilsaþyt rauðsokka, að þau verði örlög yfirferjumanns.

En það eru, eins og ég vék að í upphafi, ýmsir fleiri sem þurfa að bregða kíkinum fyrir blinda augað, ef þeir eru beðnir um að líta til baka til þeirra fyrirheita, loforða og skuldbindinga sem þeir hafa gefið sínum kjósendum og sínum umbjóðendum í þeim málum sem það frv., sem hér liggur fyrir, fjallar um. Ég er ekki viss um að þeir framsóknarmenn þoli það með glöðu geði, að rifjað væri upp það sem þeir lofuðu kjósendum fyrir síðustu kosningar, ef það er borið saman við hvernig nú er komið í þeim efnum. Úr því sem komið er er nefnilega til ákaflega lítils að orðlengja um efnahagsráðstafanirnar sem hér liggja fyrir og þegar eru orðnar þriggja mánaða gamlar. Það er alveg rétt, sem margsinnis hefur komið fram og nú síðast hjá hæstv. viðskrh., að hér er um að ræða hefðbundnar skammtímaaðgerðir. Þetta er „fyrsta skrefið", eins og þeir kalla það. En eins og hann komst sjálfur að orði, það mun koma fyrir lítið, verða jafnvel ekki að neinu gagni, nema því verði fylgt eftir með öðrum og markvissari aðgerðum og það fyrr en síðar.

Að vísu er það svo, að aðstandendur hæstv. ríkisstj. eru komnir í hár saman um þetta. Annars vegar eru menn eins og hæstv. viðskrh., sem viðurkenna fúslega að hér hafi verið um að ræða tímabundnar aðgerðir. Enn fremur má vitna til hv. þm. Guðmundar G. Þórarinssonar, sem í umræðum á ársfundi Félags ísl. iðnrekenda komst að orði á þá leið, að áhrif þessara aðgerða næðu fram undir 1. maí, en þá mundi stíflan bresta ef ekki kæmu til viðbótaraðgerðir. Formaður Framsfl. hefur einnig tekið undir þetta sjónarmið þannig að það fer ekki á milli mála. Og um þetta er ekki út af fyrir sig, held ég mikið deilt. Markmiðið með lagasetningunni, sem hér liggur fyrir, er yfirlýst að ná verðbólgu niður undir 40% fyrir árslok árið 1981. Það liggur þegar fyrir skjalfest af Þjóðhagsstofnun, og á því hefur engin breyting orðið, enda ekki tilefni gefist til að endurnýja það mat, að þetta markmið næst ekki. Það liggur fyrir, að verðbólgan verður áfram á sama róli, 50% eða rúmlega það, verði ekki gripið til þeirra ráðstafana sem framsóknarmenn telja nauðsynlegar, en hafa hingað til verið ófáanlegir til að lýsa í hverju ættu að vera fólgnar. Ráðstafanir eins og tímabundin vísitöluskerðing kaupgjalds, tímabundin stöðvun gengissigs, sem í eðli sínu getur ekki staðist nemu tiltölulega skamma hríð, og tímabundin verðstöðvun, sem einnig á að vera lokið 1. maí, allt eru þetta bráðabirgðaaðgerðir. Vissulega er ekki því að neita, að borið saman við engar aðgerðir hefur þetta borið nokkurn árangur. En allt er þetta þess eðlis, að um leið og áhrif þess fjara út nú á öðru vísitölutímabili mun sækja aftur í sama horfið.

Það er aðeins eitt atriði þessara ráðstafana sem skiptir sköpum um að breyta mælikvarðanum á verðbólguþróunina. Það er að sjálfsögðu afnám kjarasamninganna. En þegar nálgast tekur 1. maí, þá eru áhrif verðstöðvunar einnig farin að fjara út og gengisstöðvunar sömuleiðis. Hvað tekur þá við — það er spurningin. Í sambandi við hækkun framfærsluvísitölu 1. maí n. k. er vitnað til áætlunartölu frá Hagstofunni um að sú hækkun sé áætluð 8.45%. Það liggur að vísu þegar fyrir, að ýmsir kostnaðarþættir, svo sem fram kom í máli hv. 1. þm. Reykv., hafa ekki verið teknir inn í dæmið. Á það má minna, að Hagstofan hafði einnig spáð að hækkun byggingarvísitölu á sama tíma yrði um 8%. En nú liggur fyrir að hún er 1% hærri en fyrirhugað var. Aðspurðir gefa sérfróðir menn þær skýringar, að það hafi einfaldlega komið á daginn, að byggingarvöruverslanir hafi tekið sér sjálfdæmi um hækkun verðlags umfram heimildir og það væri engan veginn einsdæmi. Menn, sem lesa blöð, vita það og þekkja, að verðstöðvunin hefur verið öll í molum. Því fer fjarri, að hægt hafi verið að framfylgja henni í reynd. Og ekki þarf að orðlengja um það, að ekki mun það takast til langs tíma.

Mér sýnist nauðsynlegt að fá um það skýrari svör en hér hafa komið fram frá ráðh. Framsfl., hvernig þeir vilja koma í veg fyrir að aftur sæki í sama horf. Þeir vefengja ekki nauðsyn nýrra aðgerða. Þeir tala hreint út um það, að til þeirra þurfi að grípa. Það verður að beina þeim spurningum til hæstv. viðskrh. og óska eftir því, að hann geri betur grein fyrir því, hvaða vandamál það eru, sem þarf að leysa fyrir 1. maí eða 1. júní, og hvernig framsóknarmenn hugsa sér að fá samstarfsaðila sína í ríkisstj. til að fallast á þau úrræði sem menn almennt vita að framsóknarmenn hafa efst í huga. Það er vafalaust laukrétt hjá hæstv. viðskrh., að menn skrúfa ekki fyrir 50% verðbólgu eins og menn skrúfa fyrir gufuradíóið. Það er líka laukrétt hjá hæstv. viðskrh., að ef menn ætla sér að ná einhverjum árangri í því, þá þarf að beita samræmdum aðgerðum á mjög mörgum sviðum, eins og hann hefur gerst einbeittur talsmaður fyrir.

Þess vegna er dálítið undarlegt að fá þau svör ein, að ríkisstj. sé nú að taka sólarhæðina, það sé verið að ræða málið. Ég get ekki látið hjá líða að minna á að sú var tíð að framsóknarmenn töluðu miklu ákveðnar um þessa hluti. Það er ekki nóg að hælast um yfir því, að enn sem komið er hefur ekki komið til atvinnuleysis vegna óðaverðbólgu á Íslandi. Framsóknarmenn þóttust hér áður fyrr hafa ráð undir rifi hverju og hétu þjóðinni því að vinna bug á verðbólgunni án þess að til atvinnuleysis þyrfti að koma.

Ég held að það sé kominn tími til fyrir forsvarsmenn Framsfl. að blaða nú á ný í þessu græna kveri, sem heitir „Ný framsókn til framfara" og er hin fræga kosningastefnuskrá framsóknarmanna, boðorðið um niðurtalninguna. Það eru nefnilega fleiri en ferjumaðurinn mikli sem nú eru í þeim sporum að þurfa að fara á upprifjunarnámskeið um það, hverju háttvirtum kjósendum var heitið af hálfu Framsfl. Það skal tekið fram, að sá áróður, sem framsóknarmenn settu fram fyrir kosningar 1979 og leiddi síðan til stjórnarþátttöku þeirra, bar vissulega bærilegan pólitískan árangur. Hann var tekinn trúanlegur af kjósendum. Þess vegna vil ég — með leyfi forseta — leyfa mér að rifja upp fyrir viðskrh. og þeim öðrum forsvarsmönnum Framsfl. hvaða loforð voru gefin. Þá var nefnilega ekki verið að tala um það, að nú stæði til að taka sólarhæðina. Þá var búið að því. Í græna pésanum stendur orðrétt, með leyfi forseta:

„Meginmarkmiðið er að verðbólgan verði undir 30% á árinu 1980 og undir 18% á árinu 1981. Í samráði

við hagsmunaaðila verði þessar ráðstafanir gerðar:

Lögfest verði hámark verðhækkana á vörum og þjónustu, sem fari stiglækkandi ársfjórðungslega."

Það vill svo til að í nál. þeirra sjálfstæðismanna er sérstaklega spurst fyrir um það, hvenær vænta megi þess, að þessi lögfestu hámörk verði tilkynnt: þar er birt fylgiskjal, þ. e. bréf hæstv. viðskrh. til fjh.- og viðskn. Ed. þar sem hann segir — með leyfi forseta — um þetta efni:

„Ríkisstj. er að fjalla um frekari aðgerðir í efnahagsmálum, en niðurstöður liggja ekki fyrir enn. Verðlagsmálin eru einn þáttur þessara mála. Af þessum ástæðum er ekki unnt að svara spurningu nefndarinnar á þessu stigi málsins."

Þetta er svarið 19. febr. Svarið var hið sama núna rétt áðan. M. ö. o.: samkomulagið, sem átti að gera í verðlags- og kaupgjaldsmálum og er hornsteinn framsóknarstefnunnar í efnahagsmálum, sjálfur kjarni niðurtalningarinnar sem lofað var í þessari ágætu kosningastefnuskrá, hefur enn ekki verið framkvæmt, rúmu ári eftir að Framsfl. gerðist aðili að ríkisstj., árið 1980 í febrúarmánuði. Við stöndum í þeim sporum, að það er enn ekki farið að byrja á því að framkvæma það sem hér kjarni málsins.

Í þessu ágæta stefnuplaggi segir enn fremur, með leyfi forseta:

„Leitað verði samkomulags við launþega um óbreytt grunnkaup á árinu 1980 og um lögfest hámark verðbóta í samræmi við leyfðar verðhækkanir. Með þessu verði komið í veg fyrir að einstakir hálaunahópar brjótist út úr launarammanum. Verði verðhækkanir meiri en hámark verðbóta skulu kjör hinna tekjulægstu bætt með fjölskyldubótum og auknum tryggingagreiðslum. Kaupmáttur almennra launa verði varinn og síðan aukinn þegar líður á verðhjöðnunartímabilið. Í því sambandi verði tekið fullt tillit til viðskiptakjara."

Auk þess segir enn, með leyfi forseta:

„Gætt verði aðhalds í ríkisfjármálum, peningamálum og fjárfestingarmálum". — Það er kafli um hina almennu efnahagsstjórn.

Framsóknarmenn settu fram þessi hámörk verðhækkana í sinni kosningastefnuskrá fyrir árið 1980. Samkvæmt þeim leyfðu hámörkum átti að takast að ná verðbólgu niður fyrir 30%. Verðbólgan reyndist hins vegar 58.9%. Ástæðan er auðvitað sú m. a., að innan þessarar ríkisstj., sem Framsfl. á aðild að, var aldrei nokkurt samkomulag um að framkvæma stefnu Framsfl. Það hefur orðið hlutverk hæstv. viðskrh. Tómasar Árnasonar að rifja það upp fyrir þm. og fyrir landsmönnum hver þessi stefna var, en það hefur orðið hlutverk Alþb.-ráðherranna, samstarfsmanna hans, að þagga niður í honum, að hafa þau ummæli að háði og spotti, að vefengja þau og að tryggja það í framkvæmd, að ekkert verði af framkvæmd stefnunnar.

Hér þykir mér óneitanlega heldur illt í efni. Ég held að hjá því verði ekki komist fyrir framsóknarmenn, þegar þessi kosningaloforð þeirra eru nú rifjuð upp og borin saman við árangur stjórnarstefnunnar og efndirnar á þeirra loforðum, að spyrja: Hverju hefur Framsfl. fengið áorkað í þessu stjórnarsamstarfi? Getur hann unað því að sitja í heila 11 mánuði í ríkisstj., þar sem hann á að heita forustuflokkur, og sætta sig við að samstarfsaðilarnir komi í veg fyrir að kjarnaatriði þeirrar stefnu, sem Framsfl. er skuldbundinn til að framkvæma, komist á dagskrá. Það er hægt að gagnrýna þessa stefnu út af fyrir sig og hafa um það mörg orð. Ég held að sú gagnrýni beinist frekar að ýmsum veikum punktum í stefnuskránni að því er varðar aðhaldsþættina almennt í ríkisfjármálum, peningamálum og í atvinnustefnunni. En stefnan var skýr að því er varðaði verðlagsmálin, verðbólgumálin og samskiptin við launþegahreyfinguna — og afstöðuna til vísitölukerfisins. Þar fer ekkert milli mála.

Hér er sagt fullum fetum að fullt tillit skuli tekið til viðskiptakjara að því er varðar vísitölukerfið. Nú náðist sá takmarkaði árangur í ríkisstjórnartíð hæstv. fyrrv. forsrh., núv. utanrrh., Ólafs Jóhannessonar, varðandi vísitölukerfi það sem við höfum búið við, að því skyldi þannig hagað, að tekið yrði tillit til þess, ef þjóðartekjur á mann fara minnkandi vegna versnandi viðskiptakjara. Þetta er algjört grundvallaratriði að því er varðar stefnu Framsfl. gagnvart vísitölumálum. Nú er það hins vegar svo, að framsóknarmenn fallast á það og undirskrifa það í núverandi efnahagsáætlun, að þessi takmarkaði árangur, sem þó náðist á stjórnartímabili fyrrv. formanns Framsfl., sé afnuminn. (**Gripið fram í:** Hann kemur aftur.) Er þetta loforð, má treysta því? (**Gripið fram í:** Það stendur í lögum.) Það er ekki um það að ræða, í lögunum er ekki gert ráð fyrir því á þessu ári. Nú vitum við að vísu ekki hver verður þróun viðskiptakjara, hvort þau fara batnandi eða hvort þau fara versnandi, en lögin kveða ekki á um það, að fullt tillit skuli tekið til viðskiptakjara. Þvert á móti er tekið upp nýtt vísitölukerfi eftir 1. júní, á síðari hluta árs. (**Gripið fram í:** Ólafslög standa eftir áramót.) Það mun vera alvarlegur ágreiningur uppi um þetta mál í stjórnarherbúðunum eins og í flestu öðru og væri þess vegna æskilegt að fulltrúar Alþb. t. d. kæmu hér upp á eftir og gerðu grein fyrir því, hvort þeir staðfesti þennan skilning viðskrh.

Framsóknarmenn höfðu vissulega erindi sem erfiði í seinustu kosningum út á þessa stefnuskrá sem ég hef hér vitnað til. Þeir endurheimtu sitt fyrra fylgi og þeim var falin fyrstum flokka forusta fyrir stjórnarmyndunarviðræðum. Ég minni á það t. d., að í þeim stjórnarmyndunarviðræðum, sem lauk í desembermánuði síðla árið 1979, höfðu farið fram viðræður þriggja flokka, Framsfl., Alþfl. og Alþb. Þá varð það niðurstaða formanns Framsfl., þegar fram höfðu verið lögð stefnuplögg Alþfl.-manna og framsóknarmanna, að tiltölulega lítið bæri á milli þessara tveggja flokka að því er varðaði grundvallarsjónarmið um stjórn efnahagsmála. Hins vegar lýsti hann því yfir, að eitt vélritað blað, sem þá hafði verið fram lagt af Alþb., væri ekki umræðuvert. Sagan endurtók sig í janúarmánuði þegar stjórnarmyndunarviðræður höfðu átt sér stað um hríð milli þessara þriggja flokka undir forustu Alþb. Ég man ekki betur — og verð þá leiðréttur hér á eftir ef ég fer rangt með — en að formaður Framsfl. hafi staðið upp eftir þær viðræður og lýst því yfir, að stefnuplögg Alþb. væru ekki nothæf sem málefnagrundvöllur nýrrar ríkisstj. Þeim mun merkilegra er það, að þegar það gerðist undir forustu Benedikts Gröndals, þegar hann hafði með höndum stjórnarmyndunarviðræður og lagði fram einhverja ítarlegustu efnahagsáætlun sem lögð hefur verið fram við stjórnarmyndunarviðræður á Íslandi frá upphafi vega, þar sem þeir þættir efnahagsstefnunnar, sem fyrri viðræður höfðu leitt í ljós að framsóknarmenn og Alþfl.-menn voru sammála um, voru nákvæmlega útfærðir, þá bregður svo við að framsóknarmenn eru ekki einu sinni tilbúnir til

þess að ræða málin. Þeir báru við ágreiningi um landbúnaðarmál sem engan veginn var þá fullreynt hvort unnt væri að leysa. M. ö. o.: framsóknarmenn eru með þeirri árättu, virðist mér, að þrátt fyrir það að þeir viðurkenni í orði og það sé rækilega skjallega staðfest, að milli þeirra og Alþfl-manna var hvað minnstur ágreiningur um grundvallarsjónarmiðin í þeirri efnahagsstefnu sem hyggilegt væri talið að fylgja, þá hafna þeir samstarfi um að hrinda henni í framkvæmd. Höfðu þeir þó fengið ærna reynslu, trúi ég, í ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar, núv. hæstv. utanrrh., af samstarfinu við Alþb. Nú hefur allur ferill þeirra staðfest það í þessari ríkisstj., að þeir leika nú sama hlutverk og Alþfl. hafði gert áður í ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar, þ. e. þeir eru að reyna að berjast fyrir því að fá framkvæmda sína niðurtalningarstefnu sem þeir eru skuldbundnir kjósendum, en tekst það ekki. Nú er það grundvallaratriði og það sem skilur að þessa tvo flokka, að Alþfl. gat ekki sætt sig við að vera hindraður í því af samstarfsaðila eins og Alþb. að koma þýðingarmestu grundvallaratriðum stefnu sinnar fram. Og nú er löngu komið að því að spyrja framsóknarmenn: Ætla þeir að sætta sig við það miklu lengur, misseri eftir misseri, að koma engu fram af sínum stefnumálum og láta sér nægja að fara um þau fögrum orðum á mannfundum án þess að nokkurt mark sé á því tekið í reynd?

Það liggur raunar fyrir, að ósamkomulagið í þessari ríkisstj. snýst ekki aðeins um stefnuna í efnahagsmálum og framkvæmd hennar, og er þó ærið, sbr. gersamlega andstæðar yfirlýsingar annars vegar ráðh. Alþb. og Framsóknar. Ekki er ágreiningurinn minni þegar kemur að utanríkismálum. Það er spurning hversu lengi enn framsóknarmenn geta setið undir linnulausum landráðabrigslum samstarfsaðila sinna í stjórnarsamstarfinu, eins og gerðist í Jan Mayen-málinu, í málefnum varnarliðsins og í utanríkis- og öryggismálum yfirleitt. Ekki hvað síst er það spurning, hversu lengi þeir ætla að umbera árásir Alþb.-manna á hæstv. utanrrh. sem löngum hefur þó verið talinn ókrýndur konungur þeirra framsóknarmanna.

Ekki kveður minna að ágreiningnum að því er varðar orku- og atvinnumál, og þá sérstaklega mótun atvinnustefnu í framtíðinni. Ég minni á að hæstv. viðskrh. tók undir það á fundi á ársþingi iðnrekenda, að grundvallarstefnan í virkjunarmálum ætti að vera sú, að hraða virkjunarframkvæmdum a. m. k. um helming og virkja þrjár virkjanir a. m. k. nú innan tíu ára til þess að skapa svigrúm til að byggja upp orkufrekan útflutningsiðnað, sem væri eina leiðin til þess að bægja frá horfum á atvinnuleysi og landflótta og bæta raunveruleg kjör þjóðarinnar til frambúðar á næsta áratug. Þessi ræða viðskrh. fer mjög í taugarnar á Alþb.-mönnum þannig að það fer ekki á milli mála að ósamkomulag er allsráðandi um þýðingarmestu mál stjórnarsamstarfsins.

Mér virðist einsýnt að hæstv. ríkisstj. sé meira eða minna lömuð af sundurlyndi og ágreiningi. Á því er engin breyting fyrirsjáanleg. Að því er varðar viðnám gegn verðbólgu eða stjórn á henni, þá er niðurstaðan sú, að við hjökkum enn í sama farinu og á undanförnum árum. Að vísu er hægt að ná takmörkuðum árangri, þegar Alþb. er fáanlegt til þess að ganga á bak öllum sínum kosningaloforðum og kokgleypa sínar stærstu yfirlýsingar með því að þurrka út áhrif kjarasamninga. En þetta eru líka aðeins tímabundnar ráðstafanir og endast skammt. Og að því er varðar stjórn efnahagsmála að öðru leyti er ástandið nú þannig, að þeirri stefnu, sem Framsfl. er skuldbundinn til að fylgja og hefur boðað kjósendum sínum, henni hefur verið hafnað hingað til í þessu stjórnarsamstarfi. Spurningin er aðeins sú, hversu lengi framsóknarmenn geti sætt sig við það og eiga þó að heita forustuflokkur stjórnarinnar.

Að því er varðar stefnuna í atvinnumálum — (Gripið fram í.) — ég er að ljúka máli mínu, herra forseti — þá liggur ljóst fyrir að þar eru uppi gersamlega andstæð sjónarmið. Sama er uppi á teningnum varðandi afstöðuna í utanríkismálum. Þessi ríkisstj. er þannig stödd, að það er álitamál hversu sæmilegt það er eða hversu lengi það er þolandi fyrir hæstv. utanrrh. og félaga hans að sitja undir brigslyrðum Alþb.-manna.

Herra forseti. Ég skal ljúka máli mínu. Ég vitna til þess, að í mjög skemmtilegu blaðaviðtali fyrir skömmu lét formaður þingflokks Framsfl., Páll Pétursson, þau orð falla, að honum líkaði vel í félagsskap þeirra Alþb.-manna. Hann lét þess einnig getið, að sér virtist sem Alþb. væri óðum að gerast eins konar Framsfl., einkum og sér í lagi vegna þess að margir forustumenn Alþb., sem nú eru að komast til áhrifa í auknum mæli, eru fyrrverandi framsóknarmenn. Hann gaf þá skýringu, að sennilega væru framsóknarfjölskyldur betri til undaneldis en fjölskyldur þeirra Alþb.-manna. Nú efar það enginn, að framsóknarkynið er gott og hefur skilað þjóðinni mörgum vöskum syni. En spurningin er hvort það er framtíðarherstjórnarlist Framsfl. að vera einhvers konar pólitísk klakstöð til undaneldis fyrir Alþb. Hvenær hafa þeir fengið nóg? Er ekki kominn tími til þess fyrir þá að endurskoða grundvallarforsendur þessa stjórnarsamstarfs?

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 66. fundur.

Fimmtudaginn 26. mars, kl. 2 miðdegis.

Flugrekstur ríkisins, þáltill. (þskj. 548). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Tilraunageymir til veiðarfæratilrauna, þáltill. (þskj. 150). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Árangur nemenda í grunnskólum og framhaldsskólum, þáltill. (þskj. 168). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Innlendur lyfjaiðnaður, þáltill. (þskj. 467). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Bankaþjónusta á Suðurfjörðum í Austurlandskjördæmi, þáltill. (þskj. 489). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Vegarstæði milli Vopnafjarðar og Fljótsdalshéraðs, þáltill. (þskj. 503). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Skóiðnaður, þáltill. (þskj. 482). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Húsakostur Alþingis, þáltill. (þskj. 510). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Alþjóðasamningur um varnir gegn töku gísla, þáltill. (þskj. 492). — Fyrri umr.

Utanrrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um heimild fyrir ríkisstj. til að staðfesta alþjóðasamning um varnir gegn töku gísla.

Sá alþjóðasamningur eða samþykkt, sem hér er leitað eftir heimild ríkisstj. til að staðfesta, var gerður á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 17. des. 1979 og lagður fram til undirritunar í New York 18. des. 1979. Samningur þessi skuldbindur aðildarríkin til þess annaðhvort að framselja eða höfða refsimál gegn manni sem grunaður er um að hafa tekið gísl. Samningurinn fylgir þessari þáltill. sem fskj., bæði á ensku og í íslenskri þýðingu.

Það er svo, að á síðustu árum hefur verið leitað eftir alþjóðasamstarfi til varnar gegn hryðjuverkaöld sem hefur gengið yfir heiminn og birst hefur í ýmsum myndum. Ísland hefur gerst aðili að fjórum viðlíka samningum sem eiga að stuðla að því að koma í veg fyrir eða hefta þessa hryðjuverkastarfsemi sem átt hefur sér stað. Eitt alvarlegasta atriðið í því sambandi er taka gísla, ekki aðeins taka gísla í sendiráðum, heldur og taka gísla annars staðar.

Auðvitað hafa menn reynt að hugsa um hvernig hægt væri að snúast við þessum vanda. Ekki hafa allir verið þar á einu máli og telja jafnvel að undir sumum kringumstæðum sé taka gísla forsvaranleg. Á slíkt er ekki hægt að fallast að mínu mati. En hvað sem um það er varð að lokum samkomulag um að gera þá alþjóðasamþykkt sem hér er um að tefla. Þá hafði átt sér stað allmikill undirbúningur og aðdragandi að aðild og er gerð grein fyrir því í aths. með þáltill. þessari.

Eins og segir í þessum samningi skuldbinda aðildarríkin sig annaðhvort til þess að framselja viðkomandi aðila, sem gerist sekur um brot á samningnum, eða refsa honum. Er gert ráð fyrir að aðildarríkin hafi með sér samvinnu um þessi efni.

Talið er að í íslenskum lögum séu nægilegar refsiheimildir fyrir hendi í XXIV. kafla almennra hegningarlaga. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir að refsiheimildin geti náð til manna sem fremja verknað utan íslenskrar lögsögu. Þess vegna er talið að það þurfi að gera breytingu á 6. gr. almennra hegningarlaga sem færir út svið íslenskrar lögsögu að því leyti. Um það atriði mun hæstv. dómsmrh. flytja frv. innan tíðar.

Eins og ég sagði áðan var þessi samningur lagður fram til undirritunar í desembermánuði 1979 og hafa nú 40 ríki undirritað samninginn. 6 ríki aðeins hafa fullgilt hann og eru þau talin upp í aths., en til þess að samningurinn öðlist gildi þurfa 22 ríki að samþykkja hann.

Herra forseti. Ég held að samningurinn skýri sig nokkuð að öðru leyti sjálfur og ég vísa til hans. Ég leyfi mér að óska eftir því, að þessari till. verði vísað til síðari umr. og hv. utanrmn.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til utanrmn. með 31 shlj. atkv.

Alkalískemmdir á steinsteypu í húsum, þáltill. (þskj. 86, n. 523, 524). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Guðmundur G. Þórarinsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. allshn. um þáltill. varðandi viðgerðarkostnað vegna alkalískemmda á steinsteypu í húsum. Allshn. hefur afgreitt þetta mál frá sér, orðið sammála um afgreiðslu málsins og lagt fram nál. sem er svohljóðandi:

„Nefndin hefur fengið umsagnir frá Húsnæðisstofnun ríkisins og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins. Jafnframt fór nefndin í kynnisferð á vegum Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins, þar sem skoðuð voru alkalískemmd hús í Reykjavík og hlýtt á fyrirlestra sérfræðinga stofnunarinnar um þetta mál. Nefndin mælir með samþykkt till. með breytingu og verður brtt. flutt á sérstöku þskj."

Á þskj. 524 er brtt. allshn. vegna þessarar þáltill. Brtt. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að sjá til þess, að Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins verði gert kleift að framkvæma nauðsynlega könnun á því, hvernig best

verði staðið að viðgerðum á alkalískemmdum á steinsteypu í húsum.

Jafnframt skorar Alþingi á ríkisstj. að hún skipi nefnd, sem hafi það verkefni að kanna með hverjum hætti best verði fyrir komið fjárhagsaðstoð við þá húseigendur, sem leggja þurfa í mikinn viðgerðarkostnað vegna alkalískemmda á steinsteypu á húsum sínum.

Nefndin ljúki störfum sem fyrst og skal álit hennar sent Alþingi. Ef nauðsyn ber til sérstakrar lagasetningar í þessu efni skal ríkisstj. undirbúa slíka löggjöf og leggja fyrir Alþingi sem fyrst."

Eins og fram kemur af þessari brtt. og nál. er n. sammála um að mæla með samþykkt till. svo breyttrar. Í brtt. er sérstaklega lögð áhersla á að Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins verði gert kleift að framkvæma rannsóknir á því, með hverjum hætti verði hagkvæmast eða best unnið að viðgerðum á þeim húsum sem skemmd eru orðin. Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins hefur gert áætlun um að það muni þurfa að verja um 200 millj. kr. til slíkra rannsókna. Hér er um aldeilis feiknalega mikilvægt mál að ræða, vegna þess að mjög mörg hús, hér á höfuðborgarsvæðinu kannske sérstaklega, eru þegar talsvert skemmd, sum mjög mikið, vegna alkalívirkni. Það liggur alveg beint við, að á næstu árum verður að verja mjög verulegum fjármunum til viðgerða á þessum húsum. Sum eru svo illa komin að það verður ekki dregið öllu lengur að ráðast í viðgerðir.

Miðað við þá gífurlegu fjármuni, sem þarna eru í veði, er nefndin sammála um að nauðsynlegt sé að ráðast í slíkan rannsóknarþátt sem Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins mælir með. Sjálfsagt væri eðlilegt að þessum rannsóknarkostnaði væri skipt á milli nokkurra aðila. Til að mynda væri eðlilegt að Húsnæðisstofnun ríkisins bæri einhvern hluta þess kostnaðar, og eðlilegt gæti verið að Reykjavíkurborg tæki þátt í þessum kostnaði líka vegna þess mikla fjölda húsa með alkalívirkni sem hér er. E. t. v. gætu fleiri aðilar komið þarna til. Hafa t. d. verið nefndir aðilar eins og Sementsverksmiðja ríkisins, jafnvel Landsvirkjun, Vegagerðin og Hafnamálastofnun. Alla vega er mjög mikilvægt að fé verði veitt til þessara rannsókna þannig að sem allra fyrst verði ljóst á hvern hátt verði best að þessum viðgerðum staðið. Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins hefur í þessu sambandi nefnt fimm mismunandi aðferðir sem starfsmenn hafa talið koma til greina, en eru a. m. k. við fyrstu sýn nokkuð mismunandi.

Í fyrsta lagi er þar um að ræða loftræsta klæðningu utan á þessi hús. Árangur slíkrar klæðningar er að líkindum varanleg bót á alkalískemmdum, en kostnaður hár. Til greina kemur einnig að múra á einangrun utan á þessum húsum og er líklegt að árangur af slíkri aðgerð væri varanlegur, en kostnaður nokkuð óviss, en þó líklega hár. Í sumum tilvikum kemur til greina nokkurs konar endursteypa eða að mölva skemmdasta lagið utan af húsunum og steypa aftur. Árangur af slíkri aðgerð er reyndar óviss, en kostnaður mjög hár. Efnafræðiaðgerðir ýmsar gætu komið til greina, en árangur þeirra er óviss og kostnaður óviss. Yfirborðsmeðhöndlun hafa menn dálítið rætt um, sem væri nokkurs konar húðun flatarins til að halda vatni frá. Árangur á þessu stigi málsins er álitinn vafasamur, en kostnaður hóflegur.

Eins og menn sjá af þessari upptalningu koma nokkrar leiðir til greina. Það er mjög mikið mál fyrir þjóðfélagið og hina einstöku aðila, sem í þessu máli eiga, á hvern hátt í þessar viðgerðir er ráðist. Í fyrsta lagi, að viðgerðaraðferðin, sem valin er, sé varanleg bót á þeim skemmdum sem um er að ræða, og í öðru lagi, að viðgerðarkostnaður verði ekki hærri en nauðsyn er á. Því er sérstök ástæða til að ítreka það álit nefndarinnar að nauðsynlegt sé að ríkisstj. sjái til þess, að Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins verði gert kleift að framkvæma þessa nauðsynlegu könnun.

ATKVGR.

Brtt. 524 (ný tillgr.) samþ. með 33 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 561).

Björgunarnet, þáltill. (þskj. 82, n. 501, 502). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Allshn. hefur fjallað um till. til þál. um úttekt á björgunarnetum. Nefndin hefur orðið sammála um að mæla með samþykkt till. með nokkrum breytingum sem hún flytur á þskj. 502.

Nefndin fékk umsagnir frá Slysavarnafélagi Íslands og Rannsóknanefnd sjóslysa sem mæla sem samþykkt till. Einnig fékk nefndin umsögn siglingamálastjóra sem gerir nokkrar aths. við tillgr.

Í bréfi siglingamálastjóra kemur m. a. fram, að starfsmenn Siglingamálastofnunar ríkisins hafa fylgst með og tekið virkan þátt í prófun þessara björgunarneta og á þeim grundvelli hefur siglingamálastjóri þegar viðurkennt þessi björgunarnet til notkunar í íslenskum skipum og mælt með því, að þeim verði þar fyrir komið. Telur siglingamálastjóri engu að síður rétt að áður en sett verði um þau ákvæði í reglugerð um öryggismál verði málið kannað frekar og leitað umsagnar hagsmunaaðila. Er bent á Farmanna- og fiskimannasambandið, Sjómannasamband Íslands, Landssamband ísl. útvegsmanna og farmskipaeigendur. Þær brtt., sem eru á þskj. 502, eru því allar byggðar á áliti siglingamálastjóra, og mælir allshn. með samþykkt till. með þeim breytingum sem þar koma fram.

ATKVGR.

Brtt. 502, a—b samþ. með 34 shlj. atkv.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv.

Brtt. 502, c (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 560).

Umræður utan dagskrár.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Tilefni þess, að ég kveð mér hljóðs utan dagskrár, er eftirfarandi:

Í ritstjórnargrein Morgunblaðsins s. l. þriðjudag og í forsíðugreinum í dagblaðinu Þjóðviljanum miðvikudag og aftur í dag er fjallað um svonefnt flugstöðvarmál. Í þessum blöðum er því haldið fram í fyrsta lagi, að 18. júlí árið 1979 hafi fyrrv. utanrrh., Benedikt Gröndal, undirritað samkomulag fyrir hönd ríkisstj. þar sem m. a. er

kveðið á um framlag Bandaríkjastjórnar til flugstöðvarbyggingarinnar. Í forsíðugreinum Þjóðviljans er því í annan stað haldið fram, að sú kvöð fylgi þessu samkomulagi, að Íslendingar hafi skuldbundið sig til að afhenda bandarískum hernaðaryfirvöldum umrædda byggingu, eins og þar segir, „100% á óvissutímum". Í þriðja lagi er sú ályktun dregin í blaðinu Þjóðviljanum af þessu, að fyrrv. utanrrh. hafi farið á bak við þáv. ríkisstj. og Alþingi í þessu máli ef rétt reynist.

Nú vil ég vekja athygli á því, að hér er um mikilvægt *mál að ræða og býsna alvarlegar ásakanir. Þá er þess að* geta, að fyrrv. utanrrh. er fjarstaddur í opinberum erindagerðum, þar sem hann situr hafréttarráðstefnu í New York um þessar mundir, og á þess ekki kost að bera hönd fyrir höfuð sér. Nú þykjumst við flokksbræður hans vita að hér sé hallað réttu máli. Við viljum ekki una því, að hann sé að ósekju borinn slíkum sökum. En við eigum ekki annarra kosta völ en vísa því til réttra aðila hér á landi, þ. e. hæstv. utanrrh., að hann upplýsi þing og þjóð um hverjar séu staðreyndir þessa máls.

Ég skal taka það fram, að ég hef haft símasamband við Benedikt Gröndal og leitað eftir því að fá frá honum upplýsingar um málið og vil gera í stuttu máli grein fyrir *þeim. Það, sem við vitum sannast og réttast um þetta* mál, er eftirfarandi:

Samkomulag um aðild Bandaríkjastjórnar að umræddri flugstöðvarbyggingu var gert í maímánuði árið 1978, í ríkisstjórnartíð Geirs Hallgrímssonar, en í utanríkisráðherratíð Einars Ágústssonar. Í því samkomulagi var ekki kveðið á um hver skyldi vera hlutdeild Bandaríkjamanna í umræddri byggingu. Þetta er ekkert leyndarmál, heldur liggur það fyrir í opinberri skýrslu. Þar vitna ég til skýrslu utanrrh. um flugstöðvarbyggingu á Keflavíkurflugvelli sem lögð var fram af utanrrh. Benedikt Gröndal í okt. 1979. Þar segir, með leyfi forseta:

„Haustið 1977 fór utanrrh. til Washington og ræddi m. a. um þetta mál við ýmsa ráðamenn. Þá kom upp sú hugmynd, að öðru máli skipti um flugstöðvarbyggingguna, ef hún gegndi jafnframt því hlutverki að vera til taks sem sjúkrahús og í almannavarnaskyni ef til þyrfti að taka á Keflavíkurflugvelli.

Þessa hugmynd bar utanrrh. undir þáv. ríkisstj. og var á hana fallist. Var nú enn fjallað um málið og í byrjun maí tilkynnti sendiherra Bandaríkjanna í Reykjavík ráðh., að Bandaríkin væru reiðubúin að taka þátt í fjármögnun flugstöðvarinnar á fyrrgreindum forsendum. Var ríkisstj. skýrt frá þessari niðurstöðu."

Þar segir einnig, með leyfi forseta:

„Þannig stóðu mál, er núv. ríkisstj. kom til valda" — þ. e. ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar, haustið 1978. — „Fyrrv. stjórn hafði ákveðið að ráðast í byggingu flugstöðvarinnar á þeim grundvelli, sem hér hefur verið lýst."

Að því er varðar vitnisburð bandarísks aðmíráls, sem vitnað er til í umræddum blöðum, um að samkomulag hafi verið gert er feli í sér nýjar kvaðir varðandi umrædda byggingu og notkun hennar, þá skal það upplýst eftir okkar bestu vitneskju hvað hér um ræðir. Hér er vitnað til samkomulags frá 18. júlí árið 1979. Hér mun vera um að ræða staðfesta fundargerð, sem bókuð var að loknum sameiginlegum fundi byggingarnefndar hinna íslensku byggingaraðila og verkfræðideildar Bandaríkjahers. Þessi fundargerð er undirrituð af embættismönnum, þ. e. ráðuneytisstjóra og sendiherra Bandaríkjanna, en ekki af utanrrh. Hún er því ekkert samkomulag þó að að sjálfsögðu sé hún á ábyrgð utanrrh.

Efnisatriði þessarar bókunar eða fundargerðar munu vera fjögur, eftir því sem okkur er kunnugt um: Í fyrsta lagi mun þar hafa verið lögð fram endurskoðuð kostnaðaráætlun varðandi bygginguna og kveðið á um hlutdeild Bandaríkjanna með þeim orðum að hún skyldi nema allt að 20 millj. dollara. Annað atriði fundargerðarinnar er fyrirvari sem settur er fram af hálfu bandarískra aðila um að þessi fjárframlög séu háð samþykki *Bandaríkjaþings. Þriðja atriðið er að hinir íslensku* embættismenn lýsa sig fylgjandi því, að Íslendingar taki á sig kostnað af umræddri byggingu, sem verður umfram 20 millj. bandaríkjadali. Þó er kveðið skýrt á um það, orðrétt eftir því sem við best vitum, að þessi tillaga sé með fyrirvara um samþykki Alþingis og fjvn. Í fjórða atriði umræddrar fundargerðar er vísað í vinnuplagg um þetta mál, sem muni vera í fórum utanrrn., þar sem fjallað er um afnot varnarliðsins af byggingunni, ef til kemur, og það skilgreint með eftirfarndi orðum á ensku: In times of war or emergency — m. ö. o.: ef styrjöld brýst út eða neyðarástand ríkir. Í því efni er vitnað til ákvæða varnarsamnings milli Lýðveldisins Íslands og Banda*ríkjanna og enn fremur til ákvæða Norður-Atlantshafs*sáttmálans, þar sem mun vera átt við að slíku neyðarástandi verður ekki yfirlýst nema með samþykki allra aðildarríkja eða ríkisstjórna bandalagsins. M. ö. o.: Ef til kemur að byggingin verði notuð með þessum hætti á styrjaldartímum gerist það ekki nema með samþykki íslensku ríkisstj. Slíku neyðarástandi hefur aldrei verið lýst í sögu bandalagsins, eftir því sem okkur er kunnugt um.

Niðurstaða máls míns er þá í stuttu máli þessi, herra forseti:

Samkomulag um aðild Bandaríkjamanna að flugstöðvarbyggingunni og afnot á styrjaldartímum var staðfest í maímánuði árið 1977, þ. e. í utanríkisráðherratíð Einars Ágústssonar. Það byggist á ákvæðum varnarsamningsins og Atlantshafssáttmálans og er háð samþykki íslenskra stjórnvalda. Upplýsingar um þetta hafa þegar verið lagðar fram á Alþingi í skýrslu utanrrh., sem vitnað var til áðan. Hér er því ekki um að ræða neinar nýjar uppljóstranir. Það liggur skjalfest fyrir í umræddri skýrslu, sem lögð hefur verið fram á Alþingi. Eftir því sem við best vitum hefur þar engu verið haldið leyndu.

Að því er varðar fundargerð frá 18. júlí, sem umrædd blöð vitna til, er hún í fyrsta lagi undirrituð af embættismönnum, en í öðru lagi felur hún ekki í sér, eftir því sem best verður séð, neinar nýjar skuldbindingar eða kvaðir og þar að auki — og það er meginatriði málsins — er staðfesting hennar háð samþykki Alþingis.

Þá kann að vakna upp sú spurning, hvers vegna þetta mál hafi ekki verið lagt fyrir Alþingi fyrr. Þá er þess að geta, að stjórnarslit urðu áður en Alþingi kom saman haustið 1979. Minnihlutastjórn Alþfl., sem sat þá næstu mánuði, taldi ekki rétt að beita sér í þessu máli.

Þannig er staða málsins nú, eftir því sem við best vitum, sú, að málið er óafgreitt. Það er í höndum núv. hæstv. utanrrh. og það bíður ákvörðunar hans um hvort eða hvenær hann telur tímabært að leggja það fram á Alþingi.

Þetta er í stórum dráttum það sem við vitum sannast og réttast í þessu máli. Ef þetta eru réttar upplýsingar er ljóst að vitnisburður hins bandaríska flotaforingja og

ályktanir dagblaðsins Þjóðviljans, sem af honum eru dregnar, fá ekki staðist.

Eins og ég sagði í upphafi er Benedikt Gröndal fjarverandi og hefur ekki haft aðgang að nauðsynlegum gögnum til stuðnings sínu máli. Þess vegna er óhjákvæmilegt að óska eftir því hér, að réttir aðilar, þ. e. núv. hæstv. utanrrh., taki af tvímæli um það, hverjar eru staðreyndir málsins. Ég vil því leyfa mér hér með, herra forseti, að beina því til hæstv. utanrrh. að hann upplýsi þing og þjóð um stöðu þessa máls og málavexti alla.

Utanrrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Eins og kunnugt er var árið 1974 gerður samningur á milli Bandaríkjanna og Íslands og þar var ákveðið að stefnt skyldi að aðskilnaði varnarliðsstarfsemi á Keflavíkurflugvelli og farþegaflugs. Til þess að slíkum aðskilnaði yrði við komið og verði við komið þarf að byggja nýja flugstöð. Var þá þegar fallist á það af hálfu Bandaríkjamanna, að þeir skyldu kosta allt utan dyra í sambandi við þá byggingu. Hins vegar voru þeir ekki reiðubúnir að taka þátt í kostnaði við byggingu flugstöðvarinnar sjálfrar.

Eins og hv. síðasti ræðumaður gat um var leitað síðar eftir því, að þeir endurskoðuðu þessa afstöðu sína. Það er rétt, sem fram kom hjá honum, að í maí 1978 kom það fram af þeirra hálfu, að þeir væru reiðubúnir að taka þátt í kostnaði við byggingu sjálfrar flugstöðvarinnar, þó að þá lægi ekki fyrir hver sú upphæð væri sem þeir væru reiðubúnir til að láta af hendi í þessu skyni, enda lá ekki fyrir nein kostnaðaráætlun varðandi slíka byggingu.

Það, sem átti sér svo stað 18. júlí 1979, er, eins og reyndar kom fram hjá hv. þm. Jóni Baldvin Hannibalssyni, að haldinn var fundur embættismanna af hálfu Bandaríkjanna og Íslands og á þessum fundi voru rædd þessi atriði, sem hann nefndi reyndar. Þá var því lýst yfir af hálfu Bandaríkjamanna, að þeir væru tilbúnir, auðvitað að áskildu samþykki síns fjárveitingavalds, að leggja allt að 20 millj. dala í bygginguna. Af Íslands hálfu var því lýst yfir, að Íslendingar væru reiðubúnir að vinna að undirbúningi þessa máls, hönnun og öðru slíku, í samræmi við það sem um hefði verið talað, allt að áskildu samþykki Alþingis að því er ákvörðun varðar. — Á þessum fundi var ekki utanrrh., en það skiptir út af fyrir sig ekki máli því að vitaskuld var það, sem fram fór, gert í umboði hans.

Ég get af þessu ekki séð og ekki séð af þeim skjölum, sem fyrir liggja, að Benedikt Gröndal hafi bundið Ísland til eins eða neins í þessu flugstöðvarmáli, hvorki skriflega né munnlega. Það var unnið að málinu í samræmi við það sem grein var gerð fyrir í þeirri skýrslu sem utanrrh. lagði fyrir Alþingi í okt. 1979. Á hinn bóginn er það svo, að það hefur alltaf verið gengið út frá því og gert ráð fyrir því, að ef og áður en til byggingar flugstöðvar kæmi þyrfti að gera um það sérstakan samning á milli Íslands og Bandaríkjanna, m. a. varðandi það tvíþætta hlutverk sem gert er ráð fyrir að flugstöðvarbyggingin geti gegnt. Það hefur ekki verið gerður neinn slíkur samningur enn og til slíks samnings kemur ekki fyrr en ákvörðun liggur fyrir um hvort lagt verður í flugstöðvarbyggingu eða ekki. Það er þess vegna ekki í þessu sambandi um að ræða neinar skuldbindingar af hálfu Íslendinga, enda geri ég ráð fyrir að Bandaríkjamenn verði ekki neitt óskaplega uppáþrengjandi um að fá okkur til að taka við þessum fjárveitingum, sem þeir hafa þó fengið.

Alþt 1980. B. (103. löggjafarþing).

Eins og ég sagði hefur þessi samningur ekki verið gerður. Að sjálfsögðu hefur verið hugleitt hvernig slíkt samkomulag ætti að vera ef til kæmi. Það er rétt, að þar hefur verið hugsað á þá lund varðandi þetta tvíþætta hlutverk, að mælt yrði svo fyrir, að flugstöðin gæti verið til nota fyrir bandarísk hernaðaryfirvöld á ófriðartímum eða í neyðartilfellum í samræmi við varnarsamninginn milli lýðveldisins Íslands og Bandaríkja Norður-Ameríku, og auk þess vitnað í Norður-Atlantshafssamninginn. Ég held þess vegna, að ef til kemur, sem enginn veit nú, að slíkt samkomulag væri gert á formlegan hátt, þá væri í raun og veru ekki um að ræða nýjar skuldbindingar fram yfir þær sem felast í varnarsamningnum.

Ég vona að þetta nægi hv. fyrirspyrjanda. Ég vona að það hafi komið í ljós að hv. þm. — fyrrv. utanrrh. — Benedikt Gröndal hefur ekki svo að séð verði gengist undir neinar skuldbindingar í þessu sambandi fyrir Íslands hönd.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Ég tel að með þeim upplýsingum, sem hæstv. utanrrh. hefur nú kynnt fyrir Alþingi, sé fullnægt þeim tilgangi sem var með mínum málflutningi hér, sem er að fá staðfest að þær upplýsingar, sem við þekkjum bestar, hafi verið réttar í þessu máli. Þar með hafa ásakanir í garð fyrrv. utanrrh. verið kveðnar niður og staða málsins nú gerð lýðum ljós.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég fagna því, að þetta mál skuli hafa verið tekið hér upp og að hv. 4. þm. Reykv., Jón Baldvin Hannibalsson, og hæstv. utanrrh. skuli hafa upplýst það með þeim hætti sem þeir hafa hér gert. En það er aðeins eitt atriði sem ég vildi leiðrétta í frásögn hv. þm. Jóns Baldvins Hannibalssonar. Það er að Þjóðviljinn hafi verið upphafsaðili þessarar umr. hér. Það er rangt. Tilefni þessarar umr. er leiðari í Morgunblaðinu s. l. þriðjudag, sem ber heitið „Samningurinn frá 1979". Þar ber Morgunblaðið það á fyrrv. utanrrh., Benedikt Gröndal, að hann hafi fyrir hönd íslensku ríkisstj. gert samkomulag, eins og hér stendur orðrétt: „í júlí 1979 hafi ríkisstjórnir Íslands og Bandaríkjanna undirritað samkomulag um framlag Bandaríkjamanna til byggingar flugstöðvar hér á landi." Það eina, sem Þjóðviljinn hefur gert í þessu máli, er að óska eftir því, að þessi alvarlegi áburður, sem Morgunblaðið flytur þarna á fyrrv. utanrrh., Benedikt Gröndal, væri borinn til baka. Það hefur nú verið gert hér, bæði af hv. þm. Jóni Baldvin Hannibalssyni, sem flutti orðsendingar frá fyrrv. utanrrh., Benedikt Gröndal, og eins af núv. utanrrh. Ber að fagna því, að þessi áburður Morgunblaðsins á Benedikt Gröndal skuli reynast jafntilhæfulaus og ýmislegt annað sem það ágæta blað hefur flutt um þessi mál.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég þakka hv. 4. þm. Reykv., Jóni Baldvin Hannibalssyni, fyrir að hafa vakið máls á þessu máli svo og hæstv. utanrrh. fyrir skýringar hans.

Ég hygg að það hafi ekki verið í árásar- eða ávítunarskyni gert á hendur hv. þm. Benedikt Gröndal að Morgunblaðið vakti máls á því samkomulagi sem gert var vorið 1979, þótt það sé auðvitað liður í gangi málsins. Þá áttu Alþb.-menn aðild að ríkisstj. eins og nú. Alþb.-menn hafa í stjórnarsamningi nefnt þetta mál — byggingu flugstöðvar — eitt allra mála er lúta að framkvæmdum í þágu varna og öryggis Íslands eða í þágu varnar-

liðsins. Að öðru leyti hafa Alþb.-menn ekki gert, svo kunnugt sé, opinberlega neinn fyrirvara um athafnir eða framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli. Þannig standa málin, þótt ýmsum getum megi leiða að undirmálum samkv. þeim umr. sem hér hafa áður farið fram á Alþingi um leynisamninginn. Ég vil vekja athygli á þessu: Þessi framkvæmd er sú eina sem Alþb.-menn hafa skapað sér nokkra sérstöðu um. Það er athyglisvert að opinberlega mega allar framkvæmdir eiga sér stað á Keflavíkurflugvelli í þágu varnarliðsins aðrar en þessi eina. Þeir vilja hafa frekari hönd í bagga með henni, ef ég skil stjórnarsáttmálann rétt. Ég býst við því, að það sé ekki undir virðingu hv. formanns þingflokks Alþb. að staðfesta þennan skilning minn.

Ég nefni þetta vegna þess að bygging flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli er, burt séð frá því að vera sjálfsagt mál í þágu varna og öryggis Íslands, einnig að öðru leyti séríslenskt hagsmunamál í daglegu lífi okkar, þar sem um er að ræða aðalflugstöð landsins og tengsl við umheiminn. Eins og nú standa sakir er núverandi flugstöð algerlega ófullnægjandi og það þrátt fyrir minnkandi umferð um flugvöllinn, sem við vonum öll að sé tímabundið. Enn fremur er þess að gæta, að það er hagsmunamál okkar í daglegu lífi á þessu landi að sú skipting eigi sér stað sem um var samið við Bandaríkjamenn 1974, í tíð páv. ríkisstj., að skilið verði á milli varnar- og eftirlitsstarfseminnar á Keflavíkurflugvelli og almennrar flugstarfsemi og farþegaafgreiðslu. Þess vegna er það ekki síst erindi mitt hingað í ræðustól í dag að leggja á það megináherslu, að áfram verði unnið að framkvæmd þessa máls og það verði tryggt að þeir samningar, sem tekist hafa við bandarísk stjórnvöld um eðlilega þátttöku þeirra í kostnaði við gerð þessa mannvirkis í samræmi við þann hag, sem varnastarfsemin hefur af þeim framkvæmdum, leiði til þess, að þessum framkvæmdum verði hraðað — hafnar sem fyrst og lokið sem fyrst — og mál þetta komi hér fyrir Alþingi sem allra fyrst, undirbúið vitaskuld fyrst og fremst af hæstv. utanrrh., svo að það samkomulag megi standa sem gert var 1974, 1977 og síðan með undirritun þeirrar bókunar 1979 sem hér hefur verið frá skýrt.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég vildi láta það koma fram, að það er alveg rétt skilið hjá hv. þm. Geir Hallgrímssyni, að honum tekst ekki nú frekar en áður að fá okkur Alþb.-menn til að ræða við sig um sérstaka starfshætti þessarar ríkisstjórnar. (**GeirH:** Þú ert nú kominn upp í ræðustólinn í þetta sinn.) Já, það verður kannske að teljast helsta afrek þm. á undanförnum vikum í íslenskum stjórnmálum að hafa tekist að fá mig hér í um það bil mínútu upp í ræðustólinn. Vonandi verður það tíundað í afrekaskránni á haustfundinum þegar verður farið að gera upp hverjir sýni mestan dugnað og forustuhæfileika innan Sjálfstfl. — Ég ætlaði bara að undirstrika það, eins og fram hefur komið áður, að við látum ekki hv. þm. Geir Hallgrímsson né neina aðra skikka okkur til þess, hvenær og hvernig við ræðum samstarf okkar við aðra aðila í þessari ríkisstjórn, enda kannske ekki von til þess, að hv. þm. sé í stakk búinn að skilja þessa ríkisstj. eins og hún er til komin.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég ætla ekki að láta hjá líða að þakka hv. síðasta ræðumanni fyrir allar þær upplýsingar, sem komu fram í ræðu hans, og vona að Þjóðviljinn birti þær umsvifalaust á morgun.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Væntanleg bygging eða byggingarframkvæmdir á Keflavíkurflugvelli við hina margumtöluðu flugstöð hafa valdið miklu umtali meðal þm., en þó meira utan þingsala en innan. Það er ágætt að þetta mál er komið á dagskrá því svo miklu umtali hefur það valdið meðal fólks vítt og breitt um landið.

Það hefur komið í ljós, að við samkomulag um myndun ríkisstj. var gerður svokallaður málefnasamningur milli þeirra sem standa að ríkisstj., leynt eða ljóst. Í þessum málefnasamningi segir að ákvörðun skuli ekki tekin um flugstöðvarbyggingu nema með samþykki allra aðila innan ríkisstj. og að allir séu sammála um að málið komi á dagskrá Alþingis. Að þessum málefnasamningi stendur naumur meiri hl. Alþingis og stendur sá meiri hl. líklega ekki saman um afgreiðslu á þessu flugvallarmáli. Ég tel að enginn flokkur eigi að hafa neitunarvald, hvorki innan ríkisstj. né á Alþingi, um að mál sem þessi geti komið á dagskrá Alþingis. Það væri að semja um að lítill hópur manna hefði neitunarvald í málum fyrir hönd Alþingis. Ég vil mótmæla því, að þetta mál komi ekki fljótlega á dagskrá. Ég óska eftir því, að þetta stórmál komi á dagskrá Alþingis hið fyrsta og Alþingi taki ákvörðun um framhaldið. Ef ríkisstj. telur sér ekki fært að bera þetta mál fram verða þeir, sem telja sig frjálsa og óháða, að bera málið fram og láta reyna á það á Alþingi hver hinn eiginlegi vilji Alþingis og alþm. í þessu máli er. Ég hef þá trú, að þrátt fyrir málefnasamninginn sé meirihlutavilji á Alþingi fyrir því, að framkvæmd við flugstöðvarbygginguna verði hafin sem fyrst.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég á örstutt erindi, en vil að það komi fram, að ég skildi ekki eitt einasta aukatekið orð af því sem hin forklárða afturbatapíka Alþb., hv. þm. Ólafur Grímsson, sagði áðan.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég vil að gefnu tilefni rifja upp, að í umr. um fjárlög yfirstandandi árs á Alþingi, í Sþ. 19. des. s. l., gaf hæstv. viðskrh., Tómas Árnason, eftirfarandi yfirlýsingu, en hann mun þá hafa gegnt störfum utanrrh. eða a. m. k. var sú yfirlýsing gefin í fjarveru hæstv. utanrrh. Hæstv. viðskrh. komst svo að orði:

„Á þskj. 329, brtt. við frv. til fjárlaga undir VI. lið, er brtt. frá hv. þm. Friðrik Sophussyni, Karvel Pálmasyni, Guðmundi Karlssyni og Lárusi Jónssyni um að til gjalda á fjárlagafrv. verði 2 milljarðar vegna flugstöðvarbyggingar á Keflavíkurflugvelli og tekin lán að sömu upphæð. Í tilefni af þessari brtt. vil ég segja þetta:

Eins og raunar er kunnugt hefur utanrrh. borið fram tillögu í ríkisstj. um að sérstök lántaka vegna flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli verði tekin inn á fjárfestingar- og lánsfjáráætlun. Tillaga utanrrh. hefur ekki verið afgreidd í ríkisstj., en hann hefur áskilið sér rétt til að bera fram brtt. við lánsfjáráætlun. Nú er verið að endurskoða hönnun byggingarinnar með það fyrir augum að lækka byggingarkostnað, og væntanlega verður því verki lokið um miðjan febrúarmánuð n. k. Með tilliti til þessa og svo hins, að lánsfjáráætlun verður ekki afgreidd fyrr en að loknu jólaleyfi þm., sýnist eðlilegast að fresta ákvörðunum í þessu máli."

Í krafti þessarar yfirlýsingar drógu flm. tillögu sína til baka, með þeim fyrirvara auðvitað að bera hana síðar

fram, m. a. við afgreiðslu lánsfjár- og fjárfestingaráætlunar. En því til viðbótar vildi ég ítreka og endurtaka, að það er eðlilegt að þetta mál komi til meðferðar Alþingis og Alþingi kveði upp úr um að í þessa framkvæmd skuli ráðist.

Fræðsla um efnahagsmál, þáltill. (þskj. 201). — Ein umr.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir þessari till. sem 1. varamaður Framsfl. í Vestfjarðakjördæmi, Sigurgeir Bóasson, flutti þegar hann var hér á þingi fyrr í vetur. Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um þessa till. Hún er flutt með tilliti til þess, hve nauðsynlegt er að almenningur geri sér grein fyrir stöðu og þróun efnahagsmála.

Ég hygg að við getum öll verið sammála um að það er varla furða þótt mönnum gangi oft erfiðlega að fóta sig í þeirri umræðu sem um efnahagsmálin er. Ég er þeirrar skoðunar, að það sé ákaflega nauðsynlegt fyrir allar aðgerðir í efnahagsmálum, að ríkur skilningur sé hjá almenningi á því sviði. Þessi till. er flutt til að bæta úr þessu. Með henni er gert ráð fyrir að ríkisstj. beiti sér fyrir almennri fræðslu um efnahagsmál og að stuðla að því að almenningur eigi kost á hlutlausum upplýsingum og skýringum á stöðu efnahagsmála. Þetta má mjög vel gera í gegnum fjölmiðla, m. a. sjónvarp og hljóðvarp, og ég hygg satt að segja að slíkir þættir gætu orðið vinsælir. Að vísu er það svo, að slík fræðsla hefur verið nokkur, en slitrótt. Ég leyfi mér að fullyrða að því hafi verið ákaflega vel tekið sem upp á hefur verið boðið í þessu sambandi.

Fleiri orð vil ég ekki hafa um þessa till., — mér sýnist ekki þörf á því, — en legg til, herra forseti, að henni verði vísað að lokinni umr. til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Vínveitingar á vegum ríkisins, þáltill. (þskj. 473). — Ein umr.

Flm. (Jón Helgason): Herra forseti. Fyrr á þessu þingi var lögð fram till. á þskj. 59 um að skora á ríkisstj. að láta nú þegar undirbúa tillögur að stefnu hins opinbera í áfengismálum. Við umr. um þá till. hér á Alþingi taldi ég og fleiri, sem þá tóku til máls, að æskilegt væri að Alþingi léti nú þegar í ljós skýrar en fram kemur í þeirri till. vilja sinn á því að dregið verði úr áfengisneyslu í landinu. Var það raunar í samræmi við þau sjónarmið sem komu fram í framsöguræðu 1. flm. þeirrar till. Í samræmi við þessa skoðun höfum við tíu hv. alþm. flutt till. um að skora á ríkisstj. að hætta vínveitingum í opinberum veislum.

Það þarf ekki að skýra þessa till. í mörgum orðum, þar sem efni hennar er augljóst. Ég held að ekki þurfi heldur að fara mörgum orðum um þá vá sem vaxandi áfengisneysla er, svo nærri hafa afleiðingarnar höggvið mörgum. Sérfræðingar telja að 10—20% þeirra, sem áfengis neyta, verði áfengissjúklingar. Hér á landi hafa verið stofnuð öflug samtök til að bjarga þeim sem fyrir slíku verða. Alþingi veitir fé í þessu skyni, en allir, sem til þekkja, vita að miklu meira fjármagn þyrfti til þess ef hægt ætti að vera að veita öllum þá hjálp sem þess þyrftu, og þá er eftir að geta um öll slysin og annað tjón sem í engu mannlegu valdi stendur að bæta. Þegar þessi staðreynd blasir við er varla hægt að segja annað en það sé fáránlegt að ríkisvaldið skuli beita — það má segja; þrýstingi á neyslu áfengis, eins og það gerir með vínveitingum í opinberum veislum.

Fyrr í þessari viku voru hér á ferðinni norrænir þm. Sænsku fulltrúarnir, sem voru í þeim hópi, staðfestu að í Svíþjóð er nú vínveitingum hætt algerlega í síðdegisboðum opinberra aðila. Þær vínveitingar, sem þar eru eftir á vegum opinberra aðila, eru borðvín sem veitt eru með mat. Þannig hafa Svíar farið eftir þeirri áskorun sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur sent til allra þjóða um að hefjast handa um raunhæfar aðgerðir til að draga úr áfengisneyslu. Mörg fleiri dæmi um jákvæð viðbrögð við þessari áskorun Alþjóðaheilbrigðimálastofnunarinnar væri hægt að rekja hér, en til þess er ekki tími.

En þar sem Pólland er mjög til umræðu um þessar mundir og forustumenn þess eiga við margvísleg vandamál að glíma vil ég aðeins geta um frétt þaðan sem ég er hér með í höndunum. Þar segir að þrátt fyrir þær aðstæður, sem þar ríkja nú, hafi verið hafin krossferð þar í landi gegn áfengisneyslu. Í fararbroddi þeirrar krossferðar eru þeir sem nú er mest talað um, aðstoðarforsrh. Jagielski og leiðtogi verkalýðshreyfingarinnar, Lech Walesa. Svo mjög telja þeir þetta mál þýðingarmikið.

Fyrir fáum dögum heyrði ég í útvarpi viðtal við unga stúlku og var rætt við hana um vaxandi áfengisneyslu unglinga hér á landi með þeim afleiðingum sem hún hefur. Ummæli stúlkunnar voru á þá leið, að forráðamenn virtust loka augunum fyrir þessu ástandi og virtust hugsa sem svo, að þeirra börn muni sleppa.

Sem betur fer eru það margir sem sjá að við svo búið má ekki lengur standa og eitthvað þarf að gera. Ég hef hér fengið áskorun til alþm. um samþykkt þáltill. þessarar um afnám vínveitinga á vegum ríkisins. Hún er stuttorð:

„Undirritaðir fulltrúar samstarfsaðila um átak gegn áfengisvá skora hér með persónulega á hæstv. Alþingi að samþ. fram komna þáltill. um afnám vínveitinga á vegum ríkisins."

Þeir, sem undir þessa áskorun skrifa, eru fulltrúar Íslenskra ungtemplara, áfengismálanefndar Bandalags kvenna, framkvæmdastjóri SÁÁ, fulltrúi Æskulýðsráðs þjóðkirkjunnar, Æskulýðsráðs Reykjavíkur, Áfengisvarnadeildar Reykjavíkur, Unglingareglunnar, menntamálaráðuneytis, heilbrigðisráðuneytis, Landssambandsins gegn áfengisbölinu, Bindindiseftirlits íslenskra kennara, Áfengisvarnaráðs, Slysavarnafélags Íslands og Stórstúku Íslands.

Þannig munu áreiðanlega margir hugsa og telja að hér sé verið að stíga skref í rétta átt sem geti haft töluverð áhrif enda þótt vitanlega þurfi margt fleira að gera.

Mér er í minni viðtal, sem birt var í sjónvarpi fyrir nokkrum árum, við ungan mann sem lent hafði í bílslysi, lá á bæklunardeild og mátti sig lítt hreyfa. Hann var spurður hvað hann vildi ráðleggja öðrum til þess að komast hjá að hljótu svipuð örlög. Svar hins unga manns var stutt og skýrt: Að drekka aldrei áfengi.

Ég held að þegar um er að ræða jafnútlátalitla ákvörðun og samþykkt þessarar þáltill. hljóti alþm. að vilja gera það til að draga úr þeim örlögum sem áfengisneyslan skapar mörgum. Ég vænti því þess, að till. fái greiða afgreiðslu. Þegar þessari umr. lýkur í dag legg ég til að henni verði vísað til hv. allshn.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég bað um orðið þegar ég heyrði hv. frsm. lýsa því nokkurn veginn með þeim orðum, að í opinberum veislum væri áfengi þrýst upp á menn. Ég kannast ekki við það. Það hlýtur þá að vera í þingveislunni. Ég hef ekki orðið var við það. Að minnsta kosti vona ég að hv. þm. hafi komist hjá því og veit ég að svo er, sem betur fer, því hann vill ekki neyta áfengis.

Hins vegar, af því ég er staðinn upp, vil ég taka undir það sem hann sagði um skaðsemi áfengisneyslu. Ég tek undir hvert orð sem hann sagði um það. Vitanlega ber að draga úr áfengisneyslu með öllum ráðum, en ég held að menn séu með þessu að skýla sér á bak við ráð sem skammt dugar. Sumir geta sagt að eftir höfðinu dansi limirnir, og eitthvað má vera til í því. Ég held hins vegar að ýmissa fleiri og annarra leiða beri að leita sem árangursríkari mundu verða.

Ég bendi t. d. á stuðning við samtök eins og SÁÁ, sem hafa unnið þrekvirki. Þar eru sjálfboðaliðar. Það eru áhugamenn um að stöðva áfengisneyslu. Það eru menn sem hafa af því reynslu og kunnáttu og hafa unnið gífurlega gott starf. Mér er ekki kunnugt um að þeir hafi neinn stuðning frá opinberri hálfu. Margt fleira slíkt mætti nefna. (Gripið fram í.) Hafa þeir stuðning? Ef svo er má áreiðanlega auka hann. Ég held einnig að aukin fræðsla í fjölmiðlum og fleira væri ákaflega gagnlegt í þessu sambandi. Hún hefur verið nokkur, en hana má auka.

Hins vegar vil ég segja það um þá till. sem hér liggur fyrir, að ég hef síður en svo á móti því að draga úr áfengisveitingum í opinberum veislum. Hv. frsm. upplýsti áðan að Svíar hafa ekki bannað áfengisneyslu, eins og segir í grg. hér, heldur hafa Svíar stöðvað veitingu sterkra drykkja, og það er töluvert annað. — Satt að segja hélt ég að menn hefðu gott af því að fá sér glas af góðu víni með góðum mat. Það er til að bæta. Og ég vil eindregið benda þeim mönnum, sem ekki hafa reynt það, á að gera það. (**Gripið fram í:** Þeir verða þá bara magaveikir.) Ja, rauðvín er mjög gott fyrir magann líka. (**Gripið fram í:** Hvernig veit hv. þm. það?) Ég hef það eftir læknisfróðum mönnum að rauðvín sé eitthvað það besta sem menn fá í maga. (**SvH:** Þetta er rétt.) Já, þarna heyrið þið það.

Ég held að svona öfgar í þessum málum leiði okkur til einskis. Ég hygg hins vegar að mjög þarft væri að endurskoða reglur um áfengisveitingar í opinberum veislum. Hér hefur t. d. tíðkast í mörg ár að næstum því við hvern einasta ársfund, hvað sem hann heitir, er ráðh. talið skylt að bjóða til síðdegisveislu. Þetta er, a. m. k. í flestum tilfellum, ef ekki öllum, hinn mesti óþarfi. En svona hefur það verið ár eftir ár. Ég held að þarft væri að setja um veitingu áfengis í opinberum veislum reglur sem yrðu til þess að draga úr áfengisveitingum. Ég vil beina því til flm. eða þeirrar nefndar, sem þetta fær, að hún taki áskorun um slíkt inn í tillöguna.

Ég ætla ekki að hafa um þetta mörg orð. Ég stóð fyrst og fremst upp til að leiðrétta það, að í opinberum veislum sé um ofneyslu áfengis að ræða. Ég hef ekki séð það. Ég kannast ekki við það og ég vildi gjarnan vita hvort hv. frsm. hefur orðið var við slíkt. Ég vil leggja áherslu á að leitað verði annarra og markvissra leiða til að draga úr almennri áfengisneyslu með þjóðinni. Ég tek undir hvert orð sem flm. sagði um skaðsemi áfengis. Ekki má láta deigan síga í baráttu gegn því.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Það var nú mál til komið að þeir Hermannssynir yrðu sammála um eitthvað.

Ég tek undir orð hæstv. sjútvrh.: Ég hrökk við og sperrti eyrun þegar ég heyrði hv. þm. og frsm. Jón Helgason fullyrða að þrýstingi væri beitt um neyslu áfengis í opinberum veislum. Mér varð um leið hugsað til þingveislunnar og á nú helst von á að félagar mínir, hæstv. forseti í Ed. og hæstv. forseti Sþ., leggist nú á eitt, þar sem ég heyrði að hv. þm. Helgi Seljan hefur beðið um orðið. En ég neita þessu. Ég hafði enga slíka tilburði í frammi, eins og menn geta vitnað um.

Hv. þm. og frsm. Jón Helgason rifjaði það upp, að hér hefði verið rætt um það og fluttar till. um að mótuð yrði stefna hins opinbera í áfengismálum, þessum alvarlegu málum okkar, og um nauðsyn þess að draga úr áfengisneyslu í landinu. Enginn neitar því, að þetta er eitt mesta vandamál sem við eigum við að etja, og með vísun til þess er þessi þáltill. flutt, — með vísun til þess, að það þurfi að ráða bót á þessum gífurlegu vandamálum. En þá er þessi skinhelgi komin á borð alþm., að það eigi að draga úr eða — eins og segir — að hið opinbera beiti sér fyrir því, að vínveitingum verði hætt í veislum hins opinbera. Þetta hefur auðvitað engin áhrif. Það er svipað og að ætla sér að lækna krabbamein með því að hætta að tala um það. Þetta hefur auðvitað ekki nokkur minnstu áhrif. Og þeim, sem þekkja til þessara miklu raunamála, fellur allur ketill í eld, þeim dettur ekki í hug að alþm. sé alvara í hug að leggja lið sitt til að reyna að vinna bug á vandamálinu með slíkum og þvílíkum tilþrifum.

Svo er vitnað í Svía. Það hefur engin áhrif á mig. Að vitna í Svía hefur jafnvel alveg þveröfug áhrif á mig. Þar kom það fram, að þeir séu hættir að veita sterka drykki með mat. Hvar á þá að draga mörkin? Ég get tekið undir með hæstv. sjútvrh., að út af fyrir sig er það athugandi. Eins er um þessi boð um og upp úr hádegi með sterkum drykkjum, það má leggja þau af. En að kalla þetta eitthvert fordæmi og eitthvert framtak í baráttunni við þetta geigvænlega vandamál er ekkert nema yfirdrepsskapur, ekki nokkur skapaður hrærandi hlutur annar.

Við ættum að taka til höndum. Það bíða þarna verkefni sem ýmsir áhugamannahópar eru að vinna að og við getum stutt miklu, miklu betur en við höfum gert hingað til. Á það þarf að leggja áherslu.

Menn hafa auðvitað beinbrotið sig og orðið lamaðir vegna áfengis þar sem slys hefur borið að höndum, en það hefur líka hent menn ódrukkna í baðinu heima hjá sér. Og ég veit ekki hvort það er sérstaklega í veislum hins opinbera sem menn hafi hlotið örkumlin mest. Ég er ekki að draga dár að þessu. Hvað eina, sem gert er til þess að ráða bót á þessu geigvænlega vandamáli, er af hinu góða. En ég hygg að þetta verði ekki skilið á þann veg, enda engin áhrif sem þetta muni hafa.

Ég álít að sú nefnd, sem fær þetta til athugunar, ætti að athuga vandlega hvort ekki mætti breyta till. á þann veg að viðhlítandi væri, þannig að menn fari ekki að teygja þetta og toga og skopast að hv. þingheimi, eins og þessi till. eins og hún nú er úr garði gerð gefur vissulega tilefni til.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Till. þessi til þál. um afnám vínveitinga á vegum ríkisins er flutt af tíu hv. alþm. Hún gengur út á það, að skorað sé á

ríkisstj. að hætta vínveitingum í veislum sínum. Eins og allir hljóta að sjá er hér aðeins snert við einum litlum þætti hins mikla og geigvænlega áfengisvandamáls.

Ekki virðast hv. alþm. hingað til hafa verið sérstaklega áfjáðir í að samþykkja till. af þessu tagi, ef marka má upphaf grg., þar sem tekið er fram að till. svipaðs efnis eða samhljóða þessari hafi verið flutt á 93. löggjafarþingi og síðan endurflutt á tveimur næstu þingum, en náði þá ekki samþykki Alþingis. Það er því gott að þetta mál, þetta geigvænlega vandamál, sem allir virðast sammála um, komi enn einu sinni á borð alþm. svo þeim gefist tækifæri til að tjá sig um þessi efni.

Já, ég sagði að þessi till. snerti ekki við nema einum þætti þessa stóra vandamáls. Það má vel vera að hún gæti orðið til góðs, en þó skal ég ekki um það fullyrða, a. m. k. þarf að athuga þessi vandamál út frá miklu víðara sjónarhorni.

Það er talað um að lítið sé gert í þessum málum, og sannarlega eru það ekki stórtíðindi þó ég greini frá því, að þau séu til athugunar, m. a. í mínu ráðuneyti. En ég er þó ekki viss um að það hafi oft verið unnið meira að því að laga eitthvað til í þessum málum en nú er gert. Á ég þar ekki síst við hina fjölmennu hópa áhugamanna sem vinna að þessum málum sem betur fer með þeim besta árangri sem ég hef hingað til kynnst. Ég held mér sé óhætt að segja það. Ég get t. d. bent á starfsemi Samtaka áhugamanna um áfengisvarnir sem nú reka a. m. k. þrjú hæli eða heimili í þessu skyni, á Silungapolli, í Sogni og á s. l. hausti var húsmæðraskólinn á Staðarfelli í Dölum tekinn til þessara nota, þ. e. að SÁÁ-fólki gæfist þar kostur á að taka áfengissjúklinga til dvalar langan tíma eða til framhaldsmeðferðar. Þar hafa frá því í desembermánuði dvalist, að ég ætla, tugir vistmanna og ég get fullyrt að þessari starfsemi er tekið vel af þeim sem þar búa í nágrenninu og hún hefur gengið mjög vel. Þetta er mjög áhugavert og ég vona að á þessu verði framhald.

En því er ekki að neita, að í þessu máli þarf að taka mun betur á, því ég álít að áfengisvandamálið, að viðbættu fíkniefnavandamálinu, sé tvímælalaust eitt stærsta vandamál þjóðarinnar um þessar mundir. — Þó að við því væri spornað, að starfsmönnum ríkisins væri fjölgað mikið við gerð síðustu fjárlaga og athugun á fjárhagshorfum ríkisins, þá vil ég þó nefna að bætt var við lögreglumönnum í rannsóknardeild lögreglustjóra í Reykjavík sem fæst við rannsóknir fíkniefnamála, og yfir þá deild var settur löglærður fulltrúi til að greiða fyrir rannsókn mála og leiðbeina lögreglumönnum á því sviði.

Ég vil sérstaklega geta þess sem gert hefur verið í þessu skyni, þó að ég telji að enn þá meira þurfi að vinna í þessum málum. Og ég fagna því, að hv. alþm. skuli láta í ljós áhuga sinn á þessum efnum.

Helgi Seljan: Herra forseti. Þegar þessi till. kemur til umr. held ég sé rétt að skoða hana í nokkru víðara samhengi, en ekki á þann undarlega hátt sem tveir hv. þm. hafa tekið hana fyrir hér til umr., þ. e. hæstv. sjútvrh. og hv. 4. þm. Austurl. Það er alveg greinilegt, og ég harma það, að menn skuli fylgjast það illa með þingstörfum að hvorugur þessara hv. þm. hefur af því nokkra vitneskju að fyrr á þessu þingi var lögð fram af hálfu heils þingflokks — Alþfl. — ákaflega viðamikil till. um heildarstefnumörkun í áfengismálum. Um þessa till. fóru fram hér — vitanlega að báðum þessum mönnum fjarstöddum, það er greinilegt — mjög miklar umræður um áfengismál á allt öðru plani en yfirleitt gerist hér á Alþingi. Menn töluðu þar einmitt um vandamálið í hinni víðustu merkingu. Menn voru ekki að skýla sér á bak við eitthvað í því efni, heldur töluðu þeir hreint út um vandamálið í heild.

Einn þáttur í þessari till., sem þar bar á góma, var einmitt það atriði sem hér er komið fram í tillöguformi. Það vill nú einu sinni svo til, að hér eiga hlut að máli stjórnvöld sem Alþingi hlýtur að vilja hafa nokkur áhrif á hvernig hegða sér í þessum efnum. Því er ekkert óeðlilegt og þarf enga skinhelgi eða yfirdrepsskap til að þetta einstaka mál sé þar tekið út úr og lögð á það viss áhersla, ekki síst með tilliti til þess, að báðir þessir hv. þm. vita miklu betur þegar þeir segja að till. af þessu tagi og framkvæmd hennar hafi engin áhrif. Þeir mæla þarna gegn betri vitund. Ég veit að þeir vilja aðeins með þessu drepa málinu á dreif. Hefði ég þó síst trúað þeim til þess að vilja gera það, því að einmitt með því að taka þannig í þennan einstaka þátt í framhaldi af þeirri ítarlegu og merku umræðu sem varð um þessi mál hér í vetur í kjölfar rækilegrar og ítarlegrar framsöguræðu hv. þm. Árna Gunnarssonar um þetta mál, — einmitt í kjölfar hennar var eðlilegt, að þetta mál kæmi hér á dagskrá í einhverju formi, og vissulega full ástæða til þess, að menn líti einnig á þessa hlið, sem er jafnnálæg þeim og raun ber vitni.

Við flm. till. erum þess vegna ekki að skýla okkur á bak við neitt einstakt í sambandi við þetta og við erum ekki heldur að segja það — það kemur mér ekki til hugar — að hér sé um einhverja lausn að ræða sem dugi í nokkru. En ég geri ekki ekki heldur lítið úr því, hve margir málsmetandi menn í þessum efnum, sem hafa hugsað um þessi mál af alvöru og öfgalaust, gera einmitt mikið úr áhrifamætti þess sem hér er verið að leggja til. Það er ekki fyrst og fremst mín skoðun, heldur skoðun þessara manna, sem hefur orðið til þess, að mér hefur þótt sem skylt væri að hreyfa þessu hér alveg sérstaklega.

Ég ætla ekki að fara að rifja hér upp umr. sem urðu um till. hv. þm. Árna Gunnarssonar og annarra Alþfl.-manna fyrr í vetur, en þær sýndu það þó að menn vilja virkilega taka á þessu máli. Það dugar ekki heldur að benda á það varðandi þessa till., að okkur væri nær að gera þetta og okkur væri nær að gera hitt, vegna þess að vitanlega eigum við að vinna samhliða á öllum sviðum að þessum málum og reyna á öllum sviðum að þrýsta á úrbætur varðandi málin í heild. Ég hef að því stutt hiklaust að þeir áhugahópar, sem um þessi mál hafa fjallað, fengju betri stuðning af hálfu Alþingis. Þeir hafa vissulega fengið það á undanförnum árum sem betur fer. Og ég fagna þeirri hreyfingu sem upplýst var af hæstv. dómsmrh. að væri á þessum málum í hans rn. og í samstarfi annarra rn. um þessi mál í heild.

Hins vegar skal ég segja það af þeirri reynslu sem ég hef af boðum opinberra aðila, að þá er eitt sem er áreiðanlegt, hvað sem menn vilja dæma um þrýsting eða ekki þrýsting, að veigunum er a. m. k. vel og rösklega að mönnum haldið. Þarf ekki mikið fyrir því að hafa að ná til þeirra, svo ekki sé meira sagt. Það hefur hins vegar stundum þurft töluvert fyrir því að hafa að ná til óáfengra drykkja í sömu veislum. Þess vegna held ég að orð hv. frsm. hafi átt við ærin rök að styðjast.

Ég man eftir því í einni ágætri veislu hér úti í Ráðherrabústað, sem ég villtist í af einhverjum ástæðum, að þar hlaut ég að verða út undan af þeirri einföldu ástæðu

að mönnum hafði ekki flogið í hug að nokkur þeirra, sem í þá veislu kæmi, mundi vilja vera með glas með öðru en áfengum drykk í. Óáfengu drykkirnir höfðu hreinlega gleymst. Svo koma menn hér upp með vandlætingarsvip, eins og hæstv. sjútvrh., og segja: Þetta hef ég bara aldrei heyrt. Ég veit ekki til þess að neitt sé að þessu gert. — Þeir bjóða svo eflaust til veislu þar sem þessum veigum er haldið stíft og ríkulega að fólki.

Nei, ég er alveg sammála því, að þetta dugar ekki eitt sér. Okkur hefur ekki dottið það í hug. Það kemur hvergi fram í máli okkar. Ég vitna aftur til þeirrar þingræðu sem ég flutti þegar heildarstefnumörkun Alþfl. var hér á ferðinni. Þá minnti ég á þá ótalmörgu þætti sem inn í þetta mál koma ef við ætlum að taka raunhæft á áfengisvandamálinu. Þeir eru vissulega það margir að ég ætla ekki að gera þá að umræðuefni hér aftur.

Hitt er svo kannske meginmálið, að einhver skylda hlýtur að hvíla á þeim, sem með þessi mál fara í æðstu stólum, að hafa eitthvert smáfordæmi, en ekki að vera með beina hvatningu — við skulum sleppa þrýstingnum — til áfengisneyslu eins og nú er: Ætli hvíli ekki örlítil skylda á mönnum að gefa heldur skárra fordæmi en nú er og menn verða vitni að í hverri veislunni á fætur annarri af þessu tagi?

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Ég hlýt að lýsa ánægju minni yfir því að hér verða þetta miklar umr. um það mál sem hér er á dagskrá. Ég hef nefnilega áður setið á þingi þegar áfengismál hefur borið á góma og yfirleitt hefur verið mjög hljótt um þau. Mér virtist löngum að þau væru annaðhvort gerð að feimnismáli eða gamanmáli, en auðvitað eru þau hvorugt og mjög langt frá því.

Það hvarflar ekki að mér að fyrir því ágæta fólki, sem stendur að flutningi þessarar till. um afnám vínveitingar á vegum ríkisins, vaki annað en allt það besta í þessum efnum, og það væri óréttmætt og ómaklegt mjög að saka flm. till. um skinhelgi eða hræsni á einn eða annan hátt. Þeir leggja þarna mjög mikið upp úr fordæmi stjórnmálamanna og Alþingis. Ég held að ekki sé vert að gera of lítið úr þessu fordæmi. Ég vil eindregið taka undir síðustu orð hv. síðasta ræðumanns, Helga Seljans, að það hvílir vissulega mikil skylda á alþm. Það er hárrétt hjá honum. En í fullri einlægni held ég að flm. þessarar till. séu of bjartsýnir um að þessi aðferð, sem þeir benda á, sé sú rétta. Niðurlag grg. með till., en því miður missti ég af framsögu hjá hæstv. forseta Sþ., Jóni Helgasyni, finnst mér fela í sér óskhyggju sem ég held að geri ekki gagn í þessu máli. Þar stendur:

„Framkvæmd þessarar till. gæti haft meiri áhrif til að draga úr vandanum í áfengismálum okkar heldur en fjölmennt lið lækna og lögreglu, en þær stéttir standa nú í ströngu í látlausri baráttu við afleiðingar áfengisneyslunnar, og þar við bætist það mannlega böl sem aldrei verður bætt."

Ég er að vonast til að þetta mál verði ekki svæft í fjórða skipti hér á Alþingi. Það kemur fram að þetta er í fjórða skipti sem málið er borið fram í þessu formi: fyrst fyrir tíu árum, síðan í annað og þriðja skipti og nú í fjórða sinn. Ég verð að segja að það slær mig illa hve þetta mál kemur seint fram nú. Það eru ýmsar blikur á lofti og finnst mér, ekki síst eftir undirtektir sem það hefur fengið í þessum umræðum, að það eigi að svæfa það. Ég veit líka að það er ekki einróma vilji fyrir framkvæmd málsins eins og það liggur fyrir hérna.

Mér er nær að ætla að það, sem við ættum að gera í þessu máli og beina til n. sem fær þetta til umfjöllunar, væri að skapa þarna mjög skýrar og ákveðnar reglur. Við stöðlum alla skapaða hluti nú á dögum. Ég held að ef það er vilji fyrir hendi sé enginn vandi að setja þarna allskýrar og fastmótaðar reglur sem ríkið færi eftir í vínveitingum. Við gætum einfaldlega, svo ég nefni eitt einstakt atriði, miðað við gestafjölda. Ákveðnum gestafjölda skal veitt ákveðið magn af víni og það skal veitt í hófi. Það skal veitt þannig að menning en ekki ómenning sé að. Þetta held ég að sé í lófa lagið þeim sem stjórna málum Alþingis að gera þannig úr garði að alþm. gætu þrátt fyrir allt gefið gott fordæmi.

Ég hjó eftir því líka, sem hv. 2. þm. Austurl., Helgi Seljan, sagði, sem er mjög sláandi í þessu máli, að þegar vínveitingar eru um hönd hafðar á vegum ríkisins má ekki gleymast, eins og oft vill, að hafa óáfengt á boðstólum. Það telst til mannasiða í umgengni við áfengi að gera ekki endilega ráð fyrir að allir vilji neyta þess. Um þverbak keyrir þegar haldið er áfengi að fólki þannig að óþægilegt er og áberandi að þurfa að hafna því og biðja um eitthvað sem ekki er áfengt.

Ég tek eftir því, að í hinni mjög svo ítarlegu till., sem hv. þm. Helgi Seljan vitnaði í áðan, borinni fram af þm. Alþfl., um mörkun opinberrar stefnu í áfengismálum, sem ég tel ákaflega góðra gjalda verða, ítarlega og nákvæma, er hvergi minnst á afnám vínveitinga á vegum ríkisins. Ég leitaði eftir því, því ég hef fengið þetta mál í hendur fyrir nokkru. Það er ekki minnst á að afnumdar skuli vínveitingar á vegum ríkisins. Þar stendur efst á blaði, og það hygg ég að sé meginatriðið í þeirri herferð sem nú stendur yfir og alþm. úr öllum flokkum hafa tekið þátt í, það markmið að draga úr heildarneyslu. Þetta er ekki markmið út í bláinn því að það er nú svo, að þar sem þetta hefur verið rannsakað ítarlega er augljós fylgni milli heildarneyslunnar og milli þess tjóns sem áfengisneysla í óhófi veldur. Þess vegna held ég endilega, að við eigum að koma niður á jörðina í þessu máli og reyna að skapa fordæmi af hálfu stjórnmálamanna án þess að fara út í ystu mörk og afnema og banna áfengi á vegum ríkisins.

Hitt er svo annað mál, að það er margt í meðferð ríkisins á áfengi sem þyrfti athugunar við. Ég á þar við, sem ég veit að er á allra vitorði, að starfsmenn rn. hafa flestir aðgang að tollfrjálsu ódýru áfengi, sem almenningur er auðvitað útilokaður frá, og eftir furðulegustu leiðum, sem ég veit ekki hvaða reglur gilda um, flóir þarna vín í kringum ráðuneytin, sem af greiðasemi eða hefð er útdeilt til starfsmanna Stjórnarráðsins. Þetta er nokkuð sem við ættum að reyna að taka fyrir. En manni er jafnan svarað til: Þetta er gjarnan partur af kjaramáli þessara starfsmanna. Þeir fá uppbót á lélegum launum með því að fá svo til ókeypis brennivín. — Þarna er enn eitt skúmaskotið í kjaramálum okkar þar sem farið er bak við tjöldin eftir miður geðfelldum leiðum til að gera starfsmenn ánægða.

Ég held að skylda Alþingis í þessu máli sé að stórauka aðhald í þessum efnum, stórauka aðhald og eftirlit með vínveitingum á þess vegum. Ég verð að segja það í hreinskilni, að þegar Alþingi býður til veislu eða opinberar stofnanir, — það er ekki verið að tala um Alþingi einungis hér, heldur allar ríkisstofnanir, — og við veitum góðan mat, þá finnst mér beinlínis að það vanti nokkuð á matarveisluna ef borið er óáfengt — ja, vatn eða eitthvað

óáfengt — með. Góð borðvín borin fram með góðum mat eru ekki neitt sem hægt er að hneykslast yfir eða tala um sem ómenningarlegt atriði. Hitt er svo annað mál, kokkteilarnir allir í miðdegisverðarboðum og því um líkt. Þeir mega hverfa. Við skulum draga hér úr mjög ákveðið án þess, eins og ég segi, að fara út í algert bann.

Ég hef þótt fullhlynnt boðum og bönnum í þessu efni og ég er sannfærð um að við hljótum víða að beita ströngustu hömlum til að draga úr óhóflegri áfengisneyslu. — Ég vil minna á fyrrv. dómsmrh., — það er nú einn hér að fara út úr dyrunum, Vilmundur Gylfason, — og núv. hæstv. sjútvrh. Þeir ætluðu að bæta vínmenninguna hér í Reykjavík. Það voru samþykkt lög sem miðuðu öll í frjálsræðisátt, m. a. með þeim hætti að opnunartími veitingahúsa er frjáls. Veitingarmenn mega hafa opið eins lengi og þeir vilja. Reynslan hefur í stuttu máli orðið sú að dómi allra, sem fjallað hafa um þetta mál, að árangurinn eða afleiðingarnar hafa orðið þveröfugar við það sem tilætlunin var. Ég sé að fyrrv. hæstv. dómsmrh. hristir höfuðið. Ég bið hann að leita til þeirra aðila sem þarna þekkja gerst til — til lögreglunnar í Reykjavík, til veitingamanna á veitingahúsunum, og þeim mun bera saman um að þarna var ekki farin rétta leiðin.

Ég vil þakka fyrir að þessi till. er fram komin. Ég held að við ættum að breyta henni í þá átt að við fengjum afgreitt hana frá þessu þingi. Og þetta sem ég var að tala um, um vínið á vegum rn., þarf athugunar við. Ég gæti minnst líka á forsetabrennivínið svokallaða, sem nú er búið að afnema af því að það þótti ekki viðurkvæmilegt að forsetarnir fengju forréttindi af þessu tagi. Ég veit ekki betur en forsetarnir fái sitt brennivín vel mælt núna með þeim hætti að það er einfaldlega pantað vel ríflega þegar boðið er til veislu og forsetinn fær afganginn. Fari ég hér með rangt mál bið ég hæstv. forseta Alþingis að leiðrétta, en svona hefur málið verið lagt fyrir mig. Svona feluleikur bak við tjöldin gerir ekki gagn. Við skulum ganga beint framan að hlutunum og reyna að koma því til leiðar, að stjórnmálamenn og æðstu ráðamenn þjóðarinnar og Alþingi gefi þarna gott fordæmi, og höfum að leiðarljósi hófsemi og að dregið verði stórlega úr neyslu áfengis, bæði á vegum hins opinbera og úti í þjóðfélaginu, hvar sem það kæmi til á annað borð að vín væri haft um hönd.

Ég get ekki farið úr ræðustól án þess að minnast líka á annað aðalatriði í þessu máli og það er fræðsla um áfengi. Það er fræðslan um áfengi sem hið opinbera vanrækir að hafa um hönd. Það er vanrækt að framfylgja lögum, bæði fræðslulögum og áfengislögum, um lögboðna fræðslu um skaðsemi áfengis í skólum. Þarna held ég að Alþingi hafi mjög góða aðstöðu til að beita sér og sjá svo um að þarna verði betrumbætt og farið að lögum.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég hefði talið það mjög miður ef hér hefðu ekki orðið nokkur skoðanaskipti um þessa till., og ég fagna því, að menn hafa látið í sér heyra, — þeir sem telja að hér sé allt of langt gengið. Hún er ansi útbreidd þessi skoðun, að áfengisvandamálið sé einhvers staðar langt í burtu, það sé í barnaskólunum, það sé verkefni sem þeir séu að glíma við á Sogni eða það sem lögreglan sé að eiga við. Áfengisvandamálið er hér inni í sölum þingsins. Ég veit ekki betur en þeir séu orðnir þó nokkuð margir alþm. sem hafi haft fulla þörf á að leita sér læknis vegna þessa máls. Þeir fara að vísu fæstir að Sogni. Það þykir ekki nógu fínn staður fyrir þá stétt. Þeir fara í Freeport. Hvers vegna er þessi hræsni viðhöfð? Viljum við halda áfengisvandamálinu hér á Alþingi í felum fyrir þjóðinni? Hvers vegna þora menn ekki að viðurkenna staðreyndirnar? Það kom fram hér hjá einum andmælanda þessarar till., að það mætti að vísu segja að eftir höfðinú dönsuðu limirnir. Þarna er einmitt um aðalatriðið að ræða. Eftir höfðinu dansa limirnir. Eftir hverju öðru dansa þeir ef þeir eru hættir að dansa eftir höfðinu?

Það hefur líka verið sagt af íslenskri þjóð: Hvað höfðingjarnir hafast að hinir ætla sér leyfist það. — Eru menn svo blindir í uppeldismálum að þeir gleymi því, að hvert einasta barn þráir að verða fullorðið og fá að hegða sér eins og hinir fullorðnu, og ef hinir fullorðnu neyta áfengis er það eitt af markmiðum þeirra ungu að sjálfsögðu að ná því takmarki, ná þeim mannréttindum, þeim sessi í þjóðfélaginu að mega vera með og neyta þess? Þetta er grundvallaratriði. Hvert er aðalatriði uppeldis og árangurs á því sviði. Það er fordæmi sem er fyrsta boðorðið, annað boðorðið er líka fordæmi og þriðja boðorðið er fordæmi. Það er það sem skiptir höfuðmáli hjá hverjum einasta aðila sem vill ala upp.

Það er talað um að draga þurfi úr heildarneyslu, — en hvar á að byrja? Hvers vegna má ekki byrja hjá hinu opinbera? Er nokkuð sérstakt sem mælir gegn því, að það megi byrja á að draga úr heildarneyslu hjá hinu opinbera? Erum við ekki að ráðstafa fjármunum skattþegnanna í þessum veislum m. a.? Ég veit ekki betur. Er það ekki rétt, að kostnaður vegna heilsugæslu hafi hækkað meir en nokkuð annað á íslenskum fjárlögum? Hafa menn ekki tekið eftir því? Hvers vegna? M. a. vegna lifnaðarhátta þessarar þjóðar — og alþingismanna þar með. Hafa menn sett það upp í línurit hvert stefnir með kostnað heilsugæslunnar ef svo heldur áfram sem verið hefur á undanförnum árum? Vita menn hvar það endar? Vita menn hvenær — með sömu stefnu — hún tekur yfir allan kostnað fjárlaga ef örin heldur áfram í sömu átt?

Mér fannst það dálítið skrýtið þegar það var borið á okkur flm. að við værum að gera Alþingi hlægilegt, það þyrfti nánast heila nefnd til að bjarga því að ekki færi alþjóð að hlæja að Alþingi. Það má vel vera að þeir telji að það sé slíkt alvörumál að opinberir aðilar haldi áfram að veita vín.

Það kom meira að segja fram hér í ræðu að það væru alls ekki að mati ræðumanns fullnægjandi veitingar ef óáfengt vatn væri borið fram með mat. Óáfengt vatn! Ég varð hissa. Ég hélt að menn væru ekki orðnir svo fastir í áfengishugsuninni að það þyrfti nú sérstaklega að setja „óáfengt" á undan vatninu í þessu sambandi, það væri nóg að tala um venjulegt íslenskt vatn í þessu sambandi.

Mér er fullkomlega ljóst að Alþingi Íslendinga hefur litið svo á að þetta vandamál væri fyrir utan sali þingsins, en ekki innan þess, og öll umfjöllun og umræða hefur verið á þann veg. Hinir fullorðnu hafa viljað halda því fram að þetta mál ætti að leysa í skólum, þar væri vandamálið, þar ætti að taka á því. Ég vil hvetja menn til að breyta þessum hugsunarhætti. Ég vil hvetja menn til að gera sér grein fyrir því, að það eru fyrst og fremst hinir fullorðnu sem drekka það áfengi sem neytt er á Íslandi, en ekki skólakrakkar. Og ég vil hvetja menn til að gera sér grein fyrir því, að það eru hófdrykkjumenn þessa lands sem bera alla ábyrgð á áfengisneyslunni á Íslandi.

Þeir bera á henni alla ábyrgð. Undan því komast þeir ekki.

Flm. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég vil taka undir þann stuðning sem þessi till. hefur fengið hjá ræðumönnum, að vísu nokkuð á mismunandi hátt, en allir hafa talið þörf á að þarna þyrfti eitthvað að gera og breyting þyrfti á að verða um þá framkvæmd sem verið hefur á vínveitingum opinberra aðila.

Það var sérstaklega eitt sem kom fram hjá hæstv. samgrh. og eins hjá 4. þm. Austurl. Þeir hneyksluðust á því, að ég skyldi orða það þannig að áfengi væri þrýst að mönnum, því að þeir sögðust aldrei hafa orðið varir við slíkt. Það getur vel verið að þeir, sem við því taka, finni ekki slíkan þrýsting, en þeir, sem ekki vilja þiggja, finna hann áreiðanlega. Þegar sest er að borði er gjarnan komið vín í glös og ekkert annað og tekur töluverðan tíma, ef menn vilja væta kverkarnar með einhverju öðru, að fá það, og nokkuð eru þau mörg skiptin sem bakkar eru bornir fram og þar er ekkert að hafa handa þeim sem ekki vilja neyta áfengis. Þegar farið er að veita áfengi með mat, komið með það að borði — og hæstv. sjútvrh. hvatti menn mjög hér til að neyta þess, það fór þó ekkert á milli mála, — þá er aldrei komið með óáfenga drykki með. Það er aðeins komið með áfengisflöskur. Hvað er þrýstingur á að drekka áfengi ef þetta er það ekki? Ég held að ég hafi síst þar tekið of fast til orða.

Það er, held ég, alveg ljóst bæði af því, sem segir í grg. till., og þeim orðum, sem við flm. höfum sagt hér, að okkur er ljóst að með þessu er ekki ætlað að leysa allan vanda. En nú er þannig komið að mjög fer vaxandi hópur manna, sem hafa orðið áfengissjúklingar, og sem betur fer einnig vaxandi sá hópur sem hefur hlotið þar bata við, en má hins vegar ekki áfengis neyta. Þetta er mjög vaxandi hópur en sem má ekki neyta áfengis nema eiga það víst að geta ekki haft stjórn á áfengisneyslu sinni. Af hverju á ríkisvaldið að vera að veita þá drykki sem fyrir fram er vitað að margir mega alls ekki þiggja ef þeir eiga ekki að bíða óbætanlegt tjón? Þetta hefur, held ég, verið að koma fram æ skýrar á síðustu árum og eru þess vegna meiri rök en nokkru sinni fyrr fyrir að sá háttur, sem í till. er fram settur, verði upp tekinn.

Að öðru leyti ætla ég ekki að ræða þær vangaveltur sem komu fram hjá þeim sem töldu að ekki væri gagnlegt eða rétt að samþykkja þessa till. Hjá þeim flestum var það viðkvæðið að það ætti bara að gera eitthvað annað. Það er vitanlega ákaflega einföld afgreiðsla á máli.

En það er að lokum eitt. Ég minnist varla að hafa heyrt jafnsvívirðilega aðdróttun borna hér fram í ræðustól á Alþingi og kom fram í ræðu hv. 5. landsk. þm. Hún segir að forsetar Alþingis stundi þjófnað á áfengi, þeir láti panta mikið áfengi í veislur, til þess að það sé víst að það sé afgangur, og hirði síðan afganginn. Mér finnst að þarna sé um svo fáheyrða aðdróttun að ræða að ég á varla orð til að lýsa furðu minni á þessu. Ég veit ekki hvernig í ósköpunum er hægt að finna svona löguðum orðum stoð. Ég vænti þess, að svona ásakanir á þá, sem Alþingi hefur þó falið forsetaembætti, verði ekki aftur bornar fram úr þessum ræðustól.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Út af orðum hv. síðasta ræðumanns, hæstv. forseta Sþ., vil ég segja þetta:

Það var síður en svo ætlun mín að drótta einu eða neinu að þeim ágætu mönnum sem gegna forsetastöðum Alþingis nú, enda líklega síður en svo ástæða til í þessum efnum. Þetta eru stakir reglumenn — flestir — og bindindismenn. Hitt sagði ég og bað forseta, þá sem hér væru inni og þá sem e. t. v. kynnu að vita betur, að leiðrétta ef ég færi með rangt mál. Það hefur verið gert hér nú. Ég þarf ekki að upplýsa hvaðan þessi vitneskja mín er. Ég tel mig hafa fengið hana frá mönnum sem ég get treyst að fari með rétt mál.

Ég vil sérstaklega leggja áherslu á það, þó að það kæmi líklega ekki fram í máli mínu, að ég á ekki eingöngu við forseta Alþingis. Ég á við Stjórnarráðið almennt, ráðh. landsins sem halda veislur í Ráðherrabústaðnum eða annars staðar.

Með tilliti til þess, hve þungar ásakanir ég fékk hér fyrir ósæmilega hegðun mun ég kanna þetta mál nánar. Það er nefnilega ýmislegt sem er ekki í hámælum haft, en gerist engu að síður. Ég hef tekið þetta sem hefð sem búið er að skapa í kringum Stjórnarráð Íslands eftir að Alþingi hætti að veita ákveðna risnu í áfengi sem löngum hefur tíðkast hér. Það veit ég að hæstv. forsetum Alþingis mun kunnugt um, að þarna var gerð breyting á og að því er ég hef talið á vitorði allra hv. þm. hefur önnur hefð verið upp tekin.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Vegna ummæla síðasta ræðumanns fyndist mér nauðsynlegt að einhver úr hópi forseta, og ég beini því sérstaklega til hv. þm. Sverris Hermannssonar, sem að vísu er nú ekki hér viðstaddur, geri grein fyrir þessu máli svo að hægt sé að fá það á hreint — m. a. frá honum sem hefur viljað vera manna sannorðastur og traustastur í máli, hvernig þessum málum er varið.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Það stóð svo illa á að ég var að koma inn úr dyrunum og missti af ræðu hv. þm., en mér er sagt að lokaorðin, sem ég heyrði, hafi verið á þá leið, að á vegum ráðuneyta og ráðherra tíðkist að haldnar séu veislur og síðan séu talsverðar eftirstöðvar sem notaðar séu til annars og annað eftir því. Ég tel fjarstæðu að láta þessari umr. ljúka án þess að þessu sé harðlega mótmælt, vegna þess að þetta er ekki á þennan veg. Það er ákaflega grannt fylgst með því, hvernig háttað er meðferð áfengis sem rn. fá til sinna nota. Ég tel mig geta fullyrt að slíkt misferli á sér ekki stað, a. m. k. ekki svo að mér sé kunnugt um. Og ég held að ef slíkum fullyrðingum er haldið uppi verði menn að færa gleggri rök fyrir því — og helst sönnur — til þess að mark verði á tekið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Rannsóknir á háhitasvæðum, þáltill. (þskj. 474). — Ein umr.

Flm. (Guðmundur G. Þórarinsson): Herra forseti. Ég hef ásamt þm. Guðmundi Bjarnasyni, Páli Pétursyni og Þórarni Sigurjónssyni flutt hér till. til þál. um skipulegar rannsóknir á háhitasvæðum landsins. Till. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta gera heildaráætlun um og framkvæma rannsóknir á háhitasvæðum landsins, þannig að virkjunarstaðir á tveim háhitasvæðum verði á verkhönnunarstigi að fimm árum liðnum og fimm háhitasvæðum að tíu árum liðnum.

Till. miðast við það meginmarkmið að Íslendingar eigi nokkra álitlegustu virkjunarstaðina frumhannaða þegar tækifæri bjóðast til hagkvæmrar nýtingar.

Áætlanagerðin nái til eftirfarandi atriða:

1. Gerð verði tímasett framkvæmdaáætlun um rannsóknir háhitasvæðanna næstu 5—10 árin ásamt kostnaðaráætlun.

2. Rannsóknir beinist fyrst og fremst að þeim háhitasvæðum, sem liggja best að nýtingu, þ. e. svæðinu á Reykjanesi og við Hengil, svæðinu í Þingeyjarsýslu, þ. e. við Námafjall, Kröflu og Þeistareyki, svo og Torfajökulssvæðinu.

3. Áætlunin nái til rannsókna er nægja til vals á álitlegustu virkjunarstöðum og mats á helstu eiginleikum jarðhitakerfisins, svo sem yfirborðsmælinga og rannsóknaborana ásamt tilraunaborunum til þess að fá fram upplýsingar um gufusamsetningu svæðisins, aflferla hola, vinnslueiginleika og vinnslugetu svæðisins.

4. Framkvæmdaáætlunin miðist við sem besta og hagkvæmasta nýtingu bortækja Jarðborana ríkisins, þ. e. sá tími, sem bortækin eru laus frá vinnsluborunum, sé sem best nýttur til borunar rannsókna og tilraunahola."

Íslendingum verður æ betur ljóst að nýting hinna miklu orkulinda landsins er forsenda bættra lífskjara þjóðarinnar í framtíðinni. Mikill hluti þessara náttúruauðlinda liggur í háhitasvæðunum. Háhitasvæðin hafa hins vegar fram til þessa lítt verið rannsökuð. Rannsóknir og athuganir, sem nauðsynlegt er að gera á háhitasvæðunum áður en til nýtingar þeirra kemur, eru bæði tímafrekar og kostnaðarsamar.

Sérfræðingar telja að rannsóknartíminn frá því svæðið er fyrst athugað þar til unnt er með sæmilegri vissu að segja til um vinnslueiginleika þess og vinnslugetu sé um 6—8 ár. Berist óvænt upp í hendur okkar hagkvæmur nýtingarmöguleiki háhita verðum við að biðja um nokkurra ára frest áður en við getum gefið svör um verð gufu og eiginleika hennar á tilteknu svæði. Sé fyrirspyrjandi beðinn að bíða svo sem fimm ár er líklegt að áhugi hans dofni og hann leiti fyrir sér annars staðar.

Sumir telja að virkjun jarðgufu til raforkuframleiðslu verði ekki samkeppnisfær við vatnsfl hér á landi á næstu árum. Möguleikar í nýtingu háhitasvæðanna kunni því að liggja helst í ýmiss konar efnaiðnaði. Þar ættu að geta opnast fjölmörg atvinnutækifæri auk arðvænlegrar orkusölu á komandi árum. Í ljósi þessa er gríðarlega mikilvægt að Íslendingar snúi sér nú skipulega að rannsóknum á háhitasvæðunum.

Reynsla undanfarinna 10—20 ára sýnir að meginvandamálið við undirbúning og framkvæmd forrannsókna háhitasvæða er að sannfæra fjárveitingavaldið um nauðsyn rannsóknaborana sem óaðskiljanlegs hluta slíkra forrannsókna. Með nokkurri einföldun má líkja þessu við nauðsyn vatnamælinga. — Ég vek athygli manna á að í grg. þess stendur vatnsmælinga, en það er orð sem hefur litla merkingu í þessu sambandi. Þarna á að standa „vatnamælinga og kortagerðar í forrannsóknum á virkjun fallvatna". — Rannsóknaboranir eru hins vegar tiltölulega dýrar miðað við aðrar forrannsóknir og tilhneigingin því sú hjá fjárveitingavaldinu að skera þær niður í tillögum sem gerðar eru um rannsóknir háhitasvæða. Líklega stafar þetta af því, að menn gera sér ekki grein fyrir þýðingu og nauðsyn þeirra upplýsinga sem með borunum fást.

Árið 1969 var á vegum Orkustofnunar gerð áætlun um rannsókn háhitasvæða. Var þar m. a. rakin staða rannsóknanna á þeim tíma og gerð áætlun um forrannsóknir næstu 5 árin. Náði áætlunin bæði til mannafla og kostnaðar. Stofnunin lagði þessa áætlun fyrir stjórnvöld, en fjárveitingar til rannsókna háhitasvæða næstu árin tóku sáralítið mið af henni. Mest áberandi var að fé til rannsóknaborana var af mjög skornum skammti, sennilega af þeim ástæðum sem að ofan greinir. Ófullnægjandi rannsóknaboranir voru gerðar á Kröflusvæðinu á sínum tíma og óskum jarðhitadeildar um rannsóknaboranir á Hengilssvæðinu á s. l. 5—10 árum hefur jafnan verið hafnað.

Rétt er að leggja áherslu á að undanfarin 10 ár hefur meginþungi rannsókna verið á lághitasvæðunum. Eðlilega hafa menn beint kröftunum mest að þeim í kjölfar orkukreppunnar og þeirrar stefnu sem mörkuð var: að nýta jarðhita til húshitunar alls staðar sem kleift væri. Nú er hins vegar hægt að sjá fram á að innan fárra ára verður settum markmiðum í jarðhitavæðingu húshitunar náð í meginatriðum. Því er tímabært nú að snúa sér að háhitasvæðunum og nýta bæði mannafla og bortækni sem hingað til hafa verið upptekin af rannsóknum og vinnslu lághitasvæðanna.

Mikið er rætt um nauðsyn þess að eiga úr nokkrum virkjunarkostum að velja þegar valin er næsta vatnsaflsvirkjun. Ekki er síður mikilvægt fyrir Íslendinga að eiga nokkra virkjunarstaði á háhitasvæðum virkjunarhæfa, því sífellt berast upp í hendur okkar hugmyndir um nýtingu háhita. Með vaxandi orkuskorti í umheiminum er líklegt að þeim hugmyndum fjölgi.

Þáltill. þessi gerir ráð fyrir að gerð verði rannsóknaráætlun til 5—10 ára þar sem áætluð verði nýting mannafla og bortækja í þessu skyni. Gert er ráð fyrir að rannsóknir beinist fyrst og fremst að þeim háhitasvæðum sem best liggja við nýtingu með tilliti til byggðar, hafna o. s. frv. En jafnframt er gert ráð fyrir að áætlunin nái til Torfajökulssvæðisins sem er eitt stærsta háhitasvæði landsins að flatarmáli og liggur reyndar sæmilega við virkjunarsvæði Landsvirkjunar. Áætlunin þarf að ná til rannsókna er nægja til vals á álitiegustu virkjunarstöðum og mats á helstu eiginleikum jarðhitasvæðisins.

Prófessor Sveinbjörn Björnsson hefur í ágætri grein, sem hann nefnir „Rannsóknir og undirbúningur virkjunar háhitasvæða", freistað þess að skipa undirbúningi virkjunar háhitasvæðis í ákveðna afmarkaða þætti. Greinin birtist í ársskýrslu Rannsóknaráðs ríkisins 1978—1979. Undirbúningi skiptir Sveinbjörn í áfanga sem hann nefnir: Forathugun, Frumhönnun, Verkhönnun og Gerð útboðsgagna, sem er sama áfangaskipting og tíðkast við virkjun vatnsfalla. Í greininni segir Sveinbjörn:

„Í Forathugun felst val á álitlegum virkjunarstað, könnun hans með borunum til að ganga úr skugga um að hann sé tæknilega virkjanlegur og fyrsta vísbending um þá nýtingu sem til greina kæmi. Á einu háhitasvæði eins og Hengilssvæði geta verið margir hugsanlegir virkjunarstaðir, t. d. Hveragerði, Ölkelduháls, Nesjavellir, Innstidalur eða Kolviðarhóll. Eftir almenna rannsókn svæðisins er álitlegasti virkjunarstaðurinn valinn til nánari rannsóknar með mælingum á yfirborði og borun nokkurra rannsóknarhola.

Forathugun gæti tekið 3—4 ár. Henni lýkur með Drögum að áætlun um nýtingu virkjunarstaðarins.

Þar er að finna fyrstu vitneskju um eiginleika jarðhita-

kerfisins, en allt kostnaðarmat er ónákvæmt og þessi drög eru ekki nægjanleg til að taka ákvörðun um virkjun. Til þess þarf nánara mat á eiginleikum jarðhitakerfisins, sem aflað er í næsta áfanga, Frumhönnun. Þá eru boraðar holur til reynslu og þær látnar blása til að kynnast vökva jarðhitakerfisins, aflferlum hola, vinnslueiginleikum þeirra og vinnslugetu kerfisins.

Þessar niðurstöður ásamt gögnum um nýtingaráform og markaðshorfur eru lagðar til grundvallar mati á hagkvæmni sem gjarnan er falið aðila óháðum þeim sem aflaði gagnanna.

Frumhönnun gæti tekið þrjú ár. Henni lýkur með frumáætlun um tilhögun og hagkvæmni virkjunar og á grundvelli hennar ætti að vera unnt að taka ákvörðun um að ráðast í virkjun, þótt enn þurfi að kanna betur ýmsa valkosti um tilhögun hennar, m. a. gerð endanlega stærð byggingaráfanga. Það er hlutverk næsta áfanga, Verkhönnunar.

Með henni hefjast eiginlegar vinnsluboranir, en að sjálfsögðu geta reynsluholur og jafnvel rannsóknarholur einnig nýst væntanlegri virkjun.

Áhersla er lögð á vinnsluprófanir borhola, mælingu aflferla og reynt er að ákveða hagkvæmasta vinnuþrýsting. Jafnframt er byrjað á hönnun virkjunarinnar og reynt að treysta allar hönnunarforsendur, sem lagðar eru til grundvallar Hönnunaráætlun. Af henni eiga virkjunaraðilar að geta dæmt um mismunandi valkosti og ákveðið hverja gerð virkjunarinnar þeir kjósa. Þeir leggja síðan í Gerð útboðsgagna, sem felur í sér hönnun virkjunar og áframhaldandi vinnsluboranir og vinnsluprófun. Verkhönnun og Gerð útboðsgagna gætu hvort um sig tekið eitt ár. Alls yrði undirbúningstími um 10 ár ef nokkur hlé yrðu gefin til umhugsunar milli áfanga. Þetta er svipaður tími og við undirbúning vatnsaflsvirkjana."

Þegar þess er gætt, að allflest háhitasvæði okkar eru á forathugunarstigi, er ljóst að nýting þeirra er ekki möguleg á allra næstu árum. Í þessu sambandi er vert að vekja athygli á að á síðustu mánuðum hefur nokkuð verið rætt um nýtingu Þeistareykjasvæðisins fyrir pappírsverksmiðju.

Þeistareykjasvæðið hefur lítið verið rannsakað og þyrfti, ef farið væri að leiðsögð Sveinbjörns hér að framan, 6—7 ár áður en þetta svæði kæmist á verkhönnunarstig. Þannig mætti lengi telja og er ljóst að Íslendingar eiga á þessu sviði mikið ónunnið áður en þeir geta farið að selja gufu háhitasvæðanna til iðjuvera.

Námafjall er sæmilega þekkt og Krafla er líklega best þekkta jarðhitasvæðið á þeim ca. 5 km² sem rannsakaðir hafa verið. Kröflusvæðið er hins vegar allt um 30—40 km².

Reykjanestáin er lítið svæði, sem hefur talsvert verið rannsakað, Eldvörpin sáralítið. Krýsuvík og Tröllladyngja eru á forathugunarstigi sem og stærstur hluti Hengilssvæðisins. Litlar athuganir hafa farið fram á Torfajökulssvæðinu og þar er gífurlegt verk fyrir höndum. Svartsengi er hins vegar orðið tiltölulega vel þekkt svæði.

Gert er ráð fyrir að rannsóknaráætlun sú sem hér um ræðir taki mið af þeim bortækjum sem Jarðboranir ríkisins ráða yfir. Eðlilegt væri að miða við að bortækin væru notuð til rannsóknaborana þegar þau eru ekki við vinnsluborun.

Ef gert er ráð fyrir að við þessar rannsóknir háhitasvæðanna væru notaðir Jötunn og Dofri væri e. t. v. ekki fjarri lagi að áætla 2—3 rannsóknarholur á ári. Mjög mikilvægt er fyrir Jarðboranir ríkisins og rekstur þeirra að slík áætlun sé gerð um nýtingu bortækjanna.

Mikil eftirspurn mun vera nú eftir borverktökum til jarðhitaborana víða um heim. Lægðir í borverkefnum innanlands mætti því e. t. v. brúa með verkefnum erlendis, ef sú stefna væri tekin.

Í ljósi þeirrar stöðu, sem rannsóknir okkar sjálfra á eigin háhitasvæðum eru, og mikilvægis slíkra rannsókna virðist fráleitt annað en nýta tækin til fullnustu hérlendis. Leggja verður áherslu á að ekki er unnt að fá upplýsingar um háhitasvæðin án borana og boranir eru kostnaðarsamar. Þeim mun mikilvægara er að menn geri sér grein fyrir þeim kostnaði nokkur ár fram í tímann.

Íslendingar eiga sérfræðinga í jarðhitafræðum sem eru mikils metnir víða um heim og eftirsóttir ráðgjafar erlendis. Íslendingar hafa þannig lagt þekkingu af mörkum við virkjun jarðhita erlendis, t. d. í Mið-Ameríku og Afríku. Til þess að leggja frekari áherslu á, að einmitt á sviði jarðhitavísinda geta Íslendingar miðlað umheiminum þekkingu, hefur hér verið komið á fót Jarðhitaskóla Sameinuðu þjóðanna. Rannsóknir háhitasvæða okkar eru hins vegar of stutt á veg komnar. Eigi nýting þeirra að verða möguleg á næstu árum verður þegar að hefja skipulegar rannsóknir.

Vert er að hafa í huga við rannsóknaáætlun sem þessa þau áhrif sem rannsóknin hefur á verðmæti þess lands sem rannsakað er. Rannsóknir á orkulind færa hana nær því marki að vera auðlind og þá í höndum eiganda landsins. Þetta er sérstaklega íhugunarvert þegar eigandinn er annar en ríki eða sveitarfélög. Þetta leiðir hugann að eignarrétti djúphita annars vegar og hins vegar að ákvæðum stjórnarskrárinnar um „fullt verð" fyrir eign við eignarnám.

Flm. hafa við tillögugert þessa notið ýmissa upplýsinga og ráðlegginga frá dr. Guðmundi Pálmasyni, forstöðumanni jarðhitadeildar Orkustofnunar.

Herra forseti. Ég vil leggja til að loknum umr. um þessa þáltill. að henni verði vísað til allshn.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég vil í tilefni þessarar þáltill. segja örfá orð.

Ég vil byrja á að þakka flm. hennar fyrir þann áhuga sem þeir sýna þessu málefni: að efla með skipulegum hætti rannsóknir á háhitasvæðum landsins. 1. flm., sem mælti hér fyrir þessu máli og rakti grg. með þáltill., á þakkir skildar fyrir vandaðan undirbúning að þessari tillögugerð, eins og vænta mátti, en hann er áhugamaður um orkumál og hefur sjálfur unnið að þeim málum sem verkfræðingur. Ég get því tekið undir það sem fram kemur í þáltill., bæði efnislega í till. sjálfri og eins þau atriði sem gerð er grein fyrir í grg. með till. Þau eiga öll erindi, að því er mér virðist, inn í það samhengi sem till. beinist að.

Við erum hér með geysilega mikla auðlind sem á eflaust eftir að nýtast þjóð okkar í framtíðinni ekki síður en vatnsaflið og aðrar auðlindir sem þjóðin hefur úr að spila. En þetta er orkulind sem við höfum ekki nýtt meira en vatnsaflið og kannske hlutfallslega minna, ef marka má grófar áætlanir sem fyrir liggja um hversu mikil hún sé að magni til. En þar er vitneskjan enn þá takmörkuð vegna takmarkaðra rannsókna, ekki síst á háhitanum. Tölur, sem eru nokkurra ára gamlar, í þessu samhengi

gera ráð fyrir að háhitinn geti numið um 80 þús. gwst. í varmaorku. Er þá talið að þar sé um lágmark að ræða, því að það er eflaust mjög undir tækni komið og tækniþróun í þessum málum hversu langt mé sækja í þessum efnum. Það má vel vera að í framtíðinni verði hægt að sækja í jarðvarmann víða á hinu gosvirka belti landsins út fyrir þau svæði þar sem jarðvarminn gerir nú vart við sig á yfirborði, á hinum svonefndu háhitasvæðum fyrir utan lághitasvæðin sem við höfum verið að nýta í þágu húshitunar og ylræktar á undanförnum árum og þar á marga lund verið staðið myndarlega að verki.

Nýtingarmöguleikar háhitans eru, eins og gerð er grein fyrir með þessari þáltill., fjölþættir. Það er ekki síst slík fjölþætt nýting sem við eigum að hafa í huga við þær áætlanir sem gera þarf og kosta fjármagn eins og aðrar rannsóknir. Ég hef þá í huga nýtingu fyrir utan þá hagnýtingu til raforkuframleiðslu sem þegar er í gangi á þremur svæðum á landinu: í Svartsengi, í háhitasvæðinu við Námafjall í Bjarnarflagi og við Kröflu svo sem þekkt er. Fyrir utan þessa nýtingu til raforkuframleiðslu er jafnhliða hægt að nýta varmann í þágu iðnaðar og á öðrum sviðum, svo sem til ylræktar, bæði varðandi gróður og dýr, þ. e. græðlingarækt, svo að dæmi séu tekin, og fiskrækt, sem hagnýta má í þrepum með nýtingu sama svæðis, sömu notkun. Og það skiptir ekki minna máli, eins og hér hefur verið gerð grein fyrir, að vel sé staðið að þessum málum ekki síður en í sambandi við nýtingu vatnsaflsins. Í rauninni erum við hér með flóknara verkefni á ferðinni. Þeim mun meiri ástæða er til að hugað sé að undirbúningi og rannsóknum með tímann fyrir sér, að ætla sér góðan tíma til þessara verkefna. Ég tel að liður í þeirri orkustefnu, sem ríkisstj. vinnur að að móta, þurfi einmitt að vera rannsóknaáætlun um háhitann í svipuðu formi og vakin er athygli á með þessari þáltill.

Eignarrétturinn á þessari auðlind skiptir verulegu máli þegar hugsað er til rannsókna og ekki síður til nýtingar. Það hefur verið áhugamál ýmissa á undanförnum árum að fá úr því skorið, hverja beri að telja eigendur að þessari auðlind. Viðhorf okkar Alþb.-manna í þeim efnum eru ljós. Þau hafa verið sett fram í sambandi við stefnumótun okkar um orkumál í þá veru að líta beri á þann jarðvarma, sem sækja þarf niður í iður jarðar með borunum, t. d. miðað við 50—100 m dýptarmörk, sem almenningseign. Að undirbúningi löggjafar að þessu leyti er unnið og hafa raunar áður komið fram frumvörp hér á Alþingi sem sérstaklega varða háhitasvæðin. Ég minni á tillöguflutning Magnúsar Kjartanssonar, fyrrv. iðnrh., sem ítrekað flutti frv. um að háhitasvæði landsins skyldu verða almenningseign, og ég tel brýnt, ekki síst vegna þess að nú er orðið fyllilega tímabært að herða á rannsóknum og hugsa til nýtingar þessara auðlinda meira en verið hefur, að fyrr en seinna fáist úr þessu skorið varðandi umráða- og eignarrétt yfir þessari miklu auðlind.

Í stjórnarsáttmála núv. ríkisstj. er gert ráð fyrir að sett verði lög um eignar- og umráðarétt jarðhita. Ég vænti þess, að hægt verði að sýna á yfirstandandi þingi frv. þar að lútandi til kynningar, því að ljóst er að það verður tæpast afgreitt á mjög stuttum tíma, en gæti orðið grundvöllur fyrir efnislegri meðferð og væntanlega afgreiðslu málsins og lagasetningu að þessu leyti á næsta þingi.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að bæta hér við fleiri orðum þó mjög margt mætti um þetta segja. Það er rétt, sem hv. frummælandi sagði áðan, að einmitt á þessu sviði getum við Íslendingar verið veitendur í sambandi við orkumál í alþjóðlegu samhengi og erum það nú þegar með vissum hætti. Það þýðir ekki að við höfum náð þeim tökum sem æskilegust séu á rannsóknum þessara mála, hvorki skipulagslega né tæknilega. Við eigum þar mjög margt ólært og eftir að móta stefnu okkar skýrar en tekist hefur til þessa. En það er eitt þýðingarmesta atriðið að skilningur sé fyrir því hér á löggjafarsamkomunni, sem fer með fjárveitingavaldið, að fjármagn fáist til nauðsynlegra rannsókna, nauðsynlegs undirbúnings. Við munum áreiðanlega ekki þurfa að sjá eftir þeim krónum sem til þess er varið. Þvert á móti getum við vænst þess að uppskera af slíkri fjárfestingu í rannsóknum á þessu sviði ríkulega í framtíðinni. Því vil ég eindregið hvetja til þess, að veitt verði fjármagn í þessu skyni í vaxandi mæli á komandi árum og jafnhliða því sem við áttum okkur á hagnýtingarmöguleikunum betur en verið hefur, en það byggist að sjálfsögðu m. a. á niðurstöðum þeirra rannsókna sem hér er gerð tillaga um að ráðist verði í.

Guðmundur Bjarnason: Herra forseti. Það er að sjálfsögðu ekki miklu við að bæta ítarlega framsögu 1. flm. þessarar þáltill., en ég vil þó nota tækifærið og undirstrika og leggja sérstaka áherslu á nokkur atriði og mikilvægi till. í heild.

Ég vil einnig sem einn af flm. nota tækifærið og þakka hæstv. iðnrh. fyrir undirtektir hans við mál það sem hér er til umr.

Við leggjum höfuðáherslu á að ávallt séu fyrirliggjandi á hönnunarstigi nokkrir virkjunarstaðir á háhitasvæðum landsins. Við vitum e. t. v. með litlum fyrirvara hvenær nýtingarmöguleikar slíkra svæða kunna að koma upp. Slík nýting getur komið óvænt og nokkuð skyndilega og þá getur, eins og reyndar kemur fram í grg. með þáltill., verið of seint að bíða í 6—8 ár eftir þeim rannsóknum sem fyrir þurfa að liggja eða þarf að framkvæma áður en nýting getur hafist á svæðunum. Því er það fjármagn, sem lagt er í slíkar undirbúningsrannsóknir, nokkurs konar varasjóður að okkar áliti sem gott getur verið að grípa til þegar að nýtingu kemur og stundum nauðsynlegt, eins og með svo margt annað, að eiga varasjóð að grípa til þegar til þarf að taka.

Ákvörðun um virkjunarframkvæmdir hefur oft reynst þeim, sem hana eiga að taka, nokkuð erfið, þ. e. ríkisstj. og Alþingi, og er það auðvitað af ýmsum ástæðum. Einkum hefur þetta þó hingað til átt við um vatnsaflsvirkjanir, en slíkt getur vafalaust einnig komið upp þegar rætt er um virkjanir eða nýtingu háhitasvæða. Er lauslega bent á það í lok grg., þegar talað er m. a. um eignarhald eða eignarrétt á þessum svæðum. E. t. v. finnst ýmsum að við Þingeyingar ættum ekki að tala mikið um slík mál, það sé e. t. v. líkt því að kasta steinum úr glerhúsi ef við tölum um það, hvernig eigi að standa að virkjunarframkvæmdum. Má auðvitað í því sambandi bæði nefna Laxármálið, sem allir kannast við, og svo hvernig gengið hefur við Kröflu. En það hlýtur að vera okkar að læra af reynslunni og til þess eru að sjálfsögðu vítin að varast þau, og þess vegna teljum við að mjög nauðsynlegt sé að hafa fyrirhyggju í þessum málum ekki síður en öðrum.

Í Þingeyjarsýslu eru háhitasvæði á svokölluðu Þeistareykjasvæði, sem nefnt er hér í grg., sem lítt hafa verið rannsökuð, en hljóta að bjóða upp á ýmsa möguleika. Má í því sambandi nefna hugmyndir manna norður þar

um að kannaðir verði möguleikar á því að reisa pappírsverksmiðju á Húsavík. Nú þegar hafa heyrst svör og viðbrögð ýmissa aðila, bæði í ræðu og riti, um að rannsóknum á háhitasvæðum sé lengra komið annars staðar en þarna fyrir norðan og því sé réttara að nýta þau ef reisa á slíka verksmiðju eða aðrar sem þarfnast eða geta nýtt orku frá háhitasvæðum. Má í því sambandi vitna til greinar sem prófessor Jónas Elíasson skrifar í Morgunblaðið laugardaginn 21. mars s. l. og kemur einmitt inn á þessar hugmyndir, þar sem hann er að hugleiða nýtingu háhitans og talar um að háhitann þurfi að virkja. Í lok greinar sinnar segir hann svo, með leyfi forseta:

„Á Reykjanesskaga eru bestu aðstæður sem nú þekkjast til að byggja slíkar stöðvar ódýrt. Þar að auki eru góðir möguleikar á að framleiða gufu til iðnaðarnota á Reykjanesi. Þar eru loðnuverksmiðjur og frystihús, sem geta nýtt þessa gufu. Þar er landrými til að byggja verksmiðjur, t. d. er hætt við að pappírsverksmiðja sé best staðsett á Reykjanesi."

Ef slík rök eru notuð má líkja því við það, að aldrei yrði virkjað vatnsafl annars staðar en á núverandi virkjunarsvæði Landsvirkjunar og háhiti yrði e. t. v. aldrei virkjaður annars staðar en t. d. í Svartsengi á Reykjanesi. Sík vinnubrögð hljóta að hafa mikil áhrif á uppbyggingu atvinnulífsins í landinu og verður vart við slík rök unað, heldur þess krafist að tækifærin verði nýtt sem víðast um land og þar sem þau eru fyrir hendi. Því leggjum við flm. mjög mikla áherslu á að í tíma verði unnið að rannsóknum svæðanna og nýting þeirra verði möguleg með tiltölulega litlum fyrirvara ef og þegar tækifæri gefast. Eflaust finnst einhverjum að hér sé um ótímabæra og lítt arðsama fjárfestingu að ræða, en við flm. teljum að þá sé ekki lagt rétt mat á. Ég leyfi mér aftur að vitna til þess sem gerst hefur við Kröflu og hvernig staðan væri hefði þar verið betur staðið að undirbúningi. Ég held að við getum öll verið sammála um að ef þar hefði verið betur staðið að undirbúningi hefði líka verið betri árangurs að vænta

Hæstv. iðnrh. nefndi, að slíkar rannsóknir kostuðu mikið fjármagn, og höfðaði til þeirra, sem með fjármagn og fjárveitingavald fara, að þeir þyrftu að leggja sitt af mörkum á næstu árum til að gera þessi mál að veruleika. Ég tek undir það og ég vona að þáltill. þessi fái hér góðar undirtektir og greiðan framgang í gegnum þingið og síðan framkvæmdir af hálfu hæstv. ríkisstj.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Ég vil, eins og aðrir sem hér hafa talað á undan mér, byrja á að lýsa ánægju minni yfir þessari fram komnu þáltill. og lýsa þeirri skoðun minni, að ég tel ekki einasta að hér sé hreyft stórmerku máli, heldur sýnist mér, að í þetta mál hafi verið lögð mikil vinna, og vil taka undir með öðrum um að þakka fyrir það framtak.

Það eru að öðru leyti sérstakar ástæður fyrir því, að mig langar til að hafa svolítinn eftirmála í þessari umr. Í fyrsta lagi vil ég vekja athygli á því sem segir í niðurlagsorðum í grg. hv. flm. Þar segja þeir, með leyfi forseta:

„Vert er að hafa í huga við rannsóknaáætlun sem þessa þau áhrif, sem rannsóknin hefur á verðmæti þess lands sem rannsakað er. Rannsóknir á orkulind færa hana nær því marki að vera auðlind og þá í höndum eigenda landsins. Þetta er sérstaklega íhugunarvert þegar eigandinn er annar en ríki eða sveitarfélög. Þetta leiðir hugann að eignarrétti djúphita annars vegar og hins vegar að ákvæðum stjórnarskrárinnar um „fullt verð" við eignarnám."

Hér er hreyft máli sem varðar mjög þau grundvallarstefnuatriði í slíkum málum sem Alþfl.-menn hafa sett á oddin í þjóðmálaumræðum á undanförnum árum. Hér á ég við í fyrsta lagi hugmyndir jafnaðarmanna um alþjóðareign á auðlindum landsmanna og hins vegar hugmyndir, sem mjög hefur borið á góma í umræðum, um endurskoðun stjórnarskrár og þá sérstaklega þau ákvæði, sem kveða á um mat eigna við eignarnám. Á því hefur verið vakin athygli t. d., að Norðmenn hafa fyrir nokkru endurskoðað gildandi lagaákvæði með þeim hætti, að í staðinn fyrir fullar bætur á markaðsverði, þegar um er að ræða eignir sem raunverulega eru ekki fyrst og fremst verðmæti fyrir framtak eða fjárfestingu eigandans, heldur fyrir nálægð við þéttbýlið eða vegna þess að um er að ræða nýtingu þjóðarheildarinnar á áður ónýttri auðlind, skuli koma fyrir bætur sem skilgreinast sem sanngjarnt verð. Í þessu felst að meta beri eignirnar með hliðsjón af nýtingu þeirra til þess tíma, ekki á markaðsverði. Þetta er mjög þýðingarmikið mál og ef ég skil rétt þessi ummæli flm. í grg., á þá leið að þeir vilji með þessu taka undir slík sjónarmið, þá fagna ég því sérstaklega. Þá ætti það við um þá framsóknarmenn, að batnandi mönnum er best að lifa.

Í annan stað vil ég, vegna þess að flm. vitnaði mjög í framsögu sinni til orða Sveinbjarnar Björnssonar eðlisfræðings og erindis sem hann flutti á ársfundi Rannsóknaráðs ríkisins á s. l. ári fara nokkrum orðum frekar um það sem hann þar sagði. Ég skil það svo, að þetta erindi, sem var hið merkasta, sé kveikjan að hugmyndinni um flutning þessa máls. Það er alkunna að stjórnmálamenn þiggja víða ráð í störfum sínum og sem betur fer af fleiri en efnahagssérfræðingum. Og þegar taka á ákvarðanir um meiri háttar framkvæmdir, ekki hvað síst í orkumálum, þurfa þeir mjög á að halda ráðgjöf raunvísindamanna. Því er ekki óeðlilegt að einn úr hópi þeirra verði til þess að flytja hér einmitt mál af þessu tagi. Slíkir menn eru því miður ekki nógu margir á þingi. En jafnvel í þeim málum, eins og t. d. orkumálum, er reynslan sú, að stjórnmálamenn þykjast einatt vita betur en sérfræðingar, og af því höfum við sem kunnugt er mátt súpa seyðið á undanförnum árum. Stærsti minnisvarðinn um fyrirhyggjuleysi — og mér liggur við að segja hroka hins pólitíska valds í þeim málum er að sjálfsögðu Krafla.

Oft er þetta fyrirhyggjuleysi kennt við framkvæmdagleði stjórnmálamanna. Sumum þykir slíkt mjög svo aðdáunarvert. Þetta tengist röksemdum sem oft hafa heyrst frá okkur Alþfl.-mönnum, einnig í efnahagsmálum, og lúta að gagnrýni á því stjórnkerfi sem við höfum komið okkur upp í vaxandi mæli á undanförnum árum. Það einkennist mjög af því, að þm. sem fulltrúar löggjafarvaldsins hafa í allt of ríkum mæli keppt eftir því að gerast sjálfir embættismenn. Þeir hafa seilst til þess að setjast í stofnanir framkvæmdavaldsins, einkum og sér í lagi þar sem um er að ræða úthlutun fjármuna. Þannig eru þeir daglega leiddir í þá freistni, sem þeir ættu ekki að vera, að láta atkvæðavonina ráða ákvörðunum sínum. Freistingarnar verða til þess helst að falla fyrir þeim.

Sjónarmið af þessu tagi eiga hvort tveggja við hagstjórnina og þá einnig undirbúning framkvæmda á hinu verklega sviði. Nú vil ég vekja athygli á því, að í því erindi, sem vitnað var til áðan, erindi Sveinbjarnar Björnssonar, var inntakið að meta reynsluna af þessum

margfrægu Kröflumistökum. Hann spurði sjálfan sig þeirrar spurningar, hvernig við gætum í framtíðinni lært af þeim og látið þau okkur á kenningu verða. Sveinbjörn minnti á að við hefðum aðeins nýtt lítið brot af orkulindum okkar. Þess vegna viljum við gjarnan ylja okkur við dagdrauma um það sem við þannig eigum til góða. Hann minnti á að í viðurkenningarskyni við fyrri afrek okkar í hitaveituframkvæmdum hefur Jarðhitaskóla Sameinuðu þjóðanna verið valinn staður hér á landi, eins og áður er vikið að. Þessi skóli, sagði hann, er framlag okkar til þróunaraðstoðar, en einmitt í jarðhita- og fiskveiðamálum teljum við okkur helst aflögufæra til annarra þjóða. Því næst sagði Sveinbjörn Björnsson orðrétt, með leyfi forseta, og ég hygg að þau ummæli hans eigi einmitt erindi inni í þessa umr.:

„En mitt í þessari sjálfumgleði hefur stolt okkar beðið verulegan hnekki. Þeir, sem nú kenna styrkþegum við Jarðhitaskóla S. Þ., verða dálítið kindarlegir í framan þegar þeir koma að virkjun háhitasvæða í ljósi nýfenginnar reynslu eða öllu fremur í skugga reynslunnar af Kröflu. Það er ekki nema von að styrkþegarnir spyrji í sakleysi: Hvernig í ósköpunum gátuð þið lent í þessu klandri með alla ykkar þekkingu og reynslu af jarðhita og eldfjöllum? — Okkur verður tregt um svör: Var þekking okkar sjálfsblekking eða nýttum við ekki þá þekkingu sem við réðum yfir? Og það er ekki aðeins sjálfstraust okkar sem bilar, heldur einnig trú okkar á háhitasvæðin. Eru súlurnar á kortinu kannske glansmyndir, einskis verðar þegar á reynir? Þessi svartsýni er eðlileg þegar við sjáum afleiðingarnar af Kröfluævintýrinu. Í fjárlagafrv. þessa árs“ — Sveinbjörn flytur þessi orð á árinu 1980 — „eru afborganir og vaxtagreiðslur 3.9 milljarðar, sem er ríflega tvöföld fjárveiting til Orkustofnunar og álíka upphæð og fjárveiting til rekstrar alls Háskóla Íslands. Þetta er sannarlega dýrkeyptur skóli.“ — Og Kröflureikningarnir halda áfram að hækka.

Eftir að hafa gert grein fyrir æskilegum vinnubrögðum við undirbúning framkvæmda, sem vel kemur fram í grg. flm. þessarar þáltill. og í máli flm. hér áðan, þar sem menn skilgreina áfanga í verkundirbúning, forathugun, frumhönnun, verkhönnun og gerð útboðsgagna, ber að leggja á það áherslu, að þessi undirbúningur getur sem kunnugt er tekið allt að 10 ár. Um þetta segir Sveinbjörn Björnsson líka í erindi sínu:

„Ef við notum nú þennan ramma áfangaskiptingar til að glöggva okkur á stöðu undirbúnings háhitasvæða verður okkur í fyrsta lagi ljóst að þau eru flest enn á forathugunarstigi. Frumhönnun er lokið á Svartsengi og Bjarnarflagi fyrir þá vinnslu sem þar hefur verið, en í Kröflu má segja að hlaupið hafi verið yfir frumhönnun í eiginlegum skilningi, þar sem menn tóku ákvörðun um virkjun á grundvelli forathugunar og gáfu sér forsendur fyrir verkhönnun sem fengust í Bjarnarflagi, að þær giltu einnig á Kröflusvæðinu. Þarna var tímaþröng látin ráða og tekin mikil áhætta, en forsendur reyndust því miður rangar.“

Sveinbjörn vakti athygli á því, að við eigum mikið verk fyrir höndum óunnið við rannsókn á háhitasvæðum, og segir um það m. a., umfram það sem fram kemur í grg., með leyfi forseta:

„Ef einhver aðili vildi nú koma upp iðnaði á Krýsuvíkursvæðinu, sem nýtti varma svæðisins að stórum hluta, yrðum við að biðja hann að bíða í 4—5 ár meðan við gengjum úr skugga um það, hvort svæðið stæði undir þessari vinnslu og hversu hagkvæm hún yrði. Síðan færu tvö ár í verkhönnun og gerð útboðsgagna. Væri frumhönnun hins vegar lokið mætti á grundvelli hennar ákveða virkjun og hefja verkhönnun og 4—5 ár mundu sparast. Frumhönnun háhitavinnslu er dýr og þess vegna ekki þess að vænta að við getum lokið henni á öllum álitlegustu svæðunum, en þó hlýtur það að teljast góð fjárfesting að eiga nokkra virkjunarstaði frumhannaða til þess að flýta fyrir nýtingu þeirra þegar kallið kemur.“

Þetta hygg ég, að sé aðalatriðið, og það er einmitt þessum tilgangi sem umrædd þáltill. þjónar.

Að lokum langar mig til þess að segja það, að inntakið í erindi Sveinbjarnar Björnssonar var að draga rétta lærdóma af fenginni reynslu af mistökunum við Kröflu, sem er eitt af meiri háttar pólitískum ævintýrum sem orðið hafa á seinni árum. Af máli hans mátti ráða að við eigum margt ólært.

Þess má að lokum geta svona til gamans, af því að menn hafa svo oft vitnað til þessa merka fyrirlesturs, að þar sátu í heiðursæti til þess að hlýða á eðlisfræðinginn núv. hæstv. forsrh., m. ö. o. Kröflumálaráðherra í fyrrv. ríkisstj., núv. hæstv. fjmrh., Kröflunefndarmaður, og núv. hæstv. menntmrh., Kröflunefndarmaður. Þetta prýðeyki hefur síðan verið verðlaunað fyrir frammistöðuna við Kröflu með því að lyfta því í heilu lagi til æðstu valda. Megi þeir þremenningar nú læra af dýrkeyptri reynslu og erindi Sveinbjarnar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Siglingalög, þáltill. (þskj. 488). — Ein umr.

Flm. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Ég hef ásamt hv. þm. Guðmundi Karlssyni, hv. þm. Garðari Sigurðssyni og hv. þm. Halldóri Ásgrímssyni leyft mér að flytja svofellda þáltill., með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að undirbúa breytingar á þeim ákvæðum siglingalaga, sem lúta að björgun skipa og skipshafna, með það að markmiði, að skipstjórnarmenn þurfi aldrei að veigra sér við kostnaðarins vegna að biðja um þá aðstoð, sem þeim sýnist að að mestu gagni mætti koma í hverju tilviki.“

Þau ákvæði siglingalaga, sem að greiðslum fyrir björgun skipa og skipshafna lúta, eru mjög úrelt orðin, reyndar frá seglskipatímanum eða frá árinu 1910, en á þeim tíma fylgdi því oftast mikil áhætta fyrir skip og skipshöfn að reyna að bjarga öðru skipi. Þá hefur mönnum þótt nauðsynlegt að lögbinda há björgunarlaun til að hvetja menn til að koma öðrum til aðstoðar á neyðarstundu. Þessi ákvæði siglingalaga leiða oft til þess, að skipstjórnarmenn hugsa sig um oftar en einu sinni áður en beðið er um þá aðstoð sem þeim þó sýnist að gæti komið að mestu gagni í það og það skiptið. Í þessu sambandi ber að hafa í huga, að óhapp, þar sem venjuleg aðstoð sýnist fullnægjandi, skip og skipshöfn ekki í yfirvofandi hættu, t. d. skip með bilaða vél í sæmilegu veðri skammt frá landi, getur á skömmum tíma snúist upp í neyðartilfelli.

Það er mikill munur á aðstoð annars vegar og björgun hins vegar, — munur sem dómstólar taka mjög mikið tillit til þegar þeir ákveða upphæð greiðslna fyrir veitta aðstoð eða björgun. Það er talin björgun þegar skip og/eða skipshöfn er í bráðri yfirvofandi hættu þegar aðstoðin er veitt. Hin miklu peningalegu sjónarmið, sem

inn í málin blandast, eru mjög hvimleið, svo að ekki sé meira sagt, og alls ekki í takt við nútímann þegar stórir hópar manna, og á ég þá m. a. við fjöldann allan af björgunarsveitum, eru tilbúnir, bæði á nóttu og degi, til að leggja mjög hart að sér við björgun náungans — tilbúnir til að fórna eigin tíma og fjármunum og jafnvel tilbúnir til að leggja sig í lífshættu ef á þarf að halda án minnstu vonar um greiðslu í nokkurri mynd.

Þegar skip, sem tryggt er eða endurtryggt hjá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, bjargar öðru, sem líka er tryggt hjá Samábyrgðinni eða endurtryggt, gilda allt aðrar og nútímalegri reglur um greiðslur fyrir veitta aðstoð eða björgun, og er þó hættan í þeim tilvikum, bæði fyrir björgunarskip og skipshöfn þess, síst minni en í öðrum tilvikum. Þó verður ekki séð að þær reglur dragi á nokkurn hátt úr því, að menn leggi sig alla fram við björgun skipa, að ekki sé talað um björgun skipshafna.

Þegar íslensk fiskiskip, önnur en þau sem tryggð eru eða endurtryggð hjá Samábyrgðinni, aðstoða hvert annað er gjarnan dregið mjög verulega úr kröfum um greiðslur fyrir aðstoð eða björgun sem ákvæði siglingalaga og dómar byggðir á þeim ákvæðum gefa þó tilefni til, og er þessi afsláttur, ef við megum kalla það svo, gjarnan helmingur af því sem aðrir mundu krefjast. Ýmis önnur skip, þar með talin varðskipin, setja oftast fram ítrustu kröfur um björgunarlaun og byggja þær á úreltum ákvæðum siglingalaga. Þetta leiðir til þess, að verulegur munur getur orðið á tilkostnaði viðkomandi útgerðar eftir því hvaða skip það er sem veitir aðstoðina.

Sem dæmi um kostnað útgerðar vegna fenginnar aðstoðar, að ekki sé talað um þegar hún flokkast undir björgun, er eigin áhætta vegna hvers skips sem jafna má við eigin áhættu í kaskótryggingum bifreiða. Hún er hlutur útgerðarinnar í kostnaði við hvert einstakt tjón. Vegna fiskibáta er eigin áhætta gjarnan 1.7—2 millj. gkr. og vegna togara 3.5—5 millj. gkr. Það, sem oftast skiptir þó mun meira máli fyrir útgerðina, er spurningin um bónus í iðgjaldagreiðslum eða álag á þær. Ef samanlögð tjón næst liðinna fjögurra ára eru minni en sem nemur 80% iðgjaldatímabilsins er veittur bónus sem fer vaxandi í 15% ef tjón eru undir 40% af iðgjöldum. Ef tjón næst liðinna fjögurra ára eru samtals 20% hærri en sem nemur öllum iðgjöldum tímabilsins kemur álag á iðgjöldin sem fer vaxandi og nær 20% álagi ef tjón tímabilsins hafa verið meiri en 87% umfram iðgjöld sama tíma. Hér er um að ræða bónus eða álag á fastagjöldin eða svokölluð PA-gjöld, en þau eru liðlega helmingur af heildariðgjöldum vegna hvers skips. Vegna meðalstórs togara getur þessi mismunur verið allt frá 4.1 millj. gkr. í bónus upp í 5.5 millj. gkr. í álag á ársiðgjaldi. Munurinn getur sem sagt orðið 9.6 millj. gkr. til viðbótar við eigin áhættu skipsins. Ef björgunarlaun ákveðast há af dómstólum getur það haft áhrif á iðgjaldagreiðslur vegna viðeigandi skips í allt að 4 ár frá því að tjón á sér stað. Heildarkostnaður útgerðar á fjögurra ára tímabili gæti því hugsanlega — ekki líklega, heldur hugsanlega — orðið um 40 millj. gkr. vegna eins óhapps, ef aðstoðin flokkast undir björgun og há björgunarlaun eru dæmd. Þetta á við um meðalstóran togara. Vegna fiskibáta eru allar þessar tölur liðlega helmingi lægri.

Auðvitað verður útgerðin fyrir tjóni hver sem aðstoðina veitir, en munurinn þar á getur eigi að síður skipt milljónum og tugum milljóna gkr. Það er því ofureðlilegt að menn hugsi sig um oftar en einu sinni áður en leitað er eftir aðstoð þeirra skipa sem fyrir fram er vitað að munu setja fram ítrustu kröfur um greiðslur fyrir veitta aðstoð, að ekki sé talað um þegar aðstoðin getur flokkast undir björgun.

Þar sem ég þekki til í nágrannalöndum okkar vinna björgunarskip, herskip og varðskip sem stunda björgunarstörf, eftir ákveðnum töxtum, en setja ekki fram kröfur um greiðslu björgunarlauna, eins og gert er hér á landi. Um svipað fyrirkomulag sömdum við í Vestmannaeyjum á sínum tíma við tryggingafélögin vegna aðstoðar bátsins okkar, Lóðsins, sem er bæði hafnarbátur og björgunarskip. Þá vita allir að hverju gengið er, eftirkaup verða engin og þaðan af síður að nokkrum detti í hug að leita til dómstóla.

Í þessari þáltill. er talað um greiðslur fyrir björgun skipa og skipshafna. Með því orðalagi er ekki verið að gefa í skyn að krafist sé greiðslna fyrir björgun mannslífa. Það er mér vitanlega ekki tíðkað hér á landi. Hins vegar gera siglingalögin ráð fyrir greiðslum fyrir björgun mannslífa í vissum tilvikum, bæði áhafna og farþega. Þetta sýnir með öðru hve ákvæði laganna eru úrelt orðin. Það er nauðsynlegt að strax fari fram endurskoðun á forneskjulegum ákvæðum siglingalaga um greiðslur fyrir björgun skipa og skipshafna. Þær breytingar verða fyrst og fremst að miða að því að tryggja sjófarendum bestu hugsanlegu aðstoð hvenær sem á þarf að halda.

Herra forseti. Ég legg til að þáltill. verði vísað til hv. allshn. að loknum þessum umr.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Ég tel ástæðu til þess að segja örfá orð um þessa till. til þál. um breytingu á siglingalögum. Hér er um viðkvæmt og viðamikið mál að ræða, en ekki e. t. v. jafneinfalt og sumir vilja vera láta.

Þegar skip þarfnast utanaðkomandi hjálpar er greint á milli þess, hvort skipinu er veitt aðstoð eða — þegar hjálparþörf er sérstaklega rík — hjálp telst björgun. Um björgun eru í siglingalögum sérstök ákvæði sem fela í sér rétt bjargenda til þóknunar, björgunarlauna, sem eru mun hærri en venjulegt endurgjald fyrir vinnu. Þegar björgun er innt af hendi frá öðru skipi á áhöfn þess lögvarinn hluta björgunarlaunanna. Tilgangur þessara sérreglna er sá að hvetja menn til að bjarga þegar björgunar er þörf. Er á því byggt að menn gefi sig frekar að björgun, bregðist skjótar við og leggi sig meira í framkróka við björgunarstarfið, ef til ríflegra launa er að vinna. Björgun er og oft bæði örðug og áhættusöm fyrir bjargendurna. Þeir, sem björgunarlaunin greiða, eigendur eða vátryggjendur, hefðu og orðið fyrir meira tjóni ef ekkert hefði bjargast.

Ákvæði siglingalaganna eru að stofni til frá árinu 1914 og má rekja þau til alþjóðasamþykktar um björgun sem gerð var í Brussel árið 1910. Ákvæði þessi, sem og ákvæði siglingalaganna yfirleitt, eru þannig alþjóðaregla sem tekin hefur verið upp í siglingalög einstakra ríkja. Ísland hefur ekki gerst aðili þessarar samþykktar.

Það telst björgun ef bjargað er skipi sem hefur farist eða er statt í neyð. Þannig er það skilyrði þess að um björgun teljist vera að ræða, að skip hafi verið statt í neyð, verið í hættu statt þannig að viðbúið sé að skipið hefði farist eða orðið fyrir spjöllum ef ekki hefði borist hjálp annars staðar að. Það er og skilyrði til að ákvæði siglingalaganna veiti rétt til björgunarlauna, að björgunartilraun beri árangur. Kemur þannig ekki til greiðslu

björgunarlauna ef tilraunin verður árangurslaus. Þá fela reglur þessar ekki í sér rétt til björgunarlauna ef eingöngu er um að ræða björgun manna af skipi, en skip eða farmur ferst með öllu. Reglurnar byggja á því, að sá, sem hefur á hendi stjórn skips sem er í hættu, taki ákvörðun um hvort eða hver veiti aðstoð. Sá, sem tekur þátt í björgun gegn réttmætu banni stjórnandans, á því ekki rétt á björgunarlaunum.

Samkv. siglingalögum skiptir ekki máli hver er eigandi skips sem að björgun stendur. Réttur til björgunarlauna skapast þannig þótt skip sem bjargar sé eign sama aðila og skipið sem bjargað er. Siglingalög gera ekki heldur greinarmun á því, hvort um er að ræða skip í eigu ríkisvaldsins. Varðskip eða sérstök björgunarskip eiga þannig að siglingalögum sama rétt til björgunarlauna og önnur skip.

Þegar björgunarlaun eru ákveðin ber að taka tillit til þess, að hve miklu leyti björgun tókst, verklagni og atorku björgunarmanna, tíma og fyrirhafnar, hættu þeirrar sem skipið, sem bjargað var, var statt í, skipshöfn þess, farþegar eða farmur, hættu þeirrar sem björgunarmönnum og eign þeirra var stofnað í, áhættu björgunarmanna á því að verða bótaskyldir, skaða þess sem björgunarmenn hafa beðið á lífi, heilsu eða fjármunum, fjártjóns þess eða tilkostnaðar, sem þeir hafa haft, og verðmætis björgunartækja þeirra sem notuð voru, og loks hvort skipið sem bjargaði var sérstaklega útbúið til björgunar. Síðan skal taka tillit til verðmætis þess sem bjargað var. Ákvörðun björgunarlauna tekur þannig til fjölmargra atriða. Er erfitt að lýsa því, hvernig þau verða ákveðin, þar sem hvert einstakt atriði kann að verka mismunandi mikið í einstökum tilvikum.

Björgunarlaun skiptast milli þeirra sem að björgun hafa staðið. Þegar skip bjargar skiptast björgunarlaunin þannig, að fyrst er bætt það tjón sem orðið hefur við björgunina á skipinu sem bjargaði. Síðan skiptist afgangurinn milli útgerðar skipsins annars vegar og áhafnar hins vegar. Þegar um vélskip er að ræða hlýtur útgerðin $^2/_3$, en hluti áhafnar skiptist þannig, að skipstjóri fær annan helminginn, en skipshöfnin hinn að tiltölu við kaup skipverja.

Um skiptingu björgunarlauna, þegar um er að ræða skip Landhelgisgæslunnar, eru sérákvæði í lögum um Landhelgisgæsluna. Greiðist þá $^1/_4$ hluti björgunarlauna, að frádregnum útgjöldum vegna björgunarinnar, áhöfn í réttu hlutfalli við föst mánaðarlaun hvers og eins, en eftirstöðvarnar, $^3/_4$ hlutar, renna í Landhelgissjóð.

Eins og áður segir gilda reglur um björgunarlaunin jafnt um skip í eigu einstaklinga og ríkisskip. Þess munu þó dæmi í erlendri löggjöf að ríkisvaldinu sé heimilt að falla frá kröfu um björgunarlaun að því er varðar hlut útgerðarinnar, en hins vegar heldur áhöfnin þá fullum rétti til björgunarlaunanna.

Í lögum um bátaábyrgðarfélög hafa staðið sérákvæði sem kveða svo á, að skip, sem tryggð eru samkv. reglu bátaábyrgðarfélaganna, fiskiskip undir 100 rúmlestum að stærð, eða af Samábyrgðinni, svo og skip sem ríkisstofnanir eða ríkissjóður gera út eða sjá um útgerð á, séu skyld til að hjálpa hvert öðru úr háska. Greiðsla fyrir slíka hjálp fer ekki eftir venjulegum björgunarreglum, heldur skal hún miðast við það fjártjón og tilkostnað sem hjálpin hefur bakað þeim sem hafa veitt hana. Ákvæði þessi eru algild sérákvæði í löggjöf, en fela í sér gagnkvæma skyldu til að veita aðstoð.

Að sjálfsögðu þarf oft að vera matsatriði hvort um er að ræða björgun eða aðstoð sem veitt er, og er ekkert óeðlilegt að aðilar hafi mismunandi skoðun á því, hver björgunarlaun skuli vera.

Tilgangur reglnanna um björgun og björgunarlaun er að hvetja menn til að gefa sig að björgun þegar hennar er þörf. Þau sjónarmið eru ríkjandi í siglingareglum meðal siglingaþjóða og hafa verið um langt árabil. Full ástæða er til að rasa ekki um ráð fram við breytingar á þeim reglum og tillögur um fráhvarf frá þeim ber að skoða með fyllstu varkárni. Það er þó rétt að upplýsa hér, að endurskoðun mun standa yfir á hinni gömlu samþykkt um björgun, frá 1910, sem kennd er við Brussel. Hefur siglingamálastjóri tekið að sér að afla upplýsinga um það, í hverju sú endurskoðun er fólgin og hvað henni miðar fram.

Í umræðum um björgunarlaun og björgun skipa hefur á ýmsan hátt, oft ómaklega, verið vikið að Landhelgisgæslunni og áhöfnum skipa hennar. Það segir sig sjálft að Landhelgisgæslan, starfsmenn hennar og tæki eru hvenær sem er til reiðu til að veita hjálp skipum og mönnum sem í háska eru stödd. Er það og ákvæði í lögum um Landhelgisgæsluna, en hlutverk hennar er að veita hjálp við björgun manna úr sjávarháska eða á landi svo og að annast aðkallandi sjúkraflutninga, ýmist á eigin spýtur eða í samvinnu við Slysavarnafélagið eða aðila sem að björgunarstörfum vinna. Ekki ætti að þurfa að taka það fram, að aldrei er rætt um björgunarlaun eða endurgjald þegar um björgun manna er að ræða. Mannslíf eru ekki metin til peningaverðs við björgun og Landhelgisgæslan hefur aldrei gert kröfu til greiðslu launa fyrir að bjarga mannslífum.

Í lögum um Landhelgisgæsluna er og ákveðið að hlutverk hennar sé að aðstoða eða bjarga bátum eða skipum sem kunna að vera strönduð eða eiga í erfiðleikum á sjó við Ísland, ef þess er óskað. Hér er byggt á þeirri meginreglu, að sá, sem er bjargar þurfi, hafi forræði að björguninni.

Varðskipin og áhafnir þeirra leggja sig oft í mikla hættu er unnið er við björgun og ber sannarlega að þakka þau störf. Fyrir björgun skipa hljóta varðskipsmenn hluta af björgunarlaunum, svo sem áður sagði. Þess ber jafnframt að geta, að þegar björgunaraðgerðir verða árangurslausar eru engin björgunarlaun greidd og eru fjölmörg dæmi um slíkar aðgerðir hjá Landhelgisgæslunni.

Dæmi hafa verið nefnd um óbilgirni Landhelgisgæslunnar og varðskipsmanna í sambandi við kröfugerðir fyrir björgun. Skip eru flest verðmæt. Prósentutala af verðmæti skips verður því há að krónutölu. Það sem bjargast er þó margfalt að verðmæti. Ágreining um mat á fjárhæð björgunarlauna í einstökum tilvikum á þó að vera hægt að jafna án þess að bylta þýðingarmiklum grundvallarreglum alþjóðlegs björgunarréttar. Slíkt getur teflt í hættu öryggi sjófarenda.

Lokaorð mín að þessu sinni skulu því verða þau, að ekki verði rasað um ráð fram í þessum efnum, að kannað verði náið hvernig þessum málum er háttað meðal annarra siglingaþjóða og hver þróun er á alþjóðavettvangi, þótt sérstaða okkar sem fiskveiðiþjóðar kunni að geta skipt máli og skipti máli, og kannað verði náið viðhorf skipseigenda og útgerðarmanna sem og skipshafna til þessa máls.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Það var út af fyrir sig ekkert slæmt að hlusta á hæstv. dómsmrh., en ég get ekki hrósað því, hversu fróðlegt það var, vegna þess að megnið af tíma hans fór í að lesa upp úr lagasafninu. Við, sem höfum verið að flytja þessa till., höfum auðvitað skoðað lagasafnið og auk þess reynt að kynna okkur ýmis önnur gögn.

Aðalboðskapurinn í ræðu hæstv. dómsmrh. í byrjun og í lokin og ýjað að því þess á milli var um það, að við skyldum ekki rasa um ráð fram. Það á að leggjast á þetta, það er auðheyrt. En það verður auðvitað ekki lagst á þetta mál, — kannske aðeins um stundarsakir, við hugsum ekki bara í klukkutímum og dögum, — en frá þessum málum verður að ganga og þau verðum við að leysa þannig að þau séu viðunandi, en ekki óviðunandi, eins og þau eru nú og hafa lengi verið.

Það er auðvitað óviðkunnanlegt og raunar varla hægt að nefna nýleg dæmi í þessum efnum, enda er kannske varla þörf á. Þó tel ég að það væri þörf á innan tíðar að minna þá menn á, sem þekkja kannske fyrst og fremst lagahliðina í þessu máli, en ekki þær staðreyndir sem við blasa þegar menn eru í háska og eru í vandræðum og þurfa á aðstoð að halda, að kenna mætti þeim svolítið í þessum efnum. Ég ætla ekki að gera það hér.

Þessi till. á ekki að skoðast og er ekki nein árás á Landhelgisgæsluna. Hér er hvergi ómaklega vikið að Landhelgisgæslunni. Við vitum að Landhelgisgæslumenn hafa oft sýnt dugnað við að reyna að bjarga skipum og leysa vanda skipshafna úti á sjó. En sannleikurinn er sá, að menn hafa vikið sér undan því að kalla til aðstoðar Landhelgisgæsluskipin vegna þess að hún hefur krafist að margra dómi óhæfilega mikils gjalds fyrir, sem miðað er við úrelt lagaákvæði. Annað kerfi er raunar í gangi líka í landinu í þessu efni, þar sem er samhjálp skipanna í Samábyrgð Íslands o. s. frv., eins og lesið var áðan. Það er einmitt fyrirkomulag af þessu tagi sem þarf einnig að koma til varðandi Landhelgisgæsluna, en þá þarf hún sjálfsagt að fá einhverja fjármuni til. Það er ekkert óeðlilegt þó einhvern veginn yrði reynt að semja um að tryggingafélögin greiddu gæslunni fyrir slíka aðstoð. En það, sem fyrst og fremst þarf að gera, er að hverfa frá þessu skipulagi og taka upp nýja og betri siði og vera óhræddur við það og byrja ekki á því strax að reyna að víkja sér undan og fresta og drepa málið.

Við eigum aldrei — auðvitað ekki — að rasa um ráð fram í neinu. Ég hef ekki séð að þessi hæstv. ríkisstj. hafi rasað um ráð fram í nokkrum sköpuðum hlut. Það væri miklu fremur öfugt. Það hefur verið erfitt að draga hana áfram til allra verka, bæði góðra og vondra. Til þess höfum við ríkisstjórn að hún þori að takast á við málin, taka ákvarðanir og láta heyra í sér hvað hún vill, hvað hún þorir að gera, hvaða ábyrgð hún þorir að standa frammi fyrir fyrir framan kjósendur sem allir eru að drepast úr hræðslu við þó að óþarft sé.

Herra forseti. Varðskipin eiga að vera björgunarskip og eru það. Við vitum að þau hafa oft tekið, eins og ég sagði áðan, allhátt gjald fyrir tiltölulega litla þjónustu, þó að hún sé að vísu oft verðmæt, eins og t. d. að skera úr skrúfu skipa úti á sjó og langt frá landi. Ég þekki þetta sjálfur. Ég hef verið af og til til sjós áratugum saman. Menn eru að koma sér upp sundköfurum á flotanum og vera með þá sjálfir um borð til að losna við að greiða milljónir þegar menn þurfa aðeins að greiða þúsundir fyrir aðstoð sem er veitt af sjómönnum í kringum þá. Þó að þeir sjómenn séu ekki með gullna borða upp á olnboga reyna þeir að hjálpa sjálfum sér og hver öðrum svo sem þeir geta.

Meginatriðið er það, að þegar skip er illa statt nær landi eða fjær má það ekki eiga sér stað, að skipstjórnarmenn, misreynslumiklir og undir mismikilli pressu, veigra sér við að taka við aðstoð varðskips. Það er auðvitað ekkert víst á neinn handa máta að aðstoð annarra duglegra og vel útbúinna fiskiskipa sé verri en aðstoð varðskipa, það fer eftir ýmsu. En ég undrast að það skuli geta skeð í litlu samfélagi, bara geti skeð, að á meðan verið er að reyna að koma skipi til aðstoðar geti tvö nærstödd varðskip með tugum manna um borð legið í langan tíma aðgerðarlaus og fylgst með í talstöðinni. Auðvitað er ég ekki að ásaka neinn. Samt er rétt að menn velti þessu fyrir sér. Það má vera, að ef aðstoðar varðskipanna er ekki óskað eigi skipstjórnarmenn á þeim skipum, sem í vandræðum eru, að hafa allt forræði um björgunina, eins og mér heyrðist hæstv. dómsmrh. lesa upp úr einhverjum kladdanum, en þegar liðnir eru margir klukkutímar og stöðugt er vitað að ekki hefur tekist að koma skipunum til aðstoðar — og þetta margendurtekur sig — finnst mér einkennilegt að tvö varðskip, annað þeirra sjálft flaggskip flotans, skuli geta legið aðgerðalaus nærri. Það eru fleiri sjómenn en ég í þessu landi sem undrast þetta.

Þessi mál eru ekkert flóknari né erfiðari en önnur hreyfing á þessum lögum. Við þurfum ekkert að hræðast það að hreyfa til lög, síst til betri áttar. Við erum að því alla tíð og til þess erum við kjörnir hingað og fyrir það fáum við kaup. Og við höfum breytt öðru eins og þessu. Við höfum verið hérna með kakkþykka lagabálkana á milli handanna í vetur og okkur hefur tekist að snúa þeim hér í gegnum þingið og erum sífellt að veltast með þessi mál, og við þurfum ekkert að óttast þó að við verðum að fara í gegnum nokkra dálka sem standa í lagasafninu. — Ég fagna því að taka eftir því, að hæstv. ráðh. hlustar þó.

En ég vil ekki heyra það þegar menn segja að menn leggi sig frekar í líma við björgunarstörf ef ríkulegra launa er að vænta. Aldrei hef ég fundið fyrir slíkri tilfinningu. Það hugsa ég að sjómenn hugsi ekki um — a. m. k. ekki þessir venjulegu. Þeim dettur það ekki einu sinni í hug — og nóg um það.

Herra forseti. Ég legg áherslu á það, að þessi till. verði samþykkt hér og fái þinglega meðferð og síðan verði lögð í það nokkur vinna og af alvöru, ekki af neinum hæggengum starfshópi, heldur fólki sem falið er að leysa verkið á eðlilegum tíma. Fyrr en það verður gert er hvorki ég né aðrir hv. flm. ánægðir.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Dulbúnum dylgjum síðasta hv. ræðumanns um varðskipsmenn ætla ég að láta ósvarað. Á hinu vil ég vekja athygli, að ég sagði í máli mínu ekkert einasta orð gegn till. sem hér er flutt þó að þeir fáu sjómenn, sem hér sitja á Alþingi, finni stundum óeðlilega mikið til sín þegar þeir stíga í þennan ræðustól og þykist þá tala fyrir munn allra íslenskra sjómanna eins og enginn þekki þá nema þeir.

Já, ég sagði ekki eitt orð gegn þessari till., en ég reyndi að útskýra fyrir hv. síðasta ræðumanni og öðrum þau lög sem gilda um þessi efni. Það var rétt hjá hv. ræðumanni, að til þess eru alþm. að vinna að breytingum á þeim lögum sem þeir vilja ekki una lengur. Þess vegna eru þeir

ekki of góðir til að hlusta á gildandi lög. Ég álít að sá, sem vill breyta og bæta löggjöfina, verði að leggja það á sig að kynna sér hvað eru gildandi lög á hverjum tíma. Það getur vel verið að þau séu ekki öll æskileg, þurfi breytingar við, en um það gildir hið fornkveðna:

Að fortíð skal hyggja, ef frumlegt skal byggja,
án fræðslu þess liðna sést ei hvað er nýtt.

Ég ætla svo ekki að eyða fleiri orðum að sinni á þennan hv. ræðumann. Ég er reiðubúinn að hlusta á þær raddir, sem koma fram um þessa till. og allt sem snertir þessi mál, og gera mitt til þess að bæta úr því sem betur má fara. En hitt verð ég að telja meðmæli með núv. hæstv. ríkisstj. að hún rasi ekki um ráð fram í hverju máli þó að einhver vindhviða skelli á henni.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Ekki dettur mér í hug að skamma hæstv. dómsmrh. Ég vil þó bera af mér sakir. Ég hef aldrei verið með dylgjur um Landhelgisgæsluna. Ég er yfirleitt ekki með dylgjur um nokkurn einasta mann. Ég geri kannske heldur mikið af því að tala hreint út. Það er ekki vel liðið alls staðar, ekki einu sinni í okkar stórmerka þingflokki. Það er miklu frekar að þeir séu vel liðnir sem vilja sífellt vera að breiða yfir sig þetta bleika værðarteppi sem á að skýla öllu því sem agnúar finnast á. Það er yfirleitt ekki vinsælt að menn segi sína meiningu, — ekkert frekar í okkar flokki en annars staðar, síður en svo. Það er bara einhvern veginn þannig, að menn eru alloft að tala um hlutina öðruvísi en beint út og hreint, en það geri ég, hvort sem hæstv. dómsmrh. líkar það betur eða verr.

Ég hef ekkert verið að ráðast að þessari hæstv. ríkisstj., en ég get ómögulega fengið mig til þess að hrósa henni hér dagsdaglega. (**EgJ:** Það er ekki svo gott.) Nei, og það er síður en svo ástæða til að leggja sig í framkróka við að hrósa yfirleitt stjórnarástandinu í þessu landi mörg undanfarin ár með margar undanfarnar stjórnir. — Þannig er ég ekkert að eltast við þessa hæstv. ríkisstj. sem einhver óvinur hennar. Það er misskilningur. Mér þykir fremur vænt um hana. Þess vegna vil ég að hún geri ekki vitleysur. Ég er stundum að leiða einstökum ráðamönnum það fyrir sjónir, bæði í einkasamtölum og á opinberum vettvangi.

En þetta er auðvitað ekkert gamanmál sem hér er á ferðinni — alls ekki, og ég tek alveg undir það með hæstv. dómsmrh., að þeir, sem eiga að fást við lagabreytingar og lagasetningu, þurfa að sjálfsögðu að kynna sér hlutaðeigandi lög. Dettur hæstv. dómsmrh. það virkilega í hug að ég hafi ekki skoðað vel þessi lög og lesið þau „vel og vandlega", eins og segir í kvæðinu á því svæði sem drekkja á bráðum? Ég hef kynnt mér þetta rækilega. Hann þarf ekkert að fræða mig um þetta. Ef hann hefur ekki meira í pokahorninu en það sem hann lét okkur heyra áðan, þá er hann ekki lengra kominn en ég í þessum efnum, nema síður sé. En hann er auðvitað lögfræðingur, hæstv. dómsmrh., og þekkir lögin sjálfsagt miklu betur.

Ég kem ekki hér óundirbúinn í ræðustól, hvorki í þessum efnum né öðrum, þó að ég sé ekki með heimagerða stíla, enda latur að skrifa.

Ég legg á það áherslu, að ég var ekki með dylgjur í garð Landhelgisgæslunnar, en það þarf að breyta þessu fyrirkomulagi. Það er neikvætt fyrir ýmissa hluta sakir og það má ekki eiga sér stað, að menn víki sér undan að þiggja hverja þá hjálp sem er í boði vegna einhverra peningasjónarmiða. Peningasjónarmið eiga í rauninni alls ekki heima í þessum efnum, það þekkjum við.

Þó að einstaka mönnum þyki að við, sem höfum einstaka sinnum verið eitthvað að gutla til sjós, og jafnvel þeir sem hafa verið það lengi, þykjumst eitthvað meiri en aðrir í þeim efnum þegar við tökum til máls um sjávarútvegsmál, er það ekki ásetningur, trúi ég, þeirra manna, — ekki minn. En sannleikurinn er sá, að það eru tiltölulega fáir sem láta sig miklu varða hér í hv. Alþingi þennan undirstöðuatvinnuveg þjóðarinnar. Ef fram kemur t. d. frv. frá sumum menningarhópum í þjóðfélaginu um að styrkja og styðja þá sem vilja þýða bækur héðan og þaðan, og gott frv. ábyggilega, — það á að þýða Shakespeare t. d. og hafa hann í metravís uppi á vegg og enginn nennir auðvitað að lesa það sem von er, það er um sifjaspell og morð, valdagræðgi og dráp og á ekkert erindi hingað, við höfum nóg af því, er ekkert merkilegt, alls ekki — þá þykir það fínt, en svona frv., eins og ég var að nefna áðan mæta litlum áhuga. — Ég tók þetta dæmi af því að ég sá að stóllinn hennar Guðrúnar minnar var auður. Þetta fær mikla umræðu hér. Það fá allir lyftingu. Og blöðin, það rennur út af þeim þýðingarsjóðurinn. En þegar talað er um sjávarútvegsmál heyrist ekki hósti eða stuna frá neinum, nema það sé í þá veru að efla atvinnuna á þeim stöðum landsins þar sem erfiðleikar eru. Þá vita allir best um allt. En ég hef auðvitað ekki verið sammála sumum mönnum í þeim efnum. Ég leyfi mér stundum að hafa ýmsar skoðanir fyrir mig „prívat". (**Gripið fram í:** Oftast.) Alltaf.

En ég vil helst ekki heyra það frá miklum sómamanni eins og hæstv. dómsmrh. að ég sé að koma og leika mér hér og segja eitthvað annað en ég meina og dylgja um eitthvað. Það er ekki satt. Hann veit það líka sjálfur. Ég vil taka þetta mál alvarlega og ég vil láta vanda þetta verk. Það er nauðsynlegt að breyta þeim lögum sem fyrir eru. Það þarf að hafa margt í huga til þess, sjálfsábyrgðina o. s. frv. Við höfum bara ekki tíma til þess að ræða þetta lengur. Mér er hálfilla við að tala hérna alltof lengi.

Flm. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Hæstv. dómsmrh. gat um það, að menn mundu leggja harðar að sér ef þeir ættu von á björgunarlaunum. Ég held að þetta sé ekki rétt. Það má vera að þeir geri það þegar menn eru að reyna að ná skipum af strandstað og allur mannskapur horfinn frá borði. Ég veit ekki betur en varðskipin t. d. leggi ekki síður hart að sér við að bjarga bátum sem eru tryggðir hjá Samábyrgðinni, innan við 100 tonn, en fyrir það fá þau ekkert sérstaklega, þau fá tímakaup eða eitthvað því um líkt. Ég hef aldrei orðið var við að þau drægju af sér við að aðstoða þá frekar en skip þar sem von er í björgunarlaunum.

Hæstv. ráðh. kom inn á að þetta væri ekki einfalt mál. Það má vera að það sé ekki mjög einfalt, en þó var það ofureinfalt að setja lögin um Samábyrgðina. Þar er í eitt skipti fyrir öll sagt að það skyldi borga fyrir veitta aðstoð, borga eftir kostnaði, en alls ekki björgunarlaun. Við höfum það þannig með lóðsinn í Vestmannaeyjum, sem ég kom inn á áðan, að við erum með ákveðinn taxta þegar hann er að aðstoða skip og draga skip og annað því um líkt. Aftur á móti þegar hann fer í björgun eða aðstoð sem varðskipsmenn mundu flokka undir björgun, þá er sá tímakaupstaxti tvöfaldaður og allir eru ánægðir. Aldrei kom fram kvörtun um það frá áhöfninni á Lóðsinum að hún væri hætt að fá björgunarlaun eins og hún

fékk alltaf áður. Sannleikurinn er sá, að Lóðsinn stóð aldrei undir sér nema hann lenti í einni eða tveimur björgunum á hverju ári. Það er það leiðinlega við þetta allt saman, að Landhelgisgæslan er rekin á þessum grundvelli. Það er það leiðinlega, en ekki það að áhafnirnar fái svo mikið. Þær fá ekki nema 1/4. Mér finnst vera afskaplega hvimleitt í þessu máli öllu saman að þetta skuli vera verulegur grundvöllur undir rekstri Landhelgisgæslunnar. Auðvitað þarf einhver að borga þennan kostnað allan, hvernig sem hann fellur til, og sjálfsagt eiga tryggingafélögin að borga þarna góðan hluta. En undir öllum kringumstæðum verður að breyta því þannig, að sjómenn geti beðið um þá bestu hugsanlegu aðstoð sem hægt er að fá í hverju tilviki, en það er því miður ekki hægt um þessar mundir.

Stefán Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka flm. fyrir að hreyfa þessu máli. Ég held að það sé þarft verk og fyllilega ástæða til að skoða þessi mál. Mín trú er sú, að það sé ásetningur þeirra aðila, sem flutt hafa þetta mál hér, að leita að farsælli leið en nú er farin þegar aðstoðar er þörf á hafinu.

Það vill svo til að ég þekki þessi mál nokkuð, en ætla ekki að fara með neina afrekaskrá. Vegna starfs míns hef ég margsinnis þurft að taka á þessum málum og þekki því nokkuð hvernig þau ganga fyrir sig. Ég hef þurft að taka ákvarðanir í samráði við skipstjóra, þegar um beina björgun og einnig margs konar aðstoð hefur verið að ræða, og leitað þá samráðs bæði við tryggingafélög og Landhelgisgæslu. Ég hef einnig gert upp eftir tjón og þekki þannig þann farveg er þau falla eftir.

Herra forseti. Ástæðan til að ég kom hér í ræðustól er m. a. að ég fagna því, að þessu máli skuli hér hreyft. Ég held að við séum menn til þess að skoða það, velta því fyrir okkur, en við breytum auðvitað engu í þessu máli bara breytinganna vegna.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Innlent fóður, þáltill. (þskj. 490). — Ein umr.

Flm. (Helgi Seljan): Herra forseti. Á þskj. 490 hef ég leyft mér ásamt hv. þm., sem hér sat, Sveini Jónssyni, að flytja svo hljóðandi till. til þál.:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta kanna að hve miklu leyti unnt sé að framleiða með hagkvæmum hætti úr innlendum hráefnum og orku það fóður sem búpeningur landsmanna þarfnast.

Kannað verði annars vegar, að hve miklu leyti unnt sé að framleiða með hagkvæmum hætti úr innlendum hráefnum og orku það fóður, sem búpeningur landsmanna þarfnast, og hins vegar að hve miklu leyti með aukinni framleiðslu kjarnfóðurs úr innlendum hráefnum. Einnig verði kannað annars vegar, að hve miklu leyti þetta verði gert með bættri verkun súrheys og þurrheys og hins vegar að hve miklu leyti með aukinni framleiðslu kjarnfóðurs úr innlendum hráefnum. Sýnist slíkt hagkvæmt verði gerð langtímaáætlun um eflingu innlends fóðuriðnaðar og bætta heyverkun, þ. á m. um nauðsynlegar rannsóknir til að kanna gæði og endurbæta innlend fóðurefni, svo og til að þróa verkunar- og framleiðsluaðferðir fyrir þau."

Þessi till. var flutt á síðasta löggjafarþingi. Þá var fyrri flm. hennar Guðrún Hallgrímsdóttir, sem þá sat á þingi sem varamaður. Tillögugerðin og grg. með þessari till. er unnið af henni og hún lagði í það mikla og nákvæma vinnu sem við flm. kunnum henni þakkir fyrir, en okkur þykir rétt og skylt að hreyfa till. á nýjan leik þar sem hún kom ekki til umræðu á Alþingi þegar hún var flutt.

Till. er með nokkuð breyttu orðalagi. Ég sé nú reyndar núna, þegar ég les þetta yfir, að þar hefur nokkur misprentun orðið á, en úr því má bæta. Sama er að segja um grg., sem þá fylgdi till. og fer hér á eftir, að orðalag er nokkuð breytt.

Ég ætla ekki að fara út í grg., hana geta menn lesið. Ég vil aðeins benda á það, að við þessa tillögugerð hefur verið miðað við árið 1979 af eðlilegum ástæðum. Það mætti vel segja að við hefðum frekar átt að taka síðasta ár sem dæmi, en árið 1979 var, eins og allir þekkja, óvenjuerfitt varðandi landbúnað og því er sjálfsagt að huga að máli eins og þessu einmitt út frá því ári og þeim erfiðleikum sem þá steðjuðu að. Svona ár er því miður ekki einsdæmi á Íslandi og við verðum að átta okkur á því verulega, hvernig skynsamlegast er að bregða við þegar herðir að eins og þá gerði.

Við vitum það auðvitað að hlutfall fóðurgildis í grasi getur farið hrapallega niður þegar veðrátta er með þeim hætti sem hún getur verst verið. Bætt heyöflun og bætt meðferð er auðvitað keppikefli í landbúnaði okkar og að því hafa bændur sannarlega unnið. Þeir hafa einnig lagt áherslu á að kjarnfóðurframleiðslan yrði sem mest innlend. Flm. þessarar till. er kunnugt um margar ályktanir Búnaðarþings og frá ýmsum öðrum samtökum bænda sem lúta að þessum efnum á einn eða annan hátt. Þessi mál hafa og oft komið fyrir Alþingi, m. a. varðandi einstakar grasköggla- eða heykögglaverksmiðjur, og er ekki neitt nema gott um það að segja. Hins vegar er það alveg ljóst, að ef við eigum að hafa heildaryfirsýn yfir þessi mál þarf langtímaáætlun sem byggir á bestu fáanlegum upplýsingum um nýtingu og m. a. um hvernig við getum samræmt þetta ýmsu öðru. Hér er minnt á fiskimjölsverksmiðjurnar okkar, skreiðarverkunina okkar, þar sem hefur ómetanlegt þjóðhagslegt gildi að nýta raforkuna til hins ýtrasta. Svo er einnig varðandi grasköggla gerðina.

Við minnum á það hér rétt, að á fjörum landsins er að finna ómælt magn af rekaviði og aðeins lítill hluti hans er nýttur í girðingarstaura. Við minnum á það, að mórinn okkar er til staðar og við eigum sannarlega að huga að honum einnig. Og við minnum á það í lokin, að þar sem hér er um könnun að ræða sem krefst samstarfs nokkurra stofnana er æskilegt að aðili eins og Rannsóknaráð ríkisins fái það verkefni að samræma þessa athugun. Framleiðsla fóðurs úr innlendu hráefni handa búfé og til fiskeldis getur orðið öflug iðngrein hérlendis sé þess jafnframt gætt, að nýting orkulinda og verðlagning orku taki mið af samkeppnishæfni fóðuriðnaðar, framtíðarþörfum landbúnaðar og þjóðarhag.

Ég vil aðeins bæta því við, að frá því að till. var lögð fram hafa frekari athuganir farið fram á hagkvæmni þess að nota jarðvarma og rafmagn við þurrkun. Í því sambandi hefur það komið fram, að við framleiðslu á grasköggum má gera ráð fyrir 0.2—0.4 kg af olíu á hvert kg grasköggla. Sé reiknað með að framleiðsla landsmanna á grasköggum sé 10 000—15 000 tonn á ári er olíunotkunin á bilinu 4 000—6 000 tonn.

Enn má búast við hækkunum á olíu, — við vitum reyndar að þær eru fram undan, — auk þess sem olíu-

vörur gætu orðið torfengnar. Virkjun jarðvarma og notkun hans í þar til gerðum búnaði til þurrkunar á grasi er að stofnkostnaði dýrari en eldþurrkun, en engu að síður er réttlætanlegt að verja fjármunum í frekari kannanir, bæði af öryggisástæðum og vegna þess að næsta líklegt má telja að slík þurrkun gæti orðið hagkvæmari en eldþurrkun að nokkrum árum liðnum.

Nýlega hefur verið gerð könnun á hagkvæmni rafþurrkunar á fiskimjöli í samanburði við notkun olíu. Niðurstöður benda til þess, að ekki sé marktækur munur á kostnaði miðað við heildsöluverð Landsvirkjunar og 200 klst. nýtingartíma. Nú er verið að kanna hagkvæmni þess að breyta núverandi fiskimjölsþurrkurum, sem brenna svartolíu, yfir í rafhitun. Reynist slíkt hagkvæmt er brýnt að gera tilraun til að lengja nýtingartíma slíkra verksmiðja, m. a. með því að þurrka hey.

Ég ætla ekki að fara út í grg. frekar hér, enda orðið nokkuð liðið á fundartímann. Aðalatriðið er að þessi till. fái skoðun í nefnd. Ég vænti þess, að nefndin geti litið á þessa till. og tekið hana til meðferðar, helst til afgreiðslu, þó ég viti að sú ágæta nefnd, sem fær þessa till. til athugunar, hefur næg verkefni. En að lokinni þessari umræðu vil ég óska þess að till. verði vísað til hv. atvmn.

Egill Jónsson: Herra forseti. Ég get þakkað hv. frsm. og þeim báðum flm. að þessari till. að þeir skuli hafa flutt þetta mál hingað inn á Alþing. Þetta er einn þáttur í þeirri viðleitni að bæta vissa þætti í framleiðslumálum og rekstri landbúnaðarins. Eins og hv. frsm. tilgreindi hefur þetta mál borið að hér á Alþingi fyrr, m. a. s. á þessu þingi, þar sem var till. frá þm. Vesturl. Þó að sú till. hafi fjallað um tiltekið verkefni, þ. e. byggingu grasköggla-verksmiðju, er það af sömu rót komið.

Að því er afstöðu mína varðar til þessa máls er ég að sjálfsögðu reiðubúinn að leggja vinnu í þessa tillögu.

Það er einkum tvennt sem ég vildi þó gera hér athugasemd við í sambandi við till. Þar er mikil áhersla lögð á að gerðar séu rannsóknir á því, hvað sé hægt að komast langt í því að fóðra á heimafengnu fóðri á þessu landi. Þær rannsóknir tel ég í raun að liggi fyrir að mjög verulegu leyti. Ég held að það sé ekki ágreiningsmál á meðal þeirra manna, sem hafa starfað á því faglega sviði, að það sé hægt að framleiða meginhlutann af öllu því fóðri í þessu landi sem búfénaður okkar þyrfti á að halda. Alla vega er það óverulegt magn sem þyrfti að flytja inn. Það hafa komið fram á allra síðustu árum, m. a. vegna viðleitni annarra þjóða til að spara orku í sambandi við fóðurframleiðslu, nýjar og miklu auðveldari aðferðir, m. a. við nýtingu á korni. Nágrannaþjóðir okkar eru að byrja á að taka það í súr, jafnvel með stöng, vegna þess að það kostar mikið fjármagn að þurrka kornið. Þar hefur það m. a. komið fram, að þó að spretta þess sé ekki á æskilegasta máta með tilliti til þurrkunar er þetta geysilega gott fóður. Möguleikar okkar eru því vissulega miklir í þessum efnum. Ég hefði þess vegna talið eðlilegra að afgreiðsla á þessari till. mótaðist frekar af því að kanna leiðir til að koma þessu verkefni í framkvæmd en hinu, að það þurfi að leggja mikið upp úr rannsóknum í þessum efnum. Þær tel ég að liggi fyrir að mjög verulegu leyti.

Annað atriði hnaut ég um í þessari till. Það var að fela á Rannsóknaráði þarna mjög mikilvægt hlutverk. Það held ég að eigi ekki að gera. Þetta er langbest komið í höndum rannsóknar- og félagsmála landbúnaðarins. Þar hafa þessi störf verið unnin, m. a. af Rannsóknastofnun landbúnaðarins, rannsóknarþátturinn, og það er gífurlega mikil þekking og reynsla fyrir hendi hjá Búnaðarfélagi Íslands í þessum efnum. Á vegum Búnaðarþings hafa, eins og hv. frsm. gat hér um, einnig starfað nefndir að mjög hliðstæðum verkefnum. Ef ég man rétt var ein slík kjörin á síðasta Búnaðarþingi. Ef við eigum að ná árangri í þessum efnum er ég alveg sannfærður um að skilyrði eru fyrir því, að slík áætlunargerð sé unnin af þeim aðilum, sem hafa framkvæmt þessar rannsóknir á þeim stöðum þar sem vitneskjan liggur fyrir, og af þeim félagsþáttum í landbúnaðinum þar sem bæði áhugi og skyldur sameinast. Þess vegna legg ég á það mikla áherslu að þetta verði tengt þeim verkefnum. Mér líst ekki á að Rannsóknaráð ríkisins fjalli um þessi verkefni, það verð ég að segja alveg eins og er.

Þetta eru ábendingar sem í raun og veru skipta ekki sköpum í sambandi við þetta mál. Eins og hv. frsm. gat um skiptir mestu máli að tekið verði við þessu máli og því verði sinnt og lögð verði í það vinna. Þá kemur náttúrlega út úr því hvaða leiðir eru líklegastar til að þoka góðu máli lengra áfram.

Flm. (Helgi Seljan): Herra forseti. Ég get tekið undir það með hv. 11. landsk. þm. að það liggja fyrir miklar og góðar athuganir á þessum málum. Bændasamtökin og Rannsóknastofnun landbúnaðarins hafa sannarlega tekið á þessum málum eins og vera ber. Ég er þó ekki viss um að ekki megi enn betur gera og taka á þessu máli í enn ríkara mæli og efla fóðuriðnað okkar enn kröftugar en við höfum gert — við erum báðir sammála um það — og þá um leið athuga hvaða háttur er til þess hagkvæmastur, hvernig við getum það með hagkvæmustum hætti og þá ekki síður hvernig við förum með heyöflunina og að hún sé þá tekin inn í þessa mynd ekki síður og við hugum sem allra best að því, hvaða aðferðir þar séu heppilegastar. Þá getum við kannske miðað við hvert landsvæði út af fyrir sig, vegna þess að hér gildir ekki það sama um öll svæði landsins.

Flm. þessarar þáltill. í fyrra lagði á það áherslu, bæði þá og nú, án þess að gera það í till. sjálfri, að Rannsóknaráð ríkisins fjallaði um þetta vegna þess að þetta tengdist ýmsum öðrum verkefnum sem Rannsóknaráð ríkisins væri með. Hún gerði það þess vegna að tillögu sinni. Ég bið menn um að hafa það í huga, að við metum fyllilega Rannsóknastofnun landbúnaðarins í þessum efnum sem aðila sem gæti unnið þarna mjög merkilegt starf. En ef við ætlum að fara út í það að reyna að samræma þetta öðrum rannsóknum er þetta sá aðili sem er með allt slíkt í hendi sér og er þess vegna kannske hinn eðlilegasti vettvangur. Um þetta eru hins vegar ekki nein skýr ákvæði í till. sjálfri, segir ekkert um það. Ég hygg að ef þessi till. næði fram að ganga gæti varla orðið um að ræða ágreiningsefni milli Rannsóknastofnunar landbúnaðarins annars vegar og Rannsóknaráðs ríkisins hins vegar. Þar sem önnur stofnunin er aðili að hinni í raun og veru gæti það varla orðið að ágreiningsefni þeirra á milli, hvernig þessari könnun og framkvæmd till. yrði háttað. Rannsóknaráð ríkisins mundi þá kannske taka að sér vissa samræmingu og vissa heildarstjórn, en Rannsóknastofnun landbúnaðarins einbeitti sér að þeim þáttum sem hún hefur sérstaklega starfað að.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 69. fundur.

Mánudaginn 30. mars, kl. 2 miðdegis.

Varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum, frv. (þskj. 521). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Ný orkuver, frv. (þskj. 512). — Frh. 1. umr.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Það hafa verið miklar umr. um orkumál á undanförnum vikum og mánuðum, bæði á almennum fundum, í fjölmiðlum og hér á Alþingi. Hér hefur verið flutt af sjálfstæðismönnum það mál sem nú er til umr., frv. til l. um ný orkuver. Í tengslum við þessi mál hafa svo verið fluttar tvær þáltill. í Sþ. um stefnumótun í stóriðjumálum, þ. e. till., sem sjálfstæðismenn hafa flutt þar, og önnur till. til þál. um aukningu orkufreks iðnaðar, sem Alþfl.-menn hafa flutt í Sþ. einnig.

Það má segja að á tiltölulega stuttum tíma, fáum árum, hafi skapast algerlega ný viðhorf í orkumálum. Á árinu 1979 varð gífurleg verðsprenging eins og kunnugt er á hinum almenna olíumarkaði. Það lætur nærri að olíuverð hafi um það bil þrefaldast frá ársbyrjun 1979 og fram á þennan dag, og á sjö árum hefur tunnan af hráolíu hækkað í verði úr 3 dollurum upp í 35 eins og það er nú, og því hefur verið spáð, að á næstu 4—5 árum muni hráolían hækka í verði úr 35 dölum eins og hún er í dag og upp í allt að 80 dali. Þessu hefur verið spáð af áreiðanlegum stofnunum og miðað þá við að friður haldist við Persaflóa, en hann er ótryggur eins og kunnugt er. Þar er eins og kunnugt er styrjöld og veit enginn á þessari stundu hvort hún kunni að breiðast út eða hvort hún verður takmörkuð eitthvað svipað því sem hún hefur verið fram að þessu. Í þessum málum hefur á örstuttum tíma áratug — skapast alveg gerólíkt viðhorf því sem áður var, alveg ný viðhorf, sem hljóta að kalla á ný viðbrögð og nýjar stefnumótanir í orkumálum.

Nú er það svo, að það hafa verið miklar orkuframkvæmdir hjá okkur Íslendingum á undanförnum árum, mjög miklar, bæði við að reisa raforkuver og einnig við byggingu hitaveitna víðs vegar um landið, og lán til stærstu framkvæmda á hverju ári hafa verið til orkuframkvæmda. Það má því segja að við höfum tekið við okkur í þessum málum, og það er eðlilegt að áframhald verði á þessu. En það er ekki aðeins að nýtt viðhorf í orkumálum hafi skapast á stuttum tíma, heldur eru einnig ný viðhorf í okkar atvinnumálum. Sjávarútvegur er okkar stærsti og þýðingarmesti atvinnuvegur. Okkur er það nú ljóst að hann er takmarkaður, þó að enginn efi sé á því, að hægt sé að bæta þar eitthvað við frá því sem nú er, en hann er takmarkaður vegna stærðar fiskstofnanna. Það er að vísu mikið verk ónunnið á sviði sjávarútvegsins við að fullnýta sjávarfangið. Það hefur verið unnið geysilega mikið í þeim málum á undanförnum árum, en það er mikið verk ónunnið. Eigi að síður er það alveg ljóst, að sjávarútvegurinn getur ekki tekið við viðbótarmannafla sem neinu nemur á næstu árum eða í fyrirsjáanlegri framtíð. Sama er að segja um landbúnaðinn. Það þarf ekki að hafa um það mörg orð, að landbúnaðurinn er á því stigi að ekki er ástæða til þess að ætla að hann taki við viðbótarvinnuafli á næstu árum eða jafnvel áratugum, þó að menn skuli aldrei segja „aldrei" í þessum efnum. Ég geri ráð fyrir því, að þjónustuiðnaður og verslun muni haldast nokkuð í hendur hlutfallslega við fólksfjölgun í landinu. Því er alveg augljóst að það er iðnaðurinn og aftur iðnaðurinn sem verður að taka við viðbótarmannaflanum sem kemur inn á vinnumarkaðinn á næstu árum og sjálfsagt áratugum. Það hefur verið metið svo, að iðnaðurinn þyrfti að taka við allt að 10 þús. manns til viðbótar á næstu 10 árum. Það er því augljóst mál, að bæði minni, meðalstór og stærri iðnaður verður sá vettvangur sem hlýtur að taka við vaxandi vinnuafli hér á Íslandi á næstu árum og áratugum.

Og þá er komið að því máli sem hér er á dagskrá, þ. e. orkumálunum, og ég vildi fara um það nokkrum orðum.

Stjórnmálaflokkarnir hafa verið að marka sínar stefnur í þessum málum. Framsfl. ályktaði í orkumálum á seinasta miðstjórnarfundi sínum sem haldinn var fyrir ári. Í þeirri ályktun er lögð áhersla á nýtingu þess mikla auðs, sem þjóðin á í fallvötnum og jarðhitasvæðum landsins, og er talið vera eitt af mikilvægustu verkefnum Íslendinga að nýta þessi verðmæti. Áherslu ber að leggja á skipulega nýtingu orkulindanna til þess að tryggja og bæta lífskjör íslensku þjóðarinnar og efla íslenska atvinnuvegi.

Miðstjórn Framsfl. lagði áherslu á eftirfarandi atriði:

Að landsmönnum verði tryggð næg og örugg raforka á sambærilegu verði.

Að skipulag raforkumála verði með þeim hætti, að eitt landsfyrirtæki annist meginraforkuvinnsluna og aðalorkuflutning ásamt heildsölu til almenningsveitna og orkufreks iðnaðar.

Að markvisst verði unnið að hringtengingu aðalstofnlína. Vestfjarðalínu verði lokið í ár — ályktað var í fyrra og henni er nú lokið eins og kunnugt er — og suðausturlínu til Hafnar í Hornafirði á árinu 1981 — þ. e. á þessu ári og verður það væntanlega á komandi hausti — og hringtengingu hringinn í kringum landið þá á árinu 1983.

Flutnings- og dreifikerfi RARIK verði markvisst eflt og sveitarafvæðingu lokið í samræmi við áætlanir.

Og svo að lokum að ríkissjóður beri kostnað af félagslegum framkvæmdum í orkumálum.

Að virkjanir landsmanna verði dreifðar um landið þannig að öryggi orkuframleiðslu og orkuflutnings verði sem mest og eðlilegt tillit verði tekið til umhverfisverndar.

Undirbúningi virkjana verði þannig hagað, að samanburður á hagkvæmni nokkurra virkjana liggi fyrir hverju sinni þegar ákvörðun um næstu virkjun er tekin, og hraðað verði undirbúningi virkjana sem nú eru í sjónmáli.

Þá verði leitað allra leiða til þess að gera raforkuframleiðslu með olíu óþarfa, helst á árinu 1980—1981, var ályktað í fyrra, og í því skyni þurfi að auka Þórisvatnsmiðlun með vatnsveitum auk virkjunar gufu við Svartsengi, Bjarnarflag og Kröflu.

Stefnt verði að sem jöfnustum framkvæmdahraða við

virkjanir þannig að um samfelldar framkvæmdir verði að ræða og verkþekking nýtist sem best.

Og að lokum að aukin áhersla verði lögð á virkjunarrannsóknir og gerðar áætlanir um virkjanir til aldamóta, en auk þess allt að 10 ára framkvæmdaáætlanir sem verði reglulega endurskoðaðar.

Síðan var ályktað um jarðhita, orkunýtingu, nýjungar í orkumálum og olíumálum, en ég skal ekki fara um þau mál sérstaklega fleiri orðum við þetta tækifæri.

Á miðstjórnarfundi Framsfl., sem fer fram í þessari viku, hefst n. k. föstudag, verður fjallað um og áreiðanlega ályktað um orkumál.

Ég hef áður látið þá skoðun í ljós, að á næstu 10 árum verði ráðist í að reisa þrjár virkjanir eða þrjú orkuver, og er það í sömu stefnu og frv. það til laga um ný orkuver sem hér er til umr. Þær virkjanir, sem þarna er um að ræða, eru sem sagt Jökulsá í Fljótsdal, Blanda og Sultartangavirkjun. Ég álít að það ætti að afla nú þegar heimilda Alþingis til þessara virkjunarframkvæmda, það sé ekki eftir neinu að bíða með það. Framkvæmdaröð þessara virkjana hlýtur að ráðast af þjóðhagslegri hagkvæmni, öryggissjónarmiðum og staðsetningu helstu orkukaupenda þegar um er að ræða sölu til orkufreks iðnaðar. Það er gert ráð fyrir því í stjórnarsamningi núv. ríkisstj., að næsta virkjun verði reist utan eldvirkra svæða, og er þá átt við Þjórsársvæðið að sjálfsögðu.

Ég álít að það ætti raunar sem allra fyrst að taka upp samninga um hækkað raforkuverð til Íslenska álfélagsins, og í því sambandi kemur til greina stækkun þess með samningum um íslenska eignaraðild og jafnframt íslenska meirihlutaaðild, t. d. fyrir næstu aldamót svo að einhver tímamörk séu nefnd.

Stóriðjumálin eru nátengd þessum málum og það er verulega vaxandi áhugi í landinu fyrir stærri iðnaði. T. d. í mínu kjördæmi, Austurlandskjördæmi, hafa margir aðilar ályktað um stóriðju í tengslum við virkjun Jökulsár í Fljótsdal: samtök sveitarfélaga, sveitarstjórnir, verkalýðsfélög og Alþýðusamband Austurlands og fleiri aðilar. Þess vegna held ég að það ætti sem fyrst að taka upp viðræður við erlenda aðila um möguleika á stofnun sameiginlegra fyrirtækja til framleiðslu orkufreks iðnaðar, en forsenda slíks samstarfs á að mínu mati að vera sú, að Íslendingar eigi meiri hluta í slíkum fyrirtækjum eða eignist hann á ákveðnu árabili sé um stærri fyrirtæki að ræða. Á þessu tímabili, næstu 10—12 árum, fyndist mér eðlilegt að stefna að því að koma upp orkufrekum iðnaði á Austurlandi og Norðurlandi — auk þess sem ég hef áður sagt: að stækka Grundartangaverksmiðjuna — þannig að á 10 árum, einum áratug, settu menn sér þau markmið að byggja þrjú orkuver og reisa einnig stærri iðnað, sem þó yrði sniðinn eftir vexti, og sýnist mér að það, sem ég hef rætt um hér, sé allt með þeim hætti, að það eigi ekki að þurfa að valda verulegri röskun í okkar þjóðlífi, heldur þvert á móti að styrkja atvinnulíf okkar og tryggja að viðbótarvinnuafl, sem streymir inn á vinnumarkaðinn, fái vinnu við sitt hæfi. (**Gripið fram í:** Er stóriðjuboðskapurinn, sem ráðh. er að flytja hér, stefna Framsfl.?) Já, ég er búinn að margtaka það fram, en hv. þm. kom nú inn í miðri ræðu. Ég var að rekja fyrst stefnu Framsfl., síðan er ég að rekja eigin skoðanir í þessum málum. (**Gripið fram í:** Og ber mikið þar á milli?) Nei, ég held að það beri ekki mikið þar á milli. En ég skýrði frá því áður, að á miðstjórnarfundi Framsfl., sem verður haldinn í þessari viku, verði sjálfsagt fjallað um orkumál og ályktað í þeim málum. Þá kemur í ljós hvort mikið ber á milli mín og Framsfl. (Gripið fram í.) Það er alveg óþarfi fyrir hv. þm. að ókyrrast undir þessum lestri, þetta er hugsað á hærri nótum í þessu. (**ÓRG:** Fyrir þá sem fylgdust með deilunum um álverið í Framsfl. á sínum tíma eru þetta mjög merkilegar yfirlýsingar hjá þér.) Ja, þessar yfirlýsingar eru tengdar — (**ÓRG:** Einu sinni var að 1. þm. Framsfl. á Austurlandi hefði þótt þetta — **Forseti:** Ég óska eftir því að hæstv. viðskrh. hafi orðið.) Já, ég vona að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson fái tækifæri til þess að tala hér á eftir í umr. og tjá sig um stefnu Framsfl. í þeim málum. Ég hélt að hann væri hættur að bera mjög mikla umhyggju fyrir henni, en einu sinni mun hann hafa gert það.

Í þessum málum öllum álít ég að menn megi ekki hugsa of smátt. Ég held að það sé varasamt eins og öllum málum er háttað. Það eru gersamlega ný viðhorf í þessum efnum, í orkumálunum, eins og ég gat um í upphafi míns máls, og það eru ný viðhorf í okkar atvinnumálum þannig að augljóst er að það þarf að fara að hugsa til þess að tryggja þjóðinni næga atvinnu í framtíðinni, en að menn sitji ekki uppi þannig að fólk verði að sækja annað í atvinnuleit. Það er kannske mergurinn málsins. Einn áratugur er talsvert langur tími og þegar menn tala um 10 ára uppbyggingu í atvinnulífinu og í orkuframkvæmdum, þá geri ég ráð fyrir að það, sem ég hef verið að ræða um hér, séu svipaðar framkvæmdir í orkumálum og hér hafa verið t. d. s. l. tvö ár. Ég hygg að það fari ekki langt frá því, svo að með tilliti til þess, að viðhorf hafa mjög breyst í þessum málum, er nauðsynlegt að menn hraði sér frekar til þess — sem er nú aðalatriðið — að tryggja örugga atvinnu í landinu fyrir vaxandi þjóð.

Að þessum málefnum hefur verið unnið mjög í iðnrn. eins og hæstv. iðnrh. hefur greint frá, og ég á von á því, að fljótlega muni hann leggja þau mál fyrir ríkisstj. þar sem þau verða rædd og metin og síðan áreiðanlega lögð fyrir Alþingi. Stærri iðnaður eða stóriðja, eins og hún er kölluð, getur náttúrlega verið af ýmsu tagi og misjafnlega stór að sjálfsögðu. Þá þarf að gæta þess að menn sníði sér nokkuð stakk eftir vexti, framkvæmdir falli að hagkerfinu og valdi ekki óþarflega mikilli þenslu. Þess sé gætt að reyna að sætta með eðlilegum hætti sjónarmið umhverfisverndar og hagnýtrar arðsemi. Úti um landið, þar sem slík uppbygging kemur til greina, þyrfti að gæta þess — eins og gert var að vísu í smáum stíl þegar álverksmiðjan var byggð — að leggja til hliðar nokkurt fé til að styrkja jaðarbyggðir, vegna þess að alltaf er hætta á því, þegar svona framkvæmdir eiga sér stað á svæðum sem eru tiltölulega strjálbyggð, að þær valdi byggðaröskun. Þess vegna þarf að huga að þeim málum jöfnum höndum.

Ef ég lít til Austurlands, þá er þar um sérstakt vandamál að ræða eins og víðar á landinu, þar sem er upphitun húsa, og gífurlega þýðingarmikið að standa þannig að orkumálum að hægt verði að nýta e. t. v. umframorku til þess að tryggja mönnum ódýra upphitun húsa með raforku og útrýma olíunni, því að ef þær spár ganga eftir að olíuverð þrefaldist í verði á næstu 5-6 árum, þá er það náttúrlega ljóst mál að útrýma verður olíunni sem orkugjafa við upphitun híbýla. Það stendur enginn undir því að kynda með olíu sem er þrefalt hærri í verði en hún er í dag, nema með stórkostlegum framlögum af hálfu hins opinbera. Þetta er einn af þeim þáttum sem reka á eftir í þessum málum.

Herra forseti. Það eru að sjálfsögðu margir aðrir þættir orkumála sem koma til álita en eru ekki beint til umr. í sambandi við þetta mál. Á ég þar við jarðhitann og raunar margt fleira. En eins og ég sagði áður ætla ég að takmarka mál mitt nú við orkuframkvæmdir á sviði raforkunnar. Ég harma það, að ekki skyldi takast að stofnastórt fyrirtæki sem hefði það verkefni að framleiða raforku fyrir landsmenn og dreifa henni milli landshluta. Ég harma það, að ekki skyldi takast að ná því máli fram. Vonandi verður það. Ég held að þær framkvæmdir, sem hér um ræðir, þ. e. að reisa þrjú orkuver af þeirri stærð sem hér er um rætt, séu þess eðlis, að langæskilegast og langeðlilegast væri að eitt fyrirtæki landsmanna stæði að þeim framkvæmdum. Það gefur auðvitað auga leið, að bygging orkuvera á Austurlandi og Norðurlandi til viðbótar við Þjórsársvæðið tryggir orkuflutninginn. Það er hægt að tengja á milli þessara svæða og tryggja orkuflutning milli landsfjórðunga með því móti, því að svona stórar framkvæmdir og fjárfrekar auðvelda að sjálfsögðu línulagnir í miklum mæli, en þær eru með fjárfrekustu framkvæmdum sem verður að ráðast í á næstu árum og áratugum. Þær lagnir, sem nú hafa verið lagðar, eru auðvitað mjög þýðingarmiklar, en betur má ef duga skal í framtíðinni. Það verður að leggja öflugri línur á milli orkuveitusvæðanna til þess að tryggja örugga raforku um allt landið.

Egill Jónsson: Herra forseti. Á Alþingi árið 1975 var samþykkt till. til þál. frá Sverri Hermannssyni sem fól í sér ákvörðun Alþingis um rannsókn virkjunar Jökulsár í Fljótsdal. Þessa till. hafði Sverrir Hermannsson flutt tvívegis áður á Alþingi þótt ekki kæmi fyrr til þess að hún yrði samþykkt þar. Ástæðan fyrir því var m. a. sú, að þáverandi þm. Austf. voru ekki sammála um till. og að á Austurlandi fékkst ekki heldur samhljóða álit í þessu miklvæga máli.

Það, sem lá að baki þessum ágreiningi, var það, að í till. var auk virkjunarinnar kveðið á um að í tengslum við hana yrði komið á stóriðju við Reyðarfjörð. Því var það, að við afgreiðslu málsins á Alþingi var stóriðjuþátturinn felldur út úr till., en samþykkt að leggja til að virkjunarrannsóknum á Austurlandi skyldi hraðað. Á samþykkt þessarar till. hefur síðan grundvallast það undirbýnings- og rannsóknarstarf sem síðan hefur farið fram og leitt hefur í ljós hagkvæmni Austurlandsvirkjunar.

Við frekari umræður um þessi mál á Austurlandi var mönnum ljóst, að til þess að gera virkjun í Fljótsdal mögulega yrði til að koma markaður fyrir orkuna sem jafnframt nýttist þá til atvinnuuppbyggingar á Austurlandi. Því var það að í júnímánuði árið 1979 héldu atvinnumálanefndir Reyðarfjarðar og Eskifjarðar fund þar sem lögð var áhersla á uppbyggingu stóriðju á Reyðarfirði í tengslum við Austurlandsvirkjun. Ári síðar héldu svo sveitarstjórnirnar sameiginlegan fund um stóriðju- og virkjunarmálið. Þar var gerð samþykkt sem fór í sömu átt og hin fyrri: að stofnað yrði til stóriðju í Reyðarfirði í tengslum við Austurlandsvirkjun. Sú algjöra samstaða, er náðist á milli forustumanna þessara tveggja byggðarlaga við Reyðarfjörð, hefur í raun lagt grundvöll að allri umræðu um þessi mikilvægu mál á Austurlandi síðar.

Sameiginleg niðurstaða Austfirðinga fékkst á fundi Sambands sveitarfélaga á Austurlandi og alþm. í ágústmánuði s. l., en þar var samþykkt með samhljóða atkvæðum að hraða bæri ákvörðun um Austurlandsvirkjun og að í tengslum við hana yrði komið á orkufrekum iðnaði á Austurlandi. Þar með var af Austfirðinga hálfu mótuð mikilvæg afstaða sem segja má að sé stefna Austurlands í þessu mikilvæga máli.

Með þessari umræðu á Austurlandi hefur hins vegar fleira áunnist. Að tilhlutan sveitarstjórna Reyðarfjarðar og Eskifjarðar fór fram athugun á helstu kostum í orkufrekum iðnaði sem helst kæmu til greina á Austurlandi og féllu að orkuvinnslu Austurlandsvirkjunar. Verkfræðistofan Hönnun vann þetta verk og skilaði um það skýrslu í júnímánuði árið 1980. Áður hafði að tilhlutan stóriðjunefndar farið fram athugun á aðstæðum til stóriðju á Reyðarfirði og nú að síðustu, eins og tilgreint var af hæstv. iðnrh., hefur að tilhlutan iðnrn. farið fram athugun á aðstæðum við Reyðarfjörð og þeim stóriðjukostum sem þar koma helst til greina.

Nokkuð hefur verið um það rætt, að stóriðja við Reyðarfjörð mundi hugsanlega hafa í för með sér röskun byggðar á Austurlandi. Vitaskuld hefur slík framkvæmd áhrif á búsetu fólks á Austurlandi, og hugsanlega getur hún leitt til röskunar byggðar þar ef ekkert væri að gert. Þess vegna hafa Austfirðingar lagt á það áherslu, að jafnframt uppbyggingu á stóriðju við Reyðarfjörð verði gert skipulegt átak í alhliða atvinnuuppbyggingu á Austurlandi, og þá sérstaklega á jaðarbyggðum þar sem atvinnulífið stendur höllum fæti.

Undir þessum kringumstæðum hafa Austfirðingar lýst yfir að þeir væru tilbúnir að takast á hendur það stóra verkefni í byggða- og samfélagsmálum sem leiðir af uppbyggingu og rekstri stóriðju á Austurlandi. Þessi afstaða hlýtur að kveða niður allar úrtölur gegn stóriðju á Austurlandi að því er byggðamál snertir, ef menn á annað borð vilja leggja trúnað á mál heimamanna þar um og treysta sveitarfélögunum til að takast á við þau viðfangsefni sem því eru samfara, að fólki fjölgi nokkuð í grennd við þau verkefni sem bundin eru orku- og iðjuframkvæmdum á Austurlandi.

Það er kannske vert að skjóta því hér inn í, að báðir þm. Alþb. á Austurlandi voru á Vopnafjarðarfundinum og hvorugur þeirra greiddi atkvæði gegn málinu þar. (Gripið fram í.) Annar greiddi þó atkvæði, en hinn sat hjá, hvort sem hann hefur þá gert það í óleyfi, það var fylgst mjög náið með því. (**StJ:** Höfðu þeir atkvæðisrétt á fundinum?) A. m. k. annar þeirra tók sér þann rétt, hvort sem hann hafði hann eða ekki.

Mér hefur fundist ástæða til að draga fram í dagsljósið og ræða nokkuð þá þætti þessara mála sem snúa sérstaklega að fólkinu á Austurlandi og sveitarfélögunum þar. Svo sem fram hefur komið hjá frsm. fyrir frv. okkar sjálfstæðismanna um nýjar virkjanir, hv. þm. Þorvaldi Garðari Kristjánssyni, verður Austurlandsvirkjun stærsta virkjun sem byggð hefur verið hér á landi, nálega jafnstór og virkjanir í Soginu og við Búrfell samanlagt. Ákvörðun um slíka framkvæmd markar því tímamót og það á marga vegu. Hér væri grundvöllur lagður að mestri orkuöflun sem um getur með einni virkjunarframkvæmd hér á landi. Hér verður um stærri atvinnuuppbyggingu að ræða en fengist hefur með einni virkjun fram til þessa, og hér verður um stærsta átak að ræða í stórfelldri byggðauppbyggingu sem um getur í dreifbýli á Íslandi.

Þegar að öllu þessu er gáð verður enn ljósara hve þýðingarmikil sú samstaða er sem náðst hefur heima fyrir varðandi þau stóru mál sem hér eru á ferðinni.

Engan þarf að undra þótt nokkurs kapps gæti meðal manna þegar jafnmikilvægar og stórar ákvarðanir eru á næsta leiti eins og bygging þeirra orkuvera sem frv. um ný orkuver kveður á um. Sú mikilvæga staðreynd liggur hins vegar fyrir, að virkjun í Fljótsdal þarf í engu að hindra né tefja framkvæmdir við önnur orkuver. Mönnum verður að vera það ljóst, að markaður fyrir orkuna leggur grundvöll að þeirri virkjun og að sá markaður er ekki fyrir hendi nema til komi stór áform um að byggja upp iðnað, bæði smáan og stóran, sem greitt getur fyrir orkuna það verð sem rekstur hennar grundvallast síðan á. Þeir, sem berjast fyrir virkjun í Fljótsdal, þurfa ekki að metast á við þá sem sérstakan áhuga hafa á virkjun í Blöndu eða virkjunum á Suðurlandi. Þessar staðreyndir er ákaflega mikilvægt að menn skilji, m. a. vegna þeirrar brýnu þarfar sem þessi stóru mál hafa fyrir sem allra víðtækasta samstöðu eigi þau að komast til framkvæmda. Það er þannig mikið sannnefni að kalla virkjun Jökulsár í Fljótsdal Austurlandsvirkjun, þar sem þá orku, sem fæst við virkjun hennar, verður fyrst og fremst að hagnýta á Austurlandi, bæði til stóriðju og til almennra nota, þótt samfara notkun orkunnar á Austurlandi sé þeim ákaflega mikilvægu öryggissjónarmiðum að fullu sinnt sem felast í samtengingu orkuvera landið um kring og samkeyrslu þeirra inn á landskerfið, eftir því sem við á og þörf krefur hverju sinni.

M. a. af þessari ástæðu er það styrkleiki, en ekki veikleiki, að í frv. okkar sjálfstæðismanna um ný orkuver eru framkvæmdir ekki tímasettar né þeim stillt upp í tiltekinni framkvæmdaröð, heldur þvert á móti lögð á það rík áhersla, að nauðsynlegar forsendur til lokaákvörðunartöku fáist sem fyrst svo að hinar einstöku virkjanir tefjist ekki af þeim sökum. Það er af þessu nauðsynlega starfi sem upphaf framkvæmda við virkjanirnar hverja og eina kann að ráðast, en ekki röðun né tímasetningu í löggjöf.

Þegar sérstaklega er litið til Austurlandsvirkjunar í þessum efnum eru fordæmi fyrir hendi sem unnt er að hafa til hliðsjónar. Þegar virkjað var við Búrfell var virkjun að fullu hönnuð og framkvæmdir boðnar út áður en gengið var frá samningum um álverið í Straumsvík. Verði nú unnið jafnrösklega og með sama hætti og þá var gert er hægt að hefjast þegar í stað handa um fyrsta þátt virkjunarframkvæmda á Austurlandi, þ. e. hönnun virkjunarinnar og útboð, jafnframt því sem áhersla er lögð á að finna og meta þann stóriðjukost sem tryggt getur með orkukaupum rekstur orkuversins, miðað við hagkvæmt orkuverð til almennra nota.

Herra forseti. Ég lýk nú senn máli mínu. Hér hef ég einkum rætt þá þætti þessara mála er tengdastir eru Austurlandi, enda hefur frsm., hv. þm. Þorvaldur Garðar Kristjánsson, skýrt efni frv. í ítarlegu máli. Ég tek að lokum undir lokaorð hans og undirstrika þau alveg sérstaklega, að um stór og mikilvæg mál, sem valda munu aldahvörfum í orku- og iðjumálum hér á landi, verður og á að nást sem allra víðtækust samstaða hér á Alþingi. Það er grundvöllur þess að til velfarnaðar leiði fyrir íslenska þjóð.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Það fer ekki á milli mála, að nú hafa menn endanlega komist að þeirri niðurstöðu, og þá ekki hvað síst á Austurlandi ef marka skal orð þeirra þm. Austurl. sem hér hafa talað nú síðast, þeirra hv. þm. Egils Jónssonar og hæstv. viðskrh. Tómasar Árnasonar, að það sé kominn tími til þess að Íslendingar fari bara að lifa á rafmagni. Og kveður þá við annan tón en hjá bóndanum af Jökuldalnum, sem ályktaði sem svo 1924 í haustréttum að kannske væri nú ekki allt að marka sem heyrst hefði um rafmagnið á Seyðisfirði, kannske væri þetta rafmagn bara mest í rassinum á þeim, eins og lagt var í munn Bjarti í Sumarhúsum, en annar nafntogaður bóndi af Jökuldal sagði í raun og veru.

Ég hefði gjarnan viljað að umræðurnar um þetta frv. þeirra sjálfstæðismanna hefðu getað haldið áfram óslitið strax á eftir framsöguræðu hv. þm. Þorv. Garðars Kristjánssonar, áður en hinn snjalli ómur af stóriðjuboðskapnum hætti að endurkastast á milli fjallanna hérna við Faxaflóann, á meðan mönnum var enn í fersku minni yfirlýsing hans m. a. um það, hvílíkan stórgróða og blómlega hag Íslendingar hefðu haft af álverinu í Straumsvík og járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga. Svo skyldi halda áfram sem stefna hefði áður verið mörkuð í sambandi við þessi tvö stóriðjuver, útlend stóriðjuver.

Ég óska þess nú af hv. þm. Þorv. Garðari Kristjánssyni — og yrði fyrir vonbrigðum ef hann synjaði mér um þá bæn mína eins og hann hefur reynst mér greiðasamur í þingmannsstarfi sínu — að hann tíundaði fyrir okkur gróðann af járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga. Árið 1980 var hreint tap samkvæmt opinberum skýrslum á rekstri þeirrar verksmiðju 800 millj. gkr. Áætlað tap á þessu ári, án þess að menn reiknuðu með nokkurri raforkuskömmtun, var 2.7 milljarðar gkr. Þá þegar lá það á borðinu, þegar Elkem Spigerverket — ekki stjórn járnblendiverksmiðjunnar — tók ákvörðun sína í nóv. um að loka öðrum málmblendiofninum uppi á Grundartanga vegna söluerfiðleika, vegna þess hvað verð var lágt og illa gekk að selja framleiðsluna, — þá þegar lá fyrir að það mundi borga sig — áður en til kom nokkur raforkuskömmtun — að loka verksmiðjunni algjörlega, senda starfsmönnum heim launin sín, og hefði mátt hækka launagreiðslur við verksmiðjuna um 50% og samt hefði það borgað sig að hafa verksmiðjuna lokaða og senda launin heim. Þá hefðum við haft raforkuna ókeypis eftir.

Nú fór aftur á móti svo, eftir að stjórnarfundur járnblendiverksmiðjunnar hafði verið haldinn úti í Osló í desemberbyrjun, fjórum dögum eftir að Elkem Spigerverket hafði ákveðið að loka þessum ofni, að ákveðið var að hætta um sinn málmblendiframleiðslu uppi á Grundartanga og selja Íslendingum orkuna sem járnblendiverksmiðjan keypti af þeim. Og nú bið ég menn að reikna hið hagsæla dæmi fyrir Íslendinga í sambandi við rekstur járnblendiverksmiðjunnar.

Járnblendiverksmiðjan kaupir raforkuna á 4 nýaura eða 4 gkr. kwst. Svo selur hún Íslendingum þessa orku til baka núna á þessum mánuðum fyrir 35 nýaura eða 35 gkr. Við seljum járnblendiverksmiðjunni orkuna á 4 gkr., svo kaupum við orkuna til baka nú af verksmiðjunni á 35 gkr. Og til hvers? Til þess að selja ÍSAL þessa sömu orku. Og á hvað haldið þið? Á 3.6 aura eða 3.60 gkr.

Ég er ekki steinhissa á því, þótt hv. þm. Egill Jónsson lýsi yfir því hér í deild, að Austfirðingar séu reiðubúnir að standa fjárhagslegan straum af uppbyggingu og rekstri stóriðju á Austurlandi, — sennilega er þá reiknað með því að fara að þyngja útsvarið á Alla ríka, — stóriðju

til þess að renna nýjum stoðum undir atvinnu á Íslandi, til þess að veita fleira fólki atvinnutækifæri. Veit hv. þm. Egill Jónsson hvað hvert atvinnutækifæri kostar í járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga ef reiknaður er með sá hluti Búrfellsvirkjunar sem til þess þarf, ef úrfelli skyldi gera á Íslandi á ný til að sjá þessari verksmiðju fyrir fullri orku? Hvað giskar hv. þm. á að hvert atvinnutækifæri kosti þar, kapítalið til þess að standa undir vinnu eins manns? Það er að vísu ekki nema rétt röskur milljarður gkr. Getur hv. þm. látið sér til hugar koma hvort ekki væri e. t. v. hægt að undirbyggja atvinnutækifærið fyrir fleiri menn með öðrum hætti en stóriðju fyrir heilan milljarð gkr. — og þá með þeim hætti, að við eigum kannske von í annars konar arði af þeirri starfsemi heldur en þeim sem okkur hefur verið búinn af Grundartangaverksmiðjunni og okkur hefur verið búinn af ÍSAL?

Ekki er mér kunnugt um það, hvar hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson, Egill Jónsson og hæstv. viðskrh. Tómas Árnason hafa frétt af þess háttar framleiðslufyrirtækjum í hinum vestræna eða austræna heimi sem reiðubúin séu til þess að kaupa raforku á Íslandi til orkufreks iðnaðar á þrefalt hærra verði en járnblendiverksmiðjan borgar nú fyrir orkuna til Grundartanga og hér um bil fjórfalt hærra verði en álverksmiðjan kaupir af okkur orkuna hérna til notkunar í Straumsvík. Þau fyrirtæki mætti þá reka býsna vel, ef þau ættu að skila arði umfram það sem járnblendiverksmiðjan á Grundartanga gerir, og vænti ég að hæstv. ráðh. Tómas Árnason hafi þegar á prjónunum einhverja till. til þess að bera fram innan ríkisstj. eða hér á Alþingi um bætta stjórnun þeirrar verksmiðju sem þar er rekin, fyrst hann leggur nú til að hún verði stækkuð.

Ég vil minna á það, að þegar samþykkt var 1979 að bæta við öðrum ofni járnblendiverksmiðjunnar uppi á Grundartanga, þá var það samkv. beiðni frá stjórn Landsvirkjunar, samkv. yfirlýsingum stjórnarformanns Landsvirkjunar, Jóhannesar Nordals, um að okkur mundi vanta markað fyrir orku frá Landsvirkjun veturinn 1981, — það yrði að taka annan bráðsluofninn í gang hið allra fyrsta til þess að taka við raforku frá Landsvirkjun á þeim vetri. Nei, ég undrast það í raun og veru með hvaða hætti er hægt, að fenginni þeirri reynslu sem við höfum af samskiptum við erlenda stóriðjuaðila, að fá fólk til þess að taka þátt í þessum stóriðjukór.

Ekki er mér kunnugt um að atvinnuleysi hafi sérstaklega riðið húsum á Austurlandi. Ég þykist hafa orðið þess var, að meðal stóriðjuþjóða Vestur-Evrópu hafi atvinnuleysið vaxið hraðfara síðustu 10 árin, samtímis því sem við hér uppi á Íslandi höfum getað hagað svo málum með skynsamlegum rekstri okkar þjóðlegu bjargræðisvega að hér hefur ekki orðið atvinnuleysi. Ég þykist aftur á móti sjá fram á það, að ef hægt er að trylla svo fólkið okkar að það heimti yfir sig, kalli yfir sig stóriðju af því tagi sem við höfum kynnst fram að þessu, svo að við tökum Grundartangaverksmiðjuna sem dæmi, þar sem hvert atvinnutækifæri kostar yfir milljarð gkr., þá geti blasað við okkur atvinnuleysi.

Mér kom það ekki gersamlega á óvart að heyra hæstv. viðskrh. í ræðu sinni áðan taka undir háskólasönginn um það, að nú sé það borin von að íslenskur sjávarútvegur, íslensk fiskvinnsla geti tekið við fleira fólki svo að nokkru nemi í atvinnu á komandi árum. Mér kom það ekki á óvart vegna þess að ég hafði lesið samsvarandi eða líkar yfirlýsingar frá hendi hæstv. ráðh. nýverið í blöðum. En þá þótti mér nú Hánefsstaðamanninum brugðið, því að sennilega situr enginn maður á Alþingi sem fyrr lærði það og tók þátt í því hörðum höndum að sýna fram á að lengi er hægt að taka verðmæti til viðbótar úr sjónum. Við heyrðum þennan söng í kringum 1965—1966, að nú væri svo komið að lífríki sjávar væri uppurið af vinnanlegum gæðum, nú gæti íslenskur sjávarútvegur ekki bætt við sig fleiri vinnufúsum höndum eða íslenskur fiskiðnaður. Haldið þið að ekki hafi fjölgað vinnandi höndum í íslenskum fiskiðnaði síðan þá? Það eru enn ekki þrotin gæði á fiskimiðum hérna, þó að við þurfum um sinn að halda að okkur hendi með veiðar á þorski og ýsu.

Ég vil svo aðeins í lokin ítreka beiðni mína til hv. þm. Þorv. Garðars Kristjánssonar um að sundurliða fyrir mig þann hag, þann ágóða sem við höfum haft af rekstri Grundartangaverksmiðjunnar. Og takist mér nú að eggja hann hingað upp í ræðustólinn í þessu skyni, þá vildi ég gjarnan að hann léti fljóta með álit sitt á því, hvort líklegt sé að ÍSAL — eða annað fyrirtæki á vegum Alusuisse — yrði fáanlegt til þess að borga okkur hér um bil fjórfalt hærra verð fyrir orkuna en ÍSAL borgar núna, með sérstöku tilliti til þess, að svo virðist sem þetta fyrirtæki komist ekki af efnahagslega án þess að svíkja af okkur stórfé. Ætla skulum við, hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson, að jafngöfugt fyrirtæki geri ekki slíkt nema í algerri fjárhagsneyð.

Ég hirði ekki við umr. um það frv., sem hér er á dagskrá, að taka þátt í bollaleggingum um röðun virkjana. En ég vil ekki láta dragast úr hömlu að lýsa yfir þeirri eindregnu afstöðu minni, að ég mun greiða atkv. gegn framkvæmdum í virkjunarmálum sem kalla yfir okkur aðra nýja örvitasamninga um erlenda stóriðju á Íslandi sem okkur yrði ekki nema tjón af búið.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð sem innlegg í þessa umr. um frv. til l. um ný orkuver sem hér er á dagskrá. Orkumálin hafa reyndar verið mikið til umr. að undanförnu hér á hv. Alþingi sem utan þess og er það að vonum. Orkumálin eru sá málaflokkur sem getur skipt sköpum um framtíð byggðar og atvinnuuppbyggingar í landinu. En í framsögu með frv. flutti hv. 4. þm. Vestf. fróðlega ræðu um þróun orkumála í þá nærri átta áratugi sem liðnir eru frá því að fyrsta rafmagnsveitan var stofnsett á landinu árið 1904.

Þetta frv. felur í sér heildaráætlun um tiltekin verkefni næstu 10 árin. Hér er því um að ræða stærsta átakið sem enn hefur verið gert til að nýta orkulindir landsins.

Á sama tíma og orkulindir í heiminum hafa farið þverrandi og orkuverð hækkar stöðugt á innfluttri orku stöndum við frammi fyrir því að eiga möguleika á að hagnýta eigin orku í fallvötnum landsins og iðrum jarðar þar sem heitavatnsorkan býr. Við eigum okkar gullnámur, Íslendingar, sem hafa það fram yfir aðrar, að þær eru óþrjótandi. Það er aðeins spurningin um það, hvernig við hagnýtum okkur þessa fjársjóði í framtíðinni til að fullnægja þörfinni, ekki aðeins hvað varðar orkuþörf heimilanna, heldur einnig til atvinnuuppbyggingar í landinu. Markmiðið er að efla hagsæld og velferð þjóðarinnar og bæta lífskjörin, en til þess þarf að auka þjóðarframleiðsluna. Í orkulindum landsins höfum við möguleika á aukinni verðmætasköpun. 1. flm. frv., hv. 4. þm. Vestf., gerði ítarlega grein fyrir þessum þætti í fram-

söguræðu sinni, þ. e. um orkufrekan iðnað samhliða byggingu orkuvera, og ég sé því ekki ástæðu til að fara að endurtaka það sem hann sagði, en vil taka undir orð hans í þeim efnum.

Þetta frv. til laga um ný orkuver er stórmál, enda kom það greinilega fram í ræðu hæstv. iðnrh. um frv., að hann tekur þetta frv. alvarlega, og reyndar bauð hann samstöðu í þessu máli, sem mér þótti hvað ánægjulegast að heyra, því að það hefur því miður ekki oft gerst hér á hv. Alþingi þegar stjórnarandstaðan flytur jafnvel góð mál að allra dómi. Ég vil því þakka hæstv. iðnrh. fyrir það fyrirheit sem hann gaf í ræðu sinni um frv., að við megum vænta góðrar samstöðu um meginstefnu þess.

Hér er svo stórt hagsmunamál að ræða fyrir okkur Íslendinga að líta verður á það með heildarhagsmuni í huga, en ekki að stofna til togstreitu milli einstakra byggðarlaga um hvað eigi að vera fyrst í röðinni varðandi orkuveitur, eins og því miður hefur borið á í umr. um þessi mál. Hæstv. viðskrh. hefur í ræðu sinni áðan gert grein fyrir stefnu sinni og Framsfl. í þessum málum, svo að ég get ekki betur séð en við sjálfstæðismenn, sem stöndum að þessu frv., megum vænta víðtæks stuðnings við þetta frv. okkar til laga um ný orkuver.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það er búið að segja oft í þessum umr. að þetta sé viðamikið frv. Það má vel vera að svo sé, en mér finnst þó í meginatriðum að þetta sé botnlaust frv., vegna þess að í því eða grg. þess eru á engan hátt veitt svör við því sem hlýtur þó að vera grundvallarspurning í allri þessari umr. um virkjunarhraða og virkjunarmagn. Það er spurningin um það, ef á að fara í þær virkjunarframkvæmdir allar sem hér er gerð till. um, hvernig á þá að nýta orkuna á hagkvæman hátt?

Það liggur við að í þessu frv. sé lögð til grundvallar sú forsenda, að það eitt að virkja sé af hinu góða, án þess að meta þá arðsemi sem fæst úr fjármagninu sem til virkjunarframkvæmdanna er varið. Það er nokkuð sérkennilegt, að sá þingflokkur, sem einna helst hefur hallast að hagkerfi arðseminnar og markaðsbúskaparins, skuli hér á Alþingi leggja fram frv. um orkuframkvæmdir án þess að nokkru leyti sé tekið tillit til þessa grundvallarþáttar. Við höfum hér ákveðnar áætlanir um það, hver orkuþörfin sé miðað við aukningu almennrar orkunotkunar í landinu fram til aldamóta. Ef farið er í allar þær virkjanir, sem hér er gerð till. um, þá blasir það við, að allveruleg orka verður afgangs, jafnvel 2000 gwst. eða meira en það, sem flm. þessa frv. — og reyndar ýmsir sem hafa talað á sama veg og t. d. hæstv. viðskrh. gerði hér áðan — þurfa að svara, og það er spurningin um það, hvernig þeir ætla að nýta þessa orku á hagkvæman hátt. Og þá er svarið allt í einu orðið voðalega einfalt, bara eitt orð: Stóriðja, stóriðja. — En við skulum líta til þeirra tveggja stóriðjufyrirtækja, sem hér eru í landinu, og skoða reynsluna af þeim.

Hv. þm. Stefán Jónsson hefur rakið það hér, að þrátt fyrir álit sérfræðinga, sem sett var fram fyrir nokkrum árum, þrátt fyrir það að forsvarsmenn Járnblendifélagsins hafi á hverju ári á undanförnum 3—4 árum lýst því yfir, að á næsta ári færi fyrirtækið að skila hagnaði, — þrátt fyrir það blasir sú staðreynd við, að það er stórkostlegt tap á járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga. Hún er í dag stórkostlegur baggi á orkubúskap landsmanna, eins og hér hefur verið rakið, slíkur baggi að það hefur orðið að taka úr sambandi meginofn verksmiðjunnar.

Þess vegna ber ég fram þá spurningu til þeirra, sem hér nefna orðið stóriðja sem lausnarorð, hvers konar verksmiðjur? Ef þessir hv. þm. vilja láta taka sig alvarlega, eins og þeirra hátíðlegu ræður benda til, verða þeir að svara því efnislega, hvers konar framleiðsla, hvers konar verksmiðjur? Er það járnblendi? Er það kísilmálmur? Eru það álverksmiðjur? Hvað eru þessir menn að tala um? Á það er ekki minnst einu orði. Á nýtingu orkunnar er ekki minnst einu orði né farið út í umr. um það, hvað sé hagkvæm nýting.

Þegar sú staðreynd blasir við, að Grundartangaverksmiðjan hefur verið stórfelldur baggi á íslenskum orkubúskap, og það blasir síðan við, að Íslenska álfélagið svokallaða — sem er gerviheiti fyrir Alusuisse — hefur, ef tekinn er rekstur s. l. 10 ára eða svo — ég fer að vísu með þetta eftir minni þannig að ég skal ganga úr skugga um það eftir öðrum leiðum — hefur skilað samtals sem niðurstöðu af rekstri s. l. 10 ára: er það gróði? Nei, það er ekki gróði. Það er tveggja milljarða tap, sem er niðurstaðan af 10 ára rekstri þess fyrirtækis. Ég spyr þá sem stundum tala frekar af óvirðingu um möguleika sjávarútvegsins á Íslandi: Þætti það góður rekstur í sjávarútvegi eða öðrum grundvallaratvinnuvegum landsmanna að þar hefðu fyrirtæki komið út með slíkan taprekstur sem Járnblendifélagið og hið svokallaða Íslenska álfélag hafa gert á undanförnum árum?

Við höfum reynslu af tveimur stóriðjufyrirtækjum hér í landinu, og sú reynsla sýnir ótvírætt að bæði fyrirtækin hafa verið stórfelld tapfyrirtæki. Ég skora á þá menn, sem hér eru að leggja til stórfelldari virkjanir til að framleiða afgangsorku til frekari erlendrar stóriðju, að nefna hér þær tegundir af verksmiðjum sem þeir telja arðbærar fyrir íslenskan þjóðarbúskap, sem réttlætanlegt sé út frá tekjumarkmiðum að verja til þeirri gífurlegu fjárfestingu sem hér er um að ræða. Meðan menn nefna það ekki er þetta botnlaus umr., gersamlega botnlaus umr. Mér finnst það vera megingallinn bæði á frv. og þeirri umr. sem hér fer fram. Að vísu er frv. orðað svo sérkennilega, að ekki skuli hefjast handa við Fljótsdalsvirkjun fyrr en samið hefur verið um stóriðju á Austurlandi.

Mér finnst sérkennilegt að hv. þm. Egill Jónsson og hv. þm. Sverrir Hermannsson skuli hafa látið plata sig svona stórkostlega, vegna þess að samkv. þessu frv. liggur ekkert fyrir um það, að virkjað verði á Austurlandi á næstu árum. Sjálfstfl. hefur lagt hér fram frv. þar sem það kemur skýrt fram, að engar ákvarðanir eru um það að virkja á Austurlandi — ekki nokkrar. Ákvörðun um virkjun á Austurlandi er eingöngu tengd því, að hægt sé að semja um erlenda stóriðju. En það er ekki nefnd ein einasta tegund slíkrar stóriðju: hvers konar framleiðsla, hvers konar fyrirtæki. Það er allt saman botnlaust. Ég er alveg viss um það, að þessir herramenn hafa ekki hugmynd um hvers konar framleiðsla er líklegust til þess að geta skilað arði. Þess vegna finnst mér það stórmerkilegur pólitískur atburður, að hv. þm. Þorv. Garðari Kristjánssyni — sýnir mikla pólitíska snilli hans — skuli hafa tekist að fá Egil Jónsson og Sverri Hermannsson til þess að standa að frv. sem felur í sér að það er skilað auðu um virkjun í Fljótsdal. Það er bara ákvörðun sem vísar inn í blámóðu framtíðarinnar og á alls ekki að vera á dagskrá fyrr en búið er að semja um stóriðju þessa lands-

hluta. Þess vegna var sú ræða, sem Egill Jónsson flutti hér áðan, gersamlega út í hött. Hún var ekkert um þetta frv. Hún var um eitthvað allt annað frv., sem er greinilega bara til í hans eigin kolli, en hefur ekki verið lagt hér fram í hv. deild.

Ég vil þess vegna gera það alveg skýrt, að í þessu frv. er í raun og veru verið að leggja bara til tvennt. Það er verið að leggja til áframhaldandi virkjanir á Þjórsársvæðinu og virkjun Blöndu, svo framarlega sem samningar nást við bændur. Og síðan, einhvern tíma í framtíðinni, ef það kann að finnast hagkvæm stóriðja á Austurlandi, þá á í framtíðinni að virkja á Austurlandi. En það er engin trygging fyrir því í þessu frv., að það finnist slíkur hagkvæmur stóriðjukostur fyrir Austurland — ekki nokkur slík trygging. Reyndar hefur enginn aðili innlendur mér vitanlega, sérfræðingur né annar, lagt fram neina sannfærandi greinargerð um það, hvers konar stóriðja á Austurlandi væri arðbær. Það liggur ekkert fyrir um það enn. Þess vegna skulum við hafa það alveg á hreinu, um hvað þetta frv. er þegar það er í raunveruleikanum skoðað, og það verður örugglega í minnum haft á Austurlandi í langan tíma þegar þeir voru plataðir svo gersamlega, Egill Jónsson og Sverrir Hermannsson, af öðrum þm. í þingflokki Sjálfstfl. Ég skal ekki segja hvort mönnum þyki það tíðindi á Austurlandi, að hv. þm. Egill Jónsson hafi látið plata sig, en ég er alveg viss um að þeim mönnum, sem hafa heyrt Sverri Hermannsson í gegnum árin hafa hátt um Fljótsdalsvirkjun, þykja það mikil tíðindi að hann skuli hafa látið plata sig til að standa að frv. af þessu tagi, þar sem ákvörðun um virkjun á Austurlandi er tengd algerlega og alfarið samningum um stóriðju, þótt ekkert liggi fyrir um það, hvers konar verksmiðjurekstur, hvaða framleiðslugrein eða hvaða rekstrarform sé arðbært í þessum landshluta.

Væntanlega er Sjálfstfl. ekki að leggja það til hér eða hæstv. viðskrh., að það verði bara stóriðja á Austurlandi hvort sem hún verður arðbær eða ekki. Stefna Framsfl. hefur þá tekið miklum stakkaskiptum ef svo er, enda skildi ég viðskrh. ekki þannig. Hann hefur hins vegar sjálfsagt einhverja trú á því, að það finnist einhver stóriðja á Austurlandi sem sé arðbær, en hún hefur ekki fundist enn mér vitanlega. (**Viðskrh.:** Iðnrh. er að leita.) Já, það eru sjálfsagt margir að leita. En staðreyndin er bara sú, að hún hefur ekki fundist enn, m. a. vegna þess, hæstv. viðskrh., að þau tvö stórfyrirtæki, sem hæstv. ráðh. vill láta stækka hér í landinu, álverksmiðjan og járnblendiverksmiðjan, eru með stærstu tapfyrirtækjum sem hafa verið rekin hér í landinu á undanförnum árum. Þeir hv. herramenn, sem vilja leggja til að farið verði út á þessa braut enn frekar, verða að svara hér spurningum um það í fyrsta lagi, hvers vegna járnblendiverksmiðjan hefur skilað svona miklu tapi, hvers vegna álverksmiðjan hefur skilað svona miklu tapi og hvaða horfur eru á því, að önnur stóriðjufyrirtæki muni reynast arðbærari. Hvaða fyrirtæki eru þessir herramenn þá að tala um? Eru þeir að tala um vinnslu á kísiljárni? Eru þeir að tala um vinnslu á kísilmálmi? Eru þeir að tala um frekari álvinnslu? Eru þeir að tala um eldsneytisframleiðslu? Hvað eru þeir að tala um? Það hefur ekki komið fram í þessum umr., það er skilað auðu hvað það snertir. En samt sem áður tala menn hátíðlega um það, að hér séu á ferðinni einhverjar best undirbúnu og ítarlegustu áætlanir um nýsköpun í íslensku atvinnulífi, en um sjálfa framleiðslustarfsemina er ekkert sagt, ekki eitt einasta orð.

Ég segi þetta ekki vegna þess að ég sé í sjálfu sér að leggjast gegn því hér, að einhverjir slíkir möguleikar séu skoðaðir. Það er ég ekki að gera. Ég er bara einfaldlega að vekja athygli á því, að hv. stjórnarandstaða hér á Alþingi eða aðrir þeir, sem um þessi mál tala, hafa ekki enn þá mér vitanlega lagt á borðið greinargerð fyrir neinu stóriðjufyrirtæki sem er arðbært. Ég skora á þá talsmenn Sjálfstfl. og Alþfl., sem hafa talað í þessum umr. og hafa talað hér á Alþingi fyrir slíkum fyrirtækjum, að nefna tegund framleiðslu, stærð fyrirtækis og annað það sem þarf til að menn geti áttað sig á stærð rekstrareininga, svo að við hinir getum þá skoðað það, hvort hér er á ferðinni till. um arðbært fyrirtæki eða ekki, því að varla vænti ég þess, að þessir herramenn séu að leggja til áframhaldandi göngu á þeirri tapbraut sem járnblendiverksmiðjan og álverið hafa verið. Hef ég þó ekki nefnt þær miklu uppgötvanir sem hér hafa komið fram á nokkrum mánuðum undanfarið um það svindl sem ÍSAL hefur stundað og Alussuisse gagnvart Íslendingum og á eftir að koma enn frekar til umr. hér síðar á þessu ári þegar öll gögn liggja fyrir í þessu máli.

Þá vil ég spyrja hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson og þm. Sjálfstfl. aðra, sem hafa talað í þessum umr.: Ef það kemur á daginn eftir gagngera skoðun á gögnum frá Alusuisse og öðrum þeim sem um þessi mál hafa fjallað, að Swiss Aluminium hefur framið svik gagnvart Íslendingum, þau svik sem talað hefur verið um að allar líkur bendi til, hver verða þá þeirra viðbrögð? Vilja þeir áframhaldandi samninga við þetta sama fyrirtæki? Vilja þeir áframhaldandi sölu til þeirra á því raforkuverði, sem hér hefur verið, eða ekki? Eða eru þeir reiðubúnir til þess að ganga inn á sömu braut sem mér fannst hæstv. viðskrh. vera að fikra sig inn á áðan og var eitt af því jákvæða í hans ræðu, lá við að ég segði: Það eina, en ég ætla ekki að gera það vegna þess að kynni að skemma fyrir andanum í stjórnarsamstarfinu. En eitt af því jákvæða, sem hann sagði í sinni ræðu, var að Íslendingar skoðuðu það þá að yfirtaka þetta fyrirtæki sjálfir. Við stöndum frammi fyrir því verkefni, alþm. Íslendinga, sem höfum verið kjörnir til þess af þjóðinni að gæta hagsmuna hennar, að taka ákvörðun um það síðar á þessu ári, þegar fyrir liggur ítarleg skoðun á svindlmáli Alusuisse, að taka afstöðu til þess, hvað við viljum þá gera. Ef öll gögn þess máls benda í lokaniðurstöðu til þess sem í upphafi virtist, þá er augljóst að við stöndum frammi fyrir einhverju stærsta svindlmáli í íslenskri fjármála- og athafnasögu. (**ÞK:** Er búið að rannsaka þetta?) Nei, ég sagði, ef lokaniðurstaðan verður til þess að sýna fram á það sem í upphafi virtist koma fram. Það er ósköp eðlilegt að hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson vilji vona í lengstu lög að svo verði ekki. (**ÞK:** Vill ekki hv. þm. það líka? Eða vonar hann að hér sé —) Mín von er bundin við það, að þetta mál leiði í ljós fyrir hv. þm. og aðra hvers eðlis erlend auðfyrirtæki eru í viðskiptum við Íslendinga. Við skulum ekki deila um það, hver niðurstaðan kunni að verða. Við skulum hins vegar vona — komi það í ljós að fyrirtækið hafi stundað hér stórkostlegt fals á gögnum um sölu hráefnis, fals sem m. a. hefur leitt til miklu minni greiðslna til Íslendinga en samningurinn gerir ráð fyrir — að þá hafi stjórnarandstaðan á Alþingi sem og við í stjórnarliðinu manndóm til þess að segja við þetta fyrirtæki: Hingað og ekki lengra. — Þá standa Íslendingar frammi fyrir því, hvað viljum við gera nú? Viljum við setja fram kröfur um að yfirtaka þetta fyrirtæki? Viljum

við setja fram kröfur um að fá raunhæft verð fyrir rafmagnið? Eða ætla þeir, sem stóðu að álsamningnum á sínum tíma, Geirsarmurinn í Sjálfstfl., aðrir þm. Sjálfstfl. og Alþfl., að lyppast niður og segja bara við Swiss Aluminium: Yðar syndir eru fyrirgefnar.

Við skulum þess vegna átta okkur á því, að þessi stóriðjuumræða er miklu flóknari en komið hefur fram í þessari umræðu fram til þessa. Það að nefna bara eitt orð sem lausn á orkunýtingarvandamálunum er botnlaus *málflutningur*. Við *getum rætt* arðsemi hinna ýmsu virkjana sem hér hafa verið nefndar, Fljótsdalsvirkjunar, Blönduvirkjunar, Þjórsársvæðisins. Og það er sjálfsagt að gera það. En þegar menn í tillöguflutningi sínum, eins og bæði málflytjendur Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu og Alþfl. hafa gert hér, leggja til stórkostlegar umfram virkjanir, þá er ekki nema tvennt til gagnvart þessu frv. Annað er það, sem ég nefndi áðan, að tillagan um Fljótsdalsvirkjun er gervitillaga. Hún er bundin því skilyrði, að samið verði um stóriðjunýtingu á orkunni og þangað til búið er að semja um það verði ekki byrjað á þeirri virkjun. Þess vegna er það alveg ljóst, að samkv. þessu frv. verður Fljótsdalsvirkjun langsíðasta virkjunarframkvæmdin í þessari röð, og mjög merkilegt að Egill Jónsson og Sverrir Hermannsson skuli standa að þeirri tillögu.

Annaðhvort er niðurstaðan að af klókindum hafi flm. haft Fljótsdalsvirkjun með, en geri sér grein fyrir því, að þeir skilyrði hana á þann hátt, að hún er ekki raunhæfur möguleiki. Hinn möguleikinn er sá, að þessir herramenn viti af einhverri stóriðjuframleiðslu — hvort sem það er járnblendi, ál eða eitthvað annað — sem sé arðbær fyrir Íslendinga, arðbærari en reksturinn af álverinu og járnblendiverksmiðjunni til þessa. En þeir möguleikar hafa ekki enn verið nefndir í þessari umr. Þess vegna skora ég í fullri alvöru á þessa ágætu þm. — vegna þess að ég vil gjarnan að fram fari raunhæf umr. um þessi mál — að þeir nefni slíka kosti, sýni okkur gögnin sem ákvörðun þeirra er byggð á, en séu ekki að leggja fram tillögur um stórkostlegar virkjanir og afgangsorku og hafi svo sjálfir ekki hugmynd um hvernig eigi að nýta hana. (**ÞK:** En hvað er iðnrh. með? Veit ekki hv. þm. það?) Iðnrh. er alveg fullfær um að svara fyrir sig, og við í Alþb. höfum haft forustu um vönduð vinnubrögð í þessum efnum.

Það væri betur að þeir menn, sem stóðu að Búrfellsvirkjun á sínum tíma og að samningnum við Swiss Aluminium, hefðu haft meiri forsjá en kapp þegar þeir samningar voru gerðir. Þá stæðu Íslendingar ekki frammi fyrir þeim stóra vanda sem þingheimur allur mun standa frammi fyrir síðar á þessu ári. Þess vegna höfum við unnið að þessum málum á þann hátt, að þær ákvarðanir, sem væru teknar, væru skynsamlegar ákvarðanir sem mundu leiða til farsældar fyrir íslensku þjóðina, en ekki binda henni slíka bagga sem þær ákvarðanir leiddu til sem hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson hefur áður staðið að og hann leggur nú til að verði haldið áfram að binda þjóðinni.

Umr. frestað.

Varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum, frv. (þskj. 555). — 1. umr.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Í landi okkar eigum við því láni að fagna að vera lausir við ýmsa sjúkdóma sem hrjá gróður og dýralíf í nálægum löndum. Hér veldur vafalaust mestu um lega landsins, sem er nokkuð einangrað og fjarri öðrum löndum. Það er mikil nauðsyn á aðgerðum og eftirliti til þess að forðast það, að þessir sjúkdómar geti borist hingað og valdið auknu tjóni, bæði í dýraríkinu og eins í jurtaríkinu.

Lög, sem gilda um varnir gegn sjúkdómum í plöntum og öðrum gróðri, eru frá 31. maí 1927 og heita lög um varnir gegn sýkingu nytjajurta. Lög þessi eru nú talin verulega úrelt orðin. Reglugerð, sem byggð er á þessum lögum, er einnig gömul eða frá 19. ágúst 1948, og því einnig úrelt og ekki hægt að byggja á henni eðlilegt eftirlit með innflutningi á plöntum og sjúkdómavarnir því samfara.

Það frv., sem hér er á dagskrá, um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum, er flutt til að ráða bót á *þessu ástandi og gera mögulegt* að koma við betra eftirliti með innflutningi á plöntum. Ég tel mjög nauðsynlegt að við höldum vöku okkar á þessu sviði og beitum því aðhaldi og eftirliti, sem nauðsynlegt er talið að ráði færustu manna, til þess að forðast að inn í landið berist nýir sjúkdómar í sambandi við plöntur og gróðurríki landsins. Frv. er flutt til að fullnægja þessu sjónarmiði.

Ég sé, herra forseti, ekki ástæðu til þess að hafa langa framsögu um þetta mál. Mér sýnist eðlilegt að reynt verði að ljúka afgreiðslu þessa frv. á yfirstandandi Alþingi. Ekki er vitað að ágreiningur sé um efni þess og frv. fylgir ekki aukinn kostnaður. Þess vegna vil ég mælast til þess við hv. deild, að reynt verði að haga afgreiðslu frv. þannig að það takist að ljúka afgreiðslu þess á yfirstandandi Alþingi.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 13 shlj. atkv.

Neðri deild, 67. fundur.

Mánudaginn 30. mars, kl. 2 miðdegis.

Viðnám gegn verðbólgu, frv. (þskj. 384, n. 497, 509 og 526, 498, 528). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Brtt. 498,1 felld með 19:12 atkv.
1. gr. samþ. með 19:2 atkv.
Brtt. 528,1 felld með 19:5 atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 528,2 felld með 20:6 atkv.
3. gr. samþ. með 20:1 atkv.

4. gr. samþ. með 20:1 atkv.
Brtt. 528,3 felld með 20:5 atkv.
Brtt. 528,4 felld með 20:8 atkv.
Brtt. 498,2 felld með 20:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SteinG, VG, AG, ÁG, JBH, BÍG, FrS, GeirH, HBI, JS, JÞ, MHM, MB, MÁM, ÓE, PS, SvH.

nei: RA, SkA, SV, StH, SvG, ÞS, AS, EH, FÞ, GS, GJG, GGÞ, GHelg, HÁ, HG, IGuðn, IGísl, ÓÞÞ, PP, PJ.

3 þm. (SighB, JE, KP) fjarstaddir.

5. gr. samþ. með 20:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GGÞ, GHelg, HÁ, HG, IGuðn, IGísl, ÓÞÞ, PP, GJG PP, PJ, RA, SkA, SV, StH, SvG, ÞS, AS, EH, FÞ, GS.

nei: GeirH, HBl, JS, JÞ, MHM, MB, MÁM, ÓE, PS, SteinG, Vg, ÁG, JBH, BÍG, FrS, SvH.

AG greiddi ekki atkv.
3 þm. (JE, KP, SighB) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Halldór Blöndal: Herra forseti. Gagnstætt formanni Verkamannasambands Íslands, hv. 7. þm. Reykv., Guðmundi J. Guðmundssyni, og hv. 8. landsk. þm., Guðrúnu Helgadóttur, segi ég nei.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Hér er um að ræða lagagrein sem felur það í sér að laun verða skert um 7%. Ítrekað hefur verið kallað eftir því héðan úr ræðustól, að meðal annarra hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson gerði grein fyrir atkvæði sínu, hvernig það hefur fallið og hvers vegna, í og með vegna ummæla sem áður höfðu fallið. Ég vil vekja athygli á því, að því hefur verið svarað með þögninni einni. Ég segi nei.

6. gr. samþ. með 20:1 atkv.
Brtt. 528,5 felld með 20:5 atkv.
Brtt. 498,3 felld með 20:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PS, SteinG, VG, AG, ÁG, JBH, BÍG, FrS, GeirH, HBI, JS, JÞ, MHM, MB, MÁM, OE, SvH.

nei: PP, PJ, RA, SkA, SV, StH, SvG, ÞS, AS, EH, FÞ, GS, GJG, GGÞ, GHelg, HÁ, HG, IGuðn, IGísl, ÓÞÞ.

3 þm. (SighB, JE, KP) fjarstaddir.

7.gr. samþ. með 20:1 atkv.
Brtt. 528,6 felld með 20:5 atkv.
Brtt. 498,4 felld með 20:5 atkv.
Brtt. 498,4 felld með 20:16 atkv.

8. gr. samþ. með 20:1 atkv.
Brtt. 498,5 felld með 20:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MB, MÁM, ÓE, PS, SteinG, VG, AG, ÁG, JBH, BÍG, FrS, GeirH, HBI, JS, JÞ, MHM, SvH.

nei: ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, SV, StH, SvG, ÞS, AS, EH, FÞ, GS, GGJ, GGÞ, GHelg, HÁ, HG, IGuðn, IGísl.

3 þm. (SighB, JE, KP) fjarstaddir.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21:1 atkv.

Neðri deild, 68. fundur.

Mánudaginn 30. mars, að loknum 67. fundi.

Viðnám gegn verðbólgu, frv. (þskj. 384.) — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. 1. minni hl. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þegar þessi brbl. voru gefin út á gamlársdag örlaði hvergi á öðru en því, að skerða ætti bætur almannatrygginga jafnt sem laun annarra launþega. Það er ekki fyrr en framvísað er á fundi fjh.- og viðskn. Ed. till. frá okkur sjálfstæðismönnum og jafnframt tilkynningu frá fulltrúum Alþfl. um að stjórnarandstöðuflokkarnir mundu flytja brtt. um að skerðing verðbóta á laun næði ekki til bótagreiðslna almannatrygginga að ríkisstj. fer loks á stað og mannar sig upp í það 24. febr., örfáum dögum áður en bætur eiga að greiðast út fyrir marsmánuð, að setja reglugerð um hækkun bóta almannatrygginga. Í þeirri reglugerð segir að upphæðir tekjutryggingar og heimilisuppbótar skuli 1. mars 1981 hækka um 14.6% frá því sem þær voru í febr. 1981. Aðrar upphæðir bóta og greiðslur samkv. 74. gr. almannatryggingalaga skulu frá sama tíma hækka um 6%.

Jafnframt því að gefa út þessa reglugerð gefur heilbr.- og trmrn. út fréttatilkynningu þennan sama dag og þar segir:

„Á fundi ríkisstj. í morgun var samþykkt tillaga um sérstaka 8% hækkun tekjutryggingar elli- og örorkulífeyrisþega. Jafnframt var samþykkt sérstök hækkun heimilisuppbótar, einnig 8%."

Síðan segir: „Ofan á þessa hækkun kæmi síðan hækkun um 6% og skulu allar bætur lífeyrisdeildar almannatrygginga hækka um þá prósentu. Þannig verður heildarhækkun tekjutryggingar elli- og örorkulífeyris og heimilisuppbótar liðlega 14%."

Þessi setning er ósannindi, algjör ósannindi. Heildarhækkun tekjutryggingar elli- og örorkulífeyris og heimilisuppbótarinnar er liðlega 14%, en hér er látið að því liggja að grunnlaunin eigi að hækka um 14.6%, eða liðlega 14%, öll grunnlaun og tekjutryggingin. Þannig varð þm. það á við afgreiðslu í Ed., að þeir tóku aftur tillögur sínar, vegna þess að því var flaggað að hér yrði gengið það langt, að hver sá, sem nyti tekjutryggingar eða hefði fulla örorku, ætti að fá á allar sínar bætur 14.6% hækkun. En í reynd er það þannig, að 14.6% koma á örorkubætur og tekjutrygginguna, en grunnellilífeyririnn hækkar aðeins um 6%. Ef við tökum bætur allra þessara aðila, þá hækka þær, þegar á heildina er litið, ekki um 14.6%, heldur nálægt 10.2%.

Ég spyr: Finnst mönnum óeðlilegt að greiðslur til þeirra, sem hafa minnst úr að spila, þeirra sem fá tekjutryggingu, verði ekki skertar þrátt fyrir kaupskerðingarákvæði þessara laga, þannig að þessir aðilar fái 14.6% hækkun á það sem almannatryggingarnar greiða þeim, bæði á grunnellilífeyrinn og á tekjutrygginguna?

Nú viljum við fulltrúar stjórnarandstöðunnar freista þess að fá á þessu lagfæringu, þannig að það verði í reynd eins og látið var í veðri vaka þegar þessi fréttatilkynning var gefin út, að skerðingarákvæði nái ekki til grunnlífeyris þeirra sem njóta tekjutryggingar. Því leyfum við

okkur að flytja hér skriflega brtt. um að við 5. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

a)Þeir elli- og örorkulífeyrisþegar sem hafa óskerta tekjutryggingu skulu fá fullar verðbætur á grunnelilífeyri og örorkulífeyri samkv. vísitölu framfærslukostnaðar.

b) Frá 1. mars 1981 skulu verðbætur á eftirtalda bótaflokka Tryggingastofnunar ríkisins vera 10.2%: Barnalífeyrir, mæðralaun, ekkjubætur (6 mánaða og 8 ára), ekkjubætur (12 mánaða) og sjúkra- og slysadagpeningar.

Finnst þm. óeðlilegt að þessir bótaflokkar Tryggingastofnunar fái sömu hækkun og þessir tveir flokkar sem hækkuðu um 14.2%, þ. e. tekjutryggingin og heimilisuppbótin? Hver er munurinn á því? Af hverju á hækkun á barnalífeyri, mæðralaunum, ekkjubótum, sjúkra- og slysadagpeningum að vera 6% þegar hinar fara í 10.2%, sem auðvitað ættu að fara í 14.6?

Ég skil ekki af hverju ríkisstj. hefur ekki gengið hreint til verks og látið breyta frv. eins og við leggjum hér til. Hver er munurinn á heimilisuppbót til einstaklinga, sem búa einir sér, og til þeirra, sem liggja sjúkir á sjúkrahúsum eða slasaðir? Af hverju á skerðingarákvæði þessara brbl. að ná til þessara bótaflokka? Hvaða réttlæti er í því? Hver hefur fundið það réttlæti upp? Ég trúi ekki að það sé komið frá Alþb. sem hefur barist fyrir því, frá því að flokkurinn var stofnaður, að auka réttindi almannatrygginga þegar hann hefur verið í stjórnarandstöðu. Nú er tækifæri til að sýna að hugur fylgi máli, þegar þeir eru stjórnarflokkur. Eða hefur Framsfl. kúgað Alþb. svona harkalega til hlýðni, að gera hér verulegan mun á bótaflokkum almannatrygginganna? Hvaðan er þetta ranglæti komið, hvernig stendur á því?

Ég tel sjálfsagt og eðlilegt að þessar brtt., sem við flytjum hér, verði samþykktar, þó ég hefði búist við því að ríkisstj. hefði viljað hafa um það forustu sjálf í nefndinni. Hún getur engan veginn réttlætt það að hækka eingöngu heimilisuppbótina og tekjutrygginguna, en skerða grunnelilífeyrinn um 7%, það fæ ég alls ekki skilið.

Ég vil taka fram að flm. þessarar brtt. eru auk mín hv. 3. þm. Reykv., Albert Guðmundsson, hv. 1. þm. Reykn., Matthías Á. Mathiesen, og hv. 3. þm. Vestf., Sighvatur Björgvinsson. Við teljum að þessi brtt., ef samþykkt yrði, bæti mjög verulega úr því misrétti og þeirri rangsleitni sem þessi lög gera ráð fyrir.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð miklu fleiri. Ég endurtek að það er mikilvægt atriði að gera þessa leiðréttingu, nógu slæm eru þessi brbl. þrátt fyrir það.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það var aldrei ætlun heilbr.- og trmrn. að senda frá sér villandi fréttatilkynningu í þessum efnum, eins og kom hér fram hjá hv. 1. þm. Vestf. Ég held líka að tilkynningin, eins og hún var útbúin, hafi skilist öllum þeim sem þekkja þessi mál, og vafalaust honum einnig, enda þótt hv. flokksbræður hans í Ed. hafi e. t. v. misskilið einhvern hluta hennar. Ég er viss um að hv. þm. áttaði sig á tilkynningunni strax og hann sá hana.

Það var alla vega ekki ætlunin, eins og ég sagði, að blekkja einn eða neinn í þessum efnum. Hér gerist það einfaldlega, að bætur almannatrygginga hækka yfirleitt um 6%, en tekjutrygging elli- og örorkulífeyrisþega og heimilisuppbót, sem gengur til einstaklinga, hækkar þar að auki um liðlega 8% þannig að heildarhækkunin á þessum flokkum lífeyrisdeildar almannatrygginga verður 14.6%. Nettóhækkunin hjá þeim, sem bæði eru með ellilífeyri, grunnlífeyri, og tekjutryggingu, er milli 10 og 11%, líklega 10.3% eða svo, en grunnlífeyririnn hækkar um 6% og tekjutryggingin um 14.6%.

Munurinn á þessum bótaflokkum almannatrygginga og öðrum bótaflokkum er auðvitað fyrst og fremst sá, að þessir tveir bótaflokkar ná til þeirra sem yfirleitt hafa engar aðrar tekjur. Það er auðvitað grundvallaratriði í þessum efnum hvernig með það fólk er farið, og verður að skoða málið í því samhengi. Þegar þessi hækkun var ákveðin er ljóst að hækkun á tekjutryggingu umfram laun, frá því að núverandi ríkisstj. tók við, er einhvers staðar á bilinu 10—13%, þ. e. umfram verðbætur á laun, og það verður einnig að taka mið af því þegar verið er að ákveða hækkanir á bótum almannatrygginga, eins og allir skilja.

Hv. þm. gat hér um „vasapeningana“, sem svo eru kallaðir og almannatryggingar greiða til þeirra sem eru á sjúkrastofnunum. Í tillögu hans er gert ráð fyrir því, að þar verði einnig um að ræða sérstaka hækkun, ef ég skil till. rétt, að vasapeningarnir hækki aukalega líka. Um þetta er því til að svara, að það hefur verið í athugun hjá okkur í heilbr.- og trmrn. og fjmrn. undanfarna mánuði, að um verði að ræða alveg sérstaklega meðferð á þessum vasapeningum þannig að þeir hækki mun meira en því hlutfalli nemur sem hér er gerð tillaga um. Tryggingaráð hefur fjallað um þessi mál, og ég geri ráð fyrir að niðurstaða í þeim efnum liggi fyrir alveg á næstunni. Ég treysti mér ekki á þessu stigi til að nefna neina prósentutölu, málin eru í vissri athugun, en niðurstaða ætti að liggja fyrir fljótlega.

Þetta vildi ég segja í tilefni af orðum hv. 1. þm. Vestf. og þeirri till. sem fram er komin. Loks vil ég bæta því við, sem er grundvallaratriði, að þær breytingar, sem gerðar eru varðandi verðbætur á laun í þessu frv. til l. um viðnám gegn verðbólgu, um 7% frá 1. mars, — þær breytingar eiga að skila sér aftur með alveg ákveðnum hætti á síðari hluta ársins, og það á að sjálfsögðu einnig við um viðskiptamenn almannatrygginga. Auk þeirra breytinga, sem þar koma til upp í þessi 7%, er tekin þarna sérstök ákvörðun um hækkun tekjutryggingar og heimilisuppbótar, þannig að kaupmáttur þessa fólks verður betri en orðið hefði að óbreyttu. Á þessum forsendum hafa talsmenn og þm. Alþb. og annarra stjórnarflokka hér á Alþingi að sjálfsögðu staðið gegn þeim till., sem fluttar hafa verið við meðferð þessa máls hér á hv. Alþingi, og telja þar af leiðandi enga ástæðu til að samþykkja þá till. sem hv. 1. þm. Vestf. mælti hér fyrir áðan og hann flytur ásamt nokkrum öðrum hv. þm.

Frsm. 1. minni hl. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Það var ánægjulegt að heyra að hæstv. heilbr.- og trmrh. sagði okkur hér að til athugunar væri í heilbr.- og trmrn. að hækka hina svokölluðu „vasapeninga“. En það vil ég segja honum, að þeir, sem liggja sjúkir og fá þá vasapeninga sem nú eru greiddir, eða þeir, sem hafa slasast og fá slysadagpeninga, þeir greiða ekki með athugunum í trmrn. og þeir kaupa sér ekki það sem þeir þurfa að fá sér nauðsynlega á meðan sú athugun fer fram. Hún er ekki gjaldgeng, sú athugun, jafnvel þó hæstv. ráðh. lýsi því yfir hér í ræðustól þegar hann er kominn í algert óefni.

Það er vitað mál, að Alþb. ætlaði ekkert að gera í þessum efnum annað en að skerða þessar bætur almannatrygginga með öðrum verðbótum launa. Þetta var ætlun þeirra og þessu ætluðu þeir að sporðrenna, verkalýðsleiðtogarnir í Alþb. Það var ekki fyrr en stjórnarandstaðan hristi upp í liðinu að þeir fóru að ókyrrast og töldu að þetta gæti ekki gengið lengur. Þá var rokið til og gefin út þessi reglugerð um hækkun bóta. Margur tekjutryggingarþeginn fékk ekki þá hugmynd af auglýsingunni umræddu, að hann fengi 14.6% á tekjutrygginguna eina, en grunnellilífeyrir viðkomandi manns hækkaði aðeins um 6%. Það voru fleiri en þm. í Ed. sem misskildu þessa fréttatilkynningu. Það var fjöldi bótaþega almannatrygginga sem misskildi hana og það ekki að ástæðulausu, því að hún er orðuð með það eitt í huga að menn misskilji hana og reikni með öðru og betra. Það er ekki klókt að valda fólki vonbrigðum með slíkum fréttatilkynningum.

Og það er um fleira að ræða, eins og ég sagði áðan, heldur en slysa- og dagpeninga. Af hverju á að skerða barnalífeyrinn, ekkjubæturnar, hvaða réttlæti er í því? Hæstv. ráðh. minntist ekkert á að þar væri breytinga að vænta sem væru í athugun í heilbr.- og trmrn. Hvar er nú umhyggjan fyrir þeim sem minnst mega sín í þjóðfélaginu? Er hún bara þegar flokkur þeirra er í stjórnarandstöðu? Þá er hamast á stjórnvöldum að þau geri aldrei neitt fyrir þá sem minnst mega sín í þjóðfélaginu. Svo er Alþb. verra en versta afturhald sem þekkist þegar kemur að ríkiskassanum. En þegar það er í stjórnarandstöðu er auðvitað íhaldið það versta af öllu og kratarnir litlu betri. Kratarnir eru margfalt skárri en Alþb. í þessum efnum, bæði í stjórn og stjórnarandstöðu. Alþb. fer ekki eftir nokkurri stefnu sem það hefur sjálft markað. Það svíkur hvert einasta atriði sem það hefur samþykkt og markað stefnu um árum saman. Þar stendur ekki steinn yfir steini.

Ef nokkurs staðar er til afturhaldsflokkur og afturhaldsklíka, þá er það Alþb. Þetta vita allir, hver einasti maður, þetta er mesta afturhald sem til er í landinu. Ef þessi flokkur fær að halda áfram á sömu braut, þá siglir fátækt og vesaldómur inn í þetta þjóðfélag. Alþb. vill ekki framfarir á neinum sviðum. Það stendur í vegi fyrir byggingu raforkuvera, það stendur í vegi fyrir framþróun þeirra atvinnutækja og atvinnumála sem í landinu eru. Það má hvergi vera vont loft, segja þeir, og það má eiginlega hvergi gera neitt. Bílarnir menga, það verða teknar upp hestkerrur aftur eða bara handbörur. Ef þetta afturhaldslið nær frekari tökum í þjóðfélaginu, þá mega þeir fara að vara sig sem hafa byggt upp til elliáranna og eiga að fá bætur almannatryggingarnna.

Við sjáum núna fólkið sem talaði um samningana í gildi, og hafði hæst fyrir kosningarnar 1978 og blekkti þjóðina. Það stendur ekki á því að segja nei við öllum umbótatillögum. Það stendur ekki á því núna að segja já við kaupskerðingarákvæðunum. Þetta er fólkið sem grét framan í hafnarverkamennina, grét framan í launþegana fyrir kosningarnar 1978 og útmálaði hvað þeir væru vondir sem þá voru við stjórnvölin. Nú er þetta lið — eða sumt af því sem hafði hæst þá — komið inn á Alþingi og situr hér sitt hvorum megin við dyrnar þegar gengið er inn í deildina. Og það stendur aldrei á þessu liði að vera með í öllum kjaraskerðingum á hendur launþegum og verkalýð í landinu. Og það er ekki nóg með það að skerða kaup og kjör þeirra sem eru fullfrískir, það þarf líka að ráðast á þá sem liggja í rúminu. Við sjáum það hér á eftir hvað þetta lið gerir þegar atkvgr. fer fram. Við sjáum hvort það ætlar ekki að vera trútt þeirri svikastefnu sem Alþb. er nú uppvíst að.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Þegar sú ríkisstj., sem nú situr, varð ársgömul varð manni að orði sem kom inn í þennan þingsal og sá ráðherrana alla tíu sitja í stólunum:

Forsjá, viska og vit nær skammt,
vilji er allt sem þarf.
Skrýtið — eftir árið samt
varð ekkert þeirra starf.

Kjarni málsins er að sjálfsögðu sá, að sú ríkisstj. sem nú situr, hefur búið við slíkt meðlæti af hálfu verkalýðshreyfingarinnar, að ef einhver vilji, einhver dugur hefði verið í einstökum ráðherrum til þess að takast á við þann vanda, sem við eigum nú við að glíma, mundi íslenskt þjóðfélag og íslensk þjóð vera stödd á allt öðru stigi en nú er, bæði atvinnulega og efnalega.

Ef við íhugum hvernig ástandið var þennan dag sem ríkisstj. minntist árs afmælis síns, þá gat ríkisstj. horft til baka nokkrar vikur, allmargar vikur, og rifjað það upp, að hún hefði að ástæðulausu gefið út brbl. hinn síðasta dag desembermánaðar þar sem launin voru skert í krónum talið sem svarar einum mánaðarlaunum eða meir. Þá átti Alþingi eftir að sitja allmargar vikur enn til þess tíma sem þessi kjaraskerðing átti að verða. Það voru enn allmargir dagar til þess mánaðardags sem þáv. hæstv. forsrh. Geir Hallgrímsson lagði fram frv. um hin frægu febrúarlög. Margföld reynsla var fyrir því, að Alþingi gat á skemmri tíma en fimm vikum komið í gegn nýjum efnahagslögum ef ríkisstj. taldi nauðsyn bera til þess.

En íhugum hvernig á því stendur, að þau skilyrði eru sett fyrir útgáfu brbl., að Alþingi sitji ekki, og ef við íhugum jafnframt að fram er tekið að óheimilt sé að gefa brbl. út nema brýna nauðsyn beri til, þá sjáum við að höfundar stjórnarskrárinnar vildu gera ráð fyrir því, að einhver stjórnskipuleg leið væri til þess að setja lög ef Alþingi hefði ekki tækifæri til þess sjálft. Það frv., sem nú er verið að tala um, fjallar í stórum dráttum um það að skerða launin fimm vikum eftir að Alþingi kom saman. Ef Alþingi leggur blessun sína yfir þetta er Alþingi um leið að leggja blessun sína yfir það, að strax og þingi verður slitið í maímánuði n. k. geti ríkisstj. gefið út brbl., ekki aðeins um að skerða launin 1. júní, heldur líka 1. sept., 1. des., 1. mars á næsta ári og aftur 1. maí, vegna þess að við erum nú með ríkisstj. sem gerir ekkert með það, hvernig stjórnarskrá okkar var hugsuð, hvernig að henni var staðið og hverjar hugmyndir menn gerðu sér um þingræðið þegar við ákváðum að taka upp það þjóðskipulag.

Á hinn bóginn er það ekki undarlegt, að Alþb. eða kommúnistar skuli eiga a. m. k. þrjá ráðherra í þeirri ríkisstj. sem gengur legnra fram í því að brjóta stjórnarskrána heldur en nokkur ríkisstj. á undan. Við minnumst þess, að leiðari var skrifaður í Þjóðviljann eftir að þessi ríkisstj. var mynduð þar sem það stóð skýrum stöfum, að Alþingi götunnar mætti ekki deyja þótt kommúnistar kæmu í ríkisstj. Samt sem áður skyldu menn vera við því búnir að henda fúleggjum í Alþingishúsið bæði í bókstaflegum skilningi og í líkingamáli.

Ég man eftir því, að þegar Ólafur Thors var forsrh. á árinu 1961 voru til umræðu í Ed. ákvæði um það að færa gengisbreytingarvaldið í hendur Seðlabankans. Og ég

minnist þess, að núv. hæstv. utanrrh. flutti þá ræðu þar sem hann taldi að enga brýna nauðsyn hefði borið til þessarar sérstöku skipulagsbreytingar, ríkisstj. hefði getað látið við það sitja að breyta gengisskráningunni og látið síðan Alþingi um að færa gengisskráningarvaldið í hendur Seðlabankans, ef það þætti nauðsynlegt, þegar það kæmi saman. Ég man að núv. hæstv. utanrrh. sagði í þessu sambandi að hann efaðist um að sú löggjöf, sem þá var verið að samþykkja, af þeim sökum stæðist ef hún færi fyrir dómstóla.

Ég hef heyrt sögusagnir um að hæstv. utanrrh. hafi verið andsnúinn því ákvæði brbl. í desembermánuði sem snertir sjálfa kjaraskerðinguna og breytinguna á vísitölunni. Hann hefði hins vegar sætt sig við það, hann hefði tekið þann kostinn að láta kyrrt liggja, vafalaust vegna þess að hann sem mjög vandaður fræðimaður gerði sér grein fyrir því, að þessi hugsun stenst ekki ákvæði stjórnarskrárinnar.

Og nú, herra forseti, er komið að þeim kafla ræðu minnar, þar sem ég ætla að leiðrétta ummæli hæstv. forsrh. í útvarpinu skömmu eftir áramótin. En hann er kannske ekki viðlátinn, kannske ekki við þó að þetta sé frv. sem hann sjálfur hefur mælt fyrir. Og ég verði að sætta mig við það, að ég skuli ekki hitta á óskastundina á hverjum degi sem hæstv. forsrh. er reiðubúinn til að svara spurningum. Þess vegna mun ég ekki ætlast til þess, að hann verði svo lítillátur að koma hingað í þingsalinn, jafnvel þótt taskan væri borin fyrir hann upp tröppurnar.

Ég minnist þess, að um áramótin — og raunar líka í sambandi við brbl. um kjarnfóðurskattinn — hafa ýmsir látið ummæli falla á þá lund, að venja væri fyrir því hér á landi, að ríkisstj. gengi úr skugga um það, að þingmeirihluti væri fyrir brbl., áður en þvílík lög yrðu gefin út, ekki síst ef um meiri háttar mál væri að ræða. Þessi staðhæfing er rétt og hefur Bjarni Benediktsson rakið það mál í Úlfljóti á sínum tíma, og sú ritgerð er raunar endurprentuð í bók hans Land og lýðveldi. Sú skoðun hefur einnig hvað eftir annað komið fram í umr. á Alþingi, þannig að ljóst er að þá kröfu verður að gera til handahafa bráðabirgðalagavaldsins að hann gangi á hverjum tíma úr skugga um að það sem hann aðhefst, njóti meirihlutafylgis á Alþingi ef til kemur. Í þessu sambandi er nauðsynlegt að íhuga hvernig farið hefur á síðustu tímum, þegar gerræðisfullar ríkisstjórnir hafa gripið til þess að gefa út brbl., eins og t. a. m. Ólafs Jóhannessonar, vinstri stjórnin, þegar formaður Alþb. sem nú er, hæstv. félmrh., var í fyrsta skipti ráðh. Sú ríkisstj. lét það verða sitt fyrsta verk að gefa út brbl. um það, að tekju- og eignarskattar skyldu lagðir á öðru sinni, í kjölfar þess sem niðurgreiðslur voru stórauknar á nautakjöti sem var fyrir löngu uppselt. En í gegnum þær falsanir tókst þeirri ríkisstj. að koma vísitölunni allmikið niður. Það var fyrsta verk núv. hæstv. félmrh. að falsa vísitöluna með því að hækka skatta sem ekki voru í vísitölunni, en auka um leið auðvitað álögurnar á öllum almenningi og greiða niður vörur sem ekki voru til. Það var verk þessa sama hæstv. félmrh., Svavars Gestssonar, 1. des. það ár að standa að löggjöf þar sem kaupið var áfram skert og heitið t. d. félagslegum umbótum sem voru metnar til þriggja vísitölustiga og aldrei hefur verið staðið við til fulls, heldur haldið áfram að skerða kaupið hvað eftir annað til þess að fullnægja þessu sama og þá var lofað. Og skrá, sem nú heitir efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar og er enn ein dúsan handa verkalýðnum, ber því vitni, að aldrei var staðið við fyrirheitin frá því í des. 1979.

Þá var því lofað líka að lækka verulega skatta. Talað var um að sú skattalækkun ætti að nema 2% í kaupmætti. Staðreyndin varð á hinn bóginn sú, að beinir skattar á árinu 1979 hækkuðu verulega, hvernig sem það dæmi er reiknað, það skiptir engu máli, öllum tölum ber saman um að verulegar skattahækkanir hafi orðið frá árinu 1978 til 1979. Launþegar fundu upp orðið „pakkasúpu" eftir þessa atburði alla og þykir ekki mikið til koma. Aðalefni í pakkasúpunni eru svikin loforð, og þau eru ekki bragðgóð nema fyrir þá sem gefa þau.

Síðan skulum við líta áfram fram í tímann — ja, herra forseti, þar er dálítið erfitt að tala mikið um þau skattaloforð, sem gefin hafa verið í tengslum við þetta mál, nema hæstv. fjmrh. sé við. Það er eiginlega lágmark, þegar verið er að tala um jafnviðurhlutamikla löggjöf og hér á í hlut, að fjmrh. sé viðlátinn, því hann hefur gefið út yfirlýsingu um skattamálin sem nauðsynlegt er að fá einhverjar hugmyndir um í tengslum við það mál sem hér er til umr., þar sem í efnahagsáætlun ríkisstj. er talað um að skattar verði lækkaðir sem svarar til 1.5% í kaupmætti lægri launa og meðallauna. Og nú verður fróðlegt að spyrja hæstv. fjmrh. hvernig hann hugsi sér að ná þessum markmiðum. — Þó má kannske segja að einu gildi hvort ráðherrar séu við, því að þeir svara einföldustu spurningum helst ekki nema út úr, og allar tillögur stjórnarandstöðurnnar, hversu góð sem hún er, er þýðingarlaust að bera fram á meðan þvílík ríkisstj. er við völd. Ég efast um að nokkru sinni hafi komið jafnafturhaldssöm ríkisstj. hér.

Ég saknaði þess að hv. 1. þm. Vestf. skyldi ekki óska formanni Alþb. til hamingju með það, að Alþb. væri nú í afturhaldssemi farið að taka Framsfl. fram, jafnvel þeim afturhaldssömustu í þeim flokki, eins og sagan greinir. Og hún minnir mig raunar á að þegar ég var staddur hér í flokkakynningu á þessum vetri og þar var kominn ungur Alþb.- maður til þess að skýra stefnu flokks síns, þá sagði hann það vera höfuðatriði fyrir Alþb. eins og nú standa sakir að halda óbreyttu ástandi, halda status quo, því að engu má náttúrlega breyta. Þeir þykjast standa öllum fótum í jötu, og ef þeir fá martröð er hún helst á þá lund, að fólkið fái aftur að kjósa, því að þá vita þeir að þeir munu missa alla sína bitlinga og heldur skjótlega og fljótlega. — En ég sem sagt fagna því að hæstv. fjmrh. skuli vera kominn í salinn.

Eins og ég minntist á áðan boðaði ríkisstj. það um áramótin, að skattar yrðu lækkaðir sem svaraði 1.5% í kaupmætti lægri launa og meðallauna. Nú veit ég ekki hvernig ríkisstj. reiknar þetta dæmi. Ég sé í Þjóðhagsáætlun, með leyfi hæstv. forseta, að þar stendur ein dularfull setning:

„Ráðstöfunartekjur munu hækka nokkru meir en tekjur fyrir skatta þar sem skattbyrði beinna skatta verður heldur minni en í fyrra."

Ég hef ekki séð eða fengið í hendur hvernig þetta dæmi er gert upp. Mér er að vísu ljóst að búist er við því af Þjóðhagsstofnun, að tekjur hækki að meðaltali á þessu ári jafnvel um 50%, og jafnframt er búist við því, að verðbólgan verði á árinu 46—47%. Þó þessar tölur sýnist elskulegar varðandi tekjudæmið, þá mega menn ekki gleyma því, að eins og opinberar stofnanir reikna verðlagsdæmið út er ekki miðað við áramótin. Hin nýja vísitala, sá grunnur, er ekki tekinn á slaginu 12 á miðnætti

31. des. Þess vegna byrjaði ríkisstj. á því, þegar hún var að tala um að fólkið í landinu ætti að hjálpa sér til að koma betri stjórn á efnahagsmálin, þá byrjaði ríkisstj. á því að falsa þá nýju vísitölu sem við tók. Ég er hér um bil viss um það, að allar þær verðhækkanir, sem ákveðnar voru á gamlársdag, fyrirsjáanlegar hækkanir, sem ekki voru komnar inn í verðbólguna og voru þess vegna ekki inni í dæminu um áramótin 1980—1981, eru ekki inni í hinni nýju vísitölu og sýnir það að vísitalan er fölsuð. Og þegar verið er að tala um það, hversu lítið vísitalan hafi hækkað eða verð hafi hækkað í janúarmánuði, þá væri réttara að segja hversu lítið þetta hafi hækkað síðan einhvern tíma í janúar þangað til einhvern tíma um mánaðamótin jan.—febr., því að ekkert fæst lengur hreint og hvarvetna er reynt að hagræða sannleikanum og koma sér undan að gefa rétta mynd af ástandinu eins og það er á hverjum tíma. Ég get t. d. tekið 10% hækkunina á allri þjónustu ríkisins. Ég er sannfærður um að sú hækkun kom ekki inn í verðlagsdæmið eins og talað er um það hér í þjóðhagsáætlun yfirstandandi árs, en sleppum því.

Það liggur fyrir, að á s. l. ári hefur hækkun tekjutaxta orðið um 51%, og ef tekið er tillit til launaskriðs hefur meðalhækkun á s. l. ári, — nú er ég eingöngu að tala um atvinnutekjur, — þá hefur meðalhækkun þeirra orðið um 53%. Ef við hugsum okkur að reyna að reikna út hver sé sambærileg skattbyrði á árunum 1981 og 1980 verðum við m. ö. o. að byrja á því að ganga út frá því að hækka tekjustofninn frá 1979—1980 um 53%. Að öðrum kosti koma ekki sambærilegar tölur inn í það dæmi.

Í öðru lagi liggur það fyrir, að ríkisstj. hugsar sér að verðbólgan á þessu ári verði ekki nema um 40—45%. Þá er það spurning mín til hæstv. fjmrh., hvað hann hugsar sér að launin hækki mikið. Það er afskaplega þýðingarmikið að hafa þetta í huga þegar talað er um skattbyrði beinna skattu af ráðstöfunartekjum heimilanna. Það sjá náttúrlega allir menn, að ef launin hækka um 100% verður skattbyrðin minni ef við gefum okkur beinu skattana fyrirfram. Þá verður náttúrlega — miðað við ráðstöfunartekjur — skattbyrðin þeim mun minni sem tekjurnar hækka meira. Ef við hugsuðum okkur, að verðbólgan hefði algjörlega dottið niður um síðustu áramót, og ætluðum samt sem áður að halda óbreyttum skattstigum eins og ríkisstj. hafði þá um síðustu áramót, mundu afleiðingarnar af því verða þær, að hver einasti launamaður á Íslandi mundi verða gjaldþrota, mundi fara á höfuðið þegar nýju skattarnir kæmu. Hið sama, þó í minna mæli sé, verður auðvitað að tala um ef tekjurnar minnka. Þá verður skattbyrðin þyngri hlutfallslega.

Af þessum sökum er mjög þýðingarmikið að fá upplýsingar um það, þegar ríkisstj. hefur hugleitt hvernig hún muni auka kaupmátt launa með skattalækkunum um 1.5%, — þá er að sjálfsögðu nauðsynlegt að ríkisstj. upplýsi hvernig hún gerir ráð fyrir kaupgjaldsþróuninni á yfirstandandi ári.

Í öðru lagi vil ég segja það, að ef við værum búnir að taka upp staðgreiðslukerfi skatta mætti auðvitað segja að 1.5% lækkun á bráttóskatti jafngilti 1.5% kaupmáttaraukningu. En við erum alltaf að berjast við eftirágreidda skatta, og við erum stöðugt með ríkisstjórnir sem eru að reyna að falsa fyrir okkur tölur um kaupmátt. Þess vegna er nauðsynlegt að fá þetta dæmi algjörlega reiknað og einnig hitt, hvort hæstv. ríkisstj. tekur með í sínum útreikningum þá gífurlegu hækkun sem orðið hefur á eignarskatti og fasteignagjöldum vegna hækkaðs fasteignamats m. a., en það kemur vissulega inn í þetta dæmi.

Ég vil í þessu sambandi enn ítreka undrun mína á því, hvílíkum vettlingatökum svokölluð verkalýðshreyfing hefur tekið á þessum skattamálum, a. m. k. svo vitað sé. Mér er t. d. ekki kunnugt um það, að stjórn ASÍ hafi falið hagfræðingi sínum að gera úttekt á þessum málum. Mér er ekki kunnugt um að hagfræðingur ASÍ hafi reynt að átta sig á því, hver verðlags- og kaupgjaldsþróunin verði á þessu ári og hvaða leiðir yrðu til þess að ná 1.5% kaupmáttaraukningu gegnum skattalækkanir. Mér er á hinn bóginn kunnugt um að hvorki Reiknistofnun Háskólans né Þjóðhagsstofnun hefur kannað hvernig þetta dæmi yrði réttilegast reiknað. Það hefur ekki verið falið þessum aðilum, þannig að þetta mál er — svo langt sem mín vitneskja nær — enn þá á frumstigi.

Ég var að velta því fyrir mér síðustu daga og langaði til að læra af því, hvernig fyrrv. formaður Alþb., Lúðvík Jósepsson, leit á frv. eins og það sem hér er til umr. Og það vill svo vel til að hann var spurður þessa í Ríkisútvarpinu fyrir réttum þrem árum. Þá sagði hann m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Hér eru sem sagt á ferðinni nákvæmlega sömu gömlu úrræðin: Gengislækkun sem leiðir af sér verðlagshækkun og aukna dýrtíð. Horfið frá gerðum kjarasamningum með þeim afleiðingum sem það hefur svo innan skamms. Ókyrrð á vinnumarkaði. Leikurinn byrjar upp aftur.

Í þessu frv., sem ríkisstj. leggur fram, felst kauplækkun sem nemur 10—12% kaupmáttarskerðingu á þessu ári frá því sem kaupmátturinn er orðinn nú í upphafi ársins, því að þó að talað sé um það, að það eigi að verða svipaður kaupmáttur eins og var að meðaltali á s. l. ári, þá voru kaupsamningarnir ekki gerðir, hinir nýju, fyrr en á miðju ári, og því liggur meðaltalskaupmáttur þessa árs langt fyrir neðan þann kaupmátt sem verið hefur nú að undanförnu. Ég tel að þessar aðgerðir séu í beinu framhaldi af þeirri alröngu stefnu sem stjórnin hefur haft í efnahagsmálum. Sú stefna hefur þýtt það, að verðbólga hefur magnast stig af stigi. Þessar aðgerðir eru þar engin breyting á. Það kveður svo rammt að, að þó að farið sé með svona grófum hætti í launin eins og þarna er gert, þá gerir ríkisstj. sjálf ekki ráð fyrir því, að meðaltalshækkun á verðlagi vegna þessara ráðstafana verði nema í kringum 3% frá því sem annars hefði orðið, ef ekkert hefði verið gert. En vitanlega leysir þetta engan vanda. Þvert á móti skapar þetta ný vandamál, einkum vegna þess að ríkisstj., sem er fyrir réttum rúmum þrem mánuðum búin að skrifa undir kjarasamning við opinbera starfsmenn, verður að rifta þeim samningi þó að ekkert hafi gerst nema til hins betra í ytri skilyrðum þjóðarbúsins. Og hún verður einnig að rifta kjarasamningum sem hún stóð að að gera á miðju s. l. ári við verkalýðsfélögin í landinu. Riftun samninga með þessum hætti þýðir það, að samtökin í landinu geta ekkert samstarf átt við ríkisstj. Það litla traust, sem verið hefur, er búið að vera. Hér er ekki hægt að stjórna efnahagsmálum auðveldlega nema það skapist eitthvert trúnaðartraust á milli launþegasamtakanna og þeirra sem stjórna landinu. Af þessu leiðir það, að eina leiðin út úr þeirri sjálfheldu, sem við erum komin í, er að losna við ríkisstj."

Nú skulum við aðeins fara aftur yfir það sem þessi fyrrv. formaður Alþb. sagði, sem naut mikils trausts innan sinna samtaka og var vaxandi maður í sínum flokki alla tíð og maður sem launþegar treystu. Hann tekur það

alveg réttilega fram í fyrsta lagi, að það sé ekki von að launþegasamtökin geti treyst ríkisstj. þegar rúmir þrír mánuðir séu síðan hún hafi undirbúið kjarasamning við opinbera starfsmenn.

Nú geri ég ráð fyrir að flestir séu mér sammála um það, að á árinu 1977, þegar ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar gerði sinn samning við opinbera starfsmenn, hlaut hún að taka mið af því, að búið var að semja á hinum almenna vinnumarkaði. Ég veit ekki um einn einasta menn sem vill halda því fram í fullri alvöru, að réttlætanlegt hefði verið af þeirri ríkisstj. að meina opinberum starfsmönnum um allar launahækkanir eftir þann kjarasamning sem gerður var í júnímánuði 1977 og nefndur hefur verið sólstöðusamningurinn. Ég þekki engan mann sem heldur því fram. Þvert á móti töldu allir eðlilegt og óhjákvæmilegt að ríkisvaldið kæmi á eftir og semdi við opinbera starfsmenn um svipaðar launahækkanir og áður höfðu orðið á hinum almenna vinnumarkaði.

Þegar Lúðvík Jósepsson talar hér um að ríkisstj. hafi svikist um að standa við samninga sem hún hafi gert, þá átti sú ríkisstj. þó þá afsökun, að á hinum frjálsa vinnumarkaði hafði tónninn verið gefinn. Sú ríkisstj., sem nú situr, á aftur á móti enga slíka afsökun. Það lá algjörlega fyrir þegar hún tók við völdum, að forsenda Alþb. fyrir því að setjast í ríkisstj. var að reyna á engan hátt að skerða kjarasamninga. Það var yfirlýst stefna núv. formanns Alþb., hæstv. félmrh., að torvelda á engan hátt að launþegar í landinu fengju að semja um svo og svo miklar grunnkaupshækkanir á s. l. ári.

Og ég minnist þess, að á jólaföstu — og maður hlýtur að vænta þess, að menn hagi orðum sínum varlega á jólaföstu — komst hæstv. forsrh. svo að orði efnislega, að samningarnir við BSRB hefðu verið innan þess ramma sem efnahagskerfið þoldi. M. ö. o.: ástæðan fyrir því, að ríkisstj. leggur nú til og hefur raunar lögfest með brbl. að skerða öll laun í landinu um 7% frá 1. mars s. l., — þetta er auðvitað afturvirkt, — ástæðan fyrir því er sú, að á hinum almenna launamarkaði réðu ferðinni menn sem voru óábyrgir, fengust ekki til að taka mið af efnahagsástandinu í landinu menn eins og formaður Verkamannasambands Íslands, hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson, menn eins og Benedikt Davíðsson, menn eins og Snorri Jónsson, þvílíkir menn. Þetta er sú afgreiðsla, þetta er sá kaldi sjóvettlingur sem þessir menn fá framan í sig frá þeirri ríkisstj. sem nú situr.

Auðvitað vitum við það allir sem hér erum inni, auðvitað gera launþegar í landinu sér grein fyrir því, að svo slæmt sem það er að ríkisstj. grípi inn í kjarasamninga sem gerðir eru á hinum frjálsa vinnumarkaði, og kannske eftir að ríkisstj. hefur aðvarað aðila vinnumarkaðarins um það, að þeir gangi of langt, undir slíkum kringumstæðum getur það verið nauðsynlegt að mati ríkisstj. að grípa inn í gerða kjarasamninga. En þegar tónninn er sleginn af ríkisstj. sjálfri, þegar fyrstu kjarasamningarnir eru gerðir af ríkisstj. sjálfri, og þegar eftir á liggur fyrir yfirlýsing frá forsrh. landsins um að ekki hafi verið gengið of langt í þeim samningi, þá er það náttúrlega siðleysi af versta tagi að sú hin sama ríkisstj. skuli leyfa sér að rifta samningunum áður en hálft ár er liðið, áður en misseri er liðið og áður en blekið er þornað á pappírunum. Það er vitaskuld algjörlega siðlaust, og því fremur sem við getum bæði í Alþingistíðindum og einnig í því rauða málgagni Þjóðviljanum lesið ýmislegt eftir þeim mönnum sem nú breiða sig mest út og eru allt í einu komnir með þá nýju kenningu á varirnar, að eftir því sem kaupgjaldið er skert meira í landinu aukist kaupmátturinn. Eða er t. d. hægt að skilja ummæli hæstv. félmrh. áðan öðruvísi? Þegar hann leggst gegn réttarbótum til þeirra sem minnst mega sín í þjóðfélaginu, þá segir hann að það sé fyrir þá, gert þeim til góðs.

Það er eftirtektarvert, að eins og fyrrv. formaður Alþb. segir í því sem ég las upp hér áðan er náttúrlega ekki við því að búast, að launþegahreyfingin almennt geti treyst þvílíkri ríkisstj. sem nú situr, sem svífst þess ekki að skerða launin fyrirvaralaust með brbl. án nokkurs samráðs við launþegasamtökin, þrátt fyrir skýr ákvæði í lögum um hið gagnstæða. Nú hefur annar kafli svokallaðra Ólafslaga svo oft verið lesinn upp hér í þingsölunum, herra forseti, að vera má að hv. þm. kannist við efni hans. En þar er gert ráð fyrir því, að í þessu samráði sé m. a. rætt um meginþætti efnahagsmála og helstu efnahagsmarkmið ríkisstj. frá ári til árs og til lengri tíma, í því skyni að leggja grundvöll að samræmdum ákvörðunum á sviði opinberra fjármála, peninga- og lánamála, lífeyrismála og verðlagseftirlits af opinberri hálfu og á sviði kjaramála af hálfu aðila vinnumarkaðarins. Núverandi formaður Alþb. var einn þeirra manna sem fyrir páskana 1979 lögðu hvað mesta áherslu á þetta samráð og töldu að eingöngu með því að skýr ákvæði kæmu um það í lögum væri við því að búast að landinu yrði bærilega stjórnað. Hann var líka einn þeirra manna sem harðast gagnrýndu hv. 1. þm. Reykv., Geir Hallgrímsson, þáverandi forsrh., 1978. Og hefðu menn nú getað búist við því, úr því að formaður Alþb., hæstv. félmrh., beitti sér svo mjög fyrir löggjöf um samráð við verkalýðshreyfinguna á öndverðu ári 1979, að hann mundi á ofanverðu ári 1980 hafa sóma til þess að kappkosta það samráð, a. m. k. í sama mæli og hv. 1. þm. Reykv. gerði þegar hann var forsrh. Þá var vissulega reynt eftir megni að hafa samráð við verkalýðshreyfinguna, þótt hún hafi ekki þakkað fyrir það og aldrei kunnað að meta það svo vitað sé. Mun ég koma nánar að þeim þætti þess máls síðar í ræðu minni.

Enginn vafi er á því, að það, sem mest kom á óvart þegar brbl. voru sett fyrir áramótin, var að ein af forsendunum fyrir brbl. var sú, að verðbólga hefði aukist í landinu. Skömmu áður hafði hæstv. forsrh. sent út fréttatilkynningu í nafni allrar ríkisstj. þess efnis, að með markvissum aðgerðum hefði hæstv. ríkisstj. tekist að vinna bug á verðbólgunni, hún væri á hraðri niðurleið. Og öll orð á jólaföstu féllu á þá lund. Þess vegna kom mönnum mjög spánskt fyrir sjónir hvað hefði breyst frá því að þing fór heim rétt fyrir Þorláksmessu fram að áramótum. Og ef skoðuð er þjóðhagsáætlun fyrir yfirstandandi ár kemur raunar í ljós að það hafði ekkert breyst. Í þjóðhagsspánni kemur fram að ráðherrarnir sögðu einfaldlega ósatt. En þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Vísitala framfærslukostnaðar hækkaði um 58.5% milli áranna 1979 og 1980 og um 58.9% frá upphafi til loka árs. Hækkun vísitölunnar undangengna tólf mánuði var yfir 60% í upphafi síðasta árs og fram undir mitt ár, en síðan dró úr hækkuninni og var hún komin niður í 51% í nóv. Síðustu tvo mánuði ársins urðu hins vegar miklar verðhækkanir. Hækkun byggingarvísitölu var heldur minni en hækkun framfærsluvísitölu, frá upphafi til loka ársins var hækkunin 57.3%, en 55.6% að meðaltali milli áranna 1979 og 1980."

Fólk taki eftir því, að á sama tíma og verðbólgan var 57.3% frá upphafi til loka árs og á sama tíma og meðaltalshækkunin var 55.6% hækkuðu laun í landinu aðeins um 51%, eftir því sem mér skilst að talsmenn ríkisstj. haldi fram, en hins vegar um 53% ef tölur kauplagsnefndar eru lagðar til grundvallar. Sama er, þetta sýnir að um verulegan samdrátt var að ræða í kaupmætti á s. l. ári, og svo ég vitni aftur í því samhengi til fyrrv. formanns Alþb., Lúðvíks Jósepssonar, og þess sem hann sagði í fréttaauka í Ríkisútvarpinu í febrúarmánuði 1978, þá segir þáv. formaður Alþb. orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Í þessu frv., sem ríkisstj. leggur fram, felst kauplækkun sem nemur 10—12% kaupmáttarskerðingu á þessu ári frá því sem kaupmátturinn er orðinn nú í upphafi ársins, því þó að talað sé um það að það eigi að verða svipaður kaupmáttur eins og var að meðaltali á s. l. ári, þá voru kaupsamningarnir ekki gerðir, hinir nýju, fyrr en á miðju ári, og því liggur meðaltalskaupmáttur þessa árs langt fyrir neðan þann kaupmátt sem verið hefur nú að undanförnu."

Þáv. formanni Alþb. vex í augum að það skuli vera miðað við meðaltalskaupmátt á árinu 1977, en samningar hafi ekki verið gerðir, hinir nýju, fyrr en á miðju því ári. Sú ríkisstj., sem nú situr, er að miða við meðaltalskaupmátt á s. l. ári, en þá voru samningar gerðir þegar tíu mánuðir voru liðnir af árinu. Þetta sýnir enn að einnig í þessu tilliti standast þær aðgerðir, sem nú hafa verið gerðar, ekki samjöfnuð við þau lög sem hv. 1. þm. Reykv. beitti sér fyrir á sínum tíma, og allt er það launþegum í óhag nú. Má raunar rifja eitt upp enn. Á árinu 1978 urðu fleiri grunnkaupshækkanir, hinar síðustu, ef ég man rétt, hinn 1. des. 1978, en launþegar í dag geta ekki vænst þess að fá þá kjaraskerðingu, sem nú á að samþykkja, uppi borna með neinum hætti með grunnkaupshækkunum síðar á árinu. Og þó svo eigi að heita að nafninu að ASÍ hafi kallað saman formannaráðstefnu til þess að móta kröfugerðina í haust, þá er það satt að segja að menn koma á þvílíka ráðstefnu með hálfum huga, reynslunni ríkari, og skilja ekki hvers vegna þeir eigi nú að eyða hálfu eða einu ári í það að setjast við borðið með atvinnurekendum til þess að setja eitthvað á pappír sem formaður Alþb., hæstv. félmrh. Svavar Gestsson, hefur svo forgöngu um að eyðileggja við fyrstu hentugleika — og er svo óforskammaður í þeirri viðleitni sinni að honum kemur það út á eitt, það skiptir hann engu máli og honum þykir heldur betra ef Alþingi getur ekki samþykkt kjaraskerðinguna fyrr en eftir á.

Við, sem munum 1. mars 1978, við munum eftir því, að menn eins og formaður Verkamannasambands Íslands, Guðmundur J. Guðmundsson, héldu því fram, að stjórnskipulegur neyðarréttur væri til sem réttlætti það að efna til ólöglegs verkfalls, sem réttlætti það að efna til útflutningsbanns, til þess að verkalýðurinn gæti haldið þeim launakjörum sem hann samdi um. Við munum eftir þessu. Og þó var Alþingi látið fjalla um það mál áður en sú kjaraskerðing komst til framkvæmda.

Um þessa helgi hélt ASÍ formannaráðstefnu. Og þeir höfðu ekki einu sinni dug í sér til að gera neitt sem vakti athygli í sambandi við þá ósvinnu, að í dag stendur til — ef formaður Verkamannasambands Íslands fær að ráða — að Alþingi setji stimpilinn á plagg þessarar hæstv. ríkisstj. um það, að eftir á skuli verkamenn sviptir 7% af sínum launum — eftir á. Ég efast ekki um það, að ef nokkur dómstóll væri til í landinu sem fjallaði umsvifalaust um þá löggjöf sem hér er verið að fjalla um, ef það mundi ekki dragast, þá mundi hann segja að þessi kjaraskerðing, sem nær til marsmánaðar, væri andstæð anda stjórnarskrárinnar, bókstaf hennar og öllum lagaskilningi.

Reynslan hefur á hinn bóginn sýnt að dómskerfið íslenska er svo seinvirkt að Hæstiréttur hefur ekki treyst sér til að kveða upp þvílíka dóma löngu eftir á, enda mundu reikningsskilin verða erfið. Menn gera sér ekki grein fyrir hverjar afleiðingarnar af því yrðu, ef Hæstiréttur úrskurðaði kannske eftir dúk og disk, að þvílík löggjöf bryti í bága við stjórnarskrána, og dæmdi hana þess vegna óheimila.

Það er hins vegar skemmtilegt að vita til þess, að svo hógværir menn skuli vera teknir við í Alþýðusambandinu, menn sem líta með slíkum skilningi á landsins hag, að þeir skuli ekki einu sinni lengur gera kröfur til þess að formlega rétt sé staðið að þeirri kjaraskerðingu sem þvinguð er yfir fólkið í landinu. Það er náttúrlega mikið umhugsunarefni, einkanlega þegar maður rifjar það upp, að verkalýðshreyfingin hefur helgað sér rétt til þess að taka ákveðinn hundraðshluta af launum launþega til að standa undir rekstrarkostnaði síns stéttarfélags. Ég hygg að yfirleitt sé þetta 1% af launum, a. m. k. af venjulegum dagvinnu- eða mánaðarlaunum, þannig að fyrir lægst launaða fólkið er þetta 1% af brúttólaunum þess og miklu hærri tala ef skattarnir eru teknir inn í dæmið.

Afstaða verkalýðshreyfingarinnar nú til þeirrar lagasetningar, sem við erum að ræða, og afstaða verkalýðshreyfingarinnar fyrir þrem árum er með gjörólíkum hætti. Og ýmsir verkalýðsleiðtogar hafa eingöngu getað varið þessi sinnaskipti með því, að það sé spurning um það, hvort þeir telji þá ríkisstj., sem situr, sér vinveitta eða ekki. Það er ekki sama hver er. Í líkingamáli má segja að þannig megi hugsa, að rétt sé fyrir verkalýðshreyfinguna að ausa eins og óþekk hryssa ef einhver óviðkomandi slær á huppinn á henni, þó hún sætti sig við að vera kúgaður klár ef það eru réttir menn sem halda á hnútasvipunni.

En svo ólíkt sem verkalýðshreyfingin hefur staðið að kaupmáttarskerðingunni núna og kaupmáttarskerðingunni fyrir þrem árum, þá hlýtur að draga að því, að ýmsir launþegar spyrji: Til hvers erum við að borga verkalýðshreyfingunni 1% af okkar launum? Er það til þess að þessir menn geti rekið einhverja skrifstofu eftir geðþótta sínum og til þess að þjóna sinni lund og til þess að þjóna sínum pólitísku skoðunum, til þess að þjóna sínum flokkshagsmunum, til þess að þjóna sínum persónulegu hagsmunum? Eða borgum við þeim 1% til þess að þeir geti þjónað hagsmunum launþega, staðið á rétti launþega þegar svo ber undir? Og þessir launþegar spyrja líka: Hvernig stendur á því, að verkalýðshreyfingin var að semja um allar grunnkaupshækkanirnar á s. l. ári alveg í árslok, ef hún kemst að þeirri niðurstöðu fyrir áramót með þegjandi samþykki sínu, að þjóðarbúið gat ekki staðið undir þessum grunnkaupshækkunum? Af hverju er hún að biðja um grunnkaupshækkanir sem hún skömmu síðar segir sjálf að hafi verið rangt að semja um? Af hverju er hún að eyða stórkostlegum fjármunum af fé þjóðarinnar til þess að semja um eitthvað sem aldrei var til nema uppi í skýjaborgum einhverra spjátrunga?

Ætlar verkalýðshreyfingin nú, þegar hún er að semja og setja fram sínar kröfur, ofan í það að vera búin að

samþykkja þá kjaraskerðingu sem hér er, — og í öllu þessu máli er ég einungis að tala um suma af verkalýðsleiðtogunum, ég er að tala um þá verkalýðsleiðtoga, sem eru áhangandi eða einhvers staðar í kringum Alþb. og kjósa það, og nokkra aðra, — ætla þeir að leggja það til núna, að launþegar reyni að fá fram með samningum einhverja grunnkaupshækkun á næsta hausti? Þykir þeim fjárfestingar- og lánsfjáráætlunin, sem lögð hefur verið fram, gefa tilefni til þess að ætla að eins og landinu er nú stjórnað séu einhverjar forsendur fyrir því, að nokkur hinna lægst launuðu í landinu, hvað þá aðrir, geti fengið réttarbót í þessum samningum?

Ef maður vill hugsa rökrétt og ef maður vill reyna að átta sig á því, hvernig andrúmsloftið hefur verið á formannaráðstefnu Alþýðusambandsins, gera verkalýðsleiðtogarnir sér vitanlega grein fyrir því, að meðan þeir menn stjórna landinu, sem nú velgja ráðherrastólana, er ekki um það að tala að bæta kjörin. Þeirra tillögur eru allar á þá lund gagnvart launþegum að þyngja skattana, að skerða samningana, — gagnvart atvinnurekendum líka að þyngja skattana og álögurnar og gera hinum frjálsa atvinnurekstri svo erfitt að starfa sem nokkur kostur er. Á hinn bóginn er á bak við tjöldin reynt að hygla ríkisfyrirtækjum þannig að þau hafi allt annan starfsgrundvöll en hin frjálsu fyrirtæki sem við hlið þeirra starfa í landinu. Þetta er náttúrlega sú ljóta úlfakreppa sem við erum í og er komin til af því, að þeir menn, sem nú fara með allt of mikil völd, eru sumpart reynslulausir með öllu og þó óráðþægir og sumpart eru það menn sem hafa sjálfir komið sér í þá stöðu að þeir eiga óhægt um vik að brjótast út úr því samstarfi sem orðið er. En von okkar er samt ekki alveg dauð. Í þessari ríkisstj. er þrátt fyrir allt einn maður, einn einasti maður sem er líklegur til þess að vilja taka höndum saman við frjálshyggjuöfl í landinu, við okkur sjálfstæðismenn, við Alþfl.-menn. Það er sá maður sem stóð á því á sínum tíma að einhver lágmarkskaupmáttur yrði að vera fyrir lægst launaða fólkið.

Ég man eftir því, að í sjónvarpsþætti fyrir tæpum þrem árum, þegar þeir mættust þar formaður Félags ísl. iðnrekenda, Davíð Scheving Thorsteinsson, og formaður Verkamannasambands Íslands, Guðmundur J. Guðmundsson, þá spurði formaður Verkamannasambands Íslands iðnrekandann að því, hvort hann gæti lifað af þeim launum sem verkamaðurinn hefði þá fyrir dagvinnuna, sá venjulegi iðnverkamaður, sú venjulega iðnverkskona, hvort honum þætti þetta of mikið. Og hann talaði um nauðsyn þess að lyfta þessum kaupmætti verulega. Ég á þetta viðtal til. Ég get vitnað í það hér orðrétt. Og maður skildi það undireins, að fyrir þessum formanni Verkamannasambands Íslands vakti og var á bak við hans pólitísku afskipti og störf hans í verkalýðshreyfingunni að ljá aldrei máls á því að hreyft yrði við þessum lökustu kjörum í þjóðfélaginu, þess fólks sem bágast hefur það og verður að velta fyrir sér hverri krónu til þess að endar nái saman. Ég hef verið að hugsa um það síðan, eftir því sem tíminn hefur liðið og eftir því sem fleiri misseri hafa fallið í aldanna skaut, hvort honum hafi orðið eitthvað úr verki, hvort mikið hafi áunnist.

Og nú, herra forseti, þar sem einn af stjórnarmönnum BSRB er kominn í þingsalinn, þá vil ég fá að rifja upp ályktun, sem BSRB gerði í tilefni af febrúarlögunum 1978, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórn BSRB mótmælir kjaraskerðingarákvæðum í frv. ríkisstj. um ráðstafanir í efnahagsmálum. Með riftun samninga við BSRB og kjarasamninga annarra samtaka launafólks er vegið á þann hátt að samningsréttinum og möguleikum til að gera marktæka kjarasamninga í framtíðinni, að launafólk getur með engu móti við það unað. *Stjórn BSRB telur samtök launafólks eiga þann kost* einan að hefja nú þegar undirbúning allsherjarbaráttu fyrir varðveislu grundvallarréttar síns og tilveru samtakanna. Stjórn bandalagsins ákveður að leita samráðs við ASÍ í þessu stórmáli. Stjórn BSRB lýsir stuðningi við þá ákvörðun formanns bandalagsins að kalla saman formannaráðstefnu BSRB þegar í byrjun næstu viku til þess að fjalla um viðbrögð samtakanna við þeim samningsrofum sem verið er að undirbúa af hálfu stjórnvalda.

Fyrir rúmum þremur mánuðum undirritaði fjmrh. fyrir hönd ríkisstj. aðalkjarasamning við BSRB og sveitarstjórnir gerðu kjarasamninga við félög bæjarstarfsmanna í BSRB, að ófrávíkjanlegri kröfu ríkisstj. við setningu kjarasamningalaganna 1976. Er gildistími þessara samninga tvö ár.

Á fyrsta stigi viðræðna s. l. haust samþykkti ríkisstj. kröfur BSRB um fullar vísitölubætur á laun á samningstímanum og reglur um útreikning framfærsluvísitölunnar þar sem reiknað er með óbeinum sköttum, þ. á m. tollum, söluskatti og vörugjaldi, í vísitölunni.

Nú hefur það gerst, að sama ríkisstj. sem undirritaði þessa samninga fyrir rúmum þremur mánuðum hefur lagt fram frv. sem kollvarpar vísitöluákvæðum samninganna, í fyrsta lagi með því, að aðeins er gert ráð fyrir helmingi vísitöluuppbóta með litlum frávikum, og í öðru lagi með ákvæðum um að óbeinir skattar eða breytingar á þeim verði teknir út úr vísitölunni á samningstímanum."

Að lokum segir í samþykkt stjórnarfundar BSRB, með leyfi hæstv. forseta:

„Engar forsendur hafa breyst síðan samningar við opinbera starfsmenn voru undirritaðir, nema hvað alþm. hafa hækkað kaup sitt til muna, meira en BSRB samdi um fyrir sína félagsmenn, og Kjaradómur hefur dæmt háskólamönnum í hærri flokkunum meiri hækkun en félagsmenn BSRB fengu.

Í þessum dómi sátu fulltrúi fjmrh. og einnig efnahagsráðunautur ríkisstj., og stjórn BSRB skorar á allt launafólk að fylkja sér til baráttu fyrir varðveislu samningsréttar síns."

Nú geri ég ráð fyrir því, að hv. 8. landsk. þm., Guðrún Helgadóttir, sé mér algjörlega sammála um það, að með þeim lögum, sem hún er nú að greiða atkvæði með, sé verið að skerða verulega þá samninga sem BSRB gerði á s. l. hausti. Í þessari samþykkt, sem hún sjálf stóð að, er talað um þrjá mánuði, en þegar ákvörðunin var tekin um að skerða kjarasamning BSRB voru liðnir að vísu fjórir mánuðir: sept., okt., nóv. og des. Samt sem áður, eins og ég tók fram áðan, er frá siðferðilegu sjónarmiði augljóst að miklu vafasamara er að ríkisstj. rifti samningum núna sem hún átti sjálf allt frumkvæði að að móta, þar sem samningar Alþýðusambandsins koma á eftir, heldur en 1977, þegar það var á vegum ASÍ eða á hinum frjálsa vinnumarkaði sem tónninn var sleginn. Frá siðferðilegu sjónarmiði er það, sem nú er að gerast, miklu verra þegar af þeirri ástæðu, auk þess sem — eins og ég sagði áðan — Alþingi hefur enn ekki fjallað um kjaraskerðinguna og svo er að sjá sem ýmsum verkalýðsleiðtogum sé það öldungis eitt að fá vitneskju um það hvort kjaraskerð-

ingarlög njóti stuðnings á Alþingi eða ekki. Það mætti þó ætla, ef menn hefðu samræmi í sínum aðgerðum frá einu skipti til annars, að þegar þeir töluðu um stjórnskipulegan neyðarrétt þá væri hann einkum í því fólginn, að lögformlega væri frá kjaraskerðingunni gengið og enginn vafi gæti leikið á því, að hún hefði meiri hluta á Alþingi.

Þótt undarlegt sé, herra forseti, þá er þetta ekki í fyrsta skipti sem menn hafa reynt að stjórna með skilyrðislausri verðstöðvun. Í mannkynssögu Durants þar sem fjallað er um sósíalisma Díócletíanusar og hrun Rómaveldis segir m. a. svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar friður gafst reyndi Díócletíanus með hjálparmönnum sínum að ráða bót á efnahagshnignun ríkisins. Hann vildi sigrast á kreppunni og tók því upp skipulagða fjármálastjórn í stað lögmálsins um framboð og eftirspurn. Hann kom á heilbrigðu gengi með því að tryggja gullmyntinni ákveðinn þunga og hreinleika sem hún hélt í austurríkinu allt til 1453. Hann veitti fátæklingum matvöru á hálfu markaðsverði eða jafnvel ókeypis og hóf miklar opinberar framkvæmdir til að létta atvinnuleysi. Ýmsar greinar iðnaðar tók hann með öllu undir stjórn ríkisins og vildi þann veg hafa full tök á að afla nauðsynja handa borgunum og herliði. Tók hann fyrst til við innflutning kornvöru. Fékk hann skipaeigendur og kaupmenn, sem höndluðu með korn, til að gangast undir slíka umsjón ef þeir fengju í staðinn tryggingu ríkisins fyrir atvinnu og endurgjaldi. Ríkið hafði lengi átt námur flestar, en nú bannaði það útflutning á salti, járni, gulli, víni, korni og viðsmjöri frá Ítalíu og hafði strangt eftirlit með innflutningi þessara vörutegunda. Á dögum Árelíanusar og Díócletíanusar voru flestar iðnaðarstofnanir og gildi" — (**Forseti:** Ég vil aðeins taka það fram mönnum til upplýsinga, að atkvæðagreiðsla verður í fyrsta falli kl. hálfsex í þessu máli, en síðar ef umræður standa þá enn.) Ég hélt, herra forseti, að fundartími þingflokka væri milli fjögur og sex, en það virðist eitthvað hafa breyst án þess að þdm. hafi verið gerð grein fyrir því. Ég fyrirgef herra forseta þessa truflun og held svo áfram að upplýsa þingheim, með leyfi hæstv. forseta:

„Á dögum Árelíanusar og Díócletíanusar voru flestar iðnaðarstofnanir og gildi smám saman sett undir stjórn ríkisvaldsins. Slátrarar, bakarar, múrarar, húsasmiðir, glerblásarar, járnsmiðir og myndskerar máttu hlíta nákvæmum regluboðum ríkisins. „Stéttarfélögin voru sem eftirlitsmenn í sínum eigin málum fyrir hönd ríkisins." — Eg endurtek: „Stéttarfélögin voru sem eftirlitsmenn í sínum eigin málum fyrir hönd ríkisins," segir Rostovtzeff. „Þau voru sjálf fjötruð af embættismönnum hinna ýmsu stjórnardeilda og af yfirmönnum hinna ýmsu eininga hersins." Félög verslunarmanna og iðnaðarmanna fengu margvísleg forréttindi hjá stjórnarvöldunum og reyndu oft að hafa áhrif á stjórnarstefnuna. Í staðinn veittu þau stuðning við stjórn ríkisins, studdu að nýtingu vinnuafls og innheimtu skatta hjá meðlimum sínum. Svipað eftirlit var látið ná til skattlandanna með hergögnum, matvælum og klæðaiðnaði. Í hverju skattlandi voru sérstakir umboðsmenn sem litu eftir öllum iðnaðarframkvæmdum, og í hverri borg varð ríkið einn helsti vinnuveitandinn.

Slíkt kerfi gat ekki þrifist án verðlagseftirlits. Árið 301 gáfu Díócletíanus og meðstjórnendur hans út „Edictum de pretiis" eða tilskipun um verðlag, þar sem tiltekið var hæsta lögleyft verð eða laun fyrir allar helstu vörur og þjónustu í ríkinu. Tilskipun þessi var allt til vorra tíma frægasta tilraun sem gerð hefur verið til að setja stjórnboðin ákvæði í staðinn fyrir lögmál efnalífsins. Tilraunin mistókst fljótt og fullkomlega. Kaupmenn földu vörur sínar, skortur varð meiri en nokkru sinni fyrr, Díócletíanus var sjálfur sakaður um að stuðla að hækkandi verðlagi, og slaka varð á tilskipuninni til að örva aftur framleiðslu og dreifingu. Að lokum var hún numin úr gildi af Constantínusi mikla.

Veikleiki þessarar efnahagsstjórnar var fólginn í því hve dýr hún var í framkvæmd. Embættismannaliðið varð svo fjölskipað að Lactantíus hélt því fram, auðvitað með ýkjum stjórnmálamannsins, að helmingur þjóðarinnar væru embættismenn."

Ég hef rifjað þetta upp, herra forseti, til að vekja athygli á því, að ekkert er nýtt undir sólinni, til að rifja það upp, að jafnvel í heimsríkinu sjálfu mistókst þessi tilraun, að ætla að stjórna einu landi í trássi við lögmál efnahagslífsins, mistókst að halda uppi eðlilegu viðskiptalífi, eðlilegri framleiðslu og eðlilegri þjónustu með því að standa gegn því, að hlutirnir séu látnir kosta það sem þeir kosta. Og ég hygg að reynslan muni einnig sýna það núna þegar fram líða stundir, að sú kalda hönd ríkisvaldsins, sem nú hvílir á púlsi atvinnulífsins, mun fyrr eða síðar eitra út frá sér. Það mun myndast drep í kringum hana og þess verður ekki langt að bíða að hægist á hjóli atvinnuveganna, viðskipti hægjast og atvinnuleysi heldur innreið sína, svo það verði tilfinnanlegt. Þegar er komið upp það ástand fyrir norðan, að forustumenn t. d. Akureyrar hafa snúið sér til þingmanna vegna ískyggilegra horfa í atvinnulífinu. Og þessi doði mun halda áfram að dreifast út um ýmsar byggðir landsins ef áfram verður reynt að stjórna landinu á sömu nótum og verið hefur nú um hríð.

Ég veit ekki hvort ástæða er til að hafa þessi orð miklu fleiri. Ég held að það liggi alveg ljóst fyrir í fyrsta lagi, að setning brbl. á gamlársdag var ekki aðeins óþörf, heldur var hún ögrun við þau öfl í landinu sem vilja efla lýðræðishætti og þingræði í landinu. Á hinn bóginn upplýstu viðbrögð ýmissa verkalýðsleiðtoga það, að þeir leggja ekkert upp úr því, hvernig staðið er að kjaramálum. Þeim er öldungis eitt hversu staðið er að kjaraskerðingunni, ef það eru þeirra menn sem gera það, ef þeir geta áfram tryggt sjálfum sér aukin áhrif og jafnvel eitthvert hagræði líka í tengslum við það.

Ég þori að fullyrða að undir engum öðrum kringumstæðum mundu t. d. þeir verkalýðsleiðtogar, sem fylgja Alþb., hafa setið auðum höndum og látið svipta umbjóðendur sína mánaðarlaunum án þess að réttilega sé að málinu staðið í lögformlegum skilningi.

Í öðru lagi liggur í augum uppi að brbl. eru sumpart áróðursplagg og hafa sem löggjöf enga þýðingu, eins og það ákvæðið að heimila ríkisstj. að endurskoða lánfjáráætlun sem ekki hefur enn þá verið gengið frá. Þar er náttúrlega verið að gera hlut sem eingöngu er broslegur og hefur enga þýðingu. Eðlilegra hefði verið að þvílík setning hefði fylgt lánsfjáráætluninni þegar Alþingi gengur frá henni. En um þetta hafa margir menn fjallað.

Í þriðja lagi er mér ekki algjörlega ljóst hvernig standa eigi að verðlagsmálum þegar 1. maí rennur upp, hvort hugmyndin sé þá að fella alla verðstöðvun niður eða hvort við því megi búast, að stjórnarflokkarnir reyni að beita sér fyrir nýrri löggjöf eftir páska einmitt um það atriði. Sjálfur er ég sannfærður um að þegar brbl. voru gefin út hafi ráðherrarnir í einfeldni sinni búist við því að

geta sent þingið heim fyrir mánaðamótin apríl — maí og þeir hafi hugsað sér þá að bæta úr þessu með nýjum brbl. sem m. a. fælu í sér skerðingu kaupgjaldsvísitölunnar 1. júní.

Ég verð að lýsa yfir vonbrigðum mínum yfir því, að ekki skyldi hafa fundist einn einasti maður réttlátur meðal stuðningsmanna ríkisstj. sem gat fallist á þær hógværu tillögur sem stjórnarandstaðan reyndi að ná fram við 2. umr. málsins og allar horfðu til bóta fyrir launafólk í landinu og raunar þjóðina alla.

Ég vil svo að síðustu segja það, að ég hef velt því töluvert fyrir mér, hvort megi vænta þess síðar meir, ef til kjaraskerðingar kemur með þessum hætti eða öðrum og Alþb. yrði utan stjórnar, hvort þeir Alþb.-menn, sem nú halda fastast utan um kjaraskerðinguna og sjá í henni lífsvon sína hvað sem Helguvík og flugvélaskemmum líður, — hvort þessir Alþb.-menn muni ekki reyna að bregða á leik aftur síðar, endurvekja Alþingi götunnar og kalla og hrópa um stjórnskipulegan neyðarrétt.

Þetta mál allt saman er þannig vaxið, að óhjákvæmilega hljóta launþegar að taka til endurskoðunar í fyrsta lagi, hver sé tilgangurinn og markmiðið með stofnun eins og ASÍ, svo freklega sem það hefur brugðist í þessu máli og ekki einu sinni reynt að sjá um að launþegar ættu kost á að fá einföldustu upplýsingar varðandi það mál sem hér um ræðir.

Í öðru lagi hlýtur þetta mál að valda því, að aukinn þrýstingur verður varðandi það að kosið sé í stéttarfélögum með lýðræðislegum hætti, þannig að unnt sé að koma við heilbrigðri gagnrýni innan verkalýðshreyfingarinnar og að launþegar geti eitthvert aðhald haft og eitthvert eftirlit með því óheyrilega fjármagni sem rennur um vasa verkalýðshreyfingarinnar.

Og í þriðja lagi hlýtur að koma til athugunar hversu fjármunum verkalýðshreyfingarinnar sé varið. Menn hljóta m. a. að reyna að glöggva sig á því, hvaða pappírar hafa verið gefnir út af verkalýðshreyfingunni vegna þeirrar kjaraskerðingar, sem nú á sér stað, og vegna þeirrar kjaraskerðingar, sem varð fyrir þrem árum, hversu miklu fé var varið til fundarhalda á vegum verkalýðshreyfingarinnar í sambandi við kröfuna um samninganà í gildi hinn 1. mars 1978, en við vitum að núna hefur ekki einni einustu krónu verið varið til þvílíkra hluta. Og síðast en ekki síst verður það athyglisvert, hvort forustumenn Dagsbrúnar, forustumenn ASÍ telja efni til þess í sinni kröfugerð á þessu ári að fara fram á það, að einhverjar grunnkaupshækkanir verði hjá þeim lægst launuðu í þjóðfélaginu eða hvort þeir taki undir með núv. hæstv. ríkisstj. um það, að eins og ástandið er geti launþegar enga von borið í brjósti um að hagur þeirra vænkist, allar þvílíkar vonir, allir þvílíkir draumar séu feigir fæddir, skýjaborgir sem ekki geti staðist á meðan staðið er að verkalýðs- og atvinnumálum, að kjaramálum og skattamálum eins og verið hefur um hríð af ýmsum af forustumönnum verkalýðshreyfingarinnar, núv. hæstv. ríkisstj. og þeim sundurleita hópi sem hana styður.

Ég harma það, að þeir menn, sem stóðu fyrir samningsgerðinni í haust fyrir verkafólkið og eru síðan ekki menn til þess að reyna að standa við þá samningsgerð, skuli ekki hafa þorað að horfast í augu við það á s. l. hausti, að engin efni voru til grunnkaupshækkana. Ég harma það, að ríkisstj. skyldi hafa leyft sér að vekja um það falskar vonir í brjóstum launþega, þegar hún komst að völdum og fram eftir haustinu, að einhver vegur væri að bæta lífskjörin, þegar fyrir liggur að skipulega er að því unnið að skerða þau bæði með opinberum aðgerðum og með vondri stjórn á ýmsum af þýðingarmestu stéttarfélögum landsins.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ég varð eins og fleiri undrandi þegar ég heyrði tilkynningu heilbr.- og trmrn. um 8% hækkun tekjutryggingarþáttar elli- og örorkulífeyris. Augljóst var að tilkynningunni var ætlað að blekkja almenning eins og sumt annað sem kemur frá hæstv. ríkisstj. Tilkynningunni var ætlað að láta fólk halda að elli- og örorkulífeyrisþegum væri hlíft við þeirri kjaraskerðingu sem launþegum var ætluð. Þetta bragð tókst ágætlega, meira að segja tókst að blekkja þingmenn, hvað þá almenning.

Hæstv. heilbr.- og trmrh. segir að kjaraskerðingunni verði skilað aftur síðar á árinu, m. ö. o. þá mæli verðbótavísitalan hraðar. Ef það er rétt og nauðsynlegt nú að draga úr þeim hraða sem verðbótavísitalan mælir verðbætur á laun, þá hlýtur að vera rangt að auka þennan hraða aftur með haustinu. Stundum áður — það hefur áður komið fyrir að rætt hefur verið um nauðsyn á skerðingu verðbótavísitölu á laun — hafa flestir, ég vil segja allir, sem um það hafa fjallað eða gert tillögur í þá átt, viljað hlífa þeim allra lægst launuðu og bótaþegum almannatrygginga við slíkri skerðingu. Nú er það ekki gert. Nú eru verðbætur skertar hjá öllum, einnig þeim allra lægst launuðu og hjá bótaþegum almannatrygginga.

Það er talað um skattalækkanir sem eigi að draga úr þessari skerðingu að hluta. Ég hef ekki séð þær enn og ég hef ekki séð neitt sem bendir til þess að umtalsverðar skattalækkanir verði samanborið við skatta síðasta árs. Það verður að vísu lækkun frá þeim sköttum, sem núverandi fjárlög gera ráð fyrir, en þar var líka búið að hækka skatta verulega frá síðasta ári. En þó svo væri, þótt þarna væri um talsverðar skattalækkanir að ræða, hvort sem þær verða nú 1% eða 1.5%, þá koma þær þessu fólki ekki að neinu gagni. Þetta fólk ber enga skatta hvort eð er, hvorki þeir allra tekjulægstu né bótaþegar lífeyristrygginganna yfirleitt.

Herra forseti. Í þeirri brtt., sem borin er fram af hv. 1. þm. Vestf. o. fl. og hér er til umr., er reynt að bjarga því sem bjargað verður fyrir bótaþega almannatrygginga. Ég styð tillöguna.

ATKVGR.

Brtt. 566,a felld með 19:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JS, JÞ, MHM, MB, MÁM, PS, SteinG, VG, AG, ÁG, JBH, BÍG, FrS, GeirH, HBI, SvH.

nei: IGísl, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, SV, StH, SvG, AS, EH, FÞ, GS, GJG, GGÞ, GHelg, HÁ, HG, IGuðn.

5 þm. (JE, KP, ÓE, SighB, ÞS) fjarstaddir.

Brtt. 566,b felld með 19:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JS, JÞ, MHM, MB, MÁM, PS, SteinG, VG, AG, ÁG, JBH, BÍG, FrS, GeirH, HBl, SvH.

nei: HG, IGuðn, IGísl, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, SV, StH, SvG, AS, EH, FÞ, GS, GJG, GGÞ, GHelg, HÁ.

5 þm. (JE, KP, ÓE, SighB, ÞS) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það undrar mig satt að segja, hversu miskunnarlaus úrslit þessarar atkvgr. eru. Ég segi já.

Frv. samþ. með 19:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: AS, EH, FÞ, GS, GJG, GGÞ, GHelg, HÁ, HG, IGuðn, IGísl, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, SV, StH, SvG.

nei: ÁG, JBH, BÍG, FrS, GeirH, HBI, JS, JÞ, MHM, MB, MÁM, PS, SteinG, VG, SvH.

AG greiddi ekki atkv.

5 þm. (JE, KP, ÓE, SighB, ÞS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Flestar ríkisstjórnir reyna að hafa náið samráð við stjórnarandstöðu við undirbúning aðgerða í efnahagsmálum. Þessi ríkisstj. hafði enga samstöðu við stjórnarandstöðuna, gaf út brbl. um ráðstafanir í efnahagsmálum nokkrum dögum eftir að Alþingi fór í jólafrí. Þingflokkur Sjálfstfl. tók þessi brbl. til vandlegrar umfjöllunar, og nm. í fjh.- og viðskn. beggja deilda reyndu að gera sitt til þess að bæta þetta frv., þannig að af því væru sniðnir verstu ágallarnir, með flutningi tillagna í báðum deildum og nú hér síðast við afgreiðslu málsins á lokastigi við 3. umr. Stjórnarflokkarnir og þeir, sem ríkisstj. styðja, töldu ekki ástæðu til að taka minnsta tillit til þeirra fjölmörgu ábendinga og till. sem við fluttum. Að þeirri afgreiðslu lokinni töldum við sjálfstæðismenn hér í deild, sem erum í stjórnarandstöðu, ekki fært annað en greiða atkv. gegn frv. og því segi ég nei.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Þegar komið er að lokum þessarar atkvgr. langar mig til að vísa til orða sem féllu 1. maí 1978, en þau voru, með leyfi forseta, svofelld:

„Í hugum alþýðufólks eru samningar skuldbindandi. Almennt alþýðufólk lítur á samning þannig að honum megi ekki rifta eða hlaupast frá. Það kemst ekki upp með að greiða ekki skatta sína og skyldur né að neita að greiða af íbúðum sínum eða öðru sem það festir kaup á. En stjórnvöld hafa á þessu aðrar skoðanir, enda kemur spillingin ætíð ofan frá."

Þetta er tilvísun í hv. þm. Guðmund J. Guðmundsson frá því 1. maí 1978. Ég minni á þessa tilvísun um leið og ég segi nei.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 570).

Sameinað þing, 67. fundur.

Þriðjudaginn 31. mars, kl. 2 miðdegis.

Olíuviðskipti við Breta, fsp. (þskj. 527). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Þ. Þórðarson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram svohljóðandi fsp. til viðskrh. um olíuviðskipti við Breta:

1. Hver var hagnaður af olíuviðskiptum við Breta?
2. Er ætlunin að halda þeim viðskiptum áfram?

Ég tel að þau viðskipti hafi verið upp tekin vegna mikils þrýstings, bæði í blaðaheimi og eins hér á Alþingi, — þrýstings frá mönnum sem töldu sig vita allt um olíuviðskipti. Þess vegna hlýtur að vera fróðlegt að fá úr því skorið, hvort þessi viðskipti hafi verið Íslendingum hagstæð og hvort það sé rétt stefna, sem upp hefur verið tekin, að leggja á það höfuðáherslu að við aukum olíuviðskipti við það sem kölluð hafa verið „vinveitt ríki". Mér þykir sanngjarnt að fá það alveg á hreint hvað sú vinátta kostar.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Eins og alkunna er varð gífurleg olíuhækkun á árinu 1979 í kjölfar þess er olíuframleiðslan í Íran féll að miklu leyti niður sökum innanlandsófriðar. Við samdrátt framleiðslunnar og yfirvofandi olíuskort hófst linnulaust kapphlaup um þá olíu sem var til sölu á frjálsum markaði. Það kapphlaup að fylla í eyður, sem þannig höfðu myndast, svo og um birgðaaukningu olli einhverri mestu verðsprengingu á almennum olíumarkaði sem sögur fara af, að árinu 1973 undanskildu, þannig að olíuverð hefur nær þrefaldast í verði á tímabilinu 1. jan. 1979 til 1. mars 1981. Mest varð verðhækkun olíuvara 1979 á hinum svokallaða Rotterdam-markaði, sem olíusamningur okkar við Sovétríkin byggðist á.

Í því ástandi, sem skapaðist í olíuviðskiptum árið 1979, urðu Íslendingar óvenjuilla úti, og þegar ljóst var hvert stefndi var að bestu manna yfirsýn talið rétt og skylt að leita jafnhliða annarra markaða um hluta viðskipta landsmanna, þar sem unnt væri að semja um fast verð og verð til lengri tíma, en olíuverð í samningum okkar við Sovétríkin hefur alltaf miðast við dagverð og hin síðari ár við svokallað Rotterdam-verð, sem er uppboðsverð á olíu í Rotterdam.

Eitt helsta verkefni olíuviðskiptanefndar, sem sett var á laggirnar 1979, var því að leita hagkvæmari olíuviðskiptakosta. Sá kostur, sem varð ofan á, var að ganga til samninga á s. l. ári við breska ríkisolíufyrirtækið BNOC um kaup á allt að 100 þús. tonnum af gasolíu á síðari helmingi ársins 1980 og allt að 100 þús. tonnum árið 1981, en samningurinn gildir áfram nema honum verði sagt upp með löglegum fyrirvara, þ. e. fyrir 1. júlí þessa árs. Þótt samningurinn við BNOC geri ráð fyrir nokkuð föstu verði hefur reyndin orðið sú, að Rotterdam-markaður hefur verið allstöðugur s. l. hálft ár eða rúmlega það og fallið nokkuð niður fyrir verð BNOC, svo að í peningalegum skilningi hefur breski samningurinn enn sem komið er reynst okkur dýrari en Rotterdam-verðmiðun hefði leitt af sér. Enn þá er ósamið um verð á þeim 40 þús. tonnum af gasolíu sem BNOC á eftir að afgreiða á þessu ári.

Svo að spurningunni: „Hver var hagnaður af olíuviðskiptum við Breta?" — sé svarað beint er hann því miður — a. m. k. enn þá — enginn í peningalegum skilningi, heldur hallast töluvert á í þeim efnum. Það er að vísu eftir að semja um 40 þús. tonn og ekki séð fyrir hvaða verð verður á Rotterdam-markaði þegar að þeim kaupum kemur. Þannig er ekki hægt að svara því nú hverjar lyktirnar verða í þessum samningamálum og hver fullnaðarsamanburður verður fyrr en þessum viðskiptum er að fullu lokið. Hins vegar er vert að leggja alveg sérstaka áherslu á það, að þegar á allt er litið, ekki hvað síst öryggi aðdrátta, fer ekki milli mála að hverri þjóð er stórum aukið öryggi búið í því að eiga kost á eldsneytisföngum úr

fleiri átt en einni. Er ekki vitað um neitt þjóðland, sem ekki býr að eigin olíu, sem viðar ekki að sér eldsneyti ekki aðeins frá 1-2 löndum, heldur frá fleiri löndum samtímis, bæði vegna jöfnunar á hugsanlegum verðsveiflum, styrkari samningsstöðu og öruggari aðdrátta.

Ef litið er til öryggissjónarmiðanna út af fyrir sig má tvímælalaust telja hag að BNOC-samningunum þótt ekki sé um hagnað eða ágóða að ræða í venjulegum skilningi verslunarviðskipta.

Í þessu sambandi er vert að vitna í stjórnarsáttmála núv. ríkisstj. Þar segir m. a. svo með leyfi hæstv. forseta:

„Áhersla skal lögð á að tryggja landsmönnum nauðsynlegt magn af olíuvörum með sem hagstæðustum kjörum og með samningum til langs tíma frá fleiri en einum aðila af öryggisástæðum."

Um síðari spurninguna: „Er ætlunin að halda þeim viðskiptum áfram?" — er því til að svara, að ég mun eiga fund með forsvarsmönnum BNOC á næstunni þar sem áframhaldandi viðskiptamöguleikar verða ræddir. Byggist það að verulegu leyti á niðurstöðum þeirra viðræðna svo og framhaldsviðræðum í byrjun maímánaðar n. k., hvort um áframhald verður að ræða eða ekki. Æskilegt væri að svo yrði, en þó á þann veg að okkur Íslendinum stæðu til boða lægra og raunhæfara verð en núgildandi samningur við BNOC kveður á um.

Ég tel rétt sem hluta af þessu svari að gera til viðbótar í örstuttu máli grein fyrir því sem gerst hefur í olíuviðskiptum síðan ég tók við embætti viðskrh.

Hinn 11. sept. 1980 var undirritaður rammasamningur til næstu fimm ára við Sovétríkin. Hluti þess viðskiptasamnings fjallar um kaup á olíuvörum. Samkv. rammasamningnum kaupum við af Sovétríkjunum 100-190 þús. tonn af gasolíu á hverju ári, 110-180 þús. tonn af bensíni á ári hverju. Í samræmi við þennan rammasamning var svo gerður viðskiptasamningur ársins 1981 um kaup á þessu ári frá Sovétríkjunum: Gasolía 100 þús. tonn, en þar er ársþörf okkar talin nema 220 þús. tonnum, svartolía 110 þús. tonn, þar er ársþörfin áætluð 170 þús. tonn, og bensín 70 þús. tonn, en þar er ársþörfin talin 90 þús. tonn.

Í annan stað var undirritaður samningur við British National Oil Corporation í apríl 1980 um kaup á 100 þús. tonnum af gasolíu árin 1980 og 1981 hvort ár. Samkv. þessum samningi keyptum við 60 þús. tonn 1980. Það er minna en um var samið vegna þess að neysla gasolíu hefur minnkað. Er það aðallega af tveimur ástæðum: Húsahitun með olíu hefur minnkað, dregist saman, og einnig hafa fleiri og fleiri togarar farið að nota svartolíu í stað gasolíu áður. Hvort áframhald verður á því er annað mál, vegna þess að svartolía hefur hækkað verulega á heimsmarkaði á þessu ári og seinustu mánuðum síðasta árs. Á þessu ári verða keypt 80 þús. tonn af BNOC og hafa þegar verið flutt inn 40 þús. tonn, þannig að við eigum eftir að flytja inn frá þeim 40 þús. tonn á árinu. Þá hafa verið gerðir samningar um kaup á 20 þús. tonnum af svartolíu frá BNOC á þessu ári. Auk þessa flytja olíufélögin inn olíuvörur, svo sem smurolíu og ca. 40-50 þús. tonn af gasolíu, og kaupa þær vestan tjalds af ýmsum aðilum.

Ég vil geta þess til viðbótar, að það hafa farið fram ítarlegar viðræður við Norðmenn, Statoil í Noregi, um hugsanleg olíuviðskipti. M. a. fóru fram viðræður í Osló í seinustu viku við Statoil þar sem kannaðir eru möguleikar á viðskiptum við Norðmenn á næstu árum. Enn þá hefur ekki á það reynt hvað þau viðskipti verða hagkvæm, en upplýsingar um það munu liggja fyrir innan skamms og þá er að bera saman viðskipti við BNOC og Norðmenn áður en teknar verða ákvarðanir um af hverjum við kaupum.

Ég á ekki von á að við fáum keyptar olíuvörur, hvorki frá Norðmönnum né Bretum, á neinum sérstökum vildarkjörum. Þar gildir heimsmarkaðsverð yfirleitt, eins og um olíuvörur yfirleitt.

Það eru misjafnir mælikvarðar sem eru lagðir til grundvallar í olíuviðskiptunum. Hinn svokallaði uppboðsmarkaður eða Rotterdam-markaður yggir á því, hvað framboð og eftirspurn er mikið á olíuvörum, og sveiflast gjarnan gífurlega upp og niður, alveg frá allt að 300 dollurum á tonnið af gasolíu niður fyrir 200 dollara á einu ári. Hann er frekar hagstæður um þessar mundir eða rúmlega 300-310 dollarar á tonn. Samningurinn við BNOC, sem við byggjum á nú, er um 335-340 dollarar á tonnið, en hvort Rotterdam-markaður helst stöðugur eða ekki veit raunverulega enginn. Ég geri þó frekar ráð fyrir að hann verði stöðugur á næstu mánuðum.

Til viðbótar við þetta hefur verið rætt við ýmsa aðila, allmarga, sem vilja koma á viðskiptum við Arabalöndin, en þau mál eru allt öðruvísi vaxin vegna þess að þau byggja fyrst og fremst á því að kaupa jarðolíu, óhreinsaða olíu, og láta hreinsa hana til innanlandsnota. En það er allt annað mál.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég er sammála hæstv. viðskrh. um það, að viðskipti af þessu tagi verði ekki metin á grundvelli stundaruppgjörs. Ég held að þingheimi hljóti að vera ljóst að sveiflurnar, sem við höfum mátt búa við á Rotterdam-markaði, þær einar sér, hvað sem verðlaginu að jafnaði líður, hafi verið mjög óþægilegar og við höfum oft fengið að reyna það, að jafnaðarverð á Rotterdam-markaði væri hærra en líkur benda til að við hefðum þurft að gefa fyrir olíu með öðrum hætti. Ég tel mjög mikilvægt í þessum efnum, að ekki séu öll egg í einni körfu, og tek undir þau sjónarmið hæstv. ráðh., að það sé öryggi að því að viða að sér olíu úr fleiri en einni átt. Ég tel að það beri að vinna að því áfram og hafa öll spjót úti og athuga líka um möguleika á kaupum á hráefni. Öryggisþátturinn í þessum málum verður ekki ofmetinn.

En það er tvennt annað, sem varðar öryggi okkar í þessum efnum, sem ástæða væri til að drepa fáeinum orðum á. Olíuviðskiptanefnd skilaði áliti, eins og kunnugt er, og mælti þar m. a. með því, að við gerðumst aðilar að Alþjóðaorkumálastofnuninni. Sú aðild var undirbúin í tíð fyrrv. ríkisstj. og þá var undirbúið að skýrsla yrði samin um þetta efni. Sú skýrsla hefur verið samin og henni hefur verið dreift sem trúnaðarmáli. Nú vil ég spyrjast fyrir um það hjá hæstv. ráðh. hvort ekki sé hugmyndin að gera þessa skýrslu opinbera, en þó vildi ég ekki síður spyrjast fyrir um hvað dvelur það, að sótt sé um aðild að Alþjóðaorkumálastofnuninni sem olíuviðskiptanefnd taldi að væri mikið öryggisatriði fyrir okkur Íslendinga að vera aðilar að. Ég held að meginþorri þm. sé af þeim umræðum, sem þar hafa farið fram, þeirrar skoðunar, að öryggi mundi einmitt að því að við gerðumst aðilar að Alþjóðaorkumálastofnun.

Að lokum, herra forseti. Ég tók eftir því nýlega, að það var haft eftir hæstv. ráðh. að nægilegt birgðarými fyrir

olíuvörur væri hér í landinu. Þetta kom mér nokkuð spánskt fyrir sjónir. Ég vil spyrjast fyrir um það, hvort þarna hafi verið rangt eftir ráðh. haft. Ég kannast betur við það sjónarmið, að heldur þröngt sé um birgðarými í landinu og það sé eitt af því sem veldur öryggisleysi hér á landi. Ég vænti þess, að ráðh. geti svarað þessari spurningu, hvort það sé virkilega álit hans að birðarými sé hér nægjanlegt eða hvort grípa skuli til ráðstafana til að auka birgðarýmið eða hvort hann sé í þessu svari sínu að gera ráð fyrir að þeir tankar, sem rísa munu í Helguvík, muni leysa það mál.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Þ. Þórðarson): Herra forseti. Ég þakka viðskrh. fyrir svör hans þó að ekki hafi það komið fram í krónum, hver niðurstaðan væri af olíuviðskiptum við Breta, og einnig hafi það ekki komið fram hvort ætlunin væri að halda þeim áfram.

Ég vil lýsa þeirri skoðun minni afdráttarlaust, að ég tel að við Íslendingar höfum ekki efni á öðru en að kaupa olíu þar sem við getum fengið hana með bestum kjörum og verðið eitt eigi að ráða því, hvar við verslum. Ég vil í þessu sambandi minna á að Vestur-Þjóðverjar hika ekki við að gera samninga um gaskaup m. a. frá Sovétríkjunum í mjög ríkum mæli þrátt fyrir að þeir séu gagnrýndir af öðrum þjóðum, m. a. Bandaríkjunum, fyrir að þetta sé of áhættusamt tiltæki. Ég hef ekkert á móti því, að keypt sé olía af vestrænum þjóðum, hvort sem það er af Norðmönnum eða Bretum, en ég óska eindregið eftir því, að viðskrh. leggi á það höfuðkapp, að þeir samningar séu ekki óhagstæðari en gerðir eru annars staðar, og tel að það sé nánast óverjandi að standa öðruvísi að þeim málum.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Hv. þm. Kjartan Jóhannsson spurðist fyrir um Alþjóðaorkumálastofnunina, hvað því máli liði. Það er rétt hjá honum, að gerð hefur verið ítarleg skýrsla um það mál. Það hafa farið fram viðræður við fulltrúa Alþjóðaorkumálastofnunarinnar tvívegis í París og í annað sinn, að ég hygg, meðan hv. þm. var viðskrh. Þessar viðræður hafa leitt í ljós hvaða skuldbindingar það eru og hvaða réttindi það eru sem fylgja aðild að Alþjóðaorkumálastofnuninni. Ég hef látið það í ljós áður á Alþingi — gerði það fyrir skömmu í umr. í Ed. — að ég teldi koma til greina að Ísland gerðist aðili að Alþjóðaorkumálastofnuninni. Ég tel að það sé ýmislegt sem rökstyður að það sé skynsamlegt, m. a. öryggissjónarmið. Þetta mál er nú til meðferðar hjá ríkisstj., hefur verið rætt í ríkisstj., og er þar til meðferðar, og hún tekur sjálfsagt ákvörðun um það — ég skal ekki segja hvenær — hvort ákveðið verður að sækja um aðild að þessari stofnun.

Þá vék þm. að birgðarýminu í landinu, hvort það væri nægilegt. Ég held að það skorti ekki mikið á að birgðarými fyrir olíuvörur sé nægilegt til þess að við eigum birgðir sem eru hæfilegar og getum treyst á ef eitthvað gerist í þessum málum. Ég held að tiltölulega mjög lítið þurfi til viðbótar til þess að birgðarýmið sé nægilegt, og ég held að Helguvíkurmálið hafi ekki nein áhrif á það mál sem slíkt.

Ég er fylgjandi því, að við aukum birgðir okkar frá því sem verið hefur. Birgðirnar voru t. d. 1979, að því er mig minnir, 54 dagar að meðaltali. Ef við gerumst aðilar að Alþjóðaorkumálastofnuninni er lágmarkið 90 dagar eða þrír mánuðir. Við mundum áreiðanlega geta gerst aðilar að þeirri stofnun á þann hátt að auka birgðarými okkar, þar sem þarf, og olíubirgðir t. d. á nokkrum árum, 4-5 árum eða eitthvað því um líkt. Birgðir um s. l. áramót voru nokkuð miklar, það voru um 100 daga birgðir t. d. af gasolíu, en það eru miklar sveiflur í þessu og við förum býsna langt niður á stundum í sambandi við birgðir.

En það er ákaflega þýðingarmikið að við stefnum að því að auka birgðir okkar hvað sem öðru líður. Það kostar peninga, ekki aðallega í auknum geymum, það er minnsti hlutinn af kostnaðinum, en kostnaðurinn er aðallega fólginn í því að greiða fjármagnskostnað af því að liggja með birgðir. Það er auðvitað ekki hægt að gera þetta án þess að hækka verð á olíuvörum. En ég álít að það sé sjálfsagt mál fyrir Íslendinga að stefna að því auka birgðir sínar í það mark sem gert er ráð fyrir meðal þeirra þjóða sem eru aðilar að Alþjóðaorkumálastofnuninni. Það er 21 þjóð, allar þjóðirnar, sem eru aðilar að Efnahags- og framfarastofnuninni, nema þrjár. Er sjálfsagt að vinna að því máli.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Sjónarmið okkar sjálfstæðismanna varðandi olíukaup hafa áður komið fram hér á Alþingi, m. a. með flutningi till. okkar hv. 1. þm. Reykv., Geirs Hallgrímssonar. Þar er lýst svipuðum sjónarmiðum og fram komu nú hjá hæstv. viðskrh. og hv. 2. þm. Reykn. Ég fagna því, hversu sammála við erum um þetta mál. Það er ljóst að öryggisins vegna eigum við ekki að hafa olíuviðskipti aðeins við eina þjóð, heldur hafa viðskipti við fleiri aðila. Auðvitað eigum við að hafa eins hagkvæm viðskipti og mögulegt er hverju sinni, en öryggið hlýtur að sitja í fyrirrúmi.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Þótt það komi ekki beinlínis fram í fsp. hefur það komið fram í umr. um fsp. að í ríkisstj. er verið að ræða aðild að Alþjóðaorkumálastofnuninni. Það er ljóst að útbúin hefur verið skýrsla og talsverð vinna hefur verið lögð í að undirbúa það mál. Ég fagna því, að hæstv. ráðh. skuli hafa lýst yfir stuðningi við aðild Íslands. Einhver fyrirstaða virðist þó vera í ríkisstj. Ef hæstv. ráðh. sér sér fært þætti mér vænt um að hann skýrði það frekar hér, hvort hugsanlegt sé að innan mjög skamms tíma megi búast við frv. frá ríkisstj. eða hvort opinberaðar verði þær skýrslur sem almenningur veit að til eru um þetta mál og manni skilst að séu jákvæðar í málinu. Í þriðja lagi er ástæða til að spyrjast fyrir um það, ef það gæti flýtt fyrir málinu, hvort hæstv. ráðh. treystir sér til að styðja frv. sem kæmi fram frá stjórnarandstöðunni um þetta mál.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Skýrslunni, sem hefur verið gerð um Alþjóðaorkumálastofnunina, hefur verið dreift til þingflokka sem trúnaðarmáli, en ég sé enga ástæðu til að hún sé trúnaðarmál lengur. Þetta er skýrsla, sem fjallar um þetta mál efnislega, ræðir um hvaða rök það eru sem styðja að því að við gerumst aðilar að þessari stofnun sem er náttúrlega fyrst og fremst það að auka á öryggi okkar í orkumálum. Er sjálfsagt að senda hana út í stærra upplagi, t. d. til þingflokka og raunar einnig til annarra aðila, þannig að menn geti kynnt sér málið. Það er ekkert í skýrslunni sem er þannig að það þurfi að fara leynt að mínu mati.

Ég skal ekki segja um það nú hvernig ríkisstj. hefur fjallað um þetta mál og tekið ákvarðanir og vil ekki svara neinu um það. Ekki vil ég heldur svara hv. þm. Friðrik Sophussyni um það, hvort ég muni fylgja frv. sem stjórn-

arandstaðan kann að bera fram. Það er nú til nokkuð mikils mælst að ráðherrar lýsi því yfir hér í hv. Alþingi að þeir muni styðja frv. sem stjórnarandstaðan kunni að flytja á Alþingi. Ég vil þess vegna, af ástæðum sem ég er viss um að hv. þm. telja eðlilegar, ekkert tjá mig um það.

Lán til íbúðabygginga, fsp. (þskj. 399). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Á gamlársdag s. l. gaf ríkisstj. út brbl. um viðnám gegn verðbólgu, svo sem menn minnast. Þegar þetta skeði kom frá ríkisstj. það sem kallað var efnahagsáætlun ríkisstj. Þar var tekið fram að um leið og gjaldmiðli þjóðarinnar yrði breytt 1. jan. 1981 þannig að 1 nýkr. jafngilti 100 gkr. væru ákveðnar þær efnahagsaðgerðir sem nú skyldi greina, eins og segir í þessu plaggi. Þar eru margir töluliðir. En 14. tölul. þessa plaggs hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Vegna íbúðabygginga og kaupa skal stefnt að því að breyta skammtímalánum og lausaskuldum í föst lán til lengri tíma. Að þessari skuldbreytingu verði unnið á vegum viðskrn., Seðlabanka, félmrn. og Húsnæðisstofnunar ríkisins."

Það er nokkuð óvenjulegt að það séu gerðar slíkar ráðstafanir í húsnæðismálunum og ég minnist þess ekki á síðari áratugum, en þó er það ekki að ófyrirsynju að það sé gert. Hvers vegna er það? Það er vegna ástandsins í lánamálum húsbyggjenda. Oft hefur ástandið verið miður gott í þeim efnum, en ég hygg að það fari ekki milli mála að aldrei hafi ástandið verið verra og erfiðara fyrir húsbyggjendur að afla lánsfjár til bygginga sinna en einmitt á síðustu misserum.

Ég lít svo á að hæstv. ríkisstj. hafi gert sér grein fyrir þessu og andsvar hennar við þessu ástandi séu þær fyrirætlanir um að breyta skammtímalánum til húsbygginga í langtímalán sem hún gaf fyrirheit um á gamlársdag s. l. Hvað er það sem veldur þessu slæma ástandi? Það er fyrst og fremst það, hve hin almennu húsnæðislán, lán úr Byggingarsjóði ríkisins, eru lítill hluti af byggingarkostnaðinum. Þessi lán hafa alltaf verið of lág. En menn hafa oft og tíðum reynt að setja sér það markmið að hækka þau. Það hefur verið stefnumið í þessum málum að hækka íbúðalánin þannig að þau yrðu hærri hluti af byggingarkostnaðinum en áður. Það hefur gengið á ýmsu í þessu efni. Það var svo um 1959, að þá var talið að 28% af byggingarkostnaðinum væri það sem næmi lánum frá Byggingarsjóði ríkisins. Þetta fór smám saman batnandi á næsta áratug, þannig að 1971 var þetta hlutfall komið upp í 42%. 42% af byggingarkostnaði námu þá íbúðalánin. En á þeim áratug, sem síðan kom, miðaði ekki lengur í rétta átt í þessu efni, heldur öfuga átt þannig að 1980 voru lánin orðin 33% af byggingarkostnaði. Það er þessi þróun sem veldur hinu alvarlega ástandi í lánamálum húsbyggjenda.

Það er ömurlegt til þess að vita, að þegar það fór fram gagngerð endurskoðun á húsnæðislöggjöfinni á síðasta þingi var þess ekki gætt að efla Byggingarsjóð ríkisins til þess að hann væri betur fær um að gegna sínu mikilvæga hlutverki en áður. Það var farin öfug leið í þessu efni og skyldum var bætt á og aukin verkefni Byggingarsjóðs ríkisins á sama tíma sem þýðingarmesti tekjustofn Byggingarsjóðsins — 2% launaskatturinn — var tekinn af honum. Það er því ekki að furða að ástandið sé slæmt, og það er því ekki að ófyrirsynju að hæstv. ríkisstj. vill gera eitthvað til þess að bæta hér úr. En nú skiptir máli hvernig það verður gert, hvers eðlis það er. Þess vegna hef ég leyft mér á þskj. 399 að bera fram eftirfarandi spurningar til hæstv. félmrh.:

„1. Hvenær verður skammtímalánum og lausaskuldum vegna íbúðabygginga breytt í föst lán til lengri tíma?

2. Hvernig verður fjármagns aflað til hinna föstu lána?

3. Hver verða kjör hinna föstu lána: a) Vextir. b) Lánstími?"

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Þegar ríkisstj. hafði gengið frá efnahagsáætlun sinni um áramótin var tekin um það ákvörðun í ríkisstj. að setja sérstaka nefnd til að kanna með hvaða hætti best væri staðið að því að breyta skammtímaskuldum og lausaskuldum vegna íbúðabygginga í föst lán til lengri tíma. Í nefndinni áttu sæti Jón G. Sólnes, sem var formaður nefndarinnar, Grétar Þorsteinsson formaður Trésmíðafélags Reykjavíkur, tilnefndur af félmrh., Jón Júlíusson deildarstjóri, tilnefndur af viðskrh., Ólafur Jónsson formaður Húsnæðisstofnunar ríkisins, tilnefndur af stjórn stofnunarinnar, og Jón Ormur Halldórsson aðstoðarmaður forsrh. Nefndin vann hratt og vel og skilaði fyrir um það bil mánuði tillögum sínum. Síðan nefndin skilaði áliti sínu hafa þessi mál verið til meðferðar á milli ríkisstj., viðskrn. og bankanna og niðurstöður af hálfu bankanna eru að fást þessa daga.

Það liggur sem sagt ekki fyrir í einstökum atriðum með hvaða hætti þessum málum verður háttað, en nefndin, sem fjallaði um málið, skilaði áliti fyrir fjórum vikum, eins og ég sagði, þar sem miðað var við að ákveðin skilyrði þyrfti að uppfylla til þess að menn fengju skemmri lánum sínum breytt í lán til lengri tíma. Það er alger samstaða á milli bankanna um þessi skilyrði, sem hér er um að ræða, sem umsækjandi þurfi að uppfylla til að fá lán samkv. þessum reglum. Þau skilyrði eru:

1. Að umsækjandi hafi fengið lán hjá Húsnæðisstofnun ríkisins á árunum 1978, 1979 og 1980 eða sé með lánshæfa umsókn samkv. núgildandi reglum stofnunarinnar.

2. Að umsækjandi eigi aðeins eina íbúð eða íbúðarhús, byggt eða keypt á þessum árum til eigin afnota.

3. Að umsækjandi skuldi 20 þús. nýkr. eða meira sem greiðast eiga upp á næstu þremur árum eða skemmri tíma. Undanskilin skulu skammtímalán veitt vegna væntanlegra húsnæðislána eða lífeyrissjóðslána.

Í áliti nefndarinnar, sem lagt var fyrir ríkisstj. fyrir nokkrum vikum, eins og ég sagði, var gert ráð fyrir að þau lán sem hér yrði um að ræða, yrðu tengd lánskjaravísitölu Seðlabanka Íslands, sem sagt verðtryggð. Hins vegar hefur ekki verið tekin ákvörðun um það, til hversu langs tíma þessi lán verða. Þar hafa verið uppi hugmyndir um tímabil frá 7 og upp í 10 ár. Um vexti af þessum lánum hefur ekki endanlega verið tekin ákvörðun heldur, en gert er ráð fyrir að hér verði um að ræða svipuð kjör í meginatriðum og Húsnæðisstofnun ríkisins er með á sínum lánum, að teknu tilliti til lánskostnaðar hverju sinni. Gert er ráð fyrir því í þessum tillögum, og bankarnir hafa fallist á þær, að lánsfjárhæðin geti numið allt að 100 þús. nýkr. og verði veðsetning eignar þó aldrei hærra hlutfall en 65% af brunabótamati viðkomandi eignar. Í þeim viðræðum, sem farið hafa fram um þessi

mál, hefur verið gert ráð fyrir því, að að þeim verði unnið í samvinnu Húsnæðisstofnunar ríkisins og viðskiptabankanna.

Ég geri ráð fyrir því, að með þessum orðum sé í raun og veru svarað þeim fsp. sem hv. 4. þm. Vestf. hefur lagt hér fram, og ég geri ráð fyrir því, að niðurstaða úr þessum viðræðum muni liggja fyrir allra næstu daga. Hæstv. viðskrh. fjallar um þau mál sem snúa að bönkunum, eins og gefur að skilja, og ég geri ráð fyrir að niðurstöður úr þeim viðræðum eigi að geta legið fyrir allra næstu daga.

Varðandi þann inngang, sem hv. 4. þm. Vestf. hafði hér um húsnæðismál, mætti margt segja. Hann hefur haldið mjög svipaðar ræður nokkuð oft hérna í þinginu frá því að ég tók við stjórn félmrn. Ég kannast við þennan tón. *Í ræðu hans áðan kom í raun og veru ekkert fram* annað en þessar venjulegu hrakspár um það húsnæðislánakerfi sem samþykkt var með lögum á Alþingi s. l. vor, það sé í raun og veru kerfi sem sé óalandi og óferjandi og í alla staði hið versta.

M. a. kvartaði hann í ræðu sinni áðan yfir því, að í þessum húsnæðislögum hefði verið gert ráð fyrir stórauknum verkefnum. Hver eru þessi auknu verkefni sem gert er ráð fyrir í lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins frá því s. l. vor? Þau eru t. d. ýmsir sérstakir nýir lánaflokkar, svo að ég nefni dæmi: varðandi orkusparandi aðgerðir við breytingar á húsnæði, varðandi sérþarfir fatlaðra og fleiri dæmi mætti nefna um lánaflokka sem hér hafa verið teknir upp og skipta afskaplega miklu máli. Ég held að það skipti afskaplega miklu máli líka í þessu sambandi að menn athugi að með þessum húsnæðislögum var stigið það skref að lán eru mismunandi eftir fjölskyldustærð, þannig að lán til stærstu fjölskyldna hækka á þessu ári langt umfram verðlagsþróun á milli áranna 1980 og 1981. En þetta er að sjálfsögðu einskis metið af þeim sem jafnan reyna að finna það sem verst fer í lagasetningu eins og þessari. Þó gleyma menn því auðvitað alveg sérstaklega, og sérdeilis hv. 4. þm. Vestf., að í þessum lögum var gert ráð fyrir að fjármagna um þriðjung íbúðabygginga í landinu eða stefna að því á vegum Byggingarsjóðs verkamanna og honum voru tryggðar stórauknar tekjur frá því sem nokkru sinni hefur verið. Ég er því þeirrar skoðunar, að í þessum lögum, eins og þau voru úr garði gerð, felist í raun og veru félagsleg stórtíðindi sem skipti ákaflega miklu máli fyrir alla gerð samfélags okkar.

Varðandi þau mál, sem hér er spurt um sérstaklega og snúa að bönkunum, vil ég segja það, að ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að nauðsynlegt væri að fella þjónustu bankakerfisins við húsbyggjendur í landinu í skipulegan farveg og tengja hana eins og kostur er við hið almenna opinbera húsnæðislánakerfi. Ég tel að þær viðræður, sem átt hafa sér stað að undanförnu um breytingu á skammtímaskuldum húsbyggjenda í lengri lán, séu viðræður um að koma á vísi að skipulegu samstarfi bankanna og hins almenna húsnæðislánakerfis. Ég tel að þar sé um að ræða þýðingarmikið skref. Það er ljóst, að niðurstaða um hvernig það verður útfært í einstökum atriðum mun fást núna allra næstu daga.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Það þarf tæplega að rifja upp að það eru liðnir þrír mánuðir síðan ríkisstj. birti í efnahagsáætlun sinni að átak skyldi gert til að breyta skammtímaskuldum húsbyggjenda í lán til lengri tíma. Þau svör, sem ráðh. gaf hér áðan, gáfu til kynna að það kæmi niðurstaða bráðum, einhvern tíma á fjórða mánuðinum. En þau svör gáfu fleira til kynna. Þau gáfu til kynna að ýmsir kerfiskarlar og stofnanafólk hafi setið sveitt við að búa til flóknar reglur yfir það, hvaða húsbyggjendur eigi kost á lánum af þessu tagi, hvaða húsbyggjendur eigi að fá lengingu á lánum — og þau hafa setið sveitt við að reyna að koma sér niður á hvers konar kjör ættu að vera á þessum lánum. Á meðan bíða húsbyggjendur.

Ég vil minna á, að lán þau, sem húsnæðismálastjórn ríkisins veitir til íbúðabyggjenda, eru innan við þriðjung af verði íbúðanna og oft ekki nema um það bil 25% af verði íbúðanna. Það kerfi, sem við höfum komið okkur upp, ætlast til þess, að ungt fólk eignist íbúðir með þeim *hætti að útvega með öðrum hætti kannske um það bil* 70% af íbúðarverðinu: á skammtímalánum með snöpum í bönkum, með því að ganga fyrir ættingja og vini, með því að slíta sér út og jafnvel með því að stunda undanslátt undan skatti með einum eða öðrum hætti. Þetta er sú leið sem ungt fólk neyðist til að fara við það kerfi sem við höfum komið okkur upp, — það kerfi sem gerir ráð fyrir að menn eignist íbúðir, en lætur þá ekki njóta lánafyrirgreiðslu til þess að eignast íbúðirnar með eðlilegum hætti.

Ríkisstj. hefði verið nær að fara eftir frv. okkar Alþfl.-manna, sem við lögðum fram í desembermánuði, um þetta efni. Þar er húsnæðismálastjórn gert að hækka *lánahlutfallið* stig af stigi, eins og hæstv. núv. félmrh. hafði samþykkt í fyrri ríkisstj. samkv. stefnumörkun Magnúsar H. Magnússonar, þannig að á þessu ári væru þó húsnæðislánin a. m. k. komin upp í 35% af verði staðalíbúðar eins og þær reiknast á þeim bæ. Í annan stað átti samkv. því að koma aðstoð bankanna í þann skipulega farveg sem ráðh. hafði hér fögur orð um áðan og liggur fyrir kvitt og klárt í tillögum okkar Alþfl.-manna. Bankarnir gefa þá íbúðabyggjendum kost á verðtryggðum lánum til 15 ára á lágum vöxtum. Nemur það hálfu því láni sem fengið er úr húsnæðismálastjórn. Þetta er hinn skipulegi farvegur. Þetta er það sem gera má til að koma til móts við húsbyggjendur. Með þessu móti væri komið hér sæmilega mannúðlegt samfélag, herra forseti, þar sem menn ættu von á því, að með lífeyrissjóðslánunum væru lánin komin yfir 70%. Það er eins og gerist hjá siðuðum þjóðum. Það kerfi, sem við höfum, er villimannlegt.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Það er kannske að bera í bakkafullan lækinn að tala enn einu sinni um húsnæðismálin sem voru til afgreiðslu sem frv. hjá hv. Alþingi fyrir tiltölulega stuttu. Eitt er þó ljóst, að eftir að þau nýju lög tóku gildi hefur lítið sem ekkert breyst um fjárframlag ríkisins til Byggingarsjóðs ríkisins annars vegar og Byggingarsjóðs verkamanna hins vegar. Það er talið að hvert launaskattsstig skili 75 millj. nýkr. Í framlagi ríkissjóðs er þó aðeins gert ráð fyrir að 75 millj. gangi til Byggingarsjóðs verkamanna frá ríkinu, en 43 millj. nýkr. til Byggingarsjóðs ríkisins. Það er ljóst af þessum tölum að mikið vantar á að ríkisvaldið standi skil á þeim skatti sem sérstaklega var lagður á atvinnufyrirtækin og varð reyndar til í kjarasamningum í þessu skyni.

Nú þegar allt er komið í þrot fer hæstv. ríkisstj. þá leið að taka að láni fjármagn sem verður til með almennum sparnaði í landinu. Um það er út af fyrir sig ekkert nema gott að segja. En þess ber að geta, að ávöxtunarkjörin á

slíkum lánum eru líkast til á milli 51 og 53% ef gert er ráð fyrir 50% verðbólgu í ár, eins og spár segja til um. Þetta verður að benda á, vegna þess að síðan kemur hæstv. ráðh. hér í ræðustól og segir að þetta sé liður í því að koma skipulegum hætti á lánamál til húsbyggjenda. Ég held að haldi fram sem horfir sé það kannske ekki út í bláinn að hæla hæstv. ráðh. fyrir að koma því kerfi á að Húsnæðisstofnun ríkisins verði óþörf. — Ég verð að segja það, að ef það gerist í framtíðinni, að venjulegir húsbyggjendur eigi aðgang að sparifjármunum landsmanna, þá er það vel. Þá gefst tækifæri til þess fyrir okkur hin, sem greiðum skatta, að láta ríkissjóð greiða þeim úr byggingarsjóði, sem sérstaklega þurfa á lánum að halda, en ekki að koma upp því kerfi sem gert var ráð fyrir í húsnæðislögunum nýju, að allir yrðu þurfalingar.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Það hefur komið fram í umr. um þessa fsp., að tekið hefur nokkuð langan tíma að afgreiða þetta mál. Það er út af fyrir sig alveg rétt. Það hefur tekið talsverðan tíma, en til þess liggja alveg sérstakar ástæður.

Félmrh. greindi frá því, að það hefði verið sett nefnd í málið og hún hefði skilað áliti sínu á skömmum tíma. Þessi mál eru þannig vaxin, að lausaskuldir fólks eru yfirleitt í bönkunum, hjá sparisjóðnum og síðan í byggingarvöruverslunum, bæði einkaverslunum og í kaupfélögunum. Það er ljóst að leita þarf samkomulags við bankana og við sparisjóðina um hvernig með þessi mál skuli farið, því að að langmestu leyti eru þessi lausaskuldalán hjá bönkum og sparisjóðum. Það voru þess vegna teknar upp viðræður við bankana og fulltrúa sparisjóðanna strax eftir að nefndin hafði skilað áliti sínu, og síðan hafa þessir aðilar verið að fjalla um málin og þau hafa verið í nokkurri biðstöðu á meðan. Þau eru ekki alveg einföld vegna þess að hér er um að ræða margs konar tæknileg vandamál sem þarf að leysa úr áður en endanlega er gengið frá þessum málum.

Varðandi kjörin er mér óhætt að segja að það sé í öllum aðalatriðum samkomulag um þau. Ég vonast til þess, að náð verði fullu samkomulagi um þau alveg á næstunni, um það, hvernig þessu verður fyrir komið. Það getur auðvitað verið með ýmsu móti, en ríkisstj. leggur alveg sérstaklega áherslu á að þannig verði gengið frá þessum málum og um þau fjallað með þeim hætti að sem aðgengilegast verði fyrir einstaklingana og þeir geti fengið afgreiðslu sinna mála á einum stað, en þurfi ekki að ganga á milli margra stofnana og margra aðila til að fá þau leyst.

Ein af ástæðunum fyrir því, að þetta hefur tekið sinn tíma, er sú, að sparisjóðirnir í landinu hafa lánað mikið af skammtímalánum einmitt vegna húsnæðismála. Það er talið að yfir 50% af ráðstöfunarfé sparisjóðanna liggi einmitt í lánum vegna húsnæðismála. Þess vegna hefur það verið erfiðara fyrir sparisjóðina en t. d. fyrir bankana að taka ákvarðanir um hvernig með þetta skuli farið. En eins og ég sagði áður held ég að samkomulag um þessi mál sé alveg handan við hornið og niðurstöður geti legið fyrir alveg á næstunni.

Helgi Seljan: Herra forseti. Ég fagna þeim yfirlýsingum sem hér hafa komið fram um að þetta mál verði brátt í höfn. Ekki mun af veita. Ég verð satt að segja að undrast hvað dregist hefur hjá bönkunum að koma þessu í verk. Þarna hafa sjálfsagt ýmis fagleg atriði komið inn í og kannske togstreita hjá bönkunum einnig varðandi málið, en alla vega er ljóst að nefndin, sem ríkisstj. setti í þetta, vann fljótt og vel. Síðan hefur dregist allnokkuð að útkljá málið.

Ég kom aðallega hér upp til að óska eftir því, að þegar frá þessum málum verður gengið verði gætt að ákveðinni mismunun sem mér sýnist að kunni að verða þarna á í sambandi við framkvæmdina, — mismunun sem getur orðið býsna alvarleg milli einstakra íbúðabyggjenda, — ef þetta á að taka einvörðungu til þeirra skulda sem eru bankaskuldir, — skulda sem eingöngu eru í bönkum eða sparisjóðum — en verslunarskuldir og ýmsar aðrar lausaskuldir, sem eru býsna þungar á metunum hjá mörgum einstaklingum, eiga algerlega utan við þetta að liggja. Ég er ekki viss um að það sé rétt skilið hjá mér, að svona sé í pottinn búið, en ef svo er mundi ég eindregið óska eftir því, að úr slíkri mismunun yrði bætt. Þarna er um alvarleg mál að ræða fyrir mjög marga sem hafa ekki átt greiðan aðgang að bankastofnunum til þess að fá þar lán og liggja með sínar lausaskuldir hjá verslunum og ýmsum öðrum.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Hæstv. félmrh. ræddi um hrakspár sem menn hefðu uppi í sambandi við Byggingarsjóð ríkisins. Sannleikurinn er sá, að það er engin furða þó að þær hrakspár séu uppi. Samkvæmt eldri lögum hefði Byggingarsjóður ríkisins fengið nálægt 17 milljörðum gkr. nú í ár af sínum mörkuðum tekjustofnum, en fær núna frá ríkissjóði 4.3 milljarða. M. ö. o.: hann fær ekki nema ¼ af því sem hann hefði ella fengið.

Það er rétt, að lánin verða svipuð og þau hafa verið. Ef menn eru ánægðir með það geta menn látið kyrrt liggja. En það, sem upp á vantar að Byggingarsjóður ríkisins fái það sem hann hefði átt að fá samkv. hinum gömlu mörkuðu tekjustofnum, er tekið að láni. Það er tekið að láni til styttri tíma og með hærri vöxtum en lánað er út, m. ö. o. með miklu verri kjörum. Þetta hlýtur auðvitað að leiða til þess, að Byggingarsjóður ríkisins getur aldrei hækkað lánahlutfall sitt og hlýtur að hjakka í sama farinu.

Það er talað um að aukið sé framlagið til Byggingarsjóðs verkamanna. Það er alveg rétt. Það eru 7.5 milljarðar gamlir sem þangað fara. En það eru peningar sem teknir eru af Byggingarsjóði ríkisins. Það er ekkert nýtt fjármagn.

Þessi lán, sem hér eru á dagskrá, hljóta að leiða til óþarfrar skriffinnsku. Það á að leita að skuldum hér og þar, leita að skuldum í búðum, leita að víxilskuldum út um allar trissur í stað þess að láta alla hafa einhverja ákveðna upphæð sem menn geti sótt um og fengið. Auðvitað tekur enginn þessi verðtryggðu lán nema hann þurfi á þeim að halda. Eina frambúðarlausnin er hækkun á lánshlutfalli Byggingarsjóðs ríkisins.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Það hefur komið í ljós að það ákvæði í yfirlýsingu ríkisstj., sem er til umr. í dag, er eins og margt, sem birtist í efnahagsáætluninni, ákaflega lítið hugsað. Það virðist vera sem hæstv. ríkisstj. hafi á engan hátt verið búin að gera sér grein fyrir því, hvernig eða yfirleitt hvort hægt væri að efna margt af því sem þar stóð.

Ég er ekki eins bjartsýnn og hæstv. viðskrh. um að lausn á þessum málum sé „handan við hornið," eins og hann orðaði það. Ástæðan er m. a. sú sem hann drap á í

ræðu sinni, að sparisjóðirnir í landinu hafa snúist mjög öndverðir gegn þessum hugmyndum sem ríkisstj. hefur sett fram. Sparisjóðirnir mynda net um land allt og sparisjóðirnir hafa lánað mikið fé til húsbygginga. Hafa það verið lán umfram það sem menn hafa átt kost á úr hinu almenna húsnæðismálakerfi eða úr lífeyrissjóðum. Forstöðumenn sparisjóða um allt land þekkja sjálfsagt best sitt heimafólk og vita hvar skórinn kreppir mest að. Þeir hafa því snúist öndverðir gegn því að eiga að hlíta því, að einhver sértilgreindur hópur af þeirra viðskiptavinum — hópur sem fékk húsnæðismálastjórnarlán á ákveðnu árabili — eigi að fá sérstaka fyrirgreiðslu sem að sjálfsögðu kemur niður á öðrum viðskiptavinum og öðrum þeim sem þurfa á slíkum lánum að halda. Ég hygg því að því miður sé þessi lausn ekki jafnauðveld og hæstv. ríkisstj. gefur til kynna. Þar við bætist einnig að nú er verið að óska þess við sparisjóðina og fara fram á það, að þeir kaupi í ríkum mæli skuldabréf af ríkissjóði. Þar með verður enn rýrt það fjármagn sem sparisjóðirnir sjálfir telja sig best umkomna að dreifa meðal viðskiptamanna sinna. Þessar aths. vildi ég láta koma fram undir þessari umr.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég vil taka undir það, sem hér hefur komið fram, að dráttur á ákvörðun um þetta mál er orðinn leiðinlega langur og hefur áreiðanlega valdið mörgum tjóni. Hins vegar vil ég þakka þær upplýsingar sem hér hafa komið fram, að lausn þessa máls sé í sjónmáli.

Aftur á móti lýsi ég furðu minni yfir því sem kom fram hér hjá hv. 6. þm. Reykv. Það voru upplýsingar um að sparisjóðir í landinu væru andvígir því að gera slíkar ráðstafnair fyrir viðskiptamenn sína. Það skil ég ekki og er mjög neikvætt ef satt reynist.

Ég vil taka undir það, sem kom fram hjá hv. 2. þm. Austurl., að þessi lán þurfa að vera víðtækari en aðeins að ná til lausaskulda húsbyggjenda í bankastofnunum. Við vitum að slíkar skuldir liggja víðar.

Fólk bíður vissulega eftir því, að staðið verði við þessa yfirlýsingu ríkisstj. Það kemur miklum fjölda húsbyggjenda örugglega vel í því ástandi sem er í þessum málum.

Um húsnæðismálalöggjöfina sjálfa, sem nýafgreidd hefur verið hér á hv. Alþingi, mætti margt segja. Stefnan var vissulega sú að auka félagslegan þátt húsbygginga í landinu. Það hefur tekist að verulegu leyti. Það hefur komið fram núna að umsóknir um almenn lán til húsbygginga hafa mjög dregist saman.

Ég get vel tekið undir vissa gagnrýni í sambandi við að lánstími þyrfti að vera lengri og hlutfall lána einnig hærra. Það kemur mér hins vegar vissulega spánskt fyrir sjónir að heyra fulltrúa Alþfl. tala um stefnu þeirra í húsnæðismálum. Hún var einfaldlega sú, að þeir lögðu til í því frv., sem lá fyrir Alþingi, að lánstíminn yrði 21 ár í staðinn fyrir 26 ár og vextir yrðu hærri en raunverulega varð. Þetta var ein aðalgagnrýni þeirra í sambandi við afgreiðslu frv. þannig að hér skýtur skökku við. En batnandi mönnum er best að lifa.

Fyrirspyrjandi (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir þau svör sem hann hefur gefið. Það kom fram í máli hans, að ekki liggur allt ljóst fyrir í þessu efni. Hann gat um að menn þyrftu að skulda áður og menn þyrftu að eiga íbúð og svo hvað lánið gæti verið hátt. Það er sjálfsagt að hafa einhverjar reglur um þetta. En ég tek undir það sem kom hér fram hjá einum ræðumanni eða kannske fleiri, að ég óttast að sett verði upp of flókið kerfi til að þjóna þeim takmarkaða tilgangi sem þessu er nú ætlað.

Það hefur verið talað um seinagang í þessu máli. Það hefur viðskrh. gert og einnig stjórnarþm., hv. 2. þm. Austurl. og 1. þm. Vesturl. Ég tek undir það. Mér sýnist að ríkisstj. hafi ekkert um þetta hugsað fyrr en eftir gamlársdag. Ég geng út frá því, að þessi nefnd, sem hefur unnið fljótt og vel, eins og hæstv. félmrh. sagði, hafi ekki verið skipuð fyrr en eftir að þessi fsp. kom fram — og það var 5. febr. s. l. — nema annað upplýsist. Ég vil auðvitað hafa það sem sannara reynist.

En alvarlegast við þetta er að það er ekki verið að veita neinu nýju fjármagni til húsbyggjenda með þessu. Ef einhver framkvæmd verður í þessum efnum er aðeins verið að breyta formi lána. Ekkert nýtt fjármagn kemur inn. Ég bið menn að hafa það í huga. Það var þó þannig fyrir 25 árum, þegar síðast var leitað til bankanna formlega í þessum efnum. Það er kannske hliðstætt þessu, þegar lögin um Húsnæðismálastofnun voru fyrst sett. Þá var gert ráð fyrir með samningum við viðskiptabankana að þeir legðu fram 20 millj. á ári í tvö ár. En það var nýtt fjármagn. Samt þótti það ekki fullkomnara en svo í þá daga, að engum datt í hug að treysta á þetta til frambúðar til að byggja upp Byggingarsjóð ríkisins. Það var strax farið inn á þá braut að afla sjóðnum ákveðinna tekjustofna.

Þá er það, sem hér hefur komið fram, náttúrlega mjög alvarlegt, ef sú fyrirgreiðsla, sem hér er um að ræða þótt takmörkuð sé, nær ekki nema til lausaskulda sem eru í bönkum eða lánastofnunum. Auðvitað hafa húsbyggjendur tekið lán og skulda víða annars staðar.

Ég skal ekki ræða frekar um þetta svo augljóst sem það er. Við eigum eftir að sjá einhverja framkvæmd á þessu. En þó að framkvæmdin fari eftir vonum er hér ekki um neitt sérstakt umtalsvert átak að ræða í lánamálum þeirra sem byggja íbúðir.

Hæstv. félmrh. sagði að ég væri með hrakspár um íbúðalánakerfið. Hvers vegna er hann að segja það? Hann er að færast undan því að sagður sé sannleikurinn um það sem hæstv. ráðh. og hæstv. ríkisstj. hafa gert í þessum málum á undanförnum misserum. En hæstv. ráðh. sleppur ekki við það.

Hæstv. ráðh. sagði að ég væri að kvarta yfir því, að Byggingarsjóður ríkisins fengi stóraukin verkefni. Þetta er ekki rétt. Þetta er ekki sannleikanum samkvæmt. Ég var ekki að kvarta undan því áðan. Hæstv. ráðh. veit að í umr. um þetta á síðasta þingi, þegar rætt var um húsnæðislöggjöfina, lagði ég áherslu á mikilvægi þessa. En að hverju var ég að finna? Ég var að finna að því, að Byggingarsjóði ríkisins eru sett aukin verkefni án þess að auka tekjur sjóðsins eða ráðstöfunarfé. Þvert á móti er um leið kippt undan sjóðnum þýðingarmesta tekjustofninum. Það er þetta sem ég er að setja út á. Ég bið ráðh. að hafa þetta í huga og skjóta sér ekki undan þessum staðreyndum.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Aðeins örfá orð í tilefni af því sem hv. 1. þm. Vesturl. sagði. Hann sagði að gagnrýni okkar Alþfl.-manna hefði fyrst og fremst verið um lánstímann og vextina. Um lánstímann er það að segja að sáralitlu munar í árlegum greiðslum lántakenda á því, hvort lánið er til 21 árs eða 26 ára, ótrú-

lega litlu þegar um annuitets-lán er að ræða. Við töldum betra að hafa lánstímann styttri, en lána meira.

Varðandi útlánsvextina er það að segja, að það er auðvitað grundvallaratriði, þegar til lengri tíma er litið, að það sé ekki lánað út á lægri vöxtum en Byggingarsjóður þarf að borga sjálfur fyrir þau lán sem hann tekur. Það tæmir hann auðvitað. Það, sem við gagnrýnum fyrst og fremst, er að um leið og Byggingarsjóði er falið að gera ýmislegt gott, því að það er honum vissulega falið, þá er fjárhagslegum grundvelli kippt í burtu. Það er alveg sama hvað við erum með góð markmið á pappírnum. Ef við höfum ekki peninga til að koma þeim í framkvæmd komumst við lítið áfram.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég þakka fyrir þær jákvæðu undirtektir sem ákvörðun ríkisstj. í sambandi við lengingu á skammtímalánum húsbyggjenda hefur fengið hér, bæði hjá stjórn og stjórnarandstöðu.

Alþfl. vill að sjálfsögðu þakka sér málið. Eins og venjulega þegar rætt er um sæmileg mál hér á þinginu reynir hann að þakka sér það. Honum er auðvitað vorkunn. Það er eðlilegt að reyna að tína það til sem hægt er í þessum efnum. Það kemur yfirleitt ekki upp svo sæmilegt mál hér í þinginu að Alþfl. reyni ekki að rekja það til sögu sinnar einhvern tíma að hann hafi nefnt málið með ákveðnum hætti.

En einnig hafa hv. þm. Sjálfstfl., sem hér hafa talað, sýnt málinu góðan skilning, a. m. k. hv. þm. Friðrik Sophusson og hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson. Hins vegar var annað hljóð í hv. 6. þm. Reykv. áðan. Hann dró það greinilega mjög í efa að þetta fyrirkomulagi, sem væri verið að ræða um í þessum efnum, væri vitlegt, og lét það koma fram, að hann teldi að sparisjóðirnir væru mjög andvígir þeim hugmyndum sem hér eru uppi. Ég vil láta þess getið í tilefni af orðum hv. 6. þm. Reykv., að sparisjóðirnir hafa fallist á að taka þátt í þessu átaki til lengingar á skammtímaskuldum húsbyggjenda. Þannig er því ekki til að dreifa að sparisjóðirnir setji sig upp á móti þessu.

Fyrir utan þær ágætu og jákvæðu undirtektir, sem fram hafa komið, hefur auðvitað verið bent á ýmsa þætti sem þyrfti að skoða sérstaklega. Hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson kom enn með það, að Byggingarsjóður ríkisins gæti nú lítið og verkefnin, sem honum hefðu verið ætluð samkv. lögum, réði hann illa við. Þó er það nú þannig, að nokkrir hv. þm. hafa séð ástæðu til að ætla Byggingarsjóði ríkisins ný stórfelld verkefni, upp á milljarða kr., án þess að gera nokkra tillögu um tekjustofna þar í staðinn. Þeir menn, sem hafa sýnt Byggingarsjóði ríkisins þetta mikla traust, eru hv. þm. Matthías Bjarnason, Pétur Sigurðsson o. fl., sem flytja hér frv. um dvalarstofnanir aldraða. Þar er ekki gert ráð fyrir neinum tekjustofnum til að fjármagna þær framkvæmdir, sem þó kosta sýnilega milljarða kr., en það á að láta Byggingarsjóð ríkisins bæta þessum verkefnum ofan á önnur verkefni sem hann hefur. Þannig er nú traust þessara manna á Byggingarsjóði ríkisins og getu hans. Ég held að þarna sé of langt gengið í trausti á Byggingarsjóð ríkisins og þessir hv. þm. ættu að rifa seglin. En ég held hins vegar að það væri eðlilegt fyrir hv. þm. Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu að bera saman bækur sínar áður en þeir ráðast að Byggingarsjóði ríkisins með þeim hætti sem hér hefur verið gert.

Hv. 4. þm. Vestf., Þorv. Garðar Kristjánsson, gat um að hér væri ekkert nýtt fjármagn. Auðvitað er það rétt. Það hefur aldrei verið gert ráð fyrir að hér væri um að ræða nýtt fjármagn, heldur fyrst og fremst lengingu á lánum, breytingu á kjörum þess fjármagns sem þegar hefur í raun og veru verið tekið að láni.

Hv. 2. þm. Austurl. spurði um skuldir við aðra aðila en bankakerfið. Því er til að svara, að mínu mati a. m. k., að það hlýtur að vera mjög flókið mál að koma því fyrir, hvernig á að tryggja að aðrar skuldir en bankaskuldir verði þarna með. Ég held að það sé þó hægt í einhverjum tilvikum, en því eru ábyggilega ákveðin takmörk sett, hversu langt er hægt að ganga í þeim efnum. Í tillögum nefndarinnar, sem skilaði áliti til ríkisstj. um málið, var einmitt gert ráð fyrir þessu sem möguleika, að skuldir við þriðja aðila yrðu gerðar upp og teknar inn í átakið til lengingar á þessum lánum. Það er m. a. þetta sem hefur tekið dálítinn tíma að koma fyrir tæknilega, að mér skilst, og þess vegna hefur málið dregist lengur en við hefðum viljað, en víst er að það spor, sem hér er stigið, er þýðingarmikið.

Ég er ekki sammála hv. þm. Þorv. Garðari Kristjánssyni um það, að hér sé ekki um að ræða nein tíðindi, ekkert átak sem máli skiptir. Ég held að hér sé um að ræða átak sem máli skiptir, að tengja bankakerfið með kerfisbundnum, skipulögðum hætti við húsnæðislánakerfið í landinu. Ég tel að það sé stórt og þýðingarmikið skref, ekki aðeins út frá félagslegum réttlætissjónarmiðum, heldur líka út frá öðrum sjónarmiðum lánamála og stjórnar peningamála, svo eitthvað sé nefnt.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Það fer ekki á milli mála að hag þeirra húsbyggjenda, sem nú eru hvað verst settir og hverra málefni eru hér til umræðu, væri mun betur komið ef Alþingi bæri gæfu til að samþykkja þau lagafrv. sem Alþfl. hefur lagt hér fram í þessum málum. Húsnæðismálalán væru þá 35% af kaupverði staðalíbúðar í stað 20—25%, eins og verið hefur að undanförnu. Með húsnæðismálafrv. fyrrv. félmrh., Magnúsar H. Magnússonar, var að þessu stefnt og fjármagn til þess tryggt. Auk þess var gert ráð fyrir að húsbyggjendur fengju verðtryggð lán úr bankakerfi til 15 ára. Heildargreiðslubyrði íbúðakaupenda af öllum lánum yrði þá aðeins um 1.8 millj. gkr. í stað 5.9 eins og nú er. Stjórnarsinnar ræða nú um það sumir hverjir, að afkoma bankakerfisins sé slík að þá sjóði þurfi að nýta. Þeim verður þá væntanlega varla til annars betur varið en slíks.

Eitt af því versta, sem gerst hefur í húsnæðismálum í tíð núv. ríkisstj., er vafalaust það, að sú stefna hefur verið valin, að með því að veita auknu fjármagni til Byggingarsjóðs verkamanna, sem auðvitað er góðra gjalda vert, skuli það gert á kostnað hins almenna húsnæðislánakerfis. Sú tala hefur þegar verið nefnd. Ríkisframlagið til almenna húsnæðismálakerfisins er aðeins 4.3 milljarðar kr. Rétt er að það komi fram, að þetta ríkisframlag fer, eftir því sem fram hefur komið af opinberum gögnum, m. a. hjá Landssambandi iðnaðarmanna, allt saman í það að standa við eldri skuldbindingar um lánveitingar Byggingarsjóðs vegna byggingar leigu- og söluíbúða sveitarfélaga. Þess vegna er vafasamt að telja að framlagið sé nokkurt í reynd. Ef um hefði verið að ræða óbreytta tekjustofna hefðu þeir gefið um 15 milljarða gkr. En í stað þessara föstu tekjustofna er Byggingarsjóði ætlað að afla fjár með óhemjumiklum lántökum,

langt umfram það sem raunsætt getur talist. Þannig er gert ráð fyrir lántöku hjá lífeyrissjóðum, sem um leið skerðir náttúrlega getu þeirra til að lána félagsmönnum sínum, upp á 19.6 milljarða gkr. Þetta er um 48% af fjárinnstreymi sjóðsins. Þetta er 169% aukning á lántöku milli ára. Og möguleikar Byggingarsjóðs á fjáröflun í formi lána af skyldusparnaðarfé og atvinnuleysistryggingafé eru langsamlega ofmetnir samkv. reynslu liðinna ára. Það er röng stefna að ætla að fjármagna Byggingarsjóð ríkisins eingöngu með lánum. Einkum og sér í lagi er það hættulegt þegar til lengri tíma er litið vegna þess að lánin, sem Byggingarsjóður fær frá lífeyrissjóðum, eru til skemmri tíma og með hærri vöxtum. Þetta þýðir það, að þegar fram líða stundir er stefnt að því að ríkisframlögin fari raunverulega öll í að greiða vaxtamuninn. Með þessu háttalagi er útlánagetu almenna húsnæðislánakerfisins stefnt í vísan voða.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Það er fagnaðarefni að þetta mál skuli vera rætt. Ég vil nefna hér fjögur atriði sem ég held að nauðsynlegt sé að komi fram:

Í fyrsta lagi hefur það gerst í fyrsta skipti núna í langan tíma að fallið hefur út tekjustofn sem átti að renna til húsnæðismála, en það var byggingarsjóðsgjald sem var lagt á innflutning og á tekjuskatt og var 14 millj. nýkr. Þetta féll brott.

Í öðru lagi er það ljóst, að það vantar, ef ég tel þetta gjald með, a. m. k. 4.6 milljarða gamla eða 46 nýjar millj. til þess að báðir sjóðirnir til samans hafi fengið 2% launaskatt. — Launaskattur er 3.5% Það veit kannske á eitthvað að hæstv. viðskrh. boðaði það hjá Félagi ísl. iðnrekenda um daginn, að hugsanlegt væri að leggja launaskattinn niður. Vonandi veit sú yfirlýsing á gott.

Þá vil ég nefna það, að þótt nafnvextir séu 2.5% þýðir það 53.75% í 50% verðbólgu. Þetta er ljóst og nú spyr ég: Á hið unga fólk, sem húsnæði vill eignast, að taka lán á þessum kjörum? Og svarið er auðvitað já. Þetta hefur vaxtastefnan leitt yfir okkur, — vaxtastefna sem ég hef ekkert á móti, en menn verða að viðurkenna.

Það er aðeins þessari vaxtastefnu að þakka að hægt er að bjóða það núna að bankakerfið og sparisjóðirnir láni það fjármagn sem um er að ræða. Það er enginn vandi að starfa í nefnd sem bendir á að það eigi að leysa málið með því að sækja peninga til sparifjáreigenda í bankakerfinu. Það bitnar náttúrlega fyrst og fremst á hinum, sem hefðu tekið þessa peninga að láni. En umfram allt er það mikilvægasta viðurkenningin í þessu öllu saman að Alþb. hefur nú tekið undir svokallaða raunvaxtastefnu eða hávaxtastefnu, eins og hún stundum heyrðist nefnd í Þjóðviljanum áður. Það er eingöngu henni að þakka að nú er hægt að leita á mið sparifjáreigenda sem hafa lagt fjármagn til hliðar. Þetta vonast ég til að hæstv. félmrh. viðurkenni þegar hann kemur hér í stólinn.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það eru nokkrar meginstaðreyndir sem verður að hafa í huga í þessum málum:

1. Byggingarsjóður ríkisins stendur við skuldbindingar sínar á þessu ári og allir nýju lánaflokkarnir samkv. lögum, sem samþ. voru á Alþingi í fyrravor, eru settir af stað á þessu ári.

2. Byggingarsjóður verkamanna hefur átján sinnum meira fjármagn frá ríkinu en áður til ráðstöfunar á þessu ári og getur fjármagnað verulega myndarlegt átak þegar á þessu ári til stóraukinna félagslegra íbúðabygginga.

3. Byggingarsjóður ríkisins hækkar lán til stórra fjölskyldna á þessu ári langt umfram verðlagsforsendur.

Varðandi raunvaxtastefnuna má hv. þm. Friðrik Sophusson hafa þá skoðun á afstöðu Alþb. til hennar sem honum sýnist. En ef það hefur gerst, að Alþb. hafi fallist á raunvaxtastefnuna, er annar flokkur hér sem mér sýnist þá líka hafa skipt um skoðun og það er Alþfl. Ræða hv. þm. Jóns Baldvins Hannibalssonar var í raun og veru fyrst og fremst gagnrýni á raunvaxtastefnuna og afleiðingar hennar, hvernig hún kemur út í samskiptum sjóða og einstaklinga hér í þjóðfélaginu.

Það er algengt að hér á hv. Alþingi komi menn og lesi langa texta upp úr forustugreinum dagblaða, einkum er hv. 7. landsk. þm. þetta kært og les hann gjarnan langan lestur upp úr forustugreinum Þjóðviljans frá árinu 1978. Það hefur hins vegar aldrei gerst fyrr í þingsögunni, að ég held, en núna, að hv. þm. lesi leiðara eftir sjálfa sig, eins og hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson gerði áðan fyrir þingheim, og er það fróðleg nýlunda frá því sem verið hefur í málflutningi á Alþingi. (**FrS:** Hvernig væri að fyrrv. ritstjóri Þjóðviljans læsi upp fyrir okkur?)

Fyrirspyrjandi (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Hæstv. félmrh. sagði að Byggingarsjóður ríkisins mundi standa við skuldbindingar sínar á þessu ári. Það er gott að heyra þetta. En það skiptir töluverðu máli hvaða skuldbindingar hæstv. ríkisstj. setur Byggingarsjóði ríkisins á þessu ári. Er það stefnumið nú í þessum málum að hækka lánin, hækka hlutfall íbúðalánanna miðað við byggingarkostnað? Nei, það er ekki lengur markmið. Ég lýsti því áðan í þessum umr. hvernig um árabil hefði verið sett fram visst markmið í þessu. En núv. ríkisstj. kemur það ekki til hugar. Hæstv. ráðh. gerir engan greinarmun á óafturkræfum framlögum til Byggingarsjóðs ríkisins og lántöku. Það er þetta sem þarf að hafa í huga þegar metið er hvað hæstv. ríkisstj. er að gera í þessum efnum.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Þessar umr. hafa verið mjög fróðlegar. Ég veit, að það er ægilegt fyrir Svavar Gestsson félmrh. að aðrir en hann vinni að heill alþýðunnar meðan hann dregur lappirnar, og skil vel, að hann sé grátklökkur yfir því. Ég held líka að hann hafi rétt fyrir sér þegar hann talar um það sem stórt spor að koma á samvinnu við bankakerfið að því er varðar málefni húsbyggjenda. En þegar hann talar um að það sé stórt spor núna að gera það með kerfisbundnum og skipulegum hætti, með þeim hætti sem hann hefur hér lýst, er ég ósammála og tel að það sé slæmt spor. Það er alls ekki af því tagi sem gagnar húsbyggjendum yfirleitt.

Mér sýnist að þessi umr. hafi sýnt það mjög glöggt, hversu óheppilegan farveg þessi mál fara í ef á að fara þá leið sem hér er talað um: vega og meta skuldir hjá hverjum og einum. Þetta á einungis að ná til skulda hjá lánastofnunum þó að einn hæstv. ráðh. talaði um að menn skulduðu líka í kaupfélögum og byggingarvöruverslunum. Sumir skulda meira að segja ættingjum sínum og vinum. Spurningin verður sú, ef menn ætla að njóta hér fyrirgreiðslu, hvort menn skuldi réttum aðilum til þess að fá fyrirgreiðsluna. Það er auðvitað m. a. þetta sem er í grundvallaratriðum rangt við þá aðferð sem hér er valin.

Menn tala líka mikið um tæknileg vandamál. Ég held

að það hafi verið mjög raunsönn viðvörun, sem kom fram hjá hv. þm. Helga Seljan, að það kerfi, sem hér væri verið að lýsa, byði upp á mismunun. Það er líka slæmt. Það er þess vegna sem menn eiga ekki að fara þá leið sem hér er valin. Það er þess vegna sem menn eiga að fara þá leið sem kom fram í tillögum okkar Alþfl.-manna í desembermánuði um að gefa öllum kost á lánunum. Ef þau eru á eðlilegum kjörum geta menn valið hvort þeir taka þau eða ekki. Afkoma bankanna og það hvað þetta losar um í skammtímalánum gerir kleift að fara þessa leið.

Lífeyrisréttindakerfi fyrir alla landsmenn, fsp. (þskj. 22). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Það er orðið alllangt umliðið síðan ég bar fram þessa fsp. Það var á fyrstu dögum þinghalds, enda er þskj. nr. 22. Ég beindi fsp. til hæstv. heilbr.- og trmrh. þótt lífeyrissjóðirnir sem slíkir heyri að forminu til undir hæstv. fjmrh. sem hefur tekið að sér að svara fsp. Það getur verið hluti af skýringunni á því, hvað þetta hefur dregist lengi, að ég beindi fsp. til hæstv. heilbr.- og trmrh., en allar bætur lífeyrissjóðanna og allar lífeyrisgreiðslur hljóta þó eðli málsins samkv. að heyra undir áhugasvið og starfssvið hæstv. heilbr.- og trmrh. Hvað um það, það skiptir í sjálfu sér ekki máli hvaða hæstv. ráðh. svarar fsp.

Í kjölfar samkomulags, sem ASÍ og vinnuveitendur gerðu með sér í febr. 1976, var um mitt það ár skipuð 17 manna nefnd aðila vinnumarkaðarins og ríkisstj. til að vera vettvangur fyrir heildarendurskoðun á lífeyrisskipan og tillögugerð um nýtt lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn. Önnur nefnd 7 manna, sem síðar varð 8 manna, tilnefnd af sömu aðilum var einnig skipuð, einkum til að kanna málefni lífeyrisþega á samningssviði ASÍ og vinnuveitenda. Starfar sú nefnd innan 17 manna nefndarinnar í samkomulagi við ASÍ og vinnuveitendur. Í skipunarbréfi nefndarinnar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Aðilar munu vinna saman að endurskipulagningu lífeyriskerfisins. Markmið þessarar endurskipulagningar skal vera: að samfellt lífeyriskerfi taki helst til allra landsmanna, að lífeyrissjóðir og almannatryggingar tryggi öllum lífeyrisþegum viðunandi lífskjör er tryggi þróun kaupgjalds á hverjum tíma, að auka jöfnuð og öryggi meðal landsmanna sem lífeyris eiga að njóta, að lífeyrisaldur geti innan vissra marka verið breytilegur eftir vali hvers og eins lífeyrisþega, en án þess að það hafi áhrif á útgjöld kerfisins, þ. e. lífeyrir verði þar lægri og taka hans hefjist fyrr, að reynt verði að finna réttlátan grundvöll fyrir skiptingu áunninna lífeyrisréttinda milli hjóna."

Hér eru að nokkru markaðar þær meginlínur sem að hlýtur að verða stefnt, þ. e. samfellt lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn. Stórum áfanga að þessu marki var náð með setningu laga um eftirlaun til aldraðra í árslok 1979, þótt framkvæmd þeirra laga hafi enn sem komið er engan veginn verið sem skyldi, og vitna ég þá í svar hæstv. heilbr.- og trmrh. við fsp. minni um það 18. nóv. s. l., en því miður hefur allt of lítið miðað í rétta átt síðan það svar var gefið.

Eins og allir vita hefur um langt árabil verið mikið misræmi milli lífeyrisréttinda opinberra starfsmanna annars vegar og flestra annarra launþega hins vegar. Við síðustu samninga hæstv. fjmrh. við BSRB jókst þetta misræmi verulega. Misræmið og misréttið í þessum efnum var slæmt, en er nú óþolandi.

Ýmsar hugmyndir eru uppi í þessum málum. Ein þeirra kemur fram í till. til þál. sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir o. fl. flytja á þskj. 84. Eru þær hugmyndir, sem þar eru settar fram, bæði skjótvirkar og framkvæmanlegar. Þá ber og að geta frv. til laga um Lífeyrissjóð Íslands sem flutt er af hv. þm. Eyjólfi Konráð Jónssyni o. fl. Er það um margt mjög athyglisvert.

Í ársbyrjun 1979, þegar gengið var endanlega frá frv. til l. um eftirlaun til aldraðra sem samþ. var í des. sama ár, töldu þeir bjartsýnustu í 17 manna nefndinni að það mundi taka eitt ár í viðbót að fullmóta tillögur um samfellt lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn. Aðrir í nefndinni töldu að það tæki allt að tveim árum. Síðan eru liðin full tvö ár og er því forvitnilegt að vita hvernig störfum 17 manna nefndarinnar miðar áfram. Miklar umr. hljóta að fara fram á þessu þingi um lífeyrismál og er því æskilegt, ef ekki nauðsynlegt, að kynnast hugmyndum nefndarinnar sem fyrst. Auk þess finnst mér að hún hafi haft allgóðan tíma til umráða eða frá miðju ári 1976.

Herra forseti. Ég er að ljúka máli mínu. Ég hef leyft mér á þskj. 22 að bera fram svofelldar spurningar:

„1. Hvað líður störfum 17 manna endurskoðunarnefndar lífeyrisréttinda?

2. Hvenær er að vænta tillagna frá nefndinni?"

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Hv. 5. þm. Suðurl., Magnús H. Magnússon, spyr að því, hvað líði störfum 17 manna endurskoðunarnefndar lífeyrisréttinda og hvenær sé að vænta tillagna frá nefndinni. Þessum fsp. var upphaflega beint til heilbr.- og trmrh. og leið nokkur tími áður en ég varð var við að þessi fsp. hefði komið fram. Hins vegar er það staðreynd, að fjmrh. skipaði á sínum tíma 17 manna nefndina og lífeyrismál heyra undir fjmrn. Það þótti því réttara að ég svaraði þessum spurningum.

Til 17 manna nefndarinnar og reyndar einnig 8 manna lífeyrisnefndar Alþýðusambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna má rekja ýmsa mikilvægustu áfanga lífeyrismála undangengin 4—5 ár.

Á grundvelli svokallaðrar „lífeyrismálayfirlýsingar" frá 1977 vann 8 manna nefndin á árinu 1978 að undirbúningi löggjafar um eftirlaun til aldraðra. Eftir umræður í 17 manna nefndinni skilaði nefndin tillögum að frv. í hendur ráðh. í byrjun árs 1979 og það frv. varð að lögum í árslok 1979. Í lögum þessum felst að lágmarksréttur til eftirlauna samkv. lögum um eftirlaun aldraðra félaga í stéttarfélögum var gerður að almennum rétti.

Á s. l. ári voru samþ. þrjú frumvörp sem 8 manna nefndin og 17 manna nefndin höfðu fjallað ítarlega um. Frumvörp þessi urðu öll að lögum og er hér um að ræða lögin um starfskjör launafólks, skyldutryggingu lífeyrisréttinda, um söfnunarsjóð lífeyrisréttinda og loks lögin um skráningu lífeyrisréttinda.

Telja verður nauðsynlegt að upplýsingar séu fyrirliggjandi um starfsemi þeirra 100 lífeyrissjóða sem til eru í landinu til að unnt sé að móta samræmt lífeyrisréttindakerfi fyrir alla landsmenn. Á vegum fjmrn. er unnið að því að gera skrá um þátttöku manna í lífeyrissjóðum, en dæmi eru þess, að einn og sami maðurinn eigi rétt hjá allt

að 8 lífeyrissjóðum. Margir launþegar hafa í reynd takmarkaða hugmynd um hvar þeir eigi rétt. Sömuleiðis er á dagskrá að skrá rétt hvers og eins sjóðfélaga, og hefur komið í ljós að upplýsingar um það atriði eru alls ekki alls staðar aðgengilegar. Fjmrn. mun, eftir því sem tök eru á, greiða fyrir því að 17 manna nefndin fái upplýsingar um þessi atriði. Fyrir tilmæli 17 manna nefndarinnar er nú unnið að athugun á reglugerðum allra lífeyrissjóða með það fyrir augum að fá glögga mynd af þeim réttindum sem hver og einn sjóður veitir sjóðfélögum sínum. Er þar tekin til athugunar réttur til lífeyris og til lánafyrirgreiðslu.

Nú er unnið að samningu frv. til laga um starfsemi lífeyrissjóða, en engin ákvæði er að finna í núgildandi lögum um hvað lífeyrissjóður sé í raun og veru. Hafa afskipti fjmrn. til þessa fyrst og fremst byggst á ákvæðum skattalaga um frádráttarbærni iðgjalda. Fyrirhugaðri löggjöf er ætlað að vera almennur rammi um starfsemi lífeyrissjóða í Íslandi.

Í löggjöfinni verða almenn ákvæði um ýmsa félagslega þætti varðandi lífeyrissjóði, svo sem um ábyrgð á skuldbindingum þeirra, stjórn þeirra, endurskoðun og ársreikninga. Þá er gert ráð fyrir að í löggjöfinni verði allítarleg ákvæði um skráningu lífeyrissjóða og eftirlit með starfsemi þeirra og fjárhagslegri stöðu. Er þessum þáttum öllum ætlað að ná til allra lífeyrissjóða í landinu þannig að þeir sjóðir einir sem fullnægja vissum lágmarkskröfum, teljist til lífeyrissjóða. Að auki er hugmyndin sú, að í löggjöfinni verði sérákvæði um þá lífeyrissjóði sem fullnægja vilja þeim skilyrðum að greiðslur til þeirra teljist til skyldutryggingar lífeyrisréttinda. Um þessa sjóði yrðu auk almennu ákvæðanna sett sérákvæði um lágmarksiðgjöld og lágmarkslífeyrisrétt. Með þessu móti veittu lögin rúm fyrir tvenns konar lífeyrissjóði í landinu: annars vegar sjóði, sem í sameiningu mynduðu samfellt kerfi lágmarkslífeyrisréttinda er af skylduaðild leiddi, og hins vegar sjóði, sem starfað gætu til viðbótar skyldutryggingarsjóðunum og veitt sérstakan viðbótarlífeyrisrétt. Loks er gert ráð fyrir að í löggjöfinni verði sérákvæði um aðlögun þeirra lífeyrissjóða, sem nú starfa í landinu, að reglum hennar.

Þau atriði, sem hér að framan hafa verið nefnd, eru öll forsenda þess, að unnt verði að koma á samfelldu lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn. Lífeyrissjóðirnir, sem núna eru í landinu, eru stofnaðir með mjög mismunandi hætti og á mismunandi tíma. Samræming á starfsemi sjóðanna er sífellt að aukast, að hluta til fyrir atbeina löggjafarvaldsins og að hluta til er hún að þakka víðtæku samstarfi sem tekist hefur milli lífeyrissjóðanna innbyrðis.

17 manna nefndin mun halda áfram störfum enn um sinn að þeim verkefnum sem nefndinni voru falin í upphafi. Hins vegar er ekki ólíklegt að innan skamms verði vinna að stefnumótun í þessum málum endurskoðuð. Það samræmingarstarf sem átt hefur sér stað og er forsenda þess, að unnt verði að koma á samfelldu lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn, nægir ekki eitt sér, heldur þarf bersýnilega að gera stórátak til að jafna lífeyrisrétt landsmanna, sme er ákaflega mismunandi. Þar er um að ræða átak sem kosta mun mjög verulega fjármuni. Þessa fjármuni verður einhvers staðar að taka, annaðhvort af fé skattborgara eða með sérstökum iðgjaldagreiðslum, sem mundu þá væntanlega hækka verulega. En þessi pólitíska ákvörðun hefur enn ekki verið tekin og fram að þessu hefur fyrst og fremst tímanum verið varið til ýmiss konar undirbúningsstarfa sem nauðsynleg eru til að unnt sé að ná tökum á þessu stóra máli.

Eins og kunnugt er hafa verið gefin fyrirheit um það, m. a. við gerð kjarasamninga á s. l. hausti, að nýtt samræmt kerfi í lífeyrismálum verði tekið upp á árinu 1982. Er því óhjákvæmilegt að vel verði unnið að þessum málum á næstu mánuðum og stefnumótun hraðað. Endurskoðun lífeyrismála er eitt allra stærsta og mikilvægasta verkefnið sem Alþingi og ríkisstj. stendur frammi fyrir. Án þess að orðlengja það mál frekar hér í fyrirspurnatíma vona ég að betra færi gefist til að ræða um þessi mál við annað tækifæri en í fsp.-tíma.

Staðreyndin er sú, að fjöldamörg þeirra atriða, sem taka þarf afstöðu til, eru lítt rædd og hafa ekki hlotið þá meðferð í umræðum stjórnmálamanna sem vera þyrfti. Skoðanaskipti hafa ekki verið næg, menn hafa sett fram ákveðin markmið, en hvernig ætti að leysa vandann, hvar ætti að afla fjárins og hver ætti að borga brúsann og með hvaða hætti það yrði gert hefur minna verið rætt. Ég held sem sagt að fsp., sem hér hefur verið borin fram, sé sannarlega ekki borin fram að ástæðulausu. Við verðum að vænta þess, að þessum undirbúningsstörfum verði hraðað, þar sem ráð hefur verið fyrir því gert að samræmt kerfi í lífeyrismálum verði tekið upp á næsta ári.

Fyrirspyrjandi (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svarið. Það er auðvitað rétt hjá honum, að þau þrjú mál, sem hann gat um, eru nauðsynlegur undanfari: skráning réttinda og annað því um líkt. En eftir sem áður er höfuðverkefni nefndarinnar að koma með tillögur um samfellt lífeyrisréttindakerfi, eins og segir í skipunarbréfi hennar.

Hæstv. ráðh. kom inn á það, að samræming væri í sjálfu sér ekki nægileg. Það er alveg rétt. Þetta eru flókin vandamál. Það eru flókin vandamál hvernig á að sameina þá sjóði sem til eru, hvernig þeir eigi að vinna saman eða hvernig þeir eigi að sameinast. Það eru flókin vandamál og það kostar verulega fjármuni. Þó er hægt að gera það án þess að um mjög mikla fjármuni sé að ræða á fyrsta stigi, með því að breyta þeim að einhverju eða öllu leyti í gegnumstreymissjóði. En þá kemur aftur á móti það vandamál: Hvernig á að afla fjár til þess sem lífeyrissjóðirnir standa undir núna, þ. e. lána til húsbyggjenda og lána til framkvæmda ríkisvaldsins, Byggðasjóðs o. s. frv.?

Hæstv. ráðh. kom inn á það, að því hefði verið lofað, að þessu kerfi yrði komið á árið 1982. Til þess að svo megi verða þarf að vinna vel, og ég vona að hann ýti vel á eftir þessari ágætu nefnd.

Ég endurtek svo þakklæti mitt til hæstv. ráðh. fyrir svarið.

Gjaldskrárhækkanir B-hluta fyrirtækja, fsp. (þskj. 413). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 413 að bera fram fsp. til hæstv. fjmrh., svohljóðandi:

„1. Hvaða áætlaðar hækkanir á gjaldskrá eftirtalinna B-hluta fyrirtækja lágu til grundvallar fjárhagsáætlun þeirra í fjárlögum þessa árs:

a) Póstur og sími.

b) Ríkisútvarpið.
c) Rafmagnsveitur ríkisins.
d) Skipaútgerð ríkisins?

2. Hvaða breytingar þarf að gera á hækkunaráætlunum miðað við breyttar forsendur til að fjárhagsáætlanir fyrirtækjanna standist?

Þessi fsp. *var prentuð og henni dreift hér á Alþingi* 10. febr., en dálítill dráttur hefur orðið á að henni hafi verið svarað. Má vera að það sé vegna þess að hér sé um takmarkatilvik að ræða á milli fjmrn. og viðskrn. sem fer með gjaldskrármálin.

Í raun og veru hefði ekki þurft að spyrja um fyrri liðinn því að auðvitað liggur svar fyrir í ræðu formanns fjvn., en þá var ekki búið að prenta þá ræðu svo að mér fannst ástæða til þess að hafa fyrri hlutann með í fsp.

Um síðari hlutann var jafnframt hægt að fá upplýsingar hjá viðkomandi fyrirtækjum, en ég tel ástæðu til að vekja athygli á fjárhagsvanda þessara fyrirtækja nú í svokallaðri verðstöðvun.

Varðandi Póst og síma er það að segja, að fjárlaga- og hagsýslustofnunin mat hækkunarþörf Pósts og síma þannig að 1. febr. ætti hækkunin að vera 12%, 1. maí 10%, 1. ágúst 7.5%, 1. nóv. 7.5%. Með þessum hætti ættu að fást nægar tekjur fyrir stofnunina á yfirstandandi fjárlagaári. Það skal tekið fram, að fulltrúar Pósts og síma og starfsmenn fjárlaga- og hagsýslustofnunar voru ekki sammála um forsendur. Hefur nú komið í ljós að starfsmenn Pósts og síma höfðu rétt fyrir sér og hefur það breytt talsverðu um hækkunarþörf stofnunarinnar.

Forráðamenn Pósts og síma telja að tvær leiðir komi til greina til þess að hægt sé að standa við fjárhagsáætlun stofnunarinnar. Önnur er sú, að afnotagjöldin hækki um 33% 1. maí. Þannig fengjust þær 50 millj. nýkr. sem á vantar að endar náist saman í rekstri stofnunarinnar. Hin leiðin er sú, að hækkunin 1. maí verði 24%, en 1. ágúst verði hækkunin 10% og 1. nóv. 10%. Þetta þýðir, ef þessi leið verður valin, að hækkun á afnotagjöldum Pósts og síma á bessu ári yrði 65% í staðinn fyrir 42.5%, sem voru fjárlagaforsendurnar.

Varðandi Ríkisútvarpið er það að segja, að það er alkunna að rekstrarhallinn á árinu 1979 var 445 millj. kr. gamalla og 1980 var hallinn um það bil 1200 millj. gkr., eða samtals um 16.5 millj. nýkr. og er þá ekki tekið tillit til verðbreytinga. Ríkisstj. lánaði Ríkisútvarpinu og það lán telst óendurkræft og ekki er tekið tillit til þess í því sem á eftir kemur. Það er jafnframt ljóst, að þessi halli hjá Ríkisútvarpinu stafar fyrst og fremst af skerðingu tolltekna sem voru teknar af Ríkisútvarpinu á mjög viðkvæmu breytingarskeiði fyrirtækisins. Í fjárhagsáætlun Ríkisútvarpsins er gert ráð fyrir að auglýsingatekjur hækki á þessu ári um 70% að meðaltali í sjónvarpi og 60% í útvarpi. 1. febr. var fyrsta skrefið í þessa átt tekið með 25—28% hækkun auglýsingaverðs. Samkv. fjárhagsáætlun Ríkisútvarpsins átti afnotagjaldið að hækka um 22.5% fyrri part ársins, þ. e. 1. mars, og það gekk fram eins og ráð var fyrir gert. Samkv. fjárhagsáætluninni var síðan gert ráð fyrir 6% hækkun 1. sept., en nú er talið að hækkunin þurfi að verða 30% 1. sept. til þess að Ríkisútvarpið nái hallalausum rekstri í ár. 10% þurfa að koma til viðbótar upp í halla síðustu tveggja ára og er þá miðað við að halli þeirra tveggja ára verði greiddur með hærri afnotagjöldum 5 næstu árin. Þess skal getið, að Ríkisútvarpið fékk ekki 10% hækkun um áramót eins og mörg önnur ríkisfyrirtæki.

Um Rafmagnsveitur ríkisins er það að segja, að þær ráðgerðu að hækka gjaldskrá um 11% 1. febr., 11% 1. maí, 1. ágúst og 1. nóv. Þeir fengu hins vegar 10% hækkun 1. jan. og var hún talin jafngilda 11% hækkun 1. febr. Með því að hækka samkv. áætluninni telja RARIK-menn sig geta náð inn tekjum eins og fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir. Nú er hins vegar ljóst að talsverð fjárvöntun er hjá RARIK vegna rekstrarerfiðleika, þannig að þær þurfa á talsverðri hækkun að halda af þeim ástæðum.

Skipaútgerð ríkisins þarf líklega að hækka farmgjöld um 30% 1. maí í stað 10%, að sögn forráðamanna stofnunarinnar, og er samt gert ráð fyrir að halli Skipaútgerðar ríkisins verði 1.7 milljarðar gkr. á yfirstandandi ári. Auk þess er gert ráð fyrir að 2.4 milljarðar gkr. renni til undirbúnings að smíði nýs skips og skemmubyggingar.

Ég hef aðeins drepið hér á nokkur fyrirtæki sem ég spurði um til að taka dæmi um hvernig verðstöðvun í þessu landi er í raun. Verðhækkunum er safnað saman og mynduð er ákveðin fyrirstaða um tímabundið skeið. Síðan brestur allt nema gripið sé til annarra ráðstafana, eins og þeirra að skera verulega niður. Það væri þess vegna ástæða til þess að fá upplýsingar um það jafnframt hjá hæstv. fjmrh., hvort hann hafi einhverjar hugmyndir um niðurskurð, einhverjar línur í þeim efnum, eða þá að öðrum kosti hvað gerist 1. maí þegar verðstöðvunartímabilinu lýkur.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Hv. þm. Friðrik Sophusson spyr um gjaldskrárhækkanir B-hluta fyrirtækja. Ég hef beðið fjárlaga- og hagsýslustofnun að undirbúa svar við þessari spurningu. Þetta er tæknileg spurning og tæknileg svör með mörgum tölum og ég skal reyna að fara hratt yfir sögu.

Fyrsta spurningin er: „Hvaða áætlaðar hækkanir á gjaldskrá eftirtalinna B-hluta fyrirtækja lágu til grundvallar fjárhagsáætlun þeirra í fjárlögum þessa árs?"

1. Póstur og sími: Við fjárlagagerð var gert ráð fyrir að seldar vörur og þjónusta yrðu 386 millj. 770 þús. kr., en þá var miðað við að vegin meðaltalshækkun gjaldskrár yrði 24%. Hækkuninni var skipt niður á tímabil á eftirfarandi hátt: 12% 1. febr., 10% 1. maí, 7.7% 1. ágúst, 7.5% 1. nóv.

2.). Ríkisútvarp, sjónvarp: Við fjárlagagerð var gert ráð fyrir að seldar vörur og þjónusta stofnunarinnar yrðu 56 620 600 kr. Þessi liður myndast af afnotagjöldum 39 600 600 kr. og auglýsingatekjum 17 020 000 kr. Var þá áætlað að hækkun afnotagjalda yrði 40% milli ára og vegin hækkun auglýsinga um 28.8%. Skipt var niður á eftirfarandi tímabil: 15% 1. febr., 15% 1. júní og 15% 1. okt. Ég þarf tæpast að geta þess, að hér er um nýjar krónur að ræða.

3. Ríkisútvarp, hljóðvarp: Við fjárlagagerð var gert ráð fyrir að seldar vörur og þjónusta stofnunarinnar yrðu 37 280 720 kr. Þessi liður myndast af afnotagjöldum 18 millj. 18 049 420 kr. og auglýsingatekjum 19 239 000 kr. Var þá áætlað að hækkun afnotagjalda yrði 70% milli ára og vegin hækkun auglýsingatekna yrði 27.1% sem skipt var niður á eftirfarandi tímabil: 15% 1. febr., 15% 1. júní og 10% 1. okt.

4. Rafmagnsveitur ríkisins: Við fjárlagagerð var gert ráð fyrir að seldar vörur og þjónusta stofnunarinnar yrðu 197 millj. 197 150 000 kr. Var þá miðað við að vegin hækkun gjaldskrár yrði 18%. Henni var skipt á eftirfar-

andi hátt á tímabil: 8.5% 1. febr., 8% 1. maí, 7.5% 1. ágúst og 7.5% 1. nóv.

5. Skipaútgerð ríkisins: Við fjárlagagerð var gert ráð fyrir að seldar vörur og þjónusta yrðu 21 280 000 kr. Var þá miðað við að vegin meðaltalshækkun gjaldskrár yrði 30.9%. Henni var skipt á eftirfarandi hátt á tímabil: 18% 1. febr., 10% 1. maí, 10% 1. ágúst og 5% 1. nóv.

Síðari fsp. hljóðar svo: „Hvaða breytingar þarf að gera á hækkunaráætlunum miðað við breyttar forsendur til að fjárhagsáætlanir fyrirtækjanna standist?

Svar: Frá því að fjárlagagerð lauk hafa átt sér stað kjarasamningar BSRB og BHM-manna, auk þess sem verðlagsforsendur launa hafa breyst lítillega. Þessar breyttu forsendur leiða til þess, að gjaldahlið viðkomandi stofnana hækkar nokkuð. Gjaldaaukningu þessari þarf að mæta með hækkun gjaldskrár til þess að fjárhagsáætlanir fyrirtækjanna standist. Hér á eftir verður fjallað um hverja stofnun fyrir sig, en þess skal þó getið að ríkisstj. hefur engar ákvarðanir tekið enn um þessar hækkanir og verður það ekki gert fyrr en í maíbyrjun. Hér er einungis fjallað um hvaða breytingar hafa orðið á fjárhagshorfum þessara stofnana út frá breyttum forsendum.

Þá er það í fyrsta lagi Póstur og sími: Breyttar forsendur valda því, að gjaldahlið stofnunarinnar hækkar um ca. 1.17% í heild. Hjá Pósti og síma eru tekjur þess eðlis, að einungis hluti þeirra, 310 160 000 kr., tekur gjaldskrárbreytingu, en í þessu tilviki þyrfti hún að vera ca. 1.5% til viðbótar því sem ráð var fyrir gert í fjárlögum 1981.

Ríkisútvarp, sjónvarp: Í heild hækka útgjöld stofnunarinnar um ca. 0.91%. Til að mæta þessari gjaldaaukningu þyrftu seldar vörur og þjónusta stofnunarinnar að hækka um ca. 0.97% umfram það sem gert var ráð fyrir við afgreiðslu fjárl. fyrir áramót.

Ríkisútvarp, hljóðvarp er hér í þriðja lagi: Í heild hækka útgjöld stofnunarinnar um ca. 1.18%. Það leiðir til þess, að seldar vörur og þjónusta stofnunarinnar þyrftu að hækka um ca. 1.22% umfram það sem ráð var fyrir gert í fjárlögum 1981.

4. Rafmagnsveitur ríkisins: Í heild hækka útgjöld stofnunarinnar um ca. 0.3%, sem þýðir að seldar vörur og þjónusta þurfa að hækka um ca. 0.4% umfram það sem ráð var fyrir gert í fjárlögum.

5. Skipaútgerð ríkisins: Vegna breyttra forsendna er reiknað með ca. 0.7% hækkun heildargjalda stofnunarinnar. Tekjum stofnunarinnar er þannig háttað, að einungis hluti þeirra, 20 millj. kr., tekur gjaldskrárbreytingum. Þær þyrftu því að vera ca. 1.35% umfram það sem ráð var fyrir gert í fjárlögum fyrir 1981.

Fyrirspyrjandi (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir upplestur á tölum frá fjárlaga- og hagsýslustofnun varðandi hækkanir sem þarf að gera á gjaldskrám B-hluta fyrirtækja til þess að fjárhagsáætlanir þeirra standist.

Eins og ég minntist á áður nefndi ég aðeins dæmi og voru þessi 4 fyrirtæki tekin sem dæmi. Til viðbótar er vitað að Landsvirkjun hefur farið fram á 42.5% hækkun frá 1. maí, Hitaveita Reykjavíkur, sem reyndar er ekki B-hluta fyrirtæki heldur eign Reykjavíkur, sem reyndar er ekki B-hluta fyrirtæki heldur eign Reykvíkinga, 43% og vatnsveitan 20.8%. Fjöldi annarra mála liggur hjá Verðlagsráði.

Þær tölur, sem hæstv. fjmrh. byggði á, eru að sjálfsögðu sömu tölur og fjárlög byggja á, en það hefur komið í ljós, þegar búið er að gera upp síðasta ár og árið þar áður og hægt að styðjast við reikninga, að talsverður munur er á útreikningum sem koma frá fyrirtækjunum sjálfum annars vegar og frá fjárlaga- og hagsýslustofnun hins vegar. Sem dæmi um þetta má nefna að hjá Póst- og símamálastofnuninni kom fram ákveðinn munur.

Póst- og símamálastofnunin taldi útgjaldaliðinn „Önnur rekstrargjöld og viðhald“ verða á yfirstandandi fjárlagaári 8 milljarða 250 millj. gkr., en fjárlaga- og hagsýslustofnunin taldi þennan lið einungis verða 6.6 milljarða gkr. Ástæðan fyrir þessum ágreiningi var sú, að samkv. forsendum fjárlagastofnunar átti útkoman á þessum lið árið 1980 að vera 4.4 milljarðar gkr., en varð 5.5 milljarðar í raun. Á þetta bentu yfirmenn Pósts og síma strax við fjárlagaundirbúninginn, en fjárlagastofnunin lagði sínar tölur til grundvallar samt sem áður. Þess má geta til fróðleiks, að fjárlaga- og hagsýslustofnun leggur gamlar fjárlagatölur til grundvallar, en Póstur og sími miðar að sjálfsögðu við rauntölur. Þetta verður að hafa í huga þegar menn tala um hækkanir sem nauðsynlegt er að leyfa til þess að hægt sé að halda óbreyttri starfsáætlun miðað við það sem gert var ráð fyrir í fjárlögum.

Það er einfalt að segja, eins og ýmsir ráðherrar núv. hæstv. ríkisstj. hafa sagt, að opinberar stofnanir og fyrirtæki verði að lifa við það sem þeim er skammtað. Það er sérstaklega einfalt að segja þetta fyrir þá sem reka ríkisstjóð. Hann fær tekjur sínar fyrst og fremst af tollum. Þær eru þess vegna nánast verðtryggðar að langsamlega mestu leyti. En slíkt svar er algerlega út í bláinn þegar tekið er tillit til þess, að verðbólgan í ár verður væntanlega 50%, en ekki 42.5% eins og gert var ráð fyrir í fjárlögum, hvað þá heldur 40%, eins og ríkisstj. ætlaði að gera með efnahagsaðgerðum sínum um síðustu áramót.

Langsamlega stærsti liðurinn í útgjöldum þessara fyrirtækja er launakostnaður. Þess vegna er gífurlega erfitt fyrir fyrirtækin að spara án þess að til beinna uppsagna komi. Af þeim sökum er ástæða til að spyrja hæstv. ráðh. í framhaldi af þessu: Ætlar hæstv. fjmrh. að beita sér fyrir því, að sagt verði upp opinberum starfsmönnum, t. d. hjá Ríkisútvarpinu, vegna þess að þeir hafi ekki lengur vinnu við að útbúa þá dagskrá sem skera þarf niður?

Þá vil ég jafnframt spyrja hæstv. fjmrh. um það, hvort hann geti tekið undir það sem kemur fram fyrir skömmu í leiðaraskrifum dagblaðsins Tímans. Þar kemur fram að það hafi verið ljóst öllum aðilum að meira þurfi til að koma en aðgerðirnar í brbl. Síðan segja þeir: „Hverjum dettur t. d. í hug að það sé vit í að almennt kaupgjald hækki í landinu fyrir það eitt að sólarlandaferðir verði dýrari?“ — Þarna lætur ritstjóri Tímans liggja að því, að Framsfl. vilji taka tillit aftur til viðskiptakjaranna eins og var í Ólafslögum. Hins vegar telur Alþb. sinn stærsta sigur í þessari ríkisstj. að hafa útrýmt því fyrirkomulagi.

Hæstv. ráðh. kemst ekki upp með það og hæstv. ríkisstj. að svara ekki einföldum spurningum eins og þeim, hvort hún ætlar að standa að því að þessar stofnanir og fyrirtæki geti haldið óbreyttri starfsáætlun samkv. fjárhagsáætlun. Senn verður svo langt liðið á þetta ár að mjög erfitt reynist að skera niður eða spara og það hlýtur aðeins að leiða til mikils hallarekstrar þessara fyrirtækja. Ég vil benda á þetta og hef allar þær upplýsingar, sem

koma fram hjá mér um þessar stórkostlegu hækkunarþörf, beint frá starfsmönnum þessara opinberu fyrirtækja, og þær eru byggðar á rauntölum.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Það er ekkert nýtt að opinberar stofnanir og opinber fyrirtæki setji fram háar kröfur um gjaldskrárhækkanir. Það hefur verið svo um langt skeið. Það er heldur ekkert nýtt að ekki sé hægt að verða við öllum slíkum kröfum. Fjárlög gera ráð fyrir ákveðnum hækkanaferli hjá hverri þessara stofnana fyrir sig, og við ákvarðanir fjárlaga verður að sjálfsögðu miðað þegar gjaldskrárhækkanir verða afgreiddar, en þó tekið tillit til breyttra aðstæðna og breyttra forsendna. Hitt getur svo vel gerst, að þörf verði á því að framkvæma sérstakar sparnaðarráðstafanir, jafnvel niðurskurðarráðstafanir, hjá einstökum stofnunum ef þær gjaldskrárhækkanir, sem leyfðar verða og áformað hefur verið að leyfa, duga ekki til.

Það vafðist ýmislegt fleira inn í mál hv. þm. áðan, m. a. vísitölumálin. Ég vissi ekki almennilega hvort hann var að leggja einhverja sérstaka fsp. fyrir mig í sambandi við það. Það eru aðrir aðilar sem svara til um vísitölumálin. Ég vil hins vegar segja það alveg eins og er, að ég held að það geti ekki talist neitt höfuðatriði, hvorki af hálfu verkalýðshreyfingarinnar né af hálfu Alþb., að ekki skuli tekið tillit til viðskiptakjara. Ég held að sú regla að taka upp viðmiðun við viðskiptakjör hafi ekki verið tekin upp í andstöðu við verkalýðshreyfinguna á sínum tíma. Það var ekki tekið upp í andstöðu við Alþb. Og það er ekkert höfuðatriði hjá okkur að slíkt megi ekki gera í sambandi við vísitölu. En hitt er allt annað mál, að það voru mörg önnur og miklu verri skerðingarákvæði í vísitölunni afnumin á þessu ári. (**Gripið fram í:** Hver voru þau? Ja, það er t. d. það skerðingarákvæði, sem varðaði áfengi og tóbak og verkaði töluvert sterkt inn í vísitöluútreikning, og fleiri atriði. (**Gripið fram í:** Þau eru enn þá.) Nei, skerðing vegna áfengis og tóbaks er ekki með þeim hætti sem áður var í vísitölu. Það er misskilningur hjá hv. þm. (**Gripið fram í:** Skerðingarákvæðin eru þar.) Nei, þau eru þar ekki. Þau eru þar alls ekki. (**Gripið fram í:** Fá þá launþegar hækkun vegna 6% hækkunar áfengis og tóbaks?) Nei, þeir fá ekki hækkun vegna hennar, en þeir fá hins vegar ekki lækkun eins og var áður fyrr vegna þess að áfengi og tóbak hefur getað verkað bæði til hækkunar og til lækkunar. Á tímabili verkaði það til hækkunar, en samkv. seinasta skipulagi sem var á þessum málum verkaði hækkun á áfengi og tóbaki beinlínis til lækkunar á launum með þeim sérstöku reikningsaðferðum sem viðhafðar voru, vegna þess að þessar vörur voru að hálfu leyti inni í vísitölunni og að hálfu leyti út úr henni. Nú hafa þessar vörur verið teknar algerlega út úr. Hækkanir á þessum vörum breyta því engu til eða frá um launagreiðslur til manna og það er áreiðanlega það rétta í þessum efnum. Það getum við svo sannarlega flokkað undir „prinsipmál" af okkar hálfu.

Hvað viðskiptakjörin snertir held ég að það hafi á margan hátt verið skynsamlegt fyrirkomulag að taka þau inn á sínum tíma og geti auðvitað vel komið til greina á síðara stigi að það verði ákveðið. Hins vegar höfum við nú ákveðið hvernig vísitölugreiðslum verði háttað á þessu ári. Sú ákvörðun miðaðist fyrst og fremst við það, að menn fengju til baka í áföngum það sem frá þeim væri tekið 1. mars. Við vitum að þetta sérstaka fyrirkomulag á að gilda út þetta ár.

Ég skaut þessu að vegna þess að ég varð var við að hv. þm. hafði vissa tilhneigingu til að mistúlka afstöðu okkar Alþb.-manna í þessum efnum. Það kom ekkert við fsp. sem hér var borin fram, en mér fannst rétta að skjóta því að.

Hins vegar verð ég að segja það við hv. 1. þm. Reykv., Geir Hallgrímsson, að hann þarf greinilega að kynna sér allmiklu betur en hann hefur gert hvernig vísitölugreiðslum er háttað á laun.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Þurfi ég að kynna mér betur hvernig vísitöluútreikningi er háttað á laun, þá held ég að við séum á sama báti, hæstv. fjmrh. og ég. Raunar hefði ég haldið að hann þyrfti að lesa sér langtum betur til í þessum efnum. Sannleikurinn er sá, að það, sem brbl. breyta, auk afnáms viðskiptakjara til áhrifa og verðbóta á laun undir 725 þús. gkr., er að laun bóndans í verði búvara koma ekki til frádráttar verðbótum á laun. Hitt er afskaplega mikill útúrsnúningur, að telja hér með áhrif verðhækkana á áfengi og tóbaki á útreikning verðbótavísitölunnar. Eins og við sjáum hækka áfengi og tóbak um 6% eftir daginn í dag samkv. tilkynningu hæstv. fjmrh. eða stofnunar hans, Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, og þessi hækkun mælist ekki í verðbótum á laun. Fyrirkomulagsatriði eins og það, hvort áfengis- og tóbaksútgjöld vísitölufjölskyldunnar eru í útreikningsgrunni eða ekki, er svo mál út af fyrir sig.

Það vildi ég þó sérstaklega undirstrika, að hæstv. fjmrh. sagði annars vegar að hann teldi ekki frágangssök að viðskiptakjör hefðu áhrif á verðbætur launa, sem þó áttu þátt í 16.6% skerðingu verðbóta á laun á 18 mánaða tímabili Ólafslaga frá 13. apríl 1979 og fram undir áramót 1980, og telur að það megi vel leiða í lög aftur. Vill nú ekki hæstv. fjmrh. taka til hendinni og bera fram brtt. við þau lög sem samþ. voru frá Alþingi í gær, ef hann er þessarar skoðunar, vegna þess að það getur vel komið til greina hvað af hverju, ef viðskiptakjaravísitala væri tekin upp, að það mundi verka til hækkunar á verðbótum launa? Það getur meira að segja átt sér stað að laun, sem eru yfir 725 þús. kr. á mánuði, fái hækkun vegna batnandi viðskiptakjara, en laun, sem eru undir 725 þús. kr., hækki ekki neitt.

En það var raunar erindi mitt í ræðustól — (Forseti hringir.) Ég bið hæstv. forseta forláts og um umburðarlyndi — að koma eftirfarandi fsp. til hæstv. fjmrh.: Hann komst svo að orði, að hækkunarbeiðnir opinberra stofnana yrðu ekki teknar til afgreiðslu fyrr en í byrjun maí. Er það ætlun ríkisstj. að hækkuð þjónustugjöld fari ekki inn í vísitöluna sem miðast við útreikningsdag 1. maí n. k., þ. e. að láta launþega bera hækkun þessara afnotagjalda heilt vísitölutímabil án þess að fá neina hækkun á verðbætur launa? Það er samkomulag í gildi milli Alþýðusambands Íslands, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og ríkisstj. um að hækkun á opinberum þjónustugjöldum eigi ekki að fara fram nema á 10 daga tímabili næst útreikningsdegi vísitölunnar, þ. e. milli 20. og 30. apríl n. k. Ég spyr því enn á ný hæstv. ráðh.: Ætlar ríkisstj. að standa við þetta samkomulag eða brjóta það aftur eins og hún gerði með 10% hækkun opinberra þjónustugjalda 1. jan. s. l.?

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Sem fyrrv. forsrh. mun hv. þm. Geir Hallgrímssyni vera fullkunnugt um að kauplagsnefnd tekur ákvarðanir um og reiknar út

vísitölu fyrir 1. maí þegar nokkrir dagar eru liðnir af mánuðinum. Venjulegast er það nærri því að vera í kringum 10. maí sem útreikningur kauplagsnefndar fer fram, og þá tekur hún tillit til þeirra hækkana og þeirra breytinga sem opinberir aðilar hafa tekið ákvörðun um eftir 1. maí, jafnvel á fyrstu 5—6 dögunum. Þannig hefur þetta verið um margra ára skeið og þess vegna hefur það verið svo, að þó að það sé í meginatriðum aðalregla að reikna með að gjaldskrárhækkanir eigi sér stað á 10 seinustu dögum fyrir 1. maí eða fyrir 1. ágúst, þá er það oft að þessar ákvarðanir dragast nokkrum dögum lengur og eru raunverulega teknar á fyrstu dögum mælingarmánaðarins. Þess vegna tók ég svona til orða, að ákvarðanir um þessi efni yrðu teknar í byrjun maí-mánaðar. Ég hefði kannske formlega séð átt að orða það á hinn veginn, að þær yrðu teknar í lok apríl, því að það er formlega það rétta. Í reynd hefur það verið á hinn veginn, að það hefur fullt eins oft verið tekin ákvörðun rétt um mánaðamótin, jafnvel aðeins eftir mánaðamótin. Vona ég að þessi útskýring nægi á mínum orðum áðan, sem kannske voru ekki mælt af fyllstu nákvæmni.

En það eru ekki uppi nein sérstök áform, eins og hv. þm. var að reyna að gera skóna, um að falsa vísitöluna 1. júní n. k. með þeim hætti sem hann var að lýsa. Ég hef ekki orðið var við að þessi hugmynd hafi fyrr komið fram, en hún virðist greinilega liggja ofarlega í höfði hv. þm. úr því að hann lætur sér detta þetta í hug.

Í sambandi við áfengi og tóbak, sem við ræddum áðan vil ég minna hv. þm. á staðreyndir málsins, vegna þess að hann er að reyna að gefa í skyn að ég viti ekki hvað ég hafi verið að segja um það efni. Áfengi og tóbak var þannig í vísitölu sem ákveðin var með Ólafslögum frá 1979, að hækkanir á áfengi og tóbaki komu ekki inn í kaupgreiðsluvísitölu og verkuðu ekki til hækkunar á launum, en þessir liðir voru eftir sem áður inni í útreikningsgrundvellinum, og vegna þess að þeir voru inni í útreikningsgrundvellinum, inni í deilitölunni sjálfri, verkuðu þeir með tíð og tíma til lækkunar. Breytingin, sem nú hefur orðið, er sú, að í fyrsta lagi er þetta ekki tekið með við útreikning á launum, en það er einnig tekið út úr í deilitölunni sjálfri, í útreikningsgrundvellinum, og þannig hefur það engin áhrif, hvorki til hækkunar né lækkunar, frekar en margt annað í okkar þjóðfélagi sem er ekki inni í vísitölu. Við skulum t. d. taka verðlag á flugferðum til annarra landa. Þær eru ekki og hafa aldrei verið inni í vísitölu þannig að þegar sá liður hækkar mjög verulega og kannske langt umfram verðlag breytir það engu um laun eða öfugt. Þannig er það um fjöldamarga liði í okkar samfélagi og þannig er búið að ákveða að hafa þetta með áfengi og tóbak, en það verkar á hvorugan veginn. Það er stóra breytingin. Það tel ég til mikilla bóta.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég held að það væri ástæða fyrir hæstv. fjmrh. að láta reikna út hvaða máli þessi breyting á útreikningi verðbóta á laun varðandi áfengi og tóbak skiptir t. d. um næstu mánaðamót, þ. e. 1. maí n. k., þegar verðbætur verða reiknaðar út, — hvaða áhrif sú breyting að taka áfengi og tóbak út úr grunni vísitölunnar hefur á laun miðað við fyrra fyrirkomulag. Þá held ég að það komi í ljós að það er ekki ákaflega mikill munur fyrir og eftir þessa breytingu.

En hæstv. fjmrh. ræddi einnig hækkun á afnotagjöldum opinberra fyrirtækja. Þá vildi ég fara fram á það, að hæstv. fjmrh. staðfesti, annaðhvort með þögninni eða beinum orðum, að þær hækkanir, sem ríkisstj. mun leyfa eða Verðlagsráð eða jafnvel stofnanirnar sjálfar ákveða eftir 1. maí, verði teknar inn í vísitöluna sem miðuð er við þann dag. Það er nefnilega ekki upplýst hér hvaða fyrirkomulag verður á verðákvörðunum eftir 1. maí n. k. Samkv. lögum, sem samþykkt voru hér á Alþingi í gær, á verðstöðvun að ljúka 1. maí, og ég hef gert ítrekaðar tilraunir til að fá svar við þeirri fsp., hvaða fyrirkomulag varðandi verðákvarðanir verði tekið upp eftir 1. maí n. k. Ég hef ekki fengið svar við því. En það kynni svo að fara að þá væru verðákvarðanir annars vegar í höndum Verðlagsráðs varðandi almenna vöru og þjónustu og í höndum stofnananna sjálfra sem sinna opinberri þjónustu.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Það er ekki ástæða til að lengja þessar umr. Ég vildi einungis segja alveg skýrt og skorinort að enginn vafi er á því og enginn vafi hefur verið á því, að allar þær hækkanir, sem koma fram, ekki bara fyrir 1. maí, heldur fram til þess tíma, að kauplagsnefnd gerir útreikninga sína á vísitölunni, sem eins og ég sagði áðan er venjulega á tímabilinu milli 8. og 12. maí, verða taldar með.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. sagði áðan að það væru engin áform uppi um að falsa vísitöluna með þeim hætti sem hv. þm. Geir Hallgrímsson hefði verði að ýja að áðan. Þessi ummæli gefa tilefni, að ég held, til þess að spyrja hæstv. ráðh. um hvort uppi séu áform um að falsa vísitöluna með einhverjum öðrum hætti en hv. þm. Geir Hallgrímsson var að tala um. Það er full ástæða til þess að fá það upplýst hér, hvort hæstv. fjmrh. eða hæstv. ríkisstj. í heild hefur uppi áform um að falsa vísitöluna með einhverjum hætti öðrum en hv. þm. Geir Hallgrímsson var að tala um. Ummæli hæstv. fjmrh. gefa fyllilega tilefni til þess, að spurt sé um þetta, og svars er óskað af hálfu hæstv. ráðh. um hvort einhver áform séu uppi af hálfu ríkisstj. um að falsa vísitöluna. Ég vænti þess, að hæstv. ráðh. svari því skýrt og skorinort hér, hvort einhver slík áform séu uppi, ef ekki í þeim anda sem hv. þm. Geir Hallgrímsson var að tala um, þá einhverjum öðrum eða alls ekki. Við þessu er óskað svars.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Mér er að vísu kunnugt um að flokkur hv. fyrirspyrjanda, Alþfl., á marga mjög færa sérfræðinga í því að falsa vísitöluna og hefur verið allra flokka iðnastur við það. Það er því kannske ekkert að undra þó að fyrirspyrjanda sé þetta mjög ofarlega í huga. En ég get svarað spurningunni afdráttarlaust neitandi. Mér er ekki kunnugt um að nein slík áform séu uppi.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég hef aldrei heyrt furðulegri málflutning en hjá hæstv. fjmrh., sem stendur hér uppi með helberar lygar á Alþfl. Aldrei lagði Alþfl. það á alþýðu þessa lands, á almenning, að skerða kjörin um 7% með einu pennastriki, án þess að gera nokkurn skapaðan hlut annan til þess að rétta efnahagslegt líf landsins við að öðru leyti eða draga úr verðbólgunni.

Sá útúrsnúningur og þvættingur, sem hér er hafður í frammi, er fyrir neðan allar hellur. Sannleikurinn er sá, að Alþfl. hefur margoft lagt áherslu á að taka þurfi á efnahagsmálunum af alvöru og fullum þunga og toga í

alla þræðina samtímis, en ekki kippa bara í einn spottann í einu. Þær aðgerðir, sem Alþfl. barðist hér fyrir t. d. á árunum 1978—1979, lýstu sér allar í því að reyna að ná raunhæfum árangri og taka á öllum þáttum efnahagslífsins í senn. Það er allt önnur leið en núv. ríkisstj. fer. Hún fer þá leið sem Geir Hallgrímsson fór áður: að skerða kaupið eitt og gera ekkert annað og láta síðan vaða á súðum og láta sér í léttu rúmi liggja hvernig almenningur fer út úr því eða hver hin raunverulega þróun verður í þjóðfélaginu, hver verðbólgan verður á endanum. Sannleikurinn er líka sá, að þær aðgerðir, sem nú hefur verið gripið til, munu gersamlega renna út í sandinn og reynast nákvæmlega jafnilla og það sem Geir Hallgrímsson og hans stjórn gerði á sínum tíma. En ásakanir af því tagi sem hér eru hafðar uppi af hæstv. fjmrh. eru fyrir neðan virðingu Alþingis.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er ekki ástæða til að vera að sverfa mikið að hæstv. fjmrh. eða flokksbræðrum hans, hvorki í ríkisstj. né hér á Alþingi. Svo herfilega hafa þeir nú sjálfir fest sig í hengingarólinni að því er varðar skerðingu á verðbótum og launakjörum alls almennings í landinu að betur verður ekki gert. Alþb., með hæstv. fjmrh. í broddi fylkingar lengi vel, hafði tekist að telja þjóðinni trú um að Alþb. væri eini flokkurinn í landinu sem ekki væri kjaraskerðingarflokkur. Nú hefur það gerst í fyrsta skipti, að ég held, að það hefur sannast að Alþb. er kannske, ef grannt er skoðað, einhver mesti kjaraskerðingarflokkur sem við höfum átt um langt árabil. Þó að ekki gefist tækifæri til þess í þessum umr. vegna tímaskorts væri ástæða til að rifja upp alla framkomu Alþb. gagnvart launafólki þessa lands, hvernig sá flokkur hefur haldið á þeim málum í verkalýðshreyfingu og í stjórnmálahreyfingu og við stjórnvöl landsins.

Ég hef nokkuð lengi, þó ungur sé, fylgst með stjórnmálum. — Það er eðlilegt að hv. þm. Ólafur Þórðarson taki við sér. Hann getur ekki sagt hið sama. — En ég minnist þess ekki fyrr, að flokkur hafi afhjúpað sig eins rækilega og Alþb. hefur gert nú gagnvart launafólki í landinu. Ég skal ekki hafa um þetta mörg fleiri orð.

Hæstv. fjmrh. sagði að hann vissi ekki um nein áform sem uppi væru. Þetta er loðið svar. Hann vissi ekki um það. Nú ræður hann vonandi ekki alfarið. En enn er spurt: Eru uppi áform af hálfu hæstv. ríkisstj. um að falsa vísitöluna með einhverjum hætti þegar verðbætur á laun eiga næst að koma til framkvæmda? Þessari spurningu er m. a. beint til hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar sem hefur talið sig í forsvari a. m. k. fyrir farandverkafólk.

Fyrirspyrjandi (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Þessar umr. hafa nú aðeins vikið frá fsp., a. m. k. í þröngum skilningi. En það er eðlilegt að kauprán Alþb. beri hér á góma. Það er staðreynd sem ekki verður haggað, að þrátt fyrir kauprán Alþb., svo að ég noti þeirra eigin orð, er ljóst að verðbólgan verður 50% á þessu ári nema fleiri efnahagsaðgerðir komi til. Það hugmyndaflug, sem hæstv. ríkisstj. hefur um slíkar aðgerðir, virðist vera af svo skornum skammti að aðeins er ráðist á launin. Búast má því við að það verði gert aftur í vor, ef á annað borð verður efnt til nýrra ráðstafana.

Þetta nefni ég hér til að benda rækilega á hvaða áhrif þetta hefur á opinberar stofnanir og þar með á þau B-hluta fyrirtæki sem fyrirspurnir mínar vörðuðu. Ef verðbólgan verður 50% er alveg ljóst að grípa verður til niðurskurðar. Hæstv. fjmrh. lét setja brbl. um síðustu áramót, þar sem sagt var að brýna nauðsyn bæri til þess að fá heimild til þess að skera niður og fresta framkvæmdum. Þess vegna er eðlilegt að hæstv. fjmrh. svari því, hvort hann ætli að beita þessum ákvæðum svo og ákvæðum í fjárlögum um niðurskurð og heimild, sem þar er, til þess að opinberu fyrirtækin geti þannig það sem eftir er ársins efnt til einhvers konar niðurskurðar, — eða er það ætlun hæstv. ríkisstj. að efna til efnahagsráðstafana og þá hverra? Þetta er spurning dagsins.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Hv. þm. Karvel Pálmason beindi til mín spurningu. Hæstv. fjmrh. hefur þegar svarað spurningu þm., en ef hv. þm. á erfitt með að skilja einföld svör vona ég þó að svarið nei sé ekki of flókið fyrir þm. til að skilja.

Saltverksmiðja á Reykjanesi, fsp. (þskj. 427). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Með lögum nr. 47/1976 var samþykkt að stofna félag er hefði það markmið að endurskoða fyrri niðurstöður um byggingu saltverksmiðju, framkvæma viðbótarrannsóknir og láta reisa og reka tilraunasaltverksmiðju. 15. febr. 1977 var Undirbúningsfélag saltverksmiðju á Reykjanesi hf. stofnað af 500 hluthöfum. Hóf félagið þegar störf í samræmi við ákvæði laganna og í byrjun árs 1979 hófst tilraunarekstur saltverksmiðju á Reykjanesi. Samkvæmt upplýsingum, er ég hef aflað mér, hefur rekstur verksmiðjunnar gengið tæknilega áfallalaust, ef frá eru taldir byrjunarörðugleikar sem stöfuðu af kísilútfellingum, en það vandamál hefur verið leyst.

Félagið skilaði skýrslu veturinn 1980 til iðnrn. þar sem lagt er til að reist verði saltverksmiðja er afkasti 60 þús. tonnum af salti, 14 þús. tonnum af kalsíumklóríð og 6 þús. tonnum af kalí. Iðnrn. mun hafa skipað nefnd til úttektar á skýrslu félagsins.

Ljóst er að framvinda þessa máls hefur mikla þýðingu fyrir atvinnuuppbyggingu Suðurnesjamanna og áhugi mikill þar fyrir framgangi og þar beðið eftir ákvarðanatöku. Því hef ég leyft mér á þskj. 427 að flytja fsp. til hæstv. iðnrh.:

„Hvenær má gera ráð fyrir að ákvörðun liggi fyrir varðandi saltverksmiðju á Reykjanesi?"

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Hv. 1. þm. Reykn. hefur spurt hér um það, hvenær vænta megi ákvarðana varðandi saltverksmiðju svonefnda á Reykjanesi. Í aðfararorðum sínum áðan minnti hann á upphaf þessa máls. Ég ætla ekki að rekja það hér, heldur greina frá núverandi stöðu málsins í framhaldi af því sem hann gat um, að undirbúningsfélagið, sem starfað hefur til þessa frá því að það var sett á fót samkv. lögunum frá 1976, skilaði það um tillögum með skýrslu í aprílmánuði 1980 að afla yrði heimildar um þátttöku ríkissjóðs í byggingu og rekstri 60 þús. tonna saltverksmiðju á Reykjanesi.

Þá nokkru áður hafði iðnrh. skipað nefnd til að meta niðurstöður af þessum tilraunarekstri. Þessi nefnd hefur verið kennd við saltvinnsluna, kölluð saltvinnslunefnd.

Hún fékk þessa tillögu til umsagnar. Niðurstaða hennar varð sú, að ótímabært væri þá — í fyrravor — að taka ákvörðun um málið á Alþingi að svo stöddu og færði rök fyrir því að skera þyrfti úr um ýmsa þætti nánar en tekist hafði áður en málið yrði lagt fyrir Alþingi. Iðnrn. fór að tillögum nefndarinnar að þessu leyti og var málið ekki lagt fyrir síðasta þing.

Um miðjan okt. s. l. sendi saltvinnslunefndin frá sér áfangaskýrslu til rn. Taldi hún ýmsar upplýsingar skorta til þess að unnt væri að dæma um hagkvæmni saltverksmiðju á Reykjanesi. Engar söltunartilraunir höfðu verið gerðar þá síðan í maímánuði og engar frekari niðurstöður fengist um það grundvallaratriði, hvernig Reykjanessalt reyndist í samanburði við innflutt salt. Þá var ýmislegt óljóst varðandi tæknilega þætti framleiðslunnar.

Undirbúningsfélagið leitaðist við að bæta úr þeim annmörkum, sem þarna voru taldir vera á, og í byrjun febrúar s. l. bárust niðurstöður af frekari söltunartilraunum, skýrslur um tilraunir á kalsíumklóríðframleiðslu o. fl. Stofn- og rekstrarkostnaðaráætlun fyrir 8000 tonna saltverksmiðju lá þá fyrir, en undirbúningsfélagið hafði gert tillögur um að fyrsti áfangi saltverksmiðju yrði 8000 tonna verksmiðja sem byggði á annarri grundvallartækni en hingað til hefur verið til umræðu í sambandi við stærri verksmiðju.

Saltvinnslunefndin er þessa daga að ganga frá áliti sem væntanlega verður hægt að kunngera innan skamms, en ég hef fengið meginniðurstöður nefndarinnar, sem hún setur fram í væntanlegu áliti sínu, og ætlar að kynna hér örfá atriði úr þeim niðurstöðum.

Nefndin hefur yfirfarið og endurmetið áætlun um byggingu 60 þús. tonna saltverksmiðju. Nýjar upplýsingar um áætlaðan stofnkostnað véla og tækja í verksmiðju, niðurstöður söltunartilrauna og breytingar á tæknilegum forsendum hafa verið teknar inn í þetta endurmat nefndarinnar. Í meginniðurstöðum hennar segir m. a.:

Tæknilega er ekkert því til fyrirstöðu að hefja framleiðslu á fisksalti hér á landi í stórum stíl. Fastmótaðar hugmyndir eru komnar fram um tilhögun kalí- og kalsíumklóríðvinnslunnar, en enn hefur sú vinnslurás ekki verið fullreynd í tilraunavinnslu. Söltunartilraunir, sem gerðar hafa verið, sýna að ekki er marktækur munur á því, hvernig saltfiskur flokkast, hvort heldur notað er svonefnt Reykjanessalt eða innflutt salt.

Veruleg óvissa ríkir enn um kostnað við borholuframkvæmdir og munar um 1200 millj. kr. — gkr. væntanlega — í stofnkostnaði verksmiðjunnar hvort bora þarf tvær eða fimm nýjar holur fyrir endanlega verksmiðju eða verksmiðju af þeirri stærð sem um hafði verið rætt. Borun einnar viðbótarholu mundi gera það að verkum að hægt yrði að segja til um stofnkostnað verksmiðjunnar með mun meiri nákvæmni en ella.

Það þarf ekki að lýsa því fyrir hv. alþm., hvaða þýðingu það hefur og hvaða óvissa getur verið í sambandi við öflun gufu, en ég er þar með ekki með neinar hrakspár varðandi jarðgufusvæðið á Reykjanesi sem hefur gefið góða raun það sem reynt er til þessa.

Athuganir á vegum saltvinnslunefndar benda til þess, að arðsemi 60 þús. tonna saltverksmiðju muni að líkindum vera minni en fyrri áætlanir undirbúningsfélagsins gefa til kynna. Því hefur nefndin tekið til athugunar byggingu minni verksmiðju sem gæti framleitt um 40 þús. tonn af fisksalti, um 9 þús. tonn af kalsíumklóríði og 4 þús. tonn af kalí, ásamt klórafurðum o. fl. Niðurstöður þeirra athugana benda til að sú verksmiðja falli betur að markaðsaðstæðum, þ. e. 40 þús. tonna verksmiðja, og að hún gæti staðið sem sjálfstæð rekstrareining.

Auk fyrrgreindra áætlana hefur Undirbúningsfélag saltverksmiðju á Reykjanesi gert athuganir á byggingu 8 þús. tonna saltverksmiðju, eins og áður er getið, sem nýtir orku þeirrar borholu sem fyrir er á svæðinu að fullu, en styðst við aðra grundvallartækni. Slík verksmiðja gæfi möguleika á að vinna að markaðsþróun í stórum stíl á næstunni áður en stærri verksmiðja tæki til starfa svo og að gerðar verði vinnsluprófanir frekar en orðið er með kalí og kalsíumklóríð.

Í heild eru niðurstöður þær, að líklegir afkastavextir saltverksmiðju liggi á bilinu 7-10%. Ég vænti að menn sjái af því, að nefndin metur að þar sé alveg viðunandi arðsemi á ferðinni, miðað við það sem gerist hér í fyrirtækjum.

Ljóst er að bygging og rekstur saltverksmiðju á Reykjanesi yrði ákveðin lyftistöng fyrir annan iðnað í landinu. Í því sambandi hefur m. a. verið fjallað um að hugsanlegt væri að smíða tækjabúnað saltverksmiðju að verulegum hluta innanlands.

Þá hefur verið fjallað nokkuð um framtíðarverkefni í tengslum við rekstur saltverksmiðju. Meðal annars er nefndur sá möguleiki að framleiða natríumklórat hér á landi, en slík framleiðsla nýtir afurðir saltverksmiðju sem hráefni. Iðnrn. hefur áform um að athuga alveg sérstaklega þegar á þessu ári vinnslumöguleika og sölumöguleika á natríumklórati.

Reykjanessaltið svonefnda er að hluta til frábrugðið innfluttu salti, t. d. að því leyti að í því eru engir roðagerlar sem valda skemmdum í saltfiski sem kunnugt er. Nefndin telur að athuga þurfi sérstaklega hvort unnt sé að nýta þá sérstöðu t. d. með útflutningi á saltfiski í neytendapakkningum.

Að lokum leggur nefndin áherslu á að framleiðslukostnaður saltverksmiðjunnar er að stórum hluta fastur kostnaður og því mikilvægt að eigið fjármagn í hugsanlegri verksmiðju verði hátt hlutfall af stofnkostnaði.

Verði ákvörðun tekin um byggingu saltverksmiðju leggur nefndin til að framhaldið verði eftirfarandi:

1) Byggð verði 8 þús. tonna saltverksmiðja til að vinna að markaðsþróun með fisksalt í stórum stíl.

2) Núverandi tilraunaverksmiðja verði nýtt til þess að gera vinnslutilraunir með kalíframleiðslu og framleiðslu á fínsalti.

3) Boruð verði ein vinnsluhola á svæðinu veturinn 1981—1982 og aukið við rannsóknir á jarðhitasvæðinu.

4) Undirbúin verði verkhönnun á 40 þús. tonna verksmiðju og tilboða aflað í sölu á afurðum.

Ég hef reynt að fylgjast með störfum þessarar nefndar og ýta á eftir þeim og þó ekki meira en svo að nefndin fengi ráðrúm til að vanda vinnubrögð sín svo sem nauðsynlegt er við undirbúning fyrirtækis sem þessa. Ég hef látið undirbúa drög að frv. til l. um sjóefnavinnslu á Reykjanesi sem ég geri ráð fyrir að leggja fram í ríkisstj. alveg á næstunni, þar sem ríkisstj. verði heimilað að beita sér fyrir stofnun hlutafélags sem reisi og reki sjóefnavinnslu á Reykjanesi til vinnslu á saltefnum og öðrum efnum sem til falla við þá vinnslu. Ég tel ráðlegt að einnig verði þá veitt heimild slíku fyrirtæki til að beita sér fyrir

undirbúningi að framleiðslu á frekari afurðum sjóefnavinnslu, svo sem natríumklórati sem ég gat um áðan, einnig að reisa og reka raforkuver ef hentugt þætti í tengslum við framleiðsluna og jarðgufuöflunina.

Herra forseti. Ég hef senn lokið máli mínu. Fjárhagsskuldbindingar, sem taka þyrfti á á þessu ári og í tengslum við væntanlega lagasetningu, varða 8 þús. tonna áfangann, en síðar yrði þá aflað heimildar varðandi stærri áfanga, 40 þús. tonn eða svo, þegar betur væru ljósar forsendur fyrir honum, sem ég vænti sannarlega að reynist jákvæðar.

Ég vil að endingu segja að ég er í engum vafa um að sjóefnavinnsla á Reykjanesi er iðnaður sem við eigum að ráðast í og getur orðið arðbær. Fyrsta skrefið, auk umræddsa 8 þús. tonna byrjunaráfanga, gæti orðið, eins og ég gef greint frá, 40 þús. tonna saltverksmiðja, en áætlað er að hún kosti um 1400 millj. kr. á núgildandi verðlagi og framleiðsluverðmæti er áætlað rúmar 30 millj. kr. á ári eða 3 milljarðar gkr. á ári. Auk framleiðslu á fisksalti yrðu framleidd þar 9 þús. tonn af kalsíumklóríði til útflutnings og um 4 þús. tonn af kalí, sem nýst gætu t. d. hjá Áburðarverksmiðju ríkisins, auk fleiri efna.

Ég vænti þess, að miðað við að frv. verði hér lagt fram svo sem ég hef fyrirhugað veiti Alþingi heimild til þátttöku ríkisins í slíku fyrirtæki og að bygging og rekstur sjóefnavinnslu í áföngum verði mikil lyftistöng í atvinnumálum Suðurnesja og hafi jafnframt víðtæk áhrif á annan iðnað í landinu.

Fyrirspyrjandi (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Um leið og ég lýsi ánægju minni með þá jákvæðu niðurstöðu, sem þetta mál sýnist nú hafa fengið samkvæmt þeim upplýsingum sem fram komu í svari hæstv. ráðh., þakka ég ráðh. svör hans. Ég gat þess í fsp. minni að bygging sjóefnaverksmiðju hefði mikla þýðingu fyrir þjóðarbúið og yrði tvímælalaust mikil lyftistöng fyrir Suðurnesin vegna staðsetningar þar. Kemur þar ekki aðeins til saltverksmiðja og framleiðsla tengdra aukaefna„svo sem kalsíumklóríðs og kalís, heldur má búast við að unnt verði að ráðast í fleiri framleiðslugreinar er fram líða stundir.

Með byggingu sjóefnaverksmiðju, er að grunni byggir á saltframleiðslu, skapast mörg atvinnutækifæri, sem ekki er vanþörf á því að samkv. nýlegri spá Þjóðhagsstofnunar virðist þurfa 100 ný atvinnutækifæri á Suðurnesjum árlega næstu árin til að taka við þeim aukna fjölda sem þar mun koma á vinnumarkað.

Í jarðhitasvæðunum á Reykjanesi liggja ótal möguleikar sem við eigum að beita kröftum okkar að til að fullnýta. Ég er því sammála því sem kom fram hjá hæstv. ráðh. í þeim efnum.

Ég veit að Suðurnesjamenn fagna þessum áfanga sem nú er að baki, og það mun ekki standa á okkur þm. Reykn. að veita atfylgi okkar við framgang þessa máls hér á Alþingi nú. Ég endurtek þakkir til ráðh. fyrir svör hans.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Það er ánægjulegt að heyra þær ágætu upplýsingar sem komu fram hjá hæstv. ráðh. Ég held að í þessu máli eins og mörgum öðrum sé nauðsynlegt að saman fari raunsæi og bjartsýni, trú á það sem menn eru að gera, en ekki glannaskapur. Mér sýnist að málin séu í þeim farvegi þó að ekki sé laust við að annað veifið verði maður eilítið óþolinmóður með það hvað hægt miðar.

Það liggur fyrir í svari ráðh. að skýrsla hafi verið gefin um þetta árið 1980 og síðan hafi verið skipuð önnur nefnd, svokölluð saltvinnslunefnd, til að vinna frekar úr þeim upplýsingum, sem þá lágu fyrir, og afla frekari gagna. Ég held að það sé nauðsynlegt í þessum efnum að sjá til þess að finna þessu samfelldan þróunarfarveg þannig að sífellt og ævinlega sé unnið að því að gera tilraunir með þær nýju hugmyndir sem upp koma á hverjum tíma, þannig að við öflum okkur sem staðbestrar vitneskju um hvaða möguleika við eigum í sambandi við sjóefnavinnslu á þessum stað.

Ég vil líka koma því sjónarmiði á framfæri, að ég held að nauðsynlegt sé að við lítum á þetta svæði á Reykjanesi út frá þeim mikla orkugjafa sem þar er og að þær framkvæmdir, sem í verði lagt, verði ekki síst miðaðar við að þarna verði um alhliða orkuver að ræða þar sem saltvinnslan sé ein greinin. Við þekkjum það úr ýmsum öðrum greinum nýtingar á heitri jarðorku að líkast til næst besti árangurinn þegar saman fer fjölþætt nýting, en ekki nýting af einu tagi. Á þessu vil ég vekja athygli.

Ég hlýt að vona að þetta mál hafi skjótan og farsælan framgang. En ég vil að lokum líka benda á nauðsyn þess að gera sveitarfélögin á þessu svæði virka þátttakendur í því sem verið er að rannsaka, þannig að þau séu í lifandi tengslum við það verkefni sem verið er að vinna, og í annan stað að tiltækar séu fyrir almenning frekari upplýsingar um þetta efni en hafa verið að undanförnu, þannig að þeir, sem áhuga hafa á, geti yfirleitt sett sig sem allra best inn í hvað hér sé um að ræða og hverjir möguleikar séu fyrir hendi. En að lokum vil ég eingöngu, herra forseti, þakka þau svör sem hér hafa verið veitt.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Það er út af fyrir sig ekki ástæða til að bæta hér miklu við. Ég vænti góðrar samvinnu við hv. þm. Reykn. um framgang þessa máls og aðra hv. alþm., því að hér er vissulega um að ræða efni sem skiptir miklu fyrir þetta svæði. Það er búið að vera lengi á döfinni og segir okkur raunar nokkuð um hvað undirbúningstími ýmissa iðnþróunarmála getur verið langur, þó að ég sé ekki þar með að segja að hugsanlega hefði ekki mátt hraða á einhverjum stigum athugun þessara mála. En það liggur sem sagt áratugi aftur í tímann frá því farið var að kanna Reykjanessvæðið og hugsanlega hagnýtingu á jarðsjónum sem þar er að finna og sem hefur að geyma ýmis verðmæt sölt.

Ég vildi upplýsa til viðbótar, vegna þess að talað hefur verið um saltvinnslunefnd og vitnað í mín orð, að mér láðist að geta þess, hverjir hafa starfað í þeirri nefnd. Ég tel eðlilegt að það komi hér fram. Þar er formaður Finnbogi Jónsson verkfræðingur og fulltrúi í iðnrn., Gamalíel Sveinsson viðskiptafræðingur, Sverrir Þórhallsson efnaverkfræðingur og Þorvaldur Búason eðlisfræðingur. Þessir ágætu sérfræðingar hafa unnið mjög ötullega og í samvinnu við stjórn og framkvæmdastjóra Undirbúningsfélags saltverksmiðju á Reykjanesi að undanförnu allt s. l. ár til að reyna að komast þarna að marktækri niðurstöðu. Ég tel að þeir eigi ásamt forustu undirbúningsfélagsins, þar sem stjórnarformaður er Guðmundur Einarsson verkfræðingur, en framkvæmdastjóri Finnbogi Björnsson, — að allir þessir aðilar eigi þakkir skildar fyrir sitt framlag.

Ég vil svo geta þess að lokum, að einn þátturinn í þessari sjóefnavinnslu í framtíðinni gæti orðið framleiðsla á magnesíummálmi. Að þeim þætti máls er unnið sérstaklega að beiðni rn. af Iðntæknistofnun Íslands. Er að vænta grg. frá þeirri stofnun um frumathugun varðandi magnesíumframleiðslu nú á næstunni.

Vegna þess að hv. 2. þm. Reykn. taldi æskilegt að almenningur fengi vitneskju um hvað væri að gerast, þá vil ég geta þess, að grg. og skýrslur þeirrar nefndar, sem hér er vitnað til, munu verða gefnar út þannig að það sé hægt að dreifa þeim og þær verði aðgengilegar hv. alþm. sem öðrum sem áhuga hafa á þessu máli.

Sameinað þing, 68. fundur.

Þriðjudaginn 31. mars, að loknum 67. fundi.

Fræðsla um efnahagsmál, þáltill. (þskj. 201). — Frh. einnar umr.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Vínveitingar á vegum ríkisins, þáltill. (þskj. 473). — Frh. einnar umr.

Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Rannsóknir á háhitasvæðum, þáltill. (þskj. 474). — Frh. einnar umr.

Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Siglingalög, þáltill. (þskj. 488). — Frh. einnar umr.

Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Innlent fóður, þáltill. (þskj. 490). — Frh. einnar umr.

Till. vísað til atvmn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Landhelgisgæsla, þáltill. (þskj. 16, n. 534). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. utanrmn. um till. til þál. um fullnægjandi landhelgisgæslu.

Nefndin hefur fjallað um till. og fengið á sinn fund Pétur Sigurðsson forstjóra Landhelgisgæslunnar, sem gaf ítarlegt yfirlit yfir starfsemi Landhelgisgæslunnar og möguleika hennar til að sinna eftirlitsstörfum á hinu víðlenda hafsvæði sem er innan 200 mílna fiskveiðilögsögu okkar.

Það kom fram í viðræðum við forstjóra Landhelgisgæslunnar að tækjakostur Landhelgisgæslunnar er ekki fullnægjandi til þess að fara svo oft um þetta hafsvæði sem nefndarmenn voru sammála forstjóranum um að æskilegt væri.

Þá lýsti flugmálastjóri Agnar Kofoed-Hansen á nefndarfundi áliti sínu varðandi landhelgisgæslu úr flugvélum.

Þessar viðræður við flugmálastjóra og forstjóra Landhelgisgæslunnar svo og umræður í nefndinni sjálfri urðu til þess, að nm. voru allir sammála um nauðsyn þess að efla landhelgisgæsluna. Þeir fjölluðu þess vegna um að gera breytingar á till. til þál. um fullnægjandi landhelgisgæslu á þá lund að láta sér ekki nægja að nefnd sú, sem gerð er tillaga um að skipuð verði, kanni hversu mikla og hvers konar gæslu 200 mílna efnahags- og mengunarlögsaga krefst, heldur að orða það svo, að kannað verði á hvern hátt nauðsynlegt sé að efla landhelgisgæsluna svo hún geti haft sem best eftirlit með 200 mílna lögsögusvæðinu og gegnt öðrum hlutverkum sínum á fullnægjandi hátt.

Það er samdóma álit nm., að það skipti Íslendinga mjög miklu máli að sífellt og stöðug gæsla sé á hafsvæðunum innan 200 mílna fiskveiðilögsögunnar og Landhelgisgæslan sé fær um að sýna fána landsins á þessum svæðum. Það er vitað mál, að við höfum ekki náð samkomulagi við aðrar þjóðir um endanlega afmörkun 200 mílna fiskveiðilögsögu, og sömuleiðis er ekki til lykta leidd afmörkun landgrunnsins gagnvart úthafinu og landgrunni annarra þjóða. Meðan svo stendur liggur í augum uppi gildi þess að íslensk skip og íslenskar flugvélar fari um þetta svæði og sýni og sanni að okkur sé annt um gæslu þessa svæðis og við látum okkur umhugað um hvernig þetta svæði er nytjað.

Það er líka upplýst af skýrslum Landhelgisgæslunnar, að við 200 mílna fiskveiðilögsögu okkar er gjarnan stór floti erlendra skipa að veiðum, eins og t. d. floti sovéskra skipa að kolmunnaveiðum, og okkur ber auðvitað skylda til að sjá um að þessi skip fari að settum lögum og reglum er við höfum sett varðandi 200 mílna fiskveiðilögsögu okkar. Svo og er nauðsynlegt íslenskra hagsmuna vegna að hafa í huga og fylgjast með hvernig fiskveiðum er háttað í næsta nágrenni við 200 mílna fiskveiðilögsögulínuna, bæði milli Íslands og Grænlands, og þá ekki síður hvernig fiskveiðilögsaga Jan Mayen er nytjuð þar sem við höfum áskilið okkur sérstök réttindi og höfum ákveðin samningsbundin réttindi.

Það gerist ekki þörf, að mínu mati, að orðlengja mjög um þetta mál. Nm. voru sammála um það sem ég hef nú rakið í stuttu máli og vildu leggja áherslu á að nefndin yrði skipuð sem fyrst og innti starf sitt svo skjótt af hendi að unnt væri að leggja álit hennar fyrir stjórnvöld fyrir þingbyrjun að hausti.

Ég tel ekki tímabært að fjalla um einstök tæki Landhelgisgæslunnar eða tækjaþörf, svo sem flugvélakost eða skipakost Landhelgisgæslunnar, en um þau efni voru nokkrar umræður í nefndinni, eins og ég hef þegar sagt frá. Ég tel að það sé fyrst og fremst verkefni þeirrar nefndar, sem skipuð verði, að ganga úr skugga um æskilegasta fyrirkomulag þeirra mála. En niðurstaðan í utanrmn. varðandi afgreiðslu þessarar þáltill. varð samhljóða á þá lund, að till. verði samþykkt með svofelldum breytingum:

„1) Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að kjósa sjö manna milliþinganefnd til að kanna á hvern hátt nauðsynlegt sé að efla landhelgisgæsluna svo hún geti haft sem best eftirlit með 200 mílna

lögsögusvæðinu og gegnt öðrum hlutverkum sínum á fullnægjandi hátt. Nefndin skal ljúka störfum áður en þing kemur saman að hausti.

2) Fyrirsögn till. orðist svo:

Till. til þál. um milliþinganefnd um landhelgisgæsluna."

Herra forseti. Með þessum orðum og breytingum legg ég til að þáltill. verði samþykkt.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Hér er til umr. till. til þál. um fullnægjandi landhelgisgæslu, og það gleður mig mjög að heyra að nm. hafa orðið sammála um afgreiðslu þessarar tillögu.

Það er að vísu rætt um fullnægjandi landhelgisgæslu og um það má að sjálfsögðu deila hvenær hún verður fullnægjandi. En ég held að öllum hljóti að vera ljóst að landhelgisgæslan á Íslandi er nú á krossgötum. Síðan við unnum síðasta þorskastríð og fengum víðtækan rétt yfir hinni stóru landhelgi okkar hafa verkefni hennar breyst talsvert. Það eru færri erlend skip sem þarf að fylgjast með frá degi til dags, en miklum mun stærri landhelgin sjálf. Þess vegna þarf vissulega að huga að því á þessum vegamótum, hvert þessi mál skuli stefna í náinni framtíð. Það er ekki svo að skilja að þessi mál séu ekki í athugun og skoðun bæði hjá starfsmönnum Landhelgisgæslunnar og yfirmönnum hennar og svo auðvitað í dómsmrn. Þar höfum við starfandi nefnd okkur til aðstoðar og hún er skipuð þrem ágætum mönnum. Það eru Ólafur Walter Stefánsson skrifstofustjóri, Þröstur Sigtryggsson skipherra og Valdimar Indriðason framkvæmdastjóri. Þessir menn þekkja allir mjög vel til þessara mála, og það er sannarlega gott að njóta ráða svo valinkunnra manna. En það má vera deginum ljósara, að það fylgir mikil ábyrgð þessum auknu yfirráðum yfir hafsvæðunum umhverfis landið, sem við höfum nú náð valdi yfir, því við verðum bæði að vernda þau og fylgjast með því að þar sé haldið uppi rannsóknum og þau séu hagnýtt eins og best má verða fyrir þjóðina. Og við megum ekki gleyma því að þetta er engin smávegis víðátta, þar sem hafsvæðið mun vera um 758 þús km².

Málefni Landhelgisgæslunnar voru nokkuð til umræðu hér á liðnu ári, einkum út af hinni nýju þyrlu sem kom til landsins og kom í staðinn fyrir þyrlu Gæslunnar sem fórst á haustmánuðum árið 1975. Ekki tók skemmri tíma en þessi ár, frá 1975—80, að fá þyrlu í staðinn fyrir þá sem fórst. Landhelgisgæslan átti aðra litla þyrlu, þyrluna Gró, mun minni, sem fórst í vetur við skyldustörf. Nú þarf Gæslan að fá aðra litla þyrlu í staðinn fyrir þá sem fórst í vetur. Það eru allir sammála um að sú þyrla hafi sinnt mörgum nauðsynlegum verkefnum og sé illt án hennar að vera. En ég mun gera fjvn. og öðrum aðilum nánari grein fyrir þessu efni.

Já, ég þakka fi. fyrir hvað hún hefur fjallað vel um þessa till. sem ég álít alls góðs maklega. Þó kom mér í hug, a. m. k. fyrst þegar ég sá þetta nál., að það hefði e. t. v. ekki verið úr vegi fyrir nm. að ræða á einhverju stigi umfjöllunar við mig sem hef lengi verið ýmist aðalmaður eða varamaður í utanrmn. En þetta skulum við láta liggja á milli hluta.

Nú er það tillaga utanrmn. að sett verði á laggirnar sjö manna milliþinganefnd til að kanna á hvern hátt nauðsynlegt sé að efla landhelgisgæsluna. Í till. eins og hún var upphaflega var talað um fimm manna nefnd og þar var dómsmrh. falið að skipa formann. Ekki veit ég hver tilhögun verður í þessari nýrri og stærri nefnd. En látum það einnig liggja á milli hluta.

En ég verð að vekja athygli einu sinni enn á þeim alkunnu sannindum, að vegurinn til vítis er varðaður góðum áformum. Það þýðir ekki að segja: Við viljum allir efla landhelgisgæsluna og við erum allir fullir af áhuga að gera það sem allra fyrst — nema till. verði fylgt eftir.

Að því er landhelgisgæsluna varðar þarf fyrst og fremst að fylgja till. eftir með að leggja til á þingi á hausti komanda að Gæslunni verði veitt nægilegt starfsfé til að rækja skyldur sínar. En það hefur oft viljað brenna við, að stjórnmálamönnum hefur þótt nóg um hinn mikla kostnað við rekstur varðskipa og flugvéla, og það hefur ekki staðið á sparnaðarhugmyndum og miskunnarlausri gagnrýni á kostnaði við landhelgisgæsluna, a. m. k. í hinni ágætu fjvn.

Geta má þess, að það á að velja góða menn í nefndina. Ég sé að nefnd þessi á að vera bundin trúnaðarskyldu. Það veitir ekki af að minna á það nú á tímum, þegar varla er hægt að tala svo saman undir fjögur augu að það sé ekki komið út um allt daginn eftir. Það er vel til fallið að minna þessa nefnd á trúnaðarskyldu. En fyrst og síðast vil ég benda á að það verður að fylgja þessari till. eftir. Ég efast ekki um að þessi sjö manna nefnd, sem kosin verður, vinni vel, og hún gerir sjálfsagt góðar tillögur, en þeim tillögum, ég leyfi mér að segja það nú þegar á þessu stigi mála, verður að fylgja eftir með fullnægjandi fjárveitingum. Annars eru þær gagnslausar.

Lokaorð mín verða þess vegna þau, að ég endurtek þakkir mínar og tek það fram að við Íslendingar verðum að sjálfsögðu að halda uppi öflugri landhelgisgæslu á sjó og landi, en við verðum líka að tíma að greiða þann kostnað sem af því leiðir.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég vil byrja á því fyrir hönd flm. þessarar till., hinnar upphaflegu till., sem eru hv. þm. Benedikt Gröndal og ég, að þakka utanrmn. það starf sem hún hefur unnið við afgreiðslu á málinu, og er fyllilega ánægður með þá niðurstöðu og þá breytingu sem nefndin gerir á till. Ég verð hins vegar að fara nokkrum orðum um það ástand sem nú ríkir hjá Landhelgisgæslunni og er fullkomlega til vansa fyrir okkar ágætu þjóð, stjórnvöld og þing. Það ástand, sem þar ríkir núna, er nánast ófremdarástand. Það er svo, að það er fullyrt að varðskip komist ekki til gæslustarfa vegna þess að það fæst ekki fjármagn til olíukaupa í skipin og þegar þau fái olíu sé þeim skammtað mjög naumt sá olíuforði sem þeim er ætlað að nota.

Ég hef að undanförnu aflað mér mikilla upplýsinga um ástandið innan Landhelgisgæslunnar og frammi fyrir hvaða vanda hún stendur þessa daga og mun standa á næstu misserum.

Ég vil láta þess getið, að á síðasta þingi flutti ég till. til þál. um smíði nýs varðskips. Mönnum þótti það þá heldur fátækleg till. og hefði lítið að gera í það tillöguflóð sem flutt var. En ég vil enn á ný benda á að meðalaldur íslensku varðskipanna er tæp 18 ár. Þór er orðinn 30 ára gamall, Óðinn er 22 ára, Ægir er 13 ára, Týr er 6 ára og Árvakur er 19 ára gamalt skip. Viðhaldskostnaður þessara skipa eykst með hverju ári sem líður, og þótt nú þegar yrði ákveðið að smíða nýtt varðskip yrði það í fyrsta lagi tilbúið eftir þrjú ár.

Ég vil líka minna á það, að íslenska landhelgin er núna

750 þús. km² og á sama tíma og skipum og starfsmönnum Gæslunnar hefur fækkað hefur landhelgin margfaldast, eins og öllum er ljóst. Það má geta þess til samanburðar, að landhelgi Breta er helmingi minni en landhelgi Íslendinga, en þó hafa Bretar 10—12 skip við stöðug gæslustörf og nota til þeirra fjórar Nimrod-þotur sem kostar um 2000 sterlingspund að reka hverja einustu klst.

Ég sagði áðan að varðskipin væru orðin gömul. Ég vil nefna nokkur dæmi um það, hversu alvarlegt ástandið er um borð í sumum þessara skipa. Dýptarmælir varðskipsins Þórs er ónýtur og er búinn að vera það um langan tíma. Það má geta þess, að mikið af tækjum t. d. Ægis er strandgóss og tæki sem keypt eru á „tækjaútsölum" erlendis. Fróðir menn telja almennt að fjögur virk varðskip séu algert lágmark fyrir íslensku landhelgisgæsluna, þ. e. að þrjú séu ávallt á hafinu. Nú er það svo í raunveruleikanum að það eru yfirleitt ekki nema tvö varðskip í gangi. Þá vil ég láta það koma fram, að t. d. þau lórantæki, sem um borð eru í Óðni núna, eru talin algerlega úrelt, en þau eru framleidd á árunum 1972—73.

Þannig mætti lengi telja upp dæmi um tækjakost varðskipanna. Það er kannske lakast í þessu efni að varðskipin eru oft og tíðum verr búin tækjum en þau skip sem þau hafa eftirlit með, nýir togarar og önnur skip sem hingað koma á miðin, svo ekki sé talað um hin fullkomnu skip erlendra veiðiflota sem eru hér við landið upp við 200 mílna línuna. Þá ber þess einnig að geta, að í samanburði við þá tækni, sem varnarliðið á Keflavíkurflugvelli notar í sambandi við leitarflug, er Landhelgisgæslan svo vanbúin að þar er engan samanburð hægt að gera á.

Þá vil ég snúa mér að fluginu, sem er auðvitað einn mikilsverðasti þátturinn í starfi Landhelgisgæslunnar.

Flugvélin TF-Syn fór í skoðun fyrir nokkru, en skoðun af því tagi tekur minnst 15 daga. Á meðan fór nánast ekkert gæsluflug né ísflug fram. Það hefur lítið eftirlit verið haft með Dohrnbankanum og vegna skorts á tækjum telja sérfræðingar Landhelgisgæslunnar að þeir geti ekki með fullri nákvæmni reiknað út stöðu skipa sem kynnu að veiða þar innan landhelgi. Í flugvélina vantar einföldustu tæki, eins og t. d. ljóskastara sem notaður er til þess að lýsa upp númer skipa í myrkri, það vantar nákvæm staðsetningartæki og það vantar í flugvélina tæki sem heitir „flight director" og er t. d. í öllum Fokker-flugvélum Flugleiða. Flugvélin er sem sagt mjög illa búin tækjum. Það væri hægt að telja upp mörg fleiri tæki sem flugvélin þyrfti að vera búin, en er því miður ekki.

Þá er þess að geta, að það er engin varavél fyrir TF-Syn. Hin Fokker-flugvél Landhelgisgæslunnar var seld. Það er út af fyrir sig efni í langa umræðu hvert söluverð þeirrar flugvélar var. Það var 675 milljónir gkr., en fróðir menn telja að fyrir vélina hefði verið hægt að fá mun hærra verð.

Þá er það skoðun þeirra manna, sem gerst þekkja til innan landhelgisgæslunnar, að þar sé margvíslegum öryggisatriðum mjög áfátt. Þetta er mjög alvarlegt mál sem þarf að skoða nákvæmlega og sem allra fyrst.

Þá vil ég minnast á það, að Gæslan hefur ekki verið látin sinna þeim verkefnum sem ég tel ákaflega eðlilegt að hún sinnti meira en gert hefur verið.

Varðskipin eru oft og tíðum á stöðugum siglingum. Það væri hægt að nota þau miklu meira sem rannsóknaskip en gert er og spara þannig hugsanlega skip Hafrannsóknastofnunar. Það væri hægt að láta þau fylgjast með mengun sjávar.

Það vantar og skortir mikið á að Landhelgisgæslan viti hvaða stöðu hún hefur í almannavarnakerfi okkar Íslendinga og er þar pottur brotinn.

Varðskipunum er ætlað að fylgjast með eða hafa um borð eftirlitsmenn sem fylgjast með veiðarfærum erlendra skipa og afla og veiðarfærum íslenskra skipa. Það skortir mjög á að þetta sé gert í nægilega ríkum mæli og starfsmenn Landhelgisgæslunnar kvarta undan því, að þjálfunarmál starfsmanna Gæslunnar séu í miklum ólestri.

Þá vil ég nefna það, að mikið vantar á að unnt sé að afla upplýsinga um hvernig hinum beinu tekjuliðum Landhelgisgæslunnar hefur verið varið á undanförnum árum. Þá á ég við Landhelgissjóð og það söluskattsstig sem átti að renna til Landhelgisgæslunnar og Hafrannsóknastofnunar og ég hef ekki í raun hugmynd um hvort geri það enn í dag eða hvort það söluskattsstig hefur verið afnumið sem tekjuliður fyrir þessar tvær stofnanir.

Þá vil ég geta eins sem mér finnst liggja í augum uppi að stjórnvöld gætu gert. Það mætti nýta Árvakur, skip Gæslunnar, sem vita-, kapal- og flutningaskip einfaldlega vegna þess að skipið er vel til þess fallið. Má geta þess að hingað til lands hafa gjarnan verið fengin rándýr erlend skip til að gera við hina ýmsu síma- og rafmagnskapla sem eru í sjó við landið, en þeir eru núna um 50 talsins. Það er mjög eðlilegt og væri mjög eðlilegt að Landhelgisgæslan tæki alfarið við vitaeftirlitinu og þjónustu við vitana og eins að gæslan yrði notuð til hreinsunar á duflum. Til þess að Árvakur kæmi að verulega góðu gagni í þeim efnum þyrfti að búa hann þyrlupalli og hafa þyrlu um borð.

Ég nefni þessi dæmi vegna þess að ég tel að það verði að grípa í taumana mjög fljótt ef ekki á að skapast enn verra ástand hjá Landhelgisgæslunni en nú hefur skapast. Mér er raunar ekki grunlaust um að hæstv. dómsmrh. hafi fulla vitneskju um hvernig staðan er þar.

Ég vil minna á að fram undan kunna að vera mikil verkefni fyrir Landhelgisgæsluna og miklu meiri en verið hafa. Ég vil minna á samninga Dana við EBE um veiðar vesturþýskra togara við Grænland, sem verða þá að veiðum alveg upp að miðlínu milli Íslands og Grænlands, og ýmislegt fleira gerir það að verkum að við verðum að vera á varðbergi. Við verðum að hafa flugflota Gæslunnar í góðu lagi og við verðum að hafa varðskipin einnig í góðu lagi út frá því sjónarmiði, að þau eiga að vernda það mikla hafsvæði sem landhelgin nær yfir, þau eiga í raun og eðli að vera björgunarskip, þau eiga að fylgjast með veiðarfærum og afla um borð í íslenskum og erlendum skipum og verkefnin eru óþrjótandi. — Ég vil minna á það í þessu sambandi, að hér á Alþingi hefur verið flutt till. um að sameina allan flugrekstur ríkisins undir einum hatti. Þetta tel ég hið mesta nauðsynjamál. Það er þá flugrekstur Flugmálastjórnar, flugrekstur sá sem fer fram í sambandi við Landgræðslu ríkisins og flugrekstur Gæslunnar. Væri eðlilegast að Gæslan hefði þar hönd í bagga og sæi um þann rekstur alfarið.

Ég hef undir höndum mikinn urmul upplýsinga og dæma um það, hvernig ástandið er hjá Landhelgisgæslunni. Ég ætla hins vegar að láta vera núna að nefna þau dæmi og tel að flestum, sem fylgjast með Landhelgisgæslunni, sé fullkunnugt um hvernig ástandið er

þar. M. a. virðist vera umtalsvert sambandsleysi milli þess aðila, sem fer með fjármál Landhelgisgæslunnar, en það er Skipaútgerð ríkisins, og Gæslunnar sjálfrar, og eru dæmi þess að Landhelgisgæslan hafi orðið fyrir umtalsverðum kostnaði þar sem skip beið með fullri áhöfn í höfn og ekki var unnt að fá olíu um borð í skipið af einhverjum ástæðum.

Ég ætla sem sagt að láta bíða að nefna önnur og kannske miklu alvarlegri dæmi um það ástand, sem nú ríkir hjá Gæslunni. Ég vil taka undir þau orð hæstv. dómsmrh., að lítið þýðir fyrir okkur alþm. að tala um að nauðsynlegt sé að taka til höndunum og bæta gæsluna, — almennt kannske í blóra við það sem margir sjómenn telja að þurfi að gera, en þaðan hafa heyrst ýmsar raddir um að Landhelgisgæslan almennt væri heldur óþörf stofnun og við þyrftum varla á henni að halda lengur þar sem við værum búnir að tryggja okkur 200 mílna landhelgi, — ég vil taka undir þau orð hæstv. dómsmrh., að hér þarf að gera átak. Það er ekki endalaust hægt að skera niður hjá stofnun af því tagi sem Landhelgisgæslan er, á sama tíma og þess er krafist, að hún bæti á sig verkefnum og að hún fylgist með stöðugt stækkandi landhelgi.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Ég hafði ekki tekið eftir því, að þetta mál var á dagskránni í dag, og það hefði kannske verið betra að vera búinn að hugsa málið svolítið betur áður en komið er hér í ræðustól, en það skaðar ekki að segja örfá orð. Það, sem varð þó til þess að ég kom hér upp í ræðustólinn, var kannske ekki endilega það, að menn hefðu hér ýmsir áhuga, og Alþfl.-menn auðvitað mestan, á því að rétta við hag Landhelgisgæslunnar, heldur það, að þegar ég lít á nál. á þskj. 534 blasir við að það er frá utanrmn. — Ég heyri að það eru fleiri en ég í salnum sem hafa áhuga á að tala, en það er rétt að nota tímann. — Svo þegar ráðh. sá, sem fjallar um málið, stendur upp kemur í ljós að hann passar ekki alveg við þá nefnd, sem fékk málið til meðferðar, eða þá nefndin ekki við þann ráðh. sem talaði. Ég vissi ekki að landhelgisgæslan væri utanríkismál. Ég undrast hvernig á því stendur að einmitt þetta mál, þar sem fjallað er um gæslu hinnar íslensku landhelgi, er til meðferðar í nefnd sem á að fjalla um utanríkismál. Þau eru að sjálfsögðu allt annars eðlis og um allt annað að tala. Ég heyrði ekki heldur að í ræðu hv. tillöguflytjanda, Árna Gunnarssonar, væri nokkru sinni minnst á utanríkismál varðandi þessa tillögu. Ég óska þess vegna eftir að fá svör við því, hvort einhver sérstök ástæða sé fyrir því að þetta mál fer til meðferðar í utanrmn.

Hv. 1. flm. till., Benedikt Gröndal, sem nú er fjarstaddur og á ekki skilið af mér að ég fari að víkja ómaklega að honum; er í utanrmn. Er það kannske eina ástæða fyrir því, að þetta mál hans fór í nefnd hans? Efnislega á till. ekkert erindi þangað.

Það kemur í ljós af nál., að allir eru hátíðlega sammála um að það þurfi að gera sem mest fyrir Landhelgisgæsluna. Ég er eiginlega — má segja — sammála þeirri hugsun, að það þurfi að fylgjast vel með því, að Landhelgisgæslan sé á hverjum tíma nægilega vel í stakk búin til að sinna þeim verkefnum sem hún þarf að hafa á sinni könnu.

Vegna orða hv. síðasta ræðumanns, Árna Gunnarssonar, um að sjómenn héldu því fram að Gæslan væri óþörf stofnun: Ja, sumir verslunarmenn gera það vafalaust líka og sjálfsagt ekki færri. Ég held að megi segja að menn úr öllum stéttum hafi þetta og hitt álit á landhelgisgæslunni, og finnst mér ómaklegt að nefna sérstaklega sjómenn þar til, því það er rangt að það sé fremur skoðun sjómanna en annarra að Gæslan sinni ekki mikilvægum hlutverkum og sé ekki nauðsynleg. Ég hygg ef það yrði kannað, ef einhver félagsfræðiprófessorinn tæki nú að sér að rannsaka afstöðu fólks almennt til Gæslunnar, þá sé öruggt — þetta er aðeins fullyrðing — að Landhelgisgæslan fengi hærra hlutfall af jákvæðum undirtektum frá sjómönnum en öðrum. Þeir sjá ekkert frekar en aðrir eftir peningunum sem fara í landhelgisgæsluna, nema kannske eins og allir aðrir sjá eftir peningum sem ekki er farið vel með.

Það gæti vel verið að hægt væri að fara betur með peningana sem settir eru í landhelgisgæsluna. Ég er raunar viss um það. Það þarf að hafa stjórn á svona miklum peningum, fylgjast vel með notkun þeirra og kaupa fyrir gagnlega hluti og í sambandi við gæsluna þannig t. d. að Gæslan þurfi ekki að vera með neitt afgamalt drasl í staðsetningartækjum.

Ég trúi því ekki, að strandgóss sé uppistaðan í tækjunum hjá Ægi. Hefur hann ekki mjög góða radara til að staðsetja sig upp við strönd? Hefur hann ekki fullkomin Loran C tæki? Það er helsta staðsetningarkerfi sem við notum hér við strendurnar — að vísu misjafnlega ábyggilegt, eins og við vitum, eftir því hvar er.

Ég veit ekki hvort Gæslan notar önnur staðsetningartæki eða getur notað hér Omega-kerfi eða annað þess konar. En auðvitað þarf að gæta þess fyrst og fremst, að Gæslan sé með fullkomin staðsetningartæki, því að þurfi hún að hafa afskipti af t. d. erlendum veiðiskipum nálægt eða við landhelgismörkin þurfa gæslumenn auðvitað að vera 100% vissir um hvar þeir eru staddir á sjónum. Það má ekki miklu muna, eins og við vitum.

Ég á afar bágt með að trúa því, að þessi skip, Týr og Ægir, tvö bestu skip okkar, séu ekki sæmilega búin tækjum. Ef svo er ekki er þarna hreinlega um að ræða mistök eða óstjórn eða hvað á að segja — ég þori varla að nota sterkustu orð. Það á auðvitað ekki að eiga sér stað að menn notist við úrelt drasl, kannske 10 ára gamalt eða meira, í þessum „elektrónísku“ tækjum. Það þarf að fylgjast vel með því. Og að um strandgóss sé hér að ræða getur ekki átt sér stað.

En það er líka hugsanlegt að við ættum að haga útgerð þessara skipa öðruvísi. Ég veit ekkert um það. Þau eru með gífurlegan vélarkraft og þurfa náttúrlega stundum að grípa til hans. Þau eyða mikilli olíu. Þau keyra á dísilolíu, en ekki svartolíu. Ég veit ekki með snúningshraða þessara véla eða annað í sambandi við þeirra búnað, hversu þungar þær eru, hvort þær geta notast við svartolíu eins og önnur skip. Það ætti að vera hægt á a. m. k. lengri keyrslum að brúka hana á varðskip eins og önnur skip. Það er auðvitað verra að nota svartolíu á skipum sem hafa mjög breytilegt álag á vélum, það þekkjum við, en annað eins er nú gert og að nota dísilolíu meðan verið er að hita vélina o. s. frv. sem við nennum ekki að ræða hér. En það má víða spara án þess að það komi niður á verkefnum t. d. Gæslunnar.

Það er líka hugsanlegt að hægt sé að nota skip sem ekki þurfa að vera með á milli 20 og 30 manns um borð til þess að koma skipinu á milli staða. Það er ekki svo flókið mál að færa skip á milli staða á sjónum hér í kringum landið né heldur vandasamt, og ég er ekki viss um að jafnmarga

menn þurfi kannske í vél nú eins og var áður á skipum meðan kynt var með kolum. Nú eru vélar orðnar þannig að það þarf ekki eins mikið lið til að keyra þær, og ég er ekki viss um að það væri fráleitt að spara mætti talsvert fé í mannahaldi miðað við skipafjölda, þó að ég sé ekki að leggja til að við fækkum mannskap, heldur að það væri hugsanlega hægt að fjölga skipum með sömu afköstum og gæðum án þess að bæta við mannskapinn. Þetta dettur mér í hug í augnablikinu.

Varðandi flugmálin öll og Gæsluna er það löng saga og satt að segja ekkert sérlega skemmtileg. Það eru ýmsir kaflar í flugsögu Landhelgisgæslunnar einkennilegir, og munum við eftir ýmsum tilfæringum í sambandi við DC-4 vélina, í sambandi við Albatros-bátana og þar fram eftir götunum og síðan kaupin á Fokkerunum, tveimur 50 manna farþegavélum. Það er mikil spurning hvort menn eiga að fara út í slík flugvélakaup og hvort það er nauðsynlegt að hafa svona stórar flugvélar; óhentugar vissulega að sumu leyti í lágflugi. Þær þola illa seltuna þegar menn eru að leika sér að því að kíkja á númerin og nöfnin á togurunum með vænginn rétt í sjávarskorpunni, — flugvélar sem ættu helst aldrei að fljúga neðar en 14 þús. fet. Það væri hugsanlegt að það væri hægt að nota miklu minni flugvélar með álíka mikið flugþol, t. d. Beechcraft eins og flugmálastjórnin eða af öðrum gerðum. Þær geta vel verið með loftnet fyrir Loran C og öll siglingatæki. sem menn hafa í flugvélum. Það mætti hafa alls konar tæki af því tagi. Það eru til fullkomnir „lóranar" í slíkar flugvélar. Það eru t. d. Inerty siglingatæki og fleira og fleira sem þar kemur til álita. Þetta geta þessar vélar allt saman borið. En þær eru miklu, miklu ódýrari í rekstri, miklu ódýrari í innkaupum og fer ágætlega um menn í þeim.

Ég er viss um að þeir, sem kíkja eftir ís í kringum landið á þessum dögum, sjái betur til íssins í flugmálastjórnarvélinni en í Fokkernum, þó ekki væri fyrir annað en að gluggarnir í Kingernum eru „pólariseraðar" þannig að við getum bara snúið þeim til og séð ísinn í birtu eins og okkur þykir best. Svo mætti lengur telja. Ég er viss um að ef talað hefði verið við menn, sem þekkja til flugvéla og þess háttar af langri reynslu, kæmi í ljós hvað væri heppilegast, — auðvitað nógu gott, annað sæmir ekki Gæslunni en ódýrara og betra í rekstri og eiga þá fleiri vélar.

Ég get ekki skilið og hef aldrei botnað neitt í þyrlukaupum Gæslunnar. Það væri fróðlegt að vita hvernig hún passar aftan á varðskipin þessi nýja þyrla, Sikorsky, sem nýbúið er að kaupa. Hún er ekki hæf til þess að stunda langa björgunarleiðangra til hafs. Svona dýrar vélar, sem kosta milljónir gamalla króna á flugtíma, henta ekki til landhelgisgæslu, við strandgæslu hér, við að passa að bátarnir séu ekki að þvælast of grunnt út af Pétursey eða Dyrhólaey eða Ingólfshöfða eða einhvers staðar þar sem þarf að fylgjast með þeim. Þar er miklu betra að hafa minni vélar sem koma innan af hálendinu og demba sér yfir þá. Það þarf ekki að kenna þeim kúnstirnar, þeir þekkja þær sjálfir landhelgisgæslumenn.

Þessi þyrlumál hafa löngum verið einkennileg. Þyrlur eru ákaflega dýr tæki í rekstri. Ég teldi að það væri t. d. afar gott að eiga tvær til þrjár vel búnar tveggja hreyfla vélar með góðum mótorum — skrúfuþotur — tvær til þrjár slíkar vélar með mikið flugþol, 8, 9 eða 10 tíma eftir atvikum, að sinna þessu verkefni.

En það er verulega alvarlegt mál ef satt er hjá hv. þm. Árna Gunnarssyni, — ég efast ekki um að hann hefur reynt að kynna sér þessi mál, — en ég á óskaplega erfitt með að trúa því, að nú í byrjun árs séu menn farnir að spara þannig olíuna að varðbátarnir komist ekki til hafs. Það er útgerð í lagi ef menn fá ekki einu sinni olíu á tanka til að stunda gæslustörf. Það verður að sjá til þess að fiskveiðiþjóð eins og Íslendingar, sem eiga bráðum 100 togara og geta gert þá út, að því er sagt er, eigi olíudropa handa þessum varðskipum. Annað er ekki sæmandi. Ég trúi því varla. Eitthvað er þá einkennilegt við reksturinn.

Ég hef grun um að það sé óæskileg setning í lok grg. á þskj. 16, þvert ofan í skoðun hæstv. dómsrh., þar sem segir að nefnd þessi þurfi að vera bundin trúnaðarskyldu. Hún á einmitt ekki að vera bundin trúnaðarskyldu. Við eigum að opna þetta þannig að það sé ekki verið að fara í neina launkofa með þessi mál. Það á að opna þessi mál eins og önnur því að það er erfiðara að gera vitleysur ef menn vita að öllum verði augljóst eða megi vera a. m. k. það sem þarna er að ske. Þetta eiga ekki að vera nein leyndarmál. Það er hægt að þegja yfir því, hvert flugvélarnar eru að fara eða hvar varðskipin gráu halda sig. Það má þegja yfir því og sjálfsagt og skylt, en ekki yfir því, hvernig farið er með milljarða kr. Það á ekki að þegja yfir því. Það eiga allir að geta fylgst með því, að reksturinn sé góður, skynsamlegur, hagkvæmur og gagnlegur.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Menntun fangavarða, þáltill. (þskj. 535) — Ein umr.

Flm. (Helgi Seljan): Herra forseti. Á þskj. 535 höfum við hv. þm. Salome Þorkelsdóttir, Jón Helgason, Jóhanna Sigurðardóttir og Friðrik Sophusson leyft okkur að flytja svohljóðandi till. til þál.:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að skipa fimm manna nefnd, er taki til gagngerðrar endurskoðunar menntun fangavarða, leiti leiða til úrbóta og geri tillögur þar að lútandi.

Nefndin skal skipuð fulltrúum eftirtalinna aðila: einum fulltrúa dómsmrn., einum frá menntmrn., tveimur fulltrúum fangavarða eða stéttarfélags þeirra, annar þeirra skal vera starfandi fangavörður.

Formaður nefndarinnar skal vera skipaður af dómsmrh. án tilnefningar.

Nefndin skal skila áliti sínu og tillögum eigi síðar en í árslok 1981"

Þegar menn líta yfir grg. og upphaf hennar sést að þar stendur: „Fyrir nokkru var haldin hin merkasta ráðstefna á vegum Geðhjálpar og Verndar um vandamál geðsjúkra afbrotamanna." Þá spyrja menn: Hvers vegna er þessi þáttur einn þessara yfirgripsmiklu mála og viðkvæmu, þ. e. fangelsismála almennt, tekinn út úr? Við flm. erum allir sammála um að þessi mál eigi löggjafinn vissulega að skoða, og við leggjum að sjálfsögðu á það ríka áherslu, að þeir ógæfusömu menn, sem á einhvern hátt hafa lent í sjálfræðissviptingu og fangelsisvist af einhverju tagi, skuli njóta þess fyllsta réttar sem þeir þó eiga að njóta þrátt fyrir frelsisskerðinguna, að allur aðbúnaður þeirra, aðstoð við þá, félagsleg og heilsufarsleg þjónusta sé sem allra best og um leið að þeir, sem við þá hafa nánust samskipti, fangaverðirnir, verði sem best hæfir til að sinna skyldum sínum og samskiptum við fangana. Að því lýtur þessi till. alveg sérstaklega.

En af hverju þá svona einangrað svið? spyrja menn. Það er orðið áliði þings og hvorki við flm. né Alþingi í heild getum undirbyggt nú til vorsins svo viðkvæmt og viðamikið mál sem hér er á ferðinni ef við ættum að fara að taka upp, eins og ég hef heyrt núna á nokkrum þm., heildarendurskoðun og heildarúrbætur í öllum okkar fangelsismálum. Það hlýtur um leið að snerta fjölmörg réttarfarsleg atriði, hagsmuni og rétt þeirra sem dæmdir eru fyrir dómi. Hér er hins vegar á einföldum þætti tekið og sjálfsögðum um leið, — þætti sem ekki getur verið neitt ágreiningsmál, en varðar ekki síður, þegar grannt er að gáð, fanga en fangaverði. Því til sönnunar vil ég — með leyfi forseta — lesa einn lið úr úrbótatillögum sem fangar á Litla-Hrauni hafa t. d. sent dómsmrh. Með leyfi forseta segir þar orðrétt:

„Fangavörðum verði sett lágmarksmenntunarskilyrði og aðrar starfsmenntunarkröfur sambærileg við starfsfólk í félagsráðgjöf."

Ekki síður vil ég lesa úr stefnuskrá Verndar sem sérstaklega ber málefni fanga fyrir brjósti. Í bréfi frá Hilmari Helgasyni, formanni Verndar, segir, með leyfi forseta:

„Það er mér ljúft að staðfesta, að málefnið menntun fangavarða er eitt af forgangsverkefnum félagasamtakanna Verndar, enda segir í g-lið stefnuskrár samtakanna: „Samtökin skulu styrkja til sérmenntunar starfsfólk til ofangreindrar starfsemi svo og til annarra starfa málefninu viðkomandi." Framkvæmdastjórn Verndar hefur enn ekki fjallað um hvernig að þessu verkefni skuli staðið í smáatriðum, enda slíkt ekki gert nema í fullu samráði við stjórnvöld og stjórn Fangavarðafélagsins, en vonir standa til að endanleg ákvörðun liggi fyrir n. k. haust."

Undir þetta bréf skrifar formaður Verndar, Hilmar Helgason.

Þetta segir sitt um þetta mál. En önnur spurning hlýtur að vakna við upphaf grg. Það er kveikjan að tillögunni, að það hafi verið ráðstefna um málefni geðsjúkra afbrotamanna sem hafi verið um fjölmargt mjög áhugaverð. Því þá ekki að taka fyrir alveg sérstaklega þeirra málefni, sem vissulega þarfnast sérstakrar athugunar? Á því er einföld skýring og við hana kannast eflaust flestir alþm. eða allir. Fyrr á þessu þingi höfum við flutt þáltill. um geðheilbrigðismál og eru málefni geðsjúkra afbrotamanna einn veigamesti þátturinn í þeim málum til endurskoðunar og úrbóta. Við höfum því sannarlega að þessum þætti hugað og trúum því eindregið, að Alþingi samþykki nú í vor till. okkar um geðheilbrigðismálin. Ég hef einmitt um það upplýsingar, að hv. allshn. hafi afgreitt till. um geðheilbrigðismál frá sér í dag jákvætt, mælt einróma með samþykkt hennar almennt, þ. e. um heildarendurskoðun og nefndarskipun varðandi þau mál.

En af hverju þetta mál frá slíkri ráðstefnu? Jú, við fjórir eða fimm þm. sátum þarna frá þingflokkum okkar og heyrðum þá þær furðufréttir, sem voru staðfestar af viðkomandi fulltrúa þess rn. sem með þetta mál fer, að öll menntun fangavarða lægi í einu vikunámskeiði og engra sérstakra starfsréttinda væri þar krafist. Ég veit að þegar Björk Bjarkadóttir formaður Fangavarðafélagsins varpaði fram þessari spurningu á þessari ráðstefnu áttum við von á allt öðru svari. Við trúðum þessu tæplega. En ég veit jafnframt að á sömu stund vorum við staðráðin í því, að hér yrði úr að bæta hið bráðasta, við værum blátt áfram sem löggjafi skyldug til þess. Við nánari eftirgrennslan urðum við enn sannfærðari um það. Við efumst ekki um að við séum ekki síður með fanga í huga þegar við flytjum till. af þessu tagi. Og við erum eins viss um að þarna sé rétt farið sem byrjun athafna í þessum málum í heild, einfaldlega af því að hér er um sjálfsagt mál að ræða, hér er um einfalt mál að ræða í allri framkvæmd. Skal þá vikið beint að grg.

Sú grg. er byggð á upplýsingum frá Fangavarðafélagi Íslands og hugmyndirnar í tillögunni um val nm. eru einnig settar fram í samráði við stjórn þess félags. Ég vil hins vegar taka það fram, eftir sérstakri ábendingu frá manni sem hefur mikið kynnt sér þessi mál og situr hér í salnum, hv. 7. þm. Reykv. Guðmundi J. Guðmundssyni, að ég tel sjálfsagt að sú n., sem fær þetta mál til athugunar, kanni það, að inn í þessa nefndarskipun verði tekinn fulltrúi frá samtökunum Vernd sem sérstaklega eru með þessi mál á stefnuskrá sinni eins og ég hef þegar vikið að í þessari framsögu.

Í grg. frá Fangavarðafélagi Íslands segir orðrétt:

„Ljóst er að menntunarmál fangavarða á Íslandi eru í algjöru lágmarki. Í rauninni liggur öll menntun hjá fangavörðum í Reykjavík í vikunámskeiði, sem haldið var árið 1975."

Ég varð nú undrandi þegar ég heyrði um að þetta gæti verið rétt, en það var staðfest að svo væri. Enn meira undrandi varð ég þó þegar ég fékk að sjá ákveðið skírteini þar sem ákveðinn fangavörður hefði tekið þátt í og lokið framhaldsnámskeiði fyrir fangaverði árið 1975 í fimm daga. Eftirfarandi námsgreinar voru kenndar — og taki nú þeir fáu eftir sem hér eru inni: vélritun, skýrslugerð, íslenska, hegningarlög, fangelsisreglur, hjálp í viðlögum, leit á fólki og í farangri, fikniefni, verkun lyfja, sálfræði, afbrotafræði, almannatryggingar, handtökur, eld- og reykköfun. (**Gripið fram í:** Hvað eru margar kennslustundir á dag?) Það veit ég því miður ekki, en eflaust hafa þessir dagar verið vel nýttir, ég efast ekki um það. Það hefur sjálfsagt verið frá morgni til kvölds, ekki efa ég það, því að dagarnir eru ekki það margir sem þarna voru til ráðstöfunar. En ég segi fyrir mig: Það er langum ofvaxið mínum skilningi hvernig þessar námsgreinar hafa átt að nokkru gagni að koma þessu fólki til góða á þessum stutta tíma þrátt fyrir allt. Verður þá að segja það, að þessi stétt manna er langt umfram alla þá háskólaborgara sem ég þekki til ef hún hefur náð lágmarksmenntun í þessum efnum á þessum stutta tíma, enda veit ég að engum dettur slíkt í hug. Upp á þetta er engu að síður skírteini um framhaldsnámskeið í þessum efnum — fimm daga námskeið sem fjallar um allar þessar greinar. (**GJG:** Fyrirgefðu, hvenær er þá minna prófið?) Ja, ég er líka á gati varðandi það, enda kemur þarna fram að minna prófið mun ekki vera neitt vegna þess að þetta á að heita framhaldsnámskeið eftir að fangavörðurinn hefur verið eitthvað í starfi.

Á s. l. ári fengu fangaverðir á Litla-Hrauni námskeið í samtals 28 klst., fangaverðir í Reykjavík samtals í 8 klst., fangaverðir á Kvíabryggju ekkert. Lögregluþjónar, svo dæmi séu nefnd, sækja í byrjun starfs — og ég held að hér höfum við góða viðmiðun varðandi þetta mál — 4—6 vikna námskeið, og eftir eins árs starf í Lögregluskóla ríkisins í 14—18 vikur samkvæmt ákveðinni reglugerð þar að lútandi frá 1965. Ég tel að lágmarkið væri væri að fangaverðirnir hefðu þó alla vega sömu menntun og þessi stétt. Þar er sem sagt um að ræða 4-6 vikna

námskeið í byrjun og síðan eftir eins árs starf 14—18 vikur.

Á Norðurlöndunum eru menntunarmál fangavarða töluvert umfangsmeiri. Sem dæmi má nefna Noreg. Þar er tveggja ára skóli þar sem m. a. er lögð áhersla á sálarfræði og réttarfarsfræði. Um umsækjendur til fangelsiskólans er fjallað í umsækjendanefnd, en í henni eru þrír menn: skólastjórinn, fangelsisstjóri og fulltrúi og fulltrúi starfsmanna. Fangelsiskólinn hefur tekið á móti 45—50 nemendum á ári, en það er um fjórðungur umsækjenda. Auk grunnmenntunar má bæta við að 1979 hefur fangelsiskólinn í Noregi skipulagt eftirfarandi sérnámskeið: Tvö eiturlyfjanámskeið, námskeið í sjálfsvörn og meðferð fanga í átökum, námskeið um menningarstarfsemi, námskeið fyrir stjórnendur og gjaldkera fangelsa, námskeið fyrir stjórnendur minni stofnana, námskeið um afbrotamál, um kennslu og nám í fangelsum, um heilsugæslu í fangelsum, fyrir stjórnendur og verkstjóra í fangelsum, menningarráðstefnu og meiraprófsbifreiðastjóranámskeið.

Auk þess taka Norðmenn þátt í sameiginlegri norrænni ráðstefnu fyrir yfirmenn í fangelsum og í gagnkvæmum starfsmannaskiptum milli Norðurlanda. Árlega taka tveir starfsmenn frá hverju landi þátt í þessum skiptum og dvelja þeir í 30 daga. Námskeiðin og ráðstefnurnar eru 2—7 daga löng.

Laun og menntun fyrir byrjendur í lögreglu og fangavörslu í Noregi eru hin sömu, en lögregluþjónn fær hærri uppbót eftir 9 ára starf.

Fangaverðir segja að lokum, og ég held það sé rétt: „Ekki þarf að fara mörgum orðum um þjóðhagslega nauðsyn þess, að fangaverðir séu vel menntaðir. Aukin menntun fangavarða ætti að draga úr fjölda síbrotafanga og þannig ætti sá kostnaður, sem aukin menntun fangavarða hefði í för með sér, að skila sér aftur.“

Þetta segir í grg. Ég hef ekki miklu við að bæta. Af því að hæstv. dómsmrh. er hér og af því ég veit hvern mann hann hefur að geyma varðandi umbótamál öll, þá treysti ég engum manni betur í embætti því sem hann situr nú í en honum að ganga rösklega til verks í þessu máli og koma á þeim úrbótum sem nauðsynlegar eru. Það er engin leið að ásaka hann þann stutta tíma sem hann hefur verið í ráðherradómi þessara mála um ástand þessara mála. Þetta hefur þróast svona um fjölda ára og mönnum hefur þótt þetta eflaust eðlilegt, kannske ekki einu sinni vitað af því. Ég er ekki í nokkrum vafa um það, og þekki það til vinnubragða hæstv. ráðh., að taki hann á þessu máli tekur hann á því rösklega og drengilega.

Ég vil svo að lokinn þessari umr. leggja til að þessari till. verði vísað til hv. allshn.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Það er orðið áliðið þings, sagði síðasti hv. ræðumaður. Það er orðið áliðið dags, verð ég að segja. Þó tel ég nauðsynlegt að fara nokkrum orðum um þessa till. og aðdraganda hennar, till. til þál. um menntun fangavarða.

Til upplýsingar vil ég geta þess í byrjun, án þess að ég segi það með nokkurri þykkju, að ég hef verið meira og minna í embættum hjá ríkinu í rúman aldarþriðjung, ef ég man rétt. Ég hef oft átt yfir mörgu fólki að segja. Mér hefur yfirleitt fallið ákaflega vel við mitt starfsfólk og reynt að bæta úr fyrir því á allan veg. En venjan hefur verið sú, sem ég tel mjög æskilega, að ef eitthvað af mínu starfsfólki hefur talið einhverju ábótavant í yfirstjórn mála hefur það fyrst komið til mín og sagt mér frá því. Nú hefur þetta orðið með öðrum hætti. Ég minnist þess ekki, það er rétt að það komi fram sem satt er, að stjórn félags íslenskra fangavarða hafi minnst á þetta mál við mig einu einasta orði, heldur valið þennan farveg: að láta hv. 2. þm. Austurl. flytja málið hér í þingsölum. Og það vil ég strax segja, að ég þekki þennan hv. þm. og við höfum starfað mikið saman. Ég er ánægður að fjalla um mál með honum, svo sannarlega, og hef ekkert við það að athuga.

Hitt er rétt, að hinn áhugasami og mjög ötuli nýi formaður Verndar, Hilmar Helgason, er maður ekki einhamur þegar hann snýr sér að verki. Hann hefur rætt við mig oftar en einu sinni um ýmis mál sem betur mega fara í mínu rn. og víðar og hann hefur talað um það, að ég man, nýlega að eitt af sínum fyrstu verkefnum yrði að stuðla að því að mennta fangaverði eins og þyrfti að gera. Eg kann honum bestu þakkir fyrir þann áhuga, sem hann hefur sýnt þeim málum sem ég hef um að segja, og vona að við eigum langt samstarf fyrir höndum.

En vegna þess að þessi till. er nú komin hér á borðið hef ég aflað mér upplýsinga um hvernig þessum málum hafi verið háttað í mínu rn. Ég ætla að leyfa mér að fara um þetta nokkrum orðum eftir því sem ég veit best hvað gerst hefur á liðnum árum.

Við gerð sérkjarasamnings Starfsmannafélags ríkisstofnana á árinu 1974 var samið svo um, að fangaverðir skyldu hækka í launaflokkum er þeir hefðu lokið ákveðnum námskeiðum. Var gerð svohljóðandi bókun í sambandi við kjarasamninginn:

„Dómsmrn. mun beita sér fyrir því, að skipulögð fræðsla og þjálfun verði tekin upp fyrir fangaverði, m. a. með námskeiðum við hæfi starfsmanna við hverja sérstaka stofnun. Starfsmannafélagi ríkisstofnana verði gefinn kostur á að fylgjast mjög náið með þeim skipulagningarframkvæmdum. Undirbúningi að ofangreindum skipulagningarframkvæmdum skal lokið fyrir 1. jan. 1975 og framhaldsnámskeið, sem um var getið í 1. gr., skulu hefjast á árinu 1975.“

Framkvæmd námskeiðahalds hefur verið þannig, að flest árin hefur verið efnt til námskeiðs á Litla-Hrauni að vorlagi og hafa nú verið haldin fimm námskeið þar. Hvert námskeið hefur verið milli 20 og 30 kennslustundir. Í Reykjavík hafa verið haldin tvö námskeið 1975 og 1979. Fyrra námskeiðið var 40 klst., en síðara námskeiðið 30 klst. Með þessum námskeiðum hefur rn. talið að fullnægt væri ákvæði kjarasamninganna um að fangavörður hefði lokið framhaldsnámskeiði og flyttist upp um einn launaflokk. Á námskeiðum þessum hefur verið leitast við að veita bæði bóklega fræðslu í greinum eins og sálfræði, afbrotafræði, hegningarlögum, fangelsisreglum og félagslegri aðstöðu. Nokkur líkamleg þjálfun hefur einnig verið á námskeiðunum. Ljóst er að ekki er unnt að veita nema mjög yfirborðskennda innsýn yfir þau viðfangsefni, sem hér er um að ræða, í svo fáum kennslustundum. Fangaverðir hafa verið óánægðir með námskeið þessi að því leyti til, að þeir telja, að þau veiti þeim ekki jafnmikla menntun og framhaldsskóli lögreglunnar veitir lögreglumönnum, og telja sig hafa fengið þau svör, er þeir hafa verið að krefjast sömu launaflokka og lögreglumenn, að þeir hafi ekki hlotið sömu menntun og lögreglumennirnir og séu því ekki hæfir til að sitja í sömu launaflokkum og þeir.

Námskeiðsmálin virðast hafa komið á dagskrá við

síðustu sérkjarasamninga Starfsmannafélags ríkisstofnana því þar var gerð svohljóðandi bókun:

„Minnt er á bókanir er fylgt hafa fyrri samningum varðandi fræðslumál fangavarða. Sérstakt námskeið fyrir fangaverði verður haldið eigi síðar en 1. maí 1981."

Starfsmannafélagið hefur nú ritað rn. bréf þar sem það fer fram á að nú þegar verði hafinn undirbúningur að námsskrá þessa námskeiðs og að haft verði fullt samráð við fulltrúa félagsins. Lýsir félagið sig að sínu leyti reiðubúið að tilnefna fulltrúa í starfsnefnd ef á þá tillögu er fallist af hálfu rn.

Nú standa mál þannig í fangelsunum hér í Reykjavík og á Litla-Hrauni, að sex menn hafa ekki fengið viðurkenningu fyrir að hafa lokið framhaldsnámskeiði. Til að fullnægja ákvæðum kjarasamninga þyrfti því að halda námskeið fyrir þann hóp a. m. k. áður en þeir hafa verið fjögur ár í starfi. Ef hins vegar á að efna til kennslu fyrir fangaverði hér svipaðrar þeirri sem veitt er fangavörðum á Norðurlöndunum hinum, þá þarf að efna til verulegs skólahalds. Til dæmis í Noregi er framhaldsskóli fangavarða 1200 kennslustundir og tekur kennslan ásamt verklegri þjálfun um eitt ár. Vissulega væri gagnlegt fyrir fangaverði að fá slíka kennslu. Spurning er hins vegar hvort ríkisvaldið er reiðubúið til að kosta hana og hvort hún er nauðsynleg í starfi fangavarðanna. Og þarna komum við enn og aftur að því máli sem við fjölluðum um í máli sem rætt var hér næst á undan. Það er kostnaður við kennsluna og hvernig þær fjárveitingar eru inntar af hendi.

Ef koma ætti á fót slíkri kennslu og mennta þá fangaverði sem þegar eru í starfi, en þeir eru nú um 60, mætti hugsa sér að taka 15 manna hóp á ári og hafa hann í skóla hér í Reykjavík frá hausti til vors. Slíkt hefði að sjálfsögðu verulegan kostnað í för með sér því að ráða yrði 15 menn í fangelsin í staðinn, auk þess sem greiða yrði þeim, sem skólann sæktu, full laun með vaktaálagi. Ef koma á slíkum skóla á fót þarf að fá til þess verulega fjárveitingu og þarf því að taka ákvörðun um það nú á þessu vori, hvort stefna á að því að hefja slíkt skólahald á næstunni. Til að átta sig á kostnaði í stórum dráttum má áætla að 900 klst. skólavist 15 manna í 7 mánuði mundi kosta u. þ. b. 1.5 millj. kr. Nú eru í fjárlögum til námskeiðahalds fyrir fangaverði 20 þús. kr.

Þetta eru hinar almennu upplýsingar. En ég skal síðastur manna mæla gegn því, að menntun fangavarða sé aukin. Mér er það ljóst, að þeir vinna mjög mikilvægt og ábyrgðarmikið starf. Ég er reiðubúinn að leggja mig *fram um að þeim verði gert fært að afla sér þeirrar* menntunar sem gerir þeim kleift að leysa störf sín sem allra best af hendi. En ég verð að benda á það um leið og ég segi þetta, að þetta kostar fé. Þar komum við alltaf að meginmálinu sem oft stendur í okkur alþm. þegar við erum að reyna að koma góðum málum til leiðar.

Hér er að sjálfsögðu aðallega átt við sérmenntun, en við megum svo ekki gleyma því, að vitaskuld verða fangaverðir að uppfylla ýmsar kröfur. Og það gleður mig sannarlega að ég held að eftirsókn eftir fangavarðastöðum fari heldur vaxandi. Umsækjendum fjölgar um þær stöður sem losna, þannig að eitthvert tækifæri gefst til þess að velja úr. Þetta er að sjálfsögðu ánægjuefni. En hitt verð ég að benda á, að það er fjarri því að allir þeir fangaverðir eða þeir, sem sinna fangagæslu nú hér á landi, séu alveg ómenntaðir menn. Margir eru sem betur fer að mínum dómi allvel menntaðir. Lögreglumann, sem búinn er að ganga í Lögregluskólann og búinn að starfa í mörg ár að löggæslustörfum, tel ég t. d. menntaðan mann, þ. e. ef hann hefur næga hæfni. — Þar komum við alltaf að einu atriði, að um góðan mann sé að ræða. Það er nauðsynlegt að góðir menn veljist í störf, bæði fangavörslu og löggæslu. Það er ekki alltaf hægt að kenna þeim mönnum sem ekki uppfylla þetta skilyrði. Það er eins og segir í kvæði Bjarna Thorarensens:

Kurteisin kom að innan,
sú kurteisin sanna
siðdekri öllu æðri
af öðrum sem lærist.

Það er kannske númer eitt, þegar við tölum um að reyna að fá góðan fangavörð, að þar fari góður maður. Ég hef haft nokkuð náin kynni á undanförnum árum af einu fangelsi, á Kvíabryggju. Sé athugað hvaða menntun þeir menn hafa, sem þar gegna störfum núna, þá er það lögreglumaður sem er nýráðinn forstjóri. Hann er hæfur maður og reyndist vel í öllum sínum löggæslustörfum á Snæfellsnesi um margra ára skeið. Þar eru menn sem hafa iðnmenntun og aðra mennt, þó þeir hafi ekki sérstakt fangavarðarpróf.

Þeir, sem hafa lesið Morgunblaðið um helgina, hafa e. t. v. lesið mikla grein um Bevin, hinn fræga stjórnmálamenn Breta. Bretakonungur spurði hann: Hvar hefurðu öðlast alla þína miklu menntun, Bevin? — því það var vitað mál að hann var óskólagenginn. Hann svaraði: Í limgerðum lífsreynslunnar.

Þannig má lengi telja, og ég get ekki stillt mig um að skjóta að einni gamalli gamansögu um íslenska bændur. Það hefur verið sagt um þá, að þeir vissu allt um allt nema búvísindi. Og við vitum að þeir eru hinir fróðustu menn þó að þeir hafi ekki allir gengið í búnaðarskóla.

Þess vegna er það fjarri mér að þessum orðum töluðum að mæla gegn þessari tillögu. Þvert á móti er ég reiðubúinn að stuðla að þessum málum. En ég get ekki stillt mig um að minna á í lokin þær hæfni- og menntunarkröfur sem eru gerðar til alþm. þegar þeir veljast hingað á Alþingi og eiga að ráða málum manna og raunverulega ráðum alþjóðar. Þeir þurfa ekki að sýna eitt einasta skírteini við inngöngudyrnar, ekki skírteini frá nokkrum skóla. Jú, þeir þurfa víst að hafa með sér kjörbréfið, en það er það eina. (Gripið fram í.) Jæja, það er að bera í bætifláka fyrir okkur alla og það er þakkarvert. En a. m. k. alþm., sem hingað kemur inn í salinn til þess að ráða fram úr mestu vandamálum lands og þjóðar, þarf ekki að sýna prófskírteini frá nokkrum skóla.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Það hefði verið gaman að ræða í löngu máli lokaorð hæstv. ráðh. Ég held að það komist enginn inn á Alþingi nema hafa sýnt talsvert í þjóðfélaginu. Það er ekki nóg fyrir hann eða aðra að hafa gengið í þá einu skóla sem þykjast eiga rétt til að senda menn á Alþingi, lögfræðinga eða háskólamenntaða. Það er nú þannig. Ég held að lífsins skóli sé miklu betri menntun en nokkru annar skóli sem slíkur eða stofnun. Það eru yfirleitt menn frá þeim skóla sem komast inn á Alþingi, á sama hátt og það eru menn sem bregðast kannske á einhvern hátt í þeim sama skóla sem verða settir í fangelsi.

Það væri hægt að fjalla í löngu máli um fangelsismál og menntun fangavarða, en ég er alveg sannfærður um að niðurstaðan er sú, að fangelsin sjálf eru úrelt og fangelsun á manninum, frelsisskerðing er ekki lengur

talin mannbætandi. Það er höfuðmálið. Og síst af öllu telst hún til bóta eins og á sér stað nú í okkar litla þjóðfélagi, þar sem viðkomandi aðili er oft látinn bíða svo árum skiptir eftir að dómur falli í málum og er löngu búinn að afplána miklu þyngri refsingu, meðan hann er þó að bíða eftir fangelsisvist, heldur en hann nokkurn tíma gerir eftir að hann kemur inn fyrir dyr fangelsisins. Þannig þarf ekki bara að mennta fangelsisverði, það þarf að endurmennta þjóðfélagið sjálft. Og er ég sannfærður um að þá yrðu niðurstöður allt aðrar hvað afbrotafólk snertir. Við eigum afskaplega lítið af afbrotafólki ef við berum saman afbrot, sem hér eru framin, og afbrot hjá stórum þjóðfélögum. Að vísu eigum við til dæmi sem eru hliðstæð, en þau eru afskaplega fá. Og meðferðin á þeim, sem hljóta frelsisskerðingu af einhverjum ástæðum, er sú sama fyrir öll afbrot. Ef menn eru á annað borð dæmdir til fangelsisvistar eru þeir sendir í þessi — eitt, tvö, í hæsta lagi þrjú — fangelsi eða stofnanir sem við eigum til. Þetta er okkur öllum til háborinnar skammar. Ég held að við verðum að finna einhverja aðra lausn en við höfum nú til þess að sá, sem sekur er hverju sinni, greiði þjóðfélaginu það sem þjóðfélagið telur það eiga inni hjá viðkomandi.

Ég verð að segja það alveg eins og er, að í mörg ár, ég veit ekki hvað mörg ár, hef ég farið nokkuð reglulega í viðtalstíma og heimsóknir að Litla-Hrauni. Ég kem aldrei sami maður til baka. Það tekur mig oftast nær nokkra daga að ná mér eftir slíkar heimsóknir, ég tala nú ekki um þegar ég hef í þeirri heimsókn viðtalstíma við fanga eða fangaverði jafnvel. Síðasta ferð var farin ekki alls fyrir löngu. Áttum við þá leið saman Guðmundur J. Guðmundsson, hv. þm., og ég og höfðum þar viðtalstíma. Ég skal ekki segja hvernig honum leið, en illa hefur mér liðið.

Eitt verð ég að segja, að ég hef ekki í eitt einasta skipti fengið neina kvörtun frá föngum um að fangaverðir væru ekki starfi sínu vaxnir, væru ekki yfirleitt menn sem væri nokkuð auðvelt að umgangast og þeir kynnu til starfa. En ég vil þó segja að ég tek eindregið undir þessa till. og ég vona að sú nefnd, sem þar um getur, verði sem fyrst sett á laggirnar og hún ljúki störfum það fljótt að flm. geti þá komið með aðra till. um fjárveitingu til starfsins fyrir gerð næstu fjárlaga, því annars er þetta bara sýndarmennska. Ef því er ekki fylgt eftir er það sýndarmennska og ekkert annað.

Ég tek undir það með ráðh., að margt hefur verið gert. Og ég hef talað við flesta þá dómsmrh., sem setið hafa í ríkisstj. síðan ég koma á þing, og þar á meðal hæstv. núv. dómsmrh. Ég veit vel að hann er fullur af vilja til að gera allt sem hægt er til að bæta bæði menntun og eins aðstöðu fanga og fangavarða. Ég hef einnig talað við aðra ráðh. vegna þess að dómsmrh. telja ekki allt heyra undir sig sem fer fram á Litla-Hrauni t. d. Ég geri ráð fyrir að það sé sama í öðrum fangelsum. Ég barðist nokkur ár fyrir því, að bókavörður sækti námskeið í bókavörslu og sæi þar um bókasafnið. Það heyrði ekki undir dómsmrh. Það heyrði undir menntamrh. og það tók mig langan tíma þangað til ég gafst upp á menntmrn. Það þekkja allir fyrrv. hæstv. menntmrh. Vilhjálm Hjálmarsson. Hann fór með mér austur og skoðaði aðstöðuna og var mér sammála um að þar þyrfti að bæta mikið um, ekki bara bókasafnið, heldur líka kvikmyndasafnið. Ég talaði lengi og oft við hæstv. fyrrv. dómsmrh. Ólaf Jóhannesson um ýmislegt sem þurfti að bæta. Í fristundum vildu þessir gestir á Litla-Hrauni gjarnan geta stundað íþróttir, en það var ekki nokkur skilningur á þeim tíma fyrir þeirri þörf. Þeir höfðu útivistartíma og hvernig sem viðraði urðu þeir að fara út, fá sér fríska loft, en það var ekkert við að vera. Það endaði með því, að ég varð sjálfur í nokkur ár að kosta því til sem þurfti að kosta til að þeir gætu stundað knattspyrnu og sumar frjálsar íþróttir. Þetta gengur náttúrlega ekki. Ég hef fengið bréf eftir bréf frá föngum þar sem þeir biðja um smáaðstoð til að afla tækja sem gætu komið að notum við íþróttaiðkanir. Ekkert rn. telur sér skylt að verða við þeim óskum.

Það þarf að mennta fangaverði, en það þarf ekki síður að hugsa um fangana. Ég kynnti mér í Englandi og í Frakklandi löngu áður en ég kom á Alþingi frönsk og ensk fangelsi. Það eru borgarsamfélög þó þau séu ekki öll stór. Þar er ýmislegt unnið. Menn vakna til vinnu. Menn hafa reglulega daga. Þeir hafa eitthvað til að vakna til og sofna frá. Þetta er ekki þannig hér. Það þarf að endurmennta þjóðfélagið. Það þarf að skapa það viðhorf til þessara — við skulum segja: ógæfusömu bræðra okkar, sem er í einhverjum takt við tímann. Það er ekki hægt að senda alla menn á sama stað fyrir hvaða afbrot sem er, unga sem aldna. Margir koma út verri menn en þeir voru þegar þeir fóru inn. Þannig hefði ég gjarnan viljað að till. næði yfir stærra svið þannig að fleiri kæmu nálægt þessum málum, en fangaverðirnir sjálfir fengju tilsögn í því, hvað er að ske í þessu litla þjóðfélagi í hnotskurn, sem er þó án alls sem þarf til afþreyingar. Ég kalla það ekki afþreyingu sem fyrir er á þeim stöðum. Fólk er búið að fá leiða á því vegna þess að engin fjölbreytni er í því mannlífi sem þar á sér stað.

Ég lýsi sem sagt samstöðu minni við þá hugsun sem kemur fram í þessari till., en hún er í mínum augum til að draga athyglina að nauðsyn þess, að fangaverðir, starfsfólkið sjálft, verði betur undirbúnir þegar kemur til samstarfs — ég segi til samstarfs — við þetta innilokaða fólk. Það þarf að kunna aða umgangast fólk. Þarna fer fólk til samstarfs. Það er ekki lengur rík sú hugsun að þarna fari maður til þess að gæta annars. Ef það ætti að ske, eins og áður var, er ég hræddur um að Litla-Hraun eða öll þau fangelsi, sem við eigum, mundu ekki halda neinu af þessu fólki. En eins og hæstv. ráðh. sagði: Það er oft erfitt að fá góða menn. Af hverju er það erfitt? Það er fyrst og fremst erfitt vegna þess að stofnanirnar, sem þeir eiga að reka, eru ekki góðar, löngu löngu úreltar.

En ég endurtek: Ég mun styðja þessa till. og ég geri þá kröfu til flm., þá sérstaklega 1. flm., að fylgjast með framgangi málsins. Ég veit ekki hvort 1. flm. heyrir til mín. En þegar að líður að fjárlögum verði niðurstaða komin um vinnu þessarar nefndar, sem ég er ekki í nokkrum vafa um að hæstv. dómsmrh. mun beita sér fyrir að komist á laggirnar hið fyrsta. Ég tel mig þekkja hann á sama hátt og hv. 1. flm. gat um áðan. Ég ætlast sem sagt til að nefndin skili áliti og þessu verði síðan fylgt eftir. Þá verður gaman að sjá hverjir standa að fjárveitingum til þessa verkefnis. Það er oft þegar að buddunni kemur að menn draga sig í hlé.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Það var ekki ætlun mín að taka til máls um þessa þáltill. sem ég er meðflm. að, enda hefur hv. þm. Helgi Seljan gert rækilega grein fyrir skoðunum flm., en hann hefur tekið saman till. með aðstoð þeirra sem starfa við þessi mál í þjóðfélaginu.

Það er sjaldgæft að hér á hinu háa Alþingi verði

umræður um fangelsismál. Þetta er sá málaflokkur sem kannske vill oftast gleymast vegna þess að menn vilja ekki vita af honum. Það var minnst áðan á ráðstefnu sem félagasamtökin Vernd og Geðhjálp efndu til fyrir skömmu hér í Reykjavík. Það æxlaðist þannig að ég tók þátt í undirbúningsvinnu fyrir þessa ráðstefnu og sat hana, sérstaklega vegna afskipta minna fyrr af fangelsismálum, þá sem félagsmaður í svokölluðu Sakfræðingafélagi sem hélt fyrir nokkrum árum fund um fangelsismál í miklu víðtækari samhengi til þess að ræða um refsinguna og um fangelsismál eins og þau koma fyrir hér á landi. Umræðuefnið á þessari ráðstefnu, sem hér var vitnað til, var um geðveika afbrotamenn, sem eru aðeins mjög lítill hluti þeirra afbrotamanna sem vistaðir eru í fangelsum hér á landi. En vegna þess að á þetta var minnst og vegna þess að hæstv. dómsmrh. hefur tekið þátt í þessum umr. er ekki úr vegi að víkja með einni eða tveimur setningum að þessu mjög svo viðkvæma máli.

Ég held að ég segi þar rétt frá eftir þessa ráðstefnu, og aðrir, sem hana sóttu, geta dæmt þar um, að eftir hana held ég að meiri bjartsýni ríki meðal þeirra, sem þessi mál fjalla, um að upp verði teknar alvöruumræður um það, hvar vista skuli geðveika afbrotamenn — menn sem eru ósakhæfir, fá öryggisgæsludóm sem svo er kallaður, og eiga að vistast á það sem lögin kalla „viðeigandi hæli", stofnun sem aldrei hefur verið til á Íslandi. Þetta er bein þýðing úr dönskum lögum. Þar voru slíkar stofnanir til. Hér á landi hafa þær aldrei verið til. Þess í stað hafa ósakhæfir afbrotamenn, sem taldir voru ósakhæfir á afbrotatímanum, verið vistaðir fyrst og fremst á Litla-Hrauni, en þó eru dæmi þess, að þeir hafi verið sendir utan. Sýnir það vanmátt okkar Íslendinga eins og sakir standa til þess að taka á okkar eigin vandamálum.

Þetta vildi ég nefna af því að þessi mál voru hér á dagskrá. En það var einmitt á þessari ráðstefnu sem okkur var sagt frá því, hvernig staðið hefði verið að menntunarmálum fangavarða. Það varð kveikjan að þessari till., sem Helgi Seljan hefur haft allt frumkvæði að því að flytja, en við hin skrifað upp á og stutt og væntum þess að svo geri þingheimur allur.

En kannske ráku mig sérstaklega hér í ræðustólinn ummæli hv. þm. Alberts Guðmundssonar, þar sem hann fjallaði um refsinguna sjálfa sem fyrirbæri. Þar er komið að máli sem ég hygg að hafi ekki verið rætt mörg undanfarin ár í sölum Alþingis. Í fræðibókum um refsingu, í refsirétti og afbrotafræði, er reynt að greina tilganginn með refsingunni sundur í ýmsa þætti. Við þekkjum atriði eins og það, að refsing sé til komin sem varnaður bæði fyrir einstaklinginn sjálfan og eins fyrir aðra í þjóðfélaginu. Þetta eru vissir þættir refsingarinnar. En einn er sá þáttur sem eftir stendur, auk þess að hún er betrun, en auðvitað á refsingin að vera betrun, enda notum við orðið betrunarhús í því skyni. Eftir stendur hin kalda staðreynd, að jafnvel í nútímaþjóðfélagi gildir enn þá gamla reglan: „auga fyrir auga og tönn fyrir tönn". Sú aðferð að loka menn inni, einangra menn, með öllum þeim afleiðingum sem það hefur, er byggð m. a. á þessari hugsun: auga fyrir auga, tönn fyrir tönn.

En hvernig er svo brugðist við í sjálfu fangelsinu? Þangað fara menn jafnvel mörgum mánuðum, stundum mörgum árum eftir að afbrotið er framið. Í fangelsinu eru þeir stundaðir af lækni, sem þrátt fyrir að hann sé að mörgu leyti ágætur maður hefur ekki sérþekkingu á þessu sviði, og hann hefur skyldum að gegna sem slíkur. Skyldur hans eru þær að gera engan mun á föngum né öðrum Íslendingum. Þegar upp koma veikindi, sem jafnvel eru afleiðingar einangrunarinnar ber honum skylda til að grípa til þeirra ráða sem læknar hafa og fyrst og fremst eru fólgin í lyfjagjöf. Ég held að í þessu felist ákveðin hætta. Við erum í raun með annarri hendinni að reyna að upphefja það sem við gerum með hinni, sem stundum getur eflaust leitt til þess, að það fólk, sem lendir í fangelsum, verður veikt vegna afleiðinga einangrunarinnar, þarf síðan að leita lækningar við því og lendir í þeim vítahring sem slík lyf geta boðið upp á.

Ekki bætir úr skák að margir hverjir, sem dveljast á íslenskum fangelsum, eru fíkniefnaneytendur. Það er opinbert leyndarmál að a. m. k. til skamms tíma hefur verið mjög auðvelt að smygla til fanga á Litla-Hrauni fíkniefnum.

Sem betur fer hefur risið upp hér á landi hreyfing borgara sem hefur haft fullan skilning á þessu vandamáli og náð tökum á þessu vandamáli með frjálsum hætti og gert það að verkum að þeir menn, sem setið hafa í fangelsum, hafa öðlast manngildi sitt á ný. Á þetta minntist Albert Guðmundsson áðan og ég get heils hugar tekið undir með honum að það er ekki síður um vert að mennta fangana sjálfa. Sjálfur hef ég átt þátt í því að reyna að bæta úr menntun einstaks fanga, en því miður var ekki hægt að koma því við vegna þess að það má segja að það sé ágreiningur á milli dómsmrn., eins og hér kom fram, og menntmrn. um hver eigi að borga brúsann.

Það er sem betur fer þannig nú, að hægt er fyrir fanga að leita sér iðnmenntunar í vissum iðngreinum, en þeir, sem vilja fara bóklegu leiðina, eiga erfiðar uppdráttar. Á Litla-Hrauni telst núna a. m. k. einn menntaskólanemi og einn háskólanemi, svo dæmi séu tekin, og fyrir þetta fólk er ákaflega lítið hægt að gera. Það er að vísu skilningur ýmissa skólamanna. Ég vil nefna menn eins og skólastjórana í Hveragerði, í fjölbrautaskólanum þar, gagnfræðaskólanum þar, og eins Örnólf Thorlacius. Þeir hafa verið ákaflega hjálpsamir á þessu sviði.

Þetta nefni ég hér, en þetta styður umfram allt þá till. sem hér er komið fram með, hver nauðsyn er að þeir, sem umgangast fanga hér á landi, jafnsundurleitir og þeir eru: drykkjumenn, fíkniefnaneytendur og geðsjúkir, hafi til þess menntun. Það er auðvitað skylda okkar að veita þeim þessa menntun fanganna vegna og okkar sjálfra vegna.

Þessu vildi ég koma fram og það gleður mig sannarlega að þessar umr. skuli eiga sér stað. Ég get sagt eins og fleiri, að þetta kemur frá hjartanu af því að ég heimsótti fangelsi frá því að ég var smástrákur, því að í fangelsi dvaldist náinn ættingi minn sem mér þótti mjög vænt um og gerði það að verkum að ég hafði meiri áhuga á þessum málum en ella. En það eru ekki allir sem — eigum við kannske að segja: njóta þess í æsku að fá að þekkja þennan hluta þjóðfélagsins. Því miður hefur þetta verið feimnismál, en vonandi verður breyting þar á. Ég held að þessi till., þótt ekki sé hún víðtæk, sé a. m. k. liður í þeirri viðleitni.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð.

Ég hef ekki hugsað mér að taka þátt í þessum umr., en ég vil í fyrsta lagi fagna fram kominni till. hv. þm. Helga Seljans og annara hv. þm., sem eru meðflm. hennar, og tel að till. sé tvímælalaust til bóta og gripið á máli sem þörf hefði verið að grípa á fyrr og taka betur á.

Hér er ekki tími né aðstaða til að fara að ræða um gildi refsingar, hvort refsing eða fangavist þýði þjáningu, eins og ég heyrði einhvern prófessor vera að lýsa í Sakfræðingafélaginu, — eins og hv. þm. Friðrik Sophusson sæki ég fundi þar stundum. En ég vil þó benda á eitt, þó að ég beri ákaflega mikið traust til ráðuneytisstjóra dómsmrn., Baldurs Möllers, og hann hafi reynst mér og ýmsum mínum skjólstæðingum mjög hollur og mildur — og eins held ég að það sé ekki um það að deila að síðustu árin og ekki síst í dómsmálaráðherratíð Ólafs Jóhannessonar hefur þarna verið gert margt til bóta og það mjög til bóta, — þá vil ég aðeins benda á að menntun fangavarða kemur fram vegna kröfu fangavarða um launahækkun. Þetta eru kjaramál fangavarða og það er vel, ekki þar fyrir. En það er ekki ráðuneytið sjálft, það er ekki ríkisvaldið sem ríður þarna á vaðið, það eru fangaverðir, við skulum segja af góðum hug, en líka til þess að komast í einhvern sambærilegan launaflokk við lögregluþjóna eða nálgast þá eitthvað.

Hæstv. dómsmrh., eins og Helgi Seljan tók réttilega fram, er ekki að saka um í þessum efnum af stuttri ráðherratíð. Hann sagði réttilega að það stæði á peningum. Jú, víst er þetta rétt. Hvað skyldi kosta hver fangi á Litla-Hrauni? Og hvað skyldu góðir fangaverðir geta haft jákvæð áhrif á fanga? Það er réttmæli, að menntun á þessu sviði er ekki nóg ef maðurinn sjálfur hefur ekki ákveðið hugarfar og hæfni til að bera. En ég held að það sé óumdeilt, að menntun á þessu sviði geri góðan mann betri. Hvort sem hæstv. dómsmrh. líkar betur eða verr vil ég lýsa því yfir af miklum kunnugleika, að í lögregluþjónsstörfum í Reykjavík, að í fangavarðastöðum á Íslandi er mikið af afbragðsfólki, en þar er líka þó nokkur slatti af gersamlega óhæfu fólki, og mætti nú vera meira eftirlit á því en verið hefur um árabil.

Ekki skal ég nú vera að egna hæstv. dómsmrh. aftur upp í ræðustól til að verja þessa stétt. Ég tek fram að það er ákaflega flókið mál hvernig refsingu fyrir afbrot skuli háttað. Ég hef á því ákveðnar skoðanir og gætu margir þingmenn flutt hér langa fyrirlestra. Ég vil þó lýsa því yfir sem minni reynslu, að það þarf ákaflega sterkan ungan mann til þess að koma óskaddaður út úr nokkuð langri fangavist á Litla-Hrauni. Ég tel að sá maður þyrfti að vera mjög heilsugóður, til að þola þá vist eins og hún hefur verið um árabil. Og ég vil lýsa því líka yfir, þó það verði flokkað til stóryrða, að fangelsi eins og Litla-Hraun hefur því miður ekki verið betrunarhús. Þetta hefur meira og minna verið spillingarbæli. Það hefur verið til þess að gera unga menn, sem hafa hrasað, enn þá erfiðari og enn þá verri. Það hefur alveg gersamlega vantað frá hendi ríkisvaldsins og frá hendi þeirra aðila, sem hlut eiga að máli, að koma þessu unga fólki eitthvað til hjálpar þegar það hefur lokið að afplána sína refsingu. Reynslan er sú, að allt of stór hópur er þarna, gengur þarna út og inn. Þeir dvelja stuttan tíma utan fangelsa, en koma þarna síðan inn aftur. Því miður er of mikið þarna af síbrotamönnum. Ég skal ekki vera að telja hér upp dæmi endalaust, það er ekki tími til þess, þó freistandi væri að tilgreina mörg atriði. Ég endurtek einungis, að Litla-Hraun má batna ef það á að rísa undir nafni að vera eitthvert betrunarhús. Því fullyrði ég að það þarf sterkan ungan mann til þess að hann bíði ekki alvarlegt tjón af fangavist að Litla-Hrauni.

Ég viðurkenni hins vegar að þetta er mikið vandamál og erfitt við að eiga, en engu að síður hefur þetta bakað þjóðfélaginu milljónakostnað, tugmilljónakostnað, og í allt of mörgum tilfellum við sömu menn, og endurhæfing og aðstoð við marga af þessum ungu mönnum hefur nánast engin verið. Sannleikurinn er sá, að braut þessara manna er ákaflega erfið þegar þeir koma þarna út.

Hv. þm. Albert Guðmundsson gat þess, að við hefðum orðið þarna samferða í haust og honum liðið illa á eftir. Ég var viku að ná mér, ég var heila viku að ná mér eftir þessa heimsókn. Ég fór þangað í heimsókn fyrir nokkuð mörgum árum. Ég skal viðurkenna að það var mjög til bóta frá því sem þá var, en það var óhugnanlegur dvalarstaður.

Ég bind miklar vonir eins og dómsmrh. við starfsemi Verndar. Ég held að samtök þess fólks, sem þar stendur að verki, séu ákaflega jákvæð og virðingarverð. Mér sýnist að þar sé gripið á meinsemdinni, að þegar menn hafa afplánað fangavist séu þeir aðstoðaðir á hinni erfiðu braut þar sem þeim er yfirleitt alls staðar úthýst eftir fangelsisdóm.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri, en ég legg áherslu á menntun fanga, endurhæfingu fanga, að þeim sé gerð heimkoman auðveldari og að svokölluð betrunarhús séu ekki mannskemmandi, eins og þau hafa verið fram til þessa og mér virðist meira og minna vera enn. Þá vil ég um leið ítreka stuðning minn við till., sem hér er flutt, og vænti þess, að það verði upphaf að stuðningi Alþingis við þá sókn sem Vernd hefur nú hafið, sem hefur verulega látið til sín taka í þessum efnum. Það er ósk mín að þetta verði upphafið, en það sérstæða fámennisþjóðfélag, sem við búum í, og þeir sérstæðu þjóðfélagshættir, sem eiga vart sinn líka erlendis, geri mögulegt að við getum tekið á þessum málum mannlegar og að menn komi ekki spilltari og verri og vonlausir út úr þessum fangelsum, heldur séu þeir aðstoðaðir til sjálfsbjargar. Hitt er svo efni í heilan fyrirlestur, sem ekki er tími til að rekja hér, hvort með fangelsi og fangelsisvist, eins og dómstólar almennt dæma í, sé ekki allt of langt gengið. Ég veit að þarna eru feikilega flókin mál, þarna eru geysilega vandasöm mál í sambandi við alvarleg og slæm afbrot, en mín skoðun er sú, að dómstólar á Íslandi hafi almennt gengið of langt þegar þeir eru að dæma menn til fangelsisvistar, vegna þess að það hefur neikvæð áhrif.

Flm. (Helgi Seljan): Herra forseti. Það er komið fram yfir venjulegan fundartíma svo ég skal aðeins segja örfá orð.

Í fyrsta lagi fagna ég þeirri umr., sem hér hefur orðið, og ég fagna ekki síður því, hversu víðtæk hún hefur orðið. Við flm. vissum að þegar við kæmum fram með till. af þessu tagi, yrðu umr. um hana á annað borð, þá yrðu þær viðkvæmar og næðu yfir flest svið þessara mála. Þær hafa gert það, sem betur fer, og því ber að fagna, því að öll eru þessi mál þannig að þau eru vissulega okkur til umhugsunar, jafnframt því sem ég er enn sannfærðari en ég var um að hér er að réttu upphafi vikið í þessari till. mjög réttilega og nauðsyn að koma því sem fyrst á

Hæstv. dómsmrh. sagði réttilega að þessi menntun, sem er reyndar ekki öðruvísi en samkvæmt sérbókun í kjarasamningum, væri yfirborðskennd. Því miður er það einmitt það sem fangaverðir hafa verið að benda á, að hún væri allt of yfirborðskennd, hún nægði þeim engan veginn, þeir væru ekki ánægðir með hana, þeir vildu meiri menntun og staðbetri til þess að byggja á starf sitt og það væri aðalkrafa þeirra.

Hér hefur fjármagnið komið til umr. og að hér þyrftu eftir að fylgja vissar fjárveitingar ef þessi till. ætti ekki að vera sýndarmennska ein. Hv. þm. Albert Guðmundsson þekkir okkur alla flm. að því að flytja ekki sýndartillögur í sambandi við svona mál. Ég hygg því að hann hafi ekki verið með þá meiningu að baki og að till. væri flutt í þeim tilgangi, enda ítrekaði hann einmitt stuðning við hana og lagði áherslu á að hún næði sem allra fyrst fram að ganga til þess einmitt að byggja á nauðsynlegan grunn fyrir fjárveitingu til þessarar menntunar, því það vita menn, að eftir að menn eru búnir að lögfesta slík atriði er ólíkt léttari róðurinn að ná fram fjárveitingum til þeirra mála en ef menn svífa meira og minna í lausu lofti. Lögregluskólinn hefur t. d. sannað að þegar þar var um ákveðna lögleiðingu að ræða, ákveðna menntun að ræða, þá hafa fjárveitingar til þess farið nokkuð — að vísu ekki fullnægjandi eflaust, en nokkuð eftir því sem til hefur verið ætlast. Þannig reikna ég einnig með að verði ef þessi till. verður samþ. og menn koma því í verk að lögleiða þessa menntun. — Þá verður ekki mjög erfitt að sækja á fjárveitingavaldið með að veita það nauðsynlega fjármagn sem þarf.

Ég veit þetta af reynslu úr fjvn. Ég veit hvaða grunn við þurfum að hafa þar. Hæstv. dómsmrh. hefur starfað þar líka og veit að grunnurinn að þessu er ákveðin lagasetning sem leggur ríkisvaldinu ákveðnar skyldur á herðar varðandi lágmarksmenntun eins og við erum hér að tala um. Þar af leiðandi er fjárveitingavaldið skyldugt um leið til þess að taka til þess jákvæða afstöðu og veita til þess fé.

Hitt er svo annað mál, sem hér hefur verið komið nokkuð inn á og ég hef kannske ekki gert nægileg skil í upphafi, fangelsismálin almennt, en ég sagði það og segi enn: Þar er um svo víðtækt og viðamikið mál að ræða að við flm. sem aðrir hér inni treystum okkur áreiðanlega ekki til að taka þau fyrir í einni þál. Það þarf miklu meira til. En ég vona og veit reyndar að hæstv. dómsmrh. mun vinna að þessum málum öllum í heild, ekki bara þessu, heldur öllum í heild, til hagsbóta fyrir þá sem njóta eiga.

Ég skal svo láta mín lokaorð vera þau, að vitanlega skiptir það mjög miklu máli að til starfa af þessu tagi, sem snerta mjög viðkvæm mannleg samskipti, veljist góðir menn. En ég er sannfærður um að ef rétt er að menntun þessara manna staðið gerir hún það sem hér var sagt áðan: Hún gerir góða menn betri.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 70. fundur.

Miðvikudaginn 1. apríl, kl. 2 miðdegis.

Fiskvinnsluskóli, frv. (þskj. 483, n. 567). — 2. umr.

Frsm. (Stefán Guðmundsson): Herra forseti. Sjútvn. Ed. hefur fjallað um frv. til l. um breyting á lögum nr. 55 15. apríl 1971, sbr. lög nr. 57 21. apríl 1974, um fiskvinnsluskóla, 11. mál. Í aths. við frv. segir m. a.:

„Meginmarkmið með flutningi þessa frv., ef að lögum verður, er að taka af tvímæli um réttarstöðu fiskiðnaðarmanna, er þeir hafa lokið prófi frá Fiskvinnsluskólanum, og setja skýrari ákvæði um lokapróf, verklegt próf, svo og starfsþjálfun að prófi loknu. Jafnframt er stefnt að því að afmarka betur en nú er gert námskeiðshald fyrir matsmenn, svo og endurmenntun þeirra."

Sjútvn. var sammála um að gera þá breytingu á frv., sem kemur fram á þskj. 567, en það er að skólanefnd Fiskvinnsluskólans skuli skipuð sex mönnum í stað fimm. Það er m. ö. o. lagt til að Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins tilnefni einn mann í skólanefnd. Að öðru leyti verði skólanefndin skipuð einum manni eftir tilnefningu Fiskifélags Íslands, einum eftir tilnefningu Fiskiðnar, fagfélags fiskiðnaðarins, og einum úr hópi reglulegra nemenda skólans. Tveir nefndarmenn skulu skipaðir án tilnefningar. Annar skal vera frá Framleiðslueftirliti sjávarafurða, en hinn úr röðum framleiðenda.

Undir þetta nál. skrifa allir nm. sjútvn., þeir Stefán Guðmundsson, Guðmundur Bjarnason, Geir Gunnarsson, Gunnar Thoroddsen, Guðmundur Karlsson, Egill Jónsson og Kjartan Jóhannsson.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 567 (ný 2. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
3.—4. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Framleiðslueftirlit sjávarafurða, frv. (þskj. 484, n. 568). — 2. umr.

Frsm. (Stefán Guðmundsson): Herra forseti. Sjútvn. Ed. hefur fjallað um frv. til l. um breyt. á l. nr. 108 31 des. 1974, um Framleiðslueftirlit sjávarafurða, 24. mál. Þetta frv. er flutt í beinum tengslum við frv. um Fiskvinnsluskólann sem við vorum að fjalla um hér áður.

Meginbreytingin sem gerð var á frv. í meðferð Nd., er að löggilding á matsmönnum til ferskfisks-, saltfisks-, saltsíldar- og skreiðarmats fer fram eftir að þeir hafa starfað í tvo mánuði eða minnst 300 vinnustundir að fiskmati.

Sjútvn. Ed. var sammála um að leggja til að frv. verði samþykkt eins og það kom frá Nd. Undir nál. skrifa þeir Stefán Guðmundsson, Guðmundur Bjarnason, Geir Gunnarsson, Gunnar Thoroddsen, Guðmundur Karlsson, Egill Jónsson og Kjartan Jóhannsson.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Ný orkuver, frv. (þskj. 512). — Frh. 1. umr.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir til umr., er að ýmsu leyti svipað þeirri stefnu sem Alþfl. hefur mótað að því er varðar virkjunarmál og orkufrekan iðnað. Nokkur frávik eru þó að því er varðar viss atriði, en í megindráttum fellur þetta frv. að þeim sjónarmiðum sem þegar hafa verið túlkuð fyrir hönd

Alþfl. í þessum málum í umr. hér á þinginu og annars staðar á opinberum vettvangi.

Nú hefur reyndar líka verið lagt fram frv. af hálfu Magnúsar H. Magnússonar og fleiri þm. Alþfl. um breytingar á lögum um Landsvirkjun sem lúta í sömu átt. Meginmunur þessara tveggja frumvarpa liggur í því, að í frv. því, sem hv. þm. Magnús H. Magnússon og fleiri Alþfl.-menn hafa lagt fram, er röðun framkvæmda gefin allákveðið til kynna, og í annan stað er gert ráð fyrir að Landsvirkjun sé framkvæmdaaðili að öllum þeim virkjunum sem þar er gerð tillaga um.

Að því er virkjunarkosti varðar liggur munurinn kannske fyrst og fremst í því, að í frv. Magnúsar H. Magnússonar og fleiri þm. Alþfl. er enn fremur gert ráð fyrir möguleikanum á stækkun Búrfellsstöðvarinnar ásamt aðalorkuveitu. Sá kostur er ekki í því frv. til l. sem hér er til umr.

Eins og hv. deild er kunnugt fluttu þm. Alþfl. þegar við upphaf þessa þings þáltill. um aukningu orkufreks iðnaðar, þar sem gert var ráð fyrir að Alþingi ályktaði að kjósa nefnd sjö þm. til að fjalla um stórfellda aukningu á orkufrekum iðnaði næstu ár til að nýta í ríkara mæli en nú er gert hinar miklu og óbeisluðu orkulindir fallvatna og jarðhita. Tilgangur þessarar till. var að ákveða stóraukna hagnýtingu á orkulindum landsins til iðnvæðingar og með þeim hætti að stöðva afturför lífskjara og tryggja með sem skjótustum hætti batnandi afkomu, aukið atvinnuöryggi og fjölgun atvinnutækifæra og þar með að leitast við að stöðva landflóttann.

Þær tillögur, sem Alþfl.-menn í Nd. hafa flutt um þetta mál, eru í fullu samræmi við þá till. til þál., sem ég gat hér um, um aukningu orkufreks iðnaðar. Meginhugsunin í þeirri till. okkar Alþfl.-manna í Nd. er að gefa nú þegar heimildir til virkjunar á allmörgum virkjunarkostum, velja þeim forgangsröð, eins og ég gat um áðan, og að fela Landsvirkjun framkvæmd þessara mála. Að því er varðar síðast talda atriðið er rétt að rifja upp að oft hefur verið rætt um nauðsyn þess, að allar meiri háttar virkjanir og meginflutningslínur væru á hendi eins aðila. Þessi stefnumörkun hefur birst í tillögum um að virkjunarsvæði Landsvirkjunar næði til landsins alls og að Landsvirkjun risi þannig undir nafni. Það er skemmst að minnast þess, að núv. iðnrh. beitti sér mjög fyrir lagabreytingum í þessa átt. Af þeim sökum kemur mönnum vitaskuld spánskt fyrir sjónir að undirbúningur skuli nú falinn öðru fyrirtæki, því að til að ná því markmiði, að Landsvirkjun byggi og starfræki virkjanir um land allt og rísi þannig undir nafni, er auðvitað nærfelldast að fela henni að annast framkvæmd og rekstur á þeim virkjunum af stærra tagi sem fram undan eru. Þetta sjónarmið kemur fram í till. Alþfl.-mannanna í Nd. Á hitt er svo jafnframt að líta, að Landsvirkjun býr yfir mestri þekkingu og reynslu á þessu sviði og ætti því að vera hæfust til að hafa framkvæmdir og rekstur á hendi, og af þessum sökum einum saman virðist einsýnt að rétt sé að fela Landsvirkjun þetta verkefni. Um þá virkjunarkosti, sem upp eru taldir, er þó gerður sá fyrirvari í till. Alþfl.-mannanna í Nd., að ekki skuli ráðast í virkjanir nema sýnt hafi verið fram á að nægur markaður verði fyrir hendi þegar áætlað er að virkjunarframkvæmdum ljúki, nægur markaður til að tryggja hagkvæmni viðkomandi virkjunar, og má sá markaður vera annars vegar vegna aukinnar og almennrar orkunotkunar eða hins vegar með sölusamningum til orkufreks iðnaðar. Trúi ég að engum komi það á óvart, að saman fari markaður og virkjunarmál, en við leggjum sem sagt áherslu á það, að gert verði átak í þessum efnum til þess að treysta atvinnulífið í landinu.

Það er skoðun okkar Alþfl.-manna, að orkumálin og orkunýting til orkufreks iðnaðar sé sú grein atvinnulífsins sem líklegust sé til þess að fjölga atvinnutækifærum hér á landi við arðbær störf, treysta lífskjörin og eyða þannig óvissu og stöðva landflótta. Með þessu móti mundi okkur takast að snúa við af braut rýrnandi eða staðnandi lífskjara og landflótta og ná að treysta lífskjörin og auka hagvöxtinn. En það er okkur m. a. nauðsynlegt til þess að standa undir margvíslegum félagslegum verkefnum sem sinna verður í ríkara mæli en gert hefur verið til þessa.

Ég held að það sé rétt að líta á að undanförnum 15 árum hefur verið virkjuð ein virkjun um það bil á fjögurra ára fresti eða sem svarar til að þeim virkjunum, sem hér er einkum talað um, í Sultartanga, í Blöndu og í Fljótsdal, yrði lokið á 12 árum, ef óbreyttur hraði væri í virkjunarmálunum. Þær virkjanir, sem hér er talað um, eru samtals þrjár tetrawattstundir og miðað við sama virkjunarhraða og verið hefur undanfarin 5 ár ætti þeim að verða lokið á 12 árum. Það er hins vegar eðlilegt markmið að allar þessar þrjár virkjanir verði komnar fyrr í gagnið og fyrir árið 1990. Við höfum sett okkur, Alþfl.-menn, og teljum eðlilegt að auka virkjunarhraðann um því sem næst 50%, sem mundi þá þýða að öllum þessum virkjunum yrði lokið á 8 árum. Ef sú stefna yrði tekin upp, þá er óþarfi að búa sér til landshlutaríg út af þeim virkjunum sem nú eru til umræðu. Þetta ætti að gerast með þeim hætti að halda áfram virkjunum á Þjórsársvæðinu, þar með talin Sultartangavirkjun, og bæta öðrum virkjunarkostum við og þá væntanlega í þeirri röð, að Blönduvirkjun færi í framkvæmd 1983, en það er eðlilegur undirbúningstími fyrir þá virkjun að hún hefjist þá, og síðan Fljótsdalsvirkjun svo fljótt sem undirbúningi hefði verið lokið og markaður hefði verið tryggður fyrir orkuna. En jafnframt þurfum við að snúa okkur að því af alefli að athuga möguleika á frekari orkufrekum iðnaði. Fjárhagslega ætti þetta ekki að verða okkur ofviða. Á undanförnum árum hefur fjárfestingin í virkjunarkostum að jafnaði verið 21 milljarður gkr. á ári. 50% aukning mundi þýða viðbót upp á um það bil 10 milljarða gkr., eða eins og svarar kannske til um það bil þriggja togara, og annað eins hafa menn nú látið sig hafa hér á Íslandi. En markmiðið á jafnframt að vera að hafa alltaf nægilega marga valkosti undirbúna til þess að nýta arðgæfa möguleika sem gefast kunna í orkufrekum iðnaði á hverjum tíma.

Mér sýnist að að undanförnu hafi verið fylgt eins konar músarholusjónarmiði í virkjunarmálum hér á landi. Það hefur verið stefna hæstv. iðnrh. — og er greinilega stefna hans — að gera sem minnst og sem seinast, þannig að fleyta megi sér við orkuskort eða knappa orku fram til áranna 1987—1988 sem aðgerðaminnst. Ég held að það sé röng stefna. Við Alþfl.-menn teljum að sú stefna, sem birtist í frv. okkar og þeim málflutningi, sem við höfum haft uppi, og birtist reyndar líka í því frv. sem hér er til umr., sé hið rétta í þessum efnum og þess vegna sé nauðsynlegt að gera stórfellt átak í þessum efnum.

Ég vil að lokum minna á það, að virkjunarframkvæmdir eru í sjálfu sér atvinnugrein hér á landi. Það er mikill fjöldi manna, sem hefur unnið við virkjunar-

framkvæmdir að undanförnu. Í sumar má búast við að vinni um 500 manns við Hrauneyjafossvirkjun og líklega um 100 til viðbótar í sambandi við línubyggingar. Samtals eru þá um 600 manns sem verða í þessum störfum í sumar. Í járnblendiverksmiðjunni hafa að undanförnu unnið við framkvæmdir 80—100 manns, en þegar mest var um 300 og s. l. tvö ár 150—200 manns. Ég hugsa að það láti nærri, að almennt verkafólk og iðnaðarmenn, sem unnið hafa við virkjunarframkvæmdir og byggingarframkvæmdir í orkufrekum iðjuverum á undanförnum árum, hafi verið 600—800 talsins. Hér er komin upp atvinnugrein, hér er kominn upp hópur fólks sem kann að standa að virkjunum og vinna að virkjunarframkvæmdum og framkvæmdum af þessu tagi. Hér er kominn upp hópur fólks sem hefur haft lífsviðurværi sitt af þessum framkvæmdum. Í þessu sambandi er tvennt að athuga: Í fyrsta lagi, að ef hlé verður á virkjunarframkvæmdum og framkvæmdum við fyrirtæki sem nýta sér orku, þá yrði þetta fólk að leita sér annars staðar að störfum. Það er hætt við að mörgum gæti veist það erfitt. Í annan stað verður að gæta að því, að í rauninni höfum við komið okkur upp hópi fólks sem kann að vinna saman. Við höfum komið okkur upp vél sem kann að framleiða virkjanir, og þá vél eigum við ekki að brjóta, þá vél eigum við að nýta okkur. Mér er kunnugt um það, að að undanförnu hafa menn úr þessum hópi verið að flytjast úr landi vegna þess að þeir sæju ekki atvinnutækifæri fyrir sig fram undan. Þegar eðlileg stefna er að nýta sér þær orkulindir, sem fyrir hendi eru, til aukinnar atvinnuuppbyggingar, þá megum við ekki gera það með þeim hætti, að við eyðileggjum þá vél sem kann að framleiða virkjanir, að við köstum því fólki frá okkur sem hefur starfað við þetta og kann að starfa við þetta. Við eigum líka að hafa í huga atvinnusjónarmið þessa fólks.

Ég hef stöku sinnum heyrt það sjónarmið, að með því að virkja værum við að ganga á auðlindir okkar, það verði þá ekkert eftir t. d. um aldamótin eða svo. Ég tel að þetta sé grundvallarmisskilningur. Meðan við virkjum ekki rennur vatnsaflið ónotað til sjávar og skilar engu í þjóðarbúið, en ef við virkjum, þá skilar það sínu á hverju ári. Ef við hins vegar þurfum á vatnsaflinu að halda til annarra nota en þeirra sem við settum raforku úr vatnsaflinu í núna, þá á það að vera hægur vandi að þeim 20—30 árum liðnum sem menn eru að tala um. Þá verða afskrifuð þau fyrirtæki sem menn hafa verið með, og þá geta menn nýtt þetta til annarra hluta sem kunna að þykja betri á þeim tíma. En jafnframt hefur þó tímabilið fram til þess tíma verið notað til þess að renna frekari stoðum undir þjóðlíf okkar og undir atvinnulífið hér á landi, skapa atvinnutækifæri og treysta lífskjörin.

Herra forseti. Ég tel í megindráttum að það frv., sem hér er mælt fyrir, sé gott frv. og falli saman við þá stefnumörkun sem Alþfl. hefur haft uppi í þessum efnum. Þau atriði, sem einkum ber á milli, hef ég þegar rakið. Það er skoðun okkar Alþfl.-manna, að það sé nauðsynlegt að kveða upp úr um það, að Landsvirkjun hafi þessi verkefni á hendi. Við teljum líka að það sé eðlilegt að gefa nánar til kynna en hér er gert röðun framkvæmda með þeim hætti sem við höfum gert. Við teljum enn fremur eðlilegt að hafa eingöngu almennan fyrirvara um orkuöflun, en að öðru leyti fellur þetta frv. saman við þær hugmyndir, sem við Alþfl.-menn höfum, og hugsanlega mætti ná samstöðu um málamiðlun í þessum efnum.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Það hafa nú orðið allmiklar umr. um frv. það sem hér er á dagskrá, og er það ekki að ófyrirsynju og að sjálfsögðu ekki nema gott um það að segja. Það eru nokkur tíðindi, sem eru varðandi þessi virkjunarmál, að sex þm. Alþfl. í Nd. hafa borið fram frv. til laga um breytingar á lögum um Landsvirkjun, sem hv. 2. þm. Reykn. vék að í máli sínu nú. Ég tel að þetta frv. feli í sér stuðning við meginstefnu þess frv. sem við sjálfstæðismenn höfum lagt fram og stöndum að og er hér til umr., en ég ætla mér ekki hér að ræða það frv. sem liggur fyrir Nd. Ég vil aðeins að gefnu tilefni vekja athygli á því, sem hv. 2. þm. Reykn. kom líka að, að í frv. okkar sjálfstæðismanna er gert ráð fyrir að virkjunaraðili sé Landsvirkjun eða landshlutafyrirtæki. En þeir Alþfl.-menn reikna með að það sé einungis Landsvirkjun sem komi til greina eða sé falið að annast þessar virkjunarframkvæmdir og rekstur þessara virkjana.

Við sjálfstæðismenn höfum viljað gera ráð fyrir að það væri möguleiki á því að stofna landshlutafyrirtæki í hinum einstöku landshlutum, eins og ég gerði grein fyrir í framsögu minni fyrir þessu máli. Við höldum því þannig opnu samkv. okkar till. að það geti verið landshlutafyrirtæki á Suðurlandi. Ég vil leyfa mér að vekja athygli á því, að iðnn. þessarar hv. deildar hefur borist umsögn frá samtökum sunnlenskra sveitarfélaga um frv. til orkulaga sem liggur fyrir nefndinni og er flutt af okkur sjálfstæðismönnum í þessari hv. deild. Í þessu frv. er gert ráð fyrir landshlutafyrirtækjum ef vilji er fyrir því í viðkomandi landshlutum. En þessi umsögn frá Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga er á þá leið, að það ákvæði frv. sé til bóta, að möguleikar séu fyrir stofnun landshlutaveitu. Ég vek athygli á því, að jafnvel samtök sveitarfélaga á Suðurlandi, þar sem Landsvirkjun er nú með sínar virkjanir, hefur sent hv. iðnn. þessa umsögn. Hv. 2. þm. Reykn. á sæti í þessari nefnd og ég geri ráð fyrir að honum sé þetta kunnugt.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara að ræða sérstaklega um ræðu hv. 2. þm. Reykn., vegna þess að það kom glögglega fram að víðtæk samstaða er milli okkar, og ég vil þá meina milli stjórnarandstöðuflokkanna, í þessu máli. En ég vík þá að öðrum ræðum sem fluttar hafa verið í þessum umr., og er þar þá fyrst til að taka ræðu hæstv. iðnrh.

Hæstv. iðnrh. flutti ítarlega ræðu um þetta mál, þar sem hann kom víða við og ræddi málin málefnalega. En ég tel ástæðu til að gera aths. við vissa þætti í ræðu hans. Hæstv. ráðh. kom ítrekað að því í ræðu sinni, að við sjálfstæðismenn vildum gefa hæstv. ríkisstj. víðtækar heimildir. Hann lét orð falla á þá leið, að það mætti túlka sem traust okkar á ríkisstj. (Gripið fram í.) Ég held að hv. 4. þm. Norðurl. e. og hv. 11 þm. Reykv. séu nokkuð fljótir á sér, fljótir að draga ályktanir í þessu efni, eins og raunar kom fram í ræðum þeirra fyrr í þessum umr. Auðvitað gerum við ráð fyrir að það sé ríkisstj. í landinu og það, sem ríkisstj. er falið samkv. þessu frv., sé þá falið núv. ríkisstj., ef hún situr þá þegar þetta frv. er orðið að lögum.

En hér er ekki um frv. að ræða í heimildarformi eins og venjulega er þegar um virkjanir er að ræða. Ég ræddi þetta alveg sérstaklega í minni framsöguræðu. Hér er ekki talað um að heimila ríkisstj. Hér eru fyrirmæli til ríkisstj. um að hún skuli fela Landsvirkjun eða lands-

hlutafyrirtækjum þær framkvæmdir sem hér um ræðir. Það er ekki tilviljun, að þetta form er haft eins og ég sagði í minni framsöguræðu. Það er vegna þess að við teljum að hæstv. ríkisstj. veiti ekki af fyrirmælum í þessu efni. Náskylt þessum fyrirmælum er það ákvæði frv., að sett eru bein, ákveðin skilyrði fyrir því, að hefja megi framkvæmdir við ákveðnar virkjanir, þ. e. Fljótsdalsvirkjun og Blönduvirkjun. Það leiðir af því, að það stoðar ekki að ætla að gefa ríkisstj. — hver sem hún er — bein fyrirmæli um framkvæmdir ef ekki er fullnægt vissum skilyrðum. Þess vegna eru skilyrðin fram tekin í frv. á þann veg sem gert er. Ég vona að þetta atriði verði ekki raunar neitt ágreiningsatriði milli mín og hæstv. ráðh. og það liggi ljóst fyrir hvað vakir fyrir flm. í þessu efni.

Ég skil það náttúrlega ósköp vel, að það væri fagnaðarefni fyrir hæstv. ráðh. ef hann fyndi að það vottaði hjá stjórnarandstöðunni fyrir einhverju trausti á ríkisstj.

Þá er það annað atriði sem hæstv. ráðh. vék nokkuð að, þó ekki mikið. Hann vakti athygli á því, sem rétt var, að framkvæmdum væri ekki raðað. Hann hélt ekki uppi mikilli gagnrýni á frv. fyrir það, naumast var þar að finna nokkra gagnrýni. Ef svo hefði verið, þá geri ég ráð fyrir að hæstv. ráðh. hefði sagt okkur hvaða röðun hann vildi hafa á verkefnunum. En það gerði hæstv. ráðh. ekki, þannig að eins og stendur virðist mér nú að líkt sé ástatt með okkur sjálfstæðismenn og hæstv. ráðh. í þessu efni.

Ég vék sérstaklega að því í minni framsöguræðu, hvers vegna þessi háttur væri á hafður, og skýrði það rækilega. Ég benti m. a. á að það gæti tafið framkvæmdir ef við í löggjöf ætluðum að binda algerlega framkvæmdaröðina. Það væri alvarlegt mál vegna þess að tillaga okkar sjálfstæðismanna er um að ljúka öllum verkefnum, sem frv. fjallar um, á tilteknum tíma, innan 10 ára. Þess vegna mætti ekki missa neinn tíma til athafna í þessu máli, hvort sem það er til undirbúnings að framkvæmdum eða framkvæmdirnar sjálfar. Það yrði að taka hvert verkefni fyrir eins og það lægi fyrir.

Hæstv. ráðh. ræddi um stóriðju. Það var eðlilegt, því að eins og ég lagði ríka áherslu á í minni framsögu er forsendan fyrir öllum þessum framkvæmdum, svona miklum og örum framkvæmdum í virkjunarmálum, fólgin í því, að markaður fáist að verulegu leyti í formi stóriðju eða orkufreks iðnaðar. Ég skildi hæstv. iðnrh. þannig, að við værum sammála um að það yrði að koma til orkufrekur iðnaður, við værum sammála um að við yrðum að gera átak í stóriðjumálum. Þetta er ákaflega þýðingarmikið, að stjórnarandstaðan og ég ætla ríkisstj. séu sammála um þetta. Og það breytir náttúrlega engu um þetta, það sem hv. 11. þm. Reykv. og 4. þm. Norðurl. e. voru að segja um þessi efni fyrr í umr.

En við hæstv. iðnrh. virðumst ekki vera sammála um allt varðandi stóriðjuna og var kannske ekki þess að vænta. Ég skildi hæstv. iðnrh. þannig, að hann teldi að það væri ekki rétt stefna eða óþarfi að leggja áherslu á það, eins og við flm. þessa frv. gerum, að tryggja markaðinn fyrir fram, að taka fyrir fram eða jafnhliða ákvörðun um stórvirkjun. Ég skildi hæstv. ráðh. þannig, að ef það væri gert, þá værum við leitandi út um allan heim að kaupendum að orkunni og það gæti valdið því, að við hefðum lakari samningsstöðu þegar við værum að semja um orkuverðið. Hann orðaði þetta þannig, minnir mig, í ræðu sinni, að ef við færum svona að köstuðum við okkur til sunds í þessu máli. En ég held að við þurfum að líta nánar á þetta, og ég verð að segja að mér finnst þetta furðuleg röksemdafærsla hjá hæstv. iðnrh. Frá mínu sjónarmiði er þetta alger rökvilla. Ég held að með því að tryggja fyrir fram markaðinn eða jafnframt og við förum í virkjanir, þá höfum við miklu betri aðstöðu til samninga heldur en ef við erum búnir að virkja og ætlum svo að fara að leita markaðarins, því að þá erum við búnir að leggja í kostnaðinn við virkjanirnar og erum í vanda staddir. Ég sé ekki annað en það væri hin bágbornasta samningsaðstaða fyrir okkur varðandi orkuverðið undir þeim kringumstæðum. Ef við yrðum ekki búnir að virkja, þá höfum við alltaf möguleika á því að virkja ekki ef við höfum ekki markað fyrir orkuna. Ég vænti þess, að hæstv. ráðh. athugi þetta nánar. Þetta er að sjálfsögðu ákaflega þýðingarmikið atriði.

Ég sagði áðan að við hæstv. iðnrh. værum sammála um að það þyrfti að koma til stóriðja. Ég skil málflutning hans hér og ræðu hans þannig. Hann talar líka um það í ræðunni, að það þyrfti atvinnuuppbyggingu í landinu, eins og hann orðaði það, og hann sagðist vera með henni nokkuð afdráttarlaust, eins og hann orðaði það. Það liggur kannske í þessum orðum að það eigi að fara með gát í atvinnuuppbyggingunni. Hann talaði um það í þessu sama sambandi, að atvinnuuppbyggingin mætti ekki verða fótakefli efnahagslega. Svo var hann allt í einu farinn að tala um sjálfstæði þjóðarinnar í þessu sambandi. Þetta kemur dálítið annarlega fyrir sjónir þegar við erum að ræða um það stórkostlega verkefni sem bíður okkar, að hagnýta sem best þau auðæfi, sem við eigum í orkulindunum, til atvinnuuppbyggingar, atvinnuöryggis og hagsældar fyrir landsmenn. Maður verður að ætla að þarna séu enn þá einhverjar leifar af þeirri gömlu stóriðjuhræðslu sem hefur komið fram hjá vissum aðilum á undanförnum árum og áratugum. Ég segi: leifar, ég leyfi mér að segja það, vegna þess að hæstv. ráðh. kvað nú ekki sterkt að orði í þessu efni. Það var náttúrlega ekkert sambærilegt og ætti ekki að nefna í sömu andránni og þann tón sem kom fram í máli hv. 4. þm. Norðurl. e. og hv. 11. þm. Reykv. En ég geng út frá því, að hæstv. iðnrh. geri sér alveg grein fyrir því, að þessi svokölluðu höfuðrök, sem menn hafa verið að hampa á móti stóriðju, séu nú að verða ætíð léttvægari. Hver trúir því, að það sé hætta á því að eigendur stóriðjufyrirtækja gangi í eitthvert bandalag við atvinnurekendavaldið í landinu til þess að berja á verkalýðnum? Þetta var ein af höfuðröksemdum gegn stóriðju þegar umræður um hana byrjuðu á sjöunda áratugnum. (**ÓRG:** Vill hv. þm. líka rifja upp eitthvað af þeim röksemdum sem voru með?) Hver trúir því í dag, að það sé hætta á því að eigendur stóriðjufyrirtækja gangi í eitthvert bandalag við atvinnurekendavaldið í landinu til þess að berja á verkalýðnum? Þetta var ein af höfuðröksemdum gegn stóriðju þegar umræður um hana byrjuðu á sjöunda áratugnum. (**StJ:** Hvar er hagnaður af járnblendinu, hv. þm., hvar er hagnaðurinn af járnblendiverksmiðjunni?) Ég skal koma síðar að því, hv. þm., og mundu það, hv. 4. þm. Norðurl. e., að ég mun veit þér þá þjónustu sem ég vil og vert er í þessum umr. og ljúka því áður en ég fer úr ræðustólnum.

Ég vil víkja fáeinum orðum frekar að hæstv. iðnrh., ekki í ádeiluformi. Ég vil bara leggja áherslu á það, hvað hæstv. iðnrh. gegnir veigamiklu hlutverki í þessum málum. Ég tek svo til orða vegna þess, að það, sem við erum að tala um í þessum umr., og það, sem þetta frv.

fjallar um, er stórvirki í íslenskum efnahagsmálum, og það verður ekki gert átakalaust, áreynslulaust. Það þarf mikla baráttu og menn þurfa að vera staðráðnir í því að koma því fram sem hér er um að ræða. Ég vona sannarlega að okkur takist að framkvæma þetta, hver svo sem ríkisstj. er og hver svo sem iðnrh. er. Hér er um að ræða mál sem er hafið langt yfir hversdagslegt dægurþras, og hér er um að ræða mál sem við ættum að geta verið sammála um.

Ég skal þá víkja að ræðu hv. 4. þm. Norðurl. e., Stefáns Jónssonar. Ég hef áður látið þess getið, að það hefur kveðið við allt annan tón hjá honum í þessum umr. heldur en hjá hæstv. iðnrh. Þessi hv. þm. kom allvíða við. En allt hans mál var mengað, ef svo mætti segja, af andúð og skilningsleysi á því viðhorfi sem hér er um að ræða og varðar stóriðju og orkufrekan iðnað í landinu.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. vað nú svo brátt, að hann varð að kalla fram í áðan og spyrja hver hefði verið ágóði af járnblendiverksmiðjunni. (**StJ:** Hagur, sem hv. þm. fullyrti að hefði verið.) Meinar þú reikningslegur hagur? (**StJ:** Nei, fjárhagslegur.) Fjárhagslegur, já, af verksmiðjunni sjálfri? (**StJ:** Já.) Ég hef nú ekki undir höndum hér reikninga verksmiðjunnar. Þeir eru enn ekki ýkjamargir, en ég get þó gefið þær upplýsingar, að á árinu 1980 var rekstrarhalli 22 millj. nýkr. Sú upphæð er nokkurn veginn jöfn afskriftarupphæð hjá fyrirtækinu á þessu ári. Hv. 4. þm. Norðurl. e. — (Gripið fram í.) Ég kem síðar að hv. 11 þm. Reykv., það er ekkert að óttast. (**ÓRG:** Nei, þm. virðist vera eitthvað feiminn.) Jæja, það verður ekki borið upp á hv. 11. þm. Reykv. að hann sé feiminn að tala, hvort sem hann á að tala eða ekki.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. fullyrti að kostnaður við að skapa hvert atvinnutækifæri að Grundartanga væri 10 millj. kr. Hann sagði til áherslu 1000 millj., milljarður, þá átti hann við gkr. Hvernig svo sem hv. þm. reiknar þetta út er þetta alger fjarstæða — við fáum kannske að heyra síðar hvernig hann reiknar þetta út — því að ég vil gefa þær upplýsingar hér, að þótt allur kostnaður við byggingu og gangsetningu verksmiðjunnar og byggingarkostnaður hafnarinnar að Grundartanga sé reiknaður til núverðs verður þessi fjárfesting ekki hærri en rúmar 3 millj. kr. — svo að við tölum á máli hv. 4. þm. Norðurl. e. og notum gkr. — ekki hærri en 300 millj. gkr. Þótt bætt sé við hluta hins fasta afls í Hrauneyjafossvirkjun af heildarkostnaði hennar, eins og hún er ráðgerð, hækkar sú fjárfesting þennan kostnað á starf ekki nema um 1 millj. kr. eða 100 millj. gkr.

Það er talin nothæf svokölluð þumalfingursregla, að hvert starf í framleiðsluiðnaði af því tagi, sem um er að ræða í Grundartangaverksmiðjunni, leiði með ýmsum hætti af sér fjögur störf, auk þeirra verkefna sem sjálfur rekstur slíkrar verksmiðju skapar. Þegar í hlut á verksmiðja sem þarfnast svo mikilla flutninga á sjó sem Grundartangaverksmiðjan má vænta þess, að þessi margfeldisáhrif séu enn þá meiri. Raunar liggur fyrir að samningar Járnblendifélagsins við íslenskt skipafélag um hráefnisflutninga eingöngu hafa frá og með maímánuði n. k. lagt grundvöll að störfum 65 sjómanna á farskipum við flutninga, ýmist hérlendis eða fyrir erlenda farmflytjendur. Þetta er raunveruleikinn. Ég innti hv. 4. þm. Norðurl. e. eftir því, hvernig hann rökstyddi þá fullyrðingu sína sem hann kom með í máli sínu áður, að hvert starf kostaði 1 milljarð gkr. Mér finnst ekki nema sanngjarnt, þegar þessi hv. þm. er að óska eftir þess konar þjónustu af minni hálfu, að hann verði nú við þessu og skýri þetta nánar.

Þá var það annað sem hv. þm. ræddi sérstaklega um, og það var verðið fyrir orkuna til ÍSALs, þetta gamalkunna umræðuefni. Ég sagði áðan að mál þessa hv. þm. hefði einkennst af misskilningi á því máli sem við erum hér að fjalla um. Allt hans tal um orkuverðið ber vott um þennan misskilning. Það er ýmislegt sem við skulum hafa í huga þegar við ræðum um verðið á orkunni til álverksmiðjunnar. Við getum t. d. haft það í huga, að þegar þessir samningar voru gerðir var ekki mikið talað um hækkandi orkuverð eða þverrandi orkulindir í heiminum, sú umræða kom til síðar. Orkuverðið til álversins hefur verið ágreiningsmál. En það ætti ekki að vera mjög erfitt að átta sig á þessu máli, ef menn vilja það. Það verður að hafa viss atriði í huga varðandi þetta mál. Það verður að hafa í huga að orkusala til álversins var forsenda þess, að hægt var að virkja jafnstórt og jafnódýrt við Búrfell eins og gert var. Þröngsýnni stjórnmálamenn vildu hins vegar miða stærð virkjunarinnar við 70 mw. í stað 210 mw. eins og varð ofan á. Það verður líka að hafa í huga, að ÍSAL kaupir raforku í heildsölu fram hjá dreifikerfi hins almenna notanda, en dreifikerfið, sem er mjög kostnaðarsamt, er einn helsti verðþáttur smásölunnar. Það er fleira sem við þurfum að hafa í huga. Við þurfum að hafa í huga að ÍSAL nýtir orku allan sólarhringinn allt árið og er skuldbundið til að greiða fyrir hana án tillits til þess, hvort unnt er að nota hana eða ekki. Þetta skyldu menn hafa í huga.

Á þeim tíma, sem liðinn er frá því að Búrfellsvirkjun hóf rekstur, nema tekjur frá ÍSAL um 56% af öllum rekstrarkostnaði ásamt lánagreiðslum vegna Búrfellsvirkjunar. Búrfell er talið geta skilað 250 mw. í afli að staðaldri, en ÍSAL hefur á umræddum tíma notað u. þ. b. 140 mw. af því afli eða um 65%, notað 65%, en greitt af rekstrarkostnaði og lánagreiðslum 56.6 fram til ársins 1980. En á tímabilinu frá 1969 til 1994, þ. e. frá því að Búrfellsvirkjun tekur til starfa og þar til rafmagnsverð til ÍSALs verður endurskoðað samkv. samningi, — á þessum tíma gera tekjur frá ÍSAL meir en að greiða upp allan kostnað við Búrfellsvirkjun. ÍSAL greiðir eitt um 104 millj. dollara umfram allan fjármagnskostnað og rekstrarkostnað Búrfellsvirkjunar. Það er athyglisvert, að tekjur frá ÍSAL samkv. þessum útreikningi eru um 70% af samanlögðum tekjum á tímabilinu 1969—1994, og sé miðað við aflúttekt 160 mw. hjá ÍSAL er það mjög nálægt því að vera sama hlutfall af aflgetu Búrfellsvirkjunar, um 70% í báðar tilfellum. En þetta — ég bið menn að athuga — er einungis á 25 árum, raunveruleg ending mannvirkjanna er mun lengri. T. d. má reikna með að Búrfellsstöð og miðlunarmannvirki í Þórisvatni endist í a. m. k. 80 ár, og önnum þau mannvirki, sem talin eru til Búrfellsvirkjunar, geta enst í a. m. k. 40 ár. (**StJ:** Sérstaklega þegar jarðskjálftinn kemur.) Athygli vekur að fjárfestingin í Búrfellsvirkjun er meira en að fullu greidd á aðeins 25 árum með tekjum frá ÍSAL eingöngu, en að auki gefur fjárfestingin af sér verulegar fjárhæðir til viðbótar frá almenningsveitum. Ég vil biðja menn að taka eftir að í þessum áætlunum er miðað við að tekjur frá ÍSAL og almenningi aukist um 8% ár ári í dollurum talið. Verið getur að þetta muni reynast mun lægra, en jafnvel þó svo yrði er greinilegt að reikna má með því, að tekjur frá ÍSAL á þessum fyrstu 25 árum rekstrar þess fyrirtækis — með óbreyttum rafmagns-

samningi — nægir Landsvirkjun til þess að greiða allan stofnkostnað Búrfellsvirkjunar og allan reksturskostnað þeirra mannvirkja að auki þetta tímabil. Þar sem orkuverð í heiminum er alltaf að hækka fer orkuverðið til ÍSALs að öllum líkindum lækkandi í samanburði við það sem almennt gerist annars staðar. Telja verður því líklegt að ná megi samningum við ÍSAL um hærra orkuverð en núverandi samningar segja fyrir um. Náist það fram, eins og við öll vonum, batnar afkoma Landsvirkjunar enn frá því sem nú er áætlað og ég hef gert grein fyrir.

Ég sé ekki ástæðu til þess að svara tali hv. 4. þm. Norðurl. e. um orkuverðið til ÍSALs frekar en ég hef gert með þeim upplýsingum sem hér hafa komið fram. Hv. 4. þm. Norðurl. e. klykkti út í ræðu sinni með því, að hann mundi greiða atkvæði gegn framkvæmdum í virkjunarmálum ef það þyddi orku til stóriðju. Þessi hv. þm. lýsir því yfir, að hann vilji ekki hagnýta auðlindir þær, sem við eigum í orkulindum, með því að flytja orkuna út í formi iðnaðarvöru. Já, ekki er það gott. Ég held að það þurfi ekki að ræða frekar um þetta. En lengi getur illt versnað, og þá er ég kominn að hv. 11. þm. Reykv., Ólafi Ragnari Grímssyni.

Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson þusaði í ræðu sinni mikið um það, að þetta frv. sem hér er til umr., væri — eins og hann orðaði það — botnlaust. Hann margtók fram að það væri botnlaust. (**ÓRG:** Það er rétt.) Og enn heldur hann sér við sama heygarðshornið. En ég hef skýringu á því, hvers vegna hv. þm. segir þetta. Hann botnar nefnilega ekki sjálfur í málinu. Það getur ekki verið nein önnur skýring. (**Gripið fram í:** Hvar er botninn í því?) Hv. þm. sagði það margoft í ræðu sinni, að ekki væri minnst í frv. og ekki heldur í grg. eða framsögu minni fyrir málinu á nýtingu orkunnar. Ég vil ekki gera hlut þessa hv. þm. minni en vert er. Ég held að hv. þm. hafi ekki verið viðstaddur þegar ég flutti mína ræðu og þess vegna geri hann sér ekki fyllilega grein fyrir þessu. Slíkt getur alltaf komið fyrir. En ég lagði mikla áherslu á þetta og þetta var stór þáttur í minni ræðu varðandi nýtinguna. Það hlaut svo að verða, vegna þess að það er tómt mál að vera að gera tillögur um allar þessar virkjunarframkvæmdir ef menn gera sér ekki grein fyrir hvernig á að nýta orkuna. Ég ræddi ítarlega um orkuáætlunina sem orkunefnd Orkustofnunar hefur gert og liggur fyrir. Ég skýrði þá áætlun, kom með nokkra, að ég ætla, rökstudda gagnrýni á þá áætlun í þá átt að hún væri of lág. En ég lagði áherslu á það, að hvað sem þessu liði væri það höfuðatriði og forsenda fyrir svo miklum framkvæmdum í orkumálum sem hér er gert ráð fyrir að hafa markað fyrir orkuna.

Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson skellti sér í þessu sambandi út í járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga. Hann sagði í ræðu sinni í háðungarskyni að stóriðja væri „lausnarorðið" hjá okkur, sem stæðum að þessu frv., og við sæjum hvað það þyddi með því að líta á málefni járnblendiverksmiðjunnar. Hv. þm. fór mörgum orðum um hve hörmulega það fyrirtæki stæði. Það er rétt, eins og ég hef áður getið hér um, að það varð rekstrartap á s. l. ári og það verður rekstrartap í ár. En greiðslulega stóð reksturinn hins vegar í járnum s. l. ár og það eru allgóðar vonir um að svo verði einnig í ár. Bygging verksmiðjunnar hefur gengið afar vel og tækjabúnaður reynst með ágætum. Gangsetning tókst með eindæmum vel og framleiðslugeta verksmiðjunnar hefur reynst meiri en vænst var. (**StJ:** Sérstaklega nú í vetur.) Allt þetta mun hafa jákvæð áhrif á afkomu verksmiðjunnar. Hins vegar hefur að undanförnu verið þröng á stálmarkaðinum. Framleiðslan hefur dregist saman í þeim efnahagssamdrætti sem gert hefur vart við sig víða um lönd. Þess er ekki að vænta við þessar aðstæður, að nýbyggð járnblendiverksmiðja, sem þar að auki hefur vegna orkuskorts enn ekki getað framleitt með fullum afköstum, geti verið fær um að skila hagnaði á sama tíma. En verksmiðjan hefur til þessa getað forðast umtalsverðan greiðsluhalla af rekstri þrátt fyrir ýmsan mótbyr og það út af fyrir sig er talsverður árangur.

Eigum við að leggja árar í bát með þennan rekstur vegna þess að það hefur verið verðfall á framleiðsluvörum undanfarna mánuði? Ef menn telja það, á þá yfirleitt að fylgja þeirri reglu þegar það verður verðfall? Hefðum við 1930, þegar mikla verðfallið varð á saltfiskinum, átt að hætta að draga þorsk úr sjó og verka saltfisk? Hefðum við átt að hætta að framleiða fiskmjöl eða lýsi af því að það koma ár þar sem er markaðsfall og stundum verðfall, stundum stórkostlegt) Nei. (**StJ: Við** áttum ekki að byggja verksmiðjuna þarna.) Með sama rétti getur hv. þm. sagt: Við hefðum aldrei átt að draga þorsk úr sjó og salta hann af því að það hefur verið verðfall. Nei, þetta mál er ekki eins einfalt eins og hv. 11. þm. Reykv. og hv. 4. þm. Norðurl. e. halda (**StJ:** Við hefðum sjálfir annast söluna og átt sölusamtökin í fiskafurðunum.) Já, við höfum átt það sjálfir. Við eigum sjálfir 55% í Grundartangaverksmiðjunni. (**StJ:** Hvað eigum við í markaðsaðilanum?) Ég hef ekki handbærar tölur um það, en við erum að byrja á þessari braut. Við eflumst með hverju ári í reynslu á þessu sviði. Það er það sem ég og hæstv. iðnrh. byggjum á þegar við erum sammála um að hér eigi að koma meiri stóriðja.

Hv. 11. þm. Reykv. fór mörgum orðum um það, að ég hefði ekkert talað um hvers konar stóriðja ætti að fylgja þessum virkjunum. Hann fór mörgum orðum um það. Þetta kann að vera eðlilegt af því að hann hlustaði ekki á framsöguræðu mína, en það má heita að helmingurinn af framsöguræðu minni hafi verið einmitt varðandi forsendur frv., stóriðju o. fl. Og auðvitað ræddi ég ýmsa möguleika. Ég talaði um hagnýtingu orkulindanna til gjaldeyrisöflunar í formi útfluttrar vöru, eins og ég lagði áherslu á fyrr í máli mínu núna. Ég talaði um ál, kísiljárn, aðrar tegundir af járnblendi, magnesíum. Ég talaði um að við þyrftum að vera viðbúnir að hagnýta orkulindir landsins til framleiðslu innlends eldsneytis, o. fl. Þetta veit ég að við hæstv. iðnrh. erum alveg sammála um. Hann gerði enga aths. við þetta í máli sínu og ég átti ekki heldur von á því. (**ÓRG:** Spurningin var hvaða framleiðsla hv. þm. teldi að væri arðbær.) Ég tók fram að ég væri ekki með tillögur núna um ákveðin fyrirtæki eða ákveðna framleiðslu, — ég væri ekki með það núna. Og hvers vegna er ég ekki með það núna? Er hv. 11. þm. Reykv. búinn að gleyma því, að þetta er frv. um byggingu orkuvera? Þetta er ekki frv. um stóriðju. Stóriðja hefur aldrei verið ákveðin og lögbundin í sömu lögum og virkjanir. Heimildin fyrir Búrfellsvirkjun var gefin 1965 í lögum um Landsvirkjun, en lögin um álbræðsluna voru ekki sett og samningar um hana ekki gerðir fyrr en 1966. Lögin um heimild til Sigölduvirkjunar voru samþykkt 1971. Það var ekkert um Grundartangaverksmiðju í þeim lögum það kom mörgum árum síðar. Dettur hv. 11. þm. Reykv. í hug að það sé bæði af formástæðum og efnisástæðum nokkurt vit í því að gera tillögur í þessu frv.

um ákveðnar framkvæmdir í stóriðjumálum? Hefur hv. þm. ekkert fylgst með því, að hæstv. iðnrh. segir að það hafi farið fram umfangsmikil athugun á því, hvað eigi að gera í þessum efnum? Á ég að minna hv. 11. þm. Reykv. á það, að við sjálfstæðismenn höfum borið fram á þessu þingi þáltill. um stefnumótun í stóriðjumálum þar sem gert er ráð fyrir að skipuð sé sérstök nefnd eða kosin af Alþingi til þess að vinna stöðugt að þessu verkefni? Þetta er ekki dægurmál. Það er furðulegt hvernig skýtur upp í málflutningi þessa hv. þm. misskilningi varðandi stóriðjumál.

Ég sagði að hv. þm. hefði ekki hlýtt á mína ræðu. En ég man ekki betur en hann hlýddi á ræðu hv. 4. landsk. þm., Salome Þorkelsdóttur, og hún lagði einmitt áherslu á sumt og flest af því mikilvægasta varðandi þessi mál.

En þá kem ég að því sem hv. 11. þm. Reykv. ræddi um og gerði það svo ítarlega og svo ítrekað að það má segja sem svo að það hafi verið þungamiðjan í ræðu hv. þm. Þar á ég við það er hann talaði, eins og hann orðaði það, um pólitíska snilli mína, sem hann kom ítrekað að. (**ÓRG:** Það getur vel verið að það sitji ofarlega í huga hv. þm., en ég nefndi þetta bara einu sinni.) Það er ekki rétt. (**ÓRG:** Ég nefndi það einu sinni í aukasetningu. En ég skil vel að það skuli vera stórt í huga hv. þm.) Já, ég segi, það er ekki rétt, og ég gæti hér lesið það upp og þá kæmi fram að það er rétt sem ég er að segja. En þetta er ekki aðalatriðið.

Ég tel að ég hafi engan sóma af því sem hv. þm. var að ætla mér, því að hann er að tala um pólitíska snilli mína í að plata mína flokksmenn í þessu máli. (**ÓRG:** Það var greinilegt af ræðu Egils Jónssonar, að hann hafði verið plataður.) Jahá, nú bætir hv. þm. allgráu ofan á svart þegar hann segir þetta. En maður sér nú bara inn í hugarfylgsni þessara mann í Alþb. og sér, hvers konar ástand ríkir í þeim herbúðum, þegar talað er um að það sé snilli að plata félaga sinn í flokknum eða félaga sína. (**ÓRG:** Þá áttu ekki að gera það.) Nei, það er — (**ÓRG:** Það á bara við um Sjálfstfl. eins og alkunnugt er.) Þetta er náttúrlega algerlega úr lausu lofti gripið. Hv. þm. var að nefna hv. þm. Egil Jónsson. Ræða hans fól í sér greinargott yfirlit um þessi mál, sem varða þetta plat sem hv. þm. er að bera upp á mig.

Hv. 11. landsk. þm., Egill Jónsson, minnti á það, að allt frá 1973 hefði það verið stefna sjálfstæðismanna að það færi saman virkjun á Austfjörðum og stóriðja. Og svo hefur þessi hv. þm., 11. þm. Reykv., kokhreysti til þess að halda því fram, að ég hafi núna á síðustu dögum eða vikum komið þessari stefnu til leiðar í því frv. sem við nú ræðum. Hver getur tekið slíkt alvarlega? Og þó talaði hv. þm. svo eftir að hv. þm. Egill Jónsson var búinn að lýsa því hver samstaða væri í sveitarfélögum á Austfjörðum um þetta mál, að saman færu virkjanir og stóriðja. Plataði ég sveitarstjórnir á Austfjörðum í þessu máli? Hv. þm. Egill Jónsson gat þess, að meira að segja þm. Alþb. á Austfjörðum hefðu á Vopnafjarðarfundinum, sem fjallði um þetta mál, ekki verið á móti því, að það færi saman stóriðja og virkjanir á Austurlandi, og annar hefði meira að segja greitt atkv. með því, hinn setið hjá. Plataði ég þessa hv. þm. til þess að gera þetta? Nei, hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson. Það stoðar ekki að vera með slíkar fullyrðingar sem þessar. Þetta mál, sem hér er á dagskrá, er þess eðlis, að svona fleipur er ekki samboðið umræðum um það. (**ÓRG:** Hefur það ekki verið krafa Egils Jónssonar, að Fljótsdalsvirkjun yrði næsta virkjun? Vill þm. svara því, hefur það ekki verið krafa Egils Jónssonar?) Ég er margbúinn að lýsa því, að það er krafa okkar flm. allra, að hafist verði handa við öll verkefnin strax, hvort sem það er í formi undirbúnings að virkjunum eða framkvæmda: (**Gripið fram í:** Allt í gangi?) Já, allt í gangi. (**ÓRG:** Það er bara stórt skilyrði fyrir Fljótsdalsvirkjun.) Og það er skilyrði fyrir því, að hægt sé að ljúka þessum verkefnum á þeim tíma sem við gerum ráð fyrir — (Gripið fram í.) — **Forseti:** Má ég biðja hv. þm. að hafa ekki samtöl.) — að markaðurinn sé tryggður áður. Ég hef lýst því í framsögu fyrir þessu máli, að þegar ég væri að tala um að það ætti að hefjast handa hvar sem hægt væri um undirbúning og framkvæmd, þá þyrfti að leggja áherslu á að finna markaðinn, ákveða markaðinn. (Gripið fram í.) Já, finna markaðinn, ákveða markaðinn. Er þetta ekki skýrt? (**StJ:** Jú, jú, við erum að byrja að fylgjast með.) Það segir í frv., að ekki sé hægt að byrja framkvæmdir fyrr en markaður hefur verið tryggður. Ef menn skilja mælt mál og ef menn geta lesið, þá þyrftu þeir ekki að vera að spyrja um þetta. En ég hef lagt áherslu á að það ætti að flýta svo öllum undirbúningi undir Fljótsdalsvirkjun að það ætti að fara þá leið, sem farin var við Búrfellsvirkjun, að ljúka verkhönnun og útboði á verkinu jafnvel þó að ekki væri búið að ganga endanlega frá markaðnum. Ég ætla ekki að fara að endurtaka framsöguræðu mína hér, þó að ég virðist þurfa að gera það vegna þessara tveggja hv. þm., hv. 11. þm. Reykv. og hv. 4. þm. Norðurl. e., en ég ætla ekki að gera það.

Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson sagði í ræðu sinni að hæstv. iðnrh. viðhefði vönduð vinnubrögð til undirbúnings virkjunarmálum, — vönduð vinnubrögð. En öll ræða hv. þm. gekk út á það að sýna fram á hve frv. það, sem hér er til umr., væri óvandað og málflutningur okkar flm. í þessu máli. En ég held að það séu ekki margir sammála hv. 11. þm. Reykv. í þessu efni. Ég held að hann rói nokkuð einn á báti í þessu. Meira að segja hv. 4. þm. Norðurl. e. sagði þetta aldrei. Ég skal nú taka vitni um þetta og það er Þjóðviljinn. Ég held að menn geti verið sammála um það, að vitnisburður Þjóðviljans ætti ekki að vera mér hagstæður í þessu efni ef ekki væru efnisástæður fyrir því. Ég leyfi mér að lesa hér úr leiðara Þjóðviljans 19. mars s. l., með leyfi hæstv. forseta. Það er leiðari um þetta frv. og þar stendur m. a.:

„Það er rætt um að hraða undirbúningi og framkvæmdum eins og kostur er, að framkvæmdir megi ekki hefjast nema fyrir liggi nákvæmar áætlanir um orkuverin og að ýmsum skilyrðum hafi verið fullnægt. Ekki verður annað séð en hér sé verið að lýsa stuðningi við þá stefnu Hjörleifs Guttormssonar iðnrh. að undirbúa af kostgæfni áætlanir um virkjanir og nýtingarkosti."

Ég held að þetta tal allt um óvandaðan undirbúning þessa máls hjá hv. 11. þm. Reykv. falli um sjálft sig og sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um það.

Herra forseti. Ég skal nú fara að stytta mál mitt. Ég hef nú hér, þar sem ég hef vikið að ræðum manna í þessum umr., leitast við að taka það sem mér hefur fundist helst bitastætt og mér hefur virst vera aðalatriðin. Það væri hægt að svara mörgu öðru, sem hér hefur verið kastað fram, en ég ætla ekki að gera það. Ég verð að segja það, að afstaða hv. 4. þm. Norðurl. e. og 11. þm. Reykv. er, eins og ég orðaði það, menguð skoðunum þeirra og áliti á stóriðju. Þessar skoðanir eru þannig að manni koma til hugar hindurvitni og hjátrú. Við munum það, að í þjóð-

sögunum er stundum talað um fyrirbæri sem nátttröll heita. Þau þoldu ekki dagsbirtu né að sólin skini á þau, þá urðu þau að steini. Mér hefur fundist í þessum umr. að þessu væri nokkuð svipað farið með þessa tvo hv. þm., að þeir þyldu ekki að skýrt væri fyrir þeim og þeir væru upplýstir um stóriðju og orkufrekan iðnað því að þeir yrðu þá að steingervingi og rökheldir í þessu máli. (**ÓRG:** Við óskuðum eftir upplýsingum frá þm. sem ekki hafa komið fram í svari hans.)

En ég vil að lokum leggja áherslu á þá samstöðu sem er um þetta mál og hefur komið fram í þessum umr. Ég minni á það, að Sjálfstfl. allur stendur að þessu frv., jafnt þeir sem eru í stjórnarandstöðu og þeir sem styðja ríkisstj. (**StJ:** Það eru fréttir.) Og ég veit ekki betur en hæstv. forsrh. og samráðherrar hans úr Sjálfstfl. séu sammála þeirri meginstefnu sem kemur fram í þessu frv. (**Gripið fram í:** Hvar er plagg um það?) Hv. þm. getur spurst fyrir um stuðning við þetta mál í sínum herbúðum, en ég er að segja þetta núna og heyrir ekki hv. þm. það?

Það kom fram í umr. áðan, að Alþfl. er sammála meginstefnu þessa frv. Það kom fram í umr. um þetta mál s. l. mánudag, að hæstv. viðskrh. er sammála meginstefnu þessa frv. Hann talaði svo fagurlega fyrir frv. að ég hefði ekki geta bætt þar um. Og ég hef ekki ástæðu til að ætla annað en að sú afstaða, sem hæstv. viðskrh. lýsti hér, sé sú afstaða sem Framsfl. hefur til þessa máls. (**StJ:** Þá verður það samþykkt.) Kemur hv. þm. það nokkuð á óvart, það er furðulegt. Ég held að ef við lítum gaumgæfilega á það sem hæstv. iðnrh. hefur sagt í þessum umr., þá skyldi enginn ganga út frá því, að þessi stefna yrði ekki samþykkt.

Hæstv. iðnrh. var á sinn hátt jákvæður til þessa máls. Hæstv. iðnrh. hefur oft verið jákvæður til tillagna sem ég og fleiri sjálfstæðismenn höfum verið með í orkumálum, þó að það hafi stundum verið meira í orði en á borði, af hverju sem það er nú. Mér finnst að við hæstv. iðnrh. tölum ekki neitt framandi mál hvor við annan í þessum efnum. Og hæstv. iðnrh. lauk sinni ræðu með því að segja að það yrði litið á þetta frv. jafnhliða, eins og hann orðaði það, og till. ríkisstj. í málinu. Ég vil nú leyfa mér að skora á hæstv. iðnrh. að beita sér rösklega í þessu máli og láta dragsúginn í deildinni, sem hér hefur komið fram í dag og er úr hans herbúðum, ekki hafa nein áhrif á sig. Ég skora á hæstv. ráðh. að halda með djörfung á þessu máli og láta það m. a. ekki henda, að nú verði vikið frá þeirri stefnu sem Sverrir Hermannsson markaði þegar 1973 og sveitarfélögin á Austfjörðum hafa markað og samtök þeirra, um að saman fari á Austfjörðum stóriðja og stórvirkjun. Allt annað væru svik við Austfirðinga og ég vil ekki ætla hæstv. ráðh. slíkt.

Forseti (Helgi Seljan): Ég vil að gefnu tilefni óska þess við hv. deildarmenn, að þó að eitthvað verði um framí köll, þá verði hér ekki bein samtöl milli hv. deildarmanna og þess sem hefur orðið hverju sinni. (**EgJ:** Það eru bara Alþb.-menn sem hafa þau þingsköp.)

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég gæti bætt mörgu við það mál sem ég flutti hér á eftir framsögu hv. 1. flm. þessa frv. um ný orkuver fyrir nokkru, en ég tel ekki rétt að taka langan tíma hér í hv. deild til þess, og raunar ekki þörf á því að endurtaka hér fyrir hv. þm. það sem ég hafði fram að færa í aðalatriðum í sambandi við þetta mál, þrátt fyrir þær textaútleggingar sem komu fram áðan hjá hv. 1. flm. En mér þótti sem hann færði nokkuð úr lagi sitthvað úr minni ræðu þegar hann var að vitna til hennar í sambandi við atvinnuuppbyggingu í landinu og orkufrekan iðnað í því samhengi. Ég hefði vænst þess, að hv. 1. flm. vitnaði þá með beinum hætti til minnar ræðu að þessu leyti, og vegna þess að hann fór þar ekki rétt með samhengið vil ég aðeins rifja hér upp örstuttan kafla úr því sem ég sagði hér í hv. þd. í umr. um daginn um þessi atriði, en það var með þessum hætti, með leyfi hæstv. forseta:

En síðan kemur hin spurningin: Er það skynsamlegt fyrir íslenskan þjóðarbúskap, fyrir atvinnuuppbyggingu í landinu að hagnýta þessar orkulindir, í þessu tilviki raforkuna, sem bakhjarl fyrir atvinnuuppbyggingu í landinu? Og þar er mitt svar nokkuð afdráttarlaust. Ég er þeirrar skoðunar, að í þessum orkulindum eigum við góðan bakhjarl fyrir atvinnuuppbyggingu í okkar landi á næstu árum og áratugum, ef rétt er að málum staðið. En við þurfum að standa þannig að þeirri atvinnuuppbyggingu að hún verði okkur ekki að fótakefli efnahagslega eða hvað varðar sjálfstæði þjóðarinnar, og þar er hið efnahagslega sjálfstæði, eins og við allir erum væntanlega sammála um, undirstaða fyrir hinu pólitíska sjálfstæði. Það er mat mitt og míns flokks, að þessar forsendur séu ekki tryggðar nema við Íslendingar höfum forræði yfir þessum atvinnurekstri sem öðrum í landinu. Því viljum við ekki fara hraðar í þessum efnum en svo, að Íslendingar hafi þarna tök á málum og geti ráðið ferðinni. Þarna kann menn að greina á og hefur reyndar komið fram nokkuð ljóslega að meiningar eru deildar.

Þetta vil ég að liggi alveg ljóst fyrir, og ég hefði kosið að það lægi fyrir með skýrari hætti hjá þeim flokki, sem hv. þm. mælir hér fyrir, og þeim hluta hans sem leggur fram það frv. sem hér er til umr. Þaðan hafa heyrst nokkuð misjafnar raddir í þessum efnum, en þó allar í þá veru, að ekki er hafnað uppbyggingu atvinnurekstrar í landinu, orkufreks iðnaðar eða stóriðju, sem svo er kölluð, alfarið í eigu útlendinga. Áherslur eru misjafnar í þingflokki sjálfstæðismanna að þessu leyti, og það má telja nokkuð ljóst, að þar eru menn innan veggja sem eru hugsi yfir slíkri stefnumótun. Það væri betur, að þeim færi fjölgandi, því að ég held að við séum hér með mikið grundvallaratriði á ferðinni.

Í þeirri þáltill., sem vikið var að í þessari umr. um orkufrekan iðnað, sem hv. þm. Sjálfstfl. fluttu í Sþ. fyrr á þessum vetri, var í grg. vikið að þessu máli með þeim orðum, að það mætti hugsa sér að Íslendingar stæðu að slíkum atvinnurekstri þegar „þeim vex fiskur um hrygg," eins og það er orðað í þeirri grg. Ég tel málflutning af þessu tagi og hugsunarhátt, sem þarna liggur að baki, mjög varasaman, svo að ekki sé meira sagt. Hann minnir því miður á hugsunarhátt hálfnýlendunnar, þeirra sem vilja vera háðir efnahagslegu valdi, háðir erlendu valdi í sambandi við meiri háttar fjárfestingu og uppbyggingu atvinnulífs í landinu. Þarna þurfum við að brjóta í blað í þessum efnum, og ég vænti þess, að styrkur þeirra afla, jafnt innan Sjálfstfl. sem í öðrum flokkum, fari vaxandi sem þannig vilja standa að málum að tryggt sé forræði Íslendinga í nýtingu okkar orkulinda í sambandi við atvinnurekstur í okkar landi.

Ég varði um daginn verulegu máli í að ræða um einn grundvallarþátt þessara mála sem tengjast verður þeim hugmyndum um hraða uppbyggingu orkuvera í landinu sem mjög er til umr. hér á hv. Alþingi, og það er hvað við

ætlum okkur að hafa upp úr þessari auðlind, hver er stefnan í sambandi við orkuverð. Og mér þótti það fremur miður sem fram kom hér hjá hv. flm., að hann skyldi enn fara að verja orkusölusamninga til stóriðju, — það er kannske ekki rétt að segja enn, því að mér þótti hér fyrr í vetur sem hann tæki mjög eindregið undir nauðsyn þess að endurskoða raforkuverð til stórnotenda í landinu og þá alveg sérstaklega til Íslenska álfélagsins sem svo er kallað. En hann fór að verja nú í máli sínu þá samninga, sem þá voru gerðir, og hverju þeir hefðu skilað. Ég sé ekki ástæðu til að fara hér mörgum orðum um það mál sem þegar hefur verið rætt mikið, en ég held að við þurfum að hugsa með öðrum hætti til þessara samninga sem við erum þarna bundnir við til langs tíma enn, nema um það verði sterk pólitísk samstaða að knýja fram endurskoðun þeirra, við þurfum að hugsa til þeirra með öðrum hætti en fram kom í máli hv. þm.

Við höfum nefnilega ekki upp skorið sem skyldi af þeirri hagstæðu virkjun, Búrfellsvirkjun, sem ráðist var í á sínum tíma. Hver hefur orðið reynslan í þróun orkuverðs til almenningsveitna í landinu á þessum tíma? Hún hefur orðið mjög óhagstæð þannig, að það hefur hlutfallslega margfaldast á við það sem var árið 1969 eða 1970, — margfaldast samanborið við það sem þá var, — einmitt vegna þess gjafverðs sem er á orkunni til Íslenska álfélagsins, til álversins í Straumsvík, sem við gjöldum fyrir, þeirrar þróunar sem þar er í gangi og fer hraðversnandi, nema takist að brjóta þar í blað og knýja þar fram breytingu. Ég sagði hér í umr. um daginn og ég endurtek það hér, að ég tel ekki sæmilegt að menn séu að ræða um, að það þurfi að endurskoða orkuverð í þessu samhengi, og jafnframt að veifa því, að við ætlum að virkja til þess að afhenda þeim aðila, sem þarna á í hlut, meiri orku. Ég held að það sé betra fyrir menn að sjá betur inn í það dæmi áður en farið er að flagga slíku. En ég ætla ekki að fara lengra út í þessa sálma. Ég ætla aðeins að nefna hér atriði sem ég kom ekki að í umr. um daginn, en það er spurningin um, hverjum við eigum að fela að standa að því að reisa hér orkuver í landinu utan Suðurlands á næstunni, og þar með viðhorfið til þeirra till. sem fram koma í þessu frv. og raunar í nýframlögðu frv. hv. Alþfl.-manna sem aðeins hefur borið á góma í umr. í dag.

Það er gert ráð fyrir í þessu frv., sem við ræðum hér um, að Landsvirkjun eða landshlutafyrirtækjum verði falið að reisa og reka orkuverin, og í frv. Alþfl.-manna er gert ráð fyrir að það verði Landsvirkjun sem þetta verkefni verði falið. Ég verð að lýsa yfir vissri ánægju með það, að hv. þm. Sjálfstfl. og þm. Alfl. eru farnir að taka þó með þessum hætti undir þá stefnu sem ég hef mælt fyrir frá því að ég kom hér á þing og fór að hafa afskipti af þessum málum — og hafði raunar staðið að tillögum þar að lútandi fyrr, að við komum hér á fót einu öflugu landsfyrirtæki til að standa fyrir þessum málum. En það er kannske betra að reyna að marka stefnuna til enda í sambandi við þetta, áður en menn fara að slá því föstu, að orkufyrirtæki hér á Suðurlandi verði falið að standa fyrir rekstri orkuveitna í öðrum landshlutum. Ég held að *menn ættu að reyna að ná þeim hlutum saman sæmilega* heildstætt áður en farið er að slá slíku föstu. En ég tel að það sé skynsamleg stefna og við eigum að hugsa til þess í sambandi við stórar virkjanir utan Suðurlands að nýta þar krafta Landsvirkjunar í sambandi við það að byggja þær virkjanir, og væntanlega getur slík stefna orðið til þess að greiða fyrir því, að eitt öflugt landsfyrirtæki til raforkuöflunar rísi hér upp, eins og Alþb. hefur barist fyrir og Framsfl. líka nú um alllangt skeið. Og þarna þykir mér sem horfi til réttrar áttar þó að ekki sé skilið við þá stefnu, sem hv. 1. flm. hefur lengst og mest barist fyrir, að reyna að koma upp fleiri landshlutafyrirtækjum til að standa fyrir raforkuöflun, eins og segja má að gerst hafi með vissum hætti á Vestfjörðum, þó að þeir séu sér ekki nægirum raforkuöflunina, og er fyrir því ákveðnar ástæður.

Aðeins *vildi ég víkja* frekar að þessu frv. hvað snertir heimildirnar og þeirri miklu áherslu sem er á að ráðast í allt samtímis, sem var endurtekið hér af hv. 1. flm., og í sambandi við það spurningunni um nýtingu á orkunni. Ég tel ekki vænlegt að ætla sér að ganga fram með þeim hætti, enda eru vissulega slegnir varnaglar við því í frv. sjálfu og það varðandi eina virkjun sérstaklega, þ. e. virkjun á Austurlandi, hana megi ekki ráðast í nema ákvörðun hafi verið tekin um að setja á stofn stóriðju á Austurlandi. Ég er þessu ekki sammála og ég vék að því í máli mínu um daginn. Hv. 1. flm. minnti á það og gerði það mjög ákveðið, að það ætti að standa svipað að máli í sambandi við virkjun á Austurlandi og gert var varðandi Búrfellsvirkjun og álsamninginn og varðandi Sigölduvirkjun og samninga sem síðan voru gerðir í sambandi við járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga. Ég vil minna á það, að það liðu um sex ár, ef ég man rétt, á milli þess sem heimildir voru veittar til þessara virkjana eða ákveðið var að stefna að þeim og samningar voru gerðir um orkusölu til tiltekins stórnotanda. Og ég tel að þarna sé verið að binda — (**ÞK:** Með Búrfellsvirkjun, það er það sem ég var að leggja áherslu á að beið eitt ár.) — að þarna sé verið að binda virkjun á Austurlandi skilyrði sem ekki sé rétt að setja fram, og varðar þá engu um það, hvort menn hugsa til þess að orkufrekur iðnaður geti risið á Austurlandi, eins og ég tel eðlilegt að verði í framtíðinni og hef staðið að samþykktum um að undirbúið verði.

Ég vil svo aðeins segja það hér til viðbótar þó að mörgu væri við að bæta, að ég tel að jafnhliða því sem við þurfum að afla heimilda fyrir virkjanir hér á Alþingi á yfirstandandi þingi, þá þurfum við að átta okkur á því, að við þurfum að vinna ötullega að því að skapa markað fyrir þá orku sem við ætlum að virkja og ákveðum að virkja hverju sinni. Við eigum ekki að ráðast í allt samtímis og standa frammi fyrir dæmi þar sem við erum með yfirfljótandi orku og búnir að fjárfesta í virkjunum og farnir að framleiða án þess að við sjáum út úr markaðsdæminu með sæmilega skýrum hætti, því að þá gæti verið að almenningur í landinu færi að finna fyrir orkuverðinu. Við þurfum því að fara fram þannig, um leið og við virkjum svo sem nauðsynlegt er fyrir almennan markað og þann markað sem við sjáum fram úr, að við tökum þetta í þess konar áföngum, að við séum nokkuð vissir um að sitja ekki uppi með orku sem við kannske neyðumst til að fara að selja á undirverði og þurfum að fara að borga með. Því þurfum við á næstu misserum og árum að vina markvisst að því sem íslensku þróunarverkefni að finna þau atvinnutækifæri, finna grundvöll þeirra fyrirtækja í landinu sem skynsamlegt er að reisa sem íslensk fyrirtæki til þess að hagnýta okkar auðlindir, jafnt raforku sem varmaorku. Fyrir slíkri stefnu mæli ég og að slíku er unnið á vegum iðnrn., og áfram verður haldið í sambandi við það á næstunni svo lengi sem ég fæ þar ráðið.

Ég tel, herra forseti, að ekki sé ástæða til að bæta hér við fleiri orðum að þessu sinni. Orkumál verða til umr. hér á þinginu eftir þennan dag á yfirstandandi þingi, geri ég ráð fyrir, og ég ætlaði ekki að taka langan tíma í innlegg að þessu sinni, en vildi koma þessum ábendingum og aths. á framfæri.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Það er að vonum að umr. um orkumál séu nokkuð tímafrekar á Alþingi, svo mikið stórmál sem hér er annars vegar. Svo virðist sem þessi stóri og viðurhlutamikli málaflokkur sé í einhvers konar úlfakreppu um þessar mundir, og ég verð að segja það, að sem almennur borgari miklu fremur en stjórnmálamaður hefur manni fundist á þessum liðna og stríðlynda vetri — maður hefur fundið til óþægindatilfinningar þegar dunið hafa yfir fregnir af orkuskorti og orkuskömmtun vegna þeirrar óvissu sem ríkir um framvindu í þessum mjög svo viðurhlutamiklu málum. Ég hlýt að taka undir heils hugar með þeim þm. Sjálfstfl., allir munu þeir raunar vera, sem standa að því máli sem hér er raunverulega til umr., frv. til l. um byggingu þriggja orkuvera. Þar er, eins og á hefur verið bent, ekki tekin afstaða til hvert þessara þriggja orkuvera skuli hafa forgang. Þar skal byrja á öllu í einu, eins og hv. flm. 4. þm. Vestf., hefur minnst á, og hann hefur skýrt hvað hann á við með því. Þar er ekki átt við eiginlegar framkvæmdir heldur undirbúning að öllum þessum þremur framkvæmdum. Mér sýnist almenn skynsemi mæla með því, að það verði byrjað að framkvæma það sem fyrst er hægt að framkvæma, hvað sem líður ákveðnum og mjög skiljanlegum óskum manna úr þeim þremur kjördæmum sem þarna eiga hlut að máli.

Það er ekki óeðlilegt, að inn í þessar umr. um orkumál blandist umr. um stóriðju. Þetta er eitt af þeim stórmálum varðandi okkar atvinnuuppbyggingu, sem ekki verður gengið fram hjá, og ég hlýt að segja að margir Íslendingar, sem hugsa í alvöru um þessi mál, hljóta að vera haldnir nokkrum ugg út af þeirri dæmalausu afturhaldssemi, og þröngsýni sem ræður innan þess flokks sem nú fer með orkumálin í hæstv. ríkisstj. Ég er sannfærð um að hæstv. iðnrh. er allur af vilja gerður til þess að taka ákvarðanir sem að haldi mega koma í þeim stóra vanda sem við stöndum frammi fyrir í orkumálum, en það hlýtur að vekja nokkra undrun, að eiginlega var niðurstaða af hans ræðu hér um daginn um þetta mál — hann dró að vísu nokkuð í land nú í dag — þá fannst mér að niðurstaðan væri þessi: að við förum okkur nógu hægt. Þetta kalla ég hættulegt rólyndi með tilliti til aðstæðna eins og þær eru nú.

Stóriðja er grýla í augum Alþb.-manna frá upphafi. Sjálf hef ég verið þannig stemmd gagnvart þessu máli, að ég held að ef okkur er alvara að skapa atvinnuöryggi í okkar landi og umfram allt að stuðla að fjölbreytni í okkar atvinnulífi, þá komumst við einfaldlega ekki hjá því að nýta okkar orkulindir stórt, þannig að orkufrek iðja hljóti að koma til. Ég er hins vegar alveg sammála þeim sem vilja fara af fullri gát og forsjálni í samningum við útlenda aðila um uppbyggingu orkufrekra fyrirtækja. Það segir sig sjálft að þar ráða beinhörð viðskiptasjónarmið sem taka ekkert tillit til óska smámenna eins og okkar norður á hjara heims, og ég hef ekki getað sannfærst um að við höfum ekki samið af okkur með Búrfellssamningnum. Þar á ég einfaldlega við orkuverðið, sem er lægra og náttúrlega núna orðið úr öllu hófi lágt. En því er svarað til og það eru vissulega nokkur rök, að enginn gat séð fyrir þá byltingu í orkuneyslumálum heimsins sem nú er komin á daginn. Það, sem auðvitað vantaði inn í samninginn við Alusuisse, var endurskoðunarákvæði um orkuverðið að breyttum aðstæðum. Þetta höfum við lært af reynslunni. Og ég vil leggja áherslu á að þó að við viljum fara varlega og gæta okkar aðstæðna sem smáþjóðar gagnvart margfalt stærri aðilum, þá megum við auðvitað varast að láta minnimáttarkennd, einangrunarstefnu og einhvern hérahátt gagnvart útlendingum ráða ferðinni í þessum málum. Við hljótum að vera menn til þess að semja okkur í hag, og ég er sannfærð um að við höfum lært af reynslunni þegar við sömdum um þetta lága orkuverð við virkjun Búrfells og stofnun álverksmiðjunnar. Hitt gleymist auðvitað, sem er meginmál, hjá þeim Alþb.-mönnum, þegar þeir hamra á hvílíkur baggi álverksmiðjan sé á okkur, og það kom raunar fram hjá hv. 1. flm., að þarna er að miklum hluta til um umframorku að ræða, sem ekki mundi nýtast okkur ef þarna væri ekki fyrirtæki sem nýtti orku á nóttu jafnt sem degi.

Það, sem var eiginlega aðaltilefni þess að ég kem hér upp, er eitt atriði í samningnum við ÍSAL um álverið og það var þetta, að ég man ekki betur — nú hef ég ekki flett þessu upp nýverið — en þar hafi verið gert ráð fyrir því beinlínis, að stofnað yrði í sambandi við álverið í framtíðinni til smærri iðnaðar sem nýtti hráefnið, — álið sem verksmiðjan framleiðir. Mér hefur alla tíð fundist þetta mjög svo álitlegt ákvæði, og nú spyr ég hæstv. iðnrh.: Hefur þetta ákvæði ekki verið haft í huga og hefur ekki verið athugað hvort nokkrar leiðir væru til þess að þrýsta á álverið og Alusuisse um að standa við bakið á okkur við að koma upp smærri vinnsluiðnaði úr álinu sem verksmiðjan framleiðir? Það fer ekki hjá því að maður hugsi um þetta, ekki síst með tilliti til þess, að nú má segja að annað hvert hús á Íslandi sé klætt áli. Þarna er kominn stór markaður hér á landi fyrir ál og það er, að ég hygg, að mestu leyti flutt frá Noregi. Það virðist í fljótu bragði eðlilegt að við athuguðum hvort ekki væri grundvöllur til þess að við hyggðum á stofnun verksmiðju sem framleiddi þetta húsaál til klæðningar. Ég held að við verðum endilega að líta á jákvæðu hliðarnar á þessu máli og ekki sífellt sífra um hvað Alusuisse sé vont við okkur og vilja pretta okkur og svindla á okkur. Eins og ég sagði, stórfyrirtæki eru til alls vís, hvort sem Alusuisse eða aðrir eiga í hlut, og við verðum að vera vel á verði. Ég beini þessari spurningu beint til ráðh., hvort ekki sé hugsanlegt að þarna getum við krækt okkur í feitan bita til þess að auka á þann hagnað sem við óneitanlega höfum af álverksmiðjunni. Það eru rök sem ég hygg að verði ekki hrakin, að við værum sennilega ekki búin að byggja Búrfellsvirkjun í dag ef álverið hefði ekki komið til til þess að borga niður stofnkostnað af virkjuninni.

En það er með þennan íslenska smáiðnað, sem Alþb.-menn og raunar framsóknarmenn tala mikið um, að mér finnst hann hljóma ákaflega vel í eyrum. Við viljum auðvitað helst vera sjálfum okkur nóg og þurfa ekki að leita nema sem minnst til erlendra aðila til að byggja upp okkar atvinnulíf. Hins vegar ítreka ég það, að hræðsla við erlent fjármagn er auðvitað stórháskaleg og getur staðið okkur fyrir þrifum í okkar atvinnuuppbyggingu. Það er nú svo, að þegar ég hef spurst fyrir um þetta ákvæði áður í álsamningnum, hvort við gætum ekki nýtt álið til frekari vinnsluiðnaðar, þá er jafnan svarað: Jú, við gætum sjálf-

sagt farið út í að smíða potta og pönnur úr áli og sitthvað fleira, en markaður okkar er allt of lítill til að standa undir slíkum iðnaði, við þyrftum að flytja út, og hvar erum við þá komin með okkar óðaverðbólgu í 60%, sem er kannske fimmföld á við það sem gerist mest í nágrannalöndum okkar?

Það hefur líka verið kvartað yfir því í sambandi við þetta frv. og málflutning sjálfstæðismanna í því sambandi, að það væri ekki bent á nein ákveðin fyrirtæki sem ætlunin væri að nýta skyldu orku þessara þriggja stóru orkuvera. Mér finnst þetta eðlileg aths. En þá má í staðinn benda þeim á, sem nú ráða ferðinni í iðnaði og orkumálum, að það er varla von að við séum vel á vegi stödd með það m. a. fyrir augum, að það varð eitt fyrsta verk þeirra manna, sem nú ráða ferðinni á þessu sviði, að leggja niður svokallaða stóriðjunefnd, sem var til þess ætluð að hafa vakandi auga á möguleikum á þessu sviði, um samninga við erlenda aðila til þess að standa að uppbyggingu orkufreks iðnaðar.

Við erum fjarskalega verkasmá með okkar 220 þús. hræður hér í okkar landi og fjármagnsþörfin æpir á okkur úr öllum áttum. Og hver er reyndin af þessum fyrirtækjum sem við höfum verið að baslast við að koma upp? Sykurverksmiðja í Hveragerði er búin að vera á döfinni núna í meira en hálfan áratug. Stálbræðsla er búin að vera á döfinni í 10—20 ár, en er nú loksins góðu heilli að komast af stað. Steinullarverksmiðjur tvær eru í deiglunni og það er deilt um þær og togast á fram og til baka. Hvað tekur það okkur langan tíma að koma upp svona fyrirtækjum? Það gengur fjarskalega hægt. Og það er greinilegt, að þess konar verksmiðjur, sem hér eru annars vegar, gegna alls ekki því hlutverki að nýta orku frá stórvirkjun. Þær eru ekki nógu orkufrekar, nema þær væru þá margfalt fleiri en þær eru nú og uppbygging þeirra gengi margfalt hraðar.

Það má svo sem nefna kattarsandinn í Búðardal, en þar er verksmiðja í gangi sem hefur og mun vonandi draga úr innflutningi á rándýrum kattarsandi sem er nokkurs konar toiletvara fyrir ketti. Ég vil lýsa ánægju minni með kattasandinn í Búðardal. En ég á ekki von á því, að þar sé um að ræða mjög orkufrekt fyrirtæki.

Ég skal ekki orðlengja þetta frekar. Hér eru orðnar miklar umr. og ítarlegar, málefnalegar sem betur fer. Ég tók eftir því, að það kvað við allt annan tón í ræðu hæstv. viðskrh. Tómasar Árnasonar hér um daginn heldur en í máli hæstv. iðnrh. Ég hafði á tilfinningunni að hæstv. viðskrh. ætti dálítið bágt, að hann fengi ekki sínum skoðunum á þessu máli framgengt, — skoðunum sem falla mjög saman við skoðanir sjálfstæðismanna — og nú kratanna sem eru sjálfstæðismönnum sammála um flest á þessu sviði. En kannske boðar hún gott, fréttin sem Þjóðviljinn birtir í dag um sólar- og vindorkuvinnslu í Hallgrímskirkju. Það er jafnvel leitað álits sjálfs hæstv. orkumálaráðherra og hann telur að þetta sé góður valkostur. Og hann fer lengra. Hugmyndirnar eru mjög frjóar. Hann talar um að það megi byggja miklar vonir á virkjun Austfjarðaþokunnar og á vindinum í Norðlendingum. Mér varð á að hugsa þegar ég las þetta, að hann þyrfti ekki að fara út fyrir deildina til þess að fá vind til að virkja. Jafnvel í liði flokksmanna sinna hefur hann nóg af slíku. En ég hefði haldið að vatnið í fallvötnunum okkar yrði notadrýgra í reynd heldur en gefið er til kynna í þessari frétt Þjóðviljans sem segir satt alla daga ársins, skulum við ætla.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Mér þykir ánægjulegt að vera vitni að málefnalegri umr. eins og ég vil telja þetta innlegg síðasta hv. ræðumanns, þó nokkuð sé liðið á dag 1. aprílmánaðar, og ekki síður að heyra hljómmikla íslensku úr þessum ræðustóli, sem er að vísu yfirleitt mælt úr á góðu máli. En mér þykir vestfirskan, sem hér heyrist á stundum, hljóma vel í mörgum tilvikum og ekki síst hjá hv. síðasta ræðumanni. Og það var fleira sem mér þótti athyglisvert í hennar máli. Það voru þau viðhorf sem þar komu fram varðandi reynslu af orkusölusamningum við útlendinga, — einmitt viðhorf sem ég lét í ljós í ræðu minni fyrr í dag að ég vænti að væru að styrkjast hér innan sala hv. Alþingis, þó að ekki bendi allt, sem hér er sagt, í þá átt, því miður. En ég lét það koma fram fyrr í dag, að ég gerði ráð fyrir að viðhorf innan raða Sjálfstfl. væru nokkuð misjöfn í þessum efnum og það væri ekki mælt fyrir munn allra þegar talað væri um að það væri fyrst þegar Íslendingum yxi fiskur um hrygg að þeir gætu staðið sem eigendur að stórum atvinnufyrirtækjum hér í landinu. Ég held að það sé alveg réttmætt, sem hér kom fram, og fyllilega það, að við þurfum nauðsynlega, Íslendingar, að geta tekið saman þegar við er að eiga stóra og öfluga aðila í samningum um nýtingu á okkar auðlindum, og helst eigum við að geta staðið þannig að málum að við þurfum ekki við þá að semja um atvinnurekstur í landinu, þó að ég útiloki ekki að slík samvinna geti verið okkur hagkvæm í vissum mæli, í vissum tilvikum. Sílk viðhorf hef ég látið koma fram hér áður og auk þess er gert ráð fyrir því af okkur Alþb.-mönnum að til slíks geti komið í vissum tilvikum í sambandi við atvinnurekstur og ekki síst þá vegna markaðsmála og slíkra þátta.

Það gætti hins vegar nokkurs misskilnings hjá hv. þm. fannst mér, þegar hann reyndi áðan að réttlæta þann samning, sem gerður var varðandi álverið í Straumsvík, og kom fram með það sjónarmið, að þarna væri um að ræða umframorku sem við ella gætum ekki nýtt, þar sem er orkusalan til álversins. Hefði þessi samningur ekki verið gerður og ef við vorum ekki af honum bundnir og afhentum orku til þessa fyrirtækis, þá hefðum við vafalaust ekki ráðist í einhverjar af þeim virkjunum sem síðar hafa verið reistar og framleiða forgangsorku inn á okkar orkukerfi. Við hefðum trúlega farið okkur hægar, nema við hefðum fetað okkur með öðrum hætti inn á orkunýtingarbraut og fundið aðra möguleika og þá kannske arðbærari möguleika heldur en þessi mjög svo óhagstæði samningur hefur reynst. Ég vil ekki trúa því, þó að ekki hefði komið til samningsins um álverið í Straumsvík, að við værum ekki búnir að reisa myndarlega virkjun á borð við Búrfellsvirkjun þrátt fyrir það að til þess hefði ekki komið. Við höfðum fyrr á árum staðið að tiltölulega myndarlegum virkjunum hér suðvestanlands án þess að slíkir samningar hefðu verið gerðir, — tiltölulega myndarlegum virkjunum í Soginu miðað við efnahagsgetu okkar á þeim tíma.

Það er svo margt sem segja mætti í þessu samhengi, og þetta hefur komið til umr. hér á Alþingi og á væntanlega eftir að verða rætt hér alloft í framtíðinni, þessi mál og þessi samningur við álverið í Straumsvík og nauðsynin á að breyta honum, og við skulum vona að hv. alþm. leggist þar á eina sveif því að það er undir slíkri samstöðu komið að okkur takist að ná þar fram þeim breytingum sem öll sanngirnisrök mæla með að við eigum rétt á.

Ég ætla þá að víkja að fsp. hv. þm. Sigurlaugar Bjarnadóttur varðandi úrvinnsluiðnað úr áli sem allmjög var umtalaðar þegar samningurinn var gerður við álverið í Straumsvík. Það var látið að því liggja og það kom fram í grg. með álsamningnum, að athuga ætti um slíka möguleika. En það voru engin bindandi ákvæði tekin inn í samninginn sjálfan um þetta efni. Því miður, því að reynslan hefur orðið sú, að enginn úrvinnsluiðnaður hefur sprottið upp af þessu fyrirtæki í landinu og það ber vissulega að harma, því að væntanlega hefði þar getað orðið um íslensk fyrirtæki að ræða í úrvinnsluiðnaði. Með þessari ábendingu og fsp. hér hefur hv. þm. vakið athygli á mjög þýðingarmiklu máli í sambandi við uppbyggingu orkufreks iðnaðar hér í landinu sem við þurfum að hafa vel í huga þegar áætlanir eru gerðar þar að lútandi og ákvarðanir teknar, og það varðar einmitt þennan möguleika á að hagnýta sér fyrirtæki á þessu sviði og framleiðslu á þessu sviði til þess að þróa annan iðnað, sem er mannfrekari, ef svo má segja, kallar á meiri starfskrafta en orkufrek fyrirtæki gera, þar sem gífurlegur fjármagnskostnaður liggur að baki hverju starfi. Ég vil taka eindregið undir það viðhorf sem liggur að baki þessari fsp.

En þá komum við að því, hver skyldi vera ástæðan að svo lítið hefur miðað, þrátt fyrir frómar óskir þeirra sem stóðu að álsamningnum á sínum tíma, að ekki hefur meira upp af þessu sprottið í úrvinnsluiðnaði? Ég tel skýringuna vera þá fyrst og fremst, að sá erlendi aðili, sem á þetta fyrirtæki, hefur engra hagsmuna að gæta og hann hefur engan áhuga á því þar af leiðandi að hlúa að íslenskum úrvinnsluiðnaði í landinu. Og þar kemur fram eitt af mörgum rökum fyrir því, að ekki sé vænlegt að standa þannig að atvinnuuppbyggingu. Ef við Íslendingar höfum forræði yfir okkar fyrirtækjum, þar með talið stórfyrirtækjum, þá höfum við jafnframt möguleika á að sveigja þróun þeirra og hagnýta þau til stuðnings annarri atvinnustarfsemi út frá okkar þjóðhagslegu forsendum. Það hefur verið nú nýverið reynt að ýta á íslenska álverið svonefnda að aðstoða við úrvinnslu úr áli. Það er áhugi hjá ýmsum á að slík úrvinnsla geti orðið að veruleika. Ég skal engu spá um það, hvort sá þrýstingur, sem fram hefur komið, og óskir þar að lútandi leiða til betri niðurstöðu en verið hefur til þessa. Óskandi væri, að svo yrði, og iðnrn. hefur á því áhuga að stuðla að því, að slíkur iðnaður geti komist hér á fót, og mun að sjálfsögðu ekki hafna því, að það geti komið til stuðningur frá þessu fyrirtæki í því sambandi þótt erlent sé.

Í málflutningi hv. þm. gætti verulegrar mistúlkunar og misskilnings, að ég tel, á viðhorfum okkar Alþb.-manna til orkufreks iðnaðar og hagnýtingar auðlinda í landinu. Það er talað hér um afturhaldssjónarmið, íhaldssemi, grýlur og annað í því sambandi. Alþb. er ekki andvígt uppbyggingu orkufreks iðnaðar í landinu, það liggur skilmerkilega fyrir í flokkssamþykktum þess. En við höfum sett fram skýr og ákveðin sjónarmið um það, hvernig standa beri að uppbyggingu slíkra fyrirtækja í landinu. Og mér sýnist að í málflutningi hv. síðasta ræðumanns hér hafi einmitt komið fram stuðningur við þessi sjónarmið okkar. Þar voru slegnir mjög sterkir varnaglar í sambandi við þann vanda sem tengist fjármögnun slíkra fyrirtækja, að fara þar að með gát og gæta þess, að við semjum ekki af okkur að svo miklu leyti sem við teljum skynsamlegt að eiga einhver samskipti við erlenda aðila, og auðvitað þurfum við að koma vörum á markað þegar um útflutningsframleiðslu er að ræða, og þar getur samvinna við útlenda aðila verið nauðsynleg og skynsamleg, ekki síst á meðan við erum að öðlast reynslu á þessu sviði og koma hér upp fyrirtækjum sem eru þjóðhagslega arðbær. Það er lítið gagn að því að virkja og tengja virkjanir iðjuverum í eigu útlendinga ef við stöndum þannig að málum að þeir fái orkuna fyrir gjafverði og þessi fyrirtæki skili ekki þjóðhagslegum hagnaði inn í okkar þjóðarbúskap. Þetta ber einmitt að varast.

Hv. þm. minnti á þá döpru reynslu sem við höfum orðið fyrir á þessum vetri varðandi orkuskort í okkar raforkukerfi. Það er full ástæða til þess fyrir okkur að læra af þeirri reynslu eins og öðru sem við mætum og við teljum okkur mótdrægt. Ég hef óskað eftir því við Orkustofnun, að hún fari ofan í saumana á ástæðunum fyrir þeim vanáætlunum sem segja má að hafi komið í ljós í sambandi við orkuvinnslugetu í okkar landskerfi,- a. m. k. miðað við tíðarfar af því tagi sem gengið hefur yfir landið í vetur, og með það í huga að við séum undir það búin í sambandi við okkar raforkuframleiðslu að geta mætt slíku án þess að lenda í óhóflegum tilkostnaði. Hitt skulum við muna, að það getur verið nokkuð dýrt að eiga umframorku í okkar kerfi til þess að grípa til í árum þegar sérstaklega illa stendur á og það kostar mikið að vera með dýra fjárfestingu á undan sér, ef svo má segja, og það er ákveðið reikningsdæmi. Eitt af því, sem þarf m. a. að skýra í sambandi við tilkostnað við raforkuframleiðslu með olíu á yfirstandandi vetri, er það, hvernig þessi kostnaður kemur út og þá að framleiðslu stórrekstrarins meðtalinni eða þeirri skömmtun sem hefur verið til atvinnufyrirtækja í landinu, — hvernig þetta dæmi kemur út í samanburði við hitt, ef við hefðum verið með fyrsta áfanga næstu stórvirkjunar árinu fyrr á ferðinni en ella. Auðvitað hefði það haft útgjöld í för með sér. En við þurfum að gæta þess, að slíkir atburðir, slík staða verði ekki árviss viðburður.

Þess gætir mjög í umr. um frv. sem hér er á dagskrá, að það séu tafir af því að ekki hafi verið teknar ákvarðanir eða aflað heimilda um næstu stórvirkjanir í landinu, næstu virkjanir inn á okkar landskerfi. Ég vék að því um daginn í umr. um þetta mál, að það hafa engar tafir orðið sem leitt hafa af sér að hægar hafi verið farið í undirbúningi, — engar tafir sem rekja má til þess, að ekki liggi fyrir heimildir um virkjanir, nema menn vilji leiða að því líkur að við hefðum ráðstafað verulega meira fjármagni til raforkumálanna á yfirstandandi ári með því að hafa í gangi framkvæmdir við eina virkjun í viðbót. Ég hef satt að segja ekki séð tillögur þar að lútandi. Þær komu ekki fram á síðasta ári, ekki frá stjórnarandstöðunni þá, og ég hef ekki séð þær í sambandi við fjárfestingar- og lánsfjáráætlun á þessum vetri, jafnvel þó að sumir telji að það væri hægt að hefja framkvæmdir við tilteknar virkjanir í landinu ef slíkar heimildir og fjárveitingar væru til. Það hefur þvert á móti verið unnið markvisst að því að undirbúa virkjunarkosti í landinu á undanförnum árum, þannig að við höfum úr fleiri en einum kosti að velja, og það hefur eflaust ýtt undir það að hér koma nú inn tillögur í þinginu, ekki bara um heimildir fyrir eina virkjun, heldur fyrir fleiri virkjanir — og það virkjanir sem eru á svipuðu stigi hvað undirbúning snertir. Ég held að það eigi að vera hv. þm. ánægjuefni, að nú í fyrsta sinn um langt skeið eru að skapast þannig aðstæður vegna þess hvernig staðið hefur verið að málum á undanförnum

misserum, að það er hægt að velja úr virkjunarkostum. Við höfum ekki verið í þeirri stöðu á undanförnum árum að slíkt væri gerlegt, og vegna þeirrar stöðu fyrst og fremst hefur þróun mála verið sú, að aðeins hið öfluga orkuvinnslufyrirtæki, sem ætlað hefur verið hlutverk hér suðvestanlands, Landsvirkjun, hefur haft virkjunarkosti undirbúna í tæka tíð þegar þörf hefur verið talin á að taka ákvarðanir. Alþingi hefur ekki tekist að snúa þeirri þróun við fyrr en þá væntanlega nú, að á því verði breyting. Þetta held ég að sé nauðsynlegt að menn hafi í huga, og get ég þó vissulega skilið það, að hv. stjórnarandstöðuþm. reyni að hafa uppi gagnrýni um að ónóg hafi verið að gert í þessum efnum. En ég tel að með skýrum rökum megi sýna fram á það, að að undanförnu hefur verið lögð á það mikil áhersla og varið til þess meira fjármagni en áður, einmitt að undirbúa fleiri en einn kost til þess að hafa úr að velja í sambandi við raforkuöflun fyrir næstu ár.

Svo að endingu, herra forseti, ég vænti þess, að áður en þessu þingi lýkur geti tekist um það þokkaleg samstaða hér á Alþingi að afla heimilda fyrir virkjunum sem ráðist verði í hér á næstu árum. Og varðandi framkvæmdatímann held ég að engum detti í hug, jafnvel ekki þeim sem koma hér með tillögur þar sem allt er í einum bing, ef svo má segja, eins og í því frv. sem hér liggur fyrir, þá held *ég að engum detti í hug að við höfum svigrúm til þess í* okkar þjóðarbúskap eða skynsamlegt væri að vera með margar virkjanir í gangi, jafnvel þrjár, sem leiða mætti líkur að ef litið er til þess frv. sem hér er til umr., þrjár virkjanir í gangi samtímis, jafnhliða því sem menn væntanlega ætluðu þá að standa í fjárfestingum til þess að koma orkunni frá þeim a. m. k. á markað með aðflutningslínum. Ef menn stefna ekki einvörðungu í erlenda stóriðju, sem sumir hafa nú á óskalista sínum, þá yrðu menn væntanlega að hafa eitthvað aflögu til að byggja upp iðjuver til þess að nýta þessa orku. Við þurfum, jafnhliða því sem við virkjum svo sem nauðsynlegt er fyrir okkar almenna markað, að standa myndarlega að því sem íslensku verkefni að undirbúa atvinnufyrirtæki í landinu, arðbær atvinnufyrirtæki sem hagnýtt geti hér okkar orkulindir, raforku og jarðvarma, — ætla okkur þar ekki um of, en vera heldur ekki hikandi við að leggja út í það að kanna alla möguleika í þessu sambandi og standa fyrir þeirri uppbyggingu sem skynsamleg er út *frá þjóðhagslegu sjónarmiði, sjónarmiði okkar sem* þjóðar sem vill halda sjálfstæði sínu, efnahagslegu ekki síður en pólitísku. (**GB:** Hver vill hafa það öðruvísi?)

Og þá aðeins að endingu, vegna þess að minnst var hér á stóriðjunefnd svokallaða, viðræðunefnd um orkufrekan iðnað, sem ég átti hlut í að leggja niður. Sú ákvörðun var einmitt táknræn fyrir þá áherslubreytingu sem ég tel réttmæta og nauðsynlega í þessum efnum frá því sem áður var. Athuganir á hagnýtingu okkar orkulinda eiga að vera undir íslenskri forustu og vera íslenskt verkefni, þó að við hikum ekki við að taka við tækniþekkingu erlendis frá og hafa augun opin gagnvart umheiminum, heyja okkur þekkingu hvaðanæva úr heiminum. En það á að vera okkar verkefni, okkar sérfræðinga, okkar uppvaxandi og vel menntuðu kynslóða í landinu, og því eigum við ekki að standa þannig að málum, að við séum með nefnd að störfum sem hafi það hlutverk fyrst og fremst að ræða við erlenda aðila sem vilja koma hér færandi hendi með fjármagn til þess að reisa hér sín fyrirtæki. Við eigum að halda á þessum málum út frá þeim viðhorfum sem ég hef talað hér fyrir, og því hefur iðnrn. talið það skyldu sína, jafnframt því sem það skref var stigið að leggja niður þessa nefnd, að efla innlendar stofnanir og gera kleift að kanna þessi mál út frá íslenskum forsendum og út frá því markmiði að efla innlenda þekkingu í sambandi við orkunýtingu í landinu. Á því þurfum við að halda. Þar er stórt verkefni á ferðinni.

Ég get ekki stillt mig um að nefna það sem fram kom á fundi sem ég sat fyrir mjög stuttu úti í París, þar sem ráðherrar báru saman bækur sínar, ráðherrar úr svonefndum OECD-löndum, um þróun vísinda og tækni og möguleika til þess að hagnýta vísinda- og tækniþekkingu til eflingar atvinnulífs í aðildarlöndum OECD. Þar kom það fram frá fulltrúum landa, sem ekki eru vanþróuð, heldur teljast til iðnríkja, frá ráðherrum úr löndum eins og Kanada og m. a. s. Ástralíu, að það væri mikið hagsmunamál fyrir þessi ríki að gjalda varhug við fjölþjóðahringum og starfsaðferðum þeirra og það þyrfti að átta sig á þeirri reynslu, sem t. d. Kanadamenn telja sig hafa orðið fyrir, sem hafa tekið við miklu erlendu fjármagni í uppbyggingu síns iðnaðar, að fjölþjóðafyrirtækin hafa ekki komið færandi hendi með þá tækniþekkingu, sem þessi lönd þurfa á að halda, heldur hafa þau flutt inn sína þekkingu, en hagnýtt hana eingöngu í sínum fyrirtækjum, án þess að hún bærist út og af henni sprytti úrvinnsluiðnaður og önnur sú iðnþróun sem þarf að eiga sér stað út frá forsendum hvers lands. Ég tel að af þessu þurfum við Íslendingar sannarlega að læra þegar við erum að horfa til möguleika á að hagnýta okkar orku hér í framtíðinni til heilla fyrir alþjóð.

Forseti (Helgi Seljan): Ég vil geta þess, að við munum ekki halda hér kvöldfund og ekki mjög langt fram yfir kl. 7 — án þess að ég sé að nokkru að brýna það fyrir næsta hv. ræðumanni að hann tali stutt. Við munum reyna að ljúka þessum fundi upp úr 7, ekki miklu seinna en kl. 7. Það er okkar háttur hér, og umr. verður frestað ef fleiri verða þá eftir.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það þarf ekkert að brýna það fyrir mér að tala ekki langt mál hér. Hæstv. iðnrh. hefur vikið að mjög mörgum þeirra mála, sem hér hefur borið á góma, og flutt mjög skýrt og *greinilega afstöðu okkar Alþb.-manna í þeim efnum.* Ég vil hins vegar í leiðinni segja það við hæstv. forseta, að við frændur hér, ég og hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson, og aðrir Vestfirðingar erum vanir því af fundum vestra, að það lífgi umr. að menn skiptist á athugasemdum úr sal og sæti. Ég veit að ýmsir góðir Austfirðingar eru því vanir líka, þótt rétt sé kannske að það verði ekki að samtali í salnum. Ég veit að ég mæli fyrir munn okkar beggja, mín og hv. þm. Þorv. Garðars Kristjánssonar, þegar ég segi að við höfum ekkert við slíkt að athuga. Þó að við séum kannske ekki sammála um margt, þá erum við sammála um það. (**EgJ:** Heldurðu að þú mælir þetta bara fyrir sjálfan þig?) Nei, ég tók það skýrt fram, að ég gerði það fyrir munn okkar beggja. Hins vegar er það alveg greinilegt, hv. þm. Egill Jónsson, að það fer nú mjög að vandast staðan varðandi það hver mæli fyrir munn hv. þm. Egils Jónssonar og Sverris Hermannssonar í þessum virkjunarmálum.

Ég ætla að víkja hér að örfáum meginatriðum sem fram hafa komið hér í umr. og mér finnst standa alveg

ljós eftir. Þau fela það í sér, að þetta frv. er samkv. rökstuðningi fyrsta flm. frv., ítrekað í þessum umr, frv. um að Fljótsdalsvirkjun verði ekki næsta virkjun sem ráðist verður í. Þótt deila megi um ýmislegt, þá er alveg ljóst af þeim rökum, sem sett voru hér fram af hálfu 1. flm. þessa frv. hvað eftir annað, að meginefni þessa frv. er að Fljótsdalsvirkjun verði ekki næsta virkjun sem ráðist verður í. Það kallaði ég stór tíðindi, að hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson skyldi hafa fengið Egil Jónsson og Sverri Hermannsson til þess að standa að frv. sem felur þetta jafnskýrt í sér og hér hefur komið fram, og ég skal nú rökstyðja það með nokkrum orðum.

Í fyrsta lagi hefur það komið fram hjá hv. þm. Þorv. Garðari Kristjánssyni og fleirum, að menn hafa ekki í höndum nein gögn eða skýrslur, sem fela í sér ótvíræðar niðurstöður um það, hvað sé vænlegur, arðbær og skynsamlegur næsti kostur í nýtingu orku til stóriðnaðar. Slíkt liggur ekki fyrir og um þetta er ekki deilt. Ég lýsti þeirri skoðun minni hér í ræðu fyrr í þessum umr., að ekki legðist ég gegn því að að slíku væri leitað, — ég legðist ekki gegn því. Þess vegna er ýmislegt rangt sem sagt hefur verið um mína afstöðu hér, bæði af hálfu hv. þm. Þorv. Garðars Kristjánssonar og annarra talsmanna Sjálfstfl. Ég sagði hins vegar að mér væri ekki kunnugt um það, að neins staðar lægi fyrir nein grg. eða úttekt á rannsókn á neinum kosti sem ég teldi skynsamlegan út frá þjóðhagslegu og arðsemisjónarmiði. Ég vek einnig athygli á því, að þrátt fyrir ítrekaðar spurningar af minni hálfu hér í þessum umr. til hv. þm. Þorv. Garðars Kristjánssonar og Egils Jónssonar — að vísu hefur Egill Jónsson ekki talað aftur, en Þorv. Garðar gerði það hér ítarlega — þá vita þeir ekki heldur um neinn slíkan kost. Þorv. Garðar Kristjánsson rökstuddi það hins vegar mjög ítarlega í sinni ræðu fyrr í dag, að hann teldi höfuðatriði í meðferð málsins að ekki væri ráðist í að virkja virkjun, sem beinlínis væri miðuð við slíka nýtingu, fyrr en samningar um þá nýtingu lægju fyrir. Og hann varði löngu máli til að útskýra hvers vegna hann teldi það skynsamlega samningsaðferð. Að vísu hélt hann því fram, að hann greindi eitthvað á við hæstv. iðnrh. um það efni. Það skal ég ekkert um segja. Hins vegar skal ég segja það hér, að mörgu af því, sem hv. þm. Þorv. Garðar færði fram sem rökum fyrir sinni skoðun, er ég alveg sammála. Ég er honum alveg sammála um það efni. Sú meginniðurstaða, sem hann flutti hér, var að það væri ekki skynsamlegt að ákveða virkjun, sem tengd væri stóriðju, nema fyrir lægju samningar. Þess vegna, sagði fyrsti flm. þessa frv., er sú virkjun ein, Fljótsdalsvirkjun, skilyrt í þessu frv., að í hana skuli þá fyrst vera ráðist þegar fyrir liggja samningar um erlenda stóriðju eða stóriðju af öðru tagi.

Nú er það ekkert deiluatriði neinna þeirra sem til slíks þekkja, að slík athugun, ef hún á að vera vönduð og örugg og traust og menn leita að skynsamlegum leiðum í þeim efnum, tekur að lágmarki hátt á annað ár. Það er alveg ljóst. Hún tekur að lágmarki hátt á annað ár. Um það er ekki deilt. Hins vegar eru menn sammála um það, ég tala nú ekki um þeir menn sem hafa lagt til hér virkjanaplan til næstu 10 ára, ætla sér að virkja hér þrjár stórvirkjanir á næstu 10 árum, þá eru menn jafnframt sammála um það, að þegar á næstu 12 mánuðum þurfi að hefjast handa við þá fyrstu af þessum virkjunum sem eigi að koma í röðinni. Þegar þessi málflutningur er tengdur saman, röksemdin fyrir því að tengja Fljótsdalsvirkjun samningum, sem liggi fyrir um nýtinguna, og það hvernig með slíka samninga er hægt að fara, og þörfina á því að þegar á næstu 12 mánuðum verði hafist handa um framkvæmd næstu stórvirkjunar, sem ég er alveg sammála að eigi að gera, þá liggur það auðvitað alveg ljóst fyrir hverjum manni, sem vill setja málflutning aðstandenda frv. saman, að samkv. þeirra eigin till., samkv. þeirra eigin rökum, getur Fljótsdalsvirkjun aldrei orðið næsta virkjun sem í verður ráðist.

Mér er alveg sama hve lengi hv. þm. Egill Jónsson reynir að snúa sig út úr þeim mikla pólitíska vanda sem hann er kominn í. Öll skynsamleg athugun málsins bendir til þess að þetta sé tvímælalaust niðurstaðan, enda var það athyglisvert, að þegar ég kallaði fram í fyrir hv. þm. Þorv. Garðari Kristjánssyni og bað hann um að taka af skarið í þessum efnum, þá gerði hann það ekki. Auðvitað er hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson það skynsamur maður, að hann sér þetta í hendi sér. Ég hef hins vegar ekki trú á því, að hv. þm. Egill Jónsson og Sverrir Hermannsson hafi gert þetta vitandi vits, og þess vegna orðaði ég það hér áðan, að þeir hefðu verið plataðir. En vegna hinna miklu andmæla hv. þm. Þorv. Garðars Kristjánssonar við það orðalag, þá fer ég að gera ráð fyrir því, að hv. þm. Sverrir Hermannsson og Egill Jónsson hafi staðið að þessu vitandi vits, þeir hafi vitandi vits staðið hér að frv. sem í öllum röksemdafærslum sínum og tillögugerð felur í sér þá ótvíræðu niðurstöðu, að Fljótsdalsvirkjun getur ekki orðið næsta virkjun. Svo kemur hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson bara og bætir um betur hér áðan í umr. og lýsir því yfir, að allur Sjálfstfl. eins og hann leggur sig, innan og utan ríkisstj., sé á sömu skoðun. Það er nú orðið erfitt á brattann að sækja fyrir þá sem vilja berjast fyrir Fljótsdalsvirkjun, þegar það liggur jafnskýrt og greinilega fyrir hér af hálfu Egils Jónssonar, Þorv. Garðars Kristjánssonar, Sverris Hermannssonar og nánast alls Sjálfstfl., að þeir hafi lagt málið þannig fyrir, að Fljótsdalsvirkjun getur ekki orðið næsta virkjun. Það er eðlilegt að menn séu orðnir kátir fyrir norðan, því að samkv. málflutningi Þorv. Garðars Kristjánssonar hefur Sjálfstfl. lagt fram till. um að annaðhvort Blönduvirkjun eða Sultartangavirkjun verði næst. Það blasir við samkv. þeirra eigin frv.

Nú ætla ég ekki að fella neinn dóm um það hér og nú, hvað sé skynsamlegt í þessum efnum. Ég er eingöngu að vekja athygli á því, hvað felst í þessu frv. og þeirri merkilegu pólitísku staðreynd, að Sverrir Hermannsson og Egill Jónsson skuli standa að þessu með þessum hætti. Jafnframt vek ég athygli á því, að þrátt fyrir ítrekaðar fsp. hafa þm. Sjálfstfl., sem hér hafa talað, ekki bent á einn einasta arðbæran, skynsamlegan og framkvæmanlegan kost af stóriðjutegundinni sem sé nokkurn veginn öruggt að gengið sé í. Það eina, sem hér hefur verið nefnt af þm. þessa flokks, er aukin framleiðsla kattasands, sem er sjálfsagt góðra gjalda verð framleiðsla. Skal ég sem mikill kattavinur ekki draga úr því. En það verður varla talið til mjög orkufreks iðnaðar. Það er á þessum grundvelli, sem ég hef sagt það, að þótt ýmislegt sé fróðlegt í kringum búning þessa frv. og málflutning flytjenda þess, þá er það botnlaust að því leyti, að ein af þessum virkjunum er í frv. sjálfu tengd stóriðju, en síðan liggur ekkert fyrir um það að menn viti af arðbærri eða skynsamlegri stóriðju í þessum efnum. Í framhaldi af því vil ég ítreka það sem hæstv. iðnrh. sagði hér áðan, að Alþb. hefur hvorki fyrr né síðar í sínum málflutningi lagst

gegn stóriðju sem slíkri. Við erum með ýmis stóriðjufyrirtæki hér í landinu. Við erum með áburðarverksmiðju, við erum með sementsverksmiðju og við erum með ýmis önnur fyrirtæki. Það, sem við höfum lagst gegn, er að slík fyrirtæki, sem eru frek til orkunnar, séu annaðhvort í höndum útlendinga hvað snertir eignarhald að öllu leyti eða kannske yfirráðavald í gegnum markaðsaðstöðu og annað, eða þá að markaðsgrundvöllur og framleiðslugrundvöllur fyrirtækjanna sé svo illa undirbyggður að þau hljóti að verða baggi á landsmönnum hvað snertir greiðslugetu orkuvinnslunnar í landinu. Við höfum varað við því hvað eftir annað, bæði þegar álsamningurinn var gerður og í meðferð Grundartangaverksmiðjunnar, að menn rösuðu ekki um ráð fram í þeim efnum. Ég held að þau varnaðarorð, sem flutt voru þá, hafi sannast allrækilega á ferli álverksmiðjunnar og ferli Grundartangaverksmiðjunnar. Ég vil í því sambandi líkt og hæstv. iðnrh. segja það, að miklu frekar fannst mér hv. þm. Sigurlaugu Bjarnadóttur mælast af skynsemi í sinni ræðu en hv. þm. Þorvaldi Garðari Kristjánssyni. Það er einn af pólitískum erfiðleikum í þessu landi varðandi nýtingu orkunnar, sá pólitíski ágreiningur, að innan Sjálfstfl. eru enn þá menn sem vilja halda því opnu að útlendingar, erlend stórfyrirtæki, alþjóðleg stórfyrirtæki, eigi stærstu og dýrustu framleiðslutækin í okkar landi.

Íslendingar eru nú þegar — ég vek athygli á því — Íslendingar eru nú þegar orðnir sú þjóð í Evrópu sem ver hæstu hlutfalli orkuframleiðslu sinnar til stóriðju. Við erum nú þegar sú þjóð í heiminum sem ver stærstu hlutfalli orkuframleiðslu sinnar til stóriðju — og það stóriðju sem er annaðhvort alfarið eða að verulegu leyti gegnum stjórn á markaðsaðstöðunni í höndum erlendra aðila. Við höfum einfaldlega vakið athygli á því, að ef menn ætla að halda áfram á þessari braut þýðir það einfaldlega að æ stærri þáttur af framleiðslustarfseminni í landinu verður á valdi erlendra aðila. Það er alveg rétt, sem hæstv. iðnrh. sagði hér áðan, og væri athugunarefni fyrir þá þm. eða aðra utan þings sem vilja halda opnum möguleikunum á því að veita útlendingum meirihlutaaðild, jafnvel algera aðild að fyrirtækjum hér í landinu, að skoða reynslu stórþjóðanna, hvað þá í smáþjóðanna, af hinum alþjóðlegu auðhringum, sem hefur komið mjög berlega í ljós á s. l. 10 árum.

Á vegum Sameinuðu þjóðanna hafa verið gerðar ítarlegar kannanir á starfsemi fyrirtækja af þessu tagi og hjá mörgum stofnunum Sameinuðu þjóðanna er að finna ítarlegar niðurstöður af þeim athugunum, og eins og hæstv. ráðh. greindi frá hér áðan — á vettvangi OECD, Efnahags- og framfarastofnunarinnar, eru uppi mjög harðar kröfur um endurskoðun á þátttöku alþjóðlegu auðhringanna í hagkerfi stórþjóðanna, hvað þá hagkerfi smáþjóðanna.

Það væri óskandi að hægt væri að mynda pólitíska samstöðu um það hér á Alþingi, að Íslendingar tækju þá afstöðu að hleypa ekki inn í landið stóriðjufyrirtækjum sem væru algerlega í eigu útlendinga. Ef þm. Sjálfstfl. eða stjórnarandstöðunnar eru reiðubúnir að lýsa því yfir — og ég kalla eftir þeirri yfirlýsingu hér í þessum umr. — ef þeir eru reiðubúnir að lýsa því yfir, að þeir vilji ganga til samstarfs við okkur hina um að mynda þjóðarsamkomulag um það á hvaða grundvelli við nálgumst samvinnu við erlenda aðila, þá er ég reiðubúinn til að skoða það mál. En það er skilyrði af okkar hálfu, og því verður ekki leynt, að við höfum verið og við verðum andvígir því, að erlendum stórfyrirtækjum verði veitt algert eða yfirgnæfandi meirihlutaforræði yfir öflugustu atvinnufyrirtækjum landsins. Þessi þjóðarsátt um nýtingu orkunnar strandar á því, að hingað til hafa þm. Sjálfstfl. og jafnvel Alþfl. ekki verið reiðubúnir til þess að útiloka það, að erlend auðfélög væru áframhaldandi afdrifaríkur aðili í uppbyggingu atvinnufyrirtækja í landinu. En ég tek ræðu hv. þm. Sigurlaugar Bjarnadóttur hér í umr. áðan — sem ég tel mjög merkilegan pólitískan viðburð — sem merki um það, að innan Sjálfstfl. sé vaxandi fylgi við þá skoðun að fara sér hægt í þessum efnum og setja fram ákveðin og afdráttarlaus skilyrði.

Við höfum, Íslendingar, borið gæfu til þess yfirleitt, þó ekki alltaf, en yfirleitt á síðasta áratug að ná ákveðinni þjóðarsamstöðu í meðferð landhelgismálsins og nýtingu auðlindanna í hafinu hér í kring. Það hefur náðst samstaða stjórnar og stjórnarandstöðu um þau efni og þar hefur ríkt sú afstaða, að annaðhvort ekki eða þá í algerum undantekningartilfellum og í mjög litlum mæli ætti að veita erlendum þjóðum rétt til þess að veiða í okkar fiskveiðilandhelgi. En ég spyr hv. þm. Sjálfstfl. og líka þm. Alþfl. þótt þeir séu fjarverandi: Eru þeir reiðubúnir til þess að gera sams konar landhelgissamning um orkuna? Eru þeir reiðubúnir til þess að gera sams konar þjóðarsátt um nýtingu auðlinda landsins, orkunnar, eins og í reynd hefur verið gerð um nýtingu auðlinda hafsins í kringum landið, að þar gildi í stórum dráttum sömu reglur gagnvart samstarfi við erlend stóriðnaðarfyrirtæki eins og hér hafa gilt gagnvart erlendum útgerðarfyrirtækjum? Er einhver munur á erlendum iðnaðarfyrirtækjum og erlendum útgerðarfyrirtækjum? Ekki að mínum dómi. En hvernig stendur þá á því, að hingað til hafa aðilar í þessum flokkum ekki verið reiðubúnir til þess að gera sams konar þjóðarsátt um framgöngu Íslendinga gagnvart erlendum iðnaðarfyrirtækjum og við höfum gert gagnvart erlendum útgerðarfyrirtækjum?

Herra forseti. Ég lofaði víst í upphafi að tala hér ekki langt mál. En vissulega eru þau atriði, sem hér eru til umr., mjög stór, mjög afdrifarík, og þau snerta grundvallarágreining sem hingað til hefur verið milli flokkanna í þessu landi. Andstaða okkar Alþb.-manna stafar ekki af því, að við séum á móti því að nýta orkuna, það er mikill misskilningur, stafar ekki af því, að við séum á móti því að byggja upp orkufrekan iðnað. Hún stafar eingöngu af því, að við höfum spurt: Hver á að eiga fyrirtækin? — og við höfum spurt: Á hvaða þjóðhagslegum grundvelli og á hvaða rekstrargrundvelli eiga þessi fyrirtæki að starfa? Aðrir aðilar í þessu landi hafa því miður verið reiðubúnir að skrifa upp á þessa ávísun án þess að það lægi ljóst fyrir, hver ætti að eiga fyrirtækin eða á hvaða þjóðhagsgrundvelli eða á hvaða rekstrargrundvelli þau ættu að starfa.

Umr. frestað.

Neðri deild, 69. fundur.

Miðvikudaginn 1. apríl, kl. 2 miðdegis.

Barnalög, frv. (þskj. 556 (sbr. 5)). — Ein umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 579).

Útflutningsgjald af sjávarafurðum, frv. (þskj. 436). — 1. umr.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breyt. á lögum nr. 2 1. febr. 1980, um breyt. á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum, nr. 5 13. febr. 1976, á þskj. 436. Frv. þetta er flutt í tengslum við fiskverðsákvörðun frá því í febr. Við þá fiskverðsákvörðun stóðu menn frammi fyrir gífurlega miklum afkomumun, óvenjumiklum afkomumun á frystingu annars vegar og söltun og þó fyrst og fremst herslu hins vegar. Að mati Þjóðhagsstofnunar fyrir fiskverðshækkun var afkoma herslu um 24.9%, en frystingar um 2—3%. Eftir þá fiskverðsákvörðun, sem gerð var, metur hins vegar Þjóðhagsstofnun að frystingin sé með − 3.1% frá mars til maí, en frá jan. til maí 1.5% án breytinga á útflutningsgjaldi, en herslan hins vegar með 15.5% án breytinga á útflutningsgjaldi. Því þótti rétt eftir atvikum að færa nokkuð þarna á milli til bráðabirgða, bæta lítillega hag frystingar með því að lækka útflutningsgjald þar í 4.5%, en auka útgjöld herslunnar um 4.9%, þannig að samtals verði útflutningsgjald af skreið 10%.

Ég þarf út af fyrir sig ekki að fara mörgum orðum um þetta. Slík tilfærsla á milli greina orkar vissulega tvímælis. Þessa tilfærslu má gera með ýmsu móti. Samkvæmt ákvörðun verðlagsnefndar var nokkuð flutt á milli greina með nýrri verðákvörðun á hinum ýmsu flokkum af fiski, hækkað á þeim lakari sem einkum fer til herslu. Ég vil segja það, að þetta orkar vissulega tvímælis og hefur verið umdeilt. Þetta var ákvörðun hagsmunaaðila, en hins vegar ekki farið lengra en raun varð á vegna þess að nauðsynlegt er talið að halda verulegum mun á góðum og lakari afla. Að sumu leyti er æskilegra að mínu mati að færa tímabundið á milli með þessari leið. Við þessa fiskverðsákvörðun eru farnar báðar þessar leiðir. En staðreyndin er jafnframt sú, að afli til herslu hefur verið töluvert yfirborgaður og því ástæða til að vega þar nokkuð á móti.

Ég vil jafnframt vekja athygli á því, að vinnuliður í frystingu er stórum meiri, u. þ. b. 40—50% meiri en við herslu. Hins vegar rennur útflutningsgjald að öllu leyti til hinna ýmsu þarfa sjávarútvegsins og iðulega hafa verið færð rök að því, að óeðlilegra sé að leggja útflutningsgjald á vinnslu sjávarafurða í landi. Þetta út af fyrir sig mælir með því, að nokkur mismunur sé þarna gerður.

Ég vek einnig athygli á því, að frystingin er — sem leiðir af því sem ég sagði um atvinnuna — miklu mikilvægari fyrir atvinnuástand í landi og því nauðsynlegt að hagur frystingar sé bættur eins og frekast er kostur. Síðan ákvörðun um fiskverð var tekin á þeim grundvelli sem ég hef lauslega lýst, í tengslum við tilfærslu á útflutningsgjaldi, hefur orðið töluvert meiri hækkun á skreið en menn gerðu ráð fyrir. Eftir slíka tilfærslu á útflutningsgjaldi mat Þjóðhagsstofnun að afkoma skreiðar væri plús 8% frá mars til maí, en mínus 2% fyrir frystingu. Einnig hefur það valdið breytingu á þessu, að gengi dollarans hefur styrkst og því hefur hagur bæði frystingar og herslu batnað frá því að þessir útreikningar voru gerðir.

Ég er því þeirrar skoðunar, að með þessari tilfærslu sé ekki gengið svo á afkomu skreiðarinnar að henni sé á nokkurn máta í hættu stefnt, heldur fyrst og fremst lítillega bætt afkoma frystingar, sem er, eins og ég hef lýst, ákaflega mikilvæg fyrir atvinnuástand í landinu.

Ég skal ekki hafa um þetta lengri framsögu. Fjölmargt fleira mætti að sjálfsögðu draga fram um afkomu frystingar, söltunar og herslu, en þessi mál hafa verið tíðrædd hér á Alþingi, m. a. nú í vetur, og fáu við það að bæta.

Frv. þetta var lagt fram í Ed. og hefur hlotið þaðan afgreiðslu. Það er orðið mjög knýjandi að frv. þetta verði afgreitt frá hinu háa Alþingi, og leyfi ég mér að mælast til þess við hv. sjútvn., að hún hraði meðferð málsins. Ég vek athygli á því, að hv. sjútvn. Ed. hefur aflað umsagna um málið sem allar munu liggja fyrir.

Ég vil þá, herra forseti, að lokinni þessari umr. leggja til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Þetta frv. lætur ekki mikið yfir sér, enda er það ekki nema um fjórar línur að lesmáli. En þrátt fyrir það að ekki eru mörg orð í frv. er hér um mjög veigamiklar breytingar að ræða, sem frv. gerir ráð fyrir, og farið mörg skref aftur á bak frá þeirri þróun sem átt hefur sér stað á undanförnum árum. Með lögunum frá 13. febr. 1976 voru lagaákvæði um mismunandi útflutningsgjöld af sjávarafurðum numin úr gildi og í þeirra stað lagt eitt útflutningsgjald á allar sjávarafurðir. Þá nam þetta gjald um 6% af fob-verði útfluttra sjávarafurða. Gjaldið var síðan lækkað á árinu 1979 í 5% og síðan hækkað á s. l. ári í 5.5%.

Eins og hæstv. sjútvrh. sagði er sú breyting á útflutningsgjaldinu, sem hér er lagt til að verði gerð, í tengslum við fiskverð, hið síðbúna fiskverð á s. l. vetri, sem ekki var ákveðið fyrr en rúmum mánuði eftir að það átti að liggja fyrir. Þetta frv. gerir ráð fyrir afturvirkni vegna þess að þar segir: „Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. skal útflutningsgjald af frystum sjávarafurðum framleiddum á árinu 1981 nema 4.5% af fob-verðmæti útflutnings og útflutningsgjald af skreið og hertum þorskhausum framleiddum á árinu 1981 10% af fob-verðmæti útflutnings."

Það er liðinn fjórðungur af árinu þegar fyrir þessu frv. er mælt hér í hv. þingdeild, og þar er lagt til að gerðar séu veigamiklar breytingar sem eiga að ná til framleiðslu á sjávarafurðum frá 1. jan., um s. l. áramót.

Ég vil lýsa því yfir, að ég er algjörlega andvígur þessari breytingu á útflutningsgjaldinu, því að það hefur í för með sér að hér er verið að breyta þeirri stefnumörkun sem Alþingi hefur samhljóða fallist á árum saman, að samræma útflutningsgjald af sjávarafurðum, en ekki láta markaðsaðstæður ráða breytingum á gjaldinu hverju

sinni. Með þessu frv. er gengið þvert á tilgang laganna um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, en samkvæmt þeim lögum eru þar sjálfstæðar deildir sem hver fyrir sig á það fjármagn sem hver framleiðslugrein fyrir sig leggur henni til.

Það hafa skipst á skin og skúrir í framleiðslu hinna einstöku greina í sjávarútvegi, bæði fyrir og eftir að Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins tók til starfa. Ég minni á að í mörg ár var skreiðarmarkaðurinn afar veikur og sala á skreið var nánast óframkvæmanleg á tímabili. Þó að nú hafi ræst úr er það tilgangur laganna um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, að þá eigi þessi grein að leggja meira til sinnar deildar til þess að taka við sveiflum sem kunna að verða á mörkuðum. En með þessu frv. er farið út á þá óheillabraut að taka kúfinn af, þar sem eru möguleikar á að hagnast um stundarsakir, og færa yfir til annarra greina. Eins og Verðjöfnunarsjóðurinn er byggður upp er hér gengið alveg þvert á það sem áður hefur gerst, allt frá því að lögin tóku gildi. Ég fyrir mitt leyti vara við þessum aðgerðum og tel þær stórhættulegar. Það er ekki hægt að taka með þessum hætti af þessari grein þó að hún sé góð nú í bili. Það getur verið að þessi markaður hrynji jafnvel á næstu mánuðum og þá veiti þessari deild Verðjöfnunarsjóðsins ekki af að eiga sterkan varasjóð til að mæta verðsveiflum á erlendum mörkuðum. En ef það á, þegar gengur vel hjá einni grein, að taka af henni til þess að jafna upp í þeim greinum, sem þá eru verr settar, þá verður Verðjöfnunarsjóður aldrei því hlutverki vaxinn að standa undir neinum verðsveiflum á erlendum mörkuðum. Þá er verið að stefna að því að byggja aldrei upp neina deild í sjávarútvegi, þannig að aldrei verður hægt að nota Verðjöfnunarsjóðinn til þess að taka á sig verðsveiflur á erlendum mörkuðum. Þetta hlýtur hver einasti maður að skilja. Hér er farið inn á svo varhugaverða leið með þessu, stórvítaverða, að ég furða mig á því að þetta skuli hafa verið samþykkt í ríkisstj.

Og nú vil ég leyfa mér að spyrja ráðherra, aðra ráðherra en hæstv. sjútvrh., hvort þeir hafi gert sér ljóst að þeir eru að eyðileggja Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins með því að fara inn á þessar brautir, hvort það sé ætlun þeirra og ætlun stuðningsliðs þessarar hæstv. ríkisstj. að eyðileggja Verðjöfnunarsjóðinn, koma í veg fyrir að Verðjöfnunarsjóðurinn geti tekið á sig verðsveiflur á erlendum mörkuðum í framtíðinni. Til hvers hefur þá verið barist í þessi ár frá því að Alþingi setti svo að segja samhljóða lögin um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins? Hafa hæstv. ráðherrar gert sér grein fyrir því, þegar þeir lögðu blessun sína yfir að þetta frv. væri flutt sem stjfrv., hvað þeir eru um leið að leggja til að verði um Verðjöfnunarsjóðinn og hvað þeir eru um leið að leggja til að farið sé langt aftur í tímann og þessi viðleitni öll eyðilögð í einu vetfangi?

Það hafa fyrr, líka á árunum eftir að Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins var stofnaður, verið sveiflur í einstökum greinum og sömuleiðis í frystingu. En það hefur aldrei verið léð máls á því að fara inn á þessar brautir, vegna þess að um leið og það er gert er verið að kippa grundvellinum undan Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins. Þó að þetta mál líti sakleysislega út á pappírnum, þá er á bak við það verið að rífa niður það sem byggt hefur verið upp á mörgum undanförnum árum. Þetta verður ekki það eina sem verður gert í þessum efnum. Um leið og eitthvað annað kemur fyrir aðra grein, þá verður því haldið áfram á þeirri forsendu, að það hafi verið byrjað á þessu einu sinni og þá er sjálfsagt að höggva oftar í sama knérunn.

Ég endurtek það að ég furða mig á því, að þessum erfiðleikum í rekstri frystihúsa almennt sé mætt með þessum hætti. Ég á sæti í þeirri nefnd sem væntanlega fær þetta frv. til meðferðar. Og ég get sagt það alveg strax, að ég væri tilbúinn að afgreiða þetta frv. strax í dag, tilbúinn að leggja til að það yrði fellt. Önnur afgreiðsla kemur ekki til greina frá minni hendi, því að hér er verið að rífa niður það sem sjávarútvegurinn hefur sjálfur verið að byggja upp með Verðjöfnunarsjóðnum. Það er það sem skiptir höfuðmáli.

Hitt er svo annað atriði, sem jafnframt er vítavert, en þó engan veginn eins og þetta, að þessi frv. séu á ferðinni þegar vertíð er langt komin. Þegar ársfjórðungur er liðinn á þetta að verka aftur fyrir sig. Og þetta er ekki eina málið. Það er einnig olíugjald til fiskiskipa sem var tekið fyrir í sjútvn. fyrr í dag og ekki afgreitt á þeim fundi, en fullur vilji nm., a. m. k. þeirra sem mættu á fundinum, að afgreiða það mjög bráðlega eða innan eins eða tveggja daga, því að okkur er ljóst að það er ákaflega erfitt að láta svona mál bíða vikum og mánuðum saman, — mál sem eiga í reynd að verka aftur fyrir sig.

Þetta frv. gæfi tilefni til að ræða almennt um sjávarútveginn, stöðu hans. Ég ætla þó ekki að gera það þrátt fyrir að hæstv. ráðh. færi að tala um stöðu hinna ýmsu greina í sjávarútvegi í framsöguræðu sinni fyrir þessu frv. Það er hægt að byggja á slíku áliti frá Þjóðhagsstofnun, en hlaupa alltaf yfir það þegar illa hefur gengið. Þegar taprekstur hefur verið, sem atvinnufyrirtækin eru að velta á undan sér, er það aldrei tekið inn í spár eða framreikning Þjóðhagsstofnunar fyrir yfirstandandi ár.

Það er vitað mál, að fleiri milljarðar eru í vanskilum bæði hjá útgerðinni og fiskvinnslunni, í atvinnufyrirtækjum í öllum landsfjórðungum, sem þessi fyrirtæki hafa velt á undan sér vegna taprekstrar á s. l. ári og fleiri árum. Þetta dæmi á auðvitað að vera inni í þessum framreikningi ef við ætlum að líta raunsæjum augum á hver staðan er hverju sinni. Það þýðir ekki, eins og hæstv. ráðh. gerði, að lesa þennan framreikning frá ári til árs og segja: Svona lítur dæmið út með gleraugum Þjóðhagsstofnunar — þegar ekki er tekið minnsta tillit til allra þeirra milljarða sem velt er á undan sér í bráðabirgðalánum sem eru með okurvöxtum. Það dugar ekki fyrir menn — hvorki ráðh. eða þm. né aðra — að horfa fram hjá því, að ástandið í fjölmörgum fyrirtækjum er geigvænlegt vegna þess mikla taprekstrar sem átt hefur sér stað sérstaklega á árinu 1980. En það gefst tækifæri til að ræða þá hlið málsins nánar mjög fljótlega.

Ég vildi ekki láta hjá líða að láta skoðun mína koma hér fram eftir að hæstv. sjútvrh. fylgdi þessu máli úr hlaði, og hún er sú, að hér sé farið inn á hættulega braut. Með þessari breytingu er verið að rífa niður það sem hefur verið byggt upp varðandi stofnun og rekstur Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins, sem ég tel að geti orðið bæði þjóðfélaginu í heild og sjávarútveginum til stórskaða. Það hefur ekki verið deilt um það í stjórnmálaflokkum, að Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins var talinn á sínum tíma nauðsynlegur. Það hefur verið sameiginlegt álit alþm., að það beri að byggja upp Verðjöfnunarsjóðinn á þeim grundvelli sem lögin voru byggð á, á þann veg að hver grein framleiðslu eða hver deild í sjóðnum sé sjálfstæður aðili, og aðeins sú grein greiðir

til þeirrar deildar og fær sömuleiðis aftur greiðslur frá henni þegar markaðshorfur eru með þeim hætti. Eins og ég sagði brýtur þetta frv. þennan grundvöll gjörsamlega niður. Því er það ekki einungis skaðlegt nú í augnablikinu, heldur hættulegt vegna framtíðarinnar hvað snertir Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég hafði satt að segja vænst þess, að hæstv. sjútvrh. sýndi deildinni þau elskulegheit að gera grein fyrir því máli, sem hér liggur fyrir, og ræða eitthvað um afkomuhorfur, ekki aðeins einstakra greina sjávarútvegsins, heldur einnig útflutningsatvinnuveganna í heild. Ég gat ekki betur heyrt á máli hæstv. sjútvrh. en að honum fyndist rétt, eins og sakir standa, að reka hraðfrystiiðnaðinn með nokkrum halla og bæta það upp með því að taka kúfinn ofan af í skreiðarframleiðslunni. Af þeim sökum er hér gert ráð fyrir að færa þar á milli. Ég vil taka undir það sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að með þessu er að sjálfsögðu verið að vinna á móti því að byggja upp varasjóði í Verðjöfnunarsjóðnum. Við þurfum raunar ekki að fara mörg ár aftur í tímann til að rifja það upp, að mjög verulegir erfiðleikar voru í skreiðarverkuninni, að sú grein fiskverkunarinnar átti við mesta örðugleika að stríða, á sama tíma og t. d. hraðfrystiiðnaðurinn skilaði ágætum hagnaði. Við vitum því að í þessum efnum geta skjótt skipast veður í lofti. Þó gladdi það mig, að hæstv. ráðh. skyldi viðurkenna að ekki væri gott að engu máli skipti í hvaða verði útflutningsafurðir okkar væru og að sennilega væri æskilegt að stuðla að því að menn reyndu að ná sæmilegu verði erlendis, því að það hvetur menn náttúrlega ekki til þess að reyna að afla sér góðra markaða á erlendum vettvangi ef svo á að fara um sjávarútveginn eins og verið hefur um landbúnaðinn, að þeir, sem útflutninginn annast, fái sömu þóknun fyrir útflutninginn á hvaða verði sem varan er flutt úr landi.

Ég held að þetta frv. sýni enn einu sinni að það er ekki til góðs ef stjórnmálamenn hafa of mikil afskipti af atvinnumálum, allra síst ef þeir eru mjög trúaðir á ríkisforsjána og telja að þeir séu menn til að standa fyrir öllu sjálfir, en taka ekki ráðleggingum og leiðbeiningum annarra. Ég vil bara ítreka þetta. Ég sakna þess, að hæstv. sjútvrh. skyldi ekki gera grein fyrir þessu frv. með sómasamlegum hætti, og ég verð einnig að segja að sumt í máli hans olli mér nokkurri undrun, þar sem fram kom í áramótaávarpi hæstv. forsrh. að allar greinar sjávarútvegsins væru nú reknar með ágóða, þannig að mér skildist að ekki þyrfti til þvílíkra ráðstafana að koma eins og hér um ræðir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til sjútvn. með 21 shlj. atkv.

Meðferð einkamála í héraði, frv. (þskj. 537 (sbr. 281)). — 1. umr.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Hér er um að ræða frv. til l. um breyt. á lögum um meðferð einkamála í héraði. Það er samið af réttarfarsnefnd. Það var fyrst lagt fram á Alþingi árið 1976. Síðan hefur það verið endurflutt, athugað og endurskoðað nokkrum sinnum.

Réttarfarsnefnd telur að þetta frv. megi vel samþykkja án tillits til þess hvað verður um lögréttufrv. sem lagt hefur verið fram á Alþingi nokkrum sinnum. Talið er að veruleg réttarbót fáist ef frv. þetta nær fram að ganga vegna þess að það horfir til einfaldari og greiðari meðferðar einkamála í héraði.

Frv. þetta var lagt fram í hv. Ed. Allshn. þeirrar deildar hefur skoðað það og mælt einróma með því að það verði samþykkt. Vona ég að hv. Nd.-menn og sú nefnd sem fær það til athugunar, geti á þetta fallist. Ég hef ekki fleiri orð um frv., en legg til að því verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. allshn.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Mér þykir lofsvert að hæstv. dómsmrh. skuli vilja greiða fyrir því, að einstaklingar nái rétti sínum hver fyrir öðrum, en á hinn bóginn vil ég í þessu samhengi enn minna á nauðsyn þess, að eitthvað verði gert til að greiða fyrir því, að einstaklingurinn nái rétti sínum gagnvart ríkisvaldinu. Við höfum nú nýverið orðið vitni að því, að eftir á hafa menn verið sviptir 7% af launum sínum fyrir marsmánuð án þess að þeir hafi nokkur tök á því að leita réttar síns. Og ýmsir af þeim ráðherrum, sem sitja í þessari ríkisstj., hafa lagt á afturvirka skatta, eins og haustið 1978, sem enginn vafi er á að einvörðungu hlaut samþykki í Hæstarétti vegna þess, hversu seint málið kom þangað. Þar var um það að ræða að leggja tekjuskattinn á tvisvar sinnum og sömuleiðis eignarskatt, leggja þá á að nýju. Í þriðja lagi vil ég svo minna á brbl. um fóðurbætisskatt sem mjög kom við efnahag bænda á s. l. sumri og raunar er ógjörningur eftir á að meta hver áhrif hafi haft á afkomu bænda. Og þó að Hæstiréttur úrskurðaði eftir dúk og disk þá skattheimtu óheimila yrði uppgjörið eftir á algjörlega útilokað. Það væri ekki hægt að meta áhrif þessarar skattheimtu, hvaða efnahagstjóni hún hefur valdið mörgum bændum. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. dómsmrh. að því, hvort í undirbúningi sé í dómsmrn. frv. þess efnis að auðvelda mönnum, einstaklingum, að ná rétti sínum gagnvart ríkisvaldinu þegar það fer jafnóvarlega með bráðabirgðalagavaldið og ég hef minnst á nú í þessum þremur dæmum.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Vegna orða hv. síðasta ræðumanns vil ég gjarnan leggja nokkur orð í belg og beina fsp. minni til hins vaska hæstv. dómsmrh., sem nú situr í þeim stól, og spyrja hvort hann hafi nokkurn hug á að taka upp — einmitt með hliðsjón af þeim orðum sem hér hafa fallið — og endurflytja það frv. sem flutt var á Alþingi um umboðsmann Alþingis. Ég flutti á sínum tíma þáltill. um þetta mál sem samþykkt var. Síðan var frv. um þetta efni samið á vegum dómsmrn. Páv. hæstv. dómsmrh. flutti frv. einu sinni og ég endurflutti það síðan einu sinni eða tvisvar.

Ég endurtek fsp. mína til hæstv. ráðh., sem sýndi þessu máli mikinn áhuga á sínum tíma, hvort hann hafi nokkuð hugsað sér að taka þetta mál upp að nýju. Ég held að það sé orðin full þörf á því, að einstaklingurinn geti á einhvern hátt leitað réttar síns gagnvart ekki aðeins ríkisvaldinu, heldur og embættismannavaldi þjóðarinnar.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Út af fsp. hv. 1. landsk. þm., sem hér talaði síðastur, skal ég

láta þess getið, að eins og nú horfir er þetta sérstaka mál, sem hann nefndi, ekki til sérstakrar athugunar í ráðuneytinu. Hvort það verður síðar skal ég ekki um segja. En um þessi mál, bæði þetta og skyld mál, gæti ég gjarnan rætt nánar við hv. þm. við annað tækifæri. En sem sameiginlegt svar til þeirra beggja, hv. 1. landsk. þm. og hv. 7. landsk. þm., skal ég geta þess — sem óþarft er að taka fram — að eitt meginverkefni dómsmrn., sem að er unnið frá degi til dags, er að greiða götu manna og sjá til þess að hver og einn nái rétti sínum að lögum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Eftirlit með skipum, frv. (þskj. 538 (sbr. 282)). — 1. umr.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Frv. þetta til l. um breyt. á lögum um eftirlit með skipum er fylgifrv. með því frv. sem ég lýsti hér áðan. Það er einnig samið af réttarfarsnefnd og horfir til greiðari og skjótari meðferðar mála. Það var lagt fram í hv. Ed. og mælti allshn. þeirrar deildar eindregið með því, að það yrði samþykkt. Vænti ég þess, að það fái einnig góðar móttökur í þessari deild og verði sem fyrst að lögum. Ég vil leyfa mér að leggja til að því verði vísað til hv. allshn. að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Kirkjubyggingasjóður, frv. (þskj. 283, n. 540). — 2. umr.

Frsm. (Ingólfur Guðnason): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. menntmn. á þskj. 540 um frv. til laga um kirkjubyggingasjóð. Nefndin hefur fjallað um málið á fundi 17. mars s. l. og fékk til viðræðna Baldur Möller ráðuneytisstjóra. Nefndin mælir með samþykkt frv., en í samræmi við gjaldmiðilsbreytinguna, sem orðið hefur síðan frv. var lagt fram, gerir nefndin till. um breytingar á tölum, sem í frv. felast, svo og gerir hún till. um breyttan gildistíma.

Undir nál. hafa skrifað allir nefndarmenn. Breytingarnar eru í því fólgnar, að í 2. gr. komi í stað 60 millj. kr. 600 þús. kr., í 5. gr. komi í stað 20 þús. kr. 200 kr. og í stað 100 þús. kr. komi 1000 kr. og í 9. gr. í stað „Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1981" komi: Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta nál., nema um gildistíma mætti kannske geta þess, að það er talað um að lög þessi öðlist þegar gildi. Ýmsum hefði kannske þótt eðlilegra að þau öðluðust gildi 1. jan. 1982, en nefndin komst að þeirri niðurstöðu að þar sem verðuppfærsla felst í frv. væri rétt að gildistaka hæfist við samþykkt laganna, en ekki 1. jan. 1982.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 540,a samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
3.—4. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 540,b samþ. með 25 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
6.—8. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 540,c samþ. með 25 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Heilbrigðis- og vistunarþjónusta fyrir aldraða, frv. (þskj. 544). — 1. umr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Að undanförnu hafa orðið miklar umræður um málefni aldraðra bæði hér á Alþingi og úti í þjóðfélaginu almennt. Hafa þær endurspeglað það ástand er ríkir í málefnum aldraðra hér á landi og þó sérstaklega að því er snertir heilbrigðis- og vistunarþjónustu þeirra hér á þéttbýlissvæðinu.

Því verður ekki neitað, að eitt mesta vandamál, sem við eigum við að glíma í heilbrmrn. um þessar mundir, snertir einmitt heilbrigðis- og vistunarþjónustu fyrir aldraða. Reynt hefur verið að leysa þessi mál eftir föngum og hefur það tekist bærilega víða utan þéttbýlissvæðisins. Lausn þessara mála hefur oft verið fólgin í því að nota sjúkrahús úti á landsbyggðinni sem langlegustofnanir fyrir aldraða. Á Reykjavíkursvæðinu hefur hins vegar skapast ástand sem margir kalla neyðarástand. Skýringarnar eru í sjálfu sér margar, en helstar tel ég þær, að fjöldi aldraðra hefur aukist hröðum skrefum á þessu svæði og mun meira en annars staðar á landinu. Er hér bæði um að ræða einstaklinga, sem búið hafa meiri hluta ævi sinnar á Reykjavíkursvæðinu, og aðflutta, sem eðlilega leita þess öryggis sem Reykjavík og nágrannabyggðirnar bjóða, ekki síst á sviði sérhæfðrar heilbrigðis- og félagsþjónustu.

Sveitarfélögin á stór-Reykjavíkursvæðinu hafa ekki reynst þess megnug að leysa þetta vandamál með viðhlítandi hætti þrátt fyrir góðan vilja. Sætir slíkt engri furðu, ekki síst með hliðsjón af því, að litla hjálp hefur verið að fá hjá ríkisvaldinu í þessum efnum.

Ég er þeirrar skoðunar, að þessi mál verði ekki lagfærð án atbeina ríkisvaldsins. Enn fremur tel ég að lausn þessara mála verði að vera nokkuð óháð landshlutum og sveitarfélögum og að engin rök mæli með því, að ákveðnum sveitarfélögum sé öðrum fremur íþyngt vegna þess að þau sérstöðu sinnar vegna verða að taka við öldruðu fólki umfram önnur sveitarfélög.

Sveitarfélög hafa ekki haft fjárhagslegt bolmagn til að leysa úr þessum málum sem skyldi. Hefur því lausnin í reynd lent á ríkisvaldinu á þann hátt, að sjúkrahús hafa verið notuð sem langlegustofnanir fyrir aldraða, en sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins greiðir rekstur slíkra stofnana í samræmi við lög um almannatryggingar. Er rekstur þessara sjúkrastofnana fjármagnaður af svokölluðu daggjaldakerfi og þegar um er að ræða langlegupláss fyrir aldrað fólk lendir rekstrar-

kostnaðurinn algjörlega á ríkinu. Á þennan hátt hafa sveitarfélög verið misjafnlega í sveit sett eftir því, hvort sjúkrahús eru á staðnum eða ekki.

Frv. það, sem ég mæli hér fyrir, er samið í heilbr.- og trmrn. að höfðu samráði við alþm. Guðrúnu Helgadóttur og Guðmund G. Þórarinsson og enn fremur Odd Ólafsson lækni, fyrrv. alþm., og Þór Halldórsson, yfirlækni öldrunardeildar Landsspítalans. Verði frv. að lögum er því ætlað að þjóna þeim tilgangi að koma á heildarsamræmingu í heilbrigðis- og vistunarþjónustu aldraðra, hvort heldur er í heimahúsum eða í stofnunum. Því er ekki að neita, að æskilegt hefði verið að okkar mati að bæta hér inn félagslega þættinum, en horfið var frá því þar sem leggja verður mikla vinnu í þann þátt sérstaklega, auk þess sem ýmis stjórnunarvandamál koma upp, m. a. vegna þess að félagslegi þátturinn er í gagngerðri endurskoðun vegna endurskoðunar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Hefði verið ætlunin að taka þessa þætti alla þrjá í sama frv. hefði það að mínu mati tafið fyrir úrlausn heilbrigðis- og vistunarþáttarins, sem mönnum ber saman um að þurfi hvað brýnast að bæta úr.

Hins vegar er gert ráð fyrir því í frv. þessu, að ef það verður að lögum verði lögin endurskoðuð innan fimm ára frá gildistöku og verði við þá endurskoðun reynt að tengja saman vistunar- og heilbrigðisþáttinn annars vegar og hinn félagslega þátt hins vegar.

Eins og frv. liggur hér fyrir er lögð áhersla á að nýta þá þjónustu sem fyrir er í samfélaginu, og er þunginn lagður á heilsugæslustöðvarnar, sem eru í hraðri uppbyggingu víðast hvar á landinu, jafnt í þéttbýli sem strjálbýli. Í frv. er sett fram ákveðið markmið til úrbóta í heilbrigðis- og vistunarmálum aldraðra á þann hátt, að stuðlað skuli að samræmingu þessara mála og jafnframt stuðlað að sérstöku átaki við framkvæmdir bygginga fyrir aldraða. Á þennan hátt er ætlunin að tryggja öldruðum ákveðið öryggi á þessu sviði og að það sé samfélagsins fyrst og fremst að sjá um að svo verði gert.

Eins og kunnugt er gildir gagnkvæm framfærsluskylda foreldra og barna hér á landi samkvæmt framfærslulögum, nr. 80/1947. Má segja að þetta fyrirkomulag sé nú orðið séríslenskt þar sem svipuð ákvæði laga nágrannalanda hafa verið afnumin. Framfærsluskylda barna gagnvart foreldrum er lögum samkvæmt þannig útfærð, að þeim beri að framfæra foreldra sína að svo miklu leyti sem lífeyrisgreiðslur frá almannatryggingum og aðrar tekjur hrökkva ekki til. Í frv. þessu er ekki gerð tilraun til að breyta þessu ákvæði, og tel ég ástæðu til að láta það koma fram sérstaklega.

Frv. gerir ráð fyrir ákveðinni heildarstjórn heilbrigðis- og vistunarmála aldraðra og að hún verði í höndum sérstakrar deildar innan heilbr.- og trmrn. Lagt er til að landinu verði skipt í ákveðin þjónustusvæði og að þau verði í samræmi við heilsugæsluumdæmi laga nr. 57 frá 1978, um heilbrigðisþjónustu, þ. e. 28 svæði samtals. Tel ég þessa svæðisskipan sjálfsagða með hliðsjón af þeirri megináherslu sem lögð er á hlutverk heilsugæslustöðva og starfsliðs þeirra í þessu frv. Enn fremur er á þennan hátt reynt að koma á ákveðinni stjórn mála innan hvers héraðs þannig að minni þörf verði á heildarmiðstýringu ofan frá í þessum efnum.

Á hverju þjónustusvæði skal starfa ellimálanefnd sem í eigi sæti heilsugæslulæknir, heilsugæsluhjúkrunarfræðingur og starfsmaður félagslegrar þjónustu. Enn fremur er heimilt að skipa í nefndina lækni, sérmenntaðan í öldrunarlækningum, og félagsráðgjafa, ef þeir eru á annað borð starfandi á svæðinu.

Hlutverk ellimálanefndar yrði fyrst og fremst að annast framkvæmd og skipulagningu þjónustu innan svæðisins. Hlutverk nefndarinnar er annars tíundað í frv. og vísa ég sérstaklega til þess sem þar segir. Hvað snertir Reykjavík sérstaklega er gert ráð fyrir að þar starfi eingöngu ein ellimálanefnd undir forustu borgarlæknis. Er þetta gert af hagkvæmniástæðum því að ómögulegt er að hafa þann hátt á, að ein nefnd starfi við hverja heilsugæslustöð, en nú hafa þegar tekið til starfa þrjár heilsugæslustöðvar í Reykjavík.

Hvað snertir störf ellimálanefnda vil ég sérstaklega geta eins atriðis, en það er að ellimálanefndum ber að gera félagsmálayfirvöldum sveitarfélaga viðvart sé félagslegri þjónustu við aldraða ábótavant. Það, sem hér er fyrst og fremst átt við, er heimilishjálp í viðlögum sem rekin er af sveitarfélögum í samræmi við lög nr. 10/1952 og á kostnað þeirra. Vegna sérstöðu starfa sinna er ellimálanefnd í þeirri aðstöðu að geta fylgst með framkvæmd heimilishjálpar á viðkomandi svæði. Er því ekki óeðlilegt að leggja þessar skyldur á herðar nefndinni. En ég undirstrika að ellimálanefndum er þó ekki ætlað að gera þetta að sjálfstæðu verkefni.

Í 6. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að settur verði á stofn sérstakur framkvæmdasjóður aldraðra. Er hlutverk hans að fjármagna byggingar samkvæmt lögunum, þær sem reistar eru á vegum ríkis og sveitarfélaga sem og annarra, t. d. einkaaðila. Tekjur sjóðsins skulu vera sérstakt álag á aðgangseyri vínveitingahúsa, 10 kr. á hvern miða, og skal upphæðin breytast í samræmi við verðlagsvísitölu. Aðrar tekjur sjóðsins yrðu beint framlag eftir ákvörðun á fjárlögum hverju sinni, inneign í Byggingarsjóði aldraðs fólks samkv. lögum nr. 49/1963 og enn fremur frjáls framlög og tekjur er til kunna að falla svo og vaxtatekjur. Lauslega má áætla að tekjur vegna álags á aðgangseyri vínveitingahúsa nemi um 12 millj. kr. á ári. Inneign í Byggingarsjóði aldraðs fólks er hins vegar mjög lítil og aðrar tekjur óvissar. Liggur því nokkuð ljóst fyrir að framlag ríkissjóðs á fjárlögum verður að nema því sem á vantar til þess að unnt sé þegar í stað að gera verulegt átak í þessum málum. Þyrfti framlag ríkissjóðs að nema á bilinu 8—18 millj. kr. og yrði þar í sjálfu sér ekki um að ræða verulega aukningu frá því sem þegar er, en á fjárlögum yfirstandandi árs er varið 8.4 millj. kr. til þessara mála, sem skiptast á B-álmu Borgarspítalans, Hrafnistu í Hafnarfirði og hjúkrunarheimili aldraðra í Kópavogi. Sé ætlunin að gera myndarlegt átak í þessum málum mundi verða um að ræða um 10 millj. kr. viðbótarframlag á fjárlögum, alla vega næstu fimm árin, og verð ég að segja að það þykir mér í raun ekki há fjárhæð miðað við þá skuld sem við eigum því fólki að gjalda sem nánast hefur reist þessa þjóð úr öskustónni.

Því er ekki að neita, að um þessar mundir er í tísku mikill áróður gegn mörkuðum tekjustofnum. Þörf fyrir fjármagn á því sviði sem hér um ræðir er hins vegar ákaflega brýn, svo nauðsynlegt er að leita sérstakra ráða. Var því gripið til þess ráðs sem hér hefur verið lýst. En á það skal bent, að hér er um bráðabirgðaúrræði að ræða með það fyrir augum að bæta sem skjótast úr þeim vanda sem að steðjar, þ. e. skorti á vistrými fyrir aldraða. Í frv. er lítillega tekið á heilsugæslu aldraðra í heimahúsum. Gert er ráð fyrir að hið opinbera veiti slíka heilsugæslu, sem yrði þá í formi lækninga, hjúkrunar og endur-

hæfingar, svo og mundi flutningur aldraðra að og frá heimili falla hér undir.

Sem áður er lögð áhersla á það, að starfslið heilsugæslustöðva annist þessa þjónustu og að allur kostnaður vegna hennar falli undir eðlilegan rekstrarkostnað stöðvanna, í samræmi við lög nr. 57/1978, um heilbrigðisþjónustu. Í sjálfu sér er erfitt að áætla þann kostnaðarauka sem af þessu hlýst, en hann yrði fyrst og fremst fólginn í því, að nauðsyn gæti orðið á fjölgun í starfsliði einstakra heilsugæslustöðva. Reynslan verður að leiða þetta í ljós. Á það skal bent, að rekstrarkostnaður heilsugæslustöðva skiptist á milli ríkis og sveitarfélaga þannig að ríkið stendur undir launakostnaði lækna, hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra, en sveitarfélög umdæmanna standa undir öðrum rekstrarkostnaði. Á það skal enn fremur bent, að kostnaðarauki lendir ekki á einu sveitarfélagi öðru fremur, þar sem öll sveitarfélög eru eða verða aðilar að heilsugæslustöðvum. Til þess að mæta hugsanlegum kostnaðarauka er ráðh. heimilt að setja gjaldskrá fyrir heilsugæslu aldraðra í heimahúsum. Hér er eingöngu um heimildarákvæði að ræða sem yrði að sjálfsögðu aðeins notað á svipaðan hátt og gert er í dag, t. d. varðandi ákvörðun göngudeildargjalda. Ættu þessi gjöld því ekki að íþyngja neinum og yrðu þau ekki lögð á efnalitla einstaklinga.

Fyrr í máli mínu gerði ég grein fyrir því, hvers vegna kosið var að fjalla ekki um félagslega þjónustu fyrir aldraða í frv. þessu. Ekki er þar með sagt að sneitt sé algjörlega hjá þessum þætti, þar sem gert er ráð fyrir því í 8. gr., að ellimálanefnd sé heimilt að skipuleggja heimilishjálp í viðlögum um skemmri eða lengri tíma samkv. sérstökum samningi við sveitarfélög umdæmisins. Hér er eingöngu um að ræða heimildarákvæði sett til öryggis, til þess að koma í veg fyrir að þessi þjónusta falli fyrir róða, en víða er pottur brotinn á þessu sviði eins og kunnugt er. Til slíkrar þjónustu kæmi hins vegar ekki þar sem sveitarfélög kjósa að annast hana sjálf eða þar sem sveitarfélögin kjósa að halda henni alls ekki uppi, en svo furðulegt sem það kann að virðast er slíkt til í nokkrum tilvikum. Allur kostnaður yrði sem áður greiddur af viðkomandi sveitarfélögum þannig að hér yrði ekki um að ræða kostnaðarauka fyrir heilsugæsluna eins og þetta er sett upp hér.

Í frv. er mörkuð ákveðin stefna varðandi þær stofnanir sem reknar skulu fyrir aldraða. Þær stofnanir, sem hér um ræðir, eru íbúðir sérhannaðar fyrir aldraða og þarfir þeirra, enda séu íbúðirnar byggðar á félagslegum grundvelli, t. d. á vegum sveitarfélaga. Þá eru dvalarheimili með íbúðarherbergjum og snyrtingu ásamt aðstöðu fyrir tómstunda- og félagsstarfsemi fyrir vistmenn, hjúkrunarheimili til langdvalar með aðstöðu fyrir dagvistun fyrir aldraða og sjúkradeildir með aðstöðu fyrir öldrunarlækningar og göngudeildir, hannaðar á hliðstæðan hátt og gerist um sjúkrahús.

Ég vil sérstaklega taka það fram hvað snertir íbúðirnar, að frv. er ekki ætlað að ná yfir þær íbúðir sem aldraðir byggja sjálfir án nokkurs sérstaks fjárframlags samkv. lögum, og skiptir ekki máli hvort þeir njóta til þess annarra lána eða styrkja, svo sem frá Húsnæðisstofnun ríkisins samkv. nýsettum lögum þar um, en þau lög heimila miklu rýmri lánamöguleika til íbúðakaupa að þessu leyti en fyrri lög gera. Hvað snertir dvalarheimilin skal lögð áhersla á einstaklingsherbergi og sérherbergi fyrir hjón ásamt aðstöðu fyrir tómstunda- og félagsstarfsemi. Hjúkrunarheimili skulu reist sem langdvalarheimili og þar skal vera aðstaða fyrir dagvistun.

Sjúkradeildir eiga að geyma aðstöðu fyrir öldrunarlækningar og göngudeildir, þannig að ekki er ætlast til þess að langdvalarstofnanir séu annars staðar en í hjúkrunarheimilum og öldrunar- og göngudeildir fyrir aldraða annars staðar en á sjúkradeildum.

Gert er ráð fyrir því, að sömu ákvæði gildi um þessar stofnanir hvað snertir stjórn þeirra og sett eru í lögum nr. 28/1973, um dvalarheimili fyrir aldraða, og í lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 57/1978, sé um að ræða hjúkrunarheimili og sjúkradeildir. Frv. gerir ráð fyrir ákveðinni verkaskiptingu milli sveitarfélaga og ríkis varðandi byggingar fyrir aldraða. Þannig er gert ráð fyrir því, að dvalarheimili með íbúðarherbergjum skuli byggð af sveitarfélögum og á þeirra kostnað, en að þau geti notið framlaga úr Framkvæmdasjóði. Hvað snertir hins vegar hjúkrunarheimili eða sjúkradeildir skuli gilda ákvæði 34. gr. laga nr. 57/1978, um heilbrigðisþjónustu, en samkv. því ákvæði skal ríkið greiða sem nemur 85% af stofnkostnaði, en sveitarfélög 15%. Hlutur ríkisins yrði greiddur úr Framkvæmdasjóði aldraðra. Ekki má skilja orð mín svo, að verið sé með ákvæðum þessum að leggjast gegn því, að einstaklingar eða félagasamtök byggi dvalarstofnanir fyrir aldraða, enda ráð fyrir því gert, að þessir aðilar geti að sjálfsögðu notið framlaga úr Framkvæmdasjóði aldraðra.

Frv. gerir ráð fyrir að allar stofnanir, sem undir það falla, nema íbúðir sérhannaðar fyrir aldraða, verði reknar á daggjöldum í samræmi við lög nr. 67/1971, um almannatryggingar, og að daggjaldanefnd, sem starfar samkv. þeim lögum, taki ákvarðanir þar um. Þótt daggjaldakerfið hafi verið gagnrýnt — og það oft með réttu — verður ekki annað betra kerfi fundið að sinni, og óvarlegt er á þessari stundu að setja t. d. hjúkrunarheimili og sjúkradeildir að öllu leyti á föst fjárlög nema með nákvæmri athugun áður. Slíkt þarf miklu lengri aðdraganda og auk þess þyrfti þá að breyta almannatryggingalögunum. Gert er ráð fyrir að sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins greiði daggjöld sé um að ræða hjúkrunarheimili og sjúkradeildir, og er það í samræmi við gildandi reglur hér um í dag.

Hvað snertir rekstur dvalarstofnana er ekki gert ráð fyrir breytingum á gildandi fyrirkomulagi, þ. e. ríkið stendur undir rekstrarkostnaði hjúkrunarheimila og sjúkradeilda, en vistmenn standa sjálfir undir kostnaði við íbúðir og dvalarheimili, sem í reynd þýðir að lífeyrisgreiðslur lífeyristryggingadeildar Tryggingastofnunar ríkisins, þ. e. ellilífeyrir vistmanna, rennur til rekstrarins ásamt hækkun lífeyris eða framlags frá vistmönnum sjálfum. Í staðinn fá vistmenn svokallaða „vasapeninga“ í samræmi við almannatryggingalög eftir nánari ákvörðun tryggingaráðs, þ. e. séu þeir tekjulausir eftir að hafa lagt fram sinn skerf af sértekjum sínum.

Því er ekki að neita, að nokkurs ranglætis gætir á þessu sviði í dag, sérstaklega varðandi þá vistmenn sem hafa sértekjur og þurfa að leggja af þeim peningum til rekstrar dvalarheimilanna, en þeir eru þá jafnsettir og þeir sem engar sértekjur hafa, þar sem þeim er ákvörðuð uppbót á lífeyri til þess að standa sérstaklega undir kostnaði við vistun þeirra á dvalarheimili. Hér er um flókið mál að ræða, sem ekki verður leyst óháð lausn lífeyrismála almennt að mínu mati. Ég teldi eðlilegast sem fyrsta skref að vasapeningar yrðu hækkaðir allveru-

lega til að mæta þessu, en samkv. ákvörðun tryggingaráðs nema vasapeningar nú aðeins um 314 kr. á mánuði og er sérstök hækkun þeirra nú til athugunar í heilbr.- og trmrn., eins og kom fram við umr. á hv. Alþingi í gær.

Í reynd mun þetta frv. ekki breyta í miklu ríkjandi fyrirkomulagi varðandi rekstur dvalarstofnana fyrir aldraða, og skiptir þá engu hvort um er að ræða venjulegt dvalarheimili, sjúkradeildir eða hjúkrunardeildir. Á þennan hátt verða því ekki lagðar auknar fjárhagskvaðir á opinbera aðila að öðru leyti en því, að eftir því sem stofnunum fjölgar samkv. þessum lögum njóta fleiri vistunar, en slíkt hefur að sjálfsögðu í för með sér aukinn kostnað. Sá kostnaður yrði ekki mældur í dag, og er raunar erfitt að gera sér grein fyrir honum fyrr en gerð hefur verið áætlun um framkvæmdir við byggingu stofnana, eins og gert er ráð fyrir í 7. gr. frv.

Frv. gerir ráð fyrir því, að enginn geti vistast á dvalarstofnun fyrir aldraða án undangengins mats sem fer fram á vegum ellimálanefndar. Í sjálfu sér er ekki ætlast til þess, að nefndin framkvæmi matið sjálf, enda yrði slíkt ógerlegt á sumum stöðum, t. d. í Reykjavík þar sem eingöngu starfaði ein nefnd. Ellimálanefndinni er því heimilt að fela þar til völdum og hæfum aðilum þetta mat, t. d. læknum. Nefndin verður að hafa yfirumsjón og stjórn með slíku. Þetta mat yrði fyrst og fremst heilsufarslegt mat. Frv. gerir einnig ráð fyrir því, að óheimilt sé að flytja vistþega á milli stofnana án slíks mats. Lagt er til að viðkomandi einstaklingar ráði sjálfir á hvaða stofnun þeir vistast, eftir að matið hefur farið fram og eftir því sem við verður komið á hverjum stað og hverjum tíma. Hér er um veigamikið nýmæli að ræða og ætti á þennan hátt að vera komið í veg fyrir að stjórnir einstakra dvalarstofnana ákveði einar hverjir fái inni á stofnunum undir þeirra stjórn og hverjir ekki, eins og á sér stað um þessar mundir.

Ákvæðin um mat ellimálanefndar gilda hins vegar ekki ef um er að ræða íbúðir sérhannaðar fyrir einstaklinga. Eðlilegt er að undanþiggja þær í þessu tilviki. Sé hins vegar um að ræða dvalarheimili fyrir aldraða gilda þessi ákvæði og skiptir ekki máli að hve miklu leyti eða hvernig vistþegi greiðir sinn kostnað á þeim stofnunum.

Gert er ráð fyrir að frv. þetta öðlist gildi, ef að lögum verður, um n. k. áramót, öðru leyti en því, að reiknað er með að gjaldtaka af vínveitingahúsamiðum, sbr. ákvæðin um framkvæmdasjóð, öðlist gildi 1. júní n. k. Enn fremur er gert ráð fyrir því, að þegar í stað verði hafist handa við deildarstofnun í heilbr.- og trmrn. þannig að starfsemi deildarinnar verði að fullu hafin við gildistöku laganna, en vitað er að gildistaka þessara laga þarfnast töluverðs undirbúnings. Reiknað er með að lögin verði endurskoðuð innan fimm ára, eins og ég sagði áðan, sérstaklega með hliðsjón af framtíð framkvæmdasjóðs og með hliðsjón af setningu heildarlöggjafar á þessu sviði, þ. e. varðandi þá þætti sem þetta frv. fjallar um, heilbrigðis- og vistunarþáttinn og jafnframt félagslega þáttinn, verði á annað borð talin ástæða til að setja sérlög á þessu sviði eftir fimm ár, en vitanlega hljótum við að vera sammála um að æskilegast væri að þessum þáttum yrði öllum sinnt í einu heildarsamhengi.

Herra forseti. Ég hef rakið þetta frv. nokkuð ítarlega og mætti margt fleira um það segja. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Ég vil taka það fram, að meðan þetta frv. var í undirbúningi komu upp mörg álitamál sem ég bið hv. þingnefnd að hugleiða vandlega. Eitt álitamálið var nafnið á þeim nefndum sem er talað um í frv. Í upphaflegum drögum frv. voru þessar nefndir kallaðar „öldrunarmálanefndir". Mér fannst það — það er kannske bara minn persónulegi smekkur — heldur leiðinlegt orð, þannig að ég kaus frekar að nota nafnið ellimálanefnd og geri það alls staðar í frv. eins og það liggur hér fyrir. Þetta er mál sem nefndin verður að meta í samræmi við það sem henni finnst eðlilegt og hv. Alþingi, en mér hefur fundist gæta vissrar ofnotkunar á orðinu „öldrun" í ýmsum samsetningum í umræðum um þetta mál að undanförnu.

Annað atriði vil ég nefna sem er vafalaust einnig álitamál, þ. e. að hve miklu leyti ráðh. á að hafa vald til að úthluta því fjármagni sem gert er ráð fyrir í frv. þessu. Í frv. er gert ráð fyrir því, að gerð verði áætlun til fimm ára í senn um framkvæmdir á þessu sviði. Áætlunin verði unnin í samráði við fjvn. Alþingis og þannig verði mótaðar línur um úthlutun þessa fjármagns. Ég held að þetta sé út af fyrir sig gott fyrirkomulag, en ég hef búið mig undir það að fram gætu komið athugasemdir við þetta. A. m. k. hef ég orðið var við það, eftir að frv. var lagt fram, að einstakir þm. hafa viljað gera við þetta athugasemdir. Nefndin verður að sjálfsögðu að meta það, en það er mál sem þarfnast góðrar skoðunar, og aðalatriðið í mínum huga er auðvitað það, að fjármunirnir nýtist sem best og að unnið verði samkv. skipulegum áætlunum, en að ekki verði rokið til milli ára og fleygt peningum í þessa framkvæmd í ár og hina næsta ár án þess að um sé að ræða efnislegt samhengi á milli ákvarðana. Þess vegna fannst mér heppilegra að miða þetta við áætlanagerð til nokkurs tíma og að fjvn. hefði þar aðild að og þar með hv. Alþingi, eins og við úthlutun á öðru fjármagni sem fer í gegnum ríkiskerfið.

Ég vil nefna eitt atriði enn, sem hefur komið upp í huga manna frá því að frv. var lagt fram, en það eru nú einir 10 dagar síðan. Ýmsir telja að eðlilegra hefði jafnvel verið að skipa þessum málum innan laganna um heilbrigðisþjónustu, þ. e. með því að breyta einungis lögunum frá 1978 og fella þjónustu við aldraða þar sérstaklega inn. Þetta er sjónarmið út af fyrir sig. En með tilliti til þess, að hér er þörf á sérátaki fyrir aldraða, taldi ég rétt að það yrðu a. m. k. nokkurn tíma í gildi sérlög um þeirra mál, sem væru þá aðallega í framkvæmd á 10 ára bili eða svo. Það er alveg augljóst, að við verðum nú að fá sérstakt átak vegna húsnæðis fyrir aldraða á næstu 5—10 árum. Við sjáum þann vanda sem við okkur blasir í þeim efnum. En ég vil aðeins minna á það í þessu sambandi, að þó að þessi vandi sé allstór, þá á hann eftir að stækka mjög verulega. Þeir árgangar fólks í landinu, sem teljast til aldraðra eftir 30 ár eða svo, eru miklu stærri en þeir árgangar sem verða aldraðir um þessar mundir, og þess vegna er greinilegt að ekki má láta staðar numið, jafnvel þó að verulegir fjármunir yrðu veittir til þessara mála, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv. Hér er í raun og veru verið að taka á hjúkrunarvandamálum aldraðra fyrst og fremst og vistunarmálum þeirra, og þess vegna held ég að mat ellimálanefndanna, sem hér er gert ráð fyrir, verði fyrst og fremst að vera heilsufarslegt. Ég held að staðan sé ekki þannig núna að auðvelt sé að taka hið félagslega mat inn í, og þess vegna nefni ég þetta, að það er eitt af þeim atriðum sem ýmsir hafa nefnt á síðustu dögum, eftir að þetta frv. var lagt fram.

Hv. nefnd tekur þetta mál að sjálfsögðu til athugunar og ég vænti þess, miðað við þann mikla áhuga sem er á því að leysa úr þessum málaflokki, að hv. Alþingi gangi rösklega til verks og afgreiði þetta mál sem allra fyrst þannig að það geti orðið að lögum á yfirstandandi þingi. Hér er um að ræða mál, sem í sjálfu sér er ekki ýkjaflókið, og ég veit að hv. heilbr.- og trn. er þannig mönnum skipuð að þar er fólk sem þekkir ákaflega vel til þessara mála. Þar á því að vera hægt að taka rösklega í árarnar og afgreiða málið hið allra fyrsta.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Því miður finnast mér þessi hvatningarorð, sem hæstv. heilbrmrh. fór með í lok ræðu sinnar, hálf-hjárænuleg. Á ég þar við að hvatningarorð hans um að afgreiða þetta mál fljótt og vel séu með allannarlegum blæ, vil ég orða það, þegar þess er gætt, að hér er lagt fram mesta miðstýringar- og þjóðnýtingarfrv. sem hefur komið fram á yfirstandandi þingi, og vantar vissulega sáralítið á að gengið sé hreint til verks af hæstv. ráðh. og flokksbræðrum hans og komið með tillögu um þjóðnýtingu og hreina eignaupptöku á sjálfseignarstofnunum fyrir aldraða sem hafa verið að byggjast upp á liðnum áratugum hér á höfuðborgarsvæðinu t. d. Að vísu get ég vel skilið þetta með hliðsjón af fyrri hug hans til samtaka sjómanna og vitna t. d. til ræðu hans frægrar, sem hann hélt árið 1978, í sigurvímu sósíalistahaustsins 1978, þegar hann hélt að þúsund ára ríki þeirra væri runnið upp hér á landi, þegar hann taldi að næsti stóráfangi í íslenskri pólitík væri að ná völdum sérstaklega í Sjómannafélagi Reykjavíkur og þar af leiðandi í öðrum samtökum sjómanna og einnig í Verslunarmannafélagi Reykjavíkur, þá væri ekkert til fyrirstöðu þúsund ára ríkinu. Það má vel vera, að þetta sé áfangi, vegna þess að hann veit að það eru sjómannasamtökin í Reykjavík og Hafnarfirði sem hafa stigið hvað stærst og áhrifamest spor í því að vinna að velferðarmálum aldraðra á liðnum áratugum.

Nú leggur hæstv. ráðh. það til með samráðssemjendum þessa frv., nú leggja þeir til að taka þessi mál algerlega undir ráðherravald, að öll stjórnun mála, innri sem ytri, á heimilunum, um byggingu og rekstur þeirra, um vistun vistmanna verði tekin úr höndum þeirra, sem hafa haft með þetta að gera, og flutt upp í rn. hæstv. heilbrmrh. Þetta er meginþátturinn í frv. hans. Skal ég nú rekja aðeins það sem á undan var gengið á síðustu misserum.

Í apríl 1979 skipaði þáv. hæstv. heilbr.- og trmrh., Magnús H. Magnússon, nefnd manna til að vinna að endurskoðun gildandi laga um dvalarheimili aldraðra. Þessi nefnd var þannig skipuð, að það var leitað til aðila frá nær öllum meginþáttum þeirra sem með þetta mikilsverða og þýðingarmikla mál hafa að gera. Ég minnist þess, að ráðuneytisstjóri þessa hæstv. þáv. ráðh. kom til mín og bað mig um að taka sæti í þessari nefnd sem nokkurs konar talsmaður svokallaðra sjálfseignarstofnana sem eru enn þá langstærsti aðilinn á þessu sviði hér á landi. Formaður nefndarinnar var landlæknir, sem er sá embættismaður landsins sem hvað mest hefur með þessi mál að gera í gegnum embætti sitt þótt hæstv. núv. heilbr.- og félmrh. hafi ekki einu sinni þótt ástæða til að sýna honum frv. sitt né hafa neitt samráð við það embætti um gerð þess. Landlæknir var formaður þessarar nefndar. Auk þess var í nefndinni fulltrúi frá sveitarfélögunum, getum við sagt, Adda Bára Sigfúsdóttir, borgarfulltrúi í Reykjavík, Þór Halldórsson yfirlæknir, sem nú hefur enn verið kallaður til af skiljanlegum ástæðum, og aðstoðarmaður hans, Ársæll Jónsson, sem þó hvarf frá vegna annarra starfa sinna, en hann fór utan meðan nefndin var að störfum.

Þessi nefnd skilaði til hæstv. ráðh. tillögum sínum, mjög ítarlegum tillögum í mörgum þáttum um þessi mál, þ. á m. um endurskoðun laganna um dvalarheimili aldraðra. Nefndin skilaði tillögunum 1. apríl 1980.

Hv. þm. Guðrún Helgadóttir kom hér í ræðustól á liðnu hausti og skýrði frá því með miklum bægslagangi, — sem þó er ekki vani hennar, enda lítil og prúð kona hér í þingsölum sem annars staðar, — skýrði frá því, að ráðh. væri bara rétt ókominn með nýtt frv. um málefni aldraðra. Hún sá ástæðu til að rjúka hér upp í ræðustól með þessa tilkynningu, vegna þáltill. sem hér var til umr. og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir flutti ásamt fleiri þm. Ég hafði satt að segja álitið, þegar svo fljótlega var brugðið við, að hæstv. núv. heilbrmrh. hefði haft einhverja hliðsjón af þeirri miklu og ítarlegu vinnu sem lögð var í það frv. sem samið var fyrir Magnús H. Magnússon meðan hann gegndi þessu starfi, en þar var kallaður til fjöldi — ekki aðeins áhugamanna, heldur fagmanna, sem að þessum málum vinna, ekki aðeins úr Reykjavík og nágrenni, heldur víðs vegar að af landinu. Og það var leitað jafnvel út fyrir landsteinana til þess að fá nýjustu upplýsingar um hvaða stefnur væru efst á baugi í þessum málum hjá okkar nágrannaþjóðum. Og það hafði auðvitað verið gert áður. Það hafa sjómannadagssamtökin gert um margra ára skeið og haft fyrir framan sig og notið reynslu og menntunar þeirra sem við þessi mál fást í okkar nágrannalöndum, og svo bætt við eigin reynslu af sínum rekstri hér á landi, bæði í Reykjavík og Hafnarfirði, og reyndar notið reynslu manna annars staðar frá hér á landi líka.

En þetta virðist allt vera sett til hliðar. Það eru teknir nýir aðilar til samráðs m. a. hv. þm. Guðrún Helgadóttir sem væntanlega hefur farið í einu og öllu að vilja hæstv. ráðh. Það, sem kannske kemur manni helst á óvart, er að í hópinn bætist hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson, sem hefur m. a. verið talsmaður þess í sínum flokki og fyrir þann flokk, sem telur sig vera hvað stærstan, mestan og bestan í því að verja friðhelgi félagasamtaka til þess að láta gott af sér leiða, svo ekki sé meira sagt, og þarf ekki að fara lengra til samanburðar heldur en til Sambands ísl. samvinnufélaga. Nú hefur hann vissulega gefið tóninn um það, að þegar einhverjir aðrir taka völdin hér á Alþingi og í ríkisstjórn Íslands sé mjög auðvelt að ganga til og þjóðnýta það ágæta fyrirtæki eins og nú á að þjóðnýta þessar eigur verkalýðssamtakanna eða hluta þeirra.

Til viðbótar hafa þeir fengið fyrrv. þm. Sjálfstfl., Odd Ólafsson, sem er eignamikill maður, og aldrei hef ég heyrt annað en hann hafi haldið vel utan um sitt og vilji gera það, og ekki síður utan um það sem hann hefur verið með í að skapa hér á landi, en hann er einn ótrauðasti brautryðjandi í margs konar framkvæmdum fyrir öryrkja og berklaveika. Bendi ég á þann þátt sem hann hefur átt í byggingu Reykjalundar svo og byggingu margra íbúðarhúsa Öryrkjabandalagsins og enn fremur stofnun og rekstri Happdrættis S.Í.B.S. Með þessu samráði sínu, samráðssamsetningu með hæstv. heilbrmrh. og hans flokki, sé ég ekki annað en hann sé um leið að opna möguleika fyrir sömu þjóðnýtingunni á þeim ágætu stofnunum, að hann sé að kalla það yfir sig.

Einhverjir fleiri komu þarna til. Það er, eins og ég sagði áðan, yfirlæknirinn Þór Halldórsson, sem lengi hefur prédikað þessa stefnu og þar fylgt í hvívetna þeirri stefnu heilbrigðisstéttanna sumra, að það megi engir aðrir koma að þessum málum en þeir, það megi ekki sjást neitt átak frá öðrum aðilum en þeim sjálfum, að stjórnun eða framkvæmd slíkra mála verði að vera alfarið og eingöngu á vegum heilbrigðisstéttanna. Þetta er fyrst og fremst komið til vegna þess, að þeir vilja ekki sjá rekstrarlegan samanburð, það er fyrst og fremst vegna þess, að þeir vilja ekki láta sjá rekstrarlegan samanburð á stofnunum, sem hafa verið reknar sem sjálfseignarstofnanir af einstaklingum eða félögum þeirra, og svo hinum opinberu stofnunum undir þeirra stjórn. Og að sjálfsögðu tekur núv. hæstv. heilbmrh. undir þetta því að hann ætlar að flytja þetta allt upp í rn. til sín og stjórna þessu öllu þaðan, ekki aðeins fjárfestingunni og því, hverjir eigi að byggja, heldur líka daglegum rekstri og vistun á heimilin sjálf. Ef það hefði komið upp einhver kvörtun um það á sjálfseignarstofnun, að misfarið hefði verið með vistanir þar, þá gæti ég skilið þetta. En ætli sveitarstjórnarmennirnir, sem sæti eiga hér á Alþingi og koma víðs vegar að af landinu, segi það? Ætli fyrrv. starfsmenn Tryggingastofnunar ríkisins, eins og Rúna litla á Blómsturvöllum, geti sagt það, sem nú er orðin hv. þm. Guðrún Helgadóttir? A. m. k. átti hún vel innangengt á þessi heimili hér í Reykjavík meðan hún var þar, þótt hún segði ekki alltaf satt frá um ástand þeirra sem hún var að biðja um vistun fyrir, en það er annað mál.

Ég hefði helst óskað eftir því, herra forseti, að einhver af ráðherrum Sjálfstfl. væri hér í salnum áður en ég held áfram máli mínu, með tilliti til þess sem ég ætla að vitna til og þeir þurfa gjarnan að fá að heyra, ef herra forseti vildi gera svo vel að athuga t. d. um það, hvort eignarréttarmaðurinn Pálmi Jónsson, hæstv. landbrh., sé hér við eða verndari eignarréttarins og félagafrelsisins, hæstv. dómsmrh., hvort þeir séu í húsinu.

Það er af mörgu að taka og það er hægt að halda áfram að ræða þetta mál. Þótt ég hafi, í stórum dráttum lýst hér skoðunum mínum á málinu, þá skal ég taka það fram strax, að að sjálfsögðu eru ýmis atriði í frv. hæstv. ríkisstj. — sem stendur að frv.-flutningunum þótt heilbrmrh. flytji það — sem vel má byggja á. Og ég skal fúslega viðurkenna að nokkuð hefur verið betrumbætt það frv. sem samið var og ég átti aðild að, á þann hátt að það er einfaldara. En það má líka vera að í ljós komi við nánari athugun, sem alls ekki hefur gefist tækifæri til, en mun væntanlega gefast þar sem ég á sæti í þeirri hv. nefnd sem fær þetta frv. til meðferðar, að það sé eingöngu vegna þess að félagsþátturinn hafi að mestu leyti verið tekinn út. En í þeirri endurskoðun, sem fram fór á vegum nefndarinnar sem Magnús H. Magnússon skipaði, voru þeir þættir skoðaðir jafnframt eða sumir þeirra a. m. k. og nýjar tillögur gerðar þar um. Og það hafði tekist samkomulag um ágreiningsatriði, og það var einmitt landlæknir sjálfur, sem starfaði í skjóli eða að ósk þáv. hæstv. ráðh., sem beitti sér fyrir því, að samkomulag náðist á milli þessara aðila og menn gátu nokkurn veginn unað við það sem út úr því kom. En síðan hefur sem sagt verið gerð gerbreyting á því sem þá var unnið — og tek ég þó enn fram að það má vel vera, að svo mikið megi út úr þessu fá að gera megi það að skaplegu frv. áður en veturinn er á enda.

Meðal þess, sem ég hef rekið augun í, og það er að sjálfsögðu sérstakur kafli að ræða um, — það er um Framkvæmdasjóð aldraðra. Í gegnum alla kafla og nær allar greinar er mottóið þetta: ríkið, ríkið, ríkið, sem er stóri pabbinn í öllum þessum málum, og sveitarfélögin að vísu að nokkru leyti, en ríkið er það samt sem á að stjórna og ráða og aðrir eiga ekki til að koma. Að sjálfsögðu vil ég undirstrika það, að fram til þessa hafa auðvitað íslensk lög og reglugerðir gilt um sjálfseignarstofnanir í eigu félaga og félagasamtaka. (**Forseti:** Ég harma það að þurfa að tilkynna hv. ræðumanni að hvorugur þessara hæstv. ráðh. er í húsinu eins og stendur.) Og að sjálfsögðu ekki höfuðljónið, hæstv. forsrh.? Mér hefur auðnast að komast af án þeirra fram til þessa og ég vænti þess að mér takist það út þennan fund.

Í kaflanum um dvalarstofnanir t. d. er mjög þýðingarmikil breyting, að mér finnst, sem verður þó að kanna nokkru nánar. Mér finnst þar vera svo mikil efnisbreyting að þar þurfi nefndin að hafa sérstaka gát á. Það skilyrði er t. d. alveg tekið út og algerlega gengið fram hjá því, að dvalarheimilin, sem eru á vissan hátt miklu dýrari stofnanir en íbúðir aldraðra, þótt sérhannaðar séu og kallist verndaðar íbúðir, að þessi heimili séu búin endurhæfingaraðstöðu, sem nú er til á öllum þessum heimilum. Þessi endurhæfingaraðstaða er náttúrlega fyrst og fremst miðuð við heilsufarsástæður þeirra sem búa þar. En henni er líka ætlað að koma í veg fyrir að þetta fólk fari inn á dýrari stofnanir í framtíðinni. Það er verið að reyna að koma í veg fyrir það og draga úr tíðni öldrunarsjúkdóma og sjúkdóma almennt, sem leiða til þess, að þetta fólk sé flutt inn á dýrari stofnanir. En þessu er sleppt í frv., og ég get ekki séð annað en að með því orðalagi, sem hæstv. ráðherrar leggja til, sé þarna óbeint verið að reyna að koma inn undir lagaákvæði um sjúkratryggingagjald og skyldu sjúkratrygginga til þess að greiða visst gjald í ákveðnum stofnunum, — það sé verið að reyna að lauma þarna inn byggingum, sem eru kannske leiguíbúðir aldraðra og hafa verið byggðar í allt öðrum tilgangi en sem dvalarheimili aldraðra, sem eru miklu fullkomnari og dýrari stofnanir bæði í byggingu og rekstri.

Það má segja um c-lið 11. gr. eins og um þennan b-lið, sem ég var að vitna til, að það er afskaplega lítið tekið fram um það, hvers sé krafist af hjúkrunarheimilum. Um langdvalardeildir er ekki getið sérstaklega, heldur hjúkrunarheimili til langdvalar, og ekki getið um nein skilyrði fyrir því, að slík heimili fái að heita þessu nafni, sem á auðvitað að vera skilyrði fyrir fjárframlagi frá opinberum aðilum. Það er ekki gert. Ég bendi hv. nefnd í þessu sambandi á frv. sem liggur nú fyrir þessari hv. deild og er til afgreiðslu í heilbr.- og trn. Frv. varðar sérhannaðar byggingar fyrir aldraða og öryrkja. Ég er 1. flm. þess. Í því frv. er þetta skilgreint. Ég sé enn betur nú, þegar þetta ríkisstj.-frv. er hér lagt fram, þýðingu þess að við setjum okkur ekki aðeins reglur, heldur lög um það, hvað við séum að tala um þegar við erum að tala um hinar einstöku íbúðagerðir og stofnanagerðir fyrir aldrað fólk. Það er enn þýðingarmeira, sé ég, nú en áður til þess að óvandaðir pólitíkusar, sem komast í það vald og þá aðstöðu að sitja í ráðherrasæti, geti ekki misnotað þetta vald sitt til að hygla pólitískum samstöðumönnum í sveitarstjórnum eða annars staðar hér á landi, sem við þekkjum því miður allt of mikið af.

Smábreytingar, sem þeir fjórmenningarnir undir yfirstjórn ráðh. hafa gert við samningu þessa frv., eins og að

útiloka að gildandi lög og reglur sjálfseignarstofnana um fjölda manna í stjórn fái að gilda áfram, eru auðvitað hlægilegar. Að vera að binda þetta með einhverri algildri reglu um fjölda, sem búin er til inni í lokuðu fundarherbergi ráðh. án þess að talað sé við nokkurn mann, — það hefur að sjálfsögðu lítið að segja, en það er þó með þessu verið að skapa erfiðleika fyrir þá sem hafa lög og reglur þróaðar um áratuga skeið sem þeir vinna eftir. Þetta er því aðeins til að auka erfiðleika í stjórnun hjá þeim.

Sama má segja um fleiri atriði, eins og í 16. gr. Þar er svo komið, að það er ekki aðeins nývistun á dvalarheimilin sem ellimálanefndir, skipaðar ráðherra, eiga að sjá um, heldur eiga þær líka að hafa úrskurðarvald um nauðsynlegan tilflutning milli eininga eftir heilsufari einstaklinga á hverjum tíma. Hverjum dettur í hug að á þessum heimilum aldraðra sé verið að leika sér með tilflutninga? Nú má vera að það, sem valdi þessum misskilningi hjá þeim, sem hafa staðið að samningu þessa frv., sé að þeir eru alltaf með einhverjar stofnanir í huga sem ganga þvert ofan á allar stefnur í Vestur-Evrópu og sérstaklega á Norðurlöndum í sambandi við málefni aldraðra, þar sem nr. eitt er talað um heimili hinna öldruðu. Það er verið að útiloka frá þeim spítala- og stofnanablæinn, það er verið að búa til heimili fyrir þetta fólk. Og svo á að leita til einhverra pólitískra aðila, sem pólitískur ráðh. skipar, eftir leyfi til þess að flytja á milli herbergja á einhverju heimili, — pólitískra aðila sem eru skipaðir af ráðh., sem að sjálfsögðu er pólitískur, geri ég ráð fyrir. Ég held að það verði a. m. k. illfært fyrir hæstv. heilbrmrh. að undanskilja sig því að vera pólitískur. (Gripið fram í.) Fyrst hæstv. ráðh. grípur fram í, þá vil ég benda honum á að það fer auðvitað ekki fram tilflutningur á slíkum heimilum nema að faglegu mati. Heldur maðurinn að öskukarlinn, sem kemur einu sinni í viku til að hreinsa ruslatunnurnar, fari að segja til um að eitthvert fólk sé flutt til? Það eru auðvitað stjórnendur á heimilinu, sem eru færir um að framkvæma það faglega mat betur en nokkrir aðrir aðilar. Á ég þá við bæði hjúkrunarkonur og lækna á slíkum heimilum, sem í 99% tilfella segja til um slíka flutninga. Við þurfum, ekki að fá neina embættismenn ríkisins, sem hafa verið skipaðir af hæstv. heilbrmrh., til að segja til um þetta. Við, sem umgöngumst þetta fólk daglega og kannske mánuðum og árum saman, þekkjum miklu betur vandamál þess en utanaðkomandi aðilar. En að vera að taka stjórnina úr höndum þeirra, sem hafa mest vitið á að þjóna þessu fólki sem best, og flytja til annarra aðila, það tel ég hina mestu vitleysu, svo ég segi ekki meira þar um að sinni.

Þá kem ég enn að því, sem ég hef þegar sagt um 20. gr., en efni hennar var á sínum tíma mikið átakamál í þeirri starfsnefnd sem ég hef vitnað til. Það er um undangengið mat á vegum ellimálanefndar. Að sjálfsögðu getur þetta mat farið fram á hennar vegum og um það varð samkomulag. Hins vegar er ekki hægt að ætlast til þess, að aðilar, sem hafa safnað fé, fengið fé að láni af eigin sparifé úr eigin sjóðum og beitt fyrir ákveðinn hóp manna, eins og t. d. sjómannasamtökin hafa gert, — það er ekki hægt að ætlast til að þeir aðilar haldi þessu áfram eftir að búið er að taka úr þeirra hendi getuna til að ráðstafa því í eigin húsakynni. Vissulega falla þessir aðilar eins og aðrir undir gildandi lög um tryggingar á vegum ríkisins, sjúkratryggingar og aðrar tryggingar, og vissulega á að fara fram mat til að segja til um það, hvort aðilar falli undir það. En dettur t. d. fyrrv. starfsmanni Tryggingastofnunar ríkisins, hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur, það í hug eða er hún að gagnrýna fyrrv. samstarfsmenn sína í Tryggingastofnuninni, læknana, trúnaðarlæknana sem þar starfa, er hún að gefa það í skyn, að þeir séu ekki starfi sínu vaxnir? Þetta hefur m. a. verið þeirra aðalstarf fram til þessa, og það fer enginn maður á sjúkratryggingagjald öðruvísi en þeir samþykki það samkv. tillögum lækna á viðkomandi heimilum. Þetta veit þessi hv. þm.

Þetta verður enn hlálegra í ljósi þess, að það hefur tekist með miklu átaki að fá aðra aðila verkalýðshreyfingarinnar til að taka þátt í að leysa þetta vandamál. Síðast í morgun hringdi til mín formaður eins stærsta stéttarfélagsins hér í Reykjavík og skýrði mér frá því, að þeir ætluðu að hjálpa sjómannadagssamtökunum, — vegna þess neyðarástands sem ríkir í málum sjúkra aldraða hér í Reykjavík og nágrenni, — þeir ætluðu að hjálpa þeim á þessu ári með 25 millj. gkr. framlagi. Fyrir nokkrum vikum gaf Verkamannafélagið Dagsbrún 5 millj. kr. í sama augnamiði, og stærsta verkalýðsfélag landsins, Verslunarmannafélag Reykjavíkur, samþykkti á aðalfundi sínum að félagið beitti sér fyrir byggingu dvalar- og hjúkrunarheimilis fyrir aldraða félagsmenn. Þeir hafa líka rætt við þessi sömu samtök um það að verða þátttakendur í að leysa það stóra verkefni sem verið er að vinna að í Hafnarfirði, hjúkrunarheimili eða hjúkrunardeild Hrafnistu þar. Og við skulum hafa það í huga, að þarna er um að ræða félag sem hefur yfir að ráða sjúkrasjóði sem mörg hundruð millj. gkr. koma í árlega. Og nú ætlar hæstv. ráðh., sem á að hugsa m. a. um fjárhag ríkisins, — eins og kollega hans, hæstv. fjmrh., og aðrir ráðh. gera dæmalaust vel eins og við höfum fyrir augum daglega, — þeir ætla með þessari frv.-herfu sinni að slá á þessar hendur. Hverjum dettur í hug að eftir að þetta er orðið hreint ríkisapparat í deild hjá Svavari Gestssyni uppi í rn. hans, — hverjum dettur í hug að þessir aðilar fari að safna fé fyrir Svavar? (**Forseti:** Hæstv. á að segja.) Að safna fé fyrir hæstv. ráðh. Svavar?

Fyrir ekki alllöngu skilaði einn hv. þm. hér mjög ítarlegu nál. þar sem hann spurði m. a., hvort menn vildu vinna kauplaust fyrir kommúnista, og vitnaði í sínu nál. í forustugrein í Þjóðviljanum 28. febr. 1978 undir yfirskriftinni: „Ætlar þú að vinna kauplaust 5—6 vikur fyrir Geir?" Í framhaldi af þessu hélt þessi sami þm. áfram og taldi sig geta með góðri samvisku sent reikning til Alþb., Svavars Gestssonar, formanns þess, um óuppfyllt loforð um samningana í gildi, sem nam samkv. hans útreikningi 736 þús. kr. Þetta kallaði hann í ræðu sinni að vinna kauplaust fyrir Svavar. Í framhaldi af þessu sýnist mér að það eigi að fara að safna fyrir Svavar, verkalýðshreyfingin eigi að fara að safna fyrir Svavar. Ég efast um að það verði mikill hugur í mönnum til þess, og ég held að það sé langbest fyrir hæstv. ráðh. og hæstv. ríkisstj. — og þar á meðal verndara eignarréttarins, sem eiga sæti innan ríkisstj., ráðh. Sjálfstfl. — að taka harða og hreina afstöðu og þjóðnýta þessi fyrirtæki. Það má ábyggilega ná samkomulagi við eigendur þessara stofnana, sem eins og t. d. Hrafnista í Reykjavík hafa aldrei fengið krónu frá Svavari Gestssyni eða öðrum ráðherrum til að byggja það heimili, en endurbyggingarverð þess nú er metið á 7—8 milljarða gkr. Honum ætti ekki að verða skotaskuld úr því að borga það út, og þessi samtök geta þá farið í einhverja aðra starfsemi. Það eru ekki nema 3—4 millj-

arðar sem liggja bundnir í Hafnarfirði, svo að það er best að þeir fái þetta og borgi fyrir það. En þetta er fé, sem þessir aðilar, sjómannadagssamtökin, hafa safnað. Vegna þess, að hæstv. ráðh. talar um að þeir hafi af rausnarskap veitt nokkurn byggingarstyrk til Hrafnistu í Hafnarfirði, vil ég taka það fram, að við honum hefur auðvitað aldrei verið tekið með því hugarfari að verið væri að afsala eignarrétti til ríkisstj. eða neinna annarra aðila, það er alveg öruggt. Það, sem veitt var á síðustu fjárlögum nemur um 4% af áætluðu byggingarverði og loforð er um að á næstu fimm árum verði veitt sem nemur um 20% af þessum áætlaða byggingarkostnaði. Það er nú rausnin þar.

Ef við ræðum nokkuð nánar um þá grein þar sem höfundar þessa frv. fjalla um Framkvæmdasjóð aldraðra, þá þykir mér það nokkuð einkennilegt, að þá virðist vera samkomulag um að leggja enn einn viðbótarskattinn á veitingahús hér í borginni, sem ég held að sé níundi eða tíundi sérskatturinn sem þessi starfsemi færi til að standa undir fjármögnun þessara mála, hafandi það í huga, að um margra ára skeið hefur félagsskapur, reyndar fleiri en einn, sem hefur unnið gegn því böli sem neysla áfengis óneitanlega skapar fyrir þá sem ekki hafa þann innri búnað að þola að neyta þess, reynt að fá starfsfé með þessu móti, en ekki hefur fengist að leggja smávegis gjald á þessi hús til að styrkja þá starfsemi. En nú á allt í einu að vera hægt að taka milljónir kr. af þessum sama rekstri til að byggja yfir aldraða fólk.

Nú má segja sem svo, að það séu margar aðrar leiðir til, og vissulega hefur því verið hreyft á einn og annan hátt, að það væri hægt að hugsa sér fleiri leiðir til að fjármagna þessa starfsemi. Ég tek eftir því, að lagt er til að Byggingarsjóður aldraðra verði lagður niður samkv. þessu frv. og að Framkvæmdasjóður aldraðra taki við eignum hans, sem ekki eru miklar, vegna þess að þeim hefur verið úthlutað jafnóðum og þær hafa skapast og eru ekki aðrar en 40% tekna af Happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna. Þessi skipting var ákveðin eftir aðeins 9 ára starf happdrættisins, en Happdrætti DAS er byggt upp og rekið af sjómannadagssamtökunum og 60% ágóðans fara til bygginga sem þeir standa fyrir. Á því happdrættisári, sem lauk 30. apríl 1980 voru þessar tekjur eftir árið ekki meiri en það, að 60% gerðu rúmar 49 millj. gkr. og 40% tæpar 33 millj. Þetta voru nú öll ósköpin. Eftir að byggingarsjóðslögin eiga að falla úr gildi verð ég að skilja frv. þannig að happdrætti DAS eða Sjómannadagsins hafi þá 100% ágóðans til sinna afnota og er það út af fyrir sig vel. Ef ekki, ef þetta á að fara inn í Framkvæmdasjóð í höndum ráðh., þá get ég ekki séð annað en önnur happdrætti geti átt þetta yfir höfði sér jafnframt. Og vera má að samráð við Odd Ólafsson, einn af stofnendum og stjórnendum Happdrættis SÍBS, sé einmitt byggt á því, að hæstv. ráðh. ætli að ganga þar til verks líka og afhausa nokkrar krónur af þeim samtökum til þess að geta úthlutað svo aftur frá sér pólitískt.

Ég bendi hins vegar á að ekki vantar mikið á að jafnmiklar tekjur og þessi sjómannasamtök, sem ég hef margoft minnst á, hafa til umráða fáist af annarri tekjulind, en það er endurgreiðsla á 90% af skemmtanaskatti sem Laugarásbíó hefur. Þessi upphæð nam á árinu 1980 30 millj. kr. rúmum. Við rekum líka í umboði bæjarstjórnar Hafnarfjarðar Bæjarbíó, og það eru nokkrar milljónir sem það fást. Hér er auðvitað tilvalin leið fyrir hæstv. ráðh. að fara. Þessar fjárupphæðir hafa farið um áratuga skeið til þess að byggja félagsheimili víðs vegar um landið. Nú er neyðarástand hér á Reykjavíkursvæðinu. Af hverju ekki að taka af þeim bíóum, sem borga beint inn í félagsheimilasjóð, til þess að standa undir þesum kostnaði m. a.? Ég sé fljótlega fram á að það gætu orðið 200 millj. gkr. á ári miðað við tekjur ársins 1980. Eins má auðvitað benda á Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, þegar við höfum í huga þann miklamismun sem hefur orðið á því sem hefur verið lagt á Reykjavíkurborg, m. a. vegna þeirrar byggðastefnu sem Alþingi og undanfarandi ríkisstjórnir hafa staðið fyrir.

Ég minntist á þetta í minni framsöguræðu fyrir lagafrv. um sérhannaðar íbúðir aldraðra og öryrkja. Ég benti á að það, sem m. a. hefði orsakað tilflutning hins mikla fjölda aldraðra inn á Reykjavíkursvæðið, væri sú stefna sem þar hefði verið rekin. Út af fyrir sig getum við sagt sem svo, að það sé ekkert að því, og því hafði hæstv. ráðh. sjálfur orð á þegar það frv. var rætt, að mig minnir, eða eitthvað skylt því, en alla vega hefur það komið fram hjá honum í ræðum hér á Alþingi nýlega að hann vildi helst að við gætum búið þannig að öldruðu fólki að það gæti búið hvar á landinu sem er. Undir þetta tek ég heils hugar, enda hef ég reyndar lengi rekið þessa stefnu. Og samkv. þessu frv., samkv. 20. gr., má segja að á móti þessu sé komið, en þar segir, með leyfi forseta:

„Að fengnu mati (þ. e. ellimálanefndar) skal vista einstakling á þeirri stofnun, sem hann kýs, óháð svæðisskiptingu, eftir því sem við verður komið."

Þetta þýðir sem sagt að ef ellimálanefnd, sem hefur með þessi vandamál á Þórshöfn að gera, ákveður að það eigi að vista einhvern þaðan hingað til Reykjavíkur, á heimili hér, þá er það heimilt burtséð frá vilja eigenda viðkomandi heimilis hér. En ég velti nú fyrir mér hvað stjórnendur Reykjavíkurborgar segi, sem hafa lagt mikið af mörkum á s. l. árum af útsvarstekjum borgaranna í Reykjavík til þess að byggja yfir aldrað fólk, bæði það, sem er fætt hér og uppalið og hefur búið hér alla sína tíð, og það, sem hingað hefur flutt, — hvað segja þeir um það þegar ellimálanefndir, ráðherraskipaðar pólitískar nefndir, þó að þær eigi að heita faglegar, það vill nefnilega til að fagmenn í þessum málum eru stundum pólitískir, og ég hef rekið mig sérstaklega á það innan heilbrigðisstéttanna, hæstv. ráðh. — (**Félmrh.:** Þm. á væntanlega við borgarlækninn sérstaklega.) Ja, hann er pólitískur jafnframt. Hvað segja nú stjórnendur Reykjavíkurborgar við því, þegar þau sveitarfélög, sem ekkert hafa lagt að sér til þess að mæta þessum vanda heima fyrir hjá sér, geta reiknað með því að þetta verði allt í lagi, þetta verði allt saman vistað hér af Reykvíkingum, þeir taki við þessum vanda? Ætli það sé þá ekki nær að reyna að fara þá leiðina að nota Jöfnunarsjóð sveitarfélaga til að mæta þessu vandamáli og segja: Ykkur er velkomið að koma hingað. — Og ég get vel skilið það, að fólk vilji koma á suðlægari breiddargráðu í ellinni, þar sem betra veðurfar er, heldur en búa norður á Hornströndum eða í enn verra umhverfi. Ég get vel skilið það og það á ekkert að hafa á móti því. Við höfum sérlært fólk hér, við höfum bestu stofnanir til þess að taka á móti sjúku fólki, til þess að gæta heilbrigði þess og betrumbæta heilsu þess þegar það kemst hingað og til þeirra mörgu sérfræðinga og stofnana sem hér eru á þessu sviði, þannig að ég hef ekkert á móti því. Það er sjálfsagt að gera það og auðvitað eigum við að gera það ef við getum

og ef fólk vill það sjálft, sem eru margar, margar ástæður fyrir. Það á ekki að standa á móti því. En þá verður þjóðfélagið í heild líka að koma til hjálpar og standa undir þeim sérstaka kostnaði sem íbúar Reykjavíkur verða fyrir af þessum ástæðum og nágrannasveitarfélögin að sjálfsögðu líka.

Herra forseti. Ég vildi að sjálfsögðu láta þetta koma fram hér strax við 1. umr., en þar sem ég á sæti í nefndinni, sem fær málið til meðferðar, skal ég ekki fara ítarlegar út í þetta núna. Þó get ég ekki komist hjá því að benda á eitt og þess vegna spurði ég eftir hæstv. ráðherrum Sjálfstfl. sem ég hef lengi átt sæti með og tekið þátt í stefnumótun Sjálfstfl. ásamt þeim margsinnis. Þar hafa þeir verið samþykkir og tekið þátt í að móta ýmislegt sem gott er og hollt og fallegt, og af því að þeir eiga hlut að máli þessa frv., langar mig, — með leyfi hæstv. forseta — að taka upp aðeins stutta mgr. úr stefnu Sjálfstfl. í efnahags- og atvinnumálum í síðustu kosningum, sem ég hefði viljað — og ég vona að þeirri spurningu verði komið til þeirra — spyrja þá um, hvort þetta frv. falli beinlínis undir þær skoðanir. Með leyfi forseta er einn kaflinn um ákveðna verkaskiptingu í síðustu kosningastefnuskrá Sjálfstfl. á þessa leið:

„Verkaskipting ríkis, sveitarfélaga og einkaaðila svo og skipting tekjustofna milli ríkis og sveitarfélaga verði ákveðin með það fyrir augum að dreifa valdi, koma á hreinni verkaskiptingu og færa ábyrgð á ákvörðunum um útgjöld til þeirra sem teknanna afla eða hafa á annan hátt besta aðstöðu og mesta hvatningu til þess að taka skynsamlegar og hagkvæmar ákvarðanir. M. a. færist bygging og rekstur grunnskóla og heimila fyrir yngstu og elstu íbúana alfarið til sveitarfélaga og samtaka íbúanna. Starfsfræðsla heilbrigðisstofnana verði hér tekin til sérstakrar athugunar og þar verði fleiri aðilum en hinu opinbera búin betri skilyrði til að reka slíkar stofnanir."

Þetta er m. a. atriði sem þeir hæstv. ráðherrar Sjálfstfl. tóku þátt í að samþykkja, og var ekki ágreiningur um þetta atriði í kosningastefnuskrá Sjálfstfl. fyrir haustkosningarnar 1979. (**Forseti:** Á hv. þm. mikið eftir af ræðu sinni?) Nei, ég skal vera fljótur með það sem ég á eftir, hæstv. forseti. Mig langar til að koma með tvær stuttar tilvitnanir til viðbótar. Það er um stefnu Sjálfstfl. í ýmiss konar félagslegum málaflokkum sem varða frelsi til framfara. Þar er hið sama endurtekið og, með leyfi forseta, var sagt þar m. a., að „frjáls félagasamtök í heilbrigðismálum njóti aukins stuðnings", og enn fremur, að „öldrunarlæknisdeildir komi upp í tengslum við almenn og sérhæfð sjúkrahús auk hjúkrunarheimila aldraðra, jafnframt því sem öldruðum sé auðveldað að dveljast sem lengst í heimkynnum sínum". Þetta m. a. var samþykkt meðan hv. þáv. þm. Oddur Ólafsson var formaður í viðkomandi málefnanefnd sem þetta samþykkti. Og til viðbótar má að sjálfsögðu benda á síðustu landsfundarsamþykkt Sjálfstfl. frá 1979, en sami maður var þá formaður í þessari málefnanefnd og allir núv. hæstv. ráðherrar Sjálfstfl. tóku þátt í að samþykkja þetta án nokkurra aths. Þar segir m. a. í kafla um félagslega þjónustu og endurhæfingu, með leyfi forseta:

„Sérstaklega ber að efla starf félaga og áhugamanna og landssamtaka sem vinna mikið og óeigingjarnt starf að margvíslegum félagsmálum."

Kannske við sjáum næst frv. frá þessum hv. aðilum, sem felur í sér yfirtöku eigna Slysavarnafélags Íslands og einhverra fleiri slíkra.

Herra forseti. Þetta frv. virðist hafa það að aðalmarkmiði að auka miðstýringu heilbrigðis- og vistunarþjónustu fyrir aldraða, þ. e. að hverfa frá dreifingu valdsins. Og það má gera ráð fyrir, ef það verður samþykkt, að aukin miðstýring leiði til vaxandi skriffinnsku og drepi niður hið mikla framtak einstaklinga og félagasamtaka á sviði öldrunarmála, sem leiðir til þess að framboð vistunarrýmis minnkar, þ. e. vandinn eykst. Jafnframt leiðir hin vaxandi miðstýring til þess, að hægfara verða þjóðnýttar hinar ýmsu stofnanir sem einstaklingar og félagasamtök á sviði öldrunarþjónustu hafa byggt upp. Ætti öllum að vera ljóst að rekstur slíkra stofnana í höndum félagasamtaka og einstaklinga er miklu hagkvæmari en í höndum ríkisins, enda margsannað. Helstu afleiðingar vaxandi miðstýringar heilbrigðiskerfisins eru óhagkvæmari nýting fjármagns og seinkun ákvarðanatöku vegna skriffinnsku og nefndarákvarðana. Það er hart að vita til þess, að markmið heilbrigðiskerfisins er þá ekki lengur að veita hámarksþjónustu á lágmarksverði, sem leiðir til hagkvæmustu nýtingar fjármagns í heilbrigðiskerfinu.

Umr. frestað.

Neðri deild, 70. fundur.

Miðvikudaginn 1. apríl, að loknum 69. fundi.

Jafnrétti kvenna og karla, frv. (þskj. 516). — 1. umr.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Á þskj. 516 hef ég leyft mér að leggja fram frv. um breytingu á lögum um jafnrétti kvenna og karla frá 1976. Mér var það fullvel ljóst þegar ég lagði fram það frv. sem hér er til umr., að skiptar skoðanir væru um þær leiðir sem hér eru lagðar til, en hér er gerð tilraun til þess enn á nýjan leik á hv. Alþingi að leita leiða sem tryggi að ekki sé hægt að sniðganga rétt kvenna til atvinnu og launakjara til jafns við karlmenn. Mér er það einnig fullvel ljóst, að hér er gripið til neyðarúrræða. En stundum er það svo í okkar þjóðfélagi að grípa verður til harðra og jafnvel umdeildra aðgerða til þess að réttlætið nái fram að ganga. Það er mín skoðun, að Alþingi beri að fjalla um og taka af fyllstu alvöru á þessu máli þegar það sýnir sig að þau lög, sem Alþingi hefur sett til að tryggja jafnrétti kvenna og karla, eru sniðgengin og hafa ekki náð tilgangi sínum. Frá því máli getur hv. Alþingi ekki skotið sér að finna leiðir í samráði við verkalýðshreyfinguna og þau samtök, sem láta sig þessi mál varða, finna ráð sem duga til að á þessu máli verði tekið af einbeitni og fyllstu alvöru.

Ekki vil ég að óreyndu draga í efa vilja hv. þm. til að tryggja sem best í framkvæmd jafnrétti kvenna og karla til atvinnu og launakjara, og það er von mín, að við meðferð þessa máls hér á hv. Alþingi verði málefnalegar umr. um hvernig taka beri á þessu máli.

Sú leið, sem ég legg til í frv., þarf ekki að vera sú eina rétta í stöðunni, en það er von mín, að með því að færa málin inn á Alþingi verði leitað sameiginlegra leiða og að það sýni sig að vera vilji fyrir því hér á hv. Alþingi að taka á þessu máli. Óyfirvegaðar, vil ég segja, yfirlýsingar einstakra fjölmiðla og einstakra þm. í fjölmiðlum vegna

þessa frv. hafa fært mér heim sanninn um það, að nauðsynlegt var að flytja þetta mál inn á Alþingi. Upphrópanir eins og „fáránleg tillaga“ eða „ég vil ekki lögfesta misrétti“ og „brot á stjórnarskránni“ sýna að þeir, sem láta sér slíkt um munn fara, þekkja ekki vel undirrót þess eða aðdraganda, að slík tillaga skuli nú vera komin fram á Alþingi. Vona ég að þessar upphrópanir endurspegli ekki afstöðu þm. almennt til þessa máls og að þm. hafi almennt vilja til að leita úrbóta í þessu máli.

Þegar við lítum til áratuga þrotlausrar baráttu kvenna fyrir jafnrétti, þá er ekki til of mikils mælst að segja að konur eigi kröfu á því að málefnaleg umræða eigi sér stað um hvaða leiðir séu til úrbóta í þessu máli. Sögu þeirrar baráttu ætti ekki að vera þörf að rifja upp hér á hv. Alþingi, svo oft sem þessi mál hafa verið til umræðu í sölum Alþingis. Ég tel þó engu að síður nauðsynlegt að fara inn á örfá atriði, ef vera má að það varpi nokkru ljósi á hvað gefur tilefni til þess að reyna að knýja á um jafnrétti eftir öðrum leiðum en hingað til hafa verið farnar.

Í grg. með frv., sem lagt var fyrir 81. löggjafarþing árið 1960, um launajöfnuð kvenna og karla, segir svo, með leyfi forseta:

„Baráttan fyrir jöfnum launum kvenna og karla er ekki einvörðungu kjarabarátta af hálfu kvenna heldur engu síður barátta fyrir fullkomlega jöfnum mannréttindum. Þegar endanlegur sigur hefur unnist í þessari baráttu er jafnréttisbaráttunni lokið, því að á öðrum sviðum mannréttinda hafa konur fyrir löngu öðlast sama rétt og karlar.“

Ástæða er til að rifja þessi orð upp hér og nú, því að baráttunni fyrir fullu jafnrétti milli karla og kvenna, sem þá hafði staðið um margra áratuga skeið, lauk ekki með samþykkt þess frv. sem ég vitnaði til, sem kvað á um að fullum launajöfnuði milli karla og kvenna skyldi náð á árinu 1967. Að vísu hafði þá með samþykkt þess frv. náðst fram fullt lagalegt jafnrétti, en baráttunni var engan veginn lokið þá og er ekki enn.

Ég vil í örstuttu máli rifja upp nokkur þeirra laga sem átt hafa að tryggja lagalegt jafnrétti kvenna og karla, sérstaklega er lúta að rétti þeirra til atvinnu, menntunar og launakjara.

Fyrst var það árið 1891 að fram kemur tillaga um fullt jafnrétti kvenna á við karla um vist í æðri skólum og rétt til embætta, en þá hafði lengi staðið yfir barátta um kosningarrétt og kjörgengi kvenna. Er það svo fyrst árið 1911 að samþykkt er á Alþingi jafnrétti kynjanna til skólagöngu, námsstyrkja og embætta. Á ýmsu hafði þá gengið í þingsölum, og er það víst mála sannast að ekki hefur það gengið þrautalaust fyrir sig á hv. Alþingi að fá lagalegt jafnrétti kvenna og karla og ekkert hefur konum verið fært á silfurdiski í þeim efnum. Má vera að sú tregða, sem var á að konur fengju lagalegt jafnrétti, endurspegli nokkuð þá tregðu sem í ljós hefur komið við framkvæmd allrar þeirrar lagasetningar sem tryggja átti þeim jafnrétti. Það er fróðlegt að lesa ummæli sumra þm. einmitt þegar sú barátta fyrir lagasetningu stóð yfir fyrir um það bil 80—90 árum. Ekki vil ég beint segja að það endurspegli umr. nú í dag, við framkvæmd laganna á því herrans ári 1981, en ekki er örgrannt um að það örli á því, ekki síst nú við framlagningu þessa frv. Gagnrýni blandna hneykslun og fordómum má lesa út úr ummælum sumra þm. fyrir nokkrum áratugum. Hvað verður nú mun koma í ljós. Kemur það glögglega fram hjá sumum þm. á þeim tíma, að þeir beri ugg í brjósti ef konur fái réttindi á við karlmenn. Kemur þetta vel fram í bók Gísla Jónssonar menntaskólakennara, sem ég vil nokkuð fá að vitna í, með leyfi hæstv. forseta, en hún er um þætti úr sögu íslenskrar kvenréttindabaráttu. Einn þm., Jón í Múla, hafði þetta m. a. að segja:

„Ég er svo sannfærður sem maður getur verið að öll þessi svonefnda kvenréttindahreyfing, sem nú er að ná yfirtökunum, er óheillaspor er hlýtur að leiða til lífskvalar, sem þó mun varla vera á bætandi.“

Aðrir töldu lítið að óttast, eins og Bjarni frá Vogi, og sagði hann: „En nú er þess að gæta þar sem konum er ætlaður kosningarréttur, að konur eru íhaldssamari og er því engin hætta á hvirfilbyljum. Tilfinningar þeirra eru stöðugri,“ sagði Bjarni, „það er sögunnar kenning.“

Annar þm. óttaðist yfirráð kvenna í öllum hreppsnefndum og sagði að svo gæti farið, að til að mynda í hreppsnefndum yrðu eintómar konur. Sumir töldu sig vera að hlífa kvenþjóðinni. Konum væri enginn greiði gerður með því að auka réttindi þeirra. Hafði einn þm. þetta að segja:

„Karlmenn hafa tekið að sér störfin út á við. Pólitísku störfin eru ekkert leikfang, þau eru hálfgert skítverk. Og við þess konar störfum eigum við að hlífa kvenþjóðinni.“

En konurnar áttu sér líka góðan málsvara. Bjarni frá Vogi sagði t. d. þetta:

„Og um kynferðið er það að segja, að það er nú öllum ljóst, að hér er um gamlar ófrelsisleifar að ræða, og tel ég það ósæmilegt svo menntuðum mönnum sem Íslendingar eru að sýna þann hroka að álíta sig sjálfkjörna til þess réttar, en vilja gera mæður sínar að hornkerlingum.“

Jón í Múla andmælti frv. um embættisveitingar, taldi að konur mættu vel una við það sem þær nú hefðu. Bjarni frá Vogi andmælti þessu harðlega og sagði að konur væru síst atgervisminni en karlar. Hann kvaðst þekkja til þess, að konur færu í eyjar og fiskiróðra í Breiðafirði og væru alveg eins duglegar og karlar, að vísu ekki eins sterkar, en seigari og úthaldsbetri, og einn af bestu formönnum við Breiðafjörð hefði einmitt verið kona. Einn taldi að meiri siðprýði fylgdi því að konur tækju þátt í pólitíkinni. Sagði hann það ávinning ef kvenfólkið, sem væri óspilltara og hefði næmari tilfinningu fyrir því sem væri sæmilegt og ósæmilegt, tæki þátt í pólitíkinni ásamt karlmönnum. Þá yrði spillingin minni sem pólitíkinni fylgdi svo sárlega.

En margar voru gagnrýnisraddirnar, og sagði Jón Ólafsson t. d. að þótt hann styddi frv. um jafnrétti til embætta, þá teldi hann hæpið að veita konum lögreglustjóra- og dómarastarf, a. m. k. þar til þær væru af fertugsaldri. Sýslur væru erfiðar yfirsóknar og hverri konu væri ofætlan að vera sýslumaður. Þar að auki gætu giftar konur — og raunar ógiftar líka — haft náttúrleg forföll, og mundi það t. d. í Austur-Skaftafellssýslu þykja óhagræði ef sýslumaðurinn lægi á sæng þegar hans væri vitjað til að rannsaka glæpamál eða kveða upp varðhaldsúrskurð eða tæki léttasóttina þegar hún væri í manntalsþingaferð.

Björn Sigfússon á Kornsá, sem svaraði Jóni, var snöggur upp á lagið og sagði að karlmenn væru ekki frekar en kvenmenn vátryggðir fyrir sjúkdómum, sýslumenn gætu fengið lungnabólgu og héraðslæknar gigt. Léttasóttarforföll kæmu engum á óvart og gætu tæpast orðið eins bagaleg og skyndileg og fyrirvaralaus sjúk-

dómstilfelli karla er enginn sæi fyrir. Var það vel mælt hjá Birni.

Bogi Melsteð talaði um ómerkilegt smámál og hefði þingið annað þarfara að gera en fjalla um slíkt. Önnur ummæli þm. voru að konur hefðu ekki beðið um þetta og óþarfi og ástæðulaust af þinginu að fara að skenkja þeim þetta að fyrra bragði.

Hannes Hafstein sagði að hann og hans skoðanabræður vildu koma í veg fyrir að kona, sem sækti um embætti og bæði að andans og líkamsburðum væri hæfari en mótkandidatinn, væri útilokuð af þeirri ástæðu einni að hún væri kona. Slíkt væri hróplegt ranglæti og heilög skylda hins vegar að nema slíkt misrétti úr lögum. Annar var ekki á sama máli og sagði að þótt konur væru guðs gjöf og góðar til síns brúks, þá væru þær ekki færar í embætti sem karlmönnum væru sérstaklega ætluð.

Ég læt hér lokið tilvitnunum í þessa ágætu bók Gísla Jónssonar menntaskólakennara um þætti úr sögu íslenskrar kvenréttindabaráttu, þó að margt fleira mætti tína þar til sem lýsir vel að réttur kvenna á við karlmenn hefur aldrei verið auðsóttur. Ég tel nú að allir geti verið sammála um það, að hrakspár þeirra, sem töluðu gegn jafnrétti kvenna og karla á þeim tíma, hafi ekki átt við rök að styðjast. Ekki hafa konur yfirtekið öll sæti í hreppsnefndum, bæjarstjórnum eða á Alþingi, nema síður væri, og hræðslan um að kvenréttindi væru óheillaspor sem hlyti að leiða til lífskvalar, eins og einn hafði á orði á þeim tíma, ja, það geta karlmenn að vísu best dæmt um sjálfir, hvort þeir hafa liðið kvalir fyrir réttindi kvenna. En ég vil vona að svo illa hafi réttindi kvenna ekki leikið karlmenn að þeir hafi liðið lífskvalir fyrir.

Þessi ummæli eru hér rifjuð upp til þess að lýsa þeirri tregðu sem var á að konur fengju viðurkennt með lögum jafnrétti á við karlmenn, og því verður ekki neitað, að hennar gætir enn við framkvæmd laganna. Meðan svo er ríkir ekki jafnrétti, meðan svo er verður að leita nýrra leiða til að ná því jafnrétti.

Á Alþingi 1893 er minnst á misréttið í launamálum karla og kvenna, og sagði Magnús Stephensen þá við umr. á Alþingi að hann teldi sig ekki kunna við það að sjá kvenmenn bera kolapoka upp á bryggjurnar í Reykjavík og fá ekki nema hálfa borgun á við karlmenn. Það er ekki lengra síðan en 70—80 ár að konur voru hálfdrættingar á við karlmenn í launum. Á miklu gekk áður en konur öðluðust með lögum rétt til sömu launa. Í því moldviðri, sem þyrlað hefur verið upp út af einu ákvæði þessa frv., vil ég leggja áherslu á að í raun er það miklu minna mál og nær í raun til mun færri kvenna, ef að lögum verður, í samanburði við ákvæði 4. gr. frv. sem kveður á um að veita Jafnréttisráði framlag til að standa fyrir könnunum á launakjörum á vinnumarkaðinum. Það ákvæði, ef framkvæmt yrði, gæti haft veruleg áhrif á kjör fjölda kvenna á vinnumarkaðinum. En þessu ákvæði virðist vera minni gaumur gefinn og því vil ég gera þeim málum nokkur skil og tel rétt í örfáum orðum að minna á baráttu kvenna fyrir launajafnrétti fyrir ekki ýkjalöngu. Sú saga segir okkur að við verðum að halda vöku okkar í þessu máli.

Mig langar til, með leyfi forseta, að rifja upp nokkur orð úr grein, sem ég las fyrir nokkru og skrifuð var þegar fyrsta stéttarfélag kvenna varð 30 ára árið 1944, en það var stofnað 1914. Þetta er stutt lýsing, en segir nokkuð margt.

„Á fyrsta tug þessarar aldar og áður en Verkakvennafélagið Framsókn var stofnað gengu konur til kola-, salt- og timburvinnu og var ekki svo sjaldgæft að sjá konur rogast með kola- og saltpoka niður við höfn í uppskipun úr skipum við hlið karlmanna. Ekki höfðu þó konurnar sama kaup og karlmennirnir þrátt fyrir sömu vinnu, því að kaup karla var 25 aurar á tímann en kvennakaupið var 12 aurar á tímann. Sama kaup var borgað hvort sem unnið var í dag-, nætur- eða helgidagavinnu og unnu þær oft 16 tíma á sólarhring við kolauppskipun."

Í sömu grein segir: „Þetta er ekki falleg lýsing á lífskjörum kvenna hér áður fyrr. Má þó til nefna enn ljótari lýsingu á lífskjörum þeirra og réttleysi gagnvart húsbændum sínum fyrir ekki meira en 30—40 árum eða kringum 1900. Sú stétt kvenna, er vinnukonur nefnast, höfðu þá 5 kr. á mánuði, en svo skammt voru þessar konur frá því að geta talist ambáttir húsbænda sinna, að þær voru sendar á eyrina til fiskvinnu og annarrar hafnarvinnu, ekki fyrir þessa 12 aura á tímann, heldur sitt fasta mánaðarkaup. Síðan hirtu húsbændurnir kaupið er þær höfðu unnið fyrir við uppskipunina."

Við fiskvinnslu unnu því þessar konur á þeim árum, báru börur við breiðsluna og á öðrum endanum á börunum var karlmaður, sem hafði 24 aura á tímann, en á hinum endanum kona sem hafði 12 aura á tímann. Konurnar risu upp, mótmæltu og stofnuðu sitt eigið stéttarfélag. Þær börðust réttlátri baráttu við erfið skilyrði gegn kúgun og ofbeldi, en aldrei létu þær deigan síga í þessari löngu og hörðu baráttu. 5 aura, 10 aura hækkun á tímann frá ári til árs, en alltaf færðust þær nær markinu. Eftir 60 ára þrotlausa baráttu öðluðust konur svo loks jafnrétti til sömu launa fyrir sömu störf og fengu viðurkennt að þær væru sjálfstæðir einstaklingar sem ættu að bera sama úr býtum og karlmenn fyrir sömu vinnu. Þetta rifja ég upp hér og nú, því að þessi stutta lýsing lýsir vel baráttu kvenna fyrir launajafnrétti, og þó að margt hafi áunnist og þessi lýsing eigi ekki við í dag, þá er ágætt að rifja hana upp þegar enn skortir töluvert á launajöfnuð. Við heyrum ekki minnst á forréttindi karla í þessu sambandi þó að vitað sé að í mörgum tilfellum fá þeir hærri laun fyrir sömu störf. Við heyrum ekki minnst á forréttindi þó að slíkt viðgangist.

Eins og ég gat um fyrr í máli mínu kom það fram í grg. með frv. um launajöfnuð karla og kvenna, sem lagt var fram 1960, að þegar því marki væri náð að tryggja launajafnrétti kvenna og karla með lögum, þá væri jafnréttisbaráttunni lokið. Þeir, sem því spáðu 1960, reyndust ekki sannspáir, því að svo er ekki enn, og mun ég rökstyðja það síðar í máli mínu. Því miður er það oft svo enn, að konurnar vinna hinum megin við börurnar á lægri launum.

Árið 1973 kemur fram á Alþingi frv. um Jafnlaunaráð. Eins og segir í grg. með því frv. var tilgangur þess að tryggja framgang laga um jafnrétti kynjanna í atvinnulífinu. Segir þar einnig að reynsla undanfarinna ára og áratuga sýni að lagasetning ein nægi ekki til þess að fullkomið jafnrétti sé tryggt í þessum efnum.

Síðar í grg. segir að enda þótt Jafnlaunaráði sé ætlað að þjóna báðum kynjum jafnt verði að leggja sérstaka áherslu á gildi þess fyrir konur. Þeir þm., sem þátt tóku í umr. um frv., tóku undir að framkvæmd laga um jafnrétti karla og kvenna væri ábótavant. Í þeirri umr. sagði m. a. hv. þm. Helgi Seljan, með leyfi forseta:

„Það mun ekki teljast þörf á því að fara mörgum orðum um frv. þetta, svo mjög sem um það hefur verið

rætt innan þings og utan. Kveikjan að því liggur í þeirri staðreynd, að hvergi nærri er um fullan launajöfnuð að ræða milli karla og kvenna í okkar þjóðfélagi, þó að þar hafi margt áunnist, að vísu að undangenginni áratuga baráttu. Frv. lýtur í grundvallaratriðum að því, hvernig tryggja megi launajafnrétti í reynd og koma í veg fyrir að vinnuveitandi, hvort sem það er einkaaðili eða opinber aðili, geti á einhvern hátt sniðgengið jöfnuð í þessum efnum eða mismunað starfsfólki sínu á einhvern hátt eftir kynferði einu saman, án tillits til menntunar eða hæfileika."

Hv. þm. Sverrir Hermannsson, forseti þessarar deildar, tók þátt í þessari umr. Taldi hann margt ofsagt um ríkjandi ástand í grg. frv., en sagði þó orðrétt, með leyfi forseta:

„En allt innihald þessa frv. er á þá vísu, að hér sé ríkjandi hið ægilegasta ástand á vinnumarkaðinum hvað varðar misrétti, þar sem kynjunum sé mjög mismunað, bæði hvað laun snertir og varðandi stöðuveitingar. Ég játa að fjarri fer því, að jöfnuður í þessum efnum hafi náðst og nægilega hafi verið að því staðið að konur njóti þess jafnræðis sem þeim ber."

Nauðsynleg þótti því á þessum tíma ný lagasetning sem tryggði jafnrétti í reynd, þrátt fyrir að konur höfðu öðlast lagalegt jafnrétti á við karla. Það kom þá glögglega í ljós með samþykkt þessa frv., að viðurkennt var af Alþingi að misrétti væri á vinnumarkaðinum hvað varðaði jafnrétti kvenna til atvinnu og launakjara.

Nú skyldi maður ætla að málið væri í höfn og með þessari lagasetningu yrði tryggt jafnrétti. Nei, svo reyndist ekki vera, því að árið 1976 er enn á ný talin þörf fyrir enn eina nýja lagasetningu til að tryggja jafnrétti karla og kvenna, sem hét upphaflega frv. til l. um jafnstöðu kvenna og karla, en var í meðförum Alþingis breytt í frv. um jafnrétti kvenna og karla. Þegar þáv. félmrh. mælti fyrir frv. sagði hann, með leyfi forseta:

„Það er hlutverk og tilgangur þessa lagafrv. að stuðla að jafnrétti og jafnstöðu kvenna og karla á öllum sviðum. Þótt konur og karlar búi við sama lagalegan rétt til menntunar, atvinnu og launa, þá skortir í raun nokkuð á að jafnstaða og jafnrétti kynjanna ríki á þessum sviðum."

Og síðar í ræðu sinni segir þáv. félmrh. og núv. forsrh., með leyfi forseta: „Vorið 1975 lá fyrir niðurstaða af könnun sem námsbraut í þjóðfélagsfræðum við Háskóla Íslands hafði verið falið af félmrn. að gera. Þessi skýrsla fjallar um raunverulegt jafnrétti kvenna og karla að því er varðar menntun, störf, launakjör og hvers konar þátttöku í félagslegum verkefnum. Í skýrslunni kemur fram að konur hafi almennt minni og einhæfari menntun en karlar. Þar kemur einnig fram að þjóðfélagsleg forusta á Alþingi, í sveitarstjórnum, í embættismannakerfi, í stjórnmálaflokkum og hagsmunasamtökum er nær algerlega í höndum karla. Í niðurstöðum skýrslunnar kom fram að án nýrra aðgerða og breyttra viðhorfa verði ekki um að ræða umtalsverðar breytingar í jafnréttismálum kynjanna í náinni framtíð."

Er vert að undirstrika sérstaklega þessa niðurstöðu af könnun, sem námsbraut í þjóðfélagsfræðum við Háskóla Íslands komst að, að án nýrra aðgerða og breyttra viðhorfa verði ekki um að ræða umtalsverðar breytingar á jafnréttismálum kynjanna í náinni framtíð. Flestir, sem þátt tóku í þessari umræðu, töldu nauðsyn á enn nýrri löggjöf. Og enn á ný var samþykkt löggjöf sem tryggja átti jafnrétti kynjanna. Með samþykkt hennar hafði Alþingi enn á nýjan leik komist að raun um að misrétti ríkti í þessum málum. Árið 1981 — eða 5 árum síðar — er enn talið nauðsynlegt að Alþingi grípi inn í og er lagt fyrir Alþingi frv. um þetta efni. Og nú standa alþm. frammi fyrir þeirri spurningu, hvernig þeir vilja taka á þessu máli. Er vilji alþm. að hreyfa ekki málinu? Er vilji alþm. að gera á frv. einhverjar minni háttar breytingar, sem reynslan frá 1973 og 1976 sýnir að litlum árangri skila, eða er vilji til að reyna nýjar leiðir, jafnvel umdeildar leiðir sem gætu þá skilað árangri?

Ljóst er af því, sem ég hef hér sagt, að lög hafa verið sett á lög ofan gegnum árin til að tryggja jafnrétti kynjanna. Ekki skal það vanmetið að margt hefur áunnist, en enn skortir mikið á jafnrétti í atvinnulífinu og á það ekki hvað síst við um launakjörin. Ekki skal úr því dregið, að konur eiga sinn þátt í því einnig að hægt hefur miðað. En við skulum um leið ekki gleyma því, að þær sjálfar eiga oft erfitt með að fylgjast með t. d. að þær séu ekki hlunnfarnar í launum. Taxtakaupið segir ekki nema hálfa söguna og erfitt er að fylgjast með yfirborgunum og öðrum duldum greiðslum á vinnumarkaðinum.

Konur hafa á síðustu árum í vaxandi mæli farið út á vinnumarkaðinn og samhliða hefur menntun kvenna verulega aukist. Hins vegar er ljóst að konur leggja á sig tvöfalt vinnuálag þegar þær jafnhliða vinna að verðmætasköpun í atvinnulífinu. Þarf því engan að furða að konur sætti sig ekki við að á rétt þeirra sé gengið með verri kjörum, minni möguleikum að öðru jöfnu til embættisveitinga eða áhrifa til stefnumótunar í þjóðfélaginu í heild.

Könnun hefur verið á því gerð, hve margar konur luku prófi frá Háskóla Íslands 1975 og til samanburðar 1980. Kemur þar fram veruleg aukning á þessu tímabili, en þar segir, með leyfi forseta:

„Árið 1975 útskrifuðust alls 47 konur, en á árinu 1980 160. Hins vegar ber enn mjög á kynbundnu vali í námsgreinum. Þannig eru enn tiltölulega fáar konur sem ljúka prófi í verkfræði, guðfræði, læknisfræði og lögfræði og tiltölulega fáir karlar sem ljúka B.A-prófi í heimspekideild og B.S.-prófi í hjúkrunarfræðum, og virðist ekki hafa orðið mikil breyting á því á þessu tímabili. Í heildina verður þó að segja að þróunin á þessu sviði menntunar hefur verið mjög jákvæð á umræddu tímabili."

Með aukinni menntun og virkni kvenna í allri þjóðfélagsuppbyggingunni er því í vaxandi mæli að skapast sá þrýstingur, að ekki verður lengur við unað að réttur kvenna samkv. lögum sé fyrir borð borinn.

Í 2. gr. laganna frá 1976 segir að konum og körlum skuli greidd jöfn laun fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. Og í aths. við þá grein segir m. a., með leyfi forseta:

„Fyrsta skilyrðið til þess, að raunhæfu jafnrétti verði náð, er að konum og körlum verði veittir jafnir möguleikar til menntunar og atvinnu og greidd jöfn laun fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. Er þessari grein ætlað að útrýma þeim mismun sem ríkir í þessum efnum í atvinnulífinu og þjóðfélaginu yfirleitt."

Þegar þáv. félmrh., núv. forsrh., mælti fyrir frv. sagði hann m. a. um þessa grein: „Með slíkri yfirlýsingu er lögð áhersla á að opinberir aðilar eigi að leggja áherslu á jafnrétti kynjanna við framkvæmd mála."

Nú hafa þessi lög verið í gildi um fimm ára skeið og þrátt fyrir fögur áform og góðan tilgang laganna verður

ekki séð að þau hafi markað spor í þá átt að breyta ríkjandi viðhorfum og flýta fyrir því, að fullt jafnrétti kynjanna náist. Tilgangur Alþingis 1976 með þeirri lagasetningu var hvorki meira né minna en að útrýma þeim mismun, eins og það er orðað, sem ríkir í þessum efnum. Það verður að vona, að sá vilji, sem þá var fyrir hendi, sé enn til staðar á hv. Alþingi. Ef sá vilji er enn fyrir hendi hlýtur hann að koma fram hér í umr. Þá hljóta þeir þm. — þess verður a. m. k. að vænta, að þeir þm., sem ekki eru tilbúnir að samþykkja þá leið sem hér er lögð til, leggi a. m. k. fram aðrar lausnir sem skili að settu marki. Það lýsir ekki stuðningi við jafnrétti ef eingöngu á að gagnrýna án þess að benda á aðrar lausnir. Gagnrýni eða lög á lög ofan, sem sýna sig að duga ekki til, skila konum ekki þeim mannréttindum sem kröfu verður að gera til, til að tryggja þeim jafnrétti í raun og sannleik. Það er nefnilega kominn tími til að athafnir komi í stað orða.

Í fjölmiðlum hefur lagaprófessor sagt, að þetta ákvæði gangi gegn þeirri grundvallarstefnu sem felst í stjórnarskránni og að ákvæðið sé eins og gustur aftan úr öldum og fleira í þeim dúr, og vitnar þar í ákvæði stjórnarskrárinnar, sem kveður á um að ekki megi binda í lög sérréttindi er bundin séu við aðal, nafnbætur eða lögtign. Ég verð nú að segja það, að ég tel það frekar vera gust aftan úr öldum að tengja ákvæði þessa frv. því ákvæði stjórnarskrárinnar sem tilheyrir fortíðinni og sett er við allt aðrar aðstæður. Einn þm. hefur reyndar gengið svo langt að láta hafa eftir sér í fjölmiðlum að um stjórnarskrárbrot sé að ræða. Og Morgunblaðið gekk svo langt í hamaganginum, að með flennifyrirsögnum er slegið upp að frv. sé brot á jafnréttislögunum. Slík firra var auðvitað leiðrétt tveim dögum síðar, en á eins lítið áberandi hátt og Morgunblaðinu var mögulegt. Hér hefur því verið fullyrt og gagnrýnt án þess að skoða málið og meta, hvers vegna slíkt ákvæði er komið fram, og án þess að ræða málið á málefnalegan hátt. Það er einmitt þessi meðferð málsins sem ég vænti að þm. muni forðast. Ég tel að með góðum rökum sé hægt að sýna fram á að ekki sé um stjórnarskrárbrot að ræða. Ákvæði það, sem vitnað er til, er í 78. gr. stjórnarskrárinnar. Segir þar að sérréttindi, er bundin séu við aðal, nafnbætur og lögtign, megi ekki taka í lög. Ég tel að það sé ansi langsótt að hengja sig á þetta ákvæði stjórnarskrárinnar til að reyna að gera tortryggilega þá leið sem hér er lögð til.

Árið 1874 er þetta ákvæði sett í stjórnarskrána og var sett m. a. vegna þess að Íslendingar vildu ekki innleiða þá stéttaskiptingu, aðal og forréttindi, sem ríkti í Evrópu og víðar á þeim tíma. Í viðtali við Alþýðublaðið 28. mars staðfestir Jónatan Þórmundsson lagaprófessor einmitt þetta sjónarmið, en hann segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Ég veit ekki til að það séu í stjórnarskránni nein ákvæði sem umrætt atriði gæti varðað við. Í 78. gr. stjórnarskrárinnar segir að sérréttindi, sem bundin séu við aðal, nafnbætur og lögtign, megi ekki taka í lög. Ég fæ ekki séð að í því sé fólgin aðalstign eða önnur sérréttindi að vera kona. Það eru sögulegar ástæður, sem liggja að baki þessu ákvæði stjórnarskrárinnar, sem ekki eiga lengur við. Þetta er ákvæði frá 1874 og var sett inn við allt aðrar aðstæður en nú eru fyrir hendi. Það hefur ákaflega lítið verið rætt um þetta ákvæði, einfaldlega vegna þess að það tilheyrir fortíðinni. Það dettur engum í hug að setja slík sérréttindi í lög nú."

Nei, þessi dæmi, sem ég hef hér rakið, eru bara dæmi um það, hvernig reynt er að snúa á versta veg þessu máli og gera það tortryggilegt þegar neitað er að horfast í augu við staðreyndir.

Í því frv., sem nú er lagt fram, felast tvær meginbreytingar. Sú fyrri er í 2. gr. þar sem segir: „Þegar um er að ræða starf, sem frekar hafa valist til karlar en konur, skal konunni að öðru jöfnu veitt starfið. Gildir þetta jafnt um embættisveitingar hjá hinu opinbera sem og á hinum almenna vinnumarkaði. Ákvæði þetta skal endurskoðað að 5 árum liðnum."

Og hin síðari er í 4. gr. þar sem segir: „Á fjárlögum ár hvert skal veita Jafnréttisráði framlag sem geri því kleift að standa fyrir könnunum á launakjörum karla og kvenna." Vil ég fyrst víkja að þeirri grein.

Ljóst er að Jafnréttisráð er ekki í stakk búið til að fylgja eftir framkvæmd ákvæða 2. gr. jafnréttislaganna sem kveður á um að greidd séu jöfn laun fyrir jafnverðmæt störf. Frá upphafi hefur Jafnréttisráð leitað eftir að fá aukið starfslið, sem er m. a. forsenda fyrir að hægt sé að standa fyrir könnunum á launakjörum í landinu og fylgjast með launajafnrétti kvenna og karla sé í reynd virt. Þær óskir hafa hingað til engan árangur borið. Jafnréttisráð getur því einungis lagt til grundvallar við mat á framkvæmd þessa ákvæðis umsamda launataxta á vinnumarkaðinum, en ljóst er að slík viðmiðun er enginn mælikvarði á raunveruleg launakjör í landinu. Því er Jafnréttisráði að óbreyttu gert ókleift að fylgjast með því, að launajafnrétti ríki milli karla og kvenna á vinnumarkaðinum. Forsenda fyrir því, að Jafnréttisráð geti á raunhæfan hátt fylgst með slíku, er að því sé unnt að standa fyrir skipulegum könnunum á vinnumarkaðinum á raunverulegum launakjörum í landinu.

Í 10. gr., 5. tölul., laganna er Jafnréttisráði gert að gera slíkar kannanir, en þar segir að eitt af verkefnum Jafnréttisráðs sé að taka til rannsóknar af sjálfsdáðum, ef brögð kunna að vera að misrétti í jafnréttismálum, að því leyti er lög þessi varðar. Var þetta ákvæði og í fyrri lögum um Jafnlaunaráð frá 1973. Kemur það glöggt fram í framsöguræðu flm. með því frv. Flm. segir þar að Jafnlaunaráð eigi að eiga frumkvæði að því að rannsaka hver brögð kunni að vera að misrétti í kjaramálum. Í greinargerð um hlutverk Jafnréttisráðs frá 1976 segir að ljóst sé að Jafnréttisráð verði að standa að ýmsum félagslegum könnunum, og í umsögn Kvenréttindafélags Íslands um það frv. er það eitt af þeim atriðum sem Kvenréttindafélagið leggur áherslu á, ef frv. eigi að ná tilgangi sínum, að ráðið rannsaki hvort lög um launajöfnuð frá 1961 hafi verið sniðgengin í kjarasamningum eða framkvæmd. Það leikur því ekki vafi á að til þess var ætlast með lögunum, þótt Jafnréttisráð hafi ekki haft bolmagn til þess að standa fyrir slíkum könnunum.

Til þess að rökstyðja það nánar, hve mikil nauðsyn er á slíkum skipulögðum könnunum, sem gerðar séu reglulega, vil ég gera nokkra grein fyrir könnunum — sem þó hafa verið gerðar — sem varpa ljósi á þá staðreynd, að launamisrétti er töluvert. Í þeirri könnun sem gerð var 1975 og námsbraut í þjóðfélagsfræðum við Háskólann var falið að gera, kemur þetta glögglega fram. Er þar að finna ýmsar töflur því til staðfestingar sem of langt mál yrði að gera skil. Þar eru dregnar fram ýmsar athyglisverðar niðurstöður hvað launamisrétti varðar, svo sem að sömu störf séu stundum nefnd mismunandi starfsheitum eftir því, hvort karl eða kona á í hlut, og karl fái gjarnan hærri laun en konur í skjóli mismunandi starfsheita. Ein skýringin var að konur væru óstöðugri vinnu-

kraftur en karlar. Tilhneiging var líka til þess að meta hin svokölluðu kvennastörf til lægri launa. Einnig kemur fram að karlmenn séu frekar yfirborgaðir en konur. Orðrétt segir þar, með leyfi hæstv. forseta:

„Í ýmsum atvinnugreinum tíðkast að karlar séu frekar yfirborgaðir en konur. Í athugunum, sem gerðar hafa verið meðal verslunar- og skrifstofufólks, kemur fram að mun stærra hlutfall karla en kvenna hefur tækifæri til að semja um laun sín sérstaklega, þ. e. viðkomandi fær hærri laun en honum ber samkv. launataxta. Hvers vegna eru karlar frekar yfirborgaðir en konur? Er það vegna þess að meiri skortur sé á körlum en konum til að gegna tilteknum störfum? Á tímum þenslu í atvinnulífinu er oft háð samkeppni um vinnuaflið, einkum vinnuafl karla. Þá er gjarnan gripið til þess ráðs að yfirborga fólk, annaðhvort til að halda því eða ná því til sín eða hvort tveggja. Sú skoðun, að karlar þurfi frekar á hærri launum að halda en konur vegna þess að þeir séu aðalframfærendur fjölskyldunnar, kann að hafa einhver áhrif á yfirborganir til karlmanna. Slíkt er þó óréttmætur grundvöllur við ákvörðun á launum, því að margar konur eru aðalframfærendur sinna fjölskyldna."

Ýmislegt fleira mætti benda á í þessari könnun, en ég læt þetta nægja að sinni. Á ráðstefnu, sem haldin var á vegum Jafnréttisráðs 1979, kemur fram í erindi Jóns G. Gunnlaugssonar hjá Kjararannsóknarnefnd, að laun karla við afgreiðslustörf í matvöruverslunum voru 17,9% hærri en kvenna, og augljóst þar að karlmenn voru verulega yfirborgaðir. Í því erindi eru nokkuð rakin laun verkamanna og verkakvenna, og segir Jón orðrétt í niðurstöðu sinni, með leyfi forseta:

„Ég fjalla hér um verkafólk í Reykjavík, en samkv. ýmsum gögnum raðast konur ávalt í lægri taxta en karlar. Virðist þetta gilda um hvaða launakerfi sem er. Þessi mismunun í röðun hlýtur að teljast launamisrétti."

Í erindi Arndísar Sigurðardóttur bankafulltrúa á sömu ráðstefnu segir orðrétt, með leyfi forseta: „Í janúar 1979 voru konur 542 eða 65,5%, en karlar 285 eða 34,5%. Ef við lítum svo á röðun í launaflokka kemur í ljós að 1. jan. 1975 eru í hinum almennu launaflokkum 379 konur eða 53,6% og 96 karlar eða 13,6%. En í þeim launaflokkum, sem bera með sér stöðuheiti, eru 70 konur eða 9,9%, en 162 karlar eða 22,9%."

Tala þessar tölur sínu máli þar sem konur eru líðlega helmingi fleiri en karlar, en þó eru aðeins 70 konur í launaflokkum, sem bera með sér stöðuheiti, en 162 karlar.

Ég vil einnig vekja athygli á annarri könnun sem er ekki síður athyglisverð. Könnun var gerð að tilhlutan fjmrn. 1977 á kjörum verslunar- og skrifstofufólks og náði könnunin til vissra annarra hópa einnig. Könnunin náði m. a. til 1 103 starfsmanna úr verslunar- og skrifstofustétt. Það voru 633 konur og 470 karlar. Af þessum 1 103 voru 349 konur í fimm neðstu launaflokkunum og 198 karlar, en 121 kona í fimm efstu launaflokkunum og 435 karlar. Í töflu um greiddan bifreiðarstyrk, sem tekinn var með ef hann taldist til eiginlegrar launauppbótar, fengu af 633 körlum 222 bifreiðarstyrk, en af 470 konum fengu aðeins 6 bifreiðarstyrk. Fleira markvert kemur fram í þessari könnun, en ég hef aðeins nefnt hér tvö dæmi.

Árið 1979 og aftur 1980 voru einnig gerðar kannanir af Hagvangi fyrir Verslunarmannafélagið. Var það einnig athyglisvert þar, hve yfirborganir voru miklu hærri til karla en kvenna. Í fréttabréfi Jafnréttisráðs 1979 kemur í ljós, ef borin eru saman laun karla og kvenna í verkamannavinnu, að karlar höfðu um 13—14% hærri laun en konur fyrir hvern unninn dagvinnutíma. Í fréttabréfi Kjararannsóknarnefndar frá jan. 1981 kemur í ljós að í verkamannavinnu er taxtakaupið á tíma 20,5% hærra hjá körlum, og meðaltímakaup 38,3% hærra hjá körlum en konum.

Þetta yfirlit ætti að gefa nokkuð glögga mynd af því, að það er staðreynd að launamisrétti ríkir og karlar og konur búa ekki við launajöfnuð þrátt fyrir lög um launajafnrétti kvenna og karla. Því er nauðsynlegt að Jafnréttisráði verði veitt framlag til að standa fyrir könnunum á raunverulega greiddum launum á vinnumarkaðinum, eins og ég hef rökstutt að því er ætlað í gildandi lögum, án þess að nokkru sinni hafi verið veitt fjármagn til þess. Kemur reyndar fram í skýrslu Jafnréttisráðs fyrir tímabilið 1976—1979, þegar gerð er grein fyrir málum sem ráðið hefur fjallað um, að mest hefur borið á málum sem snerta launamisrétti. 4. gr. frv. sem hér er til umræðu miðar að því að úr þessu verði bætt.

Í 1. gr. frv. segir, með leyfi hæstv. forseta: „Við ráðningu og skipun í starf, stöðuhækkun og stöðuheiti er atvinnurekendum óheimilt að mismuna konum og körlum í starfi. Sama gildir um uppsögn úr starfi, veitingu hvers konar hlunninda og almenn vinnuskilyrði." Þessi grein miðar að því að gera ákvæðið markvissara en nú er í lögum. Í greininni kemur fram að ekki megi mismuna konum og körlum í starfi. Eðlilegt er að markvisst ákvæði verði sett um að sá mismunur, sem óheimill er, varði starfið og beinist að því sem slíku. Í núgildandi lögum segir að óheimilt sé að mismuna starfsfólki eftir kynferði. Ákvæðið er óljósara og erfitt að skilgreina svo að rétt sé í framkvæmd, eins og raunin hefur orðið á.

Í 3. gr. frv. segir, með leyfi forseta: „Nú er umsækjandi um auglýst starf kona, en það hefur verið veitt karlmanni, og skal þá Jafnréttisráð, ef það telur slíkt nauðsynlegt eða umsækjandi óskar þess, fara fram á það við hlutaðeigandi atvinnurekanda, að hann veiti skriflegar upplýsingar um hvað lagt var til grundvallar við ráðningu í starfið." Í núgildandi lögum segir að ef umsækjandi um auglýst starf sé kona, en það hefur verið veitt karlmanni, sé hægt að fara fram á það við atvinnurekanda, að hann veiti skriflegar upplýsingar um menntun, starfsreynslu og aðra sérstaka hæfileika sem sá hefur til að bera sem ráðinn var í starfið. Erfitt er að sjá gildi slíks ákvæðis því að oftast liggur ljóst fyrir um menntun og starfsreynslu viðkomandi. Til að koma í veg fyrir að konum og körlum sé mismunað í starfi þarf að gera ákvæðið markvissara til að Jafnréttisráð geti metið hvort um mismunun sé að ræða. Því er lagt til að atvinnurekandi veiti upplýsingar um hvað lagt var til grundvallar við ráðningu í starfið.

Ég vil þá víkja að 2. gr. frv., sem er sú greinin sem skiptastar skoðanir verða sjálfsagt um. Aðdraganda þess og undirrót, að nú er lögð til sú leið sem þetta ákvæði kveður á um, hef ég lýst fyrr í máli mínu. Tvær nýlegar embættisveitingar hafa orðið hvati til umræðna í þjóðfélaginu um jafnréttismál, en þau embætti voru veitt karlmönnum þó að umsagnaraðilar hafi mælt með konum til starfans. Var í öðru tilfellinu konan metin hæfust af öllum umsagnaraðilum, en engu að síður karlmaður ráðinn í starfið. Óþarfi er að rifja þessar embættisveitingar nánar upp, svo mjög eru þær í fersku minni. Í framhaldi af því sendi stjórn Kvenréttindafélags

Íslands Jafnréttisráði og fjölmiðlum eftirfarandi ályktun, sem ég vil leyfa mér að lesa, með leyfi forseta:

„Stjórn Kvenréttindafélags Íslands lýsir undrun sinni og óánægju yfir því, að menntmrh. og heilbrmrh. skuli við embættisveitingar nýlega hafa sniðgengið þá umsækjendur sem sérfróðir umsagnaraðilar mátu hæfasta til starfa. Þar sem umræddir umsækjendur voru konur hlýtur sú spurning að vakna, hvort nauðsynlegt sé að lögbinda tímabundin forréttindi konum til handa til að útiloka slíkt misrétti í framtíðinni." Kom ekki ósvipað sjónarmið fram hjá formanni Jafnréttisráðs í útvarpsviðtali fyrir nokkru.

Í ályktun Jafnréttisráðs vegna veitingar lyfsöluleyfis á Dalvík segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Við umfjöllun þessa máls hefur Jafnréttisráði orðið enn ljósara en áður, hve mikið vantar á að jafnréttislögin tryggi nægilega að jafnréttis sé gætt. Ráðið telur því nauðsynlegt að endurskoða lögin og leita leiða til þess að gera þau virkari."

Þó erfiðara sé að færa sönnur á að hve miklu leyti gengið er fram hjá konum við stöðuveitingar á almenna vinnumarkaðinum þar sem engar skipulegar kannanir hafa verið gerðar á slíku, þá kemur þó fram í opinberum gögnum að sömu störf séu nefnd mismunandi starfsheitum eftir því hvort karl eða kona á í hlut. Í framsöguræðu félmrh. 1976 segir hann orðrétt, með leyfi forseta:

„Þess munu dæmi, að konum hafi verið mismunað með því, að búin hafi verið til ný stöðuheiti fyrir karlmenn sem í raun gegna sama starfi."

Ég tel að það þyrfti að vera eitt af verkefnum Jafnréttisráðs að athuga með skipulögðum könnunum hve mikil brögð eru að þessu á almenna vinnumarkaðinum og eins hvernig því er háttað á almenna vinnumarkaðinum þegar um stöðuveitingar er að ræða, hvort konum standi þær alltaf jafnt til boða og karlmönnum. Ekki skal úr því dregið, að oft eru konur tregar til að sækja um ýmsar stöður á almenna vinnumarkaðinum, eða stöðuhækkanir innan þess fyrirtækis sem þær vinna hjá. Sennilega er þar fyrst og fremst um að kenna að konur búa oft og tíðum við tvöfalt vinnuálag, ef þær eru á vinnumarkaðinum, og veigra sér við því að taka stöðu sem of mikil ábyrgð fylgir. Ef þessi ályktun er rétt ætti því varla að vera mikil hætta á ferðum þótt þær konur, sem vilja leggja á sig þessa ábyrgð og hafa til þess hæfni, menntun og reynslu á við karlmenn, gangi fyrir í þau störf sem karlmenn hafa verið næsta einráðir í áður, sérstaklega þar sem sýnir sig að oft hefur verið tregða á því að veita þeim þessi störf. Á hinum Norðurlöndunum hefur verið mikil umræða um þessi mál undanfarin ár, og hefur sú leið, sem ég legg til í þessu frv., verið nefnd jákvæð mismunun kynjanna. Með jákvæðri mismunun er átt við það, að leyft sé að veita öðru kyninu forréttindi ef tilgangurinn með því er að afnema raunverulegt misrétti kynjanna.

Í norskum jafnréttislögum hefur verið farið inn á þessa braut, en þar er tekið fram í jafnréttislögunum að tilgangur laganna sé sérstaklega að bæta stöðu konunnar, og jafnframt er tekið fram að það sé ekki andstætt lögunum þótt kynjunum sé mismunað, ef það sé í samræmi við tilgang laganna, þ. e. að stuðla að jafnrétti kynjanna. Ekki ósvipuð ákvæði eru einnig í dönskum og sænskum jafnréttislögum. Vil ég benda nefnd þeirri, sem fær þetta frv. til meðferðar, á að kynna sér þessi ákvæði, ef vera kynni að í þeim fælist leið sem samkomulag gæti náðst um.

Ég hef sagt varðandi þá leið, sem lögð er til í þessu frv., að um það mætti deila hvort telja bæri slíkt forréttindi, og hef talið að fullt eins vel mætti þar tala um jafnrétti. Ég vil rökstyðja þetta nokkru nánar.

Það er staðreynd, að kynbundin starfsskipting er ríkjandi í mörgum atvinnugreinum. Ástæða þess er m. a. að konur hafa minni menntun og því ekki skilyrði til að hasla sér völl í mörgum atvinnugreinum sem krefjast sérþekkingar og menntunar. Undanfarin ár hefur þetta verið að breytast með aukinni menntun kvenna og þær hafa í auknum mæli sótt inn á fleiri námsbrautir en áður. Í kjölfar þess hljóta konur því að sækja inn í störf þar sem karlmenn hafa verið svo til einráðir áður. Varla verður því á móti mælt, að með tilliti til jafnréttissjónarmiða er slík þróun æskileg. Þegar litið er til þess, að reynslan hefur sýnt að oft er erfitt fyrir konur, þrátt fyrir hæfni og menntun, að komast í áhrifastöður, getur það varla talist óeðlilegt, þegar konur hafa sömu hæfileika til að bera og karlar, að þeim séu að öðru jöfnu veitt ákveðin tímabundin forréttindi meðan konur eru í miklum minni hluta innan ákveðinna starfsgreina. Það hefur berlega komið í ljós, að margir eru á móti slíku ákvæði, en við skulum athuga málið nokkru nánar.

Ein þeirra, sem talað hafa gegn því sem kallað hefur verið forréttindi í þessum efnum, er Guðrún Erlendsdóttir lögfræðingur. Á norrænu lögfræðingaþingi í Kaupmannahöfn í ágúst 1978 voru þessi mál á dagskrá. Út hefur verið gefinn bæklingur með erindi Guðrúnar og er það sérprentun úr Tímariti lögfræðinga, 3. hefti. Þar segir Guðrún Erlendsdóttir lögfræðingur m. a., með leyfi forseta:

„Ég tel það óheppilegt, að jafnréttislög innihaldi ákvæði um mismunun kynjanna, og tel það andstætt jafnréttishugsjóninni að veita öðru kyninu forréttindaaðstöðu."

En síðar í erindi sínu segir Guðrún Erlendsdóttir, og vil ég fá að vitna til þess, með leyfi forseta, og bið hv. þdm. að taka nú vel eftir, — Guðrún segir:

„Þegar sett hafa verið lög um jafnrétti kynjanna, eins og gert hefur verið á Íslandi, þar sem tilgangur laganna er að stuðla að jafnrétti og jafnri stöðu kvenna og karla, þá hafa stjórnvöld þar með tekið að sér að stuðla að þessu jafnrétti. Stjórnvöldum ber þá skylda til að sjá svo um, að konur og karlar hafi sömu möguleika til menntunar og starfa. Ef sú staða kemur upp, að karl og kona sækja um starf í starfsgrein þar sem annað kynið er allsráðandi og bæði tvö hafa sömu hæfileika og menntun til að bera, þá skal veita þeim aðila starfið sem er af því kynferði sem er í minni hluta í viðkomandi starfsgrein. Ég tel sem sagt að konur verði að vera sömu hæfileikum búnar og karlar til þess að fá starf og ekki eigi að veita þeim forréttindi *eingöngu vegna kynferðis þeirra*."

Þarna talar kona, sem er lögfræðingur og er á móti forréttindum, en túlkar jafnréttislögin, sem eru í gildi í dag, þannig að þegar tveir aðilar, sem hafa sömu hæfileika og menntun til að bera, sækja um starf, þá skal veita þeim aðila starfið sem er af því kynferði sem er í minni hluta í viðkomandi starfsgrein. Ákvæði það, sem ég hef lagt til og hér er til umr., gengur einmitt út á það að veita konum forgang til starfa sem karlmenn hafa frekar valist til, að því tilskildu að þær hafi sömu hæfileika og menntun til að bera. Það er þetta sem ég vil undirstrika þegar ég tala um að frekar megi tala um jafnrétti en forréttindi í sambandi við þetta ákvæði sem ég legg til.

Það er því ekki eins breitt bil á milli forréttinda og jafnréttis í þessu sambandi og sumir vilja vera láta.

Ég vil að það komi hér fram við þessa umr., að ég velti því mikið fyrir mér hvort rétt væri að setja inn ákvæði sem kvæði á um að í starfsgreinum, sem konur hafa frekar valist til en karlar, skuli þeir hafa ákveðinn forgang til þeirra starfa. Ég taldi ekki rétt að fara þá leið, þar sem reynslan hefur sýnt að karlmenn hafa ekki átt í neinum erfiðleikum með að komast inn í störf sem frekar hafa valist til konur en karlar. Ég sé að komin er fram brtt., sem felur í sér þetta ákvæði, og mun því nefnd sú, sem fær málið til athugunar, væntanlega taka afstöðu til þess, hvort rétt sé að fara þá leið. Ég sé ekki að sterk rök mæli með því.

Ég vil líka benda nefndinni á hvort rétt væri að taka inn það orðalag sem Guðrún Erlendsdóttir lögfræðingur notar í umsögn sinni og túlkun á jafnréttislögunum í dag, þannig að ákvæðið hljóðaði: Ef sú staða kemur upp, að karl og kona sækja um starf í starfsgrein þar sem annað kynið er allsráðandi og bæði tvö hafa sömu hæfileika og menntun til að bera, þá skal veita þeim aðila starfið, sem er af því kynferði, sem er í minni hluta í viðkomandi starfsgrein." Ekki er ósennilegt að í þessu fælist sú samkomulagsleið sem allir gætu sætt sig við. Ég hef því drepið hér á tvær leiðir einnig sem athuga mætti í nefnd.

Herra forseti. Ég taldi nauðsynlegt að rökstyðja þetta frv. í nokkuð ítarlegu máli og varla að nauðsynjalausu. Ég vona að þessi ítarlega framsaga hafi orðið til að varpa nokkru ljósi á það, hvers vegna ég taldi nauðsynlegt að flytja málið inn á Alþingi með þeim hætti sem ég hef gert. Það er von mín, að meðferð þessa máls hér á hv. Alþingi og þær umr., sem af því leiðir, verði til þess, að tekið verði á þessu máli á þann hátt, að mannréttindi kvenna til atvinnu- og launakjara til jafns við karla verði raunverulega tryggð í framtíðinni. Þá er tilgangi mínum náð.

Ég vil að lokinni þessari umr., herra forseti, óska eftir að málinu verði vísað til hv. félmn. þessarar deildar.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Vegna þess að mér er kunnugt um að hér bíða mörg mál, sem varða brýna hagsmuni aldraðra og öryrkja, þá mun ég reyna að stytta mál mitt sem mest og vil einungis taka undir það sem hér hefur komið fram í langri og ítarlegri ræðu. Ég get þó ekki stillt mig um að minnast aðeins á umr. sem hér fór fram í dag í hv. deild um heilbrigðis- og vistunarmál aldraðra.

Þar hélt hv. 1. landsk. þm. langa ræðu og fór nokkrum orðum um hv. 8. landsk. þm. vegna þess að sá hafði átt nokkurn hlut í samningu þess frv. Hv. 1. landsk. þm. viðhafði nokkuð óvenjuleg orð hér í ræðu, þar sem hann kallaði hv. 8. landsk. þm. „Rúnu litlu á Blómsturvöllum, sem nú væri orðin hv. þm." Nokkru seinna í ræðu sinni vitnaði þm. í einhver orð, sem hv. 8. landsk. hafði haft í frammi hér í ræðustól, og gat þess, að nokkur þjóstur hefði verið í þm. þá, sem annars væri „lítil og prúð". Það er kannske ekki alveg út í hött að minnast þessa í þessari umr. vegna þess að ég hef ekki heyrt það áður, að slíkt „kelerí" milli þm. færi hér fram í ræðustól. Einungis einn hv. þm., sem er 1. þm. Reykn., hefur leyft sér að kalla hv. 8. landsk. slíkum gælunöfnum. Hefur hann á því fullan rétt og enda einungis haft þau orð við í einkasamræðum hér í þinginu, aldrei í ræðustól. Og ég mótmæli því, að forseti skyldi ekki gera aths. við að þessi forréttindi hv. 1. þm. Reykn. væru höfð hér að engu og gengið væri svo freklega á þennan rétt, sem stafar af gömlu ástarsambandi í byrjun stríðsins í Hafnarfirði suður. (**Forseti:** Þessi sérstöku ummæli, sem hér eru tilgreind, hafa farið fram hjá forseta.) Augljóslega. (**Forseti:** Eða voru þau kannske mælt þegar varaforseti gegndi störfum?) Nei, hæstv. forseti. (**Forseti:** Ég hlyti að hafa gert aths. við þetta ef ég hefði setið í forsetastól. Getur ekki verið að 2. varaforseti deildarinnar hafi setið í stól þegar þessi ummæli voru viðhöfð?) Það hygg ég ekki. Ég hygg að hæstv. forseta hafi runnið í brjóst. (**Forseti:** Þetta verður rannsakað sérstaklega.) Ég þakka fyrir það.

En til þess að tefja hér ekki tímann mun ég snúa mér að þeim brtt. sem ég hef gert hér við frv. hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Ég er hjartanlega samþykk þeirri hugsun sem að baki frv. hv. þm. liggur. En ég hef leyft mér að flytja brtt. við það þrátt fyrir það. Ég þarf ekki að skýra það á nokkurn hátt, hvert viðhorf þingflokks Alþb. er til þessara mála. Hv. fyrrv. þm. Svava Jakobsdóttir flutti hér í byrjun síðasta áratugs frv. til laga um Jafnlaunaráð, og ég hygg að það hafi verið kveikjan að því frv. sem síðar var lagt fram og varð að lögum um jafnrétti kvenna og karla. Ég tel mig ekki þurfa að bæta miklum inngangi við það sem kom fram í máli hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur hér áðan, en vil leitast við að skýra lítillega þær brtt. sem ég hef lagt hér fram.

Við 1. gr. frv. hv. þm. hef ég leyft mér að leggja til að sú grein falli niður. Ég fæ ekki séð að nein bót sé að því að þrengja 3. gr. jafnréttislaganna. Ég held að það orðalag, sem er á lögunum eins og þau nú eru, sé jafnvel víðara en sú breyting, sem þm. leggur til, og ég er andvíg því að þrengja þá grein á nokkurn hátt.

2. gr. frv. er kannske sú grein, sem líklegust er til þess að valda umr., en þar leggur hv. þm. til að þegar um sé að ræða starf, sem frekar hafa valist til karlar en konur, skuli konunni að öðru jöfnu veitt starfið. Ég er ein af þeim, sem ekki eiga gott með að sætta sig við það sjónarmið, og kemur þar ýmislegt til. Ég held að það sé ekki líklegt til að jafna hlut kynjanna við hin ýmsu störf. Ég held t. d. að það gæti stundum staðið í vegi fyrir því að starfsstéttir blönduðust þannig að álíka yrði hlutur karla og kvenna. Ég vil aðeins leyfa mér að taka dæmi.

Dagvistarkerfið er rekið 100% af konum. Nú eru t. d. tveir ungir menn við nám í Fósturskóla Íslands. Við getum séð hvernig færi fyrir þeim ef frv. hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur yrði að lögum. Þeir gætu sótt um starf óendanlega vegna þess að þeir hefðu aldrei möguleika á að fá það starf ef einhliða skylda væri að veita konu starfið. Hið sama hygg ég að yrði á ferðinni þegar um barnakennarastöður er að ræða. Þar er yfirgnæfandi meiri hluti kvenna, og ég held að það sé verulegur vilji fræðsluyfirvalda að fleiri karlmenn komi þar til starfa, þannig að ég held að hreint praktískt yrði þetta óheppilegt. Brtt. mín er hins vegar á þessa leið:

„Þegar um er að ræða starf, sem karlar hafa valist til fremur en konur, skal að öðru jöfnu veita konu starfið. Hið sama gildir, ef konur hafa fremur valist til starfsins en karlar, og skal þá karli að öðru jöfnu veitt starfið."

Ég held að þetta sé miklu líklegra til að dreifa störfum milli karla og kvenna í hinum ýmsu stéttum. Ég geri hins vegar ekki ráð fyrir því, að þetta ákvæði sé endurskoðað að 5 árum liðnum. Ég sé ekki ástæðu til þess.

Ég verð að segja það hreinskilnislega, að ég lít einnig svo á, að 2. gr. frv. hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur brjóti í bága við hina eiginlegu hugsun að baki lögum um

jafnrétti kvenna og karla. 1. gr. laganna hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Tilgangur laga þessara er að stuðla að jafnrétti og jafnri stöðu kvenna og karla.“ Síðan segir í 2. gr., með leyfi forseta: „Konum og körlum skulu veittir jafnir möguleikar til atvinnu og menntunar og greidd jöfn laun fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf.“

Ég held að það sé ekki í anda þessara sömu laga, að annað kynið hafi einhliða forréttindi umfram hitt til starfa. Um þetta má sjálfsagt deila, en ég held að brtt. mín brjóti á engan hátt í bága við anda laganna né neitt sem í þeim stendur, og þess vegna hef ég flutt þessa brtt., ekki vegna þess að ég skilji ekki fullkomlega hvað hv. þm. gengur til að flytja þessa till. En ég held að sú till., sem ég hef leyft mér að flytja, sé e. t. v. málamiðlun sem allir ættu að geta sætt sig við.

Við 3. gr. frv. hv. þm. hef ég lagt til að sú grein falli niður. Ég sé ekki að það sé til neinna bóta að gera það að einhverju óræðu atriði, að atvinnurekandi veiti skriflegar upplýsingar um hvað lagt var til grundvallar við ráðningu í starf. Í lögunum kemur afgerandi fram hvað á að gefa upplýsingar um, en það er menntun, starfsreynsla og aðrir þeir sérstakir hæfileikar sem sá hefur til að bera sem ráðinn var í starfið. Ég tel að þetta sé betur orðað í lögunum eins og þau eru.

Í 4. gr. frv. hefur hv. þm. lagt til að á fjárlögum hvers árs skuli veita Jafnréttisráði framlag sem geri því kleift að standa fyrir könnunum á launakjörum karla og kvenna. Ég hef einnig lagt til að þessi grein yrði lögð niður, vegna þess að ég er hreinlega á móti því að Jafnréttisráð fái fjármagn til að gangast fyrir könnunum sjálft. Við höfum Hagstofu Íslands, við höfum Kjararannsóknarnefnd, við höfum ótal stofnanir sem beinlínis eiga að gera þessar kannanir. Jafnréttisráð á hins vegar — eins og réttilega segir — að standa fyrir þeim, en ég sé ekki ástæðu til að gera fleiri stofnanir að rannsóknaraðilum um slíka hluti. Jafnréttisráð getur gengið frá þeim atriðum, sem það óskar eftir að fá könnuð, og síðan eru þessar stofnanir til þess að verða við því.

Ég hef hins vegar bætt við einni nýrri till., sem er viðbót við 11. gr., sem samkv. þessu yrði 12. gr. ef önnur hvor grein okkar Jóhönnu verður samþykkt, hv. þm. Aftan við 11. gr., þar sem talað er um að Jafnréttisráð geti höfðað mál í umboði þess aðila sem telur hafa verið brotið á sér við starfsveitingu eða á annan hátt, vil ég bæta við setningu sem hljóði svo: Málskostnaður greiðist úr ríkissjóði. Ég held að það hafi sýnt sig, að Jafnréttisráð á ákaflega erfitt með að gangast fyrir málshöfðun eða hvetja til hennar, þar sem ráðið hefur ekki nein peningaráð til þess að greiða fyrir slíka hluti. Og almennt vil ég taka fram, að ég tel að Jafnréttisráð sé svo fjársvelt — og vil beina því til hv. fjvn. — að því sé næstum gert ófært að framkvæma lögin frá 1976, og algert lágmark sé að vilji ráðið gangast fyrir málshöfðun eigi það ekki á hættu að þurfa að taka af því auma rekstrarfé, sem það hefur og — ef ég man rétt — er á fjárlögum nú um 14 millj. — ég verð þá leiðrétt ef það er rangminni, — 14 millj. gkr. og segir sér hver sjálfur að fyrir það verður ekki mikið gert.

Ég vil aðeins minnast á það áður en ég lýk máli mínu, að félmrh. hefur hinn 27. mars s. l. ákveðið að skipa nefnd til að fjalla um jafnréttismál karla og kvenna. Skal nefndin beita sér í fyrsta lagi að könnun á framkvæmd jafnréttismála hér á landi, einkum að því er varðar stöðu láglaunakvenna, laun þeirra og lífskjör, í öðru lagi að tillögugerð um breytingu á jafnréttislögum með tilliti til þeirrar reynslu sem fengist hefur frá því að lögin voru sett, nefndin skal í tillögu sinni taka mið af jafnréttisáætlun Sameinuðu þjóðanna frá 1980 og samstarfi því sem á sér stað á norrænum vettvangi um jafnréttismál, og í þriðja lagi að tillögugerð um verkefnaáætlun í jafnréttismálum til næstu 10 ára. Þessi nefnd verður skipuð nú á næstunni, og að því er félmrh. hefur tjáð mér munu fulltrúar hinna ýmsu verkalýðssamtaka ásamt öðrum eiga sæti í þessari nefnd. Þetta tel ég ákaflega brýnt mál.

Ég held að lög eins og lög um jafnrétti kvenna og karla, sem voru mikil nýlunda fyrir fimm árum, þurfi nú að fá ítarlega endurskoðun, og ég fagna því að sú nefndarskipun hefur verið tilkynnt. Það er auðvitað hægt að halda mjög langa ræðu um þessi mál og margt um þau að segja. En ég get ekki fallist á að það sé til eflingar sjálfsvitund kvenna að hafa það á tilfinningunni hvenær sem konu er veitt starf, hvenær sem kona er kjörin til Alþingis eða sveitastjórnarstarfa, að hún eigi það aldrei víst að hún hafi verið sett í þessi embætti vegna eigin verðleika, heldur ævinlega vegna þess að hún var kona. Engin okkar hefur beðið um þessi forréttindi, og ég segi fyrir mig, að ég vil ekki þiggja þau. Það má vel vera að árangurinn verði þess vegna lítill, og hann er það vissulega. Enn þá erum við hér þrjár á Alþingi Íslendinga þrátt fyrir lög um jafnrétti kvenna og karla, enn þá eru í hverri stofnun deildarstjórarnir karlmenn, en skrifstofufólkið konur. Verður það lengi í minnum haft, þegar kvennadagurinn mikli var haldinn, að í þeirri stofnun, sem ég vann þá hjá, Tryggingastofnun ríkisins, voru tveir viðskiptavinir afgreiddir þann dag af hinum 11 deildarstjórum, meðan hinar 85 konur tóku sér frí. Báðir voru afgreiddir rangt og þurfti að taka málin upp daginn eftir.

Það sýndi sig þá, að þjóðfélagið gengur ekki án okkar starfskrafta, og það er jafnljóst, að það er engum, allra síst körlum, greiði gerður með að þetta ástand haldist. Hins vegar skal ég viðurkenna að ég er ekki bjartsýn á að nein veruleg bylting verði í þessum málum, m. a. vegna þess að ég held að þau séu ekki alltaf rekin á réttum grundvelli.

Ég held að þessi mál séu töluvert flóknari en þau eru oft lögð upp. Byltingin í jafnréttismálum kvenna og karla byrjar ekki úti á hinum opinbera vettvangi, sú barátta byrjar heima á heimilunum. Ég held að þessi barátta sé oft háð af einsýni. Ég held að konur eigi að velja um hvort þær vilja vera með sínum börnum heima á meðan þau eru ung. Það er ekki feimnismál. Ég held að við eigum að hafa þetta val. Nýlega hafa verið samþykkt lög á Alþingi um fæðingarorlof og ber að fagna því, að þar er um val að ræða hvort foreldra annast börnin. Þó er vitanlega gert ráð fyrir að konan sé með börnunum fyrstu vikurnar. Fyrir því liggja svo augljósar ástæður að um það þarf ekki að deila.

Ég vil líka leggja á það áherslu og hef gert frá fyrstu byrjun umræðna um jafnréttismál, að við megum aldrei heyja þessa baráttu á þann veg að við á nokkurn hátt vanrækjum börnin okkar. Konum væri lítill sómi að slíku, og ég held að við eigum ekki að fara svo hratt í þessi mál sem hér er lagt til, að við sælumst eftir forréttindum til starfa. Ég held að við verðum að reyna að heyja þessa baráttu þannig að bæði kynin séu samstiga.

Kannske er þetta orðin of hlutlæg umræða og ekki tími nú til þess að halda hér langa ræðu, en ég mun að sjálf-

sögðu að öðru leyti styðja þann anda sem kemur fram í langri og ítarlegri ræðu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Við þekkjum allar ólíka stöðu karla og kvenna, jafnvel þó að við séum komnar hér á hið háa Alþingi, eins og umr. í dag best lýstu. Og þó að þetta sé ekki í stóru atriðunum, þá kemur það fram í hinum smáu. Ég held að það hafi sýnt sig á þingheimi, sem ég sá ekki stökkva bros né sýna minnstu geðbrigði undir þessari umr., hvað langt er í land að jafnvel þeir, sem sitja á Alþingi Íslendinga, geri sér eitt augnablik ljósa þessa mismunun. Ég er næstum því viss um að engum þm. hér í deild fannst hið minnsta athugavert við þetta, vegna þess að endanlega erum við konur skemmtileg skrautblóm í þingsölum. Ég vildi sjá framan í hv. þm. hins háa Alþingis ef ég stæði hér og færi að tala um hvernig þeir eru í laginu. Ég býst við að það vekti verulega athygli. En það sýnir hvað langt er í land að byrja þessa umr., hvað þá að ljúka henni.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Rannsókn hefur leitt í ljós að þegar hv. 1. landsk. þm., Pétur Sigurðsson, viðhafði hið óviðurkvæmilega ávarp, sem hv. 8. landsk. þm. tilgreindi, þá gegndi störfum forseta 2. varaforseti hv. deildar, hv. 4. þm. Suðurl., þm. Alþb. — [Fundarhlé.]

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég ætla ekki að gera hér að umræðuefni forréttindi 1. þm. Reykn., sem 8. landsk. þm. telur rétt að verði viðhaldið, að mér skilst út á sögulega hefð. En vissulega hefði það þó getað verið nógu gaman, ef 8. landsk. þm. hefði verið hér við, að ræða slík forréttindi.

Aftur á móti ætla ég að reyna að nálgast þetta umræðuefni út frá því sjónarhorni, hvort nauðsyn sé á neyðarúrræðum í jafnréttismálum vegna neyðarástands, og vil vísa til grg. flm. þar sem segir á bls. 3, með leyfi hæstv. forseta:

„Sumir telja þó að miðað við fyrri reynslu sé slíkt ekki hægt nema konum séu sköpuð ákveðin tímabundin forréttindi með lögum. Verður að telja það neyðarúrræði, þó að reynslan sýni að það sé réttlætanlegt."

Er neyðarástand í þessum málum hér á landi? Því aðeins er réttlætanlegt að grípa til neyðarúrræða að neyðarástand sé ríkjandi. Eru viðhorf íslensku þjóðarinnar í þessum málum á svo alvarlegu stigi að um neyðarástand sé að ræða?

Það var kosinn forseti á seinasta ári, og það var kona sem var kosin forseti. Ekki finnst mér að það mæli beinlínis með því, að hægt sé að tala um að neyðarástand sé ríkjandi og að neyðarúrræði skuli þess vegna upp tekin.

Þá er rétt að vekja athygli á öðru, sem hér er greint frá á síðu 2, með leyfi hæstv. forseta:

„Konur hafa á síðustu árum í vaxandi mæli farið út á vinnumarkaðinn og samhliða hefur menntun kvenna verulega aukist. Hins vegar er ljóst að konur leggja á sig tvöfalt vinnuálag þegar þær jafnhliða vinna að verðmætasköpun í atvinnulífinu."

Jafnhliða heimilisstörfum, hygg ég að eigi að standa þarna. Tvöfalt vinnuálag, vissulega leggja þær mikið á sig, en tvöfalt vinnuálag, tvöfalt á við hverja? (**ÁG:** Þá sem ekki vinna heimilisstörfin.) Þá sem ekki vinna heimilisstörfin, þ. e. karlpeninginn, skilst mér. Nú vaknar sú spurning: Þola íslenskir karlmenn tvöfalt vinnuálag við það sem þeir hafa í dag? Ég segi nei, það er alveg pottþétt, þeir þola ekki tvöfalt vinnuálag við það sem þeir hafa í dag. Hvað hef ég fyrir mér í því? Jú, meðalaldur karlmanna á Íslandi er lægri en kvenna. Það yrði hrun í stofninum ef það kæmi tvöfalt vinnuálag ofan á þetta. Þið hlæið. Ég er ekki viss um að ykkur yrði svona skemmt ef þetta yrði tekið upp í fyllstu alvöru, að tvöfalda á ykkur vinnuálagið.

Sú spurning vaknar hvort 2. gr., sem fyrst og fremst er innihald þessa frv., leysi það mál sem er ástæðan fyrir því að frv. er sett fram. Ástæðuna fyrir því, að frv. er sett fram, tel ég vera þá, að hv. 10 landsk. þm. finnist að gengið hafi verið á rétt kvenna í embættisveitingum af ráðherrum þessa lands nú fyrir stuttu. Ég hlustaði á málflutning hennar þegar hún ræddi þessi mál í fyrirspurnarþætti eða utan dagskrár hér á þinginu, og ég verð að segja það alveg hreint og ákveðið, að mér fannst hún þá rökstyðja sitt mál mjög vel og hafa vissulega ríka ástæðu til þess að bera fram kvörtun í því máli. En spurningin er: Tryggir þetta atriði, 2. gr., að slíkt komi ekki fyrir aftur? Ég segi nei. Hvers vegna? Vegna þess að hér stendur „að öðru jöfnu" — og hver ætti að meta það? Atvinnurekendur eða ráðh. ættu að meta hvað er jafnt í þessum efnum, ekki satt? Það liggur alveg ljóst fyrir. Greinin tryggir ekki það sem verið er að leita eftir. Aftur á móti blasir það við, að verði atriði sem þetta sett í lög mun það dynja á íslenskum konum, ef þær fá embætti í samkeppni við karlmenn, að þær hafi fengið það út á það að þær væru konur. Og ég hygg að enginn, hvorki flm. né aðrir, telji að það hafi verið tilgangurinn eða að slíkt sé æskilegt.

Ég er sammála því, að það er margt sem á eftir að breytast til betri vegar á þessu sviði. En ég hygg að hæstv. forseti Íslands hafi metið það rétt, þegar hún gat þess að menntunin væri þungamiðjan í þeirri breytingu sem mundi eiga sér stað og þyrfti að eiga sér stað. Þar er þróunin frekar hröð að mínu mati, æskilega hröð, og ég held að í beinu framhaldi af því þurfi að auka mjög starfsfræðslu m. a. í skólum.

Hitt atriðið, sem rétt er að horfa á líka, er spurningin sem kom hér fram, hvort það þyrfti að eiga sér stað hugarfarsbreyting, það þyrfti að breyta viðhorfum. Ég held, að Íslendingar séu jafnréttissinnar í þessum efnum, og ég held að sú jafnréttisvitund nái aftur til landnámsaldar. Hver og einn, sem hefur lesið Íslendingasögurnar, gerir sér grein fyrir því, að það hefur verið ákaflega misjafnt og mest farið eftir einstaklingum, hvort það væru konurnar eða mennirnir sem höfðu húsbóndavaldið á heimilum gegnum aldirnar. Engu að síður hygg ég að það væri æskilegt að nota fjölmiðla til að kynna störf kvenna, þ. e. þegar konur eru að ryðja sér braut í nýjum starfsgreinum komi fjölmiðlarnir til skjalanna, geri meira af því að kynna störf kvennanna og benda á það, að þessi þróun er að eiga sér stað, öðrum konum til hvatningar og einnig til þess að eyða neikvæðum viðhorfum gagnvart því að konur hasli sér völl í sem flestum starfsgreinum. En ég vil undirstrika eitt, og því vona ég líka að hv. flm. geri sér grein fyrir, að við breytum ekki viðhorfum með lögum. Tíminn vinnur með okkur í þessu máli, hann vinnur hratt, og ég vænti þess að menn láti ekki reiði vegna embættisveitinga villa sér sýn í þeim efnum.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Það er ekki komið á jafnrétti þó að svo vilji til að kona sé forseti á Íslandi, það vil ég láta hv. þm. Ólaf Þ. Þórðarson vita. (**Gripið fram í:** Það er þó í áttina. — **ÓÞÞ:** Það eru

biskupskosningar á þessu ári.) Hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson talar um að karlpeningurinn mundi hrynja ef þeir legðu á sig tvöfalt vinnuálag. (Gripið fram í.) Ef konur vinna heimilisstörfin og tölur sýna að þær hafi lengri lífaldur, eins og Ólafur Þ. Þórðarson benti á, þá vil ég benda hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni á að hætta þingmennsku og taka að sér heimilisstörfin ef hann er hræddur við að stutt sé á grafarbakkann.

Það eru tvö atriði úr ræðu hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur sem ég vil gera hér að umtalsefni.

Hún leggur til að 4. gr., sem felur í sér að á fjálögum ár hvert skuli veita Jafnréttisráði framlag sem geri því kleift að standa fyrir könnunum á launakjörum karla og kvenna, verði felld. Ekki fannst mér nú rökstuðningurinn sannfærandi. Hún segir að það sé til nóg af opinberum stofnunum til að gera slíkar kannanir. Ég vil því spyrja hv. þm.: Ef það er til nóg af opinberum stofnunum til að standa fyrir þessum könnunum, af hverju hafa þær þá ekki verið gerðar? Við höfum haft í gildi frá 1973 lög sem segja að þessar kannanir skuli gerðar. Og hvar eru þessar kannanir, hv. þm.? Hvers vegna hafa þessar skipulegu kannanir þá ekki verið gerðar? Ég vil benda hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur á að flokkssystir hennar, fyrrv. hv. þm. Svava Jakobsdóttir, var ekki á sama máli og hún. Ég tel mig verða að endurtaka það sem kom fram í minni framsögu um þetta efni, en flokkssystir hv. þm. sagði, með leyfi forseta, að Jafnlaunaráð ætti að „eiga frumkvæði að því að rannsaka hver brögð kunna að vera á misrétti í kjaramálum.". Og í fsp. í vetur um hvað liði framkvæmd þáltill., sem samþykkt var á s. l. ári og fól í sér að rannsaka tekjuskiptingu og launakjör, kom fram annar tónn hjá hæstv. félmrh., flokksbróður hv. þm., þegar hann las upp bréf Kjararannsóknarnefndar sem falið var að athuga um framkvæmd tillögunnar, en tillagan fól í sér m. a. að upplýsa hvernig aldur og kynskipting sé eftir launatöxtum, yfirborgunum og starfsgreinum, — kanna hvort brögð séu að því að launamisrétti sé falið í stöðuheitum. Um þetta ákvæði sagði Kjararannsóknarnefnd, með leyfi forseta:

„Þetta verkefni er að sjálfsögðu ekki hjá Kjararannsóknarnefnd, heldur hjá Jafnréttisráði."

Og um það ákvæði till., sem felur í sér að athuga hvort uppbygging launataxta og annarra launakjara kalli fram mismun á kjörum karla og kvenna, segir í bréfi Kjararannsóknanefndar, með leyfi forseta:

„Mat af þessu tagi sýnist falla með beinum hætti undir Jafnréttisráð sem væntanlega gæti m. a. byggt það á gögnum Kjararannsóknarnefndar."

Hæstv. ráðh. sagði þá í lok ræðu sinnar að hann mundi fara fram á það við Jafnréttisráð og Þjóðhagsstofnun, að þessir aðilar tækju að sér ýmsa þætti til athugunar í þessari till. Og ef ég gæti sannfært hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur enn betur um það, að það væri ætlan Alþingis að Jafnréttisráð hefði þessar kannanir á hendi, þá vil ég vitna aftur í ræðu mína fyrr í dag ef það hefur farið fram hjá hv. þm.:

„Í grg. um hlutverk Jafnréttisráðs frá 1976 segir að ljóst sé að Jafnréttisráð verði að standa að ýmsum félagslegum könnunum, og í umsögn Kvenréttindafélags Íslands um það frv. er það eitt af þeim atriðum sem Kvenréttindafélagið leggur áherslu á ef frv. eigi að ná tilgangi sínum, að ráðið rannsaki hvort lög um launajöfnuð frá 1961 hafi verið sniðgengin í kjarasamningum eða framkvæmd. Það leikur því ekki vafi á að til þess var ætlast með lögum, þótt Jafnréttisráð hafi ekki haft bolmagn til þess enn að standa fyrir slíkum könnunum."

Hv. þm. verður því að svara því, hvers vegna þessar kannanir hafa ekki verið gerðar nema í mjög litlum mæli hjá öðrum stofnunum, ef það er hennar einlæga meining, að fráleitt sé að hugsa sér að Jafnréttisráð hafi þær á hendi.

Hv. þm. upplýsti okkur líka fagnandi um það, að hæstv. félmrh. ætlaði nú að skipa nefnd sem hefði m. a. það verkefni að gera breytingar á jafnréttislögunum. Það er sama uppi á teningnum og fyrr í vetur, en þá lýsti hv. þm. vandlætingu sinni yfir því, að ég skyldi leyfa mér að leggja fram till. hér á hv. Alþingi um umbætur í málefnum aldraða, og sagði að sér væri skapi næst að leggja til að till. yrði vísað frá og hún fengi ekki eðlilega meðferð. Jú, hver var ástæðan? Hennar ágæti flokksbróðir, hæstv. félmrh., ætlaði nefnilega að leggja fram frv. um þetta sama efni eftir nokkra daga. Þetta var seinni partinn í okt., en við þm. sáum þetta frv. nú fyrst fyrir nokkrum dögum.

Nú hef ég lagt fram frv. um breytingu á jafnréttislögunum. Vitaskuld ætlast ég til að þetta verði sent til umsagnar öllum þeim aðilum sem málið skiptir: samtökum kvenna, Jafnréttisráði, aðilum vinnumarkaðarins, svo að eitthvað sé nefnt. Þegar þær umsagnir liggja fyrir væri svo hægt að samræma sjónarmið og gera frv. þannig úr garði að allir gætu sætt sig við það.

Nei, þrátt fyrir að frv. sé komið fram á Alþingi ætlar hæstv. ráðh. að skipa nefnd til þess að fjalla um málið áður en Alþingi er treystandi til að fá málið til meðferðar. Ég fer nú að halda, miðað við viðbrögð þeirra félaga í þessum málum mínum, að ég þurfi að leita samþykkis og leyfis þeirra, hvort rétt sé af mér að koma með þau mál inn á Alþingi sem ég hef áhuga á að Alþingi fjalli um og taki afstöðu til. En hv. þm. skal vita það, að við stjórnarandstæðingar hljótum að gera þá kröfu, að mál okkar fái eðlilega meðferð hér á hv. Alþingi. Málið er komið inn á Alþingi, Alþingi er fullfært að fjalla um það, og ég vænti ekki annars en það fái ítarlega umfjöllun í nefnd og fullt samráð verði haft við alla þá aðila sem um þessi mál fjalla. Og mér er raunar spurn: Hvers vegna er hv. þm. Guðrún Helgadóttir að hafa fyrir því að leggja fram brtt. við þetta frv. þegar greinilegt virðist vera að hún og hennar flokksbræður hafi ekki áhuga á að frv. nái fram að ganga, fyrst meiningin er nú að skipa nefnd í málið?

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er eðlilegt að menn vilji ræða það mál, sem hér er nú til umr., nokkuð ítarlega. En ég held að nauðsynlegt sé, ekki síst með tilliti til þess sem kom fram hjá hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur, að velta fyrir sér örfáum atriðum í þessu máli.

Hver er ástæðan fyrir því, að þetta mál er nú komið hér inn á Alþingi? Jú, hún er sú, að hæstv. félmrh. hefur, a. m. k. í almenningsálitinu og í hugum allflestra Íslendinga, að ég hygg, þverbrotið þau jafnréttislög sem við höfum í landinu. Það er ástæðan fyrir því, að þetta mál er hér komið inn nú og með þessum hætti. Og það er ekki nema eðlilegt að þeim, sem kannske hafa talað hæst fyrir jafnrétti, hæst hafa haft í orði, en sýna síðan á borði að þeir virða ekki slíka löggjöf, — það er ekki nema eðlilegt að þeim sé svarað eins og hér er gert þegar rætt er um Alþb. sem slíkt. Þó að ekki verði komið lögum yfir hæstv. félmrh. í þessu máli, eins og hugur alls almennings hefði

staðið til, þá er — (**AG:** Þá er söm hans gerð.) Þá er söm hans gerð, já, hv. þm., það er rétt. En það breytir ekki því, að það er nauðsyn á að fá löggjöf sem veiti konum rétt til jafns við karla, og það getur verið þörf á því í versta tilfelli, það skal ég viðurkenna, í versta tilfelli að stíga skref eins og t. d. hér er gert ráð fyrir, þegar menn neita jafnréttinu þó að löggjöfin sé fyrir hendi.

Mér ofbýður sú sýndarmennska hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur að rjúka nú hér upp og tilkynna að hæstv. félmrh., sökudólgurinn sjálfur í málinu, ætli nú að skipa nefnd til þess að gera tillögur um breytingar á löggjöfinni, — nefnd líklega til þess að leiða í ljós sök hans gagnvart lögunum nú. Við höfum ekkert að gera með nefnd, ef hún á að starfa í sama anda og hæstv. félmrh. hefur gert. Við höfum nóg af slíku. Hæstv. félmrh. hefur ekkert látið til sín heyra hér í kvöld og er, að mér sýnist, fjarstaddur umr. (**Gripið fram í:** Hann er í húsinu.) Hann er í húsinu, já, kannske hann heyri til mín, vonandi. En ég spyr bara: Af hverju er þessi hv. þm., Guðrún Helgadóttir, að flytja brtt. við þetta frv., ef það er mikill áhugi og kannske ákveðinn hjá hæstv. félmrh. að skipa nefnd í málið til þess að koma nauðsynlegum leiðréttingum og lögum yfir sjálfan sig?

Menn vita allir að undirrót þessa máls er sú margumrædda embættisveiting fyrir norðan. Það er ástæðan fyrir því, að þetta mál er komið hér upp á Alþingi, og það er ástæðan fyrir því, að öll umræða um málið meðal fólks í landinu hefur verið á þann veg einan, að ég held, að það telur að hæstv. ráðh. hafið virt að vettugi anda laganna og að öllum líkindum lagabókstafinn sjálfan, eins og hann var meintur þegar löggjöfin ver sett. Það er ástæðan fyrir þessu máli, og það breytir ekki eða bætir stöðu hæstv. ráðh. þó að hér sé lýst yfir af hans flokksbræðrum að væntanleg sé nefndarskipun í málið. Það er best að fá úr því skorið, hvernig þessir hv. þm. Alþb., sem mest hafa um þetta mál talað, koma til með að greiða atkv. í málinu eða hvort þeir ætla sér að drepa málinu á dreif og svæfa það. En það segir líka sína sögu ef það gerist.

Það er auðvitað neyðarúrræði að þurfa að lögfesta ákvæði eins og hér um ræðir. En það getur verið nauðsynlegt þegar æðstu embættismenn þjóðarinnar, fulltrúar fólksins í landinu, virða að vettugi þau lög sem Alþingi hefur sett og þeim ber skýlaus skylda til að fara eftir. Þá getur verið þörf á því. Og ég sé ekki betur en að slík þörf sé fyrir hendi í þessu tiltekna máli.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég ætla að leitast við að svara nokkrum spurningum sem fyrir mig hafa verið lagðar hér, en að öðru leyti mun ég ekki taka þátt í þeirri umr., sem hér fer fram, og skal koma að því seinna hvers vegna.

Af hverju ég flyt brtt. við þetta frv. hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur? Það er ofur einfalt. Vegna þess að ég tel að það, sem ég legg til, sé betra og skynsamlegra en það sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir leggur fram. Að sjálfsögðu mun ég greiða því atkv., að þetta mál fari í viðeigandi nefnd og hljóti hér þinglega meðferð.

Þó að ég hafi upplýst hér í dag að hæstv. félmrh. ætli að skipa nefnd til að endurskoða lög um jafnrétti kvenna og karla, þá hefur það ekkert með að gera gang þessa máls hér í þinginu. Þetta hélt ég að ég þyrfti ekki að segja hv. þm. Karvel Pálmasyni sem hefur verið hér lengur en ég.

Í sambandi við athugasemdir, sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir gerði við brtt. mínar einkum í sambandi við till. mína um að 4. gr. í frv. hennar falli niður, vil ég segja þetta: Ég geri á því mikinn mun, hv. þm., hvort Jafnréttisráð stendur að könnun eða hvort Jafnréttisráð framkvæmir könnunina sjálft. Ég vil aðeins leyfa mér að spyrja þm. hverjar hugmyndir hún hafi um starfslið Jafnréttisráðs? Ef Jafnréttisráð ætti sjálft að framkvæma könnun á misrétti karla og kvenna í landinu hvað verðar laun, hvað varðar heimilisvinnu, hvað varðar alls kyns starfsaðstöðu, hvað telur hv. þm. þá að Jafnréttisráð þyrfti stóran starfshóp til að framkvæma þá vinnu? Ég vil ítreka það sem ég sagði hér í dag: Til slíkra verka er Hagstofa Íslands, til slíkra verka er á ákveðnu sviði Kjararannsóknarnefnd. Við höfum Þjóðhagsstofnun í landinu. Við höfum þessar stofnanir til að framkvæma slíka vinnu. Það segir hins vegar ekkert um að Jafnréttisráð eigi ekki að beita sér fyrir að slík vinna sé framkvæmd.

Ég sé ekki ástæðu til að svara öðru því sem hér hefur komið fram. Mér þykir þessi umr. taka hina skrýtnustu stefnu og ekki bera vott um að Alþingi Íslendinga væri miklu betur komið þó að hér væru jafnari skipti á hlut karla og kvenna. Mér þykir a. m. k. skörin farin að færast upp í bekkinn ef ég, hinn kvenmaðurinn hér í hv. deild, er orðinn höfuðfjandmaður jafnréttis í landinu. Er hægt að bjóða hv. þm. svona vitleysu? Það getur vel verið að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir uni sér vel í þessum selskap og taki upp þá siðu sem hér fara fram, en ég ætla ekki að gera það. Og ég tel það ekki til framdráttar jafnrétti karla og kvenna í landinu. Ég tel að ég sé hér þm. fyrir það sem ég er talin geta gert, sem kona, hitt kynið í þessu landi, og ég ætla að haga mér sem slík. Ég hef ekkert að læra af þessum ágætu bræðrum sem eru hér. Ég ætla ekki að gera þetta mál að flokkspólitísku máli. (Gripið fram í.) Nei, hv. þm., heldur tel ég að þeir kæru bræður gætu lært ofurlítið af mér. Ég ætla ekki að ganga inn í þetta hlutverk, hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, og ég held að hv. þm. sé allt of vel meinandi og vel vinnandi til þess að gera það heldur. Við skulum ræða um þetta mál, sem er brýnt, sem er nauðsynlegt, en ekki á þessum grundvelli.

Ýmislegt má saka Alþb. um, en tæplega fyrir að hafa staðið í vegi fyrir jafnrétti karla og kvenna. Ég ætla hins vegar ekki að segja að það sé til neinnar fyrirmyndar í þeim efnum frekar en aðrir stjórnmálaflokkar í þessu landi. Það er bara einn þm. af kvenkyni fyrir Alþb. Það er eiginlega ekkert, sem við getum hrósað okkur af, annað en það, að fyrir Framsfl. er enginn, ef það er eitthvað til að hrósa sér af. Hinir flokkarnir hafa einn kvenmann hver, það er nú allt og sumt, þannig að Alþb. hefur ekki hreinan skjöld þar. Það kann að vera, að maður eigi að gæta bróður síns, en ekki ætla ég að fara að taka hér hanskann upp fyrir hæstv. félmrh.

Ég get hins vegar lýst skoðun minni á því máli sem menn telja hér, t. d. hv. þm. Karvel Pálmason, að sé kveikjan að þessari umr. Ég tel raunar ekki að þar þurfi neina slíka kveikju. Mín skoðun á því máli er sú, að það sé meira en vafasamt hvort þar var mismunað körlum og konum til starfs. Jafnréttisráð gat ekki tekið einarða afstöðu til þess máls. Ég skal hins vegar ekkert fullyrða um það, hvort þetta var rétt veiting eða röng. Til þess skortir mig þekkingu á þeim fræðum sem það fólk, sem um þessa stöðu sótti, er menntað í. En eitt get ég fullyrt: að hæstv. félmrh. hefur ekki veitt þessa stöðu karlmanni af því að hann var karlmaður, svo vel þekki ég hann, að ég leyfi mér að fullyrða það. Hvort það var svo endanlega

rétt veiting verður hann að svara fyrir. (Gripið fram í.) Ég heyrði því miður ekki hvað hv. þm. Karvel Pálmason sagði. Hins vegar fagna ég því, að hann er skyndilega staðinn hér upp á Alþingi Íslendinga og farinn að ræða jafnréttismál, því miður meira af kappi en forsjá eins og oft áður.

Ég vænti þess, hv. þm., að þessi mál verði ekki dregin niður í þessa venjulegu flokkspólitísku umr. sem þjónar engum tilgangi vegna þess að málefnið gleymist fyrir offorsi út í þá sem um málefnin eru að tala. Þetta mál er allt of alvarlegt, allt of gott mál til þess, og ég skora á þá einu systur, sem ég á hér í hv. deild, að láta ekki þvæla sér út í slíka umr. Þetta málefni á betra skilið.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég skal játa það, að þegar ég sá þetta frv. fyrst, þá varð ég nokkuð hissa og ekki alveg sáttur við innihald þess, enda taldi ég í fyrstu að um væri að ræða umtalsverð forréttindi til handa konum, þó svo að 2. gr. frv. kveði svo á að ákvæði greinarinnar skuli endurskoðað að fimm árum liðnum. Ég hef síðan bæði hlustað á rökstuðning hv. flm. og hugleitt þetta mál talsvert með sjálfum mér, eins og við hljótum allir að gera. Ég hef líka verið að fylgjast með hv. þm. hér sem hafa setið undir þessari umr., eða gerðu það raunar fyrir kvöldmat. Og það var nokkuð skemmtilegt að horfa á andlit þeirra þegar röksemdafærsla flm. var flutt hér. Fannst mér sumir, kannske í hjarta sínu, gera býsna lítið úr þessu máli.

Ég held að það bendi allt til þess, því miður, að frv. af þessu tagi sé nauðsynlegt, að forréttindafrv. af þessu tagi sé nauðsynlegt til að rétta hlut kvenna í íslensku samfélagi árið 1981. Ég vil minna á það, að það þóttu ekki bara fréttir á mælikvarða Íslendinga, heldur heimsfréttir, þegar kona var kjörin forseti á Íslendi. Eigum við að spyrja sjálfa okkur hvers vegna? Það hefðu engin tíðindi þótt ef karlmaður hefði verið kosinn. Það þóttu býsna mikil tíðindi hér á Íslandi þegar kona var skipuð sýslumaður. Þykja það nokkur tíðindi þegar karlmaður er skipaður sýslumaður? Því fer fjarri. Það hefur ein kona farið með embætti ráðh. hér á Íslandi. Það þóttu nokkur tíðindi þegar hún tók við því starfi. Það þóttu tíðindi þegar kona varð strætisvagnabílstjóri. Af hverju? Það þóttu tíðindi þegar kona lauk vélstjóraprófi frá Vélskóla Íslands. Hvers vegna? Hvað eru margar konur á Íslandi forstjórar fyrirtækja eða opinberra stofnana? Getur einhver sagt mér það? Það er líklega mjög seintalið.

Ef menn hugleiða þessa hlið málsins, þá held ég að þeir hljóti að komast að því, að það er eitthvað mikið að. Það er eitthvað mikið að í samfélagi þar sem kona nýtur ekki sama réttar og karlmaður. Þá er konan orðin annars flokks þjóðfélagsþegn. Menn segja, og ég heyrði hv. þm., sem situr hér til hliðar, segja: Hver bannar? Það er enginn sem bannar í sjálfu sér. Það er hins vegar það álit sem ríkjandi stétt í þjóðfélaginu hefur á konunni sem ræður hér og ræður mestu.

Ég vil líka benda á það, að margoft hefur verið sýnt með könnunum og úrtaki að það fólk, sem vinnur launalægstu störfin á Íslandi, eru konur, nær undantekningarlaust. Sókn er kvenfélag. Í Sókn er launalægsta fólk á Íslandi, ef með er talið það sem er í Iðju, og flestir félagsmenn í Iðju eru konur. Þannig mætti lengi telja. (**GJG:** 75%.) 75%, segir hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson.

Ég tók eftir því, að hv. þm. Guðrún Helgadóttir talaði um að einn þm. hér liti á konur á þingi sem skemmtileg skrautblóm. Það er margt til í þessu sem hún segir. Við státum af því að hafa hér þrjár konur af 60 þm. Þvílíkt og annað eins! Vita menn að upp undir helmingur af finnskum þm. eru konur? Getur þetta stafað af því, að karlmenn hafi ekki sýnt konum þá tilhliðrunarsemi í sambúð á heimili, á vinnustað og annars staðar, að þær hafi náð þeim rétti sem þeim ber í þjóðfélaginu? Getur verið að gamlar siðvenjur valdi hér einhverju um eða eitthvað af því tagi? Ég held að það ætti hver að hugsa þetta með sjálfum sér.

Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta, herra forseti, en ég hef satt að segja komist á þá skoðun eftir að hafa hugleitt þetta mál þó nokkuð, að það er nauðsynlegt að veita þessi forréttindi tímabundið. Við vitum hvað gerist ef það kemur slagsíða á skip yfir á stjórnborða. Þá er dælt í bakborðstankana til þess að rétta það af og því komið til hafnar á þann hátt. Gæti þetta ekki verið eitthvað í svipuðum dúr sem við erum að reyna að gera með þessu frv.: að hraða þróuninni þannig að við getum litið hvort framan í annað, við skulum segja um árið 2000, og sagt að konur hafi loksins náð jöfnum rétti á við karlmenn?

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Það er aðeins örstutt. Þetta var raunar skrýtin ræða hér áðan hjá hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur. Hver hefur sagt hér að hv. þm. Guðrún Helgadóttir sé höfuðfjandmaður jafnréttis? Ekki sagði ég það og ég hef ekki heyrt aðra þm. segja það hér. Ég tel að þetta séu bara hugarórar hv. þm. sjálfs. Ég skildi raunar ekki hvað hún var að fara. Og ég heyri á hennar máli að hún lætur ekki sannfærast um það, að nauðsynlegt sé að Jafnréttisráði verði veitt framlag til þess að standa fyrir þessum könnunum. Ég sagði í ræðu minni hér í dag og ég sagði það aftur í ræðu minni áðan og vitnaði þar í ýmsa aðila sem fjallað hafa um þessi mál hér á þingi: í umræðum 1976, umr. félmrh. hér fyrr í vetur og ég vitnaði til Kjararannsóknarnefndar, og allt þetta bendir til þess, að við verðum að fara þá leið sem lögð er til í þessu frv. Kjararannsóknarnefnd segir raunar í sínu bréfi að hún telji þessi verkefni ekki í sínum verkahring, að standa fyrir þessum könnunum, þannig að ég held að við verðum að fara þessa leið.

Hv. þm. talar um hve stóran starfshóp þurfi til að standa fyrir þessari könnun hjá Jafnréttisráði. Ég get ekki sagt um það núna, en ég tel að Alþingi eigi að láta Jafnréttisráð fá eins stóran starfshóp og til þarf til að standa fyrir þessum könnunum. Það er ósköp einfalt mál. Ég geri ráð fyrir að það þurfi nokkurn mannskap í það, ef þetta á að vera vel gert og skipulegt þannig að við getum vænst þess að hægt sé að byggja á þessum könnunum og sýna vel fram á það, hve mikið misrétti er í þessum málum.

Ég vitnaði raunar í ýmsar kannanir í dag sem bera þess glöggt vitni, að við stöndum frammi fyrir miklu launamisrétti. Ég held því að hv. þm. Guðrún Helgadóttir hafi ekki komið fram með nein frambærileg rök fyrir því, að fella eigi 4. gr. frv. niður.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Það kemur nú fyrir hér æ ofan í æ, að hv. þm. Guðrún Helgadóttir sakar þm. almennt um það — alla aðra en sjálfa sig — að færa allar umr. niður á lágt plan, sem líklega er þá fyrir neðan „standard" umræðuplan Alþb., eins og hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hefur

orðað það í sambandi við umr. hér. Það eru einhverjar tegundir umræðna hér sem eru á svo lágu plani að hv. þm. Alþb. telja sig ekki geta tekið þátt í þeim, þó að þeir séu oft á tíðum valdir að því að flytja umræðurnar á það plan.

Hv. þm. Guðrún Helgadóttir sagði áðan að hún vildi ekkert fullyrða um það, hvort rétt eða rangt hefði verið breytt í sambandi við stöðuveitinguna á Dalvík. Nú vil ég spyrja hv. þm.: Halda þm. almennt að þessi hv. þm. hefði verið svona hógvær hefði það t. d. verið íhaldsmaður á borð við hv. þm. Matthías Bjarnason sem veitti þessa stöðu? Ætli þessi hv. þm. hefði verið svona hógvær í tali þá? Ekki dettur mér það í hug, og hef ég þó ekki náin kynni af hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur, en tel mig þó þekkja hana það vel. Hér er því ekki um það að ræða, að ekki séu nægar ástæður og í raun og veru nægar sannanir fyrir því, að hér hefur verið rangt að máli staðið í sambandi við þessa embættisveitingu í ljósi jafnréttislaganna og líklega í ljósi hugarfars yfirgnæfandi þorra landsmanna.

Aðeins í sambandi við nefndarskipunina. Hv. þm. Guðrún Helgadóttir sagði eitthvað á þá leið, að þessi margumdeilda stöðuveiting hefði ekki þurft að vera kveikjan að því, að málið kæmi hér inn. Það er út af fyrir sig alveg rétt. Og best hefði á því farið, að viðkomandi hæstv. ráðh. hefði hagað sér þannig að ekki þyrfti að taka málið upp með þessum hætti hér á Alþingi. En það er ekkert vafamál, allir sem til þekkja hljóta að sjá að það er ekkert vafamál, að þessi væntanlega nefndarskipan er til komin vegna þess máls sem hér er nú til umr. Hæstv. ráðh. viðurkennir í raun og veru með þessari nefndarskipan að það beri nauðsyn, kannske brýna nauðsyn — eins og menn orða það í sambandi við brbl.-setningu — það beri brýna nauðsyn til að endurskoða þetta mál í ljósi þess sem hann sjálfur gerði í sambandi við embættisveitinguna á Dalvík. Það er ástæðan fyrir því, að hann hyggst nú skipa nefnd í málið og hefur fengið hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur til að tilkynna það hér á Alþingi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Heilbrigðis- og vistunarþjónusta fyrir aldraða, frv. (þskj. 544). — Frh. 1. umr.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég tel ástæðu til þess að fagna þessu stjfrv. um heilbrigðis- og vistunarþjónustu fyrir aldraða. Ég tel að þetta frv. sé vissulega mikilvægur þáttur til lausnar heilbrigðis- og vistunarþjónustu fyrir aldraða, en það er án efa mest aðkallandi vandamál sem við er að glíma í dag í heilbrigðisþjónustunni hér á landi, eins og ég held að flestum hv. alþm. sé ljóst. Ég tel sérstaklega mikilvægt í þessu frv. að gerð er tilraun til að skipuleggja og nýta þá aðstöðu sem er fyrir hendi eða er að verða til í sambandi við heilsugæslustöðvar víðs vegar um land samkv. lögum um heilbrigðisþjónustu. Skipulag og nýting þessarar aðstöðu hefur til þessa verið í lágmarki og verulega vannýtt. Eitt dæmi um þetta er sú staðreynd, að reglugerðir um starfssvið og skipulag heilsugæslustöðva hafa látið á sér standa frá því að lögin voru sett þrátt fyrir loforð og yfirlýsingar fyrrv. heilbrmrh. hér á hv. Alþingi.

Ég geri mér hins vegar fulla grein fyrir því, að þessi þjónusta eykur verulega útgjöld sveitarfélaga í rekstri heilsugæslustöðvanna. Einn veigamikill þáttur í lögum um heilbrigðisþjónustu frá 1978 er ákvæði 34. gr. laganna um að við H 2 heilsugæslustöðvar, þar sem ekki er sjúkrahús, skuli byggja hjúkrunarheimili með 85% framlagi ríkissjóðs og 15% framlagi sveitarfélaga. Þessi hjúkrunarheimili eiga m. a. að verulegu leyti að auðvelda heilbrigðis- og vistunarþjónustu fyrir aldraða á þeim svæðum. Til þessa hefur þessi þáttur í uppbyggingu heilsugæslustöðva verið algerlega út undan. Hjúkrunarheimilin bíða fullhönnuð við þessar H 2 stöðvar, en fjármagn hefur enn ekki fengist til byggingar þeirra. Ég nefni sem dæmi Höfn í Hornafirði, Dalvík, Bolungarvík, Ólafsvík og fleiri staði. En ég vænti þess, að með samþykkt þessa frv. breytist viðhorf til þessara mála.

Ég vil þá segja það, að ég tel að til greina hefði komið að þetta frv. yrði sérkafli í lögum um heilbrigðisþjónustu. En þá hefði um leið þurft að setja sérlög — og raunar þarf að setja sérlög um félagslega þáttinn í vistunarþjónustu fyrir aldraða. Sá þáttur er vissulega víðfeðmur. Þar er í dag óteljandi vandamál við að eiga. T. d. tel ég nauðsynlegt að efla heimilishjálp almennt. Þessi þjónustu er víða mjög ófullkomin eða alls ekki til þrátt fyrir lög nr. 10 frá 1952.

III. kafla frv. tel ég að skoða þurfi sérstaklega með tilliti til eflingar samræmdrar þjónustu fyrir aldraða í heimahúsum í samvinnu við sveitarfélögin. Og í sambandi við þessi mál almennt tel ég nauðsynlegt að athuga vel viðhorf og möguleika sveitarfélaga til að sinna þessu brýna verkefni svo að viðunandi sé, því að ég tel augljóst að mörg þeirra hafi litla möguleika til að leysa þessi mál nema með auknum tekjustofnum.

Í þessu frv. er ákveðið hvaða stofnanir ríkið byggir og hverjar sveitarfélögin, sbr. IV. kafla, 15. gr., en þar stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Sveitarstjórnir annast byggingar dvalarheimila samkv. II. gr. b. stl. á eigin kostnað, sbr. þó 7. gr. 2. tl."

Í 11. gr. stendur í b-lið:

„Dvalarheimili aldraðra með íbúðarherbergjum og snyrtingu ásamt aðstöðu fyrir tómstunda- og félagsstarfsemi fyrir vistmenn."

Til þessa verkefnis eiga þau að eiga kost á láni úr Framkvæmdasjóði samkv. II. kafla 7. gr. 2. lið, en þar stendur: „Að veita sveitarfélögum og öðrum, sem starfa eftir lögum þessum, framlag til kaupa eða bygginga á húsnæði fyrir aldraða." Það er skoðun mín, að þetta ákvæði í frv. þurfi að athuga vel í samráði við samtök sveitarfélaga. Vil ég vænta þess í þessu sambandi, að Samband ísl. sveitarfélaga fái tækifæri til að fjalla um frv. í heild.

Þá tel ég að athuga þurfi sérstaklega kaflann um Framkvæmdasjóð aldraðra. Við fyrstu sýn virðist mér hann vera of veikburða og tekjuöflun til hans vafasöm. Það er skoðun mín að skattur á skemmtanahald, hverju nafni sem nefnist, eigi tvímælalaust að renna óskiptur til byggingar félagsheimila, en ekki dreifa honum eins og nú er eða ráðstafa honum til nýrra verkefna. Í mínum huga hefði frekar komið til greina að ákveða grunngjald til þessa verkefnis í fjárlögum, þar sem ákveðið yrði í lögunum visst árabil, t. d. 5—10 ár, með verðlagshækkunum, eins og gert var t. d. um Framkvæmdasjóð þroskaheftra. Ég tel að það sé heppilegri aðferð til að takast á við verkefni sem allir virðast vera sammála um. Hví þá ekki að setja þetta áform þannig í lög, að ekki verði frá því vikist með lagasetningu?

Ég tel einnig rétt að láta þá skoðun mína koma hér fram við 1. umr., að ég er ekki sannfærður um að ellimálanefndirnar hafi möguleika til að ná yfir allt það verkefni sem þeim er ætlað í frv., eins og þær eru samsettar. Mér virðist að þetta verkefni sé það viðamikið og spanni yfir það mörg svið í þessari þjónustu, að ég tel að komi til greina að breyta þessu þannig að það verði með öðrum hætti.

Mér þykir til hlýða, vegna þeirra aths. sem hér komu fram fyrr við umr. í dag, að láta það koma fram, að fulltrúi Framsfl., sem fjallaði um samningu þessa frv., hafði samráð við þingflokkinn sem gerði ýmsar aths. við frv. sem ekki hafa verið teknar til greina. Þingflokkurinn hefur þess vegna vissa fyrirvara um nokkur atriði frv. við frekari umfjöllun þess í nefnd og hér í hv. deild. Ég vil í framhaldi af því fara hér yfir nokkur atriði sem þingflokkurinn fjallaði um eða taldi þurfa að skoða nánar í sambandi við þetta frv., og það fellur að nokkru leyti saman við þær persónulegu skoðanir sem ég hef fyrr látið í ljós.

Í fyrsta lagi kom það fram í umfjöllun þingflokksins, að meiri félagslega sýn vantaði í frv. þar sem það hlyti að vera markmiðið að tengja félagslega og heilbrigðislega þjónustu saman fyrir aldraða. Það kom einnig fram í viðhorfi þingflokksins, að hann taldi að of mikið vald væri í höndum ráðh. í sambandi við þessi mál, bæði skipun allra ellimálanefnda og úthlutun úr Framkvæmdasjóði. Þetta er — eins og allir, sem hafa lesið frv., sjá — mjög skilgreint, þar sem í flestum eða öllum tilfellum er reiknað með afskiptum ráðh. í sambandi við þessi lög. Nú er ég ekki að draga í efa nauðsyn þess, að yfirstjórn þessara mála sé í höndum ráðh. eða ráðuneytis, en þetta er það stórt mál, bæði heilsufarslegt og félagslegt mál, að það kæmi vissulega til greina að dreifa þessu valdi.

Þá taldi þingflokkurinn að hlutverk ellimálanefnda væri of víðtækt, og þar kom einnig fram gagnrýni á nafnið, ellimálanefndir, sem hér hefur raunar áður komið fram við umr. í dag.

Það var einnig gagnrýnt, að ekki er skylda, að félagslega menntaður maður sé í nefndinni, og ekki skylda að hafa félagsráðgjafa, sbr. 4. gr., sem margir telja brýna nauðsyn, miðað við þær kröfur sem gerðar eru til þessara mála í dag.

Þá var einnig talað um það, að heilsugæsluhjúkrunarfræðingur er nánasti samstarfsmaður og undirmaður heilsugæslulæknis og að e. t. v. kynni að ríkja of þröngt sjónarmið í nefndinni.

Þingflokkurinn var einnig sammála um það sem kom fram hér hjá mér áður, að það hefði e. t. v. verið heppilegra að fella heilbrigðisþjónustu fyrir aldraða inn í heilbrigðislöggjöfina eða lög um heilsugæslustöðvar beint. Einnig kom fram í þingflokkunum, sem mér þykir ástæða til að segja hér frá, að skoða bæri hvort ekki væri rétt að hluti lífeyrisgjalda yrði tekjustofn í Framkvæmdasjóð. Um þetta má að sjálfsögðu deila, en aðalatriðið er að finna á þessu flöt sem er öruggt að gefi þær tekjur sem á þarf að halda.

Þetta eru aðeins nokkrar athugasemdir sem komu fram í þingflokki framsóknarmanna um þetta mál, og þó að þingflokkurinn hafi margt við drögin að athuga taldi hann rétt að frv. væri lagt fram með einhverjum lagfæringum og þess freistað að fá um það umsagnir og umfjöllun þannig að afgreiðsla náist á þessu þingi.

Það væri vissulega margt hægt að segja um þessi mál almennt og ekki síst með tilliti til þessa frv. E. t. v. finnst mörgum frv. bera of mikinn svip af sjúkrastofnanaviðhorfi, og segja má að það sé e. t. v. eðlilegt þar sem aðalefni þess er í beinum tengslum við sjúkrastofnanir. Ég vil endurtaka það, að ég tel nauðsynlegt að taka félagslegan þátt þessara mála til ítarlegrar endurskoðunar. Ég segi ekki að nauðsynlegt sé að það sé gert í sambandi við afgreiðslu þessa frv., en alla vega er ljóst að þessi mál í heild þurfa skoðunar á þessum vettvangi einnig, félagsleg hlið þessara mála.

Ég vil láta það koma fram hér, að ég vil a. m. k. halda því fram, að ég hafi misskilið hv. 1. landsk. þm., því að ég get ekki lesið það út úr þessu frv., að það eigi að fara að setja hömlur á hina frjálsu uppbyggingu stofnana fyrir aldraða í landinu eins og hann heldur fram. Ég get ekki fellt mig við þá skoðun, að hægt sé að lesa það út úr þessu frv., því að það er andstætt því sem ég og fleiri viljum halda í gildi. Við viljum efla slíka starfsemi.

En aðalatriði þessa máls er að mínu mati á hvern hátt er hægt að útvega meira fjármagn til framkvæmda. Þetta frv. leysir ekki það vandamál nægilega vel, nema því aðeins að hæstv. ríkisstj. og Alþingi, alþm. sjái og finni möguleika á að stórauka fjárveitingar til þessa verkefnis, sérstaklega við næstu fjárlagagerð. Og ég vil vona að svo verði, ef marka má þá skoðun þm. sem hér hefur þegar komið fram.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Ég er ánægður með að þetta frv. er loksins komið fram. Satt best að segja skil ég ekki þann mikla drátt sem á því hefur orðið og sýnir ekki mikinn áhuga á málinu, því miður.

Í apríl 1979 skipaði ég nefnd til að semja frv. til l. um öldrunarþjónustu. Tilgangurinn var að samræma og auka stórlega alla félagslega og heilbrigðislega þjónustu við gamla fólkið, bæði í heimahúsum og á stofnunum. Nefndin vann mjög vel og af miklum áhuga. Hún skilaði drögum að frv. til laga um öldrunarþjónustu 1. febr. 1980. Strax og ég fékk drögin í hendur sendi ég þau til sérfræðilegrar skoðunar í heilbr.- og trmrn., ekki síst til að ganga úr skugga um að lögformlegum atriðum væri fylgt í hvívetna, að þau stönguðust ekki á við önnur lög o. s. frv. Þannig stóðu málin þegar ég lét af embætti heilbrmrh.

Ég hef verið að vonast eftir því, allt frá því að þing kom saman s. l. haust, að hæstv. núv. heilbr.- og trmrh. legði það frv. — eða annað sem gengi í sömu átt — fyrir hið háa Alþingi. Í umr. á Alþingi um þáltill. hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur o. fl. um félagslega þjónustu fyrir aldraða sagði hv. þm. Guðrún Helgadóttir, eins og reyndar hefur komið fram hér áður í kvöld, 30. okt. s. l., að hæstv. heilbr.- og trmrh. mundi á allra næstu dögum leggja fram frv. til laga um öldrunarþjónustu. Hún sagðist reyndar hafa frv. í höndunum hér í þessum ræðustól. Þetta var 30. okt. s. l. Síðan er býsna langur tími liðinn, fullir fimm mánuðir, og bendir það ekki til þess, að áhuginn hafi verið mikill. En betra er seint en aldrei.

Ég á sæti í þeirri nefnd, sem fær þetta mál til umfjöllunar, og þarf því ekki á þessari stundu að gera margar efnislegar aths. Þó eru örfá atriði sem ég get ekki látið hjá líða að minnast á á þessu stigi.

Í 10. gr. segir að ráðh. sé heimilt að setja gjaldskrá vegna heilsugæslu í heimahúsum. Þetta finnst mér rangt. Talsverður hluti heimahjúkrunar vegna fólks sem fær

ekki það pláss á stofnunum sem það þarf á að halda og óskar eftir. Ef það fengi þetta pláss þyrfti það ekkert að greiða fyrir margfalt meiri þjónustu. Það er fráleitt að refsa því með peningagreiðslum fyrir það, að þjóðfélagið getur ekki séð því fyrir nauðsynlegri vistun, auk þess sem rétt er að hafa í huga að heimahjúkrun er langódýrasta heilbrigðisþjónustan sem þjóðfélagið veitir. Hæstv. ráðh. sagði reyndar í framsöguræðu sinni að þetta væri aðeins heimildarákvæði sem varla eða ekki yrði notað.

Ég er einnig óánægður með það, að frv., eins og það nú er lagt fram, gerir ekki ráð fyrir að heimahjúkrun nái einnig til sjúks fólks og öryrkja í heimahúsum jafnframt gamla fólkinu. Auðvitað er gamla fólkið flest og því mest um vert að sinna því vel, en það er að mínu mati sjálfsagt að heimahjúkrunin nái einnig til annars sjúks fólks og öryrkja í heimahúsum. Hæstv. ráðh. kom inn á það í framsöguræðu sinni, að nokkurs ranglætis gætti vegna greiðslna kostnaðar á dvalarheimilum. Það er laukrétt. Í reynd þýðir það að verulegur hluti lífeyrisréttinda fólks er tekinn af því um leið og það fer inn á dvalarheimili, — réttinda sem fólkið er búið að vinna sér inn um langan tíma. Mér finnst að á því þurfi að finna aðra lausn, t. d: að koma öllum dvalarheimilum undir daggjöld, inn í sjúkratryggingakerfið.

Í 20. gr. er gert ráð fyrir að taka öll völd af eigendum og stjórnendum stofnana um það, hverjir fái vistun, og það vald alfarið lagt í hendur ellimálanefndar viðkomandi umdæmis og, eins og segir í aths. með 20. gr., að matið verði fyrst og fremst heilsufarslegt. Með þessu er stefnt að mikilli óánægju og mikilli togstreitu á milli aðila. Félagasamtök, sem byggt hafa svona stofnanir af miklum myndarskap, verða örugglega ekki ánægð með að hafa ekkert að segja um það, hverjir fái vistun. Þetta gæti orðið til þess, að þau missi áhuga á að koma slíkum stofnunum á fót eða stækka þær sem fyrir eru, og væri þá illa farið. Aftur á móti tel ég nauðsynlegt að auka verulega áhrif lækna og félagsmálastofnana eða félagsfræðinga frá því sem nú er á það hverjir fái vistun.

Í því frv., sem ég lét semja, er reynt að fara bil beggja í þessu efni. Þar segir, með leyfi forseta: „Stjórn dvalarheimilis ákveður vistun fólks á heimilum, að fengnum tillögum forstöðumanns og umsögn þjónustumiðstöðvar. Stjórnir dvalarheimila og hjúkrunardeilda ákveða vistun á þessum stofnunum að fengnu mati þjónustumiðstöðvar. Vistmenn á dvalarheimili eiga forgang að vistun á hjúkrunardeild á sama heimili."

Um þetta var fullt samkomulag í nefndinni, eins og kom fram hjá hv. 1. landsk. þm., og það er geysilega þýðingarmikið. Í nefndinni var hann, hv. 1. landsk. þm., og við litum á hann sem fulltrúa sjálfseignarstofnana í nefndinni. Reiknað var með læknisfræðilegu og félagsfræðilegu mati við vistun fólks án þess að taka öll völd af eigendum og stjórnendum stofnananna. Í þessum efnum verður að nást samkomulag allra aðila um vinnureglur ef vel á að fara. Þó að læknisfræðilegt mat eigi að vega þyngst við vistun fólks, má alls ekki líta fram hjá félagslega þættinum, eins og frv. gerir í reynd, því að félagslegar aðstæður geta oft verið gömlu fólki miklu sárari en líkamlegur lasleiki.

Og þá kem ég að því, sem mér finnst við fljótan yfirlestur vera stærsti gallinn á þessu frv. Hann er sá, að ekki er tekið á félagslega þættinum á sama hátt og þeim heilsufarslega. Félagsleg og heilbrigðilseg þjónusta fyrir aldrað fólk er ekki samræmd eins og nauðsynlegt er að mínu mati, og á ég þá einkum við heimilishjálp og aðra félagslega þjónustu í heimahúsum. Þetta er mikill galli. Það verður að samræma félagslega og heilbrigðislega þjónustu í heimahúsum. Það gengur ekki, að sveitarfélög beri svo til allan þunga af heimilisaðstoð og annarri félagslegri þjónustu í heimahúsum og svo taki ríkið við um leið og að heilbrigðisþjónustu kemur. Þessir þættir eru allt of samtvinnaðir til þess að halda þeim aðskildum á þennan hátt. Þetta hlýtur að leiða til þess að sveitarfélögin, sum hver a. m. k., reyni að koma sem flestu af gamla fólkinu inn á stofnanir, sem mundi þýða sparnað fyrir sveitarfélögin, en mikinn kostnaðarauka fyrir samfélagið í heild og í allt of mörgum tilvikum óþægindi fyrir gamla fólkið, og auðvitað er það það versta sem fyrir gæti komið.

Heimilisaðstoðin dregur öðru fremur úr skorti á vistplássi og sparar heilbirgðiskerfinu þar með ómælda fjármuni. Fyrir þetta á í reynd að refsa sveitarfélögunum. Það er ekkert vit í öðru en að hafa heimilishjálp og heimilishjúkrun og aðra félagslega þjónustu í heimahúsum á einni hendi og að kostnaði af þeirri þjónustu verði skipt milli ríkis og sveitarfélaga í sömu hlutföllum og kostnaði við rekstur stofnana og kostnaði við sjúkratryggingakerfið yfirleitt, þ. e. sveitarfélögin greiði tæplega 15% og ríkissjóður afganginn. Það má ekki að óþörfu mynda togstreitu milli ríkis og sveitarfélaga — eða viðhalda þeirri togstreitu sem fyrir er — því að sú togstreita mun í mörgum tilvikum koma niður á gamla fólkinu.

Í 9. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að kostnaður við heimahjúkrun teljist til rekstrarkostnaðar heilsugæslustöðva. Það þýðir í reynd verulega togstreitu til viðbótar milli ríkis og sveitarfélaga. Þetta er þannig sums staðar núna, en ekki alls staðar. Laun hjúkrunarfræðinga heilsugæslustöðva eru greidd að fullu af sjúkratryggingum, þ. e. 85% af ríki og 15% af sveitarfélögum, en laun sjúkraliða eru alfarið greidd af viðkomandi sveitarfélagi. Auðvelt er að sjá þá togstreitu sem þarna kemur til með að verða á milli sveitarfélaga og ríkisvalds, eftir því hvort kona, sem stundar hjúkrunina, er hjúkrunarfræðingur launaður af ríkinu eða sjúkraliði launaður af sveitarfélagi.

Í heilbr.- og trn. mun ég leitast við að fá að mínu mati nauðsynlegar breytingar á þessu frv., en ég mun gera mitt til að flýta afgreiðslu þess, því að tíminn er naumur, óþarflega naumur að manni sýnist.

Ég endurtek ánægju mína með að þetta frv. skuli loksins vera komið fram. Þótt ég sé ekki að öllu leyti ánægður með efni þess mun ég stuðla að því, að það fái afgreiðslu fyrir þinglok.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég vil fagna því frv. sem hér er fram komið um heilbrigðis- og vistunarþjónustu fyrir aldraða þó að ég telji að vísu á því nokkra vankanta. Eins og fram hefur komið flutti ég á árinu 1978 till. til þál. sem gekk út á það, að komið yrði á samræmdu skipulagi í heilbrigðisþjónustu fyrir aldraða með tilliti til bæði félagslegra og heilsufarslega sjónarmiða. Till. gekk út á að umbætur og betri skipulagning þessara mála yrðu byggðar upp á samstjórn og samræmingu allra þátta í heilbrigðis- og félagslegri þjónustu fyrir aldraða, sem gæti auðveldað yfirsýn yfir brýnustu þörf á sjúkrahúsvist, langlegudvöl, heimahjúkrun, heimilisþjónustu og dvalarheimilum fyrir aldraða. Þessi

till. náði ekki fram að ganga, en á þinginu 1979 sá ég ekki ástæðu til að leggja þessa till. fram á nýjan leik, því að mér var kunnugt um að nefnd hafði verið skipuð af þáv. félmrh., Magnúsi H. Magnússyni, og var verkefni hennar að vinna að samræmingu á heilbrigðis- og félagslegri þjónustu fyrir aldraða sem tæki til þeirra þátta sem ég hér nefndi.

Snemma á þessu þingi — eða í nóvemberbyrjun — lagði ég á nýjan leik fram þessa till. og kom þá fram í þeirri umr., eins og hv. þm. Magnús H. Magnússon benti á, að á næstu dögum yrði lagt fram frv. sem tæki til þeirra þátta sem þáltill. sú, sem ég flutti, gekk út á. Ég á sæti í þeirri nefnd sem fékk málið til meðferðar og hefur hún sent till. nokkrum aðilum til umsagnar. Þó að umsagnir hafi reynst jákvæðar og t. d. Samband ísl. sveitarfélaga mæli eindregið með samþykkt till. hefur nefndin talið ástæðu til að bíða með afgreiðslu hennar þar til fram yrði lagt það frv. sem boðað hafði verið í nóv. að kæmi á næstu dögum. Frá því mælt var fyrir þeirri till. eru nú liðnir um fjórir mánuðir og nú, þegar stutt er til þingloka, er frv. lagt fram. Verður að segjast að ekki er seinna vænna, ef það á að hljóta eðlilega meðferð hér á hv. Alþingi og þdm. á að gefast ráðrúm til að skoða málið gaumgæfilega.

Það, sem ég saknaði í þessu frv., er að mér finnst ekki nægilega vel tekið á félagslega þættinum, svo sem heimilisþjónustunni og heimahjúkruninni, sem ég tel vera veigamikið atriði að vel sé séð fyrir ef hægt á að vera að vænta þess, að skipulag málefna aldraðra byggist á þeirri samræmingu sem nauðsynleg er. Er erfitt að sjá hvernig hægt sé að vænta samræmingar í þessu máli nema félagslegi þátturinn sé vel tengdur uppbyggingu á heilbrigðisþjónustu og vistunarþörf aldraðra. Heimahjúkrun og heimilisþjónustu eru lítil skil gerð í þessu frv., og ér ég hrædd um að eins og þetta er lagt fram stefni í óbreytt ástand mála hvað þessa þætti varðar. Sveitarfélögunum virðist áfram vera uppálagt að greiða kostnað af heimilishjálp, en draga verður í efa að að óbreyttu hafi sveitarfélögin bolmagn til að standa undir þessum kostnaði. Það, sem segir um þessi atriði í frv. og aths., er m. a. að lagt sé til að þar sem heimilishjálp í viðlögum sé ekki til eða sé ófullnægjandi sé ellimálanefndum heimilt að skipa slíka þjónustu um skemmri eða lengri tíma samkv. sérstökum samningi við sveitarfélög umdæmis og á kostnað þeirra. En það gefur auga leið, að ekki þýðir fyrir ellimálanefndir að segja við sveitarfélögin að þau skuli bjóða fram svo og svo mikla þjónustu, og sveitarfélögunum síðan uppálagt að standa undir kostnaðinum. Þetta er nú þegar, eins og kunnugt er, þungur baggi á mörgum sveitarfélögum og heimildir sem þessar geta varla nokkru breytt.

Varðandi heimahjúkrunina segir að heilsugæslu aldraðra í heimahúsum annist starfslið heilsugæslustöðva og telst kostnaðurinn til rekstrarkostnaðar heilsugæslustöðva. Í grg. segir að kostnaðurinn skiptist því á ríki og sveitarfélög, þ. e. ríkið á að standa undir launakostnaði lækna og hjúkrunarfræðinga vegna þessara starfa, en sveitarfélög, sem aðild eiga að heilsugæslustöðvum umdæmisins, standa undir öðrum kostnaði. Mér er kunnugt um það, að sveitarfélögin hafa talið sig þurfa sjúkraliða til þessara starfa, og mér er tjáð að heilsugæslustöðvarnar hafi ekki fengið heimild til að ráða sjúkraliða. Sveitarfélögin hafa því þurft að standa undir launakostnaði sjúkraliða. Sé ég ekki að nein breyting sé í frv. hvað þessu viðvíkur og því sé einnig um óbreytt fyrirkomulag að ræða hvað heimahjúkrun varðar.

Ég vil leggja sérstaka áherslu á að nefnd sú, sem fær málið til meðferðar, skoði þennan þátt sérstaklega, því að ég tel að erfitt sé að meta raunverulega vistunarþörf eða stofnanaþörf fyrir aldraða fyrr en við höfum þennan þátt í lagi líka. Sé ekki á einhvern hátt séð fyrir því, að sveitarfélögin geti haldið uppi þeirri heimahjúkrun og heimilisþjónustu sem nauðsynleg er, þá tel ég að það kalli á vistrýmisþörf, sem bæði er kostnaðarsamari leið og einnig hlýtur að vera eðlilegra að búa svo að öldruðum, að þeir geti verið sem lengst í heimahúsum með nauðsynlegri aðstoð, sé þess nokkur kostur.

Varðandi fjármögnunarþáttinn, sem lagður er til í þessu frv., þá tel ég að ekki verði hjá því komist að finna þessum verkefnum fastan tekjustofn eins og lagt er til í þessu frv., til þess að við getum verið viss um að nokkuð hröð uppbygging verði á þessu sviði. Og það hefur sýnt sig með svona sérstök mál fyrir einstaka hópa, að það hefur ekki verið greið leið í gegnum hefðbundnar leiðir á fjárlögum til þeirra verkefna. Því tel ég rétt að finna þessum verkefnum fastan tekjustofn sem síðan má endurskoða.

Ég vil einnig gera aths. við úthlutun fjár úr þessum Framkvæmdasjóði aldraðra sem stofna á samkv. þessu frv. Þar er gert ráð fyrir að ráðh. úthluti úr sjóðnum að fengnum tillögum ellimálanefndar. Ég tel að þetta ákvæði þurfi að skoða sérstaklega. Ég tel það betra fyrirkomulag ef fyrir hendi væri einhvers konar stjórnarnefnd, e. t. v. skipuð fulltrúum Sambands sveitarfélaga og annarra aðila sem þekkingu hafa á þessum málum, sem samræmdi fjárveitingar og framkvæmdabeiðnir frá þessum 28 ellimálanefndum sem koma á á fót. Ég tel það mun eðlilegri leið heldur en að úthlutunarvaldið sé nær alfarið í höndum ráðh. Miklu nær væri að ráðh. væri sá aðili sem samþykkti endanlega úthlutunina, að fengnum tillögum ellimálanefnda og stjórnunaraðila sem væri samræmingaraðili að þeim till. sem koma frá ellimálanefndum. Sú leið væri einnig fyrir hendi að tillögur ráðh. um framkvæmdir og úthlutun yrðu lagðar fyrir Alþingi til staðfestingar, ef meinbugir þykja á þessari leið sem ég nefndi, en ekki látið nægja að leita samráðs við fjvn. eins og fram kemur í frv. Að vísu er í frv. gert ráð fyrir deild sem sett væri upp til að annast þessi málefni, en ég er ekki viss um að það sé rétta leiðin, að úthlutunin sé nær alfarið í höndum rn.

Einnig vil ég benda á að ég tel að nefndinni, sem fær málið til meðferðar, beri að skoða vel hvort nauðsyn sé á svo mörgum ellimálanefndum eða 28 talsins. Þessar nefndir eru hugsaðar sem samræmingaraðilar á þjónustusvæðum, en það er spurning í mínum huga, hvort nauðsyn sé á svo mörgum ellimálanefndum.

Í frv. er gert ráð fyrir að færa ákveðið vald frá séreignarstofnunum til ellimálanefnda þannig að enginn megi vistast á dvalarheimilum án undangengins mats á vegum ellimálanefndar. Þarna er að vísu verið að færa visst vald til milli aðila sem stjórnað hafa málefnum séreignarstofnana. Að þessu leyti er verið að skerða nokkuð vald séreignarstofnana. Ég tel ekki óeðlilega leið að vistunin sé háð undangengnu mati opinberra aðila. Ég tel rétt að slíkt mat fari fram t. d. hvað varðar heilsufarslegt ástand, og það er stór þáttur í allri samræmingunni. Það er oft spurning hvað best sé að gera

fyrir hvern einstakling. Er best að vista viðkomandi á dvalarstofnun, hjúkrunarheimili eða er hann fær um að vera heima ef hann fær góða heimilisþjónustu eða heimahjúkrun? Þetta eru allt atriði sem gott er að leggja í dóm viðurkenndra aðila. Í grundvallaratriðum er ég hlynnt slíku mati og þeirri stefnu sem fram kemur í frv. er þetta varðar.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa mál mitt lengra. Ég vil ítreka að ég fagna fram komnu frv., tel það geta markað það spor, að við getum séð fram á að geta búið öldruðum sómasamlegt ævikvöld ef rétt er að málum staðið. En ég ítreka einnig að ef svo á að vera verðum við að sjá betur fyrir félagslega þættinum varðandi heimilisþjónustu og heimahjúkrun en hér er gert ráð fyrir. Vona ég að á því verði ráðin bót við meðferð frv. hér á hv. Alþingi.

Ingólfur Guðnason: Herra forseti. Hér er til umr. frv. til l. um heilbrigðis- og vistunarþjónustu fyrir aldraða. Þetta er eflaust gagnmerkt frv., enda margir hv. þm. búnir að taka hér til máls og lýsa kostum frv. og göllum. Hæstv. heilbrmrh. hvatti þm. til að ganga rösklega til verks og er það vel, en þó mun það gætinna manna háttur að flýta sér hægt, og á ég þá við að í þessu frv. eru ýmis ákvæði sem þyrfti að huga betur að.

Ég ætla ekki að ræða þetta frv. verulega efnislega, en taka aðeins smágrein hér til umr. Það er fyrst og fremst 3. gr., en þar er gert ráð fyrir að landinu verði skipt í þjónustusvæði samkv. lögum nr. 57/1978, um heilbrigðisþjónustu. Og í 4. gr. er gert ráð fyrir því, að á hverju þjónustusvæði skuli starfa ellimálanefnd í stjórnunartengslum við heilsugæslustöðvar. Það voru þessi atriði sem mig langaði til að huga að.

Hér er ég með þau lög sem vitnað er í frv., lög um heilbrigðisþjónustu sem samþykkt voru á Alþingi 6. maí 1978. Þar kemur dálítið undarleg staða upp. Sjálfsagt hafa margir eitt og annað við það að athuga, hvar þeir eru settir niður í þessum lögum um heilbrigðisþjónustu, en ég ætla að gera tvö umdæmi að umræðuefni hérna.

Hólmavíkurumdæmi: Þess starfssvæði er Árneshreppur, Kaldrananeshreppur, Hrófbergshreppur, Hólmavíkurhreppur, Kirkjubólshreppur, Fellshreppur, Óspakseyrarhreppur og Bæjarhreppur í Strandasýslu. Auk þess eru Geiradalshreppur, Reykhólahreppur, Gufudalshreppur, Múlahreppur og Flateyjarhreppur. Það segir okkur að Flatey á Breiðafirði er í Hólmavíkurlæknishéraði. Ef menn athuga nú aðeins nánar hvað þarna er um að vera, hvernig fólk úr Flatey, ef það kennir sér einhvers meins og telur sig þurfa að leita læknis, nær læknisfundi, þá þætti mér gaman að því, að hv. þm. hugleiddu hvaða leið þeir mundu fara til Hólmavíkur til þess að leita læknis. Þá færu þeir væntanlega frá Flatey með skipi. Það er sjálfsagt víða hægt að lenda á Barðaströndinni, en það mundi líklega fara að Reykhólum — maður gæti ímyndað sér það — fara upp í Múlanesið eða þá eitthvað vestar. Þá eru eftir fjallvegir á þessu svæði úr Austur-Barðastrandarsýslu og yfir í Strandasýslu. Þar munu vera til tveir fjallvegir. Það er Steinadalsheiði, en fyrir löngu er hætt að halda við vegi á þeirri heiði, enda er þar þröngur dalur og allan veturinn eflaust snjór, og síðan er það Tröllatunguheiði, sem er upp úr Geiradal, geysihár fjallvegur og yfirleitt ekki bílfær nema í mesta lagi þrjá mánuði yfir hásumarið. Þetta er þeim úr Flatey ætlað. Mér þætti ekki líklegt að þarna sé um minna en tveggja daga ferð að ræða.

Svo að ég taki Hvammstangaumdæmi, þá eru þar allir hreppar í Vestur-Húnavatnssýslu, sem eðlilegt má teljast, en frá því að fyrst kom læknir á Hvammstanga hefur Bæjarhreppur í Strandasýslu alltaf verið í Hvammstangalæknishéraði. Þeim, sem ókunnugir eru, ætla ég að segja að sá hreppur er að vestanverðu við Hrútafjörðinn, frá Hrútafjarðará og út með Hrútafirðinum. Þessi hreppur hefur alltaf verið í Hvammstangalæknishéraði, en með þessum lögum frá 1978 er honum allt í einu laumað inn í Hólmavíkurlæknishérað. Það er yfir tvo fjallvegi að fara úr Bæjarhreppi til Hólmavíkur sem jafnan á vetrum eru mjög illir yfirferðar vegna snjóa. En svona eru þessi lög um heilbrigðisþjónustu sem vitnað er til í frv. um heilbrigðis- og vistunarþjónustu fyrir aldraða. Ég veit ekki hver hefur samið þessi lög um heilbrigðisþjónustu, en það liggur alveg ljóst fyrir, að þeir, sem hafa þar að staðið, hafa ekki gert sér grein fyrir hvað þeir voru að gera, hafi þá ekki aðrar hvatir legið til. Og þeir hafa a. m. k. ekki hugsað um þá sem þjónustunnar áttu að njóta. Þar hefur örugglega ekki verið leitað t. d. umsagnar hreppsnefndar Bæjarhrepps, vegna þess að hreppsbúar fréttu fyrst nokkrum mánuðum eftir að lögin höfðu tekið gildi að þeir væru allt í einu komnir í Hólmavíkurlæknishérað.

Ég veit ekki, eins og ég sagði, hvaða hvatir hafa legið til þess, að Bæjarhreppur í Strandasýslu, sem alla tíð hefur verið í Hvammstangalæknishéraði, er allt í einu kominn í Hólmavíkurlæknishérað. Og þetta frv., sem hér er til umr., gerir ráð fyrir að Bæjarhreppur eigi að vera í ellimálanefnd með Strandamönnum, þ. e. á Hólmavík. Þeir eiga þá að vera á einum báti, Bæjarhreppur og Flatey á Breiðafirði, í ellimálanefnd með Hólmvíkingum. Allir, sem til þekkja, munu að sjálfsögðu sjá hve mikil fjarstæða þetta er. (**Félmrh.:** Enda hefur lögunum ekki verið hlýtt, hv. þm.) Lögum á að sjálfsögðu að hlýða. En hæstv. félmrh. veit að þetta gildir meira en bara það, hvar menn eru í nefnd. Það skiptir máli fyrir þá, sem standa að heilsugæslustöð eins og læknishérað gerir, eiga að byggja upp, taka hlut í uppbyggingu heilsugæslustöðvar. Og mér fyndist miklu eðlilegra að Bæjarhreppur í Strandasýslu tæki þátt í uppbyggingu á heilsugæslustöð á Hvammstanga, vegna þess að þar hafa þeir alla þjónustu og hafa alltaf haft, heldur en að fara að taka þátt í uppbyggingu heilsugæslustöðvar á Hólmavík, þar sem þeir hafa aldrei notið þjónustu og munu aldrei njóta. Í þessu sambandi má benda á að fimm hreppar í Vestur-Húnavatnssýslu ásamt Bæjarhreppi í Strandasýslu eru einmitt núna að gera sameiginlegt átak í byggingu aðstöðu fyrir aldrað fólk á Hvammstanga, þannig að þeir ætla sér ekki í framtíðinni að vera í samvinnu við þá norðar á Ströndunum um þessi mál. Mér þykir þá miklu eðlilegra að Bæhreppingar eigi þess kost að nota sinn atkvæðisrétt þegar á að fara að kjósa ellimálanefnd fyrir þetta svæði heldur en eiga að taka þátt í því ásamt þeim í Flatey að kjósa ellimálanefnd fyrir Hólmavíkurhérað, þar sem þeir munu aldrei koma til með að njóta neinnar þjónustu. Ég get ekki litið á þetta öðruvísi en þvingun, að það eigi að þvinga þetta fólk, sem aldrei hefur notið læknisþjónustu eða neinnar heilbrigðisþjónustu á Hólmavík, — það eigi að fara að þvinga það þangað gegn vilja þess, gegn margítrekuðum erindum hreppsnefndar Bæjarhrepps til heilbrigðisyfirvalda hér í Reykjavík um

að fá að vera áfram í Hvammstangalæknishéraði. Ég vil beina þessu til nefndar þeirrar, sem á að fjalla um þetta frv. að umr. lokinni, og skora á hana að gera leiðréttingu hér á. Ég er þá sérstaklega að hugsa um Bæjarhreppinn, og mér finnst það liggja í hlutarins eðli, að þá verði öðru klúðri viðkomandi Hólmavíkurumdæmi kippt í liðinn um leið.

Herra forseti. Það var fyrst og fremst þetta atriði sem ég ætlaði að leggja áherslu á, vegna þess að ég veit um hug heimamanna í Bæjarhreppi, að þeir vilja vera áfram í Hvammstangahéraði, hafa aldrei sótt læknisþjónustu til Hólmavíkur og munu sennilega aldrei gera það vegna landfræðilegrar legu Bæjarhrepps, því að ég skal endurtaka það, þeir eiga yfir tvo fjallvegi að fara á leið til Hólmavíkur, en á leið til Hvammstanga er farið með ströndinni.

Erindi mitt hingað upp, herra forseti, var að benda þeirri hv. þn., sem fær þetta frv. til umfjöllunar, á þennan agnúa sem ég tel og heimamenn telja að sé á fyrirkomulagi þessara mála.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Það eru nokkur atriði sem mig langar til að taka fram við þessa umr.

Í fyrsta lagi er ég sammála þeim viðhorfum sem stundum hafa komið fram hér í þinginu, að sérlög um ákveðna þjóðfélagshópa séu hvimleið. Það hefur hins vegar sýnt sig að þau virðast stundum nauðsynleg, ef á að leggja áherslu á eitthvert verulegt átak í málum þessara hópa. Mönnum hefur orðið tíðrætt hér í kvöld um þau orð mín, sem féllu líklega eins og menn sögðu í nóv. s. l., um að þetta frv. væri væntanlegt innan skamms tíma. Það er hins vegar fyrst að koma fram núna og ekki skal ég taka af mér nokkra sök þar.

Þetta frv. á sér töluvert langa sögu, og það er alveg rétt sem fram kom hjá hv. þm. Magnúsi H. Magnússyni, að hann var búinn að láta nefnd vinna mikið í þessu máli. Síðan þegar núv. heilbrmrh. tók við var þess m. a. farið á leit við mig og fleiri að líta á þessi drög að frv., og mér er ekki launung á að ég hafði töluvert við þau drög að athuga, ekki svo mikið kannske efnislega og því síður varðandi þá hugsun sem að baki þess frv. lá, heldur töldum við að það væri ákaflega erfitt að sameina í einu frv. bæði félagslega þjónustu og heilbrigðisþjónustu fyrir aldraða, einfaldlega vegna þess að það hlýtur alltaf að verða álitamál, hvernig hægt sé að koma fyrir í sömu lögunum málum, sem heyra undir sveitarfélögin, og málum, sem heyra beint undir ríkið. Fór mestur tími nefndarinnar, sem vann að þessu að lokum, einmitt í þetta vandamál. Ég vil því taka undir það, að ég tel að nauðsynlegt sé að setja lög um félagslega þjónustu við aldraða, en ég tel ekki að þau rúmist inni í þessu frv. Ég held að hv. þm. Magnús H. Magnússon viti betur en orð hans báru merki hér áðan um þá togstreitu, sem hann réttilega nefndi svo, sem er milli álits manna um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Hér er ég með í höndunum niðurstöðu nefndar sem búin er að starfa að þessum málum síðan 26. febr. 1976. Í henni voru m. a. þm. Ólafur G. Einarsson og Steinþór Gestsson. Ég skal taka það strax fram, ég er ósammála nær hverju einasta atriði, sem í þessari miklu bók er, einkum vegna þess að hér er rakinn málaflokkur eftir málaflokk sem nefndin er ákveðin í að setja allan kostnað af á sveitarfélögin. Dæmi: stofnkostnað dagvistarstofnana, almenningsbókasöfn, heimilishjálp, eins og hún raunar er, stjórn og eignarráð grunnskólans færast í auknum mæli í hendur sveitarfélaga, og hér segir, með leyfi forseta: „Tónmenntafræðsla skal fara yfir á sveitarfélögin.“ Svona gæti ég haldið lengi áfram. Jafnvel skal endurskoða hugtakið þjóðvegi í þéttbýli sem ríkið hefur hingað til greitt. Ég held að hér sé svo viðkvæmt mál á ferðinni að sé einhver alvara að koma þessu frv. í gegnum þingið hefði verið stórhættulegt að gera nokkra till. um að heimilishjálp greiðist af ríkinu. Þetta held ég að hv. þm. Magnúsi H. Magnússyni sé fullkunnugt. Það þýðir ekki að ég sé endanlega ósammála hans sjónarmiðum, en ég held að það hefði tafið mikið fyrir framgangi þessa frv. hér í þinginu.

Það má margt um þetta segja. Ég vil taka það fram vegna orða hv. þm. Ingólfs Guðnasonar, að ég get huggað hann með því, að landafræðikunnátta hæstv. fyrrv. heilbrmrh. Matthíasar Bjarnasonar hefur verið lagfærð í reynd varðandi heilsugæslulögin. Fyrir hv. trn. Nd. liggur frv. um hollustuhætti og hollustuvernd og þar höfum við fyrir löngu leiðrétt þessi vandamál með Flatey, sem við ætlum aldeilis ekki að láta tilheyra Hólmavík, né Bæjarhrepp Hólmavík, og ég get upplýst hv. þm. um að við ætlum einnig að flytja Þingvallasveitina niður á Suðurlandið úr Mosfellshreppnum. Slíkar landfræðilegar skekkjur held ég að vandalaust sé að laga í meðferð nefndar á málinu. Ég held að engum detti í hug að hafa þessi atriði í hinum nýju svæðum.

Hræðsla manna við mat ellimálanefnda, sem svo heita, á því, hver þjir hafi þörf fyrir hvers konar þjónustu, held ég að sé ástæðulaus og hv. þm. Pétur Sigurðsson mikli það mjög mikið fyrir sér. Hér í Reykjavík er þjónustunefnd fyrir aldraða á vegum Félagsmálastofnunar með fulltrúum frá heilbrigðishlutanum. Í henni sitja m. a. borgarlæknir, hjúkrunarfræðingur og aðrir slíkir. Við afhendingu á íbúðum fyrir aldraða í Reykjavíkurborg — en eins og hv. þm. eflaust vita hefur verið unnið hér merkt starf í Reykjavíkurborg, bæði af fyrrv. og núv. borgarstjórn í þeim efnum — er talið algerlega sjálfsagt að þjónustunefnd svokölluð, sem líklega mun heita ellimáladeild í framtíðinni verði því ekki breytt, fjalli um þörf umsækjenda fyrir þessa þjónustu. Hér er verið að fara með opinbert fé og það er auðvitað borgaraleg skylda, að þeir njóti hennar sem mest þurfa.

Vegna ótta hv. þm. Péturs Sigurðssonar, sem kom hér fram í ræðu í dag og einkum í sambandi við stofnanir sem honum eru nákomnar, svokallaðar sjálfseignarstofnanir, gildir auðvitað nákvæmlega það sama. Ég held að hv. þm. gleymi því, að í fyrsta lagi hefur opinbert fé verið að verulegu leyti notað til bygginga þessara stofnana þrátt fyrir allt. Vissulega hafa þessar stofnanir fengið fyrirgreiðslu úr Erfðafjársjóði, Byggingarsjóði aldraðra og hvers kyns framlög. (**PS:** Þm. veit ekkert hvað hann er að tala um.) En burt séð frá því — ekki skal ég lasta það mikla átak sem þarna hefur verið unnið — skal hv. þm. ekki heldur gleyma að Tryggingastofnun ríkisins greiðir að langmestu leyti fyrir þetta fólk. Og ég ætla aðeins að fara út í það mál, vegna þess að þar er töluvert vandamál á ferðinni sem ég hygg að verði að leiðrétta. Ég held að hæstv. heilbr.- og trmrh. verði knúinn til að gera eitthvað í þessum málefnum varðandi daggjöld.

Eins og hv. þm. eflaust vita er tvenns konar greiðsla á svokölluð elliheimili eða dvalarstofnanir fyrir aldraða. Þeir, sem fara inn á venjulega vist, greiða í fyrsta lagi ellilífeyri sinn, síðan eftirlaun sín ef einhver eru, og síðan

ber Tryggingastofnun ríkisins að greiða það sem á vantar til að viðkomandi eigi fyrir dvöl sinni. Síðan fá vistmenn ofurlitla vasapeninga sem mega nema allt að 25% grunnlífeyris. Ef menn hins vegar fara inn á sjúkradeild greiðir sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar alla dvölina og þar er um að ræða miklu hærri upphæð. Ég hef nú ekki haft tækifæri til að afla upplýsinga um þessar upphæðir eins og þær eru núna, en á þessu er verulegur munur.

Hv. þm. Pétur Sigurðsson talaði hér um sjúkradeildir í dag. Ef við tökum stofnun eins og Hrafnistu í Reykjavík sem dæmi munu vera viðurkennd sjúkrarými þar fyrir um 80 manns. Þegar ég yfirgaf Tryggingastofnun ríkisins voru 2/3 af 400 vistmönnum á sjúkratryggingagjaldi, þó að þeir væru auðvitað ekki á neinni sjúkradeild vegna þess að hún er ekki til fyrir svo marga. Einhvern veginn hafði læknum heimilisins í samráði við aðra lækna í kerfinu tekist að sannfæra hver annan um að þetta fólk hlyti að þarfnast svo mikillar þjónustu að það bæri að greiða þetta háa gjald. Það skrýtna við þetta fyrirkomulag er, að þegar sjúkratryggingadeild er farin að greiða dvölina að fullu og öllu fær gamla fólkið lífeyri sinn úr lífeyrissjóði óskertan, vegna þess að í lögum um almannatryggingar segir að þegar sjúkratryggingadeild taki við greiðslunni falli bætur almannatrygginga niður, en lífeyrissjóðsgreiðslur eru auðvitað ekki hluti af þeim. Við höfum þess vegna dæmi um fólk, sem er með á þriðju milljón í eftirlaun, en á fullu sjúkratryggingagjaldi, á stofnunum eins og Hrafnistu eða einhverri annarri stofnun — (**PS:** Líka á ríkisstofnunum.) — að sjálfsögðu — og að mínu mati er þetta ekkert vit. Þetta gamla fólk hefur fulla ástæðu til að krefjast þess að fá að borga sína dvöl. Þetta er í stuttu máli þannig, að á meðan gamla fólkið gæti haft einhverja ánægju af eftirlaunum sínum hverfa þau inn í dvölina, á meðan það hefur fótavist og er á venjulegri vist. Þegar það er orðið ófært um að njóta eins eða neins og er lagst inn á sjúkradeild koma eftirlaunin. Það getur hver sett sig inn í vandræði starfsmanna Tryggingastofnunar að útskýra þessa endaleysu fyrir gömlu fólki.

Ég man eftir dæmi þar sem tvær gamlar prestsekkjur bjuggu í sama herbergi með svipuð eftirlaun. Önnur þeirra var á sjúkratryggingagjaldi og fékk eftirlaunin óskert. Hin var ekki komin í þá „kategoríu" og fékk þar af leiðandi næstum ekki neitt af þeim og lái hver sem vill starfsmönnum Tryggingastofnunar þótt þeim veitist erfitt að útskýra rökin fyrir slíkri afgreiðslu. Þetta er auðvitað ekki stofnuninni að kenna, heldur lögum sem ég tel að þurfi nauðsynlega að ráða bót á.

Ég er ekki heldur alveg sammála hv. þm. Magnúsi H. Magnússyni varðandi greiðslu fyrir þjónustu í heimahúsum. Við skulum ekki gleyma því, að verulegur hluti fullorðins fólks nýtur nú verulegra eftirlaunagreiðslna. Fyrrv. opinberir starfsmenn t. d. eru tiltölulega mjög vel settir margir hverjir, og ég hef reynslu fyrir því, að margt af þessu gamla fólki vill gjarnan greiða fyrir þá þjónustu sem því stendur til boða. Reykjavíkurborg hefur ósköp einfaldar reglur í sambandi við svokallaða heimilishjálp, sem er orðin umfangsmikill þáttur í félagslegu starfi í Reykjavík — ég má segja að til þeirrar þjónustu fari um einn gamall milljarður á þessu ári. Við skiptum þessu fólki í flokka. Þeir borga sem geta, en þeir sem ekki hafa annað en almannatryggingabætur fá þessa þjónustu ókeypis. Ég sé ekkert athugavert við það fyrirkomulag, enda er mér ekki kunnugt um að nokkur maður hafi kvartað. Við skulum enda ekki gleyma því, að fólk breytist ekki svo mjög þó að það verði gamalt. Það vill gjarnan halda eigin frumkvæði, og ég er alveg sammála því. Það er ekkert verra gert við fullorðið fólk en að taka af því eigið frumkvæði og ráðskast með það. Hins vegar verðum við, meðan við höfum ekki stofnanir, þ. e. stofnanir fyrir fólk sem getur ekki annars staðar verið, ég er sammála þm. um að fólk eigi auðvitað að vera í heimahúsum eins lengi og það óskar og getur, — en á meðan við verðum að velja og hafna og við höfum ekki rými fyrir allt þetta fólk, þá hlýtur að vera réttlátt og eðlilegt að meta hvar þörfin er sárust. Þetta gerum við varðandi íbúðir fyrir aldraða í Reykjavík og mér vitanlega hefur enginn haft neitt nema gott um það að segja. Þar með er komið í veg fyrir að ýtnir ættingjar, fólk sem á eitthvað undir sér og kunningsskapur og hvað eina ráði því, hverjir fái hæli á slíkum stofnunum. Ég held að við hv. þm. Pétur Sigurðsson þekkjum allt of mörg dæmi um það, að fólk, sem raunverulega hefði getað verið í heimahúsum með einhverri aðstoð, tekur upp rými á dvalarstofnunum fyrir aldraða á meðan fólk, sem er í fullkomnu reiðileysi, fær enga þjónustu. Ég trúi ekki að hv. þm. Pétur Sigurðsson beri á móti þessu.

Mér er jafnljóst að á hans merku stofnun, sem hún virkilega er, eru vissar kvaðir. Þetta er Dvalarheimili aldraðra sjómanna. Ég get ekki ímyndað mér annað en hægt sé að komast að einhverju samkomulagi um að aldraðir sjómenn verði ekki sviptir þessum rétti sínum. En hitt er annað mál, að ég er jafnsannfærð um að það sé réttlátt og eðlilegt að meta hvar þörfin er sárust.

Að lokum vil ég minnast aðeins á Framkvæmdasjóð. Þar er í raun og veru sama sagan uppi. Það er auðvelt að segja: Kemur nú enn einn markaður tekjustofn. Í „prinsipinu" get ég haft ýmislegt vafasamt um þá að segja, en í mörgum tilfellum, þegar svona mál er á ferðinni, eru þeir algerlega nauðsynlegir. Það hefur Framkvæmdasjóður öryrkja sýnt, og ég held að eina ráðið til að geta gert eitthvert átak í þessum málum sé slíkur sjóður. Mér er það skaðlaust þó skattur sé lagður á vínveitingahús. Ég veit ekki betur en hér hafi verið talað um vínveitingar og áfengismál í löngum ræðum og þjóðin hvött til að draga úr drykkjuskap. Það er þá einn liður í því að skattleggja þá sem títt sækja veitingahús. Ég hef ekki miklar áhyggjur af því.

Varðandi stjórn sjóðsins held ég að þm. hafi ofurlítið misskilið hvernig úthlutanir eru hugsaðar. Eins og ráðh. tók fram í ræðu sinni er gert ráð fyrir ellimáladeild í heilbr.- og trmrn. Ég held, að ellimálanefndir landsins hljóti að geta komið sínum erindum til þeirrar deildar og deildin síðan útbúið mál í hendur síns ráðh. Til hvers í ósköpunum að fara að búa til rétt eina nefndina? Ég held að við mættum stundum halda þar svolítið að okkur höndum í okkar litla landi. Menn tala hér stundum eins og við séum 200 millj., en ekki 200 þús. Það er líka sparnaður í því að auka ekki þetta nefndafargan, sem sumt vinnur vissulega gott verk, en sumt nánast ekki nokkurn skapaðan hlut og mætti betur vera án þess. Þessir aðilar hljóta að vera fullfærir um að vinna úthlutun í hendur þess ráðh. sem með málaflokkinn fer.

Herra forseti. Ég skal ekki lengja þetta miklu meira. Það er þó eitt atriði sem ég vildi líka minnast á. Menn kvarta um að hér sé alger aðskilnaður heilsugæslukerfisins og félagsmálakerfisins á ferðinni. Ég held að 4. gr. tryggi það, svo að um verði varla villst, að starfsmaður

félagsþjónustu tilnefndur af borgarstjórn eða sveitarfélagi sitji í ellimálanefnd. Ég held að nú efist enginn um að slíkur fulltrúi sé félagslega menntaður þar sem hann er að fá. Ég hygg að það vefðist ekki fyrir neinum í félagsmálaráði Reykjavíkurborgar að velja félagsráðgjafa í slíka nefnd. Ég er hins vegar ekki viss um að félagsráðgjafi finnist á öllum svæðum landsins, og þá verður auðvitað að nýtast við annan starfskraft. En ég held að ástæðulaust sé að hafa áhyggjur af þessu. Með þessum orðum er ég ekki að segja að þetta sé fullkomið frv. frekar en önnur mannanna verk. Og það á auðvitað eftir að fara í nefnd og verður væntanlega fjallað um það þar. En ég vona sannarlega að samkomulag náist á hinu háa Alþingi um að þetta frv. nái fram að ganga á þessu þingi. Ég held að það sé ákaflega brýnt mál.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég vil aðeins leiðrétta þann misskilning, að heilsugæsluumdæmum hefur ekki verið breytt á þessu þingi, hvorki í heilbrigðisnefnd né annars staðar. Það er þó rétt, sem fram hefur komið, að til þess væri fullkomin ástæða. Ég vil líka geta þess, að það væri fullkomin ástæða til að taka upp umræður um stöðu þeirra mála á vissum landssvæðum, sér í lagi eftir að mikils metinn maður úr hópi lækna lýsir því yfir, að hann telji að aldrei verði þannig að þessum málum staðið að hægt verði að manna hina svokölluðu útkjálka, eins og kom fram í sjónvarpinu nú fyrir stuttu.

Það er kannske rétt að minna á í því sambandi að þegar einn af þrælum Ingólfs vissi að það átti að nema land hér í Reykjavík, þá taldi hann að þeir hefðu til lítils farið um góð héruð ef þeir ættu að byggja útnes þetta.

En það, sem kom mér fyrst og fremst upp í stólinn, er 7. gr. þessa frv. Ég held að allir fagni því, að þessi mál séu tekin hér til umfjöllunar, þó að mönnum sýnist kannske sitt hvað um miðstýringu í þeim efnum. Og ég held að við ættum ekki að vanmeta hið félagslega framtak sem átt hefur sér stað í landinu og komið þó því til leiðar sem jákvætt hefur gerst. Það athyglisverða við 7. gr. er það, að mér sýnist sem hér sé verið að fela ráðh. meira vald í útdeilingu fjármagns en ég veit dæmi til að sé hjá öðrum ráðuneytum. Ætti t. d. menntmrh. að ganga alfarið frá því, hvað gert væri við þá peninga sem fara til menntamála og fjvn. aðeins að hafa þar samráð? Er þetta það sem við teljum eðlilega stjórn í hinum ýmsu ráðuneytum? Ég segi nei. Það hlýtur að vera eðlileg stjórn þeirra fjármuna, sem þarna er talað um dreifingu á, að það verði nefnd, ekki ráðh., sem úthlutar. Það liggur beinast við að ætla fjvn. að vinna það verk, verði það unnið á vegum þingsins, sem ég tel alveg sjálfgefið.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Hv. 8. landsk. þm. gat hér um þjónustunefnd Reykjavíkur, taldi hana til fyrirmyndar og þar af leiðandi hlyti þetta frv. að vera mikið til bóta hvað þjónustu við aldraða snertir ef slík þjónustunefnd kæmist á. Ég vil aðeins að það komi hér fram, að það er eitt það atriði í þessu frv. til l. á þskj. 544, um heilbrigðis- og vistunarþjónustu aldraðra, sem hræðir mig hvað mest. Það gekk illa að koma þessari þjónustunefnd saman í Reykjavíkurborg vegna þess að sú mikla vinna, sem hefur verið unnin í byggingu bæði íbúða og stofnana fyrir aldraða í Reykjavíkurborg, var upphaflega ráðgerð til að leysa félagslegt vandamál í Reykjavíkurborg. En baráttan hófst fljótt við lækna og aðra aðila, sem standa að sjúkrahúsunum, um yfirráð á þessum byggingum og stofnunum, sem endaði með því, að félagsmálahliðin hafði meiri hluta í þeirri þjónustunefnd, en læknar eru þar að sjálfsögðu með. En samkv. 4. gr. frv. er þessu snúið við, og hugmyndin, sem kemur þar fram, segir mér — án þess að ég viti það að sjálfsögðu eða hafi það staðfest — að hér hafi sömu aðilar komið með hugmyndir og byggt upp þetta frv. og gerðu okkur starfið hvað erfiðast í uppbyggingu og skipulagningu á rekstri þeirra stofnana, sem nú þegar eru starfandi í Reykjavík.

Ég lít svo á að þetta sé mjög slæmt. Frv. styður það sjónarmið, eins og segir í 4. gr., að lækna- eða sjúkrahúsa-sektorinn, ef ég má nota það orð, er allsráðandi um vistun, en ekki hin félagslega hlið vandamálanna. Eins og þeir, sem þekkja til, geta vitnað um skapa læknarnir oft meiri félagslegan vanda hjá öldruðum en þeir leysa með því að senda aldrað fólk annaðhvort of fljótt og á margan hátt sjúkt af sjúkrastofnun eða þá hreinlega að neita að taka fólk inn á stofnanir vegna aldurs. Ég hef sagt það í borgarstjórn um þetta mál og segi það hér — ég held að ég hafi áður sagt það úr þessum ræðustól á hv. Alþingi — að það eru engin aldurstakmörk fyrir fólk á sjúkrahús. Það er þörfin sem á að ráða hvort læknar eða aðrir taka fólk til meðhöndlunar á sjúkrastofnunum. En við höfum fyrst og fremst verið að leysa félagslegt vandamál aldraðra með þeim byggingum sem byggðar hafa verið í Reykjavík.

Í 4. gr. segir að heilsugæslulæknir og heilsugæsluhjúkrunarfræðingur, sem báðir koma úr sjúkra-sektornum og sá þriðji starfsmaður félagsþjónustu, skuli tilnefndir í þessa nefnd. Borgarlæknir er formaður nefndarinnar í Reykjavík, en auk hans eiga sæti í nefndinni heilsugæsluhjúkrunarfræðingur og starfsmaður félagsþjónustu tilnefndur af borgarstjórn. Sem sagt, það er búið að snúa hlutunum við. Því vil ég mótmæla.

Í þessu frv. er líka of mikil miðstýring á þeirri starfsemi sem frv. fjallar um. Það er andstætt minni lífsskoðun og það er andstætt því sem ég tel að sé hagkvæmt í rekstri og stjórn á slíkum stofnunum. Þeim verður aldrei stjórnað úr neinu rn., það er ekki hægt. Það er bara verið að kalla á breytingu á þessum málum innan skamms tíma. Ég vil því ráðleggja þeim, sem standa að þessu frv., að varast með vinnu sinni að brjóta niður þær stofnanir, sem fyrir eru, með ofstýringu eða miðstýringu, heldur styðja þær og það skipulag sem þær byggjast á — það hefur reynst vel — styðja bæði stofnanirnar og einstaklingana sem þar starfa, því að þeir starfa af hugsjón. Þegar menn starfa af hugsjón brennur eldur í æðum. Þetta fólk vill gera vel og gerir vel. Ég hef þá reynslu af núv. hæstv. félmrh., að hann er einn þeirra sem hafa áhuga á þessum málum, og hann hefur starfað að þeim af þeirri hugsjón og með þeim hugsjónaeldi sem ég hef minnst á. Ég hef þá persónulegu reynslu og því vil ég biðja hann um að beita sér fyrir breytingu á þessu frv. í þá átt sem ég hef hér getið um.

Hér er talað um fjármögnun á því átaki sem frv. gerir ráð fyrir. Ég get ekki samþykkt sumt af því sem þar kemur fram í 6. gr. Ef hv. þm. eru nú loksins komnir á þá skoðun, að vandamál aldraðra sé mikið, eins mikið og fram hefur komið hér í ræðum, þá eigum við að viðurkenna þetta vandamál sem forgangsverkefni. Meðalaldur á þeim stofnunum, sem Reykjavíkurborg hefur opnað, er yfir 80 ár. Þetta fólk hefur á langri ævi skilað því, sem því var ætlað af forsjóninni að skila til þjóðfélagsins, og þarf nú á þjóðfélaginu að halda í staðinn. Ef

við viljum gera þetta að forgangsverkefni hér, eins og Reykjavíkurborg hefur gert, þá ráðlegg ég hv. Alþingi að standa eins að og Reykjavíkurborg hefur gert, þ. e. að úrskurða því ákveðna prósentutölu af fjárlögum. Það er gert t. d. til Framkvæmdastofnunar eða Byggðasjóðs — af því að ég er minntur á hann hér í ræðustólnum með komu hv. þm. Sverris Hermannssonar í salinn. Eins mætti standa að fjármögnun þeirra verkefna, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, og ætla af fjárlögum ákveðna prósentu til þessa átaks.

Ég vil taka undir það sem hér hefur komið fram, að þessu frv. verði hraðað með breytingum í gegnum hv. Alþingi, og þá náttúrlega nefndir, þannig að það komi sem fyrst til baka til endanlegrar afgreiðslu. Hvort sem menn skilja það nú eða eiga eftir að skilja það seinna, þá er nauðsynlegt að tala minna og framkvæma meira og það fyrr en síðar.

Það eru ýmis atriði í þessu frv. — sem ég ætla ekki að telja upp, en vil bara vekja athygli á þegar það verður skoðað í nefnd — sem ég tel að alls ekki eigi þar heima eða alls ekki sé rétt að verði að lögum óbreytt, — atriði sem ég tel fyrst og fremst verkefni sveitarfélaganna sjálfra. Ég vona að ég fái tækifæri til að ræða sérstaklega um þau atriði við þá nefnd sem fær þetta frv. til athugunar.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka þann mikla áhuga sem fram hefur komið á þessum málum í umr. í dag. Ég vil einnig þakka þær ábendingar sem fram hafa komið. Vafalaust er eitthvað í þessu frv., eins og verða vill, sem betur mætti fara.

Ég vil segja t. d. í sambandi við skipan ellimálanefndanna, hvernig þær eru saman settar, að mér finnst alveg ástæðulaust af mönnum að tala um það með einhverjum þjósti, að hér sé um að ræða einhverja stefnu ríkisstj. sem eigi nú rétt einu sinni að fara að troða upp á Alþingi. Auðvitað er hægt að skipa svona málum með ýmsum hætti, og ég bið hv. nefnd að líta á það með tilliti til þeirra aths. sem hafa komið fram.

Ég vil einnig segja það út af þeim umr., sem hér hafa farið fram um heilbrigðisþjónustulögin, að auðvitað hefur engum manni dottið í hug að framkvæma þetta þannig, að Flateyjarhreppur á Breiðafirði tilheyrði Hólmavíkurheilsugæslustöðinni. Það dettur engum í hug. Og jafnvel þótt það stæði í lögum mundi enginn hlýða því, eins og ég sagði áðan. Og reyndar er það svo, að í bráðabirgðaákvæði í heilbrigðisþjónustulögunum er beinlínis gert ráð fyrir því, að þrátt fyrir ákvæði 14. gr. heilbrigðisþjónustulaga frá 1978 að öðru leyti eigi Flatey á Breiðafirði að njóta þjónustu frá heilsugæslustöðinni í Stykkishólmi.

Ég vil einnig í þessu sambandi láta þess getið, að við erum með í undirbúningi frv. um breytingu á heilbrigðisþjónustulögunum, m. a. svæðaskiptingunni. Það er hins vegar erfitt mál, það er erfitt að fá þm. til að ná samstöðu um það mál. Ég flutti hér í fyrra frv. um breytingu á lögum að því er varðar svæðaskiptinguna á Norðurlandi eystra í sambandi við Þórshöfn og Raufarhöfn. Ég hygg að allir kannist við að það getur verið erfitt að fá menn til að ná samkomulagi um þessi atriði. En þetta út af fyrir sig á ekki að þurfa að verða fótakefli við framgang þess frv. sem hér er á dagskrá.

Hér hefur að sjálfsögðu komið fram ágreiningur um grundvallaratriði, og það hefði verið hægt að koma þeim ágreiningi frá í ekki mjög mörgum orðum og með miklu rólegri hætti en mér fannst hv. 1. landsk. þm. gera hér áðan, Pétur Sigurðsson. Ágreiningurinn er einfaldlega um það, að hann er andvígur því, að mat verði látið ráða úrslitum um vistun, eins og gert er ráð fyrir í 20. gr. frv. Ég tel að þetta mat sé nauðsynlegt. Ég færði fyrir því rök í framsöguræðu minni og hv. 8. landsk. þm., Guðrún Helgadóttir, rakti það einnig núna, sömuleiðis hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir. Ég held því að rök séu komin fram í því máli og við bætum okkur ekkert á því að eyða nóttinni frekar í umr. um það mál að sinni. Við þekkjum hvert annars sjónarmið í þeim efnum.

Þetta frv. gerir ekki ráð fyrir því, að sett verði upp einhver allsherjar miðstýring þannig að heilbrmrh. eigi að meta hvern einasta aldraðan mann í landinu, hvar hann á að vistast og hvernig og í hvaða rúmi og hver eigi að breiða ofan á hann ef þörf krefur. (Gripið fram í.) Hæstv. forseti, framkvæmdastjóri framkvæmdastofnunarinnar, skaut hér inn aths. — Það er ekkert slíkt á dagskrá. Það, sem hér er verið að tala um, er að reyna að finna samfellt heildarfyrirkomulag um landið allt sem tryggi sem best þá fjármuni, sem lagðir eru í þessi mál, og líka frumkvæðið, en ég er sannfærður um að ein ástæðan til þess, að frumkvæði hefur ekki orðið til meira meðal þjóðarinnar en raun ber vitni á þessum sviðum, er fólgin í því, að það hefur skort farveg, það hefur skort samræmdan félagslegan farveg fyrir þessi mál. Og það hefur líka skort fjármuni. Ríkisvaldið leggur á þessu ári samkvæmt fjárlögum 8.4 millj. nýkr. til stofnana af því tagi sem hér er í raun og veru verið að tala um 8.4 millj. nýkr., Það eru nú öll ósköpin. Þetta frv., eins og það lítur hér út, gerir ráð fyrir að teknar séu 12 millj. nýkr. með þessum tiltekna aðgöngumiðaskatti. Ég geri ráð fyrir því í frv., að þetta ákvæði taki gildi á miðju þessu ári. Þess vegna sagði ég í minni framsöguræðu að á næsta ári þyrfti að vera til ráðstöfunar í þessar stofnanir um það bil þrefalt á við það sem er á þessu ári frá ríkinu. Það teldi ég myndarlegt skref og átak. Þessir fjármunir, sem hugsanlega yrðu þannig til fyrir atbeina Alþingis, ef hv. Alþingi samþykkir þetta frv., yrðu til að hvetja aðra til átaks. Hér er ekki verið að leggjast á frumkvæði eins eða neins. Ég kann ekki við þann tón sem hér kom fram stundum hjá hv. þm. Pétri Sigurðssyni áðan. En það skiptir ekki máli. Aðalatriðið hjá honum var auðvitað það, að ágreiningur er af hans hálfu um þetta mat við vistun á öldruðum á þessum tilteknu stofnunum. Hann gerði grein fyrir þeim ágreiningi og ég er ósammála honum. Þannig stendur málið. Og ég held, eins og ég sagði, að við bætum okkur ekkert á því að vera að rífast um það með einhverjum „óratorískum" æfingum hér fram eftir nóttu núna. Aðalatriðið er að málið fái góða meðferð og það hið allra fyrsta, og mér fannst að undirtektir allra ræðumanna undir það væru mjög góðar hér í kvöld og í dag.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég skal gleðja hæstv. heilbr.- og trmrh. með því, að ég skal ekki standa lengi í „óratorískum" æfingum í ræðustól, enda eru aðrir hér í hv. þd. sem stunda slíkar æfingar fremur en ég.

Hins vegar hafa komið hér fram nokkur atriði í þessari umr. sem mér þykir ástæða til að benda sérstaklega á, og ég satt að segja tel það ekkert eftir, hvorki hæstv. ráðh. né hv. nm., þótt þeir eyði einni kvöldstund á vetrinum til að ræða þessi viðkvæmu og þýðingarmiklu mál sem hann sem heilbrmrh. og fyrrv. heilbrmrh. hafa báðir lýst sem

neyðarástandi í þjóðfélaginu. Ég tel það ekkert eftir okkur að ræða málið, jafnvel þótt heil nótt færi til þess. Ég álít að það sé miklu betra fyrir okkur að fá hér upp á yfirborðið strax þann ágreining sem um er að ræða og hefur að nokkru leyti komið hér fram, til þess að það sé ekki talið neitt laumuspil þegar kemur til nefndarstarfanna. Ég vil gjarnan reyna að stuðla að því, og það hefur ekkert staðið á mér að svo yrði, að við getum náð fram skynsamlegri löggjöf um málefni aldraðra. Ég skal hins vegar taka fúslega undir það, að það eru viss vandkvæði á því að tengja saman hinn félagslega þátt og þátt heilbrigðismálanna, meðfram vegna þess sem kom fram hjá hv. þm. Albert Guðmundssyni, vegna þess að aðilar úr heilbrigðisstéttunum hafa alla tíð talið að ekki væri um aðra að ræða sem ættu að koma að þessum málum, nema kannske að böðlast í því að safna fé og byggja, byggja heimili fyrir aldraða. Þá geta þeir komið og sagt: Nú skal ég, nú get ég, — þegar hitt er að baki.

En að fenginni reynslu á 20 árum í sambandi við þessi mál er ég meira en sannfærður, ég hef margar sannanir fyrir því, að það geta fleiri og hefur fleirum tekist vel til, þótt læknar og aðrar heilbrigðisstéttir verði að sjálfsögðu að koma inn í þau verk. En þær stéttir og þeir starfsmenn geta t. d. komið þangað sem launaðir starfsmenn, en ekki ráðandi aðilar um stefnumótun í þessu málum. Ég held að stefnumótunin eigi miklu frekar — og þetta segi ég að fenginni reynslu — að vera í höndum þeirra aðila sem fara með félagsmál þjóðarinnar. Þar á ég að sjálfsögðu við þá sem sjá um vandamál sveitarfélaganna, bæði á þessu sviði og öðrum, og svo að sjálfsögðu slíkir aðilar sem starfa á vegum ríkisins. Ég tek því alveg undir það sem hefur komið fram hjá þeim aðilum sem hafa talað í þann farveg hér í dag.

Það kom fram hjá hv. 1. þm. Vesturl., Alexander Stefánssyni, sem ég hélt fram í minni ræðu síðdegis í dag, að hér er um pólitíska samsetning að ræða á þessu frv., sem er öfugt við það frv. sem fyrirrennari núv. hæstv. heilbrmrh. lét gera. Hann lét vinna frv. á faglegum grundvelli. Nú var öðruvísi unnið. Það voru kallaðir til fulltrúar þingflokka, stjórnarflokkanna. Það liggur fyrir, vegna þess að hv. þm. Alexander Stefánsson sagði að þingflokkur Framsfl. hefði gert margháttaðar athugasemdir við það sem var meginefni þess sem ég gagnrýndi í frv. í dag, sem er rauði þráðurinn í gegnum frv. allt, það eru ráð ráðherra, ráð ráðherra í nær hverri einustu grein. Það er verið að flytja vald, sem er meðal þegnanna, meðal sveitarfélaganna, meðal sjálfseignarstofnananna úti um þjóðfélagið, — það er verið að flytja það upp í rn. til hæstv. heilbrmrh. Þetta viðurkenndi talsmaður þingflokks eins stærsta stjórnarflokksins að væri eitt helsta gagnrýnisatriði þeirra í sambandi við þetta. (**Gripið fram í:** Stærsta stjórnarflokksins.) Stærsta stjórnarflokksins og með mestu meðalþyngdina.

Hv. þm. benti auðvitað á mörg önnur atriði, sem er vissulega gott að endurtaka og benda á, og ég skal ekki fara að taka upp hvert einasta atriði þar, en ég bendi á að það voru mörg af þeim atriðum sem ég gagnrýndi í minni ræðu í dag. Hv. þm. benti á sömu atriði og ég gerði. Hins vegar er nokkur misskilningur hjá honum í sambandi við orðalag hjá mér, sem vel má vera að hafi orkað tvímælis þegar ég flyt ekki skrifaða ræðu getur vel verið, ef ég hef áhuga á máli, að farið sé út fyrir beinan ramma þess sem fjallað er um og jafnframt kannske sögð önnur orð en segja á hverju sinni svo að enginn móðgist. En það er satt að segja ekki að yfirlögðu ráði hjá mér þótt sumir hafi látið orð að því liggja hér í hv. þd. í dag. Og ég skal ekki fara frekar út í orð hv. þm. í sambandi við þetta atriði:

En hv. þm. kom nokkuð inn á fjármálin og þann nýja framkvæmdasjóð sem frv. gerir ráð fyrir að verði settur á stofn og ráðh. á jafnframt að hafa undir sinni yfirstjórn og veita úr, og hann kvaðst óttast nokkuð það mikla vald sem ráðh. fengi á þessu sviði. Þetta tek ég alveg undir. Ég bendi á að margir þeir mörkuðu tekjustofnar, sem við höfum ákveðið hér á Alþingi á undanförnum árum, hafa verið skertir og fluttir inn í hina almennu hít ríkissjóðs. Má t. d. benda á Erfðafjársjóð, hvernig hann er kominn. Ég held að ekki hafi verið fundið að því á undanförnum árum hvernig stjórn Erfðafjársjóðs úthlutaði því fé sem hún ráðstafaði. En það má vera að núv. hæstv. ríkisstj. telji úthlutun þess fjár betur komna í höndum hæstv. fjmrh. Hins vegar hef ég aðrar skoðanir á því.

Það hefur komið fram iðulega talsverð vanþekking hjá hv. þm. sem hafa talað í þessu máli. Og það undarlega skeður, að það er fyrrverandi starfsmaður Tryggingastofnunar ríkisins, hv. þm. Guðrún Helgadóttir, sem gerir sig seka um það að vita ekki meira um það mál, sem hún er búin að vinna að árum saman, heldur en kom fram í hennar máli. Hún heldur því fram, að það sé nánast um ekki neitt mat að ræða á sjálfseignarstofnunum, þess vegna þurfi hinar ráðherraskipuðu nefndir að koma til til þess að meta og taka þetta vald úr höndum stjórnenda heimilanna og þeirra trúnaðarmanna sem þeir hafa til starfa. Þetta er auðvitað gífurlegur misskilningur. Það er ekki tekið inn á heimilin öðruvísi en eftir mati, félagslegu mati þeirra sem fara með stjórn heimilanna, og þar eru að baki bæði inntökunefndir og stjórnir viðkomandi heimila sem hafa með það að gera. (**GHelg:** Á öllum sjálfseignarstofnunum?) Á sjálfseignarstofnun þeirri sem ég er formaður fyrir, og það er stærsta stofnunin sem til er hér á Íslandi. Og það má hv. þm. skilja, þegar ég reyni að tala um þetta mál af nokkurri reynslu, að þá dreg ég auðvitað mínar skoðanir og ályktanir af fenginni reynslu á þeim 20 árum sem ég hef starfað við þetta. Ég nauðþekki það, hvernig að þessu er unnið hjá okkur. Og ég er að segja hv. þm. og upplýsa hann um hvernig þetta fer fram, þótt henni hafi ekki tekist á sinni starfsævi hjá Tryggingastofnun ríkisins að komast að því, hvernig að þessu væri farið.

Þetta er um vistunina inn á dvalarheimilið sjálft, inn á vistheimilið, sem er ekki annað en verndaðar íbúðir, þ. e. eins og íbúðir aldraðra sem byggðar hafa verið hjá sveitarfélögunum. Þótt þau fylgi mjög ströngum ákvæðum gildandi laga í dag í rekstri sínum, þá hafa þau þetta frjálsræði um vistunina. En þau hafa fram til þessa ekki fengið neina krónu í byggingarstyrk frá opinberum aðilum, og þá á ég við ríki og Alþingi, fyrr en nokkur upphæð fékkst til dvalarheimilis Hrafnistu, vistheimilisins í Hafnarfirði, þegar verið var að ljúka áfanga þar, gegn því að þar væri sérbúnaður hafður á vistdeildinni fyrir fólk sem hægt væri að hafa innan þess heimilis og þyrfti ekki á mikilli hjúkrun að halda, en þyrfti samt á eftirliti og umönnun að halda sem ekki væri hægt að veita á heimilum.

Þegar þessu er lokið koma auðvitað fleiri til sem þurfa á innlögnum að halda, og þá koma til greina sérhannaðar deildir þessara heimila, sem réttilega — eins og hjá hv. þm. kom fram — eru ekki nema t. d. um 80 á Hrafnistuheimilinu í Reykjavík, þótt þar séu um 160 aðilar sem

eru á þessu gjaldi og á deildum sem nú eru viðurkenndar sem hjúkrunardeildir. En af hverju er þetta? Það er vegna neyðarástandsins. Það hefur verið tekið í notkun húsnæði sem byggt var í allt öðrum tilgangi. Ýmsar fullyrðingar í skýrslum heilbrmrn., landlæknis og annarra spekinga úr læknastétt, sem hafa verið að bera okkur saman við sænska „statistik" og talað um þetta af fjálgleik og miklu viti án þess að hafa nokkurn tíma komið inn á þessar stofnanir, fá því ekki staðist. Þar á ég t. d. við lækna eins og yfirlækni herra Þór Halldórsson og reyndar fleiri menn úr heilbrigðisstéttum, yfirmenn sem hafa ekki látið sjá sig á þessum stofnunum árum saman og þykjast geta talað af miklu viti og þekkingu þar um, sem er hinn mesti misskilingur að sjálfsögðu.

En þetta pláss hefur verið tekið í notkun fyrir þetta fólk út af neyðarástandinu. Og þegar er farið að tala um það sem eitthvert sérhannað húsnæði fyrir aldrað sjúkt fólk, þá er hér um misskilning að ræða. Það má þá alveg eins telja það íbúðarhúsnæði með sem er á heimilum manna sem af litlum efnum og miklum vanmætti er að halda heima hjá sér sjúku fólki, þungum hjúkrunarsjúklingum sem þurfa allt upp í 24 klst. umönnun og eftirlit á sólarhring. Og þegar svo er komið þarf enginn að segja mér að nein heimahjúkrun geti hlaupið þar í skarðið. Við værum þá að kalla yfir okkur meira en við viljum gera. Við værum að kalla yfir okkur það, að við værum að misbjóða heilsu þeirra sem hafa þetta fólk á sínu framfæri og eru að reyna að gæta þess. Við gætum fengið fleiri sjúklinga út úr þessu heldur en ella.

Þannig er farið að því að vista á þessu heimili. Og ef fólk fer inn á þessar deildir, sem viðurkennt er bæði af heilbrmrn. og Tryggingastofnun að megi hafa slíkt fólk innan dyra, hvað skeður þá? Þá verður fyrst að ganga í gegnum rannsókn lækna heimilisins, sem eru um leið trúnaðarlæknar innan heilbrigðiskerfisins íslenska og undir stjórn landlæknis sem svo aftur á embættissæti í sama húsi og hæstv. heilbrmrh. En er þá öll sagan sögð? Ó-nei, þá fer fram nýtt mat. Það fer fram nýtt mat eftir að stjórnendur heimilisins, hjúkrunarforstjórar og læknar hafa sagt: Þessi persóna þarf að fara á hjúkrunardeild. — Þá fer fram nýtt mat trúnaðarmanna ríkisins, trúnaðarlækna Tryggingastofnunar ríkisins. Og það er ekki fyrr en þetta fólk er búið að fara í gegnum þetta mat að greitt er fyrir það samkvæmt ákvæðum sjúkratryggingalaga. Þegar fólk er því að tala um að það sé ekkert mat fyrir hendi og ég sé að óttast eitthvert mat, þá er það hinn ferlegasti misskilningur, svo að ekki sé meira sagt. Þeir, sem tala svona, vita ekki hvað þeir eru að tala um.

Ég hef hins vegar í því samkomulagsfrv., sem hv. þm. Magnús H. Magnússon beitti sér fyrir meðan hann var heilbrmrh., gengið jafnvel enn lengra en nú er gert, og ég gerði það fúslega, m. a. vegna þess að full ástæða er til að losna við alla tortryggni í þessum efnum. Og ég hef líka bent á það í persónulegu viðtali við hæstv. heilbrmrh., að við þurfum auðvitað að ganga miklu lengra í að breyta daggjaldakerfinu og greiðslunni inn á heimilin, á þessi viðurkenndu heimili, sem fá opinbera aðstoð, vonandi í framtíðinni til þess að byggja og líka til rekstrar, eins og þau raunar fá í dag í gegnum þá greiðslu sem kemur fyrir vistun fólksins, sem er ekkert annað en greiðsla fyrir veitta þjónustu. Það er ekki nóg að ríkisvaldið ákveði sjálft í gegnum daggjaldanefnd það verð sem borgað er fyrir. Jafnvel þó hægt sé að sanna og sýna fram á að það þurfi að vera hærra, þá hefur ríkisstj. samt stöðvað það, því að ríkisstj. er verðstöðvunarnefndin í sambandi við vistgjöld á þessum heimilum. Til viðbótar hefur ríkisstj. og ríkisvaldið, heilbrigðiseftirlitið og landlæknir, valdið hjá sér, og reyndar er það bundið í lögum líka hvaða þjónustu er krafist fyrir þetta takmarkaða gjald sem er í höndum opinberra aðila. Það er því ekki verið að hlaupa neitt í kringum opinbera fjármuni og draga neitt til þessara stofnana sem ekki er fyllilega réttmætt að þær fái. Þegar öðru er haldið fram er annaðhvort um misskilning að ræða eða verið með hreinar blekkingar. Og ég endurtek það, að sú þjónusta, sem veitt er á þessum stofnunum — á sjálfseignarstofnunum á ég þá við — er ekki aðeins sannanlega — og þá miðað við sömu hjúkrunarþyngd, sem er fundin eftir sömu reglu á öllum stofnunum — hún er ekki aðeins miklu ódýrari, þessi þjónusta, hjá einkaaðilunum en hjá því opinbera, heldur er hún síst verri. Og það er m. a. vegna þessa sem ég tel nauðsynlegt að þessar sjálfseignarstofnanir í einkarekstri eða félagarekstri séu til hliðar við opinberu stofnanirnar, bæði þær ríkisreknu og þær sem reknar eru af sveitarfélögunum, til þess að það fáist nauðsynlegt aðhald að embættismannakerfinu innan heilbrigðisstéttanna. Þótt það væri ekki til annars tel ég það vera mjög nauðsynlegt.

Hv. þm. Guðrún Helgadóttir var nú svo smekkleg að þurfa að hafa orð á því — sem í sjálfu sér er alveg rétt hjá henni — vegna orða hv. þm. Ingólfs Guðnasonar, að heilbr.- og trn. hefur þegar mótað brtt. við frv. um hollustuhætti og hollustueftirlit sem miðar að því að greiða úr því vandamáli, sem hv. þm. benti á í sambandi við skipan heilsugæsluumdæma. Í till. nefndarinnar verður Flatey flutt undir Stykkishólm og Bæjarhreppur undir Hvammstanga, eins og eðlilegt er og allt bendir til að eigi að vera. Það var auðvitað óþarfi af þessum hv. þm. að vera að skjóta á hv. þm. Matthías Bjarnason vegna þess að hann var ráðh. þegar þessi lög voru sett. Það var stórkostlegt þrekvirki að ná þessari löggjöf fram þá, eftir að hún hafði legið í salti árum saman. Og það má segja að það sé nákvæmlega það sama sem honum tókst að vinna þá með allan lagabálkinn eins og við erum búin að eyða nú margra mánaða vinnu í heilbr.- og trn. til að ná þessari einu breytingu fram. Og við skulum ekki gleyma því, að hv. þm. Matthías Bjarnason á sæti í nefndinni og hann hefur átt meginþáttinn í því að erfiðustu málin þar í sambandi við þetta voru leyst. Þetta hefði hv. þm. Guðrún Helgadóttir getað tekið fram. En að sjálfsögðu sá hún ekki ástæðu til þess.

Ég skal ekki, herra forseti, eyða tíma lengur í að ræða um þetta. Ég hef komið að mínum athugasemdum. Þó vil ég benda á eitt atriði í sambandi við þau heimili sem ég hef hér nokkuð rætt um — vegna þess að það hefur verið látið að því liggja, sem ekki er rétt, að jafnvel séu allir þar, t. d. á Hrafnistu í Reykjavík, á einhverri opinberri framfærslu. Þetta er mesti misskilningur. Ég er hér með nýja skýrslu fyrir s. l. ár. Þar kemur m. a. fram að þar voru 406 vistmenn um s. l. áramót og þar af voru 280 með lögheimili í Reykjavík, en 126 með lögheimili utan Reykjavíkur. Þarna voru sjómenn 138 og sjómannskonur 113 eða samtals 251, en úr öðrum stéttum 38 karlar og 117 konur. Þetta síðarnefnda fólk er að langmestu leyti á hjúkrunardeildunum, m. a. vegna þess að sú stefna hefur aldrei verið uppi eða því fylgt, að það fólk, sem ætti bágast, ætti á nokkurn hátt að flokkast eftir stéttum. Við höfum hins vegar reynt að halda okkur við það að taka inn á vistdeildirnar aldraða sjómenn og sjómannsekkjur,

og það eru t. d. enn þá að koma stríðsekkjur úr síðustu heimsstyrjöld inn á Hrafnistuheimilin. Þær finnast enn þá og þær finnast um allt land að sjálfsögðu.

Auk þess eru auðvitað aðrir aðilar sem fylgja eftir þessu aldraða fólki. Síðast man ég eftir að það komu fjórir skipstjórar, þrír bræður og mágur þeirra, og einn vélstjóri, fjórði bróðirinn, og báðu fyrir konu til vistunar. Þetta voru menn í fullu starfi. Einn hefði þurft að fara í land ef þeir hefðu ekki getað leyst sitt vandamál. Móðir þeirra og tengdamóðir var að vísu ekki sjómannskona, en þarna var nákvæmlega sama vandamálið. Flestir sem koma inn á hjúkrunardeildirnar, koma vegna neyðarástands: hér í Reykjavík á vegum aðila frá Reykjavíkurborg eða frá sveitarfélögum úti á landi, frá Hátúnsdeild, frá spítölunum og svo, eins og á stendur, frá Hrafnistuheimilinu í Hafnarfirði, sem hefur ekki neina hjúkrunardeild og verður þess vegna að taka pláss frá heimilinu í Reykjavík til þess að gæta sjúkra þar.

Ég vildi láta þetta koma fram og jafnframt það að síðustu, að ef framfylgt verður eða samþykkt ákvæði lagafrv. um þann mikla rétt sem þessar svokölluðu ellimálanefndir eiga að fá, þá er ekki aðeins að við séum að brjóta niður það sem þessi samtök hafa byggt þessa starfsemi fyrst og fremst upp á, bæði fyrir og í nafni sjómannastéttarinnar, heldur erum við þá líka að brjóta önnur lög sem standa nær stjórnarskránni, en það er að brjóta lögformlega samninga sem samtök okkar hafa gert við ekki aðeins aðra aðila sem starfa að góðgerðarmálum, og þá á ég við einstakar stúkur úr Oddfellowreglunni, ekki aðeins við einstök verkalýðsfélög innan ASÍ, sem hafa gengið til samstarfs við okkur um að hjálpa okkur við fjármögnun gegn því að tryggja sínu fólki vistun. Og ef það er eitthvað ljótt við það, að þessi félög noti sína sjóði, sjúkrasjóði og lífeyrissjóði, til þess að skapa þessa aðstöðu fyrir sína félagsmenn, þá segi ég: það er röng hugsun hjá þeim sem halda því fram. Við værum að brjóta þessa samninga og við værum líka að brjóta samninga, bæði siðferðilega samninga við kaupstaði eins og Hafnarfjörð og Garðabæ og svo beina samninga, lögformlega samninga við Grindavíkurbæ, sem á beina aðild eftir fjármögnun að heimilinu í Hafnarfirði, og þar má til viðbótar telja Bessastaðahrepp.

Það er auðvitað miklu meira mál en bara að segja að einhver ellimálanefnd á viðkomandi stað eigi að ráðstafa öllum plássum á viðkomandi stöðum, og það er m. a. vegna þessa sem ég tók til orða eins og ég gerði í dag. Það er ekki vegna þess að ég ætli mér á einn eða annan hátt að leggja neitt í veg fyrir það að frv. varðandi þessi mál verði samþykkt. En ég mun aldrei ganga til liðs við það, að það verði á einn eða annan hátt skertur hvorki eignarréttur né félagaréttur í þessu landi til þess að þjóna pólitískum ráðh. og fylgifiskum hans.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Atvinnuleysistryggingar, frv. (þskj. 559). — 1. umr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Í yfirlýsingu þeirri, sem ríkisstj. gaf út við gerð kjarasamninga í okt. s. l., er eins og kunnugt er heitið ýmsum félagslegum aðgerðum af hálfu stjórvalda. Þar er m. a. gert ráð fyrir fæðingarorlofi handa öllum foreldrum, eins og hv. alþm. er kunnugt, breytingum á almannatryggingum, lagfæringu lífeyrismála, dagvistarmála, og síðast en ekki síst er gert ráð fyrir nýjum lögum um atvinnuleysistryggingar, eða eins og segir í 5. lið yfirlýsingar ríkisstj. frá 27. okt. s. l.:

„Ríkisstj. mun beita sér fyrir lagasetningu á yfirstandandi þingi um atvinnuleysistryggingar, sem feli m. a. í sér rýmkun bótaréttar, lengingu bótatíma, breytingar á atvinnuleysisskráningu og hækkun bóta."

Í þessu sambandi ber að hafa í huga að atvinnuleysistryggingalögin hafa verið til endurskoðunar undanfarin ár án þess að sérstakur árangur eða samkomulag næðist um það með viðkomandi aðilum. Fljótlega eftir að núv. ríkisstj. tók við völdum var þó hafin athugun á þessum málum með það fyrir augum að semja úr þeirri vinnu, sem fyrir lá, frv. til nýrra laga um bættar atvinnuleysistryggingar. Snemma hausts í fyrra hófust svo viðræður við aðila vinnumarkaðarins um þessi mál, og var þeim viðræðum og samráði haldið áfram þar til kjarasamningar voru gerðir hinn 27. okt. s. l. Þá var frv. þetta ekki tilbúið, en í meginatriðum orðið ljóst hvert stefndi, og var því yfirlýsing sú, sem vitnað var til áðan, látin nægja í því sambandi.

Í frv. því, sem hér liggur fyrir um atvinnuleysistryggingar er gert ráð fyrir mörgum veigamiklum breytingum. Hér er ekki aðeins um að ræða rýmkun bótaréttar, lengingu bótatíma, breytingar á atvinnuleysisskráningu og hækkun bóta, eins og segir í yfirlýsingu ríkisstj. sem áður var vitnað til, heldur er nú gert ráð fyrir formbreytingu eða kerfisbreytingu bóta sem ég mun skýra betur síðar. Frv. felur því í sér allumfangsmiklar breytingar á gildandi rétti, en allt er það gert með vitund og vilja þeirra fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar sem tóku þátt í viðræðum við fulltrúa ríkisstj. um þessi mál. Þess ber þó að geta, að ekki þóttu tök á því að ganga til móts við allar kröfur verkalýðshreyfingarinnar í þessu efni. M. a. var frá upphafi viðræðna krafa verkalýðshreyfingarinnar að iðgjald atvinnurekenda í Atvinnuleysistryggingasjóð yrði hækkað úr 1% í 1.5%. Ekki þóttu tök á því að verða við þessari kröfu, enda þótt það verði að viðurkenna, að sú rýmkun bótaréttar og hækkun bóta, sem frv. leiðir af sér, kunni að krefjast endurskoðunar á iðgjaldaprósentu þótt síðar verði.

Ýmsar minni háttar athugasemdir hefur verkalýðshreyfingin gert við þetta frv., en eins og áður segir er það í öllum aðalatriðum flutt í góðu samkomulagi við málsaðila og þar með stjórnarmenn í Atvinnuleysistryggingasjóði.

Um afstöðu Vinnuveitendasambands Íslands og þeirra fulltrúa þess, sem í viðræðum stóðu við samráðsnefnd ríkisstj. út af málinu, er það að segja, að á ýmislegt var fallist, m. a. greiðslur í lífeyrissjóð, niðurfellingu takmörkunar bótaréttar vegna tekna maka, heimild Atvinnuleysistryggingasjóðs til að greiða fyrir starfsþjálfun einstaklinga sem miði að endurmenntun og aukinni hæfni til starfa og námskeiðahald í því sambandi. Vinnuveitendasamband Íslands hefur frá upphafi sett sig á móti þeirri breytingu að afnema daglega skráningu og koma á vikulegri skráningu. Í heild er mér þó óhætt að segja að þetta frv. falli nokkuð vel að hugmyndum aðila vinnumarkaðarins og sé að dómi þeirra, sem til þekkja, veruleg réttarbót og framför.

Eins og áður segir felur þetta frv. ekki einasta í sér rýmkun bótaréttar, lengingu bótatíma, breytingar á atvinnuleysisskráningu og hækkun bóta, heldur var tekin

sú ákvörðun að leggja til í þessu frv. vissa kerfisbreytingu bótagreiðslna.

Í d-lið 15. gr. núgildandi laga segir að rétt til bóta samkv. lögunum hafi þeir sem fullnægi því skilyrði að hafa á síðustu 12 mánuðum stundað tryggingarskylda vinnu í a. m. k. 1 032 dagvinnustundir, eða 516 dagvinnustundir ef um reglubundna hálfs dags vinnu er að ræða, hvort tveggja greitt samkv. kjarasamningi eða taxta verkalýðsfélags.

Samkvæmt gildandi lögum eru því bætur tvenns konar. Fullar bætur og jafnháar bætur fá allir þeir sem hafa unnið hálfa til fulla vinnu miðað við dagvinnustundir síðustu 12 mánuði. Þannig njóta hálfs dags og heils dags vinnu menn sömu bótafjárhæða úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Þeir, sem hins vegar vinna minna en hálfa dagvinnu á ári og allt að 1/4 dagvinnustunda miðað við 12 síðustu mánuði, sitja við sama borð og fá helmingsbætur.

Gallinn við þetta kerfi er augljóslega sá, að jöfnuður næst engan veginn milli atvinnuþátttöku og bótafjárhæðar. Í stað þessara gildandi ákvæða um hálfar eða heilar bætur eftir atvinnuþátttöku er lagt til í frv. þessu sú kerfisbreyting, eins og áður var sagt, að bótafjárhæðir séu í beinu hlutfalli við atvinnuþátttöku á síðustu 12 mánuðum. Lágmarksbætur og bótarétt fær sá umsækjandi sem hefur a. m. k. 425 dagvinnustundir á s. l. 12 mánuðum. Skilyrði bótaréttar er þannig fært niður úr 516 dagvinnustundum, eins og nú er, niður í 425 dagvinnustundir á síðustu 12 mánuðum, sem samsvarar nokkurn veginn 2 1/2 mánaðar vinnu. Bætur taka síðan hlutfallslegri hækkun miðað við vinnuframlag og ná að lokum hámarki ef umsækjandi hefur unnið a. m. k. 1 700 dagvinnustundir á s. l. 12 mánuðum eða sem næst 10 mánuði í dagvinnu.

Þessi kerfisbreyting leiðir því til þess, að um lækkun getur verið að ræða í vissum tilvikum samkv. þessu frv., eins og sést t. d. á því, að hámarksbætur fást nú við 1 700 stunda starf, en fengust áður við 1 032 stunda starf. Frv. felur hins vegar í sér að mínu mati réttlátari dreifingu atvinnuleysisbóta og fjárhæða í beinu hlutfalli við atvinnuþátttöku umsækjenda, eins og áður segir. Bótaréttur byrjar aðeins fyrr, hann er jafnari og á að vera sanngjarnari samkv. þessu frv. en er samkv. gildandi lögum. Framangreinda kerfisbreytingu, sem ég hef hér gert grein fyrir, er að finna í 16. gr. frv.

Helstu breytingar, sem þetta frv. felur í sér, verða nú raktar:

10. gr. fjallar um ákvörðun iðgjalds atvinnurekenda. Sú breyting er hér gerð, að í stað þess að miða við lægsta taxta Dagsbrúnar, þegar iðgjald skal lagt á, er miðað við 8. taxta Verkamannasambands Íslands, efsta starfsaldursþrep. Þetta þrep samkv. núgildandi kjarasamningi samsvarar 3. taxta samkv. eldri kjarasamningi, en á það skal bent, að bótafjárhæðir samkv. þessu frv. munu einnig miðast við þennan taxta.

Í gildandi lögum fer um ákvörðun á vinnuvikufjölda samkv. ákvæðum almannatrygginga um iðgjald atvinnurekenda til slysatrygginga. Þetta ákvæði er úrelt, þar sem á þeirri viðmiðun hafa orðið breytingar eins og kunnugt er, og er því í frv. þessu tekið upp beint ákvæði um ákvörðun tryggingarvikna, en tilvísun til almannatryggingalaga fellur niður, enda eru hin tilvitnuðu ákvæði nú numin úr lögum.

14. gr. frv. fjallar um framlag sveitarfélaga til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Hún samsvarar í öllum aðalatriðum ákvæðum núgildandi laga um þetta efni, en þó eru felld niður gildandi ákvæði um viðmiðun framlagsins við sérreikninga verkalýðsfélaga, eins og segir í 11. gr. núgildandi laga. Þá er það nýmæli varðandi framlag sveitarfélaga, að gert er ráð fyrir að áætlað framlag þeirra greiðist ársfjórðungslega eftir á, en fullnaðarskil skuli hins vegar gerð þegar iðgjöld hafa endanlega verið ákveðin. Með þessu eru gjalddagar á framlögum sveitarfélaga samræmdir gjalddögum ríkisstjórnarframlaga, sbr. 15. gr. frv. og 12. gr. gildandi laga.

Þá segir í 14. gr. frv. að um dráttarvexti skuli gilda reglur laga um tekjuskatt og eignarskatt og er það nýmæli í þessu sambandi. Sams konar nýmæli er tekið upp í 15. gr. frv., sem fjallar um framlag ríkisins til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Sömuleiðis er þar fellt niður ákvæði um færslu á sérreikninga verkalýðsfélaga.

17. gr. frv. fjallar um geymdan bótarétt. Ákvæði um það efni eru nú í 5. og 6. mgr. d-liðar 15. gr. laga. Auk þess sem þar er lögfest að bótaréttur geymist allt að 24 mánuðum, ef hinn tryggði tekur starfi sem ekki er tryggingarskylt, er nú fest hér í frv. nýmæli þess efnis, að sama gildi um þá sem taka að stunda nám eða heimilisstörf allt að sama tíma.

17. gr. frv. gerir því ráð fyrir að allir, sem fullnægja skilyrðum bótaréttar samkv. 16. gr., en taka starfi sem ekki er tryggingarskylt, þar með talið nám eða heimilisstörf í allt að 24 mánuði, haldi að loknu því starfi bótarétti þeim sem áunninn var áður en starfið var tekið. Samkvæmt gildandi lögum er sama tímamark fyrir þá sem verða fyrir þá sem verða frá störfum vegna veikinda, en í frv. þessu er lagt til að tímamörk verði felld niður þegar um veikindi er að ræða þannig að sá, sem hefur áunnið sér rétt til bóta, en verður að hverfa frá vegna veikinda, heldur þeim bótarétti þegar hann verður vinnufær á ný og getur sannað með læknisvottorði að um veikindi hafi verið að ræða, svo og að hann sé vinnufær á ný ef sótt er um atvinnuleysisbætur að loknum veikindum.

Í 18. gr. frv. segir að sá, sem gengur undir starfsþjálfun eða sækir námskeið til þess að öðlast hæfni til að stunda starf sitt eða ný störf, njóti á meðan atvinnuleysisbóta í allt að sex vikur, ef atvinnuleysi hefði skapað honum rétt til slíkra bóta þegar starfsþjálfunin eða dvölin á námskeiðinu hófst, enda njóti hann þá ekki launa. Ákvæði þetta er í 7. mgr. d-liðar 15. gr. gildandi laga svo og 24. gr. þeirra. Samkv. frv. þessu er það hins vegar ekki gert að skilyrði fyrir greiðslu bóta til einstaklings, að hann njóti atvinnuleysisbóta eða sé kominn á atvinnuleysisbætur þegar námskeið eða starfsþjálfun hefst. Umsækjandi þarf aðeins að fullnægja almennum skilyrðum þannig að atvinnuleysi hefði skapað honum bótarétt. Nýmæli þetta í frv. er til þess ætlað að gefa þeim, sem þess þarf einhverra hluta vegna, t. d. vegna tæknibreytinga, vélakosts eða nýjunga í starfsgreininni, kost á starfsþjálfun eða endurmenntun og atvinnuleysisbótum á meðan, enda þótt hann haldi starfi sínu og hefji störf að nýju að námskeiði eða starfsþjálfun lokinni. Í 2. mgr. 18. gr. frv. er kveðið ótvírætt á um það, að heimilt sé að veita styrki til rekstrar starfsþjálfunarnámskeiða, og þarf þá ekki að vera um greiðslur til einstakra þátttakenda að ræða eins og gert er ráð fyrir í 24. gr. núgildandi laga.

Í 20. gr. frv. er nú gert ráð fyrir því, að til þess að öðlast bótarétt verði umsækjandi að láta skrá sig vikulega hjá vinnumiðlun, að viðlögðum missi bótaréttar. Geti um-

sækjandi ekki látið skrá sig vegna veikinda skal hann láta skrá sig næsta dag sem honum er unnt, að viðlögðum missi bóta. Þetta ákvæði frv. er hliðstætt ákvæðum í 15. gr. gildandi laga. Frv. felur þó í sér það nýmæli, að skráning skal nú vera vikuleg í stað daglegrar skráningar samkv. gildandi lögum. Þó er gert ráð fyrir því í 2. mgr. 20. gr., að stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs geti ákveðið að á afmörkuðum svæðum og í tiltekinn tíma skuli skráning fara fram oftar en vikulega, enda verði slíkt talið eðlilegt með hliðsjón af atvinnuástandi. Þetta ákvæði er einnig nýmæli, og eru þá höfð í huga þau tilvik þegar skyndilegar breytingar verða á atvinnuástandi og rök standa til þess tímabundið að herða skráningu atvinnulausra og leggja aukna áherslu á vinnumiðlun í því sambandi.

Í g-lið 16. gr. gildandi laga — en 16. gr. laganna fjallar almennt um þau tilvik þegar bætur greiðast ekki — segir að fella skuli niður bótagreiðslur til umsækjanda sem á maka sem á síðustu 12 mánuðum hefur haft og hefur hærri tekjur en sem svarar tvöföldum dagvinnutaxta Verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík. Þessi regla um hjón gildir einnig jafnt um karl og konu sem búa saman og eru bæði ógift, ef þau hafa átt saman barn eða konan er þunguð af hans völdum, eins og það er orðað í lögunum, eða sambúðin hefur varað samfleytt í tvö ár.

Í frv. þessu er umrætt ákvæði g-liðar 16. gr. gildandi laga fellt niður og því engin ákvæði í frv. um skerðingu bóta vegna viðmiðunar við tekjur maka umsækjanda eða tekjur umsækjandans sjálfs. Eins og kunnugt er hefur þessi skerðing vegna tekna maka sætt mikilli gagnrýni á undanförnum árum. Hún hefur einkum mætt á konum sem misst hafa atvinnu sína, og gefur auga leið að slíkt ákvæði er ekki í anda þeirra jafnréttishugmynda sem góðu heilli hafa átt vaxandi fylgi að fagna á undanförnum árum. Breyting þessi er því sjálfsögð og í samræmi við sjónarmið sem margoft hafa komið fram, einnig hér á hv. Alþingi.

Samkv. 22. gr. frv. er bótadögum fjölgað úr 130 í 180 á 12 mánaða tímabili.

Í 23. gr. frv. er að finna ákvæði um ákvörðun dagpeninga. Samkv. greininni er nú lagt til að dagpeningar verði á bilinu 1/4 hluti til fullra launa samkv. efsta starfsaldursþrepi 8. launaflokks Verkamannasambands Íslands. Að auki eru svo barnadagpeningar 4% nefndra launa fyrir hvert barn umsækjanda. Hér er því horfið frá þeirri viðmiðun að miða við lægsta taxta Dagsbrúnar, og það er einnig horfið frá því að skerða þann taxta eins og gert er í gildandi lögum, þ. e. að hæstu bætur verði 80% af viðmiðunartaxta þegar í hlut á aðalfyrirvinna heimilis, 70% þegar í hlut á einstaklingur og 65% með hverju barni, þó ekki fleiri en þremur. Áður er rakin sú kerfisbreyting sem frv. felur í sér hvað bótafjárhæð snertir. Komin er á bein viðmiðun og hlutfall milli atvinnuþátttöku á s. l. ári og bóta hins vegar. Að lokum er gert ráð fyrir því, að af bótum skuli greiða iðgjald til lífeyrissjóðs, greiði bótaþegi 4% af bótum sínum í lífeyrissjóð, en Atvinnuleysistryggingasjóður 6%. Greiðsla í lífeyrissjóð er nýmæli, og þótti mörgum tími til kominn að lögfesta ákvæði sem tryggði að atvinnulausir yrðu ekki fyrir verulegri skerðingu lífeyrisréttar, eins og væri að óbreyttu.

Um fjárhæð bóta fjallar 24. gr. frv. Þar er, eins og áður segir, gert ráð fyrir hámarksbótum og lágmarksbótum miðað við annars vegar 1700 dagvinnustundir og hins vegar 425 dagvinnustundir. Í niðurlagi greinarinnar kemur fram að Atvinnuleysistryggingasjóður skal leggja úthlutunarnefndum til skrá um ákvörðun dagpeninga. Skal skráin tilgreina 76 þrep, frá 25% til 100% bóta, þannig að bætur hækki um 1% hámarksbóta við hvert þrep eftir starfstíma.

Í 22. gr. frv. er ákvæði þess efnis, að maður, sem öðlast bótarétt samkv. lögunum, eigi rétt á bótum fyrir þá heilu daga sem hann er atvinnulaus, frá og með fyrsta skráningardegi. Í 4. mgr. 24. gr. er hins vegar undantekning frá þessu ákvæði 22. gr. Þar segir að ef brýna nauðsyn beri til að skerða dagvinnutíma starfsmanna vegna samdráttar í starfsemi fyrirtækis skuli greiða starfsmönnum þann hluta þeirra atvinnuleysisbóta, sem þeir eiga rétt á, sem svarar til skerðingar dagvinnutímans, enda taki ráðstafanir þessar almennt til starfsmanna fyrirtækisins eða starfsmanna í einstökum greinum starfsemi þess, ef um fleiri en eina grein er að ræða. Ákvæði þetta er nýmæli.

Í 5. mgr. 24. gr. frv. er að finna ákvæði um rétt skólafólks. Í 2. mgr. d-liðar 15. gr. gildandi laga segir að skólafólk, sem stundar vinnu að námi loknu, teljist hafa fullnægt vinnutímaákvæðum laganna hafi það á síðustu 12 mánuðum stundað vinnu a. m. k. í þrjá mánuði og skólanám í sex mánuði.

Í frv. þessu er nú lagt til, eins og áður segir, í 5. mgr. 24. gr., að sama regla gildi um bótarétt skólafólks og annarra. Hins vegar er lagt til að skólafólki, sem hefur áunnið sér bótarétt og stundar skólanám á síðustu 12 mánuðum í ekki skemmri tíma en sex mánuði og hefur lokið námi, skuli reiknaðar 520 dagvinnustundir vegna námsins sérstaklega, til viðbótar vinnustundum þess að loknu námi.

Ég hef nú nefnt flestar breytingar sem frv. þetta gerir ráð fyrir að verði á bótum og bótarétti úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Ýmsar fleiri breytingar eru þó í þessu frv. sem ekki er ástæða til að taka upp hér, og vísast í því sambandi til frv. og grg. með hverri grein þar. Hins vegar verður að hafa það í huga, að hlutverk Atvinnuleysistryggingasjóðs er ekki aðeins atvinnuleysisbætur til þeirra sem missa vinnu sína, heldur er einnig gert ráð fyrir því, að sjóðurinn sinni fyrirbyggjandi starfi og stuðli að uppbyggingu atvinnulífs þar sem þess er þörf. Í 33. gr. frv. er nú gert ráð fyrir að stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs sé heimilt að veita lán með lágum vöxtum eða vaxtalaus til eflingar atvinnulífs á þeim stöðum þar sem atvinnuleysi er alvarlegt. Áður en slík lán eru veitt skal liggja fyrir rannsókn á atvinnuháttum og atvinnumöguleikum á þeim stöðum þar sem lána skal. Einnig skal sjóðsstjórnin leita umsagnar Framkvæmdastofnunar ríkisins og vinnumálaskrifstofu félmrn. áður en lán samkv. þessari grein er veitt. Grein þessi er í verulegum atriðum sambærileg 1.—3. mgr. 22. gr. gildandi laga. Þó er felld niður heimild til að hafa lán þessi afborgunarlaus um tiltekið tímabil svo og að veita þau gegn ábyrgð sveitarfélags einni saman.

Í 34. gr. er gert ráð fyrir því, að stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs sé heimilt að veita stéttarfélögum, samtökum þeirra, félögum atvinnurekenda og samtökum þeirra lán með lægri vöxtum en almennum útlánsvöxtum til að koma upp húsnæði fyrir félagsstarfsemi þeirra svo og veita slík lán til orlofsheimila launþegasamtakanna. Grein þessi er efnislega eins og 4. mgr. 22. gr. gildandi laga um lán til stéttarfélaga og samtaka atvinnurekenda.

Hér að framan var minnst á heimild sjóðsstjórnar til að veita lán til eflingar atvinnulífs. Í 35. gr. frv. er hins vegar

að finna heimild til að veita styrki úr sjóðnum til einstakra sveitarfélaga með ákveðnum forsendum:

1. Ef um verulegt atvinnuleysi er að ræða í hlutaðeigandi sveitarfélagi eða útlit fyrir verulegt atvinnuleysi sem hætta er á að verði langvarandi.

2. Að sveitarfélagið láti hefja vinnu við tilgreindar framkvæmdir og ráði í því skyni til vinnu ákveðinn fjölda atvinnulausra manna í héraðinu til ákveðins tíma.

3. Að sveitarfélagið greiði laun fyrir þessa vinnu samkv. gildandi kjarasamningi eða taxta verkalýðsfélags.

4. Að hlutaðeigandi verkalýðsfélög og samtök atvinnurekenda samþykki styrkveitinguna.

5. Að réttur atvinnulausra manna til bóta að framkvæmdum loknum verði a. m. k. hinn sami og hann var þegar þeir hófu umrædda vinnu, ef þeir verða þá áfram atvinnulausir.

Grein þessi er efnislega eins og 23. gr. gildandi laga að því er varðar greiðslu styrk-veitinga. Hins vegar er felld niður heimild til að veita öðrum aðilum vaxtalaus lán við sömu kringumstæður, enda virðist þess ákvæðis ekki þörf með tilliti til 33. gr. frv. eins og það lítur hér út.

Í 36. gr. frv. er nú gert ráð fyrir að stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs hafi heimild til að veita lán með lægri vöxtum en venjulegum útlánsvöxtum til að koma á fót vinnu- og þjálfunaraðstöðu fyrir öryrkja. Ekki mega slík lán þó nema meiru en 40% stofnkostnaðar. Þá er stjórninni heimilt að greiða allt að þriðjung rekstrarhalla slíkra stöðva, enda mæli endurhæfingarráð með því að slíkur styrkur verði veittur. Þá er gert ráð fyrir því, að stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs hafi heimild til að veita styrki til endurþjálfunar starfsmannahópa sem misst hafa atvinnu sína vegna breyttra starfshátta.

Öll framangreind ákvæði 36. gr. frv. eru sambærileg 25. gr. gildandi laga, með þeim breytingum þó, að lánstími til greindra lána var ákveðinn 20 ár og ársvextir 5%, en í frv. er lánstími ekki ákveðinn og um vexti segir það eitt, að þeir megi ekki vera lægri en venjulegir útlánsvextir.

Í niðurlagi 36. gr. er hins vegar að finna ákvæði sem heimila stjórn sjóðsins með styrkjum að greiða fyrir tilfærslu starfsmanna milli starfsgreina og vegna búferlaflutninga í atvinnuskyni. Ákvæði þetta er nýmæli.

Að lokum skal getið 38. gr. frv. Hún er ný og felur í sér ábyrgð ríkissjóðs á greiðslum úr Atvinnuleysistryggingasjóði, ef hann þrýtur fé, annaðhvort í formi greiðslu eða láns. Í gildandi lögum er ekki ákvæði um slíka ábyrgð.

Enda þótt þau ákvæði frv., sem ég hef nú talið upp og snerta sérstaklega heimild til sjóðsstjórnar til lána og styrkveitinga í atvinnuskyni, hafi ekki tekið miklum breytingum frá gildandi lögum tel ég ástæðu til að vekja athygli á þeim sérstaklega hér.

Í 37. gr. frv. segir að til lánveitinga og styrkja þessara megi verja allt að 40% af árlegum vaxtatekjum sjóðsins. Eru þau ákvæði efnislega samhljóða 27. gr. gildandi laga. Þetta undirstrikar hins vegar hið tvíþætta hlutverk sjóðsins, eins og ég minntist á áðan. Ástæða er til þess að hafa í huga við framlagningu þessa frv. að Atvinnuleysistryggingasjóður getur orðið og verður að geta veitt fjármagni sínu og atbeina til uppbyggingar atvinnulífs á þeim stöðum þar sem þörf er á. Efling atvinnulífs og fyrirbyggjandi aðgerðir í því efni hljóta auðvitað að vera meginviðhorfið í vinnumarkaðsmálum. Atvinnuleysi er og verður böl og atvinnuleysisbætur eru neyðarúrræði sem má aldrei vera öðruvísi en til bráðabirgða, sem alger undantekning.

Þetta frv., herra forseti, er samið í samráði við málsaðila og hefur fengið þar eftir atvikum allgóðar undirtektir. Ég vænti þess, að hv. Alþingi nái einnig góðri samstöðu um frv. þetta, og legg á það áherslu, að frv. nái afgreiðslu á yfirstandandi þingi. Ég fer þess á leit við hv. heilbr.- og trn. Nd., að hún hafi samráð við heilbr.- og trn. í Ed. við meðferð þessa máls.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og heilbr.- og trn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. (þskj. 500). — 1. umr.

Flm. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Ég leyfi mér ásamt hv. þm. Guðmundi J. Guðmundssyni að flytja hér frv. til l. um breyt. á lögum nr. 73 frá 1980, um tekjustofna sveitarfélaga:

„1. gr. 3. málsgr. 5. gr. laganna orðist svo:

1. Skylt er sveitarstjórn að lækka eða fella niður fasteignaskatt sem efnalitlum elli- og örorkulífeyrisþegum er gert að greiða. Sama gildir um slíka lífeyrisþega sem ekki hafa verulegar tekjur umfram elli- og örorkulífeyri.

2. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi."

Ég leyfi mér, með leyfi forseta, að lesa hér upp grg. Hún er svohljóðandi:

„Í 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga segir að sveitarstjórnum sé heimilt að lækka eða fella niður fasteignaskatt sem efnalitlum elli- og örorkulífeyrisþegum er gert að greiða.

Komið hefur í ljós að margt af því fólki, sem rétt hefur til að njóta góðs af heimildarákvæði þessu, gerir sér ekki grein fyrir þessum rétti sínum og sækir ekki um niðurfellingu eða lækkun á fasteignasköttum sínum.

Þá hefur einnig komið í ljós að rétthafar treysta sér oft ekki til að standa í slíkum bréfaskriftum við opinberar stofnanir.

Rétt og skylt er að geta þess, að flest sveitarfélög sýna lipurð og tillitssemi í þessum efnum. En þar sem í hlut á efnalítið fólk, sem verður að lifa á elli- og örorkulífeyri og hefur ekki gjaldþol til greiðslu slíkra fasteignaskatta, þykir flm. eðlilegt að breyta þessari heimild sveitarstjórna í skyldu."

Það skal tekið fram hér, því að það er ekki tekið fram í grg. sjálfri, að breyting þessi var unnin í samstarfi við Jón Guðmundsson hjá Fasteignamati ríkisins.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Ég er mjög sammála þeim sjónarmiðum hv. flm. sem fram koma í því frv. sem hér er til umr. Ég hef margfalda reynslu af því, að það er aðeins lítill hluti gamals fólks sem sækir um eftirgjöf gjalda þó slíkar heimildir séu til og þótt þær séu sæmilega auglýstar. Ég minnist þess t. d. þegar bæjarstjórn Vestmannaeyja ákvað á sínum tíma að fella niður eða lækka fasteignagjöld aldraðs fólks og öryrkja eftir ákveðnum reglum þar sem tekið var tillit til tekna og efnahags. Þessar reglur voru auglýstar rækilega í öllum bæjarblöðum, sem koma inn á hvert einasta heimili í bænum eða svo til. Eftir sem áður sendu mjög fáir þeirra, sem réttindi áttu, inn umsóknir um lækkun eða niðurfellingu gjaldanna. Þá var framkvæmdinni breytt þannig,

að við fólum útsvarsnefnd kaupstaðarins að sjá um það að finna hvaða fólk hér ætti í hlut, hvaða fólk ætti réttinn. Þetta var gert og það var ekki mjög mikil vinna. Síðan fékk fólkið niðurfellingu eða lækkun, eftir því sem efni stóðu til, án þess að það þyrfti að sækja um það. Með þeirri tölvutækni, sem nú er til umráða, sem skattstofurnar hafa nú til umráða, er þetta afskaplega auðvelt.

Frv. gengur út á það að skylda sveitarfélögin til þess að sjá um að fólkið fái þessa niðurfellingu, það sé ekki bara heimildarákvæði, heldur skylda. Eða þannig skil ég frv.

Þessi vinnubrögð eiga við í mörgum öðrum tilvikum. Þau eiga við alltaf þegar um það er að ræða, að einhverjir, sérstaklega gamalt fólk og öryrkjar, eigi einhvern rétt, sem þeim er ætlað að sækja um til að fá notið þess réttar. Þetta á t. d. við um framkvæmd laganna um eftirlaun til aldraðra. Það kom fram hjá hæstv. heilbr.- og trmrh. við fyrirspurn frá mér í haust, að það eru afskaplega fáir af þeim, sem eiga þarna rétt, innan við 10% þeirra, sem fá notið hans, og það er útilokað með öllu. Við eigum ekki að krefjast þess, að gamalt fólk og öryrkjar sæki um þetta eða sæki um hitt sem það á rétt á. Það má ekki vera undir því komið, að einhverjir aðstandendur eða einhver kunnugur taki eftir auglýsingu um þetta eða auglýsingu um hitt. Það má ekki vera undir því komið, hvort fólkið fær notið þess réttar. Við verðum sjálf að sjá til þess, að þetta ágæta fólk fái notið réttar síns. Og með núverandi tölvutækni á það að vera okkur vorkunnarlaust.

Herra forseti. Ég styð það frv. sem hér er til umr.

Alexander Stefánsson: Herra foreseti. Efnislega get ég tekið undir þetta frv., en ég vil þó vekja athygli á því, að eftir því sem ég þekki til hafa sveitarfélög eða sveitarstjórnarmenn yfirleitt — a. m. k. í öllum miðlungs- og smærri sveitarfélögum — notað þennan rétt þannig að sveitarstjórnirnar framkvæma það sjálfar án þess að um það sé sótt. Í þeim sveitarfélögum, þar sem ég þekki til, hefur þetta verið sjálfkrafa fellt niður af sveitarstjórninni, þetta verið framkvæmdaatriði sveitarstjórnar.

Það má vel vera að í stærri sveitarfélögum, eins og í höfuðborginni og þeim allra stærstu í nágrenninu, sé hins vegar sá háttur hafður á, að sækja verði um þessa niðurfellingu, en ég held að sveitarstjórnir í landinu noti yfirleitt hina aðferðina. Í sambandi við fasteignagjöldin er farið eftir fyrir fram ákveðnum lista yfir það fólk sem ber að fella þessi gjöld niður hjá samkv. heimild laganna, þ. e. elli- og örorkulífeyrisþegum, ég held að það sé gildandi aðferð sveitarstjórna í landinu. Ég þekki ekki annað. Hins vegar getur vel verið að það sé heppilegra að herða þetta ákvæði á þennan hátt. Ég hef ekki á móti því.

Guðrún Helgadóttir: Herra foreseti. Um leið og ég fagna þessu fram komna frv. vil ég aðeins leyfa mér að leiðrétta það sem hv. síðasti ræðumaður sagði áðan. Ég get upplýst að í Reykjavík er þetta einmitt framkvæmt þannig, að þar þarf enginn að sækja um, og hefur svo verið um nokkur ár. Fasteignagjöld eru lækkuð ýmist um 25%, 50% eða 75% eftir ákveðnum reglum sem borgarstjórn setur hverju sinni eða borgarráð. Ég vil hins vegar vekja athygli á að það er ein grundvallarbreyting í þessu frv. sem skiptir verulegu máli. Í núgildandi lögum segir að heimilt sé að fella niður eða lækka o. s. frv. og það er mikill munur á því eða hvort skylt sé að fella niður eða lækka. Þar með er komin skylda að fella jafnvel niður fasteignagjöld. Þetta frv., sem ég vona að verði að lögum, felur það í sér að það hlýtur að verða að búa til reglur um að stundum, við ákveðnar aðstæður, verði þessi skattur algerlega felldur niður. Þannig er um að ræða verulegan mun. Hingað til er mér ekki kunnugt um að heimildin hafi verið notuð til að fella niður fasteignaskatta, en hún hefur vissulega verið notuð — ég má segja í öllum sveitarfélögum — til að lækka. Hér er því um verulega breytingu að ræða sem ég tel að hiklaust beri að fagna. Ég vil sem sagt eindregið lýsa stuðningi mínum við þetta frv. Ég vildi aðeins vekja athygli á ofangreindu atriði sem skiptir verulegu máli.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Vernd barna og ungmenna, frv. (þskj. 104). — 1. umr.

Flm. (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Ég hef á þskj. 104 flutt frv. til l. um breyt. á lögum nr. 53/1066, um vernd barna og ungmenna. Ég held að meginefni og megintilgangur þessa frv. skýri sig best með því að lesa úr grg. þess, með leyfi forseta, en þar segir:

„Fá mál eru viðkvæmari og vandmeðfarnari en barnavernd og afskipti af heimilum eða einstaklingum af þeim sökum. Það verður að teljast neyðarráðstöfun, þegar samfélagið þarf að grípa inn í fjölskyldumál og leysa úr vandamálum sem stafa af sálrænum, tilfinningalegum eða persónulegum ástæðum, ekki síst þegar börn eða ungmenni eiga í hlut. Barnaverndarnefndir, barnaverndarráð, félagsfræðingar og aðrir, sem afskipti hafa af slíkum málum, bera að þessu leyti mikla og vandasama ábyrgð.

Allajafna fara störf þessara aðila fram í kyrrþey, og ljóst er að hversu margar lagagreinar og reglur sem settar eru um framkvæmd og meðferð barnaverndarmála reynir fyrst og fremst á þroska, skilning og lipurð þeirra, sem til slíkra ábyrgðarstarfa veljast, að dæma um velferð barns og ungmennis. Óhætt er að fullyrða að við allan meginþorra barnaverndarmála gæti slíkra sjónarmiða.

Á hinn bóginn er nauðsynlegt að löggjöf móti meginstefnu sem taki tillit til mannúðlegra viðhorfa og beri hag einstaklinganna, sem í hlut eiga, fyrir brjósti.

Lög um vernd barna og ungmenna, nr. 53/1966, hafa verið í endurskoðun um nokkurt skeið, en lítið virðist miða og hljótt er um þá endurskoðun.

Að gefnu tilefni hefur flm. þessa frv. ákveðið að bera fram nokkrar brtt. við nefnd lög, en þær hníga allar í þá átt að tryggja betur en nú er gert rétt foreldra eða forráðamanna barna með hagsmuni barnsins fyrir augum. Er þá gengið út frá þeirri meginforsendu, að barnið sé hluti fjölskyldu sem umfram allt megi ekki stía í sundur nema til þess liggi óumdeilanleg rök og ástæður. Í íslenskri löggjöf er allsráðandi sú meginregla, að fjölskyldan búi og lifi saman, og aldrei má til þess koma, að barni sé ráðstafað og tekið úr umsjá foreldra vegna rangra upplýsinga eða á röngum forsendum.

Hér er ekki einvörðungu um það að ræða, að sjálfsagður réttur barnsins og fjölskyldunnar sé hafður í huga, heldur höfðað til þeirra grundvallarreglu í réttarríki, að aðilar máls eigi heimtingu á því að vera upplýstir um málsástæður og gögn sem úrskurður kann að byggjast á. Á þetta skortir nokkuð í núgildandi lögum."

Frv. felur í sér breytingar á fjórum greinum núgildandi laga, breytingar eða viðbætur. Það er gert ráð fyrir að

aftan við 15. gr. bætist ný mgr., en sú grein í núgildandi lögum fjallar um það, að ef bráðan bug þurfi að vinda að ráðstöfun, sem ber undir barnaverndarnefnd, geti formaður eða fulltrúi í umboði hans framkvæmt hana, en leggja skuli málið til fullnaðarákvörðunar fyrir barnaverndarnefnd svo fljótt sem kostur er.

Gert er ráð fyrir samkv. frv. að aftan við þessa grein bætist við ný mgr. þess efnis, að taka barns af heimili og kyrrsetning barns sé óheimil, nema foreldrum og forráðamönnum sé birtur úrskurður samkv. 14. gr., en þar er ákvæði um slíka úrskurði, í síðasta lagi innan viku frá því að ráðstöfun fór fram, og gætt sé ákvæða 20. og 32. gr. En þá er gert ráð fyrir að foreldrum eða forráðamönnum sé gefinn kostur á að tjá sig um málið.

Þetta felur sem sagt í sér að ákveðið form eigi að vera á slíkum ráðstöfunum og er það gert í því skyni að tryggja að fyllsta réttaröryggis sé gætt.

2. gr. frv. fjallar um að aftan við 1. mgr. 16. gr. bætist ný mgr., en í 16. gr. eins og hún er nú kemur fram, að við úrlausn barnaverndarmála skuli kosta kapps um að afla sem gleggstra upplýsinga um þau mál sem snerta bæði börnin, ungmennin svo og fjölskylduna. Gert er ráð fyrir að aftan við þessa grein bætist ákvæði þess efnis, að skylt sé að styðja fullyrðingar um ölvun og lyfjanotkun blóðrannsókn eða læknisrannsókn, nema brýn ástæða hamli. Ef slíkar rannsóknir liggja ekki fyrir skuli þess getið í skýrslum, hvers vegna slík rannsókn hafi ekki farið fram. Ástæða þess, að þetta er borið fram, er sú, að það eru dæmi þess, að barn sé tekið af heimili og fullyrt að um ölvun eða lyfjanotkun sé að ræða, án þess að eftir á séu nokkur sönnunargögn til um það nema munnlegar yfirlýsingar sem e. t. v. eru þá gefnar eða dómur felldur við aðstæður sem hafa ekki verið þess efnis, að fyllstu sanngirni sé gætt.

Þá er gert ráð fyrir að aftan við 20. gr. laganna bætist mgr., en í 20. gr. segir nú að áður en meiri háttar barnaverndarmáli sé ráðið til lykta beri að veita foreldrum eða öðrum forráðamönnum barns kost á að tjá sig um málið munnlega eða skriflega, þ. á m. með liðsinni lögmanna. En samkvæmt þessu er gert ráð fyrir því, að foreldrum og forráðamönnum skuli ætíð heimilt að hafa óhindraðan aðgang að öllum gögnum sem þá eða börn þeirra varðar, þeim skuli heimilt að fá staðfest afrit af þeim, og séu gögn undan dregin sé óheimilt að nota þau í barnaverndarmáli.

Síðasta mgr. felur í sér breytingu á 56. gr. laganna eins og þau eru nú, en 56. gr. fjallar um málskot til barnaverndarráðs. Samkv. þeirri grein er heimilt að skjóta úrskurðum eða ákvörðunum barnaverndarnefnda til barnaverndarráðs, en þessi grein fjallar um að sett séu ákveðin tímamörk um það, hvenær barnaverndarráð skuli hafa lokið meðferð mála, þ. e. að ráðinu sé skylt að taka málin til skjótrar meðferðar og úrlausnar og að úrskurður ráðsins skuli liggja fyrir inna 30 daga frá því að ráðinu barst málið til meðferðar, nema báðir málsaðilar samþykki lengri frest.

Þetta eru í stórum dráttum þær breytingar sem hér er um að ræða. Þær fela allar í sér, eins og ég sagði áðan, að reynt sé að tryggja betur en nú er rétt foreldra, forráðamanna svo og barna sem þurfa að hlíta afskiptum barnaverndarnefnda af sínum málum.

Ég vil að svo mæltu, herra forseti, leggja til að þessu frv. verði vísað til menntmn. og 2. umr.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Vegna þess að mjög er nú liðið á vinnudag hv. þm. skal ég reyna að hafa mál mitt mjög stutt.

Lög um vernd barna og ungmenna eru sennilega einhver viðkvæmustu lög sem Alþingi fæst við, og ævinlega ber að fagna því ef þm. sýna þeim málum áhuga. Það eru örstuttar athugasemdir sem ég vil gera strax við 1. umr. um þetta mál, þó að ég muni eiga kost á að fjalla um það í hv. menntmn.

Það er sérstaklega eitt atriði sem mér stendur dálítil ógn af í þessum brtt. hv. þm. Birgis Ísl. Gunnarssonar, en það er í 2. gr. frv. hans, þar sem hann leggur til að aftan við 16. gr. laganna komi, með leyfi forseta: „Skylt er að styðja fullyrðingar um ölvun og lyfjanotkun“ o. s. frv.

Mér er alveg ljóst hvað vakir fyrir þm., en þetta atriði er ég hrædd um að geti oft valdið verulegum vandræðum þegar skerast þarf í leik á heimili. Og við megum aldrei gleyma því, að barnavernd fjallar fyrst og fremst um vernd barna, en ekki foreldranna. Ef skylt er að sanna óreglu á heimili, þá sýnist mér að felist í því að gefa verði út handtökuskipun og flytja viðkomandi foreldri í blóðprófun. Og það er auðvitað oft gert, en ég held að slík skylda verði til þess, að erfitt reynist að skerast í mál sem kannske er mjög brýnt að fást við, svo sem ef barni stafar beinlínis hætta af foreldri eða öðrum ættingjum sem eru í slíku ástandi að öryggi barnsins er talið ógnað.

Ég held að ég muni leggja til í nefndinni að þetta væri orðað: „æskilegt“. Ég efast um að hægt sé að gera þetta að einhliða skyldu. En mér er ljóst hvað fyrir þm. vakir. Auðvitað er eðlilegt að brýn rök séu fyrir slíkri aðgerð.

Annað held ég að reynist nokkuð erfitt, og það er ákvæði í 3. gr. frv. þar sem þm. gerir ráð fyrir að foreldrar og forráðamenn skuli ætíð hafa óhindraðan aðgang að öllum gögnum er snerta þá eða börn þeirra varða. Þetta hefur verið mikið rætt og lengi í þeim nágrannalöndum þar sem ég þekki nokkuð til. Og í Danmörku hefur reynslan af þessu hreinlega orðið sú, að þar hafa verið færðar tvær skýrslur, önnur sem ættingjar eiga aðgang að, hin skýrslan hefur verið fyrir starfsmenn. Það er óhjákvæmilegt, að hver starfsmaður félagsmálastofnunar og barnaverndarnefndar, sem notar skýrslu sem vinnuplagg, hlýtur ævinlega að skrifa það sem lýsingu á því, hvernig honum koma aðstæður barns fyrir sjónir. Í slíkri skýrslu er auðvitað aldrei hægt að hafa einvörðungu hluti sem hægt er að sanna með óyggjandi gögnum. Ef slík skýrsla er hins vegar aðgengileg aðstandendum barnanna, hlýtur starfsmaðurinn í hverju tilviki að vera mjög meðvitandi um að viðkomandi foreldri geti höfðað mál og beitt starfsmann sönnunarskyldu.

Það er auðvitað hægt að ímynda sér, og þarf ekki mikið hugmyndaflug til, að oft þegar skorist er í þessi mál er um mikil tilfinningamál að ræða. Við þekkjum öll löng og mikil blaðaskrif fólks, sem hefur þótt brotið á sér í þessu tilviki, og ekki skal ég fullyrða um hvort það hefur verið gert. Reynsla mín hins vegar, sem er tiltölulega lítil, ég hef einungis átt sæti sem varamaður í barnaverndarnefnd Reykjavíkur, — reynsla mín þar er hiklaust sú, að reynt sé að gera eins og best þykir hverju sinni. En ég held að það yrði næstum óþolandi kvöð á starfsmönnum, að allt það, sem starfsmaður skrifar í máli, eigi að vera aðgengilegt foreldri eða aðstandanda sem síðan getur bæði hlaupið með það í blöðin og höfðað mál og heimtað sönnun fyrir hverju einasta atriði. Ég veit ekki hvernig ætta að sanna atriði eins og oft finnast í slíkum skýrslum,

t. d. hvort heimilið er þrifalegt eða ekki, hvort barnið er hirt. Ég held að það væri ákaflega erfitt að sanna slíkt óyggjandi.

En ég skal ekki tefja fundartímann hér. Það eru í frv. smáatriði sem ég gæti ímyndað mér að orkuðu einnig tvímælis, svo sem í 1. gr. þar sem segir að birta skuli foreldri eða aðstandanda úrskurð innan viku frá því að ráðstöfun fór fram. Það kemur strax upp, að verið getur að foreldri sé í því ástandi — t. d. vegna geðsjúkdóms eða einhvers slíks — að það þjóni ekki neinum tilgangi að tilkynna töku barns af heimili. Ég held að þetta sé ekki hægt að hafa án einhvers fyrirvara. Ég skal hins vegar ekki tefja fundartímann lengur, en mun e. t. v. leyfa mér að koma með brtt. í hv. menntmn.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að lýsa furðu minni á þeim athugasemdum sem hv. 8. landsk. þm. gerði við 2. gr. þess frv. sem hér liggur fyrir um breytingu á lögum nr. 53 frá 1966, um vernd barna og ungmenna. Því miður eru mál sem þessi rædd í slíkum trúnaði, að ekki er hægt að taka dæmi. En við erum öll borgarfulltrúar. Og borgarstjórn, þar áður borgarráð, hefur nýlega rætt mál, barnaverndarmál, á lokuðum fundi, þar sem fer ekki á milli mála að þessi grein á rétt á sér. Ég get nefnt dæmi um misbeitingu í þessu tilfelli, og það nýlegt dæmi og annað dæmi en það sem ég vitna hér til undir rós. Ég legg mikla áherslu á að þessi grein verði með og við henni verði ekki hróflað.

Sönnunarskylda er ekki á barnaverndarnefnd gagnvart neinum öðrum en barnaverndarráði, og borgarfulltrúar — sem eru þó ábyrgir fyrir kjöri á barnaverndarnefndarmönnum — fá ekki þau gögn sem barnaverndarnefnd byggir sínar ákvarðanir á, þrátt fyrir þann trúnað sem þar ríkir á lokuðum fundi, í þröngum hópi borgarráðsmanna, þar sem engir aðrir eru viðstaddir.

Ég vil þakka flm., hv. þm. Birgi Ísl. Gunnarssyni, fyrir að flytja þetta frv. til laga. Ég veit að við erum báðir borgarfulltrúar — það er hv. þm. Guðrún Helgadóttir líka — og höfum talsverða þekkingu á þessum málum sem slíkir. Borgarfulltrúi Guðrún Helgadóttir, sem hefur setið í barnaverndarnefnd eftir því sem hún upplýsti hér, hlýtur að vera öllum þessum greinum og breytingum sammála. En ég ítreka að það er kominn tími til að það alræðisvald, sem barnaverndarnefnd hefur — að undanteknu því að hægt er að áfrýja dómum hennar til barnaverndarráðs — er ógnvekjandi. Ég tala þar af reynslu, og ég tel að það sé brýn nauðsyn að ganga þannig frá lögum að um misbeitingu geti ekki verið að ræða í neinu tilfelli.

Flm. (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Ég skal ekki tefja umræðuna, en ég vildi þó aðeins, áður en málið fer til nefndar, svara með örfáum orðum athugasemdum sem hv. 8. landsk. þm. flutti áðan.

Hún flutti meginathugasemd sína við 2. gr. þar sem talað er um að skylt sé að styðja fullyrðingar blóðrannsókn eða læknisrannsókn. Ég geri mér fyllilega grein fyrir því, að slík tilvik koma upp og geta komið upp, að ekki sé hægt að styðja slíkar fullyrðingar með t. d. blóðrannsókn eða læknisrannsókn, vegna þess að viðkomandi aðili vildi ekki undir þetta gangast. Og einmitt þess vegna er fyrirvari settur í greininni, ef hv. þm. les áfram: „Ef slíkar rannsóknir liggja ekki fyrir skal þess getið í skýrslu, hvers vegna slík rannsókn hafi ekki farið fram."

Ástæðan fyrir því, að þetta er sett, er sú, að það er ekki lagaskylda fyrir foreldra að fara til blóðrannsóknar, eins og t. d. bifreiðastjóra þegar þeir eru teknir ölvaðir við stýri. Ég geri mér grein fyrir að viðkomandi getur neitað, og þá mundu þeir, sem málið annast, geta þess í sinni skýrslu, hvers vegna blóðrannsókn eða læknisrannsókn fór ekki fram, en alla vega að óskað sé eftir því, að viðkomandi aðili undirgangist slíka rannsókn.

Þetta er meginatriði þeirrar athugasemdar sem hv. þm. kom fram með varðandi birtingu úrskurðar held ég að það ætti ekki að vera vandamál. Ef aðili er þannig í stakk búinn, að hann geti ekki tekið við úrskurði, t. d. vegna veikinda, þá er auðvelt að skipa sérstakan réttargæslumann sem tæki við úrskurði undir slíkum kringumstæðum.

Varðandi óhindraðan aðgang að öllum gögnum, þá skil ég það kannske vel að starfsmenn, hvort sem eru barnaverndarnefndar eða aðrir starfsmenn í íslenskri stjórnsýslu, sú tregir til þess að láta gögn af höndum sem varða þá einstaklinga sem þeir eru að meðhöndla. Og ástæðan er sú, að það er ákaflega framandi starfsfólki í íslenskri stjórnsýslu að þurfa að gera það. En t. d. í nýlegum stjórnsýslulögum bæði í Noregi og Svíþjóð hafa verið sett ákvæði sem gera það að meginreglu skylt, að einstaklingar eigi aðgang að þeim skjölum sem þá varða og ákvörðun um þá byggist á, ekki aðeins að því er snertir barnaverndarmál, heldur fjölmörg önnur mál sem stjórnsýslan fjallar um og snerta einstaklinga í þjóðfélaginu. Slík skylda er íslenskum embættismönnum ákaflega framandi. Og þeim finnst raunar — og þarf ekki barnaverndarfólk til — að það sé algjör óþarfi og þeim beri engin skylda til að afhenda slík gögn eða sýna fólki gögn sem það varða.

Þetta vildi ég láta koma fram, en ég tel að þetta sé grundvallaratriði í sambandi við réttindi hins almenna borgara gagnvart stjórnsýsluvaldinu, sem verður æ umfangsmeira í þjóðfélaginu og æ valdameira, að einstaklingarnir eigi kost á því að fá að sjá þau gögn, sem þá snerta, og geti byggt hugsanlegar málshöfðanir eða kvartanir til æðri stjórnvalda á því sem þeir hafa orðið vísir með því að kynna sér þau gögn.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég mun ekki tefja tímann með frekari rökfærslu þar sem ég fæ tækifæri til að fjalla um þetta mál í nefnd, enda kom fram í máli mínu, að ég er ekki að hafa á móti því, að þessar breytingar séu gerðar, þó að ég dragi í efa ákveðin atriði. Ég hlýt hins vegar — þó að ég sé einungis varamaður í barnaverndarnefnd Reykjavíkur og hafi ekki komið nálægt því máli sem hv. þm. Albert Guðmundsson minntist á hér áðan, en mér er fullkunnugt um aðstæður í því máli — ég hlýt að leyfa mér að mótmæla því harðlega fyrir hönd barnaverndarnefndar Reykjavíkur, að þar hafi verið framin misbeiting valds. Ég vildi að þessi orð hefðu ekki fallið hér á Alþingi Íslendinga.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég óska eftir því, að forseti beiti sér fyrir því að barnaverndarnefnd leggi þau gögn, sem ég vitnaði í, fyrir þá nefnd sem fjallar um þessar breytingar. Ég mun á eftir gefa forseta upplýsingar um hvaða mál er hér að ræða.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Vörugjald, frv. (þskj. 547). — 1. umr.

Flm. (Guðmundur G. Þórarinsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breyt. á lögum nr. 77 frá 23. des. 1980, um vörugjald, sem ég flyt ásamt hv. þm. Eggerti Haukdal og Jóhanni Einvarðssyni.

Tilgangur þessa frv. er tvíþættur: annars vegar að aflétta 7% vörugjaldi af sjúkrafæði, en hins vegar að lækka vörugjald á gosdrykkjum og öðrum vörum, sem falla undir B-hluta 1. gr., úr 30% í 15%. Gerð er till. um í fyrsta lagi að í 1. gr. laganna, hluta A, hljóði málsliður um tollskrárnúmer 18 06 09 svo:

18 06 09. Aðrar vörur sem teljast til nr. 18. 06., ót. a., þó ekki súkkulaðiís og ís húðaður með súkkulaði og sjúkrafæði, þ. e. tilbúin næringarefnablanda handa sjúklingum sem fá ekki næga næringu á venjulegan hátt.

Í öðru lagi að í 1. gr. laganna, hluta B, komi í 1. málslið 15% í stað 30%.

Sjúkrafæði er tilbúin næringarefnablanda handa sjúklingum, sem ekki fá næga næringu á venjulegan hátt, gefin fljótandi annaðhvort í gegnum slöngu eða sem drykkur og þá bragðbætt á ýmsa vegu.

Á sjúkrafæði, sem innflutt er, falla margvísleg gjöld í ríkissjóð. Á sjúkrafæði með súkkulaðibragði er 3% jöfnunargjald, 24% vörugjald, 40% vörugjald og svo 7% vörugjald vegna laganna frá 23. des. s. l.

Tilgangur þessa frv. er, eins og áður sagði, að létta þessu 7% gjaldi af, en breytingar þarf á öðrum lögum til þess að aflétta hinum gjöldunum. Sjálfsagt væri reyndar að Alþingi breytti þeim lögum einnig, því óeðlilegt er að sjúkrafæði sé tekjustofn ríkissjóðs og vandræði þeirra, sem ekki geta melt venjulegan mat, notuð til tekjuöflunar.

Hér er í rauninni um að ræða réttlætismál og ætti ekki að þurfa langa röksemdafærslu.

Það er ljóst, að álagning 30% vörugjalds á öl og gosdrykki nú um áramótin hefur valdið miklum erfiðleikum í fyrirtækjum sem framleiða þessa vöru. Hjá Vífilfelli hf. var 50—60 manns sagt upp störfum, en uppsagnir voru dregnar til baka tímabundið vegna loforða fjmrh. um lækkun gjaldsins. Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf. á einnig við verulega erfiðleika að etja vegna vörugjaldsins. Samdráttur í sölu öls og gosdrykkja er mikill frá áramótum og mikill miðað við sölu undanfarinna ára. Eftir álagningu 30% vörugjaldsins nú um áramótin er hlutur ríkisins, álagning á framleiðsluverð hverrar flösku um 52.74%. Hér er ekki alveg rétt orðað í grg. vegna þess að þetta mun þá nema u. þ. b. þriðjungi af framleiðsluverði.

Það er alveg augljóst, að hér er langt gengið og of langt í skattheimtu. Samdráttur hefur og orðið svo mikill í sölu þessara drykkja, að ríkið mun engan veginn ná áætluðum tekjum af þessum skattstofni. Þvert á móti má leiða sterk rök að því, að lækkun gjaldsins leiði til söluaukningar, þannig að tekjur ríkisins minnki ekki við lækkun. Rennir það stoðum undir kenningar um að of há skattprósenta minnki tekjur ríkisins og lækkun skattprósentu geti aukið tekjur ríkisins, ef hún er orðin of há.

Verði vörugjald þetta ekki lækkað má saka ríkissjóð um það, að margt fólk, sem að framleiðslu öls og gosdrykkja vinnur, missi vinnu. Vert er einnig að geta þess, að lækkun vörugjaldsins veldur lækkun framfærsluvísitölu líklega um 0.1%, og því nokkurri lækkun á launagreiðslum ríkisins. Framleiðendur öls og gosdrykkja eru bjartsýnir á að verulega söluaukningu megi fá fram í kjölfar lækkunar vörugjaldsins, sbr. fskj. II með þessu frv., bréf frá Félagi ísl. iðnrekenda.

Flm. taka jafnframt fram í grg. að þeir telja að ef samkomulag náist við EFTA og EBE um 2% hækkun jöfnunargjaldsins væri eðlilegt að fella vörugjaldið frá 23. des. á sælgæti, öli og gosdrykkjum niður.

Vert er að menn hafi það í huga, að við framleiðslu öls og gosdrykkja vinna líklega um 400 manns og vinna þessa fólks er þegar í verulegri hættu. Fram kemur í grg. hversu þessi mál standa nú hjá fyrirtækinu Vífilfelli hf. Hjá Ölgerðinni Egill Skallagrímsson vinnur margt fullorðið fólk, margt fólk sem hefur starfsaldur þar frá 20—30, jafnvel upp í 40 ár, fólk sem í mörgum tilvikum ætti erfitt um vik á atvinnumarkaði ef það missti vinnu þarna. Eftirvinna er engin og launatekjur, laun í útborgunarumslagi eru nú hjá mörgum á bilinu 500—850 kr. eftir vikuna, þegar búið er að draga frá skatta og lífeyrisgreiðslur.

Menn velta því dálítið fyrir sér, hvort sá mikli samdráttur, sem nú er orðinn í sölu gosdrykkja, eigi eingöngu orsakir sínar í hækkun vörugjaldsins, þessa 30% gjalds. Um það má sjálfsagt nokkuð deila. Sumir telja að breyttar neysluvenjur eigi hér nokkurn þátt í , þ. e. að menn neyti nú meira ýmissa ávaxtadrykkja og mjólkurdrykkja. Enn aðrir telja að hin kalda veðrátta eigi nokkra sök, enn aðrir að myntbreytingin hafi hér einhver áhrif o. s. frv., o. s. frv. Hversu sem því öllu er varið er ljóst að sá mikli samdráttur, sem hér er um að ræða, kemur fyrst og fremst fram á áramótunum, um leið og þetta vörugjald er hækkað. Er raunar fjarri lagi að álíta að neysluvenjur manna hafi breyst einmitt á áramótum. Það virðist því vera alveg augljóst, að vörugjaldið á hér gífurlega mikinn þátt í. Svo hátt vörugjald sem hér er um að ræða er óeðlileg skattlagning á eina iðngrein. Hvernig sem á er horft eru breytingar á verðhlutföllum, svo stórkostlegar sem hér er um að ræða, á einni vöru mjög óeðlilegar og hljóta að setja fyrirtæki, sem slíkt framleiða, í mikinn vanda.

Vert að geta þess, að ýmsir talsmenn þessa vörugjalds töldu raunar í upphafi að samdráttur yrði mestur framan af, en þetta mundi jafna sig þegar fram í sækti. Hagfræðingar gáfu jafnvel upp að verðteygni gosdrykkja væri um 0.3, þ. e. 22—25% hækkun á vöruverði mundi þýða um 7—8% samdrátt. Hins vegar hefur komið í ljós að samdráttur í sölu gosdrykkja og öls er enn að aukast og það svo, að marsmánuður virðist vera versti sölumánuðurinn, og ef tekið væri mið af honum virðist verðteygnin vera orðin 1.

Það er mat flm., að það hafi sýnt sig að vörugjald þetta tefli mjög í tvísýnu atvinnu fjölda fólks hér í höfuðborginni, því verði ekki hjá því komist að lækka þetta vörugjald. Er það von flm., að þm. bregðist vel við þeirri málaleitan.

Herra forseti. Ég vil leggja til að þessu frv. verði vísað til hv. fjh.- og viðskn. að loknum umr.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég hef kynnt mér efni þessa frv. og hlýddi á röksemdir sem hv. 12. þm. Reykv., 1. flm. frv., færði hér fram. Ég er ekki heldur alveg ókunnugur þessu máli né heldur trúlega hv. þingheimur.

Ég nota tækifærið til að lýsa yfir eindregnum stuðningi við þetta frv. En mörgum kynni að fljúga í hug að hér væru hv. flm. að iðrast eftir dauðann. Það er þó tæplega rétt orðalag. Það má eiginlega segja að í þessu máli hafi staðið yfir dauðateygjur þeirra frá því í desembermánuði og þeim sé ekki enn lokið, því að slík og svo átakanleg voru umbrot þeirra þá, a. m. k. tveggja hv. fyrri flm. frv. Þeir þurfa þess vegna ekki að iðrast eftir dauðann, enda — eins og ég hef bent á — hefur hann ekki orðið enn og kannske Eyjólfur hressist. Þeir eru að reyna að hressa sig með þessu frv. a. m. k. Þeim var nefnilega ljóst, og það kom berlega fram í umr. þá og miklum umbrotum og umsvifum þessara hv. þm., — þeim var berlega ljóst að hverju stefndi með vörugjaldinu á öl og gosdrykki, sem lagt var á um það leyti sem fjárlög voru í lög leidd. En þetta er auðvitað góðra gjalda vert.

Það liggur alveg ljóst fyrir, eftir því sem mál voru þá vaxin — og engin ástæða til að ætla að þau hafi breyst — að meiri hluti er í hv. Nd. fyrir því, að frv. þetta verði að lögum. Hér eru þrír hv. stjórnarsinnar, sem flytja þetta frv., og það er hægt að fullyrða hiklaust að stjórnarandstaðan mun fylgja þessari tillögugerð. Það kom fram við afgreiðsluna þegar í lög var leitt vörugjaldið á sínum tíma.

En það er ekki allt fengið með því. Þess vegna spyr ég beint: Hafa hv. flm. tryggt sér tvo stjórnarsinna sem fylgjendur þessa frv. í hv. Ed.? Ef ekki, þá er þetta sýndarmennskan einber sem hér birtist á borðum hv. þm. Þá eru þeir aðeins enn að reyna að rétta við hlut sinn frá því sem þeir báru og höfðu í hendi sér, báru ábyrgð á á sínum tíma og höfðu í hendi sér að koma í veg fyrir, hv. 1. flm. einsamall, að þetta vörugjald yrði á lagt á sínum tíma.

Ég bið um beint svar við þessu: Hafa hv. flm. tryggt sér a. m. k. tvo stjórnarsinna sem fylgjendur þessa frv. í hv. Ed.? Ef ekki, þá hlýt ég að saka þá um sýndarmennsku, að þeir séu að slá ryki í augu manna með því að þykjast eftir dúk og disk, þar sem ljóst liggur fyrir að þeir notuðu ekki tækifærið, þegar þeir áttu það, til að koma í veg fyrir að þessi ósvinna væri framkvæmd á sínum tíma, sem allir menn minnast vegna ýmissa atburða sem þá urðu. En alveg sérstaklega mun ég fagna því, ef það kemur í ljós að þessu frv. hefur verið tryggður framgangur í Ed. einnig, því að hér er hann alveg öruggur.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég hefði kannske átt að falla frá orðinu, því að hv. þm. Sverrir Hermannsson hefur eiginlega sagt það sem ég ætlaði mér að segja. En ég vil þó úr því að ég er kominn hingað, minna á að það hefur skeð áður að menn hafa risið upp frá dauðum, úr því að hann orðaði það þannig í sinni ræðu. Ég vil ítreka þá spurningu sem hann bar fram til hv. 1. flm. þessa frv. til l. um breyt. á lögum nr. 77 frá 23. des. 1980, um vörugjald.

Satt að segja hef ég ekki trú á því, að það sé rétt, sem kom fram í málflutningi hv. 1. flm., að fjmrh. hafi nokkurn hug á að breyta þessu gjaldi. Mér skildist á honum að fjmrh. hafi í hyggju að breyta gjaldinu eða þá kannske að gera einhverjar aðrar ráðstafanir sem gætu samsvarað breytingunni. En ég vil ítreka spurningu hv. 4. þm. Austurl.: Hafa flm. tryggt sér framgang þessa máls í Ed., og ef ekki, af hverju er þetta frv. þá lagt fram, til hvers?

Öll mál þurfa að fara í gegnum tvær deildir. Hér er um að ræða brtt. við stjfrv. sem flm. hafa allir og það tiltölulega nýlega samþykkt, og þess vegna styð ég þá spurningu sem hér kom fram. Og ég óska eftir því, að mér verði svarað hér í nótt. Ef ekki, þá finnst mér ástæða til þess að fresta þessum umr. og bíða eftir því að hinir meðflm. mæti til fundar, ef ske kynni að þeir hafi þá unnið eitthvert það starf sem tryggi þessari breytingu brautargengi.

Flm. (Guðmundur G. Þórarinsson): Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka þann stuðning sem báðir þeir hv. þm., sem hér hafa talað, hafa lýst yfir við þetta mál. (**AG:** Ég lýsti engu yfir.) Nú, var það ekki? En ég þóttist vera viss um að hv. þm. Albert Guðmundsson mundi styðja þetta frv. við afgreiðslu. (**Gripið fram í:** Sverrir var búinn að því fyrir hans hönd.) Ég held það nú, að Sverrir hafi verið búinn að því fyrir hans hönd. Það kemur mér hins vegar dálítið á óvart, hversu mikinn ótta þeir bera báðir í brjósti um að málið fari ekki í gegn, og telja það reyndar sýndarmennsku að flytja málið ef ekki sé öruggur stuðningur við það í Ed. Ekki er ég á sama máli um það. Menn geta kallað þetta hvaða nafni sem þeir vilja, en ég held að afstaða mín til þessa gjalds hafi alltaf verið ljós í öllum umr. hér. Hún hefur í sjálfu sér ekki breyst. Þegar þetta gjald fór í gegn á sínum tíma lýsti ég því yfir hér í ræðustól, að ég sæti hjá í trausti þess, að unnið yrði að því að fá hækkun um 2% á jöfnunargjaldi og þá yrði þetta fellt niður.

Nú er mér alveg ljóst að þau fyrirtæki, sem í þessum iðnaði starfa, geta ekki beðið. Hæstv. viðskrh. fer utan til viðræðna við þessi viðskiptabandalög seint í maí. Hvað út úr því kemur skal ég ekki leggja dóm á hér, en það er alveg ljóst að það verður of seint. Þess vegna er þess freistað að fá þessu breytt hér og nú.

Um afstöðuna þegar þetta gjald á sínum tíma var samþykkt verða menn einfaldlega að setja sig í þau spor sem a. m. k. 1. flm. stóð í. Hefði þetta frv. ekki farið í gegn þá hefðu fjárlög ekki verið samþykkt á þessu þingi, vegna þess að þá hefði orðið á þeim greiðsluhalli og þau hefðu ekki farið í gegn nema annar tekjuliður hefði komið til. Það hefði þýtt það, að stjórnarþingmenn hefðu orðið að freista þess að fá samþykktar einhverjar greiðsluheimildir fyrir fjmrh. fram yfir áramót og málið síðan tekið upp með fjárlögum aftur þegar þing hefði komið saman. Í ljósi þess og þeirra miklu aðgerða, sem það hefði kostað, jafnframt því sem 1. flm. gerði sér á þeim tíma miklar vonir um að samstaða næðist meðal stjórnarflokkanna um efnahagsaðgerðir um áramótin, þá taldi ég mér ekki fært annað en að sitja hjá við atkvgr. um málið. Ég tel að efnahagsaðgerðunum um áramót hefði jafnframt verið teflt í tvísýnu ef fjárlög hefðu ekki verið samþykkt á þeim tíma sem það var gert.

Nú kann vel að vera að menn greini á um þetta, og ég á auðvitað enga heimtingu á því, að allir séu mér sammála um það, en við uppgjör á máli sem þessu verður hver náttúrlega endanlega að leita eftir ráðgjöf sinnar samvisku. Ég tel það enga sýndarmennsku að flytja þetta frv. hér og freista þess að fá það samþykkt, þó að ekki hafi verið tryggður fyrir því meiri hluti í Ed. En það segi ég alveg eins og er, að það hefur ekki verið gert. Hins vegar verður það reynt, og það vil ég segja jafnframt, að ég treysti því, að menn muni sjá, í hvert óefni stefnir í þessum iðngreinum, og þar af leiðandi lagfæra þetta gjald í ljósi þeirrar stöðu sem nú er komin upp.

En hafi hv. þm. Sverrir Hermannsson einhvern tíma lagt fram frv. á Alþingi, sem hann hefur ekki verið búinn að tryggja stuðning fyrir fram, þá hlýtur hann að falla á eigin klofbragði á þann hátt, að hann hafi þá verið með sýndarmennsku. Það má vel vera að hv. þm. hafi — ég þekki það ekki, hann hefur verið lengi á þingi — sýnt slíka sýndarmennsku í tillöguflutningi og þá eigi við í þessu tilviki hið gamla máltæki, að margur hyggur mig sig. Ekki skal ég leggja dóm á það. En ég held að það sé alveg ljóst hver mín afstaða hefur verið í þessu máli. Ég held líka að það sé alveg ljóst, að afleiðing þessa gjalds en enn þá verri en jafnvel þá svartsýnustu óraði fyrir. Þess vegna er þetta frv. flutt hér, og þess vegna verður leitað eftir því með öllum ráðum að tryggja því framgang í Ed.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Hv. 12. þm. Reykv. þarf ekki að undrast þó að við einlægir stuðningsmenn þessa máls, ég og hv. 3. þm. Reykv., séum áhyggjufullir vegna vafa um framgang góðs máls. Að sjálfsögðu erum við það. Ég heyrði að það hefði meira en lítið gengið á fyrir jólin þar sem hv. þm. hefur verið hótað því, að engin fjárlög yrðu afgreidd nema þetta fræga vörugjaldsmál yrði samþykkt. Það er alveg greinilegt. Og vörugjaldið var ekki slík upphæð að greiðsluafgangurinn á fjárlögum sé ekki drjúgum meiri núna. Þá man ég þær tölur ekki rétt. En vegna afgreiðslu þessa máls vil ég aðeins rifja það upp, að menn gátu slett skyrinu, ráðamenn þjóðfélagsins, en ég man ekki betur en atkvæði eins af flm. þessa frv. kostaði 1 500 millj. gkr. Ég verð þá leiðréttur ef það er misminni mitt. En þessu til viðbótar, sem við vissum í sambandi við þær frægu 1500 millj., er komið í ljós að hv. stjórnarsinnum, hv. 12. þm. Reykv. og hv. 6. þm. Suðurl., hefur verið hótað með því að engin fjárlög yrðu afgreidd. Og þeir trúðu þessu, blessaðir mennirnir. Að láta sé nú detta annað eins í hug og það! Og meira, þeim var meira að segja tilkynnt að það yrði enginn nýársfagnaður, hvorki jól né gamlársdagur. (Gripið fram í.) Mikil er trú þín, kona, ég verð að segja alveg eins og er, að láta hóta sér og fá sig til fylgis eða öllu heldur að haga sér þannig, með einlægan ásetning og afstöðu sem hv. þm. hafði til þessa máls, að láta hræða sig með svona grýlum eins og þarna hafa greinilega verið málaðar á vegginn er með ólíkindum.

En ég hef auðvitað margsinnis flutt till. og frv. á hinu háa Alþingi sem ég hafði enga vissu fyrir hvort næðu fram að ganga, en aldrei fjárhagstillögur — tillögur sem vörðuðu fjármál — í stjórnaraðstöðu, án þess að hafa vissu fyrir því að þær næðu fram að ganga. Slík mál vinna stjórnarsinnar að sjálfsögðu með þeim hætti, að þær koma ekki fram hér á hinu háa Alþingi fyrr en framgangur þeirra er tryggður, enda gersamlega þýðingarlaust og ekki til neins annars en að efla vantraust á þeim sem um stjórnvöl sjálfra ríkisfjármálanna halda. Til viðbótar því get ég upplýst að í mörg ár og hér um bil aldrei hef ég látið til þess leiðast að flytja eina einustu brtt. um fjárlög, enda þótt ég væri í stjórnarandstöðu. Ég hef ekki haft þann sið nokkru sinni að flytja till. til þess að telja fólki trú um það, t. d. í mínu kjördæmi, að ég væri að flytja þar fram gott mál, vitandi fyrir fram að það yrði drepið fyrir mér. Það hef ég aldrei gert, og menn geta flett upp þingskjölum þess vegna. Ég man ekki hvort ég hef látið leiðast til þess með öðrum þm. að lána nafnið mitt á einstaka till., en það hefur þá verið eitthvað sem ekki skiptir höfuðmáli. Þannig afstöðu hef ég haft. Og að stjórnarsinnar séu að flytja mál án þess að hafa tryggt sér framgang þess, það er til einhvers allt annars en að vinna málinu gagn.

Eins og ég segi er það komið í ljós, að það hefur enginn framgangur verið tryggður í annarri hv. deild þessa háa Alþingis, og þá er hægt að fullyrða að í hv. Ed. er ekki meiri hluti fyrir framgangi þessa máls, þar sem ekkert hefur verið í því unnið. Þessu er svo fleygt hér fram án þess, og þá ætla ég að leyfa mér að fullyrða að það sé ekki og muni ekki verða fyrir hendi. Þannig hefur þetta mál verið sótt og varið, að það virðist nú blasa við. Og þá er ekkert orðið eftir af þessu annað en það, að þeir vilja enn reyna að hvítþvo sig, sem tókst misjafnlega hér í svartasta skammdeginu og hefðu ýmsir kosið kannske að koma hvergi nærri þessu máli. Þá er ekkert annað eftir en það, að þeir eru enn að reyna með þessu, sem ég kalla sýndarmennsku, að gera sig góða í augum þeirra sem kannske fylgjast ekki nægilega vel og náið með. Það getur ekkert annað verið. Það er verið að ítreka og auglýsa sig, að þeir séu þessarar skoðunar og vilji gjarnan hjálpa til í þessu mikilsverða máli, en fyrir fram vita þeir að það er dauðadæmt. Menn væru ekki að strita við þetta hérna, vitandi vel að það næði ekki fram, bara til þess að láta drepa málið fyrir sér, ef það væri ekki einhver hliðartilgangur. Það kemur ekki til nokkurra einustu mála. Þetta blasir svona við. Mér þykir þetta leitt, sérstaklega vegna þess að hér er um mál að ræða — sem ég fylgi einlægilega, að svona skuli þá innihaldið vera. Ég lýsi yfir miklum vonbrigðum mínum að þessu leyti. Og það er valið af þremur mönnum hér í hv. Nd. að flytja þetta fram, vitandi vel að það verður aldrei að lögum. Það gengur enginn, að því gruflandi. Ég er ekki að gera neinum mönnum í hv. Ed. upp afstöðu í málinu. En sviðið blasti við öllum mönnum þegar afgreiðslan fór fram fyrir aðeins tveimur og hálfum mánuði, og duldi þar enginn afstöðu sína og það var ekki minnsta hik eða vafi í huga eins einasta manns úr hv. Ed. af stjórnarliðinu í fylgi við afgreiðslu þessa máls þegar fjárlög voru afgreidd. Og að ætla svo undirbúningslaust og án þess að hafa tryggt sér fylgi við þetta að ætlast til þess, að þeir éti fyrri afstöðu ofan í sig, það er með ólíkindum að láta sér það til hugar koma. Þetta er því miður hryggilegt. Ég hlýt auðvitað að vona hið allra besta, en ég býst við hinu versta, ekkert annað er sjáanlegt, og þá verðið þið, hv. flm., að sitja uppi með sýndarmennskuna eina saman.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ekki vil ég með neinum orðum særa hv. flm. Ég skil vel þann vanda sem hv. 1. flm. var í um áramótin við afgreiðslu fjárlaga, og ég tel það virðingarvert að flm. skuli nú ljóst að þessi skattur, sem þeir þó samþykktu á sínum tíma, er of þungur fyrir framleiðslufyrirtækin og stefnir atvinnu fólksins í fyrirtækjunum í voða. Þetta er þungur dómur sem kemur frá þremur stuðningsmönnum ríkisstj. sem nú hafa snúist gegn fylgi við þessa stefnu stjórnarinnar í skattamálum og í fjármálum. Því vil ég aðeins segja að það verður fróðlegt að fylgjast með framvindu þessa máls — og kannske mála — á hv. Alþingi á næstunni. Ég held, að þetta hljóti að hafa í sér falinn boðskap, og ég býst þá við stórtíðindum á næstunni.

Flm. (Guðmundur G. Þórarinsson): Herra forseti. Mér þykir lakara að hv. þm. Sverrir Hermannsson hefur yfirgefið salinn. Mér finnst það undarlegur málflutningur

hjá þeim hv. þm. að tala hér langt mál um að þetta sé gott mál, en bregðast síðan hinn versti við þeim tillöguflutningi sem hér er um að ræða. Og ég verð að láta mig hafa það að segja það, að ég held að einmitt slíkar ræður eins og hv. þm. Sverrir Hermannsson hélt hér séu til þess fallnar að setja Alþingi niður í augum almennings: að horfa gersamlega fram hjá kjarna málsins, sem auðvitað eru þeir erfiðleikar sem fyrirtækin, sem um er að ræða, eru stödd í, reyna hins vegar að beita hér útúrsnúningum og vaða reyk, bara til þess að koma höggi á flm. og reyna að dreifa athyglinni frá kjarna málsins.

Hv. þm. Sverrir Hermannsson talar um sýndarmennsku. Sjálfur segist hann aldrei hafa flutt mál er varði fjármál á þennan hátt. Þó vill hann ekki fullyrða nema hann hafi lánað nafnið sitt á einhverjar till. sem ekki hafi skipt miklu máli, sagði hann. Skyldi það nú ekki vera sýndarmennska að gera það, að lána nafnið sitt á einhverjar till. sem menn telja þó að skipti ekki miklu máli?

Hv. þm. sagðist fullyrða, að ekki væri meiri hluti fyrir þessu máli í Ed., og tók stórt upp í sig í því sambandi. Svolítið seinna sagðist hann þó ekkert ætla að fara að gera mönnum í hv. Ed. upp afstöðu. Þannig fór þm. hring eftir hring í sínum málflutningi hér, þó að ekki væri langt mál talað.

Ég hef sagt það hér, að þessu máli hefur ekki verið tryggður meiri hluti í Ed., en auðvitað verður þess freistað. Og ég vil trúa því, að þetta mál fari í gegnum Ed. Ég vil t. a. m. minna á viðtal við hæstv. viðskrh. í Vísi núna um daginn, þar sem hann lýsti yfir að þetta vörugjald væri of hátt, og hann hefði ekki gert það enn upp við sig, hvort hann mundi styðja frv. Þetta liggur því ekki enn á borðinu. Og vel má vera að fleiri hugsi svipað og einmitt hæstv. viðskrh. Það vil ég vona. Í trausti þess er þetta frv. flutt.

Mér fannst aftur málflutningur hv. 3. þm. Reykv. miklu yfirvegaðri og ég kann honum þakkir fyrir hans orð. Hann skilur greinilega hvað um er að ræða, og honum tókst í sínum málflutningi að skilja kjarnann frá hisminu, sem auðvitað er aðalatriðið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 69. fundur.

Fimmtudaginn 2. apríl, kl. 2 miðdegis.

Menntun fangavarða, þáltill. (þskj. 535). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 32. shlj. atkv. og umr. frestað.

Landhelgisgæsla, þáltill. (þskj. 16, n. 534). — Frh. einnar umr.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Þegar umr. urðu um þetta mál fyrir nokkrum dögum sagði ég nokkur orð, en síðar tóku til máls hv. 6. þm. Norðurl. e. og hv. 4 þm. Suðurl. Ég ætla að leyfa mér að gera örfáar aths. við málflutning þeirra.

Svo að ég víki fyrst að ræðu hv. 6. þm. Norðurl. e., þá komu fram í ræðu hans miklar upplýsingar um þessi mál frá ýmsum hliðum. Ég verð nú að segja það, að mér fannst — ég leyfi mér að segja — nokkur fjölmiðlakeimur af málfari hans, enda kannske ekki að undra. Ef hann býr yfir svona miklum fróðleik um þessi mál og lætur þess auk þess getið að hann eigi mikinn urmul upplýsinga og dæma í fórum sínum og sé reiðubúinn að skýra frá því öllu við önnur tækifæri, þá finnst mér nánast að maður, sem býr yfir svona mikilli vitneskju um þessi mál, hefði fyrir löngu átt að ganga á fund dómsmrh. og skýra honum frá þessu.

Um fjárhagsörðugleika Gæslunnar, sem hann ræddi í nokkru máli, ætla ég ekki að gera miklar aths. Það hefur verið lögð áhersla á að gæta sparnaðar og hófs í útgjöldum Landhelgisgæslunnar. Við vitum að þar er um mikið fjármagn að ræða og það veltur á miklu að á því sé sæmilega haldið. Ég held að það sé ekki rétt hjá honum að varðskip hafi ekki fengið olíu til sinna þarfa, þó að það hafi máske komið yfir að verið hafi í smærri skömmtum en endranær.

Hann vék að því, að skipin væru orðin gömul. Nú er því til að svara, að þó að nokkur varðskipanna séu orðin gömul eru það góð og traust skip og þeim hefur, að ég held, verið mjög vel haldið við.

Önnur ummæli hans, eins þau að tækin í Ægi séu strandgóss, lórantækin í Óðni ónýt og annað þess háttar, ætla ég ekki að ræða í löngu máli. En það er auðvitað sjálfsagt að kanna það til fullrar hlítar. Einnig gat hann þess, að í skip og flugvélar Gæslunnar vantaði mörg tæki. Öllum er kunnugt um að okkur Íslendinga skortir mikið á að hafa í hendi öll nýjustu tæki sem boðið er upp á nú á tímum. Þetta gildir ekki einungis um Landhelgisgæsluna, heldur Almannavarnir og margt annað hjá okkur sem of langt yrði upp að telja. Þessi nýju tæki kosta mjög mikið fé og það þarf mikið fé til að fylgja þeirri öru þróun sem er í þessum málum.

Þá gerði hann aths. við það, að annar Fokkerinn hefði verið seldur og það fyrir lágt verð að hann taldi. Þetta var gert að fyrirlagi Alþingis og fjvn. Ég lít svo á, að þegar um flugvélar er að ræða gildi nokkuð öðru máli en um skip. Flugvélar þurfa að sjálfsögðu að vera nýjar og búnar fullkomnustu tækjum eftir því sem unnt er.

Þá gat hv. ræðumaður þess, að Gæslan hefði ekki verið látin sinna þeim verkefnum sem hún á að sinna. Ég hirði ekki um að ræða þetta í löngu máli, en mun að sjálfsögðu taka þetta til athugunar eins og aðrar vinsamlegar ábendingar frá hv. þm. En um þetta mætti sjálfsagt ræða í löngu máli.

Svo að vikið sé örlítið að málflutningi hv. 4. þm. Suðurl. var hann allur með hógværu móti. Hef ég lítið við hann að athuga nema hvað hann tók upp eftir fyrri ræðumanni að í Gæslunni ríkti óstjórn og þar væri mikið um úrelt drasl eða strandgóss. Og það kom fram í máli hans, að hann er vel að sér í flugi. Það er dýrmætt að eiga von á mönnum með mikla þekkingu á þessu sviði í þá nefnd sem ætlunin er að setja til að athuga þessi mál.

Ég ætla ekki að hirða um að svara hv. 4. þm. Suðurl. ítarlega lið fyrir lið. Við, sem höfum kynnst honum, vitum að þar fer drengur góður. Ætla ég ekki að gera hans mál að frekara umræðuefni á þessu stigi málsins.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég vil byrja á því að vísa þeirri staðhæfingu hæstv. dómsmrh. alfarið á bug að

ræða mín eða þær upplýsingar, sem ég flutti hér um Landhelgisgæsluna, hafi verið mengaðar af einhverri fjölmiðlabakteríu. Það, sem ég hér sagði, er árangur margra funda með starfsmönnum Landhelgisgæslunnar, stjórn Starfsmannafélags Landhelgisgæslunnar, en í stjórn félagsins eru m. a. yfirmenn á varðskipum og flugvélum Gæslunnar. Þessi menn vita nákvæmlega hvernig ástandið er hjá Landhelgisgæslunni. Ég vil benda hæstv. dómsmrh. á að það væri kannske rétt fyrir hann og embætti hans að leita upplýsinga um ástandið hjá Landhelgisgæslunni eftir öðrum leiðum en hann hefur kannske tamið sér. Nú er ég ekki að gagnrýna hæstv. dómsmrh. og í ræðu minni fólst engin gagnrýni á hans embætti. Ég var fyrst og fremst að gagnrýna fjárveitingavaldið sem ég tel að hafi haldið Landhelgisgæslunni í því fjársvelti á undanförnum árum að það sé mjög til baga fyrir þá Landhelgisgæslu sem við eigum að stunda hér við land.

Ég vil segja það við hæstv. dómsmrh., að stjórn Starfsmannafélags Landhelgisgæslunnar er tilbúin að staðfesta hvert einasta orð sem ég sagði í ræðu minni s. l. þriðjudag. Stjórn Starfsmannafélagsins er einnig tilbúin að láta hæstv. dómsmrh. í té allar þær upplýsingar sem ég hef undir höndum um það sem stjórn Starfsmannafélagsins telur miður fara í rekstri Landhelgisgæslunnar.

Dómsrh. taldi að ég hefði fyrir löngu átt að vera búinn að ganga á hans fund til að skýra honum frá þeim upplýsingum sem ég hef undir höndum. Mér er kunnugt um að starfsmenn Landhelgisgæslunnar hafa gert ítrekaðar tilraunir til að koma á framfæri upplýsingum um þau atriði sem ég gerði að efni minnar ræðu hér á þriðjudag.

Dómsmrh. segir ekki rétt að það hafi tafið ferðir varðskipa að þau hafi ekki getað fengið olíu eftir þörfum. Það er hægt að fá staðfest hjá skipherrum varðskipa að þau hafa ekki í stöku tilvikum komist á sjó vegna skorts á olíu og hafa fengið takmarkaða olíu og ekki það sem þau hafa þurft til að fara það sem kallað er fullkomna eftirlitsferð.

Skipin eru gömul, eins og ég gat um. Ég rakti aldur þeirra. Meðalaldurinn er tæp 18 ár. Ég sagði í því sambandi að þessu fylgdi aukinn viðhaldskostnaður, sem ævinlega gerir hjá gömlum skipum, og aukinn rekstrarkostnaður almennt, sem m. a. kemur fram í því, að í fullkomnustu varðskipunum er vélarúm fullmannað. Í flestum nýrri skipum þarf sárafáa menn í vélarúm, ef það þarf nokkurn, vegna þess að vélum er fjarstýrt úr brú.

Ég sagði ekki að tiltekin lórantæki væru ónýt. Ég sagði að þau væru úrelt. Þau eru smíðuð á árunum 1972—1973 og eru orðin algerlega úrelt. Þá stendur það eins og stafur á bók að það vantar tæki í bæði flugvél Gæslunnar og varðskipin. Ég gat þess m. a., að vegna þess að Landhelgisgæslan hefur nú aðeins yfir að ráða einni flugvél kom það t. d. fyrir eftir áramótin, þegar vélin fór í 15 daga skoðun, að það var ekkert eftirlitsflug farið né ísflug. Auðvitað er þetta alvarlegt fyrir okkur sem höfum landhelgi sem er sjö sinnum stærri en landið sjálft.

Ég sagði ekki að Gæslan væri ekki látin sinna verkefnum sem hún ætti að sinna. Ég sagði að hún væri ekki látin sinna verkefnum sem hún gæti sinnt. Ég nefndi í því tilviki vitaþjónustu og gat þess, að ég væri þeirrar skoðunar, að Landhelgisgæslan ætti að taka að sér vitaþjónustuna hér við landið. Hún hefur gegnt því starfi að allverulegu leyti á undanförnum árum og notað til þess Árvakur. Ég er þeirrar skoðunar, að sú þjónusta ætti alfarið að vera undir hatti Landhelgisgæslunnar, en auk þess gæti hún sinnt t. d. hitamælingum í sjó, hún gæti sinnt því að gera dýptarmælingar á ýmsum fiskimiðum hér við land, sem vantar stórlega og Sjómælingar ríkisins hafa ekki komist yfir að gera. Ég nefndi einnig eftirlit með mengun sjávar og fleiri atriði af því tagi.

Ég tel ekki ástæðu til þess að orðlengja þetta mál, en ég vil leggja ríka áherslu á að það þarf og verður að endurskoða og bæta að mun allan tækjakostnað Landhelgisgæslunnar vegna þess að það er alvarlegt mál fyrir frjálsa og fullvalda þjóð ef hún getur ekki sómasamlega sinnt gæslustörfum á því gífurlega hafsvæði sem þjóðin hefur nú yfirráð yfir. Ég benti á það jafnframt, að fram undan væru ýmis verkefni sem Gæslan hefur ekki þurft að sinna að undanförnu, m. a. vegna samninga Dana við Efnahagsbandalag Evrópu um veiðar Vestur-Þjóðverja á loðnu við Grænland. Ég minnti á flota Sovétmanna, sem nú veiðir kolmunna við miðlínu á milli Grænlands og Íslands, og fleira af því tagi. Ég held að kjarni þessa máls, sem ég var að ræða um, sé sá, að skip Landhelgisgæslunnar og flugvél hennar eru oft og tíðum lakar búin tækjum en þau skip sem þessum flugvélum og skipum er ætlað að fylgjast með við eða hugsanlega innan landhelgi Íslands. Þetta var rauði þráðurinn í því sem ég var að segja.

Enn á ný endurtek ég það, að af minni ræðu hér s. l. þriðjudag var ekkert fjölmiðlabragð, eins og hæstv. dómsmrh. orðaði það. Hafi honum fundist það vera er það hans mál. En ég vil nú mælast til þess, vegna þess að hér er stórmál á ferðinni, að hæstv. dómsmrh. boðaði á sinn fund stjórn Starfsmannafélags Landhelgisgæslunnar og fengi frá stjórnarmönnum þær upplýsingar sem ég hef undir höndum, en leitaði ekki upplýsinganna eftir einni leið.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég var því miður af óviðráðanlegum ástæðum fjarverandi upphaf umr. um þetta tiltekna þingmál. Ég hef kynnt mér síðan með hvaða hætti þær fóru fram og varð raunar helst til þess fréttaauki í hádegisfréttatíma Ríkisútvarpsins. Að honum vík ég örlítið aftur seinna, en ímynda mér að kannske hafi hæstv. dómsmrh. haft orð á fjölmiðlabragði af málflutningi hv. þm. Árna Gunnarssonar vegna þessa viðtals.

Ég hef heyrt hæstv. dómsmrh. einu sinni áður hafa orð á þessari undarlegu leið sem ég get ekki kallað þinglega. Það var er hann svaraði fsp. minni fyrr á þessum vetri eitt sinn, að heppilegra hefði verið að hlutaðeigandi þm. kæmi til sín upp í dómsmrn. og hjalaði þessi mál við sig prívat og persónulega, að því er manni finnst undir fjögur augu. Ég hafði það einhvern veginn á tilfinningunni að þær upplýsingar, sem fram komu hjá hv. þm. Árna Gunnarssyni, væru þess háttar að þær vörðuðu þingheim er málefni Landhelgisgæslunnar eru til umr. Dæmi, sem þarna voru nefnd, eru sannarlega innlegg í málið þegar rætt er um stöðu landhelgisgæslunnar.

Hitt er annað mál, að mér þótti það nýlunda þegar þingfréttaritari Ríkisútvarpsins tók allt í einu upp á því að taka út ræðu eins þm. í umr. um mál sem hann er ekki flm. að og eiga við hann sérstakt viðtal í fréttatíma Ríkisútvarpsins í þessu tilfelli, en um það var ekki fjallað að öðru leyti. Var það ekki? (Gripið fram í.) Ég ætla ekki að halda þessu fram, en það breytir ekki því þó að þau efnisatriði málsins, sem um var fjallað sérstaklega í fréttatíma Ríkisútvarpsins, væru þess eðlis flutt hér inni í þinginu að þar væri fjölmiðlabragur á.

Mér er ekki kunnugt um, mér er alls ekki kunnugt um, hvort tækjabúnaður Landhelgisgæslunnar er eins slæmur og fram kom í máli hv. þm. Árna Gunnarssonar, en ábyrgðinni á ummælum hans í þessu sambandi verður ekki komið fyrir með svo nýstárlegum hætti að gera kröfu til þess að hann leggi fram sannanir uppi í dómsmrn. eða hér á þinginu. Hann benti sjálfur áðan á þá leið fyrir dómsmrh. að rekja þessar staðhæfingar til uppruna síns. Að vísu hef ég ekki heyrt þess getið, að skortur á tækjum til staðsetningar hafi staðið landhelgisgæslunni fyrir þrifum. Við vitum að ýmis tæki gæslunnar eru úrelt og það gerir tækin út af fyrir sig ekkert verri þó að þau hafi verið hirt úr strönduðu skipi, en hitt má alveg vera ljóst, að nýjungar hafa átt sér stað í tækjabúnaði til staðsetningar og á ýmsum öðrum tækjabúnaði á þeim tíma sem liðinn er síðan velflest þessara skipa voru smíðuð.

Þörf fyrir aukna gæslu verður kannske ekki hlutfallslega meiri þótt við höfum stækkað fiskveiðilögsögu okkar og efnahagslögsögu því að allmikið mun hafa létt á þörf fyrir daglega gæslu að við losnuðum við fiskiskip útlendinga svo til aldeilis af fiskislóð okkar — og ég minnist þess, að það var við orð haft að einmitt mundi létta allmikið á okkur að við hefðum útlenda fiskiskipaflotann vel í burtu frá fiskimiðunum okkar.

En ég ítreka það, sem ég áður sagði, að ég hef lesið ræðu hv. þm. Árna Gunnarssonar, ég hlustaði á ummæli hans í Ríkisútvarpinu og ég get alls ekki komist að þeirri niðurstöðu af þessari könnun minni, að hann hafi borið hér fram nein efnisatriði sem væru þessu þingmáli og umr. óviðkomandi. Við verðum að tilskilja okkur rétt til þess að láta koma fram í ræðum okkar hér í Sþ. öll þau atriði sem okkur þykja skipta máli, án tillits til þess, hvort þau koma ráðh. á óvart eða eigi.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í þá deilu, sem hér hefur komið upp, um hvort fyrrverandi starfsmenn ríkisfjölmiðlanna eigi betri eða greiðari aðgang að þeim eftir að þeir hafa tekið sæti á Alþingi en aðrir. Hins vegar tók ég eftir því í sjónvarpi, held ég í gær, að hæstv. dómsmrh. fer ekkert illa á skjánum og má segja að það hafi gert hið fyrra starf hans og þeirra að þeir koma þar vel fyrir.

Mér hefur dottið það í hug að undanförnu, þegar rætt hefur verið um Landhelgisgæsluna og störf hennar, að gleymt er þá gleypt er. Segja má sem svo, að eftir að við unnum okkar síðasta og stærsta sigur í baráttu okkar fyrir fiskveiðilögsögunni hafi orðið nokkuð hljótt um landhelgisgæsluna, og vissulega má til sanns vegar færa að henni hafi ekki verið sýndur sá sómi sem henni ber eftir að þessu stríði okkar lauk. Ég fagnaði því þegar till. þeirra hv. þm. Benedikts Gröndals og Árna Gunnarssonar var lögð fram og þó kannske enn frekar niðurstöðu utanrmn., sem kemur fram í nál. hennar á þskj. 534, hvar þeir leggja til að tillgr. orðist svo, en þar segir, með leyfi forseta: „að hún" — þ. e. Landhelgisgæslan — „geti haft sem best eftirlit með 200 mílna lögsögusvæðinu og gegnt öðrum hlutverkum sínum á fullnægjandi hátt."

Nú hefur verið komið hér nokkuð inn á eitt af þeim verkefnum, sem ég tel sjálfsagt að Landhelgisgæslunni verði falið í framtíðinni, og það er í sambandi við vitaþjónustuna. Þá er spurning um hvort ályktun Alþingis hefði ekki átt að hafa í sér fólgið ákvæði þess efnis, að endurskoðun færi jafnframt fram á lögum um Landhelgisgæslu Íslands og þeirri mþn., sem ætlast er til að kjörin verði hér, verði falið það verkefni. Ég fæ ekki séð annað en að það sé orðið tímabært að endurskoða þessi lög í ljósi þeirrar þróunar sem hefur orðið frá því þau voru samþykkt. Ég var einn þeirra sem unnu að þeirri endurskoðun. Ég átti þá sæti í allshn. þessarar hv. deildar. Þá voru mörg álitamál sem komu upp. Vissulega eru þau enn til og önnur hafa bæst við, — að ég nú ekki tali um ef Landhelgisgæslunni verða falin í framtíðinni ný verkefni eins og t. d. það sem ég tek undir og tel alveg sjálfsagt að Landhelgisgæslan taki við, þ. e. þjónusta og eftirlit með vitakerfi landsmanna og kannske öðrum hjálpartækjum sem notuð eru af sæfarendum hér við land.

Það er fleira sem getur komið til greina og kemur að sjálfsögðu upp í sambandi við þessi verkefni. Má þar t. d. benda á nánara samstarf við Hafrannsóknastofnunina, sem ég er ekki frá því að við þyrftum jafnvel að setja inn í sjálf lögin um Landhelgisgæsluna, og þyrfti þá það að vera tvíhliða tekið fram og því jafnframt í lögum um Hafrannsóknastofnunina. Það má að sjálfsögðu tala um fleiri atriði, þ. á m. það, sem ég veit að hefur komið fram um flugþjónustuna og hefur komið fram í umr. og víðar, að hugsanlega má setja þá þjónustustarfsemi, sem fer fram á því sviði hjá ýmsum ríkisfyrirtækjum, undir stjórn Landhelgisgæslunnar og að starfsmenn hennar gæti þeirra starfa fyrst og fremst.

Ég tala um endurskoðun laga um Landhelgisgæsluna m. a. vegna ákvæða sem þar eru um áhafnir skipanna. Það vill svo til, að þótt allir aðrir starfsmenn ríkisins hafi fengið þann — að því er sumir telja — vafasama rétt og heiður að hafa verkfallsrétt, þá hafa þær það ekki enn. Persónulega er ég ekki á því að þær þurfi endilega að fá hann. Þær gegna slíkum störfum og þurfa að gegna störfum undir sérstökum kringumstæðum svo það er máske ekki ráðlegt að verkfallsréttur sé þar til. En það á ekki endilega vegna þess að refsa áhöfnunum fyrir að hafa ekki þennan rétt. Það á frekar að launa þeim enn frekar en öðrum fyrir að fá hann ekki. Því miður hefur það komið upp oftar en einu sinni á síðustu misserum og árum að áhafnarmönnum hjá landhelgisgæslunni hefur bókstaflega verið refsað fyrir að hafa ekki þennan rétt. Svo er komið að jafnvel forustumenn í samtökum vinnuveitenda hafa talið það hina mestu firru ef þessir menn hafa fyrir milligöngu stéttarfélaga, sem þeim eru ætluð til að leita réttar síns eftir, síns löglega félagsskapar, reynt að hafa áhrif á kaup sitt og kjör. Ég tel að ef farið yrði í að skoða þessi lög þyrfti að taka þetta atriði til athugunar við endurskoðunina.

Jafnframt þarf auðvitað að hafa í huga, að þegar kemur að því að endurnýja skipakostinn verði hægt vegna tækniframfara, sem ljóst er að hægt er að notfæra sér á þessum skipum, að fækka í áhöfn þannig að útgerð þeirra geti orðið ódýrari. Þegar sú nýsköpun fer fram á skipastól Landhelgisgæslunnar þarf, eins og nú er, að vera til staðar á þeim skipum sá fullkomni björgunarbúnaður sem þau eru búin. Það er enginn vafi á því, að öll skip Landhelgisgæslunnar eru búin fullkomnasta búnaði sem til er hér á landi til björgunar öðrum skipum, en einmitt þetta atriði hefur komið nokkuð til umræðu í fjölmiðlum að undanförnu og það ekki á mjög viðurkvæmilegan hátt alls staðar — a. m. k. ekki alls staðar opinberlega. M. a. þess vegna hef ég leyft mér að leggja fram fsp. til hæstv. dómsmrh. hér í Sþ. hvar ég spyr um

heildarupphæð björgunarlauna til Landhelgisgæslunnar á s. l. tveimur árum og um skiptingu þeirra, bæði til þeirra, sem eiga að hluta að fá þau samkv. gildandi lögum, og svo til annarra. Þá kemur að sjálfsögðu fram sá kostnaður sem er af því að innheimta og skipta umræddum björgunarlaunum.

Ég fagna því, að það hefur fengist jákvæð niðurstaða frá hv. utanrmn. varðandi þetta mál. En ég bendi samt sem áður á, þótt komið sé að lokum umr. þessa máls, hvort ekki hefði þurft að vera ákvæði um endurskoðun laganna eða hvort nm. telji það orðalag, sem er í till. nefndarinnar, nægja til þess að það verði gert.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil segja örfá orð þó að ég hafi í sjálfu sér sagt nógu margt um þetta málefnislega þegar það var hér til umr. síðast. En mig langar að tæpa á örfáum atriðum.

Í fyrsta lagi sagði hæstv. dómsmrh. hér í ræðustól að ég hefði tekið upp eftir hv. þm. Árna Gunnarssyni að tæki varðskipanna væru strandgóss og annað þess konar. Það var auðvitað alveg þveröfugt. Ég lýsti því hér í ræðustól að ég ætti ákaflega bágt með að trúa því, að slíkt gæti átt sér stað í raun og veru. Hitt er annað mál, að það má satt vera að í einhverjum varðskipanna, kannske flestum þeirra, sé þess ekki nægilega gætt að endurnýja tæki sem taka örum breytingum, t. d. eins og elektrónísk tæki, lórantæki, radartæki og fleira af því tagi, og nefndi það raunar einnig í minni stuttt tölu þegar þetta var síðast til meðferðar.

Aths. hæstv. ráðh. varðandi það, sem ég sagði um flugmál Landhelgisgæslunnar, var að afgreiða það á ákaflega nettan hátt. Hæstv. ráðh. sagði að ég væri svo vel að mér í flugi o. s. frv., o. s. frv. og væri auk þess góður drengur, sem flestum er kunnugt, og því væri þetta nú svona, en efnislega fjallaði hann ekkert um það sem ég sagði um flugið. Flugmálasaga landhelgisgæslunnar á Íslandi er mikil og löng sorgar- og mistakasaga, því miður, og það verður að segja það eins og satt er og er ekki ádeila á það fólk sem vinnur í landhelgisgæslunni. Við höfum verið með flugvélar af ýmsu tagi, sem alls ekki hafa hentað okkur, eru afar dýrar í rekstri o. s. frv. Nefndi ég síðast um það dæmi eins og þegar fengnir voru hingað til landsins flugbátar, Grumman Albatross, sem voru auðvitað gersamlega ónothæfir, ekki aðeins til landhelgisgæslu, heldur til alls, og flugu kannske aldrei — ekki allir a. m. k. (Gripið fram í.) Það var afar lítið hægt að brúka þá, en kannske gerði það ekki svo mikið til peningalega því að þeir voru fengnir hingað með þeim hætti að það kostaði okkur lítið fé. Það var auðvitað röng leið. Við eigum ekki að spara þannig að við getum ekki keypt hentugar vélar til landhelgisgæslu, en við eigum ekki stöðugt að kvarta undan því að fjárveitingavaldið ausi ekki nógu gráðugt fé til opinberra stofnana, t. d. Landhelgisgæslunnar, gegndarlaust. Við eigum að fara vel með opinbera fjármuni, að sjálfsögðu, og við eigum öll að fylgjast með því að það sé gert.

Það er að mínum dómi t. d. ákaflega óskynsamlegt að kaupa tvær 50 manna farþegaflugvélar til landhelgisgæslu. Maður skilur hreinlega ekki slíkt ráðslag. Það var skipuð nefnd sérfróðra manna til að kanna þetta sérstaklega á vegum hins opinbera á sínum tíma. Hún komst að þeirri niðurstöðu að það væri heppilegast að fá til þessara gæslustarfa miklu minni og allt öðruvísi flugvélar en Fokker Friendship farþegaflugvélar, sem eru afar óhentugar í lágflugi og þá sérstaklega í lágflugi yfir sjó þar sem þær þola illa seltu. Það þarf að „smúla" út á þeim mótorana eftir hvert einasta flug til að þeir tærist ekki upp af salti, svo að dæmi sé tekið. Og auðvitað eru þær bæði stórar, þungar og eyðslufrekar. Það gerir kannske ekkert til þó að við höfum stóra, þunga og eyðslufreka vél. En á meðan við högum okkur þannig getum við auðvitað ekki passað eins stórt landsvæði fyrir eins litla peninga og við gætum gert ef við hefðum miklu léttari flugvélar sem hefðu jafnmikið og jafnvel meira flugþol. Athugið það. Það þarf ekki endilega að vera að minni vélar hafi minna flugþol. Það er misskilningur. Og margar minni vélar geta borið hvers konar búnað, síst ófullkomnari en stærri flugvélar bera.— En ég held að það væri gott, bæði hjá Landhelgisgæslunni og hjá öðrum mjög dýrum ríkisfyrirtækjum, að leita álits þeirra manna sem trúlegt er að hefðu hvað mesta þekkingu á viðkomandi sviði, þegar taka á ákvarðanir um fjárfestingu og rekstur eins og t. d. Landhelgisgæslunnar. Við vitum auðvitað allir hvað þetta kostar. Það stendur í fjárlögunum hve mikið fé fer til þessa. Það er ansi mikið, þó að ég sé ekki að kvarta undan því að það sé of mikið, en það nýtist illa.

Svo einkennilega vill til, að þegar Fokker-flugvél Gæslunnar þarf að fara í 15 daga skoðun er það fullyrt hér að engar aðrar flugvélar hafi getað komið í staðinn. Ég vil hins vegar fullyrða að margar aðrar flugvélar hefðu getað komið í staðinn. Það eru margar Fokker-flugvélar til hér í fullum rekstri. Því ekki að leigja þær? Það er síst dýrara að leigja flugvélar hjá Flugleiðum en halda úti þessari vél hjá Gæslunni og auðvitað sjálfsagt að nota sér það, þegar flugvél Gæslunnar þarf að fara í skoðun, að leita til þessa ágæta og myndarlega fyrirtækis, Flugleiða, og fá þar lánaða flugvél til þessa brúks. Þær eru yfirleitt í mjög góðu standi, enda viðhaldið betra á þeim bæ en þekkist yfirleitt hjá flugfélögum, og er þá ekkert flugfélag undan skilið, hvorki hér á landi né annars staðar. Það hefði kannske mátt koma fram í þeim umræðum öllum, þegar var verið að fjalla um málefni Flugleiða á sínum tíma, að nefna einnig það sem var ljósara á litinn en svart.

Herra forseti. Þyrlumálin eru einnig nokkuð stór þáttur. Ég ætla ekki að eyða tíma í að ræða þau. Manni er auðvitað sagt ýmislegt um hvernig ástandið er í þeim efnum hjá Gæslunni. Ég veit ekki hvað satt er í því. Ég hef grun um að þessi ákaflega dýra þyrla, sem keypt var núna til landsins, Sikorsky, hafi verið svo dýr að hún sé tvisvar til þrisvar sinnum dýrari en margviðurkenndar björgunarþyrlur sem mikið eru notaðar t. d. í Vestur-Þýskalandi til ýmiss brúks. Það eru þyrlutegundir sem hafa reynst ákaflega vel, eru miklu ódýrari í rekstri og margfalt ódýrari í innkaupi. Það kann að vera að þær hafi ekki þótt heppilegar til þessara nota hér heima, en ég hef grun um að Sikorsky-vélin sé ekki heldur heppileg. Ég hef grun um að hún hafi ekki mikið pláss t. d. aftan á varðskipunum. Hafa varðskipin farið með hana út á sjó nema hérna út á Flóa? Það hugsa ég að sé ákaflega lítið um. Ég er ekki viss um að það sé gott að athafna sig með þeirri vél á varðskipunum. Ég þori ekki að fullyrða það, en mig grunar það.

Herra forseti. Það, sem vakti athygli mína þegar hv. þm. Árni Gunnarsson tók til máls áðan í umr., var kannske ekki síst það þegar hann þurfti, að því er virtist, að taka það sérstaklega fram, að mál hans hefði alls ekki

verið neitt tengt eða mengað fjölmiðlabakteríum. Svo einkennilega vildi til, að þegar þetta litla mál var rætt ásamt fjöldamörgum öðrum á fundi Sþ. var þess sérstaklega getið fyrir fréttir að það væri von á merkilegum ummælum frá Árna Gunnarssyni. Síðan komu þau í *aðalfréttum útvarpsins með viðtali þar sem hann var* látinn túlka mál sitt í útvarpinu einn allra manna sem um þetta fjölluðu, — gerði það auðvitað listilega nákvæmlega eins og hans er vandi og kannske óþarfi þess vegna að leita til annarra um þau efni. Eftir fréttir var þess getið, fyrir þá væntanlega sem kannske höfðu ekki átt þess kost að hlusta á hv. þm. Árna Gunnarsson í forfréttum og aðalfréttum, það kom sem fréttalegur eftirréttur, að hann hefði látið í sér heyra um þessi mál, til þess að tryggja allt réttlæti.

Útvarpið hefur sem betur fer reynt eftir fremsta megni að gæta þess að málflutningur hv. þm. Alþfl. rynni ekki út í sandinn öðruvísi en fólk í landinu gæti fylgst þar vandlega með. Ég man ekki eftir þeim fréttatíma þar sem ekki hefur verið talað við a. m. k. *einn* hv. þm. Alþfl. Ég vona að útvarpið haldi uppteknum hætti. Það var t. d. í gærdag og í gærkvöld. Það gleður mitt gamla hjarta að heyra í þessum ágætu mönnum. En þar fyrir er ég alls ekki að halda því fram að hv. þm. hafi verið að flytja þetta mál í fjölmiðlaskyni. Hann talaði á ýmsan hátt skynsamlega í þessum efnum. (Gripið fram í.) Mjög skynsamlegt, já margt af því, þó að hann væri dálítið fullyrðingasamur. Menn verða að vera dálítið fullyrðingasamir ef á að taka eitthvað eftir þeim. Það verður að vera einhver sveifla. Það kemur auðvitað oft niður á staðreyndunum, en það er ekki aðalatriði málsins.

Sú staðhæfing er endurtekin hérna, að tækjabúnaði varðskipanna sé svo hörmulega komið að tæki þeirra séu meira að segja lakari en í þeim skipum sem þau eiga að passa. Ef varðskip eða eftirlitsskip yfirleitt hefðu ekki lakari tæki en gerast í nýtískufiskiskipum á Íslandi, þá held ég að það þyrfti ekki mikið um að kvarta því að í þeim skipum er mjög góður tækjabúnaður, í nýjustu skipunum okkar, eins og tiltekið var sérstaklega úr ræðustól. Þar er sem betur fer oft um ágætan tækjabúnað að ræða. En ég legg á það áherslu, að skip Gæslunnar eiga auðvitað að vera vel búin tækjum. Þar á ekki að spara peninga. Það er ekki til mikils að senda varðskipin vestur á Dohrnbanka að líta eftir því að skip séu hérna megin eða hinum megin við einhverja miðlínu, ef um það væri að ræða, ef þau hafa ekki tæki til að sanna nákvæmlega hvar þau eru stödd. (**StJ:** Miðlínan á Dohrnbanka er mjög breið, guði sé lof fyrir okkar skip.) Já, hv. þm. Stefán Jónsson þekkir Dohrnbankann vafalaust vel, ég efa það ekki. En það er nú svona, að þó að menn hafi farið frjálslega um þá línu nokkuð sumir hverjir af ýmsum þjóðernum er það svo, að ef við eigum einhverra hagsmuna þar að gæta verðum við að hafa tæki til þess að fá nákvæmar staðsetningar. Um það er ekkert að efa og til þess eigum við ekki að spara fé.

Herra forseti. Ég lagði áherslu á það, þegar þetta var síðast til umr., að við mættum ekki skera við nögl fjármagn til Gæslunnar. En það á að hagnýta þetta fé vel, það á að beita þar fullkominni hagsýni, velja hentug skip, aðgæta hvort ekki sé unnt að spara t. d. í mannskap eða spara í olíu með því að nota svartolíu o. s. frv., o. s. frv.

Ég lagði einnig áherslu á í upphafi máls míns, síðast þegar þetta var til meðferðar, að fá að vita af hverju það stafaði að þetta mál hefði farið til utanrmn., síðan kæmi í umr. hlutaðeigandi ráðh., sem ekki væri utanrrh., heldur dómsmrh. Það er eitthvert hliðarskref í þessu sem ekki passar. Ég tel að þetta málefni hefði átt að senda til allshn. Ég tel að það eigi ekki fremur heima í utanrmn. en t. d. girðingalögin í sjútvn. Þetta kemur utanríkismálum nákvæmlega ekkert við.

Að lokum lagði ég áherslu á það, og ég vil endurtaka það þó ég hafi ekki fengið nein svör við því, af hverju málið var sent í vitlausa nefnd, að ég er ekki samþykkur síðustu setningu í grg. með frv. og þar með ekki sammála hæstv. dómsmrh. varðandi það efni. Sú setning fjallar um að það eigi að vera leynd yfir meðferð þessara mála í *þeirri nefnd sem stendur til að skipa. Það er mín skoðun* að þetta eigi allt að vera opið, það eigi ekki að vera nein leynd yfir meðferð þessara mála. Í skjóli slíkrar leyndar þrífst sjálfsagt margt hið neikvæða sem hv. þm. Árni Gunnarsson hefur nefnt hér og ýjað að, því að ýmislegt neikvætt er vissulega til í þessum málum, það vitum við margir hér í hv. Alþingi. Til þess að það komi einnig upp *á yfirborðið og allir geti skoðað hlutina, bæði jákvæða og* neikvæða, á ekki að hvíla leynd yfir störfum þessarar nefndar.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Örfá orð.

Hv. 4. þm. Suðurl., sem hér var að ljúka máli sínu, gaf *enn góð ráð og upplýsingar og hvatti til þess, að vel væri* farið með fé ríkisins og leitað skyldi til þeirra jafnan sem mesta og besta þekkingu hafa hverju sinni við ráðstöfun fjár. Kann ég honum bestu þakkir fyrir þetta.

En ég er honum ekki sammála um það sem hann sagði um síðustu setninguna í grg. frv. Það er enginn að tala um að yfir þessum málum eigi að hvíla einhver sérstök leynd eða þessu eigi að leyna. *Þvert á móti á að leggja á borðið* þær upplýsingar sem fyrir hendi eru, sérstaklega þegar búið er að afla þeirra. En ekki er vanþörf á, a. m. k. öðru hverju, að minna menn á að vera í störfum sínum bundnir vissum trúnaði við þau verkefni sem þeim eru falin. Ég er ekki að segja að það þurfi sérstaklega að minna hv. 4. þm. Suðurl. á þessi rök, en þau eru þó til.

Hv. 1. landsk. þm. minntist m. a. á það, að þörf væri á að endurskoða lög um landhelgisgæsluna. Ég get út af fyrir sig vel á þetta fallist. Ég gat þess fyrr í þessum umr. að Landhelgisgæslan stæði að vissu leyti á vegamótum og hennar málefni þyrfti öll að ræða gaumgæfilega með hliðsjón af þeim auknu og vaxandi skyldum eða skyldustörfum sem henni eru lögð á herðar. Hitt má líka segja, að nefnd sú, sem talað er um að hér verði sett *á laggirnar*, geti athugað þessi mál sérstaklega. E. t. v. má enn bæta því við, að stundum er frekari þörf á að skoða framkvæmd laga og reyna að fylgja eftir ákvæðum gildandi laga en hugsa eingöngu um lagabreytingar.

Hv. 1. landsk. þm. gat enn fremur um það, að hann teldi eðlilegt að fela Gæslunni fleiri verkefni, svo sem *aukin störf að vitaþjónustunni. Ég get vel á þetta fallist* og veit ekki betur en þetta mál sé einmitt til umræðu í nefndum þingsins nú.

Þá minntist þessi sami hv. þm. á það, að starfsmenn Gæslunnar hefðu ekki verkfallsrétt. Þetta er hverju orði sannara. Ég tel að eins og störfum þessara manna er háttað sé þessi regla rétt. Hins verður vel að gæta, að *þessir ágætu starfsmenn gjaldi ekki þessarar lagareglu,* heldur þvert á móti njóti hennar. Það verður að sjá svo um, að þeir njóti þessarar sérreglu þegar kjör þeirra

eru skoðuð og allar aðstæður, en hún bitni ekki á þeim.

Hv. 4. þm. Norðurl. e., Stefán Jónsson, komst að orði eitthvað á þá leið, að við — þá átti hann við þm. — yrðum að segja allt í Sþ., án tillits til þess hvort það kæmi viðkomandi ráðh. vel eða illa, í stað þess að ganga upp í ráðuneyti og hjala þar við hann. (**Gripið fram í:** Já, í eyra hans.) Já, þetta er út af fyrir sig alveg rétt. Og ég hef aldrei gert athugasemdir við það, að þm. töluðu héðan úr þessum ræðustól um allt mögulegt. Vissulega hafa þeir fullt málfrelsi og þarf ekki um það að tala. Og sannarlega er hér um upplýsingar og málefni að ræða sem allan þingheim varða. En hitt er það, að ef einhver hv. alþm. býr yfir einhverjum válegum upplýsingum sem geta skipt talsvert miklu máli um góða stjórn landsins mála, þá ætlast ég til þess að hann skjóti því að sínum ráðh., sérstaklega þegar um dygga og trausta stuðningsmenn núv. ríkisstj. er að ræða, eins og ég veit að hv. 4. þm. Norðurl. e. er. (**StJ:** En ekki Árni.) Ja, það er nú svo. Ég læt þeirri athugasemd ósvarað í bili.

Þá kem ég loks að orðum hv. 6. þm. Norðurl. e. Hann lét í það skína að starfsmenn Gæslunnar ættu erfitt með að ná mínum fundi eða stjórn starfsmannafélagsins, að því að mér skildist, og að ég hefði ekki upplýsingar um málefni Gæslunnar frá réttum aðilum. Ég gat þess fyrr í þessum umr., að þó að ég hefði ekki talað við hvern og einn af starfsmönnum Gæslunnar hefði ég mínar upplýsingar ekki einungis frá einum aðila, heldur fleirum. Í rn. eru að sjálfsögðu menn sem þekkja þessi störf af áratugalangri vinnu. Auk þess gat ég þess, að starfandi væri á vegum rn. innanhússnefnd sem væri skipuð vel hæfum mönnum. Það eru Ólafur Walter Stefánsson skrifstofustjóri, Þröstur Sigtryggsson skipherra og Valdimar Indriðason framkvæmdastjóri. En til þess að fyrirbyggja allan misskilning vil ég taka það skýrt fram, að það eru ekki einungis yfirmenn Landhelgisgæslunnar eða stjórn Starfsmannafélagsins sem velkomnir eru á minn fund hvenær sem er eftir nánara samkomulagi, heldur hver og einn einasti starfsmaður Gæslunnar. Ég vona að þeir eigi ekki erfitt með að ná mínum fundi ef þeir gera góðar tilraunir í þá átt.

Ég er alveg sammála hv. 6. þm. Norðurl. e. um það, að nauðsynlegt er að bæta tækjakost Gæslunnar og allan aðbúnað til mikilla muna. Hún þarf að fá betri búnað og öruggari tæki og nýtískulegri tæki sem svara kröfum tímans. Vissulega er hér um stórmál að ræða sem vert er og sjálfsagt að athuga gaumgæfilega, og ég þakka þeim ræðumönnum, sem hafa tekið þátt í þessum umr., fyrir það, sem þeir hafa lagt jákvætt til málanna, og þann áhuga sem þeir hafa sýnt verkefnum Landhelgisgæslunnar.

Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð nú, en vil enda ræðu mína á svipuðum orðum og ég endaði á fyrstu ræðu mína um þessi mál: að við verðum að halda uppi öflugri landhelgisgæslu á sjó og í lofti og leggja á okkur að greiða þann kostnað sem af því leiðir.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég skal gera tilraun til að lengja ekki þessa umr., hún er nú orðin nægilega löng. Ég vil bara að það komi skýrt fram, að sú ræða, sem ég flutti hér s. l. þriðjudag, var í beinu framhaldi af orðum hv. þm. Geirs Hallgrímssonar, formanns utanrmn., þegar hann gerði grein fyrir umfjöllun utanrmn. um till. sem hv. þm. Benedikt Gröndal og ég fluttum um eflingu landhelgisgæslunnar. Það var því hvorki óeðlilegt né að öðru leyti óskynsamlegt að mínu mati að ítreka þær umsagnir sem við höfum haft um nauðsyn þess að efla landhelgisgæsluna, og þær upplýsingar, sem ég flutti hér, eru, eins og ég hef áður sagt, beint frá starfsmönnum Landhelgisgæslunnar. Hafi hv. þm. Garðari Sigurðssyni þótt ég of fullyrðingasamur í ræðu minni vil ég lýsa því yfir, að margir hafa verið fullyrðingasamari en ég úr þessum ræðustól. Telji hv. þm. Garðar Sigurðsson að fullyrðingar mínar eigi ekki við rök að styðjast getur hann átt um það við starfsmenn Landhelgisgæslunnar, sem verða að nota þau tæki sem við höfum verið að ræða hér um.

Í annan stað skil ég ekki þá umræðu sem hér hefur hafist um fjölmiðla í sambandi við þá ræðu sem ég flutti hér s. l. þriðjudag. Ég fæ ekki botn í hana, enda er hún opin í báða enda, sú umræða sem menn hafa hafið hér, og sérstaklega á það hv. þm. Garðar Sigurðsson.

Ég er búinn að starfa við fjölmiðlun í 13 ár. Sjálfur reyndi ég það oft hvernig hv. þm. reyndu að hafa áhrif á fréttamenn með því að atyrða þá. Sjálfur var ég tekinn á beinið í ráðuneytum tveggja hæstv. ráðh. á þeim árum. Mér var sagt til syndanna og mér sagt hvernig ég ætti að segja fréttir. Þá reyndu líka margir hv. þm. að hafa áhrif á fréttaflutning fréttastofu útvarps með því að hafa beint samband við fréttamenn. Ræður af þessu tagi eru gersamlega óþolandi. Þegar þm. standa hér í ræðustól og segja fréttamönnum hvernig þeir eigi að haga sér í störfum sínum er það fyrir neðan allar hellur, einkum og sér í lagi vegna þess að fréttamennirnir hafa ekki tækifæri til að svara fyrir sig á sama vettvangi. Ég verð að segja það, herra forseti, að umræða af því tagi, sem hv. þm. Garðar Sigurðsson hóf hér, er fyrir neðan allar hellur. Hann ætti kannske að taka saman hversu mörg viðtöl fréttamenn útvarpsins hafa átt við hæstv. ráðh. Alþb. undanfarnar vikur og mánuði — honum finnst það kannske ekkert of mikið — eða hv. þm. Framsfl. eða þann hluta Sjálfstfl. sem tekur þátt í ríkisstjórnarsamstarfinu. Menn mega ekki gleyma því, að það er líka til stjórnarandstaða á Íslandi og það er málfrelsi á Íslandi. Það er réttur og skylda fréttamanna að flytja orð stjórnarandstöðunnar jafnt og ríkisstj. Það er óumdeilt að ríkisstj. á hverjum tíma er mun meira í fjölmiðlum en stjórnarandstaða á hverjum tíma. Um þetta verður ekki deilt.

Ég vil svo að endingu segja það, herra forseti, að ég vona að sú umr., sem hér hefur orðið um landhelgisgæsluna, geti orðið til þess, að hún skipi þann sess í hugum ráðamanna þjóðarinnar og hv. þm. hér á Alþingi, sem hún gerði á þeim dögum þegar hún var stolt þessarar þjóðar í baráttu við erlend herskip, og að við gleymum ekki þeim verkefnum, sem Gæslunni eru ætluð, og að við gleymum því ekki, að þar er á ferðinni sú stofnun sem á að gæta þess auðs sem við höfum aflað okkur með áratugabaráttu, eins mesta matarforðabúrs veraldar.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég tel ástæðu til að fagna því, að málefni Landhelgisgæslunnar hafa vakið hér svo ítarlegar umr. Þetta er einmitt mál sem þarf að ræða og ræða á þessum vettvangi, miðað við þá þýðingu sem Landhelgisgæslan hefur fyrir þjóð okkar.

Ég get tekið undir það með hv. 6. þm. Norðurl. e., sem hann endaði ræðu sína á áðan, að fljótlega kom í ljós — við skulum segja nú síðustu 2—3 árin — að því miður virðist hafa gleymst það merka hlutverk sem þessi

stofnun hafði og hefur í þjóðfélagi okkar. Það varð undarlega hljótt eftir þá miklu umfjöllun, sem þessi stofnun hafði á vissu árabili, og þá aðdáun, sem þjóðin hafði á stofnuninni og starfsmönnum hennar. Hver man ekki áróðurinn undanfarið um sérstaka nauðsyn á því að fækka skipum Landhelgisgæslunnar, þau væru allt of mörg og það væri allt of mikil umsvif og kostnaður sem þessi stofnun hefði í för með sér fyrir þjóðfélagið, þetta væri allt of dýrt fyrir þjóðfélagið. Og hver man ekki áróðurinn um flugvélakaupin. — Mér fannst það vera sérkennileg tilviljun áðan þegar hv. 4. þm. Suðurl. var að tala um að hægt væri að leysa þessi mál með samvinnu við Flugleiðir. Hann hefur sjálfsagt ekki munað eftir því, að dag eftir dag á þessum vetri hafa komið fram fréttir um þann flugvélakost sem hann er að vitna í. Það hefur verið viss hætta í farþegaflugi vegna þess að þessar flugvélar eru orðnar úreltar og viðhald þeirra hefur verið þannig að það hefur verið varhugavert að senda áhöfn og farþega í innanlandsflug. Þetta hefði hv. þm., sem virðist vera fróður um flugvélar og rekstur þeirra, átt að kynna sér áður en hann sagði það sem hann sagði hér áðan. Nei, sannleikurinn er sá, að Landhelgisgæslan, miðað við þá aðstöðu og hlutverk sem henni ber að inna af hendi, verður að ráða yfir mjög fullkomnum flugvélakosti. Það er ekkert vafaatriði.

Ég taldi mér skylt að taka til máls um þetta mikilvæga mál, ekki síst út frá umr. sem hér fara fram, og endurtaka þá skoðun mína og margra annarra, að við eigum að hafa metnað og við eigum að hafa þá skyldu við þennan mikilvæga þátt í þjóðfélagi okkar að standa saman um að gera allt sem hægt er til að efla landhelgisgæsluna, bæði að því er varðar skipakost og flugvélar. Hins vegar get ég tekið undir að það er mjög nauðsynlegt að endurskipuleggja landhelgisgæsluna og enn fremur að taka lögin um landhelgisgæsluna til endurskoðunar. Ég held að það hljóti að blasa við öllum, sem um þessi mál hafa á einhvern hátt fjallað, að á því er brýn nauðsyn.

Ég vil koma inn á eitt atriði í sambandi við þetta mál og það er vitaskipið Árvakur, eins og hann hefur oft verið nefndur eða talinn vera, en hann er eitt af skipum Landhelgisgæslunnar. Hann hefur verið á söluskrá og áróður fyrir því af mörgum hv. alþm. hér að nauðsynlegt væri að losna við þetta skip, enda verið á söluskrá þótt ljóst sé að lítið verð fáist fyrir skipið. Mín skoðun er sú, að það sé algerlega rangt að selja þetta skip. Við þurfum á því að halda og það ekki aðeins í sambandi við almenna vitaþjónustu. Við þurfum að nota það við ýmsa öryggisþjónustu að því er varðar ýmis vitadufl, siglingamerki og ekki síst sem einn þátt í veðurþjónustu, sem allir viðurkenna að er mjög mikil nauðsyn að bæta við suðurströndina. Það er nauðsynlegt að segja upp duflakerfi fyrir suðurströndinni. Þetta er ekki hægt að gera nema að hafa yfir að ráða sérstaklega útbúnu skipi. Það er talið af sérfróðum mönnum að Árvakur sé einmitt hentugt skip í þessu skyni. Hví ekki að nýta svona skip í sambandi við björgun alls konar eða sem dráttarskip þegar skip lenda í strandi? Enn fremur er hægt að útbúa þetta skip sem kapallagningarskip og hefur það alla möguleika á að sinna slíkum verkefnum með tiltölulega ódýrum útbúnaði.

Ég tók þetta atriði sérstaklega upp hér vegna þess að það er verið að ræða endurskoðun laga um vita í landinu. Þetta er þáttur í öryggiskerfi okkar sem hefur orðið útundan. Það hefur alltaf fallið niður hér á hv. Alþingi í áraraðir að taka lögin um vitana til endurskoðunar. Þessi lög eru löngu úrelt og þjóna hvergi því hlutverki sem þessi mikilvægi hlekkur í öryggisbúnaði við landið á að sinna. Ég er ekki á þeirri skoðun á þessari stundu að það sé sjálfsagt að leggja vitaþjónustuna undir Landhelgisgæsluna. Ég held að menn þurfi að skoða það mál vandlega áður en þeir fullyrða að sé besti kostur. Þarna er um að ræða starfsemi sem er margþætt. Ég tel sjálfsagt að skipuleggja vitagæslu þannig að hægt sé að nýta Landhelgisgæsluna í því skyni, en ég er ekki sannfærður um að það sé eðlilegt að fela Landhelgisgæslunni stjórn þessara mála, því að það fer að miklum hluta til fram í því formi sem ekki samrýmist starfsemi Gæslunnar.

Ég vil hins vegar segja það, að ég fagna því nál. sem hér liggur fyrir frá utanrmn. og ég vænti þess, að það álit og sú nefnd, sem kosin yrði, miðað við það nál., verði til þess að þessi mál fái í alvöru umfjöllun, það yrði skoðað gaumgæfilega á hvern hátt við getum komið upp hér landhelgisgæslu sem við getum verið stoltir af og þjónar því hlutverki sem brýn nauðsyn er fyrir okkur að sé hér í landinu. Ég vil endurtaka að ég tel að eðlilegt sé að lögin um landhelgisgæsluna séu tekin til endurskoðunar í heild, þ. e. verksvið hennar og allt sem því fylgir, en umfram allt hljótum við að vera sammála um það markmið að efla landhelgisgæsluna og gera hana virkari fyrir það mikilvæga hlutverk sem henni er ætlað.

Frsm. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr., en ég þakka efnislegar undirtektir hv. þm. undir till. og nál. utanrmn. Ég ætla mér ekki að fjalla hér um skipakost, flugvélakost eða annan tækjabúnað Landhelgisgæslunnar. Ég tel að við höfum betri skilyrði og traustari forsendur til þess að fjalla um þá hlið málsins þegar milliþinganefnd sú, sem till. fjallar um að kosin verði, hefur lokið störfum.

Ég skal víkja að þeirri athugasemd eða fsp., hvernig á því standi að till. þessari var vísað til utanrmn. Það var gert samkv. tillögu 1. flm., hv. þm. Benedikts Gröndals, og samþykkt af Sþ. að utanrmn. skyldi um þessa till. fjalla. Ég hygg að það hafi verið gert á þeim forsendum m. a., að efling landhelgisgæslunnar væri svo mikilvæg í samskiptum okkar og réttindavörslu gagnvart öðrum þjóðum, m. a. hvað snertir gæslu landhelginnar sjálfrar, fiskveiðilögsögunnar og landsgrunnsréttinda, meðan mörk þessa landgrunns og fiskveiðilögsögu væru enn ekki að fullu útkljáð í öllum atriðum, og að utanrmn. fjallaði ekki síst um þá hlið málsins.

Þá vildi ég láta það og koma hér fram, herra forseti, út af ábendingu hv. 1. landsk. þm., Péturs Sigurðssonar, þar sem hann vakti máls á því, að það ætti að vera verkefni milliþinganefndarinnar að endurskoða löggjöf um landhelgisgæslu, að ég lít svo á, að milliþinganefndin muni að sjálfsögðu, ásamt með tillögum sínum varðandi á hvern hátt nauðsynlegt sé að efla Landhelgisgæsluna svo hún geti haft sem best eftirlit með 200 mílna lögsögusvæðinu og gegnt öðrum hlutverkum sínum á fullnægjandi hátt, gera þær tillögur til lagabreytinga eða löggjafar almennt sem nauðsynlegar eru til þess að tilgangi þessarar eflingar verði náð.

Ég vænti þess, að þessi þáltill. verði samþykkt með þeim breytingum sem utanrmn. hefur gert að tillögu sinni, og læt máli mínu lokið.

ATKVGR.

Brtt. 534,1 (ný tillgr.) samþ. með 36 shlj. atkv.
Brtt. 534,2 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.
Till., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 593).

Varnir vegna hættu af snjóflóðum og skriðuföllum, þáltill. (þskj. 53, 557). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Egill Jónsson): Herra forseti. Svo sem fram kemur í grg. fyrir þessari þáltill. var samþykkt þáltill. 14. maí 1975 um skipun nefndar til að fjalla um rannsóknir á hættu af snjóflóðum. Álit þeirrar nefndar lá fyrir ári síðar. Á grundvelli þessa m. a. hafa verið fluttar tvívegis till. til þál. sem hafa hnigið í sömu átt og þessi, það er að sett yrðu lög um varnir og viðbrögð gegn snjóflóðahættu.

Nefndin hefur fjallað um þessa till. og leggur til að hún verði samþykkt í meginatriðum eins og till. er lögð fram. Þó eru gerðar breytingar á 1. lið till., eins og fram kemur á því nál. sem n. leggur fram.

Helgi Seljan: Herra forseti. Ég þakka hv. atvmn. afgreiðslu hennar fyrir hönd okkar flm. Þetta mál hefur verið að velkjast nokkuð lengi hér í Alþingi, en um þessa till. verið alger samstaða flokka á milli.

Ég vil sérstaklega þakka nefndinni fyrir að hafa haldið þeim merku áhersluatriðum inni í till. sem færustu aðilar léðu okkur flm. á sínum tíma. Ég held nefnilega einmitt að menn skjóti sér oft undan því í nefndarstarfi að taka afstöðu til slíkra atriða, sem eru þar til áherslu og til leiðbeiningar, þannig að þeir útþynni till. og setji þá kannske einvörðungu nefnd í málið eða orði þetta almennum orðum um nýtt skipulag og svo búið. Hér hefur nefndin hins vegar tekið þá afstöðu að taka undir áhersluatriðin sem hinir færustu menn hafa þarna sett inn. Ég tel að það sé af hinu góða, og ættu fleiri að huga að því því að þarna er um að ræða mjög góðan leiðarvísi frá Alþingi til þeirra stjórnvalda sem eiga að byggja löggjöfina á till. þessari.

ATKVGR.

Brtt. 557 samþ. með 31 shlj. atkv.
Tillgr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 594).

Félagsbú, þáltill. (þskj. 75, n. 558). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Egill Jónsson): Herra forseti. Atvmn. hefur fjallað um till. frá varaþm. Þorbjörgu Arnórsdóttur um aukinn stuðning við rekstur félagsbúa og enn fremur hefur n. farið yfir umsagnir frá Búnaðarfélagi Íslands, Stéttarsambandi bænda og Landnámi ríkisins. Það er niðurstaða n. eftir þessa umfjöllun og ábendingar, að það skorti á að í lögum séu fyrir hendi skýr ákvæði um ákveðin réttindi þeirra sem stunda búskap í félagi hver við annan. Þess gætti mjög í umsögnum frá bændasamtökunum að þetta kæmi fram í ýmsum erfiðleikum í sambandi við stjórn framleiðslumálanna, og m. a. af þeirri ástæðu var kvatt til þess, að till. yrði samþykkt. Þess vegna hefur atvmn. orðið sammála um að mæla með samþykkt þáltill. á þskj. 75 með þeim breytingum sem fram koma á þskj. 558. Þar er reyndar lögð á það áhersla að þessu máli verði búinn sérstakur lagastakkur með því að fella það inn í lög.

ATKVGR.

Brtt. 558,1 (ný tillgr.) samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 558,2 (ný fyrirsögn) samþ. með 33 shlj. atkv.
Till., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 595).

Undirbúningur almennra stjórnsýslulaga til að auka réttaröryggi, þáltill. (þskj. 135, n. 525). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Allshn. Sþ. hefur fjallað um till. sem flutt var fyrr á þessu þingi af Ragnhildi Helgadóttur, sem þá sat hér sem varamaður, en till. fjallar um undirbúning almennra stjórnsýslulaga til að auka réttaröryggi. Það er gert ráð fyrir að hæstv. ríkisstj. láti hið fyrsta kanna hvort tímabært sé að sett séu hér á landi almenn stjórnsýslulög og í því sambandi verði skipuð nefnd til að fjalla um mál þetta og semja frv. ef ástæða þykir til.

Þessi till. hefur það markmið að reyna að tryggja réttaröryggi einstaklinga gagnvart ákvörðunum stjórnvalda og jafnframt að gera athafnir framkvæmdavaldsins skýrari og traustari. Flm. — og á það hefur nefndin fallist — hefur talið nauðsynlegt að kannað sé hvort ekki sé rétt að setja reglur um málsmeðferð í stjórnsýslunni sem m. a. tryggi rétt aðila til að tjá sig áður en stjórnvaldsákvarðanir, sem að þeim beinast, eru teknar.

Umsvif stjórnvalda, þ. e. handhafa framkvæmdavaldsins, aukast stöðugt í þjóðfélagi okkar og þau hafa með höndum æ fleiri mál sem snerta einstaklinga og samtök þeirra og taka oft mjög veigamiklar ákvarðanir, sem geta skipt miklu máli fyrir hag og velsæld borgaranna. Það eru ákaflega fá og dreifð lagaákvæði til um það, hvernig slíkar ákvarðanir séu teknar, hvert eigi að vera form þeirra, hver eigi að vera réttur einstaklinga til að fá að skoða þau gögn sem þá varða og ákvarðanir um þá eru byggðar á, hvort og þá hvernig þeir geti fengið að tjá sig fyrir stjórnvaldi áður en ákvarðanir eru teknar um þá — og þannig mætti reyndar lengi telja. Í nágrannalöndum okkar hafa slík lög verið sett, reyndar tiltölulega nýlega bæði í Noregi og Svíþjóð, og mætti vafalaust hafa hliðsjón af þeim lögum við undirbúning að slíkri lagasmíði hér hjá okkur.

Allshn. leitaði umsagna nokkurra aðila, þ. e. Dómarafélags Íslands, lagadeildar Háskóla Íslands, réttarfarsnefndar og Lögmannafélags Íslands, og allir þessir aðilar mæltu með samþykkt þessarar þáltill. Hið sama gerir allshn.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 596).

Iðnaður á Vesturlandi, þáltill. (þskj. 10, n. 553). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Eggert Haukdal): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 553 frá atvmn. um till. til þál. um eflingu iðnaðar á Vesturlandi. Nál. er svohljóðandi:

„Nefndin ræddi till. og sendi til umsagnar ýmissa aðila. Umsagnir hafa borist frá eftirtöldum aðilum: Iðntæknistofnun Íslands, Félagi ísl. iðnrekenda og Framkvæmdastofnun ríkisins. Lýst er fullum stuðningi við till. og að hún megi ná fram að ganga. Leggur n. til að till. verði samþykkt."

Þessi till. var flutt í fyrra og varð ekki útrædd, en er nú endurflutt af öllum þm. Vesturl. Eðlilegt er að afgreiða þessa till. og að þeirri áætlun, sem gert er ráð fyrir með samþykkt hennar, verði hraðað.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég þakka hv. atvmn. afgreiðslu málsins sem er mikilvægt að mati okkar flm., og ég vænti þess, að hæstv. ríkisstj. taki þál. þessa til jákvæðrar meðferðar nú þegar.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 34 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 597).

Innkaup opinberra aðila á íslenskum iðnaðarvörum, þáltill. (þskj. 115, n. 554). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Eggert Haukdal): Herra forseti. Nál. atvmn. um þessa till. er svohljóðandi:

„Nefndin hefur fjallað um till. á fundum sínum í vetur. Hefur hún nú verið lögð fram á þrem þingum. Á síðasta þingi var hún send til umsagnar og bárust umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Félagi ísl. iðnrekenda, Sambandi ísl. sveitarfélaga og Innkaupastofnun ríkisins. Hlaut till. eindreginn stuðning og var hvatt til samþykktar hennar. Leggur n. til að till. verði samþykkt."

Þar sem mál þetta hefur verið rætt ítarlega á þremur þingum og hlotið eindreginn stuðning allra þeirra er um hafa fjallað sé ég ekki ástæðu til að orðlengja um það, en vona að ríkisstj. taki rösklega við sér í þessu máli að fenginni samþykkt þessarar tillögu.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 33 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 37 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 592).

Olíuhöfn og birgðastöð í Helguvík, þáltill. (þskj. 110). — Frh. einnar umr.

Utanrrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það er nú nokkuð langt um liðið frá því að mælt var fyrir þessari þáltill., en samkvæmt till. flm. verður henni væntanlega vísað til utanrmn. Við skulum vona að svo fari að lokum að þangað komist hún. Þá verður færi á því að koma á framfæri ýmsum skýringum og upplýsingum varðandi þetta mál. Ég skal því ekki hafa ýkjamörg orð um þetta nú, en tel þó rétt á þessu stigi að minnast aðeins á nokkur atriði.

Þá er það fyrst varðandi hvert sé upphaf þess að þetta mál hefur nú komist á dagskrá yfirleitt. Það er skemmst að segja að rætur þess, að þetta mál er upp tekið, má rekja annars vegar til fsp., sem gerð var hér á Alþingi 1978 til utanrrh. um mengunarvarnir af völdum bandarískra hersins, og í annan stað má rekja það til ályktunar, sem samþykkt var á Alþingi 23. maí 1979, en sú till. var svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela utanrmn. Alþingis að láta rannsaka hversu mikil mengun hefur nú þegar hlotist af olíu í jarðvegi umhverfis Keflavíkurflugvöll. Athuga verði sérstaklega hversu mikil hætta stafar af olíumengun gagnvart vatnsbólum byggðarlaga á Suðurnesjum. Nefndin kanni einnig réttarstöðu byggðarlaga á Suðurnesjum gagnvart afleiðingum olíumengunar af einu eða öðru tagi. Lögð verði áhersla á í athugun þessari að hafa náin samráð við stjórnir sveitarfélaga í nágrenni við Keflavíkurflugvöll. Störfum verði hraðað eins og kostur er."

Þáverandi utanrrh. skipaði samkvæmt þessu tvær nefndir: fyrst nefnd til þess að athuga mengunina og athuga hvaða ráðstafanir væri hugsanlegt að gera til úrbóta í því efni, en í annan stað skipaði hann svo nefnd til að skilgreina þörf fyrir eldsneytisgeyma fyrir alla starfsemi á flugvellinum, athuga löndunaraðstöðu, gera tillögur um staðarval, smíði geyma, áætla byggingarkostnað, skilgreina einstaka verkþætti og meta umhverfisáhrif og náttúruverndarsjónarmið og enn fremur hvaða ráðstafanir þyrfti að gera til að mæta ýtrustu nútímakröfum um mengunarvarnir. Þessi nefnd var skipuð af utanrrh. 4. okt. 1979 og vann hún í samvinnu við nefnd af hálfu varnarliðsins. Þessi nefnd skilaði svo ítarlegri skýrslu í maí s. l. þar sem mælt er með byggingu nýs kerfis eldsneytisgeyma í Helguvík í grennd Keflavíkur.

Ég drep á þetta vegna þess að það er staðreynd að upptökin að þessu máli eru hjá Íslendingum sjálfum. Þeirri staðreynd verður ekki breytt þó að reynt sé að koma af stað og þyrla upp einhverju ryki í sambandi við það.

Annað atriði, sem ég vildi minnast hér á, er að það hefur komið fram ýmiss konar misskilningur varðandi þá aukningu á eldsneytisgeymarými sem hér er um að tefla. Til þess að taka af allan vafa um hver sú aukning er, sem varnarliðið fer fram á í þessu sambandi, vil ég leyfa mér að upplýsa eftirfarandi, og þær tölur, sem ég fer hér með, eru komnar frá réttum aðilum hjá varnarliðinu:

Þegar litið er á allt eldsneytisgeymarými varnarliðsins, bæði eldsneyti á flugvélar og eldsneyti eða olíu til flotans, er fyrir hendi hér eftirfarandi eldsneytisgeymarými: Það er á fjórum stöðum. Það er á þrem stöðum í Hvalfirði og fjórði staðurinn er Keflavíkurflugvöllur.

Í Keflavík eru það 65 183 kúbikmetrar, í geymum, sem eru í leigu í Hvalfirði, 46 741 kúbikmetrar, og í eldsneytisgeymum í Hvalfirði, sem virðast hér taldir á vegum NATO, eru 50 874 kúbikmetrar, og svo er fyrir flotann eldsneyti í geymum, sem leigðir eru í Hvalfirði, 45 787 kúbikmetrar. Samtals er heildar eldsneytisbirgðarými, sem varnarliðið hefur, 208 585 kúbikmetrar.

Þessu má breyta í tonn. Það eru samtals 158 524 tonn sem hér eru kölluð „long tons", en það er líka breytt í „metric tons" og eru 161 061 slík tonn. En það er réttast, til að rugla þessu ekki saman, að miða við kúbikmetra.

Ef framkvæmd væri sú eldsneytisgeymabygging, sem óskað er eftir, yrði eftirfarandi eldsneytisgeymarými fyrir hendi: Það er líka á fjórum stöðum, þ. e. á flugvellinum í Keflavík 32 þús. kúbikmetrar, í stöð í Helguvík 154 þús. kúbikmetrar, í þessari NATO-geymslustöð í Hvalfirði óbreytt 50 874 kúbikmetrar og í leigðum geymum í Hvalfirði 45 787 kúbikmetrar, eða samtals 282 661 kúbikmetrar á móti þeirri tölu sem ég nefndi áðan, 208 585 kúbikmetrar.

Það, sem niður væri lagt, eða mundi verða tekið úr notkun ef óskir varnarliðsins um byggingu eldsneytisgeyma væru teknar til greina, er stöð eldsneytisgeyma í Keflavík, sem ég nefndi líka áðan, 65 183 kúbikmetrar og leigugeymar í Hvalfirði 46 741 kúbikmetri. Þetta er varðandi allar eldsneytageymabirgðir. Sé aftur á móti litið eingöngu og út af fyrir sig á eldsneytisgeymabirgðir fyrir stöðina í Keflavík, þ. e. flugvélaeldsneyti, yrði breytingin þessi: Í staðinn fyrir þá geyma, sem nú eru þar, 65 183 kúbikmetra geymslurými, og þetta geymslurými sem er leigt í Hvalfirði, 46 741 kúbikmetri, eða samtals 111 924 kúbikmetra, kæmi geymabygging í Helguvík, 154 þús. kúbikmetrar, og á Keflavíkurflugvelli sjálfum, 32 þús. kúbikmetrar, eða samtals 186 þús. kúbikmetrar á móti því sem talið er vera nú fyrir hendi, 111 924 kúbikmetrar.

Þetta eru margar tölur og það er erfitt að leggja þær allar á minnið, en ég ætla að nefna tvær tölur, sem er í rauninni auðvelt að leggja á minnið: Ef miðað er við allar birgðirnar og birgðarýmið í heild er um að ræða 36% aukningu. Ef aftur á móti er miðað við aukninguna á flugvélaeldsneytinu einu út af fyrir sig, sem vel má telja réttara í þessu falli, er aukningin 66%.

Ég hef talið rétt að taka þetta alveg skýrt fram, þannig að menn þurfi ekki að vaða í villu um hver sé sú stærð eldsneytisgeymarýmis sem farið er fram á. En það er af þessum tölum ljóst að ekki er um að ræða fjórföldun á geymslurými, það er ekki um að ræða þreföldun á geymslurými, það er ekki einu sinni um að ræða tvöföldun á geymslurými, en allar þessar tölur hafa heyrst í umræðum um þessi mál. Það er eingöngu um að ræða 66% aukningu, ef miðað er við flugvélaeldsneytið eitt út af fyrir sig, og minna ef miðað er við allar birgðirnar.

Mér finnst sjálfsagt að menn hafi þessar tölur, þegar þeir ræða um þessi mál, og geri sér grein fyrir þeim, en séu ekki með meira og minna ímyndaðar tölur í þessu sambandi. En þetta er það sem að varnarliðið fer fram á. Þetta eru óskir þess. Vissulega er það svo, að þó að það séu ekki nema 66% má segja að um verulega aukningu sé að tefla. Þó er það langt frá því að nálgast þær tölur sem menn hafa verið að fleygja á milli sín í blöðum og opinberri umræðu um þessi mál. Ég vænti að hér eftir geti menn notað réttar tölur í þessu sambandi og rætt um málið út frá réttum forsendum að því leyti.

Ég hef að sjálfsögðu aldrei gefið neina yfirlýsingu um að fallist yrði á þá aukningu, sem þarna er í raun og veru um að ræða, þ. e. 66%, enda hefur engin ákvörðun enn verið tekin í þessu máli. Er líklegt að það verði ekki gert á næstunni. Það hefur verið ráðgerð sú áætlun í þessu efni, að fram færi á þessu ári jarðvegskönnun og frekari rannsókn á svæði, á næsta ári, 1982, færi og fram könnun, en til framkvæmda gæti ekki komið fyrr en 1983. Nú fer þessi þáltill. að vísu fram á að hraðað verði framkvæmdum að þessu leyti, og ef hún verður samþykkt verður auðvitað unnið samkvæmt því, en það liggur ekkert fyrir um það, þó að hún yrði samþykkt, að hægt yrði að breyta þeirri framkvæmdaáætlun sem varnarliðið og NATO hafa hugsað sér í þessu efni. Síðan tækju svo framkvæmdirnar sjö ár. Ég hygg að það sé gerð nánari grein fyrir þessum áætlunum í skýrslu þeirri sem nefndin gaf út á sínum tíma um framkvæmdahraða. En ég vil endurtaka það, að engin ákvörðun hefur verið tekin um þetta efni og ég hef enga yfirlýsingu gefið um að ég mundi samþykkja þessa eða aðra stækkun á eldsneytisgeymarýminu. Hins vegar hef ég sagt að ég teldi nauðsynlegt að endurnýja þessa tanka og að ég teldi nauðsynlegt að flytja þá úr stað og byggja þá upp annars staðar.

Ástæðurnar fyrir því, að slíkt er talið nauðsynlegt, eru margvíslegar. Ég hygg að þær hafi að einhverju leyti, óbeint a. m. k., komið fram í sambandi við þær umr. sem fram fóru á sínum tíma bæði í sambandi við þá fsp., sem hér var á gerð 1978, og eins í sambandi við þá þál., sem samþykkt var hér vorið 1979. Í fyrsta lagi er ástæðan sú, að þeir geymar, sem þarna standa og öllum, sem um veginn fara, er auðvelt að sjá velflesta, því þeir eru nú flestir, langsamlega flestir, ofar moldu og ekki grafnir í jörð, — þessir geymar eru orðnir gamlir og það er alveg óhjákvæmilegt og verður alveg óhjákvæmilegt að endurnýja þá á næstu árum. Annað atriðið, sem þarna kemur til greina, er slæm staðsetning þessara geyma þar sem þeir eru svo að segja alveg inni í byggð nú orðið. Í þriðja lagi er það sem rætt hefur verið allmikið um, en sem betur fer, að ég vona, hefur ekki orðið í reynd. Það er hættan á mengun af þessum geymum þar sem þeir eru nú. Í fjórða lagi hefur verið bent á að þarna sé um að ræða ófullnægjandi löndunaraðstöðu og sú leiðsla, sem liggur til geymanna, sé nokkuð óvarin og ofan jarðar, a. m. k. sums staðar.

Þetta eru þær ástæður sem Íslendingar hafa borið fram af sinni hálfu og báru fram fyrir nauðsyn þess að breyta um stað fyrir tankana og byggja á öðrum stöðum eða öðrum stað, en af hálfu varnarliðsins hafa náttúrlega verið bornar fram þær ástæður fyrir óskum þess varðandi þetta mál, að það eldsneytisgeymarými, sem er fyrir hendi fyrir flugvélar, væri orðið ófullnægjandi og enn fremur að þessir geymar, eins og þeir eru nú, væru með litlum undantekningum algerlega óvarðir, þ. e. þeir eru ofan jarðar, eins og ég sagði, að undanteknum tveim eða þremur nýjustu geymunum, og það er varla hægt að telja það forsvaranlega geymslu á svo viðkvæmu efni. Ég hef því sagt að ég telji óhjákvæmilegt að endurnýja þessa geyma, sem eru þarna á Keflavíkursvæðinu, og líka óhjákvæmilegt að byggja þá á öðrum stað. Ég verð að segja það sem mína skoðun, að ég tel ekki annað forsvaranlegt og það getur varla annað komið til greina en að þá þurfi að endurnýja á 5-6 næstu árum, í mesta lagi 10 árum.

Það hefur náttúrlega mjög komið inn í umræðurnar um geymana þarna suður frá, að þeir eru taldir — og gera það í raun og veru — standa í vegi fyrir útfærslu byggðar og eru þannig í andstöðu við skipulag. Enn fremur er svo þetta atriði sem ég minnti á, að mengunarhætta er talin fyrir hendi.

Hitt er svo annað mál, hvernig líta skal á óskina um að leggja niður þetta leyfða flugvélaeldsneytisgeymarými í

Hvalfirði, en það eldsneyti hefur verið flutt á skipum suður eftir. Það geta sjálfsagt verið eðlilegar ástæður fyrir því, að varnarliðsmenn vilji hafa það nær sér, og ég skal ekkert frekar um það segja. En ég á satt að segja bágt með að trúa öðru en að flestir verði sammála um, hverja afstöðu svo sem þeir annars hafa til varnarliðs þarna eða ekki, að það sé nauðsynlegt að endurnýja þessa geyma og byggja þá upp á öðrum stað.

Auðvitað geta orðið skiptar skoðanir um staðarvalið. En fyrir liggur í þessu máli, samkv. þeirri skýrslu sem gerð hefur verið af nefndinni sem kannaði þetta, að Helguvík varð einróma fyrir valinu. Ég hygg að ráðið hafi ekki hvað síst að það var eindregið bent á þennan stað af hálfu bæjarfélaganna sem þarna eru næst. Það er út af fyrir sig eðlilegt að menn geti haft skiptar skoðanir á því, hvar hentugast sé að hafa slíka geyma, en ég verð að segja það, að miðað við þá vitneskju, sem ég hef fengið þarna sunnan að, virðist það vera mjög samdóma álit að þarna séu þeir best komnir. Ég neita því ekki, að frá mínu leikmannssjónarmiði er þetta helst til nærri byggð þar sem þeim er ætlað að vera.

Því hefur verið haldið fram, að bygging nýrra geyma í Helguvík og þá sjálfsagt ekki hvað síst með auknu rými mundi hafa í för með sér meiri hættu en þeir geymar sem nú eru fyrir hendi. Ég verð að segja að það liggur í augum uppi að eldsneytisgeymum fylgir alltaf hætta, jafnvel þótt allra hugsanlegra öryggisráðstafana sé gætt, og ekki er að efa að í ófriði eru eldsneytisbirgðir alltaf eftirsótt skotmörk. Þetta eru staðreyndir sem þýðir ekkert að vera að fela, hvorki fyrir sjálfum sér né öðrum. En frá mínu sjónarmiði — og ég skal þá segja aftur: leikmannssjónarmiði því að ég hef ekki annað við að styðjast en brjóstvitið í þessum efnum — er hæpið að halda því fram, að nýir geymar, sem sprengdir væru niður í berg og jarðlag yfir, hefðu í för með sér meiri hættu en þeir geymar sem nú eru óvarðir og í rauninni, eins og ég sagði áðan, að kalla má alveg inni í byggð. Hvort geymarnir þarna eru 12, eins og gert er ráð fyrir í þessari Helguvíkuráætlun, eða 19, eins og þeir eru nú, ætla ég að skipti í sjálfu sér ekki máli út af fyrir sig varðandi hættuna. En um þetta geta menn haft sínar skoðanir og verður hvorki sannað né afsannað í sjálfu sér neitt í því efni.

Það, sem kemur til greina í sambandi við þessar framkvæmdir, — og þetta eru vissulega miklar framkvæmdir sem þarna er um að tefla, ekki síst ef sú aukning kæmi til greina sem farið er fram á, þó að hún sé ekki fjórföldun og ekki þreföldun og ekki tvöföldun, heldur aðeins 66%, — og það, sem ég vil hafa að leiðarljósi varðandi framkvæmdir, er að náttúrlega er von flestra manna að einhvern tíma komi þeir tímar að það verði ekki þörf fyrir varnarlið hér og því eigi ekki að leyfa framkvæmdir sem gætu torveldað það á sínum tíma. Auðvitað verða menn að meta það í sambandi við svona framkvæmdir, hvort því sé svo háttað eða ekki, en jafnframt því sem þetta sjónarmið verður að mínu mati mjög að hafa í huga er hitt alveg óhjákvæmilegt að hafa einnig í huga, að á meðan við höfum hér varnarlið og það er talið nauðsynlegt verður búnaði þess að vera þannig háttað að það hafi möguleika á og geti gegnt því hlutverki sem því er ætlað.

Þessi sjónarmið geta kannske stangast nokkuð á. En það verður að vega þau og meta, og sá, sem ákvörðun tekur, verður að gera þessi sjónarmið upp og vega þau og meta. Það mat getur vissulega verið vandasamt. Ef þessi till. verður samþykkt tel ég felast í henni ákvörðun um þessar framkvæmdir, að þær skuli leyfðar og að utanrrh., hver svo sem hann er, beri að framfylgja þeirri ákvörðun. Þó vil ég ekki fullyrða það þó þessi till. væri samþykkt, að það eigi að túlka það svo, að í henni felist fortakslaus ákvörðun um stærð eldsneytisrýmisins. Það má segja að það væri nokkurri ábyrgð létt af utanrrh. með því að Alþingi tæki þetta mál þannig í sínar hendur og tæki ákvörðun í því.

Annars vil ég segja það almennt, að ég tel það óheppilegt ef Alþingi ætti að fara að taka í sínar hendur ákvörðunarvald um einstakar varnarliðsframkvæmdir. En e. t. v. má segja að það geti verið réttlætanlegt í falli sem þessu, þar sem um miklar framkvæmdir er að tefla og þeim er ætlað að standa yfir langt árabil. Auðvitað er þá gert ráð fyrir að þær verði á hverju ári innan þess ramma sem reynt hefur verið að fylgja varðandi varnarliðsframkvæmdir á hverju ári.

Herra forseti. Ég skal ekki fara lengra út í þetta mál. Það er búið að segja margt um þetta. Ég ætla ekkert að fara að elta ólar við það hér, en ég hef viljað upplýsa þessi atriði af því að ég tel að þau séu eðlileg og nauðsynleg forsenda fyrir því að menn geti með fullum rökum tekið afstöðu í þessu máli.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka þær upplýsingar sem hér hafa komið fram frá hæstv. utanrrh. um þessi Helguvíkurmál. Það hafa ekki komið áður frá utanrrn. opinberar upplýsingar um geymarými í Hvalfirði og Keflavík í samanburði við þessi framkvæmdaáform með þeim hætti sem hér hefur komið fram, og ég held að það sé rétt, sem fram kom hjá hæstv. utanrrh., að nauðsynlegt er að menn hafi þessar tölur við höndina og í huga þegar verið er að ræða um máli. Það er erfitt að átta sig á þessari löngu talnarunu í smáatriðum nú þegar, en alla vega er þó ljóst af henni að þar er gert ráð fyrir verulegri aukningu geymarýmis fyrir flugvélaeldsneyti frá því sem verið hefur, um það bil 2/3, 66%, og það er alla vega svo mikil aukning að ástæða er til að staldra þar við og spyrja með hvaða rökum menn eru með hugmyndir um að auka svo við þetta geymarými.

Það kom hins vegar mjög skýrt fram hjá hæstv. utanrrh., að hér væri um að ræða óskir bandarískra hernámsliðsins og engin afstaða hefði verið tekin til þeirra óska af hæstv. ráðh., hvorki um stærð geymarýmisins né heldur í rauninni staðsetningu þess, vegna þess að eftir ættu að fara fram, m. a. í sumar, að mér skildist, ýmiss konar kannanir á aðstæðum á Helguvíkursvæðinu áður en ráðh. teldi fært að taka nokkrar ákvarðanir í þeim efnum.

Það kom einnig fram hjá hæstv. ráðh., að miðað við það, sem rætt hefur verið í þessum efnum, er ljóst að hér er ekki um að ræða framkvæmdaáform sem yrðu að veruleika á næstunni, hvorki á þessu né næsta ári, í fyrsta lagi á þar næsta ári, en það liggur auðvitað ekki heldur fyrir ákvörðun um neina tímasetningu í þeim efnum þannig að þetta gæti auðvitað allt eins orðið síðar, ef við þá enn sitjum uppi með bandarískra herinn hér í landinu, sem ýmsar líkur benda nú til þó ekki sé örvænt um annað.

Ég vil þess vegna segja það, að ég tel að þessi till. hv. þm. Ólafs Björnssonar og fleiri þm. um olíuhöfn og birgðastöð í Helguvík sé algjörlega ótímabær eins og hún er hér sett fram. Ég verð satt að segja að láta í ljós undrun á því, að till. af þessu tagi skuli vera flutt hér án þess að málsforsendur séu athugaðar miklu nánar. Það eru einhver annarleg pólitísk sjónarmið á bak við slíkt að mínu

mati, en ekki að menn telji að hér sé í raun og veru um raunhæft mál að ræða miðað við alla stöðu þessara hugmynda um olíugeymarými þarna suður frá.

Afstaða okkar Alþb.-manna í þessu máli hefur verið alveg skýr. Við erum reiðubúnir, svo lengi sem herinn er hér, að taka þátt í því að létta mengunarhættu frá bandarísku hernámsliðinu af íbúum Suðurnesja. Við viljum ekki láta íbúa Suðurnesja gjalda þess nábýlis við herinn sem þar er um að ræða. Okkur er ljóst, eftir skýrslum sem fyrir liggja, að þeir geymar, sem þarna eru núna, geta skapað hættu á mengun, og við erum reiðubúnir til að taka þátt í að afstýra því, að lífi og heilsu fólks á Suðurnesjum sé stefnt í voða vegna mengunar frá herliðinu. Við erum hins vegar ekki tilbúnir til þess að horfa upp á að bandarískra hernum verði leyft að efna til meiri háttar aukningar á geymarými, sem flokkast má í rauninni undir hernaðarframkvæmdir í þessum efnum, og við tökum það mjög skýrt fram og ég vil gera það hér núna, að við skiljum þarna algjörlega á milli annars vegar mengunarvarna og hins vegar hernaðarframkvæmda. Á þeim grundvelli þessa sjónarmiðs okkar hef ég talið að það væru góðar horfur á því, að unnt væri að leysa þetta Helguvíkurmál, sem svo hefur verið kallað, ef og þegar það kæmi á dagskrá sem raunverulegt viðfangsefni. En ég vil hins vegar endurtaka það, að eins og till. sú, sem hér liggur fyrir, er orðuð og fram sett tel ég að hún sé í rauninni ótímabær.

Ég vil taka undir það sérstaklega, sem fram kom hjá hæstv. utanrrh. áðan, að mér finnst að staðsetning geymanna í Helguvík sé of nærri byggð. Ég minni á í þessu sambandi að gert var ráð fyrir því í skipulagi þessa svæðis að þarna yrði um að ræða íbúðahverfi. Ég tel að þetta mál verði að hafa þarna mjög alvarlega í huga. Þó svo að talsmenn bæjarstjórna á Suðurnesjum hafi mælt með þessu svæði að sagt er hér í ræðustól, og ég er út af fyrir sig ekki að draga í efa að slík meðmæli hafi komið fram frá einhverjum aðilum, þá held ég að verði að skoða það mál miklu betur áður en staðsetningu er slegið fastri þarna.

Ég tel að í þessum efnum megi ekki halda þannig á þessu máli, vegna þess að hér er verið að verja Íslendinga fyrir mengun, að íslensk yfirvöld verði útilokuð frá því að fylgjast með einstökum þáttum þess. Þar á ég við aðila eins og skipulagsyfirvöld hér í landinu, skipulagsstjóraembætti ríkisins, ég á hér við náttúruverndaraðila og ég á hér við aðila eins og t. d. Heilbrigðiseftirlit ríkisins. Ég tel að það hljóti að vera sjálfsagt mál að allir þessir aðilar fái að skoða þetta efnislega mjög rækilega og að engar ákvarðanir sé hægt að taka um staðsetningu fyrr en afstaða þessara aðila allra liggur fyrir.

Þessi till., sem hér er á dagskrá, fer nú væntanlega til nefndar þar sem menn munu fjalla um hana, og ég ætla mér ekki að ræða miklu lengur um hana hér. Þó mætti margt um þær umræður segja sem fram hafa farið um þessi mál undanfarna mánuði og er mér þar eitt og annað í huga ekki síður en hæstv. utanrrh. Ég ætla ekki að hefja þá umræðu hér núna, en vildi láta þessi sjónarmið, sem ég hef rakið, koma skýrt fram.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Hæstv. utanrrh. hefur nú rakið gang þessa máls og staðreyndir með skýrum hætti og viðrað margvísleg sjónarmið sem uppi eru um þetta efni.

Það var auðvitað mjög athyglisvert að fá skýrslu hæstv. utanrrh. um það, hvaða birgðarými væri fyrir hendi og hvert væri fyrirhugað að birgðarýmið yrði. Eins og mönnum er kunnugt hefur Alþb. fundið upp þá aðferð að tala um að til hafi staðið að fjórfalda það birgðarými sem þarna væri fyrir hendi. Hæstv. ráðh. sannaði að aukningin í heild er 36%. Á þessu tvennu er verulegur munur. Ég held að landsmenn allir hafi séð hver eftirleikurinn átti að vera hjá Alþb., að hrósa sér af varnarsigri ef það yrði ekki fjórföldun sem út úr dæminu kæmi. Einhvern tíma var sagt að ágætur Íslendingur hefði verið svo flinkur að hann hefði reiknað barn í konu eða mann. Ég veit ekki nema hæstv. ráðh. hafi tekist að reikna barnið úr Alþb. í þessu máli, því nú er það ekki lengur fjórföldun, heldur 36% aukning. Ef Alþb. telur það sigur að birgðarýmisaukningin sé 36%, en ekki fjórföldun, er þeim auðvitað guðvelkomið að telja það sigur.

Ég tók eftir því, að hæstv. félmrh. talaði um þessar tölur, sem utanrrh. upplýsti, sem verulega aukningu geymslurýmis fyrir flugvélabensín. Þegar hins vegar kom að hinni skýru afstöðu Alþb. og útlistun hans á því var það ekki spurningin um hvort leyfa ætti verulega aukningu á geymslurými flugvélaeldsneytis, heldur mundi Alþb. ekki leyfa meiri háttar aukningu á geymslurými flugvélaeldsneytis. Sú afstaða liggur því ekki skýrar fyrir en það, að það verður ekki af þessum orðum ráðið hvort sú aukning, sem hér er, er í hátt við það sem Alþb. getur sætt sig við eða ekki.

Hitt þótti mér verra, þegar hæstv. félmrh. talaði um að það hlytu að vera annarleg sjónarmið sem réðu því, að till. af þessu tagi væri flutt. Ég skal upplýsa hæstv. félmrh. um það, hvaða sjónarmið það eru sem ráða því, að till. af þessu tagi er flutt. Það, sem ræður því, eru þau sjónarmið, sem hann kallar „annarleg", að tankarnir standa t. d. ofan á vatnsbóli Njarðvíkinga. Það eru þau sjónarmið, að þeir hafa staðið skipulagsmálum í þessu byggðarlagi fyrir þrifum allt frá 1966. Það eru þau sjónarmið, að það stafar veruleg eldhætta af þessum tönkum fyrir byggðina. Og það er sjónarmið fólks á þessum stað, og ég tel þau ekki annarleg, að þetta sé mjög slæmt ástand og úr því þurfi að fást bætt. Till. er vitaskuld flutt út frá þessum sjónarmiðum, vegna þess að svo brýnt mál er um að ræða og hversu mikið er í húfi og líka vegna þess að ýmis málflutningur, sem uppi hefur verið hafður og þá einkanlega af hálfu Alþb., hefur bent til þess, að meiningin væri að reyna að tefja þetta mál og láta það fólk, sem býr á þessum stað, halda áfram að búa við þessa áhættu í mengunarmálum og að því er brunahættu varðar og þessi þrengsli í skipulagsmálum. Það var vegna þessa sem till. er flutt. Í henni er eingöngu lögð áhersla á að því verði hraðað að fara í framkvæmdir af þessu tagi.

Ég held að augljóst sé að það sé svo mikið í húfi að menn eigi ekki að láta einhvern ágreining tefja þetta mál. Það á fólkið í þessum byggðarlögum ekki skilið. Það hefur búið nógu lengi við þessa áhættu. Nú hefur niðurstaða fengist um hvernig úr megi leysa, og það voru höfuðrök flm. fyrir flutningi þessarar till. að sjá til þess, að nú yrði gengið til verka og því yrði létt af fólkinu á þessu svæði sem það hefur búið við allan þennan tíma. Ég tel að það sé fráleitt að láta ágreining tefja þetta mál.

Ég vil líka benda á að það er samdóma álit þeirra, sem hafa skoðað þessi mál, og þeirrar nefndar, sem í þessu vann, að eini staðurinn allt frá Krýsuvík til Straumsvíkur, sem kæmi vel til greina, væri sá staður í Helguvík sem hér er um fjallað.

Ég vil svo að lokum segja að auðvitað á að hraða þessu máli eftir mætti. Þegar útlit var fyrir að málið tefðist var einsýnt að flytja um það till. á Alþingi til að reka á eftir því. Ég tel að þeir aðilar, sem tefja fyrir þessu máli, séu að axla mjög mikla ábyrgð. Þeir eru að axla ábyrgð á því, að fólkið búi við þá áhættu áfram sem hægt er að ná samkomulagi um að það þurfi ekki að gera. Og þó að við vonum, að ekkert beri út af og allt lukkist eins og hingað til eiga menn ekki að tefla í tvísýnu í þeim efnum.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs til að mæla með því, að þessi till. til þál. um olíuhöfn og birgðastöð í Helguvík hljóti samþykki hér á Alþingi.

Fyrir nokkru fór utanrmn. til Keflavíkur og litaðist um á Keflavíkurflugvelli og ók m. a. niður í byggðina í Njarðvíkum og Keflavík til að skoða olíugeymana sem fyrir eru og gera sér grein fyrir staðsetningu þeirra. (**ÓRG:** Ætlar formaðurinn að fara að gera grein fyrir ferðalaginu öllu saman hér?) Ég segi það sem ég tel mér rétt og skylt að segja og ég bið hv. þm. að gjöra svo vel að hafa hljóð hér. — Herra forseti. Ég held að hv. þm. sé eitthvað taugaóstyrkur. Ég sé ekkert að því að það sé sagt frá ferðalagi, sem utanrmn. hefur farið, og sagt frá því sem fyrir augu bar. Það er ekkert leyndarmál í því sem fyrir augu bar í þessu ferðalagi. Það er ekkert leyndarmál að utanrmn. fór í ferðalag til Keflavíkur og á Keflavíkurflugvöll. Það er ekkert leyndarmál að utanrmn. — og þeir sem voru með í þessari för — litaðist um á svæðinu, m. a. til að gera sér grein fyrir þessu vandamáli. Og það er ekkert rangt við að upplýsa hvaða skoðun menn hafa á þessu vandamáli eftir þá vettvangskönnun sem gerð var.

Ég var kominn þar máli mínu, þegar hv. þm., sem þegar varnarmál ber á góma hér eða leynisamninga er gjarnara að tala úr sæti sínu en að voga sér upp í ræðustól greip fram í, að ég var að geta um að það hlyti að vera öllum, sem litið hefðu olíugeymana augum, alveg ljóst að það væri óbærilegt fyrir íbúa í Njarðvíkum og Keflavík að búa við staðsetningu þeirra á þeim stað þar sem þeir eru. Ég held jafnvel að það sé hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni ljóst. Ég taldi jafnvel að ég hefði ástæðu til að ætla að allir samferðamennirnir í þessari för væru sömu skoðunar, að þetta væri óbærilegt fyrir íbúa á þessu svæði. Það er óbærilegt vegna þeirrar mengunarhættu sem þessir geymar hafa í för með sér og það er óbærilegt vegna þeirra tálmana sem staðsetning geymanna setur framtíðaruppbyggingu og tengingu þessara tveggja sveitarfélaga. Þannig er málum háttað og því finnst mér skylt að mæla með samþykkt þessarar tillögu.

Ég sé líka að till. fjallar um að flýta þessum framkvæmdum. Undir það vil ég mjög eindregið taka. Vegna ummæla hæstv. félmrh. áðan vil ég láta það koma fram, að ég sé ekki betur en samkvæmt fylgiskjölum grg. þessarar þáltill. sé þegar búið að leita til þeirra umsagnaraðila sem hugsanlega er þörf á að leita til áður en framkvæmdir hefjast. Ég tel sjálfsagt að gera sér grein fyrir þessu máli öllu sem grandgæfilegast og m. a. hinni nýju staðsetningu, sem hefur meðmæli sveitarfélaga í nágrenninu, en legg á það áherslu, að þeirri athugun ljúki sem allra fyrst svo að framkvæmdir geti hafist.

Annars vakti það athygli mína hve hæstv. félmrh. var hógvær og lítillátur í ræðustól áðan og stóru orðin, sem bæði hann og hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hafa haft um þessi mál öll, varnarframkvæmdir á Keflavíkurflugvelli, voru nú ekki lengur fyrir hendi. Það er þess vegna athyglisvert og áhugavert raunar að rifja hér upp það sem sagt er um þessi mál í fréttabréfi framkvæmdastjórnar Alþb. 1. bréfi 1981, sem ég hef undir höndum. (**ÓRG:** Hvar komst þm. yfir það?) Það skiptir ekki máli. Ég sé ekki neins staðar getið um að þetta sé trúnaðarmál. (**ÓRG:** *Bréf til annarra eru það yfirleitt. Þau eru ekki* lesin upphátt.) Hér segir bara: Fréttabréf framkvæmdastjórnar. Það segir ekkert hver er móttakandi. Það segir hver er sendandi. (**ÓRG:** Því spyr ég hvernig þm. komst yfir það.) Það verður að spyrja framkvæmdastjórn Alþb. Hún dreifði bréfinu. — En með leyfi hæstv. forseta segir svo um utanríkis- og herstöðvamálið:

„Í fjölmiðlum að undanförnu hefur allmikið verið rætt um utanríkismál og herstöðina og meðferð utanrrh. á þeim málum. Hefur hann látið frá sér fara mjög óheppilegar og neikvæðar yfirlýsingar um þau mál, sem hafa valdið erfiðleikum í stjórnarsamstarfinu, ekki bara milli Alþb. og hinna flokkanna, heldur einnig mjög verulegri óánægju innan Framsfl. Þau mál, sem um er að ræða, eru einkum þrjú."

Áður en lengra er haldið get ég um að þessi kafli fréttabréfsins er undirritaður af hæstv. félmrh. Síðan hann skrifaði þennan kafla fréttabréfsins hefur hann sem betur fer róast eftir ræðu hans áðan hér á fundi að dæma. — En áfram skal ég halda tilvitnun í pistil hæstv. ráðh. Svavars Gestssonar í fréttabréfinu. Hann segir:

„Þau mál, sem um er að ræða, eru einkum þrjú: Í fyrsta lagi er þar um að ræða flugstöð á Keflavíkurflugvelli, en þar er talað um mjög stóra flugstöð, miklu stærri en nokkur þörf er á fyrir samgöngur þær sem verða í fyrirsjáanlegri framtíð á lofti til og um Ísland. Í áætlunum, sem gerðar hafa verið um þessa flugstöð, er gert ráð fyrir að þar verði einnig eins konar hersjúkrahús, þannig að hér er í raun ekki um að ræða aðskilnað hernaðarflugs og farþegaflugs, heldur hernaðarframkvæmdir.

Það, sem hefur verið okkur þyrnir í augum í sambandi við þessar framkvæmdir, er auðvitað það, að það hefur verið gert ráð fyrir því, að Bandaríkjamenn kosti flugstöðina, og við teljum slíkt algjörlega óeðlilegt og ólíðandi að svo miklu leyti sem um er að ræða flugstöð fyrir landsmenn sjálfa. Alþb. telur nauðsynlegt að endurskoða öll þessi áform um flugstöð og að ákvarðanir um flugstöð handa Íslendingum verði teknar á réttum vettvangi hér innanlands, en ekki af bandarískum hershöfðingjum. Í málefnasamningi núverandi ríkisstj. er ákvæði um það, að það þurfi samkomulag allra aðila að ríkisstj. til þess að ráðist verði í framkvæmdir við flugstöðina. Hér er um að ræða lykilatriði og verði gerð tilraun til þess að brjóta gegn þessu ákvæði, t. d. með því að bera Alþb. atkvæðum á Alþingi, þá er ljóst að slíkt væri hreint brot á málefnasamningi ríkisstj. og á ábyrgð þeirra sem að slíku standa. Það væri þá ekki Alþb., heldur aðrir sem væru að brjóta niður grundvöll þeirrar ríkisstj. sem starfar í landinu.

Annar þáttur þessara mála, sem hefur verið ræddur talsvert, er olíugeymar í Helguvík. Þar var gert ráð fyrir stórfelldri aukningu á geymarými og hafa menn talið að þar væri um að ræða verulega aukningu á hernaðarmannvirkjum bandaríska hernámsliðsins á Íslandi. Hernámssinnar hafa í þessum efnum notað sér mengunarvanda þann sem skapast hefur af olíugeymum hersins í Keflavík. Alþb. er þeirrar skoðunar, að það sé óhjá-

kvæmilegt að leysa úr þessum mengunarvanda og firra íbúa Suðurnesja þeim háska sem olíugeymarnir geta valdið eins og þeir eru nú, en jafnframt er Alþb. andvígt því, að með þessu verði lagt í meiri háttar hernaðarframkvæmdir. Ég tel að það sé góð von til þess, að það sé hægt að ná samkomulagi um það á vettvangi ríkisstj. að skera niður þau áform sem uppi hafa verið um stórfellda aukningu geymslurýmis og að hér verði aðeins teknar ákvarðanir um endurnýjun geyma í stað þeirra sem nú ógna vatnsbólum Suðurnesja vegna mengunarhættu.

Þriðji þátturinn, sem ræddur hefur verið að undanförnu, er bygging flugskýla á Keflavíkurflugvelli. Þar er um að ræða skýli yfir þær flugvélar sem bandarískt herinn hefur, og hefur utanrrh. einhliða og án nokkurs samráðs við aðra stjórnarflokka né heldur sína eigin flokksbræður í ríkisstj. tekið ákvörðun um þessi mál. Er vafasamt að það takist að snúa við af þeirri braut sem utanrrh. hefur lagt inn á. Hér er um að ræða þrjú flugskýli fyrir bandarískan herinn.

En aðalatriðið í þessu máli öllu er auðvitað það, að þegar núv. ríkisstj. var mynduð náði Alþb. ekki fram sínum stefnumiðum að því er varðar herstöðina. Þess vegna var og á að vera ríkjandi milli stjórnarflokkanna drengskaparsamkomulag um „status quo" eða óbreytt ástand í herstöðinni. Það þýðir vitaskuld ekki það, að unnt sé að koma í veg fyrir að bandarískan hernámsliðið lagfæri þau mannvirki, sem það er með þarna suður frá, eða endurnýi tæki að einhverjum hætti, en þetta drengskaparsamkomulag er í raun og veru meginforsenda stjórnarinnar. Þegar ríkisstj. var mynduð var undirritað samkomulag milli flokkanna þar sem kemur fram „að ef ágreiningsmál komi upp í ríkisstj. hafi hver stjórnaraðili neitunarvald ef hann vill beita því". Hér er um að ræða algjörlega afdráttarlaust ákvæði þannig að staða okkar í þessum efnum á að vera nægilega sterk til þess að koma í veg fyrir að bandarískan hernum líðist að auka hernaðarumsvif á Keflavíkurflugvelli."

Síðan kvartar Svavar Gestsson mjög yfir harðvítugri stjórnarandstöðu sem hefur einskis svifist, bæði við að tæta í sundur þau málefni, sem ríkisstj. hefur lagt fyrir, og eins við að níða niður þá ráðh. og forvígismenn stjórnarflokkanna sem hafa einkum verið í fyrirsvari af þeirra hálfu. Hvílíkir kveinstafir! Loks ber hann sér á brjóst og telur stöðu Alþb. innan stjórnarinnar og út á við sterka.

Ég efast ekki um að staða Alþb. innan ríkisstj. sé sterk og áhrifa Alþb. gæti innan ríkisstj. og reyndar út á við mun meira en kjörfylgi Alþb. gefur því rétt til. Það er það *óhugnanlega við núverandi stjórnarsamstarf, að Alþb.* hefur að þessu leyti skapað sér ákveðan lykilaðstöðu. Ég tel að það muni koma í ljós á næstu vikum og mánuðum hvort þessi lykilaðstaða sem Alþb. hefur í núverandi stjórnarsamstarfi, nær til sjálfstæðismála Íslands eins og öryggis- og varnarmála.

Ég hef trú á að hæstv. utanrrh. meti stöðuna í varnar- og öryggismálum sjálfstætt og sé trúandi til þess að standa vörð um þau efni. En hins vegar er það uggvekjandi ef gerður hefur verið leynisamningur án þess að hann hafi um hann vitað, eins og hann hefur sjálfur skýrt frá, sem túlkaður sé þannig af hálfu Alþb.-manna að hann leggi höft og hömlur á sjálfstæðan ákvörðunarrétt utanrrh. í varnar- og öryggismálum. Ég hlýt að líta svo á, að slíkur leynisamningur hljóti að vera ógildur hvað sem má segja um gildi hans gagnvart þeim sem hafa undirritað hann, en upplýst hefur verið að það eru þeir Gunnar Thoroddsen forsrh., Ragnar Arnalds fjmrh. og Steingrímur Hermannsson samgrh. Hvað sem má segja um gildi hans gagnvart þeim sem hafa undirritað hann, ætti stjórnskipulegt gildi hans ekki að vera fyrir hendi.

Hér er auðvitað farið á bak við Alþingi og brotnar þingræðisreglur. Alþingi er ekki kynnt á hvaða grundvelli stjórnarmyndunin byggist. Ef þetta er forsenda stjórnarmyndunarinnar og stjórnarsamstarfsins, eins og hæstv. félmrh. segir, er ljóst að þessar forsendur eru í raun brostnar.

Það verður áreiðanlega ástæða til að fjalla nánar um upplýsingar þær sem koma fram í þessu fréttabréfi. Þær eru m. a. athyglisverðar fyrir þá sök, að þar er að finna upplýsingar sem þm. Alþb. töldu ekki fært að gefa Alþingi Íslendinga þegar þessi mál voru til umræðu fyrir nokkru, en þeir telja sér mögulegt að senda þessar upplýsingar í opnu fréttabréfi, sem framkvæmdastjórn Alþb. gefur út. Þögn þeirra á Alþingi sýndi feimni þeirra og *uppburðarleysi á vettvangi löggjafarsamkomunnar.* En þegar fylgismenn þeirra gagnrýndu þá fyrir það uppburðarleysi og kjarkleysi á Alþingi, þegar hv. þm. formaður Alþb. gerði ekkert meira en að gjamma úr stól sínum til ræðumanna og reyna að trufla fundarhald, urðu þeir smeykir við eigin fylgismenn og töldu sér nauðsynlegt að senda þeim orðsendingu og skýringar, sem þeir höfðu upp á vasann, til að öðlast starfsfrið í eigin flokki. (**Félmrh.:** Er þm. að tala um Watergate-mál?) Þetta er Watergate-mál af hálfu hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar og hæstv. félmrh. og þeirra sem telja sér sæmandi að undirrita leyniplagg sem er forsenda stjórnarsamstarfsins í staðinn fyrir að koma hreint og opinskátt fram gagnvart umbjóðendum sínum og láta birta þessa forsendu stjórnarsamstarfsins og láta það koma fram hreint í stjórnarsamningnum á hvaða forsendum ríkisstj. er mynduð. En þessir menn höfðu ekki kjark til þess. Það átti að stinga þessu ákvæði undir stól vegna þess að það hefði ekki mælst vel fyrir.

Í þessu sambandi eru málefni ríkisstj. orðin innanflokksmál Alþb. Ég gerði töluvert úr áhrifum Alþb., en ég hef ekki enn leyft mér að segja að þetta væri innanflokksmál Alþb. En vera má að sumir samstarfsaðilarnir í ríkisstj. séu svo langt leiddir í taumi Alþb. að hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson hafi eitthvað til síns máls. (Gripið fram í.) Watergate var nefnt af hæstv. félmrh. og samsinnt af mér svo að ef einhver hefur sakað einhvern er það hæstv. félmrh. En ég vil leggja áherslu á að hæstv. félmrh. er nú hógværari en hann hefur áður verið, loks *þegar hann fékk málið og tók hér til máls,* þótt hann hefði ekki sagt alla söguna eins og hann segir hana í fréttabréfi framkvæmdastjórnar Alþb., sem út af fyrir sig gefur tilefni til að taka þetta mál raunar seinna upp á Alþingi.

Varðandi till. til þál. um olíuhöfn og birgðastöð í Helguvík er það ljóst, að Alþb. má ekki beita neitunarvaldi sínu samkv. leynisamningnum vegna þess að það brýtur í bága við hagsmuni íbúannan í Keflavík og Njarðvíkum, en enn fremur vegna þess að hér er um að ræða nauðsynlega framkvæmd vegna varnar- og öryggishagsmuna Íslendinga. Íslendingar eiga auðvitað að leggja sjálfstætt mat á hvort þessar framkvæmdir séu nauðsynlegar vegna varnar- og öryggishagsmuna Íslendinga, og það er þess vegna ekki rétt að afgreiða allar beiðnir um varnarframkvæmdir án þess að slíkt mat fari fram frá sjónarmiði Íslendinga sjálfra. En ég hef þá trú, að í þessu tilviki fari saman hagsmunir varnar- og eftir-

litsstöðvarinnar í Keflavík frá sjónarmiði þeirra, sem standa fyrir þeirri stöð, Bandaríkjamanna, og varnar- og öryggishagsmunir Íslendinga, sem hafa varnarliðið og varnarstöðina sjálfs sín vegna. Því vil ég leggja á það áherslu, að þessi þáltill. verði samþykkt, og beina því til hæstv. utanrrh. að hann flýti athugun málsins svo að framkvæmdir geti hafist hið fyrsta.

Jóhann Einvarðsson: Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns lýsa yfir stuðningi mínum við þáltill. þá sem hér er til umr., þ. e. „að fela utanrrh. að hraða svo sem verða má byggingu olíustöðvar í Helguvík" o. s. frv. Að vísu tel ég ástæðulaust að hvetja hæstv. núv. utanrrh. til að hraða þessu hagsmunamáli, ég treysti honum manna best til að tryggja framgang þess, en að gefnu tilefni, m. a. vegna þeirra umræðna sem farið hafa fram um málið í fjölmiðlum og jafnvel hér á hv. Alþingi, tel ég fulla ástæðu til þess að vilji Alþingis í þessu hagsmunamáli Suðurnesja komi skýrt fram.

Meginástæða þess, að málið er svo mikið til umræðu nú sem raun ber vitni um, er að í fyrsta lagi kom fram í sumar skýrsla nefndar sem hafði verið falið að athuga málið og gera tillögur um lausn þess, en nefnd þessi var skipuð fulltrúum frá utanrrn. og varnarliðinu, í öðru lagi þáltill. sú sem hér er til umr. og í þriðja lagi þær umræður sem farið hafa fram hér og annars staðar um framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli.

Þáltill. þessi er fyrst og fremst lögð fram vegna þeirra umræðna, sem fram höfðu farið um skýrslu fyrrnefndrar nefndar, og e. t. v. ekki síður vegna viðbragða flestra Alþb.-manna við því máli. — Það skal strax tekið fram til upplýsingar, að undirritaður var staddur erlendis þegar þáltill. þessi var lögð fram svo að ég átti ekki kost á því að gerast meðflm. hennar. — En lítum nú aðeins á aðalstaðreyndir málsins.

Varnarliðið mun nú hafa 19 tanka undir eldsneyti. Sumir eru niðurgrafnir, en aðrir ofanjarðar. Allir munu þessir tankar byggðir á síðustu árum síðari heimsstyrjaldarinnar og fram undir 1950—1951 og þá til bráðabirgða. Tankarnir eru allir staðsettir yfir vatnsbólum Njarðvíkur, sem trúlega eru samtengd vatnsbólum Keflavíkur. Eins og kunnugt er eru vatnsholur þessara byggðarlaga innan við 40—50 m djúpar svo að mengunarhætta vatnsbólanna er mikil ef olía í litlu eða miklu magni færi út í jarðveginn — og slysið gæti verið skeð því dæmi eru til þess að olía skili sér í gegnum jarðveginn eftir allmörg ár, jafnvel 20—30 ár. Um ástand geymanna fer ég ekki mörgum orðum. Þeir gætu þess vegna allir gefið sig eftir stuttan tíma og ekki varlegt að treysta þeim nema til allra næstu ára. Ástand geyma varnarliðsins í Hvalfirði mun einnig vera allslæmt, a. m. k. eldri geymanna, en þeir eru ekki staðsettir eins nærri þéttri byggð og geymarnir suður frá. Ég læt þetta duga um tankana, en minni jafnframt á að þeir eru svo nærri byggðinni að það eru innan við 200 m að næsta íbúðarhúsi. Frá öryggissjónarmiði þarf því að flytja þá.

Nokkur orð síðan um uppskipunaraðstöðuna við Keflavíkurhöfn og lagnirnar þaðan og að tönkunum.

Olíuuppskipun í eða við fiskihöfn er fráleit. Það hafa þegar orðið tvö óhöpp við höfnina. Bæði hefðu þau getað orðið stórslys, en urðu sem betur fer ekki. Lagnirnar frá höfninni eru eins og tankarnir orðnar gamlar og skera byggðina svo að til vandræða er.

Aðalókostur núverandi ástands er því mengunarhætta vatnsbólanna, öryggisatriði vegna nálægðar byggðar, skipulagsóhagræði, uppskipun eldsneytis í fiskihöfn, ástand og aldur tanka og lagna.

Auk fyrrnefndra atriða vil ég nefna eitt til viðbótar við lýsingu á núverandi ástandi. Það er akstur eldsneytis frá Reykjavík og Hafnarfirði til Keflavíkurflugvallar vegna íslenska flugflotans og alls flugs utan herflugs. Þetta munu vera um 65 þús. tonn á ári að meðaltali. Eins og allir vita hafa orðið óhöpp og slys vegna þessa aksturs, auk þess að þetta hefur valdið verulegu sliti á veginum. Því er mál að þessum akstri linni, enda vegurinn orðinn hættulegur vegna slitsins, ekki síst í vætutíð.

Það eru orðin allmörg ár síðan bæjarstjórnirnar í Keflavík og Njarðvík hófu í samráði við stjórn Landshafnarinnar umræður um þetta vandamál og fóru að móta kröfugerð á hendur varnarliðinu um úrbætur. Eitt af því fyrsta, sem samstaða var um hjá þessum aðilum, var að nauðsynlegt væri að samkomulag næðist um nýjan stað fyrir tankana sem síðan væri hægt að krefjast framkvæmda á. Hafin var frumkönnun á staðarvali og eftir allítarlega könnun urðu allir á eitt sáttir um að heppilegasti staðurinn væri Helguvík. Astæður þessa vals voru margar, en þessar helstar: Staðurinn er í útjaðri væntanlegrar byggðar, grunnvatnsrennsli er til sjávar og því minni hætta á mengun vatnsbóla, dýpið er það mikið að löndun væri framkvæmanleg úr allstórum skipum, lagnir færu neðanjarðar í útjaðri byggðar til væntanlegrar flugstöðvarbyggingar og síðan ofan byggðar til varnarsvæðisins. Að sjálfsögðu yrðu allar framkvæmdir gerðar með tilliti til ítrustu krafna og nútímaþekkingar til að draga úr mengunar- og slysahættu. — Bæta má við, að verði við þetta að skerða byggingarmöguleika á þessu svæði bætast þeir að fullu og vel það á því svæði sem losnar þegar núverandi tankar og lagnir hverfa. Umræður um sameiginlegan miðbæ á þessu svæði fyrir Keflavík og Njarðvík eru þegar hafnar.

Nefnd sú, sem fyrrv. utanrrh., Benedikt Gröndal, skipaði í september 1979 og lauk störfum s. l. sumar, komst að sömu niðurstöðu og heimamenn, þ. e. að af þeim stöðum, sem til greina kæmu, væri Helguvík heppilegust. Staðfesting fékkst einnig á því, að bandarísk varnarliðið og NATO mundu greiða allan kostnað vegna þessara framkvæmda.

Með tilliti til þess, sem ég hef nú rakið, þ. e. staðsetningin er talin heppileg af þeim, sem til þekkja og hagsmuna hafa að gæta, og að fjármagn er einnig tryggt til framkvæmdanna, legg ég áherslu á að hafist verði handa sem allra fyrst, en minni jafnframt á að samhliða verður að leysa þann vanda og hættu sem er vegna hins mikla aksturs með brennsluefni um Reykjanesbraut.

Að lokum legg ég áherslu á að framkvæmdir þessar gætu haft góð áhrif á atvinnuástandið á Suðurnesjum, sem er um þessar mundir mjög viðkvæmt svo sem kunnugt er, en þessar framkvæmdir ættu þó ekki að valda neinni óþarfaþenslu á vinnumarkaðinum þar sem reiknað er með að hér sé um 7 ára framkvæmdir að ræða ef ráðist verður í allar framkvæmdirnar samkv. tillögum nefndarinnar. Einnig kemur til greina að taka nú aðeins ákvörðun um hluta þeirra. Ég legg áherslu á að við þessar framkvæmdir sem aðrar á Keflavíkurflugvelli verði haft fullt samráð við sveitarstjórnirnar á Suðurnesjum svo að framkvæmdir á svæðinu í heild verði samræmdar sem mest. Ég vil einnig beina þeim eindregnu tilmælum til

hæstv. utanrrh., að innlendir hönnuðir verði látnir taka svo mikinn þátt í hönnun verksins sem kostur er.

Herra forseti. Ég legg til, að þáltill. þessi verði samþykkt, og skora á aðra hv. alþm. að gera slíkt hið sama.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir greinagott yfirlit yfir það mál sem hér er til umr.

Það er staðreynd, að miðað við núverandi ástand heimsmála er yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar fylgjandi aðild að Atlantshafsbandalaginu og fylgjandi varnarsamningnum við Bandaríkin. Fyrst svo er, að við teljum varnir landsins nauðsynlegar, liggur í augum uppi að varnarliðið þarf á þeirri aðstöðu að halda sem nauðsynleg er til að það geti sinnt ætlunarverki sínu.

Flutningur olíugeymanna er mikið hagsmunamál byggðanna í nágrenni núverandi olíugeyma, þ. e. Keflavíkur og Njarðvíkur, bæði vegna mengunarhættu og vegna þess að þeir standa á mjög verðmætu landi — landi sem gæti orðið miðbær þessara kaupstaða sameinaðra, eins og hugmyndir eru uppi um og eins og hv. 5. þm. Reykn. kom inn á. Þetta land er auðvitað mikið atriði fyrir þessi bæjarfélög, sem bæði eru landlaus. Mér finnst það satt að segja furðulegt af hæstv. félmrh. að hann skuli kalla það annarleg sjónarmið þegar sveitarstjórnarmenn vilja losa sveitarfélög sín við yfirvofandi mengunarhættu og þegar þeir vilja ná mjög verðmætu landi til afnota fyrir sín byggðarlög.

Það er mikið hagsmunamál, ekki aðeins fyrir varnarliðið, heldur og Íslendinga sjálfa, að sem mestar olíubirgðir séu til í landinu á hverjum tíma. Má í þeim efnum benda á að varnarliðið hefur oftar en einu sinni lánað Íslendingum olíu þegar á hefur þurft að halda.

Hæstv. félmrh. segist undrandi á þessari þáltill. og telur að hún sé ótímabær. Ég er honum algerlega ósammála og tel þá till. fyllilega tímabæra.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Ég þakka þær undirtektir sem þessi till. hefur fengið og þá sérstaklega frá hæstv. utanrrh., sem hefur rakið hvernig máli þessu er háttað, hversu mikið eldsneytismagn er til í landinu og um hve mikla aukningu er að ræða ef þessir tankar verða byggðir. Allir, er komið hafa í ræðustólinn, hafa mælt með samþykkt till., utan félmrh. Þó var hann það hógvær að það er ætlun mín að ræða hans nú hafi verið undirbúningur undir það, að í næstu ræðu mæli hann með samþykkt till. Alla vega veit það á gott hve hógværðin var mikil.

Ég minni á það, eins og hæstv. utanrrh., að mál þetta er til komið vegna óska frá Íslendingum, vegna krafna frá bæjarstjórnum á svæðinu í grennd við herstöðina um að frelsa íbúana frá þeirri mengunarhættu, sem olíutankarnir, sem nú eru, valda þeim, og líka vegna þess að tankarnir eru mjög fyrir af skipulagslegum ástæðum. Það er alllangt síðan bæjarstjórnirnar hófu máls á því, að við þetta yrði ekki unað, það yrði að bæta úr. Menn hafa verið hræddir við það, hve ástand tankanna hefur verið slæmt. Það er mjög slæmt. Það er verra en menn gera sér almennt grein fyrir, held ég, og væri nokkur þörf á því, að þeir, sem hæst tala um þetta, gerðu sér ferð suður eftir til að kynna sér hvernig ástandið er.

Það hafa margir orðið til þess að taka undir þessar röksemdir Suðurnesjamanna eða Keflvíkinga og Njarðvíkinga. Er rétt að vitna í grein sem birtist í Þjóðviljanum 19. 12. 1978, en þar segir, með leyfi forseta:

„Frá því 1974 hefur sem sagt ekkert verið gert í þessu alvarlega máli. Menn stinga einfaldlega höfðinu í sandinn og bíða þess rólegir að vatnsból Suðurnesja verði eyðileggingunni að bráð. Í þessari staðreynd speglast enn og aftur undirlægjuhátturinn gagnvart hernum í heiðinni. En það er ekki aðeins herinn sem ber ábyrgð, heldur ekki síður þeir embættismenn sem um málið hafa fjallað og stungið háskalegum niðurstöðum undir stól. Nýbökuðum ráðh. utanríkismála og heilbrigðismála og formanni varnarmáladeildar og heilbrigðiseftirlits ber að hreinsa embætti sín af ábyrgðinni áður en það verður of seint. Fyrirrennarar þeirra í þessum embættum hafa í þessu máli sýnt slíkt fyrirhyggjuleysi að furðu gegnir, en slíkt hefur því miður verið einkenni fyrir samskipti Íslendinga, íslenskra ráðamanna, við herinn."

Ég lýk þessari tilvitnun, en þetta er vitni um það, hversu margir og ólíklegustu aðilar hafa komið Suðurnesjamönnum til hjálpar í rökstuðningi þeirra.

Það kom fram í máli hæstv. félmrh. áðan að hann væri tilbúinn að leggja sitt af mörkum til að leysa mengunarvandamálin og einnig hvað varðar skipulagsmálin. Því er það brennandi spurning á vörum okkar hinna: Hvernig má það vera? Hvernig ætlar hann það að gera?

Það kom einnig fram í ræðu hans, að hann hefur ekki lesið þessa till. til þál., því að hann óskaði eftir því sérstaklega að hinar ýmsu stofnanir yrðu látnar gefa umsögn um hvernig með þetta mál yrði farið. Það kemur fram í grg. tillögunnar að þessir aðilar hafa nú þegar um þetta fjallað og reyndar margir fleiri. Þegar hafa borist umsagnir frá Brunamálastofnun, Skipulagsstjóra, Siglingamálastofnun, heilbrigðisfulltrúa Suðurnesja, Heilbrigðiseftirliti ríkisins, Raunvísindastofnun, Hafnamálastofnun, frá Jóni Jónssyni jarðfræðingi, sem allra manna best hefur kannað vatnasvæðin þar syðra, frá Náttúruverndarráði og nokkrum öðrum.

Þessi till. er flutt vegna þess að fram hafa farið umræður í fjölmiðlum um það, að samkomulag sé um að stöðva nauðsynlegar framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli. Reyndar hefur það síðar komið fram, að til sé samningur um að ekkert verði framkvæmt nema með leyfi Alþb., svo skrýtið sem það er. En í máli hæstv. utanrrh. kom fram að það væri varla unnt að hraða þessum framkvæmdum. Ég tel að það sé ekki rétt. Ég held að ljóst sé að hægt sé að hraða þessum framkvæmdum, vilji er allt sem þarf. Það er mjög nauðsynlegt vegna þeirra íbúa sem við þetta þurfa að búa. Það er aðalatriðið og bið ég menn að hafa það í huga.

Þeir eru örfáir sem hafa mótmælt byggingu þessara tanka. Alþb.-menn hafa gert það á mjög hógværan hátt núna í seinni tíð. Það vakti þó athygli syðra, að forstjóri Olíufélagsins hf. mótmælti þessu eða sagðist telja að það væri engin þörf á þessum tönkum. Það var gert mikið úr þessu, rætt um þetta í Tímanum og þeir átu það upp í Þjóðviljanum. Mér fannst áðan sem komin væri skýring á því, hvers vegna þau andmæli komu fram, en það kom fram að varnarliðið leigir tanka af Olíufélaginu í Hvalfirði. Mig grunar að það séu feikilega miklar upphæðir sem það fær fyrir leigu á tönkum sem varnarliðið gaf þeim á sínum tíma eða seldi á „spottprís", þannig að fjárhagslegir hagsmunir reki þann aðila til að bregðast öndverður við.

Ég tel óþarfa að hafa um þetta fleiri orð, nema ég vona

að menn átti sig á því, að fyrir okkur, sem búum þarna syðra, eru mengunarhættan og skipulagsvandræðin aðalmálið og það þarf að leysa. Við þurfum hér í Alþingi að eiga frumkvæði að því að leysa svona mál. Það má deila um hvar mannvirkin eigi að vera og hversu hratt breytingin eigi að ske, en hún verður að ske. Það er hyggja mín, að hún verði að gerast mjög fljótt því við vitum ekki nema nú þegar hafi orðið slys. En hafi það ekki orðið komum við í veg fyrir það með því að samþykkja þessa till. Ég vona að það verði gert með sem allra stærstum meiri hluta. — Vafalaust verður hún samþykkt, en ég vona að sem allra flestir taki þátt í því.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Heils hugar get ég tekið undir þau orð Karls Steinars Guðnasonar að við verðum að sjá farborða þessu sérstaka máli, sem lýtur að verndun vatnsbóla þeirra Njarðvíkinga og Keflvíkinga, og hefði það betur fyrr verið gert því að það er orðið býsna langt síðan okkur varð ljóst að olíubirgðastöð hersins á Miðnesheiði var yfir vatnsbólum þeirra í Njarðvík. Það er ekki ný uppgötvun. Einnig var okkur það ljóst, að þessir olíutankar voru síður en svo reistir úr neinu eilífðarefni. Þetta er nauðsynjamál. Það má umfram alla muni ekki tefja framkvæmd þess með því að tengja þetta mál við birgðastöð og olíuhöfn á einhverjum tilteknum stað, því að það ætla ég að sé býsna mikið mál og tími muni gefast til að ræða um sérstaklega. Við verðum að koma því til leiðar, að olíutankarnir verði lagðir niður, þar sem þeir nú eru, og lagt í nauðsynlegar framkvæmdir til að hreinsa jarðveg, ef rétt reynist, sem mér hefur heyrst á hv. þm. Karli Steinari Guðnasyni, að nokkuð muni vera komið af olíu í jörðina nú þegar. Yrði þá e. t. v. nokkuð dýrt að hreinsa burt jarðveg og grjót til að nema burt þá olíu sem kann að vera á leiðinni ofan í vatnsbólin, en þetta verður að gera umfram alla muni.

Þegar þessi mál eru rædd, þessi nauðsyn þeirra Suðurnesjamanna að vera losaðir við mengunarhættu á vatnsbólum, eitrun á drykkjarvatni, tel ég ekki heppilegt að hefja málið eins og hv. þm. Magnús H. Magnússon á þeirri forsendu að við séum í NATO, þess vegna þurfi að gera þetta. Hv. þm. — fyrrv. félmrh. — taldi þau rökin fyrst í sambandi við þessa þáltill. og nauðsyn þess að samþykkja hana að það væri þörf NATO fyrir olíubirgðastöð á heiðinni. Annað mál væri ef hv. þm. hefði verið hitt efst í huga, hvílík nauðsyn það er að stugga mengunarhættunni frá vatnsbólunum, og ég vil bæta við: hættunni sem stafar af nálægð olíutanka við byggð. Óljósan grun hef ég um að þessi olía kunni að vera eldhætt. Nei, það var ekki það. Það var þörf NATO og sú staðreynd, að meiri hluti íslensku þjóðarinnar sé vegna núverandi ástands í heimsmálum fylgjandi varnarstöðinni á Keflavíkurflugvelli. Það er nákvæmlega þetta sem gerir það að verkum að við Alþb.-menn teljum að þáltill., sem hér um ræðir, sé samin og flutt að öðrum þræði í annarlegum tilgangi og af skrýtnum hvötum.

1. flm. till. rökstuddi hana með þessari upphrópun: Annaðhvort erum við í NATO eða ekki! - Við Alþb.-menn lítum svo til, að það sé alveg bráðnauðsynlegt að fjarlægja tankana þaðan sem þeir nú eru, gera nauðsynlegar ráðstafanir til að verja neysluvatnsból þeirra Njarðvíkinga og Keflvíkinga, koma þessum tönkum þar fyrir vel og traustlega smíðuðum í eldfjallalandi þar sem allra minnst hætta er á því í fyrsta lagi að þeir mengi vatnsból og í öðru lagi að þeir verði íbúum nærsveitanna að fjörtjóni. Trúið þið mér til, hin bráða hætta, hin óttalega hætta stafar ekki fyrst og fremst af olíutönkunum, hún stafar af herstöðinni. Allt ómengað drykkjarvatn í heimi mundi ekki aðstoða íbúa Suðurnesja ef til hins óttalega kæmi, að til styrjaldar drægi og þessi herstöð yrði fyrir kjarnorkusprengju. Nei, við verðum að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að vernda vatnsbólin þeirra Suðurnesjamanna, en í herrans nafni: Þeir, sem vilja flýta ráðstöfunum þarna, skulu ekki tengja framkvæmdir þarna við umfangsmikil verkefni til stækkunar herstöðvarinnar. Það er allt annað mál.

Þetta sama sjónarmið kom náttúrlega fram hjá hv. þm. Geir Hallgrímssyni þar sem hann ræddi um þessi olíubirgðamál í tengslum við herstöðina. Ég hlakka til þess fundar, þeirra umr., sem formaður utanrmn. raunverulega boðaði hér áðan, þar sem skýrt yrði ítarlega frá því sem bar fyrir hans góðlegu og alvarlegu bláu augu í þessu ferðalagi og þar sem aðrir nm. munu þá, vænti ég, efla þá skýrslu formannsins. Það verður fróðlegur dagur.

En ég hlýt að víkja aðeins að þessu bréfi sem hv. þm., formaður Sjálfstfl., hafði komist yfir með einhverjum hætti, — þessu bréfi frá stjórn Alþb. til Alþb.-manna. Hann vildi ekki segja frá því úr ræðustól, svara einfaldri spurningu, hvernig hann hefði komist yfir þetta bréf. Síðar í ræðu sinni gerði hann spurningu þessa enn þá brýnni og ýtti mjög undir mig um að krefjast afdráttarlauss svars þar sem hann vitnaði í Watergate-málið. Nú ítreka ég þessa beiðni mína, þessa kröfu mína á formann Sjálfstfl., að hann segi frá því, hvernig hann komst yfir þetta bréf, vegna þess að þetta bréf er horfið úr skúffu minni hérna við borðið í Sþ. Ég ætla ekki að væna þann sómakæra þm. Geir Hallgrímsson um að hann hafi fjarlægt bréfið úr skúffu minni. Þó vil ég fá afdráttarlausa yfirlýsingu frá honum um með hvaða hætti hann komst yfir þetta bréf. Ég væni hann ekki heldur um að hafa sett til annan mann að fjarlægja þetta bréf úr skúffu minni, en ég vil fá afdráttarlausa yfirlýsingu um það frá hv. þm., hvort honum hafi verið sent þetta bréf sem hverjum öðrum stuðningsmanni Alþb. eða hvort einhver af stuðningsmönnum hans hafi fært honum þetta bréf. Þá bið ég hann um að gjöra svo vel að inna þann hinn sama eftir því, hvort hann hafi fjarlægt það með ólöglegum hætti úr skúffu minni.

Eitt andartak hvarflaði það að mér áðan, hvort þeir hefðu nú gert heiðursmannasamkomulag, svo ég noti orð Sighvats Björgvinssonar, formanns þingflokks Alþfl., eins og þau sem hann viðhafði þegar hann var að tala um samskipti sín við Gunnar Thoroddsen í vetur, — hvort þeir hafi með sér gert heiðursmannasamkomulag sín í milli hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, formaður þingflokks Alþfl. og hv. þm. Geir Hallgrímsson, formaður Sjálfstfl. Ég minnist þess, að fyrir skemmstu gat Sighvatur Björgvinson þess formlega í ræðu að hann hefði lesið bréf yfir öxl á meðþingmönnum sínum og ráðherrum hérna og vitnaði síðan til þess eða gat sér til um efni þess eða kvaðst hafa lesið það. Stíllinn væri nokkuð líkur.

Komi í ljós að ég hafi enn, að fengnum svörum hv. þm. Geirs Hallgrímssonar, ástæðu til þess að efast um öryggi plagga sem ég hef í góðri trú og eðlilegri á þau göfugmenni, sem sitja Alþingi Íslendinga, látið vera í ólæstri skúffu minni með lykli í kynni ég að þurfa að sækja sérstaklega til skrifstofustjóra um lásaskipti og traustari botn í skúffuna.

Sannleikurinn er sá, að þessi umræða, þetta málæði

um leynisamning innan ríkisstj. er svo fyrir neðan allar hellur að mig undrar stórlega að jafngreindur maður og sómakær, sem ég veit að hv. þm. Geir Hallgrímsson er, bæði af eigin raun og umsögn þeirra sem best þekkja hann, skuli leyfa sér þetta. Honum var það vel ljóst, þegar hann var að biðla til okkar Alþb.-manna að koma í ríkisstj. með sér, þó hann yrði of svifaseinn vegna þessa efa sem verður honum æ dragbítur í sálinni þannig að Gunnar varð á undan honum, að við færum ekki í ríkisstj. upp á önnur býti en þau, að tryggt væri að ekki væru aukin hernaðarumsvif á Keflavíkurflugvelli. Honum var það vel ljóst. Ólafi Jóhannessyni var það vel ljóst, hæstv. utanrrh. Öllum þeim greindu og gegnu mönnum, sem vinna með Alþb. í pólitík, er þetta vel ljóst. Hér er um augljóst drengskaparatriði að ræða. Ég efast um að sá kjáni finnist í hópi þm. — ég er viss um að hann finnst ekki einu sinni í Alþfl. — að hann geri sér ekki grein fyrir þessu grundvallaratriði sem það byggist á að vinna með Alþb. Nei, það þarf blárri augu með dýpri íhygli og svalari alvöru en augu hv. þm. Geirs Hallgrímssonar til að hafa ekki gert sér grein fyrir þeirri augljósu staðreynd, að samstarf við Alþb. í íslenskri pólitík hlýtur að merkja í fyrsta lagi það, að ekki verði lagt út í eflingu herstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli sem lífi Suðurnesjamanna er hætta búin af og allra Íslendinga. Og þó yrði fyrst og fremst gott að vinna með okkur ef það yrði kveðið á um það í einlægni og tryggt með þingstyrk að við losnuðum við þennan her og þyrftum þá ekki olíutanka heldur. (**Forseti:** Það skal upplýst að hv. 1. þm. Reykv. Geir Hallgrímsson hefur fjarvistarleyfi.) Það hefði betur verið tekið fram áður. Það hvarflaði ekki einu sinni að mér að formaður Sjálfstfl. mundi ganga út úr húsinu að lokinni þeirri ræðu sem hann flutti áðan. Það er of seint í rassinn gripið, herra forseti. (**Forseti:** Mér var ekki kunnugt um þetta fyrr en ég kom í forsetastól.) Ég bið forseta afsökunar.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Þótt hv. þm. Geir Hallgrímsson, formaður utanrmn., sé farinn úr þingsal ætla ég samt sem áður að fagna því, að hann skuli hafa lýst því yfir hér sem formaður utanrmn. að ferðalag nefndarinnar til Keflavíkurflugvallar sé öllum frjálst að gera að umræðuefni á líkan hátt og hann gerði hér og þeirri venjulegu starfskvöð, sem er á utanrmn., einni allra nefnda Alþingis, að þar sé farið með störf sem trúnaðarmál uns formaður nefndarinnar eða utanrrh. ákveður annað, skuli nú hafa verið aflýst og það ákveðið hér úr ræðustól og hann tilkynnt það sem formaður nefndarinnar að þetta ferðalag sé undan þeirri kvöð leyst sem venjuleg störf nefndarinnar eru bundin. Skal ég ekki gagnrýna það. Það er að vísu andstætt því sem áður var búið að fjalla um í nefndinni, en merkileg og góð tíðindi að formaður nefndarinnar skuli nú hafa ákveðið annað. (Gripið fram í.) Ég ætla varla, hv. þm. Árni Gunnarsson, að jafnábyrgur stjórnmálamaður og Geir Hallgrímsson, sem gerir sér skýra grein fyrir stöðu formanns utanrmn., gefi þá yfirlýsingu, sem hann gaf hér úr ræðustól, án þess að telja sig hafa til þess heimild.

Ég lýsti því yfir hér á Alþingi veturinn 1978—1979 að nauðsynlegt væri að grípa til varnar gegn þeirri mengun sem íbúum nokkurra byggðarlaga á Suðurnesjum stafar af birgðageymum bandaríska hersins. Ég átti verulegan þátt í því að fá samþykkta hér á Alþingi till. þess efnis að gerð væri athugun og könnun á því með hvaða hætti væri hægt að stemma stigu við þeim miklu mengunarvöldum sem olíu- og birgðageymar bandaríska hersins í nágrenni Suðurnesjabyggða eru. Það er þess vegna alrangt, sem haldið hefur verið fram bæði hér á Alþingi og utan þings, að við þm. Alþb. höfum verið á móti því að gerðar væru nauðsynlegar ráðstafanir til að fyrirbyggja þá verulegu mengunarhættu sem byggðarlögunum á Suðurnesjum stafar af þessum geymum. Þeir menn, sem því halda fram, hafa einfaldlega ekki kynnt sér málflutning okkar hér á Alþingi. Það liggur alveg ljóst fyrir og hefur legið fyrir í nokkur ár, að við höfum innan þings og utan verið meðal helstu hvatamanna að því, að þessari verulegu mengunarhættu og reyndar líka öðrum, bæði þjóðfélagslegum og efnahagslegum, væri bægt frá íbúum Suðurnesja. Hitt er svo aftur á móti afdráttarlaust í okkar afstöðu, að við viljum ekki gera þær mengunarvarnir að verslunarvöru við Bandaríkjaher, að Bandaríkjaher fái í staðinn fyrir mengunarvarnir aukna aðstöðu til hernaðarumsvifa á Íslandi. Það er á þessu grundvallaratriði sem ágreiningur okkar við ýmsa aðra, m. a. flm. þessarar till., hefur byggst. Flm. þessarar till. hafa talið eðlilegt að Íslendingar gerðu þessar mengunarvarnir að verslunarvöru við bandaríska herinn og hann fengi í staðinn að stórauka eldsneytisbirgðir sínar hér. Utanrrh. hefur upplýst hér að þar sé um $^2/_3$ aukningu á flugvélaeldsneyti að ræða og jafnvel, ef áfram yrðu leigðir þeir geymar sem leigðir hafa verið hingað til og ekkert hefur svo sem afdráttarlaust komið fram um að ekki gætu verið leigðir áfram í Hvalfirði, þá sé næstum því um 100% aukningu að ræða.

Ég vil vekja athygli hv. þm. á því, sem hér hefur ekki komið skýrt fram í umr., en hefur þó komið fram annars staðar, að lagt er til að þessar mengunarvarnir séu greiddar af NATO Infrastructure Fund eða þeim sjóði Atlantshafsbandalagsins sem notaður er eingöngu til að fjármagna hernaðarframkvæmdir. Mjög skýrt og greinilega er kveðið á um það í meðferð þess sjóðs og fyrirgreiðslu hans gagnvart framkvæmdum í aðildaríkjum bandalagsins, að það sé eingöngu til þess að fjármagna þær framkvæmdir sem nýtast NATO í hernaðarlegu tilliti.

Það væri gagnlegt að fá fram hér í umr. upplýsingar um áætlaðan kostnað við þessar framkvæmdir, en þær hafa ekki komið fram hér í þingsölum áður, og þá nánari hugmyndir um hvernig að greiðslu þessa kostnaðar verði staðið hvað snertir byggingu geymanna sjálfra, að rífa upp þá geyma, sem nú eru fyrir, og byggingu þeirrar hafnar, sem lítt hefur verið gerð að umræðuefni hér. En áður en ég kem að þessu atriði vil ég víkja nánar að þeirri ákveðnu staðsetningu, sem hér er rætt um, og vekja skýra athygli á því, að það svæði í nágrenni Helguvíkur, sem lagt er til að þetta gífurlega mikla geymarými verði staðsett á, er það svæði sem í gildandi aðalskipulagi Keflavíkurkaupstaðar er ætlað sem aðalbyggingarsvæði kaupstaðarins á næstu áratugum. Það er því ljóst að það á að taka undir þessar stórfelldu eldsneytisgeymaframkvæmdir það svæði sem í gildandi aðalskipulagi Keflavíkurkaupstaðar var markað fyrir byggðaþróun einbýlishúsa og raðhúsabyggð Keflavíkuríbúa á næstu áratugum. Því hefur ekki verið svarað með neinum hætti hvaða svæði komi þá í staðinn.

Ég vil vekja athygli á því, að þótt það sé vissulega rétt sem hér hefur komið fram og frá okkur Alþb.-mönnum áður fyrr, að það svæði, sem núverandi geymar standa á,

skapi verulega mengunarhættu, eru samt sem áður allverulegir annmarkar á því að það svæði nýtist vel til íbúðarhúsabyggðar í framtíðinni. Það er vegna þeirrar einföldu staðreyndar, að það er í slíkri nálægð við alþjóðaflugvöll Íslendinga og hernaðarflugvöll Bandaríkjanna að hin mikla flugumferð, sem þar er, aðeins nokkur hundruð metra frá þessu svæði, er bæði slíkur hávaðavaldur og slíkur öryggisleysisþáttur öllum íbúðarhúsum, sem þar kynnu að vera í nágrenni, að samkvæmt öllum almennum sjónarmiðum er það svæði sem tankarnir standa á nú — svo vægt sé til orða tekið — afar óheppilegt, ef ekki ónothæft, til íbúðarhúsabyggðar í framtíðinni vegna nálægðar þess við flugbrautir alþjóðaflugvallar Íslendinga og þeirra flugbrauta sem herinn notar einnig. Menn hafa rætt mikið um vandræði sem í Reykjavíkurborg stafa af nágrenni Reykjavíkurflugvallar í ýmsum hverfum borgarinnar. Þau vandræði eru miklu meiri á því svæði sem geymarnir standa á nú. Það er alveg ljóst, hvernig svo sem menn líta á afstöðuna til dvalar hersins hér á landi, það er alveg fyrir utan þessa umræðu, að þær ákvarðanir, sem hér er lagt til að verði teknar, fela í sér að Keflvíkingar fórni helsta svæði, sem í gildandi aðalskipulagi er ætlað til íbúðarhúsabyggðar, fyrir svæði sem er í slíku nágrenni við helstu flugbrautir herstöðvarinnar og flugstöðvarinnar í Keflavík að það er nánast ónothæft til íbúðarhúsabyggðar.

Það hefur hvað eftir annað verið sagt hér í umr. að heimamenn hafi mælt með þessari staðsetningu. Það er vissulega rétt, að sumir fulltrúar heimamanna hafa mælt með þessari staðsetningu. En ég er þeirrar trúar, að sú afstaða sé ekki byggð á nægilegri athugun á framtíðarþróun í skipulagsmálum á þessu svæði og kannske fyrst og fremst til komin vegna þess að mengunaróttinn af herstöðinni brennur svo á íbúum þessa svæðis að þeir séu nánast tilbúnir að taka kost sem þennan eingöngu til að losa sig undan honum. Þeir aðilar, sem leggja til að þessi þáltill. sé samþykkt vegna þess að hún er beinlínis bundin við þá till. sem liggur fyrir um staðsetningu þessara geyma, hafa að mínum dómi ekki gert sér neina grein fyrir því, hvað er verið þarna að ákveða.

Ég vil benda hv. þingheimi á það, að nýlega tóku Keflvíkingar í notkun nýjan kirkjugarð. Þm. þekkja það væntanlega að ekki er vani að velja kirkjugörðum stað mjög fjarri kaupstöðum og þorpum þessa lands. Þeir eru venjulega hafðir í hæfilegri fjarlægð frá byggð og í *tengslum við væntanleg þróunarsvæði byggðarinnar.* Staðsetning olíugeymanna í Helguvík er mitt á milli núverandi marka Keflavíkurkaupstaðarbyggðar og hins nýja kirkjugarðs. Í slíkri nálægð er þessi staðsetning við núverandi byggð að það er ekki nema eins og einn eða tveir kílómetrar frá núverandi húsamörkum og götumörkum byggðs hluta Keflavíkurbæjar til þeirra staða sem geymarnir eiga að rísa á. Og það sem meira er, sem ekki hefur heldur komið fram í þessum umr.: Þær leiðslur, sem eiga að liggja frá þessum geymum, eiga að liggja um framtíðarskipulags- og byggðarsvæði kaupstaðarins. Þessi lausn felur því ekki í sér það sem þó margir íbúar Keflavíkurkaupstaðar hafa óskað eftir, að þeir væru algjörlega lausir við olíukerfi hersins úr sínum byggðarlögum, heldur þvert á móti: Bæði staðsetning geymanna í Helguvík og þær miklu leiðslur, sem frá þeim eiga að liggja, ganga í gegnum byggðina sjálfa. Ég óska þess vegna að hv. alþm., jafnvel þeir sem hér koma upp og lýsa yfir að þeir styðji þessa till., — till. sem er algjörlega bundin við núverandi tillögu um staðsetningu, — gefi sér nú tíma til að kynna sér í raun og veru hvað þarna er lagt til.

Ég er þeirrar skoðunar, að staðsetning þessara stóru geyma í Helguvík leysi á engan hátt þau tengslavandræði sem íbúar Suðurnesja hafa hingað til haft af birgðastöðvum hersins, þótt eðli þeirra vandræða breytist að vísu nokkuð. Þó að sjálft eðlið breytist er eingöngu verið að færa vandann nokkuð til. Þess vegna höfum við verið reiðubúnir að ganga til athugana á því að finna aðrar lausnir á þessum efnum, sem þó væru tengdar því grundvallarviðhorfi að það væri ekki verið að auka eldsneytisbirgðarými bandaríska hersins á Íslandi.

Það er ein spurning sem þeir, sem hafa mælt með þessari till., hafa ekki svarað enn, sem enginn hefur svarað enn, og ég óska eftir að þeir svari í þessum umr., gefi skýr og glögg svör við henni:

Hvers vegna er Bandaríkjaher að óska eftir því að auka flugvélabensínbirgðir sínar á Íslandi um 60—100%? Hver er hernaðarlega þörfin á því fyrir Bandaríkin að stórauka svo flugvélabensínbirgðir sínar á Íslandi? Það er efnisatriði sem stuðningsmenn þessarar till. hafa ekki snert í umr. til þessa. Ég óska eftir því, að þeir geri það. Ég segi það í fullri alvöru og einlægni við andstæðinga mína í þessum málum, þ. e. þá sem styðja aðild Íslands að NATO og varnarsamninginn við Bandaríkin, að það hafa verið teknar hér á undanförnum árum og á greinilega að fara að taka samkvæmt þessari till. ákvarðanir sem fela það í sér að Íslendingar eða ráðamenn þeirra geri kaup við Bandaríkin. Þeir geri kaup við Bandaríkin á þann veg, að gegn því, að Bandaríkin taki þátt í að fjármagna lausn á ákveðnum vandamálum sem brenna á Íslendingum, sé þeim látin í té stóraukin hernaðaraðstaða í landinu. Þar með er hættan á árás á Ísland og hættan á því, að Íslendingar dragist inn í átök milli stórveldanna stórkostlega aukin.

Það hefur komið fram, að veturinn 1977—1978, síðasta árið í ríkisstjórnartíð Geirs Hallgrímssonar, var unnið að því að Bandaríkjamenn lofuðu að taka þátt í fjármögnun flugstöðvar á Íslandi, sem þeir höfðu þó neitað að gera í þrjú ár. Það fór allt í einu að verða auðveldara að fá þá til að taka þátt í þessum kostnaði veturinn 1977—1978, síðasta árið eða síðustu mánuðina í ríkisstjórnartíð Geirs Hallgrímssonar. Á sama tíma var gert samkomulag við Bandaríkin um að þau fái að hrinda hér í framkvæmd einhverri mestu aukningu á hernaðarumsvifum sínum hér um árabil, þ. e. byggingu sérstakra og nýrra sprengjuskýla í tengslum við Phantomþoturnar, sem eru aðalvopnaburðarþotur hersins hér, í öðru lagi að byggja hér sérstaka jarðstöð vegna gervitunglafjarskipta í hernaði, eða Satellite terminal, til þess að fullkomna enn frekar það hernaðarnet, sem Bandaríkin hafa þegar komið sér hér upp í landinu í gegnum Sosus-kerfið og aðra aðstöðu sem hér er fyrir, og í þriðja lagi með því að staðsetja Awacs-flugvélarnar hér, sem eru umfangsmestu og dýrustu hernaðartæki í flugflota Bandaríkjanna. Mikilvægi þeirra sést m. a. á því, að á s. l. mánuðum hafa Bandaríkjamenn flutt slíkar vélar til tveggja svæða: annars vegar Saudi-Arabíu vegna stríðsins milli Írans og Íraks og hins vegar til meginlands Evrópu vegna hættunnar á átökum þar. Nú er rætt um það, að á sama tíma og reynt er að leysa mengunarvandamál á Suðurnesjum sé Bandaríkjamönnum veitt aðstaða til að stórauka hér eldsneytisbirgðastöðvar sínar.

Nú er það svo, að við Íslendingar eigum ekki hernaðarsérfræðinga og við erum nokkuð fákunnandi í þessari umræðu. Samt sem áður eru menn sæmilega læsir á þau rit sem viðurkenndir sérfræðingar um þessi efni gefa út. Það hefur m. a. komið fram í nýlegri ársskýrslu friðarrannsóknastofnunar í Svíþjóð, SIPRI, sem er talin ein virtasta alþjóðlega rannsóknarstofnun á þessu sviði, að einmitt aðstaða af því tagi, sem Bandaríkjamenn fengu hér veturinn 1977-1978, og eldsneytisbirgðastöðvar af því tagi, sem nú er rætt um að þeir fái hér, séu hvorki meira né minna en líklegustu — ég endurtek: líklegustu skotmörk í þeirri tegund hernaðar sem stórveldin munu einna helst beita hvert gegn öðru. M. ö. o.: Í tengslum við lausn þeirra vandræða, sem talin eru vera á flugstöðvarþjónustu Íslendinga á Keflavíkurflugvelli, og þeirra vandræða, sem byggðum Suðurnesja stafar af mengunarhættu olíugeymanna, hefur þegar, á síðasta stjórnarári Geirs Hallgrímssonar og í þeirri till., sem hér er til umr., verið lagður grundvöllurinn að því, að Bandaríkin fái í staðinn að stórauka hernaðarlega aðstöðu sína hér og þar með stórauka árásarhættuna á landið og stórauka líkurnar á því, að Ísland dragist inn í átök milli stórveldanna á fyrstu stigum slíkra átaka.

Ég sagði það hér áðan að ég vildi mæla þessi orð í fullri alvöru og fullri einlægni við andstæðinga mína í þessu máli, þ. e. þá sem eru stuðningsmenn Atlantshafsbandalagsins og samningsins við Bandaríkin. Ég geri það vegna þess að ég vona að sá þingmeirihluti og þeir einstaklingar, sem taka ábyrgð á þessum gerðum, geri sér skýra grein fyrir því, hvað er hér verið að gera, og þeir hafi bæði gagnvart sjálfum sér og eins gagnvart íslensku þjóðinni í nútíð og framtíð, ef til þess óhugnaðar kæmi sem átök milli stórveldanna yrðu í raun, full rök fyrir því að þeir hafi í senn vitað, hvað þeir voru að gera og viljað það, sem þeir voru að gera. Niðurstaðan af þeim ákvörðunum, sem teknar voru á síðasta stjórnarári Geirs Hallgrímssonar og lagt er til í þessari þáltill. að teknar séu, er einmitt af því tagi að stórauka árásarhættuna á Íslandi. Það eru ekki aðgerðir til varnar. Það eru í eðli sínu aðgerðir sem auka líkurnar á því, að það ríki, sem ætlaði sér að ráðast á Bandaríkin, teldi óhjákvæmilegt á fyrstu stigum slíkra átaka að varpa sprengjum á þá aðstöðuþætti sem hér hefur verið komið upp. Þess vegna er ég alveg sammála hæstv. utanrrh. um að það er alveg nauðsynlegt að Íslendingar komi sér upp sérfræðingum í þessari hernaðarumræðu. Ég er alveg sammála hæstv. utanrrh. um það. Ég tel hins vegar að það eigi að vera sérfræðingar sem hafi trausta og góða menntun og fulla persónulega burði til að veita íslenskum stjórnvöldum, þingi, ríkisstjórn og þjóð sjálfstætt álit á þeim málum sem hér eru til umfjöllunar, hafa verið og verða og eru mjög örlagarík mál fyrir íslenska þjóð, bæði í nútíð, en ekki síður í framtíð, ef til átaka kæmi milli stórveldanna. Þess vegna finnst mér að þeir aðilar, sem vilja skrifa upp á að framkvæma allar þær tillögur sem hér er lagt til varðandi breytingar á eldsneytisgeymum hersins, þurfi bæði að færa rök fyrir því, hvers vegna þessi aukning sé nauðsynleg, og eins fjalla ítarlega um þá annmarka staðsetningarinnar sem ég hef hér verið að gera að umræðuefni.

Ég vil lýsa þeirri skoðun minni hér, að þótt ég sé andstæðingur dvalar bandarískra hersins hér á landi mun ég ávallt telja það skyldu mína, m. a. vegna þeirrar andstöðu, að reyna að stuðla að því, jafnlvel í samvinnu við andstæðinga mína í þessu máli, að staðsetning þeirrar aðstöðu og mannvirkja, sem greinilega eru þáttur í hernaðaraðstöðu Bandaríkjanna hér á Íslandi, sé slík, að ef sprengjum yrði á það varpað í hernaði, en það er meginforsenda allrar þessarar starfsemi hér að til slíks geti komið, þá væri hættan á því að íslenskum mannslífum yrði fórnað í slíkri árás í algeru lágmarki. (**ÓÞÞ:** Hvar á þá að staðsetja þetta?) Ég hef heyrt, hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson, ýmsar hugmyndir aðrar en þær sem hér hafa verið lagðar til um staðsetningu á geymum sem mundu leysa þann mengunarvanda sem hér hefur fyrst og fremst verið rætt um. En hins vegar er það ljóst, að ef menn ætla sér að koma upp þeirri olíuhöfn og þeirri viðtæku aðstöðu annarri sem tengd er birgðaaukningunni, sem þarna er á ferðinni, eru kannski ekki margir aðrir staðir í nágrenni Keflavíkurflugvallar sem koma til greina. Ef menn hafa aftur á móti eingöngu áhuga á að leysa mengunarvandamálið sem allir stuðningsmenn þessarar till. hafa fyrst og fremst og sumir nær eingöngu gert að sinni röksemdafærslu, eru vissulega til aðrar leiðir en sú sem hér er til umr. Ég er reiðubúinn að útskýra það, bæði við meðferð málsins í nefnd og annarri meðferð sem till. kynni að fá hér á Alþingi.

Ég vil ítreka það, sem ég sagði hér áðan, að ég vona í fullri einlægni að þeir menn, sem í nútíð og framtíð kunna að bera ábyrgð á ákvarðanatöku í þessum efnum, en eru andstæðingar mínir í grundvallaratriðum í þessu máli, beri gæfu til að staðsetja þannig þá aðstöðuaukningu og önnur mannvirki, sem Bandaríkin kunna að fá hér á landi, að hættan á að lífi hundraða og þúsunda Íslendinga yrði um leið tortímt, ef til minnstu átaka kæmi milli stórveldanna, yrði að engu gerð. Sú staðsetning, sem hér er lögð til á þessum olíugeymum, jafnvel sú sérkennilega þversögn: flutningur þeirra frá Hvalfirði, sem er ekki í eins mikilli nánd við byggð, yfir á þetta svæði hér, eykur verulega líkurnar á því, að hundruðum og jafnvel þúsundum Íslendinga yrði fórnað ef til átaka kæmi. Þessar eldsneytisbirgðastöðvar sem og aðrar eldsneytisbirgðastöðvar yrðu meðal fyrstu skotmarkanna. Er þeim yrði eytt væri um leið búið að gera flugflota Bandaríkjamanna hér nánast óvirkan.

Með því að flytja geymarýmið frá Hvalfirði í nágrenni Keflavíkurkaupstaðar er beinlínis verið að stórauka tortímingarhættu þjóðarinnar ef til átaka kemur. Það átti ég við áðan þegar ég sagði að það væri verið að breyta mengunarvanda m. a. yfir í annars konar, en miklu alvarlegri vanda. Ég skal ekkert ræða um ástæður forstjóra Olíufélagsins fyrir þeim tillögum og hugmyndum sem hann hefur lagt fram, en út frá þeim röksemdafærslum, sem ég hef hér rakið, finnst mér að menn þurfi einnig að skoða þetta atriði.

Þetta mál, hið svokallaða Helguvíkurmál, er í mínum huga miklu flóknara en eingöngu spurningin um hvernig menn leysa mengunarvarnir íbúanna á Suðurnesjum. Ef hins vegar hér eru á Alþingi þm. sem eru reiðubúnir að ganga til samstarfs við okkur Alþb.-menn um að þetta mál eigi eingöngu að fela í sér lausn þessa mengunarvanda, en ekki um leið aukningu á hernaðaraðstöðu Bandaríkjanna á Íslandi, stendur ekki á okkur að ganga til slíks samstarfs. (Gripið fram í.) Ég sagði það áðan, hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson, að það væru ýmsar aðrar leiðir sem kæmu til greina í þeim efnum. Þær er erfitt að útskýra án þess að hafa nauðsynleg gögn og kort við höndina, en ég er reiðubúinn að gera það, bæði fyrir hv.

þm. og samflokksmenn hans og aðra þm., ef eftir því verður leitað. (**ÓÞÞ:** Hvaða gögn eru það?)

Ég vil að lokum ítreka það, sem ég hef sagt í ræðu minni og mun e. t. v. gera síðar að umræðuefni þegar skýrsla hæstv. utanrrh. verður hér tekin til umr., að mér finnst alveg nauðsynlegt að íslensk stjórnvöld og íslenskir stjórnmálaflokkar geri sér skýra grein fyrir því, hvað hefur verið að gerast hér á Íslandi á undanförnum árum, eftir að þær ákvarðanir, sem ríkisstjórn Geirs Hallgrímssonar tók, voru framkvæmdar — ég tala nú ekki um ef fallist verður á allar þær tillögur sem hér liggja fyrir. Úr því að hv. þm. Geir Hallgrímsson, sem að vísu er fjarverandi fór að gera þessa ferð utanrmn. að umræðuefni, geri ég það einnig, og það, sem sló mig mest í þeirri ferð, var *hve samnefndarmenn mínir, fyrrv. forsrh. og einnig* fyrrv. utanrrh., vissu lítið um það sem fyrir augu bar.

Salome Þorkelskóttir: Herra forseti. Eins og fram kemur í grg. með þessari till. til þál. um olíuhöfn og birgðastöð í Helguvík er þetta fyrst og síðast hagsmunamál byggðarlaganna í Njarðvík og Keflavík og íbúanna þar. Þetta er staðbundið hagsmunamál, enda hafa bæjarstjórnirnar bæði í Njarðvík og Keflavík árum saman krafist úrbóta.

Sameiginlega hafa þær fengið álit ýmissa stofnana, sem málið varðar. Álit allra hefur verið á einn veg: Af bæði tönkunum og leiðslunni stafar stórhætta og oftar en einu sinni hefur munað litlu að olía rynni úr þeim í *höfnina. Geta menn væntanlega gert sér í hugarlund* það ástand sem þá hefði skapast. Þá kemur einnig fram að leiðslurnar standa í vegi fyrir skipulagi hafnarsvæðisins í Keflavík og íbúðasvæðis í Njarðvík.

Hæstv. félmrh. sagði í ræðu sinni, að það væru einhver annarleg sjónarmið á bak við þessa þáltill., svo sem pólitísk. Ég vísa slíkri fullyrðingu algerlega á bug. Ef hv. þm. Alþb. vilja stuðla að því, að íbúar á svæðinu verði ekki látnir gjalda nábýlis af varnarliðinu, ættu þeir að gera sér ljóst að það er tímabært nú þegar og hefur verið það í raun allar götur frá því 1951 þegar bráðabirgðaráðstafanir voru gerðar á þessu svæði.

En varðandi orð hv. 4. þm. Norðurl. e. og reyndar fleiri hér sé ég ekki hvernig hægt er að ræða þessi mál öðruvísi en í samhengi við aðsetur varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli. Ég held að hv. þm. Alþb. verði að horfast í augu við það, að varnarliðið er hér af því að meiri hluti þjóðarinnar hefur samþykkt það. Það er lágmarkskrafa þeirra, sem búa í nágrenni við Keflavíkurflugvöll, að þannig sé búið að málum að ekki stafi hætta af nábýlinu eins og nú er um að ræða varðandi þessa olíutanka. Það er einmitt mergurinn málsins, að verið er að reyna að finna leiðir til að ráða bót á þessum vandamálum. Og ég verð að segja það, að með allri virðingu fyrir skoðunum hv. þm. Alþb. hljóta heimamenn að vita betur í þessum málum og þeirra skoðanir því að vera þyngri á metunum.

Sighvatur Björgvinsson: *Herra forseti. Út af ummælum* hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar, 11. þm. Reykv., áðan vil ég aðeins ítreka að um þetta Helguvíkurmál er alger samstaða í bæjarstjórnum Keflavíkur og Njarðvíkur og bæjarstjórnarmenn þar hafa allir sem einn mælt með því, að af þessari framkvæmd verði. Þá vil ég einnig taka fram, að það er rangt hjá hv. þm. að svæðið, sem er nú undir olíutönkum, sé ekki hæft til bygginga. Þvert á móti er það álit þeirra sem hlut eiga að máli, að þetta sé bæði verðmætt byggingarsvæði og hagkvæmt, sem kæmi þá til nota ef tankarnir yrðu fluttir.

Hv. þm. spurði einnig að því, hver væri ástæða þess, að það væri talið nauðsynlegt af Bandaríkjamönnum og þeim, sem um þau mál fjalla, að tankarýmið yrði nokkuð aukið um leið og flutningur tankanna ætti sér stað. Ég get ekki skilið mál hans öðruvísi en þannig, að Alþb. féllist á að framkvæmdin yrði unnin við tilfærslu á þessum tönkum sem um ræðir, þó svo að hv. þm. vildi ekki skýra okkur frá því, hvert hann vildi að tankarnir yrðu fluttir. Ég gat ekki skilið annað af máli hans en að Alþb. væri búið að fallast á að flutningurinn ætti sér stað svo að það eina, sem deilt sé um, sé hversu stóra tanka ætti að byggja *í stað þeirra sem niður yrðu lagðir. Þá er ekki lengur deilt* um eðli málsins, heldur aðeins um umfang þess.

Hv. þm. þarf að sjálfsögðu ekki að spyrja um hvers vegna áhugi sé á að auka nokkuð geymslurými hér á Íslandi fyrir flugvélaeldsneyti. Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson les ýmsar bækur og bæklinga og greinar sem skrifaðar hafa verið um utanríkis- og öryggismál. Hv. þm. er það mætavel kunnugt, að sú er niðurstaða NATO-ríkjanna, að mikilvægi herstöðvanna á Norðaustur-Atlantshafi, bæði á Íslandi, í Noregi og víðar á því svæði, hafi stóraukist með breyttri hernaðartækni á hinum síðari árum. Og hv. þm. á að vera mætavel kunnugt eins og öllum öðrum alþm. að vegna þessa hafa NATO-ríkin, ekki bara Bandaríkin, heldur NATO-ríkin öll *tekið ákvörðun um stóreflingu varnarstöðva á* þessu svæði og m. a. tekið ákvörðun um auknar fjárveitingar í því skyni. Ástæðan er, eins og ég sagði hér áðan, breytt hernaðartækni og aukið mikilvægi flugvéla, bæði til flutninga á mönnum, vopnum og vistum og til eftirlits með kafbátum. Þetta veit ég að öllum hv. þm. er mætavel ljóst og þessi mál á auðvitað að ræða í því samhengi, en ekki eina framkvæmd út af fyrir sig. Niðurstaðan er sú, að á undanförnum árum hefur verið um að ræða miklar framkvæmdir við varnarstöðvar, t. d. í Noregi og annars staðar á norðaustanverðu Atlantshafi. Þetta á að sjálfsögðu jafnt við um Ísland og önnur lönd á þessu svæði. Það er auðvitað niðurstaða NATO-ríkjanna að nauðsyn á þessari umfangsbreytingu á flugstöðinni á Keflavíkurflugvelli *sé jafnmikil og í öðrum varnarstöðvum NATO á* þessu svæði. Ég veit varla hvort maður á að bera sér útlend orð í munn í ræðustól Alþingis, en ég leyfi mér það nú samt. Þessar framkvæmdir hafa verið kallaðar „Hardening of the Base" eða í lélegri þýðingu: hersla á varnarstöðinni. Það er það sem við erum núna að vinna að. Þetta er að sjálfsögðu verið að gera þó að í litlum mæli sé og miklu minna mæli en Bandaríkjamenn mundu sjálfsagt óska eftir ef þeir réðu því einir. En þeir ráða þessari framkvæmd einfaldlega ekki einir, heldur er það íslenska ríkisstj. og hæstv. utanrrh. sem hefur síðasta orðið í því máli.

Það er alveg fráleitt að vera að tala um þessar framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli sem eitt afmarkað mál út *af fyrir sig. Í dag tölum við um þessa tanka, á morgum* tölum við e. t. v. um hvort flugskýli, sem verið er að byggja, eigi að vera 375 rúmmetrar eða 500 rúmmetrar eða nefnum einhverja aðra tölu. Þetta er auðvitað algert aukaatriði. Meginatriðið er að vegna breyttra aðstæðna er verið að breyta nokkuð þeirri framkvæmd sem verið hefur á vörnum landsins. Sumir gætu sagt að verið væri að gera það til að auka varnirnar, aðrir gætu sagt að það

væri verið að gera það til að tryggja að varnarstöðin skilaði betur sínu hlutverki. En svo lengi sem við Íslendingar erum í Atlantshafsbandalaginu og teljum að öryggi okkar sé borgið þar hlýtur það að sjálfsögðu að vera áhugamál okkar að því öryggi verði sem best borgið og að þeim vörnum verði sem best fyrir komið. Um það hljótum við að vera sammála. Enginn Íslendingur vill vera í varnarbandalagi í öðru orðinu og svo krefjast þess í hinu orðinu að sú vörn, sem það bandalag veitir þjóðinni, sé eins lítil og unnt er. Þetta furðulega upphlaup Alþb.-manna, að vera að rífast hér um einhverjar rúmmetratölur eða einhverja stærð á olíugeymum, er gersamlega út í hött því þar er verið að forðast kjarna málsins, sem þeir eiga að vita nákvæmlega um eins og aðrir, þ. e. að í gangi er núna á öllu norðaustanverðu Atlantshafi talsverð styrking á þeirri varnarkeðju sem hefur verið byggð upp af NATO og á jafnt við um varnarstöðina hér á Íslandi og stöðvar annars staðar. Fráleitt er fyrir íslenska stjórnmálamenn að vera að ræða þetta mál á öðrum grundvelli en þeim. Slíkt sýnir að annaðhvort þekkja þeir ekki staðreyndir málsins eða vilja forða sér undan að horfast í augu við þær.

Hins vegar er það ekki það merkilegasta sem fram hefur komið í þessum umr. í dag, heldur hitt, að nú hefur það loksins verið staðfest að gert hafi verið skriflegt samkomulag milli þriggja oddvita núverandi stjórnarsamstarfs sem veitir einum aðilanum neitunarvald í þeim málum sem hann telur vera mikilvæg. Og það sem meira er: Það hefur gefið sig fram hér á Alþingi einn þm. sem hefur upplýst að hann hafi fengið margumrætt fréttabréf, sem Morgunblaðið birti frásögn af, að mig minnir í morgun eða í gær, svo að það er orðin staðreynd, það hefur verið viðurkennt hér úr ræðustól, að þetta bréf er til. Hér meðal okkar þm. situr a. m. k. einn maður sem hefur haft það með höndum þó að hann segist vera búinn að týna því nú. M. ö. o.: eftir margítrekaðar fsp. um þetta mál, sem hefur vægast sagt verið svarað með einkennilegum hætti, bæði af hæstv. forsrh, og hæstv. sjútvrh. og formanni Framsfl., er nú upplýst að slíkt samkomulag hefur verið gert.

Menn hafa rætt þetta mál í þeim skilningi að þetta séu aðeins einfaldar starfsreglur sem allar ríkisstjórnir setja sér. Ég hef spurt ráðh. í öllum ríkisstjórnum sem verið hafa á Íslandi frá því að viðreisnarstjórnin tók við völdum hvort gert hafi verið samkomulag um starfsreglur í ríkisstjórnum. Þeir hafa allir svarað neitandi. Allan þennan tíma hefur aldrei neitt samkomulag um starfsreglur í ríkisstjórnum verið í gildi, utan það samkomulag eitt, sem mun hafa verið allar götur frá þingrofi Tryggva Þórhallssonar hér í eina tíð, að ekki væri forsrh. heimilt að beita þingrofsvaldinu nema með samkomulagi allra aðila stjórnarsamstarfsins. Aldrei hafa verið neinar starfsreglur í gildi í ríkisstjórnum, utan það sem segir í reglugerð um Stjórnarráð Íslands og út af fyrir sig kallar ekki á neina samþykkt hjá ríkisstjórnum. Þetta er hins vegar í fyrsta skipti sem samkomulag hefur verið gert sem veitir einum aðilanum að því er virðist neitunarvald varðandi framkvæmdir sem aðrir aðilar í stjórnarsamstarfinu vilja að fram gangi og eru í verksviði ráðh. sem ekki tilheyrir flokknum sem er á móti framkvæmdunum. Þetta er í fyrsta skipti sem slíkt samkomulag hefur verið gert.

Það hefur líka komið fram á Alþingi að fyrst þegar um var spurt hvort það gæti verið að slíkt samkomulag væri í gildi fannst mönnum það svo fráleitt mörgum hér, t. d. mörgum hv. þm. Framsfl., að þeir máttu vart hlátri verjast yfir því að svo heimskulega skyldi spurt. Þegar spurningarnar voru síðan ítrekaðar þótti nokkrum þm. Framsfl., og þar man ég nú í skyndi eftir tveimur, hæstv. forseta Sþ. og hv. þm. Framsfl. Stefáni Guðmundssyni, 3. þm. Norðurl. v., sérstök ástæða til að koma hér í ræðustólinn og skýra þingheimi frá því, að þeim væri ekki kunnugt um að undirritað samkomulag um starfsreglur í ríkisstj. hefði verið gert né heldur hefðu þeir nokkurn tíma séð slíkt plagg. Mér dettur ekki í hug að t. d. þessir tveir hv. þm., hæstv. forseti Sþ. og hv. þm. Stefán Guðmundsson, hafi komið hér í ræðustól á Alþingi til að segja vísvitandi ósatt. Ég er sannfærður um að þegar þeir komu hingað upp í ræðustól til að svara spurningum og gáfu þessar yfirlýsingar töluðu þeir eftir bestu vitund. Þegar þeir stóðu hér fyrir nokkrum dögum var þessum stjórnarþm. ókunnugt um, að samkomulag eins og hér um ræðir hefði verið gert, og höfðu aldrei séð slíkt plagg.

Hins vegar gerist það nú, að það upplýsist m. a. í fréttabréfi, sem skrifað hefur verið af formanni Alþb., að slíkt samkomulag hafi verið gert. Hæstv. ráðh. Steingrímur Hermannsson, formaður Framsfl., hefur og viðurkennt að vera einn af þremur sem undirrituðu þetta samkomulag. Ég bið menn að veita því sérstaka athygli, að þannig er að þessum málum staðið að um samkomulag eins og hér um ræðir, sem að áliti Alþb.-manna skiptir öllum sköpum um þetta stjórnarsamstarf, réð úrslitum um að þeir gengu til samstarfsins, — um þetta samkomulag er þm. Framsfl. ókunnugt þangað til e. t. v. nú í dag og í gær og hafa aldrei það augum litið. Óbreyttir flokksmenn í Alþb. vita meira um þetta mál en þm. Framsfl. og formaður Framsfl., sem hefur undirritað samkomulag með eigin hendi, lætur þá koma hér upp í ræðustól hvern á fætur öðrum og hlustar þegjandi á þá lýsa yfir að þeim sé ókunnugt um að slíkt samkomulag hafi verið gert og þeir hafi aldrei slíkt samkomulag augum litið. Formaður Framsfl., hæstv. sjútvrh., treysti sem sé á að honum mundi takast að koma í veg fyrir að það yrði nokkurn tíma upplýst undir hvað hann hefði ritað nafn sitt.

Það tel ég vera stóralvarlegt mál, að samkomulag um svo afdrifaríkt mál skuli vera hægt að gera á milli oddvita stjórnarsamstarfs án þess að jafnvel stuðningsmenn ríkisstj. hér á Alþingi, sem veita henni þingmeirihl., hafi hugmynd um það eða sé veittur sá trúnaður að þeim sé skýrt frá efni slíks plaggs. Og af hverju tel ég það vera hörmulegt og því sé miður farið? Vegna þess að í framhaldi af þessu gerðist það, að formaður þingflokks Alþb. og formaður Alþb., hæstv. ráðh. Svavar Gestsson og hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, töldu sig hafa fulla og frambærilega ástæðu til þess að krefjast fundar með formanni Framsfl. og formanni þingflokks Framsfl. til þess næstum því að sækja utanrrh. Framsfl. til saka hjá þessum tveimur forustumönnum Framsfl. fyrir að hafa brotið eitthvert samkomulag sem hæstv. utanrrh. vissi ekki um að til væri. Það sýnir málatilbúnaðinn allan, að formaður Framsfl. og formaður þingflokks Framsfl. skyldu láta það yfir sig ganga að veita slíkum sendiboðum viðtöku án þess að gefa utanrrh. eigin flokks tækifæri til að bera þar hönd fyrir höfuð sér.

Ég spurðist sérstaklega fyrir um það hjá þm. Framsfl. við þetta tækifæri, hvort það gæti verið að þeir Alþb.-menn hefðu eitthvað það samkomulag undir höndum

sem gerði það að verkum að þeir gætu krafist þess að formaður Framsfl. og formaður þingflokks Framsfl. beittu áhrifum sínum til að fá hæstv. utanrrh. til að falla frá ákvörðun sem hann vildi taka út á samkomulag sem hann hefði ekki vitneskju um. Og þm. Framsfl., sem ég lagði þessa spurningu fyrir, hristu höfuðin, sögðu að það kæmi ekki til mála. Nú hefur það aftur á móti verið upplýst — a. m. k. ef marka má skoðun Alþb.-manna — að þessu er svona farið. Ég held að ef einhverjir ættu að hafa manndóm í sér til þess að krefjast þess að þetta margumrædda samkomulag verði birt opinberlega, þá ættu það að vera þm. Framsfl., mennirnir sem þurft hafa að lifa þá reynslu að standa hér í ræðustól á Alþingi aðspurðir hvort slíkt samkomulag sé til, neita því að þeir hafi um það hugmynd, upplýsa Alþingi að þeir hafi aldrei séð slíkt plagg, og hafa svo þurft að horfast í augu við það nú, að plaggið er bæði til og hefur verið undirritað af þeirra eigin formanni. Það er von að hv. þm. Páll Pétursson glotti í kampinn og þyki þetta vera góðir samstarfsmenn sem þannig leika hann og hans flokk. En ég er ansi hræddur um að hann sé einn um það, hv. þm. standi einn um þá afstöðu í Framsfl. eins og fleira. Þetta tel ég, herra forseti, vera alvarlegasta málið sem upp hefur komið í þessum umr. og miklu alvarlegra en hvort og hvenær olíutankar í Helguvík verði byggðir. En um það vil ég segja að lokum þetta:

Hæstv. utanrrh. tók það sérstaklega fram í ræðu sinni áðan, að ef Alþingi samþykkti þá þáltill., sem hér um ræðir, teldi hann að þar með væri ákvörðun um framkvæmdina tekin. Hæstv. utanrrh. tók líka fram, að ekki væri vanalegt að Alþingi tæki ákvarðanir um einstakar framkvæmdir með þessum hætti, en þó væri málið e. t. v. sérstaks eðlis. Gott og vel. Það hefur verið upplýst að hér sé um að ræða flutning á tilteknum mannvirkjum á stað sem þegar er búið að mæla eindregið með af hlutaðeigandi bæjaryfirvöldum og jafnframt um nokkra stækkun á þessum mannvirkjum. Er þá ekki nærtækast, fyrst þessar yfirlýsingar hafa komið fram hjá hæstv. utanrrh., að þá sé gengið úr skugga um það, þar sem hér er um mjög sérstæða og fjárfreka framkvæmd að ræða, hver vilji Alþingis sé? Það nær að sjálfsögðu ekki nokkurri átt að 11 kommúnistar hér á Alþingi komi í veg fyrir að 49 aðrir þm. fái vilja sínum framgengt.

Hitt er svo annað mál, sem menn þurfa engar áhyggjur af að hafa: Þó að 49 alþm. á Alþingi Íslendinga, kannske 48, að hv. þm. Páli Pétursyni frátöldum, fái vilja sínum framgengt í þessu efni er engin hætta á að Alþb. hlaupi úr ríkisstj., enda ekki refarnir til þess skornir. — Hæstv. utanrrh. hefur raunar tekið fram að hann sé mér sammála um þetta og ætti hann allra manna best að þekkja sitt heimafólk.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það kom fram í umr. áðan að það væri skaðlegt að við hefðum ekki hernaðarsérfræðing, og vissulega mundi það auðvelda ákvarðanatöku á þessu sviði ef svo væri. Reyndar vitum við ekki hve mikið vantar á að við höfum hernaðarsérfræðing fyrr en við fáum hernaðarsérfræðing. Þá væri hægt að gera samanburð á þeirri þekkingu, sem hér hefur verið á borð borin, og þeirri þekkingu, sem væri hin eina sanna og rétta.

Hins vegar kom það fram að formaður þingflokks Alþb. lýsti því yfir, að hann teldi það skyldu sína að hafa á það jákvæð áhrif hvar hernaðarmannvirki væru staðsett í þessu landi, ef þau væru staðsett í þessu landi. Jafnframt kom það fram, að þeir þm. Alþb. eru reiðubúnir að benda á ákveðinn stað sem þeir telja æskilegri en aðra staði til mikilla muna svo að staðsettir verði þar olíugeymar varnarliðsins sem nú valda mengun og er ekki um deilt. Það kom einnig fram í ræðu hv. þm., að það, sem rætt er í utanrmn., er algert leyndarmál og ekki ætlað að verði gert opinbert. (**Gripið fram í:** Nema sérstaklega sé ákveðið.) Þess vegna gæti svo farið, ef ekki yrði sérstaklega ákveðið, að þingheimur fengi aldrei að vita hverjar tillögur Alþb. eru í þessu máli. Ég tel að þó að auðvitað væri hentugra að útskýra þetta með landabréfi og skipulagi á landabréfinu sé hægt að gefa þetta upp í staðarnöfnum, þó að lengd og breidd verði látin liggja milli hluta, og menn leiti svo að því á kortinu, þegar þeir koma heim til sín, hvar þessi staður er, vegna þess að það má hv. þm. fullkomlega ljóst vera að lausn þarf að fást í þessu máli.

Ég ætla ekki að gera lítið úr þeim fróðleik sem hv. þm. hafði fram að færa um hvar sprengjum verði varpað á Ísland ef til kjarnorkustyrjaldar kemur. Ég hef enga ástæðu til að efa að hann viti hvað hann er að tala um í því sambandi. Ég hef enga ástæðu til að efa það og treysti mér yfirleitt sakir þekkingarskorts alls ekki til að deila við hann um það atriði. En vissulega sýnist mér að það væri jákvætt ef olíugeymarnir væru allir á einum stað, hvaða skoðanir sem menn hafa svo á tilvist þeirra. Það sýnist mér að væri jákvætt af þeirri ástæðu sem hér hefur verið rakin.

En aðalatriðið með því að koma hér upp var sem sagt að skora á hv. þm. Ólaf Ragnar Grímsson, 11. þm. Reykv., að tala hér ekkert tæpitungumál um þessi efni í trausti þess að þingheimur og þjóðin sé fær um að hlusta á málflutning hans í þeim efnum án þess að hafa neina trú, aðeins skoðanir. Vissulega eru menn ekki svo blindir að þeir horfi á eina vík sem endanlegan leik og allt annað sem vonlausa taflstöðu í þessum efnum. En við viljum fá spilin á borðið og ég mælist til þess að hann hafi það hugrekki að hann leggi þau á borðið hér og nú.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 70. fundur.

Mánudaginn 6. apríl, kl. 2 miðdegis.

Olíuhöfn og birgðastöð í Helguvík, þáltill. (þskj. 110). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Fjárfestingar- og lánsfjáráætlun 1981 (þskj. 551).

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Í lögum um stjórn efnahagsmála segir að ríkisstj. skuli leggja fyrir Alþingi fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir eitt ár í senn. Markmiðið er að tryggja að heildarumsvif í fjárfestingu og þróun peningamála og lánamála samrýmist þjóðhagslegum markmiðum. Enn fremur skal leggja fram frv. til l. um lántöku og ábyrgðarheimildir og aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til fjáröflunar vegna opinberra framkvæmda og fjárfestingarlánasjóða að því marki sem slík ákvæði eru ekki í fjárlögum. Slíkt frv. til lánsfjárlaga var flutt í hv. Ed. og hefur verið afgreitt frá fjh.- og viðskn. Ed.

Þessi áætlun er samin á vegum ríkisstj. Undirbúning hafa annast Þjóðhagsstofnun, fjárlaga- og hagsýslustofnun, Seðlabanki Íslands og Framkvæmdastofnun ríkisins í samvinnu við einstök ráðuneyti.

Fjárfestingar- og lánsfjáráætlun er í höfuðatriðum reist á þeim markmiðum í efnahagsmálum sem sett eru fram í stjórnarsáttmálanum, efnahagsáætlun ríkisstj. frá síðustu áramótum og þjóðhagsáætlun. Helstu markmið ríkisstj., sem getið er um í þessum samþykktum og áætlunum, má draga saman í sex meginatriði:

1. Ríkisstj. leggur höfuðáherslu á næga og örugga atvinnu fyrir alla landsmenn.
2. Ríkisstj. hefur sett sér það mark að draga verulega úr verðbólgu á árinu og stefna að því að verðhækkanir frá upphafi til loka árs verði ekki meiri en 40%.
3. Í kjaramálum er markmið ríkisstj. að tryggja sem best kaupmátt launa og stuðla að jafnari lífskjörum.
4. Stefnt er að jafnvægi í viðskiptum við önnur lönd.
5. Ríkisstj. beiti sér fyrir æskilegu jafnvægi í byggð landsins.
6. Í atvinnumálum er lögð áhersla á atvinnuuppbyggingu og vöxt framleiðslu til þess að standa undir batnandi lífskjörum á komandi árum.

Þessi markmið mynda ramma í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun.

Þróun og horfur í efnahagsmálum þjóðarinnar á þessu ári hafa bæði dökkar og ljósar hliðar. Bráðabirgðauppgjör fyrir árið 1980 bendir til þess, að þjóðarframleiðslan hafi aukist um 2.5% frá fyrra ári, og er það meiri vöxtur en áður var gert ráð fyrir. Ástæðan er einkum sú, að fiskafli og framleiðsla sjávarafurða reyndist meiri en reiknað var með í þjóðhagsáætlun, þorskaflinn 428 þús. tonn rúm í stað 380—400 þús. tonna. Þjóðhagsspá fyrir árið 1981 telur nú að þjóðarframleiðslan verði svipuð og á árinu 1980. Í þjóðhagsáætlun frá því í okt. s. l. var hins vegar reiknað með 1% vexti þjóðarframleiðslu í ár. Þessa breytingu má einkum rekja til tveggja þátta: Í fyrsta lagi eru sóknartakmarkanir til að vernda og varðveita fiskstofnana og í annan stað dregur orkuskortur úr framleiðslu iðnfyrirtækja sem nota mikla raforku.

Viðskiptakjör, þ. e. hlutfall milli innflutnings- og útflutningsverðs, voru um 3.5% lakari á árinu 1980 en árið áður. Þessi rýrnun viðskiptakjara jafngilti 1.3% af þjóðarframleiðslu. Þar sem þjóðarframleiðslan jókst um 2.5% varð vöxtur raunverulegra þjóðartekna þannig 1.2%, en þær höfðu minnkað um 1.2% árið áður. Nú í ár er útlit fyrir að viðskiptakjör rýrni enn um 1—2%, en hér þarf þó að hafa í huga að óvissa er nú óvenjumikil um viðskiptakjör. Kemur þar margt til, en helstu áhrifaþættir eru þrír:

Verðlag á frystum fiski í Bandaríkjunum ræður enn sem fyrr miklu um. Verð á mikilvægustu afurðum hefur verið nær óbreytt í rúm tvö ár þó að matvælaverð í Bandaríkjunum hafi almennt hækkað talsvert. Afar erfitt er að ráða í líklega verðþróun á frystiafurðum á næstu misserum.

Í öðru lagi er olíuverðið óvissu háð. Skráð verð á olíu á Rotterdam-markaði hefur verið stöðugt að undanförnu. Innflutt gasolía frá Bretlandi kemur í auknum mæli fram í verði á næstunni og gengishækkun dollars veldur verðhækkun á olíu. Eins og nú horfir eru frekar líkur til að innflutningsverð á olíu hækki í ár heldur meira en verð á öðrum útflutningi.

Þriðji óvissuþátturinn er gengisþróun á erlendum gjaldeyrismörkuðum. Að undanförnu hafa átt sér stað sviptingar í verðhlutföllum á milli einstakra gjaldmiðla. Gengi Bandaríkjadollars hefur þannig hækkað verulega gagnvart öðrum myntum, en erfitt er að meta horfur í gengisþróun erlendis.

Helstu einkenni utanríkisviðskipta á árinu 1980 voru aukning vöruútflutnings umfram innflutning, rýrnun viðskiptakjara og mikill halli á þjónustujöfnuði. Vöruútflutningur jókst um 9% á föstu verðlagi, en vöruinnflutningur um 6.5%. Vöruskipti við útlönd urðu hagstæð um 10.8 milljarða gkr. Þjónustujöfnuður, þ. e. önnur viðskipti en vörur, einkum vaxtagreiðslur og samgöngur við útlönd, varð hins vegar óhagstæður um 42.8 milljarða gkr. Þegar tekinn er saman vöruskipta- og þjónustujöfnuður kemur út viðskiptajöfnuður og varð hann því óhagstæður um 32 milljarða gkr. Þessi halli varð talsvert minni en þjóðhagsáætlun í okt. gerði ráð fyrir, en það voru 46 milljarðar.

Í þjóðhagsspá fyrir 1981 er gert ráð fyrir að vöruskiptajöfnuður geti orðið hagstæður um nálægt 100 millj. nýkr. Hins vegar eru enn horfur á verulegum halla á þjónustujöfnuði, um 500 millj. nýkr. Verulegan hluta af þessum halla má rekja til hærri vaxta en áður á erlendum lánsfjármörkuðum og hinna miklu erfiðleika í flugrekstri. Samkv. þessari spá yrði viðskiptahallinn á árinu 1981 um 400 millj. nýkr. og er það ívið minni halli í hlutfalli við þjóðarframleiðslu en á árinu 1980.

Þróun inn- og útflutnings hefur verið hagstæð það sem af er árinu 1981. Á fyrstu tveim mánuðum ársins varð innflutningur 15% minni en á sama tíma í fyrra þegar reiknað er með sambærilegu gengi. Á sama tíma var útflutningur 4% meiri en í jan. og febr. í fyrra.

Eins og ýmsar þær tölur bera með sér, sem hér hafa

verið raktar, er mótbyr í mörgum greinum í efnahagsmálum þjóðarinnar. Við þessar aðstæður er afar brýnt að láta ekki reka af leið og vinna af einurð að settu marki.

Samkv. þjóðhagsspá verður þjóðarframleiðslan svipuð á þessu ári og í fyrra. Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð er einnig áætluð með svipuðu móti og á árinu 1980, en þá jukust umsvif í þessari grein um 3—4%. Gangi þessar spár eftir er líklegt að eitthvað dragi úr þeirri spennu eftirspurnar sem ríkt hefur oft á vinnumarkaði á undanförnum árum. Nauðsynlegt verður að fylgjast náið með atvinnuástandi, bæði í einstökum atvinnugreinum og einstökum byggðarlögum. Eftirlit með ástandi og horfum í atvinnumálum hefur verið eflt að undanförnu í samræmi við ákvæði stjórnarsáttmálans, en þar segir:

„Til þess að tryggja næga atvinnu og koma í veg fyrir ofþenslu á vinnumarkaði skal félmrn. og Þjóðhagsstofnun falið að fylgjast náið með atvinnuástandi og horfum í öllum greinum atvinnulífs og opinberum framkvæmdum um land allt. Komi í ljós, að hætta sé á atvinnuleysi eða ofþenslu í einhverri grein, skal ríkisstj. gert aðvart, til þess að unnt verði í tæka tíð að gera nauðsynlegar ráðstafanir með ákvörðunum ríkisstj. og samkomulagi við aðra aðila."

Í samræmi við þetta ákvæði starfa nú fulltrúar Þjóðhagsstofnunar, vinnumáladeildar félmrn. og Kjararannsóknarnefndar saman að þessum málum, koma reglulega saman til að meta ástand og horfur í atvinnumálum og fara yfir gögn sem safnað er milli funda.

Efnahagsáætlun ríkisstj. frá 31. des. hefur það markmið að draga svo úr hraða verðbólgunnar að hún verði ekki meiri en 40% á árinu 1981. Efnahagsaðgerðirnar um áramót hafa þegar borið verulegan árangur. Í janúarmánuði hækkar vísitala framfærslukostnaðar um 1.62% og spá Hagstofu Íslands fyrir mánuðina febr.-maí gerir ráð fyrir 8.4% hækkun framfærsluvísitölu á því tímabili Ef þessi spá gengur eftir nema verðhækkanir á fyrstu fjórum mánuðum ársins 10.2%, sem gerir miðað við heilt ár um það bil 33%. Í spám Þjóðhagsstofnunar er gert ráð fyrir 8% hækkun í ágúst og 11% hækkun í nóv. Miðað við þessar spár og ef gert er ráð fyrir svipuðum verðhækkunum fyrir síðustu tvo mánuði ársins verður verðbólgan frá upphafi til loka árs um 40%. Það verður að hafa allan fyrirvara á um þessar spár. (Gripið fram í.) Eru þetta einhverjar aths. við áætlanir Þjóðhagsstofnunar frá 1980? (Gripið fram í.) Já, sem sagt það, sem ég skýrði hér frá, voru áætlanir Hagstofu og Þjóðhagsstofnunar og það verður, eins og ég tók fram, að hafa allan fyrirvara á um þessar spár því að reynsla margra undanfarinna ára sýnir hversu erfitt er að segja fyrir um verðlagsþróun af nákvæmni.

Þeim árangri, sem þegar hefur náðst, er nauðsynlegt að fylgja fast eftir á næstu mánuðum og misserum þar til er verðbólga verður ekki meiri hér á landi en í þeim löndum sem Íslendingar hafa mest samskipti og samanburð við.

Fjárfesting á árinu 1980 verður samkv. áætlun nokkru minni en í fyrra og talin nema 26% af þjóðarframleiðslu. Fjárfesting í fyrra nam um 27% af þjóðarframleiðslu. Í stjórnarsáttmálanum er mörkuð sú stefna, að heildarfjárfestingu á árinu 1980—1981 verði haldið innan þeirra marka sem ákvarðast af eftirspurn, viðskiptajöfnuði og atvinnuöryggi og nemi fjárfestingin um fjórðungi af þjóðarframleiðslu. Fjárfestingin hefur þannig verið í hátt við sett markmið, enda þótt mikil áhersla hafi verið lögð á framkvæmdir í orkumálum.

Raforkuframkvæmdir jukust um rösklega 40% Í fyrra og munu enn aukast nokkuð á þessu ári. Framkvæmdir við Hrauneyjafossvirkjun verða meiri í ár en í fyrra og miðast þær við að unnt verði að taka fyrsta áfanga virkjunarinnar í notkun í haust. Þá er lögð áhersla á hitaveituframkvæmdir, en hvort þessara ára, 1980 og 1981, nema orkuframkvæmdir, þ. e. raforku- og hitaveituframkvæmdir, um 5.5% af þjóðarframleiðslu, en meðaltal orkuframkvæmda sem hlutfall af þjóðarframleiðslu nam 2.5% á ári 1960—1969 og 4.2% á ári 1970—1971.

Ríkisstj. hefur lagt áherslu á jafnvægi í ríkisfjármálum og þannig verði veitt aðhald í efnahagslífinu og dregið úr verðþenslu. Góður árangur hefur þegar nást í þessu efni. Ríkisfjármálin voru í því jafnvægi á síðasta ári að það var mikilvægt framlag í viðnámi gegn verðbólgu. Samkv. bráðabirgðatölum urðu útgjöld ríkissjóðs um 28% af þjóðarframleiðslu, en á síðustu sex árum hafa útgjöld ríkissjóðs numið að meðaltali 28.5% af þjóðarframleiðslu.

Með peningamálum er fyrst og fremst átt við þróun innlána og útlána í bönkum og sparisjóðum. Markmið stefnunnar í peningamálum er að stuðla að framgangi efnahagsstefnu ríkisstj. með því að efla sparifjármyndun og skapa jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar lána. Fjárfestingar- og lánsfjáráætlunin felur í sér, að aukin útlánageta innlánsstofnana verði nýtt enn frekar en á síðasta ári til að draga úr erlendum lánum. Stefnt er að því að útlán bankakerfisins stuðli sem best að því að sjá fyrir eðlilegum þörfum atvinnulífsins án þess að leiði til ofþenslu.

Þróun innlána var mjög hagstæð á árinu 1980. Þau jukust um 67.4%, en 57.4 árið áður. Í þróun útlána horfði illa framan af ári. Útlán á fyrstu mánuðum ársins voru of mikil, og fóru langt fram úr áætluninni. Þessi þróun leiddi til peningaþenslu sem dró úr aðhaldsáhrifum af batnandi stöðu ríkissjóðs. Til ágústloka versnaði lausafjárstaða bankanna um 27 milljarða gkr., en um 13.5 milljarða fyrir sama tímabil árið áður. Í septembermánuði var m. a. að tilhlutan ríkisstj. gripið til aðgerða til að draga úr útlánaaukningunni. Þessar aðgerðir ásamt aukningu innlána urðu til þess að peningamál tóku nýja og heillavænlegri stefnu og í árslok hafði góður árangur nást. Yfir árið í heild nam aukning útlána 56%, en var 58% árið áður.

Þróun inn- og útlána það sem af er þessu ári hefur verið hagstæð. Á fyrstu tveim mánuðum þessa árs hafa heildarinnlán aukist um 13.3%, en 9.8% á sama tímabili í fyrra. Vöxtur í útlánum er hægari en í fyrra, útlán jukust um 7.4% í jan. og febr., en 10.2% sama tímabil árið 1980.

Ríkisstj. leggur áherslu á að peningamálin verði í samræmi við efnahagsstefnu og verðlagsmarkmið hennar. Eins og þær tölur, sem nú hafa verið nefndar, bera með sér hefur náðst góður árangur í þessu efni. Betra jafnvægi er nú í peningamálum en verið hefur um árabil.

Herra forseti. Um ýmis önnur atriði, sem skipta verulegu máli í sambandi við fjárfestningar- og lánsfjáráætlun, vil ég ekki ræða hér frekar, a. m. k. að sinni, en vísa til hinnar ítarlegu grg. í því þskj. sem útbýtt hefur verið.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Þegar við ræðum hér fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið

1981 eru á sama tíma að birtast tölur, þjóðhagsstærðir, fyrir s. l. ár og þar með síðasta ár áratugsins 1971—1980. Þessar þjóðhagsstærðir koma til með að sýna hvernig áratugurinn 1971—1980 hefur verið í íslenskum efnahags- og peningamálum til samanburðar við áratuginn 1961—1970.

Þróun efnahagsmála síðasta áratug hefur verið með þeim hætti að fáa, ef þá nokkurn, grunaði að slík þróun gæti átt sér stað. Við höfum sannarlega lifað áratug verðbólgu í stað áratugs viðreisnar í íslensku þjóðfélagi frá 1961—1970. Frá 6—9% verðbólgu eða um þrefalt meiri verðbólgu en í helstu viðskiptalöndum okkar 1961—1970 óx verðbólgan 1971—1980 úr innan við 10% í um það bil 60%, þ. e. þrisvar til fimm sinnum meiri verðbólga hér en í nágranna- og viðskiptalöndum okkar. Síðustu tvö árin var verðbólga um 60% og árið 1980 var verðbólga frá upphafi árs til loka og meðalverðbólga frá 1979—1980 tæp 60%. Það sýnist þar af leiðandi koma til með hvað þetta snertir að verða versta ár þennan áratug. Á áratugnum 1961—1970 þótti allnokkuð að verðlag þrefaldaðist, og mátti oft heyra þáverandi stjórnarandstæðinga gagnrýna það. Á áratugnum 1971—1980 þrefaldaðist ekki verðlagið, heldur fimmtánfaldaðist.

Úr hagtölum þessara tveggja áratuga má glöggt lesa um stjórnarfarið á Íslandi og það þarf ekki að lesa á spjöldum sögunnar. Tölurnar sýna það. Stjórnarskipti urðu hér á landi 1971. Svo snögg og mikil breyting verður á öllu að þeir, sem skoða þessar tölur, þessar þjóðhagsstærðir, gera sér grein fyrir því, að hér hefur átt sér stað veruleg stefnubreyting. Það kemur í ljós að ríkisumsvifin aukast úr 22% af vergri þjóðarframleiðslu í 25% og að verðbólgan verður um það bil 20% á móti því að vera innan við 10%. Þeir stjórnarflokkar, sem farið höfðu með völd frá 1959—1971, misstu meiri hluta sinn í kosningum 1971 og við tók Framsfl. undir forustu formanns hans, sem varð forsrh., ásamt Alþb.-mönnum og þm. Samtaka frjálslyndra og vinstri manna.

Ef þessi áratugur er skoðaður í samanburði við það sem ég gat um áðan sjá menn að áfram stefnir og 1974—1975 eru þessar stærðir komnar, þ. e. verðlagsbreytingar, í milli 40 og 50% og ríkisumsvif komin upp undir um 30%. Þegar líða tekur svo á þennan áratug má enn sjá breytingar. 1976 breytast þessar tölur til batnaðar. Ríkisumsvifin eru komin niður í 26.5% og verðbólgan er komin niður í 32%. 1977 eru ríkisumsvifin 27% af vergri þjóðarframleiðslu og verðlagsbreytingar á bilinu 30—36%, eftir því hvort viðmiðunin er frá upphafi árs til loka eða á milli ára. Hér hefur það gerst, að Sjálfstfl. hefur tekið við forustu og veitir ríkisstjórn forustu í þessum málum fram til ársins 1978 að enn breytir um. Þá fara ríkisumsvifin að aukast. Þá fer verðbólgan að aukast aftur. Ríkisumsvifin komast upp í 28.5%—29.5% og verðbólgan á árunum 1978—1979 og 1980 nálgast 60%.

Ef litið er til kosninganna 1971 og það haft í huga sem þáverandi stjórnarandstæðingar sögðu, framsóknarmenn og Alþb.-menn, þegar þeir boðuðu nýjar aðferðir í glímunni við verðbólguna, sýnist árangurinn undir þeirra forustu hafa verið heldur lítill. Hann var enginn. Hann var miklu verri en enginn. Ef minnst er á kosningabaráttuna 1978, þegar þáverandi stjórnarandstaða hafði ráð undir rifi hverju og komst til valda m. a. út á orðin „samningana í gildi", er útkoman 1979 og 1980 ekki vottur þess að um jákvæða breytingu hafi verið að ræða, nema síður sé, met slegin í verðbólgumálum ár eftir ár.

Eins og ég sagði áðan sýnist árið 1980 ætla að slá öll met og er þá, að mér sýnist, sama hvert litið er. Sýnist nú blasa við okkur við upphaf nýs áratugs að þá verði verðbólgusiglingunni haldið áfram án þess að sjá megi nokkra tilburði hjá valdhöfum til þess að breyta stefnunni, án þess að nokkrir tilburðir séu þar uppi sem telja má raunhæfa. Í stað þess hefur verið sett á svið sjónarspil og var leikinn á gamlárskvöld sem inngangur að áramótaskaupi fyrsti þáttur þessa sjónarspils. Í þeim þætti höfðu verið strikuð út úr handritinu orðin „samningana í gildi" og líka „þeim sem minnst hafa skal hlíft" og þannig fór þátturinn fram.

Sú fjárfesting- og lánsfjáráætlun, sem hér er til umr., svo og niðurstaða ársins 1980, ber þess best vitni, sem ég sagði áðan, að verðbólgusiglingunni skal haldið áfram. Ekki aðeins efnisinnihald þessarar áætlunar eða útkoma efnahagsmálanna 1980, heldur og öll vinnubrögð við gerð og framlagningu þessarar áætlunar sýna að ríkisstj. hefur gersamlega mistekist að ná valdi á þessum málum.

Samkv. efnahagslögunum skal fjárfestingar- og lánsfjáráætlun lögð fram með fjárlögum. Fyrst þegar slík áætlun var samin, 1975 fyrir árið 1976, en áður höfðu verið samdar framkvæmdaáætlanir allt frá árinu 1963, vannst ekki tími til að gera Alþingi grein fyrir lánsfjáráætlunni, stefnu ríkisstj. í fjárfestingar- og lánamálum, fyrr en við 3. umr. fjárlaga rétt fyrir jólaleyfi þm. Þetta var vissulega og eðlilega gagnrýnt af stjórnarandstöðunni, og ég hugðist beita mér þá fyrir því, að á þessu yrði gerð bragarbót. Það tókst nokkuð árið 1977, þegar lánsfjáráætlun fyrir árið 1978 var lögð fram. Það var gert þá við 2. umr fjárlagafrv. Þótti mönnum þó ekki nóg að gert og töldu að þannig mætti ekki ganga til í framtíðinni. Til að leggja áherslu á þessa skoðun sína lögfestu þeir, sem sátu í ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar, það að fjárfestingar- og lánsfjáráætlun skyldi lögð fram með fjárlagafrv. þannig að á því væri enginn vafi og að Alþingi, eftir að ríkisstj. væri að sjálfsögðu búin að gera sér grein fyrir því, hvernig hún hygðist standa að málum, og eftir að ríkisstj. væri búin að móta sína stefnu um leið og hún samþykkti fjárlagafrv., þá skyldi á sama tíma gerð grein fyrir þessum málum. Þetta er sjálfsagt rétt og þannig á það að vera. Þannig er þetta sjálfsagt þar sem menn, sem fara með stjórnvöld, hafa vald á því sem þeir eru að gera.

Til hvers er verið að leggja fram fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ef það er ekki til þess að löggjafarsamkoman, að fjárveitingavaldið, Alþingi, geti fengið tækifæri til að skoða í heild, hvernig þeir, sem með völd fara, hyggjast haga stefnunni í peningamálum, í efnahagsmálum, í atvinnumálum, og að hægt sé að taka ákvarðanir í samræmi við þá stefnu af þeim og Alþingi fái tækifæri til þess að gera aths. þar við?

Ég veit að hæstv. forsrh. er þessu sammála því að í ræðu sinni með fjárfestingar- og lánsfjáráætlunni fyrir 1980 vék hann að þessu. Þá hagaði málum svo til, að ríkisstj. hans var mynduð í febrúarmánuði. Hún hafði ekki haft tækifræi til þess að vinna þessi verk. Hún lagði fram fjárlagafrv. og nokkuð löngu síðar fjárfestingar- og lánsfjáráætlun. Hæstv. forsrh. sagði þá í ræðu, með leyfi forseta:

„Að þessu sinni hafa atvikin ráðið því, að tímabil undirbúnings hefur ekki verið svo rúmt sem skyldi og því ekki reynst unnt að fjalla samtímis um fjárlög og lánsfjáráætlun að öllu leyti, eins og æskilegt er."

Sú afsökun, sem hæstv. forsrh. hafði á s. l. ári, er ekki

fyrir hendi núna þannig að hér er verið að ganga gegn þeim lögum, sem um þetta gilda, og um leið gera þá vinnu, þá ákvarðanatöku, sem þarf að eiga sér stað í svo veigamiklum málum, með þeim hætti sem raun ber vitni.

Þegar fjárlagafrv. var lagt fram á s. l. hausti var lögð fram bráðabirgðaáætlun skömmu seinna um fjárfestingar og lánsfjáröflun. Síðan voru fjárlög samþykkt í des. Frv. til lánsfjárlaga var lagt fram í febrúarmánuði, mánuði áður en fjárfestingar- og lánsfjáráætlun er lögð fram hér í Sþ. Hvaða afleiðingar hafa slík vinnubrögð? Jú, þær birtast í því, að eftir því sem mánuðirnir líða, eftir því sem fleiri skjöl koma, eftir því hækka útgjaldatölurnar, eftir því hækka lántökurnar. Menn, sem sitja í ríkisstj., eru sem sagt ekki reiðubúnir að gera upp við sig hvernig þeir hyggjast haga efnahags- og fjármálunum, heldur sýnist dæmið vera þannig hugsað að þeir muni geta komið fram einhverju af óskalistanum ef þetta dregst. Því er vinnubrögðunum hagað eins og raun ber vitni. Umr. um þessa lánsfjáráætlun sýnist ekki heldur ætlað að verða lokið áður en afgreiðsla á lánsfjárlagafrv. fer fram í hv. Ed. Eðli málsins samkv. er það frv. fylgifiskur þeirrar áætlunar sem hér liggur fyrir og á að leggja það fram að mínum dómi samtímis áætluninni. Það má vel vera að svarið við þessu geti verið að til þess að gefa Alþingi fyrr tækifæri til að hyggja að þessum málum hafi verið gripið til þessa ráðs. — Ég vil mjög gjarnan láta það koma hér fram, að það stóð ekki á formönnum fjh.- og viðskn. beggja deilda að ræða þessa áætlun og láta nm. í té þau gögn sem þeir óskuðu eftir. Við fjh.- og viðskn. verður því ekki sakast í þessum efnum.

Ég vildi láta þetta koma hér fram um vinnubrögð og um leið lýsa þeirri von minni við Alþingi, að það láti ekki slíkt henda oftar. Það geta alþm. gert, — þeir sem hverju sinni standa að ríkisstj. og sitja í meiri hl. á þingi.

Hæstv. forsrh. var ekki mjög langorður um þá lánsfjáráætlun sem hér er til umr., og það hefur ekki verið gerð mikil úttekt á því, hvernig lánsfjáráætlun og markmið ríkisstj. fyrir árið 1980 hafa reynst. En í þeirri ræðu, sem ég vék að hér áðan, þegar hæstv. forsrh. gerði grein fyrir lánsfjáráætluninni 1980, hélt hann töluvert ítarlegri ræðu en hann hélt í dag og hann lýsti þar ýmsum stefnumiðum. Hann flutti þar ræðu þar sem fram voru settar ýmsar viljayfirlýsingar, ýmis góð markmið, ýmis góð áform. En einhvern veginn skorti þetta í ræðuna áðan og að uppgjör færi fram um útkomu ársins 1980. Að áformunum ætla ég að koma síðar, en mig langar aðeins til, áður en lengra er haldið, að víkja að því, sem fram kom í lánsfjáráætlunni 1980 og í ræðu forsrh., og bera það saman við niðurstöður þær sem hafa verið að birtast að undanförnu.

Hæstv. forsrh. segir í ræðu sinni, með leyfi forseta, þegar hann lýkur máli sínu, hefur farið víða um og gert grein fyrir mörgum þeim markmiðum sem hann og ríkisstj. hans virtust hafa þá:

„Í stjórnarsáttmálanum hefur ríkisstj. sett sér það meginmarkmið að treysta íslenskt efnahags- og atvinnulíf. Þessi fjárfestingaráætlun er liður í framkvæmd þeirrar stefnu. Ríkisstj. mun berjast gegn verðbólgu með aðhaldsaðgerðum er snerta verðlag, gengi, peningamál, fjárfestingarmál og ríkisfjármál. Á það verður lögð höfuðáhersla, að beitt sé samstilltum aðgerðum á öllum þessum sviðum og jafnan þannig að atvinnuöryggi sé tryggt."

Hver hefur svo raunin orðið í sambandi við verðlagsmálin? Eins og ég gat um áðan kemur árið 1980 þannig út að það verður einstakt í sinni röð. Verðbólgan frá fyrra ári, þ. e. meðalverðbólguhækkunin frá 1979 til 1980, verður 58.5%, en verðbólgan frá upphafi árs til loka 58.9%. Og hraði verðbólgunnar seinustu mánuði ársins var kominn um og yfir 70%! Gengismálin: Hver voru áformin þar? Hvað var lagt til grundvallar í þróun gengismála við lánsfjáráætlunina 1980? Jú, þar var gert ráð fyrir meðalhækkun á erlendum gjaldeyri um 32%, en niðurstaðan reyndist 37.8% og síðustu mánuði s. l. árs voru gengisbreytingarnar svo hraðar og svo miklar að annað eins hefur ekki þekkst.

Hæstv. forsrh. sagði í sambandi við verðlagsmálin, með leyfi forseta:

„Nú er áætlað að hækkun framfærsluvísitölu frá febr. til maí verði vart undir 12—13% og gætu laun þá hækkað um 11—11.5 1. júní, en í fjárlagaforsendum var gert ráð fyrir 8% hækkun. Markmið ríkisstj. er að halda verðbreytingum innan við 7% frá maí til ágúst og innan við 5% frá ágúst til nóv. Takist þetta yrði verðhækkun frá upphafi til loka árs innan við 40%, en meðalhækkun verðlags milli ára 1979 og 1980 væntanlega nálægt 50%."

Skömmu eftir eða um svipað leyti og þessi ræða var haldin vék hv. 3. þm. Norðurl. e. að þessum málum hér utan dagskrár og efaðist um það, sem hér hafði komið fram, og gerði grein fyrir sjónarmiðum sem fram höfðu komið hjá Þjóðhagsstofnun um það hver spáin væri og hvað líklegast væri um útkomu. Ég minnist þess þá, að hæstv. forsrh. vildi ekki viðurkenna þennan útreikning, sagði m. a., að hér væri ekki rétt reiknað út, og bar þess vegna brigður á að þessi spá, sem hv. 3. þm. Norðurl. e. var með, gæti með nokkru móti staðist. Tölurnar tala sínu máli.

Ef við víkjum að erlendum lántökum er sama sagan þar. Hæstv. forsrh. segir í sömu ræðu, með leyfi forseta:

„Ríkisstj. hefur ákveðið að leita ekki heimildar til erlendrar lántöku á árinu 1980 í jafnríkum mæli og samþykkt framkvæmdaáform ýmissa fyrirtækja ríkissjóðs í B-hluta fjárlaga miðast við. Í þessu felst nokkur frestun framkvæmda."

Samkv. lánsfjáráætlun 1980 er gert ráð fyrir 85.5 milljörðum gkr. í heildarlántöku, til afborgana 46.3 og því 39.2 milljarða nettóaukningu langra lána. En hver er svo reynslan í þessum efnum? Hún er sú, að nettóaukning er ekki 39.2 milljarðar gkr., heldur 69.7 eða um 75% umfram þá áætlun sem lögð var fram. Hér er um að ræða 35.1% af vergri þjóðarframleiðslu, en við það vildi einmitt hæstv. forsrh. miða í þessari ræðu, og það er hækkun úr 34.4% miðað við 1979.

Ef við virðum fyrir okkur ríkissjóðsdæmið kemur það út með töluvert öðrum hætti en hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. vonuðumst til. E. t. v. gerðu þeir sér ekki grein fyrir hvað undir bjó. Það mátti af máli þeirra heyra. En ríkissjóður var rekinn með halla. Hann sýnir lakari útkomi sem nemur 5.4 milljörðum gkr. og það er áframhaldandi skuldaaukning í Seðlabankanum þrátt fyrir að allir vinstristjórnarskattarnir væru framlengdir og nokkrir til viðbótar þannig að ríkissjóðstekjurnar á árinu 1980 væru þess vegna vart undir 50—60 milljörðum gkr. eða tvöföld skuld ríkissjóðs við Seðlabankann þannig að það hefði ekki þurft nema helming þessara skatta til að greiða upp þá skuld.

Viðskiptahallinn verður í stað 1.3% af þjóðarframleiðslu 2.4%.

Það, sem ég hef nú hér rakið og sýnir allt aðra útkomu árið 1980 en talað var um þegar ræðan var flutt, gerist á sama tíma og þjóðarframleiðslan eykst um 2.5% frá 1979 og útflutningsframleiðslan eykst um 10%, sem hvort tveggja er töluvert meiri vöxtur þjóðarframleiðslu en gert hafði verið ráð fyrir í lánsfjáráætluninni. Ástæða þessa er að fiskafli og framleiðsla sjávarafurða voru töluvert miklu meiri en reiknað hafði verið með. Þorskaflinn reyndist t. d. 426 þús. lestir í stað 380—400 sem áætlað hafði verið. Þannig er útkoman 1980 þegar það dæmi er gert upp og við ræðum hvað og hvernig staða mála er og hverjar eru horfurnar fram á við.

Í þeirri fjárfestingar- og lánsfjáráætlun, sem hér er til umr., eru nokkrar staðreyndir eða nokkrar línur sem segja til um spá fyrir árið 1981. Þar er gert ráð fyrir að útflutningurinn dragist saman um tæplega 1% árið 1981. Það er spáð lakari viðskiptakjörum sem nemur 1—2%. Samneyslan er talin aukast um 2% vegna útgjaldafyrirætlana fjárlaga. Fjármunamyndun er talin munu verða um 26% og þar verði magnaukning, 26% af vergri þjóðarframleiðslu sem er hlutfallslega örlítið minna en árið 1980, en samt sem áður er gert ráð fyrir magnaukningu. Það er gert ráð fyrir að viðskiptahalli haldist áfram og verði svipaður og í fyrra, 2.3% í stað 2.4%, eins og ég gat um áðan. Það er gert ráð fyrir að þjóðarframleiðslan verði óbreytt á þessu ári frá því 1980, og með tilliti til þess sem ég hér gat um áðan er gert ráð fyrir að þjóðartekjur dragist saman.

Þetta er sú mynd sem við fáum í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1981. Þetta eru þjóðhagshorfurnar fyrir það ár. En hvað hyggst ríkisstj. gera, miðað við þá þjóðhagsspá, sem fyrir liggur, og í samræmi við fyrirheit í efnahagsáætlun frá því á gamlárskvöld? — Ég veit ekki hvort hv. alþm. hafa tekið eftir því, að gerð hefur verið breyting á þessari fjárfestingar- og lánsfjáráætlun frá því í fyrra, þeir sem lesa hana gera sér að sjálfsögðu grein fyrir þessu, en það er undirstrikað með því að yfirskrift II. kafla þessarar áætlunar er breytt. Í lánsfjáráætluninni frá 1980 stendur: II. kafli. Markmið og þjóðhagshorfur. En í þessari lánsfjáráætlun hefur orðið „markmið" verið þurrkað út og aðeins stendur eftir „þjóðhagshorfur." Það er að sjálfsögðu í samræmi við innihald þessarar áætlunar.

Í kaflanum, þar sem fjallað hefur verið um markmið og þjóðhagshorfur, er nú aðeins fjallað um þjóðhagshorfur, en markmiðunum er sleppt og þau, eins og ég sagði áðan, ekki höfð með í samræmi við innihald þessarar áætlunar. Þetta er vissulega þess eðlis að vekja verður á því athygli, en þetta er í samræmi við þá ræðu sem hæstv. forsrh. hélt áðan og fjallaði sáralítið, nánast ekki neitt um aðgerðir eða hugmyndir til lausnar þeim vanda sem við er að glíma.

Það var öllum ljóst á nýársdag eða annan í nýári að innan ríkisstj. gerðu menn sér grein fyrir að í því sjónarspili, sem hófst með brbl. á gamlársdag, var ekki að finna úrræði sem væru til lausnar á þessum vandamálum, heldur aðeins skammtímaúrlausn. Við getum nú talið vikurnar og bráðum dagana þar til þetta tímabil er runnið út, og menn spyrja: Hvað tekur við? En einmitt annan í nýári var haft eftir einum af ráðh. ríkisstj. að þessar aðgerðir væru ekki nema skammtímaaðgerðir og þyrftu aðrar aðgerðir að koma til þegar kæmi að mánuðunum maí og júní. Hverjar aðgerðirnar eru, hverjar hugmyndirnar eru, hver markmiðin eru verður ekki lesið úr þeirri fjárfestingar- og lánsfjáráætlun, sem hér er til umr. Ég efast ekkert um að þær viljayfirlýsingar, sem hæstv. forsrh. kom með áðan, vildi hann svo gjarnan að gætu ræst. En hann eins og við hin gerir sér grein fyrir því, að það gerist ekki með óbreyttri stefnu í efnahags- og peningamálum eða yfirleitt með þeirri stefnu sem núv. ríkisstj. hefur.

Þessi fjárfestingar- og lánsfjáráætlun spáir ekki ástandinu á árinu 1981 þannig að það sé eðlilegt og sjálfsagt að upp séu settir óskalistar þeirra manna sem með framkvæmdavaldið fara, óskalistar um auknar opinberar framkvæmdir og lántökur til þeirra á kostnað atvinnuveganna, eins og skýrt er tekið fram í þessari skýrslu. Ástandið er ekki með þeim hætti að það leyfi tillögur — þaðan af síður framkvæmd — um svo mikla aukningu erlendra lána sem hér eru áformuð, ekki kannske aðeins erlend, heldur og innlend. Þó er töluverður munur á hvort um er að ræða innlend lán eða erlend. En hér sýnast erlendar lántökur aukast meir en nokkru sinni fyrr. Í áætluninni er gert ráð fyrir að löng erlend lán, sem tekin verða á árinu 1981, nálgist 37% af vergri þjóðarframleiðslu. Þá dugar ekki lengur að gera samanburð við árið 1975, þegar þjóðarframleiðslan minnkaði og þegar viðskiptakjörin versnuðu. Það dugar ekki einu sinni að leita samanburðar svo langt aftur til að finna ár, sem hafi verið lakara í samanburði. Við gerum okkur grein fyrir því, að allt frá því að fjárlagafrv. var lagt fram á þingi og eftir því sem frá ríkisstj. hafa komið fleiri gögn, eftir því hafa verið tillögur um aukin útgjöld, um hærri lántökur. Nú síðast koma frá meiri hl. fjh.- og viðskn. Ed. tillögur um enn auknar erlendar lántökur, því að ekki hefur verið gerð grein fyrir með hvaða öðrum hætti ríkisstj. hyggst fjármagna þau útgjöld sem í lánsfjáráætlun er lagt til að verða við. Þannig stöndum við frammi fyrir því samkv. því skjali sem hér liggur fyrir, að árið 1981 sýnist munu verða mjög erfitt, að á árinu 1981 hefði þurft að taka á málum með allt öðrum hætti en sýnist að gera eigi og er framhald af því sem gerðist þegar fjárlagafrv. var samþykkt.

Út af fyrir sig er hægt um stuttan tíma að ná vissum árangri og þannig fá tilbúnar tölur til að skarta með og lýsa góðum árangri. Hæstv. forsrh. hefur sagt að verðbólgan núna væri 35% á ársgrundvelli. Þar er um að ræða 1.6% verðlagshækkun í jan. og lögð við 8.5% verðlagshækkunarspá — ekki staðreynd, heldur verðlagshækkunarspá fyrir mánuðina febrúar, mars og apríl. Þegar þessar tölur eru lagðar saman og gerðar upp með þreföldu margfeldi kemur út talan 35. Í fyrsta lagi er framfærsluvísitalan reiknuð út fjórum sinnum þannig að þá þegar er villa í dæminu. Í öðru lagi liggur ekki fyrir að framfærsluvísitalan hækki ekki meir en um 8.5% 1. maí. Líkur munu vera til að hún muni hækka meira, og hefur Þjóðhagsstofnun metið, en telur að það sé gert út frá öðrum forsendum, að hækkunin geti orðið 10—11%. Þegar reiknað er með 8.5% verðlagshækkun á milli þessara mánaða er ekki gert ráð fyrir neinni hækkun á opinberri þjónustu, þá er ekki gert ráð fyrir neinni hækkun á bensínverði sem ákveðin hefur verið, henni hefur verið frestað, og þá er ekki heldur gert ráð fyrir hækkun á landbúnaðarvörum vegna vinnslu- og dreifingarkostnaðar. Þetta sýnir að þessi útreikningur er ekki til að byggja á í framtíðinni, því miður.

Þokkalegur jöfnuður er í ríkisfjármálunum, hefur heyrst og heyrðist framan af síðasta ári, en það dró

dálítið úr því eftir því sem líða tók á árið og þegar nú er rætt um þokkalegan jöfnuð í ríkisfjármálunum um leið og skuldir ríkissjóðs hafa hækkað um 20 milljarða gkr. frá síðustu áramótum og skuldir ríkissjóðs við Seðlabankann eru 31. mars 50 milljarðar gkr., þá sýnist ekki vera um að ræða framtíðarjöfnuð í ríkisfjármálunum, enda náðist hann aldrei.

Það er talað um stöðugt gengi á sama tíma og aðalgreinar útflutningsatvinnuvega eru reknar með halla. Það er að sjálfsögðu hægt að halda gengi óbreyttu, en til þess að slíkt geti gerst verða atvinnuvegirnir í landinu að geta gengið hallalaust.

Það er ljóst mál að ríkisfyrirtækin standa ekki betur en mörg atvinnufyrirtækin í frjálsum atvinnurekstri. Ég held ekki að jafnmargar beiðnir um hækkun á gjaldskrám eða jafnháar beiðnir um hækkun á gjaldskrám hafi legið fyrir hjá hinu opinbera áður. Ekki svo að skilja að eftir því skuli farið, heldur hitt, að ég hef ekki trú á að forstöðumenn opinberra stofnana séu að leika sér að því að senda ríkisstj. og verðlagsyfirvöldum beiðni um hærri gjaldskrár en þeir telja sig geta rökstutt. Ef til slíks kæmi, að forstöðumenn opinberra stofnana gerðu sér leik að því, sæjum við hvað verið væri að gera. Ég hef ekki þá trú, að það, sem þeir hafa lagt til, sé ekki á rökum reist. Það má svo vera að hægt sé að mæta því með öðrum hætti en hækkun gjaldskrár, og væri vonandi að það gæti gerst. Ég á þá ekki við lántökur þeim til handa, heldur með einum eða öðrum hætti rekstur og áform í framkvæmdum viðkomandi fyrirtækja.

Hvernig svo sem á þetta dæmi er litið fæ ég ekki séð annað en sú áætlun, sem hér liggur fyrir, sýni okkur að fram undan eru erfiðir tímar og slíkt útlit að ég hefði talið að öðruvísi þyrfti við því að bregðast. En eins og ég vék að í ræðu minni eru vinnubrögðin við gerð þessarar lánsfjáráætlunar með þeim hætti að þau ein bera þess vitni, að ríkisstj. veldur ekki verkefninu. Þess vegna er útkoman 1980 eins og hún er. Þess vegna höfum við fyrir okkur áætlun, þjóðhagsspá árið 1981, fjárfestingarþjóðhagsspá sem gyllir ekki framtíðina, en við höfum líka fyrir okkur tillögur um ákvarðanir sem ganga þvert á þau sjónarmið. Ég vona að það, sem sagt er um þjóðhagsspána 1981, eigi eftir að verða betra en hér er spáð. Ég held hins vegar, að við ættum að taka betur mið af þeim spádómum og haga ákvörðunum okkar, aðgerðum okkar þar af leiðandi með öðrum hætti en hér er lagt til.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Ef menn vilja freista þess að draga upp heildarmynd af stefnunni í efnahagsmálum, sem núv. hæstv. ríkisstj. virðist fylgja og lesa má af fjárlögum yfirstandandi árs og þeirri lánsfjáráætlun, sem nú liggur loksins fyrir, virðast mér helstu einkennin vera þessi:

Ríkisbúskapurinn í heild er rekinn með umtalsverðum halla. Þótt fjárlög séu hallalaus að nafninu til felst í því sá feluleikur, að sívaxandi hluti ríkisútgjalda er einfaldlega ekki tekinn með í reikninginn í hinum eiginlegu fjárlögum, heldur birtist í formi sívaxandi skuldaaukningar í lánsfjárlögum. Æ stærri hluti heildarfjármunamyndunar í þjóðarbúskapnum er fjármagnaður með lánum. Hlutur lánsfjár í útlánum fjárfestingarlánasjóða fer ört vaxandi. Þrátt fyrir takmarkaðan árangur verðtryggingarstefnunnar, sem Alþfl. getur sérstaklega lýst ánægju sinni yfir, er engu að síður ljóst að eigin fjármögnun sjóða og bein ríkisframlög af skatttekjum til opinberrar fjárfestingar fara minnkandi sem hlutfall af heildarfjárfestingu. Hlutur erlendra lána til langs tíma fer vaxandi, einnig sem hlutfall þjóðarframleiðslu. Erlendar skuldir til langs tíma nema nú 2.5 millj. gkr. á hvern einstakling í landinu eða 10 millj. gkr. á hverja fjögurra manna fjölskyldu. Greiðslubyrði vaxta og afborgana af löngum erlendum lánum sem hlutfall af útflutnings- og gjaldeyristekjum fer einnig vaxandi og stefnir í yfir 15% af útflutningstekjum á árinu 1981. Í samanburði við aukningu fjármunamyndunar opinberra aðila, sem í sívaxandi mæli er fjármögnuð með lánsfé, fer fjárfesting einkaaðila í atvinnulífinu hlutfallslega minnkandi. Þess eru og mörg dæmi nú, eins og reyndar oft áður, að á lánsfjáráætlun er gert ráð fyrir umtalsverðum lántökum til að standa undir óarðbærum framkvæmdum og jafnvel hreinum rekstrarútgjöldum einstakra ríkisstofnana. Þetta staðfestir að lánsfjáráætlun í heild og erlendar lántökur alveg sérstaklega eru greinilega meðhöndlaðar sem afgangsstærð í ríkisfjármáladæminu. Undir það teppi sópar hæstv. ríkisstj. gjarnan hvers kyns útgjöldum sem ekki rúmast innan ramma fjárlaga ef stjórnvöld vilja leggja kapp á að sýna þau hallalaus að nafninu til.

Reynslan sýnir að á undanförnum árum hafa bæði tekju- og útgjaldaáform samkv. lánsfjáráætlunum farið úr böndum. Flest bendir til þess, að þessi lánsfjáráætlun verði þar engin undantekning. Sérstaklega verða gefnar forsendur áætlunarinnar um verðlagsþróun og gengi á næstu mánuðum að teljast ótraustar. Þrátt fyrir nokkra vísbendingu um jákvæðan árangur verðtryggingarstefnunnar, sem áður var vikið að, sem birtist í nokkurri innlánsaukningu í bankakerfinu, verður fátt ráðið af þessari lánsfjáráætlun um hvaða stefnu ríkisstj. hyggst fylgja og hvaða tækjum hún hyggst beita til almennrar peningamálastjórnar. Enn er allt í fullkominni óvissu um gengisskráningu næstu mánaða, um vaxtastefnu og um verðlagsþróun.

Þetta virðast mér vera nokkrir helstu þættirnir í þeirri heildarmynd sem nauðsynlegt er að gera sér af stefnu og aðgerðum núv. ríkisstj. í ríkisbúskapnum og efnahagsmálum almennt. Sú mynd, sem hér er dregin upp, sýnir vel hversu ólíkt efnahagskerfi okkar er í ýmsum grundvallaratriðum þeirri efnahagsskipan sem viðgengst með þeim þjóðum sem eiga þó að heita að vera á svipuðum pólitískum breiddargráðum og við. Efnahagsskipan okkar er smám saman að taka á sig mynd sem í allt of mörgum veigamiklum þáttum er ekki óáþekk því sem tíðkast í hagkerfi Austur-Evrópulandanna.

Í hinu blandaða hagkerfi markaðsbúskapar og opinberrar stýringar, sem ríkjandi er í Vestur-Evrópu, eru fjárfestingarákvarðanir að mestu teknar í fyrirtækjunum sjálfum. Eigin fjármögnun fyrirtækjanna sjálfra stendur undir bróðurpartinum af heildarfjárfestingu. Forstöðumenn fyrirtækja verða við þær aðstæður að taka áhættu og laga rekstur sinn stöðugt að síbreytilegum aðstæðum á markaði og verða því að beita ströngu arðsemismati við fjárfestingarákvarðanir. Arðsemi og hagnaðarvorn eru enn drifkraftur þess hagkerfis. Hlutverk ríkisins sjálfs er fyrst og fremst að stuðla með almennum aðgerðum að heildarjafnvægi í þjóðarbúskapnum og skapa skilyrði fyrir auknum hagvexti og aukinni framleiðni.

Hér á landi er það ríkjandi stefna að atvinnureksturinn, fyrirtækin sjálf, er löngum rekinn með halla eða á núllpunkti. Almenningur á þess yfirleitt ekki kost að ávaxta sparnað sinn í atvinnulífinu sjálfu milliliðalaust.

Sparifjármyndun er lágt hlutfall af heildarþjóðarframleiðslu, hrikalega lágt. Sparnaður er mest af því taginu að hann er þvingaður fram með lagaboði, t. d. hjá lífeyrissjóðum, og ráðstöfun hans, sbr. þessa lánsfjáráætlun og þessi lánsfjárlög, einnig háð lagaboði stjórnvalda að verulegu leyti. Fyrirtækin í landinu eru því háð bankastofnunum um rekstrarfé og opinberum aðilum um fjárfestingarfé og ávöxtunarkjör. Fjármunamyndun í atvinnuvegunum er að langmestu leyti háð opinberu forræði. Opinberi geirinn þenst stöðugt út á kostnað atvinnulífsins, sem á þó að bera uppi hina sameiginlegu þjónustu. Arðsemismat hins opinbera, hvort heldur er ríkisvaldið sjálft eða einstök fyrirtæki á þess vegum, er áberandi veikt. Það hefur neikvæð áhrif á hagvöxt og á lífskjaraþróun þegar til lengdar lætur.

Markaðskerfi með samkeppni og heildarstjórn af hálfu opinberra aðila í stað beinnar íhlutunar er sú efnahagsskipan sem skilað hefur mestum hagvexti og bestum lífskjörum í heiminum. Slíkt hagkerfi hefur í raun og veru verið af lagt hér á landi. Verðmyndunin er mestan part háð stjórnvaldsákvörðunum. Hin innbyggða sjálfvirkni þessa kerfis, sem ræðst af vísitölubindingu launa við verðlagsákvarðanir og gengi, setur efnahagskerfið á hvolf með fárra mánaða millibili. Samt er ekki hægt að tala um það í alvöru að hér sé ástundaður áætlunarbúskapur. Miklu fremur er hér um að ræða allsherjar pólitískt forræði í efnahagsmálum og fyrirgreiðslukerfi. Efnahagsskipan af þessu tagi ber mörg verstu einkenni þeirrar efnahagsstjórnar sem t. d. Pólverjar eru nú í uppreisn gegn.

Sögulega séð er hæpið að fullyrða að þessu kerfi hafi verið komið á af pólitískum ásetningi eða að einhver sérstakur stjórnmálaflokkur öðrum fremur beri á því ábyrgð. Það hefur náð að þróast smám saman og festa sig í sessi fyrir samspil margvíslegra kringumstæðna. Núv. ríkisstj. tók við þessu kerfi. Það hefur einkum og sér í lagi verið byggt upp á hinum annálaða verðbólgu- og framsóknaráratug. Núv. ríkisstj. heldur þessum arfi við af gömlum vana. Stefna hennar er óbreytt frá stefnu flestra ríkisstjórna á umræddum áratug. Mottóið er: Meira af því sama.

Lagalegar forsendur fyrir afgreiðslu fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar ríkisstj. er að finna í IV. kafla svokallaðra Ólafslaga. Þar segir svo í 14. gr., með leyfi forseta:

„Ríkisstj. skal leggja fyrir Alþingi fjárfestingar- og lánsfjáráætlanir fyrir eitt ár í senn, og skulu þær fylgja fjárlagafrv. Áætlununum skal fylgja stefnumótun í meginatriðum næstu þrjú árin eftir lok þess fjárhagsárs, sem fjárlagafrv. tekur til. Markmið áætlananna er að tryggja, að heildarumsvif í fjárfestingu og þróun peningamála og lánamála samrýmist þjóðhagslegum markmiðum."

Í 15. gr. segir, einnig orðrétt með leyfi forseta: „Fjárfestingar- og lánsfjáráætlunum skal jafnan fylgja mat á mannaflaþörf áætlaðra framkvæmda í heild, og þar með mat á atvinnuástandi í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð sérstaklega."

Í 16. gr. segir, með leyfi forseta:

„Lántökuheimildir eða ábyrgðarheimildir, sem veittar eru vegna opinberra framkvæmda eða fjárfestingarlánasjóða í lánsfjárlögum þessum, skulu skoðast sem hámarksákvæði á því fjárlagaári, sem þær eiga við."

Í 21. gr. segir, einnig orðrétt, með leyfi forseta:

„Einnig skal gæta þess, að lánveitingar sjóðanna taki fyrst og fremst mið af sem hagkvæmastri nýtingu fjármagns til aukinnar framleiðni og framleiðslu og hver einstök lánveiting verði ákveðin eftir samræmdum reglum um arðsemismat."

Þessar tilvitnanir í skuldbindandi lagafyrirmæli Alþingis um, hvernig að afgreiðslu lánsfjáráætlana skuli staðið hér á hinu háa Alþingi, staðfesta, svo að ekki verður um villst, að málsmeðferð ríkisstj. að þessu sinni felur í sér hreint og klárt lagabrot í a. m. k. sex greinum.

Með leyfi að spyrja: Hvar er að finna eitthvað sem getur gengið undir nafninu stefnumótun í meginatriðum næstu þrjú árin? Hvergi. Hvar er að finna það mat á mannaflaþörf áætlaðara framkvæmda sem kveðið er á um í 15. gr.? Það hefur ekki verið lagt fram.

Í 16. gr. er sagt fullum fetum að lántöku- og ábyrgðarheimildir skuli skoðast sem hámarksákvæði. Á bls. 23 í framlagðri grg., þar sem fjallað er um lánsfjármarkaðinn, er viðurkennt, eins og þar segir orðrétt, „að lánsfjármarkaðurinn hefur sprengt af sér þær skorður sem settar voru með lánsfjáráætlun." Þar segir einnig: Gert var ráð fyrir að nettólánastreymi til opinberra aðila mundi aukast á árinu 1980 um 23% frá fyrra ári. Aukningin reyndist hins vegar vera hvorki meira né minna en 83% — Þar er einnig gert að umtalsefni hversu langt erlend lán fóru fram úr áætlun árið 1980. Það er því orðið hversdagslegt að lánsfjáráætlanir standast einfaldlega ekki, hvorki að því er varðar útgjaldaáform né heldur tekjuöflun. T. d. voru verðbréfakaup bankakerfis og lífeyrissjóða í lánsfjáráætlun 1980 áætluð 99 millj. kr., en reyndust samkv. bráðabirgðaniðurstöðum, sem nú liggja fyrir, einungis vera 49 millj. kr.

Hvað er að segja um þau lagafyrirmæli í 21. gr., að útlán fjárfestingarlánasjóða skuli taka fyrst og fremst mið af sem hagkvæmastri nýtingu fjármagns til aukinnar framleiðni og framleiðslu og hver einstök fjárveiting verði ákveðin eftir samræmdum reglum um arðsemismat? Manni verður að spyrja: Hvernig koma slík lagafyrirmæli heim og saman við lántökuáform upp á 1.7 milljarð gkr., sem ætlað er til að standa straum af útflutningsbótum vegna landbúnaðarafurða, langt umfram lagaheimildir frá fyrra verðlagstímabili, og er þó búið að verja 12 milljörðum kr. í sama skyni á fjárlögum ársins 1981? Hvernig kemur þetta heim og saman við áform um lántöku upp á 3.3 milljarða gkr. vegna Lánasjóðs ísl. námsmanna? Hvernig kemur þetta heim og saman við lántökuáform um rúmlega 3.6 milljarða gkr. sem á að verja til að standa straum af greiðslu vaxta og afborgana vegna Kröfluævintýrisins? Þar að auki er svo gert ráð fyrir lántöku upp á 3.3 milljarða gkr. til nýrra framkvæmda við þessa gufulausu virkjun á sama tíma og sérfróðir aðilar mæla með því, að vélasamstæður verði fluttar þaðan að Svartsengi, þar sem þær gætu komið að einhverjum notum. Mér er spurn: Getur það samræmst þessum lagafyrirmælum að ætla að útvega Byggðasjóði erlend lán upp á 3.1 milljarð gkr. rúmlega ef sjóðnum er fyrst og fremst ætlað það hlutverk að útvega fé til framkvæmda sem í einstökum greinum mega teljast óarðbærar? Ef þær eru ákveðnar samkv. ákvörðun Alþingis vegna þess að þær eru taldar félagslega æskilegar er talið réttlætanlegt að niðurgreiða þessi vaxtakjör. En hitt er þó augljóst mál, að við slíkar kringumstæður á ekki að leita erlendrar lántöku til að standa undir slíkum framlögum, heldur á að sjálfsögðu að fara þar eftir ákvæðum

eldri laga um að leggja Byggðasjóði til framlag á fjárlögum, sem upphaflega var ákveðið 2%, en nú er ekki staðið við. Sama máli gegnir um lántöku til RARIK vegna félagslegra framkvæmda. Það er vandséð að réttlætanlegt sé að afla erlendra lána til að greiða úr rekstrarerfiðleikum ríkisfyrirtækja eins og Ríkisútvarps eða Lagmetisiðjunnar Siglósíldar. Sama er að segja um fjárfestingu ríkisfyrirtækja eins og Skipaútgerðar ríkisins, ef því er slegið föstu að ekki sé um að ræða fjárfestingu, sem ráðgert er að skili sér, eða rekstur, sem lýtur kröfum um arðsemi.

Hér hafa verið nefnd nokkur dæmi um að framkvæmdavaldið, ríkisstj., leyfir sér að þverbrjóta bein lagafyrirmæli um hvernig að lánsfjáráætlun og afgreiðslu hennar á Alþingi skuli staðið. Önnur lagaákvæði eru sömuleiðis sniðgengin með vafasömum hætti. Alþm. eru að vísu orðnir því vanir, sérstaklega í tíð núv. hæstv. ríkisstj., að handhafar framkvæmdavaldsins, sem eiga þó að heita að vera í þjónustu löggjafarvaldsins og framfylgja vilja þess, virði Alþingi gersamlega að vettugi þegar ákvarðanir eru teknar í hinum þýðingarmestu málum. Aðferð ríkisstj. við setningu brbl. um s. l. áramót er þar aðeins eitt dæmi af mörgum. Ekkert ákvæði umræddra brbl. var komið til framkvæmda fyrr en Alþingi var aftur sest á rökstóla að loknu jólaleyfi. Vinnubrögð af þessu tagi — sérstaklega af hálfu ríkisstj. sem taldi það sér helst til ágætis í upphafi að hafa orðið til þess að bjarga virðingu Alþingis — eru auðvitað forkastanleg. Út yfir tekur þó þegar handhafar framkvæmdavaldsins taka sér sjálfdæmi um að brjóta þau lög sem Alþingi hefur sett og þeim ber skilyrðislaust að hlíta.

En sú aðferð, sem nú er að festast í sessi, að ætla Alþingi að fjalla um og afgreiða ríkisfjármálin í tvennu lagi, annars vegar með hinum eiginlegu fjárlögum, en hins vegar með lánsfjáráætlun og lánsfjárlögum með margra mánaða millibili, er sérstaklega ámælisverð og óviðunandi og það er einkum af tvennum ástæðum:

Í fyrsta lagi er með þessum vinnubrögðum verið að stilla Alþingi upp við vegg frammi fyrir orðnum hlut og hindra að Alþingi geti með eðlilegum hætti haft áhrif á heildarstefnuna í ríkisfjármálum. Í raun og veru er nánast ógerningur að flytja brtt. í veigamiklum málum við lánsfjárlög vegna þess að slíkar brtt. kalla rökrétt á annars konar afgreiðslu hinna eiginlegu fjárlaga sem þá eru fyrir löngu afgreidd. Þm. geta t. d. verið fylgjandi fyrirhuguðum framkvæmdum sem ráðgerðar eru á lánsfjáráætlun, en verið hins vegar af grundvallarástæðum ósammála því að fjár til framkvæmdanna sé aflað með erlendum lántökum, eins og ég raunar þegar hef nefnt mörg dæmi um. Með því að afgreiða lánsfjáráætlun mörgum mánuðum á eftir fjárlögum er þessum þm. raunverulega stillt upp við vegg. Flytji þeir brtt., sem fela í sér að draga úr óhóflegum lántökum, getur það orðið til þess að útiloka framkvæmdir sem þeir í sjálfu sér eru fylgjandi og eiga rétt á sér, en þeir hefðu viljað fjármagna með öðrum hætti. Það er af þessari ástæðu sem það var augljóslega vilji Alþingis, sbr. 14. gr. IV. kafla Ólafslaga um fjárfestingar- og lánsfjáráætlanir, sem ég hef þegar vitnað til, að kveða á að lánsfjáráætlun skyldi fylgja fjárlagafrv. Ríkisfjármálin á að fjalla um og afgreiða í einu lagi. Það má ekki verða að almennri reglu að lánsfjáráætlun verði í reynd að eins konar ruslakistu ríkisfjármálanna, þar verði fyrst og fremst um að ræða afgangsstærð þannig að á lánsfjáráætlun verði settar allar þær framkvæmdir eða þau útgjaldaáform, sem ekki tekst að fjármagna af skatttekjum viðkomandi fjárlagaárs, án tillits til þess, hvaða áhrif slíkur afgreiðslumáti hefur á skuldaaukningu, greiðslubyrði lána, verðbólguþróun og aðrar þjóðhagsstærðir.

Í öðru lagi er ljóst að ríkisstj. er með þessum vinnubrögðum að ástunda feluleik með ríkisfjármálin sem er ábyrgðarlaus og óviðunandi fyrir Alþingi. Núv. ríkisstj. hefur sem kunnugt er talið það helstu skrautfjöðrina í sínum hatti að henni hafi tekist að stöðva hallarekstur ríkissjóðs, skuldasöfnun við Seðlabanka og seðlaprentun. Almenningi hefur verið talin trú um að í þessum efnum hafi talsverður árangur náðst. Staðreyndirnar tala hins vegar allt öðru máli þegar ríkisfjármálin eru skoðuð í heild. Ríkisbúskapurinn í heild, þegar menn skoða hvort tveggja í senn, fjárlög og þau dulbúnu fjárlög sem hér liggja fyrir, er sannanlega rekinn með stórkostlegum halla. Hallareksturinn sem hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs hefur reyndar aldrei verið meiri á s. l. áratug en samkv. áætlunum ársins í ár. Ég vil í því efni leyfa mér að vekja athygli þm. á umsögn Verslunarráðs Íslands um það frv. til lánsfjárlaga sem hér liggur fyrir. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Á undanförnum árum hefur gætt vaxandi tilhneigingar til að færa ýmis framkvæmdaútgjöld A-hluta ríkissjóðs yfir á svokallaðan lánajöfnuð. Þannig er látið líta svo út, að fjárlög séu afgreidd hallalaus og stór hluti ríkisútgjalda kemur ekki beinlínis fram í 1. gr. fjárlaga. Lánajöfnuðurinn er síðan endanlega staðfestur með lánsfjárlögum og þá um leið skuldaaukningu ríkissjóðs ráðstafað til einstakra útgjaldaframkvæmda. Í raun felur þessi framsetning raunverulegan halla á fjárlögum ríkisins, sem síðan er fjármagnaður með lánum. Um leið er almenningi talin trú um að fjárlög hafi verið afgreidd hallalaus. Að mati Verslunarráðsins er þessi framsetning og slík afgreiðsla á fjárlögum mjög villandi og varasöm. Má í þessu sambandi benda á að í fjárlögum nágrannaþjóða okkar eru öll útgjöld ríkisins með talin, hvort sem þau eru fjármögnuð með sköttum eða lánsfé, og sýna þannig mismun á tekjum og gjöldum ríkissjóðs."

Með þessari umsögn, sem ég nú hef vitnað til, er birt tafla, sem tekur til áranna 1970—1981 og sýnir áætlaðan rekstrarjöfnuð, lántökur ríkissjóðs og greiðsluafgang eða halla sem hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs. Á þessari töflu má sjá að fjárlög hafa í raun og veru verið afgreidd með halla allt síðan á árinu 1973 með einni undantekningu, þ. e. árið 1979, en það ár var sem kunnugt er gripið til afturvirkrar viðbótarskattheimtu á síðari hluta ársins til að rétta af fyrirsjáanlegan halla. Engu að síður héldu ríkisstjórnir því fram öll árin nema árið 1974, að fjárlög væru afgreidd með afgangi. Um þetta segir í áður tilvitnaðri umsögn, með leyfi forseta:

„Flest hin síðari ár hefur raunveruleg útkoma ríkisfjármála verið enn hrikalegri, með miklum halla og skuldaaukningu umfram fjárlög. Útgjöld ríkissjóðs hljóta ætíð að vera fjármögnuð með sköttum. Jafnvel þótt skattlagningu vegna hluta útgjalda sé frestað með skuldaaukningu verður ríkið fyrr eða síðar að greiða lánið, en eins og kunnugt er koma fjármunir ríkisins á endanum ávallt frá skattgreiðendum."

Ég hef nú í eins stuttu máli og mér er unnt gagnrýnt ýmis grundvallaratriði þeirrar stefnu í ríkisfjármálum sem fylgt er af núverandi ríkisstj. og lesa má af fjárlögum yfirstandandi árs og þeirri lánsfjáráætlun sem hér liggur

fyrir. Einnig verður ekki hjá því komist að gagnrýna harðlega vinnubrögð ríkisstj. við afgreiðslu málsins. Ríkisstj. er uppvís að því að virða að vettugi lagafyrirmæli sem Alþingi hefur sett og þjóna þeim megintilgangi að Alþingi geti fjallað um ríkisfjármálin í heild á sama tíma. Það er beinlínis vítavert að forsrh. skuli láta hálft ár líða frá því að fjárlagafrv. er lagt fram af hálfu fjmrh. og þar til lánsfjáráætlun er tekin til afgreiðslu. Með þessu er að mínu mati ekki aðeins verða að brjóta lög: þarna er verið að víkja sér undan því aðhaldi sem í því felst að afgreiða ríkisfjármálin í heild samtímis, hvort tveggja fjárlög og lánsfjárlög. Alþingi hlýtur að krefjast þess, að þessi vinnubrögð verði ekki endurtekin.

Þessu til viðbótar tel ég svo rétt að vekja sérstaka athygli á eftirfarandi.

1. Það er eitt höfuðeinkenni þessarar lánsfjáráætlunar, að vanda ríkisfjármálanna er í vaxandi mæli velt yfir á lánsfjáráætlun með meðfylgjandi skuldaaukningu. En ekki nóg með það. Nú er komin reynsla á það, hvernig tekist hefur til í framkvæmd við að framfylgja lánsfjárlögum. Sú reynsla er vægast sagt afar slæm. Það hlýtur að valda áhyggjum. Það bendir eindregið til þess, að mikið skorti á nauðsynlega aðsemi í þeim efnum. Að þessu er vikið víða í greinargerðum Þjóðhagsstofnunar, Seðlabanka og hagsýsludeildar fjmrn. með lánsfjárlagagreinargerðinni. Á árinu 1979 fóru t. d. erlendar lántökur fram úr áætlun sem nam 17.3 milljörðum gkr. samkv. bráðabirgðatölum fyrir árið 1980 fóru erlendar lántökur fram úr áætlun sem nam 21.7 milljörðum gkr., en um þetta efni segir í greinargerð Seðlabankans, með leyfi forseta:

„Þessa miklu hækkun má að einhverju leyti rekja til meiri fjármagnsþarfar vegna hækkunaráhrifa gengis og verðlagsbreytinga umfram forsendur lánsfjáráætlunar ásamt meiri framkvæmdum, bæði opinberra aðila og einkaaðila, en áætlað var. Einnig komu til langtímarekstrarlán, sem ekki hafði verið gert ráð fyrir í lánsfjáráætlun. Afborganir af löngum lánum eru áætlaðar 37.6 milljarðar gkr. og verður þá nettóaukning langra lána 69.7 milljarðar gkr. á árinu 1980. Þetta svarar til um 12% af útflutningstekjum, en 5.3% af þjóðarframleiðslu. Þetta er hærra hlutfall en árið áður, eins og síðan eru nefndar til tölur um."

Einnig segir í greinargerð þeirra Seðlabankamanna í kaflanum um bankakerfið, orðrétt, með leyfi forseta:

„Peningamálaáætlanir, sem settar hafa verið fram í lánsfjáráætlunum síðustu ára, hafa jafnan miðast við verðlagsforsendur sem síðan reyndust óraunhæfar, bæði vegna óvæntra verðhækkunartilefna og" — taki menn nú eftir — „vegna þess að viðnámsaðgerðir báru ekki óskaðan árangur. Þótt mikilvægur árangur hafi náðst á sviði peningamála á síðustu árum" — hér er að sjálfsögðu verið að víkja að raunvaxtastefnu Alþfl. — „þá verður hann aðeins að takmörkuðu leyti rakinn til þessara áætlana", segir í umræddri greinargerð Seðlabankans. Hér er augljóslega við það átt, að þann takmarkaða árangur, sem náðst hefur á sviði peningamála, megi fyrst og fremst rekja til þeirrar verðtryggingarstefnu sem Alþfl. hefur lengst af verið einarðastur málsvari fyrir.

Þessi dæmi, sem hér hafa verið nefnd, nægja til að sýna fram á að lánsfjáráætlanir og meðfylgjandi lög hafa reynst illa í framkvæmd. Það á bæði við um öflun lánsfjár á innlendum markaði, sbr. reynsluna af verðbréfakaupum lífeyrissjóðanna, sem og um þau hámörk sem sett hafa verið fyrir erlendum lántökum. Þetta verður einfaldlega að breytast til batnaðar. Alþingi gerir allt of mikið að því að samþykkja lög og lagafyrirmæli sem síðan eru að meira eða minna leyti sniðgengin í framkvæmd eftir geðþótta einstakra ráðherra hverju sinni. Stefnumörkun í efnahagsmálum og peningamálum sérstaklega er mikilvægari en svo að pólitískt lauslæti af þessu tagi megi líðast öllu lengur.

2. Enda þótt stjórn ríkisfjármálanna sé lausbeisluð, eins og hér hafa verið nefnd næg dæmi um, er ekki síður áhyggjuefni að peningamálastjórnin virðist vera svífandi í lausu lofti. Það er okkur Alþfl.-mönnum að sjálfsögðu ánægjuefni, eins og ég hef vikið að áður, að verðtryggingarstefnan sem við áttum mestan þátt í að fá lögfesta hér á Alþingi með sögulegum hætti, hefur nú í reynd skilað þýðingarmiklum árangri þótt í litlum mæli sé. Einhver háskalegasta afleiðing óðaverðbólgunnar á liðnum áratug hefur mælst í síminnkandi hlutfalli sparnaðar af þjóðartekjum. Hér hefur verið um að ræða algert hrun sem rekja má til neikvæðrar ávöxtunar sparifjár. Þannig höfðu inneignir landsmanna í bankakerfinu, þ. e. peningamagn og sparifé í hlutfalli við vergar þjóðartekjur, hrunið úr hápunktinum 53% á árabilinu 1963—1964 niður í 21.5% eða rúmlega fimmtung vergra þjóðartekna á árinu 1978. Frá og með árinu 1979 hefur þetta hlutfall hins vegar þokast aðeins upp á við á ný. Þannig var það 23% árið 1979 og 23.8% árið 1980. Ytri kringumstæður í þjóðarbúskap okkar eru nú slíkar, að þetta hlutfall ætti að geta farið myndarlega upp á við á yfirstandandi ári ef hringlandaháttur núv. hæstv. ríkisstj. í vaxtamálum verður ekki til þess að snúa þróuninni aftur í öfuga átt. Sú fullkomna óvissa, sem nú ríkir um áform ríkisstj. varðandi gengisskráningu, vaxtamál og verðlagsákvarðanir, getur hæglega stefnt þessum takmarkaða árangri í hættu. Peningamálastjórnin er því enn mjög veikur punktur hjá núv. ríkisstj. Í þeim köflum greinargerðarinnar, sem fylgir lánsfjáráætlun og fjalla um bankakerfið og lánsfjármarkaðinn, kemur hvergi neitt fram um hvaða tækjum ríkisstj. hyggst beita til að örva frekari sparifjármyndun, treysta lausafjárstöðu bankakerfisins til að mæta hugsanlegum áföllum og sveiflum, svo sem yfir sumarmánuði, eða hafa tök á útlánum banka og sparisjóða.

Það á að vera eitt meginmarkmið peningamálastefnunnar að stórefla innlendan sparnað, treysta eiginfjárstöðu fyrirtækja og fjárfestingarlánasjóða, efla þannig innlenda lánsfjármögnun og draga úr þörfinni fyrir erlent lánsfé. Verðtryggingarstefnan er rétt aðeins að byrja að skila árangri. Enn vantar mikið á að sá árangur geti talist viðunandi eða sambærilegur við það sem gerist með öðrum þjóðum þar sem hagstjórn er með skynsamlegum hætti. T. d. hefur hluti lánsfjár í fjármögnun fjárfestingarlánasjóða farið verulega vaxandi á undanförnum árum. Önnur fjármögnun sjóðanna er að langmestu leyti opinbert framlagsfé, þar sem eigin fjármögnun skilar litlu til nýrrar ráðstöfunar, eins og segir orðrétt í kaflanum um fjárfestingarlánasjóði. Ríkisstj. hefur einmitt réttlætt þá stefnu sína að draga stórlega úr beinum ríkisframlögum á fjárlögum til fjárfestingarlánasjóða og vísa þeim þannig í vaxandi mæli á lánamarkaðinn með því að eiginfjárstaða fjárfestingarsjóða hljóti að fara batnandi vegna verðtryggingarskilmála útlána. En eldri og óverðtryggð lán vega enn mjög þungt hjá sjóðunum og hin öra verðbólga skerðir fé þeirra enn

þá verulega. Dæmi um þetta er t. d. að eigin fjármögnun Fiskveiðasjóðs verður sífellt erfiðari. Samkv. endurskoðaðri lánsfjáráætlun 1980 er hún neikvæð um 42 millj. kr. og árið 1981 neikvæð um 74 millj. kr. Þetta gefur tilefni til að árétta það, að það væri hið mesta glapræði ef ríkisstj. nú gripi til þess ráðs, til að afla sér einhverra stundarvinsælda, að skerða frekar ávöxtunarkjör sparifjár eða falla frá verðtryggingarstefnunni yfirleitt. Slík undanlátsstarfsemi mun hefna sín grimmilega síðar meir.

Mér þykir rétt að árétta það við þessar umr, að Alþfl. er enn sem fyrr eindregið fylgjandi þeirr stefnu að draga úr sjálfvirkni jafnt í ríkisbúskapnum sem í verðmyndunarkerfinu. Með frv. sínum um jafnvægisstefnu í efnahagsmálum og samræmdar aðgerðir gegn verðbólgu frá því í des. 1978 lagði Alþfl. til að flest þau lög, sem kvæðu á um sjálfvirka tekjustofna eða sjálfvirk útgjöld, yrðu afnumin. Þetta þýðir hins vegar ekki að Alþfl. fylgi núv. ríkisstj. í því að skerða stöðugt bein framlög af skatttekjum ríkissjóðs til fjárfestingar ríkisins og ríkisstofnana og vísa í staðinn að mestu eða öllu leyti til erlendrar lántöku. Allra síst getur slíkt talist skynsamleg fjármálastjórn þegar um er að ræða augljóslega óarðbæra fjárfestingu, rekstrarútgjöld eða félagsleg framlög. Með þvílíku háttalagi er aðeins verið að gefa út ávísanir á meiri skattheimtu síðar meir. Það er í þessu efni aðalatriði, að Alþingi gefist kostur á, svo sem lög kveða á um, að afgreiða fjárlög og lánsfjárlög í einu lagi. Með því móti hlýtur Alþingi að verða að horfast í augu við takmarkaða tekjustofna af skattheimtu sem og hitt, að erlendum lántökum eru líka takmörk sett. Vilji menn hafa hóf á hvoru tveggja verður Alþingi í staðinn að sætta sig við niðurskurð ríkisútgjalda þar sem slík útgjöld gefa minnst í aðra hönd.

Ég hef nú í stórum dráttum, herra forseti, gert grein fyrir grundvallarsjónarmiðum að því er varðar almennu stefnuna sem fram kemur í þessari lánsfjáráætlun eða lánsfjárlögum. Ég vildi nú leyfa mér að fara örfáum orðum um þær brtt. sem við Alþfl.-menn leggjum hér fram. Ég hef áður vikið að því, að það eru af tæknilegum ástæðum, vegna þess að lánsfjárlög eru svo löngu seinna á ferðinni en fjárlagaafgreiðslan, takmörk fyrir því, hvernig unnt er að flytja raunhæfar brtt. Engu að síður leyfum við okkur að flytja fimm brtt. og skal ég reyna að gera stuttlega grein fyrir þeim.

1. brtt. snertir 3. gr. lánsfjárlaga þar sem fjallað er um lagaþvingun á ráðstöfunarfé lífeyrissjóða. Brtt. okkar er efnislega fólgin í þrennu.

1. Í stað þess að beita hér lagaþvingunum skuli þetta gert að heimildarákvæði, þannig að Byggingarsjóður verkamanna, Byggingarsjóður ríkisins, Framkvæmdasjóður Íslands, ríkissjóður og fjárfestingarlánasjóðir, sem viðurkenndir eru af Seðlabanka og hafa heimild til verðtryggingar o. s. frv. skuli bjóða lífeyrissjóðum, sem lögbundnir eru, kaup skuldabréfa með fullri verðtryggingu o. s. frv.

2. Þá felst brtt. okkar í því, að vilji lífeyrissjóðirnir ráðstafa fé sínum með þessum hætti skuli Byggingarsjóður ríkisins hafa forgang að því er varðar fyrstu 20% af ráðstöfunarfé sem þarna er um að ræða. M. ö. o.: hugmyndin með till. er að tryggja að þessu fjármagni verði fyrst og fremst varið til húsnæðismála.

3. Þá segir svo í brtt. okkar, að ríkisstj. skuli gera sérstakt samkomulag við lífeyrissjóðina um framkvæmd og tímsetningu skuldabréfakaupanna innan ársins og um lánstíma og lánskjör, í stað þess að slíkt verði eingöngu ákveðið með einhliða reglugerð fjmrn.

Rökstuðning fyrir þessari brtt. er að vísu hægt að hafa í löngu máli, en það er aldeilis óþarfi vegna þess að ekki þarf annað en að leiða til vitnis sjálfan fjmrh., sem á þeirri tíð þegar hann var í stjórnarandstöðu flutti sjálfur og hafði framsögu fyrir brtt. sem efnislega eru á sömu lund. Ég vil leyfa mér að vitna beint til ummæla hæstv. fjmrh. frá þeirri tíð þegar hann var stjórnarandstöðuþm. á árinu 1977 og sagði þá við þingumræður, orðrétt, með leyfi forseta:

„Það er hinn þáttur málsins sem er okkur fyrst og fremst þyrnir í augum, að hér er verið að taka fjármagn lífeyrissjóðanna traustataki með löggjöf og ráðstafa því á ákveðinn hátt. Þetta fjármagn og þessir sjóðir eru að nokkru leyti bein eign verkalýðshreyfingarinnar og að nokkru leyti óbein eign. Verkalýðshreyfingin fékk því framgengt, að þessir sjóðir tóku til starfa og hafa verið byggðir upp, og hún varð á sínum tíma að kosta því til að slá af launakröfum sínum, fórna nokkru til þess að þetta spor yrði stigið. En hitt er jafnljóst, að verkalýðshreyfingin lætur sig miklu skipta hvað verður um þetta fjármagn og það er ekki eðlilegt að þetta fjármagn sé af henni tekið nema að undangengnum frjálsum samningum við þá sem raunverulega eiga þetta fjármagn og hafa ráðstöfunarrétt á því lögum samkvæmt. Lágmark væri að þeir samningar gengju út á það, til hvaða þarfa þetta fjármagn verður notað", en það er ekki tekið traustataki með löggjöf.

Þetta eru eigin orð hæstv. fjmrh. í sama máli. Ég þykist ekki þurfa að fara í grafgötur um það, samkv. þessum vitnisburði, að hann muni að sjálfsögðu styðja þá brtt. sem við nú flytjum og er efnislega samhljóða málflutningi hans frá því að hann sat sjálfur á stjórnarandstöðubekk.

2. brtt. okkar Alþfl.-manna er við 9. gr. Í aths. við 9. gr. segir svo: „Erlend lántaka Framkvæmdasjóðs Íslands nemur á árinu 89 milljörðum gkr. Af þessari fjárhæð eru 72 milljarðar ætlaðir til endurláns til fjárfestingarlánasjóða, en auk þess hefur Framkvæmdasjóður tekið að sér meðalgöngu um útvegum á 1.7 milljarði gkr. lánsfjár til Framleiðsluráðs landbúnaðarins vegna greiðslna útflutningsbóta verðlagsársins 1979/1980."

Ég hef áður vikið að því, að erlend lántaka sem verja á til þess að borga með matargjöfum okkar til útlendinga frá liðnu verðlagstímabili, kemur náttúrlega ekki undir neinum kringumstæðum til mála. Það kemur ekki til mála að það sé sjálfgefið fyrir fram að veitt verði ríkisábyrgð á slíkum lánum. Hitt kann að vera annað mál, að menn geri ekki athugasemdir við það þótt Framkvæmdasjóður hafi milligöngu um slíka lánsútvegun, ef það er algjörlega á hreinu að þessi upphæð, sem er umfram lagaheimildir, komi einfaldlega í hlut lántakenda og þeir beri þá sjálfir kostnað af greiðslu afborgana og vaxta. Vera má að færa megi rök fyrir því, að það sé eðlilegt að færa þessar greiðslur yfir á lengri tímabil. En við getum ekki fallist á að sá háttur verði á hafður sem hér er lagt til af hálfu ríkisstj., enda þótti mönnum nóg um þegar sami leikur var leikinn að því er varðar þriggja milljarða lántöku sem varð að hreinum skrípaleik hér á síðasta Alþingi.

3. brtt., sem við flytjum, er við 16. gr. lánsfjárlaga, en 16. gr. er ein af þeim fjölmörgu greinum sem fjalla um skerðingu á framlögum ríkissjóðs til hinna ýmsu fjár-

festingarlánasjóða, í þessu tilfelli til húsnæðislánakerfisins. Í stað 27 887 þús. komi samkv. þessari brtt. 75 millj. kr. og í stað 43 millj. komi 90 millj. kr.

Það er rétt að gera stuttlega grein fyrir því, hvað hér er um að ræða. Við viljum tryggja að heildarframlög ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna verði ekki lækkuð frá því sem var samkvæmt eldri lögum. Það er algjör forsenda þess, að í framtíðinni verði unnt að hækka lánahlutfall Byggingarsjóðs ríkisins í hinum ýmsu lánaflokkum. Hér er verið að reyna að tryggja að helstu markmiðin, sem sett voru í húsnæðismálafrv. fyrrv. félmrh., Magnúsar H. Magnússonar, komist til framkvæmda. Auk þess voru 2 prósentustig launaskatts af 3 prósentustigum samningsatriði við verkalýðshreyfinguna á sínum tíma og því vandséð hvernig ríkisstj., sem kveðst byggja tilveru sína á nánu og órjúfanlegu samráði við verkalýðshreyfinguna, getur stefnt að því að fella slíkt heiðursmannasamkomulag niður einhliða.

Brtt. felur því í sér að 1% launaskattsins fari áfram til Byggingarsjóðs ríkisins, en hitt 1% fer til Byggingarsjóðs verkamanna samkv. 17. gr., og að Byggingarsjóður ríkisins fái úr ríkissjóði sem samsvarar fyrra byggingarsjóðsgjaldi af tekju- og eignarskatti og af innflutningi. Þrátt fyrir þessa brtt. vantar enn talsvert upp á að byggingarsjóðirnir fái sameiginlega jafnmikil framlög úr ríkissjóði og eldri lög gerðu ráð fyrir. Til dæmis má gera ráð fyrir að hvert prósentustig í launaskatti gefi meira en 75 millj. kr. Hér er raunverulega um það að ræða, að ríkisvaldið hefur með nánast óheiðarlegum hætti neitað að standa við skuldbindingar sínar um framlög til húsnæðislánakerfisins. Við teljum okkur ekki skuldbundna til þess, þótt við gerum þá kröfu, að þessum fjármunum verði skilað til réttra aðila, að gera í staðinn tillögur um aðra fjáröflun, enda leiðir það af þessari tvískiptingu lánsfjáráætlunar og fjárlaga að á því eru tæknilegir örðugleikar.

Við 25. gr. flytjum við einnig brtt. Um hana segir í aths. með leyfi forseta:

„Samkvæmt bráðabirgðayfirliti um lánsfjáröflun ríkissjóðs 1980 skorti um 26 milljarða gkr. á að innlend lánsfjáröflun stæðist áætlun. Í megindráttum var það lánsfé frá innlánsstofnunum og lífeyrissjóðum sem ekki aflaðist að fullu. Útgjöld Rafmagnsveitna ríkisins vegna byggðalínuframkvæmda reyndust allnokkur hærri en áætlað var eða alls 4.38 milljarðar gkr. Af ofangreindum ástæðum er nú leitað lántökuheimildar allt að 30 millj. vegna framkvæmda 1980."

Um þetta er það að segja, að við teljum eðlilegt, þegar um er að ræða framkvæmdir Rafmagnsveitna ríkisins vegna byggðalína, að veita heimild til að taka 5 millj. kr. erlent lán þar sem hér er væntanlega að verulegu leyti um að ræða erlenda kostnaðarliði. Hins vegar teljum við fráleitt að selja ríkisstj. sjálfdæmi um það, þegar á daginn kemur að hennar eigin lánsfjárlög eða lánsfjáráætlanir standast ekki og við þær er ekki staðið, að hún fái þá heimild til að reyna að rétta þann halla af með erlendum lántökum. Þess vegna er till. okkar efnislega á þá leið, að heimild verði veitt til erlendrar lántöku upp á 5 millj., en að öðru leyti verði ríkisstj. vísað til þess að afla lánsfjár á innlendum lánsfjármarkaði og þá væntanlega hjá því bankakerfi sem stjórnarliðar segja nú sjálfir að standi verulega betur að vígi en verið hefur um skeið.

Loks er eftir að gera grein fyrir síðustu brtt., sem er við 27. gr. Þar segir í aths., með leyfi forseta:

„Heimildar er aflað til þess að taka lán fyrir afborgunum af lánum ríkissjóðs og er ætlunin að lántakan samsvari afborgunum af lánum vegna framkvæmda við Kröfluvirkjun og við byggðalínur, sbr. framsetningu fjárlaga."

Við leggjum einfaldlega til að þessi grein verði óbreytt frá því sem hún var á síðustu lánsfjárlögum, þ. e. við leggjumst ekki gegn því að fjmrh. og ríkisstj. fái heimild til að breyta óhagstæðum skammtímalánum í lengri lán ef þess gæfist kostur á erlendum lánsfjármarkaði að afla lána með betri kjörum. En við viljum ekki gefa ríkisstj. sjálfdæmi um að afla erlendra lána til að greiða niður fyrri erlend lán af því makalausa Kröfluævintýri.

Þá hef ég í raun og veru lokið því að gera grein fyrir þeim brtt. sem við nú flytjum. En ég vil taka það fram að gefnu tilefni, að við höfum ekki að þessu sinni lagt fram brtt. um framlag eða lánsfjárheimild vegna fyrirhugaðra framkvæmda við byggingu nýrrar flugstöðvarbyggingar á Keflavíkurflugvelli og það er af auðskildum ástæðum. Ég vil leyfa mér, herra forseti, að rifja upp ummæli sem hæstv. viðskrh. viðhafði um það mál við umr. um afgreiðslu fjárlaga 19. des. s. l. Hann sagði svo orðrétt, með leyfi forseta:

„Á þskj. 329, brtt. við frv. til fjárlaga undir VI. lið, er brtt. frá hv. þm. Friðrik Sophussyni, Karvel Pálmasyni, Guðmundi Karlssyni og Lárusi Jónssyni um að til gjalda á fjárlagafrv. verði 2 milljarðar vegna flugstöðvarbyggingar á Keflavíkurflugvelli og tekin lán að sömu upphæð. Í tilefni af þessari brtt. vil ég segja þetta:

Eins og raunar er kunnugt hefur utanrrh. borið fram tillögu í ríkisstj. um að sérstök lántaka vegna flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli verði tekin inn á fjárfestingar- og lánsfjáráætlun. Tillaga utanrrh. hefur ekki verið afgreidd í ríkisstj., en hann hefur áskilið sér rétt til að bera fram brtt. við lánsfjáráætlun. Nú er verið að endurskoða hönnun byggingarinnar með það fyrir augum að lækka byggingarkostnað, og væntalega verður því verki lokið um miðjan febrúarmánuð n. k. Með tilliti til þessa og svo hins, að lánsfjáráætlun verður ekki afgreidd fyrr en að loknu jólaleyfi þm., sýnist eðlilegast að fresta ákvörðun í þessu máli."

Ég leyfi mér út af þessu máli að vitna til þessara ótvíræðu ummæla hæstv. viðskrh., sem raunverulega boðaði það, í umboði hæstv. utanrrh., að hann hefði áskilið sér rétt til að flytja slíka brtt. Við gerum að sjálfsögðu ráð fyrir að við þetta verði staðið. Það þarf ekki að taka það fram, að við lýsum stuðningi við þá till. þegar hún kemur fram.

Herra forseti. Mikilvægustu markmið, sem keppa ber að í ríkisfjármálum og peningamálum, miðað við ríkjandi aðstæður í íslenskum þjóðarbúskap, eru þessi að mati okkar Alþfl.-manna: Að örva innlendan sparnað, að efla eiginfjárstöðu fyrirtækja og lánasjóða, að draga úr lántökuþörf bæði einkaaðila og opinberra aðila og þá ekki síst að draga úr erlendum lántökum. — Á það skortir mikið að stefna núv. ríkisstj., eins og hún verður skilin af fjárlögum og lánsfjárlögum, fullnægi þessum skilyrðum.

Það stefnir ekki í rétta átt þegar hlutfall lánsfjár í útlánum fjárfestingarlánasjóða fer sívaxandi. Það var 48.2% árið 1978, það var 59.7% árið 1979, það var 57% árið 1980 og svo verður aftur stökkbreyting til hins verra samkv. áætlun 1981, þ. e. 67.5%.

Það stefnir ekki í rétta átt þegar erlendar lántökur fara

langt umfram lagaheimildir tvö ár í röð, um 17.3 milljarða gkr. árið 1979 og yfir 20 milljarða árið 1980.

Það stefnir ekki í rétta átt þegar erlend lán til langs tíma nema síhækkandi hluta af vergri þjóðarframleiðslu. Þau nema nú í árslok 1980 tæpum 600 millj. gkr.

Á árabilinu 1976—1979 voru erlend lán til langs tíma á bilinu frá 32—34% af vergri þjóðarframleiðslu. Á s. l. ári var þetta hlutfall 35%. Í ár er talið samkvæmt áætlun að það stökkvi upp í 37%. Þetta er langt yfir hættumörkum hjá þjóð sem býr við jafneinhæft og sveiflukennt atvinnulíf og við gerum.

Það stefnir ekki í rétta átt þegar greiðslubyrði af löngum erlendum lánum fer síhækkandi sem hlutfall af útflutningstekjum. Þetta hlutfall var komið í 14.1% árið 1980, og það eru fullkomlega raunsæjar horfur á því, að það fari yfir 15% á árinu 1981.

Það stefnir ekki í rétta átt þegar lánsfjármögnun sem hlutfall af heildarfjármunamyndun fer síhækkandi. Hlutur lánsfjármögnunar í fjármögnun hins opinbera var 57.1% árið 1979, það var 62.4% árið 1980 samkvæmt bráðabirgðaniðurstöðum og svo kemur enn einu sinni stökkbreyting upp á við samkvæmt áætlun 1981. Gert er ráð fyrir að hlutfallið verði 70.1%.

Það stefnir ekki í rétta átt, ef sú þróun heldur áfram ár frá ári að ríkið sölsi undir sig sífellt stærri hlut af þjóðartekjum á sama tíma og atvinnulífið hangir á horriminni og verður sífellt háðara pólitískri skömmtunarstjórn misviturra stjórnmálamanna. Allra síst er þetta æskileg þróun þegar vitað er af ótal dæmum að arðsemin í ríkisbúskapnum er allra síst til fyrirmyndar.

Þannig mætti nefna fleiri dæmi um að stefna núv. ríkisstj. í efnahagsmálum almennt horfir ekki til réttrar áttar að okkar mati. Það skortir aðhald í ríkisfjármálum. Peningamálastefnan er í lausu lofti. Stefna ríkisstj. í málefnum atvinnuveganna er í ýmsum grundvallaratriðum röng. Landbúnaðarpólitíkin er röng. Fiskveiðistefnan er hringlandaleg. Mikið skortir á að íslenskur iðnaður fái að njóta samkeppnisaðstöðu sem sambærileg getur talist við keppinauta þeirra með öðrum þjóðum. Nýjar atvinnugreinar og ný fyrirtæki eiga erfitt uppdráttar vegna þess hversu ítök hagsmunaðila í hefðbundnum greinum eru allsráðandi við pólitískar ákvarðanir.

Herra forseti. Ég skal nú láta máli mínu lokið. Ég vil geta þess að lokum, að hér ekki langt frá okkur var nýlega boðið upp á óvenjulega skemmtun í skammdeginu þar sem var revían „Skornir skammtar". Mín viðbrögð voru þau, þegar ég heyrði þessa ágætu revíu, að því miður væri nafnið réttnefni að því leyti að „húmorinn" var þar helst til af skornum skammti. Þó má segja að revíuhöfundum hafi stundum tekist upp, t. d. þegar þeir sneru kjörorði stjórnarandstöðuflokka allra tíma: koma tímar koma ráð — upp á stefnu og störf hæstv. ríkisstj. sem virðist starfa undir kjörorðinu: Kommatímar og kommaráð. Hún virðist vera því marki brennd.

Umr. frestað.

Efri deild, 71. fundur.

Mánudaginn 6. apríl, kl. 6 síðdegis.

Lagning sjálfvirks síma, frv. (þskj. 578). — 1. umr.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv til l. á þskj. 578 um lagningu sjálfvirks síma. Í grg. með þessu frv. koma fram ýmsar gagnlegar upplýsingar, m. a. að símnotendur á landinu, sem ekki hafa sjálfvirkan síma, eru u. þ. b. 3200. Einnig fylgir tafla sem upplýsir hvernig þeir skiptast á 88 sveitarfélög á landinu. Einnig fylgir með frv. áætlaður kostnaður við lagningu sjálfvirks síma í hverju sveitarfélagi og er hann aðgreindur bæði í heildarkostnað, kostnað við efni, kostnað vegna vinnulauna, vélaleigu og þess háttar og loks aðflutningsgjöld. Kemur þar fram að áætlað er að heildarkostnaðurinn verði um 135.7 millj. kr. Þessu fylgir nokkur sparnaður sem er áætlaður 8.5 millj. kr.

Með frv. þessu er í fyrsta lagi ætlað að veita lagningu sjálfvirks síma forgang í framkvæmd hjá Póst- og símamálastofnun, og má segja að það sé megintilgangur þess. Samkv. frv. er gert ráð fyrir að gera þetta á fimm árum. Þá er það mikilvægt atriði í frv., að gert er ráð fyrir því, eins og fram kemur í 2. gr., að undanþiggja búnað til lagningar og uppsetningar sjálfvirks síma samkv. þeirri áætlun, sem gera á samkv. 1. gr., aðflutningsgjöldum og söluskatti við innflutning. Með þessu móti er niðurfelldur kostnaður að upphæð 43.7 millj. kr.

Til þess að mæta því, sem eftir er, rúmlega 90 millj. kr., er jafnframt í 3 gr. heimild til lántöku allt að 20 millj. kr. á ári. Að sjálfsögðu er ekki notað meira en þörf er hverju sinni. Einnig er fram tekið að lántökuheimild þessi breytist til samræmis við breytingar á byggingarvísitölu.

Ef frv. þetta verður samþykkt er gert ráð fyrir að semja í sumar áætlun samkv. frv. og yrði hún lögð fram með tillögum stofnunarinnar fyrir meðferð fjárlagafrv. á hausti komanda.

Ég þarf út af fyrir sig ekki að fara mörgum orðum um þetta mál. Ég hygg að allir hv. þm. geri sér grein fyrir mikilvægi hins sjálfvirka síma og þeirri áherslu, sem þeir íbúar þessa lands sem ekki hafa nú slíkan síma, leggja á að fá hann. Má segja að hvaðanæva að af landinu berist kröfur um slíkt og mjög háværar. Þetta er eðlilegt þegar þess er gætt, að ýmis öryggisþjónusta, læknisþjónusta og þess háttar, hefur færst fjær íbúunum, færst á heilsugæslustövar sem oft liggja nokkuð langt frá og erfitt að ná til í neyðartilfellum þegar sími er lokaður eftir tiltölulega stuttan opnunartíma. Einnig færist það meira og meira í vöxt að aðföng eru pöntuð símleiðis og send.

Þannig eru ýmsar mikilvægar ástæður fyrir þeim mjög svo mikla þrýstingi sem hefur verið og er á því að fá sjálfvirkan síma. Hann kemur m. a. fram í því, að menn bjóðast til að leggja fram verulega vinnu fyrst og fremst og jafnvel lána fé ef hraða megi slíkum framkvæmdum. Það hefur og aukið á nauðsyn hins sjálfvirka síma að viðhald Pósts og síma á loftlínum hefur verið og er langt frá því að vera fullnægjandi. Fyrst og fremst stafar þetta af tvennu: í fyrsta lagi, að fjármagn Pósts og síma til viðhalds hefur verið skert verulega, og í öðru lagi, að áætlanir Pósts og síma um að koma síma í jörð hafa ekki staðist vegna takmarkaðra fjárveitinga. Eðlilega hefur því viðhaldi á loftlínum oft verið frestað og dregið þegar von hefur verið talin að koma línum í jörðu.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að flytja um þetta lengra mál. Ég vek athygli á því, að svipað frv. var lagt fram á þingi fyrir þremur árum. Er það dálítið breytt nú, en sama markmið. Ég veit að hv. þm. hafa haft tíma til að kynna sér þessi mál og þekkja þau.

Læt ég nú lokið þessari stuttu framsögu, en legg að þessari umr. lokinni til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Helgi Seljan: Herra forseti. Ég fagna því, að þetta frv. er fram komið nú, í raun og veru öðru sinni hér á Alþingi með svipuðu formi og það sem lagt var fram haustið 1978. Ég vildi aðeins nota þetta tækifæri til að bera fram fsp. til hæstv. ráðh. út af einu atriði, það er annars vegar varðandi 1. gr. og hins vegar varðandi 4. gr., sem er töluvert mál hvernig á verður haldið á þessu ári.

Í niðurlagi 1. gr. segir að í áætluninni um lagningu sjálfvirks síma skuli að því stefnt, að símnotendur eigi kost á sjálfvirkum síma innan fimm ára frá 1. jan. 1982, en í 4. gr.: Lög þessi öðlast þegar gildi. Þarna er sem sagt um tvennt að ræða ef við samþykkjum þetta frv., sem ég veit að Alþingi gerir áreiðanlega á þessu þingi. Þá hafa þessi lög þegar tekið gildi. Í 2. gr. stendur að tæki og búnaður til lagningar og uppsetningar sjálfvirks símasambands o. s. frv. skuli undanþegin aðflutningsgjöldum og söluskatti við innflutning. Ættu þessi lög sem sagt að hafa tekið gildi hvað þetta snertir. Ég vil því spyrja hæstv. samgrh. að því, hvort nokkur von væri til þess að ákvæðið, sem er í 2. gr., mundi að einhverju leyti koma til framkvæmda varðandi það sem brýnast er og beinast liggur fyrir að framkvæma núna hjá Pósti og síma. Ég spyr hvort nokkur von væri til þess, að þetta ákvæði 2. gr. kæmi að einhverju leyti til framkvæmda á þessu ári.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Þetta er eðlileg spurning hjá hv. þm.

Mér þótti rétt að lög þessi tækju þegar gildi, m. a. með tilliti til þess í fyrsta lagi, að áætlunargerðin þarf að hefjast strax. Í öðru lagi er nauðsynlegt að panta ýmislegt efni nú sem nota þarf næsta ár því að afgreiðslufrestur er nokkuð langur. Í þriðja lagi er á nokkrum stöðum í sumar gert ráð fyrir framkvæmdum sem mundu falla undir þessa áætlunargerð. Ég geri ráð fyrir að þessar framkvæmdir nytu þeirra fríðinda sem hér eru ákveðin.

Hins vegar vek ég athygli á því sem segir að fjmrh. kveði nánar á um framkvæmd þessa ákvæðis. Hann hefur áður flutt líkt frv. sem samgrh. og ég hygg að við munum ráða fram úr því sameiginlega hvernig þessu verður beitt þannig að þessum framkvæmdum verði lokið á þessu tímabili.

Egill Jónsson: Herra forseti. Ég fagna því sannarlega að þetta frv. skuli vera fram komið. Það er sannarlega mikil þörf á að bæta símaþjónustuna í sveitum landsins, og ég tek undir þau rök sem komu fram hjá hæstv. samgrh. um það. Ég undirstrika það alveg sérstaklega sem kom fram í máli hans, að viðhaldinu hefur ekki verið sinnt svo sem vera skyldi, m. a. af því að það hefur verið gengið fram hjá því, gengið út frá því, að þessar breytingar gengju miklu hraðar yfir en raun ber vitni. Í því sambandi vil ég minna á að við síðustu fjárlagaafgreiðslu, þar sem framkvæmdir Pósts og síma voru verulega skornar niður frá því sem áætlun þeirrar stofnunar gerði ráð fyrir, var einmitt langmestur niðurskurðurinn á sjálfvirka símanum. Það er að sjálfsögðu rökstutt með því, að þar sé arðsemin minni en í ýmsum öðrum framkvæmdum á vegum Pósts og síma. Þess vegna er alveg óruggt að það mundi leiða til mikils vandræðaástands ef ekki kæmi til skipulagðra framkvæmda í þessum efnum. Ekki síst að þessari ástæðu er ákaflega mikilvægt að það verði gerð um þessi mál áætlun og við hana verði staðið.

Ég vek sérstaklega athygli á því, sem kom hér fram í ábendingu hv. þm. Helga Seljans og reyndar undirtektum ráðh., hvernig frá lögunum verður gengið og túlkun þeirra varðandi framkvæmdir í ár. Ég fæ ekki annað séð en þarna sé eðlilegt að taka af öll tvímæli og ekki síst með tilliti til þeirra skýringa sem komu fram hjá hæstv. ráðh., þar sem hann talar um að niðurfelling á aðflutningsgjöldum eigi að hans mati að ná til tiltekinna verkefna á þessu ári. Það eru væntanlega verkefni sem snerta lagningu sjálfvirks síma í sveitir landsins — það litla sem kann að verða framkvæmt af því á þessu ári. Það er ekki fyrir að synja að verði lögin framkvæmd þannig er hægt að komast lengra í þeim efnum en t. d. fjárlög mæla fyrir. Ég vil þess vegna undirstrika það alveg sérstaklega og beina þeim mjög ákveðnu tilmælum til fjh.- og viðskn., sem fjallar um þetta mál, að þarna verði kveðið skýrt á og að lögin verði látin verka með tilliti til þess að þau nái til framkvæmda þessa árs.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Landakaupasjóður kaupstaða og kauptúna, frv. (þskj. 587). — 1. umr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um landakaupasjóð kaupstaða og kauptúna. Hér er um að ræða endurskoðun á lögunum um landakaup kaupstaða og kauptúna frá 1963, sérstaklega tekjustofnaákvæðum þeirra laga, en 20. nóv. s. l. skipaði félmrh. nefnd til að endurskoða tekjustofnaákvæði laganna. Í nefndinni voru Gunnar Eydal, Jóhann Einvarðsson og Valdimar Indriðason, en Magnús E. Guðjónsson starfaði með henni. Nefndin skilaði samhljóða áliti.

Meginbreytingin með frv. er sú að auka ráðstöfunarfé til Landakaupasjóðs kaupstaða og kauptúna. Gildandi lög veita ekki lántökuheimild, heldur er þar einungis gert ráð fyrir að ríkissjóður leggi fram árlega 10 millj. kr. sem heimilt verði að lána kaupstöðum og kauptúnum. Þetta framlag er auðvitað allsendis ófullnægjandi og frv. gerir ráð fyrir að það verði heimilt að taka lán í þessu skyni sem síðan yrði endurlánað sveitarfélögunum eftir þar til settum reglum. Kjör á útlánum skulu vera í samræmi við útlánskjör fjárfestingarlánasjóða á hverjum tíma og kjör á lánum sem sjóðurinn tekur vegna starfsemi sinnar. Síðan segir í 7. gr.: „Heimilt er ríkisstj. að taka lán vegna sjóðsins svo hann geti gegnt hlutverki sínu samkv. 1. gr.“

Í 11. gr. er sett inn eignarnámsheimild í tengslum við þessi lög í samræmi við 6. gr. laga nr. 41 frá 1963. Þótti rétt að hafa þetta ákvæði í þessu frv. til þess að gæta samræmis við lög frá 1963 þrátt fyrir eignarnámsákvæði skipulagslaga.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða um efni

þessa frv. Ég leyfi mér að leggja til að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Davíð Aðalsteinsson: Herra forseti. Ég vil lýsa því yfir fyrst, að að mörgu leyti er þetta hið besta mál. Ég vil þó víkja örfáum orðum að því eða jafnvel spyrja hæstv. ráðh. að því, hvort fram hafi komið í umfjöllun nefndarinnar að eðlilegt væri að ráðstöfunarfé sjóðsins nái til strjálbýlishreppa eða strjálbýlissveitarfélaga sem og kaupstaða og kauptúna. Nú vil ég ekki draga úr því, að þörf kauptúna og kaupstaða fyrir fjármagn til að standa í landakaupum er allmikil, hefur verið það og mun verða á næstu árum, en í mörgum tilfellum er ekki síður þörf sveitarfélaga í strjálbýli fyrir fjármagn til að kaupa land. Gæti hæstv. ráðh. svarað því í stuttu máli?

Í annan stað dettur mér í hug að það geti e. t. v. komið til togstreitu í sambandi við þetta frv. eða ákvörðun um það, hvort veita skuli fé úr þessum sjóði. Gert er ráð fyrir því að sjálfsögðu, að sveitarfélögin semji við landeiganda um verð. Nú getur svo farið að það verði samkomulag milli þessara tveggja aðila, en rn. vilji ekki samþykkja þá ráðagerð eða verðið og synji um lán. Verður þá að fara fram eignarnám til þess að lánað verði?

Ég vildi að ráðh. viki að þessu. Að öðru leyti sýnist mér þetta hið ágætasta mál, en ég hefði, eins og ég áður sagði, kosið að frv. næði til strjálbýlishreppa.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Varðandi þær fsp., sem hv. 3. þm. Vesturl. hefur hér borið fram, er það að segja í fyrsta lagi, að það er í landbrn. sérstakur sjóður sem notaður er til að styðja sveitahreppa við kaup á jörðum. Það var engin afstaða tekin til þess við meðferð þessa máls, hvort þessa sjóði ætti að sameina. Nefndin fékk ekki það hlutverk að gera slíkt og þess vegna lagði hún enga tillögu fyrir um það efni.

Mér finnst þetta vera þannig lagað mál, að það sé sjálfsagt að hv. félmn. athugi þessa hlið málsins og þessa hugmynd hv. þm. Mér finnst það ekkert fráleitt að þetta verði skoðað í samhengi, en ég legg á það nokkra áherslu að þetta mál fái afgreiðslu þannig að Landakaupasjóður kaupstaða og kauptúna verði einhvers megnugur hið fyrsta.

Ég skildi hv. þm. þannig, að hann spyrði um álit mitt á því, hvað gerðist ef upp kæmi ágreiningur rn. annars vegar og sveitarfélags og landeigenda hins vegar. Ég lít þannig til, að í slíkum tilvikum eigi rn. að hafa samband og samráð við Samband ísl. sveitarfélaga. En einnig þetta atriði finnst mér vel koma til greina, að nefndin skoði og skjóti þá jafnvel inn ákvæði um hvernig með skuli fara ef ágreiningsefni af þessu tagi koma upp.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Aðeins örfá orð.

Mér sýnist svo sem með þessu frv. sé stefnt í rétta átt, en vildi þó við þessa umr. ekki láta hjá líða að minna á annað frv., sem er í meðförum þessarar deildar og er nú í nefnd og verður vonandi fljótlega afgreitt þaðan, sem er um breytingu á lögum um framkvæmd eignarnáms í þá veru, að þegar mat fer fram við eignarnám verði ekki tekið tillit til hins aukna verðmætis sem land hlýtur vegna skipulagsaðgerða, vegna þess að það gæti orðið dýrmætt undir byggingarlóðir eða yfirleitt vegna aðgerða sem landeigandi hefur sjálfur ekkert haft með að gera, verðmætisaukningar sem er eingöngu til komin vegna aðgerða samfélagsins og er ekki á neinn hátt á vegum eða að þakka eiganda þess lands sem þar um ræðir.

Ég held, að það sé ákaflega brýnt að það mál hljóti afgreiðslu, og lýsi jafnframt stuðningi við frv. sem hér er nú til umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. um 11 shlj. atkv. og til félmn. með 12 shlj. atkv.

Norðurlandasamningur um félagslegt öryggi, frv. (þskj. 522, n. 586). — 2. umr.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Heilbr.- og trn. hefur haft til umfjöllunar frv. til laga um heimild fyrir ríkisstj. til að fullgilda fyrir Íslands hönd Norðurlandasamning um félagslegt öryggi. Nefndin hefur fjallað um þetta frv. á einum fundi og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Eins og kunnugt er kveður 1. gr. frv. á um heimild fyrir ríkisstj. til að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um félagslegt öryggi, sem undirritaður var í Kaupmannahöfn 5. mars s. l. Er þessi samningur prentaður sem fskj. með frv.

Samkv. 2. gr. er gert ráð fyrir að ákvæði samningsins hafi lagagildi hér á landi.

Ég tel rétt, til þess að hv. þdm. glöggvi sig á því hvað hér er um að ræða, að ég stikli á stóru í athugasemdum með þessu lagafrv., með leyfi forseta.

Með frv. þessu er leitað heimildar til fullgildingar samnings Norðurlanda um félagslegt öryggi sem undirritaður var, eins og áður var sagt, 5. mars 1981 og kemur í stað samnings um sama efni frá 15. sept. 1955.

Með lögum nr. 53 9. apríl 1956 var ríkisstjórn Íslands veitt heimild til að staðfesta ofangreindan samning frá 15. sept. 1955 og jafnframt var kveðið svo á í lögunum að ákvæði samningsins skyldu hafa lagagildi hér á landi. Síðan hafa margsinnis verið gerðar á honum breytingar sem nauðsynlegar hafa reynst vegna breytinga á löggjöf aðildarríkjanna. Með lögum nr. 21 9. apríl 1962 var veitt heimild til að staðfesta breytingu frá 13. sept. 1961. Aðrar breytingar hafa hins vegar verið gerðar innan ramma almannatrygginga að því er Ísland hefur varðað, og með hliðsjón af ákvæði 78. gr. almannatryggingalaga um heimild til samninga við erlend ríki hefur ekki verið leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á breytingum þessum. Auk samningsins um félagslegt öryggi eru nú í gildi tveir aðrir samningar milli Norðurlanda á því sviði, sem um er fjallað í honum, samningur frá 6. febr. 1975 um bætur vegna veikinda, meðgöngu og barnsburðar og samningur frá 28. júní 1976 um reglur varðandi viðurkenningu á ráðthæfingarskeiði vegna réttar til dagpeninga fyrir þá sem tryggðir eru gegn atvinnuleysi.

Sú heildarendurskoðun samningsins frá 1955, sem hér er um að ræða, hefur farið fram að frumkvæði félagsmálanefndar Norðurlandaráðs. Hafa fulltrúar frá hlutaðeigandi ráðuneytum unnið að gerð hins nýja samnings, og af Íslands hálfu hefur fulltrúi frá heilbr.- og trmrn. tekið þátt í því starfi.

Það er nýmæli í hinum nýja samningi, að tekin eru af öll tvímæli um að hann skuli taka til tryggingagjalda ekki síður en tryggingabóta. Óvissa í þessu efni hefur á liðnum árum valdið því, að í sumum tilvikum hefur ýmist átt sér

stað tvígreiðsla gjalda eða gjaldfrelsi. Enn fremur eru í samningnum ákvæði um greiðslu ferðakostnaðar manna, sem veikjast eða slasast á ferðalögum á Norðurlöndum utan heimalands síns, en lausn þess máls hefur um langt skeið verið meðal áhugamála Norðurlandaráðs. Loks má nefna ákvæði um að biðtími annars staðar á Norðurlöndum nýtist þegar úrskurða skal um rétt til viðbótarlífeyris úr lífeyrissjóði.

Gert er ráð fyrir að íslenska lífeyrissjóðakerfið falli undir hinn nýja samning og tengist þannig allsherjarkerfi lífeyrissjóða hinna samningslandanna. Af því leiðir að varðveist getur réttur sem ella mundi glatast þegar um er að ræða starf um skamman tíma utan heimalands, og enn fremur dregur mjög úr þeirri áhættu sem að jafnaði fylgir því að hverfa úr einu tryggingakerfi yfir í annað. Með þessu er sú kvöð lögð á lífeyrissjóði, að við ákvörðun um lífeyrisrétt skal litið á réttindatíma á Norðurlöndum í heild eftir því sem þörf krefur. Um flutning réttinda milli landa er hins vegar ekki að ræða. Ákvæði frv. um lagagildi samningsins skipta ekki síst máli í þessu sambandi, þar sem í lögum og reglugerðum lífeyrissjóða eru yfirleitt gerðar kröfur um lágmarksiðgjaldagreiðslutíma til þess að um lífeyrisrétt geti orðið að ræða.

Herra forseti. Ég taldi rétt að fara yfir athugasemdirnar. Það er jafnan svo, að í athugasemdum er gerð glögg grein fyrir helstu atriðum þess sem fram er lagt.

Ég vil að lokum stikla á stærstu atriðum að því er varðar þennan samning. Þessi samningur tekur til allra þeirra laga í norrænum löndum sem á hverjum tíma gilda um eftirtaldar greinar hins félagslega réttindakerfis:

a) bætur vegna veikinda, barnsfæðinga eða ættleiðinga,
b) bætur vegna örorku, elli eða dauða,
c) bætur vegna vinnuslysa og atvinnusjúkdóma,
d) bætur vegna atvinnuleysis,
e) almennar bætur í peningum til barna,
f) félagslega aðstoð.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að tefja tíma deildarinnar lengur á þessum lestri, en vil að lokum segja það, að hér er aðeins um að ræða einn hluta af fjölþættu starfi sem við tökum þátt í á vegum Norðurlanda.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Efri deild, 72. fundur.

Mánudaginn 6. apríl, að loknum 71. fundi.

Lánsfjárlög 1981, frv. (þskj. 430, n. 600, 601 og 602, 442, 562, 599, 604, 606, 609). — 2. umr.

Of skammt liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. þessarar deildar hefur fjallað ítarlega um það frv. til lánsfjárlaga, sem hér liggur fyrir, og haft samvinnu við fjh.- og viðskn. Nd. um málið. Í n. hafa verið haldnir fjölmargir fundir þar sem rætt hefur verið um einstaka þætti frv. og aflað hefur verið gagna og upplýsinga frá fjölmörgum aðilum, sem taldir eru upp í nál. meiri hl. á þskj. 600.

Ég er þeirrar skoðunar, að Alþingi þurfi að gefa sér góðan tíma til að fjalla um frv. til lánsfjárlaga hverju sinni. Reyndar finnst mér koma til greina að starfshættir fjárhags- og viðskiptanefnda þingsins í meðferð frv. af þessu tagi taki meira mið af starfsháttum fjvn. en gert hefur verið til þessa. Með þessum orðum á ég einkum við að nauðsynlegt er að þingið kalli til sín til ítarlegri viðræðna en gert hefur verið til þessa þá aðila, bæði opinberar stofnanir og sjóði, hagsmunasamtök og aðra aðila sem þetta mál snertir, og ræði við þá mun ítarlegar er gert hefur verið á undanförnum árum um þær fjárveitingar og þá fjárfestingarstefnu sem í þessu frv. felst.

Fjh.- og viðskn. beggja deilda þingsins óskuðu eftir því, að þeim yrðu send gögn sem fælu í sér lýsingu á fjármögnun og útlánaáætlunum þeirra sjóða og opinberra aðila sem hér eru til meðferðar, bæði stofnana, fyrirtækja og annarra aðila. Vissulega fékk n. ýmsar veigamiklar upplýsingar með þessum hætti. Samt sem áður vil ég lýsa þeirri skoðun minni hér, að æskilegra væri í framtíðinni að fjh.- og viðskiptanefndir þingsins tækju fyrr til meðferðar frv. til lánsfjárlaga og ættu, eins og ég sagði áðan, ítarlegar viðræður við alla þá aðila, sem þetta mál snertir, um fjárfestingar þeirra og útlánastefnu og fjármögnunaráætlanir eftir því sem við á. Ég vona að þeir aðilar eða einstaklingar, sem koma til með að sitja í fjárhags- og viðskiptanefndum á næsta þingi, hafi tækifæri til að taka upp vinnubrögð af því tagi og haldi áfram á þeirri braut sem hér hefur að nokkru leyti verið mörkuð.

Ég vil í þessu sambandi þakka sérstaklega stjórnarandstæðingum í báðum þessum nefndum fyrir mjög góða samvinnu við meðferð málsins. Ég er viss um að sú skoðun, sem ég hef hér lýst um ítarlegri athugun þingsins á þeim framkvæmdum og fjárhagsaðgerðum sem frv. til lánsfjárlaga felur í sér, nánari athugun þingsins á þessum málum, er sameiginlegt áhugamál alveg óháð því hvort þm. tilheyra stjórn eða stjórnarandstöðu.

Persónulega tel ég að við höfum gengið of langt á þeirri braut að þessum veigamiklu málum sé nánast eingöngu ráðið til lykta í samningaviðræðum ráðuneyta og viðkomandi sjóða og framkvæmdaaðila, það sé orðið of algengt að menn líti svo á að verkefni þingsins sé nánast að skrifa upp á þá niðurstöðu sem fengist hefur í samningaviðræðum þessara aðila, framkvæmdavaldsins og stofnana, sem því tilheyra, eða annara aðila sem koma inn í undirbúning þessa frv. Ég held að þetta sé alveg óháð því hvaða ríkisstj. á í hlut. Þetta er hægfara þróun sem hefur verið að gerast hér smátt og smátt. Nauðsynlegt er að þingið láti meira til sín taka í meðferð málsins en hingað til. Ég vona að þeir einstaklingar, sem munu sitja í fjárhags- og viðskiptanefndum næsta þings, geti átt góða samvinnu við þá sem fara með undirbúning frv. til lánsfjárlaga, svo að jafnvel nefndirnar geti komið inn í málið á undirbúningsstigi og gefið sér betri tíma til að skoða einstaka þætti þess með gagnrýnari hætti en gert hefur verið nú — þótt ég sé á engan hátt að draga úr þeim vinnubrögðum sem nefndin hefur viðhaft. Þetta er ákveðið stjórnkerfisvandamál sem við eigum hér við að

glíma og nauðsynlegt er að leysa ef hlutur þingsins í raunverulegri ákvarðanatöku í þessum efnum á að verða meiri en nafnið tómt.

Þessi orð, herra forseti, vildi ég mæla af þessu tilefni til að þau lægju hér ljós fyrir, og mætti e. t. v. vitna til þeirra síðar sem viðspyrnu í því að þingið skipi sér hér til meiri þátttöku. Ég met það a. m. k. svo, eins og ég sagði áðan, að í þessu efni mæli ég ekki aðeins fyrir mína hönd, heldur einnig félaga minna í báðum nefndum þingsins.

Eins og fram kemur í nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. flytur meiri hl. nokkrar brtt. við frv. Þær fela í sér ýmsar leiðréttingar og hækkanir sem gerðar eru af ýmsum ástæðum. Vil ég þar greina m. a. að lánsfé til vegaframkvæmda er hækkað til samræmis við fyrri áætlanir, að Kísiliðjunni við Mývatn er veitt fyrirgreiðsla vegna rekstrarerfiðleika, að hitaveitur í nokkrum byggðarlögum og héruðum á landinu fá viðbótarfyrirheit um lánveitingar vegna sérstakra erfiðleika sem þær hafa lent í, bæði á sviði rekstrar og framkvæmda, að teknar eru inn í frv. hafnarframkvæmdir vegna skipaiðnaðar hjá ýmsum bæjarfélögum á landinu og fjárveiting til eflingar skipastólsins er hækkuð úr 15 þús. í 18 500 þús. kr. Þar með eru flest þau atriði, sem við leggjum hér til, upp talin. Til viðbótar má þó nefna að inn er tekin lánveiting vegna niðurstöðu dómsúrskurðar um kaup á margfrægum hver í Borgarfirði, sem er nauðsynlegur þáttur í eflingu Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, Deildartunguhver. Enn fremur er veitt fyrirgreiðsla til að setja upp í tilraunaskyni sérstakan útbúnað við fiskimjölsverksmiðjur þar sem útblástur þeirra er nýttur til orkusköpunar á nýjan leik.

Þessu til viðbótar er rétt að geta þess, að við leggjum einnig til að brtt. á þskj. 562 frá Guðmundi Karlssyni, þar sem framkvæmd ákvæðanna í 25. gr. er bundin við árið 1981, verði samþykkt.

Það hefur komið fram, herra forseti, í framsöguræðu hæstv. fjmrh. fyrir þessu frv. og jafnframt í mjög greinagóðri ræðu sem hæstv. forsrh. flutti í Sþ. í dag, að þetta frv. felur í sér mjög veigamikinn þátt í þeirri fjárfestingar- og atvinnustefnu sem ríkisstj. hefur beitt sér fyrir og mun beita sér fyrir. Í þessu frv. eru lögð veigamikil drög að einhverjum umfangsmestu framkvæmdum á sviði orkumála sem við höfum staðið í um langt skeið — varanlegum framkvæmdum sérstaklega á sviði hitaveitna sem gerbreyta ýmsum grundvallarþáttum í orkubúskap okkar og eru veigamikið spor í þá átt að draga úr nauðsyn þjóðarinnar á innfluttu eldsneyti. Jafnframt er í þessu frv. að finna grundvöll að þeirri atvinnustefnu á sviði sjávarútvegs og iðnaðar og einnig landbúnaðar sem ríkisstj. vill hafa í heiðri á því ári sem nú er að líða.

Þegar þær tillögur, sem hér koma til 2. umr., eru tengdar því fjárlagafrv., sem afgreitt var fyrir jól, er ljóst að núv. hæstv. ríkisstj. hefur í senn með þessum tveimur veigamiklu frv. lagt grundvöllinn að öruggri atvinnu í landinu og uppbyggingu lífskjara þjóðarinnar á þann veg að bæði á sviði atvinnumála og orkumála skapist aðstaða til þess, að á sama tíma og aðrar þjóðir búa við vaxandi atvinnuleysi og rýrnandi lífskjör, geti Íslendingar, ein af fáum þjóðum á Vesturlöndum, stefnt áfram til batnandi lífskjara. Þess vegna er eðlilegt að inn í umr. um þetta frv. blandist umræður um efnahags- og atvinnumálastefnuna almennt.

Við, sem að þessu frv. stöndum og leggjum til að það verði samþykkt, gerum það m. a. með þeirri meginröksemd, að það er einn af undirstöðuþáttum þeirrar atvinnu-, efnahags- og framfarastefnu sem núv. ríkisstj. hefur beitt sér fyrir.

Frsm. 2. minni hl. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Mér er ljúft og skylt að taka undir orð formanns hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar um vinnubrögð í nefndinni að því er varðar undirbúning að afgreiðslu þessa máls. Það hefur að mörgu leyti verið vel að þeirri vinnu staðið. Því miður verð ég að koma að því síðar í þessari yfirgripsmiklu og ítarlegu ræðu, sem ég flyt um þetta mál í þann hóp góðmenna sem hér er, en ekki er að sama skapi mikið fjölmenni, að sama verður ekki sagt um hæstv. ríkisstj., þ. e. að hún hafi vel að þessu máli staðið. — En ég vil taka undir orð formanns fjh.- og viðskn., að það er hin mesta nauðsyn að fjh.- og viðskn. beggja deilda Alþingis skoði betur frv. til lánsfjárlaga sjálfstætt, eins og raunar hefur verið reynt að gera núna. Þrátt fyrir það hefur margt skort á að slíkt væri í rauninni hægt á eðlilegan hátt og ekki síst að svonefnd fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstj. hefur ekki legið fyrir fyrr en fyrir nokkrum dögum þrátt fyrir að hún hefði átt að liggja frammi þegar fjárlagafrv. var lagt fram, eins og lög mæla fyrir.

Í þessu frv. til lánsfjárlaga og þeirri skýrslu um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun, sem fylgir frv., kemur fram á hliðstæðan hátt og í gildandi fjárlögum að núv. ríkisstj. fylgir sem fyrr ómengaðri vinstri stefnu í ríkisfjármálum, lána- og fjárfestingarmálum og öðrum þáttum efnahagsmála. Hvergi er slakað á þenslu ríkisútgjalda, skattheimtu, lántökum til hins opinbera né þrúgandi ríkisafskiptum og miðstýringu sem leitt hafa til stöðnunar þjóðarframleiðslu, óðaverðbólgu, versnandi lífskjara og hættu á atvinnuleysi.

Brbl. ríkisstj. á gamlársdag um viðnám gegn verðbólgu breyttu engu í grundvallaratriðum um þessa meginstefnu. Með skerðingu á verðbótum kaups og bóta almannatrygginga tókst að vísu að draga úr því verðbólguflóði, sem ríkisstj. sjálf átti mestan þátt í að efna til á síðari hluta árs í fyrra, og kippa til baka grunnkaupshækkunum launþega. Þannig er verðbólgu á þessu ári spáð hliðstæðri og þeirri sem spáð var í fyrra um þetta leyti, ef ríkisstj. héldi að sér höndum og hefðist ekki að í efnahagsmálum.

Næsta haust, þegar kemur að gerð nýrra kjarasamninga, verður að óbreyttri stefnu í efnahagsmálum við nákvæmlega sama vanda að glíma og í fyrrahaust, þ. e. um og yfir 50% verðbólgu, kaupmáttarrýrnun um 5—6% frá síðasta ársfjórðungi 1980 þrátt fyrir grunnkaupshækkun í fyrra og að öllum líkindum að auki samdrátt í atvinnulífi og atvinnuleysi. Þetta er þeim mun hörmulegra þar sem sýnt er að viðskiptakjör muni ekki versna sem neinu nemur á þessu ári í samanburði við verulega rýrnun á árunum 1979 og 1980.

Þær forsendur, sem þetta frv. til lánsfjárlaga er byggt á, eru m. a. að verðbólgan verði að meðaltali milli áranna 1980 og 1981 42%. Þessi forsenda er auðvitað gjörsamlega brostin og sama gildir um sömu verðforsendu fjárlaga. Í fyrra reyndist verðbólgan um 60% frá ársbyrjun til ársloka, og jafnvel þótt verðbólga verði um 40% á yfirstandandi ári, sem engar líkur eru þó á, verður meðaltal verðbólgu milli áranna 1980 og 1981 miklu hærra en 42%. Þetta er viðurkennt beinum orðum í skýrslu ríkisstj. um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir

1981. Þar segir svo, orðrétt með leyfi hæstv. forseta: „Þótt takist að koma verðlagshækkunum niður undir 40% á árinu 1981 verður meðalhækkun milli áranna 1980 og 1981 nokkru meiri en fjárlög ársins miðast við, 42%."

Nær sanni mun að verðbólga milli áranna 1980 og 1981 verði að meðaltali ekki minni en 52—55%. Þetta þýðir að lántökur, einkum erlendar, verða meiri en áætlunin gerir ráð fyrir, ef halda á í við framkvæmdamátt, fjárfesting verður meiri en gert er ráð fyrir og að einhverju leyti bitnar þetta á framkvæmdum og kemur fram í niðurskurði að raungildi, svo sem nú er ljóst að verður t. d. í vegamálum. Alla þessa síðbúnu fjárfestingar- og lánsfjáráætlun, sem þessu frv. er ætlað að staðfesta, þarf því að líta á með ótal fyrirvörum eins og annað sem ríkisstj. lætur frá sér fara um efnahagsmál.

Megineinkenni frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1981 eru þau sömu og lánsfjárlaga s. l. árs, en þau voru fyrstu lánsfjárlög núv. ríkisstj. Þessi megineinkenni eru að því er varðar stýringu lánsfjár og fjárfestingar sem hér segir:

1) Heildarfjárfesting er enn um eða yfir 26% af þjóðarframleiðslu þrátt fyrir áformaðan magnsamdrátt í stórvirkjunum, stóriðju- og hitaveituframkvæmdum.

2) Opinberar framkvæmdir aukast enn að magni til þriðja árið í röð og það er eini meginliður fjármunamyndunar í landinu sem þróast þannig.

3)Stórfelldur samdráttur er fyrirhugaður í fjármunamyndun atvinnuveganna, eða 12.6% að magni til, og fyrirsjáanlegur er samdráttur í íbúðabyggingum þriðja árið í röð.

4) Erlend lánsfjáröflun til opinberra framkvæmda er aukin um rúmlega 1 milljarð nýkr. (100 milljarða gkr.), eða tæp 105%, og heildarlántaka til opinberra aðila um 85%.

5) Erlendar skuldir í árslok 1980 voru tæplega 6 milljarðar nýkr. miðað við áramótagengi. Áformað er að taka ný erlend lán um 1.5 milljarð nýkr. á árinu. Þetta þýðir 71.4% hækkun erlendra skulda að raungildi í erlendri mynt á fjórum árum.

6) Greiðslubyrði erlendra lána verður á næsta ári 15.7—16.4% af útflutningstekjum og skuldastaðan 36.6 af þjóðarframleiðslu í árslok 1981. Greiðslubyrði í prósentum af útflutningstekjum var til samanburðar árið 1977 13.7% og skuldastaðan 31.6% af þjóðarframleiðslu. — Þannig hefur sigið á ógæfuhliðina að þessu leyti um nærri 5%. Skuldastaðan hefur versnað um nærri 5% af þjóðarframleiðslu á þessu tímabili.

7) Haldið er áfram niðurskurði á framlögum ríkissjóðs af samtímaskatttekjum til framkvæmda eins og gert hefur verið síðustu ár, en lána aflað að hluta til þess að halda uppi framkvæmdum. Þetta er í raun nýtt form á hallarekstri ríkisstjóðs.

Í skýrslu ríkisstj. um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1981 er samkv. lögum byggt á nýjustu spá Þjóðhagstofnunar um framvindu efnahagsmála á árinu. Ýmis gögn hafa einnig komið fram í þingnefndum um þjóðhagshorfur og ekki úr vegi að gera örstutta grein fyrir nokkrum þáttum efnahagsmála á árinu eins og þeim er spáð í framangreindum gögnum.

Fyrst vil ég þá víkja að verðbólgunni. Það vekur athygli að sáralítið er fjallað um horfur um verðbólguþróun á þessu ári í skýrslunni um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstj., sem er gagnstætt venju. Þó er viðurkennt berum orðum, eins og ég sagði áðan, að forsendur áætlunarinnar um 42% verðbreytingu á milli ára 1980 og 1981 séu lægri en gera má ráð fyrir.

Þjóðhagsstofnun gaf út spá sem m. a. fól í sér mat á verðbólguþróun á árinu 1981, dags. 5. janúar s. l., þ. e. eftir útgáfu brbl. Í þessari spá er gert ráð fyrir að um 50% verðbólga verði á árinu 1981 frá ársbyrjun. Þetta er svo til nákvæmlega eins spá og Þjóðhagsstofnun gaf út um verðlagsþróun á árinu 1980 hinn 22. apríl það ár eða skömmu eftir að núv. ríkisstj. tók við völdum. Í forsendum þeirrar spár fyrir verðþróun 1980 segir orðrétt: „Í framangreindum spám er ekki gert ráð fyrir nýjum ráðstöfunum á sviði verðlagsmála sem fram kynnu að koma á næstunni". Verðbólguvexti var með öðrum orðum spáð um og yfir 50% á árinu 1980 ef ríkisstj. gerði hvorki gott né illt í verðbólgumálum.

Það er einkar fróðlegt að bera saman þessa spá Þjóðhagsstofnunar um verðbólgu á árinu 1980 og spána frá 5. jan. um verðbólgu á þessu ári. Sá samanburður lítur þannig út:

Hinn 1. júní 1980 átti verðbólgan að aukast um 11—11.5%. 1. júní í ár á hún að hækka um 10—11%. 1. sept. í fyrra átti verðbólgan samkv. þeirri spá að hækka um 9%. Nú á hún að hækka um 9%. 1. nóv. í fyrra átti verðbólgan að hækka um 10%. Nú á hún að hækka, samkv. nýrri spá Þjóðhagsstofnunar, um 11%.

Þessar spár eru nánast því eins. Báðar eru byggðar á óheftum framgangi víxlhækkana verðlags, búvöruverðs, fiskverðs, launa o. s. frv. og óbreyttri stefnu í efnahagsmálum. En hefur þá ekkert gerst? Á síðustu mánuðum ársins 1980 var samið um grunnkaupshækkanir sem ríkisstj. taldi ekki verðbólguhvetjandi. Ríkisstj. rauf þá stíflu sem hleypti fram miklu verðhækkunarflóði þannig að verðbólgan varð tæp 60% á árinu 1980 og stefndi í 70% á árinu 1981. Síðan hefur náðst sá „umtalsverði árangur" að kippa þeim grunnkaupshækkunum til baka, sem samið var um í lengstu kjarasamningum sem staðið hafa á síðustu árum hér á landi, og eyða áhrifum verðhækkunarflóðs ríkisstj. með brbl. „góðu" sem skertu verðbætur á kaup um 7% og einnig allar tegundir tryggingarbóta almannatrygginga. Niðurstaðan er samt sú, að áfram er hjakkað í sama verðbólgufarinu og í fyrra svo sem greinilega sést á framangreindum tölum um líklega þróun á árinu í samanburði við spár á s. l. ári.

Ég get upplýst það hér, að ég hef æ ofan í æ haft samband við sérfræðinga Þjóðhagsstofnunar um þá spá, sem þeir gerðu í janúar, og þeir segja að þeir haldi sig enn við þá spá og sjái ekkert sem breyti þeim niðurstöðum sem þeir komust að, m. a. að framfærsluvísitalan muni hækka um 10—11% 1. júní. Það er því mjög fróðlegt að fylgjast með þeim umræðum, sem nú fara fram um þessi mál, og heyra hvað hæstv. forsrh. sagði í Sþ. í dag um þetta efni, en þá held ég að ég fari rétt með að hann hafi fullyrt að Þjóðhagsstofnun spáði 40% verðbólgu frá ársbyrjun til ársloka á þessu ári. Það er einfaldlega ekki rétt. Eins og horfir nú spáir Þjóðhagsstofnun 50% verðbólgu frá ársbyrjun til ársloka.

Það er líka athyglisvert að fylgjast með þeim umræðum sem fram hafa farið núna á þingi Framsfl. um þessi mál. Framsfl. má eiga það, að hann leggur áherslu á það og forustumenn hans að gera þurfi eitthvað meira í viðnámi gegn verðbólgu á þessu ári en gert hefur verið til þess að hið margfræga mark um 40% náist. Framsfl. er núna kominn að þeirri niðurstöðu að vænlegast sé að grípa til þess ráðs að lækka óbeina skatta, vörugjald og

söluskatt, þannig að verðbólgan verði innan við 8% hinn 1. júní n. k. Ég sagði við formann Framsfl. í dag að ég hefði ekki í annan tíma orðið eins hissa — og hef ég þó oft orðið mjög hissa eftir að ég fór að taka þátt í pólitík — og þegar hann lagði þessar tillögur fram á þingi Framsfl. nokkrum dögum eftir að gervallur Framsfl. á Alþingi hafði fellt þessar till. fyrir okkur sjálfstæðismönnum. Við fluttum brtt. í þessari hv. deild um lækkun vörugjalds og söluskatts sem hefði numið um 2% í vísitölu 1. júní. Það er nokkuð nálægt því að þá hefði vísitalan orðið 8%, miðað við það sem Þjóðhagsstofnun spáir nú, en hún spáir, eins og ég sagði, 10—11% eins og hún gerði í jan. Ég hafði samband í dag við Þjóðhagsstofnun og hún staðfesti að þessi spá væri enn í fullu gildi, eins og jafnan hefur komið fram í þeim þingnefndum þar sem þetta mál hefur borið á góma. En það þýðir 50% verðbólgu á þessu ári.

Það má kannske bæta því við til upplýsinga fyrir hv. deild og af því að hæstv. ráðherrar eru nú komnir hér, að þótt þessi margfræga framfærsluvísitala hækkaði um 8% 1. maí og 1. júní og sama K-vísitala 1. júní, þá yrði verðbólgan á þessu ári, miðað við að ekkert væri meira að gert en koma vísitölunni niður í þessi 8%, á milli 47—48% á þessu ári frá ársbyrjun til ársloka. Betur má því ef duga skal, hæstv. ráðherrar, í glímu ykkar við þessa margfrægu verðbólgu. — Og ósköp fannst mér þeir undarlegir, útreikningar hæstv. ráðh. í þessum efnum í Sþ. í dag, en hann er náttúrlega, eins og kunnugt er, þekktur fyrir að kunna miklu betur að reikna út þessa vísitölu en aðrir menn.

Þá vil ég víkja að þróun viðskiptakjara og ummælum sem menn hafa haft hér á undanförnum árum um að verðbólga hér á landi væri meira eða minna innflutt, þ. e. að innflutningsverðlag hækki svo ört að það hafi veruleg áhrif á verðbólgu hér.

Á árinu er gert ráð fyrir 1—2% lakari viðskiptakjörum en á s. l. ári. Þá versnuðu þau um 3.5% og mun meira 1979. Þessi áætlun í ár sýnist mjög varfærnisleg og ljóst er að mikil breyting hefur orðið til batnaðar að þessu leyti, einkum vegna styrkingar dollarans. Þá hefur innflutningsverð á föstu gengi ekki hækkað eins og undanfarin ár, eða sem hér segir: 1979 varð 20% hækkun innflutningsverðs á föstu gengi, 1980 varð 13% hækkun og 1981 er aðeins spáð 7—8% hækkun innflutningsverðs. — Fráleitt er með öllu að rökstyðja þá verðbólguþróun, sem hér á landi er, með því að hún sé „innflutt" að miklu leyti. Þessi hagstæða þróun innflutningsverðlags kemur í engu fram í hjöðnun verðbólgu innanlands á þessum tíma, eins og fyrr er vikið að.

Þá vil ég víkja að kaupmætti launa og þjóðarframleiðslu.

Sú verðbólga, sem ár eftir ár er um og yfir 50%, hefur óhjákvæmilega þær afleiðingar að skekkja verðmætamat, brengla eðlilega fjármunamyndun og lama atvinnuvegina. Þetta kemur m. a. fram í minnkandi þjóðarframleiðslu á mann og versnandi lífskjörum. Aukning þjóðarframleiðslu á mann hefur farið minnkandi sem hér segir:

1977 jókst hún um 5.2%, 1978 um 3.6%, 1979 um 1.3% og 1980 um 1.3% og á þessu ári, þótt viðskiptakjör okkar rýrni mjög lítið, er henni spáð í núlli, þ. e. jafnvel frekar samdrætti í þjóðarframleiðslu á mann en hitt.

Þetta er umhugsunarvert, einkum ef það er haft í huga að botnfiskafli hefur aukist gífurlega hin síðari ár og varð sú aukning m. a. til þess á árinu 1980 að þjóðarframleiðslan óx um 1.5% meira en búist var við. Botnfiskaflinn varð einungis 470 þús. tonn 1978, en tæp 630 þús. tonn 1980, þ. e. 160 þús. tonnum meiri eða 34%. Á sama tíma óx þjóðarframleiðslan sáralítið og stendur í stað hin síðari ár samkv. spá þar um.

Kaupmáttur launa hefur farið ört minnkandi á sama tíma. Kaupmáttur kauptaxta launþega hefur rýrnað sem hér segir samkv. skýrslu forsrh. um þjóðhagsáætlun sem lögð var fyrir Alþingi í haust:

1977 jókst kaupmáttur launa — og þá er verið að tala um taxtakaup — um 11.8%, 1978 óx hann um 7.6%, 1979 rýrnaði hann um 1%, 1980 er gert ráð fyrir að hann rýrni um 5%, og á þessu ári er því spáð að kaupmáttur taxtakaups á fjórða ársfjórðungi 1980 til fjórða ársfjórðungs í ár rýrni um 5—6% og að meðaltali rýrni kaupmáttur kauptaxta um 2% á þessu ári þrátt fyrir grunnkaupshækkanir á s. l. ári.

Þetta er uppskera sem einhvern tíma hefði ekki verið talin stjórnvöldum til hróss og varla ef Alþb. hefði verið í stjórnarandstöðu — eða hvað segir hæstv. ráðh. Ragnar Arnalds um það?

Samkvæmt lánsfjáráætlun fyrir árið 1981 og brtt. meiri hl. fjh.- og viðskn. við frv. er stefnt að lántökum til opinberra framkvæmda á árinu sem nema 1357 millj. nýkr. Þessi fjárhæð nam samkv. lánsfjárlögunum 1980 734.3 millj. Hækkunin nemur því tæplega 85%. Af þessari lánsfjárhæð er ætlunin að afla 338.1 millj. á innlendum lánsfjármarkaði, sem er 43.7% hækkun frá því í fyrra, og 1019.4 millj. í erlendum lánum, sem er 104.7% hækkun frá lánsfjárlögum 1980. Erlendar lántökur til opinberra framkvæmda hafa þrefaldast í krónutölu samkv. lánsfjárlögum 1981 miðað við lántökur á árinu 1979. Þær námu þá sem svarar 301 millj. nýkr.

Framkvæmdir og ýmis útgjöld hins opinbera eru í stórvaxandi mæli fjármögnuð með lánsfé, einkum erlendum lántökum. Þetta er uggvænleg stefna, einkum ef það er haft í huga að skattar hafa verið hækkaðir gífurlega að raungildi frá og með árinu 1979, auk þess sem niðurskurður ýmissa fjárframlaga ríkissjóðs, m. a. til atvinnuveganna, hefur ekki komið fram í skattalækkun, heldur þvert á móti í aukinni eyðslu ríkissjóðs á öðrum sviðum. Þessi þróun kemur einnig mjög glöggt fram í skýrslunni um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1981. Þar er að finna (á bls. 28) töflu yfir hlutfall lánsfjár í fjármunamyndun. Heildarframkvæmdir hins opinbera eru samkv. þessari heimild fjármagnaðar með lánsfé sem hér segir:

1978 eru þær fjármagnaðar með 57.1% lánsfé, 1980 62.4% lánsfé og 1981 70.1% lánsfé.

Auknar lántökur til opinberra framkvæmda eru oft rökstuddar með þörf á auknum framkvæmdum á sviði orkumála. Engum blandast hugur um að virkjun vatns- og hitaorku í stórum stíl er grundvallarskilyrði efnahagslegra framfara í landinu og aukins atvinnuöryggis og efnalegs sjálfstæðis. Því miður nær þessi skýring skammt á þreföldun lántaka erlendis til opinberra framkvæmda á tveimur árum. Magnaukning framkvæmda á sviði virkjana og hitaveitna hefur vissulega orðið nokkur á árunum 1979—1980, en á yfirstandandi ári er spáð samdrætti í framkvæmdum á þessum sviðum.

Samkv. skýrslum um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1981 breytist magn framkvæmda á sviði virkjana, stóriðju, hita- og vatnsveitna sem hér segir:

Framkvæmdir við Þjórsárvirkjanir, Króflu virkjun, álver og járnblendi eru taldar dragast saman að magni til 4.2% og framkvæmdir við hita- og vatnsveitur um 3.9% að magni til samkv. skýrslunni, hitaveitur nokkru meira en vatnsveitur þannig að framkvæmdir við hitaveitur dragast saman um 4.2% að magni til.

Ekki fer á milli mála að skýringanna á síauknum lántökum til opinberra framkvæmda er síður en svo einvörðungu að leita í auknum orkuframkvæmdum, heldur er ekki síður um að kenna þeirra vinstri stefnu í ríkisfjármálum að þenja eyðsluútgjöld ríkissjóðs umfram skattahækkanir. Fangaráðið verður þá m. a. að skerða framlög ríkissjóðs af skatttekjum til framkvæmda, en taka lán í staðinn. Sjónarspilið þarf að hafa sinn gang.

Mikilvæg og uggvænleg skýring á aukinni lánsfjárþörf til opinberra framkvæmda, sem hefur aukist úr 57.1% af heildarfjárfestingu árið 1979 í rúm 70% árið 1981 samkv. lánsfjáráætlun, er enn fremur sú, að ein bestu og arðbærustu fyrirtæki landsmanna — orkuvinnslufyrirtækin — eru knúin til að selja vörur sínar undir kostnaðarverði og hafa því þeim mun minna úr að spila til að standa sjálf undir eðlilegum hluta af framkvæmdakostnaði nýrra orkuvera. Dæmi um þetta er verðlagning á orku Hitaveitu Reykjavíkur og Landsvirkjunar, en þessi fyrirtæki hafa nú fyrir bragðið miklu minna fjármagn til arðbærra framkvæmda en eðlilegt er.

Sú vinstri stefna í ríkisfjármálum að auka eyðsluútgjöld ríkissjóðs umfram skattahækkanir, minnka framlög ríkissjóðs til framkvæmda, en taka heldur lán til þess að sýnast í bili og láta framtíðinni eftir að borga, kemur glöggt fram í framkvæmdum á sviði vegamála. Frá 1979 hafa bensínskattar í ríkissjóð hækkað að raungildi um 35%. Framlög af þessum skatttekjum til vegamála hafa heldur lækkað en hitt, en lántökur tvöfaldast að meðaltali 1980 og 1981 miðað við árið 1979. Nýbyggingar vega og brúa hafa þó ekki aukist að magni til ef tekið er meðaltal framkvæmda þrjú árin 1979—1981 og borið saman við meðaltal framkvæmda á ríkisstjórnarárum Geirs Hallgrímssonar.

Skólabókardæmið er því þetta: Ekkert af 35% hækkun skatta á bensín fer til vegaframkvæmda. Lán eru slegin og þyngja verður skattana eftir nokkur ár til þessa að borga lánin sem þó nægja einungis til þess að hjakka í sama farinu með magn vegaframkvæmda ef litið er til síðustu þriggja ára. Vegaframkvæmdir eru þó arðbærasta fjárfesting næst orkumálum sem unnt er að verja til opinberu fé. Ljóst er að til slíkra framkvæmda er réttlætanlegt að taka lán, en betur væri allur almenningur settur ef sú gífurlega hækkun skatta á bensín, sem orðið hefur síðustu árin, væri til ráðstöfunar til vegaframkvæmda og afborgana af vegagerðarlánum í stað þess að þessir fjármunir fara í eyðsluhít ríkissjóðs.

Það vekur athygli að lántökur til A- og B-hluta ríkissjóðs hækka meira en heildarlántaka til opinberra framkvæmda eða um 91.8% í samanburði við 84.8% til allra opinberra þarfa, en það gefur enn til kynna að hér er verið að slá víxla á framtíðina og reka ríkissjóð með auknum lántökum og raunverulegum halla.

Í fyrra var stefnt að þreföldun á lántökum til opinberra framkvæmda á innlendum lánsfjármarkaði til þess að fá fram lækkun erlendrar lántöku á pappírnum. Þetta tókst ekki, enda var hér um algjöra óskhyggju að ræða miðað við ríkjandi aðstæður. Einkum tókst ekki að fá lífeyrissjóði til að kaupa þau verðbréf sem stefnt var að. Í ár er um raunsærri áætlun að þessu leyti að ræða, einkum ef vel tekst til um verðtryggingu innlána, sem ætti í sjálfu sér að auka sparnað í bankakerfinu þótt reynst geti örðugt við ríkjandi aðstæður fyrir atvinnureksturinn að mæta kostnaðarauka þeirrar vaxta- og verðtryggingarstefnu.

Eins og kunnugt er ákvað ríkisstj. að bankar og sparisjóðir skyldu hafa á boðstólum innlánsreikninga sem bundnir væru einungis til sex mánaða og bera fulla verðtryggingu samkv. lánskjaravísitölu og 1% vexti. Sé litið á þessa ráðstöfun án samhengis við aðra þætti í stefnu ríkisstj. í efnahagsmálum er hún heilbrigð. Hún bætir kjör sparifjáreigenda og ætti að stuðla að aukinni sparifjármyndun. En vafasamt er að tekin hafi verið ákvörðun um meiri hávaxtastefnu í einu stökki og kemur það spánskt fyrir sjónir í öllu tali núverandi stjórnarflokka um nauðsyn lækkunar vaxta hjá atvinnuvegunum.

Atvinnuvegirnir eru í spennitreyju verðlagshafta og falskrar gengisskráningar. Við slíkar aðstæður getur slík lögboðin hávaxtastefna og áframhaldandi verðbólga, sem engin merki eru um að verði minni en 50% á þessu ári, komið mörgum fyrirtækjum í greiðsluþrot og teflt atvinnuöryggi í tvísýnu.

Fyrir skömmu var haldinn svæðisfundur kaupfélaga á Suðurlandi. Þar var samþykkt athyglisverð ályktun þar sem uggur kemur fram einmitt um þetta og „að fjölmörg verslunar- og iðnfyrirtæki í landinu séu komin í þrot". Ályktun þessi á erindi í umræðu um efnahagsmál á Alþingi um þessar mundir, og einkum ættu stjórnarsinnar — og alveg sérstaklega framsóknarmenn — að lesa hana kvölds og morgna. Skal hún yfir höfð hér í heild, með leyfi hæstv. forseta:

„Svæðisfundur Samvinnuhreyfingarinnar á Suðurlandi, haldinn að Hvoli 21. mars 1981, fagnar þeim efnahagsráðstöfunum sem gerðar hafa verið á þessu ári til þess að draga úr verðbólgu og lækka vexti. Þó telur fundurinn þessar ráðstafanir lítils eða einskis virði nema þeim sé fylgt eftir með öflugum aðgerðum til frekari niðurfærslu verðbólgunnar og vaxtalækkun.

Fundurinn bendir á, að atvinnufyrirtækin geta ekki staðið undir þeim fjármagnskostnaði sem verðbólguvextirnir hafa í för með sér, enda eru fjölmörg verslunar- og iðnfyrirtæki í landinu algjörlega komin í þrot með rekstrarfé og rekstrargrundvöllur brostinn, og þar með er atvinnuöryggi fjölda fólks stefnt í hættu. Fundurinn skorar á ríkisstj., Alþingi og aðra, sem hlut eiga að máli, að taka höndum saman til þess að búa þessum atvinnu- og þjónustufyrirtækjum viðunandi rekstrargrundvöll."

Ég held, eins og ég sagði áðan, að þessi ályktun eigi fullt erindi í umræður hér á hinu háa Alþingi og hæstv. ríkisstj. mætti taka hana til sérstakrar athugunar miðað við stefnu sína nú.

Samkv. skýrslunni um lánsfjáráætlun 1981 og brtt. meiri hl. fjh.- og viðskn. munu útlán fjárfestingarlánasjóða nema 1023 millj. nýkr., sem er rúmlega 59% hækkun frá því í fyrra. Fjármögnun sjóðanna er með þrennum hætti: 1) eigið fé, 2) framlög úr ríkissjóði og 3) lánsfé. Hluti lánsfjár hefur aukist mjög undanfarin ár. Hann nam 48.2% 1978, 59.7% 1979 og mun nema 67.5% 1981 eða $^2/_3$ af útlánagetu sjóðanna. Þetta er ekki með öllu óeðlileg þróun út af fyrir sig, þar sem útlán eru í vaxandi mæli með sambærilegum kjörum og lán sem sjóðirnir taka. Á hinn bóginn hefur þetta valdið sífelldri raunvaxtahækkun fyrir atvinnuvegina sem hætt er við að

geti valdið samdrætti og atvinnuleysi við þær aðstæður sem ríkja á öðrum sviðum í efnahagslífinu, eins og ég vék að áðan.

Athyglisvert er að útlánageta atvinnuvegasjóðanna eykst einungis um 37.7% frá því í fyrra og verður örugglega langt undir verðbólguvexti. Þetta undirstrikar það hrikalega skilningsleysi ríkisstj. í atvinnumálum sem kemur fram í hinum fjölbreytilegustu myndum.

Atvinnumálastefna hæstv. ríkisstj. kemur ekki síst fram í því, hverju sérfræðingar hennar spá um fjármunamyndun atvinnuveganna á yfirstandandi ári. Um það mun ég fjalla síðar í öðru samhengi, en ástæða er til að undirstrika að í gögnum Fiskveiðasjóðs, sem bárust fjh.- og viðskn., er útilokað að gera sér grein fyrir því, hvort eða hvernig ríkisstj. hugsar sér að halda í horfinu með innlendar skipasmíðar þar sem einungis er gert ráð fyrir að lána til þeirra skipa sem nú þegar hefur verið samið um smíði á.

Ef vikið er að húsnæðislánasjóðunum og stefnunni í húsnæðismálum kemur fram í þessu frv. að innsigluð er sú stefna í húsnæðismálum sem kom fram í fjárlagafrv. ríkisstj. Í þeirri stefnu felst raunar kúvending í húsnæðismálum. Gert er ráð fyrir að skerða stórlega útlánagetu Byggingarsjóðs ríkisins til almennra útlána og eru framlög ríkissjóðs til hans skert samkv. nýsamþykktum lögum frá Alþingi um 138 millj. nýkr. eða 13.8 milljarða g.kr. Að vísu er gert ráð fyrir að auka framlög til Byggingarsjóðs verkamanna á móti, en séu þessi framlög til beggja sjóðanna lögð saman er skerðing framlaga ríkissjóðs samt sem áður 5-6 milljarðar gkr. til beggja sjóðanna.

Þessi skerðing samkv. nýsamþykktum lögum frá Alþingi, þar sem lögboðnir eru jafnframt fjölmargir nýir lánaflokkar, er ekki notuð til skattalækkunar, heldur til eyðslu ríkissjóðs á öðrum sviðum. Þessa stórfelldu skerðingu á tekjum Byggingarsjóðs á að bæta að nokkru með auknum lántökum, og er hér komið annað dæmið við hlið vegamálanna um hvernig framlög af skatttekjum ríkissjóðs til framkvæmda hafa verið skorin niður, fjármagnið notað til aukinnar eyðslu ríkissjóðs, en framkvæmdum að nokkru haldið í horfinu með auknum lántökum. Hér er í raun um að ræða að reka ríkissjóð með halla í nýju formi.

Í áætlun húsnæðismálastjórnar um útlán Byggingarsjóðs ríkisins (áætlun IV 1981) höfðu útlán, sem stofnunin áleit við fjárlagaafgreiðslu lágmarksútlán, verið skorin niður um 24 millj. nýkr. (eða 2.4 milljarða gkr.) „samkv. ákvörðun ráðuneytisins", að sögn fulltrúa húsnæðismálastjórnar sem komu á fund fjh.- og viðskn. Samt sem áður þarf að hækka lántökur í lífeyrissjóðunum um 101% til þess að fjármagna þessa niðurskornu áætlun. Slíkur er niðurskurðurinn á fjárframlögum ríkissjóðs til almennra húsnæðismálalána.

Í grg. Húsnæðisstofnunar ríkisins segir svo orðrétt um þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„Í þessari áætlun eru skuldabréfakaup lífeyrissjóðanna afgangsstærð. A árinu 1980 keyptu þeir skuldabréf fyrir tæpar 80 millj. kr. (nýkr.) Áætluð kaup 1981 eru 161.2 millj. kr. eða hækkun um 101.5%."

Enn fremur segir svo í sömu grg., með leyfi hæstv. forseta: „Frumlán til þeirra, er gera fokhelt í janúar/september 1981, eru áætluð um 1087 íbúðir. Sambærilegt tímabil 1980 var 1265 íbúðir (14% lækkun)." Hér er því beinlínis gert ráð fyrir að verði 14% samdráttur í almennum íbúðabyggingum í viðbót við þann samdrátt sem varð á árinu 1980. Forráðamenn húsnæðismálastjórnar sögðu við fjh.- og viðskn.-menn að samdrátturinn yrði líklega „heldur meiri en minni", svo orðrétt sé haft eftir þeim, en þessar áætlanir gæfu til kynna.

Við þetta er því að bæta, að forráðamenn lífeyrissjóðanna drógu mjög í efa að tækist að fá 100% meira fé úr lífeyrissjóðunum til húsnæðismála, miðað við síðasta ár, vegna þess að það væri um auknar skuldbindingar lífeyrissjóðanna að ræða samkvæmt síðustu kjarasamningum á s. l. hausti, það væri fyrirsjáanlegur samdráttur í tekjum sumra lífeyrissjóðanna og jafnvel samdráttur vegna atvinnuleysis á þessu ári.

Um byggingu verkamannabústaða er allt í óvissu á þessu ári, en fulltrúar Húsnæðisstofnunar töldu á fundi með fjh.- og viðskn. að þeim mundi ekki fjölga í ár til jafns við fækkun almennra íbúða, sem byggðar yrðu, og samdráttur fyrirsjáanlegur eins og hefði orðið í öllum áætlunum um húsbyggingar á árinu. Aætlun Húsnæðisstofnunar ríkisins nr. IV um fjárstreymi Byggingarsjóðs ríkisins fylgir nál. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. til glöggvunar fyrir hv. deildarmenn.

Í þessu frv. eru framlög ríkissjóðs til fjárfestingarsjóða skorin niður meira en nokkru sinni fyrr miðað við gildandi lög. Sú stefna er almennt ekki aðfinnsluverð þegar tekin hefur verið upp verðtrygging inn- og útlána sjóðanna, að því tilskildu að slíkur niðurskurður sé nýttur til skattalækkana. Hér er því ekki að heilsa, eins og margoft hefur verið gagnrýnt í öðru samhengi.

Haldið er áfram þeirri fráleitu og furðulegu stefnu að skera niður framlög til ýmissa sjóða sem hafa félagsleg markmið og ýmist til að styrkja ákveðna starfsemi samkv. lögum eða lána með mjög hagkvæmum kjörum. Hér má nefna Erfðafjársjóð, sem styrkja á m. a. endurhæfingarstöð fatlaðra, og Bjargráðasjóð, sem hlaupa á undir bagga vegna tjóna af ýmsu tagi.

Það er kaldhæðnislegt nú, þegar stórtjón hafa orðið af náttúruhamförum í landinu, að með þessu frv. er verið að lögfesta skerðingu á framlögum ríkissjóðs til Bjargráðasjóðs.

Til þess að freista leiðréttingar á þessu flytjum við fulltrúar Sjálfstfl. í fjh.- og viðskn. brtt. um afnám þessarar skerðingar á framlögum til Erfðafjársjóðs og Bjargráðasjóðs. Einnig flytjum við tillögu um skil launaskatts til Byggingarsjóðs ríkisins í samræmi við tillöguflutning við afgreiðslu fjárlaga.

Í því sambandi vil ég segja það, að ég teldi eðlilegra, ef fært þykir að skerða launaskatt svo mjög til þess sem hann var upphaflega ætlaður og m. a. samið við verkalýðshreyfinguna um að hann færi til, þ. e. Byggingarsjóðs ríkisins, að leggja þennan skatt niður, en eins og menn vita, sem fylgst hafa með, er þessi skattur lagður misjafnlega á atvinnugreinar. Sumar atvinnugreinar eru undanþegnar launaskatti og aðrar atvinnugreinar kvarta mjög yfir mismunun á þessu sviði. Það væri eðlilegra, ef á að hverfa frá hinu upphaflega markmiði að leggja launaskatt að langmestu leyti til húsbygginga, til Byggingarsjóðs ríkisins, ef það þykir fært að skerða framlag Byggingarsjóðs af launaskatti, að leggja launaskatt niður eða a. m. k. að jafna honum á milli atvinnugreina.

Þá flytjum við einnig brtt. við 6. gr. frv., að greinin orðist svo: Lán á árinu 1981 til annarra hitaveituframkvæmda samkvæmt ákvörðun ráðh. að fengnum til-

lögum Orkuráðs um lántökuaðila, alls 34 650 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

Hér erum við að freista þess, að ráðh. fái tillögur Orkuráðs áður en hann útdeilir þessu fjármagni til hitaveituframkvæmda. Í ákvæðum frv. er ekki tekið fram að ráðh. skuli ráðgast við einn eða annan í þessu efni. — Í þessari brtt., herra forseti, er prentvilla sem ég þarf að fá leiðrétta áður en till. kemur til atkvæða. Töluupphæðin er ekki rétt í þessari fyrstu brtt. á þskj. 606.

Þá vil ég víkja að þeim þætti fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar sem fjallar um erlend lán.

Á árinu 1980 fóru erlendar lántökur verulega fram úr áætlun. Samkvæmt lánsfjárlögum áttu þær að nema 856 millj. nýkr., en urðu 1073 millj. og fóru því 217 millj. kr. fram úr áætlun eða 25.4%, hvorki meira né minna. Ástæðan fyrir þessu er að verulegu leyti sú, að lánsfjáráætlun 1980 var stórlega vanáætluð miðað við framkvæmdaáform til þess að erlendar lántökur yrðu lægri á pappírnum. Ef afborganir eru dregnar frá var nettóaukning langra erlendra lána 697 millj. kr., sem svarar til 12% af útflutningstekjum, en 5.3% af þjóðarframleiðslu.

Á árinu 1981 er áformað að taka um 1500 millj. kr. ný erlend lán (nýkr.). Afborganir eru áætlaðar 690 millj. og nettóaukning erlendra skulda því 810 millj. kr. Hér er miðað við að brtt. meiri hl. fjh.- og viðskn. nái fram að ganga.

Nettóaukning erlendra lána til langs tíma hefur farið vaxandi undanfarin ár og var t. d. 1978 6.3% af útflutningstekjum, 1979 8.3% af útflutningstekjum og 1980 12% af útflutningstekjum. Í prósentum af þjóðarframleiðslu var nettóaukningin aðeins 2.7% 1978, en varð 5.3% 1980.

A árinu 1981 er búist við heldur minni nettóaukningu en 1980 á báða þessa mælikvarða, en miklum mun meiri aukningu en 1978 og 1979, enda ekki öll kurl komin til grafar á árinu 1981 þar sem vænta má að þær upphæðir fari fram úr áætlun vegna rangra forsendna áætlunarinnar, eins og ég minntist á í upphafi.

Löng erlend lán námu í árslok 1980 5970 millj. nýkr. Staða erlendra lána undanfarin ár hefur farið örhratt vaxandi og kemur fram í því, að 1977 skuldaði íslenska þjóðin í löngum erlendum lánum 630 millj. dollara, en mun skulda í árslok 1981 samkvæmt þessari lánsfjáráætlun 1080 millj. dollara. Erlendar skuldir hafa því á þessu tímabili hækkað um 450 millj. dollara og er þetta 71.4% í raungildishækkun á fjórum árum. Greiðslubyrði afborgana og vaxta hefur einnig farið ört vaxandi á framangreindu tímabili.

Í nál. eru þessar tölur birtar frá 1975-1981 og áætlun gerð fyrir 1982, eftir að þau lán hafa verið tekin sem í lánsfjáráætlun eru. Það er athyglisvert að einmitt nú á síðustu mánuðum, ef svo mætti segja, þ. e. á árunum 1980 og 1981, verður stökkbreyting í greiðslubyrði erlendra lána. En það gerist einmitt á þeim tíma sem sett er inn í stjórnarsáttmála hæstv. ríkisstj. ákvæði þess efnis, að greiðslubyrði af erlendum lánum skuli ekki fara fram úr 15% af útflutningstekjum þjóðarinnar. 1980 nam þessi greiðslubyrði 14.1%, en fer upp í 15.4% 1981 og samkvæmt áætlunum um greiðslubyrðina, eftir að þær lántökur hafa farið fram sem lánsfjáráætlun gerir ráð fyrir, verður greiðslubyrðin komin upp í 15.7-16.4%. Þessi stökkbreyting verður nákvæmlega á sama tíma og fyrrgreint ákvæði var sett inn í málefnasamning hæstv. ríkisstj.

Sé skuldastaða erlendra lána borin saman við þjóðarframleiðslu kemur fram hliðstæð niðurstaða. Erlendar skuldir í prósentum af þjóðarframleiðslu voru 1977 31.6%, 1978 33.7%, 1979 34.4%, 1980 35.1% og 1981 — í árslok — eru erlendar skuldir í prósentum af þjóðarframleiðslu taldar nema 36.6%.

Þessi neikvæða þróun skuldastöðu erlendra lána á árinu 1981 verður ekki skýrð með auknum orkuframkvæmdum. Eins og ég sagði áðan kemur það fram í skýrslu ríkisstj. um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun, að magnsamdráttur verður í stórvirkjunum, stóriðju- og hitaveituframkvæmdum á árinu 1981. Hér er m. a. um að ræða aukna lánsfjárþörf vegna þess að framlög ríkissjóðs eru skorin niður að raungildi til framkvæmda og atvinnuvega, en lána aflað að hluta í staðinn.

Mjög mikilvæg skýring á þessari miklu aukningu erlendra skulda er fólgin í því, eins og fyrr segir, að ein stærstu og arðbærustu fyrirtæki landsins, eins og Landsvirkjun og Hitaveita Reykjavíkur, eru knúin til þess af stjórnvöldum að verðleggja vöru sína þannig að enginn afgangur er til framkvæmda og rekstrar fyrirtækjanna. Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun Landsvirkjunar, sem fylgir með í nál. okkar, er ekki gert ráð fyrir að fyrirtækið leggi krónu af eigin fé til framkvæmda árið 1981. Þar er m. a. gert ráð fyrir að taka erlent lán til að greiða vexti á byggingartíma að upphæð 67 millj. nýkr. (eða 6.7 milljarða gkr.). Fyrir nokkru mun Landsvirkjun hafa getað fjármagnað allt að 25% af stofnkostnaði virkjana með eigin fé. Þetta mundi samsvara 117 millj. nýkr. í ár (eða 11.7 milljörðum gkr.) og þeim mun minni þörf á erlendri lántöku.

Erlendar lántökur til framkvæmda, sem spara eða afla gjaldeyris, eru eðlilegar sé þannig að rekstri viðkomandi fyrirtækis og stjórn efnahagsmála staðið að mæta megi aukinni greiðslubyrði. Því er augljóslega ekki þannig farið nú með margar þær lántökur sem áformaðar eru samkvæmt þessu frv. Í þjóðfélagi, sem byggir á óvissum afla, sveiflukenndu verði á útflutningsvöru og fleiri óvissuþáttum með gjaldeyrisöflun, verður jafnan að gæta hófs um erlendar lántökur, a. m. k. til eyðslu og óarðbærra framkvæmda, en nú eru tekin í vaxandi mæli erlend lán í því skyni.

Samkvæmt skýrslu um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun, sem fylgir þessu frv., er áætlað að heildarfjárfesting dragist örlítið saman frá því í fyrra og nemi 26% af þjóðarframleiðslu, sem er ofar því marki sem svonefnd Olafslög gera ráð fyrir. Í fyrra reyndist fjárfesting 27% af þjóðarframleiðslu, en var áætluð 26.5%. Hún jókst þá um 8%, en er talin dragast nokkuð saman árið 1981, miðað við að verðlagsforsendur frv. um 42% verðbólgu milli ára standist, sem viðurkennt er í skýrslunni að verði ekki. Því má búast við að heildarfjárfestingin verði svipuð og í fyrra þegar upp verður staðið.

Kafli lánsfjáráætlunarinnar um fjárfestingu er einkar lærdómsríkur um það, hvert lánsfjármagni hefur verið beint í þjóðfélaginu með meira eða minna miðstjórnarvaldi á þeim árum sem fylgt hefur verið vinstri stefnu í efnahagsmálum.

A árinu 1981 er áætlað að framkvæmdir við stórar virkjanir, stóriðju og hitaveitur dragist saman, eins og ég sagði áðan, að magni til um 4%. Fjárfesting í atvinnuvegunum er áætluð dragast saman um 12.5%, en byggingar hins opinbera aukast um tæp 16% og þriðja árið í

röð eru byggingar og mannvirki hins opinbera eini aðalþáttur fjárfestingaráætlunarinnar sem eykst ár frá ári.

Ef frá eru talin kaup á flutningatækjum, sem eðlilega eru mjög sveiflukennd, hefur fjármunamyndun í atvinnuvegunum farið ört minnkandi árið 1979-1981 og mestur er samdrátturinn áætlaður á árinu 1981. Sumpart er hér um eðlilega áherslubreytingu að ræða milli atvinnugreina, en samdráttur í fjármunamyndun í fiskiðnaði í fyrra og stóriðnaði allt tímabilið segir sína sögu. Engin atvinnugrein eflist að fjármunamyndun á þessu tímabili öll árin nema „annar iðnaður", en magnaukning þar er einungis 7-11% árin 1979-1980.

Athyglisvert er að gera má ráð fyrir að verulegur samdráttur verði í íbúðabyggingum þriðja árið í röð. Að vísu er gert ráð fyrir í skýrslunni sjálfri að magn framkvæmda haldist í horfinu í ár eftir 2% samdrátt 1979 og 5% samdrátt 1980, en samkvæmt ummælum fulltrúa Húsnæðisstofnunar, sem ég vitnaði til áðan, er miklu nær að búast við verulegum samdrætti á þessu sviði í ár.

Ljóst er hvert stefnir í þessum málum og að framangreint yfirlit, sem ég hef gefið um fjárfestingarstefnuna, staðfestir svo ekki verður um villst að innlendu og erlendu lánsfjármagni er í vaxandi mæli beint til hins opinbera auk hækkandi skattheimtu, atvinnuvegirnir eru meira eða minna látnir lönd og leið, stóriðnaður er ekki á dagskrá og slakað er á framkvæmdum í orkumálum. Þessi vinstri stefna í lánsfjármálum er því snar þáttur í þeirri efnahagsstefnu sem veldur samdrætti í þjóðarframleiðslu, eins og hér var rakið, erlendri skuldasöfnun, óðaverðbólgu, versnandi lífskjörum og hættu á atvinnuleysi ef fram fer sem horfir.

Herra forseti. Ég get nú farið að stytta mál mitt, en ég verð því miður að minna að lokum á þau óþinglegu vinnubrögð og raunar lögbrot sem framin hafa verið við afgreiðslu þessara lánsfjárlaga.

Í fjármálaráðherratíð Matthíasar Á. Mathiesen voru tekin upp þau vinnubrögð að gera lánsfjáráætlun og var hún að jafnaði lögð fyrir Alþingi og fjvn. til upplýsinga áður en afgreiðslu fjárlaga lauk. Í lög um stjórn efnahagsmála, sem samþykkt voru á Alþingi 7. apríl 1979, voru tekin upp viðamikil ákvæði um fjárfestingar- og lánsfjáráætlanir. Þar segir orðrétt í 14. gr.: „Ríkisstj. skal leggja fyrir Alþingi fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir eitt ár í senn." — Þetta las hæstv. forsrh. upp kirfilega í Sþ. í dag: „Ríkisstj. skal leggja fyrir Alþingi fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir eitt ár í senn," en hann sleppti seinni hluta setningarinnar: „og skulu þær fylgja fjárlagafrv." Spurningin er hvers vegna hæstv. ráðh. stoppaði í miðri setningu.

Þetta lögfesti vinstri stjórnin, en hún afgreiddi einu lánsfjárlög sín 16. maí 1979. Árið 1980 var frv. til lánsfjárlaga útbýtt á Alþingi 3. maí og lánsfjárlög afgreidd 19. maí. Þetta var afsakað með þingrofi haustið 1979 og óvenjulegu þinghaldi um veturinn. Í inngangsorðum fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar fyrir árið 1980 er viðurkennt að leggja skuli fyrir Alþingi fjárfestingar- og lánsfjáráætlanir fyrir eitt ár í senn og skuli þær fylgja fjárlagafrv. Síðbúið frv. að lánsfjárlögum fyrir 1980 og lánsfjáráætlun eru afsökuð þannig orðrétt í þeirri skýrslu, með leyfi hæstv. forseta: „Þingrof í okt. 1979, alþingiskosningar í des. 1979 og hin langvinna stjórnarkreppa, sem fylgdi í kjölfarið, hafa á ýmsan hátt raskað gangi þingmála. Af þessum sökum var ekki kleift að leggja fjárfestingar- og lánsfjáráætlun í heild fyrir Alþingi samtímis fjárlagafrv."

Að þessu sinni, herra forseti, er engri slíkri afsökun til að dreifa við afgreiðslu lánsfjárlaga 1981. Í grg. fjárlagafrv. segir svo orðrétt: „Fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1981 verður lögð fram í nóvemberbyrjun á Alþingi." Nóvember kom og engin lánsfjáráætlun. En þar segir líka: „og verður þá hægt að meta framkvæmdir ríkisins með hliðsjón af heildarmagni framkvæmda í landinu, en miðað er við að fjárfestingar nemi rúmlega fjórðungi þjóðartekna."

Við fjárlagaafgreiðslu fengu þingmenn í hendur bráðabirgðaskýrslu um opinberar framkvæmdir og erlendar lántökur, sem hefur breyst verulega síðan. Í henni segir, með leyfi hæstv. forseta: „Vinna við fjárfestingar- og lánsfjáráætlun í heild sinni er nú vel á veg komin og er áformað að leggja hana fyrir Alþingi að loknu jólaleyfi."

Fjárfestingar- og lánsfjáráætlun var svo ekki lögð fram fyrr en nú um mánaðamótin mars-apríl eða skömmu fyrir páska. Þegar þessi áætlun liggur svo fyrir Alþingi hálfu ári síðar en lögboðið er, þá er hún þannig úr garði gerð að eitt rekst á annars horn svo greinilegt er að enginn hefur lesið plaggið í samhengi. Tölur í yfirliti á bls. 18 og 19 koma ekki heim og saman við aðrar upplýsingar í skýrslunni. Í fjvn. er fjallað um aðrar tölur í heildarfjáröflun til vegamála við undirbúning vegáætlunar en fram koma í þessu frv. og í lánsfjáráætlun er gert ráð fyrir nokkrum brtt., sem kynntar voru fyrst á lokafundum fjh.- og viðskn. hinn 2. apríl, sem breyta verulega fjárhæðum í aukningu erlendrar lántöku.

Þessi vinnubrögð sýna lausatök og hringl ríkisstj. í stjórn efnahagsmála og dæmafáa iðni hennar í hrossakaupum við einstaka stuðningsmenn til þess að geta 'afað við völd.

Hér er að sjálfsögðu um lögbrot að ræða. Það, sem vakti fyrir mönnum þegar þau ákvæði voru sett að fjárfestingar- og lánsfjáráætlun skuli fylgja fjárlagafrv., var að sjálfsögðu að þá væri m. a. hægt, svo vitnað sé beint í skýrslu hæstv. ríkisstj. í fyrra, að „meta framkvæmdir ríkisins með hliðsjón af heildarframkvæmdum í landinu" og jafnframt að fá heildaryfirsýn yfir allan ríkisbúskapinn og bestu upplýsingar, sem tiltækar eru, um þróun peningamála þegar fjárlög eru afgreidd. Slík vinnubrögð eru það sem koma skal.

Enn vil ég taka undir orð formanns fjh.- og viðskn. um að bæta þarf enn um vinnubrögð í fjh.- og viðskiptanefndum við meðferð lánsfjárlaga. Ég verð að segja það að lokum, að þau nýju vinnubrögð, sem hann tók upp í nefndinni eru góður áfangi, því að samvinna um allar upplýsingar hefur frá hans hálfu og nm. verið mjög góð. En því miður hefur verið að þessu máli staðið af hálfu hæstv. ríkisstj. eins og ég hef hér rakið.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég mæli hér fyrir þessu nál. í fjarveru Kjartans Jóhannssonar, hv. 2. þm. Reykn., en fyrst held ég að ekki sé úr vegi að vekja athygli á því, að hv. stjórnarsinnar í þessari deild, ef undan eru skildir hæstv. forsrh. og forseti deildarinnar, sýna þessu máli ekki ýkjamikinn áhuga því að enginn þeirra hefur sést í deildinni um langa hríð hvað sem valda kann.

Það er ástæða til að taka undir þau orð, sem hv. 3. þm. Norðurl. e. viðhafði hér áðan, og þá gagnrýni, sem hann beindi að ríkisstj. fyrir vinnubrögð hennar, um það

hvernig staðið er að afgreiðslu þessa máls og að lánsfjáráætlun skuli nú fyrst fram lögð, en ekki með fjárlögum. Auðvitað stangast þetta á við lög þótt svo hæstv. forsrh. hafi hentað í dag að lesa ekki þá setningu til loka sem hann vitnaði þá til. En að þessu mun ég víkja nánar síðar.

Það var annars einkar athyglisvert að hlusta á frsm. meiri hl. í þessu máli, hv. 11. þm. Reykv. Mér bregður ævinlega svolítið í brún þegar hann byrjar að hrósa hæstv. forsrh. hástöfum, en þetta er nú víst það sem tilheyrir á þeim bæ núna. Ég er ekki að segja að hæstv. forsrh. eigi þetta hrós ekki skilið, en ég er ekki alveg búinn að átta mig á því, að hv. 11. þm. Reykv., þm. Alþb., skuli helst ekki koma hér í ræðustól öðruvísi en að mæla fagurlega í garð hæstv. forsrh.

Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson fór hér mörgum orðum um það og býsna sterkum að þessi lánsfjáráætlun legði grundvöllinn að veigamestu framkvæmdum í orkumálum sem um gæti í langan tíma. Þetta er auðvitað ekki rétt því að staðreyndin er sú, að núv. ríkisstj. og hæstv. núv. iðnrh. draga lappirnar í þessum málum og innan ríkisstj. virðist ekki vera nokkur eining um hvaða skref eigi að stíga næst í orkumálum eða hvort þar eigi að fara þær brautir, sem stjórnarandstaðan hefur réttilega bent á, að til þess að stíga skynsamleg skref í orkumálum þarf til að koma stóriðja af einhverju tagi.

Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson talaði líka um hitaveitur og vildi þakka ríkisstj. þær framkvæmdir sem þar eru á döfinni. Þær framkvæmdir eru að sjálfsögðu ekki á neinn hátt á vegum ríkisstj. að öðru leyti en því, að hún annast þar sjálfsagða fyrirgreiðslu á lánsfé. Hitaveitur eru fyrirtæki sem eru á vegum heimamanna á hverjum stað og ríkisstj. óviðkomandi.

Almennt má e. t. v. segja að þjóðhagshorfur á árinu 1981 verði að teljast allgóðar. Miðað við nær óbreytt verð á sjávarafurðum hefur Þjóðhagsstofnun áætlað að verg þjóðarframleiðsla verði óbreytt frá fyrra ári. En nú er þess hins vegar að geta, að gerðir hafa verið samningar um skreiðarsölu sem eru 10% hærri en á fyrra ári, og samningar hafa sömuleiðis verið gerðir um saltfisksölu, sem eru verulega miklu hærri en í fyrra. Þá er vitað að fiskmjölsverð á heimsmarkaði er ívið hærra en var að jafnaði árið 1980 og verðlagsþróun í Bandaríkjunum gefur vissulega ástæðu til að ætla að verð á frystum fiski þar í landi muni hækka innan tíðar. Þá er því enn fremur við að bæta, að verð á áli og kísiljárni er talið munu hækka þegar líður á árið. Enn kemur það til, að gengi Bandaríkjadollars hefur styrkst mjög á þessu ári, einkum fyrstu vikum ársins, og það hefur vitanlega afar jákvæð áhrif á þjóðarbúskap okkar.

Þegar allt þetta, sem ég nú hef talið, er haft í huga er það svo, að hin ytri skilyrði þjóðarbúskapar okkar hljóta að teljast nokkuð góð. Þessi góðu ytri skilyrði veita sérstaka möguleika á því að ná meiri stöðugleika í íslensku efnahagslífi án þess að rýra lífskjörin. Sér í lagi skapa þessi hagstæðu ytri skilyrði nú einstakar aðstæður til þess að draga úr verðbólgunni án almennrar kjaraskerðingar.

Það hefur verið vikið að því í þessum ræðustól fyrr í kvöld, að hæstv. forsrh. sé allra manna snjallastur við verðbólgureikninga og prósentureikninga í því sambandi. Hann og fleiri talsmenn ríkisstj. álíta nú að verðbólgan sé 35% um þessar mundir miðað við eitt ár, — að maður segi ekki á ársgrundvelli eins og flestir virðast hampa mest. Sé gengið út frá þessu og með tilliti til hinnar hagstæðu þróunar í markaðsmálum og gengis Bandaríkjadollars ætti því núna að vera lag til þess að ná verðbólguhraðanum jafnvel niður fyrir 30%, ef þær forsendur eru réttar sem hæstv. forsrh. og fleiri talsmenn ríkisstj. hafa hvað eftir annað birt landslýð í fjölmiðlum. Spurningin er bara sú hvort hæstv. ríkisstj. ber gæfu til að nýta þær einstöku aðstæður, sem nú virðast vera, til að ná verulegum árangri í verðbólgumálum, en það hlýtur að teljast innan seilingar samkv. áðurgreindum yfirlýsingum talsmanna ríkisstj. Takist það hins vegar ekki hlýtur gengisfelling óhjákvæmilega að vera á næsta leiti.

Vitaskuld er það svo, að hæstv. ríkisstj. hefur yfir að ráða þeim stjórntækjum í ríkisfjármálum, peningamálastjórn og í fjárfestingarmálum sem ráða úrslitum um hvort þetta svigrúm, sem ég hef um rætt, nýtist til að draga úr verðbólgunni. Þetta er sem sagt aðeins spurning um hvort þessum stjórntækum verður beitt á réttan hátt og hvort ríkisstj. beri til þess gæfu eða sé þeim vanda vaxin.

Lánsfjárlög og lánsfjáráætlun eiga að sýna stefnu ríkisstj. í fjárfestingarmálum og peningamálum. Fyrirliggjandi lánsfjáráætlun og frv. til lánsfjárlaga einkennast fyrst og fremst af mikilli aukningu erlendra skulda, sérstakri hækkun á fjárfestingum hins opinbera, einkanlega í opinberum byggingum, eins og hv. þm. Lárus Jónsson vakti rækilega athygli á áðan, en hins vegar samdrætti í fjármunamyndun í atvinnuvegum. Af þessum gögnum verður hins vegar afar lítið ráðið um hina raunverulegu peningamálastjórn annað en það, að ætlunin sé að mjólka bankakerfið, eftir því sem unnt er, og auka erlenda skuldasöfnun til að standa undir almennum opinberum umsvifum, og þá ekki einungis í fjárfestingu, heldur einnig á sviði rekstrar á vegum ríkisins. Þetta gefur ekki vísbendingu um að ríkisstj. muni notfæra sér það svigrúm sem nú virðist óneitanlega vera fyrir hendi til þess að draga úr verðbólgunni, heldur benda þessi plögg þvert á móti til þess, að þetta tækifæri verði látið fara forgörðum.

Fátt er nauðsynlegra íslensku hagkerfi en styrk og sanngjörn peningamálastjórn. Þetta er nauðsynlegt til að ná jafnvægi í efnahagsmálum og hamla gegn verðbólgu. Mikilvægur þáttur slíkrar peningamálastjórnar er jákvæð raunávöxtun og verðtrygging sparifjár. Á þessi atriði hefur Alþfl. lagt megináherslu á undanförnum misserum. Sú stefnumörkun Alþfl. hefur þegar borið verulegan ávöxt í aukinni sparifjármyndun þrátt fyrir hringlandahátt ríkisstj. í framkvæmd stefnunnar. En furðulegast af öllu er þó þegar talsmenn hæstv. ríkisstj. fordæma stefnuna í átt til raunávöxtunar og verðtryggingar sem þeir eru sjálfir að framkvæma og hafa meira að segja staðið sjálfir að því að lögfesta. Þetta er furðulegt og slíkur málflutningur hlýtur að skapa óvissu og draga úr árangri eða stefna honum í tvísýnu, að ekki sé minnst á þann tvískinnung sem í þessu felst. Út yfir tekur þó vissulega þegar þessir sömu aðilar hrósa sér af innlánsaukningu í bönkunum, sem er árangur þeirrar stefnu sem þeir segja, svo notuð séu þeirra eigin orð, sig hafa glapist til að fylgja um sinn, en afneita nú. Þessi orð voru, ef mig ekki misminnir, viðhöfð í sjónvarpi og það var, held ég, hæstv. samgrh. sem það gerði á sínum tíma.

Hitt er aftur á móti ljóst, að framkvæmd þessarar stefnu hefur farist ríkisstj. fremur óhöndulega og er ekki í samræmi við stefnumörkun Alþfl. Þannig er komið núna, að almenningi er gert því sem næst ókleift að velja eðlilegt sparnaðarform með því að hafa reglur sífellt

flóknari um bindingar og vaxtaútreikninga, og það er alveg áreiðanlegt að mjög mörgum, og þá einkanlega þeim sem síst skyldi, reynist afar erfitt að átta sig á þessum reglum. Til marks um þetta má raunar hafa það, að sérfræðingar ríkisstj. þurftu tvær heilar blaðsíður í Hagtölum mánaðarins til þess eins að útskýra skilmála á nýjasta innlánsreikningaformi ríkisstj. Alþfl. hefur á hinn bóginn flutt frv. til laga um sparnaðarform sem býður upp á verðtryggingu án fjötra flókinna bindinga. Það form, sem hér hefur verið flutt tillaga um af hálfu Alþfl., kemur með eðlilegum og einföldum hætti til móts við sparifjáreigendur og kemur í veg fyrir að þeir einir, sem kunna á kerfið, geti náð að verðtryggja sparifé sitt í raun. Enn fremur hefur Alþfl. flutt tillögur um að vextir af sparifé verði reiknaðir mánaðarlega þannig að sparifjáreigendum sé á hverjum tíma tiltæk raunveruleg sparifjáreign, en ekki eins og nú er, að vextir eru aðeins greiddir um áramót. Vilji sparifjáreigendur ná vöxtum út á miðju ári þýðir það að þeir þurfa að eyðileggja viðkomandi sparisjóðsbók. Þetta er auðvitað fáránlegt fyrirkomulag.

Að því er útlánahliðina varðar hafa mistök ríkisstj. ekki síður verið örlagarík. Lánstími hefur verið að styttast, þveröfugt við þá stefnu sem Alþfl. markaði. Alþfl. hefur ævinlega lagt á það áherslu, að veigamikill þáttur raunvaxta- og verðtryggingarstefnu væri lenging lánstíma og jöfnun greiðslubyrðar. Án þess að slíkt fylgi með er ekki um raunvaxtastefnu að ræða.

Sú stefna, sem ríkisstj. framkvæmir í þessum efnum, bitnar háskalega á mörgum alþýðuheimilum þessa lands, en þó einkanlega og sér í lagi á ungu fólki sem er að koma sér þaki yfir höfuðið. Það eru vitaskuld, þótt það kunni að þykja sterk orð, hálfvillimannlegar aðferðir að ætla ungu fólki að eignast íbúð þannig að einungis sé séð fyrir lánum til langs tíma er svara til um það bil fjórðungs af íbúðarverðinu.

Um málefni húsbyggjenda og íbúðarkaupenda hefur Alþfl. flutt frv. um stefnumörkun sem felur það í sér, að lán frá Húsnæðisstofnun og bankakerfi til langs tíma vegna íbúðaröflunar fari á þessu ári upp í 52.5% af íbúðarverði, en að meðtöldum lífeyrissjóðslánum færi hlutfall langtímalána yfir 70% af verði venjulegrar íbúðar. Þá færi þetta að verða nokkurn veginn viðráðanlegt fyrir fólk með sæmilegar meðaltekjur og jafnvel ekki það. Það væri mikil breyting, það væri bylting frá því ástandi sem nú ríkir.

Svo vík ég að erlendum lántökum og fjárfestingarstefnu. Í árslok 1980 námu löng erlend lán 5940 millj. kr., sem eru rúmlega 35% af vergri þjóðarframleiðslu. Á yfirstandandi ári er ætlunin að bæta við erlendum lánum er nema 1463 millj. kr. Að frádregnum afborgunum af eldri lánum yrðu löng erlend lán samtals 6713 millj. kr. eða 671 milljarður gkr. Samkvæmt lánsfjáráætlun svarar þetta til 36-37% af þjóðarframleiðslu, sem er hærra hlutfall en nokkru sinni fyrr. Erlendu skuldirnar munu þá svara til 29 200 kr. á hvert mannsbarn í landinu eða tæpra 3 millj. kr. gamalla á hverja 5 manna fjölskyldu. Þá verða erlendu langtímaskuldirnar þannig 146 þús. kr. eða 14.6 millj. gkr. Þetta er sá arður sem hæstv. ríkisstj. skilar komandi kynslóðum.

Þrátt fyrir þessa gífurlegu erlendu skuldasöfnun er gert ráð fyrir 12.6% samdrætti í fjárfestingu atvinnuveganna og engri aukningu í orkuframkvæmdum. Það er nú öll dýrðin sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson talaði um áðan.

Skuldasöfnunin erlendis fer þannig í að auka ýmsar aðrar opinberar framkvæmdir, einkanlega opinberar byggingar, svo og til þess að standa undir rekstri á vegum hins opinbera. Það er augljóslega uggvænleg þróun, að öll lánsfjáraukningin skuli fara í opinberar framkvæmdir. Enn uggvænlegra er þó að sívaxandi hluti sömu opinberu framkvæmda er unninn fyrir lánsfé. Þannig er stöðugt verið að samþykkja víxla sem eiga að falla til greiðslu á þá sem á eftir okkur koma. Verst af öllu er þó það, að núv. ríkisstj. hefur í mjög vaxandi mæli farið út á þá braut að taka lán erlendis til þess að mæta rekstrarútgjöldum hins opinbera. Með því er óreiðu líðandi stundar skotið á frest til greiðslu síðar. Vitaskuld eru fjárlögin líka orðin gjörsamlega marklaust plagg með þessum vinnubrögðum. Þannig eru lántökur til opinberra framkvæmda í A-hluta fjárlaganna næstum tvöfaldaðar og erlend lán til opinberra framkvæmda eru sömuleiðis tvöfölduð frá lánsfjáráætlun fyrra árs.

Ég held að það sé vissulega ástæða til að staldra hér við. Lánsfjáráætlun og fjárlögin fjalla nánast um það sama, þ. e. um fjármálabúskap ríkisins. Hæstv. ríkisstj. státar mjög af því, að á fjárlögum sé afkoma ríkissjóðs góð og fjárlög séu ekki með halla. En ef þetta dæmi væri gert upp í heild, ef tekin væru saman fjárlögin og lánsfjáráætlun, er auðvitað staðreyndin sú, að á fjárlögum er bullandi halli. Fram hjá því verður ekki komist. Þegar þannig er farið að, að fjárlög eru afgreidd fyrst og lánsfjárlög mörgum mánuðum síðar, stingur þetta ekki eins í augu og ef það væri gert samtímis, eins og lög kveða á um, en hæstv. ríkisstj. hefur kosið að fara aðra leið í þeim efnum.

Það eru mörg atriði í því, sem hér er upp talið, bæði varðandi A-hluta fjárlaga og sömuleiðis og ekki síður B-hluta fjárlaga, sem vissulega er ástæða til að gera athugasemdir við. T. d. er það óneitanlega svolítið skrýtið að lesa hér varðandi Lagmetisiðjuna Siglósíld, að fyrirtækið hafi átt, eins og segir hér — með leyfi forseta, „við rekstrarerfiðleika að etja á árunum 1979 og 1980. Því er áformað að afla fyrirtækinu 1 millj. kr. lánsfé, auk 1 millj. kr. fjárveitingar í fjárlögum, til þess að bæta rekstrarstöðu þess og auðvelda því að taka upp nýjar og arðbærari framleiðslugreinar." — Þetta fyrirtæki hefur verið rekið með bullandi tapi og er enn. Það hefur nú lítið heyrst um hvaða „nýjar og arðbærari framleiðslugreinar" þar eru á döfinni. Svo er því við að bæta, að nýlega hefur þetta ágæta fyrirtæki ráðist í fjárfestingu til vélakaupa sem nemur 1 millj. nýkr. eða 100 millj. gamalla kr. til þess að framleiða sjálft dósabotna undir framleiðslu sína. Áður voru þessar dósir framleiddar suður í Kópavogi. Þess er að geta, að til munu vera í landinu a. m. k. sex sams konar vélar. Tvær þeirra gætu nánast annað öllum okkar þörfum á þessu sviði og þeirra niðurlagningarverksmiðja sem hér eru. En hins vegar er það spurning sem ekki hefur fengist svar við, en fæst væntanlega svar við einhvern tíma á síðari stigum, hvers vegna var á vegum Siglósíldar lagt í fjárfestingu, 100 millj. gamalla króna, eins og hér er talað um að afla fyrirtækinu lánsfjár til þess að kaupa vél til að búa til dósir sem í mörg ár hafa verið framleiddar hér og væri hægt að framleiða norður á Akureyri og væri raunar hægt að framleiða líka austur á fjörðum. Þegar svona er staðið að rekstri ríkisfyrirtækja vekur það óneitanlega ýmsar spurningar.

Ég skal ekki, herra forseti, gerast mjög langorður í þessum dæmum hér þó að vissulega væri ástæða til þess.

Annað dæmi er í þessari bók hæstv. forsrh., fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1981. Það er Ríkisútvarpið. „Ráðgert er" segir hér, með leyfi forseta, „að afla 4 millj. kr. lánsfjár til þess að standa straum af kostnaði við framkvæmdir og tækjakaup Ríkisútvarpsins. Framkvæmdir og tækjakaup eru alls áformuð fyrir 15.8 millj." — Á vegum Ríkisútvarpsins og í vörslu Ríkisútvarpsins er sérstakur framkvæmdasjóður, sem er býsna vel fjáður og á að nota m. a. til þess að byggja hús yfir Ríkisútvarpið, eins og verið er að fara af stað með þessa dagana í þeim mæli sem ekki hefur fram hjá neinum farið, að ég hygg. Þetta vekur auðvitað spurningar. Nú er ljóst að dagskrá sjónvarps hefur verið skorin niður um 9% vegna þess að ríkisstj. hefur meinað þessari stofnun, eins og mörgum öðrum ríkisstofnunum, um eðlilegar hækkanir afnotagjalda. Fyrir dyrum stendur að skerða dagskrá útvarpsins um 14%. Það mun væntanlega leiða til þess að dagskrá útvarpsins verður í mestum mæli létt tónlist og ýmiss konar efni sem ekki þarf að greiða fyrir höfundarlaun. Þetta gerist á 50 ára afmælisári Ríkisútvarpsins og þetta gerist þrátt fyrir að hér á Alþingi hafa verið fluttar margar till. um að bæta fjárhag Ríkisútvarpsins, ýmist með því, að stofnunin endurheimti tolltekjur af sjónvarpstækum, sem hún var svipt á sínum tíma, eða með því, að henni verði veitt sérstök fjárveiting til að jafna halla s. l. tveggja ára.

Ríkisstj. á marga valkosti aðra í þessum efnum: Þann fyrsta náttúrlega að láta stofnunina njóta sannmælis að því er varðar ákvörðun afnotagjalda. Í öðru lagi mætti t. d. fella niður söluskatt af auglýsingum, en Ríkisútvarpið mun vera eini fjölmiðillinn hér á landi sem borgar söluskatt af auglýsingum og hefur ríkissjóður af því álíka tekjur og skortir nú til þess að halda dagskrá útvarpsins í horfinu.

Í þriðja lagi gæti ríkissjóður létt af Ríkisútvarpinu þeim bagga sem fylgir því að standa undir rekstri Sinfóníuhljómsveitarinnar að fjórutíu og eitthvað prósentum kostnaðar a. m. k., en sú upphæð nemur viðlíka tölu og nú þarf að skera niður dagskrá Ríkisútvarpsins. Ekkert af þessu hefur hæstv. ríkisstj. fengist til að gera.

En nú er það ekki svo, að hún hafi ekki sett sér að gera vel í menningarmálum. Í stjórnarsáttmálanum, sem hæstv. forsrh. er afskaplega tamt að vitna til, stendur, með leyfi forseta, á bls. 13 í lið 3, — menningar- og menntamál eru að vísu sett þar undir önnur mál og ekki kannske skipað í sérlega háan sess:

„Ríkisstj. mun beita sér fyrir því, að auknar verði á kjörtímabilinu fjárveitingar til menningarmála, sem m. a. tryggi viðunandi hraða við uppbyggingu menningarstofnana, svo sem Þjóðarbókhlöðunnar."

Ríkisútvarpið er væntanlega líka menningarstofnun samkv. þessu. En það er ekki nóg með það, heldur segir líka síðar í þessari sömu grein, með leyfi forseta:

„Opinberum fjölmiðlum verði ætlað fræðsluhlutverk, bæði í þágu skóla og fræðslu fullorðinna."

Þetta stendur í stjórnarsáttmálanum, en á sama tíma gerist það, að dagskrá Ríkisútvarpsins, bæði í sjónvarpi og útvarpi, er stórlega skorin niður, og á sama tíma gerist það, að í stað þess að gera eitthvað raunhæft til þess að leysa fjárhagsvanda þessarar mestu menningarstofnunar þjóðarinnar ætlar ríkisstj. sér að leysa hana með lántökum og skrifa þar enn einn víxilinn á framtíðina.

Herra forseti. Það gerist nú áliðið kvölds og ég skal ekki þreyta menn með því að nefna fleiri dæmi úr þessu, þar sem eru atriði sem eiga heima í fjárlögum og fyrst og fremst í fjárlögum og eiga ekkert erindi í lánsfjáráætlun í rauninni.

Það er auðvitað ljóst af því sem hér hefur komið fram, að stefna hæstv. ríkisstj. er í grundvallaratriðum röng og þar þarf meginstefnubreyting að eiga sér stað þó að það sé sjálfsagt borin von að ætlast til þess, að sú stefnubreyting eigi sér stað sem til þarf að koma í peningamálum, lánsfjármálum og fjárfestingarmálum til þess að nýta það svigrúm sem ég vék að í upphafi máls míns, — það svigrúm sem nú hefur gefist með tilliti til bættra ytri aðstæðna, — og ná þannig verðbólgunni niður án kjaraskerðinga, eins og ætti að vera hægt ef verðbólguspádómar og prósentur hæstv. forsrh. hafa við nokkur minnstu rök að styðjast.

Auðvitað þyrfti mikið verk til þess að breyta þessari lánsfjáráætlun, til þess að koma henni í réttan farveg að mati okkar Alþfl.- manna, en engu að síður má þó sníða af henni nokkra verstu agnúana og um það höfum við flutt nokkrar brtt. sem ég mun nú víkja að, enda þótt grein væri að vísu að nokkru gerð fyrir þeim í umr. í Sþ. í dag og ég muni þess vegna vera fremur stuttorður en hitt.

Í fyrsta lagi leggjum við fram brtt. við 3. gr. þar sem lífeyrissjóðir eru eins og nú háttar skyldaðir til að kaupa skuldabréf. Í fyrsta lagi leggjum við til að þar verði um heimild að ræða, en ekki skyldu. Í öðru lagi leggjum við til að ef lífeyrissjóðirnir vilja kaupa þessi bréf verði fyrir fyrstu 20% keypt bréf af Byggingarsjóði ríkisins, þannig að hann verði látinn hafa forgang. Þriðja breytingin, sem þessi brtt. okkar hefur í för með sér, er að ríkisstj. skuli gera sérstakt samkomulag við lífeyrissjóðina um framkvæmd og tímasetningu skuldabréfakaupanna innan ársins svo og um ákvæði um lánstíma og lánskjör.

Það þarf ekki að rökstyðja þetta í mjög löngu máli. Það nægir hér að vitna til ummæla sem hæstv. núv. fjmrh. viðhafði hér 1977 þegar hann var í stjórnarandstöðu og mælti þá fyrir till. sama efnis í grundvallaratriðum og við Alþfl.- menn nú flytjum. Þá sagði hæstv. fjmrh. m. a., og mér þykir nú fyrir því, herra forseti, að hann skuli ekki geta hlýtt á þegar ég rifja upp ummæli hans frá því fyrir 4 árum — með leyfi forseta — þetta er tilvitnun í ummæli núv. fjmrh.:

„Það er hinn þáttur málsins sem er okkur fyrst og fremst þyrnir í augum, að hér er verið að taka fjármagn lífeyrissjóðanna traustataki með löggjöf og ráðstafa því á ákveðinn hátt. Þetta fjármagn og þessir sjóðir eru að nokkru leyti bein eign verkalýðshreyfingarinnar og að nokkru leyti óbein eign. Verkalýðshreyfingin fékk því framgengt, að þessir sjóðir tóku til starfa og hafa verið byggðir upp, og hún varð á sínum tíma að kosta því til að slá nokkuð af launakröfum sínum, fórna nokkru til þess að þetta spor yrði stigið. En hitt er jafnljóst, að verkalýðshreyfingin lætur sig miklu skipta hvað verður um þetta fjármagn og það er ekki eðlilegt að þetta fjármagn sé af henni tekið nema að undangengnum frjálsum samningum við þá sem raunverulega eiga þetta fjármagn og hafa ráðstöfunarrétt á því."

Þetta, herra forseti, eru orð hæstv. núv. fjmrh. sem þá var í stjórnarandstöðu. Oft hafa menn að vísu orðið vitni að skyndilegum skoðanaskiptum, en hér hefur hæstv. fjmrh., að vísu á fjórum árum, gjörsamlega snúið við blaðinu og gerir nú það sem hann fordæmdi þá. Svona málflutningur er kannske ein meginástæða þess, hversu litla virðingu almenningur ber fyrir stjórnmálamönnum,

að menn skuli leyfa sér að snúa svona gjörsamlega við blaðinu eftir því, hvort þeir eru í stjórn eða stjórnarandstöðu, og aka þannig seglum eftir vindi.

Í öðru lagi flytjum við þá brtt., að niður falli 3. málsliður 9. gr., þ. e. að ríkissjóður veiti ekki ábyrgð á greiðslu vaxta og afborgana, eins og þar um ræðir, og lítum svo á að hér sé fyrst og fremst um fjárlagamál að ræða.

Við 16. gr. gerum við brtt., að í stað tölunnar 27 millj. 887 þús. komi 75 millj. og að í stað 43 millj. komi 90 millj. Það er algjör forsenda þess, að unnt verði að hækka lánahlutfall Byggingarsjóðs ríkisins í hinum ýmsu lánaflokkum, að heildarframlög ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna verði ekki lækkuð frá því sem var samkv. eldri lögum. Þar að auki voru 2 prósentustig af launaskattinum af 3½% samningsatriði við verkalýðshreyfinguna á sínum tíma og því er vandséð hvernig unnt er að breyta því eða fella það niður einhliða.

Þessi brtt. felur það í sér, að 1 prósentustig launaskattsins fari áfram til Byggingarsjóðs ríkisins og að Byggingarsjóður ríkisins fái úr ríkissjóði sem samsvarar fyrra byggingarsjóðsgjaldi af tekju- og eignarskatti og af innflutningi. En þrátt fyrir þessa brtt. vantar enn nokkuð upp á að byggingarsjóðirnir fái sameiginlega jafnmikil framlög úr ríkissjóði og eldri lög gerðu ráð fyrir.

Við 25. gr. höfum við gert brtt., þ. e. að fjmrh. verði heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka erlent lán á árinu 1981 fyrir jafnvirði 5 millj. kr. til að greiða eftirstöðvar við lagningu byggðalína á árinu 1980. Þetta teljum við eðlilegt.

Hins vegar er í seinni hluta þessarar brtt. okkar gert ráð fyrir því, að fjmrh. verði heimilt að taka fyrir hönd ríkissjóðs innlent lán allt að 25 millj. kr. til þess að greiða þau bráðabirgðalán vegna annarra framkvæmda á vegum ríkissjóðs 1980 sem voru tekin hjá Seðlabanka Íslands. Það stóðst ekki sú áætlun sem menn höfðu gert um öflun lánsfjár hér innanlands og því var gripið til þess að taka erlend bráðabirgðalán. Í ljósi batnandi stöðu í bankakerfinu ætti að vera unnt að taka þessi lán innanlands.

Við 27. gr. flytjum við að síðustu brtt. Hún er nánast í þá veru að 27. gr. verði óbreytt eins og hliðstæð grein var í lánsfjárlögum í fyrra, þ. e. að heimild til þeirra margháttuðu lántökuæfinga, sem gerð er nánari grein fyrir þarna í greininni varðandi Kröfluævintýrið, verði felld niður og greinin verði óbreytt eins og hún var í lánsfjárlögum 1980. Það, sem hér um ræðir og nú á að fara að færa inn í lánsfjárlög, er dæmigert fjárlagamál.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð öllu fleiri, enda orðið býsna áliðið, og læt máli mínu lokið.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Hv. 3. þm. Norðurl. e. hefur í ítarlegri og yfirgripsmikilli ræðu gert grein fyrir afstöðu okkar sjálfstæðismanna til frv. þess sem hér er á dagskrá. Ég sé þess vegna enga ástæðu til að ræða almennt um frv. og mun takmarka mál mitt við tvær brtt. sem við sjálfstæðismenn flytjum við það, þ. e. brtt. á þskj. 442 og brtt. á þskj. 609.

Brtt. á þskj. 442 er um að heimila fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1981 að fjárhæð allt að 30 millj. kr. og veita Bjargráðasjóði það fjármagn til ráðstöfunar samkvæmt 8. gr. laga nr. 51/1972, um Bjargráðasjóð.

Ástæðan fyrir þessari till. er að nauðsynlegt er að gera Bjargráðasjóð færan um að bæta tjón það sem menn urðu fyrir í ofviðrinu mikla 16.-17. febr. s. l.

Ég ætla ekki hér að fara að ræða um þetta ofviðri eða það tjón sem af hlaust. Það er allt í fersku minni og hefur verið rætt hér áður, bæði í þessari hv. deild og í Sþ. En þá kom strax fram að það voru tveir sjóðir eða tvær stofnanir sem menn létu sér einkum koma til hugar að gætu sinnt því verkefni sem hér er um að ræða, þ. e. að bæta tjón af völdum þessa ofviðris. Annars vegar var það Bjargráðasjóður, sem til orða kom, og hins vegar Viðlagatrygging Íslands. Það liggur ljóst fyrir að samkvæmt lögum um Bjargráðasjóð hefur Bjargráðasjóður heimild til þess að bæta það tjón sem hér er um að ræða, en Bjargráðasjóður er févana og getur ekki sinnt þessu verkefni. Hins vegar er ljóst að Viðlagatrygging Íslands, sem hefur yfir einhverju fé að ráða, hefur ekki heimild til að verja því í þessu skyni. Ef svo ætti að vera þyrfti að breyta lögum um Viðlagatryggingu Íslands.

Nú er það svo, að það er mikið atriði að ekki verði dráttur á aðgerðum í þessu efni. Vitað er að það tekur tíma að breyta lögum um Viðlagatryggingu Íslands og hefur enn ekki verið gert. Þess vegna er brýn nauðsyn að efla Bjargráðasjóðinn með þeim hætti sem brtt. gerir ráð fyrir.

Ég sagði að það hefðu áður verið umr. í Alþingi um tjón það sem ofviðrið í febrúar olli. Þess er að minnast, að tveim dögum eftir þetta ofviðri eða 19. febr. voru umr. í hv. Ed. um þetta mál. Ég skal ekki fara að rifja hér upp þær umr., en ég minni á að hæstv. forsrh. lét þess getið í þessum umr., sem voru utan dagskrár, að það mundi verða tekið til athugunar við afgreiðslu frv. til lánsfjárlaga hvað hægt væri að gera í þessu efni, hvaða fjármagn væri hægt að leggja fram til að bæta skaðann sem ofviðrið olli.

Ég minni líka á að sama dag voru umræður utan dagskrár í Sþ. um þetta sama mál. Þar kom fram hjá hæstv. félmrh. að hann útilokaði ekki þann möguleika að Bjargráðasjóður yrði gerður fær um að sinna því verkefni að bæta þetta tjón. Hann gerði þá allítarlega grein fyrir fyrirætlunum sem hann hefur uppi um að endurskoða lögin um Viðlagatryggingu Íslands, en um leið endurskoða löggjöf um vátryggingarfélög og aðrar tryggingar í landinu. Þar kom fram að þetta mundi taka alllangan tíma. Hæstv. félmrh. lét þess getið í þessum umr., að ríkisstj. mundi athuga við afgreiðslu frv. til lánsfjárlaga hvaða fjármagn yrði lagt fram í þessu skyni.

Ég vil svo vekja athygli á því, að þetta þýðingarmikla mál var til umræðu á síðasta Búnaðarþingi, sem haldið var í vetur. Búnaðarþing gerði ályktun um þetta mál sem er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Búnaðarþing beinir þeirri eindregnu áskorun til ríkisstj. og Alþingis að útvega Bjargráðasjóði Íslands fjármagn til þess að sjóðurinn geti veitt lán og framlög vegna hins gífurlega og almenna tjóns er varð í ofviðrinu hinn 16.-17. febr. 1981."

Ég held að ég þurfi ekki að fjölyrða frekar um þetta mál. Ég hef vakið athygli á því, að það verður að líta svo á að það sé almennur vilji fyrir því að efla Bjargráðasjóð. Ég geri ráð fyrir því þar til ég reyni annað, að hæstv. ríkisstj. sé jákvæð í þessu efni. Vitna ég þá til þeirra ummæla sem ég hef áður vitnað til hér, — ummæla hæstv. forsrh. og hæstv. félmrh. Og ég vil ekki trúa öðru en tekið verði mark á þeirri ályktun sem Búnaðarþing

hefur samþykkt um þetta mál og ég hef greint frá. Ég vona því að þessi sjálfsagða tillaga okkar sjálfstæðismanna um eflingu Bjargráðasjóðs nái fram að ganga.

Ég kem þá að hinu málinu sem ég vildi ræða hér og varðar till. okkar sjálfstæðismanna, brtt. á þskj. 609. Þessi till. varðar ferjubryggjur við Ísafjarðardjúp. Það þarf ekki að vekja athygli á því á þessum vettvangi, að það háttar svo til við Ísafjarðardjúp að þar eru ferjubryggjur allnokkrar og þær eru nauðsynlegar svo að haldið verði uppi eðlilegum samgöngum í þessu byggðarlagi. Ísafjarðardjúp hefur að þessu leyti sérstöðu. Það er ekkert byggðarlag sem treystir eins mikið á ferjubryggjurnar og þetta byggðarlag. Það er þess vegna þörf á því að bæta þessar samgöngur, bæta ferjubryggjurnar. Það hefur smám saman verið unnið að því og um langan aldur, en það hefur alltaf verið gert of lítið.

Sú till., sem hér liggur frammi, er ekki til þess að bæta úr þessu. Hún miðar ekki að því að núna sé gert átak til að koma þessum málum við Ísafjarðardjúp í bærilegt horf. Það er ekki stefnt svo hátt. Þessi till. er til þess að mæta því vandræðaástandi sem skapaðist vegna fárviðrisins í vetur. Afleiðingar þessa fárviðris urðu þær, að bryggjurnar urðu fyrir miklum skemmdum, og það er talið nauðsynlegt að verja núna fjármagni til þess að koma bryggjunum í nothæft ástand og tryggja að ekki verði á þeim frekari skemmdir. Þetta er aðeins till. um að gera það sem bráðast er í þessu efni.

Ég hef hér fyrir framan mig bréf frá vita- og hafnamálastjóra. Þar eru áætlanir um hvað þarf að gera til að forða frá bráðum voða í þessu efni. Samkvæmt því yfirliti kosta þessar framkvæmdir um 700 þús. kr. Nú var gert ráð fyrir á fjárlögum ársins 1981 að það yrðu veittar 330 þús. kr. til ferjubryggja við Ísafjarðardjúp. Þess vegna þarf 370 þús. til viðbótar svo að þessi upphæð nemi samtals 700 þús. kr., sem er talið nauðsynlegt til þess að gera brýnustu framkvæmdir til að koma bryggjunum í nothæft ástand og koma í veg fyrir að það verði frekari skemmdir en orðið er af því óveðri sem yfir hefur gengið.

Þessi till. okkar sjálfstæðismanna er því nokkuð svipuðs eðlis og hin fyrri um eflingu Bjargráðasjóðs. Hún er svipaðs eðlis að því leyti, að manni sýnist að naumast komi annað til greina og maður getur naumast trúað öðru en þessi till. nái fram að ganga.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 71. fundur.

Mánudaginn 6. apríl, kl. 6 síðdegis.

Heilbrigðis- og vistunarþjónusta fyrir aldraða, frv. (þskj. 544). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25. shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 24 shlj. atkv.

Atvinnuleysistryggingar, frv. (þskj. 559). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 25 shlj. atkv.

Vernd barna og ungmenna, frv. (þskj. 104). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til menntmn. með 28 shlj. atkv.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. (þskj. 500). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 27 shlj. atkv.

Jafnrétti kvenna og karla, frv. (þskj. 516). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til félmn. með 26 shlj. atkv.

Vörugjald, frv. (þskj. 547). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 28 shlj. atkv.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 407, n. 573 og 575, 437, 574), — 2. umr.

Frsm. meiri. hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. til l. um breyt. á lögum um tollskrá o. fl. Mál þetta hefur verið til umfjöllunar hjá nefndinni um nokkurn tíma.

Það er mjög mikilvægt að þetta mál nái fram að ganga hið fyrsta. Vil ég mega vænta þess, að hægt verði að vísa máli þessu til umfjöllunar Ed. í dag vegna þess að hér er um nokkrar breytingar á úthlutunarreglum að ræða sem hafa það í för með sér að nauðsynlegt verður að auglýsa að nýju eftir umsóknum um niðurfellingu á aðflutningsgjöldum bifreiða. Er það mjög óþægilegt fyrir þá sem þessa eiga að njóta ef málið dregst frekar en orðið er.

Ástæðan fyrir því, að málið þurfti nokkra umfjöllun í n., var sú, að í frv. kemur fram skilgreining á því, hverjir skuli njóta þessarar niðurfellingar, en þar stendur í 1. gr.:

„Að lækka eða fella niður gjöld af allt að 500 fólksbifreiðum árlega fyrir bæklað fólk eða lamað svo og fólk með lungnasjúkdóma, hjartasjúkdóma og aðra hlið-

stæða sjúkdóma, allt á svo háu stigi að það á erfitt með að fara ferða sinna án farartækis.“

Meiri hl. n. leggur til að þessi grein orðist þannig:

Að lækka eða fella niður gjöld af allt að 550 fólksbifreiðum fyrir fólk sem er fatlað á svo háu stigi að það á erfitt með að fara ferða sinna án tarartækis.

Nefndin telur að þetta sé aðalatriði málsins, að um sé að ræða fólk sem er fatlað á svo háu stigi að það á erfitt að fara ferða sinna án farartækis, án tillits til þess hvers konar fötlun það er.

Búast má við að þetta verði til þess að nokkur fjölgun verði á þeim sem njóta þessa ákvæðis. Þess vegna gerir n. tillögu um að bifreiðunum verði fjölgað úr 500 í allt að 550.

Nefndinni barst bréf frá Landssamtökunum Þroskahjálp, sem lögðu til að túlkun 1. gr. frv. væri rýmkuð. Það má finna mörg dæmi þess, að fólk, sem er innan vébanda þessara samtaka, þurfi ekki síður á slíku að halda en aðrir. Við gerum það að okkar tillögu, að áðurnefnd skilgreining verði rýmkuð, m. a. með tilliti til þessa hóps.

Í framhaldi af því er talið nauðsynlegt að fjölgað verði í þeirri nefnd sem fjallar um þessa niðurfellingu, að í stað fimm manna nefndar verði sex og fimm læknar, tilnefndir af Öryrkjabandalagi Íslands, í stað fjögurra. Landssamtökin Þroskahjálp lögðu á það áherslu, að þau fengju að tilnefna mann í þessa nefnd. Eftir nokkra umfjöllun taldi fjh.- og viðskn. ekki rétt að það yrði leyft, m. a. vegna þess að gera má ráð fyrir að fleiri aðilar, eins og Geðverndarfélag Íslands og jafnvel fleiri, mundu vilja fá svipaðan rétt og þess vegna væri eðlilegt að Öryrkjabandalag Íslands væri samnefnari fyrir þessa aðila. Hitt er svo annað mál, að að sjálfsögðu er eðlilegt og nauðsynlegt að Öryrkjabandalag Íslands hafi náið samráð við Landssamtökin Þroskahjálp í þessu sambandi og biðji um ábendingar frá þeim, hvaða aðila þau treysti best til að fara með málefni þessa hóps og hvaða aðili þekkir best til þeirra vandamála sem um er að ræða? — Ég ætla ekki að fjalla frekar um það, en vænti þess, að Öryrkjabandalagið hafi náið samráð við Landssamtökin Þroskahjálp í þessu sambandi.

Þriðja brtt. fjallar um að fjölga þeim aðilum, sem fá niðurfellingu allt að 48 þús., úr 25 í 40. Það eru þeir aðilar sem búa við mesta örorku. Það er vegna þess að gert er ráð fyrir því í frv., að slíkir aðilar geti selt bifreiðarnar að þremur árum liðnum. Þess vegna verður óhjákvæmilega um nokkra fjölgun þar að ræða. Það er mjög brýnt að það fólk, sem hugsanlega á þennan rétt, fái þessa niðurfellingu og að sá fjöldi bifreiða, sem þarna um ræðir, sé nægilegur. Þess vegna leggur n. til að þeim verði fjölgað svo mikið að nægilegt verði.

Á þskj. 437 eru brtt. frá hv. þm. Albert Guðmundssyni sem skilar sérstöku nál., en hann leggur þar til að ekki verði miðað við neina hámarkstölu bifreiða í þessu sambandi. Eftir umfjöllun í n. gátu aðrir nm. ekki fallist á þá skoðun, m. a. eftir viðræður við þá aðila sem fjalla um þessa úthlutun. Þeir töldu nauðsynlegt að eitthvert hámark yrði sett á þessa úthlutun og jafnvel þótt hér væri um frjálsræði að ræða mundi fjmrh. væntanlega setja nefndinni eitthvert hámark í þessu sambandi.

Þessum málum er komið fyrir í heimildagrein í tollskrá. Þess vegna er hér um að ræða heimild til handa fjmrh. til að fella niður þessi gjöld. Það er ekki skylda. Að sjálfsögðu er þessi heimild notuð. Um það má deila hvort þessum málum skuli komið fyrir í tollskrá. Á margan hátt væri mun eðlilegra að úr væri skorið með sérstakri löggjöf og málið félli undir Tryggingastofnun ríkisins, en þessu hefur nú einu sinni verið komið fyrir með þessu móti. Hér er um að ræða 27. tölul. í þessari heimildagrein.

Í þessu sambandi vil ég einnig minnast á aðra brtt. hv. þm. Alberts Guðmundssonar, en hann leggur til að breyting verði á síðustu málsgrein greinarinnar. Þar stendur, að enn fremur sé rn. heimilt að lækka eða fella niður fyrir framangreint fólk gjöld af gervilimum, en hann leggur til að greinin verði: Enn fremur skal fella niður fyrir framangreint fólk gjöld af gervilimum. Þessi grein er orðuð með tilliti til þess, að hér er um heimildagrein að ræða í mjög mörgum liðum og þessi liður er númer 27. Þess vegna er ekki eðlilegt að fara að setja inn orðalagið „skal“ í þessa grein. Hitt er svo annað mál, að að sjálfsögðu er slík heimild notuð. Þessi breyting hefur því í sjálfu sér ekki þýðingu að mínu mati, en mér finnst með öllu óeðlilegt að fara að setja annað orðalag inn í heimildagrein. Það verður að líta á málin í ljósi þess, hvernig þeim er fyrir komið.

Ég sé ekki ástæðu til að fjalla frekar um þetta mál, herra forseti, en vildi aðeins ítreka þá ósk okkar í n., að mál þetta fái skjóta afgreiðslu héðan frá deildinni. Ég vænti þess og að hv. Ed. geti afgreitt málið með skjótum hætti.

Frsm. minni hl. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Ég vil fyrst undirstrika að ég hef staðið í þeirri meiningu, að þær brtt., sem ég hef flutt, séu um breytingar á lögum sem gilda um það efni sem hér um ræðir, en ekki breytingar á heimildum sem eru í lögum. Við erum nú þannig gerðir, bæði þm. nú og þm. sem hafa verið á undan okkur, að við höfum verið að samþykkja hér lög að hálfu leyti og fela embættismönnum framhaldið. En ég ætla að gera hér tillögu um að fjmrh. sé ekki heimilt, heldur skylt að fella niður aðflutningsgjöld af gervilimum, eins og segir í brtt. sem ég flyt á þskj. 437, og mér finnst það svo sjálfsagt — ég get ekki gert að því — að ég á ekki von á einu einasta mótatkvæði, verð furðu lostinn ef það verður ekki samþykkt.

Við, sem njótum þeirrar gæfu að þurfa ekki á gervilimum að halda, eigum ekki að þurfa að eyða mörgum orðum um að styðja það fólk sem þarf á þeim að halda og verður að flytja gervilimi inn í landið vegna þess að þeir fást ekki eða eru kannske ekki nógu góðir í smíðum hér heima fyrir. Ég sé ekki nokkra ástæðu til þess að eyða orðum um það, enda var afskaplega lítið um þennan hluta af minni brtt. á þskj. 437 rætt í þingnefnd. Að vísu minntist ég á þá brtt., en ég fann að hún átti erfiðan aðgang að umræðum. Ég tók það því sem sjálfsagt að allir væru sammála um að þetta væri það mikið réttlætismál að það yrðu engar umræður um það og það yrði samþykkt.

En það furðulega gerðist í fjh.- og viðskn., að þegar fulltrúar Öryrkjabandalags og úthlutunarnefndar komu á okkar fund var nokkuð góður skilningur fyrir því að leysa eins vel og hægt væri vanda þeirra sem þurfa og eiga rétt til að fá niðurfellingu á aðflutningsgjöldum á bifreiðum. Umræðurnar fóru þó svolítið út af þeirri braut sem ég bjóst við að þær mundu haldast á, því að þær fjölluðu aðallega um þann vanda sem nm. gætu komist í ef þeir hefðu frjálsar hendur til að úthluta. Þeir vildu heldur takmarka töluna við ákveðinn bílafjölda en leysa

vandamálið og afgreiða niðurfellingargjöld til allra þeirra sem vegna örorku eiga rétt á niðurfellingu. Ástæðan var sú, að það yrði of mikil vinna, of mikið álag á nefndarmennina sjálfa. Slík rök hlusta ég ekki á. Ég hlusta ekki á þau. Við eigum að leysa vanda allra þeirra sem eiga rétt, en ekki hluta þeirra sem eiga rétt.

En út úr þessum heimsóknum nefndarmanna kom þó ein breyting. Nefndarmönnum var fjölgað í sex úr fimm. Var það vegna þess að bifreiðunum var fjölgað úr 400 í 500? Ég veit það ekki. Ég sé enga ástæðu til að fjölga nm., þeir eru alveg nógu margir fimm. Þarna eru trúnaðarmenn fjmrh. og læknar sem eiga að skera úr um þörfina sem umsækjandinn hefur fyrir niðurfellingu.

Það voru önnur rök á móti því að gefa þetta frjálst á þann hátt sem ég legg til: hugsanlegt tekjutap ríkissjóðs. Á hverju tapar ríkissjóður? Það fólk, sem á rétt á niðurfellingu vegna örorku sinnar, kaupir einfaldlega ekki bíl ef það fær ekki þessa niðurfellingu. Það er ekki að taka neitt frá heilbrigðu fólki, ef að það er óttinn við frelsið í þessu máli. Það verða bara fleiri bílar fluttir inn af þeim sem eiga rétt til niðurfellingar, og þar að auki aukast tekjur ríkissjóðs, en minnka ekki.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta langt mál, en vona að hv. þdm. átti sig vel á þessu máli. Málið er einfaldlega það, að við höfum frá einum tíma til annars, frá einni kynslóð til annarrar verið í þingsölum að fjölga þeim bílum sem öryrkjar fá niðurfellingu tolla af. Það þýðir að þm. frá einum tíma til annars eru sammála um að hér sé verið að stíga skref í rétta átt og það sé verið að afgreiða gott mál í áföngum. Talan hefur hækkað, ég veit ekki hver hún var fyrst, en hún hefur hækkað smátt og smátt og jafnvel frá því að þetta mál fór út úr þingnefndinni sem slíkri. Þá var talað um 500, en þegar málið kemur svo fram núna eru bílarnir orðnir 550 til þess að ná samstöðu um málið. Við erum að afgreiða gott mál í áföngum. Af hverju ekki að afgreiða málið fyrir fullt og allt?

Ég vil benda á nokkuð sem gæti verið dálítið villandi. Hér er talað um 550 bifreiðar fyrir fólk sem er fatlað á svo háu stigi að það á erfitt með að fara ferða sinna án farartækis. — Ég er hér að vitna í brtt. meiri hl. fjh.- og viðskn. á þskj. — En í lið 2 stendur: Í stað „25" í 3. málsgr. 1. gr. komi:40. Hér gæti fólk hugsað að það væri þá samtals að ræða um 590 bíla. Svo er ekki. Það er átt við 40 af þessum 550 sem meiri niðurfelling er leyfð á en hinum 510. Samtals eru bílarnir 550. Þessa get ég svo að menn hafi örugglega rétta tölu í kollinum.

Ég ætla nú að hjálpa til við að koma þessu máli eins hratt í gegnum þingnefndir og Alþingi og mögulegt er. Ég mun því ekki halda miklu lengri ræðu. En ég vil taka það fram, að ég er að sjálfsögðu hlynntur og mun styðja till. meiri hl. fjhn. ef mínar brtt. verða felldar. Ég tel þær spor í rétta átt, þó ég telji að þar sé ekki nærri nógu langt gengið, og því hef ég flutt hér sérnál. á þskj. 575. Ég vil — með leyfi forseta — lesa það upp og láta það nægja sem grg. fyrir minni afstöðu, en það hljóðar svo:

„Á fundum n. hafa þeir aðilar, sem komið hafa til viðtals við n., talið ógjörlegt að hafa úthlutun bifreiða til öryrkja miðaða við ótiltekinn fjölda, því það mundi gera úthlutun erfiðari í framkvæmd. Hefur meiri hl. n. því frekar fallist á að fjölga nokkuð þeim bifreiðum, sem úthluta má með eftirgjöfum á aðflutningsgjöldum, sem ég tel skref í rétta átt, þó skoðun mín sé sú, að ekki eigi að takmarka úthlutun sem þessa við ákveðna tölu farartækja, heldur á að láta þörfina ráða og leysa mál allra sem rétt hafa til niðurfellingar á aðflutningsgjöldum, en ekki einvörðungu einhverra útvalinna.

Einnig tel ég að fella eigi niður tolla og aðra skatta af gerfilimum og fleira, í stað heimildarákvæðis sem er í gildandi lögum."

Ég vona að brtt. mínar nái eyrum hv. þdm.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Fyrirvari minn í nál. meiri hl. hv. fjh.- og viðskn. er til kominn vegna þess, að ég tel að við úthlutun eigi að taka nokkurt mið af tekjum og efnahag umsækjenda, miða t. d. við eitthvert hámark tekna, en þó nokkuð rúmt. Með þeim breytingum, sem hér eru til umr., fjölgar þeim verulega sem fá rétt á lækkun aðflutningsgjalda af bifreiðum. Auk þess er gert ráð fyrir að heimilt sé að lækka aðflutningsgjöld á fjögurra ára fresti í stað fimm ára áður og fjölgar þá enn þeim sem árlega eiga þennan rétt. Ég tel að þessi fjölgun sé meiri en svo, að breyting frá 500 í 550 eða frá 400, eins og er í núgildandi lögum, vegi þar upp á móti. Að mínu mati er eðlilegt að þessu sé mætt með því að hafa nokkra viðmiðun við tekjur umsækjenda. En vegna þess hve málið er komið í mikinn eindaga vildi ég ekki tefja það með brtt. á þessu stigi. Auk þess má segja að þær breytingar, sem ég er að tala um, geti verið framkvæmdaratriði úthlutunarnefndar. Ég tel þó rétt að vekja athygli á þessu sjónarmiði við þessa umr.

Hv. þm. Albert Guðmundsson gerir till. um að fella niður hámarksfjölda bifreiða. Ég held að það sé mjög erfitt í framkvæmd vegna þess hve jaðartilfellin verða mörg og erfitt verður þá að skera úr um hver eigi rétt og hver eigi ekki rétt. Það kæmi þó vel til greina að mínu mati að fella niður hámarkið ef jafnframt yrði tekin upp viðmiðun við tekjur umsækjenda.

Aftur á móti styð ég heils hugar þann hluta till. Alberts Guðmundssonar sem fjallar um niðurfellingu á aðflutningsgjöldum af gervilimum, ekki bara gervilimum þessa fólks heldur af gervilimum yfirleitt.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það eru aðeins fá orð við þessa umr.

Það er fyrst það, að auðvitað er ekki vansalaust hversu þetta mál hefur dregist hér í þinginu og er raunar komið í algeran eindaga að afgreiða málið. Hverju þar er um að kenna skal ég ekkert um segja, en auðvitað er það afskaplega slæmt þegar mál sem þetta dregst von úr viti, ekki bara í þetta skipti, heldur gerðist þetta, ef ég man rétt, síðast líka. Þetta var allt á síðasta snúningi þá líka.

Ég vil mjög taka undir þau meginsjónarmið sem komu fram í máli hv. þm. Alberts Guðmundssonar. Ég tel að það sé ekki vansalaust fyrir íslenskt þjóðfélag hvernig það hefur hagað þessum málum. Það er auðvitað þörfin sem á að ráða. Menn segja: Það er erfitt að koma því í framkvæmd. — Ég hef heyrt þær mótbárur, að til þess þurfi að setja ítarlegri löggjöf. Það má vera að það sé rétt. En í framhaldi af því væri vissulega verðugt verkefni fyrir hæstv. ríkisstj. og Alþingi að á ári fatlaðra væri á komandi hausti gengið frá slíkri löggjöf sem innifæli það meginefni að það væri þörfin sem réði, en ekki nefnd sem úrskurðaði — meira og minna kannske eftir geðþóttaákvörðun hverju sinni.

Menn segja á móti: Það er tekjutap ríkissjóðs. — Það sjónarmið er ríkt í mörgum hverjum stjórnvöldum. Þar virðist ekki skipta máli hvort svörtustu afturhaldsmenn

eða argvítugustu kommúnistar sitja í ráðherrastólum hverju sinni. Þar virðist enginn munur á. Alltaf er ríkissjóður númer eitt og svo þegnarnir númer tvö. Ég hef sagt það áður og segi það enn: Ef menn á annað borð eru að horfa í peningana í þessu tilfelli er ekkert vandamál að sjá fyrir þeim hluta málsins. Það mætti að mínu viti fækka t. d. starfsfólki í ríkiskerfinu um a. m. k. 30% án þess að nokkurs staðar sæi högg á vatni í þjónustu við fólkið. Það er alltaf stór hópur í ríkiskerfinu sem situr næstum því einvörðungu við blaðalestur og ríkið kaupir blöðin til þess að fólk geti lesið þau. Þarna á að breyta og þarna má bæta um til þess að draga úr rekstrarútgjöldum ríkisins.

Ég þykist vita að þetta sjónarmið eigi ekki mikið fylgi hér á Alþingi. en vonandi vex því fylgi að draga úr ríkiskerfinu með þessum hætti til að bæta upp það sem ríkið hefur vanrækt t. d. gagnvart öryrkjum og fötluðum og fleiri þjóðfélagsþegnum. En þetta sjónarmið hefur ekki heldur náð eyrum stjórnvalda, hvort sem í hlut eiga íhaldsmenn eða kommúnistar. Þar breyta ekki þau rök sem eru að baki í þessu máli. Það getur auðvitað ekki gengið að ríkisvaldið haldi alltaf áfram, hvernig sem árar á annað borð í efnahagsmálum eða verkast vill um stöðu þjóðarinnar, að hlaða ofan á kerfið hjá sér og bæta þannig sköttum á þegnana án þess að þeir sjái í raun og veru nokkuð koma í staðinn.

Ég skal ekki hafa um þetta öllu fleiri orð, herra forseti, en ég vil mjög taka undir, eins og ég sagði áðan, það meginsjónarmið hjá hv. þm. Albert Guðmundssyni, að hér eigi að breyta til. Ég þykist þess fullviss að það verði ekki gert við afgreiðslu málsins nú, en það væri vissulega verðugt verkefni þó að það yrði ekki fyrr en síðar á árinu. Í leiðinni væri það ekki síður verðugt verkefni að skera upp ríkiskerfið, fækka starfsfólki og minnka þannig skattpeninga. Þjónustan verður ekki verri, kannske betri.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég skal hafa mál mitt örstutt.

Ég fagna niðurstöðu hv. fjh.- og viðskn. og jafnframt því, að þetta mál skuli vera komið hingað. Það hefur, eins og hér hefur áður komið fram, verið til vansa hversu lengi þetta hefur verið á leiðinni. Ég vil jafnframt fagna því, að tvær till., sem ég bar fram á síðasta þingi á þskj. 292 og á þessu þingi á þskj. 76, hafa verið teknar hér inn. Fjallaði önnur um styttan eignartíma öryrkjabifreiða og hin um að menn gætu fengið notið tollívilnunar bæði samkv. 41. tölul. 3. gr. og samkv. 2. málsgr.

Það er aðeins eitt atriði sem ég vil víkja að hér, og það er áminning til hæstv. fjmrh. Það varðar verðlagningu öryrkjabifreiða. Tollurinn og bifreiðagjaldið er reiknað að fullu og ofan á þannig fengið verðmæti bílsins hafa verið lagðar allar prósentuálagningar, 3% vaxtakostnaður, 2% standsetningargjald og 6% álagning eða alls 11%. Þetta held ég að sé alrangt og þannig hafi verið raunverulega haft stórfé af öryrkjum. Ég þori varla til þess að hugsa hver sú upphæð kynni að vera. Innflytjandanum virðist þannig í framkvæmd hafa verið heimilt að leggja 11% álagningu á þá lækkun sem ríkissjóður hefur ákveðið til handa öryrkjum í 27. lið tollskrár. Í framkvæmd hefur þessum 27. lið verið gerbreytt, þar sem í stað þess að framkvæma ákvæði orðanna „að fella niður eða lækka" er í raun farið að leggja tollinn á að fullu ásamt bifreiðagjaldi og endurgreiða þessi gjöld síðan. Ég vil mælast til þess að hæstv. fjmrh. geri tafarlaust ráðstafanir til þess að þessu verði hætt. Þar með mundi verð á bifreiðum öryrkja stórlega lækka.

Ég vil að lokum víkja að því, sem hv. þm. Magnús H. Magnússon hafði hér við niðurstöðu n. að athuga. Ég hef ekki kannske hugsað það mál alveg ofan í kjölinn, en hrædd er ég um að snöggleg hugsuðu máli að ef tekjuákvæði væri í úthlutun öryrkjabifreiða gætu einmitt þeir, sem helst þurfa á bifreiðunum að halda, dottið út úr þessari fyrirgreiðslu. Ég held að á bak við úthlutunina hafi ekki síst verið sú hugsun að þessar bifreiðar gætu gert mönnum kleift að komast út á vinnumarkaðinn og vinna fyrir sér, og ég væri dálítið hrædd um að einmitt það fólk, sem getur stundað vinnu og hefur þar af leiðandi verulegar tekjur, og það má kannske hugsa sér að maki hafi tekjur líka, það fólk yrði út undan. Nú hef ég ekki neinar tölulegar upplýsingar um þetta og hef ekki hugsað þetta mál alveg fyrr en ég heyrði hv. þm. tala um þetta rétt áðan, en mér kæmi ekki á óvart þó að þetta gæti orðið alvarlegur „skavanki" á því sem þm. var að tala um.

En ég vil að lokum leggja á það áherslu, að þetta frv. verði ekki stöðvað lengur hér í hv. deild. Ég tel afar brýnt að það verði afgreitt nú þegar svo að það komi ekki til með að tefja stórlega úthlutun á bifreiðum til öryrkja að þessu sinni, sem vera má að það hljóti að gera úr þessu. Þetta hefur tekið allt of langan tíma.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég skal ekki tefja umr. Ég vil aðeins lýsa yfir stuðningi við till. fjh.- og viðskn. um þetta mál um leið og ég legg áherslu á að þetta mál nái hér fram að ganga.

Ég vek athygli á því, að þm. hafa haft áhuga á því að leiðrétta þetta mál. Þegar þetta var tekið upp af þm. Framsfl. á þingi 1978 og aftur 1980 var það fyrst og fremst gert til þess að ná fram sjálfsagðri leiðréttingu og koma til móts við samtök öryrkja í sambandi við þessi mál.

Ég vil einnig vekja athygli á því, að samtök öryrkja hafa í öllum sínum samþykktum viljað hafa takmörkun á bifreiðafjölda við þessa úthlutun.

En það er ekki þetta sem ég ætlaði að ræða sérstaklega, heldur vil ég láta það koma hér fram að gefnu tilefni, að mér er kunnugt um að samtök fatlaðra eru einmitt nú að samræma kröfur sínar um ýmis réttindamál, sem ég vænti að þm. sjái sér fært að afgreiða í löggjöf á næsta þingi í tilefni árs fatlaðra. Ég tel ástæðu til að undirstrika að það er einmitt þetta fólk sjálft sem veit best hvar skórinn kreppir og það er mjög mikilvægt að samtök þess komi sér saman um þær kröfur sem það telur ástæðu til að leggja sérstaka áherslu á hverju sinni.

Um leið og ég lýk máli mínu vil ég taka eitt mál til meðferðar, þá nauðsyn að auka rétt þessa fólks til að fá lán hjá Tryggingastofnun ríkisins og að slík lán fáist án þess að tekjutryggingarákvæðinu sé beitt. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að einmitt þetta atriði sé skoðað sérstaklega því að ég er hræddur að í mörgum tilfellum komi tekjutryggingarákvæðið víða við og komi í veg fyrir tímamöguleika og önnur réttindi mörgu fötluðu fólki til handa. Þetta þarf að leiðrétta.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég sakna þess nú mjög að þeir eru ekki í salnum, félagar mínir að vestan úr Alþfl., þ. e. að Sighvatur skuli ekki vera hér inni líka. (Gripið fram í.) Karvel var að koma inn í salinn en hann hefur ekki farið í sæti sitt.

Ég vil byrja á því að geta þess, að ég ætla ekki að blanda mér í deilur um hvort það þurfi að skylda fjmrh. eða hvort heimildir dugi til að hann framkvæmi þann vilja sem kemur fram í því sem hér hefur verið lagt fram. Ég trúi því, að hann muni nota þær heimildir og þess vegna sé ekki sérstök nauðsyn að setja í lög að hann sé skyldugur í því sambandi.

En annað kom fram áðan sem vakti athygli mína. Hv. 6. landsk. þm. gat þess, að það væri skynsamlegt að fækka í ríkiskerfinu um 30%. Og þar sem hann var svo nákvæmur á tölunni, það var eitthvað í kringum 30% eða meira en 30%, þá hvarflaði að mér hvort í stjórnartíð Alþfl. hefðu verið gerðar áætlanir, e. t. v. verið langt komnar á þessu sviði, og ef svo væri, ef þær lægju frammi í einhverju ráðuneytinu, hvort það væri ekki jákvætt að fá þær fram. E. t. v. hafa nafnalistarnir verið til, bara eftir að senda uppsagnarbréfin. Þessu teldi ég eðlilegt og sanngjarnt að hæstv. fyrrv. fjmrh., 3. þm. Vestf., gerði grein fyrir hér í ræðustól því að ég býst við að þetta mál hafi alls ekki verið hægt að vinna eða framkvæma án þess að hann legði þar hönd á plóginn.

Því stóð ég nú upp, að hv. 6. landsk. þm. er ekki vanur að fara með neitt fleipur, svo að ég er sannfærður um að það er mjög grundað hjá honum þegar hann leggur til að það verði fækkað um 30% í ríkiskerfinu.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Hv. þm. Guðrún Helgadóttir vakti máls á því áðan að breyta þyrfti tollmeðferð og álagningu á þær bifreiðar sem hér eru til umr. Ég vil upplýsa það hér, að það var vakin athygli mín á því fyrir 3—4 vikum að á undanförnum árum hefði sá háttur verið á hafður, að þegar bifreið er flutt inn, sem á að verða eign einhvers þess sem þessi lagagrein fjallar um, öryrkja eða þess sem haldinn er þeim sjúkdómum sem hér greinir, þá fengi bifreiðin venjulega tollmeðferð, á andvirði hennar væru lögð öll venjuleg gjöld samkv. lögum og síðan álagning reiknuð út frá fullu verði bílsins þegar öll gjöld hefðu verið lögð á, en þar á eftir væri svo tollurinn dreginn frá þannig að bílaumboðin fengju raunverulega miklu hærri álagningu í sinn hlut af þessum bifreiðum en eðlilegt gæti talist því að þau fengju sem sagt álagningu á toll sem aldrei væri greiddur. Ég varð mjög undrandi, þegar ég heyrði að slík ósvinna skyldi hafa viðgengist um margra ára skeið, og óskaði þegar eftir því, að ráðstafanir yrðu gerðar til að koma í veg fyrir þetta. Nú er það svo, að álagningarmál heyra ekki undir fjmrn., heldur undir verðlagsskrifstofu og viðskrn. Það þarf að athuga að hve miklu leyti atbeini þessara aðila þarf til að koma. En þurfi fjmrn. að gera einhverjar breytingar á reglugerðum, sem e. t. v. koma í veg fyrir að á málinu sé haldið með þessum hætti verður það að sjálfsögðu gert.

Í sambandi við þetta mál vil ég aðeins segja það að öðru leyti, að ég tel eftir atvikum óhjákvæmilegt að takmarka fjölda þessara bifreiða við einhverja tölu. Ef hér væri um að ræða tiltekinn hóp manna sem við gætum vitað með vissu hversu stór væri, þá væri sjálfsagt að ákveða að nákvæmlega þessi hópur ætti að njóta ívilnunarinnar. En í lögunum erum við ekki að afmarka þennan hóp nákvæmlega, heldur er talað almennt um bæklað fólk eða lamað svo og fólk með lungnasjúkdóma, hjartasjúkdóma og aðra hliðstæða sjúkdóma, allt á svo háu stigi að það á erfitt með að fara ferða sinna án farartækis. Sem sagt: Hér hlýtur alltaf að verða mikið matsatriði hverjir tilheyra þessum hópi, og þegar þannig stendur á held ég að ekki geti komið til greina að hafa þetta allt alveg opið og laust og láta það ekki vera neinum takmörkunum háð hversu margir njóta þessara fríðinda.

Að lokum vil ég nefna seinustu mgr. 1. gr., en þar segir að ráðuneytinu sé heimilt að lækka eða fella niður fyrir framangreint fólk gjöld af gervilimum, sem ekki verða gerðir hér á landi, svo og af áhöldum og hjálpartækjum sem sérstaklega eru gerð með tilliti til þarfa þess eða henta ekki öðru fólki. — Hér á fundinum hafa staðið deilur um hvort heimila ætti fjmrh. að fella niður þessi gjöld eða hvort ætti að gera það að skyldu. Ég vil upplýsa það hér, að ekki hefur neitt staðið á því, að fjmrn. nýtti þessa heimild hvað varðar tolla og önnur aðflutningsgjöld. Hitt er allt annað mál, að fram að þessu hefur heimildin ekki verið notuð vegna þeirrar tegundar gjalda sem ekki teljast til aðflutningsgjalda eða tolla. Söluskattur hefur ekki verið felldur niður þó að orðalagið bendi nú til þess, að átt sé við öll gjöld til ríkisins. Um þetta hafa staðið deilur um mjög langt skeið, hvort skilja ætti þetta orð í þessu sérstaka samhengi þannig, að það næði einungis til aðflutningsgjalda, eða hvort ætti að skilja það þannig, að það næði bæði til aðflutningsgjalda og söluskatts. Ég vil sem sagt láta þess getið hér, að alveg nýlega var endanlega gefinn út úrskurður um það af hálfu ráðuneytisins að heimildin skyldi ná til hvors tveggja.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég skal ekki níðast á tíma deildarinnar, en þetta er ekki í fyrsta skipti að mál af sama toga spunnið kemst í eindaga á hinu háa Alþingi. Það sama gerðist í fyrra. Ég vil ítreka það sem ég sagði við umr. um sams konar frv. á síðasta ári, að mjög nauðsynlegt er orðið að endurskoða allar úthlutunarreglur á bifreiðum til öryrkja. Það er í sjálfu sér eðlileg till. sem hv. þm. Albert Guðmundsson flytur, en því miður fær hún ekki staðist miðað við þær reglur sem nú eru notaðar.

Ég sagði einnig í fyrra, og beindi orðum mínum til hæstv. félmrh. Svavars Gestssonar, að það yrði að taka inn í þessar reglur ákvæði um efnahag umsækjenda. Ég man ekki betur en hæstv. félmrh. tæki undir þessi orð mín og léti þá skoðun sína í ljós að þetta þyrfti að endurskoða.

Ég vil benda á að ef ekki verða notaðar hámarkstölur í frv. af þessu tagi og miðað við þær úthlutunarreglur sem nú gilda mundi það eingöngu, því miður, losa um nauðsynlegt aðhald. Þess vegna styð ég og er hlynntur till. eins og hún kemur frá meiri hl. n. og mun styðja hana þannig, þó svo að till. hv. þm. Alberts Guðmundssonar sé hin æskilega lausn á málinu. En hún bara gildir ekki núna, því miður. Og ég vil láta þá skoðun mína í ljós, að það þurfi fyrr en síðar að taka öll þessi mál til kirfilegrar endurskoðunar. Það eru allt of mörg dæmi þess, að fólk, sem ekki hefur sjáanlega brýna þörf fyrir þessa niðurfellingu, fái úthlutað, og það eru dæmi til þess, að fólk, sem er þannig sett efnahagslega að það hefur enga þörf á niðurfellingunni, fær hana engu að síður. Þessum atriðum þurfum við að breyta og þegar það er búið og búið er að vanda betur til úthlutunarreglna væri hægt að samþykkja með bros á vör till. eins og hv. þm. Albert Guðmundsson hefur flutt.

Frsm. meiri hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Þótt mér finnist menn halda hér óþarflega margar ræður og langar um þetta mál kemst ég ekki hjá því að gera hér tvær athugasemdir.

Í fyrsta lagi verð ég að segja að það þarf ekki endilega að vera af hinu slæma þó að nefnd líti á mál. Við verðum að krefjast þess að við getum í þinginu fjallað um málin af bærilegri skynsemi.

Við höfum haldið marga fundi um þetta mál. Ég hef farið sem formaður nefndarinnar á fund þeirrar nefndar, sem fjallar um þessar úthlutanir, og kynnt mér starf hennar. Það er náttúrlega ákveðinn lágmarkstími sem þarf til að fjalla um mál hér á Alþingi og menn eru oft að kvarta yfir því, en vegna þess að við höfum tekið þetta mál til nokkurrar umfjöllunar finnst mönnum aftur á móti að það hafi dregist allt of lengi. Því er ég út af fyrir sig sammála, málið hefur dregist lengi, en ég tel að nefndinni sem slíkri verði ekki þar kennt um.

Ég vil vekja athygli á því, að brtt. meiri hl. n. gengur lengra en brtt. Alberts Guðmundssonar af þeim ástæðum að við rýmkum skilgreininguna. Hann gerir það ekki. Við fjölgum úr 25 í 40 þeim bifreiðum sem er úthlutað til þeirra sem mestir eru öryrkjar. Hann gerir það ekki. Við setjum að vísu hámark við 550. Hann setur ekkert hámark. En ég tel okkar tillögu algjörlega fullnægjandi lausn, og þeir, sem gleggst þekkja til þessara mála, eru því sammála.

Varðandi síðasta liðinn, heimildina, til að fella niður gjöld af gervilimum: Ég vil ekki láta því ómótmælt, að mér virtist það koma fram í máli Alberts Guðmundssonar að við værum sumir hverjir mótfallnir slíku. Það er algjörlega rangt. Eins og kom fram í máli fjmrh. eru slíkar heimildir að sjálfsögðu alltaf notaðar. En menn verða að skilja það, að þegar sérstök heimildagrein er í lögunum verða menn annaðhvort að breyta allri heimildagreininni í skyldugrein eða hafa heimildina áfram. Ég hélt að þetta væri svo einfalt mál að það þyrfti ekki að rökræða það hér á Alþingi. Ég er bókstaflega mjög hissa á því, á sama hátt og hv. þm. Albert Guðmundsson virtist vera hissa að það yrði ekki hver einasti maður samþykkur þessari till., að það skuli þurfa að ræða svona mál hér á Alþingi.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Elleftu ræðuna í þessari umferð flytur hv. 3. þm. Reykv.

Frsm. minni hl. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Ég vona að það komi ekki til þess á hv. Alþingi að ræðum verði settar einhverjar skorður eða hve margar ræður má flytja í hverju máli um sig.

Ég vil taka undir það sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, 3. þm. Austurl., að vel og gaumgæfilega séu mál athuguð. Það getur vel verið að mörgum finnist að þetta mál hafi dregist helst til lengi í afgreiðslu hjá nefndinni, en ég verð að segja alveg eins og er, að formaður hennar hefur starfað vel að þessu máli. Hann er vandvirkur í sínum vinnubrögðum í fjh.- og viðskn. Ég vil því ekki taka þátt í því að deila á hann eða sitja hjá og hlusta á ádeilur á vinnubrögð hans. Ég held að hann hafi unnið vel þó að við séum ekki sammála um niðurstöðuna, sem er allt annað mál.

Ég skil ekki hvernig hægt er að færa að því rök, að till. mín gangi ekki eins langt og till. meiri hl. fjh.- og viðskn. Ég vil ekki takmarka tölu bifreiða, sem úthluta á, við 550, þ. e. við 510 samkv. almennum reglum og 40 til þeirra sem fá meiri eftirgjöf. Ég vil hafa töluna ótakmarkaða og miða eingöngu við þarfir fólksins. Við vitum að það eru fleiri sem þurfa en fá. Ég get ekki ímyndað mér að nokkur nefnd sé í meiri vandræðum, ef hún hefur frjálsar hendur til að úthluta til þeirra sem þurfa, heldur en sú sem þarf að takmarka úthlutun við hluta af þeim sem þurfa. Mér er ekki nokkur leið að skilja það. Ég lít því svo á að mín till. gangi lengra.

Hvað heimildagreinina snertir er ég á móti því að hafa mikið af heimldagreinum, er á móti heimildagreinum yfirleitt. Alþingi á að vanda vinnubrögð sín svo mikið að lög segi nákvæmlega til um hvernig Alþingi ætlast til að ríkisstj. eða framkvæmdavaldið hagi sér, en sé ekki að taka við lögum og síðan byggist framkvæmdin á reglugerðum eða þá heimildarákvæðum og getur farið eftir duttlungum viðkomandi aðila, hvort sem hann er ráðh. eða embættismaður, frá einu máli til annars. Ég vil ekki heldur taka þátt í því á hv. Alþingi, að fólk, sem býr við svo mikla örorku að það þurfi á gervilimum að halda, skuli þurfa annaðhvort að láta flytja sig upp í ráðuneyti eða standa í bréfaskriftum við ráðuneytið eða tollstjóra, eins og það er nú, til að fá niðurfellingu á tolli. Ég vil að það sé skylda við innflutning að fella niður gjöld, þannig að embættismenn, sem taka við innflutningspappírum, viti nákvæmlega, að þeir eiga ekki að innheimta nein gjöld, og láti því viðkomandi hafa sína gervilimi án þess að flækja málið frekar.

Hér er að sjálfsögðu ekki á dagskrá till. frá mér um að fækka opinberum starfsmönnum eða starfsliði stjórnarráðsins. Ég væri þó meira en viljugur til að taka þátt í umr. um það mál sérstaklega. En ég legg mikla áherslu á að menn hugsi um þá till., sem ég hef lagt fram hér, að fjölga bifreiðum til öryrkja með eftirgjöf á aðflutningsgjöldum.

Ég flutti inn á sínum tíma bifreiðar. Ég minnist þess ekki að nokkurn tíma hafi verið tekin álagning af fullu tollgjaldi. Það var aldrei gert, enda var verðeftirlitið það strangt að ekki hefði nokkurt fyrirtæki komist upp með það þá. Ég veit ekki hvort það er gert núna, en það er í mínum huga rangt. Ef það er gert er það rangt og á að leiðrétta það. Ég vona að hæstv. fjmrh. fylgi því vel eftir.

En það væri þá kannske rétt að benda hæstv. fjmrh. á það, að þótt skipafélögin vilji veita þessum eða öðrum afslátt af flutningsgjaldi til landsins, og það er oft sem skipafélög eru beðin um niðurfellingu á eða afslátt af aðflutningsgjöldum, þá er tollurinn, ríkið, undir stjórn hæstv. fjmrh. núna, miskunnarlaus, tekur ekkert tillit til þeirrar upphæðar sem greidd er af viðkomandi aðila í flutningsgjöld og tekur toll af þeim taxta sem á að vera á vörunni, í þessu tilfelli bifreiðum. Þetta mætti þá gjarnan verka í báðar áttir, a. m. k. af öryrkjabifreiðum ef skipafélögin vilja flytja bifreiðarnar frítt. Ef skipafélögin vilja gefa afslátt af flutningsgjöldum, þá ætti að reikna flutningsgjöld eða tolla af þeirri upphæð. Það eru ekki bara hinir vondu innflytjendur sem fléfletta kannske öryrkja og þá sem flytja inn bifreiðar, heldur er það ríkið sjálft sem gerir það nákvæmlega á sama hátt og tekur ekkert tillit til þess afsláttar sem skipafélögin gefa.

Mér finnst ekki nógu mikið traust vera borið til þeirra lækna og þeirrar nefndar sem á að úthluta þessum bifreiðum. Þetta eru fagmenn. Af þeim fimm, sem voru í nefndinni, eru a. m. k. fjórir læknar og allir fimm, ef ég man rétt, ég er ekki með lögin hérna, skipaðir af fjmrn.

Þeir eru trúnaðarmenn fjmrn. og fagmenn, læknar. Þeir skera úr um hvort þörf er fyrir hendi. Þar á ekki að vera neitt vantraust á milli. Það á ekki að vera neitt vandamál að sjá til þess, að þeir, sem ekki eiga skilið að fá úthlutað öryrkjabifreiðum, fái þær ekki.

En vandamálið er lítið í mínum augum. Það getur vel verið að það vaxi hv. þm. í augum að hugsa ekki um ákveðna takmarkaða upphæð, heldur hugsa um ótakmarkaða upphæð. Þá verð ég bara að þola að skilningur sé ekki fyrir hendi.

ATKVGR.

Brtt. 437 felld með 18:4 atkv.
Brtt. 574,1 samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 574,2 samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 574,3 samþ. með 25 shlj. atkv.
1. gr. svo breytt samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Neðri deild, 72. fundur.

Mánudaginn 6. apríl, að loknum 71. fundi.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 611). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Efri deild, 73. fundur.

Þriðjudaginn 7. apríl, kl. 1.30 miðdegis.

Norðurlandasamningur um félagslegt öryggi, frv. (þskj. 522). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Þróunarsamvinnustofnun Íslands, frv. (þskj. 603). — 1. umr.

Utanrrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Eitt þeirra viðfangsefna, sem verða æ þýðingarmeiri með ári hverju á sviði alþjóðamála, er sú umræða sem fram hefur farið, aðallega á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, um samskipti ríkra þjóða og snauðra. Veigamikið atriði í því máli er sú krafa þróunarlanda, að aukin verði aðstoð til þeirra frá iðnríkjunum sem geri þeim síðan kleift að standa á eigin fótum. Fyrir u. þ. b. 11 árum var samþykkt á þingi Sameinuðu þjóðanna ályktun um að stefnt skyldi að því marki, að iðnríkin verji a. m. k. 1% af þjóðartekjum sínum til stuðnings þróunarríkjunum. Þessu marki skyldi náð eigi síðar en við lok síðasta áratugs.

Raunin hefur hins vegar orðið sú, að aðeins örfáar þjóðir hafa náð þessu marki. Frændur okkar á Norðurlöndum, þ. e. Svíar, Danir og Norðmenn, eru þar fremstir í flokki ásamt Hollendingum. Auk þess hafa nokkur olíuflutningsríki náð þessu marki á s. l. fimm árum. Framlög Íslendinga til þessara mála hafa ávallt verið af mjög skornum skammti eða 0.05%—0.06% af þjóðartekjum.

Skömmu eftir að áðurnefnd ályktun var samþykkt á þingi Sameinuðu þjóðanna samþykkti Alþingi lög um Aðstoð Íslands við þróunarlöndin. Í þeim lögum er m. a. mörkuð sú stefna, að unnið skuli að því að framlög Íslendinga nái því að vera 1% af þjóðartekjum. Aðalverkefni þessarar stofnunar er að annast tvíhliða samstarf við þróunarlöndin.

Fyrstu árin eftir að stofnuninni var komið á fót var einkum unnið að því á hennar vegum að Ísland gerðist þátttakandi í norrænu þróunarsamstarfi. Gerðist Ísland aðili að svo nefndum Oslóar-samningi Norðurlandanna um samvinnu þeirra á milli um aðstoð við þróunarlönd á miðju ári 1973.

Því takmarkaða fé, sem veitt var til þróunaraðstoðar árin 1972—1973, var að mestu varið til fiskveiðiverkefna á Indlandi. Árin 1974—1978 gekk það fé, sem veitt var til þróunaraðstoðar, nærri óskipt til þeirra samnorrænu verkefna sem Ísland gerðist aðili að á grundvelli Oslóar-samningsins. Í upphafi var um þrjú slík verkefni að ræða. Tvö svokölluð samvinnuverkefni í Kenýa og Tansaníu og landbúnaðarverkefni í Tansaníu. Síðan bættust svo við landbúnaðarverkefni í Mosambique.

Allmargir Íslendingar hafa verið ráðnir til starfa við norrænu samvinnuverkefnin í Kenýa og Tansaníu. Er þar einkum um að ræða starfsmenn íslensku samvinnufélaganna auk nokkurra sérfræðinga með viðskiptamenntun og reynslu í því að byggja upp fyrirtæki. Hafa þessar þjóðir, einkum Kenýamenn, talið samvinnufyrirkomulag henta við uppbyggingu atvinnulífsins. Er ekki annað vitað en að Íslendingar hafi getið sér góðan orðstír við störf sín á þessum vettvangi. Segja má því að það sé verulegur ávinningur fyrir Íslendingana að hafa þannig eignast talsverðan hóp manna sem góða þekkingu hefur á málefnum þróunarlandanna.

Árið 1978 var gerður fyrsti samningur Íslands um tvíhliða verkefni við Kenýastjórn. Er þar um að ræða sérstakt verkefni á sviði fiskveiða, sem kostað er að hluta af Íslendingum, og hefur íslenskur sérfræðingur verið þar frá því haustið 1978. Stofnunin hefur greitt laun hans og enn fremur veiðarfærakostnað að töluverðu leyti. Árangur í starfi þessu hefur verið jákvæður og Kenýastjórn lagði áherslu á að samningur þessi yrði famlengdur en hann rann út á s. l. ári. Eftir áramótin 1979—80 var hafist handa um að hrinda í framkvæmd næsta tvíhliða verkefni og jafnframt því umfangsmesta sem stofnunin hefur lagt í. Er hér um að ræða fisveiðiverkefni á Cabo Verde, en á vegum aðstoðarinnar hófst undirbúningur þess sumarið 1977. Hófst verkefnið á s. l. ári og er ætlað

að það standi í eitt og hálft ár. Til starfseminnar var keypt 200 lesta stálskip og eru fjórir Íslendingar starfandi við verkefnið. Við nokkra byrjunarerfiðleika var að stríða á s. l. ári, en nú eftir áramótin hefur gengið mun betur og töluvert aflast. Eins og við var að búast hefur það reynst tímafrekara en vonast var til að finna góð fiskimið við eyjarnar, en svo sem áður var sagt hefur nokkuð rofað til á því sviði á síðustu tveimur mánuðum.

Það hefur auðvitað ýmislegt skeð á þeim tíu árum sem liðin eru frá því að samþykkt var á sínum tíma frv. um aðstoð við þróunarlöndin. Því var það að stjórn þess starfs fór þess á leit við utanrrh. fyrir u. þ. b. tveimur árum að hann hlutaðist til um endurskoðun á lögunum. Hann gerði það og fól stjórn stofnunarinnar að framkvæma þá endurskoðun. Og það má segja að þetta frv., sem hér liggur fyrir og ætlað er að koma í stað og leysa af hólmi lögin frá 1970, sé samið af stjórn þessarar stofnunar.

Það eru nokkur nýmæli í þessu frv. Nú er skipt um heiti á stofnuninni og hún kölluð Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Það er ekki heppilegt heiti og væri gott ef menn gætu fundið eitthvert betra heiti.

Annað nýmælið er það, að skilgreint er miklu nánar verkefni og hlutverk stofnunarinnar en gert er í núgildandi lögum.

Þriðja nýmælið er það, að ákveðið er að skattakjör manna, sem vinna á vegum þessarar stofnunar, skuli vera hin sömu og þeirra manna sem vinna á vegum annarra alþjóða-stofnana.

Fjórða nýmælið er það svo, að breytt er um fyrirkomulag á stjórn stofnunarinnar. Núna eru fimm menn í stjórn Aðstoðar Íslands við þróunarlöndin. Þeir eru allir kosnir af Alþingi og reyndar er kjörtími þeirra víst útrunninn fyrir nokkru, en þeirra tímabil hefur nú verið framlengt. Í þessu frv. er lagt til að stjórn þessarar stofnunar verði skipuð sjö mönnum, utanrrh. skipi einn, en sex séu kjörnir af Alþingi.

Þetta eru, herra forseti, held ég aðalnýmælin í þessu frv., en kannske eru einhver minni háttar nýmæli sem þar er um að tefla.

Þetta frv., þó að lögum verði, skiptir út af fyrir sig engum sköpum í þessu máli. Það, sem er aðalatriðið, er hvort Alþingi verður reiðubúið til að veita meira fé til þessa verkefnis en gert hefur verið að undanförnu. Við erum þar mjög aftarlega. Ég held að ef við t. d. ættum að komast til jafns við Finna, sem eru heldur aftarlega í hópi, þá mundu okkar framlög þurfa sennilega að fjórfaldast eða fimmfaldast jafnvel. En það eru engin ákvæði um það í þessu frv. hvert fjárframlagið skuli vera. Það er lagt á vald fjárveitingavaldsins. Og það fer auðvitað eftir því, hvort fjárveitingavaldið sér sér fært að veita meira fé til þessarar starfsemi en verið hefur hvort verulegur árangur getur orðið af starfi Íslands á þessum vettvangi. Eilítið hefur þetta framlag verið hækkað, en það er auðséð að betur má ef duga skal ef við eigum að taka virkan þátt í þessu.

Herra forseti. Það mætti margt um þetta mál segja, en ég skal ekki tefja tíma deildarinnar með því að rekja það. Sú nefnd, sem fær málið til meðferðar, athugar það að sjálfsögðu nánar og getur þá fengið frekari upplýsingar frá ráðuneytinu eða stjórn áðurnefndrar stofnunar.

Ég leyfi mér að óska eftir að frv. verði vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Lánsfjárlög 1981, frv. (þskj. 430, n. 600, 601 og 602, 442, 562, 599, 604, 609). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Brtt. 599,1 samþ. með 10:1 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 10:1 atkv.
2. gr. samþ. með 10:1 atkv.
Brtt. 604,1 felld með 10:8 atkv.
3. gr. samþ. með 10:2 atkv.
4.—5. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 599,2 (ný gr., verður 6. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 606,1 felld með 9:8 atkv.
Brtt. 599,3 (ný 6. gr., verður 7. gr.) samþ. 17 shlj. atkv.
7.—8. gr. (verða 8.—9. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 599,4 samþ. með 11:2 atkv.
Brtt. 604,2 felld með 10:2 atkv.
9. gr. (verður 10. gr), svo breytt, samþ. með 10:2 atkv.
Brtt 599,5 samþ. með 12 shlj. atkv.
10. gr. (verður 11. gr.), svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
11. gr. (verður 12. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 599,6 samþ. með 13 shlj. atkv.
12. gr. (verður 13. gr.), svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
13.—15 gr. (verða 14.—16. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 606,2 felld með 11:7 atkv.
Brtt. 604,3 felld með 10:8 atkv.
16. gr. (verður 17. gr.) samþ. með 12:2 atkv.
17. — 18. gr. (verða 18.—19 gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 606,3 felld með 11:6 atkv.
19. gr. (verður 20. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 606,4 felld með 10:8 atkv.
20. gr. (verður 21. gr.) samþ. með 10:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já: GTh, JH, ÓRG, ÓlJ, StefG, StJ, TÁ, DA, GeirG, HS,

nei: GK, KSG, LJ, SalÞ, ÞK, EgJ, EG, SigurlB.

2 þm. (GB, KJ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Í meðferð nefndarinnar á málefnum Bjargráðasjóðs kom fram að enn liggja ekki fyrir neinar heilsteyptar greinargerðir um fjárþörf sjóðsins á þessu ári vegna þeirra miklu óveðurstjóna sem hér hafa orðið. Málefni sjóðsins og fjárhagsfyrirgreiðsla vegna þeirra tjóna verða tekin fyrir þegar þau gögn liggja fyrir. Á þessu stigi er því ekki tímabært að breyta fyrri ákvörðunum vegna fjárhagsstöðu Bjargráðasjóðs og segi ég því já.

Þorv. Garðar Krisjánsson: Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því, að þessi grein fjallar um framlag ríkisins sem er lögákveðið, en ekki um sérstakar ráðstafanir til

þess að efla Bjargráðasjóð vegna ofviðrisins í vetur er leið. Og þar er brtt. frá mér ásamt fleiri hv. þm. um sérstakar ráðstafanir að því leyti. Hvað sem verður um þá till. — og að sjálfsögðu vonast ég til að hún verði samþykkt — þá er nauðsynlegt að Bjargráðasjóður haldi sínum lögákveðnu tekjum. Því segi ég nei.

21.—23. gr. (verða 22.—24. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 562 samþ. með 12 shlj. atkv.

24. gr. (verður 25. gr.), svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 604,4 felld með 9:2 atkv.

25. gr. (verður 26. gr.) samþ. með 10:1 atkv.

26. gr. (verður 27. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 604,5 felld með 9:2 atkv.

1. málsl. 27. gr. samþ. með 14:2 shlj. atkv.

27. gr. (verður 28. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 442,1 felld með 9:7 atkv.

Brtt. 442,2 kom ekki til atkv.

Brtt. 609 tekin aftur til 3. umr.

28. gr. (verður 29. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 598). — 1. umr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það frv., sem hér er flutt á þskj. 598, fjallar um tvennt: Í fyrsta lagi það, að heimilt verði að lækka þann aldur, sem takmarkar rétt sjómanna til ellilífeyris, með þeim hætti, að hver sem stundað hefur sjómennsku í 25 ár eða lengur skal eiga rétt til töku ellilífeyris frá og með 60 ára aldri, enda sé að öðru leyti fullnægt skilyrðum almannatryggingalaganna. Starfsár sjómanna í þessu sambandi miðast við að sjómaður hafi verið lögskráður á íslenskt skip eigi færri en 180 daga að meðaltali í 25 ár.

Hér er um að ræða breytingu sem hefur verið á döfinni alllengi í viðræðum við sjómannasamtökin. Enginn dregur í efa að full rök séu fyrir því, að sjómenn búi við önnur mörk að því er varðar lífeyrisaldur og rétt til lífeyris en almennt gengur og gerist í þjóðfélaginu. Í flesum nágrannalanda okkar er sérstaða sjómanna viðurkennd að þessu leyti og með þeim hætti sem hér er lagt til.

Í Nd. hefur verið lagt fram frv. til l. um breyt. á lögum um lífeyrissjóð sjómanna, þar sem gert er ráð fyrir hliðstæðri breytingu á þeim lögum og hér er gerð till. um að verði á lögum um almannatryggingar. Að sjálfsögðu á sú breyting aðeins við þá sem eru aðilar að lífeyrissjóði sjómanna, en auðvitað er fjöldinn allur af sjómönnum fyrir utan þann lífeyrissjóð og í öðrum almennum lífeyrissjóðum. Þeirri hugmynd hefur verið hreyft af sjómannasamtökunum, að reynt verði að láta þennan lífeyrisrétt gilda um sjómenn hvar svo sem þeir eru í lífeyrissjóði, en mjög verulegir annmarkar eru á að koma því fyrir, að því er fram hefur komið í viðræðum sem við höfum átt við forsvarsmenn lífeyrissjóðanna, m. a. Sambands almennra lífeyrissjóða. Ástæðan til þess er auðvitað fyrst og fremst sú, að það er vandi að ákveða að sjómenn skuli njóta þarna betri réttar en aðrir aðilar að sjóðunum án þess að þeir í raun og veru greiði neitt meira til sjóðsins en aðrir aðilar að sjóðnum gera. Hér er sem sagt um að ræða afar flókið mál og hefur ekki tekist að finna leið sem er tæknilega fær í þessum efnum. Hins vegar höfum við verið með í gangi vissa vinnu í þessa átt, til að kanna þessi mál, en niðurstaða er ekki fengin.

Þessa vildi ég nú geta í þessari framsöguræðu hér, enda þótt hér sé á dagskrá aðeins frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar sem snertir rétt sjómanna til lífeyris frá Tryggingastofnun ríkisins, ellilífeyris. Frv. um lífeyrissjóð sjómanna er annars staðar í þinginu, en þar er gert ráð fyrir samræmingu þarna á milli.

Önnur efnisbreyting þessa frv. á þskj. 598 er sú, að Tryggingastofnuninni verði heimilt að veita örorkustyrk þeim sem skortir a. m. k. helming starfsorku sinnar og uppfyllir skilyrði laganna að öðru leyti að því er örorkustig varðar. Í frv. er þetta orðað svo:

„Örorkustyrkþegi, sem náð hefur 62 ára aldri, skal njóta örorkustyrks sem jafnan svarar til fulls örorkulífeyris."

Það tók alllangan tíma hjá okkur að koma okkur niður á orðalag í þessum efnum sem við sættum okkur sæmilega við og samrýmdist að öðru leyti lögum um almannatryggingar, en hugmyndin með þessu er auðvitað fyrst og fremst sú, að sá, sem orðinn er 62 ára að aldri og hefur glatað hálfri starfsorku sinni, fái lífeyri sem svarar til fulls örorkulífeyris. Þetta er í raun og veru það grundvallaratriði sem þarna er byggt á, en útfærslan er sú, að þarna er um að ræða sérstaka hækkun á örorkustyrk upp að örorkulífeyri sem gengur til þessa fólks. Örorkustyrkþegar eru þeir sem skortir a. m. k. helming starfsorku, en örorkulífeyrisþegar þeir sem skortir a. m. k. 3/4 starfsorku.

Þetta mál hefur verið rætt við ýmsa aðila og er hluti af þeirri yfirlýsingu sem ríkisstj. gaf við lausn kjarasamninganna hinn 27. okt. s. l. Ég vænti þess, að hv. Alþingi taki þessum till. vel og afgreiði þessar tvær einföldu till. á því þingi sem nú situr.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 11 shlj. atkv.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 611). — 1. umr.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að mæla hér fyrir frv. til l. um breyt. á lögum um tollskrá með síðari breytingum.

Eins og kunnugt er eru þau ákvæði í núgildandi lögum, að lækka megi eða fella niður gjöld af allt að 400 fólksbifreiðum fyrir fólk sem er fatlað á svo háu stigi að það á erfitt með að fara ferða sinna án farartækis. Í lögunum er raunar öllu nákvæmari skilgreining á þessari fötlun og þeim sjúkdómum sem þarna geta komið til greina. Lækkun þessara gjalda er bundin við ákveðna krónutölu og fjmrh. er ekki heimilt að breyta þeim fjárhæðum, sem þar eru greindar, án þess að leggja það mál fyrst fyrir Alþingi.

Þegar frv. þetta var lagt fram var gert ráð fyrir að bifreiðunum yrði fjölgað í 500 úr 400, en við meðferð málsins í Nd. hefur sú tala enn verið hækkuð í 550 og þá gert ráð fyrir því, að fleiri njóti þessa ákvæðis en fyrri

skilgreining gerði ráð fyrir. Er þar fyrst og fremst um að ræða fólk sem er þannig fatlað að það getur ekki sjálft ekið bílnum, og er þá gert ráð fyrir að aðrir verði til að aka því.

Í frv. eru fjárhæðir hækkaðar allverulega og er gert ráð fyrir að lækkun gjalda af hverri bifreið megi nema allt að 12 þús. kr., en heildarlækkun að meðtöldu innflutningsgjaldi allt að 24 þús. kr. Er hér um að ræða um 60% hækkun frá því sem áður var. Auk þess er fjmrh. heimilt að breyta þessum fjárhæðum héðan í frá til samræmis við þróun framfærsluvísitölu og vegna breytinga sem kunna að verða á aðflutningsgjöldum af bifreiðum.

Í núgildandi lögum er gert ráð fyrir að öryrki geti fengið eftirgjöf gjalda af bifreið að nýju að fimm árum liðnum. En í frv., sem hér liggur fyrir, eru þessi tímamörk lækkuð í fjögur ár. Eins er þess getið í núgildandi lögum, að öryrki, sem fær eftirgjöf samkv. 3. málsgr. laganna — en þar er rætt um sérstaklega útbúnar bifreiðar sem eru dýrari en aðrar bifreiðar og fæst þá enn frekari eftirgjöf en í hinu fyrra tilviki — geti sótt um eftirgjöf að nýju að fjórum árum liðnum. Í frv. er gert ráð fyrir að þessi tímafrestur sé styttur í þrjú ár.

Frv., sem hér um ræðir, hefur tekið lítils háttar breytingum í Nd. eins og ég hef þegar gert grein fyrir. Er það fyrst og fremst að fjöldi bifreiðanna er hækkaður úr 500 í 550 og að þessar seinast töldu bifreiðar, sem ég nefndi að væru sérstaklega útbúnar, mega vera allt að 40 í staðinn fyrir 25 eins og var upphaflega í frv.

Ég vil vekja á því athygli, að 2. gr. frv. fjallar um annað og nokkuð óskylt mál. Þannig er mál með vexti, að þegar bifreiðar eru fluttar til landsins er talið óhjákvæmilegt að þær verði strax ryðvarðar. Hefur verið heimilað að þær væru ryðvarðar án þess að þær fengju tollmeðferð. Þetta þykir dálítið hæpin regla frá lagasjónarmiði, auk þess sem það hefur verið gagnrýnt, að fyrirtæki hafa ekki staðið jafnt að vígi í þessum efnum. Er því sú regla hér sett til að auðvelda það að þessi mál geti gengið fyrir sig með eðlilegum og löglegum hætti, að fyrirtæki, sem annast ryðvörn hér á landi eða aðra gilda starfsemi, geti fengið bifreiðarnar til ryðvarnar til að forða þeim frá ryðgun eða öðrum skemmdum. Frvgr. er að vísu mjög almennt orðuð. Þar er hvorki talað um ryðvörn eða bifreiðar, heldur er talað um tímabundna afhendingu vara til þess að fram geti farið á þeim nægileg aðvinnsla til að forða þeim frá rýrnun eða öðrum skemmdum. En þetta er fyrst og fremst raunhæft í sambandi við ryðvörn þó að skylð tilvik gætu hugsanlega í framtíðinni fallið undir þessa klausu.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Söluskattur, frv. (þskj. 590). — 1. umr.

Flm. (Helgi Seljan): Herra forseti. Á þskj. 590 höfum við hv. þm. Stefán Guðmundsson, Egill Jónsson og Eiður Guðnason leyft okkur að flytja frv. til l. um breyt. á lögum um söluskatt, með síðari breytingum. Þetta varðar almenna heimild varðandi niðurfellingu söluskatts hjá hinum svokölluðu húseiningaverksmiðjum eða þeim verksmiðjum sem framleiða hús af ýmsu tagi. Nú er komin í lög heimild fyrir því að fella niður söluskatt af þeirri vinnu sem er sambærileg vinnu á byggingarstað, en hún einskorðast við íbúðarhús. Við leggjum til að við 1. tölul. 7. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðist svo:

„Heimild þessi nái einnig til barnaheimila, leikskóla, félags- og safnaðarheimila og atvinnuhúsnæðis.“

Með þessu fylgir svohljóðandi grg. sem ég og vil leyfa mér að lesa, með leyfi forseta:

„Á sínum tíma flutti 1. flm. þessa frv. ásamt öðrum frv. um að öll vinna hjá húseiningaverksmiðjum samsvarandi vinnu á byggingarstað yrði undanþegin söluskatti svo sem er um aðrar húsbyggingar.

Frv. var borið fram beinlínis til þess að koma á fullu jafnrétti hjá þeim sem byggja verksmiðjuframleidd hús, samanborið við þá framkvæmdaaðila sem framkvæma allt á byggingarstað.

Þetta frv. náði ekki fram að ganga. Hins vegar flutti þáv. fjmrh. frv. sem lögfest var, en heimildin í þeim lögum einskorðast við íbúðarhús. Þetta var vissulega mikilvægur áfangi og létu flm. fyrra frv. þar við sitja. Nú hefur orðið mikil aukning á verksmiðjuframleiddum húsum almennt og allt er það til hagsbóta fyrir byggingariðnaðinn í landinu og enn frekar fyrir húsbyggjendur og þá aðra er í byggingarframkvæmdum standa.

Til að fullt jafnrétti náist þarf víðtækari heimild, almenna og altæka, eins og var í upphaflegu frv. um mál þetta. Flm. telja hins vegar að nú sé að næsta áfanga komið þó ekki verði fullu jafnrétti náð. Þar hljóta framkvæmdir, sem ríkið fjármagnar að miklu leyti, að vera í fremstu röð og því er í frv. fyrst og fremst að þeim framkvæmdum vikið (þ. e. barnaheimilum, leikskólum, félags- og safnaðarheimilum).

Miðað við ákveðna eftirspurn á verksmiðjuframleiddu húsnæði til atvinnurekstrar — iðnrekstrar einkanlega (varðandi hugsanlega iðngarða), þykir flm. rétt að láta það fylgja með enda um leið ákveðinn stuðningur við innlendan iðnað almennt.“

Nefndin skoðar það að sjálfsögðu hvort henni þyki þarna of langt gengið og hvort þessi heimild eigi eingöngu að ná til fyrstu fjögurra liðanna, sem taldir eru upp, og þessu verði sleppt.

Við viljum aðeins benda á það, að við höfum vissa löngun til að taka sumarhús hér inn í einnig, ekki vegna þess að við berum mikla umhyggju fyrir sumarbústaðaeigendum. En það er hvort tveggja, að hér er um upplagt verkefni að ræða fyrir þessar verksmiðjur, og ekki síður hitt að það er farið að bera allmikið á innflutningi á slíkum sumarhúsum. Ef við gætum fengið þau verksmiðjuframleidd hér, eins og nú er hægt, og söluskattinn af þeim numinn, þá mundum við geta verið nokkurn veginn samkeppnisfærir við þessi innfluttu hús. En það munum við ekki vera eins og málum er háttað í dag. Þetta mætti athuga í nefnd. Við leggjum ekki á þetta neina ofuráherslu.

Ég vil svo að öðru leyti gera þá grein fyrir málinu, að áður en til frv.-flutnings af þessu tagi kom höfðum við samband við hæstv. fjmrh. um þetta mál. Hann taldi sjálfsagt að nefnd hér í þinginu fengi þetta til skoðunar og menn í hans ráðuneyti, því að hann væri mjög hlynntur því, að þessi heimild yrði víðtækari en hún hefur verið, enda nauðsynlegt að efla einmitt þann byggingariðnað sem hér er á ferðinni, en hann hefur tvímælalaust

leitt til þess, að menn hafa komist fyrr í hús sín og menn hafa komist í ódýrari hús einnig.

Að þessum orðum sögðum legg ég til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Ný orkuver, frv. (þskj. 512). — Frh. 1. umr.

Egill Jónsson: Herra forseti. Það er nú reyndar ekki af miklu tilefni sem ég þarf að kveðja mér hér hljóðs öðru sinni í þessum umr. því að þessar umr. hafa allar verið með þeim hætti, að mikils friðar virðist gæta í kringum orkumálin og langflestir ræðumenn hafa tekið það hér fram, að um þau þyrfti að verða gott samkomulag, svo stór þáttur sem þau eru í málaákvörðunum um þessar mundir.

Það hæfir ekki að þm. af Austurlandi geri hér mikinn ágreining um, og ég hygg að menn hafi kannske getað greint það í máli okkar allra, sem hér höfum talað, þm. Austurlands, að þar sé á ferðinni mikil tilhneiging til þess að komast að sameiginlegri niðurstöðu. Vil ég ekki síst í þeim efnum minna á þá ræðu sem hæstv. viðskrh. flutti fyrr í þessari umr., þar sem hann í rauninni tók mjög undir okkar tillögugerð og talaði algjörlega í þeim anda sem Austfirðingar hafa gert að sínu máli og sínum till. í þessum efnum, eins og reyndar ég hef gert líka. Er það nokkurt dæmi um það, að menn vilja gjarnan eiga hér samleið eða a. m. k. leita allra leiða til þess meðan annað kemur ekki fram sem veldur því að leiðir kunna að skilja.

Það eru aðeins tvö atriði sem ég vildi gjarnan gera hér athugasemd við í ræðu hæstv. iðnrh., sem hér er nú að vísu ekki staddur. Það er í fyrsta lagi þar sem hann talar um að það hafi ekki tafið virkjanir hér á landi, að heimildir til virkjana hafi ekki verið fyrir hendi. Það má reyndar segja að svo hafi ekki verið — og af því að hæstv. ráðh. var að ganga hér inn í deildina er rétt að ég endurtaki það sem ég var að segja. Það var að ráðh. hafi talið í sinni ræðu að það hafi ekki tafið fyrir virkjunum hér á landi, að ekki hafi verið lagaheimildir fyrir hendi. Þetta er trúlega alveg rétt. Og það getur vel verið að ef um það er að ræða, að tregða sé frá hendi hæstv. ráðh. í þeim efnum, þá megi skýra það með einu litlu máltæki: Brennt barn forðast eldinn. Sú var tíðin að þessi hæstv. ráðh. notaði sér heimildir til virkjunar á Austurlandi, sem reyndar var svo kippt til baka af öðrum ráðh. rétt á eftir.

En annað mál er það, að það lærist líka af slíku, og ég óttast ekki að því fylgi nein slys þótt heimildir séu fyrir hendi. Og grundvöllur samstöðu í þessum málum er virkilega sá, að þar verði tekið stórt fyrir og fundin verkefni sem gera kleift að takast á við þessi viðfangsefni.

Annað atriði, sem ráðh. er búinn að tala mikið um tvívegis í þessari umr., er stóriðjuþátturinn. Það er vissulega eðlilegt að um hann sé talað, ekki síst í sambandi við Austurlandsvirkjun. Og það er ekki alveg laust við það, að í máli ráðh. gæti þar nokkurs tvískinnungs. Hæstv. iðnrh. talar um að það sé út af fyrir sig ekki óeðlilegt og hann sé því jafnvel hlynntur, að stofnað sé til stóriðju á Austurlandi, og þá er það að sjálfsögðu til þess að mæta m. a. óskum Austfirðinga þar um. Síðan kemur framhaldið og þá kveður jafnan við annan tón. Þá er talað um allra handa hættur sem fylgja þessari stóriðju, m. a. hlutdeild útlendinga í þessum rekstri og annað þar fram eftir götunum. Það , sem skiptir að sjálfsögðu máli í þessum efnum, er að tekið sé til hendinni. Það kunna að verða á vegi okkar í þeim efnum ýmsir erfiðleikar og vafalaust skeður eitthvað þar í samningaumleitunum sem við hér á þessu landi getum ekki fellt okkur við. M. a. hlýtur að koma þar mjög sterklega til athugunar eignaraðild að þessum fyrirtækjum. Þetta skýrist í samningaviðræðum. Það hefur enginn verið að setja það fram sem skilyrði fyrir því, að stóriðja verði stofnsett hér á landi, að útlendingar ættu þar meiri hluta í. Það er sem sagt alveg hægt að taka ákvarðanir um samninga án tillits til þessa. Hér er að sjálfsögðu um það að ræða, að ráðh. er í nokkrum vanda í sínum stjórnmálaflokki, og er ekkert um það að segja hér frekar.

Það var mikið eftir því kallað af hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni, að við segðum til um hagkvæmni stóriðju við Reyðarfjörð og hvaða hlutdeild hún gæti þannig átt í virkjun á Austurlandi. Ég minni á það í þessu sambandi, að þm. Sjálfstfl., 19 að tölu, hafa lagt fram till. um stóriðjumál í Sþ. og þar er tilgreint hvaða verkefni það eru sem við leggjum áherslu á að verði tekin upp í sambandi við viðræður um orkufrekan iðnað. Við höfum lagt það til fyrr á þessu þingi, að þar verði tekið myndarlega til hendinni, og það situr síst á þm. Alþb. að vera með ákúrur í okkar garð þar um. Ég hef ekki orðið var við að það kæmu fram till. hér á Alþingi frá Alþb. í þeim málaflokki.

Eins og ég tilgreindi hefur líka þar fyrir utan verið unnið að þessum athugunum og menn hafa að vísu ekki allir verið jafnhrifnir af því. Ég minni á það, sem ég gat um áðan, þá vinnu sem byggðarlögin við Reyðarfjörð kostuðu til að unnin yrði. Ég minni á það sem gert var af stóriðjunefnd, og okkur þm. Austurl. og kannske fleirum hefur borist skýrsla frá iðnrn. um ákveðna tegund af stóriðju við Reyðarfjörð.

Í máli hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar kom fram ein ákaflega mikilvæg og sönn ábending. Hann sagði frá því, sem menn geta trúlega fallist á, að samningur um stóriðju, samningsgerð um stóriðju tekur að sjálfsögðu sinn tíma, hún tekur kannske ár, hún tekur kannske eitt og hálft ár, hún tekur kannske tvö ár. Það er nokkuð svipaður tími og þarf til þess að hanna Fljótsdalsvirkjun og bjóða hana út. Og einmitt á þessu vil ég vekja sérstaka athygli, að ef eftir því verður beðið að fyrir liggi samningar um sölu á orku frá Fljótsdalsvirkjun, ef það er virkilega skilningur manna að ganga eigi frá þeim samningum áður en ákvörðun verður tekin, þá getur orðið dráttur á þessari virkjun. Við höfum skýrt það hér, bæði ég og hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson, hvað við eigum við. Og það er einfaldlega það, að hafist verði handa um það tvennt: að hanna virkjun í Fljótsdal og leita eftir stóriðjukosti og hefja samninga við tiltekna aðila þar um. Þetta er eina leiðin sem fyrir hendi er til að flýta þessari virkjun, ef hún á ekki að vera í sérstakri samkeppni við aðra virkjunarkosti hér á landi. En á það vil ég leggja áherslu, að það er ekki stefna Sjálfstfl. (**Gripið fram í:** Hvað er ekki stefna Sjálfstfl.?) Það er að það sé stríð á milli manna um virkjunarkosti hér á landi.

Það hefur verið bent á þrjár leiðir um virkjunartil-

högun og virkjunarhraða. Þeirri fyrstu, sem ég ætla að nefna, fylgja að sjálfsögðu ekki miklar meiningar. Þó hefur verið imprað á þeirri leið í þessum umr. Hún er sú að skrúfað yrði fyrir þá stóriðju sem nú er hér á landi og orkan notuð til annarra þarfa hér innanlands. Þetta þýddi það, að við þyrftum ekkert að virkja fram til næstu aldamóta. Við hefðum þannig tvo áratugi til þess að rífast um næstu virkjun. Þennan kost geri ég nú ekki ráð fyrir að neinn maður aðhyllist.

Önnur leiðin er sú að virkja fyrir hinn hefðbundna markað hér innanlands, þ. e. að í virkjunaráformum okkar á næstu árum verði ekki orkusala til stóriðjuframkvæmda. Þetta gildir að þær virkjanir, sem við erum sérstaklega að ræða um í okkar frv. um ný orkuver, þ. e. í Fljótsdal, við Blöndu og svo á Þjórsársvæðinu, mundu duga líklega fram í 10 fyrstu ár næstu aldar. Ef sú stefna verður valin verður að sjálfsögðu að meta það, á hvaða virkjunum á að byrja. Og það er alveg augljóst, að um það hljóta menn að hafa ærið skiptar skoðanir og þar er ekki hægt að taka ákvarðanir, sem menn verða almennt ánægðir með, bara út frá einhverjum tilteknum hagkvæmnisjónarmiðum sem, eins og við vitum, geta alltaf orkað tvímælis.

Þetta er leiðin án stóriðju, þetta er stefna líka, þetta er stefna út af fyrir sig, og einmitt um þennan þátt hefur frsm. áður fjallað og óþarft að endurtaka það. En það hefur kannske ekki komið nógu skýrt fram hjá okkur fyrr, sem þó allir vita, að þetta er leið átaka, þetta er leið þar sem ekki verður komist fram hjá því að átök verði um virkjunarröð.

Þriðji kosturinn er svo sá að taka þessa orku til notkunar á miklu skemmri tíma og selja hana til orkufreks iðnaðar. Það er sú stefna sem felst í okkar frv. um nýjar virkjanir og er líka í samræmi við þáltill. okkar um iðjumál.

Þegar menn athuga þetta með þessum hætti, þá er alveg ljóst að afstaða okkar byggist á tilteknum markmiðum í orku- og iðjumálum. Hún byggist á því, að þær virkjanir, sem við hér tilgreinum, komi til nota fyrir þjóðina á næsta áratug og að tekið verði til hendinni þegar í stað við að fá notið þeirrar miklu orku sem allra fyrst. Og það er af þessari ástæðu sem við leggjum til að virkjanirnar raðist af sjálfu sér.

Ég veit að við höfum ekki alveg sömu skoðun á þessum málum, ég og hæstv. iðnrh., og það er alls ekki nein þörf á því að gera úr þessu mikið mál. Ég veit að við munum, þm. Austurl., hér eftir sem hingað til fylgjast að í þessu máli, svo lengi sem fært þykir og svo lengi sem við náum árangri fyrir okkar kjördæmi. Við höfum hins vegar valið þann kostinn fram að þessu, og það hefur ekki síst hæstv. iðnrh. gert, að leitast við að halda þessum málum á þeim kili, að um þau gæti kannske síðar orðið samstaða hér innan Alþingis. Væri vissulega vel ef svo yrði.

Ég endurtek svo það, sem ég hef sagt hér áður og hefur komið hér fram í máli manna, og ég vek athygli á að þessi umr. hefur ekki verið neitt í þeim dúr, að menn hafi verið að reyna að ná sér niðri á einum eða öðrum manni sem hér á hlut að máli. Þetta hefur ekki verið eldhúsdagsumræða. Og ég skoða það sem góðan fyrirboða um að hér verði reynt að ná fram langstærstu málum þjóðarinnar, sem nú er um fjallað, á þeim grundvelli að til heilla megi verða.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Það eru nú búnar að vera mjög miklar umræður um þetta frv. sem hér er á dagskrá, og það er ekki nema að vonum. Ég skal reyna að takmarka mjög mál mitt og vekja ekki upp neinar nýjar deilur eða ágreiningsefni sem ekki hafa verið rædd áður, í þeirri von að okkur takist von bráðar að ljúka þessum umr. og að liðinn verði tími umræðna og nú fari í hönd tími framkvæmda í virkjunarmálunum.

Hæstv. félmrh. ræddi töluvert í síðustu ræðu sinni um stóriðjumálin. Ég sagði áður í umr. að við hæstv. ráðh. værum sammála um það, við værum báðir stóriðjumenn í þeim skilningi, að við vildum báðir stóriðju. Hæstv. ráðh. sagði í síðustu ræðu sinni að hann útilokaði ekki samvinnu við útlendinga í vissum mæli. Ég held að við getum verið sammála um þetta, ég útiloka ekki samvinnu við útlendinga í vissum mæli. Þessi mál eru þess eðlis, að hvort sem það er hæstv. ráðh. eða ég eða einhverjir aðrir hljótum við að meta þetta og vega eftir aðstæðum hverju sinni. En við megum ekki hugsa of mikið um þetta og umfram allt ekki vera hræddir við útlendinga í þessu sambandi. Því að hættan er sú, að ef við gerumst of varasamir, þá gerum við lítið eða ekki neitt.

Hæstv. ráðh. sagði að það væri táknrænt fyrir áherslubreytingar í þessum málum, að hann hefði lagt niður hina svokölluðu stóriðjunefnd. (**Iðnrh.:** Viðræðunefnd um orkufrekan iðnað.) Já, viðræðunefnd um orkufrekan iðnað. Því miður kann það að vera rétt, að þetta sé tákn um áherslubreytingu, en það er að mínu viti til hins lakara, því að við vitum hvað miklu minni þróttur hefur verið í þessum málum upp á síðkastið heldur en áður var og má ekki við svo búið standa.

Hv. 11. þm. Reykv. kom víða við í sinni síðustu ræðu í þessum umr. Það er ekki nokkur leið fyrir mig að fara að rekja það allt hér. Hann kom inn á það sem hann hafði áður haldið fram, að það mundi ekkert verða af Fljótsdalsvirkjun í næstu framtíð, skilst manni, og að ég hefði platað mína samflokksmenn, hv. 11. landsk. þm. og hv. þm. Austurl. Sverri Hermannsson, og eins og lá í orðunum að ég ætti þá sök á afstöðu Austfirðinga almennt í þessum efnum. En hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson var nú kominn að þeirri niðurstöðu, að ég mundi sennilega ekki eiga sök á þessu. En ef svo er, þá er sjálfsagt að hans mati enn þá meiri sök þeirra sem hafa látið glepjast að hans mati í þessum efnum, og þar með eru taldir tveir þm. Alþb. á Austfjörðum sem ekki stóðu gegn þessum hugmyndum, sem við hér ræðum á Austfjarðafundunum, og hér hefur áður verið drepið á.

Hv. 11. þm. Reykv. sagði að hann væri mér sammála, en ekki hæstv. iðnrh., um það, að tryggja ætti stóriðjumarkaðinn fyrir raforkuna áður en farið væri að virkja, en ekki eftir á.

Hv. 11. þm. Reykv. þusaði mikið um það, að framkvæmdum væri ekki raðað. Sjálfur kom hann ekki með neinar till. um röðun framkvæmda. Það sýnir best að þótt hann mæli á þann veg sem hann gerir, þá sér hann sem skynsamur maður að það er eðlileg leið sem farið er í þessum efnum og frv. gerir ráð fyrir og ég hef margoft lýst hér í umr.

Hv. 11. þm. Reykv. talaði um að það ætti að ná samstöðu milli stjórnmálaflokkanna á landinu í afstöðunni til stóriðjunnar. Hann talaði um að það væri þörf á svokallaðri þjóðarsátt og það þyrfti að ganga fram í stóriðjumálunum líkt því sem við hefðum gengið fram í landhelgismálinu, staðið þar saman um að að helga landhelgina fyrir okkur Íslendinga eina. Ég get tekið undir margt af því, sem hv. þm. sagði í þessu efni, og þann anda, sem mér virtist vera yfir þessum þankagangi hans.

Ég held að við hljótum að vera allir sammála um það, að það sem við gerum gerum við fyrst og fremst til hagsbóta fyrir Ísland og Íslendinga, og um það ætti að geta verið samvinna.

En við hljótum að gera okkur grein fyrir því, að það fer eftir atvikum hvaða aðferðir við notum til að ná þessum árangri. Við getum t. d. ekki flutt rafmagnið út í fragtskipum eða fiskiskipum okkar og selt það þannig, eins og við seljum fiskafurðir. Við getum ekki hagnýtt orkulindirnar til útflutnings nema breyta orkunni í framleiðsluvöru. Það er þetta sem við verðum að hafa í huga. Við verðum að útvega fjármagn til þess að gera þetta mögulegt, og við þurfum að haga málum þannig að okkar áhætta verði sem minnst. En hvað sem við gerum og hvernig sem við snúum okkur í þessum efnum í hverju tilviki, þá er það aðeins eitt leiðarljós sem við hljótum að hafa. Við gerum ekkert annað en það sem við teljum að geti þjónað íslenskum hagsmunum. Annað væri óhæfa undir hvaða kringumstæðum sem væri.

Ef við getum verið sammála um þetta, þá vænti ég þess, að það geti orðið meiri kraftur í undirbúningi stóriðjumála en verið hefur að undanförnu og að við einbeitum okkur að framkvæmdum í þessum efnum, því að verkefnin kalla sannarlega að.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég hef áður tekið til máls um frv. það sem hér um ræðir og hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson mælti nú enn með.

Ég tel mig aðeins tilknúinn að þakka honum kærlega fyrir upplýsingarnar, sem hann veitti okkur síðast er þetta mál var til umr. hér, um stofnkostnað og arðsemi járnblendiverksmiðjunnar í Hvalfirði. Eins og hv. þm. vildi reikna stofnkostnað eða fjármagn í þessari verksmiðju og þeim virkjunum sem henni heyra og öðrum framkvæmdum, þessari verksmiðju sem hann nefndi í framsöguræðu sinni sem dæmi um hag Íslendinga af erlendri stóriðju, tilgreinda sérstaklega, — samkvæmt þeim upplýsingum, sem hann veitti okkur um kapítal í þessari verksmiðju nemur tap okkar af henni sexföldum stofnkostnaði verksmiðjunnar og þessara framkvæmda á þremur árum. Svo slæmt er þetta að vísu ekki, vegna þess að stofnkostnaðurinn er miklu meiri en hv. þm. tilgreindi í ræðu sinni.

Ef þetta dæmi er reiknað á enda, þá nemur það fé, sem í verksmiðjunni liggur núna, u. þ. b. milljarði á hvern starfsmann sem þar vinnur. Svo miklu nam tapið ekki, að það næmi sexföldum stofnkostnaði þessara framkvæmda á þremur árum. En það nemur geysilega miklu ef borið er saman við þau fyrirheit sem sérfræðingarnir gáfu og þáv. stjórnarflokkar studdust við þegar þeir knúðu í gegn fyrst lagasetninguna um samningsgerð við Union Carbide og síðan við Elkem-Spigerverket. Og svo miklu nemur þetta tap, að ég ítreka það, að það hefði verið stórkostlegur hagur að því fyrir okkur árið sem leið að verksmiðjunni hefði verið lokað og starfsfólki send launin heim, vegna þessa að þá hefðum við —borið saman við það tap sem við verðum að greiða af verksmiðjunni — haft raforkuna, sem til hennar er seld, ókeypis, — raforkuna, sem til hennar er seld á 4 nýaura og við kaupum til baka á 35 aura til þess að selja álverinu á 3.6 aura. Ég óskaði innvirðulega eftir því, að hv. þm. veitti okkur glöggar upplýsingar um þann gróða og þann ágóða sem við höfum haft af þessari verksmiðju, hvernig hann væri reiknaður. Ég hef ekki fengið þennan reikning enn.

Umr. frestað.

Umræður utan dagskrár.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég skildi það svo, að 3. umr. lánsfjárlaga hefði átt að fara fram í dag, en ég vil óska eftir því, að forseti skýri af hvaða ástæðu ekki er talið eðlilegt að þessi umr. fari fram. Eins og menn vita sjálfsagt var samkomulag um það milli þingflokka að þessi mál færu út úr Ed. í dag og síðan um ákveðin vinnubrögð í Nd. Mér finnst rétt að hv. þdm. fái skýringu á því af hverju þessi umr. fer ekki fram nú.

Forseti (Helgi Seljan): Út af orðum hv. þm. vil ég upplýsa það, að formaður fjh.- og viðskn. kom til mín og óskaði eftir frestun á þessu máli og ég óskaði þá um leið eftir því við hv. formann fjh.- og viðskn., að hann hefði um þá málsmeðferð, frestun þessa máls, samband við fulltrúa stjórnarandstöðunnar. Ég vona að hann hafi gert það. Aðra skýringu hef ég ekki á málinu.

Neðri deild, 73. fundur.

Þriðjudaginn 7. apríl, kl. 1.30 miðdegis.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 591). — 1. umr.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Eins og kunnugt er voru gerðar mjög verulegar breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt á s. l. ári. Meginbreytingar á skattlagningu, sem þá voru gerðar, fólust eins og kunnugt er í takmarkaðri sérsköttun hjóna og þó enn frekar í aðlögun skattalaga að verðbólguþróun, aðlögun laganna að verðbólguhugtakinu og þeim tekjuauka sem verðbólga getur fært mönnum í hendur. Einnig voru í frv. nýmæli um aðskilnað tekna atvinnurekenda af atvinnurekstri frá almennum launatekjum atvinnurekenda.

Þegar frv. þetta var samþykkt hér í þinginu var að sjálfsögðu uppi nokkur óvissa um tekjur ríkissjóðs af tekju- og eignarskatti að samþykktum þessum breytingum. Meginviðmiðunin, sem menn studdust við gerð fjárlaga á s. l. ári, var sú, að þessi nýju skattalög skiluðu ríkissjóði svipuðum tekjum og verið hefði ef gömlu skattalögin hefðu áfram verið í gildi, að teknu tilliti til verðlags- og launabreytinga milli ára. Þegar skattalögin voru til meðferðar hér í þinginu fyrir einu ári voru uppi háværar fullyrðingar af hálfu hv. stjórnarandstæðinga um að þau skattalög, sem verið var að samþykkja, mundi skila ríkissjóði allmiklu hærri tekjum en áætlað væri í fjárlögum. Eftir að álagning hafði farið fram á s. l. sumri upphófust þessar sömu fullyrðingar á nýjan leik og menn þóttust geta sannað það allt fram á s. l. haust, að tekjur ríkissjóðs af tekju- og eignarsköttum yrðu allmiklu hærri en fjárlög hefðu gert ráð fyrir og voru menn þá ekki í vandræðum með að ráðstafa þessum tekjum.

Nú liggur fyrir hverjar hafa orðið samanlagðar tekjur ríkissjóðs af tekju- og eignarskatti á s. l. ári. Niðurstaðan er sú, að tekjurnar af innheimtum skatti eru um 3.5 milljörðum lægri en fjárlög höfðu gert ráð fyrir. Í fjár-

lögum var gert ráð fyrir að samanlagður tekju- og eignarskattur næmi 63.8 milljörðum kr., en í reynd urðu þessar tekjur 60.3 milljarðar kr. Við höfum fyrirliggjandi gögn um heildarupphæð þessara skatta sem hægt er að bera saman við fjárlagatöluna eins og ég hef hér gert, en því miður liggur ekki fyrir hjá ríkisbókhaldi enn sem komið er nánari sundurliðun á þessum tekjum, vegna þess að einstakar innheimtustofnanir — og þá fyrst og fremst Gjaldheimtan í Reykjavík — blanda nokkuð saman innheimtum tekjum frá félögum og einstaklingum. Það hefur því enn ekki tekist að sundurgreina þessa tölu þannig að hægt sé að átta sig á í hverju breytingarnar eru helst fólgnar frá því sem áætlað var í fjárlögum.

Þetta vildi ég láta koma hér fram vegna þess að við meðferð skattbreytinga nú er nákvæmlega það sama uppi á teningnum og var fyrir einu ári. Það vantar ekki stóryrðin og fullyrðingarnar hjá stjórnarandstöðunni um það, að nú sé verið að hækka skattstofna langt umfram það sem gefið sé upp og að áformaðar skattalækkanir séu tómar talnablekkingar vegna þess að á sama tíma sé verið að hækka skatta með öðrum hætti.

Ég held að það sé hollt fyrir menn að hafa reynsluna frá liðnu ári í huga og minnast þess, að það vorum við stjórnarsinnar sem höfðum rétt fyrir okkur í þeim efnum, að þessar áætluðu tekjur af tekjuskatti yrðu síst meiri en fjárlög gerðu ráð fyrir. Við vissum að þessar áætlanir væru talsverðri óvissu undirorpnar, og það hefur komið í ljós, að tekjurnar urðu töluvert miklu minni en ráð var fyrir gert.

Það hefur alltaf legið ljóst fyrir, að eftir að í fyrsta sinn væri lagður á skattur samkv. þessum nýju skattalögum væri óhjákvæmilegt að gera ýmsar breytingar á skattalöggjöfinni að fenginni reynslu. Fljótlega eftir að skattur hafði verið lagður á tekjur komu fram umkvartanir frá einstæðum foreldrum þess efnis, að í mörgum tilvikum hækkuðu skattar á einstæð foreldri óeðlilega mikið. Nú mátti að sjálfsögðu alltaf gera ráð fyrir því, þegar slík umbylting er gerð á skattalögum, að sumir hækki meira en aðrir og aðrir lækki meira en meðaltalið vegna þess að auðvitað er ekki hægt að gera breytingu á skattalögum nema það hafi margvísleg áhrif á útkomu einstaklinga og annarra skattaðila. Vitað var að einstæð foreldri höfðu notið talsvert mikilla fríðinda í gömlu skattalögunum, og ljóst var, að með sérsköttun misstu einstæð foreldri viss fríðindi sem þeir höfðu haft, en fengu önnur í staðinn. Þau skipti gátu komið misjafnlega út hjá fólki eftir því, hvort um lágar eða háar tekjur var að ræða, og eftir því, hvort börnin voru fá eða mörg. En án þess að orðlengja þetta frekar varð niðurstaðan að sett var fimm manna nefnd sem falið var það verkefni að meta skattalega stöðu einstæðra foreldra. Hún skilaði álliti fyrir nokkrum vikum þar sem á það var fallist sem meginniðurstöðu, að gera þyrfti breytingar til hagsbóta fyrir einstæð foreldri. Það var megintillaga nefndarinnar, að lágmarkspersónufrádráttur samkv. 30. gr., sem veittur er einhleypingum, yrði 75% hærri hjá einstæðum foreldrum en hjá öðrum einhleypingum. Þessa tillögu hefur ríkisstj. gert að sinni og má þá gera ráð fyrir að skattaleg staða einstæðra foreldra verði öll önnur við næstu skattaálagningu.

Á s. l. hausti var nokkuð yfir því kvartað, að lágtekjufólk, sem byggi í skuldlitlu eigin húsnæði — og á það einkum við elli- og örorkulífeyrisþega, fengi mikla eignarskatta enda þótt ekki væru miklar tekjur fyrir hendi til að standa skil á þeim. En ekki er þetta nú í fyrsta sinn sem yfir þessu er kvartað. Þetta er gömul saga. Og ég held að það sé þá ekki síður fasteignaskatturinn sem fólk kvartar yfir, enda er það bruttóskattur sem tekur ekki neitt tillit til þess, hvort fólk þarf að borga jafnvel vexti og afborganir af viðkomandi eignum. Hann er lagður á bruttógeign.

Eftir að þetta vandamál hafði verið athugað nokkuð varð niðurstaðan að leggja til að hagur þessa lágtekjufólks yrði bættur með því að það mætti nýta ónýttan persónuafslátt til greiðslu eignarskatts. Enginn vafi er á því, að þetta kemur mjög mörgum til góða sem þannig stendur á fyrir, og þá einkum elli- og örorkulífeyrisþegum.

Einnig er lagt til í frv. að lækka megi eignarskatt þeirra sem litlar tekjur hafa vegna aldurs, veikinda eða slysa, en eins og kunnugt er er samsvarandi heimild fyrir hendi þegar um greiðslu tekjuskatts er að ræða. Þessi heimild hefur hins vegar ekki verið fyrir hendi um greiðslu eignarskatts og enginn vafi á því að hún bætir mjög úr skák fyrir þessum hópi fólks.

Eins og kunnugt er var gerð breyting á tekjuskattslögum fyrir rúmum mánuði hér í þinginu á þann veg, að frádráttur einstaklinga vegna greiðslu vaxta af lánum, sem tengjast kaupum eða byggingu íbúðarhúsnæðis, var hækkaður og það verulega. Á þessu álagningarári er vaxtafrádráttur í fyrsta skipti mjög takmarkaður, en mörkin voru verulega rýmkuð frá því sem lögin höfðu áður gert ráð fyrir og hjá hjónum geta vextir allt að 7.2 millj. gkr. orðið frádráttarbærir. Á hitt er vert að minna, að vaxtafrádrátturinn fellur í langflestum tilvikum undir 10% frádráttarreglu. Til samræmis við þessi fríðindi, sem húseigendur njóta, þó í takmörkuðum mæli sé, og til samræmis við það, að liðurinn eigin húsaleiga hefur verið felldur úr skattalögum, er hér gerð till. um að nokkur hagsbót komi til handa leigjendum og þeir fái helming húsaleigu vegna íbúðar til eigin nota frádráttarbæran við álagningu tekjuskatts. Ákvæði þetta gildir um greidda húsaleigu á þessu ári og verður því leigjendum til hagsbóta við álagningu skatts á næsta ári. Þessi lagabreyting gæti að sjálfsögðu ekki haft nein áhrif á viðskipti leigjenda og húseigenda á seinasta ári — og hætt við að þau viðskipti séu öll löngu frágengin — þannig að ekki þykir eðlilegt að þessi regla komi til framkvæmda í viðskiptum manna fyrr en á því ári sem nú er að líða. En þess er að vænta, að húsaleiga verði betur fram talin eftir þessa breytingu á skattalögum og að tekjur ríkissjóðs af sköttum af húsaleigu verði meiri en verið hefur, og kemur það á móti tekjutapi sem ríkissjóður hefur af þessari breytingu.

Í núgildandi skattalögum er það ákvæði, að vangreiðsla á hluta af sköttum veldur því, að allur ógreiddur skattur fellur í gjalddaga ásamt þungum dráttarvöxtum á alla upphæðina. Þetta þykir ekki sanngjörn regla, en hún hefur lengi verið í gildi og hefur lýst sér í því, að verði mistök hjá atvinnurekanda eða skattgreiðanda þannig að hann standi ekki skil t. d. 1. ágúst á fyrstu greiðslu skatta eftir að álagning hefur farið fram, þá verður hann að borga mjög þunga refsivexti á allar eftirstöðvar skattskuldarinnar. Þetta getur að sjálfsögðu numið mjög verulegum upphæðum. Hér er lagt til að þessi regla verði endurskoðuð með þeim hætti, að aðeins sá hluti skuldarinnar, sem fallinn er í gjalddaga, þ. e. sú mánaðargreiðsla sem fallin er í gjalddaga verði vöxtuð, en annar hluti skattskuldarinnar falli ekki í gjalddaga fyrr en á tilsettum

gjalddögum. Þetta mun að sjálfsögðu hafa nokkurt tekjutap í för með sér fyrir ríkissjóð, en liggur ekki nákvæmlega fyrir, enda er mjög erfitt að áætla hver sú upphæð gæti verið.

Þá kem ég að fimmtu meiri háttar efnisbreytingunni sem fólgin er í þessu frv., en hún lýtur að reglu 59. gr. um reiknuð laun. Í þessu frv. eru ákvæði 59. gr. tekjuskattslaga um reiknuð laun atvinnurekenda felld niður, ef frv. verður að lögum. Ástæðan er fyrst og fremst sú, að ekki þykir stætt á því að skattur sé lagður á tekjur sem aldrei hafa orðið til, eins og nú er raunverulega heimilað í 59. gr. Á hitt er rétt að minna, að áfram verða í lögunum fullgild og skýr fyrirmæli til skattstjóra að áætla atvinnurekendum tekjur, ef rökstudd ástæða er til að ætla að tekjur séu vantaldar eða fyrirliggjandi gögn eru talin ófullnægjandi eða tortryggileg.

Í grg. er ítarleg grein gerð fyrir ýmsum þáttum þessa máls, auk þess sem fsp. hafa verið lagðar fram um reiknuð laun á seinasta ári sem þegar hefur verið að nokkru svarað og birt var hér á Alþingi, en að öðru leyti eru þá í prentun, því að svörin hafa verið send frá fjmrn. í seinustu viku. Sé ég ekki ástæðu til að eyða tímanum hér í ítarlegar talnalegar upplýsingar. En rétt er að geta þess hér, að um 13 400 einstaklingar fengu reiknað endurgjald vegna vinnu veið eigin rekstur, og eru þá aðeins taldir þeir sem höfðu viðkomandi rekstur að aðalstarfi. Af þeim, sem fengu reiknað endurgjald, voru 3 873 bændur eða um 39% af heildarfjöldanum. Hins vegar er rétt að minna á það, að reiknað endurgjald hafði ekki áhrif til hækkunar á sköttum hjá mönnum nema reiknaða endurgjaldið hefði í för með sér tap í rekstrinum. Eins og ég sagði voru það um 13 400 einstaklingar, sem fengu reiknað endurgjald, en hjá um 3 100 þeirra varð tap í rekstri og það eru þeir sem fengu hærri skatt af völdum reiknaðs endurgjalds. Þar af voru 2/3 úr bændastétt eða rétt tæplega 2000 manns.

Megintilgangur ákvæðanna um reiknuð laun í 59. gr. var að samræma rekstursuppgjör fyrirtækja, hvort heldur þau eru rekin í félagsformi eða í nafni einstaklings. Eiganda rekstrar er samkv. núgildandi ákvæðum skylt — eins og segir í lagagr. — að telja sér til tekna eigi lægra endurgjald fyrir starf sitt en hefði hann innt það af hendi fyrir óskyldan eða ótengdan aðila.

Annað aðalmarkmið þessarar greinar var að koma í veg fyrir að þeir, sem hafa tekjur sínar af rekstri, sleppi með að greiða litla sem enga beina skatta, eins og óneitanlega hafa verið töluverð brögð að. Reiknuðu launin áttu að tryggja lágmarksskattgreiðslur allra atvinnurekenda sem taldir eru hafa stundað fullt starf. Meginágallinn á þessu ákvæði er hins vegar sá, eins og ég hef þegar getið, að samkv. ákvæðinu ber að leggja skatt á tekjur jafnvel þótt þær hafi aldrei orðið til. Þótt skattstjóri og skattþegn séu sammála um að tekjur í rekstrinum hafi alls ekki verið meiri en framtalið er, eða útgjöldin nákvæmlega þau sem greinir í framtali skattþegns, og tapið því bersýnilegt og óumdeilt, þá bar skattstjóra og ber samkv. núgildandi lögum að leggja á viðkomandi skattþegn reiknuð laun í samræmi við reglur ríkisskattstjóra. Breytti þar engu þótt það ylli enn frekara tapi í rekstri en reikningar sýndu. Að vísu gildir þessi regla þegar hlutafélög eða aðrir lögaðilar eiga í hlut. Lögaðilum ber að greiða eigendum sínum laun í samræmi við það sem gerist á hinum almenna vinnumarkaði, og þar gildir þessi regla og hefur gilt í fjöldamörg ár. En reynslan sýnir að nokkuð öðru máli gegnir um fyrirtæki sem rekin eru í nafni einstaklinga, vegna þess að þar er um minni rekstrareiningar að ræða. Þar eru menn með neyslu sína og rekstur oft á tíðum mjög samtvinnað, og þótt félag eigi kost á því að flytja tap milli ára, sem myndast vegna reiknaðra launa, kann það að vera illmögulegt, jafnvel ógerlegt fyrir einstakling með lítinn rekstur. Ég tel því að reynslan sýni að það hljóti að gilda um þetta aðrar reglur, þegar um tiltölulega lítinn rekstur er að ræða, heldur en þegar um stóran rekstur er að ræða.

Eins og kunnugt er, þá eru félög og lögaðilar ekki skattlögð með sama hætti og einstaklingar sem reka atvinnurekstur. Skatthlutfallið er töluvert hærra þegar félög og lögaðilar eiga í hlut, eða 65%, meðan aftur á móti hæsta skatthlutfall hjá atvinnurekendum með rekstur í eigin nafni er 50%, og prósentan er sú sama, 65% á allar tekjur lögaðila. En þeir, sem reka atvinnurekstur í eigin nafni, byrja með 25% álagningarhlutfall og síðan 35% og það er ekki fyrr en kemur í efsta jaðarskattinn að prósentan verður 50%. Á móti þessu kemur hitt, að félag eða lögaðili má leggja 25% af hreinum hagnaði í varasjóð. Ef þetta tvennt er lagt saman er nokkuð ljóst að þegar um smáfyrirtæki er að ræða er hagkvæmara að það sé rekið á nafni einstaklings. Síðan komum við upp að ákveðnum mörkum þar sem það kemur nokkuð í sama stað niður, hvort um félag er að ræða eða fyrirtæki á nafni einstaklings, og svo þegar kemur yfir ákveðin mörk er heldur hagkvæmara að reka fyrirtæki í félagsformi. Af þessu leiðir að það er á margan hátt eðlilegt að ekki gildi nákvæmlega sömu reglur um reiknuð laun þegar stórfyrirtæki í félagsformi á í hlut og smáfyrirtæki sem rekið er á nafni einstaklings.

Ljóst er að ýmsir annmarkar komu í ljós þegar reikna átti mönnum laun í samræmi við viðmiðunarreglur ríkisskattstjóra. Viðmiðunarlaunin þóttu nokkuð lág hjá ýmsum hátekjumönnum, enda aðeins miðuð við dagvinnutekjur. T. d. voru viðmiðunarlaunin 8.1 millj. gkr. hjá öllum sérmenntuðum mönnum, læknum, tannlæknum, verkfræðingum, endurskoðendum og öðrum hliðstæðum starfsstéttum, og fullyrt var að viðmiðunarlaunin hvettu atvinnurekendur með hærri tekjur til að halda sig við uppgefna upphæð í trausti þess, að ekki yrði litið frekar á reksturinn ef reiknuð laun væru áætluð yfir viðmiðunarlaunum. Hins vegar þóttu viðmiðunarlaunin nokkuð há hjá kvæntum bændum. En í lögunum var beinlínis miðað við launaþátt í verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara. Einhleypur bóndi á vísitölubúi, sem kvæntist, fékk 5.6 millj. kr. í reiknuð laun á reksturinn fyrir bæði hjónin í stað þess að fá 3.3 millj. áður en eiginkonan kom til sögunnar, jafnvel þótt reksturinn væri nákvæmlega sá sami í báðum tilvikum. Þótti ýmsum þetta nokkuð dýrkeypt kvonfang, að slíkar yrðu afleiðingarnar í skattlagningu.

Staðreynd er að ákvæði 59. gr. hafa ekki verið framkvæmd eins í öllum skattumdæmum, eftir þeim upplýsingum sem við höfum fengið frá ríkisskattstjóra, og olli þetta talsverðri mismunum gagnvart bændastéttinni einkum og sér í lagi. Mér er líka til efs að ákvæði 59. gr. hafi verið framkvæmd af skattstjórum eins og lög mæla fyrir. Ég tel líkur benda til að í æðimörgum tilvikum hafi ekki verið tekið það tillit til aðstöðu viðkomandi aðila: aldurs, heilsu og starfstíma, umfangs starfsins og annarra atriða er máli skipta, eins og kveðið er skýrt á um í 59. gr. laganna. Vissulega má benda á að þá hefðu menn getað

kært skattlagninguna til ríkisskattanefndar eða ríkisskattstjóra, eftir því sem við á, þ. e. eftir því hvort kærufrestur var útrunninn eða ekki. En mér virðist ljóst að óánægðir skattgreiðendur hafi ekki valið þennan kost nema í tiltölulega fáum tilvikum, sennilegast vegna þess að þeim hefur fundist það of flókin eða vonlítil leið. Rétt er að upplýsa hér að áður en kærufresti lauk höfðu skattstjórum borist 713 kærur vegna reiknaðra launa og í helmingi þessara tilvika tók skattstjóri að einhverju leyti til greina kröfur gjaldenda um lækkun launanna. Menn beri þetta saman við þá tölu sem ég nefndi áðan, að reiknuð laun mynduðu tap í rekstri í rúmlega 3000 tilvikum.

Ég vil svo að lokum varðandi reiknuðu launin aðeins ítreka það sem ég sagði í upphafi, að það er alger misskilningur, sem komið hefur fram, að með afnámi þessarar greinar sé numið úr lögum heimildarákvæði til þess að áætla mönnum tekjur ef rökstudd ástæða er til að ætla að tekjurnar séu vantaldar eða framtalið að öðru leyti tortryggilegt. Sú heimild er áframhaldandi fyrir hendi í 96. gr. laganna og verður að sjálfsögðu notuð af skattstjórum, enda hafa þeir skýr fyrirmæli um það í skattalögunum þegar það þykir við eiga.

Hins vegar vil ég endurtaka það sem ég sagði áðan, að einn aðaltilgangur 59. gr. var að tryggja að sem flestir greiddu nokkurn skatt til samfélagslegra þarfa, enda þótt rekstur fyrirtækja þeirra gengi ekki vel, a. m. k. ekki á pappírnum. Í ljósi þessa verður að skoða það, að gerð er till. um breytingar á fyrningarreglum jafnhliða því að 59. gr. skattalaga er niður felld. Lagt er til að útgjöld vegna fyrningar í atvinnurekstri séu lækkuð um allt að 10% ef hreinar tekjur í rekstri eru undir 5% af brúttótekjum. Eins og kunnugt er á það við um mjög mörg fyrirtæki og hefur átt við á undanförnum árum, að þau greiða lítinn sem engan tekjuskatt. Markmiðið með þessu ákvæði er því augljóslega það, að bókfærður hagnaður sé tekinn til endurskoðunar og fyrningargjöld séu lækkuð ef hagnaður reynist undir ákveðnu lágmarki.

Ég hef hér getið þeirra breytinga sem gerð er till. um að fenginni reynslu af skattlagningu á s. l. sumri. Ég gæti nefnt hér fjöldamörg önnur atriði sem fólgin eru í þessu frv. sem er í 33 greinum eins og sjá má af frv., en ég sé ekki ástæðu til að tína fram fleiri atriði, enda verða þau atriði, sem ég hef hér nefnt, að teljast aðalatriði. Hins vegar á ég ónefnt stærsta atriði þessa frv. Það eru þær almennu skattalækkanir sem frv. gerir ráð fyrir.

Í efnahagsáætlun ríkisstj., sem birt var um áramótin, var því heitið, að skattur á almennar launatekjur skyldi lækkaður þannig að sú lækkun samsvari um 1.5% kaupmáttarauka hjá þeim sem hafa meðaltekjur eða minna, þ. e. hjá lágtekjufólki og fólki með meðallaun. Það má hiklaust segja, að megintilgangur þessa frv. sé að efna þetta fyrirheit. Í fjárlögum fyrir árið 1981 var gert ráð fyrir að skattvísitalan yrði 145. Ætla má að álagning tekjuskatts einstaklinga svo og sjúkratryggingargjalds, en að frádregnum barnabótum og nýttum persónuafslætti, hefði samkv. þeirri skattvísitölu numið alls um 860 millj. kr. Eru það um 65 millj. kr. umfram þá álagningartölu er lá til grundvallar tekjuáætlun fjárlaga, eða í gkr. talið 6.5 milljarðar. Þegar fjárlög voru afgreidd nefndi ég oft að fjárlagatalan væri 4 milljörðum lægri en skattalögin mundu skila. Hér er hins vegar nefnd heldur hærri tala eða 6.5 milljarðar. Munurinn á þessum tveimur tölum er fyrst og fremst fólginn í því, að ég taldi ekki með það atriði sem síðar kom í ljós, að í lögunum var ekki gert ráð fyrir að persónufrádráttur einhleypinga breyttist eftir skattvísitölu, sem mun hafa verið mistök við samþykkt frv. á s. l. ári. Að óbreyttum lögum mundi því skattfrádráttur einhleypinga vera nákvæmlega sá sami í ár og hann var á seinasta ári, hann mundi ekki breytast við skattvísitölu, og það eitt hefur í för með sér skattahækkun upp á 2 milljarða. Þetta atriði taldi ég satt að segja aldrei með, vegna þess að auðvitað hefur aldrei komið neitt annað til greina en að þessi liður yrði hreyfður í réttu hlutfalli við skattvísitölu, og því stendur það áfram sem ég sagði hér um áramótin, að fjárlagatalan var í raun 4 milljörðum lægri en óbreytt skattalög hefðu skilað, að vísu að teknu tilliti til þessa sérstaka atriðis sem verður að flokkast undir tæknileg mistök á seinasta ári. Hins vegar verður að viðurkennast að í þessum efnum er alltaf veruleg óvissa á ferðinni sem gæti vafalaust numið a. m. k. einum milljarði til eða frá.

Áætlað er að tekjubreyting milli áranna 1979 og 1980 hafi numið um 51% á hvern framteljanda að meðaltali. Ég hef stundum heyrt því fleygt, að skattvísitala ætti að hækka í 153 vegna þess að tekjubreytingin sé 53% milli ára. Í þessu máli verða menn að gera mun á því, hvort heildartekjurnar hækka um 53%, sem þær gera, eða hvort hækkunin á hvern framteljanda er að meðaltali 51%, sem hvort tveggja er rétt. Auðvitað miðum við í þessum efnum við tekjur á framteljanda, en ekki við heildartekjurnar. Og þegar menn eru að hafa í munni sér þessa prósenttölu, 53%, þá eru þeir sem sagt með hækkun heildarteknanna sem ekki á við í þessu sambandi. Hækkunin á framteljanda er 51% og til þess að halda skattbyrði óbreyttri frá álagningu 1980 hefði skattvísitalan fyrir árið 1981 þurft að vera 151, að því tilskildu að ekki væri breytt neinum öðrum þáttum skattlagningarinnar. En vegna þess að vitað var að breyta þyrfti mörgum þáttum skattlagningarinnar, m. a. ákvæðinu um vaxtafrádrátt, ákvæðinu um einstæð foreldri, ákvæðum um eignarskatt aldraða og mörgum fleiri ákæðum, þá þótti vissara að hafa borð fyrir báru við afgreiðslu fjárlaga og skattvísitalan var ekki ákveðin nema 145 að svo stöddu, en gert ráð fyrir að á þessu yrði gerð lagfæring við afgreiðslu skattalaga.

Það er sem sagt ljóst, að ef ekki væri gerð nein breyting á skattalögum nú, þá yrði um nokkra skattþyngingu að ræða. Þess vegna var það fyrsta verkefnið við ákvörðun einstakra stærða í þessu skattafrv. að búa til ákveðið viðmiðunarkerfi sem byggðist á því, að meðalskattbyrði væri hliðstæð því sem var á árinu 1981. Þetta viðmiðunarkerfi var þannig hugsað, að persónufrádráttur var hækkaður heldur meira en verið hefði að óbreyttri skattvísitölu og skattstigum breytt. Þessi breyting, sem gerð er skýr grein fyrir í grg. með frv., kemur þar fram á bls. 7, leiðir til lækkunar heildarálagningar frá álagningartölum fjárlaga sem nemur um 2 milljörðum gkr. eða 20 millj. nýkr. Það er síðan frá þessu viðmiðunarkerfi sem skattlækkunin, sem fyrr var getið um, um áramótin var reiknuð. Því er óhætt að vísa til föðurhúsanna í eitt skipti fyrir öll endurteknum upphrópunum stjórnarandstæðinga um það, að fyrst hafi skattar verið hækkaðir með því að hækka ekki skattvísitölu nægilega mikið og síðan hafi skattar verið lækkaðir út frá þeirri tölu. Sú skekkja, sem of lág skattvísitala veldur, hefur sem sagt fyrst verið leiðrétt með þessum breytingum og síðan er skattalækkunin reiknuð út frá þessum nýju for-

sendum. (**HBl:** Þetta er ekki fullnægjandi leiðrétting.) Þessi leiðrétting er fullnægjandi fyrir allt lágtekjufólk og fólk með meðaltekjur, en það skal hins vegar fúslega viðurkennt, að með þessari breytingu verður lítils háttar breyting hjá launþegum eða skattgreiðendum með hæstu tekjur. Breytingin er hins vegar svo lítil að hún nemur um 0.2 eða 0.3% og er áreiðanlega varla merkjanleg í pyngju þessara aðila.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að gera að öðru leyti nánari grein fyrir þeirri skattalækkun sem hér um ræðir og er meginefni þessa frv. vegna þess að ég hef áður gert grein fyrir henni hér á Alþingi. Skattalækkunin er eins og kunnugt er fyrst og fremst fólgin í því, að 1.5% sjúkratryggingargjald er fellt niður, en það hefði átt að vera 1.5% á tekjur upp að 6.5 millj. gkr. Það fellur algerlega niður. Og raunar fellur einnig 2% sjúkratryggingargjaldið niður á bilinu milli 6.5 og 6.750 millj., þannig að sjúkratryggingargjald upp á 2% fer ekki að telja fyrr en kemur upp í tekjurnar 6.750 millj. gkr. Þessi breyting ásamt enn frekari hækkun á persónuafslætti og breytingum á skattstigum veldur því, að það launafólk, sem hefur lágar tekjur og meðaltekjur, allt upp í 10 millj. kr. á liðnu ári í vergar tekjur, fær skattalækkun upp á 1.5-1.8%. Ég vil í þessu sambandi fyrst og fremst vísa til þeirra tölfræðilegu gagna, sem fylgja þessu frv., og þá sérstaklega til seinustu síðunnar í frv., bls. 18, þar sem nánari grein er gerð fyrir þessari skattalækkun. Þar kemur fram í seinasta dálki að lækkun skattbyrðarinnar á bilinu frá 4 upp í 10 millj. er 1.5-1.8%, en síðan er skattalækkunin þaðan af minni eftir því sem tekjurnar verða meiri. Það stóð aldrei til að þessi skattalækkun yrði til hagsbóta fyrir hátekjufólk, og þar af leiðandi er eðlilegt að hún deyi út á hærri tekjum. Um lágtekjufólkið, sem ekki nær 4 millj. kr. markinu, er það að segja, að þar er auðvitað fyrst og fremst um að ræða tryggingaþega, og þeir fengu við afgreiðslu efnahagsmálanna nú eftir áramótin sérstaka búbót þar sem var hækkun á tekjutryggingu um 14.6%, hækkun á tekjutryggingu og heimilisuppbót, sem var talsvert meiri hækkun en varð á almennum verkamannalaunum sem tekjutryggingin er miðuð við.

Ég vil svo að lokum minna á það, að áður en ákvarðanir voru teknar í þessum efnum áttu sér stað ítarlegar viðræður milli fulltrúa ríkisstj. og Alþýðusambands Íslands. Þær viðræður snerust bæði um það viðmiðunarkerfi, sem skattalækkunin er reiknuð út frá, og um skattalækkunina sjálfa. Ég vil upplýsa í þessu sambandi að fulltrúar Alþýðusambands Íslands, sem þátt tóku í þessum viðræðum og voru samþykkir þeirri niðurstöðu, sem fékkst þar, voru þeir Ásmundur Stefánsson, forseti Alþýðusambands Íslands, Björn Þórhallsson, varaforseti Alþýðusambands Íslands, Guðmundur J. Guðmundsson, formaður Verkamannasambands Íslands, og Jón Helgason, formaður verkalýðsfélagsins Einingar á Akureyri. Fimmti fulltrúi Alþýðusambandsins, sem þátt tók í þessum viðræðum, fylgdist með samningaviðræðunum og sat marga viðræðufundi. Karl Steinar Guðnason, vék af fundi áður en gengið var frá niðurstöðu þessara viðræðna.

Ég vil einnig minna á það hér, að fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna hafa fylgst allnáið með þeirri umfjöllun skattamála, sem átt hafði sér stað á vegum ríkisstj. áður en þetta frv. varð til, og komu á allnokkra fundi í fjmrn. þar sem þeir áttu þess kost að leita upplýsinga um einstök atriði skattamálanna, leggja fram fyrirspurnir og koma með ábendingar. Ég vil upplýsa það hér, að fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna fengu nákvæmar upplýsingar um efni þessa frv. s. l. þriðjudag, þ. e. fyrir einni viku, en þá var hálfur mánuður til páskaleyfis. Þeir fengu frv. í hendur s. l. þriðjudag ásamt öllum þeim gögnum sem þá lágu fyrir, m. a. grg. frv.

Framtalsfrestur vegna framtals atvinnurekenda var lengdur nýlega til aprílloka, og verður auðvitað að játa að mjög óþægilegt er að hann verði enn lengdur að miklum mun vegna þess að afgreiðsla málsins dragist hér á Alþingi. Ég tel að þetta mál sé ekki stærra en svo, að þm. ættu að geta tekið það til meðferðar og afgreiðslu hér á Alþingi á hálfum mánuði. Þá á ég við frá því að þm. er gerð grein fyrir efni frv. og þar til þingstörfum lýkur. Því miður hefur ekki verið ráðrúm til að mæla fyrir frv. fyrr en í dag. Nú er ein vika til páska og ég teldi eðlilegast að afgreiðslu þessa máls yrði lokið fyrir páska. En því miður verð ég að játa það, að stjórnarandstaðan hefur snúist mjög öndverð gegn því, að frv. nái fram að ganga fyrir páska, og verð ég að segja að mér þykir það nokkur óbilgirni þar sem áreiðanlega eru fjöldamörg dæmi þess, að mál af sambærilegu tagi hafi verið afgreitt hér í þinginu á einni viku, að ég nú ekki tali um þegar menn hafa haft aðra viku þar á undan til að kynna sér efnið og undirbúa afgreiðsluna. En það verður að sjálfsögðu að ráðast hvernig fer um afgreiðslu þessa máls. Mínar óskir standa enn til þess, að frv. verði afgreitt fyrir páska, enda er brýn nauðsyn fyrir framteljendur í atvinnurekstri að fá það alveg á hreint, hver er vilji Alþingis í þessum efnum, og það kemur sér ákaflega illa fyrir marga að mikill dráttur verði á afgreiðslu þingsins. Ég ítreka það, að Alþingi hefur oft verið ætlaður minni tími en þetta til að afgreiða stórmál, og þm. hafa í raun fengið hálfan mánuð, þegar páskafríið hefst, til þess að skoða þetta mál og taka það til afgreiðslu. (**FrS:** Hvað hefur hæstv. fjmrh. verið lengi að skoða þetta?) Það skal vissulega játað, að fjmrh. og fjmrn. hafa haft málið lengi til athugunar. En ástæðan er sú, að sá þáttur málsins, sem varðar reiknuð laun, lá ekki fyrir fyrr en nú alveg nýlega. Tölvuúrvinnsla, sem beðið var lengst eftir, var rétt að koma fram fyrir þrem vikum, og það var ekki fyrr en í seinustu viku sem hægt var endanlega að senda gögn um þessa tölvuvinnslu hingað til þingsins til dreifingar, þannig að það eru fullkomnar skýringar á því, hversu lengi hefur dregist að leggja þetta frv. fram.

Það var beðið eftir fullnægjandi gögnum varðandi reiknuðu launin. Menn töldu ekki fært að taka ákvarðanir í því efni fyrr en fullnægjandi upplýsingar lægju fyrir. Þegar þær lágu fyrir var ákveðið að afnema þessa reglu, og ég held að ekki verði hægt að sakast um það við ríkisstj., að langan tíma hefur tekið að vinna þetta verk sem er óhemjumikið. En niðurstaða er fengin og ég held að miðað við þær upplýsingar, sem stjórnandstaðan hefur fengið um þetta mál á undanförnum vikum, þar sem hún hefur jafnóðum fengið öll gögn í hendur sem fyrir hafa legið, sé ekki til of mikils mælst að málið nái fram að ganga fyrir páska. En það verður að sjálfsögðu að ráðast og vilji þingsins er auðvitað æðstur í þeim efnum.

Herra forseti. Ég vil leggja til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Með lögum nr. 40/1978, um tekju- og eignarskatt, var mörkuð á

Alþingi ný og gerbreytt löggjöf um álagningu tekju- og eignarskatts, einkum að því er varðar ákvörðun skattstofna. Hér hafði þá um langt árabil ríkt ófremdarástand í þessum efnum, m. a. vegna þess hvernig verðbólgan hafði leikið þá löggjöf sem þá var búið við. Einkum komu þessir gallar fram í skattlagningu atvinnurekstrarins þar sem ýmist var um að ræða álagningu tekjuskatts á stofn, sem ekki gat talist raunverulegar tekjur, eða þá að raunverulegar tekjur voru skattfrjálsar. Þessir veigamiklu gallar komu reyndar einnig fram við skattlagningu einstaklinga, en eldri lög um þetta efni tóku ekkert mið af áhrifum verðbólgunnar á fjárhagslega afkomu einstaklinga og fyrirtækja.

Helstu breytingar langanna frá 1978 voru þessar: Frádráttarliðum hjá einstaklingum, sem ekki stunda atvinnurekstur, var fækkað, en jafnframt voru reiknaðar tekjur af eigin húsnæði felldar niður. Tekinn var upp fastur 10% frádráttur sem einstaklingar geta notað í stað tiltekinna frádráttarliða. Tekin var upp takmörkuð sérsköttun hjóna, 50% frádráttur vegna útivinnandi eiginkvenna var felldur niður. Skattlagningu á einstaklinga í atvinnurekstri var breytt með aðgreiningu atvinnurekstrar og eiganda rekstrarins. Þær breytingar, sem telja verður veigamestar, voru ákvæði laganna um almennt og stöðugt endurmat eigna, afskriftir af endurmatsverði, notkun endurmats við útreikninga á skattskyldum söluhagnaði, breyttar reglur um meðferð fjármagnskostnaðar í atvinnurekstri og sérstakar aðgerðir til útreiknings á áhrifum verðbólgunnar á peningalegar eignir og skuldir aðila í atvinnurekstri. Margt fleira mætti telja sem ekki er ástæða til að rekja hér. Þessi löggjöf er um margt mjög merkileg þótt hún geti á engan hátt talist fullkomin fremur en önnur mannanna verk. Hér er um mjög flókið mál að ræða sem afar erfitt er að finna einfalda lausn á við þær verðbólguaðstæður sem við búum við. Ég tel þó að þessi löggjöf hafi haft veruleg áhrif til eðlilegri skattlagningar, þegar á heildina er litið, og ég hygg að hún hafi haft víðtækari áhrif til eðlilegri viðskiptahátta og meira jafnvægis í þessum efnum en menn almennt gera sér grein fyrir.

Það frv., sem hér er til umr., gerir ráð fyrir allmörgum breytingum á gildandi skattalögum, en fjöldi þeirra breytinga segir lítið um innihald þeirra eða mikilvægi. Breytingarnar má flokka þannig:

1. Ýmsar tæknilegar breytingar sem í flestum tilvikum eru fallnar til að auka á skýrleika laganna og samstaða ætti að geta náðst um.

2. Breytingar sem varða skattstofna einstaklinga og atvinnurekstrar, en um það eru skiptar skoðanir hér á Alþingi.

3. Breytingar sem varða skattálagninguna sjálfa, þ. e. þá skatta sem reiknaðir eru af skattstofnum. Í því felst ákvörðun á skatthlutföllum og skattstigum, en þar er fyrst og fremst um hina pólitísku ákvörðun að ræða.

Eins og stundum áður eru breytingar á skattalögum seint á ferðinni hér á hv. Alþingi. Að þessu sinni ber að átelja sérstaklega hversu seint þetta frv. er fram komið. Ríkisstj. hefur haft ærinn tíma til þess að ákveða hverjar breytingar hún vildi gera á lögum þeim sem samþykkt voru vorið 1978 og þá náðist svo víðtæk samstaða um að samþykkt voru mótatkvæðalaust þótt þm. hefðu aths. að gera um einstakar greinar laganna. En hér hefur farið sem oft áður hjá þessari hæstv. ríkisstj., að erfitt hefur reynst að komast að niðurstöðu. Og þegar niðurstaða loks fæst er afraksturinn í sjálfu sér heldur ómerkilegur. Ég undanskil þar þó ýmsar breytingar sem horfa til bóta og varða einkum tæknileg atriði, eins og ég nefndi áðan.

Þegar frv. er loks fullbúið af hendi hæstv. ríkisstj. á helst að keyra það í gegnum þingið á einni viku samkv. sérstakri ósk hæstv. fjmrh., þótt hann tali í ræðu sinni um hálfan mánuð þar sem vika mun liðin síðan hann afhenti fulltrúum stjórnarandstöðuflokkanna frv. í nokkurn veginn endanlegri mynd. En við þessari ósk hæstv. ráðh. er ekki hægt að verða, þótt honum og öðrum stjórnarliðum kunni að reynast erfitt að skilja að fleiri en þeir þurfi að tjá sig í þessum mikilvæga málaflokki, bæði um þetta frv. og annað sem stjórnarandstaðan hefur áhuga á og hefur raunar flutt tillögur um á þessu þingi og varðar skattamál.

Stjórnarandstöðunni er fulljóst að vont er að vera með breytingar á skattalögum þegar komið er fram í maí eða jafnvel fram undir miðjan maí eins og líkur eru á að verði í þetta skipti. En þar er ekki við stjórnarandstöðuna að sakast, heldur ríkisstj. eina. Ríkisstj. getur svo skotið sér á bak við þá afsökun, að beðið hafi verið eftir tölvuútskriftum, eins og hæstv. ráðh. nefndi áðan. Fyrir utan hin tæknilegu atriði, sem ég tæpti á áðan að brtt. eru gerðar um í þessu frv., er um að ræða breytingar á umdeildum atriðum, eins og t. d. 59. gr. laganna sem ég kem nánar að síðar. Síðan er um að ræða það sem kallað er uppfylling á því fyrirheiti ríkisstj. sem birt er í svokallaðri efnahagsáætlun frá því á gamlársdag, að skattar á almennar launatekjur skuli lækkaðir þannig að sú lækkun samsvari um 1.5% kaupmáttarauka hjá þeim sem hafa meðaltekjur eða minna, eins og segir í aths. við þetta frv. Og þar er bætt við að megintilgangur frv. sé sá að efna þetta fyrirheit. Ég kem einnig nánar að því síðar.

En það, sem mér finnst líka einkenna þetta frv., er að það endurspeglar stefnu Alþb. í skattamálum. Við höfum sem sagt enn eina sönnunina fyrir því, hver ítök Alþb. eru í núv. ríkisstj. Þessi endurspeglun á stefnu Alþb. kemur einkum fram í skattstiganum og útfærslu hans og í öðru lagi þar sem breytt er skattlagningu atvinnurekstrarins. Ég nefni þar sérstaklega skerðingu á fyrningum, sem ástæða er reyndar til að ætla að séu óframkvæmanleg ákvæði eins og þau eru í frv., auk þess sem stórvarhugavert er að hræra í hlutum eins og hér er gert. Þá nefni ég einnig það sem ég vil kalla sýndarmennsku og kemur fram í því ákvæði frv., að heimilt sé að draga frá tekjum helming greiddrar húsaleigu vegna leigu á íbúðarhúsnæði til eigin nota vegna tekjuársins, eins og segir í 11. gr. frv. Ég skal nú víkja nokkru nánar að meginefni þess.

Ég fer ekki mörgum orðum um þær tæknilegu breytingar sem ráðgerðar eru hér, en ég tel þær flestar til bóta, eins og t. d. frekari skýringar varðandi söluhagnað íbúðarhúsnæðis, lóðaréttinda og hlutabréfa. Þær breytingar, sem snúa að einstaklingum utan atvinnurekstrar og varða skattstofna þeirra, eru einkum þessar: Greidd húsaleiga er gerð frádráttarbær að hálfu, eins og það heitir. Lágmarksfrádráttur frá tekjum einstæðra foreldra skal vera 75% hærri en hjá einhleypingum. Nýting ónýtts persónuafsláttar til greiðslu eignarskatts er heimiluð, og ég tek strax fram að ég tel það vera til bóta. Ég fellst á það, að einstæðir foreldrar hafa farið heldur illa út úr skattlagningunni samkv. hinum nýju skattalögum, en ég bendi hins vegar á að varhugavert er í skattalögum að vera með slíkar sérreglur sem hér er gert ráð fyrir, og þarf

ekki mörgum orðum að því að eyða, að slíkar reglur er mjög auðvelt að misnota.

Samkv. 11. gr. frv. er heimilað að draga frá helming greiddrar húsaleigu vegna leigu á íbúðarhúsnæði til eigin nota, enda sé hún vegna tekjuársins, eins og segir í 11. gr. frv. Eins og ég sagði áðan, held ég að hér sé um sýndarmennsku að ræða. Ef ég man rétt flutti hæstv. núv. fjmrh. brtt. í Ed. þegar skattafrv. var til meðferðar þar vorið 1978, — hann flutti þá brtt. við frv. þess efnis, að húsaleiga yrði frádráttarbær, þó að tilteknu marki. Núna virðist hann hafa haft hálfan sigur með því að koma inn ákvæði um að helmingur greiddrar húsaleigu yrði frádráttarbær. En ég bið menn að athuga sérstaklega hverju þarna er verið að breyta. Þetta er nýr tölul. við E-lið 1. mgr. 30. gr. gildandi laga. Í næstsíðustu mgr. E-liðar segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Í stað frádráttar samkv. D-og E-lið 1. mgr. þessarar greinar má að vali manns draga 10% af tekjum samkv. 1. tölul. A-liðs 7. gr. þegar frá þeim hafa verið dregnir þeir liðir sem um ræðir í 1.-5. tölul. A-liðs 1. mgr. þessarar greinar" o. s. frv. Þetta þýðir m. ö. o. það, að sá, sem velur þann kost að fá til frádráttar 10% af tekjum, getur ekki bætt við frádrátt sinn greiddri húsaleigu. M. ö. o.: þetta kemur í fæstum tilvikum þeim til góða í raun og veru sem eru leigjendur. Ég bendi á að þeir, sem eru leigjendur, skulda þá heldur ekkert, það kunna þó að vera undantekningar, en þeir skulda ekkert vegna íbúðarkaupa eða íbúðarbygginga og fá þar af leiðandi engan vaxtafrádrátt. Það segir okkur jafnframt að þeir hljóta í langflestum tilvikum að velja heimildina til að draga 10% frá tekjum sínum fyrir álagningu. Þetta segir því það, að þeir, sem leigja, eru gjarnan hinir tekjulægri í þjóðfélaginu. Annaðhvort kemur þá þeim til góða, eins og ég áðan sagði, heimildin til þess að draga 10% frá tekjum eða þeir velja heldur hinn kostinn, að tíunda frádráttarliði eins og heimilt er í skattalögum. En hvort tveggja geta menn ekki gert, að velja 10% af tekjum sínum til frádráttar og að bæta við greiddri húsaleigu. Þess vegna held ég að hér sé meira verið að sýnast en annað.

Eins og ég nefndi áðan segir svo í aths. við lagafrv. þetta að megintilgangur þess sé að efna það fyrirheit að lækka skatta sem samsvari 1.5% kaupmáttarauka hjá þeim sem hafa meðaltekjur eða minni. Í þessum orðum felst stórkostleg blekking. Þessi blekking felst í því, sem áður hefur raunar verið margsinnis rakið, að fyrst eru skattar hækkaðir með rangri skattvísitölu, en síðan lækkaðir — m. a. með þessu móti — til þess að sýna örlæti ríkisstj. gagnvart hinum tekjulægri. Í aths. með þessu frv. er það rakið, að í fjárlögum fyrir árið 1981 hafi verið gert ráð fyrir skattvísitölu 145 stigum, og hæstv. ráðh. rakti hér áðan hvað þetta þýddi, þ. e. um 65 millj. eða 6.5 milljarða gkr. umfram þá álagningartölu sem lá til grundvallar tekjuáætlun fjárlaga. Í aths. er einnig tekið fram að tekjubreyting milli áranna 1979 og 1980 hafi numið 51% og því hefði þurft að miða við skattvísitölu 151 til að halda skattbyrðinni óbreyttri frá álagningu 1981, eins og ráðh. rakti líka áðan. En hvað sem líður útskýringum hæstv. ráðh. er þessi tala röng. Við höfum um það óyggjandi upplýsingar, að breyting milli ára var 53%. Sjálfstæðismenn lögðu til við afgreiðslu fjárlaga að skattvísitalan yrði 153 stig, en sú till. var felld af stjórnarliðum.

Samkv. fjárlögum, sem samþykkt voru skömmu fyrir jól, var stefnt að 23-24 milljarða gkr. skattahækkun að raungildi frá því sem var í fyrra. Það þýddi að skattahækkun sú í heild — þá á ég við bæði beina og óbeina skatta — sem orðin var og var á ábyrgð þessarar og síðustu ríkisstj. var orðin 70-80 milljarðar gkr. að raungildi frá skattalögunum 1978 eða sem jafngildir rúmlega 1.7 millj. gkr. á hverja fimm manna fjölskyldu í landinu.

Það verður ekki hjá því komist að rekja með nokkrum orðum við þetta tækifæri þær skattahækkanir sem orðið hafa frá því að ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar fór frá völdum 1978, ekki síst vegna þess að hæstv. fjmrh. var hér enn einu sinni að reyna að sanna að núv. ríkisstj. væri ekki að hækka skatta.

Samkv. gildandi fjárlögum hækka skattar að raungildi frá því sem var í fyrra og í gömlum krónum talið sem ég nú skal nefna: Orkujöfnunargjald, sem lagt var á fyrst í fyrra og er í raun 1.5% söluskattur, leggst nú á allt árið, en hins vegar hluta ársins í fyrra. Þess vegna vex skattþunginn verulega á þessu ári af þessum gjaldstofni. Þá nefni ég einnig innflutningsgjald á sælgæti og vörugjald á sælgæti og gosdrykki sem eru nýir skattar. Hækkun tekju- og eignarskatta umfram verðlag er óumdeilanleg. Í fjárlögum voru þessir skattar áætlaðir með því að hækka þá frá fjárlögum 1980 um 42% eins og var verðlagsforsenda fjárlaganna. Og við endanlega afgreiðslu fjárlaga voru þeir hækkaðir samkv. brtt. stjórnarliða um 6.4 milljarða gkr. En hér er ekki öll sagan sögð því að sú skattvísitala, sem meiri hluti þingsins, stjórnarliðar, samþykkti, þ. e. 145, eins og áðan var rakið, hækkar tekju- og eignarskatta einstaklinga um meira en þetta eða nálægt 6.5 milljörðum í viðbót, í álagningu vel að merkja, í álagningu á yfirstandandi ári, en í innheimtu um 4 milljarða kr. að óbreyttum lögum. Þegar þessar staðreyndir eru athugaðar er hætt við að loforðið um skattalækkun sem jafngilti 1.5% kaupmáttarauknigu fyrir lágtekjufólk, reynist jafnvel meiri blekking en núv. ríkisstj. hefur haft í frammi í stjórn efnahagsmála á öðrum sviðum og er þá langt til jafnað. En það á sem sagt að vera megintilgangur frv. að efna þetta fyrirheit, eins og segir í aths. með því.

Það hefur áður verið rakið og skal enn nefnt hér, að frá því að ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar tók við völdum árið 1978 og hóf feril sinn með því að leggja á afturvirka skatta hefur heildarskattreikningur almennings hækkað að raungildi um 70 milljarða kr. til ríkisins miðað við verðlag fjárlaga 1981, og að auki má svo áætla að 10% hækkun útsvara, sem stuðningslið ríkisstj. á Alþingi hefur heimilað, bæti 10 milljörðum gkr. við þessa summu. Þetta jafngildir því, eins og ég sagði áðan, að á þessu ári greiði hver fimm manna fjölskylda 1700 þús. gkr. eða 17 þús. nýjar í beina og óbeina skatta fram yfir þá upphæð sem þessar fjölskyldur greiddu ef óbreytt lög og reglur giltu um skatta til hins opinbera frá því sem var á miðju ári 1978. Þessi aukaskattreikningur til ríkisins er í stórum dráttum svona — og ég nefni þetta enn í gömlum krónum:

Í fyrsta lagi hækkun tekju- og eignarskatta einstaklinga 17.5 milljarðar, hækkun söluskatts um 2 prósentustig haustið 1979 16 milljarðar, hækkun vörugjalds á sama tíma um 6% 11 milljarðar, gjald á ferðalög til útlanda 2.4 milljarðar, nýtt innflutningsgjald á sælgæti 1.2 milljarðar, nýtt vörugjald á sælgæti og gosdrykki 3.6 milljarðar, hækkun verðjöfnunargjalds á raforku 1.8 milljarðar, skattahækkun á bensín umfram aðrar verðlagshækkanir 15 milljarðar, orkujöfnunargjald — sem er

í raun 1.5% söluskattur — 13 milljarðar og svo markaðar tekjur ýmsar í ríkissjóð 6.9 milljarðar. Þetta eru samtals 93.4 milljarðar, en frá dregst lækkun óbeinna skatta og tolla upp á 22.3 milljarða heildarraungildishækkun skatta frá 1978 er því um 71 milljarður rúmlega.

Ef þessi skattreikningur, sem hér hefur verið rakinn, er hafður í huga verður, eins og ég sagði, heldur lítið úr þeirri skattalækkun sem ríkisstj. gumar nú af í sambandi við framlagningu þessa frv. Ég mun ekki fara út í einstök dæmi um það, hvernig álagning kemur út fyrir einstaka tekjuhópa eða gjaldendur með mismunandi fjölskyldustærðir, það munu aðrir gera.

Gert er ráð fyrir veigamikilli breytingu hjá þeim einstaklingum sem hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi. Þessi veigamikla breyting felst í niðurfellingu 59. gr. laganna. Um þetta atriði hygg ég að séu nokkuð skiptar skoðanir í þinginu. Það hefur lengi verið skoðun mín og ég held flestra þm., að allan atvinnurekstur beri að skattleggja eftir sömu grundvallarreglum, hvort sem hann er í eigu hlutafélaga, samvinnufélaga, sameignarfélaga eða einstaklinga. Þetta hefur ekki verið gert og gilda enn þá mismunandi reglur um þetta efni. Með lögum nr. 40/1978 var stigið skref til samræmingar í þessu efni með því að atvinnurekendum með sjálfstæða starfsemi var gert að reikna sér laun frá atvinnurekstrinum með hliðstæðum hætti og gerist almennt hjá þeim sem t. d. starfa við eigið sameignarfélag, sem er sjálfstæður skattaðili. Það er með öllu óeðlilegt, að atvinnurekstrinn sitji ekki við sama borð í þessum efnum.

Það verður að viðurkenna, að framkvæmd 59. gr. hefur á ýmsan hátt mistekist. Framkvæmdin hefur allt of mikið snúist um smáatvinnurekendur og einyrkja, án þess að litið hafi verið til umfangs rekstrar og annarra atriða, eins og lögin kveða þó á um. Það er mikill misskilningur, að með 59. gr. hafi skattyfirvöld fengið ótakmarkað vald til áætlunar tekna á atvinnurekendur. Sú meginregla gildir í þessu sambandi, að skattyfirvöldum ber að sýna fram á að skattframtal sé rangt eða tortryggilegt ætli þau að breyta því. Hafi skattyfirvöld gert slíkar breytingar eða áætlanir án þess að þessum skilyrðum hafi verið fullnægt, eins og reyndin virðist vera, þá standast þær breytingar ekki. Ég var fylgjandi þeirri stefnu, sem lögin frá 1978 mörkuðu í þessu efni, og vil raunar ganga lengra varðandi samræmingu á skattlagningu atvinnurekstrarins, svo sem með því að heimila sjálfstæðum atvinnurekendum að leggja í varasjóð eins og félög hafa heimild til. Slíkum ákvæðum er hins vegar erfitt að koma við án aðgreiningar á atvinnurekstri og eiganda hans. Ég vil sérstaklega benda á að eftir að þessi regla um reiknaðar tekjur verður felld úr lögum fellur einnig niður sú heimild til þeirra, sem hafa með hendi sjálfstæða starfsemi, að nýta sér 10% frádráttarmöguleikann.

Ég þarf í sjálfu sér ekki að hafa miklu fleiri orð um þetta atriði. Sjálfstæðismenn styðja það að fenginni reynslu, að þessi ákvæði verði numin úr lögum. En ég get ekki látið hjá líða að benda á þá gagnrýni á framkvæmd laganna sem fram kemur í aths. við þetta frv. Þar segir efnislega að ákvæði 59. gr. hafi ekki verið framkvæmt eins í öllum skattumdæmum landsins og auk þess virðist sem ekki hafi verið nægilegt tillit tekið til einstakra aðstæðna framteljenda í öllum tilvikum. Síðan eru gefnar tölulegar upplýsingar um það, hvernig álagning samkv. þessum heimildum var framkvæmd árið 1980, og hæstv. ráðh. rakti það að nokkru áðan. Af þessum tölulegu upplýsingum er dregin sú niðurstaða, að með ákvæðum 59. gr. hafi verið gengið of langt í þá átt að ákveða laun á aðila, þótt þeir hafi ekki haft neinar hreinar tekjur, og þeim þar með gert að greiða skatt af tekjum sem aldrei urðu til. Þessar niðurstöður athugana eru sem sagt forsenda fyrir því, að ríkisstj. leggur nú til að þessi ákvæði verði felld brott með lögum.

Eins og ég sagði áðan styðja sjálfstæðismenn þessa niðurstöðu og fluttu raunar um það till. í desembermánuði s. l. sem stjórnarliðar treystu sér þá ekki til að samþykkja, eins og menn rekur minni til. Í þeim orðum, sem ég tiltók hér úr aths. við þetta lagafrv., felst mjög snörp gagnrýni á þá embættismenn sem hafa haft með framkvæmd skattalaganna að gera, og þá ekki síst á hæstv. fjmrh. sem hefur þar æðsta vald. Get ég ekki betur séð en hér sé um algera uppgjöf að ræða. Hæstv. fjmrh. og ríkisstj. treystir sér ekki til að framkvæma lögin eins og þau þó kveða skýrt á um að þau skuli framkvæmd.

Ég vil aðeins minna frekar á orðalag greinarinnar eins og hún er, ekki síst vegna þess að ég átti hlut að því á sínum tíma, að þetta ákvæði var lögfest. Ég vil jafnframt minna á hver var skilningur meiri hl. fjh.- og viðskn. Nd. vorið 1978. Mér sýnist rétt að þetta komi fram. Ég nefni þar úr 59. gr. þetta, að ríkisskattstjóri skuli árlega setja skattstjórum viðmiðunarreglur til ákvörðunar launa gjaldþegns og skattstjóri ákvarði síðan tekjur þessar með hliðsjón af viðmiðunarreglunum og skuli þá gætt aðstöðu viðkomandi aðila, aldurs hans, heilsu og starfstíma, umfangs starfsins og annarra atriða er máli skipta. Síðan eru sérstök ákvæði um viðmiðunartekjur þeirra er landbúnað stunda. Þetta voru býsna skýr ákvæði í 59. gr.

Þegar ég talaði fyrir nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. 28. apríl 1978 sagði ég svo um þessi atriði, með leyfi hæstv. forseta: „Ríkisskattstjóri skal árlega setja skattstjórum viðmiðunarreglur til þessarar tekjuákvörðunar. Um þessi ákvæði hafa orðið nokkuð skiptar skoðanir. Því hefur verið haldið fram, að með framangreindum heimildum verði skattyfirvöldum gefnar of frjálsar hendur með álagningu skatta á hina ýmsu aðila sem stunda alls konar smáatvinnurekstur. Meiri hl. n. telur ekki ástæðu til að óttast ranglæti af hálfu skattyfirvalda á þessu sviði eða óréttmæta skattlagningu láglaunafólks í smáatvinnurekstri. Lýsir meiri hl. n. þeim skilningi sínum á 59. gr., að með henni sé lögð skilyrðislaus skylda á herðar skattyfirvalda að taka tillit til þeirra atriða, sem upp eru talið í greininni og áhrif hafa á launaupphæðina, sem skattþegn ákveður sér sjálfur."

En nú hefur því hér verið lýst hvernig framkvæmdin hefur verið, og hún hefur orðið öll önnur en lagagreinin beinlínis lagði fyrir skattyfirvöld. Og hún hefur orðið öll önnur en meiri hl. n. lýsti sínum skilningi og ég var hér að lesa upp. Því miður reyndist meiri hl. n. á þessum tíma ekki sannspár að því er varðaði þá skoðun, að ekki væri ástæða til að óttast ranglæti af hálfu skattyfirvalda á þessu sviði. Það hefur sem sé sýnt sig að ranglæti hefur verið framið. Eins og ég rakti áðan felst í aths. með lagafrv. mjög hörð gagnrýni á framkvæmd skattalaganna og þar með á hæstv. fjmrh. sjálfan. Við sjálfstæðismenn teljum því að núv. ríkisstj. sé alls ekki treystandi fyrir framkvæmd ákvæða sem þessara, sem verið hafa í lögum, og munum því, eins og ég sagði, styðja það, að þau verði numin brott. Ég hlýt í þessu sambandi líka að nefna að

ýmsir sjálfstæðismenn hafa frá upphafi verið því andvígir að þessi heimild væri yfirleitt í lögum. En brottfall þessara ákvæða virðist núna vera orðið aðaláhugamál Alþb. Ég segi ekki annað en það, að öðruvísi mér áður brá. En þegar áhrif þessarar ákvörðunar, ef tekin verður, fara að koma í ljós, við skulum segja eftir 2—3 ár, þá mega menn minnast þeirrar umr. sem yfirgnæfandi var í þjóðfélaginu á árunum fyrir 1978, þ. e. skattleysi þeirra sem einhvern rekstur eða sjálfstæða starfsemi stunduðu. Sú umr. kann þá að rifjast upp fyrir mönnum að nýju.

Ég vil þá fara nokkrum frekari orðum um breytingar sem varða skattlagningu atvinnurekstrarins.

Í 14. og 17. gr. frv. felast meginbreytingarnar varðandi atvinnureksturinn. Heimildin í 44. gr. skattalaganna til sérstakrar fyrningar á móti reiknaðri tekjutilfærslu vegna verðbreytinga er skert. Gert er ráð fyrir að hún lækki úr 50% í 40% af tekjufærslu. Í 17. gr. eru ákvæði sem skerða munu fyrningarheimildir fyrirtækja verulega. Ég vek sérstaka athygli á þessari grein og ég á afar bágt með að trúa því, að framsóknarmenn í stjórn og þeir, sem telja sig sjálfstæðismenn í stjórnarherbúðunum, geti staðið að þessari breytingu. Hér er um það að ræða að fyrningarheimildir verða almennt skertar um 10%, því að það eru ekki mörg fyrirtæki í landinu sem hafa 5% hagnað af heildartekjum. Menn skulu muna það, að fyrningarhlutföll voru verulega lækkuð með lögum nr. 40/1978 frá því sem áður var, og það má benda á dæmi þar sem hlutföllin eru nú lægri en eðlilegt væri miðað við endingartíma ýmissa eigna. Það er því með öllu óhæft að ætla að lækka fyrningarhlutföllin enn. Svo sé ég ekki í fljótu bragði með hvaða hætti fyrirtækjum verði gert kleift að framkvæma þetta.

Það væri raunar fróðlegt að spyrja hæstv. fjmrh. hvaða fyrirtæki það eru í landinu sem skila þeirri afkomu sem þarna er gert ráð fyrir. Eru þetta fyrirtæki í iðnaði, verslun eða þjónustu? Ég held að tölur Þjóðhagsstofnunar um afkomu atvinnuveganna yfirleitt segi ekki að þessi sé afkoman. Mér sýnist að með þessu ákvæði séu nánast þurrkaðar út fyrningar, ef þessi regla á að haldast, og öll þau fyrirtæki, sem hafa einhvern hagnað, og reyndar fleiri verða samkv. ákvæðum þessarar greinar fyrir skerðingu. Ég læt í ljós þá afdráttarlausu skoðun, að það, sem hér er ráðgert, sé engan veginn boðlegt. Ég segi það fyrst og fremst vegna þess, að flest fyrirtæki hafa þegar lokið sínu uppgjöri. Fyrirtæki, sem þannig er ástatt um, þurfa að reikna þetta allt saman að nýju, og hjá þeim vakna einnig spurningar um nýtingu á öðrum heimildum í skattalögum, sem þau hafa ekki nýtt í sínu uppgjöri vegna þeirra ákvæða sem í gildi voru og eru reyndar enn. Afturvirkar breytingar sem þessar verður að stöðva, og það verður að gera í eitt skipti fyrir öll. Satt að segja héldu menn að það hefði verið gert með setningu skattalaganna 1978. Þegar þau lög eða það frv. var til meðferðar hér á Alþingi 1978 var lögð á það rík áhersla, að snúið væri við af þeirri braut sem allt of lengi hafði verið gengin, að vera sífellt að krukka í skattalög þannig að um afturvirkni væri að ræða. En um leið og komin er ný vinstri stjórn er byrjað aftur á sama leiknum, að breyta skattalögum þannig að þau hafi afturvirk áhrif. Þessi ákvæði, sem hér er ætlunin að lögfesta, setja raunverulega öll fyrirtæki í landinu í óvissu. Þau setja allt starf á skattstofunum úr lagi. Þau framtöl, sem þegar hafa komið inn til skattstofu, verða öll að fara í sérstaka endurskoðun og enduruppgjör. Starfslið skattstofanna verður að breyta þeim. Í öllum tilvikum þarf til að koma nýtt reikningsuppgjör. Kostnaður við slíkt er gífurlegur og fyrirhöfnin mikil. Þessar aðferðir eru, eins og ég sagði áðan, alls ekki boðlegar og ber þegar af þeirri ástæðu að fella þessar greinar.

Með þessu frv. er enn ráðist að atvinnurekstrinum í landinu eftir kokkabókum Alþb. Þegar allur rekstur á nú í miklum erfiðleikum verða menn að skilja að ekki eru efni til aukinnar skattlagningar. Hæstv. fjmrh. verður að gera sér ljóst að aukin skattlagning á atvinnureksturinn að undanförnu hefur dregið úr hagnaði og þar með möguleikum hans til þess að greiða tekjuskatt. Stóraukin skattlagning á flestum sviðum, svo sem hækkun launatengdra gjalda, ég nefni þar slysatryggingagjald og lífeyristryggingagjald, hækkun fasteignaskatta, sérstakra skatta á atvinnuhúsnæði, veruleg hækkun aðstöðugjalds hjá vinstri meiri hlutanum í Reykjavík, allt þetta gerir nú fyrirtækjum erfitt fyrir. Það verður ekki bæði sleppt og haldið. Vilji ríkisstj. auka tekjuskattsgreiðslur atvinnurekstrarins þarf að skapa honum skilyrði til að geta skilað hagnaði. Hér er stefnt í þveröfuga átt á öllum sviðum og er nú vart hægt að tala um nýfjárfestingu í atvinnurekstri án þess að ríkið sé þar með. Þetta er hættuleg þróun, þróun sem leiðir okkur hraðbyri til sósíalisma og ríkisforsjár með allri þeirri ógæfu sem því fylgir. Með ýmsum aðgerðum er enn girt fyrir það, að sparnaður, sem kann að leita í atvinnureksturinn, sé skattlagður sem sparifé. Ýmislegt bendir til að meira fé sé nú í bönkum og fjárfestingarsjóðum en stundum áður. Það leiðir svo hugann að því, hvernig búið sé að atvinnurekstrinum. Ekkert er gert til þess að laða menn að því að leggja fé í atvinnureksturinn, og þetta frv. er síður en svo þar til hvatningar.

Ég fer nú að ljúka máli mínu. Ég vil í lokin taka það fram, sem reyndar hefur komið fram í máli mínu, að ég er samþykkur ýmsum þeim breytingum sem ráðgerðar eru í þessu frv. En eins og komið hefur fram í máli mínu líka er ég andvígur öðrum atriðum. Þar á ég sérstaklega við breytingar á fyrningarreglunum varðandi atvinnureksturinn. Ég er einnig andvígur þeirri skattapólitík sem kemur fram í ákvörðunum á skattstiga og skatthlutföllum, og ég ítreka svo enn að þessar breytingar eru allt of seint á ferðinni. En þar er, eins og ég áður sagði, eingöngu við ríkisstj. að sakast, en ekki stjórnarandstöðuna.

Og svo að lokum lýsi ég enn yfir sérstakri andstöðu minni við það, að þær breytingar, sem hér eru ráðgerðar og hafa afturvirk áhrif, hafa í för með sér stórfelldan kostnað í sambandi við uppgjör fyrirtækja og þær hafa í för með sér stórfellt vinnuálag á skattstofurnar í landinu.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Fyrir um það bil ári, þegar gildandi skattalög voru til meðferðar hér á Alþingi hét hæstv. fjmrh. því að hafa fullt samráð við stjórnarandstöðuna og gefa henni kost á því að fylgjast með hvernig álagningin kæmi út í reynd. Þetta hefur hæstv. ráðh. gert. Hann gaf bæði Alþfl. og Sjálfstfl. kost á að tilnefna menn til setu í nefnd til þess að fylgjast með niðurstöðum álagningarinnar og hefur lagt sig fram um að gefa þeim, sem þar sátu, mjög greinagóðar upplýsingar um þessi mál. Vil ég sérstaklega taka fram að ég færi honum þakkir fyrir. Slíkt greiðir fyrir því, að menn geti afgreitt það frv. til l. sem hér er lagt fram á þessu þingi, því að án þess að vinnubrögðum hefði verið hagað með þessum hætti væri tómt mál um það að tala, að hægt

væri að afgreiða jafnflókið mál eins og hér um ræðir á svo stuttum tíma sem eftir lifir af starfstíma þingsins. Þó held ég að það sé alveg vonlaust að gera sér hugmyndir um að hægt sé að afgreiða þetta frv. fyrir páska, vegna þess að ég reikna með því, að við stjórnarandstæðingar höfum hug á að flytja sjálfir ýmsar tillögur til breytinga á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, fyrst á annað borð er búið að opna þau lög, og við þurfum til þess allnokkuð meiri tíma en þá örfáu starfsdaga þingsins sem eftir eru fram að páskafríi. En ég ítreka að vegna samstarfsins sem hæstv. fjmrh. hefur haft við stjórnarandstöðuna í sambandi við þetta mál verður auðveldara fyrir Alþingi að afgreiða frv. sem hér hefur verið lagt fram, og fyrir þetta samstarf vil ég færa hæstv. fjmrh. þakkir.

Á þeim stutta tíma, sem eftir er fram að því að gert verður hlé á fundum deildarinnar, vinnst ekki tími til að fara mjög rækilega ofan í saumana á því frv. sem hér er lagt fram, enda yrði það nokkuð langt mál. Það vinnst ekki heldur mikill tími til þess að deila við hæstv. fjmrh. um hvort skattar séu nú hærri eða lægri en þeir hafa verið. Ég ætla í því sambandi að láta mér nægja að vitna til áætlana Þjóðhagsstofnunar um skattbyrði á Íslandi á umliðnum árum, en þar kemur fram að það er sama hvernig menn reikna skattbyrðina, hvort þeir reikna skattbyrðina í prósentum af tekjum fyrra árs, þ. e. þess árs tekjum sem skattar eru á lagðir, eða þeir reikna skattana í prósentum af tekjum greiðsluárs, þ. e. hve greiðslubyrðin er þung af sköttum sem lagðir voru á tekjurnar í fyrra, — það er alveg sama hvor viðmiðunin er notuð, skattbyrðin hefur aldrei verið þyngri en hún er nú. Þjóðhagsstofnun áætlar þannig að álagðir skattar miðað við tekjur fyrra árs verði 22.6% á árinu 1981 og greiðslubyrðin, þ. e. álagðir skattar í hlutfalli af áætluðum tekjum í ár, verði 15.1%, og hvorugt þessara hlutfalla hefur áður verið hærra. Þessi hlutföll, bæði greiðslubyrðin og skattbyrðin, hafa farið vaxandi með hverju árinu sem liðið hefur.

Það er mjög athyglisvert að skoða feril skattbyrðarinnar, — ég er með upplýsingar um hana allar götur aftur til 1964, — vegna þess að segja má að hún rísi eða falli í réttu hlutfalli við veru Alþb. í ríkisstj. Þegar Alþb. sest í ríkisstj. tekur ferill skattbyrðarinnar stórt stökk upp á við. Þegar hins vegar Alþb. er utan stjórnar leitar skattbyrðin heldur niður. Nú vitum við það allir Íslendingar hverjir það eru sem borga skatt. Það er fyrst og fremst hinn almenni launamaður sem það gerir. Þetta viðurkenna allir að undanteknum einum stjórnmálaflokki í þessu landi. Það er nokkuð lærdómsríkt, að ávallt þegar þessi eini stjórnmálaflokkur kemst til valda skuli þessi skattbyrði, skattútgjöld hins almenna launamanns, taka stórt stökk upp á við.

Frv. því, sem hér er um rætt, má skipta í þrennt. Sumar greinar þess lúta að lítilvægum leiðréttingum sem komið hefur í ljós við fyrstu reynslu hinna nýju skattalaga að þarf að gera, ýmist leiðrétta misræmi á milli einstakra greina í gildandi skattalögum eða skerpa merkingar annarra greina. Dæmi um slíkar greinar eru t. d. 2. gr. þessa frv. sem fjallar um lítilvæga breytingu, þar sem ákveðið er hvernig skuli farið með útreikning söluhagnaðar fasteignar sem stendur á leigulóð, sömuleiðis 3. gr., 5. gr., 6. gr., 7. gr., 9. gr., 10. gr., 17. gr., 18. gr. og 19. gr. Þetta eru allt saman tiltölulega einfaldar greinar sem lúta að mjög óverulegum lagfæringum eða skerpingum á ýmsum meiningum í núgildandi skattalögum, og er út af fyrir sig færibandaafgreiðsla hér á Alþingi og eingöngu gerð í framhaldi af reynslu sem menn höfðu orðið áskynja eftir að hafa lagt á samkv. nýju skattalögunum í fyrsta skipti.

Annar þáttur þessa frv. fjallar um nokkrar lagfæringar sem verið er að gera á gildandi skattalögum, sem sumar eru smávægilegar, en aðrar nokkru stærri. Sem dæmi um þessar lagfæringar, sem verið er að gera og eru vissulega jákvæðar, vil ég nefna 4. gr., þar sem í síðari mgr. er lagt til að niður verði felldar reglur um sérstaka skattlagningu á eignarauka sem stafar af vinnu utan venjulegs vinnutíma við byggingu íbúðarhúsnæðis. Nú er vitað að fjölmargir Íslendingar koma sér upp þaki yfir höfuðið með því að vinna ótæpilega utan venjulegs vinnutíma við eigin framkvæmdir. Með þessari breytingu, sem hér er verið að gera, er verið að fella niður reglur um sérstaka skattlagningu á eignarauka sem stafar af slíkri vinnu, og er það vissulega jákvætt og í rétta átt.

Önnur slík grein, sem horfir fram á við er 11. gr. frv. þar sem lagt er til að tekin verði upp heimild til frádráttar á helmingi greiddrar húsaleigu vegna leigu á íbúðarhúsnæði til eigin nota. Hér er um nýmæli að ræða í skattlagningu, sem vissulega ætti að geta orðið til bóta ef framkvæmdin verður eins og ætlast er til. Hins vegar er vissulega hætta á því, að í reyndinni þýði þessi ákvæði í skattalögum aðeins hækkaða húsaleigu til leigjenda sem því nemur. Það er opinbert leyndarmál og öllum kunnugt, að þess eru dæmi, að fólk, sem leigir íbúðir, þurfi að sæta þeim kostum að mega ekki láta uppi við skattyfirvöld hversu háa húsaleigu það er látið greiða íbúðareigandanum. Með því að veita heimild til frádráttar á helmingi greiddrar húsaleigu er líklegt að sú breyting verði á, að leigjendur telji fram raunverulegar húsaleigugreiðslur sínar, sem kæmu þá til skatts hjá leigusala. Hins vegar er hætt við því, ef þetta breytir mjög verulegu um skattalega aðstöðu leigusalans, að hann svari því, — þrátt fyrir verðstöðvunarákvæði sem í lögum eru, og raunar í tvennum lögum, — að hann svari því einfaldlega með hækkaðri húsaleigu sem þessu nemur. En það verður þá að koma í ljós ef svo verður.

Þá er einnig ákvæði í 14. gr. sem e. t. v. ættu að geta orðið til nokkurrar lagfæringar, en gildandi skattalög hafa farið mjög illa með þá menn á Íslandi sem þannig er háttað um að þeir skulda verulega, en skuldirnar eru á mjög lágum vöxtum þannig að frádráttur vegna fjármagnskostnaðar verður lítill. Hér er um að ræða t. d. þann hóp manna sem hefur keypt sér atvinnutæki, bíl eða lítinn bát, skuldar mjög verulegar upphæðir í bílnum eða bátnum, en þessar skuldir eru á mjög lágum vöxtum. Þessir menn hafa farið mjög illa út úr skattlagningunni á s. l. ári og margir þeirra borgað miklum mun hærri skatta en samsvara sannanlegum tekjum þeirra á árinu. Það er ekki mjög stór hópur manna sem skattyfirvöld vita að þannig hefur verið ástatt um, 5 eða 10 menn eða eitthvað um það bil, en vegna þess að uppskátt varð um erfiðleika þeirra tóku skattyfirvöld þann kost að leggja til að þessi breyting í 14. gr. yrði gerð til að koma til móts við þessa einstaklinga. Hins vegar er mér ekki fyllilega ljóst og það hefur raunar ekki komið fram enn, því að það er nýmæli í þessari grein, sem ekki hefur verið rætt áður í n. sem hæstv. fjmrh. lét fjalla um undirbúning þessara skattalaga, hvernig það ákvæði 14. gr. vinnur með þessu, að lækka fyrningarhlutfallið úr 50% í 40%. Mér er nær að halda að eftir þá breytingu standi þessir tilteknu einstakl-

ingar, sem átti að leiðrétta kjörin fyrir með breytingunni í 14. gr., raunverulega í sömu sporum. En það á eftir að sjást og verður spurt um það sérstaklega við meðferð málsins.

Vissulega er líka leiðrétting fólgin í 24. gr., þar sem kveðið er á um nýjan tekjuskattsstiga sem hæstv. fjmrh. skýrði í ræðu sinni áðan. Með þessum tekjuskattsstiga er nokkuð komið til móts við sjónarmið okkar Alþfl.-manna í sambandi við tillögur um tekjuskattsstiga sem við fluttum fyrir einu ári. Hins vegar munum við að sjálfsögðu, þar sem búið er að opna þetta mál einu sinni enn, undirbúa tillöguflutning um nýjan tekjuskattsstiga í samræmi við margyfirlýsta stefnu Alþfl. varðandi tekjuskattsálagningu á einstaklinga, sem næði því marki að lækka tekjuskattinn, lækka beinu skattana, svo að hagurinn, sem launþegar fengju af þeirri skattalækkun, samsvaraði því margumræddda 1.5% af launum sem hæstv. ríkisstj. hefur rætt um. Til þess þarf að gera allverulega meiri breytingar í tekjuskattslækkunarátt heldur en hæstv. ríkisstj. hefur gert, vegna þess að þegar saman er skoðuð skattvísitalan, sem hæstv. ríkisstj. ákvað í fjárlagafrv. sínu, og gildandi tekjuskattsstigi, þá þurfa menn, miðað við áætlun Þjóðhagsstofnunar um hvað þessi tvö atriði gefa í tekjur, að byrja á því að lækka beinu skattana um 11 milljarða kr. til þess að ná sama skattbyrðarhlutfalli og í fyrra. Þetta er sem sé nokkurs konar startgjald sem menn þurfa að borga áður en hægt er að fara að tala um skattalækkun. Þá þurfa menn miðað við skattbyrðina í fyrra fyrst að lækka áætlun beinna skatta, miðað við óbreytta skattvísitölu og óbreyttan skattstiga, um 11 milljarða gkr. Og þá fyrst, þegar menn hafa lækkað áætlun um skatttekjur hins opinbera um þessa 11 milljarða gkr., geta menn farið að tala um að lækka skattbyrði frá því sem hún var á s. l. ári, en það er auðvitað það sem menn verða að miða við. Og ef menn ætla sér síðan að ná því marki, sem hæstv. ríkisstj. hefur talað um, að lækka skattbyrðina sem nemur 1.5% í kaupi, þá þurfa menn að bæta við þetta startgjald — þessa 11 milljarða — 12—13 milljörðum í viðbót, þannig að ef á að ná takmarki ríkisstj., sem hún hefur heitið verkalýðshreyfingunni, að lækka skattana sem nemi 1.5% í kaupi miðað við skattbyrðina eins og hún var í fyrra, þá þurfa menn að lækka beina skatta alls um 22-24 milljarða eða eitthvað þar á milli. Samkv. orðum ríkisstj. sjálfrar nema lækkanir hennar á beinum sköttum aðeins um það bil hálfri þessari upphæð eða um það bil 0.8% í kaupi, og vantar þá talsvert á að við það loforð sé staðið sem hæstv. ríkisstj. gaf verkalýðshreyfingunni nú um áramótin. Við Alþfl.-menn munum leitast við í meðferð málsins í nefnd að vinna að því, að sú breyting verði gerð m. a. á tekjuskattsstiganum, til viðbótar við þær breytingar sem hæstv. ríkisstj. leggur fram í þessu frv., að við þetta fyrirheit verði staðið.

Einnig eru ákvæðin í 25. gr. um að hækka grunntölu persónuafsláttar vissulega jákvæð og ber að skoða þá grein vandlega. Ég reikna með því, að þm. Alþfl. muni einnig, eins og við gerðum í fyrra, flytja sérstaka brtt. um það fáist hugmyndir þeirra ekki samþykktar eða tillit til þeirra tekið við meðferð málsins í nefnd.

Þetta eru, herra forseti, í örfáum orðum nokkur atriði sem vissulega eru jákvæð í þessu frv. En það er aðeins ein meiri háttar stefnubreyting sem í frv. felst og hún er ekki svo lítil. Það er ekki ómerkilegt að sú stefnubreyting skuli koma fram frá fjmrh. Alþb. Það er sú stefnubreyting, það fráhvarf frá einu helsta einkenni gildandi skattalaga, að fella niður 59. gr. sem gerir það að verkum, að í fyrsta skipti hefur verið hægt að leggja skatta á menn, sem hafa tekjur af eigin atvinnurekstri, líkt og aðra íslenska launþega. Og það er alveg furðulegt, að það skuli vera fjmrh. Alþb. sem sér þann helstan meinbug á gildandi tekjuskattskerfi að þetta ákvæði þurfi að afnema. Í eitt ár hefur verið í gildi ákvæði í skattalögum um það, að þegar litið er á framtöl manna, sem hafa tekjur af eigin atvinnurekstri, manna eins og tannlækna, manna eins og lögfræðinga, manna eins og bænda og fjölmargra annarra sem hafa tekjur af eigin atvinnurekstri og hafa sloppið skattlausir ár eftir ár. eins og allir landsmenn vita, um margra, margra ára skeið, — í eitt einasta ár hefur verið í gildi í skattalögum ákvæði um að það bæri að líta á þessa menn eins og þeir væru launþegar og áætla þeim tekjur eins og þeir mundu hafa haft, ef þeir gegndu sambærilegu starfi hjá öðrum, og skattleggja þá síðan samkv. því. M. ö. o.: þetta ár, árið 1980, sem nýliðið er, er fyrsta árið sem þessir aðilar hafa þurft að borga opinber gjöld til ríkisins eins og launþegar í sambærilegum störfum. Og aðeins eftir eins árs reynslu af þessu ákvæði kemur Alþb. hér á Alþingi fram með kröfu um að ein eðlisbreyting verði gerð á gildandi tekjuskattslögum. Og hver er sú eðlisbreyting? Jú, hún er sú, að þetta ákvæði verði fellt niður og þessir aðilar verði gerðir skattlausir eins og þeir voru áður. Þetta er orðið helsta baráttumál Alþb., þetta er eina meginefni gildandi skattalaga sem þeir telja ástæðu til að gera breytingar við. Og ég verð að segja það eins og er, þó að hæstv. fjmrh. sé vikinn héðan af fundi, að næstum því á hverjum einasta fundi, sem við áttum í þessari nefnd sem með hæstv. ráðh. vann að endurskoðun skattálagningarinnar, svo til hverjum einasta fundi sem haldinn var í þessari nefnd komst ekkert annað að hjá ráðh. en það eitt að fella þessa grein niður. Hvers vegna? Jú, vegna þess að einn hópur hafði mótmælt. Og hvaða hópur var það? Það voru bændur. Það eru komin harkaleg mótmæli frá einum hópi af þessum aðilum, þ. e. bændum. Og það er dálítið broslegt að lesa rökstuðning hæstv. ráðh. fyrir því, að þetta ákvæði skuli nú fellt niður úr tekjuskattslögum.

Herra forseti. Ég veit ekki hvort nokkur ástæða er til að halda áfram fundarhöldum öllu lengur vegna þess að það er enginn ráðh. viðstaddur, þ. á m. ekki sá sem þetta mál flytur, enginn úr hans flokki, ekki formaður þeirrar nefndar, sem þetta mál á að fá til meðferðar, og enginn úr hans flokki. Ég fæ ekki séð að nokkur ástæða sé fyrir hæstv. forseta til að halda fundarhaldi áfram við slíkar aðstæður. Ég fer fram á það við hæstv. forseta, að hann geri ráðstafanir til þess að hæstv. fjmrh., sem flytur þetta mál, sé a. m. k. viðstaddur 1. umr. (**Forseti:** Já, ég fellst á það, að við frestum þessari umr. nú til kl. hálfsex. Þá er boðaður fundur á nýjan leik og ég mun gera ráðstafanir til þess að hlutaðeigendur fylgi máli sínu betur eftir og verði viðstaddir.) — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Þetta er nú orðinn hreinn skrípaleikur. Það var gert samkomulag að beiðni hæstv. ríkisstj. um að afgreiða frá Alþingi fyrir páskaleyfi frv. til lánsfjárlaga sem hefði átt að vera í 3. umr. í Ed. nú rétt áðan og átti síðan að koma til okkar hér á morgun. Að kröfu formanns þingflokks Alþb., eins þess manns sem stóð að þessu samkomulagi, var 3. umr. í Ed. frestað og guð má vita hvenær hún verður haldin og allar líkur á því að ríkisstj. hafi þar með sjálf brotið það samkomulag sem

hún beitti sér fyrir við afgreiðslu á þessu nauðsynlega máli. Við umr. áðan vakti ég athygli hæstv. forseta á því, að hvorki hæstv. fjmrh., sem flytur þetta mál og var að biðja um í ræðu sinni að það yrði afgreitt fyrir páska, né nokkur annar ráðh. væri viðstaddur. Þeir eru allir fjarverandi enn. Ég fer fram á það við hæstv. forseta, að þessum fíflaskap verði nú hætt og fundi deildarinnar slitið og boðaður fundur aftur á eðlilegum fundartíma á morgun, þegar hæstv. ráðherrar þessarar hæstv. ríkisstj. mega vera að því að mæta. (**Forseti:** Ég get ekki fallist á þessa beiðni og beitum þolinmæði enn og sjáum til hvort ekki rætist úr.) Þá fer ég þess á leit við hæstv. forseta, að fundi verði frestað í 15 mínútur. — [Fundarhlé]

Herra forseti. Allt er þegar þrennt er. Þetta er nú þriðja tilraunin sem ég geri til þess að fá hæstv. fjmrh. til að vera við þegar rætt er mál sem hann flytur sjálfur og flutti framsöguræðu um fyrir örfáum klukkustundum og leggur áherslu á að fáist afgreitt frá Alþingi á þeim fáu klukkustundum, liggur mér við að segja, sem eftir eru af eðlilegum starfstíma Alþingis fyrir páska. En það er auðséð að hæstv. ráðh. hefur unað sér vel í veislu Seðlabankans áðan. Það er út af fyrir sig ekkert mál þó hann geri það, hæstv. ráðh., en kannske getur þessi ársfundur Seðlabankans orðið hæstv. ráðh. nokkuð minnistæður því að þar var flutt ákaflega athyglisvert erindi af formanni bankastjórnar Seðlabankans, dr. Jóhannesi Nordal bankastjóra, sem var slík úttekt á stefnu og starfsemi Alþb. og þeirra ára sem Alþb. hefur verið í ríkisstj., að annan eins áfellisdóm hef ég ekki heyrt upp kveðinn um langa hríð eins og í þeirri ræðu fólst. Ég vona að þessi framlenging á dvöl hæstv. ráðh. á seðlabankafundinum hafi orðið til þess að festa honum orð seðlabankastjóra enn betur í minni og verð ég nú að segja eins og er, að ekki var það rishá ríkisstj. sem sat undir orðræðum seðlabankastjóra fyrir nokkrum mínútum. (**Gripið fram í:** Eru framhaldsumræður um þetta mál?) Ekki var það nú rishá ríkisstj., hæstv. forseti, og ekki var nú sérstaklega hýrt upplitið á oddvita þeirrar ríkisstj., hæstv. forsrh., sem virðist enn þá una sér í seðlabankaveislunni þrátt fyrir allt. (Gripið fram í.) Herra forseti. Ég heyri það, að hæstv. fjmrh. er ákaflega óþreyjufullur eftir að fá orðið fyrst hann gefur sér tíma til þess að mæta hér og ekkert við því að segja. Hann getur fengið það þegar ég hef lokið máli mínu hér á eftir. Ég er sannfærður um að hæstv. forseti mun fúslega veita hæstv. fjmrh. leyfi til þess að koma í ræðustól þegar röðin kemur að honum.

Ég gat þess hér áðan, hversu mikið ósamræmi er í málflutningi þeirra hv. stjórnarsinna. Þeir leita allra manna frekast eftir því, að Alþingi og stjórnarandstaðan geri við þá samkomulag um afgreiðslu mála hér úr þinginu svo til athugunarlaust eða athugunarlítið. Eitt af þeim málum, sem samkomulag var gert um við okkur stjórnarandstæðinga að afgreiða fyrir páska samkv. beiðni hæstv. ríkisstj., var einmitt til 3. umr. í Ed. rétt áðan og átti að afgreiða úr þeirri deild í dag, hefði verið afgreitt nú samkv. þessu samkomulagi, og átti að koma hingað til þessarar hv. deildar á morgun. Þá skeður það skyndilega, að samkv. kröfu formanns þingflokks Alþb. er 3. umr. hætt, henni slegið á frest og hún verður ekki tekin upp aftur fyrr en guð má vita hvenær og enginn veit um frekari afdrif málsins. Og þó svo að hæstv. fjmrh. hafi í ræðu sinni áðan lagt á það þunga áherslu, að menn fengjust nú til að afgreiða þetta mál hans fyrir páska, þá þarf að gera þrjár tilraunir til þess að fá hann til að vera viðstaddan þegar byrjað er að ræða þetta frv. hans þangað til það fer að skila árangri.

Herra forseti. Ég hafði í ræðu minni fjallað um þá tvo af þremur þáttum frv. sem minna máli skipta, í fyrsta lagi þann þátt, sem eru almennar leiðréttingar og skerpingar á ýmsum áhersluatriðum í gildandi skattalögum, og í öðru lagi þau atriði frv. sem vissulega horfa til framfara, horfa til heilla og eru verulegar breytingar sem gera á á gildandi skattalögum til úrbóta. Í þeirri upptalningu gleymdi ég einu ákvæði, sem er hækkun á frádrætti sem heimilaður er einstæðum foreldrum. Vil ég í því sambandi minna á að miklar umr. urðu hér á Alþingi í fyrra um þetta leyti árs við afgreiðslu á hliðstæðu frv. þá vegna skattalegrar stöðu einstæðra foreldra. Við Alþfl.-menn héldum því þá mjög stíft fram, að við fengjum ekki betur séð en skattaleg aðstaða einstæðra foreldra mundi versna mjög ef lagt yrði á samkv. óbreyttum lögum. Við fluttum þá á Alþingi brtt. við gildandi skattalög til þess að koma í veg fyrir að þetta gerðist. Hæstv. fjmrh. og ríkisstj. öll undir hans forustu neituðu því harðlega í þeim umr., að þetta gæti skeð, og beittu sér gegn framgangi þessara till. okkar og fengu þær felldar í krafti þingmeirihluta síns. Síðan gerðist það, að það, sem við þóttumst sjá fyrir fyrir einu ári gagnvart einstæðum foreldrum, gekk nákvæmlega eftir í skattlagningunni, þannig að hæstv. fjmrh. sér þá leið eina færa að leggja nú til — einu ári síðar — hliðstæðar till. til að bæta skattalega stöðu einstæðra foreldra eins og við Alþfl.-menn gerðum fyrir einu ári. Er það út af fyrir sig þakkarvert að hæstv. fjmrh. skuli þó láta sér segjast í ljósi reynslunnar.

En meginatriðið í þessu frv., sem ég var kominn að í ræðu minni hér áðan, það eina atriði þar sem verið er að breyta mjög verulega stefnu frá gildandi skattalögum, er varðandi 59. gr. sem samkv. frv. á að fella úr gildandi skattalögum. Þessi 59. gr. var, eins og ég var áður búinn að minnast á, til þess gerð og til þess leidd í lög að þeir aðilar, sem hafa tekjur af eigin atvinnurekstri, menn eins og t. d. tannlæknar, sem vinna á eigin stofu, arkitektar og verkfræðingar, sem vinna við eigin fyrirtæki, bændur og aðrir slíkir borguðu skatta líkt eins og þeir væru launþegar í hliðstæðum störfum hjá öðrum. Það er alkunna, sem engum Íslendingi þarf að þykja tíðindi, að ýmsar af þessum stéttum hafa á umliðnum árum sloppið við að borga sambærilega skatta og almennt launafólk í hliðstæðum störfum þarf að greiða. Margir af þessum mönnum hafa ár eftir ár borið svonefnd „vinnukonuútsvör“ eða jafnvel enga skatta þó svo að bæði guð og menn hafi vitað það og mátt marka það af lífsháttum þeirra að þeir lifðu eins og kóngar.

Í skattalögunum, sem komu fyrst til framkvæmda á s. l. ári, var ein merkilegasta breyting sem í þeim fólst frá fyrri reglum sú, að þessir menn skyldu þannig meðhöndlaðir við skattlagningu að þeir yrðu settir jafnfætis venjulegu launafólki sem stundaði hliðstæð störf, m. ö. o. skattstjórum yrði gert skylt að áætla tekjur á þessa menn líkt og ætla mætti að þeir hefðu af því að stunda sambærileg störf í annarra þágu en sjálfra sín. Þetta var að áliti okkar Alþfl.-manna eitthvert merkasta ákvæðið í þeim lögum sem samþykkt voru hér á Alþingi 1978 og fyrst komu til framkvæmda á s. l. ári. Og hvað hafði þetta lagaákvæði í för með sér? Það hafði í för með sér að margir af þessum mönnum, sem borið höfðu vinnukonuútsvörin ár eftir ár og áratug eftir áratug og getað veitt sér margfalt á við venjulegt launafólk, fóru í

fyrsta skipti á árinu í fyrra að borga skatta sem voru eitthvað sambærilegir því sem venjulegur launamaður hefur þurft að standa skil á til ríkisins. Og eina stefnumarkandi atriðið í þessu frv., sem fyrrv. formaður Alþb. flytur á fyrsta heila ári fjmrh.-tíðar sinnar, er að þetta ákvæði verði fellt úr lögum og þessir menn verði aftur settir skattalega eins og meðan þeir báru vinnukonuútsvörin. Það er hæstv. fjmrh. Ragnar Arnalds og flokkur hans sem gefur þessum mönnum vinnukonuútsvörin aftur. Það er ekki verið að einfalda skattalögin fyrir venjulegt verkafólk. Nei, það er verið að sjá til þess að tannlæknarnir, arkitektarnir, verkfræðingarnir og bændurnir fá að vera skattlausir á árinu 1981 eins og þeir voru skattlausir á árunum fyrir 1980. Þeir, sem báru vinnukonuútsvörin, fá að bera þau aftur. Það er helsta baráttumál núv. hæstv. fjmrh. og stærsta fráhvarfið og eina fráhvarfið frá gildandi skattalögum sem hann beitir sér fyrir með flutningi þessa frv.

Ég sagði áðan að ég þakkaði hæstv. ráðh. fyrir hversu vel og grandgæfilega hann leyfði okkur stjórnarandstæðingum að fylgjast með niðurstöðum álagningarinnar á s. l. ári og undirbúningi þeirra breytinga sem hér liggja fyrir. En ég sagði líka, að það var varla á einum einasta fundi, sem við mættum á, sem eina og helsta áhugamál hæstv. ráðh. var ekki að fella niður þessa grein, — eina og helsta áhugamál hæstv. ráðh., það sem var efst á dagskrá allra fundanna, var hvernig mætti koma þessum aðilum til hjálpar, hvernig mætti létta sköttunum aftur af mönnunum með vinnukonuútsvörin. Þetta var það sem hæstv. fjmrh. hafði mestar áhyggjur af, talaði mest um og er eina breytingin sem hann gerir í þessu frv. Og það er mjög athyglisvert að sjá hvernig þessi breyting er rökstudd í grg., sem fylgir frv., og í aths. með frv. Þetta er ákaflega lærdómsríkt og sýnir hvernig eitt rekur sig á annars horn í rökstuðningi hæstv. ráðh. Hann segir um ástæðuna fyrir því, að 59. gr. er felld úr gildi og mennirnir með vinnukonuútsvörin eru látnir hafa vinnukonuútsvörin aftur: „Viðmiðunarlaunin hafa ýmist þótt of lág ... eða ... of há".

Það er ríkisskattstjóri sem ákveður viðmiðunarlaunin, það er ekki gert með lögum. Hann hefur aðeins heimild til þess að ákveða viðmiðunarlaunin og skattstjórinn síðan skyldu til þess að framfylgja þeim viðmiðunum við álagningu. Hæstv. ráðh. væri innan handar að láta gera breytingu á viðmiðunarlaununum sem er framkvæmdaratriði og undirmaður hans á að sjá um og hann gæti mætavel haft áhrif á hvernig yrðu ákveðin. Ef honum finnst viðmiðunarlaunin vera ákveðin of lág á lækna, arkitekta og verkfræðinga getur hann beitt áhrifum sínum til þess að fá þau hækkuð. En hann gerir það ekki. Nei, ekki aldeilis, heldur fellir hann úr gildi heimildina til ríkisskattstjóra um að ákveða þessi viðmiðunarlaun. Hann fellir niður skyldu skattyfirvalda til að leggja á arkitekta, tannlækna, verkfræðinga og bændur líkt og sambærilega launahópa. Og rökstuðningurinn er sá, að viðmiðunarlaunin, sem Alþingi ákveður ekki, heldur ríkisskattstjóri, hafi ýmist verið of há eða of lág. Ég get nú ekki fundið rökstuðning þar sem öllu meira rekur sig hvað á annars horn heldur en þetta.

Og hvar skyldu nú viðmiðunarlaunin hafa þótt of lág og hvar skyldu þau hafa þótt of há? Hæstv. ráðh. tekur fram að viðmiðunarlaunin hafi þótt of lág hjá ýmsum stéttum háskólamanna, en of há hjá kvæntum bændum. Og það er mergurinn málsins. Mergurinn málsins er nefnilega sá, að það voru ekki háskólamennirnir, það voru ekki samtök arkitekta, samtök tannlækna, samtök lögfræðinga eða annarra slíkra stétta sem aðallega mótmæltu ákvæðunum í 59. gr., heldur bændur. Það komst ekki annað að í huga hæstv. ráðh. heldur en bændur, ekki nokkur skapaður hlutur, ekkert annað. Og hann segir í grg. sinni að bændum hafi þótt viðmiðunarlaunin ákveðin of há hjá þeim þeirra sem voru giftir.

Nú skulum við fara yfir forsögu málsins. Eins og menn vita er 59. gr. um að ríkisskattstjóri skuli ákveða þeim aðilum, sem hafa tekjur af eigin atvinnurekstri, laun svipað því sem ætla mætti að þeir fengju fyrir hliðstæð störf ef þeir sinntu þeim hjá öðrum, og síðan að skattyfirvöldum um allt land, skattstjórum í hverju skattumdæmi bæri að nota þessi viðmiðunarlaun við álagningu sem reiknaðar tekjur þessara manna. M. ö. o.: ríkisskattstjóri átti að ákveða hver þessi viðmiðunarlaun væru. Hann gerði það fyrir allar þessar stéttir. Ein atvinnustétt rak upp ramakvein þegar þessi viðmiðunarlaun voru ákveðin. Hvaða stétt var það? Það var bændastéttin. Hvað gerði hæstv. fjmrh.? Hann veitti bændastéttinni einni sérstaka heimild til þess að hafa samráð við ríkisskattstjóra um þessa ákvörðun og semja við ríkisskattstjóra um hverjar þessar viðmiðunartekjur skyldu vera sem ætti að áætla á bændurna. (**Fjmrh.:** Hvenær gerði ég það?) Það má kannske ekki beinlínis segja að hann hafi heimilað þeim að semja við ríkisskattstjóra um þetta. En alla vega heimilaði hæstv. ráðh. bændasamtökunum að hafa áhrif á þá ákvörðun sem ríkisskattstjóri tók. Og ákvörðunin, sem ríkisskattstjóri tók fyrst varðandi þessa einu atvinnustétt, var endurskoðuð og viðmiðunartekjurnar stórlega lækkaðar hjá þessari einu stétt manna og ekki þá annað vitað en menn væru sæmilega sáttir við þetta, enda eina atvinnustéttin sem fékk að hafa sjálf áhrif á hvaða viðmiðunartekjur yrðu ákvarðaðar henni til handa. En því var nú ekki aldeilis að heilsa. Þegar álagningin hafði farið fram bárust mótmæli, að mig minnir frá rúmlega 2000 framteljendum í bændastétt, vegna allt of hárrar álagningar, þó svo búið væri að lækka stórlega viðmiðunartekjurnar, sem miðað hafði verið við, og þó svo að skattstjórum í hverju umdæmi bæri skylda samkv. lagagr. til að taka tillit til allra ytri aðstæðna, svo sem veikinda, svo sem árferðis, svo sem fækkunar bústofns, svo sem ýmissa áfalla sem yfir þessa menn kynnu að hafa dunið, og annað slíkt og ekki annað vitað en að þeir hafi gert það.

Það er ósköp eðlilegt að menn, sem ekki hafa borið skatta, mótmæli því þegar þeir fara allt í einu að bera skatta. Það þykir engum skrýtið. En þá vilja menn fá að vita hvað er á bak við mótmælin annað en það almenna mannlega eðli að vilja helst sleppa við að greiða skatta ef menn mögulega geta. Auðvitað eru allir Íslendingar þannig af guði gerðir að þeir vilja helst sleppa við að borga skatta ef þeir mögulega geta. Það þykir því engum skrýtið þó að maður, sem hefur ekki borgað skatt, en er látinn fara að borga hann, mótmæli slíku.

En hvaða rök önnur voru þá á bak við þetta en hið almenna mannlega eðli að vilja helst vera skattlausir ef menn mögulega geta? Ég lagði fyrir hæstv. fjmrh. snemma í haust spurningar um þetta. Ég spurði hæstv. fjmrh. á sérstöku þskj. sem lagt var fram að mig minnir í endaðan okt.:

1. Hverjar voru skattgreiðslur bænda s. l. 4—5 ár? Hverjar voru skattgreiðslur viðmiðunarstéttanna svo-

kallaðra — sem bændur nota sem viðmiðun til þess að ákvarða laun sín eftir — þ. e. iðnaðarmanna, verkamanna og sjómanna á sama tíma?

2. Hverjar urðu skattgreiðslur í ár eftir þessum nýju lögum og hverjar urðu skattgreiðslur bænda þessara svokölluðu viðmiðunarstétta eftir sömu lagasetningu?

3. Hver var fjárfesting í landbúnaði á nákvæmlega þessum árum?

Þessar spurningar lagði ég fyrir hæstv. fjmrh. á sérstöku þskj., eins og ég segi, að mig minnir í lok okt. frekar en í byrjun nóv., vegna þess að svör við þessum spurningum eru eðlilegar forsendur þess, að Alþingi, löggjafarvaldið, sem ákveður þessa 59. gr., fáist til endurskoðunar. Það hafa engin svör komið enn þá. Ætti þó að vera tiltölulega einfalt verk að finna út á meira en hálfu ári hverjar voru skattgreiðslur sjómanna, verkamanna, iðnaðarmanna og bænda á umliðnum árum, hvernig nýju skattalögin hafa breytt þessu og hverjar hafa verið fjárfestingar í landbúnaði á sama tíma. Ef skattgreiðslur bænda, svo ég taki dæmi, hafa verið óvenjulega litlar á þessum árum — nú veit ég ekkert um það — samanborið við skattgreiðslur viðmiðunarstétta, en fjárfesting í landbúnaði mikil — (**Fjmrh.:** Þm. hefur ekki alltaf verið viðstaddur.) — hvaðan í veröldinni eru þá þeir peningar komnir? (**Fjmrh.:** Svarið er löngu tilbúið.) Ja, hæstv. ráðh. veit mætavel og þarf ekkert að grípa fram í til þess að ég hef marggengið eftir því við hæstv. ráðh. héðan úr ræðustól að svar yrði gefið og ég hef ekki verið fjarverandi á þingfundum í allan vetur nema s. l. 10 daga þegar ég var fjarverandi í opinberum erindum. Hæstv. fjmrh. hefur því haft nægan tíma til að svara þessari fsp. og sé svarið löngu tilbúið fæ ég ekki skilið hvað hefur valdið því, að hæstv. ráðh. hefur dregið svo lengi að flytja það. En látum það nú vera.

Hæstv. fjmrh. skipaði sérstaka nefnd til þess að skoða skattalega stöðu einstæðra foreldra annars vegar og bænda hins vegar. Þetta voru tvær nefndir. Þær skiluðu skýrslum til hæstv. ráðh. sem við í skattanefndinni, sem ég ræddi um áðan, fengum m. a. afrit af.

Endurskoðunin á högum einstæðra foreldra leiddi í ljós, eins og við Alþfl.-menn sýndum fram á í okkar málflutningi og tillöguflutningi fyrir ári, að hin nýju skattalög voru til stórkostlegar íþyngingar í skattamálum fyrir einstæða foreldra. Í framhaldi af því flytur nú hæstv. fjmrh. brtt. í frv. þessu um að hækka frádrátt einstæðra foreldra við skattlagningu.

En það var samdóma álit mitt, fyrrv. ríkisskattstjóra, sem er nú í fríi, en er enn þá ríkisskattstjóri eftir því sem ég best veit, tekjudeildar fjmrn. og ég leyfi mér næstum því að segja aðstoðarmanns hæstv. fjmrh., að endurskoðun umræddrar nefndar á skattlagningu bænda hefði alls ekki leitt í ljós neina nauðsyn á því að breyta 59. gr. þeirra vegna. Þetta kom glögglega fram á fundunum sem við sátum í þessari umræddu nefnd. Að mati þessara aðila hafði ekkert það fram komið og engin rök sem mæltu með því, að 59. gr. yrði breytt í ljós reynslunnar varðandi álagninguna gagnvart bændum, — engin. Ég spurði tvívegis ríkisskattstjóra sérstaklega hvort hann gæti kveðið upp úr um þetta, hvort hann teldi þau rök, sem fram hefðu komið, þess eðlis að þau réttlættu breytinguna. Í bæði skiptin sagði hann nei. Og mér er kunnugt um að þó svo hæstv. fjmrh. hafði á Alþingi haft forustu fyrir því að berja þá breytingu í gegn, þá nýtur það sjónarmið ekki alhliða stuðnings í hans flokki og sætir meira að segja andstöðu hjá ýmsum af hans nánustu samverkamönnum. Það er heldur ekkert skrýtið vegna þess að þrátt fyrir þessi ákvæði kemur í ljós við athugun á álagningunni s. l. ár að þriðji hver framteljandi í bændastétt greiðir engan tekjuskatt, — engan, ekki krónu. Og þá er aðeins rætt um þá framteljendur í bændastétt sem hafa aðalatvinnu af búskap, ekki þá sem hafa búskapinn sér til dægrastyttingar eða til viðbótar lifibrauði frá öðrum störfum. Þrátt fyrir ákvæði 59. gr., sem kvartað er svo mjög yfir, greiddi þriðji hver framteljandi í bændastétt ekki eina krónu með gati í tekjuskatt á árinu 1980, ekki eina krónu, og slíkt hlutfall er miklu hærra en á sér stað hjá öðrum sambærilegum stéttum, arkitektum, verkfræðingum, lögfræðingum eða öðrum stéttum sem verða að sitja undir 59. gr. Hjá engum þeirra kemst þetta hlutfall skattleysingja í námunda við þetta hlutfall hjá bændastéttinni.

Ég hefði gaman af því að sjá þetta skattleysishlutfall t. d. hjá verkamönnum í Dagsbrún. Ég hefði gaman af að sjá hvort verkamennirnir á eyrinni slyppu þannig frá skattlagningu s. l. árs að þriðji hver verkamaður hér á eyrinni yrði skattlaus að tekjuskatti. Það er ekki leiðrétting sem hann hefur neinn áhuga á að kalla fram.

Til þess að sýna fram á hvílíkan tvískinnung er hægt að viðhafa í þessum málum, þar sem verið er að reikna mönnum laun út og suður og lífsafkomu, vil ég aðeins geta þess, að það er tekið hér sérstaklega fram að viðmiðunarlaunin hafi þótt of há hjá kvæntum bændum. Það er rétt út af fyrir sig, að ef bóndi sem t. d. býr á venjulegu meðalbúi, giftir sig hækka þær viðmiðunartekjur sem skattstjóri leggur á og notar til grundvallar álagningunni vegna þess að kominn er aukastarfskraftur að búinu án þess að búið hafi stækkað. Og það koma fram hjá þeim fulltrúum Stéttarsambandsins sem við ræddum við, að þeir kröfðust þess að konan yrði í þessu sambandi ekki metin til launaframlags, vinna hennar yrði ekki metin til launa.

Samkv. gömlu skattalögunum fengu þessir sömu menn 50% frádrátt vegna vinnu kvenna. Þegar til umræðu voru lögin um fæðingarorlof, sem afgreidd voru í fyrra héðan frá Alþingi, bar svo við að erindrekar frá þessu sama stéttarsambandi komu á fund félmn. í báðum deildum og þar sögðu þeir tvennt um þetta fæðingarorlof. Í fyrsta lagi: það mátti ekki kosta landbúnaðinn neitt að eiginkonur bænda öðluðust rétt til fæðingarorlofs. Í öðru lagi: vinna bændakvenna í búskapnum er svo mikið að þær eiga kröfu á að fá fæðingarorlof að 66%. M. ö. o.: það ber að líta á vinnu eiginkvenna bænda sem 66% vinnu við búskap. Þetta var þegar fæðingarorlofið var á dagskrá. Þegar skattamálin eru hins vegar á dagskrá er krafan sú, að ekki beri að líta svo á að eiginkonur bænda komi nálægt búskap og beri því ekki að reikna þeim neinar tekjur við hann. M. ö. o.: þegar fæðingarorlof er á dagskrá ber að reikna vinnuframlag eiginkvenna bænda sem samsvarar 66% af heils dags vinnu manneskju við búrekstur. Eiginkonur bænda eiga að fá fæðingarorlof sem samsvarar því að þær vinni 66% af heils dags starfi við rekstur búsins. Þegar skattamálin eru á ferðinni ber ekki að líta á að eiginkona bónda leggi fram svo mikið sem eina klukkustund í vinnuframlag til búsins.

Auðvitað má líta þessi mál kvæntra eða ókvæntra bænda frá öðru sjónarhorni, sem sé því, að ekki sé verið að íþyngja bónda á meðalbúi fyrir að kvænast og auka

þar með skatta hans, heldur að ívilna einyrkjanum, að eðlileg skattgreiðsla af búinu sé sú vinna sem er inni í verðlagsgrundvelli landbúnaðarins, metið vinnuframlag eiginmanns og eiginkonu, og sé það einyrki, sem stendur að slíkum búrekstri, sé honum ívilnað í sköttum, bú hans þurfi að skila lægri skattgreiðslu en bú sem nýtur þess vinnuafls sem gengið er út frá í verðlagsgrundvelli landbúnaðarins.

Auðvitað gengur það ekki til lengdar að hægt sé að færa til vinnuliðinn við búreksturinn bara eftir því hvers konar mál eru á dagskrá hverju sinni, þegar verðákvörðun er á dagskrá skuli vera hægt að gera kröfu um að menn vinni kannske tvöfalda vinnu við búreksturinn og verðið á búvörunni verði síðan metið með hliðsjón af því að bóndinn og hans fólk verði að leggja nótt við dag í vinnu við búið, þegar komi að skattamálum verði hins vegar að ganga út frá því að bóndinn vinni ekki nema 8 stundir á dag fimm daga vikunnar og konan ekki neitt og þess vegna beri ekki að áætla þeim neina skattgreiðslu fyrir þetta, svo þegar kemur að fæðingarorlofi er öllu snúið við aftur. Auðvitað verða menn að koma sér niður á hvaða viðmiðun menn ætla að nota í þessu sambandi, en ekki að hræra með þessa viðmiðun fram og til baka eftir því hvaða mál eru á dagskrá hverju sinni. En þetta veit ég, herra forseti, að er næstum því tabúmál hér í þingsölum. Hér eiga menn að sitja og standa eins og hagsmuna- og þrýstihóparnir í þjóðfélaginu vilja í það og það sinnið. Og dæmigert um þetta er að Alþb., sem gefur út Þjóðviljann, málgagn verkalýðshreyfingar, sósíalisma og þjóðfrelsis, ef ég man rétt, skuli berjast fyrir því, að ekki verði áætluð laun á lögfræðinga, tannlækna og arkitekta til jafns við menn, sem stunda sambærileg störf hjá öðrum, og að þessir aðilar, aðilar sem hafa tekjur af einkarekstri, skuli aftur geta fengið vinnukonuútsvör. Hvers vegna? Ekki vegna þess að Alþb. beri svona mikla virðingu fyrir eða bindi svona mikið ástfóstur við þessa aðila, — væntanlega ekki, það hefur þá mikið breyst, — heldur vegna þess að hæstv. fjmrh. er í framboði í kjördæmi úti á landi, þar sem bændur eru verulegur hópur kjósenda, og kjósendur hans í bændastétt heimta að þessari byrði sé af þeim létt, að tveir framteljendur af hverjum þremur þurfi að borga tekjuskatt til ríkisins, sá þriðji sleppi.

Þetta er einkar athyglisvert fyrir ýmsa kjósendur Alþb., sérstaklega í þéttbýlinu. Mér er nær að halda að hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson þurfi jafnvel að bregða sér bæjarleið til Stykkishólms þegar þetta mál verður afgreitt. A. m. k. kæmi mér mjög á óvart ef hann væri sammála hæstv. fjmrh. um afnám þessa ákvæðis um að gefa atvinnurekendum vinnukonuútsvörin aftur með þeim hætti sem hér á að gera.

Herra forseti. Það þarf ekki að taka fram að við Alþfl.-menn erum alfarið andvígir því, að þessi breyting verði gerð á tekjuskattslögunum, að 59. gr. verði felld niður og þeir, sem hafa tekjur af eigin atvinnurekstri, verði skattalega settir eins og þeir voru áður fyrr, geti tekið til við að borga sín vinnukonuútsvör aftur. Hitt skal ég fúslega viðurkenna og vera fyrstur til að viðurkenna, að á þessari framkvæmd á liðnu ári, þessu eina ári sem hún hefur verið viðhöfð, urðu mjög alvarlegir vankantar, bæði vegna þess, að það fór eftir skattumdæmum hvernig skattstjórar beittu þessu ákvæði, þannig að menn voru ekki jafnsettir fyrir lögum án tillits til þess hvar þeir bjuggu í landinu hvað þetta varðaði, og enn fremur vegna hins, að það varð líka innan sömu skattumdæma nokkur misbrestur á þessari framkvæmd, og í þriðja lagi vegna þess, að segja má að hvorki Alþingi, ríkisstj. né skattyfirvöld, ríkisskattstjóri og skattstjórar, hafi gert nóg til þess að upplýsa menn um hvaða rétt þeir áttu í þessu sambandi, né heldur gert leiðréttingar á framtölum manna þeim í hag ef þeir áttu kröfu til þess, að slíkar leiðréttingar yrðu gerðar. Þetta mál allt saman var auðvitað þess eðlis, að hæstv. fjmrh. — sem yfirmaður framkvæmdavaldsins hvað þennan málaflokk varðar — hefði átt að beita sér fyrir því, að úr þessum framkvæmdamisbrestum yrði bætt. Til þess hefur hann fullt vald og fulla getu. Í þeim skattumdæmum t. d. þar sem það hefur gerst, að mönnum hefur verið mismunað og menn hafa ekki fengið sinn rétt vegna þess að þeir vissu ekki hvernig þeir áttu að ganga frá framtali sínu til þess að þeir fengju notið þess hags í skattalögum sem þeim ber, þar var auðvitað hægur vandinn af hálfu hæstv. fjmrh. og starfsmanna hans hjá ríkisskattstjóra og skattstofunum að yfirfara þessi framtöl og gera þar leiðréttingar á og benda mönnum síðan á hvernig þeir hefðu mátt fá sínum leiðréttingum framgengt. Þetta hefði verið hægt að gera og hefði átt að gera af hálfu ríkisskattstjóra þegar hann varð var við að misbrestur var á framkvæmdinni bæði milli einstakra skattumdæma og eins innan skattumdæmanna. Þó svo það sé skoðun ríkisskattstjóra, að þau mál séu alfarið í höndum skattstjóranna sjálfra og hann eigi ekki að koma nálægt þeim málum fyrr en skattstjórar eru búnir að fella sinn úrskurð — og þá ef þeir, sem úrskurðurinn er felldur yfir, kæra hann — þá held ég að þetta sé samt sem áður miklu réttari og eðlilegri leið til þess að bæta úr framkvæmdamisbrestum heldur en að fella heimildina niður eins og hæstv. fjmrh. leggur til að gert verði.

Ég vil enn ítreka og leggja áherslu á að það er ekki fyrr en nú fyrir skömmu að mótmæli fóru að berast frá öðrum atvinnustéttum en þeirri sem ég hef gert aðallega að umræðuefni hér. Og það var þá fyrst þegar það fór að kvisast, að e. t. v. stæði til að fella úr gildi 59. gr. sem þessi mótmæli fóru að berast og þá frá verslunareigendum hér í Reykjavík. Eg hef a. m. k. erindi upp á það í skrifstofu minni. Það er einkennandi fyrir hið nýja hlutverk Alþb., að það skuli vera helsta baráttumál þess flokks núna að fella úr gildandi skattalögum það ákvæði sem skyldar skattstjóra til þess að leggja skatt á menn, sem stunda eigin atvinnurekstur, út frá þeim viðhorfum, að þeir þægju fyrir vinnuframlag sitt laun sem samsvöruðu því sem þeir mundu fá ef þeir gengju að sambærilegum störfum hjá öðrum.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það fór nú svo um ræðu hæstv. fjmrh. þegar hann talaði fyrir þessu frv., að hann kom ekki inn á það, hver væri sameiginleg tekjuáætlun fulltrúa Alþýðusambands Íslands og ríkisstj. fyrir þetta ár, þó svo að hæstv. fjmrh. hafi í yfirlýsingu, sem hann gaf 24. febr. s. l., lýst því yfir, að ákveðið hafi verið að verja 100 millj. kr. eða 10 milljörðum gkr. til skattalækkana, sem svarar til 1.5% í kaupmætti lægri launa og meðallauna, hefur ekki tekist að fá hæstv. fjmrh. til að gefa Alþingi upplýsingar um hver sé tekjuviðmiðunin hjá ríkisstj. og Alþýðusambandinu í þessu dæmi fyrir það ár sem nú er að líða. (**Fjmrh.:** Það er bara viðmiðun við fyrra ár sem skiptir máli.) Eg held að við séum ekki að tala um það núna að auka kaupmáttinn á s. l. ári. Við

erum að tala um að auka kaupmáttinn á því ári sem nú er að líða. Eins og raunar hv. 12. þm. Reykv., Guðmundur G. Þórarinsson, hefur lagt áherslu á er þýðingarlaust að vera aftur í tímanum þegar menn eru að tala um kaupmátt líðandi stundar. Hann hefur einmitt viljað leggja áherslu á í sambandi við skattaálögur hvert hlutfall beinir skattar séu á greiðsluári, en ekki álagningarári.

Nú liggur það fyrir, að ég hygg, að ríkisstj. ætlar sér að halda verðbólgunni í 40% á þessu ári. Eg held að það hafi komið fram í ræðu hæstv. forsrh. hér í gær eða fyrradag, — í gær var það víst, — að verðbólgan mundi verða einhvers staðar í kringum 40% á því ári sem nú er að líða. Ef við reynum að átta okkur á því, hvað kaupgjaldið muni hækka á þessu ári þá liggur það fyrir í augnablikinu að kaupmátturinn er 7% minni í marsmánuði heldur en hann hefði verið ef menn hefðu fengið kaup sitt hækkað. (**Fjmrh.:** Það er mikill misskilningur.) Er það misskilningur? (**Fjmrh.:** Já.) Ef sjöunda hver króna er tekin úr umslagi hæstv. fjmrh. tapar hann sjöundu hverri krónu í tekjum, þá hlýtur hann að tapa því. Þá þýðir það að hann getur keypt þeim mun minna. (Gripið fram í.) Það er alger verðstöðvun í landinu. Eg held að hv. þm. Stefán Valgeirsson skilji það að ef tekinn væri sjöundi hver dropi af mjólkinni í Auðbrekku mundi mjólkin verða að sama skapi minni þegar upp yrði gert. Og með sama hætti býst ég við að hæstv. fjmrh. skilji það — eða maður gæti búist við því, að þegar sjöunda hver króna er tekin verði kaupið þeim mun minna.

Nú er spurningin, þegar verið er að tala um að ríkisstj. ætli sér að hækka kaupmáttinn sem svarar 1.5% í kaupmætti lægri launa og meðallauna: hvað skyldi það vera mikið á þessu ári? Er hugmyndin að vinna upp þessi 7%? Ef við reiknum með því, að verðbólgan á þessu ári verði í kringum 40% og þar sem ekki er um neinar grunnkaupshækkanir að ræða á þessu ári og launþegar hafa þegar týnt rétt tæpum 10%, þá er erfitt að hugsa sér að launin geti hækkað meira en svona 30-33%, varla hægt að hugsa sér það.

Nú getum við náttúrlega farið ofurlítið hærra með launin, jafnvel upp í 40%. Jafnvel þótt við teygðum okkur svo hátt og segðum að launin mundu ekki hækka á þessu ári meira en verðbólgan verður — því að það er búið að slá því föstu að hún verði 40% — þá gengur það dæmi ekki upp samt sem áður að um neinar skattalækkanir verði að ræða hjá einum einasta manni, ef undan er skilinn tiltekinn hópur af einstæðum foreldrum.

Nú sé ég að hér inn í þingsalinn er kominn formaður Verkamannasambands Íslands, Guðmundur J. Guðmundsson, og þar sem ég er ekki viss um að hæstv. fjmrh. muni svara minni fsp. — ég hef borið hana fram áður og fékk ekki svar við henni — vil ég beina þeirri fsp. til formanns Verkamannasambands Íslands, þar sem hann var einn þeirra manna sem hæstv. fjmrh. skírskotaði til að hefðu fallist á þær úrbætur sem felast í því frv. sem hér liggur fyrir, ásamt með þeim breytingum á sjúkratryggingargjaldinu sem er gert ráð fyrir í grg. að frv. verði lagt fram um, jafngildi 1.5% í auknum kaupmætti miðað við s. l. ár, þá langar mig að spyrja þennan hv. þm., hvað gert hafi verið ráð fyrir í þessum áætlunum að kaupgjaldið mundi hækka mikið á þessu ári borið saman við s. l. ár.

Í þessu sambandi vil ég í fyrsta lagi leyfa mér að ganga út frá því að samkomulag Alþýðusambands Íslands og ríkisstj. um lækkun skatta hafi gengið út á atvinnutekjur, ekki vaxtatekjur eða tekjur af hlutabréfum eða eitthvað því um líkt, ekki eignatekjur, heldur eingöngu vinnutekjur. (Gripið fram í.) Ég var að tala um að ég byggist við að formaður Verkamannasambands Íslands hugsaði um atvinnutekjur verkafólks þegar hann væri að tala um skattgjaldstekjur. Og þá liggur það fyrir að atvinnutekjur á s. l. ári hafa hækkað um 53% miðað við næsta ár á undan. Björn Björnsson hjá Kjararannsóknarnefnd, sagði mér síðast áðan í símtali — ég spurði hann um þetta og ég spurði hann hvort ég mætti hafa það eftir hér í þingsalnum — að atvinnutekjur verkamanna og iðnaðarmanna hefður hækkað um 53% frá árinu 1979 til 1980, og hann sagði að ég mætti bera sig fyrir því, en á hinn bóginn hefði þetta mál ekki verið tekið fyrir af Kjararannsóknarnefnd, þannig að opinbert álit af hennar hálfu liggur ekki fyrir, og mér er raunar nær að halda að hvorki Alþýðusamband Íslands né ríkisstj. hafi séð ástæðu til þess að biðja Kjararannsóknarnefnd að fjalla um þetta atriði sérstaklega. Það er sem sagt álit Björns Björnssonar hjá Kjararannsóknarnefnd, að hækkun á kauptöxtum frá árinu 1979 til 1980 hafi verið 51%, en launaskrið, aukið akkorð og annað því um líkt, launahvetjandi kerfi, bæti þarna um 2% þannig að atvinnutekjur verkamanna og iðnaðarmanna hækkuðu frá árinu 1979-1980 um 53%. Þetta liggur nú fyrir og lá fyrir áður en þetta frv. var lagt fram.

Með hliðsjón af þessum upplýsingum og þar sem hæstv. fjmrh. lýsti þeim skilningi sínum fyrr í dag, að ef menn vildu bera saman skattabreytingar milli ára yrði að hækka skattstiga, persónufrádrætti og annað í réttu hlutfalli við launabreytingar milli ára, — ég tók að vísu eftir því, að hæstv. fjmrh. vildi ekki binda sig við atvinnutekjur í þessu sambandi, og geri ég mér raunar ekki grein fyrir hvernig hann ætlar að fá réttari viðmiðun með öðrum hætti, — þá held ég að þær upplýsingar, sem fyrir liggja, sanni fullkomlega að í þessu frv. hefur verið kastað til höndunum að þessu leyti. Það hefur verið slegið fram varðandi kaupbreytingar milli ára ákveðinni hundraðstölu sem ekki stenst. Afleiðingin af því, að þessi hundraðstala er röng, kemur þegar fram í því, að öll viðmiðun verður að sama skapi röng. Þannig liggur það t. d. ljóst fyrir, að í sambandi við lágmarksfrádrátt einhleypings skakkar nokkru að sá frádráttur sé hækkaður eins og vera ber. Hið sama er að segja um barnabætur, lágmarksfrádrátt einstæðs foreldris, eins og það er hugsað í lögunum, og þar fram eftir götum. Ég hygg því að sú nefnd, sem fær þetta frv. til meðhöndlunar, verði að athuga þessa þætti í sambandi við afgreiðslu sína á málinu. Það verður að hækka upp þessar viðmiðunartölur í samræmi við það að launabreytingarnar milli ára hafa orðið meiri en hæstv. ríkisstj. vill kannast við.

Við komum þá að öðrum þætti þessa máls sem er lækkun eða þær breytingar sem gerðar hafa verið á lágmarksfrádrætti vegna einstæðra foreldra. Gert er ráð fyrir því í þessu frv. að þessi lágmarksfrádráttur verði hækkaður verulega. Er í því sambandi athyglisvert í fyrsta lagi að hæstv. ríkisstj. fékkst ekki á síðasta þingi til þess að viðurkenna þær staðreyndir sem þá lágu í augum uppi og ítrekað var bent á hér í deildinni, að skattalagabreytingin, sú breyting að skattleggja einstaklingana hafði í för með sér verulega þyngingu á skattbyrði einhleypinga og hjóna þegar bæði unnu úti og öfluðu sér umtalsverðra tekna. Ef ég man rétt stendur í nál., sem gefið hefur verið út varðandi skattbyrði einstæðra foreldra, að skattbyrði þessa fólks hafi hækkað hlutfallslega

meira en ýmissa annarra þegna þjóðfélagsins. Í þessu sambandi er nauðsynlegt að víkja nokkrum orðum að því, hvar við erum stödd varðandi skattbyrðina.

Skattbyrði einstaklinga á árunum 1964-1981 hefur verið áætluð með margvíslegum hætti, og það er raunar nokkuð sama hvernig reiknað er. Augljóst er að þegar vinstri stjórnin var mynduð í septembermánuði 1978 og æ síðan hefur skattlagningin aukist mjög verulega. Ef það er rifjað upp kemur í ljós að álagðir skattar í hlutfalli við tekjur fyrra árs hækkuðu frá árinu 1977 úr 16.3% upp í 22.2%. Þetta er mjög veruleg hækkun eða um 30% og á að sjálfsögðu rætur sínar að rekja til þess, að þær ríkisstjórnir, sem síðan hafa setið, hafa haft það að miklu markmiði í sinni efnahagsstjórn að stórauka ríkisútgjöldin á kostnað atvinnuveganna.

Hugmyndin á bak við þá nefnd, sem skipuð var varðandi einstæða foreldra, var að sjálfsögðu að reyna að koma skattbyrði þeirra niður í það sem hún var áður. Eðlilegt hefði verið, þegar þessi skattbyrði var borin saman og gamla kerfið var tekið til samanburðar, að miða ekki við eitt ár, síðasta árið eða árið 1979. Miklu eðlilegra hefði verið að sú nefnd, sem þarna átti hlut að máli, hefði tekið nokkur ár, við skulum segja 3-4 s. l. ár, og gert úttekt á því, hvernig einstæðir foreldrar komu út skattalega séð, við getum sagt árið 1976, 1977, 1978 og 1979. En hæstv. rkisstj. þótti þetta óaðgengilegur kostur, þar sem markmiðið á bak við þessa nefndarskipun var ekki að færa skattbyrði einstæðra foreldra niður í það sem hún var áður, niður í það sem áformað var raunar þegar núgildandi skattalög voru samþykkt, eins og fram kom hvað eftir annað þá í yfirlýsingum varðandi þessi lög, að hugmyndin með þeim væri ekki að þyngja skattana.

Ég skal að þessu sinni ekki flytja mjög langt mál um tekjuskattsfrv. sem hér liggur fyrir. Ég geri ráð fyrir að strax við 1. umr. málsins muni formaður Verkamannasambands Íslands gera grein fyrir því, á hvaða grundvelli verkalýðshreyfingin hefur samþykkt þetta frv. og lítur svo á sem það fullnægi fyrirheitum ríkisstj. um það, að vegna þessara laga muni kaupmátturinn á yfirstandandi ári aukast um 1.5%. Þetta er allt önnur niðurstaða en ég kemst að. Og ég vil benda á það, að hjá mjög stórum hópum verkamanna verður síður en svo um skattalækkun að ræða, hvernig sem á málið er litið, jafnvel þó við gengjum út frá því, að launin hækkuðu á þessu yfirstandandi ári álíka mikið og á s. l. ári eða um 53%. Ég geri ráð fyrir að formanni Verkamannasambandsins — eins og hæstv. fjmrh. — sé það fullljóst, að hér er beinlínis gert ráð fyrir því að hækka verulega skatta á a. m. k. einum verkamanni miðað við s. l. ár af hverjum 10 jafnvel þó sjúkratryggingargjaldið sé tekið inn. Ef við á hinn bóginn reiknuðum með því, að áætlun ríkisstj. um 40% verðbólgu á þessu ári stæðist, þá mundi koma út úr dæminu að ekki yrði um skattalækkanir að ræða á einum einasta verkamanni sem hægt yrði að mæla í kaupmætti borið saman við s. l. ár. Þetta er staðreyndin varðandi þetta atriði.

Á hinn bóginn liggur það fyrir, að bæði eignarskattur og einnig fasteignagjöld hafa hækkað mjög verulega á s. l. árum þannig að skattþyngingin af þeim sökum er miklu meiri en menn hafa gert sér grein fyrir, sérstaklega hér í Reykjavík. Skal ég ekki fara með tölur um það að þessu sinni.

Ég held að nauðsynlegt sé að það komi líka fram í þessu sambandi, að við sjálfstæðismenn höfum á umliðnum árum bæði í orði og verki sýnt það, að við teljum að eins og ástatt er í þjóðfélaginu nú og ef raunverulegur vilji væri fyrir hendi til þess að ráðast gegn verðbólgunni þurfi að stíga verulegt skref í þá átt að lækka skattana, umtalsvert skref. Um það er ekki að ræða í þessu frv. Allir frádráttarliðir vegna barna og persónufrádráttur miðast við skattgjaldsvísitöluna 145 og ég þarf náttúrlega ekki að ræða um það, að þegar komið er upp að hærra skattaþrepi er þyngt mjög verulega, og það bitnar auðvitað á fjölmörgum meðlimum Verkamannasambands Íslands og fjölmörgum iðnaðarmönnum. En ég hygg að vel megi vera að verslunarmenn hafi að einhverju leyti lægri laun og komist síður þarna upp. En Kjararannsóknarnefnd hefur ekki á takteinum upplýsingar um hvernig launakjörum verslunarmanna er háttað.

Það er náttúrlega auðvelt fyrir ríkisstjórnir, sem hafa allt embættismannakerfið á bak við sig, að leggja fram sundurliðaðar tillögur um hvað eina og láta reikna hvað eina úr fyrir sig. Það hefði þess vegna verið hægurinn fyrir hæstv. ríkisstj. að fela Þjóðhagsstofnun eða sambærilegum aðila að reikna út það sem kallast mætti sambærileg skattbyrði á þessu ári borið saman við s. l. ár. Ekkert slíkt hefur verið gert. Hvorki Þjóðhagsstofnun, Reiknistofnun háskólans né neinn annar aðili utan við Stjórnarráð Íslands hefur, svo mér sé kunnugt um, reiknað út það sem kalla mætti sambærilega skattbyrði á yfirstandandi ári borið saman við s. l. ár. Og þetta er náttúrlega mjög bagalegt þegar forsendan fyrir þeim breytingum, sem hér er verið að tala um, er sú að hækka eigi kaupmátt launatekna um 1.5% borið saman við s. l. ár.

Ég hef áður í sambandi við kjaramál hér á Alþingi rifjað upp ýmis orð sem féllu á árinu 1978 varðandi þær aðgerðir sem kallaðar hafa verið febrúarlögin. Ég veit að hæstv. fjmrh., hv. 7. þm. Reykv., Guðmundur J. Guðmundsson, og hv. 8. landsk. þm., Guðrún Helgadóttir, muna eftir því öll þrjú, að það var grundvallaratriði, eitt stærsta atriðið í málflutningi Alþb. í febrúarmánuði 1978 og þeim mánuði sem þá fór í hönd, að ekki væri eðlilegt að miða kaupmátt ársins 1978 við kaupmátt ársins 1977 vegna þess að sólstöðusamningarnir hefðu ekki orðið fyrr en í júnímánuði það ár. Það var lögð áhersla á það af Alþb. þá, að í þeim samningum hefði verið stefnt að því að knýja fram verulegar kjarabætur, eins og raunar hefðu orðið á árinu 1977, og þegar þessi tvö ár væru borin saman væri það grundvallaratriði að reikna allar þessar kjarabætur inn þegar í ársbyrjun þannig að niðurstaðan af árinu 1978 sýndi að sama skapi betri lífskjör sem lengra var á árið liðið sem sólstöðusamningarnir voru gerðir. Nú muna fulltrúar Alþb. hér á þingi vel að einir 10 mánuðir voru liðnir af s. l. ári þegar nýir kjarasamningar voru loksins gerðir. Sá er líka munur á þessu ári og árinu 1978, að um engar grunnkaupshækkanir hefur verið samið á árinu 1981, gagnstætt því sem var á árinu 1978. Launþegar geta því ekki búist við því á þessu ári að fá það kauprán, sem lögfest var fyrir skömmu, uppi borið með neinum hætti af grunnkaupshækkunum síðar á þessu ári. Af þessum sökum er óhjákvæmilegt að leggja meiri áherslu en ella á að ríkisstj. leggi fram skýr gögn um það, hvernig hún hugsar sér að ná fram 1.5% kaupmáttaraukningu á þessu ári borið saman við það sem var í fyrra.

Ég vil — með leyfi hæstv. forseta — lesa hér yfirlýsingu fjmrh. um fyrirhugaðar skattalækkanir frá 24. febr. 1981 orðrétt svo að ekki fari milli mála. Þetta plagg ber yfirskriftina: „Yfirlýsing fjármálaráðherra um fyrirhugaðar skattalækkanir" og fangamark hæstv. fjmrh. er aftan á því og það hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Fjmrh. lýsti því yfir í efri deild Alþingis í dag við umr. um brbl. ríkisstj. frá því á gamlársdag, að ákveðið hefði verið að verja 100 millj. kr. eða 10 milljörðum gkr. til skattalækkana sem svara til 1.5% í kaupmætti lægri launa og meðallauna.

Þetta verður þannig framkvæmt, að sá hluti tekjuskatta ríkisins, sem fólginn er í 1.5% sjúkratryggingargjaldi á tekjur upp að 6.5 millj. gkr., verði felldur niður. Sjúkratryggingargjaldið er bráttóskattur sem rennur alfarið í ríkissjóð og verður hann með öllu afnuminn á tekjur upp að 6.75 millj. gkr. en verður áfram 2% á tekjur þar fyrir ofan. Svo að dæmi sé nefnt leiðir þessi breyting á tekjusköttum til 1.5—1.8% skattalækkunar á tekjubilinu 4—10 millj. kr.

Þar sem þessi skattalækkun kemst hins vegar illa til skila til þeirra sem lifa eingöngu á tekjutryggingu og heimilisuppbót Tryggingastofnunar ríkisins hefur verið ákveðið að hækka þessar bætur 1. mars n. k. um 8% umfram þá hækkun sem verður þá á almennum launum vegna hækkunar verðbóta um 5.9%. Kaupmáttur tekjutryggingar eykst því verulega á þessu ári þar sem hækkanir 1. júní, 1. sept. og 1. des. miðast við óskerta framfærsluvísitölu og verða því meiri en orðið hefði án þessara efnahagsaðgerða.

Sú skattalækkun, sem ákveðin hefur verið, mun minnka tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti sem svarar 9 milljörðum gkr. miðað við fjárlagatölur, en aukning tryggingabóta mun kosta 1 milljarð gkr. miðað við fjárlög ársins. Þessi ákvörðun um skattalækkun var tekin að höfðu samráði við fjóra fulltrúa Alþýðusambands Íslands sem lýstu því yfir á fundi í fjmrn. í dag, að þeir teldu að með þessari ákvörðun hefði ríkisstj. fyllilega staðið við það loforð sitt að lækka skatta sem svarar 1.5% í kaupmætti launa."

Svo mörg voru þau orð. Og þar sem einn þessara fjórmenninga er hér mættur, þá er náttúrlega nauðsynlegt að fá upplýsingar um það vegna þessa launafólks, hvernig það geti farið saman að kaupmáttur aukist um 1.5% þótt skattar lækki um 1.5%. Það er afskaplega einfalt mál ef um staðgreiðslukerfi skatta er að ræða og verðlag er stöðugt. Ef ríkissjóður undir þvílíkum kringumstæðum lækkaði beina skatta um 1.5% af tekjum og hækkaði ekki aðra skatta í staðinn mundi það að sjálfsögðu þýða að kaupmáttur launa mundi aukast um 1.5%. En í þessu tilviki, sem við erum nú að tala um, er engu slíku til að dreifa. Þvert á móti er hér um eftirágreidda skatta að ræða. Og ef við tökum sjúkratryggingargjaldið út úr og berum einungis saman tekjuskattinn eins og hann ætti að verða samkv. skattgjaldsvísitölu 153, sem hæstv. fjmrh. telur eðlilega viðmiðun ef marka má orð hans hér fyrir í dag — (**Fjmrh.:** Nei.) Hæstv. fjmrh. neitar þessu. Þó væri nú skemmtilegt, ef afrit væri til af ræðu hans síðan í dag, að rifja aðeins upp alveg orðrétt það sem hann sagði. Við skulum sjá. Hæstv. fjmrh. sagði hér í dag að tekjubreytingin milli 1979 og 1980 væri að meðaltali 51%. Tekjur á framteljanda væru í heildinni 51% hærri á árinu 1980 en 1979. Óbreytt álagning fælist því í skattgjaldsvísitölu 151.

Nú hefur hæstv. fjmrh. rangar upplýsingar um það, hvað atvinnutekjur hækkuðu frá árinu 1979 til 1980. Ég treysti mér a. m. k. ekki til að rengja það sem Kjararannsóknarnefnd hefur um þetta mál að segja, og mér er raunar sagt að Þjóðhagsstofnun hafi einnig gefið upp þessa sömu tölu, 153. (**Fjmrh.:** Það eru heildartekjurnar.) Ég er að tala um atvinnutekjur. Ég gerði grein fyrir því hér áðan að ég var að tala um atvinnutekjur, en ekki heildartekjur. Atvinnutekjur frá árinu 1979 til 1980 hækka samkv. upplýsingum Björns Björnssonar hjá Kjararannsóknarnefnd um 53%. (**Fjmrh.:** Það er mannfjölgunin sem gerir mismuninn.) Mannfjölgun skiptir ekki máli varðandi atvinnutekjur á mann, ég vona að hæstv. fjmrh. skilji það. Það má náttúrlega barna alla hluti.

Ég þykist á hinn bóginn gera mér grein fyrir því, að formaður Verkamannasambands Íslands, — ég geng út frá því að hann muni ekki standa á móti þessum upplýsingum, neita að viðurkenna þær, því að þær eru einmitt frá þeim aðila sem Alþýðusambandið hefur sett á fót eða launþegasamtökin og Vinnuveitendasambandið, þ. e. aðilar vinnumarkaðarins. Og þó að hæstv. fjmrh. rengi þær upplýsingar sem fást frá þessum stað — þótt þarna sé að vísu um persónulegar upplýsingar forstöðumanns þessarar stofnunar að ræða — hef ég ekki heyrt að launþegahreyfingin vefengi útreikninga Kjararannsóknarnefndar á launatekjum og samanburði milli ára. Ég get ekki tekið alvarlega þegar það er gert, síður en svo. En það liggur sem sagt fyrir, — ef maður vill taka trúanlegt það, sem Björn Björnsson hjá Kjararannsóknarnefnd segir, og ber það saman við þau ummæli sem hæstv. fjmrh. viðhafði hér fyrr í dag, — að í forsendum þessa frv. skortir verulega á að réttur grundvöllur sé fenginn. Og ef borið er saman það, sem ríkisstj. kallar óbreytt skattkerfi — og nú er sjúkratryggingargjaldið inni í því, og það, sem eðlileg viðmiðun hlýtur að teljast samkv. upplýsingum Björns Björnssonar hjá Kjararannsóknarnefnd, þá gefur þetta frv. eða þessi frumvörp ríkisstj. ekki nema um 40 millj. nýkr. í skattalækkun í staðinn fyrir 90 millj. kr. eins og hæstv. fjmrh. hefur gumað af. Það vantar því meira en helming upp á í krónum talið að við það fyrirheit sé staðið sem ríkisstj. vildi þó reyna að rausnast til að standa við á sinn hátt.

Ég get að sjálfsögðu ekki rengt það, að það sé rétt hjá hæstv. fjmrh. að þeir fjórir nafngreindu einstaklingar, sem hann taldi upp, hefðu fallist á að í þessu frv. fælist 1.5% kaupmáttaraukning. Þessir einstaklingar hafa haft svigrúm til þess að leiðrétta ef rangt hefði verið farið með. En það er óneitanlega furðulegt að sá maður, sem nú er forseti Alþýðusambands Íslands, skuli gína við þessari skattalækkunarflugu, ef borið er saman það sem hann á sínum tíma reiknaði út, talaði um og lagði nafn sitt við þegar hann var hagfræðingur Alþýðusambands Íslands á árinu 1978. Ég hef áður gert grein fyrir því hér í þessum stól, hversu lágkúrulegur málflutningur hans í rauninni er í ljósi þess hvernig Alþýðusambandið hagar sér í dag. Og ég hef líka orðið var við það á meðal fólks, að launþegahreyfinguna sem slíka hefur sett niður vegna þess að fólk finnur að ýmsir af hæst launuðu trúnaðarmönnum launþega leggja meira upp úr því að beita afli verkalýðshreyfingarinnar fyrir flokkspólitíska vagn sinn til þess að tryggja sjálfan sig í sessi innan launþegahreyfingarinnar heldur en berjast fyrir hinum raunverulegu hagsmunum launþega. Það hlýtur raunar að hvarfla

að mörgum launþeganum, ef þessir hv. forustumenn launþegahreyfingarinnar vilja skrifa upp á það að í þessu plaggi felist 1.5% kaupmáttaraukning, að rétt sé að verkalýðshreyfingin skili til baka því eina prósenti sem hún hefur tekið af launum á þessu ári, láti þetta prósent í friði hjá launþegum það sem eftir er ársins, til þess þó að reyna með þeim hætti að standa við það að launþegar fái eitthvað til baka af kjaraskerðingunni frá því í byrjun mars. Ef rétt er á þessi plögg litið, skattalækkunarfrv. núna og sjúkratryggingargjaldið, er hámark að hugsa sér að þetta hvort tveggja gefi 0.4%.

Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1981, sem lögð hefur verið fram, stendur þessi setning, með leyfi hæstv. forseta:

„Spá um einkaneyslu er aðallega reist á áætlun um breytingar ráðstöfunartekna á árinu 1981. Kaupmáttur kauptaxta gæti orðið um 2% minni á þessu ári en á árinu 1980, en hækkun bráttótekna verður að líkindum nokkru meiri en hækkun kauptaxta, m. a. vegna hækkunar lífeyristekna umfram kauptaxtabreytingu. Ráðstöfunartekjur munu hækka nokkru meira en tekjur fyrir skatt þar sem skattbyrði beinna skatta verður heldur minni en í fyrra. Að öllu samanlögðu er nú áætlað að kaupmáttur ráðstöfunartekna í heild verði um 1% meiri á þessu ári en í fyrra eða að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann verði svipaður bæði árin. Á grundvelli þessa er hér gert ráð fyrir 1% aukningu einkaneyslu."

Svo mörg voru þau orð. Þau ummæli, sem hér standa, kalla enn á það í fyrsta lagi, að við því fáist svar frá formanni Verkamannasambands Íslands hvort hann hafi í höndum upplýsingar sem fullvissi hann um það, að sú spá, sem þarna er lögð fram, geti staðist. Í því sambandi vil ég enn kalla eftir svari hans um það, hvað fulltrúar Alþýðusambandsins reiknuðu með í umfjöllun sinni um þessi mál að atvinnutekjur verkamanna og iðnaðarmanna mundu hækka mikið frá árinu 1980 til 1981, því að það er að sjálfsögðu algerlega útilokað að ætla að mæla kaupmátt frá einu ári til annars nema menn reyni fyrst að gera sér grein fyrir því, hverjar tekjurnar verði. Það liggur fyrir hver verðbólgan verður. Það er talað um að hún verði um 40%. Nú hefur kaupgjaldið verið skert um tæp 10% á þessu ári. Þó maður þrátt fyrir það leyfi sér að reikna með því, að kaupgjaldið muni hækka eitthvað svipað eða um 40%, liggur fyrir að í öllum þessum tillögum ríkisstj., bæði tekjuskattsfrv. og sjúkratryggingargjaldinu, verður ekki um neina kaupmáttaraukningu að ræða, nema síður sé. Þetta er náttúrlega mjög þýðingarmikið og athylgisvert og óhjákvæmilegt að það fái nákvæma skoðun og meðhöndlun í deildinni. Það væri líka afskaplega æskilegt, ef hæstv. fjmrh. tæki til máls, að hann upplýsti á hvaða grunni Þjóðhagsstofnun reisti þá spá sem hér um ræðir, hvort hún geri þar ráð fyrir, eins og sums staðar í þessari spá, að verðbólgan verði um 40% á næsta ári. Ég held að nauðsynlegt sé að það komi fram.

Það getur verið að ýmsum hv. þm. sé fullnægjandi að hlutur einstæðra foreldra sé nokkuð réttur miðað við s. l. ár. Fram hjá þeirri höfuðstaðreynd verður þó ekki litið, að sú athugun, sem fram hefur farið á skattbyrði einstæðra foreldra þessi tvö ár, 1979 og 1980, leiðir í ljós að hjá einstaklingum hefur skattbyrðin vaxið mjög verulega. Auðvitað er það meginskýringin á því, hversu skattbyrðin hefur aukist frá árinu 1979 til 1980, að beinir skattar af atvinnutekjum eru hærri en áður. Á hinn bóginn eru þeir, sem verst fara út úr skattalagaframkvæmd þessarar hæstv. ríkisstj., fyrst og fremst ungt fólk sem vinnur sér inn miklar tekjur, en þeir, sem best fara út úr þessu, eru eldra fólkið, ég tala ekki um þegar eiginkonan vinnur sér ekki inn tekjur eða tekjur eiginkonu eru óverulegar. Þarna lendir skattbyrðin. Og ef ofan í það mál væri farið blandast engum hugur um að skattbyrðin hjá þessum einstaklingum er miklu þyngri en menn vilja játa, borið saman við það sem áður var, og er að sjálfsögðu óbærileg.

Ein afleiðingin af þessum kröppu skattstigum er sú, að með töluverðri vissu má segja að æ meira fé fari nú fram hjá tekjuskattinum en áður. Við þurfum ekki annað en bera saman þau heildarlaun, sem að mati Kjararannsóknarnefndar og samkv. skattframtölum falla til verkamanna, og þau yfirlýstu laun, sem iðaðarmenn hafa að meðaltali. Ég held að allir, sem sjá þær tölur, geri sér grein fyrir því, að veruleg brögð eru að því að tekjur skili sér ekki til skatts. Rannsókn, sem gerð hefur verið á þessu erlendis, þykir leiða í ljós að hinn venjulegi launþegi — það eru þeir launþegar fyrst og fremst sem vinna að framleiðsluatvinnuvegunum, hinn óbreytti verkamaður og sjómaður, hið óbreytta verslunarfólk raunar einnig — hefur ekki tækifæri til að skjóta tekjum undan skatti. Á hinn bóginn vitum við að ýmsar stéttir hafa mjög góð tök á því að drýgja tekjur sínar með eftirvinnu. Og algengt er það, að upp sé sett eða mönnum sé gefinn kostur á því annars vegar að greiða fyrir slík viðvik án þess að reikningur sé lagður fram og hins vegar svo og svo miklu meira ef beðið er um reikning. Það eru þessar miklu tekjur sem með þessum hætti fara bæði fram hjá tekjuskatti og söluskatti, sem valda því, að æ fleiri menn eru farnir að gera sér grein fyrir að tekjuskatturinn er fyrst og fremst launþegaskattur. Hann bitnar þyngst á þeim hóp launþega sem verður að telja allar tekjur sínar fram, sem hefur ekki nein fríðindi í síma- eða bílastyrk og á þess ekki kost að fá dagpeninga greidda eða neitt því um líkt. Það er þessi hópur sem beinu skattarnir koma þyngst við. Og vegna þess að Alþýðusamband Íslands gerði sér þetta ljóst varð niðurstaða þess á árinu 1973 eða þar um bil að mikið hagsmunamál væri fyrir alla launþega að fá beinu skattana lækkaða. Það er athyglisvert í því sambandi, ef við tökum árið 1974, að í hlutfalli við tekjur greiðsluárs voru beinu skattarnir 10.6% á árinu 1974 en hafa hækkað upp í 14.5% á s. l. ári. Og eftir því frv., sem hér liggur fyrir, stendur ekki til að þar verði nein breyting á varðandi næsta ár.

Það frv., sem hér liggur fyrir, snertir ýmsa þætti skattalaga sem ástæða væri til að fjalla mjög ítarlega um. Ég hef hér fyrst og fremst vakið athygli á því, að skattbyrði beinna skatta hefur aukist mjög verulega á s. l. 2—3 árum. Tekjuskatturinn og sjúkratryggingargjaldið segja þar síður en svo alla sögu. Ef litið væri einnig til útsvarsins, fasteignagjaldanna og eignarskattsins mundi þessi mynd verða enn svartari en ef eingöngu er litið á tekjuskattinn. Auk þess hafa óbeinir skattar hækkað mjög verulega síðan þessi ríkisstj. komst til valda. Og hún ætlar ekki að gera það endasleppt því að ég held að það liggi fyrir ein tvö eða þrjú frv. núna um það, hvernig eigi að fara í rassvasann á mönnum og reyna að ná þar þeim tekjum sem hæstv. ríkisstj. þykist ætla að gefa mönnum með því frv. sem nú er til umr.

Ég vil svo aðeins að lokum beina því til þeirrar nefndar, sem fær þetta frv. til meðferðar, að í sambandi við

eignarskattinn er ekki gert ráð fyrir að námsmenn erlendis, sem eiga lögheimili þar, megi eiga neinar eignir. Það er gert ráð fyrir að nettóeign þeirra sé skattlögð til eignarskatts. Ég held að þetta sé mjög óeðlilegt ákvæði og verði að gera ráð fyrir því í sambandi við þá, eins og raunar í sambandi við aðra, að þeir megi eiga eðlilega eign án þess að eignarskattur falli á hana. Ég held, að þettu séu raunar mistök, og geri ráð fyrir því, að nefndin vilji taka til athugunar hvort ekki sé rétt að endurskoða eignarskattstigann þannig að menn njóti þar svipaðra réttinda.

Í öðru lagi vil ég svo aðeins minnast á það í sambandi við fyrningarnar, að ég hef ekki haft aðstöðu til þess að kynna mér hin nýju fyrningarákvæði þannig að ég treysti mér til þess að fjalla um þau að svo stöddu. Ég geri mér þó grein fyrir því, að undir vissum kringumstæðum geta þessi nýju fyrningarákvæði þýtt mjög hækkaða tekjuskatta hjá atvinnurekstrinum og er það raunar í samræmi við skoðun hæstv. fjmrh. á skattamálum atvinnuveganna fyrr og síðar. Þegar vinstri stjórnin var mynduð 1978 var lagður sérstakur skattur á fyrningar, sem ég hygg að sé algerlega einsdæmi og stangast gersamlega á við allar grundvallarreglur skattalaganna. Þær breytingar á fyrningarreglum, sem hér eru lagðar til, munu að sjálfsögðu koma misjafnlega við og undir vissum kringumstæðum valda stórkostlega auknum útgjöldum fyrir viss atvinnufyrirtæki.

Ég held að það sé mjög þýðingarmikið, eins og þróun peningamála hefur verið, að leitast sé við að örva menn til að leggja eigið fé fram í fyrirtæki. Og ég held að eitthvert mesta meinið í uppbyggingu íslenskra atvinnuvega sé það, að eigið fé í fyrirtækjum sé ekki nógu mikið. Það er af þessum sökum sem reynslan hefur orðið sú, að hið opinbera hefur orðið að teygja sig inn í æ fleiri greinar atvinnurekstrarins. Og raunar er það ekkert einsdæmi að hið opinbera hefur lagt fram fé til atvinnurekstrar til þess að halda honum gangandi. Frægt dæmi af því tagi er Siglósíld á Siglufirði, en eftir því sem ég veit best fékk það fyrirtæki á s. l. ári óeðlilega fyrirgreiðslu frá fjmrn. til þess að reksturinn gæti haldist gangandi. Mér hefur raunar verið sagt um fleiri fyrirtæki að um þvílíka fyrirgreiðslu sé að ræða, og skal ég ekki fara nánar inn á það hér. En ég vil mjög beina því til þeirrar nefndar, sem fær frv. til athugunar, að kanna breytingarnar á fyrningarákvæðunum mjög gaumgæfilega. Ég óttast sem sagt að þarna sé verið að fara bakdyramegin að fyrirtækjunum, enn eigi að vega í þann sama knérunn, og hefði maður þó haldið, eins ótryggt og atvinnuástandið er orðið, jafnvíða og til atvinnuleysis hefur komið og í jafnstórum stíl, að ríkisstj. mundi hika við að leggja enn til atlögu við hinn frjálsa atvinnurekstur og með þeim hætti stuðla að því að úr atvinnu dragi í landinu.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Hv. 7. landsk. þm. tókst að særa mig hér upp í ræðustól gegn vilja mínum. Það er ákaflega athyglisvert, að í öllum þessum langa lestri hans rak hver fullyrðingin aðra. Eg skal bara taka eina.

Hann fullyrti, að hækkun kauptaxta hefði verið 53% á árinu 1980, og bar fyrir sig Björn Björnsson, starfsmann Kjararannsóknarnefndar. Það hefði verið nægur tími til að hringja út um allan heim undir ræðu hv. þm. Ég sló létt á símann til Björns Björnssonar og spurði hvað hann segði um þetta. Hann sagði mér að Halldór Blöndal hefði komið til sín og skýrt sér frá því, að þetta væri 153. Hann sagði að Kjararannsóknarnefnd hefði komist að þeirri niðurstöðu, að aukningin þarna væri 51%. En hvernig stendur á þessum 53, hafði Halldór Blöndal sagt. Björn sagði honum að það gæti verið af ýmsum orsökum, t. d. launaskriði eða einhverjum bónus eða öðru þess háttar. (**FrS:** Magni.) Magni, já. (**FrS:** Þetta er ekki miðað við kauptaxta.) En hvaðan koma þessir 153, sagði ég. Ja, ekki frá mér, sagði starfsmaður Kjararannsóknarnefndar, þeir koma frá Halldóri Blöndal. Ég gaf engar fullyrðingar út um það. Þessi gagnvandaði og gagnmerki sómamaður, Björn Björnsson, sem ég held að hafi allra traust í sínu starfi, segist aldrei hafa gefið þessa yfirlýsingu, hins vegar hafi hv. þm. Halldór Blöndal gefið þessa yfirlýsingu við sig. Mér virðist annað hjá þessum hv. þm. vera í stíl við þessar fullyrðingar.

Ég teygi ekki lopann hér. Hv. þm. talar aðeins um skattvísitölu 145 sem eðlilegri hefði verið 151. Það er rétt. Það var gert ráð fyrir þessu einmitt í þessu samkomulagi. Það voru ýmsir frádráttarliðir lækkaðir, sennilega um 7 milljarða, einmitt til þess að ná þessum mismun. Og síðan var lækkun um 9 milljarða. Þarna eru fjölmargir frádráttarliðir sem eru hækkaðir. Hv. þm. gat um ungt fólk. Einn frádráttarliðurinn, sem hækkaður var, voru einmitt vextir, vaxtaupphæð sem var frádráttarhæf hjá ungu fólki eða fólki sem er að byggja. Þannig voru fjölmörg atriði sem við töldum koma þarna á móti. Um þetta voru sammála Ásmundur Stefánsson, sem fáir væna um vanþekkingu í þessum efnum, Björn Þórhallsson, sem gæti tekið hv. þm. á stutt námskeið — og reyndar langt — í skattafræðum, og Jón Helgason. En þess ber að geta, að ranglega hefur verið sagt að þarna væri stefna Jóns Helgasonar í skattamálum. Vitanlega er það ekki. Vitanlega ber að upplýsa það sem rétt er. Jón Helgason er formaður verkalýðsfélagsins á Akureyri. Hann er með allt aðra stefnu, mun meiri skattalækkanir. Það, sem Jón Helgason og aðrir nefndarmenn voru að dæma um, var hvort þetta 1.5% skilaði sér eða skilaði sér ekki. Ég get þessa nú að gefnu tilefni því að lýst hefur verið yfir af ábyrgum mönnum í fjölmiðlum og víðar að þarna birtist stefna einhverra ákveðinna Alþfl.-manna í skattamálum. Það er rangt. Það er aðeins dómur um þetta eina atriði.

Nú má vel vera að þessi tala, 153, geti verið rétt. Hún er fundin hjá Þjóðhagsstofnun og er þá miðuð við — að vísu eru það rösklega 152 — en fjölgun gjaldenda er einhver svo að það er álitið að hækkun kauptaxta sé sem næst 51%. Hins vegar er afar athyglisvert að það kemur fram í tekjuúrtaki, að tekjur hafa hækkað nokkuð vegna þess að greiðsla úr lífeyrissjóðum hefur aukist. Það út af fyrir sig þarf ekki að fléttast hér inn í skattalöggjöf. En það sýnir hins vegar að þessi hækkun á greiðslu úr lífeyrissjóðum — þarna er ekki tekin hækkun á greiðslu úr sjúkrasjóðum — hefur þó skilað sér til þess fólks sem við viljum bera mikið fyrir brjósti, aldraða og öryrkja. En þetta kemur fram sem hækkun ráðstöfunartekna, ekki hækkun kauptaxta.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri. Það væri ástæða til að svara hv. ræðumanni mjög ítarlega. Ég vil aðeins benda á að hann vitnaði sterklegast til eins manns, Björns Björnssonar starfsmanns Kjararannsóknarnefndar. Meira að segja í því fór hann rangt með. Hvað um hitt?

Halldór Blöndal: Herra forseti. Klukkan er orðin hálfátta og ég geri ráð fyrir því, að hæstv. forseti sé mér sammála um að eðlilegt sé að fresta fundi og gefa mönnum svigrúm til þess að snæða. Ég vil fara fram á það, þar sem mjög er liðið á kvöldmatartíma, að fundi sé frestað til þess að mönnum gefist tækifæri til að snæða. Ég held að það sá óhjákvæmilegt. (**Forseti:** Ég hafði tekið ákvörðun um það og tilkynnt öllum hlutaðeigandi hér, starfsmönnum þings, að það mundi ekki verða kvöldfundur. Ég get því ekki orðið við þessari beiðni. En hv. þm. er á mælendaskrá í þessu máli og orðið er hans.)

Herra forseti. Ég fer fram á að gert verði hlé á þessari umr. Í fyrsta lagi vil ég vekja athygli hæstv. forseta á því, að ég beindi mjög skýrri fsp. til hæstv. fjmrh. um það, á hverju tekjuáætlunin væri reist þegar talað væri um að skattbyrðin léttist um 1.5%.

Í öðru lagi hafði ég hér ummæli eftir Birni Björnssyni hjá Kjararannsóknarnefnd og ég óska eftir því, áður en þessari umr. lýkur, að mér verði gefinn kostur á því að hafa samband við hann til þess að fá úr því skorið hvort um misskilning hafi verið að ræða. Ég vænti þess, að forseti meini mér það ekki. (**Forseti:** Ég skal gefa hv. þm. færi á því í aths. um fundarsköp, en með öðrum hætti utan dagskrár í upphafi fundar á morgun þegar þetta mál kæmi til atkv. til 2. umr. og svo til nefndar, til þess sérstaklega — með vísun til þessa atriðis þá — að bera af sér sakir eða koma fram leiðréttingum ef hann hefur þær í höndum. Það skal ég gera utan dagskrár eða með þeim hætti sem hann sættir sig við.)

Ég vil svo benda á að formaður Verkamannasambands Íslands, sem hér talaði áðan, gerði ekki grein fyrir því, þó að hann væri um það spurður, með hvaða hætti hann og fleiri, sem ræddu við ríkisstj. fyrir hönd launþega, hefður staðið að því máli. Hann fékkst ekki einu sinni til að lýsa því, hver væri skoðun sín á því, hvort með þessum frv. tveim, lækkuninni á sjúkratryggingargjaldinu og því frv. sem hér liggur fyrir, væri fullnægt því ákvæði að kaupmáttur launafólks hækkaði um 1.5% miðað við s. l. ár. Ég vek athygli á þessu og líka því, hversu hógvær þessi maður var í sambandi við þessar umr. allar, sá maður sem stóð fyrir útflutningsverkfallinu á sínum tíma.

Að öðru leyti skal ég — vegna þeirrar miklu virðingar sem ég ber fyrir forseta deildarinnar — verða við því, sem hann segir, og hlíta því, að ég fái í upphafi fundar í fyrramálið að gera grein fyrir þessu máli.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég mun ekki flytja hér langt mál við þessa umr. Það hafa þegar komið fram flestöll sjónarmið í þessu máli sem eðlilegt er að komi fram við 1. umr. málsins, og ég geri ráð fyrir því, að hv. n. fái þetta mál til meðferðar og þar verði ítarlega farið yfir öll gögn og þá vinnu sem fram hefur farið um skattamálin.

Ljóst er að það eru deildar meiningar um hver skattbyrðin sé nú miðað við það sem hún var áður þegar sérstaklega er minnst á tekjuskattinn. Hins vegar eru, held ég, engar deilur um það, að heildarskattbyrði landsmanna, ef maður tekur tekjur ríkissjóðs og frumreiknar þær frá frv. til frv. eins og slíkt birtist í fjárlögum, hefur aukist. Það er þess vegna aðeins leikur þegar talað er um að ákveðin skattalækkun hafi átt sér stað, því að auðvitað hefur verið miklu meira tekið í ríkissjóð heldur en síðan er slakað út í formi svokallaðrar lækkunar skatta til lág- og meðallaunafólks. Þetta stendur svart á hvítu og er ekki hægt að hrekja og skiptir kannske ekki öllu máli, því að auðvitað felst í þessu stefna núv. hæstv. fjmrh.: að láta þá, sem á annað borð greiða tekjuskatta að einhverju marki, greiða hærri skatta, en slaka heldur á fyrir hinum sem eru lægra launaðir. Mesta skattahækkunin kemur samt í formi annarra skatta, og það eru vissulega merkilegar yfirlýsingar sem koma frá samstarfsflokki Alþb. í ríkisstj., Framsfl., á miðstjórnarfundi nýlega, þegar talið er að nú beri að lækka skattana og m. a. eigi að sækja fjármuni með þeim hætti að fresta opinberum framkvæmdum. Það hefði vissulega við umr. um skattamál, þegar kemur fram í aprílmánuð, verið mikils virði fyrir opinberar stofnanir, sem hafa þegar á fjárlögum og á lánsfjáráætlun þar sem er verið að fela tap ríkissjóðs eins og gerist þegar lán stórhækka á milli ára og er ekki í fyrsta skipti gert núna, að haga málum þannig að stórauka lántökuna og láta ekki nema hluta af því koma fram í fjárlögunum. Fjárlög sýna ekkert nema greiðslugrunninn. Þau sýna ekkert nema það sem kassi í fyrirtæki sýnir á hverju ári, en segja afskaplega lítið til um lánahreyfingar nema aðeins þær sem sagt er frá í fjárlögunum. Síðan breytist þetta við afgreiðslu lánsfjárlaga eins og vitað er.

Þetta er nú smávegis útúrdúr, en hefur þó gífurlega þýðingu vegna þess að menn greiða orðið skatta við hvers konar atvik í þjóðfélaginu. (**Fjmrh.:** Þetta er skrýtin bókhaldsfræði.) Ja, hún getur verið skrýtin fyrir hæstv. fjmrh., ekki efast ég um það, því að hann hefur hér á Alþingi sýnt það í sínum bókhaldsfræðum, að ég er ekki hissa á því að hann gefi slíkar yfirlýsingar frá sér. En sjálfur getur hæstv. fjmrh. lesið sér til um það í þeim gögnum sem hann dreifir hér á hinu háa Alþingi hve mikil lánaaukningin er undir hans stjórn. En á þetta var ég að minnast — ekki til þess að gagnrýna þetta sérstaklega, heldur til að benda á að í þessum umr. kemur ekki eitt einasta orð frá hæstv. fjmrh. um þær tillögur Framsfl. sem hafa verið að birtast í blöðum, í útvarpi, á landsfundum félagasamtaka og nú síðast á miðstjórnarfundi um m. a. skattamál og ríkisfjármálin. Og manni verður auðvitað að spyrja: Skyldi nú Ólafur Ragnar Grímsson, formaður þingflokks Alþb., segja í útvarpið á næstu dögum að blaðrið í Steingrími Hermannssyni sé mesta efnahagsböl þjóðarinnar, eins og hann gerði s. l. sumar, eða skyldi vera einhver alvara á ferðum? Um þetta ræddi fjmrh. ekki nokkurn skapaðan hlut í ræðu sinni um skattamálin.

En ég kom hér upp af einu örlitlu tilefni og það er að ég hef ásamt þm. Halldóri Blöndal og Matthíasi A. Mathiesen flutt frv. til l. um breyt. á lögum um tekjuskatt og eignarskatt sem varðar námsmenn. Ég sé að það hefur ekki verið tekið tillit til þeirra hugmynda okkar sem koma fram í þessu frv. Má vera að það sé vegna þess að hæstv. ráðh. telji ekki ástæðu til þess að flytja sérstakar lagabreytingar um það þar sem málið er komið í nefnd og eðlilegt sé að hún afgreiði það frá sér, en hann sé samt stuðningsmaður frv. Ég heyrði ekkert frá honum um það. Kannski telur hann ekki tímabært að samþykkja slíkar breytingar á skattalögunum.

Mér er ljóst að þessar hugmyndir eru m. a. bundnar við það, að breytingar verði á lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna sem s. l. haust var gerð till. um til menntmrh. af nefnd sem starfaði á vegum menntmrh. Það er furðulegt að nú á vordögum skuli ekki hafa komið fram slíkt

frv., en þetta skattalagafrv., sem við þremenningarnir fluttum, var tengt því starfi. Ég átti satt að segja von á að hæstv. ríkisstj. mundi afgreiða lánasjóðslögin og þá var nauðsynlegt að gera úrbætur í skattamálum námsmanna.

Af því að hæstv. fjmrh. var ekki við þegar þetta frv. var rætt hér í Nd. vil ég geta þess, að það fjallar annars vegar um að nýta námsfrádráttinn, eftir að námi lýkur ef hann nýtist ekki á námstímanum, en slíkt ákvæði var í lögum áður, og hins vegar um það, að hægt sé að jafna vöxtum og gjaldföllnum verðbótum af námslánum til sams konar gjalda af húsnæðislánum, þ. e. leggja að jöfnu fjárfestingu í menntun og fjárfestingu í húsnæði, en að láta sama þakið gilda fyrir hvort tveggja. Um þessa till. höfum við auðvitað ráðfært okkur við samtök námsmanna og þau hafa tekið mjög jákvætt á þessum málum og af fullum skilningi á því, að það er afstaða okkar jafnframt að endurgreiðslureglum Lánasjóðsins verði breytt. Á þetta vildi ég minnast af því að ég hélt satt að segja að ráðh. mundi taka til máls hér í lok 1. umr. og segja skoðun sína á fram komnum lagafrumvörpum er varða tekju- og eignarskattslögin. Og ef hæstv. ráðh. sér sér fært, þá held ég að það gæti orðið nefndinni til stuðnings í sínum störfum, hv. fjh.- og viðskn., að hann segði frá því, hver sé stefna ríkisstj. og hans í þessum málum.

Ég ætlaði ekki að hafa þessa ræðu langa, síður en svo. Það er orðið framorðið. En ég heyrði að hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson minntist á lífeyrissjóðina og það fjármagn sem lífeyrissjóðirnir geta nú greitt af tekjum í lífeyri til sinna félagsmanna. Það er auðvitað eðlileg afleiðing af þeirri vaxtastefnu sem hér er og kemur til af því, að þeir, sem fá lánað úr þessum sjóðum, sem eru annars vegar eigendur fjármagnsins og þeir sem greiða í sjóðinn og hins vegar ýmsir aðrir lánasjóðir, verða að borga vexti umfram verðbætur. Þetta er út af fyrir sig skynsamlegt. En það vil ég minna hv. þm. á, að þetta er afleiðing af stefnu sem hann og hans flokkur börðust hatrammlega gegn á sínum tíma og kölluðu hávaxtastefnu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Dagvistarheimili fyrir börn, frv. (þskj. 546). — 1. umr.

Flm. (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ágætu hv. þdm. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breyt. á lögum nr. 112 frá 1976, um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn. Frv. mitt felur það í sér, að aftan við 1. gr. komi ný mgr. sem fjallar um að gerð verði námsskrá á vegum menntmrn. er kveði nánar á um markmið og leiðir í uppeldisstarfi á dagvistarheimilum. Skal haft samráð við þá aðila sem að uppeldis- og skólamálum vinna.

Með gerbreyttum þjóðfélagsháttum á síðustu áratugum fer sá hópur í sífellu stækkandi sem elur aldur sinn fyrstu æviárin á dagvistarheimilum. Dagvistarheimili, leikskólar og skóladagheimili eru orðin sterkur þáttur í lífi þúsunda íslenskra barna, ekki síst hin tvö fyrst nefndu, þar sem mikill meiri hluti foreldra vinnur utan heimilis. Dagvistarheimilin hafa því að verulegu marki tekið að sér þann uppeldisþátt sem heimilin leystu áður. Sem dæmi má geta þess, að af 7880 börnum, sem voru undir 6 ára aldri í Reykjavík 1. des. 1979, eru 3244 þeirra á dagvistarheimilum í borginni, auk 220 barna sem dveljast á skóladagheimilum, eða 41.2% reykvíska barna undir 6 ára aldri. Og þó vantar mikið á að hægt sé að fullnægja þeirri þörf sem fyrir dagvistarstofnanir er.

Starfsmenn og forstöðumenn dagvistarheimila og aðrir þeir, er annast fósturstörf, skulu hafa lokið námi frá Fósturskóla Íslands. Eins og kunnugt er hefur verið mikill skortur á sérmenntuðu fólki til þessara starfa, enda hér um bæði vandasamt og illa launað starf að ræða. Þó hefur í æ meira mæli verið rætt um að sú ábyrgð, sem lögð er á herðar þessu fólki, vegi þyngra en flest annað þegar að starfskjörum þess kemur. Telja fóstrur t. d. að mjög skorti á um stefnumið í uppeldisstarfi sem þeim er ætlað að leysa. Starfsmenn hvers heimilis reyna að móta sér vinnuáætlun, en engin slík stefnumótun hefur verið unnin í heild. Það er því hiklaust löngu komið að því að gerð sé námsskrá fyrir dagvistarheimili sem starfsmenn geti haft að leiðarljósi.

Á vegum Norðurlandaráðs hefur nú um nokkurra ára skeið verið starfandi hópur sem hefur verið að móta stefnu í málefnum dagvistarheimila. Þar er fulltrúi Íslands Svandís Skúladóttir, starfsmaður menntmrn. Niðurstöður þeirrar vinnu munu ekki liggja fyrir að sinni, enda á sá hópur mikið starf óleyst. Hópurinn hefur snúið sér að ákveðnum þáttum í starfi dagvistarstofnana og gefin hafa verið út rit þegar niðurstöður hafa legið fyrir. En ástæðulaust sýnist fyrir okkur Íslendinga að bíða eftir þeim niðurstöðum. Við skyldum ætla að við værum menn til þess að móta okkar uppeldisstefnu sjálf, og mætti hugsa sér að hún yrði tillag Íslendinganna í þessum starfshópi til hins norræna samstarfs.

Stjórnarnefnd dagvistarheimila Reykjavíkurborgar beitti sér fyrir því, að settur var á laggirnar starfshópur til að gera tillögur um innra starf á dagvistarheimilum. Félagsmálaráð Reykjavíkurborgar samþykkti síðan hinn 18. okt. 1979 að skipa nefnd er það verk skyldi vinna. Í þeirri nefnd voru Þorbjörn Broddason lektor, sem var formaður nefndarinnar, en aðrir í henni voru Arna Jónsdóttir fóstra, Ingibjörg K. Jónsdóttir fóstra, Elín Torfadóttir fóstra og Bessí Jóhannsdóttir kennari. Þessi nefnd skilaði ítarlegum tillögum sem þegar hafa hlotið afgreiðslu í borgarstjórn Reykjavíkur. Er hér um að ræða verk sem unnið er að á þessu sviði í fyrsta sinn á Íslandi. Í grg. starfshópsins segir m. a., með leyfi forseta:

„Dagvistarheimili eru ríkjandi þáttur í þjóðfélagsmynd ofanverðrar 20. aldar. Þau eru ekki og munu ekki verða fullkomin frekar en önnur mannanna verk. Á hinn bóginn er skylt að gera þeim a. m. k. jafnhátt undir höfði og öðrum skipulags- og varnarúrræðum velferðarþjóðfélagsins.

Fyrr á tímum var það algengt neyðarúrræði fátækra foreldra að láta börn sín frá sér í hendur vandalausra. Á okkar dögum eru skilyrði til þess að njóta góðs af umönnun vandalausra á þann hátt að líf allra aðila málsins verði auðugra en ella. Í þeim anda er eftirfarandi greinargerð skrifuð."

Í skýrslunni eru gerðar tillögur um ýmsa þætti starfs á dagvistarstofnunum, svo sem menntun starfsfólks, samvinnu þess og foreldrastarf, blöndun aldurshópa, fjölda barna á deildum, sveigjanlegan starfstíma, tengsl dagvistarheimila og skóla, skóladagheimili, gjaldskrá og umhverfi. Hér er tvímælalaust um brautryðjendastarf að ræða sem á eftir að reynast giftudrjúgt við rekstur þessara heimila.

Eitt af því, sem nefndin lagði mikla áherslu á, er einmitt að menntmrn. útbúi í samráði við dagvistarheimilin

námsskrá „sem þau gætu haft til hliðsjónar", eins og segir í skýrslunni. Menntmrn. hefur unnið mikið og farsælt starf að uppeldisskilyrðum barna á grunnskólaaldri. En við skyldum ekki gleyma því, að ekki er þýðingarminna að unnið sé vel að málefnum barna undir grunnskólaaldri. Ég held að varla geti talist vafi á að mikil nauðsyn sé á slíkri námsskrá til handleiðslu fyrir þá sem annast uppeldi yngstu barnanna. Að þeim málum verður að vinna eins vel og kostur er og vanræksla þar getur haft hörmulegar afleiðingar. Það er engum ljósara en starfsfólki dagvistarheimila og því finnur það þunga ábyrgð hvíla á herðum sér. Og það er hiklaust skylda yfirvalda menntamála, sem fara með málefni dagvistarheimila, að koma þarna til liðs.

Nýlega fór Fóstrufélag Íslands fram á fjárstyrk til þess að gefa út eins konar handbók, sem vera mætti til leiðbeiningar fyrir starfsfólk dagvistarstofnana, og helstu röksemdir félagsins voru einmitt þær, að sárlega vantaði slíka handleiðslu. Mér þótti því ástæða til að grípa fremur inn í hér á hinu háa Alþingi Íslendinga og fá það bundið í lög um byggingu og rekstur dagvistarheimila að slík námsskrá yrði gerð. Það hlýtur að vera verkefni þess ráðuneytis, sem fer með mál dagvistarstofnana, að beita sér fyrir slíku verki. Og ég er ekki í vafa um að þeim tilmælum verður vel tekið. Ég treysti því, að hv. þm. deildarinnar veiti þessu máli brautargengi. Ég hygg, að fylgst verði mjög vandlega með því af hálfu þeirra sem að þessum málum vinna og leyfi mér að vísa þessu máli til hv. menntmn. deildarinnar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 71. fundur.

Miðvikudaginn 7. apríl, kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Jón Helgason): Mér hefur borist eftirfarandi bréf:

„Tómas Árnason, 1. þm. Austurl., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að vegna forfalla 1. varamanns taki 2. varamaður Framsfl. í Austurlandskjördæmi, Jón Kristjánsson félagsmálafulltrúi, sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að þér látið fram fara á sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Helgi Seljan,
forseti Ed."

Þessu fylgir enn fremur eftirfarandi bréf:

„4. apríl 1981.

Vegna anna heima fyrir er mér ekki unnt að sækja þingfundi næstu vikur og hef ég því óskað eftir því, að 2. varamaður Framsfl. í Austurlandskjördæmi, Jón Kristjánsson, taki sæti á Alþingi í fjarveru Tómasar Árnasonar, 1. þm. Austurl.

Virðingarfyllst,
Guðmundur Gíslason."

Enn fremur er hér kjörbréf Jóns Kristjánssonar, sem þarf að taka til athugunar þar sem Jón hefur ekki áður setið á Alþingi á þessu kjörtímabili, og vil ég biðja kjörbréfanefnd að taka það til athugunar. Er fundi frestað á meðan. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Ólafur Jóhannesson utanrrh.): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur komið saman á fund og athugað kjörbréf fyrir Jón Kristjánsson, sem er 2. varaþm. Framsfl. í Austurlandskjördæmi.

Það liggur hér fyrir, eins og lýst var úr forsetastóli áðan, bréf frá 1. varaþm. í kjördæminu þar sem hann lýsir því yfir, að hann geti ekki vegna anna tekið sæti á Alþingi nú, en þess er óskað, að Jón Kristjánsson taki sæti Tómasar Arnasonar viðskrh. Kjörbréfanefnd hefur ekkert fundið athugavert við þetta kjörbréf og leggur því til að kosningin sé tekin gild og kjörbréfið samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 36 shlj. atkv.

Forseti (Jón Helgason): Jón Kristjánsson hefur áður átt sæti á Alþingi og býð ég hann velkominn til starfa.

Efri deild, 74. fundur.

Miðvikudaginn 8. apríl, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Lánsfjárlög 1981, frv. (þskj. 613, 609, 614, 615). — 3. umr.

Guðmundur Bjarnason: Herra forseti. Á þskj. 609 er brtt., flutt af hv. 4. þm. Vestf., Þorv. Garðari Kristjánssyni, o. fl., um að inn í frv. komi ný grein er verði 29. gr. Hún fjallar um að fjmrh. sé heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1981 að fjárhæð allt að 370 þús. kr. Þessu fjármagni skal verja til að lagfæra skemmdir á ferjubryggjum við Ísafjarðardjúp. — Er hér um mjög brýnt verkefni að ræða. Verður að afla heimilda til að útvega fjármagn til að framkvæma það. Meiri hl. fjh.- og viðskn. mælir því með því, að brtt. á þskj. 609 verði samþykkt.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. A þskj. 615 mæli ég fyrir brtt. við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1981. Flm. auk mín eru hv. þm. Karl Steinar Guðnason, Geir Gunnarsson og Guðmundur Bjarnason. Till. þessi er flutt fyrir forgöngu allra þm. Reykjaneskjördæmis. Hér er um að ræða breytingu við 7. gr. í þá veru, að á eftir 3. lið komi nýr liður, svohljóðandi, með leyfi forseta:

4. Hitaveita Kjalarneshrepps, lán á árinu 1981 að fjárhæð allt að 4 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

Í öðru lagi: Í stað „34 650 þús. kr." í 4. lið, sem verði 5. liður, komi: 30 650 þús. kr.

Hér er því ekki um að ræða breytingu til hækkunar, heldur einungis verið að tryggja fjármagn vegna fyrirhugaðrar hitaveitu í Kjalarneshreppi. Umræður standa nú yfir um samkomulag milli hagsmunaaðila, sem eru hreppsnefnd Kjalarneshrepps, Skógrækt ríkisins og Laxeldisstöðin í Kollafirði. Þessar umræður fara fram að tilhlutan hæstv. landbrh. og hæstv. iðnrh. Þessi brtt. er því flutt til að tryggja fjármagn til framkvæmdanna í trausti þess að samkomulag náist í þessu máli.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Í tilefni þessarar brtt. frá hv. 4. landsk. þm. vil ég staðfesta það, að unnið er að athugun á því að leggja hitaveitu í Kjalarneshrepp og fá þar til þátttöku Laxeldisstöðina í Kollafirði og Tilraunastöð Skógræktar ríkisins að Mógilsá svo og Mosfellshrepp að litlum hluta, að ég best veit. Iðnrn. fékk verkfræðing til að vinna að því að skapa samstöðu í þessu máli og var það raunar í framhaldi af yfirlýsingu sem hæstv. landbrh. gaf við afgreiðslu fjárl. í des. s. l. Um þetta mál hefur verið samvinna milli iðnrn. og landbrn.

Athuganir á stofnun þessarar hitaveitu standa enn yfir, en að þeim málum er unnið af krafti og ég geri mér vonir um að samkomulag takist milli þessara aðila þannig að þessi hitaveita verði að veruleika. Gerist það, náist slíkt samkomulag, yrði væntanlega um að ræða kaup, a. m. k. tímabundið, á heitu vatni frá Hitaveitu Reykjavíkur, sem samkv. athugunum virðist vera mjög hagkvæmur kostur, enda fallist Hitaveita Reykjavíkur á slíka sölu sem ekki er mikil að magni til.

Ég kynnti þetta mál innan ríkisstj. og hæstv. landbrh. hefur einnig rætt það þar. Við hæstv. landbrh. erum sammála um að þoka þessu máli fram.

Fjh.- og viðskn. sendi ég erindi til kynningar á fjármagnsþörf í þessu skyni, miðað við að af stofnun hitaveitunnar verði og í framkvæmdir yrði hægt að ráðast á þessu ári, sem ég tel mjög þýðingarmikið að geti gerst til þess að greiða fyrir þessu samkomulagi m. a. Af hálfu verkfræðinga hefur fjármagnsþörfin verið metin í lágmarki 2.5 millj. kr. Hugsanlegt er að hægt verði að nýta eitthvað meira fjármagn í ár, en það fer þó eftir því, hvenær hægt væri að ráðast í framkvæmdir. Ég mun beita mér fyrir því, að þetta fjármagn fáist af því fé sem ekki hefur verið ráðstafað, en til ráðstöfunar er innan ramma lánsfjáráætlunar, og tel að sá vilji, sem er í ríkisstj. til að greiða fyrir þessu máli, ætti að vera fullnægjandi trygging fyrir því, að ekki standi á fjárveitingum í þessu skyni.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir þann stuðning sem hann hefur sýnt þessu nauðsynjamáli og reyndar fleiri hæstv. ráðh. sem það hafa gert. Eftir þá yfirlýsingu, sem hæstv. iðnrh. gaf hér um að hann muni beita sér fyrir að tryggja nauðsynlegt fjármagn þegar þar að kemur, sé ég ekki ástæðu til að til atkvgr. komi um þessa till. og dreg hana því til baka.

Frsm. 2. minni hl. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 614 brtt. við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1981 ásamt hv. þm. Karli Steinari Guðnasyni. Till. er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Ný grein komi á eftir 3. gr. er verði 4. gr. og orðist svo:

Ríkisstj. er heimilt á árinu 1981 að taka lán að upphæð allt að 20 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, sem verja skal til greiðslu byrjunarkostnaðar við byggingu nýrrar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli samkv. nánari ákvörðun utanrrh."

Þessi till. er flutt af minni hálfu í samráði við minn þingflokk og þm. Sjálfstfl.

Eins og kunnugt er hafa þrír stjórnmálaflokkar lýst skoðun sinni á þessu máli og eru því samþykkir, að í þessa framkvæmd verði ráðist. Á fjárlögum Bandaríkjaþings er fjárveiting í þetta fyrirtæki. Hún er grundvölluð á því, að það sé í þágu varnarliðsins einnig að þessi bygging rísi.

Það er augljóst þrifamál að stuðlað verði að aðskilnaði á starfsemi varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli og annarri starfsemi þar. Enn fremur hefur verið sýnt fram á að þessi nýbygging muni efla mjög ferðaþjónustu, bæði fyrir Íslendinga og fyrir þá sem sækja heim landið, og að þessi framkvæmd sé arðbær og skili því fjármagni til baka sem í hana er lagt. Þess vegna tel ég fráleitar þær umr. sem hafa farið fram um að fjármagni, sem yrði í þetta varið, ætti frekar að verja til einhverra annarra þarfa, t. d. á sviði flugmála. Það er auðvitað lengi hægt að ræða málin í slíku samhengi, eins og t. d. að það væri hægt að nota fjármagn, sem fer í spítalabyggingar fyrir alla landsmenn hér á Reykjavíkursvæðinu, einhvers staðar úti á landsbyggðinni. Það er auðvitað rétt að flugráð hefur fengið óblíðan niðurskurð á tillögum sínum undanfarin ár og kann því að vilja taka einhverjar framkvæmdir fram yfir þessa, en það er önnur saga.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál. Það hefur verið mikið um það rætt í almennri umræðu undanfarið og ég hygg að öllum almenningi og þingheimi séu málsatvik ljós í þessu efni. Ég legg áherslu á það að lokum út af þessari brtt., að hún er með vilja almenn heimild fyrir ríkisstj. til að greiða þennan byrjunarkostnað í samráði við utanrrh. og hefur því ríkisstj. það í hendi sinni hvort af framkvæmdum verður. Hér er ekki um fyrirmæli að ræða af hálfu Alþingis. Ríkisstj. hefur í hendi sinni hvernig hún framkvæmir þessa heimild.

Að lokum vil ég nota tækifærið, af því að hæstv. fjmrh. er hér staddur og var ekki við 2. umr. um lánsfjárlög í þessari hv. deild, og spyrja um eitt atriði sem mér er nokkur forvitni á að vita um í sambandi við lánsfjárlögin og afgreiðslu þeirra. Það mun vera gert ráð fyrir því í lánsfjáráætlun og lánsfjárlögum, sem staðfesta hana, að ríkisstjóður taki 3 milljarða gkr. lán til að greiða sjóðum Tryggingastofnunar ríkisins skuld, en að ríkissjóður taki jafnframt á móti 3 milljarða gkr. lán frá sömu sjóðum til að fjármagna sjálfan sig. Ég hef ekki fengið botn í hvað þarna er á ferðinni. Þetta er furðufyrirbrigði sem ég hef ekki séð áður í lánsfjárlögum. Ég vil spyrja hæstv. ráðh. hverju þetta sætir.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Vegna fsp. hv. þm. Lárusar Jónssonar er það rétt sem kom fram hjá honum, og ég vil staðfesta það hér, að hér er um það að ræða að ganga frá ófrágengnum skuldum Tryggingastofnunar ríkisins við nokkra sjóði sem stofnunin hefur fengið lán hjá. Eins og öllum fjvn.-mönnum er vafalaust kunnugt hefur það tíðkast um langt árabil að Tryggingastofnun ríkisins hefur fengið lán hjá nokkrum þeim sjóðum sem verið hafa í vörslu stofnunarinnar, en þessi lántaka hefur ekki átt sér stað með formlegum hætti. Það

þykir við hæfi að ganga betur frá þessum málum en gert hefur verið og því er þessu hagað með þessum sérkennilega hætti. Það er sem sagt um að ræða lántöku sem í raun hækkar ekki heildarlántöku ríkisins vegna þess að það er eingöngu verið að ganga frá lánum sem þegar hafa verið tekin. Tryggingastofnunin hefur að vísu greitt vexti af þessum lánum sem tekin hefa verið hjá ýmsum sjóðum, en eftir að verðbólga varð svo mikil sem raun ber vitni eru vextir farnir að skipta meira máli og er því nauðsynlegt að ganga betur frá þessum málum þannig að viðkomandi sjóðir njóti þeirra vaxtakjara sem þeir gætu best hlotið með því að ávaxta þetta fé t. d. í Seðlabankanum. Ég vil sem sagt leggja áherslu á að það er nánast formsatriði sem þarna er á ferðinni, en raunverulega engin ný lántaka.

Hv. þm. Lárus Jónsson flytur ásamt hv. þm. Karli Steinari Guðnasyni brtt. á þskj. 614 þess efnis, að ríkisstj. sé heimilt að taka lán að upphæð allt að 20 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt sem verja skuli til greiðslu kostnaðar við byggingu nýrrar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli samkv. nánari ákvörðun utanrrh. Ég vil segja það um þessa till., að þetta mál var nokkuð rætt við gerð lánsfjáráætlunar, en niðurstaðan varð sú hjá ríkisstj., að ekki þótti rétt að taka inn á þessu stigi málsins fjármagn til undirbúnings eða byrjunarframkvæmda vegna flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli.

Um þessa framkvæmd gegnir sérstöku máli, eins og flestum hv. þm. er kunnugt. Hennar er getið sérstaklega í stjórnarsáttmála og þar er skýrt tekið fram að framkvæmdir verði ekki hafnar við flugstöð nema til komi samþykki allra stjórnaraðila. Nú er það svo, að ég hef ekki orðið var við mjög mikinn áhuga á þessari flugstöð almennt, nema hjá þeim sem hafa séða sér leik á borði að gera úr þessu eitthvert pólitískt númer. Mér sýnist að flestir þeir, sem um þetta mál hafa rætt, geri sér grein fyrir að ýmislegt er ófrágengið í sambandi við undirbúning þessa máls og ýmis atriði þess þarf að athuga nánar. En því er ekki að leyna, að einn stjórnaraðili, Alþb., hefur sérstaklega sett sig upp á móti því, að út í þessa framkvæmd yrði farið á þeim grundvelli sem um hefur verið talað. Þar ber margt til, en þó auðvitað sér í lagi það, hvernig fjármögnun þessara byggingar er háttað og hvernig fjáröflun til hennar er hugsuð.

Við Alþb.-menn teljum ekki rétt að fjármögnun þessarar væntanlegu framkvæmdar, sem hlyti fyrr eða síðar að verða, — þetta er mannvirki sem fyrr eða síðar hlýtur að rísa, stórt eða lítið, í einhverri mynd, — sé vafið með beinum eða óbeinum hætti inn í hernaðarframkvæmdir Bandaríkjamanna á Keflavíkurflugvelli ellegar að afnot Íslendinga af þessari byggingu verði með sérstökum hætti takmörkuð þannig að hún sé einn daginn til afnota fyrir hugsanlega flugfarþega, en annan daginn hernaðarmannvirki ef Bandaríkjamönnum sýnist það henta eða þurfa. Við teljum að þessi bygging eigi að vera íslensk framkvæmd á vegum Íslendinga sjálfra og að endurskoða þurfi fyrri áætlanir um fjármögnun þessarar framkvæmdar.

Hins vegar hef ég orðið var við það, að miklu fleiri en við Alþb.-menn telja að þessi byggingaráform þurfi nánari athugunar við. Ég verð var við að menn úr öllum stjórnmálaflokkum telja að menn þurfi að hugsa sitt ráð tvisvar áður en út í þessa byggingarframkvæmd er farið á þeim grunni sem áformað hefur verið. Sú hlið málsins snýst ekki um hvort menn eru andvígir dvöl bandaríska herliðsins í landinu eða ekki. Hún snýst ekki um hvort menn vilja tengja þessa framkvæmd fjáröflun frá bandarísku ríkinu eða ekki. Hún snýst einfaldlega um það, hvort tími sé til kominn að láta þessa byggingu rísa, hversu stór þessi bygging eigi að vera og hversu mikið eigi í hana að leggja.

Eins og kunnugt er er millilandaflug yfir Atlantshafið með viðkomu á Íslandi meiri vafa undirorpið um þessar mundir en nokkru sinni fyrr. Enginn veit hvort Flugleiðir treysta sér til að halda áfram Atlantshafsflugi sínu, hvort það á eftir að vaxa á næstu árum, eins og sumir gera sér vonir um, eða hvort það á eftir að leggjast algerlega niður. Auðvitað segir það sig sjálft og þarf ekki að hugsa um það lengi, að til þess að geta metið með réttum hætti eðlilega stærð þessarar flugstöðvar verða menn að vita eitthvað um framtíðaráform Flugleiða í þessum efnum. En þau liggja einfaldlega alls ekki fyrir og munu ekki liggja fyrir fyrr en á n. k. sumri.

Ég tel að áður en ákvörðun er tekin um byggingu þessa mannvirkis sé sjálfsagt að þessi byggingaráform séu lögð fyrir flugráð til umsagnar og fyrir liggi jákvætt svar frá flugráði um nauðsyn þessarar framkvæmdar. Flugráð hefur lagt á það þunga áherslu við alþm. á undanförnum árum að hraðar yrði farið í uppbyggingu flugvalla víðs vegar um land. Það hefur bent á að öryggismálum flugvalla væri þannig háttað að mjög mikil hætta væri á alvarlegum slysum vegna þess, hversu fátæklega flugvellir víðs vegar um land eru búnir, fyrir svo utan hitt, að flugvellir hér á landi eru yfirleitt ekki lagðir varanlegu slitlagi þannig að flugvélar eiga oft og tíðum á hættu að sökkva niður í fen, ef votviðrasamt hefur verið á vordögum, og flugvellir lokast oft dögum saman af þessari ástæðu. Því ber brýna nauðsyn til að leggja varanlegt slitlag á alla helstu flugvelli landsins. Raunar er það átakanlegt að millilandaflugvélar skuli ekki geta lent nema á þremur flugvöllum hér á landi án þess að eiga á hættu að vélarnar stórskemmist, þ. e. Keflavíkurflugvelli, Reykjavíkurflugvelli og Akureyrarflugvelli. Aðrir vellir eru ekki lagðir varanlegu slitlagi. (**LJ:** Er ekki ráðh. búinn að vera bæði samgrh. og fjmrh. í tæp tvö ár?) Jú, ég hef bæði verið samgrh. og fjmrh. og haft þungar áhyggjur af þessum málum. Ég þekki mjög vel til, hvernig ástandið í þessum málum er, og hef reynt að gera mitt besta til að þoka þessum málum fram á leið. Ég veit að ef hv. þm. kynnir sér fjárveitingar til þessara mála á undanförnum 3—4 árum sér hann að það hefur þó heldur þokast upp á við en hitt. Ég beitti mér m. a. fyrir því, að flugvallagjald rynni alfarið til uppbyggingar flugvalla víðs vegar um land, sem það gerir nú. Það er fyrst og fremst af þeirri ástæðu sem nú rennur meira fé til þessara mála en áður var. En sem sagt: Þörfin er feikileg.

Hins vegar er ljóst að við Íslendingar getum ekki gert allt í einu. Við verðum að takmarka framkvæmdir hér á landi, m. a. vegna þess að við viljum ekki steypa okkur í of miklar erlendar skuldir með framkvæmdum sem við getum ekki fjármagnað af eigin fé. Þess vegna höfum við reynt að takmarka fjárfestingar- og lánsfjáráætlun eins og við höfum mögulega getað og við höfum ekki treyst á okkur til að taka allt það fé til láns í vegaframkvæmdir, í flugvallaframkvæmdir eða hafnaframkvæmdir sem við gjarnan hefðum viljað taka vegna þess að menn hafa verið sammála um að eitthvert hóf yrði að hafa á erlendum lántökum. En það er greinilegt, að þeir menn úr Alþfl. og Sjálfstfl., sem mest hafa býsnast yfir því að

erlendar lántökur séu úr hófi fram á þessu ári, hugsa ekki mikið um þá hlið málsins og hafa ekki miklar áhyggjur af skuldastöðu landsins út á við þegar þetta óskabarn, flugstöðin, er annars vegar. Þá munar ekki mikið um þó að bætt sé við svo sem 20—25 milljörðum ofan á þá skuldasúpu sem fyrir er, ef það má verða til þess að hægt sé að koma þessum óskadraum þeirra fram með þeim sérkennilega hætti að vefja það inn í hernaðarframkvæmdir á Keflavíkurflugvelli.

Ég legg sem sagt áherslu á að þetta mál þarfnast nánari athugunar. Ég held að það sé sjálfsagt að ítarleg umsögn um þetta mál fáist frá flugráði þar sem nauðsyn þessarar framkvæmdar er borin saman við aðrar framkvæmdir í flugvallamálum hér á landi. Mér er kunnugt um að flugráð hefur um þetta fjallað. Ég hef ekki séð umsögn þess og veit ekki hvort hún var ítarleg eða í stuttu máli, en það er hins vegar haft eftir einum meðlimi flugráðs í einu dagblaðanna í gær, Albert Guðmundssyni, að það sé skoðun flugráðs, að ef það mætti ráða yrðu aðrar framkvæmdir í flugmálum látnar hafa forgang. Mig grunar að nákvæmlega þessi sama sé afstaða flugmálstjóra, að hann telji ekki að hér sé um brýnastar framkvæmdir að ræða í flugmálum á Íslandi.

Ég vek líka athygli á því, að þessi framkvæmd hefur ekki gengið til Samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir. Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir hefur fjallað um allar meiri háttar framkvæmdir hér á landi og hefur reynt að meta hvort vel eða illa væri staðið að framkvæmdum og hvort líklegt væri að fjárfestingin væri viðunandi arðbær og hvort væri of í lagt eða van í lagt, hvort stærð á herbergjum og salarkynnum væri með eðlilegum hætti og hvort um væri að ræða óhóflegan íburð eða ekki. Vissulega leikur á því grunur að fyrstu áætlanir um flugstöð hér á landi hafi verið með því marki brenndar, að það hafi verið um allmikinn íburð að ræða. Ég hef ekki séð seinustu áætlanir í þessum efnum. Ég hef ekki séð þær teikningar eða þau plön, sem þarna er um að ræða, og get því ekki um það dæmt, hvort þarna hefur orðið veruleg breyting. En auðvitað segir það sig sjálft, að um þessa framkvæmd hlýtur að verða fjallað af Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir eins og fjallað hefur verið um aðrar framkvæmdir. Ég tel að þó að það hafi nokkuð verið gagnrýnt að bygging útvarpshúss hafi tafist í meðförum Samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir megi þó nefndin eiga það, að hún fór mjög rækilega yfir þær framkvæmdaáætlanir. Það er áreiðanlegt, að með þeirri „krítísku" yfirferð, sem átti sér stað í nefndinni, voru sniðnir af því húsi ýmsir vankantar sem hefðu kostað skattborgara landsins og útvarpsnotendur óhæfilega mikla fjármuni. (**Gripið fram í:** Og eru þó enn fleiri eftir.) Og eru þó sennilega enn fleiri eftir, segir einn af útvarpsráðsmönnum, og dreg ég það ekkert í efa.

Hv. þm. Lárus Jónsson lét þess getið áðan, að það væri þó einn kostur við þessa flugstöðvarbyggingu sem ekki þyrfti að draga í efa og ætti að taka af skarið um að í þessa byggingu ætti að ráðast, og það væri að hún væri arðbær. Ég held að ég hafi skrifað það rétt upp eftir honum, að þessi stöð væri einkar arðbær og skilaði því fjármagni til baka sem í hana væri lagt. Það er svo sem von að hv. þm. haldi þessu fram úr því að hann er búinn að kynna sér þetta mál svo vel og hefur m. a. lesið Tímann daglega, eins og mönnum ber að sjálfsögðu að gera, en í fyrirsögn í Tímanum á sunnudaginn var er einmitt aðaláherslan lögð á að samkv. rekstraráætlunum um þessa framkvæmd sé þetta mannvirki sem muni skila ríkissjóði og skattgreiðendum talsverðum arði. Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt að eyða tíma hv. Alþingis í að fjalla um þennan þátt málsins, svo villandi sem frá þessum þætti málsins hefur verið greint, því að það er greinilegt að það eru fleiri en hv. þm. Lárus Jónsson sem vaða í villu og svíma um raunverulega rekstrarafkomu þessarar byggingar.

16. des. s. l. mun byggingarnefnd flugstöðvar hafa óskað eftir því við fjárlaga- og hagsýslustofnun að gerð yrði áætlun um rekstur ráðgerðrar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli. Ég vil taka það fram hér, að ég vissi ekki um þessa beiðni og raunar vissi ég ekki um, að þetta verk væri til vinnslu í fjárlaga- og hagsýslustofnun, og hafði raunar ekki hugmynd um þessa áætlunargerð fyrr en ég las Tímann á sunnudaginn var. En núna fyrir hádegið barst mér í hendur skýrsla sem unnin var fyrir utanrrn., og þar kemur glöggt fram hvernig rekstur þessarar stofnunar er áætlaður. Auðvitað er það um þennan rekstur eins og allan annan rekstur, að hann er byggður á ákveðnum forsendum. Ég geri og ráð fyrir að þeir, sem tóku að sér þetta verk, hafi haft samráð við utanrrn. um þær forsendur sem áætlunargerðin er byggð á.

Þegar rekstraráætlaunin er gerð er miðað við að lendingargjöld á Keflavíkurflugvelli og tekjur af þeim renni til flugstöðvarinnar. Það er rétt að upplýsa það hér, að fram að þessu hafa lendingargjöld runnið í ríkissjóð. Ríkissjóður mundi því verða af þeim tekjum sem þar um ræðir, en þessi gjöld hafa að sjálfsögðu staðið undir þeirri margvíslegu þjónustu sem Keflavíkurflugvöllur veitir, m. a. kostnaði við rekstur flugumferðarstjórnar þar. Það er því ljóst að væri lendingargjaldið alfarið tekið til að kosta rekstur flugstöðvarinnar mundi ríkissjóður missa samsvarandi tekjur úr sínum kassa og það kæmi þá fram í halla á ríkissjóði sem því næmi.

Í öðru lagi er reiknað með því í þessari áætlun, að svokallaður flugvallaskattur, sem inn kemur á Keflavíkurvelli, renni allur til rekstrar flugstöðvarinnar. Nú rennur allur flugvallaskattur, sem inn kemur á Keflavíkurflugvelli, til byggingar flugvalla víðs vegar um land, til uppbyggingar flugbrauta og til að kaupa öryggistæki á þessa flugvelli. Það er ljóst að ef þessi tekjustofn yrði af tekinn yrði alger stöðvun í flugvallaframkvæmdum víðs vegar um land, nema ríkissjóður legði fram jafnháa upphæð í staðinn. Það er því ljóst að þessi hluti rekstrargjaldanna er einfaldlega tekinn úr ríkissjóði. Báðir þessir þættir eru teknir úr ríkissjóði.

Í rekstraráætluninni kemur fram, að ef þessir tekjuliðir eru frá dregnir ásamt þriðja tekjuliðnum, sem ég hafði ekki nefnt, þ. e. nettótekjum Fríhafnarinnar, verður ágóðinn af rekstri þessarar stöðvar orðinn harla miklu minni en ella væri eða 216 þús. Bandaríkjadollarar í staðinn fyrir 2 millj. 777 þús. Bandaríkjadollara ef hinar upphæðirnar væru meðtaldar.

Þriðji tekjuliðurinn, sem ég nefndi nú seinast, þarfnast kannske nánari skýringar einnig nettótekjur Fríhafnarinnar. Hvert renna þær sem stendur? Jú, nettótekjur Fríhafnarinnar renna nokkurn veginn allar til Ferðamálaráðs og þessar tekjur námu allverulegum upphæðum á seinasta ári. Því miður hef ég ekki fjárlögin hérna fyrir framan mig, en ég mundi giska á að á seinustu tveimur árum hafi þessi upphæð numið 150—200 millj. kr. á ári eða upphæð sem er einhvers staðar þar ekki allfjarri. Það er því alveg nákvæmlega eins með þennan

væntanlega tekjustofn flugstöðvarinnar, að ef hann er tekinn af þeim aðila, sem hann hefur haft, mundi meiri parturinn af starfsemi Ferðamálaráðs falla niður ellegar ríkissjóður yrði að fjármagna þann þáttinn með öðrum hætti.

En þá á ég ótalinn þann þáttinn í þessari rekstraráætlun sem skekkir hana meira en nokkuð annað, en það er fjármagnskostnaðurinn. Það vill nefnilega svo merkilega til, að í þeim tölum, sem birtar hafa verið opinberlega um þessa rekstraráætlun flugstöðvar, er alls ekki reiknað með einni einustu krónu í fjármagnskostnað, ekki einni einustu krónu, og fara menn þá að skilja hvernig í ósköpunum á því getur staðið að þessi flugstöð er talin skila hagnaði eins og það hefur verið reiknað út. Það er sem sagt einfaldlega sleppt algerlega þeim útgjaldapóstinum sem langstærstur er. (**LJ:** Ráðh. hlýtur að vita að þetta er alltaf gert varðandi opinberar byggingar.) Ég viðurkenni að þegar byggðir eru skólar og ýmsar framkvæmdir eru gerðar er út af fyrir sig ekki reiknað með að um sé að ræða vaxtakostnað vegna þess að ríkið greiðir upphæðina á því ári sem framkvæmdin á sér stað, hún er afskrifuð í einu lagi, hún er greidd af fjárlögum í einu lagi. En það dettur víst ekki einum einasta þm. hér í hug að þessi framkvæmd verði greidd með beinu framlagi úr ríkissjóði. Ég spyr þá bara: Hvar á að taka það fé, 15—20 milljarða gkr. eða álíka fjárhæð og rennur til allra vegaframkvæmda í landinu á einu ári?

Nei, auðvitað er ljóst að þessi framkvæmd mun ekki eiga sér stað nema tekið verði erlent lán í því skyni. Raunar er þegar ljóst af byrjuninni að hér er ekki lagt til framlag úr ríkissjóði, heldur lántaka í þessu skyni upp á 20 millj. nýkr. eða 2 milljarða gkr. Ég vek á því athygli að þegar fjárlaga- og hagsýslustofnun sendi frá sér þessa skýrslu til utanrrn. mun hafa verið vakin sérstök athygli á því, að fjármagnskostnaður væri ekki með talinn, og gert var ráð fyrir því, að við nánari athugun þessa máls yrði það reiknað út, þegar upplýsingar lægju fyrir um hvað þetta mannvirki ætti að kosta, hver fjármagnskostnaður hugsanlega gæti orðið, en það hefur ekki verið gert í þeim tölum sem sendar hafa verið út. Þess vegna eru þær jafnstórlega villandi og raun ber vitni. Ég vil í þessu sambandi benda á að ef Íslendingar eiga að taka lán upp á 15 milljarða kr. í þessu skyni, sem er sennilega lágmarksupphæð, líklegt að um yrði að ræða miklu hærri fjárhæð, og eiga að greiða síðan vexti, sem við skulum hafa eins lága og við hugsanlega getum nefnt, þ. e. 13% vexti af erlendu láni, — vextir af erlendum lánum sem við höfum tekið hafa oft verið talsvert hærri en þetta, — þá eru vextir á hverju ári, bara vextirnir á hverju ári af þessari upphæð, til að byrja með 2 milljarðar ísl. gkr. Og ef við gerum ráð fyrir að rekstrarafgangurinn sé, eins og fram kom í fréttum hér seinast, 140 millj. og þegar þessi kostnaðarliður hefur verið tekinn með í reikninginn er sem sagt beinn halli á rekstri þessarar byggingar um 1860 millj. gkr. á hverju ári. Þetta eru staðreyndir málsins.

Ég held að ekki fari á milli mála að hér er um svo gífurlega stórar fjárhæðir að ræða að menn hljóta að hugsa sig um tvisvar áður en þeir ákveða að fara í svo mikla framkvæmd. Þeir verða að vera sannfærðir um að byggingin verði að vera svo stór sem lagt er til, þeir verða að vera sannfærðir um að ekki verði stórbreytingar á flugi yfir Atlantshaf á næstu árum og þeir verða helst að vita hvernig þeir ætla að fjármagna bygginguna, a. m. k. þann hluta sem þeir leggja sjálfir til að Íslendingar greiði. Við Alþb.-menn teljum það lítt sæmandi að framkvæmd, sem í raun á að vera fyrst og fremst í þágu Íslendinga sjálfra, sé hrært saman við hernaðarframkvæmdir erlendrar þjóðar, en það er mál út af fyrir sig. Ég tel að hin rökin, sem ég hef hér fært fram, ættu að vera nægilega sannfærandi fyrir menn, hvort sem þeir eru andstæðingar hersetunnar eða ekki, svo að þeir sjái að hér er um að ræða framkvæmd sem ekki er tímabær.

Utanrrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Í brtt., sem hér er til umr., er aðeins um að ræða heimild til lántöku. Ég hef í ríkisstj. áskilið mér rétt til að fylgja slíkri brtt. ef fram kæmi, og hefur þessi afstaða mín verið bókuð í gerðabók ríkisstj. Þó að þessi lántökuheimild verði samþykkt gilda ákvæði stjórnarsáttmálans eftir sem áður þannig að framkvæmdir geta ekki hafist nema fyrir liggi samþykki allra ráðh. Það er minn skilningur að lántökuheimild þessi verði ekki notuð nema að fengnu samþykki allrar ríkisstj. Samþykkt þessarar till. brýtur því ekki í bága við stjórnarsáttmálann að einu eða neinu leyti. (Gripið fram í.) Já, fjmrh. talaði nokkuð langt mál áðan, en ég heyri að hann hefur brunnið inni með eitthvað. (Gripið fram í.) Ég hafði ekki hugsað mér að ræða mikið við hann í þessum fáu orðum sem ég segi hér. Ég hugsa að það sé álíka vonlaust fyrir hann að ætla að snúa mér af réttri leið og það er fyrir mig að reyna að leiða hann frá villu síns vegar.

Sú fjárhæð, sem um er að tefla í þessari lántökuheimild, er að mínu mati óþarflega há. Það er vafasamt að framkvæmdir við byggingu nýrrar flugstöðvar geti hafist á þessu ári að nokkru ráði, jafnvel þó að allt félli nú í ljúfa löð, samþykkt væri að nota lántökuheimildina af öllum ráðh. og samþykkt væri að hefja framkvæmdir. Þess vegna hefði þessi fjárhæð gjarnan mátt vera miklu lægri. (**StJ:** Því lægri, því betra.) Því lægri, því betra. Lengi er von á einum. — Það, sem ég tel aðalatriðið við þessa tillögugerð og samþykkt hennar, er að með því sýnum við lit, með því sýnum við áhuga og vilja í þessu máli. Það liggur þó fyrir að Bandaríkjaþing hefur samþykkt fjárveitingu í þessu skyni. Sú fjárveiting fellur niður ef ekki er farið að fást við framkvæmdir að einhverju ráði 1. okt. 1982. Ég held þess vegna að fyrir málið og vegna þess sem þarf að vinna að þessu máli á eftir, ef eitthvað verður hugsað til þess að gera í þessu, hefði verið gott að fá fram heimild til nokkurrar fjárhæðar, ekki svo stórrar að hún þyrfti að setja lánsfjáráætlun úr böndum, en væri þó vottur þess að við vildum og ætluðum að fara í þessa framkvæmd. Það tel ég aðalatriðið. Á þetta lagði ég mjög mikla áherslu í ríkisstj. og tók fram, að þó að ég setti þar fram ákveðna upphæð væri ég til samkomulags um hverja aðra og lægri fjárhæð. En það var ekki hlustað á það. Þess vegna er nú komið sem komið er, að þessi till. er komin hér fram. Stundum fer það svona þegar menn hlusta ekki á varnaðarorð.

Mér er ljóst að erfitt er á þessu stigi að ætla að bæta verulega við lánsfjáráætlun. En ég tel að það hefði mátt stilla þessari lántökuheimild það í hóf að hún hefði ekki þurft að setja lánsfjáráætlun úr neinum skorðum, auk þess sem þetta er aðeins heimild, eins og ég sagði, sem ekki er séð enn þá hvort notuð verður af því að samþykki allra ráðh. þarf til. (**LJ:** Heimildin er nú aðeins allt að 20 millj. kr.) Já, það er „allt að". Það er ekkert bundið við ákveðna upphæð. En það er blærinn á till. Það hefði kannske farið betur í menn ef þessi hámarksupphæð

hefði verið örlítið lægri, en því er náttúrlega auðvelt að breyta ef vilji er fyrir hendi til samkomulags. Satt að segja hélt ég í gær, að þegar 3. umr., sem þá átti að fara fram þegar í stað, var frestað væri það gert í því skyni að leita samkomulags um þetta mál. (**StJ:** Var henni ekki frestað vegna þess að ráðh. hafði augljóslega komist að samkomulagi við stjórnarandstöðuna?) Nei, samkv. yfirlýsingu hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar í útvarpinu í gær var þessi frestun vegna þess að hann taldi að það þyrfti að tryggja afstöðu stjórnarliða. (Gripið fram í.) Já, við skulum koma að því síðar.

Mér kom þessi yfirlýsing spánskt fyrir sjónir, ég verð að segja það. Ég kannast að vísu við það, að í stjórnarskránni stendur að þm. séu eingöngu bundnir við sannfæringu sína. Hins vegar stendur þar ekkert um að þm. eigi að fara eftir fyrirmælum hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar. Hvað sem aðrir gera nú í því efni mun ég ekkert fara eftir fyrirmælum hans. (**StJ:** Ykkur hefur nú aldrei komið vel saman, Ólafur.) Nei, en það gæti batnað, samkomulagið, ef hann tæki svolítið skynsamlegar á málum í framtíðinni. En hv. þm. er ekki hér og ég ætla ekki að fara að ræða frekar við hann um þetta.

Auðvitað liggur það fyrir, að Sjálfstfl. og Framsfl. stóðu á sínum tíma, 1974, að þeim samningum sem unnið hefur verið eftir síðan um byggingu nýrrar flugstöðvar. Það verður þess vegna að ætla að þessir flokkar hafi ákveðna skoðun í þessum efnum. (**Gripið fram í:** Þeir hættu samstarfinu um ýmis önnur mál.) Já, en þetta skildi ekki á milli. Það var gott samkomulag um þetta áfram. Framsfl. hefur áréttað vilja sinn í þessu efni á nýafstöðnum miðstjórnarfundi. Þessi till. liggur fyrir, og því var lýst yfir af þeim sem mælti fyrir henni, að Sjálfstfl. og Alþfl. stæðu að henni. Þess vegna verð ég að segja að ég tel það ekki ófróðlegt fyrir mig að sjá framan í þá þm. sem ætla að greiða atkv. gegn þessari till. og ég tel það ekki ófróðlegt fyrir þingheim að sjá hverjir þeir eru. Og ég tel það ekki ófróðlegt fyrir sjálfan landslýðinn að sjá það. Það kemur í ljós.

Ég held að það verði varla dregin í efa nauðsyn á því að fá nýja flugstöð á Keflavíkurflugvelli. Sú flugstöð, sem þar er nú, var byggð árið 1948 og voru þá ekki ætlaðir lengri lífdagar en í hæsta lagi 20 ár. Það hefur að vísu verið tjaslað við hana nokkrum viðbótum, það hafa fram farið á henni viðbætur, en ég held að flestir, sem fara um þarna, hljóti að vera sammála um það, þrátt fyrir þá viðleitni sem hefur verið til að bæta aðstöðuna þar, að hún sé allsendis ófullnægjandi, auk þess sem hún er af öllum, sem til þekkja, talin hættuleg vegna þess að ef þarna kviknaði í er því miður hætt við að það gæti hlotist mikið slys og ógæfa af. Þó er þetta ekki aðalatriðið, heldur hitt, að bygging nýrrar flugstöðvar er algert skilyrði, alger forsenda fyrir því, að aðskilnaður á milli varnarliðsstarfseminnar og farþegaflugs geti átt sér stað. Ég hefði talið að það væri brennandi áhugamál flestra Íslendinga að þessi aðskilnaður gæti átt sér stað. Sú var tíðin að svo var. (**StJ:** Á aðeins að skilja á milli?) Við skulum vona að framtíðin verði þannig að það þurfi ekki að hafa hér varnarlið. En þó að ég t. d. hafi út af fyrir sig mikla samúð með við skulum segja óskhyggju herstöðvaandstæðinga held ég að það sé ekki raunsætt eins og er að gera ráð fyrir að varnarliðið fari á brott. Ég held að það verði hér eitthvað áfram, — og því ekki þá að búa eins vel að þessu og hægt er?

Menn hafa talið, og sjálfsagt ekki að ástæðulausu, að ýmis óheppileg áhrif stöfuðu af því að hafa erlent varnarlið í landinu og hafa þar umgang um. Þá held ég að þeir hinir sömu hljóti að hafa mikinn áhuga á að skilja þarna á milli. Það er ekkert skemmtileg aðkoma á flugvöll að þurfa að aka í gegnum herstöð. En ef þessi flugstöð yrði byggð þar sem henni er ráðgerður staður er gert ráð fyrir að flugvöllurinn með varnarliðsstarfseminni verði algerlega afgirtur og skilið þar á milli. Til skamms tíma þurftu menn að fara í gegnum hlið þarna, þegar keyrt var til flugstöðvarinnar, og í því hliði voru hermenn. Ég hef nú fengið því til vegar komið að hermennirnir fóru og íslenskir lögreglumenn komu alfarið í staðinn. Ég hef hvergi séð þess getið. Það virðist ekki hafa vakið mikla athygli. Menn virðast hafa haft áhuga á einhverju öðru í sambandi við þessi mál en þvílíku. Þess vegna tel ég að það liggi alveg ljóst fyrir, að það er mikil nauðsyn á því að byggja þarna þessa flugstöð. En ég ætla ekki að hafa fleiri orð um það hérna. Það gefst sjálfsagt tími til þess að ræða þessi mál öll nánar síðar og gera sér þá grein fyrir þeim.

Hönnun flugstöðvarbyggingar er lokið nú og kostnaðaráætlun liggur fyrir miðað við janúarmánuð s. l. og það hafa verið fengnar álitsgerðir aðila, m. a. flugráðs. Álitsgerð flugráðs var auðskilin. Hún hefur þann kost fram yfir ýmsar aðrar álitsgerðir að hún er gagnorð eða fyllir ekki margar blaðsíður. En hún segir alveg það sem flugráð vill segja. Það mælir með þessari flugstöðvarbyggingu, en hefur þann fyrirvara á, að hún eigi ekki að hafa forgang umfram aðrar framkvæmdir varðandi flugmál.

Það er alveg rétt, að ástand í flugmálum hér á landi er sjálfsagt ekki nógu gott. Þrátt fyrir að það hafi verið unnið stórvirki í þeim málum í raun og veru er náttúrlega óskaplegt að hlusta á það hér hjá hæstv. fjmrh. og hæstv. fyrrv. samgrh. að öryggismál á sumum þessara flugstöðva séu í ólagi. Ég tel ekki að það ætti að vera mikið átak að koma öryggismálum á þessum flugstöðvum í sæmilegt lag. Það er ekki vansalaust fyrir Alþingi, fyrir fjárveitingavaldið, að ganga ekki frá þeim málum svo að í lagi sé. Einhverju er nú eytt í annað eins. Maður er furðu lostinn að heyra slíkar yfirlýsingar, að öryggismál flugvalla skuli vera látin í ólagi. Hitt er ljóst, að ástand flugvallanna er ekki gott. Því er mjög víða ábótavant og aðbúnaður að farþegum víðs vegar um landið á þessum flugvöllum er ófullnægjandi. (**StJ:** Batnaði samt með þessum 20 millj.) Já, ef valið væri þarna á milli, en svo er ekki og er engin áætlun uppi um að verja 20 millj. til endurbóta á flugvöllum úti á landi eða til umbóta í öryggismálum þar. Það er ekki sá valkostur sem hér er um að ræða. Hitt er annað mál, að það mætti gjarnan hafa í huga í þessu sambandi og í framhaldi af því, sem hæstv. fjmrh. var að tíunda, þá tekjupósta sem kæmu til ríkissjóðs og annarra ágætra þarfa á Keflavíkurflugvelli, og væri ekkert ófróðlegt dæmi að gera það upp 10, kannske 20 ár aftur í tímann, hverjar tekjur hefðu verið af Keflavíkurflugvelli og flugumferðinni þar, og athuga hvaða hlutfall væri á milli þeirra tekna og þess sem hefur verið varið til flugmála hér á landi. Ætli það mundi þá ekki koma í ljós að tekjur af þessum eina flugvelli, Keflavíkurflugvelli, hefðu farið langt í það að standa undir því sem gert hefur verið á öðrum flugvöllum hér á landi. Þetta er rannsóknarefni.

Það hefur enn fremur verið fengin rekstraráætlun frá fjárlaga- og hagsýslustofnun. Ég var nú dálítið hissa á þeim ummælum sem hæstv. fjmrh. lét falla um það. Hann

taldi að þetta hefði verið unnið án þess að honum væri nokkuð kunnugt um, ekkert samband hefði verið haft við sig o. s. frv. Ég er að vísu ekki kunnugur þarna í fjmrn., en hitt veit ég, að fjárlaga- og hagsýslustofnun heyrir alfarið undir fjmrh. Það vekur nokkra undrun mína, þegar ég veit að hann er duglegur maður, að hann skuli ekki fylgjast betur með starfi þessa annars síns ráðuneytis en svo, að þetta verk sé unnið án þess að hann hafi hugmynd um það.

Þær aðfinnslur eða gagnrýni sem hann hafði uppi á þessa rekstraráætlun held ég að séu alveg ómaklegar í sjálfu sér. Það er ekki reynt að villa neinum sýn í þessari rekstraráætlun. Það er tekið fram skýrum stöfum þar, að ekki sé reiknað með fjármagnskostnaði. Það er algild regla að slíkt er ekki gert. Ég held að hæstv. fjmrh., sem var samgrh. í mars 1979, hafi látið gera af einhverjum ástæðum rekstraráætlun um nýja flugstöð á Keflavíkurflugvelli. Það var áreiðanlega ekki fjármagnskostnaður tekinn til greina. En aðalatriðið er að ekki er farið í neinar felur með þetta og skýrslan er alveg glögg að þessu leyti. Hún villir ekki á sér heimildir að þessu leyti. Það er óskaplegur misskilningur hjá hæstv. fjmrh., að utanrrn. hafi gefið hagsýslustofnuninni einhverjar forsendur sem hún ætti að fara eftir. Það er mér alveg óhætt að fullyrða að ekki hefur komið til mála, enda hygg ég að hann ætti að þekkja þessa ágætu stofnun, sem undir hans stjórn vinnur, það vel að honum sé ljóst að hún lætur ekki fela sér verk þannig að henni séu gefnar þær forsendur sem hún á að fara eftir. Það er alveg fráleitt. Hún hefur haft algerlega frjálsar hendur um þetta verk og unnið það með þeim hætti sem hún hefur talið rétt vera og við eiga.

Hitt er alveg rétt, að þó að búið sé að ganga frá hönnun er margt eftir ógert í þessu sambandi og það er margt sem þarf að vinna áður en til framkvæmda getur komið. En það er náttúrlega sumpart verk sem ekki er hægt að fara að vinna og ekki er nein skynsemi í að fara að vinna nema maður viti hvert er stefnt í þessum efnum. Þess vegna er það aðkallandi að ríkisstj. geri það upp sem fyrst, hvert hún ætlar að stefna í þessum efnum. En eins og ég sagði: Það er margt sem er eftir að vinna þó að hönnunin sé frá og það tekur sinn tíma og þess vegna er ekki víst hversu mikið verður hægt að vinna á þessu ári þó að lán væri tekið. Þó þykir mér líklegt að hægt væri að vinna eitthvað að jarðvinnu, vegagerð og því um líkt, að undirbúa.

Hæstv. fjmrh. talaði mikið um að hann vildi ekki að þetta væri vafið inn í neinar hernaðarframkvæmdir. Ég lít þannig á að ekki sé verið að vefja þetta inn í neinar hernaðarframkvæmdir. Hann gat þess, að hann hefði ekki séð nýjustu teikningar af þessu. Úr því er hægt að bæta. Þá hygg ég að það komi alveg greinilega fram, að ekki er í þessari byggingu gert ráð fyrir neinni annarri starfsemi en tilheyrir flugstöðvarbyggingu.

Það olli hneykslun hjá honum að það væri fenginn einhver stuðningur við þessa framkvæmd hjá Bandaríkjamönnum. Ég get ekki tekið undir þá hneykslun. Ég tel ekkert óeðlilegt við það. Þetta er framhald og til fullnustu á þeim samningi sem gerður var 1974 um aðskilnað á milli starfsemi varnarliðsins og starfsemi farþegaflugs. Til þess að sá samningur verði framkvæmdur er ekki nema eðlilegt og sanngjarnt að Bandaríkjamenn leggi fram sinn skerf. Það gera þeir líka ríflega eða eru tilbúnir að gera það af því að þessi vandi stafar nú einu sinni af því, að við höfum varnarliðið hér. Það er sú staðreynd sem er verið að ganga út frá í þessu máli. — Satt að segja höfum við tekið á móti fjármunum til uppbyggingar á Keflavíkurvelli, hvort sem mönnum líkar það betur eða verr, í stærri stíl en þetta. Þar er t. d. um að ræða lengingu á flugbraut sem gera á Keflavíkurflugvöll að fyrsta flokks alþjóðlegum millilandaflugvelli. Og flugturninn er engin smáframkvæmd. Þessar framkvæmdir voru að öllu leyti kostaðar af bandarísku fé. Menn geta haft misjafnar skoðanir á því, en ég tel að þeir, sem virkilega hafa áhuga á því að fram fari aðskilnaður þarna á milli hernaðarumsvifa og farþegaflugrekstrar, ættu ekki að vera andstæðir því, að Bandaríkjamenn legðu eitthvað í þetta. Ég sé ekki að það sé neitt ósiðrænt við það. Og auðvitað er þetta og verður að öllu leyti íslensk framkvæmd þó að það verði lagt í þetta bandarískt fé að nokkru leyti. Það er beinlínis gert ráð fyrir því í þeim samningi sem gert er ráð fyrir að verði gerður áður en framkvæmdir geta hafist. Þar mun það verða tekið fram berum orðum að flugstöðin sé algerlega íslensk eign og Íslendingar verði að sjá um viðhald hennar eingöngu framvegis. Þannig er ekki neinn vafi á því, að þarna er um íslenska framkvæmd að ræða — sérlega íslenska ef borið er saman við flugturninn t. d. og lengingu lendingarbrauta og ljós á lendingarbrautum sem gera, eins og ég sagði, Keflavíkurflugvöll að því sem hann er, ágætum millilandaflugvelli.

Hinu er svo ekki að neita, að aðalvandinn, sem er við að fást í sambandi við þetta mál, ef menn vilja ræða um það í alvöru og með rökum, en ekki samkv. einhverjum fyrir fram gerðum tilfinningum, er óvissan sem ríkir í millilandaflugi. Því verður ekki neitað, að hún getur sett hér strik í reikninginn, og auðvitað verður að hafa vakandi auga á því á þessu ári, hver þróunin verður í þeim efnum. Engum dettur annað í hug. Flestir munu nú hugsa sér að þarna verði millilandaflugvöllur og eitthvert millilandaflug hljóti alltaf að verða á milli Íslands og annarra landa. En hvað um það, það getur vel verið að það sé tilefni til að skoða þetta nánar.

Ég held að það sé ekki hægt að segja að þessi flugstöðvarbygging sé, eins og hún liggur fyrir núna og eins og hún hefur verið takmörkuð, óhæfilega stór, og ég held að ekki sé hægt að segja að óhæfilegur íburður sé í henni. Það breytist náttúrlega ákaflega mikið aðstaða frá því sem er í núverandi flugstöð, t. d. aðstaða fyrir starfsfólk. Hún verður allt önnur. Hún er nánast engin í núverandi flugstöð. Og það verður allt rýmra en nú er. En ég efast um að það sé raunhæft að gera ráð fyrir að hægt sé að hafa flugstöðina minni en þarna er gert ráð fyrir. Það sjá menn betur þegar menn kynna sér teikningar af þessu. Hitt er annað mál, að það hefur verið lagt nokkuð í útlit þessarar byggingar. Ég tel þetta verða mjög fallega byggingu ef hún rís einhvern tíma. Það er ekki sama hvernig sú bygging er sem menn fyrst koma í er þeir koma til landsins. (**StJ:** Eða fara síðast frá.) Ég neita því ekki, að lagt hefur verið nokkuð í þetta. Það getur vel skeð að talsverður kostnaðarauki liggi í þessu útliti. En hitt er það, að ef því ætti að breyta og ætti að teikna upp flugstöð á ný, einhvern kassa, eins og menn sums staðar sjá, og síðar er svo klesst öðrum kassa utan á, þá mundi þurfa að fara að teikna þetta og hanna alveg upp á ný. Það yrði líka kostnaður því samfara.

Vissulega er það svo, að hafa verður vakandi auga á hver framvindan er í okkar millilandaflugmálum og það getur verið óhjákvæmilegt að horfast í augu við staðreyndir í þeim efnum, en það er náttúrlega ekki lokað

fyrir það á neinn hátt þó að svona till. verði samþykkt. Það getur verið gott að hafa hana ef til hennar þyrfti að taka að einhverju eða öllu leyti.

Það vil ég svo undirstrika að lokum, að ég hef verið til samkomulags um hvaða fjárhæð þarna yrði sett. Ég er til samkomulags um það. Mér finnst að menn ættu að sýna samkomulagsvilja í þessu og fallast á að það yrði tekin inn einhver hófleg lántökuheimild í þessu skyni sem ekki færði lánsfjáráætlunina neitt úr skorðum. Það finnst mér að hæstv. fjmrh. ætti líka að gera, því að hann sagði það nú og lýsti þeirri skoðun sinni, að fyrr eða síðar mundi þarna rísa ný flugstöð. Má kannske segja að það þurfi ekki mikinn spámann til þess að segja það, en samt sem áður sagði hann „fyrr eða síðar". (Gripið fram í.) Er það aðstaða starfsfólksins? Ég held að menn ættu ekki að telja hana mjög eftir. Menn geta farið og kynnt sér, hvernig hún er, og athugað hvaða fjöldi manna vinnur í þessari byggingu.

Nei, fyrr eða síðar mun hún rísa. Hún rís ekki á meðan hv. Alþb.-menn eru í stjórn nema með þeirra vilja. Það hafa þeir tryggt sér. Það liggur fyrir í stjórnarsamningnum. Engum manni og allra síst mér dettur í hug að fara að reyna að hagga við honum. En kannske hún rísi ekki fyrr en þeir eru farnir úr stjórn.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég hef ekki hugsað mér að gera aths. við málflutning utanrrh. Ég hef gert hér fyrst og fremst grein fyrir því við þessa umr. hvers vegna framlag til flugstöðvarbyggingar var ekki tekið inn á lánsfjáráætlun. Ég hef fært fram þau rök, sem ég held að tali fyrir sig sjálf, og sé ekki ástæðu til að endurtaka þau. Utanrrh. hefur gert grein fyrir sínum sjónarmiðum og við eigum vafalaust síðar kost á að skiptast frekar á skoðunum um þetta mál.

En vegna þess að utanrrh. upplýsti menn hér um, að hann hefði gert sérstaka bókun um þetta mál í ríkisstj., og sagði, að hann hefði látið bóka það eftir sér að hann áskildi sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. um framlög til flugstöðvar sem hugsanlega kæmi fram hér í þinginu, vil ég upplýsa það í framhaldinu, að eftir að sú bókun hafði verið gerð lýsti ég því yfir, að vegna þeirra ákvæða í stjórnarsáttmálanum, sem allir þekkja, væri það skýlaust brot að okkar dómi á samstarfssamningi flokkanna ef einn ráðh. í þessari ríkisstj. gengi í lið með stjórnarandstöðunni til að knýja fram milljarðaútgjöld sem ríkisstj. hefði ekki samþykkt að standa að. — Þetta vildi ég að kæmi fram í framhaldi af þessum upplýsingum um bókun í ríkisstj.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Sú till., sem hér liggur fyrir og er flutt af Lárusi Jónssyni og mér, er til komin vegna þess að okkur er ljóst að ekki má dragast öllu lengur að taka ákvörðun í þessu máli. Það er svo, að menn hafa valið þann kostinn að reisa þessa byggingu í samvinnu við Bandaríkjamenn sem koma til með að þurfa að hafa aðstöðu þarna um einhvern tíma. Þeir hafa boðist til að leggja í þessa framkvæmd 20 millj. dollara, en hún mun alls kosta rúmlega 43 millj. dollara. Það er ekki aðeins að þessi upphæð standi til reiðu, heldur hafa þeir boðist til að kosta alfarið framkvæmdir við flugvélastæði, eldsneytisafgreiðslu og vegi að byggingunni sem nemur um 25 millj. dollara, þannig að það er nokkurs virði að við sýnum lit á því að hefja þessar framkvæmdir.

Hér er um að ræða framkvæmd við byggingu sem verður höfuðsamgöngumiðstöð landsins næstu áratugi og bætir úr brýnni þörf, vegna þess að sú flugstöð, sem nú er fyrir, er allsendis ófullnægjandi, ekki aðeins hvað varðar aðbúnað starfsfólks, heldur líka er niðurlægjandi að þurfa að búa við það að vera með flugstöðina inni á miðju varnarliðssvæðinu.

Því er ekki að leyna, að við eigum allmikla von í því, að framsóknarmenn styðji þessa tillögu. Alþfl.-menn gera það allir og hv. þm. Lárus Jónsson hefur lýst yfir að sjálfstæðismenn geri það einnig. Framsóknarmenn gerðu ályktun á miðstjórnarfundi sínum nú um helgina þar sem þeir bentu á nauðsyn þess að aðskilja herlíf og þjóðlíf, eins og þeir kölluðu það, þannig að ég vænti þess, að þeir verði með.

Úrtölumenn hafa í Þjóðviljanum og á fleiri stöðum reynt að bera saman nauðsyn þess að ljúka innlendri flugvallagerð og svo aftur þessu. Ég tel, að sá samanburður sé í raun alveg út í hött og sé ekki rök gegn því, að flugstöðin verði byggð. Í samanburði, sem gerður er í Þjóðviljanum í dag, er reiknað með því alfarið að þetta sé kostað af íslenska ríkinu, en þess ekki getið, að við eigum kost á þeim fjármunum frá Bandaríkjunum er ég hef tilgreint.

Hinir ýmsu aðilar hafa fjallað um flugstöðvarbygginguna og m. a. flugráð. Í samþykkt, sem það gerði, mæla ráðsmenn með því að ráðist verði í framkvæmdir — eða eins og þeir segja, með leyfi forseta: „Flugráð mælir með að stefnt verði að byggingu nýrrar flugstöðvar og þannig bætt öll aðstaða fyrir flugfarþega og starfslið á flugvellinum."

Ráðuneyti Ragnars Arnalds hefur gert áætlanir um þessi mál og unnið vel og dyggilega að undirbúningi. Allt mælir með því að við tökum ákvörðun einmitt nú. Ég trúi ekki öðru en Alþb.-menn sjái sig um hönd. Þeir hafa sætt sig við ýmsar framkvæmdir sem Bandaríkjastjórn hefur alfarið kostað, eins og t. d. lengingu flugbrautar, þar sem látið var við það sitja að gera bókanir í ríkisstj. og ekki annað gert. Ýmislegt annað mætti til tína, en sú röksemd, að ekki megi gera þetta í samvinnu við Bandaríkjamenn, stenst ekki á meðan menn una við framkvæmdir eins og t. d. flugbrautarlenginguna.

Ég hef heyrt það á framsóknarmönnum hér í deildinni, að þeim þyki ekki varlegt að beygja kommana meira en þeir hafi gert. Þeir framsóknarmenn telja sig hafa fengið tryggingu fyrir því, að umræddir olíutankar verði byggðir. Svo er málum háttað, að framkvæmdir þar syðra eru meiri núna en oft áður. Þeim framsóknarmönnum óar við því að vísu að beygja kommúnista öllu meira, en ég held að það sé alveg tímabært að taka ákvörðun hvort sem þeim líkar betur eða verr.

Um framtíð Flugleiða, sem rætt var um hér áðan, veit náttúrlega enginn að fullu, en sú óvissa, sem þar ríkir, er ekki rök fyrir því að fresta þessari byggingu. Þessi bygging hlýtur að koma og við verðum að taka ákvörðun til þess að missa ekki af því fé sem til reiðu er nú þegar.

Sú flugstöð, sem nú á að byggja, hefur verið margendurhönnuð, ef svo mætti segja, og er nú í minnsta lagi. Síðasta endurhönnun gekk aðallega út á það að gera allt umhverfi stöðvarinnar nöturlegra en það ella hefði orðið, en búið er að koma kostnaði niður í það lágmark sem hugsanlegt er.

Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir ágætar viðtökur við þessari till. og vænti þess, að aðrir framsóknarmenn fylgi í fótspor hans. Við megum ekki láta úrtölumenn og

fulltrúa afturhaldsins í landinu, sem í dag og síðustu árin hefur verið í gervi Alþb., stjórna því hvernig farið er að þessum málum. Við verðum að hafa þor til þess að taka ákvarðanir, þegar réttur tími er, og láta úrtöluraddir afturhaldsmanna sem vind um eyru þjóta. Því er það von mín, að sem allra flestir dm. samþykki þessa till. þannig að hægt verði að hefja framkvæmdir sem allra fyrst.

Frsm. 2. minni hl. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Það hafa orðið lengri og að sumu leyti sögulegri umr. um þessa till. en mér bauð í grun þegar við fluttum hana. Það er út af fyrir sig gott eitt um það að segja, að hæstv. ráðherrar hafa tjáð sig um þetta mál í nokkuð löngu máli. Þó bregður nokkuð nýrra við. Í gær var mjög nauðsynlegt að lánsfjárlögin gengju út úr þessari hv. deild þá þegar og með miklum hraða og óvenjulegum, en nú er tími til langra umr. um þessa till. sem er í raun ekkert annað en almenn heimild til hæstv. fjmrh. og ríkisstj. um að hann, ef honum býður svo við að horfa, taki lán til að greiða byrjunarkostnað við þetta mannvirki sem búið er að vera jafnlengi í undirbúningi og hæstv. utanrrh. sagði.

Ég vil fagna því, hve hæstv. utanrrh. hefur tekið jákvætt undir þessa till. og lýst fylgi sínu við hana. Hann taldi að hér væri um óþarflega háa upphæð að ræða. Í því sambandi má að sjálfsögðu benda á að þarna er eingöngu um heimild að ræða um allt að 20 millj. kr. lántöku. En ég vil lýsa því yfir, að ég er reiðubúinn að kanna möguleika á því, hvort það getur orðið samstaða um að lækka þessa fjárhæð. Þá dettur mér í hug að hún gæti allt eins vel verið t. d. innan við 10 millj., jafnvel enn lægri en það, því að hér er fyrst og fremst um að ræða, eins og hæstv. utanrrh. sagði, að við sýnum lit á því og sýnum áhuga okkar á því að þetta mál nái fram að ganga, ekki síst vegna þess að þegar er tryggt í þessa framkvæmd fé af fjárlögum Bandaríkjaþings, eins og fram hefur komið. Ég er sem sagt reiðubúinn að draga þessa till. til baka og flytja aðra till. um lægri fjárhæð, ef það getur orðið samkomulagsatriði í þessu máli, og vænti ég þess að meðan á þingflokksfundum stendur geti menn haft samráð um hvort sá samkomulagsgrundvöllur geti orðið í þessu máli.

Ég vil fara um málið nokkrum orðum þó að ég vilji ekki lengja þessa umr. allt of mikið, en hæstv. ráðherrar hafa talað hér klukkustundum saman þannig að það er ekki óeðlilegt að ég sem flm. að þessari till., sem svona miklar umr. hafa spunnist út af milli hæstv. ráðh., segi nokkur orð.

Þá vil ég gera hér nokkrar aths. við það sem kom hér fram hjá hæstv. fjmrh. Hann fór að minni hyggju marga hringi í kringum sjálfan sig í þessu máli. Hann mælti í fyrsta lagi gegn því, að hann fengi þessa heimild, sem hann veit allra manna best að ætti að vita að er algerlega í hans höndum hvort hann nýtir eða ekki. Í öðru lagi sagði hann það og viðurkenndi, að þessi framkvæmd þyrfti einhvern tíma að koma, en á hinn bóginn ættum við að reisa þetta mannvirki sjálfir og að mér skildist ætti það að draga úr þörf okkar á því að taka lán og það ætti jafnvel að gera mannvirkið arðbærara að við ættum að öllu leyti að borga það sjálfir. Hæstv. ráðh. lagði áherslu á tvennt í raun og veru í sínu máli: Í fyrsta lagi að við ættum að borga þetta sjálfir, þessi flugstöð hlyti að rísa, við ættum að borga hana sjálfir, en hún væri svo óarðbær og hún væri svo dýr og svo stór að við gætum ekki risið undir því að byggja hana að hálfu leyti. Ég verð að játa að ég fékk engan botn í þessar fjármálalegu röksemdir hæstv. ráðh. á einn eða annan hátt. Það getur ekki farið saman að við eigum að kosta þessa byggingu að öllu leyti og að hún hljóti að koma, eins og hæstv. ráðh. sagði, og að það dragi úr þörf okkar á lánum að við stöndum að öllu leyti undir þessu mannvirki.

Ég vil út af þessu segja það, að ég tel ekki óeðlilegt, þar sem þarna er um að ræða framkvæmd sem er í þágu bæði varnarliðsins og okkar, að um sé að ræða skiptingu á kostnaði í þessu skyni, en þetta er að sjálfsögðu mannvirki sem við höfum fullt forræði yfir og byggjum sjálfir.

Hæstv. ráðh. talaði hér um að við værum, á sama tíma og við flyttum till. sem þessa, að gagnrýna hvað væri tekið mikið af erlendum lánum og erlendar skuldir þjóðarinnar ykjust ört. Hæstv. ráðh. hefði átt að gefa sér tíma að vera hér við 2. umr., en þá fór ég mjög ítarlega í þetta mál og sýndi fram á það með ljósum rökum, að erlendar lántökur hafa ekki síst aukist á síðustu árum vegna þess að þrátt fyrir stóraukna skattheimtu á síðustu árum, á hvaða mælikvarða sem það er mælt, hefur á sama tíma verið þannig unnið að ýmsum framkvæmdum að framlögð af samtímaskatttekjum hafa verið skorin niður til framkvæmda, en lána aflað í staðinn. Ég rakti mörg dæmi um þetta. Ég rakti t. d. dæmi um þann þátt sem hæstv. ráðh. ætti sjálfur að þekkja allra manna best, þ. e. vegamál, en á því ári, sem hann var ráðh. þess málaflokks, urðu minnstar vegaframkvæmdir í landinu, en til þess að halda í horfinu á næsta ári voru tekin aukin lán. Það er eingöngu vegna aukinnar lántöku sem örlítið var hægt að auka vegaframkvæmdir. En þegar ríkið hagar þannig fjármálum sínum að taka í vaxandi mæli lán til ýmiss konar framkvæmda þrengir það að sjálfsögðu fyrir öðrum á innlenda lánsfjármarkaðinum og eykur erlendar lántökur verulega.

Ég ætla ekki að fara frekar út í þessa fjármálaspeki hæstv. ráðh. út af þessu máli. Eins og ég sagði áðan fékk ég hvorki botn í það, sem hann sagði, né heila brú í það. En hitt vil ég benda á, að allt mál hæstv. ráðh. var til þess fallið að storka mjög samherjum hans í ríkisstj. og þá alveg sérstaklega framsóknarmönnum, miðað við þá stefnu sem þeir hafa í þessu máli. Hann gerði það, að ég hygg, kannske ekki alveg af ásettu ráði, en hann margendurtók ýmsar fullyrðingar sem hafa áreiðanlega ekki hljómað vel í eyrum þessara samstarfsmanna hans.

Ég vil vekja athygli á því sem hæstv. utanrrh. sagði og var kjarni þessa máls frá hans hálfu. Hann sagði: Það er ekki ófróðlegt fyrir mig að sjá framan í þá þm. sem ætla að greiða atkv. gegn þessari till. eða greiða atkv. gegn þessari till., og það er ekki ófróðlegt fyrir þjóðina alla, fyrir allan landslýð. Ég skildi það svo, að hann hefði lýst afstöðu sinni með þessari till. En þá sá hæstv. fjmrh. ástæðu til þess að koma hingað í ræðustól og skýra frá þeirri skoðun sinni, að það væri skýlaust brot á stjórnarsáttmálanum ef einn ráðh. gengi í lið með stjórnarandstöðunni um milljarðaútgjöld. Ég sé ekki betur en hér sé um að ræða yfirlýsingar mjög alvarlegs eðlis af hálfu hæstv. ráðh., og ég sé ekki betur en þetta verði til þess, að ef t. d. framsóknarmenn ganga gegn þessari till., sem flogið hefur fyrir, séu þeir að bregðast utanrrh. sínum í þessu máli. Ég ætla ekki að taka dýpra í árinni þó ástæða væri kannske til.

Ég vil að lokum ítreka það, að ég er reiðubúinn að ræða um breytingu á þessari till. í þá veru, sem hæstv. utanrrh. stakk hér upp á, til þess að freista samkomulags í

málinu og koma þessu nauðsynjamáli fram. Það er að sjálfsögðu ekkert aðalatriði um hvaða upphæð er að tefla á þessu ári, þar sem hér er fyrst og fremst um það að ræða, eins og hann gat réttilega um, að hafa svigrúm til að greiða ákveðin byrjunarútgjöld út af þessari framkvæmd og eins að Alþingi sýni vissan áhuga á því, að þetta mál nái fram að ganga. Ég er reiðubúinn að draga þessa till. til baka og flytja aðra till. með öðrum upphæðum ef samkomulag getur orðið um það.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns lýsa stuðningi við þá brtt. sem hér liggur fyrir, en jafnframt fagna þeim ummælum síðasta ræðumanns, hv. 3. þm. Norðurl. e. að hann sé reiðubúinn að taka til endurskoðunar þá heimildarupphæð sem tilnefnd er í þessari till. ef það mætti verða til samkomulags um málið. Ég sé ekki betur en að ef þar verður gerð breyting á hljóti að teljast veruleg líkindi á að þessi till. fái aukinn stuðning í þessari hv. deild. Ég held að í ljósi þess, sem gerst hefur undanfarna daga, hljóti slíkt að vera afar líklegt.

Það er auðvitað öllum ljóst, sem á Keflavíkurflugvöll koma og um Keflavíkurflugvöll fara, að aðstaða í flugstöðinni þar er engan veginn með þeim hætti að viðunandi geti talist. Þegar hafa því verið gerð nokkru skil hér og það komið ítarlega og rækilega fram í máli manna. Hitt er svo auðvitað rétt, að það er visst íhugunarefni hversu stórt skal þarna byggja, vegna þess hve mikilli óvissu ýmsir þættir flugrekstrarins héðan eru nú háðir. Við skulum gæta okkar að það fari ekki fyrir okkur eins og þeim Nýfundnalandsmönnum, sem byggðu rétt í upphafi þotualdar stóra og glæsilega flugstöð sem síðan hefur staðið mikið til auð og ónotuð. En það breytir ekki því, að nýja flugstöð þarf að byggja á Keflavíkurflugvelli og það hið allra fyrsta.

Það er furðulegt að Alþb.-menn sem í öðru orðinu tala um aðskilnað þess sem þeir kalla herlíf og þjóðlíf, sem tala um að þarna beri brýna nauðsyn til að skilja að sem mest þannig að umgangur og samskipti við svæði varnarliðsins af hálfu Íslendinga verði sem allra minnst, skuli manna harðast leggjast gegn því, að þarna skuli skilið á milli. Ég þykist vita að velflestum, ef ekki öllum Íslendingum sé það nokkur þyrnir í augum að þurfa að fara þarna í gegn þegar ferðast er til og frá landinu. Ég hygg að svo muni vera um flesta og þess vegna er auðvitað brýnt að þessu verði breytt. Ég hygg að þegar þessu verður búið að breyta muni menn velta vöngum yfir því, hvers vegna í ósköpunum þetta skuli ekki hafa verið gert löngu fyrr. Auðvitað er það mála sannast, að fyrir langalöngu hefði átt að vera búið að skilja algerlega þarna á milli þannig að herstöðin og varnarliðssvæðið væru eins mikið sér og við þyrftum eins lítið þangað að sækja og eins lítil samskipti við það að hafa og ætlunin var auðvitað í upphafi. Þetta er svæði sem um gilda sérstök lög og sérstakar tollreglur, og það er auðvitað æskilegt og nauðsynlegt að þetta sé aðskilið og að því miðar sú till. sem hér er til umr. En Alþb. er haldið einhverri undarlegri blindu í öllum þessum málum, og þegar málflutningur þess er athugaður skilur maður það auðvitað mætavel, að í málgagni Sovétstjórnarinnar, Sovietskaja Rossya held ég að það heiti, skuli þessum mönnum vera hrósað, hælt á hvert reipi og borið á þá lof í hvívetna. Auðvitað verður það allt saman auðskilið þegar ummæli þeirra eru skoðuð og lesin.

Ég hélt að það væri Alþb. kappsmál að koma í veg fyrir að við þyrftum að fara í gegnum hlið inn á sérstakt varnarsvæði til að komast að og frá landinu, og ég held að þeir hljóti að geta fallist á að einhver upphæð verði hér sett til að byrja þessa framkvæmd, eins og þessi till. gerir ráð fyrir og sú breyting sem með henni hefur verið boðuð. En hins vegar er náttúrlega allur málflutningur þeirra Alþb.-manna í þessum málum, varnarmálum og öllum þeim málum er snerta Keflavíkurflugvöll, með þeim endumum að einstakt er. Það er svo eftirtektarvert í þessu máli út af fyrir sig, að þegar búið var að gera um það samkomulag að afgreiða þetta mál héðan í gær og gera um það samkomulag, að mér skildist, að um það yrðu næsta litlar umr. hér í dag skuli fjmrh., sem maður skyldi ætla að ætti manna mest undir því, að þessi lánsfjáráætlunarlög yrðu afgreidd sem allra fyrst, vekja þetta mál upp með þeim hætti, sem hann gerði í þessum ræðustól, og snúa því þannig og til þeirra vega að um það hljóta að verða verulegar umr. Honum virðist ekki vera neitt sérstakt kappsmál að lánsfjáráætlunarlögin fari greiðlega hér í gegn, eins og búið var að semja um að gerðist, og síðan gerist það að beiðni Alþb. að umr. er frestað.

Páttur framsóknarmanna í þessu máli er auðvitað kapítuli út af fyrir sig. Í Tímanum í gær var birt ályktun aðalfundar miðstjórnar Framsfl. sem haldinn var um helgina, og þar segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Aðskilnaður hers og þjóðar meðan erlendur her er í landinu er grundvallaratriði í stefnu framsóknarmanna, og bygging nýrrar flugstöðvar er forsenda þeirrar stefnu. Ný flugstöð er auk þess skilyrði bættrar ferðamannaþjónustu og núverandi aðstaða er ósamboðin þjóðlegum metnaði. Aðalfundur miðstjórnar 1981 lýsir því eindregnum stuðningi við byggingu nýrrar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli."

Undir þetta skal ég taka, hvert einasta orð sem í þessari samþykkt stendur. — Satt best að segja sé ég ekki hvernig hv. þm. Framsfl. í þessari hv. deild geta annað en greitt atkv. með þeirri till. sem hér er til umr. Við tölum stundum um það alþm., og raunar tala fleiri um það, að hjá þjóðinni sé álitið á stjórnmálamönnum í lágmarki, og ég veit að þetta veldur ýmsum áhyggjum, enda áhyggjuefni. En hvað halda menn um álit á stjórnmálamönnum almennt ef hv. þm. Framsfl. taka þátt í miðstjórnarfundi flokksins á sunnudegi og greiða þar atkv. með þeirri tillögu sem ég hef nú rakið, en á miðvikudegi greiða þeir á hinu háa Alþingi atkv. gegn því sem þeir samþykktu s. l. sunnudag? Ég segi það eitt: Geri þeir það, sem ég trúi ekki fyrr en ég tek á því, eru þeir ekki öfundsverðir.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Það hefur verið fundið að því í þessum umr. um lánsfjáráætlun og lánsfjárlög, hve seint þessi mál koma fram. Á fyrra ári þóttu gildar ástæður fyrir því. Þingrof, nýjar kosningar og stjórnarkreppa ollu því, að þessi mál komu ekki fram fyrr en undir vor. Nú hef ég ekki heyrt af hálfu hæstv. ríkisstj. nokkra skýringu á þessum seinagangi nú og væri fróðlegt að fá þær fram.

Hér eru til umr. lánsfjárlög og í því sambandi brtt. um heimild til að hefja byggingu flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli. Ég lýsi mig samþykka þessari till. og tel eðlilegt að komið verði til móts við óskir hæstv. utanrrh. um að upphæðin, sem farið er fram á, verði lækkuð eitthvað. En mér fannst fróðlegt að hlýða á mál þeirra tveggja hæstv.

ráðh. sem töluðu langt mál um þetta. Það verður ekki séð af yfirlýsingum þeirra annað en alvarlegur brestur sé nú sjáanlegur í stjórnarsamstarfi. Verður fróðlegt að fylgjast með framvindu þess máls, hvort sá brestur verður bræddur saman aftur eða hvort um frekari gliðnun í stjórnarsamstarfinu er að ræða.

Í máli hæstv. fjmrh. komu fram ýmsar röksemdir fyrir því, að horfið yrði í bili frá öllum undirbúningsframkvæmdum að byggingu flugstöðvar. Sumt af því fannst mér marktækt sem rök. Ég skil vel og veit að hæstv. fjmrh. hefur áhyggjur af slæmu ástandi flugvalla úti um land. Það er vissulega þannig mál að ástæða er til að hafa *áhyggjur af. Þess ber þó að geta í því sambandi, eins og* komið hefur fram í þessum umr., að varla sést að undir hans forustu um þessi mál, fyrst sem samgrh. og nú sem fjmrh., sé nokkur litur sýndur á að bæta hér úr. Það er og vitað mál og hefur verið margbent á það, að endurbætur á flugaðstöðu í Keflavík eru mál landsins alls og öryggisbúnaður þar, á okkar eina millilandaflugvelli, háskalega lélegur. Mér fundust það líka nokkur rök af hálfu hæstv. ráðh., að þessa stundina er óvissa í millilandaflugi okkar. Ýmislegt fleira, sem hann tíndi til, mátti hlusta á sem rök. En ég hafði þó á tilfinningunni að þarna væru notuð orð til þess að breiða yfir hina raunverulegu ástæðu hinnar miklu andstöðu hæstv. fjmrh. við þetta mál. Það flugu raunar um hug minn orð hins fræga einræðispostula Machiavellis, sem sagði einhvern tíma: „Stundum þarf að beita orðum til að breiða yfir staðreyndir." Það er þetta sem mér finnst að skíni út úr máli hæstv. ráðh. Það, sem fyrir honum vakir fyrst og fremst þarna, er rótgróin andúð á vestrænu varnarsamstarfi sem flugstöðin í Keflavík er hluti af.

Ég ber góðar vonir í brjósti um að þessi brtt., sem fram er komin nú, nái fram að ganga. Við heyrðum að hæstv. utanrrh. hét á flokksmenn sína að styðja hana. Það er vandséð hvernig þeir geta daufheyrst við því ákalli ráðh. Við höfum líka í höndum glænýja stjórnmálaályktun frá miðstjórnarfundi Framsfl. þar sem segir, með leyfi forseta, í sérstökum kafla um flugstöð:

„Aðskilnaður hers og þjóðar, meðan erlendur her er í landinu, er grundvallaratriði í stefnu framsóknarmanna, og bygging nýrrar flugstöðvar er forsenda þeirrar stefnu. Ný flugstöð er auk þess skilyrði bættrar ferðamannaþjónustu, og núverandi aðstaða er ósamboðin þjóðlegum metnaði. Aðalfundur miðstjórnar 1981 lýsir því eindregnum stuðningi við byggingu nýrrar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli."

Afdráttarlausara getur þetta ekki verið. Spurningin er nú hvort framsóknarmenn hlýða kalli ráðh. síns eða láta undan þrýstingi samstarfsmanna sinna í ríkisstj., Alþb.-manna.

Í stjórnarsáttmála núv. ríkisstj., í kaflanum um utanríkismál, sem er með ólíkindum rýr að vöxtum og innihaldi, er talað um að ekki komi til greina stækkun flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli nema til komi samþykki allrar ríkisstj. Það er því greinilegt að þarna er mikill árekstur við afstöðu hæstv. utanrrh. nú, sem telur sig eiga áskilinn rétt til að fylgja brtt. í þá átt á Alþingi, en staðhæfir jafnframt, og þá hætti ég eiginlega að skilja, að að sjálfsögðu verði staðið við yfirlýsingar í stjórnarsáttmála um samþykki allrar ríkisstj. til þess að framkvæmd verði bygging flugstöðvar. Þarna er greinilega mjög óhægt um vik hjá hæstv. utanrrh. og raunar hjá ríkisstj. allri sem burðast með í lestinni menn sem frá upphafi vega hafa verið andsnúnir vestrænu samstarfi og aðild okkar að NATO, enda ekki minnst á það einu orði í stjórnarsáttmálanum.

Ég veit að það er mikið hagsmunamál Reyknesinga að fá atvinnu við framkvæmdir þarna, og kannske er það ein af þeim hættum, sem dvöl varnarliðsins hér hjá okkur hefur í för með sér, að hlutaðeigandi byggðarlög verði hættulega háð framkvæmdum þarna. Hitt er svo annað mál, að hér er ekki um hernaðarframkvæmdir að ræða, eins og verið er að láta liggja að, heldur flugstöð til farþegaflugs sem byggð er fyrst og fremst í þeim tilgangi að tryggja aðskilnað hernaðarframkvæmda og farþegaflugs í landinu. *Þetta markmið ætti að vera ljóst,* og það er óskiljanlegt að Alþb.-menn skuli leggjast svo mjög gegn því um leið og þeir telja sig vilja forðast að hernaðarframkvæmdum og innanlandsmálum okkar sé hrært saman eða þeim vafið saman, eins og hæstv. fjmrh. komst að orði.

Í stjórnarsáttmálanum er sérstakt ákvæði undir kaflanum um utanríkismálum að stuðlað skuli að öflugri atvinnuuppbyggingu á Suðurnesjum. Nokkuð kemur það einkennilega fyrir þó, að slíkt ákvæði skuli vera í kafla um utanríkismál. En mér verður að spyrja: Hvað hefur hæstv. ríkisstj. gert eða hvað hefur hún í undirbúningi til þessa átaks í atvinnuuppbyggingu Suðurnesja? Sé það eitthvað að marki, sem byggja má á, hefur það farið fram hjá mér.

Ég skal ekki orðlengja þetta frekar hér. Ég styð þessa tillögu eins og hún er lögð fram hér og geri raunar ráð fyrir af máli manna áðan að henni muni verða breytt í þá veru að upphæðin verði lækkuð nokkuð.

Frsm. 2. minni hl. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð.

Í samræmi við það, sem ég sagði áðan við umr., höfum við flm. ákveðið að draga til baka till. sem við fluttum, en flytja nýja tillögu sem er samhljóða hinni fyrri nema þar er upphæðin lækkuð í 5 millj. kr. Tillagan yrði þá þannig:

„Ríkisstj. er heimilt á árinu 1981 að taka lán að upphæð allt að 5 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, sem verja skal til greiðslu byrjunarkostnaðar við byggingu nýrrar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli samkv. nánari ákvörðun utanrrh."

Þessi till. er fram komin vegna tilmæla frá hæstv. utanrrh. og til þess að freista þess að menn nái saman um þetta mál.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 625, sem var of seint fram komin, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 615 tekin aftur.

— 614 tekin aftur.

— 625 felld með 9:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EgJ, EG, SigurlB, GK, KSG, LJ, ÓlJ, SalÞ, ÞK.

nei: GeirG, GB, GTh, JH, StefG, StJ, JK, DA, HS.

2 þm. (KJ, ÓRG) fjarstaddir.

11 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Eiður Guðnason: Herra forseti. Hér er fjallað um hið þarfasta mál og vil ég í því sambandi minna á að um síðustu helgi gerði Framsfl. samþykkt þar sem segir:

„Aðskilnaður hers og þjóðar meðan erlendur her er í

landinu er grundvallaratriði í stefnu framsóknarmanna, og bygging nýrrar flugstöðvar er forsenda þeirrar stefnu. Ný flugstöð er auk þess skilyrði bættrar ferðamannaþjónustu og núverandi aðstaða er ósamboðin þjóðlegum metnaði. Aðalfundur miðstjórnar 1981 lýsir því eindregnum stuðningi við byggingu nýrrar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli."

Herra forseti. Ég geri þennan rökstuðning að mínum og segi já.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Þó að ljóst sé að samþykkt, sem hér kynni að verða gerð um þessa heimild, yrði ekki notuð meðan Alþb. er í ríkisstj. gengi hún í berhögg við samkomulag stjórnarflokkanna um afgreiðslu lánsfjáráætlunar og því segi ég nei.

Guðmundur Bjarnason: Herra forseti. Miðstjórn Framsfl. hefur samþykkt að byggja skuli nýja flugstöð á Keflavíkurflugvelli. Hins vegar hefur komið fram að undirbúningi að byggingunni sé ekki svo langt komið að framkvæmdir geti hafist á þessu ári. Því er ekki ástæða til að auka nú heimildir til lántöku í þessu skyni. Því segi ég nei.

Jón Helgason: Herra forseti. Ég vísa til þeirrar greinargerðar, sem hv. 5. þm. Norðurl. e. flutti hér, og segi því nei.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Bygging flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli er afar þýðingarmikil framkvæmd því um er að ræða höfuðsamgöngumiðstöð landsmanna næstu áratugi. Þá mun þessi nýja bygging aðskilja herlíf og þjóðlíf svo sem margir hafa óskað eftir. Bygging flugstöðvar hefur og mikla þýðingu sem lausn á bágbornu atvinnuástandi á Suðurnesjum. Því segi ég já.

Utanrrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Í þessari brtt. er aðeins um að ræða heimild til lántöku. Ég hef í ríkisstj. áskilið mér rétt til að fylgja slíkri brtt. ef fram kæmi, og hefur þessi afstaða mín verið bókuð í gerðabók ríkisstj. Þó að þessi lántökuheimild verði samþykkt gilda ákvæði stjórnarsáttmálans eftir sem áður þannig að framkvæmdir geta ekki hafist nema fyrir liggi samþykki allra ráðh. Lántökuheimild þessi verður ekki heldur notuð nema að fengnu samþykki allrar ríkisstj. Samþykkt þessarar tillögu brýtur því ekki í bág við stjórnarsáttmálann. Með tilvísun til þess, sem ég hef sagt svo og þess, sem kom fram í ræðu minni áðan um nauðsyn á byggingu nýrrar flugstöðvar segi ég já.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. M. a. til að aðskilja umsvif varnarliðsins og þjónustu við ferðamenn, sem leið eiga um Keflavíkurflugvöll, tel ég brýnt að bygging flugstöðvar hefjist sem fyrst og segi því já.

Stefán Guðmundsson: Herra forseti. Ég vísa til grg. hv. 5. þm. Norðurl. e. og segi nei.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Með tilliti til þess, að þær 500 millj. gkr., sem hér er ráð gert að taka að láni til byggingar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli, mundu nægja til að bæta nokkuð úr öryggisástandi á flugvöllum kringum landið og svo til þess, að sú feiknaupphæð, 20 milljarðar, sem ætlast er til að Íslendingar leggi af mörkum í þessa flugstöð í heild, mundi nægja til að gera alla flugvelli landsins prýðilega úr garði, bæði sem flugvelli og hvað öryggisútbúnað snertir, og loks með tilliti til grg. hv. þm. Geirs Gunnarssonar áðan segi ég nei.

Jón Kristjánsson: Herra forseti. Ég vísa til þeirrar grg., sem hv. 5. þm. Norðurl. e. las hér áðan, og segi því nei.

Davíð Aðalsteinsson: Herra forseti. Ég vísa til þeirrar grg., sem flutt var hér áðan og hv. þm. Jón Kristjánsson vísaði jafnframt í, og segi því nei.

Brtt. 609 samþ. með 13 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 10:2 atkv. og afgr. til Nd.

Ný orkuver, frv. (þskj. 512). — Frh. 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til iðnn. með 18 shlj. atkv.

Efri deild, 75. fundur.

Miðvikudaginn 8. apríl, að loknum 74. fundi.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 611, n. 621). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Guðmundur Bjarnason): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. Ed. hefur fjallað um frv. þetta til l. um breyt. á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum. Frv. þetta er búið að fá afgreiðslu í Nd. og voru gerðar þar á því breytingar sem liggja fyrir, og eins og það kemur frá Nd. liggur það fyrir á þskj. 611.

Nefndin varð sammála um að mæla með samþykkt þessa frv. með þeim breytingum sem gerðar voru á því í Nd. Fjarverandi afgreiðslu málsins voru hv. þm. Gunnar Thoroddsen, Ólafur Ragnar Grímsson og Sigurlaug Bjarnadóttir, en undir nál. rita þm. Guðmundur Bjarnason, Davíð Aðalsteinsson, Eiður Guðnason og Lárus Jónsson.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Í þessu frv. er gert ráð fyrir að heimilt sé ráðh. að fella niður tolla og aðflutningsgjöld af gervilimum fyrir fatlaða og fyrir öryrkja. Því var hreyft í fjh.- og viðskn. að festa í lög að fella skyldi þessi gjöld niður, en ef frv. hefði verið breytt hefði það tafið framgang þess og það vildu menn ekki. En ef hæstv. ráðh. gæti upplýst hv. deild um, hvernig framkvæmd þessarar heimildar verður háttað, mundi ég samþykkja þetta mál með jákvæðari huga.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Í frv. þessu segir: „Enn fremur er rn. heimilt að lækka eða fella niður fyrir framangreint fólk gjöld af gervilimum, sem ekki verða gerðir hér á landi, svo og af áhöldum og hjálpar-

tækjum sem sérstaklega eru gerð með tilliti til þarfa þess og henta ekki öðru fólki."

Ég held að það sé á nokkrum misskilningi byggt ef menn halda að þetta sé nýmæli í lögum. Þetta hefur verið í lögum og hefur verið framkvæmt undantekningarlaust. Ef um hefur verið að ræða fólk af þessu tagi hafa aðflutningsgjöld verið felld niður. Ég held því að það mundi engu breyta þó að þessi setning verði þannig orðuð að rn. sé skylt að lækka eða fella niður. Ég held að rn. telji sér a. m. k. siðferðilega skylt að láta eitt yfir alla ganga og heimildin sé því tvímælalaust notuð ef hún er talin eiga við.

Ég vil hins vegar greina frá því hér, að um nokkurra ára skeið hefur verið deila milli þeirra sem hér eiga hlut að máli, og rn. um það, hvernig skilja beri orðið „gjöld" í þessari mgr. Það hefði kannske verið frekar ástæða til að hreyfa við því orði, vegna þess að það hefur verið þarna umdeilanlegt eins og í mjög mörgum öðrum hliðstæðum tilvikum. Þetta orð má auðvitað annars vegar túlka þannig að það eigi einungis við aðflutningsgjöld, sbr. að hér er verið að ræða um tollskrá með síðari breytingum, en víða í löggjöf hefur það í reynd verið túlkað þannig að fella megi niður aðflutningsgjöld og sölugjald. Um þetta hafa verið deilur, en heimildin hefur verið túlkuð með hinum þrengri skilningi, þannig að einungis aðflutningsgjöld hafa verið felld niður. Nú fyrir skemmstu, þ. e. fyrir 10 dögum, var tekin ákvörðun um að fallast á þá eindregnu kröfu þeirra sem hér eiga hlut að máli, að sölugjöld falli hér eftir undir þessa heimild. Þetta held ég að eigi vel heima í þessum umr., en er að vísu annað atriði en spurt var um.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Að gefnu tilefni í stuttri ræðu hv. þm. Lárusar Jónssonar vil ég vekja athygli á því, að gervilimir og hjálpartæki af slíku tagi eru, að því er mér er best kunnugt og ég hygg að það sé alveg öruggt, ekki pöntuð eftir verðlistum utan úr heimi og Tryggingastofnun ríkisins greiðir a. m. k. gervilimina til fólksins að fullu.

Hitt er annað mál, að það skiptir ákaflega miklu máli hvort aðflutningsgjöldin eru felld niður og álagningin miðuð við verð vörunnar þegar búið er að fella gjöldin niður eða hvort þessi gjöld eru endurgreidd þannig að fyrst sé lagt fullt á vöruna, miðað við fullkomin aðflutningsgjöld og toll, og síðan þessi upphæð endurgreidd. Þetta er ákaflega mikið atriði í sambandi við afgreiðslu á frv. sem við fjöllum um núna, vegna þess að í hinum eldri lögum stendur að tollar og aðflutningsgjöld skuli felld niður að þessu marki, en reyndin hefur orðið sú, að þessi upphæð hefur verið endurgreidd. Innflytjendur hafa lagt fulla álagningu og þjónustugjöld ofan á tollinn fullgreiddan. Þetta fatlaða fólk hefur síðan fengið niðurfellinguna greidda til baka, en þá er innflytjandinn búinn að leggja fulla álagningu ofan á verðið eins og ekki hefði verið um neina niðurfellingu að ræða. Það virðist vera komin hefð á þetta þrátt fyrir skýlaus ákvæði laga.

Nú mun það vera þannig, að stundum hefur viljað við bregða að lagabrot, sem iðkuð hafa verið mjög lengi með opinberri vitund, séu færð í lög. Nægir að minna á síldarmálin frægu við Eyjafjörð, þar sem það var raunar löggilt á sínum tíma, eftir að það var búið að „praktisera" það lengi að falsa málin, að íslenski hektólítrinn skyldi vera 136 lítrar. Ég hygg að það sé alveg bráðnauðsynlegt að gera ráðstafanir til þess að þetta verði ekki iðkað á þann hátt sem verið hefur, að aðflutningsgjöldin verði raunverulega felld niður svo sem segir fyrir um í lögum og álagning verði síðan eingöngu miðuð við verð bifreiðarinnar plús hin raunverulegu aðflutningsgjöld. Ég beini því til fjmrh., fyrst svo fór að það var ekki fellt í lögin sjálf hvernig verð skuli útreiknað, að sjá til þess, að þessi „praxis" verði nú endurskoðaður.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Þetta atriði, eins og það fyrra sem var til umr., kom á dagskrá í umr. í Nd. Það er hárrétt sem hv. þm. segir: Svona hefur framkvæmdin verið og það er ekki gott. Ég tel sjálfsagt að þessu verði breytt. Raunar hafði þetta verið rætt í rn. fyrir nokkrum vikum þegar bent hafði verið á þetta, og menn voru sammála um að stuðla að því, að þessu yrði breytt. Ég get lýst því yfir, að fjmrn. mun gera það sem í þess valdi stendur til að tryggja að þessi framkvæmd á álagningu, sem auðvitað getur ekki gengið og hefði aldrei átt að líðast, verði afnumin og að álagning verði einungis lögð á það raunverulega verð sem bifreiðin stendur í þegar hún kemur til kaupandans.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Efri deild, 76. fundur.

Miðvikudaginn 8. apríl, að loknum 75. fundi.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 611). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14. shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 630).

Neðri deild, 74. fundur.

Miðvikudaginn 8. apríl, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Umræður utan dagskrár.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Við umr. um tekjuskattsfrv. ríkisstj. í gærkvöld vefengdi hv. 7. þm. Reykv., Guðmundur J. Guðmundsson, að rétt væri haft eftir þegar ég sagði að hækkun kauptaxta frá 1979 til 1980 hefði numið 51%, en atvinnutekjur á mann hefðu hækkað um 53% eða svo. Bar ég Björn Björnsson hjá Kjararannsóknarnefnd fyrir þessu og hefur hann í samtali við

mig í dag staðfest að það sé rétt að meðalhækkun kauptaxta milli áranna 1979 og 1980 nemi 51%. Á hinn bóginn vildi hann ekki meta hversu mikil hækkun atvinnuteknanna hefði verið í reynd. Er það rétt, að varðandi það atriði var misskilningur okkar á milli. Bið ég hann afsökunar á því. A hinn bóginn liggur fyrir að hækkun kauptaxta frá árinu 1979 til 1980 hefur verið þessi eða þar um bil: Hjá verkamönnum 52%, iðnaðarmönnum 52.2% og verslunarmönnum 52.3%, um 41.5% hjá verkakonum og 48.4% hjá opinberum starfsmönnum. Búast má við að atvinnutekjur á mann hafi hækkað verulega miklu meira hjá sjómönnum frá árinu 1979 til ársins 1980 og kemur þar hvort tveggja til, að farmannaverkfall var á árinu 1979 mjög langt og í annan stað voru aflabrögð mun meiri á s. l. ári en 1979 þótt fiskverð hafi ekki fylgt hækkun kauptaxta. Það er vafalaust að fulltrúar ríkisvaldsins hafa að þessu leyti sýnt vilja sinn í verki til þess að halla á hlut sjómanna. Ef farið er aftur til ársins 1978 kemur í ljós að kauptaxti verkamanna hækkaði ekki nema um 43% milli áranna 1978 og 1979, en atvinnutekjur þeirra hækkuðu á hinn bóginn um 49% á mann. Veldur þar mestu vinnutímabreyting og að í vaxandi mæli var farið að beita launahvetjandi kerfum í atvinnurekstrinum.

Ég þarf ekki að segja hv. þm. frá því, að vitaskuld hafa sérfræðingar ríkisstj. í efnahagsmálum og hinir ýmsu hagfræðingar reynt að gera sér grein fyrir því, hversu atvinnutekjur í heild hafi hækkað frá árinu 1979 til 1980. Inni í kerfinu er nú mjög mikið talað um að þessi hækkun sé í kringum 55%. Ef það reynist rétt er vafalaust að atvinnutekjur á mann hafa ekki hækkað um minna en 53% frá 1979 til 1980 og kannske nær 54%. Ef heildaratvinnutekjur á mann eru þær sömu og hækkun kauptaxta, eða 51%, ber það vott um meiri samdrátt en viðurkenndur hefur verið og verri lífskjör á s. l. ári en opinberar skýrslur herma, en samkv. fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1981 hækkaði vísitala framfærslukostnaðar um 58.5% milli áranna 1979 og 1980.

Mönnum kann að þykja þessi talnaleikur nokkuð langur, en ástæðan er sú, að umrætt frv. ríkisstj. á að fela í sér fyrirheit um að við það verði staðið að skattar verði lækkaðir sem svarar 1.5% í kaupmætti. Með því að ýmsar tölur í þessu skattafrv. eru miðaðar við skattgjaldsvísitölu 145 og með því að ríkisstj. fæst ekki til að leggja að öðru leyti til grundvallar hærri meðaltalshækkun launatekna en 51% liggur fyrir að verið er að fara á bak við launamenn í landinu og gera þeim að greiða hærri skatta en opinberlega er viðurkennt. Aðeins skekkjan milli 51 og 53% þýðir um 2 milljarða gkr. í auknar tekjur fyrir ríkissjóð, sem þá um leið eru teknar frá launþegum í landinu.

Ég þykist geta sýnt fram á að af þeim 9 milljörðum gkr., sem ríkisstj. þykist vilja rétta launþegum, hefur hún með talnaleik tekið rúma 5 milljarða gkr. aftur. Það er töluvert fé. Það er út af fyrir sig að menn eins og hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson, formaður Verkamannasambands Íslands, reyni að bera blak af ríkisstj. og hjálpa henni í skattaáþjáninni, bæði á s. l. ári og á þessu ári líka. En hitt er varla verjandi fyrir mann í hans stöðu að reyna að halda uppi blekkingum um það, hversu miklar hækkanir urðu á taxtakaupi verkamanna á s. l. ári og atvinnutekjum þeirra. Sú tala getur undir engum kringumstæðum legið undir tölunni 53. Ef hann hefur uppi aðrar tölur í því sambandi talar hann gegn betri vitund eða þá af fákunnáttu.

Ég þekki engan þann mann, sem hefur reynt að gera sér grein fyrir skattalagabreytingunum í heild, sem heldur því fram, að í þeim felist meiri eftirgjöf en sem svarar 0.5%. Ég er raunar þeirrar skoðunar sjálfur, að miðað við þjóðhagsáætlun ríkisstj. sé þessi tala enn lægri. Það gefur auga leið, að í 60% verðbólgu er kjarabót á bilinu 0—0.5% ekki merkjanleg. Þetta skattafrv. felur þess vegna ekki í sér neina leiðréttingu fyrir launþega. Til þess er þessi breyting allt of óveruleg og kemur of seint til skila, eða öll á síðari hluta ársins. Á hinn bóginn var kjaraskerðingin 7% umfram samninga 1. mars s. l. og veldur því m. a. að fyrirframgreiðsla skatta er tilfinnanlegri en ella. Það liggur fyrir. Því er ekki hægt að neita. Og einn þeirra manna, sem innsigluðu þá gerð, var formaður Verkamannasambands Íslands, Guðmundur J. Guðmundsson.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Örstutt athugasemd.

Mér varð það á að gera stutta athugasemd við ræðu hv. 8. landsk. þm., Halldórs Blöndals, í gær. Ágreiningur okkar var sá, að hann hafði eftir starfsmanni Kjararannsóknarnefndar ranga tölu. Það voru annars vegar tölur um hækkun taxtakaups og svo kaupmátt ráðstöfunartekna. Hv. 8. landsk. hefur nú beðist afsökunar á ummælum sínum sem ollu hér miklum geðshræringum í gær. Ég lýsti því yfir að það væru ein 50 atriði í ræðu hans röng. Hefði ég gert athugasemdir við fleiri atriði hefði hann 50 sinnum þurft að biðjast afsökunar. En hann er maður að meiri.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Þessi málflutningur hv. þm. Guðmundar J. Guðmundssonar er furðulegur. Ég hélt að hann væri kjörinn til þess, að vísu kannske ekki á Alþingi, heldur í sínu félagi sem hann er formaður fyrir, að reyna að gæta hagsmuna hins vinnandi fólks í þessu landi. Nú hefur hv. þm. Halldór Blöndal bent á og fengið staðfest af Kjararannsóknarnefnd, þó svo að hin raunverulega tala í síðari tilvikinu hafi ekki verið nefnd, að hækkun atvinnutekna 1979 til 1981 sé verulega meiri en hækkun kauptaxta á sama tímabili. Þetta merkir að skattalagabreytingar, sem miðaðar eru við hækkun á kauptöxtum, hljóta að þýða það, vegna þess að atvinnutekjur hafa hækkað meira, að meira sé tekið af launafólkinu í skatta en látið er í veðri vaka. Það er alveg furðulegt að formaður Verkamannasambands Íslands skuli vera að gera sér leik að því að snúa út úr þessum staðreyndum. Ég er hræddur um, herra forseti, að það hefði ekki gerst á árunum áður að hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson og aðrir launþegaforingjar hefðu látið það henda sig að ganga á fund þáv. fjmrh., hv. þm. Matthíasar Á. Mathiesens, sitja með honum einn fund og samþykkja að fundinum loknum þá niðurstöðu hæstv. fjmrh., að um verulega skattalækkun væri að ræða fyrir launþega, án þess að gera minnstu tilraun til að afla sér sjálfir frétta af því með t. d. viðræðum við sérfræðinga Alþýðusambands Íslands eða kauplagsnefndar, hvort þessir útreikningar hæstv. fjmrh. væru reistir á réttum grundvelli.

Nú hefur hv. þm. Halldór Blöndal sýnt og sannað hér og fengið staðfest að útreikningar hæstv. fjmrh. eru ekki réttir að því leytinu til, að skattalækkunin er þar miðuð við hækkun kauptaxta milli áranna, sem er minni en hækkun atvinnutekna. Þar af leiðandi hlýtur það að fela í

sér allverulega breytingu til óhagræðis í skattlagningu fyrir almenna launþega. En það er e. t. v. eitt af mörgu sem kemur manni nú á óvart, að hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson og aðrir hans nótar eru nú allt í einu orðnir þögul vitni. Þeir eru nú allt í einu orðnir þau þögulu vitni sem aldrei og hvergi þurfa að taka til máls, ef hagsmunir launþega eru í húfi, og láta það henda sig að koma upp í ræðustól, eins og hv. þm. gerði áðan, til þess að snúa út úr upplýsingum, sem eru tölulega staðfestar, til að reyna að varpa ryki í augu almennings í þessu landi þegar sannarlega er verið að láta í veðri vaka að skattalagabreytingar, sem gerðar eru og hafa að vísu jákvæð áhrif fyrir fólk, séu meira virði en raun ber vitni.

Ég hef áður sagt það úr þessum ræðustól, að það er orðið hlutverk verkalýðsforingja Alþb. að tala með rödd Jakobs þó svo að hendurnar séu hendur Esaús. Framkoma hv. þm. Guðmundar J. Guðmundssonar áðan sannar þetta.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það vakti athygli í sambandi við ummæli hv. þm. Guðmundar J. Guðmundssonar áðan um hversu miklar atvinnutekjurnar hefðu orðið á s. l. ári, að hann batt sig við töluna 51, enda þótt fyrir liggi að hækkanir á kauptaxta hjá þeim atvinnustéttum, sem eru innan Alþýðusambands Íslands, liggja yfirleitt allar rétt um 52 og upp í 52.5% og jafnvel enn hærra. Þeir menn, sem fyrir hönd Alþýðusambands Íslands og þeirra launþega, sem eru innan þeirra samtaka, sömdu við ríkisstj. varðandi þær skattalagabreytingar, sem frv. um tekjuskattinn gerir ráð fyrir, hafa því ekki staðið sig, þeir hafa brugðist og sætt sig við lægri tölu en jafnvel hækkun kauptaxtanna hlaut að gera að algerri lágmarkstölu.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Þessari umr. er lokið. Ég féllst á að gera undantekningu svo að menn fengju hér borið af sér sakir og gert grein fyrir atkv. sínu. Því er fullnægt og fyrir tekið fyrsta dagskrármál.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 591). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Dagvistarheimili fyrir börn, frv. (þskj. 546). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til menntmn. með 26 shlj. atkv.

Kirkjubyggingarsjóður, frv. (þskj. 580 (sbr. 283)). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Tékkar, frv. (þskj. 154, n. 508). — 2. umr.

Frsm. (Ingólfur Guðnason): Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 508 um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 94 1933, um tékka. Þetta er nál. fjh.- og viðskn. sem hefur fjallað um frv. Á fund n. komu Þórður B. Sigurðsson, forstöðumaður Reiknistofu bankanna, og Björn Líndal, frá viðskrn. N. er sammála um að mæla með að frv. verði samþykkt.

Hér er um býsna nauðsynlegt mál að ræða. Vélakostur banka og sparisjóða hefur tekið verulegum breytingum á síðustu árum. Nú er farið að senda allar upplýsingar í gegnum síma með þar til gerðum tækjum og farið að vinna mikið af bókhaldi bankastofnana í Reiknistofu bankanna sem staðsett er í Kópavogi. En lögin eru frá 1933. Þess vegna er ekki óeðlilegt að breytingarnar, sem hafa komið til nú á síðustu árum, krefjist að þessi lög þurfi að endurskoða á ýmsan hátt.

En sem sagt: Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir á þskj. 154.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, frv. (þskj. 196, n. 506 og 513). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Ingólfur Guðnason): Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 506 um frv. til l. um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði og mæli fyrir hönd meiri hl. fjh.- og viðskn.

Nefndin hefur fjallað um frv. og mælir meiri hl. hennar með því, að það verði samþykkt, og er það í samræmi við afgreiðslu fjárlaga. Undir nál. skrifa Halldór Ásgrímsson, Ingólfur Guðnason, Guðmundur J. Guðmundsson og Sighvatur Björgvinsson.

Frsm. minni hl. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Nefndarmenn Sjálfstfl. í fjh.- og viðskn. eru andvígir þessu frv. Eins og fram kom hjá frsm. meiri hl. n., stjórnarsinna og litla stjórnarandstöðuflokksins, Alþfl., er þeim umhugað um að halda áfram þessum rangláta skatti, sameiginlegu afkvæmi þeirra, sérstökum skatti á verslunar- og skrifstofuhúsnæði sem vinstri stjórnin setti á haustið 1978 eftir að sú stjórn var mynduð. Sjálfstfl. lýsti þá yfir andstöðu sinni við þessa skattlagningu og í þau skipti, sem þessi skattlagning hefur verið endurnýjuð, hefur Sjálfstfl. lýst yfir andstöðu sinni. Því kemur mér það mjög á óvart að sjá þetta frv. flutt sem stjfrv., að hæstv. þrír ráðh., sem sæti eiga í þessari ríkisstj., voru einhuga um að mótmæla þessum skatti haustið 1978 og 1979 og tóku ekkert minna upp í sig en við hinir um ranglæti þessa skatts. Mér væri töluverð forvitni að heyra, sérstaklega af því að tveir þeirra eru nú hér inni í þd., hvað hafi breytt afstöðu þeirra til þessarar skattlagningar, hvort þeir hafi sannfærst um að hér væri um sanngjarnan og réttlátan skatt að ræða, sem þeir töldu

vera mjög ranglátan haustið 1978, eða hvaða ástæður liggi til grundvallar þeim skoðanaskiptum sem virðast eiga sér stað ef rétt er að þetta frv. sé frv. ríkisstj. í heild.

Þetta er ekta vinstri skattur, enda getur Alþfl. ekki slitið sig frá þessum skatti. Það sést á því, að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hengir sig utan á stjórnarliðið, Framsfl. og Alþb., til þess að fá að vera með í því að framlengja enn einu sinni þennan skatt og gera verslun og viðskiptum í landinu áframhaldandi bölvun. Þetta er í framhaldi þeirrar stefnu sem vinstri stjórnin tók upp með því að hækka eignarskatta yfir 50% ofan á þessa sérsköttun á ýmsum sviðum. Eignarsköttunum er haldið áfram alveg óbreyttum af þessari stjórn, enda alveg dæmigerðir vinstristjórnarskattar. Það er furða að Alþfl., sem telur sig stjórnarandstöðuflokk, sem telur að ríkisstj. leggi allt of háa skatta á samfélagið, skuli standa að slíkri skattlagningu. Ekki verða þessir skattar greiddir af þeim sem byggja eða eiga verslunar- og skrifstofuhúsnæði nema leggja það með einhverju móti á reksturinn. Í reynd verða það því viðskiptamennirnir sem verða undir þessu að standa þegar til lengdar lætur. Þetta er því ein skattlagningin á almenning til viðbótar við allar skattlagningar sem fyrir eru. Það þýðir svo lítið að koma hér upp í ræðustól öðru hvoru og berja sér á brjóst og segja að skattarnir séu orðnir allt of háir í þessu þjóðfélagi og það verði að gera sérstakar ráðstafanir til að lækka þá, en hengja sig svo alltaf þegar tækifæri gefst utan á skattpíningarflokka eins og Alþb. og Framsfl.

Með tilliti til þess, sem ég hef sagt, erum við fulltrúar Sjálfstfl. í n. andvígir þessari sérstöku skattlagningu á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, eins og við vorum þegar þetta frv. var fyrst lagt fram.

Það skýtur nokkuð skökku við hvað snertir Framsfl. þegar hann er að tala um hvað erfitt sé um verslun og viðskipti víða úti um land. Er ein leiðin til að auka og efla uppbyggingu verslunar úti á landi að bæta alltaf við nýjum sköttum á þessa atvinnugrein? Hvað er þessi flokkur að fara? Veit hann ekkert hvað hann er að fara — eða eru þetta sömu blekkingarnar og alltaf eru viðhafðar? Það vantar ekki, þegar verið er að tala um viðskipti, áhuga á að verði að jafna hér kjörin á milli byggða. Ég sé ekki annað en það eigi að leggja alveg jafnt þessa skatta á úti á landi og á Reykjavíkursvæðinu. Í þessu tilfelli þykir framsóknarmönnum þetta ágætt og sér í lagi hafa þeir forgöngu um að mæla með þessum skapnaði með því að senda einn sinna manna hingað í ræðustól.

Ég tel þetta frv. alfarið vera ranglátt, alveg eins nú og haustið 1978, og legg því til að frv. verði fellt.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Ég tek heils hugar undir það sem síðasti ræðumaður, hv. 1. þm. Vestf., sagði í ræðu sinni áðan þegar hann gerði grein fyrir áliti minni hl. fjh.- og viðskn. En ég vil bæta nokkrum orðum við og gera sérstaklega grein fyrir því hér, hvað þessi skattur er mikill þyrnir í augum sveitarfélaganna í landinu.

Ástæðan fyrir því er sú, að þegar grundvallarbreyting var gerð á skattkerfinu fyrir allmörgum árum var reynt að móta heildarstefnu um hverjir skyldu vera skattstofnar ríkis og hverjir skyldu vera skattstofnar sveitarfélaga. Þá var sú stefna mörkuð í grófum dráttum, að fasteignirnar í hverju sveitarfélagi fyrir sig skyldu vera skattstofn sem sveitarfélögin tækju skatta af. Þess vegna var fasteignasköttum nokkuð breytt og þeir hækkaðir og það jafnvel svo að sumum hefur þótt nóg um. Síðan hefur það hins vegar gerst, að ríkið hefur æ ofan í æ höggvið í þennan knérunn, bæði með því að hækka eignarskatta, en grundvöllur eignarskatta er að sjálfsögðu í mjög ríkum mæli fasteignir, og svo með því að leggja þennan sérstaka skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, sem leggst á sama skattstofn og fasteignagjöld sveitarfélaganna og eignarskatturinn, þ. e. miðað er við fasteignamatsverð í árslok 1980, eins og er um að ræða í þessu tilviki. Þessi sérstaki eignarskattur er 1.4% af skattstofninum, þ. e. 1.4% af fasteignamatsverði viðkomandi eignar, og er þar með orðinn allnokkru hærri en fasteignaskatturinn sem sveitarfélögin innheimta af sömu eignum. Fasteignaskattur sveitarfélaga er 1% af fasteignamatsverði atvinnuhúsnæðis og getur hæst farið upp í 1.25%, en þessi sérstaki skattur er 1.4% af skattstofninum.

Þessi sérstaki skattur er því hærri en fasteignaskatturinn sem lagður er á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, og hann er orðinn allstór hluti af þeim heildarsköttum sem innheimtir eru af fasteignum. Ég hef ekki tölu um hverju þessi skattur nam á árinu 1980, en á árinu 1979 nam þessi skattur hér í Reykjavík 22% af öllum fasteignasköttum sem innheimtir voru í Reykjavík, bæði af verslunar- og skrifstofuhúsnæði og íbúðarhúsnæði. Af þessum tölum má sjá hvað þessi skattur er orðinn mikill hluti af þeim skatttekjum sem sveitarfélögunum raunverulega voru ætlaðar þegar lögin um tekjustofna sveitarfélaga voru sett.

Þessi skattur var upphaflega hugsaður sem bráðabirgðaskattur, en hann birtist hér í sama líki ár eftir ár og er framlengdur nú enn einu sinni. Borgarstjórn Reykjavíkur hefur fjallað um þennan skatt. Ég vil sérstaklega gera grein fyrir því hér, að borgarstjórn Reykjavíkur hefur samhljóða skorað á Alþingi að framlengja ekki þennan skatt og fella frv. sem um þennan skatt koma hér á þing. Um þetta voru allir flokkar sammála. Það sýnir glöggt hversu alvarlegum augum sveitarstjórnarmenn líta á þann skatt sem hér um ræðir.

Það er eitt atriði enn, sem sérstaklega snertir Reykjavík, sem ég vildi gera grein fyrir í þessu sambandi, en það er að fasteignamatið hefur hækkað mjög mikið hér í Reykjavík og það sérstaklega á ákveðnum svæðum, t. d. í miðborg Reykjavíkur. Fasteignamatið hefur hækkað svo mikið að skattheimta af eignum hér, bæði í formi fasteignaskatta, í formi eignarskatta og í formi þessa sérstaka skatts á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, er verulega farin að hamla gegn notkun húsnæðis í miðborg Reykjavíkur. Það eru ekki nema ákveðnar tegundir atvinnurekstrar sem raunverulega standa orðið undir því að greiða þennan háa skatt hér í miðborginni. Það dregur úr því sem borgaryfirvöld stefna að, þ. e. að gera notkun húsnæðis hér fjölbreyttara, koma upp fjölbreyttara atvinnulífi og fjölbreyttara mannlífi í miðborginni. Með hinni gegndarlausu skattheimtu á þessar eignir er nú svo komið, að það er ekki nema ákveðin tegund rekstrar sem stendur raunverulega undir því að greiða slíka skatta, og þess vegna hamlar þetta gegn þeirri stefnu, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur haft, að reyna að auka fjölbreytnina í miðborg Reykjavíkur.

Ég efast ekkert um að hið sama eigi við t. d. í miðbæ Akureyrar og annars staðar þar sem slíkir þéttbýliskjarnar hafa myndast. Þess vegna er ég eindregið andvígur því, að þetta frv. um sérstakan skatt á verslunar- og

skrifstofuhúsnæði verði samþykkt, og mun greiða atkvæði gegn frv. hér.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Hv. 6. þm. Reykv. hefur nú tekið af mér ómakið að benda á afstöðu borgarstjórnar Reykjavíkur til þessa máls, enda erum við báðir borgarfulltrúar og tókum þátt í að móta þá afstöðu sem þar var einróma samþykkt.

Ég vil þó, úr því að ég var búinn að kveðja mér hljóðs, mótmæla þessu frv. og þessari skattheimtu og tel að eigendur verslunar- og skrifstofuhúsnæðis verði að fylgjast vel með afstöðu stjórnmálaflokkanna til skattlagningar sem þessarar. Það má bæta því við, að ég tel að fólkið í landinu verði að fylgjast með málflutningi og afstöðu flokkanna og einstakra þm. til skattlagningar almennt og þá sérstaklega sköttum sem þessum, því að mínu mati og margra annarra — það hefur komið hér fram í umr. — eru skattar af þessu tagi á eignir manna eignaupptaka í stærri og stærri áföngum. Það hefur greinilega komið fram í málflutningi um þennan skatt, að fólkið í landinu á ekki talsmenn gegn þessari skattlagningu í neinum öðrum stjórnmálaflokki en Sjálfstfl. Sjálfstfl. er eini flokkurinn sem virðist hafa nokkurn áhuga á því að gæta hagsmuna fólksins gagnvart skattlagningu. Það þýðir að hinir flokkarnir gæta hagsmuna og buddu ríkissjóðs og fjmrh. Ég held að það væri ástæða til að draga athygli að þessari staðreynd.

Við sjálfstæðismenn erum ekki nógu margir á Alþingi til að geta breytt hér nokkru um að þessu sinni. Það verður fólk líka að hafa í huga. Því verður fólk líka að átta sig á. Hópurinn er því miður of lítill til þess.

Ég skal nú ljúka máli mínu. Ég sé að forseti vill ekki málalengingar. En ég vil ítreka það, að fólkið, sem þegar er að sligast undan skattpíningu á sem flestum sviðum, átti sig á því, hvar talsmenn þess á Alþingi eru og að það virðist ekki eiga vini í neinum öðrum stjórnmálaflokki en Sjálfstfl.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vek athygli á því, að þegar þetta mál var til umr. í sambandi við stefnuræðu forsrh. hinn 23. okt. kom það fram í máli hæstv. sjútvrh., formanns Framsfl., að innan ríkisstj. væru uppi umræður um það, hvort ekki væri rétt að leggja niður skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Hann komst svo að orði, með leyfi herra forseta:

„Staða ríkissjóðs skapar einnig möguleika til endurskoðunar á skattalögum. Í því sambandi leggjum við framsóknarmenn mikla áherslu á niðurfellingu nýbyggingagjalds, eins og ráð er fyrir gert og fullt samkomulag um. Við teljum einnig skatta á skrifstofu- og verslunarhúsnæði vafasamari nú þar sem dregið hefur úr þenslu á því sviði og upphaflegum markmiðum með honum því náð. Við teljum nauðsynlegt að endurskoða álagningu eignarskatts, einkum einstaklinga."

Síðar segir hann um þær breytingar sem hann telur almennt nauðsynlegt að gera á skattalögum: „Um þetta allt hefur verið rætt í ríkisstj. og menn þar sammála um slíka endurskoðun, enda er hún komin í gang, og vænti ég þess, að árangur sjáist fljótlega."

Við sjáum á því frv., sem hér liggur fyrir, að Framsfl. hefur lent í minni hl. í ríkisstj. í þessu máli. Eins og endranær hefur Alþb. snúist öndvert gegn öllum þeim málum sem snerta verslun í landinu, enda er Alþb. í eðli sínu fjandsamlegt verslun. Á þeim tíma sem hæstv. félmrh. var ritstjóri Þjóðviljans, var algengt að lesa þar alls konar upphrópanir um að þeir menn, sem ynnu við verslunar- og skrifstofustörf, væru verri en aðrir menn, og þar var einnig um það talað að verslunar- og skrifstofufólk væri annars flokks launþegar. Þannig andaði frá hæstv. félmrh. til þessa fólks meðan hann var ritstjóri Þjóðviljans, og það kemur einnig fram í því frv. sem hér liggur fyrir, að hann er jafnandsnúinn þessum atvinnuvegi og áður.

Ég þarf ekki að rifja það upp, að við fasteignamatið í ár hækkaði atvinnuhúsnæði minna en venjulegt íbúðarhúsnæði. Ég hygg að atvinnuhúsnæði hafi hækkað um 45%, en venjulegt íbúðarhúsnæði um 50% eða svo hér í Reykjavík. Það sýnir okkur að verð á fasteignum til atvinnurekstrar hefur dregist aftur úr öðru fasteignaverði. Á þessu getur ekki verið nema sú eina skýring, að menn sjái sér ekki sama hag og áður í því að eiga atvinnuhúsnæði.

Það hefur raunar ekki aðeins komið fram í máli formanns Framsfl., heldur einnig í ummælum hæstv. viðskrh. Tómasar Árnasonar, að þessi skattur, sem hér um ræðir, sé ranglátur, hafi hann einhvern tíma hafa einhvern tilgang sé sá tími liðinn og nú sé þess vegna kominn tími til að leggja hann niður.

Það yrðu mér mikil vonbrigði ef samflokksmenn mínir í ríkisstj. ætla að standa að því með Alþb.-mönnum að knýja á um að þessi skattur haldi áfram. Í lengstu lög geri ég mér vonir um að sjálfstæðismennirnir í ríkisstj. reyni heldur að rétta framsóknarmönnum hjálparhönd með því að afnema þennan óskapnað sem í grundvallaratriðum stangast á við skoðanir og hugsjónir Sjálfstfl. eins og sú mikla hækkun eignarskattsins sem oft hefur verið rædd.

Ég vil skjóta því inn í og vil gjarnan spyrja frsm. meiri hl. í því sambandi: Ég geri mér ekki alveg ljóst, hvort þessi skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði leggst á pylsuvagna, og væri fróðlegt að fá um það upplýsingar. En mér hefur virst að það geti verið góður „Bisness" að eiga pylsuvagn og kannske rétt að skattleggja þvílíka vagna líka fyrst á annað borð er verið að fara út í þetta.

Svo vil ég að síðustu aðeins láta í ljós undrun mína yfir því, að hæstv. ríkisstj. skuli ekki hafa skilning á því að einkaframtakið þurfi líka á skrifstofuhúsnæði að halda eins og ríkisbáknið hefur verið þanið út, eins og fjölgað hefur í stjórnarráðinu, eins og margar skrifstofur einkaaðila hafa verið teknar í þjónustu hins opinbera til þess að gefa út álitsgerðir um eitt og annað.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Í gær var gert hlé á þingfundum. Það voru settar eins konar löngu frímínútur og þingheimur sendur niður á Hótel Sögu til að hlýða á boðskap erkibiskups í peningamálum Íslendinga, Jóhannesar Nordals. Þetta mun vera árlegt „ritual". Það, sem var þar skemmtilegast, var að heyra gömlu viðreisnarklíkuna rifja upp gamla góða daga og bera saman árangurinn af hagstjórn viðreisnar í tíu ár, samstjórn Alþfl. og Sjálfstfl., í samanburði við þau ósköp sem yfir hafa dunið á þessum áratug framsóknaróðaverðbólgunnar. En skemmtilegasta uppákoman á þessari samkomu var að heyra bankastjóra Landsbankans, Jónas Haralz, lýsa sjálfum sér þar sem fulltrúa smælingjanna. En þar með er ég kominn að ræðu hv. 3. þm. Reykv., Alberts Guðmundssonar. Hann kom hér í pontu áðan og sagði að það væri eins og fólkið ætti yfirleitt enga

fulltrúa nema þá helst í Sjálfstfl., þeir væru fulltrúar smælingjanna. Er þó hér um að ræða frv. til l. um áframhald skattlagningu á verslunar- og skrifstofuhúsnæði sem m. a. hv. þm. Albert Guðmundsson er að mótmæla ásamt fleiri mönnum sem sæti eiga í borgarstjórn Reykjavíkur. Þetta frv. væri ekki hér á dagskrá og yrði hér aldrei samþykkt ef ekki væri fyrir þá staðreynd, að það er fram borið af ríkisstj. þar sem eiga aðild a. m. k. þrír sjálfstæðismenn. Ég verð þess vegna að skilja þessa yfirlýsingu hv. þm. á þá lund, að „guðfaðir ríkisstjórnarinnar" sé nú að afneita þessum þremur hæstv. ráðh. og telji þá ekki lengur í hópi sjálfstæðismanna.

Ég vil taka það fram að ég er eindregið andvígur þessu frv. og mun greiða atkvæði á móti því. Að vísu tel ég réttlætanlegt við vissar kringumstæður að beita slíkum ráðum, þá um takmarkaðan tíma, ef það vakir beinlínis fyrir mönnum að draga úr óeðlilegri steinsteypufjárfestingu. Ef sú fjárfesting hefur verið óhófleg um skeið getur verið réttlætanlegt að grípa til þeirra ráða um skamman tíma. Nú hefur þessi skattur verið í gildi á þriðja ár. Hann hefur þegar haft umtalsverð áhrif, en er nú orðinn of íþyngjandi, eins og fram hefur komið, enda er svo á málum haldið yfirleitt að afkoma atvinnuvega, hvort heldur er í framleiðslu eða verslun, er með þeim hætti að það er ekki einungis hagsmunamál viðkomandi atvinnurekstrar, heldur þjóðarinnar allrar, þar með talið launþega sem auðvitað verða endanlega að bera kostnaðinn af þessu, að þessi sérstaka skattlagning verði afnumin.

Að því er varðar framsóknarmenn vil ég rétt einu sinni rifja það upp fyrir þeim, að nú að undanförnu hafa forsvarsmenn kaupfélaganna og Samb. ísl. samvinnufélaga ítrekað skorað á ríkisstj. að gæta betur hagsmuna atvinnulífsins í landinu. Það er ástæða til að rifja t. d. upp samþykkt sem gerð var á svæðisfundi samvinnuhreyfingarinnar á Suðurlandi er haldinn var að Hvoli 21. mars. Þar segir, með leyfi forseta:

„Fundurinn bendir á að atvinnufyrirtækin geta ekki staðið undir þeim fjármagnskostnaði sem verðbólguvextirnir hafa í för með sér, enda eru fjölmörg verslunar- og iðnfyrirtæki í landinu algjörlega komin í þrot með rekstrarfé og rekstrargrundvöllur brostinn og þar með er atvinnuöryggi fjölda fólks stefnt í hættu. Fundurinn skorar á ríkisstj., Alþingi og aðra, sem hlut eiga að máli, að taka höndum saman til þess að búa þessum atvinnu- og þjónustufyrirtækjum viðunandi rekstrargrundvöll."

Þetta varðar m. a. það mál sem hér er á dagskrá.

Varðandi þá fullyrðingu, að Sjálfstfl. sé sérstakur fulltrúi þeirrar stefnu að draga úr miðstjórnarvaldi og útþenslu hins opinbera geira með sívaxandi skattlagningu, vil ég einfaldlega með vísun til staðreynda mótmæla því, vegna þess að það liggur ljóst fyrir að Alþfl. hefur ítrekað hér, bæði við afgreiðslu fjárlaga og æ síðan, verið merkisberi þeirrar stefnu að draga stórlega úr álagningu skatta og ríkisumsvifum. Því fer fjarri, þó að Sjálfstfl. taki stundum undir slík sjónarmið, að þess hafi sést nægilega vel merki t. d. þegar Sjálfstfl. hefur verið við völd í landinu.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Ríkisstj., sem Alþfl. átti aðild að, hafði frumkvæði að því, að þessi sérstaki skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði var lagður á á haustmánuðum 1978 og enn þá, eins og fram hefur komið hjá frsm., hefur fulltrúi Alþfl. í fjh.- og viðskn., hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, lagt til að þessi skattur verði framlengdur enn um sinn. Hugmyndin, var sú þegar þessi sérstaki skattur var lagður á á sínum tíma, að hann skyldi vera hemill á fjárfestingu í verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Ég mun styðja að skatturinn verði framlengdur enn um sinn, en þeir tímar geta þó vissulega komið að ástæða þyki til að fella þennan skatt niður. Sú afstaða að vera enn um sinn hlynntur því, að þessum skatti sé haldið, er í beinu framhaldi af þeirri afstöðu sem við höfðum á haustmánuðum 1978.

En það er von að hv. þm. Matthías Bjarnason spyrji hér að því, þegar hann mælir á móti þessum skatti, eins og hann gerði árið 1978, og biðji um grg. frá svokölluðum flokksbræðrum sínum í ríkisstj. um hvað það sé sem hafi breyst hjá þeim. Ég hygg að ég fari rétt með það, að Pálmi Jónsson og Friðjón Þórðarson, núv. hæstv. ráðh., hafi verið mjög eindregið andvígir þessum skatti á sínum tíma. Ég hef ekki heyrt neina grg. frá þeim í þá veru, hvers vegna þeir hafi skipt um skoðun. Mér finnst ákaflega eðlilega spurt hjá hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni þegar hann spyr þessa flokksbræður sína eftir grg. fyrir því, af hverju þeir hafi skipt um skoðun. Ég leyfi mér að ítreka þá spurningu hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar til flokksbræðra hans og ráðh. í ríkisstj.: Hvað er það sem hefur breyst? Af hverju styðja þeir núna þennan skatt sem þeir voru eindregið andvígir á sínum tíma?

Hv. þm. Albert Guðmundsson lýsti því áðan að í þessum efnum sem öðrum af skattlagningargegund væri Sjálfstfl. hinn eini stjórnmálaflokkur sem fólkið gæti treyst. Ummæli af þessu tagi hljóma auðvitað eins og grín. Og af hverju hljóma þau eins og grín? Af þeirri einföldu ástæðu að það eru flokksbræður hv. þm. Alberts Guðmundssonar, enn a. m. k., í ríkisstj. sem eru að leggja þennan skatt á. Þjóðin er auðvitað hætt að botna upp eða niður í því, með hverjum hætti þarna er málum háttað. Hvað er Sjálfstfl. og hvað er ekki Sjálfstfl.? Hér innan sala Alþingis eru menn auðvitað fyrir löngu hættir að botna í því einnig. Það hljómar auðvitað ekki ýkjatrúverðuglega að Sjálfstfl. hafi eina eða aðra skoðun í þessum efnum, því að Sjálfstfl. hefur auðvitað enga skoðun í þessum efnum. (**FrS:** Hefur hv. þm. sömu skoðun á málefninu og Jón Baldvin Hannibalsson?) Nei, hann hefur það ekki. Hv. þm. hefur sömu skoðun og hann hafði 1978 í þessum efnum. — Ég endurtek það, að ég kalla eftir grg. frá hæstv. ráðh. Sjálfstfl.: Hvað er það sem hefur breyst síðan 1978?

Það er fleira sem vekur athygli í þessari umr. Hér var upplýst áðan að borgarstjórn hefði samþykkt einróma á sínum tíma andstöðu við þennan skatt. Hér situr hv. þm. Guðrún Helgadóttir, sem jafnframt er borgarfulltrúi það er ég best veit. Ég kem því ekki alveg heim og saman, með hverjum hætti borgarstjórn hefur mótmælt þessum skatti einróma, því ég þykist vita að þennan sérstaka skatt ætli hv. þm. að styðja hér rétt á eftir. Ég óska eftir skýringum á því með hverjum hætti þetta kemur heim og saman.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður, hv. 9. þm. Reykv., lagði fram þessa spurningu: Hvað er Sjálfstfl. og ekki Sjálfstfl.? Hann tók sem dæmi að við ættum þrjá sjálfstæðismenn í núv. ríkisstj. sem að öllum líkindum mundu standa með framlengingu þessa skatts. Ég spyr á móti: Hvað er Alþfl. og hvað er ekki Alþfl.? Hér eru tveir kratar búnir að tala á nokkrum

mínútum, einn með framlengingu skattsins og annar á móti honum. Hvað er Alþfl. og hvað er ekki Alþfl.?

Vegna þeirra hugleiðinga, sem hafa komið fram hjá mönnum varðandi sjálfstæðismenn sem sæti eiga í ríkisstj.: Þeir eru ekki einir dæmi um að innan þessarar ríkisstj. er viljinn allt sem þarf til þess að breyta um skoðanir. Það hefur komið fram og var fundið að því, að við í Sjálfstfl. stæðum ekki að og vildum ekki stuðla að verslun og viðskiptum. Ég mótmæli því. Við gerum það að sjálfsögðu. Og það er ekki eingöngu vegna þess að einhverjir efnamenn eigi í hlut. Innan þessara raða eru kannske þeir smælingjar í launþegastéttum sem við ættum frekast að horfa til. Alla vega, og þá tel ég innan viðskiptastéttarinnar verslunarmenn og skrifstofumenn hafa þeir innan sinnar atvinnugreinar stærsta stéttarfélag landsins. Það er svo þýðingarmikið að núv. hæstv. heilbrmrh., formaður Alþb., hefur talið það þýðingarmesta af komandi verkefnum hjá sér að ná þessu félagi undir sinn verndarvæng og þeim smælingjum sem þar eru.

Það vekur auðvitað athygli þegar Alþfl.-menn tala um þennan skatt hér í þingsölum, og ég tala nú ekki um þegar hv. 4. þm. Reykv. segir að hann sé á móti skattinum, að þeir sverja hann ekki af sér, enda viðurkennir hv. þm. Vilmundur Gylfason að Alþfl.-menn áttu þátt í að koma þessum skatti á og hann er hér áfram m. a. vegna þeirra og fyrst og fremst vegna þeirra. En ég bendi á og tek undur þau orð sem komu fram í ræðu hv. þm. Jóns Baldvins Hannibalssonar, að það getur auðvitað verið réttlætanlegt, og þess vegna hefur þessi skattur að öllum líkindum verið lagður á, að leggja skatta á einhverja grein, þar sem er of mikil þensla, til þess að draga úr henni. Í þessu tilfelli verður að ætla að þessi skattur hafi verið notaður sem nokkurs konar hagstjórnartæki. Það er hins vegar alls staðar viðurkennt núna að þessu markmiði hefur verið náð. Það er ekki aðeins að það er mikið framboð af verslunar- og skrifstofuhúsnæði í Reykjavík, heldur vitum við líka að það gengur kaupum og sölur langt undir sannvirði. Þannig er ljóst að því markmiði, sem vinstri flokkarnir beittu sér fyrir á sínum tíma í sambandi við þessa skattlagningu, hefur verið náð og skatturinn er óþarfur. Þess vegna mun ég greiða atkv. gegn þessu frv.

Frsm. meiri hl. (Ingólfur Guðnason): Herra forseti. Það er ekki óeðlilegt þó að umr. verða um frv. sem þetta, þar sem hér er um skattafrv. að ræða. Raunar er mjög eðlilegt að menn hafi mismunandi mat á þessari skattlagningu eins og hverri annarri. En ég stóð hér upp vegna þess að hv. þm. Halldór Blöndal beindi til mín spurningu um pylsuvagna, hvort þeir muni verða skattlagðir.

Það gleður mig ef hv. þm. Halldór Blöndal er að komast í stétt atvinnurekenda, og ég lýsi því yfir að ég mun leita eftir viðskiptum við hv. þm. þegar hann setur upp pylsuvagn, en til þess að svara þessari spurningu, sem ég reyndar á von á að hann hafi í fullri alvöru viljað fá svarað, bendi ég honum á 3. gr. frv. Þar er talað um að stofn til sérstaks eignarskatts skuli vera fasteignamatsverð í árslok 1980. Það hlýtur náttúrlega að skilja á milli. Er þetta metin fasteign? Er þetta verslunar- og skrifstofuhúsnæði samkv. fasteignamati? Hér er á einum stað gerð grein fyrir því, hvernig með skuli fara ef ekki er búið að meta fasteign, það hefur dregist eitthvað. Ég bið hv. þm. að leita sér upplýsinga um hvers eðlis ákveðin eign er með því að fá upplýsingar hjá Fasteignamati ríkisins.

Pylsuvagnar geta eins og aðrar byggingar náttúrlega verið með ákaflega mismunandi hætti. Þess vegna er ekki hægt að gefa hv. þm. neina sérstaka uppskrift um hvort pylsuvagn skuli teljast fasteign eða eitthvað annað. En þar sem ég kom hér upp til að svara þessari fsp. vil ég endurtaka áhuga minn á því að versla við hv. þm. þegar hann hefur komið sér upp slíkum atvinnurekstri.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Hv. 9. þm. Reykv., Vilmundur Gylfason, hóf sína ræðu um það frv., sem hér er á dagskrá, með því að lýsa yfir að hann yrði enn um sinn að styðja það. Hann sagði að hann yrði enn um sinn að styðja þetta frv., þessa skattlagningu, en hvernig hann sagði það, hvernig hann orðaði það, er alveg nóg fyrir mig, því að hugarfarið á bak við sýnir að hann er í eðli sínu á móti frv. jafnvel þó hann hafi staðið að því á sínum tíma. — En ég fer ekki til baka með það, að það kemur hér fram og hver sem vill taka eftir því sér að Sjálfstfl. er, hvað sem hver segir, sá eini sem mótmælir þessu frv. Ég tók það fram, að því miður væru þeir sjálfstæðismenn ekki nógu margir á þingi sem væru andvígir þessu frv., en að sjálfsögðu er mér ljóst eins og hverjum öðrum að þeir sjálfstæðismenn, sem sitja í ríkisstj., greiða þessu frv. atkv. sitt. Ég gleymdi þeim ekki og tók þannig til orða að það átti að vera auðvelt að skilja það.

Það er rétt hjá hv. þm. Jóni Baldvin Hannibalssyni, að frv. er borið fram m. a. af þeim fulltrúum sem telja sig til Sjálfstfl. og sitja í ríkisstj. En ég lagði áherslu á í minni tölu að fólkið í landinu áttaði sig á því, hvar það ætti vini, hvar það ætti skjól í íslenskum stjórnmálum. Því miður er hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson ekki viðstaddur því ég ætlaði mér að nota hans eigin orð, sem hann viðhafði á samkomu úti í bæ nýlega og ég var áheyrandi að. — Ég er þakklátur fyrir að þm. er nú kominn í salinn því ég ætlaði mér að fá að nota hans eigin orð. Þegar fólkið í landinu áttar sig á hvar það á talsmenn og kýs þá Sjálfstfl. í ríkari mæli þannig að fulltrúar flokksins verði svo margir að dugi til að fella frv. sem þessi, þá koma tímar og þá koma ráð. En hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson viðhafði þau orð, að þeir tímar, sem við nú lifðum á, væru kallaðir öðrum orðum, þeir væru kallaðir kommatímar og kommaráð. Það er þá líklega rétt orðað þrátt fyrir samsetningu ríkisstj.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Það er rétt munað hjá flokksbræðrum mínum og öðrum sem talað hafa í þessu máli, að ég hef ekki verið sérstakur stuðningsmaður þessa sérstaka skatts á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Komið hefur til orða að fella þennan skatt alveg niður. Það var rætt um að fella nýbyggingagjaldið niður við gerð fjárlaga. Það var gert. Þá var einnig minnst á að lækka þennan skatt eða fella hann niður. Á hitt vil ég benda, að við sjálfstæðismenn höfum ekki alltaf verið ánægðir eða kannske með góða samvisku þegar á hafa verið lagðir skattar á liðnum árum og er það mannlegt. En nú er svo komið, að samkv. tekjuáætlun fjárlagafrv. fyrir árið 1981 er gert ráð fyrir álagningu þessa skatts, svo slæmt sem það nú er. Ég hef samþykkt fjárlagafrv. eða fjárlög ársins 1981 og sé mér því ekki fært annað en samþykkja þetta frv. og þennan skatt fyrir það ár sem nú er að líða.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Það eru athyglisverðar umr. sem fara fram um þetta mál þingsins, um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Það hafa nokkrir rifjað það upp, að sú ástæða, sem gefin var upp á sínum tíma þegar þessi skattur var lagður á ásamt nýbyggingagjaldinu, var ósköp einföld. Hún var á þá leið, að með þessum skatti ætti að koma í veg fyrir að fyrirtæki í landinu og einstaklingar eftir atvikum, þegar um nýbyggingagjaldið væri að ræða, nýttu sér neikvæða raunvexti til að hrúga upp eignum sem ekki kæmu að gagni. Þetta var, ef ég man rétt, aðalröksemdin, og vitna ég til þeirra umr. sem þá áttu sér stað hér á þingi. Sem sagt: Þessir skattar áttu að koma í veg fyrir að menn legðu svokallaðan verðbólgugróða í glæsihallir, skrifstofu- og verslunarhallir.

Alþfl. barðist á þeim tíma fyrir stefnu sem hann kallaði raunvaxtastefnuna. Sú stefna birtist m. a. í frv. sem hv. þm. Vilmundur Gylfason ásamt fleiri flutti hér í sölum Alþingis og var á þá leið að festa vextina við verðbólgustigið nánast, með því móti væri komið í veg fyrir að hægt væri að mynda svokallaðan verðbólgugróða með þessum hætti. Fyrir skömmu urðu hér umr. á þingi og þá sögðu talsmenn Alþfl. að nú væri svo komið að raunvaxtastefnan hefði náð fram að langmestu leyti og það væri hægt að þakka Alþfl. það sérstaklega. Það, sem ég hef nú sagt, réttlætir fullkomlega að hv. þm. Vilmundur Gylfason og aðrir þm. Alþfl. fylki sér undir forustu Jóns Baldvins Hannibalssonar í þessu máli og viðurkenni að það var aðeins fljótfærni formanns þingflokksins að skrifa undir nál. með fyrrv. samstarfsmönnum sínum í ríkisstj.

Þessu verða menn að átta sig á. Ég sé ekki að menn séu eitthvað minni karlar fyrir þær sakir að viðurkenna slíkar staðreyndir. Ég veit að í eðli sínu og hjarta er hv. þm. Vilmundur Gylfason ekki neinn skattaofsóknarmaður. Hann hefur margoft sagt mér hið gagnstæða og það hefur oft komið fram í ræðum hans. Hér er aðeins um það að ræða, að hann heldur að hann verði að standa við þennan skatt af því að hann tók þátt í að leggja hann á á sínum tíma, en er greinilega búinn að gleyma því, hver voru rök hans og annarra sem fyrir þessum skatti börðust.

Hæstv. ráðh. Steingrímur Hermannsson og Tómas Árnason hafa báðir í ræðum á Alþingi látið að því liggja að þennan skatt eigi að leggja niður. Ég tel að það hafi verið fyrst og fremst úr röðum framsóknarmanna sem krafan kom um að leggja niður nýbyggingagjald, vegna þess að það snerti bændur fyrst og fremst, en bændur eru margir hverjir fylgjendur framsfl. Nýbyggingagjaldið var þess vegna lagt af. Síðan situr þessi skattur eftir.

Þá kem ég að hæstv. dómsmrh. Hann sagði hér og viðurkenndi að hann gerði það ekki með glöðu geði að leggja skatta á og vissulega hefðu margir slæma samvisku þess vegna. En menn skulu minnast þess, að fjárlög eru aðeins áætlun á hverjum tíma. Nú er um það rætt í fullri alvöru, og meira að segja er stærsti stjórnaraðilinn — Framsfl. — nýbúinn að halda þing og lýsir þar yfir að leggja eigi niður skatta hér og hvar og síðan eigi að fresta framkvæmdum, enda hefur hæstv. ríkisstj. margfaldar heimildir til þess að fresta framkvæmdum, spara og skera niður. Hvernig væri þá að fella þennan skatt niður af þeirri ástæðu, að nú hafa mál skipast þannig að ekki er lengur um verulegan verðbólgugróða að ræða hjá þeim sem taka lán og standa fyrir fyrirtækjum eða hjá þeim sem þurfa að taka lán til þess að standa undir eigin húsbyggingum? Á þetta vil ég minna og ég skora á sjálfstæðismennina, sem styðja ríkisstj., að taka á þessu máli með þessum skilningi og rifja það upp, hverjar voru upphaflegu ástæðurnar fyrir því, að þessi skattur var lagður á. Ég skora jafnframt á hv. þm. Vilmund Gylfason og þingflokk Alþfl. að snúa við blaðinu. Það er auðvelt því að ég veit að þeir vilja ekki ofsækja menn með sköttum.

Auk þess, og um það hefur jafnan verið rætt þegar þessi mál ber á góma, er þessi skattur til þess fallinn að gera upp á milli atvinnugreina. Það er einn mesti bölvaldurinn í þessu þjóðfélagi þegar farið er að mismuna atvinnuvegum. Það endar yfirleitt með því að samkeppni myndast þeirra á milli og alls konar grátur um að þessi hafi það betra en hinn. Slík afskipti löggjafans af málefnum atvinnuveganna eru vitanlega af hinu illa.

Herra forseti. Ég hef leyft mér að rifja upp hvernig þessi skattur varð til. Ég hef bent á að hæstv. ráðh. hafa látið að því liggja að þetta kunni að breytast. Ég veit, herra forseti, að sjálfstæðismennirnir í ríkisstj. eru þeir frjálslyndustu þeirra. Þeir hafa ekki þá lús á bakinu að hafa stutt þessa skatta í upphafi og eiga þess vegna léttara með en aðrir að ganga í lið með þingflokksfélögum sínum. Og ég hef höfðað til skynsamra manna í Alþfl., hv. þm. Vilmundar Gylfasonar og annarra, og sýnt þeim fram á að nú hefur Alþfl. náð fram raunvöxtunum, nú hefur hann eytt orsökunum fyrir því að þessi skattur var settur á laggirnar.

Ég heyri að hv. þm. Vilmundur Gylfason hefur beðið um orðið. Ég hlakka til að heyra hann koma hér í ræðustól því að ég er viss um að hann lýsir yfir að hann muni snúast gegn þessum skatti.

Frsm. minni hl. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir að standa hér upp og lýsa yfir skoðun sinni. Mér er alveg ljóst að þm. eru misjafnlega ánægðir með að leggja á nýja skatta eða samþykkja hækkun skatta svo ég get vel skilið sálarlíf hans hvað það snertir. Hins vegar vil ég benda honum á þetta í fullri vinsemd:

Hér er um að ræða sérstakan eignarskatt sem skal nema 1.4% af skattstofni. Vinstri stjórnin hækkaði haustið 1978 þessa skattlagningu um 50% og núna hækkar þessi skattstofn á milli ára samkvæmt nýframkomnu skattafrv. ríkisstj. aðeins um skattvísitöluna, sem er mjög mikið undir launabreytingum sem urðu á milli ára. Þó við sleppum þeim og lítum eingöngu á mismun fasteignaskatta og fasteignamats er meðaltal fasteignaskatta og fasteignamats mun hærra og sennilega ekki mikið undir 60% þó að ég þori ekki að fullyrða það nákvæmlega, en það er langt yfir 45% eins og skattvísitalan gerir ráð fyrir. Hæstv. ríkisstj. og þar með okkar kæru flokksbræður, sem því miður sitja í þeirri ríkisstj., verða því að gera sér grein fyrir því, að ofan á eignarskattana kom 50% álag að tilstuðlan vinstristjórnarflokkanna haustið 1978 og nú á milli áranna 1980 og 1981 eru þessir skattar í reynd stórhækkaðir hvað þetta snertir samkv. því skattalagafrv. sem ríkisstj. leggur núna fram. Það er því að bera í bakkafullan lækinn að leggja 1.4% sérstakan eignarskatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Það skiptir í sjálfu sér ekki höfuðmáli þó að það sé gert ráð fyrir þessum skatti í fjárlögum. Það eru margar breytingar gerðar á fjárlögum á yfirstandandi fjárlagaári. Ef menn viðurkenna að hér er um ranglátan skatt að ræða og að hafa gert vitleysu einu sinni er enn þá

tími til þess að bjarga sér. Það þarf ekki endilega að hlaupa út í djúpa á og sökkva í hylinn. Menn geta stöðvast á bakkanum þó þeir hafi farið óvarlega og of tæpt á bakkann. Það er enn þá hægt að bjarga sér. Menn þurfa ekki endilega að fara á bólakaf. Þetta vildi ég nú segja við hæstv. dómsmrh. og hæstv. landbrh. sem hlustar á þessar umr.

Hér er um mjög róttækar breytingar að ræða. Það er eftirtektarvert, að þegar við sjálfstæðismenn höfum verið í stjórn höfum við ekki farið lengra með eignarskattana en þetta. Í þau fjögur ár, sem við sátum í ríkisstj. með Framsfl., fór Framsfl. aldrei fram á hækkun á eignarsköttum fram yfir það sem þeir voru í lok stjórnartímabils ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar. Það er ekki fyrr en flokkurinn er kominn í vinstri stjórn sem þessi skattstofn er hækkaður um 50%, strax haustið 1978. Nú gerist það, hvort sem það er slys eða ásetningur, að eignarskattsstofninn hækkar aðeins um 45% á milli ára þegar liggur fyrir — eins og ég sagði áðan — nálægt 60% fasteignamats og fasteignaskatta. Þetta kemur ekki á auðmenn í landinu eina, það vitum við. Þetta kemur á venjulega húseigendur, á launafólkið í landinu. Þetta er aukaskattur til viðbótar á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Ef það voru rétt rök, sem fram voru borin haustið 1978 m. a. af Alþfl., verður Alþfl. að átta sig á því, að ekki dugir að vera í taumi hjá Framsfl. og Alþb. núna. Það var ógnarslys að þeir skyldu koma taumnum á Sighvat í nefndinni. Vilmundur Gylfason hefur flokkað krata í þrjá gæðaflokka og lakasti gæðaflokkurinn eru vanmetakratar. Ég hélt að það mundi aldrei henda Vilmund að tala fyrir vanmetakrata því Vilmundur er alls ekki skattpíningarmaður, síður en svo. En Sighvatur, veslings Sighvatur. Mér er sárt um það, af því að mér er vel við hann, að hann skuli lenda í þriðja gæðaflokki, ungur og hraustur maður. En Jón Baldvin Hannibalsson ber alveg af í þessum efnum. Hann er í fyrsta gæðaflokki og hann tekur skynsamlega á þessu máli. Hann álpast ekki í sama fenið og Sighvatur á eftir Alþb. og Framsókn, og hann er maður að meiri. En það er alveg eins með Vilmund Gylfason, m. a. s. Sighvat líka, að enn þá má bjarga sér frá að lenda á bólakaf í hylnum, alveg eins og flokksbræður okkar í ráðherrastólunum geta það enn þá, og fella þennan óskapnað, fella þessa trylltu skattlagningu Framsóknar og Alþb.

Það vantar ekki að Framsfl. er alltaf á móti öllum sköttum þegar framsóknarmenn koma saman til fundar. Það er engin furða þó að t. d. dagblaðið Tíminn sé alveg undrandi yfir því, að jafntraust forusta og er í Framsfl. skuli vera endurkosin, eins og blaðið sagði sjálft, og það með 98 eða 99% atkvæða. Þetta er svipað hlutfall og gamli Stalín fékk alltaf í sínu kjördæmi, gamli Grúsíu-Stalín. Það eru karlar sem kunna að halda á sálunum sínum. En hitt er svo annað mál, að ef þessi flokkur er skoðaður í hnotskurn, ef borið er saman samþykktir hans og gerðir, þá færu þeir, ef það eru einhverjir þar á bás sem hugsa, að efast um gæðin. Þá kæmust fáir í fyrsta eða annan gæðaflokk í Framsfl. Ég held þeir lendi þá allir í þriðja flokki þar, í úrkastinu. Ég veit ekki hvað þeir heita þar, flokkarnir, en þeir heita vanmetakratar í Alþfl. sem eru í þriðja flokki þar.

Ég ætla ekki að orðlengja frekar um þetta frv., en ég endurtek það við þá, sem ekki eru skattpíningarmenn, að halda ekki áfram að reyna að þvinga þetta mál í gegn. Þeir eru æðimargir hér í þinginu sem ekki eru skattpíningarmenn. Til eru hér í þingsölum menn sem aldrei finnst nóg lagt á af nýjum sköttum og vilja alltaf leggja fleiri nýja skatta á, en við hinir ættum að sameinast í því að fella þetta frv.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Það er auðvitað rétt sem fram kom hjá hv. þm. Friðrik Sophussyni, að m. a. ein ástæðan fyrir því, að þessi skattur, sem hér er til umræðu, var lagður á haustið 1978, var sú, að þá hafði hlaðist upp húsnæði í skjóli verðbólgugróða. Það er líka staðreynd að síðan þá hefur margt færst til betri vegar í vaxtamálum þó ekki sé það ástand orðið algott að vísu, en þær forsendur hafa allverulega breyst til batnaðar. En það verður samt að rifja upp að þetta var ekki nema ein af ástæðunum sem færðar voru sem rök fyrir þessum skatti. Önnur ástæða var sú, að það hefði verið fjárfest um of í verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Þessi skattur var á þeim tíma hugsaður sem hemill eða sem hagstjórnartæki. (**FrS:** Það er sama ástandið.) Ónei, það er alrangt. Það er hægt að fjárfesta og það er hægt að meta það stjórnmálalega að fjárfest sé of mikið þó að það sé ekki gert í skjóli neikvæðra vaxta. Þetta er kjarni málsins.

Ég segi það fyrir mig, að ég stóð að því að setja þennan skatt á á sínum tíma og tel ekki enn tímabært að leggja hann af. En ég sé hins vegar ekkert því til fyrirstöðu og tel það engum manni til vansæmdar að skipta um skoðun í máli sem þessu í ljósi breyttra aðstæðna. Það kann vel svo að fara að á næsta ári séu slíkar aðstæður komnar upp. En það er einfaldlega svo, og ég segi það fyrir mig og hygg að það sé skoðun flestra í þingflokki Alþfl., að við áttum þátt í því að setja þennan skatt á á sínum tíma. Fyrir því voru færð mjög veigamikil rök. Ég tel að forsendur hafi ekki breyst nógsamlega til þess að til baka sé horfið. Það þýðir á hinn bóginn á engan hátt að þessi skattur eigi að mínu mati að standa um alla eilífð.

Hér hefur hins vegar verið vikið að „prinsipmálum í sambandi við þetta. Hv. þm. Albert Guðmundsson hefur lýst því, að Sjálfstfl. sé eini flokkurinn sem sé treystandi í efnum sem þessum, að menn séu ekki skattpíndir. Það kemur auðvitað illilega heim og saman við þá afstöðu þeirra hæstv. ráðh. sem í ríkisstj. sitja og greiða þessu atkvæði, en telja sig sjálfstæðismenn. Og manni er spurn: Ef svo færi að Sjálfstfl. lenti í ríkisstj., jafnvel innan tíðar, mundi ekki allur flokkurinn hegða sér eins og þeir hæstv. ráðh. Friðjón og Pálmi? Er það ekki saga undanfarinna ára að Sjálfstfl. hafi ekki haft forustu um að afnema skatta? Þeir munu ganga í skattasveitina allir sem einn. Það var það sem gerðist 1974 eftir mikil kosningaloforð um skattalækkanir. Þá sagði þáv. hæstv. fjmrh. og barmaði sér yfir því, að þetta væri allt meira og minna bundið og ekki væri hægt að lækka skatta sem neinu næmi. Og mín hugmynd er sú, að kæmist Sjálfstfl. hér til áhrifa mundi þessi 17 manna minni hl. fylgja Friðjóni og Pálma og ekki öfugt, það yrði niðurstaðan.

Um enn eitt til viðbótar var hér spurt, hvernig á því stæði að borgarstjórn Reykjavíkur hefði einróma samþykkt andstöðu við þennan skatt. Þar situr hv. þm. Guðrún Helgadóttir. Hún hlýtur þá að vera einn af þessum 15. Og ég spyr: Ætlar hv. þm. að hafa aðra afstöðu hér en hann hefur haft í borgarstjórn Reykjavíkur?

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Ég hef hlýtt á þessar umr. og skal ekki fara út í þær mörgum orðum. Ég vil þó aðeins geta þess út af þessu lagafrv., að það

hefur komið til umr., eins og hæstv. dómsmrh. hefur hér getið um, við undirbúning fjárlaga að fella niður nokkra sérskatta og breyta skattalögum eftir því sem tekjuþörf fjárlaga gæti miðast við. Það var fellt niður nýbyggingagjald frá síðustu áramótum. Ég kom hingað í þennan ræðustól til þess að segja frá því, að ég held að það hafi ekki verið fyrir neina sérstaka baráttu eins stjórnarflokksins, eins og heyra mátti á máli hv. þm. Friðriks Sophussonar. Ég vil minna á að ég gaf mjög sterka yfirlýsingu í þá átt á fundi Stéttarsambands bænda áður en Alþingi kom saman, og það varð niðurstaðan að þessi skattur var felldur niður.

Það var einnig rætt um að breyta fleiri atriðum skattalaga. Nú hefur verið flutt frv. þar sem breytingar eru lagðar til. En eins og nú standa sakir höfum við fallist á að framlengja það gjald, sem hér er til meðferðar, til eins árs, enda þótt það sé rétt að hér sé um sérstakan skatt að ræða sem leggur nokkra mismunun á herðar gjaldþegna og getur ekki orðið til frambúðar.

Um almenn skattamál ætla ég ekki að ræða hér, enda þótt það hafi verið gert t. a. m. af hv. 1. þm. Vestf. En ég vil geta þess í sambandi við það frv. sem hér var til 1. umr. í gær, að nokkrar greinar þess frv. eru með fyrirvara af hálfu ríkisstj. þann veg að þær geti orðið athugaðar í þingnefnd og könnuð betur þau gögn sem unnt er að afla á þeim tíma sem til stefnu er til að kynna sér hvernig þær breytingar verka. Það er þess vegna hugsanlegt að frv. kunni að breytast eitthvað í meðförum þingsins. Ríkisstj. hefur engu slegið föstu um að það sé lagt fram þannig að það komi ekki til greina að endanleg gerð þess verði eitthvað önnur. — Ég heyrði ekki nákvæmlega hvað hv. þm. sagði um eignarskattinn, en þar geta verið atriði sem að mínum dómi komi til álita að taka til athugunar.

Ég vil ekki vera að tefja þessa umr. að öðru leyti en því, að þó að fjárlög séu áætlun um tekjur og gjöld ríkisins er það skylda ríkisstj. hverju sinni að halda svo á málum að a. m. k. séu líkur til þess að jöfnuður geti verið á ríkisfjármálum. Ég vil auðvitað segja það, að eðlilegt er að þm. sem aðrir í landinu vilji gjarnan lækka skatta. En hafi menn uppi tillögur um skattalækkanir hlýtur að verða að krefjast þess, að þeim tillögum sé fylgt eftir með öðrum tillögum um sparnað í útgjöldum ríkisins.

Vegna þess að hér hafa flokksbræður mínir talað nokkuð til okkar hæstv. dómsmrh. minnist ég þess til að mynda, að við afgreiðslu fjárlaga nú fyrir jólin fluttu þessir sömu flokksbræður okkar tillögur um aukin útgjöld ríkisins sem námu 5.5 milljörðum kr. Þeir fluttu að vísu tillögur um lækkun ríkisútgjalda, en þær till. námu aðeins 0.3 milljörðum kr. eða milli 0.3 og 0.4 milljarða kr. Þarna var ærinn munur á og var auðvitað lítið samræmi í og litla ábyrgð að finna í þeim tillöguflutningi öllum. Þannig er það stundum þegar þm. úr stjórnarandstöðu flytja till. um lækkun á tekjuöflun ríkisins, en þá verður auðvitað að krefjast þess, að þeim till. fylgi jafnharðan till. um sparnað í ríkisútgjöldum.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Sagt er að fálkinn gráti þegar að því kemur að hann éti hjartað í þeirri rjúpu sem hann er nýbúinn að veiða. Mér finnst að eins fari fyrir Sjálfstfl. þegar rætt er um skattlagningu á verslunarhús eða á verslunina í landinu yfirleitt. Þá er komið við hjartað í rjúpunni og þá grætur Sjálfstfl.

Þegar þessi skattur, sem hér er til umr., var lagður á haustið 1978 var m. a. haft í huga að draga úr miklum verðbólgugróða í þessum efnum, eins og hv. þm. Friðrik Sophusson kom inn á. Einnig var haft í huga að draga úr þenslu í þjóðfélaginu, og átti það þó einkum við um nýbyggingagjaldið. Því til viðbótar má svo geta þess, að það virðist vera nægilega mikið til af verslunar- og skrifstofuhúsnæði í landinu. Það var nægilega mikið til og það er enn þá nægilega mikið til. Að öðrum þræði var þessi skattlagning auðvitað, eins og öll önnur skattlagning, hugsuð sem tekjuöflun ríkissjóðs. Ef létta á af einum skatti hlýtur það að koma niður einhvers staðar annars staðar. Þá verður að hækka skatta einhvers staðar annars staðar, nema samtímis sé dregið á einhvern ákveðinn hátt úr útgjöldum ríkissjóðs með einhverjum áþreifanlegum hætti, en það hefur ekki verið lagt til í þessu tilefni.

Að mínu mati er réttara — ég a. m. k. vil það heldur — að leggja skatt á verslun í landinu en launþega og því styð ég þetta frv.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég þakka fyrst frsm. n., hv. 5. þm. Norðurl. v., þá glöggu skilgreiningu sem hann gaf mér á því, hvernig yrði farið með þylsuvagna í sambandi við þá verslunarálagningu sem hér um ræðir. En ég kvaddi mér nú ekki einkum hljóðs til þess, heldur til að víkja nokkrum orðum að hæstv. landbrh., sem að vísu er ekki í salnum, en má kannske segja að bættur sé skaðinn. Hann hefur verið einn þeirra manna í Sjálfstfl. sem alla tíð hafa viljað leggja mikla áherslu á að Sjálfstfl. gætti hófs í skattaálögum. Einkum var það svo í sambandi við eignarskattinn meðan formaður flokksins var forsrh. og 1. þm. Reykn. var fjmrh. Frá þeim tíma minnast menn þess, eins og t. d. ég, að það var ekki alltaf sem glögg grein var gerð fyrir því innan okkar flokks hvernig ætti að halda á sparnaðartillögum í sambandi við fjárlög.

Ef við tökum eignarskattinn í fjárlögum ársins 1980 kemur í ljós að hann var 2.7 milljarðar á einstaklingum. Nú hefur eignarskattur á einstaklingum verið hækkaður upp í 6 milljarða á fjárlögum yfirstandandi árs. Hann hefur meira en tvöfaldast. Ef við lítum á þann sérstaka skatt sem hér er til umræðu, þ. e. skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, þá var hann í fjárlögum fyrir árið 1979 eða áður en hæstv. landbrh. komst í ríkisstj. 550 millj. kr., en í fjárlögum yfirstandandi árs hefur hann hækkað upp í 2 milljarða og 200 þús. gkr. eða fjórfaldast á þeim tíma sem hann hefur setið í ríkisstj. Það er þess vegna síður en svo að við séum að tala um það hér, flokksbræður hans, að hann eða sú ríkisstj., sem nú sitji, eigi að skila einhverju sem hafi verið innbyggt í kerfið áður en þeir urðu ráðherrar. Við erum í sambandi við eignarskattinn einungis að biðja þá um að láta sér nægja það sem áður var.

Þegar hæstv. landbrh. talaði hér áðan um fjárlögin láðist honum að geta þess, sem fram kom hjá hæstv. fjmrh. við útlistun málsins, að í tekjuhlið fjárlagafrv. var um verulegar greiðslur að ræða, m. a. varðandi tekju- og eignarskatt, sem voru ofáætlaðar. Verulegur hluti af brtt. sjálfstæðismanna kom inn á þessa þætti. Vitaskuld skiptir það þó ekki máli þegar markmiðið með orðum hans var að reyna að gefa ranga mynd af málflutningi sjálfstæðismanna við afgreiðslu fjárlaga, en halda sér ekki við staðreyndir málsins. Er raunar hörmulegt til þess að vita. Þar sem hæstv. landbrh. hefur horfið af fundi skal ég ekki ræða þetta nánar, en fróðlegt hefði verið að varpa til hans fsp. út af þeim ummælum sem hann lét hér falla.

Ég vil svo rifja það upp í sambandi við það, að ýmsir vilja nú eigna sér þennan skatt sem lagður er á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, að í tillögum Alþb. í efnahags- og atvinnumálum, sem lagðar voru fram fyrir kosningarnar 1978, segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Sérstakur stighækkandi fasteignaskattur verði lagður á skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Skattinum verði varið til framleiðslu- og framleiðniskapandi aðgerða hjá útflutningsatvinnuvegunum."

Það liggur því alveg ljóst fyrir hvaðan þessi skattur er upprunninn. Þessi skattur var búinn til á skrifstofu Alþb. og hefur m. a. þann tilgang að reyna að brjóta niður heilbrigða verslunarhætti. Ein af afleiðingum þessa skatts er sú, eins og hv. 1. landsk. þm. sagði áðan, að erfiðlegar gengur en ella að halda uppi viðunandi launakjörum hjá skrifstofu- og verslunarfólki, en við vitum að í hópi þess fólks er nú lægst launaða fólkið í landinu, sem hefur engin tök á því að koma vinnu sinni inn í nein framleiðsluhvetjandi kerfi eða akkorð. En eins og ég sagði áðan stendur þessi skattur í beinu samhengi við það, að forsvarsmenn Alþb. hafa löngum talið verslunar- og skrifstofufólk annars flokks fólk í landinu og þennan atvinnurekstur annars flokks og ekki skilið þýðingu hans, hvorki fyrir landið í heild né hinar strjálu byggðir.

Á hinn bóginn gleður það mig að það skuli vera komið fram hjá tveim af ráðh. Framsfl., eins og ég gat um áðan, hjá formanni Framsfl., Steingrími Hermannssyni, og hjá hæstv. viðskrh., að þeir muni beita sér innan ríkisstj. fyrir því, að þessi skattur verði lagður niður í framtíðinni.

Að síðustu vil ég svo ítreka það sem sagt var, að það skýtur nokkuð skökku við þegar fulltrúar Alþb. í borgarstjórn Reykjavíkur treysta sér ekki til að standa með þessari skattlagningu þar, en þótt sömu menn eigi sæti hér í Alþingi skuli enginn þeirra fást til að standa upp og útskýra sjónarmið þess flokks.

Ánægjulegt er þegar maður á borð við Jón Baldvin Hannibalsson á sæti hér á Alþingi fyrir Alþfl. Meðan svo er standa a. m. k. vonir til þess, að heilbrigð rödd heyrist úr þeim herbúðum varðandi atvinnuvegina, en það hefur verið mjög áberandi í sambandi við skattalagastefnu Alþfl. að hún hefur verið fjandsamleg atvinnuvegunum upp á síðkastið og fleiri en versluninni, eins og við sjáum m. a. á þeim brtt. sem Alþfl. gerði í sambandi við tekjuskatt félaga í sambandi við fjárlagaafgreiðsluna. Tillögur Alþfl. varðandi tekjuskattinn eru því líka fjandsamlegar atvinnuvegunum og koma til af því að ýmsir af forustumönnum Alþfl. í seinni tíð hafa ekki skilning á því, að höfuðmein okkar um þessar mundir er sprottið af því að atvinnuvegunum hefur ekki verið gefið nægilegt svigrúm og af því að þannig hefur verið haldið á skattgjalds- og verðlagsmálum að eðlilegt eigið fé hefur ekki myndast í atvinnurekstrinum. Af því súpum við seyðið nú og af því stafar m. a. að lífskjör fara hér versnandi ár frá ári, vanskilaskuldir hrannast upp og við fáum ekki við neitt ráðið.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 72. fundur.

Fimmtudaginn 9. apríl, kl. 2 miðdegis.

Orkuflutningur til Vesturlands, fsp. (þskj. 532). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Skúli Alexandersson): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 532 að leggja fyrir hæstv. iðnrh. svohljóðandi spurningar:

1. Hvaða þátt á sú bilun, sem verið hefur á rafmagnssæstrengnum yfir Hvalfjörð frá 23. des. s. l., í þeim rafmagnstruflunum sem verið hafa á Vesturlandi undanfarið?
2. Eru fleiri ástæður en veðurfar sem komið hafa í veg fyrir viðgerð á Hvalfjarðarstrengnum?
3. Hvaða áætlanir eru til um nýjar flutningslínur raforku til og um Vesturland?
4. Hvernig verður brugðist við og aflað raforku fyrir Vesturland ef bilanir verða á línunni frá Geithálsi að Vatnshömrum í Borgarfirði? Er þá t. d. búnaður til staðar til að fá raforku frá Norðurlandi á vestursvæðið?

Þessar spurningar mínar eru fyrst og fremst til komnar af því, að á s. l. vetri hafa verið meiri og minni rafmagnstruflanir á Vesturlandi og hvaða þátt sú bilun, sem átti sér stað í sambandi við sæstrenginn yfir Hvalfjörð, á í þeim. Okkur hafði reyndar verið sagt að sá strengur ætti ekki að skipta miklu máli eftir að línan frá Geithálsi fyrir Hvalfjörð væri komin. Okkur hefur verið sagt nú að truflanirnar stafi fyrst og fremst af því, að þessi strengur sé bilaður og orkubúnaðurinn á Vatnshömrum væri þannig, að þegar orka kæmi ekki eftir þessum streng skilaði sér ekki eðlileg orka á vestursvæðið.

Önnur spurningin er þessi: Eru fleiri ástæður en veðurfar sem komið hafa í veg fyrir viðgerð á Hvalfjarðarstrengnum?

Frá því 23. des. hefur þessi strengur verið bilaður. Það er ótrúleg saga að það geti átt sér stað að ekki sé hægt að gera við rafmagnsflutningslínu á öllum þessum tíma. Það þarf að kanna þetta mál vel ef vera kynni að það ástand endurtæki sig að heill vetur liði án þess að gert væri við flutningslínu sem þessa. Það er erfitt að trúa því að ekki valdi fleiri ástæður en sú ein að veðurfar hafi hamlað.

Þriðja spurningin er um áætlanir um nýjar flutningslínur til Vesturlands. Eins og ástandið er í dag er þarna aðeins ein flutningslína, þ. e línan frá Brennimel um Skarðsheiði. Ef sú lína bilar er mjög lítið vararafmagn fyrir hendi á Vesturlandi þannig að mikill hluti svæðisins yrði rafmagnslaus og skömmtun mjög mikil. Það er mjög knýjandi að ný lína, aukalína, komi um þetta svæði sem tryggi flutning á svæðið við bilun Skarðsheiðarlínunnar.

Í fjórða lagi er svo spurning um það, hvort ekki mætti bregða á það ráð að fá rafmagn frá Norðurlandi ef línan um Skarðsheiði bilar. Í vetur þegar þetta kom fyrir, að línan um Skarðsheiði bilaði, virtust engin tök á því að fá rafmagn frá Norðvesturlandi, sem er nú reyndar, eins og hv. þm. vita, mjög takmarkað, en það hefði getað breytt mjög miklu um skömmtun á Vesturlandi. Það virtust engin tök vera á því að fá rafmagn frá Hrútatungu yfir að Glerárskógum eða inn á vesturlínuna frá Norðurlandi. Það er vitaskuld höfuðatriði að þessi flutningur geti átt sér stað, að hringtengingin verki á báða vegu. Þessi

spurning er fyrst og fremst fram borin til að leggja áherslu á það, að þannig verði búið um hnúta að hringtengingin verki alveg eins í vesturátt og í norður og austur.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég ætla að reyna að veita hv. 4. þm. Vesturl. nokkra úrlausn við fsp. hans og hef leitað til þess aðila sem með þessi mál hefur að gera fyrir hönd ríkisins, Rafmagnsveitnanna, eftir svörum eða áliti á þeim spurningum sem hér koma frá hv. þm.

Fyrsta spurning hv. þm., sem hann hefur þegar mælt hér fyrir, hljóðar þannig: Hvaða þátt á sú bilun, sem verið hefur á rafmagnssæstrengnum yfir Hvalfjörð frá 23. des. s. l. í þeim rafmagnstruflunum sem verið hafa á Vesturlandi undanfarið?

Og svarið er: Lítinn sem engan. Þess má þó geta, að í tveimur tilvikum á bilanatímabili strengsins hefði rafmagnstruflun á Vesturlandi staðið skemur en raun varð á ef strengurinn hefði ekki verið bilaður. — Og ég bæti hér við frá eigin brjósti að flutningurinn eftir línunni fyrir Hvalfjörðinn kemur inn í þetta mat sem þarna kemur fram hjá Rafmagnsveitunum eins og ég sé það.

Önnur spurning: Eru fleiri ástæður en veðurfar sem komið hafa í veg fyrir viðgerð á Hvalfjarðarstrengnum?

Svar: Strengurinn er orðinn 23 ára. Við skoðun á honum neðansjávar hefur komið í ljós tæring á hlífðarkápu a. m. k. á einum stað í námunda við bilunarstaðinn. Vegna sífelldrar ótíðar og hafróts hefur ekki reynst kleift að kafa meðfram öllum strengnum, eins og nauðsynlegt er áður en til viðgerðar kemur, en hún er ráðgerð í maímánuði n. k.

Þriðja spurning: Hvaða áætlanir eru til um nýjar flutningslínur raforku til Vesturlands og um Vesturland?

Svar: Áætlað er að ný lína 220 kílóvolt frá Hrauneyjafossi að Brennimel í Hvalfirði verði tengd haustið 1982. Þá er áætlað að ný lína 132 kílóvolt verði lögð frá Brennimel að Vatnshömrum 1984 og frá Vatnshömrum til Glerárskóga í Dölum 1985, einnig 132 kílóvolta lína. Þá er á áætlun lína frá Ólafsvík til Hellissands sem ráðgert er að leggja á þessu ári, 19 kílóvolt, og ráðgerð er 66 kílóvolta lína frá Stykkishólmi til Grundarfjarðar. Fyrirhugað er samkv. fyrirliggjandi áætlunum að hún komi á árunum 1986 til 1987.

Fjórða og síðasta spurning hv. þm. er þannig: Hvernig verður brugðist við og aflað raforku fyrir Vesturland ef bilanir verða á línunni frá Geithálsi að Vatnshömrum í Borgarfirði? Er þá t. d. búnaður til staðar til að fá raforku frá Norðurlandi á vestursvæðið?

Svarið er: Takist að gera við sæstrenginn yfir Hvalfjörð og halda honum í rekstri er hægt að þjóna Vesturlandi, Snæfellsnesinu um hann. Að öðrum kosti getur orðið knappt um raforku á Vesturlandi, suðvestanvert eða sunnanvert, ef línur frá Geithálsi, Brennimel og Vatnshömrum eða þar á milli bila.

Ég vænti þess, að þessi svör veiti nokkra úrlausn í því sem hér er spurt um. Ég tek undir það sem hér kom fram og áður hefur heyrst, að afar þýðingarmikið er að huga að því að flutningskerfi raforkunnar sé í sem bestu lagi. Það er ekki nóg að hafa virkjanir og dreifa þeim um landið þannig að þær komi með eðlilegum hætti inn á okkar raforkukerfi. Flutningskerfin þurfa líka að vera sem traustust. Og þar skiptir máli, eins og raunar kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda, að menn hafi möskvatengingar eða hringtengingar sem stundum eru svo kallaðar. Og hringtenging byggðalínanna, lokun byggðalínuhringsins milli Austurlands og Suðurlands skiptir mjög miklu máli í þessu samhengi.

Ég vænti þess að hvorki standi á framkvæmdavaldinu né hv. Alþingi að tryggja framgang þessa máls og menn hafi það vel í huga í sambandi við fjárveitingar til orkumála, að tengilínurnar, meginstofnlínur, sem og annað dreifikerfi þarf fjárveitingar til þess að hægt sé að halda því í eðlilegu horfi. Það þarf að huga að þeim þáttum ekki síður en að sjálfri raforkuöfluninni, virkjanaframkvæmdum.

Fyrirspyrjandi (Skúli Alexandersson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. svör hans þó að mér finnist sumt ekki alveg koma heim við það sem reynslan hefur sagt okkur á Vesturlandi.

Í fyrsta lagi í sambandi við svar hans við fyrstu spurningunni, að bilunin á strengnum yfir Hvalfjörð hafi lítil sem engin áhrif á raforkuflutninginn til Vesturlands, þá held ég að það sé því miður ekki rétt. Það er kannske ekki vegna þess að ekki sé fyrir hendi eðlileg flutningsgeta á línum, heldur er það vegna þess að spennubreytar á Vatnshömrum eru ekki nógu stórir til að sinna því hlutverki að miðla rafmagni bæði vestur og til baka niður á Akranes. En ég veit að að því er stefnt að laga þá hluti. Þessi bilun hefur einmitt valdið truflunum á Vesturlandi í vetur.

Ég undirstrika það sem ég sagði áðan: Það er dálítið kaldhæðnislegt við það að búa að sæstrengur, rafmagnsflutningsstrengur eins og sá sem er yfir Hvalfjörð, skuli vera bilaður a. m. k. frá því á Þorláksmessu og fram í maí, ekki síst þegar það er síðan staðfest í svari hæstv. ráðh. að hugmyndin sé að við á Vesturlandi búum við flutning og öryggi í raforku sem verði m. a. tengt þessum streng. Það má alveg eins búast við því að þessi strengur fari aftur í sundur á næstu Þorláksmessu og á næsta vetri verði svipað ástand og nú er.

Ég fagna þeim áætlunum sem uppi eru um hinar væntanlegu flutningslínur, en finnst skrýtið að það skuli ekki vera spennuhærri lína sem á að koma milli Ólafsvíkur og Hellissands en hæstv. ráðh. gaf upp. Ég tel að þar ætti að byggja upp 66 kílóvolta línu alveg eins og búið er að gera til Ólafsvíkur og stefnt er að að gera milli Grundarfjarðar og Stykkishólms.

En ég vil lýsa því yfir að ég fagna áætlunum í sambandi við línuna frá Brennimel um Vatnshamra að Glerárskógum. Það er möskvatenging sem tryggir okkur. Og fyrr erum við vitaskuld ekki orðin trygg um rafmagn á Vesturlandi en þar er komin tvöföld lína.

Svarið við síðustu spruningunni finnst mér heldur verra. Þar er raunverulega ekki svarað því sem ég spurði um. Ég gerði grein fyrir því ástandi sem nú er og verður a. m. k. til 1984, að eingöngu er um að ræða flutningslínuna frá Geithálsi plús vonandi sæstrenginn við Hvalfjörð. Ef þessi lína bilar er næstum því rafmagnslaust eða mjög lítið vararafmagn á Vesturlandi. Sú skömmtun, sem þar var framkvæmd í vetur, var þannig að rafmagnslaust var í 8 tíma, síðan rafmagn í klukkutíma. Við það að tengjast Norðurlandi, sem er með svo mikið varaafl eins og stendur í dag að þar þurfti ekki neina skömmtun þegar byggðalínan fór í sundur, mundi skömmtunaraðstaða Vesturlands breytast til batnaðar. Sama er vitaskuld að segja um Vestfirði ef inn á Vest-

fjarðasvæðið kæmi straumur frá Norðvesturlandi. Það mætti hugsa sér að dæmið lagaðist, að í stað 8 tíma rafmagnsleysis og klukkutíma rafmagns í skömmtunarkerfi yrði 4 tíma rafmagnsleysi og 2 tíma rafmagn.

Ég vildi aðeins leggja áherslu á það, að ég tel að einmitt sú lausn að tengjast vel Norðurlandinu gagnvart raforkuflutningi sé mjög nauðsynleg fyrir Vesturland og Vestfirði og að það verði undirbúið fyrir næsta vetur.

Störf verkefnaskiptingarnefndar, fsp. (þskj. 485). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jóhann Einvarðsson): Herra forseti. Á þskj. 485 hef ég leyft mér að bera fram svohljóðandi fsp. til hæstv. félmrh. varðandi störf verkefnaskiptingarnefndar:

„Hvað líður störfum nefndar þeirrar sem félmrh. skipaði á árinu 1976 til þess að endurskoða verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og hvaða áætlanir eru um framhald málsins er nefndin lýkur störfum?"

Um það leyti sem ég var að ganga frá þessari fsp. komst ég að því, að nefndin hafði lokið störfum í des. s. l. og verið var að ganga frá nál. Að höfðu samráði við hæstv. ráðh. var ákveðið að ég legði þessa fsp. hér fram engu að síður og honum gæfist þá kostur á að leggja fram skýrslu nefndarinnar — sem hann hefur þegar gert — hér á þinginu og vil ég þakka fyrir það. Í raun er því fyrri hluta fsp. minnar svarað.

Síðari hlutinn, um hvað fram undan sé eftir að nefndin hefur lokið störfum sínum, er raunverulega sá liður fsp. sem eftir stendur og þarf ég ekki að fara mörgum orðum um hann. Ég óska sem sagt svars við þeirri spurningu um leið og ég legg auðvitað áherslu á að hraðað verði að taka afstöðu til þessarar skýrslu nefndarinnar sem í rauninni er mikil og gagnleg. Og um leið og framhaldið verður ákveðið legg ég áherslu á að haft verði fullt samráð við Samband ísl. sveitarfélaga um framhald málsins til þess að bæta úr því ástandi sem nú er í samskiptum ríkis og sveitarfélaga sem er í raun og veru allt of flókið.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að hafa lengri framsögu um þessa einföldu spurningu.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Hinn 26. febr., 1976 skipaði þáv. félmrh., Gunnar Thoroddsen, nefnd til að fjalla um skiptingu verkefna og tekjustofna milli ríkis og sveitarfélaga svo og um önnur samskipti þeirra. Formaður nefndarinnar var skipaður Hallgrímur Dalberg ráðuneytisstjóri og með honum voru skipaðir í nefndina fimm menn samkv. tilnefningu Sambands ísl. sveitarfélaga og fjórir af félmrh. án tilnefningar.

Nefndinni var ekki ætlað að semja frv. til l. um breytingar á samskiptum ríkis og sveitarfélaga, heldur aðeins að taka saman og skila félmrh. álitsgerð um málið. Nefndinni var ekki settur neinn ákveðinn frestur til að skila álitsgerð sinni. Nefndin ákvað að haga starfi sínu þannig að í fyrsta hluta álitsgerðar yrði gerð grein fyrir grundvallarsjónarmiðum hennar og gerðar tillögur um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélags án þess að fjármál væru brotin til mergjar, síðan lagðar fram till. um stjórnsýslukerfið og loks um tekjustofna sveitarfélaga.

Fyrsta áfanga skýrslunnar, sem fjallar um grundvallarsjónarmið og verkefnaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga, var skilað í hendur félmrh. 17. apríl 1976. Þegar hér var komið var gert nokkurt hlé á störfum nefndarinnar eða frá apríl 1978 þar til í febr. 1979. Ollu því fyrst og fremst sveitarstjórnar- og alþingiskosningar sumarið 1978 svo og stjórnarmyndunarviðræður og stjórnarskipti haustið 1978.

28. febr. 1979 skipaði þáv. félmrh. Magnús H. Magnússon sex nýja menn í nefndina og leysti jafnframt jafnmarga nefndarmenn frá störfum.

Áskell Einarsson, framkvæmdastjóri Fjórðungssambands Norðlendinga, starfaði sem áheyrnarfulltrúi í verkefnaskiptingarnefndinni frá sama tíma.

Annarri áfangaskýrslunni, sem fjallar um stjórnsýslukerfið, skilaði nefndin í hendur félmrh. 29. jan. 1980. Loks skilaði nefndin þriðju áfangaskýrslunni, sem fjallar um tekjustofnamál sveitarfélaga, til félmrh. 8. des. s. l. Allar þessar áfangaskýrslur hafa jafnóðum verið sérprentaðar og hefur þeim verið dreift meðal sveitarstjórnarmanna og fleiri aðila.

Hvað varðar framhald málsins nú þegar nefndin hefur lokið störfum er því til að svara í fyrsta lagi, að félmrn. og Samband ísl. sveitarfélaga hafa látið prenta í einni sérstakri handbók allar álitsgerðir nefndarinnar og hefur þessari handbók verið dreift til þm. nýverið, þannig að þeir, sem hlut eiga að máli, geta kynnt sér efni þessara skýrslna.

Í öðru lagi hef ég, eftir að hafa kynnt málið í ríkisstj., ákveðið í framhaldi af störfum nefndarinnar að skipa nefnd er hafi það hlutverk að endurskoða sveitarstjórnarlög, nr. 58 1961, með síðari breytingum, svo og lög nr. 70 1970, um sameiningu sveitarfélaga, og lög nr. 5 1962, um sveitarstjórnarkosningar.

Vænti ég þess, að sú nefnd geti orðið til innan skamms og verður þá gerð grein fyrir því opinberlega.

Aðstoð ríkissjóðs við Siglósíld, fsp. (þskj. 485). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja fsp. til hæstv. fjmrh. um aðstoð ríkissjóðs við Lagmetisverksmiðjuna Siglósíld. Fsp. er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Hve miklu nema bein framlög ríkissjóðs til Lagmetisverksmiðjunnar Siglósíldar samkv. ríkisreikningi og fjárlögum frá 1973—1981, að báðum árum meðtöldum?

2. Hve miklu nema ábyrgðir ríkissjóðs að auki vegna lána sem tekin hafa verið af fyrirtækinu eða ríkissjóði?

3. Hver er lagaheimild fyrir „aukafjárveitingar" úr ríkissjóði til fyrirtækisins á s. l. ári að upphæð 150 millj. gkr?

4. Hvaða fordæmi eru fyrir slíkum beinum „aukafjárveitingum" til B-hluta fyrirtækja ríkissjóðs?"

Eins og kunnugt er, þá er Lagmetisiðjan Siglósíld í eigu ríkissjóðs. Á undanförnum árum hefur reksturinn gengið þunglega og ríkissjóður hefur oft hlaupið undir bagga með þessari verksmiðju í einu eða öðru formi. Er fyrsti hluti fsp. til þess að freista þess að fá upplýst hversu mikil þessi aðstoð hefur verið — raunar fyrsti og annar liðurinn. Í fyrrahaust, þegar unnið var að undirbúningi fjárlagagerðar fyrir árið í ár, fengu fjvn.-menn upplýsingar um það, að hæstv. fjmrh., sem jafnframt er þm. Norðurlandskjördæmis vestra eins og kunnugt er, hefði veitt fyrirtækinu að auki — fyrir utan margvíslega aðstoð

sem fyrirtækið hafði fengið samkv. fjárlögum og lánsfjárlögum og öðrum heimildum — aukafjárveitingu að upphæð 150 millj. gkr. sem — að því að okkur var tjáð eða skilja mátti — væri endanlegur styrkur til fyrirtækisins úr ríkissjóði, af almannafé.

Mér vitanlega hafa ekki tíðkast fyrr slíkar aukafjárveitingar til B-hluta fyrirtækja eða ríkisfyrirtækja án lagaheimilda, a. m. k. ekki eftir að ég fór að fylgjast með fjármálum ríkisins. Þess vegna spyr ég hvort fordæmi séu fyrir slíkum aukafjárveitingum. Þær kunna að hafa farið fram hjá mér. Mér er kunnugt um að ýmis B-hluta fyrirtæki hafa fengið lán úr ríkissjóði eða með aðstoð ríkissjóðs, en ekki að B-hluta fyrirtæki hafi fengið beinar óafturkræfar aukafjárveitingar eins og mér skilst að hér sé um að tefla. Það er auðvitað mikið alvörumál ef svo á að vinna að málefnum ríkisfyrirtækja að þau geti fengið bæði beina og óbeina aðstoð úr ríkissjóði, hvað þá ef um er að ræða heimildarlausa aðstoð, á sama tíma og fyrirtæki, sem eru rekin í öðru formi, félagaformi eða samvinnufélagaformi eða formi hlutafélaga eða í eigu einstaklinga, fá enga viðlíka fyrirgreiðslu. Þetta hlýtur að enda með því, að þau fyrirtæki sem eru þá í opinberri eign — ef þau eru rekin á skaplegan hátt — ættu þá að sjálfsögðu að setja önnur fyrirtæki við hliðina á sér á hausinn.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Hv. þm. Lárus Jónsson hefur beint til mín nokkrum fsp. sem varða aðstoð ríkissjóðs við Lagmetisiðjuna Siglósíld.

Fyrsta spurningin er þessi: „Hve miklu nema bein framlög ríkissjóðs til Lagmetisiðjunnar Siglósíldar samkvæmt ríkisreikningi og fjárlögum frá 1973 til 1981 að báðum árum meðtöldum?"

Á árinu 1979 varð Lagmetisiðjan Siglósíld fyrir því að framleiðsla verksmiðjunnar á Rússlandsmarkað var ekki flutt þangað og eyðilagðist. Var litið svo á að ríkið eða ríkisstofnanir hefðu tekið á sig ábyrgð af því og þá fyrst og fremst iðnrn. og heilbrigðisyfirvöld, en deilt var um hvort hyggilegt væri að senda gallaða vöru á Rússlandsmarkað. Talið var að afskipti stjórnvalda af þessum útflutningi hefðu verið þess eðlis að ekki kæmi til greina annað en að ríkið bæri alfarið ábyrgð á þessu tjóni sem var upp á 96 millj. kr. Fjárveiting vegna þessa tjóns var í fjárlögum 1980 þó að greiðslan kæmi raunverulega á árinu 1979.

Á s. l. sumri, þegar skipt var um stjórn í fyrirtækinu og ráðinn nýr framkvæmdastjóri, kom í ljós að verulegur taprekstur hafði orðið hjá verksmiðjunni á fyrri hluta s. l. árs. Var hann talinn nema tæpum 200 millj. kr. Ákvörðun var þá tekin um að stöðva þennan rekstur og endurskipuleggja framleiðslu verksmiðjunnar og gera ráð fyrir að teknar yrðu upp nýjar framleiðsluaðferðir og framleiðsla úr öðrum tegundum sjávarafurða að nokkru leyti en verið hafði. Það lá ljóst fyrir samkvæmt áliti fróðustu manna, að ríkissjóður bæri fulla ábyrgð á þessu mati og aðeins væri um tvennt að ræða: að loka verksmiðjunni — og ríkissjóður hefði þá orðið að greiða þetta tap — ellegar þá að gera verksmiðjunni kleift að halda starfseminni áfram á nýjum grundvelli. Aukafjárveitingarbeiðni barst frá iðnrn. til að leysa málið með þessu síðara mót og hún var samþykkt á s. l. hausti og nam 150 millj. kr.

Þessi verksmiðja hefur staðið allvel að vígi flest árin og taprekstur af þessu tagi hefur ekki áður verið — í svo ríkum mæli a. m. k. Sum árin hafa komið vel út, en önnur illa, eins og gengur, en í heildina tekið hefur þessi rekstur gengið allsæmilega þangað til á seinasta ári.

Á fjárlögum ársins 1973 var 5 millj. kr. fjárveiting til verksmiðjunnar, 1974 aftur 5 millj., 1975 aftur 5 millj., og samkvæmt ríkisreikningi var sama upphæð greidd til verksmiðjunnar. Aftur á móti var ekki nein fjárveiting til verksmiðjunar á fjárlögum á árunum 1976, 1977, 1978 og 1979. Hins vegar hefur verksmiðjunni verið greitt beint framlag á árinu 1976 að upphæð 10 millj. kr., sem er þá aukafjárveiting á því ári og skýrist væntanlega af taprekstri á því ári ellegar fjárfestingum. Ég hef ekki haft aðstöðu til að kanna hvernig því var háttað á sínum tíma.

Að öðru leyti vil ég svara þessum lið fsp. á þann hátt, að í fjárlögum 1981 er framlag úr ríkissjóði áætlað 100 millj. kr. og er það vegna fjárfestingarframkvæmda.

Í öðrum lið fsp. er spurt: „Hve miklu nema ábyrgðir ríkissjóðs að auki vegna lána sem tekin hafa verið af fyrirtækinu eða ríkissjóði?"

Svar: Ríkisábyrgð á láni vegna vélakaupa í Þýskalandi, útgefin 24. 5. 1974 til þriggja ára, þýsk mörk 87 þús. Lánveitandi Landsbanki Íslands. Lánveiting af endurlánum ríkissjóðs 1980 50 millj. gkr.

Þriðja spurning: „*Hver er lagaheimild fyrir* „*aukafjárveitingu*" úr ríkissjóði til fyrirtækisins á s. l. ári að upphæð 150 millj. gkr.?"

Til svars við þessari spurningu skal vakin athygli á því, að lagaheimild til þessarar aukafjárveitingar úr ríkissjóði er nákvæmlega sú sama og endranær þegar fjmrh. ákveður fjárveitingu úr ríkissjóði sem ekki er gert ráð fyrir í reglulegum fjárlögum yfirstandandi fjárlagaárs. Í 42. gr. stjórnarskrárinnar er gert ráð fyrir að heimilt sé að leggja frv. til fjáraukalaga fyrir Alþingi. Til nánari skýringar vil ég leyfa mér að vísa til rits prófessors Ólafs Jóhannessonar, Stjórnskipun Íslands, útgefins 1978 af Gunnari G. Schram prófessor. Á bls. 313 segir um þetta efni m. a. með leyfi forseta:

„Fjáraukalög eru jafnan samþykkt eftir á, og eru teknar upp í þau þær fjárveitingar sem stjórnin hefur innt af hendi á liðnu fjárhagstímabili umfram fjárlagaheimild eða án heimildar í fjárlögum. Hefur þannig myndast sú venja, að heimild eftir á fyrir fjárveitingum væri nægileg, og oftlega eru þá af hendi inntar fjárgreiðslur umfram það sem leyft er í fjárlögum, stundum í samráði við fjvn., en einnig oft án samráðs, í því trausti að Alþingi samþykki fjárveitinguna eftir á í fjáraukalögum."

Ég hygg að það, sem hér hefur verið rakið, feli í sér fullnægjandi svar við þeirri fsp. sem hér er til umræðu. Til viðbótar má þó bæta því við, að í reglugerð nr. 96 1979, um Stjórnarráð Íslands, sem tekin er upp í lagasafnið, er sýnilega gengið út frá tilvist þess stjórnskipulega venjuréttar sem hér hefur verið lýst. Þannig segir í 5. gr. reglugerðarinnar að fjmrn., fjárlaga- og hagsýslustofnun fari með mál er varða greiðslur úr ríkissjóði umfram fjárlagaheimildir.

Fjórði liður fsp. er: „Hvaða fordæmi eru fyrir slíkum beinum „aukafjárveitingum" til B-hluta fyrirtækja ríkissjóðs?"

Ég hef nú þegar vakið athygli á því í svari mínu við 1. lið fsp., að einmitt þetta sama fyrirtæki hefur áður fengið aukafjárveitingu. Það var á árinu 1976, 10 millj. samkvæmt ríkisreikningi. En ef nefna á einhver dæmi eða fordæmi frá s. l. ári um framlög til stofnana í B-hluta, þá er mér ánægja að tína hér upp nokkur. Sóttvarnarstöð

Hríseyjar 8 millj., Byggingarsjóður hafrannsóknaskips 87.4 millj., Skipaútgerð ríkisins 150 millj., landshafnir 97.3 millj., Flugmálastjórn — sem þá var í B-hluta — 120 millj., Orkusjóður 622 millj. Þannig mætti nefna býsna mörg önnur dæmi, en ég læt þessi nægja. — Ég vænti þess, að fsp. sé nægilega svarað.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Það er eðlilegt að hv. þm. Lárus Jónsson sjái ástæðu til þess að spyrjast fyrir um fjárhagsaðstoð hæstv. fjmrh. til Lagmetisiðjunnar Siglósíldar. Málefni hennar hafa verið talsvert til umræðu í dagblöðum undanfarið og gefur það tilefni til þess að spyrja hæstv. fjmrh. ef hann sér ástæðu til og getur svarað framhaldsspurningum sem snerta málefni Siglósíldar.

Það er í fyrsta lagi hvernig standi á vélakaupum, þ. e. dósagerðarvélum frá Noregi nýlega, hvort reiknuð hafi verið út arðsemi slíkrar vélar og hvað þeir reikningar sýna. En þess skal getið, að í landinu eru til slíkar vélar hjá K. Jónssyni, tvö stykki sem það fyrirtæki hefur til eigin nota, og hjá Norður-stjörnunni í Hafnarfirði, sem er rekin af opinberum aðila, eru til tvær vélar sem eru meira og minna ónotaðar. Og hjá Dósagerðinni er til ein slík vél sem sérstaklega var keypt á sínum tíma til þess að sinna þörfum Siglósíldar.

Á undanförnum fimm árum hefur Siglósíld framleitt árlega 3 millj. dósa, en hver vél getur framleitt um 7 millj. á ári, og er þá gert ráð fyrir dauðum tíma jafnframt. Tekið skal fram að það er aðeins botninn sem framleiddur er, lokið er keypt erlendis frá. Talið er að slík vél kosti u. þ. b. 100 millj. gkr., 1 millj. nýkr. Og mér skilst að það liggi fyrir umsókn frá Siglósíld um 350 millj. til þess að fjárfesta í húsnæði Siglósíldar. Það væri gott að fá þetta upplýst ef hæstv. fjmrh. getur gert það.

Eins er ástæða til þess, þegar um er að ræða gífurlegar aukafjárveitingar og reyndar ríkisframlag ár eftir ár í fjárlögum, að kynna þingheimi þá rekstrarreikninga Lagmetisiðjunnar. Mér er sagt, ég kann ekki að rekja það hvort rétt er, að það þurfi u. þ. b. 70 dollara til þess að framleiðslukostnaður náist á einn kassa frá verksmiðjunni, en á Rússlandsmarkaði fáist aðeins 57 dollarar þannig að hver kassi sé framleiddur með 13 dollara halla. Ef hæstv. ráðh. getur af því tilefni, sem hér gefst, svarað þessum framhaldsspurningum um fjármál Siglósíldar, sem er mjög eðlilegt að hann geri í þessum umr. vegna þess að aukafjárveitingin byggist áreiðanlega á þessum atriðum sem ég hef nefnt, þá væri það vel þegið.

Fyrirspyrjandi (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. svörin, að svo miklu leyti sem þau voru fullnægjandi, við þeim spurningum sem ég lagði fyrir hann. Það kom m. a. fram í svörum hæstv. ráðh., að þetta fyrirtæki, Siglósíld, hefur fengið úr ríkissjóði nokkur hundruð milljónir gkr. í óafturkræf framlög, ríkisábyrgðir fram yfir það. Það munu vera einhvers staðar á milli fjögur og fimm hundruð millj. gkr. eða fast að hálfum milljarði, þó ekki sé reiknað á verðlagi í dag, heldur bara lagt saman það fjármagn sem þetta fyrirtæki hefur fengið og mest síðustu árin.

Ég vek athygli á því, að á sama tíma sem þetta gerist hefur fyrirtæki, sem framleiðir sömu vöru á sama útflutningsmarkað fyrir sama verð, lent í erfiðleikum og það hefur ekki fengið úrlausn hjá opinberum sjóðum og hefur þurft að greiða dráttarvexti í stórum stíl vegna sinna erfiðleika. Ég vek athygli á því, að það er algerlega útilokað að verja almannafé með þessum hætti og mismuna þannig fyrirtækjum eftir rekstrarformi. Og það er náttúrlega lágmarkskrafa að fyrirtæki, sem eru í opinberri eigu, séu rekin í einhverju því formi að það sé a. m. k. alveg ljóst og það komi fyrir Alþingi hverju sinni ef eigi að veita þeim sérstakan stuðning sem þennan sem Siglósíld hefur fengið. Ég er ekki að vanþakka eða gagnrýna í sjálfu sér að fyrirtækið fái stuðning, en að fyrirtækjum sé þannig mismunað eftir rekstrarformi, það náttúrlega gengur ekki.

Það fyrirtæki, sem ég er hér að tala um, er að sjálfsögðu K. Jónsson á Akureyri. Það framleiðir sömu vörur, það sætir sama verði og það flytur þessa vöru út á sama markað. Og það getur auðvitað ekki staðist samkeppni frá ríkisfyrirtæki með þessum hætti. Það liggur alveg ljóst fyrir.

Það vafðist fyrir hæstv. ráðh. að finna heimild fyrir því að veita þessa svonefndu „aukafjárveitingu" sem er aðalkveikjan að þessari fsp. Hann vitnaði í 42. gr. stjórnarskrárinnar. Mér er fullkunnugt um hana og þau ákvæði sem gilda um fjáraukalög. En í 4. lið fsp. átti ég við það, hvort hæstv. ráðh. gæti fundið hliðstæð dæmi um hliðstæð fyrirtæki eins og Siglósíld. Hér er um að ræða atvinnufyrirtæki í eigu ríkssjóðs sem fær greiddar úr ríkissjóði 150 millj. kr. án nokkurra heimilda, og síðan er vísað til þess, að samkv. 42. gr. stjórnarskrárinnar geti Alþingi samþykkt eða fallist á þetta eftir dúk og disk þegar kemur að afgreiðslu fjáraukalaga. Það er auðvitað allt annað mál, hvort t. d. fyrirtæki eins og Skipaútgerð ríkisins fær eitthvað greitt meira en fjárlög segja til um hverju sinni. Ég er að gagnrýna þá aðferð sem hér er höfð. Hér er Alþingi stillt upp við vegg á þann hátt sem ég held að sé ekki fordæmi fyrir. Og ég verð að segja varðandi það fordæmi sem hæstv. ráðh. rekur hér frá árinu 1976, að upplýsingar um það höfum við ekki í fjvn. frá fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Ég hef hér fyrir framan mig vegna fsp. í fjvn. upplýsingar frá fjárlaga- og hagsýslustofnun. Þar kemur fram að samkv. ríkisreikningi hafi Siglósíld ekki fengið eina einustu krónu í fjárveitingu 1976, hvorki aukafjárveitingu né annað. Það kann að vera að við nánari athugun hafi þetta reynst rangt hjá fjárlaga- og hagsýslustofnun, en aðspurðir um þetta svöruðu þeir okkur í fjvn. þannig.

Ég held að þetta atriði, sem ég hef vakið hér máls á, gefi tilefni til þess, að upp verði tekin ný og betri vinnubrögð í þessu efni og að það verði sérstaklega skoðað, ef hið opinbera á að eiga svona fyrirtæki eins og Siglósíld og reka, að þau verði þá rekin í einhverju öðru formi en þessu, að það sé bara farið í ríkissjóð og þeim afhentir peningar eftir því hvað tapreksturinn verður mikill.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég efast ekkert um að starfsmenn fjárlaga- og hagsýslustofnunar hafi gefið þær upplýsingar á sínum tíma að ekki hafi verið um að ræða greiðslu úr ríkissjóði vegna þessa fyrirtækis á árinu 1976. En það svar, sem ég gaf áðan, er undirbúið af fjárlaga- og hagsýslustofnun. Þá hefur komið í ljós að fyrri upplýsingar hafa ekki verið nákvæmar. Samkvæmt ríkisreikningi 1976 kemur þetta á daginn. Ég sé því ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um það.

Um málið að öðru leyti finnst mér ekki við hæfi að þm. ýki það stórlega hversu mikil framlög hafa verið á undanförnum árum til þessarar verksmiðju. Upphæðirnar eru,

eins og ég hef hér getið, 150 millj. á seinasta ári og svo væntanlega 100 millj. á þessu ári. Hvort tveggja á að gera verksmiðjunni kleift að komast á nýjan rekstrargrundvöll. En síðan bætast við 96 millj. sem eru allt annars eðlis. Ríkissjóður hefði orðið að greiða þá upphæð hvaða fyrirtæki sem var öðru. Þessi ákvörðun var ekki tekin út frá því, hvaða fyrirtæki átti í hlut, heldur var einfaldlega litið svo á að aðrar stofnanir ríkisins hefðu borið ábyrgð á því, að þessi farmur varð að engu og ekki seldur úr landi eða nýttur á nokkurn hátt. Af þeirri ástæðu varð niðurstaðan að ríkið mundi skaðabótaskylt í þessu tilviki. Það hafði sem sagt valið þann kostinn að taka á sig þetta tjón frekar en að láta vöruna fara úr landi. En sannarlega mátti fá töluvert fé fyrir hana þótt ekki væri það fullt verð.

Ég ætla ekki hér að fara að metast við hv. þm. Lárus Jónsson, þó að mér sé hlýtt til Siglufjarðar og honum hlýtt til Akureyrar, um hvor verksmiðjan sé betri, Siglósíld eða K. Jónsson & Co. En ég vil benda honum á það, að ástæðan fyrir því, að rekstur K. Jónsson hefur gengið líklega aðeins skár en rekstur Siglósíldar nú allra seinustu ár, er tvímælalaust sú, að það hefur verið framkvæmt meira hagræðingarátak hjá fyrirtækinu á Akureyri heldur en hjá ríkisfyrirtækinu. Ríkisfyrirtækið hefur ekki breytt neinu hjá sér um nokkurt skeið og það er ljóst að munurinn í rekstri þessara fyrirtækja er nokkur vegna betri hagræðingar hjá akureyrska fyrirtækinu.

Það, sem nú er verið að gera, er einmitt það, að verið er að byggja þetta fyrirtæki upp með nýjum hætti, framkvæma þá hagræðingarbreytingu hjá fyrirtækinu sem gerir því kleift að standa hallalaust undir rekstrinum. Og það ætla ég að vona að muni nú takast. Mér finnst engin rök fyrir því, þó að ríkið sé eigandi fyrirtækis, að þá megi fyrirtækið ekki fá nein framlög frá eiganda sínum til þess að gera þær endurbætur á rekstri sem nauðsynlegar eru. Auðvitað verða eigendur í öllum tilvikum að gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til þess að fyrirtæki séu rekin með skaplegum hætti, og það breytir engu þó að ríkið eigi þar í hlut. Það verður auðvitað líka að hafa þá ábyrgðartilfinningu til að bera gagnvart þeim rekstri, sem það hefur, sem öðrum eigendum er ætlað að hafa. Þess vegna var talið óhjákvæmilegt að stöðva þann hallarekstur, sem þarna var í gangi, með sérstakri fjárveitingu frá eiganda fyrirtækisins.

Ég tel að það séu nokkur dæmi þess, að ríkið hafi veitt slíkan stuðning, og gæti vafalaust tínt fram ýmis dæmi úr fjárlögum og ríkisreikningi seinustu ára. Einnig mætti benda á það, að ríkið hefur talið óhjákvæmilegt að styðja við alveg sambærilegan rekstur í Hafnarfirði, að vísu með öðrum hætti, með hlutafjárframlögum sem hafa komið bæði úr ríkissjóði og frá Framkvæmdastofnun ríkisins. Þar er ekki um neinar smáupphæðir að ræða og líklega — ef þær væru færðar upp til núgildandi verðlags — miklu, miklu meiri fjárhæðir. Fleiri dæmi mætti nefna af þessu tagi.

Hv. þm. Friðrik Sophusson bar fram nokkrar fsp. til mín um rekstur þessa fyrirtækis, um kaup á dósagerðarvél og um möguleika á Rússlandsmarkaði við ríkjandi verðlag á útflutningi frá verksmiðjunni. Ég verð að játa að ég hef ekki þær tölur í höndunum sem ég þyrfti að hafa til að svara þessum spurningum, enda vill nú einnig svo til að ég gegni ekki embætti iðnrh., en spurningarnar heyra víst honum til. Hins vegar þekki ég málið sæmilega vel sem þm. kjördæmisins vegna afgreiðslu þess í sumar og veit að það er verið að kaupa nú dósagerðarvél til verksmiðjunnar. Það er liður í þeirri hagræðingargerð sem áætlanir voru gerðar um á s. l. hausti. Ég skal ekkert um það segja, hvort það telst mikil hagræðingarstarfsemi, þó að til sé dósagerðarvél í Reykjavík, eða á Akureyri, að hafa hana til afnota fyrir verksmiðju á Siglufirði. Mér býður í grun að það sé eitthvað annað sem geti talist hagræðing í þessu sambandi. Og raunar er það svo að verksmiðjan hefur orðið fyrir tjóni á undanförnum mánuðum vegna viðskipta sinna við Dósagerðina í Reykjavík sem hefur sannanlega athent gallaða vöru og ekki fengist til að gera þar leiðréttingu á. Verksmiðjan hefur þar orðið fyrir talsverðu tjóni.

Ég veit að framleiðsla þessarar vörutegundar stendur ákaflega tæpt um þessar mundir. Verðið, sem við fáum fyrir vöruna á Rússlandsmarkaði, er alls ekki nógu hátt og mjög tæpt að þessi rekstur geti staðið undir sér. Menn hafa þó verið þeirrar skoðunar, að ekki væri rétt að fórna endanlega þessum markaði í Sovétríkjunum, í þeirri von að hægt væri að framkvæma það hagræðingarátak í þessum verksmiðjum sem gerði kleift að gera reksturinn arðbæran. Sú von er ekki úti og auðvitað er alltaf von um að knýja kaupendur til að hækka verðið. En ég vil upplýsa það hér, að þessi verksmiðja, sem hefur einhliða framleitt niðurlagða síld á Rússlandsmarkað, er nú um þessar mundir að fara yfir í aðrar framleiðslugreinar, m. a. framleiðslu á niðursoðinni rækju, enda hefur verið niðursuðuaðstaða í þessari verksmiðju um langt árabil án þess að hún hafi nokkurn tíma verið nýtt. Og ég held að það hljóti að teljast skynsamleg ráðstöfun að reyna að koma rekstri þessarar verksmiðju á betri grundvöll en verið hefur, jafnvel þó að það kosti einhver fjárframlög úr ríkissjóði.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Sú umræða, sem hér hefur farið fram, er dæmigerð fyrir þá tegund af rekstri fyrirtækja sem ég held að sé alveg sérkennandi fyrir íslenskt atvinnulíf og ég hef gefið heitið þingnýting. Það er þegar ráðherrar og þingmenn koma hér upp í ræðustól hver á fætur öðrum og tala eins og væru þeir framkvæmdastjórar í hinu eða þessu fyrirtæki einhvers staðar úti í bæ, segja að þetta hafi verið skynsamleg fjárfesting, hitt hafi ekki verið réttur samningur, þetta fyrirtæki mundi hafa verið betur rekið en hitt fyrirtækið o. s. frv., o. s. frv. Þetta er ekki hlutverk stjórnmálamanna í venjulegum ríkjum, ef við undanskiljum þá Austur-Evrópuríkin — og þeim, sem þar ráða ríkjum, hefur aldrei dottið þetta rekstrarform í hug: að reka fyrirtæki úr ræðustól á Alþingi. En í þessu eru þeir Alþb.-menn sérstakir sérfræðingar, enda má orðið heita svo að það sé vart til það fyrirtæki á Íslandi sem ekki er stjórnað úr ræðustól á Alþingi. En það skiptir engu meginmáli í þessu sambandi hvort verksmiðjan Siglósíld sé betra eða verra fyrirtæki en sambærileg fyrirtæki annars staðar á landinu, hvort þetta fyrirtæki hafi gert betri eða verri samning við eina eða aðra dósagerð heldur en hægt hefði verið að gera o. s. frv., sem mér sýnist vera meginatriðið í máli hæstv. ráðh. og fellur vel að þessari þingnýtingarhugmynd sem íslenskir stjórnmálamenn virðast hafa fundið upp. Meginatriði málsins er að ég fæ ekki séð að hæstv. fjmrh. hafi heimild til þess að ávísa fé úr ríkissjóði með þessum hætti.

Hæstv. forseti. Eins og allir þm. vita er fjárveitingarvaldið í höndum Alþingis. Það er bannað með lögum að

hæstv. fjmrh. og ríkisstj. ráðstafi peningum öðruvísi en með leyfi þessarar stofnunar. Hins vegar er það orðin siðvenja ráðh. — og ekki bara ráðh. þessarar ríkisstj., heldur allt of margra ríkisstj. — að líta svo á að þeir séu yfir allar slíkar reglur hafnir. Og ef hæstv. fjmrh. dettur í hug að taka upp tékkhefti ríkissjóðs og ávísa úr því af almannafé 150 millj. kr. í heimildarleysi til verksmiðju í kjördæmi sínu, þá gerir hann það umhugsunarlaust. Og það er ekki gert að aðalatriði í umr. hérna að þannig sé haldið á málum, heldur hitt, með hvaða hætti átti að reka þetta tiltekna fyrirtæki ef þeir, sem í ræðustólnum stóðu, hefðu verið framkvæmdastjórar. Á þessu, herra forseti, vildi ég vekja athygli manna og tel það vera orðið stóralvarlegt mál. Ég fæ ekki séð að hæstv. ráðh. hafi haft nokkra heimild til þess að gera þann gjörning sem hann hefur hér gert. Hann hefur gert það í algeru heimildarleysi og er raunverulega lögbrjótur með þeim gjörningi sínum.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég vil byrja á því að taka undir með hv. þm. Sighvati Björgvinssyni um það, að auðvitað er einkennilegt að þurfa hér á hv. Alþingi að vera að ræða um fyrirtæki eins og Siglósíld. En það kemur einfaldlega til af því, að ekki hefur verið meirihlutafylgi fyrir því á hv. Alþingi að losa sig við ýmis opinber framleiðslufyrirtæki. Og ég fagna því, að hv. þm. gerist nú stuðningsmaður þeirrar hugmyndar. Ég tek jafnframt undir það með honum og hv. þm. Lárusi Jónssyni, að heimild ráðh. er mjög vafasöm. Breytir þá engu hvort vísað er til fyrri ríkisstj. hvað þetta snertir.

Það var ekki eðlilegt að hæstv. ráðh. gæti svarað þeim spurningum sem ég beindi til hans, vegna þess að það féll ekki innan ramma fsp. beinlínis, en er þó af sömu rót runnið. Það hefur komið fram, að gífurlegur hallarekstur er á fyrirtækinu, og það er þess vegna sem þetta mál er í brennidepli og til umr. En það, sem rak mig í ræðustólinn hér aftur, voru þau ummæli hæstv. ráðh. að Siglósíld hefði orðið fyrir stórtjóni vegna viðskipta við Dósagerðina. Ég veit að um var að ræða ákveðinn galla sem kom fram á framleiðslu vöru Dósagerðarinnar. En Dósagerðinni var aldrei gefið færi á því að laga sína framleiðslu og það voru aldrei möguleikar — að því er forráðamenn Dósagerðarinnar segja — að ná sambandi við stjórn Siglósíldar og þó einkum Hannes Baldvinsson, svo að ég nafngreini ákveðinn mann í því sambandi, vegna þess — að því er talið er — að ráðh. dró upp tékkheftið og tryggði fyrirtækinu Siglósíld aðgang að annarri vél utanlands frá.

Hér kemur fram gífurleg mismunun. Hjá fyrirtæki, sem hefur ekki alltaf framleitt gallalausa vöru — og þá á ég við Siglósíld, þar gengur ríkisvaldið í bakábyrgð, hvernig sem á bjátar, og borgar allan mun. Hins vegar mega einkafyrirtækin, bæði í sömu grein og eins í viðskiptagreinunum, búast við því að fara á hausinn eða tapa stórkostlega. Þarna getur það skipt sköpum að fjmrh., sá sem er með tékkheftið á hverjum tíma, er ef til vill frá sama bæjarfélagi og viðkomandi fyrirtæki er í. Og ég beini þessum ummælum ekki sérstaklega til núv. hæstv. ráðh. Rótin er auðvitað sú, sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson gat um áðan, að ríkið er að vasast í rekstri sem það á ekki að koma nálægt.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Vegna einkennilegra ádeilna hv. þm. Sighvats Björgvinssonar í minn garð fyrir það, að ég skuli vera að ræða hér um rekstur fyrirtækis, vil ég bara minna hann á að ég er hér að gegna skyldum mínum. Ég er hér að svara fsp. Ég var spurður um rekstur þessa fyrirtækis, m. a. um kaup fyrirtækisins á dósalokunarvélum. Mér finnst það mjög einkennilegt að ég skuli hljóta ákúrur hér fyrir að svara fsp. sem fyrir mig eru lagðar. Það væri þá frekar að átelja fyrirspyrjendur.

Í sambandi við ummæli hv. þm. Sighvats Björgvinssonar um þá venjuhelguðu aðferð að veita aukafjárveitingar verð ég að segja það, að þau ummæli, sem hann viðhafði áðan, að aukafjárveitingar væru lögbrot, held ég að verði að flokkast undir makalaust rugl af manni sem gegnt hefur embætti fjmrh.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Í fyrsta lagi er það misskilningur hæstv. fjmrh. að ég hafi verið að sneiða að honum sérstaklega vegna þeirra orða sem hann hafði um rekstur Siglósíldar. Það, sem ég var að tala um, er sú almenna siðvenja að ræða héðan úr ræðustól á Alþingi, á löggjafarsamkomu þjóðarinnar, um rekstrarmál hinna og þessara fyrirtækja í landinu, eins og þeir þm. og ráðh., sem þann sið iðka væru framkvæmdastjórar eða forstjórar þessara fyrirtækja. Og venjan er sú, að þeir þykjast hafa betra vit á öllum þessum málum heldur en flestir, ef ekki allir aðrir menn í landinu. Þetta er sú þingnýting sem ég gagnrýndi og á ekkert skylt við opinberan rekstur heldur þá siðvenju okkar Íslendinga að nota löggjafarsamkunduna til þess að lýsa vafalaust stórkostlegum hæfileikum hver annars í því að stjórna fyrirtækjum — sem fæstir okkar hafa nokkurn tíma komið nálægt.

Um síðara atriðið í ræðu hæstv. fjmrh. vil ég aðeins segja þetta: Ég kannast ekki við að slíkar fjárveitingar sem hann talar um, 150 millj. kr. til verkefna sem ekki eru á fjárlögum, hafi verið mjög tíðar. Í annan stað: Þessi aukafjárveiting er afgreidd 23. sept., aðeins nokkrum dögum áður en reglulegt Alþingi kemur saman til fundar þar sem fjárveitinganefnd er kosin sem um slík mál á að fjalla. Í þriðja lagi: Á þessum tíma starfar svokölluð undirnefnd fjárveitinganefndar sem vani er að hafa samráð við um öll slík mál. Mér er ekki kunnugt um að slíkt samráð hafi verið haft. Og þetta yfirlæti ríkisstj. — að þykjast geta hundsað Alþingi eins og henni dettur í hug og sniðgengið vald, sem Alþingi hefur samkv. stjórnarskrá Íslands, hvenær sem henni þykir hlýða — það verður með einum eða öðrum hætti að stöðva. Og þá er ég ekkert frekar að gagnrýna þessa ríkisstj. en fjölmargar aðrar ríkisstjórnir sem þannig hafa hegðað sér.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Það kom fram í máli hæstv. fjmrh. áðan að þessi verksmiðja á Siglufirði hafi eitthvert árið fengið 150 millj. kr. fjárveitingu frá ríkinu, ef ég hef tekið rétt eftir. Nú væri forvitnilegt að vita hversu mikið þetta fyrirtæki greiddi sama ár í laun eða hversu mikið þetta fyrirtæki greiddi sama ár í hráefniskostnað til þess að við höfum þetta í einhverju skynsamlegu samhengi og vitum um hvaða stærðir er verið að tala.

Símamál í Kjósarhreppi, fsp. (þskj. 549). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Salome Þorkelsdóttir): Herra forseti. Á þskj. 549 hef ég leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. samgrh. um símamál í Kjósarhreppi. Fyrirspurnin er stutt og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Hvað líður framkvæmdum við sjálfvirkan síma í Kjósarhreppi?“

Þessi fsp. er borin fram í framhaldi af fsp. minni fyrir ári um sama efni ásamt símamálum í Kjalarneshreppi. Símamál þar eru nú í höfn og því langar mig að vita hvort ekki verði örugglega staðið við þau fyrirheit sem gefin voru um sjálfvirkan síma í Kjósinni á þessu ári.

Kjósverjar eru eðlilega nokkuð óþolinmóðir að bíða eftir sjálfvirka símanum. Þeir eru búnir að bíða nokkuð lengi, sennilega í áratug, og ekki hefur ástandið batnað eftir óveðrið sem gekk yfir í vetur. Síðan hefur síminn verið meira og minna í ólagi þar sem símalínur slást saman. Er þó varla á bætandi því að víðast hvar eru 10-12 bæir um sömu línu.

Ég leyfi mér að vænta þess að svör hæstv. samgrh. verði hagstæð Kjósverjum í þessu máli.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Í upphaflegum áætlunum Pósts og síma var gert ráð fyrir því, að sjálfvirkur sími yrði lagður um Kjósarhrepp eins og reyndar víða annars staðar. Við meðferð á þeim till. hjá hv. fjvn. reyndist nauðsynlegt að skera þær mjög niður, úr 9 milljörðum í um 5½. Við þann niðurskurð féll út lagning sjálfvirks síma yfirleitt í dreifbýli, því miður. Það var að mati póst- og símamálastjóra nauðsynlegra að leggja þá áherslu á ýmsar endurbætur í stöðvum sem ekki verður komist hjá um leið og sjálfvirkur sími er lagður. Þetta er því ekki á fjárveitingu í ár og verður að óbreyttu ekki lagt í ár. Hins vegar vek ég athygli á því, að ég hef lagt fram frv. til l. um lagningu sjálfvirks síma sem er komið til nefndar í Ed. Í grg. með því frv. er upplýst að heildarkostnaður við lagningu sjálfvirks síma í Kjósarhreppi er 1950 þús. kr. Og ég leyfi mér að fullyrða að verði það frv. samþykkt verður lagning síma í Kjósarhreppi í fremstu forgangsröð á þeirri fimm ára áætlun sem þar er gert ráð fyrir.

Ég vil aðeins nota tækifærið og taka undir það með hv. fyrirspyrjanda, að það er slæmt að lagning sjálfvirks síma hefur árum saman dregist mjög í dreifbýli landsins. Undan því er mjög kvartað og eðlilega mjög á það sótt að fá sjálfvirkan síma af ýmsum öryggisástæðum, ekki þó síst í fjölmörgum dreifbýlishreppum sem liggja langt frá heilsugæslustöðvum og ýmsum öðrum miðstöðvum sem dregnar hafa verið saman á færri staði en áður var. Þetta er því öryggisatriði bæði í Kjósarhreppi og víða um landið. Ég tel því að þessi verkefni eigi að hafa forgang eins og lagt er til í því frv. sem ég nefndi. Ég tek fram að loforðin, sem gefin hafa verið um að leggja sjálfvirkan síma í ár, hafa öll verið tengd því að fjárveiting fengist. Það hef ég ekki á mínu valdi. Þetta var lagt til í tillögum póst- og símamálastjórnarinnar, en ekki reyndist unnt að ná endum saman með fjármögnun og því frestaðist þetta mál.

Fyrirspyrjandi (Salome Þorkelsdóttir): Herra forseti. Ég verð nú að þakka hæstv. samgrh. fyrir upplýsingar hans þó að þær valdi sannarlega vonbrigðum. Í þeim yfirlýsingum, sem hann gaf í ræðu sinni fyrir ári þegar við ræddum þessi mál, sagði hann orðrétt, með leyfi forseta:

„Á næsta ári verða svo allir handvirkir sveitasímar í Kjósarhreppi tengdir við sjálfvirku símstöðina að Varmá, svo framarlega sem ekkert óvænt hindrar þau áform sem hér hefur verið greint frá.“

Ég get ekki séð að það hefðu nein óvænt áform þurft að hindra þetta mál og þess vegna veldur það sannarlega vonbrigðum að þetta skuli eiga að dragast í a. m. k. eitt ár enn. En eins og fram kom í ræðu hæstv. ráðh. áðan hefur verið lagt fram frv. í Ed. varðandi sjálfvirkan síma. Sú fimm ára áætlun, sem í því felst, tekur ekki gildi fyrr en 1. jan. 1982, ef hún verður samþykkt, og það þýðir að það verði þá ekki fyrr en í fyrsta lagi á árinu 1982 að farið verði að undirbúa þetta verk fyrir Kjósarhrepp eða Eyrarkotsstöðina.

Ég verð að lýsa vonbrigðum mínum með þessi svör. En það er þá a. m. k. hægt að segja að Kjósverjar og aðrir hafi þetta á hreinu eins og málin standa nú.

Álagning opinberra gjalda, fsp. (þskj. 64). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Það er nú liðið svo langt síðan ég lagði þessa fsp. fram að mig brestur minni hvenær hún fyrst var fram lögð á þinginu. En hún er á þskj. 64 og það eru margir mánuðir liðnir síðan öllum öðrum fsp. á þessu þskj. var svarað. Eitthvað hefur því tafið hæstv. fjmrh., hvort sem það hefur verið viljandi eða óviljandi.

Tilefni fsp. minnar var að í haust leið fóru að berast mjög harkaleg mótmæli, sérstaklega frá bændum, vegna tekjuskattslagningar á þá samkvæmt nýjum skattalögum og beitingu 59. gr. í því sambandi. Ég hafði því áhuga á að fá samanburð á því, hverjar hefðu verið skattgreiðslur þessara manna nokkur ár aftur í tímann og hverjar hefðu verið skattgreiðslur hinna svonefndu viðmiðunarstétta á sama tíma, þ. e. þeirra atvinnustétta sem bændur lögum samkvæmt eiga að miða kaup sitt við og í öðru lagi, hverjar hefðu verið fjárfestingar í landbúnaði á þessum tíma, til þess að bera saman fjárfestingarnar eins og þær hafa verið og fjárfestingargetuna eins og hún virðist hafa átt að vera samkvæmt skattlagningu. Þessar upplýsingar ætlaði ég síðan að nota til þess að bera saman við niðurstöðu álagningar 1980 til þess að sjá hvort hún hefði breyst mjög verulega.

Spurningarnar eru fjórar og orðast svo, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Hversu margir framteljendur voru til tekjuskatts úr bændastétt árin 1975—1980?

2. Hversu margir voru gjaldendur tekjuskatts úr bændastétt þau hin sömu ár?

3. Hvaða fjárhæð nam sá álagði tekjuskattur á hverju þeirra ára?

4. Hver var meðaltekjuskattsgreiðsla bænda á hverju þessara ára um sig, og til samanburðar, hver var þá meðaltekjuskattsgreiðsla sjómanna, verkamanna og iðnaðarmanna (þ. e. hinna svonefndu viðmiðunarstétta) sömu ár?“

Og fimmta spurningin laut svo að því, eins og ég sagði áðan, hver fjárfestingin var í landbúnaði á hverju þessara ára, 1975 til 1980. Er fróðlegt að bera fjárfestinguna samkv. opinberum tölum saman við fjárfestingargetuna samkv. skattframtali.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hefur beint til mín nokkrum fsp. um álagningu opinberra gjalda. Eins og hv. þm. er kunnugt er fyrirspyrjandi siðavandur maður og siðprúður og sérlega umvöndunarsamur og stendur sjaldan hér upp í ræðustól án þess að hafa einhverja umvöndun fram að færa til þeirra ráðh. sem hann á orðastað við. Venju-

legast eru það ekki mjög þungbærar umvandanir sem af hans munni ganga, en oft smávaxnar nokkuð.

Í þessu tilviki kvartar hann yfir því, að langt sé um liðið síðan fsp. sé fram komin, og er það rétt. Hitt mun hann sjálfur vita, að lengi vel stóð á svari frá þeim embættismönnum sem áttu að framkvæma þessa útreikninga. Svarið var hins vegar tilbúið fyrir alllöngu og hefur síðan ýmist staðið svo á að ég hef ekki verið viðlátinn að svara spurningunni eða fyrirspyrjandi ekki viðlátinn, ýmist hefur það verið. Því hefur þetta nú dregist úr hófi fram. En vafalaust hefði verið hægt að skjóta þessari fsp. eða svari við henni til fyrirspyrjanda á vélrituðu blaði ef honum lá mikið á að fá þessar upplýsingar í hendur.

Fyrsta fsp var þessi: „Hversu margir framteljendur voru til tekjuskatts úr bændastétt árin 1975—1980?"

Skattárið 1975 voru þeir 4737, 1976 voru þeir 4477, 1977 voru þeir 4447, 1978 voru þeir 4719 og 1979 voru þeir 4164.

Önnur spurning: „Hversu margir voru gjaldendur tekjuskatts úr bændastétt þau hin sömu ár?"

Svar: Árið 1975 2370, árið 1976 2016, árið 1977 2769, árið 1978 3740 og árið 1979 2926.

Þriðja spurning: „Hvaða fjárhæð nam sá álagði tekjuskattur á hverju þeirra ára?"

Svar: Árið 1975 — og þá á ég enn við skattaár, ég á við það í öllum tilvikum — 1975 261 954 126 kr., árið 1976 260 525 448 kr., árið 1977 615 165 980 kr., árið 1978 2166 983 541 kr. og árið 1979 1665 014 000 kr.

Fjórða spurning: „Hver var meðaltekjuskattsgreiðsla bænda á hverju þessara ára um sig, og til samanburðar, hver var þá meðaltekjuskattsgreiðsla sjómanna, verkamanna og iðnaðarmanna sömu ár?"

Svar: Árið 1975 var meðalskattur á bændur 55 300 kr., sjómenn 119 162 kr., verkamenn 46 577 kr., iðnaðarmenn 147 887 kr. Árið 1976 var meðaltekjuskattur á bændur 58 192 kr., sjómenn 168 325 kr., verkamenn 52 787 kr. og iðnaðarmenn 161 441 kr. Árið 1977 — nú tel ég einungis þúsundin ef enginn hefur neitt við það að athuga — 138 þús. á bændur, 329 þús. á sjómenn, 97 þús. á verkamenn og 257 þús. á iðnaðarmenn. Árið 1978 var meðaltekjuskattur á bændur 459 þús., á sjómenn 529 þús., á verkamenn 177 þús. og á iðnaðarmenn 395 þús.

Eins og áður segir — það var nú kannske ekki komið hér fram því að ég sleppti innganginum — en eins og áður segir hér í svarinu eru upplýsingar frá skattárunum 1975—1978 byggðar á starfsstéttaflokkun eftir svonefndri atvinnumerkingu Hagstofu Íslands og Þjóðhagsstofnunar.

Hliðstæðar upplýsingar fyrir skattárið 1979 eru ekki fyrir hendi, en þær upplýsingar, sem sýndar eru um bændur vegna skattársins 1979, eru úr yfirlitum sem gerð hafa verið á vegum sérstakrar nefndar vegna athugunar á skattlagningu bænda árið 1980. Meðaltekjuskattur á bændur á árinu 1979 nam 399 þús. kr.

Upplýsingar, sem settar eru fram vegna gjaldársins 1980, eru ekki byggðar á sömu forsendum og upplýsingar fyrri ára. T. d. fækkar bændum óeðlilega mikið miðað við fyrri ár — sem er að flestu leyti öfugt við það sem ætla mætti miðað við fyrri upplýsingagögn. Telja verður því að allar skýringar á mismun, er fram kemur milli eldri og nýrri upplýsingayfirlita, séu svo ófullkomnar að réttara sé að sleppa öllum tilraunum til skýringar.

Að lokum skal þess getið, að upplýsingar um meðaltekjuskattsgreiðslur sjómanna, verkamanna og iðnaðarmanna skattárið 1979 eru ekki fyrir hendi, en þessar upplýsingar ásamt upplýsingum um bændur gjaldárið 1980, sem einnig vantar, eru unnar á vegum Hagstofu Íslands og Þjóðhagsstofnunar.

Þjóðhagsstofnun hefur tekið saman yfirlit um fjármunamyndun í landbúnaði árin 1975—1980. Er ég þá kominn að fimmta lið fsp. sem var um hver væri fjárfesting í landbúnaði á hverju þessara ára 1975—1980. Ég mun láta fyrirspyrjanda í té sundurliðaða skrá um fjárfestingu í ræktun, útihúsum, vélum og landgræðslu á verðlagi þessara ára. En sé heildarfjármunamyndunin gerð upp á verðlagi ársins 1969 virðist hún vera sem hér segir eftir árum:

Árið 1975 1000 millj. gkr., árið 1976 980 millj. gkr., árið 1977 1117 millj. gkr., árið 1978 1088 millj. gkr., árið 1979 956 millj. gkr. og árið 1980 áætlað 800 millj. gkr.

Þetta er, eins og fram var tekið, á föstu verðlagi og má af þessu sjá að fjárfesting í landbúnaði hefur heldur farið minnkandi.

Herra forseti. Eins og ég hef þegar tekið fram ætla ég ekki að lesa þær mörgu tölur sem til viðbótar fylgja þessu svari, en mun afhenda fyrirspyrjanda ljósrit af þeirri töflu.

Fyrirspyrjandi (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. kærlega fyrir þær greinagóðu upplýsingar sem hann hefur hér gefið. Þær eru á margan hátt mjög athyglisverðar. Þar kemur m. a. fram að á árunum 1975—1980 fara skattgreiðendur í bændastétt niður fyrir helming framteljenda þannig að minna en annar hver framteljandi greiðir tekjuskatt. Þetta eru að sjálfsögðu mjög athyglisverðar upplýsingar. Í öðru lagi er það einkar athyglisvert, að meðalskattgreiðslur þeirra framteljenda í bændastétt, sem greiða skatta á þessu tímabili, eru mjög verulega langt fyrir neðan tekjuskattsgreiðslur tveggja af þremur viðmiðunarstéttunum, þ. e. sjómanna og iðnaðarmanna, en einna áþekkastar því sem verkamenn við sjávarsíðuna greiða í tekjuskatt. Engu að síður virðast bændur hafa á þessum árum getað ráðið við allverulegar fjárfestingar. Hvort þær fjárfestingar eru kostaðar af lánsfé eða af eigin fé veit ég ekki, en alla vega treysta menn með ekki hærri skatta sér þó til þess að bera mjög mikinn fjármagnskostnað af slíkum fjárfestingum séu þær gerðar fyrir lánsfé. Ég er hræddur um að það hefði vafist fyrir mörgum verkamanninum á þessum árum að standa í slíkum fjárfestingum.

Sameinað þing, 73. fundur.

Fimmtudaginn 9. apríl, að loknum 72. fundi.

Flugrekstur ríkisins, þáltill. (þskj. 548). — Ein umr.

Flm. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Ég hef ásamt hv. þm. Árna Gunnarssyni og hv. þm. Vilmundi Gylfasyni leyft mér að bera fram svofellda till. til þál., með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að sameina allan flugrekstur ríkisins undir yfirstjórn Landhelgisgæslunnar

með það að markmiði að auka hagræðingu og sparnað í rekstri."

Tilgangur þáltill. er:

1. Að auka mjög hagræðingu í flugrekstri ríkisins.

2. Að nýta mun betur en nú er gert þann flugvélakost sem fyrir er í eigu ríkisins. Sama er að segja um flugmenn, flugvirkja og aðra sem við reksturinn starfa.

3. Að auka verulega möguleika Landhelgisgæslunnar á hvers konar flugi, þar með talið gæsluflugi.

4. Að spara fé ríkissjóðs og þar með skattborgaranna, bæði í nútíð og framtíð.

Á undanförnum árum hefur flugrekstur ríkisins og ríkisstofnana vaxið verulega og er sá rekstur af ýmsu tagi. Landhelgisgæslan er langstærsti aðilinn í þessum rekstri og hefur á hendi gæsluflug, leitarflug, björgunarflug, sjúkraflug, ískönnunarflug o. fl. Flugmálastjórn annast flugprófanir, leitarflug, sjúkraflug o. fl. Landgræðslan annast sáningu og áburðardreifingu úr lofti. Landmælingar annast landmælingaflug með leiguflugvélum. Á vegum Landsvirkjunar er ýmiss konar eftirlitsflug. Þannig mætti lengi telja. Þar við bætist svo að ríkið kaupir ýmiss konar almenna þjónustu af einkaaðilum í flugrekstri. Hér er um umfangsmikinn flugrekstur að ræða og sjálfsagt að setja hann undir eina stjórn til að ná fram aukinni hagræðingu og sparnaði í rekstri.

Ýmis fyrirtæki hafa stofnað til flugrekstrar með miklum tilkostnaði, fjárfest í dýrum flugvélum, stundum óhagkvæmum og án tillits til heildarhagsmuna eða samnýtingar með öðrum ríkisfyrirtækjum.

Nýting flugvéla í eigu ríkisins er mjög lítil. T. d. var heildarflugtími flugvélar Flugmálastjórnar á s. l. ári 350 klst. eða innan við 1 klst. á dag að jafnaði. Fokkervélar Landhelgisgæslunnar flugu á sama tíma samtals 1399 klst., sem er innan við 2 klst. á flugvél á dag að jafnaði. Á því ári var meðalflugtími Fokkervéla Flugleiða 4.71 klst. á dag. Meðan nýting flugvéla ríkisins er svona lítil eru Landmælingar með fastan samning við einkaaðila um a. m. k. 70 klst. flug á ári og greiða fyrir það 72 þús. dollara.

Það liggur í augum uppi að mikil hagræðing er í því fólgin að sameina flugreksturinn, sameina viðhald og allt annað sem að rekstrinum lýtur. Með því móti er unnt að nýta þann flugvélakost, sem til er, miklu betur en nú er gert. Það er t. d. auðvelt að nota flugvél Flugmálastjórnar, sem nú er sáralítið notuð, til mælingaflugs á vegum Landmælinga ríkisins. Það er einnig unnt að nýta þá flugvél í flest verkefni Landhelgisgæslunnar. Til þeirra hluta er hún mjög hentug. Vísa ég þar um í „Áfangaskýrslu nefndar um flugrekstur Landhelgisgæslunnar", útg. af fjmrn. í júlí 1975.

Rekstrarkostnaður flugvélar Flugmálastjórnar er um eða innan við þriðjung af rekstrarkostnaði Fokker F-27 vélar Landhelgisgæslunnar. Er því augljóst að mikill sparnaður og hagræðing er í því fólgin að nota flugvél Flugmálastjórnar í margs konar flug fyrir Landhelgisgæsluna. Það að hafa aðgang að og ráða yfir fleiri flugvélum og væntanlega fleiri flugmönnum en nú eykur möguleika Landhelgisgæslunnar verulega á hvers konar flugi og það með minnkandi tilkostnaði.

Mál Landhelgisgæslunnar hafa verið til umr. á hinu háa Alþingi nú síðustu dagana og margt hefur komið fram sem sýnir erfiða stöðu Gæslunnar. M. a. hefur verið bent á mikla erfiðleika varðandi allt flug meðan Fokkervél Gæslunnar er í skoðun, sem oft er. Úr þeim erfiðleikum mun sameining flugrekstrar ríkisins undir yfirstjórn Landhelgisgæslunnar bæta að mestu leyti.

Það er mikil og margs konar þjónusta sem ríkið og ríkisstofnanir kaupa af einkaaðilum í flugrekstri, þjónusta sem sameinaður flugrekstur ríkisins gæti annast og þar með sparað umtalsverða fjármuni. Þar eð Landhelgisgæslan er langstærsti aðilinn á vegum ríkisins og til að undirstrika það að sameiningin eigi fyrst og fremst að koma henni að gagni er lagt til að sameinaður flugrekstur ríkisins verði undir stjórn Landhelgisgæslunnar.

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til að þáltilll. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Starfsskilyrði myndlistarmanna, þáltill. (þskj. 571). — Fyrri umr.

Flm. (Halldór Blöndal): Herra forseti. Ég flyt hér ásamt níu þm. öðrum á þskj. 571 till. til þál. um skipun nefndar til að kanna starfsskilyrði myndlistarmanna. Efni málsins er að fela ríkisstj. að skipa nefnd er kanni starfsskilyrði myndlistarmanna hér á landi og geri till. um hversu hið opinbera geti best örvað sjálfstæða listsköpun með því að myndlistarmönnum sé skapaður viðunandi starfsgrundvöllur. Nefndin skal hafa samráð við félög myndlistarmanna og þær stofnanir sem starfa að myndlistarmálum.

Ég held að engum blandist hugur um það, að á undanförnum árum hefur orðið mikil gróska í okkar listsköpun, ekki síst í myndlist. Vel menntuðum listamönnum fer mjög fjölgandi og á ýmsum sviðum atvinnulífsins sér þess stað, að við höfum færari hönnuði en áður sem hafa unnið iðnaðarvörum okkar markaði í erlendum löndum. Það er enginn vafi á því, að það er mjög sérstakt fyrir okkur Íslendinga hversu algengt það er að almenningur kaupi listaverk. Má vera að það standi í sambandi við það, hversu nálægt við erum náttúrunni, land okkar í sköpun og hið virka líf.

Ef við hverfum aftur til viðreisnarinnar var algengt á uppboðum að eitt málverk kostaði svo sem andvirði Volkswagen-bifreiðar — eitt gott Kjarvalsmálverk. Á þeim tíma, sem síðan hefur liðið, hefur svo dregið úr fjárráðum fólks, lífskjör hafa versnað svo upp á síðkastið að menn mega þakka fyrir nú að fá andvirði einnar Trabant-bifreiðar. Samt sem áður er það mjög einkennandi hversu mikil gróska er í listsýningum og hversu margir menn vilja prýða heimili sín með listaverkum. En einnig hefur það færst í vöxt að ríki og sveitarfélög, bankar og sjálfseignarstofnanir hafi veitt myndlistarmönnum stuðning.

Það, sem vakir fyrir flm., er að koma framlögum hins opinbera í fastara form. Við bendum ekki á mótaðar till. í þeim efnum, en bendum á eftirfarandi:

Listaverk í opinberum byggingum styrkja tilfinningu fólks fyrir þjóðerni sínu og uppruna. Það er menningar- og þjóðernismál að opinberar byggingar séu skreyttar listaverkum og nauðsynlegt að þau séu talin til byggingarkostnaðar. Ekki þarf að tíunda hér uppeldislegt gildi slíks umhverfis. Og ég minni á að í Nd. höfum við þrír þm. lagt fram frv. þessa efnis sem nú er til umfjöllunar í menntmn. þeirrar deildar. Þessi till. hefur fengið góðan stuðning frá myndlistarmönnum, en á hinn

bóginn orðið stjórn Arkitektafélags Íslands tilefni til undarlegrar orðaleikfimi sem ég skal ekki gera að umræðuefni hér.

Það þykir sjálfsagt að tónskáld fái umbun sé verk þess flutt í útvarpi eða rithöfundur sé bók lánuð af bókasafni. Fyrirkomulagsatriði er hversu samsvarandi greiðslum skuli háttað til myndlistarmanna vegna verka sem eru til sýnis í söfnum eða á vegum opinberra aðila. Þessi málverk eða höggmyndir eru á sinn hátt lífeyrissjóður aldraðra myndlistarmanna. Ekki er vandalaust að þess skuli finnast dæmi að fremstu listamenn okkar búi við framfærsluvandamál í elli sinni eftir að heilsan hefur gefið sig. Þessu máli hef ég áður hreyft hér á Alþingi, hversu hægt sé að koma því við að gefa listamönnum kost á því að komast í lífeyrissjóð. Fyrir Sþ. liggur þáltill. um endurskoðun Launasjóðs og ég álít að þetta mál komist þar inn. Ég álít einnig að nauðsynlegt sé að íhuga hversu hægt sé að koma til móts við aldraða myndlistarmenn þannig að þeir þurfi ekki að kvíða ellinni, framfærslumálum sínum þá.

Það var í rauninni ótrúlegt afrek sem unnið var af Ragnari í Smára á sínum tíma þegar hann gaf út myndskreyttar útgáfur af Grettissögu og Brennu-Njálssögu og er gott til þess að vita að þessar útgáfur ásamt einum tveim öðrum, sem hann hefur staðið fyrir, skuli nú hafa verið gefnar út ljósprentaðar. En fyrir utan þetta framtak hans hefur ekkert sambærilegt gerst síðan varðandi myndskreytingar á Íslendingasögum af okkar listamönnum. Þarf að vinna áfram á þeirri braut og góð hugmynd er einnig að gefa myndlistarmönnum kost á því að spreyta sig á ýmsum sögulegum atburðum. Listaverk úr sögu er ekki síður gott yrkisefni en umhverfið, og má benda á mörg dýr yrkisefni, mörg dýr listaverk í víðri merkingu þess orðs, sem gleðja augu okkar og hug þegar við sjáum þau.

Ef við förum um sendiráð okkar erlendis sjáum við að vísu að þeir, sem annast skreytingar þar, eru sérfræðingar í vondum eftirprentunum íslenskum. Á hinn bóginn væri menningarauki að því og mundi gefa aðra mynd af okkur ef við legðum áherslu á að prýða sendiráð okkar með okkar bestu listaverkum og verðum þeim opinberu styrkjum, sem nú hafa um hríð verið veittir án tilgangs, einmitt til þess að víkka sjóndeildarhringinn og verka á jákvæðan hátt til þess að breiða út listina.

Ég vil svo að síðustu aðeins minnast á það, að á undanförnum árum hafa myndlistarmenn unnið brautryðjandaverk með því að færa list sína inn í atvinnulífið. Það er náttúrlega gömul saga um silfur- og gullsmíði. Síðan kom keramikframleiðsla til sögunnar og nú loks á síðustu árum hönnuðir í vefnaði, en í kjölfar þess hafa opnast nýir markaðir erlendis fyrir okkar vörur og fengist hærra verð. Ég held þess vegna að það sé mjög mikilsvert ef því yrði gaumur gefinn hvernig hægt sé að auka í náinni framtíð þetta starf myndlistarmannanna. Væri kannske rétt að leita samstarfs og samráðs við iðnrekendur og verksmiðjur SÍS í þeim efnum.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri, herra forseti, en legg til að þessu máli verði vísað til 2. umr. og allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 75. fundur.

Fimmtudaginn 9. apríl, kl. 6 síðdegis.

Úrskurðaraðili í deilu um starfsaldurslista flugmanna, frv. (þskj. 632). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga á þskj. 632 um úrskurðaraðila í starfsaldurslistadeilu flugmanna Flugleiða hf. Betra væri að segja: í deilu flugmanna Flugleiða hf. um starfsaldurslista, og getur verið að nefndin, sem fær þetta mál, lagi það.

Þessi deila á sér nokkuð langan aðdraganda og skal ég ekki eyða löngu máli í að rekja þá sögu, en vil þó nefna örfá meginatriði.

Þegar við sameiningu flugfélaganna 1974 var gert ráð fyrir því að þar yrði einn starfsaldurslisti flugmanna. Flugmenn eru með þá sérstöðu innan starfsliðs Flugleiða og víðar að vera með svokallaðan starfsaldurslista. Hins vegar var ýmsum atriðum í sameiningu flugfélaganna frestað, m. a. þessu. Undanfarin þrjú ár má hins vegar segja að unnið hafi verið nokkuð sleitulaust að því að ná saman starfsaldurslista og sameina þannig þá lista sem gilda fyrir Félag ísl. atvinnuflugmanna og Félag Loftleiðaflugmanna. Árið 1978 skipuðu félögin bæði nefnd í þessu skyni sem kom sér út af fyrir sig saman um ýmis atriði, t. d. var hún sammála um að sameiginlegan starfsaldurslista þyrfti að gera. En án þess að ég reki það í smáatriðum strönduðu tilraunir þessarar nefndar því miður og varð ekki lengra haldið áfram á þeirri braut.

Árið 1979 reis kjaradeila flugmanna. Þá varð samkomulag um að skipa gerðardóm í kjaradeiluna. Sá gerðardómur gekk þann 5. sept. 1979. Er í grg. með þessu frv. vitnað nokkuð til þess sem fram kom frá gerðardómi þessum um starfsaldurslista sem dómurinn taldi vera verulegan fjötur um fót við allar ákvarðanir í launa- og kjaramálum.

Mál þetta var síðan tekið upp á vegum sáttasemjara á s. l. ári. Skipaði ríkissáttasemjari í málið aðstoðarmann, dr. Gunnar G. Schram, sem segja má að hafi starfað sleitulaust s. l. ár að því að ná saman starfsaldurslista. Að vísu gaf sáttasemjari málið frá sér í haustmánuðum, en eftir nokkra fundi með deiluaðilum varð hann við beiðni um að taka málið upp að nýju.

Sáttasemjari lét fara fram atkvæðagreiðslu um sáttatillögu. Sú sáttatillaga var felld af einum deiluaðila. Sömuleiðis var leitað eftir samkomulagi um gerðardóm, en það tókst ekki heldur. Málið kom því frá sáttasemjara aftur skömmu fyrir síðustu áramót.

Í þessu sambandi hefur nú komið fram, m. a. frá Félagi ísl. atvinnuflugmanna, að rétt hefði verið að skipa sáttanefnd, og má það vel vera. Ég vil að það komi fram að þeir nefndu það við mig í septembermánuði. Hins vegar var það mat þeirra manna, sem gerst þekkja til þessa máls, að æskilegt væri að sáttasemjari, dr. Gunnar G. Schram, reyndi áfram, enda málinu þaulkunnugur.

Eftir að sáttasemjari gaf það frá sér að nýju í lok ársins var töluvert um þetta mál rætt, en þó ákveðið að láta það

bíða nokkuð að grípa til frekari tilrauna, m. a. í þeirri von að ýmsir möguleikar, ýmsar stöður sem leitað var eftir fyrir flugmenn erlendis, verkefni sem Flugleiðir voru þá að afla sér eða hafa þegar aflað sér, kynnu að greiða fyrir lausn þessa máls. Sömuleiðis töldu menn æskilegt að sjá nokkru betur hver framtíð Atlantshafsflugsins yrði, því að sjálfsögðu er innst inni deilan vegna þess að með starfsaldurslista kunna ýmsir flugmenn að missa starf sitt ef samdráttur verður. Þar ræður starfsaldurslistinn og því er þetta eðlilega mikið tilfinninga- og hitamál.

Nú hefur Flugleiðum hf. að vísu tekist að festa verkefni erlendis, m. a. nýlega í Nígeríu og í Lýbíu. Eru nú reyndar stöður erlendis á vegum Flugleiða orðnar fyrir 39 flugmenn, miðað við 74 sem áætlað er í störf hér heima. Þarna hefur því verulegur fjöldi stöðugilda bæst við. Því miður fer hins vegar svo, þegar þjálfa á í þessar stöður, að starfsaldurslistinn veldur deilum að nýju, svo að öfugt við þær vonir, sem menn bundu við þessar viðbótarstöður kynnu að leysa málið, hefur svo ekki orðið og hefur Félag ísl. atvinnuflugmanna boðað verkfall frá og með miðnætti í nótt af þessum ástæðum.

Við alla þessa aðila ræddi ég áður en til þessarar verkfallsboðunar kom. Á fund minn gengu fulltrúar Félags ísl. atvinnuflugmanna fyrir um það bil 10 dögum og lýstu þá á ný áhuga sínum á því að skipuð yrði sáttanefnd. Jafnframt létu þeir í veðri vaka að þeir mundu sætta sig við úrskurð ef slík sáttatilraun yrði árangurslaus.

Ég gerði þá að tillögu minni jafnframt að niðurstaða slíkrar sáttatilraunar eða úrskurðaraðila yrði látin ná aftur fyrir sig til 15. mars og þannig leiðrétt sú starfsþjálfun, sem nú fer fram, ef niðurstaðan yrði önnur en félagið byggir á. Þetta samþykkti stjórn Flugleiða og sömuleiðis Félag Loftleiðaflugmanna. Hins vegar hafnaði Félag ísl. atvinnuflugmanna því, að þetta yrði látið ná þannig aftur fyrir sig, og taldi sig með engu móti geta fallist á þá tilfærslu í stöðum sem fylgir þeirri starfsþjálfun sem Flugleiðir verða að ráðast í m. a. vegna þeirra stöðugilda sem aflað hefur verið erlendis.

Ríkissáttasemjari hefur síðan sjálfur rætt við deiluaðila og gert ítarlega tilraun til þess að ná samkomulagi sem gæti leitt til þess, að frá þessu verkfalli verði horfið, og m. a. lagt áherslu á svipaða tillögu og ég lagði fram, en því miður hefur það reynst árangurslaust.

Eins og ég sagði í upphafi míns máls vil ég ekki tefja tímann með því að rekja þetta ítarlega. Ég vil aðeins segja það, að allir þeir aðilar, sem að þessu máli hafa komið, virðast sammála um að lausn á þessari deilu um starfsaldurslista sé forsenda fyrir því, að ganga megi til samninga um kaup og kjör. Sömuleiðis hygg ég að allir geti verið sammála um að lausn á þessu deilumáli sé forsenda fyrir því, að þetta flugfélag, sem hefur átt í verulegum erfiðleikum, geti risið upp úr þeim. Ég held að það sé óumdeilanlegt. Ég vil taka fram að með þessum orðum er ég ekki að halla á einn eða neinn. Venjulega er það svo að allir eiga nokkra sök þegar menn deila.

Ég hef því lagt til við ríkisstj., að frv. eins og það, sem hér er nú flutt, verði lagt fram, og hef jafnframt rætt við stjórnarandstöðu um þetta mál og leitað eftir samstarfi við hana. Í þessu frv. er farin nokkuð óvenjuleg leið. Ekki er ætlast til þess að úrskurðaraðili taki til starfa fyrr en fjórum vikum eftir gildistöku þessara laga og verði tíminn þangað til notaður til þess að gera enn eina tilraun til samkomulags með skipun sáttanefndar. Þessi leið er hér valin þar sem komið hefur fram í þeim viðræðum, sem fram hafa farið, að hún virðist eiga ríkan hljómgrunn hjá deiluaðilum, sérstaklega Félagi ísl. atvinnuflugmanna. Þeir hafa sjálfir lagt áherslu á að slík sáttatilraun yrði gerð.

Í þessu frv. er jafnframt kveðið svo á í 3. gr., að vinnustöðvun sú, sem boðuð er frá og með 10. apríl vegna þessarar deilu, verði óheimil og aðrar vinnustöðvanir í því skyni að knýja fram aðra skipan mála en lög þessi gera ráð fyrir. Í frv. er gert ráð fyrir að Hæstiréttur tilnefni úrskurðaraðila.

Ég vil að lokum geta þess, að eftir samþykkt ríkisstj. í morgun kallaði ég á fulltrúa Félags ísl. atvinnuflugmanna og fór þess mjög eindregið á leit við þá, að þeir féllu frá þessari verkfallsboðun og samþykktu að sáttanefnd yrði skipuð á þennan máta, enda næði niðurstaða hennar eða úrskurðaraðila yfir þá deilu sem nú stendur um þjálfun í hinar nýju stöður. Ég hef nú fengið þær fréttir frá fundi flugmanna, sem má segja að hafi staðið í dag, að þeir hafa hafnað þessu og eru ákveðnir í því að standa við sína verkfallsboðun ef ekkert verður gert til að stöðva það.

Ég vil svo segja að lokum, að því miður er ekki svo, þótt þetta frv. verði samþykkt og þótt úrskurður gangi, sem gera verður að sjálfsögðu ráð fyrir og hlýtur að gerast og þannig verði einn starfsaldurslisti, að deilumál innan félagsins við flugmenn verði leyst — langt frá því. Kjarasamningar eru opnir og nauðsynlegt vitanlega að ljúka þeim. Hins vegar er það mat þeirra aðila, sem að þessu máli hafa fyrst og fremst komið, að nauðsynlegt sé að fá einn starfsaldurslista áður en unnt er að takast á við það mál.

Ég vil að lokum fara þess á leit við hv. deild, að máli þessu verði hraðað eins og frekast er kostur og það komist til Ed. nú fyrir eða um kvöldmatarleytið, skulum við segja, og verði afgreitt þaðan í kvöld. Ég held að sú röskun, sem fylgir því ef flug stöðvast á morgun, sé mjög alvarleg og því nauðsynlegt að stíga skrefið áður en til þess kemur. Ég vil leyfa mér að vona, að sú nefnd, sem fær þetta mál, geti afgreitt það fljótt, og legg til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. samgn.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Þingflokkur sjálfstæðismanna tekur fram að samráð hefur ekki verið haft við fulltrúa flokksins um mál þetta fyrr en kl. 13 í dag. Mál þetta hefur algerlega verið í höndum ríkisstj. og hlýtur hún að bera alla ábyrgð á meðferð þessa margþætta máls. Með tilvísun til þess, að hér er um viðkvæmt og mikilvægt mál að ræða, munu þm. Sjálfstfl. ekki leggja stein í götu afgreiðslu málsins á þeim skamma tíma sem Alþingi er ætlað að fjalla um málið. Þm. Sjálfstfl. taka ekki efnislega afstöðu til frv. og munu því sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Herra forseti. Einu afskiptin, sem þingflokkur sjálfstæðismanna mun hafa af meðferð málsins, eru að leggja til að málið sé nefnt sínu rétta nafni, þ .e. frv. til l. um gerðardóm, en ekki frv. til l. um úrskurðaraðila o. s. frv.

Alþb. seilist í þessu efni langt um hurð til lokunnar í yfirdrepsskapnum til þess að reyna að leyna því, að takist sættir ekki er hér auðvitað um gerðardóm að ræða að undangengnu banni við verkfalli og ekkert annað. Auðvitað er svo Framsfl. reiðubúinn að þjónusta þá Alþb.-menn eins og fyrri daginn og kemur engum á óvart.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Fyrir u. þ. b. tveimur árum var á ferðinni meðal stjórnmálamanna mjög svipað frv. og hér um ræðir til þess að takast á við

mjög hliðstæða deilu hjá sömu starfsstétt. Þá rekur mig minni til þess, að við Alþfl.-menn og framsóknarmenn, sem þá áttum aðild að ríkisstjórn, höfðum um nokkurt skeið verið reiðubúnir til þess að standa að sams konar lausn á þeirri deilu eins og hér á að eiga sér stað, en þriðji aðili stjórnarsamstarfsins, sem var Alþb., þvældist ávallt fyrir. Undir lokin var okkur gefið í skyn að vera kynni að fallist yrði á slíka lausn ef einhver annar en samgrh., sem þá var úr flokki Alþb., fengist til þess að bera málið fram. Lýsti félmrh. Alþfl., Magnús H. Magnússon, sig þá reiðubúinn til þess.

Hins vegar kom aldrei til að á þetta reyndi því að þegar samþykki þriðja aðilans var loks fengið var það orðið of seint. Þær tafir drógu m. a. þann dilk á eftir sér, að svonefndu þaki var lyft af launum allra hálaunamanna í landinu, og gerði það þáv. ríkisstj. erfiðara fyrir er ástæða hefði verið til. Ég vil aðeins minna á þetta nú því að á þeim tveimur árum, sem síðan eru liðin, virðist vera orðið greiðara um götur hjá Alþb. að ganga frá málum eins og hér um ræðir.

Fyrir okkur Alþfl.-mönnum er það ekki nýtt mál, sem hér er um deilt, frekar en fyrir öðrum þm. Við höfum fylgst lengi með því máli sem hér er lögð til ákveðin leið um lausn á. Í morgun kom hæstv. samgrh. að máli við okkur og kynnti okkur stöðuna frá sjónarhóli ríkisstj. og bar fram tvær óskir: Í fyrsta lagi að þingflokkur Alþfl. féllist á að greiða götu málsins þannig að frv. gæti fengið afgreiðslu frá báðum deildum þingsins nú í dag. Þingflokkur Alþfl. hefur samþykkt að verða við þeirri ósk og munum við þm. Alþfl. greiða götu þessa máls í báðum deildum svo að málið hljóti afgreiðslu í dag.

Í öðru lagi leitaði hæstv. samgrh. eftir afstöðu þingmanna Alþfl. til þessa sérstaka máls. Þingflokkur Alþfl., minnugur fyrri afstöðu sinnar í hliðstæðu máli, hefur samþykkt að standa að afgreiðslu málsins og mun greiða atkvæði með frv. bæði í Nd. og í Ed. Hvað frv. skuli heita er ekki meginatriði málsins. Meginatriðið er að sjálfsögðu efnisinnihald frv. En það er út af fyrir sig ekki nýtt að ákveðinn stjórnmálaflokkur þurfi að umskíra mál sem honum eru viðkvæm. Man ég í svipinn eftir mörgum umskírnum á gengisbreytingu, sem nú síðast mun víst heita breyting á viðmiðun gengisaðlögunar, og er þá ekkert skrýtið þó að nú sé gerðardómur kallaður úrskurðaraðili.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að þessi umr. hér yrði notuð til að skattyrðast við hv. 1. þm. Reykv. og ekki heldur við hv. 3. þm. Vestf. Það gefst nægur tími til þess við umr. um önnur mál hér á Alþingi. Ég vil þó aðeins segja það út af ummælum þeirra, að í fyrsta lagi er því ekki að treysta að greiðara sé um götur hjá Alþb. í svona málum, eins og hv. 3. þm. Vestf. orðaði það, og í öðru lagi held ég að það séu aðrir en Alþb. sem eigi skilið einkunnina yfirdrepsskapur í sambandi við þetta mál. Hvað er það annað en yfirdrepsskapur þegar flokkur ákveður að sitja hjá við afgreiðslu máls, en flytur engu að síður till. um breytingu á heiti þess hins sama máls. Það er sérkennileg afstaða.

Hér er um að ræða frv. til l. um þrjú meginatriði:

Í fyrsta lagi, að sett verði sáttanefnd til þess að reyna enn til þrautar að ná samkomulagi í þeirri deilu sem staðið hefur í mörg ár um það, hvernig ráða á flugmenn til verka hjá Flugleiðum hf. þar sem um er að ræða tvö stéttarfélög á sama starfsvettvangi sama fyrirtækis.

Í öðru lagi gerir frv. ráð fyrir því, að úrskurðaraðili verði skipaður að loknu starfi sáttanefndar ef samningar takast ekki innan fjögurra vikna. Á það ber að leggja höfuðáherslu, að reynt verði til þrautar á þessum fjórum vikum að ná samkomulagi. Takist það ekki ber að úrskurða um starfsaldurslista. Í þeim efnum verður að taka ýtrasta tillit til fram kominna sjónarmiða, ekki síst félagslegrar aðstöðu flugmanna, ekki aðeins miðað við núverandi rekstur fyrirtækisins, sem hér um ræðir, heldur einnig að taka tillit til þess möguleika, sem óneitanlega er yfirvofandi, að enn frekari samdráttur geti orðið í rekstri fyrirtækisins.

Í þriðja lagi gerir frv. ráð fyrir að það verkfall, sem nú er að skella á vegna starfsaldurslistans, sé óheimilt. Hér er komið að mikilvægu grundvallaratriði. Það er mat þingflokks Alþb., að hér sé um að ræða óhjákvæmilega neyðarráðstöfun þar sem sýnt er að engin lausn finnist á þessum mjög svo sérstæðu deilumálum eftir hefðbundnum samkomulagsleiðum. Hér er ekki um kaupdeilu að ræða, heldur er hér á ferðinni átakamál innan starfshóps um sérstök vinnuréttindi. Á þessum forsendum, herra forseti, hefur þingflokkur Alþb. ákveðið að standa að því frv. sem hér er á dagskrá.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Mér þykir rétt vegna þeirra ummæla, sem komu hér fram hjá hv. 1. þm. Reykv., að taka það fram, að ég á allan heiðurinn af þessu orði. Það er frá mér komið og hefur engin athugasemd verið við það gerð. Þetta er úrskurður sem um er að ræða, mér þykir orðið satt að segja fallegt og ég vil kannast við það.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til samgn. með 29 shlj. atkv.

Neðri deild, 76. fundur.

Fimmtudaginn 9. apríl, kl. 7.05 síðdegis.

Úrskurðaraðili í deilu um starfsaldurslista flugmanna, frv. (þskj. 632, n. 634, 633, 635). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. (Skúli Alexandersson): Herra forseti. Samgn. hefur komið saman og tekið til meðferðar frv. til l. um úrskurðaraðila í starfsaldurslistadeilu flugmanna Flugleiða h. f. Nefndin hefur rætt frv. og mæla þeir Skúli Alexandersson, Árni Gunnarsson, Friðjón Þórðarson og Alexander Stefánsson með samþykkt þess með eftirfarandi breytingum:

2. gr. orðist svo: Úrskruðaraðilar skulu hefja störf ef starf sáttanefndarinnar ber ekki árangur, þó ekki síðar en innan fjögurra vikna frá gildistöku laga þessara.

Fyrirsögn frv. orðist svo: Frv. til l. um úrskurðaraðila í deilu um starfsaldurslista flugmanna Flugleiða h. f.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Stefán Valgeirsson og Halldór Blöndal. Steinþór Gestsson mun gera

grein fyrir afstöðu sinni. Undir nál. skrifa hinir sömu menn og eru flm. brtt. sem ég afhendi forseta Nd.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 633 og 635, sem voru of seint fram komnar, samþ. með 24 shlj. atkv.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Með skírskotun til þeirrar grg., sem hv. 1. þm. Reykv. flutti hér við 1. umr. þessa máls, hef ég ekki orðið sammála öðrum nm. um afgreiðslu málsins. Ég þarf ekki að taka fram um það frekar hvað liggur þar til grundvallar. Það hefur komið skýrt fram í þeirri grg. sem formaður Sjálfstfl. flutti hér. En ég hef, eins og fram kom í hans máli, einnig flutt nokkrar brtt. á þskj. 633 við þetta frv. Þær brtt. flyt ég af tvennu tilefni sérstaklega: Í fyrsta lagi vegna þess að mér þykir eðlilegt að hlutirnir séu nefndir réttum nöfnum. Hér er um að ræða gerðardóm sem settur er á stofn. Ég tel því einsætt að það komi fram í frv. sjálfu.

Í öðru lagi er mér það mjög ríkt í huga, hvenær sem ég fjalla um frv. til l., að þau séu á venjulegu og eðlilegu íslensku máli og að Alþingi þurfi ekki að fyrirverða sig fyrir hvernig það býr málin úr garði.

Ég verð að segja það, að það orð, sem hér er notað í staðinn fyrir gerðardómur, er að mínu mati óskapnaður í íslensku máli og liggur líklega einna næst því, ef á að afsaka tilkomu þess, að það heiti stofnanaíslenska — sem ekki hefur þótt vera til fyrirmyndar.

Sú till., sem ég flyt hér, er sem sagt eingöngu um nafnbreytingu, að úrskurðaraðili sé nefndur gerðardómur og einnig að fyrirsögn frv. sé breytt til eðlilegra máls en er á frv. sjálfu, eins og brtt. ber með sér.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta efni fleiri orð. Ég tel að þær brtt., sem ég hef flutt hér, séu eðlilegar og réttmætar. Þess vegna vil ég mæla með því, að þær verði samþykktar. Um afgreiðslu málsins að öðru leyti vísa ég til þeirrar grg. sem hér hefur verið flutt af hendi okkar sjálfstæðismanna.

ATKVGR.

Brtt. 633,1 felld með 14:7 atkv.

1. gr. samþ. 21 shlj. atkv.

Brtt. 635,1 (ný 2. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

3.—7. gr. samþ. með 21. shlj. atkv.

Brtt. 633,2—5 komu ekki til atkv.

Brtt. 635,2 (ný fyrirsögn) samþ. með 22 shlj. atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: FÞ, GS, GJG, HÁ, HG, IGuðn, JE, JS, KP, MHM, ÓÞÞ, PP, RA, SighB, SkA, StH, SvG, VG, ÞS, AS, ÁG.

EH, GeirH, JÞ, MÁM, PS, SteinG, ÁG, SvH greiddu ekki atkv.

11 þm. (JBH, BÍG, FrS, GGÞ, HBl, GHelg, IGísl, MB, ÓE, PJ, SV) fjarstaddir.

Neðri deild, 77. fundur.

Fimmtudaginn 9. apríl, að loknum 76. fundi.

Úrskurðaraðili í deilu um starfsaldurslista flugmanna Flugleiða, frv. (þskj. 636 (sbr. 632)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Efri deild, 77. fundur.

Fimmtudaginn 9. apríl, kl. 7.25 síðdegis.

Úrskurðaraðili í deilu um starfsaldurslista flugmanna, frv. (þskj. 636 (sbr. 632)). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. og 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um úrskurðaraðila í deilu um starfsaldurslista flugmanna Flugleiða hf. á þskj. 632 og 636. Um þessa deilu mætti hafa langt mál, hún hefur staðið lengi, en ég skal stytta mál mitt. Þó vil ég drepa á örfá meginatriði.

Þegar félögin Loftleiðir og Flugfélag Íslands voru sameinuð 1974 voru ýmis nauðsynleg atriði þeirrar sameiningar látin bíða, m. a. sameining flugmanna um starfsaldur, en það hefur tíðkast hjá flugmönnum vegna þeirrar sérstöku þjálfunar, sem þeir hljóta, að um störf þeirra gildi ákveðinn starfsaldurslisti. Tilraunir til að sameina þessa lista hófust fyrir alvöru 1978, fyrst með því að félögin eða aðilarnir skipuðu menn í nefnd til að fjalla um þetta. Samkomulag var út af fyrir sig um það í nefndinni að sameina þyrfti listana, en hins vegar ekki um það, hvernig það yrði gert. Mistókst því sú tilraun.

Málið var að nýju tekið upp 1979 og þá í tengslum við kjaradeilu. Um þá kjaradeilu náðist það samkomulag að hún yrði sett í gerðardóm. Sá dómur gekk að nýju 5. sept. 1979 og fjallaði í úrskurði sínum töluvert um starfsaldurslistann, eins og rakið er í grg. með þessu frv., en tók að öðru leyti ekki á því máli, þannig að það var skilið eftir í þeirri deilu sem þarna var, enda ekki samkomulag um það áður að gerðardómurinn fjallaði um það.

Síðan má segja að allt s. l. ár hafi ríkissáttasemjari fjallað um þetta mál sérstaklega, þ. e. starfsaldurslistann. Skipaði hann aðstoðarmann í því skyni, dr. Gunnar G. Schram. Ástæðan fyrir því, að máli var tekið sérstaklega fyrir, kemur raunar fram í niðurstöðum gerðardómsins, sem ég nefndi áðan, og jafnframt í skoðun allra þeirra aðila, sem vel þekkja málið, og einnig deiluaðila, að sameiginlegur starfsaldurslisti er nálægt því að vera forsenda fyrir samningum um kaup og kjör. Því er talið nauðsynlegt að reyna að ná samkomulagi um hann og hafa reyndar kjarasamningar verið opnir á meðan.

Dr. Gunnar G. Schram, sem eins og ég sagði var skipaður aðstoðarmaður sáttasemjara, skilaði málinu frá sér s. l. haust eftir mjög marga fundi. Eftir að ég hafði þá rætt við deiluaðila fór ég fram á það við ríkissáttasemjara, að hann tæki málið fyrir að nýju. Það skal tekið fram, að þá hafði Félag ísl. atvinnuflugmanna orð á því,

að rétt væri að skipa sáttanefnd, en niðurstaðan varð samt sem áður að biðja sáttasemjara að halda málinu enn áfram, enda hann orðinn mjög kunnugur þessu nokkuð flókna máli.

Samkomulag tókst þó ekki og höfðu þá gengið atkvæði um sáttatillögu. Hún hafði verið felld af einum aðila. Einnig hafði verið leitað eftir samkomulagi um úrskurðaraðila eða gerðardóm, en um það hafði ekki heldur náðst samkomulag, þannig að sáttasemjari skilaði málinu frá sér enn á ný nokkru fyrir áramótin.

Um málið hefur síðan verið nokkuð rætt þótt ekki hafi formlegar tilraunir farið fram. Það hefur verið skoðun manna — eða við skulum segja: var von manna að tilraunir félagsins til þess að afla verkefna erlendis kynnu að leysa þetta mál að einhverju leyti eða gera það auðveldara því að með því skapast að sjálfsögðu margir starfsmöguleikar, en vitanlega stendur þessi deila um hvort menn missi vinnu sína við samdrátt og hverjir þá.

Þetta hefur út af fyrir sig tekist. Félagið hefur fengið nokkuð mikil verkefni erlendis til viðbótar við þau sem það hafði áður, t. d. Air Bahamas og í Indlandi. Það hefur fengið verkefni í Lýbíu og Nígeríu þannig að þörfin fyrir flugmenn erlendis er nú 39, en 74 hér heima. Þarna er því orðið um mjög mikilvægna starfsþátt að ræða. En því miður hefur nú farið svo, að einmitt þessi stöðugildi hafa vakið upp þessar deilur, með þeim afleiðingum að boðað hefur verið til verkfalls nú á miðnætti. Stafar það af því, að deilt er um eftir hvaða starfsaldurslista skuli fara þegar menn eru þjálfaðir í þessi störf í Nígeríu og Lýbíu. Það þarf vitanlega að gera því að stöðugildum á DC-8 vélum fækkar, en fjölgar við þessi verkefni, sem ég hef nefnt, á öðrum vélum.

Ég ætla ekki að fara hér orðum um deilum sjálfa. Þetta er flókið mál og ég hvorki treysti mér til né tel það sæmandi að vera að segja eitt eða annað um hvað er rétt í því. Þó vel ég nefna það, að Félag ísl. atvinnuflugmanna telur að fara beri eftir gildandi starfsaldurslista sínum sem kveður svo á, að þeir skuli eiga forgang að flugi á öllum Boeing 727 vélum og F-27 vélum, Fokkerum sem sagt, hvar sem flugfélagið er með þær í notkun. T. d. eru nú Fokkervélar í notkun í Lýbíu og Boeing 727 í Nígeríu. Hins vegar hefur félagið farið aðra leið og blandað þar nokkuð saman þessum tveimur starfsaldurslistum. Deilan stendur því núna um það, hvort félagið hafi haft rétt til að gera slíkt, og því er verkfallið boðað.

Ríkisstj. hefur að sjálfsögðu fylgst með þessu máli og þar hafa menn verið á einu máli um það, að æskilegt væri að bíða og gera allt annað sem unnt væri til þess að koma í veg fyrir stöðvun. Því bað ég ríkissáttasemjara enn einu sinni að eiga viðræður við deiluaðila. Hefur hann gert það undanfarna daga. Ég vil þó geta þess áður, að ég átti viðræður við deiluaðila fyrir 10 dögum og þá kom fram sú skoðun hjá Félagi ísl. atvinnuflugmanna, að rétt væri að skipa sáttanefnd. Ég fagnaði því og lagði þá til að sáttanefnd yrði gefinn stuttur tími, eins og fjórar vikur, og menn samþykktu þá gerðardóm eða úrskurðaraðila, eins og hann hefur nú verið kallaður í þessar deilu af einhverjum ástæðum, ef slík sáttanefnd næði ekki samkomulagi. Einnig lagði ég til að slík niðurstaða yrði látin gilda frá 15. mars þannig að sú þjálfun, sem nú fer fram, yrði leiðrétt ef niðurstaðan yrði önnur en félagið hefur byggt á.

Fallist var af öllum aðilum á að sáttanefnd yrði skipuð og sömuleiðis að hlýða úrskurði. Á það var fallist af hendi stjórnar Flugleiða og Félags Loftleiðaflugmanna að þetta yrði látið ná aftur fyrir sig og leiðrétt. Hins vegar, því miður, verð ég að segja, féllst Félag ísl. atvinnuflugmanna ekki á það og krafðist þess, að þeirri þjálfun, sem hófst reyndar í gær, yrði breytt til samræmis við þeirra starfsaldurslista.

Sáttasemjari gerði svipaða tilraun, örlítið breytta, í þá veru að sáttanefndin fengi úrskurðarvald ef henni tækist ekki að ná sáttum eftir öðrum leiðum. Þar hefur hins vegar strandað á þessu sama. Því hefur verið hafnað af einum aðila, að þetta yrði látið ná aftur fyrir sig eða yfirleitt að sáttanefndin fjallaði á þann máta um þessa þjálfun.

Ég ræddi síðan við Félag ísl. atvinnuflugmanna eða stjórn þess félags, þá sem heima voru í morgun, og lagði mjög ríkt að þeim að fresta þessu verkfalli og fallast á annaðhvort framkvæmd eins og sáttasemjari leggur til, sem er út af fyrir sig efnislega það sama og ég lagði til. Í dag hafa verið fundir og ég var að fá bréf frá FÍA þar sem þessu er hafnað, sem ég harma. Þetta bréf er stutt og ég tel rétt — með leyfi forseta — að lesa það hér svo að þeirra sjónarmið komi fram eins og þeir vilja flytja þau. Þetta er bréf dagsett í dag og í því segir:

„Samgrh. Steingrímur Hermannsson. Vísað til fundar við yður fyrr í dag, þar sem þér boðuðuð að lagt yrði fram frv. til laga til lausnar á svonefndu starfsaldurslistamáli og þar sem þér einnig fóruð fram á frestun á boðaðri vinnustöðvun FÍA sem hefjast á á miðnætti.

Stjórn og trúnaðarmannaráð Félags ísl. atvinnuflugmanna getur fyrir sitt leyti samþykkt hugmynd Guðlaugs Þorvaldssonar ríkissáttasemjara um sáttanefnd er vinna skuli að að leysa starfsaldurslistamálið og hafi hún einnig heimild til að úrskurða um þau atriði sem ósættanleg reynast. Með þessu, ef allir aðilar samþykkja, er séð fyrir endann á hinu svokallaða starfsaldurslistamáli.

FÍA getur ekki fellt sig við þær vinnuaðferðir Flugleiða að virða ekki kjarasamninga, eins og þær eru nú að framkvæma varðandi stöðubreytingar. Flugleiðir hafa skuldbundið sig til að fara eftir gildandi kjarasamningum þar til nýir hafa verið gerðir. Auk þess sem slíkt er hefð á hinum almenna vinnumarkaði hefur Alþingi lögfest þessar reglur er varða starfsmenn ríkis og bæja, sbr. 14. gr. laga nr. 29 1976, um kjarasamninga BSRB.

Með því að þvinga flugmenn til starfa með lögum er m. a. verið að samþykkja áðurnefnd vinnubrögð Flugleiða hf. Enn eru öll atriði kjarasamninga FÍA við Flugleiðir hf. óleyst. Vandamál Flugleiða hf. verða ekki leyst á þennan hátt því að áframhald eðlilegs flugs er háð tilhliðrun af hálfu flugmanna. Því er eina raunhæfa lausnin að samið verði á eðlilegan hátt undir stjórn sáttasemjara ríkisins.

M. a. í ljós ofanritaðs telur stjórn og trúnaðarmannaráð FÍA sér ekki fært að verða við ósk yðar um frestun vinnustöðvunar nema Flugleiðir hf. standi við gildandi kjarasamninga í hvívetna, þar með talið að ógilda nú þegar nýgerða ráðningar flugstjóra á F-27 (þ. e. Fokkervélum) af starfsaldurslista Loftleiðaflugmanna. Við treystum því, að þér beitið áhrifum yðar til þess að Flugleiðir hf. virði öll ákvæði gildandi kjarasamnings þar til nýr hefur verið gerður.

Við viljum að lokum taka fram að ef þessu skilyrði verða uppfyllt eru flugmenn FÍA reiðubúnir til að aðstoða Flugleiðir hf. við að halda uppi eðlilegu flugi meðan á þjálfun stendur."

Undir þetta skrifar fyrir hönd stjórnar og trúnaðarmannaráðs Kristján Egilsson, formaður.

Um það er sem sagt deilt, hvort Flugleiðir hafi rétt til að þjálfa eins og þær vilja. Um það er deilan, hvort fara eigi eftir eldri samningum, sem út af fyrir sig hefur verið sagt upp af báðum aðilum, eða ekki. Það er atriði sem ég treysti mér ekki til að dæma í og hef satt að segja talið að Félagsdómur hefði mátt fjalla um, svo ég lýsi minni persónulegu skoðun, en deiluaðilar hafa ekki kosið að vísa því þangað.

Ég vil segja það að lokum, að það er að sjálfsögðu ætíð mjög leitt að þurfa að flytja mál sem þetta. Svona mál verður vitanlega að kappkosta að leysa með almennum samningum. Þetta mál er hins vegar búið að vera mjög lengi í meðferð og ég vil leyfa mér að fullyrða að stöðvun félagsins núna kunni að hafa mjög alvarlegar afleiðingar fyrir félagið sjálft og viðleitni til þess að það fái eflst að nýju. Ég held að það megi satt að segja alls ekki við því. Hitt er svo annað mál, að það er alls ekki þar með sagt, þótt þetta verði samþykkt og úrskurður fáist, að vandamálin séu leyst. Eins og fram kemur, eru kjaramálin enn óleyst. En ég hef áður sagt að þeir, sem við þau fást, telji að niðurstaða í starfsaldurslistamálinu verði að fást áður en unnt er að takast af alvöru á við það mál.

Herra forseti. Ég fór fram á það við hv. Nd. að hún hraðaði málinu og hún varð við þeirri beiðni. Ég vil endurtaka þá sömu beiðni hér, að málinu verði hraðað. Ég tel mjög slæmt ef til stöðvunar kemur í kvöld og allt flug raskast af þeim sökum.

Ég vil svo að lokum leggja til að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. samgn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13. shlj. atkv. og til samgn. með 14 shlj. atkv.

Efri deild, 78. fundur

Fimmtudaginn 9. apríl, kl. 7.55 síðdegis.

Úrskurðaraðili í deilu um starfsaldurslista flugmanna, frv. (þskj. 636 (sbr. 632), n. 637). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 15. shlj. atkv.

Frsm. (Guðmundur Karlsson): Herra forseti. Samgn. Ed. hefur rætt frv. á fundi sínum og mæla nefndarmennirnir Jón Helgason, Stefán Guðmundsson og Stefán Jónsson með því að það verði samþykkt eins og það kom frá Nd. Guðmundur Karlsson, Lárus Jónsson og Egill Jónsson taka ekki efnislega afstöðu til málsins. Undir nál. rita Guðmundur Karlsson, Jón Helgason, Stefán Jónsson, Egill Jónsson, Stefán Guðmundsson og Lárus Jónsson.

Við sjálfstæðismenn í Ed. vísum til grg. formanns Sjálfstfl., hv. 1. mþ. Reykv., sem hann flutti í Nd., og tökum því ekki afstöðu til málsins. Við munum ekki flytja brtt. við frv. þar sem brtt., sem hv. 2. þm. Suðurl. flutti í Nd., voru allar felldar. En með brtt. vildu sjálfstæðismenn undirstrika að hér er um gerðardóm að ræða.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JH, KSG, StefG, StJ, JK, DA, GeirG, GB, HS.

GK, LJ. SalÞ, ÞK, EgJ, SigurlB greiddu ekki atkv.

5 þm. (GTh, KJ, ÓRG, ÓlJ, EG) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Ég er í grundvallaratriðum andvígur afskiptum ríkisvaldsins af kjaradeilum sé þess ekki óskað af báðum aðilum. Ég tel mál það, er hér liggur fyrir, ekki deilu um kjaramál, ekki deilu sem stundum er nefnd stéttabarátta, og eigi því ekkert skylt við þá baráttu sem verkalýðshreyfingin hefur þurft að heyja fyrir betri lífskjörum.

Verði af boðuðu verkfalli er atvinnuöryggi fjölda verkafólks stefnt í hættu. Vil ég í þessu sambandi upplýsa að nær allir starfsmenn flugleiða á Keflavíkurflugvelli hafa undirritað mótmæli gegn þessu verkfalli og fordæmt það. Það er ekki verjandi að örfáir einstaklingar valdi öðrum starfsstéttum með margfalt lægri laun þvílíkum búsifjum sem felast í ógnun við atvinnuöryggi. Ég segi því já.

2.—7. gr. samþ. með 9 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StJ, JK, DA, GeirG, GB, JH, KSG, StefG, HS.

ÞK, EgJ, SigurlB, GK LJ, SalÞ, greiddu ekki atkv.

5 þm. (EG, GTh, KJ, ÓRG, ÓlJ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Efri deild, 79. fundur.

Fimmtudaginn 9. apríl, að loknum 78. fundi.

Úrskurðaraðili í deilu um starfsaldurslista flugmanna, frv. (þskj. 636 (sbr. 632). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JH, KSG, StefG, StJ, JK, DA, GeirG, GB, HS.

GK, LJ, SalÞ, ÞK, EgJ, SigurlB greiddu ekki atkv.

5. þm. (GTh, KJ, ÓRG, ÓlJ, EG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 638).

Efri deild, 80 fundur.

Föstudaginn 10. apríl, kl. 2 miðdegis.

Framleiðslueftirlit sjávarafurða, frv. (þskj. 484). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 641).

Almannatryggingar, frv. (þskj. 598, n. 628). — 2. umr.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Heilbr.- og trn. hefur fjallað um frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari breytingum. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt. Undir nál. rita allir nm. heilbr.- og trn.

Eins og kunnugt er er frv. þetta flutt í samræmi við yfirlýsingu ríkisstj. við afgreiðslu kjarasamninga í okt. á liðnu hausti. Ég held að það sé rétt að ég lesi 1. gr. þessa frv., með leyfi forseta. Hún skýrir sig best þannig:

„Hver sem stundað hefur sjómennsku í 25 ár eða lengur skal eiga rétt til töku ellilífeyris frá og með 60 ára aldri, enda sé að öðru leyti fullnægt skilyrðum þessarar greinar. Starfsár sjómanna skal í þessu sambandi miðast við að sjómaður hafi verið lögskráður á íslenskt skip eigi færri en 180 daga að meðaltali í 25 ár."

Þessi grein frv. er sem sé ný mgr. sem bætist við 11. gr. almannatryggingalaganna. Það skal tekið fram, að það er ekki skilyrði að aðili sé starfandi sjómaður þegar hann hefur náð umræddum aldri, 60 ára aldri.

2. gr. frv. fjallar um það að örorkustyrkþegi, sem náð hefur 62 ára aldri, skuli njóta örorkustyrks sem jafnan svarar til fulls örorkulífeyris.

Ég sé ekki ástæðu til að skýra þetta nánar. Þetta liggur mjög ljóst fyrir. Nefndin leggur einróma til að frv. verði samþykkt.

Stefán Guðmundsson: Herra forseti. Ég kem hér aðeins til þess að lýsa ánægju minni með þetta frv. og hversu skjóta afgreiðslu það hefur fengið. Og ég vona vissulega að svo verði einnig í meðförum í hv. Nd. Með þessu frv. um breytingu á lögum um almannatryggingar, er varðar m. a. rétt sjómanna til ellilífeyris frá Tryggingastofnun ríkisins, er leitast við að rétta nokkuð hlut sjómannsins. Með því er sérstaða hans viðurkennd og að nokkru metin.

Eitt meginefni þessa frv. er, eins og kom fram í framsögu hv. þm. Davíðs Aðalsteinssonar, að tryggja þeim, er stundað hafa sjómennsku í 25 ár, ellilífeyri frá og með 60 ára aldri. Starfsár sjómanns skal í þessu sambandi miðast við að sjómaður hafi verið lögskráður á íslenskt skip í eigi færri en 180 daga að meðaltali í 25 ár. Ég vek athygli á því, m. a. vegna ákvæða þessa frv., hversu nauðsynlegt er að skráningartími sjómanna sé eðlilega færður. Í aths. með þessu frv. segir m. a.:

„Vitað er hins vegar að lögskráningarbækur eru ófullkomin heimild um starfstíma sjómanna víða og á vissum tímum. Verulegar gloppur hafa fundist í lögskráningum sjómanna og lögskráningin sjálf er aðeins vitnisburður um þá daga sem verið er á sjó, en ekki vitnisburður um heildarstarfstíma sjómanns hjá útgerðarmanni."

Hér er komið að athyglisverðum þætti, — þætti sem ekki má vanrækja eins og nú virðist hafa verið gert í kannske æðimörgum tilfellum.

Við athugun og yfirlestur á þessu frv. og í framhaldi af því, sem ég hef áður vitnað til, kom upp í huga minn hvort ekki væri bót að því að taka upp þann hátt, að hver sjómaður hefði sína sjóferðabók, og hvort ekki mætti með þeim hætti komast hjá alvarlegum mistökum í þessum efnum, eins og dæmi eru til um.

Herra forseti. Ég ætla ekki að fjölyrða frekar um þetta. Ég endurtek ánægju mína með, að þetta frv. skuli vera flutt, og minni um leið á að sumt er enn hálfgert og margt ógert í félags- og réttindamálum íslenskra sjómanna. Því er þeim tíma, sem þm. verja hér til umræðu og íhugunar um málefni þeirrar stéttar, vissulega vel varið.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Ég vil taka undir það sem hér hefur komið fram, þá ánægju sem menn hafa sýnt yfir því, að þetta frv. skuli nú vera komið úr nefnd. Rétt er að geta þess, að það ákvæði, sem hér hefur verið tekið upp, er þáttur í kjarasamningum sem Sjómannasamband Íslands þurfti að knýja á um, en eftir stendur það, að Lífeyrissjóður sjómanna er afskaplega illa staddur og lífeyrir sem sjómenn fá, er afar nöturlegur, ég tala nú ekki um aðstandenda þeirra. Nokkur bót varð á við síðustu samninga, en betur þarf að gera til þess að réttlæti verði náð.

Það var mikils virði að sérstaða sjómanna var viðurkennd. Hjá öðrum þjóðum tíðkast það með þá sem í herþjónustu eru, að þeir komast á eftirlaun fyrr en aðrir. Ýmsar aðrar starfsstéttir gera það einngi, — starfsstéttir sem eru metnar á þann hátt að þær skipti feikilega miklu máli fyrir viðkomandi þjóð. Ég tel að það sé ástæða fyrir okkur að líta á sjómannastéttina sem okkar hermenn, okkar starfsmenn við að halda uppi lífskjörum þjóðarinnar, og við þurfum að meta það svo sem unnt verður.

Hv. síðasti ræðumaður ræddi um lögskráningu, sem hefur verið afar ófullkomin, en sjómannasamtökin hafa einmitt tekið þetta upp einnig og mig minnir að á fjárlögum sé varið 11 millj. gkr. sem munu renna til sjómannasamtakanna einmitt í því skyni að þau geti sjálf fylgst með lögskráningu. Það hafa komið upp alls konar tilvik, mjög alvarleg tilvik hvað snertir tryggingar sjómanna. Á þessu þarf að ráða bót. Að vísu er það mín skoðun, að það ætti að vera alfarið ríkisins að fylgjast með þessu. En það hefur því miður ekki tekist til þessa. Við skulum vona að það takist betur þegar Sjómannasambandið hefur hönd í bagga.

Ég endurtek það, að ég er mjög ánægður með framgang þessa máls og vænti þess, að áfram verði haldið í þá veru að bæta lífeyrisréttindi sjómanna.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Það stendur síst á mér að taka undir að við eigum að gera allt það sem í okkar valdi stendur fyrir íslenska sjómenn. Ég vil taka undir orð hv. þm. Stefáns Guðmundssonar um eigin sjóferðabók, ég teldi það mjög til athugunar. Hins vegar vil ég ítreka það, að í frv. þessu er byggt á sömu reglum og gilda í lögum um Lífeyrissjóð sjómanna, nr.

49/1974, en þar er gert ráð fyrir að starfsár sjómanns skuli miðast við eigi færri en 180 lögskráða daga á íslensku skipi. Þó er hér lagt til að lögskráningardagar skuli vera 180 að meðaltali í 25 ár. Það breytir hins vegar ekki því, að sjómennsku verða sjómenn að hafa stundað í 25 almanaksár. Ég vildi aðeins koma því að, að hér er um sömu reglu að ræða að hluta til eins og er um Lífeyrissjóð sjómanna.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Kirkjubyggingasjóður, frv. (þskj. 580 (sbr. 283)). — 1. umr.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Ég leyfi mér að fylgja úr hlaði frv. til l. um kirkjubyggingasjóð. Kirkjuþing 1978 samdi frv. til l. um kirkjubyggingasjóð og var frv., sem flutt var á síðasta þingi, í megindráttum í samræmi við það. Nú hefur kirkjulaganefnd, sem skipuð er af dóms- og kirkjumrh., farið yfir frv. og er frv. það, sem nú er flutt, í samræmi við ábendingar nefndarinnar í þeirri mynd sem nefndin gekk frá því.

Ég vil geta þess, að í kirkjulaganefnd eiga sæti dr. Sigurbjörn Einarsson biskup, formaður, dr. Ármann Snævarr hæstaréttardómari og Baldur Möller ráðuneytisstjóri.

Kirkjubyggingasjóður var upphaflega stofnaður með lögum nr. 43 frá 1954, en þau lög hafa tvívegis sætt breytingum, árin 1955 og 1962. Hlutverk kirkjubyggingasjóðs er að veita þjóðkirkjusöfnuðum lán til kirkjubygginga í sóknum landsins og til varanlegra endurbóta á eldri kirkjum, sbr. og 6. gr. þessa frv.

Samkv. upphaflegu lögunum frá 1954 skyldi lágmarksfjárhæð úr ríkissjóði vera 50 þús. kr., en sú fjárhæð var hækkuð í 1 millj. kr. árið 1962. Fyrir þessum sjóði hefur farið eins og fleiri sjóðum að fé hans hefur rýrnað og minni stoð og styrkur orðið að honum en vera skyldi. Á það skal bent að sums staðar í löndum, þar sem þjóðkirkja er, stendur hið opinbera straum af byggingarkostnaði kirkna að öllu leyti.

Þess ber að geta með þökkum, að almenningur hér á landi hefur lagt mikið af mörkum til kirkjubygginga, og sýnir það ótvírætt góðan hug almennings til kirkjunnar. Þetta mikilvæga liðsinni ber ríkisvaldinu að virða og leggja af sinni hálfu úr ríkissjóði fram veigamikinn skerf til kirkjubygginga. Vissulega kæmi til greina að framlög væru í formi styrkja, sbr. lög þau sem gilda um félagsheimili. Með þessu frv. er þó eigi brotið upp á slíkri stefnubreytingu heldur horfir frv. fyrst og fremst að því að kveða á að lágmarksframlög ríkissjóðs til kirkjubyggingasjóðs, sem lánar fé, skuli vera að verðgildi svipuð og verða skyldi samkv. lögunum frá 1954 og 1962 og svo verði einnig til frambúðar. Þess er að vænta að slíkt verði auðsótt.

Frv. þetta var lagt fyrir hv. Nd. og var fjallað um það af menntmn. Nefndin mælti með samþykkt frv. óbreytts að öðru leyti en því sem leiddi af ákvæðum um gjaldmiðilsbreytingu og gildistímanum var einnig breytt. Ég þarf því ekki að hafa fleiri orð um þetta frv., en legg til að því verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Egill Jónsson: Herra forseti. Ég fagna að sjálfsögðu þessu frv. og vænti þess, að ég geti stutt það hér við afgreiðslu. En mig langar að beina þeirri fsp. til hæstv. dómsmrh., hvernig söfnuðir eigi að fara að því að standa undir kostnaði við þessar lántökur. Þannig er nefnilega ástatt í þeim efnum, að það þarf leyfi dómsmrh., þegar um er að ræða ákvörðun um upphæð sóknargjalda, og þar hefur gætt mikillar íhaldssemi. Ég þekki þess dæmi að sóknargjöld nægja alls ekki fyrir afborgunum og þeim skuldbindingum sem söfnuðirnir eru í gagnvart slíkri lántöku sem hér um ræðir. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. dómsmrh.: Með hvaða peningum eiga þá söfnuðirnir að standa skil á skuldbindingum við kirkjubyggingasjóð?

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Út af fsp. hv. 11. landsk. þm. vil ég taka þetta fram:

Í fyrsta lagi er það deginum ljósara að við samþykkt þessa frv. léttist róðurinn fyrir söfnuði landsins að koma upp kirkjum. Ég held að allir hljóti að verða sammála um það. Þeim hefur boðist brattara á undanförnum árum þegar nánast hvergi hefur verið unnt að fá lán til slíkra bygginga eða a. m. k. af svo skornum skammti að það hefur lítt dregið þá að marki.

Að því er varðar sóknargjöld kannast ég ekki við að mikillar íhaldssemi hafi gætt af minni hálfu um hækkun þeirra. A. m. k. man ég það, að fyrir ári eða svo bárust mér tilmæli um hækkun sóknargjalda héðan úr Reykjavík sem ég samþykkti nánast alveg samkv. því sem farið var fram á.

Loks vil ég geta þess, að það er von á nýju frv. einmitt um sóknargjöld sem væntanlega verður sýnt á þingi þessu áður en því lýkur. Og þó að ekki vinnist tími til að samþykkja það vænti ég þess, að hv. 11. landsk. þm. sjái þó roða fyrir nýjum degi í þessum efnum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til menntmn. með 13 shlj. atkv.

Heilbrigðisþjónusta, frv. (þskj. 158, n. 627). — 2. umr.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Heilbr.- og trn. hefur fjallað um frv. til l. um breyt. á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 57/1978. Nefndin leggur til að þetta frv. verði samþykkt með þeirri breytingu að 2. gr. frv. falli brott.

Ég held að rétt væri, til þess að fara örfáum orðum yfir sögu þessa máls, að ég lesi — með leyfi forseta — a. m. k. hluta úr þeirri grg. sem fylgir þessu frv. Fyrst vil ég þó geta þess, að 1. gr. frv., sú grein sem við nm. samþykktum að fleyta áfram hér í þinginu, kveður á um það, að heimilt skuli vera að ráða aðstoðarlækni hluta úr ári við heilsugæslustöð H l.

„Þegar lögin um heilbrigðisþjónustu voru sett 1973 hafði ástandið í læknamálum landsbyggðarinnar verið með öllu óviðunandi. Ekki síst var það tilgangur nýrrar

löggjafar að bæta hér verulega úr. Í kjölfar löggjafarinnar og mikilla framkvæmda í heilsugæslumálum úti á landi hefur mikil breyting orðið á til batnaðar og þróunin stefnir í rétta átt, til alhliða bættrar þjónustu á sviði heilsugæslu um land allt. Enn ber þó á nokkurn skugga. Erfiðlega hefur gengið að fá lækna að H 1 stöðvunum, þeim heilsugæslustöðvum þar sem aðeins skal starfa einn læknir. Hér er um stöðvar að ræða sem velflestar þjóna þeim svæðum sem afskekktust eru eða verst í sveit sett hvað snertir samgöngur, miklar fjarlægðir eða nálægð við sjúkrahús. Þörfin á góðri og öruggri heilsugæslu er því hvergi brýnni né meir knýjandi og því má einskis láta ófreistað til að unnt sé að fá lækna þar til starfa og til sem lengst tíma. Ýmsar tillögur hafa verið uppi um úrbætur ef takast mætti að laða menn fremur til starfa á þessum stöðvum.

Landlæknir hefur að vonum látið þessi mál mjög til sín taka, enda brennur vandinn hvað heitast á honum, og m. a. reifaði hann á s. l vetri ýmsar hugmyndir sínar til úrbóta í þessu efni við heilbrigðis- og trygginganefndir þingsins. Þeim er nú að miklu leyti komið hér í frumvarpsform því að full ástæða er til nánari umfjöllunar viðkomandi nefnda og þingsins í heild um þetta málefni. Þessar hugmyndir hafa m. a. komið fram hjá læknum sem á H 1 stöðvum hafa starfað og þá alveg sérstaklega hugmynd númer 1 í 1. gr. frv., sem er um leið meginatriði hugmyndanna og örugglega sú virkasta."

Ég held að ég fari rétt með það álit nefndarinnar, að hún telji samþykkt 1. gr. þá virkustu aðferð, en jafnframt þá minnstu breytingu sem við getum komist af með til að færa þessa hluti í það horf sem við öll hljótum að æskja eftir.

Vilji landlæknis í þessu efni hefur nú þegar komið fram. Ég tel rétt og skylt að lesa hér upp bréf eða umsögn frá heilbr.- og trmrn., sem undirritað er af Páli Sigurðssyni ráðuneytisstjóra, um þessi efni, með leyfi forseta:

„Í þessu frv. eru tvær breytingar: Í fyrsta lagi um heimild til að ráða aðstoðarlækni á H 1 stöð og í öðru lagi að læknar, sem unnið hafa á heilsugæslustöð H 1 í þrjú ár, eigi rétt á að njóta eins árs leyfis á fullum launum til framhaldsnáms hér á landi eða erlendis, enda fylgi því skuldbinding um áframhaldandi þjónustu í minnst þrjú ár við heilsugæslustöð H 1."

Þetta atriði víkur að 2. gr. sem við treystumst ekki til þess að leggja til samþykkt á. Svo les ég áfram:

„Hvað því viðvíkur að setja inn í lögin um heilbrigðisþjónustu heimild til að ráða aðstoðarlækni að heilsugæslustöðvum, þá tel ég" — og þetta bréf er undirritað af Páli Sigurðssyni — „að það sé ekki í samræmi við stefnu laganna því að hvergi er gert ráð fyrir aðstoðarlæknum í heilsugæslunni. Ef sú stefna verður ofan á að fjölga læknum á H 1 stöðvum, þá tel ég að eðlilegra væri að setja inn í lögin heimild til þess að ráða tvo lækna um lengri eða skemmri tíma að H 1 stöðvum, eftir nánari ákvörðun ráðh. og að því tilskildu að stöðuheimildir séu fyrir hendi."

Ég vildi aðeins víkja nokkrum orðum að þessu. Að okkar dómi í heilbr.- og trn. teljum við með þessum ummælum raunar ýjað að því, að lengra skuli gengið en í þeirri till. sem frv. felur í sér og nefndin er sammála um að leggja til samþykkt á. Við viljum sem sagt fara með meiri varfærni í breytingar heldur en forsvarsmenn heilbr.- og trmrn. láta í veðri vaka samkv. þeim orðum sem hér standa. En ég held þá áfram með lestur bréfsins:

„Hvað því viðvíkur að umbuna læknum á H 1 stöð fyrir störf þar, þá er tillaga um eins árs leyfi eftir þriggja ára starf í samræmi við það sem fram kom í nefnd þeirri er endurskoðaði lögin á árinu 1978, en ekki varð samkomulag í þeirri nefnd um að taka þá tillögu upp til Alþingis. Ég tel mjög til bóta, ef réttur til framhaldsnáms kemur inn til heilsugæslulækna, og tel þá eðlilegra að heilsugæslulæknir fái t. d. hálfs árs leyfi á þriggja ára fresti. Nauðsynlegt er að tekin séu inn glögg ákvæði um hvernig þessi réttur skapast, t. d. hvort hann verður til um leið og lögin eru sett gagnvart þeim læknum sem þá yrðu í starfi, svo og um fyrningu þessa réttar ef menn ekki nota hann strax og þeir hafa rétt á því."

Eins og fram kemur í niðurlagi bréfsins eru hér ýmis atriði sem mundu verða allflókin í útfærslu, ef ég mætti svo að orði komast, en ekki síður það, að ýmsir nákunnugir innan læknastéttar telja að um of langa starfsbindingu yrði að ræða miðað við ákvæði 2. gr. frv. þannig að sú grein þjónaði alls ekki þeim tilgangi sem flm. hefðu vænst.

Herra forseti. Eins og öllum er ljóst hafa verið ör mannaskipti við H 1 stöðvarnar á undanförnum árum, en jafnframt hefur víða gengið erfiðlega að fá lækna til starfa. Oftast er því borið við, að um of mikið starfsálag og bindingu sé að ræða árið um kring. Það er skoðun nefndarinnar að sú ráðagerð, sem frv. felur í sér, þ. e. heimild til að ráða aðstoðarlækni hluta úr ári, geti að einhverju leyti bætt þarna úr.

Ekki þótti rétt að ákveða í lögum um ráðningartíma nánar en segir í 1. gr. frv.: „að ráða aðstoðarlækni hluta úr ári". Hins vegar kom sú skoðun fram, að eðlilegt væri að miða við t. d. þrjá mánuði ár hvert. Ef þessi heimild verður nýtt hefur þessi ráðagerð óneitanlega einhvern kostnað í för með sér, en til marks um a. m. k. drjúgan hluta þess kostnaðar, ef heimild til þess að ráða aðstoðarlækna yrði notuð að meðaltali í þrjá mánuði á ári hverju, er rétt að geta þess, að föst mánaðarlaun aðstoðarlækna eru 7600 nýkr. og H 1 stöðvar eru um 15 talsins. Launakostnaður samkv. þessum forsendum yrði þá 342 þús. nýkr.

Ég tel ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta mál. Eins og margsinnis hefur komið fram í mínum orðum leggur nefndin eindregið til að þetta frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 627 (2. gr. falli brott) samþ. með 13 shlj. atkv.
3. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Söluskattur, frv. (þskj. 610). — 1. umr.

Flm. (Sigurlaug Bjarnadóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. á þskj. 610 um ákveðna breytingu á lögum um söluskatt. Ég flutti þetta frv. hér í fyrra um svipað leyti. Málið fékk mjög góðar undirtektir hér í þessari sömu deild, en orð voru jafnframt látin falla í þá átt að hér væri um dæmigert stjórnarandstöðumál að ræða. Það náði ekki fram að ganga, málið strandaði í nefnd. Og það er nú svo að falleg bros og hlýleg orð duga

skammt í þessu máli ef ekki fylgir raunverulegur vilji til að hjálpa málinu áleiðis. Það er í trausti þess, að sá vilji sé nú fyrir hendi hér á Alþingi, að ég freista þess að flytja málið á ný með þremur flokkssystkinum mínum, þeim Agli Jónssyni, Lárusi Jónssyni og Salome Þorkelsdóttur. Reyndar reyndi ég nú að fá til liðs við okkur flm. úr stjórnarliðinu, en því miður sáu þeir sér ekki fært að skrifa upp á hjá mér. En það skiptir auðvitað ekki meginmáli hvort nöfn þeirra standa á frv. ef þeir á annað borð vilja styðja málið í þinginu og koma því í höfn nú.

Ég hef nú unnið málið upp á nýtt, reynt að grúska enn betur í myrkviði okkar söluskattslaga og hef fengið til liðsinnis við mig hæfa, sérfróða menn sem gerþekkja þetta mál frá öllum hliðum. Og ég held að mér sé óhætt að staðhæfa að í því formi, sem málið liggur fyrir núna, leiki ekki neinn vafi á um hvernig það skuli framkvæmt, en einmitt það var talið einn af vanköntum málsins í fyrra.

Ég leyfi mér að vitna til grg., með leyfi forseta, en þar segir m. a.:

„Eins og undanþáguákvæðum varðandi vöruflutninga innanlands er nú háttað í söluskattslögunum skapast mikið misræmi eftir því hvort vörur eru fluttar til endursölu eða beint á vegum endanlegs kaupanda. Þannig þurfa endursöluaðilar úti á landsbyggðinni að innheimta söluskatt af flutningsgjaldi vörunnar og leggja hann ofan á endanlegt söluverð til neytandans. Hefði hins vegar sami neytandi keypt vöruna í Reykjavík og séð um flutninginn sjálfur, þá hefði flutningskostnaðurinn verið söluskattsfrjáls samkv. 3. tölul. 1. mgr. 7. gr. laga um söluskatt. Hið sama gildir um kaup á söluskattsfrjálsum vörum, t. d. matvörum. Í þeim tilvikum leggst söluskattur ekki ofan á flutningsgjaldið. Neytendur úti á landi eru þannig ranglega látnir greiða söluskatt af flutningskostnaði þegar þeir kaupa söluskattsskyldar vörur út úr verslun á viðkomandi stað. Verður ekki betur séð en ríkið sé þarna í rauninni að brjóta eigin lög með innheimtu söluskatts af flutningskostnaði í þessum tilvikum."

Ég vil minna á að í þessari tilvitnuðu grein, 1. mgr. 7. gr. söluskattslaga, stendur skýrum stöfum að flutningskostnaður sé undanþeginn söluskatti.

„Frv. það, sem hér er flutt, getur því skoðast sem nánari útfærsla á undanþáguákvæðum söluskattslaganna, lagfæring á alvarlegri gloppu sem allt of lengi hefur viðhaldið óverjandi ranglæti. Það er ekki nóg með að sjálft flutningsgjaldið ásamt ýmsum öðrum kostnaðarliðum valdi verulegri hækkun á vöruverðinu, heldur leggst þar nú ofan á 23.5% söluskattur sem hagnaður ríkisins af þessu óhagræði fólksins úti á landsbyggðinni sem háð er aðdráttum lífsnauðsynja um langa vegu.

Framkvæmd frv." — og þá á ég fyrst og fremst við 1. gr. sem er aðalinntak málsins — „yrði alveg hliðstæð því sem gerist við vörusölu veitingahúsa, þar sem sá hluti veitinganna, sem samsvarar innkaupum á skattfrjálsum matvörum, er ekki söluskattsskyldur (sbr. 3. tölul. 13. gr. reglugerðar nr. 169/1970, um söluskatt, með áorðnum breytingum)."

Ég held að ég ætti að lesa upp þessa grein í reglugerðinni, sem er alveg hliðstæð þeirri framkvæmd sem gert er ráð fyrir í þessari lagagrein, en reglugerðargreinin hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Sá hluti af fæðissölu veitingahúsa, greiðasölustaða og annarra aðila, sem selja tilbúinn mat, sem samsvarar innkaupsverði þeirra matvæla sem undanþegin eru söluskatti samkv. 2. tölul. þessarar greinar eða með öðrum hætti." — Hér er verið að tala um undanþágu frá söluskattinum í þessari reglugerð og ég held áfram: „Þessum aðilum skal heimilt að draga innkaupsverð söluskattsfrjálsra matvæla frá heildarveltu, áður en söluskattsskil eru gerð." Þetta er nákvæmlega eða svo til alveg samhljóða 1. gr. frv. sem er megininntak málsins.

„Þessi ranglega skattheimta — auk þess sem hún hefur í för með sér talsverðan beinan kostnaðarauka fyrir fólk úti á landi — hefur jafnframt ýmsar óheppilegar hliðarverkanir sem renna enn sterkari stoðum undir nauðsyn þess að leiðrétta þetta misræmi. Þannig má t. d. gera ráð fyrir að vegna þess að neytendur úti á landsbyggðinni greiða söluskatt af flutningskostnaði einungis í þeim tilvikum þegar söluskattsskyld vara er flutt í verslun á viðkomandi stað, þá kjósi þeir frekar að kaupa vörur beint frá Reykjavík og flytja á eigin reikning, sérstaklega þegar um er að ræða stærri og dýrari vörur." — En þetta er svona, að kaupandi greiðir ekki söluskatt ef hann sendir sjálfur vöruna hér frá Reykjavík. Ef hann hins vegar kaupir hana úti á landi, út úr verslun þar í sínu plássi, þá leggst söluskattur á flutningsgjaldið. — „Þannig færist verslunin úr héraði og dregur þannig úr völuveltu í dreifbýli og skerðir um leið hag dreifbýlisverslunarinnar." — Það er nú ekki á bætandi erfiðleika dreifbýlisverslunarinnar í dag og það hefur ítarlega verið bent á hvaða byrðar eru lagðar á þá verslun umfram verslunina hér í Reykjavík og umhverfi hennar.

„Þó að veigamikil rök mæli með samþykkt þessa frv., m. a. þau, að ríkinu yrði þar með gert kleift að standa við eigin lög, þá skal viðurkennt að frv., ef að lögum yrði, mundi vafalaust fremur auka á en draga úr vinnu við hina þegar margflæktu framkvæmd söluskattslaganna, bæði að því er varðar hlut kaupmannsins, sem annast innheimtu söluskattsins ríkissjóði að kostnaðarlausu, og þá aðila sem sjá um eftirlit með söluskattsskilum. Því má hins vegar til svara, að benda má á fjölmörg dæmi hliðstæð þeirri breytingu sem hér um ræðir, svo sem undanþágu matvæla frá söluskatti, sem áður er til vísað, og í því sambandi undanþágu þess hluta vörusölu veitingahúsa sem er matvæli."

Ég hef haft samband við veitingahúseiganda hér í Reykjavík og spurt hann hvort þessi framkvæmd sé flókin og erfið. Hann svaraði því til að hér sé raunar bara um einfalt bókhaldsatriði að ræða. Og það kemur alveg heim við 8. gr. söluskattslaganna þar sem þessu er lýst, hvernig reikningum og nótum yfir söluskattsskylda vöru skal haldið til haga og dregið frá heildarvöruveltunni mánaðarlega þegar söluskattsskil eru gerð.

Það er sem sagt ætlast til að fylgibréfum og reikningum, sem koma með vörunni sem send er til viðtakanda, endursöluaðila úti á landi, sé haldið saman, það sé lagt saman og sú upphæð sem út úr því kemur, dregin frá heildarveltunni áður en söluskatturinn er lagður á. Svo einfalt er málið þó að það hafi flækst fyrir mönnum á undanförnum árum að leiðrétta þetta óréttlætanlega misræmi og ranglæti.

„Erfitt reynist að fá metið og reiknað nákvæmlega hve mikið tekjutap fyrir ríkissjóð þessi niðurfelling söluskatts á flutningsgjald mundi þýða. En eftir því sem næst verður komist getur flutningskostnaður numið allt að 4—5% af vöruverði að meðaltali."

Mig langar til í þessu sambandi að taka lítið dæmi,

hvað þessi flutningskostnaður með álögðum söluskatti getur gert af sér. Það hefur verið reiknaður út viðbótarsöluskattur á gosdrykkjaflösku — eina litla gosdrykkjaflösku — á Egilsstöðum vegna flutnings flöskunnar frá Reykjavík til Egilsstaða. Viðbótarsöluskattur reyndist vera 13 aurar, þ. e. 13 gkr., miðað við flutning með skipi um Reyðarfjörð, en 27 aurar eða 27 gkr. miðað við flutning með bíl. Á sama tíma kostaði ein flaska af appelsíni, þessi sama flaska, 2.40 kr. eða 240 gkr. í smásölu í Reykjavík. Í þessu tilfelli er því um að ræða, eftir því hvort flutt er með bíl eða skipi, um 5.4—11.3% hækkun einungis vegna þessa ranglega innheimta söluskatts.

Það kemur líka í ljós að stundum er þarna um algera tvísköttun að ræða. Það getur t. d. orðið í þeim tilvikum þegar flutt er með bifreiðum frá vörubifreiðaflutningastöð. Þar er heimilt að leggja á svokallað afgreiðslugjald, sem auðvitað leggst ásamt með öðru á heildarkostnaðinn á vörunni úti á landi, og þar verður það aftur söluskattsstofn. Hér greiðir neytandinn því tvisvar sinnum söluskatt, fyrst af vörugjaldinu, sem leggst á vöruverðið, og síðan af heildarvöruverðinu, sem nú er söluskattsskylt með flutningsgjaldið inni í söluskattsstofninum. Þessu til skýringar get ég tekið sem dæmi ef sent er eitt tonn af þvottadufti vestur til Ísafjarðar. Þar reynist aukakostnaður vegna þessa litla afgreiðslugjalds 1738 kr. á hvert tonn miðað við heildarverðið sem er 825 þús. Ég er ekki að segja að þetta sé mjög stór upphæð, en með tilliti til þess að þarna er aðeins talað um lítinn hluta flutningsgjaldsins, afgreiðslugjaldið, kemur þetta mjög svo hlálega út.

Með tilliti til þess, að vitanlega þýðir þetta eitthvert tekjutap fyrir ríkissjóð, hef ég og við flm. miðað gildistökuákvæði við 1. jan. 1982, til þess að breytingin geti þá gengið í gildi með nýju fjárlagaári og hægt sé að taka tillit til hennar við gerð fjárlaga. En ég var ekki búin að nefna upphæðina sem eftir því sem næst verður komist er þarna um að ræða sem tekjutap ríkissjóðs.

„Miðað við söluskattsskylda veltu utan Reykjavíkur og nágrennis" — þá er sem sagt verið að tala um það sem við venjulega köllum landsbyggðina utan Reykjavíkur og nágrennis — „gæti þetta tekjutap numið allt að 10 millj. nýkr. árlega" — sem þýðir allt að einum milljarði í gkr. — „eða á bilinu 0.1—0.2% af áætluðum ríkistekjum samkv. fjárlögum 1981. Þessar tölur eru hér nefndar með fyrirvara um nákvæmni þeirra."

Í lok grg. segir: „Engum blandast hugur um að ríkissjóður þurfi að halda utan að sínu, svo mörg horn sem hann hefur í að líta. Engu að síður hlýtur það að teljast óverjandi, að skattheimta ríkisins seilist eftir hagnaði í formi þeirrar fráleitu skattlagningar sem lagt er til í frv. þessu að felld verði niður. Hér er um að ræða svo gróflega mismunun og ójöfnuð milli landsmanna, eftir því hvar þeir eru búsettir á landinu, að ekki verður við unað og það því fremur sem þessi mismunun hefur orðið æ tilfinnanlegri með stöðugt hækkandi söluskatti á undanförnum árum." Margir hafa vísað til virðisaukaskattsins sem væri á næstu grösum og væri líklegur til þess að eyða þessu misræmi. En það er nú svo að nú heyrist lítið um virðisaukaskatt talað og hann virðist alls ekki enn í sjónmáli þrátt fyrir miklar bollaleggingar og umræður um hann á undanförnum árum.

Mér hefur verið bent á að hugsanlega hefði verið önnur leið til að koma þessu máli fram, í formi þáltill. eða jafnvel að ráðh. breytti viðkomandi reglugerð. Það má vel vera. Fyrir mér er það ekkert atriði hvort þetta mál kemst fram í þessu formi. Ef hægt er að koma því áleiðis eftir öðrum leiðum gildir það að sjálfsögðu einu ef á annað borð finnast skynsamlegar og framkvæmanlegar leiðir. Það, sem máli skiptir, er að ná þeim árangri að afnema þessa ósæmilegu skattheimtu sem við í rauninni erum öll sammála um að sé engan veginn réttlætanleg. Við erum þó hér, alþm., þrátt fyrir allt að vinna saman að einu verki. Við erum til þess kjörnir að láta gott af störfum okkar leiða í okkar litla þjóðfélagi. Við hljótum að geta sameinast um mál sem í stóru eða smáu er líklegt til þess að stuðla að auknu réttlæti, auknu jafnvægi og friði í þjóðlífi okkar. Mér finnst að það, sem við erum að fjalla um hér, sé einmitt slíkt mál þó það sé ekki í sjálfu sér mjög stórbrotið. Ég hlýt að skírskota alveg sérstaklega til og heita á, ef við værum fleiri hér inni úr liði dreifbýlisþm., að þeir styðji þetta mál og geri sitt til að það nái fram að ganga nú, eða sem allra fyrst. Að vísu er stutt í þinglok. En við vorum í gær að afgreiða viðurhlutamikil lög á tveimur klukkutímum. Það munu vera allt að 2—3 vikur til þingloka og ég endurtek: ef vilji er fyrir hendi er hægt að koma málinu fram. Ég veit að dreifbýlisþm. vita og skilja hvað hér er verið að tala um, og það er í rauninni ekki vansalaust og ekki dreifbýlisþm. á Alþingi sæmandi að láta þetta ákvæði dúsa í lögum lengur en orðið er. Þetta er, eins og ég hef áður sagt, ekki fyrst og fremst peningamál eða fjárhagsmál. Þetta er einfalt og augljóst réttlætismál sem við hljótum að gera gangskör að að ná fram.

Ég vil mælast til þess, að að þessari umr. lokinni verði málinu vísað til hv. fjh.- og viðskn. Og heyri einhver mál mitt úr þeirri hv. nefnd, þá heiti ég jafnframt á þann hinn sama að standa fast að málinu, — ég ætlaði ekki að segja: að sitja á málinu, heldur að koma því fram.

Jón Kristjánsson: Herra forseti. Þó að ég hafi ekki haft tækifæri til fyrr en núna, þegar ég kom hingað inn, að skoða þetta mál verð ég að lýsa því hér yfir, að ég er þessu frv. efnislega sammála og þekki vel þann aðstöðumun sem þarna er um að ræða. Söluskatturinn er lagður á á síðasta stigi og þá er líka búið að leggja verslunarálagningu á flutningskostnaðinn, þannig að þarna er um mikinn aðstöðumun að ræða sem þarf að finna einhverjar leiðir til þess að leiðrétta. Þess vegna vil ég láta það koma hér fram, að ég er þessu sammála þó að ég muni, vegna þess hve ég á stutta setu hér, ekki koma til með að taka þátt í afgreiðslu málsins að öllum líkindum.

Hins vegar vil ég nota tækifærið til þess að vekja athygli á aðstöðu dreifbýlisverslunar almennt. Hún er mjög slæm, og það er rétt sem kom fram hér áðan, að eitt af því sem veikir hana er að missa verslun utan frá landsbyggðinni hingað til þéttbýlissvæðanna einmitt út af þessum aðstöðumun. Ég hefði kosið kannske að þessu fylgdi heildarendurskoðun á söluskattsinnheimtu. Það er á fleiri sviðum sem einmitt aðstöðumunurinn er skattlagður og það er óviðunandi ranglæti fyrir landsbyggðarmenn.

Ég ætla ekki að tala um þetta langt mál núna. Ég vildi aðeins lýsa hug mínum í þessu máli og vona að hv. þm. finni einhverjar leiðir til þess að koma leiðréttingum hér fram.

Davíð Aðalsteinsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Hv. 1. flm. þessa frv. og jafnframt sá sem mælti fyrir því

lét þau orð falla, hvort einhver fjh.- og viðskn.-maður heyrði orðin. Svo var. Ég á sem kunnugt er sæti í fjh.- og viðskn.

Ég er að sjálfsögðu sammála flestu því sem hv. flm. talaði um hér í sinni framsögu. Ég hef ekki hugsað mér að fara mörgum orðum um þetta frv., ætla ekki að fara að ræða það í einstöku atriðum. Frv. svipaðs efnis og sama efnis raunar, sett fram með svolítið öðrum hætti, var rætt á liðnu þingi og ég tók þátt í þeirri umr., að sjálfsögðu með jákvæðu hugarfari eins og maður reynir allajafna. Hins vegar um framgang málsins hér á Alþingi er það nú svo, að það gengur misjafnlega að koma málum fram. Ég vil þó lýsa því yfir, að að sjálfsögðu verður þetta mál tekið til athugunar ekki síður en önnur mál sem til þeirrar nefndar koma.

Það er rétt hjá hv. flm., að það er skammur tími eftir af þingi og það eru mörg mál sem bíða umfjöllunar. Það var líka rétt hjá hv. flm., að það eru sum stærri mál heldur en þetta. Að vísu er kannske erfitt að leggja mat á það, hvaða mál eru stór og hvaða mál eru smá. Ég held þó, þegar betur er að gáð, að mörg réttlætismál fyrir landsbyggðina séu stórmál, þau séu flest stórmál í hugum okkar strjálbýlisfólks. En sem sagt, ég lýsi því yfir, að ég mun gera mitt til þess að þetta mál fái skoðun. Ég vil ekki á þessari stundu lofa neinu um framgang þess, en það mun fá mjög jákvæða skoðun.

Flm. (Sigurlaug Bjarnadóttir): Herra forseti. Ég þarf nú ekki mörgu við að bæta öðru en þá að þakka fyrir jákvætt hugarfar sem kom fram í ræðum hv. þm. Jóns Kristjánssonar og Davíðs Aðalsteinssonar. Vissulega *met ég það nokkurs. En það kemur fyrir lítið ef þeir hafa* ekki vilja til þess að ná málinu fram. Og mér er óskiljanlegt, af því að búið er bæði í fyrra og aftur nú að vekja rækilega athygli á þessu máli og sýna fram á að það er enginn vandi, það er bókstaflega enginn vandi að framkvæma þetta — ég taldi mig færa rök fyrir því hér áðan — ef aðeins væri vilji fyrir hendi. Og ég vil minna á það, að ég er ekki að stofna ríkissjóði í vanda með því að kippa af honum 10 millj. kr. í ár. Ég miða þetta við næsta fjárlagaár, þannig að hægt sé að taka tillit til þess.

Ég legg ekki mjög mikið upp úr loforði um að taka málið til athugunar, og ég minnist þess núna, að ég á sæti sjálf í fjh.- og viðskn. Sennilega verður búið að kippa mér út af þingi áður en ég fæ að ljá því lið þar. En ég vil endurtaka: Ég trúi því ekki fyrr en ég tek á, að menn komi hér ár eftir ár og lýsi góðum vilja og láti fögur orð falla í þessu máli, en lyfti svo ekki litla fingri til þess að framkvæma það þegar þeir eiga kost á því. Og ég veit það, að ef núv. ríkisstj. vill ná þessu máli fram er ekkert auðveldara. En það er kannske bara af því að það er stjórnarandstöðumál. Mikið ósköp erum við nú orðin smá í sniðum í þessari hv. stofnun ef við getum ekki metið mál eftir gildi málsins sjálfs, heldur eftir því einungis hvort það kemur frá stjórnarliðum eða stjórnarandstæðingum. Ég vil minna á að ég bað stjórnarliða að taka það til athugunar áður en það var lagt fram, bað meira að segja um að það yrði tekið til athugunar í þingflokkum. Það var gert. En nú vil ég ekki vera of svartsýn. Ég vona og ég trúi því, að þegar menn skoða þetta af íhygli og sanngirni og þeim skilningi sem ég veit að þm. hafa á málinu, þá hljóti þeir að leggjast af öllu afli með framgangi þess nú í vor. Það kemur ár eftir þetta ár og þetta mál verður ekki látið niður falla enda þótt það kæmist ekki fram nú.

Helgi Seljan: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ég ætla ekki að fara í neinar kappræður um mál þetta. Ég vil hins vegar lýsa því yfir, að ég hef ítrekað rætt það við hæstv. fjmrh. að hann beitti sér fyrir því, að hér yrði breyting á gerð, og geri mér raunar vonir um að af því geti orðið og er hreint ekki vonlaus um að hans menn gangi þannig frá málum til hans að þarna sé um vel framkvæmanlegt verk að ræða, því að það er vissulega svo, að það þarf eflaust að ýmsu að huga í framkvæmd þessa mál. Ég er ekkert að draga úr því. Ég ætla ekki heldur að fara í neinn meting í sambandi við þetta mál. En hv. þm. Albert Guðmundsson var hér inni áðan og gat þess við mig svona í leiðinni, að hans ágætu flokksbræður — og flokkssystur sennilega líka — hefðu fellt svona frv. fyrir mér á sínum tíma þegar þeir voru í stjórn og hann vann þar með þeim og ég flutti frv. svipaðs eðlis — það var að vísu kannske ekki eins vel útfært og þetta og það var vegna þeirra orða sem ég sagði að kannske væri þetta dæmigert stjórnarandstöðufrv., að svona mál eins og þetta skyldi ekki þá ná fram að ganga með auðveldum hætti. Ég gerði mér vonir um í fyrra að það gerði það, en varð ekki.

En ég ætla aðeins að lýsa því yfir, að ég hef beitt mér fyrir því við hæstv. fjmrh. að hann tæki þetta mál alveg sérstaklega út úr. Söluskattsmálin eru öll í athugun, eins og menn vita, en þetta mál verði tekið sérstaklega út úr vegna þess að þetta er svo ótvírætt sanngirnismál að það hlýtur að vera unnt að taka það eitt út af fyrir sig út úr. En ég skil það líka mætavel, að hans svör eru svipuð og *ég fékk hjá hæstv. fjmrh. Matthíasi Á. Mathiesen á sínum* tíma, þegar hann sagði að öll þessi söluskattsmál væru í athugun og það skyldi svo sannarlega verða tekið tillit til þessa. Síðan var hann ráðh. í tvö ár eftir það eða þrjú, og sú söluskattsathugun, sem þá var á ferðinni, komst ekki lengra en þetta, að þetta mál var ekki komið í höfn og er ekki komið enn. Allir bera því hér á nokkra sök. Við skulum þess vegna spara okkur öll köpuryrði í sambandi við þetta, en reyna að einhenda okkur á málið eftir þeim leiðum sem við hvert um sig getum farið bestar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

Umhverfismál, frv. (þskj. 626). — 1. umr.

Flm. (Salome Þorkelsdóttir): Herra forseti. Frv. um umhverfismál, sem hér er nú lagt fram á þskj. 626, er lagt fram í annað sinn á hv. Alþingi. Flm. frv. nú auk mín eru þeir hv. þm. Egill Jónsson, Guðmundur Karlsson, Lárus Jónsson, Sigurlaug Bjarnadóttir og Þorv. Garðar Kristjánsson. Á vorþingi 1978 var frv. lagt fram sem stjfrv., í stjórnartíð Geirs Hallgrímssonar, og nánar tiltekið 22. apríl mælti núv. hæstv. forsrh. fyrir frv., en hann var þá iðnrh. og félmrh. Frv. þetta fékk góðar undirtektir þeirra hv. þm. sem létu í sér heyra um málið á sínum tíma. Því var síðan vísað til félmn. Ed., en þaðan átti það ekki afturkvæmt, sem ég geri ráð fyrir að stafi fyrst og fremst af því, hversu langt var liðið á þingið og því hafi

ekki unnist tími til að afgreiða það, enda kom fram í framsöguræðu hæstv. ráðh. að þar sem svo áliðið væri þings væri það fyrst og fremst lagt fram til kynningar. Segja má að við stöndum því í sömu sporum nú, þremur árum síðar. Þó vil ég leyfa mér að vona að við stöndum heldur betur þar sem margir hv. þm., sem þá sátu hér á hv. Alþingi, eru hér enn og þekkja því málið betur nú. Það ætti að flýta nokkuð fyrir afgreiðslu þess. Til gamans má svo skjóta því hér inn, að þá hafði frv. þskj.-númer 620 og nú er það nr. 626.

Flm. frv. nú vilja freista þess að koma þessu máli í gegnum þingið þar sem hér er um mjög veigamikinn málaflokk að ræða, umhverfismálin, og ég held að allir geti verið mér sammála um þýðingu þessa máls.

Eins og fram kemur í 1. gr. frv. er tilgangur laganna að efla alhliða umhverfisvernd, varnir gegn hvers konar mengun og öðrum skaðlegum umhverfisáhrifum og vinna að varðveislu náttúrugæða landsins. Þeim er ætlað að stuðla að sem bestri sambúð lands og þjóðar með því að vernda þau lífsgæði sem felast í óspilltri náttúru landsins, hreinu lofti og tæru vatni. Eftirfarandi grg. fylgdi frv. og er endurprentuð óbreytt:

„Þann 4. mars 1975 skipaði ríkisstj. nefnd til að endurskoða og samræma ákvæði laga um umhverfis- og mengunarmál í því skyni að sett yrði heildarlöggjöf um þau efni og kveðið á um hvernig stjórnarfyrirkomulagi skuli háttað á þessu sviði. Í nefndina voru skipaðir Gunnar G. Schram prófessor, formaður, Knútur Hallsson skrifstofustjóri, varaformaður, Árni Reynisson framkvæmdastjóri, Edgar Guðmundsson verkfræðingur, Hjálmar R. Bárðarson siglingamálastjóri, Páll Líndal borgarlögmaður, Páll Sigurðsson ráðuneytisstjóri, Sveinbjörn Dagfinnsson ráðuneytisstjóri og Þórður Ásgeirsson skrifstofustjóri.

Nefndin lauk samningu frv. og gerð tillagna um stjórnsýsluþátt umhverfismála í apríl 1976 og sendi það ríkisstj. með ósk um að frv. yrði borið undir þá aðila til umsagnar sem ríkisstj. teldi æskilegt. Var frv. sent allmörgum stofnunum og félagasamtökum og bárust umsagnir frá 15 þeirra. Umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum: Ferðamálaráði Íslands, Heilbrigðiseftirliti ríkisins, Náttúruverndarráði, Hafrannsóknastofnuninni, Iðnþróunarstofnun Íslands, Landvernd, Rafmagnsveitum ríkisins, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Rannsóknastofnun iðnaðarins, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Sementsverksmiðju ríkisins, Skógrækt ríkisins, Skipulagsstjórn ríkisins og Vegagerð ríkisins. Í ljósi umsagnanna tók nefndin frv. síðan til endurskoðunar og er það hér lagt fram í lokagerð.

Við upphaf starfs síns kannaði nefndin lagaákvæði þau sem til eru í íslenskum rétti um umhverfis- og mengunarmál. Í ljós kom það sem raunar var vitað fyrir, að heildarákvæði skortir í íslenskri löggjöf á þessu mikilvæga sviði. Einu lögin, sem alfarið lúta að þessum málum í dag, eru lögin um náttúruvernd, nr. 47/1971. Önnur lög taka að nokkru til þeirra vandkvæða og hættu, sem umhverfinu stafar af mengun og hættulegum efnum, svo sem ákvæði laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 12/1969, og lög um eiturefni og önnur hættuleg efni, nr. 85/1968. Var hér því við brýnt verkefni að fást — að semja frv. til laga um almenna umhverfisvernd sem tæki til vettvangsins alls og fyllti upp í þær eyður sem nú eru í löggjöf hér á landi í þessum efnum. Á grundvelli slíkra heildarlaga er síðan unnt að setja reglugerðir um einstök framkvæmdaatriði, eftir því sem sérstök þörf er talin hverju sinni í samræmi við þróun búsetu, iðnaðar og annarrar starfsemi. Er það slíkt frv. að heildarlögum um umhverfið og varnir gegn mengun sem hér liggur fyrir.

Í þessu sambandi skal það tekið fram, að í frv. er fyrst og fremst fjallað um hið svonefnda ytra umhverfi og því ætlað að reisa skorður við skaðlegum áhrifum á það. Er þar átt við náttúru landsins og þá starfsemi sem áhrif hefur utan dyra. Var það talin eðlileg takmörkun á gildissviði laganna og tekur því frv. ekki nema að litlu leyti til hins innra umhverfis, t. d. matvælaeftirlits og öryggis á vinnustöðum, svo tvö atriði séu talin.

Meginverkefni frv. er tvíþætt. Í fyrsta lagi er þar að finna ýmis ákvæði um umhverfis- og mengunarvarnir, m. a. ákvæði sem áskilja starfsleyfi til atvinnu- og iðjureksturs sem telja má hættulegan umhverfinu. Í öðru lagi er yfirstjórn umhverfismála sameinuð í höndum eins stjórnsýsluaðila. Er gert ráð fyrir því að þar verði um sérstaka nýja stjórnardeild að ræða, sem með þau mál fari, umhverfismáladeild. Ljóst er að brýna nauðsyn ber til þess að samræma reglur íslenskra laga um umhverfis- og mengunarmál og setja nýjar. Hér er um málefni að ræða sem æ þýðingarmeira verður eftir því sem iðnþróun í landinu vex og þéttbýli eykst. Er markmið frv. að stemma á að ósi í þessum efnum, efla alhliða umhverfisvernd og koma á virkum vörnum gegn hvers konar mengun og öðrum skaðlegum umhverfisáhrifum. Varðveisla og viðgangur náttúrugæða landsins er það grundvallaratriði sem leitast er við að tryggja með ákvæðum frv. og jafnframt sem besta sambúð lands og þjóðar.

Veruleg spjöll hafa átt sér stað á náttúru og umhverfi nálægra iðnríkja sökum þess að umhverfissjónarmiðum var þar ekki nægur gaumur gefinn á liðnum árum. Af reynslu þeirra þjóða er ljóst mikilvægi þess að festa nú þegar í lög hér á landi réttarreglur sem vernda þau lífsgæði sem felast í óspilltri náttúru landsins og hindra mengun og önnur umhverfisspjöll eftir því sem föng eru á. Á miklu ríður að slíkar ráðstafanir séu gerðar í tíma, áður en umhverfisröskun og annað tjón er orðið verulegt því að margfaldur kostnaður er við framkvæmd úrbóta þegar röskunin hefur átt sér stað, svo sem reynsla annarra þjóða sýnir. Hér er þess að gæta, að íslensk náttúra og lífríki hennar er mjög viðkvæm fyrir umhverfisáhrifum sökum landfræðilegrar legu landsins og loftslags. Er því sérstök nauðsyn á að vera jafnan á varðbergi í þessum efnum og hafa búsetu og atvinnustarfsemi ætíð á þann veg að fyllsta tillit sé tekið til umhverfisverndunar.

Við gerð frv. var um tvær leiðir að velja: Annars vegar að semja heildstæðan lagabálk, er tæki yfir allt réttarsvið umhverfismála, og fella inn í hann þau sérlög sem nú eru í gildi um þessi efni. Hinn kosturinn var sá að semja frv. sem hefði að geyma nýjar meginreglur og réttarheimildir í umhverfismálum ásamt ákvæðum um nýtt stjórnsýslufyrirkomulag á þessum vettvangi. Yrðu þá flest ákvæði sérlaga látin haldast óbreytt, a. m. k. fyrst um sinn, þar til reynsla væri fengin af hinum nýju lögum í framkvæmd. Nefndin var einhuga um að velja síðari kostinn, svo sem frv. ber vott um. Hefðu og verið á því vandkvæði, ef fyrri kosturinn hefði verið valinn, að draga mörkin milli þeirra ákvæða, sem nauðsyn bar að lögfesta þar, og annarra í skyldum lögum, auk þess sem slíkur háttur hefði valdið verulegri umbyltingu í framkvæmd þessara mála á lægri

stjórnsýslustigum.

Er þetta einmitt sú leið sem farin hefur verið við setningu löggjafar um umhverfismál á hinum Norðurlöndunum. Í Svíþjóð og Danmörku hefur nýlega verið sett heildarlöggjöf um umhverfismál (Svíþjóð 1969, Danmörk 1973) og er frv. að nokkru sniðið eftir þeirri löggjöf, einkum hinni dönsku.

Er því gert ráð fyrir að þau lög, sem nú eru í gildi um náttúruvernd og umhverfismál, haldi áfram gildi sínu við hlið hinna nýju heildarlaga, a. m. k. þar til nokkur reynsla hefur fengist í lagaframkvæmd á þessum grundvelli. Helst þeirra ákvæða eru lög um náttúruvernd, nr. 47/1971, lög um eiturefni og önnur hættuleg efni, nr. 85/1968, lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 12/1969, lög um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislum frá geislavirkum efnum eða geislatækjum, nr. 95/1962, lög um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966, ákvæði 10. kafla vatnalaga, nr. 15/1923, og ýmis lög, er staðfesta alþjóðasamninga um mengun sjávar, sem Ísland hefur gerst aðili að.

Er í frv. gert ráð fyrir víðtækum heimildum til þess að setja reglur á grundvelli laga um umhverfisvernd á öllum þessum sviðum, auk annarra sem enn eru ekki lögfest í íslenskum rétti en ákvæði frv. taka til. Að því er annan meginþátt frv. varðar, stjórnsýsluþáttinn, er ljóst að mikil þörf er á að sameina yfirstjórn umhverfismála á einum stað í stjórnkerfi landsins. Nú heyra þessi mál undir a. m. k. sjö ráðuneyti og gefur auga leið að slíkt leiðir til seinvirkari stjórnsýslu en ella væri og skörunar valdmarka sem æskilegt er að gera breytingu á.

Nefnd sú, sem frv. þetta samdi, lagði til að komið yrði á sameiginlegri yfirstjórn umhverfismála í sérstöku nýju ráðuneyti." (Gripið fram í.) Það kom fram í minni ræðu, hv. 4. þm. Norðurl. e., að Gunnar Thoroddsen hefði einmitt flutt þetta mál á sínum tíma. (Gripið fram í.) Þá ætla ég að halda áfram.

„Nefnd sú, sem frv. þetta samdi, lagði til að komið yrði á sameiginlegri yfirstjórn umhverfismála í sérstöku nýju ráðuneyti. Jafnframt benti nefndin þó á að ekki þyrfti þar að vera um sjálfstætt ráðuneyti að ræða, heldur mætti vista umhverfismálin í einhverju þeirra ráðuneyta sem fyrir eru, sem þá yrði ráðuneyti umhverfismála jafnframt núverandi verkefnum. Er það sú leið sem valin hefur verið og ákvæðum frv. verið breytt til samræmis við það frá upphaflegri gerð. Meginatriði málsins er tvímælalaust það að yfirstjórn umhverfismála verði á einum stað í stjórnarkerfinu. Í samræmi við það er síðan lagt til að einstakir þættir umhverfismála, sem nú eru dreifðir um mörg ráðuneyti, verði fluttir, sbr. 5. gr. frv. Er þess að vænta, að með slíkri samræmdri heildarstjórn og þeim nýju réttarheimildum á sviði umhverfismála, sem frv. geymir, verði kleift að koma fram þeim markmiðum sem liggja til grundvallar virkri umhverfismálastefnu á komandi árum."

Ég sé ekki ástæðu til að bæta við þessa grg. Hún er ítarleg og skýrir tilgang þessara laga. Einu breytingarnar, sem gerðar hafa verið við endurflutning frv., eru við 24. gr., þar sem dagsektir, sem þar er gert ráð fyrir, eru framreiknaðar og settar fram í nýkrónum.

Herra forseti. Eins og fyrir þremur árum er nú langt liðið á þingtímann og má vel vera að ekki takist að afgreiða þetta mál á þessu þingi þó að það hafi sýnt sig hér í gær að hægt er að ganga rösklega að verki þegar áhugi er á því. En málið hefur þá alla vega fengið nokkra kynningu eins og fyrr og mun þá verða endurflutt á næsta þingi.

Ég legg svo til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Eins og tekið var fram hér af hv. 1. flm. og frsm. þessa máls var þetta frv. flutt vorið 1978 sem stjfrv. af hæstv. þáv. ríkisstj. Var það frv. flutt af þáv. hæstv. félmrh., en hafði verið undirbúið af nefnd sem sett var á vegum þáv. ríkisstj., og ég hygg að sú nefnd hafi starfað á vegum hæstv. þáv. forsrh. Það var síðan ákveðið í ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar að þetta mál yrði flutt af félmrh. og jafnframt var í raun og veru tekin ákvörðun um það þá að stefna að því að miða við að þessi mál tengdust félagsmálum framvegis. Ég held að það sé mikilvægt að þetta atriði komi hér inn, og ég er raunar þeirrar skoðunar, að það sé mjög eðlilegt að þau mál, sem hér eru á ferðinni, tengist hinni almennu félagsmálastjórn eða því stjórnvaldi sem með þau mál fer.

Í frv. er gert ráð fyrir að ýmsir þættir umhverfismála falli undir þá ráðuneytisdeild sem hér er um að ræða. Eins og hv. þm. gat um eru það í heilu lagi náttúrverndarlögin. Síðan eru það mengunarvarnir, þ. e. lögin um eiturefni og hættuleg efni, og það eru fleiri lög, og enn fremur að skipulagsmálin í heild féllu undir þennan þátt. Og fleira er hér tínt til, eins og dýraverndunarmál, framkvæmd alþjóðasamninga um mengunarmál og þess háttar. Ég held að hér væri um að ræða mjög góðan vísi að ráðuneytisdeild í umhverfismálum, sem fengi alla þessa þætti, og það ætti að miða við að það verði a. m. k. ekki færri þættir, sem undir þetta falla, en gert er ráð fyrir í þessu gamla stjfrv. sem hér hefur nú verið endurvakið.

Síðan það frv. var flutt hefur auðvitað ýmislegt gerst í okkar löggjöf sem væri nauðsynlegt að taka tillit til í þessu frv. Ég nefni aðeins tvennt sem kemur mér til hugar á þessari stundu. Það eru annars vegar lögin um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Mér fyndist að það gæti út af fyrir sig verið eðlilegt að þau væru undir þessari hugsanlegu ráðuneytisdeild. Hér í hv. Nd. er til meðferðar allviðamikið frv. um hollustuhætti og hollustueftirlit og þar er m. a. gert ráð fyrir alveg nýjum lagaákvæðum vegna mengunarvarna. Eins og kunnugt er hafa ákvæði og reglugerðir um mengunarvarnir hér byggst á lögunum um eiturefni og hættuleg efni. Það hefur ekki verið hér í gildi nein löggjöf sem tæki á mengunarmálum alveg sérstaklega, en í þessu frv. til laga um hollustuhætti og hollustuvernd, sem er til meðferðar í hv. Nd., er það gert með býsna skýlausum hætti og til þess þyrfti að taka tillit við frekari vinnu að þessu frv.

Frv. tekur ekki á því og bendir ekki á það heldur í grg., hvaða atriði það eru sem þyrftu í raun og veru að koma inn í slíka umhverfis- og auðlindastýringu í landinu ef vel ætti að vera. Ég vil í þessu sambandi nefna t. d. ýmsar stofnanir sem ég tel að sé óhjákvæmilegt að tengist umhverfismálastjórn. Ég get nefnt stofnun eins og t. d. Landmælingar ríkisins. Ef á að fást heildarstýring, eins og gert er ráð fyrir hér í þessu frv., þyrfti slík stofnun að vera í mjög góðum tengslum við umhverfismáladeild ráðuneytis. Einnig verð ég að segja — það er mín skoðun og til þess hefur ríkisstj. út af fyrir sig enga afstöðu tekið til eða frá — að mál eins og þetta þyrfti með einhverjum hætti að tengjast áætlunum um landvernd og landnýtingu.

Hér er, eins og menn vita, í athugun áætlun um landvernd til nokkurra ára í framhaldi af þjóðargjöfinni frá 1974. Ég held að til þess að átak eins og það, sem ákveðið var á Þingvöllum 1974, komi að sem allra bestum notum þyrfti að vinna slíkt í tengslum við heildarstýringu umhverfismála í landinu. Mér er sagt, ég er enginn sérfræðingur á því sviði, að í sumum tilvikum hefði mátt fara betur með þau efni sem þar voru ákveðin.

Ég held sem sagt að það sé alveg óhjákvæmilegt að reynt verði að taka á þessum málum í meira samhengi en gert hefur verið, eins og mögulegt er, og vil koma því sérstaklega á framfæri í sambandi við þennan frumvarpsflutning hér. Ég minni á það í þessu sambandi, að náttúruverndarþing hefur hvað eftir annað tekið á þessum málum og gert ályktanir um þau, þar sem m. a. er lögð á það áhersla að hér þurfi að vera um að ræða samhengi í stýringu umhverfismála og landnýtingar eins og frekast er kostur.

Í stjórnarsáttmála núv. ríkisstj. er ákvæði um að það skuli undirbúið, að stjórn umhverfismála verði í einu ráðuneyti, og að flutt verði frv. til l. um það. Af þeim ástæðum er það ætlun ríkisstj. að þetta frv., sem hér liggur fyrir, svo og löggjöf sem síðar hefur orðið til á þessum sviðum, og ábendingar náttúruverndarþinga frá 1978, — að þessir þættir verði teknir til sérstakrar athugunar með það fyrir augum að endurflytja frv. til l. um umhverfismál á vegum ríkisstj. Þessi vinna er mjög skammt á veg komin svo að ljóst er að af hálfu ríkisstj. getur ekki verið um það að ræða að flutt verði stjfrv. um þessi efni á yfirstandandi þingi. En ég vildi láta það koma fram, að það er ætlun ríkisstj. að á þessum málum verði tekið á hennar vegum.

Ég hef ekkert við það að athuga, nema síður sé, að hv. alþm. flytji hér gömul og ný stjfrv. eftir atvikum og láti þannig í ljós viðhorf sín. Ég lít þannig til, að þessi frv.-flutningur þm. Sjálfstfl. í hv. Ed. sé til marks um það, að Sjálfstfl. vilji standa að lagasetningu um þau efni sem hér er gert ráð fyrir. Og í þeim efnum geta menn ekki látið sér nægja að segja a, þeir verða líka að segja b, þeir verða líka að átta sig á því, að raunverulegri framkvæmd á umhverfismálastýringu hér í landinu fylgja fjárútlát í stjórnkerfinu, og það er gert ráð fyrir því í þessu frv. eins og það liggur hér fyrir. Ég fagna því, að sá vilji, skilningur og áhugi skuli koma fram sem hv. þm. Salome Þorkelsdóttir gerði grein fyrir áðan, og vænti þess, að það sé til marks um að unnt verði að ná tiltölulega góðri samstöðu um þessi mál þegar þau kæmu til kasta Alþingis, þó að þau yrðu ekki endanlega til afgreiðslu fyrr en kannske á næsta þingi.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég vil alls ekki láta hjá líða að ítreka nú, þó með öðrum formerkjum sé, þau ummæli sem ég hafði úr ræðustól þegar hæstv. þáv. iðnrh., hæstv. núv. forsrh., Gunnar Thoroddsen, flutti þetta frv. á sínum tíma, 1978. Þá lýsti ég yfir því, að enda þótt ég fyndi ýmislegt í þessu frv. sem ábótavant væri, þá væri það eigi að síður með þeim hætti að fyrir þetta frv., fyrir þetta þingmál gæti ég fyrirgefið honum margt.

Hin dýpri merking þessarar yfirlýsingar minnar var sú, að hann hafði þá fyrir skemmstu knúið í gegnum Alþingi samþykkt á Grundartangaverksmiðjunni við Hvalfjörð þar sem hvergi nærri var staðið sæmilega að þeim málum, sem að umhverfinu lúta, og tekin ákaflega alvarleg áhætta. Þetta mál var náttúrlega samþykkt með atkv. sjálfstæðismanna að einu undanskildu og Framsfl. og Alþfl.

Ég tel að þetta frv. sé vissulega til þess fallið að stuðla að því, að vandamál umhverfisins verði tekin til alvarlegrar íhugunar, og að frv. sé innlegg í það mál sem við verðum að takast á við senn, þ. e. að koma vernd umhverfis og náttúruvernd í stjórnskipulega rétt form.

Ég vil ekki nú fremur en þá orðlengja um einstök atriði þessa frv., sem öll horfa til bóta, enda þótt mér finnist, eins og ég áður sagði, að nokkuð vanti á að málið sé nægilega útfært í þeirri mynd sem það hér liggur fyrir.

Og svo rétt í lokin vil ég minna hv. þm. þessarar deildar á það, í hvílíkri þakkarskuld Íslendingar standa við þingeyska bændur, sem risu upp á sínum tíma með afli og komu því inn í höfuðin á íslenskum tæknikrötum og stjórnmálamönnum, að umhverfi þessa lands og lífríki eiga einnig sinn rétt, og sýndu það í verki, að fólkið í landinu lætur sig þessi mál ákaflega miklu varða og vill fórna nokkru fyrir að þau mál séu í viðunandi skynsamlegu horfi.

Flm. (Salome Þorkelsdóttir): Herra forseti. Ég vil nú aðeins þakka hæstv. félmrh. og hv. 4. þm. Norðurl. e. fyrir þær góðu undirtektir sem endurflutningur á þessu frv. hefur fengið hér. Ég get alveg tekið undir það með hæstv. félmrh., að það hefur ýmislegt gerst síðan þetta frv. var lagt fram og ýmislegt sem þessi lög taka einnig til, en okkur þótti rétt að flytja frv. óbreytt og gera heldur ráð fyrir því, að í meðferð nefndar kæmi það til skoðunar og ýmis atriði, bæði ný sem kæmu inn og jafnvel önnur sem þyrfti að breyta. Ég er nú aðeins farin að kynnast störfum nefnda þingsins og gera mér grein fyrir því, að við gefum okkur tíma til að velta vöngum jafnvel yfir orðalagi og ýmsum orðum sem koma fram í frumvörpum. Og það getur vel verið og er ekki ólíklegt að við eigum eftir að fjalla í félmn. um og velta fyrir okkur orðum eins og landnýtingu og landnotkun. Og ég er alveg sammála því, að þetta eru þættir sem ekki væri óeðlilegt að kæmu þarna inn.

Varðandi það, í hvaða ráðuneyti þetta ætti að vera, þá tek ég undir það, að mér hefur virst það vera eðlilegt að þetta færi undir félmrn., enda hefur formaður nefndarinnar, sem fram kemur í grg. að samdi þetta frv., einmitt skýrt mér frá því, að það hafi helst komið til orða að eðlilegt væri að þetta væri í félmrn., þó að það sé ekki tekið sérstaklega fram í frv., heldur sennilega gert ráð fyrir að það verði ákveðið á annan hátt.

En ég vildi sem sagt ítreka þakkir mínar fyrir þær undirtektir sem frv. hefur fengið. Varðandi fjárútlátin er það að sjálfsögðu rétt, að þetta hlýtur að kosta fjármagn. En erum við ekki þarna líka að hagræða hlutunum, sem gæti e. t. v. orðið til þess að það yrði ekki meira fjármagn, sem færi í stjórnunina á þessu máli þegar það væri komið á einn stað, heldur en nú er? Ég gæti best trúað því.

Egill Jónsson: Herra forseti. Mér þótti ástæða til þess að koma hér upp því að mér fannst nóg um þegar tveir virðulegir ræðumenn hér, bæði hæstv. ráðh. og svo 1. flm. þessa máls, voru farnir að impra á því, að það ætti að gera eitt allsherjarsvið í kringum mengunar-, landverndar- og gróðurverndarmál hér á landi. Og hæstv. ráðh. impraði á því, að e. t. v. hefðu nýst betur þeir fjármunir, sem Alþingi gaf íslensku þjóðinni árið 1974, ef um það

hefði verið til heildstæð og góð áætlun og þá væntanlega eitthvað tengd við mengunarvarnir og annað slíkt.

Ég vil fyrir það fyrsta taka það fram, að ég held að því fjármagni, sem varið var til Landgræðslu ríkisins með þjóðargjöfinni, hafi verið varið alveg sérstaklega vel. Og ég held að það væri athugandi og reyndar rannsóknarefni fyrir Alþingi og ríkisstj. að kanna það, hvað mikið fer t. d. í skrifstofuhald eða yfirstjórn hjá þeirri virðulegu stofnun. Ég hygg að það muni ekki aðrar stofnanir skila jafnmiklu starfi með jafnlítilli yfirbyggingu og einmitt sú stofnun gerir. Ég tek að vísu þessar ábendingar alls ekki sem neitt ámæli í þeirra garð, en ég hef óneitanlega orðið þess var hér í Alþingi, að svo virðist þessa dagana sem menn hafi nokkrar áhyggjur af því, hvernig það fjármagn, sem Landgræðsla ríkisins hefur haft til umráða, nýtist. En það er önnur saga. Og væntanlega verður það rætt og skýrt í sambandi við landgræðsluáætlunina sem áformað hefur verið að um yrði fjallað hér á Alþingi. En víst er um það, að þótt okkar frv., sem nú er til umræðu, sé gott, þá held ég að það verði ekki til þess að bæta úr framkvæmdagöllum á vegum Landgræðslu ríkisins. Þeir eru að sjálfsögðu einhverjir, en ég er sannfærður um að þeir eru í miklu minni mæli en víðast annars staðar í opinberum stofnunum.

Davíð Aðalsteinsson: Herra forseti. Ég skal ekki taka langan tíma frá hv. dm., það er nokkuð liðið á fundartímann, en ég vil lýsa því yfir, að hér er að mínum dómi mjög athyglisvert mál og ég tel eðlilegt að það fái rækilega athugun.

Ég skildi ummæli ráðh. á þann veg, að hann vildi skoða hin ytri umhverfismál í samhengi. Ég skildi orð hans svo. Ég skildi orð hans alls ekki á þann veg, að hann væri að kasta steini að einum eða neinum sem hefði haft á undanförnum árum með þessi mál að gera, af hvaða tagi sem það er. En ég vil bara ítreka það, að slíkt mál sem þetta frv. er þarf ítarlega umfjöllun og sú lagasetning, sem þar er ýjað að, þarf mjög vandlega meðferð.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til félmn. með 11 shlj. atkv.

Neðri deild, 78. fundur.

Föstudaginn 10. apríl, kl. 2 miðdegis.

Varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum, frv. (þskj. 521). — 1. umr.

Utanrrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum. Í stuttri grg., sem fylgir frv. þessu, er gerð grein fyrir aðdraganda þess alþjóðasamnings, sem með þessu frv., ef að lögum verður, er lögfestur hér, ástæðum hans svo og því, hverjum aðila hér á landi er ætlað að vera í fyrirsvari varðandi þessi mál og fara með stjórn þeirra mála sem þar er fjallað um.

Ég sé ekki ástæðu til að endursegja þessa grg., leyfi mér að vísa til hennar og legg til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, frv. (þskj. 196, n. 506 og 513). — Frh. 2. umr.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég skal hafa mál mitt örstutt. Mér er það bæði ljúft og skylt að koma hér í ræðustól og draga ummæli mín til baka um það, hver ætti mestu þakkir skildar fyrir það að hafa fellt niður nýbyggingargjaldið. Ég sagði í ræðu minni fyrr í þessari umr. að það hefðu verið framsóknarmenn, en nú er upplýst að það er hæstv. landbrh., Pálmi Jónsson, sem á að fá rós í hnappagatið. Ég trúi því, að það sé rétt, og vænti þess, að hæstv. landbrh. haldi áfram á þessari braut.

Í þessu máli hafa orðið talsverðar umr. um það jafnframt, af hvers konar völdum þessi lög voru sett á sínum tíma um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Hér hafa komið upp tveir hv. Alþfl.-þm. og sagt að ástæður hafi verið tvær: Annars vegar verðbólguástæður, þ. e. að stjórnendur fyrirtækja hefðu viljað festa fé sitt í húsnæði vegna verðbólgunnar, og hins vegar af þensluástæðum. En auðvitað er það ein og sama ástæðan. Þenslan í þessum efnum átti sér auðvitað rætur í því, að menn tóku lán og festu fjármagn í slíku húsnæði. Þessar forsendur eru horfnar, eins og margoft hefur verið bent á í þessum umr. Þetta hafa þeir hv. Alþfl.-menn, sem sömdu á sínum tíma stefnuna um jafnvægi í efnahagsmálum, skilið, enda kemur nú berlega í ljós hver er höfundur hennar því að hann hefur lýst sig andvígan þessum skatti. Það er hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson. Hann hefur enn einu sinni sýnt að hann hefur yfirburði yfir aðra flokksmenn sína um skilning á efnahagsmálum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14:10 atkv.

2.—10. gr. samþ. með 21:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PP, PJ, RA, SighB, SkA, StH, SvG, VG, ÞS, AS, FÞ, GS, GJG, GHelg, HÁ, HG, IGuðn, JE, KP, MHM, ÓÞÞ.

nei: PS, SteinG, AG, JBH, BÍG, FrS, GeirH, JÞ, MB, SvH.

9 þm. (SV, ÁG, EH, GGÞ, HBl, IGísl, JS, MÁM, ÓE) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19:2 atkv.

Tékkar, frv. (þskj. 154). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Siglingalög, frv. (þskj. 448, n. 531). — 2. umr.

Frsm. (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Sjútvn. hv. deildar hefur haft þetta mál til meðferðar og afgreitt það frá sér fyrir alllöngu. Hún leggur til að frv. verði samþykkt. Þarna er um að ræða lítils háttar breytingu á ákvæðum til bráðabirgða í lögum nr. 25 frá 1977, siglingalögum, á síðustu mgr. þeirra bráðabirgðaákvæða sem hljóðaði svo:

„Nú verður breyting á vikukaupi í almennri verkamannavinnu og skal ráðh. þá innan sex mánaða breyta upphæðum bóta samkv. bráðabirgðaákvæði þessu í samræmi við það."

Hér er um að ræða dánarbætur og örorkubætur. En reynslan hefur sýnt að það hefur ekki dugað að hafa þetta ákvæði svona í þessu bráðabirgðaákvæði og það hefur dregist að breyta upphæðum þessara bóta jafnvel fram yfir þessa sex mánuði. Frv. fjallar um breytingu á þessu til þess að upphæðir bóta breytist fyrr. Samkv. tillgr. er lagt til að bótaupphæðirnar breytist strax. Þarna er um sjálfsagða breytingu að ræða og sjútvn. leggur til að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður sjómanna, frv. (þskj. 576). — 1. umr.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breyt. á lögum um lífeyrissjóð sjómanna. Frv. þetta er borið fram vegna yfirlýsingar ríkisstj. í tengslum við kjarasamninga sjómanna í febrúarmánuði s. l. Ef þessi breyting, sem hér er gerð till. um, verður að lögum er komin samræmd regla í almannatryggingalög og lög um lífeyrissjóð sjómanna sem opnar sjómönnum rétt til töku ellilífeyris við 60 ára aldur eftir 25 ára starf á sjó og 180 lögskráða daga að meðaltali á ári í 25 ár.

Þessi megintilgangur lagabreytingarinnar kemur fram í 4. gr. frv., en þar er lagt til að heimildarákvæði 3. og 4. mgr. 12. gr. laganna verði breytt þannig, að nú sé sjóðfélaga heimilt eftir 25 ára starf að taka ellilífeyri við 60 ára aldur hafi hann verið lögskráður á íslenskt skip eigi skemur en 180 daga að meðaltali í 25 ár. Og eins og áður segir hefur verið gerð breyting til samræmis á almannatryggingalögunum sem gengur í sömu átt.

Aðrar breytingar, sem fólgnar eru í þessu frv., eru þær, að lífeyrissjóður sjómanna er opnaður öllum sjómönnum sem ráðnir eru á íslensk skip, 12 rúmlestir og stærri. Þar með eru taldir þeir sjómenn sem eru ekki lögskráðir, en vinna tímavinnu í þágu útgerðar. Í stað gildandi ákvæða um það, hverjir af sjómönnum geti verið sjóðfélagar, tryggir 2. gr. nú öllum sjómönnum, sem ráðnir eru á íslensk skip, 12 rúmlestir og stærri, við hvers konar störf í þágu útgerðar, aðild að lífeyrissjóði sjómanna.

Í frv. er einnig gert ráð fyrir breytingu á 10. gr. laganna. Hér er sem sagt gert ráð fyrir því, að iðgjöld sjóðfélaga á fiskiskipum öðrum en skuttogurum, 500 rúmlestir og stærri, skuli reiknast af launum, eftir því sem kveðið er á um hverju sinni í kjarasamningum hlutaðeigandi stéttarfélaga. Er þessi breyting í samræmi við það samkomulag sem varð með aðilum vinnumarkaðarins í kjarasamningunum fyrir skemmstu.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði máli þessu vísað til fjh.- og viðskn.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Þar sem ég hef ekki tækifæri til að fjalla um þetta mál í nefnd vil ég leyfa mér að gera hér örstuttar aths.

Ég held að á þessu frv. séu nokkrir augljósir gallar sem eru kannske frekar tæknilegs eðlis en nokkurs annars. T. d. í 3. gr. frv. hlýtur að eiga að standa í stað orðalagsins „1. og 4. mgr. 10. gr. falli brott", sem er algerlega meiningarlaust: 1., 2., 3. og 4. mgr. 10. gr. falli brott. Annars hlýtur þetta að verða óskiljanlegt. En þetta er smáatriði.

Í 1. mgr. 3. gr. frv. er ekki kveðið á um skiptingu 10% iðgjaldsins milli sjóðfélaga og launagreiðanda. Þess vegna held ég að þar þyrfti að koma aftan við grein, þó að flestir þekki það, að sjóðfélagi skuli greiða 4% og launagreiðandinn 6%. Það telst varla nægilegt að slíkt sé samningsatriði. Það hlýtur að verða að standa í lögunum jafnframt.

Í 2. mgr. 3. gr. frv. er kveðið ítarlega á um iðgjaldastofn vegna sjóðfélaga á fiskiskipum öðrum en 500 rúmlesta skuttogurum og stærri. Síðan er talað um heimild sjóðsstjórnar til að ákveða iðgjaldastofn þeirra sem geta fengið aðild að sjóðnum þó að þeir stundi ekki sjómennsku. Þetta er allt gott og blessað. En það sýnist hafa gleymst að kveða á um iðgjaldastofn sjómanna á farskipum, varðskipum og skuttogurum 500 rúmlesta og stærri, og hann hygg ég að þurfi að koma þarna inn. Jafnframt má geta þess, að iðgjöld vegna umræddra sjómanna hafa frá stofnun sjóðsins verið reiknuð af heildarlaunum, og það er ekki að mínu viti glöggt hvort því á að breyta, sem ég held að geti tæplega verið, þannig að þetta þarf líka breytingar við.

Smáatriði í sambandi við nafn frv., sem nú ber heitið Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 49/1974, um lífeyrissjóð sjómanna: Þar hlytur að verða að koma: sbr. lög nr. 15/1980, um breyting á þeim lögum, til að öllu sé til skila haldið. Smávegis tilvitnanir eru hér ekki heldur réttar, en ég sé ekki ástæðu til að vera að halda ræðu um það hér í þinginu. Ég mun að sjálfsögðu leggja þetta fram á blaði nefndinni til leiðbeiningar.

Í sambandi við breytingar á lögum um eftirlaun aldraðra, nr. 86/1980, voru gerðar breytingar á verðtryggingarákvæðum varðandi greiðslu á lífeyri frá Umsjónarnefnd eftirlauna. Þessar breytingar fólu í sér að lífeyrir nefndarinnar tekur nú breytingum 1. mars, 1. júní, 1. sept. og 1. des. ár hvert, samtímis því að launabreytingar verða á almennum vinnumarkaði og bætur almannatrygginga hækka. Áður breyttust þessar lífeyrisgreiðslur mánuði seinna. Samband almennra lífeyrissjóða hefur nú tekið upp þessa breytingu og þess vegna tel ég að rétt væri að samræma þessa greiðslu nú við þessa breytingu.

Ég skal ekki tefja tíma þingsins með því að fara út í þessi smáatriði, en mun leyfa mér að leggja fram brtt. á sérstöku þskj. sem nefndin lítur þá væntanlega á.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég veit að allir þm. meta það mikils þegar hv. þm. Guðrún Helgadóttir býðst til þess að aðstoða formenn annarra nefnda við úrlausn mála. Og sumar þeirra ábendinga, sem hv. þm. kom með hér í ræðu sinni, ber vissulega að skoða, en sumt er óþarft vegna þess að getið er um þau atriði í lögunum eins og er sem hún var að tala um. Vera má að frv., eins og það kemur fyrir, skari eitthvað, en til þess að útskýra fyrir hv. þm. hlutföll greiðslna í sjóðinn, þá er greiðsla sjóðfélaga eins og segir í 10. gr. laganna, 1. mgr., 4% og launagreiðanda 6%. Og á öllum stærri fiskiskipum en 500 rúmlestir og einnig á kaupskipum og hjá undirmönnum á varðskipum ríkisins er borgað af öllum launum í lífeyrissjóðinn, bæði af yfirvinnu og aukahlutum og aflahlut eins og á stærri togurunum. Hins vegar hefur það verið frá því að minni fiskiskipin eða félög þeirra gerðust aðilar að sjóðnum — þó eru þar ekki öll, en sama regla mun gilda alls staðar — að um er að ræða samningsatriði um þá upphæð sem kemur til sjóðsins frá þessum aðilum. En skiptin hafa verið hin sömu samt sem áður, 6% og 4%. Í síðustu kjarasamningum náðist veruleg hækkun á þessari greiðslu fyrir fiskimenn á hinum minni skipum, enda voru þeir fjarri öllu samræmi við aðra lífeyrissjóði fram að því og eru reyndar enn þá langt undir.

Ég vildi aðeins láta þetta koma fram hér, en að sjálfsögðu vænti ég þess ásamt hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur, að sú nefnd, sem fær þetta til meðferðar, lesi gildandi lög jafnframt því að hún fer yfir tillögur þessa frv.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Vegna þess að við komum aðeins að undirbúningi þessa máls í mínum ráðuneytum vil ég taka fram að það er um að ræða villu í 3. gr. Þar á auðvitað að standa: 1.-4. mgr. 10. gr. falli brott, en í stað komi o. s. frv. Að öðru leyti vil ég þakka hv. 8. landsk. þm. fyrir þær ábendingar sem hér hafa komið fram.

Þetta frv. ber að skoða í tengslum við frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar þar sem gert er ráð fyrir nokkurri lækkun á lífeyrisaldri sjómanna, réttindaaldri sjómanna þeim megin líka. Það frv. er nú til lokameðferðar í hv. Ed.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Lánsfjárlög 1981, frv. (þskj. 628 (sbr. 613)). — 1. umr.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1981. Frv. þetta hefur verið samþykkt í hv. Ed. með nokkrum brtt. sem bornar voru fram á þskj. 599.

Eins og kunnugt er birtist lánsfjáráætlun Alþingi í tvenns konar mynd. Annars vegar er um að ræða skýrslu um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun þar sem gerð er grein fyrir þjóðhagshorfum, öllum lánahreyfingum í þjóðfélaginu í grófum dráttum, innlánum og útlánum bankakerfisins, útlánum fjárfestingarsjóða, fjárfestingu almennt og fjármögnun til hennar. Og þar er, eins og ég gat um, fjallað almennt um þjóðhagshorfur á grundvelli þjóðhagsáætlunar. Þessi skýrsla er ekki lögð fyrir Alþingi til samþykktar, heldur einungis til umræðu.

Í öðru lagi birtist lánsfjáráætlun í formi frv. þess sem hér er til umr., en það veitir ríkisstj. heimildir til lántöku vegna opinberra framkvæmda, vegna framkvæmda ríkisins og ríkisstofnana og vegna framkvæmda sveitarfélaga sem ríkið aflar fjár til. Segja má að lánsfjáráætlun hafi að þessu leytinu til, hvað varðar lántökur ríkisstj. og lántökuheimildir, verið tilbúin í sept. s. l. En skýrsla um hina þætti málsins lá þá ekki fyrir og varð því dráttur á að lánsfjáráætlun væri lögð fram. Þó fór það svo, þegar ljóst var að þessi skýrsla yrði ekki tilbúin fyrir jól, að lagt var fram bráðabirgðayfirlit í desembermánuði um þá þætti málsins sem höfðu raunar legið nokkuð ljósir fyrir alveg frá því í sept., þ. e. um lántökur ríkissjóðs og ríkisstofnana og um lántökur til hitaveituframkvæmda, þannig að menn gætu haft þessi áform til hliðsjónar við afgreiðslu fjárlaga. Raunar eru flestar lántökur í lánsfjáráætlun, sem varða ríki og ríkisstofnanir, einnig inni í fjárlögunum sjálfum og er því fyrst og fremst um það að ræða að draga fram á einn stað þær lántökur, sem getið er um í fjárlögum, og gera grein fyrir því, hvernig ætlunin er að afla fjár til þessara framkvæmda.

Hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson tók svo til orða við umr. um lánsfjárlög hér ekki alls fyrir löngu, að verið væri að taka upp þann ósið að afgreiða lánsfjáráætlun og fjárlög í tvennu lagi, og virtist telja að nú væri verið að taka upp einhverja nýja siði. Það er rétt að minna menn á það hér, að lánsfjáráætlun og fjárlög hafa alltaf verið afgreidd hvort í sínu lagi, og það hefur satt að segja ekki gerst nema þrisvar eða fjórum sinnum, að lánsfjáráætlun hafi verið afgreidd áður en fjárlög hafa verið samþykkt. Hins vegar er bagalegt að draga það lengi að afgreiða lánsfjáráætlun, fyrst og fremst vegna þess að stofnanir þurfa að hafa það alveg á hreinu hver er endanleg afgreiðsla mála. Og ég er alls ekki að segja að það sé til fyrirmyndar að þessi dráttur verður, þvert á móti ber að leggja á það áherslu, að þessum málum sé komið á hreint á haustmánuðum, fyrir jól. En ég tel að hvað varðar framkvæmdir ríkisins séu þessi mál nokkurn veginn komin á hreint við afgreiðslu fjárlaga, enda má segja að jafnvel þó að þinginu hafi nú gefist kostur á að skoða þessi mál og ríkisstj. hafi haft ráðrúm til að bæta við o. s. frv., þá voru það ákaflega fáar breytingar, sem urðu á frv. í Ed. nú fyrir skemmstu, og þá fyrst og fremst vegna nýrra beiðna frá hitaveitunum um hærri lántökur sér til handa. Þetta sýnir að í raun og veru lágu þessi mál nokkurn veginn alveg ljós fyrir þegar fjárlög voru afgreidd og afskaplega óeðlilegt að vera að gera mikið mál úr því þó að afgreiðslan hafi dregist þar sem það breytir litlu, nema að auðvitað getur það valdið óþægindum þeim stofnunum sem í hlut eiga.

En staðreyndin er sú, að stjórnarandstaðan er að reyna eins og hún mögulega getur að gera miklu meira mál úr þessu en það raunverulega er. Hún er að reyna að læða því inn hjá almenningi, eins og Alþýðublaðið tekur stundum til orða, að lánsfjáráætlunin sé einhvers konar neðanjarðarfjárlög ríkisstj. sem hún noti til þess að smeygja að einhverjum útgjöldum sem hún vilji láta lítið bera á, og svo skilst manni að aðferðin sé sú nánast að fela útgjöldin með því að koma þeim inn í lánsfjáráætlun.

Þannig vitnaði hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson í einhverja ályktun Verslunarráðs Íslands þar sem tekið var svo gáfulega til orða, að stór hluti ríkisútgjalda kæmi ekki fram í A-hluta fjárlaga og útgjöld ríkisins væru afgreidd með lántökum, þ. e. fjárlögin sýndu ekki rétta mynd eða ríkisreikningurinn sýndi ekki rétta mynd af útgjöldum ríkisins. Ég er hræddur um að menn, sem setja svona visku á blað, viti ekki mikið hvernig færsla útgjalda hjá ríkinu fer fram. Auðvitað segir það sig sjálft, að það breytir engu hvort útgjöld eru fjármögnuð með lánum eða með beinum framlögum úr ríkissjóði, hvort heldur það er á lánsfjáráætlun eða í fjárlögum, — það breytir ekki neinu um það, hvernig útgjöldin eru færð til gjalda. Þau eru auðvitað færð til gjalda í A-hluta fjárlaganna eða ríkisreiknings og það er auðvitað engin leið að fela þau útgjöld með einum eða neinum hætti. Svona athugasemdir verða því nánast óskiljanlegt þrugl nema eigi að skoða þær í ljósi þess að menn séu að fylla í eyðurnar, reyna að tína eitthvað til sem orðið geti ríkisstj. til áfellis, en hafa kannske ekki upp á mikið að bjóða og þá verður allt hey í harðindum.

Hv. þm. nefndi það, að þess væru ýmis dæmi, að tekin væru lán vegna rekstrarútgjalda, og var það auðvitað hámark óreiðunnar að slíkt skyldi gert. Þetta er rétt í tveimur tilvikum og þau tilvik þekkja allir hv. þm. Þetta hefur verið gert um nokkurra ára skeið og er óhjákvæmilegt vegna þess hvernig þar er allt í pottinn búið. Þarna er annars vegar um að ræða byggðalínurnar sem enginn aðili í kerfinu stendur fjárhagslega undir annar en ríkissjóður. Það eru lagðar byggðalínur þvers og kruss um landið og þær eru fjármagnaðar með framlögum úr ríkissjóði og lántökum af hálfu ríkissjóðs, en raforkukerfið sjálft stendur ekki undir afborgunum af þessum lánum og ekki heldur undir vaxtaútgjöldum. Þetta er auðvitað mjög slæmt og ég tel óhjákvæmilegt að þessu verði breytt þannig að orkusala í landinu standi undir þeim útgjöldum sem leiðir af byggðalínunum og ekki sé verið að taka lán í því skyni að greiða þessi útgjöld, vegna þess að það er að sjálfsögðu enginn búskapur. En fyrst verða menn bara að finna það út, hvaða aðili á að taka þennan kostnað á sig og innheimta tekjur fyrir honum.

Það hefur verið stefna okkar Alþb.-manna, að ný Landsvirkjun yrði sett á fót sem sameinaði alla stærstu virkjunaraðila landsins og hefði með höndum orkusölu á heildsöluverði hringinn í kringum landið. Og við höfum lagt til að þessi Landsvirkjun tæki byggðalínurnar og innheimti þá þær tekjur, sem þarf til þess að standa undir kostnaði við þær, með eðlilegum hætti. En þetta hefur ekki orðið og á það sér langa sögu eins og menn þekkja. Það tókst ekki að koma á fót þeirri Landsvirkjun sem upphaflegir samningar voru gerðir um. Og seinasta útgáfa Landsvirkjunar, sem ríki, Reykjavíkurborg og Akureyrarborg hafa komið sér saman um að stofna, mun ekki hafa tekið á sig að reka byggðalínurnar. Vel má vera að það verði þá að stofna sérstakt fyrirtæki til þess að reka byggðalínurnar. En þessi vandi er óleystur og þá þarf engan að undra þó að vandinn sé líka óleystur í fjárlögum og lánsfjáráætlun.

Sama gildir um Kröfluvirkjun. Þar er um að ræða virkjun sem af ýmsum ástæðum stendur ekki undir sér. Hún hefur ekki verið byggð upp með þeim hætti sem áætlað var. Það hafa ekki verið boraðar holur til gufuöflunar í þeim mæli sem gert var ráð fyrir og þær hafa ekki skilað þeirri orku sem menn áttu von á, þannig að virkjunin er ekki rekin með eðlilegum hætti. Meðan svo er þýðir ekki að ætla sér að láta hana standa undir þessum fjármagnskostnaði. Þess vegna verður að greiða hann með lántökum, raunverulega að fresta þessum vanda þar til virkjunin er í stakk búin til þess að taka hann á sig. Ég er sannfærður um það, að ef tilteknir menn — og tiltekinn flokkur sér á parti — hefðu ekki áorkað að koma í veg fyrir frekari framkvæmdir við Kröflu á sínum tíma og ekki hefði orðið alger stöðvun í borunum á árunum 1977, 1978 og 1979, þá væri þessi virkjun fyrir löngu fær um að standa undir þessum kostnaði. En því miður urðu þau öfl ofan á sem vildu stöðva þessa virkjun og valda sem mestum vanda þar og hindruðu boranir með eðlilegum hætti við hana á árunum 1977, 1978 og 1979. Og við súpum seyðið af því í dag. Vissulega má segja að við Kröflu hafi verið gerð ýmis mistök. En ég held nú að stærstu mistökin séu þau, að ekki skyldi haldið áfram að bora eftir að menn fengu í hendur nýja tækni og nýja vitneskju um vandamálin á svæðinu. — En þetta var útúrdúr og einungis til þess gerður að vekja athygli á því, að hér er um tvö afmörkuð, sérstök vandamál að ræða: byggðalínurnar annars vegar og Kröfluvirkjun hins vegar, sem ekki er hægt að afgreiða með öðrum hætti. Það er bráðabirgðafyrirkomulag sem á þessu er í dag, — fyrirkomulag sem er ekki til neinnar fyrirmyndar, en verður að vera svo meðan ekki er fundin lausn á vandanum.

Inn í umr. um lánsfjáráætlun blönduðust vangaveltur hjá stjórnarandstæðingum nú fyrir skemmstu um afkomu ríkissjóðs á seinasta ári og um skuldastöðuna við Seðlabankann. Ég vil taka það fram hér, að ég hef hugsað mér að ræða þau mál á síðara stigi, þegar fyrir liggur bráðabirgðayfirlit um afkomu ríkissjóðs á árinu 1980, en ég geri ráð fyrir að unnt verði að dreifa því til þm. áður en þingið fer í páskaleyfi. Það gæti hugsanlega orðið tækifæri til þess að ræða þá hlið málsins á grundvelli þessarar bráðabirgðaáætlunar við 2. umr. um lánsfjáráætlun, en síðan má gera ráð fyrir að ríkisreikningurinn verði lagður fram áður en þing fer heim í vor.

Það er rétt, sem komið hefur fram hjá stjórnarandstæðingum og hefur svo sem ekki verið neitt launungarmál, að miðað við greiðslustöðuna eins og hún var um s. l. áramót hafa gjöldin numið 2.5 milljörðum meira en tekjurnar. Það er sem sagt halli á rekstri ríkissjóðs sem nemur þessum 2.5 milljörðum á hreinum greiðslugrunni. En ég vek á því athygli, að upplýsingar af þessu tagi eru bráðabirgðaupplýsingar og ríkisreikningurinn einn segir til um það hvort rekstrarhalli hafi verið hjá ríkissjóði eða ekki. Ég get upplýst það hér, að rekstrarreikningur ríkissjóðs fyrir árið 1980 mun ekki koma út með halla. Þar koma inn atriði sem breyta þessari mynd sem menn hafa hvað mest haft í hámælum, þ. e. þegar ríkissjóður er gerður upp á hreinum greiðslugrunni 31. des. 1980 er ekki reiknað með í þeim tölum hver hafi verið innkominn söluskattur í des. 1980. Í þeirri tölu er hins vegar söluskattur í des. 1979. Ég get upplýst það, að innkominn söluskattur í des. 1980 er um 10 milljörðum hærri en sú tala sem er í þessum bráðabirgðagreiðslutölum og miðast við des. 1979, þannig að flest bendir til þess að staða ríkissjóðs og velta á árinu 1980 hafi verið langtum betri en þessar hreinu greiðslutölur í árslok benda til. Vissulega þarf að taka fleira til greina en söluskattinn. Það þarf líka að taka hugsanleg gjöld vegna A-hlutans sem kynnu að vera meiri í árslok 1980 en þau

voru í árslok 1979. En ég vona að menn geri sér grein fyrir því, að þessar tölur, sem menn hafa verið að nefna, upp á 2.5 milljarða kr. segja ekki söguna nema að hálfu leyti. Þá er eftir að taka tillit til fjöldamargra atriða sem er tekið tillit til við gerð ríkisreikningsins, þ. á m. þessa atriðis sem ég hef nú nefnt og vegur að sjálfsögðu langsamlega þyngst, að tekjur af söluskatti í des. 1980 voru ekki komnar inn í þessa tölu og eru 10 milljörðum hærri en sú upphæð sem miðað er við í þessum bráðabirgðatölum. Endanlega munu þessar tölur hins vegar ekki liggja fyrir fyrr en tekjur og gjöld á ríkisreikningi hafa verið lögð saman og það getur því miður ekki orðið fyrr en að rúmlega einum mánuði liðnum.

Um skuldastöðu í Seðlabankanum er það að segja, að það er auðvitað hin argasta blekking þegar menn halda því fram að ríkissjóður safni skuldum í Seðlabankanum og hafi safnað skuldum á seinasta ári. Það er auðvitað ekkert annað en blekking. Um stöðuna gagnvart Seðlabankanum er það að segja, að við höfðum gert ráð fyrir að greiða Seðlabankanum 8 milljarða. En vegna þeirrar útkomu, sem ég var að gera grein fyrir áðan, vegna þess að gjöldin reyndust 2.5 milljörðum meiri en tekjurnar, verður greiðslan til Seðlabankans í raun minni en þetta eða 5.5 milljarðar. Og þetta er auðvitað skuldalækkun, þetta er skuldalækkunin á föstu verðlagi. En til þess að reyna að telja almenningi trú um, að þarna sé um skuldaaukningu að ræða, geta menn auðvitað komið með verðbótaþátt skuldarinnar og bætt honum við og þá er skuldastaðan heldur hærri en hún var fyrir einu ári. En þá verða menn auðvitað að taka til greina að þar er í fyrsta lagi um verðminni krónur að ræða. Í raun er skuldin, á föstu verðlagi reiknuð, miklu lægri en hún áður var. Hún er í krónum talið heldur hærri, en hún er á föstu verðlagi hlutfallslega miklu lægri en áður var. Og auðvitað er það afskaplega langt gengið hjá t. d. talsmönnum Sjálfstfl. að ætla að fara að átelja núv. ríkisstj. fyrir að skuldastaðan við Seðlabankann sé ekki betri en þessum tölum nemur vegna þess að verðbótaþátturinn er talinn með, því að þar er bara einfaldlega um það að ræða að við erum að gjalda fyrir erfðasyndina sem Matthías A. Mathiesen, fyrrv. fjmrh., skildi eftir í ríkissjóði. Það er þessi skuld við Seðlabankann sem er færð upp á nýju verðlagi um hver áramót og verður að takast með inn í dæmið formlega, en kemur auðvitað ekkert við rekstri ríkissjóðs á liðnu ári.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara að öðru leyti ítarlegum orðum um efni lánsfjárlaganna þar sem ítarleg grein er gerð fyrir þeim í athugasemdum með frv. og lánsfjáráætlunin kemur fram í mjög ítarlegri skýrslu sem lögð hefur verið fram. Ég bendi sérstaklega á töfluna á bls. 8 og 9, þar sem gerð er ítarleg grein fyrir lántökum í þágu ríkissjóðs og ríkisstofnana, en síðan er á bls. 22 gerð grein fyrir því, hver heildarlántaka verður þegar allt hefur verið talið saman og þá bæði lántökur ríkisins, lántökur sveitarfélaga, lántökur félaga í sameign ríkisins og sveitarfélaga og lántökur einkaaðila.

Í sambandi við þessar erlendu lántökur, sem er afskaplega mikið í tísku að gera mikið veður út af, er rétt að benda á það, að þegar lánsfjáráætlun var sett saman í febrúarmánuði á s. l. ári var gert ráð fyrir að greiðslubyrðin af þessum erlendu lánum, bæði þeim, sem tekin hefðu verið 1980, og þeim, sem tekin hefðu verið á fyrri árum, mundi verða tæplega 15% á árinu 1980. Þegar svo málið kom til meðferðar hér í þinginu eftir páska var upplýst af sérfræðingum að þessi tala væri nú úrelt, greiðslubyrðin væri hvorki meira né minna en 16.7% og hefði hækkað um heil 2% á tveimur mánuðum. Þessar upplýsingar urðu mikill matur í munni hv. stjórnarandstæðinga og þeir höfðu einkar mikla ánægju af að býsnast yfir því, hvað greiðslubyrðin hefði vaxið gríðarlega við gerð þessarar lánsfjáráætlunar. Svo liðu nokkrir mánuðir og þá komu enn nýjar tölur frá sérfræðingunum og nú var ekki reiknað með að greiðslubyrðin yrði 16.7, heldur hafði hún fallið niður í 14%. Þannig birtust okkur stjórnmálamönnum þrjár tölur, ein lág, síðan önnur miklu, miklu hærri, svo sú þriðja sem hafði lækkað verulega. Og þannig hefur þetta gengið, ekki bara á s. l. ári, heldur undanfarin 10 ár.

Ég minnist þess vel á vinstristjórnarárunum þegar miklar framkvæmdir voru í gangi í landinu og stjórnarandstaðan var að verulegu leyti sú sama og nú er, með nokkrum breytingum, að sérstaklega fulltrúar Alþfl. hér á þingi gerðu mikið veður út af því, að borist hefðu spádómar frá Seðlabankanum um að nú færi greiðslubyrðin upp í 19% af útflutningstekjum. Og svo skömmu seinna var spáin komin upp í 20%. Ég minnist þess að hafa átt um það orðræður við þá hér í þinginu hversu fjarstæðukennt það væri að reikna með þessu, enda hefðu þessar spár ævinlega verið meira eða minna út í bláinn. Og það reyndist rétt. Ef farið er yfir greiðslubyrði af erlendum lánum á s. l. áratug sjáum við að þessi greiðslubyrði fór aldrei yfir 15%, þrátt fyrir allar hrakspárnar sem menn fengu yfir sig á fyrri hluta áratugsins, og staðreyndin er sú, að þessi prósentutala, greiðslubyrði af erlendum lánum, hefur farið jafnt og þétt lækkandi. Hún er 1975 14.2%, 1976 13.8%, 1977 13.7%, 1978 13.1%, 1978 12.8%, hún lækkar með hverju einasta ári. En það vantaði ekki að öll þessi ár — og raunar miklu fleiri — var alltaf þessi sami söngur uppi, að það væri allt að fara hér á hausinn vegna þess að svo mikið væri tekið af erlendum lánum.

Staðreyndin er auðvitað sú, að þessi tala hefur ekki tekið mið af því í útreikningum sérfræðinga, að það er alþjóðleg verðbólga í veröldinni og hún verður auðvitað til þess að lækka þessar tölur verulega. Í öðru lagi fer þessi tala auðvitað eftir því hver er vaxtabyrði af þessum lánum. Vextir hafa verið verulega að sveiflast og þess vegna hefur í raun verið ákaflega lítið að marka þessa tölu þegar betur er að gáð.

Í sambandi við þessar erlendu lántökur, sem vissulega eru mjög miklar og við höfum reynt að takmarka eins og nokkur kostur er, er eftirtektarvert að hér í þinginu kemur ekki fram ein einasta till. um að fella niður ákveðnar framkvæmdir sem tekin eru erlend lán til. (**Gripið fram í:** Þú hefur heimildina.) Ég hef heimildina, já, og það má vel vera að hún verði notuð. En það er eftirtektarvert, að þeir menn hér í þinginu, sem mest býsnast yfir því að verið sé að taka erlend lán í óhófi vegna framkvæmda, leggja sjálfir ekki fram eina einustu hugmynd um hvað eigi að skera niður og hvers við getum verið án. Mig langar til að spyrja þessa menn sem svo mikið býsnast yfir þessu: Vilja þeir skera niður þær hitaveituframkvæmdir sem verulegur hluti af þessu fjármagni fer til? Vilja þeir skera niður hitaveituframkvæmdir í Borgarfirði eða á Akureyri eða annars staðar þar sem stefnt er að því að spara þjóðinni verulegan gjaldeyri með þessum framkvæmdum? Vilja menn skera niður raforkuframkvæmdirnar við Hrauneyjafossvirkjun sem eru hátt í helminginn af öllum þessum er-

lendu lántökum ríkissjóðs?

Vissulega mættu margir verða til þess að svara þessum spurningum. En ég beini þeim sérstaklega til hv. stjórnarandstæðinga og þá sér í lagi til ritstjóra Alþýðublaðsins, Jóns Baldvins Hannibalssonar — sem því miður er nú ekki hér í salnum — vegna ræðu hans hér um daginn þar sem hann reyndi að draga upp einhverja ógnarmynd af stöðu mála og telja þjóðinni trú um að hún sé að leggja á sig einhverja ógnarlega hlekki vegna þessarar lántöku, sem auðvitað er bráðnauðsynleg til þess að við getum sparað erlendan gjaldeyri í stórum stíl á næstu árum. Raforkuvirkjanirnar, raforkuverin og hitaveiturnar og annað það, sem gert er ráð fyrir að lán séu tekin til og eru meginhluti lánsfjáráætlunar, allt eru þetta framkvæmdir sem skila þjóðinni miklum arði og spara gjaldeyri í stórum stíl.

Herra forseti: Ég held að það sé ekki ástæða til að fjölyrða frekar um þetta frv. Vissulega mætti margt fleira tína til, en ég vil leyfa mér að leggja til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Það hefur verið rætt mjög ítarlega bæði um frv. til lánsfjárlaga og fjárfestingar- og lánsfjáráætlun, bæði í hv. Ed. og eins í Sþ. Enn fremur hafa sjálfstæðismenn í Ed. gefið út mjög ítarlegt nál. þar sem sjónarmið flokksins koma glögglega fram. Þess vegna er óþarfi fyrir mig að gerast mjög langorður við þessa 1. umr. um frv. til lánsfjárlaga í Nd.

Helstu atriðin í gagnrýni stjórnarandstöðunnar er þó rétt að láta koma fram. Vil ég í fyrsta lagi minnast á það atriði sem kom fram hjá hæstv. fjmrh. þar sem hann gerði lítið úr þeirri gagnrýni stjórnarandstöðunnar, að illa væri staðið að gerð lánsfjáráætlunar og lánsfjárlagafrv. Hæstv. ráðh. vitnaði til þess, að tiltölulega nýlega hefði verið byrjað á því að leggja fram lánsfjáráætlun og lánsfjárlög eins snemma og gert væri nú og á síðasta ári. Eins og allir vita er það nú lögbundið, hvernig að þessu skuli staðið, og má finna um það ákvæði í svokölluðum Ólafslögum, lögum nr. 13 frá 1979, þar sem skýrt er tekið fram að leggja skuli lánsfjáráætlunina fram ásamt fjárlögum, en það er gert ráð fyrir að þau liggi fyrir við upphaf þings. Þetta eru lög sem hæstv. fjmrh. sjálfur setti ásamt þeirri stjórn sem hann átti þá sæti í. Hann getur því ekki við neinn annan sakast en sjálfan sig um þetta efni. Gagnrýni okkar byggist auðvitað á því, að hann hefur sjálfur sett sér þessar eðlilegu reglur, en síðan þegar á hólminn er komið, neitar hann að fara eftir þeim. Fyrir jól, þegar átti að afgreiða fjárlög, var gefið út bráðabirgðaplagg sem kallað var lánsfjáráætlun. Þar kom fram að ætlunin var að leggja fram strax eftir jól lánsfjáráætlun og lánsfjárlög. Það dróst hins vegar svo, að það var ekki fyrr en síðustu daga í marsmánuði sem lánsfjáráætlun og lánsfjárlagafrv. sáu dagsins ljós á Alþingi.

Því verður ekki á móti mælt og hefur ekki verið hrakið, að lántökur aukast gífurlega samkv. því lánsfjárlagafrv. sem hér er til umr. Það er auðvitað auðvelt að reka ríkiskassann hallalausan um stundarbil þegar efnt er til slíkra lána erlendis, en menn verða að gæta þess, að slíkt háttalag bindur auðvitað hendur þeirra sem í framtíðinni þurfa að setja fjárlög og gera áætlanir fyrir ríkissjóð. Það er tiltölulega lítill vandi að fá lán erlendis, jafnvel lán sem ekki þarf að greiða af svo áratugum skiptir. Og mér er sagt að eitt slíkra lána sé á þann veg, að fyrsta afborgun eigi að fara fram árið 2016. Þá verður hæstv. forsrh. 106 ára og hæstv. fjmrh. að nálgast áttrætt. Og þó að ég viti að þessir ágætu höfðingjar báðir tveir eldist vel, þá er ég ekki viss um að þeir verði í fararbroddi þeirra stjórnmálamanna árið 2016 sem þurfa að taka ábyrgð á þessum endurgreiðslum. (**Gripið fram í:** Fullyrtu nú ekki of mikið.) Nei, ég hafði fyrirvara á eins og hv. þm. heyrði.

Danir hafa lent í miklum erfiðleikum einmitt vegna þess að þeir hafa tekið mikil erlend lán. Nú er svo komið, að nánast allar opinberar framkvæmdir í Danmörku eru fjármagnaðar með lántökum, en til rekstrar danska ríkisins er aflað fjár með skattgreiðslum og síðan aðeins afborganir af lánum. Þetta vildi ég láta koma fram strax í upphafi sem svar við því sem kom fram hjá hæstv. fjmrh. En til viðbótar kom hæstv. ráðh. inn á það atriði að ekkert væri að marka bráðabirgðatölur vegna afkomu ríkissjóðs á s. l. ári þar sem þær tölur væru byggðar á greiðslugrunni og væri t. d. ekki tekið tillit til tekna ríkissjóðs af söluskatti vegna desembermánaðar sem yfirleitt er miklu hærri en aðra mánuði. Þetta er út af fyrir sig einkennileg yfirlýsing þegar þess er gætt, að fjárlögin og þá um leið ríkisreikningur, sem borinn er saman við fjárlög, er á svokölluðum greiðslugrunni og ekki tekið tillit til útistandandi skulda. Þær tölur á hverjum tíma, sem sjást í fjárlögum, eru á greiðslugrunni, þ. á m. söluskatturinn eins og allur annar skattur. Það er þess vegna alveg út í bláinn þegar hæstv. fjmrh. ætlar að réttlæta afkomubrest ríkisins með þessum hætti.

Það er öllum ljóst að baráttan við verðbólguna er tengd baráttunni við það að halda fjárlögum niðri, útgjöldum ríkisins í skefjum. Fyrir síðustu kosningar skrifaði ágætur framámaður og einn af forustumönnum Sjálfstfl. grein í Morgunblaðið og þar segir 28. nóv. 1979, með leyfi forseta:

„Áður en fjárlagagerð hefst verður ríkisstj. að ákveða hámark ríkisútgjalda, þak á fjárlögin. T. d. mætti ákveða að þau skuli á næsta ári vera 10% lægri en fjárlagafrv. sem vinstri stjórnin lagði fram í okt. og hljóðaði upp á 350 milljarða.“ Ég skýt því hér inn, að það er okt. 1979. „Innan þessa ramma verða fjárlaga- og hagsýsludeild og fjvn. Alþingis að koma útgjöldunum fyrir. Niðurgreiðslur úr ríkissjóði á landbúnaðarvörum kosta nú milli 20 og 30 milljarða á ári og eru komnar úr hófi. Hér má spara milljarða. Bændur sjálfir og samtök þeirra hafa látið í ljós að þær megi helst ekki verða meiri en mismunur á framleiðsluverði og söluverði. Þessar miklu niðurgreiðslur skekkja verðlag og draga úr hvöt til að ráðast í nýjar búgreinar. Þær bjóða heim hættu á misnotkun og spillingu. Þær leiða til þess, að þeir ríku fá meira í sinn hlut úr ríkissjóði en þeir snauðu. Þegar dregið verður úr niðurgreiðslum á að bæta láglaunafólki það upp með tekjutryggingu, fjölskyldubótum og afnámi á tekjuskatti þannig að kaupmáttur þess fólks minnki ekki.“

Hér lýkur tilvitnun í Morgunblaðið 28. nóv. 1979. Tilvitnunin er í grein eftir núv. hæstv. forsrh. og ég verð að segja að ég held að hann hafi ekki — þrátt fyrir eflaust góðan vilja — komið í gegn sínum sjónarmiðum, nema síður sé. En ég veit að hann hefur ekki misst trú á þeim málstað sem þarna kemur fram. Það, sem hins vegar hefur gerst, er að aðrir aðilar í ríkisstj. ráða því hve mikið fer í eyðslu ríkissjóðs og þess vegna hefur hæstv. forsrh. ekki haft sína stefnu fram. Þau lánsfjárlög, sem nú er verið að fjalla um, benda eindregið til þess, að hæstv. forsrh. eigi enn langt í land í þeim efnum að ná tökum á

ríkisfjármálunum eins og hann helst vildi gera.

Sjálfstæðismenn hafa bent á það í umr. um lánsfjárlög, að megineinkenni frv. til lánsfjárlaga fyrir yfirstandandi ár séu þau sömu og lánsfjárlaga s. l. árs, en þau voru fyrstu lánsfjárlög núv. ríkisstj. Þessi megineinkenni eru að því er varðar stýringu lánsfjár og fjárfestingar sem hér segir:

1. Heildarfjárfesting er enn um eða yfir 26% af þjóðarframleiðslu þrátt fyrir áformaðan magnsamdrátt í stórvirkjunum, stóriðju og hitaveituframkvæmdum.

2. Opinberar framkvæmdir aukast enn að magni til þriðja árið í röð og er það eini meginliður fjármunamyndunar í landinu sem þróast þannig.

3. Stórfelldur samdráttur er fyrirhugaður í fjármunamyndun atvinnuveganna, eða 12.6% að magni til, og fyrirsjáanlegur er samdráttur í íbúðabyggingum þriðja árið í röð. Það, sem er alvarlegt við það sem þarna er að gerast, er að atvinnuvegirnir, sem nú verða að standa að fullu straum af auknum fjármagnskostnaði, verða áfram skattpíndir og geta því ekki fjárfest, en arðsöm fjárfesting þeirra er auðvitað nauðsynleg forsenda nægrar atvinnu og batnandi lífskjara. Það fjármagn, sem skattgreiðendur, þar með talin fyrirtækin, lögðu fjárfestingarlánasjóðum til, hefur minnkað hlutfallslega, en ríkisvaldið notar það til annarra þarfa, einkum rekstrar og niðurgreiðslna, til samneyslu og millifærslna. M. ö. o.: Það er út af fyrir sig eðlilegt að fyrirtækin greiði sparifjáreigendum fullan fjármagnskostnað og ávaxti fé þeirra með þessum hætti, en þá verður ríkisvaldið auðvitað á móti að slaka á skattheimtunni. Það hefur núverandi stjórnarherrum láðst að gera.

4. Erlend lánsfjáröflun til opinberra framkvæmda er aukin um rúmlega 1 milljarð nýkr. eða tæp 105% og heildarlántaka til opinberra aðila um 85%.

5. Erlendar skuldir í árslok 1980 voru tæplega 6 milljarðar nýkr. miðað við áramótagengi. Áformað er að taka ný erlend lán um 1.5 milljarða á árinu. Þetta þýðir 71.4% hækkun erlendra skulda að raungildi á fjórum árum.

6. Greiðslubyrði erlendra lána verður á næsta ári 15.7-16.4% af útflutningstekjum og skuldastaðan 36.6% af þjóðarframleiðslunni í árslok 1981. Greiðslubyrði í prósentum af útflutningstekjum var til samanburðar árið 1977 13.7% og skuldastaðan 31.6% af þjóðarframleiðslu. Það er alveg rétt sem kom fram hjá hæstv. fjmrh. í ræðu hans hér áðan, að þessar tölur eru auðvitað áætlunartölur sem geta að sjálfsögðu breyst, ekki síst vegna þess að stofninn breytist, þ. á m. þjóðarframleiðslan, en það rýrir samt á engan hátt gildi slíkrar áætlunargerðar. Og ég þykist vita að þessar tölur, sem koma fram í áætlunum hæstv. ráðh. sjálfs, séu til þess gerðar að gera gleggri og betri grein fyrir því, hver þróun mála sé. Þess vegna verður stjórnarandstaðan að treysta á að þær tölur séu réttar, a. m. k. miðað við þær forsendur sem gefnar eru á hverjum tíma.

7. Haldið er áfram niðurskurði á framlögum ríkissjóðs af samtíma skatttekjum til þess að halda uppi framkvæmdum. Þetta er í raun nýtt form á hallarekstri ríkissjóðs eins og áður var rækilega minnst á.

Ég hef nú gert grein fyrir hver eru helstu megineinkenni frv. að áliti okkar sjálfstæðismanna. Ég tel þó ástæðu til þess að benda á til viðbótar að hæstv. ráðh. hefur aflað sér tvennra heimilda, til þess annars vegar að skera niður ríkisútgjöldin og hins vegar til þess að fresta opinberum framkvæmdum. Annars vegar hefur hann heimild í 6. gr. fjárlaga og hins vegar lá honum gífurlega mikið á um s. l. áramót að afla sér nýrrar heimildar til þess að geta frestað opinberum framkvæmdum. Þá var því lýst yfir af ríkisstj. að brýna nauðsyn bæri til þess að setja lög til þess að ríkisstj. hefði heimild til að fresta opinberum framkvæmdum. Nú kemur hæstv. ráðh. í ræðustól á Alþingi, þegar komið er fram um miðjan aprílmánuð, og spyr stjórnarandstöðuna: Viljið þið láta fresta þessu, viljið þið skera þetta o. s. frv., o. s. frv. — og telur þar upp hitaveitur og annað það sem ríkisstj. og sveitarfélögin hyggjast framkvæma á árinu. Þetta er kynleg aðferð þegar þess er gætt, að þessi sami hæstv. ráðh. hefur þegar aflað sér heimildar og það hlýtur að vera í hans verkahring að koma til alþm. með skrá yfir þær framkvæmdir sem hann vill láta fresta. Það er í raun skylda hans að leggja slíka skrá fyrir fjvn. þingsins. Eftir því sem lengra líður á árið er erfiðara fyrir opinber fyrirtæki að endurskoða áætlanir sínar vegna þess að mesti framkvæmdatíminn er yfir sumarmánuðina og ef það dregst öllu lengur gerist það nánast ómögulegt fyrir ýmis stærri opinberu B-hluta fyrirtækin.

Þá er í þessu sambandi einnig ástæða til að benda á að hæstv. ráðh. Framsfl. hafa ítrekað, bæði innan þings og utan, lýst yfir að þeir vilji lækka skatta á almenningi og skera niður og fresta framkvæmdum á móti. En engar upplýsingar, engar tillögur, engar hugmyndir um slíkan niðurskurð eða frestun koma aftur á móti frá þessum sömu mönnum. Er nú til of mikils mælst af hæstv. ráðherrum ríkisstj., bæði Framsóknarráðherrunum og Alþb.-ráðherrunum, að þeir segi þingi, áður en þing fer heim, hvernig þeir ætla að notfæra sér þær heimildir sem þeir hafa þegar aflað sér með meirihlutavaldi á Alþingi til frestunar og niðurskurðar?

Það mál, sem mesta athygli hefur vakið í sambandi við afgreiðslu lánsfjárlaga að þessu sinni, er án efa bygging flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli. Ég sé ekki ástæðu til að ræða það mál ítarlega nú, en minni á að fyrir jólin fluttum við fjvn.-menn Sjálfstfl. og Alþfl. till. þess efnis, að á fjárlögum yrði gert ráð fyrir fjármagni til flugstöðvarbyggingar á Keflavíkurflugvelli. Við drógum þessa till. til baka vegna orða hæstv. viðskrh. Tómasar Árnasonar sem sagði að hæstv. utanrrh. mundi beita sér fyrir málinu í hæstv. ríkisstj. Ekki var annað að skilja á hæstv. viðskrh. en að hann væri sammála hæstv. utanrrh. í málinu. Nú hefur það sýnt sig í Ed. að ekki var meiri hluti fyrir málinu þar. Afstaða hæstv. utanrrh. er hrein og klár og hún kemur þess vegna ekki á óvart. Um hana var vitað frá því í haust.

Það er að sjálfsögðu nauðsynlegt fyrir hv. Alþingi að gefa út viljayfirlýsingu um það, að ætlunin sé á næstunni að byggja flugstöð á Keflavíkurflugvelli. Þetta er þeim mun nauðsynlegra sem það er ljóst að við verðum ekki eini aðilinn sem stendur að framkvæmdunum. Af þessu tilefni hafa sjálfstæðismenn ákveðið að athuga það rækilega nú við meðferð málsins í Nd., hvernig hægt sé að vinna þessu máli brautargengi svo að sjöttungur þingsins geti ekki komið í veg fyrir að slíkrar heimildar sé aflað, ekki síst með tilliti til þess — svo að vitnað sé til grg. hæstv. utanrrh. — að það er álit hans að þrátt fyrir heimildina geti ríkisstj. að sjálfsögðu ráðið því hvort hún notar slíka heimild eða ekki. Það er ástæða til þess að benda á þetta hér. Ríkisstj. hefur margfaldar heimildir til þess að fresta opinberum framkvæmdum. Í lánsfjárlögum er fyrst og fremst um heimildir að ræða. Samt sem

áður fær Alþingi Íslendinga ekki vegna ofríkis 11 þm. að gefa út viljayfirlýsingu í þessu máli. Og í þessu sambandi skil ég afstöðu hv. framsóknarmanna þannig að þeir í hjarta sínu fylgi auðvitað fremur ályktun miðstjórnar flokksins en boðum og bönnum Alþb.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að fjalla frekar um þetta mál að sinni. Nefndarmenn hv. fjh.- og viðskn. úr röðum sjálfstæðismanna munu að sjálfsögðu vinna að þessu máli og gera þær tillögur sem þeir telja eðlilegastar í málinu.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns geta þess og vekja athygli manna á því, að flestallir hæstv. ráðh. eru fjarverandi þessa umr. þ. á m. sá hæstv. ráðh. sem er flm. þessa máls. Gerist það nú æ og aftur, þegar rætt er um mál frá ríkisstj. sem hún leggur áherslu á að séu afgreidd, að enginn ráðh. hefur tíma til að vera við umr. og getur því ekki hlýtt á neinar spurningar sem til viðkomandi ráðh. kann að vera beint. Ég vil sem sé fara þess mjög eindregið á leit við hæstv. forseta, bæði nú og framvegis, að hann sjái helst til þess að a. m. k. 1. umr. í jafnstóru máli og hér um ræðir fari ekki fram öðruvísi en viðkomandi ráðh. sé viðstaddur. Það er óvirðing bæði við hæstv. forseta og viðkomandi þd. að tala hér fyrir tómum stólum ráðh. í málum sem þeir leggja höfuðáherslu á að Alþingi afgreiði á nokkrum klukkustundum. Ég vil sem sé spyrjast fyrir um það, hvort hæstv. forseti hafi gert ráðstafanir til þess að hæstv. fjmrh. sinni að þessu leyti þingskyldu sinni. (**Forseti:** Ég hef gert það.)

Um frv. til lánsfjárlaga og lánsfjáráætlun sem fylgir hefur þegar verið rætt mikið hér í Alþingi, bæði í ítarlegu máli í Ed. og nú fyrir örfáum dögum í Sþ. Er þeirri umr. raunar ekki lokið. Ég ætla því ekki að þessu sinni að bera í þann bakkafulla lækinn að fara að endurtaka ýmislegt af því sem þar hefur verið sagt, en fara fremur fljótt yfir sögu. Aðeins vil ég þó koma að nokkrum orðum, sem komu fram í furðulegri ræðu hæstv. fjmrh. áðan, og víkja þá fyrst að því, að það er að sjálfsögðu engin afsökun fyrir að vera að afgreiða lánsfjáráætlun nú á vordögum. Þegar lögum samkvæmt ber að afgreiða hana samfara fjárlagaafgreiðslu að hausti til, er það að sjálfsögðu engin afsökun fyrir slíku hátterni þó svo að menn hafi lagt fram eitthvert gerviplagg í des. um hugmyndir manna um ýmis atriði í lánsfjáráætluninni sem svo reyndust ekki hafa neitt hald þegar til kom. Það stendur eftir sem áður óhaggað, að hæstv. ríkisstj. og hæstv. fjmrh. bar ekki aðeins siðferðisleg, heldur einnig lagaleg skylda til að leggja fram lánsfjáráætlun samhliða fjárlögum. Og þeim bar lagaleg skylda til þess að standa þannig að málum, að lánsfjáráætlun yrði afgreidd fyrir áramót ásamt fjárlögum, til þess að menn gætu fengið heildstæða mynd af ríkisfjármálunum, en þyrftu ekki að vera að afgreiða þau í bitum fram eftir öllum vetri. Þetta hefur hæstv. ríkisstj. ekki getað gert, og er það einkennilegt til að vita um ríkisstj. sem var fyrst og fremst, að eigin sögn, mynduð til þess að bjarga heiðri og sóma Alþingis. Hún getur ekki einu sinni hagað störfum sínum hér á Alþingi þannig að hún standi við þá starfshætti sem ríkisstjórnum er lögskylt að framkvæma á Alþingi Íslendinga. Það er ekki mikill sómi að því hjá hæstv. ríkisstj., hvað þá þegar umr. fara hér fram dag eftir dag, eins og ég hef vakið athygli á, án þess að nokkur ráðh., sem málið varðar, sé viðstaddur. — Ég vil enn ítreka spurningu mína til hæstv. forseta deildarinnar, hvort hann hafi nokkurn grun um það, að hæstv. fjmrh. sé staddur — ja, mér liggur við að segja í landinu. (**Forseti:** Það er von til þess, að hann verði mættur hér innan tíðar.) Ég vænti þess, að hæstv. fjmrh. sjái sér færi á að mæta meðan á fundi stendur. (**Forseti:** Við skulum vænta þess.) — Ég býð hæstv. fjmrh. velkominn til starfa sinna í Alþingi og vænti þess að hann haldi út þó ekki væri nema þær 25 mínútur sem eftir lifa af fyrirhuguðum fundartíma þessarar deildar.

Hæstv. fjmrh. sagði í ræðu sinni hér áðan að það skipti engu máli hvort útgjöld ríkissjóðs, hefðbundin venjuleg útgjöld ríkissjóðs, væru fjármögnuð með framlagi á fjárlögum eða með lántöku í lánsfjáráætlun, það kæmi í sama stað niður. Þetta er auðvitað algerlega út í hött vegna þess að framlag á lánsfjáráætlun, lántaka, kemur fram sem breyting á lánahreyfingum, en ekki sem útgjöld á rekstrarreikningi. Og það er náttúrlega alveg fráleitt að halda því fram, að það skipti engu máli hvort hluti af hefðbundnum útgjöldum ríkissjóðs er færður sem lánahreyfing eða til útgjalda á rekstrarreikningi. Það væri leikandi létt að búa til fjárlagadæmi fyrir ríkissjóð, þar sem ríkissjóður væri ávallt rekinn með rekstrarafgangi á rekstrarreikningi og ríkisstj. hrósaði sér yfir því að hafa alltaf jákvæðan rekstrarafgang, með því einu að fjármagna hluta af útgjöldum ríkisins ávallt með lántökum og láta það koma fram sem hreyfingu á lánareikningum.

Þetta hlýtur hæstv. fjmrh. að vita og mér er hulin ráðgáta hvernig hann getur komist að orði eins og hann gerði hér áðan, að það skipti engu máli. Það er einmitt þetta sem hæstv. fjmrh. er að gera núna. Mjög venjubundin útgjöld á venjulegum rekstrarreikningi fjárlaga, eins og afborgun af lánum og vaxtagjöld, sem að sjálfsögðu eiga að færast á rekstrarreikning, t. d. af Kröflulánum, sem samtals munu nema nokkuð á sjöunda milljarð gkr., þeim er nú breytt í fyrsta skipti, svo lengi sem ég man a. m. k., í sérstaka lántöku á lánsfjáráætlun og koma þannig fram sem hreyfing á lánajöfnuði. Og ég verð að taka það fram að þetta hlýtur auðvitað að skipta máli, þegar menn skoða rekstrarreikning ríkissjóðs, að fá ekki nema hlutamynd af heildardæminu þegar búið er að breyta venjulegum rekstrarútgjöldum ríkissjóðs að verulegu leyti yfir í tilfærslur á lánareikningum.

Auðvitað er hægur vandi fyrir hvaða ríkisstj. sem er og hvaða fjmrh. sem er að haga þannig búskap sínum að velja t. d. inn á útgjaldareikning rekstrarreiknings þau útgjöld sem henni hentar og nægja nokkurn veginn til þess að tekjur dugi fyrir þeim, en taka síðan það, sem upp á vantar af rekstrarútgjöldum ríkisins, í erlendum lánum og láta það koma fram sem hreyfingu á lánareikningi og halda því svo fram og sýna reikningstölur úr ríkisbókhaldinu fyrir því, að ekki sé halli á ríkissjóði. Það er þetta sem Verslunarráðið var að benda á. Og mér er alveg hulin ráðgáta ef hæstv. fjmrh. er ekki það vel heima í þessum málum að honum sé þetta mætavel ljóst. Enn verra er þetta búskaparlag að sjálfsögðu þegar margir mánuðir líða frá því að fjárlög voru afgreidd —og útgjöld á rekstrarreikningi ríkissjóðs koma þar fram eins og þau eru áætluð — og þar til lánsfjárlög eru afgreidd, þegar verulegur hluti af rekstrarútgjöldum ríkissjóðs er færður yfir á lánsfjárlögin. Þetta hlýtur hæstv. fjmrh. að vita. Ég furða mig á því, að hann skuli halda að þetta skipti ekki nokkru máli þegar hann í öðru orðinu er að tala um hagstæða afkomu ríkissjóðs. Það er enginn vandi að búa til hagstæða afkomu á rekstrarreikningi ríkissjóðs

á hverju einasta ári með svona bókhaldsbrellum.

Það athyglisverðasta í ræðu fjmrh. hér áðan var þó þegar hann var að gera uppskátt fyrir þingheimi að hann hefði fundið í rn. sínu sjálfa erfðasyndina. Hann sagðist hafa orðið þess áskynja eftir að vera búinn að sitja í eitt ár í ráðherrastóli að fyrrv. fjmrh., Matthías Á. Mathiesen, hefði skilið erfðasyndina eftir í fjmrn. Hefur nú hæstv. fjmrh. helst unnið sér það til afreks í fjmrn. að finna sjálfa erfðasyndina þar, og ég ætla að vona fyrir hönd íslensku þjóðarinnar að hann gæti hennar vel svo að hún komist ekki mikið út fyrir fjmrn.

Ég held að það sé ekki miklu meira sem ég hef við ræðu hæstv. fjmrh. hér áðan að athuga, og fer ég ekki að gera það tímans vegna, né heldur ætlaði ég að fara mörgum orðum um lánsfjáráætlunina sjálfa, eins og ég sagði hér áðan, af þeim ástæðum sem ég tilgreindi, annað en aðeins að minna menn á að um svipað leyti í fyrra var afgreidd lánsfjáráætlun hæstv. ríkisstj. með samþykkt lánsfjárlaga. Samt sem áður, þó að lánsfjárlög væru afgreidd svona seint, vantaði mikið að þau stæðust. Þau lánsfjárlög, sem afgreidd voru á s. l. vori, voru raunar merkingarlaus vegna þess að svo til hver einasta tala, sem tiltekin var í afgreiðslu Alþingis, stóðst ekki þegar á reyndi. Ég minni bara hæstv. fjmrh. á að einn stjórnarliða, formaður fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar, hv. þm. Halldór Ásgrímsson, vítti hæstv. fjmrh. fyrir það úr ræðustóli hér á Alþingi að hafa ekki haldið sig við þær heimildir til lántöku sem Alþingi veitti á s. l vori. Hann tók það sérstaklega fram, þessi stjórnarsinni, að það hefði verið tekið fram fyrir ári af honum og fleirum, að til þess væri ætlast að þær tölur, sem þá voru afgreiddar í lánsfjárlögum, væru fastar tölur. Því hefði hæstv. fjmrh. ekki fylgt, heldur haft afgreiðslu Alþingis að engu. Formaður fjh.- og viðskn. vítti þetta og sagði að slík afgreiðsla af hálfu Alþingis væri auðvitað marklaus. Eftir eins árs reynslu af framkvæmd hæstv. fjmrh. á þessu máli má reikna eins með því, að þau lánsfjárlög, sem hér er verið að afgreiða, verði jafnmarklaus og þau lánsfjárlög sem afgreidd voru í fyrra og því ástæðuminna að fara mjög mörgum orðum um þau efni.

Hins vegar verð ég að segja eins og er — og ástæðulaust að draga fjöður yfir það, að almennar þjóðhagshorfur á árinu í ár verða sem komið er að teljast allgóðar. Þjóðhagsstofnun hefur t. d. áætlað að verð þjóðarframleiðslu á Íslandi geti orðið óbreytt frá fyrra ári, en í millitíðinni hafa verið gerðir samningar um skreiðarsölu, sem eru 10% hærri en samningarnir sem gerðir voru í fyrra, og um saltfisksölu sem eru 70% hærri en gerðir voru í fyrra. Auk þess er vitað að fiskmjölsverð á heimsmarkaði er nú hærra en það var á s. l. ári og ríkisstj. sjálf, forsrh. sjálfur hefur sagt að hann eigi von á því — og er staðfest af sjútvrh. — að verðlagsþróun á árinu á útfluttum fiskafurðum Íslendinga í Bandaríkjunum verði hagstæð. Þá er einnig talið líklegt að verð á áli og kísiljárni muni hækka í ár og auk þess hefur gengi Bandaríkjadollars styrkst allnokkuð.

Af þessu öllu má sjá að öll ytri skilyrði okkar þjóðarbúskapar hljóta nú að teljast nokkuð góð, miklu betri en menn áttu von á. Og þessi góðu ytri skilyrði ættu að geta veitt hæstv. ríkisstj. sérstaka möguleika á því, meiri en oft áður, að ná stöðugleika í íslensku efnahagslífi án þess að rýra lífskjörin. Þetta hafa ráðherrar ríkisstj. raunar sjálfir tekið fram. Þeir hafa tekið það fram og það er rétt, að ytri aðstæður séu okkur nú á ýmsan hátt miklu hagfelldrari en menn áttu von á. Þeim mun vandaminna ætti að vera fyrir hæstv. ríkisstj. að tryggja stöðugleika í búskap þjóðarinnar án þess að þurfa að rýra lífskjör. Og sér í lagi ætti við þessar aðstæður að skapast tækifæri til þess að draga úr verðbólgu án almennrar kjaraskerðingar.

Forsrh. lýsti því yfir — eða það er haft eftir honum í blaði í dag, að nú sé verðbólguhraðinn kominn niður í 35%. Miðað við allar þessar hagfelldu ytri aðstæður, sem ég taldi upp áðan, ætti að vera vandalaust fyrir hæstv. ríkisstj. að tryggja að verðbólgan á þessu ári færi ekki mikið yfir 40—42%. Til þess hefur hún allt í höndunum. Hún hefur hækkandi verð á ýmsum helstu útflutningsvörum landsmanna. Hún hefur miklu hagstæðari samninga um skreiðarsölu. Hún hefur 70% hærra saltfiskverð en var í fyrra. Hún horfir að eigin sögn fram á líklega verðhækkun á íslenskum fiski í Bandaríkjunum. Hún hefur stöðugt gengi Bandaríkjadollars. Hún hefur líklega verðhækkun á áli og kísilmálmi. Allt þetta ætti að gera henni þetta verk miklu auðveldara en ríkisstjórnum á undanförnum árum. Það ætti því að vera hæstv. ríkisstj. innan handar að tryggja að verðbólgan, sem nú er 35%, fari ekki mikið yfir 42—45%. Og gangi það ekki eftir, þá er það, eins og komið hefur fram í máli ríkisstj. sjálfrar, ekki ytri aðstæðunum að kenna, sem ráðherrarnir hafa keppst hver við annan um að lýsa sem svona hagfelldum, heldur því einu að ríkisstj. hefur mistekist að nýta sér það lag sem nú er til þess að ná árangri. Nái ríkisstj. ekki þeim árangri á árinu að verðbólgan fari ekki yfir 42—45%, þá er það vegna þess að hún hefur ekki getað nýtt sér þessar hagstæðu ytri aðstæður sem forsrh., fjmrh. og sjútvrh. eru ávallt að guma af.

Það er satt, að ríkisstj. hefur a. m. k. þrjú s. l. ár aldrei haft jafngóð tækifæri til þess eins og nú vegna hagstæðra ytri aðstæðna að ná árangri. Og þá stendur upp á þessa ríkisstj. að sýna hvað hún getur. Þeir hafa sagt það, hæstv. ráðh., að ef svo færi eins og ég er að lýsa hér og þeir hafa sjálfir lýst, þá sé þetta ekki mikill vandi. Nú skulum við sjá. Nú hefur verið samið um 10% hærra verð á skreið en í fyrra, 70% hærra verð á saltfiski, kísilmálmur hækkar verulega á heimsmarkaði, ál einnig. Að sögn sjútvrh. á hann von á fiskverðshækkun á Bandaríkjamarkaði. Staða Bandaríkjadollars er styrk, verðbólgan er að sögn hæstv. forsrh. komin niður í 35%. Ef ríkisstj. nær ekki þeim árangri sem hún segist stefna að, sem hún hefur betra tækifæri til að ná nú í ár heldur en margar ríkisstj. á umliðnum árum hafa haft, hverjum er það þá að kenna, við hvern getur forsrh. þá sakast annan en sjálfan sig? Að sjálfsögðu engan. Hins vegar gefur sú lánsfjáráætlun, sem hér er til afgreiðslu, því miður ekki góðar vonir um að ríkisstj. kunni að halda á þessum hagfelldu ytri aðstæðum sem ég skal vissulega ekki draga úr að er rétt hjá henni að hún á nú að fagna.

Herra forseti. Þá kemur það einnig til með að hjálpa ríkisstj., sem aðrar ríkisstjórnir hafa ekki fengið að njóta góðs af, að nú í fyrsta skipti um margra ára bil er um verulega innlánsaukningu að ræða hjá öllum bankastofnunum í landinu. Nú er vaxtastefna Alþfl. loksins farin að skila þeim árangri að það er að verða jafnvægisbúskapur í peningamarkaðnum í landinu og með mánuði hverjum aukast innlán í bönkum og ráðstöfunarfé bankanna til útlána. Hæstv. ríkisstj. gumar af því, að þetta hafi gerst, en hún gleymir að geta þess, hverjum það er að þakka og hverju. Það er auðvitað því að þakka,

að upp var tekin sú vaxtastefna sem að skoðun allra bankamanna, án tillits til hvar þeir eru í flokki, hefur skapað þetta ástand á peningamarkaðnum. Þeir standa upp núna, þegar bankarnir flytja ársskýrslur sínar, hver eftir annan — og enginn þeirra tengdur Alþfl. — til þess að lýsa því yfir, að þarna hafi orðið alger kaflaskipti á s. l. mánuðum í þróun peningamála og innlánsmála lánastofnana. Og hver eftir annan lýsa þeir því yfir, að þetta sé að þakka ákvæðunum sem við Alþfl.-menn höfum verið skammaðir hvað mest fyrir að hafa beitt okkur fyrir að sett yrðu í hin svonefndu Ólafslög vorið 1979.

Engin ríkisstj. hefur áður búið við slíkt árferði í peningamálum, — engin. Íslendingar, sem þekkja ekki aðra bankapólitík en þá að lánsfé sé svo takmarkað að það verði að skammta úr hnefa, horfast nú í fyrsta skipti í augu við þann möguleika að bankarnir geti haft yfir mjög verulegu innlánsfé að ráða sem standi til ráðstöfunar m. a. fyrir hæstv. ríkisstj. Ég ætla aðeins að biðja menn að hugsa um þau orð í þessu sambandi sem féllu á ársfundi Seðlabanka Íslands nú fyrir nokkrum dögum. Og ég ætla að biðja menn að skoða fréttir blaðanna af aðalfundum bankanna sem haldnir hafa verið að undanförnu, þó að það séu að vísu undantekningar, einkum og sér í lagi um einn ríkisbankann. En nú standa vonir til að eitthvað fari þar að rofa til, a. m. k. ef marka má dugnað og framtak hv. þm. Alberts Guðmundssonar sem þar er bankaráðsformaður og ætlar að beita sér af sínum alkunna dugnaði fyrir því að reyna að rífa þann banka upp og áfram.

Engin ríkisstj. hefur áður búið við slík skilyrði í peningamálum og mér er sagt að ef þessi þróun haldi áfram geti ríkisstj. átt kost á því sem engar ríkisstjórnir hafa átt á umliðnum árum að breyta mjög verulega til á árinu um lánaáform sín og hverfa frá því að taka eins mikið af erlendum lánum og að er stefnt, en auka þess í stað lántökur sínar á innlendum peningamarkaði. Það er álit bæði Seðlabanka og Þjóðhagsstofnunar að þessi möguleiki sé fyrir hendi, ef sú hagkvæma þróun í innlánsmálum bankastofnana heldur áfram sem þegar er hafin. Slíkum ytri aðstæðum hafa engar ríkisstjórnir átt að fagna önnur en sú sem nú situr að völdum í landinu. Því sameinast allt, bæði út á við og inn á við, sem ætti að geta hjálpað þessari hæstv. ríkisstj. að ná árangri í ár. Hitt er svo allt annað mál, hvort hæstv. ráðherrar og þeir, sem að ríkisstj. standa, eru menn til þess að leika þannig úr þeim spilum, sem þeir hafa fengið á höndina, að þeir nái einhverjum árangri, að þeir fái einhverja slagi.

Herra forseti. Það mál, sem almenningur bíður sjálfsagt hvað óþreyjufyllstur eftir að hljóti afgreiðslu hér í þessari deild, er till., sem kom fram í Ed., um heimild fyrir ríkisstj. til þess að taka lán til að hefja byrjunarframkvæmdir við flugstöð á Keflavíkurflugvelli ef að áliti utanrrh. verður nauðsynlegt að hefja þær framkvæmdir á þessu ári. Nú hefur því verið haldið fram, m. a. af nokkrum þm. Framsfl. í Ed., að málið væri ekki enn það vel undirbúið og undirbúningi væri ekki lokið þannig að ekki væri ástæða til þess að taka um það ákvörðun nú. Vegna þessara yfirlýsinga hef ég aflað mér sérstakra upplýsinga í utanrrn., bæði hjá varnarmáladeild og hinni almennu deild. Þar er mér tjáð að öllum undirbúningi að smíði flugstöðvarinnar sé lokið og útboð geti farið fram. Að sögn utanrrn.-manna er ekkert að vanbúnaði, að þessi ákvörðun sé nú þegar tekin, og enginn undirbúningur, sem eftir er að vinna, sem geti komið í veg fyrir að hafist sé handa er ákvörðun liggur fyrir. Ég hef óskað eftir því, að þeir utanrrn.-menn og forstöðumaður varnarmáladeildar utanrrn. komi á fund fjh.- og viðskn. Nd. Alþingis á mánudagsmorgun til að staðfesta þetta fyrir nefndinni sem ég hef hér sagt.

Í annan stað er því haldið fram, að framkvæmdin við flugstöðina þurfi ekki að hefjast fyrr en í síðasta lagi fyrir októbermánuð árið 1982, því að þá fyrst falli fjárveiting Bandaríkjaþings úr gildi. Þetta er ekki rétt. Að vísu er það rétt, að fjárlagaár Bandaríkjanna hefst í okt. 1981 og lýkur í okt. 1982 og í okt. 1982 fellur úr gildi sú fjárveiting sem samþykkt var til byggingar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli. En að áliti utanrrn. — og þetta mun ég líka fá staðfest í fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar á morgun — er nauðsynlegt að geta hafið framkvæmdir helst fljótlega eftir n. k. áramót. Því er að mati utanrrn. tímabært að taka ákvörðun nú. Það má e. t. v. slá henni á frest í fáar vikur eða örfáa mánuði, en utanrrn., bæði ráðh. og starfsmenn utanrrn. sem við þetta mál hafa fengist, telja tímabært að taka ákvörðunina nú og nauðsynlegt að einhverjar framkvæmdir verði hafnar fljótlega eftir næstu áramót. Þetta verður einnig staðfest á fundi fjh.- og viðskn. — ætla ég — n. k. mánudag.

Þá er það tvímælalaust álit utanrrh., að flokksbræður hans í Framsfl. allir séu honum sammála um þetta flugstöðvarmál. Þeir hafa hins vegar kosið að snúa við honum baki og skilja hann einan eftir um afstöðu, a. m. k. í Ed. Ég trúi vart að það sé að undirlagi Framsfl. sem það er gert, að utanrrh. var þar látinn standa einn, en flokksbræður hans sneru baki við honum. Slíkt verður aðeins að undirlagi eins hóps manna hér á þinginu, að undirlagi þeirra 11 þm. Alþb. sem að mati utanrrh. eru einu þm. sem andvígir eru þessari framkvæmd af hinum 60 sem hér sitja. Finnst mönnum það rétt lýðræði og rétt þingræði, eins og málið er í pottinn búið, að 11 þm. á 60 manna löggjafarsamkomu skuli mynda hér meiri hl., að 11 þm. Alþb. skuli beygja alla þm. Framsfl. utan einn og sá eini skuli vera látinn standa einn af sínum flokksbræðrum, þó svo hann sé aðeins að framfylgja stefnu flokksins sem fyrst var mörkuð af varaformanni Framsfl. 22 okt. 1974 og var síðast ítrekuð á aðalfundi miðstjórnar Framsfl. s. l. sunnudag? Það er von að menn spyrji hvernig það geti gerst, að næststærsti stjórnmálaflokkur þjóðarinnar skuli láta 11 alþm. Alþb. svínbeygja sig með þessum hætti. Skýringin er mjög einföld. Skýringin er sú, að árið 1978 varð Framsfl. fyrir mesta pólitíska áfalli í sögu sinni. Þá tapaði hann ekki aðeins fjölmörgum þingsætum og varð minnsti flokkur landsins, heldur tapaði hann í ýmsum tryggustu kjördæmum sínum talsverðu af sínu tryggasta fylgi yfir til kommúnista. Einn af þeim, sem beið hvað mest tap í þessum kosningum, er núv. formaður Framsfl., hæstv. sjútvrh., sem ekki aðeins varð að horfa á eftir heilum sveitahreppum yfir til Alþb., heldur missti einnig þingsæti í sínu kjördæmi vegna uppgangs Alþb. Og þessir menn urðu svo skelfingu lostnir yfir þessum tíðindum, að þeir tóku þá ákvörðun að þeir yrðu framvegis að líma sig svo þétt upp að íslenskum kommúnistum, að ekki gengi þar hnífurinn á milli, og það mætti aldrei koma til ágreinings milli Framsfl. og kommúnista ef Framsfl. ætti að vinna þetta fylgi aftur. Þess vegna var það í ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar að ef kom upp ágreiningur í ríkisstj. milli kommúnista og Alþfl.-manna, þá vöruðu framsóknarmenn sig alltaf á því að ganga ávallt með Alþb. í þeim

leik. Þeir þorðu ekki að efna til ágreinings við þá.

Í kosningunum 1979 þóttust framsóknarmenn hafa fengið sönnur fyrir því, að þessi stefna um undirlægjuhátt við kommúnista væri rétt því að þeim tókst að vinna aftur nokkuð af þeim atkvæðum, sem þeir höfðu tapað til Alþb. í kosningunum þar áður, og formaður flokksins endurheimti þingsætið á Vestfjörðum. Eftir þessi úrslit, þar sem framsóknarmenn þóttust vera búnir að fá sönnur fyrir því, að undirlægjuskapur við kommúnista skilaði þeim árangri í atkvæðum, hefur Framsfl. að örfáum mönnum undanskildum verið svínbeygður undir íslenska kommúnista, meira að segja gengið svo langt, að formaður þingflokks Framsfl. lýsir því í blaðaviðtali að hann viti ekki betri menn, hreinskiptnari menn eða menn, sem hann vildi heldur eiga samleið með, heldur en íslenska kommúnista. Slík er skelfingin orðin. (Gripið fram í.) Þeir eru orðnir svo hræddir og svo háðir Alþb., framsóknarmennirnir, slíkir taglhnýtingar Alþb. margir hverjir, að ef Alþb. skildi við þá mundu þeir ekki vita hvert þeir ættu að snúa sér þegar þeir fyndu ekki lengur taglið. Og einn af þeim, sem ekki vissi hvert hann ætti að fara ef hann fyndi ekki lengur taglið, var að kalla fram í fyrir mér áðan.

Herra forseti. Að sjálfsögðu munum við láta reyna á þessi mál hér í þinginu. Við munum láta reyna á það, hvort framsóknarmenn í Nd. ætla líka að láta utanrrh. sinn standa einan og hafa að engu samþykkt síns eigin flokks, gera ómerking úr fyrrv. utanrrh. sínum og varaformanni flokksins, Einari Ágústssyni, vegna hræðslunnar við kommúnista, vegna þrælslundarinnar í þeirra garð. Við skulum bíða og sjá hvernig þau átök og það uppgjör endar.

Í blöðunum hefur verið látið að því liggja að einn mætur maður hér á Alþingi, Albert Guðmundsson, mundi hlaupa þar undir bagga. Ég hef enga trú á að svo muni verða. 26. mars s. l. voru þessi mál til umr. hér á Alþingi. Þar var hv. þm. Albert Guðmundsson ekkert að liggja á sínum skoðunum frekar en hann er vanur að gera þegar hann stígur hér í ræðustól og þarf að taka afstöðu til mála. Afstaða hv. þm. var mjög afdráttarlaus og skýr. Hann sagði um flugstöðina á Keflavíkurflugvelli orðrétt, með leyfi hæstv. forseta, m. a. þetta:

„Það hefur komið í ljós að við samkomulag um myndun ríkisstj. var gerður svokallaður málefnasamningur milli þeirra sem standa að ríkisstj., leynt eða ljóst. Í þessum málefnasamningi segir að ákvörðun skuli ekki tekin um flugstöðvarbyggingu nema að fengnu samþykki allra aðila innan ríkisstj. og allir séu sammála um að málið komi á dagskrá. Ég tel að enginn flokkur eigi að hafa neitunarvald, hvorki innan ríkisstj. né á Alþingi, um slík mál sem þessi. Ég vil mótmæla því, að þetta mál komi ekki fljótlega á dagskrá. Ég óska eftir því, að þetta stórmál komi á dagskrá Alþingis hið fyrsta og að Alþingi taki ákvörðun um framhaldið. Ef ríkisstj. telur sér ekki fært að bera þetta mál fram verða þeir, sem telja sig frjálsa og óháða, að bera málið fram og láta reyna á það á Alþingi hver hinn eiginlegi vilji Alþingis og alþm. í þessu máli er. Og ég hef þá trú að þrátt fyrir málefnasamninginn sé meirihlutavilji á Alþingi fyrir því að framkvæmd við flugstöðvarbygginguna verði hafin sem fyrst." (**Forseti:** Á hv. þm. langt eftir af ræðu sinni?) Nei, ég á örfáar setningar eftir.

Þetta, herra forseti, sagði þessi mæti þm. 26. mars s. l. um flugstöðvarbygginguna. Hann talaði enga tæpitungu. Hann bað um að málið yrði látið ganga til Alþingis strax. Hann sagði að ef ríkisstj. gerði það ekki yrðu þm. að taka sig saman um að gera það. Og hann bað um að málið kæmi hér til afgreiðslu svo að hægt væri að samþykkja það. Og halda menn að hv. þm. Albert Guðmundsson, sem þannig talaði 26. mars, muni í byrjun apríl greiða atkv. í þveröfuga átt?

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég þakka virðulegum forseta fyrir þann velvilja sem hann sýnir mér með því að gefa mér orðið, en ég sá ekki beint ástæðu til að kveðja mér hljóðs fyrr en síðasti ræðumaður lauk máli sínu, og þá geri ég það til þess að bera af mér það orð sem hann með orðum sínum reynir að festa við mig.

Allt, sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson lét hér falla í minn garð, er að sjálfsögðu rétt. En ég tel að sú till., sem fram hefur komið í sambandi við lánsfjáráætlunina og varðar upphaf framkvæmda við umrædda flugstöð á Keflavíkurflugvelli, sé ekkert í áttina að þeirri hugmynd sem ég kom fram með hér. Ég vil taka það fram, að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson upplýsti að öll útboðsgögn væru tilbúin til byggingarframkvæmda vegna þessarar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli, og dreg ég það ekki í efa. Líklega er það rétt, enda voru upplýsingarnar fengnar hjá utanrrn. og varnarmálanefnd.

Þá taldi þm. furðulegt að Alþingi skuli láta lítinn minni hl. á Alþingi ráða í þessu máli. Hinn virðulegi þm. er ekki að láta lítinn minni hl. á Alþingi ráða þessu máli eða framgangi málsins með þeirri till. sem hann flytur hér. Hann er að láta enn þrengri hóp þm., ríkisstj., ráða í þessu máli. Og það er hægt að þrengja þann hóp ráðh. enn þá meira, því að eftir upplýsingum, sem fyrir liggja, er hver ráðh. í ríkisstj. með neitunarvald, þannig að hann er að afhenda hér ákvörðunarvald til einstakra ráðh. í ríkisstj., og einmitt því var ég að mótmæla. Ég hef verið á móti því, að þessi till. kæmi fram í því formi sem hún er núna. En ég hef líka lýst því yfir, að það kemur ekki til mála annað en meiri hluti Alþingis ráði í þessu máli eins og öðrum. Ef Alþb. heldur að það geti ráðið að fengnum meiri hl. Alþingis, þegar Alþingi hefur tekið ákvörðun um að bygging skuli fara fram, þá er það misskilningur hjá Alþb.-mönnum eða öðrum þeim minnihlutahópum sem halda sig sterkari en meirihlutavald á Alþingi. En ef þið hafið ekki kjark, kæru vinir úr Alþfl., til að bera fram þá till. sem kæmi hugmyndum ykkar og vilja á framfæri, þá skuluð þið ekkert vera að koma með sýndarmennskutillögur, því að þessi till. leysir ekki þau mál sem þið viljið leysa. Við skulum láta reyna á það þegar þar að kemur.

Ég vil sem sagt mótmæla því, að sú tillaga, sem hér hefur verið lögð fram í sambandi við lánsfjáráætlunina, geri neitt annað en að þrengja vald til ákvörðunar um framkvæmdir við hina nýju flugstöðvarbyggingu á Keflavíkurflugvelli, alveg þveröfugt við það sem till. á Alþingi segði til um ef Alþingi væri að taka ákvörðun um að hefja byggingarframkvæmdir. Þessi till., eins og hún liggur fyrir núna, gerir ekkert annað. Ég harma að hæstv. utanrrh. skuli vera fjarstaddur. Hún gerir ekkert annað en fullnægja því sem hann þarf að fullnægja sjálfum sér með, þ. e. að fylgja eftir ákveðnum ummælum sem hér hafa verið viðhöfð á Alþingi.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég fagna því að sjálfsögðu, að hv. þm. Albert Guðmundsson, eins og ég bjóst við að hann mundi gera, stendur í einu og öllu við

yfirlýsingu sína og orð sem féllu 26. mars s. l. um kröfu um að málið verði afgreitt með þingmeirihluta og styður að sjálfsögðu þá afgreiðslu. Ég vil aðeins taka það fram, að það liggur engin till. fyrir í málinu. Það hefur engin till. verið lögð fram í þessu máli og liggur engin till. frammi í málinu í þessari hv. deild. (Gripið fram í.) Nei, till. liggur aðeins fyrir í Ed. og var þar afgreidd. Engin till. hefur komið fram hér. Og ég tek það aðeins fram að ég mun óska mjög eindregið eftir því að hafa samstarf og fullt samráð við Albert Guðmundsson um, hvernig þessi till. verður úr garði gerð, og lýsi því fyrir mína hönd, að ég er reiðubúinn að ganga til samkomulags við Albert Guðmundsson um till. um þetta mál, að hún verði þannig úr garði gerð sem hann getur fellt sig við þannig að staðið sé við það afdráttarlausa markmið sem hann með skörungsskap lýsti í ræðu sinni 26. mars s. l. Ég mun vinna í fjh.- og viðskn. þessarar deildar, þar sem við hv. þm. Albert Guðmundsson eigum báðir sæti, með þetta að leiðarljósi og vænti þess að sjálfsögðu, að samkomulag takist milli mín og hv. þm. um að gera till. þannig úr garði sem við báðir viljum.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég fagna því, að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson lýsir yfir fullri samstöðu við hug minn og tal í þessu máli, og ég fagna því, að hann — og ég reikna þá með hans þingflokkur — muni vilja og sé reiðubúinn til þess að starfa að slíkri tillögugerð. En ég vil jafnframt undirstrika það, að ég er ekki reiðubúinn til þess að steypa þjóðinni út í langvarandi stjórnarkreppu, eins og reynsla er fyrir, vegna þessa máls. Ég vona að við eigum samstarf í þessu máli.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Aðeins um það sem hér hefur síðast verið mælt. Ég skil orð beggja síðustu hv. ræðumanna á þá leið að þeir muni bindast samtökum í þessu máli. Ég styð það. Og hv. þm. Albert Guðmundssyni get ég sagt að þó að þessi ríkisstj. klofni með einhverjum hætti, þá verður það án efa skoðað ækilega af þingflokkum stjórnarandstöðunnar, hvort þeir séu ekki tilbúnir til þess að koma til liðsinnis við þá, sem eftir sitja, til að bjarga þjóðinni frá glötun.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Tilraunastöð Búnaðarsambands Suðurlands, frv. (þskj. 631). — 1. umr.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Á þskj. 631 flyt ég frv. til l. um tilraunastöð Búnaðarsambands Suðurlands og Rannsóknastofnunar landbúnaðarins að Stóra-Ármóti. Meginefni þessa frv. er fólgið í því, að landbrh. er heimilt að semja við stjórn Búnaðarasambands Suðurlands um sameiginlegan rekstur tilraunastöðvar að Stóra-Ármóti í Flóa.

Árið 1952 tókst Búnaðarsambandi Suðurlands að fá jörðina Laugardæli í Hraungerðishreppi leigða til 25 ára og stofnaði þar tilraunastöð í nautgriparækt. Jörðin var í eigu Kaupfélags Árnesinga sem hafði rekið þar bú í 15 ár, en þetta vor seldi Kaupfélagið Búnaðarsambandinu bústofn og lausafjármuni alla og leigði því jörðina á hagstæðum kjörum til starfrækslu tilraunastöðvar í nautgriparækt. Þáv. nautgriparæktarráðunautur gekkst fyrir því að ríkissjóður styrkti þessa stofnun með árlegu framlagi, og gaf það Búnaðarsambandinu kleift að hefja nauðsynlegar framkvæmdir í Laugardælum. En tilraunastöðinni var þá þegar ætlað fjölþætt hlutverk, sérstaklega á sviði tilrauna í nautgriparækt og mjólkurframleiðslu.

Á þeim 28 árum, sem þessi tilraunastöð hefur starfað í Laugardælum, hefur hún sinnt fjölþættum viðfangsefnum á sviði tilrauna. Skulu hér rakin helstu verkefni stöðvarinnar, sem hún hefur fengist við, nokkurn veginn í réttri tímaröð.

1. Afkvæmarannsóknir á nautum.
2. Tilhögun beitar og áburðargjafar á ræktað land fyrir mjólkurkýr.
3. Sumarbeit lambáa á ræktað land.
4. Samanburður á vaxtarhraða og kjötgæðum ungneyta af íslenskum stofni og blendinga af Galloway-stofni.
5. Fóðurtilraunir á kálfum til lífs og til slátrunar.
6. Tilraunir með mismikla votheysgjöf til mjólkurkúa í lágri eða hárri nyt.
7. Könnun á kjarnfóðurgildi grasmjöls og grasköggla.
8. Rannsóknir á gildi þess að blanda dýrafitu í grasköggla.
9. Rannsóknir á átgetu mjólkurkúa á heyi með mismikilli kjarnfóðurgjöf.
10. Samanburður á afurðagetu mjólkurkúa sem fóðraðar eru á snemmslegnu og síðslegnu heyi.

Í fyrstu var leitað af hálfu Tilraunastöðvarinnar í Laugardælum samstarfs um verkefnaval og framkvæmd tilrauna við Tilraunaráð búfjárræktar sem þá var sú stofnun sem fór með þessi mál í umboði ríkisins. Síðan færðist þetta samstarf yfir á herðar Rannsóknastofnunar landbúnaðarins af hálfu ríkisins, eftir að sú stofnun var sett á laggir, og s. l. sex ár hefur Rannsóknastofnun landbúnaðarins haft fastan tilraunaeftirlitsmann í Laugardælum auk þess sem sérfræðingur á stofnuninni hefur komið þar vikulega. Fullyrða má að samstarf þessara aðila hefur gengið með ágætum og árangur af starfi þessarar tilraunastöðvar hefur orðið veigamikill fyrir íslenskan landbúnað.

Í Laugardælum er aðstaða að ýmsu leyti góð eða sæmileg enda þótt þar sé margra úrbóta þörf. Þannig er þó ástatt, að Búnaðarsamband Suðurlands hefur á undanförnum árum leitað eftir því að fá jörðina Laugardæli keypta af Kaupfélagi Árnesinga, en þær tilraunir hafa ekki borið árangur. Nú hefur Búnaðarsambandið jörð þessa á leigu til fimm ára og kann auðvitað að vera að unnt sé að fá þann leigusamning framlengdan. En óvissa er slík um framtíð stöðvarinnar á þessum stað að forráðamenn Búnaðarsambandsins telja hana ekki til frambúðar.

Á s. l. vori var Búnaðarsambandi Suðurlands gefin jörðin Stóra-Ármót í Hraungerðishreppi fyrir tilraunastarfsemi Búnaðarsambandsins. Jörðin er álíka landmikil og Laugardælir eða um 700 hektarar og ræktunarland er þar gott. Jörðin er nágrannajörð við Laugardæli. Fyrirhugað er að flytja starfsemi þessarar tilraunastöðvar frá Laugardælum að Stóra-Ármóti og er þetta frv. flutt til þess að kveða á um samstarf Rannsóknastofnunar landbúnaðarins fyrir hönd ríkisins og Búnaðarsambands Suðurlands um að flytja stöðina til sem þessu nemur og um starfrækslu hennar þar.

Ég tel í fyrsta lagi að það sé mjög nauðsynlegt að halda

áfram starfi þessarar tilraunastöðvar sem rekin hefur verið af myndarskap af Búnaðarsambandi Suðurlands. Einnig tel ég það æskilegt form, að samið sé um hlutdeild ríkisins í þeirri uppbyggingu, sem þarna er fyrirhuguð, og um fyrirhugaðan rekstur á hinum nýja stað. Í frv. er kveðið á um það, að þátttaka ríkissjóðs í kostnaði við mannvirkjagerð og rekstur ákvarðist af fjárveitingu hverju sinni. Enn fremur er kveðið á um það, að við tilraunastöðina starfi sérfræðingur í fóðurfræði og rannsóknamaður sem ráðnir séu af Rannsóknastofnun landbúnaðarins og þar með á ríkislaunum. Það er mjög heppilegt að starfsemi sem þessi sé að veigamiklu leyti á ábyrgð og í höndum heimaaðila, og ég lít svo til að með því frv., sem hér er flutt, sé stefnt að heppilegu fyrirkomulagi á rekstri þessarar tilraunastöðvar er gæti e. t. v. orðið fyrirmynd að slíkri starfsemi annars staðar á landinu.

Að svo mæltu leyfi ég mér, herra forseti, að óska eftir því, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og til hv. landbn.

Þórarinn Sigurjónsson: Herra forseti. Ég vil taka undir það sem hér hefur verið sagt um það mál sem liggur fyrir og hæstv. landbrh. hefur mælt hér fyrir. Þetta er stórmál fyrir bændasamtökin á Suðurlandi sem hér hefur verið lagt fram. Eins og hæstv. ráðh. minntist á hefur verið rekin tilraunstöð í Laugardælum í 28 ár þar sem ýmis mikilvæg málefni hafa verið rædd og rannsökuð og gerðar tilraunir á margvíslegum þáttum landbúnaðarins, bæði hvað varðar fóðrun mjólkurkúa og beit á ræktað land, afkvæmarannsóknir og margs konar fóðurtilraunir: Þetta eru þær rannsóknir sem landbúnaðurinn byggist að stórum hluta á og er mjög mikils vert að gerðar séu úti í hinum stærri landbúnaðarhéruðum. Er Suðurland óneitanlega eitt af þeim. Sú stöð, sem þarna hefur verið rekin af Búnaðarsambandi Suðurlands, nær yfir fjórar sýslur á Suðurlandi. Það er mjög mikilvægt að sú samstaða, sem ríkt hefur, geti haldið áfram. Þar á ég ekki síst við það, að Rannsóknastofnun landbúnaðarins hefur haft þarna aðstöðu og verið góð samvinna við þá stofnun um framkvæmd og uppbyggingu tilraunanna. Ráðunautar Búnaðarsambandsins hafa líka átt þarna gott starf við að skipuleggja þær tilraunir.

Ég vil undirstrika það, að ánægjulegt er að þetta frv. skuli nú liggja fyrir. Það verður athugað í landbn. sem ég á sæti í, og ætla ég því ekki að ræða þetta nánar núna, en vil taka það fram, að ég hvet til að þessu máli verði hraðað í gegnum þingið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 81. fundur

Mánudaginn 13. apríl, kl. 2 miðdegis.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 598). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Heilbrigðisþjónusta, frv. (þskj. 642). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Tékkar, frv. (þskj. 154). — 1. umr.

Utanrrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þetta frv. er til breytingar á lögum um tékka. Það á að gera auðveldari greiðslur með þeim og slaka örlítið á formfestu í því sambandi án þess að öryggið sé þó skert. Það er upphaflega samið af Reiknistofu bankanna, en athugað síðan og yfirfarið í viðskrn. í samráði við Seðlabankann.

Með þessu frv. er gert ráð fyrir að það séu tekin upp svokölluð skjalalaus greiðsluskipti með tékkum. Slík viðskipti hafa verið tekin upp annars staðar og tíðkast t. d. í Danmörku.

Það er gerð nánari grein fyrir því í athugasemdum með lagafrv. í hverju þessi svokölluðu skjalalausu greiðsluskipti eru fólgin, og ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um það. Frv. og athugasemdirnar með því eru nægjanleg skýring.

Frv. hefur gengið í gegnum hv. Nd. og verið þar samþykkt. Ég leyfi mér að æskja þess, að því verði vísað til 2. umr. að þessari umr. lokinni og til hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til hv. fjh.- og viðskn. með 14 shlj. atkv.

Neðri deild, 79. fundur.

Mánudaginn 13. apríl, kl. 2. miðdegis.

Tilhögun þingfunda.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég vil gera hv. þdm. grein fyrir þeim vinnubrögðum sem ég legg til að viðhöfð verði í dag í hv. deild, en eins og öllum er kunnugt um er að því stefnt að þingfundum fyrir páska ljúki á morgun. Fljótlega á þessum fundi verður tekið til við að ræða lánsfjárlög og að því stefnt, ef kostur er, að 2. umr. ljúki þannig að atkvgr. nái fram fyrir þingflokksfundahlé. Síðan, eins og menn sjá á dagskrá, er boðaður fundur í Sþ. kl. 6, en kl. 9 verður fundur í Nd., annað tveggja framhaldsfundur eða nýr fundur þar sem þess verður freistað að taka lánsfjárlög til 3. umr. Atkvgr. eftir 3. umr. mundi samt ekki fara fram í kvöld eða nótt, heldur í upphafi fundar kl. 2 á morgun. — Þetta bið ég hv. þdm. um að aðstoða mig við að fram nái að ganga.

Tilraunastöð Búnaðarsambands Suðurlands, frv. (þskj. 631). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til landbn. með 27 shlj. atkv.

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, frv. (þskj. 196). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21:6 atkv. og afgr. til Ed.

Siglingalög, frv. (þskj. 448). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Lánsfjárlög 1981, frv. (þskj. 629 (sbr. 613), n. 644 og 646, 647, 648).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 29 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. þessarar deildar hefur tekið þetta frv. fyrir á einum fundi, en hins vegar hafa margir fundir verið haldnir á undanförnum vikum um frv. til lánsfjárlaga og sömuleiðis um lánsfjáráætlunina eftir að hún sá dagsins ljós. Við teljum ekki ástæðu til annars en greiða fyrir afgreiðslu þessa máls. Nóg er samt að gert frá hendi hæstv. ríkisstj. því að hún er orðin brotleg við lög sem meginþorri hennar setti, Alþb. og Framsfl. stóðu að, lög um stjórn efnahagsmála frá 1979, en þar er komið því ákvæði í lög að lánsfjárfrv. og lánsfjáráætlun eigi að liggja fyrir við famlagningu fjárlagafrv. í byrjun þings þannig að þm. sjái heildarmyndina af framkvæmdum ríkisins á hverjum tíma. Það hefur ekki tekist betur til en það, að þó að segi í aths. við fjárlagafrv. að lánsfjáráætlun skuli liggja fyrir í nóvemberlok stóðst það ekki, en bráðabirgðaskýrsla var send þm. um opinberar framkvæmdir og erlendar lántökur. Í þeirri skýrslu segir að vinna við fjárfestingar- og lánsfjáráætlun í heild sinni sé

nú vel á veg komin og áformað að leggja áætlunina fyrir Alþingi að loknu jólaleyfi. Efndirnar urðu þær, að fjárfestingar- og lánsfjáráætlun var lögð fyrir Alþingi um mánaðamótin mars-apríl. Þrátt fyrir þennan vítaverða seinagang, sem brýtur í bága við efnahagslögin frá 1979, taldi ríkisstj. brýna nauðsyn bera til að gefa út brbl. á gamlársdag þar sem hún fær heimild til að fresta framkvæmdum sem gert er ráð fyrir í lánsfjáráætlun fyrir þetta ár sem nú loksins er verið að afgreiða. Finnst mönnum ekki undarlega að farið, að ríkisstj. notar sér heimild í stjórnarskrá til að gefa út brbl. um að fresta tilteknum framkvæmdum í lánsfjárlögum og lánsfjáráætlun sem þá er ekki tilbúin? Þetta þóttu býsn og undur og bera vott um alveg sérstaklega góða stjórn að gefa þannig út brbl. til þess að fresta framkvæmdum við lánsfjáráætlun sem lá ekki fyrir og var ekki fullsköpuð frá hendi ráðh. Ég hygg að það megi leita í öllum þjóðþingum í hinum vestræna heimi og lýðræðisheimi að öðrum eins snillingum og eiga sæti í ríkisstjórn Íslands á þessu herrans ári, enda hefur margt annað farið eftir þessu.

Þessi lánsfjáráætlun og þar með þetta frv. til lánsfjárlaga ber svipmót mikillar aukningar erlendra skulda og stórfelldrar útþenslu á ríkisbákninu. Á sama tíma er verulegur samdráttur í fjármunamyndun atvinnuveganna. Þrátt fyrir fullyrðingar ríkisstj. um góða afkomu á s. l. ári er það staðreynd, að flest stærstu fyrirtæki og stofnanir, sem ríkissjóður á og rekur, töpuðu milljörðum kr. á s. l. ári og þau eru rekin það sem af er þessu ári með gífurlegum rekstrarhalla. Í þessu sambandi er vert að minnast á örfá ríkisfyrirtæki. Við skulum nefna í þessu sambandi Póst og síma. Við skulum nefna áburðarverksmiðju. Við skulum nefna Sementsverksmiðjuna sem fékk leyfi frá vitlausum aðila nýlega. (**Gripið fram í:** Ekki vitlausum aðila.) Jú, snarvitlausum. (Gripið fram í.) Er skrifarinn eitthvað órólegur hjá hæstv. forseta? (**Forseti:** Ég mun gæta hans betur.) Já, takk fyrir. Forseti verður að gæta barna sinna og undirmanna. — Þá var ekki snúið sér til réttra verðlagsyfirvalda og ekki heldur verðlagsráðherra eða iðnrh. Það var dómsrh., yfirmaður Rannsóknarlögreglu ríkisins, stjórnarmaður í Sementsverksmiðjunni, sem skilaði til Sementsverksmiðjunnar að *nú mætti hækka verð á sementi um 10%*. Þar með er farið fram hjá þeim aðilum sem eiga að fjalla um verðlagsmálin og það er líka farið fram hjá ráðuneytunum sem hér eiga að fara með málin og ættu að fylgja því eftir: í fyrsta lagi verðlagsmálaráðherra, hæstv. viðskrh., og í *öðru lagi iðnrh., sem er yfirmaður* Sementsverksmiðjunnar. Það liggur við að verðlagsyfirvöldin í landinu segi af sér vegna þess að ríkisstj. fer alltaf á svig við lögin og gleymir hvernig á að fara að í sambandi við verðbreytingar. Hún hefur heimild til að samþykkja eða hafna tillögum verðlagsyfirvalda, en þá fer hún að krukka í þær samþykktir. Þetta eru undarleg vinnubrögð og ég spyr þdm.: Þekkja þeir nokkur fordæmi þessa, að þannig hafi verið unnið að verðlagsmálum áður í þessu landi? Ég held að það megi lengi leita að fordæmi í þessum efnum.

Hvað er um Ríkisútvarpið? Hvernig stendur það? Hvað er um Landsvirkjun? Hún hefur verið rekin frá því að vinstri stjórn tók við haustið 1978 með miklum halla og er rekin með halla enn í dag. Svo kemur fjmrh. — ég tala nú ekki um hæstv. forsrh. — í sjónvarp og útvarp og hælir sér að góðri afkomu ríkissjóðs á s. l. ári. En þegar tekin er með í dæmið afkoma stofnana og fyrirtækja á vegum ríkisins, sem eru í B-hluta fjárlaga, kemur í ljós að þessi fyrirtæki eru rekin með milljarða halla. Og ef við lítum á ríkisdæmið í heild er ekki af að guma, heldur þvert á móti.

Það er öllu haldið í herfjötrum. Svo er verið að gorta af því að verðbólgunni hafi með því að loka augunum í nokkra mánuði og þora ekki að taka ákvarðanir í rekstri opinberra fyrirtækja. En hvað er þetta á við stöðu atvinnuveganna í landinu sem eru reknir með milljarða halla? Sjávarútvegurinn safnaði skuldum á s. l. ári upp undir 60 þús. millj. kr. Standa stórfyrirtækin í landinu í hlutafélagaeign, eða í samvinnu- eða félagsrekstri vel? Hvernig er hagur Eimskipafélags Íslands eftir reksturinn á árinu 1980? Það, sem bjargar því félagi, er að það stendur á traustum grunni, en það tapaði hálfum þriðja milljarði gkr. á s. l. ári. Allir vita um Flugleiðir. Þannig má lengi telja. Verslun er rekin með stórum halla og önnur skipafélög eru rekin með halla.

Það hallar mjög á ógæfuhliðina. Skilur ríkisstj. það? Skilur ríkisstj. að það halli á ógæfuhliðina? Nei, hún lokar augunum og lætur sig dreyma og segir að allt gangi vel. Formaður Framsfl. segir: Þetta er góð stórn. — Það finnst mér hæfa honum vel að gefa slíka yfirlýsingu því að hann hugsar aldrei mjög ítarlega um málin. Hann er alltaf búinn að tala áður en hann hugsar. Það er kominn tíma til að bæði hann og fleiri ráðherrar og stuðningslið ríkisstj. hugsi svolítið áður en það talar þó að enginn fari jafnhratt á undan hugsun sinni og formaður Framsfl. Sá næsti kemst ekki með tærnar þar sem hann hefur hælana hvað það snertir að tala á undan því að hugsa.

Framsfl. hélt aðalfund sinn nýlega. Þar tók hann á *máli* sem búið er að liggja fyrir ríkisstjórnum á undanförnum árum, svokölluðu flugstöðvarbyggingarmáli á Keflavíkurflugvelli, og þar var gerð skynsamleg ályktun sem betri og greindari menn flokksins hafa sennilega staðið að. þar var lýst *yfir fullum stuðningi við byggingu* flugstöðvar á Keflavíkurvelli. Undirbúningur þessa máls hefur verið jafnvel meira í höndum framsóknarmanna en annarra þó að þessi mál heyri undir ríkisstj. á hverjum tíma. Einar Ágústsson, fyrrv. utanrrh., stóð mjög að *undirbúningi* þessa máls og viðræðum við Bandaríkjamenn í sambandi við hlutdeild í kostnaði við þessa byggingu og það sem af henni leiðir. Núv. hæstv. utanrrh., Ólafur Jóhannesson, tók þar við eftir stutt starf hæstv. fyrrv. utanrrh. Benedikts Gröndals, sem hélt áfram því starfi sem Einar Ágústsson hafði lagt grundvöllinn að. Sú ríkisstj., sem Einar Ágústsson átti sæti í hafði gefið Benedikt grænt ljós svo að haldið yrði áfram að vinna í þeim anda. Þá kemur það á daginn, að þegar á að knýja á um ákvarðanatöku í þessu máli snúast kommúnistar gegn því. Þeir eru, eins og ég hef sagt hér áður, eitt alíhaldssamasta og afturhaldssamasta afl í þessu þjóðfélagi. Þeir vilja halda í við alla framleiðsluaukningu og uppbyggingu atvinnuvega, en þeir hafa fengið það alveg sérstaklega á heilann að það megi ekkert gera á stað sem heitir Keflavíkurflugvöllur. Það er tabú í þeirra augum. Í stað þess að styðja að því, að byggð verði flugstöð, og nota sér þá gífurlegu fyrirgreiðslu, sem Bandaríkin hafa heitið í þessu sambandi og stendur til okt. 1982 eða á næsta ári, berja þeir höfðinu við steininn.

Þó að vitað sé að mikill þingmeirihluti sé fyrir því að hraða því að farið verði í þessar framkvæmdir er lýð-

ræðið hér í þessu landi með þeim hætti, að 11 þm. Alþb. telja sig geta stöðvað þetta mál eins og aðrar framkvæmdir á sviði utanríkis- og öryggismála, eftir að vitað er að tveir menn úr lýðræðisflokkum hafa gert sig seka um að gera leynisamning kommúnista þar sem þeir gefa þeim neitunarvald í framkvæmdum í þessu máli og þó alveg sérstaklega í öryggismálum Íslands. Þetta liggur fyrir. Þó að það hafi ekki átt að vitnast kemur hæstv. utanrrh. þessu upp á sínum tíma í samtali við flokksblað sitt, Tímann. Þegar hann segir að hann viti ekki um annað en að utanrrh. fari einn með þessi mál og viti ekki um neitt leynisamkomulag er hann farinn að fá grun um að þessir sálufélagar hafi gert leynisamning við kommúnista um öryggismál Íslands. Og það er þessi leynisamningur, sem nú er kominn upp á yfirborðið, sem ætlar að þvælast fyrir öndunarfærunum á formanni Framsfl. og hæstv. forsrh. sem hafa staðið að þessum leynisamningi. M. ö. o.: það er sjáanlegt á öllu að kommúnistar hafa komið ár sinni svo fyrir borð við myndun þessarar ríkisstj. að þeir eru nánast allsráðandi í ríkisstj. Hinir eru þrælar þeirra, „skítpligtugir" að hlýða þeim í hverju sem á gengur.

Það er einn maður úr þessu liðið sem átti þó og á það sjálfstæði að vilja ekki fylgja eins og hver annar böggull með þessum leynisamningi. Það er hæstv. utanrrh., Ólafur Jóhannesson. En svo langt er gengið í þingflokki Framsfl. að allir þm. í Ed. voru píndir til þess að snúast öndverðir gegn utanrrh. og fyrrv. formanni Framsfl., Ólafi Jóhannessyni, sem hefur fyrst og fremst með þetta mál að gera og þekkir það betur en hinir þm. flokksins til samans. Hann var skilinn einn eftir í atkvgr. Og það er kaldhæðni örlaganna að varaformaður Sjálfstfl. varð til þess að fella þessa till. sjálfstæðismanna og Alþfl.-manna í Ed. og þar með að koma sér enn í mjúkinn hjá kommúnistum.

Meiri hl. nm. í fjh.- og viðskn. hefur náð samkomulagi um að flytja till. um byggingu nýrrar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli að nýju, enn ákveðnari en flutt var í Ed. Er till. okkar svohljóðandi:

„Ríkisstj. skal á árinu 1981 taka lán að upphæð allt að 5 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, sem verja skal til greiðslu byrjunarkostnaðar við byggingu nýrrar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli samkv. nánari ákvörðun utanrrh."

Þessi till. er flutt ásamt mér af Matthíasi Á. Mathiesen, Albert Guðmundssyni og Sighvati Björgvinssyni. Við erum þeirrar skoðunar, að það beri brýna nauðsyn til þess, að Alþingi taki nú, áður en því verður slitið, ákvörðun um að fara í framkvæmdir við byggingu flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli. Utanrrh. og utanrrn. hafa undirbúið þetta mál mjög vel. Teikingar eru allar fullgerðar. Það er 3—5 daga vinna að ganga frá þessu máli svo að verkið sé tilbúið til útboðs. Talið er að það muni taka 4 mánuði að bjóða það út og ganga frá tilboðum og samtals 6 mánuði þyrfti undirbúningur málsins að taka svo að hægt verði að hefja framkvæmdir við byggingu flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli.

Ég tel fyrir mitt leyti að eftir þær breytingar og þá nákvæmu yfirferð sem þetta mál hefur fengið í utanrrn., sé ekki vansalaust fyrir Alþingi að standa í vegi fyrir því, að ákvörðun sé tekin. Mér er alveg ljóst að það verða ekki miklar eða dýrar framkvæmdir á þessu ári, en einhvern tíma þarf ákvörðun að taka. Ef ákvörðunin á að bíða næsta þings eða fram undir jól á þessu ári þurfa að líða enn 6 mánuðir áður en framkvæmdir geta hafist. Þá fer að líða á þann tíma sem er tilgreindur í samþykkt Bandaríkjastjórnar fyrir fyrirgreiðslunni við flugstöðina.

Það er undarleg tregða, sem á sér stað hjá afturhaldsöflunum í landinu, að vilja ekki taka þessa ákvörðun og vilja enn um hríð fara í gegnum herstöð. Þegar við Íslendingar þurfum að ferðast til eða frá landinu þurfum við að fara í gegnum hlið varnarliðsins. Við eigum að fá greiðan aðgang að okkar flugstöð sjálfir. Þar við bætist að flugstöðin, sem nú er er fyrir löngu orðin mjög ófullkomin. Viðhald hennar er sama og ekkert. Þar er allt að grotna niður og er orðið þjóðinni til skammar. Það laðar ekki erlenda ferðamenn að og þá sem millilenda hér, en koma ekki inn í landið, að sjá þessa fyrstu og einu mynd af Íslandi og af íslenskum framkvæmdum. Það verður ekki til þess að því fólki, sem fær að sjá þessa mynd leiki forvitni á að koma og sjá þetta land. Þeir, sem berjast gegn þessu, eru menn sem skilja ekki tímanna tákn, sem skilja ekki að nauðsynlegar framfarir verða að eiga sér stað.

Við viljum freista þess einu sinni enn þá að reyna þessa leið. Við vitnum til samþykktar Framsfl. við vitnum til þeirrar afstöðu sem hæstv. utanrrh. hefur tekið í þessu máli og er í samræmi við samþykkt Framsfl. Og við viljum vita hvort flokkurinn meinar eitthvað með þessari samþykkt sinni, hvort hann ætlar ekki að sjá að sér eftir þau mistök sem hann gerði við afgreiðslu málsins í Ed. E. t. v. hefur flokknum ekki þótt nógu ákveðið að orði komist í till. í Ed. þar sem hún var í heimildarformi. En nú er hún ákveðin þannig að „ríkisstj. skal á árinu 1981" o. s. frv., eins og ég las upp áðan. Ég vænti þess því, að það komi nú í ljós hvað er á bak við slíka samþykkt hjá Framsfl. Er flokkurinn að gera samþykkt í alvöru eða er hann að blekkja þá fulltrúa sem koma til fundar í flokknum og standa að slíkri samþykkt? Hvað er það sem hefur breyst? Er það rétt, sem hæstv. fjmrh. lét hafa eftir sér, að þessi flugstöðvarbygging skuli ekki rísa meðan Alþb. er í ríkisstj.? Þá skiptir ekki máli hvort það er 1981 eða 1982 því að þeir hafa keppst við að lýsa yfir að þessi ríkisstj. sé staðráðin í því að sitja út kjörtímabilið. Er það þá rétt skilið, ef enginn þm. Framsfl. ætlar að taka sönsum í þessu máli, að þeir hafi ákveðið að sætta sig við að hefja ekki þessar framkvæmdir út kjörtímabilið og þar með að hætta á að Bandaríkin dragi sína mikilvægu aðstoð til baka? Hér er ekki lítið fjármagn í húfi og það er meira en lítið vald sem kommúnistar hafa yfir framsóknarmönnum og aftaníossum þeirra í ríkisstj. ef þeir ráða þessu.

Enn fremur leyfum við okkur, sömu menn, að flytja till., sem er b-liður till. á þskj. 647, svohljóðandi:

„Ríkisstj. er heimilt að taka lán allt að 2.5 millj. kr., sem verja skal til kaupa á öryggistækjum á flugvelli samkv. nánari tillögum flugmálastjóra og flugráðs."

Okkur þm. er það öllum ljóst að það vantar mikið af öryggistækjum á ýmsa flugvelli hér á landi. Með þessari till. erum við að leggja til að reynt verði að bæta úr ítrustu neyð í þessum efnum og farið verði eftir tillögum flugmálastjóra og flugráðs. Hér er ekki um háa upphæð að ræða eða allt að 250 millj. gkr., en ætti þó að verða til þess að hægt væri að bæta úr mestu neyðinni hvað þetta snertir.

Að lokum vil ég taka fram, að einstakir nm. áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja öðrum till. en þeim sem meiri hl. fylgir.

Frsm. minni hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég skal gjarnan verða við tilmælum forseta um að verða stuttorður um þetta mál til þess að greiða fyrir framgangi málsins. Ég hygg að nm. í fjh.- og viðskn. muni standa við það, sérstaklega í þeirri von að ráðherrar í hæstv. ríkisstj. geri ekkert til þess að tefja fyrir afgreiðslu málsins, eins og þeim hættir oft og tíðum til þegar verið er að reyna að koma málum þeirra fram hér á Alþingi.

Nefndin hefur fjallað um mál þetta á mjög mörgum sameiginlegum fundum. Það hafa komið fram í nál. frá fjh.- og viðskn. Ed mjög ítarleg gögn varðandi fjárfestingar- og lánsfjáráætlun. Ég sé ekki ástæðu til að fara að rekja allar þær upplýsingar og öll þau atriði sem hafa komið fram í störfum nefndarinnar. Það liggur allt saman fyrir í þskj. sem þm. hafa fyrir framan sig.

Eftir að sameiginlegum fundum lauk kom á fund nefndarinnar Helgi Ágústsson, formaður byggingarnefndar flugstöðvar fyrir millilandaflug, og svaraði spurningum, en fyrir nokkrum dögum, eins og frægt er orðið, skilaði sú byggingarnefnd niðurstöðum sínum og lagði fram tillögur um byggingu flugstöðvar sem lágu ekki fyrir meðan fjh.- og viðskn. var að störfum.

Hv. þm. Matthías Bjarnason gerði grein fyrir því, hverju Helgi Ágústsson svaraði varðandi undirbúning þess máls. Ég sé ekki ástæðu til að rekja það frekar. Þar kom greinilega fram, að ekki er hægt að búast við að framkvæmdir geti hafist við þá byggingu að neinu marki á árinu 1981 nema þá alveg í árslok, því að það mun taka 4—6 mánuði að hans mati að ganga frá útboðum og fara yfir þau. Eins og fram kom hjá þeim framsóknarmönnum í Ed., sem gerðu þar grein fyrir atkv. sínum, eru því litlar líkur fyrir því, að sú framkvæmd geti hafist að neinu marki á þessu ári.

Hv. þm. Matthías Bjarnason gerði hér að umtalsefni samþykkt miðstjórnar Framsfl. Það er alveg rétt, að framsóknarmenn lögðu á það mikla áherslu við stjórnarmyndunina 1974 að það yrðu breytingar á ýmsu á Keflavíkurflugvelli. Sem betur fer tóku sjálfstæðismenn því vel og ég heyri á máli þeirra að þeir eru orðnir enn þá meiri áhugamenn um þessi mál en þeir voru áður. Þeir höfðu ekki mikið við það að athuga áður fyrr þótt það væri sent út sjónvarpsefni og þar væru hermenn í hliðinu. Því er gleðilegt að sjálfstæðismenn hafa einnig orðið áhugamenn um að her og þjóð væru algerlega aðskilin. Framsfl. mun halda áfram að vinna að þeirri stefnu sem menn náðu saman um 1974. Samþykkt miðstjórnarfundarins er að sjálfsögðu í fullu samræmi við það og í fullu samræmi við það sem við munum vinna að áfram. Því miður hefur það verið svo, að Alþb. hefur ekki haft jafnmikinn áhuga á því, að þessi aðskilnaður gæti farið fram og menn höfðu vonast til.

Það lá fyrir þegar þessi ríkisstj. var mynduð að ekki yrði ráðist í framkvæmdir við flugstöðvarbyggingu á Keflavíkurflugvelli nema með samkomulagi allrar ríkisstj. Nú er hins vegar ljóst að það er aðeins fyrir nokkrum dögum að þetta mál er komið í þann búning að um það sé hægt að fjalla í ríkisstj. Það liggur ekkert fyrir enn um hvort þar næst samkomulag um að í þessa byggingu verði ráðist, en það hlýtur að vera alger forsenda þess, að framkvæmdir geti hafist. Við munum að sjálfsögðu vinna að því áfram, að þessi aðskilnaður eigi sér stað og bygging flugstöðvarinnar geti hafist, en slíkt samkomulag liggur ekki enn fyrir og þess vegna er að mínu mati ekki tímabært að samþykkja heimild til lántöku vegna þessarar byggingar.

Herra forseti. Ég sagði áðan að ég mundi ekki taka mikinn tíma til þess að ræða þetta annars mjög svo ítarlega frv., svo að málið gæti náð fram að ganga sem fyrst, en ítreka að við, sem skipum minni hl. n., ég ásamt hv. þm. Ingólfi Guðnasyni og hv. þm. Guðmundi J. Guðmundssyni, leggjum til að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir eftir umfjöllun Ed.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég vil taka fram að atkvgr. eftir 2. umr. um málið mun í fyrsta lagi fara fram kl. 4, fyrr ekki, enda þótt umr. ljúki fyrr, en síðar að sjálfsögðu verði henni þá eigi lokið.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Út af orðum hæstv. forseta áðan hef ég áhuga á að spyrjast fyrir um hvort óskað hafi verið eftir því við hæstv. forseta, að til atkvgr. yrði ekki gengið þegar umr. lýkur, og hvort hæstv. forseta hafi nokkuð verið gert viðvart um að svo kynni að fara að atkv. gengju jafnvel ekki kl. 4, þegar gera á hlé til þingflokksfunda. Hafi herra forseti fengið einhverjar slíkar óskir vildi ég gjarnan fá að vita hvaðan þær eru komnar. Ég tel sjálfsagt að sá háttur verði hafður á um þetta mál eins og önnur að þegar umr. um það lýkur sé hægt að ganga til atkv. (**Forseti:** Ég þarf ekki að standa neinum skil á þessari ákvörðun minni. Hana hef ég tekið einn og sjálfur.) Ég þakka hæstv. forseta fyrir upplýsingarnar. Þá liggur það sem sagt fyrir að það hefur engin ósk komið frá neinum aðila hér í þessari hv. deild um að atkv. verði ekki látin ganga í þessu máli eins og efni standa til.

Herra forseti. Ég ætla ekki heldur að vera langorður um frv. það sem hér hefur verið lagt fram og til stendur væntanlega að afgreiða í dag eftir 2. umr., enda hefur þegar verið rækilega um það fjallað bæði í hv. Ed. og eins í sameinuðu Alþingi. Ég vil aðeins minna á, eins og ég gerði við 1. umr. um málið, að miðað við reynsluna af síðustu lánsfjárlögum hæstv. ríkisstj., sem afgreidd voru á svipuðum árstíma og stendur til að afgreiða þessi lög nú, er harla lítil von um að það frv., sem hér verður afgreitt, verði svo mikið sem pappírsins virði sem til þess er varið. Eins og menn muna var það sérstaklega tekið fram af hálfu stjórnarsinna í fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar þegar síðast var afgreitt hliðstætt frv. frá hæstv. ríkisstj. að til þess væri ætlast að þær tölur, sem væru í frv. um heimild Alþingis til ríkisstj. til töku erlendra og innlendra lána, væru tölur sem ekki mætti frá víkja. Þó svo að hæstv. ríkisstj. hefði aðeins örfáa mánuði, aðeins $^2/_3$ úr árinu, til þess að framfylgja þeim vilja Alþingis, sem mótaður var við afgreiðslu síðustu lánsfjáráætlunar, hélt hún engu að síður þannig á málum að ekki ein einasta tala stóðst af þeim heimildum sem Alþingi veitti hæstv. ríkisstj. Hún fór bæði í erlendum og innlendum lánum langt fram úr því, sem hv. Alþingi hafði heimilað ríkisstj., og fór því ekkert að þeim lögum sem sett voru um þetta leyti fyrir einu ári. M. a. þess vegna vek ég athygli á því, að stjórnarsinnar í hv. fjh.- og viðskn. við afgreiðslu þessa máls telja ekki lengur ástæðu til að taka fram að það sé að þeirra viti a. m. k. ætlast til þess, að hæstv. ríkisstj. haldi sig við þau lög sem hér á að fara að afgreiða. M. ö. o. má gera ráð fyrir því, þó svo að komið sé langt fram á árið, að það frv., sem hér verður senn að lögum, verði ekki betur haldið en þau lög sem afgreidd voru fyrir einu ári og þess vegna gætu menn sparað sér að

ræða þetta mál svo ítarlega þar sem við megum búast við að reynslan verði ósköp svipuð af ríkisstj. á árinu 1981 og hún var af hæstv. ríkisstj. að þessu leyti á árinu 1980.

Ég ætla aðeins að benda á það að lokum í þessum almennu orðum mínum um lánsfjáráætlunina, hversu góðar ytri aðstæður ríkisstj. hefur nú til þess að ná verulegum árangri sem ríkisstjórnir á umliðnum árum hafa ekki haft. Svo að nokkur dæmi séu nefnd vil ég minna á að verð á skreið frá Íslandi hefur nýverið hækkað um 10% í erlendum gjaldeyri miðað við það verðlag sem gilti í fyrra. Saltfiskur hefur hækkað fluttur frá Íslandi um um það bil 70% á milli ára. Auk þess hefur gengi dollarans verið mjög stöðugt. Að þessu leyti nýtur ríkisstj. nú lags sem ríkisstjórnir um nokkurt skeið hafa ekki notið. Aðstæður eru hæstv. ríkisstj. heldur hagfelldar hvað varðar þær ytri aðstæður sem við búum við í þjóðfélaginu. Auk þess bætist það við, að allar líkur eru á að vaxtastefnan sé nú farin að skila þeim árangri að til ráðstöfunar sé í lána- og peningastofnunum miklu meira fé, bæði fyrir opinbera aðila og einkaaðila, bæði í atvinnurekstri og einstaklinga, en hefur verið á umliðnum árum. Allar hinar ytri aðstæður í útflutningsmálum okkar Íslendinga eru hagstæðar — og gleymi ég þá að hæstv. sjútvrh. hefur margoft tekið fram, að hann eigi von á að innan skamms fari íslenskur fiskur að hækka í verði á Bandaríkjamarkaði, og hefur fyrir því heimildir sem hann telur öruggar.

Þegar horft er á þetta allt saman: mjög hagstæða verðlagsþróun fyrir íslenskar útflutningsafurðir erlendis og mjög hagstæða þróun á innlendum peningamarkaði vegna þess að vaxtastefnan er farin að skila árangri, þá er niðurstaðan sú, að í fyrsta sinn um langt skeið séu þær ytri aðstæður nú hagstæðar stjórnvöldum sem hingað til hafa verið íslenskum stjórnvöldum óhagstæðar. Þetta lag ætti hæstv. ríkisstj. að geta notað til þess að ná allverulegum árangri í efnahagsmálum, ef hún hefur þá kjark og getu til þess. Hæstv. ríkisstj. hefur sjálf sagt að nú sé hraði verðbólgunnar ekki nema sem samsvarar 35% á ársgrundvelli. Ef hæstv. ríkisstj. nýtir sér nú það lag sem hún hefur vegna hagstæðrar verðlagsþróunar á íslenskum útflutningsafurðum á erlendum mörkuðum, mikilla verðhækkana á þessum afurðum, sem þegar hafa orðið og von um frekari verðlagshækkanir, sem hæstv. sjútvrh., hefur upplýst um, — þegar menn nýta þetta ásamt þeim hagstæðu innri aðstæðum í þjóðfélagi okkar sem koma fram t. d. í sambandi við aukið innlánsfé peningastofnana, þá ætti hæstv. ríkisstj. mætavel að geta náð allverulegum árangri í efnahagsstjórn á þessu ári ef hún hefur vit og vilja til. Hæstv. ríkisstj. getur sem sé ekki í ár kennt um óhagstæðum ytri aðstæðum, heldur hefur hún þvert á móti nú í fyrsta skipti um langt skeið í höndum spil sem ef hún spilar rétt út geta skapað verulegan árangur til hagsbóta fyrir íslenska þjóð.

Eins og fram kemur stend ég að nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. og þeim tillögum sem meiri hl. n. gerir á sérstöku þskj. Auk þess leyfi ég mér, hæstv. forseti, að endurflytja nokkrar brtt. sem þingflokkur Alþfl. mótaði til frv. þessa og fluttar voru við 2. umr. í hv. Ed. Þar var gerð mjög nákvæm grein fyrir þessum brtt. og ég ætla því að leyfa mér að stikla á mjög stóru í frásögnum mínum af þeim.

Hér er um að ræða alls fimm brtt. og er 1. brtt. við 3. gr. frv., þar sem hinir almennu lífeyrissjóðir eru skyldaðir samkv. orðanna hljóðan í greininni til að ráðstafa allt að 40% af ráðstöfunarfé sínu til kaupa á verðtryggðum skuldabréfum frá Byggingarsjóði verkamanna, Byggingarsjóði ríkisins, Framkvæmdasjóði Íslands, ríkissjóði og öðrum fjárfestingarlánasjóðum sem viðurkenndir eru af Seðlabanka Íslands. Ég þarf vart að minna hæstv. fjmrh., Ragnar Arnalds, á þau orð sem hann hafði yfir slíka ráðabreytni þáv. ríkisstj. fyrir þremur árum að ætla sér að skylda hina frjálsu lífeyrissjóði í landinu til að verja svo stórum hluta af ráðstöfunarfé sínu til að kaupa verðtryggð skuldabréf af opinberum sjóðum, en það skerðir að sjálfsögðu möguleika viðkomandi lífeyrissjóða til að veita lífeyrissjóðsfélögum, fólkinu sem í lífeyrissjóðina greiðir, fjárhagslega fyrirgreiðslu að einu eða öðru marki. Þá komu þm. Alþb. hér upp hver af öðrum til að lýsa harkalegri andstöðu sinni við slíka eignaupptöku í hinum almennu lífeyrissjóðum, eins og þeir orðuðu það. Mig minnir að hæstv. fjmrh. hafi lýst því þannig um þáv. ríkisstj. að af öllum vitlausum leiðum, sem til boða hafi staðið, hafi þáv. ríkisstj. valið þá sem vitlausust var í þessu sambandi. Nú hefur hæstv. ráðh. sjálfur fetað í þessi fótspor og leggur til að lögskylda lífeyrissjóðina til að nota allt að 40% af ráðstöfunarfé sínu til að kaupa verðtryggð skuldabréf, m. a. af ríkissjóði sem hann stýrir núna sjálfur. Það virðist því ekki skipta öllum sköpum í þessu sambandi fyrir Alþb. hvernig að er farið, heldur hver það er sem situr á ríkiskassanum. Sé það Alþb.-maður er allt í lagi að framkvæma þessa eignaupptöku hjá hinum almennu lífeyrissjóðum. Sé það flokksmaður annars flokks er slíkt hróplegt siðleysi.

Við þm. Alþfl. leggjum til að þessari grein verði breytt þannig að í stað þess, að lífeyrissjóðunum sé gert að skyldu að verja allt að 40% af ráðstöfunarfé sínu til að kaupa verðtryggð skírteini af opinberum sjóðum, sé hinum opinberu sjóðum skylt að hafa til sölu á hinum almenna markaði verðtryggð bréf sem numið geti allt að 40% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna, þannig að lífeyrissjóðunum sé í sjálfsvald sett hvort þeir vilji ávaxta fé sitt með þessu móti. Hafi lífeyrissjóðirnir áhuga á að ávaxta fé sitt með því móti að kaupa bréf af t. d. Byggingarsjóði ríkisins, Byggingarsjóði verkamanna eða ríkissjóði sjálfum séu slík bréf til kaups. Þessum sjóðum er samkv. orðanna hljóðan í brtt. okkar skylt að hafa slík bréf til sölu til lífeyrissjóðanna óski lífeyrissjóðirnir eftir að kaupa slík bréf. Þar með er lagaskyldan færð frá lífeyrissjóðunum, eins og er í frv. hæstv. ráðh., til viðkomandi fjárfestingarlánasjóða, en það hins vegar sett í vald lífeyrissjóðanna hvort þeir vilja ávaxta fé sitt með því móti að kaupa verðtryggð skírteini af opinberum fjárfestingarlánasjóðum og ríkisvaldinu eða hvort þeir vilja fjárfesta með því móti t. d. að veita lífeyrissjóðsfélögum aukna fyrirgreiðslu.

2. brtt. okkar er við 9. gr. í frv., þess efnis, að síðasti málsliður greinarinnar falli niður. 9. gr. fjallar um að til viðbótar útflutningsuppbótum úr ríkissjóði, þ. e. meðgjöf með útfluttum landbúnaðarafurðum af almannafé sem nýtt er til fulls, vantar allverulega upp á að bændur fái tryggt grundvallarverð fyrir þær offramleiðsluafurðir sem flytja þarf út úr landinu og verðábyrgð ríkissjóðs lögum samkv. nægir ekki fyrir. Það er ósköp eðlilegt að menn reyni að hjálpa söluaðilum landbúnaðarafurða í þessu sambandi með því að dreifa á fleiri ár en eitt þeirri byrði að þurfa að flytja út svo mikið af landbúnaðarafurðum umfram það sem fólkið sjálft neytir. Hitt er mjög óeðlilegt, að hafa þann hátt á, sem var hafður á í

fyrra og á nú að endurtaka, að verið sé að láta Framleiðsluráð landbúnaðarins taka eitthvert gervilán, sem í sömu grein segir að ríkissjóður eigi síðan að ábyrgjast, ekki aðeins upp í greiðslur á afborgunum, heldur jafnframt upp í greiðslur á vöxtum og öllum kostnaði. Þetta er raunar ekkert annað en linlega dulbúin aðferð til að hækka verðábyrgð ríkissjóðs á útfluttum landbúnaðarafurðum umfram það 10% markmið sem lög hæst leyfa. Þetta er ekkert annað en að verið er að framsenda almenningi reikninginn fyrir aukinni lántöku vegna þessa. Finnst mönnum ekki skjóta nokkuð skökku við þegar íslenskt launafólk er ekki aðeins látið verja milljörðum gkr. af skattfé sínu fyrir s. l. ár til að borga með íslensku lambakjöti ofan í Norðmenn og Færeyinga, heldur er íslenskur almenningur jafnframt látinn taka erlent lán til að borga meira af slíkum niðurgreiðslum fyrir íslenskar afurðir ofan í útlendinga en lög mest leyfa? Þetta er það sem verið er að gera með 9. gr. eins og hún er orðuð nú. Við Alþfl.-menn höfum út af fyrir sig ekkert á móti því, að Framleiðsluráði landbúnaðarins verði auðveldað að taka lán til þess að dreifa á fleiri ár þeirri byrði sem framleiðendur landbúnaðarafurða óhjákvæmilega verða fyrir vegna þess að þeir framleiða miklum mun meira af landbúnaðarafurðum en neysla er fyrir hendi í landinu sjálfu og þarf því að flytja út við miklu lægra verði en þeir þurfa að fá. Við getum stutt að Framleiðsluráði sé heimilt að taka lán til að jafna þessari byrði á framleiðendur landbúnaðarafurða á fleiri ár en eitt, en við getum ekki fellt okkur við að um leið og Framleiðsluráðinu er heimilað að taka slíkt erlent lán skuli vera ákveðið óbeint að skattborgararnir skuli taka að sér að greiða þessi lán til viðbótar þeim útflutningsuppbótum, þeirri niðurgreiðslu til útlendinga sem þetta fólk greiðir lögum samkvæmt.

Þá gerum við í þriðja lagi brtt. við 16. gr., framlög til Byggingarsjóðs ríkisins, um að hækka tölur þar úr 27 millj. í 75 millj. og úr 43 millj. í 90 millj. þannig að annað af launaskattstigunum renni í ríkissjóð, hitt fari í Byggingarsjóð verkamanna og jafnhátt framlag komi úr ríkissjóði á móti.

4. brtt. okkar er við 25. gr., en þar er farið út á þá braut sem m. a. Verslunarráð Íslands hefur harðlega gagnrýnt í fjármálabúskap núv. hæstv. ríkistj., að þegar hæstv. ríkisstj. setur saman fjárlagafrv. sitt er ekki nema hluti af almennum rekstrarútgjöldum ríkissjóðs þar færður á rekstrarreikning til þess að í orði kveðnu náist nokkurt jafnvægi í ríkisbúskapnum. Hæstv. ríkisstj. leikur þann leik að hún tekur hluta af almennum rekstrarútgjöldum ríkisins og aflar sér fjár til þeirra með erlendri lántöku. Með þeim hætti færast viðkomandi útgjöld ekki á rekstrarreikning ríkissjóðs og koma þar ekki fram, heldur koma fram sem breyting á lánahreyfingum. Þannig er ákveðnum rekstrarþætti ríkissjóðs breytt í lánahreyfingar og með því móti leikinn sá leikur, að rekstrarreikningurinn er sýndur hagstæður vegna þess að hluti af útgjöldunum er falinn með nýrri lántöku. Þetta er gert í 25. gr. frv. hæstv. ríkisstj. þar sem verið er að heimila fjmrh. að taka lán á árinu 1981 til að greiða skammtímaskuldir og vanskilaskuldir sem hæstv. ríkisstj. stofnaði til á árinu 1980 við Seðlabanka Íslands vegna ýmissa framkvæmda sem hæstv. ríkisstj. réðst í, en hafði ekki peninga til þess að kosta. Þessum framkvæmdum má skipta í tvennt: annars vegar eru það framkvæmdir vegna lagningar byggðalína sem námu um það bil 5 milljörðum gkr., hins vegar aðrar framkvæmdir af ýmsum toga sem námu 25 milljörðum gkr. Okkur Alþfl.-mönnum finnst ekkert óeðlilegt að kostnaðinum vegna lagningar byggðalínanna sé mætt með erlendri lántöku, enda er það almenn þumalfingursregla í framkvæmdum okkar fyrir opinbert fé að orkuframkvæmdir eru yfirleitt unnar fyrir erlent lánsfé, en við teljum rétt, að öðrum vanskila- og skammtímaskuldum, sem hæstv. ríkisstj. hefur stofnað til á árinu 1980 vegna framkvæmda sem hún hafði ekki peninga fyrir, verði mætt með lántökum innanlands, og bendum í því sambandi á mjög hagstæða þróun í innlánsfé bankastofnana sem ég benti á áðan, en með því opnast verulegur möguleiki fyrir hæstv. ríkisstj. til að snúa frá erlendri lántöku og stefna að innlendri lántöku sem tvímælalaust fer í þá átt að hefta þenslu í þjóðfélaginu og berjast gegn verðbólgu. Því leggjum við til, að greininni verði breytt þannig að af þessum 30 milljörðum nýkr., sem hæstv. ríkisstj. telur sig þurfa að taka að láni erlendis vegna óreiðuskulda frá síðasta ári, verði henni heimilað að taka erlendis allt að 5 millj. kr. í lán til að greiða kostnað vegna framkvæmda við byggðalínu, ef fyrir 25 millj., sem þá standa eftir, verði séð á innlendum lánamarkaði.

Síðasta till. okkar er varðandi 27. gr., en þar kennir alveg nýrra búskaparhátta hjá hæstv. ríkisstj. sem ég man ekki til að hafa séð áður í lánsfjárlögum. Um nokkurra ára skeið — ég man nú ekki hversu langt er síðan það kom inn — hefur hæstv. fjmrh. verið heimilað að breyta erlendum lánum, sem kunna að hafa verið tekin til skamms tíma, í langtímalán sem eru í öllum tilvikum hagstæðari en skammtímalán. Þessa almennu heimild þarf hæstv. fjmrh. jafnan að hafa á hverjum tíma til að geta breytt, þegar færi gefst, óhagkvæmum skammtímalánum erlendis í hagkvæm langtímalán. Er ekkert við því að segja þó að slík heimild verði veitt aftur. En það, sem gerist til viðbótar og er nýtt í þessari grein og er dæmi um þann ríkisbúskap sem ég var að lýsa áðan, þar sem með leik er verið að færa hluta af almennum rekstrarútgjöldum ríkissjóðs yfir í lánahreyfingar, er að í lok greinarinnar er hæstv. ráðh. veitt heimild til að taka erlent lán til að greiða vexti og afborganir af erlendum lánum sem á sínum tíma voru tekin vegna Kröfluvirkjunar. Ég held að gert sé ráð fyrir að hæstv. fjmrh. taki með þessum hætti milli 6 og 7 milljarða gkr. að láni erlendis til að greiða vexti og afborganir af erlendum lánum sem tekin voru á sínum tíma vegna Kröfluvirkjunar sem átti að skila öllum landsmönnum birtu og yl, eins og menn muna, en skilar nú engu öðru en óborguðum reikningum. Með þessu móti er að sjálfsögðu verið að færa mjög hefðbundin rekstrarútgjöld ríkisins, afborganir og vexti af lánum vegna framkvæmda, út úr rekstrarreikningi ríkissjóðs og yfir á lánahreyfingar og þar munar nú um minna en milli 6 og 7 milljarða gkr. Ef rétt væri með þessa fjárhæð farið í sambandi við uppsetningu fjárlagafrv. og fjárlaga er ég hræddur um að það hallaðist heldur betur á Brúnku, þá er ég hræddur um að það væri aldeilis slagsíða á ríkissjóði. En hæstv. fjmrh. leikur sér sem sagt að því að velja nokkur stór almenn rekstrarútgjaldaverkefni, afla fjár til þeirra með lántöku og breyta þeim þannig úr almennum rekstrarútgjöldum í lánahreyfingar. Hann kemur síðan með rekstrarreikning, sem þannig er útbúinn, og segir: Sjáið þið, hvaða árangri ég hef náð í því að láta tekjur og gjöld mætast. — Þetta er eins og ég segi algert nýmæli varðandi afgreiðslu lánsfjárlaga — nýmæli sem er ekki

eftirbreytni vert. Við Alþfl.-menn leggjum til að þessi síðasta klausa í 27. gr. frv., um að heimila hæstv. fjmrh. að taka erlend lán til að borga vexti og afborganir af öðrum erlendum lánum vegna Kröflu, verði felld niður.

Herra forseti. Það, sem mestan spenning vekur nú sjálfsagt vegna þessarar umr., er till. sem meiri hl. fjh.- og viðskn. flytur varðandi flugstöðina á Keflavíkurflugvelli. Eins og fram var tekið er það Framsfl. sem má segja að hafi haft frumkvæði um það mál alveg frá upphafi. Það var þáv. utanrrh. Framsfl., þáv. varaformaður Framsfl., Einar Ágústsson, sem mig minnir 22. okt. árið 1974 skrifaði undir samkomulag við ríkisstj. Bandaríkjanna í nafni þáv. ríkisstj. Íslands um byggingu flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli og kostnaðarskipti milli Bandaríkjamanna og Íslendinga vegna slíkrar byggingar. Samningarnir voru á þá lund, að Bandaríkjamenn skyldu greiða allan kostnað við eldsneytisleiðslur vegna hinnar nýju byggingar, allan kostnað við flughlöð og aðstöðu fyrir flugvélar og akbraut að hinni nýju byggingu. Kostnaði hins vegar við bygginguna sjálfa og við gerð bifreiðastæða við bygginguna skyldi skipt á milli aðila eftir nánara samkomulagi. Það var varaformaður Framsfl., hæstv. þáv. utanrrh., Einar Ágústsson, sem hafði frumkvæði um að þetta samkomulag var gert. Framsfl. var þannig höfundur málsins og það hefur lent í höndum Framsfl. að fylgja því fram síðan. Hæstv. utanrrh. hefur í samræmi við þessa afstöðu flokksins, sem síðast var ítrekuð á aðalfundi miðstjórnar Framsfl. fyrir röskri viku, fylgt málinu eftir í þessum anda og lokið öllum undirbúningi málsins. Teikningavinnu er allri lokið og teikningar liggja nú fyrir margendurskoðaðar og yfirfarnar í þeim tilgangi að reyna að draga sem mest úr kostnaði við bygginguna. Þá eru útboðsgögn einnig öll til að öðru leyti en því, að ólokið er ákveðinni lögfræðilegri vinnu við einn kafla útboðsgagnanna, sem deildarstjóri varnarmáladeildar og formaður byggingarnefndar flugstöðvar áætla að taki 2—5 daga að ljúka við. M. ö. o.: málið er tilbúið til ákvarðanatöku og það eru ekki nema 2—5 dagar eftir, ef ákvörðun verður tekin, þangað til hægt er að fara að semja útboðslýsingu. Að sögn formanns byggingarnefndar munu þá líða frá 4 og upp í 6 mánuði þangað til hægt er að hefja samninga og ganga frá þeim við væntanlega verktaka þannig að framkvæmdir geti hafist.

Það er skoðun utanrrh. og hans ráðuneytis, að nú sé tímabært að taka ákvörðun í þessu máli og ákveða hvort Íslendingar ætli að láta verða af þessari framkvæmd eða ekki. Bandaríkjamenn hafa þegar samþykkt í fjárlögum framlag allt að 20 millj. dollara til þessarar byggingar. Sú afgreiðsla tekur gildi í októberbyrjun 1981, en fellur úr gildi í októberbyrjun 1982 verði framkvæmdir ekki hafnar fyrir þann tíma. M. ö. o.: frá því að ákvörðun um framkvæmdirnar er tekin og þangað til framkvæmdir geta hafist líða a. m. k. 6 mánuðir, sennilega lengri tími. Tíminn er m. ö. o. nú þegar að hlaupa frá okkur, og það er ótvíræð skoðun bæði hæstv. utanrrh. og rn. hans að tíminn til að taka ákvörðun í málinu sé nú. Að bera það fyrir sig að undirbúningi sé ekki lokið og því verði að fresta ákvarðanatöku vegna þess að eftir er að vinna 2—5 daga lögfræðilegt starf við einn kafla útboðsgerðarinnar er auðvitað algerlega út í hött. Ef menn efast um það væri nærtækast að spyrja þann mann sem veit gerst um það, en það er auðvitað hæstv. utanrrh. sjálfur.

Við 1. umr. málsins komu fram ýmsar ábendingar frá hv. þm. Albert Guðmundssyni sem tillit hefur verið tekið til við gerð þeirrar till. um byggingu flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli sem hér hefur verið lögð fram, enda er till. lögð fram af meiri hl. fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar. Vitað er þegar að þrír flokkar af fjórum eru fylgjandi þessu máli og flokkur utanrrh., Framsfl., hefur allar götur frá því 22. okt. 1974 haft frumkvæði í málinu og séð málinu farborða í ríkisstj. Nú telur sá maður, sem fer með málið af hendi flokksins í ríkisstj., rétt og tímabært að taka ákvörðun og eftir því megi ekki bíða. Þar sem þessir flokkar þrír hafa 49 af 60 þingsætum hér á Alþingi ættu ekki að vera mikil vandkvæði á því að taka þá ákvörðun sem hér um ræðir. En þetta eru að vísu aðeins 49 þm. af 60, 11 eru eftir. Þessir 11 eru andvígir byggingu flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli og þeir halda því stíft og stöðugt fram, að þegar ágreiningur sé um slíkt mál milli 49 þm. annars vegar og 11 þm. hins vegar séu þessir 11 þingmeirihluti vegna þess að þeir séu í Alþb. Hér á Alþingi eru menn sem sé ekki aðeins jafnir. Hér á Alþingi eiga menn samkv. skoðun Alþb. að vera misjafnlega mikið jafnir. Hér á Alþingi eiga samkv. skoðun Alþb. 11 þm. að vera meiri hluti, en 49 þm. að vera minni hl. Þetta kalla þeir lýðræði. Þetta kalla þeir að starfa í anda stjórnarsáttmálans, að 11 þm. geti beygt 49 þm. undir vilja sinn. En það eru ekki 49 þm. sem Alþb. getur beygt undir vilja sinn í þessu sambandi. Þeir þm., sem Alþb. hyggst beygja undir vilja sinn, eru hvorki þm. Alþfl. né þm. Sjálfstfl., heldur þm. Framsfl., flokksbræður hæstv. utanrrh. Þá er eftir að sjá, herra forseti, hvort í afgreiðslunum, sem verða hér á eftir, megi sín meira forsaga Framsfl. í málinu, samþykkt miðstjórnar, aðgerðir fyrrv. formanns, Ólafs Jóhannessonar, og afstaða hans hér á þingi, aðgerðir fyrrv. utanrrh. og varaformanns, Einars Ágústssonar, sem átti frumkvæði að þessu máli, — hvort þessi atriði megi sín meira í huga framsóknarmanna eða frekja hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar og hans fylginauta.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Það eru einkum tvö efnisatriði sem ég vil ræða hér, — efnisatriði sem snerta afgreiðslu þess frv. til lánsfjárlaga sem hér er til umr. og ég vil minna á að bíða úrlausnar, en hafa ekki komist inn í frv. sjálft eins og það liggur hér fyrir.

Ég hef um nokkurt skeið verið í sambandi við framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga sem hefur haft það verkefni að safna saman upplýsingum um það tjón, sem orðið hefur á mannvirkjum, eftir fárviðrið sem geisaði yfir vestanvert landið í vetur. Því miður eru ekki komin gögn úr öllum umdæmum landsins sem tjónamats er að vænta frá, en það er þó farið að sjá nokkuð fyrir endann á þessu. Það er búið að sjá að nokkrir einstaklingar hafa orðið fyrir mjög stórfelldu tjóni sem útilokað er að þeir fái borið án hjálpar í einhverri mynd. Mér skilst á þeim fréttum, sem ég hef frá framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga, að enn vanti upplýsingar um það tjón sem hefur orðið hér í höfuðborginni. Úr Mosfellshreppi hefur komið mat og er tjón þar nokkuð mikið, eins og vænta mátti, þar sem gróðurhúsabyggingar fóru mjög illa og sá gróður, sem kominn var af stað, ónýttist sums staðar, þó ekki alls staðar.

Ég vil minna á að þegar þetta frv. var til umfjöllunar í Ed. lögðu sjálfstæðismenn í deildinni fram brtt. sem var við það miðuð, að fjmrh. væri heimilt að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs til að veita Bjargráðasjóði fjármagn til

ráðstöfunar til að bæta það tjón að meira eða minna leyti sem menn hafa orðið fyrir. Þar var tilnefnd upphæðin allt að 30 millj. kr. Ég er ekki enn þá búinn að átta mig fyllilega á því, hvað þessi tala er raunhæf, en allar líkur benda til þess, að lánsfjárheimild þurfi ekki að ná þessari upphæð.

Í viðræðum við menn hingað og þangað að af þessum landshluta, sem verst hefur orðið úti, hef ég þráfaldlega verið spurður að því, hverjar líkur væru á að menn fengju bætur frá ríkissjóði. Ég hef því miður ekki getað bent á hvað ríkisstj. ætlaðist fyrir í þessu efni. Ég held að það fari ekki milli mála, að það er uggur í brjósti hjá þeim, sem verst hafa orðið úti, á meðan ekki hillir neitt undir með hverjum hætti komið verður til móts við þessar bráðu þarfir. Sem betur fer er tjónið ekki almennt stórvægilegt, en það eru þó mikið hjá ýmsum einstaklingum og hjá nokkrum einstaklingum veit ég um mat upp á allt að 20 millj. gkr. á einstakling. Ég hef ákveðið að beita mér fyrir því, að það verði flutt brtt. við frv. við 3. umr. sem gangi í þá átt, eins og lagt var til í Ed., að fjmrh. verði heimilað að taka lán í þessu skyni.

Ég sé ekki ástæðu til á þessu stigi að ræða þetta frekar. En það er annað mál sem ég vildi hér aðeins koma að og vildi gjarnan fá svör við. Ég hefði óskað eftir að hæstv. forsrh. væri hér viðstaddur. Ég hefði þurft að beina til hans örfáum spurningum og vildi nú gjarnan að forseti kannaði hvort hæstv. forsrh. væri í húsinu og gæti hlustað á þessar spurningar mínar. (**Forseti:** Það er verið að athuga málið. — **Gripið fram í:** Forsrh. er farinn úr húsinu.) Jæja.

Herra forseti. Ég mun eigi að síður koma að þessu máli og vænti þess, að hæstv. forsrh. verði bornar þær fsp. sem ég vil leggja fyrir hann hér. Hér er um að ræða málefni sem okkur Sunnlendingum hefur lengi verið hugleikið, byggingu brúar á Ölfusárósa.

Það mun hafa á þeim tíma þegar vinstri stjórnin starfaði hér, á árunum 1978—1979, verið sett inn á vegáætlun að á árunum 1981 og 1982 skyldi verða lagt fram fé til hönnunar brúnni á Ölfusárósa. Ég sé ekki betur en að á fyrstu tillögum, sem borið hefur fyrir mín augu um endurskoðaða vegáætlun á þessu ári, hafi þessi tala verið færð niður um 5 millj. kr. fyrir árið 1981. Þetta geri ég sérstaklega að umræðuefni við umr. um þetta lánsfjárlagafrv. af því að hæstv. forsrh. sat fyrir svörum á „Beinni línu" hjá útvarpinu 22. okt. í haust og þá hringdi í hann Sigurjón Bjarnason á Eyrarbakka og spurði eftirfarandi spurninga, með leyfi hæstv. forseta:

„Mig langaði til þess að spyrja þig, Gunnar, að því, hver afstaða þín væri til byggingar brúar á Ölfusá við Óseyrarnes. Nú er svo, að fróðir menn eru farnir að búast við jarðskjálftum á Suðurlandi, en brúin, sem er við Selfoss, stendur á aðalsprungunni. Þess vegna er þetta mikið öryggismál, fyrir utan að þetta er bókstaflega lífsspursmál fyrir þorpin hérna á ströndinni: að fá samgöngur við höfn. Og mig langaði einnig að spyrja í leiðinni: Hafa þeir þm. Suðurlandskjördæmis, sem styðja ríkisstj., ekki notað tækifærið nú, þegar þeir eiga aðild að stjórninni, til þess að þrýsta á þetta mál?"

Hæstv. forsrh. svarar: „Út af fsp. vil ég segja það, að ég er því eindregið fylgjandi að þetta brúarmál við Óseyrarnes verði kannað rækilega og ekki aðeins náttúrlega byggingarkostnaður eða smíðakostnaður, heldur allar hliðar þess máls. — Út af því, sem þú spurðir um þingmennina, þá vil ég taka það fram, að strax eftir stjórnarmyndunina í fyrra lagði Eggert Haukdal sérstaka áherslu á það, að hafist yrði nú verulega handa um það að kanna og undirbúa þetta mál."

Fyrirspyrjandi, Sigurjón Bjarnason, spyr þá enn fremur: „Og hefur eitthvert nýtt líf komist í málið síðan?"

Hæstv. forsrh. svarar: „Já, já. Málið er á dagskrá og kemur til meðferðar núna í sambandi við fjárlög og sérstaklega lánsfjáráætlun."

Og Sigurjón Bjarnason segir: „Ég þakka þér kærlega fyrir, Gunnar."

Það er von að spurt sé þegar svo stórt er talað. Ég dreg ekki í efa að Eggert Haukdal hafi lagt sérstaka áherslu á að hafist yrði nú verulega handa, og ég vildi gjarnan að ég mætti treysta því að svo hafi verið gengið frá þegar lánsfjáráætlun var samin og þegar lögin um lánsfjárlög eru sett fram, að ætlað hafi verið fé til þessara málefna. En af þeim upplýsingum, sem ég hef um þetta efni, get ég því miður ekki séð að svo sé. Þess vegna ber ég fram þá spurningu og vænti þess að ég fái við því svör, annaðhvort við 2. umr. eða þá við 3. umr., hvort það hafi við einhver rök að styðjast að unnið hafi verið af krafti að því að útvega fjármagn til þessara bráðnauðsynlegu framkvæmda, sem eru, eins og fyrirspyrjandi sagði, lífsspursmál fyrir þorpin á suðurströndinni, hvort ríkisstj. hafi unnið að þessu þannig að við megum vænta þess að verulegt fjármagn fáist til þess að koma brúnni áfram.

Herra forseti. Ég hafði ekki uppi þessa umr. til að tefja fyrir máli þessu á nokkurn hátt, en ég tel að ég hafi fjallað um tvö svo veigamikil atriði að það hefði ekki mátt láta þau vera óhreyfð við 2. umr. um lánsfjárlögin. Ég vænti þess fastlega, að þeir ráðh., sem hér eru staddir, beri þessa fsp. mína til hæstv. forsrh. og að hann sjái sér fært að svara því sem hér var spurt um, annaðhvort við þessa umr., eins og ég áðan sagði, eða við annað tækifæri.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Það vakti nokkra athygli að hv. þm. Halldór Ásgrímsson, talsmaður stjórnarsinna í fjh.- og viðskn. Nd., áminnti hæstv. ráðh. mjög ákveðið í örstuttri ræðu sinni hér í deildinni fyrir stundu. Hann aðvaraði ráðh. í hæstv. ríkisstj. að tefja ekki mál þetta, sem hér er til umr., og gaf í skyn að framkoma hæstv. ráðh. hefði oftsinnis orðið til þess að tefja framgang mála sem þeim ætti þó að vera umhugað um að yrðu afgreidd. Það fór ekki á milli mála að hv. þm. átti þarna við orðaskipti hæstv. fjmrh. og hæstv. utanrrh. í Ed., enda hefur formaður þingflokks Framsfl. sent hæstv. ráðh. Alþb. tóninn með þeim hætti sem hv. þm. Halldór Ásgrímsson áréttaði áðan.

En hvert er í raun og veru efni málsins? Mér skilst að efni málsins sé í raun og veru það, að þeir Alþb.-menn og framsóknarmenn komi sér saman um að Alþb.-menn eigi að þegja þunnu hljóði og megi ekki opna sinn munn, en hins vegar skuli framsóknarmenn vera þá eins og lömb og rétta upp hendurnar alveg eins og Alþb.-menn vilja. Þetta kalla ég tiltölulega góð kaup hjá þeim Alþb.-mönnum, að þurfa ekki að gera annað en halda sér saman til þess að fá á gulldiski atkvæði þeirra framsóknarmanna. Og lítilþægir eru nú framsóknarmenn að taka þátt í slíkri kaupmennsku. Það kemur svo á daginn hvort þessi kaup halda sem hér virðast hafa verið gerð, en eru auðvitað fyrir neðan virðingu hv. alþm.

Það hefur orðið nokkur þáttur í umr. um lánsfjárlögin hvort veita skuli heimild eða leggja lántökuskyldu á

ríkisstj. til að hefja byrjunarframkvæmdir við flugstöð í Keflavík. Það hefur vakið athygli að hæstv. utanrrh., sem raunar fer fyrst og fremst með málið, byggingu flugstöðvar í Keflavík, hefur einn sinna flokksmanna greitt atkvæði með veitingu slíkrar lántökuheimildar. Er það nú með eindæmum að flokksbræður hans skuli ekki fylgja honum að málum og treysta forsjá hans, sem er kunnugastur þessum málum öllum. Í ljósi þess er bókun þeirra framsóknarmanna lítt sannfærandi, en fyrir þeirra hönd gerði hv. þm. Guðmundur Bjarnason grein fyrir atkvæði framsóknarmanna í Ed. Með leyfi, herra forseti, er bókunin svohljóðandi:

„Miðstjórn Framsfl. hefur samþykkt að byggja skuli nýja flugstöð á Keflavíkurflugvelli. Hins vegar hefur komið fram að undirbúningi að byggingunni sé ekki svo langt komið að framkvæmdir geti hafist á þessu ári. Því er ekki ástæða til að auka nú heimildir til lántöku í þessu skyni. Því segi ég nei."

Nú er alveg ljóst að sá maður, sem veit gleggst og best um hvort unnt er að hefja byggingarframkvæmdir á þessu ári og hvort æskilegt eða nauðsynlegt sé að afla lánsfjárheimildar, er auðvitað hæstv. utanrrh. Ég trúi honum fyrir mitt leyti í þessu falli betur en bókun sem á að veita þeim framsóknarmönnum skjól sem greiddu atkvæði í Ed. eins og Alþb.-menn krefjast.

Þessi afstaða framsóknarmanna, annarra en hæstv. utanrrh., er auðvitað því óskiljanlegri sem þeir voru nýlega komnir af miðstjórnarfundi sínum þar sem svohljóðandi samþykkt var gerð með samhljóða atkvæðum, að því er fréttir herma, með leyfi forseta:

„Aðskilnaður hers og þjóðar, meðan erlendur her er í landinu, er grundvallaratriði í stefnu framsóknarmanna, og bygging nýrrar flugstöðvar er forsenda þeirrar stefnu. Ný flugstöð er auk þess skilyrði bættrar ferðaþjónustu, og núverandi aðstaða er ósamboðin þjóðlegum metnaði. Aðalfundur miðstjórnar 1981 lýsir því eindregnum stuðningi við byggingu nýrrar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli."

Þetta er athyglisverð samþykkt, og ég hygg að flestir hv. þm. geti tekið undir þá samþykkt. Ég tel að flestir hv. þm. séu t. d. fylgjandi aðskilnaði hers og almennrar starfsemi á Keflavíkurflugvelli. Ég hygg að flestir hv. þm. séu sammála því, að bygging nýrrar flugstöðvar sé forsenda þess, að slíkur aðskilnaður komist í framkvæmd. Og ég er þeirrar skoðunar, að við getum flestir þm. verið sammála um, að ný flugstöð er skilyrði fyrir bættri ferðaþjónustu, og loks að núverandi aðstaða er ósamboðin þjóðlegum metnaði. Hvað er það sem ver þá afstöðu hv. þm. framsóknarmanna að vilja ekki hefjast handa í máli sem þeir undirstrika að er í raun og veru þjóðlegum metnaði nauðsynlegt? Hvernig stendur á því að þeir hopa af hólmi? Það er auðvitað að þeir hafa glæpst á því að skrifa undir málefnasamning stjórnarsáttmála núv. ríkisstj. þar sem eftirfarandi er sagt, með leyfi forseta:

„Áætlanir um flugstöð á Keflavíkurflugvelli verði endurskoðaðar og ekki ráðist í framkvæmdir við hana nema með samkomulagi allrar ríkisstj."

Um fyrri málsliðinn, um endurskoðun teikninga og áætlana um flugstöð á Keflavíkurflugvelli, er ekki ágreiningur. Þessi endurskoðun hefur farið fram fyrir frumkvæði hæstv. utanrrh. og þeirrar byggingarnefndar sem fjallar um undirbúning þessarar framkvæmdar. Lagðar hafa verið fram teikningar og útboðslýsingar í höfuðdráttum, í utanrmn. m. a., og sömuleiðis hefur fjárlaga- og hagsýslustofnun gert rekstraráætlun varðandi rekstur flugstöðvarinnar eftir að hún kemst upp. Er það meira en hægt er að segja um ýmsar þær framkvæmdir sem veitt er lánsheimild til samkv. þeim lánsfjárlögum sem við fjöllum um nú í deildinni.

Það er og upplýst af hálfu formanns byggingarnefndar, Helga Ágústssyni deildarstjóra í varnarmáladeild utanrrn., að unnt sé með nokkurra daga fyrirvara að auglýsa útboð byggingarframkvæmdanna, en með því að hér sé um mikla framkvæmd að ræða þurfi sennilega um fjóra mánuði til að undirbúa tilboðsgerð. Ef svo fer sem horfir er auðvitað nauðsynlegt að ætla sér rúman tíma til þess áður en framkvæmdir geta hafist. En hitt er ljóst, að framkvæmdir geta hafist eftir að úrvinnslu tilboða lýkur, þ. e. eftir fimm til sex mánuði, eða í haust. Það er skiljanlegt að menn vilji ekki bjóða bygginguna út nema fyrir hendi sé lánsfjárheimild. Það er óneitanlega fremur óvarlegt að hefja útboð á byggingarframkvæmdum nema byrjunarframlög til byggingarframkvæmda séu tryggð. Ef málið dregst úr hömlu að þessu sinni og ekki verður veitt lánsfjárheimild til byrjunarframlaga til flugstöðvarinnar liggur í augum uppi að við stöndum í sömu sporum um þetta leyti næsta ár. Ef allt fer fram sem horfir og fjárfestingar- og lánsfjáráætlun er jafnseint á ferðinni fyrir það ár og fyrir yfirstandandi ár erum við búnir að tefla á tæpasta vaðið og hætta á að verulegar byggingarframkvæmdir séu ekki hafnar fyrir 1. okt. á næsta ári. En til þess að tryggja mótframlag Bandaríkjastjórnar er nauðsynlegt að tryggilega sé frá því gengið að marktækar byggingarframkvæmdir séu þá hafnar. Það er þess vegna svo, að hv. framsóknarmenn tefla í tvísýnu þessari framkvæmd sem þeir telja nauðsynlega til þess að fullnægja þjóðlegum metnaði, — framkvæmd sem þeir telja skilyrði fyrir bættri ferðamannaþjónustu og forsendu fyrir aðgreiningu varnarstarfsemi og almennrar starfsemi á Keflavíkurflugvelli. Það er skiljanlegt að hæstv. utanrrh. geti ekki fellt sig við slíka málsmeðferð af hálfu flokksbræðra sinna.

En þá kem ég að þætti Alþb.-manna í þessu máli. Þá er e. t. v. fyrst að víkja að því, að það er athyglisvert að þessi framkvæmd, sem er auðvitað íslensk framkvæmd þótt mótframlag hennar komi frá Bandaríkjastjórn, er eina varnarframkvæmdin á Keflavíkurflugvelli sem Alþb. gerir fyrirvara um í stjórnarsáttmálanum. Þeir hafa, ef stjórnarsáttmálinn einn er lesinn, afsalað sér öllum afskiptum af öllum öðrum framkvæmdum í þágu varna og öryggis landsins á Keflavíkurflugvelli eða annars staðar, miðað við stjórnarsáttmálann sjálfan. Þeir velja að gera fyrirvara um þá einu framkvæmd sem eru að öllu leyti í raun íslensk framkvæmd og er fyrst og fremst hagsmunamál í daglegu lífi okkar Íslendinga, auk þess sem ég dreg ekki dul á að þessi framkvæmd er einnig mikilvæg til að styrkja varnir og öryggi landsins og eftirlitsstarfsemi sem fram fer frá Keflavíkurflugvelli. Það er saga til næsta bæjar að við stjórnarmyndunina 1978, þegar Ólafur Jóhannesson myndaði stjórn sína, 1. sept. það ár, var birtur stjórnarsáttmáli sem áskildi þó Alþb.-mönnum stöðvunarvald hvað snertir allar meiri háttar varnarframkvæmdir, en það var það lengsta sem þeir gengu þá varðandi andstöðu við varnir landsins og varnarstarfsemi. Þeir hurfu þá í fyrsta skipti frá því að fá inn í stjórnarsáttmálann einshvers konar fyrirheit um endurskoðun á varnarsamningi og einhvers konar yfirlýsingu um brottför varnarliðsins frá Íslandi, þó ekki væri

nema í áföngum, eins og var í stjórnarsáttmálanum 1971. Þeir voru þarna, að því er virtist, að hörfa til baka varðandi stefnu sína um að herinn skyldi á brott, en staðnæmdust þó í þessum áskilnaði, að meiri háttar varnarframkvæmdir skyldu þó háðar samþykki allra aðila ríkisstj. Við þetta sat þann stutta tíma sem þessi ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar sat eða rúmt ár, frá 1. sept. til októbermánaðar næsta ár, 1979.

Þegar svo stjórnarsáttmáli núverandi ríkisstj. er gerður töldu menn að Alþb.-menn hefðu algerlega yfirgefið „hugsjónarmál" sín um brottför varnarliðsins og hefðu látið sér þennan áskilnað um byggingu flugstöðvar einan nægja. En síðan hefur ýmislegt athyglisvert komið fram, eins og upplýst hefur verið hér á þingi og utan þings, m. a. að fyrir hendi er leynisamningur sem samkvæmt orðalagi Svavars Gestssonar er meginforsenda stjórnarinnar — drengskaparsamkomulag, sem er undirritað, um að ef ágreiningsmál komi upp í ríkisstj. hafi hver stjórnaraðili neitunarvald ef hann vill beita því. Hæstv. ráðh. og formaður Alþb., Svavar Gestsson, segir að hér sé um að ræða algerlega afdráttarlaus ákvæði þannig að staða Alþb.-manna í þessum efnum eigi að vera nægilega sterk til að koma í veg fyrir að bandaríska hernum líðist að auka hernaðarumsvif á Keflavíkurflugvelli.

Það hefur komið fram að hæstv. utanrrh. var ekki kunnugt um þennan leynisamning. Eftir að hæstv. forsrh. og samgrh. Steingrímur Hermannsson, formaður Framsfl., reyndu að neita tilvist þessa leynisamnings hefur það þó komið fram að hann er fyrir hendi með undirskrift þeirra beggja og hæstv. ráðh. Ragnars Arnalds. Það er sem sagt undirritað samkomulag um að hver stjórnaraðili hafi neitunarvald ef ágreiningsmál komi upp í ríkisstj. ef hann vill beita því. Þá stöndum við frammi fyrir því, að á bak við þing og þjóð hefur verið gert samkomulag um að færa Alþb. neitunarvald um þau mál sem ágreiningur kann að verða um í ríkisstj. Það getur ráðið ferðinni. Það er auðvitað stórhættulegt að slíkur leynisamningur sé gerður. Það er í senn óþingræðislegt og ólýðræðislegt. Alþb. hefur þannig komið sér svo fyrir, að þótt það sé andsnúið einhverju máli getur það setið áfram í ríkisstj. Það er þeirra, sem vilja ná máli fram, að segja sig úr ríkisstj., en ekki hinna, sem eru í andstöðu við málið.

Þetta stöðvunarvald Alþb. hefur raunar komið fram í fleiri málefnum en í varnar- og öryggismálum. Þetta stöðvunarvald Alþb. hefur komið fram í virkjunarmálum og stóriðjumálum. Þetta stöðvunarvald Alþb. hefur komið fram í efnahagsmálum, og e. t. v. er þetta neitunarvald skýringin á úrræðaleysi núv. ríkisstj. og athafnaleysi í öllum málum, ekki síst í efnahagsmálum þar sem allt er dregið á langinn og ekkert gert nema þá í síðustu forvöð, ef þá eitthvað er aðhafst.

Við sjáum dæmin um vinnubrögðin við framlagningu og umr. um þau lánsfjárlög sem við fjöllum um núna. Við munum aðgerðaleysi ríkisstj. allt síðasta ár. Og við sjáum ekki teikn til þess, að aðgerðirnar verði meiri á þessu ári. Árangurinn er a. m. k. sá, að við erum í 50—60% verðbólgu og allir atvinnuvegir okkar hanga í raun og veru á horriminni meðan ekkert er gert til þess að búa í haginn fyrir framtíðina. Það kemur og fram í forsendum þeirra lánsfjárlaga, sem til umr. eru, að á yfirstandandi ári er ekki búist við neinni framleiðsluaukningu og dregið hefur úr aukningu þjóðarframleiðslu nú í tvö til þrjú s. l. ár. Sú lítilvæga aukning, sem hefur átt sér stað, á rætur sínar og skýringu að rekja til þess, að fiskafli hefur stórlega aukist. Þar er skýringu þó að finna á því, að ekki hefur farið verr, vegna þessi að það er munur hvort heildarþorskaflinn er innan við 250 þús. tonn eða eins og á síðasta ári 420—430 þús. tonn í okkar hlut. Það hefði átt að vera unnt að bæta lífskjör þjóðarinnar á þessu tímabili með svo mikla aukningu þorskaflans og raunar fiskaflans að bakhjarli. En ástæðan til þess, að þjóðarframleiðslan hefur aukist svo lítið og aukningin er nú að stöðvast, er auðvitað sú, að hin lamandi, staðnaða hönd ríkisforsjárflokkanna í ríkisstj. hefur lagst á vaxtarbrodd atvinnuveganna, lagst á einkaframtakið, hugvit og dugnað einstaklinganna með sívaxandi ríkisumsvifum — og ekkert er séð fyrir því að hafa fyrirhyggju um virkjun orkulinda okkar í þágu orkufreks iðnaðar og almenns iðnaðar.

Það er einhver mikilvægasta spáin fyrir þetta ár að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann verði svipaður og í fyrra þó að jafnframt sé spáð lækkandi þjóðaframleiðslu á mann um ca. 1% og rýrnun viðskiptakjara um 0.5%. Þjóðarframleiðsla miðað við hvern mann lækkar um 1% þar sem búast má við 1% mannfjölgun. Þjóðartekjurnar lækka því um það bil um 1.5% á mann á sama tíma og reiknað er með óbreyttum ráðstöfunartekjum á mann. Skýringin, sem gefin er á því að farið geti saman um 1.5% lækkun þjóðartekna á mann og óbreyttar ráðstöfunartekjur á mann, er lækkun skatta á almenning sem þessum mismun nemur. Ekki hefur raunar verið sýnt fram á að um raunverulega skattalækkun sé að ræða á yfirstandandi ári, en þessu er þó haldið fram í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun. Við skulum kanna betur hvaða aðrar breytingar mundu fylgja slíkri skattalækkun ef hún reyndist rétt.

Það segir sig sjálft að ríkissjóður verður að mæta skattalækkun annaðhvort með því að lækka útgjöld sín eða auka skuldasöfnun. Útgjöldin eru samt sem áður ekki lækkuð, heldur þvert á móti aukin: samneyslan um 2% og opinberar framkvæmdir um 2.8%. Þannig kemur fram að ríkissjóður þarf að auka lántökur sínar bæði til að mæta meintri skattalækkun og útgjaldaaukningu. Það er gert ráð fyrir að viðskiptahalli við útlönd verði svipaður á þessu ári og hann var í fyrra eða 2.3% af þjóðarframleiðslu. Þetta þýðir að enn á að auka erlendar skuldir jafnmikið og átti sér stað á s. l. ári. Ef skattalækkun og útgjaldaaukning hins opinbera kemur jafnvel ekki fram sem enn þá meiri aukning á skuldasöfnun erlendis, hvar eru þá fjármunir fengnir til þess að hækka bæði útgjöld og lækka skatta? Það er hugsanlegt að skýringuna sé að finna í meiri innlendum sparnaði, en það er ekki heldur gert ráð fyrir meiri innlendum sparnaði, heldur að hann minnki um rúmlega 1% af þjóðartekjum eða um 5%. Einhvers staðar hlýtur þessi samdráttur á innlendum sparnaði að koma niður ef rétt reynist, en það er ekki hjá hinu opinbera sem bæði lækkar skatt og eykur útgjöld. Þetta allt kemur að sjálfsögðu niður á atvinnuvegunum. Lánsfé til þeirra minnkar sem svarar bæði aukningu á skuldasöfnun hins opinbera og samdrætti innlends sparnaðar. Afleiðingin verður minni fjárfesting hjá atvinnuvegunum, sem áætlað er að dragist saman um 12.5%, auk samdráttar í íbúðarbyggingum um 3%.

Það, sem hér er að gerast, er að tekið er stórt skref í þá átt að auka raunverulegan halla hins opinbera eða þann hluta heildarútgjalda sem staðið er undir með lántökum.

Þetta gerist þannig fyrst og fremst, að fleiri og fleiri útgjaldaliðum er ýtt yfir á lánsfjáráætlun af fjárlögum. Þannig eru tekin lán til að standa undir útgjöldum í stað þess að skattleggja fyrir þeim eða skera niður ónauðsynlegri útgjöld á móti. Þetta kemur víða fram og gæti ég nefnt ýmis dæmi þess, að um lántökur er að ræða til að sinna þjónustu eða standa undir hallarekstri fyrirtækja sem ekki hefur verið venja að fjármagna með sérstökum lántökum. (**Forseti:** Á hv. ræðumaður langt eftir af máli sínu nú?) Herra forseti. Já, ég vildi gjarnan geta lokið máli mínu þannig að ekki væri í mikilli tímaþröng. (**Forseti:** Þá fer ég fram á að hv. þm. geri hlé á ræðu sinni, en ég geri ráð fyrir að fundur í Nd. hefjist á ný eða framhald þessa fundar fljótlega upp úr kl. 6, eftir því hvernig skipast um í Sþ.) — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég var þar kominn í máli mínu að ég benti á þá óheillaþróun hér á landi, að öllum fjáröflunarvandamálum, sem erfitt er að glíma við, sé vísað til lánsfjáráætlunar í stað þess að horfast í augu við þau við fjárlagagerðina sjálfa. Með þessu móti er e. t. v. unnt að ganga frá fjárlögum hallalausum og fjmrh. þvær hendur sínar og segir að allt sé í lagi með fjármálin. Vandinn kemur svo fram í lánsfjáráætlun og er leystur með sívaxandi lántökum og þá ekki síst erlendum lántökum.

Ef við lítum t. d. á þarfir vegna ríkissjóðs, A-hluta fjárlaganna, eiga þær þarfir heima í fjárlögunum, en ekki í lánsfjáráætlun, enda verður ríkissjóður auðvitað að standa undir greiðslu vaxta og afborgana af slíkum lánum. Ég get nefnt sem dæmi þjóðarbókhlöðu, landshafnir, flugmálastjórn og sneiðmyndatæki Landspítalans. Ég get nefnt enn fremur að vegagerðin er að 1/3 fjármögnuð með lánsfé, 2/3 með mörkuðum tekjustofnum og smávægilegum beinum fjárveitingum. Þetta gerist á sama tíma og ríkissjóður tekur til almennra eyðsluþarfa mestan hluta af tekjum sem til falla af umferðinni í landinu í stað þess að leggja áherslu á að sem mestur hluti þeirra tekna fari í samgöngumál, í vegaframkvæmdir. Ég er ekki með þessu að andmæla því, að til mála komi að afla lánsfjár til vegaframkvæmda, þ. e. lagningar bundins slitlags, vegna þess að slík framkvæmd er mjög arðbær. Eðlilegt væri að Vegasjóður stæði sjálfur undir lánum til þessara þarfa, en ekki ríkissjóður, einmitt með tekjum sem hann hefur af umferðinni.

Í þessu sambandi má sömuleiðis nefna fyrirtæki eins og RARIK, Kröflu og Tryggingastofnun ríkisins. Hér er um að ræða fjármögnun hallarekstrar bæði hjá Kröflu og Tryggingastofnun og fjármögnun algjörlega óarðbærra, þ. e. svokallaðra félagslegra framkvæmda hjá RARIK. Það er ekki unnt að fjármagna slíkt með lántöku nema þá að gera um leið nægilega tryggilegar ráðstafanir til að breyta halla í tekjuafgang þannig að undir lánunum verði unnt að standa.

Það ætti að gegna öðru máli um B-hluta fyrirtæki og teldist ekki óeðlilegt að afla lánsfjár til framkvæmda þeirra svo framarlega sem fjárhagur þeirra og eiginfjárstaða sé eðlileg og reksturinn skili nægilegum afgangi til að standa undir lánunum. Þetta á t. d. alls ekki við Ríkisútvarpið og Póst og síma, eins og málum er nú háttað varðandi gjaldskrárákvarðanir þessara miklu fyrirtækja, eins og fram kom hjá hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni, frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn.

Í þessu sambandi vil ég líka nefna það, að farið er fram á lánsheimildir fyrir Siglósíld, Skipaútgerð ríkisins, Jarðvarmaveitur ríkisins og grænfóðurverksmiðjur sem bersýnilega geta ekki staðið undir þessum lánum. Ég vek athygli á þeim miklu lántökuheimildum sem Skipaútgerðinni eru t. d. fengnar. Þarna er um að ræða stórkostlega fjárfestingu sem ég tel að Alþingi sjálft ætti í raun og veru að fjalla um og taka ákvörðun um í stað þess að fela það framkvæmdavaldinu — ráðherra í þessu tilviki eða ríkisstj. Hér er um stefnumörkun að ræða sem ætti að miðast við að úr þessum útgjöldum vegna Skipaútgerðarinnar, hallarekstri Skipaútgerðarinnar og fjármagnskostnaði Skipaútgerðarinnar, verði dregið með því að gera samninga við einkafyrirtæki um þessa þjónustu við landsbyggðina í stað þess, eins og nú háttar, að Skipaútgerðin er í samkeppni við annað opinbert fyrirtæki, eins og útgerð Herjólfs í sambandi við Vestmannaeyjasiglingar, að ég tali nú ekki um að ekkert heildaryfirlit er um hvaða útgjöld af opinberri hálfu þurfa til að koma í sambandi við landflutninga, sjóflutninga og loftflutninga, vöruflutninga með flugvélum. Það þyrfti að gera heildstæðan samanburð á þessu máli öllu áður en lagt er í slíkar fjárveitingar eða veittar heimildir fyrir lántökum, eins og hér er gert varðandi Skipaútgerð ríkisins.

Ég vil svo, herra forseti, vekja athygli á eftirfarandi:

1. Sé litið á fjáröflunina samkvæmt lánsfjáráætluninni hækkar hún um 80% miðað við lánsfjáráætlun 1980 og um 65% miðað við útkomu þeirrar áætlunar. Það er auðvitað eðlilegra að bera saman áætlun við áætlun en bera áætlun saman við útkomu. Hér er því greinilega um mjög mikla aukningu að ræða eða helmingi meiri aukningu, 80%, en nemur þeirri hækkun verðlags sem gengið er út frá, þ. e. 40%. Samanborið við þjóðarframleiðslu gildir það sama þar sem ekki er búist við neinni aukningu hennar að magni til.

2. Gert er ráð fyrir að innlend fjáröflun aukist um 46% eða litlu meira en nemur verðlagshækkun og aukningu þjóðarframleiðslu. Á hinn bóginn verða verulegar breytingar á innbyrðis samsetningu hennar. Þannig er ekki gert ráð fyrir að fjáröflun með útgáfu spariskírteina og innheimtu umfram innlausn þeirra aukist neitt að heita má. Þetta stafar sennilega af tilkomu verðtryggðra innlánsreikninga. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir mjög verulegri aukningu lánsfjáröflunar frá innlánsstofnunum og lífeyrissjóðum. Um slíka aukningu hefur hvorki verið samið við innlánsstofnanir né lífeyrissjóði og er því hér um verulega óvissu að ræða.

3. Aukning opinberrar erlendrar lánsfjáröflunar er mjög mikil, eða 103% samanborið við lánsfjáráætlun ársins 1980 og 81% samanborið við útkomu þess árs. Eðlilegt er að bera þetta saman við verðlagshækkunina sem lögð er til grundvallar, þ. e. um 40%, þar sem engar upplýsingar eru um hvaða gengisskráningu hafi verið miðað við í þessari áætlun.

Herra forseti. Ég skal nú fara að stytta mál mitt. Það væri ástæða til að drepa á fjölmarga aðra þætti, en almennt gefur þetta frv. til lánsfjárlaga svo og fjárfestingar- og lánsfjáráætlunin sjálf ástæðu til að vekja sérstaka athygli á því, að horfur um hagvöxt og viðskiptajöfnuð á næstu árum eru ískyggilegar og nauðsyn ber til að fylgja stefnu er örvi hagvöxt og útflutning. Núverandi ríkisstj. fylgir ekki slíkri stefnu. Stefna núv. ríkisstj. leiðir til stöðnunar eins og reynslan sýnir. Á einhverju hagsælasta ári, er við höfum búið við varðandi fiskafla, er aukning þjóðarframleiðslunnar að stöðvast. Við þurfum að flýta orkuframkvæmdum og skapa

grundvöll fyrir orkufrekan iðnað og almennan iðnað hér í landi ef við eigum ekki að horfa fram á skerðingu lífskjaranna í framtíðinni.

Þá vil ég einnig vekja athygli á því, að erlendar lántökur eru of miklar og vaxandi. Til erlendra lántaka hefur verið gripið í æ ríkara mæli til að leysa margs konar vanda þar sem heilbrigðara hefði verið að leita annarra leiða. Þessar lántökur hafa orðið peningaleg uppspretta verðbólgunnar síðustu árin ekki hvað síst. Lántökurnar hafa einnig leitt til þess, að skulda- og greiðslubyrði er orðin mjög mikil.

Hér erum við að reisa okkur hurðarás um öxl. Hér erum við að auka byrðarnar sem við þurfum að bera næstu árin með vaxandi hluta útflutningstekna okkar sem fer til afborgana af erlendum lánum og fjármagnskostnaði. Við erum á rangri braut og það er ástæða til að hverfa af þeirri braut — hverfa af þeirri braut sem núv. ríkisstj. hefur illu heilli markað með þessu frv. til lánsfjárlaga og fjárfestingar- og lánsfjáráætlun sinni í tengslum við fjárlög yfirstandandi árs.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Þess gerist ekki þörf af minni hálfu að fjalla mjög ítarlega um lánsfjárlög almennt. Það hef ég áður gert úr þessum ræðustól í Sþ. mjög ítarlega og það hafa samflokksmenn mínir hér í hv. Nd. og eins í Ed. gert tvisvar í ítarlegu máli, sem og er þingheimi kunnugt um þær brtt. sem við jafnaðarmenn flytjum. Það eina, sem nýtt hefur gerst í þessu máli, er að meiri hl. hefur myndast í fjh.- og viðskn. þessarar deildar um brtt. er gerir ráð fyrir að lágmarksupphæð verði veitt til þess að unnt verði að hefjast handa um framkvæmdir um flugstöðvarbyggingu á Keflavíkurflugvelli.

Afgreiðsla þessa máls í Ed. hefur óneitanlega vakið nokkra athygli þar sem það gerðist og verður að teljast til einsdæma í þingsögunni að hæstv. utanrrh. stóð þar að afgreiðslu málsins ásamt með stjórnarandstöðu og málið féll þar á jöfnum atkvæðum sem kunnugt er. Það mun vera einsdæmi í jafnmikilvægu máli að utanrrh. í ríkisstj. þurfi að standa að afgreiðslu slíks máls með þeim hætti sem þarna gerðist. Einkum og sér í lagi verður það að teljast til pólitískra tíðinda þegar hlut á að máli maður sem af flestum framsóknarmönnum og reyndar þjóðinni allri er viðurkenndur sem ókrýndur leiðtogi þess stjórnmálaflokks. Það verður einnig að teljast til tíðinda þegar guðfaðir hæstv. ríkisstj., hv. þm. Albert Guðmundsson, tekur af skarið og fylgir eftir ummælum sínum, sem hann viðhafði þegar þetta mál var lítillega á dagskrá utan dagskrár, þar sem hann komst að orði á þá leið, að það væri að sjálfsögðu óviðunandi fyrir þingheim að una því að lítill minnihlutahópur, 11 þm. af 60, ætti að hafa stöðvunar- eða neitunarvald í þessu máli. Hv. þm. lýsti yfir að hann óskaði eftir því, að meiri hl. þings léti í ljós vilja sinn afdráttarlaust, og að hann vildi stuðla að því að svo gæti orðið.

Nú hafa þau tíðindi orðið, að hér liggur fyrir til afgreiðslu brtt. við lánsfjárlög þar sem meiri hl. fjh.- og viðskn. mælir með því, að þetta mál nái fram að ganga. Nú skyldi maður ætla að það væri einfalt mál. Í raun og veru er vitað að fyrir þessu máli er þingmeirihluti, ef nokkuð má marka ummæli manna, yfirlýsingar og afstöðu stjórnmálaflokka. Sérstaklega hljóta menn að beina hér athyglinni að afstöðu Framsfl., þar sem heita má að allt frá því að þetta mál raunverulega komst á dagskrá árið 1971 hafi það verið mál framsóknarmanna fyrst og fremst. Það er rétt að rifja það upp, að utanríkismál hafa lengst af á liðnum áratug verið í höndum framsóknarmanna. Þannig fór Einar Ágústsson, þáv. hv. þm. og varaformaður Framsfl., með þessi mál í ríkisstj. árið 1971—1974 og einnig á stjórnartímabili ríkisstjórnar sem sat 1974—1978, og nú er enn svo komið, frá og með 8. febr. árið 1980, að það eru framsóknarmenn sem fara með þessi mál.

Nú er það fljótsagt að bygging nýrrar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli ætti út af fyrir sig ekki að vera pólitískt deilumál sem slík. Það er enginn ágreiningur uppi um að núverandi flugstöðvarbygging gegnir engan veginn því hlutverki sem af henni verður að krefjast. Um það þarf út af fyrir sig ekki að deila. Þetta er bygging reist árið 1948. Þá þegar, þegar hún er byggð, var ráð fyrir því gert, að hún entist kannske í 20 ár. Fyrir liggur að hún er yfir þeirri stærð timburhúsa sem leyfð er samkvæmt almennum reglum um brunavarnir. Enn fremur er vitað að landrými við hana er takmarkað og bifreiðastæði og flugvélastæði orðin of lítil. Þetta þýðir líka að vegna þess að ástand byggingarinnar er lélegt hefur orðið á undanförnum árum að verja mjög háum fjárhæðum til viðhalds og má búast við að þær upphæðir fari hækkandi á næstu árum. Allt veldur þetta því, að ný flugstöðvarbygging hefur lengi verið á dagskrá. Við þetta bætist að núverandi flugstöðvarbygging er á miðju athafnasvæði varnarliðsins, en það hefur verið stefnumark flestra stjórnmálaflokka og að því er menn best vita ágreiningslaust að til þess beri brýna nauðsyn að aðskilja hernaðarumsvif og almenna farþegaumferð á Keflavíkurflugvelli.

Upphaf þessa máls er að árið 1970 er skipuð nefnd af þáv. utanrrh. til að vinna að lausn á þessu máli. Án þess að fara ítarlega út í að rekja þá sögu skal þess aðeins getið, að árið 1972, í utanríkisráðherratíð framsóknarmanna, lauk frönsk arkitektastofa verki við hönnun á fyrstu gerð þeirrar flugstöðvarbyggingar sem um var að ræða. Þar var að vísu gert ráð fyrir spám um heildarflugumferð á Keflavíkurflugvelli sem sýnilegt er að endurskoðunar þyrftu við, enda hefur ekki á það skort að þær hafi verið endurskoðaðar. Árið 1974 gerist það, að danskri teiknistofu, sem talin var þá hafa mesta reynslu við byggingu flugvallarmannvirkja á Norðurlöndum, var falið þetta verkefni til umfjöllunar. Hún skilaði haustið 1974 mjög ítarlegu verki og miklu. Því næst var embætti Húsameistara ríkisins árið 1975 falið að láta utanrrn. í té umsögn um helstu atriði í þeirri áætlun og voru þá til kvaddir ýmsir sérfróðir menn aðrir hér innanlands. Árið 1975 skilaði húsameistaraembættið ítarlegri skýrslu með tillögum um skipan framkvæmda og var við það miðað í þeim tillögum að stöðin yrði tilbúin árið 1979.

Árið 1974 verða vissulega þáttaskil í þessu máli. Þá hófust, skömmu eftir stjórnarskipti, viðræður í Washington um endurskoðun varnarsamningsins. Þá beindist athyglin að aðskilnaði hernaðarumsvifa og almennra umsvifa á Keflavíkurflugvelli, sem þá var og er enn eitt helsta stefnumark framsóknarmanna. Í samkomulagi við Bandaríkin frá árinu 1974, þar sem þáttaskil urðu í þessu máli, segir svo í fskj., með leyfi forseta:

„Ríkisstjórn Bandaríkjanna mun leitast við að finna leiðir til þess að vinna að því í samvinnu við íslensku ríkisstjórnina að skilja að svæði þau þar sem rekstur farþegaflugs og starfsemi varnarliðs fer fram. Ríkisstjórn Bandaríkjanna mun taka þátt í byggingu nýrrar farþega-

flugstöðvar eftir því sem fjárveitingar heimila og varnarliðsrekstur krefst."

Í þessu sambandi var rætt um að Bandaríkin kostuðu lagningu aðkeyrslubrautar fyrir flugvélar, byggingu flugvélastæða, lagningu vega, þar með talinn nýr bílvegur, svo og endurnýjun á kerfi því sem flytur eldsneyti að flugvélum. Ég endurtek: Þetta samkomulag er gert árið 1974. Það er fyrsta samkomulagið þar sem málið er raunverulega leyst og þar sem spurningunni um þátttöku Bandaríkjamanna við byggingu flugstöðvarinnar er svarað. Þó skal það tekið fram, að í þessu samkomulagi var ekki raunverulega tekin ákvörðun um þátttöku Bandaríkjamanna í byggingu flugstöðvarinnar, þ. e. þeirrar byggingar sjálfrar. Það samkomulag eða tillögur um það komu síðar.

Það gerist árið 1977, að ríkisstj., þá undir forustu framsóknarmanna enn í utanríkismálum, fól þáv. utanrrh. og varaformanni Framsfl., Einari Ágústssyni, að leita eftir því, að Bandaríkjamenn greiddu að mestu kostnað vegna aðskilnaðarins. Fyrstu svör voru á þá leið, að undirtektir voru tregar, en hins vegar var niðurstaða málsins sú haustið 1977, að loknum viðræðum í Washington, að öðru máli gegndi ef byggingin yrði jafnframt til taks sem sjúkrahús og í almannavarnaskyni ef til þyrfti að taka á hættutímum á Keflavíkurflugvelli. Um þetta segir í skýrslu hæstv. fyrrv. utanrrh., Benedikts Gröndals, sem birt var Alþingi í okt. 1979: Þessa hugmynd bar þáv. utanrrh., Einar Ágústsson, undir þáv. ríkisstj., — ríkisstj. hæstv. þáv. forsrh. Geirs Hallgrímssonar, — en í henni áttu sæti m. a. hæstv. núv. utanrrh. og hæstv. núv. forsrh. og var á hana fallist. Eftir nánari umfjöllun tilkynnti sendiherra Bandaríkjamanna í Reykjavík utanrrh. að Bandaríkin væru reiðubúin að taka þátt í fjármögnun byggingarinnar á þessum forsendum.

Það eina, sem gerst hefur nýtt í þessu máli síðan, er það, að nefnd embættismanna hefur fjallað um þetta nánar og komist að sameiginlegri niðurstöðu um tillögugerð að því er varðar kostnaðarskiptinguna. Það gerðist sumarið 1979. Þetta er miðað við hönnun byggingar þar sem gert er ráð fyrir 30% minnkun flugstöðvarbyggingarinnar frá dönsku teikningunum frá 1974, en þó þannig að gert er ráð fyrir stækkunarmöguleikum. Bandarískt fyrirtæki var ráðið til að gera forhönnun á þessum forsendum og það lagði fram tillögur í maí 1979, þrjá kosti, og var einn þeirra valinn. Var þá miðað við að framkvæmdir gætu hafist árið 1981 og þeim yrði lokið árið 1983. Það er því ljóst, þegar stiklað er á stóru um aðdraganda þessa máls, að undirbúningi er lokið og það stendur ekki lengur á neinu öðru en samþykki ríkisstj. og þá samþykki meiri hl. Alþingis ef eftir því er leitað.

Það þarf ekki að rifja það upp í löngu máli fyrir hv. þm., að þegar brtt. var flutt við fjárlagaafgreiðslu af þm. Alþfl. og Sjálfstfl. voru gefin mjög ákveðin svör af hæstv. viðskrh., sem þá gegndi starfi utanrrh., um málið. Þau svör voru að eiginlega var farið fram á að stjórnarandstöðuþm. drægju þessar tillögur til baka á þeirri forsendu að þetta mál kæmi aftur til kasta þingsins við afgreiðslu lánsfjáráætlunar.

Þá erum við komin að því sem öllum er í fersku minni. Það hefur því næst gerst að hæstv. utanrrh. hefur staðið við þá yfirlýsingu sem hann þá gaf þess efnis, að á það yrði látið reyna við afgreiðslu lánsfjáráætlunar og þá í Ed., hvort Alþingi væri reiðubúið að reka endahnútinn á þetta mál með því að veita af sinni hálfu þessa heimild. Þá gerist það undur að þingflokkur Framsfl., sem þá var reyndar nýkominn af miðstjórnarfundi flokksins, nýbúinn að gera stefnumarkandi ályktun rétt einu sinni í þessu máli, kemur á þingdeildarfund Ed. til þess eins að snúa baki við sínum ókrýnda leiðtoga, snúa baki við margyfirlýstri stefnu sinni, snúa baki við öllum undirbúningi þessa máls, sem alla tíð hefur verið undir málefnalegri forustu framsóknarmanna, á þeirri forsendu, að því er manni skilst, að málið sé ekki tímabært, að það sé ekki tímabært að taka ákvörðun um málið. Ályktun miðstjórnar Framsfl. er svo ótvíræð í þessu máli að það er ástæða til að kynna hana enn fyrir þingheimi jafnvel þótt það hafi verið gert áður. Hún hljóðaði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Aðskilnaður hers og þjóðar, meðan erlendur her er í landinu, er grundvallaratriði í stefnu framsóknarmanna, og bygging nýrrar flugstöðvar er forsenda þeirrar stefnu. Ný flugstöð er auk þess skilyrði bættrar ferðamannaþjónustu, og núverandi aðstaða er ósamboðin þjóðlegum metnaði. Aðalfundur miðstjórnar árið 1981 lýsir því eindregnum stuðningi við byggingu nýrrar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli."

Þessi ályktun getur ekki ákveðnari verið. Hún er í fullkomnu samræmi við alla málsmeðferð framsóknarmanna í þessu máli fram að þeim tíma, og það hlýtur að þarfnast einhverrar sérstakrar skýringar, það er meira en lítið annarlegt, að til þess skuli síðan koma að fulltrúar framsóknarmanna í Ed. skuli, þegar þeir eru rétt nýbúnir að rétta upp höndina til samþykkis svo afdráttarlausri yfirlýsingu, snúa baki við henni og greiða atkv. gegn tillögu sem efnislega gengur út á það, að sú stefna, sem þarna er mörkuð, nái fram að ganga. Þeim mun merkilegra er að þegar framsóknarmenn greiddu þannig atkv. gegn nýsamþykktri stefnu sinni í málinu lögðu þeir fram bókun til skýringar sem var efnislega á þá leið, að undirbúningi flugstöðvarbyggingarinnar væri ekki svo langt komið að framkvæmdir gætu hafist á þessu ári og það sé því ekki tímabært að framfylgja stefnu Framsfl. Hér með er gefið í skyn að um leið og undirbúningi málsins yrði eitthvað betur á veg komið, kannske í haust, muni væntanlega ekki standa á hv. þm. Framsfl. að standa við stefnu sína með þm. annarra flokka sem hér eru raunverulega á einu máli að því er varðar afgreiðslu málsins. En nú verður að gera aths. og hún er sú, að það var upplýst áður en þessi málamyndafyrirvari var gefinn og hefur því næst komið fram í blöðum, t. d. í viðræðum við fulltrúa varnarmáladeildar utanrrn., Helga Ágústsson, í Vísi s. l. mánudag, að þessar forsendur fyrir því, að málið sé ekki tímabært, eru efnislega rangar. Það mál stendur ósköp einfaldlega þannig að innan fáeinna daga mætti auglýsa þetta verk til útboðs, og því næst liggur fyrir að það mundi taka 4—5 mánuði að vinna úr tilboðsgögnum og koma málinu raunverulega á framkvæmdastig. Ef fresta á þessu máli til hausts vegna þess að það teljist ekki tímabært eru menn í raun og veru að segja að undirbúningstímann, þ. e. sem fer í að auglýsa útboð og leita tilboða, vinna úr tilboðum og ganga frá verksamningi, vilji menn draga fram yfir áramót.

Nú vita menn að forsenda þess, að þetta mál standist, þar sem um er að ræða samvinnu tveggja þjóða, er einfaldlega sú, að á fjárhagsárinu 1982 þarf að liggja fyrir skuldbinding um þátttöku og fjárveitingu og framkvæmdir helst að vera hafnar, einfaldlega vegna þess að ella er málið úr sögunni, hin bandaríska fjárveiting hefur

ekki gildi nema til októbermánaðar 1982. Málið er þess vegna raunverulega þannig, að hinn eðlilegi framgangsmáti væri sá, ef allt væri með felldu, að þetta verk yrði boðið út þannig að seint í haust lægju öll framkvæmdaatriði fyrir, þá lægi verksamningur fyrir, en það er alkunna, og þarf ekki að hafa um það mörg orð hér á þingi, að ef ætlunin væri að leita eftir fjárveitingu á lánsfjárlögum höfum við næga reynslu fyrir því, að hún var ekki lögð fram fyrr en í endaðan marsmánuð á þessu ári fyrir yfirstandandi ár og gæti svo hæglega farið enn. Maður hlýtur þess vegna að spyrja sjálfan sig: Hvers vegna er það, að framsóknarmenn kjósa að haga sér svona? Þeir hafa, eins og ég hef áður rakið með því að stikla á stórum aðdraganda þessa máls, haft alla forgöngu í málinu. Allt frá árinu 1972, í utanrrh.-tíð Einars Ágústssonar, hafa þeir raunverulega að þessu unnið. Í ársbyrjun 1974 gengu þeir frá samkomulaginu um þátttöku Bandaríkjamanna í lausn málsins og sitja nú enn í ríkisstj., þar sem þeir fara með utanríkismál. Það liggur einnig alveg ljóst fyrir, að sá maður úr þeirra hópi, sem valist hefur til þess að fylgja fram þeim málum, fyrrv. formaður flokksins, er fylgjandi málinu.

Nú þarf út af fyrir sig ekki að fara neitt í grafgötur með það, hvers vegna þetta er. Framsóknarmenn eru með þessum athöfnum sínum að lýsa því yfir, að þeir séu ekki sjálfum sér ráðandi í því pólitíska samstarfi sem þeir nú taka þátt. Það vantar ekki að við höfum heyrt yfirlýsingar þeirra framsóknarmanna um að þeir vilji gjarnan vera kjölfestan í íslenskri pólitík, að þeir telji sig stundum vera kjölfestuna í þessu stjórnarsamstarfi og jafnvel burðarásinn, forustuflokkinn. Það fer ekki milli mála hvernig framsóknarmenn hafa hagað málflutningi sínum, bæði fyrir síðustu kosningar og eins í núverandi stjórnarsamstarfi, að þeir séu flokkur sem láti málefnin ráða. Nú er svo komið fyrir þessum flokki að þrátt fyrir að fyrir liggur að flokkurinn hefur einróma samþykkt á miðstjórnarfundi sínum fylgi við mikilvægt stórmál á sviði utanríkismála, hvika þeir allir þegar til kastanna kemur á þingi, eru ýmist fjarverandi með dularfullum hætti eða leita allra bragða til þess að lenda ekki í þeirri aðstöðu að þurfa að standa við stóru orðin. M. ö. o.: það er svo komið fyrir framsóknarmönnum, eftir því sem best verður skilið, að þeir séu að vísu í grundvallaratriðum enn fastir á sinni sannfæringu, þeir vilji fylgja fram sinni stefnu þegar það er tímabært, — en sumir mundu kannske vilja segja sem svo: þegar Alþb., þessum 11 manna minni hluta á þingi, þóknast að segja þeim að það sé tímabært.

Hver er hin pólitíska afleiðing af þessu? Hún er þessi: Ef framsóknarmenn ætla sér á annað borð að standa við allar sínar fyrri yfirlýsingar í þessu máli og ef þeir ætla síðar, þegar það er tímabært, í haust, að standa við bakið á forustumanni sínum í þessu máli, hæstv. núv. utanrrh., þá hafa framsóknarmenn lýst því yfir, að ef þeir ætli að tryggja að þessi fjárveiting falli ekki niður og af byggingu flugstöðvarinnar verði séu seinustu forvöð hjá þeim að standa við stefnu sína í haust. Hinn stjórnarflokkurinn, 11 manna minnihlutahópur Alþb.-manna, hefur að sínu leyti haldið þannig á málinu að það er alveg ótvírætt að þeir munu ekki geta sætt sig við það og telja sig hafa á því algert neitunarvald í ríkisstj. að af þessari flugstöðvarbyggingu verði nokkuð með þeirra þátttöku í ríkisstj.

Mér sýnist m. ö. o. að hér sé verið að lýsa því yfir, að það sé verið að fresta hinu óhjákvæmilega, þ. e. stjórnarslitum út af þessu máli, vegna þess að það sannast í þessu máli eins og í mörgum öðrum, í efnahagsmálum, í atvinnumálum, í orkumálum, í utanríkismálum, að auðvitað geta þessir tveir flokkar ekki starfað saman. Spurningin er sú, hvor á að beygja hinn. Og spurningin er þessi: Hversu lengi ætla framsóknarmenn að beygja sig undir ofríki ellefumenninganna og selja sinn pólitíska frumburðarrétt í hendurnar á mönnum og aðilum sem þeir geta sýnilega samkv. langri og biturri reynslu ekki starfað með? Þegar sú stund rennur upp í haust skyldi maður ætla að það gerist sem á máli eðlisfræðinnar er kallað að hinn ómótstæðilegi kraftur Alþb. bitni endanlega á hinum óbifanlega massa Framsfl., en þá á að gerast það sem segir í eðlisfræðinni að sé eitt herjans mikið bomsaraboms. Mér skilst að afstaðar framsóknarmanna í málinu þýði það, að framsóknarmenn ætli að fresta bomsinu.

Jóhann Einvarðsson: Herra forseti. Hér liggur fyrir á þskj. 647 till. sem er varðandi lánsheimild vegna byggingar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli. Tel ég mér rétt og skylt að gera nokkra grein fyrir afstöðu minni til þess máls.

Ég er eindreginn stuðningsmaður þess, að hafist verði handa hið fyrsta við byggingu flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli. Til þess eru fyrst og fremst þrjár ástæður: Í fyrsta lagi er starfsaðstaða öll og öryggismál í núverandi byggingu óviðunandi. Í öðru lagi hlýtur það að vera þjóðarmetnaður hvernig fyrsta aðkoma er til landsins og raunar einnig við brottför. Síðast en ekki síst vil ég nefna aðskilnað hers og þjóðar, eins og það hefur verið kallað. Í því sambandi bendi ég á nýja samþykkt síðasta aðalfundar miðstjórnar Framsfl. sem lýst hefur eindregnum stuðningi við byggingu nýrrar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli.

Þegar þessi ríkisstj. var mynduð var gengið frá stjónarsáttmála þar sem kveðið er á um byggingu þessarar flugstöðvar. Ég skil þetta ákvæði stjórnarsáttmálans á þann veg, að það skuli byggja flugstöð á Keflavíkurflugvelli, og í öðru lagi, að það skuli ekki hefja framkvæmdir nema fyrir liggi samþykkt allra aðila að ríkisstj.

Fyrra atriðinu, varðandi það að byggja flugstöðina, hefur hæstv. utanrrh. Ólafur Jóhannesson framfylgt með því að láta endurskoða allar áætlanir og teikningar um bygginguna og er því verki nýlokið. Samið hefur verið við Bandaríkjamenn um ákveðna þátttöku þeirra í byggingu flugstöðvarinnar, m. a. vegna þess að þetta er í raun kostnaður við að aðskilja her og þjóð. Ég er að vísu ekki alveg ánægður með þá samninga, sem gerðir hafa verið við Bandaríkjamenn, og tel að þá þyrfti að endurskoða, en það er annað mál og mun það verða rætt síðar á öðrum vettvangi.

En á síðari hlutann, að það þurfi samþykki allra aðila ríkisstj. til að hefja framkvæmdir, hefur enn ekki reynt formlega innan ríkisstj. þó svo að hæstv. utanrrh. hafi margsinnis rætt þessi mál þar og áskilið sér rétt til að flytja eða fylgja till. sem slíkri sem hér er til umr. Að fengnum þeim upplýsingum, sem ég hef getað aflað mér síðan umr. hófst um svipaða till. í síðustu viku, kemst ég að þeirri niðurstöðu að líkindi til þess, að unnt sé að hefja framkvæmdir í ár, séu sáralítil. Frá því að ríkisstj. hefur tekið ákvörðun um, að hefja skuli þessar framkvæmdir, mun líða nokkur tími þar til útboðsauglýsing er fyrir hendi. Aðilum vinnumarkaðarins þarf að ætla nokkra

mánuði, jafnvel 3-4, til þess að ganga frá tilboðum sínum og byggingarnefnd og réttum yfirvöldum veitir ekki af og þau munu þurfa nokkrar vikur til að yfirfara tilboð, sem fram koma, og ganga frá byggingarsamningi.

Að öllu þessu loknu verður komið mjög nærri næstu áramótum. Þá er loks möguleiki á að hefja framkvæmdir ef þessi samþykkt verður gerð. Það er því að mínu viti ekki nauðsynlegt að á lánsfjárlögum þessa árs sé fé veitt til þessara framkvæmda og mun ég því ekki greiða þessari till. atkv. mitt. En í framhaldi af því, sem ég hef hér sagt nú og reyndar áður á öðrum vettvangi, áskil ég mér rétt, eins og aðrir hafa reyndar gert, til að flytja og/eða fylgja tillögu sem slíkri við afgreiðslu fjárlaga ársins 1982 eða lánsfjárlaga þess árs. Ég legg þó á það ríka áherslu, að innan ríkisstj. þarf að nást samkomulag á næstu mánuðum, jafnvel vikum, svo að unnt sé að hefja framkvæmdir í byrjun næsta árs, svo að næsta ár eða fyrri hluti þess fari ekki einungis í undirbúning og útboðsauglýsingar, svo sem ég rakti fyrr í máli mínu, enda er það einnig forsenda þess, að fjárframlag Bandaríkjamanna falli ekki úr gildi, en það mun vera 1. okt. 1982.

Herra forseti. Mitt mat er það, að sú till., sem hér hefur verið lögð fram, sé fyrst og fremst sýndartillaga, sýndarmennska, til þess eins að reyna og láta reyna á á hvern hátt stjórnarsamstarfið stendur, en það tel ég varla tímabært. Menn leggja kannske misjafnt mat á hvað sé sýndartillaga, en mitt mat er að þetta sé ein af slíkum, þar sem ekki er fyrst og fremst gætt að því að tryggja að framkvæmdir við flugstöðvarbygginguna geti hafist svo fljótt sem unnt er.

Herra forseti. Í framhaldi af því, sem ég hef nú sagt, mun ég ekki geta greitt þessari till. atkvæði mitt.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Aðalástæðan fyrir því, að ég kvaddi mér hljóðs, er að mæla hér fyrir brtt. sem ég flyt, en áður en ég geri það vil ég lýsa undrun minni á því, hversu margir hv. þm., sem hér hafa talað í dag, virðast furða sig á hversu fljótir hv. þm. Framsfl. eru að skipta um skoðun. Hv. þm. Framsfl. eru einhverjir mestu umskiptingar skoðanalega séð sem um getur. Það kemur a. m. k. ekki mér á óvart þó að þeir hagi sér með þeim hætti sem þeir hafa gert í þessu máli. Þeir hafa gert það áður og það oft. (**Gripið fram í:** Þú hefur reynsluna.) Ég hef reynsluna, já, og þess vegna tala ég svona. (**Gripið fram í:** Af að skipta um skoðun?) Nei, ég hef reynsluna af framsóknarþingmönnum. (**Forseti:** Samtal er bannað á fundinum.) Og það er bitur reynsla sem ég hef af þeim hv. þm. Framsfl. einmitt í þessum tilfellum. Mér kemur því ekki á óvart þó að þeir skipti um skoðun eins og þeir skipta um föt. Ég vil því segja í sambandi við þetta: Auðvitað er búið að beygja þá, eins og hv. síðasta ræðumann, auðvitað er búið að leggjast á þessa menn og beygja þá gersamlega í duftið til þess að greiða atkv. gegn eigin ályktun, gegn eigin sannfæringu, og það ætla þeir allir að gera. Eini hv. þm. Framsfl., sem nú situr á Alþ. og fylgir sinni sannfæringu, fylgir fram flokksstefnunni, er hæstv. utanrrh. og hafi hann lof fyrir. Ekki meira um það. Þetta er öllum landslýð ljóst, enda glotta sumir hv. þm. Alþb. yfir því að geta beygt framsóknarmennina svona í duftið. (Gripið fram í. — Forseti hringir.) Vill ekki hæstv. forseti leyfa þm. að tala? Hann má mín vegna tala eins og hann vill. (**Forseti:** Einn í einu.)

Á þskj. 653 hef ég leyft mér að flytja brtt. við það frv. til lánsfjárlaga sem hér er til umr. Forsaga þessarar till. er sú, að við afgreiðslu fjárlaga fyrir jól var fjvn. búin að ganga frá tillögu til fjárveitinga til styrktar skipaiðnaði og búin að leggja fram þskj. með 40 millj. gkr. hærri upphæð en endanlega var afgreidd í fjárlögum. Þetta þskj. var dregið til baka og breytt hugmynd fjvn. og samþykkt sem hún var búin að ganga frá, upphæðin lækkuð um 40 millj. gkr. og fleiri staðir teknir inn. Ég hafði loforð hæstv. samgrh., sem þessi mál heyra undir, að vísu munnlegt, en vil treysta því, fyrir því að þessar 40 millj. gkr., sem voru dregnar frá fjárveitingu til skipaiðnaðar eftir að fjvn. hafði ályktað, yrði teknar inn í lánsfjárlög við afgreiðslu þeirra. Ég lít því svo á að hér hljóti að hafa orðið mistök og menn hafi ekki ætlað að skilja þetta eftir. Ég vil í lengstu lög treysta því og trúa að hæstv. ráðh. standi við gefna yfirlýsingu, þó munnlega hafi verið. Ég vil minna á, dragi menn það í efa, að ég gerði þetta að umræðuefni við afgreiðslu fjárlaga 19. des. s. l. í þingræðu þar sem ég vísaði til loforðs hæstv. samgrh. um málið. Ég tel ófært annað en að við það loforð verði staðið og inn í lánsfjárlög verði tekin 400 þús. kr. heimild til handa ríkisstj. til að standa við það gefna loforð, og um það er tillagan. Hún hljóðar svo:

„Á eftir 27. gr. komi ný grein sem verði 28. gr. og orðist svo:

Fjmrh. er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán að upphæð 400 þús. kr. sem verja skal til skipaiðnaðarverkefna. Fjárhæðin skiptist þannig:

Til Akraness	100 þús. kr.
Til Stykkishólms	20 þús. kr.
Til Ísafjarðar	80 þús. kr.
Til Vestmannaeyja	150 þús. kr.
Til Garðabæjar	50 þús. kr.
Samt.	400 þús. kr.

Samtals vantar 400 þús. á að staðið sé við samþykkt fjvn. við fjárlagaafgreiðslu.

Ég vænti þess, að um þetta þurfi ekki að hafa öllu fleiri orð, og treysti því og trúi, að þm. séu mér almennt sammála um að við loforð af þessu tagi beri að standa.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Hv. þdm. biðja drjúgum um orðið. Ég stefni eindregið að því að ná fram atkvgr. eftir 2. umr. fyrir kvöldverðarhlé og bið um góða samvinnu að svo megi verða.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti.Ég heiti forseta samvinnu minni og skal vera stuttorður.

Ég tel að hv. þm. Jóhann Einvarðsson hafi flutt hér mjög góða ræðu og sterkan röksemdaflutning fyrir byggingu flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli. Það var allt fram undir lok ræðunnar sem unnt var að taka undir hvert einasta orð ræðumanns. En niðurstaðan og ályktunin var því miður þveröfug við röksemdaleiðsluna sem var hin prýðilegasta í alla staði.

Ég hlýt að óska þeim Alþb.-mönnum til hamingju með að hafa getið setið á strák sínum og þagað í þessum umr., svo að ekki færi eins og í Ed. þar sem þeir urðu sér til skammar. En þeir hafa líka til mikils að vinna vegna þess að framsóknarmenn hétu þeim því, að ef þeir þegðu við þessa umr. skyldu framsóknarmenn greiða atkv. eftir fyrirmælum Alþb.-manna. Framsóknarmenn gerðust í þessu máli strengjabrúður í höndum Alþb.-manna.

Það eru auðvitað rök fyrir heimild til lánsfjáröflunar þegar í stað, að útboð og undirbúningur málsins, frá því

að ákveðið er að byggja flugstöðina, tekur alllangan tíma. Það er teflt á tæpasta vaðið ef málinu er skotið á frest, annað hvort til afgreiðslu fjárlaga fyrir 1982 eða fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar fyrir það sama ár, að ég tali nú ekki um ef sú fjárfestingar- og lánsfjáráætlun verður svo seint á ferðinni sem er nú í ár. Ef hins vegar fengist yfirlýsing frá framsóknarmönnum, að ég tali nú ekki um hæstv. utanrrh., um að það þætti eðlilegt að bjóða þessar framkvæmdir út án þess að lánsfjárheimild væri til, þá væri öðru máli að gegna. En ég tel samt að það sé hæpið að sú aðferð verði valin þótt mér finnist hún vel geta komið til mála. Sannleikurinn er sá, að framsóknarmenn segja að stjórnarsáttmálinn kveði á um að flugstöðin skuli byggð, en hins vegar að stjórnarsáttmálinn kveði á um að það sé á valdi hvers stjórnaraðila að kveða á um hvenær flugstöðin skuli byggð. Ef þetta er réttur skilningur á stjórnarsáttmálanum verður að fara til Alþb.-manna, eina stjórnmálaflokksins sem hefur lýst sig andvígan byggingu flugstöðvar, og fá samþykki þeirra. Þeir hafa kveðið upp úr um að þeir muni aldrei veita samþykki sitt til byggingar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli með þeim hætti sem nú er ráðgerður. Hins vegar hafa framsóknarmenn, bæði með bókun sinni í Ed. og með skýringum hv. þm. Jóhanns Einvarðssonar nú í Nd., gert það lýðum ljóst að þeir eru skuldbundnir til að fylgja fram byggingu flugstöðvar ekki síðar en við afgreiðslu fjárlaga fyrir 1982 eða í allra síðasta lagi við afgreiðslu fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar fyrir það ár.

Ég lýsi vonbrigðum mínum yfir ístöðuleysi og stefnuleysi framsóknarmanna við afgreiðslu þessa máls ef svo fer fram sem horfir. En ég hlýt þó að fagna þeirri fyrirvaralausu yfirlýsingu framsóknarmanna í Ed. og Nd., að þeir muni fylgja fram byggingu flugstöðvar með fjárveitingu og/eða lánsfjárheimild við afgreiðslu fjárlaga og fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar næsta árs. Það er út af fyrir sig ákveðinn áfangi að hlýða á slíkar yfirlýsingar sem þeir geta þá ekki hlaupið frá. Ég vona samt sem áður, herra forseti, að einhverjir séu þeir úr hópi stjórnarsinna og framsóknarmanna sem greiða fram kominni till. atkv. svo að mál þetta megi nú þegar fram ganga með því að hafnar verði byggingarframkvæmdir við nýja flugstöð á Keflavíkurflugvelli sem er svo brýn nauðsyn sem hv. þm. Jóhann Einvarðsson lýsti einmitt áðan.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það er út af ummælum hv. 5. þm. Reykn. sem ég kveð mér hljóðs. Það kom mér á óvart að hann skuli halda að það sé um sýndarmennsku að ræða hjá okkur þó við viljum fylgja þessu máli eftir. Er í rauninni óverðugt að tala í þessum anda um flugstöðvarbygginguna, jafnmikla áherslu og utanrrh. ríkisstj., fyrrv. formaður Framsfl., Ólafur Jóhannesson, hefur lagt á þetta mál. Það hefur vakið mikla athygli víða, að í þessum efnum skuli Sjálfstfl. geta betur treyst fyrrv. formanni Framsfl. en varaformanni Sjálfstfl. Sýnir það raunar betur en mörg orð að það er rétt, sem hæstv. forsrh. hefur stundum sagt, að varaformannssæti Sjálfstfl. er autt og bíður eftir því að það verði fyllt.

Hér í þessari hv. deild eru tveir ráðh. sem buðu sig fram fyrir Sjálfstfl. fyrir síðustu kosningar, hæstv. landbrh. og hæstv. dómsmrh. Hæstv. dómsmrh. hefur í hópi sjálfstæðismanna einmitt fjallað sérstaklega um þau mál, er varða vestræna samvinnu, og skilur þess vegna kannske miklu betur en hæstv. forsrh. að á miklu ríður að þessi mál fari skaplega fram. Nú ætla ég ekki að biðja um neinar skýringar frá hæstv. landbrh. á því, hvað ráði hans atkvæði — hef satt að segja ekki áhuga á því — en vildi mega spyrja hæstv. dómsmrh. um hver afstaða hans sé í þessu máli með hliðsjón af þeim mörgu trúnaðarstörfum sem hann hefur gegnt varðandi þessi mál á vegum þingflokks Sjálfstfl. á umliðnum árum.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég er fús til samkomulags við hæstv. forseta um að hægt verði að stilla umr. í hóf svo að menn geti gengið að snæðingi. En ég fæ ekki betur séð en hér séu dúkuð borð fyrir ákveðinn hóp þm. sem þegar sé sestur að snæðingi, svo að vitnað sé í fleyg orð hæstv. utanrrh. Ólafs Jóhannessonar, sem voru raunar mælt um aðra þm. en dúkuð eru borðin fyrir hér í dag, svo að mér finnst a. m. k. þeim ekkert liggja óskaplega mikið á að komast að öðrum snæðingi en þeim sem hér á að fara fram.

Það var þörf ábending hjá hv. þm. Halldóri Blöndal, að í öllum þessum umr., sem hér hafa farið fram, hafa menn alveg gleymt sjálfstæðismönnunum sem eiga aðild að ríkisstj. Þeir hafa algerlega gleymst. En menn mega ekki gleyma því heldur, að í umr. eins og þessum og í afskiptum mála eins og hér er í á ferðinni greiða þeir hæstv. ráðh. ekki atkvæði varðandi efnisatriði málsins eða með hliðsjón af því, heldur greiða þeir atkvæði þá með eða móti eigin ráðherrastólum. Menn verða þá að virða þeim til vorkunnar þó svo þeir gangi í hverju málinu á fætur öðru gegn yfirlýstri stefnu sinni því að hæstv. ráðherrar kjósa þá ekki um málin, heldur stólana sem þeir sitja í.

Annars held ég, herra forseti, að það hafi verið að bera í bakkafullan lækinn sú ræða sem hv. þm. Jóhann Einvarðsson flutti hér áðan. Hún var ekki honum né flokki hans til mikils sóma, a. m. k hef ég ekki áður í þessum umr. heyrt framsóknarmenn bera fyrrv. formanni Framsfl., hæstv. utanrrh., það á brýn að afstaða hans til tillagna um flugstöð á Keflavíkurflugvelli, sem fram hafa komið hér í deildum þingsins, mótist af sýndarmennsku. Hv. þm. Jóhann Einvarðsson er fyrsti þm. Framsfl. sem tekur svo mikið upp í sig að segja að till., sem byggist á sömu hugmynd og till. sem greidd voru atkvæði um í Ed. og hæstv. utanrrh. greiddi atkvæði sitt, sé sýndarmennskutillaga. Svo langt hafa jafnvel ekki Alþb.-menn gengið í þessum umr. að ásaka hæstv. utanrrh. um sýndarmennsku í þessu sambandi. Menn skulu gera sér grein fyrir að sú ásökun hittir jafnt hæstv. utanrrh. sem okkur stjórnarandstæðinga vegna þess að í þessu máli er hæstv. utanrrh. sammála okkur. Séum við ásakaðir fyrir flutning sýndarmennskutillögu, hversu alvarleg hlýtur sú ásökun þá ekki að vera á hendur hæstv. utanrrh., sem gegnir því starfi í erindum og í umboði þingflokks Framsfl.

Rökstuðningur hv. þm. Jóhanns Einvarðssonar var líka sérkennilegur. Hann hélt því m. a. fram í ræðu sinni, að það þyrfti ekki að koma í veg fyrir að útboð gæti farið fram á flugstöðinni á þessu ári þó svo að ákvörðun um fjáröflun yrði ekki tekin fyrr en í árslok, en í sömu andránni taldi hann sérstaka nauðsyn á að ákvörðun um fjárútvegun yrði tekin fyrir áramótin svo að útboð drægist ekki langt fram á næsta ár. Þessi rökstuðningur gengur náttúrlega ekki saman, eins og kom fram hjá hv. þm.

Ég get því miður ekki sagt eins og hv. þm. Geir Hall-

grímsson, að ég líti svo á að yfirlýsing hv. þm. Jóhanns Einvarðssonar sé skuldbindandi fyrir Framsfl. í þessu máli. Hverjir hafa undirgengist meiri skuldbindingar en framsóknarmenn í málinu nú þegar? Það var varaformaður Framsfl. og þáv. utanrrh. flokksins sem átti allt frumkvæði að þessu máli þegar hann undirritaði samkomulagið við Bandaríkjastjórn 22. okt. 1974. Var það ekki nægileg skuldbinding fyrir Framsfl.? Það er núv. utanrrh., fyrrum formaður Framsfl., sem lýsti vilja sínum í Ed. þegar hann greiddi atkvæði till. sem hv. þm. Jóhann Einvarðsson kallar nú sýndarmennskutillögu. Var það ekki hér á árunum áður talin nægileg skuldbinding fyrir Framsfl. að slíkur maður talaði í hans nafni? Og það var hæstv. viðskrh. Tómas Árnason sem óskaði eftir því við okkur stjórnarandstæðinga um s. l. áramót, að við féllumst á að draga til baka till., sem við höfðum þá flutt um fjárveitingu á fjárlögum til flugstöðvarinnar, vegna þess að hann tók það sérstaklega fram, að Framsfl. og utanrrh. mundu undirgangast þá skuldbindingu, ef ég mætti segja svo, að láta málið ganga til afgreiðslu við afgreiðslu lánsfjáráætlunarinnar nú. Hvernig hefur verið við þá skuldbindingu staðið? Nei, hæstv. forseti, það er ósköp lítið hald í slíkum skuldbindingum sem menn hlaupa jafnharðan frá og á þær reynir.

Öll framkoma Framsfl., að hæstv. utanrrh. einum undanteknum, í þessu máli hefur verið sú að færa fram sömu rök fyrir nauðsyn framkvæmdarinnar og við tillögumennirnir höfum gert. Þeir hafa lagt áherslu á að sú framkvæmd væri í anda þeirrar sannfæringar og þeirrar stefnu sem flokkurinn hefur gefið út. En þeir hafa jafnframt sagt eins og hæstv. viðskrh. sagði um s. l. áramót þegar á reyndi: Ég ætla ekki að standa við sannfæringu mína núna, ég ætla að gera það í vor. — Síðan, þegar að því kom að hann þurfti að greiða atkvæði, hljóp hann af þingi einum degi áður en hann hafði ástæðu til til þess að sleppa við atkvgr. Svo segja menn eins og hv. þm. Jóhann Einvarðsson sagði hér áðan eftir sinn prýðilega rökstuðning: Mín sannfæring er sú, að flugstöðin skuli byggð. Ég ætla ekki að standa við sannfæringu mína núna. Ég ætla að standa við hana í haust.

Það er hins vegar nokkuð lærdómsríkt fyrir þá Alþb.-menn að geta vitnað til þess, að ítrekað skuli það henda hér á Alþingi Íslendinga í málum eins og þessum, þar sem eigast við annars vegar 49 þingmenn annarra flokka en Alþb. og hins vegar 11 Alþb.-menn, að af 60 þingmönnum skuli 11 mynda meiri hluta hér á Alþingi, en 49 skoðast sem minni hl. Það skyldi nú ekki vera að það væri til þess ætlast, áður en allt of langt um líður, að hv. þm. Alþb., og þá ekki síst sá sem situr nú beint á móti mér, hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson, verði látnir borga dálítið fyrir þennan greiða — eða öllu heldur ekki þeir, heldur almenningur í þessu landi og þá einkum og sér í lagi launafólkið? Ætli ýmsir aðilar í ríkisstj., m. a. þeir sem minnst hafa nálægt þessum umr. komið, þykist ekki geta gert nokkurt tilkall til þessara 11 þm. um fórnir, ekki af þeirra hálfu, heldur af hálfu launþega í landinu, fyrir það sem Alþb.-menn hafa fengið fram við þessa afgreiðslu?

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Ég skal vera stuttorður.

Ég vildi aðeins undirstrika og vekja athygli á því sem fram kom í ræðu frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn., hv. 1. þm. Vestf., þar sem hann fór með upplýsingar sem fram komu á nefndarfundi í morgun. Þar var deildarstjóri varnarmáladeildar utanrrn. mættur og upplýsti að 6 mánuðir væru frá því að ákveðið væri útboð vegna flugstöðvarbyggingar þar til hægt væri að hefja framkvæmdir. Ef þetta er skoðað með tilliti til þeirrar reynslu, sem við höfum nú af þeim þm. sem segjast vilja standa að byggingu, með tilliti til þeirrar reynslu, sem við höfum af meiri hluta Alþingis við afgreiðslu fjárlaga og lánsfjáráætlunar, þá skulum við gera okkur grein fyrir því, að það er ekki verið að fresta ákvörðun til næstu áramóta ef núv. ríkisstj. situr þá. Það er verið að fresta ákvörðun fram á næsta vor. Það hvarflar ekki að neinum þm. að lánsfjáráætlun verði þá til afgreiðslu fyrr en nú er og eins og verið hefur. Það er því mikil þversögn í því að koma hér upp og segjast vera samþykkir því, að flugstöðin verði byggð, og greiða atkvæði gegn þeirri till., sem flutt hefur verið, og þar með gera sitt til að fresta afgreiðslu þessa máls — hversu lengi veit enginn.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 19:2 atkv.
2. gr. samþ. með 18:4 atkv.

Brtt. 648,1 felld með 19:16 atkv.

3. gr. samþ. með 19:7 atkv.

Brtt. 647,a felld með 18:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GeirH, HBl, JS, JÞ, KP, MHM, MB, MÁM, SighB, SteinG, VG, AG, ÁG, JBH, BÍG, EH, FrS, SvH.

nei: GS, GJG, GHelg, HÁ, HG, IGuðn, IGísl, JE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, StH, SvG, ÞS, AS FÞ.

4 þm. (GGÞ, ÓE, PS, SV) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég geri eftirfarandi grein fyrir atkv. mínu:

Með því að hér er um brýna þjóðnauðsynlega framkvæmd að ræða, allar áætlanir, teikningar og útboðsskilmálar eru fyrir hendi, öllum undirbúningi er lokið og frestun ákvörðunar um málið stefnir byggingu nýrrar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli í hættu, svo að ekki verður séð fyrir hvenær sú framkvæmd verður að veruleika, segi ég já.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Fyrir hönd þm. Framsfl. hér í deildinni vil ég taka eftirfarandi fram:

Aðalfundur miðstjórnar Framsfl., sem haldinn var 3.—5. apríl s. l., lýsti stuðningi við byggingu nýrrar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli, enda er það forsenda fyrir aðskilnaði hers og þjóðar sem Framsfl. leggur höfuðáherslu á. Við myndun þeirrar ríkisstj., sem nú situr, samþykktu þingflokkur og framkvæmdastjórn Framsfl. hins vegar að ekki yrði ráðist í framkvæmdir við flugstöðvarbyggingu á Keflavíkurflugvelli nema með samkomulagi allrar ríkisstj. Framsfl. mun vinna að því, að samkomulag náist í ríkisstj. um byggingu flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli. Slíkt samkomulag liggur enn ekki fyrir. Því er ekki tímabært að ákveða nú lántöku vegna byggingar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli og því segi ég nei.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Með vísan til samþykktar miðstjórnar Framsfl. í þessu máli og með því að draga af henni rökrétta ályktun segi ég já.

Eggert Haukdal: Herra forseti. Fyrir löngu hefði átt að vera komin ný flugstöð á Keflavíkurflugvelli og þar með venjulegt farþegaflug aðgreint frá herstöðinni. Það má vel vera að flugstöðin sé of stór samkv. nýjustu teikningum eins og flugið er núna. Það þarf að endurskoða svo og að kostnaðarhlutdeild Bandaríkjamanna í byggingunni verði *miklu meiri*. Ég segi já.

Brtt. 647,b felld með 18:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SteinG, VG, AG, ÁG, JBH, BÍG, FrS, GeirH, HBl, JS, JÞ, KP, MHM, MB, MÁM, SighB, SvH.

nei: StH, SvG, ÞS, AS, FÞ, GS, GJG, GHelg, HÁ, IGuðn, IGísl, JE, ÓÞÞ, PP, OJ, RA, SkA.

EH greiddi ekki atkv.

4 þm. (GGÞ, ÓE, PS, SV) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ein helsta röksemdafærsla Alþb. gegn lántöku til undirbúnings smíði flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli var einfaldlega sú, að fjármagn skorti til innlendra flugvalla, öryggistækja og annars búnaðar. Ég fellst á röksemdafærslu Alþb. að því leytinu að allan þennan búnað skortir. Þess vegna segi ég já.

4.—9. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 648,2 felld með 19:7 atkv.

10. gr. samþ. með 19:7 atkv.

11.—16. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 648,3 felld með 19:7 atkv.

17. gr. samþ. með 21:14 atkv.

18.—19. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

20. gr. samþ. með 19:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StH, SvG, ÞS, AS, EH, FÞ, GS, GJG, GHelg, HÁ, HG, IGuðn, IGísl, JE, ÓÞÞ, OO, OJ, RA, SkA.

nei: SteinG, VG, ÁG, BÍG, FrS, GeirH, HBl, JS, JÞ, KP, MHM, MB, MÁM, SigH, SvH.

AG, JBH greiddu ekki atkv.

4 þm. (SV, GGÞ, ÓE, PS) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég tel hvorki ástæðu til að setja hér hámark á að tekjur Erfðafjársjóðs megi ekki fara yfir 6 millj. kr, né ákvæði um að það, sem umfram kann að innheimtast á þessu ári af erfðafjárskatti, renni í ríkissjóð. Ég tel að Erfðafjársjóður eigi að fá allar þær tekjur sem innheimtast, og mér finnst það sérstaklega viðeigandi á ári fatlaðra að klípa ekki af þessum tekjum og láta renna í ríkissjóð, og því segi ég nei.

21.—25. gr. samþ. með 20:1 atkv.

Brtt. 648,4 felld með 18:7 atkv.

26. gr. samþ. með 20:6 atkv.

27. gr. samþ með 25 shlj. atkv.

Brtt. 653 tekin aftur til 3. umr.

Brtt. 648,5 felld með 19:7 atkv.

28. gr. samþ. með 21:1 atkv.

29.—30. gr. samþ. með 18:3 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Olíugjald til fiskiskipa, frv. (þskj. 435, n. 618 og 619). — 2. umr.

Frsm. 1. minni hl. (Karvel Pálmason): Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls gerði ég grein fyrir minni afstöðu til þessa frv., sem er um framlengingu á olíugjaldi til fiskiskipa. Ég þarf því ekki að hafa um það mörg orð nú, en eins og fram kemur á þskj. 618 varð sjútvn. þessarar hv. deildar ekki sammála í afstöðunni til frv. Við þrír nm. leggjum til að frv. verði fellt. Það eru hv. þm. Pétur Sigurðsson og Halldór Blöndal ásamt mér.

Þar er nú fyrst til að taka, að það er auðvitað óhæfa að vera að afgreiða mál sem þetta þegar komið er undir lok vetrarvertíðar. Hér er um að ræða ákvæði sem átti að taka gildi um s. l. áramót. Vissulega er þetta ekki í fyrsta skipti sem mál sem þetta dregst á langinn, en þó hygg ég að þetta sé með því lengsta sem dregist hefur að ákvarða í máli sem þessu.

Það hefur komið fram í umr. um þetta mál, ekki bara núna í sambandi við þetta frv., heldur og oft áður, að almennt eru menn sammála um að þessi gjaldtaka sé raunar með öllu óhæf. Hæstv. sjútvrh. hefur þrívegis fylgt úr hlaði frv. um olíugjald og í öll skiptin hefur hæstv. ráðh. talað gegn gjaldinu í því formi sem það nú er og hefur verið. Fyrst þegar hæstv. ráðh. lagði fram frv. eftir að hann tók við embætti sjútvrh, var það um lækkun úr 7.5% í 2.5%. Síðan hefur þetta hækkað aftur í meðförum hæstv. ráðh. og ríkisstj. og er nú í 7.5%, eins og það var þegar hæstv. ráðh. tók við. Þarna skýtur auðvitað skökku við. Þegar hæstv. ráðh., sem frv. flytur talar svo eindregið gegn því, sem gerst hefur í þrjú skipti, er með öllu óskiljanlegt hver kúvending hæstv. ráðh. er frá því að hann talar fyrir frv. og þar til hann leggur til og leggur blessun sína yfir að það verði samþykkt. Sama á og við um hv. þm. Garðar Sigurðsson, formann sjútvn., því hann hefur í öll skiptin, sem frv. af þessu tagi hefur verið til meðferðar hér á Alþingi, fordæmt það hinum hörðustu orðum og talið það óskynsamlegt á allan hátt, en á sama hátt og hæstv. ráðh. alltaf greitt atkvæði með því, að málið næði fram að ganga. Þetta er auðvitað með öllu óskiljanlegt. Þó ekki sé meira sagt er öllum þeim, sem eru með vísitölugreind fyrir ofan meðallag, óskiljanlegt að menn skuli haga sér með þessum hætti, hvort sem um er að ræða hæstv. ráðh. eða hv. þm. formann sjútvn.

Ég minnti á það hér, bæði í okt. s. l., þegar sams konar frv. var hér til umræðu, svo og við 1. umr. þessa máls nú, að þarna skyti ekki hvað síst skökku við í ljósi þess að hæstv. sjútvrh. lofaði að beita sér fyrir því á s. l. vori — þegar vestfirskir sjómenn áttu í kjaradeilu lofaði hann vestfirskum sjómannasamtökum því — að þetta olíugjald yrði lækkað og með öllu afnumið. Það er að vonum að sjómannasamtökunum þyki leitt að ekki skuli vera hægt að byggja á loforðum ráðamanna, ekki síst hæstv. ráðh., og að þeir skuli ganga þvert gegn þeim loforðum sem gefin eru.

Með nál. eru birt tvö fskj. Annars vegar er fskj. I. Það er yfirlýsing frá stjórn Sjómannafélags Ísfirðinga þar sem þetta er rakið frá þeirri deilu, sem ég áður nefndi, og bent á hver loforð hæstv. ráðh. gaf sjómönnum á Vestfjörðum. Raunar á það ekki einungis við um sjómenn á Vestfjörðum. Það hefði að sjálfsögðu gilt um alla sjómannastéttina þó að loforðið hafi verið gefið vestfirskum sjómönnum.

Ekki þarf fram að taka að sjómannasamtökin hafa frá fyrstu tíð verið andvíg þessari gjaldtöku í því formi sem hún er. Þau hafa mótmælt henni og margítrekað þau mótmæli sín og síðast á þingi Sjómannasambands Íslands á s. l. hausti. Þar voru samþykkt eindregin og harðorð mótmæli gegn áframhaldandi olíugjaldi í því formi sem það nú er og eins og þetta frv. gerir ráð fyrir að það verði.

Einnig er birt sem fskj. í nál. bréf frá Sjómannasambandi Íslands, undirskrifað af formanni þess, Óskari Vigfússyni, þar sem enn eru ítrekuð mótmæli sjómannasamtakanna við þessari gjaldtöku.

Það er því ljóst að frv. sem þetta verður einungis til þess að auka þann ófrið sem verið hefur milli sjómanna og stjórnvalda um þetta mál, ekki síst í ljósi þeirra loforða sem hæstv. sjútvrh., að ég hygg í nafni allrar hæstv. ríkisstj., gaf í sambandi við lausn sjómannadeilunnar á Vestfjörðum.

Ég skal ekki, herra forseti, fara öllu fleiri orðum um þetta mál. Mín afstaða hefur verið ljós. Við þessir þrír nm. í sjútvn. leggjum eindregið til að frv. verði fellt þannig að það nái ekki fram að ganga, en lýsum okkur reiðubúna að kanna allar hugsanlegar leiðir til að breyta þessu fyrirkomulagi. Við teljum, eins og við höfum áður lýst yfir, að vissulega sé rekstrarvandi útgerðarinnar mikill vegna sívaxandi olíuhækkunar, en þann vanda eigi ekki að leysa með því að rýra kjör sjómanna einna saman. Það hlýtur að vera í þessu tilfelli eins og í sambandi við aðrar olíuverðshækkanir að þar eigi þjóðarheildin að taka á sig byrðar, en ekki þessi eina stétt, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir að verði.

Frsm. 2. minni hl. (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Alþfl. hefur talað gegn olíugjaldi. Ég hef ekki tölu á því hversu oft hv. þm. Alþfl. hafa snúist í olíugjaldsmálinu. Hvenær byrjaði olíugjaldið? 2. mars 1979. Þá var sjútvrh. núv. formaður Alþfl. Hann gerði það með stuðningi sinna félaga að lögum. Síðan hefur hv. þm. Karvel Pálmason hamast á þeim eftir mætti, sem er sem betur fer lítill.

Það hvimleiðasta við meðferð þessa máls hér í hv. Alþingi að mínum dómi er að sífellt hafa menn fundið að þessu fyrirkomulagi þó að þeir hafi ekki enn þá komið auga á neina betri aðferð. Þess vegna höfum við, sem skiljum þennan vanda, metið það í rauninni nauðsynlegt eins og á stendur, á meðan annað kemur ekki í staðinn, að samþykkja gjaldið. Eins og nú stendur á getum við raunar ekki annað gert vegna þess að gjaldið er afturvirkt frá áramótum.

Yfirleitt er varla sæmandi að hafa þennan hátt á við meðferð slíkra mála, að láta frv. koma svo seint sem í fjórða mánuði þó þau eigi að gilda sem lög frá áramótum. En það er komið sem komið er og við gátum varla afgreitt þetta fyrr frá nefndinni. Þar hef ég notið góðrar samvinnu við alla nm. Þó að n. hafi klofnað í afstöðu til málsins væri rangt að segja að nm. hefðu með nokkrum hætti reynt að tefja fyrir afgreiðslu þessa máls.

Hæstv. ráðh. talaði fyrir olíugjaldinu síðari hluta ársins 1980 og fann þá gjaldinu ýmislegt til foráttu. Það höfum við tekið undir að ýmsu leyti. Það hefur verið í mörg horn að líta í meðferð mála og kannske ekki unnist tími til að finna lausn á þessu. En ég vil mælast til þess, að þess verði freistað, þegar annir verða minni og fer að líða á vorið, að hugsa upp aðra lausn sem sé aðgengilegri. Sannleikurinn er sá, að föst prósenta af þessu tagi í olíugjald kemur afar misjafnlega niður. Það er hugsanlegt og raunar staðreynd að sum fiskiskip þurfa lítinn sem engan olíukostnað að greiða af sínum veiðum með 7.5% gjaldi af aflaverðmæti. Þannig getur staðið á og hefur staðið á hjá ýmsum að þeir þurfa litlu til að kosta til að keyra skip sín á olíu. Ég er ekki heldur viss um að það væri rétt að greiða olíuna niður til fiskiskipa með jafnri niðurgreiðslu. Það hefur líka sína ókosti. Það hvetur ekki til sparnaðar. En þarna þurfum við að hugsa upp leið sem yrði til bóta.

Annar galli við meðferð þessa máls hér í þinginu finnst mér einnig vera að það hefur verið hringlað býsna mikið með þetta og á tímabili fannst manni þetta fylgja Rotterdam-verðinu á hverjum tíma. Það er afleitt. Um það gat ég í ræðu þegar þetta mál var til afgreiðslu síðast. Þetta er nú í sjöunda skipti sem við fjöllum um þetta mál í deildinni og við höfum þar allmikla æfingu og ástæðulaust að fjölyrða um þetta. — En mér finnst alveg óþarfi fyrir hv. þm. Karvel Pálmason að býsnast svo mjög yfir þessu máli. Flokksbræður hans hafa hvað eftir annað verið með olíugjaldi og einnig á móti, eftir því hvernig vindurinn blæs hverju sinni. Það er ekki mjög stórmannleg málsmeðferð.

Herra forseti. Við í 2. minni hl. sjútvn. — það er nú ekki svo vel að hæstv. ríkisstj. hafi meiri hl. í nefndinni — höfum rætt þetta mál á fundum okkar og leggjum til að það verði samþykkt. Undir það nál. á þskj. 619 skrifa Garðar Sigurðsson, Halldór Asgrímsson og Páll Pétursson.

Hv. þm. Karvel Pálmason gat um fylgiskjöl, yfirlýsingu frá Sjómannafélagi Ísfirðinga og bréf frá Sjómannasambandi Íslands, sem hefði kannske verið rétt að lesa frá orði til orðs þannig að betur skildist hvað þar stendur. En það stoðar ekki að geta þess, að nú vitum við það í n., eftir að hafa fengið til okkar ágætan mann á fund okkar í dag, Ingólf Ingólfsson, að fulltrúar sjómanna létu þetta kyrrt liggja að þessu sinni við ákvörðun fiskverðs í vetur.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég vil láta það koma fram, að ég stóð ekki að neinu nál. í þessu máli. Ástæðan fyrir því er að ég komst ekki á fund n. þegar málið var afgreitt fyrr en eitthvað 15 mín. eftir að n. kom saman og þá var búið að ganga frá afgreiðslu málsins. Það kom fram hjá formanni n. áðan, að ríkisstj. ætti ekki meiri hl. í n. Ég sé heldur enga ástæðu til þess, að þó ríkisstj. eigi ekki meiri hl. í þessari n. noti þm. sér meirihlutaaðstöðu til að tefja fyrir málum ríkisstj. Ég fyrir mitt leyti vil ekki gera mig sekan um það. Að því leyti til skiptir ekki höfuðmáli hvort ríkisstj. hefur meiri hl. í n. eða ekki ef hún hefur sitt stuðningslið til þess að koma málum fram. Þó að ég sé á margan hátt andvígur afstöðunni til þessa máls er það skylda þm. að greiða fyrir málum, en leggjast ekki á þau.

Ég vil líka að fram komi að hringlað hefur verið mjög með þetta olíugjald til og frá að ástæðulausu — fyrir u. þ.

b. ári sérstaklega með því að lækka það þá verulega og hækka það svo aftur í næstu umferð um 200%. Ég hygg að það hefði verið hyggilegra að halda því óbreyttu og hafa sveiflurnar minni. Þegar þetta gjald fyrst kom á var hins vegar litið á það sem bráðabirgðaráðstöfun og þá voru ekki skiptar skoðanir um að líta þannig á málið, en þar sem þróunin hefur orðið slík sem við vitum, að olían hefur sífellt farið hækkandi samfara því sem stjórnvöld hafa orðið að grípa til margvíslegra ráðstafana í að takmarka veiðar skipa og draga þannig úr tekjum bæði útgerðar og ekki síður sjómanna í því sambandi, hef ég og fleiri varpað fram þeirri hugmynd, að hér ætti að leita annarra úrræða með því að leggja einhvern sameiginlegan skatt á. Ég gæti fyrir mitt leyti vel fallist á það sem málamiðlun að hluti af þessum kostnaði væri lagður á í formi einhvers slíks gjalds, en stærri hlutinn yrði aftur tekinn með sameiginlegum skatti til að lækka þennan olíukostnað.

Á s. l. hausti kom það fram á þessu þingi í nál. okkar stjórnarandstæðinga, að við værum reiðubúnir til samstarfs við stjórnina um að finna einhverja slíka lausn. Hæstv. sjútvrh. hefur ekki viljað ljá á því máls þrátt fyrir marggefnar yfirlýsingar sínar um að hann væri á móti olíugjaldi í þeirri mynd sem það er lagt á og hér er lagt til að gert verði. Þrátt fyrir allar þessar mörgu yfirlýsingar heldur hann áfram að leggja þetta gjald á með þeim hætti sem við erum andvígir. Það er því hans sök eða ríkisstj. að engin tilraun hefur verið gerð til breytinga í þessu efni.

Ég tek alveg undir þá gagnrýni formanns n. og hv. þm. Karvels Pálmasonar að það er auðvitað mjög ámælisvert hversu seint þetta frv. er á ferðinni, þegar svo langt er liðið á vertíðina. Ég tel að með þessu fyrirkomulagi sé þetta gjald sett á á ábyrgð þeirra þm. sem ríkisstj. styðja. Hæstv. sjútvrh. eða ríkisstj. hafa vafalaust fengið umboð stuðningsmanna ríkisstj. að gefa þetta fyrirheit við fiskverðsákvörðunina og þá er það þeirra að standa við það.

Ég tek alveg undir það, að útgerðin þarf á þessu fjármagni að halda og þó meira væri. Því óskaði ég eftir því við formann n., að hann fengi skriflega yfirlýsingu frá oddamanni yfirnefndar Verðlagsráðs um hvort þetta gjald hafi verið ein af forsendum þess, að samningar tókust um fiskverð milli oddamanns, sem er fulltrúi ríkisvaldsins, og fulltrúa seljenda og kaupenda. Það kemur fram í bréfi oddamanns, sem er dagsett 2. apríl:

„Vegna fyrirspurnar skal tekið fram að við ákvörðun fiskverðs frá 1981 var bókað í fundargerð yfirnefndar Verðlagsráðs sjávarútvegsins að forsenda verðákvörðunar væri að olíugjald til fiskiskipa yrði 7.5% af skiptaverði."

Við afgreiðslu verðákvörðunar lá fyrir samþykkt ríkisstj. um þetta efni. Ríkisstj. skuldbindur sig til þess að lögfesta þetta olíugjald. Ríkisstj. óskar ekki eftir að hafa neitt samráð eða samstarf við stjórnarandstöðuna í þessum efnum. Því er stjórnarandstaðan á engan hátt bundin af því að verða við þessu erindi. Hins vegar treysti ég ekki hæstv. ríkisstj. til að standa við það fyrirheit að bæta útgerðinni þetta peningalega upp nema þetta frv. verði samþykkt eins og það liggur nú fyrir því þetta hefur í raun verið í gildi frá 1. jan. s. l. Ég mun því ekki greiða atkvæði fyrir mitt leyti á móti þessu frv. þó að ég telji mig á engan hátt skuldbundinn til að styðja það og gæti þess vegna með tilliti til skoðunar minnar á málinu greitt atkvæði á móti. Þar sem svo langt er liðið á vertíðina og þessi skuldbinding er gefin við fiskverðsákvörðun vil ég ekki greiða atkvæði gegn frv., þó að ég geti efnislega algjörlega verið samþykkur því nál. sem hv. þm. Karvel Pálmason talaði fyrir.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Hv. frsm. 1. minni hl., Karvel Pálmason, var hér með ýmsar fullyrðingar sem mér sýnist ég verði að leiðrétta. Það sama kom einnig fram í áliti þessa minni hl., á miðri síðu nokkurn veginn. Þar segir: „loforð ráðherra sem gefin voru" um afnám olíugjalds o. þ. h. í sambandi við kjaradeilu sjómanna á Ísafirði.

Ég er hér með afrit af þeim loforðum sem ég gaf, skrifuð til sáttasemjara og lesin upp fyrir sjómenn á Ísafirði. Hver voru þessi loforð? Í fyrsta lagi var loforð um frítt fæði. Þar segir með leyfi forseta:

„1. Ég tel rétt að deiluaðilar sendi stjórn Aflatryggingasjóðs bréf þar sem óskað sé eftir ýmsum lagfæringum, m. a. um samræmingu tveggja efstu flokkanna og að nýr flokkur verði stofnaður vegna útileguskipa sérstaklega. Athugun á slíkum breytingum er þegar hafin. Að því er ég best veit er þó þörf lagabreytinga. Fyrir slíkum lagabreytingum mun ég beita mér eins og frekast verður talið fært."

Hvernig hefur þetta verið efnt? Þetta er komið til framkvæmda og meira að segja látið ná aftur fyrir sig, sem þó er ekki lofað í þeim orðum sem hér eru sett á blað og voru lesin. Hins vegar mun hæstv. menntmrh., þegar hann gegndi störfum fyrir mig, hafa talið að þetta ætti að gilda frá 1. júní og ég lét það vera svo. Það var satt að segja ekki með samþykki stjórnar Aflatryggingasjóðs. Það var raunar gert þvert gegn tillögum hennar.

„2. Frívaktavinna. Ég er tilbúinn að skipa menn í nefnd með deiluaðilum til að kanna og leggja mat á vinnuálag og vinnutíma sjómanna á Vestfjörðum. Við þá athugun yrði tekið mið af vökulögum, samningsbundnum frítímum sjómanna og vinnuálagi sjómanna í öðrum landshlutum."

Þetta var ekki talið nauðsynlegt þegar málið var rætt og mér sagt að þetta yrði kannað á vegum sjómannasamtakanna sjálfra. Því hefur ekki verið kallað eftir manni frá mér í þessa athugun.

„3. Lögskráning. Ég hef og mun leggja áherslu á að frv. það, sem er þegar komið til nefndar í Ed. Alþingis, verði afgreitt á þessu þingi."

Það var gert. Frv. var afgreitt.

„4. Réttur sjómanna til launa í veikinda- og slysatilfellum. Ég hef og mun áfram leggja á það ríka áherslu að frv. það, sem komið er til nefndar í Nd. Alþingis um breytingu á 18. gr. sjómannalaga, verði afgreitt á þessu þingi."

Þetta var afgreitt og er komið til framkvæmda. Ég leyfi mér því að fullyrða að öll þau loforð, sem ég gaf sjómönnum á Vestfjörðum í sambandi við kjaradeiluna þar og að mér snúa, hafi verið efnd, enda segja sjómenn í sinni yfirlýsingu ekkert um loforð. Þeir tala um skýlausa yfirlýsingu mína um að leita eigi annarra leiða með olíugjaldið. Hins vegar hefur hv. þm. leyft sér að snúa þessu þannig í því áliti, sem hann lætur frá sér fara, og í orðum sínum hér, að um skýlaust loforð ráðh. sé að ræða, eins og hann orðaði það áðan.

Ég þarf út af fyrir sig ekki að fara mörgum orðum um þetta olíugjald. Ég hef sagt hvað eftir annað að ég vilji leita annarra leiða til að mæta vaxandi olíukostnaði fiskiskipa og hefur sleitulaust verið að því unnið. Ég hef hins

vegar sagt hér hvað eftir annað, að ég vil og tel rétt að það verði gert með samkomulagi við aðila þessa máls, en ekki gegn þeim. Ég hef einnig lýst þeirri nefnd, sem að þessum málum hefur starfað, og fundum, sem hún hefur átt og ekki náð samstöðu. Ég hef sjálfur átt fundi með þessum aðilum. Ég hef rætt við fulltrúa sjómanna og útgerðarmanna, bæði í sambandi við fiskverðsákvarðanir og fleira, um aðrar leiðir til þess að mæta olíukostnaði. Ég hef ekkert farið leynt með það, að ég tel koma til greina að greiða a. m. k. hluta af olíukostnaði af óskiptu. Við það hafa sjómenn ekki heldur viljað sætta sig. Ég hef einnig sagt að mér sýnist vel koma til greina að athuga þá leið, sem meiri hl. nefndarinnar benti á við olíugjaldsákvörðun á undan þessari, að afla sérstakra tekna til að greiða að einhverju leyti niður olíu. Þetta hef ég rætt við hlutaðeigandi aðila. En staðreyndin er sú, að þeir eru ekki heldur sammála um það. Þetta mál er því í athugun.

Mín afstaða til þessa máls er ekkert breytt, en staðreyndin er sú, að stundum er erfitt að afnema það, sem sett er í lög, þótt vitlaust sé. Það gerði hv. núv. formaður Alþfl., og hv. þm., Alþfl.-maðurinn Karvel Pálmason, mælir nú mjög gegn þeirri tilhögun sem hann kom á.

Ég vil hins vegar segja þetta út af því sem hv. 1. þm. Vestf. sagði áðan: Ég hef sannarlega ekki gleymt tilboði hv. þm. og fleiri að aðstoða við öflun tekna til að greiða niður olíugjald eftir öðrum leiðum. Ég tel hins vegar nauðsynlegt að það mál sé rætt, eins og ég hef sagt við hagsmunaaðila. En það er ekki öll nótt úti enn. Vel má vera að ég óski eftir aðstoð hv. þm. og fleiri til að leysa slíkt mál. Ég tel vel koma til greina að skoða það, ekki síst með enn hækkandi olíuverði.

Frsm. 1. minni hl. (Karvel Pálmason): Herra forseti. Hv. þm. Garðar Sigurðsson sagði áðan að fulltrúar sjómanna hefðu látið þessa verðákvörðun í ljósi 7.5% olíugjaldsins kyrra liggja. Nauðsynlegt er þá að skjalfest verði í umræðum svar Sjómannasambands Íslands eða forseta þess við fyrirspurn minni. Það hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Vegna fyrirspurnar þinnar um afstöðu Sjómannasambands Íslands til laga um 7½% olíugjald til fiskiskipa vill stjórn sambandsins taka fram eftirfarandi:

Á 12. þingi SSÍ var samþykkt af þingheimi að mótmæla harðlega þá fram komnu frv. til l. um 7½% olíugjald til fiskiskipa.

Í samræmi við ofangreinda samþykkt Sjómannasambandsþings hafa fulltrúar SSÍ bæði í Verðlagsráði svo og á öðrum stöðum, þar sem olíugjaldið hefur verið til umræðu, ítrekað þessi mótmæli.

Þá viljum við taka fram, að þar sem nú liggur fyrir að löggjöf er væntanleg um endurnýjun á þessu gjaldi í tengslum við síðustu fiskverðsákvörðun, þá hefur það í engu breytt fyrri afstöðu okkar, og hefur henni verið komið á framfæri í Verðlagsráði."

Þetta bréf er dagsett 23. mars s. l. Hér er því skýlaus yfirlýsing um það af hálfu sjómannasamtakanna, forseta Sjómannasambands Íslands, að þau hafi alfarið mótmælt þessu olíugjaldi í tengslum við núverandi fiskverðsákvörðun. Það er því rangt, sem hv. þm. Garðar Sigurðsson sagði hér áðan, að fulltrúar sjómanna í Verðlagsráði hafi samþykkt að láta þetta kyrrt liggja. Það er lágmark, a. m. k. þegar menn hafa séð skriflegar yfirlýsingar og staðfestingar, að fara rétt með.

Hæstv. sjútvrh. ræddi um þau loforð sem hann hefði gefið í sambandi við lausn sjómannadeilunnar á Vestfjörðum á s. l. ári. Út af því vil ég víkja að því sem segir, með leyfi forseta, í yfirlýsingu frá stjórn Sjómannafélags Ísfirðinga, það er 3. mgr.:

„Vill stjórnin minna á að við seinustu kjarasamninga gaf núv. sjútvrh., Steingrímur Hermannsson, forsvarsmönnum sjómannasamtakanna á Vestfjörðum skýlausa yfirlýsingu þess efnis, að það væri skoðun hans og stefna að olíugjaldið yrði alfarið fellt úr gildi, og mundi hann vinna að því með öllum tiltækum ráðum að svo yrði sem allra fyrst. Reyndin er sú, að sá hinn sami ráðh. hefur nú þegar beitt sér fyrir hækkun olíugjalds úr 2.5% í 7.5%."

Þessi skýlausa yfirlýsing hæstv. ráðh. um að beita sér fyrir því að afnema olíugjaldið snerist við á þá leið, að hann beitti sér fyrir hækkun á því úr 2.5% í 7.5%. Er það ekki rétt eða vefengir hæstv. sjútvrh. þau orð stjórnar Sjómannafélags Ísfirðinga sem ég hef nú lesið? Er þetta lygi af þeirra hálfu eða er þetta rétt?

Sé þetta rétt fer hæstv. sjútvrh. þveröfugt að, miðað við þá skýlausu yfirlýsingu sem hann gaf vestfirskum sjómönnum við lausn sjómannadeilunnar á s. l. ári. Menn geta ekki endalaust skotið sér undan því að vera ábyrgir orða sinna. Ég óska eftir því, að hæstv. ráðh. komi hér upp á eftir og segi til um hvort það er rangt hjá stjórn Sjómannafélags Ísfirðinga sem í þessari yfirlýsingu segir eða ekki. Það er ósköp einfalt fyrir hæstv. ráðh. að segja til um það.

Nokkur orð út af því sem hv. þm. Garðar Sigurðsson sagði um olíugjaldið og raunar hæstv. sjútvrh. líka. Hæstv. sjútvrh. sagði að Kjartan Jóhannsson, núv. formaður Alþfl., hefði komið þessu á. Sat ekki hæstv. núv. sjútvrh. í ríkisstj. líka þá? Var hann andvígur því? (**Sjútrh:** Nei.) Einmitt. Það er nefnilega það sem hefur gerst. Hæstv. ráðh. hefur frá upphafi lagt blessun sína yfir þetta gjald. Þó að hann hafi alltaf talað gegn því hefur hann alltaf greitt atkvæði með því og alltaf lagt til að það væri samþykkt. Samt þykist hann í orði kveðnu í ræðum hér á Alþingi vera á móti því. Þetta er nú til að státa af!

Burt séð frá því, hvort núv. form. Alþfl., Kjartan Jóhannsson, gegndi embætti sjútvrh. þegar þetta gjald var sett á. breytir það í engu skoðun minni. Ég er á móti gjaldinu og ég hef aldrei staðið að því að samþykkja það og geri það ekki.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Í sambandi við þetta mál vekur það náttúrlega fyrst athygli að enn einu sinni er Alþingi látið standa frammi fyrir gerðum hlut. Í 4. gr. frv. er talað um að lögin skuli þegar taka gildi og skuli ákvæði þeirra taka til fiskafla og hlutaskipta frá upphafi til loka árs 1981. Nú er sem sagt komið fram í aprílmánuð. Það liggur við að á hverjum einasta degi, sem þing kemur saman og mál eru afgreidd, séu til umræðu einhverjir pappírar frá ríkisstj. um að það eigi að fara aftur í tímann til að hafa fé af mönnum.

Annað mál er nú til umræðu í fjh.- og viðskn. Nd. Það eru skattamálin, skattalagafrv. Ég hef t. d. spurnir af því, að þær nýju fyrningarreglur, sem þar er gert ráð fyrir, muni kosta eitt útgerðarfyrirtæki í Norðurlandskjördæmi vestra, kjördæmi hæstv. landbrh., um 47 millj. gkr. sem komi eftir á. Eftirtektarvert er um þær hugmyndir, sem þar eru varðandi það mál, að hugmynd ríkisstj. er fyrst og fremst að níðast á frumframleiðslunni, níðast á sjávarútveginum og þeim greinum iðnaðarins sem þurfa á mikilli fjárfestingu að halda, enda virðist sem það sé

markvisst unnið að því af stjórnvöldum að koma í veg fyrir að atvinnufyrirtæki geti endurnýjað atvinnutæki sín, vélakost sinn, þó að það sé náttúrlega forsendan fyrir aukinni framleiðni, bættum lífskjörum og meiri nýtni. Það má tala um það langt mál og skal ég ekki gera það hér, nema leggja áherslu á að ég get ekki tekið undir með 4. þm. Suðurl. og sagt: Það er komið sem komið er — og þess vegna greitt atkvæði með frv. Ég álít að hæstv. ríkisstj. beri fulla ábyrgð á því, sem hér fer fram, og get ekki fallist á það í aprílmánuði að greiða atkvæði með gjaldi sem á að gilda frá 1. jan.

Ég get út af fyrir sig tekið undir það, sem hv. 1. þm. Vestf. sagði áðan, og má vera að ámælisvert sé að reyna ekki að koma frekar til móts við hans sjónarmið og sitja hjá við atkvgr. um þetta mál. En kjarni málsins er náttúrlega sá, að hæstv. sjútvrh. hefur ekki leitað eftir samkomulagi við stjórnarandstöðuna um að koma þessum málum í annað horf. Það er viðurkennt af öllum að olíugjaldið, eins og það er lagt á, hefur margvíslega galla og í rauninni er enginn samþykkur þessari gjaldtöku eins og hún er. Þess vegna hefði verið skemmtilegra að þetta mál hefði borið öðruvísi að og áhersla hefði verið lögð á að reyna að koma hér annarri skipan á.

Út af þeim ummælum hæstv. sjútvrh., að við höfum farið rangt með eða gert honum upp sakir, vil ég aðeins segja það, að ég var ekki viðstaddur viðræður Sjómannafélags Ísfirðinga og hæstv. sjútvrh. og get þess vegna ekki borið sjálfur vitni um það sem fram fór, en sem fskj. með nál. okkar er yfirlýsing frá stjórn Sjómannafélags Ísfirðinga, undirrituð af formanni þess, Gunnari Þórðarsyni, og af einhverjum ástæðum ber þessu bréfi ekki saman við það sem hæstv. sjútvrh. sagði. Ef rifjaðar væru upp ýmsar yfirlýsingar ríkisstj. og loforð og notaðar sem mælikvarða á það, hvor hefði rétt fyrir sér í þessum efnum, hæstv. sjútvrh. eða Sjómannafélagið fyrir vestan, er enginn vafi á að allir mundu hallast á þá sveifina að trúa fremur sjómönnunum.

Ég get tekið sem dæmi eitt: Hér átti að ræða í dag lánsfjáráætlun ríkisstj. Hæstv. forsrh. hafði við orð þegar hann talaði fyrir þeirri áætlun, að verðbólgan hér á landi mundi verða um 40% frá upphafi til loka árs. Þó lá fyrir að þeir menn, sem unnu þessa áætlun, gerðu ráð fyrir því og hafa spáð því, að verðbólgan verði yfir 50%. Og hvorum eigum við svo að trúa fremur varðandi verðbólguþróunina á þessu ári, sérfræðingum Þjóðhagsstofnunar eða einstökum ráðherrum? Raunar bera blaðafregnir með sér að þessi hæstv. ráðh. hafi sagt fyrir austan fjall að verðbólgan yrði ekki nema 35%. (Gripið fram í.) Ja, ég veit ekki. Ætli það? Þá verður búið að skrúfa hana laglega niður. Það mundi verða gefin út sérstök fréttatilkynning austur þar um að hún væri komin niður í 15%, eins og í nóvember. En þá væri ekki heldur von á góðu um næstu mánaðamót. Ég tala nú ekki um ef maður tæki til vitnis hæstv. félmrh. og rifjaði upp hverju hann hefði lofað á undangengnu ári, t. d. varðandi það, að hann mundi standa fast á því að kjör launþega yrðu ekki skert. Ætli formaður Alþb., sem nú er, hafi staðið sig jafnvel og Lúðvík Jósepsson í þeim efnum? Ég er hræddur um að Lúðvík hefði verið búinn að taka gleraugun nokkrum sinnum af sér áður en hann hefði sagt já við því, sem þessi hæstv. félmrh. hefur gert hér í deildinni hvað eftir annað, og hefði ekki látið hafa sig í þvílíkt og annað eins.

Herra forseti. Eins og þessi mál eru vaxin held ég að ég verði að trúa frekar sjómönnunum fyrir vestan.

Frsm. 2. minni hl. (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Það er býsna langt síðan, við í hv. n. afgreiddum þetta mál frá okkur með heiðri og sóma. Það hefur ekki staðið á okkur að koma þessu máli áfram. Það er líklega orðin vika síðan við gengum frá þessu og það hefur ekki sést á dagskránni fyrr en nú.

Ég er ekki einn af þeim sem velgja þennan ræðustól úr hófi, herra forseti, og ég skal vera mjög stuttorður. Þrátt fyrir að ég hefði kannske fulla ástæðu til að segja nokkur vel valin orð í tilefni af ræðu hv. þm. Karvels Pálmasonar ætla ég að láta það kyrrt liggja að sinni. Hann bar sig listilega í þessum stól áðan, aldrei þessu vant, og það var svo áberandi dagsetningin sem hann las, sem sagt 23. mars 1981. Það mætti halda að textinn, sem maður les undir dagsetningunni á þessu bréfi, sem hann er nýbúinn að panta til sín vegna afgreiðslu málsins núna, fjallaði um álit Sjómannasambandsins í okt. í fyrra, því þá var þing Sjómannasambandsins hið tólfta í röðinni haldið.

Ég vil aðeins minna á þetta og þarf raunar ekki að vera að tönnlast neitt á því meir. En það, sem ég lét út úr mér í minni stuttu tölu áðan, voru orð fulltrúa sjómanna í Verðlagsráði og yfirnefnd, sem hann mælti við okkur á fundi í dag, 13. apríl. Það heyrðum við allir sem vorum þar við borðið. Ég trúi því ekki, að nokkur sé að reyna að snúa út úr því, sem hann sagði þar, eða efast um að ég hafi greint rétt frá.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þetta mikið, en ég vona að mér sé ekki legið á hálsi fyrir að bera af mér það sem hér er gefið í skyn, að ég fari með ósannindi, ef ekki lygar, úr þessum stól.

Ég las upp áðan þau loforð sem ég gaf. Ef hv. þm. trúir því ekki getur hann spurt ríkissáttasemjara að því. Hann fór með þau skrifleg frá mér og las þau upp á fundi á Ísafirði. Ég átti fund með fulltrúum sjómanna á Ísafirði einu sinni þegar þeir komu á skrifstofu til mín. Þeir vildu fá að vita skoðun mína á olíugjaldinu, sem ég hafði hvað eftir annað gefið yfirlýsingar um að ég teldi vera vafasamt og bæri að leita að öðrum leiðum. Ég lít svo á að þeir séu að vísa til þess, enda kemur það greinilega fram. Það er allt annað yfirlýsing um skoðun og stefnu eða loforð um að afnema. Ég upplýsti þessa menn um það, að ég vildi breyta olíugjaldinu, og sagði þeim hvaða leiðir ég teldi koma til greina. Ég er satt að segja ekkert viss um að þeir hafi verið sérstaklega hrifnir af því að taka olíugjaldið af óskiptu. Þeir sögðu ekkert um það, en sjómenn hafa yfirleitt lagst gegn því að taka það af óskiptu líka. Þarna ber því á milli.

Ég sé ekki betur en að það, sem sjómannasamtökin segja um yfirlýsingu mína um skoðun og stefnu, sé rétt. Það er nákvæmlega það sem ég hef sagt úr þessum ræðustól. Hins vegar leyfir hv. þm. sér, að vísu undir rós, í áliti 1. minni hl. að gefa í skyn að ég hafi lofað þessu. Því, sem hann bar upp á mig, sný ég á hann.

Frsm. 1. minni hl. (Karvel Pálmason): Herra forseti. Það er engin ástæða til þess fyrir okkur stjórnarandstæðinga að neita því að ræða þetta mál allítarlega þegar hæstv. sjútvrh. og stjórnarliðar halda hér uppi gegndarlausu málþófi. Það er alveg ástæðulaust að skorast undan því að ræða við þessa menn hér ef þeir vilja eyða tíman-

um í það og telja ekki nógu langt um liðið frá því að þetta frv. átti að vera orðið að lögum miðað við allar forsendur. Það virðist vera að hæstv. sjútvrh. og formaður sjútvn., hv. þm. Garðar Sigurðsson, telji að enn þurfi að eyða tíma frekar svo að málið nái ekki fram að ganga.

Hv. þm. Garðar Sigurðsson sagði að þessi samþykkt, sem ég las hér upp, frá Sjómannasambandi Íslands væri frá þingi þess í haust. Það er rétt, hluti samþykktarinnar er frá því í haust. En ég vil biðja hv. þm. Garðar Sigurðsson að hlusta nú vel. Hann hefur örugglega lesið þetta, en menn virðast ekki alltaf vilja hafa það sem sannara reynist.

Í lokakafla bréfs Sjómannasambands Íslands, sem er undirskrifað af forseta þess, Óskari Vigfússyni, segir orðrétt, með leyfi forseta, og nú bið ég hv. þm. Garðar Sigurðsson að taka eftir:

„Þá viljum við taka fram, að þar sem nú liggur fyrir að löggjöf er væntanleg um endurnýjun á þessu gjaldi í tengslum við síðustu fiskverðsákvörðun, þá hefur það í engu breytt fyrri afstöðu okkar, og hefur henni verið komið á framfæri í Verðlagsráði."

Hvað segir þetta? Þetta bréf er dagsett 23. mars, þegar verið er að fjalla um þetta frv. sem við nú ræðum hér í þinginu. Eiga þá þessi mótmæli ekki við um þetta frv. eins og hin fyrri, sem hv. þm. Garðar Sigurðsson og hæstv. ráðh. hafa talað hér gegn, en greiða atkvæði með? Jú, það er einmitt sérstaklega tekið fram í þessu bréfi Sjómannasambandsins að mótmæli þess hafi verið ítrekuð einmitt í ljósi þess, að þetta frv. er til meðferðar í þinginu og á að lögfesta það. En langt er nú seilst hjá sumum í því að reyna að verja slæman málstað.

Hæstv. sjútvrh. sagðist hafa lesið loforð sem hann hefði gefið fyrir sáttasemjara. Vel má vera að svo hafi verið. Ég spyr því að ég hef ekki fengið svar enn, en óska ítrekað eftir svari: Ber að skilja orð hæstv. sjútvrh. svo, að hann haldi því fram, að stjórn Sjómannafélags Ísfirðinga sé að fara með ósannindi í þessari yfirlýsingu? Enn verð ég að lesa fyrir hæstv. ráðh., eins og hv. þm. Garðar Sigurðsson. Það segir hér orðrétt, og nú bið ég hæstv. ráðh. að taka líka eftir:

„Vill stjórnin minna á að við seinustu kjarasamninga gaf núv. sjútvrh., Steingrímur Hermannsson, forsvarsmönnum sjómannasamtakanna á Vestfjörðum skýlausa yfirlýsingu þess efnis, að það væri skoðun hans og stefna, að olíugjaldið yrði alfarið fellt úr gildi, og mundi hann vinna að því með öllum tiltækum ráðum að svo yrði sem allra fyrst."

Hvað er skýlaus yfirlýsing í þessum dúr annað en loforð um að beita sér fyrir því með öllum tiltækum ráðum að afnema þetta gjald? Ég spyr enn og aftur: Eru það ósannindi sem stjórn Sjómannafélags Ísfirðinga setur í yfirlýsingu sína og höfðar til orða hæstv. ráðh.? Er verið að ljúga? — á góðri íslensku spurt: Vill ekki hæstv. ráðh. koma hér upp og segja annaðhvort já eða nei. Um það er beðið.

Ég skal segja honum það strax að ég trúi því að þetta sé rétt. Og það skyldi ekki vera að það væri hægt að finna gögn þar að lútandi sem staðfesta það, væri betur skoðað og grandleitað í sambandi við þessa lausn á málinu.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég veit ekki betur en að það sé komin ákaflega athyglisverð og út af fyrir sig eftirtektarverð skýring hjá hæstv. ráðh. á því sem hv. þm. Karvel Pálmason spurði um. Ég heyrði ekki betur en hæstv. ráðh. hefði þau orð hér í ræðustól áðan að það væri sitt hvað skoðun og stefna. Er það ákaflega athyglisverð yfirlýsing út af fyrir sig og passar mjög við afstöðu Framsfl. til ýmissa mála á síðustu dögum að það sé sitt hvað þar á bæ skoðun og stefna. Auðvitað er þetta skýring hæstv. ráðh., því það fer ekki milli mála að það er skoðun hæstv. ráðh. að afnema beri olíugjaldið. Það fer heldur ekkert á milli mála að það er stefna hæstv. ráðh. að hækka það. Þess vegna tel ég að það sé alveg fullgild skýring sem hann hefur hér gefið, að það sé sitt hvað skoðun og stefna.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15:8 atkv.

2.—4. gr. samþ. með 15:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, StH, SvG, ÞS, AS, EH, FÞ, GS, HG, IGuðn, IGísl.

nei: KP.

MB, MÁM, SighB, SteinG, VG, ÁG, JBH, BÍG, HBl, JÞ, SvH greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÓE, PS, SV, AG, FS, GeirH, GJG, GGÞ, GHelg, HÁ, JE, JS, MHM) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19:2 atkv.

Almenn hegningarlög, frv. (þskj. 4, n. 624). — 2. umr.

Frsm. (Jósef H. Þorgeirsson): Herra forseti. Allshn. Nd. hefur haft til athugunar frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19 frá 1940, sbr. lög nr. 22 frá 1955. Þetta frv. fjallar fyrst og fremst um breytingar á fyrningarreglum, bæði á fyrningu saka og eins á fyrningu refsinga. Jafnframt er gerð till. í þessu frv. um breytingu á því, með hvaða hætti fyrningarfrestir samkvæmt hegningarlögum rofna.

Nefndin fékk á sinn fund prófessorinn í refsirétti, Jónatan Þórmundsson, og eftir ítarlega umfjöllun í nefndinni er það samdóma álit nm. að leggja til við deildina að þetta frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

2.—13. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Neðri deild, 80. fundur.

Mánudaginn 13. apríl, að loknum 79. fundi.

Olíugjald til fiskiskipa, frv. (þskj. 435). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Almenn hegningarlög, frv. (þskj. 4) — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Lánsfjárlög 1981, frv. (þskj. 629 sbr. 613, 653, 656) — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu brtt. 653 og 656. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Við 2. umr. um þetta frv. til lánsfjárlaga, sem hér liggur fyrir til 3. umr., gerði ég grein fyrir því, að ég mundi beita mér fyrir að flutt yrði brtt. við frv. sem varðaði bætur vegna foktjóns á s. l. vetri. Ég gerði þetta að umræðuefni fyrir þá sök að ég hef ekki orðið þess var og enginn sem ég hef rætt við, að stjórnvöld hefðu neina tilburði til að útvega fjármagn til þess að bæta tjón þetta né hafi gefið yfirlýsingar um að það stæði til. Ég hef orðið vitni að því, að fjölmargir hafa spurst fyrir um með hverjum hætti þetta mál verði leyst. Ég hef ekki getað leyst úr þeim spurningum manna, sem eru fjölmargar, með öðrum hætti en þeim að benda á að fulltrúar Sjálfstfl. eða þm. Sjálfstfl. í Ed. fluttu á sínum tíma brtt. við þetta frv. sem gekk í þá átt að ríkisstj. yrði heimilað að taka lán til þess að veita Bjargráðasjóði möguleika á að bæta þessi foktjón.

Nú höfum við sameinast um það fjórir alþm., ásamt mér Matthías Bjarnason, Birgir Ísl. Gunnarsson og Jósef H. Þorgeirsson, að flytja brtt. sem er á þskj. 656 og er á þá leið, að ný grein komi inn í frv. sem verði 30. gr. og orðist eins og segir á þskj.:

„Fjmrh. er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1981 að fjárhæð allt að 25 millj. kr. og veita Bjargráðasjóði það fjármagn til ráðstöfunar samkv. 8. gr. laga nr. 51/1972, um Bjargráðasjóð."

Ég gat þess við umr. fyrr í dag, að ég hefði ekki þá gert upp hug minn um það, hversu háa fjárhæð ætti að nefna, en gat þess, að ég hefði verið í sambandi við framkvæmdastjóra Bjargráðasjóðs og ráðgast við hann um þetta efni. Það eru að berast upplýsingar um mat á þessu tjóni til Bjargráðasjóðs þessa dagana, en ekki er að vænta að það liggi allt fyrir fyrr en nálægt miðjum þessum mánuði eða öllu heldur eftir páska, en hann hefur tjáð mér að hann teldi að eftir öllum þeim líkum, sem hann gæti dæmt, ætti þessi fjárhæð að vera fyllilega nóg, 25 millj. kr. Hér er gert ráð fyrir að heimildin nái allt að þeirri fjárhæð. Að sjálfsögðu verður ekki nýtt meira í þessu skyni en þörf er á. Þess vegna á að vera áhættulaust að samþykkja þessa till. með þessari fjárveitingu.

Ég sé ekki ástæðu til að skýra þetta mál frekar en ég hef nú gert og læt útrætt um það. En við 2. umr. varpaði ég einnig fram fsp. til hæstv. forsrh., sem að vísu var ekki við í salnum og ekki í húsinu, og ég óskaði eftir að þeir ráðh., sem hér voru þá staddir, flyttu honum þær spurningar sem ég lagði fyrir. Svör hafa ekki borist enn hingað. Ég ætla samt að endurtaka spurningu mína í von um að úr geti ræst síðar við 3. umr., því að þetta snertir, eins og ég kom að í dag, gerð lánsfjáráætlunar.

Hér er um að ræða spurningu sem er borin fram vegna yfirlýsingar hæstv. forsrh. í „Beinni línu" í útvarpi 22. okt. í haust, þar sem spurst var fyrir um það af Sigurjóni Bjarnasyni á Eyrarbakka, hvernig gengi með að vinna að því að brúin á Ölfusá við Óseyrarnes yrði byggð. Ég ætla ekki að fara yfir spurningarnar í þetta sinn eða þetta símasamtal allt, en ég vil nefna hér svör forsrh. eins og hann svaraði Sigurjóni. Hann segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Út af fsp. vil ég segja það, að ég er því eindregið fylgjandi að þetta brúarmál við Óseyrarnes verði kannað rækilega og ekki aðeins náttúrlega byggingarkostnaður eða smíðakostnaður, heldur allar hliðar þess máls. — Út af því, sem þú spurðir um þingmennina, vil ég taka það fram, að strax eftir stjórnarmyndunina í fyrra lagði Eggert Haukdal sérstaka áherslu á að hafist yrði nú verulega handa um að kanna og undirbúa þetta mál."

Fyrirspyrjandinn, Sigurjón Bjarnason, svaraði þá: „Og hefur eitthvert nýtt líf komist í málið síðan?"

Þá svaraði hæstv. forsrh.: „Já, já. Málið er á dagskrá og kemur til meðferðar núna í sambandi við fjárlög og sérstaklega lánsfjáráætlun."

Og Sigurjón Bjarnason segir: „Ég þakka þér kærlega fyrir, Gunnar."

Ég mundi vilja taka undir með Sigurjóni Bjarnasyni ef ég sæi einhverjar efndir á þessum loforðum. En ég fæ ekki séð, hvorki af vegáætluninni né við skoðun lánsfjáráætlunar og lánsfjárlaga, að gert sé ráð fyrir framkvæmdafjárframlagi í náinni framtíð til byggingar Ölfusárbrúar. Þess vegna spyr ég og ég endurtek það efnislega eins og ég hygg að ég hafi varpað spurningunni fram í dag:

Með hverjum hætti hyggst hæstv. forsrh. eða hæstv. ríkisstj. — ef hann ekki vill svara get ég spurt ríkisstj. — tryggja að framkvæmdafé til byggingar Ölfusárbrúar verði ákveðið, eins og ummæli hans á „Beinni línu" í útvarpinu 22. okt. s. l. bentu til að hann mundi sérstaklega stuðla að við gerð lánsfjáráætlunar? Með hverjum hætti hyggst hann afla þess fjár fyrst þess verður ekki vart í þeim lánsfjárlögum sem hér eru til afgreiðslu?

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég vil segja hér fáein orð út af þeirri brtt. sem hv. 2. þm. Suðurl., Steinþór Gestsson, mælti fyrir áðan á þskj. 656.

Þegar ofviðrið gekk yfir fyrir nokkrum vikum óskaði ég eftir því við Samband ísl. sveitarfélaga, að safnað yrði skýrslum um tjón sem orðið hefði í sveitarfélögum í landinu og það gerðist með þeim hætti, að það yrðu kvaddir til svokallaðir dómkvaddir matsmenn til að meta tjónið á hverjum stað. Var við það miðað að niðurstöður lægju fyrir í lok síðasta mánaðar eða 31. mars. Þegar kom að þeirri dagsetningu var ljóst að þó nokkur sveitarfélög áttu eftir að skila inn skýrslum, m. a. flestöll sveitarfélög hér á þéttbýlissvæðinu þar sem mjög verulegt tjón varð. Þess vegna var ákveðið í samráði við félmrn. og Samband ísl. sveitarfélaga að setja nýjan frest og síðasta, sem er 15. apríl. Nú eru skýrslur óðum að berast inn og eru í raun komnar skýrslur yfir tjón sem varð á nær öllu landinu, þ. e. fyrir utan Reykjavík og höfuðborgarsvæðið, með örfáum öðrum undantekningum hér og þar í landinu. Í grófum dráttum liggur því fyrir hvert tjónið

varð utan höfuðborgarsvæðisins. Hins vegar vantar enn þá upplýsingar um höfuðborgarsvæðið. Þar varð tjón verulegt, eins og kunnugt er, og mjög erfitt að ætla á um það á þessu stigi, hversu mikið tjónið er í heild.

Það hefur verið ætlun ríkisstj. alveg frá því þetta tjón gekk yfir að á þessu máli yrði tekið sérstaklega með því að afla Bjargráðasjóði fjár. Við umr., sem fóru fram um þetta mál í þinginu í sömu viku og tjónið gekk yfir, kom mjög skýrt fram hjá mér að ríkisstj. mundi beita sér fyrir því að afla Bjargráðasjóði fjár í þessu skyni, en það væri ekki hægt að festa þá tölu fyrr en skýrslur hefðu borist. Ég geri ráð fyrir að í framhaldi af niðurstöðum, sem liggja fyrir í kringum 15. þ. m., verði unnt að taka ákvörðun um þetta mál í ríkisstj. áður en páskahléi lýkur með það fyrir augum að flutt verði hér sérstakt frv. um lánsfjárheimild vegna Bjargráðasjóðs eftir að páskaleyfinu lýkur og þá liggi betur fyrir hver upphæðin verður sem þarf að verja í þessu skyni.

Þegar umr. fóru fram um þetta mál á þinginu á sínum tíma lýstu hv. þm. Alþfl. því yfir, að þeir væru reiðubúnir til samvinnu við ríkisstj. um þetta mál, og einnig lýsti því yfir hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson og ég skildi það svo að þm. væru allir reiðubúnir til þess að taka á í sameiningu, enda er það reglan þegar svona vandamál ber upp á að menn eru tilbúnir til slíks. Ég held þess vegna að till. eins og þessi sé, í hreinskilni sagt, ekki tímabær. Ég held að það sé skynsamlegra að hinkra við fram yfir páskana, þegar séð verður hvert tjónið er í heild og hver fjárþörf Bjargráðasjóðs er. Ég vil leyfa mér að fara fram á það við hv. flm. að íhuga hvort hugsanlegt er í ljósi þessara yfirlýsinga, sem ég hef hér flutt, að þeir dragi till. til baka og að við tökum á málinu í sameiningu þegar þing kemur saman á ný að loknu páskahléi.

Frsm. meiri hl. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Út af orðum hæstv. félmrh. áðan finnst mér nokkuð langur tími hafa farið í þessa skýrslusöfnun, því að því var mjög vel tekið af fulltrúum allra flokka að bætur yrðu til þeirra sem hefðu orðið hart úti í skaða af völdum óveðursins í febrúarmánuði. Ég vil benda hæstv. ráðh. á að í þessari till. er sagt: „fjárhæð allt að 25 millj. kr." Ég hygg að tæplega muni verða farið hærra en í 2500 milljónir gkr. í bætur úr Bjargráðasjóði. Það er eðlilegt, finnst mér, þar sem þetta tjón verður fyrir tveimur mánuðum, að afgreidd sé slík heimild til handa fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs til að láta fólk sjá það og finna strax að stjórnvöld ætla sér að koma til móts við það í þessum efnum. Ég fyrir mitt leyti legg þó ekkert ofurkapp á það ef ásetningur hæstv. ríkisstj. er að flytja strax eftir páska frv. um að heimila Bjargráðasjóði eða ríkissjóði að taka lán og veita það Bjargráðasjóði til ráðstöfunar í þessu skyni. Hins vegar segir 1. flm. till. fyrst og fremst til um það. Hitt hef ég talið ólíkt eðlilegra og jákvæðara: að kveða hér á um hámarksbætur í þessum efnum, síðan mætti svo ganga frá reglum um bætur, því að sennilega dettur engum í hug, hvorki hæstv. ráðh. né öðrum, að allt tjón verði bætt að fullu og öllu eins og það verður tíundað, heldur verði fyrst og fremst reynt að koma verulega til móts við fólk og þá sérstaklega það sem harðast hefur orðið úti.

Ég furða mig á því, að þegar mál er til lokaafgreiðslu í þingi, þegar það er hér til umr. og ríkisstj. leggur áherslu á að það nái fram að ganga og þm. spyrja ákveðinna spurninga, bæði við 2. og nú við 3. umr., skuli ekkert svar vera gefið. Hv. 2. þm. Suðurl. bar fram spurningu til hæstv. forsrh. í dag. Forsrh. talar fyrir lánsfjár- og framkvæmdaáætluninni í Sþ. Fjmrh. fylgir frv. til lánsfjárlaga úr hlaði. Það má því segja að hér sé um sama málið að ræða og því sé eðlilegt að þessir hæstv. ráðh. séu viðstaddir umr. um málið. Af tíu manna ríkisstj. situr einn ráðh. núna við þessar umr. Hinir koma hér inn í salinn þegar atkvgr. fer fram, enn aðrir láta alls ekki sjá sig sem þó eiga að vera við þessar umr. Ég spyr hæstv. forseta að því, hvort hann telji vera sanngjarnt og eðlilegt að halda umr. áfram um mál, sem heyrir undir ákveðna ráðh., þegar þeir láta ekki sjá sig við umr. og hundsa á þann hátt Alþingi. Þó að þetta mál sé ekki mitt mál sérstaklega, sem ég er að nefna, er það almenn kurteisi ríkisstj. og ráðh. að svara kurteislegum og sjálfsögðum fsp. eins og hv. 2. þm. Suðurl. hefur borið fram bæði við 2. og nú við 3. umr. málsins. Hæstv. félmrh. svaraði þegar hann gekk úr stólnum: Óseyrarnesbrúin er ekki mitt mál. — Ég get viðurkennt að það er ekki málefni hæstv. félmrh. að svara fsp. sem beint er til forsrh. vegna samtals og ummæla sem hann hefur látið frá sér fara. Ég geri fyrir mitt leyti kröfu til að þessari umr. verði ekki lokið nema hæstv. forsrh. verði kallaður til að svara. Honum ber skylda til þess.

Það hefur hingað til tíðkast í Alþingi undir umr. að menn hafa dokað við í ræðustól og viljað fá ráðh. inn til að svara. Ég minnist þess, að það hafa gert þm. úr öllum flokkum og ekki síst úr Framsfl. Hér fyrr á árum stóðu þeir hér ábúðarmiklir og biðu eftir ráðh. Og þá voru ekki tíu ráðh., þeir voru held ég, sex eða sjö. (Gripið fram í.) Já, það var áður en hann var bundinn í bak og fyrir. Ég tel að svona vinnubrögð séu óvirðing við Alþingi. Það er óvirðing sem ráðh. sýna þingi. Þeir eru ekki almáttugir þó þeir vermi þessa stóla eitthvað um hríð. Forsrh. er ekkert yfir það hafinn að sitja þingfundi og svara fsp.

Ég hef leyft mér, ásamt Matthíasi Á. Mathiesen og Sighvati Björgvinssyni, að flytja hér brtt. við frv. til lánsfjárlaga, þess efnis, að ný grein komi eftir 3. gr. er verði 4. gr. og orðist svo:

„Ríkisstj. er heimilt á árinu 1981 að taka lán að upphæð allt að 5 milljónum kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, sem verja skal til greiðslu byrjunarkostnaðar við byggingu nýrrar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli samkv. nánari ákvörðun utanrrh."

Við atkvgr. eftir 2. umr. í dag kom til atkvæða till. sama efnis að öðru leyti en því, að þar stóð: Ríkisstj. skal á árinu 1981 o. s. frv. Sú till. féll með jöfnum atkvæðum við atkvgr. og því þykir okkur flm. rétt að flytja till. um heimild. Till. um heimild er stefnumarkandi. Það er stefna í þessu máli sem Alþingi tekur ef Alþingi samþykkir slíka till. Því er þessi till. flutt.

Við flm. till. viljum enn einu sinni ítreka það fyrir hv. þd., að það er ekki vansalaust fyrir Alþingi að ganga fram hjá þessu máli, sem allir flokkar keppast við að lýsa stuðningi við nema Alþb., en Framsfl. er bundinn á höndum og fótum, hefur látið binda sig. Nú viljum við reyna einu sinni enn hvort a. m. k. einn þm. getur ekki losað á sér aðra höndina þannig að hann geti greitt atkv. með slíkri till. Flokkurinn í heild hefur lýst yfir á aðalfundi að þetta væri honum mikið mál og hjartans mál, enda hafa forustumenn Framsfl. haft forustu í þessu máli um langt árabil. Það er því undarleg frammistaða sem flokkurinn hefur sýnt í þessu á undanförnum dögum. Enn einu sinni ætlum við að gefa Framsfl. tækifæri og

vonum að a. m. k. einn geti losað aðra höndina og láti ekki Svavar Gestsson alveg binda sig og þá félaga, heldur sýni þann manndóm að vera trúr þeirri stefnu sem þeir sjálfir hafa markað og enginn þröngvaði upp á þá. — Við skulum ætla að þeir hafi verið eigin herrar á eigin aðalfundi og kommarnir hafi ekki verið þar viðstaddir. — Nú gefst þeim tækifæri til að sýna manndóm sinn í þessu máli.

Ég endurtek það, hæstv. forseti, út af þeirri fyrirspurn, sem 2. þm. Suðurl. hefur gert, að ég tel óeðlilegt að ljúka þessari umr. nema hæstv. forsrh. komi hér og svari fyrirspurnum. Það er krafa sem við gerum til hæstv. forsrh., að hann sé hér viðstaddur. Hann er frsm. lánsfjáráætlunar, sem er skyld þessu frv. og kemur seint fram, og mér finnst að hann verði að standa við loforð, sem hann gefur mönnum á „Beinni línu" í Ríkisútvarpinu, eða gefi skýringu á því, hvað eigi að verða um þessa brú sem hann lofaði snemma í vetur, fyrst enginn annar ráðh. vill svara fyrir hann eða getur svarað fyrir hann. Ef hann er ákveðinn í því að svíkja þetta loforð á að segja frá því, en ekki að fela sig.

Ég tel að það ættu fleiri þm. Suðurl. að ýta á eftir þessu svari en Steinþór Gestsson. Það er vitnað í þessu samtali í Eggert Haukdal, sem allir vita að er mikill baráttumaður fyrir sitt kjördæmi og framkvæmdum þar. Ég ætla að svo sé um fleiri þm. Sunnlendinga. Því er nauðsyn að menn gefi svar við slíkum loforðum sem maður fær sem hringir í „Beina línu", en Alþingi á ekki að fá. Hver á að fá svör ef það er ekki Alþingi? Á fyrst að svara mönnum í gegnum útvarpið, en harðneita að svara sömu spurningu á Alþingi Íslendinga?

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég vil vegna orða hv. 1. þm. Vestf. taka fram, að athugun fer nú fram á því, hvort möguleiki er á að hæstv. forsrh. mæti hér. Ég sé þó eitt ráð við því, ef það ekki tekst, og mun leggja inn orð hjá hæstv. forseta Sþ., en það mun fundur verða í Sþ. á morgun, að hv. 2. þm. Suðurl. fái þá orðið utan dagskrár um þá sérstöku fsp. sem hann varpaði hér fram vegna Ölfusárbrúar við Óseyrarnes. Þetta bendi ég á til þess að við megum komast áfram í þessu efni. Ýmsar ástæður liggja til þess, að ég legg höfuðáherslu á að ljúka 3. umr. um lánsfjárlögin. Menn hafa gert ráð fyrir því, að það yrðu frekar stuttir fundir í Alþingi á morgun, og hyggja nú til heimreiðar ýmsir. Ekki gefast því tök á að verða við þessari beiðni, þó ég út af fyrir sig vilji meta hana að verðleikum og, eins og ég hef tekið fram, muni þá reyna aðrar aðferðir til þess að hún megi með einhverjum hætti koma til umræðu.

En hér hefur 1. þm. Vestf. ásamt 1. þm. Reykn., Matthíasi Á. Mathiesen, og 3. þm. Vestf., Sighvati Björgvinssyni, flutt brtt. Hún er skrifleg og þarf afbrigða við og verður þeirra nú leitað.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 657) samþ. með 27 shlj. atkv.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er ekki að sjá að hv. stjórnarsinnum sé mikið áhugamál að koma málum áfram í hv. deild. Á þessu kvöldi hefur æðimikið á skort að mál næðu fram með eðlilegum hætti. Það hlýtur að vekja athygli þegar svo gengur ef hér er um að ræða næstsíðasta dag þinghalds fyrir páska.

Í öllum þeim umr., sem fram hafa farið hér um lánsfjárlög og hafa snúist um byggingu væntanlegrar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli, hafa hæstv. fjmrh. og hv. þm. Alþb. lagt á það höfuðáherslu að nær væri að leggja fram fjármagn til að huga betur að öryggisútbúnaði á flugvöllum hér innanlands en að vera að leggja fram fjármagn í byggingu flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli. Undir þetta hafa margir tekið. Hæstv. fjmrh. vakti sérstaka athygli á þessu í umr. í Ed., að nær væri að snúa sér að þessu verkefni og taka inn fjármagn til þess að sjá betur fyrir öryggisútbúnaði flugvalla innanlands en vera að spreða fjármagni í byggingu nýrrar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli. Hæstv. utanrrh., hinn ókrýndi formaður Framsfl. taldi það nánast hneyksli, ef öryggismálum á flugvöllum væri eins illa komið og hæstv. fjmrh. gaf í skyn að væri, og því yrði að kippa í lag á stundinni. Við 2. umr. fyrr í kvöld voru greidd atkv. um till. sem var á þá leið, að ríkisstj. væri heimilað að taka lán allt að 2.5 millj. kr. til að verja til kaupa á öryggistækjum á flugvöllum. Þrátt fyrir hinar margítrekuðu yfirlýsingar, bæði Alþb.-manna og utanrrh., fór svo að enn einu sinni breyttu menn á allt annan veg en þeir höfðu sagt. Menn sögðu hug sinn í orði, en felldu hann á borði. Ég trúi því ekki, eða a. m. k. vil ég ekki trúa því fyrr en á reynir endanlega, að hæstv. fjmrh. og aðrir þm. Alþb. svo og þm. Framsfl., eftir allar þær yfirlýsingar sem þessir aðilar hafa gefið í umr., komi við 3. umr. í veg fyrir með atkv. sínu að hægt verði að taka inn smávegis fjármagn í lánsfjárlög til að veita til framkvæmda í öryggismálum á flugvöllum hér á landi. Ég trúi ekki að hæstv. samgrh. greiði atkv. gegn því, að slíkt verði hægt. Og ég trúi því ekki, að hæstv. fjmrh., sem notaði svo til einvörðungu þau rök gegn flugstöðvarbyggingunni, að hann teldi miklu brýnna að byggja upp öryggismál flugvallanna hérlendis, komi í veg fyrir að slík till. nái hér samþykki.

Hér er sem sagt enn gefið tækifæri. Hér er þm. Alþb. gefið tækifæri til að sanna hver hugur fylgir máli í öllu yfirlýsingaflóði þeirra í umr. um þetta mál nú þessa daga og hvort þeir láta nú verða af að standa við yfirlýsingar. Hér er einnig hv. þm. Framsfl. gefinn kostur á að stuðla nú með atkv. sínu að eflingu byggðastefnunnar, bæta öryggisútbúnað flugvalla hringinn í kringum landið, því að alls staðar mun þörf á að bæta öryggisútbúnað á flugvöllum í landinu. Ég trúi því ekki, að þessir hv. þm. komi í veg fyrir að svo verði nú gert. Við höfum því ákveðið að flytja hér brtt. við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1981, sem er svohljóðandi:

„Á eftir 3. gr. komi ný grein sem verði 4. gr. og orðist svo:

Ríkisstj. er heimilt að taka lán allt að 2 millj. kr. sem verja skal til kaupa á öryggistækjum á flugvelli samkv. nánari tillögum fjvn., flugmálastjóra og flugráðs"

Að þessari till. standa auk mín Árni Gunnarsson, Jóhanna Sigurðardóttir og Magnús H. Magnússon.

Nú mun sem sagt á það reyna hver hugur fylgir máli hjá hv. þm. stjórnarliðsins í því að standa nú við stóru orðin frá umr. í sambandi við flugstöðvarmálið. Við skulum bíða og vona að það fari ekki nú í sambandi við þetta mál fyrir þm. Alþb. eins og þm. Framsfl. í sambandi við flugstöðvarbygginguna. Við skulum vona að þeir sjái nú sóma sinn í því að standa við yfirlýsingarnar og greiða þessari till. atkv.

Þessi till., herra forseti, er skrifleg og of seint fram komin og þarf því afbrigða við.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 658) samþ. með 24 shlj. atkv.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Hæstv. ríkisstj. heldur þeirri stefnu áfram í þessu frv. til lánsfjárlaga, sem mjög var ríkjandi við samþykkt lánsfjárlaga fyrir um ári, að skera niður framlög til ýmissa sjóða sem hafa félagsleg markmið og gert er ráð fyrir að eigi að styðja ákveðna starfsemi, sem er í mikilli fjárþörf, og mörg mikilvæg verkefni á þessum sviðum bíða framkvæmda.

Ég vil sérstaklega beina spurningu til hæstv. félmrh. Mér bárust spurnir af því núna í kvöld, að fyrir skömmu hafi verið haldinn fundur í endurhæfingarráði þar sem hæstv. félmrh. hafi mætt og þar hafi verið umræðuefni m. a. sú ákvörðun, sem felst í frv. til lánsfjárlaga, eins og það liggur fyrir nú, og reyndar er endurtekning á því sem gerst hefur undanfarin ár, að tekjur þær, sem endurhæfingarráð hefur af erfðafjárskatti úr Erfðafjársjóði, hafa verið skertar allverulega. Mér er tjáð að hæstv. félmrh. hafi lýst því yfir á stjórnarfundi í enurhæfingarráði að hann mundi beita sér fyrir því, að þessi skerðing mundi ekki verða látin fram fara á þessu ári eins og undanfarin ár, ekki síst með tilliti til mikilvægra verkefna sem bíða á þessu sviði. Ég vil nú spyrja hæstv. félmrh. að því, hvort hér sé rétt með farið, hvort hann hafi gefið slíka yfirlýsingu á stjórnarfundi í endurhæfingarráði, en þetta mál mun hafa verið tekið fyrir á fundi í þessari stjórn í dag einnig og menn þar lýst mikilli óánægju sinni með að þetta frv. væri nú komið á lokastig í afgreiðslu og ekkert bólaði á því, að þessarar stefnu hæstv. ráðh. sæi stað í þessu frv. eins og það liggur nú fyrir. Þess vegna vildi ég mjög gjarnan fá skýringar hæstv. ráðh. á þessu efni.

Til þess að enginn velkist í vafa um hver sé raunverulega stefna eða skoðun ráðh., — við skulum vona að hvort tveggja fari saman hjá hæstv. félmrh. þó það virðist ekki fara saman hjá öllum hæstv. ráðh., — til þess að það komi alveg glögglega í ljós viljum við freista þess hér, þrír þm. í deildinni, hv. 7. landsk. þm., Halldór Blöndal, og hv. 1. þm. Vestf., Matthías Bjarnason, ásamt mér, að flytja brtt. þess efnis, að 20. gr. þessa lagafrv. falli niður, en sú grein fjallar um skerðingu á tekjum Erfðafjársjóðs af erfðafjárskatti.

Við viljum einnig flytja aðra brtt., um Framkvæmdasjóð öryrkja. Vitað er að hann er mjög fjárþurfi og þess vegna óeðlilegt að skera niður framlag til hans eins og gert er ráð fyrir í þessu lánsfjárlagafrv. Í 22. gr. er fjallað um að aðstoð við þroskahefta skuli takmarkast, en ekki verði fylgt lögum sem gilda um það efni. Vitað er, að þessi lög eru ekki komin til framkvæmda nema að litlu marki, og vitað er um margar stofnanir sem bíða í þessu efni. Brtt. okkar er samhljóða till. sem flutt var í Ed., en náði ekki fram að ganga þar. Við viljum freista þess, að stjórnarliðar sýni henni meiri skilning hér í deildinni nú en gert var í Ed.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 659) samþ. með 21 shlj. atkv.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það eru nokkur orð út af þeirri till. og fsp. sem kom hér fram frá hv. 6. þm. Reykv.

Á síðasta ári var fjárveiting til Erfðafjársjóðs áætluð, að mig minnir, milli 400 og 450 millj. kr. Samkv. fyrirheitum, sem gefin voru við afgreiðslu fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar á síðasta ári, var þessi fjárveiting tekin til endurskoðunar þegar fyrir lá hvaða tekjur voru af erfðafjárskatti á árinu 1980. Þeim stofnunum, sem áætluðu tekjur af erfðafjárskatti, fjmrn., Erfðafjársjóði og öðrum aðilum, bar ekki saman um hvað þetta gæti orðið mikið og þess vegna var ákveðið að gefa sérstaka yfirlýsingu um málið við afgreiðslu þess á Alþingi, þ. e. þegar fjárfestingar- og lánsfjáráætlun var afgreidd í apríl—maí í fyrravor. Í samræmi við þessa yfirlýsingu var gengið frá því núna í kringum áramótin að Erfðafjársjóður fengi á árinu vegna ársins 1980 aukafjárveitingu í kringum 110—115 millj. kr. og að endurhæfingarráð fengi hana til meðferðar. Þannig var um að ræða allmiklu hærri tölu á árinu 1980 í raun en kom fram í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun. Það mun hafa verið fyrirheit um þetta sem ég gaf endurhæfingarráði á s. l. sumri þegar ég mætti þar á fundi og ræddi um fjárhag og útgjöld endurhæfingarráðs.

Varðandi Framkvæmdasjóð öryrkja og þroskaheftra er það að segja, að á síðasta ári hafði hann 1060 millj. kr. til þeirra verkefna sem stjórn sjóðsins fjallaði um almennt, en á þessu ári er gert ráð fyrir að sjóðurinn hafi um 2010 millj. kr. En auk þessara 1060 millj. kr. á síðasta ári hafði sjóðurinn í kringum 200 millj. kr., þannig að ég hygg að sjóðurinn hafi samtals haft á síðasta ári um 1200—1300 millj. kr.

Ég tel að það hafi orðið mjög myndarleg lagfæring á fjárhag Erfðafjársjóðs og endurhæfingarráðs með þeirri aukafjárveitingu upp á 110—115 millj. sem ég gat um, og sömuleiðis sé um að ræða mjög verulega hækkun á fjármunum til Framkvæmdasjóðs öryrkja og þroskaheftra á þessu ári frá því sem var á s. l. ári. Ég tel því að það sé út af fyrir sig allvel að þessum málum staðið, enda þótt lengi megi vafalaust bæta þar um.

Ég vil segja annars út af fsp. hv. þm. að það fyrirheit, sem ég gaf, snerti fyrst og fremst endurskoðun vegna hugsanlega meiri tekna af erfðafjárskatti en áætlað hafði verið, en ég hafði ekki gefið nein fyrirheit um það gagnvart endurhæfingarráði að ekki gæti orðið um neina skerðingu á erfðafjárskatti að ræða á þessu ári, árinu 1981.

Í þessu sambandi er kannske vert að nefna það, að í tillögum, sem fulltrúar þingflokkanna allra gengu frá á s. l. ári til fjmrh. um svokallaða markaða tekjustofna, var gert ráð fyrir að Erfðafjársjóður eða erfðafjárskattur og Framkvæmdasjóður öryrkja og þroskaheftra rynnu í raun og veru saman í eitt og að þó hefði hinn sameinaði sjóður ekki meira til ráðstöfunar en gert er ráð fyrir í lögunum um aðstoð við þroskahefta að verði um Framkvæmdasjóð öryrkja og þroskaheftra. Þar var sem sagt gert ráð fyrir mjög verulegri lækkun á þessum fjármunum frá því sem áður hafði verið miðað við og er miðað við í því frv. til lánsfjárlaga sem við erum hér að fjalla um.

Ég tel þannig að í heild sé af hálfu stjórnvalda allvel að þessum málum staðið. Ég bið menn um að hafa í huga að

áætlun um tekjur í Erfðafjársjóð hefur í raun og veru ekki staðist á undanförnum árum. Á árinu 1979 var um að ræða mjög mikinn fjölda uppgjöra á dánarbúum, þannig að á því ári voru tekjur Erfðafjársjóðs verulega umfram það sem nam verðbólguhækkun milli áranna 1978 og 1979. Þannig er í raun og veru ekki hægt að segja að tölurnar frá árinu 1979 sýni þann grunn sem hægt er að miða við þegar áætlaðar eru tekjur Erfðafjársjóðs.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það skyldi engan undra þó umræður um lánsfjárlög gætu tekið tíma. Satt best að segja er ég hissa á því hve lítill munur er á skoðunum stjórnarandstöðu og stjórnar í þeim efnum.

En það vekur undrun mína að hér er komin skrifleg brtt. frá Karvel Pálmasyni, Árna Gunnarssyni, Jóhönnu Sigurðardóttur og Magnúsi H. Magnússyni þar sem ríkisstj. er heimilað að taka lán allt að 2 millj. kr. sem verja skal til kaupa á öryggistækjum á flugvelli samkv. nánari tillögum fjvn., flugmálastjóra og flugráðs. — Ég les þetta nú upp, með leyfi forseta, þar sem þskj. liggur ekki fyrir á borðum manna. — Það athyglisverða við þetta er að formaður þingflokks Alþfl. flutti hér till. þar sem talað var um 2.5 millj. og þetta gerðist nánast á sama tíma, ekki alveg þó. Spurningin er hvort ástandið hafi snarbatnað svo á þessari stuttu stund að menn hafi ákveðið að lækka þetta þess vegna um 0.5 millj. eða hvort hv. 3. þm. Vestf. hefur ekki boðið flokkssystkinum sínum að verða sér samstiga í þessu máli og flytja þetta með sér í deildinni. Góði dátinn Svejk hélt því fram, að agi þyrfti að vera í hernum, það var grundvallaratriði, menn yrðu að vera samstíga. Og eitthvað læddist illa að mér að á svona stuttum tíma skuli allt í einu vera orðinn hálfrar milljónar skekkja í sama málinu. Er þetta ekki grundað á góðum upplýsingum? Er hér um yfirlýsingar að ræða af svipuðu tagi og þegar átti að fækka um 30% opinberum starfsmönnum og því miður fengust engar skýringar á því nánar hjá hv. 6. landsk. þm. og ekki heldur hjá hv. 3. þm. Vestf.?

Því kem ég þessu hér á framfæri að ég veit að hv. 6. landsk. þm. sér ekki eftir því að þurfa að standa upp og koma hér upp í ræðustól. Hann hefur aldrei verið neitt spar á það og hefur vafalaust af því ánægju að gefa sér tíma til þess núna. En fróðlegt væri að fá það alveg á hreint, hvort þarna er um að ræða skoðanaágreining á milli hans og 3. þm. Vestf., og ef svo er, hvort það sé e. t. v. skoðanaágreiningur almennt um flugsamgöngur á milli þessara tveggja þm.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég vil aðeins leiðrétta það sem fram kom hjá hæstv. félmrh. Hann talar um að Framkvæmdasjóður öryrkja hafi haft á síðasta ári um 1200—1300 millj. gkr. Þetta er rangt hjá hæstv. félmrh. því að sjóðurinn hafði ekki til umráða nema 1060 millj. gkr. Aftur á móti kom fram á s. l. vori frv. um breyt. á lögum um aðstoð við þroskahefta þess efnis, að vistheimili sjálfseignarstofnana skyldu einnig fá fjármagn úr sjóðnum, en þessi vistheimili höfðu áður fengið fjármagn úr Styrktarsjóði vangefinna. Sá sjóður hafði þá til umráða 260 millj. gkr. og átti sá sjóður með þessu frv. að leggjast niður. Ég flutti brtt. um það, þegar þetta frv. kom fram á Alþingi, að þá yrði aukið fjármagn til Framkvæmdasjóðs öryrkja sem þá hafði, eins og ég sagði, 1060 millj., þannig að það bættust við sjóðinn 260 millj. kr. Þessi till. náði ekki fram að ganga hér á Alþingi, en var þó samþykkt till. þess efnis, að á síðustu fjárlögum skyldi aukið fjármagn til sjóðsins vegna þess að viðbótarverkefni bættust á hann. Það er því misminni hjá hæstv. ráðh. að á síðasta ári hafi sjóðurinn haft þetta mikið til umráða. Hann hafði einungis 1060 millj.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég verð að viðurkenna að ég skildi það ekki almennilega sem hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson sagði. Það er ekki að ástæðulausu að hæstv. skrifari vor gengur undir nafninu „ruglukollur". Það ægir öllu saman í heilabúi hans og hann kemur, að því er virðist, engu frá sér þannig að menn skilji það með eðlilegum hætti.

Hann segir að hér sé allt of lítill munur á stjórn og stjórnarandstöðu. Hann undrar sig á till. sem ég flutti áðan ásamt nokkrum öðrum hv. þm. Nú bið ég skrifara vorn, hv. þm. Ólaf Þ. Þórðarson, að leiðrétta ef ég hef ekki skilið rétt. Mér skildist að hann vildi endilega fá till. aftur með 2.5 millj. kr. upphæð. Er það rétt skilið? Sé þetta meining hv. þm. væri ástæða til þess að hæstv. forseti upplýsti skrifara deildarinnar um að það er óheimilt að flytja slíka till. aftur óbreytta. (**Forseti:** Það er búið að því.) Það er búið, já, og það dugar ekki. Hvað skal þá til varnar verða vorum sóma ef hæstv. forseti getur ekki komið skrifaranum í skilning um hvað er rétt og hvað er rangt? (Gripið fram í.) Hann er ekki fyrir vestan. Það er Vesturland. Hann býr þar. Hv. þm. Alexander Stefánsson ber ábyrgð á þessu.

Hann spurði: Hefur ástandið snarbatnað svona frá því í kvöld að það er hálfrar millj. kr. munur á till.? Þetta er viturlega spurt eða hitt þó heldur. Ég er ekkert hissa á þó að formaður framsóknarmanna láti ekki sjá sig í salnum undir svona ræðum frá sínum flokksbræðrum og undirtyllum. Það er mjög svo skiljanlegt.

Hann sagðist engar skýringar hafa fengið á 30% reglunni, sem menn voru að ræða fyrir nokkrum dögum í sambandi við niðurskurð, eins og hann orðaði það, á opinberum starfsmönnum. Það er nú enn eitt orðatiltæki hv. þm., skrifara deildarinnar, niðurskurður á opinberum starfsmönnum. Allt er í þessum dúr. Guð hjálpi þessum manni núna undir kvöld að tala með þessum hætti! En ég spyr á móti: Hvað með þær tillögur formanns Framsfl., hæstv. ráðh. Steingríms Hermannssonar, sem hann lagði til á miðstjórnarfundi eða í framkvæmdastjórn Framsfl. um niðurskurð á fjárveitingum til opinberra framkvæmda? Gætum við fengið röðina á því hér á borðin?

Nei, hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni er alveg óhætt að leggjast rólegur til svefns þess vegna, að það er enginn skoðanaágreiningur í Alþfl. um þetta. Það verður eitthvað annað og óhuggulegra sem heldur vöku fyrir hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni en það, að hann þurfi að óttast skoðanaágreining í Alþfl. um þetta. (Gripið fram í.) Já, við erum að tala um þetta. — Það er út af fyrir sig alveg rétt, að í Alþfl. ríkir skoðanafrelsi og þar hafa menn rétt til þess að hafa hver sína skoðun. Þar er enginn múlbundinn, eins og virðist vera í þingflokki framsóknarmanna. En umfram allt, hæstv. forseti, ég bið þig umfram allt að reyna að koma skrifara vorum í samband við raunveruleikann þannig að hann tali á mæltu máli og þannig að þingheimur skilji.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil fyrst taka undir það sem hv. 1. þm. Vestf. sagði fyrr í kvöld, að þm. hljóti að búast við því, þegar þeir flytja fsp. bæði við 2. og 3. umr. málsins, eins og hv. 2. þm. Suðurl. gerði áðan varðandi framkvæmdir á Suðurlandi, varðandi Ölfusárbrú, að einhver af hæstv. ráðh. beri sig til við að reyna að svara því sem um er spurt. Lánsfjáráætlun liggur hér fyrir til afgreiðslu, þetta er 3. umr., og ég hlýt að taka undir þau ummæli 1. þm. Vestf., að þeir hæstv. ráðh., sem fylgja þessu frv. úr hlaði og bera ábyrgð á því, ekki síst forsrh., sýna ekki landi og þjóð mikinn sóma með framkomu sinni. Ekki svo að skilja að við því sé að búast að frekar yrði að marka orð hæstv. forsrh. í þessari deild en í „Beinni línu" í símanum. En það er þó alltaf skemmtilegt að heyra hvað hann hefur til málanna að leggja og hversu hann kemst að orði í hvert sinn því maðurinn er vel máli farinn.

En ástæðan til að ég kvaddi mér hljóðs var kannske ekki síður önnur, að hæstv. félmrh. var að reyna að gera lítið úr þeirri skerðingu sem þessi ríkisstj. og stuðningsmenn hennar hafa lögfest varðandi framlög til Framkvæmdasjóðs þroskaheftra. Mér er afskaplega vel kunnugt um að fyrir norðan hefur mjög verulega munað um þessa skerðingu og hún hefur valdið því, að framkvæmdir Sjálfsbjargar hafa dregist á langinn og orðið dýrari en ella og valdið margvíslegum óþægindum og skaða. Það þarf ekki að hafa mörg orð um það. Ríkisstj. stendur ekki við þau fyrirheit, sem gefin eru í lögum, og reynir að breiða yfir það með því að bera fram skerðingarákvæði frá ári til árs til að reyna að láta minna bera á því. Miklu heiðarlegra hefði verið af stuðningsmönnum ríkisstj. og ríkisstj. sjálfri að breyta þeim lögum, sem um ræðir, og taka burt vonina, því þegar þroskaheft fólk væntir þess að fá þessar tekjur óskertar gerir það líka áætlanir sínar í samræmi við það. En það er sem sagt ekki einu sinni hægt að láta þetta fólk í friði. Skattlagning ríkisstj. og græðgi er svo mikil að það er nánast nákvæmlega sama hvar borið er niður í þjóðfélaginu. Það er alveg sama hvaðan peningarnir eru. Ef hægt er að hrifsa þá til sín stendur ekki á því. Svo var myndarskapurinn ekki meiri en svo á s. l. ári, þrátt fyrir alla skattana, að ríkissjóður skilaði greiðsluhalla. Mátti þó skilja ummæli ráðh. svo sem þeim þætti það eitt varða einhverju að á pappírnum skilaði ríkissjóður greiðsluafgangi. Það vantar ekki að margt hafi verið um það talað hvílíka óskaplega áherslu hæstv. ríkisstj. legði nú á að hafa ríkisfjármálin í lagi. Þá var það náttúrlega grundvallaratriði og útgjöld ríkissjóðs yrðu minni en tekjurnar. En það tókst sem sagt ekki.

Ég vil svo í öðru lagi, herra forseti, rifja það upp að við 2. umr. málsins varpaði ég fram elskulegum fsp. til hæstv. dómsmrh. varðandi till. sem þá lá fyrir þinginu. Nú hefur þessi till. verið endurflutt, að vísu í heimildarformi, og víst hefði það verið fróðlegt ef þessi hæstv. ráðh. hefði gefið sér tíma til að vera hér í kvöld og gera grein fyrir afstöðu sinni, af því hann vissi að eftir því var leitað. En sennilega eru málin þannig vaxin að þeim hinum vísu mönnum finnst ástæðulaust að vera að tíunda skoðanir sínar og röksemdafærslur hér á Alþingi. Sennilega vegna þess að þeir leggja hvort eð er ekki svo mikið upp úr því hvað þeir segja hverju sinni eða hvernig þeir greiða atkvæði, ef þeir geta einungis tryggt það eitt að fá að sitja í stólunum ögn lengur. Við flokksbræður þeirra verðum á hinn bóginn að horfa upp á að völd Alþb. og kommúnista fari mjög vaxandi í þessu þjóðfélagi. Það, sem er kannske verst í sambandi við það, er að þeir menn, sem leiddu þá til öndvegis í ríkisstj., skuli hafa verið kosnir á Alþingi af kjósendum Sjálfstfl.

Ég sá að hæstv. forsrh. hafði haft orð á því einhvers staðar á fundi, er hann var um það spurður, að hann hefði boðið formanni Sjálfstfl. að vera utanrrh. í sinni stjórn. Þessi yfirlýsing hans ber þess glöggt vitni, hvernig hann lítur á ríkisstjórnir, hvernig hann lítur á Alþingi. Það skiptir í hans huga engu hvernig efni máls er vaxið. Það eina, sem hann horfir á, er að geta dillað sér pínulítið fyrir framan sjónvarpsskerminn, og skal ég ekki tíunda það hér — til þess að hafa ekki óþinglegt orðbragð — hvaða skepna það er sem mér dettur í hug þegar ég nota sögnina „að dilla".

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það má ekki minna vera en ég færi hv. 6. landsk. þm. alúðarþakkir fyrir svar hans áðan. Það var í fyrsta lagi ákaflega skörulega flutt, eins og hans var von og vísa, og hógværðin og lítillætið, sem kom á eftir, spillti að sjálfsögðu engu. En einu vil ég bæta við: Ég tel að það hafi samkv. þessu legið ljóst fyrir að ekki sé neinn skoðanaágreiningur á milli hv. 6. landsk. þm. og 3. þm. Vestf. í þessu máli, þeim 6. landsk. hafi aðeins ekki verið boðið að vera meðflm. í fyrra skiptið.

En svo ég vitni aftur í góða dátann Svejk, þá finnst mér stundum sem 6. landsk. þm. kæmi vel að hafa það vottorð sem góða dátanum Svejk dugði ævinlega.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Út af því, sem hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson sagði hér: Ástæðan fyrir því, að nú er lagt til að heimila ríkisstj. 2 millj. kr. lántöku til þeirra þarfa sem þar um ræðir, er sú í fyrsta lagi, að ég hélt í kvöld þegar hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson greiddi atkv. gegn till. um 2.5 millj. að honum þætti það of mikið. Sé það ekki er ég reiðubúinn til samkomulags við hv. þm. um að flytja till. um hærri heimild til hæstv. ríkisstj. til þessa verkefnis því að sjálfsögðu eru ærin verkefni til þess að sinna. En hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson ásamt öðrum stjórnarliðum hér í deildinni greiddi atkv. gegn því, að 2.5 millj. yrði varið til þessa verkefnis. Sú er ástæðan. Það stóð ekki til að ég yrði meðflm. með þeim fjhn.-mönnum þessarar deildar. Þeir fluttu þessa till. sameiginlega, meiri hl. fjh.- og viðskn. Ég á ekki sæti í þeirri nefnd og taldi enga ástæðu til að blanda mér í þeirra tillöguflutning þar. Sú er önnur ástæðan.

Sem sagt, hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson, ég bið um samstarf um að koma í lægsta lagi 2 millj. til þessa verkefnis núna inn á lánsfjáráætlun. Viljir þú, hv. þm., hafa töluna hærri er ég til reiðu. (**Gripið fram í:** Það er bara að skrifa einn staf.) Já, já, það er fljótgert, en það verður beðið og það verður tekið eftir því, hvaða afstöðu þessi hv. þm. hefur þó til 2 millj. kr. upphæðarinnar á morgun.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Ég skal ekki tefja þessa umr., en ég vildi þó stíga hér í stólinn, áður en umr. lyki, í tilefni af þeim orðum sem hæstv. félmrh. lét falla áðan um þá brtt. sem við flytjum hér þrír varðandi Erfðafjársjóð og Framkvæmdasjóð öryrkja og þroskaheftra.

Þegar frv. til fjárlaga var afgreitt fyrr í vetur kom fram í nál. frá 1. minni hl. fjvn., þ. e. þeim hv. þm. Lárusi Jónssyni, Friðrik Sophussyni og Guðmundi Karlssyni,

hvað fjárlögin gerðu ráð fyrir mikilli skerðingu á þessum sjóðum miðað við gildandi lög. Mér finnst rétt að það komi hér fram í umr. Þar var gert ráð fyrir að erfðafjárskattur yrði skertur um 209 millj. kr. og það rynni beint til almennra nota í ríkissjóð. En varðandi Framkvæmdasjóð öryrkja og þroskaheftra var gert ráð fyrir samkv. fjárlagafrv., samkv. þeim útreikningi sem minni hl. fjvn. gerði, að þessi skerðing næmi á þessu ári 300 millj. gkr. Það gefur að sjálfsögðu auga leið að það munar um minna þegar um er að ræða sjóð sem hefur jafnbrýn verkefni á sinni könnu og raun ber vitni.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 82. fundur.

Mánudaginn 13. apríl, kl. 2.30 miðdegis.

Siglingalög, frv. (þskj. 448). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, frv. (þskj. 196). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 13. shlj. atkv.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, en frv. þetta hefur verið afgreitt frá hv. Nd.

Í frv. þessu er kveðið á um að eigendur þeirra fasteigna, sem nýttar eru við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, skuli á árinu 1981 greiða sérstakan eignarskatt til ríkissjóðs. Þessi skattskylda hvílir á þeim aðilum sem skattskyldir eru samkv. ákvæðum. I. kafla laga nr. 40/1978, um tekjuskatt og eignarskatt, og skattstofninn er fasteignamatsverð í árslok 1980.

Lög með þessu efni voru fyrst sett árið 1979 og voru framlengd á seinasta ári. Efni þessa frv. er það eitt að framlengja þessa lagasetningu enn um eitt ár.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál, sem er gamalkunningi hv. þm., og leyfi mér að leggja til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Sameinað þing, 74. fundur.

Mánudaginn 13. apríl, kl. 6 síðdegis.

Flugrekstur ríkisins, þáltill. (þskj. 548). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Starfsskilyrði myndlistarmanna, þáltill. (þskj. 571) — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til allshn. með 35 shlj. atkv.

Skýrsla um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun (þskj. 551). — Frh. umr.

Enginn tók til máls.

Sameinað þing, 13. apríl

Skattamál.

Svar fjármálaráðherra við fyrirspurn Birgis Ísl. Gunnarssonar um skattamál, á þskj. 24, sent þm. 13. apríl.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Í 59. gr. laga nr. 40/1978, um tekjuskatt og eignarskatt, er skattstjórum heimilað að ákvarða tekjur þeirra, er starfa við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, eins og nánar er greint í tilvitnaðri lagagrein. Af því tilefni er spurt:

1. Hvaða viðmiðunarreglur setti ríkisskattstjóri til ákvörðunar við tekjuáætlun samkvæmt þessari grein?
2. Í hve mörgum tilvikum fór álagning árið 1980 fram samkvæmt þessari grein laganna?
3. Hver er heildarupphæð áætlaðra tekna og álagðra skatta sem þannig var fundin?

Svar óskast skriflegt, sundurliðað eftir skattumdæmum.

Um svör við fyrirspurn þessari hef ég leitað til ríkisskattstjóra, Sigurbjörns Þorbjörnssonar.

Svar við 1. lið.

Á eftirtöldum fjórum fylgiskjölum er þessum lið svarað:

Fylgiskjal I. Meðaltalsviðmiðunarreglur ríkisskattstjóra til ákvörðunar endurgjalds gjaldárið 1980, dags. 5. maí 1980;

Fylgiskjal II. Meðaltalsviðmiðunarreglur ríkisskattstjóra til ákvörðunar endurgjalds bænda, maka þeirra og barna gjaldárið 1980, dags. 5. maí 1980;

Fylgiskjal III. Breyting ríkisskattstjóra á reglum þeim sem um er rætt í Fskj. II, dags. 22. maí 1980 og

Fylgiskjal IV. „Minnispunktar" ríkisskattstjóra frá 23. febrúar 1981 um „Viðmiðunarreglur vegna reiknaðs endurgjalds".

Svar við 2. lið.

Samkvæmt álagningarskrám 1980 fór álagning fram skv. 2. mgr. 1. tl. A-liðar 7. gr. laga nr. 40/1978, sbr. 59. grein laganna, á 19 300 menn sem skiptist þannig eftir skattumdæmum:

	Eiginmenn	Eiginkonur	Einhleypir	Menn samtals
Reykjavík	2 297	595	712	3 604
Vesturlandsumdæmi	794	504	556	1 854
Vestfjarðaumdæmi	534	271	355	1 160
Norðurlandsumdæmi vestra	842	477	806	2 125
Norðurlandsumdæmi eystra	1 336	827	697	2 860
Austurlandsumdæmi	847	479	691	2 017
Suðurlandsumdæmi	1 184	828	651	2 663
Vestmannaeyjar	147	47	28	222
Reykjanesumdæmi	1 910	533	352	2 795
Heild	9 891	4 561	4 848	19 300

Auk þessa töldu foreldri fram reiknað endurgjald á 884 börn yngri en 16. ára.

Svar við 3. lið.

Svar skiptist í tvo hluta, A og B.

A-hluti, um heildarupphæð áætlaðra tekna:

Heildarupphæð reiknaðs endurgjalds samkvæmt álagningaskrá 1980 nam í heild 50 356 763 569 gkr. sem skiptist þannig eftir umdæmum (í millj. gkr.):

	Eiginmenn	Eiginkonur	Einhleypir	Menn samtals
Reykjavík	10 074,2	1 062,8	2 211,0	13 348,0
Vesturlandsumdæmi	2 167,8	733,6	748,4	3 649,8
Vestfjarðaumdæmi	1 796,2	303,4	503,0	2 602,6
Norðurlandsumdæmi vestra	2 026,9	606,7	816,7	3 450,3
Norðurlandsumdæmi eystra	3 946,2	1 041,7	1 311,5	6 299,4
Austurlandsumdæmi	2 306,0	646,7	1 033,1	3 985,8
Suðurlandsumdæmi	3 610,0	1 645,5	1 502,4	6 757,9
Vestmannaeyjar	704,9	93,6	102,1	900,6
Reykjanesumdæmi	7 493,7	965,8	902,9	9 362,4
Heild	34 125,9	7 099,8	9 131,1	50 356,8

B-hluti, um heildarupphæð álagðra skatta (sem þannig var fundin):

Skilja verður þennan þátt fyrirspurnarinnar í 3. tölulið svo, að óskað sé svars við því hvaða áhrif reiknað endurgjald hefur haft á álagða skatta þeirra manna sem hér um ræðir á álagningaárinu 1980.

Reiknað endurgjald við álagningu skatta á álagningarárinu 1980 gæti hafa haft áhrif á álagningu eins eða fleiri eftirtalinna skatta eða gjalda: Tekjuskatts (Tsk.), útsvars (Ú.) og sjúkratryggingagjalds (Sjtrgj.), hér eftir nefndir tekjuskattar, enn fremur kirkjugarðsgjalds (Kggj.), launaskatts (Lsk.) og slysatryggingaiðgjalds (Sltrgj.).

Um tekjuskatta:

Á vegum ríkisskattstjóra voru tekjuskattar og þátttaka ríkissjóðs í greiðslu sjúkratryggingagjalds og útsvars á álagningarárinu 1980 endurreiknaðir hjá öllum þeim mönnum sem höfðu með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi. Grundvöllur endurreiknings var þessi:

a. **Hjá einhleypum** var fjárhæð reiknaðs endurgjalds hvers einhleyps framteljanda flutt úr reit 24 í framtali hans og þar með úr samtölu „launatekna" hans. Reiknað endurgjald að frádregnu tapi vegna reiknaðs endurgjalds var flutt í reit 62 — hreinar tekjur af atvinnurekstri — ef jákvæð fjárhæð var þá fyrir hendi (neikvæður mismunur féll niður) eða bætt við þegar jákvæða fjárhæð sem fyrir hendi var í reit 62.

Að loknum þessum tilfærslum var frádráttur frá tekjum metinn að nýju og leyfður sá frádráttur frá tekjum sem hæstur reyndist, þ. e. 1) fastur frádráttur frá launatengdum tekjum, öðrum en reiknuðu endurgjaldi eða 2) frádráttur skv. liðum D og E eða 3) lágmarksfrádráttur einhleypra 550 þús. gkr.

b. **Hjá hjónum** var fjárhæð reiknaðs endurgjalds hvors hjónanna um sig flutt til á sama hátt og hjá einhleypum, svo og mat á tilflutningi í reit 62 — hreinar tekjur af atvinnurekstri. Þegar svo stóð á að bæði hjónin voru með reiknað endurgjald og annað hvort hjónanna eða bæði höfðu tap vegna reiknaðs endurgjalds þá fór endurmat fram á þann hátt að reiknað endurgjald beggja í reit 24 var lagt saman, tap vegna reiknaðs endurgjalds var lagt saman, svo og hreinar tekjur í reit 62. Þannig með farin jákvæð niðurstaða hjónanna beggja var færð sem tekjur í reit 62 hjá hvoru hjónanna um sig í hlutfalli við reiknað endurgjald í reit 24. Á þennan hátt var það tryggt að tap hjónanna vegna reiknaðs endurgjalds kæmi að fullu til skila sem frádráttur frá reiknuðu endurgjaldi áður en réttilega jákvæð niðurstaða væri fengin.

Að loknum þessum tilfærslum var frádráttur frá tekjum hjónanna hvors um sig metinn að nýju og sá frádráttur leyfður frá tekjum sem hærri reyndist, þ. e. fastur frádráttur frá launatengdum tekjum, öðrum en reiknuðu endurgjaldi, eða frádráttur skv. liðum D og E.

Á fskj., merktu V, eru rakin áhrif reiknaðs endurgjalds á álagða tekjuskatta á gjaldárinu 1980 með samanburði, eftir skattumdæmum, á álagningarskrá 1980 og endurreiknaðri skrá 1980. Í heild er niðurstaðan þessi:

(Fjárhæðir í millj. gkr. Fjárhæðir innan sviga = lækkun fjárhæða frá álagningarskrá og fjöldatölur innan sviga = fækkun gjaldenda.)

	Álagningarskrá 1980		Endurreiknuð skrá 1980		Mismunur	
	Fjárhæð	Fjöldi	Fjárhæð	Fjöldi	Fjárhæð	Fjöldi
Tekjuskattur	18 704,3	19 123	18 597,3	17 592	(107,0)	(1 531)
Útsvar[1])	12 908,0	28 929	12 227,7	28 176	(680,3)	(753)
Sjúkratryggingagjald	1 988,2	28 802	1 895,5	28 455	(92,7)	(347)
Samtals	33 600,5	32 454	32 720,5	32 454	(880,0)	–
Frá dregst:						
Greiðsla ríkissjóðs[2])	969,9	10 210	1 111,7	11 435	141,8	1 225
Greiðslubyrði	32 630,6	–	31 608,8	–	(1 021,8)	–

[1]) Í 4. mgr. 23. gr. laga nr. 8/1972 höfðu sveitarstjórnir heimild til hækkunar tekna manna í atvinnurekstri sambærilega við nú nefnt reiknað endurgjald. Þessari heimild var aldrei beitt að neinu ráði og á síðasta ári gildis hennar var henni beitt að mjög takmörkuðu leyti í fjórum kauptúnahreppum og í einhverjum frekari mæli í tveim fremur fjölmennum dreifbýlishreppum.

Yrðu ákvæði tekjuskattslaganna um reiknað endurgjald afnumin vaknar sú spurning hvort ákvæði svipað þessu yrði tekið upp að nýju í tekjustofnalögunum. Hafa verður þennan möguleika í huga þegar skoðuð eru áhrif endurreikningsins á álögð útsvör.

[2]) Í 4. mgr. B-liðar 25. gr. laga nr. 68/1971 að breytingu gerðri skv. lögum nr. 11/1975 og 20/1976 var heimild, sambærileg við nú nefnt reiknað endurgjald, til að takmarka þátttöku ríkissjóðs í greiðslu útsvars og síðar sjúkratryggingagjalds manna í atvinnurekstri. Þessi heimild var að fullu nýtt. Hefði „reiknað endurgjald" ekki komið til skv. ákvæðum laga nr. 40/1978, með síðari breytingum, mætti álykta að svipuð skerðingarheimild yrði fyrir hendi varðandi þátttöku ríkissjóðs í greiðslu þessara gjalda og væri því eðlilegast að líta til þessara breytinga án tillits til frádráttar vegna greiðslu ríkissjóðs.

Á fskj., merktu VI, eru settar fram skýringar um tap vegna reiknaðs endurgjalds. Eins og þar kemur fram skortir upplýsingar um þetta atriði, sérstaklega úr Vestfjarðaumdæmi. Áætlað er að tap vegna reiknaðs endurgjalds sé vanmetið um 4—5% og þetta vanmat skekki að einhverju leyti niðurstöður endurreikningsins, þó ekki svo að niðurstöðurnar teljist ekki marktækar.

Um aðra skatta og gjöld:

Kirkjugarðsgjald er hluti tekjuskatta. Ástæðan fyrir því að það er ekki tekið með tekjusköttum er sú að útreikningur þess fer ekki alfarið fram af hálfu skattyfirvalda. Áætla má Kggj. um 2% af fjárhæð álagðra og endurreiknaðra útsvara.

Launaskattur skv. lögum nr. 14/1965 með síðari breytingum nemur 3,5% af reiknuðu endurgjaldi manna sem hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi. Undanþegið launaskatti er þó reiknað endurgjald þeirra sem landbúnað stunda, svo og þeirra manna sem höfðu með höndum rekstur fiskiskipa að því marki sem reiknaða endurgjaldið var vegna tekna þeirra sem sjómanna á íslenskum fiskiskipum.

Hjá öðrum atvinnugreinum en landbúnaði og fiskveiðum hafði reiknað endurgjald því aðeins í för með sér hærri launaskatt en ella að maðurinn reiknaði sér sjálfur hærra endurgjald en honum bar skv. viðmiðunarreglum ríkisskattstjóra. Hækkun launaskatts er þó eingöngu af þessari umframfjárhæð sem maðurinn valdi sér sjálfur að greiða af.

Slysatryggingagjald á álagningarárinu 1980 nam 0,352% af reiknuðu endurgjaldi hjá þeim mönnum í atvinnurekstri, öðrum en landbúnaði, sem óskuðu eftir slysatryggingu og hjá þeim sem landbúnað stunduðu nema þeir óskuðu **ekki** eftir slysatryggingu.

Hjá þeim sem óskuðu eftir slysatryggingu eða báðust ekki undan henni (landbúnaður) hafði reiknað endurgjald því aðeins í för með sér hærra Sltrgj. en ella að maðurinn reiknaði sér sjálfur hærra endurgjald en honum bar skv. viðmiðunarreglum ríkisskattstjóra. Hækkun Sltrgj. er þó eingöngu af þessari umframfjárhæð sem maðurinn valdi sér sjálfur að greiða af.

Að lokum þykir rétt að taka fram að allar upplýsingar sem hér eru fram settar byggja á svonefndri „Ósundurgreindri skrá" atvinnurekenda. Hér fylgir með sem fskj., merkt VII, hvernig val fór fram á þeim mönnum sem höfðu með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi.

Fylgiskjal I.
Meðaltalsviðmiðunarreglur ríkisskattstjóra til ákvörðunar endurgjalds gjaldárið 1980, dags. 5. maí 1980.

Meðaltalsviðmiðunarreglur fyrir skattstjóra til ákvörðunar á lágmarksendurgjaldi sem maður sem vinnur við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skal telja sér til tekna skv. 2. mgr. 1. tl. A-liðs 7. gr., sbr. 1. mgr. 59. gr. laga nr. 40/1978, um tekjuskatt og eignarskatt. Sömu reglur um viðmiðun gilda um vinnu manns við atvinnurekstur eða starfsemi sem rekin er í sameign með öðrum eða á vegum lögaðila.

Meðaltalsviðmiðunartekjur eru miðaðar við venjulegan vinnutíma, þ. e. 40 tíma á viku og lögbundið sumarfrí.

Ef um yfirvinnu, ákvæðisvinnu eða umframgreiðslur almennt er að ræða í viðkomandi starfsgrein á hverjum stað ber skattstjóra að meta það til hækkunar.

A. **Sérmenntaðir menn** sem vinna við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi í sérgrein sinni með eða án aðstoðarfólks.
Hér falla undir t. d. lyfjafræðingar, læknar, lögfræðingar, löggiltir endurskoðendur, ráðgjafarsérfræðingar hvers konar, verkfræðingar o. þ. h.
Árslaun 8 100 000 kr.

B. **Stjórnendur** í eigin atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi sem hafa greitt laun sem samsvara launum fyrir störf þriggja eða fleiri launþega á árinu. Hér fellur undir t. d. iðnaðar- eða iðjurekstur, innflutnings- eða útflutningsrekstur, verslun hvers konar, umboðssala, persónuleg þjónusta sem fellur ekki undir stafliði A og D.
Árslaun 7 500 000 kr.

C. **Menn sem vinna einir** við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi en gætu þó hafa greitt laun sem samsvara launum fyrir störf eins eða tveggja launþega á árinu. Hér falla undir t. d. menn sem eru með sama atvinnurekstur og um ræðir í staflið B.
Árslaun 6 400 000 kr.

D. **Iðnaðarmenn.** Hér falla undir þeir menn sem vinna að iðngrein sinni að meginhluta. Ef stjórnun á mönnum og verkum er veigamikill þáttur í starfi þeirra falla þeir undir staflið B.
1) Iðnaðarmenn við byggingarframkvæmdir hvers konar, járn- og vélsmíði, skipasmíði, blikksmíði og prentarar.
Árslaun 4 900 000 kr.
2) Iðnaðarmenn aðrir.
Árslaun 3 900 000 kr.

E. **Menn sem vinna við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi** sem ekki fellur undir stafliði A—D svo sem bireiðarstjórar, hreingerningarmenn, stjórnendur vinnuvéla o. þ. h.
Árslaun 3 400 000 kr.

F. **Sjómenn** sem starfa sem skipverjar við eigin útgerð.
Árslaun skal miða við kaup og aflahluti skv. kjarasamningum og hliðstæðum greiðslum til annarra skipverja á sama skipi.

G. **Bændur.**
Sjá sérstakar meðaltalsviðmiðunarreglur.

Hjá þeim mönnum sem eru með eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi en eru jafnframt í launuðu starfi hjá öðrum á árinu, hvort heldur samhliða eigin starfsemi eða ekki, skal við ákvörðun á lágmarksendurgjaldi lækka viðmiðunarupphæðir skv. liðum A—E í hlutfalli við það vinnuframlag sem þeir gera grein fyrir. Upphæð greiddra launa frá öðrum skiptir ekki máli við ákvörðun á viðmiðunartekjum þeirra.

Ef maður sem svo er ástatt um sem að ofan greinir gerir ekki fullnægjandi grein fyrir vinnuframlagi sínu eða telur sér til tekna af starfi sínu lægri fjárhæð en ætla má að launatekjur hans hefðu orðið ef hann hefði unnið starfið sem launþegi hjá óskyldum eða ótengdum aðila skal við ákvörðun á viðmiðunartekjum skv. liðum A—E hafa hliðsjón af eftirfarandi reglum:

1. Ef hreinar tekjur af atvinnustarfseminni, áður en endurgjaldið er dregið frá, eru 75% eða hærri af samanlögðum þannig ákvörðuðum hreinum atvinnurekstrartekjum og launatekjum (A-tekjum) skal ekki lækka viðmiðunarupphæðina.
2. Ef hreinar tekjur af atvinnustarfseminni, áður en endurgjaldið er dregið frá, eru lægri en 75% af samanlögðum þannig ákvörðuðum hreinum atvinnurekstrartekjum og launatekjum (A-tekjum) má lækka viðmiðunarupphæð skv. því hlutfalli sem þessar atvinnurekstrartekjur eru af samanlögðum tekjum, þó að jafnaði ekki niður fyrir 25%.
3. Ef tap er af atvinnustarfseminni eða hreinar tekjur, áður en endurgjaldið er dregið frá, eru það lágar að þær samsvara ekki fjárhæð sem meta skal til tekna vegna vinnuframlags hans skal fara eftir öðrum mælanlegum þáttum rekstrarins, svo sem veltu, launa-

greiðslum o. þ. h., þó skal að jafnaði ekki lækka viðmiðunarupphæð niður fyrir 25%.

Við ákvörðun reiknaðs endurgjalds af starfi við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skal gætt aðstöðu viðkomandi aðila, aldurs hans, heilsu og starfstíma, umfangs starfsins og annarra atriða er máli skipta.

Ef maki manns sem er með eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi vinnur við atvinnurekstur hans eða starfsemi skal makinn reikna sér til tekna endurgjald fyrir starf sitt. Telji skattstjóri að endurgjald fyrir starf makans sé hærra metið en makinn hefði aflað hjá óskyldum eða ótengdum aðila skal ákvarða tekjur makans af starfinu, sbr. 2. mgr. 59. gr. laganna. Skal í því sambandi taka tillit til þess hvort atvinnureksturinn eða sjálfstæða starfsemin sé háð sérþekkingu eða persónubundnum rekstrarleyfum hins makans og hvort um sérfræðilegt eða sérhæft starf sé að ræða eða almennt starf við reksturinn. Ef um sérfræðilegt eða sérhæft starf er að ræða hjá makanum skal taka mið af tekjuupphæðum skv. A—E hér að framan, þó að hámarki 80% miðað við fullt vinnuframlag. Ef um almenna ósérhæfða vinnu er að ræða skal hafa mið af eftirfarandi viðmiðunartekjum:

1. Við byggingarvinnu, iðjustarfsemi o. þ. h. Árslaun 2 260 000 kr. Meðaltalstímakaup í dagvinnu 1 090 kr., í eftirvinnu 1 520 kr.
2. Við fiskvinnu, hreingerningar, iðnað, vélavinnu o. þ. h. Árslaun 2 535 000 kr. Meðaltalstímakaup í dagvinnu 1 220 kr., í eftirvinnu 1 700 kr.
3. Við skrifstofustörf o. þ. h. Árslaun 2 700 000 kr. Meðaltalstímakaup í dagvinnu 1 400 kr., í eftirvinnu 1 970 kr.

Ef um barn rekstraraðilans á aldrinum 13—15 ára er að ræða skal miða við 65—85% af ofangreindum fjárhæðum í liðum 1—3, miðað við þennan aldur.

Fylgiskjal II.

Meðaltalsviðmiðunarreglur ríkisskattstjóra til ákvörðunar endurgjalds bænda, maka þeirra og barna gjaldárið 1980, dags. 5. maí 1980.

Skv. 4. málslið 1. mgr. 59. gr. skulu viðmiðunartekjur þeirra er landbúnað stunda miðast við launaþátt í verðlagsgrundvelli landbúnaðarafurða.

Heildartekjur grundvallarbúsins reiknast vera 12 223 200 kr. á árinu 1979. Tekið er tillit til þess við ákvörðun heildartekna að bóndinn hefur ekki fengið greitt á árinu 1979 allt grundvallarverðið eins og það er ákvarðað í verðlagsgrundvellinum og þess að hluti af heildartekjum ársins 1978 var greiddur á árinu 1979.

Ef heildartekjur búsins, sbr. 2. bls. landbúnaðarskýrslu, eru lægri en 12 223 200 kr. verður að ætla að stærð búsins nái ekki stærð grundvallarbúsins og ber að lækka viðmiðunartekjur í sama hlutfalli og heildartekjur eru lægri en heildartekjur grundvallarbúsins. Frá heildartekjum búsins í þessu sambandi skal draga tekjur á landbúnaðarskýrslu sem ekki verða raktar til vinnuframlags, t. d. söluhagnaður eigna, vaxtatekjur, veiðileigutekjur o. s. frv. Enn fremur skal taka tillit til aðstæðna hverju sinni við ákvörðun viðmiðunartekna svo sem þess ef bóndi nær ekki heildartekjum grundvallarbúsins vegna afurðaverðs, árferðis eða annarra atriða sem máli skipta svo sem aldurs, heilsu og starfstíma, vinnu utan búreksturs eða aðkeyptrar vinnu.

Launaþáttur í verðlagsgrundvellinum reiknast á sama hátt vera 6 786 500 kr. sem er um 55—56% af heildartekjum grundvallarbúsins og er þá miðað við 81 vinnuviku, 500 eftirvinnutíma, 600 nætur- og helgidagavinnutíma og 7 vikna orlof.

1. Viðmiðunartekjur bónda sem stundar einn búskap með eða án aðkeypts vinnuafls eða í samrekstri með öðrum en maka teljast með hliðsjón af framangreindu vera 4 010 000 kr.
2. Vinni annað hjóna við búrekstur maka síns, skal meta því endurgjald með hliðsjón af vinnuframlagi þess, metið á sama verði og endurgjald bónda.
3. Standi hjón bæði að búrekstrinum skal reiknað endurgjald hjónanna samtals eigi vera lægra en launaþáttur grundvallarbúsins eða 6 786 500 kr. Hreinum tekjum skal skipt milli hjónanna í hlutfalli við vinnuframlag hvors um sig. Á sama hátt skal skipta rekstrartapi.
4. Reikni bóndi börnum sínum á aldrinum 13—15 ára á tekjuárinu endurgjald fyrir vinnuframlag þeirra skv. síðasta málslið 2. mgr. 1. tl. A-liðar 7. gr. skal við mat á hámarki því sem um ræðir í 2. mgr. 59. gr. miða við meðaltímakaup frá 900 kr. til 1 030 kr. eða frá 36 000 kr. til 41 200 kr. á viku, miðað við þennan aldur.

Fylgiskjal III.

Breyting ríkisskattstjóra á meðaltalsviðmiðunarreglum til ákvörðunar endurgjalds bænda, maka þeirra og barna gjaldárið 1980, dags. 22. maí 1980.

Þann 5. maí 1980 sendi ríkisskattstjóri frá sér meðaltalsviðmiðunarreglur til ákvörðunar endurgjalds bænda, maka þeirra og barna gjaldárið 1980.

Eins og þar kemur fram skulu viðmiðunartekjur þeirra er landbúnað stunda miðast við **launaþátt** í verðlagsgrundvelli landbúnaðarafurða.

Með hliðsjón af nú fram komnum upplýsingum um vöntun á afurðaverð grundvallarbúsins á eftirstöðvar frá árinu 1978, svo og um áhrif árferðis 1979 á tekjur bænda af sauðfjárafurðum, þykir verða að gera svofelldar breytingar á umræddum meðaltalsviðmiðunarreglum:

I **Vöntun á afurðaverð ársins 1978:**

Vöntun á afurðaverð ársins 1978 er talin hafa numið 8,73% af heildartekjum grundvallarbúsins það ár, sem að meðaltali leiðir til lækkunar heildartekna grundvallarbúsins á árinu 1979 um 752 691 kr.:

a. Heildartekjur grundvallarbúsins á árinu 1979 lækka því af þessari ástæðu úr 12 233 200 kr. í 11 470 500 kr.
b. Viðmiðunartekjur bónda sem stundar einn búskap, sbr. 1. tl. umræddra meðaltalsviðmiðunarreglna, lækka því af þessari ástæðu úr 4 010 000 kr. í 3 344 000 kr.
c. Viðmiðunartekjur hjóna sem bæði standa að búrekstrinum, sbr. 2. tl. umræddra meðaltalsviðmiðunarreglna, lækka því af þessari ástæðu úr 6 786 500 kr. í 5 657 000 kr.

II **Áhrif árferðis 1979:**

Stéttarsamband bænda hefur reiknað út áhrif árferðis 1979 á tekjur bænda. Afurðarýrnun grundvallarbúsins vegna erfiðs árferðis á árinu 1979 er talin hafa numið að meðaltali 9,46% af sauðfjárlið

verðlagsgrundvallarins 1979 að frádregnu verðmæti ullar og gæra. Afurðarýnunin, sem áhrif hefur á **launaþátt grundvallarbúsins,** nemur skv. því að meðaltali 367 304 kr. (sbr. meðf. útreikninga Stéttarsambandsins). (Sauðfjárliður í verðlagsgrundvelli, að frádregnu verðmæti ullar og gæra, nemur í heild **4 853 385** kr. á árinu 1979, **9,46%** þar af **459 130** kr., en af þeirri fjárhæð reiknast **80%** eða **367 304** kr. sem afurðarýrnun vegna tekjuársins 1979.)

Eins og fram kemur í yfirliti Stéttarsambands bænda um mismun meðalvigtar á innvegnu dilkakjöti 1979 hjá sláturhúsum landsins er ljóst að mikill **mismunur** er **á áhrifum** árferðis á tekjur bænda af greindum sauðfjárlið grundvallarbúsins eða allt frá því að mismunurinn sé + 1,03% til og með ÷ 17,20%. Þykir því verða að meta eftir sláturhúsum hvaða **áhrif** þetta atriði hefur á **heildartekjur** grundvallarbúsins og þar með á **launaþátt** í grundvallarverði landbúnaðarafurða. Með hliðsjón af þessu ber að lækka þær fjárhæðir sem um ræðir í tl. I. um þessi áhrif — sömu lækkun skal beitt á liði a. og b. eða a. og c. í tl. I. — og skiptir þar ekki máli hvernig samsetningu búrekstrarins er háttað.

(Dæmi um áhrif:
Kaupf. Önfirðinga, Flateyri: 1,60% af 4 853 385 = 77 655 kr.; 80% þar af 62 124 kr. Áhrif til lækkunar: 62 124 kr.
Kaupf. N.-Þing., Kópaskeri: 17,20% af 4 853 385 = 834 783 kr.; 80% þar af 667 826 kr. Áhrif til lækkunar: 667 826 kr.)

III **Áhrif reiknaðs endurgjalds barna og aðkeyptrar vinnu unglinga innan 16 ára aldurs:**
Samkvæmt upplýsingum Stéttarsambands bænda er launaþáttur unglinga í launaþætti grundvallarbúsins metinn að hámarki 16 vinnuvikur. Reiknað endurgjald hjóna, sbr. c-lið I. tl. með áorðinni breytingu skv. II. tl. hér að framan, má því lækka um 42 600 kr fyrir hverja viku sem barni (börnum) er reiknað endurgjald og greidd er aðkeypt vinna unglinga innan 16 ára aldurs. Samtals má þessi lækkun ekki nema hærri fjárhæð en samanlagður vikufjöldi × 42 600 kr. og algjört hámark 16 vinnuvikur á 42 600 kr. eða í heild 681 600 kr.

IV Heildartekjur hvers bónda, sem stundar búskap í samrekstri (félagsbúi) með öðrum en maka sínum, skulu í sambandi við ákvörðun á viðmiðunartekjum hans miðaðar við sama hlutfall í heildartekjum samrekstrarbúsins og hreinum eignum er skipt á milli samrekstraraðila.

Útreikningur Stéttarsambands bænda á áhrifum árferðis 1979 á tekjur bænda af sauðfjárafurðum.

Sauðfjárliður í verðlagsgrundvelli 1979 að frádregnu verðmæti ullar og gæra:

Janúar	kr.	3 934 954
Febrúar	—	3 934 954
Mars	—	4 162 418
Apríl	—	4 162 418
Maí	—	4 162 418
Júní	—	4 764 848
Júlí	—	4 764 848
Ágúst	—	4 764 848
September	—	5 740 445
Október	—	5 740 445
Nóvember	—	5 740 445
Desember	—	6 367 580
	kr.	58 240 621

58 240 621 : 12 = 4 853 385

4 853 385 × 9,46% = kr. 459 130 × 80% = kr. 367 304

Yfirlit Stéttarsambands bænda um innvegið dilkakjöt 1979.

Sláturhús	Dilkakjöt Kg	Hlutfall af heildarslátrun %	Meðalvigt mismunur 78/79 kg	Meðalvigt mismunur 78/79 %
Sláturfélag Suðurlands, Kirkjubæjarklaustri	313 374	2,49	1,62	12,00
Sláturfélag Suðurlands, Vík í Mýrdal	161 958	1,29	0.29	2,24
Sláturfélag Suðurlands, Djúpadal	396 131	3,15	0,56	4,20
Sláturfélag Suðurlands, Hellu	413 344	3,29	0,60	4,60
Sláturfélag Suðurlands, Laugarási	264 078	2,10	1,48	10,63
Sláturfélag Suðurlands, Selfossi	499 923	3,99	0,92	6,60
Sláturfélag Suðurlands, Laxá	142 751	1,14	0,73	5,14
Kaupfélag Borgfirðinga, Borgarnesi	1 006 827	8,03	0,89	6,40
Kaupfélag Grundfirðinga, Stykkishólmi	28 188	0,23	1,38	9,60
Verslunin Grund hf., Stykkishólmi	20 382	0,16	1,39	9,29
Kaupfélag Stykkishólms, Stykkishólmi	63 307	0,50	1,58	10,52
Hólmkjör hf., Stykkishólmi	72 841	0,58	1,50	10,00
Kaupfélag Hvammsfjarðar, Búðardal	447 163	3,57	1,69	10,94
Kaupfélag Saurbæinga, Skriðulandi	134 935	1,08	1,59	10,54
Kaupfélag Króksfjarðar, Króksfjarðarnesi	168 958	1,34	1,60	10,18
Sláturfélagið Örlygur, Gjögrum	33 402	0,26	+0,16	+1,03
Kaupfélag Patreksfjarðar, Skjaldvararfossi	81 864	0,65	0,53	3,58
Kaupfélag Tálknafjarðar, Bíldudal	16 313	0,13	+0,06	0

Sláturhús	Dilkakjöt Kg	Hlutfall af heildarslátrun %	Meðalvigt mismunur 78/79 kg	Meðalvigt mismunur 78/79 %
Sláturfélag Arnfirðinga, Bíldudal	43 713	0,34	0,82	5,49
Kaupfélag Dýrfirðinga, Þingeyri	124 617	0,99	0,91	5,91
Kaupfélag Önfirðinga, Flateyri	81 988	0,65	0,23	1,60
Verslun Einars Guðfinnssonar, Bolungarvík	35 175	0,28	1,24	7,90
Kaupfélag Ísfirðinga, Ísafirði	174 881	1,40	1,15	7,30
Kaupfélag Strandamanna, Norðurfirði	58 539	0,47	2,53	15,60
Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Hólmavík	197 138	1,57	1,83	11,40
Kaupfélag Bitrufjarðar, Óspakseyri	87 958	0,70	1,80	11,30
Kaupfélag Hrútfirðinga, Borðeyri	231 044	1,84	1,64	10,30
Kaupfélag V-Húnvetninga, Hvammstanga	546 023	4,35	1,68	11,20
Verslun Sig. Pálmasonar, Hvammstanga	140 594	1,12	1,75	11,80
Sölufélag A-Húnvetninga, Blönduósi	769 666	6,13	1,87	13,00
Kaupfélag Skagfirðinga, Sauðárkróki	748 833	5,97	1,57	10,90
Slátursamlag Skagfirðinga, Sauðárkróki	146 229	1,17	1,58	11,30
Sameignarfélag fjáreigenda, Siglufirði	29 088	0,23	2,44	15,70
Kaupfélag Eyfirðinga, Útibú Dalvík	180 521	1,44	2,28	15,40
Kaupfélag Eyfirðinga, Útibú Grenivík	57 189	0,45	1,79	12,10
Kaupfélag Eyfirðinga, Akureyri	484 374	3,86	1,87	12,50
Kaupfélag Svalbarðseyrar, Svalbarðseyri	257 108	2,05	2,26	15,40
Kaupfélag Þingeyinga, Húsavík	556 318	4,43	2,36	16,10
Kaupfélag N-Þingeyinga, Kópaskeri	382 127	3,05	2,59	17,20
Kaupfélag Langnesinga, Þórshöfn	208 304	1,66	1,71	11,20
Kaupfélag Vopnfirðinga, Vopnafirði	211 726	1,69	1,53	10,00
Verslunarfélag Austurlands, Hlöðum	75 726	0,60	1,22	8,90
Kaupfélag Héraðsbúa, Fossvöllum	291 726	2,32	0,74	5,40
Kaupfélag Héraðsbúa, Egilsstöðum	255 508	2,04	1,08	7,79
Kaupfélag Héraðsbúa, Borgarfirði	85 232	0,68	0,59	4,10
Kaupfélag Héraðsbúa, Reyðarfirði	299 193	2,39	0,55	4,07
Kaupfélagið Fram, Norðfirði	55 145	0,44	0,88	5,80
Pöntunarfélag Eskfirðinga, Eskifirði	33 918	0,27	0,77	5,20
Kaupfélag Fáskrúðsfjarðar, Fáskrúðsfirði	72 157	0,57	0,32	2,37
Sláturfélag Suðurfjarða, Breiðdalsvík	157 902	1,26	0,75	5,78
Kaupfélag Berufjarðar, Djúpavogi	171 874	1,37	0,44	3,27
Kaupfélag A-Skaftfellinga, Hornafirði	346 025	2,76	0,73	5,08
Kaupfélag A-Skaftfellinga, Fagurhólsmýri	64 866	0,51	0,67	5,58
Sláturhúsið Vík hf., Vík í Mýrdal	112 043	0,89	1,19	9,07
Afurðasala Friðriks Friðrikssonar, Þykkvabæ	106 971	0,85	0,21	1,60
Búrfell hf., Minniborg	107 499	0,86	1,42	10,70
Höfn hf., Selfossi	140 290	1,11	0,49	3,83
Kaupfélag Suðurnesja, Grindavík	144 920	1,15	1,16	8,58
Hlíðardalsskólabúið, Breiðabólstað	1 334	0,10	0,70	5,60
	12 540 208	100,0		

Fylgiskjal IV.

Minnispunktar ríkisskattstjóra frá 23. febrúar 1981 um viðmiðunarreglur vegna reiknaðs endurgjalds.

I **Almennt:** Gildandi lagaákvæði sem snerta þetta atriði:

a. **2. mgr. A-liðar 7. gr.**
Fyrsti málsliður: Um þann aðilann eða aðila sem vinna við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi.
Síðasti málsliður: Um starf innt af hendi af maka eða börnum þeirra manna sem um ræðir í 1. málslið, þ. e. a. s. makinn starfar ekki að sameiginlegum atvinnurekstri hjónanna.

b. **2. og 3. málsliður 2. mgr. 3. tl. 63. gr.**
Um skiptingu hreinna tekna (eða rekstrartaps) ef hjón starfa sameiginlega að atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi — skipting grundvallast á vinnuframlagi hjónanna hvors um sig og þar með mat á reiknuðu endurgjaldi hjónanna hvors um sig.

c. **1. mgr. 59. gr.**
Hér er að finna ákvæði þess efnis að skattstjóri skuli gæta þess að reiknað endurgjald sé **ekki of lágt** metið hjá framteljanda. Hvergi er að finna ákvæði þess efnis að þess skuli gætt að reiknað endurgjald sé **ekki of hátt** metið. Starfi hjónin sameiginlega að atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi hljóta bæði hjónin að falla innan ramma þessarar málsgreinar 59. gr.

d. **2. mgr. 59. gr.**
Hér er að finna ákvæði þess efnis að skattstjóri skuli gæta þess að reiknað endurgjald fyrir starf maka manns (eða barns hans) sé **ekki of hátt** metið. Hér er um þá maka manns að ræða sem um er rætt í síðasta málsl. 2. mgr. A-liðar 7. gr. en ekki í 63. gr., þ. e. a. s. makinn er ekki talinn starfa að sameiginlegum atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi hjónanna.

II **Um bændur** (sbr. síðasta málsl. 1. mgr. 59. gr.):
Launaþáttur í verðlagsgrundvelli landbúnaðarafurða hefur hefðbundið á árunum frá 1/9/68 til og með 31/8/78 verið byggður upp á ákveðinni skiptingu á vinnuframlagi milli bónda, húsfreyju og unglinga, þó á mismunandi launatöxtum. Orlofsálag kemur fyrst til frá 1/9/73 og jafnframt er vinnuframlagi bónda skipt í dagvinnu, eftir-, nætur- og helgidagavinnu, en vinnustundir í heild þó breyttar. Frá 1/9/76 er hlutfalli bónda milli dagvinnu, eftirvinnu, nætur- og helgidagavinnu örlítið breytt en vinnustundir í heild óbreyttar. Vinnustundir unglinga eru þá lækkaðar úr 1000 klst. í 940 klst. en inn koma sem viðbót 200 klst. sem eftir- og næturvinna hjá húsfreyjunni. Í heild er því vinnuframlag hækkað um 140 klst. Frá 1/9/78 til og með 31/8/80 er launaþætti breytt á þann veg að heildarvikur í dagvinnu eru taldar 81 vinnuvika (sem með orlofi gerir 87,75 vikur) og eftir-, nætur- og helgidagavinna **1100** klst. (sem gera 27,5 vinnuvikur með **40** klst. vinnuviku).

Vinnuvikur í heild með álagi fyrir orlofi verða því 115,25 (ógerlegt reyndist fyrr en á árinu 1980 að fá það staðfest að í þessum launaþætti væri unglingavinnan metin að hámarki 16 vinnuvikur). Vinnuframlag bónda og maka hans gat því legið á bilinu 71,75—87,75 vinnuvikur (að meðtöldu orlofi) í dagvinnu, og í heild með eftir-, nætur- og helgidagavinnu á bilinu 99,25—115,25 vinnuvikur.

III **Fyrri ákvæði laga um** „Frádrátt vegna starfa eiginkonu við atvinnurekstur hjóna":
Frá og með gjaldárinu 1959 (skattárinu 1958) til og með gjaldársins 1979 (skattársins 1978) var í þágildandi skattalögum leyfður „Frádráttur vegna starfa eiginkonu við atvinnurekstur hjóna".
Frá og með gjaldárinu 1972 nam þessi frádráttur 50% af reiknuðum launum giftrar konu fyrir starf við atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi manns hennar eða 50% af áætluðum hluta konunnar af sameiginlegum hreinum tekjum hjónanna af atvinnurekstrinum miðað við beint vinnuframlag hennar. Þessi 50% máttu þó ekki fara fram úr ákveðnu hámarki sem nam 428 800 kr. við síðustu álagningu (gjaldár 1979) skv. þessu lagaákvæði.
Hjá bændum var þessi frádráttarheimild notuð að því marki sem löggjöfin heimilaði og þá á þeim grundvelli að eiginkonan gengi til verka ásamt eiginmanni sínum í atvinnurekstri sem hjónin bæði áttu eða ráku eða á þeim grundvelli að eiginkonan gengi til verka í atvinnurekstri í eigu eða reknum af eiginmanni hennar.

Fylgiskjal V.

SAMANBURÐUR
á Álagningarskrá (Áls.) 1980 við Endurreiknaða skrá (Ers.) 1980
— ÓSUNDURGREIND SKRÁ — ALLAR ATVINNUGREINAR

Allar fjárhæðir í millj. gkr.
Fjárhæðir innan sviga = lækkun skatts frá Áls. Fjöldatölur innan sviga = fækkun gjaldenda frá Áls.

	Álagningarskrá		Endurreiknuð skrá		Mismunur	
	Fjárhæð	Fjöldi	Fjárhæð	Fjöldi	Fjárhæð	Fjöldi
Reykjavík:						
Einhleypir						
Tekjuskattur	**1 143,8**	**833**	**1 095,6**	**786**	**(48,2)**	**(47)**
Útsvar	**626,5**	**1 026**	**598,2**	**1 013**	**(28,3)**	**(13)**
Sjúkratryggingagjald	**90,5**	**1 006**	**86,6**	**997**	**(3,9)**	**(9)**
Samtals (á skrá)	**1 860,8**	**1 056**	**1 780,4**	**1 056**	**(80,4)**	–
Frá dregst:						
Greiðsla ríkissjóðs	20,2	195	24,2	234	4,0	39
Greiðslubyrði	1 840,6	–	1 756,2	–	(84,4)	–
Hjón saman						
Tekjuskattur	5 752,7	4 001	5 827,6	3 820	74,9	(181)
Útsvar	3 262,3	5 421	3 166,4	5 436	(95,9)	15
Sjúkratryggingagjald	492,1	5 440	479,0	5 488	(13,1)	48
Samtals (á skrá)	9 507,1	6 384	9 473,0	6 384	(34,1)	–
Frá dregst:						
Greiðsla ríkissjóðs	144,6	1 493	189,2	1 723	44,6	230
Greiðslubyrði	9 362,5	–	9 283,8	–	(78,7)	–

	Álagningarskrá		Endurreiknuð skrá		Mismunur	
	Fjárhæð	Fjöldi	Fjárhæð	Fjöldi	Fjárhæð	Fjöldi
Einhleypir og hjón						
Tekjuskattur	6 896,5	4 834	6 923,2	4 606	26,7	(228)
Útsvar	3 888,8	6 447	3 764,6	6 449	(124,2)	2
Sjúkratryggingagjald	582,6	6 446	565,6	6 485	(17,0)	39
Samtals (á skrá)	11 367,9	7 440	11 253,4	7 440	(114,5)	–
Frá dregst:						
Greiðsla ríkissjóðs	164,8	1 688	213,4	1 957	48,6	269
Greiðslubyrði	11 203,1	–	11 040,0	–	(163,1)	–
Vesturland:						
Einhleypir						
Tekjuskattur	206,2	386	196,4	351	(9,8)	(35)
Útsvar	220,7	833	207,4	808	(13,3)	(25)
Sjúkratryggingagjald	35,5	805	33,6	787	(1,9)	(19)
Samtals (á skrá)	462,4	881	437,4	881	(25,0)	–
Frá dregst:						
Greiðsla ríkissjóðs	42,3	458	44,6	476	2,3	18
Greiðslubyrði	420,1	–	392,8	–	(27,3)	–
Hjón saman						
Tekjuskattur	903,6	1 202	894,4	1 068	(9,2)	(134)
Útsvar	757,7	1 983	704,7	1 884	(53,0)	(99)
Sjúkratryggingagjald	119,7	1 983	112,7	1 930	(7,0)	(53)
Samtals (á skrá)	1 781,0	2 310	1 711,8	2 310	(69,2)	–
Frá dregst:						
Greiðsla ríkissjóðs	78,5	820	86,2	907	7,7	87
Greiðslubyrði	1 702,5	–	1 625,6	–	(76,9)	–
Einhleypir og hjón						
Tekjuskattur	1 109,8	1 588	1 090,8	1 419	(19,0)	(169)
Útsvar	978,4	2 816	912,1	2 692	(66,3)	(124)
Sjúkratryggingagjald	155,2	2 788	146,3	2 717	(8,9)	(71)
Samtals (á skrá)	2 243,4	3 191	2 149,2	3 191	(94,2)	–
Frá dregst:						
Greiðsla ríkissjóðs	120,8	1 278	130,8	1 383	10,0	105
Greiðslubyrði	2 122,6	–	2 018,4	–	(104,2)	–
Vestfirðir:						
Einhleypir						
Tekjuskattur	200,2	279	202,6	279	2,4	0
Útsvar	165,3	483	165,3	483	0	0
Sjúkratryggingagjald	25,7	467	25,7	467	0	0
Samtals (á skrá)	391,2	528	393,6	528	2,4	–
Frá dregst:						
Greiðsla ríkissjóðs	20,1	211	20,1	211	0	0
Greiðslubyrði	371,1	–	373,5	–	2,4	–

	Álagningarskrá		Endurreiknuð skrá		Mismunur	
	Fjárhæð	Fjöldi	Fjárhæð	Fjöldi	Fjárhæð	Fjöldi
Hjón saman						
Tekjuskattur	846,1	911	908,1	922	62,0	11
Útsvar	613,2	1 442	613,2	1 450	0	8
Sjúkratryggingagjald	97,9	1 438	97,8	1 443	(0,1)	5
Samtals (á skrá)	1 557,2	1 648	1 619,1	1 648	61,9	–
Frá dregst:						
Greiðsla ríkissjóðs	51,1	549	51,3	545	0,2	(4)
Greiðslubyrði	1 506,1	–	1 567,8	–	61,7	–
Einhleypir og hjón						
Tekjuskattur	1 046,3	1 190	1 110,7	1 201	64,4	11
Útsvar	778,5	1 925	778,5	1 933	0	8
Sjúkratryggingagjald	123,6	1 905	123,5	1 910	(0,1)	5
Samtals (á skrá)	1 948,4	2 176	2 012,7	2 176	64,3	–
Frá dregst:						
Greiðsla ríkissjóðs	71,2	760	71,4	756	0,2	(4)
Greiðslubyrði	1 877,2	–	1 941,3	–	64,1	–
Norðurland vestra:						
Einhleypir						
Tekjuskattur	172,4	384	168,9	371	(3,5)	(13)
Útsvar	205,2	879	199,5	864	(5,7)	(15)
Sjúkratryggingagjald	33,4	850	32,7	843	(0,7)	(7)
Samtals (á skrá)	411,0	931	401,1	931	(9,9)	–
Frá dregst:						
Greiðsla ríkissjóðs	46,3	505	45,4	514	(0,9)	9
Greiðslubyrði	364,7	–	355,7	–	(9,0)	–
Hjón saman						
Tekjuskattur	655,2	1 075	673,2	1 025	18,0	(50)
Útsvar	602,6	1 879	572,9	1 803	(29,7)	(76)
Sjúkratryggingagjald	96,0	1 899	91,8	1 868	(4,2)	(31)
Samtals (á skrá)	1 353,8	2 126	1 337,9	2 126	(15,9)	–
Frá dregst:						
Greiðsla ríkissjóðs	78,6	857	76,5	877	(2,1)	20
Greiðslubyrði	1 275,2	–	1 261,4	–	(13,8)	–
Einhleypir og hjón						
Tekjuskattur	827,6	1 459	842,1	1 396	14,5	(63)
Útsvar	807,8	2 758	772,4	2 667	(35,4)	(91)
Sjúkratryggingagjald	129,4	2 749	124,5	2 711	(4,9)	(38)
Samtals (á skrá)	1 764,8	3 057	1 739,0	3 057	(25,8)	–
Frá dregst:						
Greiðsla ríkissjóðs	124,9	1 362	121,9	1 391	(3,0)	29
Greiðslubyrði	1 639,9	–	1 617,1	–	(22,8)	–

	Álagningarskrá		Endurreiknuð skrá		Mismunur	
	Fjárhæð	Fjöldi	Fjárhæð	Fjöldi	Fjárhæð	Fjöldi
Norðurland eystra:						
Einhleypir						
Tekjuskattur	269,6	450	263,8	407	(5,8)	(43)
Útsvar	268,3	821	254,1	786	(14,2)	(35)
Sjúkratryggingagjald	39,9	801	38,1	782	(1,8)	(19)
Samtals (á skrá)	577,8	845	556,0	845	(21,8)	–
Frá dregst:						
Greiðsla ríkissjóðs	39,2	378	40,7	400	1,5	22
Greiðslubyrði	538,6	–	515,3	–	(23,3)	–
Hjón saman						
Tekjuskattur	1 444,5	1 890	1 437,9	1 767	(6,6)	(123)
Útsvar	1 234,2	3 121	1 155,1	3 009	(79,1)	(112)
Sjúkratryggingagjald	186,9	3 115	176,2	3 058	(10,7)	(57)
Samtals (á skrá)	2 865,6	3 454	2 769,2	3 454	(96,4)	–
Frá dregst:						
Greiðsla ríkissjóðs	125,8	1 280	125,1	1 343	(0,7)	63
Greiðslubyrði	2 739,8	–	2 644,1	–	(95,7)	–
Einhleypir og hjón						
Tekjuskattur	1 714,1	2 340	1 701,7	2 174	(12,4)	(166)
Útsvar	1 502,5	3 942	1 409,2	3 795	(93,3)	(147)
Sjúkratryggingagjald	226,8	3 916	214,3	3 840	(12,5)	(76)
Samtals (á skrá)	3 443,4	4 299	3 325,2	4 299	(118,2)	–
Frá dregst:						
Greiðsla ríkissjóðs	165,0	1 658	165,8	1 743	0,8	85
Greiðslubyrði	3 278,4	–	3 159,4	–	(119,0)	–
Austurland:						
Einhleypir						
Tekjuskattur	243,8	427	211,1	357	(32,7)	(70)
Útsvar	256,1	782	228,3	746	(27,8)	(36)
Sjúkratryggingagjald	37,6	763	33,8	736	(3,8)	(27)
Samtals (á skrá)	537,5	798	473,2	798	(64,3)	–
Frá dregst:						
Greiðsla ríkissjóðs	37,7	361	41,4	405	3,7	44
Greiðslubyrði	499,8	–	431,8	–	(68,0)	–
Hjón saman						
Tekjuskattur	1 023,6	1 195	974,1	986	(49,5)	(209)
Útsvar	786,5	1 884	702,9	1 748	(83,6)	(136)
Sjúkratryggingagjald	118,4	1 890	107,2	1 808	(11,2)	(82)
Samtals (á skrá)	1 928,5	2 098	1 784,2	2 098	(144,3)	–
Frá dregst:						
Greiðsla ríkissjóðs	67,8	722	81,2	854	13,4	132
Greiðslubyrði	1 860,7	–	1 703,0	–	(157,7)	–

	Álagningarskrá		Endurreiknuð skrá		Mismunur	
	Fjárhæð	Fjöldi	Fjárhæð	Fjöldi	Fjárhæð	Fjöldi
Einhleypir og hjón						
Tekjuskattur	1 267,4	1 622	1 185,2	1 343	(82,2)	(279)
Útsvar	1 042,6	2 666	931,2	2 494	(111,4)	(172)
Sjúkratryggingagjald	156,0	2 653	141,0	2 544	(15,0)	(109)
Samtals (á skrá)	2 466,0	2 896	2 257,4	2 896	(208,6)	–
Frá dregst:						
Greiðsla ríkissjóðs	105,5	1 083	122,6	1 259	17,1	176
Greiðslubyrði	2 360,5	–	2 134,8	–	(225,7)	–
Suðurland:						
Einhleypir						
Tekjuskattur	272,7	529	235,0	406	(37,7)	(123)
Útsvar	235,7	748	203,0	711	(32,7)	(37)
Sjúkratryggingagjald	37,8	719	33,1	677	(4,7)	(42)
Samtals (á skrá)	546,2	767	471,1	767	(75,1)	–
Frá dregst:						
Greiðsla ríkissjóðs	18,9	221	28,0	318	9,1	97
Greiðslubyrði	527,3	–	443,1	–	(84,2)	–
Hjón saman						
Tekjuskattur	1 076,6	1 805	1 049,0	1 479	(27,6)	(326)
Útsvar	849,6	2 520	756,5	2 376	(93,1)	(144)
Sjúkratryggingagjald	140,5	2 493	127,5	2 422	(13,0)	(71)
Samtals (á skrá)	2 066,7	2 720	1 933,0	2 720	(133,7)	–
Frá dregst:						
Greiðsla ríkissjóðs	64,1	737	88,8	1 000	24,7	263
Greiðslubyrði	2 002,6	–	1 844,2	–	(158,4)	–
Einhleypir og hjón						
Tekjuskattur	1 349,3	2 334	1 284,0	1 885	(65,3)	(449)
Útsvar	1 085,3	3 268	959,5	3 087	(125,8)	(181)
Sjúkratryggingagjald	178,3	3 212	160,6	3 099	(17,7)	(113)
Samtals (á skrá)	2 612,9	3 487	2 404,1	3 487	(208,8)	–
Frá dregst:						
Greiðsla ríkissjóðs	83,0	958	116,8	1 318	33,8	360
Greiðslubyrði	2 529,9	–	2 287,3	–	(242,6)	–
Vestmannaeyjar:						
Einhleypir						
Tekjuskattur	32,0	28	27,9	26	(4,1)	(2)
Útsvar	20,6	33	18,4	32	(2,2)	(1)
Sjúkratryggingagjald	3,1	32	2,7	31	(0,4)	(1)
Samtals (á skrá)	55,7	33	49,0	33	(6,7)	–
Frá dregst:						
Greiðsla ríkissjóðs	0,3	5	0,5	6	0,2	1
Greiðslubyrði	55,4	–	48,5	–	(6,9)	–

	Álagningarskrá		Endurreiknuð skrá		Mismunur	
	Fjárhæð	Fjöldi	Fjárhæð	Fjöldi	Fjárhæð	Fjöldi
Hjón saman						
Tekjuskattur	296,7	265	301,2	246	4,5	(19)
Útsvar	200,3	370	189,7	362	(10,6)	(8)
Sjúkratryggingagjald	31,0	375	29,7	372	(1,3)	(3)
Samtals (á skrá)	528,0	426	520,6	426	(7,4)	–
Frá dregst:						
Greiðsla ríkissjóðs	9,9	110	13,5	126	3,6	16
Greiðslubyrði	518,1	–	507,1	–	(11,0)	–
Einhleypir og hjón						
Tekjuskattur	328,7	293	329,1	272	0,4	(21)
Útsvar	220,9	403	208,1	394	(12,8)	(9)
Sjúkratryggingagjald	34,1	407	32,4	403	(1,7)	(4)
Samtals (á skrá)	583,7	459	569,6	459	(14,1)	–
Frá dregst:						
Greiðsla ríkissjóðs	10,2	115	14,0	132	3,8	17
Greiðslubyrði	573,5	–	555,6	–	(17,9)	–
Reykjanes:						
Einhleypir						
Tekjuskattur	330,7	348	308,8	332	(21,9)	(16)
Útsvar	225,7	441	213,7	436	(12,0)	(5)
Sjúkratryggingagjald	32,9	429	31,3	427	(1,6)	(2)
Samtals (á skrá)	589,3	469	553,8	469	(35,5)	–
Frá dregst:						
Greiðsla ríkissjóðs	8,8	95	10,8	109	2,0	14
Greiðslubyrði	580,5	–	543,0	–	(37,5)	–
Hjón saman						
Tekjuskattur	3 833,8	3 115	3 821,4	2 964	(12,4)	(151)
Útsvar	2 377,5	4 263	2 278,3	4 229	(99,2)	(34)
Sjúkratryggingagjald	369,1	4 297	355,9	4 319	(13,2)	22
Samtals (á skrá)	6 580,4	4 980	6 455,6	4 980	(124,8)	–
Frá dregst:						
Greiðsla ríkissjóðs	115,7	1 213	144,1	1 387	28,4	174
Greiðslubyrði	6 464,7	–	6 311,5	–	(153,2)	–
Einhleypir og hjón						
Tekjuskattur	4 164,5	3 463	4 130,2	3 296	(34,3)	(167)
Útsvar	2 603,2	4 704	2 492,0	4 665	(111,2)	(39)
Sjúkratryggingagjald	402,0	4 726	387,2	4 746	(14,8)	20
Samtals (á skrá)	7 169,7	5 449	7 009,4	5 449	(160,3)	–
Frá dregst:						
Greiðsla ríkissjóðs	124,5	1 308	154,9	1 496	30,4	188
Greiðslubyrði	7 045,2	–	6 854,5	–	(190,7)	–

	Álagningarskrá		Endurreiknuð skrá		Mismunur	
	Fjárhæð	Fjöldi	Fjárhæð	Fjöldi	Fjárhæð	Fjöldi
Allt landið:						
Einhleypir						
Tekjuskattur	2 871,3	3 664	2 710,3	3 315	(161,0)	(349)
Útsvar	2 223,9	6 046	2 088,0	5 879	(135,9)	(167)
Sjúkratryggingagjald	336,6	5 872	317,6	5 747	(19,0)	(125)
Samtals (á skrá)	5 431,8	6 308	5 115,9	6 308	(315,9)	–
Frá dregst:						
Greiðsla ríkissjóðs	233,8	2 429	255,7	2 673	21,9	244
Greiðslubyrði	5 198,0	–	4 860,2	–	(337,8)	–
Hjón saman						
Tekjuskattur	15 833,0	15 459	15 887,0	14 277	54,0	(1182)
Útsvar	10 684,1	22 883	10 139,7	22 297	(544,4)	(586)
Sjúkratryggingagjald	1 651,6	22 930	1 577,9	22 708	(73,7)	(222)
Samtals (á skrá)	28 168,7	26 146	27 604,6	26 146	(564,1)	–
Frá dregst:						
Greiðsla ríkissjóðs	736,1	7 781	856,0	8 762	119,9	981
Greiðslubyrði	27 432,6	–	26 748,6	–	(684,0)	–
Einhleypir og hjón						
Tekjuskattur	18 704,3	19 123	18 597,3	17 592	(107,0)	(1531)
Útsvar	12 908,0	28 929	12 227,7	28 176	(680,3)	(753)
Sjúkratryggingagjald	1 988,2	28 802	1 895,5	28 455	(92,7)	(247)
Samtals (á skrá)	33 600,5	32 454	32 720,5	32 454	(880,0)	–
Frá dregst:						
Greiðsla ríkissjóðs	969,9	10 210	1 111,7	11 435	141,8	1 225
Greiðslubyrði	32 630,6	–	31 608,8	–	(1 021,8)	–

Fylgiskjal VI.

Um tap vegna reiknaðs endurgjalds:

Samkvæmt fyrirmælum ríkisskattstjóra til allra skattstjóra áttu þeir að tilgreina á greinargerð um álagningu tryggingagjalda þann hluta reiknaðs endurgjalds sem myndaði rekstrartap eða jók það ef það var þegar fyrir hendi hjá þeim framteljendum sem hlut áttu að máli. Allir skattstjórar að undanteknum skattstjóra Vestfjarðaumdæmis fóru að þessum fyrirmælum. Þá skal þess og getið að í Vesturlandsumdæmi kemur ekki fram tap vegna reiknaðs endurgjalds hjá þeim framteljendum sem ekki höfðu sætt endurskoðun reiknaðs endurgjalds við gerð álagningarskráa nema að því leyti sem það kom fram af hálfu framteljenda sjálfra.

Samkvæmt úrvinnslu gagna um reiknað endurgjald og þeirra upplýsinga er fram komu í tryggingagögnum í öllum öðrum skattumdæmum en Vestfjarðaumdæmi nam tap vegna reiknaðs endurgjalds sem hér segir:

	Fjárhæð taps vegna reiknaðs endurgjalds	Fjöldi með tap vegna reknaðs endurgjalds	Meðaltal taps vegna reiknaðs endurgjalds
Einhleypir	1 269,7 m. gkr.	1 244	1,02 m. gkr.
Hjón (talin sem einn)	4 999,7 m. gkr.	3 043	1,64 m. gkr.
Heild	6 269,4 m. gkr.	4 287	1,46 m. gkr.

Fylgiskjal VII.
Minnisblað ríkisskattstjóra frá 30. janúar 1981 um atvinnurekendaskrá einstaklinga.

I Frumval skráningar (Yfirlit: Án sundurgreiningar):

a. Úr skattgrunnskrá voru valdir allir einstaklingar sem uppfylltu eitthvert eftirtalinna skilyrða:
   1. Höfðu reiknað endurgjald í 24. reit framtals,
   2. báru aðstöðugjald,
   3. báru slysatryggingaiðgjöld.

   Ef annað hjóna uppfyllti eitthvert skilyrðanna þá voru bæði hjónin valin í skráningu.

b. Val atvinnugreinar:
   1. Eftir atvinnugreinarmerkingu innsendra launagagna, þ. m. t. atvinnugreinarmerking vegna reiknaðs endurgjalds, eða
   2. eftir aðstöðugjaldsmerkingu ef 1. var ekki fyrir hendi.

II Skipting skráningar:

a. Út úr frumvalsskráningu voru „grisjaðir" allir einstaklingar þar sem:
   1. Reiknað endurgjald (reitur 24) og hreinar tekjur af atvinnurekstri (reitur 62) voru samtals undir 1 millj. gkr. ef viðkomandi var ekki með fjárhæðir í reitum 68 og 69 (óframtalinn eða beittur viðurlögum), eða
   2. Atvgrm. 420 jafnvel þótt fjárhæðir væru fyrir hendi í reitum 68 og 69 (þeir sem voru með slysatryggingaiðgjöld vegna aðkeyptrar vinnu við húsbyggingar eða viðhald þeirra).

   Standi annað hjóna eftir þrátt fyrir grisjun þá voru bæði hjónin látin standa eftir.

b. Þeim einstaklingum sem eftir stóðu var síðan skipt í „aðalskrá" og „aukaskrá" skv. eftirfarandi reglum:
   1. Á „aukaskrá" fóru allir einstaklingar þar sem reiknað endurgjald (reitur 24) og hreinar tekjur af atvinnurekstri (reitur 62) voru samtals undir 4 millj. gkr. og launatekjur skv. reit 21 voru jafnframt hærri en samtala reiknaðs endurgjalds og hreinna tekna af atvinnurekstri.
   2. Á „aðalskrá" fóru allir þeir einstaklingar sem eftir stóðu úr „frumvalsskrá", sbr. I eftir grisjun skv. II a og b 1.

   Ef annað hjóna féll innan II b.1 eða 2. þá fylgdi hitt hjónanna þeirri skráningu þótt það hjónanna hefði ekki með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi.

Neðri deild, 81. fundur.

Þriðjudaginn 14. apríl, kl. 2 miðdegis.

Olíugjald til fiskiskipa, frv. (þskj. 435). — Frh. 3. umr.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, StH, SvG, ÞS, AS, EH, FÞ, GS, GJG, GHelg, HÁ, HG, IGuðn, IGísl, JE.
nei: KP, JBH, HBl.

JÞ, MHM, MB, MÁM, SighB, SteinG, VG, ÁG, BÍG, FrS, GeirH, JS, SvH greiddu ekki atkv.

5 þm. (ÓE, PS, SV, AG, GGÞ) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Halldór Blöndal: Herra forseti. Í þessu frv. er enn einu sinni lagt til að leggja gjöld á aftur í tímann. Í þetta skipti er það miðað við síðustu áramót. Ég er afskaplega þreyttur orðinn á þessum reikningum eftir á, þessum bakreikningum þessarar hæstv. ríkisstj., og segi nei.

Frv. afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 662).

Almenn hegningarlög, frv. (þskj. 4). — Frh. 3. umr.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Lánsfjárlög 1981, frv. (þskj. 629 (sbr. 613), 653, 656, 657, 658, 659). — Frh. 3. umr.

ATKVGR.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Við 3. umr. um frv. til lánsfjárlaga, sem fram fór í gærkvöld, flutti ég ásamt þrem öðrum þm. tillögu til breytinga á lánsfjárlögum sem er að finna á þskj. 656 og felur í sér heimild til handa fjmrh. til að taka lán til styrktar Bjargráðasjóði við bótagreiðslur til þeirra sem urðu fyrir verulegu tjóni í fárviðri sem gekk yfir landið í vetur. Hæstv. félmrh. vildi ekki styðja till. af þeirri ástæðu að hann taldi að enn væri ekki vitað hversu mikils fjár þyrfti við til þess að bæta óveðurstjónið, en lýsti því yfir, að hann mundi bera fram sérstakt frv. til fjáröflunar í þessu skyni strax eftir páskaleyfi þm.

Flm. till. telja að þau rök, sem hæstv. ráðh. færði fram fyrir andstöðu við brtt., séu ekki fyrir hendi. Samkv. bráðabirgðaathugun á bótaþörfum er sú fjárhæð, sem till. heimilar að taka að láni, allt að 25 millj. kr., vel yfir áætluðum greiðslum. Hins vegar er flm. það áhugamál, að almenn samstaða geti tekist á Alþingi um lausn slíkra mála, og fallast því á að draga till. sína til baka í trausti þess, að hæstv. félmrh. flytji, strax þegar Alþingi kemur saman að loknu páskaleyfi þm., sérstakt frv. með heimild til handa ríkisstj. að taka lán til þess að leggja Bjargráðasjóði til nægilega fjárupphæð sem geri honum kleift að bæta óveðurstjónið sem fjölmargir aðilar urðu fyrir á þessum vetri. Till. á þskj. 656 er því dregin til baka.

Brtt. 656 tekin aftur.

Brtt. 657 felld með 18:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HBl, JS, JÞ, KP, MHM, MB, MÁM, SighB, SteinG, VG, ÁG, JBH, BÍG, EH, FrS, GeirH, SvH.
nei: GJG, GHelg, HÁ, HG, IGuðn, IGísl, JE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, StH, ÞS, AS, FÞ, GS.
AG greiddi ekki atkv.
4 þm. (GGÞ, ÓE, PS, SV) fjarstaddir.
Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Það er löngu orðin venjubundin afgreiðsla á Alþingi að ákvarða lántökur ríkissjóðs með heimildarákvæðum eins og því sem hér er lagt til að samþykkt verði. Í slíku ákvæði felst vilji Alþingis sem ríkisstjórnir hingað til hafa virt. Ég segi já.

Brtt. 658 felld með 18:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JS, JÞ, KP, MHM, MB, MÁM, SighB, SteinG, VG, AG, ÁG, JBH, BÍG, FrS, GeirH, HBl, SvH.
nei: IGísl, JE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, StH, SvG, ÞS, AS, FÞ, GS, GJG, GHelg, HÁ, HG, IGuðn.
EH greiddi ekki atkv.
4 þm. (ÓE, PS, SV, GGÞ) fjarstaddir.
Brtt. 659,1 felld með 19:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SighB, SteinG, VG, AG, ÁG, JBH, BÍG, FrS, GeirH, HBl, JS, JÞ, KP, MHM, MB, MÁM, SvH.
nei: RA, SkA, StH, SvG, ÞS, AS, EH, FÞ, GS, GJG, GHelg, HÁ, HG, IGuðn, IGísl, JE, ÓÞÞ, PP. PJ.
4 þm. (PS, SV, GGÞ, ÓE) fjarstaddir.
Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það er ekki að sökum að spyrja, að með till. ríkisstj. og stuðningsmanna hennar er verið að skattleggja fatlað fólk og þroskahefta. Þess vegna voru þessar brtt. fluttar. Ég segi já.

Brtt. 659, 2 felld með 19:17 atkv.
Brtt. 653 samþ. með 19:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JBH, BÍG, EH, FrS, GeirH, HBl, JS, JÞ, KP, MHM, MB, MÁM, SighB, SteinG, VG, AG, AS, ÁG, SvH.
nei: FÞ, GS, GJG, GHelg, HÁ, HG, IGuðn, IGísl, JE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, StH, SvG, ÞS.
4 þm. (GGÞ, ÓE, PS, SV) fjarstaddir.

Páll Pétursson: Herra forseti. Mér koma þessar tölur hér mjög á óvart og óska eftir því að þessi atkvgr. verði endurtekin.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég vil aðeins taka fram að ég fylgdist mjög grandgæfilega með þessari atkvgr. og þessar niðurstöður eru nákvæmlega í samræmi við það sem atkv. féllu hér áðan, eins og hljóðritun á atkvgr. mun geta fært mönnum heim sanninn um. Mér er sagt, herra forseti, að um það leyti sem fyrst var tekin upp hljóðritun á umr. hér frá Alþingi hafi maður í flokki hv. þm. Páls Pétursson dregið í efa að segulböndin störfuðu rétt og tækju rétt upp það sem menn sögðu hér. Það var gerð sérstök athugun á því að tilhlutan viðkomandi Framsóknarþingmanns og tæknimanna hér í þessari virðulegu stofnun, og hann fékk sjálfur að ganga úr skugga um það, að segulbandsspólan breytti ekki jái, sem hér væri mælt, í nei. Ég fer því fram á það við hæstv. forseta, að hann beiti sér fyrir því að hv. þm. fái að ganga úr skugga um að segulbandsupptakan fari rétt með. Og ég sé enga ástæðu til að endurtaka hér atkvgr. þó að hv. þm. Páli Péturssyni líki ekki niðurstaðan. (**Forseti:** Hv. þm. ræður því að vísu ekki.)

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég sé fulla ástæðu til þess að taka undir þá kröfu sem hv. 1. þm. Norðurl. v. bar hér fram áðan um að sú atkvgr., sem fram fór hér fyrir skömmu, verði endurtekin nú þegar.

Matthías A. Mathiesen: Herra forseti. Er ekki langauðveldast fyrir forseta að ganga úr skugga um þetta allt saman með því að spyrja þm. hvort þeir óski eftir að breyta afstöðu sinni í sambandi við þá atkvgr. sem hér hefur farið fram?

Forseti (Sverrir Hermannsson): Það hefur ekkert komið fram um það hjá hv. þm. að þeir hafi mismælt sig. Hér ber öllu saman um atkvgr. hjá báðum skrifurum, enda sjá menn það í hendi sér sem fylgdust með atkvgr., að þar fór ekkert á milli mála.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég vil nú ekki vera að vantreysta skrifurum hv. deildar, þeir eru alls góðs maklegir og vandvirkir og skarpir og allt það. En þó hygg ég að eitthvert rugl hafi nú komist á við þessa atkvgr. Kann að vera að einhver hafi sagt já þegar hann ætlaði að segja nei. Ég hef dæmi fyrir mér, að hæstv. sjútvrh. var hér rétt áðan nærri búinn að fella olíugjaldið með því að hann mismælti sig. Ég sé ekkert á móti því, að þessi atkvgr. verði endurtekin, og ég er ekkert að vefengja að segulböndin taki rétt upp. (Gripið fram í.) Ég vænti þess, að það fáist skorið úr þessum misskilningi. Ég felli mig ágætlega við hugmynd 1. þm. Reykn. um það, að deildin úrskurði hvort atkvgr. skuli — (**HBl:** Man hv. þm. hvort hann sagði já eða nei?) — hvort þetta verði endurtekið. Ég vefengi ekki segulbönd. Hins vegar er mörg vitleysa sögð inn á þessi segulbönd, eins og menn glögglega munu kynnast er þeir hlýða á ræður hv. þm. Sighvats Björgvinssonar.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ef ástæða er til að endurtaka þessa atkvgr., þá held ég að það sé full ástæða til að endurtaka fleiri atkvgr. að undanförnu. Hitt vil ég síðan segja, að til er dalur inn af Blöndudal sem heitir Rugludalur. Ég hélt að þar væri ekki lengur byggð.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég legg eindregið til að þingflokksfundum Framsfl. verði stýrt í þingflokksherbergi Framsóknar, en ekki héðan úr þessum stól. Atkvgr. var hárrétt.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Þessum athugasemdum er lokið og atkvgr. hefur verið lýst. Hún verður ekki endurtekin. Það er ekkert sem gefur tilefni til þess að ég fari að hlýða mönnum hér aftur yfir afstöðu þeirra. Það kemur ekki til nokkurra greina að svo búnu.

Frv., svo breytt. samþ. með 19:2 atkv. og endursent.

Umræður utan dagskrár.

Matthías A. Mathiesen: Herra forseti. Ég þakka það, að ég get fengið tækifæri til þess að beina þeirri fsp. til hæstv. forsrh., hvenær vænti megi skýrslu um kaup á togara fyrir Útgerðarfélag Norður-Þingeyinga á Þórshöfn. Þessi beiðni um skýrslu var lögð fram á þskj. 434 18. febr. s. l. Þessi mál voru og hafa verið til umr. og ég vildi mega beina þessari fsp. til hæstv. forsrh. og leyfi mér að þakka svör hans fyrir fram.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Í Sþ. 24. febr. var samþykkt þessi beiðni um skýrslu. Að henni hefur verið unnið og hún er nær fullgerð og verður lögð fyrir Alþingi strax þegar þing kemur saman að loknu páskahléi.

Efri deild, 83. fundur.

Þriðjudaginn 14. apríl, kl. 3.10 miðdegis.

Lánsfjárlög 1981, frv. (þskj. 661). — Ein umr.

Of skammt liðið frá 3. umr. í Nd. og útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Frv. til lánsfjárlaga er komið til Ed., eins og kunnugt er, eftir að á því hefur verið gerð lítils háttar breyting og tölur frv. hækkaðar. Ég tel að þessi brtt. sé að vísu ekki gerð í neinu samkomulagi við ríkisstj., en þar sem um smáar tölur er að ræða sé ég ekki ástæðu til að við förum að lengja starfstíma þingsins frekar út af þessu atriði og vil því mæla með því, að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það liggur nú fyrir. Verður þá tækifæri til þess að athuga það síðar með hvaða hætti þessi heimild verði notuð.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓRG, StefG, StJ, JK, DA, GeirG, GB, GTh, JH, HS, KSG,
LJ, SalÞ, ÞK EgJ, SigurlB, GK greiddu ekki atkvæði.
3 þm. (KJ, ÓlJ, EG) fjarstaddir.
Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 665).

Sameinað þing, 75. fundur.

Þriðjudaginn 14. apríl, að loknum deildafundum.

Lifnaðarhættir æðarfugls, fsp. (þskj. 569). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Sigurlaug Bjarnadóttir): Herra forseti. Hvað líður framkvæmd þál. frá 1978 um vísindalega rannsókn á lifnaðarháttum æðarfugls? — Svo hljóðandi fsp. á þskj. 569 hef ég leyft mér að bera fram til hæstv. landbrh.

Í grg. þáltill., sem flutt var á sínum tíma af séra Þorleifi Kristmundssyni á Kolfreyjustað, er minnt á að frá upphafi Íslandsbyggðar hafi hlunnindi af æðarfugli verið nokkur þáttur í afkomu landsmanna og því ekki vansalaust að ekki hefur enn farið fram nein vísindaleg könnun á lifnaðarháttum æðarfuglsins og um leið á orsökum hinnar miklu fækkunar æðarfugls og rýrnandi dúntekju frá því að hún var mest, en það mun hafa verið á árunum 1915-1920, að dúntekja á Íslandi nam allt að 5 þús. kg. Nú mun æðardúnstekjan nema um helmingi þess magns.

Fólk hefur spurt: Hvers vegna þessi fækkun? Sem svar hefur verið nefnt ýmist olíumengun stríðsáranna, fjölgun vargfugls, netalagnir og grásleppuveiðar. Ég hygg að allt þetta muni samverka að þessari fækkun sem er staðreynd.

Nú eru menn hér á landi sem fullyrða að rækta megi upp æðarvarp þannig að af æðardúni geti orðið stórauknar tekjur og varphlunnindin orðið að dágóðri búgrein. Og ég hygg að einmitt nú, þegar unnið er að samdrætti á hinum hefðbundnu atvinnugreinum, sjávarútvegi og landbúnaði, sé okkur skylt — eins og ég raunar veit að er á döfinni — að huga að öllum hugsanlegum möguleikum til þess að auka fjölbreytni í atvinnulífi okkar og nýta öll hlunnindi til hins ýtrasta.

Margir áhugamenn — ég vil nefna þar sérstaklega einn góðan Reykvíking, Kjartan Pétursson, sem er hugvitssamur áhugamaður um allt sem að æðarfugli lýtur — eru þeirrar skoðunar, að rækta megi upp æðarvarp á fimm árum og hafa af því stórkostlega auknar gjaldeyristekjur frá því sem nú er. Hafa verið gerðar tilraunir með þetta, m. a. af Kjartani sem hefur fengist við þetta undanfarin 30-40 ár. Einnig má nefna tilraun Árna Péturssonar hlunnindaráðunautar Búnaðarfélags Íslands, sem s. l. sumar gerði athyglisverða og skemmtilega vel heppnaða tilraun norður á Oddsstöðum á Melrakkasléttu.

En ýmsum spurningum er ósvarað í þessu sambandi sem nauðsynlegt er að fá svar við. Spurt er og það er auðvitað mergurinn málsins:

1. Er hægt að fjölga fuglinum með uppeldi? Til þess er auðvitað leikurinn gerður með þessum tilraunum í æðarræktinni.
2. Hvernig á fóðrið að vera samsett?
3. Hvað veldur því, að ungar sem hafa verið fóstraðir upp, blotna þegar á sjóinn kemur?
4. Hvernig á að fyrirbyggja sjúkdóma og bregðast við þeim þegar þeir koma upp?
5. Hvernig reiðir fósturbörnunum af þegar út í lífsbaráttuna kemur?
6. Velja ungarnir sér varpstöðvar þar sem þeir ólust upp þegar þeir sjálfir hefja varp?
7. Hvað kostar að ala upp æðarunga og koma þeim til þroska?

Ég býst við að þeir, sem þekkja til æðarvarps og vita og hafa horft upp á hvílík ofboðsleg vanhöld verða árlega vegna vargfugls, svartbaksins þá sérstaklega, telji mjög mikilvægt að fá kannað hvað sé til ráða til þess að forða ungunum, á meðan þeir eru mjög ungir, úr kjafti og klóm svartbaksins. Og það eru einmitt þessar uppeldistilraunir, sem beint er að, til þess að þeir verði of stór biti í kjaftinn á svartbaknum til þess að hann fái kyngt þeim. Ég vil benda á að það að koma upp æðarvarpi og koma

upp nýjum varplöndum, sem eru auðvitað meginmarkmiðið, — að koma upp nýjum varplöndum og byggja upp æðarvarp, það er ekki fjárfrekt fyrirtæki. Æðarfuglinn þarf hvorki fjós né fjárhús eða rammgerð búr, hann þarf fyrst og fremst frið, — frið til þess að verpa og koma upp sínum ungum.

Ég vil benda á að markaðsverð á æðardún er feikihátt og fer hækkandi. 400 þús. kr. fást nú fyrir hvert kg á markaði í Vestur-Þýskalandi og þetta er dágóður peningur. Borinn hefur verið saman ágóði af útflutningi dúns og dilkakjöts og staðhæft að þrjú kolluhreiður gefi jafnmikinn gjaldeyri og einn útfluttur dilkskrokkur og í hverju æðarkolluhreiðri sé 70 kr. verðmæti, og þá á ég við nýkr. Hér er því stórt mál sem ég hygg að okkur beri skylda til að huga að, annars vegar með hlunnindi sem þegar hafa varp, bænda fyrir augum og ekkert síður hitt, að rækta upp ný varplönd til þess að drýgja útflutningstekjur okkar og til þess að vernda þennan gæfa og góða fugl sem hvergi veldur skaða, en verður fyrir stórum búsifjum af völdum vargs.

Ég vænti þess, að ég fái góð og jákvæð svör frá hæstv. landbrh.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Sem svar við fsp. hv. þm. Sigurlaugar Bjarnadóttur vil ég segja þetta:

Búnaðarfélag Íslands hefur um nokkurra ára skeið veitt leiðbeiningar í æðarrækt með góðum árangri. Á síðustu árum, m. a. vegna þess hversu verð á æðardún hefur hækkað hlutfallslega, hefur komið upp áhuga á því að auka þetta starf. 1. apríl 1980 var Árni G. Pétursson ráðinn í fullt starf sem hlunnindaráðunautur hjá Búnaðarfélagi Íslands. Hann gegndi áður starfi ráðunautar í æðarrækt einn og hálfan mánuð á ári á móti starfi sauðfjárræktarráðunautar.

Árni hefur sinnt vísindalegum rannsóknum á atferli æðarfugla s. l. sumar, svo sem kunnugt er, m. a. með hliðsjón af því að ala upp kolluunga til sjálfbjarga aldurs til að efla æðarvarp eftir því sem verða má, sbr. grg. um þetta efni sem birst hefur. Auk fjárveitingar á fjárlögum 1980, sem nam 1262 þús. gkr., var veitt af hálfu rn. af hagræðingarfé, sem sparaðist af jarðræktarframlögum á síðasta ári, 2 millj. gkr. til þessara verkefna.

Ráðuneytið vísaði fsp. þessari til umsagnar Búnaðarfélags Íslands og segir svo í umsögn Búnaðarfélagsins um þetta mál, með leyfi hæstv. forseta:

„Vorið og sumarið 1979 gerði Rannsóknastofnun landbúnaðarins athugun á útungun og uppeldi æðarunga. Leiddi sú athugun í ljós að ungana má ala upp á lífkjúklingafóðri með góðum árangri, en áður var álitið að matseld væri umfangsmikil. Árið 1980 voru gerðar athuganir á uppeldi æðarunga á nokkrum stöðum á landinu, m. a. á Oddsstöðum á Melrakkasléttu, Drangsnesi á Ströndum og í Æðey í Ísafjarðardjúpi. Þær tilraunir eru enn í gangi og gefa haldgóð svör við ýmsum spurningum varðandi lifnaðarhætti æðarfugls. Áframhald mun verða á uppeldi æðarunga á þessu ári og athuganir gerðar á ýmsu öðru þar að lútandi, svo sem endurheimtum unga frá árinu 1980, hversu þeir fuglar bregðast aftur við sambýli við menn, nýja kynslóð unga o. fl. Framanskráðar tilraunir voru ekki gerðar á vegum ráðuneytisins sem vísindaleg rannsókn á lifnaðarháttum æðarfugls, en eigi að síður hljóta þær að verða gildur hlekkur í vísindalegum rannsóknum, sem vonandi verður hrundið af stað hið allra fyrsta." — Þar með lauk umsögn Búnaðarfélags Íslands.

Til viðbótar vil ég segja það, að fleira hefur verið gert í þessu máli en hér hefur verið tilgreint. Það hefur verið rætt við náttúrufræðinga um framvindu rannsókna hér að lútandi. Þær umræður eru nú þannig á veg komnar, að líkur eru á að 2—3 náttúrufræðingar auk ráðunautar Búnaðarfélags Íslands og þeir aðilar, sem nefndir eru í bréfi Búnaðarfélagsins, eins og að framan hefur verið rakið, samræmi störfin svo að traust niðurstaða geti fengist sem hagnýta megi við aukna æðarrækt í landinu.

Til viðbótar því, sem hér hefur verið rakið, má vitna hér í hluta úr skýrslu hlunnindaráðunautar til Búnaðarþings 1981. Þar segir svo um æðarrækt:

„Þann 3. maí mætti ég með formanni Æðarræktarfélags Íslands á stofnfund deildar Æ. Í. fyrir Strandasýslu. Í sömu ferð hitti ég einnig að máli hlunnindabændur og þá fyrst og fremst æðarbændur um Borgarfjörð, Snæfellsnes, Dali og Kjós og síðar á vorinu á Reykjanesskaga. Í júní, júlí og viku af ágúst dvaldist ég að Oddsstöðum á Melrakkasléttu við æðarungauppeldi. Því viðfangsefni hafa verið gerð allrækileg skil í fjölmiðlum, en ítarleg grein um gang tilraunarinnar kemur í 1. tölublaði Freys 1981. Æðarungauppeldi var í gangi á nokkrum stöðum öðrum á landinu og lofar góðu. Ef fer sem horfir mun æðarungauppeldi að öllum líkindum verða sjálfsagður þáttur í venjulegum æðarbúskap. Samhliða dvöl minni að Oddsstöðum heimsótti ég hlunnindabændur í Þingeyjarsýslum og einnig nokkra bændur á Melrakkasléttu í septemberlok, en þá skrapp ég norður til að líta til með ungunum.

Í október og nóvembermánuði sat ég ásamt formanni Æðarræktarfélags Íslands, Ólafi S. Ólafssyni, aðalfund tveggja æðarræktardeilda að Reykhólum og á Sauðárkróki hjá deild Norðurlands vestra. Dúnmagn í ár var svipað og áður, en heimsmarkaðsverð á dún hefur meira en tvöfaldast á árinu og er um þessi áramót rúm 1400 vestur-þýsk mörk hvert kg. Æðardúnn er nú eins og oft áður verðmætasta og sérstæðasta útflutningsvara okkar og væri eðlilegt fyrir alþingismenn að stuðla að slíkri búgrein," segir í skýrslu hlunnindaráðunautar, Árna G. Péturssonar, til Búnaðarþings 1981.

Ég vænti þess, að í því, sem að framan er rakið, hafi komið fram fullnægjandi svar við fsp. hv. þm. Í því, sem að framan er rakið, eru einnig svör við ýmsum þeim fsp. sem hún bar fram í máli sínu, en ég sé ekki ástæðu til að svara frekar nema þess sé sérstaklega óskað. En þess er auðvitað að gæta, að það, sem hér hefur verið lýst og í gangi hefur verið varðandi vísindalega athugun á lifnaðarháttum æðarfugls, beinist fyrst og fremst að hagnýtum þáttum í lifnaðarháttum og atferli þessa fugls, en minna að öðrum þáttum sem e. t. v. væri hægt að sinna betur en gert hefur verið. En hér er um byrjun á verkefni að ræða sem áfram verður haldið.

Fyrirspyrjandi (Sigurlaug Bjarnadóttir): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. landbrh. fyrir svör hans og fyrir mjög svo jákvæðan hug til málsins sem kom fram í máli hans. Ég vil leggja áherslu á að þessar spurningar, sem ég varpaði fram, hljóta að krefjast vísindalegrar rannsóknar þannig að ég gerði auðvitað engan veginn ráð fyrir því að fá svör við þeim frá hæstv. ráðh. Þær rannsóknir verða vonandi gerðar með hagnýtan tilgang fyrir augum. Ég vil leggja áherslu á að þar verði nýtt reynsla áhugamanna, varpbænda og annarra sem þekkja málið, og vísinda-

manna okkar á þessu sviði. Ég býst við að þeir geti bætt störf hverjir annarra upp mjög verulega.

Ég vænti þess, að þeir, sem þessi mál bera fyrir brjósti, megi eiga von á vaxandi skilningi yfirvalda. Það er enginn vafi á því, eins og ég gat um áðan, að hér er ekki um miklar fjárkröfur á hendur hins opinbera að ræða. Þeir, sem vinna við varp, þurfa umfram allt að vinna af natni og þolinmæði og þurfa ekki að kosta til mjög miklu fé miðað við annan atvinnurekstur sem byggður er upp. Mig rekur minni til þess, að það er starfandi sérstakur sjóður, nýlegur sjóður til styrktar nýjum búgreinum. Ég sé að hv. þm. Egill Jónsson hristir höfuðið. Ég taldi mig fara hér með rétt mál, en bið hann að leiðrétta ef ekki er rétt, að á vegum búnaðarsamtakanna hafi einmitt verið stofnuð sérstök deild í stofnlánasjóði landbúnaðarins til þess að huga að nýjum búgreinum sérstaklega. Ég vil minna á enn að varpbændur greiða nú sérstakt sjóðagjald af hverju seldu dúnkílói, en hefur hingað til verið neitað um nokkra fyrirgreiðslu til þess að byggja upp æðarvarp.

Ég þarf ekki að orðlengja þetta frekar. Ég vona að málinu verði veitt vaxandi athygli og æðarbúskapur geti orðið vaxandi hlunnindi á komandi árum.

Egill Jónsson: Herra forseti. Það, sem kom mér nú til að kveðja mér hér hljóðs, voru þau ummæli hv. 5. landsk. þm., að það hefði gætt eitthvað sérstaklega jákvæðrar afstöðu hjá hæstv. landbrh. í sambandi við hlunnindamál og nýjar búgreinar. Mér finnst rétt að það komi hér fram, að við afgreiðslu fjárlaga bar hv. þm. Steinþór Gestsson fram till. um að Búnaðarfélag Íslands hefði nokkurn veginn eðlilegt starfsfé miðað við það sem var á s. l. ári. En þar var efst á blaði beiðni Búnaðarfélagsins um að unnt yrði að ráða hlunnindaráðunaut þess að fullu í störf. Þessi till. var felld hér við fjárlagaafgreiðslu. Ég geri því ekki ýkjamikið úr því, þótt ráðherrar séu eitthvað að spjalla hér úr þessum stól, þegar svona er tekið á málum á úrslitastundu.

Út af því, sem hér var talað um sérstakan sjóð í sambandi við sparnað á jarðræktarframlagafé, er þess að geta, að það fór ekki einn einasti eyrir í nýjar búgreinar af þeirri fjárveitingu á s. l. ári, eins og um hefur verið talað og frá hefur verið sagt. Það, sem var gert m. a. við það fé — og verður væntanlega hægt að skýra betur hér á Alþingi, var að verulegur hluti þess fór til Stofnlánadeildar landbúnaðarins á móti því sem fjármagn til hennar var skorið niður á fjárlögum. Það eru staðreyndir þessa máls, þannig að ég held að það sé alveg óhætt fyrir hv. 5. landsk. þm. að taka það með í reikninginn, að það hefur ekki verið unnið neitt að gagni í þessum málum upp á síðkastið.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Þær aths., sem fram komu frá hv. 11. landsk. þm., eru auðvitað nokkuð sérkennilegar. Hann segir að ekki hafi fengist fé til þess að ráða hlunnindaráðunaut. Hann var ráðinn í fullt starf 1. apríl 1980 og hefur starfað sem slíkur síðan. (Gripið fram í.) — Hv. 11. landsk. þm. segir að ekki hafi runnið ein króna til nýrra búgreina eða hlunninda á síðasta ári. Á síðasta ári var ráðstafað 500 millj. kr. til ýmissa hagræðingarverkefna í landbúnaði og nýrra búgreina. Ég gat þess, að til þess verkefnis sem hér er um rætt, fóru aðeins 2 millj. kr. af þeim 500 sem hér er um að tefla, en þar var ráðstafað fjármunum til fiskræktar, til veiðimála, til hlunnindaafraksturs, til loðdýraræktar og ýmissa annarra verkefna á þessu sviði og er ekki þörf á að rekja það hér. Það hefur verið rakið opinberlega.

Hjöðnun verðbólgu, fsp. (þskj. 485). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Lárus Jónsson): Herra forseti. Á þskj. 485 hef ég leyft mér að flytja fsp. til hæstv. forsrh. Fsp. er í fjórum liðum.

1. Hver eru áform ríkisstj. um framkvæmd ákvæðis stjórnarsáttmálans, þar sem segir: „Á árinu 1981 verði ákveðin tímasett mörk í samræmi við markmið um hjöðnun verðbólgu.“ Hver eru þessi mörk, hvert er tölulegt markmið um hjöðnun verðbólgu hverju sinni, sbr. hliðstæð mörk 1980?

2. Hver verður kaupmáttur tímakaups verkamanna samkv. áætlun Þjóðhagsstofnunar á öðrum ársfjórðungi 1981, miðað við 100 á fyrsta ársfjórðungi 1980, þegar ríkisstj. tók við völdum?

3. Hver verður kaupmáttur almenns lífeyris elli- og örorkulífeyrisþega samkv. áætlun Þjóðhagsstofnunar á öðrum ársfjórðungi 1981, miðað við 100 á fyrsta ársfjórðungi 1980, þegar ríkisstj. tók við völdum?

4. Hver verður kaupmáttur allra lífeyristekna elli- og örorkulífeyrisþega almannatrygginga, sem fá tekjutryggingu, samkv. áætlun Þjóðhagsstofnunar á öðrum ársfjórðungi 1981 miðað við: a) 100 á fyrsta ársfjórðungi 1981, b) 100 á fyrsta ársfjórðungi 1980?

Í 1. lið þessarar fsp. er vikið að stjórnarsáttmálanum, en í stjórnarsáttmálanum segir svo, með leyfi hæstv. forseta, um verðlagsmál:

„Til þess að draga úr verðbólgu verði beitt eftirgreindum ráðstöfunum í verðlagsmálum:

1. Verðhækkunum á þeim vörum og þjónustu, sem verðlagsráð fjallar um, verði sett eftirgreind efri mörk ársfjórðungslega á árinu 1980: Til 1. maí skulu mörkin vera 8%, til 1. ágúst 7% og loks til 1. nóv. 5%.

Á árinu 1981 verði ákveðin tímasett mörk í samræmi við markmið um hjöðnun verðbólgu.“

Þessi mörk fyrir árið 1981 hafa ekki séð dagsins ljós og hæstv. ráðherrar hafa talað út og suður um það, hvað megi búast við miklu verðbólguflóði á þessu ári. Sumir hafa komið verðbólgunni niður í 30% á árinu, aðrir halda því fram að það þurfi að gera feiknalegar ráðstafanir til þess að koma verðbólgunni niður í 40% yfir árið, í viðbót við þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið.

Þjóðhagsstofnun spáir svo til nákvæmlega sömu verðhækkunum á árinu í ár og hún spáði í fyrra, eftir að ríkisstj. tók við völdum, og á þeim forsendum þá að ekkert yrði gert í verðbólgumálum. Þá spáði hún að framfærsluvísitalan hækkaði um 11—11.5% 1. maí, 9% 1. ágúst og 10% 1. nóv. Nú eru þessi mörk eftir spá Þjóðhagsstofnunar 10—11% 1. maí, 9% 1. ágúst og 11% 1. nóv. Það má heita að þarna sé nákvæmlega sama spáin, sem þýðir það að við stöndum nákvæmlega í sömu sporum að því er varðar þennan vágest þrátt fyrir niðurtalninguna og þrátt fyrir ákvæði stjórnarsáttmálans eins og við gerðum í fyrra. Ég tel því fulla ástæðu til þess að spyrja hæstv. ráðh. að hverju sé stefnt á þessu ári, hver séu þessi tímasettu mörk sem stjórnarsáttmálinn gerir ráð fyrir að verði sett á árinu 1981 í viðureigninni við verðbólguna.

Hinir þrír liðirnir skýra sig sjálfir. Kaupmáttur tíma-

kaups hefur farið sílækkandi í tíð núv. ríkisstj., enn fremur kaupmáttur lífeyristekna. Og það vekur sérstaka athygli, að þeir bótaþegar almannatrygginga, sem fá tekjutryggingu, fengu ekki þá hækkun sem varð á framfærsluvísitölu hinn 1. mars s. l. Þeir fengu skertar bætur miðað við framfærsluvísitöluna og eru sennilega þeir aðilar í þjóðfélaginu sem verst fara út úr ráðstöfunum sem gerðar voru með brbl. ríkisstj. um áramót, alla vega að því er ríkisstj. telur sjálf, því að hún telur sig bæta þeim upp, sem skattlagðir eru, kaupmáttarskerðinguna með lækkun skatta, en þetta fólk er yfirleitt skattleysingjar og fékk ekki hækkun samkv. verðlagi á sínum bótum.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Í fsp. þessari er spurt um kaupmátt næstu mánuði án þess að tekið sé tillit til annarra atriða er munu hafa áhrif á kaupmátt á árinu 1981, t. d. beinna skatta. Þetta ber að hafa í huga við útreikning og svör við þessum fsp.

Varðandi 1. liðinn í fsp. vil ég taka þetta fram:

Í efnahagsáætlun ríkisstj. frá 31. des. s. l. er m. a. sett það markmið að draga svo úr hraða verðbólgunnar að hún lækki í um 40% á árinu 1981. Í efnahagsáætlun er jafnframt gerð grein fyrir ýmsum aðgerðum sem mótast af markmiðum áætlunarinnar. Þar segir m. a. að á næstu mánuðum verði ákveðin tímasett mörk fyrir hámark verðhækkana í samræmi við hjöðnun verðbólgu. Með þeim ráðstöfunum, sem þegar hafa verið framkvæmdar á grundvelli efnahagsáætlunar ríkisstj., er stefnt að því að draga svo sem kostur er úr verðhækkunum á fyrstu mánuðum ársins. Þetta er mikilvægt í ljósi þess að framvindan á fyrri hluta ársins mun hafa mikil áhrif á þróunina á síðari hluta ársins að öllu óbreyttu. Það er því nauðsynlegt að fylgjast vel með verðlagsþróuninni og framkvæmd verðlagsmála, m. a. í því skyni að setja ákveðin mörk fyrir hámark verðhækkana þegar ástæða þykir til. Tímasett mörk eru í undirbúningi og verða tillögur í því efni væntanlega tilbúnar fyrir næstu mánaðamót. En meginatriðið er þó að framkvæmd verðlagsmála og efnahagsáætlunar allrar verði með þeim hætti er best tryggi að markmiði hennar verði náð.

Varðandi 2. liðinn vil ég taka fram að kaupmáttur tímakaups verkamanna á öðrum ársfjórðungi 1981 ræðst m. a. af verðlagsbreytingum mánuðina apríl — júní. Því verður ekkert fullyrt um kaupmátt á þessu tímabili fyrr en tölur um verðlagsbreytingar liggja fyrir. Ríkisstj. hefur gripið til margvíslegra aðgerða til að draga úr verðhækkunum á þessu tímabili. Sumar þessara ráðstafana hafa þegar haft áhrif, en óvissa ríkir um árangur annarra.

Kaupmáttur kauptaxta verkamanna var heldur meiri á fyrsta ársfjórðungi 1981 en á fyrsta ársfjórðungi 1980, tæp 101% eða 100.9% á fyrsta ársfjórðungi 1981 miðað við 100 fyrsta ársfjórðung 1980. Skerðing á verðbótum 1. mars hefur þau áhrif, að kaupmáttur á öðrum fjórðungi þessa árs verður nokkru minni en á fyrstu þremur mánuðum ársins, eða 98.5 samkv. lauslegri áætlun Þjóðhagsstofnunar. Þessari minnkun kaupmáttar verður að nokkru mætt með lækkun beinna skatta sem ákveðin hefur verið í samráði við samtök launþega, og enn fremur verða verðbætur á laun síðar á árinu rýmri en verið hefði að óbreyttum lögum. Síðast en ekki síst ber að hafa í huga að kaupmáttur á hverju verðbótatímabili rýrnar minna eftir því sem tekst að draga úr verðbólgu. Það er nauðsynlegt að taka tillit til þessara þátta, sem hér voru nefndir, þegar meta á þróun kaupmáttar á þessu ári.

Varðandi 3. og 4. lið fsp.: Kaupmáttur elli- og örorkulífeyris á fyrsta fjórðungi þessa árs er heldur minni en á fyrsta ársfjórðungi 1980. Miðað við 100 á fyrsta ársfjórðungi 1980 eru tölurnar 97.7 á fyrsta ársfjórðungi 1981 og samkv. lauslegri áætlun Þjóðhagsstofnunar 95 á öðrum ársfjórðungi 1981. Á hinn bóginn er kaupmáttur þeirra lágmarkstekna, sem lífeyrisþegum eru tryggðar með almennum lífeyri og tekjutryggingu, um 2% meiri á fyrsta ársfjórðungi 1981 en á sama tíma í fyrra. Kaupmáttur þessara tekna mun líklega haldast nokkurn veginn óbreyttur á öðrum ársfjórðungi vegna þeirrar sérstöku hækkunar sem varð á tekjutryggingu 1. mars. Tölurnar varðandi þetta atriði, miðað við 100 á fyrsta ársfjórðungi 1980, eru 102.2 á fyrsta ársfjórðungi 1981 og svipað samkv. áætlun fyrir annan ársfjórðung 1981. Þessar tölur, sem ég hér hef greint, eru byggðar á útreikningum og áætlunum Þjóðhagsstofnunar.

Fyrirspyrjandi (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svörin, að svo miklu leyti sem hann svaraði þessum fsp. mínum. Ég held að það verði því miður að segja, eins og hann sagði hér sjálfur við umr. um lánsfjárlög, að það verði að hafa allan fyrirvara á þeim tölulegu upplýsingum sem hann kom fram með hér. Enda þótt hann flytti þær í nafni Þjóðhagsstofnunar koma þær svolítið spánskt fyrir sjónir. En það er kannske fróðlegast fyrir þingheim að fá þau svör nú, eftir að ríkisstj. er búin að starfa á annað ár raunverulega og setja í sinn stjórnarsáttmála að hún hyggist fara þá leið að telja niður verðbólguna á árinu 1981 — eins og hún gerði í fyrra með þeim hörmulegu afleiðingum sem það hafði — að hæstv. ríkisstj. hefur ekki enn gert sér grein fyrir því, hvernig þessi niðurtalning eigi að vera á árinu 1981. Og eftir alla þá umr., sem fram hefur farið um verðbólgu- og verðlagsmál á þessu ári, segir hæstv. forsrh. núna að þess megi vænta, að þessi tölusettu mörk verði sett fram um næstu mánaðamót, eða mér skildist það. Þetta sýnir náttúrlega að upphafleg áætlun ríkisstj. hefur farið úr böndum, eins og reynslan hefur sýnt, því að það má eiginlega segja að niðurtalningin hafi orðið að háðsupphrópunarmerki fyrir hæstv. ríkisstj. Það kemur glöggt fram í þessu svari hæstv. ráðh.

Það er annars nokkuð merkilegt að hæstv. ríkisstj. segir að stefnt sé að 40% verðbólgu á þessu ári, en hæstv. ráðh. kom hér fram með upplýsingar í sinni framsöguræðu um það, að verðbólgan yrði sennilega ekki nema 30 og eitthvað prósent án þess að nokkuð yrði gert á þessu ári. Þetta er því að verða meiri háttar sjónarspil, þessar aðferðir og aðgerðir ríkisstj. í viðureigninni við verðbólguna. En menn vita það þá, að um næstu mánaðamót má búast við að markmið verði sett, tölusett markmið eins og stjórnarsáttmálinn lofaði.

Í máli hæstv. ráðh. lagði hann áherslu á að svara ekki þeim spurningum sem ég bar fram í 2., 3. og 4. lið. Ég spurði um þennan kaupmátt á öðrum ársfjórðungi eftir að skerðingarákvæði brbl. tóku gildi. Hann lagði áherslu á að svara því hver kaupmátturinn hefði verið áður en skerðingarlögin tóku gildi. Það kom þó í ljós í hans svörum, að kaupmáttur tímakaups hefur skerst verulega frá því að ríkisstj. tók við völdum, og fer þá að verða spurning hvernig hv. þm. Alþb. geta haldið því fram alls staðar, hvar sem er, að það sé aðalerindi þeirra og verk-

efni í ríkisstj. að koma í veg fyrir skerðingu kaupmáttar almennings. Það er fróðlegt að gera sér grein fyrir þessari þróun vegna þess að viðskiptakjör hafa farið mjög batnandi að undanförnu og engin efni til þess að viðskiptakjararýrnun haldi áfram að skerða kaup manna á þessu ári.

Það er líka fróðlegt að gera sér grein fyrir því, að kaupmáttur bótaþega elli- og örorkulífeyrisþega hefur minnkað enn þá meira en kaupmáttur tímakaups verkamanna á tímabili því sem ríkisstj. hefur setið að völdum.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Seinni ræða hv. fyrirspyrjanda var næsta furðuleg og virðist eins og hv. þm. hafi verið annars hugar þegar ég svaraði fsp. hans. Hann heldur því fram, að ég hafi ekki svarað meginatriðunum í 2., 3. og 4. fsp. um kaupmátt bæði kaups og lífeyristekna á öðrum ársfjórðungi 1981, hafi vikist undan því og aðeins talað um fyrsta ársfjórðung. Allir, sem hlustuðu á mál mitt áðan, vita að ég einmitt svaraði þessu öllu saman. Og ég skal endurtaka það, að kaupmáttur kauptaxta verkamanna, miðað við 100 á fyrsta ársfjórðungi 1980, var á fyrsta ársfjórðungi í ár 100.9 og á öðrum ársfjórðungi 1981 verður hann samkv. áætlun 98.5. Varðandi elli- og örorkulífeyri, miðað við 100 á fyrsta ársfjórðungi 1980, eru tölurnar 97.7 fyrir fyrsta ársfjórðung í ár og 95 samkv. áætlun Þjóðhagsstofnunar fyrir annan ársfjórðung. Fyrir elli- og örorkulífeyri auk tekjutryggingar eru tölurnar, miðað við 100 fyrir fyrsta ársfjórðung 1980, 102.2 fyrir fyrsta ársfjórðung og 102 fyrir annan ársfjórðung. — Mér þykir leitt að hv. þm. skuli hafa fylgst svona illa með svörum við eigin fsp., en þeim var svarað á þennan hátt og ætti að vera ástæðulaust að endurtaka það.

En það er annað sem mér finnst ástæða til að minnast hér á líka, rangfærslur hv. þm. Hann segir að ég hafi í ræðu um lánsfjár- og fjárfestingaráætlun spáð því, að verðbólgan í ár yrði um 30% án þess að nokkuð væri að gert. Ég skil sannast sagna ekki hvernig hv. þm. les skjöl eða ræður eða hlustar því að ég held að það hafi komið alveg skýrt fram þar, að markmiðið er að koma verðbólgu niður í 40% fyrir þetta ár. Um leið skýrði ég frá því, hverjar horfur væru, eftir því sem nú lægi fyrir, varðandi fjóra fyrstu mánuði ársins. Það liggur fyrir að verðlagið hækkaði um 1.6% í janúarmánuði og að spá Hagstofunnar hefur verið fyrir næstu þrjá mánuðina, febr., mars og apríl, um 8.5%. Samkv. því yrði *vísitalan* — eða réttara sagt verðþenslan, verðbólgan fyrir fjóra fyrstu mánuði ársins um eða rúmlega 33%. Úr þessu býr hv. þm. það til, að ég hafi sagt að verðbólgan yrði um 30% yfir allt árið án þess að nokkuð yrði að gert.

Ég held að þessi ræðuhöld hv. þm. minni nokkuð á það sem hann skrifaði fyrir tæpu ári. Þá hafði það gerst, að sparifjármyndun hafði fyrstu mánuði ársins 1980 orðið í prósentum að hans mati eitthvað minni en á sama tíma árið 1979. Þessi hv. þm. skrifar þá — ég held að það hafi verið í maímánuði — forustugrein í blaðið Íslending á Akureyri þar sem hann með stórri fyrirsögn lýsti því, hversu alþjóð manna hefði lýst yfir algeru vantrausti á efnahagsstefnu ríkisstj. með þessu, að sparifjármyndun hefði minnkað. Þetta var ákaflega mikið mál hjá hv. þm. og undirstrikað í þessum leiðara með stórri fyrirsögn.

Reynslan varð svo sú eftir árið, að sparifjármyndun varð miklu meiri á árinu 1980 heldur en á árinu áður, um 67% aukning ef ég man rétt, í staðinn fyrir 57 eða 58 árið áður. Ef á að draga einhverjar rökréttar ályktanir af þessum ummælum hv. þm. ætti þessi aukning að vera bein traustsyfirlýsing á efnahagsstefnu ríkisstj., nema hitt hafi verið eintómt bull.

Ég vil nú mælast til þess við hv. þm., sem hefur bæði greind og menntun til þess að tala af viti um þessi mál, að hann gæti sín betur í sínum næstu ræðum.

Fyrirspyrjandi (Lárus Jónsson): Herra forseti. Mér þykir afar vænt um hvað hæstv. forsrh. les vel greinar sem ég skrifa í blöð. Ég vil upplýsa hann um það, að sú sparifjáraukning, sem varð á árinu í fyrra, varð að megninu til vegna hækkunar vaxta, sparifjáraukningin eftir vaxtafærslur varð nokkru meiri en á árinu á undan og sparifjáraukningin án vaxta var örlítið meiri. En ég held að sú þróun, sem varð þar að þessu leyti, sé ekki til þess að þrefa um hvort það er traust á ríkisstj. eða ekki.

Ég ætlaði bara að taka það fram, ef það hefur valdið misskilningi, að ég sagði ekki að hæstv. ráðh. hefði spáð því að verðbólgan yrði um 30%. Ég skal lesa hér, með leyfi hæstv. forseta, — það er örstutt, — það sem hæstv. ráðh. sagði um þetta:

„Ef þessi spá gengur eftir nema verðhækkanir á fyrstu fjórum mánuðum ársins 10.2%, sem gerir miðað við heilt ár um það bil 33%."

Þetta sagði hæstv. ráðh. orðrétt. Síðan talaði hann um spár Þjóðhagsstofnunar síðar á árinu og minntist þá á þessi margfrægu 40% sín.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ekki bætir hv. þm. málstað sinn með þessu. Hann tekur upp úr ræðu minni þar sem ég segi að á þessu tímabili, fyrstu mánuðum ársins, sé verðbólgan 10.2% og þá sé það á ársgrundvelli um 30%. (**LJ:** 33%). Já, 33%. Þá spinnur hann það upp hér, að þar með sé ég að spá því að verðbólgan yfir árið verði þetta án aðgerða. Ég hélt að hv. þm. ætti að skilja það, enda hefur hann reiknað það margsinnis út eða reynt að reikna hver verðbólga er miðað við ákveðið tímabil, einn mánuð, tvo mánuði, þrjá mánuði eða fjóra mánuði, og hvað það þýðir á ársgrundvelli, þegar því er breytt í 12 mánuði. Það er það sem þarna stendur. Það er alger útúrsnúningur og blekking að leyfa sér svona túlkun.

Varðandi hitt atriðið, þá er hann að reyna að draga úr því, að sparifjármyndun hafi nokkuð aukist á s. l. ári, það *sé með því að telja vexti með. Hv. þm. ætti sem* viðskiptafræðingur að vita að það er föst regla Seðlabankans — sem hann telur eina rétta samanburð á sparifjármyndun — að miða við aukið fé á innlánsreikningum að meðreiknuðum vöxtum, þetta sé sá eini rétti samanburður. Þetta kemur fram í öllum skýrslum frá Seðlabankanum og samanburði. Samkv. þessum útreikningi hafði aukning sparifjár eða innlána í heild orðið á s. l. ári 67% á móti 57—58% árið áður. Þessar tölur liggja alls staðar fyrir og þýðir ekkert fyrir hv. þm. að vera að reyna að breyta þessum niðurstöðum með einhverjum blekkingum.

Það, sem ég sagði, er ég vitnaði í leiðara hv. þm. sem hann auðvitað sér eftir að hafa skrifað, var að þá hafi hann haft spurnir af því, að fyrstu mánuði ársins 1980 hefði sparifjármyndun — og ég býst við að hann hafi þá reiknað án vaxta — orðið heldur minni en á sama tíma árið á undan. Þessi þróun allra fyrstu mánuði ársins í fyrra átti því að sanna algert vantraust þjóðarinnar á

efnahagsstefnunni. Ef hv. þm. vildi vera samkvæmur sjálfum sér ætti hann auðvitað að viðurkenna það, að hin mikla aukning sparifjár á s. l. ári, þegar upp er staðið í árslok, verði traustsyfirlýsing. En hann er ekki maður til að viðurkenna það.

Hann segir að þetta stafi af hækkuðum vöxtum. Hvernig var vaxtaþróunin á síðasta ári? Samkv. kenningu hávaxta- og raunvaxtamanna átti að hækka vexti á þriggja mánaða fresti á s. l. ári. Ríkisstj. neitaði tillögum um að hækka vexti 1. mars í fyrra. Hún neitaði tillögum um að hækka vexti 1. sept., hún neitaði 1. des. og hún neitaði í lok ársins. Það var í eitt einasta skipti sem ríkisstj. féllst á tillögur um að hækka vexti. Það var 1. júní og þó minna en farið var fram á. Þetta eru staðreyndir sem fyrir liggja.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 76. fundur.

Þriðjudaginn 14. apríl, að loknum 75. fundi.

Fiskræktar- og veiðimál, þáltill. (þskj. 582). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Efling almannavarna, þáltill. (þskj. 640). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Umræður utan dagskrár.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég skal ekki gerast óþarflega langorður í því máli sem ég ætla að flytja hér. Hins vegar vil ég leggja áherslu á að það er mjög mikilvægt, enda kæmi ég ekki með það utan dagskrár nema af þeim orsökum.

Þetta mál varðar orkumálin, sem efst eru á baugi um þessar mundir, og sérstaklega þá stofnun orkumálanna sem er mjög mikilvæg, þ. e. Orkustofnun. En það er svo með það mál sem ég ætla að hreyfa hér, að því hefur ekki verið hreyft á Alþingi, og hefði þó verið ærin ástæða til þess vegna þess að það varðar bæði stjórn og skipulag Orkustofnunar. Mér þykir rétt, með tilliti til þess að þetta hefur ekki verið rætt hér á Alþingi, að lesa hér upp — með leyfi hæstv. forseta — bréf sem hæstv. iðnrh. skrifaði 24. febr. 1981. Hér er um að ræða skipunarbréf til þriggja manna sem ráðh. skipar til þess að mynda stjórn Orkustofnunar. Í þessu bréfi segir m. a. á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Með bréfi iðnrn., dags. 1. ágúst 1980, var skipuð nefnd til þess að gera tillögur um endurbætur á innra skipulagi og stjórnsýslu Orkustofnunar. Hinn 15. des. s. l. skilaði nefndin áfangatillögum ásamt greinargerð og er þar m. a. lagt til að skipuð verði stjórn Orkustofnunar. Í samræmi við þessar tillögur er ákveðið að skipa þriggja manna stjórn Orkustofnunar er starfi á ábyrgð iðnrh. Þannig skal stjórnin hafa með höndum yfirstjórn stofnunarinnar, fjalla um stefnu hennar, skipulag og starfshætti og fara ásamt orkumálastjóra með tengsl við iðnrn."

Þetta var 24. febr. s. l. En 1. apríl s. l skrifar ráðh. annað bréf sem er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Ráðuneytið vísar til bréfs stjórnar Orkustofnunar, dags. 26. mars s. l., þar sem gerð er tillaga um að til framkvæmda kæmu tillögur starfshóps um innra skipulag Orkustofnunar frá 15. des s. l. Ráðuneytið felst fyrir sitt leyti á tillögur starfshópsins:

1. Að Orkustofnun skiptist framvegis í eftirfarandi aðaldeildir: Stjórnsýsludeild, vatnsorkudeild, jarðhitadeild og orkubúskapardeild.

2. Að sem fyrst verði sett á fót framkvæmdaráð í samræmi við tillögur starfshópsins með þeirri tilhögun til bráðabirgða sem lögð var til af stjórn stofnunarinnar.

3. Þá hefur ráðuneytið ritað ráðningarnefnd ríkisins bréf og leitað eftir heimild til starfsmannaráðninga í samræmi við ofanritað."

Ég sagði áðan að hæstv. ráðh. hefði ekki tilkynnt hv. Alþingi um þessar mikilvægu ákvarðanir sem hann hefur tekið. Hins vegar var birt fréttatilkynning um þetta efni frá iðnrn. 7. apríl s. l.

Um Orkustofnun gilda lög nr. 58 frá 1967, orkulög. Þar er kveðið á um stjórn og skipulag Orkustofnunar. Ekki er gert ráð fyrir að stofnunin hafi sérstaka stjórn. (**PP:** Á hún að vera stjórnlaus?) Það er ekki tekið fram í lögunum. En ef hv. formaður þingflokks Framsfl. telur, að jafna megi því við stjórnleysi, að stofnunin heyri undir núv. ríkisstj. og núv. iðnrh., þá hann um það.

Hins vegar er það svo í orkulögum, að þar er getið um það sem varðar stjórn stofnunarinnar og starfshætti. M. a. er í orkulögum ákvæði um svokallaða tækninefnd sem á að gegna sérstöku hlutverki í sambandi við starfsemi Orkustofnunar. Það mætti því ætla að ef löggjafinn hefði gert ráð fyrir sérstakri stjórn, þá hefði hann að sjálfsögðu sett ákvæði um það í orkulögin, því að ekki var þýðingarminna verkefni slíkrar stjórnar heldur en verkefni tækninefndar sem lögin gera ráð fyrir. Það er sem sagt ekki gert ráð fyrir þessu í lögum. En hæstv. ráðh. skrifar stofnuninni bréf og ákveður þetta.

Nú hefði maður látið sér koma til hugar, ef ráðh. vildi ekki fá lög um stjórn Orkustofnunar, að hann hefði haft svo mikið við að setja reglugerð um þetta efni. Það vill líka þannig til, að í 2. gr. orkulaga er tekið fram að ráðh. ákveði með reglugerð nánar um hlutverk og starfshætti Orkustofnunar, eins og þar segir, þ. á m. skiptingu hennar í deildir að fengnum tillögum stofnunarinnar. Þarna er gert ráð fyrir þeim möguleika að ákveða með reglugerð deildaskiptingu. En það er ekki einu sinni gert ráð fyrir því hér, að hægt sé með reglugerð að setja stofnuninni stjórn. Það er ekki gert ráð fyrir því í lögunum. Og mér virðist að það verði að skýra þetta ákvæði svo, að það sé naumast heimilt að gera það með reglugerð, því að tekið er fram að það sé heimilt að ákveða deildaskiptingu með reglugerð, en ekkert kveðið á um stjórn. Verður því að segja að það skýtur dálítið skökku við að hæstv. ráðh. heldur að hann geti gert þetta með því að skrifa eitt bréf.

Nú er það svo, að það er ekki sama hvernig stjórnarathafnir eru framkvæmdar. Það er gert ráð fyrir að stjórnarathafnir lúti sérstökum ákvæðum, bæði að formi og efni. Það getur varðað miklu ef ekki er farið að slíku.

Það getur varðað ógildingu. Nú ætla ég ekki að fara að ræða hér fræðilega eða lögfræðilega um þetta mál í löngu máli. Ég hef þegar heitið því að hafa mál mitt ekki óþarflega langt. Ég leyfi mér hins vegar, til þess að stytta mál mitt, að vísa til Stjórnarfarsréttar Ólafs Jóhannessonar, hæstv. utanrrh., en þar segir um þetta efni á bls. 164, með leyfi forseta:

Stofnun eða tilurð stjórnarathafna getur ýmist verið áfátt að því er varðar stjórnvald það sjálft, sem að stjórnarathöfn stendur, eða því sem snertir aðferð við undirbúning eða gerð stjórnarathafna. Það er almennt skilyrði fyrir gildi stjórnarathafnar, að til hennar sé stofnað af þar til bæru og þar til hæfu stjórnvaldi. Bresti stjórnvald heimild eða vald til þeirrar ákvörðunar, sem um er að ræða, eða sé vanhæft til hennar er sú ákvörðun oft ógild eða jafnvel hrein markleysa. En vitaskuld getur stundum verið álitamál."

Ég vil að það komi hér skýrt fram, að ég vil á þessu stigi ekki fullyrða að athafnir hæstv. ráðh. valdi ógildingu. En það er augljóst, að það er álitamál að svo sé. Ég leyfi mér að vísa aftur í Stjórnarfarsrétt Ólafs Jóhannessonar, hæstv. utanrrh. Á bls. 232 segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Almennt er viðurkennt að sumum efnum verði aðeins skipað með lögum. Um verkahring löggjafans eru að vísu ekki skýrar reglur þegar stjórnarskrárákvæðum sleppir og eigi er við fordæmi að styðjast. Fer það þá nokkuð eftir ríkjandi réttarhugmyndum og réttarvitund á hverjum tíma, hvenær löggjöf er talin óhjákvæmileg."

Hér segir þessi fræðimaður, hæstv. utanrrh., að um þetta efni, sem ég er hér að ræða, fari nokkuð eftir ríkjandi réttarhugmyndum og réttarvitund á hverjum tíma. Höfum við þá eitthvað fyrir okkur sem við getum stuðst við um það, hvað eru ríkjandi réttarhugmyndir og réttarvitund? Jú, það vill svo til, að orkulögin, nr. 58 frá 1967, fjalla m. a. um tvær stofnanir eða fyrirtæki, annars vegar Orkustofnun, hins vegar Rafmagnsveitur ríkisins. Þegar lögin voru sett var hvorugri þessari stofnun skipuð sérstök stjórn. En 1974 var Rafmagnsveitum ríkisins skipuð sérstök stjórn. Hvernig var farið að því? Var skrifað bréf af þáv. hæstv. iðnrh. og tilkynnt um menn í stjórn sem hann skipaði? Var sett reglugerð með stoð í lögunum frá 1967? Nei. Hverjar voru réttarhugmyndir og réttarvitund sem réðu aðferðinni í þetta skipti? Það var á þann veg, að það voru sett lög um þetta. Það var talið að ekki væri hægt að gera þetta nema með því að setja lög. Og Alþingi samþykkti lög um stjórn Rafmagnsveitna ríkisins, lög nr. 83 frá 1974. Ég vil fullyrða að hér sé efnislega um hliðstæður að ræða. Það er í báðum tilfellum ekki gert í fyrstu ráð fyrir neinni stjórn. Það er um bæði fyrirtækin fjallað í sömu lögunum. Í mínum huga kemur ekki annað til greina en að fara eins að í báðum tilfellum ef á að setja þessum fyrirtækjum stjórn.

Ég var að vitna í fræðimann áðan, hæstv. utanrrh., en það vill svo til að sá maður, sem var í sæti núv. hæstv. iðnrh. þegar Rafmagnsveitum ríkisins var sett stjórn, var og er fræðimaður líka í stjórnarfarsrétti. Ég á við núv. hæstv. forsrh. Hann taldi að það væri ekki nægilegt að skrifa bréf. Hann lagði þetta fyrir Alþingi og fékk heimild samkv. lögum frá Alþingi til þess að gera þetta.

Þá vil ég víkja að annarri hlið þessa máls.

Fyrir Alþingi liggur frv. til orkulaga. Þetta frv. var borið fram á síðasta hausti. Það er umfangsmikið og byggist á endurskoðun sem hæstv. núv. forsrh., þáv. iðnrh., ákvað í ársbyrjun 1977. Sérstök nefnd hafði verið skipuð til að vinna verkið og skilaði hún áliti í okt 1978. Í þessu frv., sem liggur fyrir Alþingi, eru gerðar tillögur um bæði þessi atriði sem hæstv. iðnrh. leyfir sér að skrifa bréf um. Þar er gerð tillaga um að Orkustofnun verði sett stjórn og þar er gerð tillaga um nýja deildaskiptingu. Ég verð að segja að það eru í hæsta máta óeðlileg vinnubrögð hjá hæstv. ráðh. að fara algerlega fram hjá Alþingi í þessu efni, eins og hann hefur gert, á sama tíma sem Alþingi er með málið til meðferðar. Og hv. iðnn. Ed. hefur verið með það í margar vikur á fundum sínum þegar hæstv. iðnrh. tekur til þess ráðs að ganga fram hjá Alþingi og skrifa bréf um þessi mikilvægu efni.

Í þessu frv., sem ég er hér að vitna til, eru þessi ákvæði sem ég minntist á. Því fylgir vönduð grg. þar sem málið er skýrt. M. a. er þar tekið fram að það sé hlutverk Orkustofnunar að annast þann þátt orkumálanna sem viðkemur rannsóknum og skyldum viðfangsefnum. Og það er tekið fram að telja verði það grundvallaratriði í framkvæmd orkumálanna að þau verkefni, sem Orkustofnun er falið að sjá um, fari vel úr hendi. Ég held að allir hljóti að vera sammála um þetta. Það er því mest um vert að Orkustofnun hafi sem best tök á að gegna hlutverki sínu. Þær tillögur, sem gerðar eru í þessu frv., sem ég hef vitnað til, og varða Orkustofnun, miða að því í meginatriðum í fyrsta lagi að styrkja stjórnun Orkustofnunarinnar, í öðru lagi að hnitmiða verksvið stofnunarinnar við rannsóknir á orkulindum landsins, áætlanagerð um orkubúskapinn, og aðstoð og ráðgjöf og stefnumótun í orkumálum og í þriðja lagi að efla áhrifavald stofnunarinnar og þátt hennar í heildarstjórn orkumálanna. Það er með tilliti til þessa að lagt er til að Orkustofnun sé fengin þingkjörin stjórn á þann veg, að orkuráði sé ætlað það verkefni auk þess að hafa með höndum stjórn Orkusjóðs svo sem nú er. Þá gerir frv. einnig ráð fyrir að sú starfsemi, sem nú heyrir undir Orkustofnun í einu eða öðru formi, en varðar ekki meginhlutverk stofnunarinnar, verði fengið öðrum aðilum í hendur. Hins vegar er Orkustofnun fengið í hendur veigamikið verkefni við gerð orkumálaáætlunar sem lagt er til að lögð sé fyrir Alþingi og gegna á mikilvægu hlutverki til stefnumótunar í orkumálum.

Ég kem aðeins inn á þetta til þess að undirstrika það viðhorf, að það sé nauðsynlegt til þess að styrkja Orkustofnun að Alþingi sé beinn aðili að stjórn hennar með því að ákveða og velja henni stjórnendur. Hér er um að ræða annars vegar að efla Orkustofnun á þann eina hátt sem er hægt að efla hana, þ. e. með fulltingi Alþingis, eða hins vegar þykjast efla hana með bréfaskriftum hæstv. iðnrh.

Ég vék hér að öðru atriði en stjórn Orkustofnunar, þ. e. deildaskiptingunni. Ég skal ekki ræða það frekar. Hin almennu rök, sem ég hef fært hér fram, eiga við þar. Þó er rétt að láta þess getið, að það er gert ráð fyrir, eins og ég sagði áðan, að hægt sé með reglugerð að breyta deildaskiptingu Orkustofnunar ef fyrir liggja tillögur um það frá Orkustofnun sjálfri. Í þessu tilfelli liggja hvorug skilyrðin fyrir, hvorki tillögur frá Orkustofnun né að reglugerð hafi verið sett.

Herra forseti. Nú vil ég að lokum biðja hæstv. iðnrh. að gefa Alþingi skýringar á vinnubrögðum hans í þessu efni. Það er augljóst, að ráðh. ber að gefa Alþingi skýringar, það er það allra minnsta. Og í öðru lagi vil ég spyrja hæstv. ráðh. að því, hvers vegna hann kjósi að

Orkustofnun lúti stjórn sem hann tilnefnir samkv. bréfi sínu, en ekki stjórn sem Alþingi setur Orkustofnun.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Mér skildist að hér væri lagt upp í stuttar umr., en hv. málshefjandi hefur nú farið allmörgum orðum um það mál, sem hann hefur borið hér fram, og reifað fsp. til mín. Ég skal nú freista þess að svara þeim í ekki mjög löngu máli þó að hægt væri að gera það.

Ég vil fyrst taka þar til að málefni Orkustofnunar hafa verið til meðferðar á vegum stjórnvalda um nokkurt skeið. Þegar ég var starfandi sem iðnrh. hið fyrra sinn, frá sept. 1978 til okt. 1979, setti ég hóp manna til þess að líta á málefni Orkustofnunar með tilliti til þeirra fyrirhuguðu lagabreytinga varðandi skipulag raforkuöflunar og raforkudreifingar í landinu sem þá voru á döfinni, stofnun nýrrar Landsvirkjunar eins og hún var kölluð. Verkefni þessa hóps skyldi vera að gera tillögur um eðlileg mörk á milli Orkustofnunar sem rannsóknaraðila og framkvæmdaaðila sem við tækju til þess að reisa og reka virkjanir sem spryttu upp af því almenna starfi sem Orkustofnun stæði fyrir. Þessi vinnuhópur hafði ekki skilað áliti þegar ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar fór frá haustið 1979 og það gerðist einnig skömmu síðar, að viðleitni til þess að koma upp einu raforkuöflunarfyrirtæki í landinu var stöðvuð, tillögur um það voru felldar með tilstyrk Sjálfstfl. í borgarstjórn Reykjavíkur og eins fulltrúa Alþfl. í þeirri borgarstjórn. Ég veit að hv. fyrirspyrjandi, hv. 4. þm. Vestf., mun hafa verið mjög sáttur við þær málalyktir, því að hann hefur beitt sér sem hann hefur mátt gegn því að koma skipulagsmálum raforkuöflunar í landinu í það horf sem þarna var að stefnt, en í staðinn viljað hólfa þau niður eftir landshlutum samkv. sjónarmiðum sem ég tel að séu úrelt orðin og ekki orkumálum í landinu til framdráttar. Enn ber hann fram till. hér á Alþingi um þessi efni eins og hv. alþm. þekkja.

Það var síðan í ársbyrjun 1980, á starfstíma páv. iðnrh., að ríkisendurskoðun — sem raunar heyrir ekki undir iðnrn., heldur fjmrn., þó sem nokkuð sjálfstæður aðili að ég hygg — ákvað að fara ofan í stjórnsýslumálefni Orkustofnunar á grundvelli laga nr. 13/1979, svokallaðra Ólafslaga, að ég hygg, þar sem gert er ráð fyrir að ríkisendurskoðun ásamt fjárlaga- og hagsýslustofnun geti tekið að sér stjórnsýsluendurskoðun. Mér var ekki kunnugt um það fyrr en liðið var á vetur 1979—1980, líklega í aprílmánuði, að slík vinna væri í gangi á vegum ríkisendurskoðunar að því er varðaði stjórnsýsluhætti og innra skipulag Orkustofnunar. En um það leyti var mér greint frá því — og raunar í framhaldi af því leitað eftir samstarfi við iðnrn. um það mál. Var ljúflega við því orðið, því að sjálfsögðu höfðum við ekki á móti því, að á þessum málum væri tekið, þó með nokkuð öðrum hætti væri en til var stofnað sumarið 1979 af mér sem iðnrh.

Þessi vinna fór fram undir forustu ríkisendurskoðunar og hún skilaði um þetta vinnugögnum og gerði tillögur um vissa málsmeðferð í þeim áfangaálitum. Eftir að ríkisendurskoðun hafði borið sig saman við iðnrn. varð að ráði að rn. ásamt fleirum tæki við málinu, þar sem ríkisendurskoðun hafði skilað sínu áliti. Varð það að samkomulagi þessara aðila að settur yrði á fót vinnuhópur til þess að fjalla um málefni Orkustofnunar, m. a. með hliðsjón af þeirri vinnu og áfangaáliti sem ríkisendurskoðun hafði látið frá sér fara þar að lútandi. 1. ágúst 1980 voru skipaðir í starfshóp til að gera tillögur um endurbætur á innra skipulagi og stjórnsýslu á Orkustofnun eftirtaldir aðilar með svofelldu bréfi, með leyfi hæstv. forseta:

„Í samráði við Orkustofnun, ríkisendurskoðun og fjárlaga- og hagsýslustofnun hefur rn. ákveðið að setja á fót starfshóp er geri tillögur um endurbætur á innra skipulagi og stjórnsýslu á Orkustofnun. Eftirtaldir menn hafa verið tilnefndir í hópinn: Kristmundur Halldórsson, frá iðnrn., Tryggvi Sigurbjarnarson, frá iðnrn., Jakob Björnsson, frá Orkustofnun, Axel Björnsson, frá Orkustofnun, Stefán Sigurmundsson, frá Orkustofnun, Rúnar P. Jóhannsson, frá ríkisendurskoðun og Jón E. Böðvarsson, frá fjárlaga- og hagsýslustofnun. Páll Flygenring ráðuneytisstjóri mun kalla starfshópinn saman. Gert er ráð fyrir að starfshópurinn skili áfangatillögum undir lok septembermánaðar n. k. og lokatillögum fyrir árslok 1980.“ — Undir þetta ritaði ég ásamt ráðuneytisstjóra, Páli Flygenring.

Þessi starfshópur skilaði í des. 1980 að vísu ekki lokaáliti en áfangatillögum ásamt greinargerð um breytingar á stjórnskipulagi Orkustofnunar. Það væri efni út af fyrir sig að kynna þær tillögur, en ég mun aðeins grípa niður í upphaf þessara tillagna, það sem varðar tillögur starfshópsins um stjórn Orkustofnunar. Þar segir í upphafi um markmið, með leyfi hæstv. forseta:

„Markmiðið með skipulagsbreytingunum er að bæta almenna stjórnun og stjórnsýslu á Orkustofnun og skapa þannig grundvöll fyrir árangursríkari rekstri. Orkustofnun hefur stækkað verulega á s. l. áratug, bæði hvað varðar starfslið, fjármagn til ráðstöfunar og fjölda einstakra verkefna. Skipulag stofnunarinnar hefur hins vegar ekki að sama skapi þróast til aðlögunar breyttum aðstæðum. Á þetta sérstaklega við um yfirstjórn stofnunarinnar. Megininntakið í þessum áfangatillögum er breikkun efsta stigs stjórnar á Orkustofnun, aukin áhrif almennra starfsmanna á stjórnun og starfshætti og efling stjórnsýslu og fjármálastjórnunar á stofnuninni. Auk þessa er hér um að ræða ráðstafanir til að efla tengsl stofnunarinnar við iðnrn. og til að skapa möguleika á betri samhæfingu við hina ýmsu orkumálaaðila landsins.

Helstu þættir skipulagsbreytinganna í þessum áfanga eru fjórir: Í fyrsta lagi verði komið á fót stjórn Orkustofnunar sem í umboði ráðh. hafi á hendi yfirstjórn stofnunarinnar. Í öðru lagi verði sett á stofn framkvæmdaráð sem verði samráðs- og samhæfingarvettvangur innan stofnunarinnar. Í þriðja lagi verði stjórnsýsla og fjármálastjórn efld með því að auka verksvið og starfslið núverandi skrifstofu- og hagdeildar. Í fjórða lagi eru í þessum áfanga gerðar tillögur um breytingar á skiptingu stofnunarinnar í deildir.

Í 2. áfanga tillagna starfshópsins verður fjallað nánar um innra skipulag deilda.“

Ég bæti því við, að þessi starfshópur vinnur nú að þessum 2. áfanga tillögugerðar, sem hér var greint frá, eftir að hafa skilað þessum tillögum sem nú eru komnar til framkvæmda, eins og hér hefur verið rakið. En ég vil vitna hér í tillögur þessa starfshóps um stjórn Orkustofnunar. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórn Orkustofnunar skal hafa með höndum yfirstjórn stofnunarinnar, marka henni stefnu, fjalla um skipulag og starfshætti og fara ásamt orkumálastjóra með tengsl stofnunarinnar við iðnrn. Iðnrh. kveður nánar á um verkaskiptingu stjórnar og orkumálastjóra í erindisbréfi. Fundargerðir og samþykktir stjórnar skulu

kynntar framkvæmdaráði Orkustofnunar. Ráðh. skipar án tilnefningar þrjá menn í stjórnina til eins árs í senn.

Í verkahring stjórnarinnar verða allir þættir stjórnunar, almennrar starfsemi og starfsmannahalds á stofnuninni, þ. á m. stefnumótun, samþykkt verkefna og fjárhagsáætlana og stefnumörkun í samskiptum við aðila utan stofnunarinnar. Ætlast er til að orkumálastjóri og framkvæmdaráð ráði fram úr þeim vandamálum og viðfangsefnum sem upp koma í daglegum rekstri."

Ég les ekki meira upp úr áfangatillögum þessa starfshóps, en þar er m. a. kveðið á um starfshætti hins svonefnda framkvæmdaráðs sem fjalla skal um innri starfshætti á Orkustofnun með aðild starfsmanna hennar. Um þessar tillögur var full eining í þessum starfshópi að öðru leyti en því, að orkumálastjóri tók ekki undir till. meiri hl. nefndarinnar, 6 af 7 í þessum starfshópi, að stofnuninni yrði sett sérstök stjórn með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir, og skilaði um það efni séráliti.

Þessar tillögur lágu fyrir iðnrn. eftir að starfshópurinn hafði skilað áliti. Ég ræddi um þær við ýmsa aðila, þ. á m. við orkumálastjóra og ýmsa lögfræðinga, bæði innan míns rn. og utan, til þess m. a. að spyrja þá álits á því, hvort eðlilegt væri að stíga það skref að setja stofnuninni stjórn með svipuðum hætti og gert væri ráð fyrir í þessum till. Svarið var á þá leið, að það væri ekkert sem mælti gegn því, að slíkt væri gert, og á grundvelli slíks álits var það bréf ritað og þær ákvarðanir teknar sem hv. 4. þm. Vestf. hefur hér rifjað upp. En ég vil aðeins til ítrekunar vitna í bréf ráðuneytisins frá 24. febr. 1981, þar sem vísað er í áfangatillögur þessa starfshóps ásamt grg., með leyfi hæstv. forseta:

„Í samræmi við þessar tillögur er ákveðið að skipa þriggja manna stjórn Orkustofnunar er starfi á ábyrgð iðnrh. Þannig skal stjórnin hafa með höndum yfirstjórn stofnunarinnar, fjalla um stefnu hennar, skipulag og starfshætti og fara ásamt orkumálastjóra með tengsl við iðnrn." — Tilvitnun lýkur í þetta skipunarbréf.

Eins og hér kemur fram er ekki verið að ávísa ábyrgð ráðh. á þessari stofnun, sem hann ber lögum samkvæmt, til annarra aðila en þessarar stjórnar sem starfar undir rn. og á ábyrgð iðnrh. Og það er að mínu mati fyrirkomulagsatriði, en á ekki að vera ásteytingarefni, hvort framkvæmdavaldið, í þessu tilfelli ráðh., kveður aðila sér til aðstoðar í sambandi við tengsl við viðkomandi stofnun, til þess að þau geti verið sem greiðust að hans mati, og viðkomandi rn. Þetta útilokar að sjálfsögðu engan veginn það, að taka megi með öðrum hætti á þessum málum og setja Orkustofnun þingkjörna stjórn, ef Alþingi svo ákveður. Það þarf ekki að hafa um það orð hér og stangast á engan hátt á við hugmyndir þar að lútandi. Ég bendi á að sú stjórn, sem hér hefur verið skipuð, var aðeins skipuð til eins árs — eða til loka árs 1981, og með það alveg sérstaklega í huga, að rn. vinnur að því að móta hugmyndir um breytingu á Orkulögum, sem ég hygg að okkur greini ekki á um, hv. fyrirspyrjanda, hv. 4. þm. Vestf., og mig, að þurfi endurskoðunar við. Og þó að ekki sé víst að við séum að öllu leyti sammála um í hverju þær breytingar eigi að vera fólgnar, þá hygg ég að þar geti ýmis sjónarmið farið saman, og ég vænti þess, að svo verði þegar á þessi efni reynir.

Ég tel að með þeim aðgerðum, sem hér hefur verið greint frá og hér hafa verið gerðar að umræðuefni, einnig varðandi deildaskipan innan Orkustofnunar, sé stigið skref sem að bestu manna yfirsýn hafi verið rétt að stíga og verði stofnuninni til framdráttar. Á meðan unnið er að endurskoðun orkulaga, og frv. liggur m. a. hér fyrir hv. Alþingi þar að lútandi, fæst með þessum hætti verðmæt reynsla í þessum efnum sem menn geta þá tekið mið af áður en breytingar eru gerðar á lögum eða breytingar festar í lög frá því horfi sem verið hefur, frá þeim bókstaf sem þar stendur.

Segja má að ýmislegt í þessum orkulögum sé ekki í samræmi við þá þróun sem orðið hefur, og raunar ýmis atriði laganna sem hafa ekki komið til framkvæmda, þ. á m. um svonefnda tækninefnd Orkustofnunar, og hafa þó þessi lög gilt um áratugi. Skal ég ekki dæma um ástæður fyrir því, að ekki hefur verið framfylgt ákvæðum laganna þar að lútandi. En þar hafa margir komið við sögu síðan þessi lög voru sett og virðast ekki hafa haft áhuga á því að hagnýta heimildir í því efni.

Ég hef ekki orðið var við gagnrýniraddir í sambandi við þessi efni fyrr en nú, að hv. 4. þm. Vestf. kveður sér hér hljóðs utan dagskrár til að finna að þessum gerðum og krefst skýringa af minni hálfu. Ég tel mig hafa hér reitt fram skýringar á því, hvernig að þessu hefur verið staðið og hvernig undirbúningi hefur verið háttað í þessum efnum. Þar hafa fleiri komið við sögu en tilkvaddir aðilar af iðnrn. Og varðandi fsp. hans um það, hvers vegna frekar sé ráðið þessum ráðum með því að nota fyrirliggjandi tillögur sem grundvöll en með því að gera hér tillögur á Alþingi um aðra tilhögun, þá vísa ég til þess, að orkulögin þarf að endurskoða í ljósi þeirra breytinga, sem orðið hafa, og þ. á m. þarf að taka afstöðu til þess, hvort Orkustofnun verði sett stjórn sem beri þá ábyrgð með öðrum hætti, gagnvart þinginu þá væntanlega, fremur en iðnrh., eins og sú stjórn sem ég hef skipað til eins árs, þ. e. til loka þessa árs, eins og fram hefur komið.

Ég vil geta þess, að þó að nokkur ágreiningur hafi verið í umræddum starfshópi, milli eins úr þeim hópi, þ. e. orkumálastjóra, og þeirra sem með honum störfuðu í þessum hópi, þá var þessi stjórn, sem á að vinna með orkumálastjóra undir iðnrn., sett á með fullri vitund orkumálastjóra og með að ég tel vera góðu samkomulagi. Ég vænti þess, að þær tillögur, sem hún gerir til rn. sem hún starfar undir, á hvers ábyrgð hún starfar, verði til þess að bæta úr nokkrum annmörkum sem ýmsir hafa talið að væru á starfsháttum þessarar þýðingarmiklu stofnunar, og vil ég þó ekki hafa uppi hér neina gagnrýni á einn eða annan í því efni. En fram hafa komið skýrslur þar að lútandi, m. a. frá ríkisendurskoðun. Ég vil út af fyrir sig ekki gera þær álitsgerðir eða þau orð að mínum, því að ég hef ýmsar aths. fram að færa við það sem þar kemur fram.

Ég held að það skipti mjög miklu máli, að jafnfjölmenn og þýðingarmikil stofnun og Orkustofnun geti rækt sitt hlutverk. Og ég vænti þess, að sú reynsla, sem fæst af þeim breytingum sem þar hafa verið ákveðnar af rn. að undanförnu, verði til þess að starfsemi stofnunarinnar eflist. Og ég vænti þess, að fjárlaga- og hagsýslustofnun, sem tók þátt í þeirri tillögugerð sem þessar ákvarðanir taka mið af, sjái sér fært að mæla með því, að stjórnsýslulið innan stofnunarinnar verði eflt, en það er m. a. einn þátturinn sem bent hefur verið á að ekki hafi verið ræktur sem skyldi, þ. e. að í yfirstjórn stofnunarinnar og hjálparliði í sambandi við stjórnsýslu hafi ekki fjölgað í réttu hlutfalli við sérfræðinga og umfang í starfsemi stofnunarinnar og eigi það nokkurn þátt í vissum erfiðleikum sem að margra mati hafa verið þar á

innri starfsemi.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja þetta frekar, en vænti að þessi grg. mín hafi varpað nokkru ljósi á þetta og veitt hv. 4. þm. Vestf. nokkra úrlausn.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég vildi gjarnan geta þakkað hæstv. iðnrh. fyrir úrlausn í þessu máli, en hann vann það afrek að tala hér í hálftíma og komst þó algerlega hjá því að gera grein fyrir því sem ég spurði um. Auðvitað kom hæstv. ráðh. víða við og kom m. a. inn á ágreining sem er á milli okkar um skipulag raforkuvinnslunnar. Við höfum rætt það oft og ég held að við höfum rætt það á síðasta þingdegi fyrir páska í fyrra svo að ég ætla ekkert að koma inn á það.

Það, sem hæstv. ráðh. gerði sér einkum tíðrætt um, var starfsemi og tillögur starfshóps sem hann kallaði svo. Það mun vera einhver nefnd sem nú er tíðkað að kalla starfshóp. Það var góðra gjalda vert að segja frá þessu þó að við gætum lesið það í þeirri skýrslu sem hann vitnaði til. En ég vil í þessu sambandi vekja sérstaka athygli á því, að það var miklu meiri ágreiningur í þessum starfshópi en hæstv. ráðh. vildi vera láta. Það var ágreiningur um grundvallaratriði í þessu máli. Sá ágreiningur var gerður af þeim manni sem maður skyldi ætla fyrir fram að væri þýðingarmestur í þessu sambandi, kynni best til verka og hefði mesta reynslu í þessum efnum, því að þar átti hlut að máli sjálfur orkumálastjóri.

Það er rétt að vekja athygli á því, að svo veikur var málflutningur hæstv. ráðh. að hann virtist gera tilraun til að koma því hér inn hjá hv. þm., að það, sem hann hefði verið að gera með bréfunum góðu, hefði aðeins verið til bráðabirgða. Hann lagði áherslu á að þessir menn, sem voru skipaðir í stjórn, væru bara til eins árs. Hann lagði áherslu á það. Við áttum væntanlega að skilja það þannig að svo væri þessu ævintýri lokið. En í skipunarbréfi til þessara manna er vitnað í starfshópinn góða. En hvað segir starfshópurinn? Starfshópurinn talar um samkv. skýrslunni að tilnefna þrjá menn í stjórn til eins árs í senn. Hæstv. ráðh. fer alveg að tillögu starfshópsins, skipar þá fyrst til eins árs og vitnar í skipunarbréfinu til hugmyndar starfshópsins um framtíð þessarar stjórnar. Ég er ekki að segja þetta hæstv. ráðh. til ámælis í raun og veru, að hann vill gera lítið úr þessu. Hann sér að hann er á þunnum ís í þessu máli og það er kannske ekki nema eðlilegt að hann hagi orðum sínum á þennan veg.

En hvað er grundvallaratriðið, hver er grundvallarágreiningurinn? Það var það sem ég lagði áherslu á. Það var það sem ég vildi fá eitthvað um frá hæstv. ráðh. Það er spurningin um hvort stjórn Orkustofnunar eigi að lúta Alþingi að því leyti, að Alþingi velji stjórnina, eða hvort stjórnin eigi að vera ráðherraskipuð. Þetta er grundvallaratriði. Ég er ekki í nokkrum vafa um að það verður ekki aukið áhrifavald Orkustofnunar og hún verður ekki gerð að þeirri stofnun sem nauðsynlegt er til þess að hún hafi eitthvað að segja um stefnumótun í orkumálum, nema skipulaginu verði breytt á þann veg að hún lúti þingkjörinni stjórn. Og það eru fleiri en ég á þessari skoðun. Skal ég nú stytta mál mitt um þetta efni. Mér þykir samt rétt að vitna í þá skýrslu sem ráðh. var nú að hampa hér. Í fskj. með skýrslunni eru aths. eða skoðanir orkumálastjóra um þetta efni. Með leyfi hæstv. forseta langar mig til þess að lesa hér upp nokkrar setningar:

„Nú er það svo, að Alþingi hefur um langan aldur kosið sérstakt ráð, orkuráð, til að hafa með höndum verk á sviði orkumála, að vísu býsna takmarkað, sem sé stjórn Orkusjóðs undir yfirstjórn ráðh. Meginverkefni þess var um langan aldur ráðstöfun á því fé sem Orkusjóði var ætlað til að kosta rafvæðingu sveitanna og til að lána til jarðhitaleitar, og er raunar svo enn, þótt nýlega hafi bæst við nokkrar lánveitingar sjóðsins til hitaveituframkvæmda. Nú sér fyrir endann á sveitarafvæðingunni og innan fárra ára munu þeir hafa fengið jarðhita til hitunar sem á annað borð hafa möguleika á því. Enda þótt þessi hefðbundnu verkefni orkuráðs hverfi ekki með öllu munu þau þó dragast verulega saman frá því sem áður var.

Þegar nú upp kemur þörf á varanlegu starfi að stefnumótun í orkumálum, starfi sem að mínu mati þarf að fara fram í nánu samstarfi við Alþingi, ráðh. og sérfræðinga, virðast mér gild rök hníga að því, að núverandi hlutverki orkuráðs verði breytt og því falið þetta verkefni nú þegar hefðbundin verkefni þess dragast saman.

Orkuráð hefur frá upphafi starfað í nánum tengslum við Orkustofnun og einnig haft mikil samskipti við Rafmagnsveitur ríkisins, og Orkubú Vestfjarða eftir að það var stofnað. Ráðið hefur og alla tíð haft náið samstarf við iðnrh. og rn. hans, m. a. situr ráðuneytisstjóri þess fundi ráðsins. Allt eru þetta að mínu mati rök fyrir því að fela fremur orkuráði verkefni en að setja á laggirnar nýtt ráð eða nefnd í þessu skyni. Ég tel að þessi till. um nýtt hlutverk orkuráðs og þau tengsl þess við Orkustofnun, sem hún gerir ráð fyrir og sýnd er á meðfylgjandi línuriti, eigi mætavel heima í áliti nefndar sem endurskoða skal stjórnsýslu Orkustofnunar."

Það fylgir hér skipurit eins og orkumálastjóri hugsar sér þetta, þar sem orkuráð er sett yfir Orkustofnun. Og það er einmitt þetta sem við, sem stöndum að frv. um ný orkulög, leggjum til. Það er þetta sem deilt er um. Vill Alþingi koma þeirri skipan á, að yfirstjórn Orkustofnunar heyri undir stjórn sem það skipar, eða ekki? Þegar ég sagði hér í upphafi máls míns að hæstv. ráðh. hefði hér talað í hálftíma án þess að koma að kjarna málsins, þá átti ég ekki síst við þetta. Hæstv. ráðh. kom ekkert að þessu. Hann sagði eitthvað á þá leið, að það, sem hann hefði gert með bréfaskriftunum, útilokaði ekki að Alþingi setji Orkustofnun stjórn. Ja, þó að hæstv. ráðh. telji nú ekki að hann taki löggjafarvaldið af Alþingi í þessu efni. Ég þakka ekki fyrir slíkt. En þetta eru tómar vífilengjur. Og ég verð að segja það, að þessi vinnubrögð hæstv. ráðh. eru í hæsta máta ámælisverð. Það er í hæsta máta ámælisvert, að hæstv. ráðh. skuli ekki geta skýrt og gefið frekari skýringar á framferði sínu í þessum efnum heldur en hann hefur gert hér. Þetta segi ég með áherslu vegna þess mikilvægis sem Orkustofnun hlýtur að hafa í allri framkvæmd orkumálanna.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég ætlaði ekki að kveðja mér hljóðs aftur út af þessu efni, enda farið að þynnast hér á bekkjum þingsins. En það var ekki neitt lítið sem hv. 4. þm. Vestf. tók sér hér í munn, að mér þótti, og það gæti verið að menn færi að renna grun í biturleikann og ástæðurnar fyrir þessu upphlaupi hér utan dagskrár á Alþingi í þessu sambandi. Það vill svo til að hv. 4. þm. Vestf., sem hefur mikinn áhuga á orkumálum, — og oft fara okkar sjónarmið saman í þeim efnum, ekki síst að þar þurfi að taka myndarlega á — hann á sæti í orkuráði sem honum finnst að hafi heldur lítil verkefni. Það er sjónarmið út af fyrir sig. En honum

má vera það huggun, sem hann tók hér upp í sínu máli áðan, að enginn hefur útilokað að Alþingi setji Orkustofnun þingkjörna stjórn. Og verði það að ráði hefur hv. þm. væntanlega möguleika á að koma þar að málum. Ég er út af fyrir sig á því, að það væri hægt að velja lakari málsvara til þess að skipa slíka stjórn ef ákveðið yrði að setja hana á laggir.

En vegna tilvitnana hv. þm. í sérálit orkumálastjóra í umræddri áfangaskýrslu vil ég aðeins ítreka það, að hann var einn í minni hluta þar í sjö manna hópi að þessu leyti, og það hefur oft komið fram, að orkumálastjóri hefur ekki haft áhuga á því að fá stjórn yfir þessa stofnun, hvorki þingkjörna, að ég hef heyrt, né í öðru formi, og hefur talið að sú skipan, sem verið hefur á liðnum árum, væri æskileg. En ég tel að þessi mál hafi a. m. k. í bráð verið leyst með góðum friði við hann og sú stjórn, sem starfar á mína ábyrgð, geti unnið að því að styrkja stofnunina með góðri samvinnu við orkumálastjóra.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég get ekki látið hjá líða að segja eitt orð við hæstv. ráðh. út af því, að hann fór að gera því skóna að það gætti einhvers biturleika hjá mér í þessu efni. Hann vildi tengja það því, að ég sæti í orkuráði og orkuráð fengi ekki aukin verkefni. Þetta er mikill misskilningur. Það gætir einskis biturleika. Ég get fullvissað ráðh. um að hann getur notið páskahelgarinnar alveg áhyggjulaus út af þessu. Hann talaði svo um að það gæti kannske orðið breyting í þessu efni. Hver veit? Lengi skal manninn reyna. Það eru ekki nema nokkrir dagar frá því að hæstv. ráðh. hélt uppi töluverðri gagnrýni á frv. um ný orkuver, sem ég talaði fyrir í Ed., og sérstaklega á það atriði, að ekki væri raðað virkjunarframkvæmdum. Hann kom ekki sjálfur með neina röðun. En eftir því sem ég best veit núna er von á frv. frá hæstv. ráðh. um þessar virkjanir þar sem þeim verður ekki raðað. Ráðh. leiðréttir mig ef þetta er ekki rétt. Þannig er það að ég örvænti ekkert um að við getum einhvern tíma orðið sammála um þau mál sem við höfum verið að tala um núna, þegar hæstv. ráðh. hefur áttað sig frekar á þessu.

Efri deild, 84. fundur.

Mánudaginn 27. apríl, kl. 2 miðdegis.

Almenn hegningarlög, frv. (þskj. 4). — 1. umr.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er um að ræða, fjallar um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19 frá 1940, sbr. lög nr. 22 frá 1955. Það hefur verið sýnt tvisvar áður á Alþingi.

Frv. er samið af hegningarlaganefnd og er þáttur í endurskoðunarstarfi hennar á hegningarlöggjöfinni. Í því er fjallað um breytingar á tveimur köflum hegningarlaganna. Annars vegar eru breytingar á 9. kafla þar sem fjallað er um fyrningu sakar og brottfall viðurlaga og ákvæði tengd þeim. Er um það efni fjallað í 1.-8. gr. frv. Í 10.-12. gr. er fjallað um 23. kafla laganna og eru í frv.-greinunum gerðar breytingar á lagaákvæðunum um líkamsmeiðingar. Breytingarnar eru aðallega fólgnar í ítarlegri aðgreiningu á efni núgildandi 217. og 218. gr. hegningarlaganna sem hafa valdið nokkrum erfiðleikum í meðferð fyrir dómstólum.

Ég tel ekki ástæðu til að fara út í nánari útlistun á efni frv. en vísa til hinnar ítarlegu grg. er fylgir frv. Það var, eins og ég tók fram áðan, lagt fram í upphafi Alþingis. Um það hefur verið fjallað í hv. allshn. Nd. og skilar hún svofelldu áliti:

„Allshn. hefur rætt frv. á fundum sínum. Hún leggur til að það verði samþykkt óbreytt."

Ég vænti þess, að frv. þessu verði tekið vel í hv. Ed. og það nái fram að ganga fyrir þinglok.

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að leggja til að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Neðri deild, 82. fundur.

Mánudaginn 27. apríl, kl. 2 miðdegis.

Norðurlandasamningur um félagslegt öryggi, frv. (þskj. 522). — 1. umr.

Utanrrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd Norðurlandasamning um félagslegt öryggi. Þetta frv. hefur verið afgreitt í hv. Ed. án athugasemda.

Sá samningur, sem hér er um að ræða, var undirritaður í Kaupmannahöfn 5. mars s. l. Í athugasemdum þeim, sem fylgja frv., er gerð grein fyrir tilurð þessa samnings, hverja samninga og hver lagafyrirmæli honum er ætlað að leysa af hólmi ef að lögum verður, og loks er gerð grein fyrir helstu nýmælum sem í samningum felast, en þau eru nokkur og allþýðingarmikil. Ég sé ekki ástæðu til að endurtaka það hér, sem segir í þessum athugasemdum, og leyfi mér að vísa til þeirra. Gert er ráð fyrir því og ákveðið í 2. gr. þessa lagafrv., að þegar samningur sá, sem um ræðir í 1. gr., þ. e. þessi Norðurlandasamningur um félagslegt öryggi, hefur öðlast gildi að því er Ísland varðar skuli ákvæði hans gilda sem lög hér á landi.

Ég sé ekki, herra forseti, ástæðu til þess að fjölyrða um þetta mál frekar, en endurtek að hér er um gott mál að ræða sem ég geri ekki ráð fyrir að ágreiningur verði um.

Leyfi ég mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 22 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 598). 1. umr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir, hefur þegar fengið meðferð í hv. Ed. og var afgreitt þaðan samhljóða. Það gerir ráð fyrir tveimur breytingum á lögum um almannatryggingar:

Í fyrsta lagi að hver sá, sem stundað hefur sjómennsku í 25 ár eða lengur, eigi rétt til töku ellilífeyris frá og með 60 ára aldri, enda sé að öðru leyti fullnægt skilyrðum laganna í þessum efnum.

Í annan stað gerir frv. ráð fyrir því, að örorkustyrkþegi, sem náð hefur 62 ára aldri, skuli njóta örorkustyrks sem jafnan svarar til fulls örorkulífeyris.

Hér er um að ræða tvö tiltölulega einföld ákvæði og það fyrra ber í raun og veru að skoða í nokkru samhengi við frv. til l. um lífeyrissjóð sjómanna sem liggur fyrir í hv. deild.

Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta frv., herra forseti, en legg til að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 26 shlj. atkv.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum, frv. (þskj. 436, n. 650 og 652). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Sjútvn. hefur fjallað um þetta mál, frv. til l. um breyt. á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum, þess efnis, að þrátt fyrir 1. gr. skal útflutningsgjald af frystum sjávarafurðum framleiddum á þessu ári, nema 4.5% af fob-verðmæti útflutnings og útflutningsgjald af skreið og hertum þorskhausum framleiddum á árinu 1981 10% af fob-verðmæti útflutningsins.

Meiri hl. nefndarinnar er andvígur frv. og leggur fram nál. á þskj. 652, en minni hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt. Í áliti meiri hl. segir:

Við endurskoðun á sjóðakerfi sjávarútvegsins á árunum 1975-1976, sem tók gildi 16. febr. það ár, náðist víðtæk samvinna aðila í sjávarútvegi um að samræma útflutningsgjöld af sjávarafurðum á þá leið að greitt væri sama útflutningsgjald af öllum tegundum sjávarafurða. Hlutverk Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins er að draga

úr áhrifum verðsveiflna er verða kunna á útflutningsafurðum fiskiðnaðarins. Þetta frv. gengur þvert á hlutverk sjóðsins og það gengur jafnframt þvert á þá stefnu sem mörkuð var við endurskoðun sjóðakerfisins um samræmingu útflutningsgjalds og er í hrópandi mótsögn við hlutverk Verðjöfnunarsjóðsins. Þess vegna teljum við óeðlilegt að gera þá breytingu sem frv. gerir ráð fyrir.

Í sjálfu sér má segja að þessi breyting sé ekki stórkostleg, ef litið er á hana eina og sér, en þegar litið er á hana á þann veg sem ber að gera, að hér er verið að hverfa frá margyfirlýstri stefnu Alþingis og stjórnvalda og ganga þvert á það hlutverk sem Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins hefur, þá er hér um alvarlegt mál að ræða og stórskaðlegt, ekki fyrir sjávarútveginn einan, heldur einnig fyrir Alþingi og ríkisstjórn á hverjum tíma. Hér er gripið til þess óyndisúrræðis að nota sér það, að markaðir hafa verið góðir fyrir skreið, og reyna því að klípa af þeim hagnaði, sem þar myndast, til þess að bæta með stórfelldan hallarekstur á frystideild Verðjöfnunarsjóðs. Í staðinn fyrir að hækka viðmiðunarverð til skreiðardeildarinnar vegna góðrar afkomu hennar nú í bili og vera trúir því sjónarmiði og hlutverki sem Alþingi hefur sjálft markað í þessum efnum, að færa ekki fjármagn á milli deilda, þá er gripið til þessa óyndisúrræðis.

Það er fróðlegt í þessu sambandi að koma nánar inn á útflutningsgjaldið og sérstaklega þá stöðu Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins. Það var mikið írafár í stjórnarliðunum í sjútvn. Nd. að afgreiða þetta frv. Þeir töldu alveg sjálfsagt að afgreiða það umyrðalaust eins og fiskur er unninn núna á færibandi, en við stjórnarandstæðingar töldum rétt að hinkra örlítið við og álitum það ekki verða stjórnarliðum til stórskaða þó að þeir reyndu að draga andann og hugsa örlítið um hvað þeir væru að gera.

Ég óskaði eftir því við formann sjútvn., að hann fengi upplýsingar frá Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins um stöðu hinna ýmsu deilda. Hann varð við þessari beiðni og því tafðist afgreiðsla þessa máls í örfáa daga. Hitt er svo annað mál, að þegar fiskverð er ákveðið seint og síðar meir, eftir að komið er á annan mánuð frá því að verkið hefst, og svo líður enn hátt í tvo mánuði þar til þetta frv. er lagt fram, þá er það ekki til meðferðar í þingi fyrr en undir lok vertíðar, og er það út af fyrir sig ámælisvert. En hitt er ekki ámælisvert, að Alþingi afgreiði mál alveg á punktinum, eftir því sem um er beðið eða pantað af einstökum ráðherrum.

Fyrsta spurningin, sem ég óskaði eftir að formaður sjútvn. legði fyrir Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, var: Hvernig er staða hverrar deildar sjóðsins? Svarið er byggt á yfirliti sem sýnir greiðslustöðu Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins 1. jan. 1981, en þar sem enn hefur ekki farið fram endanlegt uppgjör allra aðila sjóðsins vegna ársins 1980, svo sem uppgjör á freðfiski, óverkuðum saltfiski, söltuðum ufsaflökum, loðnumjöli, loðnulýsi og fiskimjöli, þá eru innstæður þessara afurða að nokkru byggðar á áætlunum, segir starfsmaður Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins.

Þegar þessar upplýsingar eru gefnar er freðfiskdeildin með mínus 2160 þús. nýkr. Humar með innstæðu 13400 þús., hörpudiskur 85200 þús. og rækja 10860 þús. Samtals eru því í frystideildinni 30 millj. 620 þús. kr. Í deildinni fyrir saltfiskafurðir er óverkaður saltfiskur með innstæðu að upphæð 16480 þús., verkaður saltfiskur ekkert og söltuð ufsaflök 2600 þús. kr. eða samtals 19 millj. 80 þús. nýkr. í saltfiskdeildinni. Deildin fyrir saltsíldarafurðir er með innstæðu að upphæð 1600 þús. og deild fyrir skreiðarafurðir, sem lagt er nú mikið kapp á að rýra, er með 18680 þús. Í deild fyrir afurðir síldar- og fiskimjölsverksmiðja er loðnumjöl og lýsi, með 6 millj., fiskimjöl 4850 þús. og spærlings- og kolmunnamjöl 200 þús. Samtals er deild afurða síldar- og fiskimjölsverksmiðja með innstæðu upp á 11 millj. 50 þús. nýkr. Innstæða í Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins er því 81 millj. 30 þús. nýkr., sem ég tel að sé síst of há upphæð, og auðvitað er herfileg staða þeirrar deildar sem stærst er, sem er deild fyrir frystar fiskafurðir.

Tímabilið frá 1. jan. til 31. maí 1981 er sérstakt verðjöfnunartímabil fyrir allflestar verðjöfnunarskyldar sjávarafurðir. Þessu tímabili er nú senn að ljúka, þó að tímabilið sé talið til 31. maí, þar sem vertíð lýkur væntanlega um 8. maí. Þá liggur fyrir niðurstaða um afkomu allflestra verðjöfnunarskyldra sjávarafurða. Því hefur verið tiltölulega auðvelt að gera yfirlit yfir og áætlanir um væntanlegar greiðslur úr Verðjöfnunarsjóði fyrir þetta tímabil. Kemur þá í ljós að í freðfiskdeildinni er áætlað að greitt verði út hvorki meira né minna en 30700 þús. nýkr. miðað við áður ákveðnar útgreiðslur, þar af í freðfiskinn einan 30 millj.

Nú spyr ég hæstv. sjútvrh. hvað hann telji með þessu frv. að skreiðardeildin komi til með að gefa til þess að færa yfir til frystideildarinnar, og á hvern hátt ætlar hann eða ríkisstj. að fjármagna frystideildina til þess að hún standi við þær skuldbindingar sem stjórn Verðjöfnunarsjóðsins hefur ákveðið og ráðh. hefur staðfest? Hvernig á að afla fjár til að standa við þessar skuldbindingar? Fyrir utan freðfiskinn er í frystideildinni gert ráð fyrir að innheimt verði aðeins útflutningsgjald til Verðjöfnunarsjóðs af hörpudiski 2500 þús., en útgreiðsla úr rækjudeildinni verði 3200 þús. M. ö. o.: munurinn á inn- og útgreiðslu frystideildarinnar í heild er hvorki meira né minna en 30700 þús.

Það er líka mjög eftirtektarvert í sambandi við Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, að í deild fyrir saltfiskafurðir er ekki gert ráð fyrir að neitt verði innheimt af óverkuðum saltfiski, verkuðum saltfiski eða söltuðum ufsaflökum á þessu verðtímabili, og það er ekki heldur gert ráð fyrir að neinar útgreiðslur fari fram úr saltfiskafurðadeild. Á sama tíma og verð á saltfiski er mjög hagkvæmt í viðskiptalöndum okkar gerist það, að til þess að eiga fjármagn til að mæta verðsveiflum, sem alltaf geta átt sér stað, er þessi deild gerð algerlega óvirk. Hún er í reynd ekki til á þessu verðlagstímabili. Þetta finnst mér ákaflega undarlega að staðið við þær aðstæður sem nú eru í saltfiskverkun. Er þetta sönnun þess, að hagur þessarar greinar sé þrátt fyrir alveg sérstaklega gott söluverð og gott útlit í markaði ekki betri en það, að ekki er talið fært að taka eyri af henni til Verðjöfnunarsjóðsins allt þetta verðlagstímabil? Hvar stöndum við þá ef eitthvað bjátar á í sölu á þessum afurðum? Ég held að þetta sé í reynd sönnun þess, að það er búið að keyra allt til hins ýtrasta og að lengra verði ekki komist.

Þá skulum við hverfa frá saltfiskdeildinni og koma að deild fyrir saltsíldarafurðir, áætlun um hana. Að vísu falla þær afurðir ekki til á þessu tímabili, en þar er reiknað innheimt og útgreitt sé núll. Í deild fyrir skreiðarafurðir er reiknað með 18 millj. kr. innkomu. Í deild fyrir afurðir síldar- og fiskimjölsverksmiðja er reiknað með 3400 þús. kr. útgreiðslu og loðnumjöl og

lýsi 3400 þús. kr. útgreiðslu. M. ö. o.: þær verða langt komnar þegar þessu verðtímabili lýkur og þá fer ekki að verða mikið upp á að hlaupa í því sambandi. Fiskmjöl, spærlings- og kolmunnamjöl er áætlað núll í báðum tilfellum, bæði inn- og út. Samtölur allra afurða eru áætlaðar 20 millj. og 500 þús. greiðslur innheimt, en út 36600 þús. Samtölur deilda eru áætlaðar 18 millj. inn, en 34 100 þús. út. Allar þessar útgreiðslur eru áætlaðar í samráði við sölusamtökin.

Ég spurði einnig hverjar væru horfur á árinu 1981. Því er svarað af starfsmanni Verðjöfnunarsjóðsins að það sé útilokað að segja nokkuð utan þess sem þegar hefur verið sagt frá og ég hef gert að umræðuefni, því að það séu svo margir þættir þar sem um hreina ágiskun sé að ræða. Það má auðvitað nefna þróun markaðsmála, væntanlega ákvörðun hráefnisverðs þegar kemur fram á árið því að það er auðvitað, eins og menn vita, aðeins ákvarðað nú út þessa vertíð. Inn í það koma auðvitað aflahorfur og almenn þróun kostnaðar innanlands. Því er ekki óeðlilegt að starfsmaður sjóðsins treysti sér ekki til að svara þeirri spurningu nánar. En við getum hver fyrir sig svarað að nokkru leyti þessum spurningum. Þegar við lítum á Verðjöfnunarsjóðinn og stöðu hans núna í ljósi þess, sem ég hef þegar sagt, og þeirra upplýsinga, sem ég hef nefnt, frá starfsmanni Verðjöfnunarsjóðsins, þá held ég að menn þurfi ekki að vera mjög ósammála um að Verðjöfnunarsjóðurinn stendur hörmulega illa og það fer hríðversnandi.

Ég held að það sé hið mesta óráð að grípa til þessa úrræðis, að færa milli deilda, taka af einni framleiðslugrein eins og skreiðarverkuninni og færa yfir í aðrar deildir. Það hefur oft komið fyrir að ákveðnar deildir í fiskiðnaði hafa ekki átt innstæðu í Verðjöfnunarsjóði og ríkissjóður hefur orðið að ábyrgjast hið almenna fiskverð þó að ekki hafi komið til útgreiðslu. En þrátt fyrir það hefur enginn sjútvrh. gert tillögu um að hrófla við útflutningsgjaldinu með þessum hætti. Hér er líka verið að fara inn á ákaflega varhugaverða braut, eftir að búið er að samræma útflutningsgjald eins og gert var með samþykkt laganna frá 16. febr. 1976, í fullu samkomulagi við alla aðila í sjávarútvegi, útgerðarmenn, sjómenn, yfirmenn og undirmenn og fiskkaupendur. Þegar búið var að ná þessu samkomulagi — og það hefur verið starfað í anda þess síðan hvað snertir Verðjöfnunarsjóðinn, hvað snertir útflutningsgjaldið, þá held ég að hæstv. ráðh. og ríkisstj. sé að fara út á mjög hála braut að gera þessa breytingu. Og í sannleika sagt skil ég ekki í því, að í stjórnarliðinu skuli enginn þm. vera til sem getur varað menn við þessari hættu, sem getur varað menn við því að hér er verið að fara inn á mjög hættulega braut.

Skreiðarmarkaðir hafa ekki verið með sterkustu mörkuðum okkar, heldur með þeim veikustu á undanförnum árum og skreiðin hefur gersamlega dottið niður og ekki orðið að neinu. Skreiðin hefur beðið í landinu allt upp í tvö ár óseld. Þó að mjög hafi ræst úr núna upp á síðkastið eru ýmsar blikur í lofti í sambandi við skreiðarmarkaði. Bæði óttast menn að verkun í skreið sé jafnvel of mikil og geti haft áhrif á markaðsverðið og menn óttast líka að aðalkaupandinn af skreið, sem er Nígería, sé að setja þak á skreiðarverðið, þannig að þessari hagstæðu verðþróun á skreiðarmörkuðunum sé nú að verða lokið svo ég segi ekki að hún sé að hrynja. En þessi þróun til hækkunar er búin og því er enn þá óráðlegra að fara þannig að. Þetta bjargar ekki freðfiskdeildinni nema að tiltölulega litlu leyti, en getur haft í för með sér að næsta eða þar næsta verðtímabil sé hvergi peninga að sækja í Verðjöfnunarsjóðinn.

Er það þá stefna hæstv. ríkisstj. að ganga af Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins dauðum? Þetta er einn liðurinn í því: að fara að hreyfa á milli hinna ýmsu greina sem eru sjálfstæðar. Sömuleiðis efast ég um að það fái staðist að færa til með þessum hætti, því að hver sú fiskverkun, sem hefur greitt í ákveðna deild, hún á það og hún hlýtur að líta svo á framvegis sem hingað til.

Samlag skreiðarframleiðenda sendi ásamt fleiri aðilum sjútvn. Ed. umsögn um þetta mál. Þar er vitnað í ályktun sem send var sjútvrh. 17. febr. í vetur. Þar segir: „Aðalfundur Samlags skreiðarframleiðenda, haldinn í Reykjavík 13. febr. 1981, varar eindregið við þeirri hugmynd stjórnvalda að mismuna útflutningsgreinum fiskiðnaðarins með útflutningsgjaldamillifærslu. Reynsla undanfarinna ára sýnir að engin grein fiskiðnaðarins hefur búið við meiri sveiflur og óvissu á sínum mörkuðum en skreiðarframleiðslan. Þar hafa skipst á tímabil hagstæðs og óhagstæðs verðlags, tímabil mikillar eftirspurnar og algerrar lokunar markaða um langan tíma. Fundurinn leggur áherslu á að Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins hefur það lögskipaða hlutverk að jafna út sveiflur hverrar greinar. Þá bendir fundurinn á að Verðlagsráð sjávarútvegsins hefur þegar ákveðið auknar álögur á skreiðarvinnsluna áður en nokkrir sölusamningar liggja fyrir. Verði markaðsþróunin næstu mánuði jákvæð, þá krefjast skreiðarframleiðendur þess, að það, sem greinin kann að verða aflögufær um, verði lagt í Verðjöfnunarsjóð til þess að mæta hugsanlegum markaðsörðugleikum á komandi tímum, en ekki millifært til annarra greina."

Þarna segir í þessari ályktun það sem Alþingi hefur sjálft löngu samþykkt og það meira að segja samhljóða og engin rödd hefur komið hér fram um að breyta. Þar segir að verði einhver grein í sjávarútvegi aflögufær, þá verði lagt í Verðjöfnunarsjóð til þess að mæta hugsanlegum markaðserfiðleikum komandi tíma.

Það er undarlegt að þegar Alþingi hefur sjálft markað jafnviðamikla stefnu og stefnuna um hlutverk Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, sem enginn ágreiningur hefur orðið um, þá skuli menn úti í bæ eða uppi í stjórnarráði — eða hvar það er — ákvarða allt í einu að breyta þessari stefnu Alþingis. Alþm. lesa það í fjölmiðlunum og í ályktunum sérhagsmunasamtaka að til standi að breyta nú algjörlega þessari stefnu og hverfa frá því sem Alþingi hefur áður samþykkt og enginn ágreiningur verið um. M. ö. o.: það er litið á Alþingi eins og hvert annað viljalaust verkfæri sem eigi að gera það sem einhverjum ákveðnum herrum dettur í hug að krefjast, stað þess að Alþingi á að leiðbeina þessum ákveðnu herrum, sem dettur í hug að gera vitleysu, og sýna þeim fram á að það sé rangt, sem þeir eru að leggja til að gert sé og ætla sér að gera, og leiðrétta það.

Ég tel líka að það hefði fyllilega komið til greina að ríkisstj. — og þá hæstv. sjútvrh. í broddi fylkingar — hefði reynt að skapa sem víðtækast samstarf hér á Alþingi um hvernig ætti að snúast við þeim vanda sem fiskiðnaðurinn og sjávarútvegurinn stóð frammi fyrir um áramót, hvaða leið væri heppilegust til þess að mæta þessum vanda. Vitaskuld er vandi fyrir hendi og það mikill vandi. En þessi ríkisstj. þarf ekkert á því að halda. Hún hefur ekki nefnt það. Mér er sérstaklega annt um þá

sjálfstæðismenn sem eiga aðild að ríkisstj., vegna þess að uppbygging Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins átti síst hljómgrunn í Sjálfstfl. og þar voru langhörðustu öflin til þess að koma þessum lögum fram, þó ég ætli á engan hátt að gera lítið úr þeim ágætu mönnum úr öllum öðrum flokkum sem stóðu að því að Verðjöfnunarsjóðurinn varð að lögum.

Ég vil því spyrja þá að því, bæði fulltrúa í ríkisstj. og þingmenn sem styðja að einhverju leyti enn þá þessa ríkisstj., hvort þeir treysti sér til að eyðileggja á þennan hátt hlutverk Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins.

Það er ekki búið að laga þetta strax aftur. Það er alveg eins með þetta og þegar menn taka fyrsta sopann, þeir fá sér oft annan. Eins verður það með þetta. Þegar búið er að opna þessa vitleysu einu sinni, þá er ekki að spyrja að því að tappinn verður aftur tekinn úr. En það er enn þá tími til þess að setja tappann í, reka hann almennilega niður í flöskuna og afturkalla þetta frv. Og ég tel að ríkisstj. yrði sér ekki til skammar þó hún gerði það, nema síður sé. Hún ætti heiður skilið ef hún gerði það. Ef enginn er í stuðningsliðinu sem getur varað menn við þeirri glópsku sem hér er verið að gera, þá verðum við hinir, sem ekki erum í stuðningsliðinu, að vara hana við, eins og ég hef verið að gera hér í fullri vinsemd. Okkur greinir ekki á um hlutverk Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, en okkur greinir á hvort með þessu frv. sé verið að eyðileggja hann. Það er ekki lítið sem sjávarútvegurinn og kaupstaðir og kauptún í öllum kjördæmum landsins eiga undir því að þetta sé ekki eyðilagt. Ef Verðjöfnunarsjóðurinn verður eyðilagður með þessu verður því ekki gleymt hverjir eiga þá sök á því þegar ekkert verður eftir í Verðjöfnunarsjóði til þess að taka við verðsveiflum. Hvað tekur þá við? Þá tekur við samdráttur og stöðvun þegar ekkert er upp á að hlaupa. Er ekki betra að varast að stíga þetta ógæfuspor fyrir ekki meira en hér er um að ræða? Og eins og menn geta séð, sem eitthvað eru inni í þessu máli, af mínum upphafsorðum um stöðu Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, þá er hann síst svo stór og öflugur að það séu gustuk að rýra getu hans með þeim hætti sem lagt er til með þessu frv.

Hæstv. sjútvrh. hefur nú að undanförnu talað mikið um fiskiskipastólinn og uppbyggingu hans og nauðsyn þess að halda áfram að smíða báta og þá innanlands. Ég ætla ekki að fara efnislega út í það nú, enda yrði það of langt mál. En tveir sjóðir hafa verið stofnaðir á síðustu árum. Annar er Aldurslagasjóður fiskiskipa sem komið var á fót með sérstakri löggjöf og er í varðveislu og undir stjórn Samábyrgðar Íslands. Þessi sjóður veitir þeim, sem taka skip úr umferð sem eru orðin ónýt, vissar bætur að krónutölu miðað við hverja smálest í skipi. Svo er annar sjóður, Úreldingarsjóður, sem var settur á stofn á árinu 1979 og veitir einnig bætur, en með nokkuð öðrum hætti og ekki eftir eins ákveðinni formúlu og aldurslagatryggingin. Tekjur þessa sjóðs, Úreldingarsjóðs, voru af útflutningsgjaldinu á s. l. ári tæplega 4.5 milljarðar gkr. fyrir utan vaxtatekjur. Hann greiddi út styrki sem voru hvorki meira né minna en 4 milljarðar 330 millj. á s. l. ári. Á þessu ári eru tekjur sjóðsins áætlaðar af þjóðhagsstofnun, eftir því sem ég best man, um 8 milljarða gkr. En þegar hefur verið sótt um verulega styrki og bætur úr sjóðnum þannig að hann er uppurinn í febrúarlok.

Hæstv. sjútvrh. hefur sagt að hann vildi standa að því að auka tekjur þessa sjóðs og þar með að taka úr notkun óhagkvæm og úrelt skip sem er þjóðhagslega rangt að halda áfram útgerð á. Mig langar í þessu tilfelli að spyrja hann hvernig hann ætli að ná þessu takmarki, hvort hann hafi hugsað sér að flytja nýtt frv. um breytingu á útflutningsgjaldi eða hvort hann hugsi sér að flytja brtt. sjálfur við þetta frv. eða hvort hann hafi horfið frá því að auka tekjur Úreldingarsjóðs. Ég vil líka láta það koma fram hér, að ég tel eðlilegt að þessar tekjur séu auknar. Ég tel líka eðlilegt og nauðsynlegt að tekjur Aldurslagasjóðsins séu auknar, en þær eru fyrst og fremst iðgjöld skipa sem fyrir eru í landinu. Ég tel að þau iðgjöld þurfi að hækka svo að hann geti hækkað sínar bætur. Hitt kemur að mínum dómi líka mjög til greina, að sameina þessa sjóði að verulegu leyti, þó að ég geti mjög vel fallist á að bótareglur Úreldingarsjóðsins séu ekki eins fastmótaðar og aldurslagatryggingarinnar. En ég spyr þessara spurninga vegna þess sem talað hefur verið um opinberlega. Þar sem svo er liðið á þingtímann og ekkert hefur komið fram um þetta, þá tel ég eðlilegt að spurt sé um það í sambandi við afgreiðslu þessa frv.

Ég ætla þá ekki að hafa þessi orð fleiri, en endurtek það, að við fjórir nm. af sjö í sjútvn. teljum, að hér sé verið að brjóta niður hlutverk Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, og erum því á móti þessari breytingu á útflutningsgjaldinu og leggjum til að frv. verði fellt.

Frsm. minni hl. (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Hv. 1. þm. Vestf. flutti hér langt mál og gott um þetta mál og ættu hv. alþm. í deildinni að vera nokkurs vísari eftir að hafa hlýtt á mál hans. Ekki er þó alveg fyrir það að synja, að það hafi verið nokkuð einlitt, en gott samt.

Þetta er mikið deilumál sem hér er á ferðinni. Sannleikurinn er sá, að fáir hafa orðið til þess að mæla því sérstaklega bót. Af þeim, sem fengu frv. til umsagnar, er aðeins einn aðili sem mælir með því, að það verði samþykkt, annar lætur það kyrrt liggja hvernig fara muni um frv., en aðrir eru á móti. Það eru auðvitað hagsmunaaðilar sem hvað harðorðastir eru og hv. 1. þm. Vestf. vísaði til.

Það er afar mikil spurning hvort fara eigi þessa leið í þessum efnum þegar ein deild í fiskverkuninni stendur höllum fæti, en önnur virðist — a. m. k. samkv. tölum frá Þjóðhagsstofnun sem ýmsir hafa dregið verulega í efa að séu réttar — skila miklum hagnaði, gífurlegum hagnaði eins og upp var gefið.

Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, einn umsagnaraðila í málinu, lætur það koma fram í sinni umsögn, að hún sé ekki hlynnt því að verið sé að hringla með útflutningsgjaldið eftir markaðsaðstæðum, en bendir á að í raun og veru væri miklu eðlilegra að þetta gjald væri tekið allt af hráefnisverði, en ekki af útflutningsverði vöru.

Við í minni hl. sjútvn. hv. deildar höfum auðvitað kannað vel umsagnir aðila í þessu máli og fengið á okkar fund fulltrúa sjómanna í Verðlagsráði. Við höfum komist að þeirri niðurstöðu að standa saman um það, þrír alþm., að leggja til að frv. verði samþykkt, þvert ofan í góðar ráðleggingar meiri hl. með hv. 1. þm. Vestf. í broddi fylkingar.

Meiri hl. nefndarinnar hefur látið það koma fram, að hann telji þetta hættulegt fyrir framtíðina, að þetta sé fyrsta skrefið í því að eyðileggja Verðjöfnunarsjóðinn, og tekur býsna sterkt til orða í þá veru í sínu nál. á þskj. 652. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Þetta frv. gengur þvert á þá stefnu, sem mörkuð var við endurskoðun sjóðakerfisins um samræmingu út-

flutningsgjalds, og er í hrópandi mótsögn við hlutverk Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins.

Við teljum frv. þetta ranglátt og verða til þess að rífa niður það sem hefur verið byggt upp á löngum tíma. Því leggjum við til að frv. verði fellt."

Þarna er mikil fullyrðingasemi á ferðinni án þess að nægileg og haldgóð rök fylgi með að mínum dómi. Frv. er aðeins um það að bæta ákvæði til bráðabirgða við lögin um útflutningsgjald. Frv. er efnislega ekki nema þrjár línur og ég get lesið það, með leyfi hæstv. forseta. Þar segir:

„Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. skal útflutningsgjald af frystum sjávarafurðum framleiddum á árinu 1981 nema 4.5% af fob-verðmæti útflutnings og útflutningsgjald af skreið og hertum þorskhausum framleiddum á árinu 1981 10% af fob-verðmæti útflutnings."

Þarna segir ósköp einfaldlega, herra forseti, að þessari breytingu er einungis ætlað að ná til framleiddra sjávarafurða á árinu 1981. Eftir þetta ár hljóta menn að verða reynslunni ríkari í þessu efni og ef mönnum sýnist það ekki hafa gefið góða raun og hafa orðið til ills, þá verður þetta ekki endurtekið og lögin falla úr gildi í árslok. Þarna er því auðvitað alls ekki um neina stórkostlega hættu að ræða. En um aðferðina er deilt. Og þá kemur upp í hugann hvort rétt væri kannske að íhuga það — og ég beini því til hæstv. sjútvrh. — hugleiða hvort skynsamlegt væri að taka ákveðinn hluta af útflutningsgjaldi, sem ætlað er til hverrar deildar sjóðsins fyrir sig, og leggja í eina nýja deild í viðbót sameiginlega sem hægt væri þá að grípa til ef sérstaklega stæði á. Þá þyrfti ekki með beinum eða óbeinum hætti að flytja á milli deilda sem menn hafa yfirleitt verið andvígir til þessa.

Herra forseti. Það væri kannske full ástæða til þess að ræða bæði þetta mál og önnur betur, varðandi þessa hluti alla, en ég ætla að láta þetta duga og vísa af minni hálfu og minni hl. til þess sem segir á nál. 650, að minni hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég skal reyna að svara þeim spurningum sem komu fram hjá hv. 1. þm. Vestf. sem talaði um þetta mál og reyndar fleiri allvítt og breitt af þekkingu, eins og hans er von og vísa.

Hv. þm. gerði mikið úr því, að með þessu frv. væri verið að eyðileggja Verðjöfnunarsjóðinn. Ég hygg að það sé allt of djúpt í árinni tekið. Ég er honum sammála um mikilvægi Verðjöfnunarsjóðsins og get tekið undir ýmislegt sem hann sagði um greiðslur í sjóðinn. Til dæmis er ég þeirrar skoðunar, að af saltfiski hefði átt að greiða í sjóðinn nú. Stjórn sjóðsins tók sína ákvörðun áður en það endanlega verð lá fyrir sem síðan fékkst, sem varð nokkru hærra en menn höfðu gert ráð fyrir. Ég sá ekki ástæðu til þess, enda kom engin ósk fram um slíkt, að sú ákvörðun yrði tekin til endurskoðunar á miðju verðlagstímabilinu. Vel má vera að það hefði átt að gera, ég get út af fyrir sig tekið undir það. Og mér sýnist að af saltfiski ætti að greiða nú í verðjöfnunarsjóðsdeild hans.

Ég vil hins vegar fullvissa hv. þm. um það, að ekki stendur til — og ég hef marglýst því yfir — að færa fjármagn á milli deilda í Verðjöfnunarsjóði. Það er rétt sem hv. þm. sagði, að vegna þess viðmiðunarverðs, sem ákveðið var fyrir frystan fisk, mun vanta nokkuð á í þeirri deild í lok þessa verðlagstímabils. Áætlunin, sem hann nefndi, upp á rétt rúma þrjá milljarða, er rétt. Hins vegar liggur ekki fyrir endanleg tala, sem stafar m. a. af því að ekki liggur ljóst fyrir hve mikið hefur verið fryst. Nokkuð hefur dregið úr frystingu og því er mat manna að þessi tala kunni að verða nokkru lægri. Í athugun er á vegum stjórnvalda hvernig þessa fjármagns verði aflað og hefur verið rætt við aðila um það. Þau mál eru ekki komin nægilega langt til að ræða þau nú, en að sjálfsögðu verður að losa deildina undan þessum bagga í lok verðlagstímabilsins.

Hv. frsm. minni hl. spurði hér áðan hvort ég væri með í huga breytingar á Verðjöfnunarsjóðnum, og fram kom hugmynd hjá honum um slíka breytingu, þ. e. að leggja nokkuð í sameiginlega deild. Þessu hefur aðeins verið hreyft einu sinni eða tvisvar áður í mín eyru, en ég hef ekki undirbúið neina slíka breytingu og hún verður ekki gerð nema samstaða náist um það með þeim hagsmunaaðilum sem þarna eiga hlut að máli.

Aðalatriðið hér er að sjálfsögðu það frv., sem fyrir liggur, og sú millifærsla, sem í hækkun útflutningsgjaldsins felst. Ég get út af fyrir sig einnig tekið undir það, að varast beri slíka millifærslu. Þó má færa rök fyrir því, að slík greiðsla eigi ekki að vera jafnhá á allar afurðir. Ég er ekki einn um að segja það. Þetta hafa satt að segja ýmsir nefnt, m. a. hagsmunaaðilar í sjávarútvegi, þó menn séu sammála um þá skipan, sem nú er á útflutningsgjaldi, út af fyrir sig. En ég vek athygli á því, að vinnuliður er allmiklu hærri í frystingu sjávarafurða en í skreiðarverkun. Hins vegar rennur útflutningsgjaldið að öllu leyti til þarfa sjávarútvegsins, til útgerðarinnar og sjómanna, á einn máta eða annan, eins og því er skipt samkvæmt lögum. Þess vegna hafa vinnslumenn minnst á það, að raunar væri kannske eðlilegra að leggja þetta eingöngu á aflaverðmæti. Ég hef ekki slíka breytingu í huga, en tel þó þetta geta verið rökstuðning fyrir því að gera tímabundið nokkra millifærslu, m. a. með tilliti til þess, hve frystingin er gífurlega þýðingarmikil og langþýðingarmest af greinum sjávarútvegsins fyrir atvinnu um land allt.

Mönnum er að sjálfsögðu ljóst að staðan að þessu leyti var óvenjuerfið við fiskverðsákvörðun nú. Það var meiri munur á afkomu frystingar annars vegar og hins vegar skreiðar fyrst og fremst og reyndar saltfisks einnig, sérstaklega eftir að meiri verðhækkun fékkst en menn höfðu gert ráð fyrir og verið hefur áður. Hérna er um það að ræða að lagfæra nokkuð fyrir frystinguna að öðrum leiðum en að fella gengið. Ég held að menn verði hreinlega að horfast í augu við það. Ríkisstj. taldi sér ekki fært að fella gengið eins og nauðsynlegt hefði verið til þess að veita frystingunni lágmarksafkomugrundvöll. Því var horfið að því að færa á milli, vissulega jafnframt í þeirri von — að vísu umdeilt — að vera kunni fram undan nokkur hækkun á frystum afurðum.

Nokkuð skiptar skoðanir eru um þetta, en staðreyndin er þó sú, að bilið á milli verðs á íslenskum frystum afurðum á Bandaríkjamarkaði og kanadískum hefur verulega minnkað og þótt ekki sé það nægilegt til þess að menn geti treyst á verðhækkun á frystum afurðum okkar Íslendinga, þá gefur það og fleira þó undir fótinn með þá von, ef ég má orða það svo, að nokkur hækkun geti orðið á frystum afurðum þar sem í dollurum hefur nánast engin verið í hartnær tvö ár. Það ástand, sem þar hefur verið á markaði, veldur okkur að sjálfsögðu mjög miklum erfiðleikum sem við verðum að vona að á einn eða annan máta ráðist fram úr, — ég segi: einn eða annan máta,

fyrst og fremst vitanlega með verðhækkun eða með því að koma meiru af frystum afurðum inn á aðra markaði sem greiða meira fyrir fiskinn. Það er þó því miður ekki líklegt þótt ötullega sé unnið að því að skapa markaði fyrir frystar afurðir í Evrópu.

Þessi millifærsla lá fyrir aðilum í verðlagsnefnd þegar málið var þar til meðferðar og var ekki mótmælt og var tekið með í þá mynd sem þar var dregin upp af afkomu hinna ýmsu greina. Að sjálfsögðu er ljóst að skreiðarframleiðendur leggjast gegn þessari millifærslu. Það er út af fyrir sig skiljanlegt. En af þeim aðilum, sem þar sátu, m. a. fulltrúum framleiðenda, var þessu út af fyrir sig ekki mótmælt sem tímabundinni millifærslu vegna þess ástands sem nú er og ég hef lýst og er, vona ég, óvenjulegt á mörkuðum okkar.

Ég vil því taka undir það sem kom fram hjá hv. frsm. minni hl., að hér er um tímabundna millifærslu að ræða sem eingöngu nær til framleiðslu þessa árs og fellur svo úr gildi. Ég vona sannarlega að ekki þurfi að koma til þess að henni verði áfram haldið.

Það er rétt, sem hv. þm. sagði, að ýmislegt hefur verið og er óljóst í sambandi við skreiðarsölu. Sá markaður hefur verið ótryggur. En það er nú skoðun þeirra manna, sem gerst þekkja, að þar hafi orðið mjög mikil breyting til batnaðar. Það er hins vegar einnig rétt, að fram hafa komið hugmyndir í Nígeríu um hámark á verð á skreið, sem kann að kosta okkur nokkuð. Þetta getur vitanlega leitt til þess, að endurskoða verði t. d. ákvarðanir Verðjöfnunarsjóðs og jafnvel þessar ef svo fer að verulega verðlækkun verður á skreið. Staðreyndin er sú, að þegar um er að ræða framleiðslu eins og skreið, þar sem sveiflur geta orðið töluverðar, verða stjórnvöld og þeir aðilar, sem fjalla um greiðslu t. d. í Verðjöfnunarsjóð, að vera reiðubúnir að endurskoða sína afstöðu og sínar niðurstöður. Það verður að vera viss sveigja. Ég vil því halda því fram, að alls ekki sé um þá hættu fyrir Verðjöfnunarsjóð að ræða sem hv. þm. gerir mikið úr í sínum ræðum.

Hv. þm. spurði einnig um atriði sem er að verulegu leyti óskylt þessu, þ. e. hugmyndir mínar um aldurslagatryggingu og Úreldingarsjóð. Ég hef reyndar rætt þetta við hv. þm. og farið fram á það, að hann taki þátt í að endurskoða tekjuöflun og reglur sem gilda um þessa sjóði. Hann lýsti áðan hugmyndum sem ég get tekið undir með honum að ber að athuga. Ég vil hins vegar alls ekki, áður en slík athugun fer fram, lýsa því, hvaða breytingar ég tel að eigi að gera á þessum sjóðum. Ég hef beðið fleiri aðila að taka þátt í þessu og er einmitt þessa dagana að fá svör þeirra við því. Það er allt jákvætt, menn vilja skoða þetta, og ég geri ráð fyrir að skipa menn alveg næstu daga til að hefja þessa athugun. Hv. þm. er starfandi í þessum sjóðum báðum og gjörþekkir þeirra starfsemi. Ég tel mikils virði að hann hefur samþykkt að taka þátt í að athuga það starf sem þarna fer fram.

Um þær breytingar, sem kunna að verða gerðar, vil ég aðeins segja það, að ég tel að það eigi að efla þessa sjóði og a. m. k. auka samstarf þeirra. Ef til vill mega þeir renna saman. Ég tel nauðsynlegt að efla þessa sjóði, m. a. til þess að endurnýjun bátaflotans geti orðið meiri en annars yrði, þ. e. án þess að flotinn stækki. Ég tel að endurnýjun bátaflotans sé svo gífurlega mikilvægt verkefni að verja beri töluverðu fjármagni til þess að taka úrelta báta úr notkun. Við höfum dregist þar aftur úr og við höfum ekki efni á því.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það vakti athygli mína í ræðu hæstv. sjútvrh., að hann vék að því að ríkisstj. hefði tekið þann kost að skrá gengið með þeim hætti að sjávarútvegurinn og sérstaklega hraðfrystiiðnaðurinn yrði rekinn með halla á þessu ári. Hann talaði um að menn hefðu orðið að horfast í augu við að fella gengið ef komast ætti hjá þeim rekstrarhalla sem nú blasir við í sjávarútveginum.

Ég hygg að það sé ekki algengt að ráðherrar sjávarútvegsmála fari svo léttum orðum um eins hrikalegt ástand og nú er að skapast í okkar útflutningsatvinnuvegum. Ég held að það sé naumast til sá maður utan hæstv. ríkisstj. eða utan meirihlutaflokka hennar hér á Alþingi sem heldur að til langframa sé hægt að stjórna þessu landi svo að sjávarútvegurinn fái ekki til sín það sem hann þarf. Það frv., sem hér liggur fyrir, og ýmsar aðrar ráðstafanir sem hæstv. ríkisstj. hefur beitt sér fyrir, stuðla einmitt að því að reyna að hanga þó svo að ýmsar meginstoðir atvinnulífsins verði fyrir þungum skakkaföllum og veikist svo að menn óttist jafnvel að þessi bygging fari að riðlast.

Ég hef farið nokkuð víða nú síðustu daga og talað við ýmsa menn úr sjávarútveginum, bæði útgerðarmenn og menn frá hraðfrystiiðnaðinum, og það er síður en svo fallegt hljóð í mönnum. Og ástæðan er náttúrlega þessi: Ríkisstj. er að reyna í 50% verðbólgu að halda uppi stöðugu gengi og ímynda sér að hún sé í Sviss eða Vestur-Þýskalandi. Það er varla til sá Íslendingur sem sér ekki í gegnum þennan svikavef og gerir sér grein fyrir því, að eins og gjaldeyrismálum er stjórnað hér á landi núna er beinlínis verið að greiða niður erlendan iðnvarning, erlenda framleiðslu á kostnað íslensks sjávarútvegs og á kostnað íslensks iðnaðar — íslensks samkeppnisiðnaðar.

Síðasta dæmið um þetta, sem ég þekki, er frá Akureyri nú þessa dagana. Þangað er flutt hús að öllu frágengið erlendis, í Danmörku, flutt inn með heimilistækjum og öðru slíku, allt saman tollfrjálst á fölsku gengi. Við þvílíkar aðstæður er að sjálfsögðu eðlilegt að atvinna skerðist hjá íslenskum byggingariðnaðarmönnum sem verða að keppa þannig við niðurgreiddan erlendan iðnað, greiddan niður vegna þess að þessi hæstv. ríkisstj. og einstakir ráðherrar hennar fást ekki til að horfast í augu við þann vanda sem þeir hafa skapað með því að hafa ekki haft stjórn á efnahagsmálunum og með því m. a. að hafa á s. l. ári gefið undir fótinn með að efnahagskerfið þyldi 10% grunnkaupshækkanir á því ári eins og samið var um. Sá vandi, sem nú er verið að berjast við, er þess vegna eingöngu búinn til af ríkisstj. sjálfri með samningunum við opinbera starfsmenn og með þeim lausatökum sem hæstv. ríkisstj. hafði á atvinnumálunum á s. l. ári. Þar eru landbúnaðarmálin engin undantekning. Ég hef orðið var við að hæstv. landbrh. hrósar sér nú mjög af því, að ekki skuli vera um offramleiðslu að ræða í landbúnaðinum. En við vitum hvernig á því stendur. Skýringin er sú, að fóðurbætisskatturinn var lagður á, bændur voru látnir éta skottið á sjálfum sér í líkingum talað.

Ég sé nú ekki ástæðu til þess að fara um þetta fleiri orðum. Þetta er frv. um rangt verðgildi íslenskrar krónu. Þetta er frv. um að halda áfram hallarekstri á hraðfrystiiðnaði. Þetta er frv. um að velta vandanum á undan sér. Þetta er frv. um að lafa á meðan hæstv. ríkisstj. getur hangið, af því að kjörtímabilið er ekki úti. Það er allt og sumt. Þess vegna var það rétt sem hæstv. sjútvrh. sagði, að þetta yrði einungis til bráðabirgða, tímabundin milli-

færsla sem kemur svo í annarra hlut að lagfæra síðar meir. Það eru æ fleiri menn að átta sig á því, að okkar þjóðfélag er versnandi þjóðfélag. Það eru ýmsar hræringar í þessu þjóðfélagi sem ekki voru hér áður. Menn eru farnir að finna fyrir því, að einkaframtakið er smátt og smátt að gefast upp. Eignaupptakan er í þágu ríkisvaldsins eða þá þeirra manna og þeirra aðila sem hafa sérstök tækifæri til þess að komast yfir fé. Við getum tekið samvinnuhreyfinguna undir það merki. Æ fleiri sjálfstæðir rekstraraðilar eru að gefast upp. Og af því að ég hef hér formann sjútvn. deildarinnar fyrir augunum má vel bæta því við, að enginn einkaaðili treystir sér lengur til þess að endurnýja skip sín með öðrum nýjum. Vandinn í Fiskveiðasjóði og Byggðasjóði vegna útgerðarinnar verður æ meiri. Hann er orðinn þvílíkur að vöxtum að hann er í rauninni að verða okkur ofviða í þessu landi. Samt sem áður er það stefna ríkisstj. að fjölga skuttogurum og fjölga fjósum og leggja skatta á með skattalagafrv. sem var lagt hér inn um daginn. Þar var lagt til að skerða fyrninguna hjá hraðfrystiiðnaðinum, hjá útgerðinni. Það er útgerðarfyrirtæki í kjördæmi hæstv. landbrh. sem fær á sig um 49 millj. í hækkuðum sköttum eingöngu vegna þessa frv. Ég geri ekki ráð fyrir að hann kippi sér upp við það. Í því frv. felst í rauninni það viðhorf að standa gegn fjárfestingu í því skyni að auðvelda mönnum verkin og auka afrakstur vinnunnar, afrakstur handanna.

Ég hafði satt að segja ekki búist við því, að á níunda áratugnum mundi ég heyra ræðu eins og hér var haldin áðan af hæstv. sjútvrh. Grunntónninn var sá, að það væri ekki Alþingis að skapa eðlilegan rekstargrundvöll fyrir atvinnuvegina, heldur ættu stjórnvöld — með bráðabirgðaráðstöfunum, jafnvel eftir á — að reyna að gefa smávítamínsprautu til þess að hjól framleiðslunnar hættu ekki að snúast, í staðinn fyrir að það er hlutverk stjórnvalda í hinu frjálsa samfélagi að búa til ramma utan um atvinnuvegina sem þeir eiga að geta starfað í án þess að einhver náðarhönd að ofan komi með einhverja vítamínsprautu. Og það er einmitt í þessu sem Akkillesarhæll ríkisstj. er. Það er í þessari óhreinskilni við sjálfa sig og það er í þessu dugleysi, að ráðast ekki gegn vandanum, heldur velta honum á undan sér. Ég sá að hæstv. sjútvrh. hristi höfuðið. Við töluðum saman hér fyrir ári um hvernig ætti að halda m. a. á skuldamálum útgerðarinnar. Þá féllu ýmis orð um skuldbreytingu sem ekki hefur verið staðið við. Vandi útgerðarinnar verður meiri með hverjum mánuðinum sem líður og þetta frv. breytir engu um það.

Frsm. meiri hl. (Matthías Bjarnason): Herra fosrseti. Það eru aðeins örfá orð. — Mér er það alveg ljóst, að þessi breyting á útflutningsgjaldinu á aðeins að gilda fyrir árið 1981 samkv. þessu frv. En ég sagði að því, sem einu sinni væri komið, einu sinni hefði verið gert, því yrði haldið áfram. Og það er ekkert sem bendir til þess nú, því miður, að afkoma sérstaklega frystideildar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins verði betri um næstu áramót en hún var í upphafi þessa árs, nema síður sé. Allir sjá að þó þróun mála verði lík og hún hefur verið frá áramótum kemur frystideildina til með að vanta stórfé til þess að standa við sitt viðmiðunarverð. Hæstv. sjútvrh. og hv. 4. þm. Suðurl., formaður sjútvn., hafa í reynd báðir lýst því yfir, að þeir telji þessa aðferð vera hina mestu vandræðaaðferð, og telja að þetta eigi aðeins að gilda þann tíma sem frv. sjálft segir til um. Þeir láta alveg tvímælalaust að því liggja, að sagan muni ekki endurtaka sig. Við skulum vona að það standist. Ég er þó ákaflega hræddur um hið gagnstæða nema aðrar og betri ytri aðstæður skapist í þjóðfélaginu á þessu ári. En miðað við það, sem nú er, er ég hræddur um að orð mín verði staðfesting á því, að þetta verði endurtekið.

Ég vildi líka aðeins láta það koma fram, að nú á þetta nýja útflutningsgjald að gilda frá áramótum eða á framleiðslu ársins 1981. Nú hlýtur eitthvað af framleiðslu frá áramótum að vera farið úr landi. Þá tel ég fyrir mitt leyti eðlilegt að ekki sé hægt að láta hið nýja útflutningsgjald verka aftur fyrir sig á þær afurðir sem farnar eru úr landi og greitt hefur verið útflutningsgjald af samkv. gildandi lögum. Ég vil aðeins spyrja hæstv. sjútvrh. hvort hann sé ekki sama sinnis og ég hvað þetta varðar, hins vegar muni, ef frv. þetta verður að lögum, verða tekið gjald af þeim afurðum sem ekki eru þegar farnar úr landi og framleiddar hafa verið á þessu ári.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Vegna spurningar hv. 1. þm. Vestf. vil ég segja að ég er honum sammála. Sáralítið hefur farið úr landi af skreið, aðeins örlítið af hausum og ekki er ætlunin að krefja þann útflutning um gjald samkv. þessu frv. ef, eins og hann sagði, að lögum verður.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17:14 atkv.
2. gr. samþ. með 17:4 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: AS, EH, FÞ. GS, GJG, GHelg, HÁ, HG, IGuðn, IGísl, JE, ÓÞÞ, PP, PJ, SkA, SV, StH, SvG, ÞS.

nei: BGr, HBl, KP, MHM, MB, SighB, SvH.

AG, BÍG, GeirH, JS, JÞ, SteinG, VG greiddu ekki atkv.

7 þm. (ÁG, FrS, GGÞ, MÁM, ÓE, PS, RA) fjarstaddir.

Eiturefni og hættuleg efni, frv. (þskj. 517, n. 545). — 2. umr.

Frsm. (Guðrún Helgadóttir): Herra fosrseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá heilbr.- og trn. um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 85 frá 1968, um eiturefni og hættuleg efni. Nefndin fjallaði um frv. á einum fundi og varð sammála um að mæla með samþykkt þess eins og það kom frá Ed.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru hv. þm. Pálmi Jónsson, Matthías Bjarnason og Pétur Sigurðsson.

Hér er um að ræða frv. sem er samið að tillögum eiturefnanefndar og að fengnu áliti Lyfjaeftirlits ríkisins og lyfjanefndar sem telja brtt. þessa mjög til bóta. Lög frá 1968, nr. 85, um eiturefni og hættuleg efni, taka til skráningar á „eiturefnum og hættulegum efnum", eins og þar segir, en innihald þessa frv. er að við bætast efni sem síðan hafa komið til sögunnar, svonefnd aflífunarefni, er dýralæknar og aðrir, t. d. loðdýraræktendur, þurfa á að halda við aflífun dýra.

Einnig er skráningarskylda tekin upp á hluta lífvera eða örvera sem notaðar eru sem plöntulyf, svokölluð

örgresisefni, stýriefni eða útrýmingarefni. Jafnframt er talað hér um skráningarskyldu ýmissa efna sem tekin hafa verið upp við hvers kyns iðnað, svo sem lökk og annað fleira.

Nefndin taldi að ekki væri ástæða til annars en mæla eindregið með að þetta frv. næði fram að ganga eins og hv. heilbr.- og trn. Ed. hafði lagt til og deildin samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Fjáröflun til vegagerðar, frv. (þskj. 466). — 1. umr.

Flm. (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra fosrseti. Ég flyt hér á þskj. 466 ásamt hv. 1. landsk. þm., Pétri Sigurðssyni, frv. sem efnislega felur það í sér að þungaskattur af strætisvögnum verði felldur niður. En eins og kunnugt er eru í gildi ákvæði þess efnis, að af bifreiðum, sem nota annan orkugjafa en bensín, skuli greiða ákveðinn þungaskatt, eins og nánar er tilgreint í lögum um fjáröflun til vegagerðar.

Þetta mál hefur verið mjög lengi í umræðum og talið sanngjarnt af mjög mörgum að strætisvagnar, sem nær eingöngu keyra í þéttbýli og á gatnakerfi sem sveitarfélögin sjálf standa undir bæði að byggja upp og viðhalda, verði ekki látnir greiða þungaskatt sem notaður er til vegagerðar úti um land. Strætisvögnum er ætlað að veita almenningi sjálfsagða þjónustu og það er reynt að láta þessa þjónustu í té á sanngjörnu verði. Ríkisvaldið hefur einnig um langan tíma haldið niðri með verðlagsákvörðunum fargjöldum slíkra vagna. Á sama tíma tekur ríkissjóður talsverðan skatt af þessari starfsemi í formi þungaskatts, tolla af bifreiðum og í formi söluskatts.

Hér er fyrst og fremst um að ræða fjögur fyrirtæki, eins og nánar segir í grg.: Í fyrsta lagi Strætisvagna Reykjavíkur, en gert er ráð fyrir að þeir muni á þessu ári greiða um 100 millj. gkr. í þungaskatt. Í öðru lagi Landleiðir sem aka innan Hafnarfjarðar og milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur með viðkomu í Kópavogi og Garðabæ. Þær munu væntanlega greiða um 24 millj. gkr. á þessu ári. Í þriðja lagi Strætisvagna Kópavogs sem keyra innan Kópavogs og milli Kópavogs og Reykjavíkur og greiða væntanlega um 20 millj. gkr. Og í fjórða lagi Strætisvagna Akureyrar sem greiða um 5 millj. gkr.

Ég sagði áðan að þetta mál hefði lengi verið í umræðum manna á milli. Reyndar leit svo út um tíma að þetta mál væri komið í höfn, því að núv. hæstv. iðnrh. — sem þá átti reyndar sæti í annarri ríkisstj., vinstri stjórn Ólafs Jóhannessonar — lét þetta mál mjög myndarlega til sín taka á sínum tíma. Ég vil rifja það upp, að sú ríkisstj. lét gera nokkuð víðtæka áætlun um aðgerðir til orkusparnaðar sem var kynnt mjög myndarlega í júní 1979, gott ef hæstv. iðnrh. hélt ekki sérstakan blaðamannafund til þess að kynna aðgerðir sem fyrirhugaðar voru á þessu sviði. Í þeirri áætlun, sem samþykkt var af ríkisstj. segir í tölul. 4.2 orðrétt, með leyfi forseta:

„Frá og með 1. jan. 1980 verður þungaskattur felldur niður af bifreiðum sem stunda reglulegan áætlunarakstur í þéttbýli."

Það var ekki skorið utan af þessari yfirlýsingu hæstv. iðnrh. Það var sagt: „verður þungaskattur felldur niður af bifreiðum." Nú er liðið ár og vel það frá því að þetta átti að koma til framkvæmda samkv. skýlausu og ákveðnu loforði hæstv. iðnrh., en ekkert hefur enn bólað á framkvæmdum. Ég vil því sérstaklega spyrja hæstv. iðnrh. hvernig standi á því, að ekki hafi verið gengið til þess að framkvæma svo ákveðna yfirlýsingu eins og hann gaf á sínum tíma. Ég geri mér að vísu grein fyrir því, að það er önnur ríkisstj. sem situr nú, en hann gegnir nú sama ráðherraembætti og hann gegndi í þeirri ríkisstj. Ég óska eftir því, að hann upplýsi hér hvernig á því stendur, hvort hér sé um að ræða stefnubreytingu af hans hálfu eða ríkisstjórnarinnar í heild að þessu leyti.

Ég vil geta þess, að stjórn Strætisvagna Reykjavíkur skrifaði öllum þm. Reykv. bréf í des. s. l. þar sem vakin er athygli á þessu máli og minnt á að stjórnin hefði samþykkt einróma áskorun til stjórnvalda um að téður skattur yrði felldur niður við samþykkt fjárlaga fyrir næsta ár. Þetta var gert í des., en fjárlög hafa verið samþykkt án þess að tekið væri tillit til þessa.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta frv. Ég ítreka fsp. mína til hæstv. ráðh., en legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og fjh.- og viðskn. þessarar deildar.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Vegna þess að þungaskattsmál heyra undir fjmrn. þykir mér rétt að upplýsa það, að þungaskattsmál hafa verið í endurskoðun í rn. á undanförnum vikum og mánuðum og hefur verið í smíðum frv. sem felur í sér nokkrar breytingar á álagningu þungaskatts. Eitt af þeim atriðum, sem komið hafa til greina, er lækkun þungaskatts af strætisvögnum og sérleyfisbifreiðum. Einnig geta komið þar til greina fleiri breytingar sem eru af skyldum toga spunnar. Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um það. Ég veit ekki hvort efni eru til að fella þungaskatt með öllu niður í slíkum tilvikum, en margt mælir með því, að þungaskattur sé lægri, þegar strætisvagnar eiga í hlut, heldur en aðrar bifreiðar sem aka á þjóðvegakerfi landsmanna.

Herra fosrseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um það frv. sem er í smíðum, vegna þess að um það hefur ekki verið fjallað í ríkisstj. Ég er hér einungis að gera grein fyrir því, að það mál, sem hv. þm. gerði hér að umtalsefni, er í sérstakri athugun.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Hæstv. fjmrh. hefur nú í rauninni svarað þeirri fsp. sem beint var til mín. Eins og fram kemur hjá honum eru þau mál til meðferðar í hans rn. og í framhaldi af eða með svipaðri stefnu og óskað var eftir af mínu rn. sumarið 1979 og fjallað var um í ríkisstj., þ. á m. áætlun sem iðnrn. lagði fram varðandi orkusparnað og vitnað var til hér á undan og tekið jákvætt undir af ríkisstj. sumarið 1979. Þetta varðaði marga liði, allt frá niðurfellingu tolla á reiðhjólum til atriða eins og þess sem hér var til umr., að fella niður þungaskatt af almenningsvögnum. Mín afstaða er óbreytt í þessu máli. Ég tel að rétt sé að fella þennan skatt niður. Það er hins vegar ljóst, að fjmrn. verður að segja sitt orð um þetta efni, og ég vænti þess, að þetta mál fái þar fyrr en seinna afgreiðslu og hún verði jákvæð eins og að var stefnt með samþykkt ríkisstj., að vísu annarrar en nú situr, sumarið 1979.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég hef áður, fyrir nokkrum árum, flutt sams konar till. og hér um ræðir á þskj. 466. Ég gerði það þá samkv. einróma samþykkt borgarstjórnar Reykjavíkur. Ástæðan fyrir því, að ég kem upp nú, er sú, að mér fannst gæta sams konar misskilnings hjá hæstv. fjmrh. og fram kom við andmæli þá, en hann talaði um að ekki væri óeðlilegt að strætisvagnar greiði eins og aðrar þungavörubifreiðar sem nota þjóðvegakerfið. Ég vil undirstrika það sem kemur hér fram í grg. hjá hv. flm., en þar stendur, með leyfi forseta:

„Flestir strætisvagnar fara aldrei út fyrir gatnakerfi þéttbýlis og aka svo til eingöngu eftir götum, sem viðkomandi borgar- eða bæjarsjóður kostar að öllu leyti, bæði lagningu og viðhald."

Af þessum mannvirkjum sveitarstjórna á ríkið ekki að hafa neinar sérstakar tekjur. Ég vil undirstrika þetta. Annað er ósanngjarnt. Ég legg eindregið til að þetta frv. til l. á þskj. 466 verði samþykkt. Það er sanngirnismál.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Efri deild, 85. fundur.

Þriðjudaginn 28. apríl, kl. 2 miðdegis.

Vitamál, frv. (þskj. 58, n. 664, 666). — 2. umr.

Frsm. (Eiður Guðnason): Herra fosrseti. Samgn. þessarar hv. deildar hefur fjallað um frv. til l. um vitamál á allmörgum fundum og fengið umsagnir og álit ýmissa aðila. Hefur niðurstaðan orðið sú, að nefndin leggur hér fram nokkrar brtt. á þskj. 666, en nál. er á þskj. 664, og leggur nefndin einróma til að frv. verði samþykkt með þeim brtt. sem er að finna á þskj. 666. Mun ég nú í stuttu máli gera grein fyrir þeim.

Þar er fyrst til að taka að í frv. til l. um vitamál er jafnan talað um vitamálastjórn ríkisins eða vitamálastjórn. Nú er það svo, að þessi stofnun er hluti þeirrar stofnunar sem daglega er nefnd Vita- og hafnamálastofnun, og raunar er ekkert til sem heitir vitamálastjórn, engin slík stjórn er til skilgreind í lögum. Þess vegna varð það niðurstaða nefndarinnar að leggja til að nafni þessarar stofnunar verði breytt og hún verði nefnd Vitastofnun Íslands. Það er m. a. til samræmis við heiti hinnar stofnunarinnar, Hafnamálastofnunar. Þar að auki mun þetta nafn einnig hafa verið notað hér fyrir býsna löngu. Nefndin leggur sem sagt til að í þessum lagabálki verði sú breyting að þar sem talað er um vitamálastjórn komi Vitastofnun Íslands.

Þá er við 2. gr. frv. sú brtt. frá nefndinni að við bætist þar ný málsgrein sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Við Vitastofnun skal starfa skipstjórnarmenntaður eftirlitsmaður, ráðinn að fenginni umsögn Vitanefndar. Hann skal annast eftirlit vitakerfisins."

Um þetta er ástæða til að fara nokkrum orðum. Þegar nefndin var að fjalla um þetta mál bárust henni tillögur frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands sem voru raunar drög að nýju frv. um þetta efni. Þar var gert ráð fyrir allróttækum breytingum frá þeirri skipan sem verið hefur, m. a. þeirri breytingu að vitamál skyldu hér eftir heyra undir Landhelgisgæsluna. Nefndin kannaði það, hvort fært væri að fara þá leið, því að ýmsum nm. þótti ekki óeðlilegt að vitamál heyrðu undir Landhelgisgæsluna vegna þess að Landhelgisgæslan annast viðhald og þjónustu í umboði vitamálastjórnar við a. m. k. 20—30 vita sem ekki er hægt að komast í nema af sjó. Þetta mál var sent fjárlaga- og hagsýslustofnun til umsagnar. Niðurstaða þeirrar stofnunar var sú, að ekki væri eðlilegt né æskilegt að færa vitamálin til Landhelgisgæslu, m. a. vegna þess að Landhelgisgæslan heyrir undir dómsmrn. en vitamálin undir samgrn. M. a. af þessum ástæðum var ekki talið rétt að gera þessa breytingu. Hins vegar kom fram í starfi nefndarinnar og viðtölum, m. a. við fulltrúa Farmanna- og fiskimannasambandsins og ýmsa fleiri aðila, töluverð gagnrýni á starfsemi vitamálastjórnar og að ekki væri nægilega vel fylgst með því og ekki nægileg gangskör gerð að því, að allir vitar og siglingarmerki væru í lagi, enda heyra menn það daglega í tilkynningum til sjófarenda í Ríkisútvarpi rétt fyrir kl. 19 á kvöldin að þeir eru ærið oft nokkuð margir vitarnir sem ekki logar á.

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands lagði mikla áherslu á að fenginn yrði skipstjórnarmenntaður maður til að hafa með höndum eftirlit með vitakerfinu og hinum daglega rekstri þess. Það varð niðurstaða nefndarinnar að gera brtt. í þá átt, eins og hér er gert við 2. gr., að það verði bundið í lögum að skipstjórnarmenntaður eftirlitsmaður starfi við Vitastofnun Íslands. En það hefur ekki verið að undanförnu að þar hafi starfað skipstjórnarmenntaður maður. Raunar var það svo með Vitastofnunina, sem er hluti af Hafnamálastofnun nú, að í upphafi voru vitamálin aðalverkefni, en hafnamálin eins konar hliðar- eða aukaverkefni. Nú hefur þetta gersamlega snúist við. Hafnarmálin, hafnarbætur og hafnargerð, eru aðalviðfangsefni þessarar stofnunar, en vitamálin hins vegar minna verkefni og hafa að sumra mati orðið hálfgerð hornreka í starfi hennar. Með þessu er sem sagt komið til móts við óskir sjómanna um að þarna starfi skipstjórnarmenntaður maður. Nefndin taldi tvímælalaust að það mundi vera til bóta.

Önnur brtt. er einfaldlega um þá nafnabreytingu sem ég hef áður getið. Við 5. gr. er sú brtt. að gert er ráð fyrir að Vitanefnd skipi fimm menn. Fjórir skulu skipaðir samkv. tilnefningu eftirtalinna samtaka, sem eru Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Landsamband ísl. útvegsmanna, Félag ísl. botnvörpuskipaeigenda og Samtök íslenskra farmflytjenda. Þetta er óbreytt frá því sem var í frv. Hins vegar leggur nefndin til þá breytingu að ráðh. skipi fimmta mann í Vitanefnd án tilnefningar og einnig að ráðh. skipi formann Vitanefndar, en frv. gerði upphaflega ráð fyrir að vitamálastjóri væri af sjálfu sér formaður Vitanefndar. Þá leggur nefndin til að í 5. gr. verði jafnframt ákvæði um að vitamálastjóri og eftirlitsmaður með vitakerfi skuli sitja fundi Vitanefndar. Í frv., eins og það upphaflega var lagt fram, var heimildarákvæði um að Flugmálastjórn, Siglingamálastofnun ríkisins og Rannsóknarnefnd sjóslysa skuli gefinn kostur á að eiga fulltrúa í Vitanefnd þegar rætt er um mál er snerta starfsemi viðkomandi aðila. Það varð að samkomulagi innan nefndarinnar að bæta þarna við einum aðila, þ. e. að Slysavarnafélag Íslands ætti einnig kost á að senda fulltrúa á fund Vitanefndar.

Við 6. gr. gerir samgn. einnig brtt. Það er um störf vitanefndar. Þar er gert ráð fyrir að formaður Vita-

nefndar kveðji nefndina saman til fundar svo oft sem þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Í frv. var gert ráð fyrir að nefndin héldi fundi eigi sjaldnar en tvisvar á ári, en nm. þótti ástæða til þess að nefndin kæmi saman a. m. k. fjórum sinnum á ári. Þær breytingar aðrar, sem við 6. gr. eru, leiðir af því sem ég hef áður minnst á.

5. brtt. er við 8. gr. og er nánast málfræðilegs eðlis. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Óheimilt er að byggja hús eða mannvirki er skyggi á leiðarmerki frá sjónum yfir þann boga sjóndeildarhringsins sem því er ætlað að þjóna sjófarendum og hæfilega langt til beggja handa, og getur vitamálastjórn látið rífa húsið eða mannvirkið“ o. s. frv. Lagt er til að þarna komi punktur og ný setning: Getur vitamálastjórn látið rífa húsið. Þetta er minni háttar breyting.

Við 13. gr. er brtt. er varðar upplýsingaskyldu. Nefndin leggur til að 2. og 3. málsgr. 13. gr. orðist sem hér segir:

„Upplýsingar, er varða öryggi sjófarenda og ekki verða auglýstar með nægum fyrirvara í Tilkynningum til sjófarenda, skulu tilkynntar um strandstöðvar Landssímans og í útvarpi þegar þörf krefur.

Sérhverjum, sem annast rekstur leiðarmerkis, er skylt að koma tilkynningum um breytingar og bilanir til Vitastofnunar Íslands svo fljótt sem verða má, en stofnunin sér síðan um birtingu þeirra. Á sama hátt ber öllum, sem verða varir við bilanir í vitakerfi landsins, að senda tilkynningar þar um til Vitastofnunar Íslands svo fljótt sem verða má. Enn fremur skal Vitastofnun Íslands tilkynnt um alla farartálma, er verða á almennri siglingaleið og ekki er getið í sjókortum eða tilkynningum til sjófarenda.“

Sú breyting, sem hér er gert ráð fyrir, er sú, að upplýsingar, sem ekki verða auglýstar með nægum fyrirvara í Tilkynningum til sjófarenda, skuli tilkynntar um strandstöðvar Landssímans og í útvarpi þegar þörf krefur. En í frv. stóð: „skulu birtar í útvarpi eða um strandstöðvar Landssímans, þar til hinum prentuðu tilkynningum hefur verið dreift“. Hér eru þessi ákvæði sem sagt gerð skýrari og ákveðnari. Þessi breyting er lögð til að tilmælum Sjómælinga Íslands. Er hún til samræmis við alþjóðlegar reglur sem gilda um tilkynningarskyldu í þessum efnum.

Við 16. gr. er sú breyting ein, að henni er skipt upp í tvær málsgr.

Herra forseti. Þetta eru þær brtt. sem samgn. leggur til. Það er í fyrsta lagi, eins og ég hef getið um, nafnbreyting, að í stað vitamálastjórnar komi heitið Vitastofnun Íslands. Í öðru lagi eru nokkrar breytingar á Vitanefnd. Í hana bætist einn maður sem ráðh. skipar án tilnefningar, og ákvæði eru um að ráðh. skipi einnig formann hennar. Gert er ráð fyrir að nefndin komi nokkru oftar saman en frv. gerir ráð fyrir. Og í þriðja lagi er sú meginbreyting í till. samgn., að við Vitastofnun Íslands skuli starfa skipstjórnarmenntaður maður er hafi með höndum eftirlit vitakerfisins.

Það er orðið brýnt að setja þessi lög. Þetta frv. mun hafa verið lagt fram hér í fyrra, en náði eigi fram að ganga. Ég held að öllum, sem til þekkja, sé ljóst að viðhald og starfræksla vitakerfisins hefur kannske ekki verið með þeim hætti sem æskilegast væri. Það hefur ekki verið lagt nægilegt fjármagn til viðhalds vitanna sem margir eru komnir verulega til ára sinna. Því er brýnt að vitagjald verði hækkað til að hér fáist aukið fjármagn svo og að gera þær ráðstafanir aðrar sem frekast má með löggjöf til þess að tryggja að vitakerfið komi sjófarendum að því gagni, sem til er ætlast, og að rekstur þess sé traustur og áreiðanlegur og ekki líði langir tímar þannig að ekki logi á vitum eða þeir komi sjófarendum ekki að neinu gagni. Þær breytingar, sem nefndin leggur til, miða að því að reyna að tryggja þetta.

Herra forseti. Samgn. mælir einróma með því, að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem ég hef nú gert grein fyrir.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 666,1 (ný 2. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 666,2 samþ. með 13 shlj. atkv.
3.—4. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 666,3 (ný 5. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 666,4 samþ. með 13 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 666,5 samþ. með 13 shlj. atkv.
8. gr. svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
9. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 666,6 samþ. með 13 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
11.—12. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 666,7 samþ. með 13 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
14.—15. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 666,8 samþ. með 13 shlj. atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
17.—19. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Fiskvinnsluskóli, frv. (þskj. 581, 673). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 673. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Stefán Guðmundsson): Herra forseti. Sú breyting, sem sjútvn. hefur gert á frv. um Fiskvinnsluskólann á milli umræðna, er að í skólanefnd Fiskvinnsluskólans er lagt til að komi nýr aðili frá Fiskmatsmannafélagi Íslands og verður þá skólastjórn skipuð sjö fulltrúum. Um þessa breytingu þarf ekki langt mál. Sjútvn. varð sammála um hana þótt sumir nm. teldu að vísu að Fiskiðn, sem er fagfélag fiskiðnaðarins og á að hafa fulltrúa í skólastjórn samkvæmt þessum lögum mundi spanna það svið sem hér er fjallað um. Nefndin varð þó sammála um að leggja þetta til og er von nm. að það ásamt fyrri breytingum verði til þess að málið fái góða afgreiðslu nú fyrir þinglok.

Helgi Seljan: Herra forseti. Ég vil aðeins láta það koma fram þegar, að ég mun greiða atkvæði gegn þeirri brtt. sem sjútvn. hefur nú lagt hér fram. Ég tel hér vera um mjög hæpna meðferð á þessu máli að ræða. Hér er um að ræða skólanefnd eins skóla, en ekki spurningu um það, hvaða hagsmunaaðilar eigi að koma inn varðandi

þessi mál í heild. Sé ég því ekki ástæðu til að bæta fleirum þar inn í. Ég fagna hins vegar mjög þeirri brtt. sem gerð var milli 1. og 2. umr., þegar sjútvn. breytti frv. um Fiskvinnsluskólann á þá leið að Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins fengi þarna fulltrúa. Það er sjálfsagður aðili til þess að koma inn í skólanefnd slíks skóla. Ég skil hins vegar vel að það hefur verið töluvert vandamál fyrir sjútvn. þegar menn fara að sækjast eftir því hver á fætur öðrum að komast í þessa skólanefnd og ýmiss konar metnaðaratriði komast þarna inn í. En ég tek undir það með frsm., að það hlýtur að fara svo að úr þessu verði eitt félag fyrr eða síðar, og þess vegna hefði verið fyllilega nóg að Fiskiðn hefði átt þarna sinn fulltrúa.

Ég efast ekki um að einhvern tíma hafi fiskmatsmenn hér á landi barist fyrir því að svona fiskvinnsluskóli kæmist á. Ég bendi hins vegar á það, að síðan Fiskvinnsluskólinn tók til starfa hafa það fyrst og fremst verið ýmsir aðilar innan skólans sem hafa barist fyrir vexti hans og viðgangi og að hann kæmi undir sig fótunum, ásamt svo Fiskiðn fyrrv. nemendum þessa skóla. En ég held að einmitt sá aðili, sem þarna er verið að setja inn í skólanefndina, fiskmatsmennirnir, þessir eldri, þeir hafi ekki sýnt skólanum þann velvilja og þann áhuga sem þeim hefði kannske borið og því sé síst ástæða til þess að verðlauna þá með því að hleypa þeim inn í þessa skólanefnd.

ATKVGR.

Brtt. 673 samþ. með 10:1 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 10:1 atkv. og afgr. til Nd.

Umferðarlög, frv. (þskj. 654). — 1. umr.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir um breytingu á umferðarlögum, er samið af umferðarlaganefnd. Frv. er flutt sem stjfrv., en hins vegar hafa einstakir ráðh. gert fyrirvara um afstöðu sína til einstakra atriða frv. og skal þess þegar getið.

Frv. þetta er eins og áður segir samið af umferðarlaganefnd, en þá nefnd skipaði ég 15. sept. s. l. til að vinna að heildarendurskoðun umferðarlaganna svo og reglugerðar samkv. þeim eftir því sem ástæða þykir til. Voru skipaðir í nefndina fimm menn undir forsæti Sigurjóns Sigurðssonar lögreglustjóra í Reykjavík.

Gildandi umferðarlög eru að stofni til frá árinu 1958 og undirbúin á árunum 1955—1956, en einstakar breytingar hafa þó verið gerðar á þeim og þó helstar vegna umferðarbreytingarinnar 1968. Tímabært var því að hefja undirbúning að heildarendurskoðun umferðarlaganna, hvort heldur er á grundvelli eigin reynslu okkar, en þó ekki síður á grundvelli alþjóðlegra reglna á þessu sviði, en árið 1968 var gerð í Vínarborg alþjóðasamþykkt um umferð er felur í sér ýmsar breytingar á umferðarreglunum. Hafa ýmsar nágrannaþjóðir okkar unnið að og lokið endurskoðun umferðarlaga sinna undanfarin ár, Finnar nú síðast í vetur. Umferðarlaganefndin á þannig fyrir höndum mikið starf sem hún hefur þegar hafið. Hefur nefndin m. a. skrifað fjölmörgum aðilum, sem um umferðar- og umferðaröryggismál fjalla með einum eða öðrum hætti, og óskað tillagna þeirra og ábendinga um nauðsyn endurbóta á umferðarlögum svo og álits þeirra á gildandi ákvæðum og reynslu af þeim. Er mér kunnugt um að nefndin hefur þegar fengið í hendur ýmsar ábendingar og tillögur sem hún mun að sjálfsögðu taka til meðferðar í starfi sínu.

Umferðarlaganefndin taldi rétt að taka þegar til meðferðar þau atriði sem koma fram í frv. því sem hér liggur fyrir. Þessi atriði varða í fyrsta lagi skyldu ökumanns og farþega í framsæti bifreiðar til að nota öryggisbelti, í öðru lagi heimild til að aka reiðhjóli á gangstéttum og gangstígum og loks aðild heilbrigðisyfirvalda að Umferðarráði. Leyfi ég mér að fara nokkrum orðum um þessi atriði, en vísa að öðru leyti til grg. með frv.

Þýðingarmest atriðanna eru þau ákvæði er fela í sér skyldu ökumanns og farþega í framsæti bifreiðar, sem búin er öryggisbelti til að nota beltið. Bifreiðar hafa um alllangt skeið verið búnar öryggisbeltum og lagafyrirmæli hafa verið í gildi hér á landi um það efni frá ársbyrjun 1969. Ekki mun um það deilt, að notkun belta getur dregið úr afleiðingum umferðarslysa. Hald manna var löngum að notkun belta yrði almenn með viðurkenningu á gildi beltanna samfara kynningar- og áróðursstarfi. Reyndin hefur hins vegar orðið önnur. Því hefur í mörgum löndum verið farin sú leið að lögákveða skyldu til að nota beltin. Svo hafa t. d. nágrannar okkar á Norðurlöndum gert. Lögfestu þjóðþing þeirra ákvæði um skyldunotkun öryggisbelta er tóku gildi á tímabilinu frá 1. jan. 1975 til 1. jan. 1976. Eru þau ákvæði í meginatriðum samhljóða og byggð á ítarlegum greinargerðum og tillögum frá norræna umferðaröryggisráðinu.

Hér á landi hefur nokkur umræða orðið um það á undanförnum árum, hvort lögfesta eigi skyldunotkun öryggisbelta. Hefur þar eins og svo oft annars farið svo, að skoðanir hafa reynst skiptar. Notkun öryggisbelta hér á landi er hins vegar ekki veruleg. Ekki hafa verið gerðar miklar athuganir á því, hversu almenn notkunin er, en í febrúarmánuði stóð Umferðarráð að slíkri athugun. Náði athugunin til 1556 bifreiða sem búnar voru beltum, og reyndust 9.4% ökumanna hafa notað belti, en 10.9% farþega í framsæti. Hlutfallstalan var lítillega hærri utan þéttbýlis en í þéttbýli.

Reynsla annarra þjóða hefur hvarvetna verið sú, að notkun öryggisbelta verður ekki veruleg án lagaskyldu. Frv. þetta er því byggt á þeirri reynslu svo og því að aukin notkun belta dregur úr fjölda látinna og slasaðra í umferðinni. Rétt er hér að geta þess, að Umferðarráð hefur að sjálfsögðu fjallað um þetta efni og á fundi í nóv. s. l. gerði það svofellda ályktun einróma:

„Umferðarráð samþykkir að mæla með því að notkun öryggisbelta í framsætum bifreiða verði hið fyrsta lögboðin. Umferðarráð vísar til þess:

1. Að brýna nauðsyn ber til að vinna gegn hörmulegum afleiðingum umferðarslysa.
2. Að sannað er, m. a. með læknisfræðilegum rannsóknum, að með notkun öryggisbelta má draga verulega úr fjölda látinna og slasaðra ökumanna og farþega í framsætum bifreiða.
3. Að ekki er fyrirsjáanlegt að fram komi annar búnaður til öryggis er komið geti í stað öryggisbelta.
4. Að öryggisbelti eru í öllum fólksbifreiðum og sendibifreiðum sem skráðar hafa verið eftir 1. jan. 1969 eða í a. m. k. 80% slíkra bifreiða.
5. Að ekki er unnt með kynningu eða áróðri eða endurbótum á gerð öryggisbelta að auka svo að full-

unandi verði talið notkun þeirra umfram þá notkun sem nú er.

6. Að Norðurlandaráð hefur mælt með því að komið verði á lögboðinni notkun öryggisbelta.

7. Að annars staðar á Norðurlöndum og í mörgum ríkjum öðrum hafa verið í gildi ákvæði er mæla fyrir um notkun öryggisbelta í framsætum bifreiða.

8. Að reynsla þessara þjóða af lögboðinni notkun öryggisbelta er góð.

Af framangreindum ástæðum hvetur Umferðarráð til þess að notkun öryggisbelta í framsætum bifreiða verði hið fyrsta lögboðin og að við mótun lagareglna um þetta efni verði fylgt tillögum norræna umferðaröryggisráðsins og þær lagaðar að séríslenskum aðstæðum. Ákvæði frv. um þetta efni eru, eins og áður segir, í samræmi við hliðstæð ákvæði er þegar hafa verið lögtekin annars staðar á Norðurlöndum. Notkunarskyldu er þannig ætlað að taka til þeirra er sitja í framsæti bifreiða sem búnar eru öryggisbelti. Skyldan tekur einungis til bifreiða í akstri, þ. e. bifreiða á hreyfingu, þó ekki við akstur aftur á bak. Ákvæðinu er einungis ætlað að gilda um akstur á vegum, svo sem það hugtak er skilgreint í umferðarlögum, þannig að við það er miðað að vegurinn eða umhverfið sé ætlað til almennrar umferðar. Hins vegar er gert ráð fyrir að akstur á bifreiðastæðum og við bensínstöðvar eða viðgerðarverkstæði sé undanþeginn notkunarskyldu.

Frv. gerir ráð fyrir að þeir, sem yngri eru en 15 ára eða lægri en 150 sm, verði undanþegnir notkunarskyldu. Kemur þar bæði til hliðsjón af sakhæfisreglu og svo það, að belti hafa til þessa einungis að takmörkuðu leyti verið sniðin fyrir lágvaxið fólk þótt nýrri gerðir belta henti því betur. Til álita hefur komið að gera óheimila setu þessa fólks í framsæti án beltis þannig að það verði að sitja í aftursæti ef það vill ekki nota belti, en á þessu stigi þótti rétt að miða við sömu reglur og víða tíðkast um þetta efni. Frv. undanþiggur akstur í leigubifreiðum til mannflutninga og er það einnig í samræmi við það sem víðast tíðkast. Er þessi undanþága þó umdeild, en bent er einkum á þá hættu sem leigubifreiðastjórum er búin vegna líkamsárásar farþega.

Loks er gert ráð fyrir að ráðh. geti sett reglur er heimila undanþágur fyrir ákveðna einstaklinga, og eru þá hafðar í huga einstaklingsbundnar undanþágur byggðar á læknisfræðilegu mati. Rétt er að taka fram að hér er gert ráð fyrir að ráðh. setji um þetta ákveðnar reglur, en hann á hins vegar ekki að fjalla um einstakar undanþágur. Loks er gert ráð fyrir að ráðh. geti sett reglur um undanþágur við sérstakan akstur eða við erfið og hættuleg skilyrði. Er þar m. a. tilnefndur akstur lögreglumanna við tiltekin skilyrði, svo sem við flutning fanga eða handtekinna manna eða sérstaka öryggisgæslu, en hins vegar ekki almennan akstur í lögreglubifreiðum. Þá er og tilnefndur akstur þar sem hætta þykir á snjóflóði, grjóthruni eða skriðuföllum eða við mjög erfið veðurskilyrði og má þar nefna kunnar íslenskar aðstæður, svo sem í snjóbyl og ófærð.

Að því er varðar áhrif vanrækslu á notkun öryggisbelta er gert ráð fyrir því í frv., að hún leiði ekki til lækkunar eða niðurfellingar fébóta. Er það enn í samræmi við það sem víðast er gert, t. d. á Norðurlöndum, en í sumum löndum leiðir vanrækslan hins vegar til lækkunar fébóta. Frv. gerir loks ráð fyrir því, að ekki verði refsað fyrir vanrækslu á notkun belta fyrstu mánuðina eftir gildistöku og verði þeir notaðir til kynningar á hinum nýju ákvæðum. Er frá líður verði hins vegar refsað fyrir þessa vanrækslu. Þykir reynsla annarra þjóða, m. a. Norðmanna, sýna að eigi næst árangur af slíku lagaboði ef því er eigi fylgt eftir með viðurlögum.

Annað atriði frv. fjallar um það, að hjólreiðar skuli heimilar á gangstéttum og gangstígum. Ákvæði þetta er upp tekið eftir norskri fyrirmynd og að tillögu umferðarnefndar í Reykjavík og Umferðarráðs. Hjólreiðar verða þó því aðeins heimilar að þær hafi ekki í för með sér hættu eða óþægindi fyrir aðra vegfarendur. Með því að skortur er á hjólreiðastígum blandast hjólreiðar bifreiðaumferðinni. Með því að heimila hjólreiðar á gangstéttum og gangstígum með skilmálum hinna gangandi vegfarenda, ef svo má að orði komast, má auka öryggi hjólreiðamanna án þess að öryggi hinna gangandi skerðist. Ákvæði þetta er, eins og áður segir, í samræmi við ákvæði í norskum umferðarreglum og hefur það ekki leitt til erfiðleika í framkvæmd.

Þriðja atriði frv. er að heimila heilbr.- og trmrn. að tilnefna fulltrúa í Umferðarráð. Þykir rétt að heilbrigðisyfirvöld hafi fulltrúa í ráðinu, en starfslið heilbrigðismála býr yfir mikilli reynslu og þekkingu er að gagni getur orðið í baráttu fyrir auknu umferðaröryggi.

Hér hafa aðeins verið nefnd og rædd þessi þrjú atriði, en vitanlega heldur umferðarlaganefndin áfram störfum og það eru fjölmörg önnur atriði í umferðarlöggjöfinni sem hún tekur til meðferðar.

Eitt er það, sem nefnt hefur verið við mig í sambandi við þetta frv., og það er hvernig auðvelda megi blindum mönnum að komast áfram í umferðinni. Það hefur verið nefnt, að ástæða hefði verið til þess að taka upp í þetta frv. t. d. löggildingu á hvíta stafnum svokallaða. Ég vil vekja athygli á því, að 24. nóv. 1970 voru gefnar út reglur um auðkenni blindra á vegum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Samkv. þeim er blindum mönnum heimilt að auðkenna sig með því að bera göngu- eða þreifistaf með hvítu endurskini og síðan sett ákvæði sem skylda vegfarendur til þess að virða þessi merki. En vitanlega má endurskoða þessar reglur eins og aðrar sem settar eru samkv. umferðarlögum og er það m. a. hlutverk umferðarlaganefndar.

Herra forseti. Ég hef hér rakið efni frv. þess sem hér liggur fyrir. Ég hef ekki farið með tölur um fjölda umferðarslysa eða slasaðra eða fjártjón af völdum umferðarslysa. Þær tölur eru allar of háar og mætti flytja um það langt mál. Ég tel hér vera um athyglisvert mál að ræða sem nauðsynlegt er að þm. taki afstöðu til og kynni sér vel og vandlega. Vænti ég þess, að þingnefnd sú, sem fær mál þetta til meðferðar, kynni sér það af gaumgæfni.

Að svo mæltu legg ég til að máli þessu verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég vil byrja á því að fagna því, að þetta frv. skuli fram komið. Ég hafði frá því greint á s. l. hausti, að ég hygðist flytja frv. um þetta sama efni sem gerði ráð fyrir skyldunotkun öryggisbelta. Ég komst hins vegar að því í samtali við dómsmrh., að hann hefði hug á að flytja slíkt frv. sem stjfrv. í framhaldi af skipun nefndar til endurskoðunar á umferðarlögunum. Fannst mér þá eðlilegt, m. a. til þess þá að tryggja framgang málsins, að það yrði frekar flutt sem stjfrv. en sem þmfrv., því að nokkru meiri vissa ætti þá að vera fyrir því, að málið næði fram að ganga. Auðvitað er það megin-

atriðið að málið nái fram að ganga, ekki hver flytur það. Hins vegar þykir mér miður að frv. skuli ekki hafa komið fram fyrr, þar sem nú er skammur tími til þingloka, en ég vona þó — og mun gera mitt til þess í allshn. þessarar hv. deildar að málið fái gagnrýna og gaumgæfilega athugun — að samt muni vinnast tími til að afgreiða það fyrir þinglok.

Ég mun þá víkja nokkru nánar að þeim breytingum sem frv. gerir ráð fyrir.

Það er í fyrsta lagi að heimilt verði að aka reiðhjóli á gangstígum eða gangstéttum. Þetta er sjálfsögð breyting sem hefði átt að vera komin til framkvæmda fyrir löngu. Síðastliðin 3—4 ár hafa hjólreiðar í þéttbýli aukist gífurlega og af eigin reynslu veit ég að það er hættuspil og háskaleikur á stundum að fara hér á reiðhjóli eftir helstu umferðargötum, eins og t. d. Miklubrautinni. Samtímis því sem maður horfir á hjólreiðamenn hjóla þar innan um bíla, sem aka á 70—80 km. hraða, eru mannlausar gangstéttir beggja vegna götunnar sem eru tilvaldar hjólreiðabrautir, en lögum samkvæmt hafa hjólreiðamenn ekki mátt nota þessar brautir. Þess vegna finnst mér þessi breyting sjálfsögð og eðlileg. Það má vitna hér í Morgunblaðið í dag. Þar er frétt frá lögreglunni og fyrirsögnin er þessi, með leyfi forseta: „Reiðhjólaslysum fjölgar í skyggilega. Því er aðgæslu þörf.“ Og þar segir enn fremur: „Notkun reiðhjóla hefur margfaldast nú seinni árin og er enn að aukast. Taka verður tillit til þess hér á landi, að hér eru engar sérstakar reiðhjólabrautir. Blönduð umferð bifreiða og reiðhjóla er hættuleg.“

Þetta, að leyfa mönnum að fara á reiðhjólum á gangstígum og gangstéttum þar sem það er ekki til hættu eða óþæginda fyrir aðra vegfarendur, er alveg sjálfsagt mál, og ég á ekki von á að slíkt geti mætt nokkurri minnstu andstöðu hér á hinu háa Alþingi.

Hitt, sem er kannske meginatriði þessa frv., er um notkun öryggisbelta í bifreiðum. Menn tala gjarnan um að um það séu skiptar skoðanir. Ég hygg samt að um það séu ekki eins skiptar skoðanir og sumir vilja vera láta. Það hafa komið samþykktir og yfirlýsingar frá ýmsum félagasamtökum um að lögleiða beri notkun öryggisbelta, síðast frá Ökukennarafélagi Íslands nú fyrir fáeinum dögum. Þá er á það að minnast, að landlæknisembættið gaf á s. l. ári út rit, Heilbrigðismál 10, Umferðarslys og öryggisbelti, fylgirit við Heilbrigðisskýrslur frá skrifstofu landlæknis. Þar er mjög ítarlega fjallað um notkun öryggisbelta í bifreiðum og sýnt fram á með gildum rökum hversu brýnt þetta mál er. Þar segir á bls. 15, með leyfi forseta:

„Umferðarmenning Íslendinga hefur nokkur sérkenni miðað við nágrannaþjóðir okkar. Engin einföld skýring er á þessu, en benda má á eftirfarandi:

1. Öryggisbúnaður í bifreiðum er ekki nýttur sem skyldi og þar af leiðandi eru slys á ökumönnum og farþegum algeng.

2. Óaðgæsla: Slys meðal fótgangandi og þá sérstaklega barna og eldra fólks eru algeng. Sjálfsagt má kenna þetta óaðgæslu allra, en óneitanlega er hlutur bifreiðastjóra stærstur. Ökumönnum ber að sjá um að allur öryggisbúnaður sé í góðu lagi og taka tillit til fótgangandi.

3. Erfiðir vegir: Oft er talað um sérstöðu Íslands hvað þetta snertir og benda má á að mörg alvarleg slys hafa orðið á fjallvegum.

4. Skammdegismyrkur og slæmt skyggni hindrar eðlilegt útsýni og eykur þannig slysahættu.“

Landlæknir leggur til að eftirfarandi aðgerðir verði gerðar til að draga úr umferðarslysum:

„1. Umferðarfræðsla verði stóraukin í grunnskólum landsins.

2. Ökukennsla verði bætt mjög frá því sem nú er og námskröfur til ökuprófs verði stórauknar.

3. Notkun öryggisbelta fyrir bifreiðastjóra og farþega í framsæti verði lögleidd hér á landi.

4. Lagt verði bann við því, að börn yngri en 12 ára sitji í framsætum bifreiða við akstur.

5. Hnakkapúðar verði lögleiddir í bifreiðum.

6. Lýsing og merking akbrauta verði bætt.

7. Áróður fyrir slysavörnum verði aukinn.

8. Starfsemi Umferðarráðs verði efld.“

Ég vil hvetja þingmenn til að kynna sér þetta rit skrifstofu landlæknis. Í því eru afar fróðlegar upplýsingar og í rauninni er þar allur sá rökstuðningur sem telja má að skipti höfuðmáli í sambandi við notkun öryggisbelta.

Eins og ég sagði áðan hafa ýmsir aðilar lagst gegn notkun öryggisbelta og telja að þau kunni á stundum að skapa meiri hættu en öryggi. Í erlendum skýrslum, m. a. frá ráðstefnu sem haldin var í Tokyo undir lok ársins 1979, er vikið að þessu atriði. Þar segir að yfirleitt reynist það svo um þau tilvik, þar sem talað er um að belti hafi valdið slysum, að við nánari rannsókn hafi þau tilvik ríka tilhneigingu til að gufa upp, hafa ekki við rök að styðjast eða vera beinlínis röng, þannig að þau tilvik, þar sem hægt er að færa sönnur á að belti hafi beinlínis verið orsök þess að farþegi eða ökumaður beið bana eða hlaut aukin meiðsl, séu afar fá og reynist næstum ómögulegt að henda reiður á þeim þegar til á að taka og málin eru rannsökuð ofan í kjölinn.

S. l. haust var haldinn hér fundur — 24. sept., ef ég man rétt — á vegum Læknafélags Íslands, Alfanefndarinnar og ýmissa fleiri aðila um umferðaröryggismál. Þar kom fram að 28 lönd hafa nú lögleitt skyldunotkun öryggisbelta. Þeirra á meðal eru öll Norðurlöndin og velflest Vestur-Evrópulönd.

Það er miður að þetta mál skuli ekki hafa náð fram að ganga hér enn þá, en vonandi nær það fram að ganga í þetta skipti. Það hefur áður verið flutt hér án þess að ná fram að ganga.

Á þessum fundi, sem haldinn var í Norræna húsinu, flutti sænskur sérfræðingur erindi um þessi mál. Hann komst að þeirri niðurstöðu að hið svonefnda þriggja punkta bílbelti, sem nú er algengast í bifreiðum, væri einhver besta líftrygging sem ökumenn og farþegar eigi völ á. Níu af hverjum tíu mönnum sem kastast út úr bíl við slys eða árekstur hljóta alvarleg meiðsl eða bíða bana. En sá, sem er kyrr inni í bílnum, er yfirleitt ævinlega betur kominn en sá sem kastast út. Það kom fram í máli þessa fyrirlesara, Rune Andreasson, að síðan lögin um skyldunotkun öryggisbelta voru samþykkt í Svíþjóð hefur ekki eitt einasta augnslys af völdum bifreiðaárekstur komið til kasta læknanna á Karólínska sjúkrahúsinu í Stokkhólmi, en áður var slíkt næsta algengt þegar fólk lenti með höfuðið í framrúðunni. Heimsóknum þeirra, sem slasast hafa í bifreiðaslysum, á slysavarðstofu fækkaði um 19% og sjúkrahúsvistun vegna bílslysa minnkaði um 29% í Svíþjóð eftir að lögin um skyldunotkun öryggisbelta höfðu verið í gildi í eitt ár. Sparnaður sænska ríkisins af þessum sökum og þjóðfélagsins í heild nam milljörðum sænskra kr. á þessu eina ári.

Þessi grein, eins og hún er í frv., er að verulegu leyti

hliðstæð þeim ákvæðum sem eru í löggjöf nágrannalandanna. En ég verð að segja það, að ég er ekki fullkomlega sáttur við það orðalag, sem hér er notað, og skal ég nú gera nánari grein fyrir því. Hér segir, með leyfi forseta:

„Eigi er skylt að nota öryggisbelti við akstur aftur á bak. Sama gildir um akstur á bifreiðastæðum, við bensínstöðvar, viðgerðarverkstæði eða við svipaðar aðstæður." — Þetta eru nákvæmlega sömu ákvæði og eru í norrænni löggjöf um þessi mál. Síðan segir: „Ákvæði 1. mgr. tekur ekki til þeirra sem eru yngri en 15 ára eða lægri en 150 sm. Dómsmrh. getur sett reglur er undanþiggi aðra en að framan greinir notkun öryggisbelta." — Slíkt undanþáguákvæði mun vera í löggjöf annarra þjóða yfirleitt.

Það, sem mér finnst hér orka tvímælis, er að samkv. þessu, eins og þetta er orðað nú, geta 14 ára unglingar setið óbundnir í framsæti án þess að nota öryggisbelti. Það er allt í lagi lögum samkv. Hæstv. dómsmrh. vék að þessu áðan og ég held að það komi mjög sterklega til greina að hafa hér ákvæði um það, að þeir, sem eru yngri en 15 ára eða lægri en 150 sm, sitji í aftursæti bifreiðar, þeim sé bannað að sitja í framsæti nema því aðeins að þeir séu í belti. Rannsóknir hafa leitt í ljós, m. a. í Svíþjóð, að þau belti, sem nú eru í notkun, eru ekki hættuleg þó að fólk sé lægra en 150 sm eða yngra en 15 ára. Og þau virðast koma að mjög miklu gagni allt niður í 8 ára aldur og koma í veg fyrir meiðsl.

Hér finnst mér vera gloppa í frv. og mun leggja til að nefnd sú, sem þetta fær til athugunar, allshn. þessarar hv. deildar, athugi þetta atriði sérstaklega. Og satt best að segja finnst mér einna helst koma til greina að binda það í lögum, að börn skuli ekki sitja óbundin í framsæti bifreiðar. Það er vægast sagt hálfóhugnanleg sjón, sem hér sést oft á götum, að fólk situr í framsætum bifreiða óbundið haldandi á kornabörnum og kannske gefandi þeim að drekka úr glerpela. Hvað skeður þegar bifreið með slíkan farm lendir í árekstri einhverra hluta vegna? Það, að barnið, sem haldið er á, verður eins konar stuðpúði milli farþegans og mælaborðs eða rúðu bifreiðarinnar. Þetta er satt best að segja eitt af því óhugnanlegra sem sést í umferðinni og sést allt of oft, því miður. Þess vegna finnst mér að þetta ætti að taka til mjög gaumgæfilegrar athugunar þegar nefnd fjallar um málið.

Eins og ég gat um áðan var haldin í Tokyo alþjóðleg ráðstefna um notkun öryggisbelta dagana 13. og 14. nóv. 1979. Þar fluttu fjölmargir fræðimenn fyrirlestra, þeir sem mest hafa rannsakað þessi mál og um þau fjallað. Þar komu fram margháttaðar og svo athyglisverðar upplýsingar að ég held að þær megi ekki liggja í láginni. Því langar mig til að geta hér um fáein atriði úr þeim fyrirlestrum sem þar voru fluttir. Þau rök, sem þar koma fram, eru svo yfirgnæfandi sterk, að eftir að hafa kynnt sér þau sé ég ekki hvernig nokkur maður getur velkst í vafa um að það beri að lögbinda notkun öryggisbelta, a. m. k. í framsætum bifreiða. Staðreyndin er nefnilega sú, eins og hæstv. dómsmrh. gat um áðan, að þó svo að öryggisbelti séu í bifreiðum verður notkun þeirra aldrei nema 10-15% — 10% reyndist hún vera hér í febr. — nema þetta sé bundið í lögum. Ef gerðar eru sérstakar auglýsingaherferðir samtímis í blöðum, útvarpi og sjónvarpi er hægt að koma notkuninni upp í svona 30%. Í hæsta lagi tímabundið, en síðan sækir strax í sama farið aftur.

Til eru þeir sem halda því fram, að það sé skerðing á frelsi einstaklingsins að gera honum að skyldu að vera bundinn í öryggisbelti þegar hann fer í bifreið. Ég er aldeilis andvígur þeirri skoðun. Umferðarlögin og umferðarreglurnar eru viss takmörkun á einstaklingsfrelsi, má e. t. v. segja, eins og ýmsar aðrar nauðsynlegar reglur í nútímaþjóðfélagi. En þegar til er jafneinföld og áhrifarík aðferð til þess að draga úr slysum, fækka banaslysum og draga úr meiðslum eins og notkun öryggisbeltanna er, þá á einstaklingum ekki að vera í sjálfsvald sett hvort þeir valda sjálfum sér skaða, varanlegu tjóni, örorku eða dauða og hvort þeir valda þjóðfélaginu því að inna verður af höndum úr sameiginlegum sjóðum fjármagn þeim til lækninga, endurhæfingar og þjálfunar.

Það kom fram á þeirri ráðstefnu sem ég gat um hér áðan, í fyrirlestri forseta bandarísku öryggisbeltaráðsins, American Seat Belt Council að í Bandaríkjunum eru umferðarslys megindánarorsök fólks undir 24 ára aldri. Talið er að umferðarslys kosti bandarísku skattgreiðendur 24.7 milljarða dollara á ári. Þar í landi bíða 50 þús. manns árlega bana í umferðarslysum. Ef 80% ökumanna í Bandaríkjunum notuðu öryggisbelti mundi það bjarga 13 þús. mannslífum á ári og koma í veg fyrir að 500 þús. manns slösuðust. Þetta er talið mundu spara þjóðfélaginu um það bil 5 milljarða dollara. Margar aðferðir hafa verið reyndar til að auka notkun öryggisbelta og fá meginhluta ökumanna til að nota þau. Skyldunotkun öryggisbelta hefur þar reynst eina varanlega ráðið.

Það var Ástralía sem ruddi brautina að því er varðar skyldunotkun öryggisbelta. Viktoríuríki samþykkti fyrstu lögin sem gerðu notkun öryggisbelta að skyldu árið 1970. Önnur ríki Ástralíu fylgdu fljótlega í kjölfarið. Þetta hefur ekki aðeins reynst þar vel, heldur hefur þetta einnig reynst vinsælt meðal almennings þar.

Talið er að a. m. k. fernt verði að vera fyrir hendi til þess að lög um skyldunotkun öryggisbelta nái tilgangi sínum.

Í fyrsta lagi verður að kynna almenningi rækilega hvernig beltin eru notuð og hvernig þau nýtast best.

Í öðru lagi þurfa í lögunum að vera sektarákvæði. Sektirnar eiga hins vegar ekki að vera mjög háar.

Í Vestur-Þýskalandi og Noregi hafa ekki verið slík sektarákvæði, og þrátt fyrir það að notkun öryggisbelta í þessum löndum hafi aukist verulega hefur hún ekki orðið jafnalgeng og annars staðar.

Í þriðja lagi er auðvitað brýnt að þessi lög verði ekki dauður bókstafur, heldur verði þeim framfylgt. Fyrstu 3-6 mánuðina er eðlilegt, eins og hér er gert ráð fyrir, að beita þeirri aðferð að þeir, sem ekki nota beltin þann tíma, fái aðeins skriflegar aðvaranir, en ekki sektir strax.

Í fjórða lagi þarf stöðugt að minna fólk á lögin og hvað öryggisbeltanotkun hefur í för með sér. Eins og ég gat um áðan hefur verið hægt með auglýsingaherferðum og áróðri að koma notkun öryggisbelta upp í 30%, en talið er nær útilokað að slíkar auglýsingaherferðir geti haft það í för með sér, að notkun öryggisbelta verði hjá 75—80% farþega og ökumanna, eins og reynslan hefur orðið þar sem þetta hefur verið leitt í lög.

Nú eru til ýmsar gerðir af öryggisbeltum og þau eru misjafnlega hentug. Því hentugri sem beltin eru, þeim mun fleiri nota þau auðvitað. Nú eru komin belti sem menn nánast setjast inn í. Beltið kemur yfir sætið og menn setjast í rauninni inn í það og festa það síðan. Gerð var athugun í Bandaríkjunum á notkun á þessari gerð öryggisbelta. Þau eru nánast þannig, að menn komast

ekki hjá því að nota þau þegar þeir eru sestir í sætin. Í þessari athugun kom fram að um það bil 42 þús. bílum af gerðinni Volkswagen Rabbit með svona beltum fyrir ökumann og farþega hafði verið ekið um einn milljarð mílna á bandarískum vegum. Í þessum bílum reyndist beltanotkunin vera 78% eða 4—5 sinnum meiri en að meðaltali í Bandaríkjunum og banaslysatíðni í þessum bifreiðum var 0.78 banaslys á hverjar 100 millj. eknar mílur, en í Volkswagenbílum með annars konar beltum var banaslysatíðnin 2.32 slys á hverjar 100 millj. mílur. Frá og með 1982 og 1984 munu allir bílar í Bandaríkjunum verða búnir slíkum búnaði, annaðhvort sjálfvirkum öryggisbeltum af þessu tagi eða loftpúðum.

Ég vék að því áðan, að það væri gloppa í þessu frv. að því er varðar börn. Í fyrirlestri á þessari ráðstefnu, sem Nils Bohlin yfirverkfræðingur umferðar- og öryggismála hjá Volvo-verksmiðjunum flutti, spurði hann m. a.: Eru öryggisbelti, ætluð fullorðnum, hættuleg fyrir börn? Það eru þau ekki, heldur þvert á móti. Rannsökuð voru 822 slys þar sem komu við sögu börn yngri en 15 ára. Börnin, sem voru í beltum, voru 6 ára og eldri. Þessi rannsókn leiddi eftirfarandi í ljós:

1. Börnin, sem voru í beltum, meiddust sjaldnar og minna en fullorðið fólk sem var í beltum.

2. Aðeins einn unglingur í þessum 822 slysum hlaut meira en minni háttar meiðsl. En börn, sem voru ekki í beltum, hlutu meiðsl og sum biðu bana.

Niðurstöðurnar, segir þessi sænski verkfræðingur, benda til þess, að lækka mætti aldurstakmarkið í sænsku lögunum niður í um það bil 8 ára aldur. 80% af börnum í Volvo-bílum ferðuðust óbundin, aðeins 12% voru í beltum foreldra sinna.

Að því er varðar sérstaklega smávaxið fólk segir enn fremur um hættuna á því, að beltið lendi á hálsi þess ef til slyss kemur, að rannsóknir hafi leitt í ljós að þetta er ekki sá hættuvaldur sem í veðri hefur verið látið vaka. Margir hafa fjölyrt um meiðsli sem þeir telja að megi rekja beint til notkunar öryggisbelta. Niðurstaða könnunar Volvo-verksmiðjanna á þessu varð sú, að algengast er að belti geti valdið rifbeinsbroti, en meiðsl í kviðarholi séu tiltölulega sjaldgæf.

Markmiðið með þriggja punkta beltinu, þegar það kom á markað fyrir meira en 20 árum, var að sá, sem notaði það, ætti möguleika á því að verða fyrir minni meiðslum undir vissum kringumstæðum. Og vert er að hafa í huga í þessu sambandi að minni meiðsl kunna hér að skera úr milli lífs og dauða.

Því hefur verið haldið fram, að aðstæður hér á landi séu svo sérstakar að notkun öryggisbelta sé kannske varhugaverð hér af ýmsum ástæðum, okkar vegir séu erfiðir fjallvegir, hálir oft yfir vetrarmánuði og ýmsar aðstæður þess eðlis, að þetta geti haft hættu í för með sér. Í fyrirlestri á þessari sömu ráðstefnu, sem prófessor við verkfræðideild háskólans í Melbourne í Ástralíu flutti, kom eftirfarandi fram, sem er nokkuð sannfærandi dæmi um ágæti skyldunotkunar öryggisbelta. Það hefur verið unnið að því í 20 ár að byggja vatnsaflsvirkjanir í Snæfjöllum í Nýja Suður-Wales í Ástralíu. Á þessum 20 árum notaði yfirstjórn framkvæmdanna 700 ökutæki sem ekið var 6 millj. mílur á ári. Þessi akstur var á fjallvegum einkum, þar sem var snjór og hálka 4-5 vetrarmánuði. Umferðarslys voru tíð og meiðsl veruleg. En eftir að öll ökutæki voru búin beltum og notkun beltanna gerð að skyldu varð ekki eitt einasta banaslys eða alvarlegt slys á 6 ára tímabili, 1961—1967, þrátt fyrir nokkur mjög alvarleg umferðaróhöpp sem m. a. voru fólgin í því, að bílar fóru út af á miklum hraða og ultu niður fjallshlíðar eða lentu á trjám, og sömuleiðis urðu mjög harðir árekstrar, framanákeyrslur. Á þessum tíma varð sem sagt ekki eitt einasta banaslys.

Í Bretlandi hefur verið skylda að hafa öryggisbelti í framsætum bifreiða frá 1965. Árið 1977 fór fram athugun á því, hvernig og hvort beltin væru notuð. Þá kom í ljós að 44% ökumanna, sem óku úti á þjóðvegum, notuðu belti og 25% þeirra, sem óku í þéttbýlisumferð í borgum, notuðu belti. Þá fór fram á þessu sama ári nákvæm rannsókn á því, hvernig fólk, sem var í öryggisbeltum ef slys vildi til, slasaðist. Tilgangur þessarar rannsóknar var að leiða í ljós hvort meiðslin væru eingöngu vegna árekstursins eða að einhverju leyti sök beltanna. 1126 slys voru rannsökuð nákvæmlega og þar komu við sögu 1664 ökutæki og 2879 einstaklingar. Framanákeyrslur voru 72% af þessum tilvikum. Könnunin leiddi í ljós að öryggisbeltin drógu verulega úr hættu á meiðslum hvort sem ekið var framan á bifreið, aftan á eða á hlið bifreiðar. Af 1163 einstaklingum, sem voru ekki í öryggisbeltum, voru 758 ökumenn og 405 farþegar í framsætum. Í beltum voru 366 ökumenn og 144 farþegar í framsætum. Í þessari rannsókn var hægt, að því er varðaði 1300 manns, að skoða og ljósmynda ökutækin og í mörgum tilvikum að komast að því, hvað það var sem orsakaði meiðslin. Ljóst er að öryggisbeltin takmarka hreyfingar viðkomandi úr eðlilegri sætisstöðu þegar slys verður. Þess vegna koma beltin að mestu haldi til þess að koma í veg fyrir meiðsl þegar fjarlægðin er sem mest milli þess einstaklings, sem í hlut á, og innri hluta bifreiðarinnar.

68 einstaklingar af þeim, sem þessi könnun náði til, köstuðust út úr bílunum og 17 þeirra biðu bana. Það var helmingur dauðsfallanna sem rannsóknin tók til. Aðeins þrír af þessum fjölda voru í farartækjum sem eldur kom upp í. Eitt farartækið lenti á kafi í vatni. Og í þeim þremur tilvikum, þar sem eldur kom upp, beið einn maður bana. Hann var látinn áður en eldurinn braust út, og sá, sem var í bílnum sem lenti í vatni og sökk, dó síðar vegna lungnameinsemdar.

Þær upplýsingar, sem ég hef hér greint frá, tala vissulega sínu máli. Í Bretlandi hefur notkun öryggisbelta þó ekki enn verið lögleidd þrátt fyrir tilraunir í þá átt. Það hefur ekki náð fram að ganga þar.

Mig langar til að víkja aðeins aftur að upplýsingum sem fram komu í fyrirlestri formanns umferðarslysanefndar ástralska Læknafélagsins. Hann sagði: Börn eru í meiri hættu að hljóta meiðsl eða bíða bana með því að vera óbundin í bíl heldur en bundin. Þessi hætta er meiri en hættan á því að barn verði fyrir bíl við að fara yfir götu. Óbundin börn í framsæti eru í tvisvar sinnum meiri hættu að bíða bana eða slasast en þau sem eru í aftursætinu. Dánartala barna í umferðarslysum er afar há á fyrsta ári og einnig að því er varðar börn sem eru yngri en 6 ára. Aðeins 7% af börnum í Bandaríkjunum eru í stól eða belti þegar þau ferðast í bíl. Óbundið barn er nánast eins og raketta ef árekstur verður. Það kastast í eða í gegnum framrúðuna eða á einhvern annan hlut eða farþega í bílnum. Áhrif áreksturs við kyrrstæðan hlut á aðeins 40 km hraða eru hin sömu og að barn falli úr 6 metra hæð niður á steypta stétt. Árekstur við bíl, sem kemur á móti á eðlilegum hraða, er að sjálfsögðu langtum verri. Það er

gersamlega útilokað fyrir fullorðið fólk að ætla sér að halda á barni í kjöltu sinni ef eitthvað verður að.

Á konunglega barnaspítalanum í Melbourne í Ástralíu var það svo árið 1975, að 70% barna, sem þangað komu vegna umferðarslysa, voru yngri en 8 ára. Börn undir 8 ára aldri voru yfirleitt meira slösuð en þau sem eldri voru. 50% þeirra höfðu verið í framsæti og aðeins 4% í beltum.

Herra forseti. Ég mun nú fara að stytta mál mitt, þetta er orðinn nokkuð langur lestur, en hér er sannarlega af nógu að taka. Í einum af þeim fyrirlestrum, sem voru fluttir á þessari ráðstefnu, segir á þessa leið:

„Rannsóknir, sem fram hafa farið í Evrópu, í Ástralíu, í Bandaríkjunum, flytja okkur ótvíræð og óhrekjanleg boð. Öryggisbelti hafa áhrif, þau bjarga mannslífum, þau draga mjög úr möguleikunum á að menn bíði bana við árekstur. Þúsundir og tugir þúsunda deyja að þarflausu á hverju einasta ári vegna þess að öryggisbelti eru ekki notuð. Áhrifaríkar aðgerðir til að útbreiða notkun öryggisbelta ættu að vera forgangsmál nr. eitt í umferðaröryggismálum í veröldinni."

Herra forseti. Ég ætla þá ekki að hafa þessi orð fleiri. Ég held að þau rök, sem ég hef hér fært fram, séu þung á metunum, og ég held að það sé tvímælalaust óumdeilt, að notkun öryggisbelta dregur úr meiðslum, kemur í veg fyrir dauðsföll. Þær fórnir, sem við færum á altari umferðarinnar, eru miklar á hverju einasta ári. Fólk bíður bana, hlýtur varanleg meiðsl og örkuml. Ef eitthvað er hægt að gera til að draga úr slíku, þá á auðvitað að gera það. Og þetta, að lögbinda notkun öryggisbelta fyrir ökumann og farþega í framsæti, er það einfaldasta, ódýrasta og áhrifaríkasta sem við getum gert til þess að draga úr slysum í umferðinni.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Að vísu hefur hv. þm. Eiður Guðnason að langmestu leyti tekið af mér ómakið hvað varðar rökstuðning fyrir úrtakslausri nauðsyn þess að lögfesta notkun öryggisbelta í bifreiðum á landi hér. Ég get því stytt mál mitt að verulegu leyti, vil aðeins láta það koma fram, að nú hefur verið ákveðið að Íslendingar taki þátt í svokölluðu norrænu umferðaröryggisári árið 1983. Þetta umferðaröryggisár er nú undirbúið af samgöngumálanefnd Norðurlandaráðs, og ráðstefna til undirbúnings þessu umferðaröryggisári var haldin í Þrándheimi í Noregi nú fyrir fjórum dögum þar sem til voru kvaddir yfir 100 sérfræðingar í umferðaröryggismálum sem fluttu þarna erindi og tóku þátt í umræðum um þessi mál. Það er þegar ljóst, að eitt af þeim atriðum, sem lögð verður sérstök áhersla á á þessu umferðaröryggismálaári Norðurlanda, verður notkun bílbelta, einnig í aftursætum bifreiðanna, þ. e. öryggi barnanna í bílunum.

Ég tel að það sé alveg fráleitt að við gefum undir fótinn í þeirri löggjöf, sem hér er um fjallað, um að veittar verði undanþágur í sambandi við notkun bílbelta í framsætum. Ég sótti þessa ráðstefnu, sem ég greindi þarna frá, í Þrándheimi. Ekki heyrðist mér á sérfræðingum, sem þar tóku til máls, að þeir byggjust við því að unnt yrði að lögleiða á Norðurlöndum fyrir 1983 notkun öryggisbelta í aftursætum bifreiða. En hitt er alveg ljóst, að þessir sömu sérfræðingar — og einnig þeir forsvarsmenn sveitarfélaga sem þar tóku til máls — ætlast til að þetta umferðaröryggisár á Norðurlöndum verði notað til að undirbúa lögfestingu öryggisbeltanna einnig í aftursætum bifreiðanna.

Maður eftir mann, sem tók þar til máls af hálfu sérfræðinganna um öryggismál í umferðinni á Norðurlöndum, lagði megináherslu á það, að kappkostað yrði að tryggja öryggi barnanna í bílunum, þar sem allra hryllilegustu slysin í umferðinni á Norðurlöndum nú hafa orðið með þeim hætti, að öryggi barnanna í aftursætum bílanna hefur ekki verið tryggt með neinum hætti, þau hafa ekki verið fest í sætin.

Það kom fram í tali þeirra, sem skýrslur fluttu um árangurinn af lögleiðingu notkunar öryggisbelta í bílum á Norðurlöndum, að einnig þar höfðu komið fram hörð mótmæli gegn lögleiðingu öryggisbeltanna á þeim forsendum að verið væri að hefta frelsi einstaklingsins með þessum hætti.

Þessir sömu aðilar, sem greindu frá gagnrýninni sem fram kom á lögfestingu bílbeltanna, vöktu hver og einn einasti athygli á því, að það er ekki lengur einkamál jafnvel hinna frjálsustu manna, þeirra einstaklinga sem gera mestar kröfur til þess að njóta persónulegs frelsis, — það er ekki lengur einkamál þeirra, hvort þeir nota bílbelti eða ekki, þegar borguð eru af almannafé þau meiðsl sem verða á einstaklingunum í umferðinni. Þá á samfélagið jafnframt, sögðu þessir góðu frændur okkar og vísu menn á Norðurlöndum, kröfu á því, að gætt sé fyllsta öryggis, samfélagið á þá rétt á því, að haldnar séu þær reglur sem líklegastar eru til þess að tryggja samfélagið fyrir fjárhagstjóni vegna þessara slysa. Sá tími mun nú vera liðinn fyrir nokkru hjá frændum okkar á Norðurlöndum, að tekið sé mark á gagnrýni af þessu tagi eða menn dragi í efa það öryggi sem felst í því að nota fullkomin bílbelti í bifreiðunum.

En aðeins þetta í lokin: Ég tek undir það sem hv. þm. Eiður Guðnason sagði um nauðsyn þess að íhuga það vel, hvort ekki beri að breyta þessari lagagrein, þar sem notkun bílbeltanna er skilyrt, og gera heldur hið gagnstæða, að ýta undir það með einum eða öðrum hætti í þessari lagasetningu að menn taki nú þegar að íhuga mjög alvarlega og undirbúa það, að einnig verði bundið í lög að bílbelti verði notuð í aftursætum bílanna. Langflestir þeir bílar, sem nú eru fluttir inn, eru með útbúnaði til þess að koma við öryggisbeltum einnig í aftursætum bílanna, og þeir bílar, sem framleiddir eru á Norðurlöndum, þ. e. í Svíþjóð, og hingað eru fluttir, hafa einnig bílbelti í aftursætunum.

Aðeins til þess að hnykkja á þeim fróðleik, sem fram kom hjá hv. þm. Eiði Guðnasyni áðan um þá fjármuni sem í húfi eru — að öllu hinu slepptu sem aldrei verður bætt með peningum þegar um slys er að ræða, má geta þess, að beint tjón opinberra aðila í Noregi, fjárhagstjón vegna bílslysa árið sem leið er talið hafa numið kringum 3 milljörðum norskra kr. Árið sem leið létust 2700 manns í bílslysum á Norðurlöndum. Og beint fjárhagslegt tjón af völdum bílslysa á Norðurlöndum öllum mun hafa numið í kringum 15 milljörðum sænskra kr.

Það frv., sem hér er lagt fram um umferðarlög, hnígur að því að auka öryggi í umferðinni. En vel mætti það nú koma í ljós við athugun hér á landi, sem komið hefur í ljós við ítarlega athugun bæði í Noregi og Finnlandi, að eins og nú standa sakir í atvinnu- og efnahagsmálum þeirra landa er ekki hugsanlegt að ávaxta betur fé með öðru móti en því að leggja talsvert fé af mörkum til þess að auka öryggi í umferðinni.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Ég fagna því, að þetta frv. til l. um breyt. á umferðarlögum er komið fram. Ég vil vera með í því að draga úr slysum. En því er ekki að neita, að það eru tvær hliðar á þessu máli. Hin hliðin er varðandi þá sem sleppa lifandi vegna þess að öryggisbelti eru ekki notuð. Og ég get ekki að því gert, að mér eru ofarlega í huga nærtæk atvik sem eru þá undantekningartilfelli. Það eru líklega tvær vikur síðan kunningi minn einn lenti í umferðarslysi. Það var ekið inn í hliðina á bifreið hans. Hann var ekki í öryggisbelti og það varð honum til lífs, eða svo er fullyrt, hann slapp svo til óskaddaður. Það eru um átta ár síðan annar kunningi minn lenti í mjög alvarlegu umferðarslysi. Vörubifreið ók inn í hlið bifreiðar hans. Hann slasaðist mjög illa og býður þess aldrei bætur, en stundar þó sína vinnu þrátt fyrir talsverða fötlun. Fullyrt er að hefði hann verið í öryggisbelti hefði hann ekki sloppið lifandi. Í báðum þessum tilvikum er fullyrt að það hafi bjargað lífi manna að þeir voru ekki í öryggisbeltum, vegna þess að þeir köstuðust í sætið til hliðar þegar höggið kom og slysið varð.

Ég er ekki með þessu að segja að ég sé andvíg þessari breytingu. Ég vil skoða þetta mál vel, en ég vildi láta þetta koma líka fram til umhugsunar. Við megum ekki heldur gleyma þeim mannslífum sem hefur verið bjargað, og þess vegna finnst mér okkur vera þarna mikill vandi á höndum að taka afstöðu.

Ég sakna þess hins vegar að ekki er tekið á málefnum fatlaðra í þessu frv. til þess að auðvelda þeim að ferðast í umferðinni, tryggja öryggi þeirra og þá fyrst og fremst blindra. Eins og fram kom hjá hæstv. dómsmrh. hefur verið á döfinni og er mikill áhugi hjá blindum á að fá löggildingu á hvíta stafnum. Hugsanlegt er að hægt væri að taka þetta mál til skoðunar í allshn. þegar farið verður að fjalla um frv. Mér fyndist það ekki nein goðgá þó að það væri tekið þar til umfjöllunar, jafnvel þó að einhver nefnd sé að skoða umferðarmálin í heild.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. Ég vildi aðeins láta í mér heyra af því að mér fannst gjarnan að það mætti eitthvað koma fram um undantekningartilfellin.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Aðeins örfá orð vegna þeirra ummæla sem hv. 4. landsk. þm. viðhafði áðan, þar sem hún vitnaði til tilvika þar sem öryggisbelti hefðu reynst e. t. v. hættuleg í notkun og sú staðreynd, að menn voru ekki í öryggisbeltum, hefði e. t. v. bjargað lífi þeirra. Eins og ég gat um áðan kom það fram á þessari ráðstefnu í Tokyo, að þegar slík tilvik hafa verið rannsökuð nánar hefur yfirleitt komið í ljós að þau hafa ekki átt við rök að styðjast. Og í fyrirlestri sínum á þessari ráðstefnu í Tokyo sagði formaður umferðarslysanefndar ástralska læknafélagsins, Gordon Trinca, orðrétt:

„Afar fátt bendir til þess, að öryggisbelti, séu þau rétt notuð, valdi alvarlegum meiðslum. Öryggisbelti hafa ekki í för með sér neina sérstaka áhættu fyrir þá sem nota þau. Sjaldgæft er að belti valdi meiðslum og þegar það gerist þá eru það minni háttar meiðsl, einkum skrámur og mar.

American Association for Automotive Medicin hefur mælt með því, að skilyrðislaus undanþága af læknisfræðilegum ástæðum frá því að nota öryggisbelti verði ekki veitt. Og þessi samtök nota svo stór orð að þau segja í sinni samþykkt að hver sá læknir, sem mælir með því, að öryggisbelti séu ekki notuð, baki sér ábyrgð með því að ráðleggja sjúklingi sínum á þann veg. Öryggisbelti séu t. d. besta vörnin sem verðandi móðir og ófætt barn geti notið í umferðinni.“

Síðan sagði hann orðrétt:

„Niðurstaðan af öllu þessu samanlögðu er að láta nú til skarar skríða og bíða ekki lengur, setja löggjöf um verndaraðgerðir sem þegar hafa sannað gildi sitt, jafnvel þótt þær hafi í för með sér visst umstang fyrir þann sem ekur í bifreið. Og fyrir alla muni látið þetta líka ná til barnanna.“

Og að lokum þetta:

Á 6. alþjóðlegu ráðstefnu alþjóðasamtaka um læknisfræðileg vandamál af völdum slysa og umferðar, sem haldin var í Melbourne í Ástralíu 1977, var samþykkt ályktun sem á eins vel við í dag og þá. Hún er stutt og er á þessa leið:

„Það er skoðun ráðstefnunnar að ríkisstjórnir og önnur rétt yfirvöld, sem ekki hafa sett löggjöf um skyldunotkun öryggisbelta, skapi að óþörfu hættu fyrir þegna sína.“

En auðvitað er það rétt, að þessi mál þarf að athuga gaumgæfilega. Ég hygg þó að niðurstaða manna hljóti að verða sú, að kostir þess að nota öryggisbelti séu svo yfirgnæfandi að um það þurfi raunar ekki að deila.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 83. fundur.

Þriðjudaginn 28. apríl, kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Mér hefur borist svohljóðandi bréf:

„Reykjavík, 28. apríl 1981.

Samkvæmt beiðni Ólafs G. Einarssonar, 3. þm. Reykn., sem vegna veikinda getur ekki nú sótt fundi Alþingis, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður hans, Sigurgeir Sigurðsson bæjarstjóri, taki á meðan sæti hans á Alþingi.

Virðingarfyllst,
Þorv. Garðar Kristjánsson.“

Sigurgeir Sigurðsson hefur áður átt sæti á þessu þingi og þarfnast það ekki frekari umsvifa að hann taki sæti á Alþingi nú. Býð ég hann velkominn til starfa.

Verðlagsaðhald o. fl., frv. (þskj. 671). — 1. umr.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Um síðustu áramót lagði ríkisstj. fram efnahagsáætlun sem miðaði að því að draga svo úr hraða verðbólgu að hún yrði ekki meiri en 40% frá upphafi til loka þessa árs, jafnframt yrði kaupmáttur launafólks tryggður. Það er

óhætt að fullyrða að vel hefur miðað að þessu marki. Stöðugt gengi íslensku krónunnar í fulla fjóra mánuði hefur átt sinn drjúga þátt í þessari þróun.

Þetta lagafrv. er skref á þeirri braut sem mörkuð var með efnahagsáætlun ríkisstj. um áramót. Þrjú eru höfuðatriði þessa frv.: Í fyrsta lagi áframhaldandi aðhald í verðlagsmálum, en þó sveigjanlegra en verið hefur að undanförnu, í öðru lagi auknir möguleikar til aðhalds í peningamálum og í þriðja lagi niðurskurður framkvæmda- og rekstrarútgjalda ríkisins til þess að skapa svigrúm til að lækka framfærslukostnað.

Í 1. gr. frv. kemur fram sú meginregla, að miða skuli verðákvarðanir við ársfjórðungsleg meginmarkmið í verðlagsmálum sem ríkisstj. setur á hverjum tíma, en í efnahagsáætlun ríkisstj. frá því um áramót voru einmitt ráðgerð slík tímasett mörk. Framkvæmd verðlagsmála er einfölduð með frv. að því leyti, að ekki þarf staðfestingu *ríkisstj. allrar, eins og verið hefur, á þeim verð*hækkunum sem eru innan þessara marka. Þar nægir samþykki viðkomandi verðlagsyfirvalda og staðfesting viðskrh. Ef verðlagsyfirvöld samþykkja hækkun umfram þessi tímasettu mörk þarf til að koma staðfesting ríkisstj. í heild. Í óhjákvæmilegum tilvikum yrði slík staðfesting veitt og þá miðað við heildarmarkmiðin eða að heildarverðhækkun verði ekki umfram þessi tímasettu mörk.

2. gr. frv. miðar að því að styrkja verðlagseftirlitið og veita því rýmri heimildir til þess að framfylgja ákvörðunum sínum en nú er. Þorri seljenda vöru og þjónustu hlítir verðlagsákvæðum, en því miður er ekki svo um alla. Í þeim tilvikum tekur það verðlagsyfirvöld mánuði og jafnvel misseri að fylgja málum eftir, og á meðan selur aðili vöru sína og þjónustu með ólöglegu verði sem *hækkar framfærslukostnað og kyndir undir verðbólgu*. Það er réttlætismál og mikilvægt fyrir hjöðnun verðbólgu að hér verði úr bætt. Með því að heimila Verðlagsstofnun að leita til fógeta um lögbann við ólöglegu verði á að tryggja markvissara og réttlátara verðlagseftirlit.

Í 3. gr. frv. er ákveðin lækkun vörugjalds á gosdrykkjum og öli úr 30% í 17%. Þessi lækkun vörugjalds mun valda ríkissjóði nokkrum tekjumissi, en ætti að bæta atvinnuástand í þessum greinum.

Í 4. gr. frv. er ríkisstj. veitt heimild til að lækka ríkisútgjöld um allt að 31 millj. kr. Hér er um nýja heimild að ræða sem er óháð heimildum fjárlaga. Að þessu sinni gengur ríkissjóður á undan og dregur úr sínum útgjöldum. Þetta fé verður notað til þess að lækka framfærslukostnað í landinu.

Þá er svo ákveðið í frv., að Seðlabanka sé heimilt með samþykki ríkisstj. að auka bindiskyldu innlána hjá innlánsstofnunum frá því hámarki sem nú er í lögum, en í gildandi lögum er hámarkið 28%. Þessi ákvörðun um bindiskyldu innlánsstofnana hefur verið í lögum alllengi og hefur verið hækkuð nokkuð undanfarin ár öðru hvoru. Nú er það svo að þróun peningamála er eitt hið mikilvægasta í efnahagsmálum og að þeim þarf mjög að gæta því að aðgerðir í öðrum þýðingarmiklum málaflokkum eru oft á tíðum unnar fyrir gýg ef ekki er þess gætt að peningamálin, innlán og útlán, verði í jafnvægi.

Á fyrri hluta s. l. árs varð útlánaþróun á þann veg, að útlán urðu meiri en vera átti miðað við ráðstöfunarfé bankanna, og jókst því yfirdráttur sumra viðskiptabanka mjög í Seðlabanka. Sem betur fer tókst að jafna þetta *þegar leið á árið svo að jöfnuður var fenginn um áramót*. Nú hefur þróun mála að undanförnu verið sú, að innlán í bönkum og sparisjóðum hafa aukist verulega hina síðustu mánuði, hlutfallslega talsvert meira en á sama tíma í fyrra. Þetta er vissulega góðs viti og stefnir í rétta átt. Það hefur verið mikilvægur þáttur í efnahagsstefnu ríkisstj. að leita allra ráða til þess að auka sparifjármyndun í landinu. Það er nú svo komið, að t. d. á þrem fyrstu mánuðum þessa árs jukust innlán um 19%, en á sama tíma í fyrra um 16%. Þær spár, sem liggja nú fyrir um þróun innlána á þessu ári í hlutfalli við þjóðarframleiðslu, eru mjög hagstæðar. Eins og kunnugt er hefur á undanförnum árum mjög dregið úr hluta innlána- og sparifjármyndunar miðað við þjóðarframleiðsluna. Spár þeirra stofnana, sem hér eiga hlut að máli, eru nú á þá lund, að innlán verði á þessu ári um 26% af þjóðarframleiðslu. Er það hæsta hlutfall sem hér hefur verið í sjö ár. Þegar svo skammt er liðið á ár eins og nú er tökum við að sjálfsögðu þessum spám stofnananna með fyrirvara. En *þannig horfa þessi mál við nú*.

Vitanlega kynni svo að fara, ef þessi hagstæða þróun innlána heldur áfram, að útlán úr bönkum og sparisjóðum yrðu það mikil vegna hins aukna ráðstöfunarfjár þessara stofnana að efnahagsmarkmiðum væri stefnt í hættu og ofþenslu og aukna verðbólgu gæti af leitt. Hér gæti því komið upp varðandi útlánaþróun annað vandamál en á fyrri hluta ársins í fyrra þegar meira var lánað en ráðstöfunarfé nam og peningarnir sóttir í Seðlabankann sem yfirdráttur. Til þess að halda því jafnvægi, sem er nauðsynlegt í þessum efnum, er þessi heimild veitt í þessu frv., að Seðlabanka sé með samþykki ríkisstj. leyft að hækka hlutfall innlánsbindingar ef þörf krefur. Þetta ákvæði frv. er fyrst og fremst hugsað sem stjórntæki til jafnvægis í efnahagsmálum eða peningamálum í þessu *sambandi. En jafnframt er annað haft í huga*. Það er kunnugt, að varðandi afurðalán atvinnuveganna hefur iðnaðurinn löngum talið sig afskiptan og ekki fá sitt hlutfall nándar nærri af afurðalánum miðað við aðra höfuðatvinnuvegi. Hugsunin er, um leið og þessi aukna bindiskylda er sett í lög eða heimiluð, að þá sé samfara þessu meginsjónarmiði, sem ég nefndi, hitt haft í huga, að hluti af hugsanlegri aukinni innlánsbindingu gangi til þess að jafna hlut iðnaðarins í þessu efni.

Árshraði verðbólgunnar hefur verið á fyrstu fjórum mánuðum þessa árs milli 30 og 40%. Endanlegar tölur liggja ekki fyrir fyrr en kauplagsnefnd hefur í næsta mánuði reiknað út og ákvarðað framfærsluvísitöluna. En á sama tíma í fyrra var þessi hraði miklu meiri eða í kringum 60%. Það er því ljóst, að verulegur árangur hefur náðst í baráttunni við verðbólgu í kjölfar efnahagsáætlunar ríkisstj. frá áramótum. Áfram verður unnið eftir þessari áætlun og hvergi hvikað frá markmiðum hennar. Þetta lagafrv. er einn áfangi á þeirri leið.

Ég legg til, herra forseti, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn. Ég vil skýra frá því, að ég hef í gær farið fram á það við þingflokkana og hæstv. forseta Alþingis, að greitt verði fyrir meðferð þessa máls þannig að frv. gæti orðið að lögum eigi síðar en n. k. fimmtudag. Það er von mín, að hv. alþm. taki þessari málaleitun vel.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég vil hefja mál mitt með því að víkja að niðurlagsorðum hæstv. forsrh. þar sem hann greindi frá beiðni sinni til þingflokka og forseta þingsins um að þetta frv. yrði afgreitt fyrir mánaðamótin. Það er skoðun okkar sjálfstæðismanna, að sjálfsagt sé að fjalla um þetta frv. á þinglegan hátt og við munum ekki

bregða fæti fyrir afgreiðslu þess. Hins vegar áskiljum við okkur rétt til þess að afla þeirra upplýsinga og krefjast þeirrar efnismeðferðar frv. sem tilefni gefst til. Og það fer auðvitað mjög eftir því, hve stjórnvöld hafa tilbúin svör við þeim spurningum sem vakna við lestur þessa frv. og grg. þess, hvort unnt er að afgreiða frv. fyrir mánaðamót eða ekki. Reynslan ein fær úr því skorið.

Ég get þó ekki stillt mig um að geta um það og minna á að við þm. stjórnarandstöðunnar höfum s. l. fjóra mánuði, allt frá því að brbl. voru sett á gamlársdag s. l., spurt um hvað ætti að taka við 1. maí, en það var sá dagur sem að var stefnt í öllum ákvæðum brbl. Ekki var tjaldað til langrar nætur með þeim lögum. Hæstv. ráðherrum og forsvarsmönnum ríkisstj. hefur orðið svarafátt. Þeir hafa sagt að þessi mál væru í athugun og þau mundu verða upplýst þegar tími væri til kominn. Það, sem hefur vafist fyrir hæstv. ráðherrum og ríkisstj. og stjórnarsinnum í fjóra mánuði, er svo ætlast til að stjórnarandstaðan stimpli á rúmum tveim sólarhringum. Auðvitað eru þetta út af fyrir sig ekki þingleg vinnubrögð. Þetta eru vinnubrögð sem bera vitni um ráðleysi, úrræðaleysi hæstv. ríkisstj. og ráðh. umfram allt, en þeir hafa sofið á verðinum í fjóra mánuði, og nota ég það orðalag að gefnu tilefni forseta ASÍ í Morgunpósti í morgun þar sem hann áminnti ríkisstj. að sofna ekki eftir hver vísitölumánaðamót án þess að aðhafast eitt eða neitt í verðbólgumálum.

Þegar þetta frv. er lesið má í raun og veru segja að í 1. gr. þess sé um það að ræða að framlengja verðstöðvun þá sem sett var í brbl. Verðstöðvunarákvæði það var auðvitað ástæðulaust af því að heimildir voru til í lögum um verðstöðvun. Við höfum búið við verðstöðvun í meira en heilan áratug svo að það þurfti ekki að afla neinnar frekari heimildar um verðstöðvun eins og gert var með útgáfu brbl. á gamlársdag. Spurningin er sú, hvort breytt fyrirkomulag á verðstöðvun samkv. frv. því, sem nú er hér til umræðu, sé efnisbreyting. Að mínu áliti er svo ekki. Ef nokkuð er, þá er hér um herðingu verðstöðvunar að ræða og ætlunin að hún verði framkvæmd með langtum harðsvíraðri hætti en þó hefur orðið raun síðustu fjóra mánuði eða áður þann áratug sem verðstöðvun hefur verið í gildi.

Hæstv. forsrh. gerði því að vísu skóna að þessi verðstöðvun síðustu fjóra mánuði hefði orðið til mikils gagns og stöðvað verðhækkanir. Ég vil minna á að þessi verðstöðvun hefur í raun og veru ekki borið nafn með rentu. Þvert á móti hafa verðhækkanir flætt yfir. Og það sem verra er, bak við þá stíflu, sem þetta ákvæði kann að hafa byggt að einhverju leyti, bíða fjölmargar verðhækkanir sem óhjákvæmilegt er að taka til afgreiðslu, þannig að ljóst er að verðbólgualdan er í fullum gangi. Það kemur og fram í ummælum sem höfð eru eftir hæstv. heilbr.- og félmrh. Svavari Gestssyni í Morgunblaðinu í morgun, en þar segir svo:

„Um árabil hefur verið verðstöðvun í landinu, en samt sem áður hefur það verið rangnefni. Verðstöðvun hefur verið óvenjulega ströng undanfarið, en við viðurkennum að hækkana er þörf á slíkum verðþenslutímum sem við búum við. Það þýðir ekki að loka augunum fyrir því."

Þetta voru orð hæstv. heilbr.- og félmrh. Svavars Gestssonar sem að þessu leyti sýnist vera raunsærri en hæstv. forsrh.

Ég varpaði fram þeirri spurningu hvort tilhögun verðstöðvunar samkv. þessum lögum væri til bóta eða ekki og hvað væri í raun og veru fólgið í þeirri tilhögun. Það er í fyrsta lagi sagt að ekki megi hækka verð vöru eða þjónustu eða endurgjald fyrir afnot af fasteign eða lausafé nema brýn nauðsyn krefji og með samþykki réttra yfirvalda. Nú er auðvitað spurning hvað rétt yfirvöld telja brýna nauðsyn. Við höfum í lögum um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, með þeirri breytingu sem gerð var á þeim lögum með svokölluðum Ólafslögum, nr. 13 frá 1979, þetta ákvæði í 12. gr.:

„Verðákvarðanir skulu miðaðar við afkomu fyrirtækja sem rekin eru á tæknilega og fjárhagslega hagkvæman hátt og nýta eðlilega afkastagetu."

Meiri er nú leiðbeiningin ekki, enda var frekari leiðbeining um hvernig túlka skyldi þetta ákvæði numin úr gildi þegar vinstri stjórn Ólafs Jóhannessonar tók við völdum, og hefur það ákvæði ekki verið sett inn í lög að nýju sem var í 12. gr. laga um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti sem sett voru vorið 1978, 16. maí 1978. En þar var enn fremur komist svo að orði:

„Verð og álagningu má ekki ákvarða lægri en svo að fyrirtæki þeirrar tegundar, er í 1. málsgrein getur", — þ. e. fyrirtæki sem rekin eru á tæknilega og fjárhagslega hagkvæman hátt og nýta eðlilega afkastagetu, að slík fyrirtæki, — „fái greiddan nauðsynlegan kostnað við innkaup eða endurinnkaup vöru, framleiðslu, aðflutning, sölu, flutning ásamt afskriftum svo og sanngjarnan hreinan hagnað þegar tekið er tillit til áhættunnar við framleiðslu vörunnar og sölu."

Þótt þessi viðbótarskýring hafi verið felld úr lögum, þá er leiðbeiningin: „að verðákvarðanir skuli miðaðar við afkomu fyrirtækja sem rekin eru á tæknilega og fjárhagslega hagkvæman hátt og nýta eðlilega afkastagetu" — enn til og það verður að líta svo á, hvað sem hefur liðið framkvæmd verðstöðvunar síðustu fjóra mánuði og raunar um lengri tíma, að það sé skylda að taka til greina verðhækkunarbeiðnir slíkra fyrirtækja og í því felist skilgreining á því, hvað teljist brýn nauðsyn.

En þar með er ekki öll sagan sögð. Samkvæmt orðalagi 1. gr. þess frv., er við ræðum nú, er sagt: „Miða skal verðlagsákvarðanir við ársfjórðungsleg meginmarkmið í verðlagsmálum sem ríkisstj. ákveður á hverjum tíma."

Nú vakna upp í minni manna ákvæði í stjórnarsáttmála núv. hæstv. ríkisstj. sem framsóknarmenn hafa einkum eignað sér. Það eru svokölluð niðurtalningarákvæði. En það er raunar þess virði að rifja upp nokkur ákvæði í verðlagsmálakafla þeirrar stjórnar sem settist að völdum fyrir nær fimmtán mánuðum. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Til þess að draga úr verðbólgu verði beitt eftirgreindum ráðstöfunum í verðlagsmálum:

1. Verðhækkunum á þeim vörum og þjónustu, sem verðlagsráð fjallar um, verði sett eftirgreind efri mörk ársfjórðungslega á árinu 1980: Til 1. maí skulu mörkin vera 8%, til 1. ágúst 7% og loks til 1. nóv. 5%. Á árinu 1981 verði ákveðin tímasett mörk í samræmi við markmið um hjöðnun verðbólgu. Um verðhækkanir af erlendum uppruna, sem ekki rúmast innan ofangreindra marka að mati verðlagsráðs, setur ríkisstj. sérstakar reglur. Þessar sérstöku reglur hafi ekki áhrif á gildandi ákvæði um útreikning kaupgjaldsvísitölu.

2. Verðhækkanir á búvöru fylgi sams konar reglum, enda verði niðurgreiðslur ákveðnar sem fast hlutfall af útsöluverði árin 1980 og 1981.

3. Fyrir maí/júní 1980 skulu afgreiddar sérstaklega hækkunarbeiðnir fyrirtækja og stofnana sem nauðsynlegar kunna að teljast til þess að verðbreytingar slíkra aðila geti síðan fallið innan þess ramma sem framangreind mörk setja."

Það er ástæðulaust að rifja upp frekari ákvæði í stjórnarsáttmálanum varðandi verðlagsmál, en því frekari ástæða til að benda á hvernig farið hefur um efndir þessa verðlagsmálakafla, en í kjölfar hans voru samþykkt fjárlög sem gengu út frá verðbólguhækkun um 30% á síðasta ári eða rétt rúmlega það. Menn vita að það var ekki staðið við þessa niðurtalningu og að í stað þess að vera 30% eða þar um bil var verðbólgan tvöfalt meiri eða nærfellt 60%, sú sama og hafði verið árið áður. Og það er ákaflega merkilegt rannsóknarefni, svo að það orðalag sé notað, að kanna hvernig á því stendur, að mesta verðbólga, sem um getur í Íslandssögunni, að því er ég held, á sér stað í kjölfar verðstöðvunar, verðstöðvunar sem sett var fyrst á í lok ársins 1978 og ítrekuð að vissu leyti með lögum nr. 13 frá 1979 og enn ítrekuð með brbl. á gamlársdegi s. l.

Sannleikurinn er sá, að þessi saga, þessi verðbólgusaga síðustu tveggja ára færir mönnum heim sanninn um að verðstöðvun er ekkert nema nafnið tómt, að það er tilgangslaust að setja í lög að ekki megi hækka verð á vöru eða þjónustu ef rætur verðbólgumeinsins eru til, eins og verið hefur einkum og sér í lagi þegar vinstri stjórnir ráða ríkjum hér á landi.

En við munum það líka, að í kjölfar verðlagskafla stjórnarsáttmálans var gerð tilraun til þess af hálfu ríkisstj. að setja reglugerð þar sem ákveðnar yrðu ársfjórðungslegar hækkunarviðmiðanir. En ríkisstj. gafst upp á útgáfu þeirrar reglugerðar vegna þess að verðlagsráð m. a. og ýmsir góðir menn bentu ríkisstj. á að hún hefði ekki stoð í lögum fyrir útgáfu slíkrar reglugerðar. Og sannleikurinn er auðvitað sá, að það er ekki unnt fyrir ríkisstj. að setja slík meginmarkmið nema brjóta í bága við þá reglu, að miða skuli verðhækkunarbeiðnir við afkomu vel rekinna fyrirtækja.

Það kann að vera tilgangurinn með þessu ákvæði 1. gr. frv. að afla lagaheimildar sem reglugerðarútgáfa byggist á. En þá er líka ástæða til að spyrja og það er ástæða til að krefjast svars við þeirri spurningu: Hvaða ársfjórðungsleg meginmarkmið í verðlagsmálum hefur ríkisstj. ákveðið eða hefur í huga á þessu stigi málsins?

Ríkisstj. hefur haft nægilegan tíma til þess að glöggva sig á því máli. Hún setti slík ársfjórðungsleg mörk á s. l. ári sem hún stóð ekki við. Hún boðaði í efnahagsáætlun sinni á gamlársdag að slík tímamörk og viðmiðunarmörk yrðu sett á næstu mánuðum. Og raunar boðaði hún í stjórnarsáttmála að það yrði gert tímanlega fyrir árið 1981. Hæstv. ríkisstj. getur ekki afsakað sig með því, að hún hafi ekki gert sér þessa grein. Og það verður að krefjast þess, að svar við þessari spurningu sé fyrir hendi áður en þessi lagaheimild er veitt.

Það er svo efni 1. gr., að leyfi til verðhækkana innan þeirra marka, sem ríkisstj. setur hverju sinni, tekur gildi með samþykkt viðkomandi verðlagsyfirvalda og staðfestingu viðskrh. Nú er auðvitað með þessum hætti verið að taka vald úr hendi verðlagsráðs og samkeppnisnefndar í raun samkvæmt lögum, þar sem hendur þeirra eru bundnar hvað sem líður afkomu vel rekinna fyrirtækja. Og það er í raun og veru bæði snuð og svipa sem sett er í og á hæstv. viðskrh. með þessu ákvæði, að hann megi stimpla verðhækkanir innan vissra takmarka, til þess væntanlega að félagar hans í Alþb. geti kennt honum um of miklar hækkanir innan þeirrar viðmiðunar sem e. t. v. verður sett. Og hins vegar er svipan sett á hæstv. viðskrh. af hálfu Alþb.-manna með því að treysta honum ekki fyrir þessari staðfestingu alfarið, heldur áskilja ríkisstj. þann rétt ef undantekningar eru gerðar og hækkanir leyfðar umfram það sem viðmiðunarmörkin segja til um. Og þar hefur, eins og kunnugt er, Alþb. neitunarvald samkvæmt þeim samningi sem gerður hefur verið og nú er opinber orðinn um neitunarvald eins stjórnaraðila varðandi afgreiðslu mála.

Það er ljóst að í 1. gr. er heimild til þess að sitja á rökstuddum verðhækkunarbeiðnum í trássi við önnur ákvæði laga og umfram allt í trássi við stjórnarskrárákvæði. Og miðað við reynslu af framkvæmd verðstöðvunar, t. d. síðustu mánuði, felst það þar í, að um eignaupptöku getur verið að ræða. Það er ekki að furða þótt Alþb.-menn — kommúnistar — standi að slíkri lagasetningu sem þessari sem veikir rekstur fyrirtækja og atvinnuvegina í landinu og færir völd yfir verðlagi og afkomu þeirra til stjórnvalda. Það er ekki nema von að kommúnistar velji sér slíka leið. Það hafa þeir gert bæði meðal vestrænna ríkja, þar sem þeir hafa nú að vísu yfirleitt ekki nein áhrif, en einkum í ríkjum austan tjalds, með þeirri afleiðingu sem við sjáum í Póllandi og annars staðar, í þeim ríkjum sem njóta „náðarsólar" sólsíalismans.

Það er svo rétt að víkja að því, að í 2. gr. þessa frv. er farin algjörlega ný leið varðandi framkvæmd fyrirmæla verðlagsyfirvalda, þar sem verðlagsyfirvöldum er heimilt að krefjast þess, að fógeti leggi lögbann við byrjuðu eða yfirvofandi broti á fyrirmælum verðlagsyfirvalda, og beinlínis tekið fram að ákvæði III. kafla laga nr. 18 frá 22. mars 1949, um kyrrsetningu og lögbann, taki og til lögbanns samkvæmt þessari grein eftir því sem við á.

Það er fróðlegt að glöggva sig á því, hvað felst í þessum III. kafla lögbannslaganna. Í þessum III. kafla laganna um kyrrsetningu og lögbann eru einkum ákvæði um réttarfar og framkvæmd kyrrsetningar og lögbanns. Vísað er til ákvæða í lögunum um skilyrði fyrir tryggingum gerðarbeiðanda, vörslusviptingu vegna kyrrsetningar, varðveisluskyldu gerðarþola á kyrrsettum munum og skyldu gerðarbeiðanda til málshöfðunar innan viku frá því að það var lagt á. Í 26. gr. laganna, sem er fyrsta gr. III. kafla, segir:

„Lögbann má leggja við byrjaðri eða yfirvofandi athöfn einstaklings eða fyrirsvarsmanns félags eða stofnunar er raskar eða raska mundi með ólögmætum hætti rétti gerðarbeiðanda."

Seinni hluti 26. gr. er svohljóðandi:

„Við athöfn þeirra, er fara með framkvæmdavald ríkis eða sveitarfélaga, má undir sama skilorði beita lögbanni ef athöfn varðar meðferð einstaklingsréttinda eða banna skal athöfn í þágu einstaks manns, enda eigi dómstólar úrlausn málsins eða telja má aðila fara út fyrir valdsvið sitt."

Fyrri mgr. greinarinnar er hin hefðbundna skilgreining á lögbanni og upptalning þeirra skilyrða sem vera þurfa fyrir hendi til þess að lögbanni verði beitt. Í fyrsta lagi þarf að vera um að ræða byrjaða eða yfirvofandi athöfn einstaklings eða fyrirsvarsmanns félags eða stofnunar. Í öðru lagi verður þessi athöfn þegar að hafa raskað eða vera líkleg til að raska með ólögmætum hætti rétti

gerðarbeiðanda. Við úrlausn dómstóla í sambandi við réttmæti lögbanns eru vanalega tveir síðasttöldu þættirnir, ólögmæti athafnarinnar og réttur gerðarbeiðanda, úrslitaatriði. Í staðfestingu á máli því, sem höfða þarf vegna lögbannsins, er síðan skorið úr um hvort gerðarbeiðandi hafi átt rétt sem raskað hafi verið með ólögmætum hætti af gerðarþola.

Í 30. gr. III. kaflans segir:

„Skylt er lögreglumönnum að veita aðstoð sína til þess að halda uppi lögbanni, enda er þeim rétt að beita valdi því til varnar ef með þarf."

Hér er sem sagt farið inn á leið fógetagerða og lögregluaðgerða. Hér er farið hættulega inn á leið lögregluríkis og vakna ýmsar spurningar varðandi slíka framkvæmd. Ekki er t. d. ljóst hvort fógetar hafa úrskurðarvald um það, hvort efnisskilyrðum hafi verið fullnægt við ákvörðun verðákvörðunar. Og ef svo er ekki, þá er beinlínis engin vörn fyrir þá sem eiga undir högg að sækja hjá verðlagsyfirvöldum, heldur er hér enn verið að fylgja eftir eignaupptöku í trássi við stjórnarskrá okkar.

Eignarrétturinn er án efa einhver mikilvægasti réttur þar sem hann er ekki eingöngu forsenda fyrir fjárhagslegu sjálfstæði, heldur og, eins og reynslan sýnir meðal annarra þjóða, forsenda fyrir andlegu frelsi og lýðræði og þingræði í landinu. Það er ekki nema von að kommúnistar eða Alþb.-menn vilji eignarréttinn feigan og þrengi að honum á alla vegu. Hins vegar vekur það mikla undrun, svo ekki sé sterkar að orði kveðið, að eignarréttarmenn eins og sjálfstæðismenn og framsóknarmenn láti hafa sig að verkfæri kommúnista í þessu skyni: að grafa undan eignarrétti og þar með lýðræði í landinu.

Hér er um nýmæli að ræða, að því er ég hygg, hvað réttarfar verðlagsmála snertir. Ég bendi á að nú er í lögum gert ráð fyrir því, að með verðlagsmál verði farið að hætti opinberra mála. Við brotum á verðlagslögum og ákvæðum laga þar að lútandi liggja bæði sektir ug upptaka ólöglegs ágóða. Það má og beita varðhaldi eða fangelsi. Talað er um að hraða skuli eftir föngum meðferð mála vegna brota á lögum þessum — og frekari aðgerða ætti ekki að vera þörf. Sannleikurinn er sá að lögbannsaðgerðir eru fyrst og fremst réttlættar með því, að vernda þurfi rétt sem ella færi forgörðum ef ekki væri aðhafst í tíma. En í verðlagsmálum er ljóst að réttur hins opinbera fer ekki forgörðum þótt nokkra daga eða vikur lengur taki að afgreiða þau mál fyrir dómstólum. Þess vegna er hér um fordæmi að ræða í 2. gr. sem er mjög vítavert og hættulegt og leiðir okkur inn á braut lögregluríkis. Við því verður að vara. Ég trúi ekki fyrr en ég tek á að slíku ákvæði fylgi nokkrir þeir menn sem aðhyllst hafa hugsjón sjálfstæðisstefnunnar.

Í 3. gr. þessa frv. til laga um verðlagsaðhald, lækkun vörugjalds og bindiskyldu innlánsstofnana er fjallað um vörugjaldið. Það er grátkómískur skemmtiþáttur og hörmungarsaga. Þar er talað um að lækka vörugjald á gosdrykkjum úr 30% í 17%. Hv. þm. er kunnugt um hver forsaga þessa máls er. Hæstv. ríkisstj. var það mikið kappsmál í desember að breyta gjaldi af öli og gosdrykkjum og sælgæti í verðgjald í staðinn fyrir að áður var um magngjald að ræða og notaði tækifærið til að margfalda þessa gjaldtöku í leiðinni. Það var sögulegt hvernig þetta gjald var afgreitt hér á þingi. Hv. þm. sátu sumir hjá og greiddu aðrir atkvæði með þessu gegn sannfæringu sinni, að eigin sögn, og gáfu á því ýmsar miður virðulegar skýringar sem ekki voru þeim til vegsauka, eins og að þeir hefðu náð kaupum á öðrum vettvangi og hefðu þar af leiðandi ákveðið að greiða atkvæði gegn sannfæringu sinni.

Fyrir Alþingi liggur nú frv. til l. um þessi mál, flutt af þremur stjórnarþingmönnum, sem ekki hefur fengið afgreiðslu. En bersýnilega er þessi breyting í frv. um lækkun gosdrykkjagjaldsins flutt af því í og með að óbreytt gjald nýtur ekki lengur meirihlutafylgis í þinginu, og er það út af fyrir sig vel, vegna þess að hér er auðvitað um stefnu ríkisstj. að ræða sem hefur beðið skipbrot. Má þetta raunar verða nokkur lexía fyrir ríkisstj. og aðvörun varðandi stefnu hennar á öðrum sviðum, eins og t. d. almennt hvað snertir skattheimtu í landinu.

Það var auðvitað röksemd fyrir gjaldtökunni í desember að magngjald hefði reynst ótryggur tekjustofn fyrir ríkissjóð af því það fylgdi ekki verðlagsbreytingum og það þyrfti að auka tekjur ríkissjóðs. En sannleikurinn var sá, að með 30% hækkun á gjaldi af öli og gosdrykkjum dróst sala á öli og gosdrykkjum saman um 20—27%, þannig að vonir um auknar tekjur í ríkissjóð brugðust. Og það er dæmi um það, að hægt er að spenna bogann svo hátt að hann bresti, að tekjustofnar ríkisins bresti. Á þetta ekki eingöngu við um gjaldtöku af öli og gosdrykkjum heldur og um aðra skattheimtu, eins og t. d. tekju- og eignarskattsheimtu af einstaklingum. Það eru þau mörk þar sem tekjuöflun einstaklinga og sparnaðarvilji þeirra stöðvast ef hið opinbera teygir sig of langt ofan í vasa einstaklinga. Og með sama hætti er hægt að ofbjóða neytendum með hækkun óbeinna skatta. Sannleikurinn er sá, að af öli og gosdrykkjum er greitt vörugjald 15%, 24% sérstakt tímabundið vörugjald og söluskattur 23.5%, þannig að söluminnkun má ekki vera mikil án þess að tekjur ríkisins skerðist verulega. Þarna eru auðvitað mörk, eins og varðandi aðra skattheimtu, sem segja til um hvenær búast megi við í bráð og lengd mestum tekjumöguleikum fyrir hið opinbera um leið og skattþoli landsmanna, einstaklinga og neytenda, er ekki ofboðið. Það er þess vegna ástæða til þess að minna á það — líka vegna þess að nú er fyrir höndum afgreiðsla á skattalagafrv. hér á Alþingi á næstu dögum sem gerir ráð fyrir mjög mikilli skattaíþyngingu þeirra sem hafa tekjur yfir 9—10 millj. gkr. á síðasta ári — að slík skattaíþyngingu verður til þess að þeir menn leggja minna á sig og skapa minni verðmæti þjóðarheildinni til handa.

Ég skýt því hér inn að ég las um það í blaði um daginn, ég held að það hafi verið í Tímanum, að um helmingur verkamanna hefði á síðasta ári 12 millj. kr. í árstekjur eða meira. Það er alveg ljóst, að þessir menn verða fyrir verulegri skattaíþyngingu, og þeir og aðrir, sem hafa hærri tekjur eða jafnháar, munu draga við sig að afla í þjóðarbúið ef svo heldur fram sem horfir. Þar verður alveg sama reynslan og verið hefur varðandi tekjuvon ríkissjóðs í vörugjaldi af öli og gosdrykkjum. En með þessu er ekki öll sagan sögð varðandi þetta vörugjald og það ævintýri sem hæstv. ríkisstj. lagði út í með desemberfrv. sínu sem hún nú verður að draga til baka að nokkru leyti. Af þessu hefur leitt að allri yfirvinnu hefur verið hætt í verksmiðjunum og þar með dregið úr tekjum 350—400 starfsmanna. 60 manns hefur verið sagt upp í einu fyrirtæki, en framkvæmd frestað til 1. maí, og atvinnuöryggi annarra er ótryggt. Verðhækkunin hefur farið í vísitöluna og hækkað þar með allan launakostnað

í landinu og unnið þar með gegn því sem að öðru leyti kann að hafa verið ætlunin að áynnist í baráttunni gegn verðbólgunni.

Ég vík þá að efni 4. gr. frv. þar sem ríkisstj. er heimilað að lækka ríkisútgjöld, þar með talin lögbundin framlög, um allt að 31 millj. kr. Þetta er út af fyrir sig góðra gjalda vert. En þetta ákvæði er dæmigert um handarbaka-vinnubrögð hæstv. ríkisstj. Auðvitað átti hún að standa að afgreiðslu fjárlaga með mun minni hækkun á milli ára en raun varð á. En hækkunin varð meiri en vaxandi verðbólga gaf tilefni til. Í fjárlögunum skilst mér að sé heimild fyrir 30 millj. kr. niðurskurði og hér fyrir 31 millj. kr. niðurskurði og í brbl. er komist svo að orði í 7. gr.: „Ríkisstj. er heimilt að fresta framkvæmdum þrátt fyrir ákvæði fjárlaga fyrir árið 1981, sem þar er gert ráð fyrir eða í lánsfjáráætlun fyrir sama ár, telji hún það nauðsynlegt. Tekur þetta einnig til fjárlagaliða sem jafnframt eru ákveðnir með öðrum lögum en fjárlögum."

Nú er okkur sagt, síðast af hæstv. forsrh., að hér sé um sjálfstæðar heimildir að ræða sem bætist hver við aðra. Þá má spyrja í fyrsta lagi: Af hverju afgreiddi ríkisstj. ekki fjárlög lægri en raun ber vitni? Í öðru lagi: Af hverju ákvað ríkisstj. í þeim fjárlögum heimildargrein til lækkunar þeirra með hærri upphæð en raun ber vitni? Af hverju var þörf á því í brbl. að óska eftir heimild til að fresta framkvæmdum samkv. fjárlögum, sem höfðu verið afgreidd vikunni áður, og samkv. lánsfjáráætlun sem þá var ekki þegar afgreidd? Hvar sér þess stað í afgreiddri lánsfjáráætlun fyrir nokkrum dögum eða lánsfjárlögum fyrir nokkrum dögum að ríkisstj. hyggist nota sér slíkar lækkunarheimildir? Og loks: Hvaða vinnubrögð eru það að koma svo viku eftir afgreiðslu lánsfjárlaga með þetta ákvæði í frv. til laga um verðlagsaðhald, lækkun vörugjalds og bindiskyldu innlánsstofnana? Vissulega er það góðra gjalda vert ef ríkisstj. hyggst í raun og veru nýta þessar heimildir. En þessi vinnubrögð, sem ég hér hef rakið, eru ekki til þess fallin að menn treysti því að ríkisstj. muni nýta þessar heimildir. Og ég vek athygli á því, að nú er liðinn um það bil þriðjungur ársins og flestir rekstraraðilar í þjóðfélaginu, þ. á m. opinberar stofnanir, hvort heldur með sjálfstæðan fjárhag eða bundinn fjárhag í A-hluta fjárlaganna eða fjárfestingarlánasjóðir, hafa gert sínar árlegu áætlanir um ráðstöfun fjármuna og samningsbundið þau útgjöld, svo að það er þröngt um vik fyrir ríkisstj., sem nýtir slík vinnubrögð, að koma þessum heimildum í framkvæmd. Sannleikurinn er sá, að ég hef ekki nokkra trú á því, að ríkisstj. hafi mátt eða dug til þess að nýta þessar heimildir, þar sé raunar um orðin tóm, sýndarmennsku og sjónarspil að ræða. En auðvitað hefði ríkisstj. átt að byrja á því að skera niður ríkisumsvifin og ríkisútgjöldin sem umfram allt annað er rót verðbólguþróunarinnar.

Samkv. 5. gr. þessa frv. er Seðlabanka Íslands heimilt að fengnu samþykki ríkisstj. að ákveða hærri bindiskyldu allra eða einstakra innlánsstofnana á tímabilinu 1. maí til 31. des. 1981. Hér er um mjög athyglisvert ákvæði að ræða, og ég verð að segja það, að öðruvísi mér áður brá. Mér hefði ekki dottið í hug að framsóknarmenn, hvað þá Alþb.-menn, sýndu Seðlabanka Íslands slíkt traust sem þarna er um að ræða. Muna menn nú ekki þegar rætt var um það í Tímanum og Þjóðviljanum að frysta ætti fjármuni landsmanna og lánastofnana í Nordalsíshúsi? Mér þykir vænt um að bæði framsóknarmenn og Alþb.-menn hafa bæst í hóp þeirra sem hafa trú á Seðlabankanum og forsvarsmönnum hans. Ég hef trú á að þeirri stofnun sé vel stjórnað þótt ég sé andvígur því, að of mikið vald sé fært í hendur hennar eða nokkurrar einnar stofnunar. Ég tel að með núgildandi bindiskyldu, sem er 28% af innlánsaukningu, sé allhátt farið, einkum og sér í lagi þegar við það bætist að bankarnir hafa samið um að verja 7% af innlánsaukningu í skuldabréfakaup ríkissjóðs, það er búið að binda 35% af ráðstöfunarfé bankanna. Og þá er e. t. v. ekki of mikið eftir fyrir einstaklinga og atvinnuvegina í landinu. Ég tel raunar að í stað þess að hækka þessa heimild til innlánsbindingar hefði fremur verið ástæða til að fara þá leið að draga úr endurkaupum afurðalána en fela viðskiptabönkunum hærri hlutdeild í þeim, enda er það eðlilegt starfssvið viðskiptabanka og ætti ekki að þurfa millifærslu í gegnum Seðlabanka á hluta af því. Eins og kunnugt er, þá er innlánsbindingin í og með rökstudd með því, að Seðlabankinn endurkaupir afurðalán af viðskiptabönkunum. En hér er látið í veðri vaka að tilgangur með hækkun fjárskuldbindingarinnar sé að hafa betri stjórn á peningamálum. Ég dreg í efa að þar með sé öll sagan sögð eða í raun og veru sannleikanum samkvæmt, vegna þess að það er beinlínis tekið fram að ríkisstj. telji að hluta af aukinni innlánsbindingu eigi að nota til að færa hlutdeild iðnfyrirtækja í rekstrar- og afurðalánum Seðlabankans til samræmis við hliðstæð lán annarra atvinnuvega. Ég minni á í því sambandi að í *efnahagsáætluninni frá því á gamlársdag* er sagt: „Þannig verður hlutdeild iðnfyrirtækja í rekstrar- og afurðalánum Seðlabankans aukin frá ársbyrjun 1981 til samræmis við hliðstæð lán annarra atvinnuvega." En það hefur ekkert verið aðhafst í málinu og í þessari grg. er talað um að ríkisstj. telji að nota eigi hluta af aukinni innlánsbindingu í þessu skyni. Það er veikara orðalag nú í grg. heldur en var í efnahagsáætluninni frá því á gamlársdag þótt hækka eigi innlánsbindinguna. Það er þess vegna ekki von til þess, að ríkisstj. standi frekar við þessi orð sín en önnur.

Það vekur og athygli, að ekki eru fordæmi fyrir því að ákvörðun um hámark bindiskyldunnar sé falin Seðlabanka eða ríkisstj. sem síðan hafi óbundnar hendur í þessu efni. Hér hefur ávallt verið um ákvörðun Alþingis sjálfs að ræða. Ég vek líka athygli á því orðalagi þar sem talað er um að heimildin taki til „að ákveða hærri bindiskyldu allra eða einstakra innlánsstofnana" á tímabilinu til ársloka en kveðið er á um í lögunum. Þarna stingur í augum orðalagið „einstakra innlánsstofnana." Það er sem sagt ætlunin að mismuna innlánsstofnunum í landinu. Ég segi fyrir mitt leyti að ég treysti ekki hæstv. ríkisstj. til þeirrar ákvörðunar. Og ég tel að þessar hugleiðingar um mismunun einstakra lánastofnana séu dæmigerðar um miðstýringu þá sem er í algleymingi á ábyrgð núv. ríkisstj., meiri miðstýringu en dæmi eru til í jafnvel róttækustu — eða réttara sagt: afturhaldssömustu vinstri stjórnum hér á landi fyrr.

Það er svo rétt að vekja athygli á því, að ástæða er til að ætla að raunveruleg orsök fyrir þessari heimild í frvgr. sé nauðsyn ríkisstj. til að fjármagna opinberar framkvæmdir. Lántökur innanlands til opinberra framkvæmda munu samkv. lánsfjáráætlun hækka um 46% eða umfram verðbólgustig, en ekki liggja fyrir samningar um það við lánastofnanir eða lífeyrissjóði hvernig afla skuli þess fjármagns. Hér ætlar ríkisstj. — eins og aðrar vinstri ríkisstjórnir — að fara þá leið að skylda sjóði með lögum til að láta fé sitt af hendi í stað þess að fara hina

frjálsu leið. Við þessu er því varað, ekki síst þegar kunnugt hefur verið gert að ríkisstj. stendur í samningum t. d. við sparisjóði landsmanna um að þeir kaupi ríkissjóðsskuldabréf til að fjármagna opinberar framkvæmdir og m. a. hallarekstur opinberra stofnana fyrir 7% af innlánsaukningu sinni. Sparisjóðirnir hafa talið öll vandkvæði á að fara hærra en í 3% af innlánsaukningu sinni, einkum og sér í lagi með tilvísun til þess, að á þá er leitað um að lána til húseigenda eða íbúðarbyggjenda sem þurfa að fá breytt skammtímalánum sínum í lengri tíma lán, og með því munu sparisjóðirnir vitaskuld umfram aðrar lánastofnanir í landinu binda fé sitt þannig að eðlilegt er að þeir geti ekki staðið undir jafnmiklum kaupum ríkissjóðsbréfa og aðrar lánastofnanir. En með þessum hætti er e. t. v. ætlað að fara bakdyramegin að sparisjóðunum í landinu og getur það haft óheillavænleg áhrif bæði á frjálsa sparifjársöfnun í landinu og á hag húsbyggjenda, unga fólksins sem stendur í því að koma þaki yfir höfuð sér.

Það er ástæða til að vekja enn á ný athygli á því í þessu sambandi, að ríkisstj. er ekki nægilegt að reyna með lagaákvæði og lagaskyldu að ná til sín sparifé landsmanna, því sem þeir hafa þrátt fyrir allt og þrátt fyrir verðbólgu lagt inn í bankana nú í trausti þess að um verðtryggingu sé að ræða, heldur er gert ráð fyrir því samkv. lánsfjáráætlun að lántökur erlendis aukist um yfir 100% frá því sem ætlunin var samkv. síðustu lánsfjáráætlun. Og það er slík erlend lánsfjáraukning sem kyndir verðbólgubálið, þannig að í raun er þetta frv. til laga um verðlagsaðhald, lækkun vörugjalds og bindiskyldu innlánsstofnana ekki framlag í baráttunni gegn verðbólgu. Þvert á móti er þetta frv. fremur til þess fallið, ef að lögum verður, að kynda verðbólgubálið í framtíðinni. Og umfram allt er það til þess fallið að kreppa að atvinnuvegum landsmanna, einstaklingum og heimilum og þeirri verðmætasköpun sem hlýtur umfram allt að verða grundvöllur bættra lífskjara og tæki í baráttunni gegn verðbólgu. Þess vegna vakna auðvitað ýmsar spurningar varðandi þau atriði sem eru ekki heldur í þessu frv. Það hafa að vísu gengið yfirlýsingar ráðh. um ýmsar fyrirætlanir sem ástæða er til að spyrja þá um.

Það er þá fyrst það, að ég vil ítreka spurninguna hver séu þau ársfjórðungsleg meginmarkmið sem miða skal ákvarðanir í verðlagsmálum við? Og ég ítreka að ég tel það að fá svar við þeirri fsp. forsendu þess, að þetta frv. nái fram að ganga í raun. Þá er rétt að spyrja þessu næst: Hverjar eru þær verðhækkunarbeiðnir sem fyrir liggja hjá ríkisstj.? Í þriðja lagi: Hvaða hækkanir ætlar ríkisstj. að leyfa um eða eftir mánaðamót apríl—maí á opinberri þjónustu og á öðrum vörum og þjónustu? Við höfum heyrt að verðhækkunarbeiðnir liggi fyrir, t. d. yfir 30% verðhækkunarbeiðni Sementsverksmiðjunnar, 85% hækkun Áburðarverksmiðjunnar, um 30—40% hækkun Pósts og síma, um 30—40% hækkun Hitaveitu Reykjavíkur og annarra opinberra hitaveitna. Raunar hefur það komið fram á sameiginlegum fundum þm. Reykjavíkur og borgarfulltrúa, að helsta áhyggjuefni borgarfulltrúa í Reykjavík, hvort heldur þeir eru í meiri hluta eða minni hluta, er fjárhagsafkoma borgarfyrirtækjanna, en auk Hitaveitunnar er um að ræða Rafmagnsveitu Reykjavíkur, Hafnarsjóð og Strætisvagna Reykjavíkur, og þessar hækkunarbeiðnir hlaupa á 30—50%. Fleiri slíkar opinberar stofnanir má nefna. Afleiðing þess að horfast ekki í augu við raunverulega tekjuþörf þessara stofnana er annað tveggja, að úr þjónustu þeirra dregur eða þær verða að leita eftir auknum erlendum lánum. Í báðum tilvikum er afleiðingin sú, að verðhækkun þjónustu þeirra verður enn meiri þegar undan verður að láta og að skorti er komið eða afborgunum af erlendum lánum.

Þá er ástæða til að spyrja hæstv. ráðh., auk þess sem sérstaklega er spurt um hækkanir opinberra stofnana, hvernig ætlunin sé að fara með hækkunarbeiðnir Flugleiða vegna innanlandsflugs, steypustöðvanna, skipafélaganna. Það getur vel verið að forsvarsmenn ríkisstj. komi hér á eftir og finni að þessum spurningum, að talsmaður stjórnarandstöðunnar sé að espa upp hækkunarbeiðnir og gleðjast yfir slíkum hækkunarbeiðnum. Það er eins og ég hafi lesið eitthvað því um líkt í stjórnarblöðunum. En sannleikurinn er sá, að það er skylda stjórnarandstöðunnar — og raunar skylda stjórnarsinna — að gera sér grein fyrir raunverulegum hækkunartilefnum sem eru orðin að veruleika og ekki verður fram hjá gengið. Annað er að þora ekki að horfast í augu við vandamálin, en án þess verða þau ekki heldur leyst.

Ég vil sérstaklega í tilefni af hækkunarþörf Áburðarverksmiðjunnar og þeim hækkunum á aðföngum í landbúnaði, sem sú hækkunarþörf ber vitni um, spyrja hæstv. ráðh. hvernig ætlunin er að fara með verðhækkunarþörf í sambandi við landbúnaðarvörur. Ég hef það fyrir satt að landbúnaðarvörur muni hækka í útsölu um 20% 1. júní n. k. Hæstv. samgrh. hefur látið hafa það eftir sér, að ætlunin væri að auka niðurgreiðslur á landbúnaðarvörum sem svarar ½% í framfærsluvísitölu, en það er alls ekki nægilegt til að vega upp á móti þessari hækkun. Því er meiningin bersýnilega að auka niðurgreiðslurnar um þessi mánaðamót, sem leiddi af sér smávægilega verðlækkun landbúnaðarvara, en láta svo um eða yfir 20% verðhækkun landbúnaðarvara flæða yfir landsmenn þegar þeir fá ekki nema 8% verðbætur á laun.

Þá er ástæða til að spyrja að gefnu tilefni, þar sem sagt er að halda skuli genginu föstu í einn mánuð, hver ætlunin sé þegar verðbætur á laun hækka, þó ekki sé um nema 8%, með tilsvarandi hækkun fiskverðs og þegar áorðnum öðrum kostnaðarhækkunum í fiskvinnslu, — hver sé þá ætlunin varðandi stefnuna í gengismálum. Ég hef það fyrir satt, að það sé útilokað annað en að gengislækkun verði á millibilinu 6—10% þegar upp úr öðrum mánaðamótum eða 1. júní og þá mun verðbólguhjólið áfram snúast og það mun fá aukið eldsneyti með afgreiðslu þeirra verðhækkana sem safnast hafa upp á því falska verðstöðvunartímabili undanfarinna fjögurra mánuða, í kjölfar brbl. á gamlárskvöld, sem auðvitað voru ekkert annað en sýndarmennska og sjónarspil, eins og raunar það frv. sem við hér ræðum. En það frv., sem við hér ræðum, er ekki eingöngu sjónarspil og sýndarmennska, heldur og stórskaðlegt og til þess fallið að vinna gegn því, að við náum þeim markmiðum sem við segjumst allir vilja, þ. e. að vinna bug á verðbólgunni.

Ég held að áratugsreynsla ætti að vera nægilega löng og sár til þess að við gerðum okkur grein fyrir því, að leiðin til lækkunar verðlags er ekki verðstöðvun, leiðin til lækkunar verðlags er aukin samkeppni og frjáls verðmyndun. Það tók okkur sjálfstæðismenn að vísu fjögur ár, á árunum 1974—1978, að fá þáv. samstarfsflokk okkar, Framsfl., til að samþykkja lög um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti þar sem í 8. gr. var gert ráð fyrir að frjáls verðmyndun væri þar sem

samkeppni væri fyrir hendi. Og ég hygg að bæði slæm reynsla okkar Íslendinga af verðstöðvun og verðlagshöftum og góð reynsla annarra þjóða af frjálsri verðmyndun og samkeppni sé slík, að eindregið bendi til þess, að við eigum að leiða í lög aftur þau ákvæði sem samþykkt voru hér á þingi vorið 1978. Fyrr verður ekki unnt að ráða niðurlögum verðbólgunnar. Fyrr verður ekki heldur unnt að auka verðmætasköpunina í þjóðfélaginu, brjóta nýjar leiðir atvinnuveganna til betra og farsælla lífs hér á landi.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég held að það hafi verið um miðjan dag í gær eða rétt eftir að þingfundur hófst sem hæstv. forsrh. óskaði eftir fundi með forsetum Alþingis og formönnum þingflokka. Erindi hæstv. forsrh. *við okkur formenn þingflokka var m. a.* að kynna fyrir okkur frv. það, sem síðar var lagt fram á Alþingi og hér er til meðferðar, og óska eftir að við greiddum fyrir því, að þetta frv. gæti fengið hraða afgreiðslu í gegnum þingið. Um miðjan dag í gær heyrðum við stjórnarandstæðingar eða sáum í fyrsta skipti stafkrók af þessu frv. Ég kom ósk hæstv. forsrh. á framfæri við þingflokk Alþfl. á þingflokksfundi í gær og þar var hún rædd. Niðurstaða okkar þingmanna Alþfl. er sú að við munum ekkert gera, hvorki hér í þingdeildum né á fundum fjh.- og viðskn. þingsins, sem þetta mál fá í hendur, til þess að tefja eða draga á langinn afgreiðslu þessa máls og munum líta jákvæðum augum á ósk hæstv. ríkisstj. Til þess að tryggja að frv. þetta fái þá afgreiðslu, sem ríkisstj. óskar eftir, þarf að sjálfsögðu að gefa Alþingi og þá ekki síst stjórnarandstöðunni, sem er að koma ný að þessum málum, ýmsar upplýsingar. Og hæstv. ríkisstj. getur greitt sjálf fyrir því, að málið fái fljóta afgreiðslu, með því að veita okkur stjórnarandstæðingum þessar upplýsingar hið fyrsta. Hæstv. forsrh. getur til að mynda greitt mjög fyrir afgreiðslu málsins með því að veita við þessar umr. nú svör við ýmsum spurningum sem okkur leikur hugur á að fá svar við og varða frv. þetta. Geti hæstv. forsrh. veitt slíkar upplýsingar mun það greiða að sama skapi mjög fyrir afgreiðslu málsins. Ella, ef hæstv. forsrh. getur ekki veitt þau svör, verðum við að sjálfsögðu að leita eftir þeim á fundi fjh.- og viðskn. þingsins.

Hæstv. ráðherrar hafa sjálfir orðið þess valdandi að ýmsar þessar spurningar hafa vaknað. Þótt frv. það, sem hér hefur verið lagt fram, sé árangurinn af samfelldu starfi tíu ráðh. í núv. hæstv. ríkisstj. og sé því byggt á eitt hundrað dagsverkum, hvorki meira né minna, þá eru það fleiri spurningar, sem þetta eitt hundrað dagsverka starf vekur, heldur en það svarar. Hæstv. ráðherrar hafa nú upp á síðkastið látið ýmislegt það eftir sér hafa sem nauðsynlegt er að fá frekar upplýst þegar frv. þetta verður hér til afgreiðslu á Alþingi.

Ég vil leyfa mér að vitna til viðtala við formann Framsfl., hæstv. sjútvrh. Steingrím Hermannsson, í Tímanum og Morgunblaðinu í morgun. Þar fullyrðir hæstv. ráðh. að frv. það, sem hér er á ferðinni, sé aðeins upphafið að aðgerðum sem ríkisstj. muni grípa til, að því er manni skilst, á allra næstu dögum. Kemst maður ekki hjá því, eftir að hafa fengið slíkar fréttir frá hæstv. ráðh. og formanni Framsfl., að óska nokkuð nákvæmra upplýsinga um það sem þar er sagt. T. d. segir hæstv. ráðh. í viðtali við dagblaðið Tímann, orðrétt, með leyfi forseta:

„Við töldum mikilvægt að halda næstu vísitöluhækkun innan 8% markanna og með aðgerðum, sem eru í undirbúningi, þ. á m. aukningu niðurgreiðslna sem nemur 0.5% í vísitölu, þá þurfti ekki meira til eins og stendur."

Þetta hlýtur að vekja þá spurningu, hvort hæstv. ríkisstj. hafi tekið um það ákvörðun að halda næstu vísitöluhækkun innan 8% markanna, eins og hæstv. sjútvrh. ræðir um í viðtali við Tímann í morgun. Sé ekki svo, hverjir eru þá þessir „við" sem hafa tekið þá ákvörðun sem hæstv. ráðh. lætur getið í viðtali við dagblaðið Tímann? Nú hefur það komið fram, m. a. hjá umræddum hæstv. ráðh., að líkur séu á að vísitöluhækkun fyrir það vísitölutímabil, sem nú er að líða, verði á bilinu 8—10%. Hæstv. ráðh. skýrir frá því sjálfur, sem ekki hefur áður komið fram og þá ekki heldur í máli hæstv. forsrh. hér áðan, að ríkisstj. hafi þegar tekið ákvörðun um að auka *niðurgreiðslur sem nemur 0.5 stigum af því sem vísitalan* fer hugsanlega fram yfir 8 stig. Auk þess upplýsir hæstv. ráðh. að ýmislegt fleira sé í aðsigi af hálfu hæstv. ríkisstj. Það er ósköp eðlilegt, þegar mál eins og þetta er á ferðinni, að stjórnarandstaðan vilji fá að vita: Í fyrsta lagi: Er það ríkisstjórnarákvörðun að vísitöluhækkunum skuli haldið innan við 8% á því vísitölutímabili sem nú er að líða? Í öðru lagi: Hefur ríkisstj. tekið þá ákvörðun, sem hæstv. sjútvrh. lætur hafa eftir sér, að auka niðurgreiðslur á landbúnaðarafurðum sem svarar hálfu vísitölustigi? Ef svo er, hvað kostar það þá, hvenær verður það framkvæmt og með hvaða hætti?

Þá kemur einnig fram hjá hæstv. sjútvrh. í viðtali við Morgunblaðið í morgun að til þess að ná takmarki ríkisstj. um 40% verðbólgu á árinu megi vísitalan á þar næsta vísitölutímabili, frá 1. mars og þrjá mánuðina þar á eftir, ekki fara fram úr 8%, en fara upp í 10% síðasta vísitölutímabil ársins. Auðvitað hlýtur stjórnarandstaðan að spyrja í þessu sambandi: Eru þær ákvarðanir, sem hæstv. sjútvrh. er hér að lýsa, stefnumörkun ríkisstj. eða aðeins hugdettur ráðh. sjálfs sem hann er að skýra frá með þessum hætti í blaðaviðtölum?

Þessar spurningar hljóta að vakna vegna þess að það er tekið fram í 1. gr. frv., sem hér er til meðferðar, að ríkisstj. skuli miða verðlagsákvarðanir sínar við ársfjórðungsleg meginmarkmið. Það er hins vegar ekki tekið fram, hvorki í lagatextanum, grg. með frv. né heldur í framsöguræðu hæstv. forsrh., hver þessi ársfjórðungslegu meginmarkmið skuli vera né heldur hvort ríkisstj. sé orðin sammála um slík ársfjórðungsleg meginmarkmið. Hæstv. sjútvrh. skýrir hins vegar frá þessu í viðtali við Morgunblaðið og menn hljóta að biðja hæstv. forsrh. um nánari skýringar á því.

Þá skýrir hæstv. sjútvrh. og formaður Framsfl. einnig frá því, að nú fari fram á vegum fjmrn. heildarendurskoðun á tollalögum og séu væntanlegar breytingar á þeim og þá væntanlega til lækkunar, sem komi í framhaldi af þeim aðgerðum sem við fjöllum um nú. Við þm. hljótum einnig að spyrja hæstv. forsrh. nokkru nánar út í þetta: Hafa slíkar ákvarðanir verið teknar í hæstv. ríkisstj. og að hverju er stefnt í þessu sambandi? Vænti ég þess, að hæstv. forsrh. geti gefið upplýsingar um þessi atriði sem hæstv. sjútvrh. hefur með þessum hætti skýrt frá í blaðaviðtölum í morgun.

Þá hefur hæstv. sjútvrh. enn fremur skýrt frá því í viðtali við dagblaðið Tímann í morgun, að ríkisstj. hafi tekið ákvarðanir um sérstakar aðgerðir vegna búvöruverðs — sem eins og allir vita er væntanlegt núna 1. júní. Ég vil líka spyrja hæstv. forsrh. með sama hætti: Hvaða

ákvarðanir eru þetta? Frv. það, sem hér um ræðir, virðist, ef marka má yfirlýsingar hæstv. sjútvrh. í blaðaviðtölum í morgun, aðeins vera lítill hluti af ísjakanum, hann sé enn mestallur í kafi. Og þar sem hæstv. ráðh. hefur talið ástæðu til að upplýsa blaðalesendur um þessi atriði, þá hlýtur stjórnarandstaðan, sem kemur að málinu nýju af nálinni og hefur aðeins séð það nú í nokkrar klukkustundir, að spyrja hæstv. forsrh. nokkru nánar um þetta. Og meðferð málsins í þinginu hlýtur að sjálfsögðu að byggjast fremur á þeim upplýsingum, sem hæstv. ríkisstj. getur veitt þingi og þingnefndum um þessi mál, en þeim sem hæstv. sjútvrh. hefur gefið í blaðaviðtölum í morgun.

Þá hefur einnig verið rætt af stjórnarsinnum um aðgerðir í vaxtamálum frá og með 1. júní n. k. Í 5. gr. frv. þessa er lagt til að Seðlabanka Íslands verði heimilt að fengnu samþykki ríkisstj. að ákveða hærri bindiskyldu allra eða einstakra innlánsstofnana á tímabilinu 1. maí til 31. des. Ef jafnhliða slíkri ákvörðun, sem tekin væri með lagasetningu héðan frá Alþingi, er verið að undirbúa ákvörðun af hálfu hæstv. ríkisstj. um verulega vaxtalækkun má búast við að fari að þrengjast mjög á peningamarkaðnum eftir 1. júní þegar saman kynni að fara lækkun vaxta og aukning á bindiskyldu. Þá er hætt við að draga mundi úr þeirri innlánsaukningu hjá bönkum og öðrum lánastofnunum, sem verið hefur það sem af er árinu, og færi þá að sneiðast um fé sem þessar stofnanir hefðu til ráðstöfunar til útlána til einstaklinga og atvinnuvega.

Af því gefna tilefni, sem viðtal hæstv. sjútvrh. við dagblaðið Tímann er, hljótum við að biðja um nánari upplýsingar. Enn fremur hljótum við að spyrja, miðað við það sem þegar er fram komið, hvort eitthvað fleira sé á ferðinni hjá hæstv. ríkisstj. sem rétt sé að menn skoði og hafi í huga um leið og menn afgreiða þetta frv., því sannast sagna er frv. ekki svo merkilegt að það sé trúlegt að hundrað vinnudagar liggi að baki samningu þess. Eitthvað fleira hlýtur að vera hægt að afreka á svo löngum tíma þó svo að hæstv. ríkisstj. hafi getið sér orð fyrir ýmislegt annað en dugnað og afköst hingað til.

Þá vildi ég einnig í sambandi við 1. gr. frv. leggja þá sérstöku fsp. fyrir hæstv. forsrh., hvort ekki megi treysta því, að ríkisstj. hans virði þá yfirlýsingu sem gefin var skjalfest sáttanefnd og verkalýðshreyfingunni 17. maí 1977 og allar ríkisstjórnir hafa fylgt fram að þessu. Yfirlýsingin hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Að gefnu tilefni vill ríkisstj. ítreka fyrra svar sitt til sáttanefndar þess efnis, að hún fallist á að verðhækkanir á opinberri þjónustu komi aðeins til á síðustu tíu dögunum áður en framfærsluvísitalan er reiknuð út.“

Þetta loforð, sem verkalýðshreyfingunni var gefið 17. maí 1977, var gefið til þess að koma í veg fyrir að stjórnvöld gætu leikið þann skollaleik að draga verðhækkanir á opinberri þjónustu fram yfir vísitöluútreikningstímabil og dembt þeim svo út rétt eftir að vísitala hefði verið reiknuð út, þannig að þær kæmu ekki fram í vísitöluútreikningnum og verkuðu ekki til hækkunar á launum. Við þessa yfirlýsingu hafa ríkisstjórnir staðið til þessa dags. Nú þykjast menn hins vegar af ýmsu mega marka að það kunni að vera fyrirætlun núv. hæstv. ríkisstj. að fresta öllum hækkunum á opinberri þjónustu þar til vísitölutímabilinu er lokið. Ef hæstv. ríkisstj. hefur það í hyggju gengur hún gegn fyrrnefndri yfirlýsingu. Ef hæstv. ríkisstj. ætlar að standa við þá yfirlýsingu, sem ég gat um, hefur hún aðeins þrjá daga til ráðstöfunar ef hún hyggst hækka verðlag á opinberri þjónustu á því vísitölutímabili sem um ræðir, vegna þess að þetta er yfirlýsing ríkisstj. um að verðhækkanir á opinberri þjónustu komi aðeins til á síðustu tíu dögum áður en framfærsluvísitala er reiknuð út, og útreikningur framfærsluvísitölunnar fyrir liðið tímabil miðast við 1. maí n. k. Ég ítreka því enn og aftur fsp. núna til hæstv. forsrh. og legg á það mikla áherslu að hann svari henni: Hyggst ríkisstj. ekki tvímælalaust virða þá yfirlýsingu sem verkalýðshreyfingunni var gefin 17. maí 1977?

Herra forseti. Þá hef ég einnig áhuga á að fá svör við því hjá hæstv. forsrh. og ríkisstj., annaðhvort nú eða þegar mál þetta kemur til meðferðar í fjh.- og viðskn., hvernig hæstv. ríkisstj. hyggst framkvæma ákvæði 2. gr. þar sem verðlagsyfirvöldum er veitt heimild til þess að fógeti leggi lögbann við byrjuðu eða yfirvofandi broti á fyrirmælum. Nú vitum við og höfum blaðafregnir fyrir okkur um það, að það hefur oft gerst á hinum svokölluðu verðstöðvunartímabilum — sem allur almenningur er nú raunar farinn að hlæja að — að ýmsir aðilar í samfélaginu, sem selja vöru eða þjónustu, ákveða verð á vöru sinni eða þjónustu og auglýsa það fram hjá verðlagsyfirvöldum og taka ekki tillit til óska verðlagsyfirvalda eða ríkisstj. um að gera slíkt ekki. Nú veit ég ekki hversu mörg dæmi eru um að þetta hafi verið gert nú, en nokkur eru þau þó. Verið gæti að hæstv. ríkisstj. hygðist fara þá leið að leggja lögbann við einhverri slíkri framkvæmd, einhverri slíkri verðauglýsingu sem þegar hefur verið birt og gefa síðan fyrirmæli um það, t. d. til Hagstofu Íslands, sem á að annast útreikning á vísitölu, að tekið sé tillit til þessa lögbanns hæstv. ríkisstj. á verði sem þegar er komið út í verðlagið, líkt og farið hefði verið eftir þessu lögbanni og verðlagið ekki sett jafnhátt og upphaflega var tilkynnt af þeim aðilum sem vöruna eða þjónustuna seldu. Nú ber Hagstofu Íslands að sjálfsögðu skylda til að reikna vísitöluna eftir raunverulegu verðlagi á neysluvörum og þjónustu eins og það er á hverjum tíma, og slíkur gerningur af hálfu stjórnvalda — að leggja lögbann við verðákvörðun, sem þegar hefur verið tilkynnt, og fyrirskipa Hagstofu Íslands síðan að taka tillit til þess lögbanns líkt og það hefði haft einhver áhrif — væri að sjálfsögðu að falsa vísitöluútreikning. Nú spyr ég: Er ætlun hæstv. ríkisstj. að beita slíkri aðferð og er það m. a. tilgangurinn með setningu lögbannsákvæðanna í 2. gr. að beita þeim með þessum hætti? Frekari spurningar varðandi framkvæmd þessa lögbanns vakna óhjákvæmilega eins og hv. þm. Geir Hallgrímsson hefur m. a. lýst í ræðu sinni hér áðan. Mun gefast tækifæri til að spyrja um það á fundi fjh.- og viðskn. á morgun, en þangað hefur verðlagsstjóri verið boðaður.

Í 4. gr. er ríkisstj. enn gefin heimild til að lækka ríkisútgjöld, þar með talin lögbundin framlög, um allt að 31 millj. kr., sem jafngildir 3.1 milljarði gkr. Þetta er þriðja niðurskurðar- og sparnaðarheimildin sem hæstv. ríkisstj. biður Alþingi um á örfáum vikum. Nú þegar er fyrir hendi í fjárlögum, sem samþykkt voru um s. l. áramót, heimild til hæstv. ríkisstj. til að lækka ríkisútgjöld á árinu 1981 um allt að 30 millj. kr., sem samsvarar 3 milljörðum gkr. Þessi heimild nær ekki aðeins til framkvæmda samkv. fjárlögum, heldur til allra ríkisútgjalda, hverju nafni sem þau nefnast. Mér er ekki kunnugt um að hæstv. ríkisstj. hafi notað þessa heimild. Samt sem áður leggur hún til í frv. því, sem hér um ræðir, að Alþingi

veiti ríkisstj. heimild til lækkunar og niðurskurðar á ríkisútgjöldum, til viðbótar við þessa heimild, um aðra 3 milljarða gkr. Ef það yrði samþykkt yrði ríkisstj. þar með komin með heimildir til að lækka ríkisútgjöld á árinu 1981 um allt að 6.1 milljarð gkr. Nú vænti ég þess, að á bak við þessar óskir hæstv. ríkisstj. hljóti eitthvað að standa. Það getur varla verið að það gerist þrisvar í röð að hæstv. ríkisstj. biðji Alþingi með nokkurra vikna millibili um að veita sér heimildir til sparnaðar og niðurskurðar á ríkisrekstri um tilteknar fjárhæðir án þess að hæstv. ríkisstj. hafi tilteknar hugmyndir um það, hvernig hún ætlar að beita þessum heimildum. Því hlýt ég að óska þess, að hæstv. forsrh. og ríkisstj. veiti nokkrar upplýsingar um eftirtalin atriði:

Hvernig stendur á því, að heimild, sem hæstv. ríkisstj. hefur í hendi í samþykktum fjárlögum um sparnað og niðurskurð á útgjöldum ríkisins, allt að 3 milljörðum gkr., hefur ekki verið notuð? Er eitthvað sem kemur í veg fyrir að hægt sé að nota hana þannig að veita þurfi aðra heimild eins og þá sem verið er að óska eftir í því frv. sem nú er á ferðinni? Er hér um að ræða heimild til viðbótar við heimild fjárlaganna, þannig að verið sé að æskja eftir heimild til niðurskurðar ríkisútgjalda um ekki 3.1 milljarð gkr., heldur samtals um 6 milljarða gkr.? Og sé óskað svo rúmrar heimildar, sé óskað eftir því að tvöfalda fjárlagaheimildina með þessum hætti, þá hlýtur að vera einhver ástæða fyrir því. Hæstv. ríkisstj. hlýtur þá að vera búin að gera sér einhverjar hugmyndir um í hverju þessi sparnaður, þessi niðurfærsla eigi að vera fólgin. Og þar sem eitt af meginverkefnum þm. er að afgreiða fjárlög fyrir íslenska ríkið hljóta þeir að sjálfsögðu að óska upplýsinga um þetta frá hæstv. ríkisstj.

Því má svo ekki gleyma, að enn ein heimild hefur hæstv. ríkisstj. verið veitt á Alþingi. Sú heimild var sam þykkt hér 30. mars s. l. Hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. er heimilt að fresta framkvæmdum þrátt fyrir ákvæði fjárlaga fyrir árið 1981, sem þar er gert ráð fyrir, eða í lánsfjáráætlun fyrir sama ár, telji hún það nauðsynlegt. Tekur þetta einnig til fjárlagaliða sem jafnframt eru ákveðnir með öðrum lögum en fjárlögum."

Þarna fær hæstv. ríkisstj. sem sé til viðbótar við þá heimild, sem í fjárlögunum er og er takmörkuð við 3 milljarða gkr., heimild til ótakmarkaðrar frestunar framkvæmda, þrátt fyrir ákvæði fjárlaga og lánsfjáráætlunar, og til viðbótar við það ótakmarkaða heimild til frestunar og niðurfellingar á greiðslum sem ákvarðaðar eru með öðrum lögum en fjárlögum, en falla þó undir fjárlagaafgreiðslu, og er ég þá að tala um t. d. framlögin í sjóði. Ef 4. gr. frv. um verðlagsaðhald yrði nú samþykkt væri hæstv. ríkisstj. komin með frestunarheimildir á útgjöldum ríkissjóðs og lánsfjáráætlunar í þremur lagasetningum: Almenna heimild til niðurskurðar á ríkisútgjöldum um 3 milljarða gkr. í fjárlögum, ótakmarkaða heimild í brbl. sem samþykkt voru 30. mars 1981 um framkvæmdafrestanir án nokkurs þaks — hæstv. ríkisstj. getur frestað framkvæmdum upp að því marki sem henni dettur í hug — og til viðbótar við slíka framkvæmdafrestun hefur hún líka í sömu lögum heimild til að fresta greiðslum til fjárlagaliða sem ákveðnir eru með öðrum lögum en fjárlögum, og svo þriðja frestunar- og niðurskurðarheimildin upp á 3.1 milljarð gkr. sem ætti að afgreiða í frv. nú. Eitthvað hlýtur að búa að baki slíkum beiðnum til Alþingis. Eitthvað hlýtur hæstv. ríkisstj. að geta sýnt alþm. sem búi á bak við að hún telji sig þurfa á öllum þessum frestunarheimildum að halda.

Ég minni aðeins á, herra forseti, að við afgreiðslu fjárlaga við s. l. áramót lögðu þm. Alþfl. fram till. um niðurskurð og sparnað á útgjöldum ríkisins, eins og þau voru ákveðin við afgreiðslu fjárlaga, sem samtals námu um 17 milljörðum gkr. Þar var ekki verið að leggja til — eins og hæstv. ríkisstj. er að biðja um núna aftur og aftur — að ríkisstj. yrði veitt einhver ótiltekin heimild um frestun eða niðurskurð einhverra ótiltekinna framkvæmda, heldur lögðum við þm. Alþfl. til breytingar á einstökum liðum fjárlaga sem samtals hefðu lækkað ríkisútgjöldin, sparað í ríkisrekstrinum og frestað framkvæmdum um 17 milljarða gkr. Á bak við till. okkar frá því í des. um niðurskurð í ríkisrekstrinum, sparnað og aðhald bjuggu ákveðnar og afmarkaðar hugmyndir um hvernig þetta skyldi gert. Hæstv. ríkisstj., sem nú kemur í þriðja sinn til Alþingis til að biðja um heimild til að breyta fjárlögum og lánsfjáráætlun — ofan á tvær heimildir sem hún hefur fyrir hendi í þessu skyni sem geta numið allt frá 3 milljörðum upp í óendanlegt — hlýtur að geta sýnt Alþingi einhverjar hugmyndir um hvernig hún hyggst beita þessum heimildum. Ella væri hún ekki að biðja um þriðju heimildina til viðbótar við þær tvær sem hún hefur þegar.

Þá hefur fram komið, m. a. hjá hæstv. viðskrh., að eitt af því, sem ríkisstj. hyggist fyrir í sambandi við niðurfærslu á ríkisútgjöldum og ríkisframlögum samkv. þessari heimildargrein, sé að skera niður framlög úr ríkissjóði til fjárfestingarlánasjóða. Nú er, eins og allir vita, liðinn fyrsti þriðjungur ársins og allnokkuð síðan búið er að tilkynna fjárfestingarlánasjóðunum hvaða fé þeir megi eiga von á, bæði úr ríkissjóði og úr lánsfjáráætlun. Allir þessir sjóðir eru þegar búnir að ganga frá útlánaáætlunum sínum og margir sjóðanna þegar búnir að svara umsóknum og tilkynna umsækjendum um þá afgreiðslu sem þeir eigi von á að fá. Þeir, sem hafa fengið slíkar tilkynningar, eiga kröfu á að sjóðirnir standi skil á því lánsfé sem þeir hafa með slíkum bréflegum gerningi lofað sínum lántakendum. Það er því harla seint, þegar komið er fram undir mitt ár, að ætla þá að fara að skera niður framlög ríkissjóðs til sjóðakerfisins, eins og hæstv. viðskrh. lét í veðri vaka að ætlunin væri hjá ríkisstj., þegar fyrir liggur að sjóðirnir eru þegar búnir að ráðstafa þessu fé og ýmsir aðilar, m. a. í atvinnulífinu, byggja rekstur sinn og áætlanir fyrir þetta ár á því að fá þá afgreiðslu sem þeim hefur verið lofað af umræddum sjóðum.

Vel má vera að það sé ætlun hæstv. ríkisstj. að mæta slíkum vanda með því að fyrirskipa sjóðunum að taka það, sem á vantar, í erlendum lánum til þess að geta staðið við þau fyrirheit sem þeir hafa gefið lántakendum sínum. Sé það fyrirætlun ríkisstj. væri auðvitað nauðsynlegt að það kæmi fram við umr. nú og meðferð þessa máls til þess að fjárfestingarlánasjóðirnir og þeir, sem þeim stjórna, og lántakendur þeirra geti vitað nú þegar hvað það er sem hæstv. ríkisstj. fyrirhugar sjóðunum í þessu sambandi.

Þá kemur að lokum síðasta grein frv., um bindiskylduna. Þessi grein er sama marki brennd og flestallar greinarnar, að undantekinni 2. gr., að í henni segir raunar ekki nokkurn skapaðan hlut um hvað ríkisstj. hyggist fyrir. Í 1. gr. er rætt um ársfjórðungsleg meginmarkmið, en engin nánari skýring fylgir á því, hver þessi

ársfjórðungslegu meginmarkmið eigi að vera. Það getur allt eins verið að hæstv. ríkisstj. sé ekki enn þá búin að koma sér saman um hver þau skuli vera, komi sér aldrei saman um það og þess vegna sé þetta ákvæði marklaust.

Um 4. gr. er sama að segja. Þar liggur enn ekkert fyrir um hvernig ríkisstj. hyggist nota heimildina til lækkunar á ríkisútgjöldum til viðbótar við þær heimildir sem fyrir hendi eru og enn hafa ekki verið notaðar af einhverjum ástæðum, þannig að ákvæði 4. gr. gætu að þessu leytinu til allt eins verið einbert pappírsgagn þar sem þau verði aldrei notuð. Og ákvæði 5. gr. um bindiskylduna eru af sama toga spunnin. Þar er ekkert, hvorki í greininni sjálfri, grg. með frv. né í ræðu hæstv. forsrh. hér áðan, sem segir til um hvort ríkisstj. sé búin að ná nokkru samkomulagi um að nota þá heimild sem í greininni felst. Og það er athyglisvert, að í frásögn Þjóðviljans í morgun af efnisatriðum frv. er ekki minnst á það, að þetta atriði sé að finna í frv. Þjóðviljinn nefnir ekki aukateknu orði að í frv. þessu sé að finna ákvæði eins og það sem er í 5. gr. þess. Þó eru þar talin upp öll önnur ákvæði frv.

Þeir, sem hafa átt saman við Alþb. að sælda, minnast þess, að það að auka bindiskyldu á innlánsfé, sem Seðlabanki Íslands getur gert innlánsstofnun að sæta, hefur ávallt verið eitur í þeirra beinum. Það skyldi þó aldrei vera svo, að það liggi ekki einu sinni fyrir samkomulag í hæstv. ríkisstj. um að slík heimild verði nokkru sinni notuð? A. m. k. sér dagblaðið Þjóðviljinn ekki einu sinni ástæðu til að skýra frá því í frásögn sinni af frv. í morgun, að þessi grein sé til. Við skulum samt vænta þess, að einhverjar hugmyndir séu uppi um þetta hjá hæstv. ríkisstj. Og þá væri út af fyrir sig nauðsynlegt að fá að vita hvað það er sem hæstv. ríkisstj. hugsar sér í þessu sambandi, ekki endilega alveg nákvæmlega útgefið upp á prósentustig, heldur hvernig gæti hún hugsað sér að þessu ákvæði yrði beitt, upp að hvaða marki og með hvaða hætti. Og sérstök spurning vaknar vegna þess ákvæðis, sem ég man ekki til að hafa séð fyrr en í þessu frv., að Seðlabankanum sé heimilað að mismuna innlánsstofnunum hvað þessa bindiskyldu varðar, sem sé að ákveða að þessi banki skuli binda meira af innlánsfé sínu hjá Seðlabankanum heldur en hinn, og gera þannig upp á milli einstakra banka og lánastofnana hvað bindiskyldu varðar. Ég minnist þess ekki að hafa séð slíkt ákvæði fyrr í lögum og finnst líklegt að með þessu hugsi ríkisstj. sér að ráðskast með innlánsstofnanir og ákveða að t. d. þessi banki eða þessi sparisjóður skuli binda svo og svo mikið af sínu innlánsfé í Seðlabankanum, en hinn bankinn eða hinn sparisjóðurinn, sem kann að vera í meiri náð hjá hæstv. ríkisstj., skuli binda mun minna. Ég vildi gjarnan fá að fræðast um það hjá hæstv. forsrh., hvaða rök liggja að baki því að ákveða bindiskylduna mismunandi með þessum hætti eins og verið er að gera skóna í þessari grein.

Herra forseti. Eins og ég sagði í upphafi máls míns munum við þm. Alþfl. ekki setja á langar tölur um þetta mál eða gera eitt né neitt til þess að tefja umr. um það eða gang málsins, hvorki hér í hv. þingdeild né heldur í fjh.- og viðsk.-nefndum Alþingis. Því mun ég ekki hafa fleiri orð um málið, þó svo að ástæða væri til að halda hér langa ræðu um efnahagsstefnu stjórnarinnar almennt og þann árangur eða öllu heldur árangursleysi sem hæstv. ríkisstj. getur státað af — ef svo má að orði komast. En ég tek það fram enn og aftur, að það er að sjálfsögðu eðlilegt að ýmsar spurningar vakni hjá stjórnarandstöðu út af þessu máli, bæði varðandi atriði í frv. sjálfu og ekki síst varðandi ýmsar yfirlýsingar sem sérstaklega einn hæstv. ráðh. hefur gefið í blaðaviðtölum í morgun. Þeim mun fyllri upplýsingar sem hæstv. forsrh. og ríkisstj. getur gefið okkur, þeim mun greiðari gang mun málið að sjálfsögðu eiga gegnum þingið.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ég skal með ánægju svara þeim fsp. sem til mín hefur verið beint af þeim tveim hv. þm. sem hér hafa nú talað. Sumar spurningarnar eru sameiginlegar frá þeim báðum.

Það er spurt um það og vitnað í blaðaviðtöl í morgun, hvort ákvarðað hafi verið að framfærsluvísitalan yrði 8% að þessu sinni. Nú er auðvitað öllum ljóst að það er ekki ríkisstj., heldur kauplagsnefnd sem lætur reikna út framfærsluvísitöluna, og enginn veit um það í dag hver hún verður. Hins vegar liggja fyrir spár um það efni. Eins og kunnugt er er síðasta spá Hagstofunnar sem undirbýr þessi mál fyrir kauplagsnefnd, sú að líklegt sé að framfærsluvísitalan hækki um 8.7% eða rétt þar um bil. Í þeirri tölu eru hins vegar ekki taldar með hækkanir á gjaldskrám opinberra stofnana sem ég skal víkja að síðar.

Þrátt fyrir þessa spá er vitað að stundum og jafnvel oft koma aðrar tölur út úr þeirri verðkönnun sem fram fer í byrjun þess mánaðar sem vísitalan miðast við, þannig að ekkert er hægt um þetta að fullyrða. Hins vegar eru verulegar líkur til að vísitalan verði nálægt því sem Hagstofan af sinni miklu reynslu og kunnugleika hefur nú spáð um. Það er hins vegar ætlun ríkisstj., eins og fram kemur í þessu frv., í fyrsta lagi að lækka vörugjald af gosdrykkjum og öli sem hefur nokkur áhrif, þótt smávægileg séu, til lækkunar á vísitöluna. Enn fremur er ætlunin að greiða nokkuð niður búvöruverð, hversu mikið get ég ekki fullyrt um nú, en til þessara ráðstafana er fyrst og fremst ætlað fé sem greinir frá í frv., allt að 31 millj. kr.

Það hefur auðvitað verið um það rætt í ríkisstj. að undanförnu hvað hugsanlegt væri að fá vísitöluna langt niður með ráðstöfunum eins og niðurgreiðslum, og menn hafa staldrað mjög við að æskilegt væri að þetta mark yrði í kringum 8%. Ég tel að líklegt sé eftir þeim spám, sem fyrir liggja, og horfum og þeim fyrirætlunum sem ríkisstj. hefur, að framfærsluvísitalan verði nær 8% en 9. Ég get ekki og treysti mér ekki til að fullyrða nánar um þetta mál og vænti þess, að hv. þm. skilji það, m. a. vegna þess að verðkönnunin, sem fram fer væntanlega í byrjun maí, liggur ekki enn þá fyrir.

Þá var um það spurt, hvort búið væri að setja þessi meginmarkmið sem frv. gerir ráð fyrir að sett verði á ársfjórðungsfresti, og annar hv. þm. minntist á það, að í einhverju blaðaviðtali í morgun nefndi einn ráðh. tölurnar 8 og 10 síðar á árinu. Það, sem liggur fyrir í þessu efni, er auðvitað meginmarkmiðið, það að stjórnin vill vinna að því og stefnir ákveðið að því, eins og kemur fram í efnahagsáætluninni frá áramótum, að verðbólgan eða framfærsluvísitalan hækki ekki meira en 40% á þessu ári. Það er það meginmarkmið yfir árið sem auðvitað verður að miða þessar ársfjórðungslegu tölur við.

Spurt er um það, hvort ákveðið sé hver þessi næsta viðmiðun verði. Hún hefur af þeim ástæðum, sem ég gat um áðan í sambandi við framfærsluvísitöluna, ekki verið ákveðin, en ég held að mér sé óhætt að segja að þetta markmið, sem sett verði nú á næstunni, þ. e. væntanlega í

byrjun maímánaðar, verði mjög nálægt framfærsluvísitölunni eins og hún verður. Ég geri ráð fyrir að það verði þar mjög nærri. Þar með er ekki sagt að markmiðin síðar á árinu eigi alltaf að vera mjög svipuð framfærsluvísitölu eða verðbótavísitölu í hvert sinn, vegna þess að hér geta auðvitað margvísleg sjónarmið komið til greina.

Þá var spurst fyrir um tollalækkanir, hvort tollalækkanir hefðu verið ákvarðaðar. Það var mjög rætt um það við undirbúning þessa máls, hvort unnt væri að lækka þessa tolla eða aðflutningsgjöld, það þyrfti nánari athugunar við. Eins og fram hefur komið eru tollamálin í heild í endurskoðun. Ríkisstj. stefnir vissulega að því að lækka ýmis aðflutningsgjöld, en það er ekkert að fullyrða um það nánar nú vegna þess að þau mál eru öll í nánari skoðun.

Þá var spurt um það, hvort ákveðnar hefðu verið sérstakar aðgerðir vegna búvöruverðs. Það er ekki. Ég vil sérstaklega taka fram að ummæli hv. þm. Sighvats Björgvinssonar, þar sem hann vitnaði í viðtöl hæstv. sjútvrh. við Tímann og Morgunblaðið í morgun, voru ekki alls kostar nákvæmar tilvitnanir. Varðandi búvöruverðið mun hæstv. sjútvrh. hafa minnst á það, að til athugunar séu aðgerðir í sambandi við búvöruverðið. Það er auðvitað öllum mönnum ljóst, að fyrst og fremst hin gífurlega hækkun á áburði hlýtur að verða til þess að kannaðar verða allar hugsanlegar leiðir til þess að mæta því sem af þeirri hækkun leiðir. Slík vandamál hafa komið upp nokkrum sinnum áður, á nokkurra ára fresti. Stundum hefur ríkissjóður beinlínis gripið til þess ráðs að borga verulega niður áburðarverð, sérstaklega ef svo hefur horft að þetta áburðarverð eða þessi hækkun væri ekki varanleg. Stundum hefur verið gripið til annarra ráðstafana. Nú hefur þetta mál að sjálfsögðu verið rætt og er sérstaklega til meðferðar og athugunar hjá hæstv. landbrh., en ákvarðanir hafa engar verið teknar um það, hvað lagt verður til að gert sé til þess að ráðast gegn þessu mikla vandamáli.

Þá var spurst fyrir um það, hvort eitthvað hafi verið ákveðið um vaxtalækkun. Vaxtamálin hafa að sjálfsögðu verið rædd ítarlega í ríkisstj., en mál snúa þannig í þeim efnum að það er 1. júní sem taka skal ákvörðun næst um vextina. Það er óhætt að segja hér að það er skoðun ríkisstj. allrar að vextir verði lækkaðir 1. júní. Í efnahagsáætluninni var ákveðið að vextir skyldu lækkaðir 1. mars. Lengra fram í tímann var ekki ákvarðað þá, en okkur virðist, eftir þeirri þróun sem orðið hefur í efnahagsmálum nú að undanförnu, að rök séu fyrir því að lækka vexti næst, þ. e. 1. júní. Hins vegar liggur ekkert fyrir um hversu mikið né hvaða tegundir inn- eða útlána þar kæmu til greina. Um það mun Seðlabankinn að sjálfsögðu gera tillögur.

Þá var spurst fyrir um hvort ríkisstj. mundi afgreiða hækkunarbeiðnir um gjaldskrár opinberra stofnana nú fyrir mánaðamót, þ. e. áður en hin nýja vísitala yrði upp tekin, eða hvort hún mundi fresta því fram yfir þann tíma. Þessu er til að svara að ríkisstj. mun afgreiða þau mál áður en kemur til verðkönnunar vegna vísitölunnar og ég geri ráð fyrir að það verði afgreitt nú fyrir mánaðamót eða í síðasta lagi um mánaðamótin. Gjaldskrárnefndin, sem hefur þessi mál til umfjöllunar, hefur undanfarna daga setið að störfum til þess að gera tillögur um þau efni til ríkisstj. Að þessu leyti verður nú fylgt sömu reglu og gert hefur verið síðan 1977. Það er kannske rétt að það komi hér fram, að þau mál bar ekki sérstaklega á góma í kjarasamningum á s. l. hausti. Það komu fram þær raddir, þar sem yfirlýsingin frá því í maí 1977 var gefin í beinu sambandi við kjarasamningana þá, hvort hún væri bindandi langt fram í tímann. Þetta mál var kannað og eftir athugun á því lá ljóst fyrir að verkalýðssamtökin höfðu gengið út frá því, að þessi regla gilti áfram, og töldu ekki sérstaka þörf á eða ástæðu til að hreyfa því, og að sjálfsögðu mun ríkisstj. fara eftir því og ekki ganga þannig gegn því sem verkalýðshreyfingin hefur í góðri trú talið vera. Verðbreytingar á gjaldskrám opinberra fyrirtækja verða því afgreiddar nú um mánaðamótin.

Þá var spurst fyrir um hvort ákvæðin um lögbann eða heimild til lögbanns gegn ólöglegum verðhækkunum í 2. gr. mundu notuð til þess að falsa vísitöluna, eins og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson virtist gefa í skyn — eða a. m. k. spurðist fyrir um — og þá væntanlega á þá lund, að óskað yrði eftir lögbanni gegn hækkunum, sem þegar verða komnar til framkvæmda, og Hagstofunni af hálfu ríkisstj. gefin fyrirmæli um að inn í vísitöluna yrði tekið hið lægra verð, en ekki hið hærra sem búið væri að banna. Hv. þm. ætti að vita að það er ekki ríkisstj. sem reiknar út vísitöluna, heldur er það kauplagsnefndin sem hefur þar úrskurðarvald. Hún ákveður það. Hagstofan starfar sem ráðgjafi hennar og ráðunautur og safnar upplýsingum, en það er kauplagsnefndin, sem skipuð er þremur mönnum eins og kunnugt er, sem tekur þessar ákvarðanir. Ég held að kauplagsnefnd hafi alltaf verið óháður og sjálfstæður aðili í því, og ég veit ekki til að ríkisstj. hafi krafist þess, að kauplagsnefnd beitti einni eða annarri aðferð. Kauplagsnefndin hefur samkv. sögu og venju notið ákaflega mikils sjálfsforræðis. Ég held því að þessar tilgátur séu gersamlega út í hött.

Hitt kemur mér nokkuð spánskt fyrir, þegar fundið er að því að reynt sé að finna leiðir til þess af hálfu Verðlagsstofnunar að stöðva ólöglegt verð. Hv. 1. þm. Reykv. gengur svo langt að hann segir að þessi heimild Verðlagsstofnunar til þess að snúa sér til fógeta og óska eftir lögbanni gegn óleyfilegu verði sé mjög vítaverð og hættuleg og leiði okkur inn á braut lögregluríkis. Það er í fyrsta lagi nokkuð undarlegt að þm. skuli rísa hér upp á Alþingi og mæla beint og óbeint bót framferði þeirra aðila, sem taka sér ólöglegt verð og neita að hlýða ákvörðunum viðkomandi verðlagsyfirvalda og landslögum, og halda því fram að verið sé að fara inn á braut lögregluríkis ef reynt er að finna leiðir til þess að koma í veg fyrir slík lögbrot. Þessi till. um heimild til lögbanns eða til að snúa sér til fógeta er till. sem kemur frá Verðlagsstofnuninni og er undirbúin að ég ætla, af lögfræðingi þeim sem hefur starfað að undanförnu fyrir þá stofnun. Þetta er sem sagt hennar tillaga. Ríkisstj. taldi að það væri óviðunandi ástand sem verið hefur hér um alllangt skeið, að þegar einhver aðili brýtur þannig landslög, auglýsir og framfylgir óleyfilegri hækkun á verðlagi, þá er engin leið önnur til eða hefur ekki verið í framkvæmda af hálfu Verðlagsstofnunar heldur en að kæra. Málið er rannsakað, fer til ríkissaksóknara. Ef ákveðið er að láta það ganga lengra fer það til dómstóla. Þetta tekur oft ekki aðeins mánuði, heldur misseri, eitt eða fleiri. Á meðan er hið ólöglega verð í verslunum. Verðlagsstofnunin er að þessu leyti máttlaus gagnvart þessum lögbrotum.

Nú hefur Verðlagsstofnunin bent á að hér megi nota það réttarfarsráð, sem mjög lengi hefur verið í íslenskum

lögum, að biðja fógeta, sem er dómari, að beita lögbanni gegn slíku. Mér hafði sannast sagna ekki dottið í hug að nokkur hv. þm. leyfði sér að nota þau orð um slíka endurbót, að með þessu séum við komin inn á braut lögregluríkis. Þetta finnst mér nokkuð langt gengið.

Það var ekki beint hægt að heyra á hv. þm. Sighvati Björgvinssyni hvort hann var fylgjandi þessu eða ekki, en undarlegt þætti mér — eins og Alþfl. hefur oft verið hvetjandi þess, að verðlagseftirlit væri framkvæmt og það allstrangt — ef hann telur sjálfsagt að halda áfram því fyrirkomulagi sem verið hefur, að verðlagsyfirvöldin hafi í rauninni engin ráð til þess að framfylgja sínum ákvörðunum. Ég hefði síst búist við því, að á þessum stað kæmu fram andmæli gegn því að reyna að fylgja fram lögum landsins í þessu efni.

Þá ræddi hv. þm. Sighvatur Björgvinsson nokkuð um heimildirnar til niðurskurðar eða sparnaðar. Vegna fsp. hans vil ég taka fram að heimild til niðurfærslu ríkisútgjalda í 4. gr. frv. um allt að 31 millj. kr. er til viðbótar og er óháð heimild í fjárlögum, eins og kemur skýrt fram í grg. með frv. þar sem segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í 4. gr. er ríkisstj. veitt heimild til að lækka ríkisútgjöld um allt að 31 millj. kr. og er hér um nýja heimild að ræða sem er óháð heimildum fjárlaga."

Hv. þm. taldi að með þessari heimild væru komnar hvorki meira né minna en þrjár heimildir. Það er rétt að í brbl. frá gamlársdag, sem staðfest voru hér á Alþingi sem lög um viðnám gegn verðbólgu, er heimild til þess að fresta verklegum framkvæmdum. Sú heimild, sem hér er, er rýmri. Hún nær til ríkisútgjalda, bæði rekstrarútgjalda fjárlaga, verklegra framkvæmda og til framlaga til sjóða. Heimildin er það rúm. Um það hvort búið sé að ákvarða hvernig hún verði notuð, þá er það ekki. Það er ekki einsdæmi því að þess eru mörg dæmi, að ríkisstj. hafi óskað eftir heimildum til þess að draga úr ríkisútgjöldum. Það hefur mjög oft komið fyrir á undanförnum árum og áratugum án þess að þá þegar lægi fyrir sundurliðun á því úr hverju ætti að draga. En að sjálfsögðu er þessi niðurskurðarheimild hér í beinu sambandi við kostnað þann sem gert er ráð fyrir að hafa nú á næstunni í sambandi við verðbólgumálin, og vil ég þar nefna sérstaklega tvennt: annars vegar nokkuð aukna niðurgreiðslu á búvöruverði og hins vegar þann tekjumissi sem ríkið verður fyrir við lækkun á gosdrykkjagjaldinu.

Varðandi 5. gr. frv., hvort hún verði notuð, þá vil ég taka það fram, eins og ég raunar gat um í framsöguræðu og kemur fram í grg., að þessi viðbótarheimild til að hækka bindiskyldu upp að 28% er hugsuð sem stjórntæki í peningamálum. Nú horfa mál þannig að það ánægjulega hefur gerst að innlánsfé hefur aukist verulega á fyrstu mánuðum ársins, eins og það gerði raunar á síðustu mánuðum s. l. árs, og vissulega standa vonir til að þessi þróun í innlánsmálum haldi áfram. Þetta er auðvitað ákaflega ánægjulegt batamerki í okkar efnahagsmálum. En vitanlega felur það í sér þá hættu, að ef innlánsstofnanir, sem fá þannig vaxandi innlán, nota þetta fé að fullu til aukinna útlána, þá má vel vera að þau hin auknu útlán valdi ofþenslu í þjóðfélaginu og vinni þar með gegn okkar efnahagsmarkmiðum.

Það er fyrst og fremst með þetta í huga sem þetta aukna stjórntæki er hér sett því að náttúrlega er æskilegt þegar svo stendur á að innlánsstofnanir geymi þá nokkurn hluta eða kannske verulegan hluta af sínu innlánsfé í Seðlabanka í stað þess að lána það út, að því leyti sem það er umfram eðlileg mörk og eðlilegt jafnvægi í peningamálum. Sem sagt, hin aukna bindiskylda er ein leiðin, en um leið þarf auðvitað að taka það fram, að vitanlega verður Seðlabankinn að bjóða innlánsstofnunum þau ávöxtunarkjör að þær telji sig eins vel settar með því að geyma fé sitt í Seðlabanka og að verja því til útlána.

Varðandi það atriði sem kom fram sérstaklega hjá hv. 1. þm. Reykv., að hann treysti ekki ríkisstj. til þess að hafa slíkt vald í höndum, þá er ljóst, ef hann les greinina vandlega, að það er Seðlabankinn sem hefur frumkvæði og ákvörðun um þetta, en ekki ríkisstj. Ef hins vegar Seðlabankinn ákveður að notfæra sér þessa viðbótarheimild þarf hann að leita samþykkis ríkisstj. Það er ekki þannig að ríkisstj. geti ákveðið að hækka bindiskylduna ein út af fyrir sig. Það er skýrt í greininni að það er Seðlabankinn sem hefur þessa heimild. Og hann þarf að taka þessa ákvörðun, en leita svo samþykkis á þeirri ákvörðun sinni hjá ríkisstj. Ef hv. þm. vantreystir svo í þessum efnum sem kom fram í ræðu hans, þá er það í rauninni fyrst og fremst vantraust á Seðlabankann, en ekki á ríkisstj., eins og um þessi mál er búið.

Þá minntust báðir hv. þm. á það ákvæði, að heimilt væri að hækka þessa hlutfallstölu fyrir allar eða einstakar innlánsstofnanir, og þeim þóttu það hin mestu undur að nú ætti að fara að mismuna bönkum. Það er rétt, að þetta er nýmæli í lögum. En oftlega hefur um þetta verið rætt á undanförnum árum — mjög oft. Hugsunin, sem þar liggur á bak við, er m. a. þessi varðandi þær innlánsstofnanir eða viðskiptabanka sem hafa mestar skyldur við t. d. sjávarútveg — og það eru tiltölulegar fáar stofnanir sem hafa yfirgnæfandi þunga af þeim skyldum gagnvart sjávarútveginum — að það væri ekki ósanngjarnt, og ég veit að það hefur verið sjónarmið margra bankamanna og sérfræðinga, að þeir bankar, sem hafa þessa þungu byrði á sér, þyrftu ekki að hafa eins hátt hlutfall bindiskyldu og aðrir sem minni skyldur við atvinnuvegina hvíldu á.

Þetta er í rauninni það meginsjónarmið sem fram hefur verið fært fyrir því, að þarna væri möguleiki að ákveða mismunandi hlutfall. En auðvitað þarf að fara mjög varlega í það. Það veltur auðvitað fyrst og fremst á mati Seðlabankans hvað í þessu yrði gert, en ekki að ríkisstj. færi að taka upp hjá sér að mismuna bönkum þannig um hlutfall. Til þess hefur hún ekki vald eftir þessu ákvæði laganna.

Hins vegar er að sjálfsögðu af ríkisstj. hálfu ekki búið að ákvarða neitt um það, hvort hún muni samþykkja eða óska eftir því við Seðlabankann að hann geri slíkar ályktanir. Eins og ég tók fram er þetta stjórntæki sem þykir réttara að hafa við höndina til þess að tryggja jafnvægi í peningamálum, sem er eitt undirstöðuatriðið í öllu viðnámi gegn verðbólgu.

Þá er loks eitt atriði sem spurt hefur verið um hér eða minnst á, og það er verðlagseftirlitið, það herta eða stranga verðlagseftirlit sem hér hefur verið undanfarna fjóra mánuði. Ég er mönnum alveg sammála um það, að orðið verðstöðvun er nú eins og oft áður ákaflega óheppilegt orð að því leyti, að í öllum þessum svokölluðu verðstöðvunum er alltaf gert ráð fyrir að undanþágur þurfi að veita ef óhjákvæmilegt reynist, eins og var sérstaklega tekið fram í brbl. frá því á gamlársdag. Ljóst er að þó menn vilji hafa strangt verðlagseftirlit geta margvíslegar ástæður legið til þess, bæði af erlendum toga og

öðrum, að óhjákvæmilegt sé að leyfa hækkanir. Að því leyti má segja að verðstöðvunarheitið sé ekki heppilegt. Með þessu frv. er ætlast til að í stað þess stranga verðlagseftirlits, sem verið hefur, komi það sem við köllum hér verðlagsaðhald. Og allir, sem lesa þessar greinar, sjá að hér er um sveigjanlegra fyrirkomulag að ræða en það sem gilt hefur undanfarna fjóra mánuði. Það er sveigjanlegra m. a. með því að nú er gert ráð fyrir að setja ársfjórðungsleg mörk, sem yrðu meginsjónarmið, og meðan haldið sé sér innan þeirra marka þurfi mál ekki að koma til ríkisstj. í heild, en hins vegar gert ráð fyrir því þó, að í sumum tilvikum þurfi að fara yfir þessi almennu mörk af sérstökum ástæðum, en þá áskilið samþykki ríkisstj.

Hins vegar verðum við í sambandi við verðlagseftirlitið náttúrlega að hafa það í huga, að við sæmilegt jafnvægi í efnahagsmálum er enginn vafi á því að frjáls samkeppni tryggir best hag neytendanna og er besta tryggingin fyrir hagkvæmu og lágu vöruverði. Að vísu verður að hafa það í huga, að af opinberri hálfu þarf að hafa visst eftirlit — eins og allar þær þjóðir, sem búa við slíkt frelsi, hafa jafnan viðurkennt — til þess að koma í veg fyrir að samkeppnin, hin frjálsa samkeppni, fari sér að voða þannig að myndist einokun eða hringar. En í meginatriðum er þetta vafalaust æskilegasta fyrirkomulagið.

Hitt er svo annað mál, að þegar þjóðfélag býr við mikla verðbólgu og er að berjast við að ná henni niður, þá er ekki leiðin sú að gefa allt frjálst. Þá verður a. m. k. um stundarsakir að halda vissu verðlagseftirliti eins og nú.

Í sambandi við umkvartanir nú frá ýmsum aðilum um að illa hafi verið að þeim búið, þá vil ég í fyrsta lagi nefna eitt opinbert fyrirtæki sem mjög hefur verið talað um hvað illa hafi verið farið með, og það er Sementsverksmiðjan. Það mun rétt vera, að Sementsverksmiðjan á nú við mikla fjárhagsörðugleika að etja. En þeir fjárhagsörðugleikar stafa ekki af því, að núv. ríkisstj. hafi þjarmað svo að þessu fyrirtæki, því að á því röska ári, sem ríkisstj. hefur starfað, hefur Sementsverksmiðjan fengið yfir 80% hækkun á sementsverði. Það er meira en verðbólgunni nemur. Þeir erfiðleikar, sem Sementsverksmiðjan á við að etja, eiga rætur að rekja lengra aftur í tímann. Mér skilst að á árunum 1978 og 1979 hafi hún fengið miklu minni hækkanir en hún taldi sér þá nauðsynlegar og þá hafi byggst upp þeir erfiðleikar sem nú er verið að glíma við. Það hefur ekki gerst á tíma núv. ríkisstj.

Í sambandi við umkvartanir atvinnurekstrarins um það, að með þessu stranga verðlagseftirliti hafi verið þrengt mjög að atvinnurekstrinum, þá verða menn að hafa í huga að með efnahagsaðgerðum ríkisstj. hefur atvinnureksturinn m. a. losnað við 7% af launum sem ella hefðu komið ef þessar aðgerðir hefðu ekki verið gerðar. Enn fremur má minna á það, að allur sá atvinnurekstur, sem þarf á erlendu hráefni, efnivöru, að halda, hefur notið góðs af því að nú um fjögurra mánaða skeið hefur gengið verið stöðugt. Vissulega verða atvinnurekendur líka að hafa þau atriði í huga, sem vegna þessa viðnáms gegn verðbólgu hafa komið þeim að gagni, þó að vitað sé að verðlagsákvæðin hafi verið ströng í ýmsum efnum. En þessi atriði verðum við þó í huga að hafa.

Ég vænti þess, að ég hafi svarað þeim fsp. sem til mín var beint. — [Fundarhlé.]

Halldór Blöndal: Herra forseti. Hæstv. forsrh. hafði orð á því hér einu sinni utan dagskrár, að hann saknaði manna úr þingsalnum, jafnvel eftir að fyrir lá að forseti Sþ. mundi ekki taka það mál á dagskrá. Nú er hér fjallað um mál sem hæstv. forsrh. mælir sjálfur fyrir og hefur óskað eftir að gangi sérlega greiðlega í gegnum þingið. Ég held að það sé lágmarkskurteisi að hann reyni að vera við umr. (**Forseti:** Ég vil upplýsa að hæstv. forsrh. kom að máli við mig þegar fundinum var frestað fyrir rúmri klukkustund og bað mig að gera hv. þdm. viðvart um það, að honum mundi e. t. v. seinka örlítið, en það gæti ekki skipt mörgum mínútum.) Ég held að það hafi verið óþarfi fyrir hann að hafa orð á því, við verðum varir við það. Það má nú sjá minna. Það þarf ekki tvenn gleraugu til að sjá að hann er fjarverandi.

Við umr. um annað mál hér í deildinni í gær komst hæstv. sjútvrh. svo að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég held að menn verði hreinlega að horfast í augu við það. Ríkisstj. taldi sér ekki fært að fella gengið eins og nauðsynlegt hefði verið til þess að veita frystingunni lágmarksafkomugrundvöll.“ — Ég vil endurtaka þessi orð, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. taldi sér ekki fært að fella gengið eins og nauðsynlegt hefði verið til þess að veita frystingunni lágmarksafkomugrundvöll.“

Þessi ummæli hæstv. sjútvrh. eru mjög athyglisverð og skýra í rauninni hvernig ástatt er í þjóðfélaginu. Við völd eru nú í landinu menn sem eru að gera tilraun til þess að halda hér uppi menningarsamfélagi án þess að gæta að undirstöðunum, án þess að viðurkenna að forsenda þess, að heilbrigt mannlíf geti þróast á Íslandi, er sú, að undirstöðuatvinnuvegirnir — og þá fyrst og fremst sjávarútvegurinn og stærsta grein hans, sú sem mesta þýðingu hefur bæði fyrir útflutninginn og þjóðarbúið í heild, hraðfrystiiðnaðurinn — hafi rekstrargrundvöll sem hæstv. sjútvrh. kallar afkomugrundvöll. En því miður, það er mat ríkisstj. sjálfrar að þennan afkomugrundvöll skorti, hann sé ekki fyrir hendi. Og af þeim sökum beitir ríkisstj. sér nú fyrir því, að með óeðlilegum hætti sé grundvellinum kippt undan verðlagssjóðum sjávarútvegsins. Við sjáum það í því frv., sem hér liggur fyrir, að hugmyndin er að halda áfram þessu verki, hugmyndin er að halda áfram að brjóta niður þá atvinnuvegi sem hér hafa náð að dafna.

Ég veit að þdm. hafa veitt því athygli í viðtölum við fjölmiðla, að hæstv. viðskrh. hefur talað um að hin vonda afkoma Sementsverksmiðjunnar sé ekki að kenna þeirri ríkisstj. sem nú sitji, sökina á því beri ríkisstjórnir sem Alþfl. tók þátt í, ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar og ríkisstj. Benedikts Gröndals. Hæstv. forsrh. kom inn á það sama í ræðu sinni í dag þegar hann sagði að fjárhagserfiðleikar Sementsverksmiðjunnar stöfuðu ekki frá þessu ári, heldur eigi rætur lengra aftur í tímann. Á árunum 1978—1979 byggðust upp þeir erfiðleikar sem nú er verið að glíma við, sagði hann. Og ástæðan fyrir erfiðleikunum er að mati hæstv. forsrh. sú, að Sementsverksmiðjan hafi ekki fengið heimildir til þess að verðleggja framleiðslu sína í samræmi við tilkostnað. Í reynd kemur þetta þannig út, að þeir menn, sem kaupa sement af Sementsverksmiðjunni á næsta sumri, eru að borga byggingarkostnað þeirra manna sem keyptu sement haustið 1978 og allt árið 1979. Þetta er ein af millifærslunum í þjóðfélaginu, siðferðilega óheimil og ruglar að sjálfsögðu viðmiðun frá einu ári til annars varðandi afkomu, lífs-

kjör, húsnæðiskostnað og allt þvílíkt.

Nú vil ég, úr því að einn af stjórnarmönnum í Sementsverksmiðjunni er staddur hér í þingsalnum, hæstv. dómsmrh., beina til hans fsp. um það, hversu sé háttað rekstri Sementsverksmiðjunnar, hvort hann geri sér vonir um að geta fengið þær leiðréttingar á verði sements á þessum vordögum að nægi til að leysa úr þeim erfiðleikum sem mér skildist á hæstv. forsrh. áðan að ríkisstj. hefði látið undir höfuð leggjast að takast á við á öllu s. l. ári, allt árið 1980 og það sem af er árinu 1981. Það væri mjög gott að fá þetta upplýst. Um leið og við horfum á þennan vanda Sementsverksmiðjunnar sjáum við fyrir okkur sams konar vanda sem mörg önnur atvinnufyrirtæki hér á landi munu lenda í ef það frv., sem hér um ræðir, verður samþykkt, þá muni byggjast upp, svo að notað sé orðalag hæstv. forsrh., erfiðleikar hjá mörgum stórfyrirtækjum vegna þess að þröngsýn stjórnvöld hafa náð völdum í landinu.

Hæstv. forsrh. talaði um það hér áðan, hversu vænt honum þætti um frjálsa verslun. Hann komst svo að orði, að frjáls samkeppni tryggði best hagsmuni neytenda. Ég hváði þegar þar var komið ræðu hans og hann gerði það fyrir þingheim að endurtaka þetta, að frjáls samkeppni tryggði best hagsmuni neytenda. En síðan bætti hann við: En undir eftirliti að sjálfsögðu. Og af sinni miklu náð hefur hann nú boðist til þess að láta þetta eftirlit í té, stjórna verðlagsmálunum og sjá svo um að einhver ákveðin mörk verði sett í verðlagsþróuninni sem síðan er ætlast til að verði eitt þeirra atriða sem dómstólum landsins beri að taka tillit til varðandi þau óumflýjanlegu málaferli sem hljóta að rísa vegna 1. og 2. gr. þess frv. sem hér liggur fyrir.

12. gr. laga nr. 56 frá 16. maí 1978 hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Verðákvarðanir samkv. 8. gr. skulu miðaðar við afkomu fyrirtækja sem rekin eru á tæknilega og fjárhagslega hagkvæman hátt og nýta eðlilega afkastagetu. Verð og álagningu má ekki ákvarða lægri en svo, að fyrirtæki þeirrar tegundar, er í 1. mgr. getur, fái greiddan nauðsynlegan kostnað við innkaup eða endurinnkaup vöru, framleiðslu, aðflutning, sölu, flutning ásamt afskriftum, svo og sanngjarnan hreinan hagnað, þegar tekið er tillit til áhættunnar við framleiðslu vörunnar og sölu."

Svo mörg voru þau orð. Ég leyfi mér að fullyrða að það er útilokað að nokkur maður hefði komist í framboð fyrir Sjálfstfl. fyrir síðustu kosningar nema hann hefði gengist undir það að lúta því sem hér er sagt. Ég hygg að það sé óhugsandi að nokkur maður, sem aðhyllist sjálfstæðisstefnuna, geti afneitað því, sem þarna er sagt, og tekið í staðinn upp þá reglu, að einhver 10 manna ríkisstj. eigi upp í sínu turnherbergi opinberra tilkynninga að ákveða þann ramma sem verðhækkanir mega rúmast innan, án tillits til staðreynda, án tillits til framleiðslukostnaðar, án tillits til afkomu atvinnuveganna í heild.

Í 1. gr. þess frv., sem hér liggur fyrir, stendur svo, með leyfi hæstv. forseta, — mér virðist sem hæstv. forsrh. hafi seinkað meir en ástæða var til að ætla eftir skilaboðunum, — með leyfi hæstv. forseta:

„Miða skal verðlagsákvarðanir við ársfjórðungsleg meginmarkmið í verðlagsmálum sem ríkisstj. ákveður á hverjum tíma."

Nú vil ég spyrja hæstv. dómsmrh. hvernig hann skilji þessi orð, hvenær hann hugsi sér að þessi ársfjórðungslegu meginmarkmið í verðlagsmálum verði sett á verðlagstímabilinu. Það er talað um að þessi markmið séu sett fram fjórum sinnum á ári, og mér skilst samkv. því frv., sem hér liggur fyrir, að fyrsta tímabilið eigi að vera frá 1. maí nú til 1. ágúst. Ekki er til of mikils mælst, um leið og þetta frv. er lagt fram, að ríkisstj. geri sér grein fyrir fyrsta markmiðinu. Hvað er búist við að verðlagið megi hækka mikið til 1. ágúst, og hvernig er skilið að einstakar vörur megi hækka, ef skipt yrði gróft, hversu mikið má vera innflutningur, hversu mikið má vera opinber þjónusta og opinber fyrirgreiðsla eða vörur, hversu mikið má vera vextir, hversu mikið má vera landbúnaðarvörur, hversu mikið má vera húsaleiga, hversu mikið má vera íslenskar iðnaðarvörur? Þegar hæstv. ríkisstj. talar um að óheimilt sé að leyfa hækkanir, þá hlýtur hún að hafa gert sér grein fyrir því, á hvaða sviðum mannlegra viðskipta hún hyggist fyrst kreppa að. Hér er hæstv. menntmrh. Hvað segir hann um það? Á hvaða sviðum er það sem ríkisstj. hyggst helst beita sínum geiri? Þýða yfirlýsingar hennar nú það, að hún ætli áfram að hafa sementið lágt? Þýða yfirlýsingar hennar það, að ekki megi hækka áburðinn? Eða er það rétt, sem fram kom hjá hæstv. forsrh. áðan, að til standi að hleypa verðhækkunum á áburðinum í gegn, en hins vegar eigi einkafyrirtækin ekki að fá að hækka sínar vörur? Er það hugmyndin? Hvað á að hækka? Hvernig á þetta að skiptast? Er hugsanlegt að hæstv. dómsmrh. sé hér að leggja til réttarreglu sem felur í sér að fyrirtæki, sem framleiðir vörur sem ekki eru í vísitölu, eigi samkv. lagareglum að hafa meiri rétt til hækkunar heldur en fyrirtæki sem framleiðir nauðsynjavöru og vegur þungt í vísitölunni? Ég get ekki skilið þessa lagagrein öðruvísi en svo, að eftir því sem varan er nauðsynlegri, eftir því á að torvelda meir framleiðslu hennar og eftir því eiga menn að eiga erfiðara með að fá fram eðlilegar kostnaðarhækkanir. Hér segir enn, með leyfi hæstv. forseta:

„Leyfi til verðhækkana innan þeirra marka, sem ríkisstj. setur hverju sinni, tekur gildi með samþykkt viðkomandi verðlagsyfirvalda og staðfestingu viðskrh. Sé samþykkt verðlagsyfirvalda umfram hin settu mörk tekur hækkunin ekki gildi fyrr en að fenginni staðfestingu ríkisstj."

Þetta er flókið kerfi. En nú liggur fyrir að tveir sjálfstæðismenn hafa lagt fram um það till., að Neytendasamtökin fái eitthvað um það að segja hvernig ríkisstj. sjálf verðleggur opinbera þjónustu. Hvert er þá svarið frá ríkisstj.? Hvernig svarar ríkisstj. Alþingi um þá málaleitan, að fólkið í landinu fái eitthvað um það að segja hvernig hækkað sé? Hinn 16. febr. s. l. barst allshn. Sþ. svohljóðandi bréf frá viðskrn., undirritað af ráðuneytisstjóra, með leyfi hæstv. forseta:

„Ráðuneytinu hefur verið send til umsagnar till. til þál., 85. mál, um efnislegar breytingar á gjaldskrám þjónustustofnana. Flm. er Friðrik Sophusson. Till. gerir ráð fyrir því, að þjónustustofnunum ríkisins verði gert skylt að senda allar tillögur um efnislegar breytingar á gjaldskrám til umsagnar Neytendasamtakanna og Verslunarráðs Íslands. Vegna tillögu þessarar vill rn. taka fram eftirfarandi:

Breytingar á gjaldskrám hinna ýmsu þjónustustofnana ríkisins heyra undir hlutaðeigandi rn. og hið sama er að segja um gjaldskrár þjónustustofnana sveitarfélaga. Þannig heyrir gjaldskrá Landsvirkjunar undir iðnrn., gjaldskrá póst- og símamálastjórnar undir samgrn. og gjaldskrár hitaveitna, sem sveitarfélögin reka, heyra

undir iðnrn. Á tímum verðstöðvunar hafa breytingar á gjaldskrám einnig þurft að fá staðfestingu ríkisstj. Ríkisstj. hefur haft sér til ráðuneytis í gjaldskrármálum sérstaka vinnunefnd sem skilað hefur tillögum um breytingar á gjaldskrám. Er verðlagsstjóri formaður þeirrar nefndar. Það kerfi, er umsóknir um breytingar á gjaldskrám þurfa að fara í gegnum í dag, er nokkuð þungt í vöfum. Ef einnig ætti að senda hvert einasta erindi um gjaldskrárbreytingar til Neytendasamtakanna og Verslunarráðs Íslands er hætt við að kerfið yrði það þunglamalegt að afgreiðslur mundu dragast um of á langinn. Er einnig vandséð að samtök þessi hafi mannafla til þess að yfirfara öll þau gögn er fylgja hverju erindi um gjaldskrárbreytinguna."

Ég bið menn að taka eftir því, að í þessu plaggi er talað um að nauðsynlegt sé að fara í gegnum þau gögn sem fylgi beiðni um gjaldskrárbreytingu. Og þar er því raunar haldið fram, að kostnaður skipti máli í sambandi við verðákvörðun. Ég ætla að lesa þetta áfram, með leyfi hæstv. forseta:

„Umsóknir þjónustustofnana ríkisins um gjaldskrárbreytingar fá í dag mjög ítarlega faglega umfjöllun embættismanna og stjórnmálamanna. Stundum hefur verið dregið að heimila nægilegar hækkanir á opinberri þjónustu með þeim afleiðingum að hallarekstur hefur orðið. Ekki er líklegt að umsagnir frá Neytendasamtökum og Verslunarráði Íslands mundu hér bæta úr." — Ég endurtek: „Stundum hefur verið dregið að heimila nægilegar hækkanir á opinberri þjónustu með þeim afleiðingum að hallarekstur hefur orðið. Ekki er líklegt að umsagnir frá Neytendasamtökum og Verslunarráði Íslands mundu hér bæta úr."

Svo mörg voru þau orð. Og alveg eins og í ræðu hæstv. forsrh. hér áðan, þegar hann harmaði, hvernig setið var á nauðsynlegum verðhækkunum á sementi á árunum 1978 og 1979, og talaði um þann uppsafnaða vanda sem af því rís nú, einnig hér er talað um að nauðsynlegt sé að ekki sé um hallarekstur að ræða hjá opinberum aðilum. Ég get upplýst það í sambandi við umr., sem fram hafa farið í sambandi við skuldbreytingu sjávarútvegsins og hraðfrystiiðnaðarins, að ýmsir af trúnaðarmönnum núv. ríkisstj., þar með taldir t. d. formaður fjvn. og fulltrúar Framsfl. í stjórn Byggðasjóðs, formaður Byggðasjóðs, — allir þessir menn hafa hvað eftir annað í störfum sínum þar látið í ljós þá skoðun, að eigið fé í fyrirtækjum í dag sé allt of lítið, það þurfi að auka eigið fé. Og í sambandi við ýmsa fyrirgreiðslu frá þeim sjóði hefur krafan um aukið eigið fé verið algert skilyrði. Auðvitað stingur þetta í stúf við skattalögin, sem ríkisstj. lagði fram og fyrst og fremst beinast gegn sjávarútveginum, gegn hraðfrystiiðnaðinum, gegn þeim framleiðsluiðnaði sem heldur uppi atvinnu í landinu. Væri nær af formanni Verkamannasambands Íslands að hann reyndi með einhverjum hætti að koma til móts við þau sjónarmið okkar sem viljum halda uppi sómasamlegri atvinnu og sæmilegri arðsemi hjá lægst launaða fólkinu, að hann reyndi eitthvað að hjálpa til að koma sæmilegri skipan á þessi mál heldur en að fela sig hér í þingsölum þannig að varla heyrist í honum og þá lítið í hvert skipti sem hann reynir að gelta.

En þær efnahagsráðstafanir, sem hér liggja fyrir, eru ekki um það að styrkja atvinnuvegina. Það er ekki hugmyndin og við fáum ekki upplýsingar um það, jafnvel þó að hæstv. forsrh. sé kominn í salinn, hvort hann hugsi sér að hafa þessi ársfjórðungslegu meginmarkmið í verðlagsmálum. Þetta eru löng orð, ég bið nú hæstv. forsrh. afsökunar á því: ársfjórðungsleg meginmarkmið í verðlagsmálum, hvort hann ætli að skilgreina þau, hversu mikið af þessum meginmarkmiðum sé innan opinbera geirans, hversu mikið sé í innflutningum og hversu mikið sé í íslenskum iðnaðarvörum. Við fáum áreiðanlega ekkert um það að vita því að hér er verið að setja löggjöf, sem er loðmolluleg og sett í því skjóli, að enginn dómstóll er til í landinu sem þegnarnir geta leitað til til varnar gegn röngum stjórnskipulegum aðferðum. Það er enginn stjórnsýsludómstóll til. Fólkið er gersamlega varnarlaust þegar herrarnir stjórna með þeim hætti. Það er eins og rannsóknarrétturinn. Hann hélt sig að vísu við þessa veröld, við það sem menn gerðu. Rannsóknarrétturinn lét það bíða guðs allsherjar að dæma menn fyrir hugrenningasyndir. En það er síður en svo í þessu frv. að haldið sé við það, heldur á nú að gera lögbann gegn ólögmætum aðgerðum. Hvernig ætlar hæstv. forsrh. að standa að þeim? Ætlar hann að hefja staðfestingarmálið? Lögbannið fellur niður eftir viku. Hver ætlar að hefja staðfestingarmálið? Ég held að engum manni hafi dottið annað eins í hug og þetta, enda er þetta atriði nú aðhlátursefni manna um allt land.

Svo er annað atriði. Nú skulum við horfa fram hjá þessu og hugsa okkur það, að fógetaréttur fái úrskurðarvaldið um hvort lögbannskrafan skuli gild. Þá hefur það verið sæmileg réttarvenja fram undir þetta, að réttur gerðarbeiðanda verði að teljast sæmilega glöggur, hafa við sæmileg rök að styðjast. Það mundi kannske vera lágmarkskrafa af fógetans háflu að fá að vita um það nákvæmlega, hver væru ársfjórðungsleg meginmarkmið í verðlagsmálum hjá ríkisstj. Nú mundu þessi meginmarkmið kannske eitthvað breytast á meðan fógetarétturinn væri að fjalla um málið. Og hvernig getur meginmarkmið ríkisstj. allt í einu orðið ein af forsendum fyrir lögbannskröfu? Ég átta mig ekki á því. Þetta er náttúrlega eitt af þessum fáránlegu frumvörpum, meiningarlaust og merkingarlaust algerlega, sem hér er hrúgað inn á Alþingi. Og svo segir sá maður sem flytur frv. að það liggi ekki enn fyrir hvernig eigi að taka á einu og öðru. Hvernig á að taka á landbúnaðarmálunum núna eftir mánuð? Hvert er meginmarkmið ríkisstj. í því? Hefur hún kannske ekkert hugsað um það? Ég er alls ekki viss um að það standist eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar að skuldbinda menn til þess að selja framleiðslu sína á lægra verði en sannanlegur tilkostnaður er. Við munum eftir því hjá Díokletíanusi þegar hann setti verðlagsákvæði af þessu tagi, þá varð vöruskortur í landinu, kaupmenn hreinlega földu sínar vörur og þær komu ekki fram, iðnaðarmenn hættu að vinna í sinni iðn, fólksflótti varð úr landinu. Hvernig ætlar ríkisstj. að tryggja að menn fái vörurnar ef þær mega ekki kosta það sem þær kosta? Hverju ætlar hæstv. forsrh. að bjarga með því? Hann talar með mikilli hneykslan um sementið, að ekki hafi mátt hækka það eins og nauðsynlegt var á árunum 1978 og 1979. En er þá allt í lagi á þessu herrans ári í ár ef eitthvað annað má ekki kosta það sem það þarf að kosta? Hvernig er komið fyrir hitaveitunum? Fá þær að hækka? Hvernig er rekstur þeirra orðinn? Hvernig er komið fyrir ýmsum af okkar stóru fyrirtækjum? Hvernig er komið fyrir Landsvirkjun? Hvernig er komið fyrir þjóðfélaginu í heild? Opinber eyðsla er aukin dag frá degi, misseri til misseris. Svo koma fulltrúar ríkisstj. öðru hverju og segja: Ég bið um heimild til þess að fá að lækka

ríkisútgjöldin. — Heimildin hér er að lækka ríkisútgjöldin um 31 millj. kr. Hvað gerir hæstv. forsrh. ráð fyrir að ríkisútgjöldin verði mikil á þessu ári? Hvað segir áætlun hans um það? Hvað hefur hæstv. forsrh. og hans ríkisstj. sparað mikið frá þeirri áætlun sem lá fyrir þegar fjárlög voru gerð? Hvernig stendur á því, að forsrh. segir nú í ræðustól hér á Alþingi að verðbólgan fyrir einu ári hafi verð 60%, en fyrir einu ári sagði hann að hún væri 40%? Hvernig stendur á því, að það er alltaf talað í öðrum tón og öðruvísi um framtíðina heldur en um líðandi stund og fortíðina? Hvernig stendur á því, að ekki er staðið við loforðin? Hvernig stendur á því, að það eina stöðuga í þessu landi er það, að ekki stenst eitt einasta fyrirheit sem ríkisstj. gefur þegnunum ef það horfir til bóta?

Verðbólgan verður 42% á þessu ári. Getum við þá gengið út frá því í sambandi við það fyrirheit, sem hæstv. ríkisstj. hefur gefið í sambandi við lækkanir á beinum sköttum, að laun muni ekki hækka nema um 36% á þessu ári, frá upphafi til loka árs, á sama tíma og Þjóðhagsstofnun gerir ráð fyrir að meðaltalshækkun verðbólgunnar sé 50% frá s. l. ári og fram á þetta ár, eins og stendur enn í dag? (**Forsrh.:** Ekki er þetta rétt lesið.) Þetta um verðbólguna, er það ekki rétt lesið? (**Forsrh.:** Það, sem þm. var að fara með eftir Þjóðhagsstofnun, er ekki rétt lesið.) Hvar hefur komið fram, hæstv. forsrh., leiðrétting á þeirri spá sem Þjóðhagsstofnun setti um þetta í fyrstu viku í janúar, hvar hefur breyting á því komið? (**Forsrh.:** Ég segi, hv. þm. les þetta ekki rétt.) Les ég það ekki rétt? (**Forsrh.:** Þetta er rangt eftir haft.) Er það rangt eftir haft, að Þjóðhagsstofnun gerir ráð fyrir að meðaltalshækkun verðbólgunnar frá 1980 til 1981 verði 50% og það sé gengið út frá því? Er það rangt eftir haft, að í sambandi við þau ummæli í lánsfjáráætlun, sem fjalla um ráðstöfunartekjur, sé reiknað með 50% verðbólgu milli ára? Er það rangt? (**Forsrh.:** Þm. ruglar öllu saman.) Er þetta rangt eða rétt, já eða nei? (**Forsrh.:** Þm. ruglar öllu saman, verðbólgu milli ára og verðbólgu frá byrjun til loka árs.) Ég hef ekki minnst á verðbólgu frá byrjun til loka árs, ekki einu einasta orði, hæstv. forsrh. Ég get ekki ruglað því saman ef ég minnist ekki á það.

Ég sagði að spá Þjóðhagsstofnunar væri 50% meðaltalshækkun frá s. l. ári til þessa árs. Verðhækkun milli ára er 50%. Þessi spá liggur fyrir í gögnum Þjóðhagsstofnunar frá því í janúarmánuði og ég mun nota það kvöldverðarhlé, sem verður hér á fundum deildarinnar, til að afla mér gleggri upplýsinga um það mál. (**Gripið fram í:** Þó fyrr hefði verið.) Það reyndist allt rétt sem ég sagði. Ef þetta var formaður Verkamannasambandsins sem greip fram í, þá reyndist það miklu óhagstæðara fyrir hans fólk en mig minnti. Meðaltalshækkun milli ára og þeir samningar, sem Alþýðusambandið gerði varðandi skattalagabreytingarnar, voru náttúrlega hörmuleg fyrir það fólk. Við eigum eftir að ræða það mál nánar.

Um hitt vil ég svo spyrja formann Verkamannasambandsins, hvort hann í fyrsta lagi hafi komist að sömu niðurstöðu og hæstv. forsrh. um það, að launahækkanir á þessu ári frá upphafi til loka árs verði ekki nema um 36%. Það er sú spá sem hæstv. sjútvrh. gaf upp í blöðum. Og ef við föllumst á það sjónarmið hv. 12. þm. Reykv., Guðmundar G. Þórarinssonar, að skattbyrðina ætti að meta út frá tekjum greiðsluárs, sem er óhjákvæmilegt ef um kaupmáttaraukningu á að vera að ræða, þá verður auðvitað að gera það, þá náttúrlega hljóta þessar spár að setja strik í reikninginn. En við vitum náttúrlega báðir að þessar spár standast ekki. Verðbólgan er miklu meiri en hæstv. forsrh. vill vera láta. Það vitum við öll sem hér erum inni. Og það breytir engu þar um þó búið hafi verið til eitt vont orð í viðbót: verðlagsaðhald. Ég var að velta því fyrir mér, hvort það rímaði á móti vaðall eða eitthvað svoleiðis, en það er nú ekki. En orðið er svo klaufalegt að vel mætti hugsa sér það. Og það er ekki hægt að breyta lögmálum efnahagslífsins með því að breyta um orð. Það var talað um aðhald í gengismálum rétt í þann mund sem krónan tók skriðinn niður á við fyrir einu ári. Nú er talað um verðlagsaðhald. Aðhald að hverju? Er það verðlagsaðhald að því að fyrirtækin geti borið sig í landinu? Er það verðlagsaðhald að því að þau geti byggt sig upp? Að hverju er þetta aðhald? Aðhald að hverju? Það er aðhald að því að brjóta niður einkareksturinn í landinu og þar kemur hæstv. fosrh. til hjálpar kommúnistum, er verkfæri kommúnista, smátt og smátt. Nú er það þetta, á morgun er það hitt. Og allt miðar að því sama: að brjóta niður frjálst framtak í landinu, löngun fólks til þess að vinna, löngun fólks til þess að byggja upp. Þetta er í hróplegri andstöðu við 50 ára starf Sjálfstfl., hróplegri andstöðu við allar hugsjónir þeirra manna sem þann flokk hafa stutt.

Að síðustu, herra forseti, vil ég aðeins vekja athygli hér á smágrein í aths. við lagafrv. þetta:

„Ríkisstj. setur þannig fram ákveðna stefnuviðmiðun fyrir almennar verðlagsbreytingar, en einstakar verðákvarðanir geta vikið þar frá ef nauðsyn krefur.“ Það eru þessi orð: „ef nauðsyn krefur“ — sem vekja athygli mína. Nauðsyn hvers? Við því fæst að sjálfsögðu ekki svar. Það er ekki við því að búast. En menn sjá náttúrlega hvað hér er um að vera. Menn gera sér grein fyrir því. Yfir vötnunum hvílir það sama, grunntónninn er þessi, eins og varðandi hraðfrystiiðnaðinn, að ríkisstj. telur sér ekki fært að veita frystingunni lágmarksafkomugrundvöll, sagði hæstv. sjútvrh. í gær. Og nú er verið að tala um aðra atvinnuvegi.

Það er að verða brýnast nú, eins og ég sagði áðan, að borgararnir í landinu taki höndum saman og finni einhver ráð til að létta af sér þessu oki, oki óréttlátrar skattheimtu, oki niðurrifs í atvinnumálunum, tilviljanakenndrar stjórnunar á landinu, sem hefur þegar valdið því, að lífskjör hafa versnað hér stöðugt og á eftir að valda því að lífskjör versna hér meir. Það bíður ungra handa að snúa dæminu við. Það bíður ungra handa að vekja aftur framtak hjá þjóðinni og heilbrigðan hugsunarhátt. Það bíður þeirrar ungu kynslóðar sem nú er að vaxa upp í landinu og langar virkilega til að fá að njóta dugnaðar síns og hugvits. Við leggjum til hliðar gömlu karlana um leið og við reynum að upplifa nýtt ungt Ísland, Ísland framtíðarinnar.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Ég hafði hugsað mér að gera nokkrar aths. við það frv., sem hér liggur fyrir, og reyndar það sem þegar hefur komið fram í máli manna um þetta frv. hér í dag. Ég tek það fram, að ég mun ekki tala langt mál því að ég tel eðlilegt, að þetta mál nái til nefndar áður en þessum fundi lýkur, og hef ekki hugsað mér að halda uppi neinu málþófi hér í þessu máli og vonast til að þessum fundi geti lokið fyrir kvöldið.

Ég held að engum blandist hugur um það, að einn sá mesti vandi, sem íslensk þjóð stendur frammi fyrir og hefur lengi staðið frammi fyrir, er sú mikla verðbólga sem hér geisar og hefur geisað með vaxandi hraða

undanfarin ár og aldrei með meiri hraða heldur en eftir að núv. hæstv. ríkisstj. tók við völdum. Það er alveg ljóst að sú ríkisstj., sem nú situr, hefur ekki fengið við neitt ráðið þrátt fyrir ýmsa tilburði í þá átt, bæði með því frv., sem samþykkt var sem lög frá Alþingi fyrr í vetur, þ. e. brbl. frá því á gamlársdag, og reyndar ýmsum aðgerðum á síðasta ári, og þrátt fyrir það frv. sem hér liggur nú fyrir. Ekkert af þessu hefur náð þeim árangri sem að hefur verið stefnt í upphafi miðað við yfirlýsingar ríkisstj.

Sannleikurinn er sá, að engar yfirlýsingar hæstv. ríkisstj. eða einstakra hæstv. ráðherra um verðbólguþróun, sem gefnar hafa verið á ýmsum tímum frá því að stjórnin tók við, hafa staðist þegar á hólminn hefur komið. Þær hafa alltaf reynst óraunhæfar eða rangar. Maður getur spurt sjálfan sig að því, hvernig á þessu standi. Skortir ríkisstj. vilja til að berjast við þann vanda sem við er að etja? Við höfum heyrt að vilji sé allt sem þarf, og ég vil leyfa mér að halda því fram, að einstaka ráðh. skorti út af fyrir sig ekki vilja í þessu efni. Skortir þessa ríkisstj. raunsæi til að glíma við þann vanda, sem við er að etja, og til að grípa til þeirra ráða sem nauðsynleg eru svo að árangur náist? Eða er óeiningin innan hæstv. ríkisstj. svo mikil að aldrei náist samstaða um það sem gera þarf? Ég hallast að þessari seinustu skýringu. Það er margt sem styður hana.

T. d. hafa vakið athygli stöðugar yfirlýsingar ráðh. Framsfl., en a. m. k. formaður þess flokks, hæstv. sjútvrh., hefur verið mjög málglaður og yfirlýsingaglaður. Í munni hans er niðurtalningin alltaf að hefjast, stundum er hún jafnvel hafin, en samt gerist ekkert í baráttunni gegn verðbólgunni. Stöðugt gefa framsóknarmenn út yfirlýsingar um það, að nú sé nauðsynlegt að grípa til aðgerða sem dugi, og tala jafnvel stundum sjálfir um róttækar aðgerðir í því efni. Samt gerist ekkert. Allt það, sem birtist okkur þm. eða landsmönnum í formi ákvarðana ríkisstj., virðist ekkert vera nema máttlaust kák sem engan árangur ber.

Hæstv. ráðherrar úr Sjálfstfl. fara sér varlegar í yfirlýsingum fyrir fram. Reyndar virðist oft sem þá skorti nokkuð sjálfstæðan vilja og sjálfstæða stefnu í þessum málum, þeir hafi kosið sér það hlutverk að reyna að sigla milli skers og báru, vera eins konar málamiðlarar á milli þeirra höfuðafla sem að þessari ríkisstj. standa, þ. e. Framsfl. og Alþb. Ég held að engum blandist hugur um það, sem skoðar þessi mál, skoðar til hlítar þau frumvörp sem um þetta hafa verið flutt, að á meðferð þessa máls, á meðferð baráttunnar gegn verðbólgunni hjá hæstv. ríkisstj. eru fingraför Alþb. Sannleikurinn er sá, að ávallt hefur einkennt efnahagsstefnu Alþb. algert óraunsæi, neitun á staðreyndum efnahagslífsins, oftrú á ýmsum óraunhæfum aðgerðum sem aldrei hafa skilað neinum árangri sem dugar, eins og verðlagseftirliti eða svokallaðri verðstöðvun. Alþb. hefur aldrei verið reiðubúið til þess að ráðast gegn orsökum verðbólgunnar, heldur hafa allar þess aðgerðir miðað að því að reyna að draga úr afleiðingum hennar — og þá til skamms tíma — með ýmsum kákaðgerðum.

Allt, sem gert hefur verið t. d. varðandi fjárlagagerð, miðar, að þenslu í opinberum rekstri, aukinni skattheimtu, auknum rekstri ríkisins, auknum opinberum framkvæmdum sem óneitanlega eru mjög verðbólguhvetjandi. Það á einmitt að vera eitt höfuðmarkmið ríkisvaldsins, þegar verðbólga geisar eins og nú, að ríkið gangi á undan með góðu fordæmi, dragi úr, þenji sig ekki út eins og gert hefur verið undir þessari hæstv. ríkisstj. Erlendar lántökur eru og gegndarlausar. Auðvitað er það blekking þegar talað er um að ríkissjóður sé greiðsluhallalaus, eins og hæstv. fjmrh. reynir gjarnan að stæra sig af og reyndar aðrir ráðherrar, þegar vitað er að stór hluti þess, sem eðlilegt væri að tilheyrði fjárlögum ríkisins, er sett inn í lánsfjáráætlun og tekin lán erlendis frá til að standa undir því. Hinar hóflausu erlendu lántökur, sem iðkaðar eru af hæstv. ríkisstj., eru að sjálfsögðu mjög verðbólguhvetjandi. Ég held að rótin að verðbólgunni liggi fyrst og fremst í þessari stefnu, þar liggi ástæða þess að ekki hafi tekist betur en reynslan hefur sýnt í baráttunni gegn þessari verðbólgu.

Að mati okkar sjálfstæðismanna, sem í stjórnarandstöðu erum, er það hvað alvarlegast í stefnu og störfum núv. hæstv. ríkisstj. hvað hægt og sígandi er sorfið að einkaframtakinu í landinu. Það er gert á ýmsan hátt. Í dag er það með þessu frv., í gær var það með frv. sem lagt var fram um skattamál, þar áður með lánsfjáráætlun þar sem stefnt er að því að draga stórlega úr fjárfestingu atvinnurekstrar, en því meira fjármagni stefnt í opinberar framkvæmdir. Auðvitað er þetta í samræmi við þá grundvallarstefnu Alþb. að reyna að herða svo að öllu einkaframtaki í landinu, að einkarekstrinum, að hann eigi sér ekki lífs von hér á landi, að hægt sé að setja atvinnureksturinn meira og minna í opinberar hendur eins og stefna Alþb. er bæði leynt og ljóst.

Í þessu frv. er enn einu sinni vikið að verðstöðvun. Og þó að verðstöðvun hafi verið í gangi lengi og á ýmsu gengið um framkvæmdir, þá virðist nú allt benda til þess, að hér eigi enn að herða tökin frá því sem verið hefur. Verðstöðvun hefur að vísu verið eins konar friðþægingartæki, sem sett hefur verið í lög til þess að friða ákveðin öfl, t. d. innan Alþb., en yfirlýsingar ráðh. þess nú virðast benda til þess, að enn eigi nú að herða þessi tök.

Það vekur t. d. sérstaka athygli, að hvergi er látið að því liggja að afkoma fyrirtækja eigi nokkru að ráða um það, hvaða ákvarðanir verði teknar í verðlagsmálum. Aðalviðmiðunin er ársfjórðungsleg meginmarkmið ríkisstj., eins og það heitir í lögunum, en á engan hátt vikið að því, hvað atvinnulífið raunverulega þurfi til þess að geta gengið. Frá þessu eru að vísu heimiluð ákveðin frávik, en það vekur athygli hvernig þetta er túlkað í grg. frv. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Miðað er við að verðhækkanir umfram brýnustu nauðsyn verði ekki leyfðar, en í óhjákvæmilegum tilfellum verði unnt að leyfa meiri hækkanir, enda verði heildarútkoman innan við hin settu mörk."

Við skulum sérstaklega taka eftir þessu orðalagi: „enda verði heildarútkoman innan við hin settu mörk." Þetta þýðir m. ö. o. að ef einn fær meira en annar, þá eigi að skerða hjá þeim síðarnefnda. Ef t. d. opinber fyrirtæki fá meiri hækkun en ársfjórðungsleg meginmarkmið ríkisstj. segja fyrir um, þá eiga einkafyrirtækin að fá minna. Í rauninni er hér um að ræða að fela ríkisstj. vald til óhæfilegra geðþóttaákvarðana. Og ég held að með þessu frv., eins og það liggur hér fyrir nú skoðað í ljósi þeirra yfirlýsinga sem ýmsir hæstv. ráðherrar hafa gefið, sé ríkisstj. gefið allt of mikið vald til ýmissa geðþóttaákvarðana.

Eitt atriði hefur sérstaklega komið hér til umr. Það er sú nýjung, sem felst í þessu frv. umfram það sem áður hefur gilt, að heimila að fógeti leggi lögbann við byrjuðu

eða yfirvofandi broti á fyrirmælum verðlagsyfirvalda. Hér er farið inn á mjög varhugaverða leið. Ég vil mjög eindregið lýsa andstöðu minni við þessa leið og vara við henni. Hæstv. forsrh. býsnaðist yfir því áðan í ræðu sem hann hélt, að honum fyndist undarlegt eða það kæmi honum spánskt fyrir sjónir, að fram kæmu raddir hér á Alþingi sem andmæltu því að gerðar yrðu ráðstafanir til þess að halda uppi lögum landsins. Ég held að hæstv. forsrh. þurfi ekki að gera því skóna, að neinn okkar, sem andmælum þessu ákvæði um lögbann, sé að láta að því liggja að ekki eigi að halda uppi lögum í landinu. En það er ekki sama á hvern hátt það er gert. Og ég held að hér sé farið inn á braut sem sé allt of harkaleg. Ég vil sérstaklega vekja athygli á því, hvernig aðalmálgagn ríkisstj. túlkar þetta í leiðara í morgun. Í Þjóðviljanum segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í gær kom Alþingi saman á ný eftir páskahlé. Á þessum fyrsta degi þingsins að hléi loknu lagði ríkisstj. fram frv. um strangt aðhald í verðlagsmálum út allt þetta ár, en þann 1. maí n. k. falla úr gildi ákvæði áramótalaganna um herta verðstöðvun. Eitt merkasta ákvæði í hinu nýja frv. ríkisstj. varðar heimild til verðlagsstjóra til að beita þá aðila eða samtök aðila lögbanni, sem brjóta reglur Verðlagsstofnunar eða hækka verð á vörum eða þjónustu umfram það sem leyft er á hverjum tíma. Slíku lögbanni er ætlað að taka gildi tafarlaust í stað þess að hingað til hefur verðlagsstjóri ekki ráðið yfir nægilega virkum úrræðum til að hindra strax ólögmætar verðhækkanir, því að hin almenna dómstólaleið er seinfær. Ákvæði hins nýja lagafrv. er ætlað að bæta úr þessu og ætti að geta komið að góðu gagni í baráttu við þann braskaralýð sem stærsta sök ber á okkar verðbólgumálum."

Ég held að það fari ekkert á milli mála hver túlkun Þjóðviljans er á þessu ákvæði. En hverjir eru nú þessir braskarar, hverjir tilheyra þessum braskaralýð sem Þjóðviljinn sérstaklega gerir að umtalsefni í þessum leiðara sínum í dag? Sannleikurinn er sá, að ég held að yfirleitt hafi íslenskir viðskiptamenn, hvort sem þeir eru iðnrekendur, kaupmenn eða tilheyra öðrum þáttum atvinnulífsins, farið mjög eftir þeim ákvæðum sem á hverjum tíma hafa verið sett af verðlagsyfirvöldum. Það eru örfá mál sem hafa orðið verulegt ágreiningsefni. Og hverjir eru það þá sem þar hafa helst átt í höggi við verðlagsyfirvöld? Hverjir hafa verið þessi svokallaði braskaralýður sem Þjóðviljinn talar um? Síðast var það Sementsverksmiðjan. Síðasti aðilinn, sem verðlagsyfirvöld kvörtuðu yfir að fylgdi ekki ákvörðunum verðlagsyfirvalda, var Sementsverksmiðjan þar sem m. a. hæstv. dómsmrh. situr í stjórn. Er það hann eða stjórn Sementsverksmiðjunnar sem átt er við þegar Þjóðviljinn talar um braskaralýð í þessu sambandi?

Við munum eftir öðru dæmi í vetur þar sem sló í brýnu milli verðlagsyfirvalda og ákveðinna aðila í viðskiptalífinu og auglýst var verð sem var í ósamræmi við ákvarðanir verðlagsyfirvalda. Þar voru bakarar á ferð. Við munum enn fremur eftir öðru dæmi. Það var stuttu eftir áramótin. Þá lentu fisksalar í erfiðleikum og í ágreiningi við verðlagsyfirvöld vegna þess að þeir fengu ekki að hækka fisverð, voru skyldaðir til þess að selja á gömlu verði þó að vitað væri að fiskur, sem þeir voru að kaupa, mundi hækka í verði og þeir fengju bakreikninga fyrir.

Frægustu aðilarnir í baráttunni við veðlagsyfirvöld og þeir, sem hafa verið hvað óhlýðnastir verðlagsyfirvöldum og viljað fara sínu fram og gert það á stundum, eru þó dagblöðin. Ég held að meira að segja hæstv. félmrh. hafi verið ritstjóri Þjóðviljans þegar dagblöðin tóku sig saman um að hlíta ekki ákvörðunum verðlagsyfirvalda. (**Félmrh.:** Nei.) Ef þetta er rangt með farið bið ég hæstv. félmrh. afsökunar, en alla vega voru það flokksbræður hans og skoðanabræður sem þar voru á ferðinni, þeir hinir sömu sem nú í dag tala um braskaralýð sem sérstaklega standi í baráttu við verðlagsyfirvöld.

Sannleikurinn er sá og ég ítreka það, að íslenskir viðskiptamenn hafa verið löghlýðnir í þessum efnum. Það eru örfá dæmi, sem telja má jafnvel á fingrum annarrar handar, um það að íslenskir viðskiptamenn hafi ekki hlítt ákvörðunum verðlagsyfirvalda. Og þá er þar um að ræða dæmi eins og þau sem ég hef hér talið upp. Þess vegna tel ég að þetta séu kaldar kveðjur sem hæstv. ríkisstj. sendir íslenskum viðskiptaaðilum með því að setja svo hörð ákvæði eins og hér eru á ferð. Undantekningarnar, sem hér er um að ræða og verðlagsyfirvöld geta bent á, eru bæði fáar og smáar og skipta engu máli í baráttu við verðbólguna.

Þess vegna ítreka ég það, að ég lýsi andstöðu minni við þetta ákvæði. Ég tel að það sé ekki efni til þess að gera því skóna, eins og hæstv. forsrh. gerði, að íslenskir viðskiptamenn, kaupmenn, iðnrekendur og aðrir þeir sem viðskipti stunda á Íslandi, séu ekki löghlýðnir borgarar.

Eitt atriði enn í þessu frv. vildi ég gera að umtalsefni þó að um það þurfi reyndar ekki að fara mörgum orðum. Það er ákvæði um vörugjald á sælgæti og gosdrykki — aðallega á gosdrykki — sem nú er lagt til að sé lækkað. Í raun og veru þarf ekki að rifja upp, mönnum hljóta að vera svo í fersku minni þær umræður sem urðu um þetta mál hér á Alþingi skömmu fyrir jólaleyfi, en þar var þetta mikið deiluefni. Okkur stjórnarandstæðingum fannst það einkennilegt, að nokkrum mánuðum eftir að sett voru sérstök brbl. til að bæta erfiða aðstöðu sælgætisiðnaðarins skyldi ríkisstj. leggja fram lagafrv. til að íþyngja þessum iðnaði sérstaklega með nýjum sköttum, nýju vörugjaldi sem átti að vera 10% samkvæmt lagafrv., en fór niður í 7% í meðferð Alþingis.

Á gosdrykki var hins vegar lagt 30% vörugjald og nú er lagt til að það sé lækkað niður í 17%.

Við stjórnarandstæðingar vöruðum eindregið við þessu gjaldi. Og við vorum ekki einir um það. Allir þeir, sem að þessum iðngreinum starfa, vöruðu sérstaklega við því, bæði iðnrekendur og launþegar. Ég man sérstaklega eftir því þegar þeir komu hér sameinaðir, bæði atvinnurekendur og launþegar í þessum atvinnugreinum, til þess að afhenda mótmæli hér niðri í anddyri Alþingis m. a. formönnum fjh.- og viðsknefnda, að í framhaldi af því fór helsti málsvari Alþb. í þessu efni, reyndar í Ed., háðulegum orðum um þessi viðvörunarorð starfsfólksins. En reynslan hefur sýnt að aðvörunarorð okkar voru á rökum reist. Og ég held að hæstv. ríkisstj. ætti oftar að taka nokkurt mið af því sem stjórnarandstaðan segir, ætti að hafa meira samráð og samstarf við stjórnarandstöðuna, því að reynslan hefur sýnt að það er æðioft sem okkar aðvörunarorð koma fram. Ég held að hæstv. ríkisstj. gerði betur í því að láta stjórnarandstöðuna fylgjast með þeim aðgerðum sem hún undirbýr hverju sinni, en ekki að kasta frv. inn á Alþingi óviðbúið án þess að menn hafi fengið nokkuð að kynna sér efni mála, eins og gerst hefur í þessu máli.

En okkar aðvörunarorð komu fram. Fljótlega eftir að þetta gjald komst á var 50—60 mönnum sagt upp í verksmiðjunni Vífilfelli og vitað er að aðrar gosdrykkjaverksmiðjur eiga einnig í miklum erfiðleikum, enda tekur ríkið nú tæplega 53% af hverri gosdrykkjaflösku til sín í sköttum.

En batnandi mönnum er best að lifa í þessu efni. Nú flytur þessi sama hæstv. ríkisstj. rúmlega þremur mánuðum síðar frv. um lækkun þessa gjalds úr 30% í 17%. Og auðvitað er þetta eitt dæmi af mörgum sem sýnir það ráðleysi sem einkennir störf hæstv. ríkisstj.

Herra forseti. Ég læt máli mínu lokið. Þetta frv., svo rýrt sem það er að efni, ber vott um að það er enn sem fyrr Alþb. sem ræður ferðinni í stefnumótun hæstv. ríkisstj. í efnahagsmálum. Það er einnig mikill galli á því, að Alþingi skuli ekki gerð grein fyrir þeirri heildarmynd sem við blasir í efnahagsvandanum og hver þau heildarúrræði eru sem hæstv. ríkisstj. hyggst grípa til. En við höfum það þó ríkisstj. til afsökunar, ef afsökun skyldi kalla, að það kom glögglega fram hjá hæstv. forsrh. áðan að ríkisstj. hefur ekki fótað sig enn á öðrum þeim aðgerðum sem hún hyggst gera, hvort sem um er að ræða hvert eigi að vera ársfjórðungsmeginmarkmiðið, hverjar eigi að vera þær væntanlegu tollalækkanir sem talað er um, hvernig fara eigi með búvöruverðið, hver eigi að verða vaxtalækkun og þar fram eftir götunum. Öll þessi atriði, sem að sjálfsögðu skipta miklu máli þegar menn reyna að gera sér heildarmynd af þróun efnahagsmála, eru enn óákveðin hjá hæstv. ríkisstj. Hún sjálf hefur ekki enn komið sér saman um eða mótað sér ákveðna stefnu í þeim málum.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð vegna framíkalla hæstv. forsrh. áðan. Ég hef hér í höndum áætlun um breytingar verðlags, launa og kaupmáttar á árinu 1981 frá Þjóðhagsstofnun, sem gerð var snemma í janúarmánuði, og mér er ekki kunnugt um að Þjóðhagsstofnun hafi neinu við þessa áætlun bætt síðar, a. m. k. var svo ekki fyrir páska, síðast þegar ég spurðist fyrir um það.

Um forsendur fyrir þessari áætlun segir m. a. að hún taki að öðru leyti einnig mið af efnahagsáætlun ríkisstj., m. a. að því er varðar verðlagsmál, ríkisfjármál og peningamál, þótt þessum þáttum sé ekki gefið ákveðið tölulegt gildi. Niðurstaðan um nálægt 50% hækkun verðlags frá upphafi til loka árs felur hins vegar í sér að aðhaldi verði beitt við stjórn peningamála og að ríkisfjármál verði í þeim skorðum sem settar voru í fjárlögum. Hér má nefna að fjáröflun til styrkgreiðslna til atvinnuvega skiptir máli fyrir framvindu peningamála og/eða ríkisfjármála og líklegt að hún hafi einhver verðlagsáhrif hvernig sem henni verður háttað.

Hér er sem sagt gert ráð fyrir að verðbólgan, framfærsluvísitalan, hækki frá upphafi til loka árs um 48—50% og ársmeðaltalið sé 51—52%. Ég vil að þetta komi fram vegna ummæla hæstv. forsrh. áðan. Ef Þjóðhagsstofnun hefur sent frá sér nýja álitsgerð varðandi þessi efni hef ég ekki fengið vitneskju um það.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23:1 atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Sameinað þing, 77. fundur.

Þriðjudaginn 28. apríl, að loknum deildafundum.

Forseti tók öll dagskrármál af dagskrá.

Sameinað þing, 78. fundur.

Þriðjudaginn 28. apríl, að loknum 77. fundi.

Forseti tók öll dagskrármál af dagskrá.

Efri deild, 86. fundur.

Miðvikudaginn 29. apríl, kl. 2 miðdegis.

Fiskveiðar á Norðaustur-Atlantshafi, frv. (þskj. 674). — 1. umr.

Utanrrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um aðild Íslands að samningi um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðaustur-Atlantshafi.

Með þessu frv. er leitað heimildar fyrir ríkisstj. til að fullgilda fyrir Íslands hönd samning frá 18. nóv. 1980 um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðaustur-Atlantshafi. Samningi þessum er ætlað að koma í stað samnings frá 24. jan. 1959 um fiskveiðar á Norðaustur-Atlantshafi. Sá samningur var fullgiltur fyrir Íslands hönd 12. apríl 1960 og um hann gilda nú lög nr. 14 30. mars 1960.

Eftir að mörg ríki höfðu fært út fiskveiðilögsögu sína gerbreyttist viðhorf manna til þessara mála. Það varð til þess að ríki, sem voru aðilar að þessari samvinnu, sögðu upp samningnum frá 1959, svo sem Noregur og Efnahagsbandalagsríkin. Þá var hafist handa um að reyna að ná samkomulagi um nýjan samning. Eru þær tilraunir raktar í athugasemdum sem fylgja frv. svo og hvaða ágreiningsefni þar var einkum um að ræða.

Það tókst loks á fundi í Portúgal, sem haldinn var í febrúar 1980, að ná samkomulagi um þau efni sem ágreiningur hafði verið um, svo sem um það, hvort aðildarríki Efnahagsbandalagsins skyldu koma fram hvert fyrir sig eða hvort það skyldi koma fram sem sjálfstæður aðili, svo og um greiðsluskyldu til þessarar samvinnustofnunar. En Íslendingar höfðu þar haft sínar athugasemdir og fékkst sérstakt ákvæði um að land, sem hefur minna en 300 þús. íbúa, skyldi þó aldrei greiða meira en 5% af heildarkostnaðinum. Um þetta er nú ákvæði í 17. gr. samningsins sem hér fylgir með, en meginreglan um greiðsluskiptinguna er þar sú, að aðildarríkin skuli greiða 1/3 kostnaðar að jöfnu, en síðan skuli 2/3 skipt á þau eftir því aflamagni sem þau veiða á svæðinu. Svo er gerð þessi undantekning um ríki sem hafa færri íbúa en 300 þús., og það er í raun og veru aðeins Ísland sem hún á við um, að þau skuli þó aldrei greiða meira en 5% af heildarkostnaðinum næstu 5 árin.

Þessi samningur var lagður fram í London 18. nóv. 1980 og var þá undirritaður, en gildi fær hann fyrst þegar

sjö aðilar hafa fullgilt hann og þ. á m. þrír aðilar sem fiskveiðilögsögu hafa á samningssvæðinu. Ef hann hefur ekki öðlast gildi fyrir 18. nóv. 1981 geta fimm aðilar fullgilt hann, þar af þrír sem hafa fiskveiðilögsögu á svæðinu, þó með þeirri takmörkun að þá gildir samningurinn aðeins á milli þeirra.

Það er eins og í fyrri samningi gert ráð fyrir að sett sé á fót sérstök fiskveiðinefnd sem á að hafa með þessi mál að gera. Hún á að hafa skrifstofu í London. Um þetta er nánar ákvæði í 3. gr. samningsins. Í samningnum er að sjálfsögðu líka að finna ákvæði um hvernig ákvarðanir skuli teknar í nefndinni. Þær ályktanir, sem hún gefur, eiga að fjalla um hafsvæði utan fiskveiðilögsögu aðildarríkjanna, en hún getur ekki gert ályktanir varðandi svæði, sem eru innan fiskveiðilögsögunnar, nema hlutaðeigandi ríki óski eftir því.

Það er aðalreglan að hvert ríki hefur eitt atkvæði í þessari nefnd. Það eru reyndar ákvæði um það í samningnum hvernig ákvarðanir skuli teknar, sumar með einföldum meiri hluta, aðrar með vegnum meiri hluta, og eru um það nokkuð ítarleg ákvæði sett, sérstaklega í 8. gr.

Ég geri ráð fyrir að flestir telji eðlilegt að við tökum eins og áður þátt í þessari samvinnu. Við tökum þegar þátt í samvinnu varðandi Norðvestur-Atlantshafið og það er svipuð skipan þar: sérstök nefnd sem fjallar um þau svæði.

Einu andmælin, sem ég geri ráð fyrir að menn geti haft á móti þessu, eru þau að það kostar eðlilega mikið fyrir Ísland að taka þátt í þessu samstarfi. Þó að það hafi fengist tilslökun varðandi fimm fyrstu árin er líklegt, miðað við þær hugmyndir sem menn hafa um það hvernig starfsemin verður, en um það verður aldrei hægt að fullyrða, það er hægt að auka, en sér ekki að kostnaðarlausu, — þá er líklegt að framlag Íslands samkv. þessari 5%-reglu mundi verða um 2500 sterlingspund. Til þeirrar nefndar, sem hefur starfað samkv. þessum samningi frá 1960, hefur framlag Íslands verið 1500 sterlingspund.

Þetta frv. er hér seint á ferð og verður að sjálfsögðu að ráðast hvort þingið treystist til að afgreiða það eða ekki. Ég geri ráð fyrir að sú nefnd, sem fær frv. til meðferðar, fari ítarlega yfir samninginn. Það er eins og gengur þegar er um að ræða milliríkjasamninga, að sjálfsagt þykir sumum orðafarið eitthvað óðruvísi en æskilegt er, en þetta er reynt að þýða þannig að bókstafurinn komi í ljós.

Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja þetta frekar, herra forseti, heldur vísa til samningsins og leyfi mér að óska eftir því, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Vitamál, frv. (þskj. 676). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 sthlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 84. fundur.

Miðvikudaginn 29. apríl, kl. 2 miðdegis.

Fiskvinnsluskóli, frv. (þskj. 677). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 685).

Eiturefni og hættuleg efni, frv. (þskj. 517). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 686).

Útflutningsgjald af sjávarafurðum, frv. (þskj. 436). — 3. umr.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því, að við 2. umr. málsins komst hæstv. sjútvrh. svo að orði:

„Ríkisstj. taldi sér ekki fært að fella gengið eins og nauðsynlegt hefði verið til þess að veita frystingunni lágmarksafkomugrundvöll. Því var horfið að því að færa þarna á milli, vissulega jafnframt í þeirri von, sem menn hafa talið, að vísu verið umdeilt, en margir hafa talið að hljóti að vera fram undan nokkur hækkun á frystum afurðum."

Svo mörg voru þau orð. Það, sem er eftirtektarvert í þessu sambandi, er að frá því skuli vera skýrt af hæstv. ráðh. eins og sjálfsögðu að lágmarksafkomugrundvöll skorti fyrir hraðfrystiiðnaðinn. Því er að vísu haldið fram, að á þessu kunni að verða nokkur breyting í framtíðinni, en engin vissa er um það og ekkert fast að byggja á. Þessi afstaða ríkisstj. kemur raunar ekki á óvart og ekki aðeins varðandi það mál sem hér um ræðir, heldur einnig varðandi iðnaðinn í heild, svo að ég taki sem dæmi samkeppnisiðnaðinn, útflutningsiðnaðinn og ýmislegt annað, því að ríkisstj. er kærulaus og hugsar ekki fyrir því, að eðlileg rekstrarskilyrði séu hjá atvinnuvegunum. Til langframa hlýtur þetta að verka þannig að lífskjör þjóðarinnar fari versnandi. Sú hefur líka verið reynslan af þessari ríkisstj., að kaupmátturinn hefur rýrnað og spá Þjóðhagsstofnunar nú er sú, að kaupmátturinn haldi áfram að rýrna. Þjóðartekjur á mann rýrna. Eftir að þessi ríkisstj. fer frá að lokum er ekki vafi á að eigið fé í atvinnurekstrinum verður minna. Þeir, sem við taka, verða því að byrja á því að byggja aftur upp það sem þessi ríkisstj. hefur brotið niður. Það verður hlutverk þeirra ungu manna sem þá taka við, þeirra nýju krafta sem þá munu láta til sín taka, þeirrar djarfhuga æsku sem vill fá að njóta framtaks síns og dugnaðar. (**ÓÞÞ:** Þeir gömlu verða allir dauðir — eða hvað?)

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16:7 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 687).

Almannatryggingar, frv. (þskj. 361). — 1. umr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það frv., sem hér er um að ræða, hefur verið alllengi á dagskrá hv. deildar, var lagt fram fyrir jól um leið og fjárlögin voru afgreidd eða um svipað leyti, og fjallar um svonefnt sjúkratryggingagjald. Samkvæmt lögum, sem í gildi hafa verið, voru greidd 1.5% af fyrstu 6.5 millj. gkr. á ári og 2% af tekjum yfir 6 millj. 525 þús.

Við meðferð frv. til l. um tekju- og eignarskatt, 290. mál, gerði hæstv. fjmrh. grein fyrir þeim skattabreytingum, sem þar er um að ræða, og einnig þeim breytingum, sem gert er ráð fyrir á sjúkratryggingagjaldinu. Þar kom fram að miðað er við að sjúkratryggingagjald greiðist framvegis af tekjum sem eru yfir 6 millj. 750 þús. gkr. á ári og verði þar 2%, en sjúkratryggingagjald verði fellt niður af tekjum þar fyrir neðan. Þetta þýðir verulega lækkun á sjúkratryggingagjaldi frá því sem verið hefði. Að óbreyttum lögum hefði það gefið um 123.5 millj. nýkr. á ári, en samkvæmt niðurstöðunni, sem ég nefndi hér áðan, er gert ráð fyrir að sjúkratryggingagjald gefi á þessu ári 31.7 millj. nýkr. Lækkunin er í kringum 85 millj. nýkr. vegna þess samkomulags sem gert var og ríkisstj. stóð að og ræddi við verkalýðshreyfinguna á sínum tíma og var áður gerð grein fyrir.

Ég mun fara þess á leit við hv. n. að hún taki þetta frv. eins og það hér liggur fyrir, en hérna liggur fyrir í raun og veru tillaga um óbreytta framlengingu á gjaldinu. Ég mun óska þess við n., sem fær málið til meðferðar, að hún taki breytinguna til sérstakrar meðferðar, og koma á framfæri við hana breytingartillögum.

Ég er þeirrar skoðunar, og flestir eru sammála mér um það, að sjúkratryggingagjald sé í raun og veru skattur og hluti af skattadæminu í landinu. Með tilliti til þess, herra forseti, leyfi ég mér að leggja til að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil minna á að hæstv. ríkisstj. hefur gefið fyrirheit um að skattar verði lækkaðir svo að nemi 1.5% í kaupmætti. Þetta hefur verið skilið svo, að gengið skuli út frá því að skattbyrði verði ekki þyngri en á s. l. ári og síðan verði skattbyrðin lækkuð um 1.5% í kaupmætti eftir það. Þetta fyrirheit, sem hæstv. félmrh. gaf áðan um að lækka sjúkratryggingagjald um 1.5% upp að tæpum 7 millj. gkr., er að sjálfsögðu til bóta, en ég get ekki skilið annað en rétt sé að stíga skrefið til fulls og leggja sjúkratryggingagjaldið alveg niður. Ég held að skattþyngingin á þeim mönnum, sem eru með 10 millj. gkr. í tekjur á s. l. ári eða þaðan af meiri, sé svo mikil að ástæðulaust sé að láta þá greiða eina sjúkratryggingagjald ofan á allt annað. Ég vil minna hæstv. félmrh. á að það er fólk úr öllum stéttum, verkamenn, sjómenn, iðnaðarmenn og alls konar fólk, sem hefur meiri tekjur en þetta. Eins og hæstv. félmrh. minntist hér á er það óverulegt sem sjúkratryggingagjaldið gefur eftir að búið er að skera þarna neðan af því. Ég vil því beina því til þeirrar n., sem fær málið til meðhöndlunar, að hún skeri þetta sjúkratryggingagjald alveg niður. Mér finnst satt að segja ekki taka því að hafa það ef það á eingöngu að falla á örfáa, — ja, við skulum ekki segja örfáa, það er nú ekki rétt hjá mér, en á þann hluta þjóðfélagsþegnanna sem vinnur fullan vinnudag og allir aðrir eigi að sleppa við það. Ég held að það sé rétt að hreinsa til og leggja sjúkratryggingagjaldið alveg niður.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv.

Söluskattur, frv. (þskj. 167, n. 668, 667). — 2. umr.

Frsm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta nál. er um frv. um breyt. á lögum um söluskatt með áorðnum breytingum. Þetta frv. hefur verið rætt á nokkrum fundum fjh.- og viðskn. og var haft samráð við fulltrúa frá fjmrn. Frv. fjallar um að létta söluskatti af vogum og rafeindatækjum sem notuð eru í fiskiðnaði til mælinga og skoðana. Hefur n. lagt til að gera þá breytingu á frv., að þetta væri í heimildarformi. Er n. sammála um þessa afgreiðslu málsins og leggur til að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu sem prentuð er á sérstöku þskj.

ATKVGR.

Brtt. 667 (ný 1. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Grunnskólar, frv. (þskj. 670). — 1. umr.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. er aðeins tvær greinar og þar stendur í fyrri greininni að stefnt skuli að því, að ákvæði laganna um síðasta ár skólaskyldu komi til framkvæmda samtímis á landinu öllu átta árum eftir gildistöku laganna.

Ég vil nú fylgja þessu máli eftir hér í stuttu máli.

Það var vorið 1974 að samþykkt voru lög á Alþingi um grunnskóla, eins og þau hafa verið kölluð, en með þeim lögum voru settar ýmsar nýjar reglur um skyldunám barna og unglinga. Meðal annars voru hinir fyrri barnaskólar og gagnfræðaskólar sameinaðir í einn samfelldan skóla sem kallaður var grunnskóli. Þessi nýju lög voru þó tæpast eins mikil breyting frá eldri skyldunámslögum, þ. e. fræðslulöggjöfinni frá 1946, sem oft er látið í veðri vaka. Í fræðslulöggjöfinni frá 1946 voru þegar ýmsar þær heimildir til skólahalds og kennsluhátta sem teknar voru upp í grunnskólalögin frá 1974 beint eða óbeint. Þar á meðal var skólaskylda ákveðin 7-15 ára, þ. e. átta ára skólaskylda, en opnað fyrir þann möguleika að unglingar bættu við sig einu ári í frjálsu framhaldsnámi og lykju þá svokölluðu miðskólaprófi, þ. á m. landsprófi miðskóla, eftir níu vetra skólavist, þá 16 ára gömul. Þetta var strax komið í lög 1946.

Í 1. gr. laga um grunnskóla, nr. 63 frá 1974, segir hins vegar:

„Skylt er ríki og sveitarfélögum að halda skóla fyrir öll börn og unglinga á aldrinum 7—16 ára ... Skóli þessi

nefnist grunnskóli og er öllum börnum og unglingum á nefndum aldri skylt að sækja skóla."

Sé þessi grein lesin ein og sér verður ekki annað skilið en að skólaskylda sé undantekningarlaust níu ár, en séu grunnskólalög lesin í heild kemur annað í ljós. Einkum ber þar að vísa á 88. gr. laganna, en þar stendur að stefnt skuli að því að ákvæði laganna um síðasta ár skólaskyldu komi til framkvæmda sex árum eftir gildistöku laganna, þ. e. sex árum eftir 1974. Full skólaskylda samkvæmt 1. gr. grunnskólalaga kom því ekki til framkvæmda strax við gildistöku laganna, og enn geta ekki talist full skilyrði fyrir því að láta þessa framkvæmd taka gildi. Svo var reyndar einnig á s. l. ári, þegar sex ára tímabilið var liðið, og var lögunum þá breytt og heimild veitt til að fresta gildistöku níu ára skólaskyldu um eitt ár. Og enn er þá lagt til í frv., sem hér liggur fyrir, að framkvæmd skólaskyldu í níu ár verði frestað um eitt ár.

Nokkrar ástæður má færa sem rök fyrir þessari frestun. Ein rökin eru þau, að enn gætir talsverðs ágreinings meðal skólastjóra og kennara og ýmissa annarra ráðamanna svo og hins almenna borgara um hvort rétt sé að lögleiða beinlínis níu ára skólaskyldu eða láta hana taka gildi. Sú skoðun er býsna útbreidd að átta ára skólaskylda sé nægileg, en að unglingar eigi hins vegar þess kost eftir frjálsu vali að sækja 9. bekk. Í því sambandi má geta þess, að sérstök ráðherraskipuð nefnd frá 1979 hefur starfað að heildarendurskoðun laga um grunnskóla. Nefndin hefur nú skilað áliti og af því er ljóst að nm. eru ekki sammála um skólaskylduna. Þetta nál. er tiltölulega nýtilkomið og ætlunin er að senda það til kynningar skólamönnum og þingflokkum og e. t. v. fleiri aðilum, enda er ákveðið að innan skamms verði á vegum menntmrn. efnt til ráðstefnu um grunnskólamál á grundvelli þessa nál.

Í grg. fyrir þessu frv. er einnig minnst á þá röksemd, hversu mikilvægt sé að lok skyldunáms og nám á framhaldsskólastigi tengdust með eðlilegum hætti. Þótt mikið hafi verið unnið að því á undanförnum fimm til sex árum að fá samþykkta heildarlöggjöf um framhaldsskólastigið og þótt enn sé unnið að því að gera framhaldsskólafrv. þannig úr garði að um það geti ríkt sæmileg eining, þá er engin vissa fyrir því, að ný framhaldsskólalög taki gildi á þessu ári, a. m. k. ekki á þessu þingi. Mér finnst eðlilegt að tengja saman ákvörðun um níu ára skólaskyldu og samþykkt framhaldsskólalaga. Einnig vil ég geta þess, að ef níu ára skólaskylda er látin koma til framkvæmda mun það þýða aukið álag á Námsgagnastofnun sem hún er ekki fjárhagslega fær um að rísa undir eins og sakir standa.

Annars legg ég mesta áherslu á í þessu sambandi að það er verulegur ágreiningur um skólaskylduna og auk þess eru grunnskólalög í heild í endurskoðun og fram undan er að taka afstöðu til ýmissa hugmynda um breytingar á þeim. Þessar hugmyndir er fyrst og fremst að finna í áliti endurskoðunarnefndarinnar sem ég nefndi áðan, og ég endurtek að álit nefndarinnar verður sent ýmsum aðilum til kynningar og síðar, líklega í sumar eða í haust, verður efnt til ráðstefnu um grunnskólamál á grundvelli þessarar álitsgerðar.

Ég vona, herra forseti, að hv. alþm. geti greitt fyrir því, að þetta frv. verði að lögum á þessu þingi, sem ég tel ákaflega brýnt að verði, og ég vænti þess, að hv. menntmn., sem ég geri nú ráð fyrir að fái málið til meðferðar, taki það til vinsamlegrar athugunar og afgreiðslu. Ég legg til í lokin að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til menntmn. með 24 shlj. atkv.

Neðri deild, 85. fundur.

Fimmtudaginn 30. apríl, kl. 1 miðdegis.

Verðlagsaðhald o. fl., frv. (þskj. 671, n. 690, 694 og 695 691, 696). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. 1. minni hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. fjallaði um frv. til laga um verðlagsaðhald, lækkun vörugjalds og bindiskyldu innlánsstofnana á fundum sínum í gær og lauk afgreiðslu á málinu seint í gærdag. Ég vil sérstaklega þakka nefndarmönnum fyrir gott samstarf í nefndinni við að koma þessu máli fram. Við áttum erfiðan dag og það voru margir sem þurfti að ræða við, en svo fór að lokum að okkur auðnaðist að ljúka afgreiðslu málsins. Það hefði ekki getað gerst nema með góðri samvinnu nefndarmanna.

Ég sé ekki ástæðu til að fara mjög mörgum orðum um þetta frv. Það er í fimm greinum:

1. gr. fjallar um verðlagsaðhald, en þar kemur fram að miða skuli verðákvarðanir við ársfjórðungsleg meginmarkmið í verðlagsmálum sem ríkisstj. ákveður á hverjum tíma. Leyfi til verðhækkana innan þeirra marka, sem ríkisstj. setur hverju sinni, tekur gildi með samþykki viðkomandi verðlagsyfirvalda og staðfestingu viðskrh. Síðan kemur skýrt fram að sé samþykkt verðlagsyfirvalda umfram þessi settu mörk taki hækkunin ekki gildi nema að fenginni staðfestingu ríkisstj.

Það kom fram á nefndarfundum að menn óttuðust að þetta gæti leitt til þess, að fyrirtækjum væri mismunað samkv. þessum lögum, einn fengi minna og annar fengi meira vegna laganna, en slíkt er að sjálfsögðu ekki hægt að lesa út úr þessum lagatexta. Hins vegar hlýtur alltaf að verða misjöfn hækkunarþörf hjá hinum ýmsu aðilum og á það þarf að leggja mat hverju sinni, eins og verið hefur á undanförnum árum. Slíkt mat hlýtur ávallt að liggja til grundvallar annars vegar ákvörðun verðlagsyfirvalda og hins vegar ákvörðun ríkisstj. þegar það á við.

Í 2. gr. eru heimildir til að krefjast lögbanns. Er álitið að þannig megi með skjótari hætti ná fram lögum varðandi verðlagsbrot. Það hefur komið í ljós að það tekur langan tíma og menn komast upp með að brjóta lögin, einn og einn aðili. Slík mismunun er að sjálfsögðu óþolandi og þess vegna er nauðsynlegt að skýr ákvæði séu í lögum sem geti tryggt að menn séu jafnir fyrir lögunum varðandi þetta atriði og geti ekki hagnast á því að gerast lögbrjótar.

3. gr. fjallar um lækkun vörugjalds og sé ég ekki ástæðu til að gera neina sérstaka grein fyrir því.

4. gr. er um heimild til ríkisstj. um lækkun ríkisút-

gjalda. Það kom fram í nefndarstörfum í gær, að það væri vafasamt að hægt væri að lækka lögbundin framlög með þessum hætti, en það munu vera allmörg fordæmi fyrir því að svo hafi verið gert. Ég sé hins vegar ástæðu til að gera hér grein fyrir, hvað menn hafa í huga varðandi þennan niðurskurð eða þessa frestun og þessa lækkun útgjalda, til þess að taka af nokkur tvímæli, en vil skýrt taka fram að hér er aðeins um fyrstu hugmyndir að ræða og hafa þær á engan hátt verið endanlega afgreiddar í ríkisstj.

Það er gert ráð fyrir því í fyrsta lagi, að frestað verði framkvæmdum sem svarar 5% af ríkisframlögum. Er það áætlað um það bil 11.5 millj. Það er gert ráð fyrir að fresta vegagerð sem nemur 3 millj. kr. og einnig er gert ráð fyrir að draga úr framlögum til nokkurra sjóða um 5% af ríkisframlaginu. Þau ríkisframlög, sem þar koma fyrst og fremst til greina, eru til Fiskveiðasjóðs, en ríkisframlagið þar er samtals 18.6 millj., Stofnlánadeildar, þar er ríkisframlagið samtals 10.8 millj., Lánasjóðs sveitarfélaga, þar er ríkisframlagið 3.2 millj., Iðnlánasjóðs, þar er ríkisframlagið 4.3 millj., Félagsheimilasjóðs, þar er ríkisframlagið 3 millj., Orkusjóðs, sem er með ríkisframlag 25 millj., og Iðnrekstrarsjóðs með ríkisframlag 1.5 millj. Ef þannig yrði farið að eru 5% af þessum framlögum samtals 3.3 millj. Byggingasjóðir fá 3 millj. minna og rekstur 10 millj., kr. minna, en samtals gerir þetta tæpa 31 millj. — Ég vildi að þetta kæmi hér fram. Ég vil endurtaka að þessi mál eru alls ekki endanlega frágengin, en rétt er að fram komi hvaða lögbundin framlög það eru sem þarna eru einkum höfð í huga.

Við gerum brtt. á þskj. 691 um 5. gr. — 5. gr. er þess eðlis, að þar er Seðlabanka Íslands að fengnu samþykki ríkisstj. fengin heimild til að ákveða bindiskyldu með öðrum hætti en hingað til hefur gilt. Það má segja með bindiskylduna að hún hefur næstum alltaf verið í ákveðnu hámarki, eftir því sem heimildin hefur gefið tilefni til. Heimildin er nú 28% og bindiskyldan hefur verið það um nokkurt skeið, en var áður 25%. Það er að sjálfsögðu mjög óheppilegt við stjórn peningamála að ekkert svigrúm skuli vera til þess að bregðast við mismunandi aðstæðum hverju sinni, og sú staðreynd, að þessi heimild er komin í hámark þótt við blasi að sparifjármyndun fari nú mjög vaxandi, getur ekki verið æskileg. Nefndin gerir að tillögu sinni að greinin orðist svo:

„Þrátt fyrir ákvæði 31. gr. laga nr. 13/1979 skal Seðlabanka Íslands heimilt að fengnu samþykki ríkisstj. að ákveða hærri og sveigjanlegri bindiskyldu innlánsstofnana á tímabilinu 1. maí 1981 til 30. apríl 1983 en kveðið er á um í lögunum."

1. minni hl. fjh.- og viðskn. gerir þá tillögu að tímabilið verði lengt frá 1. maí til 30. apríl 1983. Að sjálfsögðu var það aldrei hugmyndin að þessi heimild ætti algjörlega að falla niður um næstu áramót. Hins vegar hlýtur að vera eðlilegt, að þegar slík breyting er gerð á bindiskyldu komi ákvörðun sem þessi til endurskoðunar innan ákveðins tíma. Við nánari athugun þykir ekki heppilegt að þessi ákvörðun komi til endurskoðunar eftir aðeins sjö mánuði, það sé réttara að hafa hér um lengri tíma að ræða. Þess vegna leggur nefndin til að tímabilið verði lengt í tvö ár.

Annars vegar er lagt til að orðin „allra eða einstakra" falli niður, þ. e. allra eða einstakra innlánsstofnana, en í stað þess komi inn, að Seðlabanka Íslands sé heimilt að fengnu samþykki ríkisstj. að ákveða hærri og sveigjanlegri bindiskyldu. Það hefur m. a. í för með sér að það hlýtur að koma til álita að hafa bindiskylduna sveigjanlegri en nú er. Lausafjárstaða bankanna er mjög mismunandi. Hún er oft og tíðum góð í byrjun árs, en fer svo versnandi og breytist verulega eftir tímabilum. Þess vegna hlýtur að koma til álita að hafa meiri sveigjanleik í þessari bindiskyldu í samræmi við stöðu bankanna og innlánsstofnana á hverjum tíma.

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara fleiri orðum um þetta mál vegna þess að það er lögð mikil áhersla á að það geti náð fram að ganga hið fyrsta. Ætla ég því ekki að nota meiri tíma nú af þeim tiltölulega stutta tíma sem til stefnu er, en vil aðeins ítreka að 1. minni hl. n. leggur til að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu sem fram kemur á þskj. 691.

Frsm. 2. minni hl. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Það er orðin regla hjá hæstv. ríkisstj. að ganga yfirleitt ekki frá tillögum sínum um aðgerðir í efnahagsmálum fyrr en á síðustu stundu. Þannig gat ríkisstj. ekki sinnt þeirri lagaskyldu sinni að leggja frv. til lánsfjárlaga fram og afgreiða það fyrir áramót með fjárlögum, eins og henni bar þó lagaleg skylda til. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir til að koma sér saman um gerð slíks frv. um lánsfjárheimildir náði það ekki samþykki ríkisstj. á tilsettum tíma, sem henni var skapaður í lögum, og leið svo fram á vor að hæstv. ríkisstj. kom ekki verkinu frá sér. Allt s. l. haust, allan fyrri hlutann af starfstíma Alþingis, beið Alþingi eftir því að hæstv. ríkisstj. léti frá sér fara fyrstu tillögur sínar um aðgerðir í efnahagsmálum, sem hún boðaði í stjórnarsáttmála sínum og fram kom í ræðu forsrh. að væru væntanlegar, en þá ræðu flutti hann í febrúar í fyrra. Þær tillögur komu aldrei fram á öllu vorþinginu, þær komu aldrei fram alla sumarmánuðina, þó svo að hver nefndin á aðra ofan væri skipuð til þess að semja slíkar tillögur, og þær komu aldrei fram á haustþinginu og komu ekki fram fyrr en nokkrum klukkustundum áður en nýja árið gekk í garð, á gamlársdag á s. l. ári, en þá loksins kom ríkisstj. sér saman um hvernig þessar tillögur skyldu úr garði gerðar, og setti um þær brbl. Nú er þetta í þriðja sinn sem til stendur að hæstv. ríkisstj. komi einhverjum efnahagstillögum frá sér. Hún vissi mætavel að ákveðin atriði í brbl. féllu úr gildi 1. maí, sem er á morgun og þá þyrfti eitthvað við að taka. Hins vegar virðist, eins og forseti Alþýðusambands Íslands mun hafa orðað það, hæstv. ríkisstj. sofa á milli vísitölutímabila, því að hún rankaði ekki við sér fyrr en í lok aprílmánaðar, 27. apríl nánar tiltekið, þegar hún loksins kom sér að því að koma einhverjum tillögum frá sér hingað til Alþingis sem þurfti þá að afgreiða þar á aðeins tveimur dögum.

Eins og fram kom hjá hæstv. forsrh. við 1. umr. málsins óskaði hann eftir að stjórnarandstaðan greiddi fyrir að þetta mál fengi afgreiðslu á Alþingi á aðeins röskum tveimur sólarhringum. Hann hafði þó ekki, hæstv. forsrh., haft þann hátt á að gera stjórnarandstöðunni hvorki formönnum stjórnarandstöðuflokkanna né heldur formönnum þingflokka stjórnarandstöðunnar, neina grein fyrir málinu fyrr en samdægurs og það var lagt fram. Það er þó vani ríkisstjórna, þegar um slík mál er að ræða sem frá er gengið í þinghléi og þurfa snara afgreiðslu, að kynna stjórnarandstöðunni með einhverjum hætti málin í þinghléinu svo hún geti notað þinghléið til þess að kynna sér málin betur og hraða afgreiðslu þeirra þegar

að þingi kemur. Sjálfsagt hefur það ekki verið af vangá hjá hæstv. forsrh. sem þetta var ekki gert. Ástæðan hefur sjálfsagt verið sú, eins og jafnan áður, að hæstv. ríkisstj. kom sér ekki saman um hvað hún ætlaði að leggja til fyrr en daginn áður en frv. var prentað, fyrr en 25. eða 26. dag aprílmánaðar, þegar tíminn, sem ríkisstj. hafði til ráðstöfunar, var að renna út.

Um leið og hæstv. forsrh. kynnti okkur formönnum þingflokka stjórnarandstöðunnar þetta mál í fyrsta sinn, röskum klukkutíma áður en það var lagt fram hér í deildinni, óskaði hann eftir, að stjórnarandstaðan féllist á að greiða götu þessa máls, og lagði á það mikla áherslu að Alþingi féllist á að afgreiða málið fyrir 1. maí. Til þess að svo gæti orðið þurftu ýmsar upplýsingar að sjálfsögðu að liggja fyrir. Niðurstaða okkar þingmanna Alþfl. varð sú, að við mundum tilkynna ríkisstj. að við mundum ekkert gera til að tefja framgang þessa máls hér í þinginu, hvorki með óþörfum ræðuhöldum í þingdeildum né heldur með því að standa í vegi fyrir afgreiðslu málsins í nefndum, en óskuðum hins vegar eftir að hæstv. ríkisstj. greiddi sjálf, eftir því sem hún gæti, götu málsins hér í þinginu með því að veita stjórnarandstöðunni ýmsar upplýsingar. Þær spurningar lögðum við fram að hluta til við formann fjh.- og viðskn. Nd. morguninn sem frv. var lagt hér fram og að hluta til í ræðu sem ég flutti fyrir hönd þingflokks Alþfl. við 1. umr. málsins. Hæstv. forsrh. brást vel við þessari málaleitan okkar og svaraði í ræðu sinni flestum eða öllum spurningum þeim sem ég beindi til hans, og hv. formaður fjh.- og viðskn. Nd. hefur lagt sig fram um að fá svör við þeim spurningum sem við beindum til hans og stjórnarsinna í fjh.- og viðskn. Að vísu hefðum við gjarnan þegið eðlilegan tíma til að fjalla um þetta mál og fara nánar ofan í saumana á ýmsum upplýsingum sem við fengum í hendur. Til þess hefur hins vegar ekki verið ætlaður tími.

Mjög óeðlilega er að þessu máli staðið af hálfu hæstv. ríkisstj., en ég vil þó taka fram að hún hefur reynt að veita okkur þær upplýsingar sem hún á annað borð hefur getað veitt. Það hefur m. a. komið í ljós í þessu sambandi, að það gerist nú eitt skiptið enn að hæstv. ríkisstj. hefur enn ekki, á elleftu stundu, getað komið sér saman um ýmsar nauðsynlegar aðgerðir sem vitað er að þarf að gera í efnahagsmálum, jafnvel á allra næstu klukkustundum, og frv. víkur ekki að, né heldur hefur hæstv. ríkisstj. enn — og er það mun stærra mál, ef hægt er að jafna því saman — getað komið sér saman um hvernig hún ætlar að framkvæma ýmislegt af því sem þó er vikið að í frv. Þannig óskar hún heimilda á heimildir ofan frá Alþingi til ýmissa aðgerða, en fram hefur komið í máli ráðh. að ríkisstj. hefur samt sem áður enn ekki komið sér saman um — ekki bara hvernig þessum ráðstöfunum skuli beitt, heldur líka hvort þeim skuli beitt. Þetta sýnir að sjálfsögðu hvílík handarbakavinnubrögð viðhöfð eru af hálfu ríkisstj. Fyrir liggur að hún hefur ekki komið sér saman um nauðsynlegar aðgerðir í vandamálum, sem þarf að greiða úr á jafnvel næstu klukkustundum og frv. víkur ekki að, og hún hefur ekki heldur komið sér saman um hvernig eigi að framkvæma og jafnvel ekki hvort framkvæma eigi ýmsar þær heimildir sem hún er að biðja Alþingi um að veita sér í þessu marklitla frv.

Ég held að rétt sé að ég fari í örstuttu máli yfir það sem fram hefur komið í þessu sambandi.

Ég spurðist fyrir um það í ræðu minni við 1. umr. málsins, hvort það væri rétt, sem Tíminn og Morgunblaðið höfðu eftir formanni Framsfl., hæstv. sjútvrh., að ríkisstj. væri búin að koma sér saman um að standa þannig að málum að framfærsluvísitala hækkaði ekki umfram 8% þann 1. maí n. k. Í svari hæstv. forsrh. við ræðu minni kom fram að ríkisstj. hefði enga ákvörðun tekið um það. Hins vegar hefur komið fram, m. a. hjá hagstofustjóra á fundi fjh.- og viðskn., að það sé líklegt að framfærsluvísitalan muni hækka 1. maí n. k. um 9.01% og verðbótavísitalan nokkru meira, allt upp í 9.28%.

Þá spurðist ég fyrir um hvað hæstv. ríkisstj. hygðist gera til að ná því markmiði, sem hæstv. sjútvrh. lýsti a. m. k. sem sínu, að verðlagshækkanir og kauphækkanir í kjölfar þeirra færu ekki fram úr þeim 8% sem hann sérstaklega nefndi. Hæstv. forsrh. sagði í svari sínu að ríkisstj. mundi í fyrsta lagi, eins og fram kemur í frv., lækka nokkuð sérstakt vörugjald á gosdrykki, sem mun hafa þau áhrif á vísitölu að hún lækkar um 0.14%, og enn fremur að ríkisstj. hefði í hyggju að auka nokkuð niðurgreiðslur á landbúnaðarvöruverði. Það kom fram í máli hæstv. forsrh. og var ítrekað af stjórnarsinnum í fjh.- og viðskn., að ríkisstj. hefur enn ekki komið sér saman um hve mikilli fjárhæð á að verja í þessar niðurgreiðslur né heldur hvernig á að beita niðurgreiðslunum á einstakar vörutegundir né hvað miða eigi niðurgreiðslurnar við að lækka vísitöluna mikið. Hins vegar kom fram hjá hagstofustjóra að ríkisstj. hefur aðeins ráðrúm til n. k. mánudags til að taka þessar ákvarðanir þannig að tilkynningar um auknar niðurgreiðslur verða að hafa komið fram fyrir n. k. mánudag til þess að Hagstofan taki tillit til þeirra við útreikning á framfærsluvísitölu. Komi þessar ákvarðanir ekki fram fyrr en eftir mánudaginn verður hæstv. ríkisstj. að setja sérstök lög ef á að taka tillit til þeirra niðurgreiðslna við útreikning á framfærsluvísitölunni, og er það eitt dæmið enn um, hversu allt er í skötulíki hjá hæstv. ríkisstj., að enn liggja ekki fyrir neinar upplýsingar og enn er ekki orðið neitt samkomulag í ríkisstj. um þessar niðurgreiðslur, hvorki um upphæð þeirra, hvernig á að beita þeim né heldur hversu mörg stig eða mörg brot úr stigum eigi að greiða niður með þessum hætti og verður þó niðurgreiðslan að hafa komið til framkvæmda n. k. mánudag.

Þá spurðist ég fyrir um það í þriðja lagi, og vitnaði þá til viðtals sem Morgunblaðið og dagblaðið Tíminn höfðu átt við formann Framsfl. þá um morguninn, hvort hæstv. ríkisstj. hefði komið sér saman um hver þau ársfjórðungslegu meginmarkmið í verðlagsmálum ættu að vera sem talað er um í 1. gr. Fram hafði komið hjá hæstv. sjútvrh., formanni Framsfl., að einhverjir „við“ miðuðu við að þessi ársfjórðungslegu markmið væru 8% á þriðja vísitölutímabili þessa árs og 10% á því fjórða. Ég spurði hæstv. forsrh. hvort með þessu orði, „við“, væri átt við ríkisstj. eða einhverja aðra. Hæstv. forsrh. gaf þær upplýsingar í svari sínu að ríkisstj. hefði enga ákvörðun um þetta mál tekið aðra en þá sem kom fram í efnahagsáætlun hæstv. ríkisstj. um áramót, að hún stefndi að því að verðhækkanir frá upphafi til loka ársins færu ekki yfir 40%. Þeir „við“ sem hæstv. sjútvrh. og formaður Framsfl. talaði um í þessu sambandi eru því einhverjir aðrir „við“ en þessir „við“ sem sitja í ríkisstj. Um þetta atriði, sem þó kemur fram í 1. gr. frv., þessi ársfjórðungslegu meginmarkmið í verðlagsmálum, er engin samstaða orðin í stjórnarherbúðunum og þær heimildir, sem þeir biðja um að veittar verði í þessu sambandi af Alþingi,

veit Alþingi ekkert um hvernig verða notaðar. Ríkisstj. hefur enn ekki komið sér saman um það. Er það enn eitt af mörgum dæmum um hve allt er í skötulíki sem varðar ákvarðanatöku hjá þessari hæstv. ríkisstj.

Þá spurðist ég einnig fyrir um annað og vitnaði í því sambandi til enn eins viðtalsins við hæstv. sjútvrh. og formann Framsfl. Hann er nú orðinn eins konar véfrétt

Þá spurðist ég einnig fyrir um annað og vitnaði í því sambandi til enn eins viðtalsins við hæstv. sjútvrh. og formann Framsfl. Hann er nú orðinn eins konar véfrétt þessarar ríkisstj. því hann er alltaf talandi, en hann virðist vera að gefa yfirlýsingar í nafni einhverra annarra, einhverra manna úti í bæ sem ekki sitja í ráðherrastólunum. Ég spurðist fyrir um hvort í aðsigi væru sérstakar breytingar á tollalögum, eins og hæstv. sjútvrh. skýrði frá í viðtali við annaðhvort dagblaðið Tímann eða Morgunblaðið. Hæstv. forsrh. skýrði frá því, að það hefði að vísu komið til tals í ríkisstj. að lækka tolla á ýmsum vörum og tækjum og þá sérstaklega heimilistækjum, og hefði verið rætt um að sú aðgerð fylgdi með frv. því sem hér er um rætt. En hæstv. forsrh. skýrði líka frá að ekki hefði orðið samkomulag í ríkisstj. eða niðurstaða í ríkisstj. í málinu og hefði það því ekki verið framkvæmt með þeim hætti sem rætt hafði verið um, hins vegar væru tollamálin öll í sérstakri endurskoðun í fjmrn. M. ö. o.: ríkisstj. varð ekki heldur sammála um þessa aðgerð, en varð hins vegar sammála um að skjóta henni frá sér eins og fleiri ákvörðunum og láta athuga málið.

Þá spurðist ég fyrir um, og vitnaði enn í viðtal dagblaðanna við formann Framsfl., hvaða sérstakar aðgerðir ríkisstj. hefði í undirbúningi vegna búvöruverðsákvarðana sem fram undan eru, en hæstv. ráðh. hafði skýrt frá því, að slíkar aðgerðir væru í aðsigi hjá hæstv. ríkisstj. Hæstv. forsrh. skýrði frá því, að ríkisstj. hefði alls ekki neinar sérstakar aðgerðir í undirbúningi, a. m. k. ekki enn, varðandi ákvörðun búvöruverðsins aðrar en niðurgreiðslur þær sem áður hafði komið fram hjá hæstv. ráðh. að ríkisstj. væri að hugleiða, en hefði ekki enn orðið sammála um með hvaða hætti skyldi beitt.

Þær upplýsingar, sem fengust til viðbótar við þetta mál í fjh.- og viðskn., voru, að miðað við að orðið yrði við beiðni um verðhækkun á áburði um hvorki meira né minna en 85% sem nú liggur fyrir ríkisstj. og ekki var a. m. k. af Hagstofu Íslands talin ástæða til annars en að gera ráð fyrir að ríkisstj. mundi samþykkja verðhækkun á smásöluverði á landbúnaðarvörum, sem ætti að koma 1. júní n. k., nema u. þ. b. 20%. Það er athyglivert að íhuga að á sama tíma og hæstv. ríkisstj. er að óska eftir því við Alþingi, að Alþingi hraði sérstaklega afgreiðslu á mjög öflugu verðlagsaðhaldi, eins og hæstv. ríkisstj. kallar nú það sem hún hefur hingað til kallað verðstöðvun, skuli fjh.- og viðsk.-nefndum gefnar upplýsingar um að einum mánuði eftir að þetta frv. á að ganga í gildi sem lög frá Alþingi sé þess að vænta, að landbúnaðarvörur, helstu nauðsynjavörur íslenskra heimila, hækki um u. þ. b. 20%. Það er von að allur almenningur sé farinn að hlæja að þessari verðstöðvun, þessu herta verðlagsaðhaldi hæstv. ríkisstj., og þeim ráðh. jafnframt sem beita slíkum úrræðum, ef úrræði skyldi kalla.

Þá spurðist ég fyrir um það hjá hæstv. forsrh., hvort ekki mætti ganga út frá því sem gefnu að ríkisstj. hans mundi virða yfirlýsingu sem þáv. ríkisstj. gaf út að mig minnir 17. maí 1977, þess efnis, að ríkisstj. mundi skuldbinda sig til þess að allar hækkanir, sem koma ættu á opinberri þjónustu, kæmu á síðustu tíu dögum fyrir útreikning framfærsluvísitölu, en ekki yrði reynt að bíða með þessar verðhækkanir fram yfir þann útreikning og komast þannig hjá því að þær yrðu bættar í kaupi. Hæstv. forsrh. tók það fram í svari sínu, að ríkisstj. hans mundi virða þessa samþykkt frá 17. maí 1977. Það þýðir að hæstv. ríkisstj. hefur daginn í dag til að afgreiða allar þær verðhækkanir á opinberri þjónustu sem fjallað hefur verið um. Gjaldskrárnefnd, sem á að gera tillögur um þessar verðhækkanir til hæstv. ríkisstj., sat á fundi í gær, settist á fund um hádegi í gær og mun hafa haldið áfram til kvölds og lokið viðfangsefni sínu þannig að hæstv. ríkisstj. á að hafa fengið í dag tillögur gjaldskrárnefndar um afgreiðslu umsókna um verðhækkanir hjá ýmsum opinberum þjónustustofnunum, svo sem Pósti og síma, hitaveitu, rafmagnsveitu o. fl., o. fl. Þessar verðhækkunarbeiðnir voru á bilinu frá 7—20%, þar sem þær voru lægstar, upp í 85%, þar sem þær voru hæstar. Miðað við þá yfirlýsingu, sem ríkisstj. Gunnars Thoroddsens ætlar sér að standa við, hefur hún sem sé daginn í dag til að ganga frá þessum málum eða þá í allra síðasta lagi að þeirra sé von á mánudaginn, þ. e. eftir 1. maí, þegar íslensk verkalýðshreyfing hefur haldið sinn baráttudag hátíðlegan, — og skyldi það nú ekki vera að ákvarðananna væri frekar að vænta eftir þann dag en fyrir? (**Forsrh.:** Ríkisstj. er búin að ganga frá þessu.) Hæstv. forsrh. segir að ríkisstj. sé búin að ganga frá þessu og kemur þá væntanlega fram hér á eftir og síðar í dag hverjar þessar ákvarðanir eru.

Það verður nokkuð lærdómsríkt að sjá ákvarðanir ríkisstj. og hvaða verðhækkanir það eru sem hún hefur með þessum hætti samþykkt og hvaða áhrif þær muni hafa á vísitölu, sem e. t. v. þurfa ekki að vera mjög veruleg. Fljótlega í kjölfarið á þeim opinberu verðhækkunum hljóta að fylgja mjög almennar hækkanir á öðrum varningi vegna þess að nú bíða afgreiðslu verðlagsyfirvalda eitthvað á fjórða tug slíkra hækkunarbeiðna, sem eru af svipuðum toga og hinar opinberu verðhækkunarbeiðnir eru, eða á bilinu 10—15% og upp í 60—70%. Enn vek ég athygli á því, að á sama tíma og verið er að tala um verðstöðvun á verðstöðvun ofan og hert verðlagsaðhald er vitað mál að hæstv. ríkisstj., á sama degi eða daginn áður en slíkar ráðstafanir eiga að taka gildi — og nú eru enn í gildi lögin um algjöra verðstöðvun, tekur ákvörðun um verðhækkanir á opinberri þjónustu sem mér býður í grun að geti verið eitthvað í kringum 10% og vitað er að bíða ákvörðunar hæstv. ríkisstj. fjölmargar verðhækkunarbeiðnir á öllum mögulegum og ómögulegum vöru- og þjónustutegundum sem fylgja munu í kjölfarið.

Herra forseti. Þessar upplýsingar ásamt öðru hafa komið fram bæði hjá hæstv. forsrh. og eins í fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar. Eins og ég vakti athygli á áðan ber vissulega að þakka að hæstv. forsrh. og formaður fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar hafa lagt sig fram um að veita stjórnarandstöðunni þær upplýsingar sem hún hefur beðið um.

Það athyglisverðasta í þessum upplýsingum er tvennt: Í fyrsta lagi hefur ríkisstj. komið sér saman um fæst þeirra mála sem hún þarf að taka ákvarðanir um á allra næstu dögum, hvort sem að þeim er vikið í frv. því, sem hér er til meðferðar, eða ekki. Þetta er annar þáttur þeirra athyglisverðu upplýsinga sem fram hafa komið:

Hæstv. ríkisstj. kemur sér einu sinni enn ekki saman um eitt né neitt. — Í annan stað hefur verið upplýst að á sama tíma og á ferðinni er á Alþingi frv. um sérstakt hert verðlagsaðhald, sem á að taka við af svokallaðri algerri verðstöðvun, er hæstv. ríkisstj. og hefur verið að tilkynna og ákveða verðhækkanir, nú síðast í dag, á opinberri þjónustu, en síðan munu almennar verðhækkanir fylgja í kjölfarið og vitað er að helstu lífsnauðsynjar íslenskar, landbúnaðarvörurnar, munu hækka í útsöluverði um eitthvað milli 15 og 20% aðeins einum mánuði eftir að þetta sérstaka stranga verðlagsaðhald ríkisstj. gengur í gildi. Er þá nema von að fólk sé orðið fullsatt af þessum svokölluðu verðstöðvunum sem hafa verið í gildi í landinu í upp undir það einn áratug og eru orðnar þannig að fólk er gjörsamlega búið að missa allt verðskyn vegna þess að verðlagsaðhaldið svokallaða, verðstöðvunin svokallaða er ekki einu sinni þess pappírs virði sem hún er skráð á?

Svo mikil fljótaskrift hefur verið höfð á afgreiðslu þessa máls að erfitt var að viðhafa þá reglu, sem er eðlileg og sjálfsögð þegar svona mál eru á ferðinni eins og hér um ræðir, að í nál. sé gerð grein fyrir því, hvað þeir hafa haft til málanna að leggja sem komið hafa á fundi fjh.- og viðskn. — í þessu tilviki til að gefa umsagnir um frv. það sem hér er á ferðinni. Fjh.- og viðskn. fékk allmarga til að veita sér umsagnir um frv. þetta. Þeir aðilar voru ýmist opinberir, eins og Seðlabanki, Hagstofa og Þjóðhagsstofnun ásamt verðlagsstjóra, ellegar þá einkaaðilar, svo sem forsvarsmenn íslenskra iðnrekenda, forsvarsmenn Verslunarráðs, forsvarsmenn viðskiptabanka og sparisjóða o. s. frv. Það á að vera regla, á að vera sjálfsögð kurteisi á Alþingi Íslendinga og almenn regla, að þegar slíkir aðilar eru kallaðir til að veita þingnefnd upplýsingar á þingnefndin að sjá svo um að þær upplýsingar komi fram í sérstökum þskj., í því þskj. sem n. lætur frá sér fara, nál., ella vita aðrir þm. en þeir, sem í n. sátu, ekki hvað á nefndarfundi hafði gerst og hvað þeir höfðu til málanna að leggja sem óskað var að kæmu til þingnefndarinnar og veittu henni upplýsingar og gæfu umsögn. Það er sjálfsögð krafa þeirra, sem eru beðnir um að koma og veita þingnefndum upplýsingar, manna sem hafa sérstakra hagsmuna að gæta eða hafa sérþekkingu á þeim málum sem verið er að fjalla um í þinginu hverju sinni, og sjálfsögð kurteisi af hálfu Alþingis, að umsagnir, sem gefnar eru í slíkum tilvikum, séu prentaðar í þskj. svo liggi ljóst fyrir, bæði fyrir alþm. öllum og fyrir þjóðinni, hvað þessir aðilar hafa til málanna að leggja. Sá mikli hraði, sem hafður var á afgreiðslu málsins, kom hins vegar í veg fyrir að hægt væri að gera þetta með skaplegum hætti. Ég hef að vísu ekki enn séð nál. 3. minni hl. fjh.- og viðskn., sem ekki er búið að dreifa, en hafi 3. minni hl. greint frá einhverjum af þessum umsögnum í sínu nál. hefur 3. minni hl. fjh.- og viðskn. orðið að vinna það verk í nótt. Auk þess á það ekki að vera viðfangsefni minni hl. n. að gefa slíkar upplýsingar, heldur eiga nefndarformenn að sjálfsögðu að sjá sóma sinn í því að beita sér fyrir að þeirra aðila, sem á nefndarfundi eru kallaðir til að veita umsagnir og gefa upplýsingar, sé getið í nál.

Ég man eftir því, að sá ágæti fyrrv. alþm. Lúðvík Jósepsson tók það sérstaklega fram oftar en einu sinni í þessum ræðustól að það, sem hann teldi horfa einna mest til rangrar áttar hér í þinginu, væri að nefndarformenn væru fallnir frá þeirri reglu, sem áður hefði verið höfð, að láta þess ekki aðeins ávallt getið í nál. sínum, hvaða aðilar hefðu komið til þess að veita umsagnir eða óskað eftir áheyrn hjá viðkomandi þingnefnd, heldur jafnframt gera grein fyrir því í nál. hvað þessir menn hefðu haft til málanna að leggja. Ég vil taka undir þessi orð hv. fyrrv. alþm. Lúðvíks Jósepssonar, en hann sá ástæðu til þess að kvarta yfir því sem hann taldi vera öfugþróun í þessu sambandi.

Eins og ég segi hafa komið fjölmargir aðilar á fundi fjh.- og viðskn. til að veita umsögn um þetta frv. Þá kom m. a. í ljós sú athyglisverða staðreynd, að frv. þetta, sem lýtur að bankamálum, verðlagsmálum og að nokkru leyti að efnahagsmálum, en þó í mjög þröngum skilningi þess orðs, hefur verið samið án samráðs við allar þær helstu sérfræðistofnanir í þjóðfélaginu sem Alþingi og ríkisstjórnir hafa sér til ráðuneytis. Þó svo að t. d. ein mikilvægasta grein frv. fjalli um Seðlabanka Íslands og eitt af hlutverkum hans hefur sú grein verið samin án nokkurs samráðs við Seðlabankann. Seðlabankastjórar sáu ekki þetta frv. né þessa grein fyrr en þeim var fært frv. prentað héðan frá Alþingi fyrir tveimur dögum. Í ljós kom, þegar rætt var við seðlabankastjórana, að ekki aðeins hafði ekkert samráð verið haft við Seðlabankann um gerð þessa frv., heldur var seðlabankastjórnin andvíg þeim ákvæðum frv. sem varða verksvið og viðfangsefni Seðlabanka Íslands. Seðlabankastjórarnir, sem komu á fund fjh.- og viðskn., lýstu yfir að þeir væru andvígir 5. gr. frv. Þeir töldu að það væri rangt, sem frv.-greinin gerði ráð fyrir, að mismuna innlánsstofnunum varðandi bindiskyldu. Og þeir töldu einnig að það væri rangt að veita jafnvíðtæka heimild til aukinnar bindiskyldu og greinin gerir, þar sem ekkert þak er sett á heimild Seðlabanka Íslands að fengnu samþykki ríkisstj. til innstæðubindingar, sem mögulega gæti því farið allt upp í 100% af innlánsfé bankanna. Seðlabankastjórarnir, sem á fundi n. komu, lýstu því sem sé yfir í fyrsta lagi: Þetta hefur verið samið án nokkurs samráðs við okkur. Við sáum ekki þetta mál fyrr en því hafði verið dreift á Alþingi. — Og í öðru lagi: Við erum andvígir þessu. Seðlabankastjórnarnir tóku fram að þeir væru síður en svo andvígir því, að hægt væri að auka nokkuð bindiskylduna frá því sem hún er, en þeir sögðu: Það er fráleitt að ætla að mismuna innlánsstofnunum með þeim hætti að binda t. d. meira af innstæðufé þessa banka en hins, þessa sparisjóðs en hins, og það er fráleitt að Alþingi veiti heimild til aukningar á bindiskyldu án þess að setja eitthvað þak þar á. — Þessi önnur af tveimur mikilvægustu sérfræðistofnunum þjóðfélags okkar í efnahagsmálum var ekki aðeins sniðgengin af hæstv. ríkisstj. sem umsagnaraðili, heldur var hæstv. ríkisstj. beinlínis að gera tillögur til Alþingis um málefni þessarar stofnunar í andstöðu við stjórnendur stofnunarinnar.

Við hina mikilvægustu sérfræðistofnun þjóðfélags okkar um efnahagsmál, sem á að vera til ráðuneytis ríkisstjórnum og Alþingi, Þjóðhagsstofnun, var ekki heldur haft samráð um samningu þessa frv. Þessi tvö helstu hjálpartæki íslenskra stjórnmálamanna sitja nú með hendur í skauti sínu. Til þeirra er vart leitað um mál sem hæstv. ríkisstj. þarf að leggja fyrir Alþingi. Upp kom því sú eðlilega spurning, og var þá vísað til fyrri yfirlýsinga þess manns sem nú er forsætisráðherra Íslands, hvort verið gæti að sú fræga kerling með svarta kassann, sem sótt var til útlanda á þeim tíma þegar hæstv. forsrh. var iðnrh. og fjallaði um vandamál Kröflu, væri nú orðin

helsti efnahagsráðgjafi núv. ríkisstj. og veitti henni þær upplýsingar og þá aðstoð sem hún þyrfti á að halda við gerð frumvarpa um efnahagsmál. (**HBl:** Hún er fjölhæf, þessi.) Já, hún er nokkuð fjölhæf, en menn spurðu nú einkum og sér í lagi um það, a. m. k. stjórnarsinnar, í hvaða flokki hún væri. Ég held að það fari nú ekkert á milli mála að hún er í flokki hæstv. fjmrh.

Þá kom það einnig fram að forsvarsmenn viðskiptabanka og sparisjóða, sem á fundinum mættu, lögðust mjög gegn þeim greinum sem til þeirra taka, þ. e. 5 gr. frv., og fóru fram á, að þær greinar yrðu ekki lögleiddar, og lýstu yfir þeirri skoðun sinni, að þeir teldu að ákvæði greinarinnar væru ekki framkvæmanleg, og lýstu þeirri von sinni, að jafnvel þótt Alþingi kynni að leiða þær í lög með atfylgi meiri hluta stjórnarsinna mundi ekki koma til þess, að Seðlabankinn notaði þær heimildir, enda væri þeim það ljóst, forráðamönnum banka og sparisjóða, að stjórn Seðlabanka Íslands væri andvíg efni greinarinnar.

Einn af þeim, sem á fund n. komu, var verðlagsstjórinn. Hann tók það m. a. fram, skýrði frá því margítrekað, að framkvæmd á 1. og 2. gr., þar sem miðað er við að hæstv. ríkisstj. setji ársfjórðungsleg meginmarkmið í verðlagsmálum, mundi verða þannig að þau ársfjórðungslegu meginmarkmið, sem hugsanlega yrðu sett, yrðu höfð til hliðsjónar þannig að almennar verðhækkanir í landinu mættu ekki fara fram úr þeim ársfjórðungslegu meginmarkmiðum sem sett yrðu, m. ö. o.: framkvæmdinni mundi verða hagað þannig, að ef talið væri nauðsynlegt og eðlilegt að veita einhverjum tilteknum aðila leyfi til verðhækkana umfram þessi ársfjórðungslegu mörk mundi það óhjákvæmilega bitna á öðrum, þá yrði óhjákvæmilega að þrýsta einhverri annarri umsókn niður.

Ég spurðist sérstaklega fyrir um hvernig mundi þá vera haldið á málum varðandi verðákvarðanir sem koma aðeins upp einu sinni á ári. Dæmi: Verðákvörðun á áburði, sem kemur til kasta verðlagsyfirvalda einu sinni á ári. Annað dæmi: Verðlag á þjónustu fyrir útlenda ferðamenn, sem tekin er ákvörðun um í upphafi ferðatímabilsins á vorin. Þriðja dæmi: Verðlag á steypu og byggingarefnum, sem tekin er ákvörðun um einu sinni á ári, á vori hverju. Svo ég nefni dæmi um verðhækkunarbeiðni af þessum toga liggur nú fyrir ríkisstj. beiðni um verðhækkun á áburðinum 85%. Og ég spurði: Hvernig verður farið að þegar kemur að því að taka ákvörðun um þessar verðhækkanir, sem ákvarðanir eru teknar um aðeins einu sinni á ári, en ekki ársfjórðungslega, og líkur eru á að þessar verðhækkanir, sem verða einu sinni á ári, verði að sjálfsögðu nokkuð fyrir ofan þau ársfjórðungslegu mörk sem ríkisstj. hefur sett um þann árstíma sem verðhækkun er tekin á? Verðlagsstjóri svaraði því og sagði: Það hlýtur auðsjáanlega að koma niður á örðum verðhækkunartilefnum, ef halda á sér við hin ársfjórðungslegu verðhækkunarmarkmið ríkisstj. — Þetta þýðir m. ö. o. að það gæti gerst að hæstv. ríkisstj. tæki ákvörðun um að verðhækkun á opinberri þjónustu yrði yfir ársfjórðungslegu mörkunum, t. d. verðhækkun hjá Pósti og síma, hjá SVR, á raforku, á hitaveitu o. s. frv. Sú ákvörðun hæstv. ríkisstj. mundi síðan leiða til þess að verðlagsyfirvöld yrðu að leyfa minni verðhækkanir á þjónustu og vöru hjá einkaaðilum en annars mundi verða gert. Og verðhækkun eða þjónusta, sem leyfð yrði umfram mörkin — ríkisstj. hefur heimild til þess samkvæmt lögunum, — hjá einum einkaaðila mundi leiða til þess, að það yrði að taka ákvörðun um miklu minni verðhækkanir til annars, án tillits til þess, hvort nauðsynin, sem rökstudd er af báðum aðilum, sé jafnmikil eða ekki. Þetta mundi einnig leiða til þess, eftir þeim upplýsingum sem verðlagsstjóri gaf, að ef t. d. verðhækkunarkvótinn væri fullnýttur á miðju tímabili, á miðjum ársfjórðungi, yrðu verðlagsyfirvöld að frysta allar frekari verðhækkunarbeiðnir án tillits til nauðsynjarinnar.

Það kom fram síðar á fundi fjh.- og viðskn., sem haldinn var í gær, að að áliti Jónatans Þórmundssonar prófessors við lagadeild Háskóla Íslands væri slík framkvæmd brot á stjórnarskrá lýðveldisins þar sem þar væri verið að mismuna aðilum án tillits til nauðsynjar. Þarna gætu menn verið að mismuna tveim aðilum sem báðir gætu rökstutt sambærilega nauðsyn: veita öðrum leyfi, en neita hinum. Nú er það ekki hlutverk okkar alþm. að dæma um hvort hér er á ferðinni hugsanlegt stjórnarskrárbrot eða ekki. Prófessorinn tók fram að það væri ekkert í frv.-greininni sjálfri sem ótvírætt gæfi í skyn að um stjórnarskrárbrot kynni að vera að ræða, heldur mundi það ráðast af framkvæmdinni. Það er ekki hlutverk okkar alþm. að dæma um slík mál sem ég býst ekki við að samdóma álit lögfræðinga sé um. Það er hlutverk dómstóla. En mér er nær að halda af þeim fregnum, sem ég hef fengið, að ef framkvæmdin verður með þeim hætti sem verðlagsstjóri lýsti og raunar er vikið að í athugasemdum með frv. að verða muni, þá hljóti að verða tekið fyrir prófmál hjá einhverjum aðila um hvort líkur væru til að hér væri um stjórnarskrárbrot að ræða.

Ég vil taka það fram, að sama álit kom fram hjá lagaprófessornum varðandi 5. gr., að ef við framkvæmd hennar yrði innlánsstofnunum mismunað varðandi bindiskyldu innlánsfjár stæðist sú framkvæmd ekki ákvæði stjórnarskrár og mundi þá væntanlega verða felld úr gildi ef slík ákvörðun yrði borin undir dómstóla.

Það var hins vegar álit prófessorsins að efni 4. gr. væri fortakslaust stjórnarskrárbrot — það atriði 4. gr. að ríkisstj. væri heimilt að lækka ríkisútgjöld um ótiltekna upphæð, þar með talin lögbundin framlög. Prófessorinn taldi að ef ætti að gefa handhöfum framkvæmdavalds heimild til að lækka framlög úr ríkisstjóði sem bundin eru með sérstökum lögum, þá yrði löggjafinn að nefna hvaða lög það væru sem ríkisstj. væri heimilt að breyta með þeim hætti og með hvaða hætti ríkisstj. væri heimilt að breyta þeim lögum. Valdaafsal frá löggjafanum til framkvæmdavaldsins, eins og greinin gerir ráð fyrir, var að áliti lögfræðiprófessorsins fortakslaust stjórnarskrárbrot. Hæstv. forsrh., sem einnig er fyrrv. prófessor í lögum við lagadeild Hálskóla Íslands, var staddur á fundinum og andmælti skoðun Jónatans Þórmundssonar prófessors. Þannig er þó alla vega ljóst að þar standa orð eins prófessors í lögum gegn orðum annars. Er það þá væntanlega dómstóla að skera úr um hvor hafi réttara fyrir sér.

Flestir umsagnaraðilar, sem komu á fund fjh.- og viðskn., lögðust þannig gegn frv. eða drógu í efa að framkvæmd frv. fengi staðist. Sem viðnámsaðgerð gegn verðbólgu, sem frv. þetta er talið vera, er það hins vegar mjög léttvægt, enda er aðaltilgangur frv. að ýta óleystum vandamálum á undan sér fram yfir 1. maí n. k. Megintilgangurinn er að koma í veg fyrir eða fresta því, að ríkisstj. þurfi að taka nauðsynlegar ákvarðanir fyrr en eftir 1. maí. Eins og ég sagði hefur einnig komið fram í

frásögnum ráðh. að engin samstaða er í ríkisstj. um nauðsynlegar ráðstafanir sem frv. tekur ekki til, og jafnframt hefur komið fram að samkomulag hefur enn ekki orðið um framkvæmd ráðstafana sem vikið er að í frv., svo sem um hver ársfjórðungsleg markmið í verðlagsmálum skuli vera, hvernig nýta skuli heimildir um sparnað í ríkisrekstri og hvort og hvernig auka skuli bindiskyldu innlánsfjár. Um þetta liggur ekkert fyrir þó svo að hæstv. ríkisstj. sé að óska eftir að Alþingi veiti sér heimild til að taka ákvarðanir um þessi efni.

Þegar ríkisstj. tók við völdum var í gildi svokölluð verðstöðvun í landinu. Sú verðstöðvun var ítrekuð með brbl. ríkisstj. um s. l. áramót. Engu að síður hefur verðbólgan orðið yfir 60% á fyrsta starfsári ríkisstj. Frv. þetta um verðlagsaðhald o. fl. er því þriðja tilraun ríkisstj. til að stöðva verðhækkanir, en sú þriðja tilraun mun reynast jafnilla þeim fyrri, enda er frv. ætlað að taka gildi á sama tíma og ríkisstj ákveður verulegar hækkanir á opinberri þjónustu, sem síðan verður fylgt eftir með almennum verðhækkunum. Eins og ég hef áður skýrt frá er þannig t. d. væntanleg um 20% hækkun á smásöluverði landbúnaðarafurða aðeins einum mánuði eftir gildistöku frv. Þessar verðstöðvunarfyrirætlanir ríkisstj. hafa mistekist og munu mistakast vegna þess að þær eru einangraðar aðgerðir, en ekki hluti af heildstæðri efnahagsstefnu og auk þess ekki í neinu samræmi við aðrar staðreyndir í íslensku efnahagslífi. Án raunsærrar efnahagsstefnu, sem hæstv. ríkisstj. hefur ekki enn mótað, er auk þess hætta á alvarlegum atvinnubresti, en slíkur atvinnubrestur er nú þegar farinn að segja til sín á nokkrum stöðum á landinu og vil ég í því sambandi t. d. nefna iðnrekstur á Norðurlandi, við Eyjafjörð og víðar, þar sem þegar er um verulega atvinnuörðugleika að ræða. Þessir atvinnuörðugleikar munu fara í vöxt eða hætt við að þeir fari í vöxt ef ríkisstj. dregur að móta efnahagsstefnu sem gæti orðið atvinnulífinu í landinu lyftistöng frekar en orðið er. Frv. ríkisstj., sem hér er til umr., er því lítils virði. Það leysir ekki úr neinum þeim vandamálum sem stjórnvöld þurfa við að fást og með því er ekki búið einu sinni að ljúka viðfangsefnum sem frv. þó tekur til, því komið hefur fram, eins og ég hef áður lýst, að ríkisstj. hefur jafnvel ekki orðið ásátt um hvernig framkvæma skuli þó þau viðfangsefni sem frv. fjallar um. Þrátt fyrir þetta hefur ríkisstj. hins vegar lagt ofurkapp á að þetta marklitla frv. verði afgreitt fyrir 1. maí, og þm. Alþfl. munu ekki leggjast gegn því að svo geti orðið.

Frsm. 3. minni hl. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Það er engum efa bundið að málsmeðferð og öll vinnubrögð ríkisstj. varðandi frv. það, sem hér er til umr., eru með alveg einstökum hætti. Það er með svo einstökum hætti að málinu staðið, að það er ekki þjóðþingi lýðræðisþjóðar sæmandi í raun og veru að láta afgreiðslu málsins fara fram með þeim hætti sem hér er stefnt að og óskað hefur verið eftir af hæstv. ríkisstj. Engu að síður hafa talsmenn Sjálfstfl. lýst yfir að þeir muni ekki leggja stein í götu frv., heldur hafa þeir lagt á það áherslu að Alþingi og alþm. fái það tækifæri sem eðlilegt er til að fjalla um þetta mál og gera þær athuganir sem ástæða þykir og þörf er á.

Í stað þess að leggja fyrir Alþingi tillögur til úrlausnar vandamálanna, sem lengi hafa verið boðaðar og beðið hefur verið eftir, leggur ríkisstj. nú enn einu sinni fram frv. sem staðfestir algert úrræðaleysi hennar í viðureigninni við verðbólguna. Það er nánast sama hvenær talsmenn ríkisstj. hafa komið hér upp í ræðustólinn og þau hin stóru mál hafa verið til umr. Aldrei hefur verið að heyra neina stefnu, enda hún ekki fyrir hendi. Við getum byrjað þegar ríkisstj. var mynduð og frestað hafði verið stefnuræðu forsrh., sem þingsköp gerðu ráð fyrir. Þá treystist hæstv. forsrh. ekki til þess að halda sína stefnuræðu. Ríkisstj. fór á flot stefnulaus. Hún hafði að vísu látið semja lítinn bækling sem átti að heita stefna ríkisstj., en er og var nánast ekkert annað en viljayfirlýsingar og stefnumið, en ekki að finna neina þá stefnu sem eðlilegt hefði verið hjá ríkisstj. sem var að taka við völdum.

Þegar fyrsta fjárlagafrv. hæstv. ríkisstj. var tekið til meðferðar var ekki vottur af neinni stefnu og það var gefin skýring, að svo stutt hefði verið síðan ríkisstj. tók við að ekki hefði unnist tími til að móta hana og koma henni fram í fjárlögum. Að vísu voru óskatölur settar inn í fjárlagafrv. Það kom fram hjá hæstv. fjmrh., þegar annað fjárlagafrv. ríkisstj. var kynnt á s. l. hausti, að tölurnar, sem þar voru, væru kannske í frv. einfaldlega vegna þess að þar þyrftu að vera einhverjar tölur og þessar gátu þá alveg eins verið og einhverjar aðrar. Lánsfjárlög, sem eiga að fylgja fjárlögum ríkisstj. samkv. efnahagslögunum frá 1979, voru ekki lögð fram né lánsfjáráætlun og enn gefin á því skýring, að ekki hefði unnist tími til að koma fram þeim sjónarmiðum sem þyrftu að vera í lánsfjáráætlun eftir að ríkisstj. hefði mótað stefnu sína í þeim málum. Lánsfjárlögin voru lögð fram án þess að nokkra stefnumótun væri þar að finna. Og þannig hélt þetta áfram það sem eftir var af fyrsta þingi núv. hæstv. ríkisstj. Því lauk án þess að ríkisstj. legði fram neina stefnu eða gerði Alþingi eða þjóðinni grein fyrir hvað það væri sem hún hygðist hafa að grundvallaratriðum í stefnu sinni.

Alþingi beið þar til það kom saman á s. l. hausti. Hæstv. forsrh. uppfyllti þá þingskapaákvæðin og hélt ræðu, en henni var lýst mjög vel með því að segja að hér var um að ræða stefnulausa stefnuræðu. Fjárlagafrv. var þá flutt og þar var ekki heldur að finna neina þá stefnu sem talað hafði verið um. Það var einmitt þá sem hæstv. fjmrh. orðaði það svo, að 42% forsendan, sem var til grundvallar fjárlagafrv., gæti verið einhver önnur, en þarna hefði þurft einhverja tölu og hún þess vegna verið sett inn. Það var ekki heldur þá tími til að leggja fram eða vinna að lánsfjárlögum og lánsfjáráætlun, eins og lög gerðu ráð fyrir, og talað um að það yrði síðar og þá gert ráð fyrir að það yrði væntanlega áður en afgreiðsla fjárl. færi fram. Svo varð ekki. Fyrir 3. umr. fjárlaga var lögð fram bráðabirgðaskýrsla og lýst yfir að skýrsla ríkisstj. kæmi með stefnumiðum ríkisstj. þegar Alþingi kæmi saman eftir áramót, en þá var verið að vinna, eftir því sem sagt var, úr tillögum efnahagsnefndar ríkisstj. Þm. gerðu þá ráð fyrir því, að áður en Alþingi færi heim í jólaleyfi kæmu fram tillögur um lausn þeirra vandamála sem þá blöstu við og voru öllum ljós.

Þing fór heim. Engar tillögur komu frá ríkisstj., engin samstaða. Það er á gamlárskvöld sem gefin voru út brbl. — brbl. sem enga brýna nauðsyn bar til að gefa út, aðeins gert til þess að setja á svið sjónarspil og til þess að umræður um þau mál, sem um átti að fjalla, þyrftu ekki að fara fram fyrr en komið væri fram á útmánuði. Brbl. voru afgreidd frá Alþingi. Í þeim var engin stefna ríkisstj. Þar var ekkert um hvað gera skyldi. Það eina, sem þar var

að finna, var breyting á kaupgjaldsvísitölu. Aðilarnir, sem höfðu gagnrýnt breytingar af sama tagi fyrr, voru nú búnir að taka upp þá iðju sem þeir höfðu gagnrýnt áður.

Eftir fyrstu fjóra mánuði þessa árs er þjóðin jafnnær og áður um stefnu ríkisstj., enda ekkert samkomulag þar um nú frekar en fyrri daginn. En á síðustu dögum fyrir 1. maí, þar sem þá rann út gildistími brbl., er sett saman frv. sem Alþingi er ætlað að samþykkja nánast án umfjöllunar. Hér er haldið uppteknum vinnubrögðum frá s. l. ári sem, eins og ég gat um áðan, endurspegluðust þá í útgáfu brbl. á gamlárskvöld, aðeins 10 dögum eftir að Alþingi fór í jólafrí. Nú eru Alþingi ætlaðir aðeins þrír sólarhringar til umfjöllunar frv. ríkisstj. Það er ekki hægt að skipuleggja svo störfin hér á Alþingi að þm. fái tækifæri til þeirrar athugunar og umfjöllunar sem slík lagasetning krefst. Umr. geta ekki átt sér stað á þingi, svo hratt skulu málin keyrð. Jafnvel þrátt fyrir miklar aths. fulltrúa stofnana, sem kvaddir voru á fund fjh.- og viðskn. þann eina dag sem nefndinni var ætlaður til starfa, og þrátt fyrir aths. sérfróðra manna, sem leitað var til, gefst n. ekki tækifæri til efnislegrar umræðu um málið, skoðanaskipta á milli þm. sem í n. eiga sæti. Þm. höfðu varla tækifæri til að ræða við samflokksmenn sína, gera þeim grein fyrir því sem fram hafði komið á þessum eina fundi sem stóð nærri 10 klukkutíma, gera þeim grein fyrir þeim sjónarmiðum sem þar höfðu verið flutt af tilkvöddum aðilum. Ríkisstj. hafði ákveðið að málið skyldi afgreitt samkv. pöntun, enda telur hún sér kannske langhagstæðast að fram fari sem minnstar umr. um þetta mál hér á Alþingi og þær taki sem skemmstan tíma.

Það kom fram í máli hv. 3. þm. Vestf., frsm. 2. minni hl., að nokkru leyti hvernig þessum vinnubrögðum var háttað. Sú umr., sem fram fer hér í dag, ber þess líka keim. Hann gat þess réttilega í ræðu sinni hverjar venjur væru og hvað eðlilegt væri um greinargerðir frá störfum nefnda Alþingis til alþm. þannig að þeir gætu tekið afstöðu til mála eftir þeim upplýsingum og eftir þeim aths. sem þar hefðu komið fram. Hann gat þess réttilega einnig, að venjan hefði verið að í nefndarálitum væru birtar skoðanir þessara aðila ef þær væru með þeim hætti að ástæða þætti til sérstaklega — ég tala nú ekki um að birt væru sem fskj. með nál. þau skjöl sem lögð væru fram á fundunum og væru m. a. forsendur afstöðu þm. þegar þeir gerðu þd. grein fyrir skoðunum sínum og leggðu til hvort heldur er að frv. yrði samþ. eða ekki að þeir legðu fram brtt. sínar við frv. Og hann sagði réttilega, að ef þannig hefði átt að vera í þetta skipti hefðu þm. orðið að starfa hér í alla nótt.

Nál. 1. minni hl., þ. e. stuðningsmanna ríkisstj., ber ekki með sér hverjar umr. fóru fram á fundum n., en það hefur þó gjarnan verið svo, að í því nál., sem formaður n. skrifar undir, hefur verið getið sérstakra sjónarmiða, sem ástæða hefur þótt til að taka fram, og jafnframt komið fram og lögð fram fskj. þau sem birt hafa verið á fundinum.

Nál. 3. minni hl. fjh.- og viðskn. hefur nýlega verið hér útbýtt, skömmu áður en ég hóf ræðu mína. Ástæðan er einfaldlega sú, að við, sem að því nál. stöndum, vildum ekki gera annað en það, sem hefur verið hér venja og þm. deildarinnar eiga kröfu á, að láta sjónarmið koma fram og röksemdafærslu fyrir þeim og þá um leið birta þau skjöl sem lögð voru fram í n. Við gerum þetta í nál. því sem við gengum frá á þskj. 695 og var þess vegna síðbúnara en þau önnur nál. sem talað hefur verið fyrir. Þó gerði hv. 3. þm. Vestf., frsm. 2. minni hl., töluverða grein fyrir því sem fram fór í n. — þeim upplýsingum sem þar komu fram.

Ég minnist þess sem formaður í fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar um nokkurra ára skeið, að þeir, sem ég lærði af, eldri þm. sátu í n., létu ekki bjóða sér þau vinnubrögð sem hér virðast vera upp tekin af þeim sem fara með stjórn landsins, og við eigum ekki að láta bjóða okkur þau vinnubrögð. Með því móti er ríkisstj. að lítilsvirða Alþingi og alþm. Með því móti er ríkisstj. að gera Alþingi að einhverri afgreiðslustofnun — stofnun sem ekki á að hennar dómi að hafa skoðanir á þeim málum sem þar eru og eiga að vera til umfjöllunar. Við skulum vona að við séum ekki þrátt fyrir þetta að taka upp þjóðskipulag eins og þar sem löggjafarsamkoman, að nafninu til kölluð, er afgreiðslustofnun valdhafanna og ekkert annað.

Það var vikið hér að sjónarmiðum fyrrv. þm. og ég minnist hans sérstaklega sem meðnm. míns í fjh.- og viðskn.: Upplýsingar, sem óskað var eftir, skyldu koma, menn skyldu hafa tíma til að skrifa nál. sín og gera grein fyrir sjónarmiðum sínum og því sem fram kom á fundunum. Svo skyldu menn fara í umr. inn í deild og eftir því hvernig á stóð var hægt að takmarka sig í ræðu, eftir því hversu hratt málin þurftu að dómi þm. að ganga fram. — En til þess að hægt sé að verða við slíkum óskum, sem oft kemur fyrir að ríkisstj. þarf að bera upp við stjórnarandstöðu, verður ríkisstj. sjálf að haga sínum málum þannig að hún geti ætlast til þess, hún geti gert kröfu til þess, að að óskum hennar sé farið. Það sjá allir að ekki er rétt aðferð að leggja fram frv. á mánudegi um þessi málefni til að afgreiða hér á Alþingi sem lög þremur sólarhringum síðar. Margir alþm. hafa á svo skömmum tíma ekki fengið tækifæri til að fjalla um málefnið. Þetta eru ekki starfsaðferðir sem við eigum að viðhafa og eru ekki heldur starfsaðferðir sem verða til þess og geta orðið til þess að minni hl. á Alþingi sýni ríkisstj. umburðarlyndi þegar á þarf að halda.

Hvernig er hægt að ætlast til þess að Nd. hv. Alþingis geti fjallað um slíkt mál á skemmri tíma en á þremur starfsdögum í allra minnsta lagi, þegar nefndarstörf í gær hófust svo þar að auki kl. 8 og lauk í gærkvöld rétt um sjöleytið án þess, eins og ég sagði áðan, að nokkur skoðanaskipti hefðu farið fram á milli nm.? Nm. höfðu setið á fundum allan daginn. Þeir höfðu skipst á skoðunum við þingflokksbræður sína örstuttan tíma, en annar möguleiki var ekki fyrir hendi. Vinna við nál. hlaut því að verða í nótt sem leið, eins og hv. 3. þm. Vesturl. gat sér til um, ef menn ætluðu að skila nál., án þess þó að allar upplýsingar fengjust sem beðið var um. Ég er þar ekki að áfellast formann n. sem gerði sitt til þess að fá fram upplýsingar sem beðið var um, fá þá menn til viðræðna á fundinn sem óskað var eftir, en það var hvorki í hans valdi að koma á fund með menn sem ekki fundust né heldur að koma með upplýsingar frá mönnum sem vissu ekki hvað þeir vildu. Og þannig endaði fundurinn í gærkvöldi að sumir af þeim, sem óskað hafði verið eftir til fundar, fundust ekki, og upplýsingar frá ríkisstj. gátu ekki komið fram einfaldlega vegna þess að þeir, sem þar voru, vissu ekki hvað þeir vildu. Náttúrlega kom það ekki neinum á óvart. Það hafði tíðkast frá upphafi og það frv., sem við erum hér að fjalla um, sýnist staðfesta að svo sé. Það er um eitt sem þeir vita þó hvað þeir vilja. Það er að sitja áfram þar sem þeir sitja.

Ég hef gert starfshætti þingsins þessa daga að umræðuefni og ég vonast til að slík vinnubrögð verði ekki oftar viðhöfð hér. Ég trúi því og ég treysti því, að svo margir alþm. séu þeirrar skoðunar að Alþingi geti ekki látið bjóða sér þetta. Þetta stríðir gegn lýðræðisskipulagi okkar, þingræði okkar. Ég trúi að það séu margir sem á Alþingi sitja sem vilja verja það.

Ef við víkjum þessu næst að því frv. sem hér er til umr. er þar ekki að finna neitt af þeim meginúrræðum sem blöð stjórnarflokkanna og fjölmiðlar hafa gert grein fyrir eða rætt um að væru til umræðu innan ríkisstj. til viðnáms gegn verðbólgu, t. d. lækkun tolla eða söluskatts, svo að ekki sé minnst á það sem framsóknarmenn kalla nú raunverulega „niðurtalningu" verðbólgunnar. Í þeim úrræðum að „telja niður" felst að niður séu taldir allir þættir og þ. á m. verðbætur á laun á þriggja mánaða fresti. Þetta frv. sýnir og staðfestir þá togstreitu og það ósamkomulag sem er innan ríkisstj. Hún setti brbl. á gamlársdag, en að sögn ráðh. var það ekki fyrr en á gamlársdagsmorgun sem stafur hafði verið settur á blað, og þegar líða tók á daginn leit ekki út fyrir að hægt væri að ná samkomulagi um setningu þessara brbl. Þessi brbl., eins og ég gat um áðan, fólu í sér aðeins eitt úrræði er viðkom hjöðnun verðbólgu, þ. e. skerðingu launa um 7% og skerðingu flestra bóta almannatrygginga, skerðingu lífsviðurværis þeirra sem minnst mega sín. En í þessu frv. finnst ekkert úrræði til raunverulegrar hjöðnunar verðbólgu, nema það sé hið svokallaða þriðja afbrigði verðstöðvunar sem að vísu kemur ekki til með að halda aftur af verðhækkunum nema í bili og þá með þeim hætti sem gert er þar ráð fyrir, en leiðir að sjálfsögðu til enn þá meiri verðhækkana, til verðhækkanaflóðs, síðar ef ekki á að stöðva atvinnuvegina. Slík er togstreitan og sundurþykkjan innan ríkisstj. Og hver verður svo afleiðingin? Afleiðingin verður sú verðbólga sem við höfum búið við og varð meiri á s. l. ári en nokkru sinni fyrr. Hún varð meiri á fyrsta ári núv. ríkisstj. en nokkru sinni áður. Sú verðbólga heldur áfram að grafa undan heilbrigðum atvinnurekstri, draga úr lífskjörum manna og sýkja íslenskt þjóðfélag.

Frv. heitir frv. til l. um verðlagsaðhald, lækkun vörugjalds og bindiskyldu innlánsstofnana, en höfuðatriði þessa frv. er að lögfesta þriðja afbrigði verðstöðvunar í tíð núv. ríkisstj. með nýrri nafngift. Verðbólgan fer þó vaxandi næstu mánuði samkv. spá Þjóðhagsstofnunar, og það er í samræmi við þá reynslu sem við höfum af slíkum úrræðum. Viðnám gegn verðbólgu verður ekki veitt með þeim úrræðum sem fram koma í þessu frv.

Frv. gerir ráð fyrir að halda áfram spennitreyju lögbundinna verðlagshafta sem drepa atvinnulífið í dróma. Atvinnuleysisvofan er farin að sjást. Það skyldi þó ekki vera, að áður en þetta ár væri liðið horfðum við fram á vaxandi atvinnuleysi. Staðreyndin er að því miður er það komið.

Þeim verðlagshöftum, sem gert er ráð fyrir í 1. gr. frv., er sérstaklega beint gegn innlendum iðnaði og innlendri þjónustustarfsemi og þar með atvinnuöryggi íslenskra launþega. Innfluttar framleiðsluvörur á íslenskum markaði eru nánast undanþegnar þessum ósköpum.

En hvernig eru svo þessi verðlagshöft úr garði gerð? Þar kemur fram það sem nefnt hefur verið þriðja afbrigði verðstöðvunar, að verðlagshöftin verða nú lögbundin við ákveðin ársfjórðungsleg heildarmörk þannig, eins og það er orðað í grg., að í landinu verði „heildarhækkun ekki umfram þessi tímasettu mörk" — þetta voru orð hæstv. forsrh. til þess að það fari ekki á milli mála. Með þessum verðlagshöftum er upp tekinn sá háttur, að lögbundin pólitísk markmið verði höfð að viðmiðun við ákvörðun á verðlagningu á vörum og þjónustu, en horfið frá því, að sannanlegur kostnaður fyrirtækja og markaðshorfur ráði verðákvörðunum til þess að fyrirtæki, sem eru vel rekin og hafa góðan markað, geti fengið borinn uppi sinn kostnað og þeir, sem best standa sig í frjálsri samkeppni, geti þar af leiðandi haft áhrif á vöruverð til hagsbóta fyrir neytendur.

Á fundi í fjh.- og viðskn. kom glögglega fram hjá verðlagsstjóra hvernig gert væri ráð fyrir að þessari grein verði beitt. Það, sem hv. 3. þm. Vestf. gerði grein fyrir áðan, voru þau ummæli sem verðlagsstjóri viðhafði á fundi í fjh.- og viðskn. Það fer því eftir pólitískum ákvörðunum hæstv. ríkisstj. og geðþótta hennar hverjir það eru sem hækkanir fá. Aðilar, sem þurfa á slíku að halda og eiga rétt á slíku, verða e. t. v. settir til hliðar vegna þess að aðrar ákvarðanir hafa verið teknar og til þess að heildarmarkmiðunum verði náð, til þess að heildarútkoman verði innan við sett mörk, verði ákvörðun tekin með þeim hætti. Ef spurt er, hvernig fari ef fyrirtæki óskar hækkunar á verðlagi framleiðsluvöru sinnar þegar liðið er á eitt af fjórðungstímabilunum og heildarútkoman sýnist vera að komast upp fyrir hin settu mörk, er svar verðlagsstjóra: Þá verður að láta hækkunina bíða. Það skiptir engu máli um réttmæti hennar, það skiptir engu máli um nauðsyn hennar, atriði málsins er að pólitísk markmið ríkisstj. skuli sitja þar í fyrirrúmi. Ég held að allir þeir, sem þekkja til atvinnurekstrar, geri sér grein fyrir hvaða þýðingu slíkt ákvæði kemur til með að hafa.

Það fór ekkert fram hjá nm. fjh.- og viðskn. þegar fulltrúar atvinnulífsins komu þar og gerðu grein fyrir sjónarmiðum sínum. Þeir bentu á að þegar brbl. voru sett hefði verið talað um að verðstöðvun skyldi gilda til 1. maí og þá yrðu málin skoðuð í nýju ljósi. Menn áttu því von á að það, sem hafði verið látið bíða af beiðnum, yrði skoðað og á það yrði litið sem rétt og nauðsynlegt var talið að hækka til þess að atvinnureksturinn gæti haldið áfram. Þeir lýstu yfir að þeir hefðu treyst þeim orðum, sem núv. ráðh. hefðu látið frá sér fara, og þeir hefðu átt von á öðru en því sem hér er boðið. Þeim var ljóst þegar brbl. voru sett, að hér var um bráðabirgðaástand að ræða að dómi þeirra sem fyrir þeim töluðu. Ráðh. voru að vísu spurðir oft hér á þingi hvað skyldi taka við, og það var ekki á máli þeirra þar að heyra að verðstöðvun í því formi, sem hún var, yrði haldið áfram, þaðan af síður að hér kæmi hert verðstöðvun, að valdið yrði tekið frá verðlagsnefnd og fært til ríkisstj. til að hafa á þessu bæði tögl og hagldir. Það var ljóst af því, sem fram kom hjá fulltrúum atvinnulífsins, að þeir töldu að þær hækkanir, sem átt hefðu sér stað, 6% hækkun, 8% hækkun, hratt gengissig, — með hraðasta gengissigi, sem átt hefur sér stað, varð á síðustu mánuðum síðasta árs, — væru með þeim hætti að undir slíku fengju fyrirtækin ekki risið.

Til þess að leggja nú áherslu á það, hvernig ríkisstj. hyggðist standa að málum, á að framfylgja þessum nýju verðlagshöftum með lögbannsaðgerðum, jafnvel þó að ekkert liggi fyrir um að lögleyft verð nægi til þess að firra fyrirtækin taprekstri. Það er ljóst mál af lögum um kyrrsetningu að grundvöllur laganna um kyrrsetningu og lögbann er þess eðlis, að hann sýnist ekki geta átt við

undir almennum kringumstæðum sem þessum. Það er þess vegna rétt, að hér er verið að færa menn til lögregluríkis og á þá, sem e. t. v. hafa brotið af sér, skal sett lögbann hvort sem þeim líkar það betur eða verr.

Með þessu frv. er lagt til að lögfestar verði heimildir til handa Seðlabanka Íslands til að skylda banka, sparisjóði og innlánsdeildir til að binda ótiltekinn hluta af aukningu spariinnlána. Það má segja að það sé annað meginatriði frv. — 3. gr., um vörugjaldið, er nánast framhald af þeim skopleik sem við höfum orðið varir við hér á Alþingi hjá stjórnarliðum í sambandi við álagningu vörugjaldsins. 4. gr. gerir ráð fyrir sérstakri heimild um niðurskurð á ríkisútgjöldum, en gerir jafnframt ráð fyrir heimild til að lækka ríkisútgjöld, þar með talin lögbundin framlög, nánast þurrka út útgjaldaákvæði allra laga í nokkrum orðum. En 5. gr. fjallar um það atriði sem ég vék að áðan.

Í grg. er borin fram forsendan fyrir því að nú skal Seðlabanka Íslands heimilt að fengnu samþykki ríkisstj. að ákveða ótakmarkaða bindingu allra eða — eins og þar er orðað — einstakra innlánsstofnana á tímabilinu 1. maí til 31. des. 1981. Það hefur raunar verið flutt brtt. og fyrir henni talað af 1. minni hl. fjh.- og viðskn., sem breytir þessari grein, að vísu ekki því að heimilt verður að ákveða ótakmarkaða bindiskyldu, en eftir því sem skilja mátti af orðum frsm. 1. minni hl. er í staðinn fyrir „allra eða einstakra“ innlánsstofnana gert ráð fyrir að þessi bindiskylda verði sveigjanleg, eins og hann orðaði það, — hann gaf að vísu ekki aðrar skýringar, — en tíminn er lengdur fram til ársins 1983. Seðlabankinn hefur sem stendur heimild til að binda sparifé sem nemur 28% af sparifjárinnstæðum eins og þær eru á hverjum tíma. Slík heimild var tekin í lög 1961. Það er fyrir okkur, sem sátum hér þá og hlustuðum á fulltrúa Alþb. og fulltrúa Framsfl. tala hér á þingi varðandi þetta atriði, vissulega athyglisvert þegar þeir nú koma hér, þeir sem mótmæltu, þeir sem héldu fram að það væri verið að draga fjármagn fólksins af landsbyggðinni til þéttbýlisins og það væri verið að leggja það í frystihús í Reykjavík, þetta væri nokkuð sem þeir væru ekki sammála, þetta væri nokkuð sem þeir væru á móti. Menn áttu því von á að þegar þeir hefðu aðstöðu til liðu ekki margir dagar þangað til heimild til bindiskyldu yrði felld úr lögunum um Seðlabanka Íslands. En það er nú eitthvað annað en það sé verið að framkvæma hér skoðanir þessara flokka frá því þegar bindiskyldan fyrst var lögleidd. Nú á að auka hana. Nú á ekki aðeins að auka hana, heldur skal hún ekki hafa neitt hámark í lögum. Með slíkri heimild án efri marka er Alþingi nánast að afsala sér stjórn peningamála að þessu leyti í hendur framkvæmdavaldsins. Það gæti leitt til stóraukinnar miðstýringar fjármagns í framkvæmd. Var á það bent á fjh.- og viðskn.-fundi að frekleg notkun þessarar greinar gæti jaðrað við stjórnarskrárbrot.

En hvað höfðu þeir sem um þessi mál eiga að fjalla, að segja? Hverjar voru skoðanir fulltrúa bankastjórnar Seðlabankans sem komu á fund fjh.- og viðskn.? Það fór ekkert á milli mála að þeir töldu ekki rétt að slík heimild væri lögfest, — jafnvel ekki embættismennirnir, sem áttu með málið að fara, vildu fá heimildina. Jafnvel þeir sáu hvað hér var að gerast — og eins og þar var orðað: Þeir töldu ekki eðlilegt, töldu beinlínis hættulegt að lögfesta slíkt ákvæði og sögðust ekki sækjast eftir því að hafa í lögunum um Seðlabankann heimildarákvæði fyrir Seðlabankann — ákvæði þar sem geðþóttaheimildir gætu orðið til. Þeir upplýstu enn fremur að þeirra álits hefði ekki verið leitað. Það var þess vegna fyrst á fundi fjh.- og viðskn. í gær að skoðun bankastjórnar Seðlabankans kom fram varðandi þetta atriði. Og skoðun hennar var sú, að þetta ákvæði, eins og það kemur fram í frv., óskaði hún ekki eftir að væri fyrir hendi. Jafnframt lýstu bankastjórar Seðlabankans því, að þeir teldu ekki heppilegt að auka bindingu. Þeir töldu eðlilegra að breyta þeim starfsaðferðum, sem við eru hafðar, og minnka endurlán Seðlabankans og þá um leið að binding sparifjár yrði minnkuð. Í þessu ákvæði er farið þvert á skoðanir þeirra manna sem gerst þekkja og hafa farið um nokkuð langan tíma með þessi mál.

Því hefur verið haldið fram, að Seðlabankinn þyrfti að hafa þessar heimildir vegna væntanlegrar sparifjáraukningar sem vonast er til að verði á þessu ári, þess aukins sparifjár sem vonast er til að safnist fyrir á þessu ári og til þess að hafa skjótvirk og öflug stjórntæki í peningamálum fyrir hendi svo að hafa megi áhrif á peningamyndun og útlánaþróun bankakerfisins. Það sýnir, hvert valdhafarnir hyggjast stefna, að slík röksemdafærsla skuli vera í grg. frv. og ótakmörkuð heimild sett í frv.

Það hefur heyrst áður að það, sem aflaga hefur farið í efnahags- og peningamálunum á undanförnu ári og undanförnum 2—3 árum, hafi verið sök bankanna vegna þess að útlánsaukning þeirra hafi verið mikil. Það verður a. m. k. ekki sagt um árið 1980. Útlánaaukning þeirra þá var fyrir neðan það hlutfall sem verðbólgan jókst um. En það verður ekki hægt að segja um erlendar lántökur, sem núv. ríkisstj. beitti sér fyrir á s. l. ári, að svo hafi verið um þær, enda má rekja þróunina í peningamálum fremur og miklu fremur til þeirra ákvarðana en hins, að útlánaaukning bankanna hafi verið mikil.

Ég vék að því áðan, að í 4. gr. væru ákvæði sem vafasamt væri að stæðust ákvæði stjórnarskrárinnar. Það kom fram á fundi fjh.- og viðskn. þegar þangað kom lögfróður prófessor frá Háskólanum og fór ekkert á milli mála hver skoðun hans var í þessum efnum. En gerð þessa frv. er í samræmi við efni þess og það er með ólíkindum flaustурslegt og óhrjáleg lagasmíð. Það birtist m. a. í því að jafnvel ákvæði, sem stangast á við stjórnarskrána, leggur ríkisstj. til að lögfest verði og það ekki með neinum venjulegum hraða, heldur með sérstökum hraða.

Í veðri er látið vaka að þetta frv. sé liður í efnahagsáætlun ríkisstj. um viðnám gegn verðbólgu, en í því sambandi vekur athygli að ekkert ákvæði hefur bein áhrif á þróun verðlags þegar til lengdar lætur. Þegar lagðar voru fram fyrirspurnir í fjh.- og viðskn. um ýmsa þá málaflokka, sem vitað er að ákvarðanir verða teknar um hjá ríkisstj. næstu daga, voru engin svör af hálfu ríkisstj. Hún vissi ekkert hvað hún vildi. Það var sama þó spurt væri um verðlagsmál landbúnaðarins. Það var sama þó spurt væri um vaxtamál. Hæstv. forsrh. lýsti því hér yfir, að það væri eitt af því sem skoðað væri nú af hálfu ríkisstj. og ekki ólíklegt að vaxtalækkun ætti sér stað á næstunni. Þegar fulltrúar seðlabankastjórnarinnar voru hins vegar spurðir og fulltrúar bankanna höfðu þeir önnur sjónarmið í þessum efnum, en það fékkst ekkert svar um þetta frekar en annað. Það var spurt um gengismálin. Nm. spurðu um fiskverðsákvarðanir á næstunni. Það var spurt um gjaldskrárákvarðanir. Það var spurt um niðurgreiðslur. Öllu þessu má breyta án þess að setja lög til að breyta því sem fyrir er, a. m. k. er hægt að taka ýmsar

ákvarðanir án þess. Hæstv. viðskrh. hefur í útvarpi gert grein fyrir að ýmislegt væri til hliðar við þetta frv. sem kæmi í ljós og til þess þyrfti ekki lagasetningu, en þegar svo spurt var hvað það væri fékkst ekkert svar. Því var að vísu skotið fram hér áðan af hæstv. forsrh., að ákvarðanir hafi verið teknar í gjaldskrármálum sem ríkisstj. fjallaði um í morgun, en frá því hefur ekki verið greint. Allt eru þetta atriði sem hafa áhrif á þróun framfærslu- og kaupgjaldsmála. Allt eru þetta atriði sem ríkisstj. getur tekið ákvarðanir um að eigin geðþótta til þess að halda ákveðnum markmiðum án þess að tekið sé tillit til þeirra staðreynda sem fyrir hendi eru. Það er aðeins ætlað að lögfesta eitt afbrigði verðstöðvunar, en það mun þegar til lengdar lætur auka á vanda verðbólgunnar. Þessa þætti efnahagsstefnu ríkisstj. eða stefnuleysi mætti nefna uppskrift að atvinnuleysi, eins og bent hefur verið á í málflutningi sjálfstæðismanna á Alþingi á yfirstandandi þingi.

Það er ljóst að reynsla okkar af verðlagshöftum til lengdar í viðureign við verðbólguna er með þeim hætti að slíkt er síst til þess að framlengja. Gleggsta dæmið í þessum efnum er hvernig verðlagningu á sementi hefur verið háttað undanfarin ár með þeim afleiðingum að nú er verðhækkunarþörfin orðin langtum meiri en ella hefði orðið. Það er rekstrarstöðvun yfirvofandi hjá Sementsverksmiðju ríkisins, þar hlaðast upp óreiðuskuldir með tilheyrandi vaxtasúpu, það vantar fé til hagræðingar og endurbóta og það vantar fé til að kaupa olíu. Nú verður fjármálastjóri Sementsverksmiðju ríkisins að koma á hverjum mánudegi suður til Reykjavíkur og fara upp í fjmrn. til að sækja andvirði olíukaupa fyrir Sementsverksmiðjuna vikuna þá. (**Gripið fram í:** Með viðkomu í dómsmrn.) Með viðkomu í dómsmrn., sagði þm. En afleiðingin er ljós: Það er dýrara sement og vanmáttur fyrirtækisins til greiðslu hærri launa til starfsmanna sinna.

Þegar skipta á um nafn á hertri verðstöðvun og nú skal vera verðlagsaðhald liggja fyrir verðhækkunarbeiðnir hjá Verðlagsstofnuninni sem nema hjá einstökum aðilum allt að 85%, en hjá flestum opinberum þjónustustofnunum nærri 40%. Með nál. 3. minni hl. er birt skjal það sem verðlagsstjóri lagði fram á fundum fjh.- og viðskn. til þess að þm. væri ljóst hvaða hækkunarbeiðnir það eru sem liggja fyrir óafgreiddar. Þá geta menn borið þessar óskir saman við ákvarðanatöku ríkisstj. þegar gjaldskrár fyrir opinbera þjónustu verða þar til umræðu og afgreiðslu. Þá geta menn séð hvaða sjónarmið það eru sem ríkisstj. hefur þegar hún afgreiðir t. d. Hitaveitu Reykjavíkur, Póst og síma, Áburðarverksmiðju ríkisins og Strætisvagna Reykjavíkur. Ég efast ekkert um að þau sjónarmið, sem liggja til grundvallar eða verða forsenda þeirrar ákvarðanatöku sem fór fram í morgun, eru og verða að framfærsluvísitalan 1. maí hækki ekki nema um ákveðna prósentu. Það heyrðist í fjh.- og viðskn. að markmiðið væri vísitöluhækkun um eða aðeins yfir 8%. Það liggur ljóst fyrir samkv. þeim upplýsingum, sem fram komu hjá fjh.- og viðskn. af hálfu hagstofustjóra, að ef náð er því markmiði er það um það bil fjórðungur af þeirri þörf sem þessar stofnanir hafa. Hér er verið að flytja vandann til. Hér er ekki verið að leysa vandann. Hér eru ekki uppi tillögur um það, með hvaða hætti við ætlum að ráðast að verðbólgunni, heldur er hér um að ræða aðferðir til að ná fram einhverri tölu svo að hægt sé að reikna út framfærsluvísitölukostnað fyrri hluta ársins 1981 á ársgrundvelli, svo ekki sé minnst á að flestum þeim hækkunarbeiðnum, sem á þessu skjali eru, verður frestað fram yfir afgreiðslu vísitölunnar og munu því ekki vega þar fyrr en við útreikning framfærsluvísitölu 1. ágúst. Þannig er vandanum áfram skotið á frest. Það hafa þeir gert. Þeir hafa ekki komið sér saman um neitt. Þetta er þeirra eina úrræði, hvernig svo sem að er farið í eitt skipti eða annað.

Hluta verðhækkana er haldið undir yfirborðinu með þeim afleiðingum, eins og ég gat um áðan, að þær skella á með miklum mun meiri þunga ef atvinnuvegirnir á annað borð eiga að lifa. Ef það er hins vegar ætlun ríkisstj. að koma í veg fyrir að þeir lifi er hún að gera rétt. Fyrirtækin hafa barist í bökkum, hafa ekki haft möguleika til að endurskipuleggja rekstur sinn til hagsbóta, það er öllum ljóst, og þau verðlagshöft, sem hér er ætlað að lögfesta, koma ekki til með að bæta þar um.

Þó að gripið sé til þessara óyndisúrræða, áframhaldandi verðlagshafta og endurtaka eigi feluleikinn fyrir 1. ágúst, verður flóðbylgja verðhækkana ekki stöðvuð. Verðlagsspá Þjóðhagsstofnunar er þessi: Hækkun framfærsluvísitölunnar 1. ágúst 9%, hækkun framfærsluvísitölunnar 1. nóv. 11%. Í fyrra spáði sama stofnun 9% hækkun 1. ágúst, og 10% hækkun 1. nóv., og við höfðum mesta verðbólguár árið 1980 sem við höfum haft. Þannig hefur í rauninni ekkert áunnist í viðnámi gegn verðbólgunni þrátt fyrir herta verðstöðvun og 7% kaupskerðingu frá því að núv. ríkisstj. tók við völdum.

Þegar brbl. ríkisstj. frá því á gamlárskvöld voru til afgreiðslu hér á Alþingi gerðu sjálfstæðismenn í nál. og með flutningi brtt. ítarlega grein fyrir sjónarmiðum sínum og tillögum í verðlagsmálum. Þar kom fram með hvaða hætti sjálfstæðismenn legðu til að komist yrði út úr þeirri verðstöðvun, sem lögbundin hefur verið s. l. 10 ár, og atvinnuvegirnir leystir úr þeim þrengingum sem þeir hafa verið settir í af núv. ríkisstj. Jafnframt voru bornar fram tillögur um skattalækkanir svo og lækkanir á vörugjaldi, sem hefðu numið 25 milljörðum gkr., og samdrátt í ríkisútgjöldum á móti sem hefði í för með sér 2% lækkun á framfærslu- og verðbótavísitölu 1. maí.

Þessar tillögur sjálfstæðismanna voru allar felldar. Hins vegar gerði flokksstjórnarfundur framsóknarmanna nokkrar af þessum tillögum að sínum tillögum nú fyrir skömmu. Formaður Framsfl., hæstv. sjútvrh. Steingrímur Hermannsson, taldi þær nú eitt helsta ráðið í baráttunni gegn verðbólgunni og mun hafa lagt þær fram í ríkisstj. án þess að hafa fengið nokkra áheyrn.

Þrátt fyrir óverjandi vinnubrögð, þau sem hér hafa verið viðhöfð af ríkisstj. og ég gerði að umtalsefni í upphafi ræðu minnar, viljum við sjálfstæðismenn gera enn eina tilraun til þess að koma í veg fyrir yfirvofandi stöðvun atvinnuveganna sem stefnir atvinnuöryggi landsmanna í voða. Við flytjum á þskj. 696 brtt. er varða verðlagsmálin, auk þess sem við flytjum brtt. við 4. gr. frv. þar sem sá hluti greinarinnar er numinn brott sem talinn er stangast á við stjórnarskrána.

Við 1. gr. flytjum við brtt. þar sem gert er ráð fyrir aðlögunartímabili 1. maí til 1. ágúst sem nauðsynlegum aðdraganda að því markmiði í verðlagsmálum sem stefnt var að með setningu laga nr. 56/1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, sem sjálfstæðismenn og framsóknarmenn beittu sér fyrir og fengu lögfest.

Þá er í brtt. mörkuð framtíðarstefna í verðlagsmálum.

Er þar lagt til að upphafleg ákvæði 8. og 12. gr. laga nr. 56/1978 taki gildi. Enn fremur er gert ráð fyrir að samþykktir um hámarksálagningu, hámarksverð og aðra framkvæmd verðlagseftirlits, sem í gildi eru 1. ágúst, falli úr gildi eftir 1. des. n. k. nema verðlagsráð hafi tekið afstöðu til þeirra fyrir þann tíma. Eru ákvæði þessa liðar í samræmi við þá framkvæmd verðlagsmála, sem gert var ráð fyrir við setningu nefndra laga, og þannig hafist handa á ný á þeirri braut sem þá var mörkuð.

Við 4. gr. frv. er svo lagt til að niður falli það ákvæði sem talið er vafasamt að standist ákvæði stjórnarskrárinnar.

Við, sem stöndum að þessu nál., erum andvígir 2. gr. frv. og teljum að slík lagasetning sé andstæð þeim grundvallarsjónarmiðum sem liggja að baki þeim réttarfarsaðgerðum sem felast í lögunum um kyrrsetningu og lögbann.

Þá erum við andvígir 5. gr. frv. Við teljum með öllu óverjandi að Alþingi afsali sér ákvörðunarvaldi í stjórn peningamála. Við teljum að 28% af þeirri sparifjáraukningu, sem spáð er 1981, eða um 450 millj. nýkr., muni gera Seðlabankanum fullkomlega kleift að sinna endurkaupalánum eins og þau nú eru, en við erum sammála stjórnendum Seðlabankans um að fremur ætti að minnka endurkaup Seðlabankans og lækka bindingu sparifjár innlánsstofnana á móti.

Við 3. gr., um lækkun vörugjalds á gosdrykkjum, höfum við síður en svo aths., en hún sýnir m. a. það handahóf og stefnuleysi sem er einkennandi fyrir störf núv. ríkisstj.

Um það, sem ekki fékkst upplýst af áformum ríkisstj. um einstaka þætti sem við koma efnahagsmálum og ekki krefjast lagasetningar, getum við að sjálfsögðu ekkert dæmt. Ljóst er þó af því, sem tæpt var á, að ekki hefur orðið samkomulag um neinar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu, enda margsannað að núv. ríkisstj. lýtur boðum og bönnum Alþb. sem í raun hefur ekki áhuga á því að ráða niðurlögum verðbólgunnar og tryggja undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Þetta frv. til l. um verðlagsaðhald, lækkun vörugjalds og bindiskyldu innlánsstofnana kom fyrir sjónir stjórnarandstöðu s. l. mánudag og lagt er á það ofurkapp að það verði að lögum helst fyrir kl. 24 í kvöld. En lítum nú yfir þessa hv. þd. og lítum á áhuga höfunda þessa frv. á þeim umr. sem hér fara fram. Ráðherrastólarnir hérna eru tíu, en það sést ekki einn einasti ráðh. Þeir hafa verið að smátýnast, eins og negrastrákarnir forðum, en þeir verða aftur tíu þegar farið verður að greiða atkv., eins og negrastrákarnir forðum. Hvar er svo þinglið stjórnarinnar? Það er ekki einn einasti þm. ríkisstj. inni í salnum. **(Gripið fram í:** Þetta er alls ekki satt.) Ja, það breytist núna. Það var hér enginn þegar ég sagði setninguna. (Gripið fram í.) Nú kemur einn þm. Alþb. í gættina. Þetta er nú virðingin fyrir Alþingi, virðingin fyrir þeim umr. sem hér fara fram um frv. sem ríkisstj. leggur áherslu á að verði afgreitt og það með sérstökum hraða. Er hægt að hugsa sér meiri óvirðingu við Alþingi en stjórnarliðið sýnir nú? Meira að segja forsrh., sem nú loksins er að koma inn eftir rúmlega klukkutíma fjarveru, sá ráðh. sem leggur þetta frv. fyrir þingið, má ekki vera að því að sitja undir þessum umr., nema hann sé orðinn of fínn til að hlusta á ræður stjórnarandstæðinga. Það getur vel verið að hann sé orðinn of fínn til þess. Þetta er nú virðingin fyrir Alþingi og þeim umr. sem hér eiga að fara fram.

Þetta frv. um verðlagsaðhald, eins og það heitir, lækkun vörugjalds og bindiskyldu innlánsstofnana er dæmigert kommúnistafrv., enda ráða þeir ferðinni í þessari ríkisstj. Í 1. gr. þessa frv. segir:

„Miða skal verðlagsákvarðanir við ársfjórðungsleg meginmarkmið í verðlagsmálum sem ríkisstj. ákveður á hverjum tíma."

Hér er um algert valdaafsal Alþingis að ræða til ríkisstj. Hún á að hafa það algerlega í sinni hendi að stilla upp ákveðnu meginmarkmiði í verðlagsmálum ársfjórðungslega, og leyfi til verðhækkana innan þeirra marka, sem ríkisstj. setur hverju sinni, tekur gildi við samþykkt viðkomandi verðlagsyfirvalda og staðfestingu viðskrh. Sé samþykkt verðlagsyfirvalda umfram hin settu mörk tekur hækkunin ekki gildi fyrr en að fenginni staðfestingu ríkisstj. Að hugsa sér að slíku frv. skuli standa menn sem segjast vera flokksbundnir sjálfstæðismenn — menn sem hafa stutt flokk sem hefur barist fyrir frjálsræði í viðskiptum, frjálsræði í verslun. Nú styðja þeir frv. sem leggur slíkar kvaðir á atvinnurekstur í landinu sem þarna er gert. Engin vinstri stjórn hefur leyft sér að koma með önnur eins ákvæði og þessi stjórn leyfir sér að gera. Svo langt er nú gengið að höfuðmálgagn núv. hæstv. ríkisstj. skrifar leiðara í dag sem heitir „Snarvitlaust stjórnarfrumvarp." Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Nýjasta vísitölufölsunarfrv. ríkisstj. er afleitt. Að meginefni felur það í sér sjónhverfingar og skrípaleik. Og samþykkt þess mun flytja íslenskt þjóðfélag lengra inn í gerviheiminn sem stjórnmálamenn hafa búið til.

Ríkisstj. er aldeilis montin af því að segjast ætla að skera ríkisútgjöldin niður um 31 millj. kr. Við skulum láta það vera þótt hún segi ekki hvaða útgjöld þetta verði. Hitt er verra, að þetta er bara tilfærsla.

Ætlunin er nefnilega að skera niður nokkra liði til þess að geta bætt á einn í staðinn, og sá liður er niðurgreiðsla landbúnaðarafurða. Það þarf óvenjuhortuga stjórnmálamenn til að kalla slíka tilfærslu niðurskurð ríkisútgjalda.

Þessi tilfærsla til niðurgreiðslna landbúnaðarafurða skekkir enn verðhlutföll í landinu sem voru orðin miklu meira en nógu skökk fyrir. Enn einu sinni á í framhjáhlaupi að búa til gervimarkað fyrir umframbirgðir landbúnaðarafurða.

Tilgangurinn er svo einkum sá að falsa vísitöluna. Ætlunin er að koma næstu hækkun framfærsluvísitölu niður fyrir 8% og verðbólgu ársins niður fyrir 40%. En þetta er bara slagur við tölu, ekki við raunveruleika."

Þetta segir nú aðalmálgagn ríkisstj. um það góða frv. sem forsrh. leggur svona mikla áherslu á að afgreiða hér helst athugunarlítið eða athugunarlaust og umræðulítið eða umræðulaust. En þetta aðalmálgagn ríkisstj. segir enn fremur að ef málið væri skoðað nánar sæist fljótlega að ekkert samband þarf að vera á milli frystingar í Seðlabanka og jafnréttis í lánamálum. Í rauninni er ríkisstj. að auka miðstýringu fjármagns í landinu — og hafi hún skömm fyrir.

Bragð er að þá barnið finnur. Það er nú svo komið. Það vantaði ekki lukkuna 8. febr. 1980 með þá ólukkustjórn sem enn situr. En hún er búin að vera. Þessi stjórn er að færa allt atvinnulíf og allt viðskiptalíf í fjötra miðstýringar ríkisvaldsins og það getur enginn maður, sem

með atvinnurekstur fer, um frjálst höfuð strokið. Þetta liggur ljóst fyrir. Þetta vita allir.

Það hefur verið talað um að stjórnarandstaðan hafi ekki viljað bregða fæti fyrir framgang þessa máls. Menn mega ekki misskilja það. Stjórnarandstaðan vill ekki, a. m. k. ekki Sjálfstfl. sem er í stjórnarandstöðu, bregða fæti fyrir að eðlileg afgreiðsla málsins fari fram þar sem meiri hl. ræður úrslitum mála. En það þýðir ekki að Sjálfstfl. vilji styðja þetta frv., nema síður sé. Sjálfstfl. er harður og ákveðinn á móti þessu frv. og lítur svo á að það sé til stórbölvunar og skaða fyrir íslenskt þjóðfélag. Það halda áfram blekkingarnar með verðbólguna, en ekkert lát á verðbólgunni sjálfri. Þess vegna berst Sjálfstfl. gegn þessu frv. Þó að við flytjum brtt. við frv. viljum við með því aðeins freista þess að fá þó eitthvað fært til betri vegar.

Við höfum reynt verðstöðvun í heilan áratug með þeim árangri að verðbólga hefur aldrei verið meiri en á þessum verðstöðvunaráratug. Sjálfstfl. væri reiðubúinn að koma til samstarfs við hæstv. ríkisstj. ef hún ætlaði að berjast við verðbólguna. En hvað er hún að gera með þessu frv. og öðrum aðgerðum sínum? Hún er að minnka hraða verðbólgunnar með því að auka taprekstur fyrirtækja og stofnana í landinu. Að stórauka þennan taprekstur ár eftir ár verður til þess að draga úr atvinnu, draga úr mætti fyrirtækjanna og stofnananna þannig að við siglum inn í atvinnuleysi og erfiðleika sem ég mun koma að betur síðar.

Í 2. gr. þessa frv. segir að þegar aðilar og samtök fari ekki að fyrirmælum réttra verðlagsyfirvalda sé Verðlagsstofnun heimilt að krefjast þess, að fógeti leggi lögbann við byrjuðu eða yfirvofandi broti á fyrirmælunum. Það má segja að þessi ákvæði séu í lögunum um kyrrsetningu og lögbann frá árinu 1949, en þeim hefur aldrei verið beitt þannig að það hafi farið fyrir dómstóla kærur um verðlagsbrot. Dómstólar eru í sjálfu sér seinvirkir. Í þessum orðum felst ekki hjá mér gagnrýni á dómstóla. Þeir hafa takmarkaðan mannafla til að stunda sín störf og sinna sínum skyldum. Ég segi fyrir mitt leyti: Það væri kannske ekki útilokað að fallast á eitthvert slíkt ákvæði um að flýta meðferð mála, en þá verða skylda og réttindi að vera gagnkvæm. Það dugar ekki alltaf að skyldan og réttindin séu hjá stóra bróður, séu hjá ríkinu, en engin réttindi hjá einstaklingnum eða félögunum. Þegar þeir senda sínar rökstuddu beiðnir um hækkanir, sem ekki er hægt að gagnrýna og allir vita að eru oft sannar og réttar, eiga þeir auðvitað að fá afgreiðslu sinna mála og leiðréttingu þeirra. En þá stendur kannske illa í bólið hjá stjórnvöldum. Það er e. t. v. vísitöluútreikningur fram undan. Þá er ekki spurt: Er þessi beiðni sanngjörn, á hún fullan rétt á sér? Nei, þá er sagt: Við ætlum ekki að afgreiða hana því að það kemur illa við okkur pólitískt, verðbólgan vex, vísitalan hækkar. — Og þá er bara lagst á það. Menn hafa verið hreinlega neyddir til að brjóta af sér vegna þeirrar meðferðar sem mál þeirra hafa fengið oft og einatt og langverst eftir að þessi ríkisstj. var mynduð. (Gripið fram í.) Jú, ég sagði það, en langverst eftir að þessi ríkisstj., sem formaður Verkamannasambandsins sáluga veit nú um og þekkir, var mynduð. Það hefur átt að drepa alla bakara, áður nægði að hengja einn. (**Gripið fram í:** Fyrir smið.) Nei, smiðir fengu aftur skattfríðindi með frádrætti og aðrir uppmælingarmenn nýlega. Það er þetta sem verið er að tala um og það er þetta sem við vorum að reyna að fá stjórnarliðana í fjh.- og viðskn. til þess að hlusta á í gær og breyta þá 1. gr. í manneskjulegra horf.

Ég skal ekkert segja um hver hefur samið þetta frv. Hins vegar minni ég á að þessi ríkisstj. hefur ætlað að hafa náin samráð við allt og alla, alveg eins og vinstri stjórnin sáluga frá 1978, en það hefur bara verið í samstarfssamningi og yfirlýsingu í blöðum. Að öðru leyti hefur þetta samstarf ekki verið fyrir hendi.

Það hefur komið hér fram, að ríkisstj. hefur ekki talið sig þurfa að njóta aðstoðar Seðlabanka Íslands eða Þjóðhagsstofnunar í þessu sambandi. Auðvitað eru engar slíkar kvaðir lagðar á eina ríkisstj., að hún eigi endilega að fara eftir því hvað viðkomandi stofnanir segja. En ég held að því verði ekki neitað, að það hefði litið betur og skemmtilegar út ef ríkisstj. hefði rætt efni 5. gr. frv. við bankastjórn Seðlabanka Íslands, en það gerði hún ekki.

Ég kem þá að 5. gr. þessa frv., að bindiskyldunni. Hvað er það sem gerir að verkum að ríkisstj. sér allt í einu svona gífurlega mikla nauðsyn þess að hækka bindiskylduna? Hvar er þessi spenna í íslensku atvinnulífi núna? Það gætir víða samdráttar, en ekki spennu. Einn flokkur hefur alltaf barist hatrammlega á móti frystingu, Alþb., sem áður hét Sósíalistaflokkurinn og þar áður Kommúnistaflokkurinn og er alltaf að breiða yfir nafn og númer. Nú er hann allt í einu orðinn áfjáður í að hækka bindiskylduna, leggja það alveg í hendur ríkisstj. og Seðlabanka. En ríkisstj. hefur síðasta orðið og það er ekki sett neitt þak á bindiskyldu. Er ekki verið að ráðast hér hatrammlega að viðskiptabönkunum í þjóðfélaginu og að sparisjóðunum? Hvar er nú byggðastefna Framsfl. sem hefur lengi talað um að fara að með gát varðandi bindiskylduna því að óvarlegt væri að flytja svona mikið fé utan af landsbyggðinni í frystihúsið í Seðlabankanum? Ég get ekki ímyndað mér að byggðastefna Framsfl. hafi breyst svona við það, að formaður fjh.- og viðskn. deildarinnar varð formaður bankaráðs Seðlabankans. Formaður bankaráðsins var eini maðurinn sem neitaði að mæta á fundi fjh.- og viðskn. þegar við hann var rætt í gær um það. Eftir að bankastjórnin kom í gærmorgun og sagði álit sitt á efni þessa frv. var ítrekað farið fram á það við formann n. í Nd. að formaður bankaráðs Seðlabankans yrði beðinn að segja álit sitt á efni frv. og hvort hann væri sammála áliti bankastjórnarinnar, en formaður n. harðneitaði að kalla á formann bankaráðs Seðlabankans. Ég veit ekki hvort formaður bankaráðs Seðlabankans hafi verið neitt ófáanlegur til að segja þetta, en formaður n. vildi það alls ekki og reyndi hann þó að greiða fyrir því að sem flestir kæmu á fund n. til að segja álit sitt á þessu frv. Það skiptir kannske ekki sköpum í sjálfu sér þó að álit formanns bankaráðs Seðlabankans liggi ekki fyrir, en mér fannst rétt að þetta kæmi hér fram við umr.

En lítum á þessa bindiskyldu nánar. Hún hefur farið lækkandi á undanförnum árum og er núna 28%, en í reynd er bundið fjármagn viðskiptabankanna 35% af heildarinnlánum þeirra þar sem ríkissjóður og Framkvæmdasjóður fá 7%. En núna á alls ekki að setja neitt þak á. Það eru engin rök færð fyrir þessu. Samtök bankanna eru sammála um að vera algerlega á móti efnisatriði þessarar greinar. Í fyrsta lagi eru samtök bankanna á móti því að fá þessa takmarkalausu heimild, þeir eru í öðru lagi á móti því að mismuna bindiskyldunni á milli innlánsstofnana og í þriðja lagi voru þeir á móti

því að tímasetja þessa heimild til svo skamms tíma. Þeir töldu að frekar ætti þó að hafa það til lengra tímabils og lengri og meiri aðlögun. Þeir héldu því fram, að það væri útilokað að hafa hér algerlega opna heimild og lítið öryggi fyrir því fyrir stjórnendur bankanna að vita ekki til hvers yrði gripið á hverjum tíma um mismun bindiskyldunnar á milli innlánsstofnana. Töldu þeir slíkt *óframkvæmanlegt með öllu og um það voru allir bankarnir sammála.* Hins vegar kom það greinilega fram, að þeir töldu nauðsyn að dreifa skuldbindingum á milli bankanna þannig að skuldbindingar væru ekki eins ójafnar og þær eru núna og hafa verið. Ég fæ því engan veginn séð hvað liggur á bak við það ákvæði að heimila Seðlabankanum að fengnu samþykki ríkisstj. að hækka bindiskyldu. Ég fæ ekki séð hvað er á bak við þetta annað en vantraust á ríkisbankana, á aðra banka og á sparisjóðina í landinu, að talið sé að þeir hafi bruðlað með lánveitingar og nú vilji stóri bróðir, þessir tíu í Stjórnarráðinu, fara að stjórna og taka þetta vald úr höndum þessara manna. Annað liggur ekki fyrir, engar aðrar upplýsingar. En halda þeir, þessir tíu, að þjóðin haldi að þeir séu færari um að dreifa þessum lánum en þessar lánastofnanir allar? Ég er sannfærður um að yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar telur að þetta ráðstöfunarfé eigi að vera í höndum stjórnenda bankanna og sparisjóðanna víðs vegar um landið, en ekki í höndum ráðherranna tíu.

Á fundi nefndarinnar í gær voru menn, sem þar komu, spurðir ýmissa spurninga. M. a. spurði ég bankastjóra Seðlabankans að því, hvort þeir teldu að þær hækkanir, sem hafa orðið frá áramótum, og væntanlegar hækkanir muni ekki leiða af sér breytingu á gengi krónunnar. Ríkisstj. ákvað, þegar hún tók við, að stuðla að aðgerðum um stöðugleika í gengismálum. Við þekkjum þennan stöðugleika, hver hann var á síðasta ári og síðustu daga ársins. Það var hraðara gengissig en um langt árabil á undan og hraðast var það þó síðustu dagana fyrir fæðingu brbl. á gamlársdag. Seðlabankastjórarnir sögðu að vitaskuld stæðist ekki efnahagslífið þá verðbólgu sem hér væri þannig að stöðugleiki gæti verið í gengismálum. Hæstv. sjútvrh. sagði hér í ræðu fyrir þremur dögum um annað mál, í umr. um breytingu á lögum um útflutningsgjald sjávarafurða: „Ríkisstj. taldi sér ekki fært að fella gengið eins og nauðsynlegt hefði verið til þess að veita frystingunni lágmarksafkomugrundvöll.“ *M. ö. o.: hann hélt því fram að gengisfellingin eða gengissigið fyrir áramót hefði ekki verið nóg* til að skapa stærstu grein sjávarútvegsins viðunandi stöðu. Seðlabankastjórarnir voru honum ekki sammála. Aðspurðir á fundi fjh.- og viðskn. í gær töldu þeir að þetta gengissig hefði verið nægilega mikið miðað við rekstrargrundvöll og söluhorfur um síðustu áramót. Hins vegar, eins og ég sagði áðan, sögðu þeir að útilokað væri annað en að breyta genginu við þær breytingar sem verða bæði á rekstrarkostnaði og markaðshorfum.

Við vitum að þrátt fyrir allan orðaleik og þrátt fyrir að reynt er að dylja þjóðina þess, hvað verðbólgan er ógnvekjandi, er í raun og veru lítil breyting til batnaðar frá áramótum. Það eina, sem hefur breyst, er að hraði verðbólgunnar hefur minnkað, en hún hefur verið færð á kostnað atvinnurekstrarins í landinu og hinna ýmsu fyrirtækja og stofnana. Það er verið að fela hana, eins og Dagblaðið segir í leiðara í dag. Hún er flutt inn í fyrirtækin og stofnanirnar þannig að þær eru reknar með stórhalla. Áður í þessum umr. hefur verið minnst á Áburðarverksmiðjuna. Hún selur framleiðsluvöru sína á 75% af kostnaðarverði. Forsrh. fann það út í framsögu fyrir þessu frv. að Áburðarverksmiðjan hefði fengið gífurlega hækkun á árinu 1980. Það er alveg rétt. Og hann bætti því við, að slæm staða Sementsverksmiðjunnar nú væri algerlega því að kenna að sementið hækkaði ekki nóg 1979. Sementsverksmiðjan er rekin með miklum halla og hefur svo verið ár eftir ár. Áburðarverksmiðjan er rekin með halla. 85% hækkunarbeiðni liggur fyrir óafgreidd þar. Póstur og sími bíður eftir hækkunum og einnig Landsvirkjun, rafmagnsveitur ýmsar, hitaveitur og strætisvagnar. Hvernig er svo ástandið í fyrirtækjum í landinu? Við skulum taka stórfyrirtækin, sem við köllum svo á okkar mælikvarða, eins og Flugleiðir, Eimskipafélag Íslands og þá væntanlega önnur skipafélög. Þessi fyrirtæki eru rekin með milljarðahalla. Iðnfyrirtækin í landinu eru rekin með halla. Verslunin stendur mjög höllum fæti. Sjávarútvegi er fleytt áfram með því að éta upp Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins eins og hér var rætt fyrir þremur dögum. Allt er þetta á fallanda fæti. Þetta vitum við mætavel. Það er hægt að leika þennan leik einhvern takmarkaðan tíma, en það safnast alltaf aukinn þungi á þessa stíflu þangað til stíflan brestur og þá verður ógnvekjandi hraði á verðbólgunni. Það er feluleikur sem á sér stað. Það er ekki lækning sem verið er að framkvæma, hvorki með þessu frv. né öðrum aðgerðum ríkisstj. í þessum málum. Það þýðir ekkert að stinga alltaf hausnum í sandinn eins og strúturinn. Það er kominn tími til að þessi þjóð fái alvörustjórnmálamenn sem reyna að stjórna landinu, en ekki með þessari aðferð.

Hvert verður framhald þessara mála? Hvað verður um búvöruverðið? Í málefnasamningi eða stjórnarsáttmála núv. hæstv. ríkisstj. segir að verðhækkanir á búvörum fylgi sams konar reglum enda verði niðurgreiðslur ákveðnar sem fast hlutfall af útsöluverði árin 1980 og 1981. — Hvert er þetta fasta hlutfall af búvöruverðinu árið 1981?

Í þessum sama stjórnarsáttmála segir að unnið verði að lækkun vöruverðs, m. a. með eftirtöldum aðgerðum: Að efla samtök neytenda til þessa að þau geti gegnt því mikilvæga verkefni að gera verðlagseftirlit neytendanna sjálfra virkt. — Það væri fróðlegt að fá að vita í hverju þessar aðgerðir hafa verið fólgnar. — Að auka verðlagskynningu af opinberri hálfu. Að haga verðlagsákvæðum þannig að þau hvetji til hagkvæmra innkaupa. — Hvaða breyting hefur verið gerð til þess að hvetja til hagkvæmari innkaupa? — Að greiða fyrir því, að unnt sé að lækka vöruverð með innkaupum í stórum stíl. — Það væri líka fróðlegt að fá að heyra hvað hefur verið gert til þess í það rúma ár sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur setið.

Hvað verður með búvöruverð 1. júní? Er það rétt, sem Dagblaðið segir, að það eigi að lækka ýmis ríkisútgjöld, sérstaklega framkvæmdir, til þess að auka niðurgreiðslur á landbúnaðarafurðum. Er það á bak við? Það heldur áfram. Þrátt fyrir að legið er á öllum hækkunarbeiðnum koma launabætur til með að verða 1. júní 8%. Hvað verður þá í framhaldi í sambandi við fiskverð? Heldur það ekki áfram að hækka í líku hlutfalli? Búvöruverðið hækkar á eftir og leikurinn er endurtekinn og engar aðgerðir.

Eina grein þessa frv. get ég samþykkt og greitt atkv. með, en það er 3. gr. Hún er um að vörugjald lækki úr 30% í 17% af öli og gosdrykkjum. Ég var á móti því, að

þetta gjald væri sett á. Það var knúið hér í gegn fyrir jólin með eins atkv. meiri hl. hér í þessari hv. deild. Þrír þm. úr stjórnarliðinu hafa flutt sérstakt frv. um að lækka þetta gjald úr 30% í 15%. Hér er farið með það niður í 17%, þó ekki eins langt og þessir hv. þm. hafa lagt til, en það frv. liggur fyrir frá þeim. Ég segi fyrir mitt leyti að ég hefði viljað afnema með öllu þessi lög sem sett voru í des., en ég tel lækkun frá því sem er alla vega til bóta og því er hægt að greiða atkv. með þessari grein þó að við hefðum viljað ganga mun lengra.

Með 4. gr. er verið að fara fram á eina heimildina enn, að heimila ríkisstj. að lækka ríkisútgjöld og þar með talin lögbundin framlög um allt að 31 millj. kr. Þetta er þriðja heimildin af þessu tagi sem ríkisstj. fer fram á að fá. Fyrsta heimildin er í sjálfum fjárlögunum. Önnur heimildin var í brbl. sem Alþingi hefur staðfest, og hún nær einnig til lækkunar á lánsfjárlögunum sem nýlega eru afgreidd. Mér finnst vera komið allnóg af heimildum fyrir ríkisstj. og komið að því að hún ætti að skýra Alþingi frá því hvað hún ætlar að nota og hvernig hún ætlar að nota þessar heimildir. Þetta hefði ég talið að hefði mátt liggja fyrir og upplýsingar hefðu mátt liggja fyrir um. Það sem gerist er að við fáum mjög ónákvæmar tillögur eða drög að niðurskurði í nefndinni í gær, niðurskurði á sjóðum, á framlagi til hinna ýmsu atvinnusjóða o. fl. Á sama tíma og flestir þessara sjóða eru búnir að úthluta að verulegu leyti sínu ráðstöfunarfé er þetta að koma upp á borðið hjá ríkisstj. Ég tel vítavert að láta slíkar tillögur vera að bögglast fyrir mönnum í fjóra mánuði þegar þær koma þessum sjóðum, eða þó sérstaklega þeim sem eru að fá lán úr sjóðunum til framkvæmda, jafnilla og raun ber vitni. Sama er að segja um allar ríkisframkvæmdir. Þegar búið er að hanna þær, þegar komið er að því að það sé farið í framkvæmdir, búið að gera verksamninga, þá á jafnvel að fara að skera þá niður eða þá láta þá eina fara í gegn sem búnir eru að gera verksamninga, en skera aftur aðra enn meira niður. Það veit enginn sitt rjúkandi ráð undir stjórn sem þessari þegar svona vinnubrögð eru viðhöfð. Í fyrsta lagi átti ríkisstj. auðvitað að vera ákveðin í hvað hún ætlaði að miða við í framkvæmdum í ríkisfjármálum á þessu ári, en ekki bíða til aprílloka eða lengur eftir því, hvað hún ætli að gera. Þetta kemur sér víða illa og menn vita almennt ekkert hvað er að gerast. Þetta er í raun og veru ekki stefna, heldur algert stefnuleysi.

Ríkisstj. ætlaði líka að skera niður í fyrra. Hún gerði það með þeim árangri, eins og fram kemur nú í skýrslu fjmrh., að lántökur stjórnvalda á s. l. ári námu 80.3 milljörðum gkr. og þær fóru 4.3 milljörðum gkr. fram úr heimildum lánsfjáráætlunar þess árs. Er þá trúlegt að þessi stjórn hafi þrek til að skera niður framkvæmdir samkv. lánsfjáráætlun frá því sem þær eru nú nýlega ákveðnar?

Hvar sem maður kemur og í hverjum sem maður heyrir er ljóst að menn óttast þessar aðgerðir ríkisstj. í verðlagsmálunum, óttast samdrátt í atvinnulífinu. Skrifstofustjóri stórfyrirtækis hér í Reykjavík, Kassagerðarinnar, segir að það þýði ekkert að svelta fyrirtækin á þennan hátt. Hitaveitustjóri segir: Minni framkvæmdir, lélegri þjónusta. Forstjóri Rafmagnsveitna Reykjavíkur: Það blasir ekkert við nema tilraunir út á óheillabrautina, nýjar lántökur. Framkvæmdastjóri RARIK lýsir yfir að það sé verið að ýta vandanum á undan sér, — sem er satt og rétt. Ríkisfyrirtækin láta ekki sitt eftir liggja. Ég hef ekki minnst áður á Skipaútgerð ríkisins. Þeir segja: Áframhaldandi erfiðleikar ef ekki fást umbeðnar hækkanir. En sá er munurinn á Skipaútgerð ríkisins að hún sækir að lokum sitt til ríkisins, en önnur skipafélög verða að standa á eigin fótum.

Svo komum við líka að innfluttum iðnvörum. Þeir, sem framleiða slíkar vörur erlendis, fá auðvitað fyrir sína vöru eins og hún kostar. Hún er flutt hingað inn í landið og þessir aðilar fá því hækkanir sem verða í því heimalandi, en framleiðslan hér innanlands verður aftur á móti að sæta afarkostum samkv. þessu frv. Það fer eftir duttlungum ríkisstj. hvort hækkunarbeiðnir eru innan þeirra marka sem ríkisstj. setur. Það verður huggulegt ef íslenskur iðnaður þarf að flytjast til Færeyja og flytja inn varninginn þaðan eða enn lengra með þessu ráðslagi. Það er ekki verið að treysta stoðir iðnaðar eða stoðir atvinnurekstrar almennt í landinu með því að fara inn á þær brautir sem þessi ríkisstj. er að fara á þessum sviðum sem öllum öðrum.

Mikið er talað um það af þeim sem segjast vera hrifnir af þessari ríkisstj., hvað aukning sé mikil á innlánsfé í bönkum. En þegar talað er um þá aukningu er aldrei um leið gerður samanburður á þeirri aukningu, sem verður vegna hækkunar vaxta á milli ára, og ekki heldur talað í leiðinni um samdráttinn sem er í kaupum á verðtryggðum skuldabréfum ríkissjóðs. Ég óskaði á fundi fjh.- og viðskn. í gær að fá upplýsingar um þetta frá Seðlabankanum. Því var tekið mjög vel að senda þessar upplýsingar, en þær eru ekki komnar enn. Ég held að það verði ekki hjá því komist að spyrja ríkisstj.: Hvað er það sem er fram undan núna í verðlagsmálum? Hvaða hækkanir er verið að leyfa og með hvaða hætti? Ég held að það sé full ástæða til þess að Alþingi fái slíka skýrslu og þá jafnframt um hækkanir til einstaklinga og félaga og þá ekki síður um hækkanir vegna opinberra aðila sem ég gerði áður að umtalsefni. Það er ekkert feimnismál að láta í sér heyra og segja frá þessu — segja hvað fram undan er — og vera ekkert að fela það sem er verið að gera því að þetta kemur allt í dagsljósið.

Enn fremur langar mig að nefna hér eitt mál enn sem ekki hefur borið á góma í þessum umr., en það er: Hverjar eru væntanlegar hækkanir á olíu? Nú hafa olíufélögin orðið að bíða með að fá afgreiðslu á sínum hækkunarbeiðnum. Hverjar verða þær hækkanir? Og hvað verður með bensínið? Á að hækka bensínið, eins og maður er að frétta, bæði vegna hækkunar erlendis og hækkunar á dreifingarkostnaði? Hvað verður sú hækkun mikil, og ætlar ríkisstj. enn að halda sig við þá stefnu, að eftir því sem bensínið hækkar meira á erlendum mörkuðum taki ríkissjóður alltaf hlutfallslega sinn þátt í þessum kostnaði af öllum almenningi sem bensín kaupir? Ætlar ríkisstj. að halda áfram að græða á því óheillaástandi sem nú er á bensínmörkuðum og bensínverði? Ætlar hún sér að gera sér þessi atvik sífellt að féþúfu? Það væri fróðlegt að ráðherrar gæfu þessar yfirlýsingar. En það er erfitt að tala við þessa ráðh., hæstv. forseti. (**Forseti:** Hér er einn.) Það kemur einn þarna. Það er vonandi að hann fái málið og segi eitthvað. Það er nú ekki beint að ykkar sé svo sárt saknað, heldur hitt, að þegar verið er að ræða stjórnarfrumvörp verður að gera ráð fyrir að þið hafið tíma til að hlusta á umr. og svara því sem um er spurt. Þó að þetta mál heyri kannske ekki allra helst undir dómsmrh., ég skal viðurkenna það, er hann nú í þeirri syndugu fjölskyldu sem kölluð er ríkisstjórn.

Það er sjáanlegt á öllu, eins og ég sagði í upphafi þessa máls, að það eru kommúnistar sem ráða ferðinni í ríkisstj. og það eru þeir sem segja þar fyrir verkum. Það eina, sem ég skil ekki og er ekki í samræmi við það sem þeir hafa alltaf haldið fram áður, þeir hafa verið á móti hækkun bindiskyldu, er af hverju hún er hækkuð og ekkert þak sett á hana, hvort það sé þá af þeirri ástæðu einni að þeir vilji fá vald til að hefta þannig lánsmöguleika viðskiptabanka og sparisjóða í landinu svo að þeir hafi ráð allra fyrirtækja í hendi sér. Það er eina skýringin sem ég sé á þessum áhuga kommúnista á að hækka bindiskylduna eftir öll stóru orðin. (**Félmrh.:** Það gætu verið fleiri.) Já, en þá er vandlega þagað yfir því. Ekki er það spennan á vinnumarkaðinum núna, því að það dregur úr henni, það ætti hæstv. félmrh. að vita, svo að ekki er ástæða til þess þess vegna. Það hafa engin rök komið, hvorki í framsöguræðu forsrh. né fyrir nefnd í gær, sem hafa verið með þeim hætti að bankarnir, ríkisbankar, einkabankar eða sparisjóðir, hafi verið útausandi á lánsfé. Og það er heldur enginn leikur fyrir menn að taka lánsfé með þeim kjörum sem nú eru orðin. Menn gera það ekki nema þeir megi til og að mörgu leyti minnkar nú eftirspurnin eftir lánsfé, bæði af þeim ástæðum og líka þeirri og þeirri helst, að það er víða samdráttur í atvinnulífi. Ég spyr: Hvernig í ósköpunum halda menn að með því að taka upp slíka reglu, slíka viðmiðun, sem þeir kalla svo verðstöðvun, verði hægt að styrkja stoðir atvinnulífsins? Þarna er fyrst og fremst verið að styrkja allt sem er innflutt, en draga úr því sem verið er að vinna hér heima í landinu.

Ég skil vel að það eru skiptar skoðanir um hvort það eigi að vera verðlagshöft eða ekki. Ég er þeirrar skoðunar að það eigi að leggja þau niður. Það má mikið spara og hin frjálsa samkeppni er auðvitað langöruggasti hemillinn á að verðlag fari upp úr öllu valdi. Þar verða þeir ofan á sem eru með hagstæðasta reksturinn og mestu fyrirhyggjuna. Ég skil kommúnista í þessu sambandi, en ég skil ekki sjálfstæðismenn, sem standa að þessu frv., sem eru að fara hér alveg í herfjötra kommúnista. Ég hef aldrei vitað til þess að það væri ágreiningur milli þeirra þriggja sjálfstæðismanna, sem sitja í ríkisstj., og okkar hinna í þessum efnum. Ég hef aldrei vitað til annars en að þeir væru sömu skoðunar og við í þessum málum og við höfum markvisst unnið að framgangi þessara mála. Í stjórnarsamstarfi, sem Sjálfstfl. hefur verið í fram til þessa, hefur aldrei verið ýjað að því að fara út á þvílíka braut sem lagt er til í 1. gr. þessa frv. Mér þætti gaman að heyra frá einhverjum þeirra hvað veldur þessari breytingu og hvernig á því stendur að þeir fara svona þvert á fyrri skoðanir sínar í þessum efnum. (**Gripið fram í:** Ráð frá Árna Helgasyni.) Ja, mér þykir karl vera orðinn valdamikill ef satt er.

Ég sé að nú hlæja innilega tveir höfuðpaurar kommúnista á Íslandi. Það er von að þeim sé hlátur í huga. Það dillar í körlum! Þeir ráða öllu og þeir eru afskaplega glaðir með það að vera allsráðandi. Þetta er eina landið í hinum vestræna heimi þar sem kommúnistar hafa hreiðrað jafnvel um sig og hér. Þeir hafa þó aldrei náð í meira en að kroppa í 20% af fylgi þjóðarinnar í frjálsum kosningum, en þeir hafa meira en 50% vald í þessu þjóðfélagi, bæði í ríkisstj., í Reykjavíkurborg, verkalýðshreyfingunni og ég tala nú ekki um í fræðslu- og menntamálum. Þar eru þeir sennilega með 99%. Það er engin furða þó að karlar séu nú brosleitir 30. apríl. Það á að vera hægt að minnast þessa vel á morgun. Það fer að vísu lítið fyrir verkalýðsleiðtogunum nú á þessum síðustu og verstu tímum, en það verður reynt að klæða sig í gallabuxur á morgun og vera alþýðlegir, a. m. k. 1. maí hluta úr deginum. Svo er hægt að halda áfram að spila valdsmanninn þegar það er búið. En sárast af öllu er að menn, sem eru andstæðingar kommúnista, skuli láta hafa sig til þess að koma fram óþurftarmálum og hættulegum málum fyrir atvinnureksturinn í landinu eins og þetta frv. er.

Ég er ekki sammála því, að við eigum að greiða fyrir þessu frv. Við eigum að berjast gegn þessu frv. og við eigum, þegar þetta frv. kemur til framkvæmda, að fylgjast mjög vel með og láta þessa menn hafa verulegt aðhald. Það á ekki að leyfa þeim að haga sér eins og hver vill. Þeir geta hrópað á fógeta hverju sinni til þess að stöðva atvinnureksturinn þegar menn hafa beðið mánuðum saman eftir afgreiðslu sinna mála. Ég er ekki að hvetja neinn til lögbrota, síður en svo. Menn eiga að fara eftir settum lögum og reglum. En lög og reglur eiga líka að vera sanngjörn og meðferð þeirra á líka að vera sanngjörn. Það er krafan sem ég geri og yfirleitt allir í þessu landi.

Framsfl., sem er nú stærsti aðilinn atkvæðalega séð að þessari ríkisstj., virðist alveg vera gufaður upp. Hann er orðinn eins og undin tuska í höndum kommúnista. Og þó að þeir segi þetta í dag og þetta ætli þeir að gera og standa á eru þeir gersamlega teknir og undnir af höfuðpaurum kommúnista. (**Gripið fram í:** Það er sett lögbann á þá. — **HBl:** Þeir eru eins og Tómas á teppinu.) Ja, sumir eru meira að segja orðnir teppislausir. Það er orðin ömurleg ganga Framsfl. Það er aðeins einn framsóknarmaður sem stendur upp úr, það er Ólafur Jóhannesson — aðeins einn. Hinir eru alveg í þessum sterku greipum forustumanna kommúnista. Svona er nú ástandið í þessu landi okkar 30. apríl 1981. Það er ekki furða þó að hugsandi menn í þessu þjóðfélagi séu farnir að óttast áhrifin og hvernig ágætir menn eru herleiddir núna. Það er nauðsynlegt að fara að reyna að hjálpa þessum mönnum, ef það er þá hægt.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Það frv. til l. um verðlagsaðhald, lækkun vörugjalds og bindiskyldu innlánsstofnana, sem hér er til umr., gefur ekki tilefni út af fyrir sig til langrar eða ítarlegrar umfjöllunar. Kjarni málsins er auðvitað sá, að þetta frv. fjallar um almennar heimildir til handa ríkisstj. til að hafa aðhald í verðlagsmálum og lítið eða ekkert umfram þetta. M. ö. o.: Þetta eru almennar yfirlýsingar og það er með engum hætti neglt niður hvað það er nákvæmlega sem ríkisstj. ætlar sér að gera. Það er enn allt í óvissu um hversu miklar verðhækkanir muni dynja yfir á næstu dögum. Við vitum að þær verða verulegar, en umfram það er ekki vitað nákvæmlega og er með engum hætti ljóst af því frv. sem hér er til umr. Kjarni málsins er auðvitað einnig sá, að sem viðnámsaðgerð gegn verðbólgu er þetta frv. býsna léttvægt og það sem máli skiptir er hvernig ríkisstj. muni á næstu dögum og vikum vinna úr þessu frv. og með hvaða hætti hún muni standa að öðrum ráðstöfunum. Það, sem veldur hins vegar áhyggjum, er út af fyrir sig ekki þetta frv., heldur hitt, sem ekki er í því, og með hverjum hætti framhaldið verður.

Ég hjó eftir einu atriði sérstaklega hjá hæstv. forsrh. þegar hann var að svara spurningum við 1. umr. um þetta

frv. Hann sagði réttilega að það væru tiltekin batamerki í efnahagslífinu, og einkum og sér í lagi tiltók hann góða stöðu hjá bönkum og sparisjóðum — þá staðreynd að fé hefur komið í vaxandi mæli inn í þessar stofnanir og það eru fyrir vikið auknir möguleikar til útlána. Það er auðvitað rétt. Þetta eru batamerki. Þessi batamerki eru af hinu góða. En menn verða líka að skilja samhengið í þessum efnum.

Kjarni málsins er auðvitað sú vaxta- og verðtryggingarstefna sem hér var tekin upp fyrir tveimur árum í svokölluðum Ólafslögum. Þrátt fyrir þá staðreynd, að hik og fálmandi hafi verið mjög verulegur á framkvæmd þessarar stefnu hefur hún verið framkvæmd að verulegu leyti og nú síðast með svokölluðum sex mánaða reikningum í bönkum og sparisjóðum. Þetta er farið að skila verulegum árangri. Því skiptir þetta máli hér, að í framsöguræðu fyrir þessu frv. til laga, sem á að fjalla um almennar efnahagsráðstafanir, kallar hæstv. forsrh. þetta réttilega helstu batamerkin í íslenskum efnahagsmálum á undanförnum mánuðum. Þess vegna veldur það verulegum áhyggjum að á sama tíma og hæstv. forsrh. er að tala um þær aðgerðir, sem í kjölfar þessa frv. muni fylgja, talar hann af nokkurri fyrirlitningu um það, sem hann kallar hávaxtastefnu, og boðar lækkun vaxta 1. júní. Þetta er auðvitað algert kjarnaatriði. Ef hæstv. forsrh. á við að það sé svigrúm til lækkunar nafnvaxta, þó þannig að vextir verði áfram raunhæfir, er það sjálfsagt mál og kjarni í þeirri stefnu sem á að fylgja í slíkum efnum. Ef hins vegar er verið að boða að það sé liður og framhaldsaðgerð af þessu frv. og öðrum efnahagsráðstöfunum að hverfa til baka til þess vaxtakerfis sem hér ríkti áður, þá er beinlínis verið að stefna að því að eyðileggja þó þann árangur sem náðst hefur. Ég vil nota tækifærið í umr. um þetta frv. til l. til að vekja athygli á þessum staðreyndum og vara mjög eindregið við því, ef það er réttur skilningur á máli hæstv. forsrh. fyrr í þessari umr., því að það er auðvitað stórháskalegt að hverfa til baka í þessum efnum.

Það er út af fyrir sig allkostulegt, að helsta rósin í hnappagati núv. hæstv. ríkisstj., það sem hæstv. forsrh. hrósar henni fyrir og gerir réttilega, skuli vera stefna sem á sínum tíma var knúin fram af öðrum þeirra stjórnmálaflokka sem nú eru í stjórnarandstöðu. Þetta er engu að síður staðreynd. En kjarni málsins er sá, að allur þorri almennings hefur snúist til fylgis við þessa stefnu í vaxta- og verðtryggingarmálum. Að henni hefur orðið mjög verulegur efnahagslegur ávinningur, eins og hæstv. forsrh. gat réttilega um, en einnig, og því má ekki gleyma, mjög verulegur siðferðilegur ávinningur. Vissulega er enn mjög mikil brotalöm í þessum efnum. Framkvæmdin hefur verið fálmkennd, ruglingsleg og hikandi. Sem dæmi um hvar þetta hefur ekki verið framkvæmt má nefna stofnun eins og Framkvæmdastofnun ríkisins sem enn er að lána peninga langt undir raunvöxtum. Þessu fylgir auðvitað alls konar misnotkun og spillingarhætta.

Þetta eru batamerki og því lýsti hæstv. forsrh. réttilega í framsöguræðu fyrir þessu frv. Staðreynd er engu að síður sú, að það er ástæða til að hafa áhyggjur af því, hver framvinda mála verður í þessum efnum. Alþjóð tók eftir því í sjónvarpsþætti fyrir nokkrum vikum að hæstv. sjútvrh., Steingrímur Hermannsson, sagði í þeim þætti um vaxta- og verðtryggingarstefnuna að hann dauðsæi eftir því að hafa látið Alþfl. glepja sig til að fylgja slíkri stefnu. Þetta eru skrýtnar yfirlýsingar og enn skrýtnari þegar þess er gætt, að það jákvæðasta, sem hæstv. forsrh. hefur fram að færa um efnahagsstefnu eigin ríkisstjórnar, er þó einmitt árangurinn af þessari stefnu. Þó svo að hún hafi verið hikandi og fálmkennd í framkvæmd hefur mjög jákvæður árangur komið í ljós.

Það mun auðvitað reyna á það í þeim mánuði sem byrjar á morgun, hvert verður framhaldið í þessum efnum. Hæstv. forsrh. hefur því miður gefið tilefni til að ætla að eitthvert fráhvarf verði, einhver spor til baka verði stigin í þessum efnum. Það væri stórskaðlegt og af hinu illa og ég vil enn og aftur undirstrika og vekja athygli á því, að það er fullt samhengi á milli þeirrar jákvæðu stöðu í innlánsstofnunum annars vegar, sem hæstv. forsrh. hér hefur lýst og hrósar stjórn sinni fyrir, og þeirrar stefnu sem þó hefur verið fylgt í vaxta- og verðtryggingarmálum hins vegar.

Herra forseti. Það frv., sem hér er til umr., gefur efnislega ekki tilefni til mikilla athugasemda. 1. gr. fjallar um almennar heimildir til handa ríkisstj. til að framfylgja einhverju aðhaldi í efnahagsmálum. Það er allt á lausu, óljóst og sennilega ekki ákveðið, hvernig með það skuli farið. Auðvitað er þetta frv. yfirlýsing um að hæstv. núv. ríkisstj. er stefnulítil eða stefnulaus og er að missa þó þau tök sem almenningur í landinu hélt að hún hefði á sínu fyrsta starfsári. Það er því miður kjarni þessa máls, og þennan léttvæga pappír er út af fyrir sig ekki ástæða til að fjalla um í löngu máli.

Eins og fram kemur í nál. hv. þm. Sighvats Björgvinssonar hefur Alþfl. ákveðið að tefja ekki fyrir því, að þetta frv. geti orðið að lögum. Þetta frv. mun út af fyrir sig ekki skipta neinum sköpum. Það er úrvinnslan á næstu vikum sem skiptir meginmáli. Þá skiptir ekki minnstu máli hvernig með vaxta- og verðtryggingarmál verði farið. Hæstv. forsrh. gaf því miður tilefni til þess að álykta sem svo, að í þeim efnum ætli hæstv. ríkisstj. að stíga skref til baka. Það yrðu mikil ógæfuskref ef stigin yrðu.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls hér í deildinni í fyrradag gerði hæstv. forsrh. tilraun til að svara fsp. sem til hans hafði verið beint. Ég tel ástæðu til að rifja upp nokkrar þessara fsp. til að gefa hugmynd um hvaða svör voru gefin.

Það var í fyrsta lagi spurt um hver væri ákvörðun ríkisstj. varðandi þau ársfjórðungslegu meginmarkmið í verðlagsmálum sem ríkisstj. á að ákveða á hverjum tíma samkvæmt 1. gr. frv. Svarið var að engin ákvörðun hefði verið um það tekin.

Í öðru lagi var hæstv. ráðh. spurður um fyrirhugaðar tollalækkanir eða lækkanir óbeinna skatta, sem í ráði væri að gera samkvæmt yfirlýsingum ýmissa ráðh. Svar hæstv. forsrh. var: Ekkert er um þetta hægt að segja á þessu stigi.

Í þriðja lagi var hæstv. ráðh. spurður um hvaða ráðagerðir væru um búvöruverð með tilvísun til væntanlegrar 20% hækkunar útsöluverðs landbúnaðarvara 1. júní n. k. Svar ráðh. var: Engar ákvarðanir hafa verið um það teknar.

Í fjórða lagi var hæstv. ráðh. spurður um hvaða ráðagerðir væru um hækkun vaxta með tilvísun til ummæla ráðh. um að það væri fyrirhuguð vaxtalækkun. Svarið var: Ekki unnt að segja hver niðurstaðan verður.

Í fimmta lagi var hæstv. ráðh. spurður um hvaða efnislegar afgreiðslur yrðu á hækkunarbeiðnum opinberra stofnana. Svar ráðh. var: Ákvörðun hefur ekki verið

tekin, en mun tekin fyrir eða um mánaðamót. — Nú heyri ég sagt að hæstv. ráðh. hafi sagt úr sæti sínu að þessar ákvarðanir hefðu verið teknar, en þingheimi hefur ekki verið tilkynnt neitt um það enn sem komið er úr þessum ræðustól.

Í sjötta lagi var hæstv. ráðh. spurður um hvað fælist í fyrirætlunum um niðurskurð ríkisútgjalda og hvernig nýta ætti þær heimildir sem fyrir væru í þeim efnum. Það er í fyrsta lagi heimild í fjárlögum um 30 milljóna nýkr. niðurskurð, í öðru lagi heimild í brbl. um lækkun fjárveitinga til verklegra framkvæmda samkv. fjárlögum og lánsfjáráætlun og í þriðja lagi heimild samkv. þessu frv. að upphæð 31 millj. nýkr. Þegar spurt var um hvað ríkisstj. hefði í huga, í hvaða efnum ætti að draga úr útgjöldum ríkissjóðs, var svar hæstv. ráðh.: Engin ákvörðun hefur verið tekin um það.

Í sjöunda lagi var hæstv. ráðh. spurður hvort og þá með hvaða hætti heimild til aukinnar bindiskyldu sparifjár yrði notuð, og svar ráðh. var enn: Engin ákvörðun hefur verið tekin.

Ég hef hér gert grein fyrir sjö fsp. til hæstv. ráðh. og í öllum tilvikum voru svörin engin vegna þess að engin ákvörðun hafði verið tekin. Þetta frv., sem við erum hér að ræða um, ber því vitni, að engin ákvörðun hefur verið tekin efnislega í þeim veigamiklu málum sem nauðsynlegt er að stjórnvöld láti til sín taka.

Þetta er að vissu leyti málamiðlunarfrv., útþynnt vegna þess að vandamálum og úrskurðarefnum er skotið á frest, en á hinn bóginn er reynt með þessu frv. að skapa ríkisstj. heimild og vald til þess að ráðskast með þessi mál án þess að bera efnisniðurstöðu undir löggjafarsamkomuna. Hér er þess vegna farið fram á afsal löggjafarvaldsins til handa framkvæmdavaldinu á veigamiklum málaþáttum sem eiga heima innan verksviðs og valdsviðs Alþingis. Hér er um að ræða hættulega tilhneigingu og þróun til að styrkja framkvæmdavaldið á kostnað löggjafarvaldsins, og einstök efnisatriði þessa frv. bera því vitni að framkvæmdavaldinu er meira að segja afhent vald til geðþóttaákvarðana sem hingað til hafa ekki þótt vera sæmandi lýðræðisskipulagi, en aftur á móti einkenni einræðisstjórnarfars.

Það er ljóst af því, sem upplýst hefur verið í þessum umr. og í fjh.- og viðskn. deildarinnar og með tilvísun til grg. frv., að meira en lítið hættuleg er sú framkvæmd sem fyrirhuguð er varðandi 1. gr. frv., þar sem rætt er um ársfjórðungsleg meginmarkmið í verðlagsmálum sem ríkisstj. á að ákveða, vegna þess að það er ekki nóg með að ríkisstj. eigi að ákveða þessi ársfjórðungslegu meginmarkmið í verðlagsmálum, heldur er henni gefinn möguleiki á að fara upp fyrir þessi meginmarkmið í einstökum tilvikum varðandi verðlagsákvarðanir þegar málum er skotið til hennar. Af því á aftur á móti að leiða að bæði verðlagsráð og að því er virðist ríkisstj. sjálf eru á eftir bundin því, að svo miklu leyti sem hún fer yfir þessi ársfjórðungslegu meginmarkmið, að taka tillit til þess við afgreiðslu annarra verðákvarðana þannig að þær ákvarðanir séu að sama skapi undir þessum ársfjórðungslegu meginmarkmiðum, sbr. orðalagið í athugasemdum við lagafrv. þetta, „enda verði heildarútkoman innan við hin settu mörk“. Það er þess vegna ljóst að verðlagsákvarðanir samkvæmt 1. gr. þessa frv. verða algerar geðþóttaákvarðanir. Einstaklingar og fyrirtæki eru ofurseld geðþóttaákvörðunum ríkisvaldsins. Hér er um slíkt stjórnlyndi og miðstýringu að ræða að fáheyrt er hér á Íslandi og algerlega andstætt stefnu Sjálfstfl. og lýðræðishugsjónum. Við þetta bætist svo að í 2. gr. er verið að styrkja verðlagsyfirvöld, sem taka þannig geðþóttaákvarðanir, til þess að framfylgja þeim með því að stytta sér réttarfarslega leið. Þetta gerir það að verkum að einstaklingar og fyrirtæki eiga á hættu að hlíta eignarnámi án bóta gagnstætt ákvæðum stjórnarskrárinnar. Ég hlýt að ítreka og endurtaka að því verður ekki trúað, fyrr en á reynir að lokum í atkvgr. hér á Alþingi, að nokkrir sjálfstæðismenn muni greiða slíkum lagaákvæðum atkvæði sitt.

Hæstv. ráðh. sakaði mig um það í ræðu sinni í fyrradag að mæla því bót, að menn brjóti lög, og átti þá við andmæli mín við lögbannsleiðinni sem hann játaði raunar að væri til þess í lögum að fljótvirkari afgreiðslu mála yrði á komið og fyrr yrði komið refsingu við gagnvart þeim sem verðlagsyfirvöld teldu hafa brotið verðlagsákvæði. Nú er það svo, að enginn er sekur, en allir eru saklausir þar til sekt þeirra er sönnuð, og ég hefði ekki álitið að hæstv. ráðh., sem er fyrrverandi lagakennari, væri þeirrar skoðunar, að einstaklingurinn ætti ekki rétt á réttarvernd og ætti ekki rétt á því að verja sig gagnvart hinu opinbera, og þar á meðal væri það ekki í samræmi við réttarfarsreglur ef hagsmunum hans væri stefnt í slíkan voða að hann gæti ekki borið hönd fyrir höfuð sér. Ég tel grundvallarskilyrði að einstaklingurinn hafi slíka réttarvernd, og ég tel hættu á því, að með því að beita lögbannsleiðinni sem aðalreglu í verðlagsmálum eða meintum verðlagsbrotum sé þessi réttarvernd skert svo mjög að þegar saman fari geðþóttaákvarðanir samkv. 1. gr. sé einstaklingsfrelsi stefnt í hættu og inn á braut lögregluríkis farið. En það er markmið út af fyrir sig að flýta meðferð mála fyrir dómstólum landsins má telja það af hinu góða, en spurningin er hvers vegna lausnin sé þá ekki að gera öll mál að fógetamálum. Ég held að þótt vissar skorður séu settar, sem vernda einstaklinginn og gerðarþola í lögbannsmálum, sé hætta á að réttarverndin sé þar rýrari en í almennum málum og m. a. í opinberum málum. Það er og ástæða til þess, að það sé ekki Verðlagsstofnunin eða verðlagsyfirvöldin sem slík sem kveði á um það, hvort mál sé höfðað á hendur ákærða í slíkum málum. Það er ástæða til þess, að hinn ákærði hafi sama rétt og sömu vernd og ákærði í opinberum málum, þ. á m. í sakamálum, sem felst í því að það er ríkissaksóknari sem ákveður hvort opinbert mál skuli höfðað.

Það er fyllilega ástæða til þess að spyrjast fyrir um það hvað felst í orðalagi í 2. gr.: „Fari aðili eða samtök aðila ekki að fyrirmælum réttra verðlagsyfirvalda er verðlagsstofnun heimilt að krefjast þess, að fógeti leggi lögbann við byrjuðu eða yfirvofandi broti á fyrirmælunum.“

Það er fyllilega ástæða til þess að spyrja hvað felst í orðalaginu verðlagsstofnun. Er það verðlagsráð sem hefur þennan rétt að gera kröfu um lögbann, er það verðlagsstjóri einn sem hefur þetta vald, eða þarf atbeina viðskrh., og hvaða heimild hafa verðlagsstjóri, verðlagsráð eða viðskrh. í slíkum tilfellum til að setja þá tryggingu sem fógeti mögulega krefst að sett verði þar sem um mikla fjárhagslega hagsmuni er að ræða?

Ég tel og ítreka að efnisinnihald 1. og 2. gr. þessa frv. eigi sér tæplega fordæmi, jafnvel á þeim haftatímum sem við höfum gengið í gegnum Íslendingar, og það er sorglegt til þess að vita, að aðstandendur þessa frv. skuli fara svo á svig við hugsjónir og yfirlýsta stefnu sína áður. Í því sambandi er rétt að koma að því, að hæstv. viðskrh. hefur

lýst yfir í útvarpinu að Framsfl. væri flokkur sem vildi frjálsa samkeppni milli samvinnuverslunar og einkaverslunar, sem gæti best haldið vöruverði niðri, en hins vegar tæki Framsfl. nú þátt í samsteypustjórn og yrði að taka tillit til sjónarmiða samstarfsaðila. Nú hefði ég haldið að sjálfstæðismenn þeir, sem aðild eiga að ríkisstjórn, hefðu sömu skoðun og hæstv. viðskrh. lýsti sem sinni, að þeir vildu frjálsa samkeppni. Hins vegar vitum við að Alþb. er ekki málsvari eða formælandi frjálsra viðskipta. Við vitum að Alþb. vill höft og hömlur og leggja valdið í opinberar hendur. Það er bersýnilegt af þessu, að Alþb. hefur brotið á bak aftur bæði framsóknarmenn og sjálfstæðismenn í ríkisstj., það er Alþb. sem ræður ferðinni.

Það kom fram í ræðu hæstv. forsrh. í fyrradag að hann gæti verið sammála um að frjáls samkeppni tryggði best hag neytenda, en bætti því við: þegar sæmilegt jafnvægi ríkir í efnahagslífinu. En svo sagði hann að þegar verðbólgan væri svo mikil sem raun ber vitni væri frjáls samkeppni ekki leiðin, þá væri nauðsynlegt að hafa verðlagseftirlit. Nú er það einmitt spurningin, hvort það er ekki frjáls samkeppni sem einmitt í verðbólgu er leiðin til þess að vinna bug á verðbólgunni. Ef hæstv. ráðh. er t. d. þeirrar skoðunar, að það sé sæmilegt jafnvægi í efnahagslífinu að öðru leyti en verðlagshækkanir bera vitni um, og það er auðvitað alvarlegur brestur, skyldi maður ætla að frjáls samkeppni væri einmitt leiðin til að koma verðbólgunni niður. Reynslan sýnir okkur bæði hérlendis og erlendis að þegar frjáls samkeppni er og nægilegt vöruframboð, þá er frekast von á að halda verðhækkunum í skefjum og raunar að ná fram verðlækkunum.

Það hefur komið hér fram að ákvæði það í brbl., sem felst í 5. gr. þessa frv., um hækkun bindiskyldu, er eitt af mörgum dæmum þessa frv. sem gerir ráð fyrir geðþóttaákvörðunum stjórnvalda. Með þessari grein og jafnvel með þeirri brtt., sem við hana er flutt, er gert ráð fyrir að Seðlabanki og ríkisstj. hafi í hendi sér hvað mikið af sparifé landsmanna verði tekið til nota fyrir ríkisframkvæmdir og hið opinbera eða í öðru því skyni sem stjórnvöld ætla. Það er ekki trúleg skýring af hálfu stjórnvalda að segja þetta ákvæði til þess fallið að ná sterkari tökum á stjórn peningamála þegar af þeirri ástæðu, að um leið er verið að tvöfalda og meira en tvöfalda erlendar lántökur til landsins. Það væri nær að byrja á því að draga úr þeim lántökum áður en þessi leið er farin, auk þess sem skynsamlegra væri, eins og málsvarar Sjálfstfl. við þessa umr. hafa bent á og ég raunar við 1. umr., að lækka endurkaup Seðlabankans, en fela viðskiptabönkunum útlán til atvinnuveganna að sama skapi meira.

Þá hefur það og komið fram að engin svör hafa fengist um hver er stefna stjórnvalda hvað snertir vexti. Það er að vísu góðra gjalda vert að verðtryggingu hefur verið komið á í innlánsreikningum. Við það hafa innlán aukist á þeim reikningum, en eingöngu á þeim reikningum og raunar meira á þeim reikningum en innlán í heild sinni hafa aukist. Þetta er góðra gjalda vert, en á hinn bóginn hlýtur afleiðingin af því að vera að fjármagnskostnaður lántakenda hlýtur að fylgja verðtryggingu. Þess vegna er tómt mál að tala um lækkun vaxta þegar verðbólgustigið er svo hátt sem raun ber vitni. Jafnvel þótt því markmiði ríkisstj. yrði náð að verðbólgan væri ekki meiri en 40% frá upphafi til loka þessa árs eru vextir núna um það bil. Því er tilgangslaust og út í hött fyrir ríkisstj. að telja sig þess umkomna að lækka vexti þar sem innlánsfé er bundið verðtryggingu. Þegar svo er haft í huga að engar líkur eru til þess, að verðbólgan náist niður í 40% á þessu ári, heldur miklu meiri líkur að hún verði 50-60%, þá er fyrirsjáanleg vaxtahækkun eða hækkun fjármagnskostnaðar ef ríkisstj. ætlar sér að fylgja brbl. frá því á gamlársdag.

Ríkisstj. hóf feril sinn með stjórnarsáttmála sem sagði að stefnt skyldi að lækka vexta. Hún hóf feril sinn þegar á fyrsta ári með því að hækka vexti um 2.5 til rúmlega 4%. Það var þess vegna ákaflega lítið spor til baka þegar vextir voru lækkaðir um 1% í febrúarmánuði s. l. Það er áreiðanlega hámark þess sem unnt er að búast við varðandi fyrirhugaða og umtalaða svokallaða vaxtalækkun ríkisstj. að um álíka lítið skref sé að ræða nú og var fyrr á árinu. Og þótt bæði skrefin séu tekin saman eru þau styttri en vaxtahækkunin var sem ríkisstj. stóð að á síðasta ári.

Hæstv. ráðh. nefndi að atvinnureksturinn og fyrirtæki og einstaklingar, sem hefðu aðra menn í vinnu, mættu vera ákaflega þakklát ríkisstj. fyrir að hafa lækkað kaupið um 7%, verðbætur launa um 7%. Ef þakklætið á að vera svona einlægt hjá vinnuveitendum er auðvitað spurningin hvort launþegar geti undir slíkt þakklæti tekið. Ég er þeirrar skoðunar, að það sé ekki fjarri lagi ef minni launakostnaður verður til þess að tryggja atvinnuöryggi og treysta undirstöður atvinnuveganna. En ég hef litla trú á að launþegar séu ákaflega þakklátir fyrir slíka kauplækkun. Við þá er raunar sagt að hér sé um jöfn, slétt skipti að ræða. Og í hverju eru þessi sléttu skipti fólgin? Þau eru fólgin í því, að það á að hækka kaupið seinni hluta ársins með afnámi skerðingarákvæða Ólafslaga meira en ella hefði orðið og það á að bæta kaupmátt launa með lækkun skatta.

Nú getur vel farið svo, að afnám svokallaðra skerðingarákvæða Ólafslaga muni lækka kaup launþega seinni hluta ársins ef viðskiptakjör fara batnandi. Í fréttum hefur sem betur fer komið fram að það fæst mjög gott verð fyrir saltfiskinn og skreiðina. Og hæstv. sjútvrh. hafði orð á því hér úr ræðustól um daginn, að það væri von til þess að hækkað verð fengist fyrir frystan fisk á Bandaríkjamarkaði. Jafnvel hefur flogið fyrir að slík verðþróun á frystum fiski sé á Evrópumarkaði. Það hefur líka komið fram í fréttum að olíuverð fer lækkandi. Standa því vonir til að viðskiptakjörin fari batnandi. En ákvæði Ólafslaga voru einmitt um það, að verðbætur á laun ættu að breytast eftir viðskiptakjörum. Þessi ákvæði hafa lækkað verðbætur launa um ótaldar prósentur á þeim 16—18 mánuðum sem þessi skerðingarákvæði giltu, en nú, þegar vonir standa til að viðmiðun við viðskiptakjör geti mælt launþegum hærri laun, eru þau afnumin. Þeir, sem hreykja sér mest af afnámi þeirra, eru einmitt þm. Alþb. og þ. á m. formaður Verkamannasambands Íslands. Dæmið lítur þess vegna þannig út, að til viðbótar 7% kauplækkun, lækkun verðbóta á laun, geti vel farið svo, að um frekari skerðingu á verðbætur, ef miðað er við viðskiptakjör, verði að ræða.

En látum nú það vera í bili og snúum okkur að fyrirtækjunum. Að svo miklu leyti sem launþegar fá bætta þá 7% kaupskerðingu sem orðin er, og þá er það helst með lækkun skatta á lægri tekjur, þá er það gert á kostnað fyrirtækja og einstaklinga sem hærri tekjur hafa. Talið er að skattalækkun taki til þeirra sem höfðu allt að 9 millj. gkr. á síðasta ári í tekjur, en allir þeir, sem hafa hærri

tekjur, verða að þola auknar skattaálögur. Jafnframt hefur verið upplýst að meira en helmingur verkamanna hefur tekjur er nema um eða yfir 12 millj. gkr. á síðasta ári, þ. e. að meira en helmingur verkamanna verður að borga þyngri skatta á þessu ári en á síðasta ári. Þannig eru þau sléttu skipti. Og gagnvart fyrirtækjunum er auðvitað um að ræða að það, sem þau út af fyrir sig e. t. v. vinna með því að kaupgjald er 7% lægra, verða þau að borga aftur með hærri sköttum og með e. t. v. hærri kaupgjaldi seinni hluta ársins en ella hefði verið. Það er þó, eins og ég hef þegar rakið, ekki víst.

Nú liggur fyrir skattafrv. sem gerir ráð fyrir verulega hærri skattgreiðslum atvinnufyrirtækja á þessu ári en um var að ræða á síðasta ári, og þegar þessu til viðbótar eru ráðgerð verðlagshöft í líkingu við þau, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, er ljóst að atvinnuvegirnir, atvinnufyrirtækin og einstaklingarnir, sem í atvinnurekstri standa, geta ekki hrópað húrra fyrir 7% kauplækkun sem brbl. höfðu inni að halda. Sannleikurinn er sá, að með verðlagshöftum og opinberum afskiptum, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir, með geðþóttaákvörðunum yfirvalda varðandi verðlag án tillits til kostnaðar við framleiðslu eða dreifingu vöru, eru fyrirtækin í slíkri spennitreyju að þau geta ekki veitt þeim, er vinna hjá þeim, neinar þær tekjubætur eða kjarabætur sem þau gætu ef þau hefðu sjálfdæmi um verð vöru sinnar og þjónustu, aðeins bundin af þeirri samkeppni sem önnur samsvarandi fyrirtæki veita þeim, en það er það verðlagsaðhald sem eitt dugar til þess að halda verðbólgunni í skefjum.

Með þessu frv. og með auknum sköttum er ljóst að kippt verður grundvelli undan vexti og viðgangi atvinnuvega í landinu. Það verður komið í veg fyrir að nýjar atvinnugreinar verði okkur til framdráttar. Stöðnun á öllum sviðum blasir við vegna tilverknaðar núv. ríkisstj. og stefnu hennar í skatta- og verðlagsmálum. Hin dauða hönd Alþb. í orku- og iðjumálum innsiglar svo þá raunalegu niðurstöðu af meðferð mála er hnígur öll á þá leið, að verðbólgan geysist áfram og lífskjörin skerðast með hverri viku sem líður.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Þessi umræða hefur nú staðið í fjóra og hálfa klst, en eins og hv. þm. er kunnugt um eru heimildir til þess að stytta ræðutíma að þrem tímum liðnum. Það má þó mjög vera að mér sorfið að ég bregði á það ráð og það er ekki nálægt því komið að því. En af ýmsum ástæðum er mér hin mesta nauðsyn á, ef hægt væri, að ná fram atkvæðagreiðslu um sexleytið og bið ég nú um góða samvinnu við hv. þdm. að svo megi verða.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Þetta er í annað skiptið sem forseti þessarar virðulegu deildar áminnir menn um að vera stuttorða áður en ég kem í ræðustól og þykir mér það heldur lakara. (**Forseti:** Það er ekki maklegt, það er að vísu rétt, en ég mátti til með að koma þessu að strax.) Mér þótti vænt um að heyra þetta frá hæstv. forseta vegna þess að ég flyt venjulega ekki langar ræður, enda mun ég standa við það heit Alþfl. að þvælast ekki fyrir þessu máli eða framgangi frv. né tefja það á nokkurn hátt. Ég hafði lagt þann skilning í orð þeirra hv. sjálfstæðismanna sem hér hafa talað, að þeir ætluðu ekki heldur að tefja fyrir þessu máli. Auðvitað vænti ég að svo verði. Hins vegar vil ég ekki láta þetta tækifæri ónotað til þess að ítreka það sjónarmið mitt og fjölmargra annarra, sem um efnahagsmál fjalla og fylgst hafa með störfum hæstv. núv. ríkisstj., að hér er á ferðinni ein kuklaðferðin í viðbót, eitt „kraflið", ein vandræðaaðgerðin sem þessi ríkisstj. hefur ávallt verið að bera á borð fyrir þingið og landsmenn.

Það er öllum minnistætt hvernig þessi hæstv. ríkisstj. hélt á málum daginn fyrir 1. maí í fyrra þegar álögur voru lagðar á launafólk í landinu. Það var afmælisgjöf til verkalýðsins, og önnur afmælisgjöf er á leiðinni: vísitölufölsun fyrir 1. maí. Það er afmælisgjöf þessarar ríkisstj. til verkalýðshreyfingarinnar daginn fyrir 1. maí. Í hverju er þessi fölsun fólgin? Hún er fólgin í því, að hinn geymdi vandi, sem oft hefur verið nefndur þegar minnihlutaríkisstj. Alþfl. hefur borist í tal, er geymdur fram yfir 1. maí.

Það er staðreynd, sem ekki verður horft fram hjá, að allt tal núv. hæstv. ríkisstj. um heildstæða stefnu í efnahagsmálum er reykur einn. Stefnan er ekki fyrir hendi, og ef hún er einhver er hún fólgin í bráðabirgðaaðgerðum frá degi til dags, frá viku til viku og mánuði til mánaðar. Þetta er mjög alvarlegt og þetta er miklu alvarlegra mál en að það taki því í raun og veru að eyða tímanum í umræðu um það frv. sem hér liggur fyrir. Það er verið að gabba launafólk í landinu og það er verið að falsa vísitölu í landinu. Það er verið að reyna að telja fólkinu, alþýðu þessa lands, trú um að það sé verið að vinna að einhverjum jákvæðum aðgerðum í efnahagsmálum. Þetta er rangt. Það er verið að skrökva að þjóðinni. Þetta hefur verið gert aftur og aftur. Hin svokallaða niðurtalningarstefna Framsfl. er orðin hlægileg. Og við skulum minnast þess, að hæstv. núv. ríkisstj. tók við völdum þegar verðstöðvun var í gildi. Hæstv. ríkisstj. ítrekaði þessa verðstöðvun á gamlársdag s. l. Nú heitir hún bara annað, en það er í þriðja sinn að þetta mál er tekið upp á svipuðum vettvangi.

Ég vil, með leyfi forseta, fá að geta orða tveggja stuðningsmanna núv. hæstv. ríkisstj. sem kannske af tilviljun eru í síðdegisblöðunum í dag. Og þá vil ég, með leyfi forseta, fá að lesa úr leiðara Jónasar Kristjánssonar ritstjóra Dagblaðsins sem hefur verið kunnur að öðru en því að vera á móti núv. hæstv. ríkisstj. Hann segir:

„Nýjasta vísitölufölsunarfrv. ríkisstj. er afleitt. Að meginefni felur það í sér sjónhverfingar og skrípaleik."

Á öðrum stað segir hann, með leyfi forseta:

„Tilgangurinn er svo einkum sá að falsa vísitöluna. Ætlunin er að koma næstu hækkun framfærsluvísitölu niður fyrir 8% og verðbólgu ársins niður fyrir 40%. En þetta er bara slagur við tölur, ekki við raunveruleika."

Auðvitað er það rétt sem maðurinn er að segja. Þetta er ekki slagur við tölur. Þetta er leikur með tölur. Og hvað á að gera síðar á þessu ári við þann uppsafnaða vanda sem þá verður fyrir hendi, þegar ekki verður hægt að komast fram hjá áramótum, þegar ekki verður hægt að fara á svig við áramót, en vandinn liggur allur fyrir og við áramót verður að fara fram uppgjör?

Ég vil líka minna á orð skynsams manns sem ég held að sé eða hafi verið bæjarfulltrúi Framsfl. í Kópavogi. Hann ritar grein í síðdegisblað í dag. Og hann segir, með leyfi forseta:

„Enn einar efnahagsráðstafnanir íslenskrar ríkisstjórnar hafa nú litið dagsins ljós, að hluta a. m. k. Einhverjar slíkar aðgerðir eru yfirleitt birtar landsmönnum á þriggja mánaða fresti nú síðari árin. Því miður eiga þær það oftast nær sameiginlegt, að þeim er aðeins

ætlað að gilda fáar vikur á meðan fróðir menn reikna út verðbætur á laun. Þegar því er lokið anda landsfeður léttar og undirbúa næstu lotu og þannig koll af kolli."

Á sama tíma og þessir menn komast svo að orði eru viðtöl við nokkra verkalýðsleiðtoga sem tengdir eru m. a. Framsfl. og Alþb. Þar segir m. a. formaður BSRB: „Það hallar undan fæti í kjaramálum." — Formaður Verslunarmannafélagsins, sem að vísu er sjálfstæðismaður, segir: „Kaupmáttur er nú lakari en 1978. Þær aðgerðir, sem nú er stefnt að, munu ekki bæta þessa stöðu." Samt sem áður greiðir formaður Verkamannasambands Íslands, Guðmundur J. Guðmundsson, þessum aðgerðum atkvæði sitt. Hann á alla mína samúð. En hræddur er ég um að hann sé ekki búinn að bíta úr nálinni með aðild sína að þessari ríkisstj.

Ég held ég verði að orða það svo, að innan núv. hæstv. ríkisstj. sé ekki samstaða um efnahagsaðgerðir til langs tíma. Ég held að það sé aðeins samstaða um eitt innan hæstv. ríkisstj.: um að hanga saman. Þetta held ég að sé staðreynd málsins. Það er nokkuð, ef það gæfi árangur. Ég held að það hljóti einnig að vera öllum ljóst sem hafa einhver samskipti við fólkið í þessu landi — fólkið sem vinnur í þeim atvinnugreinum sem skapa undirstöðuna undir þá hagsæld sem við höfum fengið að njóta á undanförnum árum. Ég held að það væri ágætt fyrir þá heiðursmenn, a. m. k. hv. þm. í Alþb., sem hafa haft hátt um þessi mál hér á þingi og hvernig stjórnarandstaðan hafi reynt að koma í veg fyrir hitt og þetta, að ræða við þetta fólk og athuga hvernig afkoma hins almenna launamanns í landinu er, hvernig Iðjufólkinu, Sóknarkonunum o. fl. gengur að ná endum saman þessa dagana.

Ég vil líka með þessum orðum mínum beina þeirri alvarlegu viðvörun til hæstv. ríkisstj. að huga betur en hún hefur gert að þeim blikum sem nú eru á lofti í atvinnumálum þjóðarinnar. Sjálfur er ég hræddur um að hér verði komið umtalsvert atvinnuleysi þegar kemur fram yfir mitt þetta ár. Það eru auðvitað þessi mál, sem ekki bara ríkisstj., heldur þingið allt á að vinna að. En það verður þá að standa þannig að málum að stjórnarandstaðan geti tekið þátt í því sem gera þarf. En hvernig staðið hefur verið að framlagningu þessa frv. gefur ekki beint tilefni til þess.

Nei, herra forseti, ég held að það sé fullkomlega ástæðulaust að eyða mörgum orðum um þetta frv. Þingflokkur Alþfl. komst að þeirri niðurstöðu, að það væri best að láta það afskiptalaust, það yrði ríkisstjórnarinnar að svara fyrir þær verðlagshækkanir sem nú fylgdu í kjölfar nánast þriðja verðstöðvunarfrv. eða verðstöðvunartilraunarinnar sem þessi ríkisstj. á aðild að. Ég er hræddur um að það sé eftir að leysa margan vandann á næstu vikum og mánuðum. Ég ætla ekki að rekja þau atriði sem þar munu koma við sögu. Það er eftir að taka á vanda landbúnaðarins, verðlagningu landbúnaðarafurða. Það er eftir að fjalla um fiskverð og ýmisleg mál af því tagi sem eiga eftir að gera vandann enn meiri.

En að lokum þetta til þess að tefja ekki þessa umræðu: Ég hef verið og er þeirrar skoðunar, að sé það ætlan ríkisstj. á hverjum tíma að ná árangri í efnahagsmálum. Sérstaklega beri henni, þegar eins erfitt er og nú er hér á landi, að hafa um það samstöðu við stjórnarandstöðuna hverju sinni, ekki samstöðu eins og nú hefur verið staðið að: að krefjast þess með sáralitlum fyrirvara að þessi mál verði afgreidd. Stjórnarandstaðan bauð fyrir páska að stytta páskaleyfið ef það mætti verða til þess að fleyta fram hér á þinginu fleiri málum, en á því var ekki áhugi og harma ég það mjög vegna þess að þann tíma hefði mátt nota til að undirbúa þetta mál betur.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Eins og ég tók fram áður hafði ég bundið vonir mínar við það að ná fram atkvæðagreiðslu eftir 2. umr. nú um sexleytið. Ég ítreka einlæga beiðni mína til hv. þdm. um að svo megi verða.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég skildi orð hæstv. forseta svo, að hann mæltist til að menn legðu sig fram um að tala ekki lengur en efni stæðu til, og er rétt að reyna að verða við því, en vitaskuld tekur allt sinn tíma og allt hefur sinn tíma.

Ég tók eftir því hjá ýmsum af talsmönnum Alþfl., að þeir leggja á það mikla áherslu að þeir vilja ekki tefja þetta mál. Síðasti ræðumaður, hv. 6. þm. Norðurl. e., sagði í ræðu sinni: Það er verið að gabba launafólk og falsa vísitölu. — Og honum finnst ómögulegt að tefja að þetta nái fram að ganga. Það má ekki tefja það að fólkið sé gabbað og vísitalan fölsuð. Og hann sagði: Það er verið að skrökva að þjóðinni. — Það má ekki heldur tefja fyrir því. Hann komst líka svo að orði, með leyfi hæstv. forseta: Það verður að standa þannig að málum að stjórnarandstaðan geti tekið þátt í því sem gera þarf. — Í þessum ummælum felst áfellisdómur hans um þá málsmeðferð sem hér er viðhöfð. Og það er rétt sem hann sagði: Alþingi er kallað saman til að vinna. Ríkisstj. var í lófa lagið að kalla Alþingi saman í páskaviku. Ef nauðsynlegt var að þetta frv. næði fram að ganga fyrir 1. maí bar ríkisstj. að kalla þing saman þegar eftir páska, leggja þetta frv. fram til þess að stjórnarandstaðan gæti kynnt sér málið, gert nauðsynlegar athuganir á því, sem ríkisstj. hyggst gera, og metið stöðuna. Það var jafnframt nauðsynlegt til þess að hægt væri að fara eftir beinum lagafyrirmælum um hvernig haga skuli samráði við aðila vinnumarkaðarins.

Það var nauðsynlegt að kalla þingið saman þegar eftir páska ef við hugsum okkur að Alþingi sé eitthvað annað en afgreiðslustofnun og ef við hugsum okkur líka að bein lagafyrirmæli um samskipti stjórnvalda við einstaka aðila í þjóðfélaginu séu eitthvað annað og meira en tómt pappírsplagg. Ég vil í þessu sambandi enn einu sinni minna á að þegar Eysteinn Jónsson, sá gamalreyndi stjórnmálamaður, var kallaður fyrir í sjónvarpinu og hann var spurður um hversu hann vildi breyta stjórnarskránni fór hann ekki mörgum orðum um einstök orð sem þar stæðu né einstakar greinar, en hann talaði um nauðsyn þess, að það væri festa í þjóðfélaginu. Hann talaði um nauðsyn þess, að stjórnmálaflokkar sýndu ábyrgð og að störfin á Alþingi væru í einhverju samræmi við þau fyrirheit, sem gefin hefðu verið fyrir kosningar, og að þeir menn, sem á Alþingi sætu, væru þangað komnir til þess að sýna kjósendum sínum fullan trúnað, vinna samkvæmt samvisku sinni, án hrepparígs, án klíkustarfsemi, án tillits til eigin persónu.

Alþingi er að sjálfsögðu hyrningarsteinn þess þjóðfélags sem við lifum í. Ég ætla ekki að segja í þessum ræðustól að það sé það versta að sýna þeim mönnum, sem að þessu sinni sitja hér inni, óvirðingu. Það er ekki það sem skiptir máli. Það, sem skiptir máli, er það, að ef þessi stofnun sem slík er óvirt er verið að svívirða þá hugsjón sem við Íslendingar viljum lifa og starfa fyrir, þá hugsjón sem var á bak við lýðveldisstofnunina 1944, þá

drauma sem gerðu fullveldið að veruleika 1918, þá miklu sigurvissu og sjálfstæðishvöt sem færði okkur heimastjórnina í byrjun aldarinnar. — Ég er ekki undrandi þótt hæstv. forsrh. gangi út þegar talað er um ræktarsemi við þær hugsjónir sem gerðu þingræði og lýðveldi á Íslandi að veruleika, eins og að þessum málum er staðið. En ég er undrandi á einu: að á Alþingi skuli finnast menn, fleiri en einn, sem biðjast afsökunar á því, að þeir skuli taka til máls þegar er verið að ræða um frv. sem þeir telja að sé þjóðinni til óþurftar, sem þeir telja að sé launafólki landsins til skaða. Við þvílíkar kringumstæður ættu ræður þeirra að vera fleiri og umfram allt innihaldsríkari en þær hafa verið, því það er síður en svo að það séu nein gamanmál á ferðinni hér í dag. Það er m. a. verið að reyna að knýja það fram, að í flýti sé samþykkt lagafrv. sem einn af virtustu lögmönnum landsins, einn af virtustu prófessorum landsins, Jónatan Þórmundsson, telur að brjóti í bága við stjórnarskrá landsins.

Ég vildi ætla að hæstv. forsrh., sem átti sæti í annarri af þeim nefndum, sem fjölluðu um þetta mál, og hlýddi á rök Jónatans Þórmundssonar frá orði til orðs í þeirri nefnd og hafði þar tækifæri til að gera sínar aths., sýndi fræðimannsheiðri sínum þann sóma að skýra frá því hér í Alþingi, hver rök hans eru í því máli, að þar sem fjallað er um lögbundin framlög í 4. gr. þessa frv. sé ekki brotið á móti stjórnarskrá landsins. Ég geri mér grein fyrir því, að það, sem ég fer fram á nú, er að hæstv. forsrh. leggi fram efnisatriði í þær umr. sem hér fara fram, hann leggi á borðið eitthvað sem hald sé í með skírskotun til menntunar hans og starfs. Ég beini því til hans, — því ég veit hann má orð mín heyra þó hann sé ekki hér inni, víða eru hátalarar í þessu húsi, — að hann sýni þó a. m. k. fólkinu í landinu þá virðingu að gera grein fyrir því, á hvaða rökum hann telur að þetta sérstaka ákvæði 4. gr. frv. brjóti ekki í bága við stjórnarskrána.

Herra forseti. Það er eftirtektarvert að ýmsir stjórnmálamenn reyna nú hina síðustu daga að drepa málum á dreif, draga athyglina frá þeim efniskjarna sem um er fjallað á Alþingi. Einn liðurinn í þá átt er að reyna að beina umr. frá því frv., sem hér liggur fyrir, og ræða um annað en innihald þess. Gott dæmi um þetta er í Dagblaðinu í dag — baksíðu þess. Þetta er mikið trúnaðarmálgagn manna í æðstu stöðum og ef mikið þykir við þurfa er um beint símasamband þar á milli að ræða, blaðamaðurinn þarf ekki að gera annað en krota það sem sagt er og setja svo stafina sína undir í flýti. — Í þessari grein í Dagblaðinu í dag er komist svo að orði, með leyfi hæstv. forseta, um heimsókn lagaprófessorsins Jónatans Þórmundssonar til fjh.- og viðskn. Alþingis í gær:

„Þar var hann beint spurður að því, hvort hann væri sömu skoðunar og Geir Hallgrímsson, að lögbannsaðgerðir í verðlagsmálum, sem kveðið er á í frv., mundu leiða þjóðfélagið inn á braut lögregluríkis.

„Nei, því fer fjarri," svaraði lagaprófessorinn afdráttarlaust að sögn heimildarmanns Dagblaðsins."

Af einhverjum ástæðum minnist þessi heimildarmaður Dagblaðsins ekki á þau orðaskipti sem fóru fram milli lagaprófessorsins og hæstv. forsrh. Má vera að skýringin á því sé sú, að heimildarmaðurinn hafi e. t. v. verið skyldari hæstv. forsrh. en maður gæti haldið í fljótu bragði, jafnvel jafnskyldur forsrh. og stjórnarformaður Seðlabankans er skyldur formanni fjh.- og viðskn. Nd. Ég hafði gaman af því, þegar ég las niðurlag þessarar fréttar, að klausan skyldi vera á þessa lund, með leyfi hæstv. forseta, því þetta snertir það mál sem hér er um fjallað beint:

„Stjórnarflokkarnir kvarta undan að lítill agi sé nú í þingflokki Sjálfstfl., stjórnendur þingflokksins fallist á samkomulag um afgreiðslu mála, en síðan virði aðrir þingflokksmenn Sjálfstfl. ekki gerðan samning stjórnenda þingflokksins."

Svo mörg voru þau orð. Ósköp er nú mikill kvörtunartónn í þessu. En það verð ég að segja, að hæstv. forsrh. þarf ekki undan því að kvarta, að hann hafi ekki komið hnappheldu á þann litla hluta af Sjálfstfl. sem honum fylgir, hæstv. landbrh., hæstv. dómsmrh. og stórbóndann á Bergþórshvoli. (**Gripið fram í:** Og Árna Helgason.) Og Árna Helgason, ég tala nú ekki um það. Þar er nú hver taglhnýtingurinn á fætur öðrum og léttir í taumi. Það þarf ekki að hafa fyrir því á þeim bæ að eyða löngum tíma í að samræma sjónarmiðin. Það er víst nóg um það og víst um það. Nú liggur satt að segja við að ég sakni þeirra tíma þegar það var sterk stjórn á þingflokki Sjálfstfl. og við stóðum allir saman um að reyna einhvern veginn að koma okkar hugsjónum fram — þessir sem kosnir voru á þing fyrir Sjálfstfl. Við vorum fleiri um það þá. Við erum orðnir 17—18 núna. Við vorum aldrei færri en 20 þá sem vildum ýta hugsjónum Sjálfstfl. svolítið áfram hér í þinginu.

Það er skemmtileg tilhugsun hvort það verður sett lögbann á stjórnarráðið næst þegar sementið verður hækkað, því allt verður það auðvitað ólöglegt eins og síðast. Hvað halda menn í alvöru um það þjóðfélag þegar Alþingi er að gefa ákveðinni stofnun heimild til að krefjast lögbanns við verðhækkunum sem jafnvel eru reistar á þeim grunni að sýnilegt er að framleiðandi vörunnar gengur á eigur sínar ef hann hækkar ekki verðið? Þegar lög um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti voru sett 11. maí 1978 hljóðaði 12. gr. svo, — ég verð að endurtaka það nú vegna þess að hæstv. forsrh. var fjarri þegar ég minntist á þetta við 1. umr. málsins, en eins og fram hefur komið og jafnvel utan dagskrár er hæstv. forsrh. óðfús að svara fsp. mínum hvenær sem færi gefst. Þó klukkan sé orðin sex vona ég að hæstv. forseti mundi nú leyfa honum að svara ef hann kveddi sér hljóðs. Þar stendur — með leyfi hæstv. forseta:

„Verðákvarðanir samkv. 8. gr. skulu miðaðar við afkomu fyrirtækja, sem rekin eru á tæknilega og fjárhagslega hagkvæman hátt og nýta eðlilega afkastagetu.

Verð og álagningu má ekki ákvarða lægri en svo, að fyrirtæki þeirrar tegundar, er í 1. mgr. getur, fái greiddan nauðsynlegan kostnað við innkaup eða endurinnkaup vöru, framleiðslu, aðflutning, sölu, flutning ásamt afskriftum, svo og sanngjarnan, hreinan hagnað, þegar tekið er tillit til áhættunnar við framleiðslu vörunnar og sölu."

Nú er það bein spurning mín til hæstv. forsrh., og ég vona að hann svari, það er nóg að segja já eða nei: Verða verðlagsstjóra gefin þau fyrirmæli að leggja ekki lögbann við verðhækkun ef sá, sem hækkar vöruna, heldur sig innan þeirra marka sem segir í þessari lagagrein? Má treysta því, að verðlagsstjóra verði gefin þau fyrirmæli að óska ekki eftir lögbanni hjá þeim framleiðendum eða fyrirtækjum sem hækka vörur sínar ekki meir en rúmast innan þessarar greinar? — Ég verð að óska eftir því, að hæstv. viðskrh. sé beðinn að koma hér, því ég tel þetta mikilsvert atriði, herra forseti. (**Forseti:** Það er nú verið

að aðgæta hvort viðskrh. sé í húsinu.) Það er ljómandi. Já, ég sé að hæstv. viðskrh. er kominn í salinn. Það stendur svo á að ég beindi fsp. til forsrh., sem getur stundum gripið fram í ræðu ef honum þykir við þurfa og ég er í ræðustólnum, en hann vill ekki svara að þessu sinni. Því spyr ég hæstv. viðskrh. í sambandi við verkreglur verðlagsstjóra. 12 gr. laga nr. 56 frá 16. maí 1978 hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Verðákvarðanir samkv. 8 gr. skulu miðaðar við afkomu fyrirtækja, sem rekin eru á tæknilega og fjárhagslega hagkvæman hátt og nýta eðlilega afkastagetu.

Verð og álagningu má ekki ákvarða lægri en svo, að fyrirtæki þeirrar tegundar, er í 1. mgr. getur, fái greiddan nauðsynlegan kostnað við innkaup eða endurinnkaup vöru, framleiðslu, aðflutning, sölu, flutning ásamt afskriftum, svo og sanngjarnan, hreinan hagnað, þegar tekið er tillit til áhættunnar við framleiðslu vörunnar og sölu."

Nú er þessi spurning mín til hæstv. viðskrh.: Má treysta því, að verðlagsstjóra verði lögð sú verkregla í sambandi við lögbannsréttinn að hann krefjist ekki lögbanns við hækkun á vöru ef viðkomandi framleiðandi heldur sig innan þeirra marka sem 12. gr. setur? Fæst ekki svar við því, já eða nei? (**Forseti:** Hv. þm. má ekki ætlast til þess að hæstv. ráðherrar eða aðrir brjóti þingsköp með því að mælast á við hann. Hann verður að gefa þeim kost á því þegar þeim sýnist að kveðja sér hljóðs og svara.) Þegar svona mikið liggur nú við og það er verið að tala um að menn tefji málið vildi ég flýta fyrir. En ég sé að þeir eru ekki óðfúsir að svara, ráðherrarnir. Það má þá líka spyrja öðruvísi: Ef verðhækkun hefur ekki farið í gegnum verðlagsskrifstofuna og ekki verið samþykkt af ríkisstj., má þá ganga út frá því sem gefnu, ef verðlagsstjóra er kunnugt um þessa verðhækkun, að hann krefjist lögbanns? Við þessu fæst auðvitað ekki svar heldur. — Og ég vil spyrja einnig: Hefur ríkisstj. hugsað sér að veita fleiri opinberum aðilum með þessum hætti rétt til þess að tefla opinberu fé í tvísýnu, jafnvel í langvinnum réttarhöldum sem öll beinast að því að brjóta niður eðlilega viðskiptahætti og torvelda framleiðslu í landinu? Hversu á að standa á bak við þær tryggingar sem krafist yrði við lögbannsmálin o. s. frv. Ég verð að segja að mér finnst næsta hæpið að gefa verðlagsstjóra með þessum hætti þvílíkt vald sem þarna er um að ræða til þess að torvelda eðlilega atvinnu- og viðskiptahætti í landinu eftir einhverjum happa- og glappaaðferðum og stíga skref til lögregluríkis. Alveg á sama hátt og Díókletíanus reyndi að framkvæma sósíalismann þó að hann fæddist á undan Karli Marx, alveg á sama hátt er sósíalismi Gunnars Thoroddsens í ætt við sama fyrirbærið og mun gefast jafnilla. Og þær hömlur, sem nú eru settar á eðlilega framleiðsluhætti í landinu, munu reynast þeim mun verr í einkageiranum hjá framleiðsluatvinnuvegunum í landinu sem eru í einkaeign. Þeir aðilar geta ekki hlaupið í ríkissjóð eins og Sementsverksmiðjan eða Siglósíld og náð í aukið fé. En það má ekki tala um þetta. Að vísu segir hæstv. forsrh., af því hann gleymdi sér andartak, að frjáls verslun tryggi best hag neytandans, en svo rankaði hann við sér og sagði: vitaskuld undir eftirliti. Eftirliti hvers?

Þetta var út af framíköllun hæstv. forsrh. þegar ég talaði við 1. umr. málsins, en ég get ekki, herra forseti, þó svo ég reyni nú að hraða máli mínu svo sem kostur er og stytta mitt mál jafnvel meira en ég tel verjandi, látið hjá líða að minnast á að í stjórnarsáttmála ríkisstj. Gunnars Thoroddsens eru þau markmið sett að mörkin skuli vera á verðhækkunum 8% til 1. maí, 7% til 1. ágúst og til 1. nóv. 5%. 12. nóv. kom fréttatilkynning frá ríkisstj. með skjaldarmerkinu og mikilli viðhöfn og niðurlag hennar er svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Verðbólgan hefur þannig hjaðnað úr rúmlega 60% í 51% á starfstíma ríkisstj. reiknuð á ársgrundvelli. Ríkisstj. mun vinna að áframhaldandi hjöðnun verðbólgu á næstu misserum og stuðla að því að tryggja sem best kaupmátt launafólks."

Þessi fréttatilkynning var gefin út af forsrh. 12. nóv. 1980. Ég ætla að undir rn. hans sé yfirmaður Þjóðhagsstofnunar einnig, en Þjóðhagsstofnun sendi frá sér álit um hvernig verðþróunin hefði orðið. Þar kemur allt, allt annað fram en stendur í þessari fréttatilkynningu ríkisstj. Þar kemur þvert á móti fram að verðbólgan hafi vaxið síðustu mánuði ársins. Það virðist því eins og það sé ekki allt að marka sem einstakir ráðh. eða jafnvel yfirráðherrann sjálfur segir um þessi mál.

Eftir því sem mér hefur skilist er ríkisstj. afskaplega treg til að gefa þingheimi upplýsingar um hvernig hún hugsi sér að standa að málum. Ég vil minna á að hinn 31. des. s. l. var efnahagsáætlun ríkisstj. gefin út og skírskotað til Einars Benediktssonar í því sambandi sem var viljasterkur maður. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta: „Á næstu mánuðum verða ákveðin tímasett mörk fyrir hámark verðhækkana í samræmi við hjöðnun verðbólgu." Hæstv. forsrh. var ekki í gær reiðubúinn að segja hvaða tímamark hann hugsaði sér að setja út frá framfærsluvísitölunni, sem er reiknuð út miðað við 1. maí eða á morgun — ekki tvo daga fram í tímann. Af hverju? Spurningin er: Af hverju er verið að setja þvílíkt og annað eins á pappír og veifa því framan í þjóðina ef þetta verður svo ekkert nema orðin tóm? Hvern er verið að gabba? Nú á að gera þetta að lögum. Halda menn að þessi ríkisstj. setji einhver tímamörk varðandi verðbólgu, sem hún stendur á, þó hún breyti efnahagsáætlun ríkisstj., sem var áður yfirlýsing, og láti Alþingi eða stuðningsmenn sína á Alþingi núna samþykkja þetta með handauppréttingu? Dettur nokkrum manni það í hug?

Bróðurparturinn af þessum ráðherrum lögfesti það 1979 að ríkisstjórnir skyldu hafa samráð við aðila vinnumarkaðarins. Hefur framkoma þeirra breyst gagnvart því? Hefur lagaákvæðið varðandi samráðið við aðila vinnumarkaðarins breytt einu eða neinu? Hafa þeir fengið að fylgjast með? Svarið er nei. Ásmundur Stefánsson, formaður ASÍ, gaf þá yfirlýsingu í Morgunblaðinu í gær, að við þá hefði ekkert samráð verið haft. Hann er spurður af blaðamanninum, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. hefur lýst því yfir, að haft skuli samráð við fulltrúa verkalýðssamtakanna um efnahagsaðgerðir, og þið samþykktuð sérstaka yfirlýsingu eftir áramótaaðgerðir hennar þar sem harðlega var deilt á að slíkt samráð var ekki haft þá. Hvað gerið þið nú?"

„Það er víst of seint í rassinn gripið nú, þar sem þetta virðist allt afstaðið, en það er hins vegar áfram okkar krafa að samstarf verði haft við ASÍ. Mín skoðun er að slíkt samstarf sé ein af forsendum árangurs í þessum efnum."

Þetta eru orð forseta ASÍ. Hann er að vísu afskaplega hógvær af því að þessi ríkisstj. er vinveitt launafólki í

landinu. Þetta er ríkisstj. eins og — eigum við að segja: embættismenn Díókletíanusar. En samt sem áður voru lagafyrirmæli um þetta, bæði yfirlýsing og lagafyrirmæli. Nú eigum við að standa upp á morgun, á hátíðisdegi verkalýðsins, í fyrsta lagi með yfirlýsinguna frá 31. des. um að ríkisstj. ætli að setja sér mörk í efnahagsmálum, sem hún hefur ekki gert, en nú eigum við að fá lagagrein til viðbótar. Og hverja á þessi lagagrein að binda? Ríkisstj., sem gaf yfirlýsinguna um áramótin, hefur allan vilja til að setja þessi mörk. Á hverju stendur? Stóð á lagafyrirmælum til þess að hún gæti gert þetta? Allir vita að svo var ekki. Hefur þessi ríkisstj. hagað sér þannig að hún færi sérstaklega eftir lögum? Ætli það sé nokkur maður sem heldur að ríkisstj. muni heldur setja sér mörkin þó hún sé búin að láta Alþingi fyrirskipa sér það? Ekki a. m. k. verkalýðshreyfingin. Ég er hræddur um að fyrrv. formaður Alþb., Lúðvík Jósepsson, hefði tekið nokkrum sinnum af sér gleraugun áður en hann hefði þagað yfir svona nokkru meðan hann átti sæti hér á Alþingi. Ég er hræddur um að hann hefði ræskt sig nokkrum sinnum — ég tala nú ekki um ef við minnumst á að það er ekki nóg með það í þessu frv. að ekki sé haft samráð við verkalýðshreyfinguna, heldur á nú að auka frystinguna í Seðlabankanum.

Ég skal ekki bæta frekar við það sem hér hefur áður verið sagt, en aðeins varpa þessu fram: Það er náttúrlega hægt að setja margs konar lög, en hver eru viðurlögin? Það er ekki einu sinni að landsdómur hafi um þetta mál að segja. 5. liður í efnahagsáætlun ríkisstj. er svona, með leyfi forseta, til að sýna fáránleikann í þessu: „Viðræður verði hafnar við samtök launþega og aðra hagsmunaaðila atvinnulífsins um framkvæmd samræmdrar stefnu í kjaramálum, atvinnumálum og efnahagsmálum til næstu tveggja ára.“ — Það mætti kannske bæta þessu við sem ákvæði til bráðabirgða, skeyta þessu aftan við, gá hvort það mundi þýða eitthvað. Ég veit ekki hvernig það mundi takast. Svona hljóðar 8. liður: „Útgerð og fiskvinnslu verður gert kleift að breyta skammtímalánum og lausaskuldum í lengri lán.“ — Þetta var samþykkt á sama tíma og sjútvrh. lýsti yfir að ríkisstj. hefði ekki fengist til að gefa útgerðinni lágmarksgrundvöll. Þá var ráðið það að veita lán í staðinn, annars stöðvast flotinn.

Ég ætla ekki, þó vissulega væri ástæða til, að tala um allar þær nýju og mörgu heimildir sem ríkisstj. hefur fengið til sparnaðar í ríkisrekstrinum. Ef ég man rétt var það í fjárlögum. Það var aftur í efnahagsáætluninni. Nú á að bæta nýju við í þessum lögum. Það er verið að gefa meiri og meiri heimildir til að lækka ríkisútgjöldin. En hvar er skráin yfir þetta? Af hverju þarf viðbótarheimildir? Ég mundi nú hafa stungið upp á því, úr því að ríkisstj. er svona áfram um þetta, að hún byrjaði á að nýta sér þær heimildir sem hún hefur þegar. Svo hefur reynslan sýnt að hún skirrist ekki við að gefa út brbl. Hún gæti þá gefið út brbl. um að fá að minnka ríkisútgjöldin enn meir þegar hún hefði nýtt þær heimildir til fulls, — eða er þetta kannske allt sama heimildin? Dettur nokkrum manni í hug að þó að það sé lögfest að þessi ríkisstj. eigi að spara fari hún að spara? Það má setja um það ótal lög mín vegna. Ekki skal ég standa á móti því á meðan er haldið sér við ramma stjórnarskrárinnar, sem ekki á að gera í því lagafrv. sem hér liggur fyrir.

Það var viðtal við Eyþór Tómasson framkvæmdastjóra á Akureyri í Morgunblaðinu 16. apríl s. l. og þar kemst hann svo að orði, með leyfi hæstv. forseta, þegar hann er spurður hvernig staðan sé:

„Hún er svona á ýmsa vegu. Á síðasta ári velti verksmiðjan um 700 millj. og þar voru framleidd um 200 tonn af sælgæti, alls 40 tegundir. En það er ekki hægt að bera saman möguleikana nú og áður fyrr. Hringlandaháttur stjórnvalda að undanförnu hefur gert okkur ákaflega erfitt fyrir, svo þetta er orðinn tómur barningur. Fyrst leyfði ríkið frjálsan innflutning á sælgæti, en lagði síðan á það toll, sem standa á til 1. apríl 1982, svo að innlendu sælgætisframleiðendurnir næðu að aðlaga sig innflutningnum. Af þessum sökum varð 30% samdráttur í sölu hjá okkur fyrstu 5 mánuðina í fyrra, en við vorum svo að ná okkur á strik undir áramótin, þegar ríkið rassskellir okkur með því að leggja 7% vörugjald ofan á 24%, sem fyrir voru. Ef bornir eru saman fyrsti ársfjórðungur síðasta árs og þessa kemur í ljós, að vinnulaun hafa hækkað um 53%, vaxtakostaður um 80%, erlendur gjaldeyrir (vegna hráefniskaupa) um 38—40%. Þrátt fyrir allar þessar kostnaðarhækkanir hefur okkur nær stöðugt verið neitað um verðhækkanir, svo allir hljóta að sjá hvert stefnir. Maður neyðist til að selja, og hver heldur þú að kaupi? Heldur þú að Sambandið gæti ekki hugsað sér að eignast súkkulaðiverksmiðju? Það stefnir allt í það að Sambandið yfirtaki allan einkarekstur í landinu, sjáðu hvernig fór fyrir Bjarna í Kaupangi.“

Það er ekki undarlegt þótt hv. 2. þm. Norðurl. e. ruggi sér nú ánægður í stólnum yfir draumum út af því, að Sambandið yfirtaki Lindu á Akureyri ofan á allt annað, enda hefur hann haldið því fram í ræðum fyrir norðan að enginn þvottheldur sjálfstæðismaður geti verið sannur samvinnumaður. En ég veit ekki hvað hann segir um Gunnar. Það má vera að hann vilji telja hann í hópi samvinnumanna, ég skal ekki um það segja. — En hitt leynir sér ekki, að þessi mikilsvirti iðnrekandi á Akureyri sér hvert stefnir og gerir sér grein fyrir því, að þeir menn, sem nú stjórna landinu, gera ekki aðeins einkarekstrinum erfitt fyrir með hringlandahættinum, heldur líka með því að gefa þeim, sem hafa tök á að ná í fjármagnið, alla möguleika, þannig að einstaklingarnir geta ekki haldið í horfinu og geta jafnvel ekki haldið áfram að reka verksmiðjur sem voru skuldlausar, eins og þessi verksmiðja á Akureyri. jafnvel þvílíkar verksmiðjur eru nú komnar í þá rekstrarerfiðleika að framkvæmdastjórar þeirra eru farnir að tala um að þeir verði að gefast upp. Og þá er eðlilegt að blaðamaðurinn spyrji: Finnast þér afskipti ríkisins af einkarekstri of mikil? Og þessi maður svarar, með leyfi hæstv. forseta:

„Já, ég er nú hræddur um það, ríkið á alls ekki að skipta sér af einkarekstrinum, það bælir menn niður og gerir þá að aumingjum. Sjáðu hvernig þetta er í austantjaldslöndunum“. — Það dettur fleiri en formanni Sjálfstfl. í hug eitthvað ráðstjórnarlegt í sambandi við þessa ríkisstj. Þetta var nú innskot. — „Sjáðu hvernig þetta er í austantjaldslöndunum, þar er allt á rassgatinu. Meðan ríkið er með puttann í öllu missa menn áhugann á því að reyna að koma sér áfram með eigin dugnaði, þeim er bara refsað fyrir það með alls konar álögum og gjöldum og það er engu líkara en ríkið reyni að drepa menn niður með alls konar djöfulskap. Skattar og álögur auk vaxtakjaranna gera manni allt til bölvunar, sem mögulegt er. Þú þarft að borga skatt, útsvar, fasteignagjöld, innflutningsgjöld, tolla, vörugjöld og söluskatt. Ef þetta endar ekki með því, að allt fari til helvítis, þá endar það

líklega í samvinnu- og ríkisrekstri og ég get ekki séð að það sé betra," sagði Eyþór að lokum.

Herra forseti. Ég get ekki séð að ég geti orðað þetta betur og þetta skulu vera mín lokaorð.

ATKVGR.

Brtt. 696,1 felld með 20:11 atkv.

1. gr. samþ. með 20:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SV, StH, SvG, ÞS, AS, EH, FÞ, GS, GJG, GGÞ, GHelg, HÁ HG, IGuðn, IGísl, JE.

nei: MB, MÁM, SS, PS, SteinG, AG, BÍG, GeirH, HBl, JÞ, SvH.

MHM, VG, ÁG, JS greiddu ekki atkv.

5 þm. (SighB, SkA, BGr, FrS, KP) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 20:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: RA, SV, StH, SvG, ÞS, AS, EH, FÞ, GS, GJG, GGÞ, GHelg, HÁ, HG, IGuðn, IGísl, JE, ÓÞÞ. PP, PJ.

nei: SteinG, AG, BÍG, GeirH, HBl, JÞ, MB, MÁM, SS, PS, SvH.

VG, ÁG, JS, MHM greiddu ekki atkv.

5 þm. (SighB, SkA, BGr, FrS, KP) fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.

Brtt. 696,2 felld með 20:13 atkv.

4. gr. samþ. með 19:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SV, StH, SvG, ÞS, AS, EH, FÞ, GS, GJG, GGÞ, GHelg, HÁ, HG, IGuðn, IGísl, JE, ÓÞÞ, PJ, RA.

nei: SteinG, AG, BÍG, GeirH, HBl, JÞ, MB, MÁM, SS, PS, SvH.

VG, ÁG, JS, MHM greiddu ekki atkv.

6 þm. (SkA, BGr, FrS, KP, PP, SighB) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég vil fyrir hönd þingflokks sjálfstæðismanna gera þá grein fyrir atkv. mínu og þeirra, sem eru andvígir 4. gr. frv., að þótt við séum mjög fylgjandi því að lækka ríkisútgjöld og draga úr ríkisumsvifum og höfum ekkert á móti því, nema síður sé, að veita frekari heimildir í þeim efnum tökum við fram að ríkisstj. hefur nú heimild í fjárlögum og í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun, auk þeirrar heimildar sem farið er fram á í 4. gr., og hefur ekki gert þm. grein fyrir hvernig hún hyggst nýta þessar heimildir. Þrátt fyrir það mundum við fallast á þessa frekari heimild ríkisstjórninni til handa ef ekki væri í þeirri grein sagt að ríkisstj. sé heimilt þrátt fyrir ákvæði sérstakra laga sem gilda um einstaka útgjaldaliði að lækka ríkisútgjöld, þar með talin lögbundin framlög. Þessi ákvæði eru talin að fróðustu manna yfirsýn brjóta gegn stjórnarskrá landsins og því segjum við nei, að felldri þeirri brtt. sem fulltrúar okkar í fjh.- og viðskn. deildarinnar hafa flutt. Ég segi nei.

Brtt. 691 (ný 5. gr.) samþ. með 18:9 atkv.

6. gr. samþ. með 19:2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18:4 atkv.

Neðri deild, 86. fundur.

Fimmtudaginn 30. apríl, að loknum 85. fundi.

Verðlagsaðhald o. fl., frv. (þskj. 701 (sbr. 671)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég leyfi mér að flytja hér tvær brtt. við frv. ásamt Matthíasi Á. Mathiesen og Albert Guðmundssyni.

Fyrri brtt. er við 2. gr. frv., svo hljóðandi: „Orðin „eða yfirvofandi" í 1. mgr. falli brott."

Hin till. er við 5. gr.: „Í stað „17%" í 1. mgr. komi: 15%." Þessi grein er um lækkun vörugjalds úr 30 í 17%, sem samþ. var við 2. umr. Fyrir þessari deild liggur frv. um breytingu á lögum um vörugjald sem flutt er af þremur þm. stjórnarliðsins, og í því frv. leggja þeir til að í stað 30% komi 15%. Þó að það hafi verið komið nokkuð til móts við okkar sjónarmið í þessu efni finnst okkur flm. þessarar till. rétt að ganga nú ekki skemur en þrír stjórnarliðar hafa lagt til að gengið verði. Þó hefðum við sjálfstæðismenn viljað leggja þetta vörugjald niður með öllu, enda vorum við þeirrar skoðunar í des. En það ætti nú að takast að miða þessu áfram í rétta átt með því að halda málinu vakandi. Ég tel að nokkuð góður árangur hafi náðst og enn betri í sjónmáli.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 702) samþ. með 31 shlj. atkv.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það er tvennt sem vekur athygli varðandi afgreiðslu þessa máls hér í Nd. Í fyrsta lagi eru Alþfl.-menn skoðanalausir um allt sem máli skiptir, og verður að segjast eins og er, að seta þeirra hér í þingsölum virðist skipta litlu máli hér í dag a. m. k., og svo er það hitt, að svo er af formanni Verkamannasambands Íslands dregið að hann getur ekki einu sinni stunið því upp hér í pontunni að hann ætlist til þess að farið verði að lögum framvegis um samráð við aðila vinnumarkaðarins. Geri ég það hér með fyrir hans hönd að beina því til ríkisstj. í nafni Verkamannasambands Íslands að reyna að fara að lögum varðandi samráð við aðila vinnumarkaðarins um mótun stefnu í efnahagsmálum.

ATKVGR.

Brtt. 702,1 felld með 18:13 atkv.

— 702,2 felld með 19:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JÞ, MHM, MB, MÁM, SS, PS, SteinG, VG, AG, ÁG, BIG, GeirH, HBl, JS, SvH.

nei: ÓÞÞ, PJ, RA, SV, StH, SvG, ÞS, AS, EH, FÞ, GS, GJG, GGÞ, GHelg, HÁ, HG, IGuðn, IGísl, JE.

6 þm. (KP, PP, SighB, SkA, BGr, FrS) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Eggert Haukdal: Herra forseti. Ég þakka hv. 1. þm. Vestf. fyrir mikinn dugnað að flytja þessa brtt. Það hefur tekist samkomulag um þetta vörugjald. Við áttum frv. í þessari deild þrír þm., eins og kom fram hjá honum. Það tókst samkomulag um að lækka vörugjaldið úr 30% í 17% eins og frv. þetta ber með sér. Ég segi nei.

Guðmundur G. Þórarinsson: Herra forseti. Innan stjórnarflokkanna hefur tekist samkomulag um að lækka þetta vörugjald úr 30% í 17. Ég stend að því samkomulagi og segi því nei.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Mér fer á Alþingi eins og ýmsum sem áður bjuggu á Bergþórshvoli og haga mér því eftir því sem ég er vaxinn og eftir samvisku minni. Ég segi já.

Jóhann Einvarðsson: Herra forseti. Ég vitna til orða hv. þm. Eggerts Haukdals og Guðmundar G. Þórarinssonar, þar sem þeir gerðu grein fyrir atkv. sínu, og segi nei við þessari till.

Frv. samþ. með 18:9 atkv. og afgr. til Ed.

Efri deild, 87. fundur.

Fimmtudaginn 30. apríl, kl. 2 miðdegis.

Tilhögun þingfunda.

Forseti (Helgi Seljan): Þessum fundi verður frestað, en um nýjan fund að loknum þessum er ekki hægt að fullyrða sem stendur. Það er stefnt að því að við fáum mál úr Nd. hingað til okkar í Ed. í dag. Hvenær það verður er óljóst enn, en ég vil biðja hv. þdm. að vera viðbúna því að til framhalds þessa fundar verði boðað einhvern tíma seinni partinn í dag. — Þó reikna ég ekki með því að það verði fyrir fjögur a. m. k. Best er þó að ákveða ekki frekar um tíma. En ætlunin er að reyna að ljúka því máli, sem nú er til umr. í Nd., hér í Ed. í dag ef samkomulag næst um það.

Forseti tók eina dagskrármálið af dagskrá.

Efri deild, 88. fundur.

Fimmtudaginn 30. apríl, kl. 7 síðdegis.

Verðlagsaðhald o. fl., frv. (þskj. 701 (sbr. 671)). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þetta frv. var lagt fram í hv. Nd. s. l. mánudag. Fjh.- og viðsk.-nefndir beggja deilda hafa unnið sameiginlega að athugun þess og hefur það nú verið afgreitt frá hv. Nd.

Það eru þrjú meginatriði í þessu frv.: Í fyrsta lagi að áfram sé haldið aðhaldi í verðlagsmálum, í öðru lagi að auknir séu möguleikar á aðhaldi í peningamálum og í þriðja lagi niðurskurður framkvæmda- og rekstrarútgjalda.

Í 1. gr. frv. er kveðið á um það fyrirkomulag sem skuli koma í stað þeirrar svokölluðu verðstöðvunar eða herts verðlagseftirlits sem ákveðið var með brbl. á gamlársdag og síðan staðfest af Alþingi og skyldi gilda í fjóra mánuði eða til loka þessa mánaðar. Nú er tekinn upp sá háttur, eins og boðaður var í efnahagsáætlun ríkisstj. frá því á gamlársdag, að ríkisstj. setji ársfjórðungsleg meginmarkmið í efnahagsmálum. Nú liggur að vísu ekki fyrir endanlega hver framfærsluvísitalan fyrir maímánuð verður, en gert ráð fyrir að hún verði milli 8 og 9%, þó líklega nær 8%. Það markmið, sem ríkisstj. setur sér fyrir næsta þriggja mánaða tímabil, má gera ráð fyrir að liggi nærri framfærsluvísitölunni þegar hún hefur verið reiknuð út. Með þessu er ætlast til að verðhækkanir verði í heild ekki yfir þessu marki. Það er vitað að í ýmsum greinum muni ekki þurfa á þeirri verðhækkun að halda sem hér er gert ráð fyrir. Það má t. d. nefna að þar sem launagreiðslur eru ekki mjög stór hluti af framleiðslukostnaði og aðrar þarfir atvinnufyrirtækisins hækka ekki eins mikið og verðbætur eða kaupgjald muni ekki þurfa á þessari prósentu að halda. Hins vegar er viðbúið að sum önnur fyrirtæki kunni að þurfa á mun meiri hækkun að halda vegna erlendra hækkana eða af öðrum ástæðum. Hér er því breytt til frá því herta verðlagseftirliti, sem ákveðið var um áramótin, og gert ráð fyrir meira svigrúmi en í þeim ákvæðum.

Í 2. gr. er svo fjallað um framkvæmd verðlagsákvæða. Það er þannig nú, að Verðlagsstofnun telur sig ekki hafa nægar heimildir til að fylgja ákvörðunum sínum eftir. Ef einhverjir brjóta gegn þeim, — sem betur fer er það tiltölulega sjaldan því að allur þorri manna hlítir ákvæðum og fylgir lögum, — en ef einhverjir brjóta þar í gegn er sú aðferðin, sem notuð hefur verið hingað til, að kæra málið til réttra yfirvalda og síðan er það ákvörðun saksóknara hvort mál verður höfðað. Allt tekur þetta langan tíma, oft nokkra mánuði eða jafnvel svo misserum skiptir. Á meðan hefur Verðlagsstofnun ekki talið sig hafa heimild til að stöðva hina ólöglegu hækkun, þannig að vara er þá iðulega seld á hinu ólöglega verði alllangan tíma. Verðlagsstofnunin hefur gert tillögu til ríkisstj. um að tekið yrði í lög það ákvæði sem greinir í 2. gr. þessa frv., þ. e. að Verðlagsstofnun sé heimilt að krefjast þess að fógeti leggi lögbann við byrjuðu eða yfirvofandi broti á verðlagsákvæðum. — Nú eru gildandi lög um kyrrsetningu og lögbann frá 1949, og það orðalag, sem hér er upp tekið, „byrjað eða yfirvofandi," er tekið beint upp úr þeim lögum.

Í 3. gr. frv. er lagt til að vörugjaldið á gosdrykki lækki úr 30% í 17%, en varðandi tvo síðustu mánuði sé heimilt að lækka það niður í 25%. Þetta gjald hefur verið mjög umdeilt, eins og kunnugt er, og þessi atvinnugrein talið að hið nýja gjald hafi dregið úr sölu á þessum vörum. Er hér gengið til móts við þau sjónarmið, bæði atvinnu-

rekstrarins og starfsfólks þar, að hætta sé á samdrætti í þeim efnum.

Í 4. gr. er svo ákveðið að ríkisstj. sé heimilt að lækka ríkisútgjöld, þar með talin lögbundin framlög, um allt að 31 millj. kr. Hér er farið fram á nokkru rýmri heimild en er í gildandi lögum, m. a. lögum um viðnám gegn verðbólgu sem ná til þess að fresta verklegum framkvæmdum. Hér er rætt um víðtækari heimild til að lækka ríkisútgjöld. Hér er átt við bæði framlög til verklegra framkvæmda, rekstrarútgjöld og framlög t. d. til sjóða. Er gert ráð fyrir að nota það fé, sem þannig vinnst, til þess að lækka framfærslukostnað í landinu, sumpart til að mæta tekjumissi ríkissjóðs vegna lækkunar vörugjaldsins og sumpart í auknar niðurgreiðslur.

Þá er í 5. gr. gert ráð fyrir að rýmka heimildir Seðlabanka til innlánsbindingar í bönkum og sparisjóðum. Nú er hámarkið í lögum 28%, en hér er heimild til handa Seðlabankanum til að hækka þau mörk, enda komi samþykki ríkisstj. til. Í þessu efni var gerð breyting að tillögu 1. minni hl. fjh.- og viðskn. Nd., eins og greinir á þskj. 691.

Segja má að þetta frv. sé í beinu framhaldi af efnahagsáætlun ríkisstj. frá því á gamlársdag og þeim ráðstöfunum sem þar voru ákveðnar. Ég legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn., og vil ítreka þá ósk, sem ég hef borið fram áður, að frv. nái afgreiðslu út úr þessari hv. deild og þar með frá þingi nú í dag.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Í upphafi máls míns vil ég minnast þess, að í dag vill svo einkennilega til að nákvæmlega ár er liðið frá því að við hæstv. forsrh. áttum tal saman í þessari hv. deild um verðbólguna. Þá sagði hæstv. forsrh., með leyfi forseta m. a.:

„Ég hef svarað tveim meginfyrirspurnum hv. þm. og gert þeim skil. Ég vil aðeins draga það saman á þá lund, að miðað við áætlun Þjóðhagsstofnunar, byggða á því að haldið verði áfram verðhækkunum svipað og verið hefði, gæti verðbólgan orðið 45% frá byrjun til loka þessa árs, en ekki 55, eins og hv. þm. hefur talað um og Vísir gefið í skyn í gær með stórfyrirsögn. Ef hins vegar tekst í meginatriðum að fylgja stefnu ríkisstj., sem hún er staðráðin í að gera, eru líkur til að verðbólgan á þessu ári verði um 40% í stað 61% í fyrra."

(**StJ:** Þetta er afmæli sannleikans.) Ég heyri að hv. þm. Stefán Jónsson segir að þetta sé afmæli sannleikans, eins árs afmæli hans. Ég ætlaði ekki að gera svo mikinn merkisdag úr þessu, en ætlaði að vekja athygli hæstv. ráðh. á þessum umr., sem urðu fyrir ári, og einnig því, að ég óskaði hæstv. ráðh. þá til hamingju með að lesa þessar umr. eftir nokkra mánuði og sjá þá hvor hefði haft rétt fyrir sér. „Það er kannske rétt að enda á því að segja," sagði ég, með leyfi hæstv. forseta, „að reynslan er ólygnust. Og ég er algerlega óhræddur að láta reynsluna dæma hvor okkar hæstv. ráðh. hefur farið hér með rétt mál."

Þó að hæstv. ráðh. í flýti sínum við að mæla fyrir þessu frv. hér minntist ekki á það hefur það oft verið kveðið hér yfir okkur þm., nú er hæstv. ríkisstj. að halda því að mönnum, að nú stefni hún, ári eftir að þessi ummæli voru viðhöfð, að því að verðbólgan verði 40% á þessu ári. (**StJ:** Er það ekki allt í lagi?) Því miður er hætt við að reynslan verði á sama veg eða svipaðan og í fyrra. En kjarni málsins er einfaldlega að þetta sýnir að efnahagsstefna ríkisstj. þann tíma sem hún hefur setið að völdum hefur verið árangurslaus í verðbólgumálunum. Hún er að segja að hún stefni að því nákvæmlega sama sem hún sagði fyrir réttu ári. Skerðing kaupgjalds um 7% 1. mars, skerðing tryggingabóta um 7% 1. mars hefur verið unnin fyrir gýg. Kjararýrnun frá því að ríkisstj. kom til valda hefur verið unnin fyrir gýg. Verðstöðvanir, sem hæstv. ríkisstj. hefur haldið fram að væru hið mesta haldreipi, hafa verið árangurslausar. Það er þetta sem er kjarni málsins og þarf ég raunar ekki að segja miklu meira um þetta mál.

Tilefni þess, að ég óskaði eftir því að eiga orðastað við hæstv. ráðh. um þetta mál fyrir ári í þessari hv. deild, var það, að hann sagði þá í fjölmiðlum: Ef áform okkar standast gæti verðbólgan orðið um 40% frá ársbyrjun til ársloka. Við skulum segja að hún verði í mesta lagi 45% á árinu. Ég trúi því ekki að hún verði meira. Þá er hér um að ræða mikla umbót frá síðasta ári því að þá hækkaði verðbólgan frá byrjun til loka árs um 61%. Magnús Bjarnfreðsson, sem var spyrill í sjónvarpinu þegar þetta fréttaviðtal var tekið, sagði þá: „Nú var það haft eftir blaði í dag að það væri gert ráð fyrir að verðbólgan yrði 55% á árinu." Þá svaraði hæstv. forsrh. í þessum sterkasta fjölmiðli þjóðarinnar: „Það er ekki réttur útreikningur." Samt sem áður hafði hæstv. ráðh. fyrir framan sig útreikninga Þjóðhagsstofnunar um þetta efni. Ég óskaði því eftir að hann svaraði fsp. minni utan dagskrár um þetta efni þannig að fréttamiðlar gætu fengið a. m. k. sjónarmið annarra í þessum efnum en hans.

Fyrir skömmu, hinn 14. apríl s. l., svaraði hæstv. forsrh. fsp. minni hér. Þá spurði ég hann um verðbólguna. Mér hefur stundum orðið tíðrætt um verðbólguna síðustu mánuði og ár og um tímasett mörk verðbólgunnar á árinu 1981 sem lofað var í stjórnarsáttmálanum fyrir meira en 15 mánuðum að sett yrðu á þessu ári. Hæstv. ráðh. sagði þá orðrétt: „Tímasett mörk eru í undirbúningi og verða tillögur í því efni væntanlega tilbúnar fyrir næstu mánaðamót." Nú er 30. apríl og tímamörk fyrir 1. maí hafa ekki enn verið sett samkv. þeirri ræðu sem hæstv. ráðh. flutti áðan, hvað þá tímamörk fyrir verðhækkunum síðar á árinu. Það er því miður svo, að það er ekki einu sinni hægt að treysta 14 daga gömlum yfirlýsingum hæstv. ráðh.

Síðla í dag bárust mér fréttir um að það hefðu verið ákveðnar verðhækkanir opinberrar þjónustu. Í fjh.- og viðskn. fengum við upplýsingar um spár Hagstofunnar um væntanlega vísitöluhækkun á morgun, hinn 1. maí, og þær spár voru þannig að án hækkana á opinberri þjónustu mundi vísitalan að öllum líkindum hækka um 8.55%. Þessar hækkanir, sem ákveðnar voru í dag á opinberri þjónustu, eru sem hér segir: hjá Hitaveitu Reykjavíkur 7%, hjá Landsvirkjun 9%, hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur 8%, hjá Strætisvögnum Reykjavíkur 10%, hjá Pósti og síma 8% og hjá sundstöðum Reykvíkinga 9%. — Það er athyglisvert að þessar stofnanir hafa sótt um beiðnir sem eru í mörgum tilvikum fimmfaldar á við þessar hækkanir. Samt hækka þessar verðhækkanir á opinberri þjónustu vísitöluna um 0.49% og kaupgjaldsvísitalan fer því upp í tæp 9% 1. júní í samræmi við spár Hagstofunnar og ákvörðun ríkisstj. í dag.

Það sést glögglega að þessar hækkanir vega miklum mun minna í vísitölunni en rétt verðlag á þessari þjónustu mundi gera. Þarna er verið að fresta vanda sem er stórfelldur. Ég veit satt að segja ekki hvernig t. d. gengur að reka opinber fyrirtæki sem hljóta að vera með nokkuð

nákvæma útreikninga á því, hvað þjónusta þeirra hefur hækkað, eins og t. d. Póst og síma sem fær 8% hækkun þegar óskað er eftir 37% hækkun. Ætli það verði ekki víða sem þarf að skera niður og ætli það verði ekki dálítið undarlegir bankareikningar Pósts og síma? Ætli skuldir Pósts og síma og annarra opinberra stofnana muni ekki aukast verulega þegar svona er staðið að málum? Og annað atriði: Landsvirkjun fær 9% hækkun, en biður um 42.5% hækkun. Þetta þýðir náttúrlega að fyrirtækið safnar skuldum vegna rekstrar í stað þess að hafa afgangsfé til fjárfestingar, og þetta þýðir að taka þarf erlent lán til að fjármagna hversu lítið sem gert er í virkjunarmálum á vegum Landsvirkjunar. Sá talnaleikur ríkisstj. að heimila ekki eðlilega hækkun, sem sannarlega er orðin á þjónustu þessa fyrirtækis, þýðir að það verður að taka erlend lán sem auka verðbólguna. Þannig er nú hringlandaháttur hæstv. ríkisstj. í verðlagsmálunum.

Ég er með hér fyrir framan mig lista yfir tæplega 50 beiðnir um ýmsar hækkanir fyrirtækja. Þeim hækkunum, sem ég las upp áðan, hefur einum verið sinnt núna fyrir 1. maí. Hinar eru allar geymdar fram yfir 1. maí. Til hvers? Til þess að þær komi ekki inn í vísitöluna. Það er verið að skekkja þann mælikvarða, sem hafður er á verðlag, og það er verið að skekkja þann mælikvarða, sem á að dæma mönnum samkv. lögum verðbætur á laun.

Ég ætla ekki að fara nánar út í þessa sálma. Það er augljóst hverju barni hvernig að er unnið. En þetta er ekki leiðin til þess að sigrast á verðbólgunni og það er ekki leiðin að taka í viðbót við þetta upp slík verðlagshöft sem í þessu frv. felast. Þær verðhækkanir, sem orðið hafa á vöru og þjónustu, koma fyrr eða síðar fram ef vörurnar og þjónustan eiga að fást og ef fyrirtæki eiga að geta haldið áfram starfsemi sinni. Oftast koma þær fram í miklu ríkara mæli þegar þær koma fram en þær hefðu annars gert og fyrirtækin verða verr í stakk búin eftir en áður til að hagræða og laga til hjá sér.

Herra forseti. Þetta mál hefur verið nokkuð rætt undanfarna daga á Alþingi Íslendinga, en sú umr. hefur verið stutt því að frv. kom ekki fram fyrr en á mánudag og er að mörgu leyti mjög undarlega að því staðið. Þetta hefur verið harðlega gagnrýnt frá hálfu okkar stjórnarandstæðinga og ég skal ekki fara nánar út í þau atriði eða þau vinnubrögð, en að lokum fara nokkrum orðum um helstu atriði frv. og stikla þar á stóru.

1. Ætlað er með þessu frv. að lögfesta þriðja afbrigði verðstöðvunar í tíð núv. ríkisstj. með nýrri nafngift. Verðbólgan fer þó vaxandi næstu mánuði samkv. spá Þjóðhagsstofnunar og er það í fullu samræmi við reynslu af slíkum úrræðum. Viðnám gegn verðbólgu er ekki veitt með frv., heldur þvert á móti.

2. Frv. gerir ráð fyrir áframhaldandi spennitreyju lögbundinna verðlagshafta sem drepa atvinnulífið í dróma og valda atvinnuleysi þegar fram í sækir.

3. Verðlagshöftum er sérstaklega beint gegn innlendum iðnaði og innlendri þjónustustarfsemi og þar með gegn atvinnuöryggi íslenskra launþega. Frambleiðsluvörur útlendinga á íslenskum markaði eru nánast undanþegnar þessum ósköpum.

4. Verðlagshöftin verða nú lögbundin við ákveðin ársfjórðungsleg heildarmörk þannig að í landinu verði „heildarverðhækkun ekki umfram þessi tímasettu mörk," svo að vitnað sé beint í framsöguræðu hæstv. forsrh. Með þessu er tekinn upp sá háttur, að lögbundin pólitísk markmið verði höfð að viðmiðun við ákvörðun á verðlagningu á vörum og þjónustu, en horfið frá því að sannanlegur kostnaður fyrirtækja, sem eru vel rekin, fáist uppi borinn og að þeir, sem best standi sig í frjálsri samkeppni, hafi áhrif á vöruverð til hagsbóta neytendum.

5. Þessum verðlagshöftum á að fylgja fram með lögbannsaðgerðum þótt ekkert liggi fyrir, þegar slík lögbannsaðgerð fer fram, um að lögleyft söluverð nægi til að firra fyrirtækin taprekstri.

6. Með frv. yrðu lögfestar heimildir til handa Seðlabanka Íslands til að skylda banka, sparisjóði og innlánsdeildir kaupfélaga til að binda ótiltekinn hluta af auknингu spariinnlána í Seðlabankanum. Hámark þessarar bindiskyldu er 28% af sparifjáraukningu samkv. núgildandi lögum. Slík heimild án efri marka er nánast afsal Alþingis á stjórn peningamála að þessu leyti í hendur framkvæmdavaldsins og gæti leitt til stóraukinnar miðstýringar fjármagns í framkvæmd, enda frekleg notkun hennar tæpast talin standast eignarrétarákvæði stjórnarskrárinnar.

7. Í 5. gr. felast heimildir fyrir stjórn Seðlabankans til að mismuna innlánsstofnunum í bindiskyldu. Þetta ákvæði er svo fráleitt að bankastjórn Seðlabankans talaði um það á fundi fjh.- og viðskn. að bankinn óskaði ekki eftir slíkri „geðþóttaheimild," jafnframt því sem upplýst var að stjórnendur Seðlabankans sáu fyrst 5. gr. frv. eftir að það kom úr prentun. Þetta ákvæði breyttist nokkuð í meðferð Nd., en þó er óljóst hvort bankastjórn Seðlabankans og hæstv. ríkisstj. geta ekki eftir sem áður mismunað innlánsstofnunum í þessu efni.

Að lokum er það svo að gerð frv. er í samræmi við efni þess. Flaustrið er slíkt á síðustu stundu að úr verður með ólíkindum óhrjáleg lagasmíð, svo að ekki sé meira sagt. Í 4. gr. frv. framselur Alþingi löggjafarvald sitt ríkisstj., sem stenst ekki ákvæði stjórnarskrárinnar. Svo gæti einnig reynst um ákvæði 1. og 5. gr. í framkvæmd að mati sérfræðinga.

Herra forseti. Að lokum: Það sýnir stefnufestu ríkisstj. í efnahagsmálum að hún leitar nú heimilda til að skera niður framkvæmdir sem hún hefur ekki enn tekið ákvörðun um að framkvæma. Ég er með í höndum lista yfir niðurskurð sem hæstv. ríkisstj. hugsar sér — eða það eru hugmyndir um hvað hæstv. ríkisstj. hugsar sér að skera niður í samræmi við heimild í þessu frv. Þar er efst á blaði niðurskurður í vegagerð, en vegáætlun er í meðförum Alþingis og vegáætlun hefur ekki verið samþykkt og væri í lófa lagið fyrir hæstv. ríkisstj. að skera niður þar, en ekki með heimild í sérstökum lögum. Hér tek ég aðeins eitt lítið dæmi um þann hringlandahátt sem verið hefur í þessum efnum af hálfu hæstv. ríkisstj. Það er ágætt að ríkisstj. er komin á þá skoðun að það verði að draga úr ríkisútgjöldunum, en vinnubrögðin í þessum efnum eru söm við sig.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að lengja þessa umr. frekar. Málið hefur fengið ítarlega umr. í Nd. og fyrir því hefur verið gerð grein í nál. fulltrúa Sjálfstfl. í Nd. Það kemur nú til nefndar og ég vænti þess, að þar komi í ljós að við fulltrúar Sjálfstfl. í þessari deild munum, þrátt fyrir mjög eindregna andstöðu okkar við þetta mál, ekki bregða fæti fyrir það, eins og við sögðum í upphafi, svo að það verði að lögum fyrir 1. maí, þar sem meiri hl. Alþingis og hæstv. ríkisstj. leggja áherslu á það.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Þetta frv., eins og ýmislegt annað sem hefur komið frá hæstv. ríkisstj., kemur fram á elleftu stundu. Í þessu tilviki eru Alþingi ekki ætlaðir nema fáeinir dagar til að fjalla um þetta mál. Sjálf hefur ríkisstj. setið dögum saman við að semja þetta plagg. Mér reiknast svo til að það hljóti a. m. k. 100 dagsverk af hálfu ráðh. að liggja í þessu frv. Sumum hefði þótt þetta heldur rýr eftirtekja af 100 dagsverkum á háum launum, en af þessu feiknaframlagi og sífelldum fréttatilkynningum frá ríkisstj. um stórvirki þau, sem hún væri að vinna á hverjum degi við samningu þessa frv., hefði mátt ætla að eitthvað stórt og merkilegt kæmi frá henni.

Ég held að það sé óhætt að segja um þetta frv. að það sé smærra og efnisminna en aðdragandi þess gaf tilefni til að ætla. Nú hefur ríkisstj. með þessu háttalagi sínu auðvitað sýnt Alþingi mikla óvirðingu með því að ætla stjórnarandstöðunni og Alþingi í heild svo knappan tíma til umfjöllunar um þetta mál, en ríkisstj. leggur ofurkapp á að þetta mál verði afgreitt héðan frá þessari deild í kvöld. Við þm. Alþfl. munum þó verða við ósk ríkisstj. og ekki standa í vegi fyrir því, að frv. hljóti afgreiðslu. En það er rétt að geta þess varðandi tvö atriði þegar á þessari stundu hversu léttvæg þau verða að teljast.

Það er farið fram á sérstaka heimild til að skera niður ríkisútgjöld, en heimildir, sem fyrir hendi eru, hafa ekki verið nýttar. Það er líka rétt að líta á að hér er ekki um raunverulegan sparnað í ríkisrekstrinum að ræða, ekki heildarniðurskurð, ef svo má segja, heldur einungis tilflutning í niðurgreiðslum.

Varðandi hitt meginatriði frv., um það að setja á ný lög og lagaheimildir um stjórn verðlagsmála, verður að segjast að það hafa í rúman áratug verið fyrir hendi mjög rúmar lagaheimildir um þetta efni og tvöföld verðstöðvun a. m. k. í gildi af hálfu þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr. Það er vandséð hvaða tilgangi það þjónar að vera með sífelldar orðalagsbreytingar og málalengingar um framkvæmd laganna. Hitt vekur ýmsum ugg, að það kunni að liggja að baki þessum lagabreytingum gildrur um að beita þeim á enn þá ófaglegri hátt en gert hefur verið. Þetta tel ég rétt að komi fram þegar á þessari stundu.

Ég mun ekki, herra forseti, fjölyrða að öðru leyti um efnisatriði í þessari umr. núna, en gera nánari grein fyrir afstöðu okkar Alþfl.-manna við 2. umr. um málið. — En að lokum: Þetta er lítilsiglt frv. og skiptir engum sköpum um efnahagsstjórn hér á landi. Þetta er lítið frv. og harla lélegt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Efri deild, 89. fundur.

Fimmtudaginn 30. apríl, kl. 20.40 síðdegis.

Verðlagsaðhald o. fl., frv. (þskj. 701 (sbr. 671), n. 703, 704 og 705). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. þessarar deildar fjallaði um frv. á sameiginlegum fundum með fjh.- og viðskn. Nd. Í ítarlegri framsöguræðu formanns fjh.- og viðskn. Nd. kom fram lýsing á störfum n. að málinu. Auk þess hefur fjh.- og viðskn. þessarar deildar haldið fund um málið í kvöld og fengið m. a. sérstaka umsögn frá Þórði Friðjónssyni hagfræðingi í forsrn. um framkvæmd 1. gr. laganna. Við teljum að þessi umfjöllun, sem farið hefur fram á fundum nefnda þingsins bæði í gær og í dag, feli í sér allgreinagóða mynd af því sem hér er um að ræða, þótt vissulega hafi tíminn verið naumur. Ég vil því þakka meðnm. mínum í þessari nefnd og einnig fjh.- og viðskn. Nd. fyrir mjög ötult starf að framgangi þessa máls og lipurt samstarf við að greiða fyrir framgangi þess.

Meiri hl. fjh.- og viðskn. leggur til að frv. verði samþykkt eins og það kemur frá Nd. Við erum þeirrar skoðunar, að þetta frv. sé einn steinninn í þá traustu götu sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur verið að leggja síðan hún tók við völdum og færir þjóðina frá því óðaverðbólgu- og upplausnarþjóðfélagi, sem hér var ríkjandi allt of oft áður, og yfir í samfélag þar sem framþróun atvinnulífsins og aukin og bætt lífskjör í landinu varða þá meginefnahagsstefnu sem við lýði er.

Það hefur komið fram hér í þessari deild áður að að þessari stefnumótun er unnið með margvíslegum hætti, bæði með þeim fjárlögum, sem samþykkt voru hér fyrir áramót, með þeirri sérstöku fjárfestingar- og lánsfjáráætlun, sem samþykkt var hér fyrir nokkru, með brbl., sem sett voru um áramót, og þeirri efnahagsáætlun, sem fylgdi þeim, og einnig með því frv. sem hér liggur fyrir og meiri hl. n. leggur til að verði samþykkt.

Frsm. 1. minni hl. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Það er í sjálfu sér athyglisvert sem kemur fram í yfirlýsingu hv. þm. Ólafs Ragnar Grímssonar, að hér sé enn einn steinninn lagður í götu ríkisstj. Ég vona að hún hrasi ekki frekar um þessa steina en aðra sem þm. talaði um að lagðir hefðu verið í hennar götu af hálfu stjórnarsinna, en hér eru víst mælt orð að sönnu.

Hv. þm. talaði líka um hversu vel hefði tekist til um stefnumörkun í efnahagsmálum, t. d. með afgreiðslu fjárlaga á sínum tíma. Það er nú svo með þessi blessuð fjárlög, að síðan þau voru afgreidd er Alþingi nú öðru sinni að breyta niðurstöðum þeirra. Svo traust var sú undirbygging. Hv. þm. talaði líka um að traust hefði undirbyggingin verið með afgreiðslu lánsfjáráætlunar. Ég veit ekki betur en að í þeim brbl., sem ríkisstj. setti á gamlárskvöld, hafi verið sérstök heimild til að breyta þeirri lánsfjáráætlun. Svona er um undirstöðurnar.

Efnahagsstjórnin hefur einkennst af því m. a. að hækka verð, taka ákvarðanir, lækka það síðan eða draga ákvarðanir til baka. Það var ákveðið í sambandi við afgreiðslu fjárlaga að spenna þau upp úr öllu valdi. En nú erum við öðru sinni að veita ríkisstj. heimild til að skera þau niður. Það var ákveðið í sambandi við lánsfjáráætlun að auka lántökur upp úr öllu valdi. Síðan þurfti ríkisstj. sérstaka heimild til að skera þetta eigið afkvæmi sitt niður. Það var ákveðið í fjárlögum að hækka skattana mjög verulega. Nú er hæstv. fjmrh. á fullri ferð við að

lækka þessa skatta, að því er hann segir. Það var ákveðið fyrir áramót að hækka margfaldlega svokallað gosdrykkjagjald. Nú liggur fyrir frv. um að lækka það aftur. Þetta er stefnufestan hjá ríkisstj. — Og kannske væri vert að drepa á fleiri atriði.

Mér skilst t. d. að það sé áform ríkisstj. að lækka nú verð á landbúnaðarafurðum um þessi mánaðamót, en ætli þær hækki svo ekki meira en þær lækka um næstu mánaðamót þar á eftir. Er nema von að fólk verði ringlað við þessar aðstæður? Er nema von að fólk finni fyrir því, að hér ríkir stjórnleysi og bráðabirgðaaðgerðir einar?

Það er líka ýmist verið að hækka eða lækka vextina. Yfirleitt gerist það með þeim hætti, að þegar því hefur verið lýst yfir að vextirnir skuli lækka hækka þeir, en þegar því er lýst yfir að þeir skuli hækka eru þeir lækkaðir. Þannig gengur þetta á víxl. Þetta er nú stefnufestan og gengur víst undir nafninu „efnahagsáætlun ríkisstj.," *eftir því sem manni skilst.*

Ég held að ýmsum þeim sem fengist hafa við áætlunargerð, mundi þykja svolítið skrýtin áætlun að vera þannig alltaf að stíga eitt skref áfram og annað skref aftur á bak.

Annars hefur það einkennt þessar umræður, að ríkisstj. er harla ánægð með sjálfa sig og hæstv. forsrh. hefur látið það koma fram í ræðum hér að allt gangi þetta nú ljómandi vel. Ríkisstj. hefur lýst yfir, að það sé hennar æðsta markmið að verðbólguhraðinn fari ekki yfir 40% eða verði í kringum 40%. Þá þykist hún hafa náð miklum árangri. En það er nú einu sinni svo, að þegar þessi ríkisstj. tók við var verðbólguhraðinn líka um það bil 40% eða 42% samkv. útreikningi Þjóðhagsstofnunar frá 23. apríl 1980. Þetta gífurlega afrek, sem ríkisstj. ber sér á brjóst yfir núna að hún muni vinna á þessu ári, er að verðbólguhraðinn verði ekki meiri en þegar ríkisstj. tók við. Það verður að heita nokkuð kotroskið að hrósa sér mjög af því markmiði.

Ég held að það sé ástæða til þess núna að rifja það upp, hvers konar ástand ríkir hér í landi. Ég held að því verði best lýst með tveimur orðum: óðaverðbólga og landflótti. Hér ríkir svo mikil óvissa að fólk veit ekki frá degi til dags hvar það stendur. Það veit hvorki um kaup sitt né kjör sín frá degi til dags. Það er sífellt verið að hringla með allt. Menn eru t. d. hvattir til að spara með því að hækka vextina og koma með aukna verðtryggingu, en síðan er það dregið til baka jafnharðan, og sú stefna, sem ríkisstj. er að framkvæma, er fordæmd af talsmönnum *ríkisstj. sjálfum, eins og t. d. í vaxtamálunum. Ég held að* þetta sé mjög varasöm þróun. Ég held að hún sé stórhættuleg. Ég held að þessi sífellda óðaverðbólga allan þennan tíma — heilan áratug — sé mikil meinsemd fyrir þjóðina. Og ég held að besti mælikvarðinn á það, hve illa hafi tekist til, sé sá stöðugi landflótti og vaxandi landflótti sem við höfum orðið vör við. Ég hef ekki fyrr orðið persónulega eins var við hann og síðustu mánuði. Hvað eftir annað hef ég hitt menn á götu sem hafa sagt mér að þeir væru að flýja land. Þetta þykja mér uggvænleg tíðindi.

Við þessar aðstæður tók ríkisstj. sér sérstakt frí til að huga að efnahagsmálunum. Tíu menn sátu í tíu daga og notuðu eitthvað af sérfræðingum til að setja saman efnahagsstefnu. Það dundu fréttatilkynningarnar í fjölmiðlunum um það, hver afrek ríkisstj. væri að vinna. Árangurinn af þessu 100 dagsverka starfi liggur nú fyrir framan okkur og ég held að hann verði að teljast harla rýr.

Við þessar aðstæður, þegar hér geisar óðaverðbólga og landflótti, birtir ríkisstj. enn einar bráðabirgðaráðstafanir í efnahagsmálum. Það verður að segjast um þessar aðgerðir að sem viðnámsaðgerð gegn verðbólgu er frv. mjög léttvægt, enda mun reyndar aðaltilgangur þess að ýta óleystum vanda enn einu sinni á undan sér og *að þessu sinni fram yfir 1. maí. Það er reyndar svo,* að um framkvæmd þeirra ákvæða, sem í frv. eru, er harla lítið upplýst, nema helst að ríkisstj. hafi ekki tekið ákvarðanir þar um. Sama gildir um aðrar aðgerðir sem ríkisstj. segist vera að hugsa um. Þar hefur ekki heldur orðið samkomulag. Enn eykur það á óvissuna í þjóðfélagi okkar að stefnumörkun skuli vera svo óljós, svo óskýr, svo óviss sem raun ber vitni.

Ég held líka að það sé vert að rekja ytri aðstæður þjóðarbús okkar um þessar mundir, þegar þessi efnahagsstefna er birt í þessu frv. Þegar þjóðhagsáætlun var *lögð fram áætlaði Þjóðhagsstofnun* að verg þjóðarframleiðsla yrði óbreytt frá liðnu ári, en þar var ekki tekin með sú hækkun á saltfiski og skreið sem nú hefur verið samið um. Það hafa verið gerðir samningar um skreiðarsölu sem eru 10% hærri en á fyrra ári, um saltfisksölu sem eru 20% hærri og það er vitað að t. d. fiskmjölsverð á heimsmarkaði er nú ívið hærra en að jafnaði á s. l. ári. Verðlagsþróun í Bandaríkjunum gefur líka tilefni til að ætla að innan tíðar muni verð á frystum fiski fara hækkandi. Ég held að það sé líka óhætt að segja að horfurnar að því er varðar ál og kísiljárn séu ekki mjög dökkar og við megum búast við að þessir málmar, sem við flytjum út, fari hækkandi þegar líður á árið. Auk þessa hefur svo gengi Bandaríkjadollars styrkst mjög á árinu. Ef þetta er tekið saman, allar þær jákvæðu breytingar, sem hafa átt sér stað á ytri aðstæðum, og svo hitt, að Þjóðhagsstofnun gerði ráð fyrir að verg þjóðarframleiðsla yrði óbreytt frá fyrra ári áður en þessi áhrif voru komin fram nema að mjög litlu leyti, þá held ég að það sé óhætt að segja að ytri aðstæður verði að teljast allgóðar. Þessi góðu ytri skilyrði veita auðvitað sérstaka möguleika til að ná meiri stöðugleika í efnahagslífi og ná verulegum árangri í því að ná verðbólgunni niður.

Það frv., sem hér liggur fyrir, er til vitnis um að ríkisstj. virðist ekki ætla að bera gæfu til að nýta sér þau einstaklega góðu ytri skilyrði, þá bót sem hefur orðið á ytri skilyrðum, til að ná meiri stöðugleika í efnahagslífinu og til að ná verðbólgunni niður. Öllum sönnum Íslendingum hljóta að vera það mikil vonbrigði að svo skuli hafa til tekist.

Þetta frv. er af svipuðum toga og það sem hefur verið gert áður. Þetta er í rauninni þriðja tilraun ríkisstj. til að beita svonefndri verðstöðvun. En þessi tilraun mun reynast jafnhaldlaus og hinar fyrri. Allir vita að frv. er ætlað að taka gildi á sama tíma og ríkisstj. ákveður verulegar hækkanir á opinberri þjónustu. Það vekur þó athygli að í gildi eru þegar rúmar lagaheimildir um stjórnun verðlagsmála og það er ekki auðvelt að sjá hvaða tilgangi það þjónar að vera með sífelldar orðalagsbreytingar og málalengingar um framkvæmd laganna. Það verður ekki annað séð en slíkt beri öðru fremur vott um sýndarmennsku, og það var ekki það sem við þurftum á að halda á þessu stigi. Það hefur reyndar komið mjög til umr. í hv. Nd. og eins á nefndarfundum hvernig þessum nýju ákvæðum yrði hagað í framkvæmd. *Borist hafa svör við því með ýmsum hætti hvernig* það yrði, en það verður að segja að þau svör ganga ekki upp

og þau vekja ugg í brjósti um að ríkisstj. viti ekki hvað hún er að gera eða hvernig þetta skuli framkvæmt. Þau svör, sem gefin hafa verið, stangast á. Það er uggvænlegt ef líka á framkvæmdasviðinu fer þetta enn úr böndunum hjá ríkisstj. Ég held að það sé alveg ljóst að fyrirætlanir ríkisstj. muni mistakast eins og þær hafa mistekist vegna þess að hér er um einangraðar aðgerðir að ræða, en ekki hluta af heildstæðri efnahagsstefnu. Það, sem ríkisstj. leggur hér til, er ekki í samræmi við aðrar staðreyndir í íslensku efnahagslífi. En við skulum líka gæta að því, að án raunsærrar efnahagsstefnu er hér verið að auka hættu á atvinnubresti sem þegar hefur reyndar skotið upp kollinum í vissum landshlutum.

Ég skal ekki fjölyrða öllu meira um þetta mál. En það verður að segja að frv. ríkisstj. er smærra og efnisminna en aðdragandi þess gaf tilefni til að ætla. Það verður að segja að frv. nýtir ekki þau tækifæri sem nú gefast til að ná verulegum árangri í því að auka stöðugleika í íslensku efnahagslífi og draga úr verðbólgunni, það tækifæri sem gefist hefur með tilliti til þróunar ytri aðstæðna.

Þetta frv. er lítils virði. Það skiptir engum sköpum. Það breytir litlu sem engu. En ríkisstj. hefur lagt ofurkapp á að þetta marklitla frv. verði afgreitt nú fyrir 1. maí. Þingflokkur Alþfl. mun fyrir sitt leyti ekki leggjast gegn því að svo geti orðið. En ef það reynast orð að sönnu, sem hér voru mælt áðan, að þetta frv. sé steinn í götu ríkisstj., verður sjálfsagt að hafa það.

Frsm. 2. minni hl. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. hefur skilað stuttu nál., sem nú hefur verið útbýtt.

Ég hef hugsað mér að reyna að vera stuttorður þannig að þessi fundur dragist ekki á langinn, enda hafa menn nú fylgst með gangi þessara mála og umr. í Nd. í allan dag, sem margir Ed.-menn hafa fylgst með, og nefndirnar hafa starfað saman og mikið hefur verið um málið rætt og ritað og því ástæðulaust að rifja margt efnislegt upp. Við hv. þm. Lárus Jónsson höfum valið þann kostinn að flytja enga brtt. Við teljum að það muni vera tilgangslaust þar sem stjórnarliðið er staðráðið í að knýja þessa frumvarpsómynd í gegnum Alþingi og það nú í kvöld, sem væntanlega verður, a. m. k. ef svör verða veitt við fsp. sem koma hér á eftir, eða raunar kannske aðeins einni fsp. sem ég mun víkja svolítið seinna að.

Ég vil taka það fram, að við munum greiða atkv. gegn 4. gr. frv. þar sem þar er ótvírætt um stjórnarskrárbrot að ræða, eins og komið hefur fram í fjh.- og viðskn., og viljum gjarnan láta á það reyna með nafnakalli hvort menn vilji virða stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Ég mun taka eftir því og við allir hvernig atkv. þeirra, sem mest hafa um stjórnarskrána rætt, galla hennar og ágæti, í nokkra áratugi, falla við það nafnakall. Það mun verða býsna sögulegt nafnakall og raunar afgreiðsla frv. í heild því að nærri stappar, svo að ekki sé meira sagt, að fleiri ákvæði frv. séu einnig brot á stjórnarskrá lýðveldisins. Við greiðum ekki atkv. á móti 4. gr. vegna þess að við viljum ekki niðurskurð og sparnað. Í því efni nægir að vitna til orða formanns Sjálfstfl. í Nd. nú fyrir skömmu og skal ég ekki hafa um það fleiri orð.

Á fund nefndarinnar áðan kom Þórður Friðjónsson hagfræðingur í forsrn. með litla greinargerð sem svör við fsp. varðandi frv. til l. um verðlagsaðhald, lækkun vörugjalds og bindiskyldu innlánsstofnana, eins og fyrirsögnin hljóðar. Ég ætla að lesa þetta hér upp því að menn hafa ekki fengið það í hendur. Þetta er sem sagt örstutt, með leyfi forseta:

„1. Spurt er um hvernig framkvæmd verðákvarðana verður háttað," stendur hér, „og þá sérstaklega hvort ríkisstj. verði ætlað að ákveða fyrst þær hækkanir, sem eru umfram meginmarkmiðið, og síðan verði öðrum ætlað að samþykkja eða gera tillögur um hækkanir með hliðsjón af afgreiðslu ríkisstj.

Rétt svar við þessari spurningu er að mínu mati þannig, að hver verðákvörðunaraðili lögum og reglum samkvæmt (verðlagsráð, gjaldskrárnefnd o. s. frv.) gerir samþykktir og tillögur sem í heild eru ekki umfram hin ársfjórðungslegu meginmarkmið. Á þann hátt verði gert ráð fyrir að ákvörðun viðkomandi verðlagsyfirvalda, óháð öðrum verðákvörðunaraðilum, hvort sem einstakar tillögur fari umfram sett verðlagsmarkmið eða ekki, verði í samræmi við mörkin." — Þetta er kannske ekki mjög skýrt, en vonandi skilst það þó. — „Viðkomandi verðlagsyfirvöld miði því við að samþykktir eða tillögur verði í heild í samræmi við meginmarkmið ríkisstj. í verðlagsmálum án tillits til þess hvaða ákvarðanir verða síðan teknar af öðrum aðilum í þeim málum.

2. Spurt er um við hvaða vísitölu viðkomandi verðlagsyfirvöldum beri að miða hverju sinni.

Ríkisstj. ákveður á hverjum tíma verðlagsmarkmið með hliðsjón af fjöldamörgum þáttum og miðað er við, eins og skýrt kemur fram í frv., að um meginmarkmið sé að ræða. Markmiðasetningin tengist þannig ekki beint neinni ákveðinni vísitölu fyrir liðinn tíma, heldur er markmiðið sett fyrir þann tíma sem í hönd fer. En eðlilegt er að viðkomandi verðlagsyfirvöld miði ákvarðanir sínar í meginatriðum við samanlögð áhrif á framfærsluvísitölu, þar sem það er algengasti mælikvarði á þróun verðlags hér á landi. Á hitt er þó að líta, að þrátt fyrir að vara eða þjónusta sé ekki í framfærsluvísitölunni gildir almenna reglan eftir sem áður. Hér er því fremur um eðlilegt vinnumarkmið að ræða en algilda reglu."

Mér sýnist á þessu plaggi að þar sé staðfestur sá skilningur, sem vikið er að í aths. við frv., þar sem segir — með leyfi forseta: „Miðað er við, að verðhækkanir umfram brýnustu nauðsyn verði ekki leyfðar, en í óhjákvæmilegum tilfellum verði unnt að leyfa meiri hækkanir, enda verði heildarútkoman innan við hin settu mörk." M. ö. o. sé hægt að neita hækkunum á þeim forsendum að komið sé fram yfir mörkin þótt öll rök hnígi að því að hækkanir eigi að veita.

Í hv. Nd. vék hv. frsm. og formaður n., Halldór Ásgrímsson, að þessu máli og segir þar orðrétt, með leyfi forseta: „Það kom fram á nefndarfundum að menn óttuðust að þetta gæti leitt til þess, að fyrirtækjum væri mismunað samkv. þessum lögum, einn fengi minna og annar fengi meira vegna laganna, en slíkt er að sjálfsögðu ekki hægt að lesa út úr þessum lagatexta." — Og út af fyrir sig er það rétt. Út úr lagatextanum sjálfum er ekki hægt að lesa þetta, en hins vegar út úr aths. Hv. þm. Halldór Ásgrímsson heldur áfram: „Hins vegar hlýtur það alltaf að verða svo, að það er misjöfn hækkunarþörf hjá hinum ýmsu aðilum og á það þarf að leggja mat hverju sinni, eins og verið hefur á undanförnum árum, og slíkt mat hlýtur ávallt að liggja til grundvallar annars vegar ákvörðun verðlagsyfirvalda og einnig ákvörðun ríkisstj. þegar það á við." — Ég hygg að með þessum orðum hafi ræðumaður ætlað að koma því á framfæri að þessi mörk væru ekki svo ginnheilög að ekki yrði að hafa

hliðsjón af hverju einstöku máli og yfir þau mundi þess vegna stundum a. m. k. verða að fara. En mér heyrðist hins vegar á hæstv. forsrh. áðan að það væri ekki hugmyndin. Síðasta grg. frá fulltrúa hans tekur raunar af tvímæli í því efni. Það á sem sagt ekki að taka tillit til fullkominnar sanngirni og algerrar nauðsynjar ákveðinna fyrirtækja ef búið er að fylla upp í rammann. Í grg. Þórðar Friðjónssonar segir raunar að það eigi ekki að miða við liðinn tíma, heldur séu hækkanirnar, sem hugsanlega verða leyfðar, eingöngu miðaðar við verðhækkanir í framtíðinni. Þannig á m. ö. o. í fyrsta lagi að hafa af fyrirtækjunum í landinu allar hækkanir sem orðið hafa síðustu 2—3 mánuði, því að engar verðhækkanir hafa yfirleitt verið leyfðar, og síðan á að miða við einhverja vísitölu, 8% eða eitthvað slíkt, fyrir næsta þriggja mánaða tímabil og það á að vera meðalhækkun þó að einhver fyrirtæki hafi fengið við skulum segja 20%, eins og verða mun um landbúnaðarvöruna. — Hún verður sjálfsagt undanskilin þessu. Við höfum fengið um það upplýsingar að 1. júní muni landbúnaðarverð hækka um 20%. — En auðvitað eru mörg fyrirtæki, sem þurfa á jafnmiklum hækkunum að halda, og gætu þau kannske sum fengið þessa 20% hækkun, en þá væri líka búið að fylla út í rammann og hin fengju ekki neitt eða eitthvað miklu minna.

Hæstv. forsrh. sagði áðan að mörg fyrirtæki þyrftu ekki svona mikla hækkun, mér skilst jafnvel heilar starfsgreinar, því að fyrirtæki, þar sem lítill vinnulaunakostnaður væri, þyrfti ekki á þessum hækkunum að halda, hvorki fyrir þennan liðna ársfjórðung né heldur komandi ársfjórðung. Þau þyrftu sem sagt engar hækkanir fyrir hálft ár þrátt fyrir 50% verðbólgu. — Hún verður vafalaust orðin 50% í raunveruleikanum a. m. k. þegar kemur fram á sumarið þótt áfram verði haldið að falsa vísitöluna. — Ég leyfi mér þess vegna að spyrja hæstv. forsrh. og vona að í þetta skipti svari hann ekki með neinum útúrdúrum, heldur beint: Hvaða íslensku starfsgreinar eru það sem þurfa á næstu þrem mánuðum mun minni hækkanir til þess að geta borið sig en 8%? Það verða að vera allvíðtækar starfsgreinar þegar við vitum að t. d. áburðarverð hækkar um 70—80%, landbúnaðarverð um 20% o. s. frv. Það hljóta að vera mjög stórar atvinnugreinar sem þurfa ekki á þessu að halda ef þær eiga að geta borið uppi þann mismun sem þarna er. Ég vona að hæstv. ráðh. skilji hvað ég er að fara. Hann getur kannske sagt að það verði einhverjar vörutegundir, t. d. innfluttar, sem mundu ekki hækka þetta mikið, en þær eru raunar ekki undir beinum verðlagsákvæðum. Það eru sjálfkrafa hækkanir þar. Ég hygg að það sé engin þjónustustarfsemi, enginn iðnaður, engin verslunarstörf og því síður finnist sú atvinnugrein í sjávarútvegi sem þurfi ekki á 8% hækkun að halda næstu þrjá mánuði vegna þess að útgjaldahækkanir hjá þeim hafi orðið miklu minni. (**Forsrh.:** Hver er nánar spurning hv. þm.?) Spruning mín er sú, hvaða starfsgreinar það séu sem á næstu þremur mánuðum þurfa ekki á 8% hækkun að halda a. m. k. þannig að það verði hægt að leyfa öðrum mun meiri hækkanir án þess að ramminn verði sprengdur. Ég skil þetta svo, eftir greinargerð Þórðar og eftir ummælum hæstv. forsrh., að hækkanirnar eigi ekki í heild að fara yfir þessi mörk eða þennan ramma, sem mér finnst þó vera skiljanlegra en einhver tímamörk.

Ég vona að einhver misskilningur sé á ferðinni af minni hálfu. Svo sannarlega vona ég að það sé hægt að finna þarna lausn og láta þetta dæmi ganga upp. En mér er ekki nokkur leið að sjá hvernig það megi verða eftir að við fengum í hendur þá greinargerð sem ég var að lesa upp. Og þá er ekki heldur hald í ummælum hv. formanns fjh.- og viðskn. Nd. sem ég las upp áðan. Ég veit að það er vilji hans og hugsun að þarna verði gætt réttlætis, sæmilegs réttlætis a. m. k., og að ekki eigi að hafa einn út undan af því að annar hafi fengið mikið. En þetta verður alveg óhjákvæmilega að skýra. Nóg er óhreinlyndið í kringum þetta allt saman þó að menn fái svör við svona einföldum spurningum. Hæstv. forsrh. sagði áðan að mörg fyrirtæki þyrftu ekki á allri þessari hækkun að halda. Ég spyr: Hver eru þau einstöku fyrirtæki og þær starfsgreinar sem þurfa ekki á þessu að halda að mati hæstv. forsrh.? Ég vona að hann svari þessu skilmerkilega, með engum útúrdúrum eða undankomu, því að það gæti vissulega lengt þessar umr. ef ekki er hægt að fá svör við svona einföldum spurningum. Ef honum hefur orðið á í messunni og getur ekki fundið þessi fyrirtæki skal ég fyrirgefa það. Ef það er játað er málið á hreinu. Þá vitum við hvernig með á að fara.

Ég sagði áðan að ég ætlaði ekki að vera langorður. Málið er mikið rætt. Enginn hefur raunar lýst þessu máli betur en okkar ágæti hv. formaður fjh.- og viðskn. þessarar deildar þegar hann sagði áðan að þetta mál væri enn einn steinn í hina traustu götu núv. ríkisstj. Það er svo sannarlega réttnefni. (**ÓRG:** Það er rangt með þetta farið og ég mun leiðrétta það hér á eftir.) Það er ekki rangt með farið, við heyrðum það allir í deildinni, en ef hv. þm. hefur orðið mismæli er það líka fyrirgefanlegt. En þetta var réttnefni. Ég held að þetta hafi verið einhvers konar tungubrjótur undirmeðvitundarinnar. Ég vona að málið sé þar með útkljáð. Þetta heyrði hver einasti maður hér inni. (**ÓRG:** Ég mun upplýsa það hér á eftir.) Við fáum þá alla vega einhverjar upplýsingar. — Og þar með læt ég máli mínu lokið.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Það hefur einkennt umr. sumra stjórnarandstæðinga, bæði hér og í hv. Nd., að samtímis er ríkisstj. ásökuð fyrir að verðbólgan sé of mikil, en svo er hamrað á því í ræðu eftir ræðu að ríkisstj. synji í stórum stíl um hækkanir á verði ýmiss konar þjónustu og vöru. Hér eru t. d. í þessum ræðustól gerðar kröfur um að leyfðar séu miklu meiri hækkanir en þær sem samþykktar hafa verið, t. d. nú varðandi opinberar stofnanir. Um þennan málflutning og þessar mótsagnir þarf auðvitað ekki að fara mörgum orðum.

Fsp. hv. síðasta ræðumanns er næsta furðuleg. Hann spyr mig um það hér og biður um að upplýsa hvaða fyrirtæki í landinu það séu sem komist af með minna en 8% hækkun. Væntanlega á ég þá líka að svara því og telja upp hvaða fyrirtæki í landinu þurfi meira en 8% hækkun. Ég er alveg undrandi á hv. þm. að leyfa sér að bera fram svona vitlausar fsp. Hvernig dettur manninum í hug að ég fari að telja upp einstök fyrirtæki áður en það er metið af réttum verðlagsyfirvöldum? Það hefur alltaf verið þannig og verður þannig að verðlagsyfirvöld verða að skoða hvert einstakt fyrirtæki og athuga hvað hækkunarþörfin er mikil. Það er hrein fjarstæða að bera fram svona fsp.

Hitt er auðvitað ljóst, eins og ég hef tekið fram bæði hér og í hv. Nd. og seinast í ræðu minni við 1. umr. málsins, að þegar ríkisstj. hefur sett sín viðmiðunarmörk,

og við skulum segja að þau yrðu svipuð því sem framfærsluvísitalan verður, sem við vitum ekki enn hver verður, þá er auðvitað augljóst hverjum manni hverjar eru hækkunarþarfir einstakra fyrirtækja og atvinnugreina. — Hv. þm. hefur ekki nenningu einu sinni til að hlusta á þegar verið er að svara honum.

Það er auðvitað ljóst hverjum manni að hvert fyrirtæki verður að meta fyrir sig. Ég benti á það í framsöguræðu minni að sum fyrirtæki þurfa miklu meiri hækkanir en önnur, vegna hækkana af erlendum toga t. d. Ég hef nefnt það áður að t. d. er mjög mikil hækkun á áburðarverði. Mörg fyrirtæki nota mikla olíu og vegna verðhækkana á henni þarf vafalaust miklu meira en meðalhækkanir. Hins vegar hef ég líka bent á að sum fyrirtæki hafa ekki mjög mikinn launakostnað. Við skulum segja að laun mundu hækka milli 8 og 9% þar sem kannske minni hluti tilkostnaðar er launakostnaður, en annar kostnaður hækki minna en þetta þá er augljóst að ekki eru rök fyrir því að láta það fyrirtæki fá sömu hækkun og launin hækka. Þetta ætti hv. þm. að skilja. Það er t. d. ekki víst að fjármagnskostnaður fyrirtækis hækki eins mikið nú á næstunni og launin. Því hefur verið lýst yfir af ríkisstj., að hún muni beita sér fyrir því, og hún hefur þegar tilkynnt Seðlabankanum að það sé stefnt að vaxtalækkun 1. júní í stað vaxtahækkunar sem þessi hv. þm., eins og ýmsir aðrir hávaxtamenn, mun auðvitað heimta.

Ég nefni fjármagnskostnað. Það er hugsanlegt í sumum tilfellum að hann hækki ekki eins mikið og launakostnaður. Ég get nefnt það sem dæmi að gjaldskrárnefnd, sem kannaði mjög rækilega fjárhag og fjárþörf Hitaveitu Reykjavíkur, lagði til við ríkisstj. að gjaldskrá Hitaveitunnar hækkaði um 7%. — Ég vil segja að þetta er einhver furðulegasti þm. sem ég hef kynnst. Hann ber fram fsp. og krefst þess að ég svari þeim. Svo hlustar hann ekki á orð af því sem ég er að segja. Auðvitað er ég búinn að svara honum því, að þessar fsp. eru fráleitar, það er ekki hægt að svara með því að ég fari að telja upp öll fyrirtæki og hvort þau eigi að fá hækkanir prósentunni meira eða minna. Það er ekki mitt hlutverk, heldur er það hlutverk verðlagsyfirvalda sem kanna það á hverjum tíma. — En ég vil aðeins skýra þetta almennt. Það var t. d. mat gjaldskrárnefndar að Hitaveita Reykjavíkur ætti að fá 7% hækkun nú. Sú tillaga var gerð eftir mjög ítarlega athugun á þeim fjármálum. Hér rísa menn upp og tala um í þessum ræðustól að þetta sé allt of lítið. Sem sagt: Mennirnir, sem berjast á móti verðbólgunni, sem vilja lækkun verðlags, mennirnir, sem ráðast á ríkisstj. fyrir að hún sé verðbólgustjórn og það sé allt of mikil verðbólga, heimta að hvert fyrirtæki eftir annað fái meiri hækkanir, verðlag hækki meira en ríkisstj. hefur ákveðið.

Það er augljóst hverjum manni sem eitthvað vill hugsa um þessi mál hleypidómalaust og án þess að það sé eins og frosið fyrir skilningarvitin, að við það mat, sem mun fram fara á fyrirtækjunum á næstunni, þurfa fyrirtækin misjafnlega miklar hækkanir. Ég mótmæli því gersamlega þeirri kenningu hv. síðasta ræðumanns, að hvert fyrirtæki í landinu þurfi a. m. k. 8% hækkun og flest líklega meira. Þessum verðbólguskoðunum og verðbólgukenningum er full ástæða til að mótmæla harðlega. Þetta er fjarri öllu lagi.

Með þessu er búið að svara því sem unnt er að svara á þessu stigi. Eins og í lögunum segir verða sett almenn viðmiðunarmörk til leiðbeiningar fyrir verðlagsyfirvöld. Þau meta svo hvort tiltekið fyrirtæki þarf minni hækkun, hver þurfa meiri, og í samræmi við það verða auðvitað ákvarðanir verðlagsyfirvaldanna.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Ég vil fyrst leiðrétta misskilning sem kom fram hjá hv. þm. Kjartani Jóhannssyni og hv. þm. Eyjólfi Konráð Jónssyni. Þegar orðunum þremur „steinn," „gata" og „leggja" er raðað saman er það að vísu rétt að það er ákveðin málvenja hér í landi að raða þeim á ákveðinn hátt þannig að merkingin er sú sem kom fram hjá þessum tveimur þm. En í þeirri ræðu, sem ég flutti áðan, raðaði ég þessum þremur orðum saman á annan hátt en venja er til þannig að merkingin var önnur. Sú röðun, sem ég notaði, fól það í sér að orðið „leggja" varð síðast, en ekki fyrst, eins og venja er yfirleitt til, og breytir það mjög merkingunni. (**EG:** Hvernig var þá setningin aftur?) Setningin var á þá leið, hv. þm. Eiður Guðnason, að steinarnir væru í götu sem ríkisstj. væri að leggja, það er gatan sem verið er að leggja, en ekki steinarnir, og þar með breytist öll merking þeirrar líkingar sem ég tók. Ég notaði þessa líkingu markvisst vegna þess að það er reynsla úr mörgum þjóðlöndum að þær götur, sem lagðar eru með þessum hætti úr einstökum steinum, hafa reynst endingarbestar. Víða um lönd má enn aka öldum seinna eftir slíkum götum, — öldum eftir að þær voru upphaflega lagðar á þann hátt sem ég var að lýsa. Að vísu má ekki taka þessa lýsingu svo bókstaflega að ég vilji halda því hér fram, að efnahagsstefna núv. ríkisstj. muni standa um aldir. (**LJ:** Er hún grýtt?) Hún er ekki grýtt. Hv. þm. Lárus Jónsson getur á næstu ferð sinni til aðalstöðva Atlantshafsbandalagsins í Brussel gengið um nokkrar slíkar götur í miðborg Brussel sem lagðar voru einmitt á þennan hátt með slíkum steinum fyrir nokkrum öldum. Ég er alveg viss um að þegar hann gengur um þær götur að loknum fundum í aðalstöðvum Atlantshafsbandalagsins muni hann finna að þær eru greiðar, sléttar og öruggar yfirferðar. — Ég vildi aðeins, hæstv. forseti, leiðrétta þennan leiða misskilning sem kom fram hjá þessum tveimur hv. þm. og gæti leitt til þess að menn fengju annan skilning út úr orðum mínum en ég ætlaðist til í upphafi. Ég vona hins vegar að þessar orðaskýringar leiði ekki til þess, að umr. verði lengdar hér. Mér þótti nauðsynlegt að þetta kæmi fram.

Það hefur aðeins verið vikið hér í ummælum hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar að því sem prófessor Jónatan Þórmundsson viðhafði á sameiginlegum fundum þessara nefnda um að stjórnarskrárbrot fælist í þessum lögum. Ég held að við, sem vorum staddir á þessum fundi, munum lengi minnast þeirra orðaskipta þegar fyrrv. prófessor í lögfræði, dr. Gunnar Thoroddsen, og núv. prófessor, Jónatan Þórmundsson, skiptust á lagaskýringum. Ég verð að segja með allri virðingu fyrir prófessor Jónatan að mér fannst dr. Gunnari, fyrrv. prófessor og núv. hæstv. forsrh., veita mun betur í þeim lagaskýringum. Hins vegar er rétt að það komi hér fram, fyrst á annað borð er verið að vitna í þennan fund, og mér finnst leitt að hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson skyldi ekki minnast á það, að þegar prófessor Jónatan Þórmundsson var spurður um þau ummæli sem hv. þm. Geir Hallgrímsson hefur viðhaft um það frv. til laga, sem hér er til umr., að það muni leiða til lögregluríkis, þá tók prófessor Jónatan Þórmundsson algerlega af skarið að þessi ummæli hv. þm. Geirs Hallgrímssonar gætu á engan hátt staðist. Var

mjög ánægjulegt að þeir voru sammála um það á nefndarfundinum, bæði núv. og fyrrv. prófessor, að þessi ummæli hv. þm. Geirs Hallgrímssonar gætu á engan hátt staðist.

Ég ætla ekki að blanda mér í þær deilur sem hér fóru fram milli hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar og forsrh., en hitt vona ég þó að menn virði, sem almennt eru fylgjandi þeirri efnahagsstefnu sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson hefur fylgt, að í 1. gr. þessa frv. er fyrirtækjum, markaðsöflum og verðlagsyfirvöldum veitt meira frjálsræði við verðákvarðanir en ríkt hefur til þessa. Hingað til hefur það verið vaninn að ákvarðanir af þessu tagi væru bornar undir ríkisstj. hver og ein. Framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambandsins hefur t. d. viðhaft þau ummæli, að slíkt kerfi sé eins konar ráðstjórn í verðlagsmyndun. En með þessu frv. er vikið frá þessu kerfi. Afskipti ríkisstj. af verðlagsmálum eru minnkuð sem því nemur. Í stað einstakra afskipta áður af sérhverri verðákvörðun er nú tekin upp almenn regla sem fyrirtækjum og verðlagsyfirvöldum verður síðan veitt svigrúm til þess að fara eftir. Ég held að það sé þess vegna alveg fyllilega í anda þessarar nýju aðferðar, sem lagt er til í þessu frv. að verði lögfest, sem hæstv. forsrh. áðan gefur ekki yfirlýsingar um hvaða fyrirtæki ættu ekki að fá hækkanir í samræmi við þær tölur sem ákveðnar verða í verðviðmiðuninni. Með þessu frv. er ríkisstj. að afsala sér því valdi sem hún hefur haft til þessa. Sú ákvörðun hæstv. forsrh. að veita ekki þau svör, sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson óskaði eftir, er þess vegna fyllilega í samræmi við þann anda sem í þessari frvgr. er. Það verður ekki lengur í verkahring ráðh. að gefa slíkar yfirlýsingar um einstök fyrirtæki, heldur verður það í höndum verðlagsyfirvalda. Það væru meiri pólitísk afskipti af verðákvörðunum í landinu en farið er fram á í þessu frv. ef einhverjir ráðh. færu nú að gefa slíkar yfirlýsingar. Það getur vel verið að ég og þm. Alþb. vildu kannske að stjórnmálamenn hefðu þau völd sem mér fannst hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson vera að óska eftir hér áðan en í frv. er beinlínis lagt til að það verði horfið frá því kerfi, sem hér hefur ríkt og ríkisstj. fari ekki lengur að blanda sér inn í einstakar verðákvarðanir einstakra fyrirtækja, heldur setji almenna reglu sem verðlagsyfirvöldum og fyrirtækjunum sjálfum verður síðan falið að framkvæma. Ég er ekki viss um að þessi skilningur hafi komið nægilega vel fram í umr. um þetta frv., en ég vona þó að það verði mönnum nokkuð til skýringar á því, að hér er horfið frá þeim ríkulegu pólitísku afskiptum af verðlagsákvörðunum einstakra fyrirtækja sem tíðkast hafa, bæði í þessari ríkisstj. og öðrum. Yfirlýsingar einstakra ráðh. um verðviðmiðun einstakra vörutegunda eða fyrirtækja sérstaklega er ekki í samræmi við anda þess frv. sem hér er lagt til að verði samþykkt.

Frsm. 2. minni hl. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Það fór aldrei svo að það yrðu ekki skemmtilegar ræður hér í kvöld. Þeir hafa verið býsna skemmtilegir, síðustu tveir hv. ræðumenn. Skal ég ekki víkja ýkjamikið að hinum síðari eða því sem hann talaði um, að öðru leyti en því, að við vorum báðir áheyrendur að orðaskiptum prófessoranna, núverandi og fyrrverandi, í fjh.- og viðskn. Hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni fannst dr. Gunnari — titlarnir hafa verið með — veita mun betur. Það er nú einhvern veginn svo, að á þessum fundum í fjh.- og viðskn. hefur það oftar en einu sinni komið fyrir að ef einhverju orði hefur verið hallað af einhverjum manni að hæstv. forsrh. dr. Gunnari Thoroddsen þá hafa allir brosað nema hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson og svo félagi hans Guðmundur J. Guðmundsson. Það er eins og þeim finnist þeir eiga hann, — það er kannske eitthvað til í því, að þeir ráði miklu um gerðir hans um þessar mundir. Það má ekki nokkru orði halla. Minnist ég sérstaklega þegar Jónas Haralz gat ekki fengið það dæmi til að ganga upp að fara tvær götur í vaxtamálum og það gætu engir menn gert, ekki einu sinni forsrh. Þessa minnist ég núna vegna þess að hæstv. forsrh. vék sérstaklega að vaxtalækkun sem hann hygðist framkvæma 1. júní samhliða fullri verðtryggingu á sparifé. Þetta er allt á sömu bókina lært.

Við skulum ræða svolítið um vaxtamálin, úr því að hann velur þá leið, en fyrst þetta: Hann segir að hann geti ekki nefnt neina atvinnugrein eða atvinnufyrirtæki og telur algerlega fráleitt að spyrja um hvaða atvinnugreinar, starfsgreinar á Íslandi eða bara einstök fyrirtæki muni ekki þurfa á að halda a. m. k. 8% hækkun á næstu þrem mánuðum, og hann segir að það sé lítill launakostnaður hjá sumum fyrirtækjum og að vaxtakostnaðurinn muni lækka. Við skulum nú segja að það sé lítill launakostnaður hjá fyrirtækjum, það er það vissulega hjá sumum, en ætli það séu nú ekki einhverjir aðrir kostnaðarliðir sem þá koma í staðinn, t. d. orka og þjónusta, sem þetta fyrirtæki þarf að kaupa út o. s. frv. Það var ekki af neinni illgirni sem ég spurði hæstv. forsrh. að þessu. Ég er búinn að ganga á milli manna hér í deildinni í kvöld, eftir að þessi ummæli féllu, og hef spurt þá marga hverja: Getið þið komið auga á einhverja starfsgrein eða eitthvert fyrirtæki sem muni þurfa minna en 8% hækkun á næstu þrem mánuðum eftir að hafa enga hækkun fengið í a. m. k. þrjá mánuði, að það séu einhver fyrirtæki, einhver starfsgrein íslensk svo vel stæð að hún muni ekki þurfa á þessum 8% að halda til þess að geta bjargast? (**StJ:** Ekki spurði þm. mig.) Nei, það var nú gallinn, en ég spyr þig núna: Mundir þú geta nefnt eitthvert slíkt fyrirtæki eða starfsgrein sem þú hefðir von um að gæti lifað? Kannske eitthvert fyrirtæki, sem ætti miklar eignir, gæti lifað þennan tíma með því að ganga á þær. (**StJ:** Ég get svarað þessu nú strax. Það er rétt sem þm. segir mér um gróskuna í Tungulaxi.) Jú, ég hugsa að þetta mundi verða rétt eftir 5 ár, en því miður er svo ekki í dag, þvert á móti, því að það er ekkert nema tap enn þá, en þarna verður vonandi stórgróði þegar laxinn fer að vaxa. — En ég átti ekki við að menn ættu beinlínis að ganga á eignir sínar. Ég átti við að fyrirtækið gæti nokkurn veginn gengið án þess að tapa. Ég veit ekki um neitt slíkt og ég er alveg sannfærður um að hæstv. forsrh. veit ekki um neitt og ekki neina starfsgrein. Hann talar þarna gegn betri vitund auðvitað, eins og oft áður. Allt er þetta auðvitað byggt á undirferlum og óheilindum, öll störf þessarar stjórnar. Stjórnin er mynduð fyrir undirferli og svik og eftir því hefur auðvitað farið. Þessi stjórn hlýtur auðvitað að verða landi og lýð til bölvunar, eins og hún hefur þegar orðið, og verður auðvitað til þeim mun meiri bölvunar því lengra sem líður. Ég átti svo sem ekki von á að hæstv. ráðh. svaraði þessu. En ég sagði fyrir fram að það væri alveg fyrirgefanlegt ef þetta hefði verið mælt af misskilningi og hugsunarleysi, ég hefði ekki einu sinni staðið hér upp aftur ef hann hefði sagt að því miður hefði þetta verið nokkuð mikið sagt og væri hugsunarleysi.

En þetta er ekkert gamanmál sem hér er á ferðinni. Það bryddar nú þegar á atvinnuleysi á Íslandi á vordögum. Hugsið ykkur það! Við höfum ekki kynnst því áður nú á annan áratug, og á þeim tíma á að sverfa svo að fyrirtækjum að þau hljóta að dragast saman. Einkafjárfesting verður lítil. Það eru svo sárafá fyrirtæki sem eru í uppbyggingu núna. Þau eru alls staðar að dragast saman, þau eru að fara á hausinn og nú á enn að sverfa, að þeim. Þau eiga engar hækkanir að fá eða sáralitlar í kannske hálft ár með a. m. k. 50% verðbólgu, þó að partur af henni sé dulinn, eins og kom fram í umr. í Nd. í dag. Auðvitað er það stórfelld kjaraskerðing sem dynur yfir með þessum hækkunum sem nú eru að koma á opinberu starfseminni og þessum 8% eða hvað það nú verður — kannske 20% hjá einhverjum gælufyrirtækjum og 2% hjá einhverjum öðrum. Auðvitað verður það stórkostleg kjaraskerðing hjá fólkinu, sem fær þessi 8% væntanlega í vísitölubætur 1. júní, en ekkert af hækkununum sem dynja yfir í næsta mánuði, þeim sem byrjar á morgun.

Að því er vextina aftur á móti varðar var t. d. Þorsteinn Pálsson framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambandsins spurður að því á nefndarfundi í gær og þeir sem voru þar fleiri, bæði frá iðnrekendum og Vinnuveitendasambandinu, hvort þeir þekktu til þess að einhvers staðar í rekstri fyrirtækja hefðu vextir lækkað. Þeir sögðust vita til þess, að það hefðu verið lækkaðir vextir á ákveðnum lánum, þau lán fengjust bara alls ekki. Hins vegar hefðu vextir stórhækkað á öðrum lánum. Þorsteinn sagði orðrétt: „Lækkanir hafa orðið á vöxtum af lánum, sem ekki fást, og hækkanir á vöxtum af lánum, sem kynnu að fást.“ Þetta vita allir. Þetta er sami blekkingaleikurinn. Þetta er sú iðja sem menn halda að fólk fari ekki að sjá í gegnum og sé ekki farið að sjá í gegnum. Það er hægt að blekkja fólk í nokkra mánuði. Þessari stjórn tókst það. Ég held að hún hafi verið vinsæl langt fram eftir síðasta ári, en hún er það sannarlega ekki lengur.

Svik eru á svik ofan, undirferli og ósannindi, eins og núna lýsir sér rétt einu sinni í einu og öllu, og svo frumvörp þannig úr garði gerð að formaður fjh.- og viðskn. skýrir þau allt öðruvísi en efnahagsráðunautur ríkisstj., eins og ég gerði grein fyrir í ræðu minni áðan. Þetta kann ekki góðri lukku að stýra. Það sleppur enginn heilskinnaður frá svona vinnubrögðum, enginn maður, hvorki þeir sjálfstæðismenn, sem voru svo ógæfusamir að taka þátt í þessari stjórn, né heldur hinir. Það var skiljanlegt að bæði framsóknarmönnum og Alþb.-mönnum þætti það girnilegt að geta klofið Sjálfstfl. og komið af stað öllum þeim óþverra sem þjóðin hefur orðið að búa við, en þeir fá bara þennan óþverra sjálfir inn á sál sína. Það er ekki hægt að vinna svona. Það er þetta sem er að gerast. Þess vegna er þessi stjórn dauðvona. Þetta hefur aldrei verið ríkisstj. Ég sagði það tveim dögum áður en hún var mynduð að þetta yrði versta ríkisstj. sem hefði setið í sögu lýðveldisins. Og ég hef líka sagt að raunar hafi Gunnar Thoroddsen aldrei myndað neina ríkisstj. vegna þess að þetta hefur aldrei verið ríkisstj. Hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson réttnefndi þetta fyrirbæri. Hann kallaði það uppákomu. Þetta er uppákoma, alveg hörmuleg uppákoma, og ég vorkenni öllum þeim sem eru aðstandendur þessarar uppákomu. (**ÓRG:** Samt eru 80% þjóðarinnar sem styðja þessa ríkisstj. — **EgJ:** Eru það ekki 81%?) Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson segir hvert gullkornið af öðru hér í dag. Ég held að hann hafi aldrei áður verið svona fyndinn. (**ÓRG:** Jú, jú, oft áður.)

Jæja, það er með vaxtalækkun hæstv. forsrh. 1. mars, minnir mig að það hafi verið, var sem sagt tekin upp verðtrygging á öllum lánum eða öllum þeim sem fáanleg eru núna, á þeim er verðtrygging. Verðbólgan er 50% eða svo. Vextir voru yfirleitt þetta um 40% samkv. Ólafslögunum sem voru afnumin með brbl. eða frestað öllu heldur, og síðan var sem sagt ákveðið að verðtryggja innlánin og inn á þessa reikninga streyma nú peningarnir og á vaxtaaukareikninga og útlán eru yfirleitt ekki fáanleg, eins og Þorsteinn Pálsson og raunar fleiri sögðu, úr öðrum reikningum en þessum. Vextir voru við skulum segja í kringum 40% áður. Nú er komin 50% verðbólga — verður það — og það á að borga þó 1% í innlánsvexti og 2.5% í útlánsvexti ofan á þessa verðtryggingu. Ég er ekki mikill reikningsmaður, en mér skilst að vextir hækki eitthvað við þetta. Hér er t. d. hv. þm. Geir Gunnarsson, sem er talnagleggsti maður sem ég þekki: Mundi þetta ekki verða heldur hækkun á vöxtum, kannske um 10—12% eða svo, 10—12 af hundarði, þó líklega heldur meira þarna? Það er líklega um 25% hækkun á vöxtunum sem fyrir voru. 25% ofan á 40, ætli það sé ekki eitthvað nálægt því? Ég veit ekki hvað hæstv. forsrh. segir um þetta. Hann var að lækka vexti nú nýlega og hann ætlar að lækka þá aftur 1. júní og það eru fyrirtæki, skildist mér á honum áðan, hann sagði það beint út, sem kynnu að vera svo vel stödd að þau þyrftu ekki á neinni 8% hækkun að halda á hálfu ári vegna þess að þau spöruðu svo mikið í útgjöldum á vöxtunum. Ég veit ekki hvort þetta gengur upp í huga einhvers manns, en ekki í mínum huga. Hins vegar gengur það allt saman upp að hæstv. ráðh. kemur hér með stóryrði og skammir, óskuþreifandi-reiður, þegar ég ber fram við hann einfalda spurningu og verið er að reyna að greiða fyrir framgangi mála. (**Forsrh.:** Mjög einfalda spurningu?) Mjög einfalda, já, að nefna einhverja starfsgrein eða þá bara fyrirtæki sem ekki þurfi á þessu að halda. Auðvitað talar hann gegn betri vitund eins og venjulega.

Ég skal nú ekki þrátt fyrir allt, af því að það er liðið svona á kvöldið, vera að tefja ykkur mjög mikið, en ég gat ekki stillt mig um að koma hér upp aftur og sýna að það er svo sem hægt að halda þessum fundum gangandi. Við hefðum svo sem ósköp vel getað það, en fyrir góða samvinnu, ekki síst í þessari deild, höfum við viljað greiða fyrir framgangi mála. Það þarf þá auðvitað að vera hæstv. forsrh. sem kemur hér upp og gefur okkur tilefni til að tala hér í alla nótt ef okkur sýndist svo. En ég ætla ekki að verða til þess af þessu tilefni. Ég met manninn satt að segja ekki svo mikils að ég taki mikið mark á því sem hann segir eða gerir.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Það er ekki ófróðlegt fyrir okkur dm. að fylgjast með þeim ástar- og alúðarorðum sem fara hér á milli þeirra flokksbræðranna, hæstv. forsrh. og hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar. Það skortir sannarlega ekki samheldnina þar á milli. Og það er líka fróðlegt að fylgjast með því, hver munur er á málflutningi þessara flokksbræðra og stefnu í þessum efnum, þar sem annar vill leyfa þær hækkanir allar sem um er beðið, en hinn, sem fylgir þeirri stefnu ríkisstj. sem hér er verið að ræða, vill ekki leyfa neinar hækkanir. Svo eru menn að tala um að þessi flokkur sé á leið til sameiningar og sé styrkari og samheldni þar meiri, að manni skilst, með hverjum deginum sem líður og eftir því sem landsfundur flokksins nálgast! Þetta eru sannarlega

áhugaverðar umræður og orðaskipti, að ekki sé meira sagt.

Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson talaði um það áðan að þetta frv. legði stein í götu ríkisstj. Þó svo hann reyndi að klóra í bakkann með það breytir hann ekki því, að þetta orðtak hefur ákveðna merkingu í íslenskri tungu og orð hans áðan breyta að sjálfsögðu ekki nokkrum sköpuðum hlut um það. (**ÓRG:** Ég sagði ekki heldur hv. þm., að leggja stein í götuna.) Við skulum sjá þegar kemur útskrift úr ræðu þm. Ég skrifaði orðrétt það sem hann sagði hér. Þetta frv. leggur stein í götu, sagði hv. þm., og við skulum ekkert vera að fjölyrða meira um það. Þessi ríkisstj. virðist alveg einfær um að leggja steina í sína götu og hún gengur raunar ekki götuna til góðs, heldur fer hún breiða veginn og stöðugt er nú verið að breikka breiða veginn, virðist vera. Hins vegar er rétt að minna hv. þm. Ólaf Ragnar Grímsson á það, sem talaði um að leggja steina í götur og hvernig götur væru steinum lagðar, að einhvers staðar stendur að vegurinn til vítis sé lagður góðum áformum. En þessi ríkisstj. er sem sagt einfær um að leggja stein í þá götu sem hún gengur og þeir steinar verða henni að falli áður en yfir lýkur og það kannske fyrr en síðar.

Hæstv. forsrh. tók þannig til orða áðan að menn væru að heimta hærri vexti. Ef það er rétt, sem hæstv. forsrh. hefur sagt og haldið hefur verið fram af hálfu þessarar ríkisstj., að verðbólgan sé ekki núna nema einhvers staðar á bilinu 30%—40%, — raunar hefur verið nefnd talan 35%, en þegar hæstv. forsrh. kom í útvarpið fyrir skömmu voru notuð orðin 30—40%, — ef það er rétt, sem sagt hefur verið, að þessari ríkisstj. hafi tekist að draga úr verðbólgunni ætti þessi ríkisstj. auðvitað að vera búin að lækka vextina fyrir löngu, en það hefur hún hins vegar ekki gert.

Það er furðulegt þegar hæstv. forsrh. segir það við alþjóð að innlán hafi aldrei á s. l. 7 árum, ef ég man rétt, verið jafnmikil í bankakerfinu og nú er. Af þessu hrósar ríkisstj. sér. Í hinu orðinu er vaxtastefnan, sem ríkisstj. fylgir og kennd er við Alþfl., fordæmd. Ég man ekki betur en hæstv. sjútvrh., formaður Framsfl., hafi í sjónvarpi fyrir nokkru sagt sem svo: Þessi hávaxtastefna Alþfl. sem við glæptumst til að samþykkja. — Sem sagt: Í öðru orðinu er vaxtastefnan fordæmd, en í hinu orðinu hrósar ríkisstj. sér af því sem þessi vaxtastefna hefur haft í för með sér, þ. e. innlán í bönkum hafa ekki verið jafnmikil í langan tíma. Halda hæstv. ráðherrar að almenningur sjái ekki í gegnum svona málflutning? Mér finnst satt að segja furðulegt að beita slíkum rökum og ætlast til að þetta hrífi á fólk og gera sér ekki grein fyrir því, að auðvitað skilur fólk hvað um er að vera. Sem betur fer er svo komið að fólk skilur að í verðbólgu geta ekki verið lágir vextir. Og ég held að sú stefnubreyting, sem varð þegar vextir voru hækkaðir, hafi gert meira en nokkuð annað til að glæða skilning fólks á því, hve háskalegt ástand verðbólga er. Vissulega væri það gleðilegt ef verðbólgan reyndist minni en við ýmsir ætlum. Þá á auðvitað að lækka vextina. Ef það er satt, sem ríkisstj. hefur verið að segja að undanförnu, ætti að vera búið að því fyrir löngu vegna þess að þessir háu vextir voru auðvitað aldrei hugsaðir sem neitt langtímafyrirbrigði. Þeir voru hugsaðir sem liður í varnaraðgerðum til að ná niður verðbólgunni, sem liður í áætlun til að draga úr verðbólgunni. Auðvitað áttu þeir að lækka með verðbólgunni. Það leikur hins vegar á því nokkur vafi hvort ríkisstj. ætlar sér að lækka vextina í samræmi við það sem hún segir að verðbólgan hafi lækkað.

Það er ekki ástæða til að hafa ýkjamörg orð um það frv. sem hér er til umr. því að það er sannarlega hvorki mikið né merkilegt efni sem það flytur. Ríkisstj. ætlar hér enn einu sinni að fara að dæmi strútsins og stinga höfðinu í sandinn, loka augunum og halda að vandamálin hverfi við það eitt. Og það tekur fyrst í hnúkana þegar Dagblaðið, málgagn hæstv. ríkisstj., það sem stutt hefur þessa ríkisstj. dyggilegast af öllum blöðum, ef undan er skilinn kannske Þjóðviljinn, tekur þannig til orða í leiðara um þetta frv., með leyfi forseta, þar segir:

„Snarvitlaust stjfrv. felur í sér sjónhverfingar og skrípaleik. Dæmigerð vinnubrögð manna sem búa í gerviheimi."

Þetta segir Dagblaðið — það blað sem með ráðum og dáð hefur stutt þessa ríkisstj. og sérstaklega hæstv. forsrh. Bragð er að þá barnið finnur.

Sannast sagna var talað um verðstöðvun í brbl. ríkisstj., sem forsrh. las fyrir þjóðina á gamlárskvöld. Í þessu frv. er talað um verðlagsaðhald. Senn kemur nú, held ég, að því að ríkisstj. þrjóti ný orð í þessum efnum. Hins vegar er svo það, að ríkisstj. er gersamlega búin að eyðileggja merkingu þess orðs: verðstöðvun. Það hefur átt að vera verðstöðvun hér í gildi frá áramótum, ströng verðstöðvun, en allur almenningur í þessu landi veit hvernig sú verðstöðvun hefur verið. Hver sending af vöru sem komið hefur í verslanir hefur verið seld á hærra verði en sú sem þar var fyrir. Þetta geta menn einfaldlega sannfærst um með því að fara í stórar kjörbúðir og skoða verðmerkingar á vörum þar. Þetta orð hefur því ekki neina merkingu lengur. Ríkisstj. er búin að eyðileggja þetta orð og kannske ber ekki að harma það sérstaklega vegna þess að í rauninni er ekkert til sem heitir verðstöðvun. Það er frestun á verðhækkunum. Með verðstöðvun er verið að freista þess að byggja stíflu sem menn vita að brestur fyrr eða síðar eða það flæðir yfir hana. Því lengur sem reynt er að halda þessari stíflu, þeim mun stærri verður holskeflan sem yfir skellur.

Það er, herra forseti, ekki ástæða til að lengja þessar umr. verulega. Þetta frv. er hreinlega ekki þess virði. Það er ástæða til að taka undir þau orð, aldrei þessu vant, sem Dagblaðið viðhafði um þetta mál, að hér er um að ræða snarvitlaust stjfrv.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég ætla hvorki að ræða hér um grýttar götur ríkisstj. og hvort verið er að leggja stein í götu ríkisstj. með þessu máli né heldur grýttar götur í Brussel eða Varsjá eða hvort þær eru grýttari í Varsjá eða Brussel. En hæstv. forsrh. vék, án þess að minnast á mitt nafn, svolítið að mínu máli hér og ég vildi aðeins leiðrétta það sem kom fram hjá honum.

Mér fannst hann halda fram að ég hefði verið að krefjast þess, að það væru leyfðar meiri verðhækkanir nú en ríkisstj. hyggst leyfa. Það er fjarri lagi að ég hafi verið að krefjast þess. Ég var að benda á að það eru fjölmargar óafgreiddar verðhækkunarbeiðnir hjá ríkisstj., enda hefur ekki verið leyfð hækkun að mér skilst. Verðlagsráð hefur ekki komið saman í mánuði og ríkisstj. ekki tekið ákvörðun um neinar verðhækkanir, nema á opinberri þjónustu núna síðustu daga. Ég greindi frá hverjar þessar hækkanir væru á opinberri þjónustu. Þær eru fyrir Hitaveitu Reykjavíkur 7%, en hún fór fram á 43%, Landsvirkjun fékk 9% hækkun, en fór fram á 42.5%, Raf-

magnsveita Reykjavíkur fékk 8% hækkun, en fór fram á 20%, Strætisvagnar 10%, en fóru fram á 40%, Póstur og sími fékk 8%, en óskaði eftir 37% og sundstaðir Reykvíkinga fengu 9%, en fóru fram á 7—20%. Það er dálítið merkilegt þetta með sundstaði Reykvíkinga, að þeir skuli fá svona sérstaka hækkun. Hv. þdm. reka kannske upp stór augu yfir þessari miklu hækkun sem ríkisstj. veitir sundstöðum Reykvíkinga. Ástæðan er einfaldlega sú, að þetta vegur ekkert í vísitölunni. Hinir opinberu aðilarnir, sem fá hækkun núna, einir þeirra sem hafa beðið um verðhækkanir í landinu, fá sumir hverjir fimm sinnum minni eða meiri hækkun á sinni þjónustu en þeir óska eftir.

Þó að bent sé á þetta og bent sé á hvað hér er á ferðinni, að hér er augljóslega verið að fresta vandamálum, augljóslega verið að fresta hækkunum til að þessar hækkanir mælist ekki í vísitölunni 1. maí, þarf náttúrlega ekki að vera að snúa þannig út úr málflutningi að segja að verið sé að krefjast þessara hækkana. Þessar hækkanir eru að mörgu leyti nauðsynlegar vegna rangrar stefnu ríkisstj. í verðlagsmálum, vegna þess að fyrirtækin hafa ekki fengið eðlilegar hækkanir eins og innlend verðbólga, sem er mest á ábyrgð ríkisstj., segir til um. Síðan brestur þessi stífla. Allir muna hvaða stífla brast fyrir áramótin. Hér er um að ræða frestun á vanda. Augljóslega er gripið til hennar til að reikna niður vísitöluna — þann verðmæli sem á að fara eftir bæði að því er varðar verðbólgu og eins kaupgjald. Það er náttúrlega mergurinn málsins. Menn eru að fara í kringum kaupgreiðsluvísitölu með þessum og þvílíkum aðferðum.

Ég gæti nefnt hér nokkur dæmi um óafgreiddar verðhækkanir sem eru hjá ríkisstj. Það er t. d. óskað eftir sementshækkun um 19%. Allir vita hvers konar „kómedía" er leikin í Sementsverksmiðjunni. Hún á ekki einu sinni fyrir olíu nema endrum og sinnum. Ég var að hugleiða að flytja brtt. við 1. gr. þessa frv. til að gera svolítið grín að þessari stefnu ríkisstj. Hún yrði eitthvað á þá leið, þrátt fyrir ákvæði 1. gr. skyldi Sementsverksmiðjan að jafnaði eiga fyrir olíu af tekjum sínum. Þess skyldi gætt að Sementsverksmiðjan ætti að jafnaði fyrir olíu af eigin tekjum þrátt fyrir hin vitlausu ákvæði í 1. gr. — En þetta hefur ekki verið afgreitt: Sementshækkun upp á 19%, steypa upp á 25%, skipafarmgjöld upp á 16—30%, vinnuföt, svo að tekin sé almenn neysluvara, upp á 15%. Þessu hefur öllu verið frestað fram yfir 1. maí til þess eins að þessar hækkanir mælist ekki í vísitölunni. Á meðan eru fyrirtækin látin tapa, safna skuldum og allt gert til þess að vísitöluleikurinn geti haldið áfram, menn geti haldið áfram að blekkja með vísitölunni, falsa vísitöluna.

Það er þetta, hæstv. forsrh., sem ég var að gagnrýna. Ég var ekki að krefjast þess, að þessi fyrirtæki fengju öll hækkun núna. Ég held að þessi stefna sé röng, þarna sé um að ræða samspil orsaka og afleiðinga sem erfitt sé að rekja í sundur. En það er alveg augljóst mál, þegar svona er staðið að verðlagningu á opinberri þjónustu, að þarna er maðkur í mysunni, þegar þannig er staðið að verðlagningu á neysluvörum almennings og ýmsum vörum, sem mikilvægar eru, eins og farmgjöldum, steypu og fleira, — ég nefndi dæmi af handahófi um hækkanir sem er frestað fram yfir ákveðinn dag einvörðungu til að falsa vísitöluna. Samt sem áður þætti mér ekki ótrúlegt að kaupgreiðsluvísitöluhækkunin 1. júní yrði nærri 9% og jafnvel meira. Ég held að þar verði meiri hækkun en hæstv. ríkisstj. gerir ráð fyrir í dag. En það kemur í ljós síðar.

Ég skal ekki orðlengja meira um þetta mál að sinni, ef ekki gefst tilefni til, og ætlaði ekki heldur að gera það ef ekki hefðu verið ummæli hæstv. ráðh. Ég hélt satt að segja, að hann ætlaði að svara á hógværan hátt spurningum hv. þm. Eyjólfs Konráðs um framkvæmd 1. gr., sem ég verð að segja að við þm. ýmsir höfum mjög miklar áhyggjur af. Það er þessi meginstefna þessara laga, að heildarverðhækkun í landinu megi aldrei fara fram úr pólitískt ákveðnum mörkum á ákveðnum tíma, án tillits til afkomu fyrirtækjanna í landinu og án tillits til alls, það er þetta sem við höfum áhyggjur af. Við höfum þráspurt um hvernig eigi að framkvæma þetta. Við höfum fengið önnur svör í Nd. en Ed. og í raun, eins og viðurkennt var af sumum stjórnarþm., eru þessi ákvæði eins og þau eru í frv. nánast óframkvæmanleg ef á að fara eftir þessari meginhugsun.

Það skulu vera mín lokaorð efnislega um þetta mál, að ég vona að það verði ekki farið eftir þessum ákvæðum eins og hæstv. ríkisstj. hugsar þau, heldur verði tekið sanngjarnt tillit til afkomu atvinnuveganna í landinu þannig að atvinnuöryggi fólks verði ekki með þessum mjög svo furðulegu verðlagshöftum stefnt í tvísýnu.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Það hefur ýmislegt borið á góma í þessum umr., eins og við var að búast. Því miður var ég ekki hér á fyrstu augnablikum fundarins, en þá mun einhver hafa verið að leggja stein í götu einhvers. Ég missti af því og er því ekki fær um að ræða mikið um það. Ég vil bara segja að mér fannst aths. hv. 11. þm. Reykv. athyglisverðar og kannske það athyglisverðasta sem ég heyrði frá honum hér í kvöld.

En allt slíkt sem þetta og margt fleira, sem mér finnst hafa komið fram í umr. og þá sérstaklega í Nd. í dag, hefur nokkuð dregið athyglina frá aðalatriði málsins í mínum augum. Að vísu hafa málsvarar Sjálfstfl. bent á það, en ég vil leggja aukna áherslu á það nú í þessum orðum mínum, að það er aðalatriðið varðandi það frv., sem hér er til umr., að það hefur litla eða enga þýðingu til viðnáms gegn verðbólgu. Það er ekki stefnumarkandi á neinn hátt, en undirstrikar að ríkisstj. hefur ekki frekar stefnu í efnahagsmálunum en hún hefur áður haft.

Alltaf er það alvarlegt þegar ríkisstj. hefur ekki ákveðna stefnu sem svarar þeim þörfum sem þarf að svara á hverjum tíma. Og vissulega var það áríðandi nú, að ríkisstj. hefði stefnu í efnahagsmálum sem væri til þess fallin að veita raunverulegt viðnám gegn verðbólgu og koma á jafnvægi í stað jafnvægisleysis í efnahagsmálunum. Þetta er þeim mun alvarlegra nú vegna þess að eins og menn muna varð sérstakur einstæður atburður um síðustu áramót sem skiptir töluverðu máli í þessu sambandi. Ég á við gjaldmiðilsbreytinguna.

Það er ekki á hverju ári eða hversdagslegt að slík ráðstöfun sé gerð. Mér er ekki kunnugt að slík ráðstöfun hafi verið gerð frá stríðslokum í nálægum löndum eða löndum, sem við getum á einhvern hátt borið okkur saman við í þessu sambandi, nema í tveim Evrópulöndum, þ. e. í Frakklandi og Finnlandi. Hvers vegna? Vegna þess að það er talið að slíkar ráðstafanir hafi ekki þýðingu nema þær séu liður í víðtækri stefnumörkun og þáttaskilum í efnahagsmálum viðkomandi þjóðar. Meira að segja: ef svo er ekki er því haldið fram og m. a. hefur því verið haldið fram að Seðlabankanum hjá okkur að

það gæti verið olía á verðbólgubálið að framkvæma gjaldmiðilsbreytingu eins og við gerðum nema hún sé liður í víðtækum efnahagsráðstöfunum.

Með tilliti til þessa lögðum við sjálfstæðismenn strax í haust á þessu þingi áherslu á að stefnumörkun ríkisstj. kæmi sem fyrst fram og áður en gjaldmiðlisbreytingin yrði. Það virtist enginn ágreiningur um það milli stjórnarandstöðunnar og ríkisstj. að nauðsyn væri á þessari stefnumörkun. En ríkisstj. taldi sig ekki þess umkomna að koma með þessa stefnu fyrr en um leið og gjaldmiðilsbreytingin var samþykkt. Hún kom ekki með hana fyrr. Hún gaf ekki út brbl. fyrr en á síðasta degi ársins, eins og kunnugt er. En látum nú vera ef þar hefði verið að finna það sem þurfti í þessu sambandi, víðtæka, markvissa stefnumörkun til að koma á jafnvægi í efnahagsmálunum. En það var ekki. Það voru engar langtímaráðstafanir í þá átt. Það var einungis um að ræða nokkrar bráðabirgða- eða skammtímaráðstafanir sem gátu ekki verið í neinu samhengi við langtímaráðstafanir. Ég á við ákvæði brbl. um hina svokölluðu verðstöðvun. Ég á við skerðingu á verðbótum sem gat í sjálfu sér haft þýðingu, en auðvitað var tekið fram að þau ákvæði skyldu afnumin eftir nokkra mánuði. Ég á við ákvæði um að fresta skyldi framkvæmdum ríkisstjóðs.

En þó að þetta væri svo í brbl. gat maður eða vildi vænta þess, að það yrði bætt úr þessu. Þá hefði það átt að ske með frv. því sem hér er til umr. En enn er það svo að þetta frv. fjallar ekki nema um bráðabirgðaráðstafanir eða skammtímaráðstafanir. Í þessu frv. er ekki að finna neinar ráðstafanir eða ákvarðanir sem eru stefnumótandi og geta valdið þáttaskilum í efnahagslífi þjóðarinnar. Það er ekki í þessu frv. neitt um það t. d. að flytja verkefni frá ríkinu til sveitarfélaga eða einstaklinga, til borgara í landinu. M.ö. o.: það er ekkert í þá átt að skapa grundvöll fyrir skattalækkunum. Það er ekkert í þessu frv. sem varðar breytingar á vísitölukerfi því sem við höfum haft við kaupgjaldsákvarðanir. Það er ekkert í þá átt að miða vísitölu við þjóðartekjur í stað þess sem nú er. Það er ekkert gert til að breyta því fyrirkomulagi sem er á fiskverðsákvörðunum, en það er á þann hátt að við ákveðum fiskverð án nokkurs tillits til markaðsverðs, með þeim afleiðingum sem það hefur á efnahagskerfið. Það er ekkert í þessu frv. sem heggur að rótum verðbólgunnar. Það er það alvarlega við þetta frv. því að það var einmitt slíkt frv. sem við þurftum á að halda. Við þurftum á að halda markvissri stefnumörkun sem miðaði að því að ráðast að orsökum verðbólgunnar.

Við erum búnir að fá nóg af meira og minna máttlausum ráðstöfunum og málamyndaráðstöfunum í glímunni við afleiðingar verðbólgunnar. Þær hafa í raun og veru ekki skilað neinum árangri. Í besta tilfelli hafa e. t. v. tvö önnur vandamál verið sköpuð í staðinn þegar leyst hefur verið úr einum vanda. Það er þetta sem er hið alvarlegasta við það sem nú er að ske. Við þurftum á stefnumörkun að halda til að ráða bót á því ófremdarástandi sem íslenskt efnahagslíf er í. En við fáum það ekki með þessu frv., því miður.

Ég tel að það skipti sáralitlu máli, ef í raun og veru þegar öll kurl koma til grafar það skiptir nokkru máli til viðnáms gegn verðbólgu, hvort þetta frv. er samþykkt eða ekki samþykkt. En á þessu frv. og á þeim ráðstöfunum, sem það gerir ráð fyrir, eru slíkir meinbugir að ekki verður við unað. Ég sé ekki ástæðu til að fara að tíunda hér þessa meinbugi. Það hafa í þessari umr. og við 1. umr. í þessari deild gert bæði hv. 3. þm. Norðurl. e. og hv. 5. landsk. þm. En vegna þessara meinbuga munum við sjálfstæðismenn greiða atkv. gegn þessu frv.

Salome Þorkelsdóttir: *Herra forseti. Enn einu sinni* eru á dagskrá ráðstafanir ríkisstj. í efnahagsmálum. Nú bera þær heitið: „Frumvarp til laga um verðlagsaðhald, lækkun vörugjalds og bindiskyldu innlánsstofnana.“ Þegar slík mál koma á dagskrá hér á hv. Alþingi kemur upp merkileg staða í störfum þingsins. Það á allt að gerast með miklum hraða. Það er líkast því að verið sé að senda hraðskeyti frá hæstv. ríkisstj. til hv. þm. og hraðboðinn á að bíða eftir svari og bera til baka með hraði. Nú má vel vera að þetta sé í lagi gagnvart þeim hv. þm. sem teljast til stuðningsmanna hæstv. ríkisstj. Þeir hafa væntanlega haft tækifæri til að fylgjast með undirbúningi málsins og hafa því svarið á reiðum höndum, en við hin, sem tilheyrum stjórnarandstöðunni, erum í dálítið verri stöðu. Við höfum svarið ekki tilbúið fyrir fram þar sem við höfum ekki haft tækifæri til að fylgjast með hugsanagangi hæstv. ríkisstj. eða tekið þátt í að búa til uppskrift að þessari nýju þjóðarköku sem nú á að framreiða handa þjóðinni og á að vera hátíðarkaka 1. maí, á hátíðisdegi verkalýðsins.

Það verða væntanlega margar kökur bakaðar og snæddar á morgun, misstórar og misgóðar. Allir vilja gera vel og reyna að gera sitt besta. En þegar vel á að vanda baksturinn þarf uppskriftin að vera góð og efnið fyrsta flokks, annars fer illa. Venjan er að nota uppskrift frá einni og sömu hendi þó að fleiri standi að bakstrinum. A. m. k. verður smekkur þeirra, sem ætla að blanda deigið, að vera sá sami eða falla vel saman. Það dytti engum í hug að ætla sér að búa til boðlega köku ef uppskriftin væri fengin frá mörgum aðilum með gerólíkan smekk. Úr því fengist aðeins misheppnaður bakstur því að hætt er við að hlutföllin yrðu brengluð, hveitið e. t. v. of mikið, eggin of fá, jafnvel salt í stað sykurs, og svo gæti allt sprungið á lyftiduftinu. Ég gæti trúað að sá, sem stæði með slíka hátíðarköku í höndum 1. maí, mundi ekki treysta sér til að bjóða hana nokkrum manni, jafnvel ekki sjálfum sér. Hvað er þá til ráða? Jú, það verður að reyna aftur, fá nýja og betri uppskrift með réttum hlutföllum og hefja baksturinn á ný.

Herra forseti. Það hefur komið í ljós að hlutföllin í uppskrift hæstv. ríkisstj. að hátíðarkökunni, sem á að færa þjóðinni 1. maí, eru röng. Það hefði verið hægt að bjarga málinu því að þrátt fyrir allt of stuttan tíma hefur tekist að finna betri uppskrift. Þó að hún geti varla orðið ljúffeng, þessi þjóðarkaka, hefði verið hægt að bæta hana með þeim brtt. sem voru lagðar fram í hv. Nd. Því miður báru menn ekki gæfu til að þiggja góð ráð við að baka nýja köku. Þetta hefði orðið betri kaka. Uppskriftin var samin af sérfræðingum sem hafa svipaðan smekk og viðhorf til slíks baksturs og því engin hætta á að hlutföllin yrðu ekki rétt. Hún hefði hvorki sprungið eins og loftbóla af of miklu lyftidufti né orðið klesst af því að það vantaði. Þetta hefði orðið sæmileg þjóðarkaka, miðað við þær aðstæður sem nú ríkja. Ég harma því að hv. þm. Nd. skyldu ekki bera gæfu til að þiggja nýju uppskriftina og forða þannig þjóðinni frá þeim óheillabakstri sem hæstv. ríkisstj. hefur búið til og ætlar að framreiða á morgun, á hátíðisdegi verkalýðsins 1. maí. Ég óttast að hún standi í mörgum og verði erfið að kyngja.

Frsm. 1. minni hl. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Ég átti ekki von á því andríki, sem hér hefur ríkt um hina aðskiljanlegustu hluti í kvöld, þegar þessi umr. hófst. Ég treysti mér alls ekki út í umr. um matargerð eða kökugerð. Ég átti ekki heldur von á því, að þessar umr. mundu snúast að einhverju leyti um vegagerð, og hefur nú farið fram veruleg umræða um það undir fyrirsögninni: „Orðskýringar". Ég átti reyndar ekki heldur von á því, að hér færi fram umræða í orðskýringum. En það er með þessar götur, sem hafa verið til umræðu hér og eru í sérstöku uppáhaldi hjá 11. þm. Reykv., að þær voru víst lagðar fyrir löngu og eru nú aflagðar. Þær voru lagðar fyrir hestvagna. Þær reyndust ekki eins vel þegar umferð fór að aukast og víðast hvar vestan járntjalds hefur nú verið malbikað yfir þær. Ég veit því ekki hvort þetta er líka lýsing á þeirri braut sem ríkisstj. gengur, að það verði valtað yfir hana seinna. En ég ætla ekki að gera þetta að umræðuefni né heldur treysti ég mér til að takast á hendur einkunnagjöf og meta hversu skemmtilegir menn séu, eins og hér var gerð tilraun til áðan.

Það var athyglisvert að forsrh. brá á það lag að tala langt mál um hið einfalda og augljósa, eins og honum er lagið, á flótta frá því sem verið var að ræða. Ég held að það sé óhætt að segja að 1. gr. frv. sem slík veki spurningar. Hún er ekki afleit að öllu leyti, en það, sem virðist vera slæmt einkum og sér í lagi í sambandi við þá grein, er hvernig ríkisstj. túlkar framkvæmd hennar. Nú hafa alþm. og reyndar þjóðin öll slæma reynslu af því, hvernig ríkisstj. heldur á framkvæmd mála, og því var ekki nema von að um væri spurt hvernig framkvæmdinni yrði hagað. Hér hafa staðið upp ýmsir talsmenn ríkisstj. og svarað hver fyrir sig, sitt í hverja áttina. Það eina, sem forsrh. hefur sagt varðandi framkvæmdina, er að heildarupphæðin megi ekki fara fram úr þeim mörkum sem sett eru. Þetta hafði hæstv. forsrh. sagt á nefndarfundi, sagt í Nd. og hefur talað um hér líka. Engu að síður var þetta ekki nægilega skýrt svar varðandi framkvæmd málsins og hv. fulltrúar Sjálfstfl., aðrir en þeir sem sitja í ríkisstj., aðrir en hæstv. forsrh. í fjh.- og viðskn. Ed., beindu þessari fsp. til sérstaks hagfræðiráðunautar ríkisstj., Þórðar Friðjónssonar. Hann svaraði þessu svona, og ég held að það sé rétt að við förum yfir þetta svar aftur:

„Rétt svar við þessari spurningu er að mínu mati þannig, að hver verðákvörðunaraðili lögum og reglum samkvæmt (verðlagsráð, gjaldskrárnefnd o. s. frv.) gerir samþykktir og tillögur sem í heild eru ekki umfram hin ársfjórðungslegu meginmarkmið."

Hér halda menn sig enn við þessa skilgreiningu, en svo kemur framhaldið, og nú held ég að það sé eins gott að menn leggi við hlustirnar svo að menn séu öruggir með það að skilja hvert verið er að fara. Þar segir:

„Á þann hátt verði gert ráð fyrir að ákvörðun viðkomandi verðlagsyfirvalda, óháð öðrum verðákvörðunaraðilum, hvort sem einstakar tillögur fari umfram sett verðlagsmarkmið eða ekki, verði í samræmi við mörkin." Þetta er nú nokkuð löng setning og líklega þýsk að uppbyggingu: „Á þann hátt verði gert ráð fyrir að ákvörðun viðkomandi verðlagsyfirvalda, óháð öðrum verðákvörðunaraðilum, hvort sem einstakar tillögur fari umfram sett verðlagsmarkmið eða ekki, verði í samræmi við mörkin." — Það er enn frekari skýring: „Viðkomandi verðlagsyfirvöld miði því við að samþykktir eða tillögur verði í heild í samræmi við meginmarkmið ríkisstj." — Þetta könnumst við við — „í verðlagsmálum án tillits til þess hvaða ákvarðanir verða síðan teknar af öðrum aðilum í þeim málum."

Ég held að efnisinnihaldið í þessari skýringu sérstaks hagfræðiráðunautar ríkisstj. sé á þá lund, að í hvert skipti sem einhver verðlagsaðili tekur ákvörðun um verðlagshækkun skuli hann gera það óháð því sem aðrir hafa tekið eða munu taka ákvörðun um. Hann skal líka gera það óháð þeim ákvörðunum sem hann muni síðar taka. Honum er hins vegar líklegast frjálst, vegna þess að það er ekki bannað samkv. þessari skilgreiningu, að taka tillit til þeirra ákvarðana sem hann sjálfur hefur áður tekið. Það er ekki tekið fram að það sé bannað. Heildarútkoman úr þessu dæmi á að verða ákveðin tala og heildarútkoman skal verða innan við þessi mörk. Ég held að það sé ekki hægt að fá þá útkomu ef einstök ákvörðun er óháð því, sem þessi stofnun muni gera síðar, og óháð því, sem aðrar stofnanir muni gera. Ef menn eiga að taka þessar ákvarðanir algerlega óháð því, sem aðrir taka ákvarðanir, og óháð því, sem þeir muni sjálfir gera síðar, mun heildarútkoman ekki haldast sérstaklega innan þeirra marka sem að er stefnt.

Nú er það reyndar til þess að gera þessa ákvörðun þessara aðila enn þá erfiðari að það er margyfirlýst að auðvitað verði hækkanirnar mismunandi, — það er eitt af því augljósa sem hæstv. forsrh. hefur mörgum sinnum sagt hv. alþm. í dag og síðustu daga, — en þá verði að vega hverja ákvörðun, sem fer fram yfir, með annarri, sem verði undir. Nú vill svo til að verðlagsákvarðanir hafa mismikið vægi í framfærsluvísitölu. Þá verður sá, sem ákvörðunina tekur, að hafa það í huga. Ég er hræddur um að sá aðili, sem tekur allar ákvarðanir óháð því sem aðrir aðilar gera eða hvað hann muni gera seinna, tekur þær ofan við markmiðið eða neðan við, þar sem ákvarðanirnar vega misþungt í vísitölunni, muni eiga harla erfitt með að láta þetta dæmi ganga upp — og er þá vægt til orða tekið. Við skulum gera okkur grein fyrir því, að verðlagsráð tekur að líkindum ákvarðanir um u. þ. b. 100 verðhækkanir á hverju verðlagstímabili. Hér var lesinn upp listi yfir óskir sem ríkisstj. átti að ákveða og gjaldskrárnefnd að gera tillögur um. Á þeim lista voru, trúi ég, milli 10 og 20 ákvarðanir. Þó hefur væntanlega eitthvað verið leyft á því tímabili sem liðið er. Mér kæmi ekki á óvart þó að hér þyrfti að taka 150 ákvarðanir sem væru óháðar því sem menn muni gera síðar samkv. formúlunni — óháðar því sem aðrir gera, en eiga að vera þeirrar sérkennilegu náttúru, að þó að þær séu alla vega vegna mismunandi þarfar sé heildarútkoman sú sem um hafi verið beðið í upphafi þegar menn standa upp frá öllum þessum óháðu ákvörðunum. Það skyldi þó ekki vera að menn gætu lent í örlitlum bobba í þessum efnum þegar þeir væru búnir að taka svo sem 70—80 ákvarðanir, þá þyrftu þeir aðeins að fara að líta fram á veginn ef þeir ættu ekki að gera mönnum mishátt undir höfði, ef þeir ættu að meta nauðsynina með sama hætti hjá öllum þeim sem um biðja.

Hættan, sem menn hafa verið að tala um varðandi þá framkvæmd sem ríkisstj. hér talar um, vegna þess að hún bindur sig mjög ákveðið við að útkoman skuli vera hin gefna, er sú, að mönnum verði gert mishátt undir höfði, að níðst verði á einhverjum, ekki vegna þess að menn hafi beinlínis langað til þess, heldur vegna þess að þetta reikningsdæmi sé dálítið flókið og ríkisstj. hafi yfirsést að þessar ákvarðanir er ekki hægt að taka óháðar hverja annarri, eins og forskrift hennar gefur tilefni til og segir

fyrir um. Hættan af þessu tagi mundi þá enn fremur vera sú, að það hæfist kapphlaup um að komast inn í kvótann. Hættan mundi vera sú, að þegar þeir, sem sækja um hækkanir, verði þess varir, að svona sé hugmyndin að taka þessar ákvarðanir, og sjái í hendi sér, að þessir blessaðir aðilar muni lenda í blindgötu, muni þeir keppa hver um annan þveran að sækja um hækkanir og hér hefjist eitt allsherjarkapphlaup í ásókn í verðhækkanir. Nú er eftir að vita, úr því að hér er um fleiri en einn aðila að ræða, hvort það gæti líka hafist kapphlaup á milli aðilanna um hvort verðlagsyfirvöld af taginu A eða B nái að nota stærri eða minni hluta af kvótanum sem úthlutað er. Ef menn halda sig við þetta mundi vera komið tvöfalt kapphlaup í þetta óháða kerfi ríkisstj. Um þetta stendur ekkert í lagatextanum. Þetta er sú túlkun sem ríkisstj. hefur borið á borð fyrir alþm. Ég held ég hljóti fyrir hönd þeirra manna, sem hafa áhyggjur af þessu, og fyrir hönd þeirra, sem vilja gjarnan að útkoman verði ekki verri en efni standa til, að bera fram þá ósk að ríkisstj. endurskoði þessar verklagsreglur sínar.

Ég tók eftir því áðan að hæstv. forsrh. tók dæmi af því, að þessi markmið yrðu sett svipuð og vísitalan hefði verið eða hefði reiknast. Í svari ráðunautar ríkisstj. er einmitt tekið fram að svo megi ekki vera. Í svari við síðari spurningunni, sem fram er borin, er tekið fram að markmiðasetningin tengist ekki beint neinni ákveðinni vísitölu fyrir liðinn tíma. Þetta stangast náttúrlega sérstaklega á við það dæmi sem forsrh. var með, en við skulum ekki gera mikið mál úr því.

Ég verð svo að lokum að fara fáeinum orðum um orð sem hæstv. forsrh. o. fl. láta falla í sambandi við vaxtamál og peningamál.

Hæstv. forsrh. hefur talið það meðal sérstakra afreka ríkisstj. að innlán skuli aukast. Allir vita að þetta er afleiðing af þeirri raunvaxta- og verðtryggingarstefnu sem Alþfl. barðist fyrir. En í hinu orðinu talar hæstv. forsrh. og ekki síður ýmsir aðrir stjórnarliðar háðulega um þessa stefnu. En það er ekki bara það. Að hinu leytinu hefur hæstv. ríkisstj. beðið um og fengið samþykkt lög um að hún skuli fylgja þessari raunvaxta- og verðtryggingarstefnu sem hún sjálf fordæmir. Þetta finnst mér ekki sannfærandi málflutningur. Þetta finnst mér að sé málflutningur af því tagi sem eigi ekki að eiga sér stað.

Ég vil líka benda þeim blessuðu mönnum á það, sem mæla gegn raunvaxta- og verðtryggingarstefnu, að þeir eru beinlínis að boða að stolið skuli af sparifjáreigendum og að menn skuli ekki greiða til baka á raunvirði, á raunsannan hátt, það sem þeir fá að láni. Þeir, sem tala gegn raunvaxta- og verðtryggingarstefnu, m. ö. o. eru að boða óheiðarleik í raun og sannleika.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta. Að lokum segi ég einungis það, að ég vona að ríkisstj. beri gæfu til að skoða að nýju hvernig hún ætli að framkvæma 1. gr. laganna, og ég vona að þjóðin eigi eftir að sjá betra framlag til stjórnar efnahagsmála en það lítilsigilda frv. sem hér er til umfjöllunar.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10:6 atkv.
2. gr. samþ. með 10:6 atkv.
3. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 10:6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GB, GTh, JH, ÓRG, ÓlJ, StefG, StJ, DA, GeirG, HS.
nei: GK, LJ, SalÞ, ÞK, EgJ, EKJ.

KSG, KJ, EG greiddu ekki atkv.
1 þm. (TÁ) fjarstaddur.

5. gr. samþ. með 10:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GTh, JH, ÓRG, ÓlJ, StefG, StJ, DA, GeirG, GB, HS.
nei: GK, LJ, SalÞ, ÞK, EgJ, EKJ.

KSG, KJ, EG greiddu ekki atkv.
1 þm. (TÁ) fjarstaddur.
6. gr. samþ. með 10:5 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10:1 atkv.

Efri deild, 90. fundur.

Fimmtudaginn 30. apríl, að loknum 89. fundi.

Verðlagsaðhald o. fl., frv. (þskj. 701 (sbr. 671)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10:6 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 706).

Efri deild, 91. fundur.

Mánudaginn 4. maí, kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Helgi Seljan): Mér hefur borist svohljóðandi bréf:

„Reykjavík, 30. apríl 1981.

Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Reykjavík, Haraldur Ólafsson lektor, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Ólafur Jóhannesson,
5. þm. Reykv."

Haraldur Ólafsson hefur áður átt sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og þarf því ekki að fara fram rannsókn á kjörbréfi hans. Býð ég hann velkominn til starfa.

Almenn hegningarlög, frv. (þskj. 689). — 1. umr.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Fyrr í vetur var lögð fram þáltill. um heimild fyrir ríkisstj. til að fullgilda samning Sameinuðu þjóðanna um varnir gegn töku gísla. Til þess að unnt sé að fullgilda umræddan samning er þörf á að breyta almennum hegningarlögum.

Í þessu frv. er lagt til að bætt verði við 6. gr. almennra hegningarlaga nýjum tölulið, 7. tölulið, svo að unnt sé að auka refsilögsögu Íslands og láta hana þannig taka til brota og brotamanna sem samningurinn fjallar um. Er hér um sams konar breytingar að ræða og gerðar hafa verið í sambandi við fullgildingu ýmissa alþjóðasamninga á undanförnum árum, svo sem Haag-samnings um varnir gegn ólöglegum aðgerðum gegn öryggi flugsamgangna, samnings er gerður var að tilhlutan Sameinuðu þjóðanna um ráðstafanir gegn glæpum sem beinast gegn einstaklingum er njóta alþjóðaverndar og Evrópusamnings um varnir gegn hryðjuverkum.

Að lokinni þessari umr. óska ég að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. allshn. og að það fái afgreiðslu samhliða þáltill.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Tékkar, frv. (þskj. 154, n. 698). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Guðmundur Bjarnason): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. Ed. hefur tekið til umfjöllunar frv. til l. um breyt. á lögum nr. 94 frá 1933, um tékka. Megininntak þessa frv. er það, að kveðið er á um svonefnd skjalalaus greiðsluskipti, en í því hugtaki felst það, að banki eða sparisjóður, sem tekur við tékka á annan banka eða sparisjóð, sendir greiðslujöfnunarstöð, sem í þessu tilfelli er Reiknistofa bankanna, símleiðis færslu í véltæku formi til þess að stöðin geti bókað tékkann á viðskiptareikning viðkomandi reikningshafa. Tékkinn sjálfur er hins vegar geymdur á afgreiðslustað ásamt öðrum bókhaldsgögnum, en ekki sendur í þann banka sem hann er gefinn út á.

Í nefndinni kom fram sú hugmynd að þetta frv. ætti þess vegna e. t. v. að heita hefting á ferðafrelsi tékka, en það var sagt meira í gamni en alvöru.

Þetta er megininntakið í þessu frv. til l. um breyt. á lögum um tékka, að koma á svokölluðum skjalalausum greiðsluskiptum. Þetta hefur m. a. í för með sér að greiðsluskiptin verða miklu fljótvirkari, bókun reikninga á sér stað samdægurs í stað þess að ella gátu liðið margir dagar, jafnvel meira en vika frá því að tékki var gefinn út þar til hann var bókaður á viðkomandi reikning. Fór það eftir póstsamgöngum. Með þessu móti nýtist líka betur allur sá vélakostur sem til er í dag í bönkunum til þess að framkvæma þetta á þann hátt sem þegar er viðtekinn, þ. e. sending upplýsinga á milli greiðslujöfnunarstöðvarinnar og þess banka sem tékkinn er innleystur í. Sá búnaður allur nýtist með þessu móti á löglegan hátt og auðveldar alla meðferð banka á ávísunum.

Nefndin hefur fjallað um frv. og mælir með samþykkt þess. Undir nál. á þskj. 698 skrifa hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, Kjartan Jóhannsson, Guðmundur Bjarnason, Davíð Aðalsteinsson og Lárus Jónsson.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, frv. (þskj. 196, n. 699 og 700). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Í þessu frv. er lögð til framlenging á skatti á skrifstofu- og verslunarhúsnæði sem hér var tekinn upp fyrir tæpum þremur árum. Í samræmi við fyrri afstöðu okkar við afgreiðslu þessa máls í fyrra leggur meiri hluti nefndarinnar til að frv. verði samþykkt.

Frsm. minni hl. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Eins og fram hefur komið þegar þetta mál hefur verið til umr. höfum við sjálfstæðismenn verið andvígir því. Sú var tíðin að við vorum allir andvígir því, þingflokkur Sjálfstfl., en nú er aðeins hluti af þingflokknum andvígur þessu máli. Nál. okkar hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar er á þskj. 700 og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Nefndin hefur fjallað um frv. og varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Undirritaðir nm. eru andvígir frv. Hér er um skatt að ræða sem var fyrst lagður á af vinstri stjórn Ólafs Jóhannessonar og er því hluti af þeim

skattahækkunum sem sú ríkisstj. og núv. ríkisstj. bera ábyrgð á. Við leggjum til að frv. verði fellt."

Ég vil aðeins bæta því við, að þessi sérstaki skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, sem er í eðli sínu afskaplega óréttlátur skattur, er lagður á eignarskattsstofn eins og menn vita. Í morgun voru fjh.- og viðsk.-nefndir á fundi þar sem kom fram að þriðja árið í röð mun verða allveruleg hækkun á öðrum eignarsköttum til ríkisins. Ég held að engum blandist hugur um það, sem hugleiða skattamálin, að eignarskattarnir, skattar á sparnað fólks, á það sem fólk hefur sparað saman, þessir skattar eru óréttlátir. Í rauninni ætti ríkissjóður að láta sveitarfélögunum eftir að leggja fasteignagjöld á fasteignir, en láta þær að öðru leyti óáreittar með skatta.

Ég legg því til, herra forseti, í samræmi við þetta nál. að frv. verði fellt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9:6 atkv.
2.—10. gr. samþ. með 9:5 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KSG, ÓRG, HÓ, StJ, DA, EG, GeirG, GB, JH, HS.
nei: LJ, SalÞ, ÞK, EgJ, EKJ.

5 þm. (KJ, StefG, TÁ, GK,GTh) fjarstaddir.

Skráning á upplýsingum, er varða einkamálefni, frv. (þskj. 2, n. 692, 693). — 2. umr.

Frsm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Allshn. þessarar deildar hefur fjallað ítarlega um frv. til l. um kerfisbundna skráningu á upplýsingum er varða einkamálefni. Nefndin hefur fjallað um þetta mál á 11 fundum og hún sendi það allvíða til umsagnar og ræddi við fjölmarga aðila, m. a. hagstofustjóra, fulltrúa Skýrsluvéla ríkisins og fulltrúa Verslunarráðs Íslands, svo að nokkuð sé nefnt. Leitast var við að taka tillit til umsagna eftir því sem ástæður þóttu gefa tilefni til.

Það kom fljótlega í ljós þegar allshn. fór að skoða þetta frv., að henni þótti frv. nokkuð viðamikið og þessi mál gerð óþarflega flókin. Þótt vissulega sé hér í eðli sínu ekki um einföld mál að ræða er einmitt sérstök ástæða til, þegar verið er í fyrsta skipti að setja lög um málaflokk sem þennan, að reyna að hafa þau ekki flóknari en þarf að vera og eins einföld og ljós og auðið er. Það voru m. a. ákvæðin í frv. um svokallaða tölvunefnd, sem á að hafa umsjón með þessum málum, sem allshn. þóttu ganga fulllangt og ýmislegt benda til að þarna yrði e. t. v. um nýtt stjórnsýslubákn að ræða. Og raunin mun hafa orðið sú, sums staðar a. m. k. á Norðurlöndum þar sem hliðstæðar nefndir hafa verið settar á laggirnar, að þær hafa verið næsta fljótar að hlaða utan á sig og orðið stórar og mannmargar stofnanir. Það vildum við og viljum forðast og að því m. a. miða brtt. okkar.

Allshn. komst fljótlega að þeirri niðurstöðu, að eðlilegt væri og nauðsynlegt að umsemja þetta frv. eða breyta því mjög verulega í átt til einföldunar. Við það starf naut nefndin góðrar aðstoðar þeirra dr. Þorkels Helgasonar dósents og Hjalta Zóphóníassonar deildarstjóra í dómsmrn. Niðurstaða nefndarinnar varð sú að flytja brtt. við hið fyrra frv. Það skal að vísu játað að þær eru nokkuð margar og hv. þm. kann að virðast málið næsta flókið þegar þær brtt. eru lesnar yfir í heild. Sannleikurinn er þó sá, að allt miðar þetta til einföldunar á frv. Hið upphaflega frv. greinist í þætti og kafla, 7 þætti og 13 kafla, en í brtt. nefndarinnar er gert ráð fyrir að það skiptist eingöngu í 10 kafla. Þá voru greinar hins upphaflega frv. 51 talsins, en þeim fækkar í 31 ef brtt. allshn. verða allar samþykktar.

Það er e. t. v. ástæða til, herra forseti, að fara um þetta nokkrum almennum orðum. Þegar löggjöf á borð við þá, sem hér um ræðir, er samin hér, þá er gjarnan leitað til Norðurlandanna um fyrirmyndir, sem er sjálfsagt og eðlilegt. Norðurlöndin hafa hins vegar gjarnan sínar fyrirmyndir frá Þýskalandi eða Frakklandi, einkum þó Þýskalandi, að ég hygg. Því vill það æðioft verða svo, að þegar búið er að semja löggjöf um íslensk efni sem sniðin er eftir löggjöf þessara nágrannaþjóða okkar, þá erum við með löggjöf sem sniðin er upphaflega fyrir þjóðir með nokkra tugi milljóna íbúa, og ekki er ævinlega víst að slík löggjöf og þær meginreglur, sem þar eru settar, henti okkur jafnvel og hinum miklu fjölmennari þjóðum. Þetta hygg ég að hafi að hluta til gerst með þetta frv., sem lagt var hér fram á s. l. hausti og hefur raunar verið flutt tvisvar áður á Alþingi, 1978 og 1980, en ekki náð fram að ganga.

Þær brtt., sem allshn. flytur við þetta frv., miða sem sé fyrst og fremst til einföldunar. Þær miða að því að koma í veg fyrir endurtekningar sem voru allmargar og á fjölmörgum stöðum í frv. Til fróðleiks er ekki úr vegi að geta þess, að við endurskoðun og endursamningu frv. var m. a. notast við tölvu til að auðvelda þá vinnslu og til þess að sjá betur hvernig unnt væri að koma í veg fyrir endurtekningar sem víða eru í frv. Það er auðvitað nokkur vinna að átta sig á öllum þessum 57 brtt. sem allshn. flytur. Engu að síður hygg ég að það muni verða niðurstaða þm. eftir að hafa séð frv. í hinni einfaldari mynd, eins og það væntanlega verður að þessum till. samþykktum, að menn muni ekki velkjast í vafa um að þær till., sem hér er lagt til að samþykktar verði, eru til mjög verulegra bóta. Þær miða fyrst og fremst að því að einfalda málið og koma því í skiljanlegra horf, leyfi ég mér að segja.

Ekki er deilt um nauðsyn þess að setja lög um þessi efni. Um það hefur margoft verið rætt hér á hinu háa Alþingi. Með hverju árinu sem líður eykst tölvunotkun. Öll erum við hér, hvert og eitt, skráð sjálfsagt í margar tölvuskrár og auðvitað hefur í umr. um þessi mál á Alþingi margsinnis verið minnst á nauðsyn þess að varðveita rétt einstaklingsins varðandi ýmiss konar persónulegar upplýsingar. Eins og nýleg dæmi sanna er ekki ólíklegt að mál af þessu tagi verði algengari hér en verið hefur. Er þess skemmst að minnast, að fram hefur komið í blöðum að hér starfa fyrirtæki sem hafa af því framfæri að skrá upplýsingar um lánstraust einstaklinga og selja þær síðan fyrirtækjum og einstaklingum, og auðvitað er það mjög alvarlegt mál fyrir hvern einstakan þjóðfélagsþegn ef inn í slíkar tölvuskrár komast rangar upplýsingar, upplýsingar sem eiga ekki við nein rök að styðjast og geta verulega skaðað álit hans. Þess eru einmitt nýleg dæmi.

En jafnframt því sem þarf að vernda rétt einstaklingsins verður auðvitað hér að fara þann meðalveg, að kostir þessara stórvirku — og ég segi: stórkostlegu tækja nýtist til fullnustu, en jafnframt sé þess gætt, að ekki sé á rétt einstaklinga gengið. Það er víst og sjálfsagt að tölvu-

notkun á eftir að aukast hér eins og annars staðar og sjálfagt getum við ekki látið okkur dreyma um það í dag til hverra nota þessi tæki muni reynast hagkvæm og nýt þegar fram í sækir. Hér er í fyrsta skipti verið að setja löggjöf um flókinn málaflokk og nefndin telur eðlilegt að eftir ákveðinn tíma verði þessi löggjöf endurskoðuð í ljósi fenginnar reynslu. Þess vegna er það ein af till. nefndarinnar að dómsmrh. leggi fyrir Alþingi í þingbyrjun 1984 nýtt frv. til l. um kerfisbundna skráningu á upplýsingum, er varða einkamálefni, og að þessi lög — þ. e. þetta frv. sem væntanlega verður nú að lögum — falli úr gildi í árslok 1985. Eðlilegt hlýtur að teljast að þessi mál verði endurskoðuð eftir ákveðinn tíma þar sem hér er í rauninni um nýtt málasvið að ræða og eðlilegt að í ljósi fenginnar reynslu verði þetta endurskoðað.

Ég held að það sé afar mikilvægt að Alþingi afgreiði þetta frv. nú fyrir þinglok. Það er brýn nauðsyn að setja löggjöf um þessi mál, það má ekki öllu lengur dragast. Eins og ég gat um áðan var frv. um þessi efni fyrst lagt fram undir þinglok 1978, síðan í ársbyrjun 1980, en náði þá ekki fram að ganga. Loks var frv. enn lagt fram á s. l. hausti sem þingmál nr. 2 og vænti ég þess, að við alþm. rekum nú af okkur slyðruorðið í þessu máli og afgreiðum þetta frv. fyrir þinglok.

Brtt. allshn. eru á þskj. 693 og mun ég nú gera nánari grein fyrir þeim. Þær eru, eins og ég áðan sagði, 57 talsins. Þetta er því kannske ekki fljótgert, en ég mun þó reyna, herra forseti, að stytta mál mitt eftir föngum.

1. till. er aðeins um smávægilega orðalagsbreytingu, 1. þáttur verði 1. kafli.

2. brtt. er um að 1. mgr. 1. gr. laganna orðist sem hér segir:

„Lög þessi taka til hvers konar kerfisbundinnar skráningar á upplýsingum varðandi einkamálefni einstaklinga, svo og fjárhagsmálefni einstaklinga, stofnana, fyrirtækja eða annarra lögpersóna sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari. Lögin taka bæði til skráningar af hálfu atvinnurekanda, fyrirtækja, félaga og stofnana og til skráningar á vegum opinberra aðila. Með kerfisbundinni skráningu upplýsinga er átt við söfnun og skráningu ákveðinna og afmarkaðra upplýsinga í skipulagsbundna heild."

Þessi mgr. er að mestu samhljóða 1. mgr. 1. gr. frv. Felld er niður 2. mgr., en efni hennar kemur síðar í frv. Ég ítreka það, að hér er í rauninni ekki um neinar verulegar efnisbreytingar að ræða frá hinu upphaflega frv., þær eru mjög smávægilegar, heldur er hér fyrst og fremst um einföldun að ræða.

3. till gerir ráð fyrir að 2. og 3. gr. frv. falli niður. Þar er aðeins um skilgreiningar að ræða sem einnig koma fram síðar í tillögunum.

4. till. er um að 4. gr. frv. verði 2. gr. og breytist þannig að 1. mgr. falli niður, en hún fjallar um það sem þessi lög eiga ekki að ná til. Síðar í till. nefndarinnar er grein þess efnis, að lögin um kerfisbundna skráningu á upplýsingum, er varða einkamálefni, taki nánast til allrar skráningar í þá veru sem á sér stað. Aðeins er undanþegið það sem er í b-lið þessarar 4. brtt., þ. e. að 2. mgr. þessarar greinar orðist svo:

„Æviskrárritun skv. lögum nr. 30/1956 fellur utan marka laga þessara svo og skráning í þágu ættfræðirannsókna og æviskrárrita."

Þá er gert ráð fyrir að 3. mgr. 4. gr. frv. falli niður. En 3. mgr. hljóðar svo:

„Um þjóðskrá og sakaskrá fer eftir því sem segir í 51. gr."

Í 51. gr. segir:

„Um þjóðskrá og almannaskráningu fer eftir því sem segir í lögum og stjórnvaldsreglum þar um. Sama er að sínu leyti um sakaskrá." En samkv. brtt. allshn. munu þjóðskrá og sakaskrá heyra undir þessi lög um almannaskráningu, eins og eðlilegt hlýtur að teljast, þótt um þær séu raunar sérlög.

5. brtt. er aðeins breyting á kaflafyrirsögn.

6. till. er um að inn komi ný gr. er verður 3. gr. og orðist svo:

„Kerfisbundin skráning upplýsinga, er 1. gr. tekur til, er því aðeins heimil að slík skráning sé eðlilegur þáttur í starfsemi viðkomandi aðila og taki einungis til þeirra er tengjast starfi hans eða verksviði, svo sem viðskiptamanna, starfsmanna eða félagsmanna."

Þetta er enn fremur till. í átt til einföldunar frá þeim ákvæðum sem í frv. eru.

Þá er það 7. brtt. Hún er í þá veru að 5. gr. verði 4. gr., þó þannig að 1., 3., 4. og 5. mgr. falli brott, en í stað 2. mgr. komi eftirfarandi:

„Óheimilt er að skrá upplýsingar, er varða þjóðflokk manna, kynþátt og litarhátt, svo og skoðanir þeirra á stjórnmálum eða einstökum stjórnmálalegum efnum og á trúmálum, nema sérstök lagaheimild standi til þess. Skráning er þó heimil, ef hinn skráði hefur látið í té upplýsingar eða þeirra er aflað með samþykki hans og við þær aðstæður, að honum getur eigi dulist að ætlunin er að skrá þær með þeim hætti er greinir í 3. gr. Það er enn fremur skilyrði, að aðila sé brýn nauðsyn vegna starfsemi sinnar að skrá upplýsingarnar.

Ákvæði 1. mgr. eiga einnig við um upplýsingar varðandi brotaferil manna, kynlíf þeirra og heilsuhagi, notkun þeirra á áfengi og öðrum vímugjöfum og svipuð einkalífsatriði. Opinberum aðilum, þ. á. m. læknum og sjúkrahúsum, er þó heimil skráning án vitundar eða samþykkis hins skráða, standi til þess sérstök lagaheimild eða skráning sé ótvírætt nauðsynleg vegna notagildis skránna, sbr. 3. gr."

Þetta er raunar að verulegu leyti bara staðfesting á því síðastnefnda, staðfesting á þeim reglum sem unnið er eftir nú og hefur verið um alllangt skeið. Breytingin, sem verður þarna á 2. mgr., er einkum sú, að í frv. stendur: „Óheimilt er að skrá upplýsingar, er varða þjóðerni manna, þjóðflokk, kynþátt o. s. frv." Það virðist ekki vera sérstök ástæða til að leggja bann við því að skrá þjóðerni manna. A. m. k. varð það niðurstaða okkar við þessa endurskoðun, að til þess gætu varla verið rök, þó svo að annað gildi um þjóðflokk, kynþátt og litarhátt. Raunar er það svo nú, áður en lög um þetta efni taka gildi, að ýmiss konar furðuleg skráning á sér stað í þjóðskránni. T. d. eru konur giftar varnarliðsmönnum skráðar þar sér og einkenndar með sérstökum hætti í þjóðskrá. Hlýtur það að teljast furðulegt og orka raunar mjög tvímælis.

En þarna falla niður fjórar mgr. og þetta er hin almenna grein í till. nefndarinnar um það, hvaða upplýsingar er bannað að skrá. Þetta er þó í stórum dráttum samhljóða því sem er í upphaflega frv.

8. brtt. gerir ráð fyrir að 6. og 7. gr. falli niður, en efni þeirra greina kemur aftur síðar í þessum till., í liðum 20 og 33.

9. brtt. er aðeins um að kaflafyrirsögn falli brott.

10. brtt. gerir ráð fyrir að 8., 9. og 10. gr. hins upphaflega frv. falli niður, en í stað þeirra komi grein er verði 5. gr. og hljóði svo:

„Söfnun og skráning upplýsinga, sem varða fjárhag manna og lögpersóna eða lánstraust, er óheimil án starfsleyfis er tölvunefnd veitir, enda sé ætlunin að veita öðrum fræðslu um þau efni.

Eigi er heimilt að færa í skrá samkv. 1. mgr. aðrar upplýsingar en nafn manns eða fyrirtækis, heimilisfang, nafnnúmer eða fyrirtækjanúmer, stöðu, atvinnu og upplýsingar, sem tiltækilegar eru á opinberum skrám, án þess að skýra viðkomandi frá þessu. Ef önnur atriði eru tekin á skrá ber aðila að skýra viðkomandi, sem greindur er í fyrsta skipti á skrá, frá þessu innan fjögurra vikna frá skráningu og gera honum grein fyrir heimild hans til að fá skýrslu um efni skráningar, sbr. 11. gr.

Upplýsingar um fjárhag og atriði, er varða mat á lánstrausti, má aðeins láta öðrum í té bréflega. Þegar fastir viðskiptamenn eiga í hlut má þó veita upplýsingar munnlega, en nafn og heimilisfang fyrirspyrjanda skal þá skráð og gögn um það varðveitt í a. m. k. sex mánuði.

Skriflegar upplýsingar, sem veittar eru samkv. 3. mgr., skulu vera dagsettar og eðlilegs fyrningartíma þeirra getið."

Þetta er sem sagt um það, hvað sé heimilt að skrá í sambandi við söfnun og skráningu upplýsinga er varða fjárhag manna og lánstraust, og því er slegið föstu í þessari till., að slík skráning sé óheimil án starfsleyfis er tölvunefnd veitir, en síðar í þessum till. eru ákvæði um tölvunefnd, stöðu hennar og hlutverk.

Þetta er ein af megingreinunum hér sem ákvarðar nákvæmlega hvernig fyrirtæki af þessu tagi, sem veita upplýsingar um fjárhagslega stöðu manna og lánstraust, skuli starfa og hvernig því skuli háttað þegar þau gefa slíkar upplýsingar.

Þá er það 11. till. sem fjallar um nýja grein og er um það atriði gengið nokkru lengra en gert hafði verið í hinu upphaflega frv. Nefndin leggur til að hér komi ný grein er verði 6. gr. og orðist svo:

„Eigi er heimilt að tengja saman skrár, er falla undir ákvæði laga þessara, nema um sé að ræða skrár sama skráningaraðila. Með sama skráningaraðila er hér átt við sama fyrirtæki, félag eða stofnun hins opinbera. Með samtengingu skráa er hér jafnt átt við vélræna sem og handunna færslu upplýsinga milli skráa.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að tengja við skrá upplýsingar um nafn, nafnnúmer, fyrirtækjanúmer svo og heimilisfang eða aðsetur, enda þótt slíkar upplýsingar séu sóttar í skrá annars aðila."

Hér er gengið nokkru lengra en var í upphaflega frv., því að hér er lagt almennt bann við því að tengja saman tölvuskrár. Nefndinni þótti vanta hér fyllri ákvæði, en auðvitað er samtenging tölvuskráa meiri háttar mál sem getur gefið þeim, sem slík gögn hafa á valdi sínu, feiknamiklar upplýsingar, upplýsingar sem er fullkomlega óeðlilegt að tengja saman og ekki til ætlast í upphafi að yrðu nokkurn tíma tengdar saman. Hér segir enn fremur:

„Tölvunefnd getur veitt undanþágu frá ákvæðum 1. mgr. þegar sýnt er fram á að brýna nauðsyn beri til, sbr. 3. gr. og 4. mgr. 16. gr."

Samkv. þessu er sem sagt heimilt að skýra frá upplýsingum ef það leiðir af lögum eða öðrum stjórnvaldsreglum, og 3. gr. á t. d. við um viðskiptamannaskrár hjá þjónustufyrirtækjum sveitarfélaga, eins og rafmagnsveitu og hitaveitu.

12. brtt. er um að á eftir 6. gr. komi nýr kafli með fyrirsögninni: „III. kafli. Skráning upplýsinga og varðveisla þeirra."

13. brtt. er um að inn komi þrjár nýjar greinar sem verði 7., 8. og 9. gr (sbr. 24., 25. og 26. gr.) Það er fyrst a-liður (gr.):

„Beita skal virkum ráðstöfunum, er komi í veg fyrir að upplýsingar séu misnotaðar eða komist til óviðkomandi manna.

Skráðar upplýsingar skal afmá, sem vegna aldurs þeirra eða af öðrum ástæðum hafa glatað gildi sínu, miðað við það hlutverk sem skrá er ætlað að gegna. Skrár, sem sífellt eru í notkun, skulu geyma upplýsingar sem á hverjum tíma eru réttar, en úreltar upplýsingar skal afmá.

Tölvunefnd getur leyft að afrit eða útskriftir úr skrám verði varðveittar í Þjóðskjalasafni eða öðrum skjalasöfnum með nánar ákveðnum skilmálum."

Þetta eru sem sagt fyrirmæli um að afmá skuli úreltar upplýsingar.

Þá er það b-liður (8. gr.):

„Nú hafa upplýsingar eða mat varðandi fjárhag og lánstraust verið látnar í té til annarra og þær reynast rangar eða villandi. Er ábyrgum aðila skv. 5. gr. þá skylt að senda án tafar öllum þeim, sem fengið hafa slíkar upplýsingar frá honum síðustu sex mánuði, svo og hinum skráða, skriflega leiðréttingu. Hinn skráði skal fá í hendur greinargerð frá aðila um hverjum leiðréttingar hafi verið sendar."

Þetta er sem sagt trygging einstaklinganna fyrir því, að leiðrétt verði ef rangt hefur verið skráð. Þessi ákvæði eru í 25. gr. upphaflega frv.

Og þá er það í þriðja lagi c-liður (9. gr.):

„Nú geyma tilteknar skrár upplýsingar, sem líklegt þykir að muni hafa notagildi fyrir erlend ríki, og skal þá koma við öryggisráðstöfunum, sem gera kleift að eyðileggja skrár án tafar, ef styrjöld brýst út eða uggvænt þykir að til styrjaldarátaka komi."

Þetta ákvæði mun sjálfsagt tekið beint upp úr dönsku lögunum um þetta efni. Það þótti svo sem engin ástæða til að amast við því hér þó að menn teldu kannske að ekki væri mjög brýnt að hafa þetta hér.

14. till. er um nýja kaflafyrirsögn: „IV. kafli Um rétt skráðra aðila."

15. till. er um að efni 27. gr. verði í 10. gr.:

„Nú telur aðili að upplýsingar um einkamálefni hans séu færðar í tiltekna skrá. Getur hann þá óskað þess við þann, sem ábyrgur er fyrir skráningu, að honum sé skýrt frá efni upplýsinganna. Er skylt að verða við þeim tilmælum án ástæðulausrar tafar.

Nú telur maður að upplýsingar um hagi sína séu ritaðar í sjúkraála eða önnur sjúkraregistur eða sjúklingaskrár, og vill hann fá vitneskju um efni þeirra. Skal hann þá óska þess við heimilislækni sinn, eða annan þann lækni sem fjallað hefur um heilsuhagi hans, að hann leiti eftir upplýsingum þessum frá þeim sem ábyrgur er fyrir skráningu. Þessi aðili skýrir lækninum frá upplýsingunum svo að honum sé kleift að koma þeim á framfæri við viðkomanda.

Ákvæði 1. mgr. gildir ekki ef hagsmunir hins skráða af því að fá vitneskju um efni upplýsinga þykja eiga að víkja að nokkru eða öllu fyrir ótvíræðum almenningshagsmunum eða öðrum veigamiklum einkahagsmunum. Ef

svo er háttað um nokkurn hluta upplýsinga, en eigi aðra hluta þeirra, þá skal beiðanda veitt vitneskja um þá hluta sem eigi þykir varhugavert að skýra frá.

Tölvunefnd getur ákveðið að skrár séu þegnar undan ákvæðum þessum, ef ætla má að sérregla 3. mgr. muni hafa í för með sér að tilmælum um upplýsingar úr slíkum skrám verði almennt hafnað."

Þetta er sem sagt um rétt hins skráða til að fá upplýsingar sem varða hann sjálfan. Að meginefni er þetta samhljóða 27. gr. upphaflega frv., en tölvunefnd getur samkv. þessu veitt heimild til að skrár séu undanþegnar þessu ef ætla má, eins og segir hér, að tilmælum um upplýsingar úr slíkum skrám verði almennt hafnað.

16. till. er um að 11. gr. frv. orðist sem hér segir:

„Nú telur aðili að upplýsingar um hann séu skráðar samkv. 5. gr., og er þá skráningaraðila skylt að beiðni hans að skýra honum frá efni þeirra upplýsinga og þess mats, sem aðilinn hefur látið frá sér fara til annarra á síðustu sex mánuðum varðandi hagi beiðanda. Aðilanum er einnig skylt að greina hinum skráða frá því, hverjar upplýsingar eru skráðar um hagi hans, þar með talið mat á fjárhag hans.

Nú hefur aðili samkv. 5. gr. í vörslum sínum frekari gögn um skráðan mann eða stofnun en þau sem beiðni lýtur að og er honum þá skylt að gera beiðanda grein fyrir þeim.

Hinn skráði aðili á eigi kröfu til þess, að honum sé skýrt frá því hvaðan upplýsingarnar stafa."

Nauðsynlegt þykir að hafa þetta ákvæði, þessa síðustu mgr., því það mundi, held ég, leiða til óendanlegs þvargs, rifrildis og raunar gera alla slíka starfsemi ókleifa ef menn ættu jafnan kröfu á að vita hvaðan upplýsingar eru komnar. Menn eiga kröfu á því að vita hverjar upplýsingarnar eru, en ekki nauðsynlega hvaðan þær eru komnar. Þetta er að mestu samhljóða frv.

17. till. gerir ráð fyrir að 12., 13. og 14. gr. falli niður. Efni þeirra er komið áður í því sem ég hef gert grein fyrir.

18. till. er um að 15. gr. verði 12. gr. og orðist svo:

„Nú óskar sá, sem tekinn hefur verið á skrá samkv. 5. gr., að skráningaraðili afmái eða leiðrétti atriði, er varða fjárhag hans eða mat á lánstrausti hans, og er honum þá skylt að svara því án ástæðulausrar tafar og í síðasta lagi innan fjögurra vikna frá því að tilmæli bárust.

Nú synjar aðili, sem er ábyrgur fyrir skráningu, tilmælum samkv. 1. málsgr., og getur hinn skráði þá innan fjögurra vikna frá móttöku svars, eða innan fjögurra vikna frá lokum svarafrests samkv. 1. málsgr. óskað eftir því við tölvunefnd, að hún skeri úr um kröfu um afmáingu upplýsinga eða leiðréttingu þeirra. Ákvæði 8. gr. eiga við, ef fallist er á kröfuna."

Ákvæði 8. gr. eru í þessu tilviki um það hvernig senda skuli út leiðréttingar, en hér hefur sá aðili sem orðið hefur fyrir því að um hann eru skráðar rangar upplýsingar aðgang að tölvunefnd ef skráningaraðilinn skirrist við að koma á framfæri eða leiðrétta það sem ranglega hefur verið skráð.

Í 19. brtt. er gert ráð fyrir að 16. gr. falli niður, en 16. gr. er að mestu samhljóða 11. gr.

Í 20. till. er gert ráð fyrir að inn komi ný gr., 13. gr., sem hafi að geyma efni 7. og 18. gr. frv. og orðist svo:

„Nú telur skráður aðili, að upplýsingar um hann í skrám, er lög þessi taka til, séu efnislega rangar eða villandi, og getur hann þá krafist þess, að sá, sem ábyrgur er fyrir skráningu, færi þær í rétt horf eða afmái þær.

Nú telur maður eða fyrirsvarsmaður félags fyrirtækis eða stofnunar, að nafn hans eða félags o. s. frv. sé fært á skrá, sem notuð er til útsendingar dreifibréfa, tilkynninga, auglýsinga eða áróðurs, og getur hann þá óskað þess, að nafnið sé afmáð af viðkomandi skrá og er þá skylt að verða við því.

Nú neitar sá, sem ábyrgur er fyrir skrá, að fallast á kröfu samkvæmt 1. eða 2. málsgr. eða hefur eigi svarað slíkri kröfu innan fjögurra vikna, og getur aðili þá krafist þess, að tölvunefnd kveði á um, hvort kröfu um afmáingu upplýsinga eða leiðréttingu þeirra beri að taka til greina.

Nú fellst tölvunefnd á kröfu manns um leiðréttingu eða afmáingu, og leggur hún þá fyrir skráningaraðila að leiðrétta upplýsingarnar eða afmá þær."

Það gerist æ algengara nú að nöfn einstakra þjóðfélagsþegna, sem eru í félagasamtökum eða áhugamannasamtökum einhvers konar, — nöfn hvers einstaks þjóðfélagsþegns eru í fjölmörgum skrám, félagaskrám áhugamannahópa og því um líkt, — það gerist æ algengara að fyrirtæki eða samtök fái slíkar skrár í hendur og noti þær til að koma á framfæri upplýsingum, auglýsingum eða áróðri. Raunar eru slíkar félagaskrár víða erlendis og kannske einnig hér seldar dýru verði ef því er að skipta. Hér eru sem sagt ákvæði um það, að einstaklingar eiga rétt til þess að verða strikaðir út af slíkum skrám, ef þeir þess óska, skrám sem notaðar eru til að senda áróður, auglýsingar, dreifibréf eða tilkynningar.

21. brtt. er um að kaflafyrirsögn falli niður.

Í 22. till. er gert ráð fyrir að 17., 18. og 19. gr. falli niður, en að hluta til er efni þeirra komið þegar í þessum till., einkum undir 20. lið.

23. till. er einfaldlega um að fyrirsögn falli niður.

24. till. er um að 20., 21., 22. og 23. gr. frv. falli brott. Þar er hreinlega um endurtekningar að ræða sem horfir til einföldunar að fella niður, en breytir ekki neinu efnislega.

25. till. er um að fyrirsögnin „V. kafli Skráning upplýsinga og varðveisla þeirra" falli brott.

26. till. er um að 24., 25. og 26. gr. falli niður. Þar er sömuleiðis um endurtekningar að ræða.

Í 27. till. er lagt til að kaflafyrirsögn falli niður.

28. brtt. gerir ráð fyrir að 27. og 28. gr. frv. falli niður. Þar er sömuleiðis um að ræða ákvæði sem búið er að taka inn og ég hef þegar gert grein fyrir. Þetta er um skráningu upplýsinga í sambandi við sjúkdóma, upplýsinga sem læknar skrá, og horfir einfaldlega til mikillar einföldunar að fella þetta niður þar sem ákvæðin eru þegar komin og engin ástæða til að margendurtaka þau í lögunum.

29. brtt. er um að 29. gr. verði 14. gr. er orðist svo:

„Nú rís ágreiningur eða vafamál vakna í sambandi við heimild manna til að fá upplýsingar samkv. 1. málsgr. 10. gr. eða 11. gr., og má þá leggja málið fyrir tölvunefnd til úrlausnar."

1. málsgr. 10. gr. fjallar um upplýsingar um einkamálefni, sem skráðar eru á tiltekna skrá, og 11. gr. um upplýsingar um fjárhagsstöðu og lánstraust, og þá má sem sagt leggja slík mál fyrir tölvunefnd til úrlausnar. En hér síðar eru ákvæði um það, að úrskurður tölvunefndar er endanlegur og verður ekki skotið til annarrar stjórnvaldsstofnunar, en auðvitað er mönnum ævinlega opið að fara þar dómstólaleiðina og höfða mál.

30. till. er um að inn komi ný gr., 15. gr.:

„Heimilt er skráningaraðila að krefjast sanngjarns

gjalds fyrir veitingu upplýsinga samkv. 1. málsgr. 10. gr. eða 11. gr.“

Hér er aðeins um heimild að ræða til þess að aðilar geti tekið gjald fyrir að veita þær upplýsingar sem um er beðið.

„Tölvunefnd getur sett ákvæði um hámarksgjald í þessu sambandi.“

Í 31. till. er aðeins um fyrirsagnarbreytingu að ræða.

32. till. er um að 30. og 31. gr. falli niður. Þar er sömuleiðis um endurtekningu að ræða, en 30. og 31. gr. frv. eru um skráðar upplýsingar, sem eru látnar í té öðrum einkaaðila en hinum skráða, og ákvæði um það eru þegar komin í þeim till. sem ég hef gert hér grein fyrir.

33. till. er um að ný grein, sem verði 16. gr., komi í stað 6. og 35. gr. frv. Þetta er eins og víðar að það er dregið saman efni úr tveimur eða fleiri greinum og sett í eina grein, allt til einföldunar. Þessi grein orðist svo:

„Eigi má skýra frá upplýsingum úr skrám, er lög þessi taka til, nema með samþykki hins skráða aðila eða skráðra upplýsinga hafi verið aflað með vitund þess skráða og á þann hátt, að honum gat ekki dulist að ætlunin væri að veita öðrum aðgang að upplýsingunum, enda falli slík upplýsingamiðlun undir eðlilega starfsemi skráningaraðilans.

Heimilt er að skýra frá upplýsingum, ef ekki er unnt að rekja þær til ákveðinna einstaklinga eða lögpersóna.

Um miðlun upplýsinga úr skrám, er falla undir 1. málsgr. 5. gr.“ — Það er atriði er varðar fjárhag og lánstraust — „gilda ákvæði þeirrar greinar. Enn fremur skal virða ákvæði 3. málsgr. 10. gr. Þá skerði ákvæði 1. málsgr. ekki ákvæði 3. málsgr. 7. gr.“ — en þau ákvæði fjalla um geymslu skráa í Þjóðskjalasafni og heimildir til þess.

„Heimilt er að skýra frá upplýsingum, sbr. 1. málsgr., leiði slíkt af öðrum lögum eða stjórnvaldsreglum. Enn fremur er heimilt að veita stjórnvaldsstofnun upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna eðlilegrar starfsemi stofnunarinnar. Ekki má þó láta í té upplýsingar sem sérstök þagnarskylda hvílir á samkv. lögum eða stjórnvaldsreglum.“

34. till. er um að 1. málsgr. 32. gr. verði að nýrri grein, 17. gr., en 2. og 3. málsgr. falli brott. Þau ákvæði, sem þar eru, koma síðar. Það er engin efnisbreyting þó að þetta sé fellt hér niður.

35. till. er um að 1. málsgr. 33. gr. verði að nýrri grein, 18. gr., en 2. málsgr. falli brott. 33. gr. frv., 1. málsgr. hljóðar svo:

„Nú er sýnt fram á af hálfu einstaklings, fyrirtækis, félags eða stofnunar, að þessum aðilum sé þörf á tilteknum skráðum upplýsingum vegna ákveðins dómsmáls eða annarra slíkra laganauðsynja, og er þá heimilt að láta í té upplýsingar til þess, sem lagahagsmuni hefur af upplýsingum“ o. s. frv. Þetta ákvæði standi, en niður falli setningin: „Heimilt er að láta í té með nánar tilteknum skilmálum skráðar upplýsingar vegna tiltekinna rannsóknarverkefna.“ Þetta ákvæði fellur niður, en sú heimild er væntanlega á valdi tölvunefndar samkv. þessum till. allshn.

36. till. gerir ráð fyrir að 34. og 35. gr. falli niður og fyrirsögnin „VIII. kafli Skráðar upplýsingar látnar í té til stjórnvaldsstofnana“ falli brott. Efnislega eru öll þessi atriði í till. nefndarinnar svo að ekki er um neinar efnisbreytingar að ræða.

Þá er 37. till. aðeins númerabreyting á kafla.

38. brtt. er um að 36. gr. verði 19. gr. og breytist þannig — 36. gr. upphaflega frv. fjallar um tölvuþjónustu — að 1. málsgr. orðist svo:

„Einstaklingum, fyrirtækjum eða stofnunum, sem annast tölvuþjónustu fyrir aðra aðila, er óheimilt að varðveita eða vinna úr upplýsingum um einkamálefni sem falla undir sérákvæði 4. gr., eða 5. gr., eða undanþáguákvæði 3. málsgr. 6. gr., nema hafa til þess starfsleyfi er tölvunefnd veitir.“

Þá er gert ráð fyrir að 2. málsgr. þessarar greinar verði óbreytt, 3. málsgr. falli niður, en efnislega kemur hún síðar, og 4. málsgr. verði 3. málsgr.

39. till. er um að 37. gr. frv. falli niður, þ. e.: „Umsókn um starfsleyfi skulu fylgja rækileg gögn um fyrirhugaða starfsemi, tækjabúnað, starfslið, húsnæði o. s. frv.“ Eðlilegt þykir að tölvunefnd kynni sér í hverju tilviki hvernig háttað sé með þau fyrirtæki sem sækja um slík leyfi.

40. till. er um að 38. gr. verði 20. gr. og í stað tilvitnunar í 36. gr. komi tilvitnun í 19. gr. Það er sem sagt óbreytt nema tilvitnun breytist.

41. brtt. er um kafla- og númerabreytingu og að 39. gr. frv., sem fjallar um söfnun upplýsinga hér á landi til tölvuúrvinnslu erlendis, verði 21. gr. og 1. og 2. málsgr. orðist svo:

„Kerfisbundin söfnun og skráning upplýsinga um einkamálefni til geymslu eða úrvinnslu erlendis er óheimil.“ — Meginreglan er sú, að þetta er óheimilt, en tölvunefnd getur heimilað söfnun ef sérstaklega hagar til. „Skrá eða frumgögn, sem geyma upplýsingar þær er greinir í 4. gr., má eigi láta af hendi til geymslu eða úrvinnslu erlendis nema samþykki tölvunefndar komi til.“ — Meginreglan er sem sé sú að þetta verði óheimilt, en orðalag í þessum brtt. er nokkru einfaldara en í frv. Gert er ráð fyrir að 3. og 4. málsgr. þessarar greinar haldist óbreyttar.

42. till. er aðeins um númerabreytingu á köflum, að VI. þáttur XI. kafli verði VIII. kafli: Um eftirlit með lögum þessum.

43. brtt. er um að 40. gr. verði 22. gr. og orðist svo:

„Dómsmrh. skal skipa 3 manna nefnd, sem kölluð er tölvunefnd í lögum þessum. Nefndin skal skipuð til fjögurra ára í senn. Formaður hennar skal vera lögfræðingur, sem fullnægir skilyrðum til að vera dómari. Einn nefndarmaður skal vera sérfróður um tölvu- og skráningarmálefni. Varamenn eru skipaðir með sama hætti til fjögurra ára í senn, og skulu varamenn fullnægja sömu skilyrðum sem aðalmenn.“ — Í frv. var gert ráð fyrir að tölvunefnd væri skipuð 3 mönnum. Formaður átti að vera lögfræðingur sem uppfyllti sömu skilyrði og ég taldi upp hér áðan, en tveir nefndarmenn skyldu vera sérfróðir um tölvu- og skráningarmálefni. Okkur í allshn. þótti nægja að formaðurinn væri lögfræðingur, sem uppfyllti þau skilyrði sem hér hafa áður verið greind, og einn nefndarmaður væri sérfróður um tölvu- og skráningarmálefni. Þá væri og ekkert óeðlilegt að þriðji fulltrúinn í nefndinni hefði að leiðarljósi sjónarmið hins almenna borgara án þess að þar kæmi til sérfræðiþekking á tölvumálum.

En þá kemur að næstu málsgr. og þar leggur allshn. til þá breytingu, að starfsmaður dómsmrn. skuli vera ritari tölvunefndar. Með þessu vill allshn. slá því föstu, að tengsl séu á milli tölvunefndar og dómsmrn. Þetta er

m. a. tilraun til að koma í veg fyrir að þessi nefnd verði strax sjálfstæð, sérstæð stofnun. Okkur telst svo til að þetta kunni kannske að vera hálft starf eða minna. Það að vera ritari þessarar tölvunefndar verður þó væntanlega töluvert starf til að byrja með, þegar verið er að koma þessu á laggirnar og móta starfið, en tilgangurinn með þessu er m. a. að tryggja að tölvunefnd verði ekki stjórnsýslubákn út af fyrir sig, eins og hún gæti mjög auðveldlega orðið. Síðan segir:

„Tölvunefnd hefur eftirlit með framkvæmd laga þessara og leysir úr ágreiningsefnum svo sem greinir í lögum þessum."

44. till. er að ný gr., 23. gr., orðist svo:

„Tölvunefnd veitir starfsleyfi samkv. 5. og 19. gr. og heimildir samkv. 3. málsgr. 6. gr., 3. málsgr. 7. gr. og 21. gr." — Þarna er m. a. vikið að heimildum til samtengingar skráa og heimildum til úrvinnslu erlendis. Það eru þau tilvik þar sem mörkuð hefur verið almenn regla. En síðan er tölvunefnd veitt heimild til þess að veita undanþágur þar frá.

Þá segir hér og: „Dómsmrh. getur ákveðið eðlilegt gjald er greiða skal fyrir veitingu leyfa og heimilda samkv. 1. málsgr." Það eru starfsleyfi þau er tölvunefnd veitir fyrirtækjum sem fást við þessa starfsemi.

45. till. er um að 41. gr. falli brott. Þau ákvæði eru þegar komin.

46. gr. er um að 42. gr. verði 24. gr., þó þannig að 1. málsgr. orðist svo:„Ákvæði þessarar greinar gilda um skráningarstarfsemi er fellur undir ákvæði 4. gr. eða 1. málsgr. 5. gr." Það eru enn ákvæðin um skráningu á lánstrausti og fjárhagsástæðum manna.

47. till. er um að 43. gr. falli brott. Það gildir sömuleiðis hér að efni hennar er þegar komið.

48. brtt. er um að 44. gr. verði 25. gr., þ. e. óbreytt, en 44. gr. frv. hljóðar svo: „Úrlausnir tölvunefndar verða eigi bornar undir aðrar stjórnvaldsstofnanir." Hafði ég raunar þegar vikið að þessu ákvæði.

49. till. er um að 45. gr. verði 26. gr., þó þannig að 1. málsgr. orðist svo:

„Tölvunefnd getur sett reglur um form og efni tilkynninga og umsókna samkv. lögum þessum." — Þetta er einfalt framkvæmdaratriði.

50. till. gerir ráð fyrir að 46. gr. falli niður, en í 46. gr. er heimild dómsmrh. til þess að gefa út reglugerð. Að því er vikið síðar, raunar er 57. og síðasta brtt. allshn. í þá veru.

51. brtt. er um að 47. gr. verði 27. gr. óbreytt, en hún fjallar um að tölvunefnd birti öðru hverju skýrslu um starfsemi sína. Hún getur enn fremur birt almenningi umsagnir og álitsgerðir svo og tillögur er hún hefur látið uppi samkvæmt lögunum.

Í 52. till. er um að ræða breytingu á kaflanúmerum.

53. brtt. er um að 48. gr. verði 28. gr. Þarna er aðeins um að ræða breytingar á tilvísunum í a-lið, en í b-lið að 4. málsgr. falli niður. Hún er um það, að nú sé brot framið í starfsemi sem hlutafélag, samvinnufélag eða annað atvinnufyrirtæki hafi með höndum og megi þá leggja sektarrefsingu á félagið sem slíkt.

Í 54. till. er um tilvitnanir að ræða sem breytast, enga efnisbreytingu.

55. till. er um gildistöku og lagaframkvæmd, það er breyting á kaflanúmerum.

56. till. hafði ég raunar vikið nokkrum orðum áður. Hún gerir ráð fyrir að þessi lög taki gildi 1. jan. 1982 og falli úr gildi 31. des. 1985, en dómsmrh. skuli láta endurskoða lögin og leggja frv. þar að lútandi fyrir Alþingi í þingbyrjun haustið 1984. Ég er ekkert að endurtaka þær röksemdir sem ég flutti fyrir þessu áðan, ég hygg að mönnum séu þær ljósar.

57. og síðasta brtt. er um að 51. gr. falli brott. 51. gr. fjallar um þjóðskrá og almannaskráningu og sakaskrá og hafði ég áður vikið að því. Í stað 51. gr. komi ný gr., 31. gr., sem orðist svo: „Dómsmrh. er heimilt að setja reglugerð um framkvæmd laga þessara."

Herra forseti. Ég hef þá lokið við að gera grein fyrir þessum mörgu brtt. allshn. Eins og ég sagði í upphafi þá horfa þær mjög til einföldunar og gera ráð fyrir að frv. styttist úr 7 þáttum og 13 köflum í 10 kafla og að greinum frv. fækki úr 51 í 31 án þess að hér sé um verulegar efnisbreytingar að ræða.

Allshn. leggur til, herra forseti, að þessar brtt. verði samþykktar. Ég endurtek það sem ég sagði áðan, að e. t. v. er erfitt fyrir menn að átta sig á þessu í fljótu bragði þar sem þetta er töluvert flókið, en ég hygg að hv. þm. muni sjá að þessum till. samþykktum, sem ég vona að verði, að hér er um verulega einföldun að ræða og — að ég tel — mikla breytingu til bóta.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Allshn. þessarar deildar hefur unnið mjög merkilegt starf við að endurskoða og umbylta því frv. sem lagt var hér fram af hæstv. dómsmrh. Það efni, sem frv. og brtt. fjalla um, er senn með flóknustu og brýnustu viðfangsefnum í löggjöf í þróuðum samfélögum sem miða að því að vernda rétt einstaklinga gagnvart hinum síauknu möguleikum til að opinberar eða hálfopinberar stofnanir eða fyrirtækjaupplýsingakerfi geti hindrað frelsi þeirra á einn eða annan hátt.

Það er mjög virðingarvert að nefndin skuli hafa lagt í þetta frv. svo mikla vinnu sem kom fram í ræðu hv. þm. Eiðs Guðnasonar. Hins vegar er, eins og hann sjálfur gat um í lok sinnar ræðu, um mjög viðamikið atriði að ræða. Það væri mjög æskilegt ef við þm. þessarar deildar fengjum aðeins tíma til að líta á þessar brtt. og ræða þær nánar við nm., jafnvel hér í umr., og e. t. v. flytja aðrar. Ég vil mælast til þess við hæstv. forseta og einnig frsm. og formann allshn., að þessari umr. verði ekki lokið nú, heldur verði henni frestað, svo að möguleiki sé til þess að skýra nánar einstök atriði og ræða þau betur áður en gengið er til atkvgr. um þær fjölmörgu brtt. sem hér hafa verið lagðar fram. Erindi mitt í ræðustólinn er eingöngu að fara þess á leit við formann allshn. og frsm. og hæstv. forseta, að veittir verði örfáir dagar til þess að við getum skoðað þetta og þá e. t. v. haldið aðeins áfram umr. til nánari skýringar um einstök atriði og kannske flutt viðbótartillögur við þær ítarlegu brtt. sem nefndin hefur flutt, að umr. verði ekki lokið nú, heldur verði henni frestað þar til síðar í þessari viku.

Frsm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Ég held að það sé alveg sjálfsagt að verða við þeirri beiðni sem hv. 11. þm. Reykv. bar hér fram, því að eins og hann sagði er þetta ekki einfalt mál. Ég mun beita mér fyrir því, að í pósthólf þm. verði sett ljósrit af frv. eins og það yrði ef allar brtt. allshn. yrðu samþykktar. Þannig hygg ég að mönnum mundi auðveldast að glöggva sig á því. Það er ekki hægt að dreifa slíku sem þskj., en sem vinnuplaggi í pósthólf þm. má dreifa því, og þá held ég að menn sjái

miklu betur hvernig málið lítur út í heild. Ég mun beita mér fyrir því, að þetta verði gert í dag eða á morgun.

Umr. frestað.

Neðri deild, 87. fundur.

Mánudaginn 4. maí, kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Mér hefur borist svohljóðandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sinnt þingstörfum um sinn leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Vestfjarðakjördæmi, Sigurgeir Bóasson skrifstofustjóri, Bolungarvík, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Steingímur Hermannsson,
2. þm. Vestf."

Sigurgeir Bóasson hefur áður átt sæti á þessu þingi. Býð ég hann velkominn til starfa.

Horfnir menn, frv. (þskj. 7, n. 607, 608). — 2. umr.

Frsm. (Jósef H. Þorgeirsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti allshn. þessarar deildar um frv. til l. um horfna menn. Þessu frv. er ætlað að koma í staðinn fyrir lög um sönnun fyrir dauða manna sem vænta má að farist hafi af slysum, nr. 23 frá 19. júní 1922. Á þeim lögum voru gerðar breytingar með lögum nr. 61 frá 1980 sem í nokkrum tilfellum stytta verulega þá fresti sem ákveðnir eru í þeim lögum sem ég gat um frá árinu 1922.

Nefndin hefur athugað þetta frv. rækilega og fengið til viðræðna við sig ráðuneytisstjórann í dómsmrn. Að þeim athugunum loknum var nefndin sammála um að mæla með því að frv. yrði samþykkt, en að gerðar yrðu á því fjórar breytingar sem stytta fresti samkv. frv. og gera þá öllu meira í takt við það sem ákveðið var með lögum nr. 61 frá 1980. Nefndin er sammála um þessa afgreiðslu málsins og leggur til við deildina að frv. verði samþykkt með þessum breytingum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 samhlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 608,1 samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 608,2 samþ. með 23 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
7.—11. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 608,3 samþ. með 27 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
13. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 608,4 samþ. með 26 shlj. atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
15.—22. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
23. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Hollustuhættir, frv. (þskj. 148, n. 673, 680, 790). — 2. umr.

Frsm. (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um hollustuhætti og hollustuvernd sem liggur hér fyrir deildinni á þskj. 679. Nefndin hefur rætt frv. á 13 fundum og leitað álits fjölmargra sérfróðra manna sem komu á fundi með henni. Nær alla fundi nefndarinnar sátu Ingimar Sigurðsson deildarstjóri í heilbr.- og trmrn., sem jafnframt var formaður undirbúningsnefndar við lagagerðina, og Þórhallur Halldórsson framkvæmdastjóri sem einnig sat í nefndinni. Mikill fjöldi umsagna barst nefndinni, auk þess sem allir þeir aðilar, er að hollustumálum starfa höfðu fengið drög að frv. send áður og skilað áliti sem fullt tillit var tekið til við gerð frv.

Nefndin mælir með samþykkt frv. með þeim breytingum sem lagðar eru fram á sérstöku þskj., nr. 680. Nm. áskilja sér raunar allan rétt til að flytja frekari brtt. eða fylgja brtt. sem fram kunna að koma.

Brtt., sem hér liggja frammi á þskj. 680, eru margar og sýnast harla óárennilegar við fyrsta yfirlit. En eins og hv. þm. sjá er mikill hluti þessara breytinga endurskoðun á svæðaskiptingu nefndanna. Við fyrstu gerð var miðað við svæðisnefndir eins og þær eru í heilsugæslulögum, en við nánari skoðun þótti rétt að gjörbreyta þessu. Nefndirnar eru nú alls 47 og ég held að ég megi fullyrða að þm. hvers kjördæmis hafi farið grannt ofan í þessa skiptingu. Ég vil þó vekja athygli á því, að prentvillupúkinn hefur verið okkur erfiður. Ég vil vekja athygli á því, að á bls. 2 í brtt., sem eru raunar prentaðar upp, er enn einn hreppur úti. Það er við Búðardal á bls. 2, 5. liður, þar vantar enn inn Hvammshrepp, og ég bið menn að færa það inn hjá sér. Ég á þó von á að það þskj. verði lagt fram að nýju.

Ég veit satt að segja ekki hvort ástæða er til að fara í hverja einustu brtt. Ég held þó að nokkur ástæða sé til — vegna þess að nokkuð er nú umliðið síðan talað var fyrir þessu mikla frv. — að rifja aðeins upp hverjar eru helstu nýjungar sem hér eru á ferðinni.

Er þá fyrst að telja að í 1. gr. frv. er lögð til sú stefnuyfirlýsing, að lögunum sé ætlað að skapa grundvöll til að tryggja öllum landsmönnum svo heilnæm lífsskilyrði sem á hverjum tíma eru tök á að veita. Er reynt að marka stefnu um hvernig vinna eigi að þessu, t. d. með því að tryggja sem best eftirlit með öllu er að hollustuháttamálum lýtur.

Þá er gert ráð fyrir að lögin nái yfir alla starfsemi og framkvæmd sem haft getur eða hefur í för með sér mengun lofts, láðs eða lagar. Þar er um algjört nýmæli að ræða, að gert er ráð fyrir að reglugerð skuli sett um mengunarvarnir.

Ein merkileg nýjung er m. a. að það er sagt í frv., í 3. gr., að til þess að stuðla að framkvæmd mengunarvarna setji ráðh. mengunarvarnareglugerð að höfðu samráði við önnur þau rn. sem fara með einstaka málaflokka er snerta umhverfismál. Síðan er sett inn í frv. mjög afgerandi ákvæði um að ekkert sveitarfélag skuli vera án viðhlítandi hollustueftirlits og þjónustu hollustufulltrúa.

Ég vil þó taka fram, eins og menn sjá af brtt., að samkvæmt eindregnum tilmælum munu þessir aðilar óska eftir að heita áfram heilbrigðisfulltrúar. Það er því einungis stofnunin, sem heita mun hollustuverndarstofnun, en menn fá að halda stöðuheitinu heilbrigðisfulltrúar eftir sem áður.

Hollustunefndum er falið að vinna að eftirfarandi verkefnum: bættri hollustuvernd í héraðinu, bættum mengunarvörnum, fræðslu um hollustumál og samvinnu við önnur yfirvöld og aðila sem vinna að þessum málum beint og óbeint. Og síðast en ekki síst er gert ráð fyrir að sérstök stofnun verði sett á laggirnar: Hollustuvernd ríkisins. Þessari stofnun er ætlað að hafa yfirumsjón með hollustueftirliti, matvælaeftirliti, mengunarvörnum og rannsóknum þessu tengdum. Á hún að sjá um framkvæmd þess í samræmi við frv.

Ég vil taka það skýrt fram, að allir þeir aðilar, sem að þessum málum vinna, hafa haft tækifæri til þess að segja sitt álit, og við í nefndinni teljum að tekið sé fyrir það mjög ítarlega, að ein stofnun fari yfir á starfssvið annarrar. Ákvæði eru um að það, sem heyrir undir frv., sé bundið því skilyrði að um það séu ekki ákvæði í öðrum lögum.

Nefndin hefur komist að þeirri niðurstöðu að mæla með að frv. verði samþykkt með þeim brtt. sem hér liggja fyrir. Við teljum að með þessum brtt. hafi frv. tekið verulegum breytingum til bóta.

Ég vil taka fram að nokkur umræða varð um ákvæði til bráðabirgða, sem er á síðustu blaðsíðu í brtt., en það er 9. atriði 15. gr. Sú grein hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Ríkisstj. láti fara fram athugun á hvort sameina eða samræma megi frekar en gert er með lögum þessum starfsemi aðila sem fara með ýmiss konar hollustuhátta- og heilbrigðiseftirlit og eftirlit til varnar skaðlegum áhrifum umhverfis á heilsufar manna. Jafnframt fari fram könnun á möguleikum til frekari samræmingar löggjafar um þessi mál. Skal könnun þessari lokið innan þriggja ára frá gildistöku laga þessara."

Mér þykir rétt að upplýsa að þarna var á ferðinni nokkur hræðsla við að verið væri að ganga nærri Vinnueftirliti ríkisins og komu mjög ákveðin mótmæli frá þeirri stofnun. Við teljum hins vegar að þó að kannað verði hvort ástæða sé til að samræma frekar en gert hefur verið lög sem fjalla um hollustuháttamál, þá sé síður en svo verið að vega að þessari stofnun. Ég hygg því að þetta orðalag, sem að lokum náðist samkomulag um, eigi ekki að valda frekara hugarangri.

Það væri út af fyrir sig hægt að tala um þetta frv. tímunum saman, en ég held, að ég láti hér við sitja, og vænti þess, að hv. deild sjái sér fært að samþykkja frv. með þessum brtt.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til l. um hollustuhætti og hollustuvernd. Gert er ráð fyrir að sett verði á laggirnar sérstök stofnun er sinni því verkefni sem lögin gera ráð fyrir.

Það vekur fyrst athygli mína við lestur þessa frv., að það er gífurlega umfangsmikið, ryðst inn á verksvið margra aðila. Það er ekki gerð tilraun til að afmarka þau á nokkurn hátt við það starfsvið sem ekki er nú þegar í lögum. Glöggt dæmi í því sambandi er Vinnueftirlit ríkisins.

Það vekur einnig athygli, að traðkað er alfarið á sveitarfélögum og þeirri starfsemi sem átt hefur sér stað hjá hverju einstöku sveitarfélagi með heilbrigðisnefndum. Þeim er sópað saman í nefndir eins og nefndaraðilum hefur dottið í hug, í fyrra skiptið þeirri nefnd sem samdi þetta frv., í seinna skiptið þeirri nefnd sem hefur veitt því umsögn.

Það er talað um að nefndirnar eigi að koma saman minnst ársfjórðungslega sem mundi þá þýða að lágmarki fjóra fundi á ári. Í sumum tilfellum er ekki um það að ræða að samgöngur bjóði upp á slíka fundi. Þetta er á sama tíma og ástand í læknamálum, t. d. á Vestfjörðum, er algjörlega óviðunandi.

Þá vekur undrun mína líka í þessu sambandi það valdsvið sem nefndinni er ætlað að hafa. Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa þann kafla því að hann er holl lesning til að átta sig á hvað hér er verið að tala um:

„Til þess að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögum þessum, hollustuverndarreglugerð, mengunarvarnareglugerð, hollustusamþykktum sveitarfélaga eða eigin fyrirmælum samkv. þessum ákvæðum getur hollustunefnd beitt eftirfarandi aðgerðum:

1) Veitt áminningu.

2) Veitt áminningu og tilhlýðilegan frest til úrbóta.

3) Stöðvað viðkomandi starfsemi eða notkun að öllu leyti eða að hluta til, með aðstoð lögreglu ef með þarf."

Það er spurning hvort eigi að ráða lögreglunni, sýslumaður eða nefndin, ef til ágreinings kæmi. Samkvæmt þessu virðist það alveg alfarið að lögreglumönnum beri að hlýða fyrirmælum nefndarinnar.

„Stöðvun skal því aðeins beitt að um alvarlegri tilvik eða ítrekun sé að ræða, eða ef aðilar sinna ekki úrbótum innan tiltekins frests. Sé um slíkt brot að ræða getur hollustunefnd afturkallað starfsleyfi viðkomandi reksturs teljist rík ástæða til.

Þar sem innsiglun er beitt við stöðvun skulu hollustunefndir nota sérstök innsigli er auðkenni þær.

Ef aðili sinnir ekki innan tiltekins frests fyrirmælum hollustunefndar getur hún ákveðið honum dagsektir þar til úr sé bætt. Dagsektir renna í sveitarsjóð. Hámark dagsekta skal ákveðið í hollustuverndarreglugerð og mengunarvarnareglugerð.

Ef aðili vanrækir að vinna verk, sem hollustunefnd hefur fyrirskipað í samræmi við þessi lög og reglur, er nefndinni heimilt að láta vinna verkið á kostnað hins vinnuskylda. Kostnaður skal til bráðabirgða greiddur úr sveitarsjóði, en innheimtast síðar hjá hlutaðeigandi."

Ég vil, með leyfi forseta, gera hér örlítið hlé á lestrinum en vekja athygli á því sem hér er verið að leggja til. Í fyrsta lagi á nefndin að hafa það vald að hún geti skipað sveitarstjórnum að greiða reikninga hafi hún áhuga á því. Það tel ég ákaflega hæpið og mér er ekki ljóst hvernig ætti að framkvæma það verk ef kassinn er tómur.

Það hlýtur einnig að vera matsatriði, ef maður er skikkaður af hálfu nefndarinnar, hvort hann tekur þá ákvörðun að selja sitt fyrirtæki, leggja það niður eða hvort hann á alfarið að hlíta þeim fyrirmælum sem hér koma fram. Að mínu viti er þetta svo hart og svo ósveigjanlegt, að það liggur við að mér detti í hug lögregluríki þegar ég les þetta yfir.

Þá vil ég halda áfram, með leyfi hæstv. forseta:

„Kostnað og dagsektir samkv. 27. gr. 4. og 5. tölul. má innheimta með lögtaki.

Sé vinna sú, sem hollustunefnd lætur framkvæma samkv. 27. gr. 5. tölul., til komin vegna vanhirðu, óþrifa eða heilsuspillandi aðstæðna í húsi, á lóð eða í farartæki

er kostnaður tryggður með lögveðsrétti í viðkomandi húsi, lóð eða farartæki tvö ár eftir að greiðslu er krafist.

Hollustunefndum skal heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits, þ. á m. sýna- og myndatöku, að öllum þeim stöðum, sem lög þessi, hollustuverndarreglugerð, mengunarvarnareglugerð og hollustusamþykkt ná yfir, og geta leitað aðstoðar lögreglu ef með þarf."

Ég geri aftur hlé á lestri, herra forseti. Það er merkilegt atriði, að aldrei er gert ráð fyrir að nefndin leiti til dómstóla. Það er aldrei gert ráð fyrir að hún láti dæma í máli. Það er alfarið gert ráð fyrir að hún hafi dómsvaldið í sínum höndum, hún þurfi aðeins að leita til lögreglu. Þetta er í beinni andstöðu við alla lagasetningu sem verið hefur í landinu og gerir ráð fyrir að ef tvo aðila greini á þurfi að leita til dómstóla og þeir að skera úr. Þarna skal nefndin bæði vera framkvæmdaraðili og dómsaðili eigin mála. Ég mótmæli svona lagasetningarhugleiðingum.

Þá vil ég halda áfram lestrinum:

„Hollustunefndum er heimilt að gefa fyrirmæli um meðferð og notkun matvæla og annarra vara þar sem settum reglum hefur ekki verið fylgt. Nefndirnar geta lagt hald á slíkar vörur og fyrirskipað förgun þeirra teljist slíkt nauðsynlegt."

Hér er náttúrlega ekki um neitt smáræðisvald að ræða, að fyrirskipa förgun á vöru. Það má magnað vera ef ekki er hægt að geyma hana eða það gefist ekki tími til að óska eftir dómsúrskurði í því sambandi. Í sumum tilfellum gæti þarna verið um eyðileggingu á sönnunargögnum að ræða.

„Eftirlitsskyldum aðilum er skylt að veita hollustunefndum allar nauðsynlegar upplýsingar sem krafist er vegna hollustueftirlitsins.

Eftirlitsskyldum aðilum er skylt að afhenda hollustunefndum nauðsynleg sýni vegna hollustueftirlitsins endurgjaldslaust."

Herra forseti. Ég er ekki hissa á því, að það hafi þurft 13 fundi, þó að skörungur hafi setið í formannsstól, við að berja þetta áfram, því að hér er margt sem þyrfti að athuga og skoða áður en þetta yrði afgreitt sem lög.

Ég var að lesa í þessu frv. einnig um ýmis verksvið sem því er ætlað að sinna. Það vakti t. d. athygli mína, að gert er ráð fyrir að eyðing á vargfugli heyri undir þessar nefndir. Það má vel vera að þetta verði afgreitt í hópvinnu, þannig séð að þær taki að sér í sjálfboðaliðsvinnu að fara með skotvopn um landareignir manna og skjóta vargfugl, en e. t. v. er líka með þessu verið að gera því skóna að það eigi að leggja niður þá stofnun sem sér um þetta mál.

En mig undrar það satt best að segja, þegar frv. eins og þetta er lagt fram, að þá skuli ekki gerðar á því lágmarksbreytingar til þess að það lúti þeim eðlilega ramma sem er grundvallaratriði í lagasmíð hér á landi. Fyrst er deilt um hvort lög hafi verið framkvæmd með eðlilegum hætti. Náist ekki einn skilningur á því atriði eru dómstólar látnir skera úr. Þetta er grundvallaratriði varðandi lagasetningu. Ég tel að þegar menn leggja til að þeirri grundvallarreglu verði vísað til hliðar, þá séu þeir jafnframt að leggja til beint eða óbeint að ákveðnir málaflokkar skuli ekki heyra undir dómstóla, þeir skuli ákveðið heyra undir vissar nefndir og að vissri nefnd sé falið þar dómsvald. Í sumum tilfellum hlýtur, hvað sem hver segir, að fara svo að menn leiti réttar síns fyrir dómstólum. Og þá er spurningin hvaða aðili sé ábyrgur fyrir afglöpum nefndar sem hefði slíkt vald með höndum. Hvaða aðili er ábyrgur? Er þá nægilegt að skrifa reikning á sveitarfélagið og láta það borga ef hollustunefnd, eins og hér er verið að leggja til, yrði það á að láta eyðileggja umtalsverð verðmæti í matvælum? Eða er það ætlun flutningsmanna að nefndarmenn séu þá ábyrgir prívat og persónulega og þurfi að greiða það úr eigin sjóði? Það væri fróðlegt að fá fullt svar við þessu vegna þess að mér virðist einsýnt að til þess gæti komið, að einhver yndi ekki þeim úrskurði að fela nefnd eins og þessari dómsvald í sínum málum, jafnvel þó að Alþingi yrði til að samþykkja slíkt sem lög.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22:1 atkv.
Brtt. 680,1 samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 680,2 samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 23:1 atkv.
3. gr. samþ. með 22:1 atkv.
Brtt. 680,3 samþ. með 22:1 atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 24:1 atkv.
Brtt. 680,4 samþ. með 21:1 atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 21:1 atkv.
Brtt. 680,5 (ný 6. gr.) samþ. með 20:2 atkv.
7.—8. gr. samþ. með 22:1 atkv.
Brtt. 680,6 samþ. með 20:1 atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 20:1 atkv.
10. gr. samþ. með 24:1 atkv.
Brtt. 680,7 (ný 11. gr.) samþ. með 24:1 atkv.
12. gr. samþ. með 24:1 atkv.
13. gr. samþ. með 27:1 atkv., að við höfðu nafnakalli, og sögðu

já: RA, SkA, SV, SBó, SteinG, SvG, VG, ÞS, AS, ÁG, BÍG, EH, FÞ, FrS, GS, GGÞ, GHelg, HG, IGuðn, JE, JS, MHM, MB, PP, PJ, PS, SvH.

nei: ÓÞÞ.

SS greiddi ekki atkv.

11 þm. (SighB, AG, BGr, GeirH, GJG, HÁ, HBl, IGísl, JÞ, KP, MÁM) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Í ljósi þess, að mér þykir skattheimta ærin í landinu og mér er ekki kunnugt um að manndauði hafi hlotist af þó ekki væri starfandi stofnun með þessu nafni, og vitandi hitt, að ríkið leggur ekki þá fjármuni til sjúkrastarfsemi úti um land sem því ber að gera samkvæmt lögum, segi ég nei.

Brtt. 680,8 samþ. með 21:1 atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 20:1 atkv.
Brtt. 680,9 (ný 15. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
16. gr. samþ. með 22:1 atkv.
Brtt. 680,10 samþ. með 22:1 atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
18.—21. gr. samþ. með 22:1 atkv.
22. gr. samþ. með 22:1 atkv.
Brtt. 680,11 (ný 23. gr.) samþ. með 21:1 atkv.
Brtt. 680,12 (ný 24. gr.) samþ. með 20:1 atkv.
25.—26. gr. samþ. með 22:1 atkv.
27. gr. samþ. með 21:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GGÞ, GHelg, HG, JE, JS, MHM, MB, PP, PJ, PS, RA, SV, SBó, SvG, ÞS, AS, ÁG, BÍG, FÞ. GS, SvH.

nei: IGuðn, ÓÞÞ.

KP, SS, SkA, SteinG, VG, EH greiddu ekki atkvæði.

11 þm. (GeirH, GJG, HÁ, HBl, IGísl, JÞ, MÁM, SighB, AG, BGr, FrS) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Sú meginregla gildir, að menn eru sóttir að lögum og dæmdir fyrir dómstólum hafi þeir brotið af sér. Ég tel ástæðulaust að afsala því valdi eða þeim rétti einstaklingsins til einhverrar nefndar og segi því nei.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Þar sem samþykkt þessarar greinar í því formi, sem hún er borin upp, mun ekki draga úr neinum rétti neins einstaklings til þess að leita til dómstóla segi ég já.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Vegna þessarar atkvæðagreiðslu og ummæla hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar, skrifara deildarinnar, vil ég láta það koma fram, að hér er ætlunin að setja ákvæði í lög sem á að beita sýkla, en ekki menn. Alþingi hefur jafnan verið þeirrar skoðunar, að draga bæri þar mörk á milli og engin ástæða til þess að sýklar njóti sömu lögverndar og menn. Því segi ég já við þessari grein og vil jafnframt nota tækifærið til að þakka hv. nefnd fyrir vel unnin störf.

28.—29. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
30. gr. samþ. með 24:1 atkv.
Brtt. 680, 13 (ný 31. gr.) samþ. með 24:1 atkv.
32.—33. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
34.—35. gr. samþ. með 25:1 atkv.
Brtt. 680, 14 (ný 36. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 680, 15 (ný ákvæði til bráðabirgða) samþ. með 24:1 atkv.
Brtt. 680, 16 (ný fyrirsögn) samþ. með 25 shlj. atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Dagvistarheimili fyrir börn, frv. (þskj. 546, n. 697). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 21. shlj. atkv.

Frsm. (Ingólfur Guðnason): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá menntmn. Nd. um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 112 frá 1976, um byggingu og rekstur dagvistarheimila. Þetta nál. er stutt. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt. Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Friðjón Þórðarson og Halldór Blöndal.

Þetta frv. gerir ráð fyrir að gerð verði námsskrá á vegum menntmrn. sem kveði nánar á um markmið og leiðir í uppeldisstarfi á dagvistarheimilum í samráði við þá aðila er að uppeldis- og skólamálum vinna.

Ég vil aðeins benda á upphaf grg. með frv., en þar segir: „Með gjörbreyttum þjóðfélagsháttum nú á síðustu áratugum stækkar í sífellu sá hópur barna sem dvelst á dagvistarheimilum fyrstu ár ævi sinnar.“ Það má líta á dagvistarstofnanir sem fyrsta stig skóla. Því sýnist full ástæða til að huga að því hverjum markmiðum og leiðum skuli stefnt að með uppeldisstarfi, sem fram fer á dagvistarheimilum, og að gerð verði ákveðin námskrá fyrir þessi heimili.

Við nm. töldum að þetta frv., þó stutt væri, ætti fullan rétt á sér og mælum með því, að það verði samþykkt eins og það liggur fyrir á þskj. 546.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Söluskattur, frv. (þskj. 688). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Norðurlandasamningur um félagslegt öryggi, frv. (þskj. 522, n. 678). — 2. umr.

Frsm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. er um heimild fyrir ríkisstj. að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um félagslegt öryggi, en þessi samningur var undirritaður í Kaupmannahöfn 5. mars s. l.

Það eru nýmæli í hinum nýja samningi, að tekin eru af öll tvímæli um að hann skuli taka til tryggingagjalda ekki síður en tryggingabóta. Nokkur óvissa hefur verið í þessu efni á undanförnum árum og hefur í sumum tilfellum valdið því, að ýmist hefur átt sér stað tvígreiðsla gjalda eða gjaldfrelsi.

Enn fremur eru í þessum samningi ákvæði um greiðslu ferðakostnaðar manna sem veikjast eða slasast á ferðalögum á Norðurlöndum utan síns heimalands.

Loks má nefna ákvæði um að biðtími annars staðar á Norðurlöndum nýtist þegar úrskurða þarf rétt til viðbótarlífeyris. Gert er ráð fyrir að íslenska lífeyrissjóðakerfið falli undir þennan nýja samning og tengist á þann hátt sameiginlegu kerfi lífeyrissjóða hinna samningslandanna.

Heilbr.- og trn. hefur fjallað um þennan samning og leggur til að frv. verði samþykkt til staðfestingar á samningnum. Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru Pálmi Jónsson, Guðmundur G. Þórarinsson og Pétur Sigurðsson.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Heilbrigðisþjónusta, frv. (þskj. 642). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 23 shlj. atkv.

Lögréttulög, frv. (þskj. 655). — 1. umr.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Frv. til lögréttulaga, sem hér er lagt fyrir hv. Nd., hefur legið alloft fyrir þinginu á undangengnum fimm árum. Ég taldi rétt að leggja það fram nú, þótt liðið sé á þingtímann, svo að skoða mætti það samhliða frv. um breyt. á lögum um meðferð einkamála í héraði sem legið hefur fyrir þinginu frá hausti og nú má ætla að fengið geti afgreiðslu þar sem það hefur fengið góða umfjöllun í nefndum.

Frv. til lögréttulaga hefur tekið ýmsum breytingum frá því að það var fyrst lagt fyrir þingið vorið 1976. Síðast voru gerðar á því nokkrar breytingar er það var lagt fram í febrúarbyrjun 1980. Frv. er nú lagt fram eins og réttarfarsnefnd gekk frá því haustið 1979. Ég hef þó í sjálfu sér ekki tekið afstöðu til þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á frv. 1979 og 1980. Ég á raunar ekki von á að koma muni til verulegrar efnismeðferðar á því í þinginu að þessu sinni.

Ég óska þess, herra forseti, að frv. verði að þessari umræðu lokinni vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Það ber að fagna því að þetta frv. til lögréttulaga hefur nú enn á ný verið lagt fyrir Alþingi þó svo að ljóst sé að það er svo langt á þingtíma liðið að væntanlega gefst ekki kostur á að afgreiða það endanlega nú. Eins og hæstv. dómsmrh. gat um mun þetta vera í fimmta skipti sem þetta frv. er lagt fyrir.

Mestu máli skiptir auðvitað sú grundvallarhugsun í frv. að auðvelda og hraða afgreiðslu smærri mála í gegnum dómskerfið. Hitt virðist vera vandi nú eins og raunar áður, að það er nokkuð á huldu, nokkuð óljóst hvað þetta frv. kemur til með að kosta, hversu mikinn kostnað það hefur í för með sér. Ég hygg að það sé raunar einasti flöskuhálsinn, sem eftir er, og það sé það, sem hv. alþm. muni fyrst og fremst spyrjast fyrir um, og það sé verkefni allshn., sem þetta frv. kemur til með að fá, að fá gerðan upp kostnaðarreikning við framkvæmd þess.

Því miður er þetta frv. svo seint fram komið að væntanlega gefst ekki tími til að afgreiða það nú. Ég vil þó nota tækifærið til að lýsa yfir fyllsta stuðningi við efni þess og þá grundvallarhugsun að flýta málum í gegnum dómskerfið.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. dómsmrh. fyrir að leggja þetta frv. fram því að ég held að það sé merkilegt nýmæli sem í því felst. Hins vegar er málsmeðferðin orðin býsna óvenjuleg. Það er búið að sýna þetta frv. hér hvað eftir annað og alltaf undir vorið. Það hefur aldrei hlotið þá efnismeðferð sem þyrfti hér í þingi og hefur þarafleiðandi aldrei hlotið afgreiðslu, og sýnilegt er að það mun ekki verða á þessu vori fremur en undanfarið. Þess vegna vil ég biðja hæstv. dómsmrh. að hafa hratt á hæli næsta haust og leggja frv. fram tímanlegar svo að það megi hljóta afgreiðslu á næsta þingi því að ég held að það væri fengur að því skipulagi sem það gerir ráð fyrir.

Eins og hv. 9. þm. Reykv. gat um áðan er nokkuð óljóst hvað þetta muni kosta. Þarf að skilgreina það markvissar en gert hefur verið en svigrúm ætti að vinnast til að gera það í sumar.

Ég endurtek þá ósk mína að við fáum að sjá þetta mál fyrr á næsta þingi en venjan hefur verið undanfarið.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Út af ummælum síðasta hv. ræðumanns vil ég aðeins taka fram, að það, sem fyrst og fremst þarf hér að koma til, er að frv. þetta nái athygli og eyrum hv. alþm. Það er ekki forsvaranlegt að gera þessa breytingu á viðkomandi löggjöf nema alþm. sjálfir hafi glöggvað sig á þessari breytingu, vegið hana og metið og gert upp hug sinn og afstöðu til hennar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Landsvirkjun, frv. (þskj. 563). — 1. umr.

Flm. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Undanfarin allmörg ár hefur kaupmáttur launa farið minnkandi hér á landi og kauphækkun sú, sem um var samið fyrri hluta vetrar, hefur nú verið tekin af með lögum ef á heildina er litið. Spáð er að kaupmáttur launa minnki nokkuð á þessu ári miðað við fyrra ár, í besta lagi að kaupmáttur standi í stað og það þrátt fyrir samninga um allnokkrar kauphækkanir.

Þetta gerist þrátt fyrir það að nú fara ytri skilyrði batnandi í fyrsta sinn um nokkurra ára bil. Miklar verðhækkanir hafa orðið í markaðslöndum okkar á skreið og saltfiski og menn vonast eftir hækkun á verði frystra fiskafurða á Bandaríkjamarkaði. Dollarinn hefur styrkst miðað við aðra gjaldmiðla, en það eitt út af fyrir sig hefur mjög góð áhrif á viðskiptakjör okkar og þjóðartekjur. Meiri hluti útflutningsvara okkar er seldur í dollurum, en innflutningurinn er að miklu leyti greiddur í öðrum gjaldmiðlum. Þar við bætist svo að litlar eða engar verðhækkanir hafa orðið á olíuvörum síðasta árið, gagnstætt því sem var á árunum 1978 og 1979, og fer olíuverð nú jafnvel lækkandi.

Viðskiptakjör fóru mjög versnandi bæði árin 1978 og 1979, en fóru heldur batnandi á síðasta ári og heldur sú þróun áfram sem betur fer.

Lífskjararýrnun undanfarinna ára hefur að mestu stafað af versnandi viðskiptakjörum, aðallega vegna olíuverðhækkana á árunum 1978 og 1979. Þar við bætist svo heimatilbúinn verðbólguvandi og margs konar óarðbær fjárfesting, jafnvel fjárfesting sem beinlínis skerðir lífskjör þjóðarinnar, sbr. innflutning skuttogara eins og nú er ástatt með helstu fiskstofna okkar.

Fyrir fáum árum stóðum við í fremstu röð þjóða hvað lífskjör almennings varðar, en nú höfum við dregist verulega aftur úr nágrannaþjóðum okkar mörgum hverjum

sem þó hafa einnig átt við margs konar efnahagslega erfiðleika að etja í kjölfar olíuverðhækkana. Þessari þróun verðum við að snúa við og leita til þess allra tiltækra ráða. Við verðum að beina orku okkar að því að finna skjótvirkar og öruggar leiðir til að auka þjóðarframleiðslu og þjóðartekjur og þá fyrst og fremst í gjaldeyrisskapandi og gjaldeyrissparandi undirstöðuframleiðslu.

Við verðum einnig að hafa það í huga, að aldursskipting þjóðarinnar er slík að mjög mikil fjölgun verður á vinnumarkaði næstu árin. Það er talað um 30 þúsund manns á næstu tveim áratugum umfram þá sem láta af störfum á sama tíma. Við verðum því að stórfjölga atvinnutækifærum í þjóðhagslega arðbærum framleiðslugreinum, ef við viljum ekki missa fólk úr landi í stórum stíl og ef við viljum ekki að öll fjölgunin á vinnumarkaði fari í þjóðhagslega lítt arðbær þjónustustörf. Við getum ekki lifað góðu lífi á því einu að þjónusta hvert annað þótt það sé annars góðra gjalda vert.

Oft er sagt og það með réttu, að þýðingarmiklar auðlindir landsins séu fyrst og fremst þrjár: í fyrsta lagi gróðurmáttur jarðar, í öðru lagi fiskimiðin umhverfis landið og í þriðja lagi orkan í fjallavötnum og jarðvarma. Þar má svo við bæta: vel menntað og vel þjálfað vinnuafl.

Nú standa mál þannig að það er þjóðhagslega óhagkvæmt að auka hefðbundna landbúnaðarframleiðslu og því ekki unnt að auka nýtingu þeirrar auðlindar sem felst í gróðurmætti jarðar. Það er hægt að auka framleiðni í landbúnaði og fjölbreytni framleiðslunnar. Um heildaraukningu framleiðslu landbúnaðarvara verður ekki að ræða í fyrirsjáanlegri framtíð.

Vegna ástands þýðingarmestu fiskstofna okkar getum við ekki á næstu árum reiknað með auknum sjávarafla. Ef við gætum það væri auðvelt að bæta hag alls almennings í landinu með skjótum hætti. Við getum aukið framleiðni í sjávarútvegi og fiskiðnaði og við getum aukið fjölbreytni úrvinnslu sjávarafurða og náð þannig nokkurri aukningu þjóðartekna, vonandi umtalsverðri.

Þótt erfiðlega horfi nú á ýmsum sviðum sjávarútvegs okkar fer það ekkert á milli mála, að hann er og verður um fyrirsjáanlega framtíð styrkasta stoð velmegunar hér á landi og reyndar undirstaða hennar. Um það þarf enginn að fara í grafgötur. Eina meiri háttar auðlind okkar, sem ekki er ýmist fullnýtt eða ofnýtt í dag, er orkan í fallvötnum og jarðvarma. Hún er aðeins að mjög litlu leyti nýtt, eða u. þ. b. 6% af nýtanlegri orku þótt tillit sé tekið til náttúruverndarsjónarmiða. Í þessu eru fólgnir okkar stóru möguleikar í dag og í framtíðinni. Heimsmarkaðsverð á olíu margfaldaðist á síðasta áratug og sú þróun kemur til með að halda áfram þótt hægt hafi á sér í bili, þó ekki væri nema vegna þess að ört gengur á helstu olíulindir jarðar og þær sem auðunnastar eru. Okkar orka hefur þá stóru kosti umfram flesta aðra orkugjafa að hún endurnýjar sig sjálf og er mengunarlaus. Aftur á móti gerir hún lítið gagn meðan árnar renna að mestu óbeislaðar til sjávar og meðan jarðhitinn er hlutfallslega mjög lítið notaður.

Það liggur í augum uppi að tækifæri til að auka þjóðartekjur fljótt og mikið liggja fyrst og fremst í orkufrekum iðnaði. Þar er samkeppnisstaða okkar best og fer batnandi. Þó að stóriðja, eins og við venjulega notum það hugtak, sé auðvitað mjög inni í þessari mynd koma einnig til ýmsir aðrir kostir í orkufrekum iðnaði. Ég nefni t. d. steinullarverksmiðju þá sem mikill áhugi er á að reisa í Þorlákshöfn og reyndar einnig á Sauðárkróki. Hún kemur til með að nota 5.5 mw. afl og hafa 68 manns í vinnu. Þetta er orkufrekur iðnaður sem notar reyndar meira afl en við höfðum yfir að ráða á landinu öllu árið 1933, þótt við flokkum það ekki undir stóriðju í daglegu tali.

Orkufrek iðnfyrirtæki af ýmsum stærðum og gerðum geta risið og eiga að rísa víðs vegar um landið. Möguleikarnir eru margir. T. d. er það svið afar áhugavert þar sem nota þarf mjög háan hita við ýmiss konar framleiðslu. Þar er samkeppnisstaða raforku best samanborið við olíu. Olíunotkun verður mjög óhagkvæm ef nota þarf 2000° hita eða meira, en þar hefur raforkan lítt takmarkaða möguleika. Sem dæmi má nefna framleiðslu á háhitaþolnum efnum, eins og fóðringum hvers konar, múrsteinum í eldhol kynditækja og hitöldum (elementum) í hvers konar rafmagnshitatæki, svo að fátt eitt sé nefnt. Framleiðendur þess konar varnings eru yfirleitt nokkuð lítil fyrirtæki samanborið við önnur í orkufrekum iðnaði, og kemur því vel til greina að staðsetja þau þar sem erfitt er að koma stórum fyrirtækjum við vegna fámennis byggðarlaga.

Á fyrstu dögum þinghalds s. l. haust flutti þingflokkur Alþfl. þáltill. um, eins og þar stendur m. a., með leyfi hæstv. forseta: „Stórfellda aukningu á orkufrekum iðnaði næstu ár til að nýta í ríkari mæli en nú er gert hinar miklu óbeisluðu orkulindir vatnsfalla og jarðhita, bæta lífskjör og auka trausta atvinnu, framleiðslu og útflutning þjóðarinnar."

Í grg. þáltill. segir m. a.: „Tilgangur þessarar till. er að Alþingi ákveði stóraukna hagnýtingu á orkulindum landsins til iðnvæðingar er geti stöðvað afturför lífskjara og tryggt með sem skjótustum hætti batnandi afkomu, aukið atvinnuöryggi, fjölgað atvinnutækifærum og stöðvað landflótta. Beinum tekjum ríkisins af stórum iðjuverum verði síðan varið til uppbyggingar á almennum iðnaði víðs vegar um landið".

Frv. það, sem hér er til umr., er í beinu framhaldi af þessari þáltill. Alþfl. og í beinum tengslum við hana. Það gengur út á breytingu á lögum um Landsvirkjun sem að formi til eru heimildarlög að því er varðar virkjunarframkvæmdir. Breytingar frá gildandi lögum um Landsvirkjun eru tvenns konar. Annars vegar er Landsvirkjun heimilað að byggja og reka orkuver utan núverandi orkuveitusvæða fyrirtækisins og hins vegar eru heimildir til Landsvirkjunar um ákveðnar virkjunarframkvæmdir sem tímasettar eru í grg. frv., með ákveðnum fyrirvörum þó.

Það hefur oft verið talað um nauðsyn þess, að allar meiri háttar virkjanir og meginflutningslínur væru á einni hendi. Þessi stefnumörkun hefur birst í tillögum um að virkjunarsvæði Landsvirkjunar næði til landsins alls og að Landsvirkjun stæði þannig undir nafni. Þess er skemmst að minnast, að núv. hæstv. iðnrh. beitti sér mjög fyrir lagabreytingum í þá átt. Til að ná því marki er nærtækast að fela Landsvirkjun að byggja og starfrækja þær virkjanir sem fyrirhugaðar eru. Þetta lagafrv. gerir ráð fyrir slíkri heimild. Á það ber einnig að líta, að Landsvirkjun býr yfir mestri þekkingu og mestri reynslu á þessu sviði og er því hæfust til að hafa framkvæmdirnar og reksturinn á hendi. Það er því einsýnt að rétt er að fela Landsvirkjun þessi verkefni þótt sum þeirra séu utan núverandi orkuveitusvæða fyrirtækisins. Sjálfsagt þykir og að Landsvirkjun sjái um rekstur allra þessara virkj-

ana, enda fjárhagsleg áhætta af rekstrinum minnst með því móti, m. a. vegna eignar og rekstrar fyrirtækisins á áður byggðum stórvirkjunum. Það er auðveldara og áhættuminna að bæta við núverandi stórrekstur en að byrja frá grunni. Fyrri virkjanir standa með því móti að hluta undir erfiðum rekstri nýrra virkjana fyrstu árin og áhættan dreifist.

Einnig er nauðsynlegt að stjórn sé á einni hendi á því, hvernig hinar ýmsu virkjanir eru nýttar á hverjum tíma, hvernig hver og ein þeirra er þann og þann tímann látin skila orku inn á hið samtengda háspennukerfi landsins. Það þarf m. a. að taka tillit til orkutaps í flutningslínum, en þó fyrst og fremst til þess, hvernig í það og það skiptið er best að nýta vatnsmiðlanir orkuveranna, hvar borgi sig best á þessum eða hinum árstímanum að safna vatnsbirgðum og hvenær árs best er að nota þær.

Aðalatriðið er auðvitað að safna vatni á sumrin til notkunar að vetrinum þegar orkuþörfin er mest, en nýtanleg úrkoma minnst, og að miðla vatni á milli ára. Allt verður þetta að vera undir einni stjórn ef vel á að fara.

Þær nýju heimildir til virkjunarframkvæmda, sem frv. gerir ráð fyrir, eru þessar:

1. Landsvirkjun verði heimilað að stækka Búrfellsvirkjun úr 210 í 315 mw.
2. Landsvirkjun verði heimilað að stækka Hrauneyjafossvirkjun úr 170 í 210 mw.
3. Rýmkaðar verði heimildir til að veita ám ofan Þórisvatns í vatnið.
4. Landsvirkjun verði heimilað að byggja raforkuver við Sultartanga.
5. Landsvirkjun verði heimilað að byggja raforkuver við Blöndu.
6. Landsvirkjun verði heimilað að byggja raforkuver í Fljótsdal.

Heimildir til að byggja ný raforkuver eru með þeim almenna fyrirvara að sýnt verði fram á að nægilegur markaður verði fyrir hendi þegar áætlað er að viðkomandi virkjun hefji orkuframleiðslu.

Áætlað er að fyrsta vélasamstæða Hrauneyjafossvirkjunar hefji orkuframleiðslu um mánaðamótin okt.—nóv. á þessu ári, önnur vélasamstæðan í febr. 1982 og hin þriðja og síðasta snemma árs 1983, en fyrir henni vantar lagaheimild. Samtals verður afl virkjunarinnar þá 210 mw. og áætluð árleg orkuframleiðsla 850 gwst.

Reiknað er með að Hrauneyjafossvirkjun verði fullnýtt árið 1985 án þess að um umtalsverða aukningu á orkufrekum iðnaði verði að ræða. Því mætti þó fresta nokkuð með aukningu vatnaveitna og aukinni vatnsmiðlun á Suðurlandi og í framhaldi af því fjölgun vélasamstæðna í virkjunum sunnanlands. Einnig kemur vel til greina að virkja jarðgufu í Svartsengi mun meira en nú er gert. Þessar aðgerðir tel ég þó að eigi að nýta til að flýta uppbyggingu orkufreks iðnaðar, en ekki til að fresta byggingu orkuvera.

Samkvæmt áætlun orkuspárnefndar vex afl- og orkuþörf til almennra nota um liðlega 7% á ári næstu árin, eða um 120 gwst. á ári, og aflþörfin um 25 mw. á ári að jafnaði. Á fimm ára tímabilinu frá 1980 til 1985 vex þörfin því um 40% eða úr 1478 í 2070 gwst. á ári og aflþörfin úr 296 í 414 mw. Í þessum tölum er enginn orkufrekur iðnaður og ekki gert ráð fyrir að breyta orkunotkun almenns iðnaðar úr olíu í raforku, sem þó hlýtur að verða stefnt að í stórum stíl. T. d. er fráleitt að hugsa sér annað en að skipta yfir í raforkunotkun þegar fiskmjölsverksmiðjurnar taka upp gufuþurrkun í stað eldþurrkunar eins og fyrirhugað er. Er þar um mjög mikla orku að ræða, svo skiptir hundruðum gwst. á ári, eða allt upp undir helming af orkuframleiðslu einnar virkjunar.

Eins og ég áður undirstrikaði er nauðsynlegt að auka mjög uppbyggingu orkufreks iðnaðar af ýmsu tagi og víðs vegar um land ef unnt á að reynast að bæta að marki lífskjör almennings. Ég held að það fari varla á milli mála, að sú stefna nýtur fylgis meiri hluta alþm., og get ég **t. d. vitnað í þáltill. sjálfstæðismanna um aukna stóriðju** og frv. þeirra um ný orkuver. Það verður því að teljast varlega áætlað að aukning raforkuvinnslu til orkufreks iðnaðar þurfi að vera a. m. k. jafnmikil og aukningin til almennra nota. Sú áætlun er ein meginforsenda þess frv. sem hér er til umr. Með því móti verður nauðsynleg árleg aukning raforkuframleiðslu 240 gwst. og nauðsynleg aflaukning 50 mw. á ári að jafnaði.

Í grg. frv. er getið um áætlaðan byggingarkostnað svo og áætlað afl og orkuframleiðslu þeirra þriggja virkjana sem nú er mest talað um, þ. e. Sultartangavirkjunar, Blönduvirkjunar og Fljótsdalsvirkjunar. M. a. vegna upplýsinga, sem fram koma í nýkominni skýrslu Orkustofnunar um vinnslu og flutning raforku til aldamóta, er nauðsynlegt að leiðrétta tölur í grg. Áætlaður byggingarkostnaður Blöndu- og Fljótsdalsvirkjunar er nokkru meiri en þar er talið og þá fyrst og fremst ef ný stóriðja fylgir ekki með. Og áætluð orkuframleiðsla Sultartangavirkjunar er oftalin í grg., aukning orkuframleiðslu Búrfellsvirkjunar vegna stíflugarðs Sultartangavirkjunar er í reynd tvítalin.

Framleiðslukostnaður á hverja orkueiningu í þessum virkjunum er minnstur í Blönduvirkjun, en mestur í Sultartangavirkjun. Aftur á móti er stækkun Búrfellsvirkjunar eða Búrfell II hagstæðastur einstakra virkjunarkosta, sérstaklega eftir aukningu vatnsmiðlana á Suðurlandi. Framleiðslukostnaður raforku í sjáfum virkjununum er þó ekki einhlítur til samanburðar á kostnaði við hinar ýmsu virkjunarleiðir. Þar skiptir miklu máli hvernig ný virkjun fellur að því framleiðslu- og dreifikerfi sem fyrir er, hvort og þá hvar reisa skuli stóriðjuver, hvort Kröfluvirkjun verður með eða ekki og þá með hve mikla orkuframleiðslu. Þannig mætti áfram telja.

Orkustofnun hefur, eins og áður er að vikið, nýlega gefið út fróðlega skýrslu um þessi mál þar sem orkuþörfin og kostnaður við ýmsar virkjunarleiðir er áætlaður allt til næstu aldamóta. Annars vegar er reiknað út frá aukningu raforkuframleiðslu til almennra nota eingöngu. Hins vegar er reiknað með aukinni stóriðju sem þyrfti á að halda 150 mw. afli sem kæmi inn í þremur jafnstórum áföngum á árunum 1986, 1988 og 1990. Reiknað er með að öll aukningin verði á einhverjum einum þriggja staða, þ. e. á Grundartanga, í Eyjafirði eða á Reyðarfirði. Til samanburðar er gott að hafa útreikninga Orkustofnunar um framleiðsluaukningu raforku til almennra nota eingöngu, en að öðru leyti finnst mér að þeir séu óraunhæfir. Uppbygging orkufreks iðnaðar hlýtur að vera með í öllum áætlunum um raforkuframleiðslu framtíðarinnar.

Í skýrslu Orkustofnunar kemur fram að sjálfsagt er að auka vatnaveitur og vatnsmiðlanir á Suðurlandi og þar með að byggja stíflugarð Sultartangavirkjunar. Að öðru leyti kemur fram í þessari skýrslu að hagkvæmast sé að byggja Blönduvirkjun fyrst og síðan Sultartangavirkjun

ef engin aukning stóriðju er með og ef stóriðjufyrirtæki verður reist á Norðurlandi. Ef aukning stóriðju verður fyrst og fremst á Austurlandi er hagkvæmast að byrja á byggingu Fljótsdalsvirkjunar. Ef aukning stóriðjunnar verður á Vesturlandi, þ. e. á Grundartanga hefur Blönduvirkjun aðeins vinninginn yfir Sultartangavirkjun, en þar munar þó sáralitlu eða innan við 1 millj. kr. á núvirði og er þá reiknað með kostnaðarmismun allt til aldamóta. M. ö. o.: mismunurinn er enginn. Reyndar er framleiðslu- og flutningskostnaður á orkueiningu minni í þessu tilviki ef Sultartangavirkjun er byggð á undan Blönduvirkjun.

Í skýrslu Orkustofnunar er kostnaður við framleiðslu og flutning raforku ekki reiknaður út frá þeirri forsendu, að aukning stóriðju verði á Suður- eða Suðvesturlandi, en augljóst er að í því tilviki verður hagkvæmast að Sultartangavirkjun verði fyrst í röð þessara þriggja virkjana.

Mér finnst augljóst að aukning stóriðju muni ekki verða á einhverjum einum stað, eins og miðað er við í útreikningum Orkustofnunar, heldur á nokkrum stöðum á landinu. Mér finnst einnig augljóst að uppbygging margs konar orkufreks iðnaðar muni dreifast um landið. Nauðsynlegt er því að fjölga þeim forsendum sem vinna verður út frá þegar meta á hinar ýmsu virkjunarleiðir þessa og næstu áratuga.

Eðlilegur undirbúningur hverrar virkjunar er þrjú ár í rannsóknir og síðan fimm ár í hönnun, útboð og framkvæmdir. Ef reiknað er með árlegri aukningu orkunotkunar sem nemur 50 mw. og 240 gwst. verða allar þrjár virkjanirnar, sem um hefur verið rætt, fullnýttar árið 1993 og þá þarf enn ein virkjun að taka til starfa. Til að ná þessum markmiðum í orkuaukningu þarf:

Í fyrsta lagi að setja upp þriðju vélasamstæðu Hrauneyjafossvirkjunar og þarf hún að vera tilbúin til orkuframleiðslu í ársbyrjun 1983. Um það held ég reyndar að allir séu sammála.

Í öðru lagi þarf að hefjast strax handa um gerð vatnaveitna til að auka verulega aðrennsli í Þórisvatn. Og til að auka miðlunarmöguleika vatnsins, ekki bara milli árstíða, heldur og milli ára, þarf að hækka stíflugarð og þar með yfirborð vatnsins og dýpka frárennslisskurð þess.

Í þriðja lagi þarf að auka afl Búrfellsvirkjunar að hluta til með því að skipta um vatnshjól núverandi virkjunar, sem áætlað er að auki afl hennar úr 210 í 240 mw., og að hluta með því að fjölga vélasamstæðum í núverandi virkjun eða með því að byggja nýja virkjun sem nefnd hefur verið Búrfell II. Skipta ber út vatnshjólum núverandi virkjunar strax og nauðsynlegar tilraunir með þau hafa farið fram, en ekki skal hér fullyrt hvenær í röð virkjana hagkvæmast er að stækka Búrfellsvirkjun að öðru leyti eða byggja Búrfell II.

Í fjórða lagi þarf að hefja framkvæmdir við Sultartangavirkjun strax í sumar og í beinu framhaldi af vinnu við Hrauneyjafossvirkjun. Sultartangavirkjun þarf að vera tilbúin til orkuframleiðslu árið 1985.

Í fimmta lagi þarf að hefja undirbúning og framkvæmdir við Blönduvirkjun strax og viðunandi samkomulag næst við landeigendur, þó eigi síðar en 1982, í allra síðasta lagi árið 1983. Sú virkjun þarf að vera tilbúin til orkuframleiðslu árið 1987. Auðvitað verður að freista þess að ná samkomulagi við landeigendur, en það er ekki hægt að mínu mati að bíða eftir því samkomulagi í mörg ár. Þjóðarhagur hlýtur að mega sín meira en raunverulegir eða ímyndaðir hagsmunir fárra manna.

Í sjötta lagi þarf að halda áfram rannsóknum og undirbúningi Fljótsdalsvirkjunar og hefja útboð og framkvæmdir strax og samið hefur verið við stóran orkukaupanda eða stóra orkukaupendur á Austurlandi, þó eigi síðar en 1984. Sú virkjun þarf að vera tilbúin til orkuframleiðslu árið 1989.

Í sjöunda lagi þarf að halda áfram undirbúningsrannsóknum vegna ýmissa virkjunarkosta svo að unnt verði að velja úr og taka endanlegar ákvarðanir um enn frekari virkjanir eigi síðar en árið 1987. Til að það verði unnt þarf að hefja undirbúningsrannsóknir á allmörgum nýjum virkjunarkostum sem allra fyrst.

Í áttunda lagi þarf að hefjast strax handa um könnun á möguleikum til uppbyggingar orkufrekra iðnfyrirtækja af ýmsum stærðum og gerðum sem staðsett verði víðs vegar um landið. Sú uppbygging þarf að haldast í hendur við byggingu stórvirkjana þannig að orkukaupendur verði til þegar orkuver eru tilbúin til starfrækslu og að orka verði til þegar orkufrekur iðnaður þarf á að halda.

Til að annast þetta þarf Alþingi strax að kjósa nefnd sjö þm. eins og þáltill. Alþfl. frá s. l. hausti gerir ráð fyrir, en þar segir um þetta m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Nefndin skal hafa náið samstarf við yfirvöld orkumála og umhverfisverndar. Hún skal skila Alþingi og ríkisstj. skýrslum um valkosti, m. a. varðandi gerð og stærð iðjuvera, staðsetningu, fjármögnun, hugsanlegt samstarf við erlenda aðila, fjölda atvinnutækifæra og annað er áhrif hefur á þjóðarhag.“

Sannleikurinn er sá, að ekkert — alls ekkert — hefur verið unnið að markaðsmálum nú um allmörg ár og því er nauðsynlegt að hafa um það snör handtök að bæta þar úr.

Vegna Sultartangavirkjunar má m. a. benda á:

Í fyrsta lagi, að undirbúningur þeirrar virkjunar er lengst á veg kominn og er hún eina virkjunin sem gæti með góðu móti tekið til starfa árið 1985.

Í öðru lagi, að engar deilur eru uppi sem tafið gætu eða truflað framkvæmdir, eins og því miður er raunin á um Blönduvirkjun.

Í þriðja lagi, að ákvörðun um virkjun við Sultartanga er ekki háð því, að búið sé að semja um orkusölu til orkufreks iðnaðar, eins og raun er á um Fljótsdalsvirkjun og reyndar að hluta um Blönduvirkjun.

Í fjórða lagi, að mikil reynsla er fengin af virkjunarframkvæmdum á vatnasvæði Tungnaár og Þjórsár.

Í fimmta lagi, að vegir, háspennulínur, vinnubúðir og vinnutæki eru að mestu leyti fyrir hendi á virkjunarsvæðinu.

Í sjötta lagi, að vel þjálfað starfsfólk með margra ára reynslu er á virkjunarsvæði Suðurlands, en hætt er við því, að sú starfsreynsla nýtist ekki sem skyldi annars staðar á landinu, m. a. vegna forgangsréttar launþegafélaga á hverju landssvæði.

Í sjöunda lagi, að fyrirsjáanlegt er mjög alvarlegt atvinnuleysi á Suðurlandi ef snögglega er hætt virkjunarframkvæmdum þar, miklu alvarlegra atvinnuleysi en þekkst hefur annars staðar á landinu hin síðari ár.

Oft er talað um að stórvirkjanir þær, sem þegar hafa verið reistar, séu allar á eldvirkjum svæðum. Í framhaldi af því er Suðurland gjarnan allt dæmt sem eldvirkt svæði. Auk þess er talað um jarðskjálftahættu á virkjunarsvæðinu. Nærtækasta hættan sýnist vera sú, að eldgos á Veiðivatnasvæðinu gæti hugsanlega valdið meiri eða

minni truflunum og virðist svo sem Sigölduvirkjun gæti þá verið í mestri hættu.

Skömmu eftir síðustu ísöld, fyrir 8—9 þús. áum, rann mikið hraun, svokallað Þjórsárhraun, úr eldstöðvum á Veiðivatnasvæðinu. Hraun rann niður milli Heklu og Búrfells í Þjórsárdal og breiddist þaðan yfir Land, Skeið og Flóa allt til sjávar. Þetta var eitt mesta hraungos sem vitað er um. Á síðustu árþúsundum hafa gos á þessu svæði, sem gjarnan hafa verið með um það bil 500—600 ára millibili, verið öskugos, en ekki hraungos. Öskugos gætu auðvitað valdið truflunum á virkjunarsvæðinu, þó engan veginn í líkingu við hraungos. Heklugos, sem eru margfalt algengari en Veiðivatnagos, virðast ekki valda teljandi truflunum.

Auðvitað ber að hafa hættu af eldgosum sem og öðrum náttúruhamförum í huga við staðarval, hönnun og byggingu raforkuvera sem og annarra mannvirkja. En það má ekki ýkja þessa hættu úr hófi fram. Sjálf Sultartangavirkjunin verður utan marka eldvirkra svæða, eins og þau hafa verið skilgreind. Hún verður reist á jarðmyndun frá kvartertímanum sem er álíka gömul og jarðmyndanir Reykjavíkursvæðisins, tæplega 2 millj. ára. Jaðar hins 8—9 þúsund ára gamla Þjórsárhrauns er aftur á móti á vatnasvæði virkjunarinnar.

Upptök jarðskjálfta á Suðurlandi virðast þræða 5—10 km. breitt belti með stefnu frá Þurá og Hjalla í Ölfusi réttvísandi austur undir Selsund á Landi, eins og segir í skýrslu vinnuhóps Almannavarnaráðs um jarðskjálfta á Suðurlandi og varnir gegn þeim, útgefinni í júlí 1978. Skjálftarnir eru harðastir á þessu tiltölulega mjóa belti, en úr krafti þeirra dregur ört til beggja handa. Jarðskjálftahættan á virkjunarsvæðinu, sem er um það bil 40 km frá þessari sprungu, virðist því lítil, enda engin sjáanleg merki þar um afleiðingar jarðskjálfta. Því má svo bæta við, að stórvirkjanir eru öflugustu mannvirki, sem byggð eru hér á landi, og því harla ólíklegt að á þeim verði verulegar skemmdir af völdum jarðskjálfta.

Þótt Blönduvirkjun sé tímasett á undan Fljótsdalsvirkjun í grg. frv. gæti þetta snúist við ef dráttur yrði á viðunandi samkomulagi við landeigendur á Blöndusvæðinu og ef fljótlega verður ákveðið að setja upp stóriðju á Austurlandi.

Menn hafa deilt nokkuð um það, hvort nauðsynlegt sé að ákveða stóriðju á Austurlandi áður en hafist verður handa um Fljótsdalsvirkjun. Það hefur að mínu mati enn ekki verið sýnt fram á að sú virkjun sé hagkvæm nema fyrsti hluti hennar verði stór, þ. e. um það bil 300 mw. Einn stærsti kostur virkjunarinnar er mikil vatnsmiðlun, en hún er varla inni í myndinni fyrr en á seinni stigum þess virkjunaráfanga sem hér hefur verið talað um, þ. e. 328 mw. virkjunin. Einnig má benda á að byggðalínan flytur varla meira en sem nemur 50 mw., en Fljótsdalsvirkjun er áætluð 328 mw. Nauðsynlegt er því að reisa háspennulínu frá virkjuninni að Sigöldu eða Hrauneyjafossvirkjun til að komast inn á dreifikerfi Landsvirkjunar, og þá þarf að fara yfir eldvirkara svæði, að því er virðist, en virkjunarsvæði Sultartangavirkjunar er. Því má svo bæta við, að það getur varla talist hagkvæmt að framleiða orkuna á Austurlandi ef ætlunin er að nota hana að mestu á Suðvesturlandi eða öfugt, og vísa ég þá til áður umgetinnar skýrslu Orkustofnunar þar um. Eftir því sem ég best veit eru Austfirðingar ekki mótfallnir stóriðju og er því sjálfsagt að kanna sem fyrst alla möguleika á henni.

Í öllum samanburði milli valkosta er nýtingartími mikið atriði. Það er ekki nægilegt að setja upp aflmiklar vélar ef vatn skortir til að knýja þær þegar þörfin er mest. Við höfum áþreifanlega orðið vör við það hina síðustu vetur. Mestur hluti vatnsskortsins undanfarna vetur stafar af mjög minnkandi úrkomu á vatnasvæðum virkjananna síðustu 3—4 árin miðað við meðaltal fyrri ára. Þannig hefur meðalúrkoma áranna 1977—1980 verið 34% minni á Hveravöllum en meðaltal áranna 1971—1976 og við Búrfell hefur úrkoman minnkað á sama tíma um 40%.

Það er því mikið atriði, að vatnsmiðlunarmöguleikar séu miklir. Við þurfum að geta geymt vatn frá sumrinu til notkunar að vetrinum til og við þurfum að geta geymt vatn á milli ára.

Við Blönduvirkjun er vatnsmiðlun áætluð 420 gígalítrar og þá möguleika má undir engum kringumstæðum minnka. Við þurfum ekki á að halda virkjunum sem framleiða orku á sumrin, en standa lítt notaðar að vetri til. Sumir telja að miðlun í Fljótsdal eða á Suðurlandi geti komið í stað miðlunar við Blönduvirkjun. Það er að nokkru en þó afar litlu leyti rétt. Til þess að svo megi verða þarf afl virkjana á Suðurlandi og í Fljótsdal að vera nægilegt að framleiða alla þá raforku sem þörf er fyrir í landinu að vetri til, en þá er þörfin mun meiri en á sumrin. En þá er líka óþarfi að bæta við afli í öðrum virkjunum að sumri til. Þá er miklu ódýrara að auka enn á lítt takmarkaða miðlunarmöguleika t. d. á Suðurlandi. Orkuver, sem aðallega er ætlað að framleiða orku að sumri til, verða því óþörf og allt of dýr.

Við Fljótsdalsvirkjun verður vatnsmiðlun samtals 745 gl. Vatnsmiðlun á Suðurlandi er nú 1140 gl. og áætlanir eru uppi um að auka hana fljótlega um ca. 800 gl., sem nálgast það að vera jafnmikið og núverandi vatnsmiðlun Þórisvatns er. Enn frekari vatnsmiðlun, upp á allt að 1600 gl. þar til viðbótar, er í athugun. Ef allt þetta fer eftir gæti vatnsmiðlun á Suðurlandi orðið hvorki meira né minna en hálft fjórða þúsund gl. Þessi mikla vatnsmiðlun kemur öllum virkjunum á svæðinu til góða því þær nota að mestu sama vatnið hver eftir aðra.

Aætlaður nýtingartími Fljótsdalsvirkjunar er 4480 klst. á ári, Blönduvirkjunar 4520, en Sultartangavirkjunar 6400.

Í mjög stuttu máli má segja að aðalstefnumótun þess frv., sem hér er til umr., sé þessi:

1. Að stefnt skuli að mikilli uppbyggingu orkufreks iðnaðar í landinu.
2. Að Landsvirkjun verði falið að byggja og reka fyrirhugaðar stórvirkjanir hvar á landinu sem þær verða byggðar.
3. Að stórauknar skuli vatnaveitur og vatnsmiðlanir á Suðurlandi.
4. Að strax skuli ráðist í byggingu Sultartangavirkjunar.
5. Að ráðist skuli í byggingu Blönduvirkjunar og Fljótsdalsvirkjunar strax og ákveðnum skilyrðum verður fullnægt.

Herra forseti. Eg leyfi mér að leggja til að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til iðn. þessarar hv. deildar og til 2. umr.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 79. fundur.

Þriðjudaginn 5. maí, kl. 2 miðdegis.

Rekstrar- og afurðalán landbúnaðarins, fsp. (þskj. 541). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Mál það, sem hér er til umr., er gamall kunningi og þarf ég því ekki að hafa um það mörg orð, hér í upphafi a. m. k., en eins og hv. þm. vita var þetta mál fyrst flutt árið 1976. Síðan var samþykkt þál. fyrir réttum tveim árum, í maímánuði í hittiðfyrra, þar sem ríkisstj. var falið að sjá til þess, að varðandi rekstrar- og afurðalán bænda yrðu settar um það reglur að þeir fengju lánin í hendur um leið og þau eru veitt, sem sagt skýlaus fyrirmæli til ríkisstj. Þessi fyrirmæli höfðu ekki verið framkvæmd í nóv. þegar síðast var um málið rætt, en ég þykist þess fullviss, að nú hafi þessar reglur verið settar, og bíð eftir svari hæstv. ráðh.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Hv. 5. landsk. þm. hefur borið upp svohljóðandi fsp.: „Hafa verið settar reglur um greiðslu rekstrar- og afurðalána landbúnaðarins í samræmi við ályktun Alþingis frá 22. maí 1979, frá því að fsp. um það mál á þskj. 57 var svarað?"

Í nóvembermánuði á síðasta ári svaraði ég fsp. frá hv. 5. landsk. þm., en 1. tölul. þeirrar fsp. var efnislega á sömu leið og sú fsp. sem hann hefur nú borið fram. Í svari mínu voru rakin svör Seðlabankans, Landsbankans og Búnaðarbankans við bréfi landbrn. frá því í júlí 1979 þar sem þess var farið á leit, að bankarnir skiluðu tillögum til rn. um framkvæmd á ályktun Alþingis frá 22. maí 1979, en ályktunin lýsir vilja þingsins til þess að settar verði reglur um rekstrar- og afurðalán landbúnaðarins sem tryggi að bændur fái í hendur þá fjármuni, sem þeim eru ætlaðir, um leið og lánin eru veitt.

Það kom einnig fram í svari mínu, að landbrh. hefði í mars á síðasta ári falið nefnd, er vann að gerð tillagna um breytingar á rekstrar- og afurðalánum landbúnaðarins, að útbúa sérstakar tillögur til rn. um tilhögun á afgreiðslu þessara lána í samræmi við áðurnefnda þál. Nefnd þessi lauk störfum og skilaði áliti til ráðh. 18. febr. s. l.

Í álitinu lýsir nefndin gildandi tilhögun á afgreiðslu rekstrar- og afurðalánanna. Um afurðalán segir þar að vegna sauðfjárafurða séu lánin veitt þeim, sem afurðirnar hafa undir höndum, frá 1. nóv. ár hvert gegn veði í birgðum af kjöti og öðrum sláturafurðum. Eru lánin 69—72% af heildsöluverði og ætluð til þess að hægt sé að greiða bændum að haustinu minnst 75% af föstu grundvallarverði í samræmi við ákvörðun Framleiðsluráðs landbúnaðarins um lágmarksbókunarhlutfall af verði afurðanna. Afurðalán út á mjólkurvörur eru einungis veitt á vinnsluvörur svo sem osta og smjör. Þau eru veitt vinnslufyrirtækjum, sem eiga vöruna, gegn veðsetningu hennar og eru ekki afgreidd fyrr en varan er komin í geymsluhæft ástand. Þá er jafnframt búið að greiða bændum 65—85% grundvallarverðsins fyrir mjólkina.

Um rekstrarlán vegna mjólkurframleiðslu segir í álitinu að þau séu ekki veitt bændum á skipulagsbundinn hátt, heldur verði hver bóndi um sig að útvega sér lán frá lánastofnunum eða viðskiptafyrirtækjum, svo sem áburðarverksmiðju, kaupfélögum eða öðrum slíkum aðilum, og setja þær tryggingar sem krafist er. Öðru máli gegnir um rekstrarlán vegna sauðfjárframleiðslu. Þau eru veitt á tímabilinu mars-ágúst ár hvert og endurgreiðast þegar veiting afurðalána fer fram í nóvembermánuði. Þess er krafist, að lántakandi sé hinn sami í báðum tilvikum. Fjárhæð lánanna ákveður Seðlabankinn árlega, ákveðna krónutölu á hvern slátraðan dilk miðað við næsta haust á undan. Viðskiptabankarnir veita viðbótarlán sem eru háð lánstrausti hlutaðeigandi aðila svo og almennum ástæðum í lánamálum afurðanna. Nefndin vekur í álitinu athygli á þeirri leið er bent er á í svari Seðlabankans við bréfi landbrn. í júlímánuði 1979. Má um þá leið vísa til áðurnefnds svars míns í nóvembermánuði á síðasta ári. A grundvelli þess, sem áður er fram komið, var meginniðurstaða nefndarinnar samt sú að mæla ekki með breytingum á afgreiðslu rekstrar- og afurðalána landbúnaðarins er miða að því að lánin verði veitt beint til bænda. En eins og hér segir áður, vísa ég til þess sem fram kemur í svari mínu til hv. þm. á fyrra ári um þá leið sem Seðlabankinn benti á í þessum efnum.

Fyrirspyrjandi (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Þegar hæstv. viðskrh. svaraði mér hér í nóvembermánuði s. l. lét ég mig hafa það að þakka honum fyrir svörin þó að þau væru raunar engin. Í þetta skipti er ekkert að þakka því að hann svaraði engu. Hann gerði að vísu grein fyrir því, hvernig þessum málum væri háttað. Allir þm. vita hvernig lánamálunum er háttað, og það þurfti ekkert að skýra okkur frá því. En Alþingi hefur fyrirskipað þessum hæstv. ráðh. að breyta þessari framkvæmd. Það er það sem felst í till. sem samþ. var með miklum meiri hl. hér á hinu háa Alþingi. Ef þessi hæstv. ráðh. vill ekki framfylgja vilja Alþingis á hann að segja af sér. Það er engin önnur leið til í þingræðisríki.

Það er hrein ósvífni að koma hér upp í annað sinn, svara engu og segjast ekkert ætla að gera, hafa samþykktir Alþingis að engu, ætla að ástunda það að brjóta lögin í allra augsýn því að auðvitað eru þetta lög, þetta eru fyrirskipanir Alþingis. Ég er svo hissa að ég get varla komið upp nokkru orði, að ráðh. skuli leyfa sér þá ósvífni að koma hér upp og svara engu — bókstaflega engu. Þessi ráðh. á að segja af sér.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég geri mér fulla grein fyrir því, að ég nýt sjálfsagt ekki stuðnings hv. þm. sem ráðh. í þessari ríkisstj. Það er ekkert nýtt þó að það komi fram af hans hálfu að hann vilji að allir ráðh. segi af sér.

Varðandi það atriði, sem hér er til umr., vil ég aðeins vísa til þess, sem kom fram í svari Seðlabankans, þegar hann var spurður um hvernig hægt væri að framkvæma þá þál. sem hér var rædd. Ég tek ekki undir það með hv. þm., að þál. og lög séu það sama, þar er langur vegur frá. (Gripið fram í.) En í svari Seðlabankans segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Vegna þess samhengis, sem er milli rekstrar- og afurðalána, verður að telja æskilegast að lántakandi sé í báðum tilfellum sá sami, og er þá komið að síðari leið sem bankarnir mæla með, að sláturleyfishafar eða umboðsmenn þeirra verði áfram lántakendur líkt og verið

hefur. En andvirði lánanna mætti ráðstafa að fyrirmælum lántakenda á þann hátt sem áður er lýst um afurðalán. Með því móti telja fleiri að tryggja megi að tilgangi þál. verði náð, þ. e. að bændur fái í hendur þá fjármuni sem þeim eru ætlaðir um leið og lánin eru veitt."

Í þessu felst það álit Seðlabankans og fleiri, að með þessu sé hægt að ná tilgangi þál. Sennilega er erfitt að komast nær því að framkvæma hana. Og það hlýtur að vera aðalatriðið. Það er það sem ég hef verið að vinna að og mun vinna að, að þeim tilgangi, sem felst í þessari þál. Alþingis verði náð. (**EKJ:** Þ. e. að breyta engu.)

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Það kann vel að vera að þingsályktanir séu ekki lög — og rétt er það. En því síður eru lög fyrir mér álit sem Seðlabankinn gefur frá sér, og ég átti helst ekki von á því, að hæstv. viðskrh. gripi til þess ráðs að verja sig með umsögnum Seðlabanka í þessu máli. En ég á afar stutt erindi. Ég þarf að fá skýrt svar við því, hvort hæstv. viðskrh. álítur að ríkisstj. í landinu sé siðferðilega skuldbundin til að fara að ályktunum og samþykktum í Alþingi. Það er þetta sem þarf að fást svar við, því að þess hefur orðið vart í vaxandi mæli að ríkisstj. hafi bein fyrirmæli Alþingis að engu. Við svo búið má ekki standa. Við það getur hið háa Alþingi ekki unað. Við þessari spurningu verð ég að fá svar og það liggur beinast við að beina því til hæstv. viðskrh. úr því hann er í umr. Álítur hæstv. ráðh. að framkvæmdavaldinu — ríkisstj. — beri að fara að samþykktum hins háa Alþingis eða ekki? Bara þetta, án þess að blanda þessu sérstaka máli á annan hátt inn í það.

Fyrirspyrjandi (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Þau lög, sem hæstv. viðskrh. er að brjóta í þessu landi, eru ekki ómerkilegri en svo, að það er sjálf stjórnarskráin. Hún felur framkvæmdavaldinu að hlýða Alþingi sem æðsta valdi í þessu þjóðfélagi. Það er ekkert minna. En það er svo sem ekki fyrsta daginn sem þessi ríkisstj. brýtur stjórnarskrána.

Það var verið að samþykkja hér lög nú fyrir helgina sem lagaprófessor segir að séu skýlaust brot á íslensku stjórnarskránni. Þessi ríkisstj., sem þóttist ætla að varðveita virðingu Alþingis og auka hana, gerir sér lítið fyrir í allra augsýn og brýtur stjórnarskrána hvenær sem því verður við komið.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Hann er sérkennilegur, þessi æsingamálflutningur sem nokkrir hv. þm. stjórnarandstöðuarms Sjálfstfl. viðhafa hér á Alþingi. Hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson kemur hér hvað eftir annað og hrópar um stjórnarskrárbrot, og hv. þm. Geir Hallgrímsson flutti hér ræður fyrir nokkrum dögum þar sem hann boðaði að núv. hæstv. ríkisstj. væri að innleiða hér lögregluríki. Hvers konar vanstilling er þetta eiginlega? Og fyrst er verið að vitna í þann lagaprófessor sem Eyjólfur Konráð Jónsson telur greinilega merkan heimildarmann til þess að byggja málflutning sinn á, þá er nauðsynlegt að hér komi fram að þessi fullyrðing Geirs Hallgrímssonar um að frv. ríkisstj. um verðlagsmál og fleira leiddi hér til lögregluríkis, þessi ummæli Geirs Hallgrímssonar voru líka borin undir þennan hæstv. lagaprófessor. Og hver varð niðurstaðan? Þessi lagaprófessor upplýsti það, að þessi alvarlegu ummæli Geirs Hallgrímssonar væru fjarstæða, það væri ekkert í þessu frv. sem leiddi til lögregluríkis. En hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson þegir greinilega yfir því, hvers konar einkunn aðalleiðtogi Sjálfstfl. og stjórnarandstöðunnar fékk hjá þeim lagaprófessor sem hann var að vitna til áðan.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Hér virðist stangast á að sögn hæstv. viðskrh. annars vegar vilji Alþingis og hins vegar umsögn Seðlabanka Íslands. Hæstv. ráðh. þarf að taka afstöðu með öðrum á móti hinum. Hvorn viljann hyggst hann virða meira: yfirlýstan vilja Alþingis, eins og hann kemur fram í samþykktri þáltill., eða umsögn Seðlabanka Íslands?

Sé það svo, að vegna ágalla á lögum eða vegna skorts á lagaheimildum sé ekki af hálfu hæstv. viðskrh. framkvæmanlegt að fara að vilja Alþingis nema með lagabreytingum, þá á hann að sjálfsögðu í svari sínu við fsp. að gera Alþingi nánari grein fyrir því, hvaða lögum þarf að breyta, vegna þess að þá er ekki um annað að ræða fyrir Alþingi en gera þær breytingar til þess að ná fram þeirri samþykkt sem hv. Alþingi hefur þegar gert í málinu. Það nær auðvitað ekki nokkurri átt, jafnvel ekki þótt um framsóknarmenn sé að ræða, að þeir geti haft vilja Alþingis að engu þegar hann liggur fyrir.

Í þriðja lagi vil ég taka það fram, að það er nokkuð merkilegt sem kom fram hjá hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni áðan. Það sýnir hvernig þeir Alþb.-menn og stjórnarsinnar nota Dagblaðið sem sitt einkamálgagn, að lagaprófessorinn Jónatan Þórmundsson kom á fund fjh.- og viðskn. til þess fyrst og fremst að skýra frá áliti sínu á frv. ríkisstj. um verðlagsaðhald o. fl., þar sem hann taldi að ein grein frv. gengi ótvírætt í bága við ákvæði stjórnarskrár og tvær greinar frv. gætu gengið í bága við stjórnarskrá ef framkvæmd þeirra yrði á þann veg sem m. a. mátti skilja á máli hæstv. forsrh. Þetta var aðalerindi prófessors Jónatans Þórmundssonar til fjh.- og viðskn. Alþingis. Og hann var spurður mjög ítarlega út í athugasemdir sínar í þessu sambandi. Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson sagði ekki aukatekið orð og beindi engri spurningu um þetta mál til Jónatans Þórmundssonar, sat hins vegar nokkuð rauður og þrútinn undir þessum lestri öllum. Þegar Jónatan prófessor var hins vegar að ganga af fundi spurði hv. þm. heldur þykkjuþungur hvort prófessorinn væri með þessu að telja það rétt, sem hv. þm. Geir Hallgrímsson hefði sagt, að með þessu væri verið að stefna að lögregluríki. Prófessorinn mótmælti því, það væri ekki sín skoðun. Eina fréttin, sem Dagblaðið sagði af þessu máli daginn eftir, var, hafði það eftir öruggum heimildum og áreiðanlegum í viðkomandi nefnd, að prófessor Jónatan hefði gengið á fund nefndarinnar til að tjá henni að hann væri andvígur umsögn Geirs Hallgrímssonar um að hér væri á ferð frv. sem mundi gera Ísland að lögregluríki. Það er þá ljóst hvaðan fréttin var komin og hvernig fréttamat er lagt þarna að baki.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í þær umr. sem hér eiga sér stað um lögregluríki eða ekki lögregluríki, en mig langar til að gera nokkra grein fyrir störfum þeirrar nefndar sem fékk það hlutverk að kanna rekstrar- og afurðalán í landbúnaði samkv. samstarfsyfirlýsingu ríkisstj. sem hljóðar á þennan veg, með leyfi hæstv. forseta:

„Rekstrar- og afurðalánum verði breytt þannig að bændur geti fengið laun sín greidd og óhjákvæmilegan

rekstrarkostnað svipað og aðrir aðilar fá nú."

Eftir marga fundi og viðræður við sérfróða menn á þessum sviðum komst nefndin að þeirri niðurstöðu í stuttu máli, að miðað við núverandi sölukerfi landbúnaðarafurða á Íslandi væri tæknilega ógerlegt að koma á beinum greiðslum til bænda. (Gripið fram í.) Ef hv. þm. Eyjólfur Konráð getur fundið einhverja „patent"-lausn á þessu fyrir utan Skagafjörð, þá þætti mér vænt um að fá þá lausn í hendurnar. En ég held að ekki ómerkari menn en þeir — aðrir en ég kannske — sem sátu í nefndinni og hafa mikla þekkingu á þessum málum hafi komist að þeirri niðurstöðu sem efni stóðu til í þessu máli. Auk þess er, eins og hér var gert áðan, eðlilegt að vísa í álit þeirra banka sem leitað var til, þ. e. Búnaðarbanka Íslands, Landsbanka Íslands og Seðlabanka Íslands, en niðurstaða allra þessara banka var á sama veg, eins og fram kemur í bréfi Seðlabanka Íslands, með leyfi hæstv. forseta:

„Til þess mætti hugsa sér aðra leið" — þá er verið að tala um aðra leið á afurða- og rekstrarlánafyrirkomulaginu — „þ. e. bankar þeir, sem veita rekstrar- og afurðalán til bænda, tilkynntu þá bændum að þeim stæði til boða að taka lán sín sjálfir að uppfylltum þeim skilyrðum sem bankarnir settu upp, og stæði þá þeim bændum, sem þannig væri ástatt um, opið að taka lánið." Þetta er sú eina leið sem fær er miðað við núverandi sölukerfi í landbúnaði. Ég held að þessi niðurstaða nefndarinnar sé ákaflega rökrétt og að eins og sakir standa sé tómt mál að tala um beinar greiðslur til bænda.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það er skiljanlegt að það sé aumt pólitíska ástandið á Alþfl. ef skynjun þm. flokksins á veruleikanum er álíka fjarstæðukennd og kom fram í frásögn hv. þm. Sighvats Björgvinssonar af nefndafundi fjh.- og viðskn. Ed. og Nd. Það er mesti misskilningur, að ég hafi setið sérstaklega reiður eða rauður og þrútinn á þessum fundi, vegna þess að þessi fundur var einkar skemmtilegur, nánast unaðslegur fyrir okkur stjórnarsinna, þegar við hlýddum á það hvernig hæstv. forsrh., fyrrv. prófessor í stjórnskipunarrétti við Háskóla Íslands, meðhöndlaði þau ummæli sem Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu hafði fengið Jónatan Þórmundsson til þess að koma með á fund nefndanna. Ég hef sjaldan horft upp á aðra eins útreið í akademískri umræðu og prófessor Jónatan Þórmundsson fékk hjá dr. Gunnari Thoroddsen á þessum fundi. Það er skiljanlegt að þessi fundur sé þess vegna sérstakt viðkvæmnismál hjá stjórnarandstöðunni, vegna þess að þar var á nokkrum mínútum gersamlega slátrað þeim meginmálflutningi sem stjórnarandstaðan hafði byggt afstöðu sína á. En fyrst nú er verið að lýsa geðhrifum manna á þessum fundum, þá fannst mér mjög merkilegt hvernig ýmsir nm. stjórnarandstöðunnar, sérstaklega Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu, eins og hv. þm. Matthías Bjarnason, Matthías Á. Mathiesen, Eyjólfur Konráð Jónsson og Lárus Jónsson, breyttust skyndilega í hljóða og hógværa menn þegar hæstv. forsrh. gekk í sal nefndanna. Það voru sérstaklega ánægjuleg viðbrigði frá fyrri fundum nefndanna þann dag.

Hitt vænti ég svo að hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson og aðrir hér geri upp við sig, hvort þeir ætla að taka málflutning Jónatans Þórmundssonar í heild gildan eða ekki. Ef þeir ætla að taka málflutning prófessors Jónatans Þórmundssonar í heild gildan, þá stendur eftir sú meginniðurstaða hjá prófessornum, að höfuðkjarninn í ásökunum Geirs Hallgrímssonar gagnvart þessari ríkisstj. um að hún væri að innleiða lögregluríki — þessi höfuðkjarni í málflutningi Geirs Hallgrímssonar væri fjarstæða ein. Og það verður ekki dregin fjöður yfir það, að prófessorinn dæmdi leiðtoga stjórnarandstöðunnar fjarstæðufullan málflytjanda á Alþingi Íslendinga.

Forseti (Steinþór Gestsson): Að gefnu tilefni vill forseti brýna það fyrir mönnum að halda sig við það efni sem hér er til umræðu.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Eins og allir þm. mega sjá geisla bæði geðprýðin og stillingin af hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni og fer mér nú ekki að verða um sel. Ef hann er svona álits þegar hann er geðprúður, hvernig skyldi hann þá verða ef honum rennur í brjóst einhver smáreiði?

Ég ætla bara, herra forseti, að koma því á framfæri, að það eru ekki stjórnmálaflokkar sem senda menn til þess að gefa þingnefndum umsagnir. Þangað koma menn annaðhvort beðnir af þingnefndunum sjálfum og formönnum nefndanna eða að eigin frumkvæði. Ég vil aðeins taka það fram, að prófessor Jónatan hafði gert okkur Alþfl.-mönnum viðvart um að hann áliti þessi tilteknu atriði frv. ekki samræmast stjórnarskrá, og mér er kunnugt um að hann hafi gert það sama við ýmsa núverandi stjórnarliða. En fyrst við erum að tala um afurða- og rekstrarlán, herra forseti, þá vek ég aðeins athygli manna á einhverjum ókyrrleika sem er nú yfir hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni og öðrum Alþb.-mönnum. Það skyldi nú ekki vera að það stæði í þeim stóriðjufrv. hans Hjörleifs?

Halldór Blöndal: Herra forseti. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem stjórnarandstaðan og þjóðin horfir upp á það, að ríkisstj. ætlar ekki að framkvæma vilja Alþingis. Það er orðið nokkuð algengt upp á síðkastið og í sjálfu sér er það hætt að heyra til tíðinda. En ég hlýt að gera aths. við það, að einn af prófessorum Háskólans, Ólafur Ragnar Grímsson, skuli í gervi hins hv. alþm. Ólafs Ragnars Grímssonar hafa við orð hér í deild að einn af virtustu vísindamönnum þeirrar stofnunar, Jónatan Þórmundsson, láti panta hjá sér álitsgerðir um lögfræðileg efni hjá þd. Aðdróttun af þessu tagi að einum þekktasta lögmanni landsins er að sjálfsögðu mjög ámælisverð, jaðrar við að vera atvinnurógur og gersamlega óþolandi af manni sem sjálfur vinnur við Háskóla Íslands og ætti sem slíkur að reyna fremur en hitt að halda uppi virðingu þeirrar stofnunar. Sannleikurinn er að sjálfsögðu sá, að menn eins og þessi hv. þm. hafa á síðustu árum mjög dregið úr virðingu Háskólans með þjóðinni, og sú deild, sem hann hefur veitt forstöðu, þjóðfélagsfræðideildin, er alkunn að því að leggja ekki faglegt mat á þau viðfangsefni sem deildin fjallar um. Mörgu hefur þar verið logið og mörgu hefur þar verið ofaukið, sem fjallað hefur verið um í þeirri deild, og má af þeim sökum segja að ekki komi á óvart þó að hv. þm. sé í sjálfu sér í nöp við þá menn, þá prófessora Háskólans sem láta ekki persónulega hagsmuni sína hafa áhrif á þá fræðilegu umfjöllun sem þeim ber að ástunda sem lærimeistarar við þá virðulegu stofnun. (Forseti hringir.) Ég sé að hæstv. forseti er sennilega að áminna mig um óþinglegt orðbragð — eða er tíminn búinn? (Gripið fram í.) Það gleður mig, að

ekkert af því, sem ég hef sagt, sé að mati forsetans óþinglegt orðbragð, og staðfestir það enn sannleiksgildi og þunga þeirra orða.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Hér hefur nú borið á góma undir þessum dagskrárlið sérstakan fund fjh.- og viðskn. Ed. og Nd. á dögunum og orðaskipti prófessora, fyrrv. prófessors og núv. prófessors, þar á fundinum. Ég vildi bara láta það koma fram, að það er að sjálfsögðu mjög villandi frásögn sem hér hefur verið flutt af hálfu formanns fjh.- og viðskn. Ed. um það sem fram kom á fundinum. Eftir stendur það sem kom hér fram í máli Sighvats Björgvinssonar, að 4. gr. þess frv., sem samþ. var, afnemur með einni setningu öll lög sem skylda ríkissjóð til þess að leggja fram fjármuni, og þetta er framsal Alþingis til ríkisstj. á löggjafarvaldi. Ekkert það kom fram í máli hæstv. forsrh. á þessum fundi sem hnekkti þessari skoðun prófessors Jónatans Þórmundssonar. Þetta stendur eftir og sagan á eftir að dæma í þessu máli.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Þessi umr. hefur beinst í alleinkennilega átt. En það, sem vekur mesta furðu mína, er að hæstv. viðskrh. skuli ekki standa upp og svara þeirri spurningu sem hér var beint til hans, hvort hann og þá jafnframt aðrir hæstv. ráðherrar ríkisstj. taki yfirleitt tillit til meirihlutavilja þingsins. Það, sem að baki spurningu hv. þm. Eyjólfs Konráðs lá, var auðvitað vilji Alþingis Íslendinga. En það hefur réttilega verið bent hér á að sú mótun vinstri flokkanna, sem hafa verið við stjórn landsins á síðustu misserum, að flytja til framkvæmdavaldsins vald Alþingis, hafi orðið til þess, að vandaðir vísindamenn í lögum eru farnir að veita þessu athygli og eru farnir að vara þingnefndir við. Það er ekki aðeins í þessari hv. nefnd sem hér var vitnað til áðan, að þetta hefur gerst, heldur hefur þetta líka gerst í fleiri þingnefndum og í fleiri málum, að varað hefur verið við því, að frumvörp og brbl. ríkisstj. væru farin að brjóta sjálfa stjórnarskrá íslenska lýðveldisins.

Ummæli hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar og prófessors við Háskólann munu að sjálfsögðu gera það að verkum, að innan Háskóla Íslands hlýtur að koma upp sú krafa, að þessi hv. prófessor segi af sér störfum þar þegar hann ber samstarfsmanni sínum á brýn að hann sé sendimaður sem taki við fyrirskipunum stjórnmálamanna og komi með þær fyrirskipanir í sínu nafni og þá um leið stofnunarinnar, Háskóla Íslands, inn í þingnefndir Alþingis. Þetta er auðvitað langt fyrir neðan soramark, en það er eðlilegt að þessi hv. þm. hafi þessi orð um prófessor Jónatan Þórmundsson. Prófessor Jónatan vildi nefnilega aldrei stansa við á Möðruvöllum. (Gripið fram í.) Mér finnst málið alveg gefið, að það, sem stundum virðist æsingaumræður hjá öðrum, er hjá þessum hv. þm. þegar hann er hvað rólegastur, þá er honum hvað mest niðri fyrir. Og það, sem kom fram í lýsingu hans á sjálfum sér á þessum umrædda nefndafundi í Ed., þegar hann sat þar rauður og þrútinn og mátti vart mæla meðan prófessor Jónatan tók í hann og aðra stjórnarþm., það var af því að hann var nærri því að springa, ekki af vonsku, heldur vegna þess að hann mátti vart vatni halda af aðdáun sinni á hæstv. forsrh. Íslands.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Umr. um þessa fsp. og svari við henni hefur nú verið drepið nokkuð á dreif og rætt um ýmsa aðra hluti. Ég skal ekki gera það að umræðuefni að öðru leyti en því, að ég er þeirrar skoðunar, að stjórnarskrá hafi ekki verið brotin með setningu umræddra laga. En um það er deilt og er þá ekki annað en að bera það undir dómstóla og láta þá dæma um það, hvort stjórnarskrá hefur verið brotin. Ef þeir komast að þeirri niðurstöðu, þá er náttúrlega greinin lögleysa. Ef þeir komast hins vegar að þeirri niðurstöðu, að svo hafi ekki verið, þá standa lögin. Þarna er opinn möguleiki til að binda endi á þessa deilu.

Hv. þm. Árni Gunnarsson gerði í stuttu og glöggu máli grein fyrir þeim viðhorfum sem komu fram í nefndinni sem fjallaði sérstaklega um þetta mál. Það er ákaflega eðlilegt að svona mál sé borið undir bankana vegna þess að þeir eru þær stofnanir sem fjalla um þessi lánamál. Það er ákaflega eðlilegt. Og mér finnst alveg út í hött að tala um að menn velji á milli þess að hlýða fyrirmælum Alþingis og Seðlabankans í þessu máli.

Ég skal svara þeirri fsp., sem hv. þm. Sverrir Hermannsson bar upp hér áðan, stutt og laggott þannig, að auðvitað á ríkisstj. að framfylgja fyrirmælum Alþingis. Það er engin spurning um það í mínum huga. En það getur verið misjafnlega auðvelt. Það getur legið misjafnlega beint fyrir að gera það því að þessi fyrirmæli eru alla vega eins og þm. þekkja.

Ég vil aðeins endurtaka það sem ég sagði áður, að ég vinn að því, og mun áfram vinna að því að framkvæma þessa þál. þannig að tryggja megi að tilgangi hennar verði náð. Það vil ég endurtaka og undirstrika. Ég hef sagt hér áður að það hefur verið bent á leið til þess sem margir telja að sé fullkomlega fær og muni þýða framkvæmd tillögunnar í reynd. Og ég vil endurtaka þetta, að ég mun vinna þannig að þessu máli. Hv. þm. verður svo sennilega í þriðja sinn að spyrja, kannske á næsta þingi, hvernig hafi miðað í þessu máli.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Menn metast mjög á um frammistöðu manna, forsrh. og annarra, á fundum. Út undan mér sá ég frammistöðu á fundi hjá vinnuveitendum í gær. Dagblaðið minnist ekki einu orði á þá frammistöðu. En ég þakka svarið frá hæstv. viðskrh. Hann álítur að framkvæmdavaldinu beri að fara að fyrirmælum hins háa Alþingis — og þótti engum mikið. En hann heldur því fram, að það beri að hlusta á athugasemdir banka. Nú skal ég kenna honum ráð til að ná þessu strax fram því að fordæmi höfum við nákvæmt í þessu efni.

Það var hér á árunum í stjórnartíð ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar, að þá höfðu samtök útvegsmanna að vísu um langan aldur barist fyrir því, að aflaandvirðið yrði greitt af afurðalánunum, og þáv. ríkisstj. birti yfirlýsingu til samtakanna um það, að viðskiptabankarnir tækju að sér að annast greiðslu hráefnis andvirðis til fiskseljenda af nettóandvirði framleiðslulánanna. En þetta dugði ekki til. Og hlusti nú hæstv. viðskrh. nákvæmlega á. Viðskiptabankarnir álitu að þetta væri ekki framkvæmanlegt. Bankarnir höfðu skipanir um að framkvæma þessi fyrirmæli og þessi loforð, en hæstv. þáv. sjútvrh., Matthías Bjarnason, kallaði þá á sinn fund og fyrirskipaði þeim að framkvæma þetta. Og síðan var þetta gert með sérstöku bréfi sem ég hef hér afrit af frá Seðlabanka Íslands. Þetta er ekki annað en spurning um að þora að stjórna og láta ekki stjórnast af bankavaldi. Og ég verð að segja það, að af ýmsum ástæðum kemur mér það í opna skjöldu að hæstv. núv. viðskrh. skuli taka við slík-

um — ekki vil ég segja fyrirmælum, heldur slíku áliti frá Seðlabankanum og gera það að sínu þegar þess er kannske allra síst von. Hér hefur hann sem sagt ráðið, þ. e. að fyrirskipa þetta. Og það liggur alveg ljóst fyrir, að framkvæmd þeirrar till., sem hér var samþykkt, fyrirmælanna frá hinu háa Alþingi, hefur ekki farið fram. Um það verður ekki deilt og duga engir útúrsnúningar í þessu sambandi. Eftir þessu verður gengið mjög harkalega ef menn, eins og ég segi, ætla að koma sér undan að fara að vilja hins háa Alþingis þrátt fyrir góð orð þar um.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það er nauðsynlegt að leiðrétta rangtúlkanir hv. þm. Halldórs Blöndals og Péturs Sigurðssonar á þeim ummælum sem ég lét hér falla um prófessor Jónatan Þórmundsson. Ég sagði alls ekki að prófessorinn hefði mælt gegn betri vitund. Ég sagði einfaldlega tvennt. Annað var að hann hefði lotið í lægra haldi í fræðilegri umræðu við forsrh. að mínum dómi á fundi þessarar nefndar. Eins og alkunna er, eru mjög skiptar skoðanir innan lögfræði um margvísleg málefni. Í öðru lagi sagði ég að Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu hefði fengið hann til þess að koma á fund nefndarinnar og því verður ekki á móti mælt, vegna þess að það var samkv. ósk þessara aðila sem prófessorinn mætti á fundum nefndarinnar. Þetta er það eina sem ég sagði um þennan ágæta fræðimann að öðru leyti, prófessor Jónatan Þórmundsson. Hitt blasir svo við sem staðreynd, að tveir fyrrv. prófessorar í stjórnskipunarrétti, þeirri fræðigrein sem fjallar um stjórnarskrá Íslands, prófessor Gunnar Thoroddsen og prófessor Ólafur Jóhannesson, greiddu báðir í Ed. Alþingis atkv. með þessum lögum. Ef stórsnillingarnir hv. þm. Halldór Blöndal og Eyjólfur Konráð Jónsson halda að þessir tveir fyrrv. prófessorar í stjórnskipunarrétti hafi greitt atkv. með frv. sem brýtur stjórnarskrána, þá er mjög einföld leið fyrir þessa tvo snillinga og það er að höfða mál gegn hæstv. forsrh. Hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson hefur lögfræðiréttindi og væntanlega manndóm til þess að flytja það mál sjálfur, og við getum þá fengið úrskurð Hæstaréttar í þessu deilumáli.

Þetta taldi ég nauðsynlegt að kæmi fram. Hitt er hins vegar rétt skilið hjá Halldóri Blöndal, að við höfum ýmsir staðið í því hér bæði að bjarga virðingu Alþingis og stuðla að virðingu Háskóla Íslands. Ég get hins vegar ekki gert að því, þó að Halldóri Blöndal líði jafnilla og þingheimur hefur mátt horfa á undanfarna mánuði yfir því, hvernig við björgum virðingu þessarar stofnunar.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ástæða er til að fagna því og taka viljann fyrir verkið þegar hæstv. viðskrh. segir nú að næst þegar spurt verði um það, hvort hann fari að vilja Alþingis í lánamálefnum varðandi bændur, þá muni hann reyna að standa sig betur en nú. Það er ástæða til að fagna því.

Hv. 11. þm. Reykv., Ólafur Ragnar Grímsson, hafði nú ekki kjark í sér til þess að hafa uppi hér sömu ummæli og áður varðandi Jónatan Þórmundsson, og er það að vísu góðs viti að hann skuli draga í land. En hitt verður að teljast ámælisvert, að formaður þingnefndar dragi einn af prófessorum Háskólans inn í umr. á Alþingi með þeim hætti sem hér hefur gerst í dag. Ég veit að allir þm. eru sammála um að umfjöllun af þessu tagi um embættismenn, sem geta ekki svarað fyrir sig hér í þingsölum, er ekki af því góða og verður ekki til þess að auðvelda þingnefndum störf sín eftirleiðis. Er því vissulega ástæða til að láta í ljós undrun og vonbrigði yfir þessari hegðun þm.

Varðandi svo þau ráð hans og hæstv. viðskrh. að fara til dómstólanna eftir að ríkisstj. hefur fengið samþykkt hér lög á færibandi um eitt og annað og ekki hirt um hvort þau stæðust ákvæði stjórnarskrárinnar, heldur skuli þegnarnir höfða mál fyrir dómstólum, þá er þetta ekki nýtt af nálinni. Það er búið að gefa verðlagsskrifstofunni lögbannsvaldið. Haustið 1978 voru gefin út ný skattalög með brbl. þess efnis, að öðru sinni skyldi lagður á skattgreiðendur bæði tekjuskattur og eignarskattur og tekjuskattsviðauki, og fyrningarreglum var breytt, og við munum að Hæstiréttur hefur fjallað um þá löggjöf og það var ekki meiri hl. í Hæstarétti sömu manna fyrir því að öll þessi löggjöf samrýmdist stjórnarskránni. Fimm menn dæmdu og það var ekki sami þriggja manna meiri hl., þriggja dómara meiri hl. fyrir því að þetta samrýmdist stjórnarskránni. Við getum tekið það dæmi sem Jónatan Þórmundsson talaði um og vafalaust er brot á stjórnarskránni. Við getum tekið dæmi af fóðurbætisskattinum sem líka er brot á stjórnarskránni. Og þeir sitja þarna saman núna og fer vel á með þeim, hv. þm. Halldóri Ásgrímssyni og Ragnari Arnalds, en við minnumst þess í umr. um skattamál í vetur að Halldór Ásgrímsson lýsti þá yfir úr sæti sínu að reglugerð ráðh. varðandi fiskimannaafslátt bryti í bága við skattalög — og hann er fræðimaður á því sviði.

Ef tíminn væri ekki útrunninn mætti rekja þetta áfram, en vafalaust er að virðing manna fyrir lögum fer minnkandi meðan við völd er ríkisstj. sem lætur sig engu skipta hvort hún reyni að vera réttu megin við stjórnarskrána, á meðan dómsmrh. sér ekki ástæðu til að gefa Alþingi skýringu á því, hvers vegna og á hvaða rökum hann stendur með umræddri grein. Og að síðustu þetta: Fyrst hæstv. forsrh. mæltist svo vel á lokuðum fundi, hvers vegna vildi hann þá ekki endurtaka rökin hér í ræðustólnum? Hann var þó vissulega hvattur til þess. Ég varð fyrir vonbrigðum að hann skyldi ekki svara mér, eins og hann er þó óðfús stundum að svara fsp. mínum.

Fyrirspyrjandi (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Þrátt fyrir allt tel ég mér skylt að þakka síðustu ummæli hæstv. viðskrh. þar sem hann lýsti yfir að hann mundi halda áfram að vinna að framgangi þessa máls. Ég sé að vísu ekki að hann hafi neitt unnið hingað til. En yfirlýsingin jafngildir því, að hann muni nú taka málið til afgreiðslu og úrlausnar, og fyrir það er auðvitað skylt að þakka. Betra er seint en aldrei.

En að því er varðar aftur á móti að fara í mál við forsrh. og að ég sé góður lögmaður, þá sé ég ekki að á þessu stigi hafi ég aðild að því máli. En það skal verða kannað og athugað með hvaða hætti væri hægt að koma málinu til dómstólanna.

Fyrirmæli Ríkisbókhalds, fsp. (þskj. 439). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Eiður Guðnason): Herra forseti. Ég hef leyft mér fyrir alllöngu að bera fram á þskj. 439 fsp. til hæstv. fjmrh. um það, hvar eigi stoð í lögum sú ákvörðun Ríkisbókhalds að ekki skuli nota aura í tilteknum greiðslum á vegum ríkisins. Nokkru fyrir áramótin síðustu, í tengslum við myntbreytinguna, var sam-

þykkt hér á hinu háa Alþingi frv. til l. um minnstu mynteiningu við álagningu og innheimtu opinberra gjalda. Þar segir svo í 1. gr., með leyfi forseta:

„Allir skattar og opinber gjöld svo og greiðslur til opinberra aðila fyrir hvers konar leyfisbréf, skírteini, skráningar og vottorð, hvort sem þær eru innheimtar samkv. aukatekjulögum eða öðrum heimildum, skulu lögð á í heilum krónum þannig að lægri fjárhæð en 50 aura skal færa niður í næstu heilu krónu, en 50 aura eða hærri fjárhæð skal hækka upp í næstu heilu krónu."

Í aths. við þetta stjfrv. segir að fyrirsjáanlegt sé að breytingar á verðgildi íslensks gjaldmiðils muni að óbreyttum lögum hafa í för með sér veruleg vandkvæði við álagningu og innheimtu opinberra gjalda. Síðan segir að með tilkomu aura og þar af leiðandi kommu í fjárhæðum verði óhjákvæmilegt að endurskipuleggja allt tölvubókhaldskerfi ríkisins ef ekki verði gripið til sérstakra ráðstafana, þess vegna sé lagt til að álagning, innheimta og greiðslur opinberra gjalda skuli fara fram í heilum krónum frá og með 1. jan.

Í þessu frv., sem ég hef nú vitnað til, er eingöngu fjallað um álagningu og innheimtu opinberra gjalda og greiðslur til opinberra aðila fyrir nánar tiltekin atriði. En síðan þessi lög voru samþykkt hefur það gerst, að Ríkisbókhaldið á vegum fjmrn. hefur sent úr umburðarbréf um greiðslumeðferð gjaldkera ríkisins vegna gjaldmiðilsbreytingarinnar. Þar segir m. a. í þessu bréfi frá Ríkisbókhaldi:

„Samkv. frv. til l. um minnstu mynteiningu við álagningu og innheimtu opinberra gjalda á m. a. að afgreiða tilteknar kröfur í heilum krónum, en ekki með aurum." Síðan segir: „Auk framangreindra reglna, sem frv. gerir ráð fyrir að gildi frá og með 1. jan. 1981, hefur verið ákveðið að nota ekki aura í greiðslum af hálfu ríkisins í eftirfarandi tilvikum" — og síðan er það talið upp: uppgjör launa, greiðsla tryggingabóta, greiðslur með tékkum sem unnir eru í tengslum við úrvinnslu í fylgiskjalakerfi í tölvubókhaldskerfi Ríkisbókhalds — og enn fremur segir: „Ríkisbókhald telur jafnframt nauðsynlegt að aðrar tékkagreiðslur af hálfu ríkisins séu eingöngu í heilum krónum."

Spurt er um það, hvar eigi stoð í lögum þessi ákvörðun Ríkisbókhaldsins. Raunar væri rétt að bæta við þeirri spurningu, fyrst þetta er afstaða Ríkisbókhalds og þar með fjmrn.: Hvers vegna í ósköpunum er þá yfirleitt verið að hafa fyrir því að slá aura ef ríkið ætlar ekki að nota aura í viðskiptum sínum við þegnana? Hvers vegna er þá ætlast til að almenningur geri það og hvers vegna var þá krónan ein ekki látin duga? Því er meginspurning mín sú, hvar þessi ákvörðun Ríkisbókhalds hafi stoð í lögum og þar með fjmrn. þar sem segir: „Auk þess hefur verið ákveðið." Ef hægt er að gera þetta með einfaldri ákvörðun Ríkisbókhalds, hvers vegna þurfti þá lagaheimild varðandi álagningu opinberra gjalda. Það hefði eftir þessu verið nóg að Ríkisbókhald eða fjmrh. eða fjmrn. tæki einfalda ákvörðun um að nota ekki aura. En nú er það ekki svo hjá gjaldkerum þeirra stofnana sem hér um ræðir, að aurar séu ekki notaðir, heldur verða gjaldkerar þessara stofnana að færa sérstaka aurareikninga. Hér er því síður en svo um einföldun að ræða. Og auðvitað er fráleitt og fjarri öllu lagi að þegar þessi myntbreyting á sér stað og aurar fá aftur margfalt gildi skuli ríkið hreinlega ákveða að nota þá ekki. Maður, sem sendir ríkissjóði reikning upp á 100.45 kr. — 45 gamlar krónur — fær einfaldlega ávísun til baka upp á 100 kr. Ríkið kýs að borga ekki þessa 45 aura. Ég efast satt að segja um að þessi greiðsluaðferð hafi stoð í lögum.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Hv. þm. Eiður Guðnason hefur fyrir alllöngu lagt fram fsp. um fyrirmæli Ríkisbókhalds. Svar við þessari fsp. var tilbúið fyrir alllöngu, en hefur ekki komið til umr. af ýmsum ástæðum fyrr en nú.

Spurningin er: Hvar eiga stoð í lögum þau fyrirmæli Ríkisbókhalds að nota ekki aura í greiðslum af hálfu ríkisins, m. a. í eftirgreindum tilvikum: a) við uppgjör launa, b) við greiðslu tryggingabóta og lífeyris frá Tryggingastofnun ríkisins?

Í svari við fsp., sem var borin fram af hv. 1. þm. Reykn. á s. l. hausti, greindi ég frá þeirri tilhögun sem notuð yrði við greiðslu launa og tryggingabóta eftir gjaldmiðilsbreytinguna. Ég vil leyfa mér að endurtaka nú hluta þess er ég þá sagði um notkun aura í greiðslum og bókhaldi ríkisins, með leyfi forseta:

„Allt frá 1961 hefur ríkissjóður greitt laun í heilum krónum. Hið sama hafa flestir aðrir vinnuveitendur gert er færa launabókhald í skýrsluvélum. Í framhaldi af setningu laga um breytt verðgildi íslensks gjaldmiðils gerðu Skýrsluvélar ríkisins og Reykjavíkurborgar viðskiptavinum sínum ljóst að eigi væri í öllum tilvikum laust sæti fyrir kommu innan þeirra kerfa er nú væru notuð til launaúrvinnslu og bókhalds, gerð nýrra kerfa væri tímafrek og kostnaður við þá vinnu næmi tugum millj. kr. Sams konar vandamál eru ljós hjá mörgum sveitarfélögum. Fjmrn. hefur rætt það mál við aðalviðsemjendur ríkissjóðs um kaup, hvort það mundi verða efni gagnrýni af þeirra hálfu yrðu einstakar tegundir launa reiknaðar í heilum krónum, tímakaup yrði hins vegar í aurum og aðrar þær stærðir sem margfaldaðar verða. Að undangenginni athugun viðsemjenda ríkissjóðs á launabókhaldi og hugsanlegum frávikum, sem líklegt er að komi til greina í þessu tilviki, hafa fulltrúar launþega tjáð fjmrn. að þeir teldu slíkan útreikning eigi andstæðan hagsmunum umbjóðenda sinna. Í samræmi við framanritað er við það miðað að launagreiðslur og bótagreiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins verði í heilum krónum."

Þetta kom sem sagt fram í svari mínu við skyldri fsp. á s. l. hausti.

Til viðbótar vil ég nefna þetta: Af hálfu fjmrn. er litið svo á að greiðsla launa sé fyrst og fremst samningsatriði við þá sem eru í þjónustu ríkisins. Greiðsla launa í heilum krónum er með fullri vitund viðsemjenda ríkissjóðs og hafa þeir að lokinni athugun á launagögnum ríkisins eigi talið nein efni til aðfinnslu. Alþingi samþykkti fyrir áramótin lög þess efnis, að öll opinber gjöld skyldi greiða í heilum krónum svo og útgreiðslur úr ríkissjóði tengdar opinberum gjöldum, t. d. endurgreiðslur skatta eða barnabóta. Sérstök lög eru ekki til um greiðslu launa eða tryggingabóta. Með tilliti til samstarfs ríkissjóðs við viðsemjendur sína um notkun aura í launagreiðslum svo og að mikið af greiðslum tryggingabóta eru heimildargreiðslur verður ekki séð að sérstakra laga sé þörf um það efni.

Herra forseti. Ég vænti þess, að fsp. sé með þessu svarað.

Fyrirspyrjandi (Eiður Guðnason): Ég vil þakka hæstv. fjmrh. svör hans. Sem mig grunaði á þessi ákvörðun

Ríkisbókhalds enga stoð í lögum. Einstaklingur, sem sendir ríkinu reikning upp á 100.45 kr. og fær senda ávísun upp á 100 kr., hlýtur að geta leitað réttar síns til að fá upphæðina greidda að fullu vegna þess að þetta athæfi fæ ég ekki með nokkru móti séð að geti verið löglegt.

Hæstv. fjmrh. fór um það mörgum orðum, hver kostnaður væri því samfara að breyta þessu tölvukerfi, væntanlega Skýrsluvéla ríkisins og Reykjavíkurborgar. Víst er það, að nokkur kostnaður er því samfara. Ég hygg hins vegar að það hefði verið fullkomlega réttlætanlegt að leggja út í þann kostnað, m. a. vegna þess, eins og ég sagði áðan, að þetta er síður en svo til einföldunar hjá þeim sem fara höndum um peninga af hálfu ríkisins, vegna þess að þeir verða eftir sem áður að hafa sérstakt aurabókhald í sinni vörslu.

Hinn 10. febr. s. l. skrifaði fjmrn. — Ríkisbókhald — Póst- og símamálastofnun sem gert hafði aths. við þetta, að aurar skyldu ekki notaðir í greiðslum, sem skiptir auðvitað verulegu máli fyrir stofnun eins og Póst- og símamálastofnun. Í þessu bréfi Ríkisbókhalds, sem væntanlega og áreiðanlega er skrifað með samþykki fjmrn., segir m. a., með leyfi forseta:

„Framangreind afstaða Ríkisbókhaldsins byggist á því, að eitt og sama tölvubókhaldskerfi verði að gilda fyrir ríkið og hagkvæmara sé, þegar tekið er tillit til heildarinnar og til þróunar mála á næstu árum, að leggja ekki í þann kostnað að breyta þeim tölvubókhaldsþáttum sem notkun aurasæta hefði áhrif á.“ Og síðan bið ég þm. að taka sérstaklega eftir: „Þetta hagkvæmnismat tekur mið af þverrandi gildi aura á verðbólgutímum, því sé hagkvæmara að stuðla að því að draga úr auranotkun í viðskiptum fremur en breyta bókhaldskerfinu.“ Þessi setning: „Þetta hagkvæmnismat tekur mið af þverrandi gildi aura á verðbólgutímum“ — skrifuð af hálfu fjmrn. ber ekki vott um að ráðherrarnir hafi mikla trú á þeim ráðstöfunum sem ríkisstj. þykist vera að gera til viðnáms verðbólgunni.

Ég verð satt að segja að lýsa furðu minni á þeirri afstöðu fjmrn. og Ríkisbókhalds, sem á sér enga stoð í lögum, að aurar skuli ekki vera notaðir í greiðslum af hálfu ríkissjóðs eins og ætlast er til og eins og gerist og gengur í almennu viðskiptalífi og viðskiptum manna á meðal hér á landi. Mér finnst þetta satt að segja furðulegt og fáránlegt, og eins og hér hefur komið fram á þetta enga stoð í lögum.

Fréttasendingar til skipa, fsp. (þskj. 577). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Mál þetta hefur komið til umr. í hv. Alþingi í vetur í sambandi við önnur mál. Það hefur vakið nokkra athygli að loftskeytamenn, fleiri en einn og fleiri en tveir, sem hafa starfað við þessar fréttasendingar og hafa gefið vinnu sína — eins og þeir loftskeytamenn sem hafa unnið að þessu á undanförnum árum hafa gefið vinnu sína til þessa — hafa furðað sig á því, að þessari þjónustu skuli ekki hafa verið haldið áfram. Breytingin, sem hér varð þegar þessum morsfréttasendingum var hætt, var að upp voru teknar stuttbylgjusendingar á tali sem heyrist misjafnlega. Þarf lítið út af að bera til þess að það geti verið alger þögn á stórum hluta þeirra hafsvæða sem íslensk skip ferðast um langtímum saman. Vegna þessa leikur mörgum forvitni á að vita hvar þessi mikli kostnaður í ríkisrekstrinum liggur í sambandi við þessar fréttasendingar. Ég held að það hljóti að vera mjög forvitnilegt fyrir allan almenning, að ég tali nú ekki um sérstaklega þau hundruð sjómanna sem fjarri eru ströndum landsins og njóta hvorki þessarar þjónustu né annarrar frá þjóðfélaginu þótt þeir borgi sína fullu skatta til sameiginlegrar neyslu og þjónustu um leið. Vegna þessa hef ég, herra forseti, leyft mér að bera fram eftirfarandi fsp. ásamt hv. þm. Matthíasi Á. Mathiesen:

„1. Hver var kostnaður Ríkisútvarpsins vegna morsefréttasendinga til skipa árin 1979 og 1980?

2. Hver var launakostnaður vegna þessarar þjónustu og hvernig skiptist hann milli deilda?

3. Hver er áætlaður kostnaður við stuttbylgjutalsendingar frétta á árinu 1981?“

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. 1. liður fsp. er um það, hver sé kostnaður Ríkisútvarpsins vegna morsefréttasendinga til skipa árið 1979 og 1980, og síðan er 2. liðurinn um hver launakostnaðurinn vegna þessarar þjónustu hafi verið og hvernig hann skiptist á milli deilda og í þriðja lagi hver sé áætlaður kostnaður af stuttbylgjusendingum frétta á þessu ári.

Ég skal nú svara þessum spurningum bara til að byrja með alveg beint eins og málið liggur fyrir tölulega.

Hvað 1. liðinn snertir, um það hver kostnaður Ríkisútvarpsins vegna þessara sendinga hafi verið, þ. e. til skipanna, 1979 og 1980, þá er svarið, að árið 1979 var þessi kostnaður alls 1 494 297 kr., en árið 1980 var þessi kostnaður 3 522 805 kr.

Um 2. liðinn, hver launakostnaðurinn hafi verið vegna þessarar þjónustu hjá Ríkisútvarpinu, er því til að svara, að 1978 var launakostnaðurinn 1 193 759 kr., en 1980 var þessi launakostnaður 522 805 kr.

Og svo er þriðji liðurinn, það er auðvelt að svara honum, hver væri áætlaður kostnaður við stuttbylgjusendingar frétta árið 1981. Svarið er einfaldlega: Það er áætlað 12 millj. gkr. eða 120 þús. nýkr.

Það, sem ég hef nú sagt hér og lesið upp, eru raunverulegar tölur um útgjöld Ríkisútvarpsins af sendingum frétta til skipa á morsi og áætlaðar tölur vegna stuttbylgjuútvarps á þessu ári. Að því leyti til má segja að svarað hafi verið fsp. hv. þm. eins og þær liggja fyrir. En ég vil taka það fram, að málið er ekki svona einfalt, og það veit ég að hv. fyrirspyrjendur vita einnig.

Menn taka vafalaust eftir því, að morsesendingarkostnaðurinn fyrir árin 1979 og 1980 er ekki hár í tölum talið ef litið er á þessar upphæðir sem ég var að nefna. En hér liggur miklu meira á bak við. Ég vil benda á það, að sá kostnaður, sem ég var að telja upp, er nær eingöngu launakostnaður á fréttastofu við að semja fréttir og skrifa þær á telexstrimil til sendingar upp í Gufunes. Hins vegar kemur ekki fram í þessum tölum neinn verulegur kostnaður við morsesendingarnar frá loftskeytastöðinni í Gufunesi, einfaldlega vegna þess að Ríkisútvarpið hefur á þessu tímabili, sem um er spurt, aðeins greitt Landssímanum 300 þús. gkr. fyrir þessi störf, þ. e. einn mánaðarreikning fyrir þessa þjónustu á árinu 1979, fyrir janúarmánuð 1979. Þess vegna verða þessar tölur svona lágar. Síðan hafa staðið deilur um þessi gjöld milli Ríkisútvarpsins og Landssímans.

Í byrjun árs 1979 stórhækkaði Landssíminn gjald fyrir þá þjónustu við sjómenn að senda fréttir útvarpsins á morse um Gufunesradíó. Þessu vildi útvarpið ekki una.

Því voru morsesendingar frétta frá Gufunesi ærið slitróttar á árinu 1979, þ. e. framan af árinu. Þessar sendingar hófust aftur reglubundið, en þó miklu færri en áður, að ég hygg, 15. ágúst 1979. Páv. menntmrh., Ragnar Arnalds, sem jafnframt var samgrh. og fór því með yfirstjórn beggja þeirra stofnana, Ríkisútvarpsins og Landssímans, sem áttu í deilum, ákvað að morsesendingarnar skyldu halda áfram frá Gufunesi og að gjaldið yrði innheimt hjá útgerðum skipanna sem í hlut áttu. Þannig stóðu þessi mál fram til 1. des. á síðasta ári, að Ríkisútvarpið lét fréttastofu sína semja fréttir og þær voru morsaðar út í Gufunesi á vegum Landssímans. Hins vegar fór svo að útgerðaraðilar neituðu með öllu að greiða loftskeytakostnaðinn. Þá stöðvaði Landssíminn sendingarnar 1. des. 1980 og þannig standa sakir nú.

Ég hlýt að benda á það, að Ríkisútvarpið stöðvaði ekki þessar fréttasendingar 1. des. Það gerði Landssíminn sem rekur Gufunesradíó. Ríkisútvarpið stóð við sínar skyldur samkv. því fyrirkomulagi sem páv. menntmrh. og samgrh. kom á 15. ágúst 1979. Og það mun ekki standa á því af minni hálfu, að fréttastofu útvarpsins verði áfram falið að sjá um samningu frétta til sendingar um Gufunesradíó til skipa sem hafa loftskeytabúnað. Ég tel hins vegar ekki ótvíræða skyldu Ríkisútvarpsins að taka þátt í beinum útsendingarkostnaði frá Gufunesstöðinni á hverju sem gengur.

Ég vil geta þess, að fulltrúar Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Félags ísl. loftskeytamanna hafa nýlega rætt þessi mál við mig. Ég gerði þeim grein fyrir því, að Ríkisútvarpið ræki ekki útvarpsstöð í Gufunesi, heldur væri það Landssíminn sem ræki þar loftskeytastöð, þ. e. fjarskiptamiðstöð við skip sem hafa loftskeytaútbúnað. Ég skýrði þeim frá því, að ég teldi að um fréttasendingar til skipa gegnum Gufunesradíó ætti að vera samvinna milli Ríkisútvarpsins og Landssímans sem reist væri á þeirri verkaskiptingu að Ríkisútvarpið léti semja fréttirnar og senda þær á fjarrita upp í Gufunes og greiddi þann kostnað sem því fylgdi, en síðan tæki Landssíminn að sér að senda fréttirnar út gegnum Gufunesradíó og stæði undir kostnaði þannig að hann væri Ríkisútvarpinu óviðkomandi. Ég tel þessa verkaskiptingu eðlilega og er fús til að vinna að lausn þessa deilumáls á þeim grundvelli. — Vegna þessarar fsp. vildi ég láta þetta koma sérstaklega fram, vegna þess að það er nauðsynlegt til skýringar á þeim svörum sem ég hef gefið beint við fsp. hv. þm.

Ég skil vel afstöðu sjómanna í þessu máli. Ég skil vel óskir þeirra og kröfur um að fá daglegt fréttayfirlit sent frá Gufunesradíói í formi morseskeyta. En það er ekki sanngjarnt né eðlilegt að Ríkisútvarpið greiði allan kostnað við þessar sendingar. Þar verða fleiri aðilar að koma til. Fjárhagur Ríkisútvarpsins um þessar mundir leyfir ekki hvað sem er í rekstrarútgjöldum og aukaverkum eins og öllum er vel kunnugt.

Fyrirspyrjandi (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir mjög greinagóð svör. Að sjálfsögðu var ekki ætlan okkar fyrirspyrjenda með þessum fsp. okkkr að efna á einn eða annan hátt til neinna deilna við hann um þessi mál. Og ég endurtek þakkir mínar einmitt vegna þess að hæstv. ráðh. virðist hafa sett sig vel inn í málin og er búinn að gera sér fulla grein fyrir því, í hverju vandinn liggur og jafnvel hvernig megi leysa hann.

En þarna kemur enn einu sinni upp sú staðreynd sem við hér á Alþingi verðum að horfast í augu við, að einstakar opinberar stofnanir eru orðnar með mikið sjálfræði í þjóðfélaginu, það er búið að flytja það mikið vald til þeirra, — á sama hátt og ráðherrar óska og stefna að því að flutt sé vald til þeirra frá Alþingi og jafnvel notuð til þess hin ólíklegustu tækifæri, — að ég held að Alþingi ætti að staldra nokkuð við og hugsa sinn gang næst þegar mál þessara stofnana koma upp. Og nú er ég að sjálfsögðu ekki að tala um Ríkisútvarpið, heldur um Landssíma Íslands. Þetta er ekki eina dæmið um að sú stofnun hafi gert íslenskri sjómannastétt og útgerðarmönnum lífið frekar leitt.

Ég minnist þess samt sem áður — og það er náttúrlega það hlálega fyrir okkur sem höfum verið að spyrjast fyrir um þetta mál og ræða það hér á Alþingi — að forsenda breytinganna var sú, að það væri verið að spara. Það kemur hins vegar í ljós, að þessi sparnaður er fólginn í því að farið er úr rúmlega 3 millj. gkr. kostnaði upp í 12 millj. gkr. kostnað. Það er nú sparnaðurinn. Og ósköp hlýtur það að vera öfugsnúið fyrir þá menn sem hafa á undanförnum árum verið að tala um láglaunafólk og bætt kjör láglaunafólks í landinu. Það kemur í ljós og vekur furðu að sá örstutti tími, sem hlýtur að fara í vinnu við að vélrita inn á telexstrimil þær stuttu fréttir sem sendar eru, skuli virkilega geta kostað á fjórðu millj. kr. árið 1980 hjá Ríkisútvarpinu.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta að sinni. En ég geri ráð fyrir að það verði fleiri þm. en ég sem hugsi til þess á næsta hausti að gera einhverjar ráðstafanir hér úr þingsölum svo að þessu verði breytt í þann farveg sem verið hefur, þannig að þessi hópur manna, sem gegnir sínum störfum við þau skilyrði að geta ekki neinar fréttir haft héðan að heiman, eigi þess kost í framtíðinni. Og í mesta bróðerni vil ég benda hæstv. menntmrh. á að næst þegar hæstv. ríkisstj. gengur í brbl.-ham er tilvalið tækifæri fyrir hann að beita sér fyrir því með brbl., að úr þessu máli verði bætt.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Það var mjög smávægilegt atriði, það var í sambandi við kostnaðinn sem ég greindi frá á fréttastofunni. Það gætir kannske nokkurs misskilnings í orðum hv. þm. um það, að starfið sé eingöngu að rita á strimilinn. Það er meira sem þarna þarf til. Það þarf að semja þessar fréttir sérstaklega, taka þær saman og semja þær sérstaklega fyrir þessa útsendingu og það hefur valdið aukakostnaði á fréttastofunni.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég vil bara bæta því við þessa umr., að mér finnst stöðvun Landssímans á sendingum morsefrétta til íslenskra skipa alveg dæmigerð fyrir þvergirðingshátt Landssímans á mörgum sviðum. Þau kynni, sem ég hef haft af þessum málum í 13 eða 14 ár hjá Ríkisútvarpinu, voru þau, að fréttamenn skrifuðu þessar fréttir, þegar frístundir gáfust á kvöldvöktum, og sendu þær upp í Gufunes. Mér er kunnugt um að þar voru starfsmenn sem sendu þær á nákvæmlega sama hátt til skipanna þegar lítið var að gera uppi í Gufunesi. Líklega hefur það verið svo, að starfsmenn Landssímans í Gufunesi hafi hins vegar heimtað aukagreiðslur fyrir þessar sendingar, vegna þess að ég get ekki ímyndað mér að kostnaðurinn við að morsa fréttir út sé gífurlega mikill. Ég vil mælast eindregið til þess við hæstv. menntmrh. að hann kanni þetta mál og hugsi sinn gang áður en hann tekur ákvörðun um að stöðva þessar sendingar. Ég vil líka mælast til þess við hæstv. ráðh. að hann kanni hvort ekki sé hægt að koma á einhvers konar samningum milli Landssímans og útgerðarmanna um þessi mál.

mrh., að hann knýi á um að allur sá fjöldi íslenskra sjómanna, sem er á skipum fjarri ströndum Íslands, eigi kost á að fá ágrip innlendra frétta sent til sín á hverju kvöldi eða hverri nóttu. Þetta er sjálfsögð og eðlileg þjónusta og hún er svo ódýr og á raunverulega ekkert að kosta, því þetta er eitt af þeim verkefnum sem starfsmenn bæði Landssímans og Ríkisútvarpsins ættu að gera með glöðu geði.

Tæknisafn, fsp. (þskj. 549). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur G. Þórarinsson): Herra forseti. Ég hef lagt hér fram á Alþingi fsp. á þskj. 549 til menntmrh., svohljóðandi:

„Eru á prjónunum áform um að setja á stofn tæknisafn eða tæknideild við Þjóðminjasafnið?"

Þessi fsp. er borin fram vegna þeirrar skoðunar fyrirspyrjanda að ekki sé seinna vænna að hefjast handa um skipulega söfnun ýmissa véla og tækja sem enn eru til í landinu og tengjast atvinnusögu og atvinnuþróun landsmanna. Á því er veruleg hætta, að árlega tapist eða fari forgörðum í hreinsunum hlutir sem verulegt gildi hafa í þessu sambandi. Eins og flestum er kunnugt eru í flestum nágrannalöndum okkar myndarleg tæknisöfn þar sem eru varðveittar ýmsar vélar og tæki sem tengjast atvinnusögu þjóðarinnar allt frá bernsku ýmissa atvinnugreina. Eru þar oft fyrirferðarmikil tæki eða vélar í samgöngumálum eða frá byrjun rafvæðingar, útvarps, síma o. s. frv. Söfn af þessu tagi eru menningarsögulegs eðlis og ekki bara til ánægju, heldur eru þau mikið notuð við kennslu og þannig upp sett að þau sýni þróun atvinnulífs og tækni. Á nýtískusöfnum eru ekki bara dauðir hlutir til sýnis, heldur er unnt að láta gamlar vélar hreyfast og sýna hvernig þær hafa verið notaðar, sýndar eru kvikmyndir og fleira í þeim dúr, þannig að safnið geti orðið þeim, sem það sækja, til sem mestrar ánægju og fræðslu.

Segja má að í íslensku þjóðfélagi sé kannske nokkur sérstaða varðandi þessi mál þar sem okkar þjóðfélag var framan af bændaþjóðfélag og þjóðfélag útvegsbænda. Í þeirri ágætu greinargerð, sem menntmrh. hefur látið dreifa hér í þinginu í dag koma sérstaklega fram ýmsar upplýsingar um það, hvaða breytingar verða í okkar þjóðfélagi einmitt upp úr aldamótunum síðustu. Þá gerast ýmsir hlutir og koma fram einmitt ýmsar nýjungar sem gaman væri að eiga minjar um á slíku safni. Þarna er getið um það þegar fyrsti bíllinn kemur til landsins, líklega um 1904. Árið 1902 er fyrsta vélin sett í íslenskan bát, 1905 reist fyrsta rafstöðin, 1906 lagður sími til útlanda, 1905 kemur hingað fyrsti gufutogarinn og þannig mætti lengi telja. Enginn vafi er á því, að það er mikil nauðsyn að reyna að varðveita elstu tæki sem notuð hafa verið í landbúnaði. Enn eru tök á að reyna að varðveita eða ná til slíks safns fyrstu vélknúnu jarðvinnslutækjunum. Ég hef gaman af að geta þess hér, að ekki alls fyrir löngu skoðaði ég ölgerð Egils Skallagrímssonar. Einmitt hér í Reykjavík var hún reist upp úr 1920 og mun þá hafa verið með fullkomnari ölgerðum sem höfðu verið reistar. Þessi ölgerð við Frakkastíginn er enn í gangi. Tæki hennar eru orðin gömul og merkileg og væri vafalaust mikils virði að varðveita þau þegar ölgerðin flytur í nýtt húsnæði uppi í Borgarmýri, væntanlega innan fárra ára.

Öll þessi tæki bera vitni merkilegri sögu, og það er enginn vafi á því, að það er mikils virði að reyna að halda við ýmsum vörðum á þeirri leið. Ég er þeirrar skoðunar, að það sé nauðsynlegt að vinna skipulega að því að bjarga og helda saman ýmsum búnaði sem enn er til í landinu, slíkum sem hér er um talað. Eðlilegast er vafalaust að tæknideild væri sett upp í tengslum við Þjóðminjasafnið, en björgunarstarf þarf að hefja hið allra fyrsta og virkja áhugamenn einmitt í því. Mér dettur nú í hug, þegar rætt er um það, að enginn vafi er á því, að í ýmsum hreinsunum úti um land tapast árlega tæki sem fengur væri að fá í slíkt safn. Nú erum við að leggja hér fram einmitt frv. um stálbræðslu og ætlum að nýta þar brotajárn sem safnað verður um allt land. Ég vil leggja áherslu á það, að víða eru enn geymdir hlutir sem ættu heima á slíku tæknisafni. Ég held þess vegna að það sé áríðandi að útvega sem fyrst geymsluaðstöðu fyrir slíka hluti, þó að ekki sé ráðist í miklar byggingarframkvæmdir, en útvega sem fyrst geymsluaðstöðu og fá mann til starfa til þess að draga saman þessa hluti og reyna að koma í veg fyrir að þeir fari forgörðum.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Hv. þm. spyr hvort uppi séu áform um að stofna svokallaða tæknideild við Þjóðminjasafn Íslands. Því vil ég svara til, að það hafa farið fram mjög ítarlegar umræður milli mín og þjóðminjavarðar um þetta málefni, og ég held að mér sé óhætt að fullyrða að við höfum báðir mikinn áhuga á því, að slík deild geti starfað við Þjóðminjasafnið. Ég hef skýrt þjóðminjaverði frá því, að ég sé við því búinn að samþykkja eða staðfesta ef hann tæki þá ákvörðun að stofna formlega tækniminjadeild við Þjóðminjasafnið. Þykir mér líklegt að slík formleg ákvörðun verði tekin áður en lagt um líður.

Þjóðminjavörður hefur að sjálfsögðu í embætti sínu um árabil fjallað um þessi mál, leitt hugann að stofnun sérstaks tækniminjasafns eða tæknideildar í Þjóðminjasafni, enda á Þjóðminjasafnið ýmsa merka hluti sem tilheyra í eðli sínu slíkri safndeild. Þá hefur þjóðminjavörður verið með í ráðum um söfnun og varðveislu á vegum áhugamannasamtaka og ýmissa stofnana og fylgst með ástandi þessara mála almennt og hvatt til skipulegra aðgerða í þessum efnum eftir því sem tök hafa verið á. Þó verður að segjast sem er, að söfnun og varðveisla tækniminja er á frumstigi hér á landi og því miklu ábótavant miðað við það, hversu umfangsmikið og merkilegt verkefni er um að ræða og hversu mjög þessi mál standa að baki því sem gerist í ýmsum öðrum löndum. Mér er fullljóst að þörfin fyrir skipulegar heildaraðgerðir á þessu sviði er mjög brýn.

Skömmu eftir að ég tók við starfi menntmrh. skipaði ég starfshóp áhugamanna á þessu sviði undir formennsku Þórs Magnússonar þjóðminjavarðar til að semja greinargerð fyrir mig um stöðu þessara mála og hugsanlega stofnun tækniminjasafns. Hef ég látið dreifa þessari greinargerð hér. Þessi nefnd eða starfshópur athugaði málið og lagði fyrir mig þessa greinargerð seint í nóvember á síðasta ári. Ég vil nú biðja menn að lesa þessa greinargerð vegna þess að hún skýrir ákaflega vel það málefni, sem hér er um að ræða, og hvaða úrræði koma helst til greina í þessu sambandi. Hins vegar er greinargerðin það löng að ekki eru tök á því að fara að lesa hana hér alla í heild.

Þegar talað er um tækniminjar í íslenskri merkingu orðsins er átt við vélar og tæki sem Íslendingar tóku í notkun á landi og sjó eftir að nýir atvinnuhættir fóru að

ryðja sér til rúms í upphafi þessarar aldar og gerbreyttu verkmenningu þjóðarinnar á mjög stuttum tíma miðað við hinar fornu hefðir sem áttu sér 1000 ára sögu. Hlutir, sem töldust til byltingarkenndra nýjunga á fyrstu árum þessarar aldar, eru nú eins konar fornminjar sem hafa ótvírætt safngildi ekki síður en minjar frá fyrri öldum sem eru til vitnis um verkmenningu hins rótgróna íslenska bændasamfélags.

Greinargerðin, sem ég var að nefna og útbýtt hefur verið, er of löng, eins og ég segi, til þess að lesa hana hér, en ég hvet menn til þess að kynna sér það, sem þar stendur, og bendi á það m. a., að skýrslan hefur að geyma ýmsar upplýsingar um tækniminjasöfn í nágrannalöndum og hvernig þau eru notuð, m. a. til kennslu. Þá er í skýrslunni gerð grein fyrir upphafi tæknialdar hér á landi með tilkomu gufuskipa og vélbáta, rafvæðingar, síma, bíla og landbúnaðarvéla, svo að eitthvað sé nefnt, og sagt frá því, hvað enn sé til af minjum frá fyrstu árum tæknialdarinnar og þá hvað gert hafi verið til þess að safna slíkum minjum eða vernda þær og geyma. Loks er að finna tillögur um það, hvað brýnast sé að gera í sambandi við skipulegar heildaraðgerðir í þessum málum eins og ástand þeirra er hér á landi. M. a. er bent á það, að sem fyrsta skref sé æskilegt að stofna formlega tækniminjadeild við Þjóðminjasafn. Koma þurfi upp eða útvega geymslu- og vinnupláss, þ. e. upphitaða skemmu, sæmilega góða, ráða þurfi mann til að safna tækniminjum og vinna að viðgerð og frágangi safngripa. Síðast en ekki síst þurfi að tryggja fjármagn til þessara mála, en það hefur naumast verið fyrir hendi fyrr en þá lítillega á þessu fjárlagaári. Í fjárveitingum til Þjóðminjasafns er gert ráð fyrir 50 þús. kr. upphæð vegna tækniminja, þ. e. 5 millj. gkr., og auk þess hefur safnið yfir að ráða 95 þús. nýkr. frá Þjóðhátíðarsjóði sem nota má í þessu skyni. Hér er því í fyrsta sinn fenginn nokkur fjárhagsgrundvöllur undir tækniminjadeild. Vil ég endurtaka það sem ég hef áður sagt, að ef þjóðminjavörður tekur ákvörðun um það fyrir sitt leyti að stofna tækniminjadeild við Þjóðminjasafnið mun ég staðfesta slíka ákvörðun, enda er stofnun slíkrar deildar mjög brýnt mál. Vona ég að það geti orðið áður en lagt um líður.

En á það hlýt ég að minna í þessu sambandi, að tækniminjasafn verður ekki rekið með orðum einum og litlu sem engu fjármagni. Með slíku veganesti er hugsanlega hægt að stíga fyrstu sporin, en ekki meira. Stofnun tækniminjasafns eða tækniminjadeildar við Þjóðminjasafnið krefst að sjálfsögðu verulegs fjármagns. Það er reyndar ekki víst að allt þetta fé þurfi að koma beint úr ríkissjóði. Það má líka hugsa sér að sú kvöð verði lögð á ýmsar stofnanir að leggja fram fé í þessu skyni, til að geyma það sem þessar stofnanir eða þessi fyrirtæki eiga af merkum tækniminjum, en eigi að síður er nauðsynlegt að ríkissjóður leggi þarna fram nokkurt fé.

Ég vona svo að þessari fsp. teljist svarað með þessum orðum.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur G. Þórarinsson): Herra forseti. Ég þakka ráðh. ánægjuleg og ágæt svör og þann velvilja sem í þeim kom fram gagnvart þessu máli. Ég vil sérstaklega fagna þeirri yfirlýsingu hans, að tækniminjadeild verði stofnuð við Þjóðminjasafnið áður en langt um líður. Að lokum vil ég aðeins leggja áherslu á nauðsyn þess að fenginn verði maður í hlutastarf, a. m. k. framan af, til þess að draga saman þær minjar og þá muni sem víðs vegar um land eru, þannig að ekki hljótist tjón af og þessir gripir tapist. Hér er um að ræða björgunarstarf og því þarf ekki að fylgja mikill kostnaður.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Þó að þetta sé ekki eitt af þeim stærri málum, sem við fáum til meðferðar hér á hv. Alþingi, þá er hreyft hér mjög merku máli. Ég fagna því sérstaklega, að hæstv. menntmrh. hefur gefið yfirlýsingu um það hér, að hann muni beita sér fyrir því að stofnuð verði sérstök tækniminjadeild við Þjóðminjasafnið.

Ástæðan fyrir því, að ég vil segja örfá orð í þessu sambandi, er sú, að jafnframt því sem ákvörðun þarf að taka um stofnun slíks safns eða slíkrar deildar þarf að taka ákvörðun um staðsetningu. Nú er staðsetning að sjálfsögðu sjálfstætt mál, en ég hygg þó að um það þyrftu ekki að vera miklar deilur, að eðlilegt væri að slíkt safn væri staðsett hér í Reykjavík og til þess eru ýmsar ástæður. Þeir skólar t. d., sem mest mundu nota slíkt safn, eru flestir staðsettir hér, auk þess sem flestir mundu þá geta notið safnsins. Í Ártúnsholti svokölluðu er reyndar þegar kominn nokkur vísir að slíku safni í tengslum við Árbæjarsafn. Þar er núna geymd tiltölulega nýuppgerð fyrsta og síðasta eimreið sem hér var notuð á landinu. Þar eru enn fremur fyrstu tæki til gatnagerðar geymd, sum nýuppgerð, og þar mætti áfram telja.

Um skipulag þessa svæðis hefur nokkuð verið deilt á undanförnum vikum og tekin ákvörðun um það í borgarstjórn að leggja þetta svæði að miklu leyti undir íbúðarbyggð. Hins vegar höfum við sumir talið eðlilegt að ætla að skipulagi tæknisafni þarna stað. Ég vil líka benda á í þessu sambandi að þarna er á næstu grösum Elliðaárstöðin sú gamla rafstöð sem enn er í fullu gildi. Hins vegar hefur að okkar mati ekki verið nægilega vel séð fyrir því í þessum skipulagshugmyndum, að þetta safn gæti verið þarna til frambúðar með eðlilegum vaxtarmöguleikum, enda má segja að um það hafi ekki komið nein formleg ósk eða formleg beiðni að ætlað væri land fyrir slíkt safn á þessum stað. Þess vegna vil ég koma því á framfæri við hæstv. menntmrh. — og ég veit að þjóðminjavörður er áhugamaður um það líka — að þessi staðsetning gæti náð fram að ganga, að sem allra fyrst yrði af hálfu ríkisins reynt að tryggja nægilega stórt landssvæði á þessum slóðum undir slíkt safn. Þó að tekin hafi verið ákvörðun um notkun þessa lands nú í grófum dráttum er enn fullur möguleiki á því að skipuleggja það þannig að tæknisafn gæti verið staðsett þarna með þeim vaxtarmöguleikum sem þarf.

Björgunarlaun til varðskipa, fsp. (þskj. 577). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ég hef lagt fram svohljóðandi fsp. til hæstv. dómsmrh.:

„Hver eru heildarbjörgunarlaun varðskipa ríkisins á árunum 1979 og 1980 og hve hár hluti hefur komið í hlut eftirtalinna aðila: a) Landhelgissjóðs, b) Landhelgisgæslunnar sem útgerðaraðila, c) áhafna skipanna, d) annarra?“

Þessi fsp. er borin fram að gefnu tilefni vegna umr., sem hér hafa farið fram á yfirstandandi þingi, bæði um störf Landhelgisgæslunnar í dag og eins um framtíðarmarkmið sem þarf að stefna að í störfum hennar. Einnig

hafa komið til umræðu björgunarmál landhelgisgæsluskipanna o. fl., o. fl. Fyrir þá, sem eiga eftir að starfa að þessum málum á næstu vikum og mánuðum vonandi — eins og við höfum reyndar ábendingu um á dagskrá þessa fundar, en það á að kjósa mþn. til þess að fjalla um Landhelgisgæsluna, veit ég að þessar spurningar og svör við þeim munu verða til glöggvunar.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Fsp. þessi hljóðar svo:

„Hver eru heildarbjörgunarlaun varðskipa ríkisins á árunum 1979 og 1980 og hve hár hluti hefur komið í hlut eftirtalinna aðila: a) Landhelgissjóðs, b) Landhelgisgæslunnar sem útgerðaraðila, c) áhafna skipanna d) annarra?"

Svar: Samkv. upplýsingum Landhelgisgæslunnar hafa heildarbjörgunarlaun varðskipanna árin 1979 og 1980 orðið þessi: Árið 1979: 15 bjarganir, heildarbjörgunarlaun 120 millj. 265 þús. kr. Hlutur einstakra aðila: a) Hlutur Landhelgissjóðs 88 963 076 kr. b) Hlutur Landhelgisgæslunnar sem útgerðaraðila 1 647 567 kr. c) Hlutur áhafna skipanna 29 654 357 kr. d) Hlutur annarra 0.

Árið 1980: 5 bjarganir, heildarbjörgunarlaun 98.6 millj. kr. Hlutur einstakra aðila: a) Hlutur Landhelgissjóðs 71 101 930 kr. b) Hlutur Landhelgisgæslunnar sem útgerðaraðila 3 837 426 kr. c) Hlutur áhafna skipanna 23 700 644 kr. d) Hlutur annarra 0.

Allar fjárhæðir eru í gkr.

Til skýringar á skiptingu björgunarlaunanna skal þetta tekið fram:

1. Hlutur Landhelgisgæslunnar sem útgerðaraðila er ýmis útlagður kostnaður við björgunina, eins og kafaralaun og tjón vegna tapaðra eða skemmdra bjargtækja og persónulegra muna. Dregst þessi kostnaður frá umsömdum eða tildæmdum björgunarlaunum áður en til skipta kemur.

2. Eftirstöðvar skiptast þannig, að Landhelgissjóður hlýtur 3/4 hluta, en 1/4 hluti gengur til áhafnar og skiptist milli einstakra skipverja í hlutfalli við föst mánaðarlaun þeirra.

3. Af hálfu Landhelgisgæslunnar hafa engar aðrar greiðslur verið inntar af hendi.

Þess er vænst, að þessar upplýsingar séu fullnægjandi svar við fsp.

Fyrirspyrjandi (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svör hans. Að sjáfsögðu er þetta fullnægjandi svar sem gefur þm. fyrst og fremst upplýsingar um það, hvernig skiptingin er á þeim björgunarlaunum sem koma í hlut Landhelgisgæslunnar eða vegna starfa Landhelgisgæslunnar og sérstaklega skipanna. Hins vegar held ég að það vanti nokkru fyllri upplýsingar — ef hæstv. dómsmrh. hefði þær hjá sér — þ. e. annan kostnað en þann sem verður um borð í sjáfum skipunum, m. a. í sambandi við störf t. d. kafara, eins og hann benti réttilega á, og vegna tjóns sem menn, sem að þessu starfa, verða fyrir á munum sínum og fatnaði. Þá á ég við annan kostnað sem verður í stjórnstöðvum Landhelgisgæslunnar og í kringum hana, t. d. kostnað vegna innheimtu á þessum björgunarlaunum og málaferla vegna þeirra, en mér skilst að þau séu oft eða nær alfarið undanfari greiðslna. Ég held að það væri gott framlag, ef hæstv. dómsmrh. hefði einhverjar slíkar tölur í höndum og gæti upplýst hvaða aðili borgi það og hvernig, hvort það sé borgað af óskiptu áður en til skipta kemur.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Ég hef því miður ekki handbærar frekari upplýsingar um þessi efni en ég lét í té í svari mínu áðan. En að sjálfsögðu er mér ljúft að veita hv. fyrirspyrjanda allar þær upplýsingar sem hann kann að óska eftir í þessu efni.

Húsnæðismál Náttúrugripasafnsins, fsp. (þskj. 583). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur G. Þórarinsson): Herra forseti. Ég hef lagt hér fram á þskj. 583 fsp. til hæstv. menntmrh. um húsnæðismál Náttúrugripasafnsins í Reykjavík, en fsp. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Hvaða áform eru uppi um úrbætur í húsnæðismálum Náttúrugripasafnsins í Reykjavík?

Fsp. er fram komin vegna þess þrönga stakks sem Náttúrugripasafninu hér í borg er búinn, en eins og flestir þm. vafalaust vita hefur safnið yfir að ráða um 100 fermetra sal og liggur alveg í augun uppi að þar er einungis hægt að sýna mjög takmarkaðan hluta þeirra ágætu sýningargripa sem þetta safn á og býr yfir. Það er í rauninni engan veginn vansalaust, hvorki fyrir ríkið né höfuðborgina, að þannig skuli vera búið að Náttúrugripasafninu hérna. Fjölmörgum litlum stöðum úti um land hefur tekist að koma upp myndarlegum náttúrugripasöfnum, en miðað við þá aðstöðu, sem Náttúrugripasafnið okkar hérna hefur, mætti helst ætla að það væri nokkurs konar hornreka. Það er fjölmörgum áhugamönnum um náttúrufræði áhyggjuefni, hversu þröngt er að þessu safni búið. Enginn vafi er á því, að íbúar höfuðborgarsvæðisins fara mjög mikils á mis, ekki hvað síst skólaæskan hér, að ekki skuli vera hér myndarlegra náttúrugripasafn eða safn með betri sýningaraðstöðu.

Í greinargerð, sem ég hef undir höndum frá Náttúrufræðistofnun Íslands, segir: „Náttúrugripasafnið í Reykjavík var stofnað árið 1889, en það ár var Hið íslenska náttúrufræðifélag stofnað beinlínis í þeim tilgangi að koma upp sem fullkomnustu náttúrugripasafni á Íslandi. Það er síðan," segir enn fremur í greinargerðinni, „í ársbyrjun 1947 sem það verður að samkomulagi, að ríkið tekur við rekstri safnsins og það verður þar með ríkisstofnun. Árið 1951 eru sett lög um safnið og þá hlaut það nafnið Náttúrugripasafn Íslands, en síðar í sambandi við heildarendurskoðun á löggjöf um íslenskar náttúrufræðirannsóknir voru lögin frá 1951 aukin og endurskoðuð og var nafni safnsins þá breytt í Náttúrufræðistofnun Íslands. Það er," segir í greinargerðinni, „haustið 1908 sem safnið fær inni í nýbyggðu safnahúsi við Hverfisgötu og þar er Náttúrugripasafnið í Reykjavík óslitið til ársins 1960" — frá árinu 1908, en 1960 varð að rýma þetta húsnæði vegna þarfa Landsbókasafnsins. Nú er safnið á 3. hæð að Laugavegi 105 og að Hverfisgötu 116, í skrifstofuhúsnæði sem þar er.

Eins og áður segir og þarna kemur fram er sem sagt Náttúrugripasafnið í safnahúsinsu við Hverfisgötu árin 1908—1960. Nú er þetta safn í um 100 fermetra sýningarsal, árið 1908, þegar safnið fær fyrst inni, hefur það sal um 140 fermetra að stærð. Það hlýtur að vera öllum ljóst,

að það er óviðunandi aðstaða sem Náttúrugripasafnið býr þarna við.

Fsp. er varpað fram vegna þeirrar brýnu nauðsynjar sem ber til að úrbætur verði fengnar á húsnæðismálum safnsins. Að mati fyrirspyrjanda er fyrst og fremst nauðsyn að afla til bráðabirgða aukins húsnæðis, annaðhvort með kaupum eða leigu, til þess að bæta þarna úr. En það er enginn vafi á því, að eitt af okkar brýnustu verkefnum hér er að byggja glæsilegt hús, safnhús fyrir nýtísku náttúrugripasafn. Það er skoðun mín og ég vil beina þeirri spurningu til menntmrh., hvort ekki væri æskilegt að skipa hið fyrsta nefnd til þess að annast og hefja undirbúning að hönnun og byggingu slíks húss. Það er enginn vafi á því, að starf sem slíkt tekur langan tíma. Það er vandaverk og í því, að starf sem slíkt tekur langan tíma. Það er vandaverk og í því sambandi þyrfti að leita samstarfs við Reykjavíkurborg sem vafalaust mundi láta sig þetta mál miklu varða.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég vil svara þessari fsp. um húsnæðismál Náttúrugripasafnsins, eins og hv. fyrirspyrjandi orðar það, en mér finnst eðlilegra að tala um Náttúrufræðistofnun, eins og stofnunin heitir. Þá vil ég upplýsa það, að unnið er að því af minni hálfu og hefur verið gert um sinn að reyna að leysa úr húsnæðisvanda Náttúrufræðistofnunar.

Núverandi húsnæði Náttúrufræðistofnunar Íslands er sem hér segir samkv. upplýsingum sem ég hef frá stofnuninni sjálfri og með orðalagi hennar, held ég, að það er á 3. hæð á Laugavegi 105 og Hverfisgötu 116. Háskólinn keypti þarna hæð fyrir happdrættisfé á sinni tíð. Þetta húsnæði, sem Háskólinn á þarna, er að flatarmáli 600 fermetrar. Þar af er sýningarsalur 100 fermetrar. Sýningarsalurinn, náttúrugripasafnið má segja, er 100 fermetrar. Að öðru leyti er þetta húsnæði allt notað jöfnun höndum fyrir vinnustofur og skrifstofur svo og geymslur fyrir vísindaleg söfn náttúrugripa og bækur. Einnig segir svo í lýsingu sem ég hef frá Náttúrufræðistofnun:

„Hálf fjórða hæð í sama húsi, sem tekin hefur verið á leigu," — það er líka umráðahúsnæði stofnunarinnar, — „leigutími þessa húsnæðis er nú að renna út og hefur stofnuninni verið gert að rýma það fyrir 1. júlí á þessu ári. Stærð þess er 291.4 fermetrar samkv. leigusamningi. Í húsnæði þessu eru þrjár vinnustofur, en að öðru leyti er húsnæðið notað sem geymslur fyrir vísindaleg söfn nttúrugripa og bækur. Eigindur þessa húsnæðis eru erfingjar Sveins Egilssonar bifreiðasala. Þeir vilja selja alla 4. hæð hússins, sem er um 600 fermetrar, en eru einnig til viðtals um sölu á þeim hluta sem Náttúrufræðistofnun hefur á leigu. Hinn hluta hæðarinnar hefur Ríkisendurskoðunin á leigu og rennur sá leigusamningur út árið 1982."

Ég vil geta þess, að 3. febr. skrifaði ég fjmrh. bréf út af þessu máli, í beinu framhaldi af bréfi sem mér barst 30. jan. og reyndar kom í hendur mínar 2. febr., þannig að strax daginn eftir að ég fékk þetta bréf frá Náttúrufræðistofnun ritaði ég fjmrh. bréf og mælti þar eindregið með því, að leitað yrði eftir kaupum á húsnæðinu, a. m. k. þeim hluta sem Náttúrufræðistofnun hefur til umráða. Fjmrh. fól síðan framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins að skoða umrætt húsnæði, þ. e. 4. hæðina. Hefur framkvæmdadeildin þegar gert það, skoðað húsið og skilað fjmrn., fjárlaga- og hagsýslustofnun, skýrslu og skoðunargerð og mælir þar með því, miðað við aðstæður, að ríkissjóður kaupi húsnæðið á 4. hæð.

En í tilefni þessarar fsp. vil ég ítreka það, að ég vinn að lausn þessa máls í samræmi við þá stefnu sem mörkuð hefur verið, þ. e. að kaupa hluta af 4. hæð í húsi Sveins Egilssonar og helst alla hæðina í þágu Náttúrufræðistofnunar. Þetta er að mínum dómi byggt á því bréfi sem ég fékk frá Náttúrufræðistofnun í lok janúar í vetur og ég greindi frá áðan. Hitt er rétt, sem fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda, að þegar horft er til lengri framtíðar þarf náttúrlega að huga að ýmsu öðru en þessum kaupum. Og ég held að það sé rétt, að það þurfi að huga að því og gera ráð fyrir því, að áður en langir tímar líða verði reist sérstakt hús fyrir Náttúrufræðistofnunina og þá verði þar m. a. góður sýningarsalur fyrir Náttúrugripasafnið. Ég teldi mjög æskilegt að þetta hús væri á háskólasvæðinu, því að vissulega er Náttúrufræðistofnun nátengd Háskóla Íslands í eðli sínu og í raunveruleikanum. En á þessu stigi held ég að ekki sé mögulegt að gera ráð fyrir sérbyggingu fyrir Náttúrufræðistofnun, þ. e. ekki nákvæmlega nú, heldur verði áfram reynt að vinna að því að leysa brýnasta vanda stofnunarinnar með kaupum á því húsnæði sem til boða stendur þarna inni á Hverfisgötu og stofnunin gæti þá sætt sig við. Hins vegar get ég tekið undir það og tel það réttmæta ábendingu hjá fyrirspyrjanda hér áðan, að eðlilegt væri að vinna að þessu máli skipulega og þá e. t. v. með skipun nefndar í þessu máli. En sem sagt, þetta eru þær upplýsingar sem ég hef á þessu stigi, og kjarni málsins er sá, að ég er að reyna að koma því fram sem Náttúrufræðistofnun sjálf hefur beint til mín í sambandi við húsnæðismál sín.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur G. Þórarinsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. greinagóð svör. Það var ánægjulegt að heyra að það er verið að vinna að því að leysa úr bráðum húsnæðisvanda safnsins. Ég vona að það gangi vel. En það er enginn — ég vil ítreka það — það er enginn vafi á því, að myndarlegt náttúrugripasafn hér í Reykjavík er okkur íbúum höfuðborgarsvæðisins ómetanlegt bæði til kennslu og fræðslu. Slíkt safn er nauðsyn. Og það er mikil nauðsyn að safnið fái aðstöðu til þess að sýna þá fjölmörgu og ágætu gripi sem það býr yfir.

Til þess að koma upp myndarlegu safni þarf að takast samstarf milli ríkisins, Háskólans og Reykjavíkurborgar. Það er sjálfsagt rétt að nú stöndum við Íslendingar í mörgum byggingum á menningarlegu sviði. Þar má nefna byggingu Listasafns Íslands, byggingu Þjóðarbókhlöðu, byggingu útvarpshúss o. s. frv. En því verður ekki fram hjá horft, að það er verulega tímafrekur undirbúningur sem fram þarf að fara áður en hönnun getur hafist á nýtísku Náttúrugripasafni. Það er vandasamt verk. Ég vil sérstaklega fagna því sem kom fram í máli menntmrh., að hann taldi vel koma til greina að nú yrði skipuð nefnd til þess að fara að huga að þessum málum og undirbúa, hvernig best yrði að þessu staðið, og væntanlega þá að hefja viðræður bæði við Háskólann og Reykjavíkurborg. Ég vil ljúka máli mínu hér með því að hvetja hann til þess að setja af stað slíkan vinnuhóp hið fyrsta.

Stundakennarar Háskóla Íslands, fsp. (þskj. 612). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Sumar vinnudeilur eiga mjög greiðan aðgang inn í umr. hér á hv. Alþingi, aðrar ekki. Og um sumt af því, sem deilt er um, vitum við næsta lítið þótt mikið fari fyrir þessum málum í fjölmiðlum. Ekki alls fyrir löngu var deila uppi milli stundakennara við Háskóla Íslands og skólans. Því var þessi fsp. lögð fram á þeim tíma til glöggvunar fyrir okkur þm. á því, um hvað væri deilt og hverjir stæðu að deilunni sem slíkri. Fsp. er til hæstv. menntmrh. og hljóðar svo:

„Hversu margir stundakennarar við Háskóla Íslands gegna föstu starfi hjá stofnunum ríkisins, þar með talin ráðuneyti og þjónustufyrirtæki?"

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Það er ekki nema eðlilegt að menn hafi veitt því athygli, þegar deilur stóðu hér á dögunum milli stundakennara og fjmrh. um kjör stundakennara, að menn hafi veitt því eftirtekt, hversu margir stundakennararnir eru og hvaðan þeir kæmu. Hér hefur hv. þm. spurst fyrir um þetta efni, og ég skal reyna eftir bestu getu að svara því, hvernig þessu er fyrir komið, hversu margir gegna föstu starfi hjá hinu opinbera, og gefa nokkrar skýringar á þessu máli í leiðinni.

Samkv. upplýsingum, sem ég hef frá Háskóla Íslands, voru á aðalgreiðsluskrá haustmisseris 1980 346 nöfn, þar af 182 ríkisstarfsmenn. Á sömu skrá fyrir vormisseri 1981 eru 365 nöfn, þar af eru 197 ríkisstarfsmenn. Á þessum skrám eru allir sem sinna verulegri stundakennslu við Háskólann, segir í skýrslu Háskólans, en auk þess er fjöldi manna sem kenna eitthvað á hverju misseri, en lítið hver þeirra, allt niður í 1—2 fyrirlestra. Þar á meðal er fjöldi lækna á sjúkrahúsunum sem kenna læknanemum. Skrifstofa Háskólans áætlar að 450—500 manns kenni einhverja stundakennslu á hverju misseri og um 55% þeirra séu ríkisstarfsmenn.

Þetta er í raun og veru kjarni svarsins sem þarna kemur fram, að um 450—500 manns kenna einhverja stundakennslu á hverju misseri og 55% þeirra eru ríkisstarfsmenn. En eins og fram hefur komið í umræðum nýlega um kjaramál stundakennara við Háskóla Íslands er um það bil helmingi kennslu í Háskólanum sinnt af stundakennurum. Flestir munu sammála um að þetta hlutfall sé hærra en góðu hófi gegnir. En ástæða þessa háa hlutfalls stundakennslu er fyrst og fremst sú, að fjölgun á föstum kennarastöðum hefur verið langt frá því að haldast í hendur við þá miklu aukningu sem orðið hefur á starfsemi Háskólans á síðustu áratugum, þar sem hvort tveggja hefur gerst, að nemendum hefur stórfjölgað og kennsla verið tekin upp í mörgum nýjum greinum og á mörgum nýjum sviðum. Þess ber hins vegar að gæta, að við þær aðstæður, sem hér eru á Íslandi — og ég vil leggja á þetta mikla áherslu, þá hlýtur Háskólinn ávallt að leita til stundakennara í meira mæli en víða annars staðar mundi talið eðlilegt. Í fámennu þjóðfélagi eins og okkar, þar sem leitast er við að halda uppi sérfræðilegri starfsemi á mörgum sviðum, m. a. í vísindarannsóknum, er ekki þess að vænta, að völ sé margra sérfræðinga í öllum greinum. Jafnvel þótt Háskóli Íslands hefði fjárráð til þess að ráða fasta kennara til þess að sinna allri kennslu er hætt við að mönnum þætti vandinn ekki þar með leystur ef í staðinn yrði ekki unnt að manna nauðsynleg störf í öðrum stofnunum, öðrum fyrirtækjum sem þurfa á sérfræðimenntuðu starfsliði að halda. Með því móti, að sérfræðingar við ýmsar rannsókna- og þjónustustofnanir og reyndar einkafyrirtæki líka annist nokkra kennslu við Háskólann í sérgreinum sínum, eru Háskóla Íslands tryggð æskileg tengsl við ýmis starfssvið í þjóðfélaginu, m. a. á vettvangi atvinnulífsins, auk þess sem kennsla nýtur þá stuðnings af rannsóknaraðstöðu sem ella þyrfti að koma upp við Háskólann. Þetta ber að hafa í huga þegar rætt er um stundakennslu í Háskóla Íslands af hendi manna sem gegna aðalstarfi við aðrar ríkisstofnanir eða annars staðar í þjóðfélaginu. Að sjálfsögðu er greiðsla fyrir stundakennsluna reist á þeim grundvelli, að kennslan sé innt af hendi með samþykki yfirmanna viðkomandi stofnana og samkomulagi um vinnuskil ef kennslan fer fram á þeim tíma sem starfsmaður tekur laun fyrir í föstu starfi sínu.

Mér þótti rétt að bæta þessum fáu skýringum við frá eigin brjósti fram yfir það beina svar sem fsp. gefur tilefni til, en svarið við henni er, eins og ég greindi hér frá áðan, að það munu vera um 55% af stundakennurum ríkisstarfsmenn.

Fyrirspyrjandi (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svör hans. Það eru auðvitað, eins og kom fram í orðum hans, hans hugleiðingar sem hér komu fram varðandi Háskólann og ríkisstarfsmennina, en ekki það að tilefni gæfist til þess vegna minna orða, enda ætlaði ég mér ekki og mun hvorki ræða þessa deilu né Háskólann sem slíkan, stórfjölgun nemenda og fjölgun nýrra deilda. Við höfum fengið hér í dag nokkurt sýnishorn af því, hvað prófessor einnar svokallaðrar nýdeildar getur lagt af mörkum til íslenskrar menningar og menntunar, og ég tel að það sé ekki mikil ástæða til þess að auka þar við, þótt ég hins vegar sé mjög fylgjandi því, að það sé fjölgað í nýjum hagkvæmum greinum fyrir íslensku þjóðina. En þá eigum við að sjálfsögðu að vera menn til að fastráða kennara að Háskólanum sem geta lagt í þessi störf þá alúð og þá vinnu sem starfinu ber. En ég tek undir það með hæstv. ráðh., að að sjálfsögðu þurfum við alltaf að leita til fræðinga og fræðimanna, sem standa utan Háskólans, til þess að grípa inn í slíka kennslu, og það er fjarri því að ég telji ástæðu til þess að hafa á hornum mér þá menn sem stunda þarna kennslu, stundakennslu. Það má hins vegar vera að það nálgist að vera ekki eðlilegt þegar þeir hinir sömu, sem hafa megintekjur sínar og starfa annars staðar innan embættismannakerfisins, beita sínum áhrifum í þessari deilu sem stundakennarar, sem hafa af þessu megintekjur sínar, standa í við viðkomandi yfirvöld. Ég geri ráð fyrir að þetta hafi komið upp í huga margra sem lásu fregnir af þessari deilu á sínum tíma, en ekki það að ég eða aðrir slíkir séum að leggja dóm á málið sem slíkt.

Ég endurtek þakkir mínar til hæstv. menntmrh.

Framkvæmd laga um fóstureyðingar, fsp. (þskj. 620). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Karl Steinar Guðnason): Herra forseti. Ég hef ásamt hv. þm. Árna Gunnarssyni lagt fram svohljóðandi fsp.:

„Hver hefur verið framkvæmd laga um fóstureyðingar, nr. 25 frá 1975?

2. Hver var árlegur fjöldi fóstureyðinga síðustu fimm árin fyrir setningu laganna?

3. Hver hefur árlegur fjöldi fóstureyðinga verið frá setningu laganna?

4. Hvaða ástæður hafa einkum verið tilgreindar fyrir fóstureyðingu?"

Ástæðan fyrir því, að við berum fram þessa fsp., er sú, að við viljum fá samanburð á fjölda fóstureyðinga fyrir og eftir setningu laganna. Það eru maagir sem hafa áhyggjur af því, að menn fari frjálslega með þau lagafyrirmæli, sem fyrir hendi eru, og þá einkum þá grein er kveður á um félagslegar aðstæður. Okkur leikur hugur á að vita hvort þessi lög hafi sannað gildi sitt eða hvort beri að endurskoða þau með tilliti til fenginnar reynslu.

Á síðustu þingum hefur legið fyrir frv. frá hv. þm. Þorvaldi Garðari Kristjánssyni. Ég get sagt frá því hér, að ég get ekki samþykkt það frv. óbreytt. Ég er þeirrar skoðunar, og ég hygg að hv. þm. Árni Gunnarsson sé sama sinnis, að það beri að taka tillit til félagslegra aðstæðna þegar með þessi mál er farið. En það má öllu ofgera og vissulega er ástæða til að staldra við ef ekki er farið að þeim lagafyrirmælum sem fyrir eru. Mér býður í grun að tölur um þetta komi til með að segja nokkra sögu, og því er það að við spyrjum hér.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Fyrst er spurt: Hver hefur verið framkvæmd laga um fóstureyðingar nr. 25/1975?

Svar: 22. maí 1975 öðluðust gildi ný lög um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir. Þessi lög koma í staðinn fyrir lög nr. 38/1935.

Á undanförnum árum hefur skráðum fóstureyðingum fjölgað nokkuð á Íslandi. Þrátt fyrir þessa aukningu eru fóstureyðingar mun fátíðari hér á landi en á hinum Norðurlöndunum, sbr. eftirfarandi töflu. Ef við tökum árið 1975 og miðum við fóstureyðingar á 1000 konur á aldrinum 15—49 ára, þá eru tölurnar þessar fyrir árið 1975: Ísland 5, Noregur 19.6, Danmörk 23.7, Svíþjóð 17.7, Finnland 19.9, Grænland 33.3. — 1976 eru tölurnar sem hér segir: Ísland 7, Noregur 16.6, Danmörk 22.7, Svíþjóð 17.5, Finnland 16.3, Grænland 30.3. — 1977 eru tölurnar á þessa leið: Ísland 8.4, Noregur 17.4, Danmörk 21.6, Svíþjóð 16.9, Finnland 14.7, Grænland 32.4. — 1978 eru tölurnar sem hér segir: Ísland 8.4, Noregur 16.4, Danmörk 19.7, Svíþjóð 17.1, Finnland 14, Grænland 31.2. — Árið 1979 eru tölurnar á þessa leið: Ísland 9.9, Noregur 15.8, Danmörk 19.1, Svíþjóð 18.3, Finnland 13.1, Grænland 36.1.

Á s. l áratug var fóstureyðingarlöggjöf allra Norðurlandanna breytt og fjölgaði fóstureyðingum verulega í kjölfar breytinganna. Fóstureyðingarlöggjöf Danmerkur, Svíþjóðar og Noregs er nú mun rýmri en íslensku lögin frá 1975. Finnsku fóstureyðingarlögin frá 1970 eru að nokkru sambærileg við íslensku lögin, en í nokkrum tilvikum eru þau þó rýmri en þau lög sem gilda hér á landi.

Ekki þykir hér ástæða til að gera frekari grein fyrir eðli fóstureyðinga hér á landi, en benda má á að í heilbrigðisskýrslum síðan 1976 eru birtar tölulegar upplýsingar um fóstureyðingar. Þær eru þar flokkaðar eftir lögheimili konu, aðgerðarstað, hjúskaparstétt og sambúð, starfi konu, fjölda fyrri fæðinga, fjölda fyrri fóstureyðinga, lengd meðgöngutíma, aðferð við fóstureyðingu og eftir forsendum umsóknar.

Í kjölfar laga nr. 25/1975 fjölgaði fóstureyðingum nokkuð hér á landi, svo sem búast mátti við og eins og kom fram í þeim tölum sem ég las hér áðan. Bráðabirgðatölur frá 1980 benda hins vegar til þess, að ákveðnu hámarki sé náð í hlutfalli fóstureyðinga hér á landi. Þegar á heildina er litið verður að telja að framkvæmd laga nr. 25/1975 hafi tekist allvel. Skipulögð fræðsla og ráðgjöf um kynferðismál ásamt bættum félagslegum aðbúnaði er hins vegar áreiðanlega eitt helsta úrræðið til þess að sporna gegn frekari fjölgun fóstureyðinga og viðhalda þeirri sérstöðu Íslands að hafa hlutfallslega langlægsta tíðni fóstureyðinga meðal norrænna þjóða.

Önnur spurningin var þessi: Hver var árlegur fjöldi fóstureyðinga síðustu fimm árin fyrir setningu laganna?

Samkv. heilbrigðisskýrslum, sem gefnar eru út af landlæknisembættinu, var fjöldi fóstureyðinga 1970—1975 sem hér segir: Árið 1970 95, árið 1971 136, árið 1972 136, árið 1973 194, árið 1974 219.

Þriðja spurning: Hver hefur árlegur fjöldi fóstureyðinga verið frá setningu laganna?

Síðan 1975 hefur fjöldi fóstureyðinga verið eftirfarandi samkv. upplýsingum úr heilbrigðisskýrslum: 1975 274, 1976 371, 1977 449, 1978 453, 1979 549. Endanlegar tölur fyrir árið 1980 liggja ekki enn fyrir, en bráðabirgðatala er rúmlega 500 fóstureyðingar það ár. Þess ber einnig að geta í þessu sambandi, að árið 1978 voru framkvæmdar um 30 fóstureyðingar vegna faraldurs rauðra hunda og 1979 voru framkvæmdar um 60 fóstureyðingar af sömu ástæðum hér á landi.

Fjórða spurning: Hvaða ástæður hafa einkum verið tilgreindar fyrir fóstureyðingum?

Árið 1975 var fjöldi fóstureyðinga 274. Þar af voru 208 heimilaðar vegna líkamlegra og/eða sálrænna ástæðna, en 48 vegna félagslegra ástæðna eingöngu. Á árunum 1976—1979 voru fóstureyðingar heimilaðar af eftirfarandi ástæðum hér á landi: 1976 tek ég þá fyrst: Félagslegar ástæður 233, læknisfræðilegar ástæður 66, hvort tveggja 70. Vantar upplýsingar í tveimur tilvikum. — 1977: Félagslegar ástæður 351, læknisfræðilegar ástæður 48, hvort tveggja 46, vantar upplýsingar í fjórum tilvikum. — 1978: Félagslegar ástæður 325, læknisfræðilegar ástæður 74, hvort tveggja 50, vantar upplýsingar í fjórum tilvikum. — 1979 skiptist þetta þannig: Félagslegar ástæður 411, læknisfræðilegar ástæður 102, hvort tveggja 32.

Ég vænti þess, herra forseti, að ég hafi þá svarað þeim fsp. sem til mín var beint, en svörin eru tekin saman af landlæknisembættinu.

Fyrirspyrjandi (Karl Steinar Guðnason): Herra forseti. Ég þakka þær athyglisverðu upplýsingar sem hér hafa komið fram. Það er ánægjulegt, eins og ráðh. gat um, að hlutfallslega er lægst tíðni fóstureyðinga hér á landi. En þessar tölur sýna að fóstureyðingum hefur fjölgað allverulega.

Þessar upplýsingar verða mönnum sjálfsagt umhugsunarefni og menn velta þá fyrir sér hvort ákvörðun um að taka tillit til félagslegra aðstæðna hafi verið svo brýn sem tölurnar sýna. Þessar tölur segja okkur það líka, að við megum vel við una miðað við Norðurlöndin hvað tíðni fóstureyðinga snertir. En ég vil endurtaka þakklæti fyrir greið svör.

Hjöðnun verðbólgu, fsp. (þskj. 485). — Frh. einnar umr.

Enginn tók til máls.

Sameinað þing, 80. fundur.

Þriðjudaginn 5. maí, að loknum 79. fundi.

Alþjóðaorkustofnunin, þáltill. (þskj. 681). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Launasjóður rithöfunda, þáltill. (þskj. 69, n. 588, 589). — Síðari umr.

Frsm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Allshn. hefur haft til umfjöllunar till. til þál. um launasjóð rithöfunda á þskj. 69, sem felur í sér að hið fyrsta verði skipuð nefnd til þess að athuga og endurskoða lög nr. 29/1975, um launasjóð rithöfunda, og reglugerð þeim lögum samkvæmt. Nefndinni hafa borist umsagnir Rithöfundasambands Íslands, Félags ísl. rithöfunda og Menntamálaráðs. Auk þess mætti á fund nefndarinnar Njörður P. Njarðvík, formaður Rithöfundasambandsins.

Í umsögn Rithöfundasambandsins, sem studd var andmælum 126 rithöfunda við till., beindust mótmæli rithöfunda ekki gegn tillgr. sjálfri, heldur gegn ákveðnu atriði sem fram kemur í grg. þáltill., en um það segir, með leyfi forseta, í umsögn Rithöfundasambandsins:

„Hér með sendum við þetta bréf undirritað af formanni sambandsins, Nirði P. Njarðvík. Því fylgja andmæli 126 rithöfunda, félaga í sambandinu, við því, að lögum um launasjóð rithöfunda verið breytt þannig, að þingkjörin nefnd úthluti úr sjóðnum, og ósk um að val á stjórn launasjóðsins verði áfram í höndum samtaka rithöfunda sjálfra."

Og í bréfi Rithöfundasambandsins, sem sent var öllum alþm. og dags. er í des. 1980, segir svo, með leyfi forseta:

„Stjórn Rithöfundasambandsins lítur á þessa þáltill. sem beint tilræði við launasjóð rithöfunda, enda reynsla fyrir því, að fylgifiskur þingkjörinnar nefndar, sem úthluti launum og styrkjum til listamanna, sé pólitískt kvótakerfi fremur en listrænt mat. Yfirgnæfandi meiri hluti félagsmanna í Rithöfundasambandi Íslands er andvígur slíkri tilhögun og því til sönnunar fylgir hér yfirlýsing 126 rithöfunda um andstöðu við þingkjörna stjórn launasjóðsins."

Engin mótmæli komu þó fram í bréfi Rithöfundasambandsins gegn því, að endurskoðun fari fram á lögum um launasjóð rithöfunda. Eins og ég sagði hér áðan beindust mótmælin aðallega gegn því sem fram kemur í grg. þáltill. sjálfrar, en þar segir, með leyfi forseta:

„Þá bæri einnig að skoða þá hugmynd, hvort ekki væri farsælast, þegar öll kurl koma til grafar, að stjórn Launasjóðsins yrði skipuð af Alþingi, en samkv. núverandi skipan er það stjórn Rithöfundasambands Íslands, sem tilnefnir alla stjórnarmenn, þrjá talsins."

Í bréfi Félags íslenskra rithöfunda kemur einnig fram, með leyfi forseta:

„Stjórn Félags ísl. rithöfunda vill benda á að þeir rithöfundar, sem undirrituðu mótmæli að undirlagi Njarðar P. Njarðvík, formanns Rithöfundasambands Íslands, voru ekki að mótmæla endurskoðun á lögum um launasjóð, heldur að mótmæla því sem kallað var að taka Launasjóð úr höndum rithöfunda. Við könnumst ekki við að með ákvæðum um endurskoðun laga sé stefnt að breytingu á stjórn sjóðsins."

Og í bréfi Menntamálaráðs segir, með leyfi forseta:

„Menntamálaráð lítur svo á, að hér sé um að ræða viðkvæmt deiluefni milli rithöfunda innbyrðis, og telur ekki ástæðu til að færa þær deilur inn á vettvang ráðsins. Hitt telur Menntamálaráð almennt talað eðlilegt, að öll lög um menningarmál — sem önnur lög — séu í stöðugri endurskoðun að höfðu samráði við viðkomandi málsaðila. Ljóst er því að mótmæli Rithöfundasambandsins beinast fyrst og fremst gegn ákveðnu atriði, sem fram kemur í grg., en hvergi er að finna í tillgr. sjálfri."

Rétt er einnig að benda á að allshn. barst annað bréf frá stjórn Rithöfundasambandsins, dags. 29. jan. s. l., þar sem vísað er til þál. sem samþykkt var á Alþingi 1. maí 1972, en þar er ríkisstj. falið að undirbúa lagasetningu um það, að fjárhæð, er nemi sem næst andvirði söluskatts af bókum, renni til rithöfunda og höfunda fræðirita. Bendir Rithöfundasambandið á að mikið vanti á að við þennan vilja Alþingis, sem fram kom í nefndri þál., hafi verið staðið. Telur stjórnin að brýnasta viðfangsefni Rithöfundasambandsins sé að fá verulega hækkaða þá upphæð, sem til sjóðsins rennur, og bendir á í því sambandi að ef verulega væri aukið fjármagn til sjóðsins mundu þær deilur hjaðna sem í kringum úthlutun úr sjóðnum hafa verið, eins og það er orðað.

Eins og fram kemur í nál. mælir nefndin með samþykkt till. með breytingum sem fluttar eru á sérstöku þskj. Nefndin tekur aftur á móti ekki afstöðu til þeirra ummæla sem fram koma í grg. till., að skoða beri þá hugmynd, að stjórn launasjóðsins verði skipuð af Alþingi. Brtt., sem allshn. leggur til, eru á þskj. 589. Eru þær eftirfarandi:

„1. Aftan við fyrri mgr. tillgr. bætist:

Endurskoðunin skal unnin að höfðu samráði við samtök rithöfunda.

2. Síðari mgr. tillgr. orðist svo:

Nefndin skal skipuð eftir tilnefningu þingflokkanna að viðbættum einum manni skipuðum af menntmrh. án tilnefningar, og skal hann vera formaður nefndarinnar. Nefndin skal skila áliti áður en næsta reglulegt Alþingi kemur saman."

Allshn. leggur til að till. verði samþykkt með þessum breytingum sem ég hér nefndi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Opinber stefna í áfengismálum, þáltill. (þskj. 59, n. 616, 617). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Allshn. hefur fjallað um þáltill. um mörkun opinberrar stefnu í áfengismálum. Till. þessi er allítarleg og m. a. útfærðar og skilgreindar í átta liðum þær hugmyndir sem lagðar skyldu til grundvallar við heildarstefnumótun í áfengis-

málum. Flestum nm. þótti ekki rétt að móta eins nákvæmlega og í þáltill. er gert ráð fyrir hugmyndir sem lagðar eru til grundvallar við tillögugerð að stefnu hins opinbera í áfengismálum. Því hefur verið sleppt í meðferð nefndarinnar þeirri skilgreiningu sem fram kemur í tölul. 1-8 í tillgr. og talið nægilegt að tillgr. kveði eingöngu á um þau grundvallaratriði sem stefnumótunin á að byggjast á og fram koma í upphafi till. auk þess sem taldir eru upp þeir aðilar sem samráð skal haft við um stefnumótun í áfengismálum.

Fram kemur í þáltill. að till. og hugmyndir varðandi þessa átta liði skuli sendar Alþingi í sérstakri skýrslu um málið. Hefði ég talið eðlilegra að nefndin hefði haft þá punkta til að starfa eftir við stefnumörkun í áfengismálum. Ég get þó eftir atvikum fallist á niðurstöðu nefndarinnar.

Nefndin fékk umsagnir um till. þessa frá eftirtöldum aðilum: Stórstúku Íslands, fjármálaráðuneytinu, Vinnumálasambandi samvinnufélaganna, landlækni, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Alþýðusambandi Íslands, Áfengisvarnaráði og Vinnuveitendasambandi Íslands og einnig frá Læknafélagi Íslands, en sú umsögn barst eftir að nefndin hafði skilað áliti.

Nefndin mælir með samþykkt till. með breytingum sem fluttar eru á sérstöku þskj., nr. 617. Nefndin leggur til að tillgr. orðist svo:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta nú þegar undirbúa tillögur að stefnu hins opinbera í áfengismálum, sem byggist á þeim grundvallaratriðum:

að draga úr heildarneyslu vínanda,

að stórauka skipulagðar rannsóknir, fræðslu og umræður um áfengismál,

að auka stuðning við áhugamannasamtök um áfengismál,

að skilgreina eðlilega meðferð áfengissjúklinga og kveða á um flokkun meðferðarstofnana,

að leggja ríkisvaldinu, sem verslar með áfengi, þær skyldur á herðar að vinna gegn ofneyslu áfengis með fyrirbyggjandi starfi, t. d. fræðslustarfsemi, svo og að liðsinna þeim er eiga við áfengisvandamál að stríða.

Tillögur um slíka heildarstefnumótun í áfengismálum verði unnar í samráði við heilbrigðisyfirvöld, Áfengisvarnaráð, samtök um áfengisvarnir og vandamál áfengisneytenda, svo sem Stórstúku Íslands, Samtök áhugamanna um áfengismál, AA-samtökin o. fl., löggæslu- og dómsmálayfirvöld, menntmrn. og fjmrn., Áfengis- og tóbaksverlsun ríkisins, Læknafélag Íslands og aðra þá aðila sem afskipti hafa af dreifingu og sölu áfengra drykkja og meðferð áfengismála og vandamála áfengissjúklinga.

Tillögur þessar og greinargerðir skal senda Alþingi í sérstakri skýrslu ásamt tillögum ríkisstj. um aðgerðir á sviði löggjafar og stjórnsýslu."

Nefndin leggur til að tillgr. orðist eins og ég hef hér gert grein fyrir.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég harma það hversu mjög vígtennurnar hafa verið dregnar úr þessari till., og ég verð að segja að sú hv. nefnd, sem um hana fjallaði, hefur kannske ekki náð að skynja og skilja þann megintilgang sem í þessari till. felst, þ. e. að ganga öllu lengra en sú áfengislöggjöf gerir sem nú er í gildi hér á landi. Mér er kunnugt um að þessi útgáfa var gerð til þess að sætta hugmyndir manna um hvernig þessi till. ætti að hljóða þegar hún kæmi fram í sölum hins háa Alþingis, og af þeim sökum hefur nú obbinn af þeim þáttum, sem þarna eru bornir fram og mættu heyra til nokkurra nýjunga, verið tekinn í burtu.

Ég mun hins vegar auðvitað ekki leggjast gegn till., eins og hún er nú komin frá nefnd, og fagna því þó að þetta skref hafi verið stigið. Hins vegar er það svo að þegar þessi mál koma til umr. hér á hinu háa Alþingi og í nefndum þingsins, þá er eins og menn veigri sér ávallt við því að taka á þessum málaflokki af einhverjum krafti og einhverju viti. Ég held að með þessu hafi till. verið veikt stórlega og sú krafa þingsins til ríkisvaldsins á hverjum tíma að taka á þessum málum af nokkurri hörku og um leið nokkurri skynsemi hafi að verulegu leyti orðið undir. Engu að síður er hér verið að móta opinbera stefnu í áfengismálum sem ekki hefur veitt af, og ég tel að till., eins og hún nú liggur fyrir, sé af hinu góða, þ. e. eðlilegt og gott að hún skuli þó koma frá nefnd. Ég vil þakka nefndinni fyrir það, þó svo að ég telji það ekki verulega stórmannlegt að skera hana niður við trog eins og hér hefur verið gert.

Þessi till., eins og hún lá fyrir frá hendi flm., hefur hlotið tiltölulega góð meðmæli flestra þeirra frjálslyndisafla sem um áfengismál fjalla hér á landi. Hefði ég þess vegna talið að nm. hv. allshn. hefðu getað flutt till. tiltölulega lítið breytta frá því sem hún var lögð fram í þinginu.

Það, sem hér gerist, er einfaldlega það, að hv. allshn. tekur úr till. fyrstu greinarnar, fyrstu grundvallaratriðin, en sleppir síðan þeim atriðum sem verulega miklu máli skipta og draga fram raunverulega þá þætti málsins sem flm. hefðu viljað að ríkisvaldið hefði tekið hvað mest tillit til. T. d. er mér ekki vel skiljanlegt að allshn. skyldi ekki treysta sér til að taka inn í þessa till. atriði eins og 3. liðinn, þar sem fjallað er um hvernig bæta megi og auka rannsóknir á áfengisvandamálinu og orsökum þess svo að hægt sé að gera sér grein fyrir umfangi vandans, orsökum og afleiðingum svo og hvernig áfengisvandamálið tengist öðrum félagslegum, fjárhagslegum og heilsufarslegum viðfangsefnum. Þetta er nákvæmlega það, sem öll læknastéttin í landinu hefur farið fram á að gert yrði. En hv. allshn. treystir sér ekki til að beina þessum tilmælum til ríkisvaldins.

Ég vil einnig nefna 4. lið till. sem nefndin treystir sér ekki til þess að hafa með. Þar er fjallað um það, með hvaða hætti bæta megi þekkingu og þjálfun þeirra manna, sem afskipti hafa af slíkum málum, á áfengismálum og meðhöndlun ofneytenda áfengis. Þetta eru tilmæli til ríkisvaldsins um að auka menntun þeirra manna sem um þessa málaflokka fjalla. Að nefndin skyldi ekki geta haft þetta með er mér einnig óskiljanlegt.

Ég held, eins og ég sagði upphaflega, að úr þessari till. hafi auðvitað verið dregnar vígtennurnar að verulegu leyti, og ég harma að svo skuli hafa til tekist. En um leið verð ég að fagna því, að till. skyldi þó hafa fengið afgreiðslu í nefnd, og fyrir það vil ég þakka nm. Verði þeirra virðing meiri fyrir það að hafa komið henni frá sér, afgreitt hana, því að þetta er sannast sagna í fyrsta skipti í sögu þessarar þjóðar að gerð er tilraun til þess að móta opinbera stefnu í áfengismálum.Það er oft vitnað til þess, að við getum hallað okkur að þeirri áfengislöggjöf sem í

gildi er í landinu, og í ýmsum umsögnum er um það fjallað. En sú áfengislöggjöf, sem í gildi er, nær bara ákaflega skammt. Hún nær ekki til þeirrar skyldu m. a. sem ríkisvaldinu hlýtur að vera lögð á herðar, einfaldlega vegna þess að það er ríkisvaldið sem selur áfengið, sem hefur tapið af sjúkleika mannanna, en hagnaðinn af sölu á því efni sem þeir verða sjúkir af.

Það er alveg augljóst að ríkisvaldið ber auðvitað gífurlega ábyrgð og því ber að axla þá ábyrgð sem af afleiðingum ofneyslu eða misnotkunar áfengis leiðir. Ég hefði gjarnan kosið að menn hefðu tekið nokkuð rösklegar á þessari till., en eins og ég sagði áðan, herra forseti, fagna ég því, að hún skuli koma hér fram, og vonast eindregið eftir að hún fái afgreiðslu á hinu háa Alþingi, vegna þess að öllum er fyrir löngu ljóst að hér er við eitthvert stærsta heilbrigðisvandamál þjóðarinnar að stríða og við, sem hér inni sitjum, verðum að gera svo vel að taka afstöðu í þessu máli. Þó svo að menn hafi misjafnar hugmyndir um það, hver vandinn er, af hvaða orsökum hann er, þá er vandinn engu að síður til og á honum ber að taka.

Að endingu, herra forseti, vona ég að þetta mál fái hér skjótan framgang þannig að það fái afgreiðslu fyrir þinglok. Er það í sjálfu sér talsverður sigur fyrir þetta þing. Og ég spái því, að þegar til lengdar lætur og í náinni framtíð muni kannske einhverjir minnast þessa þings, 1980—1981, fyrir það að hafa samþykkt till. um opinbera stefnumörkun í áfengismálum.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Ég vildi með örfáum orðum í tilefni af ræðu hv. 6. þm. Norðurl. e., Árna Gunnarssonar, skýra nokkru nánar hvað liggur að baki hjá allshn. Sþ. þegar hún leggur til þær breytingar sem hún hefur gert á þessari till. og koma fram á þskj. 617 og hv. 10. landsk. þm. hefur gert grein fyrir sem frsm. nefndarinnar. Það má ekki skilja þetta á þann veg, eins og hv. þm. gerði í sinni ræðu, að nefndin treysti sér ekki til að taka afstöðu til einstakra töluliða í till. eins og hún var upphaflega lögð fram, eða það megi skilja afstöðu allshn. þannig að hún geti ekki fallist á eða sé jafnvel á móti einstökum töluliðum sem þarna koma fram. Það er ekki rétt. Þetta er frekar spurningin um það, hvernig rétt sé að Alþingi afgreiði svona tillögur almennt séð, þar sem gert er ráð fyrir að hafin sé vinna við að móta stefnu í ákveðnum meiri háttar málum. Þessi till. til þál. er þannig upp sett, að í upphafi greinir hún frá þeim markmiðum, sem vinna á að í áfengismálum, og að hvaða markmiðum stefnumótunin eigi að beinast. Síðan eru settar fram hugmyndir um viðfangsefni í ákveðnum töluliðum. Við töldum rétt — og það á ekki sérstaklega við um þessa till., heldur ýmsar fleiri tillögur svipaðs eðlis sem allshn. hefur haft — að afgreiða þær þannig, að markmiðin séu skýrt greind, en síðan sé það látið þeim eftir, sem vinna eiga að stefnumótuninni, að móta nánar stefnuna og þá sé það m. a. haft til hliðsjónar sem tillögumenn hafa lagt fram. Þetta á ekki sérstaklega við um þessa einu till., enda kemur svipuð málsmeðferð fram í fleiri tillögum sem nefndin hefur haft til meðferðar. Ég vil því alveg skýrt taka það fram — vegna þess að mér fannst það liggja í orðum hv. þm. þegar hann annars vegar þakkaði nefndinni fyrir störf, en gagnrýndi hana hins vegar fyrir að hafa ekki treyst sér til að taka afstöðu til einstakra tölul. — að það má ekki skilja afstöðu nefndarinnar þannig. Ég býst við að bæði nefndin í heild og einstakir nm. geti tekið undir margt af því og jafnvel allt sem þarna stendur — e. t. v. með einhverju öðru orðalagi og hefði þurft að slípa það eitthvað betur og laga — en það má ekki skilja það svo að við séum á móti þessu á neinn hátt.

Ég held að flm. hafi hreyft hér mjög merku máli. Ég held að nauðsynlegt sé að það sé mótuð opinber stefna í áfengismálum. Og ég vek sérstaka athygli á því, að við nm. tökum það upp sem fram kemur í niðurlagi þáltill., að tillögur þessar og grg. skuli sendar Alþingi í sérstakri skýrslu ásamt tillögum ríkisstj. um aðgerðir á sviði löggjafar og stjórnsýslu. Þá gefst þinginu, hv. Alþingi, gott færi á að ræða þessa stefnu í einstökum atriðum. Við töldum hins vegar ekki rétt að efna til jafnvíðtækra umræðna um stefnumótunina á þessu stigi og upphaflega till. gerði ráð fyrir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Takmarkaður aðgangur erlendra herskipa og herflugvéla að landhelgi Íslands, þáltill. (þskj. 61, n. 605). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Utanrmn. hefur fjallað um till. til þál. um að takmarka aðgang erlendra herskipa og herflugvéla að 12 mílna landhelgi Íslands er hv. þm. Benedikt Gröndal flutti fyrr á þessu þingi. Nefndin er sammála um að nauðsyn beri til að utanrrh. láti í samráði við dómsmrn. undirbúa setningu nýrra ákvæða í stað þeirra sem gefin voru út um þetta efni 24. júlí 1939, eins og fram kemur í nál. á þskj. 605. Með tilvísun til nál. er það eindregið álit utanrmn. að mæla með því við Alþingi að Alþingi samþykki þáltill.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Veðurfregnir, þáltill. (þskj. 515). — Ein umr.

Flm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Till. sú til þál., sem hér er til umr., hefur verið um alllanga hríð á dagskrá í hv. Alþingi. Vegna þess að ég hef orðið þess var af fram komnum aths., að þáltill. þessi hafi valdið nokkrum misskilningi, og samkv. ábendingum, sem ég hef fengið og aths., sé ég að þær aths. hafa við nokkur rök að styðjast, vil ég taka fram sem 1. flm. þessarar þáltill. að ástæða tillöguflutningsins er á engan hátt sú að ráðast að einum eða neinum eða efna til misklíðar um þetta þýðingarmikla mál, heldur að reyna að aðstoða og stuðla að því, að þeir ágætu menn, sem við Veðurstofuna starfa, fái betri vopn í hendur til þess að nýta menntun sína og fræði öðrum landsmönnum til gagns og gæfu.

Fyrsta atriðið, sem ég varð var við að hafði valdið misskilningi, var að tengingu virtist að sumra áliti vanta milli ályktunartillögunnar sjálfrar og þeirrar grg. sem fylgir till. Þeir, sem hafa bent mér á þetta, hafa nokkuð til síns máls. Þetta hefur fallið niður, en kemur að sjálfsögðu fram við lestur grg. En till., eins og hún er, var flutt orðrétt og var samþykkt á næstliðnu þingi Fiskifélags Íslands eða Fiskiþingi. A henni var ekki önnur breyting gerð en að bæta inn setningu frá mér sem hljóðar svo, með leyfi forseta: „og oftar ef sérstakrar aðvörunar er

þörf." Annars er hún óbreytt frá því að Fiskiþing samþykkti hana.

Ég skal viðurkenna fúslega að ég rannsakaði ekki hvort það ágæta þing, hvar fulltrúar allra hagsmunaaðila sjávarútvegs koma saman, hefði gætt þess að höggva ekki að einum eða neinum. En að sjálfsögðu erum við 10 flm. úr öllum flokkum, sem stöndum að þessari till., ekki að ráðast að neinum einstaklingi eða stofnun með flutningi þessum. Við erum að lýsa vilja okkar og stefnu að ákveðnum markmiðum. Og ef einhverjum þeirra hefur þegar verið náð er það af hinu góða að sjálfsögðu.

En til þess að auka enn og bæta það sem að hefur verið stefnt — og þá náðst eins og sumir segja — bendum við á í grg. hvernig enn betur megi styrkja þær stoðir sem standa undir þessu þýðingarmikla starfi. Og þar kemur að sjálfsögðu hvergi fram að verið sé með ásakanir um að þeir, sem starfi við Veðurstofuna, noti ekki nýjustu upplýsingar. Að sjálfsögðu gera þeir það.

Við teljum margir, sem höfum stundað sjó við strendur Íslands, við strendur okkar kalda og rysjótta lands, að Veðurstofan eigi ekki kost á nógu nýjum og ferskum upplýsingum frá mjög víðáttumiklum hafsvæðum, sérstaklega hér á landgrunni Íslands. En það eru einmitt svæði á landgrunni Íslands sérstaklega sem Veðurstofan fær ekki nægar og ferskar upplýsingar frá: En þær þarf hún að fá sem fyrst, því að þar hafa flest okkar alvarlegu sjóslys orðið.

Að viðhöfðum þessum formála vil ég einnig láta það koma fram, að ég mun fúslega ljá ekki aðeins eyru heldur stuðning minn við að orðalagi sjálfrar þáltill. verði breytt í nefnd á þann veg að allir megi vel við una og að þá komi skýrt fram í því orðalagi hver sú hugsun okkar flm. er sem kemur fram í grg. og fyrst og fremst varðar það, að við viljum styðja það starf sem unnið er hjá þeirri ágætu og merku stofnun, Veðurstofu Íslands, hvernig hún geti sem best aflað sér nýjustu upplýsinga, og að láta kanna með hvaða hætti veðurfregnum verði best hagað og þá að sjálfsögðu í samráði við þá aðila sem við flm. nefnum í grg. Enda viljum við — og það kemur fram hjá okkur — leggja nokkrar skyldur á þá og álag til þess að standa að því að Veðurstofan geti alltaf fengið nýjustu og bestu upplýsingar er hún þarf á að halda, og reyndar á það að vera verk sem gengur fyrir sig reglulega alla daga árið um kring.

Ég vil benda á að meðal flm. að þessari till. eru nokkrir þm. sem hafa staðið að öðrum þáltill. A þau mál hafa fleiri þm. bent. Það eru mál sem fjalla um umbætur og aukna nýtingu strandstöðva Pósts og síma. Það hefur komið til ný þjónusta frá Veðurstofu Íslands sem allir kunna vel að meta. Sú þjónusta kostar vissulega mikið fé, en ég vona að ekki verði séð eftir þeim fjármunum, a. m. k. ekki á sama hátt og séð hefur verið eftir þeim fjármunum sem fara í að koma fréttum til íslenskra sjómanna. Ég á hér að sjálfsögðu við þá þjónustu, að Veðurstofan lætur lesa að hluta veðurspá til sjófarenda frá strandstöðvum Pósts og síma.

Í þeirri grg., sem fylgir með þáltill., er í nokkrum inngangi lýst hve stór og ríkur þáttur í öllu okkar starfi veðurfregnirnar eru og jafnframt að þær tengjast beint atvinnuhagsmunum fjölmennra stétta í þjóðfélaginu og má reyndar segja þjóðarinnar allrar. Við bendum í grg. á nokkuð af því, sem nýtt er til þess að koma upplýsingum til veðurfræðinga okkar, og bendum svo að þessum inngangi loknum á þær stóru upplýsingaeyður sem eru á landgrunni Íslands og næsta nágrenni þess. En þessar upplýsingaeyður eru vegna þess að athuganir vantar frá þessum svæðum og nágrenni þeirra. Um þetta eru allir menn, sem til þessa máls þekkja, sammála að ég hygg.

Við höldum því fram, og því hefur verið haldið fram í mín eyru a. m. k., að það séu nægilega margar veðurathugunarstöðvar hér á landi og allt í kringum okkur. Í kringum Norður-Atlantshafið og þótt víðar sé farið eru athugunarstöðvar og veðurstofur, sem senda mjög reglubundið út sínar veðurspár, sem að sjálfsögðu er tekið á móti hér og unnið úr ef nýtilegt er. Öll okkar stærri skip senda reglulega veðurlýsingar til Veðurstofunnar. En það er staðreynd að þessar eyður eru til og þessar eyður þarf að fylla með tiltækum ráðum. Þau ráð eru til. Eftir að veðurskipið Alpha var tekið úr notkun — það var staðsett suðvestur af Reykjanesi um mjög langt árabil, en var tekið af svæðinu vegna mikils rekstrarkostnaðar — var í stað þess lagt þar út bauju sem var búin sjálfvirkum sendi. Þessi bauja lá „fyrir föstu" eins og sagt er, hún lá fyrir akkeri, og það var mjög erfitt og dýrt að halda henni þar, halda bauju fastri á sama stað á þessu mikla dýpi úti í reginhafi. Norðmenn, sem áttu þessa bauju og stóðu undir kostnaði af þessum rekstri með okkur, telja sig ekki hafa efni á að standa undir þessu öllu lengur.

Þeir fagmenn, sem vit hafa á, telja að með tilkomu gervihnatta og nýrri staðsetningartækni séu rekbaujur það sem koma skuli á þessu sviði. Slíkar baujur eru settar á rek á ákveðnum stað og látnar fylgja veðri, vindi og straumum. Hinn sjálfvirki búnaður baujunnar sendir út veðurfregnir sínar sem fjarskiptaþjónusta Veðurstofunnar tekur við um gervihnött. Að sjálfsögðu fylgir þessu nokkur stofn- og rekstrarkostnaður og til þess að þetta sé framkvæmanlegt þarf náið samstarf við Landhelgisgæsluna sem ég persónulega tel hinn sjálfsagða og eðlilega aðila til þess að sjá um þá hlið málsins, að setja baujurnar til reks og taka þær upp þegar þær þjóna ekki hagnýtum tilgangi lengur.

Á því Fiskiþingi, sem ég vitnaði til í byrjun míns máls, því sama þingi og samþykkti þá ályktunartillögu sem við höfum hér lagt fram, var m. a. bent á aðra leið. En til þess að hún komi til framkvæmda þarf að ná samstöðu meðal allra skipstjórnarmanna á fiskiskipum hér við land um að senda veðurlýsingu, t. d. vindátt og vindstyrk, jafnhliða tilkynningarskyldu. Eins og nafnið ber með sér er skylt að tilkynna staðsetningu skipa á ákveðnum tímum sólarhrings sé það utan hafnar, og eru viðurlög við ef ekki er framfylgt. Því miður hefur nokkuð vantað á skyldurækni skipstjórnarmanna í þessum efnum. Hafin hefur verið mikil herferð meðal skipstjórnarmanna fyrir forgöngu Slysavarnafélags Íslands og meðal hagsmunaaðila innan flotans, sem er m. a. fólgin í því að skýra fyrir þeim þýðingu þessa fyrir eigið öryggi og annarra. Sömu aðferð á að beita varðandi sendingu veðurfregna, komist regla þessi á, svo ekki þurfi að koma til lögboðinnar skyldu með tilheyrandi sektarákvæðum. En að sjálfsögðu er sú leið til ef þarf og vel hugsanleg með hliðsjón af öryggi mannslífa og hinna efnalegu verðmæta.

Það verður líka að komast á gott samstarf milli Veðurstofu og stjórnenda og starfsmanna Tilkynningarskyldunnar varðandi framkvæmd þessa máls svo að veðurfræðingar okkar fái þessar upplýsingar sem greiðlegast. Úrvinnsla þessara upplýsinga þarf að hefjast strax ef eitthvað bendir til afbrigða frá fyrri spá. Það er að sjálfsögðu gert þegar á Veðurstofunni, en sjálfsagt má búa

hana betri tækjum, betri tæknibúnaði til þess að enn fyrr megi vera á ferðinni með spár þegar slíkar nýjar upplýsingar koma frá flotanum sjálfum eða einstökum skipum flotans sem eru á landgrunninu. Allir Íslendingar þekkja það auðvitað, af afspurn a. m. k., hvernig vindhraði með sjó að sama skapi getur skrúfast upp í manndrápsveður á mjög litlu staðbundnu svæði á skömmum tíma og valdið bæði mannskaða og miklu eignatjóni. Ég er ekki með þessu að segja að ein eða nein stofnun eða fræðimenn hennar geti nokkurn tíma komið í veg fyrir slíkt. Hins vegar eigum við þessi fræði til og ágæta fræðimenn sem að þessu starfa, og það er mögulegt, ef þeir fá, eins og ég sagði áðan, þau vopn í hendur, að þeir geti dregið úr hugsanlegu tjóni, bæði mann- og eignatjóni.

Í grg. bendum við jafnframt á veðurmyndir frá gervihnöttum. Veðurstofa Íslands fær slíkar myndir í gegnum móttakara á Keflavíkurflugvelli. Það er að sjálfsögðu ósk starfsmanna Veðurstofu að þeir fái sjálfir eigin móttakara til þess að geta tekið á móti slíkum myndum, en notkun gervihnatta og ljósmynda, sem þaðan eru teknar, ásamt beinni sendingu frá Veðurstofu til skipa, sem eru búin sérstökum móttökubúnaði til að taka við veðurkortum, færist æ meir í vöxt. Og ég hygg að flest hinna stærri, nýrri skipa okkar séu búin slíkum búnaði í dag.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa öllu fleiri orð um þetta. Ég vitna til grg. ef hv. þm. þykir ekki till. nægilega skýrð þegar. En ég vona, þrátt fyrir það að nokkurs misskilnings hafi gætt, eins og ég hef þegar tekið fram og skýrt, hjá hv. þm. vegna þess orðalags sem notað var í byrjun þessa máls, sem sagt tillögugreinarinnar sjálfrar, að það þurfi ekki að koma í veg fyrir að till. nái efnislega fram fyrir lok þessa þings. Ég er viss um að ef af því verður, þá verður því fagnað, ekki aðeins meðal veðurfræðinga sjálfra, heldur fyrst og fremst meðal þeirra sem eiga að njóta þess afraksturs sem hlýtur að verða og er þegar af störfum þeirra og annarra sem vinna að upplýsingaöflun til þessara fræðimanna okkar.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Ég ætla að leyfa mér að segja örfá orð um þessa þáltill. Allir vita að hér er fjallað um málefni sem landsmenn varðar mjög miklu, hvort sem þeir búa í sveit eða við sjó, sjómenn, ferðamenn og fleiri.

Við vitum öll að þeir, sem hafa iðkað þessi fræði á undanförnum árum og miðlað okkur af sinni þekkingu og reynslu, hafa unnið mjög merkilegt starf. Og ekki vildum við missa veðurfregnirnar úr okkar daglegu fréttum. Það er deginum ljósara, að með aukinni menntun og vaxandi þekkingu veðurfræðinga og fjölgun athugana verða spár áreiðanlegri þannig að þeim er betur treystandi. Þannig þurfa þær að vera.

Það er vikið að því í grg., að telja verði að veðurathugunarstöðvar hér á landi séu nægilega margar. Ég er varla dómbær á þá hluti. Þó má vel vera að þetta sé rétt. Ég hygg þó að það þurfi að halda áfram þessum athugunum um landið, jafnvel þó að veðurfræðingar geti í auknum mæli stuðst við myndir gervihnatta og annað þess háttar sem vísindin hafa að bjóða.

Í Stykkishólmi hafa verið gerðar veðurathuganir samfellt frá árinu 1845, ef ég man rétt. Það mun vera lengsta samfelld veðurathugun hér á landi og jafnvel þó víðar sé leitað. (**StJ:** Hafa menn komist að einhverjum niðurstöðum?) Það er sjálfsagt hægt að lesa ýmislegt út úr þeim fræðum sem þar eru. Ég held að varla sé hægt að vefengja að þetta hafi nokkurt gildi. En svo bar við fyrir tveim árum eða svo að tveir veðurathugunartímar voru felldir niður, kl. 3 og 6 að nóttu. Ég man að sjómenn þar um slóðir söknuðu þess eða gerðu athugasemdir við það að veðurathugunum var hætt, a. m. k. kl. 6 að morgni. Það, sem ég vil benda á, er þetta, að þó að nauðsynlegt sé að gæta ýtrasta sparnaðar í opinberri þjónustu, jafnt á þessu sviði sem öðrum, má auðvitað ekki skera svo við nögl að til mikils baga sé. Ég vona að bæði þessari gömlu stöð í Stykkishólmi og öðrum slíkum stöðvum verði í framtíðinni gert a. m. k. kleift að sinna því hlutverki sem þær hafa gegnt, að ég ætla, nokkuð vel á undanförnum árum og þeim verði ekki í því efni skorinn of þröngur stakkur.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Að vísu tók hv. 1. flm., Pétur Sigurðsson, af mér að verulegu leyti ómakið um fyrirvara til leiðréttingar á misskilningi í sambandi við flutning þessarar till. til þál. Það kom mér svo sem honum allmjög á óvart að hv. þm. skyldu misskilja þessa till. Ég aðhyllist fremur þá skoðun, að ástæðan fyrir því, hversu erfiðlega sumum þeirra hefur gengið að tengja tillgr. grunnhugsun grg. sé sú, að þeir hafi ekki lesið grg. nógu ítarlega. Ég er svo sem hv. frsm. efalaus um það, að meiri hluti þm. muni vilja standa að samþykkt tillgr. efnislega. En ef þeir menn, sem um þessi mál fjalla, ef starfsmenn Veðurstofunnar telja að eitthvað það felist í orðalagi eða setningaskipan sem hægt sé að túlka sem óréttmæta gagnrýni á þá eða vinnubrögð þeirra, þá er sjálfsagt að víkja slíku við. Og ég hefði meira en svo verið til viðtals um það, eins og ég réð af máli hv. þm. Péturs Sigurðssonar, að hann mundi einnig vera til viðtals um það með glöðu geði að taka þátt í því að endursemja tillgr. með tilliti til viðkvæmnisatriða. Ég er ekki þeirrar skoðunar, að slík atriði muni standa í vegi fyrir samþykkt tillögunnar.

Ég vil síðan leyfa mér að halda því fram, að við höfum í höndunum nú þegar nægilegar upplýsingar varðandi þá möguleika sem starfsemi Veðurstofunnar býður, verði hún sæmilega búin tækjum og — svo ég noti orðalag hæstv. dómsmrh. — verði ekki skornir við nögl fjármunir, nauðsynlegir fjármunir til þess að efla Veðurstofuna, heldur staðið að fjárveitingum með skynsamlegri rausn, að þá muni það fé renta sig.

Það kemur fram í sjálfri tillgr. hvað fyrst og fremst gerir þetta mál brýnt núna sem þar er um fjallað. Það er að því verði komið til leiðar á eðlilegan hátt, að megináhersla verði lögð á að bæta úr þeim tæknilegu annmörkum sem vera kunna á því að viðvörunum verði komið — ekki í tæka tíð, því e. t. v. verður það aldrei hægt í öllum tilfellum í tæka tíð, en með sem skjótustum hætti við þessum, ef svo má segja, þjóðlegu manndrápsveðrum sem skella á eins og hendi sé veifað — eins og það hefur verið orðað kynslóðum saman um slíkt veður við land hér. Fyrst og fremst hefur slíkt veður orðið sjómönnum okkar að fjörtjóni, en þess er skemmst að minnast að einnig þeir, sem á landi ferðast, eru í hættu fyrir slíkum veðrum.

Hér er hreint ekki gefið í skyn að starfsmenn Veðurstofunnar hafi ekki kappkostað þetta af fremsta megni. En á næstsíðasta Fiskiþingi, þar sem samþykkt var till. samhljóða þeirri sem hér er nú flutt á hv. Alþingi, voru flutt ærin rök fyrir því, að málum yrði komið fyrir í

sambandi við veðurspár með þeim hætti sem hér greinir frá. Eftir því sem hér er best kunnugt hefur ríkt ágætt samstarf á milli Veðurstofunnar og Ríkisútvarpsins. Það hefur ekki verið undan neinu að kvarta um það. Það hefur æ verið hægt að láta rjúfa dagskrá ef með þurfti til að koma að aðvörun, ef menn töldu að um líf væri að tefla. Á slíku hefur ekki staðið.

Ég þarf tæpast að orðlengja það sem hv. þm. Pétur Sigurðsson sagði um þá möguleika sem við eigum á því í okkar veðrasama landi að bæta hag okkar með því að efla Veðurstofuna, sem nú getur ekki aðeins spáð um veður næstu klukkustunda og jafnvel sólarhringa, heldur á að geta — með því starfsliði sem þar er núna, ef því er séð fyrir sæmilegum tækjum og þeim fjármunum sem til þess þarf — á að geta sagt nokkuð fyrir auk þess um veðurfar fram í tímann landsmönnum til mikilla hagsbóta. Þetta er orðin gömul stofnun og vinsæl á landi hér. Veðurstofan hefur starfað hér frá því áður en veðurfræðin sem slík fékk nafn og átt vinsældum að fagna. Einn af fyrstu veðurfræðingunum okkar, sennilega sá fyrsti sem fékk starfsheitið veðurfræðingur, Jón Eyþórsson heitinn, mun hafa skilgreint fræðilega þetta fyrirbæri, sem kallast veður, í orði. Og skilgreining hans er nú notuð víða um heim. „Veður, það er daglegt viðmót náttúrunnar við menn og málleysingja," minnir mig að skilgreining hans á fyrirbærinu hafi verið.

Hvergi á byggðu bóli í lýðfrjálsu landi, þar sem mér er kunnugt um, er þetta viðmót náttúrunnar jafndyntótt og á okkar landi. Og óvíða hygg ég að alþýða manna eigi afkomu sína, og þó öllu fremur líf, eins undir því að vera æ við hinu versta búin.

Ég óska eftir því, að nefnd fjalli um þessa till., komi þessu þingmáli í það horf, eins og hv. þm. Pétur Sigurðsson orðaði það, að menn geti við orðalag unað, og að málið verði afgreitt á þessu þingi. Það er hyggja mín, að svo geti vel farið næsta vetur að athygli, sem við beindum að þessu máli núna, geti borgið mannslífum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Geðheilbrigðismál, þáltill. (þskj. 143, n. 622, 623). — Síðari umr.

Frsm. (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. allshn. Sþ. um till. til þál. um geðheilbrigðismál, skipulag og úrbætur. Þáltill. svipaðs efnis var flutt á síðasta þingi, en náði þá ekki afgreiðslu. Nefndin hefur fjallað um till., sem er í mörgum liðum, og orðið ásátt um að mæla með samþykkt hennar með þeirri breytingu sem liggur fyrir á þskj. 623. Nefndin hefur fengið umsagnir geðdeildar Landspítalans, Endurhæfingarráðs, Geðverndarfélags Íslands, heilbr.- og trmrn. og landlæknis. Þess skal og getið, að þáltill. þessi var gerð í samvinnu við Geðhjálp, félag geðsjúklinga, aðstandenda þeirra og velunnara.

Nefndinni þótti hins vegar ástæðulaust — þar sem hér er fjallað um að Alþingi skori á ríkisstj. að skipa nefnd til að taka þessi mál til gagngerrar endurskoðunar — að binda hendur þeirrar nefndar á nokkurn hátt við ákveðin atriði öðrum fremur og stytti því þáltill. verulega. Hún hljóðar nú eins og sjá má á þskj. 623.

Nefndin er sammála um, að þessi mál þurfi mjög gagngera endurskoðun, og vill eindregið mæla með því, að þessi till. verði samþykkt eins og hún lítur út nú, þar sem nauðsynlegt sé að vinda bráðan bug að því að koma þessum málum í skipulegt horf. Við gerum ráð fyrir að þessari endurskoðun verði lokið fyrir árslok 1981.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um ástand þessara mála hér hjá okkur. Við höfum daglega fyrir okkur dagblöðin sem skýra okkur frá því, að fársjúkt fólk sitji í fangelsum landsins vegna þess að ekki er tækifæri til þess að veita því þá sjúkrahúsþjónustu sem nauðsynleg er. Og margir munu þekkja þau vandræði sem stafa af því, að engin eða nær engin skyndilæknisaðstoð til handa hinum geðsjúku fyrirfinnst, varla í Reykjavík, hvað þá annars staðar á landinu. Ég mun því ekki eyða tíma hv. Sþ. að þessu sinni til að fjalla um þessi mál, um þau mætti margt segja, en vil fyrir hönd allshn. mæla með að till. verði samþykkt með þeirri breytingu sem liggur fyrir á þskj. 623.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Fiskræktar- og veiðimál, þáltill. (þskj. 582). — Ein umr.

Flm. (Egill Jónsson): Herra forseti. Ég hef ásamt hv. þm. Pétri Sigurðssyni, Steinþóri Gestssyni, Sverri Hermannssyni og Þorvaldi Garðari Kristjánssyni flutt till. til þál. um skipulegt átak í fiskræktarmálum. Hljóðar till. á þessa leið:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hlutast til um að gerð verði áætlun um skipulegt átak í fiskræktarmálum með það fyrir augum að nýta sem best ár og vötn svo og að nýta ferskt vatn, heitt og kalt, til fiskeldis.

Í þessu sambandi verði áhersla lögð á:

1) Að efla rannsóknir og tilraunir í veiðimálum svo að unnt sé að fá sem haldbesta vitneskju um þau skilyrði sem fyrir hendi eru í landinu til fiskræktar.
2) Auka leiðbeiningar í fiskrækt og veiðimálum, m. a. með því að fjölga fiskifræðingum sem staðsettir verði úti á landi.
3) Komið verði á samræmingu í fjárveitingu til fiskræktarmála og Fiskræktarsjóður verði efldur svo að hann verði fær um að styrkja framkvæmdir við fiskrækt og fiskeldi í stórauknum mæli.

Svo sem kunnugt er hefur farið fram mikil umr. um það hér á landi, að þessa starfsemi verði að efla. Hefur verið bent á það m. a. í ályktunum Búnaðarþings, að nauðsyn beri til að koma á nákvæmara skipulagi og skilgreina nánar þau markmið sem álitið er hagkvæmast að stefna að í þessum efnum. Auk þess hefur fléttast inn í þessa umr. viðhorf manna til byggðamála og byggðajafnvægis, og hefur myndarlegt átak og skipulagt í þessum efnum jafnan verið haft á orði þegar fjallað hefur verið um aukin verkefni í sveitum landsins.

Þetta er sannarlega ekki að ófyrirsynju því að í þessu landi búa miklir möguleikar að því er þessa starfsemi varðar. Hér eru um 250 ár og um 800 stöðuvötn, stærri og smærri, sem vatnafiskur gengur í í misjöfnum mæli, og það er mat þeirra manna, sem þekkingu hafa á, að þessir landkostir séu með engum hætti fullnýttir. Það hefur líka fengist mikilvæg reynsla í því starfi sem lýtur að uppbyggingu og ræktun á sviði veiðimála. Má þar til sanns vegar færa að á milli áratuganna 1960—1970 og aftur 1970—1980 hefur fyrir áhrif þessarar starfsemi laxarækt

aukist um 80%. Þetta skýrir það betur en nokkuð annað hvað hér eru mikilvæg verkefni fram undan og nauðsynlegt að taka þau fyrir með skipulögðum hætti.

Mikilvægasta löggjöfin, sem leggur grundvöll að þessari starfsemi, er lax- og silungsveiðilöggjöfin sem þetta merka starf hefur byggst á á síðari árum. Ber þar helst að nefna starfsemi fiskræktar- og veiðifélaga, en nú eru þau hér í landi 146, sem sjá um fiskrækt og ráðstöfun veiði hvert á sínu svæði.

Veiðifélög mörg hver hafa starfað vel að sínum málum og skilað góðu starfi. Þau hafa stofnað með sér öflugt landssamband, Landssamband veiðifélaga, sem vinnur að sameiginlegum málum félaganna. Þá eru enn fremur starfandi tugir stangveiðifélaga sem hafa á leigu ár og vötn til stangveiði og vinna ásamt veiðifélögunum að fiskrækt. Stangveiðifélögin hafa einnig með sér samband, Landssamband stangveiðifélaga, sem vinnur að sameiginlegum málum þeirra. Þá eru starfandi í landinu 12 fiskeldisstöðvar auk nokkurra hafbeitarstöðva. Þessi starfsemi hefur átt í fjárhagsörðugleikum, m. a. vegna skorts á lánsfé til uppbyggingar. Starfsemi fiskeldisstöðvanna er afar mikilvægur þáttur í fiskræktarmálum þar sem til þeirra verður að sækja seiði til fiskræktar og hafbeitar. Þáttur hins opinbera kemur einkum fram í starfi Veiðimálastofnunar. Þar hefur einkum verið unnið að uppbyggingu veiðimála með leiðbeiningum, athugun á ám og vötnum, rannsóknum á vatnafiskum, þ. e. laxi og silungi, og með eldi þeirra fiska í tilraunastöðinni í Kollafirði svo og með hafbeit. Þetta starf hefur leitt af sér margháttaðan fróðleik og athyglisverðar niðurstöður, enda þótt starfsemin hafi jafnan búið við þröngan kost.

Í veiðimálum er þegar fyrir hendi mikil þekking og reynsla til að grundvalla á nýtt og víðtækt átak, m. a. með það að markmiði að auka fjölbreytni í atvinnu sveitafólks. Til þess að svo verði þarf með auknum leiðbeiningum að koma þeirri þekkingu, sem nú er fyrir hendi, til þeirra sem hafa ekki enn nýtt þá möguleika sem kunna að vera víða um land, jafnframt því sem nýrrar þekkingar er aflað með auknum rannsóknum og tilraunum. Enn fremur sé þess gætt að öll þessi mikilvæga starfsemi í fiskræktarmálum njóti nauðsynlegs framlags til uppbyggingar og rekstrar.

Hér er fjallað um mikilvægt mál og reynir nú á hvort á vettvangi hinnar almennu umr. fylgir hugur máli um gagnsemi þess að byggja upp öflugt og víðtækt starf til eflingar fiskræktarmálum í landinu.

Mér þykir að lokum vert að geta þess, að hér á Alþingi hafa verið lagðar fram fleiri þáltill. sem fjalla um svipað efni og það sem ég hef nú lýst. Þær ná þó hver um sig yfir afmarkaðra svið en þessi till. Á nefndarfundi í atvmn. var ákveðið að doka við eftir þessari till. svo að hægt væri að fjalla um þessi fiskræktarmál, sem hér hafa verið skýrð á Alþingi í vetur, í einu lagi og þá með það í huga að þau yrðu afgreidd öll í senn.

Ég vil svo, herra forseti, gera það að tillögu minni, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til atvmn.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég lít svo á, að þessi till. sé góðra gjalda verð, og vil þakka flm. fyrir að koma fram með hana. Við eigum mikið verk að vinna á þessu sviði og það er gott að minna á þetta málefni. Það er rétt, sem 1. flm. tók fram, að fleiri svona mál hafa verið á ferðinni hér í þinginu, og það er ekki óeðlilegt þar sem við eigum þarna stórkostlega möguleika ónotaða. Unnið hefur verið mikið brautryðjendastarf nú þegar í þessum málum. Ég vil nefna hið mikla starf sem unnið hefur verið á vegum Veiðimálastofnunar, og ég vil taka undir það, að nauðsynlegt er að efla það, m. a. með því að dreifa fiskifræðingum um landið og setja upp útibú, eins og nokkuð hefur verið byrjað á. Ég held að það séu a. m. k. tvö útibú komin frá Veiðimálastofnun. Ég legg áherslu á að það er eðlilegt að Veiðimálastofnun hafi með þessi mál að gera og hafi á þeim stjórn.

Hvað viðkemur þriðja atriðinu í þessari þáltill., að komið verði á samræmingu í fjárveitingum til fiskræktarmála og Fiskræktarsjóður verði efldur svo að hann verði fær um að styrkja framkvæmdir við fiskrækt og fiskeldi í stórauknum mæli, þá vil ég taka undir það sérstaklega. Fiskræktarsjóður er bráðnauðsynleg stofnun, en því miður er hann ákaflega fjárvana. Er mjög brýnt að bæta úr því.

Það er hins vegar ekkert einfalt mál hvað beri að gera, því að þarfirnar eru víða og margir um það fjármagn sem laust er. Ég á sæti í nefnd sem er að endurskoða laxveiðilögin. Við erum búnir að vinna þar töluvert starf, en eigum þó mikið óunnið. Og eitt af því, sem við höfum fjallað um og eigum þó eftir að fjalla meira um, er Fiskræktarsjóður. Við erum allir sammála, sem sitjum í þessari nefnd, um nauðsyn þess að skapa honum viðunandi tekjur. En það er flísin sem við rís, á hvern hátt það er gert. Sumar þjóðir hafa farið á þá braut að láta vatnsaflsvirkjanir leggja fé til fiskræktarmála. Mér fyndist vel geta komið til mála að skattleggja orkuöflunarfyrirtækin til fiskræktar, eins og t. d. Svíar gera.

Ég vil ekki orðlengja þetta meira, heldur einungis lýsa stuðningi mínum við þessa till. og þakka flm. fyrir að minna á þetta málefni.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Stóriðjumál, þáltill. (þskj. 572). — Fyrri umr.

Frsm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Í byrjun þessa þings var lögð fram till. til þál. um aukningu orkufreks iðnaðar sem var 8. mál þingsins. Voru flm. allir þm. Alþfl. Einnig var lögð fram þáltill. 19 sjálfstæðismanna um stefnumótun í stóriðjumálum sem var 31. mál þingsins. Till. þessar voru mjög áþekkar að efni til. Allshn. hefur fjallað um báðar þessar till. og fengið umsagnir Náttúruverndarráðs, Félags ísl. iðnrekenda og iðnrn. Einnig fékk hún til fundar við sig Pál Flygenring og Finnboga Jónsson frá iðnrn.

Allshn. hefur því haft báðar þær till., sem ég hér nefndi, til meðferðar síðan snemma í vetur. Meiri hl. allshn. hefur í samráði við flm. beggja till. komist að samkomulagi um nýja till. Kemur þessi till. í stað þeirra tveggja sem ég nefndi og verið hafa til meðferðar í allshn. Það er því álit meiri hl., að ekki sé nauðsynlegt að þessi nýja till., sem meiri hl. hefur lagt fram og er á þskj. 572, gangi aftur til nefndar. Till. er að öllu leyti efnislega samhljóða þeim tveim till. sem allshn. hefur ítarlega rætt um og lengi haft til meðferðar, og er því ekki þörf á því að vísa till. á nýjan leik til nefndar.

Eftir umfjöllun í allshn. leggur því meiri hl. nefndarinnar, sem í eru auk mín hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson, Halldór Blöndal og Steinþór Gestsson, fram nýja till. sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að kjósa nefnd sjö þingmanna til að fjalla um aukningu á orkufrekum iðnaði næstu ár til að nýta í ríkari mæli en nú er gert hinar miklu óbeisluðu orkulindir vatnsfalla og jarðhita, bæta lífskjör og auka trausta atvinnu, framleiðslu og útflutning þjóðarinnar.

Skal nefndin kosin hlutfallskosningu á Alþingi að loknum hverjum alþingiskosningum. Nefndin kýs sér formann og skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Verkefni nefndarinnar eru:

1. Að kanna hagkvæmni framleiðslugreina, sem til álita koma á sviði orkufreks iðnaðar, með tilliti til orkuverðs, flutningskostnaðar, fjölda atvinnutækifæra og markaðsmöguleika.
2. Að kanna hugsanlega möguleika á samvinnu við erlenda aðila, m. a. á sviði tækni og markaðsmála.
3. Að gera tillögur um stóriðjuframkvæmdir sem hagkvæmt þykir að stofna til. Skal þar kveða á um eignaraðild fyrirtækja, fjármögnun, orkuöflun og orkuverð, önnur rekstrarskilyrði, — gerð, stærð og staðsetningu iðjuvera.

Nefndin skal hafa náið samstarf við yfirvöld orkumála og umhverfisverndar. Heimilt er nefndinni að leita samstarfs við hvern þann aðila sem hefur sérþekkingu á málum er varða störf hennar. Opinberum aðilum er skylt að veita nefndinni hverjar þær upplýsingar sem hún óskar.

Nefndin skal skila Alþingi og ríkisstj. skýrslum um störf sín eftir því sem þeim miðar áfram.

Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.“

Þannig hljóðar till. Meiri hl. allshn. leggur til að þessi till. verði samþ. Og ég vil ítreka að meiri hl. telur ekki ástæðu til að þessi till., eins og hún er hér lögð fram, fari aftur til nefndar, enda hefur afstaða verið tekin til hennar eins og hún liggur hér fyrir. Nm. fengu þessa till. í hendur 10. mars s. l. Hún kemur í stað tveggja till. um orkufrekan iðnað, sem ég nefndi áðan, og var hún síðan afgreidd úr nefnd 31. mars. Kom þar fram að minni hl. allshn. mundi skila séráliti um málið. Verður því að líta á það sem fullnaðarafgreiðslu þessa máls af hálfu nefndarinnar.

Páll Pétursson: Herra forseti. Eins og fram kom í máli hv. 1. flm. stendur allshn. Sþ. ekki öll að flutningi þessa máls. Ég vil leyfa mér að óska eftir því, að till. fái þinglega meðferð og verði vísað til nefndar. Ég mun gangast fyrir því, að töf þurfi ekki að verða á afgreiðslu málsins þrátt fyrir það, enda þarf nú tvær umr. um þetta mál hvort sem er.

Þessi till. kom fram með nokkuð óvenjulegum hætti, þetta er sem sagt samansoðin till. upp úr tveimur hjá allshn. og þetta er sjálfstæð till. þó hún eigi þessa foreldra. Ég hafði samráð við skrifstofustjóra Alþingis og ég kaus eftir hans leiðbeiningum að fara þá leið að óska eftir að málið færi til nefndar og farið væri með hana eins og venjulega till., fremur en að fara að flytja við hana brtt. við þessa umr., sem einnig hefði getað komið til greina.

Ég geri ráð fyrir að meiri hl. allshn. þurfi ekki að vefja þetta lengi með sér, og það þurfum við ekki að gera heldur í minni hl., en það er þinglegra að láta till. fara til nefndar á milli umr. og þess vegna förum við þessa leið.

Ég mun á þessu stigi ekki ræða till. efnislega, heldur ætla ég að gera það við seinni umr. málsins.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Mér kemur nokkuð á óvart sú ræða, sem hv. 1. þm. Norðurl. v. flutti hér, og sú till., sem hann bar hér upp um málsmeðferð. Ég mun þess vegna hér og nú eingöngu takmarka mig við meðferð málsins, en ekki fjalla efnislega um till., vegna þess að ég reikna með að það gefist færi á því síðar.

Hv. 10. landsk. þm. hefur gert grein fyrir því í sinni frumræðu hvernig þessi till. er til komin, en hún á rætur að rekja til þess, að á öndverðu þessu þingi voru fluttar tvær till. um stóriðjumál, till. frá þm. Alþfl. og till. frá þm. Sjálfstfl. Þessum till. var báðum vísað til allshn. Sþ. og fengu þær þar mjög ítarlega meðferð.

Ég er hér með fundagerðabók þessarar hv. nefndar og sé þar að málið hefur verið tekið ædioft fyrir og rætt ædioft í nefndinni. Fyrst er till. Alþfl. tekin fyrir 11. nóv. 1980, á öðrum fundi nefndarinnar, og þá óskað umsagna ýmissa aðila. Næst er þessi till. Alþfl. aftur tekin fyrir á þriðja fundi, 18. nóv., en þá mættu ráðuneytisstjóri iðnrn. og fulltrúi í iðnrn. til viðræðu við nefndina um þetta mál, og þá var jafnframt lögð fram umsögn iðnrn. Á sjötta fundi allshn., 3. febr. 1981, var málið enn tekið fyrir og þá lá fyrir að allar umbeðnar umsagnir voru fram komnar. Á sjöunda fundi nefndarinnar, 10. febr. er tekin fyrir till. þm. Sjálfstfl. og þar samþykkt að sameina umr. um þessar tvær till. A níunda fundi allshn., 10. mars 1981, eru síðan þessar till. ræddar báðar og þá leggur formaður nefndarinnar fram brtt. sem hafði verið rædd af okkur sem skipum meiri hl. Var þá málinu frestað. Viku seinna átti að taka málið fyrir, en þá var því frestað samkvæmt beiðni formanns þingfl. Framsfl. sem óskaði eftir að málið yrði ekki tekið fyrir þá. Það var svo tekið fyrir til endanlegrar ákvörðunar 31. mars, á 11. fundi allshn., og þá bókað svohljóðandi í fundagerðabók, með leyfi forseta:

„8. mál og 31. mál, þáltill. um aukningu orkufreks iðnaðar og stefnumótun í stóriðjumálum. Lögð fram að nýju brtt. formanns n. frá 10. mars s. l. Meiri hl. n., Jóhanna Sigurðardóttir, Halldór Blöndal, Birgir Ísl. Gunnarsson og Steinþór Gestsson, mun flytja þá till. og komi hún í stað hinna till. tveggja. Minni hl. n., Páll Pétursson, Guðmundur G. Þórarinsson og Guðrún Helgadóttir, mun flytja till. um að vísa málinu til ríkisstj. Málið er þar með afgreitt úr nefndinni.“

Þetta er bókað á þennan hátt í fundagerðabók allshn. Sþ. Till. var síðan lögð fram, en hefur ekki komið á dagskrá þó að liðinn sé rúmur mánuður síðan till. var lögð fram. Að vísu hafa páskar komið hér inn í. Nú er till. sett þannig á dagskrá að það er gert ráð fyrir að fram fari um hana tvær umr. Það kom mér einnig nokkuð á óvart vegna þess að það var ekki gert ráð fyrir því, þegar upphaflegu till. voru á dagskrá hér, mjög svipaðs efnis, fyrr í vetur, að um þær þyrfti tvær umr. En það er að sjálfsögðu hæstv. forseta að úrskurða það og hann hefur tjáð mér að það sé vegna þess að þessi till. hafi kostnað í för með sér og þess vegna sé eðlilegt að um hana fari fram tvær umr. En að sjálfsögðu hefði það sama átt að gilda um hinar till. tvær sem voru efnislega alveg samhljóða.

Ég vil láta þá einlægu ósk í ljós, að þessi sérkennilega málsmeðferð af hálfu stjórnarsinna sé ekki til þess að tefja þetta mál eða drepa því á dreif. Sannleikurinn er sá, að það er full alvara á bak við það hjá okkur stjórnarandstæðingum, a. m. k. okkur í Sjálfstfl. og ég reikna með af viðtölum við Alþfl.-menn að sama sé hjá þeim, — það er full alvara hjá okkur að láta reyna á þessa till. hér á

hv. þingi, láta reyna á hvort hæstv. ríkisstj. og hv. þm. stjórnarliðsins vilja taka upp samvinnu við stjórnarandstöðuna um þennan mikilvæga málaflokk, í þessu formi sem hér er lagt til eða þá í einhverju öðru formi sem þá hefur ekki enn komið fram. Og ég skil orð hv. 1. þm. Norðurl. v., sem hann mælti hér áðan, þannig, að hann telji að ekki þurfi að verða töf á því hjá nefndinni að afgreiða málið. Ég segi þetta vegna þess að hæstv. ríkisstj. hefur lagt fram langan lista yfir mál sem hún óskar eftir samvinnu við stjórnarandstöðuna um að afgreidd verði hér frá Alþingi áður en því lýkur eftir rúmlega tvær og hálfa viku. En hæstv. ríkisstj. og stjórnarliðar verða þá að sjálfsögðu að taka tillit til óska stjórnarandstöðu um það, hvaða mál hún vilji fá fram á þessu þingi. Ella er hætt við að um þingslit og um afgreiðslu mála hér verði það stríð, að þingslit geti ekki farið fram á þeim tíma sem stefnt er að, eða þá að hæstv. ríkisstj. nái ekki þeim málum fram sem hún stefnir að. Þetta vil ég segja af fullri alvöru því mér finnst margt benda til þess, að hér séu hafðir uppi tilburðir til að tefja afgreiðslu þessa máls.

Ég hef takmarkað ræðu mína hér eingöngu við málsmeðferð. Eins og ég hef rakið hefur þetta mál fengið mjög ítarlega meðferð í nefnd nú þegar og það er ekki fordæmalaust að svona sé að farið þegar um er að ræða skyldar þáltill., að þeim sé steypt saman í eina till. og að þingheimur sé sammála um að þær séu afgreiddar án þess að fara aftur til nefndar. Það hef ég kannað og m. a. sérstaklega hjá skrifstofustjóra þingsins.

Þessar báðar till. voru ræddar á sex fundum nefndarinnar mjög ítarlega. Þess vegna sé ég ekki ástæðu til þess, að þær fari aftur til nefndar, og mun greiða atkvæði gegn því. Ég skil hins vegar orð hv. 1. þm. Norðurl. v. á þann veg, að þetta sé meira spurning í hans huga um vinnubrögð á þessu stigi frekar en að tefja málið. Ég vonast til þess, að skilningur minn á því sé réttur.

Páll Pétursson: Herra forseti. Það er óþarfi fyrir þm. að hrökkva við þó að ég óski eftir að till. fái þinglega meðferð. Till. á að fá samkvæmt úrskurði forseta tvær umr. vegna þess að hún felur í sér útgjöld. Og ég lít svo á, að það sé hárréttur úrskurður hjá hæstv. forseta, eins og hans var von og vísa. Eins og ég sagði áðan er það alls ekki meining mín að tefja þessar till. á nokkurn hátt. Ég mun ekki óska eftir að sérfræðingar verði kallaðir á fund nefndarinnar ellegar að umsagna verði leitað um till., vegna þess að það starf hefur allt nú þegar verið unnið. Við höfum umsagnir og vitnisburði fróðra manna í huga og þess vegna þarf meðferðin í nefndinni ekki mín vegna að taka langan tíma.

Það er alveg óþarfi af hv. þm. Birgi Ísl. Gunnarssyni að gera því skóna að til þess gæti komið eða að það sé ætlun okkar að stöðva afgreiðslu þessarar till. Þó að við ætlum ekki að samþykkja hana kemur hún að sjálfsögðu til afgreiðslu. Og ég ætla nú að biðja hann þess lengstra orða að fara ekki að velta því fyrir sér, að hér geti ekki tekist góð samvinna með stjórn og stjórnarandstöðu um skipuleg og skikkanleg þinglok í vor.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efling almannavarna, þáltill. (þskj. 640). — Ein umr.

Flm. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Ég hef ásamt hv. þm. Helga Seljan, Eiði Guðnasyni og Guðmundi Bjarnasyni leyft mér að flytja á þskj. 640 till. til þál. um eflingu almannavarna. Það má segja að hugmyndin um að flytja þessa till. hafi fæðst þegar fjvn.-menn í boði Almannavarna ríkisins skoðuðu tækjakost og birgðir Almannavarna og kynntust því þá, hve erfitt það getur verið að halda vakandi skilningi þjóðarinnar á nauðsyn þess, að Almannavarnir séu ætíð virkar og í viðbragðsstöðu.

Þessi till. er á þá leið, að Alþingi feli ríkisstj. að gera áætlun um eflingu almannavarna í landinu, og eru talin upp sjö atriði:

1) Almannavarnir ríkisins verði efldar og þeim tryggður nægur mannafli til að annast aðalverkefni í almannavörnum, en það eru upplýsingastarfsemi, skipulagsmál, áhættumat svokallað, fræðslu- og þjálfunarmál og birgðahald.

2) Þjálfaðir verði umsjónarmenn almannavarna í hverju umdæmi landsins er verði fulltrúar Almannavarna ríkisins í viðkomandi umdæmum. — Hér er verið að fjalla um að styrkja tengslin á milli Almannavarna ríkisins og almannavarnanefndanna í hverju umdæmi og hverju sveitarfélagi og hafa í viðbragðsstöðu þær nefndir þannig að þær geti hafið störf strax og nauðsyn ber til.

3) Komið verði á fót birgðastöðvum almannavarna í hverju umdæmi landsins fyrir neyðarbirgðir á sviði slysahjálpar, vistunar heimilislausra, fjarskipta og neyðarlýsingar.

4) Lokið verði við uppsetningu á viðvörunar- og fjarskiptakerfi Almannavarna ríkisins. Nú er unnið að því að radíóvæða Snæfellsnes, Norðurland og Suðurland allt til Hafnar í Hornafirði, en ljúka þarf því að gera þetta kerfi, þetta öryggiskerfi almannavarna, að kerfi sem nær til allra landsmanna sem allra fyrst.

5) Með aðstoð ríkisfjölmiðlanna verði skipulögð almenningsfræðsla um varnir gegn náttúruhamförum og annarri vá. Það er nú til sérstakur samningur við Ríkisútvarpið um hvernig skuli fara með þegar vá ber að höndum, en minna er hins vegar hugsað um að undirbúa fólk þess á milli. Þarna er um það að ræða, að með skipulögðum hætti verði unnið að slíkri almenningsfræðslu með tilstuðlan Ríkisútvarpsins.

6) Starfs- og hjálparlið Almannavarna verði þjálfað á kerfisbundinn hátt samkvæmt nánari áætlun þar að lútandi. — Hér er átt fyrst og fremst við þá sem beinlínis lúta stjórn Almannavarna, en enn fremur kemur til greina að þessi þjálfun nái til björgunarsveitanna sem vinna við hliðina á og undir stjórn Almannavarna í vissum tilvikum.

Í sjöunda og síðasta lagi, sem upp er talið, verði lögin endurskoðuð og þó einkum og sér í lagi þau ákvæði sem fjalla um verkefna- og kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga vegna almannavarna. Núgildandi lagaákvæði um skiptingu kostnaðar vegna almannavarna valda miklum vanda í framkvæmd og hamla gegn æskilegri þróun. Núverandi fyrirkomulag gerir ráð fyrir að ríkissjóður beri allan kostnað vegna almannavarna í héruðum, en geti krafið sveitarsjóð um helming kostnaðar og þriðjung í undantekningartilvikum. Hins vegar hafa almannavarnanefndirnar framkvæmdina með höndum, en skortir tíðum fjármagn. Nauðsynlegt er að endurskoða lögin um verkefna- og kostnaðarskiptinguna í þessum efnum og stefna að því, að sveitarfélög kosti sinn

hluta að fullu og ríkissjóður greiði sömuleiðis sinn skerf þannig að skiptingin verði skýrari.

Þess skal getið, að í lok grg. þáltill. er villa. Þar stendur í þriðju línu neðan frá: „um hlutverkaskipti", en á auðvitað að vera „verkefna- og kostnaðarskiptingu".

Það er út af fyrir sig óþarfi að fara mörgum orðum um þessa till. sem flutt er af þm. úr öllum stjórnmálaflokkum. Flm. hafa haft samráð við Almannavarnir ríkisins og þá einkum Guðjón Petersen forstjóra Almannavarna.

Það er ljóst að almannavarnir verða aldrei skipulagðar í eitt skipti fyrir öll. Þess vegna er að áliti flm. nauðsynlegt að gera úttekt og áætlanir og setja Almannavörnum ríkisins skýr markmið. Hér er um nokkurs konar tryggingu að ræða fyrir þjóðina. Það er að vísu oft erfitt að skapa skilning á nauðsyn slíkrar tryggingar þegar atburðir, sem að höndum getur borið, virðast vera órafjarri. En yfirleitt er það þannig, að þegar eitthvað gerist sem reynir verulega á þolrifin í landsmönnum, t. d. náttúruhamfarir, þá er oftast skammast yfir því, að ekki skuli hafa verið gerðar betri og meiri fyrirbyggjandi ráðstafanir.

Í þessari þáltill. er ekki fjallað um björgunarsveitirnar sem slíkar, t. d. björgunarsveitir Slysavarnafélagsins, hjálparsveitir skáta, flugbjörgunarsveitir og slíka aðila. Þetta eru sveitir sem hafa lagt fram gífurlegt starf og spara ríkinu gífurlega fjármuni með framlagi sjálfboðaliða sem starfa í þessum sveitum. Það kemur að sjálfsögðu til greina að þjálfun þeirra verði meira á vegum Almannavarna en hingað til, en auðvitað verður þá að leita samkomulags við forustumenn þessara hjálparsveita. Enn fremur er hugsanlegt að teknar verði inn í viðlagatryggingu með einhverjum hætti greiðslur til slíkra sveita og þá einkum og sér í lagi til þjálfunar og þess sem þessar sveitir eiga sameiginlegt. En það er eðlilegt að nokkur samkeppni ríki á milli sveitanna og þess vegna er erfitt að koma við meiri sameiginlegri þjónustu á þeirra vegum. Hitt er svo annað mál, að þegar slys ber að höndum og nota þarf aðstoð þessara sveita vinna þær yfirleitt saman eins og ein vél og þá er treyst á að Almannavarnir ríkisins samhæfi störf sveitanna sem allra best.

Að öðru leyti, herra forseti, vil ég vísa til grg. Þar kemur fram hver séu helstu störf Almannavarna ríkisins, hve margar almannavarnanefndir eru starfandi í landinu og ýmsar fleiri upplýsingar sem óþarfi er að tíunda hér frekar. Ég vænti þess, að hv. þm. sýni þessu máli stuðning og skilning og að loknum fyrri hl. umr. verði málinu vísað til allshn. til skoðunar. Kæmi þá vissulega til greina að hún kallaði á sinn fund fulltrúa Almannavarna ríkisins til þess að ræða málefni þeirra.

Sigurgeir Sigurðsson: Herra forseti. Hér er hreyft mjög þarflegu máli. Ég vil ræða þessa till. nokkuð sem sveitarstjórnarmaður og vil lýsa mjög miklum stuðningi mínum við það meginefni sem fram kemur hjá tillögumönnum.

Við sveitarstjórnarmenn höfum kannske verið fulllítið á verði um þessi mál á liðnum árum. Við, sem erum búnir að vera lengst í þessum störfum, þekkjum sögu Almannavarna allt frá því að þær voru kynntar okkur í byrjun, þá aðallega í formi stríðsvarna, en minni áhersla lögð á náttúruhamfaravarnir og alls konar slys sem orðið gætu hér á landi án þess að þar kæmi til erlend íhlutun. Ég held að almenningur hafi lagt rangan skilning á orðið almannavarnir í byrjun og tengt það eingöngu stríðsótta, en sem betur fer hefur sá skilningur eða skoðun fólks verulega breyst á seinni árum.

Mér líst vel á hugmyndina um að Viðlagatrygging gerist kostnaðaraðili að þjálfun almannavarnasveita. Það er geysilega mikið lagt í þjálfun hvers kyns björgunarsveita og mikill kostnaður því samfara. Sveitarfélög hafa almennt ekki lagt mjög mikið fé til almannavarna enn sem komið er, en náttúruhamfarir undanfarinna ára hafa sýnt okkur fram á að þarna er svið sem við bæði hér á hv. Alþingi og í sveitarstjórnum verðum að taka til alvarlegrar íhugunar. Veðrið 17. febr. s. l. sannfærði okkur sannarlega um að þrátt fyrir það að við höfum talið að við byggjum ekki hér í fárviðrabelti, þá geta orðið hér slík veður að með eindæmum þykir.

Ég stóð hér upp til að lýsa stuðningi mínum við þessa þáltill. og vonast til að hún fái hraða meðferð. Hér er hreyft miklu og þörfu máli. Að vísu þarf það góðrar skoðunar við, en ég lýsi fullum stuðningi mínum við þessa þáltill.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 92. fundur

Miðvikudaginn 6. maí, kl. 2 miðdegis.

Tékkar, frv. (þskj. 154). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 739).

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, frv. (þskj. 196). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10:4 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 740).

Þróunarsamvinnustofnun Íslands, frv. (þskj. 603, n. 722). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Allshn. hefur fjallað um frv. til l. um Þróunarsamvinnustofnun Íslands sem ætlað er að taka við af þeirri stofnun sem áður hét Aðstoð Íslands við þróunarlöndin, og allshn. leggur einróma til að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Almenn hegningarlög, frv. (þskj. 689, n. 723). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Allshn. hefur fjallað um frv. til l. um breytingu á almennum hegningarlögum, 311. mál. Þar er um að ræða smávægilega breytingu á hegningarlögunum til samræmis við samning á vegum Sameinuðu þjóðanna um ráðstafanir gegn glæpum og hryðjuverkum og töku gísla. Það varð samdóma niðurstaða n. að mæla með því, að þetta frv. yrði samþ. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Almenn hegningarlög, frv. (þskj. 4, n. 720, 721). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Allshn. hefur fjallað um frv. til l. um breytingu á almennum hegningarlögum, 4. mál, sem lagt var fram strax í upphafi þings á s. l. hausti.

Þetta frv. felur í sér nokkrar breytingar á reglum um sakarfyrningu. Í fyrsta lagi að reglur um sakarfyrningu taki til allra brota, hvort sem þau lúta almennum hegningarlögum eða öðrum refsilögum. Þá er lagt til að öll brot séu háð fyrningu nema þau er ævilangt fangelsi liggur við. Í frv. eru tillögur um nýja fyrningarfresti og breyttan grundvöll þeirra. Ákvæði eru um rof fyrningarfrests. Ákvæði eru um að sakarfyrningarreglur taki nú ekki beinlínis til annarra viðurlaga við broti en refsingar. Nokkur fleiri atriði, er varða sakarfyrningu, eru einnig í þessu frv.

Þá er í öðru lagi breyting á reglum hegningarlaga um refsingu fyrir líkamsárásir og líkamsmeiðingar. Frv. hefur þá breytingu í för með sér, að lagt er til að efni 218. gr. almennra hegningarlaga verði greint í tvær mgr. með mismunandi refsimörkum. 218. gr. tekur yfir allvíðtækt efnissvið eins og nú er og þykir eðlilegra, segir í grg., að hluta það niður.

Refsimörkum er breytt í frv. frá því sem nú er þannig að lagt er til að líkamsárás samkv. 217. gr. varði því aðeins fangelsi að háttsemin sé sérstaklega stórfelld, þ. á m. vegna þess háska sem af henni gat stafað.

Þá er lagt til að breytt sé saksóknarháttum varðandi 217. gr., nánast tæknilegt atriði, og að lokum er lagt til að ný grein, 218. gr. a, verði lögfest, en hún mælir fyrir um ítrekun brota er fela í sér líkamsárásir eða líkamsmeiðingar svo og reglur er varða samþykki til slíkra brota og enn fremur sérregla um heimild til refsilækkunar eða niðurfellingar refsingar þegar líkamsárás er unnin í áflogum eða átökum milli þess, sem fremur hana, og hins, sem misgert er við.

Allshn. leggur til að þetta frv. verði samþykkt með tveimur breytingum, sem hún flytur á þskj. 721. Þær eru:

1) Í meðförum Nd. á þessu frv. hafði láðst að breyta krónutölu í 8. gr., en þar er, eins og frv. nú hljóðar, kveðið á um 500 þús. kr. sekt við ákveðnu atferli. Það mundi þá vera eftir gildistöku nýkróna 50 millj. gkr., en á auðvitað að vera 5 þús. kr. sekt þannig að miðað sé við hina nýju mynt. Allshn. leggur til að þessari upphæð verði breytt.

2) 13. gr. frv. hljóðar svo nú: „Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1981." Af eðlilegum ástæðum er nauðsynlegt að breyta þessu og allshn. leggur til að 13. gr. orðist sem hér segir: „Lög þessi öðlast gildi 1. okt. 1981."

Með þessum breytingum, herra forseti, leggur allshn. til að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11. shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 721,1 samþ. með 11 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
9.—12. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 721,2 (ný 13. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Sjóefnavinnsla á Reykjanesi, frv. (þskj. 709). — 1. umr.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Það frv., sem ég mæli hér fyrir, felur í sér að Alþingi heimili ríkisstj. að beita sér fyrir stofnun hlutafélags er reisi og reki sjóefnavinnslu á Reykjanesi til vinnslu á saltefnum og öðrum efnum sem til falla við þá vinnslu. Mál þetta hefur átt sér langan aðdraganda, en þáttaskil urðu í athugunum á saltvinnslu hér á landi með stofnun Undirbúningsfélags saltverksmiðju á Reykjanesi hf. samkv. lögum nr. 47/1976. Þetta gerðist á árinu 1976, eins og lagatilvitnun ber með sér, en ekki 1978, eins og misritast hefur á bls. 3 í aths. við frv.

Ákvörðun um undirbúningsfélag og tilraunaverksmiðju var tekin í framhaldi af hugmyndum um allt að 250 þús. tonna saltverksmiðju og athugunum á sjóefnavinnslu sem rekja má allt aftur til ársins 1954. Þess má raunar geta, að fyrsta saltvinnslutilraunin, sem vitað er að gerð hafi verið í krafti jarðhita, var á Reykjanesi við Ísafjarðardjúp þegar á árinu 1773, þannig að innlend saltframleiðsla er ekki algert nýmæli hérlendis.

Tilraunaverksmiðjan á Reykjanesi hefur nú verið starfrækt í tvö ár undir stjórn Undirbúningsfélags saltverksmiðju á Reykjanesi. Ýmis tæknileg vandamál komu upp í tilraunarekstrinum sem íslenskum vísindamönnum og starfsmönnum tilraunaverksmiðjunnar hefur tekist að leysa með frekari rannsóknum, hugviti og

sérstökum dugnaði. Það, sem e. t. v. er athyglisverðast við þetta mál í heild sinni, er sú rannsóknastarfsemi, íslensk tækniþróun og hönnun sem liggur að baki þessu verkefni.

Sérstök saltvinnslunefnd, sem skipuð var í janúar 1980 til að meta hagkvæmni þess að reisa og reka saltverksmiðju á Reykjanesi í ljósi þeirra niðurstaðna sem tilraunareksturinn gæfi hefur unnið mikið starf og haft við það náið samstarf við stjórn og framkvæmdastjóra Undirbúningsfélagsins, en stjórnarformaður þess er Guðmundur Einarsson verkfræðingur og framkvæmdastjóri Finnbogi Björnsson. Í saltvinnslunefnd rn. eiga sæti — hún hefur ekki verið formlega lögð niður enn sem komið er — Finnbogi Jónsson verkfræðingur, sem er formaður, Gamalíel Sveinsson viðskiptafræðingur, Sverrir Þórhallsson efnaverkfræðingur og Þorvaldur Búason eðlisfræðingur.

Rn. gaf út álit nefndarinnar í mars s. l. undir heitinu „Sjóefnavinnsla á Reykjanesi", og var hv. alþm. sent það til kynningar.

Fjárskuldbindingar í frv. þessu eru miðaðar við byggingu 40 þús. tonna saltverksmiðju sem auk þess mundi framleiða um 9000 tonn af kalsíumklóríði, 4000 tonn af kalí, 115 tonn af brómi, svo og vítissóda og klórafurðir. Kalsíumklór og bróm yrðu flutt út, en önnur efni seld á innanlandsmarkaði. Miðað við spá Iðntæknistofnunar Íslands um þróun íslenska saltmarkaðarins verður markaðshlutdeild innlenda saltsins um 60% þar sem heildarsaltmarkaðurinn er áætlaður um 60 þús. tonn. Ef miðað er við þróun í saltfiskverkun á undanförnum misserum má ætla að heildarmarkaðurinn verði enn stærri þegar fram í sækir.

Áætlaður stofnkostnaður er 157.65 millj. kr. og er kveðið á um að hlutafé verði að lágmarki 25% af stofnkostnaði. Hér er vissulega um að ræða allhátt hlutfall ef miðað er við það sem algengast hefur verið í atvinnurekstri hérlendis. Hins vegar er nauðsynlegt að mati rn. að þetta hlutfall sé hátt og helst um 30% þar sem framleiðslukostnaður verksmiðjunnar er að stórum hluta fjármagnskostnaður.

Vélar og tæki í verksmiðju er áætlað að nemi um 50% af stofnkostnaði og er talið að unnt eigi að vera að smíða tækjabúnaðinn að stórum hluta hér innanlands. Þarf sérstaklega að huga að því við verkframkvæmdir að íslenskum fyrirtækjum verði gert kleift að gera tilboð í tækjasmíði fyrir verksmiðjuna. Aðrir helstu þættir stofnkostnaðar eru byggingar og borholuframkvæmdir sem að stórum hluta eru innlendir kostnaðarþættir og skapa vinnu fyrir allmarga starfsmenn á byggingartímanum.

Árlegar tekjur 40 þús. tonna verksmiðju eru áætlaðar 34.7 millj. kr., en árlegur rekstrarkostnaður án afskrifta og vaxta 17.1 millj. kr. Þar af nema laun og launatengd gjöld rúmlega 40%, en gert er ráð fyrir 45 starfsmönnum í verksmiðjunni. Til viðbótar þessu koma starfsmenn við akstur og flutninga á salti til markaðar sem einkum yrði á Suðvesturlandi.

Arðsemi heildarfjárfestingar fyrir skatta og miðað við fast verðlag er áætluð um 7.3%. Þessir afkastavextir verða að teljast í lágmarki, þótt þeir komi vel út samanborið við ýmsa aðra fjárfestingu sem ráðist er í á öðrum sviðum. Ekki má heldur dæma verkefnið eingöngu út frá reiknaðri arðsemi af fjárfestingu því að önnur atriði, eins og atvinnuhorfur á viðkomandi svæði og áhrif á annan iðnað, koma einnig inn í myndina þegar þjóðhagsleg arðsemi er metin.

Framkvæmdaáætlun, sem gerð hefur verið um byggingu verksmiðjunnar, sýnir að 40 þús. tonna verksmiðja gæti tekið til starfa í ársbyrjun 1985. Forsenda þess er þó sú, að framkvæmdir við 8 þús. tonna byrjunaráfanga hefjist þegar á þessu ári. Til þess þarf að útvega fjármagn sem gæti numið allt að 18 millj. kr. ef ljúka ætti þessum áfanga. Æskilegt hefði verið að þessi upphæð hefði komið inn í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun 1981. Þótt verulegar líkur hafi verið taldar á framkvæmdum við saltverksmiðjuna þegar á þessu ári við undirbúning lánsfjáráætlunar á s. l. hausti var sú leið valin að afla lánsfjárheimilda þegar lokaniðurstöður hagkvæmniathugana lægju fyrir og lög yrðu sett um verksmiðjuna. Verður þannig að reyna á það í framhaldinu hvernig unnt reynist að afla nauðsynlegs fjármagns í þessu skyni í ár.

Atvinnuhorfur á Suðurnesjum kalla vissulega á að ekki verði óþarfa dráttur við framkvæmdir við saltverksmiðjuna, en málið mundi tefjast um allt að eitt ár ef tilskildar heimildir fást ekki fyrir þinglok og framkvæmdir hefjist í sumar. Þá er þess einnig að geta, að segja yrði upp starfsmönnum tilraunaverksmiðjunnar nema framhald verði á framkvæmdum. Vænti ég þess, að þm. hafi þessi atriði í huga við afgreiðslu málsins.

Við mat á tekjum verksmiðjunnar hefur ekki verið tekið tillit til möguleika á sölu á kísilmjöli og kolsýru sem hvort tveggja fellur til við saltvinnsluna. Á vegum Iðntæknistofnunar Íslands og Orkustofnunar hafa verið í gangi athuganir á sölu og notkunarmöguleikum kísilmjöls, og er ýmislegt sem bendir til að hér geti orðið um verðmæta og mikilvæga aukaafurð að ræða.

Þá er í frv. heimild fyrir væntanlegt hlutafélag til að hefja undirbúning að framleiðslu á natríumklórati til útflutnings. Hér er um að ræða orkufrekan iðnað, miðað við 30 þús. tonna ársframleiðslu, sem mundi nota um 175 gígawattstundir af orku eða svipað magn og Áburðarverksmiðja ríkisins. Hráefni til slíkrar framleiðslu yrðu öll innlend og er áætlaður stofnkostnaður um 130—160 millj. kr. Áætlaður starfsmannafjöldi slíkrar natríumklóratverksmiðju hefur verið áætlaður 30—35 manns. Hagkvæmni slíkrar framleiðslu hér á landi byggist fyrst og fremst á að raforkukostnaður er mjög hátt hlutfall af framleiðslukostnaði og að öll hráefni eru innlend. Þar sem flutningsmagn er minna frá landinu en til landsins eru taldir möguleikar á hagstæðum samningum um flutninga á slíkri afurð.

Í saltverksmiðjunni, sem er meginatriði þessa frv., er gert ráð fyrir — fyrir utan salt — framleiðslu á vítissóda, saltsýru, hýpóklóríti og klórgasi. Hér er fyrst og fremst um að ræða framleiðslu til að fullnægja eigin þörfum verksmiðjunnar, en hluti hennar yrði einnig til sölu á innanlandsmarkaði. Með þessari framleiðslu væri kominn vísir að svokölluðum alkalíiðnaði hér á landi, en hann telst til orkufreks iðnaðar. Ákveðnir möguleikar eru fyrir hendi varðandi áframhaldandi þróun slíks iðnaðar hérlendis með útflutning í huga, en forsenda þess er þó sú, að hægt verði að skapa markað fyrir klórgas hérlendis eða flytja það út í formi annarra efnasambanda.

Að síðustu má nefna sem hugsanlegt framtíðarverkefni í tengslum við sjóefnavinnsluna framleiðslu á magnesíumklóríði og magnesíummálmi. Þar yrði um mjög stórt iðnaðarverkefni að ræða, en Iðntæknistofnun

hefur nýlega skilað skýrslu til rn. um málið og mun hún berast þm. innan skamms.

Um frekari lýsingu á fyrirhuguðum framkvæmdum og rekstrargrundvelli verksmiðjunnar vísast til skýrslu saltvinnslunefndar iðnrn. sem hv. þm. hafa fengið í hendur.

Varðandi einstakar greinar frv. er rétt að taka fram eftirfarandi:

Í 1. gr. er ríkisstj. veitt heimild til að beita sér fyrir stofnun sjóefnavinnslu á Reykjanesi. Valið var heitið sjóefnavinnsla í stað saltverksmiðju þar sem verksmiðjan kemur til með að framleiða ýmis önnur efni úr natríumklóríði eða matarsalti öðru nafni og er þar um að ræða, eins og þegar hefur komið fram, kalsíumklóríð, kalí, bróm, klór, natríumhypóklórít, vítissóda og saltsýru, auk hugsanlegrar þróunar annarra framleiðsluþátta, svo sem natríumklórats. Vinnslan á þessum afurðum fer fram úr jarðsjónum undir Reykjanesi og þar eru tengslin við þetta heiti: sjóefnavinnsla.

Í 2. gr. segir að samvinna skuli höfð við Undirbúningsfélag saltverksmiðju á Reykjanesi sem stofnað var samkv. lögum nr. 47/1976. Gert er ráð fyrir að ríkið eigi meiri hluta í félaginu ef ekki tekst að afla nægilegs hluta fjár frá öðrum aðilum. Ekki þótti ástæða til að setja í frv. hámark varðandi eignaraðild ríkisins, en kveðið er á um að lágmarkshlutafé skuli vera 25% af áætluðum stofnkostnaði verksmiðjunnar.

Í 3. gr. er sjóefnavinnslunni heimilað að hefja undirbúning að framleiðslu á natríumklórati. Slík framleiðsla mundi nýta afurðir sjóefnavinnslunnar, en ef út í hana verður farið þarf að taka afstöðu til rekstrarforms slíkrar framleiðslu og fjármögnunar.

Í 4. gr. er gefinn möguleiki á því, að verksmiðjan nýti þá raforku, sem unnt verður að framleiða með þeim vinnsluholum sem hún kemur til með að ráða yfir, í fyrsta lagi til eigin nota, en einnig er því haldið opnu að fyrirtækið selji afgangsraforku, en þá að höfðu samráði við aðra raforkuframleiðendur.

Í 5. gr. frv. er að finna nauðsynlegar fjáröflunarheimildir vegna byggingar verksmiðjunnar og aðildar ríkisins að hlutafélaginu. Gert er ráð fyrir hlutafjárframlögum allt að 45 millj. kr. og ríkisábyrgðum allt að 105 millj. kr., miðað við lánskjaravísitölu 1. apríl 1981. Einnig er heimild fyrir ríkissjóð til þess að greiða lán vegna rannsóknarkostnaðar Undirbúningsfélags saltverksmiðju á Reykjanesi hf., en skuldir Undirbúningsfélagsins voru um 9.5 millj. kr. í apríl 1981. Í lögum um Undirbúningsfélag saltverksmiðju er gert ráð fyrir að það selji árangurinn af starfi sínu í hendur framkvæmdaaðila og síðan verði því slitið.

Í 6. gr. frv. er gert ráð fyrir að þetta verði m. a. gert með sameiningu Undirbúningsfélagsins og Sjóefnavinnslunnar hf.

Vegna aðildar ríkissjóðs þykir eðlilegt að hafa ekki lágmark á tölu stofnenda eða hluthafa í félaginu. Slíkar hömlur hafa reyndar flestar verið numdar úr lögum um hlutafélög í nágrannalöndum okkar. Ákvæði um þetta er að finna í 7. gr.

Í 8. gr. er heimild til að undanþiggja hlutafélagið greiðslu stimpilgjalds, m. a. vegna aðildar ríkisins að fyrirtækinu.

Í 9. gr. segir m. a. að iðnrh. og fjmrh. skipi fulltrúa ríkisins á hluthafafundum að jöfnu og að stjórnarmenn skuli kosnir eða skipaðir á aðalfundum félagsins.

Loks er áréttað í 10. gr. að félaginu beri að gera allar þær varúðarráðstafanir, sem við verður komið, til að varna tjóni á umhverfinu og gæta skuli ákvæða laga um náttúruvernd, mengunarvarnir og öryggi og hollustuhætti á vinnustað. Er ávallt mikilvægt við verksmiðjurekstur sem þennan að gæta að umhverfisvernd, bæði utan og innan vinnustaðarins.

Herra forseti. Með lögfestingu þessa frv. væri stigið mikilvægt skref í atvinnusögu Suðurnesja og áfangi næðist í uppbyggingu iðnfyrirtækis sem átt hefur sér langan aðdraganda. Ég vænti þess, að með byggingu saltverksmiðju á Reykjanesi sé lagt upp í langa og heilladrjúga vegferð þar sem byggt verði á innlendum hráefnum og orku og hugviti innlendra sérfræðinga. Þótt skammt lifi nú þessa þings vænti ég að frv. þetta verði að lögum fyrir þinglok, m. a. með samvinnu iðnn. beggja deilda við athugun málsins hér í þinginu.

Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. iðnn.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég vil lýsa ánægju minni yfir því, að þetta frv. skuli vera fram komið. Það hefði að vísu verið æskilegra að fá það fyrr á þessu þingi með tilliti til þess, að óskað er eftir og þörf á að fá frv. afgreitt á þessu þingi. Við sjálfstæðismenn munum ekki gera neitt til að hindra framgang þessa máls, en leitast við að stuðla að því, að það fái sem vandaðasta meðferð í þeirri n. sem hæstv. iðnrh. hefur lagt til að frv. verði vísað til, þ. e. iðnn.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara að ræða um sögu saltvinnslu hér á landi. Hæstv. ráðh. hefur komið inn á þá sögu og m. a. ekki látið liggja eftir hlut Vestfirðinga í þessu efni, sem munu vera brautryðjendur í saltvinnslu hér á landi. En ég vildi við þessa 1. umr. leyfa mér að víkja að nokkrum atriðum í frv.

Það atriði er náttúrlega ekki þýðingarminnst með hverjum hætti aflað verði fjármagns eða hlutafjár fyrir Sjóefnavinnsluna hf., sem gert er ráð fyrir að verði stofnuð. Samkv. þessu frv. er gert ráð fyrir að ríkisstj. hafi forustu um stofnun þessa félags og það er ekki óeðlilegt. Það er talað um að ef ekki takist að afla meiri hluta hlutafjár á almennum markaði innanlands eigi ríkisstj. að leggja til meiri hluta hlutafjár í félaginu. Mér finnst þetta ekki óeðlilegt ákvæði í sjálfu sér, en mér finnst varða miklu máli í þessu efni hver er stefna ríkisstj. Er það stefna ríkisstj. að það verði hægt að afla meiri hluta hlutafjár á almennum markaði og er þá gert ráð fyrir að það verði almennt hlutafjárútboð? Ég vænti þess, að hæstv. ráðh. gefi upplýsingar um þetta. Mér sýnist kannske ekki örgrannt um að ákvæði 7. gr. frv. geri ráð fyrir að það verði ekki ýkjamargir aðilar að þessu félagi, Sjóefnavinnslunni. Það kann að vera rétt að hafa þetta ákvæði í 7. gr. til vonar og vara. En ég legg áherslu á að það sé möguleiki á að það geti verið sem almennust þátttaka í þessu félagi. Það mun verða öflugast með þeim hætti. Að sjálfsögðu skaðar ekki að af þeim sökum komist ríkissjóður af með að leggja minna fjármagn fram til félagsins.

Þá er það annað atriði sem ég vildi aðeins víkja að við þessa umr., og það er ákvæði 4. gr. Það er að sjálfsögðu alveg nauðsynlegt að hafa í lögunum þá heimild sem þar er gert ráð fyrir, þ. e. að Sjóefnavinnslan hf. hafi heimild til að reisa og reka raforkuver. Það þarf að taka það beinlínis fram vegna ákvæða orkulaga. En hér er gert ráð fyrir að þessi heimild sé bundin við 5 mw. afl. Mér kemur

nú til hugar hvort ástæða sé til að binda þessa heimild við þau stærðarmörk og hvort það sé ekki hyggilegra að hafa þau rýmri. Ég get ekki séð að það geti neitt skaðað þó að fyrirtækið virkjaði stærra en 5 mw. ef það væri hagkvæmt. Það er, eins og hæstv. ráðh. kom líka inn á, alltaf möguleiki á því að selja þá orku sem er umfram þarfir fyrirtækisins sjálfs.

Það voru einkum þessi atriði sem mér lék forvitni á að fá frekari upplýsingar um. Þess vegna hef ég lagt þessar spurningar fyrir hæstv. ráðh.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég fagna því, að þetta frv. skuli vera komið fram og er nú kannske ekki vonum fyrr. Víst hefði verið ástæða til að taka þessi mál til umfjöllunar í sambandi við lánsfjáráætlun. Það veldur að sjálfsögðu nokkrum vanda að taka ákvarðanir með þeim hætti sem hér hefur verið gert: að afgreiða lánsfjáráætlun án þess að taka tillit til áforma af því tagi sem hér eru uppi, en ætla sér síðan að leggja í þau eftir á. Þess vegna hefði auðvitað verið eðlilegast og best ef þetta frv. hefði getað komið fram fyrr og áður en lánsfjáráætlun var tekin til afgreiðslu.

Eins og komið hefur fram í ræðum hæstv. iðnrh. og hv. þm. Þorvalds Garðars, sem töluðu hér á undan mér, svo og í aths. með þessu lagafrv., hefur þetta frv. haft verulegan aðdraganda og hefur verið unnið að þessu verkefni um langan tíma. Ég held að í máli sem þessu þurfi vitaskuld að fara saman bjartsýni, trú á það, sem menn eru að gera, og forsjá um að hrapa ekki að neinu. Sá jafnvægisgangur er auðvitað ævinlega vandasamur. Við Alþfl.-menn munum greiða fyrir því, að þetta frv. fái góða og rösklega athugun í nefndum, því að eins og ég sagði er það ekki vonum fyrr að þetta frv. kemur fram.

Auðvitað er ýmislegt í aths. með þessu lagafrv. sem vekur spurningar í hugum manna, en ég held að það sé rétt að þeim spurningum verði svarað í sambandi við umfjöllun n. um þetta mál.

Ég vil aðeins drepa á það, að vitaskuld hefur það veruleg áhrif í sambandi við atvinnuástand á Suðurnesjum að leggja í verkefni sem þetta, enda ekki vanþörf á að treysta undirstöður atvinnulífsins á því svæði, eins og dæmin sanna. Það má líka segja að með framkvæmd af því tagi, sem hér er lagt til að gerð verði, sé verið að leggja út á nýja braut — braut sem felur í sér ýmsa mjög athyglisverða möguleika í íslenskri iðnsögu og eiginlega að því er varðar almenna þróun iðnaðar yfirleitt, ekki bara hér á landi, því að hér er um verulegar nýjungar að ræða.

Ég ætla ekki að lengja þessa umr. með því að bera fram sérstakar spurningar í sambandi við það frv. til l. sem hér er til umr. En auðvitað verður að segja eins og er, að þeir afkastavextir, sem hér er gert ráð fyrir, virðast nokkuð lágir og væri ástæða til að líta á markaðs- og rekstrarforsendur út frá því. Ég gæti líka aðeins drepið á það, að í sambandi við iðjuver af þessu tagi skiptir vitaskuld mjög miklu máli að sú orka, sem fæst úr iðrum jarðar, sé sem allra best nýtt og þess vegna sé ástæða til að huga að margvíslegum möguleikum á að nýta hana samhliða verksmiðjuvinnslunni og treysta þannig undirstöður þessa fyrirtækis. Ég tel t. d. að það sé sjálfsagt að líta á möguleika í sambandi við raforkuframleiðslu alveg sérstaklega og með hvaða hætti það gæti styrkt undirstöður þess fyrirtækis sem hér er tillaga um gerð að setja á fót.

Að lokum aðeins þetta: Ég fagna því, að þetta skuli vera komið fram, og við Alþfl.-menn munum greiða fyrir því, að málið fái skjóta og góða athugun í þeirri nefnd sem því verður vísað til.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég þakka þær undirtektir, sem hér hafa komið fram hjá talsmönnum stjórnarandstöðunnar í sambandi við þetta mál, og átti raunar ekki von á öðru en frá þeim kæmi góður stuðningur við þetta efni. Það var raunar kynnt sem svar við fsp. í Sþ. á síðasta vetri, hvert stefndi í þessum efnum og hvað rn. hygðist fyrir, og í framhaldi af því var lögð fram skýrsla eða álit hinnar svokölluðu saltvinnslunefndar. Með henni gafst hv. þm. kostur á að kynna sér nokkuð forsendur og efni þess frv. sem nú er fram komið og hér er til umr.

Ég skil vel að mönnum finnist að frv. hefði mátt koma fyrr fram hér á þinginu, en fyrir því liggja gildar ástæður að undirbúningi málsins var ekki talið lokið með fullnægjandi hætti fyrr en þetta.

Ég vil víkja örfáum orðum að þeim fsp. sem fram voru bornar af hv. 4. þm. Vestf.

Það var í fyrsta lagi spurt um hlutafé í fyrirtækinu. Hann spurði hver væri stefna ríkisstj. varðandi hlutafjáröflun og hvort gert væri ráð fyrir almennu hlutafjárútboði. Ég geri ráð fyrir að það reyni á almennt hlutafjárútboð, og ég teldi mjög æskilegt að það kæmu margir til að leggja fjármagn í þetta fyrirtæki. Þess vegna er ekki bundin meirihlutaaðild ríkisins ef svo kynni að fara að áhugi væri slíkur, m. a. hjá sveitarfélögum á þessu svæði svo og einstaklingum, að nægilegt hlutafé safnaðist til þess að ríkið þyrfti ekki að leggja fram meiri hluta hlutafjár. Hins vegar er ýmislegt sem bendir til þess, að á meiri hluta ríkisins gæti reynt í þessu fyrirtæki, og því voru heimildir varðandi fjármögnun af hálfu ríkisins og ábyrgðir hafðar það rúmar að málið þyrfti ekki að stranda af þeim sökum.

Ég vil í þessu sambandi minna á að þegar Undirbúningsfélag saltverksmiðju á Reykjanesi var stofnað á árinu 1977 komu vissulega margir einstaklingar og sveitarfélög til liðs við þá félagsstofnun, mig minnir hátt í 500 aðilar, og var það sannarlega ánægjuefni. Í lögum um þetta Undirbúningsfélag var gert ráð fyrir að ríkið hefði 40% eignaraðild, 40% hlut, en aðrir aðilar 60%. Þannig var lagt upp í upphafi, en í reynd hefur ríkið nú meiri hluta í þessu Undirbúningsfélagi vegna þess að framlögum úr ríkissjóði, sem nauðsynleg reyndust til að standa undir tilraunavinnslunni, var breytt í hlutafé. Ég hef ekki nákvæma prósentu í þeim efnum, en það munu vera nærri 60%, að ég hygg, sem ríkissjóður er skráður fyrir í Undirbúningsfélaginu.

Ég treysti því, að þetta verði ekki ágreiningsefni. Meginatriðið er að tryggja þessu fyrirtæki gott brautargengi og góða eiginfjárstöðu, og í því sambandi minni ég á að æskilegt er, svo að ekki sé meira sagt, að þær skuldir, sem Undirbúningsfélag saltverksmiðju hefur orðið að taka á sig, verði yfirteknar, en ekki látnar ganga inn í rekstrargrunn þessa nýja fyrirtækis.

Varðandi fsp. um ákvæði 4. gr. um raforkuframleiðslu og nýtingu á gufuafli til raforkuframleiðslu og takmörk miðuð við 5 mw. er þess að geta, að eðlilegt þótti að hafa þarna ákveðin mörk. Ég tel mig muna það rétt, að til eigin nota þurfi saltverksmiðjan 1.2 mw. í afli. Þannig yrði þó nokkuð afgangs yrði sú heimild nýtt sem hér er gert ráð fyrir. Það er alveg rétt, að væntanlega er hægt að

finna markað fyrir slíka framleiðslu, en það er þó mjög undir því komið hvernig aðstæður eru í raforkukerfi landsmanna almennt. Þau fyrirtæki, sem þar standa fyrir meginraforkuöflun, vilja líka, sem eðlilegt er, tryggja að eðlilegur samrekstur komist á ef nýir framleiðendur koma inn á kerfið eða ætla sér að selja raforku inn á kerfið. Því er gert ráð fyrir að um slíkt verði samstarf við þá aðila og gengið frá málum áður en til framleiðslu inn á landskerfið kæmi. — Þetta voru þær fsp. sem að var vikið.

Hv. 2. þm. Reykn. nefndi það, sem ég raunar kom að í framsöguræðu minni, að æskilegt hefði verið að hafa þær skuldbindingar, sem þörf er á fyrir ríkið, í lánsfjáráætlun sem Alþingi nú hefur afgreitt. Um það varð samstaða innan ríkisstj. á s. l. hausti að taka á þessu máli jafnhliða lögfestingu eða öflun heimilda fyrir slíkt fyrirtæki hér á hv. Alþingi fremur en vera með einhvern almennan lið til þess að mæta áætluðum þörfum vegna þeirra iðnfyrirtækja sem í undirbúningi eru. Ég vænti þess, að það geti komið til fjármögnun að hluta til án þess að á erlendar lántökur reyni. Sparifjármyndun í landinu er vaxandi, sem betur fer, og því ætti að vera hugsanlegt að afla þannig bráðabirgðalána innanlands til a. m. k. hluta þess sem þarf til að koma upp þessum 8 þús. tonna byrjunaráfanga.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svör þau sem hann gaf við spurningum mínum. Hann lýsti þeirri stefnu, að það mundi verða gert allt — ég skildi hann svo — sem hægt væri til þess að hlutafjársöfnun til þessa fyrirtækis yrði sem almennust. Ég tek undir það sem hann sagði í því efni, að um það ætti ekki að verða ágreiningur.

Ég tók eftir því, að hæstv. ráðh. sagði að skuldir þær, sem Undirbúningsfélagið stæði núna í, ættu ekki að leggjast á hið nýja félag, held ég að hann hafi orðað það, eða rekstur þess, heldur verði yfirteknar. Ég skildi það þannig, að ríkið mundi yfirtaka þær — eða hvaða aðili mundi yfirtaka þær? Þetta var það eina sem mér fannst óljóst í því sem hæstv. ráðh. sagði.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til iðnn. með 13 shlj. atkv.

Steinullarverksmiðja, frv. (þskj. 710). — 1. umr.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Í 1. gr þess frv. um steinullarverksmiðju, sem ég mæli hér fyrir, segir á þessa leið:

„Ríkisstj. er heimilt að taka þátt í stofnun hlutafélags, er reisi og reki steinullarverksmiðju, og leggja fram í því skyni allt að 40% af hlutafé þess.“

Síðan segir í 2. gr.: „Til samvinnu um stofnun eða starfrækslu hlutafélags samkv. 1. gr. er ríkisstj. heimilt að kveðja aðila sem áhuga hafa á málinu.“

Eins og kunnugt er koma tvær verksmiðjustærðir til greina við byggingu steinullarverksmiðju hérlendis. Með frv. því, sem hér er lagt fram, er engin afstaða tekin til þess, hvor verksmiðjustærðin verður fyrir valinu, og ekki er heldur tekin afstaða til staðsetningar. Þó er öllum ljóst að fyrst og fremst eru tveir staðir sem sýnt hafa mikinn áhuga á að fá slíka verksmiðju til sín, þ. e. Sauðárkrókur og Þorlákshöfn. Annars vegar kemur til greina verksmiðja með um 15 þús. tonna afkastagetu á ári og hins vegar verksmiðja með um 5 þús. tonna afkastagetu á ári eða þar um bil. Stærri verksmiðjan er miðuð við verulegan útflutning, en sú minni mundi framleiða aðallega fyrir innanlandsmarkað. Framleiðslukostnaður minni verksmiðju er nokkru hærri en stærri verksmiðju miðað við full afköst og stærri verksmiðjan er að því leyti hagstæðari kostur. Hins vegar eru óvissuatriði varðandi útflutning og verður að telja nauðsynlegt að fyrir liggi samningar um sölu erlendis áður en ríkisstj. ákveði þátttöku í stofnun hlutafélags um slíkan útflutning. Heimildir um fjárframlög og ábyrgðir eru miðaðar við að þær dugi til þátttöku í byggingu stærri verksmiðjunnar, þótt með frv. sé engin afstaða tekin til þess, hvor ráðagerðin verði fyrir valinu. Gert er ráð fyrir að hlutafjárframlag úr ríkissjóði nemi allt að 40% af hlutafé félagsins.

Forsaga þessa máls er í megindráttum eftirfarandi:

Undirbúningsrannsóknir vegna steinullarverksmiðju hófust af alvöru á árunum 1973—1974 er hin svokallaða gosefnanefnd, sem Magnús Kjartansson páv. iðnrh. skipaði árið 1972, aflaði upplýsinga og tilboða í tæki og búnað til steinullarframleiðslu. Verkefni þeirrar nefndar voru falin Iðnþróunarstofnun (síðar Iðntæknistofnun) árið 1976.

Áhugaaðilar á Suðurlandi stofnuðu árið 1974 fyrirtækið Jarðefnaiðnað hf. Einn af þeim úrvinnslumöguleikum, sem fyrirtækið kannaði, er framleiðsla á steinull. Félagið fylgdist með og fékk upplýsingar um störf gosefnanefndar, en hefur einnig unnið sjálfstætt að málinu.

Um svipað leyti kom fram áhugi á steinullarframleiðslu á Norðurlandi. Bæjarstjórn Sauðárkróks sýndi hugmyndinni áhuga og var hún kynnt þar á degi iðnaðarins 1977. Beitti bæjarstjórnin sér fyrir athugun á að koma á steinullarverksmiðju á Sauðárkróki, og í framhaldi af því var stofnað Steinullarfélagið hf. sumarið 1979 með aðild sveitarfélaga í Skagafirði. Naut Sauðárkrókskaupstaður nokkurrar aðstoðar Iðntæknistofnunar Íslands og Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins, en stóð einnig sjálfstætt að vinnu í málinu.

Á árunum 1978 og 1979 beitti iðnrn. sér fyrir víðtækri könnun málsins og í framhaldi af því var sú ákvörðun tekin, að rn. stæði að þeim athugunum, sem nauðsynlegar væru vegna steinullarframleiðslu hérlendis, og hefði um þær samstarf við áhugaaðila. Í júní 1979 fól ég Iðntæknistofnun Íslands að gera frumhagkvæmniathugun vegna steinullarframleiðslu og skilaði stofnunin lokaskýrslu sinni í febr. 1980. Þar sem skýrslan var jákvæð skipaði rn. í mars sama ár nefnd til að meta nánar hagkvæmni steinullarframleiðslu og áhrif af mismunandi staðsetningu. Í þessa „steinullarnefnd“ voru skipaðir: Formaður Vilhjálmur Lúðvíksson framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs ríkisins, Hörður Jónsson framkvæmdastjóri Iðntæknistofnunar Íslands, Bjarni Einarsson framkvæmdastjóri byggðadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins, Svavar Jónatansson verkfræðingur sem fulltrúi Jarðefnaiðnaðar hf. og Þorsteinn Þorsteinsson bæjarstjóri á Sauðárkróki sem fulltrúi Steinullarfélagsins hf. Nefndin skilaði áliti sínu í mars 1981 og hefur iðnrn. gefið það út í heild og sent það hv. alþm. til kynningar.

Í athugunum nefndarinnar hefur fyrst og fremst verið miðað við steinullarverksmiðju sem gæti framleitt 14 400 tonn á ári og flytti út það magn sem ekki væri

markaður fyrir innanlands. Gæti það orðið allt að 9400 tonn á ári. Skömmu áður en nefndin hugðist ljúka störfum barst bréf frá Steinullarfélaginu hf. á Sauðárkróki þar sem farið var fram á að einnig yrði gerður samanburður á smærri verksmiðju sem framleiddi svo til einvörðungu fyrir innlendan markað. Slík verksmiðja yrði reist í samvinnu við franska fyrirtækið St. Gobain og með framleiðsluaðferð sem það fyrirtæki léti í té gegn framleiðslugjaldi. Þessi kostur var athugaður sérstaklega af nefndinni miðað við fyrirliggjandi upplýsingar, en eftir að nefndin skilaði áliti barst iðnrn. erindi frá Steinullarfélaginu hf. ásamt skýrslu um fyrirhugaða verksmiðju á þess vegum. Er nú verið að fara yfir þau gögn á vegum rn. að ósk Steinullarfélagsins hf.

Ljóst er að áhugi er mikill hjá báðum aðilum, Steinullarfélaginu nyrðra og Jarðefnaiðnaði syðra, að beita sér fyrir byggingu steinullarverksmiðju. En mat þessara aðila á rekstrargrundvelli og markaði er með ólíkum hætti og hafa báðir aðilar kynnt sjónarmið sín allrækilega á opinberum vettvangi að undanförnu.

Í aths. með lagafrv. er að finna samanteknar niðurstöður og tillögur steinullarnefndarinnar, sem telur að steinullarframleiðsla til notkunar innanlands og til útflutnings geti orðið arðbær og þjóðhagslega hagkvæm, en nauðsynlegt sé að ganga frá viðskiptasamningum um útflutning áður en tekin sé ákvörðun um byggingu 14—15 þús. tonna verksmiðju.

Ég vísa að öðru leyti til tillagna nefndarinnar í þskj., en leyfi mér að vitna hér í tillögur hennar um málsmeðferð sem er að finna á bls. 7 í frv. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Nefndin leggur til að iðnrh. hafi forgöngu um að lagt verði fram á Alþingi stjfrv. um heimild fyrir þátttöku ríkisins í fyrirtæki sem hafi að markmiði að reisa og reka steinullarverksmiðju á Íslandi.

2. Með tilliti til liðar 12 í niðurstöðum, þ. e. að nefndin treystir sér ekki til að benda á ákveðinn stað fyrir steinullarverksmiðju, er lagt til að ríkisstj. fái í áðurnefndu frv. heimild Alþingis til þess að velja samstarfsaðila (sjá þó lið 4).

3. Það er skoðun nefndarinnar, að ríkissjóður eigi ekki að afhenda öðrum hvorum aðilanum steinullarverksmiðju með fyrirheiti um fjármagn til stofnkostnaðar. Nefndin er þeirrar skoðunar, að áhugaaðilar verði að leggja fram hlutafé, vera tilbúnir til að taka fjárhagslega áhættu og taka sjálfstæða og ábyrga ákvörðun um byggingu og rekstur slíkrar verksmiðju.

Því er lagt til að:

a) Hlutafé í fyrirtækinu verði að lágmarki 30% af stofnkostnaði.

b) Ríkissjóður leggi fram að hámarki 40% af hlutafé.

c) Ábyrgðir ríkisins af lánum vegna framkvæmda verði eigi hærri en fjórðungur lánsfjár.

4. Ríkisstj. gefi þeim áhugaaðila, er hún velur til samstarfs, kost á að safna 60% af hlutafé. Áhugaaðila verði veittur þriggja mánaða frestur til þessa verks. Að loknum þessum þremur mánuðum skal hann leggja fram áætlun er sýni hvernig hann kjósi að staðið skuli að byggingu og rekstri verksmiðjunnar. Reynist þeim aðila, er fyrstur er valinn til samstarfs, ókleift að standa við ofangreind skilyrði skal ríkisstj. gefa hinum aðilanum kost á hinu sama.

5. Takist hvorugum aðilanum að standa við ofangreind skilyrði, er lagt til að ríkisstj. taki málið í sínar hendur og teljist þá óbundin öllum hagsmunaaðilum varðandi staðsetningu og velji sjálf samstarfsaðila og samstarfsform."

Iðnrn. hefur í meginatriðum farið að tillögum nefndarinnar við undirbúning þessa frv. og hyggst hafa hliðsjón af þeim við framhaldsmeðferð málsins.

Það er vissulega nokkurt nýmæli að fleiri en einn aðili keppi um iðnaðarkost af því tagi, sem hér um ræðir, og ætli sér að reiða fram verulegt fjármagn í því skyni. Slíkur áhugi um iðnaðaruppbyggingu hlýtur að teljast jákvæður af hálfu samfélagsins, en reynslan verður að skera úr um hvor ber hærri hlut og finnur grundvöll fyrir slíku fyrirtæki. Ég tel ekki óeðlilegt að þeim aðila, sem hyggst byggja á útflutningi, gefist kostur á að láta reyna á markaðsöflun og teljist hún nægilega trygg að mati stjórnvalda verði notaðar heimildir til ríkisþátttöku í slíku fyrirtæki að því marki sem nauðsynlegt er talið innan ramma lagaheimilda. Um þessa málsmeðferð hafa hins vegar engar bindandi ákvarðanir verið teknar og reynist útflutningur ófýsilegur er eðlilegt að framleiðsla fyrir innanlandsmarkað verði á döfinni.

Heimildir í lagafrv. rúma stærri verksmiðjukostinn, svo sem eðlilegt má teljast, en ég vil benda á að í aths. með 3. gr. átti að vísu að standa að stofnkostnaður sé áætlaður, en ekki „um", heldur „allt að " 107 millj. kr. miðað við 1. jan. 1981. Miðað er við að hlutafé verði um 30% af stofnkostnaði fyrirtækisins.

Gert er ráð fyrir að iðnrh. og fjmrh. skipi fulltrúa ríkissjóðs á aðalfundi hlutafélagsins að jöfnu í samræmi við ríkisþátttöku, en um stjórn félagsins fari síðan eftir samþykktum samkv. hlutafélagalögum.

Að öðru leyti vísa ég til framsögu minnar um sjóefnavinnslu fyrr í þessari hv. þd. varðandi einstakar greinar frv. eftir því sem við á, en þær eru um margt hliðstæðar, nema hér er ekki gert ráð fyrir að ríkissjóður geti átt meiri hluta í hlutafélaginu.

Herra forseti. Báðir áhugaaðilar um stofnun hlutafélags um steinullarframleiðslu hafa áhuga á að þær heimildir, sem frv. þetta gerir ráð fyrir, verði lögfestar á þessu þingi. Ég vænti þess, að hv. þdm. og iðnaðarnefndir þingsins stuðli að því, að svo geti orðið.

Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. iðnn. þessarar deildar sem leiti samvinnu við iðnn. Nd. um meðferð málsins til þess að greiða fyrir afgreiðslu þess á þeim dögum sem eftir eru af þessu þingi.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Það er eins með þetta frv. og það sem við vorum að ræða hér áður, að ég vil lýsa ánægju minni yfir því, að það er fram komið. Hér er um merkilegt mál að ræða, það orkar ekki tvímælis. Það er líka mjög ánægjulegt að slíkur áhugi skuli hafa verið á þessu máli að stofnuð hafi verið félög til að vinna að því bæði norðanlands og sunnan. Ég á við Steinullarfélagið á Sauðárkróki og starfsemi Jarðefnaiðnaðar í Suðurlandskjördæmi.

Nú liggur málið þannig fyrir, að talið er nauðsynlegt að ríkisvaldið komi þar inn í, og skal ég ekki finna að því, en ég vildi aðeins koma inn á það núna við 1. umr., með hverjum hætti það er hugsað. Mér virðist að eins og frv. er, sé gert ráð fyrir að frumkvæði í þessum málum sé ekki lengur í höndum þeirra félaga sem hafa sýnt áhuga og unnið að undirbúningi þessa máls, heldur sé gert ráð fyrir að nú sé frumkvæðin og forusta í þessum efnum hjá ríkinu. Það þarf ekki að fara saman, að ríkið gegni alfarið

slíku forustuhlutverki, og svo hins vegar, að það leggi fram aðstoð við stofnun þessara fyrirtækja eða fyrirtækis á þann veg að leggja fram verulegt fjármagn í hlutafé, eins og hér er gert ráð fyrir. Ég hnýt um þetta þegar ég les 2. gr. frv. því að þar segir: „Til samvinnu um stofnun eða starfrækslu hlutafélags samkv. 1. gr. er ríkisstj. heimilt að kveðja aðila, sem áhuga hafa á málinu.“ — Mér virðist þetta benda til þess, að gert sé ráð fyrir að ríkisvaldið hafi forustu í þessu, en ekki þau félög sem hér hafa komið við sögu áður. Ég vil spyrja hæstv. ráðh. um þetta. Ég hafði látið mér detta í hug að það gæti verið að þau félög, sem hafa unnið að þessu áður, hefðu líka möguleika til þess að leita eftir viðtækari þátttöku í þessari verksmiðju en nú er. M. ö. o.: Hvernig er gert ráð fyrir að verði gengið til verks í þessu efni?

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Það er nú svo með þetta frv. eins og hið fyrra, að Alþingi hefur beðið nokkuð eftir því að iðnrn. og hæstv. iðnrh. legðu eitthvað til málanna í þessum efnum, mörkuðu afstöðu, mörkuðu stefnu, og sjálfsagt eru ýmsir þm. og reyndar margir aðrir orðnir langeygir eftir því, að þetta frv. sæi dagsins ljós. Ég held að öllum hljóti að vera það fagnaðarefni, að þetta mál komi nú til umr. hér á þinginu og geti fengið hér ítarlega og góða umfjöllun.

Það er nú reyndar svo í sambandi við þetta mál, eins og stundum vill verða um önnur mál hér á Íslandi, að það er eins og togstreitan yfir staðarvali — landshlutareipdrátturinn — skyggi á aðalmálið. Það virðist vera það sem yfir skyggir í þessu máli, hvar verksmiðjan verði sett niður. Ýmsir höfðu gert ráð fyrir því og vænst þess, að iðnrn. mundi skera úr í þeim efnum, mundi kveða upp úr um hvar verksmiðjunni skyldi valinn staður. Því er reyndar ekki að heilsa í þessu frv. og má því búast við að reipdrátturinn haldi áfram og haldi kannske áfram að skyggja á aðalmálið. Það er í rauninni leitt að svo skuli vera, vegna þess að meginatriði þessa máls er vitaskuld með hvaða hætti verði unnið að iðnaðaruppbyggingu hér á landi og einmitt hvort fyrirtæki af því tagi, sem hér er talað um, geti verið liður í iðnþróun.

Nú er það reyndar svo um þetta fyrirtæki eins og önnur, að þeir útreikningar, sem gerðir hafa verið, sýna ekki neina stórkostlega afkastavexti. En það gefur líka ástæðu til að skoða það sem fram er lagt í þessu sambandi — þær forsendur og þær undirstöður sem til grundvallar eru lagðar. Það leiðir til þess líka, að þó að ég muni ekki nú bera margar fsp. fram varðandi þetta frv. eða halda uppi löngum umr. um það og telji eðlilegra að það fái umfjöllun í nefnd á þessu stigi og ítarlegri umr. fari þá fram um þetta eftir að n. hefur haft frv. til umfjöllunar, þá hlýt ég að minnast örlítið á markaðshlið þeirrar framleiðslu sem hér er um að ræða.

Það mun öllum kunnugt, að meiri hluti einangrunarefnis hér á landi núna er plast. Það hlýtur að vera forsenda fyrir verksmiðju af þessu tagi að steinullin taki stærri hluta af markaðinum en nú er. Með hvaða hætti það megi takast hljóta menn að velta fyrir sér. Ég þykist vita að það sé e. t. v. veruleg tregða af hálfu iðnaðarmanna á að taka upp steinull í staðinn fyrir plast. Til þess liggja kannske fyrst og fremst þær ástæður, að það þykir að ýmsu leyti óþægilegra að vinna með steinullina en það plast sem menn hafa vanist að undanförnu. Þá hljóta menn að taka það með í reikninginn, hvernig megi takast við þessar aðstæður að auka markaðshlutdeild steinullar hér á landi. Skal þá ekki rakið hvaða atriði það eru sem mæla með því, að steinull verði tekin í staðinn. En hitt er vitaskuld ljóst, að sú plastframleiðsla, sem fyrir hendi er í landinu í sambandi við einangrun, hefur skapað ýmsum mönnum atvinnu. Þegar menn líta á atvinnusjónarmiðið í sambandi við þetta frv. verða menn náttúrlega að taka tillit til þess, að svo framarlega sem steinullin ryður frá sér hluta af núverandi markaði plastsins hlýtur það að bitna á atvinnu þeirra manna sem hafa unnið við framleiðslu á plastinu. Nettó-áhrifin eru því vitaskuld það sem menn verða að hafa til hliðsjónar. Ég hef ekki komið auga á neina sérstaka úttekt á þessu, en ég trúi því, að þm. vilji fá að sjá skýrt hver áhrifin eru, ekki vegna þess að það hafi úrslitaáhrif á ákvarðanatöku í sambandi við þetta mál sem slíkt, heldur til þess að menn viti hvað þeir eru að gera og hvernig við skuli bregðast.

Annað einangrunarefni, sem er í samkeppni við steinullina, er glerullin og þar held ég að menn búi við nokkuð svipaðar aðstæður. Það hefur verið tilhneiging manna að nota kannske frekar glerull en steinull við ýmiss konar einangrun á loftum og því um líku, einkanlega þar sem menn hafa þurft að festa einangrunina upp fyrir sig svo að segja. Menn hljóta líka að taka til skoðunar hvernig skilin eru milli glerullarmarkaðarins og steinullarmarkaðarins. Það er reyndar ekki úr vegi að geta þess í sambandi við glerullina, að eftir upplýsingum, sem ég hef fengið, mun ekki vera fjarstæðukennt í rauninni að framleiða glerull hér á landi úr úrgangsefnum frá járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga. Þar er úrgangsefni kvartssandur, sem mun henta mjög vel til framleiðslu á glerull. Ég held að það sé fyllsta ástæða til að athuga það mál mjög gaumgæfilega, hvort þarna sé um nýtt þróunarsvið að ræða sem gæti verið hagstætt fyrir okkur Íslendinga sem þjóð.

Ég ætla ekki að fjölyrða um einstök atriði þessa frv. Ég tel að það, sem ég hef drepið á hér varðandi markaðsmálin og atvinnumálin í þessu sambandi, sé það sem menn hljóti sérstaklega að vilja fá upplýsingar um, en auðvitað eru svo ýmis önnur atriði sem gætu komið til umfjöllunar í nefnd líka. En að lokum aðeins þetta: Ég tel að hér sé um mjög merkt frv. að ræða og það sé mjög gott að þetta komi nú loksins til umfjöllunar hér á Alþingi. Ég vona að togstreitan um staðarvalið verði ekki að öllu leyti til þess að yfirskyggja þetta mál eða drepa það niður.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég leyfi mér að þakka báðum þeim hv. þm., sem hér hafa tjáð sig um þetta efni, fyrir vinsamlegar undirtektir. Ég skal fara örfáum orðum um þær fsp. sem þeir beindu til mín í sambandi við þetta.

Hv. 4. þm. Vestf. spurði um forustu ríkisins í þessu efni. Ég tel að það komi nokkuð skýrt fram í þessum lagatexta, að ríkinu er ekki ætlað forustuhlutverk í þessu máli með þeim hætti sem væri ef um meirihlutaaðild þess væri að ræða að hlutafélaginu. Það er þvert á móti gert ráð fyrir að það séu áhugaaðilar sem hafi þarna forgöngu, en eigi að reyna á þær heimildir, sem frv. gerir ráð fyrir þurfa þessir aðilar að koma með sín áform og leggja fyrir ríkið, sem hlýtur þá að taka afstöðu til þess, hvort það vill ganga til samstarfs á þeim grundvelli sem kynntur verður. Báðir þessir áhugaaðilar hafa óskað eftir þessum heimildum. Ég held að af þeirra hálfu sé góð samstaða um það orðalag og þær áherslur sem fram

koma í þessu frv. hvað þetta snertir. Ég held líka að einmitt þessi ákvæði um takmörkun á ríkisþátttöku, á hlutafjármagni ríkisins, auðveldi með vissum hætti að gera málið upp á ábyrgan hátt og það reyni þá á þá aðila sem hafa sýnt mikinn og lofsverðan áhuga á að koma af stað slíkri framleiðslu.

Varðandi þau atriði, sem hv. 2. þm. Reykn. nefndi hér ætla ég ekki að hafa mörg orð. Það voru gagnlegar og eðlilegar ábendingar sem hann kom fram með í sambandi við málið. Markaðshlutdeild hér innanlands er auðvitað ýmsu háð, hvernig hún þróast, og það er engan veginn gefið að steinullarframleiðsla ryðji öðrum einangrunarefnum með skjótum hætti burt af markaði, þó að það fari auðvitað eftir því verði, sem hægt verður að bjóða, og öðrum aðstæðum sem fremur munu ýta á nýtingu glerullar eða steinullar en plasts, og þar á ég við brunavarnasjónarmið og fleira af því tagi.

Það er alveg rétt, sem hv. þm. benti á, að nettó-áhrifin hvað snertir ný atvinnutækifæri fást ekki með því eingöngu að líta á þau störf sem verksmiðja af þessu tagi kemur til með að veita, því að önnur atvinnutækifæri kunna að hverfa á móti, að hluta til a. m. k. En það er mitt mat, að slík viðhorf eigi ekki að standa í vegi fyrir þróun, sem telja má jákvæða frá sjónarhóli samfélagsins, og þeir aðilar, sem að framleiðslu standa á einangrunarplasti, muni þá leita inn á ný svið. Þannig gerist nú iðnþróun einu sinni, að eitt þarf að taka við af öðru. Ég vænti þess, að þar verði ekki um tilfinnanlegan samdrátt að ræða í atvinnu, heldur finni menn þá aðra möguleika þar sem framleiðsla á einangrunarplasti kann undan að láta vegna samkeppni við væntanlega steinullarframleiðslu.

Hv. þm. benti líka á möguleika á glerullarframleiðslu úr kvartsi sem til fellur frá járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga. Ég kannast við þetta mál og hef fengið erindi þar að lútandi. Það er í athugun hvaða möguleikar þar gætu skapast í sambandi við glerullarframleiðslu úr þessum úrgangi, aukaafurð sem þarna fellur til, og sjálfsagt að hafa augun opin fyrir því eins og í sambandi við aðra iðnaðarframleiðslumöguleika hérlendis.

Herra forseti. Ég ætla ekki að orðlengja þetta frekar. Ég vænti þess, að menn geti sameinast um að þær heimildir fáist sem hér er beðið um, og ég met mikils þær jákvæðu undirtektir sem hér hafa komið fram við þetta mál, og þó að svo horfi að ekki sé rúm fyrir tvær verksmiðjur af þessu tagi hérlendis vænti ég að allir megi uppréttir standa að lokum og að þessi framleiðsla komist á þrátt fyrir mismunandi viðhorf sem eðlilegt er að ríki um staðarval slíkrar verksmiðju og framleiðslumöguleika hvað markað snertir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til iðnn. með 12 shlj. atkv.

Stálbræðsla, frv. (þskj. 711). — 1. umr.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Allt er þegar þrennt er, stendur einhvers staðar. Ég mæli hér fyrir þriðja málinu sem snertir iðnaðaruppbyggingu í landinu, frv. til laga um stálbræðslu, en í 1. gr. þess frv. segir:

„Ríkisstj. er heimilt að gerast eignaraðili að Stálfélaginu hf. og leggja fram í því skyni allt að 40% af hlutafé þess."

Stálfélagið hf. var stofnað árið 1970 og hefur félagið beitt sér fyrir að hér á landi rísi stálbræðsla til framleiðslu á steypustyrktarstáli úr brotajárni. Ég ætla ekki að rekja hér sögu Stálfélagsins seinustu tíu árin, en sú saga er þó vissulega alllærdómsrík og þá einnig þáttur stjórnvalda í því máli.

Skoðanir manna á því, hve mikið væri fáanlegt af nýtanlegu brotajárni á Íslandi, hafa verið nokkuð mismunandi. Því ákvað iðnrn. í sept. 1979 að fá Almennu verkfræðistofuna hf. til að gera ítarlega könnun á innlendum brotajárnsmarkaði.

Söfnun brotajárns hérlendis hófst 1949 að forgöngu fyrirtækisins Sindra-Stáls hf. í Reykjavík. Á tímabili voru fleiri aðilar viðriðnir söfnun brotajárns, en nú mun Sindra-Stál vera eini aðilinn sem safnar brotajárni á kerfisbundinn hátt. Aðalbækistöð fyrirtækisins fyrir söfnun og vinnslu brotajárns er við Sundahöfn í Reykjavík, en auk þess hefur fyrirtækið aðstöðu á Ísafirði, í Bolungarvík, á Siglufirði, Akureyri, Hofsósi, Raufarhöfn, Seyðisfirði og Reyðarfirði. Ef tekið er meðaltal af útflutningi brotajárns frá árunum 1950—1980 hafa að meðaltali verið flutt út um 3500 tonn á ári. Í áliti Almennu verkfræðistofunnar frá 28. febr. 1980 kemur m. a. fram í niðurlagi, með leyfi hæstv. forseta:

„Brotajárnssöfnun á Íslandi hefur undanfarin ár verið um 4000 tonn á ári. Ætla má að með samstilltu átaki og auknu fjármagni megi auka söfnun og vinnslu upp í 9—10 þús. tonn á nokkru árabili, þótt ekki skuli fullyrt um hagkvæmni þess að svo komnu máli. Verksmiðja, sem framleiðir 15 þús. tonn af járni og notar 17 500—18 000 tonn af hráefni virðist munu verða háð erlendum aðföngum að nokkru leyti fram undir aldamót. Hvort hægt er að tryggja þau aðföng og hvort verksmiðjan er arðbær við þau skilyrði yrði væntanlega meginviðfangsefni næsta áfanga þessa máls. Til hins hníga þegar gild rök, að brotajárnssöfnun á Íslandi sé athyglisverður vaxtarsproti í íslensku athafnalífi, jafnt í hagrænu, atvinnulegu og umhverfislegu tilliti."

Í framhaldi af þessu ákvað iðnrn. hinn 30. júní 1980 að skipa verkefnisstjórn er skyldi sjá um gerð áætlunar varðandi framleiðslu steypustyrktarstáls og athuga hvort slík framleiðsla geti talist arðbær og þá á hvaða forsendum. Verkefnisstjórn þessa skipuðu Friðrik Daníelsson frá Iðntæknistofnun, formaður, Sveinn Erling Sigurðsson frá Seðlabanka Íslands, Haukur Sævaldsson frá Stálfélaginu hf. og Jafet S. Ólafsson starfsmaður iðnrn.

Auk verkefnisstjórnar unnu eftirtaldir aðilar að áætluninni: Almenna verkfræðistofan hf., er sá um kostnaðaráætlun vegna mannvirkja svo og markaðs- og hráefnisöflunaráætlun, Iðntæknistofnun, sem vann að tæknilegri samanburðarathugun og stofnkostnaðaráætlun, og Jón Steingrímsson verkfræðingur, sem sá um athugun á innflutningi hráefnis, gerð rekstrarkostnaðaráætlunar, arðsemiáætlunar og svokallaðrar viðkvæmniathugunar.

Samband var haft við vélaframleiðendur og ýmsa aðila erlendis. Einkum var leitað að fyrirmynd í Svíþjóð og sýndi þarlend verksmiðja, er nefnist Quartshammarsbruk, sérstakan áhuga á miðlun upplýsinga, en verksmiðja þessi er svipuð að stærð og sú sem áformað er að byggja hér á landi. Stærð þeirrar verksmiðju, sem hér um

ræðir, er 15 þús. tonna ársframleiðsla, en til þeirrar framleiðslu þarf um 17 500 tonn af brotajárni, eins og áður greinir. Mikill fjöldi verksmiðja af svipaðri stærð mun starfræktur víða um heim og eru tæki og vélar í slíkar verksmiðjur auðfáanleg.

Verkefnisstjórn sú, sem fyrr er getið, skilaði skýrslu til iðnrn. 27. nóv. 1980. Í niðurstöðum þeirrar skýrslu, sem hv. alþm. hafa fengið, kemur eftirfarandi fram, með leyfi forseta:

„Núverandi innanlandsmarkaður fyrir steypustyrktarstál er um 13 þús. tonn á ári. Gert er ráð fyrir 2.1% árlegri aukningu hérlendis í notkun steypustyrktarstáls næsta áratug (var 5% á árunum 1970—1980) og að markaðshlutdeild innlendrar verksmiðju verði um 90% af þeim markaði. Yrði framleiðslumagnið 12700 tonn fyrsta framleiðsluárið ef framleiðsla hæfist 1983. Ekki er reiknað með útflutningi.

Reiknað er með að verksmiðjan kaupi allt að 40% af nauðsynlegu brotajárni erlendis fyrstu árin, meðan íslensk brotajárnsframleiðsla er að þróast. Mun hlutfallið af innfluttu brotajárni lækka jafnt og þétt á rekstrartímabilinu. Áætlað er að milli áranna 1988 og 2000 falli hérlendis til að meðaltali 15 þús. tonn af nýtilegu brotajárni á ári.

Hugsanlegt er að meðan á byggingu verksmiðjunnar stendur verði keyptar birgðir af innlendu brotajárni sem gera mundu innflutning óþarfan fyrstu ár rekstrartímabilsins (a. m. k. þrjú ár).

Stofnfjárþörf verksmiðjunnar er áætluð 67.7 millj. sænskra króna. Í áætluninni eru gerðar kröfur um að fjárfestingin skili sér á 15 árum, þ. e. að endingartími verksmiðjunnar verði 15 ár og að meðalsöluverð steypustyrktarstáls verði 2187 sænskar kr. á tonn (frá verksmiðju). Afkastavextir fjárfestingarinnar á 15 ára rekstrartímabilinu eru áætlaðir 10.6% (á föstu verðlagi). Ef meðalverð síðustu tveggja ára helst allt rekstrartímabilið verða afkastavextir um 8%, en gert er ráð fyrir að stálmarkaðurinn, sem nú býr við offramleiðslu og lágt verð, nái jafnvægi um miðjan áratug, og muni verð því hækka á alþjóðamarkaði og afkastavextir verksmiðjunnar þar með.

Ef stjórnvöld eru reiðubúin að vernda framleiðsluna tímabundið fyrir verðfellingu (dumping) erlendra framleiðenda þannig að verksmiðjan búi við svipað afurðaverð og erlendir framleiðendur í sínum heimalöndum er rekstrargrundvöllur verksmiðjunnar tryggður. Að öðrum kosti gæti orðið um tímabundna erfiðleika að ræða.

Kostir steypustyrktarstálsframleiðslu, sem ekki hafa verið metnir í fjármunum í þessari áætlun, eru m. a.:

1) Umhverfisbætandi áhrif. (Nýtir brotajárn sem annars safnast fyrir).

2) Aukin atvinna í landinu.

3) Eykur öryggi hvað varðar aðdrætti grundvallarbyggingarefnis.

4) Gjaldeyrissparandi áhrif.

5) Eykur fjölbreytni atvinnulífsins og inn flyst þekking um grundvallariðnaðarstarfsemi.

Ókostur innlendrar framleiðslu yrði fyrst og fremst, að þegar erlendis eru erfiðleikar í stáliðnaðinum gæti tímabundið orðið hærra verðlag á innanlandsmarkaði miðað við það sem yrði ef um verðfellingu erlendu framleiðendanna væri að ræða. Ef gripið yrði til verndunaraðgerða af hálfu stjórnvalda mundi verð þannig hækka eða haldast hátt, en þó að líkindum aðeins um takmarkaðan tíma.

Niðurstöður verkefnisstjórnar eru, að steypustyrktarstálverksmiðja sú, er hér um ræðir, geti skilað viðunandi arði og reynst nokkuð stöðugt fyrirtæki."

Getið var um sænskar krónur í þessari tilvitnun. Það er vegna samvinnu og samanburðar við sænska steypustyrktarjárnsverksmiðju af hliðstæðri stærð.

Stofnkostnaður þeirrar verksmiðju, sem hér um ræðir, er áætlaður um 100 millj. kr., miðað við verðlag í apríl 1981, og er áformað að hlutafé nemi um 30% af stofnkostnaði eða um 30 millj. kr. Við stálbræðsluna er reiknað með að starfi 63 menn. Aflþörf verksmiðjunnar er um 10 mw., en til að framleiða 1 tonn af steypustyrktarstáli þarf 900 kwst., þannig að við 15 þús. tonna framleiðslu notar verksmiðjan 13.5 gwst. á ári.

Staðsetning verksmiðjunnar er áformuð innan stór-Reykjavíkursvæðisins, bæði vegna nálægðar við stærsta hluta markaðarins og þess, að um 60% brotajárnsmagnsins fellur til á höfuðborgarsvæðinu. Tveir staðir hafa helst komið til álita:

1) Korpusvæðið, þ. e. Geldinganes, Grafarvogur eða Gufunes.

2) Straumsvík, þ. e. svæðið norðan álverksmiðjunnar í Straumsvík.

Báðir þessir staðir hafa flesta þá kosti sem krafist er, þ. e.:

1) **Nálægð hafnar.**

2) Nálægð raflínu (132 kílóvolta eða 220 kílóvolta).

3) Gott vegakerfi.

4) Svæði, sem ætlað er til iðnaðar, er hentugt.

5) Góðir möguleikar eru á byggingu viðlegubakka og/eða plani til niðurrifs á skipsskrokkum.

Samkvæmt skýrslu Almennu verkfræðistofunnar er gert ráð fyrir að söfnun og vinnsla brotajárns geti á nokkrum árið vaxið í um 10 þús. tonn og þegar kemur fram yfir árið 1988 ætti nýtanlegt brotajárnsmagn að vera komið í um 15 þús. tonn á ári til jafnaðar.

Meðan á byggingu stendur er unnt að safna nokkrum birgðum, en til viðbótar þyrfti verksmiðjan að flytja inn nokkurt brotajárnsmagn fyrstu ár stálbræðslunnar.

Árið 1979 nam meðaltal safnaðs brotajárns á íbúa á Norðurlöndum um 77 kílóum á ári, sem þýða mundi um 17 þús. tonn á Íslandi. Í þessu tilviki stöndum við nokkuð að baki nágrannaþjóðum okkar, en með samstilltu átaki er ég þess fullviss að auka má söfnun á brotajárni verulega þannig að við nálgumst það meðaltal sem er á Norðurlöndum.

Stáliðnaður á í örðugleikum eins og stendur, en útlit er fyrir að eftirspurn eftir stáli fari vaxandi og verð hækki verulega á komandi árum. Samkvæmt spám í bandarískra tímaritinu Chase Econometrics er talið að verð á stálafurðum sé nú að meðaltali 10—15% lægra en gera megi ráð fyrir yfir lengri tíma. Á Vesturlöndum hefur magnaukning á ári á stáli verið eftirfarandi, og spá Chase Econometrics um þróunina er svofelld:

Magnaukningin var á árabilinu 1973—1979 nánast engin eða mínus 0.1%, en á tímabilinu 1979—1984 er gert ráð fyrir 3.8% aukningu og á árabilinu 1985—1990 3.1% aukningu.

Hvað varðar stærð íslenska markaðarins fyrir steypustyrktarstál má gera ráð fyrir aukningu í notkun. Þá er reiknað með kílói af stáli í tonn af steinsteypu. Innflutningur á steypustyrktarstáli hefur sveiflast nokkuð á

undanförnum 15 árum. Valda virkjunarframkvæmdir aðallega þeim sveiflum. Á línuriti, er fylgir frv., er sýnd þróun innflutnings og gerðar eru tvær spár um áframhaldandi þróun. Niðurstaðan af þessum spám er að verksmiðjan muni geta byggt á öruggum innanlandsmarkaði sem væri í byrjun (1983) hugsanlega um 12—13 þús. tonn, en mundi vaxa í um 17 þús. tonn eftir 15 ár frá gangsetningu verksmiðjunnar. Reiknað er með að verksmiðjan hafi allt að 90% markaðshlutdeild innanlands. Ekki er gert ráð fyrir útflutningi, en þó eru fyrir hendi möguleikar á útflutningi til nágrannalanda, svo sem til Færeyja og Grænlands.

Innflutt steypustyrktarstál kemur nær eingöngu frá Noregi. Meðalverð tveggja síðustu ára á steypustyrktarstáli til Íslands hefur verið lágt, eða um 1630 sænskar kr. á tonn á núgildandi verðlagi. Verð norrænna framleiðenda á eigin heimamarkaði (þ. e. frá verksmiðju) er nú hins vegar um 2000 sænskar kr. á tonn eða meira en 20% hærra en meðalverð síðustu ára til Íslands.

Ef gert er ráð fyrir að verðið á steypustyrktarstáli á Norðurlöndum sé nú 10—15% undir langtímajafnvægisverði, sem svo er kallað, yrði „eðlilegt" verð, ef nota má það orð, 2200—2300 sænskar kr. á tonn frá verksmiðju. Ef flytja þyrfti inn stál á þessu verði gæti það því hingað komið kostað yfir 2400 sænskar kr. á tonn þegar jafnvægi ríkir í stálframleiðslunni. Vitað er að þau fyrirtæki, sem nú selja á niðursettu verði á Íslandsmarkað, búa við litla eftirspurn heima fyrir. Þegar jafnvægi næst milli framboðs og eftirspurnar má því gera ráð fyrir verðhækkun á innfluttu steypustyrktarstáli, nema um sé að ræða einhvern óvenjulegan áhuga framleiðendanna á markaði fyrir steypustyrktarstál hérlendis.

Miðað við gangsetningu stálbræðslu 1983 gæti slík verksmiðja þurft að búa við undirboð stórra erlendra framleiðenda fyrstu tvö starfsárin, að mati fróðra aðila, nema gripið verði til aðgerða af hálfu stjórnvalda. Í viðskiptasamningum Íslands, í GATT-samningnum og EFTA-samningnum, er heimild fyrir stjórnvöld til að grípa til aðgerða gegn „dumping" eða undirboðum erlendra aðila. Heildarniðurstöður um afkomumöguleika verksmiðjunnar eru að reksturinn skili arði á 15 ára rekstrartímabili með a. m. k. 5% afkastavöxtum fjárfestingar. Afkastavextir, sem nema um 10% af fjárfestingu, eru taldir líklegir, en það fer eftir hversu langan tíma það tekur að markaðsástandið nái jafnvægi.

Í 2. gr. þessa frv. segir m. a.:

„Í tengslum við aðild sína að hlutafélaginu er ríkisstj. heimilt:

1. Að leggja fram allt að 12 millj. kr. af fé ríkissjóðs sem hlutafé í nefndu hlutafélagi og að taka lán í þessu skyni. Framangreind upphæð miðast við lánskjaravísitölu 1. apríl 1981 og breytist í samræmi við hana.

2. Að veita ríkisábyrgð fyrir lánum eða taka lán, er hlutafélaginu verði veitt til byggingar verksmiðjunnar, að fjárhæð samtals 17.5 millj. kr., eða jafnvirði þess í erlendri mynt.

3. Að fella niður aðflutnings- og sölugjöld af vélum, tækjum og varahlutum til verksmiðjunnar. Fjmrh. setur reglur um framkvæmd þessa ákvæðis og aðra þætti er varða aðflutnings- og sölugjöld af efni og aðföngum til verksmiðjunnar."

Í 3. gr. er kveðið á um að ekki verði lagðar hömlur á tölu stofnenda eða hluthafa í félaginu, m. a. með hliðsjón af aðild ríkisins að því. Fjmrh. og iðnrh. skipa fulltrúa ríkissjóðs á aðalfundi að jöfnu, miðað við að um ríkisþátttöku verði að ræða. Stjórn félagsins fer að öðru leyti eftir samþykktum þess.

Að lokum vil ég geta þess, að Stálfélagið hf. hefur þegar efnt til almenns hlutafjárútboðs og ætlar félagið að safna 18 millj. kr. hlutafé á almennum markaði. Hlutafjársöfnun er nú í fullum gangi, en of snemmt mun að fullyrða um árangur hennar. Stálfélagið hefur kynnt málið fyrir einstaklingum, sveitarfélögum og fyrirtækjum, bæði með kynningarbréfum, kynningarfundum og dreifibréfum.

Um einstaka þætti stálbræðslunnar vísast að öðru leyti til skýrslu iðnrn. undir heitinu Stálbræðsluáætlun frá des. 1980, sem þm. hafa fengið.

Herra forseti. Að lokum vil ég leggja áherslu á að frv. þetta fái afgreiðslu og verði lögfest á þessu þingi til að undirbúningur stálbræðslu þurfi ekki að tefjast frekar en orðið er vegna vöntunar á heimildum sem hér er beðið eftir. Forusta í málinu er að öðru leyti í höndum áhugaaðilanna, Stálfélagsins hf., sem ég vil þakka margar heimsóknir og samstarf að þessu máli á liðnum árum.

Ég legg til að að umr. þessari lokinni verði málinu vísað til hv. iðnn.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Hæstv. iðnrh. sagði þegar frv. það, sem við ræðum hér um, var tekið til umr. áðan: Allt er þá þrennt er. — Það kann að vera að það sé í dag, en mikið vatn á eftir að renna til sjávar í stóriðjumálunum áður en við getum látið staðar numið. Það breytir hins vegar ekki því, að um hið merkilegasta mál að ræða þar sem er þetta frv. til l. um stálbræðslu.

Ég ætla ekki að fara að ræða hér um rekstur þessa félags eða athuganir þær sem fram hafa farið og frv. byggist á, enda hefur hæstv. ráðh. gert það, en þetta mál kemur til meðferðar iðnn., eins og tvö frv. sem við höfum rætt áður í dag.

Ég vil segja það, að það er að sjálfsögðu mjög miður hve seint þessi frv. ber að, en þó að svo sé vil ég lýsa yfir fyrir hönd okkar sjálfstæðismanna að við munum að sjálfsögðu ekki leggja neinn þröskuld í veg fyrir framgang þessa máls á þinginu, þó að við væntum þess, að okkur gefist tækifæri til að athuga það með eðlilegri kostgæfni í nefnd.

Þetta frv. er að því leyti, virðist mér, frábrugðið hinum tveim, sem við höfum verið að ræða, að samkvæmt frv. er ekki gert ráð fyrir neinni beinni forustu ríkisins varðandi þetta mál. Þetta frv. fjallar einfaldlega um það, að ríkinu sé heimilt að eiga allt að 40% af hlutafé félagsins og leggja fram fé í því skyni, veita tilteknar ábyrgðir og fella niður aðflutnings- og sölugjöld af vélum, eins og tekið er fram í 2. gr. frv.

En ég vil aðeins nú við 1. umr. koma að 3. gr. frv. Ég vék lítillega að hliðstæðri grein í frv. sem við ræddum fyrr í dag, en ég hnýt um orðalag í aths. við 3. gr. frv. þar segir: „Ekki er talin ástæða til að leggja hömlur á tölu stofnenda eða hluthafa í félaginu, m. a. með hliðsjón af aðild ríkisins að því." — Ég leyfi mér að spyrja: Hvers vegna eru menn að gera því skóna að það gæti verið ástæða til að leggja einhverjar hömlur á hlutafjársöfnun? Ég spyr: Hvernig stendur á ákvæðinu í 3. gr. þar sem talað er um frávik frá lögum um hlutafélög varðandi tölu stofnenda og tölu hluthafa? Hvernig stendur á þessu með tilliti til þess, sem upplýst er, að það hefur farið fram almennt útboð eða fer fram almennt útboð á hlutafé? Ég geri ráð

fyrir að þarna verði margir hluthafar. En frá hverju er frávikið samkvæmt 3. gr.? Það er frávik frá því, að það þurfi að vera minnst fimm stofnendur og það þurfi að vera minnst fimm hluthafar. Er þetta ekki óþarfi? Hvaða tilgangi þjónar það að vera að binda í lögum frávik frá þessu? Kemur nokkrum í hug, eða kemur hæstv. ráðh. í hug, að það verði færri en fimm aðilar sem eftir almennt hlutafjárútboð verða aðilar að þessu fyrirtæki?

Í þeirri mgr. 3. gr. hlutafjárlaganna, sem vitnað er í, er líka fjallað um annað atriði. Ef það er það sem við er átt segir þar, að „meiri hluti stofnenda skal hafa haft heimilisfesti hér á landi í minnst tvö ár." Það er vísað til þessa ákvæðis líka. Mér er spurn: Hvernig stendur á þessu? Er nokkur ástæða til að lögfesta þetta frv. með slíku ákvæði sem felst í 3. gr. frv.? En hæstv. ráðh. getur kannske gefið skýringu á því, hvernig stendur á að ákvæðin komu inn í þetta frv.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Hér er um að ræða mál sem hefur verið lengi til umræðu og hefur þvælst fyrir mönnum líklega í u. þ. b. áratug og menn hafa átt erfitt með að gera upp við sig. Auðvitað er það svo í þessu máli, að menn verða að ákveða hvort þeir ætla að hrökkva eða stökkva. Ég held að það sé alveg ljóst að hér er um að ræða fyrirtæki af því tagi að menn verða að gera það upp við sig hvers konar áhættu þeir séu reiðubúnir að taka.

Það er auðvitað atvinnulega séð og að því er varðar alla iðnþróun ákaflega áhugavert fyrir okkur Íslendinga að geta framleitt steypustyrktarstál hér á landi með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir. Ég held að það sé líka ljóst, að það verður vitaskuld ekki gert með öllu áhættulaust frekar en yfirleitt gildir um annan atvinnurekstur. Kannske er áhættan meiri í þessu en í ýmsu öðru vegna þess, hversu verulegar sveiflur eru á stálmarkaði frá ári til árs, eins og ljóslega kemur fram í þeim gögnum sem hér eru lögð fram.

Ég tel, að það hafi verið unnið það vel og lengi að undirbúningi þessa frv. að það eigi væntanlega ekki að vera neitt því til fyrirstöðu að taka þetta mál til afgreiðslu, og ég ítreka, að hér er um mjög áhugavert málefni að ræða. Við Alþfl.-menn munum greiða fyrir því, að þetta frv. geti fengið góða og skjóta meðferð í n., og ég ætla að vona að hér sé einmitt á ferðinni enn eitt iðnaðartækifærið sem muni reynast hagstætt fyrir okkur Íslendinga.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég þakka hv. 4. þm. Vestf. og hv. 2. þm. Reykn. fyrir góðar undirtektir þeirra við þetta frv. Mér er það ánægjuefni, að þess má vænta að hægt verði að lögfesta á þessu þingi þær heimildir sem hér er leitað eftir.

Það var ein fsp. sem vikið var að af hv. 4. þm. Vestf. í sambandi við 3. gr. frv. Þar er engin sérstök stefnumörkun af minni hálfu á ferðinni, heldur að ég vil telja lagatæknilegt atriði sem sjálfsagt er að litið sé á í hv. iðnn. þessarar deildar. Það eru frávik sem talið var rétt að fram kæmi að veitt yrðu frá lögum um hlutafélög. Ég hef alltaf verið fullviss um að hluthafar í þessu fyrirtæki, Stálfélaginu hf., sem yrði eignar- og rekstraraðili þessarar verksmiðju, mundu skipta tugum ef ekki hundruðum. Ég held að þeir áhugasömu aðilar, sem hafa barist í heilan áratug fyrir því að koma þessu fyrirtæki á fót, hafi einmitt gert ráð fyrir að höfða til fjöldans í sambandi við hlutafjáröflun. Þeir hafa lagt áherslu á að á það fengi að reyna að einstaklingar og aðrir aðilar legðu af fúsum og frjálsum vilja fram fjármagn í þessu skyni þó að ríkið kæmi þar með ákveðinn stuðning, eins og er leitað eftir með þessu frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til iðnn. með 13 shlj. atkv.

Lyfjadreifing, frv. (þskj. 675). — 1. umr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. deild fyrir að efna til fundar núna síðdegis til að fjalla um þetta mál. Ég vil einnig leyfa mér að þakka þeim sem sitja hér á pöllunum og hafa setið hér í allan dag undir fróðlegum umræðum um atvinnumál: stálbræðslu, steinullarverksmiðju o. fl. Vafalaust hefur það verið gagnlegt fyrir þá, þó að ég geri ráð fyrir að þeir hafi í rauninni beðið eftir umræðu um þetta frv. til l. um lyfjadreifingu.

Eins og kunnugt er var lagt fyrir hér á Alþingi vorið 1979 frv. til l. um lyfjadreifingu. Þetta frv. var síðan endurflutt á þinginu 1979—1980 af þáv. hæstv. heilbr.- og trmrh., Magnúsi H. Magnússyni, og á þingfundi hér í Ed. fyrir nákvæmlega tveimur árum, 8. maí 1979, gerði hann mjög ítarlega grein fyrir því frv. sem þá lá fyrir og hafði verið samið af nend undir forustu Almars Grímssonar deildarstjóra í heilbr.- og trmrn. Þessi nefnd hafði unnið þá nokkra hríð og náð samkomulagi um ýmis meginatriði þessa frv. Um önnur atriði var að vísu nokkur ágreiningur, en frv. var flutt í þeirri mynd, sem þá lá fyrir, og þar voru mörkuð, þrátt fyrir ágreining í þessum málum, ýmis mjög mikilvæg stefnuatriði varðandi lyfjadreifingu hér í landinu.

Það er mín skoðun, að fyrst og fremst sé eðlilegt að lyfjadreifing sé í raun og veru á vegum heilbrigðisþjónustunnar, hinnar opinberu heilbrigðisþjónustu. Ástæðurnar til þess eru margar, sem ég ætla ekki að tíunda hér, en ein ástæðan er að mínu mati sú, að það er óeðlilegt að persónuleg einkagróðasjónarmið geti ráðið því, hversu er farið með lyfjaverslun hér í landinu, þennan mikilvæga þátt heilbrigðisþjónustunnar. Ég er þess vegna þeirrar skoðunar og minn flokkur, að það væri eðlilegast að standa þannig að málum að lyfjaverslunin öll væri á vegum opinberra aðila, þeirra sömu og fara með heilbrigðismálastjórnina í landinu. Um þetta sjónarmið mitt og Alþb. er hins vegar ekkert samkomulag hér á hv. Alþingi og í núv. ríkisstj. er því ekki að heilsa heldur. Ég tel hins vegar að það sé engu að síður verulegur ávinningur að því að ná fram ýmsum þeim atriðum sem eru í því frv. sem hér liggur fyrir og hefur nú verið flutt af mér og hæstv. núv. ríkisstj.

Ég sé ekki ástæðu til að fara ítarlega út í þetta frv. eins og það liggur hér fyrir. Menn þekkja hinn almenna rökstuðning sem fluttur hefur verið fyrir frv. Áður hefur verið gerð grein fyrir honum hér á hv. Alþingi.

Eftir að núv. ríkisstj. kom til valda á árinu 1980, 8. febr., var fljótlega ákveðið að setja á laggirnar samstarfsnefnd stjórnaraðilanna um endurskoðun á því frv. sem undirbúið hafði verið á árunum 1978—79. Þessi endurskoðun var unnin af þriggja manna nefnd trún-

aðarmanna stjórnarflokkanna sem allir eiga sæti í heilbr.- og trn. hv. Alþingis. Í nefndinni áttu sæti Guðmundur G. Þórarinsson alþm., Helgi Seljan alþm. og Pálmi Jónsson ráðh. Á þessu stigi ætla ég að takmarka mig við það að gera grein fyrir helstu breytingum sem samstarfsnefnd ríkisstj. gerði og samþykktar voru í ríkisstj. á upphaflega frv., en breytingarnar er helst að finna í II., VIII. og X kafla frv.

Í frv. er kveðið á um staðarval og stofnun lyfjabúða og lyfjaútibúa og að þar um skuli setja reglugerð sem taki mið af skiptingu landsins í héruð, sbr. ákvæði laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 57/1978, en ekki setjast með lögum, eins og gert var ráð fyrir með fyrra frv. Á þennan hátt skapast meira svigrúm hvað varðar t. d. stofnun eða flutning lyfjabúðar eða undirstofnunar lyfjabúðar í heilsugæslustöð eða á annan vettvang. Á þennan hátt er lögð áhersla á samræmingu með hliðsjón af þeim lögum sem gilda um heilbrigðisþjónustuna almennt, þ. e. lögum nr. 57/1978, en læknishéraðaskipan samkvæmt henni er í samræmi við kjördæmaskipan, fræðsluhéraðaskipan og skipan þjónustusvæða samkvæmt lögum nr. 77/1979, um aðstoð við þroskahefta.

Það skal sérstaklega undirstrikað hér, að með þessu er stefnt að því, að lyfsala fari úr höndum lækna, en eins og kunnugt er hafa læknar að verulegu leyti annast lyfjasölu á vissum stöðum í strjálbýli, þ. e. þar sem lyfjasala eða lyfjaútibú hefur ekki verið til. Í fyrra frv. var hins vegar gert ráð fyrir því, að lyfjasala færi alfarið úr höndum lækna, en ekki, eins og hér er gert ráð fyrir, að stefnt skuli að því. Það er augljóst að slík lyfjasala hefur verið neyðarúrræði víðast hvar, en þó munu finnast mjög fámenn héruð þar sem tekjur af lyfsölu hafa hugsanlega haft mikilvæg áhrif á það að læknar fáist þar til starfa. Slíkt verður þó að teljast mjög óæskilegt á alla lund, enda hreinasta neyðarúrræði og ekkert annað.

Í heilbrigðisþjónustulögum eru ákvæði þess efnis, að lyfjaútibú og lyfjaútsölur eða lyfjaforði sé í heilsugæslustöðvum ef ekki er lyfjabúð á staðnum. Jafnframt eru ákvæði þess efnis, að ráðh. geti ákveðið að lyfjabúð verði í heilsugæslustöð. Á það skal bent vegna tengsla lyfjabúða og heilsugæslustöðva, að mjög æskilegt er og í mörgum tilvikum nauðsynlegt, ef annar kostur er ekki betri, að lyfjabúð sé í heilsugæslustöð. Það hefur hins vegar þann annmarka að auka að sjálfsögðu byggingarkostnað heilsugæslustöðvar, og þykir því rétt að tekið verði til athugunar hvert einstakt tilvik og nánari ákvæði þar að lútandi verði sett með reglugerð.

Nokkur helstu nýmæli frv. varða lyfjaþjónustu á sjúkrahúsum. Það er augljóst að eftirlit lyfjafræðinga með öflun lyfja og varðveislu og notkun þeirra á sjúkrahúsum er mjög mikilvægt og skiptir ekki máli hvort um er að ræða faglegt eftirlit eða eftirlit í hagræðingarskyni. Vegna þessa hafa verið sett mjög ákveðin fyrirmæli um störf þeirra við hin deildaskiptu sjúkrahús. Þess vegna er gert ráð fyrir að á þessum sjúkrahúsum starfi svonefnt sjúkrahúsapótek sem geti öðlast heimild til að afhenda sjúklingum, er ekki liggja á sjúkrahúsum, sérstök lyf sem einungis má nota á sjúkrahúsum. Slík heimildarákvæði er mjög mikilvægt þar sem í reynd er óheimilt að afhenda slík lyf til notkunar handa öðrum sjúklingum en þeim sem liggja á sjúkrahúsum. Enn fremur er opnaður sá möguleiki, að Lyfjaverslun ríkisins geti afgreitt öll algengustu lyf beint til deilda sjúkrahúss ef henta þykir. Slíkt á ekki að raska stöðu sjúkrahússapóteks, en er fyrst og fremst ætlað að vera til hagræðingar í innkaupum og í framkvæmd allri.

Þá er enn fremur lagt til að lögfest verði stofnun sérstakrar samstarfsnefndar þeirra aðila sem hafa með þjónustu sjúkrahúsa og lyfjadreifingu á þeim að gera. Er þessari nefnd ætlað að leita samræmingar í innkaupum á lyfjum, lyfjagögnum, hjúkrunar- og sjúkrahúsgögnum í hagkvæmniskyni. — Hér er um mikilvægt stefnuákvæði að ræða sem stefnir vonandi að víðtækara innkaupasamstarfi sjúkrahúsa hér í landinu en verið hefur.

Sérstakur kafli í þessu frv. — og það er breyting frá hinu upphaflega frv. — snertir dýralyf. Er lagt til að Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum haldi þeim starfsháttum sem tíðkast hafa hingað til, þ. e. að selja framleiðslu sína og innflutt ormalyf í heildsölu til dýralækna og lyfjabúða og ef aðstæður krefja í smásölu beint til bænda. Á þessu sviði hafa skapast vissir starfshættir sem ekki varð samkomulag um að breyta á þessu stigi málsins.

Þá er gert ráð fyrir því í frv. þessu að setja þá kvöð á lyfjabúðir og lyfjaútibú að hafa á boðstólum þau dýralyf sem almennt eru notuð í viðkomandi umdæmi og að lyfjabúðum og lyfjaútibúum sé heimilt að sjá dýralæknum gegn ákveðinni þóknun fyrir þeim lyfjum sem þeir þurfa að selja í vitjunum. Á hinn bóginn er algjörlega tekið fyrir sölu annarra en Tilraunastöðvarinnar, lyfjabúða og lyfjaútibúa og dýralækna á dýralyfjum.

Þá skal þess getið, að mjög mikilsvert hefur þótt að tryggja stöðu Lyfjaverslunar ríkisins sem innkaupa- og dreifingaraðila fyrir sjúkrahús ríkisins og sveitarfélaga auk dvalarheimila fyrir aldraða. Verði þetta frv. að lögum óbreytt ætti hagsmunum Lyfjaverslunar ríkisins að þessu leyti að vera allvel borgið.

Lyfjaverslun ríkisins er lyfjagerð og lyfjaheildsala í senn og má þannig telja hana samkeppnisaðila við einkafyrirtæki í þessari atvinnugrein. Í reynd hefur hún hins vegar fyrst og fremst verið þjónustuaðili við sjúkrahúsin og er það hlutverk hennar sérstaklega undirstrikað í þessu frv. og til þess ætlast að svo verði áfram.

Ég vil sérstaklega geta þess, að á árinu 1973 lagði páv. hæstv. heilbr.- og trmrh. Magnús Kjartansson, fram frv. á Alþingi um stofnun Lyfjastofnunar ríkisins. Tók frv. þetta fyrst og fremst mið af því, að ríkið tæki að sér að öllu leyti innflutning og heildsölu lyfja. Þrátt fyrir góð áform tókst ekki pólitísk samstaða um slíkt fyrirkomulag og hefur slíkt frv. ekki verið lagt fram aftur.

Í því frv., sem ég mæli hér fyrir, er lagt til að Lyfjaverslun ríkisins verði stjórnunarlega sett undir heilbr.- og trmrn., enda er hér óumdeilanlega um að ræða mikilvægan hlekk í þjónustu við heilbrigðisstofnanir í landinu. Með tilliti til fyrri tengsla Lyfjaverslunar ríkisins við fjmrn. og Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins er talið rétt að einn þriggja stjórnarmanna Lyfjaverslunar ríkisins verði tilnefndur af fjmrn. og heimilt verði að reka stofnunina um sinn í tengslum við Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins.

Ég hef hér að framan farið nokkrum orðum um þær breytingar sem lagðar eru til í frv. þessu við fyrri frv., sem rækilega hafa verið kynnt hér á Alþingi, en ég hef ekki talið ástæðu til að fjalla að öðru leyti efnislega um frv. Þær breytingar, sem nú hafa verið gerðar af núverandi stjórnarflokkum, snerta, eins og fram hefur komið, fyrst og fremst staðarval og stofnun lyfjabúða, lyfjaþjónustu á sjúkrahúsum og stofnun sérstakra samstarfsnefnda

þeirra aðila sem hafa með þjónustu við sjúkrahús og lyfjadreifingu að gera. Breytingarnar snerta dýralyf og afskipti Tilraunastöðvar Háskólans í meinafræði að Keldum af þessum málum og þær snerta Lyfjaverslun ríkisins. Reynt er að tryggja hagsmuni hennar vegna innkaupa erlendis frá betur en áður og jafnframt að hún verði sett undir stjórn heilbr. og trmrn. í stað fjmrn.

Ég vil einnig geta þess hér, herra forseti, að í frv. hafa læðst nokkrar minni háttar villur, en ég vil sérstaklega vekja athygli á 42. gr. frv. Þar er gert ráð fyrir að felldir verði úr gildi m. a. nokkrir kaflar lyfsölulaga nr. 30 frá 1963. Ég vil benda á það hér, og vænti þess að það verði leiðrétt við meðferð málsins á hv. Alþingi, að ætlast er til með þessu frv., verði það að lögum, að öll gildandi ákvæði lyfsölulaga nr. 30 1963 verði felld úr gildi, en ekki, eins og ætla mætti samkv. 62. gr. með samanburði á lögum nr. 49 1978, þ. e. lyfjalögum, og lögum um lyfjafræðinga frá 1978, að áfram skuli gilda nokkrir kaflar þessara laga.

Herra forseti. Ég vil leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hæstv. heilbr.- og trn. og 2. umr., og ég tek það fram, að það verður að fara eftir mati hv. nefndar og Alþingis hversu fram vindur um meðferð máls þessa á yfirstandandi þingi. Ég vil leggja á það þunga áherslu, að telji hv. þn. og hv. deild að ekki auðnist að afgreiða málið á þessu þingi, þá verði leitað rækilegrar umsagnar þegar og óskað eftir að það gerist þannig að þau mál verði unnt að taka til meðferðar í sumar og í haust svo að unnt verði að ganga frá málinu á næsta þingi þannig að þetta frv. um lyfjadreifingu verði að lögum.

Með þessu frv. er í raun og veru lokið endurskoðun gömlu lyfsölulaganna, nr. 30 frá 1963. Ný lög um lyfjafræðinga tóku gildi árið 1978, þ. e. lög nr. 35 frá 1978, og lyfjalögin nýju, nr. 49 frá 1978, öðluðust gildi hinn 1. jan. s. l. Með því að setja ný lög um lyfjadreifingu er í rauninni verið að ganga frá endurskoðun lyfjalaga hér í landinu, bæði að því er varðar lyfjafræðinga, lyfjalög almennt og lyfjadreifingu.

Ég tel, herra forseti, ekki ástæðu til að fara öllu fleiri orðum um þetta frv. Ég ítreka það persónulega sjónarmið mitt, að ég er þeirrar skoðunar að lyfjadreifing eigi að vera á höndum opinberra aðila og að lyfjadreifing eigi að tengjast hinni opinberu almennu heilbrigðisþjónustu, að annað sé í rauninni óeðlilegt miðað við allar aðstæður, m. a. líka vegna þess að ríkið sjálft og Tryggingastofnun ríkisins eru í rauninni einn stærsti kaupandi lyfja í landinu. Það eru milljarðar króna á ári hverju sem ríkið ver til lyfjakaupa og er því ekki óeðlilegt og einnig af öðrum almennum ástæðum að þetta sé á höndum ríkisins og hinna opinberu aðila. Um það er, eins og ég sagði hins vegar í upphafi máls míns, ekkert pólitískt samkomulag. Ég tel að þrátt fyrir allt sé þó með þessu frv. stigið mjög mikilvægt skref fram á við í þessum málum í þá átt að fella lyfjadreifinguna í landinu að hinni almennu heilbrigðisþjónustu. Það er grundvallaratriði þessa frv., sem ég vænti að hv. þd. taki vel eins og verið hefur um þau lyfjadreifingarfrv. sem hér hafa verið flutt áður, enda þótt þau hafi ekki náð lengra hér á Alþingi en raun ber vitni um.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Skráning á upplýsingum, er varða einkamálefni, frv. (þskj. 2, n. 692, 693). — Frh. 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 693, 1 samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 693, 2 samþ. með 11 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 693,3 (2. og 3. gr. falli niður) samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 693,4 samþ. með 11 shlj. atkv.

4. gr. (verður 2. gr.), svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 693,5 samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 693,6 (ný gr., verður 3. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 693,7 (ný 5. gr., verður 4. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 693,8 (6. og 7. gr. falli niður) samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 693,9 samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 693,10 (ný gr. í stað 8.—10. gr., verður 5. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 693,11 (ný gr., verður 6. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 693,12 samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 693,13 (þrjár nýjar gr., verða 7.—9. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 693,14 samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 693,15 (ný gr., verður 10. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 693,16 (ný 11. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 693,17 (12.—14. gr. falli niður) samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 693,18 (ný 15. gr., verður 12. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 693,19 (16. gr. falli niður) samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 693,20 (ný gr., verður 13. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 693,21 samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 693,22 (17.—19. gr. falli niður) samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 693,23 samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 693,24 (20.—23. gr. falli niður) samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 693,25 samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 693,26 (24.—26. gr. falli niður) samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 693,27 samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 693,28 (27. og 28. gr. falli niður) samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 693,29 (ný 29. gr., verður 14. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 693,30 (ný gr., verður 15. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 693,31 samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 693,32 (30. og 31. gr. falli niður) samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 693,33 (ný gr., verður 16. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 693,34 (ný 32. gr., verður 17. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 693,35 (ný 33. gr., verður 18. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 693,36 (34. og 35. gr. falli niður) samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 693,37 samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 693,38 samþ. með 12 shlj. atkv.
36. gr. (verður 19. gr.), svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 693,39 (37. gr. falli niður) samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 693,40 samþ. með 12 shlj. atkv.
38. gr. (verður 20. gr.), svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 693,41 samþ. með 12 shlj. atkv.
39. gr. (verður 21. gr.), svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 693,42 samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 693,43 (ný 40. gr., verður 22. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 693,44 (ný gr., verður 23. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 693,45 (41. gr. falli niður) samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 693,46 samþ. með 13 shlj. atkv.
42. gr. (verður 24. gr.), svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 693,47 (43. gr. falli niður) samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 693,48 samþ. með 12 shlj. atkv.
44. gr. (verður 25. gr.), svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 693,49 samþ. með 13 shlj. atkv.
45. gr. (verður 26. gr.), svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 693,50 (45. gr. falli niður) samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 693,51 (ný 47. gr., verður 27. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 693,52 samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 693,53 samþ. með 14 shlj. atkv.
48. gr. (verður 28. gr.), svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 693,54 samþ. með 15 shlj. atkv.
49. gr. (verður 29. gr.), svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 693,55 samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 693,56 (ný 50. gr., verður 30. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 693,57 (ný 51. gr., verður 31. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir, svo breyttar, samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Neðri deild, 88. fundur.

Miðvikudaginn 6. maí, kl. 2 miðdegis.

Horfnir menn, frv. (þskj. 716 (sbr. 7)). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Hollustuhættir, frv. (þskj. 717 (sbr. 725)). — 3. umr.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja ásamt hv. 4. þm. Vesturl., 3. þm. Vestf. og 1. þm. Norðurl. v. brtt. við 6. gr. frv. í 29 liðum og eru þær þess efnis frá því sem er í frv., að í stað þess að fulltrúar viðkomandi hreppa í sýslunefndum kjósi tiltekna tölu fulltrúa í heilbrigðisnefndir kjósi hreppsnefndir þeirra hreppa svo marga sem segir í brtt.

Það kom fram, eftir að heilbr.- og trn. afgreiddi frv., allmikil óánægja hjá þó nokkuð mörgum þm. og sömuleiðis utan þings með að sýslunefndum væri ætlað að tilnefna fulltrúa í heilbrigðisnefndir. Sýslunefndarmenn eru kjörnir sérstakri kosningu til sýslunefnda og þar af leiðandi eru þeir ekki skuldbundnir til að hafa náið samráð við hreppsnefndir. Því þykir eðlilegra að viðkomandi hreppsnefndir kjósi þessa fulltrúa. Þar sem hér hvílir líka á bæði greiðsluskylda og ábyrgð hreppsfélaga þótti okkur rétt að gera hér tillögu um þessa breytingu og flytja þessa till., þingmenn úr öllum flokkum. Það hefur ekki unnist tími til að halda fund í heilbr.- og trn., enda ekki brýn ástæða til út af þessu atriði, en formaður n. og aðrir nm. eru sammála um að gera þessa breytingu og því meðmæltir brtt.

Ég vil út af frv. segja örfá orð. Mér er alveg ljóst að það má ýmislegt finna að þessu frv. um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, en það er líka nauðsyn á því að það reyni á þær nýjungar sem þetta frv. gerir ráð fyrir, enda gert ráð fyrir endurskoðun innan tiltekins tímabils. Hins vegar eru þessi lagaákvæði gömul að meginefni og hafa flest reynst vel í framkvæmdinni. Ég tel að með samþykkt þessa frv. sé stigið veigamikið skref til bóta, þó að eflaust megi út á ýmislegt setja, en þar verður reynslan að skera úr og bæta má um að fenginni framkvæmd þessa frv. þegar það er orðið að lögum.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég fagna þeirri brtt. sem hér er fram komin og er tvímælalaust til bóta. Það er ánægjulegt að menn skyldu taka sig til og byrja þá á því verki að lagfæra þetta frv. — lagfæra það frá því sem það kom úr nefnd. En ég vænti þess eindregið að Alþingi Íslendinga gefi sér meira ráðrúm til að fjalla um frv.

Ég vil eyða þeim misskilningi sem kom fram hjá hæstv. ráðh., — misskilningi sem virtist gæta hjá honum því að þar kom fram að ég hefði þá skoðun að sýklarnir ættu að hafa meiri rétt en menn. Það er yfirleitt ekki á dagskrá og hafi hann trúað því í alvöru, að svo væri, leiðréttist það hér með í allri vinsemd.

Aftur á móti vil ég koma því á framfæri, að við vorum að samþykkja lög í fyrra um vinnueftirlit og hollustuhætti á vinnustöðum og í sambandi við þá lagasetningu var talað um að leggja niður stofnanir, ef ég man þetta rétt. M. a. talaði hæstv. ráðh. um að leggja niður Brunaeftirlit ríkisins. Nú sýnist mér að það hafi lítið gerst í þeim efnum, aftur á móti séum við að koma okkur upp þreföldu kerfi varðandi heilbrigðiseftirlit. Við höfum Heilbrigðiseftirlit ríkisins. Við höfum Vinnueftirlit sem á að sjá um hollustu á vinnustöðum. Ég vænti þess, að þm. muni eftir því, að fyrir skömmu rákust verksvið þessara

tveggja aðila á, eins og frægt var í fjölmiðlum, út af kísilverksmiðjunni við Mývatn. Með þeirri samþykkt, sem hér er verið að leggja til, kæmi þriðji aðilinn inn í sama verkið. Þetta nær engri átt. Við þurfum að standa öðruvísi að lagasetningu. Það er að vísu talað um að leggja niður Heilbrigðiseftirlitið, en verður það gert? Við þurfum að koma í veg fyrir þá skörun sem hér verður, sjá til þess, að það sé afmarkað verksvið hjá hverjum og einum, en ekki að það sé um þrefalt, fjórfalt eða fimmfalt eftirlit að ræða, eins og gæti verið í frystihúsum samkv. þessu: þar væri í fyrsta lagi eftirlit frá sjávarútveginum með hollustuháttum, svo kæmi eftirlit frá SH, svo kæmi eftirlit frá Heilbrigðiseftirliti ríkisins, svo kæmi eftirlit frá Vinnueftirliti ríkisins og svo kæmi næst hollustufulltrúi á staðinn. Þetta væru fimm stykki og ef þeir ferðuðust allir með sömu flugvélinni gæti orðið sparnaður að því að kaupa fyrir þá rellu í stað þess að láta þá ferðast með venjulegu áætlunarflugi á milli.

Það má vel vera að hægt sé að blekkja einhverja með því að segja að þetta sé kostnaður sem eigi að leggja á atvinnuvegina, þjóðin eigi ekki að greiða þetta. En sannleikurinn er náttúrlega sá, að þeim mun meira sem við skattleggjum atvinnuvegina með einum og öðrum hætti, þeim mun lélegri verða lífskjörin í landinu.

Það vekur undrun mína hversu kátir menn hafa verið að samþykkja þetta þegar þeir svo í öðru orði hafa verið að básúna með slagorð eins og „báknið burt". Hvar eru stuðningsmenn þess slagorðs nú? Hér er verið að efla skrifræðið, en ekki reynt að samræma. Hvar eru þeir? Eru þeir týndir? (**Gripið fram í:** Þeir náðu ekki kjöri.) Er þeim ekki ljóst að með svona lagasetningu er verið að auka skattheimtu í landinu? Ég held að það væri ákaflega hollt að athuga hvort það væri ekki hægt, samtímis og frv. sem þetta er lagt fram, að leggja þá til að endurskoða þetta kerfi til einföldunar, ef það er það sem menn meina. (**Félmrh.:** Vill hv. þm. vera svo vinsamlegur að lesa frv.) Vill hæstv. ráðh. vera svo vinsamlegur að neyta aðeins þess mikla forgangsréttar sem hann hefur til málfrelsis fram yfir aðra hér í deildinni.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. Það er komin brtt. Það er búið að bera fram ógrynni af brtt. sem er búið að samþykkja af deildinni. Það er búið að tala um að það þurfi nauðsynlega að endurskoða þetta frv. og fara yfir það og lagfæra það. Spurningin er aðeins þessi: Ætlum við að lagfæra það áður en það verður að lögum eða ætla menn fyrst að gera það að lögum og fara svo í lagfæringuna á eftir? Þetta er spurningin sem við blasir. Það vita allir hér inni að það þarf að framkvæma miklar lagfæringar á þessu frv.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég á stutt erindi í ræðustólinn að þessu sinni, en ég vil vekja athygli á orðalagi sem við vorum að samþykkja hér um daginn við 2. umr. málsins. Það er í brtt. við 36. gr. Eftir að við samþykktum þessa brtt. er greinin orðin nokkuð einkennileg. Þar segir, með leyfi forseta, að 36. gr. skuli orðast svo:

„Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 1982. Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 12/1969, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, lög nr. 74/1977, um matvælarannsóknir ríkisins, svo og ósamrýmanleg ákvæði annarra laga."

Þetta orðalag finnst mér ekki vera nógu markvisst og ég hef orð á þessu hér í þeirri von að hv. Ed. bæti um betur og geri skrá yfir það, hver þessi ósamrýmanlegu lög eru. Í frv. sjálfu er talað um lög um hundahald og varnir gegn sullaveiki — það er nefnt sérstaklega — svo og ákvæði annarra laga sem ganga í berhögg við þessi lög. En mér finnst að löggjafarstarfið eigi að mótast af því að menn viti, hvaða lög þeir eru þá jafnframt að nema úr gildi, og þess vegna hef ég orð á þessu. Ég vonast til þess, að hv. Ed. taki þetta sérstaka atriði til skoðunar og geri skrá yfir þau lög sem ósamrýmanleg eru þeim lögum sem hér eru í smíðum.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfáar aths. vegna þeirra orða sem fram komu í ræðu hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar, 5. þm. Vestf. Hann virðist, eins og kom fram í framíkalli, ekki vera búinn að lesa frv. nægilega vel vegna þess að hann minnist ekki á og lætur eins og hann viti ekkert um að hér er að sjálfsögðu að grundvelli til verið að endurskoða lög sem hafa verið í gildi um langt árabil hjá okkur. Það er verið að endurskoða og endurbæta eða stefna að því. Óneitanlega er komið inn á það í þessu frv., og ef það verður samþykkt er staðreynd að það er sameinuð starfsemi sem nú er sundurgreind.

Í þeirri grein, sem hv. síðasti ræðumaður var að vitna til, er einmitt getið um að þegar lög þessi taki gildi falli úr gildi þau lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit sem hafa verið í gildi frá 1969 og einnig lög um matvælarannsóknir. Það þýðir auðvitað að þetta er hvort tveggja sameinað. Eg tek undir það, sem hann sagði, að rétt væri að inn sé bætt í lögin á seinna stigi og þá kannske hjá þn. Ed. þeirri upptalningu sem hann minntist á. Það verður sjálfsagt betri skýring fyrir þá sem eiga að leita sér upplýsinga í þessum lögum þegar frv. væntanlega verður orðið að lögum.

Þá vil ég enn fremur benda hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni á 6. lið í ákvæðum til bráðabirgða og reyndar fleiri liði þar, — hann mætti gjarnan lesa þetta allt saman einu sinni yfir áður en hann fer að blaðra hér um það sem hann virðist ekki vita um, — en í 6. lið er m. a. sagt að það eigi að stefna að því á næstu fimm árum að fella starfsemi eiturefnanefndar, áfengisvarnaráðs og manneldisráðs undir starfsemi hollustuverndar ríkisins með breytingum á gildandi lögum þar um. Það hefur verið eitt meginverkefni þn. í allan vetur að reyna að draga úr þar sem skörun væri um of. Við gerðum okkur fulla grein fyrir því, að það var viss hætt og er viss hætta á því, og við höfum fengið nokkur dæmi þar um. Og það segir ekkert um að gildandi lög um framleiðslueftirlit sjávarútvegsins eigi ekki áfram að vera. Það er, hefur verið og verður. Sama má reyndar segja um landbúnaðinn og fleiri greinar. — En ég held að allir séu sammála um að stefna að frekari sameiningu með sparnað og betri nýtingu vinnuafls og fjármuna í huga, sbr. það sem n. hefur lagt til í 9. lið ákvæða til bráðabirgða, þar sem segir svo, með leyfi forseta:

„Ríkisstj. láti fara fram athugun á hvort sameina eða samræma megi frekar en gert er með lögum þessum starfsemi aðila, sem fara með ýmiss konar hollustuhátta- og heilbrigðiseftirlit og eftirlit til varnar skaðlegum áhrifum umhverfis á heilsufar manna. Jafnframt fari fram könnun á möguleikum til frekari samræmingar löggjafar um þessi mál. Skal könnun þessari lokið innan þriggja ára frá gildistöku laga þessara."

Ég fæ ekki séð hvernig í ósköpunum það eigi að vera hægt að koma því fyrir, þó að lög séu endurskoðuð, að það sé ráðin bót á öllum meinum í þessu smákóngaríki embættismennskunnar á Íslandi í fyrsta sinn sem gerð er

verulega tilraun til þess. Ég álít að það, sem hér sé gert núna, og sá afrakstur, sem liggur þó hér fyrir — fyrst vegna starfa þeirra manna, sem unnu að undirbúningi frv., og svo síðar nú í vetur vegna starfa þn., sem að þessu hefur unnið ásamt mönnum úr starfsnefndinni, — ég álít að það sé af hinu góða og við séum á réttri leið.

Hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson talaði um að það væri gott að byrja á einhverjum lagfæringum. Hann hélt hér nokkrar tölur við 2. umr. málsins og var með ábendingar og brtt., en hann minntist ekki á þetta atriði sem nú er lögð fram brtt. um, ef ég man rétt. Nú er það allt í einu orðið höfuðmál. Merkilegt að hann skyldi ekki sjá það strax við 1. umr.

Ég get ekki verið honum sama sinnis um að það sé einhver skilsmunur á milli íslensku þjóðarinnar og atvinnuveganna. Ég er hræddur um að við stæðum heldur illa ef við hefðum þá ekki og reyndum að búa þannig að þeim að þeir fái staðist og gegnt sínu mikilvæga hlutverki á eðlilegan hátt, þótt hins vegar hér á Alþingi Íslendinga greini okkur á — og þó kannske aldrei frekar en í tíð núv. hæstv. ríkisstj. — um hvernig að því máli skuli staðið. En um þann sýklahernað ætla ég ekki að ræða hér.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Í sambandi við ábendingu hv. 1. þm. Norðurl. v. er sjálfsagt, finnst mér fyrir mitt leyti, að taka fram varðandi 36. gr. hver þessi ósamrýmanlegu ákvæði annarra laga eru.

En varðandi það, sem hv. 5. þm. Vestf. sagði, er það mikill misskilningur að hér sé verið að stækka báknið, heldur er hér verið að samræma vinnubrögð. Sú samræming getur ekki fraið fram án undirbúnings því að hún kemur víða við og við margar stofnanir sem fyrir eru. Hér er t. d. stefnt að því, að eiturefnanefnd, áfengisvarnaráði og manneldisráði sé sköpuð aðstaða innan stofnunarinnar í nánu samstarfi við hana, en haldið sé fullu sjálfstæði samkv. tilgreindum lögum sem þessar stofnanir starfa eftir. Allt kemur þetta inn í væntanlega endurskoðun. Enn fremur kemur þetta frv. og raunar gildandi lög um heilbrigðiseftirlit inn á starfsemi annarra ráða og stofnana sem fyrir eru. T. d. kemur starf Náttúruverndarráðs inn á starfsemi Heilbrigðiseftirlits ríkisins. Alþingi hefur sett lög er varða Náttúruverndarráð, sem koma að vissu leyti þvert á starfsemi Heilbrigðiseftirlitsins, og hafa þau verið í gildi um nokkurt árabil. Lögin um Vinnueftirlitið eru ný. Það kemur í staðinn fyrir Öryggiseftirlitið með miklu víðtækara starfssviði. Þessi mál koma líka og hafa komið og eru að koma að vissu leyti inn á verksvið Siglingamálastofnunar. Frv. kemur inn á margvísleg önnur lög og eftirlit, sem ekki er verið að ganga neitt á, eins og hv. 1. landsk. þm. nefndi.

Ég tel að þetta frv., eins og það liggur núna fyrir, sé mjög til bóta þó að ýmsar endurbætur megi á því gera. En það verður að fá reynslu og þekkingu og læra af henni.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Það var ekki ætlun mín að taka þátt í þessum umr., en þær hafa orðið þó nokkrar um þetta frv., enda skal það fúslega viðurkennt að ég hef ekki sem best kynnt mér frv. og ekki síst eftir að gerðar hafa verið á því ýmsar breytingar. Þessi lagafrv. hafa verið til umr. í annarri nefnd en ég á sæti í, en það vill svo til að ég flutti ræðu um þau við 1. umr. málsins, einkum og sér í lagi vegna þess að um er að ræða hugsanlega skörun á milli þessa frv. og laga sem samþykkt voru s. l. vor um Vinnueftirlit ríkisins. Skal ég ekki fjalla frekar um það, en bendi á að á næstu mánuðum og árum verður auðvitað að endurskoða þessi lög, eins og gert er ráð fyrir, og slípa þau til með tilliti til þeirrar reynslu sem fæst af þeim.

Það er alveg rétt, sem hér hefur komið fram, að það voru gefin ákveðin fyrirheit þá um að leggja niður ýmsar stofnanir. Það var að vísu ekki ráðh. sem lýsti yfir að Brunaeftirlitið yrði lagt undir Vinnueftirlitið, heldur var það hagsýslustjóri sem gerði ráð fyrir því á sínum tíma að það gerðist við samþykkt lagafrv. um Vinnueftirlit ríkisins. Það vekur jafnframt athygli að það hefur verið vitað að Framleiðslueftirlit sjávarafurða hefur verið í athugun hjá nefndum, en þm. hafa ekki haft greiðan aðgang að upplýsingum um hvaða tillögur eru uppi um framtíð þeirrar stofnunar. Á þetta minnist ég hér fyrst og fremst vegna þess að ég er hræddur um að ýmsir hv. þm. átti sig ekki á því, hvernig er verið að fara með atvinnureksturinn í landinu þar sem er verið að hlaða upp stofnunum sem eiga að hafa eftirlit með hinu og þessu án þess að jafnvel sé nokkurt samráð á milli þeirra, eins og réttilega kom fram hjá hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni. Þetta verður til þess að skilningur manna og umgengni við lagabókstafinn verður með þeim hætti að menn bera heldur litla virðingu fyrir lögunum. Það er víðast þannig þar sem atvinnurekstur er frjáls, að þm. annarra þjóða a. m. k. hafi skilning á því, að það er atvinnureksturinn sem stendur undir kostnaðinum öllum við þjóðarbúið. Auðvitað á að reyna að auðvelda stjórnendum fyrirtækja starf þeirra í flóknu þjóðfélagi, en ekki reyna að leggja stein í götu þeirra, en því miður virðist það oft óviljandi koma út úr ýmissi löggjöf frá löggjafarsamkomu — ekki síst þegar um er að ræða lög sem samin eru af sérfræðingum ríkisins.

Um þetta ætla ég ekki að fjalla frekar að sinni, en ég vil, ef hæstv. félmrh. vildi vera svo góður að hlýða aðeins á það mál, skora á hann, af því að ég veit að hann er margra manna maki í sínu embætti, að hann láti í sumar fara fram ítarlega rannsókn á því af hálfu rn. síns, hvaða eftirlitsstofnanir eru starfandi samkv. lögum, og gera skrá um það, einfalda skrá, og leggja á borð þm. í haust. Þá sjá þm. ugglaust hvernig þessum málum er háttað. Mér er kunnugt um að sumar þessar stofnanir eru hvorki undir heilbr.- og trygginga- né félmrn., heldur heyra þær undir önnur rn. En það er eðlilegt að félmrn. gangist fyrir slíkri skoðun þannig að þm. átti sig á hvaða stofnanir í landinu það eru sem hafa eftirlit með atvinnurekstrinum. Við í fjvn. verðum varir við það á ári hverju, að ef eitthvert óhapp verður og ef um eftirlitskort er að ræða vantar fjármagn hjá þessari stofnun og hinni. Skemmst er að minnast t. d. óhappa sem hafa orðið við niðurlagningu hér á landi. Þá mætti halda að eina lausn þeirra mála væri í því fólgin að fjölga mönnum við eftirlit. Þetta er auðvitað rakalaus misskilningur því að það sem skortir er auðvitað fyrst og fremst ábyrgð framleiðenda, en hér á landi gildir það, að þeir, sem framleiða gallaða vöru, hafa í ýmsum tilvikum, ef þeir eru ekki hreinlega í ríkisrekstri, getað gengið í ríkiskassann og fengið þar fulla ábyrgð hvernig sem að framleiðslunni er staðið. Það er þarna sem pottur er brotinn, og það er á þessu sviði auðvitað sem Alþingi getur látið sig málið varða og notað beinar sektir og leyft fyrirtækjum, sem ekki standa sig og framleiða gallaða vöru, að fara bókstaflega á hausinn. En við förum aðra leið. Við förum þá leið að hlaða upp í embættismannakerfinu, í eftirlitsstofnunum ýmsum, mann-

skap sem síðan er þjótandi út um landið og þykist vera að hafa eftirlit með hinu og þessu. Sjálfur hef ég stundað atvinnurekstur úti á landi. Það er bókstaflega hlægilegt — ég segi það hér í ræðustól — að fá í heimsókn öðru hverju menn sem eru bendandi hér og þar og skrifandi skýrslur — og svo kemur næsti maður. Sumt, sem fram fer, er náttúrlega tvíverknaður og fyrir neðan allar hellur.

En þá kem ég að því sem ég vildi segja hér síðast, og það er um þær breytingar sem hafa verið gerðar og 14. brtt. á þskj. 680, sem hv. þm. Páll Pétursson minntist á, en þar hefur n. breytt orðalagi þannig að nú stendur, með leyfi forseta: „svo og ósamrýmanleg ákvæði annarra laga". Varð þarna breyting á 36. gr. þar sem áður voru tiltekin lögin. Ég er hræddur um að þetta standist ekki, einfaldlega vegna þess að í 1. gr. lagafrv. í 3. tölul. segir mjög skýrt og skorinort að þessi lög séu víkjandi lög. Það kom fram hjá ráðh. og hefur komið fram hjá aðalhöfundi laganna, Ingimar Sigurðssyni, að þessi löggjöf er víkjandi. Hún er almenn og henni er ætlað að víkja þar sem sérlög ná til. Með því að hafa slíkt almennt ákvæði í 36. gr. um að fella eigi niður ósamrýmanlegan lagabókstaf er gengið þvert á tilgang laganna. Ég er hræddur um, alveg faglega talað, að þetta geti ekki gengið sem löggjöf frá Alþingi, og vil þess vegna taka undir það, sem hv. þm. Páll Pétursson sagði áðan, að ekki sé bara ósmekklegt að orða þetta svona. Þetta gæti gengið ef lögin væru fortakslaus og giltu fram yfir önnur lög. En það er tilgangur laganna að koma inn þar sem öðrum lögum sleppir. Þetta veit ég að hæstv. ráðh. staðfestir, alla vega með þögninni, ef hann vill ekki koma hér í ræðustól, og þess vegna skora ég á n. eða á þá, sem næst fá þetta frv. til meðhöndlunar, að gera bragarbót á þessu ákvæði.

Frsm. (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég vil byrja á því að lýsa yfir stuðningi mínum við brtt. þær sem hér liggja frammi á þskj. 725. Um það mál hafði að vísu töluvert verið rætt í n. og höfðu menn misjafnar skoðanir á gagnsemi sýslunefnda, en svo langt komst málið aldrei, á meðan verið var að vinna að brtt. sem áður voru komnar fram að þessu yrði breytt. Ég fæ ekki séð annað en þetta sé e. t. v. til bóta þar sem sýslunefndarmenn eru ekki kjörnir úr hreppsnefnd, heldur skipaðir, og vil því hvetja hv. deild til að samþykkja þessar brtt.

Ég skal ekki hafa mörg orð um þetta frv. í heild. Ég vil aðeins geta þess, að í því er búið að vinna mikið. Ég vil sérstaklega þakka starfsmönnum n., þeim Ingimar Sigurðssyni deildarstjóra og Þórhalli Halldórssyni heilbrigðisfulltrúa, fyrir þá aðstoð sem þeir hafa veitt og jafnframt þakka n. fyrir ákaflega vel unnin störf og sanngjarna málsmeðferð í alla staði.

Ég vil að lokum vísa því til föðurhúsanna, að hér sé verið að gera lög þar sem hver stofnunin sé í stríði við aðra. Tilgangur þeirra er einmitt allur annar, sem sé að reyna að koma þessum málum undir sameinaða stjórn. Ég vil benda á að ákvæði til bráðabirgða er um að þessi lög skuli endurskoðuð innan fimm ára, og ég held að það sé mjög ósanngjarnt að halda fram að þessi lög verði hv. Alþingi á nokkurn hátt til vansa.

Aths. hv. þm. Friðriks Sophussonar er aths. sem ég minnist ekki að hafi komið fram fyrr. Það má vel vera að það sé eitthvað til í því hreint lögfræðilega séð að þarna hefði átt að geta hverra laga um sig. Þó man ég að um það var rætt að þetta orðalag væri nægjanlegt, og ef ég man rétt fékk ég þær upplýsingar að þar mætti kveða nánar á í reglugerð. Nú er ég ekki alveg nógu lögfróð til þess að vita hvort þetta getur staðist eða ekki, en sjálfsagt er að biðja hv. nefnd, sem fær málið nú til meðferðar, að athuga það.

Menn eru hræddir við skörun hinna ýmsu laga um þessi efni og getur sú hræðsla átt við rök að styðjast. Nú vinnur Náttúruverndarráð t. d. að lagasmíð um náttúruverndarmál. Ég hef aðeins séð þau drög og benti á það á nýafstöðnu Náttúruverndarþingi, að þar gæti auðveldlega komið til skörunar. Við því verður auðvitað aldrei alveg gert og það þarf ekkert að vera af hinu illa þó að slík lög, sem fjalla óneitanlega um mjög skyld efni, skarist. Um það hlýtur ævinlega að vera hægt að komast að samkomulagi. En lög, sem eiga að tryggja eftirlit með svo margvíslegum atriðum í umhverfi manna, heilsufari þeirra og öryggi, hvort sem er á vinnustað eða annars staðar, held ég að geti aldrei orðið öðruvísi en þannig, að þar skarist einhver atriði.

Ég vil sem sagt að lokum þakka samnm. mínum fyrir frábær störf og vænti þess, að með þeirri breytingu, sem hér liggur frammi á þskj. 725, nái þetta mál nú fram að ganga og komist það langt að verða að lögum á þessu þingi.

Páll Pétursson: Herra forseti. Út af orðum, sem mér fannst hv. síðasti ræðumaður, hv. þm. Guðrún Helgadóttir, viðhafa, vil ég taka það fram, að ég veit ekki betur en allir sýslunefndarmenn á Íslandi séu löglega kjörnir, en ekki skipaðir, eins og mér skildist að ræðumaður hefði haldið. (**HBl:** Það fer allt á rúnt í höfðinu á þm. — **Gripið fram í:** Þeir eru sjálfkjörnir.) Nei, engir sjálfkjörnir. — Ég hef rætt um þessi ósamrýmanlegu ákvæði annarra laga við hæstv. heilbrrh. og hann mun í framsöguræðu sinni í Ed. gera þessu máli fullnægjandi skil þannig að það liggi ljóst fyrir við hvaða lagaákvæði þarna er átt.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Ég skil vel áhyggjur hv. 5. þm. Vestf., Ólafs Þ. Þórðarsonar. Þetta eru sömu áhyggjur og oftlega komu fram í nefndinni. Hættan liggur í því, þegar svona stórir lagabálkar eru á ferðinni, að annars vegar sé um að ræða skörun, þ. e. að tvenn lög segi til um að einhverjar tvær stofnanir eigi að sjá um það sama, og hins vegar er sú hætta líka til að eitthvað falli niður. Sú hætta er vissulega einnig til. Nefndin gerði sér þessa hættu fyllilega ljósa, enda er hvorki meira né minna en á þremur stöðum í bráðabirgðaákvæðum reynt að sigla fram hjá þessu: í 6. lið, í 9. lið og svo í 10. lið þar sem stendur að endurskoða skuli lögin innan fimm ára. Ég held að það sé eins vel fyrir þessu séð og hægt er og hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson þurfi ekki að hafa verulegar áhyggjur af þessu, auk þess sem nokkur lög eru strax felld úr gildi.

Ég skil einnig vel áhyggjur hv. 1. þm. Norðurl. v., en ég vona að þar geti líka fengist farsæl lausn.

Hv. þm. Friðrik Sophusson kom inn á hinar ýmsu eftirlitsstofnanir. Þess vegna vil ég segja það, að brunavarnaeftirlit á hiklaust að mínu mati að fara undir vinnustaðaeftirlitið, hvað sem að öðru leyti verður um Brunamálastofnunina.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. 1. landsk. þm. kvartaði yfir því, að ég hefði ekki flutt brtt. og ekki

komið með þær ábendingar sem ég hefði þó verið hlynntur að yrðu gerðar. Ég taldi að það hefði komið alveg skýrt fram í mínu máli að ég vildi láta vinna þetta frv. betur í heild, en ég ætlaði mér ekki að fara að semja það hér í ræðustól, eins og mér virðist að sé að verða niðurstaðan. (**Gripið fram í:** Það flýtir fyrir.) Það flýtir fyrir, er sagt hér á bak við mig, og það má vel vera.

Ég get líka tekið undir það, að ég hefði þurft að lesa þetta frv. fram og til baka. Það er sumt í þessu sem ég hreinlega ekki skil. Það er kannske rétt að ég beini þeirri spurningu til hv. 1. landsk. þm. hvaða ónytjadýr það eru sem nefnd eru á fyrstu síðu frv. Er þetta nýyrði yfir lýsnar eða er þetta almennt yfir farfugla og aðrar skepnur sem ganga eða fljúga hér á landi? Hvaða ónytjadýr eru þetta? Samkv. orðanna hljóðan á að lesa þetta á þennan veg, skilst mér, með leyfi hæstv. forseta: „Í heilbrigðisreglugerð skulu vera almenn ákvæði um:... 5. Meindýr og eyðingu þeirra svo og ónytjadýr" — þ. e. almenn ákvæði skulu vera um ónytjadýr. Það er sennilega ferðafrelsi og réttur til athafna — eða hver er hugsunin á bak við þetta? Ætli það væri ekki rétt að hv. 1. landsk. þm. gerði grein fyrir því, hver væri hugsunin á bak við þetta hjá n. Ég vildi mjög gjarnan að það kæmi skýrt fram þannig að það væri í þskj. alveg á hreinu hvað vekti fyrir hv. nefnd.

En ég treysti því satt best að segja að Ed. taki þetta mál til meðferðar og geri á því bragarbót og firri þannig Alþingi því að þetta verði gert að lögum óbreytt.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Það er ekki að ófyrirsynju að menn ræða merkingu orða og stafsetningu og kann ég þeirri umræðu vel.

Sigurgeir Sigurðsson: Herra forseti. Þessi mikli lagabálkur eða þessi mikla frumvarpssmíð, sem við höfum hér fyrir framan okkur og hefur hlotið umfjöllun á 13 fundum þingnefnda og óteljandi brtt., er mér satt að segja nokkur þyrnir í augum. Ég játa fúslega að það er erfitt að taka mjög stórt upp í sig þegar maður er að skoða þetta eiginlega í fyrsta skipti, en þó eru nokkur atriði hér sem stinga mig strax í augu og ég vil gjarnan vekja athygli á.

Ég held að ég megi hafa það rétt eftir að frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, þar sem ég sit í stjórn, hafi ekki verið óskað eftir skriflegri umsögn um þetta frv., heldur mun framkvæmdastjóri Sambandsins hafa komið á einn fund n. og gert grein fyrir sínum persónulegu skoðunum á þessu frv., sem þó skiptir hvert einasta sveitarfélag í landinu og að sjálfsögðu alla landsmenn. Að vísu var sveitarstjórnarmaður í þeirri nefnd sem samdi upphaflegu frv.-drögin, og kom hann eitt sinn til viðræðu á fund stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga til þess að svara þar fsp. og gefa upplýsingar, en að öðru leyti mun Sambandið ekki hafa verið með í ráðum og þrátt fyrir langa meðferð frv. þótti ekki ástæða til að kalla eftir skriflegri skoðun sambands sveitarfélaganna, sem þetta bitnar kannske mest á, á þessu stóra máli.

Það er sérstaklega 3. gr. frv. sem mér sýnist geta orðið nokkuð tafsöm í framkvæmd fyrir sveitarstjórnir. Þar er raunverulegt ákvörðunarvald tekið af þeim að miklu leyti í sambandi við staðsetningu fyrirtækja og fengið héraðsnefndum í hendur í sambandi við mengunarvarnir o. fl.

Ég vil vekja athygli á 5. gr. þar sem hér er kominn einn nýr skattlagningaraðili á sveitarfélög í landinu án þess að þau geti nokkuð um sagt. Ég vil fyrir þeirra hönd mótmæla því eindregið að svo verði. Sveitarfélögum er gert skylt að leggja á sína þegna og þurfa að sækja um leyfi til þess til æðri yfirvalda hverju sinni, þó að þau ættu að standa nær sínum þegnum en fjarlægt ríkisvald. En í 5. gr. er beinlínis gert ráð fyrir að hér geti komið inn sérstakur aðili, sem er heilbrigðiseftirlit í héruðunum, og skattlagt sveitarstjórnir án takmarkana — ég tek það fram: án takmarkana. Það er ekki sagt að sveitarfélögin þurfi að samþykkja þessar fjárhagsáætlanir, heldur er sagt að heilbrigðiseftirlit héraðanna búi til fjárhagsáætlanir og deili niður á sveitarstjórnirnar. Þetta er ótækt.

Fleira mætti tína til. Ég skal fúslega játa að heilbrigðisreglugerðir þurfa að vera í gangi. En ég tek fastlega undir með hv. þm. Friðrik Sophussyni um það hvað við erum farnir að gera miklar kröfur til atvinnurekstrarins í landinu. Sumar hverjar geta hreinlega gengið út í öfgar þar sem 3—4 stofnanir eru kannske farnar að yfirbjóða hver aðra til þess að geta sýnt hverjir völdin hafi.

Ég vil mjög eindregið, ef þetta frv. fer í gegnum Nd. nú á þessum fundi, hvetja nefnd Ed. til að fara vel yfir frv. og gera á því þær breytingar sem mér sýnist þurfa. Mér sýnist 3. gr. þurfa meiri umfjöllunar við og ég mótmæli 5. gr. alfarið.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Það er eins og sumir hv. þm. virðist ekki hafa lesið frv. eða gert sér grein fyrir því og kvarta svo undan því, að ekki hafi verið leitað til ákveðinna samtaka. Nefndin, sem vann að undirbúningi þessa máls og skipuð var um mitt ár 1978, gekk frá sínum fyrstu drögum í lok maímánaðar 1979 og gerði í þeim ráð fyrir mikilli samræmingu, eins mikilli og hún taldi sér unnt, og sendi svo drögin, sem hún gengur frá, fjölmörgum aðilum, eins og fram kemur í grg. með frv. Hún sendi flestum ráðuneytum drögin. Hún sendi þau jafnframt landlækni, yfirdýralækni, eiturefnanefnd, manneldisráði, samstarfsnefnd um reykingavarnir, Náttúruverndarráði, Sambandi ísl. sveitarfélaga, ASÍ, BSRB, BHM, Vinnuveitendasambandinu, Vinnumálasambandinu, borgarstjórn Reykjavíkur, stærsta sveitarfélagsins í landinu, samböndum sveitarfélaga í Borgarnesi, á Ísafirði, Akureyri, Egilsstöðum, Selfossi, í Keflavík og Mosfellssveit. Það er rétt að hún sendi ekki hverri hreppsnefnd þau. Svo koma stjórnarmenn í Sambandi ísl. sveitarfélaga nú við 3. umr. þessa máls og kvarta undan því, að málið hafi aldrei verið tekið fyrir í þeirra samtökum. Ég veit ekki hvort er hægt að gera betur og hafa nánari samvinnu við sveitarfélögin en að skipa sérstaklega fulltrúa frá þeim og senda drög Samböndum og öllum fjórðungssamböndum sveitarfélaga í landinu, auk fjölmargra annarra stofnana sem drögin voru send. Það getur því enginn kvartað undan því, að hann hafi ekki haft tíma og tækifæri til að gera aths. við það sem þessir nm. lögðu til og síðar var lagt til, eftir að málið var lagt fram á Alþingi og heilbr.- og trn. fjallaði um frv.

ATKVGR.

Brtt. 725 samþ. með 28 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 23:1 atkv. og afgr. til Ed.

Norðurlandasamningur um félagslegt öryggi, frv. (þskj. 522). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 742).

Dagvistarheimili fyrir börn, frv. (þskj. 546). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Bjargráðasjóður, frv. (þskj. 714). — 1. umr.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Eins og flestum mun vera í fersku minni gekk mikið óveður yfir landið aðfaranótt 17. febr. s. l. Í þessu veðri varð mjög verulegt og þungbært eignatjón hjá mörgum einstaklingum og fyrirtækjum. Gerð hefur verið úttekt á þessu tjóni með það fyrir augum að unnt verði að veita mönnum lánafyrirgreiðslu til að framkvæma þær viðgerðir sem óhjákvæmilegar eru af völdum þessa tjóns, og er áformað að fela Bjargráðasjóði að annast þá lánafyrirgreiðslu. Þess vegna er nú flutt þetta frv. í samræmi við yfirlýsingar sem gefnar voru við afgreiðslu lánsfjárlaga.

Í 1. gr. er tillaga gerð um að veitt verði heimild til að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán sem Bjargráðasjóður tekur, allt að 15 millj. kr. Lánið má vera verðtryggt miðað við lánskjaravísitölu eða jafngildi 15 millj. kr. í erlendri mynt. Ábyrgðin skal vera með þeim kjörum og skilmálum sem ráðh. ákveður, og tekur hún jafnt til greiðslu afborgana, verðtryggingar, vaxta og annars kostnaðar.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál, sem allir hv. alþm. þekkja gerla. Ég óska eftir því, að málið fái hraða afgreiðslu hér á Alþingi, enda liggur á að mál þetta verði afgreitt hið fyrsta og að Bjargráðasjóður geti hafið úthlutun lána. Liggur því töluvert á að málið verði afgreitt héðan frá Alþingi.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Þegar til afgreiðslu voru hér í hv. Alþingi, bæði í Ed. og eins í Nd., lánsfjárlög fyrir árið 1981 lágu fyrir brtt. frá þm. Sjálfstfl. um að tekin yrði inn heimild fyrir ríkisstj. til að taka lán til að veita Bjargráðasjóði það fjármagn að hann gæti komið til móts við þarfir þeirra sem fyrir mestum skaða hefðu orðið í fárviðrinu sem gekk yfir í vetur. Við afgreiðslu lánsfjárlaganna hér í hv. Nd. fór hæstv. félmrh. fram á það við okkur, sem fluttum brtt., að við drægjum þá till. til baka, og hét því, að hann mundi bera fram sérstakt frv. sem yrði til þess að leysa þær þarfir sem um hafði verið rætt. Við urðum við þeim tilmælum ráðh. vegna þess sérstaklega að við töldum það mikilvægt í málum sem þessum að almenn samstaða næðist um afgreiðslu. Það frv., sem hér er til umr., er ekki flutt af félmrh. Það er flutt af fjmrh. Það má segja að ef frv. á annað borð væri í lagi skipti ekki máli hver flytti það. Það, sem máli skiptir, er að það leysi þann vanda sem því er ætlað að leysa.

Ég veitti því athygli að hæstv. fjmrh. gat þess, að skýrt lægi nú fyrir hversu það tjón væri mikið sem orðið hefði, að mati dómkvaddra manna sem hefðu starfað að þessum málum. Hann nefndi ekki þá upphæð, en fyrir liggur í grg., sem alþm. var afhent síðustu vikuna í apríl, að matið næði til 616 einstaklinga, ef ég man rétt, og næmi um 16 millj. kr. Nú hef ég haft samband við framkvæmdastjóra Bjargráðasjóðs og hann hefur sagt mér að nokkuð hafi bæst við í þennan sarp og að þeir, sem orðið hefðu fyrir svo verulegu tjóni að þeir kæmust á þessa skrá, væru komnir á áttunda hundrað, upphæðin hefði að vísu ekki vaxið mjög mikið, en inn á þessa skrá var enginn tekinn sem hafði orðið fyrir minna tjóni en hálfri millj. gkr. Og það fylgir með í bréfinu frá Sambandi ísl. sveitarfélaga að gert er ráð fyrir að þegar bætur yrðu látnar af hendi, í hverju formi sem það yrði, væri þessi sama upphæð reiknuð frá hverjum manni áður en til tjónabóta kæmi.

Nú tók ég eftir því, að hæstv. fjmrh. hafði þau orð um áðan að sú fyrirgreiðsla, sem heitið er með þessu frv., mundi nægja til að standa við þá lánafyrirgreiðslu sem heitið hefði verið í sambandi við þetta mál. Ég kannast ekki við það í umr. um tjónið sem varð í vetur, að það hafi sérstaklega verið rætt um að hér kæmi einungis til lánafyrirgreiðsla til þeirra sem fyrir tjóni urðu. Ég vil leggja á það ríka áherslu, að ég tel að það sé ekki komið til móts við brýnustu þarfir manna ef þeim stæði aðeins til boða að fá verðtryggð lán með vöxtum til að mæta þessu tjóni. Samband ísl. sveitarfélaga lætur koma fram í sínu bréfi að eðlilegt sé að draga frá, áður en tjónið er gert upp, ákveðna upphæð, sem ég vil álíta að sé þá sama sem eigin áhætta og jafnist því á við það þegar menn tryggja eignir sínar. Að mínum dómi eigum við að sameinast um hér á hv. Alþingi að ganga þannig frá þessum málum að hægt sé að fara eftir eldri lögum Bjargráðasjóðs um fyrirgreiðslu vegna þess hversu þessi tjón eru stór yfirleitt og hversu þau eru almenn.

Í lögum um Bjargráðasjóð var það upphaflega svo, að ekki var um að ræða fyrirgreiðslu í þessum tilvikum öðruvísi en menn fengu styrk eða vaxtalaus lán. Með breytingu, sem gerð var á lögunum 1977, var sjóðsstjórninni heimilað að ákveða allt að 10% ársvexti af lánum sem veitt væru úr sjóðnum, en með lagabreytingu, sem samþykkt var á Alþingi 1980, 29. maí, var lögunum breytt í þá átt, að stjórn sjóðsins ákvæði kjör á lánum, þar með talinn lánstíma, vexti og hvort lán skuli bundin verðtryggingu. Þetta eru þau lög sem nú eru í gildi varðandi lánakjörin. Ég tel að þar sem í frv. er aðeins um heimild að ræða megi ekki í þessu tilviki fara að örðugustu lánakjörum sem fyrir hendi eru þegar fyrirgreiðsla er veitt í þessu tilviki. Því miður er í lagafrv., eins og það liggur fyrir, gert aðeins ráð fyrir að fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs sé heimilt að ábyrgjast lán sem Bjargráðasjóður tekur, en í þeim till., sem við sjálfstæðismenn fluttum á hv. Alþingi fyrr í vetur, var hvarvetna gert ráð fyrir að greinin orðaðist svo, að fjmrh. væri heimilt fyrir

hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1981 og veita Bjargráðasjóði það fjármagn til ráðstöfunar. Á þessu er að mínum dómi reginmunur, og ég vænti þess, að sú nefnd, sem fær þetta mál til meðferðar, taki tillit til þessa og hún hafi sömu skoðun á þessu og ég og hún breyti frv. að þessu leyti, nema hreinar yfirlýsingar séu gefnar um skilning á viðkomandi ráðh. á ákvæðum frv. og vilja þeirra á fyrirgreiðslu Bjargráðasjóðs.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég ætla að beina fsp. til hæstv. fjmrh., sem mælti fyrir frv., um leið og ég tek undir það sem hv. 2. þm. Suðurl. sagði.

Hér er lagt til að fjmrh. fái heimild til að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán sem Bjargráðasjóður tekur, að upphæð allt að 15 millj. kr., og lánið má vera verðtryggt. Orðið „má" er teygjanlegt þar sem sennilega er ekki mikið um möguleika á öðrum lánum en verðtryggðum.

Þá kom það fram í máli hv. 2. þm. Suðurl., að þetta frv. gerir ekki ráð fyrir að Bjargráðasjóði eða stjórn Bjargráðasjóðs sé heimilt að lána aftur út með viðráðanlegum kjörum. Þó að það komi hér fram finnst mér það mikils virði, sérstaklega í sambandi við störf í þeirri nefnd sem fær frv. til meðferðar og ég á sæti í, að fá yfirlýsingu um það hjá hæstv. ráðh., hvort hann líti svo á, þegar þessi heimild hefur verið notuð, að stjórn Bjargráðasjóðs geti lánað féð aftur út án verðtryggingar, hún hafi heimild til þess að ákveða lánstíma og lægri vexti en hæstu vexti eða verðtryggð lán þannig að þetta sé viðráðanlegt fyrir það fólk sem hefur orðið fyrir tilfinnanlegu tjóni. Er það skilningur hæstv. ráðh. að stjórn Bjargráðasjóðs geti endurlánað þetta fé með þessum hætti? Er það einnig skilningur hæstv. ráðh. að stjórn Bjargráðasjóðs geti að einhverju leyti veitt þetta sem styrk, eins og yfirleitt hefur alltaf verið gert á undanförnum árum og áratugum? Þetta skiptir verulegu máli og mundi greiða fyrir mjög skjótri afgreiðslu þessa frv.

Að öðru leyti fagna ég því, að þetta frv. er komið fram, en það er, eins og hv. 2. þm. Suðurl. sagði, með nokkuð öðrum hætti en brtt. hans og fleiri þm. gerði ráð fyrir og undirtektir hæstv. félmrh. þegar hann fór þess á leit að till. þeirra yrði tekin aftur við afgreiðslu lánsfjárlaga. Því ber ég þessa fsp. upp við hæstv. fjmrh.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Eins og fram kemur í 1. gr. frv. er ekkert kveðið á um það í frv., hver skuli vera kjör á þeirri fyrirgreiðslu sem hér um ræðir og á að koma frá Bjargráðasjóði. Það er ekki minnst á það einu orði í frv. að hér skuli vera um verðtryggð lán að ræða ellegar að hér skuli ekki vera um verðtryggð lán að ræða eða hér geti verið um styrki að ræða o. s. frv. Þetta atriði er ekki lögfest. Svo hefur yfirleitt ekki verið þegar um hliðstæða fyrirgreiðslu hefur verið að ræða á fyrri árum. Ég vil vekja á því athygli, að fyrir réttu einu ári var samþykkt á Alþingi heimild handa fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs til að ábyrgjast lán sem Bjargráðasjóður átti að taka á þeim tíma, en þau lán átti að veita vegna uppskerubrests og annarra afleiðinga af hörðu vori og sumri árið 1979. Frv. gr. var þá nákvæmlega eins orðuð og hún er orðuð hér og raunar var um nákvæmlega sömu upphæð að ræða. Mér er því nær að halda að það skeiki ekki ýkjamörgum orðum í þessu frv. miðað við það frv.

Eftir að frv. verður að lögum verður að sjálfsögðu að taka það atriði til ákvörðunar með hvaða kjörum þessi lán verða veitt, með líkum hætti og gert var þegar frv. var samþykkt í fyrra og varðaði þá hagsmuni landbúnaðarins. Ef ég man rétt var gerð töluvert ítarleg úttekt á því, hvað væri eðlilegt í þeim efnum, hvað hefði verið gert í þeim efnum og hvernig á þeim þyrfti að taka miðað við þá ábyrgð sem sjóðurinn tók á sig með þeim lánveitingum. Niðurstaðan varð sú, að þar var ekki um að ræða verðtryggð lán, en þó lán með allnokkrum vöxtum. Mig minnir að lánskjörin væru ekki langt frá því sem er um lánveitingar úr Byggðasjóði.

En um þetta atriði er vafalaust ekki ástæða til að fjalla nú. Hér er fyrst og fremst farið fram á lántökuheimild, en sjóðsstjórn verður að höfðu samráði við ríkisstj. að taka endanlega ákvörðun um lánskjörin þegar þar að kemur.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Um leið og ég fagna því, að þetta frv. er fram komið, vil ég vekja athygli á þeim ákvæðum skattalaga, að ef þetta lán er óverðtryggt með t. d. 8% vöxtum og verðbólgan er 40% má gera ráð fyrir að á næsta ári verði mönnum reiknaðar tekjur af lántökunni. Það mundu þá vera 40% af láninu sem tekjur á því eina ári og til frádráttar hefðu þeir svo að sjálfsögðu vextina. Mér sýnist því að það sé alveg vonlaust að afgreiða þessi lán með þeim hætti að þessi atriði séu ekki skoðuð jafnframt. Annað tveggja þyrfti að veita hluta af lánunum sem styrk og hluta sem verðtryggð lán, en þá mundi þetta ekki koma svona út, eða þá að breyta þessum ákvæðum skattalaganna og undanþiggja þessi lán verðbreytingafærslu.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Eins og öllum má vera ljóst er það frv., sem hér liggur fyrir, frv. til l. um ábyrgðarheimildir vegna lántöku Bjargráðasjóðs. Hér er ekki verið að fjalla um kjör eða reglur Bjargráðasjóðs út af fyrir sig og það er meginatriði að menn skilji þarna á milli. Hér er ekki verið að afgreiða lán eða það form fyrirgreiðslu sem ákveðið kann að verða hjá Bjargráðasjóði, heldur er einungis verið að afla lántökuheimildar til þess að Bjargráðasjóður geti veitt fyrirgreiðslu af einhverjum toga vegna þess tjóns sem varð aðfaranótt 17. febr. s. l. Þetta finnst mér vera grundvallaratriði sem menn þurfi að hafa hér í huga og átta sig á. Eins og fram kom hjá hæstv. fjmrh. áðan er það frv., sem hér liggur fyrir, að orðalagi til nákvæmlega eins og frv. sem var afgr. hér á Alþingi vorið 1980 og hafði verið flutt á Alþingi af fyrrv. hæstv. félmrh., Magnúsi H. Magnússyni, eftir áramótin 1980.

Varðandi kjörin á þessari fyrirgreiðslu Bjargráðasjóðs vil ég aðeins segja það, að viðræður milli mín og ríkisstj. annars vegar og hins vegar stjórnar Bjargráðasjóðs um þessi mál hafa ekki farið fram. Niðurstaða í þeim efnum liggur eins og sakir standa ekki fyrir. Það er einfaldlega vegna þess að ég hef ekki talið það tímabært meðan ekki lægi ljóst fyrir hvaða undirtektir kæmu fram á Alþingi við þá lánsfjárheimild sem hér er um að ræða. Þetta vildi ég að kæmi hér alveg skýrt fram af minni hálfu.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég vil í fyrsta lagi fagna því, að þetta frv. skyldi loks koma fram, því að eins og allir vita er um að ræða gífurlegt tjón sem fjöldi manna varð fyrir á stóru svæði, og hafa nánast margir beðið í ofvæni eftir því, hvaða lyktir málið fengi hér á hv. Alþingi. Mér er kunnugt um að í sumum sveitum er þannig ástatt, að á einstaka bændabýlum er ekki enn farið að endurbæta það mikla tjón sem menn urðu fyrir

þar sem fuku bæði þök af íbúðarhúsum og skepnuhúsum fyrir utan allt annað tjón á tækjum og fleira. Margir þessir aðilar hafa bókstaflega ekki bolmagn til þess að framkvæma endurbyggingu vegna þessara tjóna. Á mörgum gróðurhúsasvæðum er ekki enn búið að ná saman endum og koma framleiðslunni í það horf sem hún þarf að vera.

Ég vek einnig athygli á því, að í aths. með frv. er tekið fram að enn vanti upplýsingar um tjón, t. d. í Kópavogi, Njarðvík og Keflavík. Má því gera ráð fyrir að þessar fjárhæðir eigi eftir að hækka verulega frá því sem kemur fram í frv. eða grg. með frv. En það, sem ég vildi leggja áherslu á, er að ég tek undir það, sem kom fram hjá hv. 2. þm. Suðurl., að það er ákaflega mikilvægt að þessi lán, sem Bjargráðasjóður á að veita, verði í því formi að þau séu viðráðanleg, a. m. k. þannig að hægt sé að una við það. Ég skil ummæli hæstv. fjmrh. og hæstv. félmrh. hér í umr. á þann veg, að þeir reikni með að þessi lán eða þessi fyrirgreiðsla Bjargráðasjóðs verði í svipuðu eða í sama formi og var um að ræða þegar síðast voru veitt lán og styrkir, er tjón urðu á Norðurlandi, eins og hér hefur komið fram í umr. Þetta finnst mér ákaflega mikilvægt og ég skil þetta þannig, að stjórn Bjargráðasjóðs muni eiga í vændum að fá samþykki stjórnvalda fyrir ákvarðanatöku um svipuð kjör í sambandi við þessi tjón og þá voru veitt. Vil ég einmitt undirstrika þetta atriði. Þetta er gífurlega mikilvægt og er í samræmi við þær umr. og undirtektir sem hér urðu í vetur þegar þessi mál voru til umr. hér á Alþingi. Ég veit að flestir tjónþolar treysta því, að við það verði staðið sem þá kom fram.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Mér er ljóst af svari hæstv. fjmrh. að 1. gr. þessa frv. kveður skýrt á um heimild fjmrh. til að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs lán sem Bjargráðasjóður tekur, allt að 15 millj. kr. Þetta liggur fyrir og um það er ekki deilt. En það tengist mjög því, að ef Bjargráðasjóður tekur þetta lán með sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs, hvaða heimild hefur hann þá til að lána þetta fé aftur með lakari kjörum en hann verður að taka lánið á? Það skiptir auðvitað höfuðmáli, og það er það sem ég var að leyfa mér að spyrja um. Þar sem reikna má með að þetta lán fáist varla nema verðtryggt verður Bjargráðasjóður að fá tryggar tekjur til að geta staðið við sínar skuldbindingar ef hann á að lána aftur til tjónþola. Ég hygg að flestir þm. séu á að þeir eigi að njóta þeirra venjulegu kjara sem Bjargráðasjóður veitir. Ég tel fyrir mitt leyti — ég vil að það komi fyllilega fram — að Bjargráðasjóður eigi að hluta til að styrkja þessa tjónþola, en aftur að meiri hluta til að lána það með skaplegum vöxtum, t. d. svipuðum vöxtum og Byggðasjóðsvextir eru. Þetta vildi ég að kæmi fram. Þess vegna tengist þetta hvað öðru. Hér er aðeins um sjálfskuldarábyrgð að ræða og hreint til verks gengið í sambandi við þetta lán, en hitt er allt saman í lausu lofti og það er það sem við berum kvíða fyrir og hefðum viljað fá frekari upplýsingar um til þess að þetta mál gæti fengið greiða afgreiðslu hér á hv. Alþingi.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Eins og aðrir þm. fagna ég því, að þetta frv. til laga skuli vera komið fram. Það er ljóst að fjöldi fólks varð fyrir mjög tilfinnanlegu tjóni aðfaranótt 17. febr. vegna þess veðurs sem þá gekk yfir, og það er bæði sjálfsagt og rétt að ríkissjóður eða ríkið veiti fyrirgreiðslu til að létta það tjóni sem þá átti sér stað. Það er eðlilegt að menn hafi látið í ljós hugmyndir sínar um með hvaða hætti þessi fyrirgreiðsla ætti sér stað. Mig langar þó til að stinga því inn í þessa umr., að mér finnst að eina ferðina enn hafi orðið vart mjög verulegs hugtakaruglings.

Menn tala um það, á hvaða kjörum lán eigi að vera. Orðið „lán" þýðir það auðvitað á tungunni að verðmæti séu afhent til notkunar og þeim sé skilað aftur að svo og svo löngum tíma liðnum og þá sömu verðmætum og um er að ræða. Ef við erum að tala um lán er því ekki rétt notkun málsins að fara öðruvísi að en að lánið sé endurgreitt í sömu verðmætum og tekin voru að láni í upphafi. Það og það eitt er lán. Og lán er ekki lán nema það sé verðtryggt. Hitt er svo allt annað mál ef um styrki er að ræða. Ég tel, eins og t. d. hv. þm. Matthías Bjarnason, að hin rétta afgreiðsla á þessu máli verði sú, að að mestum hluta verði hér um lán að ræða, en þó geti einnig komið til greina að Bjargráðasjóður veiti styrki. En kjarni málsins er sá, að þarna þurfum við að gera skýran greinarmun á. Lán er sú upphæð sem greidd er til baka á fullu og réttu verði. Annað eru styrkir.

Það hefur einkennt um of efnahagsmálaumr. hér að minni hyggju undanfarin ár — þetta er auðvitað umr. sem menn þekkja í mörgum og margbreytilegum myndum — að röng notkun sé á orðinu „láni". Það á auðvitað ekki síst við þegar verið er að veita fyrirgreiðslu eins og þá sem hér er um að ræða. Hér er um að ræða sjálfsagt mál og réttlætismál hið mesta, en það réttlætir ekki ranga notkun á hugtökum, eins og gengið hefur í gegnum þessa umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 28 shlj. atkv.

Framleiðsluráð landbúnaðarins, frv. (þskj. 60, n. 707 og 719, 708). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Frv. þetta, sem er á þskj. 60, er staðfesting á brbl. sem út voru gefin 23. júní s. l. og eru breyting á lögum nr. 15 frá 1979. Greinar frv. eða brbl. eru tvær.

Efnisatriði fyrri greinarinnar er að bætt er við heimild í 4. málsl. a-liðar þess efnis, að þegar búmark er ákveðið sé heimilt að taka tillit til ef um er að ræða mikinn fjármagnskostnað vegna byggingarframkvæmda sem teknar hafa verið í notkun 1976 eða síðar.

Síðari greinin er um að leggja megi sérstakt gjald á innflutt kjarnfóður og að gjaldið megi vera allt að 200% á innkaupsverð vörunnar. Síðan eru heimildarákvæði um að endurgreiða megi framleiðendum gjaldið að hluta eftir reglum sem Framleiðsluráð ákveður. Breytingin, sem felst í þessari grein, er að kjarnfóðurgjald megi leggja á allt innflutt kjarnfóður og gjaldið er hækkað úr 100% í 200% af innkaupsverði vörunnar. Í lögum nr. 15 frá 1979 segir, með leyfi forseta:

„Framleiðendur búvöru á lögbýlum og aðrir, sem hafa meiri hluta tekna sinna af búvöruframleiðslu, skulu án þess að greiða gjaldið fá tiltekið magn kjarnfóðurs miðað við framtalið magn afurða og bústofn á skattframtali, samkv. nánari ákvæðum í reglugerð."

Búnaðarþingi var sent mál þetta til umsagnar ásamt

brtt. við síðari grein frv. sem Framleiðsluráð og stjórn Stéttarsambands bænda sendu nefndinni. Búnaðarþing samþykkti að mæla með því, að brbl. yrðu samþykkt með þeirri breytingu sem að framan greinir. Á aðalfundi Stéttarsambands bænda á síðasta hausti var fjallað um þetta mál og var þar einnig samþykkt að mæla með að þessi brbl. yrðu staðfest. Þá barst landbn. umsögn frá Verslunarráði Íslands um þetta mál og fylgdi henni eftirfarandi bréf, með leyfi forseta:

„Verslunarráð Íslands hefur haft til umsagnar frv. til staðfestingar á brbl. um breyt. á lögum nr. 15/1979 og nr. 101 frá 1966, um Framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl. Vill Verslunarráðið leggja til að skatturinn, eins og hann er ákveðinn í brbl., verði felldur niður, enda eru forsendur fyrir álagningu hans brostnar, eins og kemur fram í meðfylgjandi umsögn framkvæmdastjórnar ráðsins. Auk þess er álagning skattsins og innheimta ólögmæt að mati ráðsins vegna þess að sú framkvæmd er í andstöðu við stjórnarskrána, sbr. meðfylgjandi álit. Einnig er rétt að benda á að tekjur af skattinum eru ekki á fjárlögum og ráðstöfun þess fjár, sem innheimtist, er einnig í höndum annarra en Alþingis. Öll rök mæla því með því að brbl. hljóti ekki staðfestingu Alþingis."

Með þessari umsögn fylgir álitsgerð frá Helga V. Jónssyni hrl. Kemst hann að svipaðri niðurstöðu og Verslunarráðið, þ. e. að það orki tvímælis hvort þessi brbl. standist samkv. 40. gr. stjórnarskrárinnar.

Landbn. leitaði til lagadeildar Háskóla Íslands varðandi það atriði hvort þessi lög stæðust ekki gagnvart stjórnarskrá. Forseti hennar, Stefán Már Stefánsson, sagði að lagadeildin hefði ekki möguleika á að gera álitsgerð um þetta mál, hún hefði ekki mannafla til þess.

Þá leitaði ég til prófessors Jónatans Þórmundssonar. Mætti hann á fundi nefndarinnar eftir að hafa kynnt sér málið. Niðurstaða hans varð sú, að þessi lög samrýmdust ekki 40. gr. stjórnarskrárinnar og varaði hann við að fela framkvæmdavaldinu ákvörðunarvald um álagningu skatta í neinni mynd. Hins vegar taldi hann ekki líklegt að dómsniðurstaða yrði sú, að lög þessi yrðu dæmd ógild, þrátt fyrir ákvæði 40. gr. stjórnarskrárinnar, og á máli hans mátti skilja að það mætti benda á ýmis önnur lög sem svipað væri hægt að segja um og væru hliðstæð og þessi brbl. að því leyti.

Fyrir hönd landbn. skýrði ég hæstv. landbrh. frá umsögn prófessors Jónatans Þórmundssonar og færði honum umsögn Verslunarráðs Íslands ásamt grg. Helga V. Jónssonar, og óskaði ég eftir að hann leitaði álits fleiri lögfræðinga um þetta mál og að því búnu að n. fengi í hendur fullmótaðar tillögur frá ráðh. um hvernig hann legði til að frumvarpsgreinarnar yrðu orðaðar og frá því yrði gengið í samráði og með fullu samþykki stjórnar Stéttarsambands bænda og Framleiðsluráðs landbúnaðarins. Tjáði ég honum, að ef þetta lægi ekki fyrir væri vafasamt að meiri hluti fengist í landbn. til að afgreiða málið frá nefndinni.

Landbn. er búin að halda marga fundi um þetta mál. Á fundi n. hafa komið, auk prófessors Jónatans Þórmundssonar, frá bændasamtökunum Gunnar Guðbjartsson, Hákon Sigurgrímsson og Ingi Tryggvason, frá fóðurvöruinnflytjendum Arnór Valgeirsson, Hjörleifur Jónsson og Sigurður Eyjólfsson og frá landbrn. Guðmundur Sigþórsson.

Mjög skiptar skoðanir eru í n. um þetta mál. Meiri hl. n. telur þó rétt, að bændasamtökin hafi sem rýmstar heimildir til að stjórna framleiðslunni, og mælir því með að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem eru á sérstöku þskj., þar sem hæstv. landbrh. og formaður Stéttarsambands bænda hafa lýst því yfir við meiri hl. n. að full samstaða sé af hendi bændasamtakanna og landbrh. um málið eins og meiri hl. n. hefur nú gengið frá því á þskj. 708. Það er ekki breytt efnisatriðum þannig að ég sé ekki ástæðu til að lesa upp þessar brtt.

Hv. þm. Árni Gunnarsson skrifar undir nál. með fyrirvara, en hv. þm. Steinþór Gestsson og Pétur Sigurðsson hafa skilað séráliti. Ég vil þó minna hv. þm. Sjálfstfl. á það, að fyrir þessu þingi liggur þáltill. um stefnumörkun í landbúnaði og eru allir þm. þingslokks Sjálfstfl. sem eru í stjórnarandstöðu, flutningsmenn ásamt hv. þm. Eggert Haukdal. Þar segir m. a., með leyfi forseta:

„Gerðar verði markvissar ráðstafanir til að koma á jafnvægi í framleiðslu og sölu búvara. Samtök bænda fái víðtækar heimildir til að stjórna framleiðslu landbúnaðarvara í samræmi við þarfir markaðarins á hverjum tíma. Í þessu sambandi er lögð áhersla á: a) heimilt verði að leggja gjald á allt innflutt kjarnfóður, er að upphæð verði svipuð og nemur útflutningsbótum á kjarnfóðri frá viðskiptalöndum okkar."

Ég tel sem sagt að frv., eins og nú er gengið frá því, sé í fullu samræmi við þessa yfirlýstu stefnu Sjálfstfl. þó að flokksmenn hafi nú skilað séráliti.

Frsm. minni hl. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Eins og nál. minni hl. landbn. á þskj. 719 ber með sér náði landbn. ekki samstöðu um að staðfesta þau brbl. sem fyrir lágu um kjarnfóðurskatt.

Ég hafði ætlað að ég mundi ekki þurfa við þessa umr. að ræða málið efnislega. Ég gerði það við 1. umr. Þó að nú sé orðið nokkuð langt um liðið — það mun hafa verið upp úr miðjum nóv. sem sú umr. fór fram hér í hv. Nd. — er það e. t. v. farið að fyrnast sem þá var sagt. Ég ætla ekki að kippa mér mjög upp við það, en ég vil þó undirstrika að þessi brbl., sem sett voru um Jónsmessuleytið í sumar sem leið, komu yfir mjólkurframleiðendur eins og þruma úr heiðskíru lofti. Menn vissu ekki til að þetta væri yfirvofandi. Menn höfðu tekið á sig að hlíta kvótakerfi sem í undirbúningi var hjá bændasamtökunum, og þess var farið að sjá staði að það verkaði. Ég vil því til áréttingar minna á fáein orð sem Árni Jónasson, erindreki Stéttarsambands bænda, viðhafði í samtali við Þjóðviljann í vetur, þar sem rætt er við hann um áhrif kjarnfóðurgjaldsins annars vegar og kvótakerfisins hins vegar.

Árni Jónasson segir þar að hann telji að áhrifin af kvótakerfinu hafi orsakað minni framleiðslu og kemur það fyrst og fremst af því að kúnum hefur fækkað verulega og það svo að það virtist vera nóg. Þá spyr blaðamaður Þjóðviljans: „Telurðu þá að náðst hafi nokkurn veginn jafnvægi á milli framleiðslu og neyslu mjólkurafurða? „Já, það sýnist okkur, og ég held að mjólkin megi a. m. k. ekki minnka mikið úr þessu eigi ekki að verða tímabundinn mjólkurskortur. Við óttumst það fremur, að afturkastið verði of mikið." Og þá spyr blaðamaðurinn: „Bendir nokkuð til þess, að framleiðslan aukist á ný á yfirstandandi ári?" — árinu 1981, og ég vil biðja menn að athuga að þá er búið að aflétta þessum skatti eins og hann var á lagður í sumar. Árni Jónasson svarar: „Ekki sé ég það og það því síður þegar þess er gætt að orsökin liggur í fækkun kúnna."

Ég gerði grein fyrir þeirri skoðun minni og rökstuddi

hana við 1. umr. þessa máls, að kjarnfóðurgjaldið hefði verið óþarft og það væri stórhætta á því, að það hefði eftirverkanir sem kæmu okkur í koll. Mér sýnist að síðan þessi orð voru mælt hafi ekkert gerst sem gangi í aðra átt eða afsanni þetta álit mitt.

Hv. 2. þm. Norðurl. e., frsm. meiri hl. landbn., hafði þau orð um álit nefndarinnar áðan, að það væri verið að staðfesta brbl., og hann tilgreindi það einnig, að stéttarsambandsfundur hefði staðfest þau. Þó ég sé nokkuð gamall í hettunni er ég kannske ekki nægilega gamall til að vita upp á hár hvernig hefur verið staðið að því að staðfesta brbl. jafnan, sem fyrir þingi hafa legið, en ef þetta er staðfesting á þeim brbl., sem lögð voru fram, kann ég ekki fyllilega að lesa úr því sem stendur á blöðunum.

Þessi brbl., sem sett voru í sumar, voru mjög afmörkuð og ég tel að það hefði verið eðlilegt að ef þingfylgi væri til þess yrðu þau þá staðfest óbreytt. Þau hafa verið í gildi alla tíð frá því að þau voru sett og eru í gildi enn, en það virðist vera svo, að meiri hl. landbn. hafi ekki treyst sér til að samþykkja þau eða staðfesta þau eins og frsm. n. vildi kalla það. Það má vera að meiri hl. n. hafi ekki viljað fallast á að staðfesta þau eins og þau voru og að það megi rekja til þeirrar umsagnar sem prófessor Jónatan Þórmundsson viðhafði um þau lög á fundi hjá okkur í landbn., þá hafi verið farið að óa hreinlega við því að staðfesta þau eins og þau voru og þess vegna hafi verið, eins og kom fram hjá frsm. áðan, leitað leiða til þess að komast fram hjá þeim annmörkum sem prófessorinn taldi vera á þeim eins og þau lágu fyrir nefndinni.

Ég vil láta það koma hér skýrt fram, að þegar prófessor Jónatan Þórmundsson kom til fundar við okkur í nefndinni voru bókuð eftir honum viss ummæli sem ég treysti mér til að hafa hér yfir vegna þess að þau voru á fundinum borin undir hann og hann hafði ekkert við þau að athuga. En þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Jónatan Þórmundsson varaði við því að fela framkvæmdavaldinu að taka ákvarðanir um skatta. Alþingi þyrfti að hugsa sig um tvisvar áður en það fæli ráðherrum ákvörðunarvald um skatta. Í þessum lögum taldi hann gengið lengra en önnur dæmi væru til um.“ Og enn fremur segir prófessorinn, að lagadeild teldi dómstóla of lina í umfjöllun um mál af þessu tagi.

Það er þess vegna mjög líklegt að það sé rétt eftir haft, sem frsm. meiri hl. hafði hér eftir Jónatan Þórmundssyni, að hann teldi hins vegar ekki líklegt að dómstólar mundu hnekkja þessum lögum.

En það er að mínum dómi ekki það sem þarna skiptir máli, hvort dómstólar mundu hnekkja þeim lögum sem við erum að setja hér á Alþingi. Vitaskuld skiptir það höfuðmáli fyrir okkur, sem erum fulltrúar fyrir þjóðina hér á Alþingi og erum kosnir til þess að setja lög, að þau séu í samræmi við þær reglur sem okkur eru settar og að þau séu í samræmi við stjórnarskrá landsins. Allir höfum við undirritað um það yfirlýsingu að við skuldbindum okkur til að halda stjórnarskrána.

Ég vil segja það einnig, að þær brtt., sem komu fram á fundi landbn. hver eftir aðra, eru þrjár. Sú fyrsta, sem kom á fund 3. febr., var tillaga frá Framleiðsluráði eða Stéttarsambandinu — það er kannske erfitt að greina þar á milli — eða frá báðum þeim aðilum. Hún var lögð fyrir Búnaðarþing með frv. og frsm. meiri hl. sagði að Búnaðarþing hefði mælt með frv. svo breyttu. Það er rétt að því leyti til, að Búnaðarþing mælti með þessu — samþykkti meðmæli með lögunum með, ef ég man rétt, 18:4 atkv. og 2 sátu hjá. Það má koma fram í þessari umr. að það var ekki einsýnn vilji Búnaðarþings að samþykkja þetta eins og það liggur fyrir.

Þessi till. var jafnan í umfjöllun með brbl. eins og þau lágu fyrir og álit lögmannanna var því um hana jafnframt. Önnur tillaga, sem er fskj. með nál. minni hl., merkt fskj. III, var lögð fyrir nefndina 13. apríl, og mér fannst, þegar ég las þá till. yfir, að hún væri í raun og veru ekkert annað en að samræma brbl. og gildandi lög eða fella þau saman í eitt. Breytingin var sáralítil önnur. Þessa brtt. bárum við einnig undir lögmenn, og ég hef það eftir Helga V. Jónssyni, sem hafði gefið álit um brbl. áður, að hann telur þessa brtt. á engan hátt aðgengilegri að því er varðar afsal löggjafans til annars aðila á ákvörðun skattgjaldsins. Þar er engu breytt í þessari síðari brtt.

Eitt er enn í þessum lögum, sem mun þó hafa verið fyrir í lögunum frá 1979, en kemur einmitt inn í þessa brtt., að gert er ráð fyrir að skattstjórum sé skylt að veita hvers konar upplýsingar sem Framleiðsluráð telur sér nauðsynlegt að fá. Við höfum oft talað um það hér í hv. Alþingi, að það eigi að reisa skorður við því, hvað skattstjórar megi láta frá sér fara úr persónulegum skýrslum manna. Verð ég að segja að mér finnst þetta orðalag vera í hæsta máta varhugavert. Þar segir að skattstjórum sé skylt að veita hvers konar upplýsingar sem Framleiðsluráð telur sér nauðsynlegar. Ég veit að á þessum tíma ber ég hið fyllsta traust til framleiðsluráðsmanna, en hvenær gæti orðið breyting á því? Það vitum við ekki og í því hróksvaldi tel ég að við alþm. eigum ekki að skáka.

Það náðist ekki meiri hl. um þessa brtt., eins og fram hefur komið og upplýst er, og þá klofnaði nefndin. Það var ákveðið að minni hl. skilaði séráliti, en 30. apríl sýndi formaður landbn., sem framsögu hafði áðan, okkur minnihlutamönnum og sjálfsagt nefndarmönnum öllum nýja útgáfu af brtt. n. Þær brtt. eru mjög í sama anda og tillagan sem merkt er sem fskj. III, en ég vil þó segja að þar eru viss atriði sem ég hef aths. við að gera. Í b-lið brtt. stendur svo, með leyfi hæstv. forseta (**Forseti:** Ég þykist vita að hv. þm. á töluvert eftir af ræðu sinni og bið hann, ef svo er, að velja sér fljótlega stað því að nú er komið að þingflokksfundatíma). Já, herra forseti, ég held að það sé þá best að ég geri hlé á ræðu minni hér. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég var þar kominn máli mínu að ég vildi fara nokkrum orðum um þá brtt., sem liggur hér fyrir deildinni til afgreiðslu, og það, sem mér sýnist að helst hafi leitt til breytinga frá því sem er í gildandi lögum.

Lagt er til að b-liður 1. gr. frv. orðist eins og segir á þskj. og verði á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Að innheimta gjald af innfluttu kjarnfóðri. Gjald þetta skal annaðhvort vera tiltekin fjárhæð á hverja þyngdareiningu kjarnfóðurs eða tiltekið hlutfall af tollverði kjarnfóðursins. Aldrei má gjald samkv. þessari mgr. þó nema meiru en sem svarar 200% af tollverði innflutts kjarnfóðurs. Að fengnum tillögum Framleiðsluráðs getur landbrh. ákveðið endurgreiðslu kjarnfóðurgjaldsins að hluta eða öllu leyti eða niðurfellingu þess til bænda, m. a. mismunandi eftir svæðum vegna harðæris, uppskerubrests eða til að auka framleiðslu búvöru, sem skortur er á, að fengnum tillögum Framleiðsluráðs landbúnaðarins.“

Ég kynni hérna þessa mgr. vegna þess að mér sýnist að

hún sanni betur en nokkuð annað í þessum tillögum að þarna er farið lengra í þá átt að Alþingi afsali sér ákvörðunarrétti í skattamálum en góðu hófi gegnir. Það hefur komið fram í máli mínu hér áður að það er álit lögfræðinga, sem sérþekkingu hafa í þessum efnum, að stjórnarskráin mæli svo fyrir að ekki megi setja skatt, breyta skatti né afnema skatt nema með því að setja lög sérstaklega í hverju tilviki fyrir sig. Hér er á allt annan hátt staðið að málum, og það gildir einu þótt Alþingi hafi orðið á mistök áður. Þau mistök tel ég að eigi ekki að endurtaka.

Ég gat um það áðan, að ég teldi varhugavert að hafa í lögum fyrirmæli um að skattstjórum væri skylt að veita upplýsingar sem öðrum aðila þættu nauðsynlegar í þessu sambandi, sem sagt ótilgreindar upplýsingar um hvað eina sem Framleiðsluráði í þessu tilviki kæmi í hug að biðja um upplýsingar um úr persónulegum framtölum þeirra sem þeir eiga skipti við.

Þá vil ég koma hér að c-lið þessarar greinar í brtt., sem er á bls. 8 í nál. minni hl. landbn. Þar segir svo: „Framleiðsluráð fer með gæslu þess fjár, sem innheimtast kann samkvæmt heimildum þessarar greinar, og ráðstafar því með samþykki landbrh.“ — Ég held að það fari ekkert á milli mála, að hér er í sambandi við þetta fóðurbætisgjald um hreina skattheimtu að ræða, og það verður einnig að teljast óeðlilegt með öllu að þeim skatti, sem innheimtur er á vegum ríkisins og eftir lögum, sé ekki ráðstafað eftir fyrirmælum Alþingis. *Þetta tel ég einnig ámælisvert.*

Ég hef allmikið rætt um að lögmenn hafi haft uppi og komið fram með þá skoðun, að þessi lög standist ekki ákvæði stjórnarskrárinnar. Ég hef nefnt til þess tvo lögfræðinga sérstaklega, Helga V. Jónsson hrl. og Jónatan Þórmundsson prófessor. Ég vil, áður en ég skilst algjörlega við þetta efni, vitna til tveggja sérfræðinga sem ég hygg að séu óumdeildir sem kunnáttumenn og vísindamenn á þessu sviði. Ég tek hér tilvitnun sem skráð er í umsögn Helga V. Jónssonar. Í fyrra lagi vil ég kynna þetta:

„Í fyrra bindi sínu að Almennri lögfræði frá 1976 fjallar dr. Ármann Snævarr um reglugerðir sem réttarheimild og segir þar m. a.: „Hinu er ekki að leyna, að handhafar lagasetningarvalds geta gengið svo langt í því að afsala sér valdi sínu að stjórnlögum til framkvæmdavalds, að ekki sé við það hlítandi. Ef Alþingi samþykkti t. d. lög um nýjan skatt og svo væri mælt í lögunum að fjmrn. setti reglugerð um skattstigann, mundi slíkt ekki fá staðist.““

Í öðru lagi vil ég vitna hér til og rifja upp það sem hér segir, með leyfi hæstv. forseta:

„ Á bls. 370—371 í bók sinni ræðir Ólafur Jóhannesson um heimild löggjafans til að framselja reglugerðargjafa eiginlegt lagasetningarvald og leitast við að gera grein fyrir þeim takmörkunum sem framsalsheimild séu sett. M. a. segir hann: „Þess er áður getið, að ýmis stjórnarskrárákvæði mæli svo fyrir, að tilteknum efnum eigi að skipa með lögum. Almenna löggjafanum er þó óheimilt að fela ríkisstjórn eða öðrum stjórnvöldum að skipa slíkum málefnum með reglugerð.“ “

Það er sem sagt ekki heimilt að skipa þessum málum með reglugerð þó að frá ráðherra hendi sé.

Ég sé nú ekki ástæðu til að fara frekar út í þetta efni að svo komnu máli, en eins og fram kemur í nál. minni hl. landbn. gátum við ekki orðið samferða meiri hl. um afstöðuna til frv. Við erum andvígir frv. af tveimur ástæðum sérstaklega. Við erum á móti því, að kjarnfóðurskatti sé beitt nema til þess liggi ríkar ástæður og þó því aðeins að *þeim skatti sé ráðstafað til ákveðinna verkefna* og að þau verði tilgreind í lögum. Í þessu sambandi er rétt að það komi hér fram, að í máli frsm. meiri hl. áðan vildi hann halda því fram, að sá skattur, sem gert er ráð fyrir að innheimta með þessum lögum, sé í samræmi við það sem við sjálfstæðismenn höfum sett fram í stefnumörkun okkar í landbúnaðarmálum. Ég vil andmæla þessu og andmæla þessu mjög ákveðið vegna þess að í þeirri stefnumörkun eða í þeirri tillögu, sem fyrir Alþingi liggur, er gert ráð fyrir að þessa skattheimtu föllumst við ekki á nema hún verði til eins ákveðins verkefnis, svo sem til þess að styðja að innlendri fóðurframleiðslu með því að greiða niður áburð. Það er einmitt þetta sem við tökum saman í okkar nál., að við erum andvígir því, að fóðurbætisskatti sé beitt, nema til þess liggi ríkar ástæður og þó því aðeins að þeim skatti sé ráðstafað til ákveðinna verkefna og að þau verði tilgreind í lögunum. Það er ekki gert hér, eins og ég minnti á áðan, því að þar er það sett á vald Framleiðsluráðs og ráðh. hvað við skattinn er gert.

Enn fremur tökum við fram, minni hl. landbn.: Í annan stað föllumst við á það sjónarmið þeirra lögmanna, sem við höfum leitað til og hafa gefið umsögn um frv. munnlega og skriflega, að frv. þetta svo og brtt. meiri hl. n. standist ekki ákvæði stjórnarskrárinnar. Að mati undirritaðra er það eitt nægilegt til þess að við séum frv. *mótfallnir.* — *Þarna koma efnisatriðin til líka og ætla ég* ekki að fara langt út í þá sálma að þessu sinni, en ég vil þó aðeins minna á að við 1. umr. málsins gerði ég grein fyrir andstöðu minni við kjarnfóðursskattinn eins og hann lá fyrir, og ég ætla ekki að endurtaka neitt um það frekar en ég hef nú gert.

Annað efnisatriði í lögunum var það, að bætt er inn í 2. gr. laganna því sem ekki hefur verið í lögum áður:

„Heimilt er að ákveða sérstaklega með reglugerð rétt þeirra, sem hefja búskap, draga saman búvöruframleiðslu eða hætta búskap. Enn fremur þeirra, sem hafa mikinn fjármagnskostnað vegna byggingaframkvæmda, sem teknar hafa verið í notkun 1976 eða síðar.“

Ég sagði við 1. umr. að ég væri þeirrar skoðunar að þetta innskot væri ekki nauðsynlegt. Ég rökstuddi það með því, að við meðferð málsins hér á Alþingi 1979 var sett inn í upphaflega frv. ákvæði um að það væri heimilt að ákveða rétt frumbýlinga í samræmi við bústofn þeirra, og það í raun og veru þýddi ekkert annað en að taka þurfti að tillit til þarfa þeirra bæði að því er varðaði bústofn og annan fjármagnskostnað.

Herra forseti. Ég get þá látið máli mínu lokið. Eins og ég hef þegar tekið fram leggur minni hl. landbn. til að frv. nái ekki fram að ganga.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég hef undirritað nál. hv. landbn. Nd. með fyrirvara og hyggst nú gera nokkra grein fyrir því, hvers vegna sá fyrirvari var gerður.

Rauði þráðurinn í þeim fyrirvara er sá, að hér sé í raun og veru teflt á tæpasta vaðið hvað varðar það að færa framkvæmdavaldinu heimildir til skattlagningar eða breytinga á sköttum er kynnu að brjóta í bága við 40. gr. stjórnarskrárinnar. Þetta er hins vegar mjög mikið vafaatriði og eftir vandlega íhugun og viðræður við þá lögfróðu menn, sem hér hefur verið vitnað í, og með skírskotun til dóms, sem fallið hefur í máli sem gæti verið nokkur hliðstæða þess máls sem hér um ræðir, samþykkir

þingflokkur Alþfl. að styðja þetta frv. eins og það nú liggur fyrir, enda hefur flokkurinn verið því hlynntur að þessi fóðurbætisskattur kæmist á eða einhver sú aðferð notuð er dregið gæti úr offramleiðslu landbúnaðarvara. Þess ber og að geta, að það eru framleiðendur sjálfir sem leggja á sig þetta gjald og eiga raunverulega frumkvæðið að því.

Menn hafa mjög rætt um að hér sé á ferðinni skattur, en það er mikið skilgreiningaratriði hvort hér er á ferðinni verðjöfnun eða skattur. Það mál, sem ég vitna til í þessum efnum, í því féll dómur í des. 1972, fjallaði um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og sjútvrh. og fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs gegn Niðursuðu- og hraðfrystihúsi Langeyrar. Þar var um að ræða mál er fjallaði um verðjöfnunargjald á rækju og kemur mjög heim og saman að mínu mati við það gjald eða þá verðjöfnun sem hér er um að ræða.

Ég vil þó ekki láta þetta mál fram hjá þinginu fara án þess að vekja sérstaka athygli á því, að lögfróðir menn hafa af því umtalsverðar áhyggjur að Alþingi geri helst til mikið að því að afhenda framkvæmdavaldinu heimildir til álagningar skatta og heimildir til að gera sitt af hverju tagi sem ekki stenst þá skiptingu löggjafarvalds og framkvæmdavalds sem við búum við.

Í sambandi við þennan fóðurbætisskatt vildi ég láta það koma fram sérstaklega, að þótt ég sé honum hlynntur og þingflokkur Alþfl. er ekki loku fyrir það skotið að hér hafi verið tekið heldur stórt stökk, sem m. a. kemur fram í því, að samdráttur í mjólkurframleiðslu hefur orðið umtalsverður og það mikill að nú er óttast að hér verði mjólkurskortur í landinu áður en þessu ári er lokið eða það liðið og jafnvel snemma árs. Það er nú svo með okkur Íslendinga, að þegar við tökum á einhverjum málaflokkum og málum, sem við viljum breyta til batnaðar, vilja stökkin vera býsna stór, eins og dæmin sanna.

Þess ber og að geta, að þetta fóðurbætisgjald og framkvæmd innheimtu þess hefur verið óttalegt vandræðamál og þar er um að ræða framkvæmdaatriði. Það kom fram í landbn. Nd., þegar um þetta mál var fjallað, að innflytjendur og seljendur höfðu af því umtalsverðar áhyggjur hversu erfitt væri að innheimta þetta gjald og hve mikil skriffinnska fylgdi því og er sjálfsagt að nefna það hér. M. a. barst nefndinni umsögn frá fóðurvörudeild KEA og til nefndarinnar komu innflytjendur og fóðurvörusalar og lýstu skoðunum sínum á þessu máli.

En í aðalatriðum, til þess að lengja nú ekki þetta mál, gerði ég þennan fyrirvara fyrir hönd Alþfl. eða þingflokks Alþfl. vegna þeirra aths. sem komið hafa fram frá stjórnlagafræðingum og lögmönnum þess efnis, að hér væri raunverulega teflt á tæpasta vaðið hvað varðar það að setja lög sem fengju staðist. Hins vegar verður að bæta því við, og hefur það komið fram í þessari umr. í dag, að prófessor Jónatan Þórmundsson, þótt hann teldi að hér væri á ferðinni mjög vafasamt gjald, taldi það mundu standast fyrir dómstólum og það væri vegna linku dómstólanna sjálfra, eins og hann orðaði það, í málum af þessu tagi, enda munu ekki dæmi til þess að dómstólar hafi á þennan hátt hnikað til lögum.

Það er búið að segja margt um þetta mál. Hv. þm. Steinþór Gestsson rakti hér þau atriði sem komið hafa fram varðandi það að þetta mál kunni að jaðra við að vera stjórnarskrárbrot, og sjálfur fullyrti hv. þm. að svo væri. Það tel ég hins vegar ekki vera og get fært að því gild rök. M. a. hef ég þann dóm, sem ég nefndi hér áðan og féll 1. des. 1972 í mjög svipuðu máli, til hliðsjónar þegar ég met stöðu þessa máls.

Fyrirvari minn var í því fólginn, að ég vildi benda á þá hættulegu braut, sem hér er stigið út á, og að þinginu beri að forðast að ganga svo nærri stjórnarskránni að á því geti verið neinn vafi að um brot á henni kunni að vera að ræða.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að flytja hv. landbn. þessarar deildar þakkir fyrir afgreiðslu á þessu máli, sem að vísu hefur tekið nokkuð langan tíma, en ég vænti að afgreiðsla málsins sé þeim mun vandaðri en ella hefði orðið.

Ég ætla ekki að fara að ræða þetta mál hér efnislega eða tilefni þess að brbl. voru sett á síðasta ári. Það hefur verið gert af minni hálfu áður í þessari hv. deild og ég ætla ekki að endurtaka það. Það, sem hefur borið á góma í þessari umr. er þó kannske aðallega það atriði málsins, að því hefur verið haldið fram að lögin eins og þau voru kynnu að fara í bága við ákvæði stjórnarskrárinnar. Þessu var m. a. haldið fram af hálfu hv. frsm. minni hl. n. og haldið fram að frv., eins og það er með þeim breytingum sem á eru orðnar, sé þessu marki brennt.

Ég skal ekki fara mörgum orðum um þetta efni. Ég vil í fyrsta lagi vísa til þess sem fram kom hjá hv. þm. Árna Gunnarssyni um þetta efni. En ég bar þetta mál undir lögfróða menn og lét rannsaka það mjög gaumgæfilega. Það var álit þeirra lögfræðinga, sem ég lét fjalla um þetta mál, að að vísu hefðu lögin eins og þau voru afgreidd 1979 í för með sér að framkvæmd á gjaldtöku og breyting á gjaldtöku á kjarnfóðurgjaldi væri framseld nokkuð langt frá löggjafarvaldinu, þ. e. eins og segir í þeim lögum, að ef tiltekin skilyrði skapast eru Framleiðsluráði, að fengnu samþykki fulltrúafundar Stéttarsambands bænda og staðfestingu landbrh., heimilar tilteknar tímabundnar ráðstafanir. Samkvæmt þessum lögum frá 1979 er ákvörðunum, er snerta töku kjarfóðurgjalds, vísað til hagsmunasamtaka. Það þótti hið hæpnasta í þessu máli. Að fengnu þessu áliti lögfróðra manna varð að ráði að breyta þessum ákvæðum laganna frá 1979.

Með þeim breytingum, sem hv. landbn. hefur lagt til, er vald til breytinga á kjarnfóðurgjaldi lagt í hendur ráðh. og það er sambærilegt við það sem gerist í ýmsum tilvikum öðrum varðandi gjaldheimtu eða skattlagningu og nægir að minna á til að mynda bensíngjald og flugvallaskatt. Það mætti telja fleiri skatta eða gjöld til, en í þessum tilvikum hefur ráðh. heimild til að ákveða breytingar á þessum sköttum eða gjöldum með reglugerð. Þetta er sem sé orðin nokkuð viðtekin venja í íslenskri löggjöf og a. m. k., eins og frv. er nú í stakk búið ef brtt. hv. meiri hl. landbn. verða samþykktar, er hér farið í sama far og gert er með löggjöf um önnur efni.

Hitt er svo aftur álitamál, eins og greinilega kom fram hjá hv. þm. Árna Gunnarssyni, hvort hér sé um skattlagningu í venjulegum skilningi að ræða. Til að mynda er flugvallaskattur skattheimta til ríkissjóðs. Hér er ekki um að ræða skattheimtu til ríkissjóðs. Hér er um það að ræða að taka gjald af tiltekinni rekstarvöru til að nota þessa aðferð sem stjórntæki í framleiðslumálum landbúnaðarins. Það er nokkuð annar svipur a. m. k. á því en skattheimtu til ríkisins. Það er því mjög eðlilegt að yfirstjórn á því sé í höndum þess fagráðuneytis sem fer með landbúnaðarmál.

Því má líka bæta við, að ef það þyrfti hverju sinni að

lögfesta breytingar á kjarnfóðurgjaldi sem þessu, það þyrfti að lögfesta til að mynda lækkun á því eða hækkun eftir því sem talið er nauðsynlegt vegna framleiðsluþróunar, þá er þetta ekki lengur virkt stjórntæki í framleiðslumálum landbúnaðarins, ef hverju sinni þyrfti að ákvarða slíkt með löggjöf frá Alþingi.

Ég tel, eftir þær breytingar a. m. k. sem hv. meiri hl. landbn. leggur til í sínum brtt., ef þær verða samþykktar, engan vafa leika á að þetta frv. sé svo úr garði gert að ekki þurfi að velkjast í vafa um að það standins samkvæmt stjórnarskrá.

Ég vil aðeins segja það vegna orða hv. þm. Steinþórs Gestssonar um þær kvaðir sem lagðar eru á skattstjóra í þessu frv. um að gefa upplýsingar úr framtalsskýrslum, að þar hefur engum kvöðum verið bætt við þær kvaðir sem eru í lögum fyrir. Þess vegna fundust mér tilefnislitlar aðfinnslur hans um það efni.

Ég endurtek að ég ætla ekki að fara út í neinar efnislegar umræður eða deilur um þetta mál, en ég tel að það sé mikils virði að í framleiðslumálum landbúnaðar sé þetta stjórntæki, kjarnfóðurgjald, mögulegt og í lögum svo að mögulegt sé að nota það. Það er virkasta leiðin til að hafa áhrif á framleiðslu. Og þó að nú hafi jafnvægi náðst í mjólkurframleiðslu er ábyggilega nauðsyn að hafa það áfram í lögum.

Ég vil svo enda ræðu mína með því að endurtaka þakklæti mitt til hv. nefndar og lýsa yfir fullum stuðningi við þær brtt. sem meiri hl. n. hefur lagt fram.

Frsm. meiri hl. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að fara út í efnisatriði eða ræða þetta mikið, en ég kemst ekki hjá því að svara hv. þm. Steinþóri Gestssyni örfáum orðum.

Hann ræddi um að hér væri ekki um að ræða, eins og að þessu væri staðið frá hendi meiri hl. landbn., að staðfesta brbl. Það er að því leyti til rétt að þau eru ekki staðfest frá orði til orðs eins og þau voru gefin út. En efnisatriðin í brbl. eru staðfest, og það er það sem skiptir máli í þessu sambandi. Þó að n. breyti frv. eða jafnvel brbl. tel ég að það sé hægt að segja að brbl. séu staðfest, en um lítils háttar breytingar sé að ræða.

Eitt af því, sem hann fann að, var þetta, sem hæstv. landbrh. kom inn á í sínu máli, að skattstjórunum væri skylt að gefa upplýsingar. Þegar lögin voru til umfjöllunar í landbn. 1979 fengum við einmitt einn virtasta lögfræðing í landinu til að orða þetta, — mann sem er sérfræðingur á þessu sviði. Þetta er ekki orðalag þeirra sem voru í n. þá, heldur þessa lögfræðings. Ég verð að segja það, að þrátt fyrir orð hv. þm. Steinþórs Gestssonar treysti ég því — hef treyst og treysti því — að ekki sé hægt í raun og veru með rökum að finna að þessu ákvæði eins og það var sett í lögin 1979.

Það, sem ég gerði í sambandi við till. þeirra hv. þm. Sjálfstfl., var ekkert annað en að ég las kafla upp úr till. þeirra orðrétt, en við það get ég bætt, að ef ætti að fara að setja ákvæði í lög um hvernig ætti t. d. að framkvæma álagningu kjarnfóðurskatts, þá færi slíkt ekki frá þinginu sem lög. Það eru mjög skiptar skoðanir um hvernig á að standa að þessum málum. Það kom í ljós 1979 og það kom í ljós nú, að skoðanirnar eru hér um bil eins margar og mennirnir eru margir, t. d. í landbn. Það, sem við náðum saman um 1979 og raunar nú, er að það sé eðlilegt og það sé sjálfsagt að bændasamtökunum sé gert kleift að hafa rúmar heimildir sem þau bera svo ábyrgð á hvernig þau nota. Og það er einmitt þessi leið sem ég vitnaði í í till. sjálfstæðismanna, og ég er þeim alveg sammála um þetta atriði.

Ég vil svo ekki fara að ræða þetta frekar. Málið var lengi hjá nefndinni. Ástæður eru þær, að það voru, eins og ég segi, skiptar skoðanir um þetta og menn vildu ræða og athuga til hlítar fullyrðingu Helga V. Jónssonar og Verslunarráðsins. Ég las ekki upp álitsgerð Verslunarráðsins, en það má segja að það hafi komist að svolítið annarri niðurstöðu en þeir lögfræðingar sem hæstv. landbrh. leitaði til. Eitthvað eru því skiptar skoðanir þessara manna um þessi málefni. Ég fyrir mitt leyti tel það ekki verjandi fyrir Alþingi að ganga ekki svo frá þessum málum að bændasamtökin hafi ekki möguleika á að stjórna þessum málum. Þeir verða að gera það upp innan sinna samtaka hvernig þessum heimildum er beitt. Það hefur verið a. m. k. mín stefna og ég vona flestra bænda, að ef Búnaðarþing og aðalfundur Stéttarsambandsins eru sammála um svona mál, þá taki menn a. m. k. fullt tillit til þeirrar afstöðu þegar um málefni, sem varða bændastéttina eina og einvörðungu er að ræða.

Frsm. minni hl. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð sem ég tel mig knúinn til að hafa hér um málið í framhaldi af þeim umr. sem orðið hafa.

Það var hæstv. landbrh. sem hafði þau orð um, að í lögunum frá 1979 væri framkvæmd laganna að vísu fengin í hendur „nokkuð fjarlægum aðila", ef ég hef tekið rétt eftir. Það er einmitt það sem bent hefur verið á að sé það varhugaverða í þessu efni. Ég sé ekki að breytingin hafi orðið mjög mikil í þessu efni. Í lögunum frá 1979 er gert ráð fyrir að Framleiðsluráði sé heimilt að breyta tilteknum atriðum að fengnum tillögum aðalfundar eða fulltrúafundar Stéttarsambands bænda og að fenginni umsögn landbrh. Þessu er snúið þannig við, að nú er það landbrh. sem er heimilt að gera þetta að fengnu samþykki Framleiðsluráðs og fulltrúa á fundum Stéttarsambandsins. Það verður að ganga í gegnum alveg nákvæmlega sama hreinsunareld í hvoru tilvikinu sem er. (**Landbrh.:** Að fengnum tillögum, ekki að fengnu samþykki.) Nei, veit ég það, en það verður að ganga í gegnum þennan hreinsunareld eigi að síður.

Auk þess vildi hæstv. ráðh. líkja því saman að ráðh. hefur rétt til að breyta bensíngjaldi. Það er mikið rétt hjá honum að það er nokkur líking þar með, en þó er munurinn sá, að þennan rétt hefur ráðh. aðeins til að breyta bensíngjaldinu ef breyting verður á sérstakri vísitölu, og gefur það bendingu um hvað Alþingi vill í þessu efni.

Í þessu tilviki getur ráðh. breytt fóðurskattinum, ekki eftir ákveðinni formúlu frá Alþingi, heldur: „Gjald þetta skal annaðhvort vera tiltekin fjárhæð á hverja þyngdareiningu kjarnfóðurs eða tiltekið hlutfall af tollverði kjarnfóðursins." Að vísu er á þessu þak, en það er það eina. — Þetta gat ég ekki komist hjá að benda á.

Hv. 2. þm. Norðurl. e. hafði þau orð um að það yrði að koma kjarnfóðruskattinum í gegn með eins rúmum hætti og hér er gerð till. um vegna þess að ef hann væri ákvarðaður og ef oft þyrfti að breyta honum færu slík lög ekki í gegnum þingið. Þetta er hans fullyrðing og það má vel vera að hann segi þetta rétt. En hvað þýðir þetta í reynd? Þýðir þetta ekki að það er ekki þingmeirihluti fyrir því sem hér er verið að gera?

ATKVGR.

Brtt. 708,1.a samþ. með 21:10 atkv.

Brtt. 708,1.b samþ. með 22:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KP, MHM, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SighB, SkA, SV, SBó, SvG, VG, ÞS, ÁG, FÞ, GS, GGÞ, HÁ, IGuðn, IGísl, JE, JS.

nei: MB, SS, PS, SteinG, BÍG, FrS, GeirH, HBl, JÞ, SvH.

AG greiddi ekki atkvæði.

7 þm. (MÁM, AS, BGr, EH, GJG, GHelg, HG) fjarstaddir.

Brtt. 708,1.c samþ. með 21:2 atkv.

Brtt. 708 í heild (ný 1. gr.) samþ. með 21:10 atkv.

Brtt. 708,2 (ný 2. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 708,3 (ný 3. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Efri deild, 93. fundur.

Fimmtudaginn 7. maí, kl. 2 miðdegis.

Þróunarsamvinnustofnun Íslands, frv. (þskj. 603). — 3. umr.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það ber að fagna því, að þessi hv. deild hefur haft hraðar hendur við afgreiðslu þess frv. sem hér er til umr. Staðreyndin er hins vegar sú, að aukið framlag Íslands til aðstoðar við hinn vanþróaða heim er fyrst og fremst háð því, hvort við höfum manndóm og pólitískt þrek til þess að taka ákvörðun um aukið fjárframlag til þessara mála.

Vissulega er það góðra gjalda vert, eins og er gert í þessu frv., að koma fastari skipan á meðferð þessara mála. En eins og komið hefur fram hjá hæstv. utanrrh. er spurningin um aukna þátttöku Íslands í þessu starfi fyrst og fremst háð því, hvort fjárframlög Íslendinga til þessara mála aukast á næstu árum eða ekki.

Það er orðinn nokkuð langur tími síðan Sameinuðu þjóðirnar mörkuðu þá stefnu, að 1% af þjóðartekjum skyldi varið til aðstoðar við þann hluta heimsins sem býr við sára fátækt, — svo sára fátækt að í dag eru tæplega 1000 milljónir manna í heiminum sem lifa á stigi algjörs hungurs. Árstekjur um 900 milljóna manna nema um 75 bandarískum dollurum.

Nokkrar þjóðir í Evrópu, t. d. Norðurlandaþjóðir og einnig Hollendingar, hafa gengið á undan og ákveðið á undanförnum árum og hrundið í framkvæmd að auka framlag sitt til þróunarlandanna upp í þá prósentutölu sem Sameinuðu þjóðirnar höfðu markað. Við Íslendingar höfum hins vegar verið hér langt á eftir, svo langt á eftir og með svo lágt hlutfall að það er í raun til vansa að við, sem búum við einhver bestu lífskjör í veröldinni og höfum gnægð auðlinda í okkar landi, skulum leggja fram til þessara mála svo lítið sem raun ber vitni. Reyndar eru þær tölur, sem gefnar eru upp af opinberri hálfu, látnar hækka frá því, sem raunverulegt er, með því að telja til framlaga okkar í þessu skyni hluti sem vafasamt er að eigi að reikna með.

Sameinuðu þjóðirnar hafa markað þá stefnu, að þar eð ljóst sé, að 1% markið muni ekki hafa þann víðtæka pólitíska stuðning í veröldinni sem vonast var til í upphafi, verði miðað að því að árið 1983 verði 0.7% af þjóðartekjum einstakra landa varið til þessara málefna. Við Íslendingar höfum hins vegar aðeins náð um $^{1}/_{10}$ af þessari upphæð.

Ég vildi við lokaumræðu þessa frv. í þessari hv. deild lýsa þeirri skoðun minni, að það sé nauðsynlegt að allir stjórnmálaflokkar í landinu taki upp viðræður sín á milli á næstu vikum og mánuðum um að breyta þessu ófremdarástandi, að hrinda því slyðruorði af okkur sem opinberar tölur í þessum efnum sýna á alþjóðavettvangi. Með haustinu verði komið samkomulag stjórnmálaflokkanna í landinu um að hækka framlög okkar í þessum efnum á næstu árum í áföngum þannig að í síðasta lagi fyrir miðbik þessa áratugs hafi Íslendingar náð því marki sem Sameinuðu þjóðirnar lögðu til fyrir nokkru að ætti að verða náð 1983, að a. m. k. 0.7% af þjóðartekjum væri varið til þessara mála.

Vissulega eru það háar upphæðir, mjög háar upphæðir miðað við það sem við verjum í dag. Má áætla að það séu um 14 milljarðar gkr. á ári sem við þyrftum þá að verja í þessu skyni. Það er stórt stökk frá þeim upphæðum sem við verjum í dag. Ég held hins vegar að það sé nauðsynlegt, ef við viljum halda reisn okkar í samfélagi þjóðanna, að sýna að við látum okkur annt um þá ömurlegu eymdarfátækt sem þúsundir milljóna búa við í heiminum. Við viljum leggja okkar litla lóð á þá vogarskál að jafna kjörin í veröldinni. Allir stjórnmálaflokkar í landinu eiga að taka höndum saman um að breyta þessu.

Vissulega hefði verið viðeigandi að koma slíku í framkvæmd um leið og þetta frv. var afgreitt. En bæði vegna þess, hve seint það er fram komið, og eins vegna fjarveru hæstv. utanrrh., sem ég veit að er mikill stuðningsmaður þessa máls, held ég að nauðsynlegt sé að við geymum umræður um það þar til þing kemur saman í haust, en notum tímann í millitíðinni til að kanna sameiginlegann vilja allra flokka í landinu til þess að gera hér breytingar á.

Þessu, herra forseti, vildi ég lýsa við lokaafgreiðslu málsins hér í deildinni og setja fram þá ósk, að vonandi berum við gæfu til þess á næstu mánuðum að ná samstöðu um það, hvernig Íslendingar geta í áföngum á næstu fjórum árum aukið til muna hlutdeild sína í því að bæta kjör fólks um allan heim og sýna á alþjóðavettvangi að við erum reiðubúnir að okkar leyti að taka þátt í því víðtæka alþjóðlega starfi sem nauðsynlegt er ef friður og framfarir eiga að vera ríkjandi í veröldinni.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Ég tek undir margt af því sem fyrri ræðumaður sagði. Okkur ber nauðsyn til að sinna neyðarópi þeirra milljóna sem búa við hungur og skort, og það er til skammar hve við Íslendingar höfum sinnt þessu lítið.

Ég vil hins vegar benda á að á s. l. árum hefur framlag okkar svo til staðið í stað þrátt fyrir gífuryrði ýmissa manna um nauðsyn þess að bæta hér úr, þrátt fyrir gífuryrði manna sem nú hafa aðstöðu til innan ríkisstj. að koma því á framfæri að úrbóta sé þörf í þessum málum.

Ég vil lýsa því yfir fyrir hönd Alþfl., að við erum reiðubúnir til hvers kyns umræðna um þessi mál með það að markmiði að auka framlag okkar til þessarar brýnu þarfar og þá verði stefnt miklu hærra en gert er nú í fjárlagafrv. Ég vona að slíkar viðræður geti hafist sem

fyrst og að eining verði um að auka framlag til þessara mála.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Það er auðvitað alveg rétt, sem hér hefur fram komið, að það er ekki vansalaust að okkur skuli ekki hafa tekist að auka þetta framlag okkar til aðstoðar við þróunarlöndin meira en raun ber vitni. Ég vil þó minna á það, að eitt það myndarlegasta, sem gert hefur verið á þessu sviði — þá á ég við þá aðstoð á sviði sjávarútvegs sem veitt hefur verið íbúum Grænhöfðaeyja — var gert á þeim tíma sem ráðh. Alþfl. fór með fjármál í ríkisstj.

Mér finnst það hins vegar svolítið furðulegt að Alþb., sem hæst talar nú um þessi mál sem og jafnan áður og fer með fjármál í ríkisstj., skuli ekki hafa látið frá sér fara neinar till. um aukningu í þessa veru, aukningu og hækkun á þessari prósentu, aukna aðstoð við þróunarlöndin, þar sem það fer með fjármál í ríkisstj. Það er gott og blessað að koma hér og tala almennum orðum um þetta og sjálfsagt að taka undir það og tala um að nauðsynlegt sé að koma á samstarfi stjórnmálaflokkanna til þess að reyna að auka þetta og laga. En hvers vegna í ósköpunum, þegar Alþb. hefur embætti fjmrh. í ríkisstj. og öll þau völd sem það hefur sýnt og sannað að það hefur í þessari ríkisstj., — hvers vegna þá ekki aðgerðir, hvers vegna bara orð?

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég kvaddi mér fyrst og fremst hljóðs út af þessu máli til að lýsa því yfir, að mér finnst að hér sé um gagnmerkt mál að ræða. Þetta er spor í þá átt að við Íslendingar ræðum þetta mál, þróunaraðstoð við þriðja heiminn, af raunsæi og stöndum að þessu á skipulegan hátt.

Ég held að það sé tæplega tilefni til þess að fara að ræða hér um þetta mál frá flokkspólitísku sjónarmiði! Ég held að við séum sem betur fer mjög samstíga í málum sem þessum. Það er rétt, að við höfum kannske ekki tekið nægjanlega á þessum málum að undanförnu, en það er nú svo að það hafa fleiri þjóðir gert sem kannske eru efnahagslega öflugri en við. Ýmsar þjóðir hafa látið undir höfuð leggjast að hlaupa þarna undir bagga.

Ég var fulltrúi á þingi Sameinuðu þjóðanna á s. l. hausti, þegar þessi nýja þróunaráætlun var rædd, og átti þar sæti í 2. nefnd. Og það var dálítið lærdómsríkt að sitja þetta þing og fylgjast með umræðum um þetta mál. Nú blasir það við hverju barni, sem um þetta mál hugsar og aflar sér upplýsinga um það, að erfiðleikar þróunarlanda hafa mjög aukist að undanförnu, á s. l. áratug. Og það er ekki síst vegna þess sem hefur gerst í orkumálum í heiminum. Orkuverð hefur margfaldast eins og menn vita. Það er talið að þróunarlöndin greiði núna a. m. k. fimmfalt verð í erlendum gjaldeyri — ég held ég muni rétt, það er einhvers staðar á milli fimmfalt og tífalt — verð í erlendum gjaldeyri fyrir innflutta olíu, miðað við það sem þau gerðu 1974. Og þá er ég að tala um erlendan gjaldeyri eða dollara.

Þessi hækkun á olíureikningi þróunarlandanna ein er margföld á við alla aðstoð sem þróunarlöndin fá nú frá vestrænum og austrænum ríkjum. Á þetta mál var í raun inni ekki minnst á þingi Sameinuðu þjóðanna vegna þess að þróunarlöndin eru í hópi landa sem kalla sig hóp 77 ríkja, Group 77 á enskunni, þó að þau séu nú orðin miklu fleiri, og þar eru líka olíuframleiðslulöndin innstu koppar í búri. Og það er viðkvæmt mál fyrir þróunarlöndin að minna á þessa staðreynd, hvað þessar sveiflur í orkuverðinu hafa orðið erfiðar og langþyngstar þeim í skauti, því að efnaðri löndin hafa getað brugðist við þessu. Það hefur þó orðið kreppa í sumum efnaðri ríkjunum út af þessum sveiflum í orkuverðinu, en hjá þróunarlöndunum blasir við hungursneyð af þessu efni.

Ég held að við eigum að efna til meiri umræðna á Íslandi um þessi mál, reyna að gera okkur grein fyrir hvað er að gerast á þessu sviði. Ég er ekkert að ásaka olíuframleiðslulöndin um að þau hafi ekki haft eitthvað til síns máls um að hækka verð á þessu eldsneyti sem er ekki óþrjótandi eins og menn vita. Og það er lengi hægt að deila um hvort það hafi verið rétt ákvörðun hjá þeim að hækka verð á þessum afurðum sínum eins og þau hafa gert með því að koma sér saman um verðið. En staðreyndin mun engu að síður sú, að þessi þróun hefur orðið þróunarlöndunum afskaplega þung í skauti og hefur bæst við vanda þeirra á ýmsum sviðum, m. a. vegna þurrka og hvers konar óáranar sem yfir þau hefur gengið á síðustu árum.

Ég held að það sé fullkomlega ástæða til að taka undir það sem kom hér fram hjá hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni, að það er ástæða fyrir okkur Íslendinga, fulltrúa stjórnmálaflokkanna, að ræða þessi mál, kynna sér þau betur, kynna þau betur þjóðinni og taka upp skipulegri stefnu í þessum efnum en við höfum gert á undanförnum árum.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég vil þakka þær undirtektir, sem hér hafa komið fram við þau tilmæli sem ég flutti hér áðan, og vænti þess, að það geti orðið til þess að fulltrúar þingflokkanna ásamt hlutaðeigandi ráðh., utanrrh. og fjmrh., ræði í sumar um nýtt átak í þessum efnum.

Ég ætla ekki að fara að deila hér við þá tvo þm. Alþfl. sem töluðu um það hverjum seinagangur í þessum málum sé að kenna. Þar bera allir flokkar sök. Það var tilkynnt af þáv. utanrrh. haustið 1978, að hann væri að leggja fram frv. um Þróunarsamvinnustofnun Íslands, og var frestað kjöri í stjórn núverandi stofnunar þess vegna. Samt sem áður leið ferill þess ágæta manns á enda án þess að frv. sæi dagsins ljós. Það er fyrst núna að koma fram. Ég veit að það hefur verið skoðun margra í mínum flokki, að menn vildu bíða eftir að ný skipan kæmist á þessi mál áður en það væri tekið upp. En hitt er síðan alveg rétt, sem hv. þm. Eiður Guðnason sagði áðan, að það væri hægt að suka stuðning við verkefnið á Grænhöfðaeyjum — og á reyndar að gera að mínum dómi þótt þessi mál séu ekki formlega í höfn.

Ég held að það sé ekki æskilegt að við séum að deila hér um það liðna í þessum efnum, það eiga allir flokkar einhverja sök í þeim efnum, en reynum á komandi mánuðum að snúa þessari þróun við í sameiningu.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Almenn hegningarlög, frv. (þskj. 689). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Almenn hegningarlög, frv. (þskj. 741 (sbr. 4)). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og endursent Nd.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv. (þskj. 536, n. 726). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Guðmundur Bjarnason): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. Ed. hefur fjallað um frv. til l. um breyt. á og viðauka við lög nr. 46 frá 25. apríl 1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sbr. lög nr. 23/1977, lög nr. 58/1977 og lög nr. 61/1977.

Frv. þetta er til staðfestingar á brbl. sem gefin voru út á s. l. hausti, undirrituð 9. sept. 1980, í tengslum við kjarasamninga við opinbera starfsmenn og til þess sett að auðvelda gerð þeirra samninga. Vildi ríkisstj. hlutast til um að stuðla að samningum með þessu móti. Frv. fjallar eingöngu um félagsleg málefni opinberra starfsmanna. Hér er um að ræða réttindi þeirra til að njóta atvinnuleysisbóta.

Í fjh.- og viðskn. Nd. var gerð breyting á frv. þar sem tekið var til og kveðið nánar á um með hvaða hætti skyldi ákvarða laun biskups Íslands. Laun hans og kjör skyldu ákveðin af Kjaradómi svo sem er með ráðherra, hæstaréttardómara, ríkissaksóknara og ráðuneytisstjóra.

Nefndin er sammála um að leggja til að frv. þetta verði samþykkt með þeim breytingum sem gerðar voru á því í Nd. Fjarverandi við afgreiðslu málsins í n. voru hæstv. forsrh. Gunnar Thoroddsen og hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson og Davíð Aðalsteinsson. Nefndarálitið undirrita Ólafur Ragnar Grímsson, Kjartan Jóhannsson, Guðmundur Bjarnason og Lárus Jónsson.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Verðjöfnun á olíu og bensíni, frv. (þskj. 211, n. 727). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur skilað samhljóða áliti á þskj. 727 og mælir með því að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Kirkjubyggingasjóður, frv. (þskj. 580 (sbr. 283), n. 729). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Menntmn. hefur fjallað um þetta mál og mælir með því að frv. verði samþ. Einn nm., Gunnar Thoroddsen, var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Hér er um að ræða frv. til l. um Kirkjubyggingasjóð. Kirkjubyggingasjóður var stofnaður með lögum nr. 43/1954, en þau lög hafa tvívegis sætt breytingum, þ. e. 1955 og 1962. Þessi sjóður hefur gegnt markverðu hlutverki og stuðlað mjög að kirkjubyggingum hér á landi þótt fjárskortur hafi jafnan bagað.

Í upphafi var gert ráð fyrir að Kirkjubyggingasjóður gæti veitt lán sem næmu 1/5 til 2/5 af byggingarkostnaði kirkna. Þetta hefur þó farið mjög á annan veg þar sem framlög ríkissjóðs til sjóðsins hafa lengstum numið að verðgildi miklu lægri fjárhæð en til var stofnað árið 1954 og síðar með lagabreytingu árið 1962. Samkv. lögunum frá 1954 skyldi lágmarksfjárhæð úr ríkissjóði vera 50 þús. kr., en sú fjárhæð var hækkuð í 1 millj. kr. árið 1962.

Í frv. þessu er gert ráð fyrir framlagi úr ríkissjóði að upphæð 600 þús. kr. Svarar það til að framreiknaðar séu upphæðir sem gert var ráð fyrir að sjóðurinn legði fram árið 1954 og svo með breytingu laganna árið 1962. Samkv. gildandi lögum nemur upphæðin núna 10 þús. nýkr. sem ber að leggja til Kirkjubyggingasjóðs, en frv. leggur til að þessi upphæð verði 600 þús. nýkr.

Auk þess eru í þessu frv. nokkrar breytingar frá fyrri lögum. Þar er m. a. það þýðingarmikla ákvæði, að gert er ráð fyrir að sú upphæð, sem ríkissjóður greiðir í Kirkjubyggingasjóð, sé verðtryggð þannig að hún breytist í samræmi við byggingarvísitölu.

Þá er gert ráð fyrir í frv. að sú breyting verði á stjórn Kirkjubyggingasjóðs, að hún skuli kosin af Kirkjuþingi, en ekki Synodus eins og er samkv. gildandi lögum. En þegar gildandi lög voru sett var Kirkjuþingi ekki fyrir að fara.

Enn er það nýmæli í þessu frv., að nú er gert ráð fyrir að lán, sem Kirkjubyggingasjóður veitir til kirkjubygginga, beri vexti, en þau hafa fram að þessu verið vaxtalaus.

Enn fremur má geta þess, að sú breyting er í frv., að gert er ráð fyrir að lán Kirkjubyggingasjóðs, sem verið hafa til 50 ára, verði til 40 ára.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta

merka frv. En það má minna á að sums staðar í öðrum löndum, þar sem þjóðkirkja er eins og hér hjá okkur, stendur hið opinbera algerlega að kostnaði við kirkjubyggingar. Hér á landi hefur verið, eins og kunnugt er, almennur áhugi á kirkjubyggingum, einstaklingar og félagasamtök hafa lagt fram fé til þessara mála. Með tilliti til þess er ekki óeðlilegt að ríkið leggi sitt af mörkum.

Ég vil svo að lokum geta þess, að breytingar þær, sem hv. Nd. gerði á frv., eru einungis fólgnar í því að færa gamlar kr. til nýkr., auk þess sem sett voru eðlileg ákvæði um gildistöku laganna. Það er ekkert nema gott að segja um breytingar þeirra í Nd. og sýnir að þar neðra er lofsverður kirkjulegur áhugi.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Dagvistarheimili fyrir börn, frv. (þskj. 546). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til menntmn. með 14 shlj. atkv.

Horfnir menn, frv. (þskj. 716 (sbr. 7)). — 1. umr.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Frv. til l. um horfna menn var lagt fram á fyrstu dögum haustþings. Því er ætlað að koma í stað laga nr. 23 frá 1922, um sönnun fyrir dauða manna sem ætla má að farist hafi af slysum, og seinni breytinga á þeim lögum. Eins og að líkum lætur hefur margt breyst á þeim tæpu 60 árum sem liðin eru frá því að hin gömlu lög gengu í gildi. Var því talin full þörf á að breyta þessari löggjöf. Frv. þetta er samið að tilhlutan dómsmrn. af Ármanni Snævarr hæstaréttardómara. Um þetta frv. má margt segja, en aðeins fá orð verða látin falla um það að sinni.

Þegar maður hefur horfið, þ. e. þegar þeir, sem hagsmuna hafa að gæta vegna dauða hans, geta ekki sannað hvar hann er niður kominn eða hvort hann er lífs eða liðinn, geta skapast ýmis vandkvæði í sambandi við eignir hans og réttarstöðu og einnig fyrir ýmsa þá sem standa í lögskiptum eða lögtengslum við hann. Ljóst er að það skiptir miklu máli að lögum að ganga úr skugga um hvort maður sé lífs eða liðinn, enda tengjast margháttuð lagaáhrif við andlát manns. Minna má á að við andlát fellur réttháefi manns almennt niður. Þá reynir á sérstaka skiptameðferð á búi hans. Hjúskapur fellur niður. Refsiábyrgð fellur brott. Á líftryggingagreiðslur getur reynt og greiðslur annars lífeyris. Framfærsluskylda fellur niður. Ýmis skattaréttarleg áhrif eru bundin við látið. Gera þarf ráðstafanir út af rekstri embættis eða annars opinbers starfs, er andlát ber að höndum, svo og um fyrirsvar er maður hefur haft fyrir fyrirtæki eða vegna rækslu hans sem fjárráðamanns ólögráða. Þannig mætti lengi telja.

Frv. þetta er 7. mál þingsins. Um það hefur verið fjallað í Nd. og hefur það hlotið einróma samþykki að öðru leyti en því, að nokkrir frestir eru styttir. Geri ég ekki sérstaka athugasemd við það.

Ég hef þessi orð ekki fleiri, en vænti þess, að þetta frv. fái greiða göngu í þessari deild og meðferð. Ég legg til að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Hollustuhættir, frv. (þskj. 738 (sbr. 717)). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. aktv.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir eftir nokkrar breytingar í Nd., hefur fengið ítarlega meðferð undanfarin ár í sérstakri nefnd sem skipuð var af fyrrv. heilbr.- og trmrh. Matthíasi Bjarnasyni í ágústmánuði 1978. Þeirri nefnd var falið að endurskoða lög nr. 12/1969, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með hliðsjón af fenginni reynslu og enn fremur að semja drög að nýrri heilbrigðisreglugerð.

Fljótlega eftir að nefndin kom saman og að höfðu samráði við þáv. heilbr.- og trmrh., Magnús H. Magnússon, var ákveðið að undirbúa tillögugerð, nokkru víðtækari en í öndverðu var ætlað, um sameiningu þeirra stofnana svo og samvinnu þeirra nefnda og annarra aðila sem með mál fara á þessu sviði. Í framhaldi af þessari ákvörðun var Guðlaugur Hannesson, forstöðumaður Matvælarannsókna ríkisins, skipaður í nefndina. Enn fremur var Eyjólfur Sæmundsson, fyrrv. deildarverkfræðingur hjá Heilbrigðiseftirliti ríkisins og núv. forstjóri Vinnueftirlits ríkisins, ráðinn sérstakur ráðgjafi nefndarinnar með hliðsjón af mengunarmálefnum. Að öðru leyti áttu sæti í nefndinni dr. Jón Sigurðsson, fyrrv. borgarlæknir, Þórhallur Halldórsson, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar, Hrafn V. Friðriksson yfirlæknir, forstöðumaður Heilbrigðiseftirlits ríkisins, og Albert K. Sanders, bæjarstjóri í Njarðvík.

Þessi nefnd vann mjög gott starf og lagði fyrir mig, fljótlega eftir að ég kom í heilbrrn., tillögur sínar að frv. til l. um hollustuhætti og hollustuvernd sem nú hefur í meðferð Nd. fengið nafnið um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Ég lagði frv. fyrir hv. Alþingi fyrir jól og mælti fyrir því í Nd. 3. des. s. l. Þar gerði ég grein fyrir helstu breytingum sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Þær eru allvíðtækar, einkum að því er varðar einföldun á því eftirlitskerfi sem hefur verið á þessum sviðum. En í frv. er gert ráð fyrir að sérstök stofnun, Hollustuvernd ríkisins, verði sett á laggirnar og þar með væri starfsemi Matvælarannsókna ríkisins, Heilbrigðiseftirlits ríkisins og Geislavarna ríkisins sameinuð í einni stofnun og undir einni stjórn. Enn fremur er gert ráð fyrir í frv. þessu að Eiturefnanefnd, Áfengisvarnaráði og Manneldisráði verði sköpuð aðstaða innan þessarar stofnunar og þar verði um mjög náið samstarf að ræða.

Hér er um að ræða grundvallaratriði þessa frv., þ. e. einföldun á hollustueftirliti, á heilbrigðiseftirliti og

hollustuvernd í landinu. Hitt meginatriði frv. er það, að hér á landi hefur ekki verið í gildi heildstæð mengunarvarnalöggjöf. Reglugerðir um mengunarvarnir, sem settar hafa verið, hafa byggt á lögunum um eiturefni og hættuleg efni og fá fyrirmæli hafa verið í lögum um þessi mál nema í sérlögum um einstaka þætti og stofnanir. Er lagt til í þessu frv. að veruleg bót verði ráðin á í þessu efni þannig að lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nái einnig yfir mengunarvarnir. En það er ekki ætlast til þess — og ber að leggja á það áherslu — að þetta frv., ef að lögum verður, nái yfir mengunarmálefni sem þegar gilda um sérlög og alþjóðasamþykktir. Má í þeim efnum nefna lög nr. 51/1970, um Siglingamálastofnun ríkisins, en þar er Siglingamálastofnun ríkisins m. a. falið að annast mengunarvarnir á sjó í samræmi við alþjóðasamninga frá 1966 um losun úrgangs í sjó.

Við meðferð málsins í hv. Nd. voru gerðar nokkrar breytingar á frv. sem ég vil aðeins víkja að mjög lauslega og þó sérstaklega einni þeirra. Í frv., eins og það lítur út eftir 2. umr. í Nd., er gert ráð fyrir að 36. gr. orðist svo:

„Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 1982. Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 12/1969, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, lög nr. 74/1977, um Matvælarannsóknir ríkisins, svo og ósamrýmanleg ákvæði annarra laga."

Ábendingar komu fram um það við 3. umr. málsins í Nd., að hér væri í raun og veru ekki um nægilega heppilegt orðalag að ræða og væri því nauðsynlegt að það kæmi fram hjá ráðh. við framsögu fyrir málinu í síðari deild, hvaða lög hér væri einkum átt við. Vil ég fara yfir þann lista hér svo að hv. Ed. geti glöggvað sig á þeim lögum sem hér er átt við, og á sá listi í raun og veru að vera tæmandi. Hér er átt við lög um hundahald og varnir gegn sullaveiki, lög um varnir gegn jónandi geislum frá 1962, lög nr. 27/1977 um tóbaksreykingar, lög um heilbrigðiseftirlit og hollustuhætti, lög um matvælarannsóknir, lög um eiturefni og hættuleg efni og áfengisvarnalög.

Hér er um að ræða eina sjö lagabálka sem þetta snertir með einhverjum hætti, mismunandi miklum. Í sumum tilvikum er gert ráð fyrir að þessi lög, sem ég nefndi, verði afnumin algjörlega. Í öðrum tilvikum stendur málið þannig að þetta frv., ef að lögum verður, mun snerta framkvæmdaþætti þeirra laga sem ég nefndi áðan, t. d. laganna um hundahald og laganna um varnir gegn jónandi geilsum.

Ég held að þessi upptalning eigi að vera nægjanleg til þess að taka af tvímæli um það, að hér er í raun og veru ekki verið að afsala neinu valdi úr höndum Alþingis varðandi lagasetningu. Hér er aðeins verið að taka af tvímæli þegar hugsanlega er um það að ræða að þau tilteknu lög, sem ég taldi upp áðan, rekist á þau ákvæði sem gert er ráð fyrir í frv. þessu.

Eitt veigamesta ákvæði frv. og markverðasta nýmæli er um stofnun Hollustuverndar ríkisins. Þeirri stofnun er ætlað að hafa yfirumsjón með hollustueftirliti, matvælaeftirliti, mengunarvörnum og rannsóknum þessu tengdum og á hún að sjá um framkvæmd þessa í samræmi við frv. þetta, reglugerðir og ákvæði annarra laga og reglna. Stofnuninni er ekki ætlað það sem kallað er beint hollustueftirlit nema í undantekningartilvikum, þar sem kosið er að halda því fyrirkomulagi að sveitarfélög hafi slíkt áfram, en þó á nokkuð annan veg en hingað til. Stofnuninni er sérstaklega ætlað að halda uppi fræðslu fyrir almenning um mál, er varða hollustu, og standa fyrir námskeiðum fyrir þá aðila, sem vinna að þessum málum, og enn fremur að standa fyrir menntun og fræðslu fyrir hollustufulltrúa. Á slíkt hefur skort til þessa og er hér um að ræða einhver mikilvægustu ákvæði frv. Eins og ég sagði áðan eru það þó tvö meginatriði sem mestu skipta varðandi þetta frv. Annars vegar er hér um að ræða einföldun stjórnkerfisins og hins vegar er hér um að ræða þýðingarmikil ákvæði um mengunarvarnir.

Við meðferð málsins í hv. Nd. kom það fram, einkum hjá einum hv. þm., að hér væri um það að ræða að Hollustuvernd ríkisins hefði mjög óskyggilegt vald, að ekki væri meira sagt, hún hefði í rauninni svo hrikalegt vald samkv. þessum lögum að dómstólakerfið væri gagnvart henni svo að segja afnumið. Þetta er mikill misskilningur, eins og þar kom fram. Og hvað snertir valdsvið Hollustuverndar ríkisins sem stofnunar er gert ráð fyrir að það verði að mestu óbreytt miðað við vald Heilbrigðiseftirlits ríkisins samkv. gildandi lögum.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að taka lengri tíma deildarinnar í að gera grein fyrir þessu máli. Ég vil fyrir mitt leyti leggja á það áherslu, að málið fái lokameðferð þegar á þessu þingi í þessari hv. deild. Það hefur þegar verið rækilega undirbúið. Um það er góð samstaða fulltrúa úr öllum flokkum — eða þannig kom það út í hv. Nd. Ég geri mér því góðar vonir um að svo hljóti einnig að fara hér að samstaða náist um þetta mál með fulltrúum allra flokka, enda hefur það í rauninni verið svo við undirbúning málsins að þar hafa komið við sögu menn úr öllum þeim flokkum sem nú eiga sæti á Alþingi, beint og óbeint. Ég held því að hægt sé að treysta því, að hér sé um að ræða faglega vel undirbúið mál, mjög faglega undirbúið og tímabært. Hér er gerð tilraun til að einfalda hlutina þannig að ekki sé um að ræða hættu á skörun á milli stofnana, eins og menn hafa bent á að hætta kynni að vera á. Og ég verð auðvitað að taka fram að oft hljóta að geta komið upp markatilvik á milli stofnana sem fjalla um hollustuhætti og almenna heilbrigðisvernd í landinu. Slíkt þarf engum að koma á óvart í sjálfu sér. En hér er unnið að því að einfalda hlutina og draga úr þessari hættu.

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 13 shlj. atkv.

Söluskattur, frv. (þskj. 688). — 1. umr.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Í Nd. Alþingis kom fyrir nokkru fram frv., 139. mál, um söluskatt með áorðnum breytingum. Þetta frv. fól í sér að heimilt væri að fella niður söluskatt af tilteknum vörutegundum, þ. á m. vogum og rafeindabúnaði í flokkunarvélar. Þetta mál kom nokkuð til umr. meðal þm. áður en það var flutt. Ég var einn þeirra sem ræddu þetta mál meðan það var á undirbúningsstigi, og ég taldi strax að málið hefði þann vankant að með því að fella niður söluskatt af enn einni vörutegundinni væri verið að gera innheimtu söluskatts snúnari og erfiðari, og er hún þó nógu snúin fyrir

vegna þeirra fjöldamörgu undanþáguákvæða sem í lögum eru um greiðslu söluskatts.

Frv. var flutt af nokkrum áhugamönnum um þetta mál og var ekkert við það að athuga. Það fór síðan til nefndar, en kom svo snögglega úr nefndinni fyrir einni viku og rann þá skjótlega í gegnum Nd. Alþingis. Í nál., sem undirritað var af öllum nm. fjh.- og viðskn. Nd., var þannig tekið til orða:

„Nefndin hefur rætt frv. þetta á nokkrum fundum sínum og haft samráð við fulltrúa frá fjmrn. Nefndin hefur orðið sammála um að leggja til að frv. verði samþykkt."

Ég tel óhjákvæmilegt að láta þess getið hér, að þessi ummæli í nál. í Nd. eru mjög villandi, að ekki sé meira sagt. Fjmrn. sendi umsögn um þetta mál snemma í vetur *og mælti mjög eindregið gegn samþykkt frv., og öll afskipti* fjmrn. af málunu voru á þann veg, að mælt var gegn því að það næði fram að ganga. En eftir sem áður leyfa nm. í fjh.- og viðskn. Nd. sér að komast þannig að orði, að haft hafi verið samráð við fulltrúa frá fjmrn., og gefa þannig ótvírætt í skyn að þetta sé gert með samþykki rn. og fulltingi. Þetta tel ég vera ótvíræða blekkingu eða fölsun og get ekki látið hjá líða að mótmæla því, að þannig skuli að málum staðið. Síðan rann þetta mál svo snögglega í gegn, að t. d. vissi ég ekki fyrr en málið hafði verið afgreitt frá Nd.

Ég hef vísað til þess hér, að fjmrn. hafi sent neikvæða umsögn um þetta mál, og ég tel óhjákvæmilegt að lesa hana hér vegna þess að þar koma fram þau rök sem fram voru borin gegn þessu máli, en umsögnin var á þessa leið:

„Ráðuneytið vísar til erindis fjh.- og viðskn., dags. 8. des., þar sem m. a. er óskað umsagnar um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, með áorðunum breytingum, 139. mál. Í umræddu frv. er lagt til að söluskattur af vogum og rafeindatækjum til mælinga og skoðana í fiskiðnaði verði felldur niður. Af þessu tilefni tekur rn. fram eftirfarandi:

Hafa verður í huga að samkv. skuldbindingum í fríverslunarsamningum Íslendinga við EFTA og Efnahagsbandalagið verða umræddar vörur ekki undanþegnar söluskatti nema það sama verði og gert við sams konar vörur innfluttar. Af þessu má ljóst vera að niðurfelling söluskatts af nefndum tækjum kemur sem slík ekki til með að styrkja samkeppnisaðstöðu innlendra framleiðenda *þeirra gagnvart innflutningi. Þá skal bent á að tæki* þau, sem hér um ræðir, eru líklega í mörgum tilvikum ekkert frábrugðin hliðstæðum tækjum til notkunar í öðrum iðn- eða þjónustugreinum. Því verður að telja mjög varasamt að binda niðurfellingu söluskatts af þessum tækjum við fiskiðnaðinn einan vegna hættu á misnotkun og framkvæmdaörðugleikum við söluskattseftirlit. Reynslan af aðgreiningu sams konar vara eftir notkun sýnir að hún er óframkvæmanleg. Eina leiðin til að gera ákvæði sem þetta framkvæmanlegt með góðu móti er því að fella niður söluskatt af tollskrárnúmerum, 84.20.10 og 90.28.39. Cif-verðmæti innflutnings á árinu 1980 nam 305 millj. gkr. í tollnr. 84.20.10 og 507 millj. gkr. í tollnr. 90.28.39. Tekjutap ríkissjóðs af lagaboði sem þessu yrði samkv. þessu því væntanlega ekki undir 3 millj. nýkr. á þessu ári, sem telja verður mjög mikið miðað við það hagræði sem fiskiðnaðurinn og innlendir framleiðendur umræddra vara eiga að vænta af niðurfellingu söluskattsins.

Með vísan til þess, sem að framan segir, getur rn. ekki mælt með að umrætt frv. nái fram að ganga."

Í sambandi við þetta mál við ég taka það fram, að vissulega kemur mjög til álita að lækka gjöld af aðföngum hvers konar framleiðslustarfsemi hér á landi. Á það ekki aðeins við um iðnað, heldur líka um sjávarútveg og landbúnað. Ég held að óhjákvæmilegt sé að framkvæma heildarendurskoðun á tollalöggjöfinni og á ákvæðum um gjaldtöku yfirleitt og þá sérstaklega að leitast við að gera aðföng og framleiðslutæki atvinnuveganna sem allra ódýrust í innkaupi. Það er enginn vafi á því, að það er mikið nauðsynjamál að þetta verði gert, og ég efast ekkert um að vogir og rafeindatæki til mælinga og skoðana í fiskiðnaði eru meðal þeirra tækja sem sérstaklega þarf að hafa þarna í huga. En ég tel að það verði að vera eitthvert samræmi í hlutunum og að þessi tæki skeri sig ekki neitt sérstaklega úr miðað við margt annað sem daglega er óskað eftir niðurfellingu gjalda á. Ég tel því að samþykkt þessa frv. sé ákaflega hæpin út af fyrir sig, að verði að skoða þessi mál í einhverju heildarsamhengi, auk þess sem ég get ekki látið hjá líða að mótmæla þeim vinnubrögðum sem viðhöfð voru í Nd., þar sem reynt er að láta líta svo út að þetta sé gert með sérstöku samþykki eða í samráði við fjmrn. þegar það var einmitt þvert á móti.

Þegar málið var afgreitt frá Nd. komst einn hv. þm. þar svo að orði, að þetta væri sérstakt samkomulagsmál. Ég mótmæli því að svo sé. Það hefur ekki verið haft neitt samkomulag við mig um framkvæmd þessa máls.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég tel að hér sé á ferðinni allmikið framfaramál sem eðlilegt sé að Alþingi beiti sér fyrir að samþykkt verði. Við höfum hér hlustað á ræðu hæstv. fjmrh. þar sem hann hefur óskað sérstaklega eftir því, að það kæmi fram að hann væri ekki samþykkur þessu og samþykkt þessa frv. væri í andstöðu við fjmrn. Ég held að það eigi ekki að hrella menn frá samþykkt þessa frv. þó slík mótmæli hafi komið fram. Ég þekki það af reynslu minni að það er við nokkuð ramman reip að draga að koma framfaramálum af þessu tagi í gegnum fjmrn. Það tókst á sínum tíma þegar ég var sjútvrh. að fá fram nokkra ívilnun af þessu tagi. Hún var ekki eins mikil og ég hefði óskað og þess vegna var ég svolítið hnugginn yfir því framan af. En þegar ég komst að raun um að tveir forverar mínir í starfi höfðu engu náð fram, þá varð mér *ljóst við hversu afturhaldssamt afl var þarna að fást og að* menn urðu að taka hlutina skref fyrir skref.

Ég held að það frv., sem hér liggur fyrir, sé einmitt skref af því tagi sem sé eðlilegt og sjálfsagt að stigið verði. Því er haldið fram af hálfu fjmrn. í fyrsta lagi, að það séu ekki rétt rök að þetta styrki innlendan iðnað. Ég tel að það sé rangt, vegna þess að samkeppnin í þessari grein er ekki bara við sams konar tæki af erlendum toga, heldur líka við önnur tæki sem eru mekanísk að uppbyggingu, — önnur tæki, sem eru ekki byggð á rafeindatækni, heldur á öðrum aðferðum, sem hafa verið notuð til þessa. Ég get þess vegna ekki fallist á þá röksemd, að þetta styrki ekki innlendan iðnað. Það gerir það vissulega. Og ég verð að segja að það er mjög ánægjuleg þróun, sem hefur átt sér stað einmitt í þessari iðngrein, og það er ástæða til að stuðla að því, að sú þróun geti haldið áfram. Ég tel að þetta frv. geri það.

Talsmenn fjmrn. og hæstv. fjmrh. hafa talað um að hér sé ein undantekningin enn. Vitaskuld er það rétt að hér er um undantekningu að ræða. En hún er hvorki snúnari

né erfiðari, eins og gefið er í skyn, heldur en ýmsar aðrar þær undantekningar sem hafa verið samþykktar. Hún er í raun og sannleika einfaldari vegna þess að þetta eru betur skilgreindir hlutir en ýmislegt annað sem hefur verið undanþegið söluskatti. Ég get tekið sem dæmi að matvörur af ýmsu tagi eru undanþegnar söluskatti, eins og kjötvörur, og það er langtum erfiðara að hafa eftirlit með því heldur en því að þetta skuli vera undanþegið, því að hér er þó um fáeina einstaka hluti að ræða sem seldir eru af ákveðnum aðilum og ekki í bland við aðra hluti í sama mæli og ýmislegt annað það sem undanþegið er söluskatti. Sú röksemd fær því ekki staðist að þetta sé sérstaklega snúið og erfitt og hafi í för með sér einstaka erfiðleika. (**Gripið fram í:** Það býður upp á svindl.) Það býður síður upp á svindl en ýmislegt annað sem undanþegið hefur verið.

En það, sem skiptir mestu máli í þessu, er að það er ákaflega mikilvægt fyrir okkur að framvinda eigi sér stað í fiskiðnaðinum, að hann sé tæknilega vel búinn miðað við þá hörðu samkeppni sem við eigum við að búa í þessari grein, í útflutningi okkar á þessum afurðum. Og sú samkeppni fer greinilega harðnandi.

Ég mæli eindregið með því, að þetta frv. verði samþykkt. Það er vitað mál, að það stendur framþróun á þessu sviði fyrir þrifum að þessi tæki eru óþarflega dýr. Mér finnst ekki heldur að fjmrn. þurfi að hafa sérstakar áhyggjur af þeim tekjum sem það fái ekki af þessum orsökum, vegna þess að hér er um nýja hluti að ræða og þess vegna í rauninni um nýjan tekjustofn að ræða ef litið er á það af sjónarhóli fjmrn., — tekjustofn til viðbótar við aðra tekjustofna sem það getur vel látið vera að seilast í.

Ég held að við verðum að hafa það í huga, eins og ég sagði áðan, að fiskiðnaður okkar er að ýmsu leyti vanþróaður og það er meginmál fyrir okkur til þess að bæta lífskjörin í landinu og starfsaðstöðu og aðbúnað verkafólks á vinnustöðum að það takist vel til um alla framþróun. Við þurfum að vera í fararbroddi í þeim efnum. Þetta frv. miðar að því, að svo geti orðið, og þess vegna mæli ég eindregið með því, að það verði samþykkt, og tel ekki að afneitun eða mótmæli fjmrn. eigi að hafa nein áhrif á þm. að því er þetta varðar.

Guðmundur Karlsson: Herra forseti. Ég vil taka undir með hv. 2. þm. Reykn. og hvet til þess að þetta frv. verði samþykkt og nái fram að ganga nú í vor. Sú þróun hefur átt sér stað í íslenskum fiskiðnaði, að það hafa verið tekin upp rafeindatæki í vaxandi mæli og á vonandi eftir að verða enn meira nú á næstu árum. Mörg okkar ágætustu fyrirtækja eru vel búin slíkum tækjum og hafa keypt þau dýrum dómum erlendis frá, en sem betur fer á sú ánægjulega þróun sér stað, að íslensk fyrirtæki eru að byggja sig upp í rafeindaiðnaði og hafa aðallega starfað fyrir fiskiðnaðinn. Þessi fyrirtæki eru að byggjast upp bæði hér í Reykjavík, á Ísafirði og í Vestmanneyjum, og ég held að með samþykkt þessa frv. verði þessi fyrirtæki ekki síður styrkt en íslenskur fiskiðnaður. Það er vel ef við gætum náð að samþykkja þetta frv. nú fyrir vorið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

Neðri deild, 89. fundur.

Fimmtudaginn 7. maí, kl. 2 miðdegis.

Framleiðsluráð landbúnaðarins, frv. (þskj. 743). — 3. umr.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns lýsa vonbrigðum mínum yfir því, að þetta mál virðist ætla að fara í gegnum þingið á færibandi þó svo ýmsir þm. deildarinnar hafi á s. l. sumri gefið yfirlýsingar um að þeir mundu standa gegn málinu þegar til Alþingis kæmi. En við því er að búast að menn láti undan þrýstingi frá sínum flokkum og ráðherrum og rétti upp höndina með því sem þeir eru í hjarta sínu á móti þegar þannig stendur á. Maður man eftir suðurgöngum úr fornum sögum og ef menn hafa fengið aflausn synda sinna í eitt skipti fyrir öll á helgum stöðum, þá er ekki við því að búast að smáblettur sverti kannske mikið.

Í þessu frv. er svohljóðandi mgr., með leyfi hæstv. forseta: „Skattstjórar skulu fyrir 1. júní ár hvert ókeypis og ótilkvaddir gefa Framleiðsluráði upp, í því formi sem það ákveður, afurðamagn og bústofn á hverju lögbýli og hjá öðrum framteljendum, sem hafa meiri hluta tekna sinna af landbúnaði. Einnig er þeim skylt að veita aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar eru í þessu sambandi.“

Ég get ekki fellt mig við þvílíkt ákvæði í lögum og tel að það sé dæmalaust og að nauðsynlegt sé að gera úrslitatilraun til þess að þetta ákvæði falli niður. Ég held að ákvæði af þessu tagi eigi sér enga hliðstæðu, en maður er náttúrlega ýmsu vanur orðinn í því lögregluríki sem við erum farnir að búa í, og þetta frv. hefur að því leyti sérstöðu, eins og fram hefur komið, að hinir merkustu lagamenn hafa talið að hér jaðri við stjórnarskrárbrot, þar sem kveðið er á um það, að skattur sé lagður á þegnana eftir ákvörðun ráðh. og þannig um hnútana búið að ekki er einu sinni gert ráð fyrir að þessi skattheimta fari í gegnum fjárlög.

Ég vil beina þeirri fyrirspurn til hæstv. landbrh., hvort hann muni standa þannig að þessum málum fyrir næstu fjárlagaafgreiðslu að gert verði ráð fyrir að fóðurbætisskatturinn fari inn og út úr fjárlögum. Ég vil enn fremur varpa þeirri spurningu til hæstv. landbrh., hvort hann sé enn sömu skoðunar og hann var á s. l. ári, að skattur þessi kæmi ekki að gagni nema hann kæmi fyrirvaralaust í bakið á mönnum, til þess að þeir gætu ekki „planað“ á vondu máli búskap sinn til langs tíma, gert áætlun um tekjur og gjöld fram í tímann. Þetta er raunar í fyrsta skipti sem ég heyri svo komist að orði, að skattheimtan komi ekki að haldi nema hún sé ákveðin með brbl., en það var nánast það sem hæstv. landbrh. sagði á s. l. sumri um leið og hann lét þess getið, að það væri úrhendis ef Alþingi hefði gefið heimildir til fóðurbætisskattsins áður en þm. fóru heim á því vori.

Ég vil leggja til, herra forseti, að þau orð, sem ég vitnaði til áðan og snerta skattstjórana, falli niður og óska eftir því, að leitað verði heimildar til að þessi brtt. megi verða tekin fyrir.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 747) samþ. með 26 shlj. atkv.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Hv. þm. Halldór Blöndal beindi til mín fsp. og hefur flutt brtt. við frv. eins og það liggur fyrir eftir 2. umr. í Nd. Um aths. hv. þm. varðandi þá mgr., sem hann flytur brtt. um, vil ég aðeins endurtaka það sem ég greindi frá í umr. í gær, að mgr. þessi, um að skattstjórar skuli fyrir 1. júní ár hvert ókeypis og ótilkvaddir gefa Framleiðsluráði upplýsingar um afurðamagn, bústofn o. s. frv., er óbreytt frá því sem hún var ákveðin í lögunum 1979. Hér er því ekki verið að taka upp neinar nýjar kvaðir á hendur skattstofum til þess að gefa upplýsingar. En þær upplýsingar, sem hér er farið fram á, eru nauðsynlegar ef til að mynda beitt er svokölluðu kvótakerfi sem lögin gefa heimildir um. Ég vil því lýsa þeirri skoðun minni, að ég tel æskilegt, að þetta ákvæði sé áfram í lögum, og er því andvígur þeirri brtt. sem hér hefur verið lýst.

Hv. þm. spyr mig hvort ég telji að það, sem inn kemur vegna fóðurbætisgjalds, eigi að ganga inn og út í fjárlögum, fyrst vera aflað til ríkisins, en síðan greitt af ríkinu til ákveðinna viðfangsefna. Ég vil segja um það atriði, að hér er ekki um skatt til ríkisins að ræða. Hér er um að ræða gjald á tiltekna rekstrarvöru sem notað er til framleiðslustjórnunar og verður varið í þágu þeirra sem gjaldið er tekið af. Hér er því a. m. k. hæpið og umdeilanlegt að tala um þetta gjald sem skatt, vegan þess að þar er ekki um skattheimtu í venjulegum skilningi að ræða. Ég vísa til þess er ég greindi hér frá í umr. í gær varðandi það sem sagt er, að lögin eins og þau voru gangi nokkuð langt í því að afhenda vald frá löggjafarvaldinu til framkvæmdavaldsins varðandi þessa gjaldtöku og að jafnvel sé hæpið að það standist samkv. stjórnarskrá, eins og hér hefur verið haldið fram. Um það atriði hef ég leitað álits lögfróðra manna, sem lögðu til þær breytingar á lögunum frá 1979, sem ákveðnar voru með afgreiðslu hv. d. á frv. í gær. Ég sé ekki ástæðu til þess að fjalla um það frekar í löngu máli.

Þá spurði hv. þm. Halldór Blöndal hvort ég væri enn þeirrar skoðunar, að skattur þessi eigi að koma fyrirvaralaust, og taldi að ég hefði einhvern tíma sagt að þessi gjaldtaka kæmi ekki að haldi nema ákvörðun kæmi fyrirvaralaust. Þetta gjald var ákveðið með brbl. 23. júní í fyrra og það var mín skoðun, að nauðsynlegt væri eða a. m. k. miklu heppilegra að það væri gert með brbl. og fyrirvaralaust, ekki vegna þess að þessi aðgerð kæmi ekki að haldi þótt lengri aðdraganda hefði, heldur vegna þess að með því að ákvörðun væri tekin fyrirvaralaust hefðu þeir, sem væru betur megandi og hefðu meiri fjárráð, ekki möguleika til þess að birgja sig upp með birgðum af fóðurvörum áður en þessi gjaldheimta tæki gildi. Þess vegna var nauðsynlegt og hyggilegt að um fyrirvaralausa aðgerð væri að ræða. Ef aðdragandi hefði orðið hefði án efa orðið mikil mismunun á milli aðila hvað aðstöðu alla snerti til að afla sér þessara rekstrarvara. Það er allt annað en það, að þessi stjórnunaraðgerð komi að haldi. Hún hefði vitaskuld komið að haldi eigi að síður, þótt verkanir hefðu e. t. v. orðið nokkru lengur að koma fram. Þess vegna er ég algerlega sömu skoðunar enn hvað þetta snertir. Eins og þetta er nú framkvæmt er það í föstu horfi og ekki ráðgerðar neinar snöggar breytingar á því. Það getur þó þurft að grípa til breytingar eftir því sem framleiðsla segir til um, eftir því sem árferði og fóðurforði kann að segja til um og jafnvel eftir verði á innfluttu fóðri.

Frsm. meiri hl. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Út af þeirri brtt., sem hv. þm. Halldór Blöndal hefur flutt, vil ég segja það, að ef hún væri samþykkt mundi það verka þannig að bændasamtökin hefðu ekki möguleika á því að framkvæma kvótafyrirkomulagið, sem er aðalheimildin sem felst í lögunum frá 1979. Varðandi það að þetta orðalag og þetta ákvæði sé eitthvað athugavert gagnvart stjórnarskrá eða í ósamræmi við aðrar heimildir vil ég segja það, að ég held að ég sé ekki að brjóta neinn trúnað þó að ég segi frá því, að landbn. fékk Guðmund Skaftason, sem allir vita hver er, til þess að forma orðalagið á þessu ákvæði. Og ég hygg að það séu fáir hér sem efast um að hann viti hvernig orðalag á að vera á slíku til þess að það standist gagnvart lögum.

Ég vil vekja athygli hv. þm. Halldórs Blöndals á því, að í þessu frv. er ekki verið að ákveða hvaða heimildir séu notaðar eða hvernig þær séu notaðar. Það er aðeins verið að ræða um það, hvort bændasamtökin eigi að hafa rúmar heimildir til að stjórna þessum málum eða ekki. Það er alveg rétt t. d., að ég hef ekki verið sammála því, hvernig heimildirnar eru notaðar. En það er bara allt annað mál. Það mun ég gera upp og ræða á öðrum vettvangi, en ekki hér. Ég hef barist fyrir því og geri það enn, að bændasamtökin hafi sem rýmstar heimildir. Þær bera ábyrgð á því, hvernig þær nota sínar heimildir, en það á að vera þannig gengið frá þeim í lögum að þau geti notað þær eftir því sem meiri hluti ákveður hverju sinni.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég veit ekki hvort ástæða er við 3. umr. til að orðlengja þetta mjög. En það er eftirtektarvert, að hæstv. landbrh. viðurkenndi óbeint í ummælum sínum áðan að eins og staðið var að brbl. hefði verið höggvið mjög nærri stjórnarskránni, svo að hann treysti sér ekki til annars en kalla til lögfróða menn til þess að athuga, hvort hægt væri að bæta eitthvað þar úr, og þykist með því frv., sem hér liggur fyrir, sneiða fram hjá stjórnarskránni eftir því sem hægt er.

Ég get á hinn bóginn ekki fallist á það — og vil ítreka það hér — að með fóðurbætisskatti eins og hann er hér hugsaður sem hagstjórnartæki, — þá get ég ekki fallist á að þvílík heimild eigi að fara fram hjá Alþingi og að landbrh. eigi að geta skotið sér undan þeirri ábyrgð að gera þingheimi grein fyrir því, hvernig hann hefur beitt þessum heimildum. Ég held þess vegna að nauðsynlegt sé að þessi skattur komi inn í fjárlögin og landbrh. lýsi því við meðferð fjárlaga, hvaða sjónarmið hann muni hafa til hliðsjónar við yfirstjórn þessara mála. Ég held að það sé lágmarkskrafa sem hægt sé að gera til eins ráðh., Alþingi geti ekki undir öðrum kringumstæðum sóma síns vegna afsalað sér þessu valdi sem, eins og ég sagði áðan, að bestu bænda yfirsýni brýtur í bága við stjórnarskrána.

Ég skal ekki fara mjög mörgum orðum um það, hvort rétt sé hjá hæstv. landbrh. að honum hafi tekist að koma í veg fyrir að bændum væri mismunað, eins og að fóðurbætisskattinum var staðið. Við vitum að ýmsir bændur höfðu skorið niður sinn bústofn til þess að framleiða samkv. kvótanum. Það fyrirfinnast í þessu landi ýmsir stórbændur og smábændur sem hefur tekist að halda á stjórn síns búskapar með þeim hætti að afurðir eru í samræmi við þann kvóta sem þeim var skammtaður. Þessir bændur verða að greiða fóðurbætisskatt ofan á tekjumissinn vegna niðurskurðarins. Þetta er hæstv.

landbrh. kunnugt. Honum er einnig kunnugt að hið vonda sumar 1979 hafði þau eftirköst að framleiðslan hlaut að dragast saman. Ég hef meira að segja heyrt því haldið fram, að fóðurbætisskatturinn, eins og að honum var staðið, muni til langframa valda meira tjóni í framleiðslumálum landbúnaðarins en bætt verði á skömmum tíma. Einkanlega á það við um Eyjafjörð, að menn urðu fyrir tvöföldum áföllum vegna þess að þannig var á þessum málum haldið, eins og hv. 2. þm. Norðurl. e. veit allra manna best. Ég hygg að tjón eyfirskra bænda margra hverra nemi millj. gkr. af þeim brbl. sem hæstv. landbrh. lagði fyrirvaralaust á og stóðust ekki stjórnarskrá að margra manna áliti eða a. m. k. jaðraði við að stæðust ekki stjórnarskrá.

Ég vil svo ítreka það, að ég tel að þær heimildir, sem hér felast í skyldu skattstjóra til þess að gefa Framleiðsluráði upplýsingar, séu langt umfram það sem nauðsynlegt sé og eðlilegt til þess að hægt sé að halda uppi stjórn á framleiðslumálum landbúnaðarins. Það mundi engin önnur stétt í landinu sætta sig við ákvæði af þessu tagi. Og ég sé ekki að bændur eigi þar að gjalda þess, að forustumenn þeirra standi ekki nógu vel á þeirra rétti. Ég vil þess vegna leggja áherslu á það, að deildin nemi á brott þessar rúmu heimildir Framleiðsluráðsins til þess að hnýsast í einkamál bænda.

ATKVGR.

Brtt. 747 felld með 16:11 atkv.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Tímabundið innflutningsgjald á sælgæti og kex, frv. (þskj. 37, n. 507 og 645). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Mál þetta var afgreitt frá fjh.- og viðskn. nál. dags. 12. mars. Ég hafði staðið í þeirri meiningu að mál þetta hefði hlotið afgreiðslu. Þess vegna tók það mig dálitla stund að finna málið.

Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um þetta frv. á nokkrum fundum. Eins og menn vita er hér um að ræða staðfestingu á brbl. sem gefin voru út 5. sept. 1980. Þessi löggjöf hefur hlotið allverulega umr. hér á Alþingi í tengslum við önnur mál og sé ég ekki ástæðu til að efna til frekari umr. hér um þetta mál.

Meiri hl. n. leggur til að frv. verði samþykkt, en minni hl. n. skilar séráliti. Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson undirritaði nál. meiri hl. með fyrirvara, eins og sjá má í nál. á þskj. 507.

Frsm. minni hl. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Á s. l. hausti hélt ríkisstj. því fram, að réttlætanlegt væri að gefa út brbl. og leggja sérstakt vörugjald á innflutt sælgæti og kex vegna samdráttar í innlendri framleiðslu. Á það var bent, að til stöðvunar atvinnurekstrar í þessum iðngreinum gæti komið. Þegar til þings kom hafði ríkisstj. með öllu gleymt þessum forsendum brbl. og til þess að afla ríkissjóði aukinna tekna var þá hækkað vörugjald á sælgæti og gosdrykkjum, en því hefur hins vegar verið breytt nú eins og kunnugt er.

Það er ljóst af brbl. að þau voru sett til þess að afla ríkissjóði tekna, en ekki af umhyggju fyrir sælgætisiðnaðinum. Hér er um að ræða framhald af skattastefnu núv. ríkisstj. í framhaldi af skattastefnu vinstri stjórnarinnar 1978—1979 sem undirritaðir nm. eru andvígir.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Eins og fram kom við 1. umr. um þetta mál í haust, þegar frv. var hér til 1. umr., hafði í kjölfar þess, að innflutningur á sælgæti og kexi hafði verið gefinn frjáls, aukist mjög innflutningur þessa varnings og kom það niður á sölu á innlendri framleiðslu uns svo fór að bæði framleiðendur og verkafólk í íslenskum sælgætis- og kexiðnaði voru farin að hafa stórar áhyggjur af þeirri þróun sem við blasti. Bæði iðnrekendur og eins verkafólk í þessum iðnaði höfðu þess vegna samband við stjórnvöld og óskuðu eindregið eftir því, að eitthvað yrði gert — ekki til þess að stöðva þennan innflutning, heldur til þess að gefa íslenskum iðnaði tækifæri til þess að laga sig frekar að þeirri nýju samkeppni sem hann átti við að etja í þessu sambandi. Hæstv. ríkisstj. tók þess vegna þá ákvörðun að setja brbl. um sérstakt innflutningsgjald á sælgæti og kex. Í brbl. er ákvæði um að þetta innflutningsgjald eigi að falla úr gildi 1. mars 1982.

Það hefur margoft komið fram hjá okkur Alþfl.-mönnum hér á Alþingi, að við teljum að þegar sílkar aðgerðir eins og hér um ræðir eru gerðar til stuðnings við tiltekna innlenda framleiðslu, sem á í erfiðri samkeppni við innflutta framleiðslu af svipuðum toga, og til þess að vernda atvinnutækifæri fólksins, sem þar starfar, þá eigi frá upphafi að miða slíkar aðgerðir við að þær renni út á tilsettum tíma þannig að menn gangi að því gefnu hvað þessi sérstaki stuðningur, sem auðvitað kemur fram í hærra vöruverði en þyrfti að vera, á að endast lengi og hvað menn fá langt ráðrúm til þess að búa sig undir frekari samkeppni. Það kom því fram strax við 1. umr. þessa máls, að við þm. Alþfl. í þessari hv. d. og raunar í Ed. líka værum reiðubúnir til þess að styðja þetta sérstaka tímabundna innflutningsgjald, en bentum hins vegar á hvort ekki væri eðlilegt að í stað þess, að það félli niður í einni svipan 1. mars 1982, eins og frv. gerir ráð fyrir, en yrði að fullu innheimt til þess tíma, þá yrði gildistökuákvæðinu breytt þannig að það yrði afnumið í áföngum til 1. mars 1982, svo að gjaldið þyrfti ekki að skipta svo miklu máli þegar það yrði endanlega afnumið. Á þetta sjónarmið okkar var hins vegar ekki fallist í nefndinni. Við gerum það út af fyrir sig ekki að svo stóru atriði að við snúumst gegn frv. um staðfestingu á brbl. þess vegna.

Frá því að frv. var lagt fram til staðfestingar á þessum brbl. gerðist það hins vegar, að ríkisstj. virtist hafa skipt um skoðun, því að nokkru eftir að þessi brbl. voru gefin út lagði hún með samþykkt stjórnarmeirihluta á Alþingi á þessa sömu innlendu framleiðslu sérstakt vörugjald sem hefur nú nýlega verið lækkað nokkuð á gosdrykkjum. Af þessum ástæðum m. a. undirritaði ég nál. með fyrirvara, því að satt að segja fæ ég ekki séð hvernig ríkisstj. getur rökstutt brbl. sín frá því í sumar með sömu rökum og hún gerði þá eftir að hafa lagt á innlenda sælgætisframleiðslu það sérstaka vörugjald sem hæstv. ríkisstj. gerði með atfylgi meiri hl. síns hér á Alþingi nú fyrir nokkrum vikum. Ég vil aðeins leyfa mér að vekja athygli hv. þm. á því, að bæði þessi gjöld eru nú staðreynd, bæði hið tímabundna innflutningsgjald og enn fremur hið sérstaka vörugjald. Og ég bið menn aðeins að hugleiða hvaða áhrif það mundi hafa fyrir íslenskan sælgætis- og kexiðnað ef hið sérstaka tímabundna innflutn-

ingsgjal yrði nú fellt niður með því að þetta frv. yrði ekki samþykkt og brbl. þar með felld úr gildi, en eftir stæði hið sérstaka vörugjald sem hæstv. ríkisstj. hefur lagt á hina innlendu framleiðslu. Þá yrði staða íslensks iðnaðar að þessu leytinu til mun verri en hún var áður en þetta sérstaka tímabundna innflutningsgjald var lagt á hinn innflutta varning. Fæ ég ekki séð hvernig hv. sjálfstæðismenn geta í raun réttri greitt atkv. gegn þessu frv. um tímabundið innflutningsgjald þegar þær afleiðingar eru hafðar í huga, að verði þetta frv. fellt mundi samkeppnisaðstaða hins íslenska iðnaðar vera verri eftir þá aðgerð heldur en í sumar áður en brbl. um hið sérstaka tímabundna innflutningsgjald voru sett, vegna þess að það hefur breyst í millitíðinni að á hina innlendu framleiðslu hefur, eins og ég sagði áðan, verið í vetur lagt hið sérstaka vörugjald.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22:11 atkv.
2.—7. gr. samþ. með 22:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Veiðar í fiskveiðilandhelgi, frv. (þskj. 221, n. 529 og 530). — 2. umr.

Frsm. minni hl. (Karvel Pálmason): Herra forseti. Það mál, sem hér á nú að taka til 2. umr., er flutt af hæstv. sjútvrh., ekki sem stjfrv. Nú stendur svo á að hæstv. ráðh. er fjarverandi úr þinginu. Ég tel óhæfu að taka til umr. mál sem þetta þegar flm. er fjarstaddur. Það eru því eindregin tilmæli mín til hæstv. forseta, að 2. umr. um þetta mál fari ekki fram fyrr en hæstv. ráðh., sem er flm., er viðstaddur umr. Mér finnst það lágmarkskrafa, burt séð frá því hvort hann vill að málið verði rætt, — þá sé það lágmarkskrafa okkar þm. að við getum fengið ýmsar upplýsingar og beint fyrirspurnum til ráðh. sem er flm. að málinu. Ég ítreka því að það er eindregin ósk mín til hæstv. forseta að málið verði ekki tekið til umr. fyrr en flm. er viðstaddur.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Skilað var nefndaráliti í þessu máli hinn 19. mars og síðan hefur uppstyttulaust verið nauðað á mér um það af hv. þm. sitt á hvað að taka þetta mál út af dagskrá og ekki orðið uppstytta á því nema snöggvast í páskahléinu. Þessu mun ekki fram haldið með þessum hætti. Alltaf eru einhverjir hæstv. ráðh. til andsvara ef upplýsinga þarf með, fyrir nú utan það sem þetta frv. er örstutt og afar skýrt hvað um er að tefla. Þar við bætist að hv. sjútvn. hlýtur að hafa sent málið til umsagnar og kallað á þá menn sem upplýsingar áttu að veita.

Ég mun fallast á að þetta mál verði ekki tekið til umr. í dag, en það verður þá á morgun og þá verður látinn ganga í því leppurinn og þvaran.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að andmæla þessum úrskurði forseta. Eins og hér hefur komið fram er málið búið að fá afgreiðslu í nefnd, það er búið að leita umsagnar og það hafa komið umsagnir um málið, það hafa verið sendar inn mjög ítarlegar ritgerðir og niðurstöður rannsókna frá Hafrannsóknastofnun Íslands. Ég fæ ekki séð hvað er eiginlega til þess að fyrirbyggja að málið sé tekið til umr. nú þegar, nema þessir örfáu menn, sem virðast vera á móti málinu af trúarástæðum og hafa þess vegna ekki mótmælt í páskavikunni, en alla daga endranær, þurfi endilega að fá alltaf sitt mál fram í þessari deild.

Frsm. minni hl. (Karvel Pálmason): Herra forseti. það má vera að oft hafi verið beðið um frestun á þessu máli af einhverjum þm. hér í deildinni. Ég vil þó taka fram að ég hef ekki beðið um frestun á málinu. Ég var tilbúinn að ræða það eftir að n. hafði skilað störfum, eins og hæstv. forseti tiltók, 18. eða 19. mars. Það hefur því staðið á einhverjum öðrum fremur en mér að ræða málið. En ég tel ótækt að taka hér upp þá siði í þinginu að ræða mál — ég tala nú ekki um deilumál — að flm. fjarstöddum. Ég ítreka því enn ósk um það, að þetta mál verði ekki tekið til umr. hér í þinginu nema flm. málsins sé viðstaddur, því að vissulega þó að n. hafi skilað áliti, fengið umsagnir, þá getur verið ýmislegt sem þm. vilja spyrja flm. um og ræða við hann hér í þinginu.

Ég ítreka að ég óska þess sérstaklega, að málið verði ekki rætt fyrr en hæstv. sjútvrh. sem flm. málsins er hér viðstaddur og getur tekið þátt í umr.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Hvaða bragða á að neyta ef flm. gengju nú fyrir ætternisstapa. (**KP:** Þá tek ég ósk mína til baka.)

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Það er að sjálfsögðu hægt að óska eftir því, að hv. 6. landsk. fari á miðilsfund og reyni þá að ná sambandi við hann. En mér þykja þetta harla léttvæg rök hjá hv. 6. landsk., að koma hér fram og bera fram einhverjar óskir í nafni sjútvrh. Hæstv. ráðh., sem flytur þetta frv. sem þm., en ekki sem ráðh. — þetta er ekki stjfrv., — hann hefur flutt og fylgt málinu úr hlaði og málinu var vísað til hv. n. í deildinni sem hefur skoðað málið mjög gaumgæfilega og gefið út sitt nál. Þeir, sem mæla með samþykkt málsins í n., eru að sjálfsögðu reiðubúnir til þess að svara af hverju þeir mæla með málinu. Og ef það er eitthvað sem vefst fyrir hv. 6. landsk., þá veit ég að formaður n.; hv. þm. Garðar Sigurðsson, getur uppfrætt hann um það sem á vantar.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Ég styð till. og málflutning hv. 6. landsk., en mér dettur ekki í hug að deila við dómarann, hæstv. forseta, fellst því á úrskurð hans. Hins vegar hvað sjálfan mig snertir er mér sama hvort þetta mál kemur undir atkv. seint eða snemma. Ég greiði atkv. gegn því. (**Forseti:** Hæstv. dómsmrh. segir nei við málinu.)

Forseti (Sverrir Hermannsson): Þessari umr. um þingsköp er lokið. Ákvörðun mín stendur óhögguð. Mál þetta kemur til umr. á deildarfundi á morgun og þess verður freistað að ná lokaafgreiðslu málsins þá.

Varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum, frv. (þskj. 521, n. 728). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 29 samhlj. atkv.

Frsm. (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Það verður vonandi hægt að koma þessu máli áfram, óskandi að sértrúarsöfnuður kolaverndarmanna grípi ekki þar í taumana.

Allshn. deildarinnar hefur fjallað um þetta mál nokkuð á sínum fundum, að vísu ekki mjög vendilega vegna þess að það var skoðað vel í Ed. Við höfum ekki eytt í það löngum tíma. Málið er nefnilega býsna ljóst. Aðalatriði þess er það, að Ísland verði aðili að samningi um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum.

Það má öllum Íslendingum vera ljóst, að fáum þjóðum er eins mikil nauðsyn á hreinum sjó og Íslendingum. Mengun sjávarins er orðin ákaflega mikil og á hættustigi víða um heim þannig að lífi sjávar er á mjög stórum hafsvæðum veruleg hætta búin og allmörg innhöf eru næstum orðin dauð höf, eins og stundum er tekið til orða. Það verður kannske ekki hér á þessum hafsvæðum, en allt um það tel ég og við í allshn. sjálfsagt að ríkisstj. verði með samþykkt þessa frv. veitt heimild til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Eins og menn hafa orðið áþreifanlega varir sem hlýtt hafa á auglýsingar Ríkisútvarpsins nú í hádeginu, þá eru í dag 30 ár liðin síðan bandaríska varnarliðið tók sér bólfestu hér á Íslandi. Í því sambandi hafa áhugamenn um þau mál boðað til mikilla fundahalda í dag. Frv. þetta er frv. til l. um varnir gegn mengun sjávar og mun sennilega vera eina varnarmálaumræðan sem á sér stað á Alþingi í dag af hálfu þm. Alþb.

Jósef H. Þorgeirsson: Herra forseti. Það var út af upphafsorðum hv. frsm. allshn. sem mig langaði að varpa fram þeirri spurningu, hvort sértrúarsöfnuður koladrápsmanna gæti ekki fallist á að það væri jafnvel áhrifaríkari aðferð við að drepa kola og eyðileggja Faxaflóa að leyfa menguninni að hafa sinn framgang.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Það fer vart á milli mála, að það er sterkt álit margra þeirra sem í kringum Faxaflóa búa, — og ég tek þetta sérstaklega fram vegna þeirra orða sem hv. 2. landsk. þm. viðhafði hér, — að það sé meiri mengun af þeirri starfsemi, sem þar fer fram af hálfu sementsverksmiðjunnar á Akranesi heldur en nokkurn tíma af örfáum veiðarfærum þótt dragnót heiti í daglegu tali.

Frsm. (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Hv. alþm. hafa gefið tækifæri til þess, þrátt fyrir allt, að skarkolaveiðin í Faxaflóa sé hér rædd. Ég hóf alls ekki máls á því í raun og veru. En ég nefndi þetta, þennan sértrúarsöfnuð, áðan í örfáum orðum mínum vegna þess að sé ekki hægt að ræða það mál sem var á dagskrá áðan, um breytingu á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, vegna þess að flm. sé ekki viðstaddur, þá ætti með sömu röksemdum ekki að vera mögulegt að taka þetta mál til afgreiðslu vegna þess að þarna er um utanríkismál að ræða og utanrrh. ekki viðstaddur.

En samræmið og röksemdafærslan er ekki sterkasta hlið þeirra manna sem eru á móti því að sækja hér í sjóinn með ákaflega sakleysislegu veiðarfæri, skaðlitlu, á mjög takmörkuðu svæði í Faxaflóa, líklega í mesta lagi 15% af svæðinu, kolaafla sem er a. m. k. 5 milljarða kr. virði á ári, að vísu gamalla, með tiltölulega litlum tilkostnaði, færandi mikla björg í bú og talsverða vinnu fyrir landsmenn — af ástæðum sem eru mönnum næstum því óskiljanlegar vegna þess að þegar menn eru að tala um dragnót núna, þá sem nú er notuð og þá dragnót sem var notuð hér áður fyrr, þá er þar alls ekki um sambærileg veiðarfæri að ræða, á engan handa máta, fyrir utan það að röksemdafærsla þessara manna gegn dragnótaveiðum, m. a. sú að veiði hafi dregist saman í flóanum vegna þess að dragnótaveiði hafi verið stunduð hér áður fyrr, auðvitað með miklu afkastameira tæki en hér er verið að tala um, hefur alls ekki verið sönnuð. Þetta eru bara fullyrðingar sem hver étur upp eftir öðrum án þess að hafa hugmynd um, margir hverjir, hvað þeir eru að tala um, því miður. Þetta er leiður ósiður. Þetta eru auðvitað bestu menn, sem eru vandir að virðingu sinni og vilja sem best vinna að sínum störfum, t. d. eins og hv. þm. sem skaut þessu fram áðan, Jósef Þorgeirsson. Ég hef unnið með honum í nefnd og hann vinnur þar prýðilega. En þegar kemur að máli eins og þessu, þá er eins og sé dregin svört dula fyrir framan augun á þeim og stungið svörtum töppum — allt skal það vera svart — í eyrun á þeim þannig að þeir hvorki heyra né sjá einfaldar og sjálfsagðar staðreyndir, því miður.

Við ræðum þetta betur á morgun. Hæstv. forseti hefur lofað því, að þetta komi á dagskrá og verði rætt. Það eru *næstum tveir mánuðir liðnir frá því að þetta mál var* afgreitt hér úr nefnd. Ég veit ekki um neitt mál sem hefur verið dregið svo lengi að taka til 2. umr. af öllum þeim málum sem lögð hafa verið fyrir þingið. Til dæmis að taka er verið að ræða núna samtímis þessi tvö mál, frv. um nýtingu kolans við Íslandsstrendur, dýrasta fiskafla sem fyrirfinnst í veröldinni, það er 174. mál, og 263. mál, ósköp einfaldlega vegna þess að tiltölulega mjög fáir einstaklingar virðast ráða óhóflega miklu í þessari löggjafarsamkomu þegar mál af þessu tagi ber á góma. Það er ekki eins og alltaf í munni hv. þm. Halldórs Blöndals um Alþb.-menn að ræða, ekki að þessu sinni. Þeir ráða greinilega ekki miklu þar þegar verið er að fjalla um höfuðatvinnuveg landsmanna. (**HBl:** Alþb. ræður samt miklu.) Það verður að hafa sinn gang. Við erum að fjalla hér um annað frv. algerlega óskylt hinu fyrra og erfitt að tengja það svokölluðum varnarmálum, eins og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, formaður þingflokks Alþfl., var að reyna að bögglast við. Sú athugasemd var auðvitað ákaflega þunn í roðinu. En flest er hey í harðindum og ég hef fyrirgefið honum þetta frumhlaup.

Herra forseti. Ég legg áherslu á að þetta frv. fái sína eðlilegu afgreiðslu. Það er nú til 2. umr. í seinni deild. Þetta er mjög mikilvægt mál um varnir gegn mengun, þar sem mengun sjávar er líklega það hættulegasta sem fyrir getur komið fyrir þjóð sem lifir á sjávarafla.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég neyðist til þess að vekja sérstaka athygli á því, að það frv., sem til umr. er, er ekki frv. um „snurrevoð".

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Það mál, sem hér er til umr., er mikið og merkilegt mál, og þeim ræðumanni, sem tók hér einna fyrstur til máls, þótti ástæða til þess að láta það mál, sem beðið var um að taka af dagskránni, falla undir það sem verið er að varast með samþykkt þess

frv., sem hér liggur fyrir, og líkti við að „snurrevoðin" væri nánast mengunarvaldur á okkar hafsvæði. (**HBl:** Við segjum ekki „snurrevoð" fyrir norðan). Nei, ég veit að þar segir þú bara „snurvoð". En ég vil benda þeim hv. þm., sem eru sama sinnis og sá hv. þm., á að lesa grg. með þessu frv. Og það er kannske full ástæða fyrir þá menn að gera það fyrst og fremst sem búa á strandlengju Íslands og utan þess hafsvæðis sem hefur verið forðabúr Reykvíkinga og nálægra sveitarfélaga frá því að land byggðist. Það eru þau mið sem Reykvíkingar og nágrannabyggðir hafa sótt á frá því að land byggðist.

Sú undarlega skoðun hefur komið upp og orðið ríkjandi hér hjá þm. víðs vegar um land, að þetta hafsvæði eitt ætti að verða „stikkfrí" frá öllum öðrum til þess að ala upp fisk fyrir þá hina sömu sem í nágrannabyggðunum búa. Það eru harla skrýtnar kenningar, og það er sjálfur hæstv. dómsmrh. sem kemur og heldur þessu fram, hafandi haft þau fríðindi fyrir sitt kjördæmi sem hann hefur haft og fengið fram m. a. með stuðningi okkar þm. hér úr Reykjavík, vegna þess að það var skynsemi í þeirri friðun sem þar var. En það er ekki skynsemi í þeirri friðun sem hér hefur verið viðhöfð gagnvart dragnótinni á liðnum árum.

En í grg. með þessu frv. segir svo, með leyfi forseta: „Samningnum" — sem um er að ræða að staðfesta — „er sérstaklega ætlað að draga úr mengun þessa hafsvæðis frá stöðvum í landi þegar um er að ræða flutning þeirra mengandi efna, sem upp eru talin í samningnum, í frárennsli landstöðva til sjávar, bæði beint eins og í gegnum holræsi" o. s. frv.

Nú bendi ég hv. þm. utan af landi, sem vilja berjast gegn mengun, á að gæta sín allvel á samþykkt þessa frv. Er ekki full ástæða til þess að líta í kringum sig og til sumra sjávarþorpanna þar sem aðalatvinnuvegurinn er fiskvinnsla, þar sem ekki aðeins úrgangur þaðan, heldur **allur annar úrgangur frá mannfólkinu, sem þar býr, fer út** á fiskimiðin sem þar eru fram undan? Ætli það sé ekki meiri mengunarhætta af þessum efnum heldur en því sem dragnótin gerir á mjög takmörkuðu svæði, innan við 10% af botnsvæði Faxaflóans, ef leyft verður í þeirri mynd sem hæstv. sjútvrh. hefur leyft sér að flytja hér á þingi? Ég geri fyllilega ráð fyrir því.

En það, sem gerði það að verkum að ég fór nú upp í ræðustól, er m. a. það, að við erum með á dagskrá nokkur frv. í dag sem flutt eru sem stjfrv., en eru flutt af einstökum ráðherrum og tilheyra þeirra málaflokki. Eigum við að geta skilið það nú á síðustu dögum þingsins, að ef einhverjir þm. koma með ósk um að málin séu tekin út af dagskrá vegna þess að viðkomandi ráðh. sé ekki við, þá verði orðið við því? Eigum við að geta komið hér upp hver af öðrum, ef við værum í þeim ham, stjórnarandstöðuþm., og stöðvað alla starfsemi þingsins í dag vegna þessa? Ég segi þetta af því tilefni sem gafst hér áðan, bæði vegna furðulegrar spurningar og beiðni hv. 6. landsk. þm. og svo úrskurðar forseta.

Jósef H. Þorgeirsson: Herra forseti. Þessi sértrúarsöfnuður koladrápsmanna er vissulega orðinn iðinn við kolann og þeir halda því fram að þeir hafi öðlast einhvern einkarétt á skýrri og rökfastri hugsun. Það kom glöggt fram í máli þess manns sem talaði hér á undan mér, að hann gerði engan greinarmun á því, hvort frv. var flutt sem stjfrv. eða hvort einhver ráðh. flutti málið sem þm. Á þessu er meginmunur og það er í alla staði eðlilegt að mál, sem einstakir þm. flytja, sé ekki tekið til umr. þegar flm. málsins eru ekki viðstaddir í þinginu.

Jafnfráleit var röksemdafærsla hv. 4. þm. Suðurl., Garðars Sigurðssonar, þegar hann vildi halda því fram, að númer mála segði til um hvort þau hefðu verið tafin eða ekki hér í deild. Hann benti á það, að frv. til l. um fiskveiðilandhelgi Íslands væri 174. mál Nd. og það væri hér til umr. jafnhliða 263. máli Nd. sem væri um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum. Ég vil aðeins benda hv. þm. á það, að í gær tók deildin til 3. umr. 7. mál Nd. sem heitir „Horfnir menn". Og ég ætla að ekki þurfi að hafa um það öllu fleiri rök, að númer mála hér í hv. deild segja ekkert um það, í hvaða röð eigi að afgreiða þau. Það eru heillum horfnir menn sem halda slíku fram.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Grunnskólar, frv. (þskj. 670, n. 730). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 29 shlj. atkv.

Frsm. (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Aðeins nokkur orð um dagskrá. Vegna orða hv. þm. Sighvats Björgvinssonar áðan tel ég mig geta talað fyrir hönd þingflokks Alþb. þegar ég lýsi því yfir, að Alþb. lítur ekki svo á að baráttan gegn dvöl bandarísks herliðs hér í landi sé bundin ákveðnum dögum. Sú barátta stendur allt árið, og með tilliti til þess, að umr. um skýrslu utanrrh. fer hér **fram innan tíðar, teljum við ekki ástæðu til þess að ræða** svokölluð varnarmál hér í dag.

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um frv. til breytinga á lögum um grunnskóla, nr. 63 frá 1974. Nefndin hefur fjallað um þetta frv. og leggur til að það verði samþykkt eins og það liggur fyrir á þskj. 670. Eins og kunnugt er er hér um frestun að ræða að nýju á skólaskyldu níunda árs grunnskóla, en eins og menn minnast hefur þetta frv. verið flutt áður þar sem talið er að um níunda ár grunnskóla skuli rætt um leið og skólaskyldan verður rædd.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru hv. þm. Ingólfur Guðnason, Halldór Blöndal og hæstv. ráðh. Friðjón Þórðarson.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það fór aldrei svo að hv. 8. landsk. þm. kæmi því ekki að í framhjáskoti á þessu þingi, að hún væri á móti hernum, því að ekki hefur borið mikið á þeirri baráttu það sem af er þessu þingi.

Ég vil út af því máli, sem hér er til umr., annars segja það, að dregist hefur úr hömlu að aðlaga framhaldsskólastigið breyttum grunnskóla, og mjög hvetja til þess, að reynt verði að flýta þessu máli, og þó ekki um of, því að ég hygg að nauðsynlegt sé að frekari rannsóknir en orðið hafa verið á því, hversu grunnskólakerfið hefur reynst og hversu fjölbrautaskólar hafa reynst og hvort námskröfur séu með eðlilegum hætti nú á þessum síðustu og verstu tímum. Ég skal ekki hafa um þetta mörg orð, en leggja áherslu á það, að tíminn til næsta árs verði vel

notaður til þess að safna gögnum svo að menn geti betur áttað sig á því í fyrsta lagi, hvort rétt sé og skylt að framlengja skólaskylduna um eitt ár, hvort nauðsynlegt sé að hverfa til gamla horfsins og breyta efstu bekkjum grunnskólastigsins til þess horfs sem áður var og vel gafst meðan gagnfræðaskólinn var, og enn fremur auðvelda skiptin yfir í framhaldsskólann þannig að fyrstu námsárin þar komi að betra gagni fleiri nemendum en nú er.

Ég er ekki kunnugur því lengur í einstökum atriðum hvernig skólastarfið hefur gengið, en hitt hef ég fundið á kennurum, bæði hér í Reykjavík og eins úti á landi, að nauðsynlegt er að koma ýmsum lagfæringum við varðandi bæði grunnskólann og framhaldsskólann. Mjög skiptar skoðanir eru t. d. um það, hvort rétt sé að hverfa að fjölbrautaskólanum á Akureyri eða fara aðrar leiðir.

Að síðustu vil ég svo láta í ljós ugg minn út af því, að móðurmálskennslan sé vanrækt í skólunum og við gætum þess ekki sem skyldi að standa þar í ístaðinu.

Ég skal svo ekki orðlengja það, en mun fylgja því frv. sem hér liggur fyrir.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég vil aðeins taka undir orð hv. þm. Halldórs Blöndals. Það er ekki nokkur vafi á því, að sú ákvörðun að færa kennslu í erlendum tungumálum á sífellt neðri stig í grunnskólanámi hefur komið niður á móðurmálskennslunni, vegna þess að flestallir þeir tímar sem þannig hafa bæst við hafa komið niður á og fækkað tímum sem notaðir eru til móðurmálskennslu. Það hefur lengi verið talin regla, að sá, sem ekki kynni eigið mál, ætti erfitt með að læra mál annarra þjóða. Kennarar munu nú mjög margir, ég get ekki sagt flestir, en mjög margir, vera komnir á þá skoðun. Mér er kunnugt um að sú hefur verið niðurstaða kennarafunda í ýmsum grunnskólum, að þeir vilja hverfa frá þessu. Þeir telja að þetta hafi haft þau einu áhrif, að dregið hafi úr móðurmálskunnáttu nemenda án þess að kunnátta þeirra í erlendum tungumálum hafi í rauninni nokkuð batnað frá því sem verið hafði þegar komið er upp í efri bekki skólanna.

Að lokum vil ég aðeins taka það fram, að á 30 ára afmælisdegi dvalar bandarísks varnarliðs á Íslandi hafa umræður um varnarmál af hálfu Alþb. á hinu háa Alþingi nú farið fram. Hv. fyrrv. þm. Hannibal Valdimarsson sagði eitt sinn, þegar honum fannst lítið koma til málflutnings andstæðings síns eins — (**ÓÞÞ:** Í hvaða flokki var hann þá?) — hann var ekki í Framsfl., hann hefur aldrei verið það, — að það væri líkt því að hlusta á þann mann eins og þar væri að tala draugur upp úr öðrum draug. Mér kom til hugar, þegar ég hlustaði á málflutning hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur hér áðan, að sá draugur upp úr öðrum draug væri nú genginn aftur.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég vil þakka nefndinni fyrir skjóta afgreiðslu á þessu litla frv. Ég ætla ekki að rekja ástæðurnar fyrir því enn einu sinni, að þetta frv. er flutt og ég hef farið fram á það að frestað verði gildistöku eða framkvæmd skólaskyldunnar í níu ár. Það kemur fram í grg. og ég flutti um þetta nokkuð ítarlega ræðu þegar málið var lagt fyrir.

En ein meginástæðan er sú — og ég vil leggja á það mikla áherslu — að það er ekki að mínum dómi full samstaða um það, hvernig fara skuli með þetta mál, hvort framkvæma skuli 9 ára skólaskylduna eða halda sér við 8 árin. En það, sem kom mér nú til þess að standa upp, voru nokkrar almennar athugasemdir tveggja hv. þm. um grunnskólann. Ég vil geta þess, að eins og fram kemur í aths. við frv. hefur nefnd manna farið yfir grunnskólalögin nú nýlega og skilað áliti um málið. Þetta álit liggur fyrir, því verður dreift til þingflokka og því verður dreift til skólamanna. Eins og ég hef áður skýrt frá verður haldin ráðstefna um grunnskólamál á grundvelli þessa nál., og ég vænti þess, að þeir hv. þm., sem áhuga hafa á þessum málum, sem ég veit að eru margir, fylgist með því þegar þessi ráðstefna verður haldin, og þeir eru boðnir velkomnir til þess að sækja hana og láta þar álit sitt í ljós um þau efni sem þar verða rædd.

Ég er sammála þeim um það, að þetta eru ákaflega stór mál og það er engin ástæða til þess að gera ekki sitt besta í því að ræða skólamál frá öllum hliðum og reyna að finna þar bestu lausnirnar. Ég ætla ekki að fara að deila um það hvernig til hefur tekist í einstökum atriðum um fræðslu á þessu skólastigi, á grunnskólastiginu, m. a. um það sem hér var sagt um það að byrja erlenda málakennslu svo snemma að það komi niður á móðurmálskennslunni. Það má vel vera að þessa séu dæmi og að eitthvað sé til í þessu, en ég held samt að það liggi ekki fyrir neinar ákveðnar athuganir á þessu eða fullar sannanir fyrir því að svo sé. En hitt veit ég, að það eru margir þeirrar skoðunar, að það sé óheppilegt að byrja of snemma kennslu erlendra mála og að slíkt geti komið niður á móðurmáli vegna þess að þroski barna er auðvitað mismunandi. Þetta þarf allt að athuga og ekkert sem mælir gegn því að það sé gagnrýnt og athugað eins og annað sem varðar framkvæmd skólamála.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Meðferð mála vegna rangrar notkunar stöðureita, frv. (þskj. 280, n. 731, 732). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 29 shlj. atkv.

Frsm. (Jósef H. Þorgeirsson): Herra forseti. Allshn. Nd. hefur haft til athugunar frv. til l. um sérstaka meðferð mála vegna rangrar notkunar stöðureita fyrir ökutæki o. fl. Eitt megininntak þessa frv. er það að hætta að líta á brot eða ranga notkun stöðureita sem refsivert athæfi og taka heldur upp þann hátt að krefja bifreiðaeigendur um sérstakt aukaleigugjald ef þeir brjóta gegn reglum þeim sem um stöðureiti gilda.

Nefndin hefur athugað þetta frv. rækilega og haft til meðferðar umsagnir nokkurra aðila um það. Einnig komu á fund nefndarinnar til viðtals Ólafur Walter Stefánsson úr dómsmrn. og Gunnar Eydal og Guttormur Þormar frá Reykjavíkurborg. Þeir höfðu, sérstaklega fulltrúar Reykjavíkurborgar, ýmsar aths. fram að færa við þetta frv. Eftir allítarlegar umr. í n. varð niðurstaðan að flytja tvær brtt. varðandi frv.

Önnur breytingin felst í því, að í stað þess, að í frv. er gert ráð fyrir að aukaleigugjaldið renni í ríkissjóð, leggjum við til að í þeim sveitarfélögum þar sem sveitarstjórn-

ir samþykkja að taka eftirlit með stöðureitum í eigin hendur og launa stöðumælaverði, jafnframt því sem sveitarstjórnirnar kosta uppsetningu stöðumæla og viðhald þeirra og eiga einnig sjálfa stöðureitina, renni þetta aukaleigugjald í viðkomandi sveitarsjóð, en ekki í ríkissjóð, eins og er samkv. núverandi fyrirkomulagi og er eðlilegt þegar litið er svo á að gjald þetta sé sekt eða refsing fyrir brot. En þar sem svo verður ekki litið á framvegis, ef þetta frv. verður að lögum, er jafnframt eðlilegt að gjaldið falli til sveitarsjóðs.

Hin breytingin, sem nefndin leggur til að gerð verði á frv., varðar það atriði að í 7. gr. frv. er ráð fyrir því gert, að gjald samkv. 2. gr., þ. e. svokallað aukaleigugjald, njóti lögtaksréttar og lögveðs í viðkomandi ökutæki. Jafnframt eru ákvæði um það í 7. gr., að þetta lögveð gangi á undan öllum öðrum veðum nema lögveði vegna bifreiðagjalds og iðgjalda vegna lögboðinna ábyrgðartrygginga af ökutæki.

Nefndin lítur svo á að þetta sé varhugavert, því að mjög algengt er að í viðskiptum manna á milli séu bifreiðar notaðar sem andlag veðs. Það er því mikilsvert öryggisatriði fyrir þann sem á veð í bifreið, að hann viti hvaða veðréttir eru á undan veðrétti hans. En ef þetta yrði gert með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í frv., þá veit hann ekki fyllilega hvar hann stendur. Þess vegna leggur nefndin til að þetta forgangsveð verði afnumið. Eftir sem áður verði lögveð í bifreiðunum fyrir aukaleigugjaldinu, en hins vegar njóti það ekki forgangs umfram samningsveð.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 732,1 (ný 2. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
— 732,2 (ný 3. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
4.—6. gr. samþ. með 25:1 atkv.
Brtt. 732,3 samþ. með 23 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
8.—13. gr. samþ. með 26:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Lögheimili, frv. (þskj. 425, n. 733, 734). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 29 shlj. atkv.

Frsm. (Jósef H. Þorgeirsson): Herra forseti. Allshn. Nd. hefur haft til athugunar frv. til l. um breyt. á lögum nr. 35 frá 1960, um lögheimili. Það er meginefni þessa frv. að víkka þær undanþágur sem eru í lögum um lögheimili og einkum eru tengdar því, að fólk dvelst á stofnunum eða hælum án þess að það missi sitt lögheimili, að víkka þetta út þannig að þó að fólk búi í eigin íbúðum, sem byggðar eru í tengslum við dvalarheimili, haldi það áfram lögheimili í sinni heimasveit. Nefndin leitaði álits Hagstofu Íslands á þessu frv. og fékk álitsgerð frá henni. Í samræmi við það álit leggur n. til að gerðar verði breytingar á 3. mgr. 2. gr. laga nr. 35 frá 1960, um lögheimili, og flytur um það sérstaka brtt.

ATKVGR.

Brtt. 734 (ný 1. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Þýðingarsjóður, frv. (þskj. 469, n. 735, 736). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 29 shlj. atkv.

Frsm. (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um frv. til l. um þýðingarsjóð sem liggur fyrir á þskj. 469, 237. mál. Nefndin hefur fjallað um frv. og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess með þeim brtt. sem fluttar eru á þskj. 736. Fjarverandi afgreiðslu málsins var hæstv. ráðh. Friðjón Þórðarson.

Breytingar þær, sem liggja fyrir á þskj. 736, eru í þá veru, að 1. brtt. felur í sér að í stað þess að eingöngu sé um að ræða styrki til útgefenda, þá er gert ráð fyrir að einnig sé hægt að lána útgefendum fé til að kosta þýðingar — eins og segir — viðurkenndra skáldverka og fræðirita.

Nefndinni þótti ekki nógu skýrt kveðið á um hvernig sjóðsstjórnin skyldi skipuð. Því er gert ráð fyrir í 2. brtt., að inn komi ný grein er verði 4. gr. og hljóði svo, með leyfi forseta:

„Menntmrh. skal skipa þrjá menn í stjórn sjóðsins til tveggja ára í senn, einn tilnefndan af samtökum útgefenda, einn tilnefndan af Rithöfundasambandi Íslands og einn án tilnefningar og skal hann vera formaður stjórnarinnar.“

3. brtt. er um lítilvægar breytingar á ákvæði um að menntmrh. setji reglugerð um framkvæmd laganna að höfðu samráði við Rithöfundasamband Íslands og samtök útgefenda, í stað þess að áður var talað um samtök rithöfunda, þýðenda og útgefenda, en eins og kunnugt er eru samtök þýðenda innan Rithöfundasambands Íslands.

Annað er ekki um þetta að segja. Nefndin mælir með því að frv. nái samþykki með þessum brtt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21:1 atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 736,1 (ný 3. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 736,2 (ný gr., verður 4. gr.) samþ. með 20:1 atkv.
4. gr. (verður 5. gr.) samþ. með 20:1 atkv.
Brtt. 736,3 (ný 5. gr., verður 6. gr.) samþ. með 20:1 atkv.
Brtt. 736,4 (ný gr., verður 7. gr.) samþ. með 20:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Sameinað þing, 81. fundur.

Fimmtudaginn 7. maí, kl. 4 síðdegis.

Staðarval stóriðnaðar á Norðurlandi, þáltill. (þskj. 715). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Iðnaður á Vestfjörðum, þáltill. (þskj. 724). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Veðurfregnir, þáltill. (þskj. 515). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Stóriðjumál, þáltill. (þskj. 572). — Frh. fyrri umr.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Varðandi það mál, sem hér er nú tekið á dagskrá, þáltill. um stóriðjumál, þá liggur fyrir till. um að vísa því máli til allshn. Sþ. Í umr. um það mál og um þá till. lýsti ég andstöðu minni við þá málsmeðferð þar sem ég taldi að hv. n. hefði þegar tekið þetta mál til rækilegrar meðferðar og sú till., sem hér er til umr., byggðist á því starfi nefndarinnar. Hins vegar kom það fram í umr. af hálfu hv. 1. þm. Norðurl. v., formanns þingflokks Framsfl., að till. hans um þessa málsmeðferð byggðist að engu leyti á því, að um nokkra töf væri að ræða á málinu eða tilraun til tafar á málinu, heldur mundi hann beita sér fyrir að málið fengi hraða afgreiðslu í nefnd. Því lýsi ég því yfir með skírskotun til þessarar yfirlýsingar hans, að ég mun greiða atkv. með því að málið fari til allshn. Sþ.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til allshn. með 36:1 atkv.

Takmarkaður aðgangur erlendra herskipa og herflugvéla að landhelgi Íslands, þáltill. (þskj. 61, n. 605). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 756).

Launasjóður rithöfunda, þáltill. (þskj. 69, n. 588, 589). — Frh. síðari umr.

ATKVGR.

Brtt. 589 samþ. með 33 shlj. atkv.
Tillgr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 757).

Opinber stefna í áfengismálum, þáltill. (þskj. 59, n. 616, 617). —Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Brtt. 617 (ný tillgr.) samþ. með 31 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 758).

Geðheilbrigðismál, þáltill. (þskj. 143, n. 622, 623). — Frh. síðari umr.

ATKVGR.

Brtt. 623 (ný tillgr.) samþ. með 31 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 759).

Fiskræktar- og veiðimál, þáltill. (þskj. 582). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Efling almannavarna, þáltill. (þskj. 640). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Merkingaskylda við ríkisframkvæmdir, þáltill. (þskj. 67, n. 712). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Atvmn. hv. Sþ. hefur fjallað ítarlega um þetta málefni og rætt það á allmörgum fundum sínum, samt ævinlega sammála. Og n. skrifar sem einn maður undir það álit að leggja til við hið háa Alþingi að þessi till. til þál. verði samþykkt.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 760).

Tilraunageymir til veiðarfæratilrauna, þáltill. (þskj. 150, n. 713). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Þetta mál er eitt margra merkismála sem lögð eru fyrir hina afkastamiklu og ágætu þingnefnd, atvmn. Sþ. Það hefur verið

rætt á fundum nefndarinnar og hafa menn einu sinni enn orðið einhuga um afgreiðslu málsins í þeirri nefnd. Þarna er raunar afar merkilegt mál á ferðinni, þar sem er að koma upp hér á landi — eða raunar um það að kanna í samráði við Fiskifélag Íslands og Hafrannsóknastofnun möguleika þess, að hér á landi verði komið upp tilraunageymi o. s. frv., eins og þar segir. Það er ekki fastara að orði kveðið. En tilgangurinn og hugsunin á bak við þetta er mjög merkileg að mínum dómi og ég tel að flestallir, ef ekki allir sjómenn, sem stundað hafa togveiðar við Ísland, séu mjög hrifnir af þessari hugmynd og sjálfsagt fleiri fiskimenn. En þetta tel ég að eigi sérstaklega við um togveiðiskipstjóra og stýrimenn sem hafa margir hverjir að vísu getað notið þess að skoða slík tæki í útlöndum og þá líklega flestir í Bretlandi þar sem mjög myndarlegur veiðarfæratankur er rekinn. Þar er mikil eftirspurn eftir því að kanna og athuga við þann tank hvernig veiðarfæri haga sér í sjó. Hann er í stöðugri og mikilli notkun allt árið og þangað kemur fjöldi manns af Bretlandseyjum og nálægum löndum, þ.á m. frá Íslandi. Og það er löngu kominn tími til þess í raun og veru, að við Íslendingar, sem lifum á fiskveiðum og fiskvinnslu og þjónustugreinum í kringum þann atvinnuveg fyrst og fremst, komum okkur upp slíkri aðstöðu.

Herra forseti. Vegna þessa máls væri sannarlega ástæða til þess að fjalla af meiri nákvæmni um þetta. Það hefur verið talsverð umræða í þjóðfélaginu um tæki af þessari tegund, og það er skoðun mín að jafnvel þó að þetta kunni að vera nokkuð dýrt í byrjun fyrst og fremst, þá verði veiðarfæratankur þar sem unnt er að fylgjast með hvernig veiðarfæri hagar sér við mismunandi toghraða, mismunandi gerð veiðarfæra, mismunandi hlera o. s. frv. — allt sem þetta snertir er ákaflega breytilegt og nákvæmt og viðkvæmt — slíkur veiðarfæratankur verði fljótur að margborga sig, — ekki aðeins að borga sig, heldur margborga sig.

Herra forseti. Ég legg til og öll atvmn. sameiginlega að þessi till. verði samþykkt.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. n. fyrir mjög góðar undirtektir við þetta mál, sem við fluttum þm. úr öllum flokkum, og vænti ég að það beri enginn brigður á að það sé rétt orðað. Ég verð þá að teljast fulltrúi flokksbrotsins líka, brotabrotsins. Ég veit að þessar góðu undirtektir munu mjög gleðja þá nemendur sem eru nú að ljúka námi úr Stýrimannaskóla Reykjavíkur því að þeir munu koma aftur til þess að stunda nám í því fagi sem þarf að stunda þegar þessi tankur verður kominn, sem ég veit að kemur. Enn frekar mun það gleðja þá, sem eru nemendur þar í dag, og líka eldri nemendur.

En ég held að það muni sérstaklega gleðja alla hagsmunaaðila sem þar eiga hlut að máli, vegna þess að þessi skóli á 90 ára afmæli á þessu ári, ef fjvn. að lokinni þessari athugun í sumar ber gæfu til að fylgja málinu eftir með þeim hnykk, sem til þarf, að veita fé á næsta hausti svo að málið komist endanlega í höfn. Þetta er ekki aðeins hagsmunamál þeirra sem stunda nám við þennan skóla nú eða hafa gert. Það er líka hagsmunamál útgerðaraðilanna, það er hagsmunamál okkar fjölmennu iðnaðarstétta sem vinna við netagerð hér víðs vegar um land, og það er að sjálfsögðu líka hagsmunamál veiðarfæraframleiðendanna og um leið útgerðarinnar í heild og íslensku þjóðarinnar.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég hefði ekki kvatt mér hér hljóðs öðru sinni til þess að lýsa yfir fylgi við þetta mál ef ekki hefði komið til að mínu mati misheppnuð þýðing við síðari umfjöllun um þetta mál á alþjóðlega orðinu tanki eða tankur. Tilraunageymir getur þetta ekki heitið undir neinum kringumstæðum. Ef þetta væri geymir til að geyma í tilraunir, þá væri þetta rétt. Það mun að vísu ekki hvarfla að nokkrum manni, heldur annað í tengslum við veiðarfæri og stórt vandamál sem verið hefur á landi hér í sambandi við geymslu veiðarfæra, að hér væri um að ræða eldtraustan geymi sem kæmi í veg fyrir nótabruna sem mundi helst leiða hugann að því. Ég vil beina því til forseta, þar sem raunar er orðið of seint að koma fram með brtt. varðandi heiti, að koma því til leiðar að annað tveggja verði glöggur maður fenginn til þess að þýða rétt þetta alþjóðlega heiti á tanknum ellegar við notum bara þetta alþjóðlega heiti í staðinn svo að ekki fari á milli mála hvað átt er við.

Ég óska ekki eftir að fresta umr. út af fyrir sig, heldur að þessu einfalda tæknilega atriði í meðferð málsins yrði komið til leiðar, að við fengjum þarna heiti sem dygði (Gripið fram í.) Orðið þró væri að vísu hugsanlegt ef hér væri ekki um lokað ílát að ræða með glerhliðum þar sem hægt er að fylgjast með, sem mér skilst að sé í sumum tilfellum.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 31 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. með 28:4 atkv.

Till. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 764).

Skýrsla menntamálaráðherra um Ríkisútvarpið (þskj. 643).

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Samkv. beiðni 10 þm. hef ég lagt fram prentaða skýrslu um Ríkisútvarpið. Þessi beiðni var fram borin með heimild í 31. gr. þingskapalaga og Alþingi samþykkti hinn 3. febr. að beiðnina mætti bera fram.

Með bréfi til útvarpsstjóra, sem var dags. 6. febr., fór ég þess á leit við hann, að hann veitti mér aðstoð við skýrslugerðina, og fóru fram viðræður þá þegar milli mín og útvarpsstjóra um hvernig sú aðstoð yrði í té látin. Við komum okkur saman um hvaða þættir það væru sem skýrslubeiðendur óskuðu sérstaklega upplýsinga um, enda var augljóst af orðalagi beiðninnar og grg., sem henni fylgdi, hvað í henni fólst. Ég leit svo á, að það væri verið að biðja um mjög ítarlega skýrslu um Ríkisútvarpið, sem ekki væri fljótunnið verk ef vel ætti að vera. Því óskaði ég þess sérstaklega af útvarpsstjóra, að hann fengi mér í hendur, eftir því sem hann gæti, sem flest gögn og upplýsingar sem nota mætti til heillegrar og víðtækrar skýrslugerðar.

En það verður að segja hverja sögu eins og hún gengur, að skýrsla sú, sem hér liggur fyrir, er ekki í því formi sem ég hafði hugsað mér í upphafi. Ég hafði ráðgert aðra framsetningu en reyndin hefur orðið. Ætlun mín var að vinna öðruvísi úr fyrirliggjandi gögnum en hér er gert. Ástæðan til þess, að skýrslan er svo úr garði gerð sem raun ber vitni, er sú, að ég taldi mig kominn í tímaþröng.

Það hafði mikil áhrif á gang þessa máls, að útvarpsstjóri var mikið frá vinnu á þessum tíma vegna sjúkleika og síðar vegna legu á sjúkrahúsi og gat því ekki sinnt því samstarfi við mig um skýrslugerðina sem ég taldi eðlilegt og reyndar óhjákvæmilegt. Að lokum fór svo, að sú leið var valin, sem skýrslan ber með sér, að bein svör við fsp. eru stutt, en vísað til fskj. til frekari skýringa og upplýsinga. Þótt ég viðurkenni galla á þessari framsetningu tel ég að í skýrslunni sé að finna svör við því, sem skýrslubeiðendur spyrja einkum um, svo og nokkurn almennan fróðleik um Ríkisútvarpið sem gagnlegt er að hafa á einum stað.

Efni skýrslubeiðninnar er svo skýrt og vel afmarkað í þætti að auðvelt var að haga svörum á svipaðan hátt og gert er þegar fsp. er svarað á Alþingi. Og þannig er skýrslan reyndar úr garði gerð eins og hún liggur fyrir, og það er kannske ekki ókostur þegar öll kurl koma til grafar. Beiðninni er skipt í 10 fyrirspurnaliði. Fjallað er um hvern einstakan lið í stuttu svari, en síðan vísað til fskj. til nánari upplýsinga. Það skiptir því miklu máli að lesa fskj., svo mikilvæg sem þau eru í þessari framsetningu.

Til yfirlits um efnisþætti fsp. og hvernig svörum er raðað í skýrslunni vil ég minna á efnisyfirlitið í upphafi skýrslunnar. Það gefur lesendum skýrslunnar hugmynd um hvað um sé að ræða. Þetta efnisyfirlit, eins og það er sett hér fram, er í 10 liðum. Það er um hag og stöðu, framtíðaráform útvarps og sjónvarps, hvernig halli undanfarinna ára verði greiddur. Fjallað er um fjármögnun nýrrar langbylgjustöðvar, um fjármögnun útvarpshúss, um húsnæðisvandann næstu ár, um áætlanir, um styrkingu dreifikerfis, um fjárhagslega þætti sjónvarpssambands við gervitungl og svör við því, hvenær stereóútsendingar nái til landsins alls, og einnig er hér fjallað um spurninguna um aðra útvarpsrás eða landshlutaútvarp.

Mig langar nú, þó að skýrslan út af fyrir sig tali sínu máli, til þess að fara hér nokkrum orðum um nokkra efnisþætti skýrslunnar.

Ég tek þá fyrir fyrst það sem varðar hag og stöðu fyrirtækisins og um er spurt. Undir þessum lið kemur það fram, að Ríkisútvarpið var rekið með verulegum halla allan fyrri hluta síðasta áratugar, þ. e. fram til ársins 1975. Á árunum 1976—1978 var Ríkisútvarpið rekið hallalaust og reyndar var verulegur tekjuafgangur árið 1978. Árið 1979 brá aftur til hallarekstrar og svo var einnig árið 1980. Það er ljóst, að góð afkoma Ríkisútvarpsins 1976—1978 réðst að verulegu leyti af því, að þá fékk stofnunin ríflegan hlut af tolltekjum af innfluttum sjónvarpstækjum. Auk þess voru afnotagjöld áætluð þannig að þau voru stofnuninni hagstæð. Hallinn, sem varð árin 1979 og 1980, stafar hins vegar mjög af því, að þá kemur til framkvæmda ný stefna í fjármálastjórn ríkisins að því er varðar skil ríkissjóðs á tolltekjum af sjónvarpstækjum til Ríkisútvarpsins. Auk þess voru afnotagjöld ekki í samræmi við verðbólgu mest af þessum tíma. Þarna var því þrengt að Ríkisútvarpinu, sem ég ætla síst að bera í bætifláka fyrir, en hins vegar tel ég að Ríkisútvarpið sjálft hefði fyrr átt að aðlaga sig raunverulegri tekjustöðu, þ. e. sníða sér stakk eftir vexti í rekstri sínum og endurskoða rekstraráætlanir sínar í tíma.

Það hefur komið í minn hlut að fyrirskipa samdrátt í rekstri Ríkisútvarpsins til þess að stöðva hallareksturinn og finna leið til þess að greiða upp halla tveggja ára. Slíkur samdráttur er ekki góður kostur, en hann er nauðsynjamál eins og málum var komið. Stefnt er að því, að Ríkisútvarpið verði rekið hallalaust á þessu ári. Þá hefur stofnunin tekið lán til þess að jafna halla tveggja síðustu ára. Slík aðgerð er bráðabirgðalausn að sjálfsögðu. Eins og fram kemur í skýrslunni eru hugmyndir uppi um það að jafna hallann endanlega á fimm árum með sérstakri hækkun afnotagjalda. Það verður kannað nánar, hvort sú leið verður farin eða einhver önnur. En ég legg á það áherslu, að Ríkisútvarpið aðlagi á hverjum tíma rekstur sinn ríkjandi fjárhagsástæðum, þ. e. safni ekki rekstrarskuldum. Slíka kröfu þarf reyndar að gera til allra ríkisfyrirtækja, því að annað er ábyrgðarleysi í fjármálum. En ég endurtek það, að ég er ekki að bera í bætifláka fyrir þá fjármálastefnu ríkissjóðs sem lögfest var 1976, en framkvæmd hefur verið með fullum þunga 1979 og 1980, að afnema rétt Ríkisútvarpsins til þess að njóta tolltekna af sjónvarpstækjum. Ég er ekki heldur að mæla því bót í sjálfu sér, að ákvörðun afnotagjalds skuli háð ströngum verðlagshöftum og afnotagjöldin tengd vísitölukerfinu. Hins vegar eru þetta staðreyndir sem verður að viðurkenna eins og sakir standa. Þetta eru aðstæður sem Ríkisútvarpið verður að búa við, a. m. k. um sinn. En höfuðatriðið er það í þessu sambandi, að stefnt er að hallalausum rekstri á þessu ári. Á það legg ég áherslu þegar rætt er um rekstur stofnunarinnar og fjárhagsmál almennt. Hallarekstur síðustu tveggja ára verður ekki endurtekinn.

Skýrslubeiðendur spyrjast fyrir um framtíðaráform Ríkisútvarpsins. Því er til að svara einfaldlega að af minni hálfu og allra forráðamanna Ríkisútvarpsins er að því stefnt nú sem endranær, að Ríkisútvarpið verði svo öflugur og virkur fjölmiðill sem lög um stofnunina ætlast til og fjárhagur leyfir á hverri tíð. Þegar t. d. er talað um samdrátt í starfsemi Ríkisútvarpsins verður að taka slíkt með miklum fyrirvara. Sé litið yfir hina fjölþættu starfsemi í heild er varla sanngjarnt að tala um samdrátt á vegum stofnunarinnar. Þvert á móti sækir Ríkisútvarpið fram á mörgum sviðum, sem í heildarmati á starfi stofnunarinnar vegur fyllilega upp á móti nauðsynlegum aðgerðum í rekstri til þess að aðlaga hann raunverulegum tekjum og öðru ráðstöfunarfé stofnunarinnar. Því er að því unnið hjá Ríkisútvarpinu að styrkja fjárhag þess til frambúðar, sníða sér í öllu stakk eftir vexti í rekstrarútgjöldum, en efla jafnframt stofnunina hvað snertir framtíðarhúsnæði, tækjabúnað og dreifikerfi. Þess verður m. a. gætt nú og í framtíðinni að greina skýrt á milli rekstrarfjármagns og byggingarsjóðs og annars framkvæmdafjármagns sem stofnunin hefur yfir að ráða. Þannig verður að varast að taka fé byggingarsjóðs traustataki til þess að greiða rekstrarhalla eða verja til rekstrar á annan hátt, eins og dæmi munu vera um, og hið sama gildir um svokallað afskriftarfé. Það verður ekki notað í rekstur, heldur til uppbyggingar búnaði og tækjum.

Ég vil geta þess, að fyrir sérstakt frumkvæði útvarpsstjóra og fjármálastjóra útvarpsins og í fullum samráðum við mig og reyndar fyrirrennara mína hefur verið leitað aðstoðar fjárlaga- og hagsýslustofnunar fjmrn. um ýmiss konar hagræðingu og endurskipulagningu í stofnuninni. Að þessu hefur verið unnið af kappi síðan á útmánuðum í fyrra og þó heldur lengur og er það mat forráðamanna útvarpsins nú, að mikið gagn hafi orðið af þessari starf-

semi. Ég vil benda hv. þm. á þetta atriði sérstaklega. Þetta er dæmi um það, að stjórnendur Ríkisútvarpsins eru sér vel meðvitandi um ábyrgð sína hvað tekur til almennrar stjórnsýslu, skipulagningar og hagræðingar í rekstri stofnunarinnar og telja sig ekki yfir það hafna að leita ráða út fyrir Ríkisútvarpið þegar um vandasöm stjórnunar- og skipulagsatriði er að ræða. En þegar talað er um framtíðaráform legg ég áherslu á þessi atriði:

1. Að Ríkisútvarpið verði ávallt rekið hallalaust.

2. Stefnt verði markvisst að því að byggja eigið hús yfir stofnunina, enda er nauðsyn þess ótvíræð. Saga húsnæðismála og byggingarmála Ríkisútvarpsins í 50 ár er um margt sorgarsaga sem hv. þm. ættu að kynna sér og ég mun aðeins drepa á nánar síðar.

3. Ég legg höfuðáherslu á að haldið verði áfram að styrkja dreifikerfi sjónvarps og útvarps með það fyrir augum að fólkið, sem í landinu býr, og sjómenn á miðum kringum landið geti notið útsendinga við sæmileg skilyrði. Hvað þetta snertir er geysimikið verk óunnið og verður ekki lokið í hendingskasti, en vissulega þarf að hafa þar markaða stefnu við að styðjast.

Ég hef, herra forseti, rætt um rekstrarmál Ríkisútvarpsins og hef þar ekki miklu við að bæta. Ég endurtek það, að rekstrinum er háttað með það fyrir augum að stofnunin verði rekin hallalaus á þessu ári. Viðunandi framtíðarrekstur Ríkisútvarpsins byggist á því, að það takist og haldi áfram í framtíðinni.

Í framhaldi af því, sem ég var að segja rétt áðan um dreifikerfið, vil ég bæta við nokkrum orðum til þess að kynna það efni sem reyndar er í skýrslunni og hægast er að lesa. Í því sambandi minni ég á fskj. 1.8, 1.9, 1.10, 1.12, 1.13 og 1.14. Í þessum skjölum er greint frá fyrirhuguðum framkvæmdum í dreifikerfi. Auk þess er að finna í skýrslunni skrá um endurvarpsstöðvar hljóðvarps og sjónvarps. Þessar skrár eru að sjálfsögðu birtar til fróðleiks til þess að auðvelda mönnum að fá yfirlitsmynd af dreifingarkerfinu. En ég leyfi mér að benda á það, að á þessu ári eru fyrirhugaðar verulegar framkvæmdir í því að stækka og styrkja dreifikerfið.

Eins og fram kemur á fskj. 1.16, sem er á bls. 22, er enn fjöldi sveitabæja í landinu þar sem myndgæði sjónvarps eru slæm eða ónothæf. Auk þess hefur ekki fundist lausn á því að dreifa sjónvarpi svo að vel sé til skipa umhverfis landið. Hins vegar ber að geta þess, að talið er að 98% landsmanna hafi góð skilyrði til móttöku sjónvarps og mun það síst lægri tala en í sumum nágrannalöndum okkar. Ef vel gengur með þær framkvæmdir, sem fyrirhugaðar eru nú á þessu ári, fjölgar mjög þeim heimilum sem njóta munu sjónvarpssendinga, og yfirleitt má segja að þar sé um sveitaheimili að ræða. En þótt verulegt átak verði gert á árinu hvað þetta snertir, þá tek ég fram að enn munu mörg heimili til sveita verða út undan í þessu tilliti og sjónvarpssendingar til skipa á miðum úti halda áfram að vera torleyst vandamál. Alls er ráðgert að framkvæma endurbætur og styrkingu á sjónvarpsdreifingu fyrir rúmlega 7.9 millj. nýkr. eða 794 millj. gkr. Í fyrra var þessi tala 207 millj. gkr. Í mínum augum er sjónvarpsdreifingin mjög mikilvægt mál og í raun og veru mannréttindamál. Ég tel það vera eitt af brýnustu verkefnum Ríkisútvarpsins að efla dreifingarkerfið, og þannig munu vafalaust flestir hugsa, en í þessu máli verður þó að gera kröfur til manna um raunsæi.

Ísland er af augljósum ástæðum mjög erfitt land til sjónvarpsdreifingar og reyndar útvarpssendinga yfirleitt. Það hefur því tekið langan tíma að fullnægja ítrustu kröfum í þessu efni, og því fer víðs fjarri að fullkomin lausn dreifingarvandans sé í sjónmáli. En á það bendi ég samt, að margt hefur áunnist því að heita má að 100% landsmanna geti notið útvarps og 98% sjónvarps. Og endurbætur og framfarir á þessu sviði munu halda áfram eftir því sem kostur er.

Ég mun þá snúa mér að því að ræða atriði, sem ég tel eitt af þremur mikilvægustu verkefnum Ríkisútvarpsins, en það er markviss uppbygging eigin húss fyrir stofnunina. Það er að vísu stórt verkefni og arið kostnaðarsamt, en öll frekari töf á byggingarframkvæmdum ætti ekki að koma til greina. Slík töf er með öllu óþörf, enda ekkert annað en óþurftarmál hvernig sem á er litið. Ég nefni sem rök fyrir þessu í fyrsta lagi að þörfin er brýn. Ríkisútvarpið vantar húsnæði bæði í bráð og lengd. Í öðru lagi er það, að fullkominn og fagmannlegur undirbúningur er fyrir hendi til þess að ráðast markvisst í byggingu útvarpshúss. Og í þriðja lagi nefni ég að nægilegt fjármagn er fyrir hendi í byggingarsjóði Ríkisútvarpsins til þess að hefjast handa og koma húsinu vel áfram á næstu árum. Ég efast reyndar um að nokkru sinni hafi verið ráðist í byggingu stórhýsis á vegum opinberrar stofnunar þar sem fjármögnun af eigin fé er byggð á jafntraustum grunni sem nú þegar fyrir alvöru er hafist handa um byggingu útvarpshússins. Ég er ekki í vafa um að allir, sem láta sig velferð Ríkisútvarpsins einhverju varða, eru á einu máli um það, að hraða verði byggingu útvarpshússins eins og frekast er kostur. Það ætti því ekki að vera þörf á að ræða það mál miklu nánar eða rökstyðja það sérstaklega. Í skýrslunni er ýmsar upplýsingar að finna um þetta mál og vísast til þeirra. Eigi að síður ætla ég að drepa í stuttu máli á sögu húsnæðismála Ríkisútvarpsins í 50 ár. Það er dálítið fróðleg saga þó að ég stikli á stóru.

Ríkisútvarpið tók til starfa í árslok 1930 og er því rúmlega 50 ára. Allan þennan tíma hefur Ríkisútvarpið að mestum hluta verið leigutaki og oft búið við þrengsli og ófullkomnar aðstæður. Vinnuskilyrði margra starfshópa innan Ríkisútvarpsins hafa löngum verið léleg. Á síðari árum má segja að þjóðfrægt sé hversu illa hefur verið búið að fréttastofu hljóðvarps, hversu starfsaðstaða á fréttastofunni er slæm. Þó eru gerðar miklar kröfur til fréttamanna um mikinn vinnuhraða, vandað málfar og góða framsetningu á fréttaefni, og má lítið út af bera svo að fréttamenn séu ekki hafðir að skotspæni gagnrýnenda. En aðbúnaðurinn á fréttastofunni er aðeins eitt dæmi um vandræðin í húsnæðismálum Ríkisútvarpsins. Úr þeim verður að bæta. Og af því að við erum að tala um framtíðina og framtíðaráformin, þá kemur ekki annað til greina en leysa húsnæðisvandann með því að reisa sérstakt hús yfir stofnunina.

Eins og ég sagði hefur Ríkisútvarpið alla tíð verið leigutaki að langmestu leyti, lengst af hjá Landssíma Íslands og að nokkru hjá framtakssömum kaupmönnum, síðar hjá Fiskifélagi Íslands. Í því húsi eru enn höfuðstöðvar útvarpsins. Forráðamenn Ríkisútvarpsins ólu frá upphafi með sér þann draum, að stofnunin eignaðist eigið hús og starfaði í sérhönnuðu útvarpshúsi eins og aðrar útvarpsstöðvar í heiminum. Fyrstu 10—15 ár útvarpsrekstrar var útvarpshús aðeins hugmynd og draumur án þess að neinar aðgerðir kæmu til til þess að mega sjá slíkan draum rætast. En á árunum milli 1940 og 1950 beitti þáv. útvarpsstjóri, Jónas Þorbergsson, sér fyrir stofnun byggingarsjóðs og safnaðist talsvert fé í

sjóðinn. Þetta fé var eins konar stríðsgróði, en Jónas Þorbergsson hugsaði sér að nota stríðsgróðann í þágu framtíðarinnar og stofnaði af þessu fé þennan byggingarsjóð, sem mun hafa verið orðinn alldigur sjóður árið 1950 eða þar um bil og reyndar eitthvað fyrr. Af stórhug og bjartsýni beitti Jónas sér einnig fyrir því að útvega stóra lóð vestur á Melum hér í Reykjavík, þar sem Þjóðarbókhlaðan er nú að rísa, og ætlaði þessa lóð undir útvarpshús. Hann fékk færa bandaríska arkitekta og hönnuði til að teikna og fullhanna útvarpshús og luku þeir verki sínu á góðum tíma. Mér hefur verið sagt að þetta fyrirhugaða útvarpshús Jónasar Þorbergssonar hafi verið ágætlega hugsað í hvívetna. Hitt er annað mál, að þetta hús varð aldrei annað en teikning og hætti auk þess að vera draumur þess manns sem lengst hafði vonað að draumur hans yrði að veruleika. Það var aldrei hafist handa um húsbygginguna.

Byggingarsjóðurinn sem myndaður hafði verið af eins konar sparifé Ríkisútvarpsins, var í raun og veru tekinn herfangi, traustataki og fé hans ráðstafað til allt annarra þarfa en til var ætlast. M. a. var fé hans lánað til þess að ljúka Þjóðleikhúsinu. Sumt af þessu fé fór til þess að byggja íbúðarhús fyrir einhvern starfshóp í þjóðfélaginu. Hluti fjárins fór í lán til þess að koma upp húsi á horni Klapparstígs og Hverfisgötu sem Silli & Valdi voru að byggja, en þar átti útvarpið að fá inni með eitthvað af starfsemi sinni. Þá mun verðbólgan hafa étið sinn hlut af sjóðnum svo og gengisfellingar. Heyrt hef ég einnig að eftirhreyturnar af byggingarsjóði Jónasar Þorbergssonar hafi gengið til þess að kosta innréttingar í Fiskifélagshúsinu við Skúlagötu og greiða fyrir fram leigu fyrir húsnæði útvarpsins þar. — Þetta er í stuttu máli saga byggingarsjóðs Jónasar Þorbergssonar.

Á 40 ára afmæli Ríkisútvarpsins í des. 1970 ákvað þáv. menntmrh., Gylfi Þ. Gíslason, að stofnaður yrði nýr byggingarsjóður og skyldi ganga til hans 5% af brúttótekjum Ríkisútvarpsins. Tilgangurinn með byggingarsjóðnum var að fjármagna nýtt útvarpshús og búa það tækjum. Þennan sjóð mætti vel kalla byggingarsjóð Gylfa Þ. Gíslasonar því að hann bar þetta mál fram og undirbjó það vel og skynsamlega. Jafnframt sjóðsstofnuninni beitti Gylfi sér fyrir því, að skipuð var byggingarnefnd útvarpshúss sem vann ágætt undirbúningsverk næstu 6—7 ár. Eftirmenn Gylfa Þ. Gíslasonar á ráðherrastóli, Magnús Torfi Ólafsson og Vilhjálmur Hjálmarsson, héldu uppi því merki sem Gylfi hafði reist, enda var unnið markvisst þessi ár allt til 1978 að því að hægt væri að hefja byggingarframkvæmdir. Og reyndar voru byggingarframkvæmdir hafnar á því ári þó að atvikin höguðu því svo að þær urðu minni en til stóð. Ríkisstj. sú, sem Vilhjálmur Hjálmarsson átti sæti í, hafði samþykkt mjög formlega að á árinu 1978 skyldi grafa grunn útvarpshússins sem Reykjavíkurborg hafði úthlutað landi við Háaleitisbraut suður undir Fossvogi, og ætlunin var þá og ákveðið að ljúka kjallaranum og botnplötu fyrstu hæðar. En þessu verki var aldrei lokið og ákvörðun ríkisstj. af einhverjum ástæðum gerð að engu. En sem sagt, mér er ekki fullkomlega kunnugt um hvers vegna ákveðið var að fresta þessum framkvæmdum. En það er alveg víst, að það gat ekki verið af fjárskorti, því að þá var nægilegt fé í byggingarsjóði til þess að framkvæma þennan verkhluta og tekjur sjóðsins voru öruggar.

Þannig stóðu málin þegar ég tók við málefnum Ríkisútvarpsins í febr. 1980. Það ríkti eitthvert óvissuástand í byggingarmálum útvarpshússins. Því betur sem ég kynnti mér málið, því ljósara varð mér að þessu óvissuástandi varð að linna. Það varð að taka framkvæmdastjórn byggingarmála útvarpshússins nýjum tökum. Málið var í sjálfheldu. Skipan byggingarnefndar, sem setið hafði óbreytt síðan 1971 eða í 9 ár, var orðin úrelt að ýmsu leyti og að mínum dómi nauðsynlegt að endurskipuleggja hana. Þá taldi ég nauðsynlegt að tryggja nýrri nefnd sem mest sjálfstæði í störfum þannig að hún væri óháð öðrum en ráðh. og stjórnendum Ríkisútvarpsins. Með þetta í huga skipaði ég nýja byggingarnefnd 19. jan. s. l. Hún er í raun og veru framkvæmdastjórn útvarpsbyggingarinnar. Þessi nýskipan nefndarinnar hefur gefist vel. Vinna við útvarpshús er hafin að nýju eftir tveggja og hálfs árs hlé. Unnið er að svokölluðum 2. áfanga hússins samkv. útboði og þessum áfanga á að verða lokið fyrir miðjan des. á þessu ári. Þessi áfangi nær yfir kjallara og ýmsar lagnir í honum og í grunninum ásamt botnplötu fyrstu hæðar. Hér er að sjálfsögðu um að ræða þann áfanga sem átti að ljúka árið 1978, þannig að tafir á þessari byggingu eru þrjú ár.

Skýrslubeiðendur hafa sérstaklega spurt um fjármögnun útvarpshúss. Því er til að svara, að Framkvæmdasjóður Ríkisútvarpsins fjármagnar bygginguna. Tekjur Framkvæmdasjóðs eru nú 10% af brúttótekjum Ríkisútvarpsins á ári. Stefnt er að því að húsið verði tilbúið um áramót 1986—1987. Heildarkostnaður er áætlaður 93 millj. kr. eða 9.3 milljarðar gkr. og eins og fram kemur í skýrslunni á bls. 3 er í þessari áætlun gengið út frá því, að framlag úr byggingarsjóði verði til upp í þessa upphæð, 78 millj. kr. eða 7.8 milljarðar áður en verkinu yrði lokið. Þann mismun, sem þarna myndast, má jafna m. a. með sölu húseignar Ríkisútvarpsins á Laugavegi 176 þegar þar að kæmi.

Þess er einnig að geta, að ef ráðgerðum framkvæmdahraða er haldið þarf að taka skammtímalán árin 1984 og 1985, en þau lán yrðu greidd af byggingarsjóði á tveimur eða þremur árum. Er fyrirhugað að lán þessi yrðu greidd upp að fullu 1987 og þá muni verða í byggingarsjóði 2 millj. kr. Það er því alveg óhætt að segja það, að byggingarsjóður stendur undir þessum byggingaráformum eins og honum ber að gera. Engu öðru fé er áætlað að verja til þessarar byggingar. Framlög úr ríkissjóði koma ekki til greina og sáralítið þarf að grípa til lántöku, reyndar aðeins um skamman tíma og algerlega á kostnað og ábyrgð byggingarsjóðs. Hér er því að mínum dómi um mjög vel undirbúna fjármögnun að ræða.

Eins og ég hef áður rakið á Ríkisútvarpið við húsnæðisvanda að etja. Stefnt er að því, að þegar sá vandi verði leystur verði það gert til langrar framtíðar, þ. e. með byggingu útvarpshússins við Háaleitisbraut. Það húsnæði, sem stofnunin hefur haft til umráða undanfarin ár og áratugi, verður látið nægja þangað til hægt er að flytja í eigin húsakynni.

Í framhaldi af því, sem hér hefur verið rætt um kostnaðarsamar framkvæmdir og fjárfestingu á vegum Ríkisútvarpsins, er skylt að minnast á endurnýjunarþörf langbylgjustöðvarinnar á Vatnsenda. Í því efni vísa ég til þess sem í skýrslunni segir, en hlýt að segja sem er, að framkvæmdafé hefur ekki verið tryggt í þessu skyni og óvíst hvenær hafist verður handa um slíkar framkvæmdir. Það liggur fyrir að Vatnsendastöð er illa farin og endurnýjun hennar býsna brýn. Þó mun það nokkuð ljóst, að nýrri

langbylgjustöð verður ekki valinn staður á Vatnsenda, heldur hafa aðrir staðir verið taldir heppilegri, þ. e. á Garðskaga syðra eða í Flóa í Árnessýslu. Eins og lesa má í skýrslunni hefur verið gerð lausleg áætlun um kostnað við að byggja 500 kw. langbylgjustöð í Flóanum og er hann áætlaður um það bil 50 millj. kr., en segja verður að þessi áætlun er engan veginn nægilega vel undirbúin til þess að öruggt sé að þessi tala standist. Að mínum dómi er bygging langbylgjustöðvar vissulega brýn, og ég hef ekki legið á því að útvega verði fé til stöðvarinnar, þó að það hafi ekki borið árangur til þessa. Eðlilegast er að ríkissjóður taki lán til byggingar langbylgjustöðvar, a.-m. k. að verulegum hluta, eins og algengt er þegar um opinber mannvirki er að ræða. Hugsanlegt væri að stofna sérstakan byggingasjóð langbylgjustöðvar með álagi á verð innfluttra hljómflutningstækja, eins og bent er á í skýrslunni að komið gæti til greina, og þá er að nokkru höfð í huga fyrirmynd frá Norðmönnum sem skattleggja hljómflutningstæki í þágu norska ríkisútvarpsins. — En vegna fsp. skýrslubeiðanda er skylt að endurtaka að ákvörðun um byggingu nýrrar langbylgjustöðvar liggur ekki fyrir. Það mál er enn á athugunarstigi og á umræðustigi. Ég verð fús til að hlusta á góð ráð og leiðbeiningar um hvernig það mál verði leyst best fjárhagslega og tæknilega.

Skýrslubeiðendur spyrja hvenær stereóútsendingar nái til landsins alls. Því er til að svara, að nú þegar ná stereósendingar til Suður- og Vesturlands og ráðgert er að Norður- og Austurland njóti þeirra á næsta ári.

Eitt af þeim atriðum, sem snerta útvarpsrekstur og stundum eru rædd manna á meðal og á opinberum vettvangi, er spurningin um landshlutaútvarp, þ. e. útvarp staðbundinnar dagskrár. Fyrirmyndir um slíkt er vissulega að finna í flestum löndum sem Íslendingar þekkja til og vilja gjarnan miða sig við. Ég hygg að nokkur áhugi muni vera víða um land á slíku útvarpi og óneitanlega er margt jákvætt við þessa hugmynd. Persónulega hef ég lengi velt þessari hugmynd fyrir mér og verið henni fylgjandi í grundvallaratriðum. Hins vegar er þessi hugmynd ekki einhlít og ekki auðframkvæmd við ríkjandi aðstæður. Þess vegna hef ég ekki lagt áherslu á að hefja ákveðinn undirbúning undir ákvörðun í þessu máli þann stutta tíma sem ég hef farið með þessi mál í ríkisstj. Önnur miklu brýnni mál hafa kallað að hjá Ríkisútvarpinu. Það vil ég þó segja, að það telst til framtíðarverkefna Ríkisútvarpsins að vinna að því, að landshlutaútvarp sé fyrir hendi og starfi við hliðina á aðalútvarpsrekstrinum.

Um nýja útvarpsrás er svipað að segja. Ég hef ekki séð ástæðu til þess við ríkjandi aðstæður að huga sérstaklega að því máli, en ég get fallist á að hér sé um framtíðarverkefni að ræða.

Þá minnast skýrslubeiðendur á fjármál og kostnað vegna sjónvarpssambands um gervitungl. Um það mál er að finna allítarlegar upplýsingar í skýrslunni og þá sérstaklega í grg. Péturs Guðfinnssonar, sem er alllöng, á bls. 62—64.

Eftir að jarðstöðin Skyggnir í Mosfellssveit hefur tekið til starfa eru tæknilegir möguleikar allmiklir í þessu efni. En slíku sambandi fylgir ákaflega mikill kostnaður og af minni hálfu er þetta mál því enn til athugunar. Það er á athugunarstigi og erfitt að sjá hvenær endanlega leysist úr því. Í þessu sambandi er ekki úr vegi að minnast þess, að svokallað NORDSAT-mál er nú til gaumgæfilegrar könnunar og stefnt að því að leggja tillögur um örlög þess máls af eða á fyrir næsta fund Norðurlandaráðs. Segja má að Íslendingar hafi nú tekið ákveðnari afstöðu með NORDSAT en áður, þótt engin lokaákvörðun liggi fyrir af hálfu Alþingis eða ríkisstj., sem auðvitað er ekki að vænta fyrr en málið liggur fyrir í tillöguformi og eins og það á að framkvæmast og hægt er að ræða það á þeim grundvelli. En ef NORDSAT verður að veruleika, þá mun það hafa sín áhrif á útvarps- og sjónvarpsrekstur hér á landi bæði beint og óbeint.

Herra forseti. Ég skal nú fara að ljúka máli mínu. Ég vil endurtaka það sem ég sagði í upphafi, að þó að skýrslan, sem hér liggur fyrir, sé ekki í því formi sem ég hefði helst kosið, þá á þar eigi að síður að vera að finna staðgóðar upplýsingar um Ríkisútvarpið. Vona ég að hv. alþm. geti haft hennar not við að móta sér hugmyndir og fá skilning á högum stofnunarinnar eins og nú háttar. Það er ljóst, að rekstrarstaða Ríkisútvarpsins hefur verið erfið síðustu tvö ár og er það reyndar enn, en það kemur einnig fram, að stefnt er að því að stöðva hallareksturinn á þessu ár, og ég tel að fullyrða megi að góðar horfur séu í því efni eftir þeim tölum sem liggja fyrir um það sem liðið er ársins. Þetta mál hefur þó ekki gengið átakalaust, sem varla er við að búast, og ég sé ástæðu til þess við þetta tækifæri að þakka stjórnendum Ríkisútvarpsins og útvarpsráði fyrir störf sín í því að finna leið út úr ógöngum hallarekstrar. Þótt Ríkisútvarpið hafi í bili orðið að rifa seglin hvað reksturinn snertir er fjarri því að réttmætt sé að tala um stöðnun eða samdrátt í allri starfsemi stofnunarinnar þegar á heildina er litið. Menn tala gjarnan um framtíðina, en ég vil forðast framtíðarspár fram yfir það sem ráða má af skynsamlegum líkum. Hvorki er það ætlandi nokkrum manni að sjá alla framtíðina fyrir sér né er það sanngjarnt við framtíðina sjálfa, að dauðlegir menn og misjafnlega langlífir takist á hendur að leysa vandamál komandi kynslóða fyrir fram. Ég ætla mér enga slíka dul í málefnum Ríkisútvarpsins. Ég geri mér ekki vonir um að allur vandi Ríkisútvarpsins verði leystur á skömmum tíma og að allar hugmyndir um æskilega starfsem stofnunarinnar geti orðið að veruleika á samri stundu. Slíkt kemur naumast til greina. En ég vona að það, sem gert er í þágu stofnunarinnar á hverjum tíma, varði leið til framtíðarinnar og það, sem ógert er og verður að bíða, sé ekki svo aðkallandi að það skaði framtíðarhagsmuni Ríkisútvarpsins. Ef okkur tekst að vinna þannig að málum ætti þeim að vera sæmilega borgið.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. menntmrh. fyrir þá skýrslu sem hér hefur verið dreift til þm. og hann hefur nú gert grein fyrir í alllöngu máli. Ég vil þó segja það strax, að þessi skýrsla hæstv. menntmrh. veldur mér nokkrum vonbrigðum. Í henni eru vissulega margvíslegar upplýsingar, einkum tölulegar og sögulegar, um starfsemi Ríkisútvarpsins á ýmsum sviðum. Hins vegar vantar inn í þessa skýrslu, — og hefði fallið vel undir annan lið sem hér er upp talinn, framtíðaráform útvarps og sjónvarps, — hér er ekkert um menningarlega stefnu þessa fjölmiðils allrar þjóðarinnar, það er ekkert um dagskrárstefnu og það er raunar ákaflega lítið sagt um það, hvaða framtíðarhugmyndir hæstv. menntmrh. hefur um þróun þessarar mikilsverðu stofnunar. Það er ekkert sagt hér um menningar- eða dagskrárstefnu, ákaflega lítið um hver eigi að verða þróun þessarar stofnunar í framtíðinni, og þessa sakna ég

vegna þess að þetta ætti auðvitað að verða verulegur þáttur í skýrslu sem þessari. Hitt er svo það, að það ætti að vera fastur siður hér á hinu háa Alþingi, að árlega legði menntmrh. fram skýrslu um starfsemi Ríkisútvarpsins sem síðan yrði tekin hér til umr. þannig að tími væri sæmilega rúmur til að ræða mál þessarar stofnunar. Sá háttur mun allvíða hafður á í þjóðþingum grannlanda okkar þar sem útvarp er rekið með svipuðum hætti og hér, þ. e. ríkisfjölmiðill. Og ég held að við ættum tvímælalaust að taka þennan hátt upp líka í stað þess að ræða málefni þessarar mikilvægu stofnunar sundurlaust og af ýmsu tilefni, eins og hér gerist allajafna á hverjum vetri.

Hæstv. ráðh. vék hér að því áðan, að Ríkisútvarpið hefði verið rekið með halla. Hann ásakaði raunar yfirvöld og stjórnendur Ríkisútvarpsins fyrir að hafa ekki tekið fyrr í taumana og hafa ekki gert fyrr ráðstafanir til þess að laga reksturinn að breyttum fjárhagsástæðum. Ég hygg að forráðamenn Ríkisútvarpsins hafi lengi haldið í þá von, að ríkisstj., ríkisvaldið mundi leiðrétta það óréttlæti sem þessi stofnun hefur verið beitt þegar hún var svipt tolltekjum af innflutningi sjónvarpstækja þegar þær tekjur námu verulegum upphæðum, þegar innflutningur litsjónvarpstækja var sem mestur. Sömuleiðis held ég að þessar ásakanir í garð ráðamanna Ríkisútvarpsins séu ekki heldur sanngjarnar varðandi annað, því að þeir hafa sömuleiðis haldið í þá von, að ríkisstj. mundi leyfa þessari stofnun að halda eðlilegum afnotagjöldum sem héldu í við verðlagsþróun í landinu. Hvorugt var gert, hvorki fékk stofnunin tolltekjurnar að nýju né voru afnotagjöld látin fylgja verðlagsþróun í landinu svo sem sjálfsagt og eðlilegt hefði verið.

Í skýrslunni hér er vikið að því, að þennan halla megi jafna á fimm árum. Hér á Alþingi í vetur hafa verið fluttar a. m. k. þrjár tillögur um hvernig mætti jafna þennan halla. Allar þær tillögur hafa verið felldar og hæstv. menntmrh. hefur tekið þátt í að fella þær ásamt öðrum stjórnarliðum. Hér er sagt að hallann megi jafna á fimm árum. Hins vegar kom það ekki fram í skýrslu menntmrh. að hann hefði nokkra skoðun á því eða hefði mótað nokkra stefnu um að svona ætti að gera þetta eða með einhverjum öðrum hætti. Það kom ekki fram í ræðu hæstv. ráðh.

Nú er það svo, að útvarpsráð hefur á fundum að undanförnu verið að fjalla um samdrátt í dagskrárgerð. Og það er hlálegt, að á 50 ára afmæli þessarar stofnunar og fyrsta heila ráðherraári hæstv. núv. menntmrh. skuli þurfa að rifa seglin jafnstórkostlega hjá þessari mestu menningar- og öryggisstofnun þjóðarinnar sem raun ber vitni. Á 50. ára afmæli Ríkisútvarpsins er það hlálegt. Fyrirmæli komu til útvarpsráðs frá útvarpsstjóra um að skerða ætti dagskrá sjónvarpsins um 9%. Í útvarpsráði var gerð samþykkt um að stytta dagskrá sjónvarpsins nokkuð til þess að ná fram sparnaði. Um það voru ekki allir útvarpsráðsmenn á eitt sáttir. Hins vegar þegar að því kom að draga saman hjá útvarpinu komu fyrirmæli þess efnis frá útvarpsstjóra, að þar ætti að spara 14% án þess að stytta dagskrá. Nú er það svo, að síðast í gær var útvarpsráð að fjalla um þessi mál og þá var gerð bókun sem er mjög almenns eðlis um aðhald og sparnað í rekstri. Hins vegar held ég að það sé ekkert ofsagt, að útvarpsráð hafi gefist upp við að gera ráðstafanir til þess að spara 14% í rekstri Ríkisútvarpsins án þess að stytta dagskrá. Ég hygg að útvarpsráð hafi hreinlega komist að þeirri niðurstöðu, að slíkt væri ekki hægt. Slíkt er ekki hægt og þess vegna verður það ekki gert. Það er alveg ljóst, að einhver sparnaður og samdráttur verður í rekstri Ríkisútvarpsins, en ég hygg að það muni fjarri lagi að hann verði 14% eins og að var stefnt.

Hæstv. ráðh. hafði þau orð hér áðan, að Ríkisútvarpið sækti fram á mörgum sviðum. Ég á sæti í útvarpsráði og sit þar fundi tvisvar í viku. Mér er ekki alveg ljóst á hvaða sviðum þessi stofnun sækir fram þó svo hún ætti auðvitað að gera það. Það verður að takmarka alla dagskrárgerð vegna þess hvernig ríkisstj. hefur búið fjárhagslega að Ríkisútvarpinu. Það verður að hafna ýmsum hugmyndum, sem útvarpsráð vildi svo gjarnan framkvæma í dagskrá og bættri þjónustu við almenning og viðskiptavini þessarar stofnunar, vegna þess að það eru ekki til peningar. Mér er ekki alveg ljóst á hvaða sviði þessi framsókn er sem hæstv. menntmrh. talar hér um, þegar það er að gerast að verið er að rifa seglin og draga stórkostlega saman í dagskrá bæði í útvarpi og sjónvarpi. En hæstv. ráðh. svarar því væntanlega hér á eftir, á hvaða sviðum það er sem verið er að sækja fram. Hann talaði um að mikilvægt væri að rekstur stofnunarinnar væri hallalaus. Víst get ég tekið undir það, en til þess að svo megi verða verður að tryggja þessari stofnun eðlilegan fjárhagsgrundvöll, eðlilegan rekstrargrundvöll. Og þar hefur forusta hæstv. menntmrh. því miður brugðist.

Í öðru lagi talaði ráðh. hér um það, að stofnunin væri að eignast eigið hús, sérhannað útvarpshús. Það er alveg rétt. Húsnæðismál þessarar stofnunar hafa lengi verið og eru í öngþveiti, og mun ég koma nánar að því síðar. Hann talaði líka um nauðsyn þess að efla dreifikerfið. Það væri vissulega hægt ef þessi stofnun hefði áfram þær tolltekjur sem hún hafði. Hins vegar verður það erfitt við núverandi kringumstæður. Ég er hæstv. ráðh. hins vegar sammála um að þarna verður að horfa á málin með nokkru raunsæi.

Hæstv. ráðh. minntist á það, að 98% landsmanna nytu sjónvarps, og ég hygg að mjög fljótlega hafi þessari tölu verið náð. Ég hygg hins vegar að það sé miklum erfiðleikum bundið að auka við þetta vegna þess að því fylgir svo gífurlegur kostnaður í mörgum tilvikum að við verðum að una því, eins og allar aðrar þjóðir, að til eru þau byggð ból hér á landi eins og annars staðar sem kostnaðarins vegna er ekki hægt að koma sjónvarpi til. Þetta verðum við að viðurkenna hvort sem okkur líkar það betur eða verr.

Ráðh. rakti hér allítarlega húsnæðismál Ríkisútvarpsins. Hann talaði um byggingarsjóð, og í skýrslunni er á ýmsum stöðum talað um byggingarsjóð. Nú er rétt að vekja athygli á því, að það er ekkert til sem heitir byggingarsjóður Ríkisútvarpsins. Það er til sjóður sem heitir Framkvæmdasjóður Ríkisútvarpsins og um hann eru ákvæði í 14. gr. útvarpslaga svo og í reglugerð um Ríkisútvarp sem gefin var út er Magnús Torfi Ólafsson gegndi embætti menntmrh. Í 14. gr. laga um Ríkisútvarp, útvarpslaganna, segir svo, með leyfi forseta:

„Í sjóð, er nefnist Framkvæmdasjóður Ríkisútvarpsins, skal leggja 5%“ — 10% er það raunar núna — „af brúttótekjum stofnunarinnar. Fé Framkvæmdasjóðs skal verja til að tryggja viðunandi húsnæði og tækjakost fyrir starfsemi Ríkisútvarpsins.“

Húsnæðið er talið hér upp á undan, rétt er það. En það er fleira talið upp og þess vegna er það rangt þegar hæstv. ráðh. talar um þennan sjóð sem byggingarsjóð Ríkisút-

varpsins. Það er alrangt og nægir þar að vitna til útvarpslaganna, 14. gr., og til reglugerðarinnar um Ríkisútvarp.

Hæstv. ráðh. vék áðan að öðru máli sem skiptir miklu í þessu sambandi. Það er bygging nýrrar langbylgjustöðvar. Hann taldi það mál réttilega mjög brýnt, en óvíst um allan framgang þess. Mér sýnist að það eigi að sjálfsögðu einnig að vera hlutverk Framkvæmdasjóðs Ríkisútvarpsins að fjármagna byggingu nýrrar langbylgjustöðvar. Það er til lítils að byggja glæsilegt hús, sem kostar 10 gamla milljarða eða hátt í 100 millj. nýkr., ef engin er langbylgjustöðin eða hún svo léleg að dagskráin kemst ekki til landsmanna. Það er auðvitað forsenda útvarpsrekstrar hér í landinu að hér sé öflug, örugg og traust langbylgjustöð sem kemur því efni til viðskiptavina stofnunarinnar sem dagskráin er. Ríkisútvarpið er að sjálfsögðu til þess að senda út dagskrá. Það er auðvitað frumforsenda og tilgangur þessarar stofnunar. Ég held því að menn geti ekki ýtt þessu langbylgjustöðvarmáli til hliðar. Hvar standa menn ef einn góðan veðurdag í einhverju logninu hrynja þessi möstur hér uppi á Vatnsenda sem raunar hefur verið fyrir löngu spáð að ættu að vara hrunin? Hvar standa menn ef þau hrynja? Þá er ekki hægt að koma neinni dagskrá um landið, ekki nema mjög takmarkað eftir FM-kerfinu. Það er því verulegur ábyrgðarhluti að gera ekki neinar ráðstafnair í þessa átt. En ég er ekki þar með að segja að það eigi ekki að sinna húsnæðismálum útvarpsins. Víst á að gera það. Þau mál voru komin í öngþveiti. Þau mál eru að vissu leyti raunasaga eins og hæstv. ráðh. minntist á áðan. Hins vegar er ástæða til að fara ýmsum orðum um það sem þar er að gerast.

Ég er þeirrar skoðunar, að leysa hefði mátt húsnæðisvanda útvarpsins með töluvert ódýrari hætti og töluvert fljótar en nú er verið að gera. Það koma fram í máli hæstv. ráðh., að þetta hús verður fyrst nothæft 1986—1987. Raunar kom ekki fram í máli hans hvort í þessum 93—94 millj. kr. eru innifalin öll tæki til hússins. Ég hygg þó að hér muni eingöngu átt við byggingarkostnaðinn sjálfan og er þá ærið fé eftir sem útvega þarf til tækjakaupa og búnaðar í þessa nýju byggingu, og væri fróðlegt að heyra hversu háum upphæðum áætlað er að það nemi og hversu mikið viðbótarfjármagn þurfi að útvega. Nema þetta sé innifalið í þessari tölu. Ráðh. skýrir væntanlega frá því hér á eftir.

Hæstv. menntmrh. sagði áðan að það húsnæði, sem Ríkisútvarpið réði yfir nú, yrði látið nægja næstu 5—6 árin. Þetta held ég að sé gersamlega útilokað. Að vísu er sjónvarpið þokkalega sett með húsnæði, en að því er varðar starfsemi Ríkisútvarpsins að Skúlagötu 4, þá er gersamlega útilokað að það húsnæði, sem þar er til umráða, dugi Ríkisútvarpinu næstu 5—6 árin. Þetta hygg ég að allir starfsmenn útvarpsins viti, að í því millibilsástandi, sem hér skapast, verður að gera ráðstafanir til þess að auka húsnæði stofnunarinnar ef hreinlega á ekki að skapast enn þá meira vandræðaástand en þegar er. Þess eru þegar dæmi, að það hefur orðið að hætta dagskrárliðum — vinsælum þáttum — vegna húsnæðis- og aðstöðuleysis að Skúlagötu 4. Hvernig halda menn að ástandið verði þá eftir 5—6 ár? Að vísu gæti svo farið, ef svo heldur fram sem horfir að ekki rætist úr fjármálum þessarar stofnunar undir forustu hæstv. núv. menntmrh., að dagskráin dragist saman frá ári til árs næstu 5—6 árin. Og auðvitað er hægt að leysa húsnæðisvandann með því að fækka fólki og stytta dagskrá og minnka öll umsvif. Það er vissulega hægt. En ég hef ekki heyrt ráðagerðir í þá átt. Ég held, því miður, að með þeirri byggingu, sem verið er að ráðast í núna, hafi verið hugsað einum of stórt, óþarflega stórt. Það hefði mátt leysa húsnæðisvanda stofnunarinnar með töluvert ódýrari hætti þannig að allir væru fullsæmdir af.

Í fskj. 5 í þessari skýrslu er talað um byggingarnefnd og þessar framkvæmdir. Ég hefði nú gjarnan viljað hæstv. menntmrh. hlustaði á það sem ég hef að segja ef hann treystir sér til þess að vera hér inni í salnum meðan þessar umr. fara fram. Hér stendur í þessari skýrslu: „Eitt fyrsta og mikilvægasta ráðið sem Írar gáfu“ — það voru ráðgjafarnir um þessa byggingu — „var að byrja á því að gera sér ljósa grein fyrir því, hvernig það hús yrði skipulagt, sem að lokum væri hugsanlegt sem aðalstöðvar Ríkisútvarpsins í Reykjavík, þegar ekki yrði byggt meira þar.“

Nú langar mig til þess að vita hvernig hæstv. menntmrh. skilur þessa setningu. Ég vildi gjarnan fá á þessu skýringu. Ég hygg líka, að þeim ráðgjöfum ólöstuðum annars sem leitað var til, að þessi mál hefðu öll tekið farsælli stefnu ef leitað hefði verið samráðs og samvinnu við Norðurlöndin eins og og gert var þegar verið var að stofna sjónvarpið hér. Þá hygg ég að þessi mál hefðu þróast meira í þeim mælikvarða sem okkur væri hentugri, eðlilegri og skynsamlegri heldur en að leita til Íra.

Í skýrslunni segir einnig á bls. 57, með leyfi forseta:

„Sjónvarpið býr í eigin húsnæði svo að ætla mætti að þörf þess væri ekki jafnbrýn. Þó er þar þegar farið að gæta þrengsla og fyrirsjáanleg erfið vandamál í þeim efnum innan skamms og þau verða ekki leyst betur en með bústaðaskiptum. Þörf fyrir nýbyggingu er því ótvíræð.“

Nú hefði ég viljað spyrja hæstv. menntmrh.: Hvaða erfiðu vandamál eru fyrirsjáanleg í þessum efnum á næsta leiti hjá sjónvarpinu? Í öðru lagi vil ég spyrja: Er þessi setning, sem ég hef nú vitnað til, sett hér fram með samþykki framkvæmdastjóra og dagskrárstjóra sjónvarpsins? Eru þetta þeirra skoðanir sem hér er lýst? Ég hef grun um að svo sé ekki. En fróðlegt væri ef hæstv. ráðh. vildi einnig upplýsa það hér á eftir.

Hæstv. menntmrh. vék hér stuttlega að landshlutaútvarpi og hugsanlega annarri útvarpsrás, eins og spurt var um í þeirri beiðni um skýrslu, sem við lögðum fram nokkrir þm., og rætt er um í skýrslunni. Það kemur fram að ekkert hefur verið um þetta hugsað, hvorki landshlutaútvarp né aðra útvarpsrás, og engin stefna verið mótuð í þeim efnum. Þó man ég ekki betur en hæstv. núv. menntmrh., meðan hann var óbreyttur þm., talaði úr þessum ræðustóli einmitt fyrir landshlutaútvarpi í tengslum við það þegar verið var að ræða kaup á húsnæði handa Ríkisútvarpinu fyrir stúdíó á Akureyri. En nú bregður svo við, að engin stefna er til að því er varðar landshlutaútvarp og að því er varðar aðra útvarpsrás. Auðvitað verður að móta stefnu í þessum efnum og það til nokkuð margra ára. Það hefur hins vegar ekki verið gert. Við verðum að móta okkur hugmyndir um það, hvernig við viljum að Ríkisútvarpið þróist á komandi árum. Nú eru gífurlegar framfarir á sviði allrar fjarskiptatækni og mjög er hætt við að það komi að því, að sú einokunaraðstaða, sem Ríkisútvarpið, útvarp og sjónvarp hefur hvort á sínu sviði og sameiginlega, að þessi einokunaraðstaða verði kannske ekki haldbær tæknilega

að fáeinum árum liðnum. Og við verðum auðvitað að hugleiða hvernig við viljum að þessi mikla menningarstofnun, þetta mesta öryggistæki okkar sem búum hér að ýmsu leyti við ótryggar aðstæður af hálfu náttúrunnar, — hvernig viljum við að þessi stofnun þróist. Um það er ekki orð. Viljum við halda því áfram sem verið hefur, að þessari stofnun sé algerlega miðstýrt hér frá Reykjavíkursvæðinu og hér sé sem sagt hennar yfirstjórn og nánast öll starfsemi, eða viljum við dreifa þessu meira um landið og auka þátttöku landsmanna allra, hvar svo sem þeir búa, í starfsemi þessarar stofnunar? Það er tæknilega kleift og verður auðveldara eftir því sem tækni og fjarskiptamöguleikum fleygir fram. En um þetta er ekki orð, ekki á þetta minnst, engin stefna.

Þá vék hæstv. ráðh. að því sem rætt er um hér í skýrslunni, sem er myndsamband sjónvarpsins við önnur lönd. Um það eru ítarlegar upplýsingar í þessari skýrslu og kemur sömuleiðis fram að varðandi þetta atriði hefur engin stefna verið mótuð. Það kemur hér fram að það kostar 50—60 kr. á hvert sjónvarpstæki að koma þessu myndsambandi á og nota það þannig að við getum, hvar sem við erum búsett á landinu, ef við höfum möguleika til þess að horfa á sjónvarp, fylgst með atburðum á erlendri grund, hvort sem það eru íþróttakappleikir, kóngabrullaup eða aðrir fréttaatburðir eða skemmtidagskrár sem sérstaklega eru sendar út, — við getum fylgst með þessu um leið og það gerist. Það er auðvitað hið eiginlega sjónvarp og þannig nýtast fyrst til fullnustu möguleikar þessa miðils. Við getum hugsað okkur það að horfa á íslenskt íþróttalið í kappleik erlendis samtímis því sem hann á sér stað. Þetta hygg ég að muni breyta ýmsu, og ég er sannfærður um að fólk mundi ekki telja eftir sér yfirleitt að greiða lítils háttar viðbótargjald til þess að geta notið slíkrar þjónustu. Raunar er það svo, að það heyrist kvartað yfir býsna mörgu í dagskrá útvarps og sjónvarps og rekstri þessarar stofnunar, en mig rekur ekki minni til þess að hafa séð kvartanir í þá veru að afnotagjöldin væru of há. Hins vegar man ég eftir því að hafa séð bréf hér í dagblöðum þar sem menn hafa lýst því, að þeir væru reiðubúnir til að greiða hærra afnotagjald ef með því væri tryggt að fengist betra efni.

Það er ýmislegt, herra forseti, í þessari skýrslu, ýmis atriði, kannske smáatriði, sem ástæða væri til að fjalla nokkru ítarlegar um og spyrja hæstv. menntmrh. T. d. ítreka ég þá spurningu: Hvenær var ákveðið að sjónvarpið flytti strax í þetta nýja hús, og hvaða þrengsli og vandkvæði eru það sem þar eru sérstaklega á döfinni núna? Ég veit ekki um nokkra ríkisstofnun sem telur sig ekki búa við þrengsli. Það gera allar þær ríkisstofnanir sem ég þekki til. Vitað mál er að útvarpið býr við óbærileg þrengsli, en ég held að sjónvarpið búi alls ekki við mjög slæma aðstöðu í þeim efnum, þar sé langur vegur frá.

Þá mætti spyrja: Hvenær var sú ákvörðun tekin að taka upp myndbönd í staðinn fyrir kvikmyndafilmu, sem þýðir væntanlega það, a. m. k. einhvern ákveðinn tíma, að ef þetta yrði gert núna yrðu hreinlega engar fréttakvikmyndir utan af landsbyggðinni í fréttatímum sjónvarpsins, — ef ákveðið væri að gera þetta — vegna þess að úti á landi eru ekki til upptökutæki fyrir myndband og kosta ærinn skilding og vandséð hvernig þeir menn, sem gegna fréttaritarastörfum fyrir sjónvarpið og hafa ekki af því neinar tekjur sem eru umtalsverðar, mundu koma sér upp slíkum tækjum. Með þessari till., sem minnst er á í skýrslunni, er nánast verið að leggja til að fréttaþjónusta í kvikmyndum utan af landi verði lögð niður. Og ég get ekki ímyndað mér að það sé skoðun eða stefna hæstv. menntmrh. þó að þetta kunni að vera einkastefna einhverra ákveðinna tæknimanna við sjónvarpið.

En það, sem auðvitað skiptir meginmáli varðandi öll málefni Ríkisútvarpsins, er að fjárhag þess verði komið á traustan grundvöll, að Ríkisútvarpið fái eðlileg afnotagjöld, fái að taka eðlilegt gjald fyrir sína þjónustu. Sömuleiðis mætti undanþiggja Ríkisútvarpið söluskatti af auglýsingum. Það mun vera eini fjölmiðillinn hér á landi sem greiðir söluskatt af auglýsingum og hann nam í fyrra nokkrum hundruðum millj. kr. Það er satt best að segja vandséð hvers vegna útvarpinu einum fjölmiðla er gert að greiða söluskatt af auglýsingum, og vildi ég gjarnan heyra skoðun hæstv. menntmrh. á því, hvort ekki væri eðlilegt að fella þá kvöð niður þannig að allir fjölmiðlar stæðu hér jafnfætis.

Þar til viðbótar ber auðvitað að leggja höfuðáherslu á það, að Ríkisútvarpið endurheimti þær tolltekjur sem af því voru teknar á sínum tíma, og ég hygg raunar að þegar þessi breyting var samþykkt hafi a. m. k. ekki öllum alþm. verið alveg ljóst hvað var verið að samþykkja, að verið var að kippa nánast grundvellinum undan heilbrigðum rekstri Ríkisútvarpsins. En almennt má auðvitað segja það um rekstur þessarar stofnunar og þann grundvöll sem hún hvílir á, sem eru útvarpslögin, að það er orðið tímabært að endurskoða þau lög, m. a. í ljósi ýmissa breyttra kringumstæðna, í ljósi breyttrar tækni. Það hefur borið hér á góma á Alþingi m. a. mál sem varðar myndsegulbönd, sem nú breiðast ört út og væntanlega þeim mun örar því meir sem dagskrá sjónvarps er skert og stytt, og er auðvitað ekkert við því að segja. Þetta er eðlileg þróun, en þetta er auðvitað þróun sem verður að hafa í huga og verður að taka tillit til í lagasetningu fyrir Ríkisútvarpið.

Ég mun nú, herra forseti, fara að ljúka máli mínu. Það er sem sagt margt athyglisvert í þessari skýrslu, en mér finnst líka í hana vanta býsna margt og þá einkum það sem mestu varðar um framtíðar- og frambúðarstefnu, dagskrárstefnu og hvernig þessi stofnun eigi að þróast á næstu árum. Ég hef þegar borið fram nokkrar spurningar til hæstv. menntmrh. og ég vildi bæta hér fáeinum við.

Í fyrsta lagi: Vill hæstv. menntmrh. beita sér fyrir því, að þetta verði árlegur viðburður, a. m. k. meðan hann gegnir þessu virðulega embætti, að skýrsla af þessu tagi verði lögð fram og rædd á Alþingi?

Í öðru lagi er það svo, að Ríkisútvarpinu er gert að greiða samkv. sérstökum samningi verulegan hluta af kostnaði við rekstur Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Nú hefur verið lagt hér fram á Alþingi frv. til l. um Sinfóníuhljómsveitina sem ekki hefur enn verið tekið til umr. Nú er ég síður en svo að hafa á móti rekstri Sinfóníuhljómsveitarinnar. Ég er honum að sjálfsögðu hlynntur og enginn má skilja orð mín svo, að ég sé á einn eða annan veg að draga úr því að við höldum hér uppi sinfóníuhljómsveit. En það, sem orkar tvímælis í mínum huga, er hvort rétt sé á þeim fjárhagslegu þrengingatímum, sem Ríkisútvarpið sem stofnun býr nú við, að gera því að greiða 25% — raunar mun það hafa verið hærri tala áður, en frv. gerir ráð fyrir 25% ef mig ekki misminnir — hvort rétt sé að gera Ríkisútvarpinu að greiða þennan kostnað, hvort ekki sé miklu hreinlegra og æskilegra að þetta sé greitt beint úr ríkissjóði og Ríkis-

útvarpið greiði síðan Sinfóníuhljómsveitinni fyrir þá þjónustu, sem hljómsveitin veitir útvarpinu sem stofnun, og fyrir þá tónlist, sem hún þar flytur. Ég held að það sé óeðlilegt að Ríkisútvarpið sé skikkað til að greiða þetta, og mætti alveg eins hugsa sér að Þjóðleikhúsið greiddi þarna álíka skerf t. d. Það má hugsa sér einhverjar fleiri ríkisstofnanir sem væru skikkaðar til þess að standa undir rekstri Sinfóníuhljómsveitarinnar. Ég held að það sé ekki rétt að útvarpið sé látið gera það í svona ríkum mæli, sérstaklega þegar tekið er tillit til þess, hversu sorfið hefur verið að fjárhagsgrundvelli þess.

Ég hef áður spurt hæstv. ráðh. hver stefna hans sé varðandi myndsamband um gervihnött við önnur lönd. Á að koma því til framkvæmda nú á þessu ári með því að leggja smávegis viðbótargjald á afnotagjöldin þannig að unnt sé að koma þessu á? Og ég ítreka spurninguna um það hvernig eigi að greiða hallann sem myndast hefur á rekstri Ríkisútvarpsins. Á að fara þá leið, sem minnst er á í skýrslunni, að greiða hann á næstu fimm árum? Það er út af fyrir sig ekkert við því að segja ef það er ákveðið. En auðvitað þarf að vera um þetta mótuð stefna. Og að síðustu: Megum við eiga von á því, að hæstv. menntmrh. móti stefnu varðandi landshlutaútvarp og aðra útvarpsrás og varðandi það hvort Ríkisútvarpinu eigi að vera miðstýrt að einu og öllu leyti héðan frá Reykjavík eða hvort eigi að dreifa því meira um landið?

Ég ætla ekki, herra forseti, að hafa þessi orð fleiri að sinni.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég mun ekki hafa mörg orð um þessa skýrslu eða málefni Ríkisútvarpsins, en kýs þó að ræða nokkur atriði og þó einkum þau sem hafa helst verið í sviðsljósinu að undanförnu. Mér er skylt að þakka hæstv. menntmrh. fyrir að hafa lagt fram þessa skýrslu samkv. beiðni, en hef að sjálfsögðu þann fyrirvara á, að skýrslan, þótt ítarleg sé í sumum efnum, hefur ekki að geyma fyrirheit eða stefnumótun ráðh. nema að mjög takmörkuðu leyti, enda kom fram hjá hæstv. ráðh. að hann hefði sjálfur kosið að skýrslan yrði í öðru formi.

Hv. síðasti ræðumaður, fyrsti „skýrslubeiðandi", hefur í mjög ítarlegu máli gagnrýnt skýrsluna og hæstv. menntmrh. og vikið til hans ýmsum nýjum spurningum. Í máli hans mátti kenna ýmis þau atriði sem gjarnan ber á góma í útvarpsráði, en síðasti ræðumaður á sæti í útvarpsráði um þessar mundir, einmitt á þeim tímum þegar í fyrsta skipti, að ég held, a. m. k. um mjög langan aldur, er verið að reyna að ná fram sparnaði hjá Ríkisútvarpinu vegna þess hve stjórnvöld hafa skorið fjármagn við nögl til stofnunarinnar, einkum og sér í lagi með íhaldssemi er varðar hækkun afnotagjalda og með niðurfellingu aðflutningsgjalda sem á sínum tíma var ætlað að standa undir verulegum hluta uppbyggingar Ríkisútvarpsins og þá einkum sjónvarpsins.

Hv. síðasti ræðumaður sagðist vonast til þess — og skoraði jafnframt á ráðh. að hann legði fram skýrslu einu sinni á ári í sinni ráðherratíð. Til gamans get ég kannske bætt við að ég vona að hæstv. ráðh. sé þegar búinn að efna þetta loforð, því að auðvitað eigum við stjórnarandstæðingar þann draum heitastan að þessi ríkisstj. sitji ekki nema þetta ár. Þess vegna má segja, í gamni að vísu, að það sé von mín að ráðh. hafi þegar orðið við þessari beiðni.

Það er auðvitað hallarekstur Ríkisútvarpsins sem hlýtur að verða mest til umræðu nú, ekki síst þegar þess er gætt, að í þessari skýrslu er ekki að finna miklar yfirlýsingar um framtíðarstefnumótun, en hins vegar fjallað um þau mál sem hafa verið til umfjöllunar af hálfu þeirra sem hafa með málefni Ríkisútvarpsins að gera. Því hefur stundum verið lýst úr þessum ræðustól á hv. Alþingi, að það sé vísitalan sem í raun stjórni öllum efnahagsmálum þessa lands, þar með talið fjármálum ríkisstofnana. Ugglaust er eitthvað til í því, kannske meira en lítið. Þetta lýsir sér oft með þeim hætti, að stofnanir og B-hluta fyrirtæki fá ekki umbeðnar hækkanir, en eru látnar leysa vandamál sín með lántöku. Þetta er gert í orði kveðnu til þess að halda niðri verðbólgunni og skýringin er þá talin vera sú, að með því að skera niður afnotagjöld útvarps og önnur slík gjöld komi þær hækkanir ekki fram í kaupi launafólks, en kaup launafólks er stór liður í því að hækka verð vöru í landinu og það er einmitt það sem mælir verðbólguna. Sé þetta hins vegar kannað til hlítar kemur í ljós að ef vandinn er leystur með lántökum til rekstrar eða uppbyggingar slíkra stofnana hefur slíkur niðurskurður — eða þegar komið er í veg fyrir hækkun afnotagjalda í þessu tilviki — ekki minnstu þýðingu til þess að halda verðbólgunni í skefjum. Á þetta minnist ég hér þótt það sé ekki eingöngu mál Ríkisútvarpsins, heldur almennt lögmál sem á við um allar stofnanir, en sýnir fyrst og fremst hve frumstæðir við stjórnmálamenn oft erum þegar við þykjumst vera að leysa vandamál með því í raun að ýta þeim á undan okkur og gera þau enn verri viðureignar.

Það er eðlilegt að spurt sé að því, hvernig hæstv. menntmrh. — og þá um leið hæstv. ríkisstj. — ætlar sér að greiða Ríkisútvarpinu þann rekstrarhalla sem varð á síðustu tveimur árum og lýst er á bls. 5 og 6 í þessari skýrslu. Á bls. 2 í skýrslunni er reyndar sagt að það sé unnt að greiða þetta tap með því að dreifa því á næstu fimm ár og þá með þeim hætti að hækka afnotagjöldin um 10%. Ég held að ég fari rétt með — því miður hef ég ekki tölur við höndina — en ég held að ef Ríkisútvarpið á að vera hallalaust rekið á þessu ári þurfi hækkun í haust að vera talsvert umfram það sem mér hefur heyrst að hæstv. ríkisstj. ætli sér að leyfa opinberum stofnunum að hækka sínar gjaldskrár. Þess vegna er það ákaflega mikils virði fyrir þá, sem stjórna fjármálum þessarar stofnunar, að fá fyrr en síðar vitneskju um hvernig staðið verður að gjaldskrárhækkunarbeiðni stofnunarinnar næsta haust. Í þessu sambandi er rétt að rifja það upp, að þegar hæstv. ríkisstj. tók ákvörðun um það um síðustu áramót að hækka alla opinbera þjónustu um 10%, þá kom slík hækkun vitaskuld ekki Ríkisútvarpinu til góða hvað afnotagjöldin snertir, þótt aðra sögu sé að segja þegar vikið er að auglýsingum útvarps og sjónvarps, en auglýsingagjöld sjónvarps og útvarps hafa hækkað talsvert fram yfir almennar verðlagshækkanir í landinu. Okkur finnst, a. m. k. sumum skýrslubeiðendum, að það þurfi að liggja fyrir sem allra fyrst svar við þessari spurningu.

Það kom fram í máli hæstv. menntmrh., og reyndar kemur það fram í skýrslunni einnig, að tapið á Ríkisútvarpinu mætti rekja til þess, að tolltekjur voru teknar af Ríkisútvarpinu. Hæstv. menntmrh. gat um það í leiðinni, að í raun hefði Ríkisútvarpið átt að vera búið að átta sig á þessu og sníða sér þannig stakk eftir vexti í rekstrinum. Það er rétt í þessu sambandi að rifja það upp, að þessar tolltekjur voru á sínum tíma álitnar vera forsendur þess,

að hægt væri að bæta dreifikerfi sjónvarps og að hefja þá litvæðingu sem Ríkisútvarpið lagði í á sínum tíma. Um þetta má ekki aðeins leita upplýsinga og raka í fundargerðarbókum útvarpsráðs, heldur enn fremur í skýrslu nefndar sem m. a. tveir hv. þm. áttu sæti í, Sverrir Hermannsson og Steingrímur Hermannsson, — ég man ekki hver var þriðji maður, en ugglaust voru þeir fleiri, — að þessar tekjur þyrftu að standa undir uppsetningu dreifikerfis. Og þá var reiknað með að litvæðingin, sem fyrst og fremst gat orðið á þéttbýlissvæði Suðvesturlands, gæti skilað af sér gífurlegum tekjuauka vegna aukinnar sölu sjónvarpstækja. En eins og allir vita var lögum breytt og tolltekjurnar hurfu beint í ríkissjóð. Þetta hefur síðan orðið til þess að Ríkisútvarpið hefur þurft að taka lán, sem ég held að sé um 570 millj. gkr., kemur fram í þessari skýrslu, og um það hefur verið deilt hvort hér sé um endurkræft eða óendurkræft lán að tefla. Ég tel að það sé ástæða til þess, að hæstv. menntmrh. svari þeirri spurningu, hvort ætlunin sé, að Ríkisútvarpið greiði þessa fjármuni aftur, eða hvort ætlunin sé, að ríkissjóður greiði þetta lán í stað Ríkisútvarpsins.

Það hefur komið fram í þessum umræðum, og reyndar lýsti hv. síðasti ræðumaður því mætavel, hvernig útvarpsráð hefur undanfarnar vikur og mánuði verið að fást við það að reyna að spara í dagskrárgerð. Útvarpsráð hefur aðeins með dagskrána að gera, það er ekki almenn stjórn stofnunarinnar, en slíkt hefur orðið til þess, að stjórnunin er veik, og kemur m. a. fram í því, að það er tiltölulega lítill hluti útgjalda útvarps sem fer til beinnar útsendingar. Það má eiginlega segja að breytilegi útsendingarkostnaðurinn sé ákaflega lítill, þannig að ef á að ná fram gífurlegum sparnaði með því að skera niður útsendingu eða þynna dagskrána þarf gífurlega mikinn niðurskurð í dagskrárgerð til þess að ná fram tiltölulega litlum sparnaði. Ástæðan fyrir þessu er einfaldlega sú, að fasti kostnaðurinn er gífurlega mikill hjá stofnuninni og á hana, á rekstrarkostnaðinn, hafa verið hengdir ýmsir pinklar. Það hefur verið tiltölulega auðvelt fyrir ýmsa sérhópa að semja við þessa stofnun. Frægt dæmi og nýlegt er um leikara. Enn fremur má minna á það sem hv. síðasti ræðumaður talaði um, Sinfóníuhljómsveitina, og er þá ekki verið að dæma um það, hvort leggja eigi hana niður eða ekki, heldur aðeins að benda á að útvarpinu hefur verið skylt að greiða stóran hluta rekstrarkostnaðarins, alveg burt séð frá því hvort hagur Ríkisútvarpsins stendur vel eða illa.

Jafnframt er hjá Ríkisútvarpinu rekið með myndarlegum hætti hljómplötusafn, kannske það eina sem má kalla fullkomið hljómplötusafn hér á landi. Það er ákaflega dýrt að halda úti slíkri söfnun og geymslu á hljómplötum og spurning hvort það á að vera hlutverk Ríkisútvarpsins að gera slíkt eða einhverra annarra aðila.

Það, sem ég er að segja með þessum orðum, er einfaldlega það, að ef spara á í rekstrinum kemur fyllilega til greina að spara á miklu fleiri sviðum en í dagskrárgerðinni. En því miður hefur útvarpsráð — eða sem betur fer, eftir því hvernig horft er á það — ekki vald til þess að gera tillögur um slíkt.

Það er ekkert leyndarmál, það er a. m. k. mín skoðun og fjöldamargra annarra, að stjórn Ríkisútvarpsins sé ákaflega veik þótt talsverð bót hafi fengist að undanförnu. Vil ég þar sérstaklega nefna að til útvarpsins hefur ráðist ágætur fjármálastjóri sem hefur tekið á þessum málum þannig að til fyrirmyndar er. En það er ekki nóg. Komi boð frá hæstv. ríkisstj. um að nú eigi að spara verður ríkisstj. eða fulltrúar hennar í fjárlaga- og hagsýslustofnun að efna til viðræðna við forustumenn Ríkisútvarpsins um hvernig hægt sé að spara. Það er alveg sjálfsagt, eins og hæstv. ráðh. gat um, að draga saman seglin, að rifa seglin þegar ekki fást fjármunir til þess að standa undir óbreyttri starfsemi. Það er sjálfsögð skylda forráðamanna stofnunarinnar að verða við slíkum tilmælum. En á móti hlýtur stjórn útvarpsins að gera þá kröfu til hæstv. menntmrh. og hæstv. fjmrh., að þeir láti sína sérfræðinga benda á með hverjum hætti hægt er að spara, en vísi þessu ekki beinlínis til dagskrárgerðarmannanna sem hafa aðeins með lítinn hluta starfseminnar að gera.

Í ræðum, sem hér hafa verið fluttar, hefur talsvert verið rætt um útboð og byggingarframkvæmdir og skal ég ekki fjalla um það frekar. En það er þó athyglisvert mál, einkum og sér í lagi vegna stöðu nefndar í stjórnkerfinu, Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir, að það er augljóst að með því að halda áfram eða hefja á ný — eða hvað við viljum kalla það — byggingu útvarpshúss er verið að taka fram fyrir hendur þessarar ágætu nefndar sem starfar samkvæmt lögum. Og það er ekkert leyndarmál, að formaður fjvn. hefur svarað því til, að það sé ekki löglegt athæfi að hans áliti að fara af stað með útvarpshúsið. Þetta er ég ekki að segja vegna þess að ég telji að ekki eigi að hefja byggingarframkvæmdir og efna til útboðs, heldur til þess að benda á hvernig komið er fyrir ýmsum stofnunum og B-hluta fyrirtækjum sem eiga undir þessa nefnd að sækja. Ástæðan er sú sem kom fram í máli hv. síðasta ræðumanns, að það hefur verið ágreiningur á milli forráðamanna Ríkisútvarpsins og líklega hæstv. menntmrh. annars vegar og fulltrúa ríkisfjármagnsins hins vegar um hvernig túlka eigi útvarpslögin. Síðan strandaði málið að mínu áliti einfaldlega á því, að menn ræddu ekki saman um þetta mál af — ég leyfi mér að segja: annarlegum ástæðum. Eiga bæði forráðamenn Ríkisútvarpsins og fulltrúar fjmrn. sök á því, hvernig málið strandaði.

Í þessari skýrslu er nokkuð fjallað um landshlutaútvarp og aðra rás. Ég skal ekki heldur tefja lengi við þann kafla, en mig langar til að koma því hér á framfæri og segja frá því, að ég hef í hyggju næsta haust að leggja fram frv. um breytingu á útvarpslögunum sem gerir ráð fyrir að draga úr, ef ég má svo að orði komast, einokun Ríkisútvarpsins á útvarpsrekstri. Slík þróun hefur átt sér stað í nágrannalöndum, og víðast hvar á vesturhveli eru það fleiri en ríkið sem eiga aðild að útvarpsrekstri með ýmsum hætti, ýmist opinberir aðilar eða þá að útvarpsrekstur er í eign einkaaðila eða þá að um er að ræða leigða dagskrá. Aðeins hefur komið fyrir hjá íslenska Ríkisútvarpinu, að útvarpsráð og útvarpsstjóri hafa lánað við viss tækifæri bylgju, eins og t. d. fyrir kosningar, fyrir prestskosningar, alþingiskosningar, sveitarstjórnarkosningar og jafnvel kosningar í Háskóla Íslands, svo dæmi séu tekin. Það má að sjálfsögðu byrja með þessum hætti, en í framtíðinni hlýtur það að verða keppikefli að gefa fleirum tækifæri til þess að gera dagskrá fyrir almenning, og auðvitað styðst það við þá miklu þróun sem hefur orðið í tæknimálum útvarpsrekstrar og þó sérstaklega með tilkomu FM-útvarpsins.

Um þetta ætla ég ekki frekar að ræða að sinni. Þetta mál er í athugun og ég hef þegar safnað gögnum frá ýmsum löndum varðandi þetta mál.

Ég vil aðeins að lokum ítreka þakkir fyrir þessa umr., sem ég held að sé tímabær og nauðsynleg hér í sölum Alþingis, og jafnframt sér í lagi að þakka þá yfirlýsingu, sem kom frá hæstv. menntmrh. og verður að teljast yfirlýsing dagsins, að hann skuli sjá um eða hafi það að sinni stefnu að útvarpið verði rekið hallalaust í hans tíð.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég skal ekki verða langorður um þessa skýrslu. Hér er búið að segja margt og þó einkum fjallað um fjármálahlið skýrslunnar, enda gefur hún í sjálfu sér ekki tilefni til annars og er það heldur lakara að mínu mati. Hér hafa menn teygt lopann um fjármaálavanda Ríkisútvarpsins og haft um hann mörg orð.

Ég vil byrja á því að þakka hæstv. menntmrh. fyrir þessa skýrslu. Og ég vil þakka það, að þessi umræða hefur hafist hér á þingi, og vona, að framhald geti orðið á umræðu af þessu tagi í náinni framtíð. Málefni Ríkisútvarpsins eru mjög tengd þessari samkundu, löggjafarsamkundunni, enda um að ræða eitt merkasta menningartæki eða almerkasta sem þessi þjóð ræður yfir.

Áður en ég held lengra og kem að skýrslunni vil ég fara nokkrum orðum um það sem síðasti ræðumaður sagði hér, hugmynd hans um frjálsan útvarpsrekstur. Ég vil taka það fram, taka það skýrt fram, að þeirri hugmynd er ég algjörlega andsnúinn og mun snúast gegn henni af fullri hörku, enda held ég að reynslan, sem hann talar um í öðrum löndum, hafi leitt það í ljós, að svokallaður frjáls útvarpsrekstur er útvarpsrekstur fjármagnsins, en ekki frelsisins.

Ég vil þá aðeins víkja að því sem ég tel kosti og galla á þessari skýrslu.

Í fyrsta lagi hefur skýrslan talsverða kosti sem söguleg heimild. Hún er fullþurr og vantar þar almenna umræðu um menningarlegt hlutverk Ríkisútvarpsins sem allt of sjaldan er talað um hér á þingi. Það vantar líka í þessa skýrslu hugleiðingar, m. a. hæstv. menntmrh., um dagskrárgerð útvarps og sjónvarps, um stjórnunarkerfi Ríkisútvarpsins, sem ekki er hvað síst mikilvægt um þessar mundir, hvernig beri að haga stjórnun Ríkisútvarpsins, þ. e. valdi útvarpsráðs annars vegar og útvarpsstjóra hins vegar.

Þá vantar í þessa skýrslu mikilvægan þátt þar sem er öryggisþátturinn, þ. e. sá mikilvægi þáttur sem útvarpinu er gert að gegna í sambandi við allar almannavarnir og hvernig það er í stakk búið til þess að gera það.

Ég vil þá fyrst víkja að húsnæðismálum Ríkisútvarpsins. Og mikið lifandi skelfing er mér farið að leiðast sú ræða sem úrtölumenn í byggingarmálum útvarpsins flytja oftlega, ekki bara hér, heldur á almennum vettvangi, og þetta á auðvitað við hvort sem um er að ræða flokksbræður mína eða einhverja aðra. Ég er þeirrar skoðunar, að ekkert standi Ríkisútvarpinu eins mikið fyrir þrifum og húsnæðismálin, þar þarf að gera gott átak. Og ég er þakklátur hæstv. menntmrh. fyrir að höggva á þann hnút sem það mál var komið í vegna ákveðinnar stefnu tiltekinna embættismanna sem ég hirði ekki um að rekja hér, en hef áður nefnt.

Það kemur fram í skýrslunni, að Ríkisútvarpið býr við þá aðstöðu að þurfa að nota húsnæði á níu stöðum í Reykjavík. Það er á Skúlagötu 4, það er á einkaheimili Páls Heiðars Jónssonar útvarpsmanns, það er í Háskólabíói, það er á Starhaga 2, það er í Edduhúsinu, það er á Suðurlandsbraut 12, á Vatnsendahæð, það er á Suðurlandsbraut 176, við Grensásveg og við Borgartún. Þetta er það sem merkustu menningarstofnun þjóðarinnar er boðið. Auðvitað gefur auga leið að á þessu þarf að ráða bót og verður að ráða bót. Og ég er þeirrar skoðunar, að hæstv. menntmrh. ætti jafnvel — til þess að flýta byggingu útvarpshússins — að reyna að afla meira fjármagns en Framkvæmdasjóðurinn raunverulega heimilar, vegna þess að viðfangsefnið er svo brýnt og það bil, sem þarf að brúa frá þeirri aðstöðu sem nú er fyrir hendi og þar til nýja útvarpshúsið er risið og hægt verður að nota það, — það bil verður styttra eftir því sem fjármagnið verður meira og byggingarhraðinn meiri. Ég vil skora á hæstv. menntmrh. að hugleiða þetta vandlega, hvort ekki væri vegur að reyna að auka fjármagnið sem fer til smíðar hússins, þó ekki væri með öðru en að ríkissjóður endurgreiddi Ríkisútvarpinu það sem hann hefur tekið „ófrjálsri" hendi frá þeirri stofnun með því að hirða tolltekjur hennar.

Þá vil ég víkja aðeins að þeirri umræðu sem ég held að hér hefði átt að fara fram að einhverju leyti um menningarlegt hlutverk Ríkisútvarpsins. Það vill oft verða svo þegar mál af þessu tagi ber á góma, að menn í stjórn og stjórnarandstöðu setji sig í þær stellingar að berjast eins og hundar og kettir. Þetta mál á ekkert skylt við það í raun og veru. Hér er um að ræða mál sem snertir hagsmuni allrar þjóðarinnar. Og ég held ég verði að láta þá skoðun mína í ljós, að núv. hæstv. menntmrh. tók ekki við mjög glæsilegu búi þegar hann kom í sitt embætti. Má í þeim efnum setja ofan í við fyrrv. ríkisstjórnir margar aðrar í málefnum Ríkisútvarpsins, allt frá því að Jónas Þorbergsson varð að gefast upp við að reisa útvarpshúsið á Melunum sem ekkert er til eftir af nema teikningar einar og líkan, líklega geymt í kjallaranum uppi á Vatnsendahæð, nema því hafi verið komið á betri stað núna.

Ég tel að þessi stofnun, Alþingi Íslendinga, verði að ræða meir og betur menningarlegt hlutverk Ríkisútvarpsins og láta ekki umræðuna stöðvast um of á fjármálahliðinni og einhverjum tittlingaskít, sem ég vil kalla svo, sem dreginn er fram í dagsljósið þegar umræða af þessu tagi fer fram.

Dagskrárgerð Ríkisútvarpsins og hlutverk þess í menningarlífi þjóðarinnar hefur ekki fengið þá umfjöllun sem nauðsynleg er. Ég vil í þessu sambandi benda t. d. á skýrslu sem breska útvarpið, BBC, lét gera um menningarlegt hlutverk þeirrar stofnunar á Bretlandseyjum og er stórmerkileg skýrsla og segir mjög vandaða sögu af því hlutverki sem þeirri stofnun er ætlað, þ. e. ekki eingöngu að vera dægradvöl fólksins í landinu, heldur fræðandi stofnun, menntandi og hafa m. a. kennsluhlutverki að gegna, eins og sjónvarpinu var í upphafi ætlað, en hefur orðið harla lítið úr, því miður.

Þá held ég að það væri mjög mikilsvert að ræða örlítið dagskrárgerð þessara tveggja stofnana og hvert við raunverulega stefnum með þeirri dagskrárgerð sem við nú göngum frá og send er út, hvort við eigum ekki að hugleiða örlítið meira en við höfum gert hvaða áhrif við ætlum þessari stofnun að hafa úti í þjóðfélaginu og á þjóðina. Ég er þeirrar skoðunar, að í þeim efnum hafi Ríkisútvarpið farið talsvert á skakk hin síðari árin við þann tilgang sem því var ætlaður í upphafi. Þetta hefur m. a. gerst fyrir síauknar kröfur um að Ríkisútvarpið, bæði sjónvarp og útvarp, sé meira dægradvöl, tæki til þess að geta látið stundir líða án umhugsunar, mikillar a. m. k. Nú er ég ekki að gera kröfu til þess að Ríkisút-

varpið verði einhver skoðanamyndandi stofnun sem troði upp á þjóðina einhverjum skoðunum, of einlitum eða of einhliða. Útvarpið á fyrst og fremst að vera spegilmynd af því lífi, sem þjóðin lifir, og spegilmynd þeirrar menningar, sem ástunduð er í landinu.

Ég hef áður gert það að umræðuefni í þessu sambandi að stjórnun Ríkisútvarpsins þurfi að fá nokkra endurskoðun. Þetta er ekki sagt vegna þess að ég telji ekki að Ríkisútvarpinu hafi verið allþokkalega stjórnað, heldur vegna þess að mér finnst, og það er mín staðföst skoðun, að verkefni útvarpsráðs, eins og það er nú, sé nokkuð misskilið. Ég hef t. d. litið á það sem afkáralegan leik, að útvarpsráð skuli sitja, jafnvel svo klukkustundum skiptir, við að fara yfir einstök dagskráratriði útvarps og sjónvarps og að menn skuli hefja þar oft á tíðum miklar deilur um hvernig það efni eigi að vera. Ég held að það eigi að treysta dagskrárstjórn útvarpsins fyrir því að verulegum hluta og miklum meiri hluta hvernig efnið verði, en hlutverk útvarpsráðs yrði fyrst og fremst að gæta þess, að óhlutdrægni yrði gætt í starfi stofnunarinnar.

Enn fremur hef ég verið þeirrar skoðunar, að embætti útvarpsstjóra ætti að efla þannig að hann yrði óháðari stjórnmálaflokkunum í öllu sínu starfi og stjórnmálaöflunum í landinu. Ég tel að það yrði mjög til bóta. Einnig þyrfti að athuga það í mikilli alvöru, hvort núverandi fyrirkomulag á kosningu útvarpsráðs sé heilbrigt og eðlilegt kerfi. Ég held að það sé ekki.

Ég gæti svo sem þusað um þetta æðilengi, en ætla ekki að þreyta þá fáu þm., sem nenna að hlusta á umræðu um merkustu menningarstofnun þjóðarinnar, á því að tala of lengi um þetta, enda ástæðulaust, svo mikið hefur verið sagt og margt af viti líklega. Ég vil eingöngu í lok orða minna, herra forseti, draga fram þessi þrjú atriði sem ég nefndi í upphafi: Að í þessa skýrslu og raunar í ræðu hæstv. menntmrh. skortir hugleiðingar hans um menningarlegt hlutverk Ríkisútvarpsins. Þá vil ég nefna það sem annað atriði, að það hefði verið nauðsynlegt að ræða talsvert miklu meira um þátt Ríkisútvarpsins í almannavörnum, vegna þess að þar er pottur svo rækilega brotinn að það stendur varla steinn yfir steini. Ríkisútvarpið hefur t. d. ekkert samband við miðstöð Almannavarna nema um síma. Mér er ekki kunnugt um að Almannavarnir gætu komið boðum til Ríkisútvarpsins ef t. d. yrði símasambandslaust í Reykjavík á neyðarstundu. Engin fjarskipti eiga sér stað á milli þessara tveggja stofnana, t. d. fréttastofu útvarps og miðstöðvar Almannavarna. Þegar talað er um að Ríkisútvarpið eigi að gegna veigamiklu hlutverki þegar náttúruhamfarir ganga yfir landið eða einhver alvarleg slys verða, þá er það auðvitað grín á sama tíma og langlínumöstrin á Vatnsendahæð eru að hrynja og geta dottið hvenær sem er. Þetta er eitt af þeim atriðum og raunar annað atriðið sem ég nefndi.

Þriðja atriðið, sem ég hefði viljað fjalla hér talsvert miklu meira um, er stjórnunarþátturinn hjá Ríkisútvarpinu, þ. e. vald einstakra embættismanna annars vegar og vald útvarpsráðs hins vegar. Þar held ég að kerfið sé orðið býsna steinrunnið og þyrfti að gera umtalsverðar breytingar á.

Ég vil aðeins, úr því að ég fór nú að upphefja þessa umræðu hér út frá sjálfum mér, minnast á eitt atriði varðandi fjármál Ríkisútvarpsins, innheimtu afnotagjaldanna. Við, sem höfum haft nokkur kynni af Ríkisútvarpinu, höfum rekið okkur á það, að ár eftir ár eru eftirstöðvar af innheimtum afnotagjöldum allháar upphæðir. Þetta hefur lagast mjög í seinni tíð vegna aukinnar hörku í innheimtuaðgerðum, en ég held að þetta mál verði aldrei leyst fyrr en nefskatti verður komið á, þ. e. afnotagjöldin verði innheimt af öllum því að nánast allir landsmenn eiga þess kost að hlusta á Ríkisútvarpið. Það eru undantekningar og auðvitað væri hægt að koma málum svo fyrir að það fólk yrði þá ekki rukkað.

Það er líka til önnur aðferð, sem Svíar hafa notað með góðum árangri, og það er að tengja innheimtu útvarpsgjalda innheimtu símagjalda. Símanum er þá lokað ef útvarpsgjöldin eru ekki greidd. Þetta er dálítið harkaleg aðgerð, ég játa það, og gengið inn á býsna alvarlegt svið, en með þessu móti hefur þeim líka tekist að innheimta sjónvarps- og útvarpsgjöld með mjög góðum árangri. Ég held að þarna sé um að ræða mál sem þurfi að skoða mjög vandlega. Þetta hefur oft verið rætt. Með því að koma á nefskatti er hægt að spara nokkurt starfslið hjá útvarpinu. Það er hægt, reikna ég með, að leggja niður innheimtudeildina, án þess að ég þekki það tæknilega.

Ég vil að endingu taka undir með þeim mönnum, sem hér hafa sagt það og það réttilega, að Ríkisútvarpið hafi á undanförnum árum og áratugum raunverulega verið rænt þeim fjármunum sem löggjafarvaldið hefur ætlast til að það fengi til þess að ráðstafa. Og auðvitað ber þessari stofnun hér skylda til að tryggja það að Ríkisútvarpið geti unnið sómasamlega. Það er svo fjarri því í dag, að það tekur því ekki að tala um þá stöðu, sem stofnunin er í, og þau vandræði, sem þar eru.

Ég get hins vegar sagt að það er bæði sjálfsagt og eðlilegt að draga úr tilkostnaði, eins og nú hefur átt sér stað á erfiðleikatímum, þegar fjármagn er ekki fyrir hendi. Allt annað væri óeðlilegt. Sjálfir gerum við þá kröfu til einstaklingsins að hann dragi úr neyslu sinni þegar minna er af peningum í buddunni.

Ég vil þá hafa það sem mín lokaorð að skora á hæstv. menntmrh. að setja nú undir sig hausinn og keyra útvarpshúsið áfram og gera það af þvílíkum krafti að það tímabil, sem þessi stofnun verður að kúldrast í húsi Hafrannsóknastofnunar niðri við Skúlagötu, það tímabil styttist, — leysa þann vanda, sem hér hefur verið ræddur, að það þurfi að flytja eða bæta þá aðstöðu, sem nú er, þangað til útvarpið fær nýtt hús. Og ég segi það nú við hæstv. menntmrh., að hann á að láta úrtölumennina eiga sig og vera ekkert að hlusta á þá. Það er náttúrlega dæmalaust svartagallsraus sem menn hafa haft uppi um þessa gömlu, virðulegu stofnun, að geta ekki reist þak yfir höfuðið á henni á sómasamlegan hátt. Þetta er auðvitað þjóð til skammar og þingi líka.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Hv. þm. Árni Gunnarsson tók nú að verulegu leyti af mér það ómak sem ég hugðist gera mér hér upp í ræðustólinn, þar sem hann setti fram ýmis af þeim sjónarmiðum sem ég hafði ætlað mér að gera hér grein fyrir, þótt hann frí mig ekki af því — þar sem ég er nú einn þeirra þm. sem báðu um þessa skýrslu frá hæstv. menntmrh. — að þakka honum kærlega fyrir hana, þótt ég vilji ekki taka mér formlega viðurnefnið skýrslubeiðandi eins og hv. þm. Friðrik Sophusson gerði.

Ég bjóst alls ekki við því, að hæstv. menntmrh. gæti gefið okkur hér öllu ítarlegri skýrslu en hann gerði, hvað þá að ég byggist við af honum eftir rúmlega árs setu hans á stól menntmrh. að hann gæti gefið okkur fyrirheit um róttæka stefnubreytingu í málefnum Ríkisútvarpsins.

Raunar var ég feginn því að hann skyldi ekki ganga mjög langt í því að gera hv. alþm. grein fyrir draum sínum, prívat og persónulegum, um framtíðarafrek í forsjá fyrir Ríkisútvarpinu sem e. t. v. kynni þá að hafa gengið nokkuð langt út fyrir það sem menntmrh. er ætlað í lögum um Ríkisútvarpið.

Fjárhagsörðugleikar Ríkisútvarpsins eru jafngamlir því sjálfu, og ég er alveg vonlaus um að á fjármálavandræðum þess verði ráðin bót í eitt skipti fyrir öll, nema þá kannske helst með þeirri aðferð sem hv. þm. Friðrik Sophusson gerði grein fyrir áðan. Hann sagði okkur frá því, að hann mundi næsta haust leggja fram frv. sem að því miðaði að skerða einkarétt Ríkisútvarpsins til útvarpsstarfsemi á Íslandi. Þetta er raunar ágæt tækni hjá hv. þm. Friðrik Sophussyni. Ég heyrði viðtal við hann í útvarpinu núna í dymbilvikunni þar sem hann sagði ítarlega frá þingmáli sem hann kvaðst mundi leggja fram strax eftir páska. Það var að vísu dálítið nýstárlegt í fréttatíma útvarpsins að heyra fréttamann eiga viðtal við alþm. um hvað hann ætlaði að gera í framlagningu þingmála, þó að þetta væri nokkuð nákvæmlega tímasett. Nú segir hv. þm. okkur frá því, að hann ætli að leggja fram frv. í haust. Þetta er að verða dálítið spennandi uppsetning hjá honum. Hvað ætlar hv. þm. að gera á Þorláksmessu n. k.?

Ég efast ekkert um að hv. þm. Friðrik Sophusson hugleiði vandamál Ríkisútvarpsins af hinni klofnu alvöru og skringilegu festu, sem leiðir til ákvörðunar hans um að sjá því farborða með því að kippa undan því fótunum komi hann því fram. Þess eðlis er t. d. hugmynd hans um sparnað í rekstri Ríkisútvarpsins sem fælist í því, að Ríkisútvarpið afsalaði sér sinni stórkostlega arðbæru og merkilegu eign þar sem hljómplötusafnið er. Hvar ímyndar hv. þm. sér að þetta kæmi niður í dagskrárgerð og sparnaði við dagskrárgerð?

Ég hef áður hrósað þessum hv. þm. að verðleikum fyrir hugmyndaauðgi og röskleika í umfjöllun sinni um mál á ýmsum sviðum. Jafnframt hef ég reynt af hógværð, sem mér er að að vísu ekki alveg fyllilega eiginleg, að benda honum á þann hugsanlega möguleika að afla sér dálítillar þekkingar og vitneskju um uppbyggingu þessarar stofnunar og sögu hennar. Ég geri ráð fyrir því, að enn eigi það nokkuð langt í land að hrinda í framkvæmd byggingu útvarpshússins, jafnvel þótt hæstv. menntmrh. setti nú undir sig þann hluta líkama síns sem hv. þm. Árni Gunnarsson ráðlagði honum að gera. Við hv. þm. Árni Gunnarsson reyndum það báðir í starfi okkar hjá Ríkisútvarpinu að hlusta á annan menntmrh. segja okkur frá því í fagnaði starfsfólks í tilefni af fertugsafmæli stofnunarinnar, að nú væri loksins búið að fá lóð undir útvarpshús. Síðan eru gengnir þó nokkrir menntmrh. og nú loks er hafist handa um framkvæmdir. Ég vil síst draga úr nauðsyn þess að flýta framkvæmdum við byggingu útvarpshússins. En ég geri mér ekki vonir — vegna reynslu minnar — um að inn í það verði flutt starfsemi stofnunarinnar fyrr en gefinn hefur verið ádráttur um. Ef að líkum lætur kúra þar nokkur ljón á veginum og sum þeirra kynnu að vera, ef svo má segja, efnahagslegs eðlis. Við getum að vísu hugsað til aðgerða til sparnaðar hjá Ríkisútvarpinu eins og þeirra að létta af þessari öldnu stofnun byrðinni af Sinfóníuhljómsveitinni, af framfærslu Sinfóníuhljómsveitarinnar, og til annarra slíkra ráðstafana. En erfitt verður fyrir stjórn Ríkisútvarpsins að koma þeim bagga yfir á ríkissjóð, ætla ég, samtímis því sem skertar eru tekjur ríkissjóðs með því að fella niður söluskatt af auglýsingum.

Ég er eindregið þeirrar skoðunar, að æskilegt sé að treysta fjárhagslegt sjálfstæði Ríkisútvarpsins. Það gerum við ekki með því, að Ríkisútvarpið treysti á það, veðji á það að geta sótt sér framfæri til ríkissjóðs. Í aðra átt var forðum miðað, þegar breytt var lögum um Ríkisútvarpið, og vitaskuld verður þessi stofnun eins og aðrar að miða útgjöld sín við eðlilega tekjumöguleika sína. Ég varð þess ekki var — það kæmi mér á óvart ef það reyndist rangt — að fyrirmæli hafi borist til Ríkisútvarpsins frá hæstv. menntmrh. um að skera niður þjónustu sína beinlínis. Ég leit svo til — og sé það rangt bið ég endilega um að það verði leiðrétt — ég leit svo til að hæstv. menntmrh., sem lögum samkvæmt eru ekki ætluð ákaflega mikil völd um yfirstjórn eða rekstur Ríkisútvarpsins, hefði nánast svarað beiðni stofnunarinnar um fjárhagslega fyrirgreiðslu með þeim hætti að vekja athygli á því, að Ríkisútvarpið gæti ekki í rekstri sínum eytt um efni fram fremur en aðrar stofnanir, og síðan hefði verið í það gengið að reyna að greiða úr fjárhagsörðugleikum, sem af því stöfuðu að þetta hefði áður verið gert, að vísu í trausti á að gerðar yrðu eðlilegar ráðstafanir til þess að auka tekjumöguleika stofnunarinnar. Í lokin vil ég aðeins minna á það, að tollatekjur af innfluttum litsjónvarpstækjum, sem Ríkisútvarpið var svipt af litlum hyggindum á sínum tíma, það var ekki fyrsta aðgerðin í þessa átt. Löngu, löngu áður var tekin sú ákvörðun að forgöngu fyrirhyggjusamra fríhyggjumanna að svipta Ríkisútvarpið tekjum af einkasölu á viðtækjum sem gaf Ríkisútvarpinu miklar tekjur sem notaðar voru til þess að byggja upp dreifikerfi gamla Gufuradíósins sem aldrei var lokið við.

Ég þakka hæstv. menntmrh. kærlega fyrir þessa skýrslu. Það var svo með hana eins og ýmis önnur ritverk sem maður flettir, að gjarnan hefði maður viljað sjá þar fleira gott en í henni var. Ég bjóst ekki við miklu meira. Ég tek svo í lokin undir lögeggjan hv. þm. Árna Gunnarssonar til ráðh. um að láta nú hendur standa fram úr ermum og knýja á um byggingu hússins.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég fagna því, að þessi beiðni um skýrslu var hér lögð fram, og fagna því, að það gefst kostur á að þakka menntmrh. alveg sérstaklega fyrir það að hafa höggvið á þann hnút og þá sjálfheldu sem málefni Ríkisútvarpsins voru í hvað byggingarframkvæmdir snerti.

Hinu er ekki að leyna, að þegar ég sat hér undir ræðu hv. 5. þm. Vesturl. fór um mig hrollur, ef reyndin væri sú, að allir þeir, sem óskuðu eftir þessari skýrslu, væru sama sinnis og hv. ræðumaður. Hinn neikvæði málflutningur, sem einkenndi allt hans tal, vakti í fyrsta lagi undrun mína og einnig vaknaði sú spurning, hvort það gæti verið að það væri stefna Alþfl. gagnvart Ríkisútvarpinu sem þarna kom fram. Það gladdi mig þess vegna mjög þegar annar Alþfl.-maður, hv. 6. þm. Norðurl. e., kom hér í ræðustólinn og talaði með jákvæðu hugarfari um þessa stofnun og það sem þar þyrfti að gera. Ég vona að við getum litið svo á, að hann sé nær því að túlka raunverulegan vilja Alþfl. í þessu máli. Sé það rangt væri rétt að það kæmi fram hjá hv. 5. þm. Vesturl. ef honum hefur af flokksins hálfu verið falið að flytja hér skoðanir Alþfl.

Ég fór einnig yfir þær óskir, sem fram komu í beiðni um þessa skýrslu, og leitaði að því, hvort þar væri borin

fram ósk um að gerð yrði grein fyrir menningarlegu hlutverki Ríkisútvarpsins eða væntanlegri stefnu í þeim efnum. Þar er hvergi vikið að slíku. Og það má furðulegt vera ef maður kominn á þann aldur sem hv. 5. þm. Vesturl. er óskar eftir menningarstefnu Ríkisútvarpsins. Ég hef orðið fyrir áhrifum menningarstefnu Ríkisútvarpsins frá því að ég fór að geta hlustað á útvarpið. (**EG:** Þess gætir nú ekki mikið.) Ég vil bæta því við alveg sérstaklega í þessu sambandi, að það eru sennilega þó nokkuð ólík viðhorf hjá þegnunum í þessu landi, þ. e. þeim hluta þegnanna, sem hefur notið þess að hlýða á dagskrá útvarps og sjónvarps, og hinum hlutanum, sem fyrst og fremst leit á þá dagskrá sem stökkpall til áhrifa.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég verð að lýsa furðu minni á þessari síðustu ræðu, sem hér var flutt, og vil mælast til þess að við hv. þm. Ólaf Þ. Þórðarson, að hann komi hér upp í þennan ræðustól aftur og skýri nánar hvað hann átti við með þeim ummælum sem hann fór hér með síðast og talaði þar um þá menn sem litu á dagskrá Ríkisútvarpsins sem stökkpall til áhrifa. Ég skora á Ólaf Þ. Þórðarson, hv. þm., að koma upp í þennan ræðustól og skýra nánar við hvað hann átti með þessum orðum sínum. Hann hlýtur að verða við því. (**ÓÞÞ:** Skilur þm. ekki íslensku?) Ég skil íslensku, en ég skil ekki ævinlega hvað hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson er að fara, og hygg ég að svo sé um fleiri hv. þm. á hinu háa Alþingi að þeim sé ekki ævinlega ljóst hvað felst í orðum hans og jafnvel í þeim till. sem hann hefur skrifað og flutt hér á þingi. Mönnum hefur gengið ærið misjafnlega að leggja í það skilning og hefur raunar verið fjallað um það í þessum ræðustóli. Mun ég ekki gera það frekar að umtalsefni þótt e. t. v. væri ástæða til. (**ÓÞÞ:** Það er vel ef þm. skilur íslensku.)

Ég held að ég þurfi ekki að hafa um þetta fleiri orð. Hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson talaði hér um neikvæðan málflutning minn í garð Ríkisútvarpsins. Ég skora á hann að nefna um það dæmi. Ég minntist á ýmis atriði sem ég taldi vanta í skýrslu menntmrh. Hann segir að í beiðninni sé hvergi vikið að því, að óskað sé eftir ummælum og upplýsingum um menningar- og dagskrárstefnu Ríkisútvarpsins. Það er í lið 2 talað um framtíðaráform ef ég man rétt. Ég er nú ekki með skýrsluna hér við höndina. Það er talað um framtíðaráform Ríkisútvarpsins. Auðvitað hlýtur þar undir að falla dagskrárgerð og menningar- og dagskrárstefna Ríkisútvarpsins. Ég vona að hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson skilji íslensku það vel að honum sé ljóst hvað í þessu felst, en greinilegt er að hann hefur ekki skilið það.

Það er eitt og annað sem hér hefur komið fram sem ástæða væri til að minnast frekar á. Hv. þm. Árni Gunnarsson, sem því miður er héðan farinn, vék að því, að Ríkisútvarpið hefði með höndum starfsemi á níu stöðum hér í Reykjavík. Þetta er alveg rétt. Og þetta er auðvitað ekki hið ákjósanlega. Ýmsir af þessum stöðum eru eingöngu notaðir sem geymslur. Þá minni ég á það, að fyrir meira en ári samþykkti Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir að beiðni Ríkisútvarpsins heimild til að byggja geymsluhúsnæði á lóð Ríkisútvarpsins í Fossvogi þar sem hið nýja útvarpshús á að rísa. Fyrir meira en ári var samþykkt beiðni útvarpsins um að byggja þar varanlegt geymsluhúsnæði þannig að losa mætti geymslur sem útvarpið hafði á leigu víðs vegar um borgina. Í þessu máli hefur hins vegar ekkert verið gert — ekkert. Útvarpsstjóri fór um þetta hinum háðulegustu orðum í blaðagrein og talaði um bárujárnsskúr á blásnum mel. En þetta var þó gert, þessi samþykkt Samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir var þó gerð að beiðni Ríkisútvarpsins.

Það væri sömuleiðis fróðlegt að heyra svör við því, hvers vegna ekkert hefur verið gert í þessu máli til að losa húsnæði á mörgum stöðum í borginni og koma þeim munum, sem útvarpið telur ástæðu til að geyma — og margir hverjir eru vissulega verðmætir — að koma þeim í góða geymslu á einum stað.

Hv. þm. Árni Gunnarsson talaði hér um úrtölumenn í byggingarmálum og svartagallsraus og fleira og skoraði á menntmrh. að setja nú undir sig hausinn, eins og hann orðaði það, en hv. þm. Stefán Jónsson notaði nú þau orð að láta hendur standa fram úr ermum. Ég vona vissulega að ráðh. láti hendur standa fram úr ermum af því að útvarpið þarf á húsnæði að halda. Það er hins vegar rangtúlkun þegar menn eru ekki samþykkir þeim áformum sem uppi eru og finnst þau heldur loftkastalaleg og óþarflega dýr. Og eins og ég sagði áðan er ég sannfærður um að leysa hefði mátt húsnæðismál útvarpsins fljótar, ódýrar og betur — þannig að allir hefðu haft af fullan sóma og Ríkisútvarpið hefði fengið fullkomlega eðlilega og ákjósanlega starfsaðstöðu ódýrar, fyrr og betur — ef ekki hefði verið farið út í það hrikalega fyrirtæki sem bygging þessa húss er. En arkitektar viðhöfðu þau ummæli á fundi þar sem ég var staddur, að með þessu væru húsnæðismál stofnunarinnar leyst um aldur og ævi, leyst um alla framtíð. Ég hygg að það sé ekki hægt að leysa húsnæðismál neinnar stofnunar þannig að þessi orð megi nota. Hef ég þó aldrei dregið úr því, að útvarpið þyrfti húsnæði, og ítreka það hér sem ég sagði áðan, að það verður að gera einhverjar ráðstafanir í millitíðinni til þess að tryggja útvarpinu aukið húsnæði þangað til hið nýja hús kemst í gagnið eða hluti þess.

Það hefur verið vikið hér að innheimtukerfinu. Ég hefði raunar átt að gera það í ræðu minni áðan. Þar er vissulega ástæða til að staldra við og íhuga hvað rétt muni að gera. Eins og nú háttar eru afskrifaðar á hverju einasta ári verulegar upphæðir afnotagjalda sem ekki innheimtast. Það kom fram á útvarpsráðsfundi í gær, þegar rætt var um þessi mál, að hér á landi mun nú vera greitt afnotagjald af rúmlega 59 þús. sjónvarpstækjum, en samkvæmt skráningu Hagstofunnar munu vera í kringum 68 þús. fjölskyldur í landinu eða heimili samkvæmt skilgreiningu Hagstofunnar. Það eru þá á níunda þúsund heimili eða fjölskyldur sem samkvæmt þessu hafa ekki sjónvarp. Mér finnst þetta næsta ótrúlegar tölur. Og ég er sannfærður um að með öðru og breyttu fyrirkomulagi mætti auka tekjur Ríkisútvarpsins. Hygg ég að þar komi mjög til greina sú aðferð sem hér var minnst á, að útvarps- og sjónvarpsgjald verði nefskattur sem landsmenn á aldrinum 16—67 ára greiði. Að vísu yrði að hafa einhver sérákvæði um þá sem sannanlega hafa ekki aðstöðu til að taka á móti sjónvarpsmynd. Þeir yrðu auðvitað að vera undanþegnir þessu gjaldi. En ég hygg að allir landsmenn notfæri sér með einhverjum hætti þjónustu útvarpsins. Á fundi útvarpsráðs í gær bað ég fjármálastjóra um að athuga hvernig það kæmi fjárhagslega fram ef þetta gjald væri nefskattur og upphæðin væri við það miðuð að tryggja útvarpinu þær tekjur sem það þarf semkvæmt fjárhagsáætlun í ár. Satt að segja á ég von á því, að þær tölur, sem út úr þessu koma, komi mönnum

töluvert á óvart.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. Ég vísa á bug þeim furðulegu ummælum hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar, að í minni ræðu hafi gætt neikvæðrar afstöðu í garð Ríkisútvarpsins. Það er rétt, að ég gagnrýndi ýmis atriði í skýrslu ráðh., það er allt annar handleggur, og einkum þó það að ekki skuli þar fjallað um stefnu í dagskrárgerð og almenna menningarstefnu.

Það hefur sitthvað verið sagt hér um stjórn og stjórnkerfi Ríkisútvarpsins. Ég ætla ekki að tefja tímann með því að fara út í það. En ég hygg að rík ástæða sé til — og beini því til menntmrh. — að endurskoða skipulag Ríkisútvarpsins. T. d. má á það benda, að skipulag sjónvarpsins var ákveðið áður en sjónvarpið tók til starfa. Nú hefur sjónvarpið starfað í 15 ár næsta haust og ég held að það sé ástæða til þess að endurskoða þetta skipulag í ljósi fenginnar reynslu. Það hefur, hygg ég, reynst allvel fyrstu árin, en ég held að ýmsar ástæður mæli með að því skipulagi verði breytt. Hið sama má segja um skipulag útvarpsins og deildaskiptingu beggja þessara deilda stofnunarinnar. Ég held að þar megi ýmsu breyta til betri vegar.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég sé mig knúinn til þess að koma hér aftur í ræðustólinn, einkum og sér í lagi vegna orða hv. þm. Stefáns Jónssonar, reyndar sumt um atriði sem ekki koma þessu máli við.

Í fyrsta lagi var það út af ummælum sem féllu um hljómplötusafnið. Ég minntist á það sem rök fyrir því, hvernig rekstrarkostnaður Ríkisútvarpsins hefur meira og meira farið í önnur atriði en beinlínis í dagskrárgerðina. Nú var ég ekki að gagnrýna það að Ríkisútvarpið héldi úti hljómplötusafni, heldur benti á að þarna rækti Ríkisútvarpið hlutverk sem hugsanlega aðrir ættu að rækja hér í þjóðfélaginu. Þetta lagði hv. þm. Stefán Jónsson þannig út að ég ætlaði að setja fyrirtækið á hausinn með því að afsala útvarpinu hljómplötusafninu. Hafi hann skilið þetta með þessum hætti, hef ég talað ærið óskýrt í minni ræðu og vil helst þess vegna fá tækifæri til þess að skýra það. Eða kannske hefur hv. þm. ekki skafið innan úr eyrunum nýlega því að það kom ýmislegt fleira fram í ræðu hans sem gaf fyllilega til kynna að eitthvað hefði farið fram hjá honum eða a. m. k. illa í hann af því sem ég sagði.

Kem ég þá að næsta atriði, því sem hv. þm. Árni Gunnarsson kallaði „frjálsan útvarpsrekstur“, en ég tók mér ekki þau orð í munn, ég tek það skýrt fram. Það, sem ég talaði um, var að þrengja eða breyta einkarétti útvarpsins og afnema hann í vissum tilvikum til þess að aðrir en þeir, sem nú vinna að dagskrárgerð, fengju tækifæri til að koma sínu efni á framfæri. Það má vissulega kalla þetta frjálsari útvarpsrekstur, en ég gerðist nú ekki svo bíræfinn að kalla það frjálsan útvarpsrekstur, enda er erfitt nú orðið að nota hugtakið frelsi án þess að menn hlaupi upp til handa og fóta.

Ég vil aðeins í þessu sambandi minna á að í Svíþjóð leigir sænska sjónvarpið eða útvarpið út dagskrártíma fyrir fyrst og fremst staðbundna aðila. Það sama gerist í Hollandi og það til einkaaðila og félagasamtaka. Í Bretlandi er starfandi óháð stöð, IBA, og fjöldi framleiðenda sem ekki eru háðir ríkinu. Í Finnlandi er ekki einkaréttur ríkisins á útvarpsrekstri. Í Sviss er það einkafyrirtæki sem rekur stærstu og nánast einu útvarpsstöðina sem að vísu útvarpar á fleiri en einu máli og fleiri en einni bylgju. Á Ítalíu hefur verið mjög sérkennilegt kerfi í gangi því að þar má segja að útvarpsrekstur hafi nánast verið frjáls, með þeim afleiðingum að nánast allir vinstri hópar hafa átt eigin útvarpsstöð — og átt langflestar og hið sama má segja um öfgamenn til hægri. Þeir hafa svo keppst og rifist á öldum ljósvakans. Þetta ástand á Ítalíu stafar m. a. af því, að þar hefur pólitískt ástand verið mjög óstöðugt að undanförnu og pólitískir stjórnendur flokkanna hafa reynt að ná tökum á stóru útvarpsstöðvunum sem eru háðar ríkinu. Þetta er hins vegar að breytast og mun vera ætlunin að gera á þessu bragarbót á Ítalíu. Ég hef ekki nefnt lönd eins og Bandaríkin og Kanada þar sem útvarpsrekstur er auðvitað með miklu frjálsara móti, svo að ég noti þetta hugtak, heldur en t. d. hér á landi. Mín skoðun er sú, að með því að auka möguleika fyrir einkaaðila á því að koma sínu efni til skila, m. a. vegna þess hve ódýrt það er orðið vegna nýrrar tækni, gæti það jafnvel orðið til þess að dagskrárgerð Ríkisútvarpsins yrði betri. Það væri aukið aðhald sem fengist, og ég er þeirrar skoðunar, að slík samkeppni væri af hinu góða. Hitt er svo annað mál, að mér finnst það vera skylda íslenska ríkisins að halda úti ríkisútvarpi og gera vel við það. Og þá bendi ég á afnotagjöld, á auglýsingatekjur og þess háttar, sem Ríkisútvarpinu er útvegað, en auglýsingatekjur eru t. d. ekki hjá útvarpi og sjónvarpi nágrannaþjóðanna. Sums staðar verða ríkisútvarpsstöðvar mismunandi landa að endurgreiða nokkurn hluta auglýsingatekna sinna til blaðanna í nafni tjáningarfrelsis — til að blöðin fari ekki á hausinn.

Ég fer ekki frekar út í þessa sálma, en bendi aðeins á það, að menn eru að berja höfðinu við steininn, koma hér upp og segja: Ég er á móti þessu og á móti hinu — áður er þeir hafa séð tillögurnar. Hins vegar er það rétt, að ég boðaði það, að ég ætlaði að flytja þessa tillögu í haust. Ég tel vera ástæðu til þess að gefa það hér í skyn og ég vænti þess fastlega að það fréttist, þannig að þeir sem eru áhugamenn um þetta efni, láti mig þá vita af sínum hugmyndum. Og það fer vonandi á þann veg, að næsta haust verður skilningur hér á hv. Alþingi fyrir þessu máli.

Þá vék hv. þm. Stefán Jónsson að öðru máli. Það snerti það að ég væri orðinn nokkuð rogginn að fara að ræða um ætlunarverk mín. Ég hefði t. d. í dymbilvikunni leyft mér að fara með það í Ríkisútvarpið að ég hefði lagt fram á Alþingi till. Það er alveg rétt hjá honum að þetta gerðist. Það var ekki að minni beiðni. Það sem gerðist var að það kom frétt í Morgunblaðinu um að þetta stæði til. Það var búið að leggja hér inn þessa till. en ekki gafst ráðrúm fyrir prentarana að koma þessu til skila til þingsins fyrir páska. Morgunblaðið hafði birt frétt um að þessi till. væri væntanleg eins og margoft gerist. Og þá var það fréttamaður útvarpsins sem bað um viðtal og ég neitaði honum ekki um það, m. a. vegna þess að ég var á förum af landinu — og ég vona að mér fyrirgefist það. En takið eftir einu: Það var fyrrv. fréttamaður Ríkisútvarpsins sem bar mér það á brýn, að ég hefði komið þessu á framfæri við Ríkisútvarpið. Taka menn eftir því, hvað þetta þýðir? Þetta þýðir það, að fyrrv. starfsmaður stofnunarinnar og fréttamaður Ríkisútvarpsins gerir því skóna að venjulegur alþm. hafi þau ráð á fréttastofu Ríkisútvarpsins — (**ÓÞÞ:** Þm. er óvenjulegur.) eða óvenjulegur, hann hafi þau ráð á fréttastofu Ríkisútvarpsins að hann geti bókstaflega komið skoðunum sínum þar til skila eins og honum sýnist. Þetta er kannske afar skiljanlegt þegar þessi ákveðni þm. á í hlut, af því að

hann er úr flokki sem hefur verið grunaður um að nota fréttastofu Ríkisútvarpsins. Kannske er þetta sönnun þess, að um slíkt sé að ræða. Ég vek athygli á þessu vegna þess að þarna talaði maður sem hafði þekkingu á því sem hann var að segja, fyrrv. starfsmaður stofnunarinnar.

Hitt er svo annað mál, að hann má bera mér á brýn að ég þekki ekki til þessarar stofnunar. En þó vill svo til að ég hef setið í útvarpsráði og fjallað nokkuð um málefni hennar og tel mig þekkja a. m. k. það mikið til hennar að mér leyfist hér á hinu háa Alþingi að taka til máls um þetta málefni. Og ég er þakklátur fyrir það, að hér hafa farið fram ágætar umræður um Ríkisútvarpið. Það hefði vissulega verið ástæða til að fjalla um fleiri atriði en þau sem við fjölluðum um, þ. á m. um það sem kom fram um kennsluútvarp. Ég veit að til er álit þeirra Andra Ísakssonar og Andrésar Björnssonar. Á það hefur ekki verið minnst. Það er vegna þess að fjármál Ríkisútvarpsins eru með þeim hætti að það verður að leysa þau mál fyrst, áður en við getum snúið okkur að öðrum efnum.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég get tekið undir það með síðasta ræðumanni, að umræður hér hafa verið ágætar og gagnlegar, held ég. Þessar umræður hafa staðið lengi og það sýnir að hægt er að halda hér uppi myndarlegum umræðum um starfsemi Ríkisútvarpsins. Mætti reyndar gera það einnig um margar aðrar stofnanir.

Hv. þm. Eiður Guðnason minntist á að það kynni að vera góð regla að lagðar væru fram skýrslur um ýmsar stórar stofnanir og þessar skýrslur yrðu ræddar hér á þingi. Ég hygg að það sé á margan hátt eðlileg till. sem hann þarna flytur. Reyndar mun það vera til í dæminu að einstakir ráðherrar séu skyldir til þess samkv. lögum að leggja fram skýrslur um starfsemi vissra stofnana, t. d. Framkvæmdastofnunar ríkisins. Það mun vera í lögum að málefni þeirrar stofnunar skuli ræða á Alþingi, og ég held að það sé vel. Það er gert árlega og þar geta menn komið að athugasemdum mínum, því sem þeir hafa fram að færa um þessa stofnun sem er vissulega stór og umsvifamikil í þjóðfélaginu. En það eru fleiri stofnanir og þ. á m. Ríkisútvarpið. Ég tel, að þessi hugmynd eigi á ýmsan hátt rétt á sér, og hef ekki á móti því, ef ég sit þarna eitthvað lengur, að beita mér fyrir því, að slík skýrsla sé gerð um útvarpið árlega, það tiltölulega útlátalítið að gera það og að það séu teknar í það tvær eða þrjár klukkustundir á ári að ræða slíka skýrslu hér á Alþingi. Ég held að slíkt væri mjög til framdráttar Ríkisútvarpinu. Og ég get vel sagt það hér, að ef slík skýrsla hefði komið fram t. d. á síðasta ári, þá er ég ekki frá því að það hefði getað haft sín áhrif á gang mála til betri vegar hjá Ríkisútvarpinu á því ári. Þá var ég reyndar nýr í mínu starfi, en ég verð að segja að, það var talsverð reynsla að koma að Ríkisútvarpinu við erfiðar fjárhagsástæður þess og verða jafnframt var við að það var mjög erfitt að koma fram skyndilegum úrbótum úr þeim erfiðleikum sem Ríkisútvarpið átti við að etja. Og það var raunar ekki fyrr en við fjárlagaafgreiðslu sem farið var að ræða málefni Ríkisútvarpsins af verulegri alvöru og það var fullseint, satt að segja. En þá held ég þó að alþm. hafi gert sér grein fyrir því, og þá ekki síst fjvn.- menn, að þarna voru mikil alvörumál á ferðinni, en að ýmsu leyti erfitt á síðustu dögum fyrir jól að bæta þar verulega úr, að svo miklu leyti sem þeir voru menn til. Ég verð líka að nefna það, að auðvitað ræður stjórnarstefnan á hverri tíð þar mjög miklu og alls ekki minnstu í þessu tilfelli. Og við þeim beiðnum, sem ég hafði farið mjög ákveðið fram á í sambandi við afnotagjöldin, var ekki hægt að verða að öllu leyti vegna annarra stefnumála ríkisstj.: um það að halda niðri hækkunum á verðlagi, einkum hækkunum á þeim gjöldum sem bein áhrif göfðu á kaupgjaldsvísitöluna. En eigi að síður held ég að það hefði haft veruleg áhrif hér á Alþingi ef málefni Ríkisútvarpsins hefðu verið kynnt með ítarlegri skýrslu og það hefði legið betur fyrir hvernig ástandið raunverulega var.

Hvað varðar þessa skýrslu mína, sem hér hefur komið fram, get ég fallist á það, og ég hygg að það hafi nú komið fram hjá flestum sem hér hafa talað, eða allflestum, að sitthvað megi að henni finna og mönnum hafi fundist margt í hana vanta. Ég get fallist á að svo muni vera. Það vantar margt í þessa skýrslu. Hins vegar mundi ég geta gert athugasemdir við sumt af því sem hv. þm. hafa haft fram að færa sem gagnrýni á þessa skýrslu. Einkum tel ég ástæðu til að nefna þá gagnrýni sem kom fram hjá hv. þm. Árna Gunnarssyni og ekki síst hjá Eiði Guðnasyni, hv. 5. þm. Vesturl., að lítið hafi verið fjallað um menningarmálastefnu Ríkisútvarpsins og litlar hugleiðingar hafðar uppi í þeim efnum. Vissulega er það rétt, að Ríkisútvarpið er menningarstofnun umfram allt. Og það hefði vissulega sýnst eðlilegt að ræða rækilega í slíkri skýrslu um menningarhlutverk stofnunarinnar. En þetta er ákaflega vandmeðfarið mál. Ég hafði um það almenn orð í skýrslu minni og í ræðu minni hér í dag, mjög almenn orð um þessi framtíðaráform. Satt að segja lagði ég ekki í það að hafa uppi mjög miklar hugleiðingar um hvernig ég kysi að dagskrá Ríkisútvarpsins væri eða hvernig Ríkisútvarpið væri rekið sem menningarstofnun. Ég tel að ráðh. verði að fara með gát hvað slíkt varðar, og ég held að ráðh. verði fyrst og fremst að halda sér við útvarpslögin sem samþykkt hafa verið á Alþingi. Við þau á hann að styðjast eins og allir aðrir sem fara með málefni Ríkisútvarpsins.

Ríkisútvarpinu er mörkuð ákveðin stefna í 3. gr. laga um Ríkisútvarpið. Þegar maður les þá stefnumörkun, þá er auðvitað augljóst að þar er stofnunin menningarstofnun, það er litið á hana sem menningarstofnun, og þar eru talin upp ótalmörg atriði sem Ríkisútvarpinu ber að stuðla að í sambandi við almenna menningarþróun þjóðarinnar og til eflingar íslenskri tungu.

Hitt er annað mál, að það kann vel að vera að það hefði mátt krefjast þess af mér að ég hefði haft uppi hugleiðingar um það, hvort ekki sé tímabært að endurskoða útvarpslög, bæði þá grein, sem fjallar um stefnumörkun, og ýmsar aðrar greinar. Útvarpslögin eru nú u. þ. b. tíu ára gömul, þau voru sett 5. apríl 1971. Ég minnist vel þessara laga. Ég átti þá sæti á þingi og vann nokkuð að því í nefnd þegar þessi lög voru afgreidd. Ég man eftir þeim umræðum sem þá urðu, og ég held að það hafi verið mjög gagnlegt fyrir útvarpið og útvarpsreksturinn næstu árin að þessi lög voru þá sett, að frv. var flutt og umræður urðu um þetta. Ég held að það hafi orðið mjög gagnlegt fyrir útvarpið. Og það getur vel verið að ástæða sé til þess öðru hverju að hyggja að endurskoðun útvarpslaganna. Það er alls ekki óeðlilegt að það sé gert þegar slík lög eru komin nokkuð til ára sinna. En ég held að það megi segja um útvarpslögin frá 1971, sem flutt voru reyndar af flokksbróður hv. 5. þm. Vesturl., Gylfa Þ. Gíslasyni, að þau hafi verið vel undirbúin og margt vel um þau og þau hafa staðist vel tímans

tönn, þ. á m. 3. gr. sem markar stefnu Ríkisútvarpsins. Gagnrýni um það, að ég hafi ekki eytt nægilegum tíma til þess að ræða um menningarhlutverk stofnunarinnar, vil ég því svara á þann veg, að um það efni er skynsamlegra fyrir ráðh. að fara með gát og tala heldur þar með almennum orðum. En ég vona þó, að það hafi skilist, og ég vil meina, að það hafi komið fram er rætt var um framtíðaráform, að það voru mörg atriði sem ég taldi að við yrðum að hafa sérstaklega í huga. Ég lagði þar höfuðáherslu á fjárhagsmálin, að Ríkisútvarpið væri rekið skynsamlega og miðaði starfsemi sína við þær tekjur sem stofnunin hefði yfir að ráða, sem sagt að það væri rekið hallalaust. En ég lagði líka mjög mikla áherslu á að það yrði að búa vel að Ríkisútvarpinu hvað snerti húsnæði og tækjabúnað. Hvað varðar þau framtíðaráform sem ræða skal, þá eru þessi atriði langsamlega efst í huga mínum þó að fjöldamargt annað komi þar til greina.

Það er ekki við því að búast að ég fari að orðtaka hér allar ræður manna, enda held ég að það sé varla eðlilegt að svo sé gert. Hins vegar kemst ég ekki hjá því að gera vissar athugasemdir við það sem mér finnst gefa tilefni til þess og einnig að svara fsp. sem beint hefur verið til mín og er eðlilegt að ég svari.

Það kom mjög fram í þessum umr., að það er talsverður ágreiningur um ýmis atriði milli mín og hv. 5. þm. Vesturl. Þessi ágreiningur okkar verður auðvitað ekki leystur hér í ræðustól á Alþingi og e. t. v. verður hann aldrei leystur. Þar verður hvor um sig að hafa sína skoðun og fara sína leið. Ég fellst t. d. ekki á túlkun hans á 14. gr. útvarpslaga um Framkvæmdasjóðinn, sem mér varð á að nefna alltaf byggingarsjóð í fyrri ræðu minni og er nú skaðlítið. En Framkvæmdasjóður heitir hann. Ég er ekki í nokkrum vafa um það fyrir mitt leyti, að túlka beri 14. gr. þannig að þar sé átt við það, að sjóðnum sé ætlað að kosta byggingu útvarpshúss og öflun þeirra tækja sem útvarpshúsi heyra til. Ég veit ekki betur en það hafi verið venjan og sé enn að tækjabúnaður sé greiddur af svokölluðu afskriftafé á fjárlögum. Og þannig er unnið að áfram. Ég ætla ekki að víta hv. þm. neitt fyrir hans skilning — það er hans skilningur sem hann rökstyður — en rök hans ná ekki til mín. Ég held að allur aðdragandi málsins og reyndar orðanna hljóðan bendi miklu fremur í þá átt eins og ég vil skilja þessa lagagrein, 14. gr. útvarpslaga, að Framkvæmdasjóði sé ætlað það hlutverk að fjármagna útvarpshús og þau tæki sem því heyra til. Um þetta er að vísu ágreiningur á milli okkar og við leysum ekki þann ágreining. Í starfi mínu túlka ég þessa grein á þann veg og framkvæmi lagagreinina á þann hátt sem ég skil hana. Ég hef ekkert á móti því að hv. 5. þm. Vesturl. gagnrýni mig fyrir það. En hann snýr mér ekki með því sem hann færir fram sem rök. Ég held mér við minn skilning. Og meðan svo er mun ég líta svo á að framkvæma beri 14. gr. eins og ég hef verið að lýsa, þ. e. að byggingarsjóðurinn fjármagni útvarpshúsið og þann búnað sem í því er, ef til hrekkur fé fyrir því og eftir því sem fé sjóðsins leyfir.

Þá ætla ég í framhaldi af þessu að nefna langbylgjustöðina. Mér finnst eðlilegt að hún verði nefnd vegna þess að hv. 5. þm. Vesturl. nefndi í sömu andránni húsnæði útvarpsins og langbylgjustöðina. Samkv. hans skilningi má verja fjármagni Framkvæmdasjóðs til þess að koma upp langbylgjustöð og þá kannske öllu öðru dreifikerfi. Ég get ekki fallist á þennan skilning. Hitt er annað mál, að ég fellst á það með honum, að þetta er á margan hátt mjög mikið vandræðamál með langbylgjustöðina, að hún skuli ekki hafa einhvern fastan sjóð við að styðjast og ákveðið fjármagn, vegna þess að það er orðið mjög brýnt að þarna verði gerðar lagfæringar á og ný stöð komi upp, hvort sem hún verður byggð hér eða þar. Þetta held ég að allir fallist á. Hins vegar hef ég líka heyrt frásagnir af því, að sú skýrsla, sem kom frá Almennu verkfræðistofunni hér um árið, sé fullsvartsýn í þessu efni og það séu möguleikar á að viðhalda stöðinni í Vatnsenda enn um sinn. Ég hef heyrt þessa kenningu. Ég sel hana ekki dýrara en ég keypti og ég er ekki að halda henni fram. En ég nefni það þó, að svona er þetta. Eigi að síður er ég sammála hv. þm. um að það er mikið vandræðaástand að geta ekki farið út í það að koma þessari stöð upp og afla fjár til stöðvarbyggingarinnar. Það er vissulega mikið mál, það er stórkostlegt öryggisatriði — og ekki aðeins öryggisatriði, þessi stöð er undirstaða alls útvarps hér á landi.

Ég hef látið það koma fram áður, að þessi mál eru ekki leyst og það er ekki fyrir séð á *næstunni hvenær ráðist* verður í þessa byggingu. Ég vil að þetta komi skýrt fram, enda á þessi skýrsla að vera skýrsla um staðreyndir. Eigi að síður þarf að vinna að því að fjármagn fáist til þessara hluta. Ég hef frá fyrstu tíð, frá því að ég fór að fjalla um það, ég hef bæði rætt það í ríkisstj., ég hef ritað um það blaðagrein, að mér finnist að til fjármögnunar langbylgjustöðvarinnar beri að afla lánsfjár að langmestu leyti á sama hátt og ríkissjóður gerir til ýmissa annarra stofnana og framkvæmda. En vissulega væri möguleiki á því að afla fjár með öðrum hætti, eins og drepið er á hér í skýrslunni og ég minntist á í ræðu minni fyrr í dag, þ. e. að leggja einhvern sérskatt t. d. á hljómflutningstæki til þess að afla fjár til þessa sérstaka sjóðs, til sérstaks byggingarsjóðs eða framkvæmdasjóðs fyrir langbylgjustöð.

Þetta er allt saman til hugleiðingar, en þó ætla ég að eðlilegasta leiðin, eðlilegasti framgangsmátinn verði sá, að langbylgjustöðin verði reist fyrir fé sem ríkissjóður útvegar og ætlar til þessa verkefnis. Það hygg ég að sé. Þetta er brýnt mál.

Hv. þm. spurði líka mikið út í bygginguna sem verið er að vinna að og ætlunin er að komist í notkun 1986—1987. Hann spurði um á hvaða stigi, þ. e. á hvaða byggingarstigi, húsið yrði þá. Þá verður útvarpshúsið fullfrágengið bæði fyrir útvarp og sjónvarp. Gert er ráð fyrir því að tæki verði þá í húsinu og að um þessi áramót og upp úr því verði hægt að hefjast handa um fullan rekstur, ef svo má segja, útvarps og sjónvarps í þessu húsi.

En í sambandi við bygginguna vil ég líka geta þess, að það er möguleiki á því að haga byggingarframkvæmdum á nokkuð annan veg en fram hefur komið í skýrslunni og fram kom í ræðu minni. Þegar búið er að koma þessu húsi undir þak er möguleiki á því að haga innréttingum hússins á þann veg, að hljóðvarpið geti flutt inn miklu fyrr en þarna er gert ráð fyrir. Það er hugsanlegt að hljóðvarpið gæti flutt þarna inn eftir ein þrjú ár. Ef vel miðar áfram með bygginguna og hún kemst undir þak á næsta ári er möguleiki á því, að eftir þrjú ár héðan í frá geti hljóðvarpið farið inn í bygginguna með eitthvað af sinni starfsemi. Þessum möguleika er haldið opnum. Þetta má segja að sé framkvæmdaratriði og ég vil gjarnan að það komi hér fram.

Ég veit ekki hvort ég á að eyða öllu lengri tíma í þetta.

Beinar spurningar komu fram frá ýmsum þm., þó einkum, að ég held, frá hv. 5. þm. Vesturl. Sumar þær spurningar, sem hann bar fram, voru samhljóða því sem aðrir hv. þm. höfðu fram að færa. Ég hef nú, held ég, skrifað hjá mér eitthvað af þessum spurningum og vona að þær séu hér flestar.

Ég svaraði áðan hugmynd hans um árlega skýrslu um útvarpið. Ég tel vel koma til greina, að það verði gert, og mun ekki fyrir mitt leyti telja eftir að vinna að slíkri skýrslu. Það kynni að verða auðveldara fyrir mig að semja skýrslu næst, ef mér endist ráðherraævi til, einmitt vegna þeirra umræðna og ábendinga sem hér hafa komið fram um hvað skuli vera í slíkri skýrslu.

En það, sem hv. þm. spurði beint um og skiptir nokkuð miklu máli, var um kostnaðinn við Sinfóníuhljómsveitina. Hann taldi það orka tvímælis að útvarpið tæki þátt í því að reka hljómsveitina, ekki síst þegar svo stendur á um fjárhag Ríkisútvarpsins að þar verður að skera verulega niður starfsemi. Það er ekkert óeðlilegt að menn spyrji slíkrar spurningar. Eigi að síður hlýt ég að svara því, að það er mjög erfitt að breyta þarna til. Það verður mjög erfitt í framkvæmd að ætla að haga því svo, að Ríkisútvarpið gangi nú skyndilega út sem rekstraraðili Sinfóníuhljómsveitarinnar eftir að hafa verið rekstraraðili þar í 30 ár. Það er ákaflega erfitt að gera það jafnvel þó að ýmis rök mæli með því, að Sinfóníuhljómsveitin sé fjármögnuð með öðrum hætti sem aðrar menningarstofnanir og sé þá sjálfstæð og óháð nánast öðrum stofnunum. Ég tel að þessi hugmynd sé vel umræðuverð. En hitt er alveg ljóst mál, að það er ekki mögulegt að koma slíku fram nú. Þess vegna hef ég farið í slóð margra annarra ráðh. sem hafa fjallað um málefni Sinfóníuhljómsveitarinnar á undanförnum árum, ég hef farið í slóð þeirra og flutt það frv., sem þeir hafa verið að flytja hér á undan mér, með litlum grundvallarbreytingum. Því frv. var dreift í Ed. í dag. Ef setja á lög um Sinfóníuhljómsveitina, sem er mjög nauðsynlegt og gagnlegt, þá kann ég ekki önnur ráð en að halda því sem verið hefur, að Ríkisútvarpið verði einn af rekstraraðilunum, ekki vegna þess að það mætti ekki hugsa sér annað, heldur hreinlega af hinu, að þarna er komin á viss hefð sem er mjög örðugt að rjúfa og varla praktískt að tala um.

Þá spurði hv. þm. Eiður Guðnason um myndsamband við gervihnetti og hvort það yrði tengt á þessu ári. Ég verð því miður að segja sem er, að í því er allt í óvissu. Og ég held að það komi skýrt fram í skýrslunni, að það mál er miklu örðugra af kostnaðarsökum en svo, að hægt sé að ákveða án meiri undirbúnings að ráðast í slíkt. Tæknilegir möguleikar eru að sjálfsögðu þarna fyrir hendi, en ég held að það verði að segja sem er, að fjárhagsstaða og fjármagnsútvegun í þessu sambandi leyfir það ekki nú á næstunni og þær aðstæður sem Ríkisútvarpið býr við.

Og þá er ég kominn að þeirri spurningu sem varðar hallann á Ríkisútvarpinu. Það mál ræddi ég ítarlega og ég hélt að það hefði komið nokkuð skýrt fram hver er stefna mín í þeim málum. Hún er í fyrsta lagi sú, að því verði haldið, sem ákveðið er, að Ríkisútvarpið verði rekið hallalaust á þessu ári. Það skilar ekki hagnaði á þessu ári, það er ljóst. En ég held að segja megi að horfur séu á því að áætlunin standist um það að Ríkisútvarpið verði hallalaust á þessu ári. Samt sem áður eru enn fyrir hendi mjög miklar samansafnaðar hallaskuldir frá síðustu tveimur árum. Það hefur tekist að greiða þessar skuldir með bráðabirgðaláni nú í bili, en þetta eru lán sem verður að borga, það er ljóst. Við stöndum frammi fyrir því að afla fjár til þess að greiða þennan hallarekstur raunverulega og ekki aðeins með láni. Í skýrslunni og í ræðu minni áðan benti ég á þann möguleika, sem fyrir hendi er, að áætla í afnotagjöldum tiltekna upphæð — eða hluta — sem varið yrði til að greiða þennan halla. Það er ekki kveðið fast að orði í skýrslunni um þetta, en þó gefið í skyn hvert stefnir í því. Og það get ég upplýst, einmitt að gefnu tilefni frá hv. þm., að það er ætlun mín við þessar aðstæður að leggja til í haust eða fyrir haustið, áður en afnotagjöld verða ákveðin á síðari árshelmingi, og bera málið þannig upp við ríkisstj. að það verði lögð á sérstaklega 10% vegna hallarekstrarins, til þess að greiða upp hallarekstrinn, og að það standi næstu fimm ár. Það má því skoða þetta sem þá stefnu sem ég hef í málinu, jafnvel þótt hún sé kannske ekki nægilega skýrt orðuð eða ekki svo skýrt orðuð að menn þurfi ekki að spyrja nánar hver stefnan sé um þetta efni.

Vafalaust eru ýmsar aðrar spurningar og mikilvægar sem hér hefur borið á góma. Eitt er það atriði sem fram kom hjá einhverjum hv. þm. og varðaði svokallaða Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir. Ég held að það hafi verið hv. þm. Friðrik Sophusson, sem minntist á það, að sú skoðun væri einhvers staðar uppi að það væri verið að brjóta lög með því að fela ekki Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir að bjóða út og fjalla algjörlega um útvarpshúsbygginguna. Þetta er stærra mál en svo að ég vilji láta það fara fram hjá í þessum umr. án þess að gera athugasemdir við þá skoðun, að Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir sé einhver allsherjar yfirbjóðandi ráðamanna, þ. á m. ráðh., að henni sé sérstaklega falið að vinna slík störf. Ég held að menn verði að fara nokkuð varlega í að túlka rétt Samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir eins rúmt og fram kemur í slíkri skoðun, vegna þess að þetta er allt saman meira og minna á misskilningi byggt. Sannleikurinn er sá, að það stendur alveg skýrt í lögunum þar sem heimildir eru um þessa samstarfsnefnd, þar stendur það alveg skýrt, að samstarfsnefndin eigi ekki að fjalla um málefni stofnana sem hafa sjálfstæðan fjárhag. Og það er alveg ljóst að Ríkisútvarpið er ein af þeim stofnunum sem hafa sjálfstæðan fjárhag. Það er a. m. k. alveg ljóst og greinilegt að byggingarsjóður Ríkisútvarpsins er sjálfstæð stofnun sem sækir ekki fé sitt til ríkissjóðs og ekki til annarra en þeirra sem gjalda beint í sjóðinn, útvarpsnotenda sjálfra. Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir hefur því af sjálfu sér engan rétt til að skipta sér af þessum málum. Það er hægt að fela henni slíkt starf og það hafa ríkisstjórnir gert auðvitað í mörgum tilfellum, en ég hef sem ráðh. ekki gert neinn reka að því að fela Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir afskipti af byggingarmálum Ríkisútvarpsins. Og það gerði ég vegna þess að ég held að það sé heppilegra fyrir framgang byggingarinnar, fyrir framkvæmdirnar, að sú nefnd, sem fer með þetta mál, framkvæmdanefnd eða byggingarnefnd, sé sem sjálfstæðust í störfum sínum og ekki háð öðrum nefndum og ráðum og reyndar ekki háð öðrum en yfirstjórn útvarpsins og ráðherra.

Það er alls ekki þannig að ég sé að ásaka Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir eða bera henni vammir og skammir á brýn í einu og öllu. Það er alls ekki svo. Ég hygg að þessi nefnd eigi á margan hátt rétt á sér. En hins vegar mun ég gagnrýna nefndina, eins og margir fleiri hv. þm. hafa gert lengi, og benda á að þessi sam-

starfsnefnd verður að gæta sín í verkum sínum. Hún má ekki ætla sér meira hlutverk en henni ber og hún á ekki að taka sér völd eða hlutverk sem enginn hefur ætlað henni að hafa með höndum. Og það á sannarlega við í þessu tilfelli um byggingu útvarpshússins. Ég held að það sé alveg óþarfi að vera að ræða um það, að þar séu brotin lög, og síst af öllu er ástæða til þess að vorkenna Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir að brotin séu lög á henni í þessu tilfelli. Ég held að það sé vorkunnsemi sem ekki á mikinn rétt á sér.

Þessar umr. eru orðnar langar og ég veit að það er fjöldamargt annað sem menn hafa verið að ræða hér og vafalaust beint til mín, þó að það hafi farið svo að ég muni það ekki allt nú. En ég vil í lokin segja sem er, að mér finnst að þessar umr. hafi verið gagnlegar, og ég held að það sé mjög vel við hæfi að málefni stofnunar eins og Ríkisútvarpsins séu rædd hér einu sinni á ári og skýrsla gefin um starfsemina. En það mætti þá líka segja sem svo, að það ætti að gera um margar aðrar stofnanir og engu síður. Ég held hins vegar að till. um að slíkt sé gert eigi rétt á sér. En ég vil þá beina því líka til hv. þm. að gera kröfu til þess, að aðrar ríkisstofnanir geri svipað, því að það er auðvitað ekki síður ástæða til þess að Alþingi fylgist með því sem er að gerast í öðrum ríkisstofnunum, eins og menn vilja fá tækifæri til þess að ræða málefni Ríkisútvarpsins.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri. Ég vísa til skýrslunnar eins og hún liggur fyrir, þó gölluð sé. Í henni er margs konar fróðleikur og ég held að þar komi fram flest af því sem skiptir máli í bili að mínum dómi fyrir hagi Ríkisútvarpsins. Ég vænti þess, að hv. alþm. finni tíma til að lesa skýrsluna og hafi af henni nokkurt gagn til þess að fá mynd af þessari stofnun sem óneitanlega er mikilvæg menningarstofnun og sú þjóðfélagsstofnun sem einna nátengdust er heimilunum í landinu.

Efri deild, 94. fundur.

Föstudaginn 8. maí, kl. 2 miðdegis.

Verðjöfnun á olíu og bensíni, frv. (þskj. 211). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 776).

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv. (þskj. 536). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 777).

Kirkjubyggingasjóður, frv. (þskj. 580 (sbr. 283)). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 778).

Viðskiptafræðingar, frv. (þskj. 48, n. 748, 749). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Á síðari árum hefur það færst mjög í vöxt að ýmiss konar starfshópar hafa óskað eftir því að fá ákveðna vernd fyrir starfsheiti sitt. Það frv., sem hér er til umræðu, er liður í þeirri þróun. Mín skoðun hefur verið sú, að það þurfi að athuga vel, á hvaða braut við erum hvað þetta snertir, og taka jafnvel til heildarendurskoðunar hin ýmsu lög sem sett hafa verið um fjölbreytileg réttindi hinna einstöku starfsgreina á grundvelli menntunar, vegna þess að úrskurður ráðherraleyfa til að geta kallað sig ákveðnum menntunarheitum getur vissulega boðið heim þeirri þróun, að einstök hagsmunafélög eða hagsmunahópar ákveðinna menntagreina reyni að takmarka eðlilega framþróun menntastarfseminnar í landinu eða hindra einstaklinga í því að ganga þá menntunarbraut sem þeir telja heppilegasta. Það hefur verið mín skoðun, að á sviði menntunar eigi að ríkja mjög ótvírætt einstaklingsfrelsi og menn eigi að hafa þar mjög skýran og ákveðinn rétt til þess að ganga þá menntunarbraut, sem þeir óska, og það eigi að fara mjög varlega í það að ríkisvaldið, einstök ráðuneyti eða hagsmunasamtök ákveðinna menntagreina verði takmarkandi aðilar um réttindi einstaklinga sem gengið hafi ákveðna menntabraut, þótt það sé hins vegar vissulega rétt að þjóðfélagið hafi ákveðna hagsmuni af því að almenningur og opinberar stofnanir og einstök fyrirtæki geti haft ákveðna tryggingu fyrir því að þeir, sem vilja nota ákveðin menntunarheiti, fullnægi ákveðnum lágmarkskröfum um það efni.

Ég vildi lýsa þessum sjónarmiðum hér í upphafi, þótt þau séu mín persónulegu sjónarmið, um leið og ég mæli fyrir áliti n., og vona að meðnm. mínir forláti það. Við meðferð þessa máls í menntmn. deildarinnar hef ég vakið athygli á þessum sjónarmiðum, ekki vegna þess að ég hafi eitthvað sérstaklega á móti því að viðskiptafræðingar og hagfræðingar fái sömu réttindi og margar aðrar menntagreinar hafa verið að sækja sér á undanförnum árum, eins konar lögvernd á sínu menntaheiti, heldur vegna þess að ég tel nauðsynlegt að öll þessi mál séu tekin til rækilegrar skoðunar, ella geti niðurstaðan orðið sú eftir 5, 10, 15 ár eða svo, ef fleiri greinar sækja inn á þessa braut, að menntun einstaklingsins ein út af fyrir sig, sem háskólar bæði hérlendis og erlendis eða aðrar menntastofnanir veita þessum einstaklingi, skipti mjög litlu máli, það, sem skipti höfuðmáli, sé hvort hagsmunasamtök viðkomandi starfsgreinar og fulltrúar ríkisvaldsins, viðkomandi rn., vilji veita formleg leyfi til að löggilda slíka menntun. Ef það verður ráðandi kerfi stefnum við í eins konar gildakerfi, gamla miðaldakerfið

á sviði menntunar, og stígum veigamikið skref frá þeirri þróun á Vesturlöndum á síðustu áratugum að réttur einstaklingsins, frjáls og óskorðaður réttur einstaklingsins til menntunar, verði verulega takmarkaður annars vegar af hagsmunasamtökum viðkomandi starfsgreina og hins vegar af ríkisvaldinu. Það er þróun sem er mjög andstæð mínum lífsskoðunum.

Ég sagði áðan að það væri ekki sérstaklega vegna frv. um réttindi til að kalla sig viðskiptafræðinga og hagfræðinga sem ég lýsi þessum sjónarmiðum, heldur er þetta einfaldlega fyrsta frv. sem kemur hér til meðferðar á Alþingi síðan ég fékk tækifæri til að fjalla um slík mál hér. Ég vildi þess vegna nota tækifærið til að lýsa þessum skoðunum.

Nefndin hefur orðið sammála um að leggja til að þetta frv. verði samþykkt með þremur breytingum sem gerðar eru á 2. gr. frv.

Fyrsta breytingin er þess eðlis, að í 1. mgr. 2. gr. eru felld niður þau orð sem fólu í sér að ráðh. ætti að löggilda háskóla og aðrar æðri menntastofnanir. Við teljum óeðlilegt að menntmrn. eigi að gefa út löggildingarskrá yfir menntastofnanir erlendis og ganga inn á þá braut að flokka námsstofnanir með þeim hætti. Bæði er slíkt verk ærið og nánast óvinnandi og líka á margan hátt óeðlilegt. Þess vegna er sú setning, sem felur í sér það ákvæði að rn. eigi að gefa út slíka löggildingarskrá eða löggilda slíkar stofnanir, felld niður.

Í öðru lagi er lögð til sú breyting, að möguleikar manna til að öðlast þessi réttindi við sex ára starf að hagfræði- og viðskiptafræðiefnum séu ekki bundnir eingöngu við þau sex ár sem liðu í undanfara þess að frv. yrði að lögum, heldur við sex ára tímabil hvort heldur er á undan eða eftir löggildingu laganna — eða m. ö. o.: við viljum halda þeim möguleika opnum að maður, sem hefur kannske í upphafi ekki tekið það sem talið væri fullgild menntun til að öðlast þessi réttindi, geti í starfi sýnt að hann hafi bætt við sig kunnáttu og hæfileikum og geti því áunnið sér þessi réttindi með starfi. Það teljum við nauðsynlegt svo að möguleikar einstaklinganna til þess að öðlast þessi réttindi séu ekki bundnir eingöngu við einhverjar formlegar prófgráður, sem þeir taka á yngri árum, heldur sé viðurkennt að menn geti í starfi sýnt af sér þá hæfni og þá kunnáttu sem fyllilega sé jafngild þeim prófum sem talin eru nauðsynleg. Sex ára möguleikinn er gerður almennur, bæði á undan og eftir löggildingu frv.

Í þriðja og síðasta lagi er lagt til að í stað umsagnar Félags viðskiptafræðinga og hagfræðinga, eins og stendur í frv., verði skipuð sérstök nefnd sem í eigi sæti einn fulltrúi frá Félagi viðskiptafræðinga og hagfræðinga, annar fulltrúi frá viðskiptadeild Háskóla Íslands og þriðji fulltrúinn eða nefndarmaðurinn tilnefndur af menntmrh. Við teljum það meiri tryggingu fyrir því, að samræmi gildi í mati á prófum og hæfileikum manna til þess að öðlast þetta starfsheiti, að slík úrskurðarnefnd sé til, en að það sé háð stjórn eða ráðamönnum í tilteknu félagi hverju sinni, og enn fremur að til komi aðilar frá viðskiptadeild Háskóla Íslands til að fjalla um þessi efni, slík dómnefnd sé meiri trygging fyrir því, að einstaklingar hljóti sanngjarna meðhöndlun og sambærilega meðhöndlun yfir lengri tíma en það sem upphaflega var lagt til.

Nefndin er einhuga um að gera þessar breytingar á frv. og við höfum rætt þær við menntmrh. og einnig forsvarsmenn þeirra félagssamtaka sem upphaflega óskuðu eftir að slík löggjöf yrði sett. Þeir geta fyrir sitt leyti fallist á þessar breytingar, og vænti ég þess, að deildin geti gert það einnig.

Ég vil svo endurtaka að lokum þá persónulegu skoðun mína, að það geti verið hættuleg braut til lengdar að menntun einstaklingsins sé takmörkuð með þeim hætti að hagsmunasamtök og ríkisvald sameinist um að byggja hér upp formlegt leyfakerfi sem eitt sér geti löggilt menntun einstaklingsins. Í því frjálsa lýðræðissamfélagi og því samfélagi andlegs frelsis, sem við viljum viðhalda hér, er það einn af hornsteinunum að sérhver einstaklingur hafi möguleika til að heyja sér þá menntun og þann fróðleik, sem hann kýs, og beita því samkvæmt eigin dómgreind, en ekki séu lagðar á slíka möguleika óeðlilegar hindranir, annaðhvort hagsmunaaðila eða ríkisvalds.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 749 (ný 2. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.
3.—6. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. forseta fyrir að leyfa mér að leggja hér nokkrar spurningar fyrir hæstv. viðskrh. og þakka hæstv. viðskrh. fyrir að ljá máls á því að svara þeim og fjalla hér, vonandi í stuttu máli hjá okkur báðum hv. deildarmönnum, um verðlagsmál og ákvarðanir ríkisstj. í verðlagsmálum sem nú eru ofarlega á baugi eins og menn vita.

Ástæðan fyrir því, að ég réðst í það að kveðja mér hljóðs utan dagskrár um þetta efni, eru atburðir síðustu daga og að hér er um tímabundið efni að ræða þar sem útreikningstími kaupgjalds framfærsluvísitölu er að renna út þessa daga og þar með ákvörðun kaupgreiðsluvísitölu hinn 1. júní.

Eins og kunnugt er hafa ekki verið fundir í verðlagsráði allt frá því í byrjun mars, eftir því sem ég best veit, en fyrir verðlagsráði lágu fjölmargar beiðnir um verðhækkanir vegna innlendra kostnaðarhækkana, eins og menn muna og mönnum er í fersku minni vegna umræðna um þessi mál nú rétt fyrir mánaðamótin. Þessar 40 beiðnir, sem lágu fyrir verðlagsráði, höfðu ekki hlotið afgreiðslu, en þær voru margar hverjar um á milli 15 og 20% og allt upp í 85% hækkun. Nú hafa fréttir greint frá því, að verðlagsráð hafi samþykkt 20 hækkanir á vöru og þjónustu, en ríkisstj. hefur ekki tekið afstöðu til þess, eftir fréttum að dæma, hvort hún afgreiði þessar hækkunartillögur eða hvenær og ekki um þau tímasettu mörk sem hún miðar verðhækkanir sínar við. Nú er ljóst að það varðar allan almenning geysimiklu hvernig að þessum málum verður staðið því að mér er tjáð að kauplagsnefnd hafi oft tekið verðhækkanir, sem hafi orðið fram að 6. og 7. viðkomandi mánaðar, inn í framfærsluvísitölu og þar með komi þær inn í kaupgreiðsluvísitölu, en ef ekki verður um að ræða ákveðna afgreiðslu á þessum málum sýnist stefna í tvísýnu um það. Hv. þm. grunar þá hvað er á ferðinni, að þessar verðhækkanir verði ekki teknar inn í vísitöluna.

Ég leyfi mér því að spyrja hæstv. ráðh. í fyrsta lagi — ég hef látið hann fá punkta um þetta þannig að ég hygg að hann geti farið hratt yfir sögu: Hverjar eru þessar verðhækkunartillögur sem bæði gjaldskrárnefnd og verðlagsráð hafa samþykkt? Ætlar ráðh. og ríkisstj. að samþykkja þessar verðhækkanir og þá hvenær? Hvenær verða þessar verðhækkanir afgreiddar frá ráðh. og ríkisstj.? Koma þessar verðhækkanir fram í framfærsluvísitölu 1. maí og þá verðbótavísitölu 1. júní eða mælast þær ekki í verðbótum fyrr en 1. sept. í haust? Hvaða áhrif hafa þessar verðhækkanir á verðbótavísitölu og hvað telur Hagstofan að verðbótavísitalan verði há 1. júní samkvæmt nýjustu upplýsingum þar um? Í þessu sambandi og í ljósi allrar meðferðar hæstv. ríkisstj. á þessum málum undanfarna mánuði vil ég líka spyrja hæstv. ráðh.: Hefur ríkisstj. haft samráð við fulltrúa launþega vegna framkvæmdar á þessum útreikningum og á útreikningum verðbótavísitölu, hvernig hún hafi staðið að þessum verðhækkunum og hvernig þær muni mælast í verðbótavísitölu? Hefur hún haft samráð við launþegasamtökin um það? Og alveg sérstaklega: Hver er afstaða ráðh. Alþb. í ríkisstj. til þeirra vinnubragða sem við hafa verið höfð í þessum efnum? Ef hæstv. ráðh. treystir sér ekki til að svara því vænti ég þess að hæstv. ráðh. Alþb. hlaupi undir bagga.

Þá vil ég aðeins víkja að spurningu um þau tímasettu mörk sem lögfest voru í aðhaldslögunum sem tóku gildi 1. maí. Hæstv. viðskrh. gat ekki verið við þá umræðu hér í hv. Ed. af ástæðum sem voru teknar gildar og ég er ekki að finna að því, en ég vildi gjarnan spyrja hæstv. ráðh. um skoðun hans á framkvæmd þessara mála. Í fyrsta lagi vil ég spyrja hann hvenær þessi tímasettu mörk verði sett. Hæstv. forsrh. svaraði mér því til fyrir örfáum vikum að þau yrðu að öllum líkindum sett fyrir síðustu mánaðamót. Nú er kominn 8. maí og þessi mörk sett í stjórnarsáttmálann í fyrra og þá var þessum málum þannig háttað að gert var ráð fyrir að stefna að ákveðnu marki fyrir fram. Nú virðist, eftir vinnubrögðum að dæma 1. maí, að hæstv. ríkisstj. ætli að setja sér markmið eftir á. Ég hef aldrei heyrt talað um að setja sér markmið eftir að eitthvað er skeð. Maður setur sér markmið fram í tímann, en ekki aftur í tímann. Ég vil þess vegna spyrja hæstv. ráðh. hvort þetta séu byrjunarörðugleikar hjá hæstv. ríkisstj. núna með þessi tímasettu mörk 1. maí eða hvort vænta megi þess, að þessi tímasettu mörk verði sett eftir á út árið.

Þá er spurning mín til hæstv. ráðh. líka um framkvæmd aðhaldslaganna. Er það svo, að verðlagning einhverrar vöru og þjónustu sé frjáls? Gildir algjör verðstöðvun eftir setningu þessara laga? Og önnur spurningin er: Verða þá heildarhækkanir á vöru og þjónustu að vera innan ramma pólitísks markmiðs um verðlagsmörk án tillits til afkomu vel rekinna fyrirtækja? Þessa spurningu lagði hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson fyrir hæstv. forsrh., en við fengum því miður ekki svör. Ég vænti þess, að hæstv. viðskrh., sem á að hafa þessi mál með höndum og er þekktur að sanngirni í þessum málum, geti leyst úr þessari mikilvægu spurningu fyrir alla atvinnustarfsemi í landinu. Náttúrlega er alveg ljóst að ef það er ætlunin að herða svo að atvinnuvegunum að þeir verði innan einhvers ákveðins ramma, ákveðin tímasett mörk sett um heildarverðhækkanir án tillits til alls og alls, t. d. kostnaðarhækkana, verðhækkanir megi ekki vera meiri en pólitískt vald ákveður, þá er náttúrlega verið að framkvæma slík verðlagshöft að það hlýtur að koma fyrst niður á atvinnuvegunum og síðan niður á atvinnuöryggi allra landsmanna.

Þá vil ég spyrja hæstv. ráðh. enn: Eru verðhækkanir innfluttra vara óháðar verðlagseftirliti samkvæmt nýju aðhaldslögunum að öðru leyti en því er varðar álagningu dreifingaraðila? Og í fjórða og síðasta lagi um framkvæmd þessara laga: Er svonefnd 5—15% regla í gildi? Stangast þessi 5—15% regla, sem verið hefur verklagsregla hjá verðlagsyfirvöldum undanfarið, á við aðhaldslögin?

Að lokum vildi ég gjarnan spyrja hæstv. ráðh., af því að hann hefur talað mikið um verðbólguna, en öll þessi ákvæði um verðlagsmálin eru sett í því nafni að þau eigi að hafa áhrif á verðbólguna: Hefur hæstv. ráðh. kynnt sér verðbólguspá Þjóðhagsstofnunar um verðhækkanir síðar á árinu og að verðbólgan verði 45—50% ef frekari aðgerðir komi ekki til? Þetta eru nýjustu upplýsingar sem hv. þm. hafa fengið, fyrir tveimur eða þremur dögum, frá Þjóðhagsstofnun í nýjustu skýrslu hennar, að verðbólgan verði 45—50% ef frekari aðgerðir komi ekki til. Hver er skoðun hæstv. ráðh. á þessari áætlun Þjóðhagsstofnunar og hvaða ráðstafanir telur hann koma til greina til að ná verðbólgunni niður í 40% eins og ríkisstj. stefnir að?

Ég vil vekja athygli á því, og enda þá mál mitt til hæstv. ráðh. að sinni, að í þessari skýrslu frá Þjóðhagsstofnun, sem ég vitnaði til, kemur það fram í kurteislega orðuðum texta að þau verðlagshöft, sem gilt hafa undanfarið og gilda enn, hafi sáralítil áhrif á verðbólguna þegar til lengdar lætur, en þeim mun verri afleiðingar fyrir atvinnuuppbyggingu í landinu og þar með framtíðaratvinnuöryggi. Með leyfi hæstv. forseta stendur í þessari skýrslu:

„Erfitt er að segja að hve miklu leyti áhrif aðgerða í verðlagsmálum verða varanleg, m. a. með tilliti til þess að þær koma í kjölfar mikilla kostnaðarhækkana, bæði launahækkana og lækkunar á gengi krónunnar á síðustu mánuðum ársins 1980. Ýmsum verðhækkunum hefur með þessu móti verið frestað.“

Hér er sem sagt með kurteislegu orðalagi í rauninni sagt að ekkert hafi gerst með þeim verðlagshöftum sem ríkt hafi hér undanfarið, nema að ýmsum verðhækkunum hafi verið frestað og að þær komi þá fram með auknum þunga síðar, og að því er vikið í þessu plaggi, enda er það svo að Þjóðhagsstofnun spáir nákvæmlega sömu verðbólgu á þessu ári og hún spáði í fyrra á sama tíma. — En höfuðatriðið í mínum spurningum er náttúrlega það sem ég vék að hér fyrst, spurningin um meðferð ríkisstj. á þeim verðhækkunarbeiðnum, sem fyrir henni liggja, og hvort ríkisstj. ætlar að standa að því að leyfa þessar verðhækkanir á þann veg að þær mælist í framfærsluvísitölu og þar með kaupgreiðsluvísitölu nú eða hvort hún ætlar að fresta þessu um nokkra daga til að hafa áhrif með þeim feluleik á vísitöluna og draga þannig úr hækkun á verðbótavísitölunni 1. júní.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Hv. 3. þm. Norðurl. e. hefur lagt fyrir mig allmargar spurningar og ég skal reyna að svara þeim eftir bestu getu og reyna að lengja ekki mjög mál mitt þó að ég komist ekki hjá því að gera ýmsar þeirra nokkuð almennt að umræðuefni.

Hann spurðist fyrst fyrir um hverjar hafi verið þær verðhækkunartillögur sem hafi verið lagðar fram í verð-

lagsráði. Hv. fyrirspyrjandi á e. t. v. öllu heldur við hverjar hafi verið þær samþykktir sem verðlagsráð afgreiddi á síðasta fundi sínum. Þær voru nokkrar og ég skal gera grein fyrir þeim:

Í fyrsta lagi var samþykkt í verðlagsráði með 8 samhljóða atkvæðum að heimila 8.57% hækkun á aðgöngumiðaverði að kvikmyndahúsum. Verðið mundi þá hækka úr 17.50 kr. í 19.00 kr. Í erindi sínu hafði Félag kvikmyndahúsaeigenda óskað eftir heimild til að hækka verð aðgöngumiða að kvikmyndahúsum á almennar sýningar úr 17.50 kr. í 23.00 kr. eða um 31.43% og á barnasýningar úr 8.75 kr. í 11.00 kr. Ástæður fyrir beiðninni voru launahækkanir, gengissig, hækkun á myndaleigu erlendis og aðrar rekstrarkostnaðarhækkanir. Síðast hækkaði miðaverð að kvikmyndahúsum 21. jan. 1981.

Í öðru lagi var samþykkt samhljóða að heimila hækkun á verði bensíns. Samþykkt var að heimila olíufélögunum að hækka verð á bensíni úr 5.95 kr. per lítra í 6.85 kr. Hækkunin skiptist þannig, að 8% stafa af hækkun innflutningsverðs, magnálagningar, smásölulauna o. fl.

Í þriðja lagi var samþykkt með 6 shlj. atkv. að heimila Flugleiðum að hækka far- og farmgjöld í innanlandsflugi um 12%. Í þessu máli sátu fulltrúar launþega í verðlagsráði hjá við atkvæðagreiðslu. Í erindi Flugleiða var farið fram á hækkun far- og farmgjalda í innanlandsflugi sem næmi 26.9%. Þessi hækkun var rökstudd með miklum hallarekstri á s. l. ári og yfirstandandi ári. Síðasta hækkun á far- og farmgjöldum í innanlandsflugi var afgreidd 16. mars s. l. og nam 6%.

Í fjórða lagi var samþykkt með 9 shlj. atkv. að heimila 4.5—7.1% hækkun á brauðum öðrum en sigtibrauðum, en samþykkt var að heimila 15.7% hækkun á þeim. Hér er um að ræða 6% meðaltalshækkun þegar allt er lagt saman.

Í fimmta lagi var samþykkt með 8 shlj. atkv. að heimila skipafélögum að hækka farmgjöld og vöruafgreiðslugjöld um 12%. Ásmundur Stefánsson, fulltrúi ASÍ, sat hjá við þessa atkvgr.

Í sjötta lagi var samþykkt með 7 shlj. atkv. að heimila Landvara, sambandi vöruflutningaaðila, að hækka taxta sína um 14%, en sambandið hafði sótt um hækkun á bilinu 14—34%.

Í sjöunda lagi var samþykkt með 6 atkv. gegn 1 að heimila vinnuvélaeigendum að hækka taxta sinn um 19%, en Félag vinnuvélaeigenda hafði farið fram á 26% hækkun. Haraldur Steinþórsson greiddi atkv. á móti þessari samþykkt.

Í áttunda lagi var samþykkt með shlj. atkv. að heimila Félagi sérleyfishafa að hækka taxta sína um 20%. Félagið fór fram á 22.98% hækkun og mælti skipulagsnefnd fólksflutninga með afgreiðslu þessa erindis. Á síðasta ári hækkuðu fargjöld sérleyfishafa um 40.7% og Landleiðir fengu milli 70 og 80% hækkun.

Í níunda lagi var samþykkt með 9 shlj. atkv. að heimila 18% hækkun á sementi, steypu án sements og sandi og möl. Sementsverksmiðja ríkisins fór fram á 25% hækkun á sementi. Leyfðar hækkanir á árinu 1980 voru tæp 83%, en þrátt fyrir það var tap á rekstri Sementsverksmiðjunnar sem nam 570 millj. gkr.

Í tíunda lagi var samþykkt með 9 shlj. atkv. að heimila 8% hækkun á niðursoðnum fiskbollum og fiskbúðingi.

Í ellefta lagi var samþykkt með 8 shlj. atkv. að heimila 18% hækkun á saltfiski í neytendaumbúðum, en það hafði verið sótt um 30% hækkun.

Þetta eru þær samþykktir sem gerðar voru í verðlagsráði nú í vikunni og ég ætla að hv. fyrirspyrjandi hafi spurt um.

Varðandi gjaldskrána voru nýlega staðfestar af ríkisstj. hækkanir á gjaldskrá ýmissa opinberra þjónustustofnana. Ég er ekki með þessar hækkanir með mér. Þær voru í kringum 8%. Ég vil nú ekki fara með nákvæmar tölur, en þær voru í kringum það, og þær hækkanir allar koma inn í útreikninga þeirrar vísitölu sem tekur gildi 1. júní.

Þá spurði hv. þm. um hvort það væru höfð samráð við launþegasamtökin um útreikninga á vísitölunni. Um það eru í sjálfu sér engin samráð vegna þess að um það gilda vissar reglur og það er ákveðin stofnun sem um það fjallar, kauplagsnefnd. Það hafa ekki mér vitanlega farið fram nein sérstök samráð í sambandi við það mál.

Þá spurði hv. þm. hvort ráðh. og ríkisstj. ætli að samþykkja þessar verðhækkanir. Hann spurði hvað einstakir ráðh. eða ráðh. einstakra flokka mundu gera. Þeir verða að svara fyrir sig sjálfir, en ég svara hér í einu lagi fyrir ríkisstj. og er engin ástæða til að ætla að það sé munur á skoðun manna í þessum efnum. Ég hef a. m. k. ekki orðið var við það.

Varðandi þessi mál er í sem stystu máli það að segja, að samkvæmt nýafgreiddum lögum um aðhald í verðlagsmálum o. fl. er gert ráð fyrir að ríkisstj. miði verðlagsákvarðanir við ársfjórðungsleg meginmarkmið í verðlagsmálum. Þessi markmið hafa ekki verið ákveðin fyrir næstu þrjá mánuði. Ég ætla ekki að ríkisstj. muni ákveða þetta að þeim þremur mánuðum liðnum. Ég geri ekki ráð fyrir því. Ég vildi svara þessu þannig, að ég geri ráð fyrir að þessi mörk verði ákveðin á næstunni. Ég skal ekki nefna daga í því sambandi, en þau verða áreiðanlega ákveðin á næstunni af ríkisstj. Það hefur legið í loftinu að þessi mörk yrðu einhvers staðar í kringum 8%, en ég álít að það fari dálítið eftir því, hvað framfærsluvísitalan verður há núna 1. júní vegna þess að það er náttúrlega samband þarna á milli. Ég get upplýst það, vegna þess að hv. þm. spurði síðar um það mál, að Hagstofan telur að framfærsluvísitalan muni verða einhvers staðar á milli 8 og 8.5% 1. júní. Það hefur farið fram verðupptaka í verslunum hér í Reykjavík, sem er grundvöllur að útreikningum vísitölunnar. Það er byrjað að vinna úr henni, en niðurstöður liggja ekki fyrir í þeim efnum fyrr en eftir þessa helgi.

Koma þessar verðhækkanir inn í framfærsluvísitölu 1. maí og þá verðbótavísitölu 1. júní eða mælast þær ekki í verðbótum fyrr en 1. sept.? Um það skal ég ekkert segja. Eins og ég sagði áður er það kauplagsnefnd sem fjallar um útreikninga á vísitölunni. Ég skal ekkert um það segja, hvort svo verður. Það er alveg ljóst af þeim samþykktum, sem hafa verið gerðar, að bensínhækkun vegur langmest í vísitölu. Hitt er tiltölulega smáræði, vil ég segja. En það er auðvitað ekkert launungarmál að menn hafa áhuga á að reyna að koma í veg fyrir eins og unnt er víxlhækkanir verðlags og launa. Það er ekkert launungarmál. — Ég verð nú að segja alveg eins og er, þegar ég lít á málflutning og skrif Morgunblaðsins og alveg sérstaklega þm. Sjálfstfl. hér á Alþingi: Einhvern tíma hefur verið meiri áhugi í þessum herbúðum á því að halda vísitölunni niðri með það fyrir augum að koma í veg fyrir eins og unnt er víxlverkun kaupgjalds og launa.

Ég geri ekki ráð fyrir að menn reyni að mótmæla þessu. Það eru allt of mörg nærtæk dæmi til þess að rifja þetta upp.

Þá spurði hv. þm. um það, hvort verðlagning einhverrar vörutegundar og þjónustu væri frjáls eftir að þessi lög hafa tekið gildi. Það er að vísu ekki búið að taka um þetta ákvarðanir í ríkisstj., eins og gert er ráð fyrir að gert verði samkvæmt lögunum, en ég er þeirrar skoðunar, að eðlilegt sé að svo verði innan þeirra marka sem ríkisstj. ákveður. Ég álít að það sé eðlilegt og hljóti að liggja í hlutarins eðli. Hitt er svo annað mál, og hann spurði einnig um það, hvort hér sé um algjöra verðstöðvun að ræða samkvæmt lögunum. Svo er auðvitað ekki. Hér er um að ræða aðhald í verðlagsmálum, verðlagsaðhald, en ekki verðstöðvun, því það er gert ráð fyrir því í lögunum að ef Verðlagsstofnun eða verðlagsráð samþykki fyrir sitt leyti hærri hækkanir, sem eru umfram þau mörk sem ríkisstj. hefur ákveðið á hverjum tíma, gangi það til ríkisstj. til staðfestingar. Það er enginn vafi á að í sumum tilfellum verður óhjákvæmilegt að fara yfir þessi mörk. Ég vil nefna t. d. Sementsverksmiðju ríkisins. Það er alveg sýnilegt að það verður óhjákvæmilegt, til þess að hægt sé að reka Sementsverksmiðjuna með eðlilegum hætti, að fara fram úr settum markmiðum.

Þá spurði hv. þm. um það, hvort hækkanir í vöru og þjónustu væru innan ramma pólitísks markmiðs um verðlagsmörkin án tillits til afkomu vel rekinna fyrirtækja. Ég álít að það sé alveg sjálfsagt mál og nauðsynlegt að haga verðlagspólitíkinni þannig að það sé hægt að reka vel rekið fyrirtæki með eðlilegum hætti, það sé í raun og veru ekkert vit í að haga henni á annan veg þó að menn gæti ýtrasta aðhalds í verðlagsmálum. Ég álít að það hefni sín ef rekstur fyrirtækja er kyrktur, í minni framleiðslu og verri afkomu þjóðarbúsins.

Þá spurði hv. þm. um verðhækkanir innfluttra vara, hvort þær væru óháðar verðlagseftirliti að öðru leyti en að því er varðar álagningu dreifingaraðila. Þessu er til að svara, að það verður fylgst með þróun innflutningsverðlags og álagningar. Náttúrlega koma hér mörg atriði til álita. Það kemur t. d. til álita hvað gerist í gengismálunum. Það hafa orðið mikil umskipti í þeim málum á hinum alþjóðlega peningamarkaði á undanförnum mánuðum, — ég vil segja: mánuðum því það hefur gerst eiginlega síðan forsetakosningarnar í Bandaríkjunum fóru fram í nóvemberbyrjun á s. l. ári. Bandaríkjadollarinn hefur verið að styrkjast síðan og hefur styrkst stórkostlega síðan t. d. í janúarmánuði. Þá jafngilti Bandaríkjadollar hvað kaupgengi snertir 6.23 kr., en núna hefur orðið sú breyting á að í dag er gengið 6.70 kr., hefur hækkað sem sagt um nærri því 50 aura. Þetta er náttúrlega gífurlegur munur og kemur þarna til með að raska, eins og okkar gengisskráningu er hagað, einnig afstöðu krónunnar gagnvart Evrópugjaldmiðlum, en þar hefur íslenska krónan verið að styrkjast síðan um áramót. Í janúarmánuði jafngilti sterlingspundið 14.86 kr., en núna 14.35 eða 36. Ég held að það sé að vísu í dag líklega um 14.30. Hér hefur sú breyting orðið á að gengi Evrópugjaldmiðla hefur lækkað yfirleitt samkvæmt ísl. kr. Þessi gengisþróun er hagstæð fyrir okkur sem þjóð vegna þess að við flytjum ákaflega mikið út fyrir dollara, en kaupum aftur inn fyrir Evrópugjaldmiðla. Þetta ætti að hafa þau áhrif að lækka hér verðlag heldur en hitt. Gengið hefur því ákaflega mikil áhrif á þessi mál, t. d. hvort aðföng iðnaðar, sem verður að flytja til landsins, hráefni og annað slíkt, fara hækkandi í verði eða ekki.

Hann spurði um hina svokölluðu 5—15% reglu, sem er fólgin í því að verðlagsráð hefur samþykkt að Verðlagsstofnunin geti hækkað álagningu innan marka sem eru milli 5 og 15% í hækkun í smásölu ef aðföng hafa hækkað. Aftur á móti hefur Verðlagsstofnunin sem slík ekki heimild til að hreyfa neitt ef um er að ræða hækkanir aðfanga sem leiða til minni útsöluverðshækkunar en 5% og ekki heldur ef það er yfir 15%. Ég tel ákaflega eðlilegt og ég tel nauðsynlegt að þessi regla verði áfram í gildi, ekki síst vegna þeirrar gengisþróunar sem við búum við vegna þess að lækkandi gengi á Evrópugjaldmiðlum er yfirleitt andstætt útflutningsiðnaðinum sem selur mjög fyrir Evrópugjaldeyri. Því er ástæða til að ætla að útflutningsiðnaðurinn kunni að eiga í erfiðleikum. Ég tel nauðsynlegt að þessi 5—15% regla verði áfram í gildi. Um það hefur ekki verið tekin ákvörðun af hálfu ríkisstj. vegna þess að sumt af því fer yfir þau mörk sem sett munu verða, en vegna þeirrar þróunar, sem hefur verið í gengismálum, tel ég ólíklegt að mikið verði um það.

Ég var búinn að svara því, hvað Hagstofan áliti um verðbótavísitöluna.

Fyrirspyrjandi spyr hvort ráðh. hafi kynnt sér verðbólguspá Þjóðhagsstofnunar og hver sé skoðun hans á þeirri spá. Ég skal svara þessu.

*Ég hef enga ástæðu til að vefengja spá Þjóðhags*stofnunar. Ég hef ekki aðstöðu til þess og hef enga ástæðu til að vefengja hana. Ég vil skírskota til þess sem haft var eftir mér í fjölmiðlum: í blöðum, útvarpi og sjónvarpi, um áramótin eftir að áramótaefnahagsráðstafanirnar voru gerðar. Þá taldi ég að nauðsynlegt væri að gera frekari efnahagsráðstafanir á þessu ári til að ná því markmiði sem ríkisstj. stefnir að í verðlagsmálum. Ég er núna alveg sömu skoðunar. Ég álít að það þurfi að gera frekari ráðstafanir síðar á þessu ári til að ná því markmiði. En það er dálítið fróðlegt að lesa skoðanir Þjóðhagsstofnunar á því sem hefur verið að gerast. Þjóðhagsstofnun setur fram þá skoðun, að ef ekki hefði verið gripið til þess ráðs að draga verulega úr launahækkuninni 1. mars með lagasetningu væri líklegt að framfærsluvísitalan hefði hækkað um 15—16% frá febr. til maí. Með óheftu áframhaldi slíkra verðlags- og launabreytinga, segir Verðlagsstofnun, með leyfi forseta, „mátti ætla að verðbólga ykist úr tæplega 60% á síðasta ári í um 70% á þessu ári". Þetta var baksvið efnahagsaðgerðanna um áramót, en veigamest þeirra var að draga úr verðbótahækkunum launa um 7% 1. mars. Hækkunin varð tæplega 6% í stað 13% að óbreyttum lögum. Með öðrum orðum var náttúrlega brotið í blað í verðlagsþróuninni. Í stað þess að stefna í 70% eða jafnvel enn þá hærri mörk stefna menn nú í 40%. Ef ekkert verður frekar að gert er Þjóðhagsstofnun þeirrar skoðunar, að verðbólgan verði 45—50%, en eins og ég hef sagt áður þarf að gera viðbótarráðstafanir til að ná því markmiði sem menn hafa sett sér.

Þá spyr hv. þm. að lokum að því, hvaða ráðstafanir komi til greina til að ná verðbólgunni niður í 40%, eins og ríkisstj. stefnir að. Í því efni vil ég nú vísa til nýgerðrar samþykktar þingflokks Framsfl. um þau mál. En þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Til þess að ná því markmiði, að verðbólgan lækki í um 40% á árinu 1981, er jafnframt nauðsynlegt að taka hið fyrsta ákvarðanir um framhaldsaðgerðir í efnahagsmálum."

Síðan er bent á ýmis atriði sem nú er verið að vinna að, eins og vaxtastefnuna, gengisstefnuna og það verði leitað leiða til að draga úr þeim gífurlegu hækkunum á áburði sem sýnilegt er að muni verða.

„Ríkisstj. beiti sér fyrir breytingu á verðkönnun vöru, þannig að byggt verði á raunverulegri neyslu þeirra vöruflokka sem reiknaðir eru í vísitölu."

Ég er þeirrar skoðunar, að kauplagsnefnd hafi verið nokkuð íhaldssöm í sambandi við upptöku á vöruverði, hún hafi miðað við alveg ákveðin vörumerki sem eru í mörgum tilfellum miklu dýrari en önnur vörumerki sem eru til á markaðnum. Þess eru dæmi, að þau séu yfir 100% dýrari. Ég held að það væri ástæða til þess fyrir kauplagsnefnd að endurskoða þessi mál. Það er, held ég, verið að gera það nú, því að ég hef tekið það upp í ríkisstj. og óskað eftir því að þau yrðu endurskoðuð og menn reyndu að aðlaga þessa útreikninga þeim neysluvenjum, sem sífellt eru að breytast, og nýjum vörumerkjum og vörum sem koma inn á markaðinn í stórum stíl.

„Ríkisstj. beiti sér fyrir aðhaldi í gengismálum, en þess verði þó gætt að útflutningsatvinnuvegirnir verði reknir með heilbrigðum hætti."

Ég rakti nokkuð hér áður þróunina í gengismálunum. Það er náttúrlega enginn vafi á að þessi þróun er hagstæð og þessi þróun gerir að verkum að auðveldara verður að ákveða fiskverð núna 1. júní en ella hefði orðið. Erfiðasti þátturinn í sjávarútveginum hefur undanfarið verið afkoma frystihúsanna, frystiiðnaðurinn, en með styrkingu dollarsins hækkar náttúrlega andvirði ísl. kr. fyrir seldar frosnar afurðir og það léttir undir með ákvörðun um fiskverð.

Þá er ekki hægt að segja annað en að það hafi verið hagstæð þróun í fiskverði að öðru leyti. Við búum við mjög hagstætt verð á saltfiski. Sama er að segja um skreiðina. Það er eiginlega mjög hátt verð á skreiðinni. Við skulum vona að það fari ekkert úrskeiðis því að það er mikil skreiðarframleiðsla, sem stafar auðvitað af því að það er svo hátt verð á skreiðinni. Þegar þetta er allt saman skoðað vekur það vonir um að það verði auðveldara að fást við þessi mál varðandi fiskverðsákvörðun um n. k. mánaðamót.

Þá erum við þeirrar skoðunar að stuðlað verði að lækkun vöruverðs með breyttum álagningarreglum. Ég vil geta þess, — ég vil mælast til þess að fyrirspyrjandi hlusti, — að ríkisstj. hefur samþykkt fyrir sitt leyti nýjar reglur um álagningu. Þær eru þannig að þær hvetja til ódýrari innkaupa til landsins. M. ö o.: innflytjendur eiga kost á því að fella niður umboðslaun erlendis og fá þá hærri álagningu ef þeir geta sýnt fram á að þeir lækki vöruverðið. Ég álít að þetta sé ákaflega þýðingarmikið. Það er ekki búið að afgreiða þetta mál í verðlagsráði, en það verður fjallað um það. Verðlagsstjóri hefur verið að undirbúa það fyrir verðlagsráð, og ég vona sannarlega að það verði frá því gengið þannig að menn fái þarna reglur sem séu hvetjandi þess að menn kaupi sem ódýrast til landsins. Því er ekki að leyna að í þær reglur og það fyrirkomulag, sem við höfum búið við, hefur þvert á móti vantað hvatninguna þannig að menn hafa allt að því haft áhuga á að kaupa dýrari vöru til landsins til að fá hærri álagningu.

Það er alveg ljóst mál að það er mest hætta á auknum hraða verðbólgu þegar fer að líða á árið og alveg sérstaklega 1. nóv. Þess vegna erum við þeirrar skoðunar, að það verði að hefja sem fyrst undirbúning að ráðstöfunum til að koma í veg fyrir slíkt.

Þetta er í stuttu máli og alls ekki nægilega undirbúið svar að þessu leyti til, en í stuttu máli drepið á það sem við viljum gera til að ná því marki sem að er stefnt. Ég hef reynt að stytta mál mitt eins og ég hef getað. Þetta er samt yfirgripsmikið mál. Ég hef viljað haga málflutningi þannig og svörum að það leiddi ekki til almennra eldhúsumræðna því að þær eru nú fram undan á þinginu, eins og kunnugt er — það verða eldhúsumræður fyrir þinglok. Ég hef reynt að takmarka mig sem mest við þær spurningar sem hv. fyrirspyrjandi hefur lagt fyrir mig. Ég vona að ég hafi getað gert þeim skil á mína vísu, en hvort það er á hans vísu er sjálfsagt umdeilanlegt.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svörin. Það var einmitt ætlunin með þessum spurningum að a. m. k. kjarni þeirra væri um atriði sem þyrfti ekki að spinnast úr almenn eldhúsdagsumræða. Það kom fram í máli ráðh. og skiptir meginmáli að ríkisstj. hefur ekki ákveðið að þær verðhækkanir, sem hafa beðið afgreiðslu síðan í byrjun mars og eru í rauninni þegar orðnar vegna kostnaðarhækkana atvinnuveganna, mælist í framfærsluvísitölu *jafnvel þó að þær verði ákveðnar einum* eða tveimur dögum eftir að framfærsluvísitalan hefur verið reiknuð. Það er þetta sem ég hefði gjarnan viljað spyrja hæstv. ráðh. Alþb. hvort þeir leggi blessun sína yfir.

Hæstv. heilbr.- og trmrh., Svavar Gestsson, sat hér lengi inni í deild áðan og greip fram í fyrir mönnum þegar þeir voru að tala, en hann er einhvers staðar frammi núna. Hæstv. ráðh. mundi kannske gera mér þann greiða að koma aðeins hingað inn. (**Forseti:** Óskar hv. þm. eftir að ráðh. verði við í deildinni?) Já. — Hæstv. ráðh. er kominn hér og ég vildi gjarnan beina örstuttri fsp. til hans, ef hann hefði tíma til að svara, út af þessum umr. utan dagskrár, sem eiga ekki að taka langan tíma.

Hér hefur verið fjallað um meðferð ríkisstj. á verðlagsmálum og útreikning á framfærsluvísitölu og kaupgjaldsvísitölu. Það hefur komið hér fram, að fyrir ríkisstj. og verðlagsyfirvöldum hafa legið beiðnir um verulegar verðhækkanir vegna kostnaðarhækkana atvinnuveganna. Þær hafa ekki fengið afgreiðslu og verðlagsráð ekki komið saman síðan í byrjun mars. Nú hefur verðlagsráð samþykkt sumar þessar hækkanir, en ríkisstj. ekki tekið afstöðu til þess. Þessa daga er verið að vinna að útreikningi framfærsluvísitölu og þar með verðbótavísitölu 1. júní. Nú er alveg ljóst að ef ríkisstj. tekur ekki afstöðu til þessara verðhækkana þessa daga, en kannske eftir 10 daga eða svo, mælast þessar hækkanir ekki í verðbótavísitölu fyrir 1. sept. í haust, og spurning mín er: Álítur hæstv. ráðh. að þetta séu heiðarleg vinnubrögð gagnvart launþegum í þessu efni? (**Félmrh.:** Hvað séu heiðarleg vinnubrögð?) Að fresta þessum verðhækkunum kannske í örfáa daga fram yfir ákvörðun framfærsluvísitölunnar. — Það kom hér fram að ríkisstj. hefur ekki tekið afstöðu til þessara verðhækkana. Verðlagsráð er búið að samþykkja þær. Verðlagsráð telur að þær séu óhjákvæmilegar. Spurningin er þessi: Verða þær teknar inn í mæli þann sem mælir mönnum verðbætur á laun eða er hér um dulbúna skerðingu á kaupgjaldsvísitölu að ræða? Ég held að hæstv. ráðh. hljóti að geta skilið þetta. (**Félmrh.:** Ef spurningin er sett þannig fram að hún sé skiljanleg.) Var þetta skiljanlegt, hæstv. ráðh.? (**Félmrh.:** Þakka þér fyrir, hv. þm., já.)

Ég held að það hafi komið mjög greinilega fram í máli hæstv. viðskrh., að ríkisstj. hefur ekkert ákveðið um hvort þessar hækkanir komi yfirleitt fram í hækkun vísitölunnar. Ég vil taka skýrt fram í sambandi við þetta atriði að ég tel það mjög gagnrýni vert ef menn geta ekki gengið hreint til verks ef þeir telja að það þurfi að skerða vísitölu. Það hefur oft verið gripið til þess ráðs og hæstv. núv. ríkisstj. hefur t. d. gripið til þess ráðs að skerða verðbótavísitölu. En vinnubrögð sem þessi, að leggjast á verðhækkanir vitandi vits á þeim tíma sem verið er að reikna verðbótavísitöluna og ætla með þeim hætti — með feluleik og falsi — að lækka vísitöluna, tel ég gagnrýni verð. Ég hef marglýst þeirri skoðun minni, að þegar til lengdar lætur hafi slíkir feluleikir ekki nokkurn skapaðan hlut að segja í sambandi við glímuna við verðbólguna. Það hefur komið fram. Reynslan hefur sýnt þetta. Við erum að glíma við nákvæmlega það sama núna og í fyrra. Verðbólguhraðinn var nákvæmlega sá sami í fyrra og hann er nú, eins og allar opinberar skýrslur sýna, þrátt fyrir allar verðstöðvanir og raunar þrátt fyrir skerðingu vísitölunnar 1. mars, sem í rauninni gerði ekkert annað en kippa til baka grunnkaupshækkunum sem urðu á s. l. árum.

Ég skal ekki lengja mál mitt um þetta atriði og ekki fara mjög mörgum orðum um svör hæstv. ráðh. Aðeins vil ég þó víkja að tvennu í máli hans þar sem hann kom inn á skýrslu Þjóðhagsstofnunar.

Í fyrsta lagi taldi hann að það hefði náðst geysilegur árangur með efnahagsráðstöfunum um áramótin og skerðingu kaupgjaldsvísitölunnar um 7%. Í kveri Þjóðhagsstofnunar segir svo orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar á heildina er litið ætti með þessum aðgerðum" — það er verið að tala um aðgerðirnar sem gripið var til — „að takast að koma í vega fyrir að verðbólgan taki nýtt stökk upp á við úr því fari sem hún hefur verið í síðustu þrjú árin. Án frekari aðgerða er hins vegar ljóst að næstu misserin verður verðbólga vart minni en sem svarar 45—50%" — þ. e. í því fari sem hún var þegar hæstv. ríkisstj. settist að völdum.

Það hefur því í rauninni ekkert annað skeð en að ríkisstj. hefur hagað þannig málum að vísitalan hefur rokið upp. Síðan hefur hún kippt hækkuninni til baka með því að skerða verðbætur á laun og bætur almannatrygginga í þessum efnum.

Það væri freistandi að fara út í miklu fleiri atriði sem hæstv. ráðh. kom inn á. Ég vil enn og aftur vara við þeirri oftrú sem hæstv. ríkisstj. virðist hafa á verðlagshöftum og ekki síður á því að halda gengi kyrru eða niðri á sama tíma sem innlendar kostnaðarhækkanir eru verulegar. Það þarf ekki annað en að vísa í reynsluna í þessum efnum. Það vill svo til að þetta var gert síðast á árinu 1979 og í byrjun árs 1980. Og hvaða afleiðingar hafði þetta? Þetta hafði þær afleiðingar, að íslenskir atvinnuvegir lentu í verri samkeppni við innflutning en ella og útflutningsatvinnuvegirnir voru reknir með stórhalla, eins og hæstv. ráðh. kom raunar inn á. Ég vil enn vísa í skýrslu Þjóðhagsstofnunar um reynsluna af stefnunni í gengismálum sem hæstv. ráðh. kom hér inn á. Ég skal ekki fjölyrða um þetta, en ég vísa í þessa skýrslu. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Um vörukaup má nefna að kaup á innlendum vörum virðast hafa dregist saman en innflutningur aukist að sama skapi, enda breyttust verðhlutföll innlendrar framleiðslu og innflutnings innlendu framleiðslunni í óhag á árinu." Og svo stendur hér ljósum og skýrum stöfum: „Þessarar þróunar gætti mjög í lok ársins 1979 og fyrstu mánuði ársins 1980. Þá hélst gengisskráningin lítið breytt og innflutningsverð hækkaði mun minna en verð á innlendri framleiðslu."

Það er þetta sem núna er verið að gera með gengisbrellunni. Það er verið að gera útlendingum auðveldara með samkeppni við innlendar framleiðsluvörur, og það er verið að gera útflutningsatvinnuvegunum erfitt fyrir.

Menn segja, þegar verið er að tala um þetta: Viljið þið þá láta gengið rjúka upp? Hvaða áhrif hefur það á verðbólguna? Menn verða að gera sér grein fyrir því, að það verður að byrja á réttum enda í þessum efnum eins og jafnan og það er ekki hægt að halda gengi stöðugu ef atvinnulífið á að ganga í landinu þegar kostnaðarhækkanir eru feiknalegar. Þá verða atvinnuvegirnir að fá þann kostnað uppi borinn. Þetta er tiltölulega auðvelt að skilja, jafnvel fyrir þá menn sem ekki láta sig varða miklu hag atvinnuveganna.

Það, sem upp úr stendur eftir þessa umræðu, er að hæstv. ríkisstj. vinnur að því leynt og ljóst að fresta því að taka óumdeilanlegar verðhækkanir inn í vísitöluna. En hvað þýðir það fyrir launþega og hvað þýðir það fyrir þá sem lifa á bótum almannatrygginga? Ég get upplýst hæstv. ráðh. um það, að frestur um þrjá mánuði á að eitt verðbótavísitölustig reiknist þýðir fyrir alla launþega í landinu um 8 milljarða gkr. á ársgrundvelli, en um 2 milljarða í þrjá mánuði. Ef menn taka lífeyrisþega með, sem fá venjulega hækkun eftir verðbótavísitölu, er um það að ræða að launþegar og lífeyrisþegar eru með þessum hætti sviptir 3 milljörðum gkr. Ég endurtek að menn geta komist að þeirri niðurstöðu að það sé eðlilegt í sambandi við víðtækar ráðstafanir í efnahagsmálum að skerða verðbótaþátt launa og verðbótaþátt annarra greiðslna í þjóðfélaginu, en að vinna þannig með falsi og feluleik að því að svipta launþega eðlilegum verðbótum án allra tilburða til að draga úr verðbólgunni á sama tíma tel ég ámælisvert.

Ég held að ég láti svo þessum umr. lokið frá minni hálfu að sinni.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég skal ekki taka þátt í því að gera þessar umr. að almennum eldhúsumræðum um efnahagsmál og stjórnmál. Ég get samt ekki stillt mig um að minna hv. fyrirspyrjanda, hv. þm. Lárus Jónsson, á að á árunum 1959—1964 var alls engin verðbótavísitala í sambandi. Það eru fimm ár. Ekki varð ég var við að Sjálfstfl. kvartaði á þeim tíma.

Í öðru lagi varðandi verðstöðvunina. Ríkisstj. Sjálfstfl. setti á verðstöðvun í nóv. 1970 og þessi verðstöðvun er búin að standa eiginlega allar götur síðan. Um það mætti margt segja, en ég skal ekki gera það við þetta tækifæri.

En ég vildi að gefnu tilefni aðeins gera að umræðuefni, hvað hv. þm. varð tíðrætt um það sem hann kallaði „falsvinnubrögð ríkisstj.", og benda honum á að það er ekki fyrr en á miðvikudaginn í þessari viku sem verðlagsráð heldur fund og samþykkir þær hækkanir sem ég gerði grein fyrir í svarræðu minni áðan. Þessar upplýsingar koma á borð ríkisstj. á fimmtudaginn, í gær, en þá vantaði viðbótarupplýsingar, sem ekki hafði unnist tími til að vinna úr, varðandi t. d. hvaða áhrif þessar samþykktir mundu hafa á vísitöluna. Þannig lágu alls ekki fyrir ríkisstj. í gær þær upplýsingar sem þurfa að liggja fyrir til þess að menn taki ákvarðanir af þessu tagi. Ég

geri ráð fyrir að fjallað verði um þetta á þriðjudaginn, á næsta ríkisstjórnarfundi, með eðlilegum hætti. En ég held að það verði ekki hægt að saka ríkisstj. í sjálfu sér um að hún sé með nein falsvinnubrögð í þessum efnum.

Eins og ég tók fram áður er það fyrst og fremst bensínið sem þarna skiptir máli. Hitt skiptir sáralitlu máli. Mér finnst því ekki maklegt að vera að drótta því að ríkisstj. að hún sé með falsvinnubrögð í þessum efnum. En það getur vel verið að menn hafi hliðsjón af þessum upplýsingum þegar menn eru búnir að gera sér grein fyrir því, hvaða áhrif hækkanirnar kunni að hafa á vísitöluna. Ég skal ekkert um það segja. Ég hef aldrei verið talsmaður fyrir því vísitölukerfi sem gildir og skal ekki hefja umr. um það. Ég tel að það sé meingallað og þurfi að gera á því miklar breytingar þó að menn geti verið sammála um að halda vísitölu í gangi til að tryggja kaupmátt launa.

Að lokum vil ég svo segja það varðandi ráðstafanirnar um áramótin, að í áliti Þjóðhagsstofnunar kemur fram að ef ekki hefðu verið gerðar ráðstafanir um áramótin hefði verðbólgan siglt upp í a. m. k. 70%. Í staðinn fyrir það er nú stefnt í 40%. Hvernig ríkisstj. gengur á auðvitað eftir að sýna sig. En ég vil endurtaka að ég held að það sé ekki mögulegt nema með frekari efnahagsaðgerðum síðar á árinu að halda réttu striki.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Um síðustu áramót gekk ríkisstj. frá víðtækum almennum aðgerðum í efnahagsmálum sem höfðu þann tilgang að ná verðbólgunni niður á árinu 1981. Það lá fyrir frá Þjóðhagsstofnun og var viðurkennt af öllum aðilum að að öllu óbreyttu gæti verðbólguhraðinn á þessu ári farið upp í 70—80%, ef ekki yrði spornað við fæti. Það var grundvallaratriði í þessum efnahagsaðgerðum ríkisstj. að þannig yrði frá hnútunum gengið að kaupmáttur launa á árinu 1981 yrði hinn sami að jafnaði yfir árið og orðið hefði að óbreyttu. Þetta gerðist með þeim hætti, að annars vegar var frestað 7 vísitölustigum 1. mars 1981, en hins vegar var tekið upp betra vísitölukerfi en var í Ólafslögum og betra vísitölukerfi en Alþfl. barðist fyrir að fá fram innan vinstri stjórnarinnar 1978—1979.

Þessi grundvallaratriði liggja fyrir og þau eru viðurkennd af öllum aðilum í þjóðfélaginu sem horfa á þessi mál heilskyggnum augum, nema ofstækisfyllstu stuðningsmönnum Geirs Hallgrímssonar og Morgunblaðsklíkunnar í Sjálfstfl. Einn af þeirra talsmönnum hér, hv. 3. þm. Norðurl. e., talaði áðan og flutti þennan venjulega fyrirlestur sem er framhald af fyrirlestrinum sem hófst um áramót, að efnahagsaðgerðir ríkisstj. þá hefðu í för með sér meiri háttar áfall fyrir efnahagslífið á Íslandi. Því var t. d. spáð að það væri algjör fjarstæða að láta sér detta í hug að hægt væri að halda genginu stöðugu, og því var haldið fram að þessar aðgerðir þýddu það að við værum að hverfa með okkar efnahagslíf 20—30 ár aftur í tímann. Reynslan hefur sýnt að þessar áætlanir ríkisstj. um gengið og stöðu útflutningsatvinnuveganna stóðust fyllilega. Hrakspárnar hrundu og urðu sér til skammar. Enn þá einu sinni eru menn samt að halda áfram með texta af þessu tagi. Nýjasti textinn er sá, að ríkisstj. sé með afstöðu sinni í verðlagsmálum að falsa vísitölukerfið.

Í fyrsta lagi kemur það úr hörðustu átt ef það er Sjálfstfl. eða talsmenn hans sem þykjast bera sérstaka umhyggju fyrir vísitölukerfinu í landinu. Það hefur sem kunnugt er verið meginstefna meiri hl. Sjálfstfl., a. m. k. á undanförnum árum, þeirra aðila sem stóðu t. d. að leiftursókninni, að það væri höfuðnauðsyn í efnahagslífinu að rífa allt vísitölukerfið niður. Í kosningabaráttunni 1979 var tekist á um þessa stefnu. Viðreisnarstjórnin, eins og hæstv. viðskrh. minnti á áðan, bannaði vísitölutryggingu launa með lögum um margra ára bil með tilheyrandi átökum sem því fylgdu hér á vinnumarkaðnum.

Núverandi ríkisstj. fékk á fimmtudaginn var tillögur frá verðlagsnefnd um tilteknar breytingar á vöruverði og þjónustu. Það var ekki fyrr en í gær sem hún fékk þetta í hendur. Þess vegna þarf engan að furða þó að það taki dálítinn tíma að fara niður í þær forsendur sem þessar verðlagshækkanabeiðnir byggjast á. Það liggur ekkert fyrir um það, að hve miklu leyti þessar verðhækkanir verða samþykktar af ríkisstj. í fyrsta lagi. Í öðru lagi liggur ekki neitt fyrir um það, á hvaða tíma það verði gert. Það er vafalaust misjafnt á hvaða tíma þetta þarf að fara í gegn samkvæmt þeim rökum sem verðhækkanabeiðendur leggja fram. (**LJ:** Það skiptir ekki máli hvenær það er gert, hæstv. ráðh.) Það skiptir máli hvenær það er gert, og það verður metið í hverju einstöku tilfelli út frá ýmsum atriðum.

Ég vil segja það út frá því sem hv. þm. var að segja um kaupmáttinn áðan, að auðvitað stendur dæmið þannig, að ef hans stefnu hefði verið fylgt, að hleypa öllum verðhækkunum út eins og kröfuhafar vilja fá og að rífa vísitölukerfið úr sambandi, þá væri kaupmáttur lífeyrisbóta almannatrygginganna og launa hér í landinu margfalt lakari en hann er nú. Mér finnst það koma úr hörðustu átt þegar þessir talsmenn Sjálfstfl. eru að gera sig breiða hér í ræðustólnum með sérstakri umhyggju, að því er virðist, fyrir afkomu láglaunafólks og lífeyrisþega í þessu landi. Það vill þannig til, hv. þm., að árið 1970, sem var síðasta heila ár viðreisnarstjórnarinnar, sem er sú ríkisstjórn sem Sjálfstfl. hrósar sér mest af, var kaupmáttur lífeyrisbóta almannatrygginga þriðjungur af því sem hann er nú. Það er þetta kerfi sem þessir flokkar og hv. þm. og aðrir slíkir talsmenn Sjálfstfl. eru að hrósa sér af.

Áratugurinn milli 1970 og 1980 fór að verulegu leyti í baráttuna um hvernig skiptahlutfallið skuli vera í þjóðarbúinu. Sú barátta stendur enn. Þar vegnar ýmsum miður og ýmsum betur eftir atvikum. Sem betur fer hefur tekist að tryggja að verðbætur á laun eru hér enn í gildi. 1. júní n. k. tekur við betra verðbótakerfi á laun en hér hefur verið í gildi um tveggja ára skeið. Það er mikilsvert atriði að mati Alþb. og á þeim forsendum stóð Alþb. heils hugar og hafði frumkvæði um þær aðgerðir sem gripið var til um síðustu áramót. Kaupmáttur launa, þ. á m. kaupmáttur lífeyrisbóta, verður á þessu ári ekki lakari, í sumum tilfellum betri en orðið hefði að óbreyttu.

Ég mótmæli öllum fullyrðingum hv. þm. um vísitölusvindl eða falsanir í þessum efnum. Slíkt er ekki á dagskrá núv. ríkisstj.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Það eru kokhraustir ráðh. sem stíga hér í stólinn í dag. (**Gripið fram í:** Það er annað en stjórnarandstaðan.) Það er nú upplýst hér í fyrsta skipti að 7% kaupskerðingin, sem reið yfir almenning á þessu landi, sé að sérstöku frumkvæði Alþb. Ég held að það sé fróðlegt fyrir menn að vita það og þá einkum og sér í lagi með tilliti til þess, hver málflutningur Alþb. hefur verið á undanförnum árum. Þetta sannar

nefnilega að það eina, sem vakir fyrir Alþb.-mönnum, er að hanga í stjórn. Það er stjórnaraðstaðan sem skiptir máli fyrir þá, en ekki hvað þeir hafa sagt eða hverju þeir hafa stefnt að. Það skiptir engu máli. Það gerir auðvitað reginmun að geta látið sér í léttu rúmi liggja ekki einungis hver árangurinn er, heldur einnig hvernig fólkið í landinu fer út úr ákvörðunum þeirra stjórnvalda sem eru hverju sinni.

Það er einkar athyglisvert, að á sama tíma og hæstv. viðskrh. talar hástöfum um hvað aðstæður séu góðar, ytri skilyrði séu góð hér, bendir á að í rauninni fáum við 7.5% hærra verð núna fyrir afurðir okkar en um áramót vegna gengisbreytinga sem orðið hafa án okkar tilverknaðar, — á sama tíma og gengi annarra Evrópumynta sé okkur hagstætt í verðlagsmálum talar formaður Alþb., hæstv. félmrh., sérstaklega um, að kjörin verði ekki verri á þessu ári en hinu síðasta, og talar um það sem sérstaka stefnu Alþb. að þegar ytri skilyrði eru einkanlega góð skuli kjörin þó ekki vera verri en árið á undan. Hann talaði líka fjálglega um að það væri langtum betri vísitala sem væri í sambandi núna en sú sem var áður. Það skyldi þó ekki vera að þessir hæstv. stjórnarherrar væru svona fegnir því að einmitt vegna þeirra breytinga, sem hafa orðið á ytri skilyrðum, að viðskiptakjörin hafa batnað með þessum hætti, þurfi ekki að greiða laun með tilliti til viðskiptakjaraviðmiðunar? Kannske það sé það sem þeir eru svona ánægðir með? Kannske að það sé það sem er svona miklu betra?

En kokhreysti viðskrh. var ekki minni en kokhreystin í hæstv. félmrh. Ráðh. eru alveg sérstaklega ánægðir með sjálfa sig, en mér þótti þó keyra úr hófi fram þegar hæstv. viðskrh. var spurður um stefnu ríkisstj. Hvað gerði ráðh. þá? Hann las upp úr fundasamþykktum Framsfl. Ég hélt að hæstv. viðskrh. vissi það manna best, að við höfum reynslu fyrir því, hversu mikils virði samykktir Framsfl. eru framsóknarþingmönnunum sjálfum og ráðh. hans í ríkisstj. Við höfum mjög nýlegt dæmi. Það var samþykkt á hátíðarsamkomu í Framsfl. að það skyldi byggð flugstöð. Síðan kom þetta mál til afgreiðslu hér í þinginu og þá hljóp allur Framsfl., nema tveir, frá fundarsamþykktinni. Einn stóð við hana, en einn hljóp úr landi. Þetta er frammistaðan hjá þm. Framsfl. þegar að því kemur að standa við stefnu flokksins. Ég held að það keyri nú alveg um þverbak þegar viðskrh. vitnar sérstaklega í þá stefnu. Ég held að það fari að verða nokkuð öruggt að það, sem samþykkt er sem stefna Framsfl., verði ekki ofan á, það verði þveröfugt sem verði gert.

Ég get tekið fleiri dæmi. Það var stefna Framsfl. að verðbólgan á þessu ári yrði 18%. Ég get ekki séð að hún sé á neinni leið að verða 18%. Það var stefna Framsfl., að um leið og hann kæmist í núv. ríkisstj. skyldi hafin niðurtalning verðbólgunnar. Það, sem ráðh. hafa núna helst til þess að hrósa sér af, er að sú verðbólgugusa, sem þeir bjuggu til sjálfir, skyldi ekki skella yfir. Þannig er nokkuð ljóst að það, sem er stefna Framsfl., gerist ekki og þm. flokksins standa einmitt að þveröfugri stefnu.

En það er athyglisvert í sambandi við þessar umr. og þessa kokhreysti ríkisstj., að hún hrósar sér stórlega af því að verðbólgan skuli ekki vera 70—80% núna. Þegar núv. ríkisstj. tók við var verðbólguhraðinn 42%. Nú er hið háleita markmið ríkisstj. að verðbólguhraðinn verði sá sami og þegar hún tók við. Ekki sýnist mér að þetta sé að setja markið hátt. Sannleikurinn er sá, að þegar maður hlustar á hæstv. talsmenn ríkisstj. núna getur manni ekki dottið annað í hug en hundur sem er búinn að bíta í skottið á sér. Svo gersamlega hefur ríkisstj. snúist í hring í efnahags- og verðlagsmálum á því rúma ári sem hún hefur setið við völd að það minnir ekki á neitt annað.

Þegar ríkisstj. tók við var verðbólguhraðinn 42% og það hafði tekist sæmilega góð samstaða um allsamstæðar aðgerðir til að draga úr verðbólguhraðanum. Það dugði auðvitað ekki fyrir hæstv. viðskrh. og fyrir ríkisstj. að láta málum vera þannig háttað. Þá hét þetta „geymdur vandi“ og það var gusað út verðhækkunum. Hver er svo árangurinn af því? Árangurinn af því var að það stefndi í 70—80% verðbólgu samkv. upplýsingum viðskrh. sjálfs, en þegar ríkisstj. sá hvað henni hafði orðið herfilega á í messunni greip hún til aðhaldsaðgerða sem áttu fyrst að heita verðstöðvun, en reyndust engin verðstöðvun því árangurinn af því varð svipaður og af þeim aðhaldsaðgerðum sem beitt hafði verið áður en ríkisstj. kom til valda.

Þetta er sannleikurinn í þessu máli. Ég vísa því algerlega á bug að um sérstakan geymdan vanda hafi verið að ræða þegar núv. ríkisstj. tók við völdum, en ég óttast að harkalegar aðgerðir ríkisstj. núna, en þó kannske fyrst og fremst stefnuleysi hennar, hafi orðið til að vinna stórkostleg spjöll í efnahagslífinu og stefna ýmsum málum í langtum meiri voða en ætti að vera að réttu lagi.

Hæstv. viðskrh. gerði það sérstaklega að umtalsefni áðan, að þau mörk, sem yrðu ákveðin í verðlagsmálum, mundu taka mið af því, hver vísitöluhækkunin yrði núna, auðvitað hlyti það að hafa áhrif, það væri samband þarna á milli. Ég held að ég verði að minna hæstv. viðskrh. á umr. sem hér fóru fram fyrir réttu ári. Ég varaði þá núv. hæstv. ríkisstj. við því að gusa út verðlagshækkunum að tilefnislausu vegna þess að þær mundu gefa tilefni til annarra verðhækkana. Ég varaði ríkisstj. sérstaklega við því vegna þess að í stjórnartíð Alþfl. hafði verið undirbúið að hægt væri að fara inn á raunhæfa niðurtalningarleið. Þá vildi hæstv. viðskrh. ekkert við það kannast að þarna væri samband á milli og þær verðhækkanir, sem hefðu komið út í verðlagið, hefðu áhrif á þær verðhækkanir, sem fram undan yrðu og væru sjálfar tilefni til frekari verðhækkana. Mér þykir vænt um að hæstv. viðskrh. hefur þó lært á þessum tíma að þarna er samband á milli. En heilt ár hefur glatast hjá ríkisstj. í verðlagsmálunum. Hennar háleita markmið er að verðbólgan verði í kringum 40%, en þó treysti hæstv. viðskrh. sér ekki til annars en viðurkenna að það geti vel verið að hún verði 45—50%, eins og kemur fram í gagnmerkri skýrslu sem búið er að vitna mjög til áður.

Það er einkar athyglisvert að ytri skilyrði þjóðarbúsins eru mjög góð um þessar mundir. Hæstv. viðskrh. rakti það, að viðskiptakjörin hefðu batnað og það ekkert smáræði, 7.5% styrking á dollar. Það eru ekkert lítil áhrif í íslensku efnahagslífi á sama tíma og aðrar myntir hafa staðið nokkurn veginn í stað. Það hafa líka verið gerðar býsna góðar sölur á saltfiski, fengist 20% hærra verð en í fyrra, og það er ekki inni í þjóðhagsáætluninni nema að mjög takmörkuðu leyti. Það hafa líka verið gerðar býsna góðar sölur á skreið og það er ekki inni nema að takmörkuðu leyti í þjóðhagsáætluninni. Þessi ytri skilyrði ættu að gefa einstakt tækifæri til að ná raunverulegum árangri í verðlagsmálum og í því að koma efnahagslífinu á réttan kjöl, en ef sá hringlandaháttur skal vera uppi, sem verið hefur að undanförnu, rennur það auðvitað allt saman út í sandinn. Það var til marks um það, að þegar

gengið var eftir því, hver stefna ríkisstj. væri, vitnaði hæstv. viðskrh. ekki bara í stefnu Framsfl., sem allir vita að er orðin öfugmælavísa í öllum efnum, heldur tókst honum að segja sjö sinnum í ræðu sinni að ekki hefðu verið teknar ákvarðanir, að ekki væri búið að ákveða neitt og að það væri óvíst hvernig þær ákvarðanir yrðu. Þetta er stefnan í reynd: Engar ákvarðanir, óvissa, upplausn.

Sinfóníuhljómsveit Íslands, frv. (þskj. 737). — 1. umr.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv., sem er stjfrv., um Sinfóníuhljómsveit Íslands. Þetta frv. á sér orðið alllangan aðdraganda. Eins og hv. þm. vita hefur Sinfóníuhljómsveit Íslands starfað um þessar mundir í rúmlega 31 ár. Hún var formlega stofnuð í marsmánuði 1950 og hefur starfað síðan. Það er því rúmt 31 ár síðan hún tók til starfa. Hins vegar hefur staðið þannig á um Sinfóníuhljómsveitina að það hafa aldrei verið til um hana neinar fastar opinberar reglur, ef svo má segja, og síst af öllu að sérstök lög hafi verið til um stofnunina. En það er orðið alllangt síðan forráðamenn Sinfóníuhljómsveitarinnar áttuðu sig á því, að það mundi vera hin mesta nauðsyn að fastar reglur yrðu settar um hljómsveitina og þá í lagaformi. Á þingárunum 1977 til 1979, reyndar á fjórum þingum á þessum árum, voru borin fram frv. til l. um Sinfóníuhljómsveit Íslands, en ekkert þessara frv. náði fram að ganga í þinginu. Síðast var lagt fram frv. til l. um Sinfóníuhljómsveit Íslands á þinginu 1979 og þá hafði það frv. tekið nokkrum stakkaskiptum frá því sem upphaflega hafði verið gert ráð fyrir eða mótað á árunum 1976 og 1977 og þar á eftir, en eigi að síður náði þetta frv. ekki fram að ganga.

Ég vil geta þess, að það frv., sem ég legg nú fram, er að langmestu leyti byggt á þeirri gerð sem til varð 1979 og flutt þá á því þingi. Hins vegar var það svo, að í frv. þá voru tiltekin ákvæði þess eðlis að það leiddi til deilna m. a. við sveitarfélögin hér í nágrenninu. Gert var ráð fyrir því í 3. gr. þess frv., sem ég er að ræða um og lagt var fram 1979, að koma á eins konar skylduaðild sveitarfélaganna hér í nágrenninu ásamt Reykjavík um rekstur Sinfóníuhljómsveitarinnar. Þetta sætti mikilli andstöðu og að ég hygg áttu aðalþáttinn í því að stöðva þetta mál á tveim síðustu þingum þessar hugmyndir um skylduaðild svo að segja allra sveitarfélaga og bæjarfélaga sem eru í nágrenni Reykjavíkur.

Þegar ég fór að hugleiða þetta mál virtist mér einboðið að það yrði að yfirfara frv., endurskoða það. Þetta frv., sem lagt var fram 1979, og árangurinn af þessari endurskoðun kemur fram í því sem ég er að mæla hér fyrir núna. En mér þykir nauðsynlegt að taka það fram strax og ég vil leggja á það mikla áherslu, að það er alls ekki hægt að tala um að í þessu frv., sem ég legg fram hér, sé um neina grundvallarbreytingu að ræða frá þeim frv. sem áður hafa komið fram, síst af öllu frv. sem voru lögð fram á þingunum 1978—1979 og 1979—1980. Hér er enn gengið út frá því að Sinfóníuhljómsveitin sé sjálfstæð stofnun, það er gert ráð fyrir að fjárhagsgrundvöllur Sinfóníuhljómsveitarinnar sé tryggður með lögum og það er enn fremur gert ráð fyrir að rekstraraðilar séu ríkissjóður, Ríkisútvarpið og tiltekin sveitarfélög, en hvað þetta varðar kemur fram nokkur breyting sem ég mun síðar gera grein fyrir.

Meginmál þessa frv. er yfirleitt það sama og var í frv. frá 1979 eða þeirri síðustu gerð sem lögð var fyrir Alþingi áður en þetta frv. varð til. Hins vegar hafa eigi að síður verið gerðar ýmsar breytingar frá fyrri gerð, þrátt fyrir að ég segi að grundvallarstefnan er sú sama. M. a. er það svo, að nú er gert ráð fyrir að færri sveitarfélög séu rekstraraðilar að Sinfóníuhljómsveitinni en gert var ráð fyrir í þeim frv. sem Ragnar Arnalds og Vilmundur Gylfason lögðu fyrir Alþingi á sinni tíð. Það er ein breytingin. Mér virtist eftir reynslu minni hér sem þm. nauðsynlegt að láta kanna rækilega hvaða aðilar raunverulega vildu vera með í rekstri hljómsveitarinnar og reynt yrði að koma á föstu samkomulagi og undirskrifuðu samkomulagi, ef svo má segja, um þetta — samkomulagi sem hægt væri að lögfesta. Ég hef látið endurskoðunina á frv. þeirra Ragnars og Vilmundar fyrst og fremst beinast eða að verulegu leyti að því að reyna að tryggja með beinu samkomulagi við sveitarfélögin að þau verði rekstraraðilar. Þetta var rækilega kannað af endurskoðunarnefndinni nú í vetur og að vísu tók alllangan tíma þessi endurskoðun á lögunum, en niðurstaðan varð sú, að Reykjavíkurborg féllst á að vera áfram rekstraraðili að Sinfóníuhljómsveitinni og bæjarsjóður Seltjarnarness féllst á það einnig að koma inn sem rekstraraðili, að sjálfsögðu að litlum hluta vegna þess að þar er um lítið sveitarfélag að ræða, en segja má að það greiði hlutfallslega fyllilega það sem til var ætlast og ekki minna en borgarsjóður Reykjavíkur mun gera. Önnur sveitarfélög hér í grenndinni, Kópavogur, Garðabær, Hafnarfjörður og ég held Mosfellssveit sem hafa verið þar inni líka, höfnuðu því algerlega að vera aðilar að rekstri Sinfóníuhljómsveitarinnar. Var þá sýnt að það þýddi ekki að eyða löngum tíma í að knýja þessi sveitarfélög til samkomulags, enda í sjálfu sér engin tök á að gera slíkt. Af þessu leiðir að rekstraraðilarnir eru færri en gert var ráð fyrir í eldri frv. af þessari gerð og prósenttölurnar í 3. gr. frv. hafa einnig breyst af þessum sökum. Meira álag kemur sem sagt á ríkissjóð beint að standa undir rekstri Sinfóníuhljómsveitar en áður var hugsað og áður hefur verið.

Mjög nauðsynlegt er að gera grein fyrir þessu, að 3. gr. hefur breyst verulega hvað þetta snertir, þó að varla sé hægt að segja að þarna sé um neina grundvallarbreytingu að ræða, heldur meira um það hvernig þessi grundvallarstefna er útfærð. En kosturinn við þetta er að mínum dómi sá, sem ég held að ekki hafi verið áður fyrir hendi og var ekki fyrir hendi, að nú er lokið löngum deilum um rekstraraðild og hlutfallsleg framlög hvers rekstraraðila. Þetta er kosturinn við þá gerð sem nú liggur hér fyrir og eins og ég legg málið fram. Ég tel ákaflega mikilvægt að þetta samkomulag verði lögfest. Í raun og veru er það frá mínum bæjardyrum séð aðalatriðið í þessu máli að við erum hér að lögfesta tiltekið samkomulag sem orðið hefur milli fjögurra aðila í þjóðfélaginu um rekstur sinfóníuhljómsveitar. Ég held að hv. þm. hljóti að átta sig á að þetta er mjög mikill styrkur í sambandi við þetta mál. Slíkt samkomulag hefur ekki legið fyrir áður, heldur má segja að það hafi verið gengið út frá því að sveitarfélögin, sem um var rætt að tækju þátt í rekstrinum, þyldu þessa kvöð án þess að malda í móinn, en það var ekki reyndin að þau gerðu það. Ég held fyrir mitt leyti að þessi skipting sé mjög eðlileg og ég held að þessi skipting verði að teljast viðunandi fyrir rekstraraðilana.

Ég held að þetta hafi verið heppileg lausn á löngum

deilum, en fyrst og fremst er hér um að ræða „praktíska" lausn sem væri mjög æskilegt að við gætum lögfest á þessu þingi.

Önnur breyting er hér sem ég vil minnast á og skylt er reyndar að minnast á. Þó ekki sé þar kannske beint um grundvallarbreytingu að ræða er það þó allmikilvæg breyting. Hún er í 6. gr. frv., sem fjallar um fjölda starfsmanna hljómsveitarinnar. Ég vil benda á að í fyrri frv. var talað um að ráða mætti allt að 65 hljóðfæraleikurum. Nú er lagt til að ráða skuli minnst í 65 stöðugildi hjá hljómsveitinni, þannig að talan 65 yrði þá lögbundið lágmark hljóðfæraleikara í hljómsveitinni. Talan 65 á sér sín rök og þau helst, að það er talið vera minnsta gerð sinfóníuhljómsveitar sem hefur þessa tölu, en flestar sinfóníuhljómsveitir eru stærri. Það er talið af fagmönnum að í raun og veru sé naumast hægt að tala um sinfóníuhljómsveit fyrr en tala hljóðfæraleikara sé 65. Á það ráð hefur verið brugðið að flytja tillögu um það í þessu frv. að við þessa tölu verði miðað. Ég tel nauðsynlegt að minna á þetta vegna þess að hér er um að ræða nokkra breytingu frá því sem var, fyrst og fremst orðalagsbreytingu, en eigi að síður má segja að hér sé einnig augljóslega efnisbreyting að því leyti til, að ef þetta verður að lögum mundi þegar verða gengið út frá því að 65 manns ynnu í hljómsveitinni, en ef hitt orðalagið yrði notað má segja að það sé fremur að því stefnt að hljómsveitin verði skipuð 65 hljóðfæraleikurum. Þetta er höfuðmunurinn, en samt sem áður snýst þetta um sama málið, aðeins spurningin um hversu langan tíma það tekur að Sinfóníuhljómsveitin komist upp í þá stærð sem talin er vera minnsta gerð sinfóníuhljómsveitar.

Ég held að ég eyði nú ekki fleiri orðum í að ræða þetta sérstaka atriði né heldur annað sem er í frv. Yfirleitt vona ég að þessar greinar skýri sig sjálfar. Ég hef reynt að gera grein fyrir höfuðatriðum og einkum þeim atriðum þar sem breytingar hafa orðið frá fyrri gerð frv. En það er einlæg von mín að þetta mál fái hér góðar undirtektir og hljóti skjóta afgreiðslu í þessari hv. deild. Það er von mín að þetta frv. geti orðið að lögum á þessu þingi. Mér virðist sannarlega kominn tími til að lög verði sett um starfsemi Sinfóníuhljómsveitarinnar, og ég held að eins og unnið hefur verið að þessu núna, og auðvitað byggt á þeirri reynslu sem við höfum af meðferð þessa máls, megi allvel við una þá gerð frv. sem hér liggur fyrir.

Ég treysti því, að hv. dm. vinni að því að þetta mál nái fram að ganga. Það er að vísu stutt eftir af þingtíma, en ég held þó að þetta mál sé það vel kynnt og menn hafi á því svo fastmótaðar skoðanir hver um sig að það þurfi ekki að eyða mjög löngum tíma til að athuga það og kanna. Ég held ekki. Ég held að málið liggi nú nokkuð augljóst fyrir í öllum aðalatriðum. Þetta er orðið gamalkunnugt mál og hefur lengi verið til umræðu hér á hv. Alþingi, þannig að mér finnst nú, þar sem ég tel að það sé mjög mikill vilji margra hv. þm. til að lögfesta þetta, að það ætti að vera möguleiki á að gera það á þessu þingi. Ég treysti því að hv. Ed. geri sitt til þess að svo megi verða, og ekki síst vænti ég þess, að menntmn. deildarinnar, sem vafalaust fær þetta mál til meðferðar, hraði störfum sínum og skili sem skjótast áliti þannig að þetta mál geti gengið áfram sína leið.

Ég vil svo, herra forseti, leggja til að þessu frv. verði vísað til menntmn. þegar þessari umr. er lokið.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Eins og fram kom hjá hæstv. menntmrh. er þetta frv. ekki nýtt af nálinni hér í sölum Alþingis og hefur oftlega verið lagt fram hér áður þó ekki sé það alveg í sömu mynd og nú. Hins vegar verður að átelja þau vinnubrögð að leggja frv. fram tveimur vikum fyrir þinglok og ætlast til að það bruni hér í gegn ágreiningslaust og hljóti afgreiðslu sem allra fyrst. Ég held að það hljóti að verða að ætla mönnum eðlilegan tíma til að fjalla um mál af þessu tagi. Ég minnist þess vorið 1979 að þá var frv. um sinfóníuhljómsveit lagt fram nokkrum dögum fyrir þinglok, ef mig ekki misminnir, og ætlast til sömuleiðis þá að það yrði afgreitt á afar skömmum tíma. Ég held að ráðh. geti ekki ætlast til þess að þm. afgreiði viðamikil mál á svona stuttum tíma. Ráðh. verða að átta sig á því, að þeim ber þá að leggja slíkt mál fram fyrr á vetrinum, og ætti í rauninni að vera vandalaust.

Það eru ýmis atriði í þessu frv. sem ég tel ástæðu til að gera athugasemdir við og spyrja nánar um.

Í 3. gr. þessa frv. er fjallað um skiptingu kostnaðar af rekstri Sinfóníuhljómsveitarinnar. Hæstv. ráðh. sagði að nú væri lokið löngum deilum um þessi efni og því ætti að lögfesta þetta eins og það er. Ég leyfi mér að efast um að þetta sé endilega rétt, þó svo að menn hafi sæst á eitthvað í þessa veru. Mér finnst t. d. óeðlilegt að það skuli ekki öll sveitarfélög hér á höfuðborgarsvæðinu borga sinn hlut í rekstri þessarar hljómsveitar. Mér finnst óeðlilegt að það skuli aðeins gera borgarsjóður Reykjavíkur og bæjarsjóður Seltjarnarness. Mér finnst að Garðabær, Mosfellssveit og Hafnarfjörður ættu að vera hér með.

Þá er á það að líta að hlutur Ríkisútvarpsins er þarna 25% og það finnst mér sömuleiðis orka tvímælis og bið þá n., sem þetta tekur til umfjöllunar, að skoða þetta vel. Ég hef jafnvel í hyggju, ef ekki kemur till. um það frá n., að flytja brtt. um að minnka hlut Ríkisútvarpsins og auka heldur hlut ríkisins. Eins og fram hefur komið hér og kom fram m. a. í umr. um skýrslu hæstv. menntmrh. um Ríkisútvarpið í gær er fjárhagur þess afar bágborinn sem stendur. Það sýnist með öllu óeðlilegt að láta Ríkisútvarpið standa undir þessum kostnaði þegar svo illa árar þar. Það gæti verið eðlilegt, ef Ríkisútvarpið væri rekið með miklum hagnaði, að það legði þarna verulegt fjármagn af mörkum, en eins og nú háttar og árar hjá þeirri stofnun held ég að það sé ekki rétt.

Þetta er að vísu meginatriðið varðandi þessa kostnaðarskiptingu, en það eru nokkur atriði önnur sem ég tel rétt að gera aths. við.

Í 2. mgr. 2. gr. segir, með leyfi forseta:

„Tengja ber starf hljómsveitarinnar tónlistarkennslu í landinu svo sem kostur er."

Þessi yfirlýsing er góðra gjalda verð, en mér leikur nokkur forvitni á að vita með hverjum hætti þetta er hugsað í framkvæmd, hvernig eigi að framkvæma þetta.

Í 3. gr. segir:

„Sinfóníuhljómsveitin skal kappkosta að afla sjálfstæðra tekna af tónleikahaldi og stefna að því að eigi minna en 12% af útgjöldum hljómsveitarinnar fáist greidd af slíkum tekjum hennar."

Þarna finnst mér markið óþarflega lágt sett. Ég held að þarna mætti stefna svolítið hærra. Að vísu mun það vera svo nú, að aðgöngumiðasala og tekjur standi undir innan við 10% af kostnaði við hljómsveitina, en ég held að það beri að stefna að því, að þetta verði meira, og setja markið svolítið hærra.

Í 6. gr. segir: Stjórn Sinfóníuhljómsveitarinnar ræður

fastan hljómsveitarstjóra og aðalhljómsveitarstjóra og skipar verkum með þeim."

Það væri kannske ekki úr vegi að ráðh. skýrði þetta svolítið nánar. Hver er munurinn á föstum hljómsveitarstjóra og aðalhljómsveitarstjóra? Ég er ekki viss um að öllum hv. þm. sé það ljóst.

Í öðru lagi segir í síðustu mgr. 6. gr.:

„Heimilt er að ráða tónskáld til starfa í þágu hljómsveitarinnar í takmarkaðan tíma" — þetta er góðra gjalda vert — „eða fá verk til flutnings hjá tónskáldum."

Ég sé nú ekki að þurfi sérstaka lagaheimild fyrir Sinfóníuhljómsveitina til að fá verk til flutnings hjá tónskáldum. (Gripið fram í.) Já, ég held að þetta megi athuga nánar. (**Gripið fram í:** Þetta er ekki stórvægilegt.) Nei, nei, þetta er ekki stórvægilegt, en ég held að þetta megi athuga betur.

Sömuleiðis finnst mér orka tvímælis að binda í lög töluna 65, en fellst á að um það má vissulega deila.

Annað atriði, sem er kannske líka smávægilegt, er að í 7. gr., í lok fyrri mgr., segir um verkefnavalsnefnd að formaður hennar, sem tilnefndur er af menntmrn., skuli hafa staðgóða tónlistarmenntun. Þá er búið að telja upp ýmsa aðra aðila, sem eru í þessari nefnd, sem starfa sinna vegna hljóta að hafa mjög staðgóða tónlistarmenntun, svo sem hljóðfæraleikara og fleiri aðila. Mér hefði fundist eðlilegra að formaðurinn hefði til að bera staðgóða þekkingu á tónlist, en væri ekki gert að skyldu að hann væri menntaður á sviði tónlistar. Mjög margir eru þeir áhugamenn um tónlist sem hafa þar feikilega þekkingu til að bera án þess að þeir hafi formlega notið menntunar sem tónlistarmenn. Ég skýt þessu nú fram hér til ábendingar.

Ég ætla, herra forseti, ekki að tefja þessar umr. lengur né gera fleiri aths., en vænti þess, að hæstv. menntmn. þessarar deildar, sem fær þetta frv. til skoðunar, hafi þessar aths. mínar í huga.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Ég fagna því, að þetta frv. um Sinfóníuhljómsveit Íslands er komið fram, en ég vil um leið lýsa vonbrigðum mínum hvað það er seint fram komið. Þó að ég þrátt fyrir það taki undir bjartsýni hæstv. ráðh. um að freista þess að afgreiðsla frv. nái fram fyrir þinglok er ekki örgrannt um að það sé kannske of mikil bjartsýni. Þetta mál hefur, að mér skilst, verið það mikið deilumál hér innan þingsins.

Ég hef aðeins haft tækifæri til að fletta lauslega í gegnum frv. og því ekki getað kynnt mér það í einstökum atriðum. Ég vil þó segja þetta varðandi þátttöku sveitarfélaganna í rekstrinum og að nágrannasveitarfélögin utan Seltjarnarness eru ekki með: Það á ekkert skylt við það hvort menn eru hlynntir starfsemi sinfóníuhljómsveitar sem slíkri, heldur er þarna fyrst og fremst um að ræða þá grundvallarskoðun, að sinfóníuhljómsveit sé eign allrar þjóðarinnar og verði rekin sem slík af ríkinu.

En ég vildi nota tækifærið og sérstaklega fagna því sem kemur fram í 6. gr., að gert er ráð fyrir að lágmarksfjöldi starfsmanna verði 65. Vonandi verður niðurstaðan sú, að hljómsveitinni verði gert kleift að starfa þannig að hún standi undir nafni, en það er í raun og veru ein meginforsenda þess, að hún hafi á að skipa nægum starfsmannafjölda.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég er átalinn fyrir þau vinnubrögð að bera frv. svo seint fram og það er kannske ástæða til að gera það, en ég hef þá afsökun að það var ekki hægt að gera það fyrr eins og á stóð. Það tók ótrúlega langan tíma að yfirfara þetta frv. og ljúka endurskoðuninni í tæka tíð og einnig að kynna þetta frv. fyrir ýmsum sem láta sig það varða og ég taldi rétt að bera það undir áður en það yrði flutt, þannig að það var ekki gott viðgerðar í þessu. Eigi að síður held ég nú, eins og ég sagði í frumræðu minni, að það sé búið að undirbúa þetta mál og kynna svo vel á undanförnum árum að menn þekki nú orðið nokkurn veginn til þessa máls og hafi orðið afstöðu gagnvart sinfóníuhljómsveit, með eða á móti, þannig að ég held að það þurfi ekki ákaflega mikla og nákvæma kynningu á þessu. Þetta mál hefur verið í meginatriðum borið undir þingið áður og rætt hér í þingnefndum og m. a. s. rætt af talsverðum hita og þunga eitt sinn a. m. k., í Nd. Alþingis fyrir nokkrum árum, þannig að málið er vel þekkt.

Það, sem ég held að hafi fram að þessu stöðvað málið og gerði það alveg áreiðanlega vorið 1979, voru þær deilur sem upp komu um að lögfesta skylduaðild tiltekinna sveitarfélaga. Það hafði mjög mikil áhrif á afstöðu margra þm. hér þannig að málið komst ekki lengra. En hitt er rétt, að þær aths., sem hv. þm. Eiður Guðnason var að koma hér með áðan, hafa heyrst áður margar hverjar, þó engan veginn allar.

Mér fannst gagnrýni hv. þm. á 3. gr. að ýmsu leyti ekki mikils virði, t. d. nagg hans um að það skuli ekki vera alveg á hreinu að fleiri sveitarfélög standi að rekstrinum en raun ber vitni. Það er margbúið að kanna í viðtölum við þessi sveitarfélög hvort þau vilji taka þetta að sér og hefur ekki tekist að ná slíku samkomulagi. Ég get ekki séð að það sé nokkur vitglóra í því að halda áfram að dekstra þessi sveitarfélög til þessa og láta málið stöðvast þess vegna.

Það, sem hv. þm. sagði um Ríkisútvarpið, er út af fyrir sig mál sem ég get á margan hátt tekið undir að vissu leyti. Eigi að síður er þessi afstaða hv. þm., þegar upp er staðið og allt er athugað, ekki sérstaklega raunsæ. Ég efa ekki að hv. 5. þm. Vesturl. ber hag Ríkisútvarpsins fyrir brjósti og það er vel, enda á hann sæti í útvarpsráði og hann þekkir vel þá erfiðleika sem eru í rekstri Ríkisútvarpsins. Við vitum báðir að Ríkisútvarpið þarf auknar tekjur, og það munu flestir eða allir fallast á, en hins vegar verð ég nú að segja að þrátt fyrir allt, þó að erfiðlega gangi hjá Ríkisútvarpinu, get ég ekki fallist á að Ríkisútvarpið verði nú skyndilega undanskilið þeirri skyldu að taka þátt í rekstri Sinfóníuhljómsveitarinnar. Ég get ekki fallist á að það sé eðlileg krafa, jafnvel þó að illa horfi í rekstri Ríkisútvarpsins. Ég get ekki tekið undir það. Sérstaklega er það vegna þess að slík tillaga mundi leiða til þess í reynd að grundvöllurinn undir rekstri hljómsveitarinnar hryndi. Ef þessi tillaga hv. þm. yrði samþykkt, að það ætti að kippa Ríkisútvarpinu algjörlega þarna út úr, þýddi það að grundvöllurinn undir rekstri hljómsveitarinnar bókstaflega hryndi. Ég held að þar sem hv. þm. hefur reynslu af því að vera formaður fjvn. og hefur þar af leiðandi mjög góða yfirsýn yfir fjármál ríkissjóðs og hvernig þeim er stjórnað og hvernig gengur að afla ríkissjóði tekna, þá hljóti hann að sjá það, þegar hann athugar sinn gang betur, að í raun mundi þetta verða mjög örðug leið. Það er alveg útilokað að það gerist á þessu þingi, og ég held að það muni ekki gerast á næsta þingi heldur, að ríkissjóður taki á sig þau 25% sem nú eru ætluð Ríkisútvarpinu. Ég held að það sé algjör-

lega óraunhæft að tala um það, og af þeim sökum er ég á móti því. Ég vil að þetta mál gangi fram og ég vil vinna raunhæft að þessu máli, en ekki óraunhæft. Ég viðurkenni hins vegar að það væri æskilegt fyrir hönd Ríkisútvarpsins að losna út úr þessu, þurfa ekki að hafa þennan rekstrarbagga á sér. Það viðurkenni ég fúslega. En ég held að við verðum eigi að síður að líta raunsætt á þessi mál. Ef við viljum að Sinfóníuhljómsveitin verði rekin áfram væri það hið versta lokaráð sem hægt er að hugsa sér ef við ákvæðum að Ríkisútvarpið færi út úr rekstrinum. Það væri sama og að kippa einni höfuðstoðinni undan rekstrinum. Það væri sama og að kippa einni höfuðstoðinni undan rekstri hljómsveitarinnar. Og ég vil minna á að Ríkisútvarpið hefur verið einn höfuðrekstraraðili Sinfóníuhljómsveitarinnar í 31 ár. Ég hygg að Ríkisútvarpið hafi kannske verið sá aðili sem fyrstur tók á sig verulega kvöð um rekstur hljómsveitarinnar 1950 ásamt Reykjavíkurborg. Ríkið kom þar ekki til fyrr en tveimur árum síðar.

Menn tala hér um að Sinfóníuhljómsveitin sé ríkisfyrirtæki. Það má um það deila hvort svo er. Sannleikurinn er sá, að Sinfóníuhljómsveitin er ekki ríkisfyrirtæki. Hún er fyrirtæki sem ríkið hefur tekið þátt í að reka, en það er mjög vafasamt að kalla hana ríkisfyrirtæki vegna þess að ýmsir aðrir aðilar hafa tekið þátt í þessum rekstri, þ. á m. Reykjavíkurborg á myndarlegan hátt öll þessi ár og Ríkisútvarpið einnig. (**Forseti:** Vegna samkomulags við þingflokksformenn vil ég mælast til þess að annaðhvort frestuðum við umræðunni eða —) Ég skal ljúka þessu á tveimur mínútum úr því sem komið er.

Ég skal ekki eyða meiri tíma, enda er ég búinn að svara því, sem fram kom, og bæti þar engu við. Ég ætlaði þó að benda á það að lokum, að það er ekki að öllu leyti rétt að mínum dómi að tala um að Ríkisútvarpið styrki Sinfóníuhljómsveitina alveg án þess að um nokkurt endurgjald sé að ræða. Það er ekki að öllu leyti rétt. (Gripið fram í.) Nei, það kann að vera, en ég ætla að benda á að hljómsveitin leggur Ríkisútvarpinu til dagskrárefni og því megum við ekki gleyma. E. t. v. er það framlag allt að því svo mikið að það nemi því sem Ríkisútvarpið er talið styrkja hljómsveitina. Ég held að það sé fyrst og fremst óraunhæft að tala um að Ríkisútvarpið hætti að styrkja Sinfóníuhljómsveitina og af þeim sökum get ég ekki fallist á það á þessu stigi. En ég endurtek það, að ég vona að hv. þd. hraði þessu máli sem verða má.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til menntmn. með 14 shlj. atkv.

Framleiðsluráð landbúnaðarins, frv. (þskj. 743). — 1. umr.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta til l. um breyt. á lögum nr. 15/1979 um breyt. á lögum nr. 101/1966, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarafurðum o. fl., er flutt til að leita staðfestingar á brbl. sem út voru gefin 23. júní s. l. Frv. var lagt fyrir hv. Nd. á haustþinginu og hefur hlotið afgreiðslu deildarinnar með nokkrum breytingum.

Frv., eins og það upphaflega var lagt fyrir, var eins og brbl. aðeins þrjár greinar sem fólu í sér tvö efnisatriði. Í fyrsta lagi var þar ætlað að rýmka þær heimildir, sem eru í lögunum frá 1979 um að greiða mishátt verð eða nota svokallað kvótakerfi, þannig að auka mætti frávik fyrir þá sem höfðu mikinn fjármagnskostnað vegna byggingarframkvæmda sem teknar hefðu verið í notkun 1976 og síðar, og enn fremur vegna þeirra sem voru að hefja búskap. Þetta var talið nauðsynlegt vegna þess að við vinnslu á svokölluðu kvótakerfi kom í ljós að nokkrir þeirra aðila, sem með þessum ákvæðum brbl. var ætlað að veita aukinn rétt, stóðu höllum fæti og þurfti sérstök ákvæði til að þeirra hagsmunir væru ekki um of fyrir borð bornir.

Í öðru lagi var í þessum brbl. breytt heimildum laganna við álagningu kjarnfóðurgjalds þannig að heimilt væri að leggja sérstakt gjald á innflutt kjarnfóður sem nema mátti allt að 200% á innkaupsverð vörunnar. Þessar heimildir voru ákveðnar í brbl. vegna þess að þau ákvæði, sem eru í lögunum frá 1979, voru flókin og erfið í framkvæmd.

Þetta voru meginatriði þeirra brbl. sem sett voru hinn 23. júní s. l. Að þessu sinni sé ég ekki ástæðu til að flytja langa ræðu um aðrar orsakir þess, að nauðsynlegt þótti að grípa til lagasetningar af þessu tagi. Þau mál eru það ítarlega rædd og þaulkunnug. Ég vil aðeins segja það og rifja það upp, að við samþykkt Alþingis á lögunum á síðari hluta þings 1979 voru veittar allrúmar heimildir fyrir Framleiðsluráð landbúnaðarins og Stéttarsamband bænda með samþykki landbrh. til að grípa til ráðstafana til stjórnunar á framleiðslu búvara. Þær heimildir þótti nauðsynlegt að rýmka í samræmi við það sem brbl. greina.

Í hv. Nd. voru gerðar, eins og fyrr segir, breytingar á þessu frv. Þær breytingar eiga að meginhluta rót sína að rekja til þess, að lögfróðir menn töldu að í lögunum frá 1979 væri réttur til ákvarðana fluttur nokkuð langt frá löggjafarvaldinu varðandi álagningu og innheimtu kjarnfóðurgjalds og breytingar á slíkri gjaldtöku. Að þessum atriðum hefur verið leitað til lögfræðinga um meðferð þessa máls og var það að þeirra ráði að fluttar voru brtt. við frv. þess efnis í megindráttum að breyta þeim heimildum sem lögin frá 1979 fela í sér hvað snertir ákvarðanir um þær leiðir sem lögin heimila að grípa til. Í stað þess, eins og segir í gildandi lögum frá 1979 um þessi efni, að Framleiðsluráð landbúnaðarins geti með samþykki fulltrúafundar Stéttarsambands bænda og staðfestingu landbrh. heimilað tilteknar ráðstafanir, verði valdið fært til landbrh., sem hann beitti þá að fengnum tillögum Framleiðsluráðs og Stéttarsambands bænda. Með því móti er farið í slóð löggjafar um önnur efni sem eru nokkur dæmi um hér á landi. Svo er t. a. m. um bensíngjald til Vegasjóðs, flugvallaskatt o. fl. sem nefna mætti í því sambandi.

Þetta var meginorsök þess, að frv. var breytt í hv. Nd. Er þá talið að frv. sé í sambærilegu horfi og algengt er um lagasetningu hér á landi, að framselt sé vald til ráðh. að ákveða að taka upp gjald, í þessu tilliti fóðurbætisskatt, og enn fremur að breyta þeirri gjaldheimtu eða fella hana niður án sérstakrar löggjafar frá Alþingi.

Ég taldi rétt að láta þetta koma hér fram og vænti þess, að þessar upplýsingar nægi til þess að hv. Ed. sjái í hverju það liggur að breytingar voru gerðar á frv. frá því sem það var upphaflega lagt fram.

Nú hafa lögin frá 1979 verið í gildi í tvö ár og þessar

aðfinnslur höfðu eigi komið fram fyrr en við meðferð þessa frv. Auðvitað er ekkert við því að segja, en sjálfsagt er að ganga eins tryggilega frá málum af þessu tagi af hálfu Alþingis og lögfróðir menn telja fært.

Nú getur það út af fyrir sig verið álitamál, hvort hér sé um skattheimtu að ræða í venjulegum skilningi. Hér er ekki um að ræða skatt til ríkisins, heldur er hér um að ræða gjald sem tekið er af tiltekinni rekstrarvöru og notað er í þágu þeirrar stéttar sem rekstrarvöruna notar og um leið er það gert í þeim tilgangi að hafa áhrif á framleiðslumagn og stjórnun framleiðslunnar. Það er nokkuð öðru máli að gegna en þegar um er að ræða skatta sem renna til ríkisins eða renna t. a. m. til Vegasjóðs, eins og bensíngjald, sem þar með er þá varið til að standa straum af rekstri opinberrar stofnunar og framkvæmda á vegum þeirrar stofnunar. Það er því umdeilanlegt a. m. k. hvort hér sé um sambærilega gjaldheimtu að ræða, en þrátt fyrir það þótti rétt að hlíta ráðleggingum þeirra lögfróðu manna sem um þetta fjölluðu.

Ég tel að það sé ekki ástæða til, herra forseti, að fjalla efnislega um þessi mál í þessari hv. deild frekar að sinni. Ég vil aðeins leggja á það mikla áherslu að frv. þetta hljóti afgreiðslu hv. deildar. Það hefur hlotið meðmæli bændasamtakanna, bæði Stéttarsambands bænda og Búnaðarþings, og þær breytingar, sem gerðar voru á frv. í hv. Nd., eru gerðar með fullu samþykki og samráði við forustumenn Stéttarsambands bænda og Framleiðsluráðs. Ég vænti þess vegna að frv. hljóti góðan byr í þessari hv. deild, enda þótt það komi hingað nokkuð seint eftir að hafa verið til meðferðar í hv. Nd. frá því, eins og ég áður sagði, snemma á haustþinginu.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Egill Jónsson: Herra forseti. Hæstv. landbrh. hafði orð á því áðan, að það hefðu orðið tafir á afgreiðslu þessa máls í hv. Nd. Alþingis. Það er mikil ástæða til að vekja athygli einmitt á þessu. Málið var lagt fram 24. nóv. og landbn. Nd. Alþingis var rúma tvo mánuði að hita sig upp í það að taka málið til meðferðar. Umræður um það hófust ekki fyrr en 3. febr., eða rúmum tveimur mánuðum eftir að það var lagt fram á Alþingi, og Nd. afgreiddi málið ekki frá sér fyrr en 7. maí og voru þá liðnir 164 dagar frá því að málið kom fram á Alþingi. Það gefur sannarlega auga leið að ekki hefur verið mikill starfsvilji í kringum þetta mál í hv. Nd. Það hefði áreiðanlega verið hægt, ef menn hefðu kært sig um, að afgreiða það á miklu skemmri tíma en 164 dögum. Það er engin furða þótt hæstv. landbrh. hafi af því nokkurn beyg að nú er aðeins hálfur mánuður eftir af Alþingi, og menn geta rétt getið sér nærri hvað sá tími kann að reynast drjúgur fyrir þessa hv. deild til að fara í gegnum þetta mál. En ef Ed. Alþingis og ef landbn. Ed. Alþingis haga sínum málflutningi og afgreiðslu með sama hætti og hæstv. landbrh. hagaði sínum skýringum áðan, þ. e. að fjalla ekki efnislega um þetta mál, er vitanlega hægt að koma því í gegnum Alþingi á stuttum tíma. Kannske vakir það fyrir hæstv. landbrh. að tíminn verði ekki tekinn í það hér í meðförum þessarar deildar að fjalla um þetta mál efnislega, gagnsemi þess og afleiðingar.

Það er vert að geta þess hér í upphafi, að við útgáfu brbl. er getið tveggja forsendna fyrir þeirri nauðsyn sem þar er talin liggja að baki. Annars vegar er að niðurgreiðslur á erlendum fóðurvörum séu svo miklar að innlendri fóðurframleiðslu stafi þar hætta af. Hin ástæðan er, eins og það er orðað, framleiðsluvandinn í landbúnaðinum. Það eru að sjálfsögðu þessir tveir þættir sem menn þurfa að brjóta til mergjar til þess að unnt sé að meta hvort eðlilegt sé að staðfesta þessa löggjöf hér á Alþingi.

Þá er fyrst þess að geta, að á áratugnum frá 1970—1980 var kjarnfóðurverð af þeim ástæðum, sem ég hef hér tilgreint, niðurgreiðslu á erlendum fóðurvörum, má segja óeðlilega lágt. Á því tímabili nam innlendur framleiðslukostnaður á heyi, sem að sjálfsögðu er langþýðingarmesta fóðurtegund sem hér er notuð, um 70—80% af verði innflutts kjarnfóðurs. Ef þetta verðhlutfall er hins vegar athugað eins og það er nú er það orðið 50%, þ. e. að innlenda fóðurframleiðslan, og þá á ég að sjálfsögðu við hey, er núna, miðað við fóðureiningu, helmingi ódýrari en innflutt kjarnfóður. Þá er að sjálfsögðu með í því dæmi 33%-gjaldið sem nú hefur verið í gildi, en eftir sem áður stendur óhaggað að þetta hlutfall er núna orðið með allt öðrum hætti en það hefur verið á s. l. áratug. Þetta má raunar skýra miklu nákvæmar en aðeins þessar tilvitnanir og er vert að gera það að nokkru marki.

Á því tímabili, sem liðið er frá því að brbl. tóku gildi, en það var í júnímánuði fyrir tæpu ári, hefur verð í Danmörku á fóðurblöndu hingað fluttri hækkað um 44.5%. Aftur á móti hefur þetta leitt það af sér, að 33% kjarnfóðurskatturinn hefur á þessu tímabili hækkað um tæplega 62%. Það, sem skiptir kannske einna mestu máli í þessu sambandi, er að útsöluverð á kjarnfóðri hér á landi, samkvæmt þeim heimildum sem ég hef hér fyrir mér, hefur hækkað um 142% með 33%-gjaldinu og tæplega um 100% í útsölu án þess. Ástæðan fyrir þessum verðbreytingum er m. a. sú, að niðurgreiðslan á erlendu fóðurvörunum, sem Efnahagsbandalagið hefur greitt niður, er að langmestu leyti hætt. Hún er orðin hverfandi lítil. Þar með hafa menn séð að hinar raunverulegu forsendur, sem sérstaklega er getið í brbl., eru að því er þennan þátt málsins varðar ekki lengur fyrir hendi. Kjarnfóðurverð hefur hækkað það mikið og niðurgreiðsla Efnahagsbandalagsins hefur verið felld niður. Af þessari ástæðu er þessi þörf ekki lengur fyrir hendi.

Það er líka vert að undirstrika það alveg sérstaklega, að sú skipan, sem tekin var upp í sambandi við gjaldtökuna og breytingu frá fyrri lögum þar um, er í algjörri andstöðu við stefnu og markmið Sjálfstfl. í þessum efnum. Í fyrri lögum eins og þau voru var tilskilið að ákveðinn hluti af kjarnfóðurnotkuninni skyldi vera undanþeginn skattlagningu, en aftur á móti lagður sérstakur skattur á hærri hlutann af kjarnfóðurnotkuninni. Og í þeim lögum var miðað við 100% álag á innflutt kjarnfóður. Breytingin er með öðrum hætti sú, að það er ekki orðið lengur skylt að hafa ákveðinn hluta undanþeginn gjaldtökunni og að skatturinn er hækkaður úr 100% upp í 200%.

Það er viðurkennd afstaða Sjálfstfl. í þessum efnum, að helst beri að haga kjarnfóðurgjaldi með þeim hætti að skapa aðhald í kjarnfóðurnotkun, að kjarnfóður sé ekki notað þannig í óhófi í landinu, en auk þess ef um sérstakar niðurgreiðslur er að ræða á erlendum mörkuðum sem innlendri fóðurframleiðslu kann að geta stafað hætta af. Undir öðrum kringumstæðum er Sjálfstfl. andvígur því skattafyrirkomulagi sem nú er viðhaft, þ. e. að leggja tiltölulega lágan skatt á kjarnfóðrið, þótt hann

hins vegar nemi nú orðið um 6 kr. á hvert kg af innfluttu kjarnfóðri.

Þá er það hinn þátturinn, sem þessi lög fjalla um, þ. e. framleiðsluvandinn. Það er kannske ekkert óeðlilegt þótt hæstv. landbrh. kæri sig ekki um þessar mundir ýkjamikið um að vera margorður um þann vanda. Sannleikurinn var nefnilega sá, að árið 1979 varð eitt harðasta árferði, sérstaklega að því er varið snerti, sem hefur gengið yfir íslenskan landbúnað á þessari öld. Það skildi það m. a. eftir sig, að mjólkurkúm fækkaði um 7.1% og kvígum fækkaði um tæplega 20%. Það er fróðlegt að leggja það niður fyrir sér, að miðað við sambærilega framleiðslu eftir hverja kú og verið hafði næstu fjögur ár á undan hefði framleiðslan átt að nema 106.5 millj. kg. á s. l. ári. Það er athyglisvert, að þessi tala er svo að segja alveg nákvæmlega sú sama og framleiðslan varð á árinu 1980. Það er líka athyglisvert, að hér er um að ræða tölu sem er líka svo að segja sú sama og markaðurinn tók á móti á árinu 1980. Þar skildi aðeins um tæplega 1 millj. kg sem framleiðslan var umfram markaðsþörfina hér innanlands eins og hún var á s. l. ári.

Nú vilja menn kannske segja að það hafi verið gerðar sérstakar ráðstafanir til að koma landbúnaðarframleiðslunni og þá sérstaklega mjólkurvörunum í verð og þar hafi að sjálfsögðu haft mest áhrif smjörútsalan sem var haldin síðla árs. En þá er líka vert að benda á og leggja á það áherslu, að frá áramótum, þ. e. fyrstu fjóra mánuði þessa árs, hefur samdráttur í mjólkurframleiðslu numið í kringum 3 millj. kg. Það er sama eða mjög svipað magn og hefði þurft til framleiðslu á því smjöri sem var selt á smjörútsölunni. Þannig er þar þegar í stað kominn jöfnuður á og miðað við að framleiðslan verði sú sama það sem eftir er ársins og hún var fyrir einu ári er komin alger jöfnuður á.

Þetta skýrir það m. a. vegna hvers það passar ekki sérstaklega vel að vera að ræða þessi mál efnislega um þessar mundir. Ef menn hefðu viljað leggja þessi mál niður fyrir sér um áramótin 1979 og 1980, þá hefði ekki farið hjá því að menn hefðu komist að þeirri niðurstöðu, að bústofninn var orðinn það lágur að með engum hætti var hægt að hafa áhyggjur af offramleiðslu í landbúnaði. Í rauninni voru líka til fleiri upplýsingar en þetta, því að á fyrri hluta síðasta árs, þ. e. frá jan. til maí, varð minnkun á mjólkurframleiðslunni sem nam 1.5%. Þannig var þegar orðið ljóst, áður en til þessara ráðstafana var gengið, að framleiðslan var komin í eðlilegt jafnvægi.

Það, sem vekur kannske eftirtekt núna, er að hæstv. landbrh. var þetta þá þegar og reyndar þó nokkru áður alveg fyllilega ljóst. Þannig var, að í Nd. Alþingis fóru fram umr. um framleiðslumál landbúnaðarins 12. mars þar sem m. a. Alþfl.-menn deildu mikið á það mál sem þar var til umræðu, heimild Framleiðsluráðs landbúnaðarins til lántöku. Þá komst hæstv. landbrh. þannig að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég vil hins vegar benda á að samkvæmt fréttabréfi frá upplýsingaþjónustu landbúnaðarins hefur búpeningi í landinu fækkað verulega á síðasta hausti, t. a. m. mjólkurkúm um 6.8%, nautpeningi í heild um 8.68%, sauðfé um 10,68% og hrossum um 6.07%. Miðað við þær tölur, sem hér eru raktar og t. a. m. snerta kúastofninn, þar sem kúm hefur fækkað um 6.8%, má leiða að því líkur, að sú aukning, sem er á mjólkurframleiðslu fyrstu mánuði ársins, muni ekki halda áfram þegar lengra líður á árið. Það gæti átt sínar skynsamlegu rætur í því, að bændur hafi vegna takmarkaðra heyja á s. l. hausti slátrað fremur síðbærum en snemmbærum. Ég vænti þess, að jafnskarpur maður og hv. þm. Árni Gunnarsson átti sig á því, að þarna getur verið um stundarfyrirbrigði að ræða sem a. m. k. er óvíst að nái yfir þróun í mjólkurframleiðslunni þegar mjólkurframleiðslan er mest, og þá hafa prósentustigin til eða frá miklu meiri áhrif en nú á fyrstu mánuðum ársins."

Hér lýkur tilvitnun í orð hæstv. landbrh., sem sá það þegar um miðjan mars á s. l. ári að bústofninn í landinu var orðinn að þeirri stærð sem svaraði til neysluþarfarinnar hér innanlands. Það verður þannig að teljast alveg óskiljanlegt hvers vegna til þessarar útgáfu á brbl. var gripið 23. júní s. l. Hæstv. landbrh. hafði sagt frá því hér á Alþingi, að bústofninn væri af þeirri stærð sem hentaði markaðnum, og sú framleiðslusveifla til aukningar, sem varð fyrstu tvo mánuði ársins, var gengin yfir og það var orðin minni framleiðsla fimm fyrstu mánuðina en verið hafði árið áður. Það er alveg nauðsynlegt að menn geri sér ljóst hvaða fát og hvaða fum hefur legið hér að baki.

Ég hef lagt fram í Sþ. fsp. til hæstv. landbrh. sem fjallar um kjarnfóðurgjaldið, hversu hátt það er, hve mikið hafi innheimst af því og þannig fram eftir götunum. Ég trúi því ekki, að Alþingi ljúki svo að hæstv. landbrh. svari ekki þeirri fsp., og þess vegna ræði ég það ekki sérstaklega hér. En það hygg ég að sé óvefengjanleg reynsla, að öll framkvæmdin hafi gengið með miklum erfiðleikum og að í raun hafi bændur tapað miklu fjármagni á þessari skattheimtu. Skatturinn var lagður á strax 23. júní og þar eftir og það er alveg nýlega búið að skila honum aftur til bændanna í þessu landi. Menn geta rétt lagt niður fyrir sér hvaða rýrnun hefur orðið á þeim verðmætum sem þar hafa um hendur farið.

Það, sem kannske vekur einna mesta eftirtekt í þessu öllu saman, er að þrátt fyrir að við stöndum enn gagnvart einum allra erfiðasta vetri á þessari öld, köldu vori og einstaklega frosthörðum vetri, þótt það sé orðið á allra vitorði nú að tún eru stórlega skemmd af kali mjög víða um land, sem alveg er ljóst að muni hafa í för með sér mjög rýrnandi uppskeru, þá er samt haldið áfram að skattleggja, samt er haldið áfram að leggja kjarnfóðurgjald á fóðurbætinn. Út af fyrir sig er það kannske ekki óeðlilegt séð frá sjónarmiði þeirra manna sem eru að berjast fyrir gjaldtöku á þennan hátt, vegna þess að nú þurfa bændurnir í landinu að nota miklu meira af þessu fóðri en í nokkurn annan tíma og að sjálfsögðu mega þeir þá ekki missa af þeim „bisness" sem í því felst að leggja skatt á sjálfa sig, láta hann vera svo í umferð í þjóðfélaginu í tæpt ár og skila honum þá aftur til baka. Það er þó kannske enn hættulegra í þessum efnum, að auðvitað gengur meira á hey við þessar aðstæður en heppilegt er. Það hefur lengst af þótt góður búskapur á þessu landi að geta miðlað heyjum á milli góðæris og harðæris, og allir vita að kjarnfóður getur ekki komið í staðinn fyrir heyfóður nema að nokkrum hluta, ekki einu sinni þó að það sé skattlagt, og því er alveg sérstaklega ógætilegt og ámælisvert að við þær aðstæður, sem nú eru í landbúnaði, skuli þessi skattur vera lagður á. Í raun og veru verður ekki séð að það hafi verið neinn annar tilgangur með lagabreytingunni en sá, að hægt væri að koma á þessu lága kjarnfóðurgjaldi, ef ég mætti kalla það svo, 33% eða hvað það nú er.

Aðrar heimildir fyrir undanþágum varðandi framleiðslukvóta voru fyrir, og það var byrjað að vinna eftir

þeim. Reglugerðin, sem var gefin út samkvæmt breytingum á framleiðsluráðslögunum árið 1979, gerði ráð fyrir heimildum til að meta með sérstökum hætti rétt frumbýlinga og þá um leið þeirra sem höfðu óeðlilega mikinn fjármagnskostnað miðað við bústærð.

Það verður erfitt að sjá hver séu þau sérstöku rök sem fyrir þessari gjaldtöku eru, og það verður ekki komist hjá því að spyrja hæstv. landbrh. um það alveg sérstaklega. Menn mega ekki gleyma því, að mjólkurframleiðslan er í lágmarki miðað við markaðsþörfina hér innanlands. Á aðalfundi Osta- og smjörsölunnar, sem nýlega hefur verið haldinn, kom fram ótti um það frá forráðamönnum þess fyrirtækis, að ekki væri hægt að framleiða og selja allan þann ost sem við eigum rétt á að flytja til Bandaríkjanna samkvæmt þeim kvóta sem við þar eigum. Það er kannske ekki úr vegi að minna á þá umræðu, sem fram fór þegar þeim útflutningskvóta var breytt fyrir fáum árum í 600 tn., út frá þeim viðhorfum sem eru núna í mjólkurframleiðslunni í landinu þar sem e. t. v. eru horfur á að ekki verði einu sinni hægt að framleiða upp í þann kvóta.

Ég undirstrika það sem ég sagði áðan, að við höfum nýlega kvatt einn kaldasta vetur á þessari öld, og ég minni á að það eru algjörlega breytt viðhorf gagnvart kjarnfóðurverðinu. Það hefur stórhækkað frá því sem það var fyrir einu ári og útflutningsuppbætur í Efnahagsbandalagslöndunum eru að mestu leyti niður felldar. Það er þess vegna alveg ljóst af því, sem ég hef þegar sagt, að þessi brbl. og framkvæmd þeirra eru ekki einungis óþörf, þau eru líka skaðleg. Þau verka sem þvingun á starf íslenska bóndans, þau hafa haft mjög slæm áhrif á aukabúgreinarnar í landinu og alveg sérstaklega þann hluta þeirra sem bændur, sem jafnframt stunda hefðbundnar búgreinar, hafa búið við.

Ég hef rakið í stórum dráttum þessa lagagerð. Ég vænti að ekki fari milli mála og öllum sé ljóst að það, sem hér hefur átt sér stað, hefur verið gert í fljótfærni ef ekki býr eitthvað annað alveg sérstakt að baki.

Hæstv. landbrh. sagði frá því á s. l. vetri í umr. um landbúnaðarmál í Ed. Alþingis að það væri stefnt að því að ákvarða stefnu í landbúnaðarmálum. Orðrétt sagði hann í þessum umr.:

„Ég tel að í þessu frv. birtist t. a. m. á engan hátt stundleg friðþæging, eins og hv. þm. Kjartan Jóhannsson orðaði það.“ — Þetta var um heimild til lántöku til handa Framleiðsluráði. — „Hér er verið að greiða úr máli sem er m. a. erfðasynd frá þessum hv. þm. þegar hann var ráðh. Það er nauðsynlegt, að áður en ný stefna tekur að verka í landbúnaði sé búið að gera nokkurn veginn hreint borð miðað við það ástand sem nú ríkir.“

Væntanlega hefur ráðh. tekist að gera borðið hreint fyrir 23. júní s. l., þegar stefna hans fór að verka hér í landbúnaði. En það er ýmislegt fleira sem er athyglisvert í þessu sambandi og hefur komið fram hjá hæstv. ráðh. Minnast menn þá væntanlega þeirrar ræðu sem hann flutti við setningu Búnaðarþings árið 1980 og kom hér þó nokkuð til umr. á Alþingi. Þar sagði hæstv. ráðh. svo, með leyfi forseta:

„Því miður eru horfur þær á þessu verðlagsári, að miklar fjárhæðir skorti til þess að útflutningsbótafé dugi svo fullri verðtryggingu verði náð. Í stjórnarsáttmála núv. ríkisstj. segir svo um þetta efni: „Leitað verði samkomulags um viðunandi lausn á fyrirsjáanlegum vanda vegna halla á útflutningi búvara á þessu verðlagsári í tengslum við heildarstefnumörkun í landbúnaði.““

Nú hefur hæstv. ríkisstj. bráðum setið tvö þing, afgreitt tvenn fjárlög og hefur þannig komist hálfa leið í sínum starfsferli í raun á þessu kjörtímabili. Því er augljóst hvað hæstv. ráðh. hefur átt við með þessum orðum. Það þurfti að gera borðið hreint og síðan átti að leysa vandamálin með heildarstefnumótun í landbúnaði. Þetta skýrist enn þá betur þegar litið er á þá ræðu sem hæstv. ráðh. flutti á aðalfundi Stéttarsambands bænda. Ég vitna orðrétt í frásögn af fundinum. Þar segir svo:

„Á aðalfundi Stéttarsambands bænda, sem haldinn var á Kirkjubæjarklaustri um mánaðamótin ágúst-sept. s. l., gerði hæstv. landbrh. grein fyrir þessum brbl. Hann greindi frá því, að lögin hefðu verið sett að tillögu stefnumörkunarnefndar, sem hann nefndi svo“ — en í henni eiga sæti eða áttu sæti: Egill Bjarnason ráðunautur, Helgi Seljan. hinn virðulegi forseti þessarar deildar, og Hákon Sigurgrímsson framkvæmdastjóri. Brbl. voru sem sagt sett að tillögu stefnumörkunarnefndar hæstv. landbrh. Ég man ekki til að það hafi sést annað frá þeirri stefnumörkunarnefnd. Ef framhaldið yrði eftir upphafinu held ég að bótin sé að svo verði ekki. En þetta tengir þann þráð allan saman, að hér er um að ræða ákveðna stefnu í landbúnaði sem er ólík fyrri stefnu í þeim málum. Það verður ekki annað séð en að hún miðist við að koma framleiðslunni niður fyrir neysluþarfir. Þá sjá allir í hvað er stefnt.

Það er þannig kannske ekki nein tilviljun þótt hv. þm. Árni Gunnarsson, sem deildi manna mest á hæstv. landbrh. fyrir stefnuleysi í landbúnaðarmálum á s. l. vetri, skili nú áliti með stjórnarsinnum í þessu máli. Þar virðist Alþfl. hafa hitt þá stefnu sem honum hefur hentað. Kannske gefur nokkuð auga leið, miðað við afstöðu þess flokks til landbúnaðarmála á undanförnum árum, hver stefna núv. ríkisstj. er í landbúnaðarmálum.

Það hefur líka komið glögglega fram, að formaður Framsfl., hvar sem hann kann að vera staddur í heiminum um þessar mundir, telur að sú stefna, sem hæstv. núv. landbrh. fylgir, sé í beinu framhaldi af þeirri stefnu sem hann mótaði þegar hann var landbrh. í ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar. Menn vita væntanlega að sú stefna, sem hann mótaði þar, var nokkuð á annan veg en stefna fyrirrennara hans og flokksbróður, Halldórs E. Sigurðssonar. Þar var með breytingu á jarðræktarlögunum skertur jarðabótastyrkurinn til að draga úr umbótum í ræktun og uppbyggingu í sveitum landsins, lán hjá Stofnlánadeild landbúnaðarins voru verðtryggð, sem ekki hafði verið áður, og sá hæstv. ráðh. gat þess, að það ætti að fella niður útflutningsbótatrygginguna í áföngum á fimm árum. Sjá allir hvað felst í rauninni í þessari stefnu. Það átti að framleiða landbúnaðarvörur fyrir innlendan markað, en bæta svo við erlendis frá þegar það dygði ekki. Nu hefur formaður Framsfl. lýst yfir í áheyrn allrar íslensku þjóðarinnar að það væri haldið uppi fána hans í landbúnaðarmálum af eftirmanni hans, núv. hæstv. landbrh.

Þannig verður ekki séð annað en að komin sé nokkuð sterk fylking fyrir þessa stefnu, sem var upp tekin í ráðherratíð Steingríms Hermannssonar, hæstv. núv. sjútvrh., þar sem Alþfl. skrifar nú undir stefnumarkandi álit hér á Alþingi og allir vita að Alþb. er sama sinnis.

Afstaða Sjálfstfl. hefur hins vegar ekki breyst. Nú vil ég biðja hæstv. landbrh. að fylgjast með því að það er orðið stutt eftir af ræðu minni. Ég vil endilega að hann

heyri það og viti að stefna Sjálfstfl. í landbúnaðarmálum hefur ekki breyst á tveimur síðustu árum. Það er satt að segja ákaflega mikilvægt að bæði menn og flokkar séu sjálfum sér samkvæmir. Ég met það t. d. mikið við hv. 5. þm. Vesturl. að hann hefur óbreyttar skoðanir í landbúnaðarmálum. Ég hef orðið þess mjög var í samstarfi við þann heiðursmann nú í vetur að hann er nokkuð staðfastur í skoðunum. Þetta tel ég mikinn kost í samskiptum á milli manna því það er ekkert við það að athuga þó að menn séu ekki á sama máli. Þetta er óbreytt varðandi Sjálfstfl. frá því sem var fyrir tveimur árum, en þá lýsti talsmaður Sjálfstfl. afstöðu sinni fyrir hönd hans í Nd. Alþingis við umr. um þessi mál þar. Það skiptir að sjálfsögðu engu máli hvað maðurinn heitir. Það er talað í nafni ákveðins flokks og stefnan er óbreytt. Það þarf kannske ekki að taka það fram, að sá talsmaður var núv. hæstv. landbrh. Ég held að þeirri stefnu, sem var mótuð af þáv. landbrh., hafi aldrei verið lýst jafnvel og í jafnstuttu máli og þá var gert, en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þetta er mjög hættuleg leið" þá er hann sérstaklega að tala um flatan kjarnfóðursskatt — „sem á þó sínar röksemdir og þarf mikillar athugunar við. Við vitum að afkoma bændastéttarinnar er mjög misjöfn. Í röðum bænda eru margir, sem betur fer, sem búa við ágæta afkomu og hafa sæmilega rekstrarfjárstöðu. En þeir eru kannske jafnmargir sem búa við bága afkomu og mjög þrönga rekstrarfjárstöðu. Skattlagning af þessu tagi mundi fyrst og fremst koma niður á þessum mönnum. E. t. v. væri þetta liður í því að skipuleggja fátækt meðal bænda á Íslandi."

Ég lýk hér tilvitnun, herra forseti, ég held að það leiki ekki vafi á að hér er mælt af miklu viti. Stefnan, sem var upp tekin, var sannarlega ámælisverð fyrst og fremst fyrir þær sakir að hún fól í sér skipulegt átak til að gera bændurna á þessu landi fátækari, eins og svo spaklega var komist að orði um fyrir tveimur árum.

Umr. frestað.

Skráning á upplýsingum, er varða einkamálefni, frv. (þskj. 744, 761). — 3. umr.

Frsm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Allshn. bárust nokkrar athugasemdir við frv. til l. um kerfisbundna skráningu á upplýsingum, er varða einkamálefni. Hefur n. tekið tillit til þeirra flestra og flytur hér brtt. á þskj. 761. Mun ég nú gera stuttlega grein fyrir þeim.

1. brtt. er við 2. málsgr. 5. gr. Þar er um mjög einfaldar orðalagsbreytingar að ræða. Það stendur hér, með leyfi forseta, í frv. eins og það er nú: „án þess að skýra viðkomandi frá þessu". Orðinu „þessu" er sleppt, og síðar í greininni er orðinu „þessu" breytt í: því. Er talið að betur fari á því að orða þetta með þeim hætti sem n. leggur til.

2. brtt. er við 2. málsgr. 7. gr. sem n. leggur til að orðist svo: „Afmá skal skráðar upplýsingar, sem vegna aldurs eða af öðrum ástæðum hafa glatað gildi sínu" o. s. frv. Þetta er ekki efnisbreyting, heldur eingöngu orðalag fært til þess sem talið er til betri vegar í þessu tilviki.

3. brtt. er við 4. málsgr. 21. gr. Þar leggur n. til að bætt verði inn orðunum: að fenginni umsögn tölvunefndar, sem sagt að dómsmrh. getur að fenginni umsögn tölvunefndar ákveðið í reglugerð o. s. frv. Ráðh. er gert skylt að leita umsagnar tölvunefndar þarna.

Í fjórða lagi leggur n. til breytingu á 1. málsgr. 22. gr. Þar stendur í frv. að einn nm. skuli vera sérfróður um tölvu- og skráningarmálefni. Allshn. leggur til að bætt verði inn þar á eftir: Hann skal tilnefndur af Skýrslutæknifélagi Íslands.

Í fimmta og síðasta lagi gerir allshn. till. um að nokkur breyting verði gerð á 27. gr. frv., sem játað skal að er fremur óljós, — ekki kannske óljós, en ekki heldur mjög ákveðið eða skýrt afmarkað efni hennar eins og það er í frv. nú. Þar segir að tölvunefnd gefi út öðru hverju skýrslu um starfsemi sína, nefndin geti enn fremur birt almenningi umsagnir og álitsgerðir svo og tillögur er hún hefur látið uppi samkv. lögum. Allshn. leggur til að þessu verði breytt í þá veru, að nefndin skuli árlega birta skýrslu um starfsemi sína. Í skýrslunni skuli birta þau starfsleyfi, sem nefndin hefur veitt, þær reglur, sem hún hefur sett, og þá úrskurði, sem hún hefur upp kveðið. Í ársskýrslu tölvunefndar skuli og greina frá þeirri starfsemi nefndarinnar annarri er ætla má að almenningur láti sig varða eða hafi hagsmuni af að vita. — Það var samdóma álit nm. að þessi breyting væri til verulegra bóta, enda er hér kveðið langtum fastar að orði og skýrar á um hvernig tölvunefnd skuli greina frá sínum störfum.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri og legg til að þessar brtt. allshn., sem n. stendur öll að, verði samþykktar.

Haraldur Ólafsson: Herra forseti. Hér er á ferðinni mjög merkilegt mál sem ástæða væri til að ræða nokkuð ítarlega, en þar eð þetta er síðasta umr. og þegar hefur verið gengið frá öllum helstu brtt. mun ég láta nægja að koma með örfáar athugasemdir í stað brtt., enda er hér um mál að ræða þar sem ríður á miklu að sé vandað til orðalags og vil ég ekki tefja framgang þess með breytingum sem ég hefði þó gjarnan viljað koma að.

Þar er þá fyrst til að taka að ákvæði um tímabundinn gildistíma laganna er mjög til fyrirmyndar. Ég tel einmitt að þann tíma, sem frv., ef að lögum verður, væntanlega verður í gildi, muni koma í ljós ýmislegt sem betur megi fara, ýmis atriði, sem bæta þurfi við, og önnur, sem fella skuli niður. M. a. af þeirri ástæðu sé ég ekki ástæðu til að fara mjög rækilega í ýmis atriði, sem ég annars hefði gert. Ég vil þó ekki láta þetta frv. eða þetta mál fara svo í gegnum þingið að ég komi ekki hér með tvær nokkuð stórar athugasemdir við atriði, sem ég tel að hefði mátt ræða betur og taka verður til athugunar í framtíðinni, og nefna tvö atriði sem mikilvæg eru.

Í fyrsta lagi tel ég það frumskilyrði slíkrar lagasetningar í sambandi við skrár um bæði einkahagi manna og annað, að hver og einn eigi aðgang að öllum þeim upplýsingum, sem um hann eru, og öðrum sé meinaður aðgangur að slíkum upplýsingum nema eftir sérstökum lögum eða heimildum. Þetta tel ég að eigi við um öll atriðin er snerta einstaklinginn. Ég tel ekki rétt að læknisfræðileg atriði séu hér undanþegin, og ég get ekki fallist á þau rök, að fólk skuli ekki án milligöngu og án þess að vera matað eiga aðgang að slíkum upplýsingum. Það liggja engin rök að því og síst að öllu þau, að fólk hafi ekki til að bera þekkingu og skilning á læknisfræðilegum efnum. Þetta atriði tel ég að eigi að taka til athugunar þegar frv. verður endurskoðað haustið 1984, ef að lögum verður.

Hitt atriðið, sem ég vil nefna, snertir framkvæmd laganna og er ekki kveðið skýrt á um í lagafrv. eins og það liggur nú fyrir, en ég held að það sé atriði sem við ættum að taka til rækilegrar skoðunar. Það er að í hverju tilviki skal viðkomanda sent afrit af þeim upplýsingum um sig sem þriðji aðili fær í hendur. Ég veit að það tíðkast t. d. samkvæmt sænskum lögum um margar upplýsingar sem veittar eru úr slíkum skrám, að viðkomandi á ekki bara rétt á því, heldur er skylt að senda honum afrit af þeim upplýsingum sem þriðji aðili fær um hann. Þetta atriði held ég að geti verið mjög mikilvægt til að tryggja bæði rétta skráningu og að vandað sé til allrar meðferðar þeirra upplýsinga sem sendar eru út.

Þriðja atriðið, sem ég hafði hugsað mér að ræða nokkuð, er í sambandi við skipun tölvunefndar sem fær samkvæmt frv. mjög mikil völd og getur haft ákaflega mikil áhrif á það, hvernig þessi mál þróast hér á landi. En ég mun ekki koma inn á það hér og ekki heldur fjórða atriðið sem ég hef mikinn áhuga á og fyrst og mest snýr að mínu starfi. Það er hvernig háttað er upplýsingasöfnun í þágu fræðilegra rannsókna og vísinda. Þar er um mjög viðkvæmt og erfitt mál að ræða sem við, er að slíkum rannsóknum störfum, höfum eiginlega orðið að setja um okkar eigin reglur. Það skiptir máli að margvíslegar rannsóknir líði ekki fyrir of ströng og þröng lög um upplýsingar, en jafnframt verður að sjálfsögðu að vera tryggt að slíkar upplýsingar leiði ekki eða geti leitt til misnotkunar.

Það er oft talað um að einmitt þær upplýsingar, sem tengdar eru persónu, nafni, nafnnúmeri, séu varhugaverðari en aðrar og þurfi að gæta þeirra betur en annarra. En við skulum ekki gleyma því, að tölfræðilegar upplýsingar um landsmenn, um hópa og annað slíkt, eru ekki síður mikilvægar og geta ekki síður haft þýðingarmiklar afleiðingar og verið notaðar á margan hátt. Það er hægt að nota tölfræðiupplýsingar á margan hátt og söfnun slíkra upplýsinga, þó ekki sé tengd nafni eða einstaklingum, getur haft gífurlega mikla þýðingu fyrir þann sem hefur þær upplýsingar í höndum. Einmitt í sambandi við þetta þekkjum við frá erlendum stofnunum, bæði háskólastofnunum og öðrum, að m. a. háskólastúdentar hafa óafvitandi verið notaðir til að safna ópersónubundnum upplýsingum, þ. e. upplýsingum um ákveðin viðhorf eða fyrirætlanir dreifðra hópa. Ég held að einmitt á því sviði ætti m. a. Háskóli Íslands, félagsvísindadeild, að leggja nokkra stund á að koma með tillögur að reglum um þau atriði.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta. Ég tel mikinn feng í þessu frv. og ég vil sérstaklega lýsa virðingu minni á hinu mikla starfi allshn. hv. Ed., sem hefur gert gott og stutt og gagnort frv. úr drögum sem að ýmsu leyti voru of margorð, svo ekki sé meira sagt, og ég vil endurtaka að þetta frv. þarf að endurskoða, og er mjög til bóta að ákvæði þar að lútandi skuli beinlínis felld inn í frv.

ATKVGR.

Brtt. 761,1 samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 761,2 samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 761,3 samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 761,4 samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 761,5 samþ. með 14 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 90. fundur.

Föstudaginn 8. maí, kl. 2 miðdegis.

Tímabundið innflutningsgjald á sælgæti og kex, frv. (þskj. 37). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19:2 atkv. og afgr. til Ed.

Meðferð mála vegna rangrar notkunar stöðureita, frv. (þskj. 750, (sbr. 280)). — 3. umr.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Í 12. gr. þess frv. til l., sem hér er til umr., er kveðið svo á, með leyfi forseta:

„Eigi má framkvæma aðalskoðun ökutækja eða umskráningu nema gjöld þau, sem á hafa verið lögð samkv. lögum þessum, ásamt kostnaði og dráttarvöxtum, er skráð hafa verið á hina sérstöku skrá samkv. 8. gr. c, hafi verið greidd."

Þetta er að minni hyggju alveg sjálfsögð og nauðsynleg leið að fara til að auðvelda að þessar skuldir séu greiddar. Hins vegar er eðlilegt að ökumenn óttist að þetta auki enn það umstang sem menn verða að hafa í frammi þegar um er að ræða að undirbúa sig fyrir bílaskoðun, jafnvel hef ég heyrt ofan í þann ótta manna, að því meira sem þetta skoðunarumstang verði, því meiri hætta sé á að því lengur láti menn dragast að láta skoða bíla sína. Því kann auðvitað að fylgja annars konar hætta ef menn eru að aka á óskoðuðum bílum. Þess vegna vil ég koma því á framfæri í sambandi við þessa grein, að það má vel hugsa sér þá framkvæmd hennar að þeim, sem með þessi mál hafa að gera, sé gert, t. a. m. um hver áramót, að senda ökumönnum kvittun, sem þeir fá heim til sín, eða þeim sem skráðir eru fyrir bifreiðunum, þar sem fram er tekið að þeir séu skuldlausir. Þessari kvittun, sem þeir fá þá heim til sín, geta þeir svo framvísað þegar um skoðun er að ræða. Þessi framkvæmd yrði hugsuð til að spara mönnum spor, firra menn óþægindum, sem þeir annars hefðu, og gera alla framkvæmd þessarar greinar liðlegri. Auðvitað er skiljanlegur sá ótti manna, eftir því sem að fleiri kvittanir eða pappíra þarf að ná í áður en bifreiðar eru skoðaðar, þeim mun oftar eigi það sér stað að menn dragi að láta skoða. Það er auðvitað alfarið af hinu illa. — M. ö. o.: um leið og á það skal lögð áhersla að raunar er ekki hægt að fara aðra leið, og það er út af fyrir sig ekkert við það að athuga að þetta sé tengt skoðun bíla, verður að koma í veg fyrir að einstaklingar hafi af þessu óþægindi. Mér sýnist að í framkvæmd sé mjög auðvelt að koma málum þannig fyrir að þessi regla og þessi lagagrein verði framkvæmd án þess að ökumaðurinn hafi af því frekari óþægindi.

Sigurgeir Sigurðsson: Herra forseti. Það er enn fremur út af 12. gr. sem mig langar til að leggja nokkur orð í belg.

Ég er hræddur um að hv. deild og hv. Alþingi sé hér að búa til lagagrein sem verði gersamlega vonlaus í framkvæmd og geri það að verkum að þetta erfiða verk, sem bíleigendur ganga í gegnum ár hvert, að láta færa bíla sína til skoðunar og annað slíkt, verði enn þá erfiðara en verið hefur. Það er ekki vegna þess að bílar séu almennt oftar bilaðir eða verr undir skoðun búnir, heldur vegna þess að þarna er að bætast við eitt skriffinnskubáknið. Við skulum hugsa okkur bifreiðar sem eru með utanbæjarnúmerum. Þar er ég að tala um bíla sem kannske koma hingað til Reykjavíkur eða Akureyrar. Ég held að það séu einungis þau tvö sveitarfélög sem nýta sér gjaldskylda stöðureiti. Ég get vel ímyndað mér að þegar þessir aðilar fara að láta skoða í sinni heimasveit gætu þar legið ótal rukkanir, sem viðkomandi ökumenn hefðu ekki hugmynd um einu sinni að þeir skulduðu vegna þess að ekki hefði náðst til þeirra, og ég get séð í huganum hvaða ringulreið mundi skapast á skoðunarstað ef fógeti eða fulltrúi hans, sem ætti að innheimta gjöld þar, stæði uppi með nokkra sektarmiða í höndum. Viðkomandi mundi borga þá til þess að komast í gegnum skoðunina, væntanlega án þess að hafa nokkra tryggingu fyrir að þeir væru réttir og án þess að geta leitað réttar síns eftir á, að ég hygg.

Ég vara mjög eindregið við þessari grein. Ég tel frv. í heild spor í rétta átt, því það er að sjálfsögðu ekkert vit í að menn geti komist upp með það árum saman að greiða ekki þessi gjöld, en þarna erum við, held ég, að hnýta okkur bagga sem erfitt verður að bera.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Grunnskólar, frv. (þskj. 670). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Lögheimili, frv. (þskj. 751). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Þýðingarsjóður, frv. (þskj. 753). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SS, PP, PJ, ÞS, SighB, SkA, SV, SBó, SvG, VG, ÞS, ÁG, EH, GS, GGÞ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IGuðn, IGísl, SvH.

JE, JÞ, SteinG, AS, BÍG, FÞ greiddu ekki atkv.

12 þm. (JS, KP, MHM, MB, MÁM, ÓÞÞ, RA, AG, BGr, FrS, GeirH, GJG) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum, frv. (þskj. 521). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 774).

Almenn hegningarlög, frv. (þskj. 741 (sbr. 4)). — Ein umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 775).

Tilraunastöð Búnaðarsambands Suðurlands, frv. (þskj. 631, n. 745). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Þórarinn Sigurjónsson): Herra forseti. Eg tala hér fyrir nál. um frv. til l. um Tilraunastöð Búnaðarsambands Suðurlands og Rannsóknastofnunar landbúnaðarins að Stóra-Ármóti. Í þessu frv. til l. segir svo í 1. gr., að landbrh. sé heimilt að semja við stjórn Búnaðarsambands Suðurlands um sameiginlegan rekstur tilraunastöðvarinnar að Stóra-Ármóti í Flóa, en eins og fram kemur í grg. með frv. fékk Búnaðarsambandið jörðina gefins á árinu 1979. Systkinin Sigríður, Ingileif og Jón Árnabörn á Stóra-Ármóti gáfu Búnaðarsambandinu jörðina til tilraunastarfsemi í landbúnaði.

Búnaðarsamband Suðurlands hefur nú í byrjun júní rekið tilraunabú í Laugardælum í 29 ár, og mörg hafa viðfangsefnin verið á þessum tíma sem öll hafa miðast að meiri og staðbetri þekkingu í fóðrun, hirðingu og ræktun íslenska nautgripastofnsins ásamt rannsóknum margra annarra þátta sem landbúnaðurinn byggist á. Stærsta verkefnið, sem unnið hefur verið að, eru afkvæmarannsóknir á vel kynjuðum ungum nautum, og þegar fundnir eru góðir einstaklingar eru þeir notaðir til að byggja upp ræktunarstarfið.

Eins og fram kemur í grg. með frv. hafa margar og margþættar tilraunir verið gerðar á þessum 29 árum, sem allar miða að því að ná betri tökum á landbúnaðarframleiðslunni og gera hana sem besta og ódýrasta. Með þessu frv. er stefnt að því að halda áfram á sömu braut og verið hefur síðustu árin, þó með þeirri breytingu, að ef þetta frv. verður að lögum er þessi tilraunastarfsemi í fastari skorðum. Tveir starfsmenn verða launaðir af ríkissjóði, en áður var einn starfsmaður, sérfræðingur, í

Laugardælum og/eða rannsóknarmaður og sérfræðingar frá Rannsóknastofnun landbúnaðarins af og til eftir verkefnum hverju sinni. Kosturinn er að mínu mati að bændur á Suðurlandi eru virkir þátttakendur í þessu samstarfi með þeirri miklu hlutdeild sem þeir eiga eins og áður í þessu tilrauna- og vísindastarfi, sem er landbúnaðinum mikilsvert eins og öllum atvinnuvegum er að hafa virka tilraunastarfsemi. Með þátttöku bændanna og staðsetningu tilraunastöðvarinnar úti í þessu stóra landbúnaðarhéraði, sem hún er staðsett í, tryggjum við tengslin milli rannsóknamanna og bænda svo sem hægt er.

Með þessu lagafrv. er það tvennt sem staðfest er: Búnaðarsambandið flytur tilraunastarfsemina á eignarjörð sína, Stóra-Ármót, og þátttaka ríkisins er ákveðin, sem áður var af hálfu Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. Á þessar breytingar vona ég að allir geti fallist, enda hefur landbn. fjallað um þetta frv. og hefur hún á fundi sínum lagt til að það verði samþykkt eins og það liggur fyrir á þskj. 631. Einn nm. skrifar undir með fyrirvara, Pétur Sigurðsson.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Minn fyrirvari við samþykkt þessa frv. var vegna þess til kominn, að ég vildi áskilja mér allan rétt til að fylgja brtt. sem fram kæmu, en í frv. kemur ekkert fram um hvað þetta muni kosta ríkissjóð mikið. Ég geri ráð fyrir að um það geti farið líkt og ég hef hér nokkur dæmi um og gott að hæstv. heilbrrh. skuli vera hér við til að hlusta á þá ábendingu mína.

Ég var að fá í hendur rétt í þessu umslag sem sent er frá Heilbrigðiseftirliti ríkisins. Það kostar í frímerkjum 370 kr. vinna við að koma þessu í þetta umslag, loka og koma því í póst. Er því vart undir 500 kr. að koma þessum prentaða bækling frá þessari ríkisstofnun til eins þm. og hér eru a. m. k. 60 sem fá þetta í hendur. Þetta er eitt lítið dæmi um hvernig ekki aðeins þm., heldur rn., opinberar stofnanir og allt saman undir stjórn viðkomandi ráðh., sem bera ábyrgð á þessum málum, leyfa sér að haga sér með fé almennings, þann skattpening sem kreistur er undan nöglum okkar.

Ég hafði þennan fyrirvara gagnvart því máli, sem hér er til umr., m. a. vegna þess, að frá hv. stuðningsmönnum frv. liggur ekkert fyrir um fjármögnun nema vitað er að það muni verða einhver aukinn kostnaður úr ríkissjóði við þessa nýju starfrækslu og breytingu. Það liggur hins vegar ekkert fyrir um hvað það kostar skattborgarana margar krónur.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Ég vil flytja hv. landbn. þessarar deildar þakkir fyrir afgreiðslu hennar á þessu máli.

Varðandi aths. hv. 1. landsk. þm. um, að ekkert liggi fyrir um hvaða aukinn kostnaður fylgi samþykkt þessa frv. fyrir ríkissjóð, vil ég taka það fram, að frv. ber með sér að þátttaka ríkissjóðs í rekstri er ákveðin á þann máta að við tilraunastöðina starfi sérfræðingur í fóðurfræði og rannsóknamaður. Hér er aukinn kostnaður ríkisins um einn starfsmann frá því sem verið hefur. Áður hefur sérfræðingur launaður af ríkinu starfað við Tilraunastöðina í Laugardælum. Að öðru leyti segir um hlutdeild ríkisins í rekstri og stofnkostnaði við þessa tilraunastöð að það skuli ákvarðast hverju sinni við afgreiðslu fjárlaga.

Á undanförnum árum hefur verið veittur nokkur styrkur til Tilraunastöðvarinnar í Laugardælum umfram laun þess starfsmanns sem áður er getið, og hefur Alþingi á valdi sínu hvort sá styrkur fer vaxandi og hversu mikið.

Ég vil taka þetta fram út af þessari aths., en jafnframt vil ég láta þess getið, að það er verulega mikils virði að tilraunastarfsemin í þessari tilraunastöð skuli að mestum hluta borin uppi af bændasamtökunum á Suðurlandi. Bæði mun það verða við þann flutning mannvirkja, sem hlýtur að verða að gera frá Laugardælum að Stóra-Ármóti, og eins að búnaðarsamtökin á Suðurlandi taka á sig að meginhluta ábyrgð á rekstri starfseminnar. Þetta tel ég mikils virði og ég lýsti því yfir við 1. umr. þessa máls, að það væri æskilegt ef unnt væri að útfæra slíka stefnu í ríkari mæli eftir því sem aðstæður leyfa í hverjum landshluta. En ljóst er vitaskuld að bændasamtökin á Suðurlandi eru sterkasti bróðirinn í hópi bændasamtaka sem eru í hinum ýmsu landshlutum.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil byrja á því að leyfa mér að taka undir margt af því sem hv. 1. landsk. þm. sagði áðan um hversu óvarlega er oft farið með fjármuni og skattpeninga borgaranna. Þar mætti auðvitað á flestum sviðum fara miklu betur með og kannske ekki síður í sambandi við mörg mál sem við erum að afgreiða hér af öllu tagi, alls konar þáltill. sem lagðar eru hér fram í því skyni að óska eftir að þetta og hitt verði rannsakað, kannað og gert, sem kostar gífurlega fjármuni og kemur sjaldnast mikið út úr og allt þar fram eftir götunum.

Hitt er annað mál, að jafnvel þó að ég sé sammála hv. þm. um, að við þurfum að gæta vel fjármunanna og leggja beri áherslu á að þeir nýtist sem best á öllum sviðum, tel ég að þessi aths. sé kannske síst til þess fallin að koma einmitt fram í umr. í tengslum við þetta mál. Þessi tilraunastöð í nautgriparækt, þar sem hefur farið fram ýmiss konar starfsemi önnur að vísu, sæðingastöð, kynbætur, fóðurrannsóknir, beitarrannsóknir o. fl., hefur nefnilega verið rekin af miklum myndarskap af Búnaðarsambandi Suðurlands og ríkið hefur ekki þurft að leggja fjármuni til rekstrar þess fyrirtækis. Um það hafa bændur í Búnaðarsambandi Suðurlands séð sjálfir, og færi betur ef hægt væri að segja það sama um aðrar stofnanir af svipuðu tagi í landinu. Þessi stöð hefur sem sagt verið rekin af óvenjumiklum myndarskap hér syðra.

Herra forseti. Ég ætlaði aðeins að leyfa mér að koma hér til að láta þetta koma fram. Það er hins vegar alveg ljóst að þær aðstæður eru komnar upp sem verða til þess, að Tilraunastöðina getur ekki haldið áfram starfsemi sinni þar sem hún hefur verið. Hún á ekki það land og eigandinn, sem er fyrirtæki í samvinnuhreyfingunni, býður afarkjör á jörðinni. Þess vegna telja þessir menn að þeir þurfi að flytja þaðan á sína jörð sem er má segja næsti bær við þannig að ekki er um stórkostlega flutninga að ræða. Auðvitað kostar nokkra fjármuni að byggja hús undir þessa starfsemi, en húsin, sem fyrir eru á jörðinni Laugardælum, eru orðin gömul og hafa sinnt sínu hlutverki og eru auðvitað að fullu afskrifuð fyrir löngu, yfir 30 ára gömul hús. Ég held að það sé því ekki ástæða til að sjá eftir þeim fjármunum þó að það kunni að kosta nokkuð að reisa hús undir þessa starfsemi á þeim stað sem stöðin fer á nú.

Herra forseti. Það er sameiginlegt álit okkar allra þm. Suðurl. að leggja áherslu á að þetta mál fái jákvæða afgreiðslu hér í þinginu.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Ég hef áhuga á að segja um þetta efni örfá orð, ekki síst fyrir þá sök að þetta mál kom mjög seint fram í þingi og með eðlilegum hætti hefur ekki verið unnt að skýra það jafnvel fyrir mönnum, sem ókunnugir eru, og eðlilegt hefði verið og sjálfsagt að gera ef tækifæri hefði gefist til þess.

Að mínum dómi er með þessu frv. farið inn á leið sem ég held að ætti að nýta í miklu ríkari mæli í sambandi við rannsókna- og tilraunastarfsemi í landinu í heild, þ. e. að fá þá, sem fyrst og fremst njóta rannsóknanna og tilraunanna, til að leggja nokkuð af mörkum og bera ábyrgð á þeim rekstri sem er samfara rannsóknastarfseminni. Þannig hefur verið starfað að þessu á Tilraunastöðinni að Laugardælum að undanförnu að ábyrgðin hefur að öllu leyti verið á hendi Búnaðarsambands Suðurlands. Þeir hafa líka af þeim sökum haft tiltölulega sjálfstæða stjórn á tilraunaverkefnunum, þeirra áhugaefni hafa gengið fyrir.

Með samræmingu þeirri, sem er ætlast til að ganga til með þessu nýja frv., er gert ráð fyrir að þetta falli saman við þá heildarstjórn sem er á tilraunastarfsemi í landinu. Til þess að það megi verða er eðlilegt að Búnaðarsambandið fái til þess fjármuni að framkvæma m. a. þær tilraunir sem það hefur ekki beint áhuga á að leggja í hverju sinni. Á því hefur byggst sá styrkur sem það hefur fengið að undanförnu þegar farið hefur verið í lík verkefni sem núna. Þegar þetta er fellt saman fer ekki hjá því að það kostar ríkið eitthvað.

Ég harma að ekki hefur verið unnið að því í þessu frv. frekar en flestum öðrum, sem koma hér á borð hjá þm., að gera grein fyrir hver fjármagnskostnaður er samfara því að samþykkja frumvörp eins og þetta. En það gefur nokkra vísbendingu að í fjárlögum fyrir árið 1981 get ég nefnt tvær hliðstæðar tilraunastöðvar. Önnur er á Suðurlandi og hin á Norðurlandi. Laugardælastöðin er með styrk að upphæð 110 þús. kr., en álíka tilraunastarfsemi í stöð norður í Eyjafirði er algerlega rekin af ríkinu og hún er með 800 þús. kr. á fjárlögum. Ég er ekki þar með að segja að þessi munur muni haldast, en það fer ekkert milli mála að þarna hlýtur að verða mikill munur á rekstrarkostnaðarlega fyrir ríkið eins og þetta er hugsað og uppbyggt.

Ég ætla ekki að eyða dýrmætum tíma deildarinnar með því að fara miklu lengra út í þetta málefni, en ég held að mér sé óhætt að fullyrða að þegar þetta frv. er samþykkt er ekki verið að fara óvarlega með fjármuni skattborganna, heldur miklu fremur verið að reyna að finna leið til þess að þeir nýtist sem best. Það er mitt mat á málinu.

Frsm. (Pórarinn Sigurjónsson): Herra forseti. Það er bara leiðrétting á nokkrum orðum sem hv. 4. þm. Suðurl., Garðar Sigurðsson, viðhafði áðan. Ég held að hann hafi mismælt sig þegar hann sagði að það hefði verið eitthvert samvinnufyrirtæki á Suðurlandi sem hefði leigt Búnaðarsambandinu jörð með afarkostum eða slæmum kjörum. Kaupfélag Árnesinga hefur leigt Búnaðarsambandinu jörðina, en ekki með afarkostum eða slæmum kjörum. Það er alrangt. Jörðin hefur verið leigð með mjög góðum kjörum til Búnaðarsambandsins, enda kemur það fram í grg. með frv. Vil ég leiðrétta það hér með. Búnaðarsambandið hefur greitt mjög hagstæða leigu þau ár sem það hefur búið í Laugardælum þessu tilraunabúi. En þar sem það hefur nú fengið gefins jörð, Stóra-Ármót í Flóa, óskar það eðlilega eftir að flytja starfsemi sína þangað. Þessar jarðir liggja saman og er því stutt að flytja, en gert er ráð fyrir að það taki 5—10 ár að flytja þessa starfsemi.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Almenn hegningarlög, frv. (þskj. 689). — 1. umr.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Frv. þetta var samþykkt shlj. í Ed. Það er samið í dómsmrn. og fjallar um breytingu á 6. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940, en rn. hefur talið nauðsynlegt að gera þessa lagabreytingu svo að Ísland geti gerst aðili að samningi sem gerður hefur verið að tilhlutan Sameinuðu þjóðanna um varnir gegn töku gísla. Jafnframt því sem þetta frv. er flutt hefur verið borin fram af utanrrh. till. til þál. um heimild fyrir ríkisstj. til að fullgilda framangreindan samning. Þurfa þessi tvö mál að fylgjast að og ná samþykkt á þessu þingi.

Ég geri að tillögu minni að þessu máli verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Veiðar í fiskveiðilandhelgi, frv. (þskj. 221, n. 529 og 530). — Frh. 2. umr.

Jósef H. Þorgeirsson: Herra forseti. Þegar taka átti mál þetta fyrir í gær var þess beiðst að umr. yrði frestað sökum þess að flm. málsins væri ekki viðstaddur. Það stendur enn svo á í dag, að flm. málsins er ekki viðstaddur hér í þinginu, og einnig hefur það bæst við, að sá maður, sem undirritar álit minni hl. sjútvn., hefur fjarvistarleyfi í dag, Karvel Pálmason. Ég fer þess því eindregið á leit við forseta, að þessum umr. verði frestað þangað til n. k. mánudag, en þá má gera ráð fyrir að þessir menn verði viðstaddir á þingfundi.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Áður en forseti kveður upp úrskurð sinn í sambandi við þetta mál vil ég að það sjónarmið komi fram, að ég tel algerlega ástæðulaust að fara að fresta þessu máli nú. Ég taldi raunar í gær að það væri fullkomlega ástæðulaust að fresta því þó svo að hæstv. sjútvrh. væri fjarverandi, af þeirri einföldu ástæðu, að þegar mál er komið út úr nefnd er það auðvitað frsm. n. sem fyrir málinu talar og situr fyrir svörum sem slíkur. Ég vil eindregið mótmæla því, að farið verði að fresta málinu núna. Það háttaði einnig svo til í gær, að sá hv. þm., sem í gær óskaði eftir að málinu væri frestað, hv. þm. Karvel Pálmason, vissi mætavel að málið yrði þá tekið fyrir í dag og þó svo hann sé nú fjarverandi verður að hafa það. Rök koma fram og menn þekkja hin al-

mennu rök í þessum efnum, herra forseti, en ég vil mótmæla því, að þessu máli verði frestað enn. Það var um miðjan mars sem þetta mál kom út úr nefnd. Það er engin ástæða til þess og nálgast það að vera fullkomin frekja að ætlast til þess eina ferðina enn að þessu máli sé frestað, enda liggja ekki á bak við það þau rök að það sé æskilegt málsins vegna, heldur er það leið til að tefja og reyna að drepa þetta mál. Ég mótmæli af þessum ástæðum.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég hefði getað fallið frá orðinu vegna þess að í ræðu hv. þm. Vilmundar Gylfasonar kom fram það sjónarmið sem ég vildi hafa orð á. Ég held að það sé ekki eðlilegt að tefja þetta mál meira en nú þegar er orðið, því að það hafa verið óeðlilegar tafir á því hér í deildinni. Menn hafa gengið á það lagið að biðja endalaust um fresti og reynt að láta tímann líða. Hæstv. sjútvrh. er búinn að vera hér viðstaddur á fjöldamörgum fundum þegar þetta mál hefur verið á dagskrá, og einstakir þm. hafa stöðugt beðið um að fá frest á málinu. Ég vil hafa orð á því, að hæstv. viðskrh. fer með málefni, sem mundu tilheyra sjútvrh., meðan sjútvrh. er í opinberri heimsókn í Bretlandi og hæstv. sjútvrh. verður ekki kominn á mánudaginn kemur, heimsókninni er ekki lokið þá, kemur ekki fyrr en einhvern tíma um miðja viku. Ég sé ekki ástæðu til annars en þessi umr. geti hafist. Ég minnist ekki þess, að hv. þm. Karvel Pálmason, þegar hann í gær fékk málinu frestað, orðaði það nokkurn skapaðan hlut að hann óskaði eftir að því yrði frestað um tvo daga.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég ætla nú að kveða upp úrskurð minn í þessu máli ef það kynni að stytta umr.

Við beiðni hv. 2. landsk. þm. get ég ekki orðið. Ég trúi ekki að ég hafi talað tæpitungu um þetta mál í gær þegar ég tilkynnti að það yrði tekið fyrir hér í dag.

Enn er þess að geta, að þetta mál er einfalt í sniðum þannig að það eru ýmsir sem gætu setið fyrir svörum og eru jafnvel kunnugir þessu og hæstv. sjútvrh. og betur. Hv. þm. Karvel Pálmason lét þess í engu getið í umr. hér í gær, þegar tilkynnt var að málið yrði tekið fyrir í dag, að hann yrði fjarverandi. Það gerði hann ekki fyrr en í hvíslingum við mig á eftir og gat ég þá auðvitað málskoti hans í engu sinnt.

Enn er þess að geta, að hv. 6. landsk. þm. hefur fengið til þess tækifæri að skila áliti og segja álit sitt á þessu máli. Hann hefur ekki notfært sér það tækifæri vegna þess að nál. hans er svona: „Undirritaður leggur til að frv. verði fellt.“ — Þetta álit sitt gat hann beðið með þangað til í atkvgr. ef hann hefur ekki fleira um málið að segja. Menn stilla sér ekki upp sem frsm. fyrir máli með svona nál. því að nál. eru búin til til þess að menn geti tekið afstöðu til málsins eftir innihaldi álitsins. Þetta hljóta allir menn að skilja.

Þá kom fram raunar hér nú einnegin, að þetta mál kom út úr nefnd með álitum 19. mars. Ég áttaði mig ekki á því í fyrstu og hélt að menn væru með rökstuddar beiðnir þegar ítrekað var beðið um að þetta mál yrði tekið af dagskrá. Ég sýndi því fullkomna tilhliðrunarsemi. En ég átta mig á því nú, að menn eru með þessu að gildra til þess, að málið nái ekki afgreiðslu, og það er nokkuð sem ég er alveg nýlega búinn að átta mig á. Þannig greiði ég ekki fyrir málum, ef sá er tilgangurinn. Menn hafa ýmis önnur ráð til að hindra framgang mála en að narra forseta til að láta ekki mál ganga fram með eðlilegum hætti.

Hv. 6 þm. Norðurl. e. tekur til máls um þingsköp og nú fara þær umr. mjög að styttast.

Árni Gunnarsson: Þá er það í þriðja skipti að forseti mælist til þess, að ég stytti mál mitt.

Ég verð nú að segja það, herra forseti, að ég tel þennan úrskurð ekki þinglegan, og það segi ég vegna þess að í fyrsta lagi er 1. flm. málsins ekki viðstaddur umr. Í öðru lagi er maður, sem þarf að mæla fyrir nál., ekki heldur viðstaddur og þó svo að hans nál. fjalli um að hann sé á móti frv. þarf hann að fá að gera grein fyrir því áliti sínu. Það hefði ég talið mjög þinglegt að hann fengi að gera. Og ég sé ekki að það sé verið, eins og hæstv. forseti heldur fram, að reyna að koma þessu máli fyrir kattarnef hér þó að það yrði dregið fram í næstu viku að ræða það í þinginu. Annað eins hefur gerst hér í þingsölum. Tel ég þess vegna alveg ástæðu og ærna ástæðu til að doka aðeins við með afgreiðslu eða umr. um þetta mál.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Álit hv. þm. er byggt á vanþekkingu. Það er hins vegar fullkomlega óþinglegt að mál, sem komin eru til meðferðar í hv. deild fyrir rúmlega einum og hálfum mánuði, komi ekki til meðferðar í deildinni. Við svo búið getur ekki staðið.

Jósef H. Þorgeirsson: Herra forseti. Ég vil eindregið fara fram á að forseti endurskoði afstöðu sína til þessa máls. Mér virðist að það sé í alla staði mjög óþinglegt að ætlast til þess, að deildin taki afstöðu til þessa máls að flm. málsins fjarstöddum og án þess að heyra rökstuðning þess talsmanns minni hl. sjútvn. þessarar deildar sem lagt hefur til að málið verði fellt. Forseti gat þess í sinni tölu, að nál. væri ákaflega stutt og þar segði nánast ekki annað en að lagt væri til að málið verði fellt. Þetta bendir til þess, að full ástæða sé til þess að sá þm., sem að þessu nál. stendur, fái tækifæri til að skýra mál sitt betur, enda er ekkert vafamál að hann hefur einmitt haft nál. stutt og laggott af því að hann hefur vitað að hann fengi tækifæri til að gera nánari grein fyrir afstöðu sinni á þingfundi. Ég geri fastlega ráð fyrir að þessi þm. hafi ekki eingöngu ætlað að gera nánari grein í framsögu fyrir áliti sínu á þessu máli, heldur hafi hann jafnvel hugsað sér að leggja einar og aðrar spurningar fram fyrir flm. þessa máls og óska eftir að fá við þeim svör og þess vegna hafi hann beðið um frestinn í gær. Mér virðist að þessi þd. eigi fullan rétt á að þessir tveir alþm., sem þetta mál snertir svo mjög, fái tækifæri til að vera viðstaddir afgreiðslu þess í deildinni og fer því eindregið þess á leit við forseta, að hann fresti þessari umr. enn um skamma hríð.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Þeirri málaleitan er hafnað. Hv. 6. landsk. þm. á sæti í sjútvn. Þar hafði hann tækifæri til að segja álit sitt. Hann notfærði það með þeim hætti sem menn geta sjálfir kynnt sér á þskj. 529. Enn er þess að geta, sem þarf sérstaklega að fara að taka til athugunar, að okkur þingforsetum þykir fullmikið að því gert að þm. auglýsi sig á fundum á reglulegum starfsdögum þingsins — ég tala nú ekki um þegar líður að lokum þings og annir eru með þeim hætti sem hér ber vitni um og á hverju þingi þegar að lokum líður. Þess vegna er það með öllu ólíðanlegt að þm. sitji slímusetur á fundi um landsbyggðina þvera og endilanga þegar þeir hafa sem mest að vinna á hinu háa Alþingi.

Hv. 4. þm. Vesturl. tekur til máls um þingsköp og styttast þær umr. enn.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Ég skal ekki eyða miklum tíma þingsins í það sem ég vildi segja hér, en ég vil taka undir ósk hv. þm. Jósefs H. Þorgeirssonar um að forseti endurskoði úrskurð sinn, þetta mál verði ekki tekið fyrir í dag, og taka undir rök þessa hv. þm. þar að lútandi. Einnig óska ég eftir að komi fram mótmæli við því a. m. k., að við, sem nú óskum eftir að þessu máli verði frestað, höfum staðið að því að fresta þessu máli fram á þennan tíma og þm. úr þeim hóp hafi verið að plata hæstv. forseta svo að þetta mál kæmist ekki til umr. fram að þessum tíma. Einnig vil ég mótmæla því, að hæstv. forseti hefur gert lítið úr nál. hv. 6. landsk. þm. um þetta mál. Ég geri ráð fyrir að nál. hans hafi verið eins stutt og raun ber vitni vegna þess að hann hafi ætlað að flytja mál sitt hér í hv. deild og, eins og þm. Jósef Þorgeirsson benti á, sjálfsagt þurft að leggja hér fram ákveðnar spurningar og ræða málið þar betur.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Fjórbjörn tekur í Þríbjörn, en ekki gengur rófan. Til máls tekur frsm. meiri hl. sjútvn., hv. 4. þm. Suðurl.

Frsm. meiri hl. (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Þá hafa menn heyrt hverjar aðferðir postular þessa einkennilega trúarsamfélags, sem er á móti því að drepa kola, vilja beita í þingmálum: ofbeldi og aftur ofbeldi.

Það eru einkennilegar röksemdir sem þessir menn beita fyrir sig. Fyrst er það, að í gær var komið í veg fyrir, að málið mætti koma fyrir, með því að segja að 1. flm. væri ekki viðstaddur, hæstv. sjútvrh. Hæstv. sjútvrh. hefur þegar talað fyrir þessu máli og látið þar koma fram sínar skoðanir og hann þarf ekki að vera hér viðstaddur sem ráðh., vegna þess að fyrir hann gegnir auðvitað annar ráðh. störfum auk þess sem hann hefur tekið inn fyrir sig varamann þannig að þar eru í rauninni komnir tveir menn í staðinn fyrir einn.

Ég verð að segja það, vegna þess að þetta er sjávarútvegsmál og er komið út úr minni n., að þeirri n. hafa borist eitthvað á annan tug mála í vetur af ýmsu tagi, smá og stór, oft mjög stór, sem varða þjóðfélagið miklu, og þar eru miklir fjármunir undir. Öll þessi mál hafa nú verið afgreidd út úr n. og ekkert bíður. Þó er stjórnarliðið í minni hl. í þessari hv. n. og þar eru oft skiptar skoðanir. Þar hefur stjórnarandstaðan með meiri hl. áreiðanlega mikil tækifæri til að tefja framgang mála stjórnarinnar, sem hafa oft verið seint fram borin og allt of seint á ferðinni að öðru leyti. (Gripið fram í.) Ég vil kannske ekki taka undir það, en það hafa oft verið mikil hápólitísk deilumál á ferðinni. En aldrei hafa nm., hvar í flokki sem þeir eru, misnotað það tækifæri, sem þeir hafa í n., til að tefja fyrir þinglegri meðferð málanna. Í n. eru nefnilega menn sem virða lýðræðið í raun, en haga sér ekki og mæla, eins og fulltrúar þessa einkennilega sértrúarsafnaðar á móti kolaveiðum, á svo óþinglegan hátt sem mest má verða eins og raun ber vitni.

Kannske eigum við ekkert að vera að veiða þennan kola.

Af hverju eru Íslendingar að fiska svona mikið? Ekki éta þeir allan þennan fisk. Og hver er ástæðan? Og hvaða fiska má drepa?

Ástæðan til þess, að við veiðum miklu meira en við étum og högum okkur að því leyti til eins og minkurinn, er auðvitað sú, að þjóðin lifir á þessum veiðum og vinnslu og þeim verðmætum sem fyrir þær koma. Og það er vegna þess sem við höfum gengið eins langt og við höfum *mögulega getað og jafnvel lengra stundum en hollt hefur* verið í að nýta fiskstofnana þannig að þau orð eru orðin föst í málinu að tala um ofnýtta fiskstofna og um vannýtta fiskstofna. Ýmsar leiðir hafa verið farnar til að draga úr sókn í þá stofna sem hafa verið á mörkunum að verða ofnýttir eða of í þá sótt, og í stað þess hefur verið beint athyglinni að því og meiri áhersla lögð á að sækja í aðra stofna. Sumir þessara stofna, sem áður voru taldir vannýttir, eru nú þegar ofnýttir af þessum sökum, en enn eigum við nokkuð eftir þarna í varasjóði og það er kolinn við landið, allt í kringum landið. Þetta er dýrasti fiskur sem syndir í kringum þetta land.

Okkur ber einnig skylda til að reyna að stunda útgerð og aðra atvinnustarfsemi með sem hagkvæmustum hætti. Þar hefur auðvitað oft orðið mikill misbrestur á, því miður. Ég ætla ekki að fara að rekja það hér. En það er alveg ljóst að í sambandi við skarkolann hér í flóanum er um mjög hagkvæmar veiðar að ræða á afar dýru hráefni. Ég vil fullyrða að þau tonn, sem fiskifræðingar telja að veiða megi úr þessum stofni hér í flóanum, séu a. m. k. 4—5 milljarða kr. virði. Þau er hægt að sækja á litlum bátum stutta vegalengd með ódýrri útgerð. Þetta er sem sagt afar hagkvæm veiði, auk þess sem þetta gefur fólki auðvitað atvinnu í landi. Það er þess vegna óskiljanlegt hvernig menn leyfa sér að hamast á móti þessum málum hreinlega af trúarástæðum. Engin rök þessara manna halda. Þau eru byggð á misskilningi, þau eru byggð á vanþekkingu og ýmsum öðrum ástæðum.

Herra forseti. Ég held að það sé ekki ástæða til að halda um þetta langa ræðu að þessu sinni. Hér hefur verið sagt úr ræðustól sjálfsagt flest það sem mælir með því, að þetta mál nái fram að ganga. Auk þess hafa fulltrúar kolaverndunarmanna flutt hér sitt mál með sínum útskýringum, — ég treysti mér varla til þess að kalla það röksemdir, — þannig að það er varla ástæða til að eyða mjög löngum tíma. Til þess að gera langt mál stutt tel ég að það væri ekki úr vegi, — ef þeir menn vildu hlusta sem haga sér kannske svona af einhverri ímyndaðri atkvæðahræðslu, ég held að það sé alveg misskilningur eins og málið stendur, en þannig eiga menn auðvitað aldrei að haga sér, — ég held að það sé full ástæða til þess að lesa frvgr. eins og hún er. Þess vegna hafði ég með mér í ræðustólinn frv., að ég gæti lesið þetta fyrir ykkur sem enn eruð vantrúaðir, að þið megið hlýða á hvernig þetta hljóðar. Frvgr. hljóðar svo:

„Leyfi til dragnótaveiða í Faxaflóa skulu bundin við veiðar á skarkola. Skal Hafrannsóknastofnunin gera tillögu til ráðh. um skipulag þeirra veiða, m. a. um aflamagn, veiðitíma, veiðisvæði og fjölda veittra leyfa."

Sjútvn. hefur að vísu gert tillögu um breytingu sem er fólgin í því, að Hafrannsóknastofnunin, sem er vísindastofnun sem annast fiskifræðileg málefni, segi ekki til um fjölda veittra leyfa. Það er hins vegar pólitískt fyrirkomulagsatriði sem á auðvitað miklu fremur heima í höndum rn.

Hvað segir raunar þessi grein? Henni er lokið, herra forseti. Hún segir, að það megi leyfa tilteknum bátafjölda að stunda dragnótaveiðar í flóanum til að veiða skarkola, og ekki annað. Hví hræðast þá menn svo þessa breytingu? Mér er það raunar óskiljanlegt. Menn hafa

verið með þær röksemdir, að þessi dragnótaveiði, sem þó er svo í hóf stillt eins og raun ber vitni og miðar eingöngu að veiðum á kola, verði til þess að drepa niður lífið í flóanum. Hvernig? Botninn í Faxaflóa er verndaður af náttúrunni vegna sköpulags hans, eins og mönnum er kunnugt, þar sem hér eru víða mikil hraun og ósléttur botn þar sem engin leið er að draga dragnót. Náttúran verndar flóann og lífið í honum a. m. k. að 4/5. Það er aðeins hægt að vera með dragnót á mjög takmörkuðu svæði. Alls staðar annars staðar geta fiskar sjávarins synt í friði, óttalausir og þurfa ekki að hræðast þetta hræðilega drápstæki.

Í annan stað hafa menn verið að tala um að dragnótin eyði ungfiski, drepi hann, misþyrmi honum, skemmi botninn o. s. frv., o. s. frv. Allt er þetta meira og minna misskilningur, því miður fyrir þá. Möskvastærðin í dragnótinni er 155 mm. Það var að vísu samþykkt hérna um árið að leyfa aðeins að nota 170 mm möskva í dragnót, en sannleikurinn er sá, að það er orðinn svo stór möskvi að hann heldur varla nokkrum fiski. Það vill svo til, að 170 mm eru 17 cm, og þá geta menn séð í hendi sér hvers konar möskvi það er og hvaða kvikindi verða þá eftir í þessu. Það borgar sig hreinlega ekki að stunda veiðar með svona risastórum möskva. Það syndir allt þar í gegn. 155 mm möskvi er auðvitað nokkru minni, en samt er það svo, að eins og gerð dragnótar er háttað er það orðinn býsna stór fiskur sem verður eftir í veiðarfærinu. Það er ólíku saman að jafna við trollið, hvernig netið er í dragnótinni, þannig að veiðarfæri með svona stórum möskva, sem veiðir með þeim hætti sem dragnót gerir, drepur ekki smáfisk. Hugsið ykkur að einmitt þessa dagana, nú á þessu vori, er allur togarafloti landsmanna eða svo gott sem á veiðum fyrir Austfjörðum, á Hvalbakssvæðinu og þar í grennd, að drepa smáþorsk og annan smáfisk, smáýsu raunar núna einnig. Hver fiskur er kannske ekki nema eins og 1.5 kg að meðaltali. Það er ekki stór þorskur með haus og hala og öllu saman. Það er afar smár fiskur — fiskur sem ætti að fá að lifa lengur og fá að stækka og verða feitur og myndarlegur og verða að meira gagni þegar hann hefur náð svolítið meiri þroska en nú er. Auðvitað er hreint hneyksli að stunda slíkar veiðar. Það er full ástæða til að vara við slíkum veiðiskap, einkum ef hann er stundaður af svo mörgum og afkastamiklum skipum. En þarna er um allt annað að ræða. Ef menn hafa kynnt sér lögin um veiðar í fiskveiðilandhelginni vita þeir að þar er sérstök grein sem fjallar um dragnótaveiðar. 2. gr. þessara laga er um að veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót séu bannaðar í fiskveiðilandhelginni. Þessi grein um dragnótina segir þó að þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar sé heimilt að veita leyfi til dragnótaveiða. En hverjum? Aðeins bátum sem eru 20 metrar eða minni, þ. e. afkastaminnstu bátunum, enda er þarna ekki um afkastamikið fyrirtæki að ræða.

Til vísindamanna þjóðarinnar eru menn ævinlega að vitna, þegar á að fara að vernda aðrar fisktegundir, og segja: Við megum ekki ganga lengra en þessir menn. Við verðum að treysta því sem fiskifræðingarnir segja. — En svo koma auðvitað margir og segja: Við skulum bara veiða meira. Þeir segja alltaf að það eigi að veiða minna en í raun og veru er óhætt. — En hvað segja fiskifræðingar? Allir fiskifræðingarnir mæla eindregið með því, að þessar dragnótaveiðar séu leyfðar í því skyni að drepa kolann til þess að ná í þessa fjármuni sem þjóðin lifir af. Hv. þm. úr sértrúarflokknum finnst kannske að við öflum of mikið. Ekki ber fallandi gengi krónunnar vitni um að það standi of mikil verðmæti á bak við seðlaútgáfuna í landinu. Menn skulu athuga að margt smátt gerir eitt stórt. Auðvitað er ákaflega mikilvægt að nýta þær afurðir sem tiltækar eru.

En hvað segja fiskifræðingarnir, svo að við hættum við þennan útúrdúr? Þeir segja: Við skulum endilega veiða 1500 tonn af þessum kola. — Samkv. fyrri reynslu og tali okkar varðandi annan fisk ætti auðvitað að segja: Þeir fara nú varlega í þetta. Okkur hlýtur að vera óhætt að veiða a. m. k. 2000 tonn. — Og ég er alveg viss um að það er óhætt. Þessi koli hefur fengið að vera í friði allt of lengi til þess að það sé of lítið af honum.

Nú koma röksemdir sértrúarhópsins einu sinni enn. Auðvitað er hægt að segja: Við veiðum hann bara þegar hann er genginn djúpt og farinn hér út úr flóanum þannig að við þurfum ekki að merja skottið á hinum — þessum fiskkvikindum öðrum sem kunna að vera að þvælast fyrir veiðarfærunum. Við skulum bara taka hann seinna. (Gripið fram í.) Já, er það ekki? Ættum við ekki líka að hafa vertíðina á sumrin og stunda þá veiðar í miklu betra veðri, ekki í þessum ofsa sem yfir gengur hér í skammdeginu þar sem menn eru að berjast og hætta lífi sínu til að sækja þessi gulu kvikindi sem halda okkur lifandi? Af hverju ekki að hafa þetta á vorin og sumrin? Það er ósköp einfaldlega vegna þess að við getum ekkert breytt því með neinum reglugerðum eða ákvæðum, sem við erum að tala um á þessum stað, hvernig fiskurinn hagar sér. Hann ansar því ekki. Svona er lífið. Ef við ætlum að veiða þennan fisk þegar hann er feitastur, verðmætastur og næst landi og hægt er að veiða hann með sem ódýrustum aðferðum verðum við að taka hann um sumar og fyrri hluta haustsins hér í Faxaflóa og ekki annars staðar. Þegar hann er farinn burtu er hann búinn að hrygna. Þá leggur hann af, þá verður hann óætur og kostar óhemju olíu að ná þessum kvikindum.

Herra forseti. Ég hefði gaman af því að segja fáein orð í viðbót, en ég tel að bæði í fyrra skiptið þegar þetta var rætt og eins í gær hafi ég tínt til, a. m. k. þegar allt það mál er lagt saman, flest það sem máli kann að skipta í þessum efnum og það sé óþarfi að halda þessu miklu lengur áfram. En ég vil segja að lokum, að ég skora á þessa menn, sem af einhverjum ástæðum hafa fengið það inn í höfuðið að dragnót sé stórhættulegt veiðarfæri og að fiskileysið á sínum tíma í Faxaflóanum hafi orðið vegna dragnótar, sem er algerlega ósannað mál, líklega algjörlega út í hött, og að fiskgengdin, eftir að hún var bönnuð, hafi orðið vegna þess að dragnótin var bönnuð, að þeir hugsi sig nú aðeins betur um og átti sig á stærðunum í þessu máli. 7—10 bátar innan við 20 metrar langir með þetta ræfilsveiðarfæri í afturendanum, dragnótina, eyða ekki lífi á svo stóru hafsvæði sem Faxaflóinn er. Hugsið ykkur betur um áður en þið farið að fara enn einu sinni með þessar svokölluðu röksemdir upp í ræðustól á hinu háa Alþingi.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Hv. 4. þm. Suðurl. hefur talað. Ég held að hann hafi sannfært okkur um að hann sé sennilega eini þm. hér sem hægt er að kalla að sé í einhverjum sértrúarflokki, ef á að taka ræðu hans alvarlega eða a. m. k. hluta af máli hans hér úr ræðustól. Hann talar um ofbeldi og aftur ofbeldi ef menn vilja hafa sérstaka skoðun á einhverju máli hér í hv. deildinni. Ég fer að halda að það sé ákaflega erfitt að mynda sér

sérskoðanir um mál ef menn eiga von á því að verða fyrir aðkasti slíkra manna hér í ræðustól í hv. deild. Ég vil a. m. k. frábiðja mér slíkt. Ég tel að nauðsynlegt sé að ræða það mál, sem hér er á dagskrá, málefnalega eins og önnur mál og það sé ekki nema eðlilegt að menn hafi þar skiptar skoðanir. Við búum við málfrelsi hér á landi, hv. þm.

Ég skal ekki gera lítið úr þekkingu hv. þm. á sjávarútvegsmálum eða veiðimálum almennt. En ég vil minna hann á að fleiri hafa alist upp við sjóinn og kunna skil á þessum málum en hann. Það ætla ég að láta hann vita. Það hafa fleiri verið á sjó en hv. 4. þm. Suðurl.

Ég skal ekki tefja þd. á löngu máli um þetta frv. sem hér er til umr. Mér þóttu ákaflega furðulegir úrskurðir hæstv. forseta um ósk um frestun málsins, sem hér komu fram í sambandi við umr. um málið. Ég ætla þó ekki að ræða það meira.

Ég vil aðeins rifja upp örfáar staðreyndir í þessu máli. Í fyrsta lagi væri ekkert að því, að hv. þm. kynntu sér sögu dragnótaveiða í Faxaflóa og kynntu sér afleiðingar þess, sem urðu á árunum frá 1960—1970, þegar sú ákvörðun var tekin hér á hv. Alþingi að banna dragnótaveiðar. Þá var orðin alger ördeyða í Faxaflóa. Við skulum fyllilega viðurkenna að dragnótarveiðarfærin í dag eru allt önnur en þau voru á þessu tímabili. Við skulum líka viðurkenna að á þessu árabili var ekkert eftirlit eða a. m. k. ekki miklar takmarkanir á því, hvers konar fiskur kom í þetta veiðarfæri. Ég dreg í efa að hægt sé að takmarka veiðar, ef leyfðar verða, að það sé hægt að skylda sjómenn hér í Faxaflóa á einhverjum bátum til að toga nákvæmlega á einhverjum bletti allan þann tíma sem þeir eru á sjó. Það er rökleysa.

Þegar þetta mál var til umr. í Ed. Alþingis fyrir nokkrum árum, 1978—1979, voru menn sammála um að eðlilegt væri að breyta til og leyfa tilraunaveiði í Faxaflóa undir sérstöku eftirliti. Ég vil minna á að þetta leyfi var skilyrt frá Alþingi. Það var skilyrt þannig að þessar veiðar yrðu takmarkaðar, þetta yrðu tilraunaveiðar takmarkaðar með þessu veiðarfæri og það væri miðað við 170 mm möskvastærð. Það var neglt niður að möskvastærðin mætti ekki vera undir 170 mm. Það, sem síðar skeður, er óskiljanlegt. Það er alger lögleysa, ef við eigum að miða við að farið sé eftir því sem Alþingi ákveður, að minnka möskvann niður í 155 mm eins og gert var. Þannig hafa þessar veiðar farið fram síðan þessi heimild var gefin út með leyfi Alþingis. Ég vil einnig minna á það hér, að á fundi, sem ég var á og þar sem fiskifræðingar voru, viðurkenndi Aðalsteinn Sigurðsson, sem hefur aðallega staðið fyrir þessum tilraunum, að það hefði e. t. v. ekki verið rétt að framkvæma þessa tilraunaveiði með 155 mm möskva því að það hefði ekki verið til þess lögleg heimild.

Ég segi það alveg eins og er, að ég get vel fellt mig við að þessi tilraunaveiði haldi áfram þar sem það er staðreynd að hægt er í gegnum þessa tilraunaveiði, sem er undir mjög ströngu eftirliti, að ná því magni sem fiskifræðingar telja hámark að taka úr Faxaflóa, þ. e. 1000—1500 tonn af skarkola. Á s. l. ári urðu þessar veiðar rúmlega 1100 tonn. Ég get vel fellt mig við það. En ég tel að það sé vafasamt að gefa þessar veiðar frjálsar þegar það er tekið fram að ekki má veiða meira magn en 1000—1500 tonn af skarkola á þessu svæði.

Menn hafa talað um að nauðsynlegt væri að leyfa þessar veiðar vegna þess að þessi fiskstofn væri vannýttur. Ég get fallist á það. Það hefur verið talað um að eðlilegt væri að leyfa veiðar á 10000 tonnum af skarkola hér við land. Hví er það ekki gert? Það eru víðs vegar kringum landið opin veiðisvæði til skarkolaveiða. Eru það talin mjög góð mið og hafa þá sérstöðu að ekki er talið að veiðar á þessum svæðum skemmi uppeldi annarra nytjafiska við landið. Af hverju er þá ekki veitt þar? Ég skal segja hv. 4. þm. Suðurl. hvers vegna það er ekki gert. Það er vegna þess að það er enginn áhugi á auknum markaði fyrir þessa vöru. Fiskvinnslustöðvarnar á þessu svæði og fisksölusamböndin í landinu, bæði Sambandið og Sölumiðstöðin, kæra sig ekkert um aukningu á þessum veiðum. Ég get sagt og sannað sögur af því, að bátar á miðum við Breiðafjörð, sem hafa dragnótarleyfi, mega ekki koma með skarkola að landi nema í mjög takmörkuðu magni vegna þess að það eru ekki viðunandi markaðsmöguleikar fyrir vöruna. Þetta er stórt atriði. Á þessum svæðum er hægt að veiða mörgum sinnum meira magn en á Faxaflóasvæðinu, sem hefur algera sérstöðu í þessu máli. Það væri hægt að tala um svæði út af Vestfjörðum og út af Patreksfirði og það væri hægt að tala um svæði á Skjálfandaflóa og víðar sem eru viðurkennd skarkolasvæði. Þetta er staðreynd sem ég held að við þurfum að átta okkur á. Það kom fram í umr. um þetta mál í Ed. á sínum tíma, þegar þessi tilraunaveiði var leyfð, að það yrði að fara saman markaðshagnýting á þessari fisktegund um leið og veiði væri aukin. Á því hefur orðið misbrestur. Ég get endurtekið hér það sem ég hef sagt áður, að heilfrystur koli er það lágt verðlagður að það borgar sig ekki að veiða hann og það borgar sig ekki að verka hann. Mörg frystihús hér á landi hafa orðið að grípa til þess óyndisúrræðis að kasta þessu hráefni, þ. e. heilfrystum skarkola, úr frystiklefa beint í gúanó. Um þetta eru staðreyndir í mörgum verstöðvum hér á landi.

Ég vil endurtaka það sem ég sagði áðan, að ég get vel fellt mig við tilraunaveiði áfram á vegum Hafrannsóknastofnunar, en sú veiði hér í Faxaflóa verður að vera með þeim skilyrðum sem Alþingi setti á sínum tíma: 170 mm möskva.

Ég hjó eftir því áðan, að hv. 4. þm. Suðurl. var að tala um veiði togaraflotans á smáfiski, smáfiskveiði. Ég geri ráð fyrir að hv. alþm. viti að möskvastærð í vörpu togaranna er 155 mm. Því hefur verið haldið fram í umræðum um dragnótina að það væri engin hætta. Möskvinn væri svo stór að smáfiskurinn synti í gegn. Hann yrði ekki drepinn í þessum vörpum. Hvers vegna er þá verið að loka hverju veiðisvæðinu á fætur öðru hjá togurunum allt í kringum landið vegna þess að þeir eru að drepa smáfisk í 155 mm möskvastærð? Ég get viðurkennt að hraði í togi togaranna er meiri en hjá dragnótabát. En alla vega afsannar þetta þá kenningu, að möskvi í nót, hverju nafni sem hún nefnist, sé alltaf í réttri stöðu þegar togað er á botni. Þetta er rangtúlkun. Auðvitað tekur þetta veiðarfæri eins og önnur smáfisk í vörpuna ef það fer yfir svæði þar sem smáfiskur er.

Ég skal ekki, eins og ég lofaði að gera, halda langa ræðu þó það væri ástæða til þess. Ég er með ótal skjöl frá hagsmunaaðilum við flóann, frá bæjarstjórninni á Akranesi, frá ótal aðilum sem gera út smábáta kringum Faxaflóa, sem sýna hvað þetta er raunverulega mikið alvörumál. Ég ætla ekki að eyða tíma í það hér, en ég vil aðeins minna á að mér þótti það furðulegt í umræðunum á Alþingi í gær þegar hv. 1. landsk. þm. var að setja ofan í við hæstv. dómsmrh. vegna þess að hann væri að hugsa um sitt kjördæmi. Það var eins og það væri orðinn allt

annar landshluti. Ég hefði þó haldið að Faxaflói væri að stórum hluta út af Vesturlandskjördæmi. Það hefur eitthvað skolast til í höfðinu á hv. 1. landsk. þm.

Ég vil að lokum segja það, að ég tel ástæðu til að viðurkenna vissar staðreyndir í sambandi við Faxaflóa. Ég tel ástæðu til að virða þær staðreyndir, að friðun Faxaflóa fyrir þessi veiðarfæri á sínum tíma, 1970, hefur sannað gildi sitt og hefur sannað það áþreifanlega að eftir að þessar veiðar voru bannaðar hefur aukin fiskgengd og uppeldi fisks í Faxaflóa orðið staðreynd. Þess vegna tel ég að það sé ástæðulaust að samþ. þetta frv. Hægt er að veiða þessa ágætu fisktegund, skarkolann, víðs vegar kringum landið með bættu skipulagi, og ef viðkomandi sölusamtök hafa áhuga eða fiskvinnslustöðvar er hægt að veiða það magn, sem fiskifræðingar telja hámarksveiðimagn, þ. e. allt að 10000 tonnum, á öðrum svæðum þar sem ekki er hætta á röskun á uppeldi annarra nytjafiska. Þess vegna er ég mótfallinn þessu frv. um leið og ég segi það sem staðreynd að frv. er mjög gallað. Ég er t. d. ekki sannfærður um að það sé eðlilegt að Hafrannsóknastofnunin skuli segja til um hverjir fái leyfi til veiða á vissum hafsvæðum.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Hér virðist um mikið hitamál að ræða, og er samt ekki oft og tíðum fyrir þá, sem stunda þennan atvinnuveg, um mikinn hita að ræða. Aldrei hefur a. m. k. þeim, sem nú talar, verið kaldara til sjós en við dragnótaveiðar í Faxaflóa.

Það er auðvitað út af fyrir sig alveg rétt hjá hv. síðasta ræðumanni, sem reyndi meginhluta ræðu sinnar að tala efnislega um málið þótt öðru hvoru gluggaðist svolítið til í hans kolli líka, að menn eiga að kynna sér sögu dragnótaveiða í Faxaflóa. Við, sem höfum alist upp frá því við vorum drengir við fiskveiðar í Faxaflóanum, þekkjum náttúrlega nokkuð til þeirra. Sjálfur geri ég það og reyndar nokkuð inn á áhrifasvæði þess kjördæmis sem þessi hv. þm. kemur frá. En hafsvæðið, sem þeir virðast bera fyrir brjósti, er orðið allvíðtækt. Það er enginn vafi á að þessi skipulagða tilraun þm. í Vesturlandskjördæmi til þess að málið dagi hér uppi er sjálfsagt ekki til þess að málið tefjist um alla eilífð, heldur kannske fyrst og fremst til þess að kolinn nái meiri þroska og það líði að þeim tíma ársins að hann gangi fyrir Jökul og kannske að hafnarmynninu í Ólafsvík og Stykkishólmi. Má þá vera að hinir persónulegu hagsmunir þeirra hv. þm. úr þessu kjördæmi séu komnir í ljós.

En um leið og við kynnum okkur sögu dragnótaveiða í Faxaflóa er auðvitað ekki nóg að segja slíkt. Við skulum þá um leið rekja okkar eigin fiskveiðisögu alla. Hvað segir hún okkur? Hvað höfum við verið að gera á undanförnum árum? Hvernig hefur staðan verið hjá okkur í þorskveiðunum? Ofveiddur stofn. Hvernig var saga okkar í sambandi við síldveiðarnar? Við eyddum síldarstofninum við Ísland. Hvernig er komið loðnustofninum? Við erum búin að veiða allt of mikið úr honum. Hvernig hefur það verið á staðbundnu svæði með humar og rækju? Hvernig var það með skelina við heimadyr þeirra í Vesturlandskjördæmi, sem hafa fengið einkarétt til nýtingar hennar vegna þess að það var ofveiði þar? Er ekki sama sagan hvert sem við Íslendingar lítum og hvaða veiðarfæri sem við tölum um og hefur verið notað? Ef við ofveiðum með veiðarfærinu erum við að stefna í hættu. Þetta er meginstaðreyndin. Við skulum líka slá því föstu, það er alveg sama hvort það heitir dragnót eða hvort það heitir handfæri, að þessi veiðarfæri eru hættuleg fyrir fiskinn. Ég minnist þess hér um árið þegar 15 trillubátakarlar á Akranesi fengu því ráðið og ráða því enn hvernig Faxaflóinn er nýttur fyrir þær tugþúsundir manna sem búa við Faxaflóann. Þegar búið var að banna dragnótina komu trillur þaðan og seldu handfærafisk hér við bryggjurnar í vesturhöfninni. Það var fiskur sem núna væri algjörlega bannað að koma með að landi. En hann var drepinn á handfæri. Það var talið sjálfsagt bara af því það var ekki dragnót. Þetta gerðu þeir í Hafnarfirði líka.

Nei, við skulum ekki loka augunum fyrir því, að öll veiðarfæri eru hættuleg. Þau eru hættuleg ef þeim er misbeitt og ef þau eru misnotuð og ef það er gengið of nálægt stofninum. Það er það sem við höfum lært frá því við settum lögin um dragnótaveiðarnar 1960, og reyndar ekki aðeins um dragnótina, heldur um öll okkar veiðarfæri, að umgangast stofnana með þeim veiðarfærum sem við höfum til umráða á þann veg að þeir ekki aðeins haldi sér við, heldur aukist og eflist og stofninn stækki.

Ég hef vissulega oft gagnrýnt fiskifræðinga okkar og vil ekki taka að fullu leyti tillit til þeirra alltaf. Ég get hins vegar ómögulega staðið frammi fyrir því að segja: Það er allt tóm vitleysa sem þið segið, ég vil ekki hlusta á ykkur. — Mér kemur það ekki til hugar. Og guði sé lof að þeir hafa ekki alltaf haft rétt fyrir sér. En ég álít og ég veit að við þm. getum verið sammála um að okkur ber að fylgja ráðum þeirra að svo miklu leyti sem við mögulega getum *og efnahagslíf þjóðarinnar leyfir. Ég held að við eigum* nokkuð að fara eftir því sem þeir segja okkur um þennan stofn og aðra. Í þessu frv. hæstv. sjútvrh., Steingríms Hermannssonar, er lagt til að leyfa þessar veiðar mjög takmarkaðar. Þær eru bundnar við skarkola og það er Hafrannsóknastofnunin sem á að hafa algjörlega með að gera þær tillögur, sem fram eru lagðar, og skipulag þeirra. Ég held að enginn vísindamaður á meðal þjóðarinnar í dag hafi getað sýnt fram á vísindalegar niðurstöður úr sínu starfi á jafnjákvæðan hátt og Aðalsteinn Sigurðsson gerir, starfsmaður Hafrannsóknastofnunarinnar. Auðvitað hefðu þau tvö sérrit úr Ægi, sem við þm. fengum í hendur frá honum, átt að vera skyldulesning bæði fyrir þá, sem fylgja dragnótaveiðum við Faxaflóa, og þá, sem eru á móti þeim. Við skulum hafa það í huga líka, að vegna hins frábæra árangurs, sem náðist með 170 mm dragnót, mælti Hafrannsóknastofnun með að fara neðar og reyna með 155 mm. Við sjáum á þeim línuritum, sem þar koma fram, og súluritum að í öllum spám og því, sem þeir sögðu fyrir, er fylgni svo mikil að næsta ótrúlegt er.

Það kemur líka fram í þessum rannsóknum og niðurstöðum þessa vísindamanns og stofnunarinnar raunar í heild, þeirra manna sem að þessu störfuðu þar, að í fyrsta lagi er ekki nema mjög takmarkaður hluti Faxaflóans sem leyfir að það sé veitt þar með slíku veiðarfæri. Í öðru lagi er enn stærri hluti flóans algjörlega friðaður fyrir þessu veiðarfæri. Þannig er orðið afskaplega lítið það svæði sem hægt er að veiða á og má veiða á með dragnót í Faxaflóa. Auk þess eiga að vera þær takmarkanir á, bæði um aflamagn og stærð möskva, en það á að fylgja því sem Hafrannsóknastofnun segir, og það á líka að takmarka fjölda báta og veiðitíma. Hér er því auðvitað verið að nýta verðmæti sem þarna eru í hafinu.

Þá komum við að þeim hluta úr ræðu hv. síðasta ræðumanns sem ég vildi aðeins fara nokkrum orðum um.

Hann benti réttilega á það, og það mun vera staðreynd, að víða umhverfis land hefur veiðst koli sem ekki nýtist. En af hverju nýtist hann ekki? Jú, það er af því að hann er heilfrystur, vegna þess að þar eru ekki til þau nútímatæki sem hafa verið tekin í notkun hér við Faxaflóa, sem leyfa og skylda okkur til að nýta þennan stofn þjóðinni til blessunar, leyfi ég mér að segja. Það eru að sjálfsögðu kolaflökunarvélarnar, sem hafa verið teknar í notkun á síðustu árum, bæði í Keflavík og svo nú í Reykjavík á síðasta ári, sem nýta kolann þannig að þetta er hinn besti söluvarningur á öllum mörkuðum heims og fá færri en vilja. Mín vegna geta menn haldið áfram að henda á hauga þessum dýrmæta afla bæði í Ólafsvík og annars staðar ef þeir vilja. En lofið þið okkur hér í Reykjavík að nýta og selja þessa vöru. Lofið okkur að koma með þennan afla að landi. Við búum við atvinnuleysi og höfum ekki nægan afla. Lofið okkur að nýta hann á næsta sumri fyrir 70—120 konur og unglinga sem annars munu ganga atvinnulaus í Reykjavík meðan þið getið hent þessu á hauga. Við getum selt aflann. Við getum nýtt hann. Við þurfum ekki að bíða eftir því að fá vélarnar gefins frá Framkvæmdastofnun eða Byggðasjóði. Við skulum sjá um að kaupa þær sjálfir og vinna þennan afla og koma honum frá okkur.

Nei, koli er ekki verðlaus, þótt heilfrystur koli sé verðlaus eins og hv. ræðumaður sagði. Það er sama hvar komið er á veitingastaði í Vestur-Evrópu. Auðvitað er koli einn besti og dýrasti fiskréttur sem hægt er að fá. Það þekkja þeir sem fara til annarra landa og hafa ekki nestispakka með sér.

Það er auðvitað hárrétt hjá hv. ræðumanni og við skulum ekki loka augunum fyrir því, enda er ég margbúinn að undirstrika það, að öll veiðarfæri, sama hvað þau heita, geta valdið skaða og valda skaða. Þess vegna ber að fylgjast með að þau séu ekki misnotuð. Það er líka rétt hjá honum, að auðvitað getum við ekki fullyrt að möskvi sé alltaf réttur í sjónum þó að það sé hins vegar list þeirrar framleiðslu að geta búið svo um hnútana að hægt sé að draga veiðarfæri á þann veg. Fyrir vélvana skip með veiðarfæri af þeirri stærð, sem nú er algeng, væri nánast útilokað að hafa þau í togi ef þau væru ekki opin til þess að hleypa í gegnum sig ekki aðeins smáfiski, heldur sjónum sem þarf að komast þar í gegn. En það mun auðvitað alltaf verða og er í öllum veiðarfærum að eitthvað af smáfiski lætur líf sitt. Það er ekki hægt að komast hjá því. En það er um að gera að það sé sem minnst.

Þó að ég hafi sett ofan í við hæstv. dómsmrh. er það svo sem engin nýlunda. Ég hef gert það áður. Allt frá því að hann hljóp úr þingflokki Sjálfstfl. hef ég gert það á einn og annan hátt. En hins vegar höfum við alltaf getað rætt saman efnislega um mál, þ. á m. um þetta mál. Síðast þegar við ræddum um þetta mál, ég man ekki hvort það var hér í hv. deild eða í þingflokki Sjálfstfl., það eru nokkur misseri síðan, sagði hann, eins og ég vissi að hann hafði lund til því maðurinn er drengskaparmaður: Ef þetta eru miklir hagsmunir og það eru miklir hagsmunir í húfi fyrir ykkur á höfuðborgarsvæðinu, þá er auðvitað sjálfsagt að hlusta á rök ykkar og verða við óskum ykkar ef það skaðar ekki aðra. — Þá hlýtur auðvitað spurningin að vera sú: Erum við að skaða hagsmuni annarra? Erum við að hafa hagsmuni af öðrum með því að koma með þennan afla að landi hér í Reykjavík — eða eru einhverjar duldar óskir einhverra manna um að ganga endanlega frá Reykjavíkurborg sem útgerðarstað? Er það það sem er að baki? Skýtur þarna upp þessu gamla hatri sumra manna á höfuðborginni og höfuðborgarsvæðinu og allri atvinnustarfsemi sem þar er, nema ef það er þeim til blessunar að þar sé heildverslun og þjónustustarfsemi? Við skulum ekki gleyma því, að Reykjavíkurborg hefur verið og er einn stærsti útgerðarstaður landsins og mun vonandi verða það um ókomna tíð. Útgerðarmenn í Reykjavík og líka fiskverkendur og sjómenn hafa verið oft og tíðum, svo ég segi ekki meira, í fararbroddi í fiskveiðum.

Það er líka rétt, sem hv. þm. sagði, að að sjálfsögðu er ekki hægt að skikka sjómenn til að veiða á ákveðnum svæðum, ákveðnum blettum. Alla vega verður enginn sjómaður, sem veiðir með dragnót eða botnvörpu, skikkaður til þess að veiða uppi á hraunum. Hins vegar geta þeir gert það sem nú virðast hafa mest áhrif hér í Reykjavík um það, hvernig eigi að nýta Faxaflóann. Ég þekki nokkuð til þess. Ég hef í huga menn sem hafa komið alveg froðufellandi til mín vegna þess að þeir vita að ég vil nýta þetta öllum almenningi til hagsbóta, þeim sem vinna við þetta, sama hvort um er að ræða sjómanninn, verkamanninn, verkakonuna eða manninn sem á frystihúsið sem þarf á hráefninu að halda. Ég vil nýta það þeim til góða. Ég vil láta það afskiptalaust þó að iðnrekendur, stórkaupmenn og gúmmíinnflytjendur eigi sínar lystisnekkjur og fari á handfæraveiðar um helgar, mér er alveg sama og er gott ef þeir geta veitt sér það og hafa gagn og gaman af, en að þeir eigi að ráða fiskveiðistefnu í Faxaflóa, því mótmæli ég alfarið.

Ég sé enga ástæðu til að fara að ræða frekar um þennan furðulega aðdraganda að því að forseti hv. deildar þurfi að úrskurða um að mál fái umræðu, 2. umr. í fyrri deild, eftir að það er búið að vera á dagskrá allan þann tíma sem það er búið að vera, og að nota það sem einhverja afsökun þó að flm. frv., sem búinn er að skila málinu frá sér með öllum þeim rökum sem honum eru haldbær þegar málið er flutt, bæði í skriflegri grg. og í framsöguræðu, sé ekki viðstaddur. Þegar hann hefur skilað því til þd. til umr. og þd. síðan sendir það til n., þar sem væntanlega eru saman komnir þeir menn sem deildin þangað hefur valið sem eitthvert vit hafa á málinu, og þegar þeir eru búnir að fjalla um það og skila því frá sér, er reynt að stöðva umr. af því að flm., sem í þessu tilfelli er einn af hæstv. ráðh., þarf að gegna embættisstörfum utanlands. Þetta er auðvitað hlægilegt og út í hött að menn skuli, þ. á m. einn af hæstv. ráðh. í ríkisstj., koma með slíkan fyrirslátt. Það var auðvitað það sem ég var að finna að við hæstv. ráðh., en ekki annað, nema hvað það er ansi mikið tittlingatog stundum hjá þm. þessa kjördæmis og stundum þannig að það virðist vera á kostnað annarra kjördæma. Það er kannske mannlegt, en ekki er mikil reisn yfir því.

Dæmi vil ég taka um þær þversagnir sem geta komið fram í sambandi við umr. um þetta mál. Ég er búinn að hlusta á margt og tala við marga og venjulega er það þannig, að fleiri eru á móti málinu en með því í umræðum manna á meðal, einfaldlega vegna þess að það eru ekki nema örfáir menn sem setja sig inn í málið. En við skulum taka sem dæmi, að samkv. frétt í Morgunblaðinu 25. apríl s. l. er þorskafli farinn að glæðast hjá Reykjavíkurbátum og reyndar ekki aðeins hjá þeim, heldur með allri suðurströndinni og austur úr, en það koma bátar hér að landi, litlir bátar, sem eru með mikinn þorskafla.

Blaðamaður hefur viðtal við skipstjóra tveggja þeirra. Annar þeirra, sem kom inn annan daginn í röð með sex tonn, sagði, með leyfi forseta, það væri mesta glapræði að leyfa snurvoðina aftur. Það er allt í lagi með að veiða kolann, sagði hann, en snurvoðin eyðileggur botninn. Það er klárt mál. — Og svo heldur hann áfram: Fiskifræðingarnir virðast ekki gera sér grein fyrir því. Það yrði kolfellt af sjómönnum hérna, ef þeir hefðu eitthvað um það að segja, hvort það ætti að leyfa snurvoðina aftur, sagði hann. — Það er talað við annan, sem ég þekki persónulega og er mikill aflamaður, og hann kom líka inn með 15—16 tonn af þorski á dag þessa dagana. Hann var spurður líka þessarar spurningar sem blaðamaður spurði um dragnótina. Og hvað segir hann? Hann segir, með leyfi forseta: Nei, blessaður vertu, dragnótin, hún skemmir ekkert. Það er bara þjóðsaga. Ég er sammála fiskifræðingunum þar, sagði þessi skipstjóri. — Þarna er talað við menn sem eru að koma að landi, skipstjóra á fiskibátum hér í Reykjavík sem eru að koma að landi sama daginn, og þá á blaðamaður tal við þá. Þetta segir auðvitað nokkra sögu um þetta mál.

Við skulum taka enn annað. Það er talað um að dragnótin skemmi botninn. Í hverju er það fólgið? Jú, hún á að róta upp sandi. En langstærsta námuvinnsla landsins er á mesta veiðisvæði við Faxaflóa, og þar á ég að sjálfsögðu við skeljasandsvinnsluna á Akranesi sem er nú að aukast. Ef vel ætti að vera og við ættum að vera sjálfum okkur samkvæmir ættum við að banna þessa skeljavinnslu við Faxaflóa. En hvað skeður svo til viðbótar? Hví í ósköpunum leggja ekki menn fram frv. um að banna vestan- og suðvestanáttina og hamfarabrim? Vita menn hvernig flóinn er þegar brimar yfir öll hraun og brýtur hér upp undir byggð hjá okkur í Reykjavík og Hafnarfirði? Hafið þið nokkurn tíma verið úti á sjó í slíku veðri hérna? Hafið þið veitt því athygli, — ég veit að þið, sem hafið verið til sjós, hafið veitt því athygli, — að það er stundum hægt að stinga í sandhrúgur á þilfari skipa eftir slík veður — þeirra sem leyfa sér og verða kannske að halda sjó hér úti í Faxaflóa? Halda menn virkilega að botninn fari ekki á hreyfingu þegar það brýtur svo að það eru margra metra há brot sem brotna niður á nokkurra metra botn? Það er algerlega út í hött að koma með svona rök. Ég leyfi mér að fullyrða það. Og ég leyfi mér að fullyrða það líka, sem fiskifræðingar margir hafa haldið fram, að hreyfing á botninum sé af hinu góða, enda hefur margsannast, þar sem hefur verið farið með togveiðarfæri yfir botn sem hefur ekki verið nýttur um langan tíma, að þangað hefur og einmitt á þær slóðir þyrpst fiskur þannig að færaskip hafa veitt einmitt mikið á þeim svæðum á eftir. Þetta þekkist líka.

Annars ætla ég ekki og er ekki til þess kominn hér að fullyrða eitt eða neitt. Ég leyfi mér þó að fullyrða að það, sem er gert með flutningi þessa frv., er af hinu góða og ég er sannfærður um að hæstv. ráðh. hefði ekki flutt þetta ef hann hefði ekki verið sannfærður um að það, sem hann væri að gera, væri rétt.

Það kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, að það mætti kannske halda áfram á sama hátt og verið hefur og leyfa takmarkaðar veiðar undir vísindalegu eftirliti. Ég dreg það mjög í efa, en vera má að hæstv. dómsmrh. geti skorið úr sem lögfróður maður. Er hægt að leyfa slíkt ef við erum búnir að fella frv. hér á hv. Alþingi sem er nákvæmlega eins að orðalagi og efnishljóðan og sú undanþáguheimild sem þar er? Ég mundi a. m. k., ef ég væri ráðh., draga mjög í efa að slíkt væri leyfilegt. En það virðist enginn hafa hugsað til þess, að til að koma þarna á móti sjónarmiðum manna er auðvitað til lausn. Sú lausn er afskaplega einföld. Það er að við látum frv. ná fram að ganga, en höfum ákvæði til bráðabirgða í þessu frv. til að setja skorður við ofveiði, — setjum inn í það strax í fyrri deild ákvæði til bráðabirgða til þess að koma á móti, — aðvörunum og skynsamlegum ábendingum þeirra sem vilja vara við í fiskveiðimálum. Við erum búnir að sjá allt of mikið á undanförnum árum til þess að ég ætli mér að standa þar í vegi. Við getum vel hér á Alþingi, ef við afgreiðum þetta frv., sett ákvæði til bráðabirgða, t. d. til þriggja ára, sem takmarka fjölda þessara báta, þannig að það fari aldrei úr höndum Alþingis og það sé þá kannað við hver áramót eða þegar upp er staðið að loknu veiðitímabili hver sé niðurstaðan úr þessum veiðum. Við gætum þá aðeins fært okkur upp á við og fjölgað bátunum, t. d. upp í átta eða níu, sem fengju leyfi til að vera að veiðum í einu. Það þýðir auðvitað að það gætu kannske komist nokkru fleiri að yfir allt sumarið. En það er enginn vafi á því, og það hefur verið gagnrýnisatriði hjá sumum, veit ég, að það er ekki hægt að verða við óskum allra. Það er aldrei hægt fyrr en við erum búnir að taka upp skömmtun á því sem takmarkað er. Það geta ekki allir fengið jafnt þar út. En ég held að viðráðanlegt væri að hafa framkvæmdina svona, og ég væri reiðubúinn til, ef menn teldu komið á móti skoðunum sínum með því, að gerast meðflm. að slíku ákvæði til bráðabirgða sem mundi þá að nokkru friða þá sem bera ótta í brjósti við þetta veiðarfæri. Sjálfsagt er að varast það, eins og öll önnur veiðarfæri sem eru notuð á fiskveiðiskipum okkar. En við verðum hins vegar að nota þau helst sem flest og helst nýta alla þá stofna sem við getum nýtt. Skarkolastofninn er eini fiskstofninn sem við getum aukið sókn okkar í.

Jósef H. Þorgeirsson: Herra forseti. Það liggur við að hvarfli að manni að vekja athygli á því, herra forseti, hve það virðist næsta tilgangslaust að vera að ræða þetta mál hér því að hér eru aðeins einir sex þm. í salnum og auðvitað vantar flm. málsins og það vantar framsögumenn nál., það er hvorugur þeirra í salnum. Ég mælist nú til þess, herra forseti, að við hinkrum aðeins með framhaldið. (**Forseti:** Starfandi sjútvrh. er bundinn við viðtal við sjónvarpið eins og stendur, en hlýtur að vera væntanlegur á hverri stundu. Aðalsjútvrh. er tepptur úti í Englandi.) Herra forseti. Þetta, sem forsetinn sagði nú síðast, undirstrikar enn betur en þegar hefur fram komið í dag hversu tilgangslaust er í raun og veru að vera að ræða þetta mál. Flm. málsins er víðs fjarri, staðgöngumaður hans er víðs fjarri, varaþingmaður hans er víðs fjarri, einn af talsmönnum sjútvn., sem skilaði séráliti, er víðs fjarri. Allt þetta undirstrikar hversu óþingleg sú meðferð forseta var á því máli fyrr í dag að synja um frestun á þessum umr. Þrátt fyrir þetta vil ég halda áfram máli mínu og koma þá fyrst að þeim atriðum sem stundum hefur verið vikið að í þessum umr. og snerta sögu dragnótaveiða í Faxaflóa.

Því hefur verið haldið fram af hálfu meðmælenda dragnótaveiða í Faxaflóa að þeir, sem hafa beitt sér gegn dragnótaveiði í Faxaflóa, tali af lítilli þekkingu og tali jafnvel af misskilningi ef þeim eru ekki jafnvel ætlaðar enn lægri hvatir. Ég vil þess vegna fara yfir það í örfáum orðum hvernig veiðum hefur að þessu leyti verið háttað í

Faxaflóa á undanförnum áratugum.

Eins og kunnugt er var Faxaflóa lokað árið 1952 fyrir dragnótaveiðum og botnvörpuveiðum, en á því ári var svo komið að meira en 90% af þeirri ýsu, sem aflaðist í Faxaflóa, var þriggja ára eða yngri og þessi ýsa var að meðaltali, hver fiskur, aðeins 300 g og þaðan af minni. Eftir að lokunin 1952 átti sér stað fóru farsæl áhrif friðunar mjög fljótlega að segja til sín og þegar á árinu 1955 eru um 80% af ýsuaflanum í Faxaflóa orðin fimm, sex og sjö ára fiskur og 15% af ýsuaflanum var á því ári fjögurra ára fiskur. Að því er varðar meðalstærðina hafði orðið á sú breyting, að í stað þess, að á árinu 1952 veiddist eingöngu um 300 g ýsa, var meðalþungi ýsunnar árið 1955, sem veiddist í Faxaflóa, orðinn nær 2 kg eða allt að því sjö sinnum meiri en meðalþunginn var á árinu 1952.

Nú hefði margur haldið að þessi einföldu rök hefðu átt að nægja til þess að menn hefðu haldið áfram friðun Faxaflóa og ekki opnað hann aftur fyrir dragnótaveiði, en þetta fór á aðra lund. Það voru höfð uppi ósköp svipuð rök fyrir dragnótinni og nú eru höfð uppi um að þetta væri sárasaklaust veiðarfæri, um að það væri bráðnauðsynlegt að nýta skarkolann í Faxaflóa, þar yrði skarkolinn ellidauður og að það væri þrefelt lag af skarkola í Faxaflóa. Allur þessi rökstuðningur leiddi til þess, að á árinu 1960 voru dragnótaveiðar leyfðar aftur í Faxaflóa. Um það mál urðu á þeim tíma allveruleg átök, en niðurstaðan hér í þinginu varð samt sú, að dragnótaveiðar í Faxaflóa voru leyfðar. Og hver urðu svo áhrifin?

Að vísu fór dragnótaveiðin hægt af stað eftir 1960 og hin hagstæðu áhrif friðunar frá 1952 héldust til 1962, en þá urðu algjör þáttaskil, enda höfðu þá dragnótaveiðar aukist mjög verulega í Faxaflóa. Sem dæmi um það, hve þessar dragnótaveiðar voru miklar, skal þess getið, að á árinu 1960 voru heildarveiðar dragnótabátanna í Faxaflóa 4923 tonn, en tveimur árum síðar var aflamagnið komið upp í 10 539 tonn og nær þá hámarki. Síðan minnkar afli dragnótabátanna ár frá ári og 1966 var hann kominn niður í 6500 tonn og hann fór niður í 684 tonn á árinu 1968, m. ö. o.: sagan endurtók sig. Eftir að dragnótaveiðar voru leyfðar í Faxaflóa á árinu 1960 hrundi ýsustofninn sem hafði tekið ákaflega vel við sér eftir friðunina á árinu 1952.

Til frekari glöggvunar á því, með hvaða hætti þetta hrun í ýsuveiðunum varð eftir að dragnótaveiðar voru leyfðar í Faxaflóa á árinu 1960, skal þess getið, að á árinu 1962 eða haustvertíðinni á Akranesi á árinu 1962 var meðalýsuafli í róðri 3.7 tonn. Þessi ýsuafli minnkaði ár frá ári meðan dragnótaveiðar voru leyfðar í Faxaflóa eftir 1960 og var svo komið á haustvertíðinni á Akranesi á árinu 1970 að meðalýsuafli í hverjum róðri var aðeins 0.7 tonn á árinu 1970. A árinu 1970 var hins vegar aftur bannað að veiða með dragnót í Faxaflóa, og það var eins og við manninn mælt að fljótlega eftir það fór ýsuaflinn að aukast og hann hefur nær látlaust haldið áfram að aukast síðan. Það var svo komið á haustvertíð Akranesbáta á árinu 1980 að ýsuaflinn var í hverjum róðri kominn upp í liðlega 2 tonn. — Ég hygg að þetta séu meginrök þeirra manna sem halda því fram að það sé háskalegt að heimila dragnótaveiðar í Faxaflóa.

Það er staðreynd að Faxaflóinn er mikilsverð uppeldisstöð ungfiska og hann er einkar mikilvæg uppeldisstöð fyrir ýsustofninn í landinu. Það var um áratugaskeið skoðun Íslendinga, fiskifræðinga sem annarra, að brýna nauðsyn bæri til að friða Faxaflóa fyrir öllum botnveiðarfærum, og um margra áratuga skeið börðust menn fyrir því, að slík friðun kæmist á. Hún komst ekki á fyrr en á árinu 1952. Það voru í upphafi landhelgisdeilu okkar Íslendinga við Breta mikilvæg rök af okkar hálfu hve nauðsynlegt væri að útiloka allar togveiðar í Faxaflóa, og þeim rökum var óspart beitt af hálfu Íslendinga til að sanna ágæti þess málstaðar að Íslendingar þyrftu að færa út landhelgi sína m. a. til að geta hagað veiðum með tilliti til þess, hvað væri hagkvæmast og heppilegast fyrir uppeldisstöðvar nytjafiska í landinu. En það eru fleiri rök, sem mæla með því að banna dragnótaveiðar í Faxaflóa, en þau rök sem dregin verða af því, hvernig háttað er samspili þessara dragnótaveiða við þann afla sem berst á land í verstöðvum við Faxaflóa. Það er vitað og viðurkennt að á þeim árum, sem síldin var og hét hér við Suðvesturlandið, var algengt að veiðarfæri eins og dragnót kæmu upp loðin eftir að hafa farið í gegnum þau svæði þar sem síldin klakti út. Einnig er vitað að dragnót er ákaflega líkleg til að veiða lúðu, en lúða er einn af þeim fiskstofnum sem allir eru sammála um að sé nú um sinn ofveidd.

Rökin fyrir því, að ekki eigi að veiða með dragnót í Faxaflóa, eru því mörg og margvísleg, en þau byggja fyrst og fremst á þeirri reynslu sem fjölmargir sjómenn við Faxaflóa hafa öðlast við það að stunda veiðar frá verstöðvum við Faxaflóa um áratugaskeið. Það skýtur því verulega skökku við þegar ýmsir menn koma hér upp í ræðustól og halda því fram, að varnaðarorð þeirra, sem vilja friða Faxaflóann fyrir dragnótaveiði, séu tal manna sem tilheyri einhverjum trúarsöfnuði, þessi orð séu byggð á vanþekkingu og misskilningi. Jafnframt geta þessir ræðumenn þess, að það fari ekkert á milli mála að þeir einir viti hvaða veiðarfæri henti í Faxaflóa því að þeir hafi svo og svo lengi stundað sjó. En það vill nú svo til að fjölmargir sjómenn hafa látið frá sér heyra um þetta mál einmitt nú á þessu ári. Á lestrarsal Alþingis eru þykkir bunkar af símskeytum sem sjómenn við Faxaflóa hafa sent. Þessi símskeyti eiga sér það sammerkt að þau eru eindregin og ákveðin varnaðarorð gegn því að upp séu teknar dragnótaveiðar í Faxaflóa. Ég efast ekki um að ýmsir af þeim þm., sem tala fyrir dragnótaveiði úr þessum ræðustól, séu hinir ágætustu menn, þeir hugsi rökrétt og reynsla þeirra af sjómennsku sé mikil og góð. En ég verð jafnframt að láta í ljós þá skoðun, að það eru fleiri sjómenn sem hafa ágæta reynslu og langa reynslu í starfi. Mér er nær að halda að margir af þeim sjómönnum, sem hafa látið til sín heyra í símskeytum sem liggja hér á lestrarsal, séu allt að því eins rökvísir og hv. 5. þm. Suðurl. og hv. 1. landsk. þm. Jafnvel leyfi ég mér að ætla að sumir af þessum mönnum séu allt að því eins gáfaðir og þessir tveir ágætu menn og þess vegna sé full ástæða til að taka tillit til varnaðarorða sem starfandi sjómenn hafa látið frá sér fara.

Það hefur komið fram í þessum umr. að dragnót sé sárasaklaust veiðarfæri, henni sé eingöngu ætlað að veiða skarkola og það sé meira að segja ákveði í þessu frv. um að dragnótin eigi bara að veiða skarkolann. Nú efast ég ekkert um að rétt sé frá skýrt og hef reyndar lesið þetta sjálfur, en hins vegar kann vist dragnótin ekki að lesa og alls ekki fiskarnir sem synda í sjónum. Það vill nú svo til að oft og tíðum slæðist annar fiskur í þetta veiðarfæri og þó að það sé misjafnt eftir árstíma getur það á stundum orðið allverulegt magn sem læðist inn í dragnótina með skarkolanum. Ég hef hérna fyrir framan mig

skýrslu eða skrá um afla þriggja báta sem lönduðu á s. l. sumri í Keflavík, og ef við lítum á hvernig veiði þessara báta var saman sett í júlímánuði kemur í ljós að einn þessara báta, sem heitir Gullþór KE 85, veiddi 107.3 tonn í júlímánuði. Af þessum 107.3 tonnum voru 73.69 koli, en þorskur var 20.65. Annar þessara báta heitir Ólafur RE 49. Hann veiddi 74.9 tonn í júlímánuði, þar af var koli 53.26 tonn, en þorskur var 12.65 tonn. Þriðji báturinn heitir Baldur KE 97. Þessi bátur veiddi 88.96 tonn í júlímánuði. Af þessu magni voru 63.79 tonn koli, en 20.64 tonn þorskur. (Gripið fram í.) Það er gripið fram í og spurst fyrir um hvernig þetta hafi verið í ágúst. Það er rétt að þá minnkaði þorskurinn í aflamagni þessara báta verulega, en það breytir ekki þeirri staðreynd, að hættan á að annar fiskur en skarkoli fari í dragnótina er fyrir hendi og það fer svo eftir árstíma og fiskgengd hvaða fiskur fer í dragnótina.

Þetta held ég að sanni fyllilega að dragnótaveiðar í Faxaflóa eru, þó ekki sé sterkar að orði kveðið, stórhættulegar og þær eru líklegar til að spilla fyrir fiskgengd í Faxaflóa og þær spilla fyrir hagsmunum þeirra fjöldamörgu manna sem stunda útgerð á smáum bátum frá verstöðvum víðs vegar við Faxaflóann. (**Gripið fram í:** Hvaða verstöðvum?) Þannig var tekið til orða í einhverri ræðu hér áðan, að 15 trillukarlar af Akranesi hefðu fengið að ráða því hvort dragnótaveiðar væru stundaðar við Faxaflóa eða ekki. En hér eru miklu meiri hagsmunir í húfi en að tengja megi þá við 15 trillukarla á Akranesi þó að auðvitað séu þeirra hagsmunir mikils virði líka. Það vill þannig til að við Faxaflóa eru skráðir 283 opnir, smábátar eða svokallaðir B-bátar. Þessum bátum er haldið til fiskveiða frá verstöðvum víðs vegar við Faxaflóa og ég fæ ekki séð að það sé nein skynsemd fólgin í því, með hagsmuni allra þessara bátseigenda í húfi, að setja þá á vonarvöl fyrir hagsmuni 6—8 dragnótabáta. Ég efast ekki um að hagsmunir þeirra manna, sem gera út og eiga þessa 283 smábáta við Faxaflóa, séu miklu meira virði en hagsmunir þeirra, sem koma til með að gera út 6—8 dragnótabáta, eða hagsmunir þeirra, sem við þá kunna að vinna.

Því var haldið fram hér í ræðu áðan, að nauðsynlegt væri að leyfa dragnótaveiðar til að nýta þann vélakost sem hefur verið fenginn í tvö frystihús við Faxaflóa, svokallaðar kolaflökunarvélar. Þetta er ekkert sjónarmið. Kolaflökunarvél mun kosta eitthvað um 30 millj. gkr. Vitanlega eru þau fyrirtæki fjöldamörg, bæði hér við Faxaflóa og annars staðar á landinu, sem geta komið sér upp kolaflökunarvél ef á þarf að halda. Þess vegna er engin ástæða til að haga veiðum í Faxaflóa með tilliti til þess, hvort einhver við Faxaflóa á kolaflökunarvél eða ekki.

Frsm. meiri hl. sjútvn. lét þess getið í ræðu sinni fyrr í dag, að okkur bæri skylda til að stunda útgerð með sem hagkvæmustum hætti. Undir þessi orð hans get ég fyllilega tekið, en ég efast hins vegar um, og þykist hafa leitt að því nokkur rök í þessari ræðu, að það sé skynsamleg veiðiaðferð að stunda skarkolaveiðar í Faxaflóa. Ég held að það fari ekki á milli mála að reynsla undangenginna áratuga sanni það svo ekki verði um villst, að í hvert skipti sem skarkolaveiðar hafa verið leyfðar í Faxaflóa hefur mjög fljótlega eftir að sú ákvörðun var tekin dregið verulega úr fiskgengd í Faxaflóa. Það hefur á stundum legið við að kalla mætti Faxaflóann eyðimörk í stað þess að áður var hann oftast nær nefndur gullkista.

Valið að mínu viti í þessu máli stendur um hvort við eigum að leyfa veiðarfæri í Faxaflóa sem margendurtekin reynsla sannar að stórlega spillir flóanum sem veiðisvæði og dregur stórlega úr afla í Faxaflóa. Í mínum huga er þetta val ekkert erfitt. Ég álít að það eigi ekki að leyfa dragnótaveiðar í Faxaflóa og að þeir menn, sem fyrir því standa að leyfa að taka upp dragnótaveiðar í Faxaflóa, séu að taka á sig gífurlega ábyrgð gagnvart öllum þeim mikla fjölda manna sem hefur hagsmuni af því að stunda fiskveiðar í Faxaflóa, ekki aðeins yfir sumartímann, heldur allt árið um kring, og gegn hagsmunum þeirra manna sem atvinnu hafa af því að vinna við fiskvinnslu í verstöðvunum við Faxaflóa víðs vegar.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég hefði gjarnan óskað eftir því, að 1. landsk. þm. væri viðstaddur umr. (**Forseti:** Hv. 1. landsk. þm. virðist ekki vera lengur í húsinu, en ég skal sjá svo um að þegar 3. umr. fer fram verði hann viðstaddur þannig að hv. þm. megi nema nefi þá og þegar það verður.) Ég þakka hæstv. forseta. Ég hefði gjarnan viljað svara hv. 1. landsk. þm. nokkrum orðum, en fyrst hann er ekki hér viðstaddur mun ég fella niður nokkuð af því sem ég hefði við hann viljað segja.

Þó get ég ekki stillt mig um, fyrst ég er kominn hér í ræðustól, að benda á það, að ég tel að það sé ákaflega miður farið þegar hv. þm. leyfa sér að leiða umr. um slíkt mál sem hér er til umr. inn á það svið að fara að blanda inn í það því, sem í mörgum tilfellum er kallað hreppapólitík, og reyna að koma því að í umr. að menn beri í brjósti sérstaka óvináttu gagnvart Reykjavík. Mér finnst þetta fáránlegt. Ég mótmæli harðlega slíkum málflutningi og tel að það komi ekki til mála að slíkt sé viðhaft. Ég er að sjálfsögðu dreifbýlisþingmaður, en ég get sagt það hér að ég á flest mín börn búsett á Reykjavíkursvæðinu og ég ber hagsmuni Reykjavíkur fyrir brjósti. Hún er sameign okkar. Hún er höfuðborg okkar. Það er mín skoðun, að hagsmunir dreifbýlisins og þéttbýlisins, Reykjavíkur þar með, fari saman í öllum atriðum. Við erum ekki það stórt þjóðfélag og við alþm. höfum sannarlega þá skyldu og það hlutverk að stuðla að því að styrkja byggð um landið og auka samstarf byggðanna og skilning á hagsmunum dreifbýlis, þéttbýlis og að sjálfsögðu að efla höfuðborg okkar. Mér finnst að svona tal eins og kom fram hjá hv. 1. landsk. þm. beri keim af einhverri minnimáttarkennd gagnvart okkur þm. dreifbýlisins. Ég kann ekki við svona orðaskak hér á hv. Alþingi þegar er verið að ræða um mál sem snerta jafnvel þjóðina í heild.

Það er rétt að endurtaka það hér, að ég held að ekki eigi að fara milli mála að við viljum, flestir þm. vonandi, vernda fiskveiðilandhelgi okkar, byggja upp fiskstofna og tryggja framtíð veiða og þar með framtíð þessarar þjóðar. Reynsla veiða með dragnót í Faxaflóa hræðir. Þetta er ekkert óeðlilegt. Þetta eru staðreyndir sem okkur ber skylda til að taka tillit til. Þess vegna eigum við að flýta okkur hægt í svona málum. Það þarf að samræma veiðar og vinnslu. Hagnýting aflans með tilliti til besta markaðar er aðalatriðið.

Hvers vegna eiga aðeins að vera flökunarvélar fyrir skarkola, og markaðsáhugi fyrir hendi hjá sölusamtökum þessarar þjóðar á 1000—1500 tonnum af skarkola veiddum í Faxaflóa? Hvers vegna hafa sölusamtökin ekki áhuga á meiri framleiðslu á kolaflökum á öðrum svæðum eða — ja, eins og fiskifræðingar telja

hæfilegt, — 10 þús. tonna afla? Hvers vegna er þetta ekki? Hvers vegna vilja sölusamtök ekki hvetja frystihús sín til að kaupa kolaflökunarvélar sem tryggi þessa framleiðslu ef öruggur markaður er fyrir hendi og viðunandi markaðsverð? Þessar spurningar hafa verið settar fram áður, en ekki hafa komið svör við þeim. Ég veit hins vegar að sölusamtökin hafa ekki talið eðlilegt að hvetja frystihúsin til að setja upp kolaflökunarvélar miðað við þessa hagnýtingu. Þau hafa ekki talið það eðlilegt. Hvers vegna? Vegna þess að markaðurinn fyrir þessa vöru er ekki óþrjótandi. Það þýðir ekkert fyrir hv. 4. þm. Suðurl. að vera að hrista hausinn. Þetta er staðreynd.

Ég vil endurtaka, einmitt út frá því sem hv. 1. landsk. þm. sagði í dag í umr., að ég get samþykkt áframhaldandi tilraunaveiðar í Faxaflóa í þeim mæli, sem fiskifræðingar telja hæfilegt, eða að taka úr flóanum 1000—1500 tonn undir vísindalegu eftirliti — og ég vil bæta við: með þeirri möskvastærð sem Alþingi heimilaði til þeirra veiða, þ. e. 170 mm. Þar með er þessum tveimur fyrirtækjum, sem hafa keypt sér kolaflökunarvélar, tryggð sú vinnsla, sem þau virðast telja sig hafa markað fyrir, og um leið tryggð atvinna, sem hv. 1. landsk. þm. hafði áhyggjur af, fyrir það fólk sem hefur haft atvinnu af þessari vinnslu á s. l. ári. Þessi frystihús eru, eins og allir vita, Ísbjörninn í Reykjavík og Sjöstjarnan í Keflavík.

Í sambandi við þessar umr. tel ég rétt að vekja athygli á því, að það eru yfir 300 bátar af ýmsum stærðum, smábátar, hér á Faxaflóasvæðinu sem stunda aðrar veiðar en með dragnót. Þetta er staðreynd. Mér finnst ástæða til að minna menn á að gleyma þessu ekki. Bann við dragnótaveiði er þess vegna mjög mikið hagsmunamál fyrir fjölda fiskimanna á smærri bátum sem stunda veiðar hér í Faxaflóa, og eðlilega hræðir reynsla fyrri ára þessa menn þegar þeir eru að ræða um framtíðaratvinnu sína eða þá atvinnu sem þeir stunda í tengslum við þessar veiðar.

Hvað sem við ræðum lengi um þessi mál er ein staðreynd sem stendur upp úr. Hún er sú, og viðurkennd af fiskifræðingum þessarar þjóðar, að Faxaflóinn er mikilvæg uppeldisstöð fyrir nytjafiska. Þetta verður ekki hrakið, hvað sem menn vilja nefna þá menn sem vilja hafa vissa varúð í sambandi við sókn á þessu svæði.

Ég get bætt því við, að fyrir nokkrum árum tóku útvegsmenn og sjómenn sig til á Breiðafjarðarsvæðinu og friðuðu sjálfir innhluta Breiðafjarðar. Þeir friðuðu þetta svæði vegna þess að þeir voru sannfærðir um að þarna væri hrygningarsvæði, þarna væri uppeldisstöð. Hvað sögðu blessaðir fiskifræðingarnir okkar um þetta? Þeir sögðu að þetta væri kjánaskapur, það hrygndi enginn fiskur á þessu svæði, en nú viðurkenna þeir það sem sjómennirnir sögðu. Þeir viðurkenna að þetta hafi verið framsýni og heiðarleg tilraun og merkileg tilraun sjómannanna sjálfra og útvegsmannanna á þessu svæði til að taka þarna í taumana. Þetta er af því góða, svo ég noti orðtak hv. 9. þm. Reykv.

Ég ætla ekki að tefja þessar umr. Mér dettur það ekki í hug. Þetta er mál sem sjálfsagt er að þm. taki afstöðu til. En ég taldi það skyldu mína að flytja hér varnaðarorð í sambandi við þá ákvörðun sem hér er verið að taka, vegna þess að fortíðin ber með sér að það er fullkomlega réttlætanlegt, að varnaðarorð séu viðhöfð, og það er fullkomlega í samræmi við þá stefnu, sem við vonandi erum allir sammála um, að okkur ber að ganga varlega í fiskstofnana, okkur ber sú skylda að reyna að stuðla að því sameiginlega að efla fiskveiðar og framtíð fiskveiða í þessu landi. Og það eru ýmsar varnaðaraðgerðir sem við þurfum að gera í því sambandi, jafnvel þó það rekist á við hagsmuni einstakra aðila í landinu. Þess vegna segi ég að við eigum ekki að samþykkja þetta frv. sjútvrh. eins og það liggur hér fyrir. Það er ekki nægjanlega vel grundað og það stríðir gegn vissum staðreyndum sem við eigum að skoða vel.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Aðeins nokkur orð. Þetta mál er búið að hljóta hér allmikla umræðu og ég hygg að helstu rök með og móti hafi þegar komið fram og óþarfi sé því að vera að teygja mikið úr málum.

Ég vil þó leggja áherslu á að í grg. með þessu frv segir: „Ráðuneytið getur síðan bundið úthlutun leyfa þeim skilyrðum, sem þurfa þykir t. d. um leyfilegt hámark annars afla en skarkola. Veiðarnar yrðu undir ströngu eftirliti og gæti rn. fyrirvaralaust svipt leyfishafa leyfum brjóti þeir gegn ákvæðum leyfisbréfa, enn fremur stöðvað veiðar á ákveðnum svæðum eða allar veiðar, ef ástæða þætti til.“ Síðan er ítarlega rakið að þetta sé undir stjórn og eftirliti Hafrannsóknastofnunar. Fram hefur komið í mjög ítarlegri og góðri ræðu hv. 1. landsk. þm., Péturs Sigurðssonar, að þetta sé eingöngu heimilað í hluta Faxaflóa og það örlitlu broti af honum, en í 9/10 flóans eru þessar veiðar algjörlega bannaðar. Einnig hefur komið fram að ekki sé lögð á það áhersla af sölusamtökum að þessar skarkolaveiðar séu auknar. Það kom vel og skýrt fram hjá hv. 1. landsk. þm. að við stæðum frammi fyrir þeim vanda, að ýmsir fiskstofnar okkar væru í hámarksnýtingu eða jafnvel þar yfir. Álit fiskifræðinga er hins vegar að þessi fisktegund, skarkolinn, sé vannýtt. Umsögn þess fiskifræðings, sem hefur rannsakað þessi mál vísindalega í langan tíma, er sú, að það sé með öllu hættulaust og beri að leggja áherslu á að nýta þessa fisktegund betur, hún deyi sennilega úr elli í Faxaflóa.

Það hefur verið dregið í efa að sölusamtök leggi áherslu á að þessar veiðar séu efldar. Ég hef kynnt mér þetta hér á Reykjavíkursvæðinu. Eitt stærsta og vandaðasta frystihús í Reykjavík, Ísbjörninn, er með fullkomnar vélar af þessu tagi. Þar er útkoman sú, að þetta er sú vinnsla sem skilar langsamlega bestum arði. Arðurinn er bestur af þeirri fisktegund sem fiskifræðingar segja að sé vannýtt. Og hvernig er ástandið á Reykjavíkursvæði þegar við horfum til sumars? Ástandið er þannig vegna breytinga á verðlagi á hinum ýmsu fiskmörkuðum á þessari vertíð og verður örugglega fram eftir sumri að lögð hefur verið meiri áhersla á saltfisk og skreið en frystingu. Þetta þýðir að það er veruleg hætta á að það verði lítil vinna fyrir ungt fólk í sumar á Reykjavíkursvæðinu. Það veitir sennilega vinnu fyrir á annað hundrað manns á Reykjavíkursvæðinu í sumar ef þessi arðvænlega vinnsla fengi að eiga sér stað og það að ráðleggingu fiskifræðinga. Upplýsingar, sem ég hef aflað mér einnig, eru á þá leið, að fyrir utan að verðlag sé hærra á flökuðum skarkola en heilfrystum sé 15% tollur hjá Efnahagsbandalaginu á heilfrystum kola, en enginn á flökum. Þetta bætist við. Jafnframt eru þær upplýsingar að engin fisktegund standi jafnstutt við í fyrstihúsi vegna þess að markaðirnir gleypi samstundis við þessum fiski. Hætta er sem sé á að þröngt verði um vinnu, að vegna breyttra atvinnuhátta við fiskvinnslu verði þröngt á vinnumarkaði fyrir ungt fólk í Reykjavík og á Suður-

nesjum. Fiskverkendur þar hafa aftur á móti haft framsýni til að tryggja sér vélar til flökunar á kola.

Það er verið að álasa stjórnmálamönnum og ráðherrum fyrir að þeir fari ekki eftir ábendingum fiskifræðinga og þeir hundsi þær og það sé aldrei of varlega farið. Hver ráðh. á fætur öðrum hefur verið átalinn fyrir þetta. En nú er farið eftir meðmælum fiskifræðinga. Það má vel vera að Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna — ég veit ekki af hverju það er — ráðleggi ekki þeim á Snæfellsnesi eða einhvers staðar annars staðar að kaupa vélar til kolaflökunar. En eitt er víst, að þessi framleiðsla rennur út í þeim frystihúsum sem hafa tæki til vinnslunnar. Þetta er arðvænlegasta hráefnið sem unnið er í frystihúsum sem stendur og tryggir stórum hóp fólks atvinnu, sér í lagi skólafólks, sem ella mundi ekki hafa atvinnu.

Ég þarf ekki að endurtaka það, því að ég held það hafi komið ákaflega skýrt fram í ræðu hv. þm. Pétur Sigurðssonar áðan rökin fyrir þessu. Og ég sé enga ástæðu til að hundsa álit fiskifræðinga í þessum efnum eða gera lítið úr þeim varnöglum sem slegnir eru við misnotkun. Ég sé enga ástæðu til að meina frystihúsum að vinna skarkolann þar sem þetta er arðvænlegasta vinnslan. Og ég sé enga ástæðu til að koma á atvinnuleysi í Reykjavík þó svo að það sé hægt að vitna í eldri reynslu sem ekki hefur verið háð neitt svipað því jafnstífu eftirliti og vísindalegu og hér ætti að liggja fyrir að verður beitt. Sem þm. Reykv. styð ég þetta frv. af heilum hug og mun greiða því atkvæði.

Sigurgeir Sigurðsson: Herra forseti. Ég kem hér í ræðustól til að lýsa stuðningi mínum við þetta lagafrv. Þingmenn Reykjaneskjördæmis hafa ekki tekið þátt í þessari umr. hingað til og ég tel það miður. Þetta er atriði sem er mjög mikið hitamál í því kjördæmi og ég tel að kjósendur okkar eigi rétt á að vita okkar hug til málsins á þessu stigi.

Ástæðan fyrir því, að ég styð þetta mál, er einfaldlega sú, að ég hef undanfarin ár gert mér far um að kynna mér helstu rök málsins, bæði með og móti, og hef átt margar og mjög ítarlegar viðræður við þann fiskifræðing sem mest er við þessi mál bendlaður, Aðalstein Sigurðsson, og ég hef viljað gera og gert hans rök að mínum þegar ég hef rætt við mína kjósendur, bæði hér á innnesjum og eins á Suðurnesjum. Það skal þó skýrt tekið fram, að mjög margir af þeim hafa ekki fallist á þessi rök og komið með gagnrök, en ég tel að skýringar og rök Hafrannsóknastofnunar séu það yfirgnæfandi og yfirþyrmandi í þessum málum að ekki sé hægt að ganga fram hjá þeim.

Ég tel að Faxaflói sé mjög vel kannaður og þær tilraunaveiðar, sem hafa verið stundaðar undanfarin tvö sumur, hafi farið mjög vel af stað. Þetta frv., sem hér liggur frammi, gerir einnig ráð fyrir að Hafrannsóknastofnun hafi mjög strangt eftirlit með þessum veiðum framvegis svo og að aflamagn, veiðitími og veiðisvæði verði takmörkuð.

Eins og við sjáum af þeim kortum, sem fylgdu grg. Hafrannsóknastofnunar, er það tiltölulega mjög þröngt svæði í Faxaflóa sem hægt er að stunda þessar veiðar á. Allar víkur og innsvæði eru friðuð og dragnótaveiðar, eins og við vitum, eru ekki stundaðar á hraununum, — a. m. k. tel ég að það sé lítill möguleiki til að það sé hægt. Við skulum athuga að veiðar eru mismunandi kostnaðarsamar. Til þessara veiða eru notuð skip sem henta illa til annarra veiða, en geta þó skilað af sér góðum arði við þær veiðar sem hér um ræðir. Mér er kunnugt um að a. m. k. þrír af þeim bátum, sem hafa stundað þessar veiðar undanfarin ár, eru orðnir yfir 50 ára gamlir og hafa skilað sínu hlutverki fyrir löngu miðað við önnur skip, en færa nú að landi verulega mikinn afla og það mikinn að hann jafnast að verðmæti á við afla fjögurra eða fimm sinnum stærri báta með miklu stærri áhöfn.

Eins og réttilega hefur verið bent á skapar þetta mjög mikla vinnu í landi, þrátt fyrir flökunarvélarnar sem eru forsenda þess að hægt sé að nýta aflann. Í Njarðvíkum einum, þar sem ég hef kynnt mér þetta, er talið að um 40—50 manns, konur og unglingar, hafi vinnu yfir sumarið við nýtingu aflans, og segja mér frystihúsamenn þar að þetta sé mjög góð vinnsla og mjög góð markaðsvara. Eins mun það vera hér á innsvæðinu, að Ísbjörninn hf., sem hefur stundað þessa vinnslu, alla vega s. l. sumar, hefur látið mjög vel af henni og hyggst halda henni áfram ef unnt verður.

Það er rétt að geta þess, að heilfrystur koli er ekki sérlega góð verslunarvara eða í háu verði, og má vera að koli hafi aldrei verið fiskaður í það miklum mæli utan þessa svæðis að það hafi þótt taka því að koma upp vélvæddum húsum til að gera vinnsluna hagkvæma.

Ég held að það sé engin spurning um það, að kolinn er langbestur á þeim tíma sem hann heldur sig í Faxaflóa. Hann er feitastur og hann er bestur og það er tiltölulega best að vinna hann og þannig vilja okkar viðskiptaþjóðir fá hann. Þær vilja fá feitan flakaðan kola. Slík vara er góð söluvara í hvaða landi sem er.

Meðan allar fisktegundir, sem synda í sjó hér við Ísland, sem við a. m. k. höfum nýtt til þessa eða þekkjum, eru ofveiddar, en þarna eigum við stofn sem er vannýttur, er ekki vansalaust að gera ekki það sem hægt er innan skynsamlegra marka til að nýta þennan stofn.

Ég ætla ekki að teygja úr þessum umr., herra forseti. Ég mun styðja þetta frv. Ég verð að horfa framan í mína umbjóðendur og gera þeim grein fyrir því þegar þar að kemur. Ég veit að margir eru mér sammála, sumir eru það ekki, en þarna er eins og svo oft áður, að hver verður að láta eigin dómgreind ráða, taka þau gögn, sem fram eru lögð, og draga af þeim ályktanir. Þær sýnast mér í þessu tilfelli ekki geta verið nema á einn veg.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég vona að enginn þm. segi að ég sé að tefja þetta mál. En mér þótti rétt út frá ræðu síðasta hv. þm. að endurtaka það sem ég sagði fyrr í dag, að það liggur fyrir að fiskifræðingar telja að ekki megi taka nema 1000—1500 tonn af kola í Faxaflóanum. Það liggur hins vegar fyrir, að stofn þessa fisks er vannýttur á öðrum svæðum. Það liggur einnig fyrir, að þær veiðar, sem hafa farið fram á öðrum svæðum, hafa verið miklu meiri en þessi 1500 tonn sem hér er lagt til að verði veitt. Það liggur einnig fyrir, að aflinn hefur farið í heilfrystingu. Það liggur einnig fyrir, að sölusamtökin hafa ekki viljað selja kola. Það liggur einnig fyrir, að þau hafa ekki viljað leggja áherslu á skarkolaveiðar á öðrum svæðum vegna markaðarins. Það liggur einnig fyrir, að þau hafa ekki viljað hvetja hraðfrystihúsin á öðrum svæðum til að kaupa kolaflökunarvélar til að framleiða kolaflök. Hvers vegna? Vegna þess að þau hafa ekki haft meiri markað en þessi vinnsla hefur nægt til. Þetta er aðalatriðið. Það er enginn á móti því að taka upp meiri nýtingu á fiskstofnum sem eru vannýttir. Ég vona að enginn misskilji það. En aðal-

atriðið er að það, sem við veiðum, verðum við að hafa hagnýtan markað fyrir. Ég vona að það verði ekki misskilið.

Ég segi einnig að ég er samþykkur því, að veiðar á þessum 1000—1500 tn. hér í Faxaflóa haldi áfram svo að Sjöstjarnan í Keflavík og Ísbjörninn í Reykjavík græði á þessari vinnslu og fólk hafi atvinnu áfram og að það sé undir vísindalegu eftirliti en ekki gefið frjálst, enda er ekkert sem mælir með því. Ef tíu bátar eða fimmtán færu í þetta, hver er þá hagnaðurinn? Það eru nefnilega fleiri en ein hlið á þessu máli.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 95. fundur.

Föstudaginn 8. maí, kl. 6.25 síðdegis.

Meðferð mála vegna rangrar notkunar stöðureita, frv. (þskj. 750 (sbr. 280)). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Forseti (Helgi Seljan): Hæstv. dómsmrh. óskaði eftir að þetta mál yrði tekið hér fyrir þó að hann hefði ekki tök á að mæla fyrir því, og ég vona að menn hafi ekkert við það að athuga. Ráðh. lofaði því að koma inn í umr. um ranga notkun stöðureita síðar ef hv. deild þætti svo við þurfa.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Lögheimili, frv. (þskj. 751). — 1. umr.

Of skammt var liði frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Þýðingarsjóður, frv. (þskj. 753). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til menntmn. með 14 shlj. atkv.

Viðskiptafræðingar, frv. (þskj. 779). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Sameinað þing, 82. fundur.

Mánudaginn 11. maí, kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfs — varamenn taka þingsæti.

Forseti (Jón Helgason): Mér hefur borist eftirfarandi bréf:

„Reykjavík, 8. maí 1981.

Pétur Sigurðsson, 1. landsk. þm., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður landsk. þm. Sjálfstfl., Sigurlaug Bjarnadóttir, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Sverrir Hermannsson, forseti Nd."

Sigurlaug Bjarnadóttir hefur áður átt sæti á þessu Alþingi og býð ég hana velkomna til starfa.

Þá hefur mér borist annað bréf:

„Reykjavík, 8. maí 1981.

Ingólfur Guðnason, 5. þm. Norðurl. v., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og mun því ekki geta sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að vegna forfalla 1. varamanns taki 2. varamaður Framsfl. í Norðurlandskjördæmi vestra, Jón Ingi Ingvarsson rafvirkjameistari, sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að þér látið fram fara í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Sverrir Hermannsson, forseti Nd."

Hér fylgir enn fremur skeyti frá Boga Sigurbjörnssyni skattstjóra á Siglufirði og kjörbréfJóns Inga Ingvarssonar sem þarf að fara fram rannsókn á. Verður gefið fundarhlé á meðan kjörbréfanefnd athugar kjörbréfið. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Jósef H. Þorgeirsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur athugað kjörbréf Jóns Inga Ingvarssonar, sem er 2. varamaður Framsfl. í Norðurlandskjördæmi vestra. Jafnframt hefur legið fyrir nefndinni skeyti frá 1. varamanni Framsfl. í Norðurlandskjördæmi vestra, Boga Sigurbjörnssyni, sem skýrir frá því, að hann geti ekki vegna embættisanna tekið sæti á Alþingi.

Nefndin er sammála um að mæla með því við deildina að meta kjörbréfið gilt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 33 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Jón Ingi Ingvarsson, 5. þm. Norðurl. v., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Jón Helgason): Jón Ingi Ingvarsson hefur undirritað eiðstaf og býð ég hann velkominn til starfa á Alþingi.

Skýrsla um utanríkismál (þskj. 565).

Utanrrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Skýrslu þessari um utanríkismál var dreift um mánaðarmótin mars-apríl. Ég geri því ráð fyrir að hv. þm. hafi kynnt sér hana. Ég sé þess vegna ekki ástæðu til að lesa hana hér upp í heild, heldur læt nægja að vísa til hennar til skýringar og fyllingar á máli mínu, þar sem ég tel það við eiga.

Ísland vill stuðla að friðsamlegri sambúð allra þjóða. Það leggur áherslu á að ríki, hvort sem eru stór eða smá, leysi deilumál sín með samningum eða með öðrum friðsamlegum hætti, en eigi með vopnavaldi, í samræmi við grundvallarreglu Sameinuðu þjóðanna og alþjóðalög. Íslendingar vilja eiga vinsamleg viðskipti við allar þjóðir nema þær búi við slíka ógnarstjórn að þær hafi verið settar í viðskiptabann af þar til bærum aðilum og alþjóðastofnunum. Hvarvetna þar sem Ísland tekur þátt í fjölþjóðlegu samstarfi hefur af þess hálfu verið lögð áhersla á þessi grundvallaratriði. Þau eru undirstaða íslenskrar utanríkisstefnu.

Um þessar mundir eru margar og dökkar blikur á lofti í alþjóðamálum og óvíst hvenær úr því skýjaþykkni greiðist. Horfurnar eru alvarlegri nú en verið hefur um langt skeið. Á s. l. ári hefur því miður lítt eða ekki þokast til réttrar áttar. Menn hafa þó enn ekki gefið upp vonina. Það er unnið sleitulaust að því að finna leiðir til lausnar á vandamálunum. Viðleitnin er vakandi. Ég vona og ég held að vilji sé fyrir hendi. Þolinmæði má ekki bresta. Þess vegna skulum við þrátt fyrir allt vona að á næstunni þokist mál til réttrar áttar. Skref í rétta átt, þótt stutt sé, er ávinningur. Menn mega hins vegar ekki búast við að allir hnútar séu leystir á einum og sama deginum.

Ég hef í II. kafla skýrslu minnar reynt að gera grein fyrir viðhorfinu í alþjóðamálum og þá einkanlega fyrir samskiptum milli austurs og vesturs, slökunarstefnunni, Madrid-ráðstefnunni, afvopnunarmálum, ástandinu í hinum svokölluðu Austurlöndum nær, Suðaustur-Asíu, Afríku og hinum svokölluðu norður-suður-viðræðum. Ég ætla ekki hér að fara að endursegja það sem þar er sagt, læt að mestu nægja að vísa til skýrslunnar. Ég vil sérstaklega undirstrika það sem þar er sagt um Afganistan og El Salvador.

Að því er varðar Afganistan er ljóst að Sovétríkin hafa alls ekki orðið við hinum endurteknu áskorunum Allsherjarþingsins um að draga herlið sitt til baka. Í El Salvador liggja atburðirnir e. t. v. ekki jafnljóst fyrir. Þar má segja að fullyrðingar standi gegn fullyrðingum. En hvað sem er hið rétta í þeim efnum verður varla vefengt að þar í landi ríkir ógnarstjórn og þar hafa hryllileg hermdarverk verið unnin þó að hér verði ekki fjölyrt um það. Það má vissulega benda á ýmis fleiri ríki sem búa við ógnarstjórn innanlands og íhlutun utan að frá. Sannleikurinn er sá, að þau eru æðimörg ríkin sem ekki búa við lýðræðisskipulag í þeim skilningi sem við leggjum í það orð. Mannréttindi eru víða fótum troðin. Meiri hluti mannkynsins lifir í löndum þar sem minnihlutahópar

sæta ofsóknum af pólitískum og trúarlegum ástæðum eða eru beittir misrétti vegna kynþáttar síns eða litarháttar.

Það er margt fólkið sem lifir í löndum þar sem það verður að búa við kúgun, áþján, ógnarstjórn, ofbeldi og alls kyns áreitni. Það verður að beygja sig undir hugmyndafræðilegar og trúarlegar kennisetningar minni hluta í þjóðfélaginu sem hefur betra færi á að láta heyra í sér en hinir sem tala fyrir munn meiri hlutans og bera fram kröfur um frelsi undan áþján og öryggi gegn skorti. Kjarninn er alls staðar sá sami: afneitun mannréttinda og frelsis.

Hér á landi virðast þeir margir sem telja lýðræðið svo sjálfsagt og sjálfgefið stjórnarform að það þurfi ekki á nokkurri varðstöðu að halda né vörn gegn hugsanlegum aðsteðjandi hættum. Í þeim efnum getur saga sumra annarra þjóða verið okkur lærdómsrík. Við höfum áreiðanlega gott af því að íhuga þessi efni endrum og eins.

Um slökunarstefnuna, Madrid-ráðstefnuna og afvopnunarmál vil ég vísa til bls. 4—8 í skýrslunni. Þó að ekki sé hægt að segja að nú blási byrlega fyrir slökunarstefnunni, þá er það bjargföst sannfæring mín, að áfram verði að feta sig á braut slökunarstefnunnar. Eins og ég segi í skýrslunni er það skoðun mín, að aðeins á þann hátt sé unnt að auka skilning ríkja á högum hvers annars. Halda verður öllum leiðum opnum til þess að hægt sé að skiptast á skoðunum og draga þannig úr þeirri tortryggni og hræðslu sem kveikt getur ófriðarbál. Þess vegna er nauðsynlegt að Madrid-ráðstefnan beri árangur svo að aftur verði vakin trú á slökunarstefnunni. Eigi að afstýra voða er varla annar kostur fyrir hendi en slökunarstefnan. Áframhaldandi vígbúnaðarkapphlaup hlýtur að enda með ósköpum. Það er því lífsnauðsyn að finna leiðir til samkomulags um takmörkun vígbúnaðar. Þar hefur lítið áunnist þrátt fyrir mikla vinnu. Viðræðum um það efni þarf að halda áfram. En slíkir samningar verða að vera gagnkvæmir á milli hernaðarbandalaganna. Það er hvorki raunsætt né æskilegt að um sé að ræða eftirgjöf af annarri hálfu. Það þarf að draga úr spennunni, skapa traust í stað tortryggni og ótta. Risaveldin verða því að láta af útþenslu- og íhlutunarstefnu sinni. Það verður að halda öllum leiðum opnum og kanna alla hugsanlega möguleika með jákvæðu hugarfari.

Hugmyndir þær, sem Brésnev, forseti Sovétríkjanna, setti fram á flokksþingi kommúnista í vetur og áréttaði síðan í bréfi til forsvarsmanna vestrænna ríkja, er sjálfsagt að athuga. Bréfi því, er hann sendi forsrh., verður að sjálfsögðu svarað og má raunar vera að það hafi þegar verið gert. Það er sjálfsagt að kanna til þrautar hver alvara býr á bak við og hvort þar eru hugsanlega opnaðar einhverjar dyr. Auðvitað skiptir mestu máli að viljinn sé sýndur í verki.

Til viðbótar því, sem í skýrslunni er sagt um Madrid-ráðstefnuna, er rétt að geta þess, að henni var frestað um páskana, en hún kom aftur saman 5. maí og heldur síðan áfram eitthvað fram eftir sumri. Nokkru fyrir páskana báru hlutlaus ríki fram tillögu sem hugsuð er sem málamiðlun, en áður voru það einkum hin svokallaða pólska tillaga og franska tillaga sem styrrinn stóð um. Ég sé ekki ástæðu til að bæta við það sem sagt er um Austurlönd nær, Suðaustur-Asíu og Afríku, en vísa til þess sem í skýrslunni segir á bls. 8—10. Ég vil leyfa mér að undirstrika það, sem sagt er um hinn svokallaða norður-suður-vanda, þ. e. samskipti ríkra þjóða og snauðra. Þar er brýn nauðsyn að koma á nýskipan alþjóðaefnahagsmála þar sem í alvöru er reynt að leysa efnahagsvandamál snauðra ríkja. Það ástand sem er verður undirrót óeirða, ófriðar og haturs og er á engan hátt viðunandi eða sæmandi fyrir mannkynið. Því miður hefur lítið áunnist þrátt fyrir margvíslega viðleitni. Ég vil sérstaklega benda mönnum á hin alvöruþrungnu orð Waldheims, aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, sem tekin eru upp í skýrsluna á bls. 10—11. Það eru ógnvekjandi staðreyndir sem hann bendir á, eins og t. d. að enn búi 800 millj. manna við allsleysi, að á árinu 1978 hafi meira en 12 millj. barna undir 5 ára aldri dáið úr hungri, að meira en einum milljarði dala sé varið til hernaðarútgjalda dag hvern, en minna en 5% af þeirri fjárhæð til opinberrar þróunaraðstoðar. Það er kalt hjarta sem ekki finnur til þegar orð Waldheims eru lesin. En þar er víst ekkert ofsagt, heldur aðeins settar fram blákaldar staðreyndir. Hér verður að bæta úr.

Í skýrslu minni svo og í skýrslu sendinefndar á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna eru þátttöku Íslands í alþjóðastofnunum og svæðasamtökum gerð nokkur skil. Hef ég í sjálfu sér fáu þar við að bæta. Það alþjóðasamstarf allt er veigamikill þáttur íslenskra utanríkismála.

Sameinuðu þjóðirnar ásamt ýmsum sérstofnunum eru víðtækustu alþjóðasamtök sem til eru. Þær hafa á mörgum sviðum unnið merkilegt starf. Við viljum hafa grundvallarreglur þær, sem settar eru fram í sáttmála Sameinuðu þjóðanna, að leiðarljósi. Greinargerð um stefnu og starfsemi Sameinuðu þjóðanna væri efni í langan lestur, en ég verð að láta nægja að vísa til hinnar sérstöku skýrslu sem er fylgirit með skýrslunni um utanríkismál.

Um Norðurlandasamvinnuna vísa ég til skýrslunnar á bls. 11—12. Ég vil sérstaklega vekja athygli á því sem sagt er um Grænland. Ég bendi á að ekki væri óeðlilegt að birt væri sérstök skýrsla um Norðurlandasamstarfið og hún rædd sérstaklega

Evrópuráðið er á margan hátt markverð stofnun. Það hefur þó ekki verið mikið umræðuefni í fjölmiðlum. Aðalstofnanir ráðsins eru ráðherranefnd og þingið, en þar á milli er auðvitað fullt samstarf þó að starfinu sé skipt milli þessara stofnana. Ég vil sérstaklega vekja athygli á hinni mikilvægu starfsemi þessara samtaka að mannréttindamálum og einkanlega störfum Mannréttindanefndarinnar og Mannréttindadómstólsins, sem eru nokkuð einstakar stofnanir á sínu sviði, en auk þess má segja að verndun mannréttinda sé sífellt á dagskrá, bæði í ráðherranefndinni og á þingi Evrópuráðsins.

Á s. l. ári mun ráðið ekki hvað síst hafa fjallað um efnahagsmál í víðtækum skilningi og leiðir til að bæta lífskjör fólks í aðildarríkjum sem sum hver standa höllum fæti í þeim efnum. Aðildarríkjunum hefur nú fjölgað úr 15 í 21. Það má og nefna, að ákveðið var af ráðinu að vinna að framgangi slökunarstefnunnar. Í stuttu máli má segja að á dagskrá Evrópuráðsins hafi verið flest þau málefni sem varða hagsmuni Evrópu, og var lögð áhersla á að auka starfsemi ráðsins á sviði stjórnmála og samræma stefnu aðildarríkjanna í utanríkismálum.

Um Atlantshafsbandalagið og öryggismál Íslands er ekki ástæða til að fjölyrða á þessu stigi. Sjónarmið mín í þeim efnum koma skýrt fram í skýrslunni. Vitað er að í þeim efnum eru skoðanir manna hér á landi nokkuð skiptar og hafa jafnan verið. Við því er ekkert að segja. Hverjum og einum er frjálst að hafa þar á sína skoðun og reyna að afla sínum málstað fylgis. En það er mikilvægt,

að umræður um þau mál byggist á réttum og raunverulegum forsendum. Það er skoðun mín að hafi á sínum tíma verið ástæða til þess fyrir Íslendinga að taka þátt í stofnun NATO og gera varnarsamninginn við Bandaríkin, þá séu þær ástæður enn gildari nú. Ég lýsi skoðun minni á þeirri ákvörðun að gerast aðili að NATO með þessum orðum í skýrslunni, með leyfi hæstv. forseta:

„Því tókum við þá ákvörðun að tryggja öryggi okkar með samstarfi við þær lýðræðisþjóðir sem okkur standa næst. Sú ákvörðun hefur reynst okkur heilladrjúg og er okkur hollt að minnast þess þegar aðrar þjóðir í álfu okkar eiga í alvarlegum erfiðleikum vegna óska sinna um að lítillega verði losað um þá hlekki sem á þeim hvíla. Við megum þá einnig í þessu sambandi minnast örlaga smáþjóða við Eystrasalt sem fengu fullveldi sitt sama ár og Íslendingar, en hurfu síðan úr tölu sjálfstæðra þjóða fyrir tilverknað sterkari afla."

Það munu einkum þessi síðustu orð sem hafa farið í taugarnar á sumum mönnum. Þeir vilja ekki sakast um orðinn hlut, Eystrasaltsríkin séu úr sögunni og örlögum þeirra eigi að gleyma. En þó við getum ekki breytt sögunni er óþarft að gleyma meinlegum örlögum þessara þjóða. Ályktarorð mín í þessum kafla, sem ég vil gjarnan endurtaka hér, eru þessi:

„Því tel ég það höfuðatriði í öryggismálum okkar að við tökum þátt í starfsemi Atlantshafsbandalagsins og leggjum með því fram okkar skerf til að komið verði í veg fyrir að styrjöld geti nokkru sinni brotist út í okkar heimshluta. Í starfi okkar þar eigum við að leggja megináherslu á að bandalögin í austri og vestri leiti allra skynsamlegra leiða til raunhæfra samninga um samdrátt í vígbúnaði og vinni jafnframt að því að draga úr tortryggni þeirri sem er helsta undirrót vígbúnaðarkapphlaupsins í heiminum.

Við Íslendingar höfum á sama hátt og önnur Norðurlönd lagt sterka áherslu á að það jafnvægi, sem ríkir í öryggismálum á Norðurlöndum, megi haldast til gagns fyrir þessi lönd sjálf og sem framlag þeirra til stöðugleika í Evrópu. Það varnarsamstarf, sem við höfum tekið þátt í, er framlag okkar í þessu skyni."

Að sjálfsögðu verða menn jafnan að vera opnir fyrir athugun þessara mála, og endurskoðun á skipan þeirra getur þurft að eiga sér stað ef aðstæður breytast.

Það leikur ekki á tveim tungum, að hafréttarmálefni hafa á undanförnum árum verið einn veigamesti þáttur í starfi íslensku utanríkisþjónustunnar. Á því sviði höfum við haft frumkvæði og þar höfum við haft áhrif. Við eigum okkar þátt í stefnumótun á hafréttarráðstefnunni. Hér er óþarfi að fjölyrða um hagsmuni Íslands, er tengjast hafréttarmálum, svo sem fiskveiði- og fiskverndarmál, einkarétt strandríkis til fiskveiða og hafsbotns o. s. frv. Við því var búist, að endanlega yrði gengið frá hafréttarsáttmála á ráðstefnunni í New York. Með því hefði verið stigið eitt markverðasta skref á sviði þjóðarréttar. Það eru okkur mikil vonbrigði, að svo skyldi ekki geta orðið. Ráðstefnunni í New York hefur nú verið slitið eða frestað. Ákveðinn hefur verið fundur hennar í Genf í sumar dagana 3.—28. ágúst. Enginn gerir ráð fyrir neinum úrslitum þar. Þau fást ekki fyrr en í fyrsta lagi á næsta ári þar eð hin nýju bandarísku stjórnvöld telja sig þurfa þann tíma til athugunar á því uppkasti að hafréttarsáttmála sem fyrir liggur. Mér virðist því satt að segja að fyrirhugaður fundur í sumar sé næsta til-gangslítill. En um það þýðir ekki að fást úr því sem komið er.

Hvað sem í skerst verður að telja að efnahagslögsagan við Ísland sé orðin staðreynd sem ekki verður haggað. En þó að 200 sjómílna lögsagan sé fengin eigum við Íslendingar ýmis atriði óleyst á sviði hafréttarmála, svo sem fiskveiða- og fiskverndarmál við Efnahagsbandalagið, sérstaklega að því er varðar loðnu, karfa og rækju, hafsbotnsréttindi á svæðinu milli Íslands og Jan Mayen og landgrunnsmál suður á bóginn gagnvart Bretlandi, Írlandi og Færeyjum, ekki hvað síst á hinu svokallaða Rockall-svæði. Viðræður við Efnahagsbandalagið hafa átt sér stað um þessi mál og var síðasti fundur um þau efni haldinn 29. f. m. Á þeim fundi náðist ekki niðurstaða, en ákveðið var að fundur skyldi haldinn um þessi efni síðar, eða í júlí í sumar. Um árangur skal ég engu spá.

Frá Jan Mayen-nefndinni svokölluðu er tillögu að vænta á næstunni, væntanlega um miðjan þennan mánuð. Síðan verða ríkisstjórnir Íslands og Noregs að fjalla um málið og reyna að ná samkomulagi um það, væntanlega með hliðsjón af sáttatillögunni. Er ekki rétt á þessu stigi að spá neinu um þá samninga. Ég geri ráð fyrir, að innan tíðar verði teknar upp viðræður við Breta og Íra um landgrunnsmál, og vona að Færeyingar geti orðið aðilar að þeim viðræðum, en um samband það, sem haft hefur verið við Færeyinga og raunar einnig Grænlendinga, vísa ég til skýrslunnar á bls. 15—17.

Í kaflanum um þróunarsamvinnu bendi ég á að við Íslendingar eigum langt í land að ná því marki í aðstoð við snauðar og vanþróaðar þjóðir sem sett var á sínum tíma af Sameinuðu þjóðunum, þ. e. 1% af þjóðartekjum. Ég held að við verðum að bæta ráð okkar í þessum efnum. Mér dettur ekki í hug að við getum allt í einu brúað það bil sem er að settu marki. Það væri ekki raunsætt að gera ráð fyrir því. En við verðum að stíga myndarlega í áttina og nálgast smám saman markið. Ef við treystum okkur ekki til þess, þá er best að horfast í augu við þá staðreynd. Ég vænti þess, að fjárveitingavaldið verði skilningsríkara í þessu efni en hingað til. Vitaskuld þýðir ekki í þessum efnum að kasta fjármunum út um gluggann. Það verður að undirbúa vel þau verkefni, sem sinna á, og tryggja að veitt aðstoð komi að gagni. Auðvitað getur hún verið fólgin í því að láta í té kunnáttu, svo sem gert hefur verið. Um þörf þessara snauðu og vanþróuðu þjóða ætla ég ekki að ræða. Það hef ég þegar gert að nokkru. Það er átakanleg mynd sem þar blasir við. Hún er í fjarlægð. Sjálfsagt hefðum við gott af því, Íslendingar, að geta kynnt okkur ástandið í þessum löndum með eigin augum. Það má vel vera að sumar þessara þjóða þurfi að lagfæra sitthvað í eigin málefnum, svo sem varðandi stéttaskiptingu, jöfnuð á milli þegna sinna og mannréttindahugmyndir.

Utanríkisviðskipti eru veigamikill þáttur í starfi allra okkar sendiráða. Segja má að viðskiptamál séu meginviðfangsefni sendiráðsins í Moskvu, fastanefndarinnar í Genf, sendiráðsins hjá EBE í Brussel, sendiráðsins í París — sem jafnframt er fastanefnd hjá OECD og sendiráð fyrir Portúgal og Spán — svo og að miklu leyti sendiráðsins í Washington og viðskiptafulltrúa þess í New York. Þess má og geta, að frá því á árinu 1978 hefur starfað sérstakur viðskiptafulltrúi við sendiráðið í París. Er góð reynsla af starfi hans.

Kaflinn um utanríkisviðskipti í skýrslunni, á bls. 19—22, er saminn af viðskrn. Ætla ég ekki að gera hann að

umtalsefni, en geri e. t. v. ráð fyrir að viðskrh. muni víkja að þeim málefnum telji hann ástæðu til.

Íslensk utanríkisþjónusta er auðvitað fáliðuð ef borið er saman við önnur lönd. Svo mun jafnan verða og er óhjákvæmilegt. Ég held að segja megi að hin fámenna utanríkisþjónusta vinni yfirleitt gott starf og skili góðum árangri. Sá árangur verður að vísu í mörgum tilfellum hvorki mældur né veginn, en það er árangur samt. Mér er mætavel ljóst að kostnaði við utanríkisþjónustuna verður að stilla í hóf. En ég held samt að ekki hafi gætt nægilegs skilnings hjá fjárveitingavaldinu á þörfum hennar. Ég veit að þar er í mörg horn að líta og ekki hægt að fullnægja öllum óskum. En of mikill sparnaður og aðhaldssemi í þessum efnum getur leitt til þess, að utanríkisþjónustan geti alls ekki sinnt verkefnum sínum á þann hátt sem nauðsynlegt er, og erfitt er að sætta sig við að utanríkisþjónustan sé höfð að olnbogabarni miðað við aðra þætti opinberrar þjónustu.

Mér virðist að Íslendingar hafi almennt miklu meiri áhuga á innanlandsmálum en á utanríkismálum og alþjóðamálum. Það skal ég ekki gagnrýna, enda liggja til þess skiljanlegar ástæður. En þegar allt kemur til alls getur þó framvindan í alþjóðamálum skipt sköpum um framtíð okkar þjóðar. Því ættum við ekki að gleyma. Það gæti efalaust orðið til aukins skilnings á utanríkisþjónustunni, hlutverki hennar og starfsemi, að fram færi meiri almenn umræða um utanríkismál og alþjóðamál, þ. á m. öryggismál. En þá er það veigamikið skilyrði að sú umræða byggist á málefnalegum grundvelli. Að öðrum kosti gæti brugðið til beggja vona um ávinning af henni. Ég hef í því sambandi bundið talsverðar vonir við starf öryggismálanefndar. Þess vegna er í stjórnarsáttmálanum lögð áhersla á að öryggismálanefndin hraði störfum og geri reglulegar áfangaskýrslur um störf sín. Það er nauðsynlegt að unnið sé eftir þessari forskrift. Um störf öryggismálanefndar ræði ég ekki að öðru leyti hér, enda heyrir hún undir forsrh., en ekki utanrrh.

Herra forseti. Ég ætla að ljúka máli mínu með því að benda á þá sérstöðu sem utanrrh. hefur að því leyti, að hann einn ráðh. mætir reglulega hjá þingnefnd, utanrmn., leitar hjá henni ráða, veitir henni upplýsingar og gefur skýrslur eftir því sem óskað er. Hefur utanrmn. þannig sem umboðsmaður Alþingis færi á að fylgjast með framkvæmd utanríkismála og ráðsmennsku utanrrh. Alþingi hefur því, þó að með milligöngu fulltrúa sinna sé, óvenjulega möguleika til að fylgjast með utanríkismálum og framkvæmd þeirra. Það varðar miklu að þannig sé á þessu samstarfi haldið að það geti verkað svo sem til er ætlast og kerfið standist. Ég hef í starfi mínu reynt að kappkosta að hafa sem best samstarf við utanrmn.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég vil hefja mál mitt með því að þakka hæstv. utanrrh. þá skýrslu um utanríkismál sem nú er tekin til umr. í Sþ. Og þá er ekki síður ástæða til þess að þakka hæstv. utanrrh. fyrir ágætt samstarf við utanrmn. sem hann fjallaði um í lok ræðu sinnar. Ég hygg að utanrmn. eða einstakir nm. geti ekki gagnrýnt að utanrrh. hefur í hvívetna innt þá skyldu af hendi að láta utanrmn. fylgjast með utanríkismálum og gefið nefndinni tækifæri til þess að fjalla um þau og hafa áhrif á stefnumótum og niðurstöður.

Það er mála sannast að meðferð utanríkismála er mjög mikilvæg. Við meðferð utanríkismála leitumst við við að ná í fyrsta lagi því markmiðið að tryggja sjálfstæði þjóðarinnar, í öðru lagi að tryggja yfirráð þjóðarinnar yfir auðlindum til lands og sjávar og í þriðja lagi að tryggja alhliða hagsmuni þjóðarinnar í viðskiptum við aðrar þjóðir. Og í fjórða lagi viljum við leggja fram okkar skerf til að vinna að friði og frjálsum samskiptum þjóða og einstaklinga á milli á sviði menningar- og efnahagsmála.

Fyrsta markmiðið, sem ég gat um, að tryggja sjálfstæði þjóðarinnar, skiptir auðvitað höfuðmáli, skiptir sköpum um framtíð þjóðarinnar í þessu landi. Frá því að við tókum í raun utanríkismálin í okkar hendur — en það gerðum við ekki fyrr en Bretar komu hér í byrjun seinna stríðs, því að við fullveldisviðurkenninguna var Dönum áfram falin meðferð utanríkismála þótt við lýstum yfir ævarandi hlutleysi okkar — en strax og við tókum utanríkismálin í eigin hendur stöndum við frammi fyrir þeirri staðreynd, að sú hlutleysisyfirlýsing var okkur engin vörn. Það leið því ekki á löngu að við tókum afleiðingunum af því og gerðum varnarsamninginn við Bandaríkin 1941. Það má einnig segja að það hafi ekki verið í samræmi við hlutleysisyfirlýsinguna frá 1918 þegar við gerðumst aðilar að Sameinuðu þjóðunum — sem eins og kunnugt er voru í upphafi hernaðarbandalag — eða réttara sagt samtök þeirra þjóða sem gengu undir heitinu „bandamenn" í seinni heimsstyrjöldinni. Þeir, sem núna halda fram hlutleysi Íslands sem æskilegustu stefnu í alþjóðamálum, voru reyndar þá á þeirri skoðun, að við ættum að taka því boði að gerast stofnaðilar að Sameinuðu þjóðunum, þótt það skilyrði fylgdi að við yrðum að segja öxulveldunum stríð á hendur, sem þá voru að þrotum komin. Málsvarar Sósíalistaflokksins töldu það ekkert mál þá að segja öðrum þjóðum stríð á hendur, og menn muna orðalag málsvara þeirra á þeim tíma, forvera Alþb., að hlutleysi væri hliðhylli við árásaraðila.

Áfram má rekja aðild okkar að Atlantshafsbandalaginu sem vitnisburð þess, að við hlutum að taka afstöðu og skapa okkur samstöðu með öðrum vestrænum lýðræðisríkjum til varnar okkar eigin frelsi og sjálfstæði. Árangurinn af aðild okkar að Atlantshafsbandalaginu og aðild annarra þjóða að því varnarbandalagi er fyrst og fremst að aðildarríkjum hefur verið forðað frá ófriði í þessum heimshluta. En á þeim rúmum 30 árum, sem liðin eru frá því að Atlantshafsbandalagið var stofnað, hafa átt sér stað ekki færri en 35 styrjaldir á rúmum 30 árum, með þeim afleiðingum að 6 millj. manna hafa týnt lífi, auk þeirrar þjáningar og annarra hörmulegra afleiðinga sem þessi stríðsátök hafa haft. Það liggur því fyrir meira en þriggja áratuga reynsla um það gagn sem Atlantshafsbandalagið hefur gert þátttökuríkjum — og raunar heiminum öllum — með tilvist sinni.

Í kjölfar aðildar okkar að Atlantshafsbandalaginu gerðum við síðan varnarsamninginn við Bandaríkin 1951 með samstöðu allra lýðræðisflokkanna: Alþfl., Framsfl. og Sjálfstfl. Sú samstaða í utanríkismálum hefur í meginatriðum haldist allar götur síðan þótt nokkrar undantekningar séu þar á hvað snertir afstöðu til varnarsamningsins við Bandaríkin. Þær undantekningar eru fyrst og fremst fólgnar í aðgerðum vinstri stjórnanna sem stofnað var til 1956 og 1971. Áform um að slíta varnarsamstarfinu við Bandaríkin 1956 voru fljótt lögð á hilluna þegar átökin um Súez og ekki síður byltingin í Ungverjalandi og innrás sovétherja í Ungverjaland áttu sér stað. Það leið lengri tíma þangað til áformin um slit

varnarsamstarfsins við Bandaríkin 1971 voru lögð á hilluna, en fyrir tilstuðlan frjálsra samtaka, er gengu undir heitinu Varið land, og fyrir forgöngu Sjálfstfl. og Alþfl. að nokkru leyti leiddu úrslit alþingiskosninganna 1974 til þess, að ríkisstj. Sjálfstfl. og Framsfl. tók af skarið haustið 1974 og hætti við allar fyrirætlanir um slit á því varnarsamstarfi, en setti því ákveðinn og traustan grundvöll.

Það er ljóst að dvöl erlends varnarliðs hér á landi er okkur nokkur kvöð, með sama hætti og það er kvöð fyrir aðrar þjóðir að halda uppi her og vörnum í sínu landi. Við vonumst auðvitað til þess, að sá tími geti komið að slíkt erlent varnarlið þurfi ekki að vera hér á landi, en því miður eru engar horfur á því eins og alþjóðamálum og horfum í þeim efnum er nú háttað. Við minnumst þess, að það var alger samstaða við gerð varnarsamningsins við Bandaríkin fyrir 30 árum meðal lýðræðisflokkanna þriggja, vegna þess m. a. að heimsfriðnum var stefnt í voða með átökunum í Kóreu. Nú eru átök í Afganistan í kjölfar innrásar Sovétríkjanna í það land og hætta vofir yfir Póllandi, eins og kunnugt er, umfram það ástand sem þar hefur ríkt undir ægivaldi Sovétríkjanna. Það fer því ekki á milli mála, að ríkari og brýnni ástæður eru fyrir varnarsamstarfi við Bandaríkin nú en nokkru sinni áður og sömu rök liggja og til grundvallar áframhaldandi og ríkari þátttöku okkar Íslendinga í Atlantshafsbandalaginu en verið hefur.

Auðvitað er það ákvörðunaratriði á hverjum tíma hvernig háttað skuli fyrirkomulagi varna og eftirlitsstarfa á Keflavíkurflugvelli eða frá Íslandi. Því hefur verið fleygt á loft af hálfu kommúnista, að breyting hafi orðið á hlutverki varnarstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli og þar sé um aukin umsvif að ræða. Ég hygg þó að þarna séu ekki aukin umsvif í þeim skilningi að þar sé fjölmennara erlent lið en áður hefur verið þar. Þvert á móti eru e. t. v. heldur færri erlendir menn þar að störfum nú en oft hefur verið áður. Hins vegar má vel vera að starfsemin og eftirlitið sé ríkara og betra, sem þaðan er rekið, en áður var, enda full nauðsyn á því vegna aukinna umsvifa Sovétríkjanna hér á norðurhveli jarðar. Við Íslendingar verðum að fylgjast mjög vel með þeim umsvifum, sem um er að ræða umhverfis land okkar, til þess að gera okkur grein fyrir því, hvaða ráðstafanir við þurfum að gera á hverjum tíma í samstarfi við bandalagsríki okkar til þess að verjast þeim auknu umsvifum sem geta verið fyrirboði ásælni og þrýstings af hálfu erlends stórveldis sem við viljum ekki að yfir okkur gangi og því síður sætta okkur við.

Við Íslendingar höfum verið of feimnir að taka þátt í umræðum um þessi málefni. Stafar það sjálfsagt af því, að við höfum aldrei haft her á eigin vegum og teljum að slík mál komi okkur ekki við. En hvort sem okkur líkar betur eða verr, þá koma þessi mál okkur við. Og því verðum við að gera okkur sjálfstæða grein fyrir fyrirkomulagi þessara mála. Það er raunar ákveðið í varnarsamningi á milli Bandaríkjanna og Íslands, að Íslendingar eigi að samþykkja í öllum greinum hvernig starfsemi varnar og eftirliti sé háttað hér á landi, og þegar af þessari ástæðu er það skylda okkar að taka afstöðu til slíkra mála. Ýmist kann það að vera með þeim hætti, að við teljum að um of mikil umsvif varnarliðsins sé að ræða, eða þá að við getum þurft að gera auknar kröfur til samstarfsaðilans um varnarmál, Bandaríkjanna í þessu tilviki, um þær ráðstafanir sem þau gera hér á Íslandi. Það hefur verið okkur nokkur fjötur um fót í þessum málum að hafa ekki nægilegri innlendri sérfræðiþekkingu á að skipa. Því er það ánægjuefni, að þrír hv. þm. hafa flutt á þessu þingi till. til þál. um ráðunaut í öryggis- og varnarmálum. Tel ég það til bóta ef sú till. hlýtur samþykki hér á þingi.

Ég hef e. t. v. þegar gert mér nokkuð tíðrætt um það, að aðeins einn flokkur hefur skorist úr leik, sem nú heitir Alþb., þegar um er að ræða samstarf íslenskra stjórnmálaflokka um ráðstafanir til að tryggja sjálfstæði þjóðarinnar og öryggi landsins. Alþb. og forverar þess, Sósíalistaflokkurinn og Kommúnistaflokkurinn, hafa ekki — þegar á dagskrá hefur verið stjórnarþátttaka þeirra — tekið slíkt í mál nema með því skilyrði, að í stjórnarsáttmála væri gert ráð fyrir slitum á varnarsamstarfi við Bandaríkin og lausari tengslum við Atlantshafsbandalagið. Því meiri athygli vakti það raunar að Alþb. gekk til stjórnarsamstarfs í vinstri stjórninni haustið 1978 án þess að slíkt skilyrði væri a. m. k. gert opinbert í stjórnarsáttmála. En þar var þó komið fyrir því ákvæði að engar meiri háttar framkvæmdir á vegum varna og öryggis landsins yrðu hafnar nema með samþykki allra stjórnaraðilanna. Af sömu ástæðu vakti það og undrun við myndun núv. vinstri stjórnar í ársbyrjun 1980, að jafnvel skemmra var gengið, því að þar var aðeins opinbert gert það ákvæði, að samþykki allra stjórnaraðila þyrfti til að hefja byggingu nýrrar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli. En skýring fékkst raunar á þessum vetri á því, hvers vegna meira var ekki opinbert gert um samkomulag milli stjórnaraðilanna, þegar í ljós kom leynisamningur sem Alþb. bar fyrir sig og kvað á um að það væri drengskaparsamkomulag, forsenda stjórnarsamstarfsins, að undirritaður var samningur um að ekkert ágreiningsmál næði fram að ganga nema með samþykki allra stjórnaraðila. Með tilvísun til þessa leynisamnings hafa Alþb.-menn talið sig hafa neitunarvald varðandi framkvæmdir í þágu öryggis og varna á Keflavíkurflugvelli. Það er að vísu ljóst samkv. hinum opinbera stjórnarsáttmála, að slíkt neitunarvald er fyrir hendi innan ríkisstj. sjálfrar varðandi byggingu nýrrar flugstöðvar. En á það hefur verið bent hér á Alþingi, að það væri mjög óeðlilegt og ólýðræðislegt að slíkt ákvæði kæmi í veg fyrir að vilji Alþingis fengi að njóta sín og ákvörðunarvaldið væri dregið úr höndum Alþingis með þessum hætti. Þar sem miðstjórnarfundur Framsfl. gerði sérstaka samþykkt um nauðsyn á því að byggja nýja flugstöð mátti ætla að hér á Alþingi væri samstaða um þá ákvörðun. Úrslit atkvgr., þegar till. féll á jöfnum atkvæðum, leiddi hins vegar í ljós að framsóknarmenn meintu ekkert — á þessu stigi málsins a. m. k. — með samþykkt miðstjórnar sinnar. En á hinn bóginn hlýtur að reyna á vilja þeirra — og raunar vilja Alþingis — áður en þetta ár er liðið, vegna þess að það eru síðustu forvöð að samþykkja innan ársloka fjárveitingu til þessarar flugstöðvarbyggingar, eða a. m. k. lánsheimild, ef við viljum ekki glata því mótframlagi sem veitt hefur verið af hálfu Bandaríkjanna til þessarar framkvæmdar. En fréttir herma að þegar sé farið að spyrjast fyrir um mótframlag okkar Íslendinga þar sem Bandaríkjamenn hafi nóg við sína fjármuni að gera annars staðar ef ekki sé vilji hér á Íslandi fyrir þessari framkvæmd sem er brýn nauðsyn að komist í gagnið hið fyrsta.

Varðandi aðrar framkvæmdir í þágu öryggis og varna landsins, svo sem byggingu flugskýla og eldsneytis-

geyma, hafa Alþb.-menn borið fyrir sig ákvæði þessa leynisamnings. Hæstv. utanrrh. hefur aftur á móti tekið fram að hvað sem líði þessum leynisamningi, sem honum hafi raunar ekki verið gert kunnugt um, komi ákvæði hans ekki í veg fyrir að hann einn hafi ákvörðunarvaldið hvað þessar framkvæmdir snertir þar sem þessi mál heyri undir hans rn. Ég vil leggja áherslu á að ég er sammála hæstv. utanrrh. að þessu leyti. Það hljóta hins vegar að vera mönnum vonbrigði, að hæstv. forsrh. hefur — a. m. k. hvað snertir byggingu eldsneytisgeyma — lagst á sveif með Alþb.-mönnum og talið byggingu eldsneytisgeymanna mál er snerti alla ríkisstj. og þurfi meðferð hennar í heild. Rétt er þó að geta þess, að hæstv. utanrrh. — eins og ég hef skilið hann — hefur gert allan fyrirvara varðandi þennan úrskurð hæstv. forsrh., ef kalla má svo hátíðlegu nafni og áskilið sér þá rétt til að hverfa úr sinni stöðu, eins og fram hefur komið hér á Alþingi.

Bygging eldsneytisgeymanna er brýn nauðsyn frá sjónarmiði íbúanna á Suðurnesjum, og ég vænti þess, að áður en þingi verði lokið komi þáltill. um byggingu eldsneytisgeyma — eða endurnýjun og flutning þeirra geyma sem nú eru fyrir hendi í Keflavík og Njarðvíkum — til atkv. hér á Alþingi þannig að hæstv. utanrrh. hafi stuðning Alþingis við meðferð þessa máls og til þess að hagsmunum íbúa Suðurnesja verði borgið. Ég tel ekki ástæðu til að fjalla sérstaklega um byggingu flugskýlanna þar sem ég tel byggingu þeirra afráðna og að þær framkvæmdir séu skýlaust innan úrskurðarvalds hæstv. utanrrh.

Öll þessi mál hafa verið til umræðu í utanrmn. og þar hefur sömuleiðis á s. l. ári og þessum vetri verið ítarlega rætt um þá staðhæfingu Alþb.-manna, að kjarnorkuvopn væru geymd á Keflavíkurflugvelli. Því máli hefur skotið upp með nokkurra ára millibili, að vísu fyrir tilstuðlan fréttastofa úti um heim, byggt á lausafregnum og hugleiðingum manna sem sumir hafa að vísu atvinnu af því að kanna vopnabúnað, en í hvert skipti hefur verið upplýst að hér eru engin kjarnorkuvopn geymd, enda er svo áskilið samkv. varnarsamningnum, að Íslendingar eiga að samþykkja fyrirkomulag varna og m. a. hvaða vopn hér eru geymd eða tiltækileg. Við höfum lýst því yfir, að við vildum ekki hafa kjarnorkuvopn á íslensku landsvæði, og við það hefur verið staðið. Þessi áróður var ákaflega mikill og hömlulaus af hálfu Alþb. á s. l. ári þrátt fyrir það að fyrir lá t. d. yfirlýsing þáv. forsrh. Sovétríkjanna, Alexey Kosygins, frá því 1977, að hér væru engin kjarnorkuvopn, en því vildi sovéski forsrh. sérstaklega fagna. En þrátt fyrir það hófu kommúnistar hér á landi enn á ný þann áróður, að kjarnorkuvopn væru hér geymd. Sýnir það best hve lágt Alþb. getur lagst í röksemdafærslu fyrir úreltum málstað sínum. Það var ekki annað að sjá eða skilja en að með þessu væri verið að rökstyðja nauðsyn þess, að undir vissum kringumstæðum gerðu Sovétríkin kjarnorkuárás á Ísland. Og það er athyglisvert, að svonefndir herstöðvaandstæðingar, sem tala mest um það af öllum að ráðist verði á Ísland, skuli telja það málstað sínum til gildis að halda því fram að kjarnorkuvopn séu hér geymd.

Það kom og fram á landsfundi Alþb. s. l. haust, að hræðsluáróðurinn er eina vopn þess í umræðum um utanríkismál, en það er hættulegt vopn fyrir þann sem því beitir, eins og glögglega hefur komið í ljós. Og eftir að Alþb.-menn hófu þær ásakanir á síðasta ári, að kjarnorkuvopn væru hér geymd, brá svo við að sovéska fréttastofan Novosti hefur haldið því fram, gagnstætt fyrri yfirlýsingum Kosygins, að líklega séu kjarnorkuvopn hér á landi, og vísar máli sínu til stuðnings í Þjóðviljann. En kommúnistar hafa raunar þagað um þessa fullyrðingu hinnar opinberu sovésku fréttastofu. Hæstv. utanrrh. gekk mjög hart eftir því á s. l. ári, vegna þessara ásakana Alþb., að bandarísk stjórnvöld staðfestu að hér væru ekki kjarnorkuvopn. Skrifleg yfirlýsing um það efni fékkst frá bandarískum stjórnvöldum sem bæði utanrrh. og aðrir mátu á þann veg að allt væri óbreytt um þá stefnu, að hér væru ekki kjarnorkuvopn og þau kæmu ekki hingað nema með samþykki íslenskra stjórnvalda.

Undanfarið hafa umræður um kjarnorkulaust svæði á Norðurlöndum verið endurvaktar. Er því e. t. v. rétt að segja af því tilefni að í fyrsta lagi eru Norðurlöndin kjarnorkuvopnalaust svæði og í öðru lagi mundi slík einhliða yfirlýsing af hálfu Norðurlanda ekki hafa neina þýðingu eða gera neitt gagn í sambandi við afvopnun og slökun, nema síður væri, meðan vitað er að kjarnorkuvopn eru geymd í næsta nágrenni Norðurlanda, eins og á Kólaskaga og við Eystrasalt. Slíkar viðræður um kjarnorkulaust svæði hljóta að taka til víðara landsvæðis en Norðurlandanna einna og algert skilyrði slíkra samningaviðræðna ætti að vera gagnkvæmni.

Ég tel að það sé mjög ánægjulegt, að hér á Alþingi sé eins og sakir standa svo víðtæk samstaða eins og var raunar fyrir 30 árum þegar varnarsamningurinn við Bandaríkin var í upphafi gerður. Alþb. er einangrað í utanríkisstefnu sinni, eins og Kommúnistaflokkurinn og Sósíalistaflokkurinn voru áður, og er það vel, enda ber málflutningur Alþ. og formælenda þess einangrun þess vitni. Það er tilgangslaust, því miður, fyrir þjóð eins og Íslendinga að lýsa yfir hlutleysi. Þar vil ég undirstrika orð þau er utanrrh. viðhefur í skýrslunni og hann rakti áðan.

Það er bæði innan og utan Alþingis samstaða lýðræðisflokkanna sem tryggir sjálfstæði lands og þjóðar. Ég sé ástæðu til að geta sérstaklega um samþykkt Samtaka um vestræna samvinnu, sem gerð var 7. maí 1981 í tilefni af því, að 30 ár voru liðin frá komu bandarískra varnarliðsins til Íslands. Þá minnti stjórn Samtaka um vestræna samvinnu á, en í þeim samtökum eiga hlutdeild Alþfl.-menn, framsóknarmenn og sjálfstæðismenn, að lýðræðisflokkarnir þrír, Alþfl., Framsfl. og Sjálfstfl., stóðu einhuga að gerð varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna 1951. Og síðan segir, með leyfi forseta:

„Með aðildinni að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamningnum við Bandaríkin leggjum við Íslendingar fram skerf til að tryggja frið og öryggi í okkar heimshluta. Sívaxandi hernaðarumsvif Sovétmanna í lofti og á legi í nágrenni Íslands hafa aukið mikilvægi þessa framlags okkar á undanförnum árum. Nú eins og fyrir 30 árum er samstaða lýðræðisflokkanna í öryggis- og varnarmálum forsenda skynsamlegrar meirihlutastefnu sem tryggir með farsælum hætti sjálfstæði lands og þjóðar."

Ég vil þá víkja að öðrum þættinum, yfirráðum þjóðarinnar yfir auðlindum til lands og sjávar, og minnist þar á hafréttarráðstefnuna, en þar hefur þegar komið fram mjög mikilvægur árangur sem liggur til grundvallar útfærslu okkar í 200 mílur. Við megum gjarnan minnast þess, Íslendingar, að sigur í því máli náðist vegna þess að við fluttum mál okkar á vettvangi hafréttarráðstefnunnar, á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og á vettvangi Atlantshafsbandalagsins. Sá árangur og sigur í 200 mílna útfærslunni náðist áður en formlegur hafréttarsáttmáli

hefur verið samþykktur, vegna þess að við nýttum hvert tækifæri á alþjóðavettvangi til að gera grein fyrir málstað okkar og fórnuðum m. a. ekki öryggishagsmunum okkar — eins og sumir vildu meina að rétt væri — til að halda fram 200 mílna stefnunni. Við höfðum hvort tveggja, sigur í 200 mílunum og tryggðum öryggi okkar og áframhaldandi aðild og samstarf um varnar- og öryggismál. Þótt nokkur afturkippur hafi komið í störf hafréttarráðstefnunnar nú um tíma og Bandaríkjamenn hafi því miður talið sér nauðsynlegt að kynna sér málin betur eftir stjórnarskiptin þar í landi, þá standa vonir til að ekkert haggist í þeim efnum, sem okkur skiptir mestu máli, og með þeim hætti getum við nýtt þessar auðlindir okkar eins og efni standa til.

Í utanrmn. hefur á síðasta ári verið mjög rætt um samninga við Norðmenn um Jan Mayen og var ánægjuleg sú samstaða sem náðist hér á Alþingi á s. l. ári um þá samningsgerð. Í þeim efnum var einnig samstaða með lýðræðisflokkunum þremur. Á þessu sviði var einnig um einangrun Alþb. og kommúnista að ræða. Í því samkomulagi var gert ráð fyrir áframhaldandi starfi varðandi nýtingu landgrunnsins, og nú nýverið hefur utanrmn. rætt drög að samningi um nýtingu landgrunnsins er Norðmenn og Íslendingar gera vonandi sín á milli. Það er ekki tímabært að fjalla um efni þeirra draga, enda munu þau væntanlega á sínum tíma koma hér til frekari meðferðar.

Þá hefur og verið rætt mjög í utanrmn. og nm. verið áhugasamir um að hagsmunagæslu væri haldið uppi af ákveðni varðandi Rockall-svæðið, og vonumst við til að viðræður við Englendinga og Íra og Færeyinga eigi sér stað hið fyrsta varðandi hagnýtingu þess svæðis. Það liggur og í augum uppi, að ýmis úrlausnarefni eru fyrir höndum varðandi afmörkun efnahagslögsögu okkar og landgrunnsréttinda, einnig varðandi samvinnu við aðrar þjóðir á sviði fiskveiða um nýtingu flökkustofna o. s. frv. Vonumst við til þess að fast verði á málum haldið í viðræðunum við Efnahagsbandalagið um þau efni.

Eftir að fullnaðarsigur hefur unnist í landhelgismálinu er nauðsynlegt að marka stórhuga stefnu sem miðar að því að kanna ítarlega allt yfirráðasvæði Íslands og meta þær auðlindir sem þar eru, bæði lifandi í hafinu, í hafsbotni og á hafsbotni. Á grundvelli slíkrar úttektar þarf síðan að gera auðlindaspá fyrir landið og hafið þar sem þessar auðlindir eru metnar í heild, og á grundvelli slíks mats og slíkrar úttektar þarf að sækja fram í viðræðum við aðrar þjóðir um hagnýtingu þessara auðlinda svo að þær megi skapa grundvöll fyrir bættum lífskjörum hér á landi.

Það er og nátengt slíkri stórhuga heildarstefnu, að við þurfum að efla landhelgisgæsluna. Nýverið hefur Alþingi samþykkt þáltill. hv. þm. Benedikts Gröndals um það efni og mun Alþingi, áður en því lýkur nú í vor, væntanlega kjósa mþn. er fjallar um eflingu landhelgisgæslunnar. Við þurfum að sýna fána okkar á öllu því svæði, sem við höfum yfirráð yfir, og gæta þess, að nýting auðlindanna sé í samræmi við íslenska hagsmuni. Efling landhelgisgæslunnar er og eðlilegt skref okkar í því efni að vera þess í vaxandi mæli umkomnir að sjá um vörslu eigin sjálfstæðis og öryggis.

Ég vík þá sérstaklega að viðskiptahagsmunum okkar og skal reyna að stikla aðeins á hinu stærsta, en nefna þó örfá mikilvæg dæmi. Í þeim efnum vildi ég sérstaklega nefna tvö mál. Annars vegar er það aðild okkar að Alþjóðaorkumálastofnuninni. Í þeim efnum hlýt ég að gagnrýna seinlæti hæstv. viðskrh. sem hefur í fórum sínum frv. til l. sem nefnd, er fjallað hefur um aðild okkar að Alþjóðaorkumálastofnuninni, hefur samið, og leggur hún til að við gerumst aðilar að þeirri stofnun. Ég tel að það væri okkur afar mikið aukið öryggi að vera aðilar að slíkri orkumálastofnun. Og þótt við tökum nokkrar kvaðir á okkur af þeim ástæðum varðandi auknar olíubirgðir í landinu, þá eru þær kvaðir ekki meiri en svo sem sjálfsagðar væru, jafnvel þótt við værum ekki aðilar að slíkri stofnun. Aðild okkar veitir okkur hins vegar aðgang að upplýsingum og tilstyrk annarra þjóða til þess að sjá okkur farborða varðandi aðkeypta orku og yrði væntanlega til þess að orkukaup okkar, þau er við þurfum erlendis frá, yrðu mun hagstæðari þegar til lengdar lætur.

Hitt málið, sem ég vildi nefna, er álmálið eða súrálsmálið svokallaða, sem ég tel vera dæmi um það, hvernig illa er farið með orðstír Íslendinga erlendis, eins og hæstv. iðnrh. hefur á því máli haldið. Ég vil á þessu stigi málsins segja að þessi gagnrýni mín eigi við vök að styðjast hvort sem ásakanir hæstv. iðnrh. á hendur Alusuisse eru réttar eða ekki. Það eru nú liðnir allmargir mánuðir síðan iðnrh. gerði heyrin kunnar ásakanir sínar. Og þá var upplýst að innan tveggja mánaða eða svo kæmi fram skýrsla um málið frá óháðu endurskoðunarfyrirtæki í London. Ekkert hefur heyrst um niðurstöður frekari rannsókna, en það er ljóst, að ef nota átti þessar ásakanir til þess að taka upp samninga við þá Alusuissemenn og fá einhverju framgengt við það fyrirtæki, þá var a. m. k. leiðin ekki sú að gera ásakanirnar opinberar áður en úr skugga væri gengið um réttmæti þeirra. Og meiri líkur hefðu verið á því að fá fram breytingar á samningum ef farið var með þeim hætti sem gera verður kröfu til um siðmenntaðar þjóðir. Ég legg áherslu á að við verðum auðvitað, Íslendingar, í einu og öllu að gera þá kröfu til viðmælanda okkar og samningsaðila, eins og Alusuisse í þessu tilviki, að slíkt fyrirtæki standi við skuldbindingar sínar. Úr því vil ég í engu draga. En hitt er ljóst, að samningsaðilar okkar eiga rétt á því að bera hönd fyrir höfuð sér og það er engum tíma glatað að gera þeim það kleift, enda í mestu samræmi við íslenska hagsmuni að tryggilega sé gengið frá efnisniðurstöðum málsins áður en ásakanir eru uppi hafðar, ef við viljum ná fram hagsbótum í samningum við aðra.

Ég vil svo, áður en ég lýk máli mínu, herra forseti, segja það almennt varðandi framlag okkar til að vinna að friði og frjálsum samskiptum þjóða og einstaklinga á milli á sviði menningar- og efnahagsmála, að í utanríkismálanefnd hefur verið rætt sérstaklega um þátttöku Alþingis og alþm. í alþjóðasamskiptum. Þótt meðferð utanríkismála sé eðli málsins samkvæmt í höfuðatriðum á vegum framkvæmdavaldsins, hæstv. utanrrh. og starfsmanna utanríkisþjónustunnar, hafa Alþingi og löggjafarsamkomur þjóðanna haft aukið samstarf sín á milli. Alþm. eru þátttakendur í því samstarfi. Nægir í því efni að benda á þing Sameinuðu þjóðanna, en þar hefur alþm. verið gefinn kostur á að sitja nokkurn tíma ár hvert. Í Norðurlandaráð kjósum við árlega fulltrúa. Og varðandi Atlantshafsbandalagið er um sérstök þingmannasamtök að ræða. Í Evrópuráðinu eru og fulltrúar þingsins, og vænti ég að þátttöku okkar þar verði gerð nokkur skil í þessum umr. Þm. EFTA-landanna hafa samstarf sín á milli. Og síðast en ekki síst má nefna

Alþjóðaþingmannasambandið. Utanrmn. leggur áherslu á að afskipti Alþingis og alþm. af þessum málum séu með þeim hætti að gagn verði að fyrir Íslendinga og sómi fyrir Alþingi. Í því efni er auðvitað við það vandamál að stríða, eins og raunar almennt um meðferð okkar utanríkismála, að kostnaði verður að stilla í hóf og mannfæð ræður að aðstoð er ekki sem skyldi til þess að fylgjast nægilega vel með málum. En með sameiginlegu átaki allra, sem hlut eiga að máli, ætti að vera unnt að bæta þátttöku okkar í þessu alþjóðasamstarfi sem á margan hátt hefur mjög mikið gildi fyrir okkur og hagsmunamál okkar almennt.

Í sambandi við þennan málaþátt er ástæða til að nefna norður-suður-viðræðurnar, aðstoð við þróunarlöndin. Ég er sammála því, að framlag okkar er ekki í samræmi við það sem ætti að vera og aðrar þjóðir margar hverjar láta í té. En við hljótum að leggja umfram allt áherslu á að framlag okkar komi að gagni. Óneitanlega hafa heyrst gagnrýnisraddir víða, að framlag iðnríkjanna komi þróunarlöndum ekki að gagni. Við hljótum þess vegna að mínu mati að leggja meiri áherslu á tækniaðstoð heldur en bein fjárframlög, þótt auðvitað sé um fjárframlög í því efni einnig að ræða. Ég tel að beina ætti þessari aðstoð um farveg Norðurlandasamvinnu, eins og gert hefur verið, og sömuleiðis um farveg Hjálparstofnunar kirkjunnar. Með þeim hætti tel ég meiri von til þess, að unnt sé að fylgjast með framlagi okkar þar til á endastöð er komið, og með þeim hætti sé unnt að ganga úr skugga um að það komi þróunarríkjunum raunverulega að gagni. En í þessum efnum er auðvitað höfuðatriði að iðnríkin séu ekki að rétta þróunarríkjunum með annarri hendi og taka það aftur og meira til með hinni hendinni. Þá á ég við að til þess að von sé til, að þróunarríkin komist upp að hliðinni við hin iðnvæddu ríki, eru frjáls viðskipti algert skilyrði. Ef iðnvæddu ríkin hlaða um sig tollmúra þegar þróunarríkin fara að keppa við þau í viðskiptum, þá er allt unnið fyrir gýg. Hér getur verið um erfitt tímabil aðlögunar að ræða fyrir hin iðnvæddu ríki þegar þróunarríkin með lægri launakostnaði — í fyrstu a. m. k. — senda framleiðsluvörur sínar á markað iðnvæddu ríkjanna. En ég tel að frjáls viðskipti muni þegar til lengdar lætur vera hér eftir sem hingað til best fallin til að koma á heilbrigðri verkaskiptingu milli þjóða og landa heims og í því sé e. t. v. fólgin árangursríkasta leiðin til þess að jafna lífskjörin milli þróunarríkja og iðnvæddra ríkja, ekki með því að skerða afkomu manna í iðnvæddu ríkjunum, heldur með því að bæta lífskjör í þróunarríkjunum með hliðstæðum hætti og reynslan hefur sýnt að verið hefur í raun í iðnvæddum ríkjum þar sem frjáls viðskipti fá notið sín.

Í þessu sambandi og þegar við tölum almennt um framlag okkar til að tryggja frjáls samskipti þjóða og einstaklinga á milli, þá eru mannréttindamál ofarlega á baugi. Ég hef þegar gerst svo langorður að þótt freistandi væri að gera þeim efnum nokkur skil nefni ég aðeins í þeim efnum sem dæmi mál skákmeistarans Korsnojs. Ég var einn af nokkrum Íslendingum sem skrifuðu undir áskorun til stjórnar Sovétríkjanna um að leysa fjölskyldu Korsnojs úr haldi og veita konu hans og syni leyfi til að flytjast til hans. Eg nefni þetta dæmi vegna þess að það er nýlega búið að rekja það í fjölmiðlum, en slík dæmi eru fleiri en tölu verði á komið, því miður. Við þessari áskorun og þessari orðsendingu nokkurra Íslendinga var ekki tekið af hálfu umboðsmanna Sovétríkjanna hér á landi, þ. e. af hálfu sendiráðs Sovétríkjanna hér. Ég tel það freklega móðgun við Íslendinga að vísa slíkri áskorun með þessum hætti á bug og sýna að Sovétríkin vilja ekkert við okkur tala nema þau telji sig hafa gagn af því. Slík einhliða stefna kann ekki góðri lukku að stýra, en segir meira en margt annað um viðhorf stjórnvalda í því landi.

Það hefur komið hér fram, bæði í skýrslu hæstv. utanrrh. og í ræðu hans, að veður eru nú öll válynd. Væri ástæða til þess að fjalla um alþjóðamál, um stríðið milli Írans og Íraks, innrásina í Afganistan, vandamálin fyrir botni Miðjarðarhafs og þróunina í Póllandi. En til þess gefst ekki tími að sinni. Þó vil ég nefna það, að hér á landi var nýverið fulltrúi frá pólskum verkalýðssamtökum. Hann lét þess getið, að í besta falli væri unnt að vonast til að Pólland yrði „finnlandiserað". Hann bætti því við, að frá okkar sjónarmiði á Vesturlöndum væri það ekki æskilegt, en það yrði stórkostleg framför frá sjónarmiði Pólverja. Því miður er það ljóst, að Sovétríkin hafa haft örlög nágranna sinna í sinni hendi og séð svo um að þeir hafi ekki mátt um frjálst höfuð strjúka. Finnland hefur komist af með undraverðum hætti í þessari erfiðu stöðu. Þó vitum við það, að Finnar hafa þurft að hlíta boði og banni sovéskra yfirvalda um svo einfalda daglega þætti eins og sýningu kvikmynda, að ég tali nú ekki um það sem haldið er fram, að Sovétríkin geti beitt neitunarvaldi um val forseta þeirra. Við Íslendingar erum fullir aðdáunar á framgöngu Finna og sjálfstæði þeirra í þessari stöðu, og ég dreg ekkert undan í þeim efnum þegar ég lýsi þeirri aðdáun. En vitað er hvílíkum þrýstingi þeir kunna að vera beittir ef hinn örmjói vegur er ekki þræddur. Og við vitum líka að Sovétríkin hafa beitt Svía, Norðmenn og Dani þrýstingi. Við viljum koma í veg fyrir að Ísland sé sett í þá aðstöðu, að unnt sé að beita okkur einum eða neinum þrýstingi. Við viljum með þeim hætti vernda sjálfstæði okkar og sjálfsákvörðunarrétt. Við viljum leggja okkar litla skerf til þess að slökun megi takast í viðskiptum stórveldanna og allra ríkja heims, þannig að ótöldum milljónum eða milljörðum sé ekki varið í vígbúnað meðan fólk sveltur. Hins vegar gerum við okkur grein fyrir því, að slökun verður ekki nema menn séu sammála um að slaka á. Það er ekki nóg að annar aðilinn slaki á ef hinn stríkkar jafnóðum á af sinni hálfu. Við hljótum því að fylgjast með framvindu mála, og við gerum okkur grein fyrir því, að allt er breytingum undirorpið.

Talað hefur verið um hvaða breytingar kæmu í kjölfar forsetaskiptanna í Bandaríkjunum, og nú ræða menn væntanlega um hvort breyting verður á vegna forsetaskiptanna í Frakklandi.

Varðandi Reagan, forseta Bandaríkjanna, er það e. t. v. að segja, að slökun tókst á fyrra valdatíma repúblikana í Hvíta húsinu. Og varðandi forsetadæmi Mitterands má e. t. v. nefna að hann er sagður ekki síður fylgjandi þátttöku Frakka í Atlantshafsbandalaginu en forveri hans Giscard d'Estaing. Eftirtektarvert var að heyra yfirlýsingu hins nýja eða væntanlega forseta Frakklands þar sem hann taldi kommúnista ófæra um að sitja í ríkisstjórn vegna þess að þeir væru svo háðir Sovétríkjunum — eða a. m. k. meðan þeir væru svo háðir Sovétríkjunum sem raun bæri vitni um.

En í stjórnarskiptum í vestrænum ríkjum kemur fram munur á lýðræðisríkjum og einræðisríkjum. Lýðræðisríki þurfa að sannfæra kjósendur sína um réttmæti

stefnunnar í utanríkismálum sem í öðrum málum, um réttmæti þess að verja fjármunum eða leggja á sig aðrar kvaðir til verndar öryggi og sjálfstæði sínu. En einræðisherrarnir geta skipað þegnum sínum fyrir verkum. Sovéskir andófsmenn hafa að vísu haldið því fram, að við Vesturlandabúar séum orðnir hóglífir og viljum engu fórna eða ekkert leggja í sölurnar til að verja lýðræði og mannréttindi okkar. Vera má að þær raddir fái aukinn styrk á köflum sem halda því fram að ekkert þurfi að gera til þess að verja sjálfstæði sitt. Ég hygg þó að menn geri sér almennt grein fyrir því, að lýðræði og mannréttindi — og raunar hin góðu lífskjör sem menn almennt búa við hér á Vesturlöndum, sérstaklega þegar borið er saman við það sem tíðkast austantjalds, — að allir þessir kostir, sem við Íslendingar teljum sjálfsagða og viljum fyrir engan mun glata, eru glataðir ef við uggum ekki að okkur og gætum að öryggi okkar, vörnum landsins, svo að við njótum sjálfstæðis og sjálfsákvörðunarréttar hér eftir sem hingað til.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir ítarlega og fróðlega skýrslu hans og forseta fyrir að taka hana á dagskrá á eðlilegum fundartíma.

Í inngangi skýrslunnar tíundar hæstv. ráðh. enn einu sinni stefnuyfirlýsingu ríkisstj. fyrir þennan málaflokk. Óþarfi er að endurtaka að Alþfl. er andvígur þessari stefnu, eins og hún er fram sett, og telur hana ýmist hættulega eða alls ófullnægjandi. Hins vegar hefur hæstv. utanrrh. tekist að framkvæma hana með þeim hætti að ég get enn á ný lýst yfir traust á hann.

Eitt atriði stendur í stefnuskránni sem mörgum kemur á óvart á þeim stað, þ. e. að undirbúa skuli öflugt átak til atvinnuuppbyggingar á Suðurnesjum. Ekki er mér kunnugt um að neitt hafi verið gert til að standa við þetta fyrirheit því að saltverksmiðjan, sem flutt hefur verið frv. um, er gömul viðreisnarhugmynd sem lengi hefur verið í undirbúningi, og allir vita hvernig fór um flugstöðvarbygginguna.

Ég ætla að leyfa mér að benda á eina hugsanlega leið til nokkurra athafna í þessu máli. Aðalverktakar hafa hlotið mikinn ágóða af starfsemi sinni á Keflavíkurflugvelli og er vellauðugt félag. Það hefur nýverið reist mikið stórhýsi í Reykjavík, eins konar skrifstofuturn, og átti þó annað stórhýsi fyrir. Mér kemur því til hugar hvort ríkisvaldið, sem á 25% í félaginu og veitir því hina ábatasömustu einokun, geti ekki beitt áhrifum sínum til þess að Aðalverktakar reisi myndarlega iðngarða á Suðurnesjum og mætti setja þá á tollfrítt svæði við flugvöllinn, eins og þm. Alþfl. hafa flutt tillögur um á síðustu þingum.

Hæstv. ráðh. segir í skýrslunni að lítið hafi verið um gleðitíðindi á vettvangi alþjóðamála síðasta árið, og eru það orð að sönnu. Margir sérfróðir menn fullyrða að slökunartímabilinu sé lokið og jafnvel að kalt stríð sé þegar hafið, þótt það hafi tekið á sig aðrar myndir en hið fyrra. Þótt færa megi rök að þessum skoðunum tek ég undir þá bjartsýni skýrslunnar að svona slæmt sé ástandið e. t. v. ekki orðið og áfram beri að feta sig á braut slökunar. Það er vafalaust einlægur vilji Vestur-Evrópuþjóða, hvað sem segja má um risaveldin. Við skulum vona að það sé einnig þeirra vilji.

Innrás Sovétríkjanna í Afganistan er grófustu landvinningar síðustu ára, og er erfitt fyrir frjálsar þjóðir að taka slíku ofbeldi þegjandi. Atburðirnir í Póllandi eru kapítuli í sögu kommúnismans, sem skapar óhjákvæmilega spennu og hættu um það land.

Bandaríkjamenn hafa nú að mestu náð sér eftir þjóðaráfallið sem ósigurinn í Víetnam var þeim og þeir hafa kosið yfir sig nýja stjórn sem nú bítur í skjaldarrendur, boðar aukinn vígbúnað og seilist til mjög varhugaverðra afskipta í El Salvador.

Bæði risaveldin virðast um þessar mundir þjást af vonbrigðum og reiði yfir að fá ekki notið þess valds sem þeim finnst að hermáttur þeirra eigi að tryggja þeim. Án efa finnst valdamönnum í Washington gíslamálið í Íran vera jafnniðurlægjandi og valdhöfum í Kreml finnst framvinda kommúnismans í Póllandi. Risaveldi í slíkum ham eru hættuleg og ekki verður komist hjá þeirri staðreynd að ástand heimsmála um þessar mundir er mjög eldfimt, stríðshætta er í raun og veru á næsta leiti. Gleggsti vitnisburður um þetta er að sjálfsögðu hið risavaxna vopnakapphlaup sem háð er um allar jarðir af stórveldum og fjölda minni ríkja, t. d. í Austurlöndum nær.

Almennt er viðurkennt að hættan á heimsstyrjöld sé langmest í löndunum umhverfis Persaflóa, en þar geisar stríð milli tveggja ærið fjölmennra ríkja, Írans og Íraks, og enn er ekki séð fyrir endann á þeim átökum. Ef Íran hefði hrunið fyrir árás Íraka hefðu stórveldin í austri og vestri án efa þegar blandast í málið og allar líkur verið á ófriði þeirra í milli. Sovétríkin hefðu safnað saman her og sett upp stjórnstöðvar nærri landamærum Írans, en Bandaríkin og fylgiríki þeirra höfðu allmörg flugvélamóðurskip og stóran flota úti fyrir ströndum landsins og bjuggu um sig í nágrenninu. Svo nærri vorum við ófriði þá að bestu manna skoðun, enda þótt allur þorri fólks virðist ekki hafa áttað sig á hve hættan var nærri á þessum vikum. Slíkur ófriður gat á skömmum tíma borist til Evrópu og Atlantshafs.

Vígbúnaðarkapphlaupið, sem stendur yfir og virðist síst fara minnkandi, er geigvænlegur vitnisburður um ógæfu og vanþroska mannkynsins. Vafalaust mundi létt að bægja frá hungri og fátækt og bæta lífskjör þeirra, sem standa höllum fæti í þriðja heiminum og fátækrahverfum iðnríkjanna, ef lát yrði á þessum hrunadansi og fjármunum betur varið. Stórveldunum ber skylda til að taka aftur upp þráðinn varðandi takmörkun kjarnorkuvopna, enda þegar til meira en nóg af þeim til að granda mestum hluta mannkynsins. Síðustu fréttir benda sem betur fer til örlítillar vonar um að þróunin geti orðið í þessa átt, enda mun hvorki Sovétríkjunum né Bandaríkjunum veita af fjármunum sínum til félagslegra umbóta heima fyrir.

Í eðlilegu framhaldi af þessum orðum er rétt að leiða hugann að vandamálinu sem nú er almennt kallað norður-suður, en það er misskipting gæða jarðarinnar og jöfnuður milli fátækra og ríkra. Ljóst er nú að bein aðstoð eða eins konar alþjóðleg vetrarhjálp leysir ekki þetta vandamál, dugir varla til að mæta sífelldum náttúruhamförum. Þau ríki þriðja heimsins, sem búa yfir miklum hráefnum eða eldsneyti, hafa farið þá leið að hækka verð á þessum nauðsynlega varningi, eins og t. d. OPEC-samtökin og olíumálin eru til vitnis um. Enda þótt í þessu felist grundvallarréttlæti er hættulegt að ganga of langt of fljótt. Olíuverðið á mikinn hlut að þeirri efnahagskreppu sem nú hrjáir iðnaðarlöndin bæði vestantjalds og austan. Hér verður að koma til skilningur á því, hve samtengt efnahagskerfi alls heimsins er orðið.

Hvað okkur Íslendinga áhrærir höfum við lengi verið ósparir á fögur orð í þessum efnum, en seinir til að standa við þau, og ber því að taka undir þá gagnrýni sem fram

kemur í skýrslu utanrrh. um þetta mál.

Samskipti okkar Íslendingar við næstu nágranna okkar, Færeyinga og Grænlendinga, eru smám saman að fá þann sess sem þeim ber í hugum okkar. Margt hefur unnist á síðustu misserum, en mikið er óunnið og er nauðsyn að halda áfram að efla þessi tengsl. Enda þótt þessi þrjú lönd, þar sem þrjár smáþjóðir telja aðeins liðlega 300 þús. manns, vegi hvað mannfjölda snertir ekki þungt hafa þau í öryggismálum, hafréttarmálum og fiskveiðimálum slíka lykilaðstöðu að önnur veigameiri er vandfundin. Þessa stöðu verða Norðurlönd vestri að nota sér, en til þess þarf enn meira samband og betra og meiri samráð stjórnvalda í þessum þremur löndum en hingað til hefur verið. Við getum að vísu bandað frá okkur öllum hugarórum erlendra, aðallega norrænna, blaðamanna um einhvers konar bandalag þessara þriggja þjóða því að þess gerist í rauninni lítil sem engin þörf. Við höfum svo margt sameiginlegt og við höfum svo góðar aðstæður til samráðs að það á að geta nægt til að ná tilgangi okkar og þörfum.

Hafréttarmál eru nú í eins konar sjálfheldu vegna einstrengingslegrar afstöðu Bandaríkjastjórnar, og verður ekki séð fram úr þeim vanda fyrr en á fundi í Genf í sumar í fyrsta lagi. Þangað til getum við aðeins vonað að Bandaríkin sjái að sér og leggi ekki fram umfangsmiklar brtt., sem mundu framlengja þetta langa, en farsæla starf um tvö eða jafnvel fleiri ár.

Flestir landsmenn sjá nú að samningagerðin um Jan Mayen við Norðmenn var farsæl. Fyrir nokkru hafa Sovétríkin einnig viðurkennt fiskveiðilögsögu eyjarinnar eftir að hafa notað málið sér til stuðnings í samningum. Nú verðum við Íslendingar að gæta hagsmuna okkar vel þegar skipt verður kolmunnakvótum svo að við missum þar ekki af tækifærum sem við kunnum að þarfnast fyrr en varir.

Samningar við Efnahagsbandalagið í Brussel um grænlensku landhelgina ganga stirðlega og verður ekki sagt hvernig yfir lýkur, eins og fram kom í ræðu hæstv. utanrrh. Það mundi breyta miklu fyrir okkur ef Grænlendingar segðu sig úr EBE, en um það mál er annars ekki viðeigandi að við ræðum opinberlega því að það er þeirra mál.

Herra forseti. Margt stuðlar að því, að einmitt nú er ástæða til að gera varnarmál Íslands sérstaklega að umræðuefni. Öðru fremur kemur þó til sú staðreynd, að Alþb. hefur nú síðustu mánuði hafið nýja áróðurssókn gegn þeirri utanríkis- og öryggisstefnu sem þó er fylgt af ríkisstj., sem bandalagið sjálft á sæti í. Þannig er þessum flokki aldrei að treysta. Þar ríkir kommúnistískt siðleysi og sífelld svik við eigin stjórn og samstarfsmenn.

Meginástæða þess, að Alþb. hefur nú skorið upp herör í varnarmálum okkar, er að flokkurinn á í þriðja sinn á rúmlega áratug sæti í ríkisstj. án þess að setja brottför varnarliðsins á oddinn og hefur í þriðja sinn í röð fórnað málstað herstöðvaandstæðinga fyrir ráðherrastóla. Þetta er því viðkvæmara sem ný kynslóð hefur tekið við forustu í flokknum og reynir með áróðri og hávaða að halda fylgi þess fólks sem hefur verið að yfirgefa Alþb. vegna endurtekinna svika við þennan málstað. Þetta kom ljóst fram á ráðstefnu um varnarmálin og síðan á landsfundi Alþb. seint á síðasta ári. Á ráðstefnunni sagði einn áhugamaður, ef dæma má eftir prentuðum frásögnum eða fjölrituðum frásagnagögnum af henni, að hann ætti örðugra með að greiða Alþb. atkv. sitt vegna „lítilþægni þess í herstöðvamálinu". Annar áhugamaður gagnrýndi áhrifamenn Alþb. harðlega fyrir „skefjalitla afsláttarpólitík í herstöðvamálum". Hann talaði einnig um „verðfall málflutnings Alþb. í herstöðvamálum" og taldi það stöðugt færast neðar á málefnaskrá flokksins. Sjálfur Kjartan Ólafsson sagði að flest benti til að í þessum efnum yrðu ekki miklar breytingar á næstu árum. Þvert á móti sagðist hann búast við að í ríkisstj. yrði mikil þátttaka Alþb., en án þess að breytingar yrðu á styrk kröfunnar um herstöðvamálið.

Þessar tilvitnanir eru teknar beint úr fundargerðum frá þessari ráðstefnu, en þær og ýmislegt annað efni um varnarmálin voru á meðal efnis á 13 þskj. sem lögð voru fyrir landsfund Alþb. í nóv. um þessi málefni ein. Af þessu má glöggt sjá hvers vegna hin nýja forusta Alþb. leggur mikla áherslu á áróðursherferð um varnarmálin. Áróður skal fólkið fá enda þótt málstaðurinn verði svikinn í hvert skipti sem ráðherrastólar eru í boði. Þetta er hin raunverulega ástæða þess, hvílíkan úlfaþyt Alþb. gerir út af Keflavíkurflugvelli og varnarstöðinni þar. Þskj. nr. 3 af þessum 13, sem ég nefndi, endar á þessum örvæntingarfullu orðum: „Nauðsynlegt er að hefja eins konar hræðsluáróður gegn stöðinni." Ég endurtek þetta, sem stendur prentað í þskj. nr. 3 af þeim 13 sem fjalla um varnarmálin: „Nauðsynlegt er að hefja eins konar hræðsluáróður gegn stöðinni."

Hin 13 þskj. landsfundarins um varnarmálin eru eftir ýmsa mismunandi þekkta menn, þeirra á meðal hæstv. félmrh. og hv. þm. Ólaf Ragnar Grímsson og aðra sem virðast hafa lagt mikla stund á að kynna sér þessi mál, ekki verður því neitað. Skjölin fjalla um ýmsar hliðar varnarmálanna, en þeim er eitt sameiginlegt: Í þeim er undantekningarlaust tekin afstaða með Sovétríkjunum og ekki sagt eitt styggðaryrði um þau eða stefnu þeirra. Ekki er eitt orð til mótmæla gegn innrásinni í Afganistan í 13 þskj. Flotauppbygging Sovétríkjanna er afsökuð m. a. með því að þau þurfi að verja fiskiskip sín. Hvílík nauðsyn! Hið friðlýsta svæði á Norður-Atlantshafi, sem talað er um, á að ná til allra stöðva fyrir norðan Skotland, en Sovétríkin eiga að halda víghreiðrum sínum á Kólaskaga, og þannig mætti lengi telja. Það leynir sér ekki að allur undirtónn í hinni nýju áróðurssókn Alþb. er stuðningur við Sovétríkin og fordæming á hinum frjálsu ríkjum.

Ekki sé ég ástæðu til að hefja á nýjan leik umr. um leynisamkomulag einhverra ráðherranna — samkomulag það sem mun hafa veitt Alþb. neitunarvald í varnarmálum. Þó stenst ég ekki mátið að lesa eina mgr. upp úr þskj. nr. 6 í þessari skjalaröð, sem ég hef gert að umtalsefni, á landsfundi Alþb., en höfundurinn að þskj. nr. 6 er sjálfur Svavar Gestsson, formaður flokksins og hæstv. félmrh. Hann segir á einum stað:

„Fram kom í sambandi við fyrirhugaðar olíuframkvæmdir í Helguvík, að flokkar ríkisstj. hefðu neitunarvald í þeim málum sem þeir teldu mikilvægt að væru ekki samþykkt. Hugsanlegt væri að beita þessu neitunarvaldi við þetta mál."

Prentað stendur það, og verður fróðlegt að sjá hvernig eftirleikurinn verður. En þessi orð og þetta mál um neitunarvaldið, frægt eins og það er, rifjar upp aðra og jafnvel enn alvarlegri spurningu fyrir mér. Við Íslendingar höfum takmarkað mannfjölda varnarliðsins og við höfum takmarkað umsvif þess með samningum. Varnarliðið er eftirlitsstöð sem einnig hefur allmikinn

varnarmátt, en það er vitað að á alvarlegum hættutímum eða stríðstímum þarf verulegan liðsauka til varnar landinu svo að tryggt sé. Þessi liðsauki er tilbúinn vestur í Bandaríkjunum og gæti komið hingað til lands með nokkurra klukkustunda fyrirvara. En til þess þarf leyfi frá íslenskum stjórnvöldum samkv. varnarsamkomulaginu. Nú er mér vitanlega ekki ljóst hvort utanrrh. mundi einn geta veitt það leyfi eða hvort samþykki ríkisstj. allrar þyrfti við. Ef svo er, mundi þá Alþb. með margumræddu neitunarvaldi sínu geta hindrað, að hingað kæmi á hættu- og stríðstímum nauðsynlegur liðsauki, og þar með alvarlega veikt, ef ekki brotið niður varnir landsins? Þetta er spurning sem nauðsynlegt er að fá svar við.

Kjarninn í áróðursherferð Alþb. er sú fullyrðing að Keflavíkurstöðin hafi tekið eðlisbreytingu og sé nú árásarstöð gegn Sovétríkjunum og stjórnstöð fyrir hernað Bandaríkjanna á Norður-Atlantshafi. Engin þessara fyllyrðinga á við rök að styðjast. Þær eru allar hreinar blekkingar, ætlaðar til að ná því markmiði sem ég greindi þegar ég las upp úr 3. þskj. landsfundar Alþb. orðin um að nauðsynlegt væri að hefja eins konar hræðsluáróður gegn Keflavíkurflugstöðinni. Þetta er efnið í hræðsluáróðrinum, þetta er tilraunin til að koma honum af stað og ná með honum þeim árangri sem ætlað er.

Fyrstu 10 árin, sem varnarliðið sat hér á landi, var það herlið í gömlum skilningi, skipað fótgönguliði, stórskotaliði, skriðdrekum og slíkum búnaði. Þá var varnarliðið tæplega tvöfalt fjölmennara en nú og undir stjórn flughersins sem hafði hér orrustuflugvélar eins og hann gerir enn. Eftir 1960 varð mikil eðlisbreyting á vörnum Íslands. Hið gamaldags varnarlið var kallað heim, bandaríksi flotinn tók við stöðinni og hingað voru fluttar eftirlits- og kafbátaleitarflugvélar. Ýmsar fleiri framkvæmdir, svo sem SOSUS-hlustunarkerfi á hafsbotni og margt fleira, stuðluðu að því að gera stöðina að þeirri eftirlits- og varnarstöð sem hún hefur verið æ síðan og er enn. Þessi breyting var gerð upp úr 1960 af þeirri augljósu ástæðu, að um 1955 byrjuðu Sovétríkin stórfellt átak samkv. ákvörðun mistjórnar kommúnistaflokksins þar í landi til þess að koma sér upp voldugum úthafsflota, kjarnorkuknúnum með flugskeyti. Þessi orð má lesa í bók Gorschovs aðmíráls, sem kallaður hefur verið og sannarlega er faðir sovéska nútímaflotans, mjög lærdómsríkri bók, sem eins og sjá má af hinum umræddu 13 þskj. a. m. k. sumir sérfræðingar Alþb. hafa lesið. Það sýnir fylgispekt Alþb.-manna að í hinum margnefndu þskj., sem þeir lögðu fram á landsfundinum, segja þeir að tilgangur Sovétflotans sé að rjúfa siglingaleiðir á Atlantshafi og vernda sovésk fiskiskip. En sjálfur faðir sovéska flotans, Gorschov aðmíráll, er mun hreinskilnari en fylgismenn hans hér á landi. Hann segir afdráttarlaust í bók sinni, sem heitir „Sæveldi ríkisins", að sovéski flotinn sé „voldugt afl til að skapa hagstæð skilyrði til að koma á sósíalisma og kommúnisma."

Eðlisbreyting varnarstöðvarinnar í Keflavík gerðist sem sé eftir 1960, fyrir rúmum 20 árum, en síðan hefur engin slík eðlisbreyting átt sér stað. Alþb.-menn, sem komust fyrst að þeirri niðurstöðu að þeir þyrftu að koma af stað hræðsluáróðri gegn stöðinni, hafa því ekki annað betra en upphitaðan 20 ára gamlan graut og þeir hafa raunar lítið sem ekkert rætt eðli stöðvarinnar öll þessi 20 ár.

Hins vegar segja þessir sömu menn í 13 þskj. ekkert um þær eðlisbreytingar sem orðið hafa sannanlega á sovéska flotanum nú á síðustu árum og hann siglandi hér ekki langt frá ströndum okkar oft og tíðum.

Er það ekki eðlisbreyting þegar slíkur floti eignast flugvélamóðurskip og það fleiri en eitt, en þessi skip hafa t. d. tekið þátt í flotaæfingum skammt frá Íslandi, eins og skipið Kiev gerði fyrir tveimur árum?

Er það ekki eðlisbreyting Rauða flotans að byggja stærstu kjarnorkukafbáta heims, eins og t. d. Typhoon-skipin sem eru 23 þús. lestir? Það eru engin smáræðisskip.

Er það ekki eðlisbreyting Rauða flotans að smíða skip eins og kjarnorkubeitiskipið Kirov, sem nýlega var á reynslusiglingum hér norður af landinu og er talið vera voldugasta stríðsskip sem til er í heiminum í dag?

Og er það ekki eðlisbreyting Rauða flotans að eignast langfleygar flugvélar eins og þær sem kallaðar eru Backfire, en fljúga með tvöföldum hraða hljóðs og geta hæglega athafnað sig frá Kólaskaga og suður fyrir Ísland og heim aftur?

Þetta er ekki nefnt á nafn í skýrslum, erindum og þskj. þeirra Alþb.-manna, enda þótt allt sé þetta í næsta nágrenni við okkur og um þetta allt megi lesa bæði í vestrænum blöðum, sem þeir sjálfsagt trúa ekki, og líka í hinni ágætu rússnesku bók sem ég nefndi og þeir vitna til í sínum þskj.

Enda þótt eðli Keflavíkurstöðvarinnar hafi ekki breyst í 20 ár hefur Atlantshafsbandalagið ekki setið auðum höndum og horft á þennan vígbúnað Sovétmanna. Það hefur endurbætt eftirlitstækni sína hér á landi sem annars staðar. Hlustunartæki heyra betur og leitarflugvélar leita betur með nýjum og fullkomnari búnaði. Við heyrðum t. d. í fréttum nú í vetur að leitarflugvél frá varnarliðinu fór á loft um miðja nótt til að leita að týndum íslenskum bát, en aðrar flugvélar gátu ekki athafnað sig fyrr en í birtu. Leitarvélin er búin nýjum tækjum til að leita í myrkri, og þarf ekki að orðlengja um þýðingu þess, enda þótt eðli leitarinnar sé hið sama. Þetta er aðeins eitt dæmi um það, hvers konar framfarir hafa farið fram innan þess hins sama ramma sem gerður var fyrir 20 árum.

Þá víkur sögunni til hinna umræddu AWACS-ratsjárflugvéla sem eru höfuðdraugurinn í gjörningum Albþ. Þetta eru vissulegar mjög fullkomin tæki, enda með öllum búnaði taldar vera dýrustu flugvélar sem til eru. Þær voru framleiddar fyrst og fremst vegna þess að ratsjártæki á jörðu niðri sjá ekki yfirborð jarðar nema skammman veg vegna hnattlögunar jarðar og þess vegna er unnt að komast óséð allnærri þeim með því að fljúga lágt. Auk þess að sjá allt sem hreyfist í lofti á stóru svæði og nokkuð á jörðu niðri, en þó ekki mjög mikið, eru þessar flugvélar notaðar sem stjórnstöðvar í sambandi við það sem þær sjá. Þær hafa mikla þýðingu og e. t. v. langmesta á þéttbýlum svæðum, eins og í Mið-Evrópu, enda kom það fyrir þegar hættuástand var talið þar suður frá, að vélarnar, sem hér hafa verið, voru sendar suður þangað.

Þessar vélar, sem hér hafa verið, eru tvær og hafa verið hér síðan í septembermánuði 1978, þeim sögulega mánuði.

Þegar breytingar voru gerðar á vörnum Íslands fyrir 20 árum voru reistar fjórar rastjárstöðvar, ein á hverju landshorni, og var þeim ætlað að sjá til allra flugferða, sérstaklega flugvéla sem ekki láta vita af sér, en það eru fyrst og fremst sovéskar herflugvélar. Tvær þessara ratsjárstöðva, önnur á Hornströndum, en hin á Langanesi,

störfuðu þó aðeins nokkur ár. Veðurfar reyndist svo erfitt á þeim fjallastöðum, sem stöðvunum höfðu verið valdir, að þær svo gott sem fuku og voru báðar lagðar niður af þeim sökum.

Skömmu eftir að ratsjárstöðin á Langanesi hætti að starfa vaknaði grunsemd um að sovéski flotinn hefði fundið að þarna var komin gloppa í varnir Íslands og gætu flugvélar flogið lágt upp að landinu svo að stöðin á Stokksnesi við Hornafjörð sæi ekki til þeirra, þannig gætu sovéskar flugvélar komist inn yfir Norðurland án þess að varnarliðið yrði þeirra vart. Það var eitt meginhlutverk AWACS-flugvélanna að bæta úr þessu. Þær sýndu fljótlega að grunur manna var réttur. Sovéskar flugvélar lögðu grunsamlega oft leið sína inn að Norður- og Norðausturlandi og voru að æfingum á þessu svæði án þess að ratsjártæki hér á landi yrðu vör við. Margar þeirra 160 sovésku herflugvéla, sem komu inn á varnarsvæði Íslands á s. l. ári, voru einmitt að æfingum á þessu svæði, en nú er betur með þeim fylgst.

Allar kenningar um að AWACS-flugvélarnar hér á Íslandi séu liður í árásarkerfi eða kjarnorkuárásarkerfi eru fjarstæða. Þær geta ekki gengt neinu slíku hlutverki, miðað við að þær eru staðsettar hér á landi, og þar sem einhverjar slíkrar stjórnunar kynni að verða þörf eru aðrar flugvélar fyrir hendi.

Fullyrðingar um að Keflavík sé að verða stjórnstöð bandarísks hernaðar á Atlantshafi er einnig út í hött. Leiðtogar Alþb. vita mætavel að stjórnstöð fyrir allan flota Atlantshafsbandalagsins og allar flotaaðgerðir á Norður-Atlantshafi eru í Norfolk í Bandaríkjunum og þar sitja þeir yfirmenn sem bera ábyrgð á þeim málum. Önnur stjórnstöð NATO-varna er á Suður-Englandi. Og loks er í Belgíu stjórnstöð fyrir meginland Evrópu. Hér á Íslandi er varnarlið og stjórnstöð sem nær álíka langt út og fiskveiðilandhelgin. Hún er að sjálfsögðu hlekkur í varnarkeðju Atlantshafsbandalagsins — mikilsverður hlekkur sem meira og meira reynir á eftir því sem tíminn líður.

Jafnframt því, að Alþb.-menn hafa reynt að koma við hræðsluáróðri um Keflavíkurstöðina með því að telja að henni hafi verið breytt í kjarnorkuárásarstöð, hafa þeir haldið fram tveim jákvæðum hugmyndum sem frekar væri ástæða til að ræða, en það er hugmyndin um friðlýsingu Norður-Atlantshafsins og hugmyndin um sérstaka yfirlýsingu um að Norðurlönd séu kjarnorkuvopnalaust svæði.

Hugmyndin um friðlýsinguna á uppruna sinn í ályktun Sameinuðu þjóðanna um friðlýsingu Indlandshafs. Þegar þær ályktanir voru gerðar fyrir meira en áratug höfðu Bretar nýlega kallað heim seinustu hersveitir sínar austan við Súez. Stórveldin höfðu engan viðbúnað við Indlandshafið allt og virðast því aðstæður hafa verið hinar ákjósanlegustu til að friðlýsa þetta mikla haf, eins og Sri Lanka lagði til. Því miður hefur öðruvísi farið. Ýmis átök á Indlandshafi, sérstaklega við Persaflóa, hafa leitt til þess, að stórveldin hafa bæði komið sér upp bækistöðvum og sent flotadeildir til þessa svæðis. Hefur þessi viðbúnaður farið svo vaxandi að vonlaust er nú talið um friðlýsingu þessa hafs í fyrirsjáanlegri framtíð.

Norður-Atlantshaf er að sjálfsögðu ekki opið eða óvígbúið eins og Indlandshaf var, heldur hefur mesti herbúnaður jarðarinnar verið settur við þetta fjölfarna haf í aldir. Það er því öruggt að segja að Norður-Atlantshaf verði líklega síðasti hluti heimshafanna sem unnt verði að friðlýsa, ef vel tekst um að fara þá leið. Það kemur raunar fram í skýrslum um ráðstefnu Alþb., sem ég hef áður vitnað til, að í umr. töldu ýmsir menn friðlýsingarhugmyndina barnalega og algerlega óraunhæfa. Hugmyndin er meira að segja svo barnaleg, eins og hún er fram sett, að friðlýsingin mundi leggja niður allar stöðvar Atlantshafsbandalagsins, en hún á ekki að ná til Kólaskaga þannig að Sovétríkin mundu halda öllum herstöðvum sínum þar. Þannig hygg ég að menn geti aldrei samið um sættir milli deilandi aðila.

Sömu sögu er raunar að segja um yfirlýsingu um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd. Hún á aðeins að ná til Norðurlandanna, þótt stórveldin hafi gnægð kjarnorkuvopna rétt hjá, bæði í Sovétríkjunum og í Þýskalandi og raunar einnig ekki langt í burtu, í Bretlandi. Jafnaðarmenn eru í öllum löndum andvígir kjarnorkuvopnum í hvaða mynd sem er og vilja draga úr framleiðslu og hugsanlegri notkun þeirra. Norrænir jafnaðarmenn eru því reiðubúnir til að ræða þessa hugmynd í víðara samhengi, en telja hana fráleita eins og hún er fram sett af kommúnistum í dag. Þá fyrst mundi hún gera verulegt gagn ef hún næði til einhvers þeirra svæða þar sem kjarnorkuvopn eru fyrir, en ekki aðeins til Norðurlandanna sem eru raunar kjarnorkuvopnalaust svæði, hvort sem menn lýsa því yfir oft eða ekki.

Herra forseti. Eins og sakir standa er óhugsandi fyrir Íslendinga að gerast varnarlausir og hlutlausir. Slíkt mundi tryggja að barist yrði um landið þegar í upphafi ófriðar og þjóðin mundi lítinn frið fá fyrir ásælni stórveldanna á friðartímum. Grænhöfðaeyjar eru lítið, hlutlaust og varnarlaust smáríki, sem er eyríki á Atlantshafi eins og við. Sovétríkin sækja stöðugt að þeim og vilja fá herstöðvar, en lofa í staðinn tæknihjálp, aðallega varðandi fiskveiðar. Aeroflot, sovéska ríkisflugfélagið, er búið að fá viðtæka aðstöðu á aðalflugvelli eyjanna og sóknin í flotastöð er stöðug. Sovétríkin hafa og, að því er sagt er í margumræddum skjölum Alþb., beðið heimastjórnina á Grænlandi um leyfi til að koma upp fiskveiðimiðstöð þar í landi, og má segja að ekki hafi verið beðið lengi með ásóknina.

Það eru hættutímar um þessar mundir og við verðum að sýna þá raunhæfni og þann manndóm að haga okkur eftir því.

Þegar slökun var mest og menn gerðu sér vonir um raunhæfa afvopnun var fækkað í varnarliðinu um mörg hundruð manns og seglin dregin saman, eins og gert var með samningunum 1974. Nú verður að búa hús fyrir óveður sem fer því miður vaxandi, en glata þó ekki voninni um að því muni senn slota og aftur taka við ný slökun og raunhæf afvopnun.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. forseta fyrir að taka utanríkismálin á dagskrá á þessum venjulega reglulega fundartíma hér á hv. Alþingi þannig að það gefist góður tími til að fjalla um þessi mál hér.

Ég ætla ekki á þessu stigi málsins, heldur frekar síðar í umr., að svara ýmsum atriðum sem fram komu í ræðu hv. þm. Benedikts Gröndals og Geirs Hallgrímssonar. Ástæðurnar eru fyrst og fremst þær, að það hefur orðið að samkomulagi hjá okkur að reyna að ná tíma fyrir þingflokkana núna kl. 5, þannig að ég mun reyna að haga máli mínu í samræmi við það.

Það var hins vegar mjög athyglisvert í ræðu hv. þm.

Benedikts Gröndals áðan, að hann eyddi mestum tíma ræðu sinnar til þess að fjalla um skýrslur, sem fram voru lagðar á landsfundi Alþb., og í raun og veru miklu lengri tíma í þær skýrslur en hann eyddi í að fjalla um skýrslu utanrrh. sem þó er hér á dagskrá. Fagna ég því, að hv. þm. Benedikt Gröndal skuli telja ástæðu til þess og nauðsyn að fjalla um þessi plögg Alþb. með sérstökum hætti, eins og hann gerði áðan, þó hann rangtúlkaði flest og sneri út úr mörgu.

Í umr. um skýrslu utanrrh. er eðlilegt að komið sé víða við í samskiptum Íslendinga við aðrar þjóðir svo og reynt að skyggnast fram og átta sig á því, hvað blasir við þjóðinni á næstu árum og áratugum, að svo miklu leyti sem það er unnt. Þá er að sjálfsögðu eðlilegt að farið sé yfir aðdraganda þeirrar stöðu í utanríkismálum sem Íslendingar eru nú í, einkum og sér í lagi að velta fyrir sér herstöðvamálinu og þróun þess, ekki síst með tilliti til þess, að fyrir fáeinum dögum var þess minnst hér í landinu að 30 ár voru liðin frá því að bandarískt herinn kom hingað á nýjan leik.

Hernám Bandaríkjamanna þá var samþykkt, eins og kunnugt er, af Alþfl., Framsfl. og Sjálfstfl. Það var samþykkt án þess að þing væri kallað saman. Þar voru aðeins kvaddir saman þm. þessara þriggja flokka sem tóku sér vald sem þeir þó áttu ekki, utan þings, til að heimila erlendu ríki herstöðvar í þessu landi. Síðan skreyta þessir flokkar sig með nafninu „lýðræðisflokkar" af miklum hroka og mannfyrirlitningu, eins og margoft kemur fram í ummælum talsmanna þeirra hér á Alþingi í dag. Hér var vitaskuld um að ræða stjórnarskrárbrot, enda þótt Alþingi hafi verið látið samþykkja bandarísku herstöðvarnar eftir á, þ. e. um haustið þegar þingið kom saman á nýjan leik. En vorið 1951 voru það þm. sem komu saman til fundar, eftir að Alþingi hafði verið slitið, til að leggja blessun sína yfir hið bandaríska hernám. Hér var ekki um að ræða neitt annað en stjórnarskrárbrot og tilraun til að brjóta niður í þágu Bandaríkjamanna hið lýðræðislega valdakerfi á Íslandi sem grundvöllur hafði verið lagður að með stjórnarskrá okkar og með ákvörðun um stofnun lýðveldis árið 1944.

Menn hafa lengi velt því fyrir sér, hvernig á því hafi staðið að Bandaríkjamenn komu einmitt á þessum tíma og einmitt með þeim hætti sem það gerðist, af hverju þeir hafi ekki lagt fram beiðni um það til Íslendinga, að þeir fengju að hafa hér herstöðvar, sem síðan hefði hlotið venjulega meðferð á Alþingi Íslendinga áður en herinn kæmi inn í landið. Þessar vangaveltur hafa raunar staðið yfir æ síðan, allt frá árinu 1951, en margt bendir nú til þess eftir upplýsingum, sem fram hafa komið úr breskum og bandarískum skjölum frá árunum 1945—1950, að bandarískt herinn og Bandaríkjastjórn hafi kosið þessa aðferð beinlínis vegna ráðlegginga frá íslenskum yfirvöldum, vegna þess að þau treystu sér ekki til þess að fallast á beiðni sem kæmi hingað eftir venjulegum leiðum. Um þetta er m. a. fjallað í frásögn af leyniskjölum breska utanrrn. frá árunum 1945—1948. Í þeim kemur fram, að það eru þrjú aðalmál sem mest ber á. Þar er fylgst í fyrsta lagi með þróun efnahagsmála á Íslandi, með stjórnmálaþróuninni og þá sérstaklega fylgi Sósíalistaflokksins og síðan er hernaðarlegt mikilvægi Íslands tengt báðum þessum málum.

Í þessum skýrslum kemur fram hvernig Bretar og Bandaríkjamenn leggja á það áherslu að reyna að afla markaða fyrir fisk frá Íslandi til að koma í veg fyrir pólitísk áhrif íslenskra sósíalista. M. a. leggja bresk og bandarísk stjórnvöld á ráðin um það, að héðan verði keypt um 70 þús. tonn af fiski gagngert í því skyni að koma í veg fyrir að íslenskir sósíalistar verði aðilar að ríkisstjórn Íslands. Jafnframt kemur það fram í þessum bresku leyndarskjölum frá 1945—1948, að íslenskir ráðamenn kvörtuðu beinlínis yfir því, að Bandaríkjamenn skyldu hafa beitt þeim aðferðum að leggja fram opinbera beiðni um herstöðvar á Íslandi til 99 ára. Miklu betra hefði verið ef Bandaríkin hefðu ósköp einfaldlega tekið sér þessar herstöðvar án þess að leggja fyrst fram opinbera beiðni. Breski sendiherrann segir í bréfi sínu 2. okt. 1945 t. d. á þessa leið:

„Forsrh." — þ. e. íslenski forsrh. — „ætlar samt augljóslega að styðja umsóknina" — þ. e. um bandarískar herstöðvar á Íslandi — „og sagði að miklu auðveldara hefði verið ef Bandaríkjamenn hefðu tekið einhliða ákvörðun í stað þess að biðja um stöðvarnar."

29. okt. segir í skeyti frá breska sendiherranum á Íslandi, Shepherd, að Ólafur Thors, forsrh. Íslands, hafi ítrekað þessa skoðun, og orðrétt segir sendiherrann, að Ólafur Thors hafi látið í ljós vonbrigði með „að Bandaríkjamenn og við hefðum ekki haldið áfram hernámi Íslands í eitt eða tvö ár í viðbót í stað þess að valda slíkri kreppu á þessu stigi".

Það kemur einnig ákaflega skýrt fram í þessum bresku leyndarskjölum, að þegar Bandaríkjamenn lögðu fram óskir um herstöðvar á Íslandi til langs tíma voru þeir auðvitað fyrst og fremst að hugsa um svokallaða öryggishagsmuni Bandaríkjamanna, en litu ekki á þetta sem ráðstafanir til að tryggja alþjóðlegt öryggi eða frið. Það kemur beinlínis í ljós í þessum skjölum, að setið var á svikráðum við þá grundvallarhugsjón sem lá að baki stofnunar Sameinuðu þjóðanna á þessum tíma. Af þeim ástæðum fóru Bretar fram á það við Bandaríkjamenn, að þeir frestuðu því að biðja um herstöðvar á Íslandi til langs tíma þar til Ísland væri orðið aðili að Sameinuðu þjóðunum. Þetta kemur fram í þessum leyniskjölum bandaríska hersins. M. a. stendur þar á þessa leið:

„Mikilvægum hagsmunum Bretlands væri fórnað með dvöl bandarískra herja í föstum herstöðvum á Íslandi. Á hinn bóginn er það aðaláhugamál stjórnar hans hátignar að Sameinuðu þjóðirnar verði árangursrík samtök. Fram hjá því verður ekki litið, að flýtir Bandaríkjanna við að tryggja sér aðstöðu á Íslandi og einnig Azoreyjum og á ákveðnum svæðum Breta og bandamanna á Kyrrahafi áður en gengið er til alþjóðasamstarfs kunni að vekja illan bifur hjá Rússum og eyðileggja alþjóðasamstarfið um öryggi áður en á það hefur reynt."

Á þessum tíma beittu Bandaríkjamenn og Bretar áhrifum sínum m. a. á einstaka forustumenn stjórnmálaflokkanna á Íslandi, ekki síst á forustumenn Framsfl. sem var að þeirra mati tregur í taumi að sögn breska sendiherrans á þessum árum. Segir orðrétt í einu bréfanna um þessi mál:

„Því miður hefur reynst árangurslaust að fá framsóknarmenn til að ganga í þetta bandalag, því að leiðtogi þeirra" — sem var Hermann Jónasson — „ætlar sér að nota tækifærið og fella ríkisstj. í þeirri von að geta sjálfur myndað nýja ríkisstj. Þeir" — þ. e. bandarískí sendiherrann og Cummings — „stungu því upp á að heilladrýgst yrði að ræða málin opinskátt við Vilhjálm Þór fyrrum utanrrh., sem er einn af hæfustu og duglegustu framsóknarmönnum þrátt fyrir að hann sé ekki þm., en

hann reynir nú að kljúfa flokkinn til að ætlun formannsins nái ekki fram að ganga. Ég gerði þetta því" — heldur áfram — „vegna þess að ég tel málið mikilvægt í alþjóðlegum skilningi og mun leggja á það áherslu við formann Framsfl. og talsmenn hans, að það sé ekki aðeins mikilvægt í flokkslegum skilningi þeirra að Ísland standi á krossgötu á sjálfstæðisbraut sinni frá 1944 og þetta sé stórkostlegt tækifæri fyrir formann Framsfl. til að breyta sem förðurlandsvinur og stjórnvitringur til framtíðarheilla fyrir land sitt. Hr. Þór þakkaði mér," segir breski sendiherrann enn fremur, „og lýsti yfir ánægju sinni vegna viðhorfa stjórnar hans hátignar, sem yrðu stuðningur í viðureign hans við aðra framsóknarmenn, og tilkynnti þá ætlun sína að nota þessi rök nú þegar í lokatilraun til að sannfæra formann Framsfl."

Eins og kunnugt er tókst þetta ekki og niðurstaðan í afstöðu Alþingis til Keflavíkursamningsins var sú, að samningurinn var að vísu samþykktur á Alþingi, en með 32 atkv., 19 voru á móti.

Á þessum árum kom beinlínis til tals, eins og ég gat lítillega um áðan, að beita þeirri hótun gagnvart Íslendingum að þeir fengju ekki aðild að Sameinuðu þjóðunum nema Bandaríkjamenn fengju hér herstöðvar. Um þetta segir breski sendiherrann t. d.:

„Bandaríkjamenn höfðu uppi tilburði til að nota loforð um að styðja inngöngu Íslands í Sameinuðu þjóðirnar til að fylgja eftir beiðni þeirra um herstöðvar. Þetta náði þó aldrei langt og Ísland var formlega tekið inn í Sameinuðu þjóðirnar 2. nóv. 1946 án mótmæla."

Hér var m. ö. o. öllum tiltækum ráðum beitt til að hafa áhrif á íslensk stjórnvöld og niðurstöðuna hér: Fiskkaupum í fyrsta lagi. Í öðru lagi áttu sér stað leynilegar viðræður íslenskra ráðamanna allt frá lýðveldisárinu 1944 við bandaríska ráðamenn um það, hvernig best væri að haga áframhaldandi hernámi landsins og um að kljúfa jafnvel einstaka stjórnmálaflokka í landinu. Þegar Bandaríkjamenn létu sér detta í hug að fara að þessu venjulega leið, með því að leggja fram opinbera beiðni um slíkt árið 1950 eða snemma á árinu 1951, voru þeir víttir af íslenskum ráðamönnum og sagt að ef þeir ætluðu sér að ná árangri í herstöðvamálinu ættu þeir einfaldlega að hertaka landið án þess að spyrja kóng eða prest áður. Það kemur einnig fram í þessum skýrslum, að beinlínis datt mönnum í hug að nota sér áhuga Íslendinga á að verða aðilar að Sameinuðu þjóðunum til að knýja það fram að bandarískt herinn fengi varanlega aðstöðu í landinu. Svona lágt var lagst á þessum tíma. Og það er fróðlegt að lesa einmitt nú, þegar 30 ár eru liðin frá bandaríska hernáminu árið 1951, ummæli, sérstaklega Morgunblaðsins, um þessi mál þar sem talað er ítrekað um samstöðu ákveðinna þriggja flokka, svokallaðra lýðræðisflokka, um herstöðvamálið. Staðreyndin er sú, að hér er fyrst og fremst um að ræða samstöðu um þögnina, þögn smánarinnar, sem umlykur upphafsár hernámsins á Íslandi, því að á sömu dögum og Íslendingar voru að fagna sjálfstæði sínu heitum og heilum huga um allt land stóðu ákveðnir menn í leynimakki við breska og bandaríska ráðamenn um hvernig ætti að koma hernámi Íslands fyrir, en ekki hvort erlendur her ætti að vera í landinu um aldur og ævi.

Saga bandarísku hernámsins á Íslandi er saga um feluleik þar sem samstaða lýðræðissinnanna svokölluðu, sem Morgunblaðið kallar svo, hefur fyrst og fremst snúist um að koma í veg fyrir að almenningur í landinu fengi að vita hvaða störf það eru sem bandarísku hernámsliðið á Keflavíkurflugvelli hefur stundað. Íslendingar voru dregnir inn í NATO með þeim rökum að hernaðarinnrás frá Sovétríkjunum væri yfirvofandi og Íslendingar voru fengnir til að samþykkja bandarísku hersetuna árið 1951 þrátt fyrir mótmæli yfirgnæfandi meiri hluta þjóðarinnar á þeim sömu forsendum, að hernaðarinnrás frá Sovétríkjunum væri yfirvofandi. Þó vitum við það nú, eftir að bandarísku og bresku leyniskjölin frá árunum 1944—1950 hafa verið birt, að ástæðurnar voru allt aðrar. Ástæðurnar voru einkum þær, að Bandaríkjastjórn lagði alla áherslu á að koma í veg fyrir að íslenskir sósíalistar gætu haft áhrif hér í þessu landi, eins og lýðræðislegur réttur þeirra stóð til, og til þess að tryggja jafnframt svokallaða öryggishagsmuni Bandaríkjanna.

Allt frá árinu 1951 og árinu 1949, þegar Ísland gekk í Atlantshafsbandalagið, hefur staðið yfir hörð barátta um hvort bandarískt herinn ætti að vera hér í landinu eða ekki. Alþb. og Sósíalistaflokkurinn hafa einir íslenskra stjórnmálaflokka barist gegn bandarísku hersetunni og aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu. Hluti annarra flokka hefur einnig stutt kröfuna um brottför bandarískra hersins. Þessi barátta er orðin löng og hún er orðin ströng. Henni verður þó að sjálfsögðu haldið áfram. Íslenskir herstöðvaandstæðingar hafa á þessum áratugum iðulega orðið að sæta því, að áhugamálum þeirra hafi miðað býsna skammt, en það breytir ekki því, að hugsjónir þeirra um friðlýst Ísland eiga engu að síður rétt á sér nú en þær gerðu í öndverðu. Staðreyndin er að eftir 1951 hefur í meginatriðum tekist að koma í veg fyrir að Bandaríkjamenn næðu hér frekari fótfestu en þá þegar varð. Það hefur þó verið reynt síðan, t. d. 1955 og 1956. Þá lá fyrir að Bandaríkjamenn höfðu áhuga á að koma sér enn betur fyrir, og þá var hafinn undirbúningur að því að koma upp nýjum herstöðvum á Íslandi. Samþykkt Alþingis í mars 1958 varð hins vegar til þess, að það var sett stórt spurningamerki við Ísland á kortum herforingjanna í Pentagon og síðan hafa Bandaríkjamenn ekki óskað eftir að fá hér fleiri herstöðvar í landinu.

Bandaríkjamenn hafa beitt hér ýmsum aðferðum. Það hefur verið beitt gylliboðum af margvíslegum toga. Það er staðreynd, sem liggur fyrir, að talsverður hópur Íslendinga hefur á þessum áratugum átt margs konar viðskipti við herinn og haft af því verulega fjármuni. Ekki þarf að fara langt til að finna fjársvikamál sem stunduð hafa verið í tengslum við bandaríska herinn. Stærsta málið er þó svokallað olíumál. Marshall-féð kom þarna einnig við sögu og það hefur jafnan verið viðurkennd aðferð hjá Bandaríkjamönnum að beita ekki aðeins fortölum, heldur einnig fégjöfum til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Eitt alvarlegasta tilræði Bandaríkjamanna á þessum tíma við sjálfstæði íslensku þjóðarinnar var herstöðvasjónvarpið sem náði um tíma inn á annað hvert heimili hér á þéttbýlissvæðinu eða til um það bil þriðjungs Íslendinga að talið var. Það er einn besti áfangi herstöðvaandstæðinga á þessum árum þegar vinstri stjórninni 1971—1974 tókst að knýja fram lokun bandarísku hermannasjónvarpsins, en það er geymt, en ekki gleymt að á Alþingi Íslendinga voru þá menn sem fluttu beinlínis tillögur um að opna fyrir bandarísku hermannasjónvarpið á ný er því hafði verið lokað.

Það er athyglisvert að fylgjast með því, hvernig þessum málum er háttað nú, hvernig íslenskir aðalverktakar, sem hér voru nefndir áðan, virðast hafa rakað saman

gróða af umsvifum sínum á vellinum og festa hann í steinsteypuhöllum hér í bænum og geyma á bankareikningum í stærstu ríkisbönkunum. Það er einnig athyglisvert að horfa upp á það þegar trúnaðarmenn hermangsins blygðunarlaust ganga fram fyrir skjöldu til undirbúnings prófkjörum í flokkum sínum á sama tíma og þeir gegna störfum við að selja rusl fyrir Ameríkanann hér á þéttbýlissvæðinu. Hér er margt orðið rotið og margt orðið spillt, en þó fer því víðs fjarri að baráttan gegn bandarísku herstöðinni hafi lagst niður á nokkurn hátt. Þvert á móti er það svo, að á undanförnum árum hefur mjög vaxandi hópur ungs fólks gert sér grein fyrir hvaða hætta það er sem fylgir bandarísku herstöðinni fyrir efnahagslegt og stjórnarfarslegt sjálfstæði Íslendinga og menningarlega stöðu okkar, sögu og umgengni okkar við þá arfleifð sem fyrri kynslóðir skildu eftir okkur til ráðstöfunar og varðveislu.

Nú á síðari misserum hafa ný viðhorf í herstöðvamálinu skapað nýja umræðu um þessi mál. Komið hefur fram að Bandaríkjamenn eru að koma sér upp nýrri tegund búnaðar í Keflavík. Ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar ákvað að leyfa staðsetningu svokallaðra AWACS-flugvéla á Keflavíkurflugvelli, en sú ákvörðun var tekin á lokaspretti valdaferils þeirrar ríkisstj., á sama tíma og fyrirheitin um fjármögnun flugstöðvarinnar frægu voru veitt af hálfu Bandaríkjamanna.

Það var upp úr 1960 eða svo, eða fyrir um það bil 20 árum, að breytingar hófust á hernaðarkerfi Bandaríkjamanna á Norður-Atlantshafi. M. a. var í þessum breytingum gert ráð fyrir möguleikum á öflugri kafbátahernaði en verið hafði áður, og þar var gert ráð fyrir að tengja hernaðarkerfi Bandaríkjanna á Norður-Atlantshafi beint við kjarnorkuvopnakerfi Bandaríkjamanna. Á þessum 20 árum hefur verið unnið að því markvisst af Bandaríkjastjórn að tengja herstöðina í Keflavík við þetta kjarnorkuvopnakerfi, og það er talið með óyggjandi rökum að Keflavíkurherstöðin sé nú orðin mikilvæg stjórnstöð í kjarnorkuvopnakerfi Bandaríkjanna á gjörvöllu Norður-Atlantshafi og jafnframt hafi herstöðin nú nýju hlutverki að gegna, eftir að AWACS-vélarnar komu til sögunnar, og stöðin sé í reynd einnig árásarstöð að dómi erlendra hernaðarsérfræðinga, en ekki aðeins varnarstöð eða viðvörunarstöð, eins og hefur verið haldið fram í þessum umr.

Mikilvægur hlekkur í þessu heildarstjórnunarkerfi Bandaríkjanna í Norður-Atlantshafi er svokallað SOSUS-kerfi, eins og hv. þm. Benedikt Gröndal nefndi áðan. Þetta kerfi hefur verið lagt út frá ströndum Íslands og út í Atlantshafið til að gera Bandaríkjamönnum kleift að fylgjast með og stýra héðan kafbátahernaði. Annar mikilvægur áfangi þessara áætlana var koma Orion-vélanna og Phantom-flugvélanna sem í senn stunda þjónustu við kafbátakerfið og hafa auk þess búnað til að bera kjarnorkusprengjur. Allir þessir þættir hafa orðið til þess að herstöðin í Keflavík gegnir nú öðru hlutverki en áður var. Herstöðin í Keflavík er að verða eins konar miðpunktur í kjarnorkuvopnakerfinu á Norður-Atlantshafi og hún er beinn tengiliður við stjórnstöðvar hernaðarkerfis Bandaríkjanna, sem fær boð í gegnum gervihnetti Atlantshafsbandalagsins, en það var einnig ríkisstjórn Geirs Hallgrímssonar sem heimilaði að fjarskiptabúnaður NATO gagnvart gervitunglum yrði mjög endurbættur, en sú heimild var veitt á árinu 1977.

Ég hef út af fyrir sig ekki trú á því, að þeir íslenskir ráðamenn, sem heimiluðu þennan búnað, lagningu SOSUS-kerfisins hérna út í Atlantshafið, Orion- og Phantom-vélarnar og AWACS-vélarnar, hafi gert sér að fullu grein fyrir því í öllum tilvikum hvað þeir voru að gera vegna þess að hér er um að ræða alvarlegt skref í þá átt að auka hættuna á að árásir verði gerðar á Ísland. Ég hef ekki trú á að nokkrir sæmilega vel meinandi einstaklingar, jafnvel þótt þeir tilheyri þeim flokkum sem vilja styðja herstöðina hér í landinu, geti í raun með opnum augum samþykkt slíkt.

Núna að undanförnu, eftir að Þjóðviljinn, þm. Alþb. og Samtök herstöðvaandstæðinga hafa tekið að gera grein fyrir þessum auknu umsvifum Bandaríkjamanna, höfum við reynt að gera ítrekaðar tilraunir til að fá hina flokkana og talsmenn þeirra til að ræða um þessi mál af verulegri alvöru. Við höfum bent á að samkv. nýjustu áætlunum stórveldanna sé núna beinlínis gert ráð fyrir að unnt verði að heyja svokallað „takmörkuð kjarnorkustríð", og við höfum bent á að hætta sé á að herstöðin á Íslandi verði þannig útbúin að forsendur til þátttöku í slíku takmörkuðu kjarnorkustríði skapist hér á Íslandi. Við höfum ekki fengið undir þetta verulegar undirtektir meðal forustumanna hinna flokkanna, en þó hef ég orðið var við að allur almenningur í landinu gerir sér það ljóst. Jafnvel þó að þetta fólk hafi stutt NATO-flokkana gera menn sér betur og betur grein fyrir þeim háska sem hér getur verið fram undan.

Það var athyglisvert í þessu sambandi, að á sama tíma og ofstækisfyllstu áróðursmenn ameríkanismans hér á Íslandi halda því fram, að herstöðin hér á landi sé einungis varnarherstöð og ekkert annað, kemur hingað til lands norskur hermálasérfræðingur, Anders Hellebust, og lætur hafa við sig blaðaviðtöl um herstöðvarnar á Íslandi og í Noregi. Anders Hellebust lauk námi við norskan herskóla og tók magisterspróf í stjórnmálafræðum, vann í skóla norska herforingjaráðsins, en hætti að þjóna norska hernum fyrir um það bil tveimur árum. Hann vinnur núna við blaðamannaskólann norska og kennir þar félagsfræði og kom hingað með stórum hópi blaðamanna sem voru að kynna sér ýmsa íslenska málaflokka.

Árið 1975 birti hann úttekt á Loran C-stöðvunum í Noregi og vakti mjög mikla athygli í kosningunum í Noregi sem þá fóru í hönd. Í þessari úttekt kom fram að tilgangur stöðvanna væri að gefa siglingaleiðbeiningar til Polaris-kafbáta. Það var sett sérstök nefnd til að kanna þessar staðhæfingar á þeim tíma. Þessar stöðvar hafa einnig það hlutverk að miðla fyrirmælum til bandarískra kafbáta frá stjórnstöð í Bandaríkjunum og að sjálfsögðu geta slíkar stöðvar verið þýðingarmikil skotmörk í stríði, eitt af því sem Rússar mundu fyrst reyna að eyðileggja, segir Anders Hellebust í blaðaviðtali hér á dögunum. Síðan segir hann orðrétt í blaðaviðtali við Þjóðviljann 7. maí 1981:

„Ég frétti að Íslendingar hefðu verið að deila um AWACS-flugvélarnar. Mér finnst það viðhorf rétt, að staðsetning þessara flugvéla fær Keflavíkurherstöðinni annað og meira hlutverk í hernaðarkerfi Bandaríkjanna en áður hefur verið. Hinn mikli og flókni búnaður þeirra véla er gífurlega þýðingarmikill til stjórnar og samræmingar á athöfnum flugsveita í stríði. NATO segir venjulega að hér sé um varnartæki að ræða sem fylgist með hugsanlegum árásartilburðum Rússa, en þær eru alveg eins sóknarvopn. Þær geta séð, " eins og hann

orðar það, „500 mílur inn í sovéskt land, stjórnað árásarflugsveitum og margfaldað afköst þeirra.

Sumir halda því meira að segja fram, að ef Bandaríkjamenn hefðu átt AWACS-vélar í Víetnam-stríðinu hefðu þeir getað greitt Norður-Víetnam miklu þyngri högg en þeir gerðu með svipuðum árásarmætti. Þessar vélar eru svona óheillakrákur," segir hann, „sem sendar eru á vettvang hvenær sem eitthvað er á seyði, milli Írans og Íraks t. d. eða þá í Póllandi, þegar vélar voru sendar frá Íslandi til Vestur-Þýskalands."

Í þessu blaðaviðtali bendir Anders Hellebust á það, að nú séu uppi ný viðhorf sem smáþjóðirnar þurfi að taka tillit til. Það sé hætta á að ófara stórveldis í einum heimshluta verði hefnt í öðrum heimshluta. Hann segir orðrétt:

„Ég hef fylgst með yfirheyrslum í bandaríska þinginu, þar sem flotaforingjar hafa haft hátt um nauðsyn þess, að Bandaríkjamenn hafi sig meira í frammi í Noregshafi, byggi upp nýja herstjórnarlist sem miði að því að loka Rússa inni í Barentshafi. Þetta er ekki ný stefna. Hún hefur verið í gildi í 4—5 ár og við þessa stefnu er tengt ýmislegt það sem öryggi Íslands og Noregs er hættulegast. Það gæti gerst á þann veg að Sovétríkin og Bandaríkin lentu í árekstrum einhvers staðar annars staðar í heiminum, t. d. við Persaflóa. Eins og Harold Brown, fyrrum varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, lét uppi við International Herald Tribune gætu Bandaríkjamenn talið það skynsamlegt að mæta slíkum árekstrum með mótaðgerðum í Evrópu, jafnvel allt norður í Noregi. En með þessu móti," heldur hann áfram, „gætu Ísland og Noregur dregist inn í átök risaveldanna sem eiga upptök innan NATO-svæðisins, inn í stigmögnun sem e. t. v. endaði með árás Sovétmanna á Norður-Noreg í því skyni að brjótast út úr kvínni."

Norski hermálasérfræðingurinn leggur á það mjög þunga áherslu, að það, sem varast beri í þessum efnum, sé í rauninni tiltölulega einfalt. Hann segir:

„Það, sem máli skiptir, er sá útbúnaður sem Rússar telja mikilvægan og hættulegan: SOSUS-stöðvarnar, radarstöðvarnar, elektrónískar njósnastöðvar. Ef menn vilja hafa skynsamlega stefnu í varnarmálum á Íslandi sem í Noregi, skynsamlega í þeim skilningi að menn séu ekki að auka stríðshættu, þá eiga menn að beita sér gegn öllum þeim mannvirkjum og útbúnaði sem beinlínis haggar svokölluðu jafnvægi óttans í þá veru að annar aðilinn, hér Bandaríkin, fái aukna möguleika á því að greiða fyrsta högg."

En hvernig lítur staðan út hér á Íslandi og á Norður-Atlantshafinu ef bandarískt herinn færi héðan? Við Alþb.-menn höfum svarað þeirri spurningu, en hvert er svar hins norska hermálasérfræðings? Hann segir:

„Því er það svo, að jafnvel þótt bandarískt herinn færi frá Íslandi, þá fer því fjarri að verið væri að opna dyrnar fyrir Rússum. Bandaríkjamenn munu alltaf eiga miklu auðveldara með að taka Ísland ef þeim þurfa þætti en Rússar, sem þyrftu að fljúga yfir ýmsar hindranir á leiðinni til Íslands meðan ekkert hindrar Bandaríkjamenn."

Í lok þessa blaðaviðtals kemst hermálafræðingurinn svo að orði:

„Eins og við vitum er mikið rætt um öryggismál í Evrópu núna. Mér hefur verið það mikið ánægjuefni að sósíaldemókratískir flokkar hafa haft frumkvæði um að endurskoða ýmis viðhorf og leitast við að byggja upp þriðja sjónarmiðið, valkost fyrir Evrópu í varnarmálum. Ég hef sérstaklega dáðst að hollensku verkalýðshreyfingunni, sem hefur haft sig mjög í frammi í þessum málum. Við höfum ekki stutt nóg við bakið á slíkri viðleitni. Sem betur fer fer þó vaxandi gagnrýni og andstaða við fyrri stefnu í Verkamannaflokknum norska. Það er mikil nauðsyn okkar tíma að finna kost sem gerir Evrópuþjóðum kleift að fá Bandaríkjamenn til meiri varkárni og hefði vissulega sín áhrif í Varsjárbandalaginu líka."

Hér kemur hinn norski hernaðarsérfræðingur að ákaflega mikilvægum þætti í öryggismálum Evrópu um þessar mundir. Stórveldin hafa í vaxandi mæli verið að koma fyrir eldflaugum og kjarnorkuvopnabúnaði í Vestur-Evrópu og í Austur-Evrópu, sitt hvorum megin við járntjaldið sem svo var kallað í eina tíð. Það er talað um það af forráðamönnum norskra og sænskra sósíaldemókrata að hér sé í raun og veru verið að koma upp því ástandi að Evrópa geti orðið eins konar gísl stórveldanna í hernaðarátökum, að það sé hugsanlegt að heyja takmarkað kjarnorkustríð án þess að slíkt komi niður á miðstöðvum stórveldanna, Asíuhluta Sovétríkjanna ellegar á meginlandi Ameríku. Spurningin, sem Evrópuþjóðirnar standa frammi fyrir núna, er þess vegna sú, hvort þær ætla að láta stórveldin hafa sig að gíslum í þessum efnum eða hvort Evrópuþjóðirnar geta sameinast um evrópskan valkost andspænis hernaðarstefnu stórveldanna. Þessi evrópski valkostur yrði að vera í því fólginn að stíga ákveðin skref í átt til afvopnunar og friðar á þessu svæði. Í þeim efnum hefur einkum verið rætt um möguleikana á því, að ákveðin svæði og helst allt svæðið verði lýst kjarnorkuvopnalaust. Fyrir því er nú vaxandi áhugi hvarvetna. Það kemur m. a. fram í því, að Hollendingar og Danir og fleiri hafa neitað að taka þátt í auknum vígbúnaði Atlantshafsbandalagsins á þessu svæði. Raddir innan breska Verkamannaflokksins hafa gerst svo háværar að flokkurinn hefur lýst því yfir að nái breski Verkamannaflokkurinn meiri hluta á nýjan leik í því landi muni hann gera það að ski'yrðislausri kröfu að Bandaríkjamenn fari burt með allar kjarnorkuvopnaeldflaugar af bresku landi. Einnig hefur komið mjög skýrt fram innan vestur-þýska Sósíaldemókrataflokksins að þar er um að ræða mjög verulegar áhyggjur vegna vaxandi hernaðarumsvifa í Evrópu.

Einnig hér á landi hafa farið fram miklar umræður um þessi efni, m. a. um möguleikana á því að Norðurlöndin verði lýst kjarnorkuvopnalaust svæði. Auðvitað þýðir slík yfirlýsing einfaldlega það, að þau ríki, sem að henni stæðu, mundu gera með sér tiltekinn þjóðréttarlegan samning um að þau mundu ekki skapa aðstöðu fyrir kjarnorkuvopn í löndum sínum. Það hefur komið fram á hinum Norðurlöndunum mikill áhugi á þessu, og í Noregi, Danmörku og Svíþjóð er farin af stað undirskriftasöfnun þar sem þess er krafist að Norðurlöndin verði kjarnorkuvopnalaust svæði.

Í þessum umræðum heyrist því haldið fram að þarna verði í raun og veru að sleppa Íslandi vegna þess fyrst og fremst að staða Íslands í þessum efnum sé svipuð og Kólaskagans í Sovétríkjunum, að með því að Ísland væri kjarnorkuvopnalaust væri raskað svokölluðu hernaðarlegu jafnvægi stórveldanna. Alþb. er þeirrar skoðunar, að þessi uppsetning mála sé í raun og veru fráleit, í fyrsta lagi vegna þess að tilgangurinn með því að lýsa því yfir að ákveðin svæði séu kjarnorkuvopnalaus, er ekki síst sá að leitast við að draga úr hernaðarumsvifum stórveldanna,

og ef slíkt gæti gerst með því, að Ísland yrði aðili að slíkri yfirlýsingu, væri fólgin í því áhrifarík stefnumörkun. En í öðru lagi er þessi uppsetning mála um Norðurlöndin fjögur sem kjarnorkuvopnalaus, en ekki Ísland, Færeyjar og Grænland, fráleit af þeim sökum að með því móti er í rauninni verið að óska eftir auknu öryggi fyrir hin Norðurlöndin fjögur á kostnað eyþjóðanna þriggja. Það ætti sem sé að auka þrýsting á Ísland, Grænland og Færeyjar um geymslu kjarnorkuvopna og aukins herbúnaðar um leið og hinum Norðurlöndunum fjórum væru skapaðar friðvænlegri kringumstæður. Hér er þess vegna ekki um að ræða drengilega afstöðu á Norðurlöndunum að mínu mati, og Alþb. mótmælir henni mjög harðlega og mun koma þeim mótmælum á framfæri á Norðurlöndunum nú á næstunni.

Herra forseti. Ég sé að klukkan er nú orðin 5. Þingflokksfundir hafa verið boðaðir á þessum tíma. Ég óska því eftir við hæstv. forseta að ég fái að gera hlé á ræðu minni nú og halda henni áfram kl. 6. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég var kominn þar í ræðu minni fyrr í dag að fjalla um umræður sem fram hafa farið á Norðurlöndunum og einnig hér á landi um hugmyndirnar um að lýsa Norðurlöndin kjarnorkuvopnalaust svæði,og þessar umræður hafa einnig verið hér í gangi eins og kunnug er. Yfirlýsing um Norðurlöndin sem kjarnorkuvopnalaust svæði þýðir einfaldlega að þau ríki, sem að henni stæðu, mundu gera með sér tiltekinn þjóðréttarlegan samning um að þau mundu ekki skapa aðstöðu fyrir kjarnorkuvopn í löndum sínum. Hefur komið fram á hinum Norðurlöndunum mikill áhugi á þessu, eins og ég gat um áðan, og í Danmörku, Noregi og Svíþjóð er farin af stað undirskriftasöfnun þar sem þess er krafist að Norðurlöndin verði kjarnorkuvopnalaust svæði.

Ég gat um það í ræðu minni fyrr í dag að í þessari undirskriftasöfnun væri í raun og veru gert ráð fyrir að Íslandi væri þarna sleppt og það væru aðeins fjögur Norðurlandanna sem átt væri við í sambandi við þessa undirskriftasöfnun vegna þess að forvígismenn hennar legðu í rauninni Ísland annars vegar og Kólaskagann í Sovétríkjunum hins vegar að jöfnu. Ég lét það koma fram, að Alþb. er mjög andvígt afstöðunni sem þarna hefur birst, vegna þess að hún þýðir ósköp einfaldlega að það er verið að óska eftir auknu öryggi Norðurlandanna fjögurra á kostnað eyþjóðanna þriggja, þ. e. Íslands, Grænlands og Færeyja. Það ætti sem sagt að auka þrýsting á Ísland, Grænland og Færeyjar um geymslu kjarnorkuvopna og aukins herbúnaðar um leið og hinum Norðurlöndunum fjórum væru skapaðar friðvænlegri kringumstæður. Hér er þess vegna ekki um að ræða drengilega afstöðu á Norðurlöndunum að mínu mati, og Alþb. mótmælir henni mjög harðlega og hefur gert ráðstafanir til að koma þeim mótmælum á framfæri við þá sem standa fyrir nefndri undirskriftasöfnun á Norðurlöndunum. Áhuginn á að lýsa yfir, að Norðurlöndin verði kjarnorkuvopnalaus, er hins vegar ákaflega eðlilegur og hann er hluti af viðleitni, sem er á dagskrá í allri Vestur-Evrópu, að skapa samstöðu um evrópskan valkost í varnarmálum. Ég tel eðlilegt að Íslendingar hafi augun opin í þesssum efnum og kanni alla möguleika til þess að Íslendingar verði einnig aðilar að þessum evrópska valkosti, ef hann finnst, vegna þess að okkur er nauðsynlegt að tryggja tengsl okkar við Evrópu og Norðurlönd enn þá betur en gert hefur verið.

Það hefur komið í ljós í norrænu samstarfi á liðnum 30 árum, að þegar þar er unnið af heilum huga næst þar verulegur árangur sem hefur þýðingu fyrir allar þjóðirnar sem búa á Norðurlöndunum. Hins vegar hefur ekki tekist samstarf í varnarmálum milli þessara þjóða, því miður, þrátt fyrir mjög verulegan áhuga í þeim efnum. Nú er hins vegar að vakna skilningur á þessu sviði. Hann kom mjög greinilega fram á þingi Norðurlandaráðs í Kaupmannahöfn í vetur þar sem m. a. var óskað eftir að forsætisnefnd Norðurlandaráðs kannaði möguleika á að haldinn verði sérstakur fundur norrænna þm. um að Norðurlöndin verði lýst kjarnorkuvopnalaust svæði.

Umræða um þessi mál hefur hins vegar ekki náð eins langt hér á Íslandi og skyldi. Þó eru rökin enn augljósari hér en nokkurs staðar annars staðar, vegna þess að við erum eina ríkið á Norðurlöndum sem hefur erlenda herstöð. En hérna á Íslandi hafa ákveðin öfl reynt að sporna við fótum og reynt að koma í veg fyrir að umræður um þessi mál geti haldið áfram með eðlilegum hætti. Ég leyfi mér að spyrja talsmenn þeirra stjórnmálaflokka, sem fulltrúa eiga á Alþingi núna og mæla með aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu og bandarísku herstöðinni: Geta þeir ekki hugsað sér að hafin verði umræða hér í landinu á milli stjórnmálaflokkanna á einhverjum vettvangi, í utanríkismálanefnd eða öryggismálanefnd, um það, hvaða breytingar eru að eiga sér stað á herstöðinni í Keflavík og hvernig öryggi Íslendinga verður best borgið andspænis þeim breytingum og með hvaða hætti Íslendingar geti tengst þeirri umræðu um evrópskan valkost í öryggismálum sem nú er rætt um í allri Vestur-Evrópu og víðar? Ég trúi því ekki, að þeir forustumenn annarra flokka, sem hér eiga sæti á Alþingi nú, séu svo freðnir í brynju kalda stríðsins, eins og forverar þeirra voru, að þeir fáist ekki til að setjast niður til að ræða þessi mál, til að skapa víðtækari þjóðarsamstöðu um úrræði í utanríkismálum en nokkru sinni hefur skapast hér á landi. Forráðamenn þessara flokka verða að gera sér grein fyrir að sú leið, sem þeir hafa fylgt, kann að vísu að hafa stuðning nokkurs meiri hluta þjóðarinnar að því er varðar aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu, en hún hefur aldrei notið stuðnings yfirgnæfandi meiri hl. þjóðarinnar. Af þeim ástæðum tel ég að þessum forustumönnum sé skylt að leita nýrra leiða í þessum efnum og kanna hvort ekki er möguleiki á miklu víðtækari samstöðu en verið hefur um þessi mál, því að hvergi í NATO-ríki hafa utanríkismálin verið jafnumdeild og hér á Íslandi.

Ég er viss um að yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar er andvígur því, að hér séu geymd kjarnorkuvopn eða að hér sé aðstaða fyrir kjarnorkuvopn. Ég er sannfærður um að yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar er andvígur því, að Ísland verði gert að sérstakri skotskífu í stríði, að Ísland verði í raun og veru sá staður sem eigi að taka höggið af stórveldinu Bandaríkjunum í hugsanlegum átökum hins takmarkaða kjarnorkustríðs sem hershöfðingjar stórveldanna núna velta fyrir sér. Ég er sannfærður um að það er unnt að skapa yfirgnæfandi þjóðareiningu á Íslandi um íslenska friðarstefnu sem tekur mið af öryggi Íslendinga einna fremur en að taka í rauninni fyrst og fremst mið af hernaðarlegum hagsmunum Bandaríkjamanna, jafnvel á kostnað Íslendinga. Og ég lýsi ábyrgð á hendur þeim mönnum sem neita að vinna að þjóðarsamstöðu um úrræði í öryggis- og varnarmálum Íslendinga sem tryggja stöðu þjóðarinnar, öryggi hennar, framtíð, sjálfstæði og menningu betur en nú-

verandi úrræði meiri hl. Alþingis gera í þessum efnum.

Ég minni á í þessu sambandi að engin Norðurlandaþjóð önnur en Íslendingar hefur tekið í mál að opna fyrir dvöl erlends hers í landi sínu á friðartímum, og við skulum muna að nær 90% þeirra ríkja sem aðild eiga að Sameinuðu þjóðunum, hafa kosið að standa utan hernaðarbandalaga risaveldanna.

Því er stundum haldið fram að hlutverk okkar Íslendinga sé ekki stórt eða merkilegt á alþjóðavettvangi, *við séum fáir og smáir. Reynslan úr landhelgisstríðinu* sýnir okkur þó að okkar framlag getur skipt sköpum, getur ráðið úrslitum um það sem koma skal. Þetta framlag getur haft áhrif á það sem stórveldin hafast að, einnig gagnvart þeim ríkjum sem eru þeim fylgispökust. Vilji stórveldin beita okkur ofríki skulum við mæta því ofríki eins og menn. En það er hins vegar ekkert annað en *helber barnaskapur að láta sér detta í hug að herstöðin í* Keflavík geti orðið okkur til varnar ef til styrjaldar kemur. Þvert á móti bendir flest til þess, að með þeim breytingum, sem gerðar hafa verið á herstöðinni á undanförnum árum, sé hún í rauninni í fyrsta skotmáli og þannig hafi stóraukist sú tortímingarhætta sem í stríði vofir yfir.

Ég minnti á það áðan, að á ríkisstjórnarárum Geirs Hallgrímssonar voru teknar mjög afdrifaríkar ákvarðanir um breytingar á eðli herstöðvarinnar hér. Keflavíkurherstöðin er nú búin sem stjórnstöð og þar með miðstöð í kjarnorkuhernaði. Til marks um þetta er ekki síst staðsetning AWACS-vélanna á Keflavíkurflugvelli. Það er álit erlendra hernaðarsérfræðinga að mestu hættusvæðin í Evrópu, komi til kjarnorkustríðs, séu annars vegar Reykjanesskaginn á Íslandi og hins vegar svæðið í kringum Murmansk í Sovétríkjunum. Hvergi í Evrópu eru AWACS-flugvélar nema hér. Þetta eru staðreyndir sem liggja fyrir, og Íslendingar verða að átta sig á þessum staðreyndum. Ég er sannfærður um að þeir forvígismenn NATO-flokkanna, sem neita að horfast í augu við þessar staðreyndir, munu áður en langur tími líður verða í minni hluta með sjónarmið sín á Íslandi. Það er kominn tími til þess vegna að þeir opni augu sín, athugi sinn gang og skoði í alvöru, hvert þeir hafa leitt íslensku þjóðina, og að *þeir endurmeti afstöðu sína í ljósi hinna nýju* staðreynda. Okkar krafa hlýtur þó alltaf og ævinlega að vera sú og engin önnur en að bandarískt herinn fari úr landinu og að Ísland segi sig úr Atlantshafsbandalaginu.

Í skýrslu utanrrh. kemur margt fróðlegt fram, sem ekki verður farið nákvæmlega út í hér. Ég vil þó í þessu sambandi undirstrika alveg sérstaklega að í núverandi ríkisstj. er staðan þannig, að einn stjórnarflokkurinn, þ. e. Alþb., er andvígur aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu og andvígur bandarísku hersetunni á Íslandi. Þetta skapar sérkennilegar aðstæður um margt í ríkisstj., en innan hennar á að vera af þessum ástæðum samkomulag um að hér verði óbreytt ástand eða „status quo", að ekki verði um að ræða umsvif eða eðlisbreytingar á herstöðinni á þessum tíma. En vegna aðildar Alþb. að ríkisstjórnum hefur það gerst núna frá árinu 1978 að umræður um eðli herstöðvarinnar og innri gerð hennar og búnað hafa verið miklu opnari en áður hefur *verið hér á landi. Þetta gerðist fyrst með stofnun svo*kallaðrar öryggismálanefndar samkv. málefnasamningi ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar 1. sept. 1978. Þessi opna umræða hefur haldið áfram innan núverandi öryggismálanefndar Alþingis og innan núv. ríkisstj. Ég tel að núv. hæstv. utanrrh., Ólafur Jóhannesson, hafi átt mjög gott frumkvæði að því, að umræða um þessi mál væri opinská, en einkenndist ekki með sama hætti og oft áður af leynibruggi og pukurshætti. Ég tel að þetta sé mikilvægt þannig að þjóðin geti sem best áttað sig á því, hvaða starfsemi er um að ræða í bandarísku herstöðinni.

Varðandi skýrslu utanrrh. í einstökum atriðum minni ég aðeins á að eins og jafnan er margt sem vantar og maður vildi gjarnan hafa með í slíkum skýrslum. Þar er *t. d. ekki sérstakur kafli um bandarísku herstöðina*, sem þó væri mjög eðlilegt að hafa í slíkri skýrslu, þ. á m. um íslenska aðalverktaka, svo að ég nefni dæmi, og fleiri þætti, en eins og kunnugt er ríkir það undarlega ástand hér á landi að utanrrn. fer með öll mál á þessu sviði, einnig málefni sem önnur rn. fara með að jafnaði. Samgöngumál eru t. d. á snærum utanrrn. þarna suður frá. *Vinnuverndarmál eru þar á ábyrgð* utanrrn. Kjaramál eru það líka o. s. frv. Þess vegna væri ekki vanþörf á að fá allítarlegan kafla í skýrslu utanrrh. framvegis um herstöðina og það sem þar á sér stað. Í þessu sambandi vil ég sérstaklega minna á að í málefnasamningi núv. ríkisstj. er gert ráð fyrir að stjórnarráðslög verði endurskoðuð. Ég tel að verkaskipting ráðuneyta að því er varðar yrirstjórnina á Keflavíkurflugvelli eigi að koma til athugunar við endurskoðun stjórnarráðslaganna og stjórnarráðsreglugerðar. Ég tel að það væri mikill fengur í því, að framvegis fylgdi skýrslu utanrrh. skýrsla um Keflavíkurflugvöll og herstöðina, framkvæmdir þar og annað sem máli skiptir, og vil ég koma þessu á framfæri hér við hv. Alþingi og hæstv. utanrrh.

Ég vil þá víkja lauslega að öðrum köflum í skýrslu utanrrh. og þá fyrst að Norðurlandasamvinnunni. Norræn samvinna skipar sem áður háan sess í samskiptum okkar við aðrar þjóðir og ber okkur að leggja á það þunga áherslu. *Samstarf við þessar þjóðir hefur verið* náið á sviði alþjóðamála, eins og þeir þekkja sem setið hafa alþjóðlegar ráðstefnur fyrir Íslendinga. Ég tel að norrænt samstarf hafi skilað Íslendingum mjög verulegum árangri á undanförnum árum og áratugum og miklu meiri árangri en menn almennt gera sér ljóst.

Ég vil koma því hér á framfæri, að það er mín skoðun að ekki sé nærri nógu vel búið að norrænu samstarfi hér á landi að því er varðar þátttöku ríkisstj. og Alþingis í þeim efnum. Ég tel að þarna þurfi að koma til meira starfslið en verið hefur, bæði varðandi þátttöku alþm. í Norðurlandaráði og eins þurfi að vera til á einum stað betra yfirlit yfir það sem einstök rn. eru að vinna í tengslum við norræna samvinnu. Hér er um að ræða svo fjölþætt og viðamikið verkefni að það er á engum stað núna unnt að fá heillegt yfirlit yfir það, að hvaða verkum er unnið. Ég tel það ákaflega slæmt og vil leggja á það mikla áherslu að í framtíðinni verði að búa betur að norrænni samvinnu hér á landi en gert hefur verið til þessa.

Ég vil í öðru lagi víkja aðeins lauslega að hafréttarmálefnum. Ég tel að afstaða Bandaríkjamanna á síðustu hafréttarráðstefnu hafi í raun stefnt hinum nýja hafréttarsáttmála í stórkostlega hættu. Ég tel að hafréttarsáttmálinn, sem hefur verið í undirbúningi um margra ára skeið, sé í rauninni eitt merkasta plagg sem unnið *hefur verið að á alþjóðavettvangi á undanförnum* áratugum og jafnvel þó lengra væri farið aftur í tímann. Hér er reynt að skipuleggja aðgang þjóða að dýrmætum auðlindum. Ég held að þess vegna beri okkur að leggja mjög þunga áherslu á að hafréttarráðstefnunni ljúki og þar nái

menn niðurstöðu sem unnt verði að taka mið af á næstu árum og áratugum. Það er ljóst að allar þjóðir, sem hafa lagt vinnu í hafréttarráðstefnuna á undanförnum árum og hafréttarsáttmálann, harma þá afstöðu sem stjórn Reagans Bandaríkjaforseta tók. Það gerum við einnig, og ég hygg að það eigi við alla flokka hér á landi. Þess vegna vil ég nú draga þetta fram og leggja á það áherslu að við látum ekki deigan síga og reynum að knýja fram lausn og niðurstöðu að því er varðar alþjóðlegan hafréttarsáttmála, og síðan skulum við leggja okkur fram um að tryggja að sáttmálinn fá sem allra fyrst staðfestingu hjá sem allra flestum þjóðum þannig að hér geti orðið um að ræða alþjóðlegan rétt til viðmiðunar.

Varðandi landhelgismálið vil ég einnig leggja á það áherslu af hálfu Alþb., að við teljum að það sé nauðsynlegt að gera þeim þjóðum, sem hér hafa fiskveiðisamninga, Belgum, Norðmönnum og Færeyingum, grein fyrir því, að hér er ekki um að ræða samninga sem eiga að vera í gildi um aldur og ævi. Hér er um að ræða skammtímasamninga sem gerðir hafa verið við sérstakar aðstæður þegar landhelgin var færð út á sínum tíma, en það er ekki ætlun Íslendinga og íslenskra stjórnvalda, að þessir samningar gildi um aldur og ævi, enda þótt þeir hafi verið alllengi í gildi. Sú hugmynd er stöðugt á dagskrá meðal íslenskra stjórnvalda og alþm. að þessum samningum verði sagt upp. Þetta þurfa Belgar, Færeyingar og Norðmenn að gera sér vel ljóst vegna þess að þeir geta ekki reiknað með því að þetta sé sjálfgefinn samningur um alla framtíð um fiskveiðiréttindi. Það má ekki koma til þess, að þeir geti með neinu móti litið svo á, að þeir hafi af hefð eða öðrum sögulegum ástæðum verið hér svo og svo lengi þannig að þeir geti haldið þessum réttindum um langa framtíð. Slíku er ekki til að dreifa og það þarf að segja þessum þjóðum og ríkisstjórnum þeirra afdráttarlaust.

Talandi um norræna samvinnu og hafréttarmál er ljóst að við þurfum að fylgjast mjög vel með framvindu mála á Grænlandi á næstu árum. Þar fer nú fram undirbúningur að því, að Grænlendingar taki stjórn eigin mála í vaxandi mæli í sínar hendur og nú á næstunni mun þar fara fram atkvgr. um hvort þeir eigi að vera aðilar að Efnahagsbandalaginu. Það eru taldar talsverðar líkur á að því verði hafnað í Grænlandi. Við þurfum að gera okkur ljóst að við getum þurft að hefja viðræður og samninga við Grænlendinga um þau mál sem okkur eru sameiginleg í hafinu milli Grænlands og Íslands. Við verðum að vera reiðubúnir að fara út í þá samninga hið fyrsta og við þurfum að fara að undirbúa okkur undir þær viðræður sem allra fyrst. Grænlendingum þarf að vera ljóst að hér ríkir jákvætt viðhorf til þeirra og sjálfstæðisbaráttu þeirra.

Varðandi Jan Mayen-málið vil ég sérstaklega leggja á það áherslu, að í þeim viðræðum, sem nú munu fara fram á næstu vikum og mánuðum um hafsbotnssvæðið, verði haldið þannig á málum að við afsölum okkur engum rétti, heldur höldum ítrasta rétti á Jan Mayen-svæðinu og gætum þess að hleypa ekki aðilum að vinnslu verðmæta eða rannsóknum á hafsbotni okkar öðruvísi en við höfum þar fullt forræði yfir.

Næst vil ég nefna þann kafla í skýrslu utanrrh. sem fjallar um markaðsmál og unninn er af viðskrn. eins og venja er til. Ég tel að í rauninni séu þessi mál svo þýðingarmikil að það væri ekki óeðlilegt að fram færi um þau sérstök umræða hér á hv. Alþingi. Ég held að allt of fáir alþm. geri sér glögga grein fyrir því, hvernig markaðsmál okkar eru vaxin og hversu mikið og dýrmætt starf er unnið á því sviði. Í þessu sambandi vil ég minna á að það eru mörg mál á vettvangi viðskrn. sem ráðast með sérstökum hætti og lúta ekki í öllum tilvikum nákvæmlega sömu reglum og þau málefni sem unnin eru á vegum utanrrn. Í þessum efnum vil ég skjóta því hér að sem minni persónulegu skoðun, að ég teldi mjög óráðlegt ef farið væri út í að leggja viðskrn. niður og gera það að eins konar undirdeild í utanrrn. Þær hugmyndir hafa oft komið fram og ég vil segja það sem mína skoðun að ég væri andvígur slíku. Ég tel að viðskiptahagsmunir okkar séu þannig að við eigum að gæta þess að við getum sinnt þeim á vegum sérstaks fagráðuneytis sem hafi sérþekkingu á því sviði.

Varðandi viðskiptamálin vil ég einnig koma að því, að í skýrslu utanrrh. er tíundað nokkuð nákvæmlega hvað Íslendingar hafa unnið í tollalækkunum gagnvart EFTA og Efnahagsbandalaginu, þ. e. í þeim löndum sjálfum. Hins vegar hef ég ekki tekið eftir því, að í skýrslum utanrrh. nú eða á undanförnum árum komi fram upplýsingar um hvað við höfum gefið eftir sjálfir í tollalækkunum á vörum EFTA og Efnahagsbandalagsins hingað til Íslands, en til þess að fá einhverja mynd af tollaívilnunum og hagkvæmni þeirra þarf það náttúrlega að liggja fyrir líka. Ég vil fara þess á leit við hæstv. ráðh. að upplýsinga um þau mál verði aflað áður en þessari umr. lýkur.

Ég vil í sambandi við viðskiptakaflann drepa örlítið á það, að eitt meginverkefna viðskrn. á undanförnum árum hefur verið aðild og þátttaka Íslands að EFTA, Fríverslunarbandalagi Evrópu. Fríverslunarbandalagið hefur tekið mjög miklum breytingum frá því sem það var í öndverðu. Bretar eru farnir þaðan út, Danir eru farnir þaðan og aðrar þjóðir eru á leiðinni þaðan út þannig að þetta er í rauninni að vera bandalag smáríkja í Vestur-Evrópu sem eru hlutlaus eða með sérstöðu í utanríkismálum. Innan EFTA eru nú Austurríki, Sviss, Svíþjóð, Noregur, Ísland og Portúgal, auk Finnlands með sérstaka aðild. Þessi ríki eru að því leytinu lík að þetta eru allt smáríki. Þau hafa yfirleitt þannig stöðu að ekkert þeirra gæti af ýmsum ástæðum gerst aðili að Efnahagsbandalagi Evrópu. Aðeins þrjú þessara ríkja, þ. e. Portúgal, Ísland og Noregur, eru innan Atlantshafsbandalagsins. Hér er því um að ræða allsérskennilegan ríkjahóp saman kominn sem í fljótu bragði sýnist ekki eiga mikið sameiginlegt, en þegar allt kemur til alls og farið er að skoða málin nánar á þó býsna mikið sameiginlegt. Ég vil einnig láta það koma fram hér, að mín reynsla er sú, að hagsmunir Íslands, ef þeir eru bornir fram af fullri reisn með eðlilegum rökum innan Fríverslunarbandalagsins, eigi þar skilningi að mæta. Þetta segir mér reynslan af einu tilteknu máli.

Þegar Íslendingar gerðu tilraun til að framlengja nokkuð aðlögunartíma sinn að Fríverslunarbandalaginu óskuðum við eftir viðræðum við bandalagið um svokallað aðlögunargjald sem yrði lagt á hér á innfluttar vörur til landsins. Mér var sagt af ýmsum mönnum, sem þekktu til og töldu sig þekkja til frá fyrri tíma innan Efnahagsbandalagsins og EFTA, að það væri útilokað að fá þetta gjald samþykkt. Eftir að íslenska ríkisstjórnin hafði gert út sendinefnd til allra höfuðborga EFTA-ríkjanna kom hins vegar allt annað í ljós. Þetta gjald var einfaldlega samþykkt innan EFTA á ráðherrafundi þess

vorið 1979 þannig að á þessum vettvangi er skilningur á íslenskum málefnum ef þau eru borin fram af fullum rökum og fullum þunga. Það sýnir reynslan frá þessum tíma.

Um viðskiptamálin mætti margt segja að öðru leyti. Það þarf auðvitað að gæta þess í þeim efnum, að við verðum ekki um of einum háðir. En það þarf einnig að gæta þess að íslensk stjórnvöld láti ekki hrekja sig til fljótræðisverka í viðskiptamálum vegna pólitískrar ofstækisöldu sem ríður yfir í landinu af og til í ýmsum málum. Í þessum efnum vil ég alveg sérstaklega nefna olíumálin.

Árið 1979 lá þáv. ríkisstj. og ég sérstaklega sem viðskrh. hennar undir stórfelldum árásum stærsta blaðs landsins, einkamálgagns Geirs Hallgrímssonar, vegna olíuviðskipta Íslands við Sovétríkin. Þessi viðskipti hafa staðið um áratugaskeið og þau hafa í heild verið okkur hagstæð. Þau hafa skilað okkur góðum olíuvörum, það hefur verið um að ræða örugga afhendingu á vörunum og verðið hefur yfirleitt ekki verið slæmt. Þegar olíuverð fór hækkandi á árinu 1979 var þess hins vegar krafist af ákveðnum öflum hér í landinu, að Íslendingar rifu niður þessi gömlu og traustu viðskiptasambönd sín við Sovétríkin. Því var að sjálfsögðu hafnað af mér sem þáv. viðskrh. og núv. viðskrh. hefur að sjálfsögðu hafnað slíku líka því að enginn viðskrh. mundi nokkurn tíma, ef hann ætlaði að gæta skyldu sinnar, fallast á önnur eins úrræði og þau sem lögð voru til af Morgunblaðinu sumarið 1979 í olíumálum. Engu að síður fór það svo, að menn töldu skynsamlegt að miða við að Íslendingar hefðu möguleika á olíuinnkaupum frá fleiri ríkjum en Sovétríkjunum einum. Þess vegna voru gerðir samningar við breska olíufélagið BNOC. Staðan í þeim efnum er hins vegar sú, að eftir að þeir samningar voru gerðir, en þeir virtust í fyrstu, miðað við hið háa Rotterdam-verð, vera tiltölulega hagstæðir, en í þessum BNOC-samningum er miðað við svokallað mainstream-verð, kemur í ljós núna að þetta verð er mun hærra en verðið á rússnesku olíunni á Rotterdam-markaðinum. Það er ekki allt sem sýnist. Þetta mál gefur alveg sérstakt tilefni til að staldra við og vara stjórnvöld, hver sem þau eru, við því að láta undan ofstækisbylgjum sem skella yfir öðru hverju í málum af þessum toga. Ég er þó sannfærður um að þessi skrif Morgunblaðsins á sínum tíma um olíumálin gerðu mjög verulegt ógagn og þau sköpuðu mjög erfitt ástand fyrir þá stjórn sem þá sat, og enn þá erfiðara var ástandið fyrir þær sakir að innan þáv. ríkisstj. var ekki mjög sterk samstaða um þessi mál frekar en önnur, svo að ekki sé fastar að orði kveðið. Ég tel að í olíumálum þurfum við að haga okkur þannig að höfuðatriðið sé öryggið, annað atriðið sé verðið og í þriðja lagi þurfum við að tryggja að við höfum aðgang að fleiri en einum aðila í þessum efnum. En umfram allt eigum við ekki að láta hræða okkur til flýtisverka á þessu sviði fremur en öðrum.

Á öðrum sviðum viðskiptamála okkar má segja að í heildina tekið hafi gengið tiltölulega vel á undanförnum árum. Markaðir hafa yfirleitt verið allgóðir. Það hefur auðvitað gengið misjafnlega vel að selja landbúnaðarafurðir og verðið fyrir þær hefur ekki verið mjög hátt. Fiskurinn hefur hins vegar yfirleitt verið rifinn út. Það hefur ekki hlaðist hér upp mikið upp í birgðum nema skamman tíma og þá fyrst og fremst vegna þess að við höfum fiskað meira en áður í miklum aflahrotum. Við höfum að vísu orðið fyrir nokkrum áföllum um tíma, eins og í Nígeríu fyrir nokkrum árum þegar skreiðin seldist ekki og hlóðst upp í mörg misseri. Engu að síður og þrátt fyrir góðan árangur á ýmsum sviðum á undanförnum árum er ljóst að markaðsstarfsemi okkar er ekki nægilega virk. Hér vantar miklu virkari markaðsstarfsemi. Sendiráð okkar þurfa að vera ötulli í þessum efnum og rn., bæði atvinnuvegaráðuneytin og viðskrn., þurfa að brjótast um í markaðsmálum meira en gert hefur verið. Þau þurfa að reyna að skyggnast inn í framtíðina, ekki aðeins hina næstu, heldur einnig hina fjarlægari framtíð, og átta sig á því, hvar eru möguleikar fyrir Íslendinga til þess að brjótast inn með sínar vörur.

Við búum við mikla sérstöðu. Okkar vandi er meiri en annarra vegna þess að við liggjum langt frá hinum þéttbýlu stóru mörkuðum á meginlandinu. En þar á móti kemur að ýmislegt höfum við sem ætti að vera tiltölulega auðvelt að koma á framfæri á þessum sama markaði. Eins og sakir standa má hins vegar ekki mikið út af bera. Þá getur blasað hér við verulegur efnahagsvandi sem skekur allt þjóðfélagið efnahagslega og pólitískt á örstuttum tíma. Við megum ekki láta innanlandsástand okkar vera í höndum annarra með þessum hætti. Þess vegna þurfum við að vera miklu virkari, duglegri og ötulli og umfram allt frjórri í markaðsstarfsemi en við höfum verið á undanförnum árum.

Ég vil þá einnig víkja sérstaklega að kaflanum í skýrslu utanrrh. um þróunarsamvinnu. Þar er gerð glögg grein fyrir þeim verkefnum sem unnið hefur verið að á vegum Aðstoðar Íslands við þróunarlöndin á undanförnum árum, og þeim framlögum sem Íslendingar hafa veitt vegna jarðhitadeildar Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Hins vegar finnst mér að í skýrsluna skorti nokkurt yfirlit yfir aðra þætti í þeirri starfsemi sem kölluð eru þróunaraðstoð Íslendinga. Það, sem ég á sérstaklega við, eru framlög Íslendinga til Alþjóðaframfarastofnunarinnar, IDA, sem eru t. d. á þessu ári um 30% af heildaraðstoðinni eða 2760 millj. kr. af 9242 millj. kr. Þá vil ég einnig í þessu sambandi nefna stofnfjáraukningu í IRDD, sem er stofnun á vegum Alþjóðabankans og er 900 millj. kr. árið 1978 og þá ríflega þriðjungur af aðstoðinni það ár. Ég held að nauðsynlegt sé að fá á Alþingi yfirleitt nánari upplýsingar um hvernig þessum fjármunum er varið. Þá væri fróðlegt að fá gleggra yfirlit um aðra þætti mála, þ. e. það sem kallað er „önnur aðstoð — reglubundin framlög" í skýrslu utanrrh., þar sem um er að ræða Alþjóðabarnahjálparsjóðinn, matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna, Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna, Aðstoð Sameinuðu þjóðanna við Palestínuflóttamenn, Flóttamannaráð Íslands, Namibíusjóð Sameinuðu þjóðanna, Alþjóðanefnd Rauða krossins og Suður-Afríkusjóð Sameinuðu þjóðanna. Ég tel að það sé nauðsynlegt að gleggri upplýsingar um þessa þætti gætu legið fyrir. Sjálf aðstoð Íslands við þróunarlöndin, sem er sú tala sem yfirleitt er fjallað um hér og gerð grein fyrir í skýrslum utanrrh., er t. d. á árinu 1981 ekki nema um helmingur af aðstoðinni allri. Árið 1980 er hún að vísu meiri eða um 2/3, árið 1979 er hún hins vegar aðeins 710 millj. af 3931 millj. kr.

Ég vil í sambandi við þetta vekja sérstaka athygli á því, að þessi liður, Aðstoð Íslands við þróunarlöndin, hefur margfaldast frá því sem áður var. Þessi liður var á árinu 1978 400 millj. kr., árið 1979 nam þessi liður 710 millj. kr., árið 1980 nam þessi liður 6022 millj. kr. og árið 1981 4757 millj. gkr. Á þessu ári, 1981, er því um að ræða um

það bil tólfföldun í krónutölu frá árinu 1978. Þetta er auðvitað sá þáttur sem langmestu máli skiptir í þróunaraðstoð af hálfu Íslendinga, og ber að leggja áherslu á að auka við hann á næstu árum.

Hinir liðirnir, sem eru tíndir þarna til, eru ýmist föst framlög ellegar liðir eins og Alþjóðaframfarastofnunin, IDA, sem ekki er gerð sérstaklega grein fyrir í skýrslum utanrrh. á undanförnum árum né heldur í þessari skýrslu.

Herra forseti. Ég vil að lokum endurtaka þakkir mínar til hæstv. utanrrh. fyrir þá skýrslu sem hann hefur hér lagt fram, og leggja áherslu á að núv. ríkisstj. leggur áherslu samkv. stjórnarsáttmála sínum á framkvæmd sjálfstæðrar íslenskrar utanríkisstefnu. Í þessu sambandi ber að leggja megináherslu á þátttöku Íslands í Sameinuðu þjóðunum og Norðurlandaráði og að styrkja þátttökuna á þessum vettvangi. Þetta eru þau meginatriði sem hafa ber í huga við framkvæmd utanríkisstefnu á vegum núv. ríkisstj.

Þetta eru þau meginatriði sem utanrrh. hlýtur að starfa eftir jafnframt þeim grundvallaratriðum í stjórnarsamstarfinu sem ég minnti á fyrr í ræðu minni varðandi herstöðvamálið. Ég tel þó að sú umræða, sem hefur hafist um herstöðvamálið á undanförnum misserum, hafi opnað hugi þúsunda og aftur þúsunda Íslendinga þannig að í náinni framtíð megi gera sér vonir um að miklu víðtækari og heilli samstaða náist um öryggis- og varnarmál Íslendinga en verið hefur á síðustu 30 árum, eftir að hin bandaríska utanríkisstefna varð að sumu leyti ráðandi í hugum forráðamanna NATO-flokkanna hér á landi. Það er athyglisverð og alvarleg staðreynd, að í engu NATO-ríki hefur verið og er jafndjúpstæður og víðtækur ágreiningur um utanríkisstefnuna og hér á Íslandi. Þessa staðreynd verða NATO-öflin hér, í Alþfl., Sjálfstfl. og Framsfl., að viðurkenna og móta stefnu sína og störf samkv. því.

Baráttan um þverrandi auðlindir heimsins fer nú stöðugt harðnandi og fjöldi mannkyns tvöfaldast á fáum áratugum. Viðbúnaður ríku þjóðanna andspænis þessum staðreyndum hefur því miður oft verið aukinn vígbúnaður. Innrásin í Afganistan og ástandið í El Salvador er til marks um viðbrögð stórveldanna. Alvarlegri ófriðarblikur eru nú á lofti en oft áður. Ískaldur hægri vindur fer um sali á alþjóðaráðstefnunum og samskipti þjóða líða fyrir stríðsæsingar og þvergirðingshátt. Auðlindastríðið leiðir af sér vaxandi vígbúnað og pólitískar mótsetningar verða stöðugt skarpari milli ríkra þjóða og fátækra. Ný viðhorf blasa við og í ljósi þeirra er okkur brýnt að endurmeta stöðuna og leita að nýrri og farsælli braut til friðar og öryggis.

Horfurnar eru nú alvarlegri en verið hefur um langt skeið, sagði hæstv. utanrrh. áðan. Um það eru væntanlega allir flokkar á Íslandi sammála þrátt fyrir allt og þeim ber að haga sér samkvæmt því.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Við höfum nú hlýtt á hæstv. félmrh. halda langa ræðu. Undir lok ræðunnar sagði hæstv. ráðh. ýmislegt málefnalega. Ég get tekið undir ýmislegt af því sem hann sagði í þeim kafla ræðu sinnar. Að vísu sló út í fyrir honum þegar hann fór að tala um olíumálin og vildi halda því fram, að Morgunblaðið og Sjálfstfl. hefðu viljað rífa niður, eins og hann orðaði það, olíuviðskiptin við Sovétríkin. Auðvitað eru svona hugarórar ekki svaraverðir því að það, sem hefur verið stefna Sjálfstfl. í þessum málum, er einmitt að tryggja öryggi þjóðarinnar sem best í þessum efnum og leggja ekki öll egg í sömu körfu.

En það var í fyrri hluta ræðunnar og alllangt fram eftir sem hæstv. félmrh. var að ræða um varnarmálin. Þar ætla ég ekki að fara að rekja núna einstök atriði sem hæstv. ráðh. talaði um. En það verð ég að segja, að harla einkennileg sagnfræði var það sem hann vildi halda að þingheimi þegar hann var að skýra frá því sem hefði skeð í þessum málum fyrir 30—40 árum. Það er furðuleg ástríða á þessum hæstv. ráðh. að allt, sem hann tíndi til, voru ameríska nótur sem áttu að segja hver hefði verið saga málanna hér á Íslandi. Það var ekki vitnað í einn einasta íslenskan stjórnmálamann um þessi efni. Ekki einu sinni Einar Olgeirsson var nægilega góður í þessu efni.

Hæstv. ráðh. kom með ýmsar upplýsingar sem — ég verð að segja fyrir mitt leyti — ég hef ekki heyrt áður. Ég hef ekki heyrt það áður, sem hæstv. ráðh. sagði, að Bandaríkin hefðu gert að skilyrði fyrir því, að við fengjum stuðning þeirra við inngöngu í Sameinuðu þjóðirnar, að þeim væru veittar herstöðvar hér á landi. En við vitum það í sambandi við inngöngu í Sameinuðu þjóðirnar, að þá vildu kommúnistar gefa út stríðsyfirlýsingar og gera okkur að hernaðaraðilum í þeim yfirlýsta tilgangi, sem þeir sögðu, að við fengjum aðgang að Sameinuðu þjóðunum. Það virðist ekki hallast á þá Kana og kommúnista í þessum efnum. En ég hef þó allan fyrirvara á sagnfræði hæstv. félmrh. um hina bandarísku herstöð sem hann segir að hafi verið krafist hér á landi fyrir inngöngu í Sameinuðu þjóðirnar. Ég gæti haldið áfram að telja ýmis efni upp, en ég ætla að neita mér um það að þessu sinni. Mig langar til að ræða um annað sem mér finnst þarflegra.

Það er annars furðulegt með hæstv. félmrh. og þá kommúnista yfirleitt, að þegar þeir eru að ræða sérstaklega um varnarmál eru þeir alltaf að tala um að þeir hafi meiri hluta þjóðarinnar með sér í þessum efnum eða séu að fá meiri hlutann. Ég verð að vísu að viðurkenna að það er nokkur framför frá því þeir töluðu um þjóðina á Þórsgötu og áttu alla þjóðina. Þeir gera þó ekki tilkall til þess nú.

Meginþráðurinn í því, sem hæstv. félmrh. var að segja um varnarmálin, var að varnir landsins væru fjörráð við þjóðerni og sjálfstæði íslensku þjóðarinnar. En það var ekki nóg með þetta, heldur lagði hæstv. ráðh. áherslu á að svo slæmt sem ástandið hefði verið áður í þessum efnum væri það hálfu verra núna. Það hefði verið að breytast nú á síðustu misserum, það hlutverk sem varnarstöðinni væri ætlað. Ef það er að breytast spyr ég: Hvaða þátt á þessi hæstv. ráðh. í því og flokkur hans? Þessi ráðh. hefur setið í ríkisstj. mestallan tímann frá því 1978. Kemur þessum ráðh. til hugar að það sé boðlegt að leggja það fyrir þingheim, sem hann er að gera, að íslensku þjóðinni stafi bráður voði af þeim breytingum sem hafa orðið að hans mati á herstöðinni á undanförnum misserum og hann hlýtur að bera ábyrgð á, ef satt er? Ég vil að lokum segja við hæstv. ráðh.: Hann á ekki nema einn kost í þessu efni ef hann vill vera sjálfum sér samkvæmur. Það er að segja af sér, hætta að bera ábyrgð á ríkisstjórnum sem hann segir að hafi setið að völdum meðan slíkar skelfilegar breytingar hafi orðið að hans mati. Hæstv. ráðh. er ekki viðræðuhæfur um þessi efni nema mönnum sé ljóst að honum sé alvara. Hér dugar ekkert minna. Hér er um alvörumál að ræða.

Ég vík þá að ræðu hæstv. utanrrh. Ég vil taka undir

þakkir til hans fyrir þá skýrslu sem hann hefur hér lagt fram um utanríkismál. Hæstv. ráðh. sagði í inngangsorðum sínum fyrr í dag að utanríkismálin væru þýðingarmikil fyrir allar þjóðir og líka fyrir okkur Íslendinga. Auðvitað er þetta rétt. Það verður aldrei lögð of mikil áhersla á þetta því að það er, eins og ráðh. sagði, að ýmsu leyti og á hverjum tíma komið undir gangi heimsmálanna hver örlög okkar sem þjóðar verða. En hvernig rækjum við hlutverk okkar í utanríkismálum? Jú, það er gott og nauðsynlegt að hafa umr. eins og hér eru og fá skýrslu eins og þá sem utanrrh. hefur hér gefið. En í þessu sambandi verðum við að leggja áherslu á starf okkar í þeim alþjóðasamtökum sem við erum aðilar að því að það er ekki síst á þeim vettvangi sem við getum haft áhrif í utanríkismálum. Það er á vettvangi eins og Sameinuðu þjóðunum, Evrópuráðinu, Norðurlandaráðinu o. fl., o. fl.

Nú ætla ég að takmarka mál mitt við starf okkar í einum af þessum alþjóðasamtökum. Ég ætla að víkja nokkrum orðum að starfi okkar á síðasta ári í Evrópuráðinu. Ég þarf ekki að flytja inngangsorð um það, hvað aðild okkar að Evrópuráðinu er þýðingarmikil fyrir okkur og sá vettvangur sem við höfum í Evrópuráðinu. Ég flutti við síðustu umr. um utanríkismál ítarlega ræðu um það efni. En ég vil nú með fáum orðum víkja að því helsta sem ég tel frásagnarvert af störfum Evrópuráðsins á síðasta starfsári þess.

Ég vil taka það fram, að í stjórnmálaumræðum og afskiptum Evrópuráðsins eru alþjóðamálin alltaf ofarlega á baugi, svo sem öryggis- og samvinnumál, og nú hefur öryggis- og samvinnuráðstefnan í Madrid verið mjög mikið rædd á þessum vettvangi. Það hefur verið rætt um ástandið og gerðar ályktanir varðandi Miðausturlönd, Afganistan, ástandið í Tyrklandi og víðar.

Um einstaka málaflokka þykir mér rétt að skýra frá að Evrópuráðsþingið samþykkti á síðasta starfsári sínu ályktun sem er mjög umfangsmikil og fjallar um hina ýmsu starfsemi Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD.

Í félags- og heilbrigðismálum voru gerðar sérstakar tillögur til ráðherranefndar Evrópuráðsins, þar sem kveðið var á um frekari samræmingu milli aðgerða ríkis annars vegar og bæjar- og sveitarstjórna hins vegar með það fyrir augum að draga úr fátækt. Þingið lét frá sér fara álit um viss framkvæmdaratriði varðandi félagsmálasáttmála Evrópu en Ísland er aðili að félagsmálasáttmála Evrópu sem er einn af helstu sáttmálum Evrópuráðsins. Það gerðist fyrir nokkrum árum.

Í landbúnaðarmálum skeði það, að gerð var samþykkt um að vinna að því að komið yrði á fót sérstakri heimsráðstefnu sem hefði það verkefni að endurskipuleggja starfsemi á sviði landbúnaðar og þróun í sveitum.

Þá þykir mér rétt að víkja að máli sem okkur er sérstaklega skylt. Á janúarfundi Evrópuráðsins var fjallað sérstaklega um fiskveiðimál. Af því tilefni var Steingrími Hermannssyni sjútvrh. boðið að ávarpa þingið. Flutti hann ræðu um fiskveiðimál þegar skýrsla um framtíð fiskveiða í Evrópu var til umræðu. Hann svaraði og fsp. Var gerður góður rómur að máli ráðh. Í þessum umræðum tóku þátt allir fulltrúar Íslands á þinginu þannig að íslensk viðhorf og sjónarmið komu mjög fram í þessum umræðum. En þingið samþykkti tillögu þar sem skorað er á ráðherranefnd Evrópuráðsins að stuðla að mótun hagnýtrar fiskveiði- og fiskverndunarstefnu. Jafnframt er kveðið á um aðgerðir til að hamla á móti mengum úthafa og vatna og aðgerðir til aukinna rannsókna. Þá lagði þingið áherslu á betri samræmingu á stefnu Efnahagsbandalagsríkjanna í fiskveiðimálum og þeirra ríkja í Evrópuráðinu sem ekki eru aðilar að Efnahagsbandalaginu.

Ég skal ekki frekar vera hér að rekja einstök mál, en vísa til skýrslu fulltrúa Íslands á 32. þingi Evrópuráðsins frá apríl 1980 til jan. 1981 sem lögð hefur verið fram hér á Alþingi fyrir nokkru. Þó er það eitt mál sem varðar Evrópuráðið sem ég tel rétt og skylt að koma hér sérstaklega inn á.

Á undanförnum mánuðum hefur Tyrkland verið í sviðsljósinu, ekki síst á vettvangi Evrópuráðsins. Í þessum umr. hefur ekki verið minnst á þetta mikilvæga mál. Tyrkland er eitt af aðildarríkjum Evrópuráðsins og varðar því ráðið sérstaklega. Það er valdataka hersins 18. sept. s. l. undir forustu Evrin hershöfðingja sem Evrópuráðið hefur látið til sín taka.

Á septemberfundi Evrópuráðsins s. l. haust var fjallað ítarlega um ástandið í Tyrklandi, en herforingjastjórnin var þá nýbúin að taka völdin. Fulltrúar tyrkneska þingsins, sem þá var nýbúið að leysa upp, tóku þátt í þessum fundi. Af tólf fulltrúum Tyrkja á þinginu mættu þó aðeins fjórir. Á þessum fundi Evrópuþingsins var samþykkt ályktun þar sem þingið lýsti yfir að það liti valdatöku hersins í Tyrklandi alvarlegum augum. Bent var á að með því að leysa upp þingið og banna starfsemi stjórnmálaflokka jafnframt því að setja hömlur á starfsemi verkalýðshreyfingarinnar hafi verið skapað ástand þar í landi sem ekki væri samrýmanlegt ákvæðum um stofnskrá Evrópuráðsins. Þó að vitað væri að á síðustu mánuðum hefðu verið brotalamir á framkvæmd lýðræðisins í Tyrklandi og mannhelgi hefði verið ábótavant yrði að hafa í huga að hvers konar ráðstafanir til að bæta þar úr yrðu að grundvallast á lögum og rétti. Tekið var fram í ályktun þingsins að grundvallarskilyrði fyrir aðilda að Evrópuráðinu væri að staðið væri við yfirlýsingar herforingjastjórnarinnar um að fljótlega yrði komið á lýðræði í landinu. Lögð var áhersla á að valdataka hvaða borgaralegs aðila sem væri eða hernaðaraðila, sem hefði í för með sér afnám lýðræðis, af hvaða ástæðum sem væri, samrýmdist ekki þeim grundvallarhugsjónum sem Evrópuráðið byggði á. Á þessum fundi var skorað á núverandi ríkisstjórn Tyrklands að gera tilteknar ráðstafanir:

1. Að virða ákvæði mannréttindasáttmála Evrópu um mannréttindi.

2. Að láta lausa án tafar alla lýðræðislega kjörna stjórnmálamenn sem hefðu ekki gerst alvarlega brotlegir við lög fyrir 12. sept. 1980.

3. Að vinda bráðan bug að því að lýðræði megi á ný verða komið á fót með þeim hætti m. a. að leyfð verði frjáls starfsemi stjórnmálaflokka, verkalýðssamtaka og annarra lýðræðislegra samtaka jafnframt því sem tryggt yrði tjáningarfrelsi í landinu.

Á janúarfundi Evrópuráðsins í jan. s. l. var lögð fram skýrsla sem austurríski íhaldsþm. Ludwig Steiner hafði gert um ástandið í Tyrklandi, en Steiner hafði ásamt spánska sósíalistaþm. Yanez-Barnuevo farið á vegum Evrópuráðsins til Tyrklands til að kynna sér ástandið þar. Skýrsla þessi er byggð á upplýsingum og athugunum sem þeir félagar gerðu í þessari för sinni til Tyrklands sem farin var í jan. s. l.

Í skýrslu þessari er tekið fram að allir, sem þeir félagar töluðu við í Tyrklandi, hafi sérstaklega óskað eftir að ræða ástandið, eins og það var fyrir 12. sept. 1980, á þeim grundvelli að það væri ómögulegt að skilja ástandið núna án þess að athuga ástæðurnar fyrir valdatöku hersins. Tekið er fram að menn hafi ekki greint á um hvert hafi verið hið raunverulega ástand í landinu fyrir 12. sept., þó að þeir menn, sem viðræður voru við, hafi ekki verið sammála um ástæðurnar fyrir valdatöku hersins og hverjir hafi borið ábyrgð á henni. Allir viðmælendur lögðu áherslu á þá staðreynd, að hryðjuverk hafi herjað landið á síðustu mánuðum fyrir valdatökuna. Gagnvart þessari hryðjuverkastarfsemi hafi ríkisstjórn Demirels, sem þá var við völd, raunverulega verið varnarlaus.

Annað atriði, sem sagt var nauðsynlegt að hafa í huga til skilings á núverandi ástandi, var að starfsemi löggjafarþingsins fyrir 12. sept. hefði verið lömuð. Það hefði valdið því að þingið hafi reynst ófært um að gegna skyldum sínum. Ekki einungis hefði því ekki tekist að kjósa forseta lýðveldisins eftir að það hefði verið meira en 100 atkvgr. um forsetakjör frá 25. mars 1980, heldur hefði einnig verið ómögulegt að fá samþykkta nauðsynlega löggjöf sem ekki hefði þolað bið. Löggjafarþingið hefði verið óstarfhæft af því að tveir helstu stjórnmálaflokkar landsins, Réttlætisflokkurinn og Lýðveldisflokkurinn, hefðu neitað að hafa nokkurt samband um úrræði til lausnar. Jafnframt þessu hafði upplausn fylgt í stjórnsýslukerfi landsins, embættismannakerfi, lögreglu o. s. frv. Tekið er fram að lýsing sú, sem gefin er á ástandinu fyrir valdatöku hersins og byggð er á viðtölum við fólk í landinu, fari saman við þá lýsingu sem gefin hafi verið af Evrin hershöfðingja í fyrstu yfirlýsingu hans eftir valdaránið.

Í skýrslu þessari, sem ég vitna hér til, er tekið fram að bæði herforingjarnir og hin nýja ríkisstjórn þeirra hafi ítrekað lýst yfir þeirri fyrirætlun sinni að tryggja að Tyrkland taki aftur upp lýðræðislega stjórnarhætti. Greint er frá því, að bæði forsrh. og utanrrh. landsins hafi fullvissað sendimenn Evrópuráðsins um þetta. Allir, sem þeir hafi talað við um þetta atriði, hafi án undantekningar lýst yfir trausti á heilindum hershöfðingjanna og ríkisstjórnarinnar í þessu efni. Hins vegar kveðast þeir ekki hafa fengið nákvæma tímasetningu fyrir því, hvenær lýðræði yrði komið á fót né hvaða skilyrðum yrði áður að fullnægja til þess að svo yrði gert. Aftur á móti lýsa stjórnvöld því yfir, að afturhvarf til lýðræðisins mundi eiga sér stað í tveim áföngum. Fyrri áfanganum yrði náð með baráttu gegn hryðjuverkum og útrýmingu hryðjuverkastarfsemi. Aðspurður hafi forsrh. lýst því yfir, að útrýming hryðjuverkastarfsemi þýddi að lögð yrðu að velli samtök hryðjuverkamanna sem ættu upptök sín og störfuðu í landinu sjálfu. Aðeins þegar það hefði verið gert teldi ríkisstjórnin vera mögulegt að snúa sér að því sem lýtur að öðrum áfanganum, sem fólginn er í því að koma á aftur þingræði í landinu. Þetta mundi fela í sér að sett yrði á fót stjórnlagaþing sem falið yrði það hlutverk að setja landinu nýja stjórnarskrá, kosningalög og lög um stjórnmálaflokka. Í skýrslunni er tekið fram að engar sérstakar yfirlýsingar sé að hafa um hvenær stjórnlagaþingið yrði kallað saman né hvernig það yrði skipað. Einungis hafi verið ítrekað það, sem Evrin hershöfðingi hefur þegar sagt opinberlega, að hann mundi tilkynna í lok ársins 1981 hvenær stjórnlagaþingið yrði kallað saman.

Allir þeir, sem sendimenn Evrópuráðsins komu að máli við, voru sammála um að almenningsálitið í Tyrklandi stæði með núverandi ríkisstjórn og treyst væri fullkomlega fyrirætlunum hennar um að snúa aftur til lýðræðisins. Þetta hafa þeir bæði eftir ráðherrum í ríkisstjórninni og foringjum stjórnmálaflokkanna, þar með töldum Demirel og Ecevit, þ. e. forsrh. og formanni stjórnarandstöðunnar þegar valdarán hersins átti sér stað. Þessi stuðningur almennings er sagður að mestu leyti byggjast á verulegum árangri hinnar nýju ríkisstjórnar í baráttunni gegn hryðjuverkastarfsemi. Til skýringar á þessu eru gefnar raunhæfar og átakanlegar lýsingar á því hræðilega öryggisleysi sem tyrkneskir borgarar urðu að búa við vegna skefjalausra hryðjuverka sem áttu sér stað fram til valdatöku hersins. Tekið er fram að þó stjórnmálaforingjarnir telji almenningsálitið styðja núverandi ríkisstjórn réttlæti þeir ekki valdatöku hersins í sjálfu sér.

Í þessari ferð sinni til Tyrklands kynntu þeir Ludwig Steiner og Yanez-Barnuevo sér sérstaklega ásakanir um misþyrmingar á föngum sem Amnesty International hefur haft uppi gegn tyrkneskum yfirvöldum. Stjórnvöld viðurkenndu að það hefðu átt sér stað misþyrmingar, en sögðu að ábyrgðin á þeim lægi hjá einstökum lögreglumönnum eða lögregluforingjum. Var sagt að rannsókn hefði farið fram á hverju einstöku tilviki, sem kært hefði verið yfir, og hinum seku hefði verið refsað. Taka þeir sendimenn Evrópuráðsins fram að viðmælendur þeirra hafi verið sammála um að það væri ekki stefna ríkisstj. að beita fanga misþyrmingum. Þá taka þeir fram sérstaklega að allir, sem við hafi verið rætt, hafi lýst yfir að dómstólar landsins væru í störfum sínum óháðir ríkisstjórninni.

Í skýrslu þeirri, sem ég hef hér vikið að, er greint nánar frá ýmsum atriðum varðandi ástandið í Tyrklandi sem of langt mál yrði að rekja hér. Það skal þó tekið fram, að þar er greint frá að menn í Tyrklandi hafi áhyggjur af því, hver muni verða afstaða Evrópuráðsins og sérstaklega þings Evrópuráðsins gangvart Tyrklandi. Allir, sem haft hafi verið tal af, hefðu lagt áherslu á að aðgerðir, sem fælu brottrekstur Tyrklands úr Evrópuráðinu í sér, mundi verða litið á sem fullkomlega óréttlætanlegar af tyrknesku stjórninni og miklum meirihluta þjóðarinnar. Slíkar aðgerðir mundu hafa alvarlegar afleiðingar á þann veg að almenningsálitið í Tyrklandi mundi snúast gegn Vesturlöndum. Það mundi efla áhrif þeirra minni hluta í landinu sem væru að vinna að því að fjarlægja Tyrkland löndum Evrópu. Stjórnvöld bentu á að fyrir 12. sept. s. l. hefði lýðræðinu verið svo komið, að mikilvægustu mannréttindi, eins og rétturinn til lífsins og rétturinn til þess að þurfa ekki að hlíta ómannúðlegri og niðurlægjandi meðferð, hefði verið einskis virtur af hryðjuverkasamtökum sem hefðu tekið til sinna ráða vegna vanmáttar framkvæmdavaldsins. Var lýst þeirri von, að þingmenn Evrópuráðsins vildu skilja að valdataka hersins hefði verið eina svarið við þessu óbærilega ástandi. Þess var vænst, að þm. Evrópuráðsins treystu því, að ríkisstjórnin mundi koma lýðræði á fót. Þess var vænst, að þeir skildu jafnframt að of mikill hraði í þessum efnum, án þess að vegið væri að rótum þeirra orsaka sem leitt hefðu til hins óbærilega ástands sem orðið var fyrir valdatöku hersins, mundi ekki leysa neitt og gæti jafnvel verið til hins verra. Sumir tóku fram að aðild Tyrklands að Evrópuráðinu mundi verða stöðug hvatning til hersins um að koma lýðræði á sem fyrst. Ef Tyrkland væri útilokað úr samfé-

lagi lýðræðisríkja Evrópu mundi herinn telja sig frjálsari að aðhafast það sem hann vildi. Það segir í skýrslu þessari að lokum, að bæði ríkisstjórnin og aðrir menn sem talað hafi verið við, vænti þess, að Evrópuráðið sýni skilning og jafnframt hjálpi Tyrklandi til að ná því að endurreisa fullkomlega lýðræði í landinu.

Með samþykkt sinni í janúar s. l. fól þing Evrópuráðsins stjórnmálanefnd ráðsins að halda áfram að fylgjast vandlega með þróun innanlandsmála í Tyrklandi. Þá var þess óskað, að fastaráð ráðsins kynnti sér ástand mála, og hinn 26. og 27. mars s. l. hélt fastanefnd ráðsins fund þar sem gefin var skýrsla um þróun mála í Tyrklandi frá því í janúar. Þar kom fram að ekki hefur orðið nein veruleg breyting eða nein umskipti á ástandinu eins og það var í lok janúar. Ekki liggja neinar nýjar upplýsingar fyrir um tímasetningu eða þau skilyrði sem nauðsynleg eru talin til að lýðræði verði tekið upp á ný í landinu. Beðið er eftir að fá nákvæmar upplýsingar og án tafar um þau atriði sem eru enn óljós. Ekki eru enn neinar upplýsingar um hvert vald stjórnlagaþingsins verður né með hverjum hætti tillaga til nýrrar stjórnarskrár verður borin undir þjóðina.

Mér hefur þótt rétt að gefa Alþingi skýrslu eða gera Alþingi grein fyrir ástandi mála í Tyrklandi. Tyrkland er ásamt Íslandi aðili að Evrópuráðinu. Það varðar því Ísland hverju fram vindur í Tyrklandi í því ástandi sem þar er nú. Vandi Evrópuráðsins gagnvart Tyrklandi og allra aðildarríkja Evrópuráðsins er annars vegar sá, að samkv. stofnskrá ráðsins er það skilyrði fyrir aðild að því, að lýðræðislegir stjórnarhættir ríki í viðkomandi landi og mannréttindi séu virt. Hins vegar vilja menn halda í þá von, að senn verði endurreist lýðræði í landinu, en brottrekstur úr Evrópuráðinu mundi torvelda og seinka þeirri þróun. Það er þess vegna sterkur vilji innan ráðsins til að gera ekkert í bili sem dregið geti úr líkum fyrir því að lýðræði verði endurreist í landinu. Það er sterkur vilji innan ráðsins fyrir því að víkja Tyrklandi ekki úr þessum samtökum, a. m. k. fyrst um sinn. En ekki er hægt að útiloka þann möguleika að Tyrklandi verði vikið úr Evrópuráðinu. Í þessu sambandi er vert að minnast þess, að þegar herforingjarnir tóku völdin í Grikklandi árið 1967 hafði það þær afleiðingar að Grikklandi var vikið úr Evrópuráðinu. Það er talið fullvíst að sú ráðstöfun hafi í raun og veru stuðlað að því, að lýðræði var síðar endurreist í Grikklandi. Þessum sjónarmiðum hefur verið lýst af hálfu Evrópuráðsins, m. a. á blaðamannafundi sem de Koster, forseti Evrópuráðsins, hélt hér í Reykjavík í mars s. l. þegar hann kom hingað í heimsókn.

Ég tel fyrir mitt leyti að varast beri að gera nokkuð sem getur torveldað endurreisn lýðræðis í Tyrklandi, því sé ekki rétt að rasa um ráð fram um að vísa Tyrklandi úr Evrópuráðinu. Hins vegar er það mín skoðun, að ekki sé útilokað að til þess ráðs verði að grípa, og svo kann að fara að það verði á næstunni gert út um hvort til þess kemur.

Herra forseti. Í þessu efni er þýðingarmikil sú meðferð sem Tyrklandsmálin fá nú á næstu dögum á því þingi Evrópuráðsins sem hófst í dag.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Skylt er að þakka hæstv. utanrrh. fyrir fróðlega og glögga skýrslu um utanríkismál sem er til umr. á þessum degi. Það eru engin tök á því nú að ræða skýrslu þess lið fyrir lið, hún er margþætt og efnismikil, en rétt er að minnast á nokkur atriði skýrslunnar, örfá, og umræðu þá er út af henni hefur spunnist, þó að ég hafi því miður ekki haft tök á því að hlusta á allar ræðurnar í heild.

Herra forseti. Í fyrstu ætla ég að leyfa mér að hafa yfir stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens um utanríkismál o. fl. eins og hún birtist í stjórnarsáttmálanum frá 8. febr. 1980 og raunar eins í inngangi að skýrslu hæstv. utanrrh.:

„Ríkisstj. leggur áherslu á að framfylgja sjálfstæðri utanríkisstefnu. Í því sambandi verði þátttaka Íslendinga í starfi Sameinuðu þjóðanna og Norðurlandaráðs sérstaklega styrkt.

Ríkisstj. mun beita sér fyrir samningum við Norðmenn til þess að tryggja fiskveiðiréttindi Íslendinga á Jan Mayen-svæðinu og fullnægjandi vernd fiskstofnanna þar. Jafnframt verði hafsbotnsréttindi Íslendinga á svæðinu tryggð.

Öryggismálanefndin hraði störfum sínum og geri reglulegar áfangaskýrslur um störf sín.

Áætlanir um flugstöð á Keflavíkurflugvelli verði endurskoðaðar og ekki ráðist í framkvæmdir við hana nema með samkomulagi allrar ríkisstj.

Undirbúið verði öflugt átak til atvinnuuppbyggingar á Suðurnesjum.

Athugað verði, hvort rétt sé að breyta því skipulagi, að utanrrn. hafi yfirstjórn allra málaflokka á Keflavíkurflugvelli."

Það ætti að vera afar auðvelt öllum venjulegum mönnum, hvort sem þeir eru stjórnarsinnar eða stjórnarandstæðingar, að skilja og átta sig til fulls á því, hvað í þessari yfirlýsingu felst. Jafnframt er hægt að bera hina yfirlýstu stefnu saman við þá stefnu sem ríkisstj. hefur fylgt í raun fram á þennan dag. Um það geta menn greinilega lesið í hinni yfirgripsmiklu skýrslu hæstv. utanrrh. Vænti ég þess, að við þann lestur verði flestir glaðir og ánægðir, a. m. k. þeir sem aðhyllast þá öryggisstefnu sem Íslendingar hafa mótað og fylgt frá fyrstu dögum lýðveldisins til þessa dags í utanríkis-, öryggis- og varnarmálum og lýsir sér gleggst í nánu samstarfi við helstu frænd- og vinaþjóðir sem meta frelsi og mannréttindi öllu ofar í heimi hér, enda skortir ekki á það að hæstv. utanrrh. sé vottað fullt traust úr ýmsum áttum fyrir staðfestu og traust fylgi við þessa mótuðu stefnu.

Hér skal aðeins einn vitnisburður nefndur af þessu tagi. Í ályktun flokksráðs og formannaráðstefnu Sjálfstfl., sem haldin var í Reykjavík dagana 29. og 30. nóv. 1980, stendur svohljóðandi málsgrein:

„Flokksráðstefnan og formannafundurinn fagnar því, að fylgt er þeirri stefnu í öryggis- og varnarmálum sem Sjálfstfl. mótaði á fyrstu árum lýðveldisins og flokkurinn hefur síðan staðið vörð um."

Þessi ályktun var samþykkt af öllum fundarmönnun á þeirri ráðstefnu, að því er ég best veit.

Það er ekkert launungarmál, að einn flokkurinn í ríkisstj., Alþb., hefur sérstöðu að því er þennan málaflokk varðar. Hitt eru gleðitíðindi, þó að hæstv. utanrrh. teldi sig ekki geta sagt mörg slík í sinni ræðu, að meginþorri íslensku þjóðarinnar er farinn að líta á utanríkis-, öryggis- og varnarmál sem ein hinna allra mikilvægustu mála sem varða lands- og þjóðarhag. Það er sannarlega ánægjuefni að leitast skuli vera við að lyfta þessum málum yfir hið venjubundna dægurþras og ræða þau af rósemi og festu svo sem vera ber og oft hefur verið minnst á að gera þyrfti.

Að því er snertir samstarf Íslendinga við þjóðir þær, sem hafa skipað sér í Atlantshafsbandalagið, get ég fyllilega tekið undir orð hæstv. utanrrh. í ræðu hans áðan, að hafi þörf verið á að taka þátt í NATO-samstarfi áður fyrr sé sú þörf enn brýnni nú.

Hæstv. utanrrh. gat þess í ræðu sinni, að ekki væri vanþörf á að skýrsla um samstarf Norðurlandaþjóðanna yrði gefin og rædd sérstaklega. Í þessu efni er ég honum alveg sammála. Þetta samstarf á langa og merka sögu að baki, eins og nýlega kom greinilega fram á 29. ársþingi Norðurlandaráðs sem haldið var í Kaupmannahöfn í marsbyrjun. Þessi samvinna frænda- og nágrannaþjóða á Norðurlöndum hefur vakið alheimsathygli. Til þeirrar samvinnu er oft vitnað sem fyrirmyndar á alþjóðlegum vettvangi. Mætti margt um hana segja, en verður að bíða betri tíma þar sem mér skilst að alþm. séu almennt sammála um að stytta mál sitt á þessu sólríka síðkvöldi. Sem dæmi nefni ég aðeins að innan fárra daga verður fundur haldinn í Helsingfors í nefnd þeirri sem hefur það hlutverk að fjalla um réttarstöðu Færeyja, Grænlands og Álandseyja í norrænu samstarfi og er undir forustu dómsmrh. Sviþjóðar. En ljóst er að samstarf áðurnefndra Norðurlandaþjóða í heild hefur þegar látið margt gott af sér leiða og mun svo verða framvegis ef rétt er á spilum haldið.

Hv. 1. og 4. þm. Reykv. ræddu í hófstilltum ræðum í dag um mörg athyglisverð efni, sem fjallað er um í margnefndri skýrslu utanrrh., og hæstv. félmrh. rakti efni breskra leyniskjala frá árunum 1945—1948 allan þann tíma sem mér gafst kostur á að hlýða á mál hans. Ekki skulu aths. gerðar við ræður þessar í einstökum greinum að þessu sinni þó fróðlegt væri að gera þær nokkru nánar að umtalsefni.

Það er deginum ljósara að Íslendingum ber að ástunda gott samstarf og ábatasöm skipti við allar þjóðir heims, eftir því sem atvik standa til hverju sinni, og styðja fátækar þjóðir eftir megni. Jafnframt ber þeim að framfylgja sjálfstæðri utanríkisstefnu. Hin aldna hlutleysisyfirlýsing frá 1918: „Ísland lýsir yfir ævarandi hlutleysi sínu og að það hafi engan gunnfána“ — er okkur engin vörn lengur þó að ýmsir ágætir menn reyndu að halda dauðahaldi í hana í lengstu lög. Við verðum að taka þátt í samstarfi þjóðanna og fylgjast vel með framvindu mála eins og aðrir sem eiga heimili sitt við fjölfarna þjóðbraut. Þó að allt virðist á stundum með kyrrum kjörum á yfirborðinu er hin kalda undiralda söm við sig á öllum tímum. Ég tel hyggilegast og réttast að fylgja framvegis sem hingað til í meginatriðum öryggisstefnu þeirri sem hinu unga íslenska lýðveldi tókst að móta í öndverðu og reynst hefur okkur á þann veg að við getum bærilega við unað.

Umr. frestað.

Efri deild, 96. fundur.

Þriðjudaginn 12. maí, kl. 2 miðdegis.

Grunnskólar, frv. (þskj. 670). — 1. umr.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breyt. á l. nr. 63 1974, um grunnskóla. Þetta frv. var lagt fyrir Nd. og hefur fengið þar afgreiðslu og er nú til 1. umr. hér í þessari hv. deild. Þetta frv. fjallar um að stefnt skuli að því að ákvæði grunnskólalaganna um níunda ár skólaskyldu komi til framkvæmda samtímis á landinu öllu, eins og hér segir, átta árum eftir gildistöku laganna. Þessi breyting er í því fólgin, að í stað þess, sem stóð upphaflega í lögunum: „sex árum“ — stendur nú: átta árum. Þessu var reyndar breytt í fyrra í sjö ár, og rökin fyrir því, að lagt er til að breyta þessu, eru þau sömu og þá, að það eru ýmsir annmarkar á því að láta lögin taka að fullu gildi hvað þetta snertir, þ. e. framkvæma að fullu níunda ár skólaskyldunnar.

Ég vil nefna m. a. í þessu sambandi að vonir hafa staðið til þess að löggjöf um framhaldsskólastig yrði afgreidd svo að segja á hverju þinginu á eftir öðru þó að það hafi sífelldlega dregist. Það mun dragast enn þó að í vetur hafi að vísu verið unnið allmikið í þeim málum og að mínum dómi sjái fyrir endann á því máli að vissu leyti vegna þess að náðst hefur þokkaleg samstaða milli ríkis og sveitarfélaga um afgreiðslu málsins þó að sú samstaða hafi ekki náðst fyrr en komið var nokkuð langt fram á þetta þingár og því ekki möguleikar á því að leggja málið fyrir, en að því stefnt að svo verði á næsta þingi.

En það, sem ég vil ekki síður leggja áherslu á í sambandi við þetta mál, er að það er naumast hægt að segja að skólakerfið sé við því búið að framkvæma níu ára skólaskylduna að fullu. Það eru ýmsar hindranir þar í veginum. M. a. má segja að það sé mjög örðugt vegna stöðu Námsgagnastofnunar sem á við fjárhagserfiðleika að etja og er ekki við því búin að láta í té nægilega mikið af skólagögnum sem til þess þarf að þetta komist að fullu til framkvæmda. En ég vil þó leggja hvað mesta áherslu á það atriði sem ég nefni nú síðast, og það er að það hefur verið og er enn talsvert mikill ágreiningur um hvort lögfesta skuli eða framkvæma skólaskylduna með þeim hætti sem gert var ráð fyrir við setningu grunnskólalaganna. Það er ágreiningur enn uppi um þetta og endurskoðunarnefnd, sem hafði með að gera endurskoðun á grunnskólalögunum og hefur nú skilað áliti sem verður tekið til umræðu í sumar, sú nefnd varð ekki á eitt sátt um það, hvort leggja ætti til yfirleitt að skólaskyldan væri ákveðin níu ár eða átta.

En sem sagt, þetta mál er lagt fram með svipuðum hætti og á síðasta þingi og stefnir að því að fresta um ár þessu lagaákvæði um níunda skólaskylduárið. Og eins og ég segi hefur málið fengið meðferð í Nd. og er hingað komið í sama búningi og það var lagt fram.

Ég legg til, herra forseti, að eftir að þessari umr. lýkur verði málinu vísað til 2. umr. og hv. menntmn., en það er von mín að takast megi að afgreiða þetta mál áður en þingi lýkur nú í vor.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til menntmn. með 13 shlj. atkv.

Ríkisborgararéttur, frv. (þskj. 395, n. 762, 398, 763, 786). — 2. umr.

Frsm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Allshn. hefur fjallað um frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar og hefur að því máli verið unnið með hefðbundnum hætti, þ. e. að tveir fulltrúar allshn. þessarar hv. d. og tveir fulltrúar úr allshn. Nd. fóru yfir allar umsóknir ásamt skrif-

stofustjóra Alþingis. Svo sem venja er til hafa allmörg nöfn bæst hér við, umsóknir sem borist hafa frá því að frv. var samið, og þær eru raunar nokkru fleiri en þau nöfn sem talin eru upp í frv., en allshn. leggur til að við bætist 27 nöfn, svo sem nánar er tilgreint á þskj. 763. Þess er að geta, að nokkrir þeirra einstaklinga, sem hér eru upp taldir, öðlast ekki ríkisborgararétt fyrr en síðar á þessu ári og er það þá tekið sérstaklega fram við nafn þeirra á þessu þskj.

Þess er að geta, að fram hefur komið brtt. við 2. gr. frv. og hafa nm., sem sumir hverjir styðja hana, annars óbundnar hendur um afstöðu til hennar. Allshn. leggur sem sagt til að frv. verði samþykkt.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Afturkölluð er fyrri brtt. við 2. gr. frv., en fram lögð ný, járnbent nú með sérfræðilegri stoð frá ráðuneytisstjóra og með auknum stuðningi Eyjólfs Konráðs Jónssonar. Annars erum það við hin sömu sem að till. stöndum sem hinni fyrri. Till. er á þessa lund, að 2. gr. orðist svo:

„Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenskt ríkisfang með lögum og skulu þá börn hans fædd síðan heita íslenskum nöfnum samkvæmt lögum um mannanöfn. En hann skal, þá er hann hlýtur íslenskt ríkisfang, taka sér íslenskt eiginnafn — ásamt því sem hann ber fyrir — er börn hans taki sem kenningarnafn. Honum skal þó heimilt, ef hann kýs heldur, að breyta svo eiginnafni sínu að það fullnægi kröfum laga um mannanöfn."

Ég hirði ekki að endurtaka fyrri rök fyrir hinni upprunalegu till., en vil aðeins skýra breytinguna sem felst í þessari till. sem nú er komin í stað hennar.

Með orðanna hljóðan í þessari brtt. er hinum erlenda ríkisborgara heimilað að halda nöfnum sínum, skírnarnafni sínu eða nöfnum, hvort þau eru fleiri eða færri, en honum er ætlað auk þess að velja sér sjálfur íslenskt nafn, sem uppfylli skilyrði í lögum, til þess að börn hans geti kennt sig við hann með því nafni, við það kenningarnafn, og þá jafnt börn hans, sem hann kann að hafa átt — eða hún — frá því áður en hann hlaut ríkisfangið, sem hin síðari börnin. Þetta þykja okkur flm. sæmileg boð til þess manns, sem við ætlum að taka í þegnrétt í landi okkar, og viljum svo gera enn betur og að því lýtur niðurlag greinarinnar:

„Honum skal þó heimilt, ef hann kýs heldur, að breyta svo eiginnafni sínu að það fullnægi kröfum laga um mannanöfn."

Svo er um allmarga af útlendingunum, sem sækja hér um ríkisfang, að þeir heita nafni, bera skírnarnafn, þar sem í mjög mörgum tilfellum þarf ekki annað en að víkja við endingu til þess að úr sé orðið íslenskt nafn.

Ég ætla ekki að orðlengja frekar um þessa till., en vænti þess, að hún hljóti nokkurt fylgi.

Jón Helgason: Herra forseti. Í umr. í allshn. um þetta mál lét ég í ljós þá skoðun mína, að ég væri nokkuð íhaldssamur á varðveislu íslenskra mannanafna, en þegar litið var yfir nöfn sumra þeirra, sem sækja um ríkisborgararétt og allir voru sammála um að fengju hann, þá eru nöfn þeirra ákaflega fjarri íslenskri málhefð og íslenskri tungu. En eins og síðasti ræðumaður sagði eru önnur þannig að það er ákaflega einfalt að breyta þeim og ætti ekki að særa neinn þó að þeim væri breytt alveg að íslenskum mannanafnalögum.

Ég hef orðið var við að við framkvæmd þessa lagaákvæðis, eins og það er núna, hefur stundum komið fyrir að þeir, sem óskað hafa eftir að halda nafni sem er eins og íslenskir þegnar hafa, fæddir hér á landi, þá hefur þeim ekki verið veitt heimild til þess að nota slíkt nafn. Ég undirstrika að mér finnst að slíkt sé allt of langt gengið.

Með þessari brtt., sem nú er flutt, er vitanlega gengið miklu skemmra í átt við breytingu á lögunum en fólst í hinni fyrri brtt. og ég taldi að útilokað væri að styðja. Ég stakk upp á því í n., að sett væri ákvæði í brtt. um að það yrði fyrra nafnið sem væri íslenskt, en það hlaut eigi stuðning. En í brtt. á þskj. 786 er haldið því ákvæði, að viðkomandi aðili skuli bera íslenskt nafn og það tel ég ákaflega mikils virði. Ég mun því ekki beita mér gegn þessari breytingu og vænti þess, að framkvæmdin verði þannig að hið íslenska nafn verði þá notað ekki síður en hitt, auk þess sem afkomendurnir kenna sig við það.

ATKVGR.

Brtt. 763 samþ. með 11 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 398 tekin aftur.
Brtt. 786 (ný 2. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Framleiðsluráð landbúnaðarins, frv. (þskj. 743). — Frh. 1. umr.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Eins og alkunna er búa íslenskir atvinnuvegir um þessar mundir við mikla erfiðleika, flestir eða allir, og kannske mál landbúnaðarins einna alvarlegust og er það af ýmsum sökum. Ég ætla ekki í umr. um landbúnaðarmálin að upphefja neina almenna pólitíska umræðu, heldur reyna að einbeita mér að því að grafast fyrir um málefni landbúnaðarins sérstaklega og hvað þar gæti orðið til úrbóta, og er mjög ánægjulegt að slík umræða geti farið hér fram.

Ég held að allir þeir, sem eitthvað þekkja til landbúnaðarmálanna, viti að það er mikill uggur í mönnum varðandi framleiðslumálin og þá kannske ekki síst vegna hins svokallaða kvótakerfis sem raunar virðist erfitt að framkvæma. A. m. k. í sumum héruðum vita menn ekkert um hvernig niðurstaðan af því öllu saman verður, og hygg ég að miklir erfiðleikar hafi verið hjá samtökum bænda við að undirbúa það mál allt saman. Mér segir svo hugur um að það verði aldrei framkvæmt, eða a. m. k. geti það ekki orðið til lengdar, því að það mundi verða mjög skaðvænlegt heilbrigðri þróun íslensks landbúnaðar.

Ég á raunar von á að hæstv. landbrh. muni greina okkur frá gangi þeirra mála hér á eftir, en sérstaklega veit ég að hann mun svara fsp. mínum varðandi beinar greiðslur til bænda og ræða þau mál og við í sameiningu hér, Ed.-þingmenn, reyna að komast að einhverri niðurstöðu um hvað helst geti orðið til bóta í landbúnaðinum og hvort við getum í okkar löggjafarstörfum eða hér á Alþingi sameinast um einhverjar þær leiðir sem gætu bjargað landbúnaði eða bætt hag bænda, sem vissulega er ekki vanþörf á. Ég ætla ekki, eins og ég sagði áðan, að fara út í að eltast við orsakir þess vanda, heldur reyna að einbeita mér að því að gera grein fyrir aðgerðum sem ég

held að gætu sannarlega orðið til bóta.

Þar er þá fyrst til að taka að Alþingi samþykkti, eins og kunnugt er, 22. maí 1979 þál. um beinar greiðslur til bænda. Sú. þál. hljóðar á þessa leið, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hlutast til um að settar verði reglur um rekstrar- og afurðalán landbúnaðarins sem tryggi að bændur fái í hendur þá fjármuni, sem þeim eru ætlaðir, um leið og lánin eru veitt."

Og síðari mgr.:

„Jafnframt láti ríkisstj. fara fram athugun á því, hvernig heppilegast sé að koma við breytingum á greiðslum útflutningsbóta og niðurgreiðslna þannig að þær nýtist betur."

Um fyrri lið þessarar þál. hafa verið talsverðar umr. nú alveg nýverið og þar gerði viðskrh. í lok umr. grein fyrir því, að hann mundi láta vinna að framgangi þessa máls, væntanlega alveg á næstunni, þó að það hefði verið dregið fram til þessa. Þar var upplýst að Seðlabankinn bendir á augljósa og einfalda leið til þess að koma fjármunum bænda til þeirra í samræmi við eindregna og ákveðna ályktun Alþingis þannig að ríkisstj., hver sem hún er, geti ekki skotið sér undan að framkvæma fyrri lið þál., og á ég von á að viðskrh. muni nú gera gangskör að því að sjá til þess, að ályktunin verði framkvæmd, og ég efast ekki um að hæstv. landbrh. muni leggjast á þá sveifina, enda var bréfið frá Seðlabankanum, sem týnt var talið, sent í landbrn., en ekki viðskrn., hinn 15. jan. 1980, og það var áður en núv. hæstv. landbrh. tók við þeim störfum sínum, en hann hefur áreiðanlega, a. m. k. nú eftir að umr. hófust um málið, kynnt sér það og séð þá eins og allir aðrir að það er mjög auðvelt að framkvæma beinar greiðslur á afurða- og rekstrarlánum til bænda og auðvitað engin hæfa að einhverjir aðrir séu að valsa með fé bænda.

Ég tel að sá nýi háttur, sem nú verður upp tekinn á greiðslu rekstrar- og afurðalána beint til bændanna, muni mjög bæta þeirra hag, því að það er ekki ónýtt að fá lán á 29% vöxtum, hygg ég að þau séu, þegar vextir almennt í þjóðfélaginu eru komnir upp fyrir 50%. Í 50—60% verðbólgu skiptir auðvitað meginmáli hvort menn fá fé í hendur strax og þeir eiga að fá það eða á því er setið kannske mánuðum saman, ef það þá einhvern tíma kemst að fullu til skila, — og auðvitað aldrei að fullu því það rýrnar í meðferðinni þó ekki væri af neinu öðru en verðbólgunni.

En það er ekki aðallega þessi þáttur þál. sem ég hér vil ræða, heldur seinni liðurinn. Það má segja um seinni lið ályktunarinnar, að hann er kannske ekki eins afgerandi og sá fyrri, því að þar er talað um láta fara fram athugun á því, hvernig heppilegast verði að koma greiðslum þessum til bænda, þeim greiðslum sem frá ríkissjóði koma. Það vissu auðvitað allir, þegar ályktunin var samþykkt, hvað við væri átt. Það var að koma peningunum fram hjá afurðasölufélögunum og beint til bændanna að verulegum hluta a. m. k. Það hefur verið meginhugsunin að bændurnir fengju þessa vaxtalausu peninga, eigin fjármuni, beint í hendur, en þeir væru ekki á flækingi einhvers staðar annars staðar svo og svo lengi og verðbólgan æti þá upp að verulegum hluta.

Inn í þessar umr. blönduðust svo hugleiðingar um það, hvort ekki væri hægt að nota þessa aðferð, beinu greiðslurnar, líka til þess að stjórna framleiðslumagni, þ. e. að draga úr framleiðslu að einhverju marki þegar um offramleiðslu væri að ræða. Um það hafa samtök bænda fjallað og mikið verið fjallað hér á hinu háa Alþingi. Ég leyfi mér að benda á það, þó ég hafi gert það áður hér á þinginu, að á Búnaðarþingi 1979 var gerð svofelld ályktun með 24 shlj. atkv., með leyfi forseta:

„Búnaðarþing telur að enn liggi ekki fyrir nægar upplýsingar til þess að unnt sé að taka efnislega afstöðu til þeirra hugmynda sem í till. felast, en óskar eftir því við stjórn Stéttarsambands bænda, að hún láti fara fram frekari könnun á málinu."

Og fyrirsögnin er: „Tillaga Eyjólfs Konráðs Jónssonar um að hluti niðurgreiðslna og útflutningsbóta verði greiddur beint til bænda."

Greinargerðin er örstutt og hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Ýmsir hafa leitt hugann að því, hvort það fjármagn, sem hið opinbera ver til niðurgreiðslna og útflutningsbóta búvara, kynni að nýtast betur í öðru formi en því sem beitt hefur verið. Hér er um háar fjárhæðir að ræða og full ástæða til þess að gaumgæfa vel alla möguleika um hagkvæmari notkun þess fyrir landbúnaðinn og þjóðarheildina. Ljóst er að hugmyndin um að greiða hluta framleiðsluverðsins beint til bænda með þessu móti krefst ítarlegrar skoðunar á mörgum þáttum framleiðslu- og sölukerfisins. M. a. munu hugmyndir Eyjólfs Konráðs Jónssonar vera í frumathugun hjá Stéttarsambandi bænda, og því er ekki tímabært fyrir Búnaðarþing að taka endanlega afstöðu til málsins."

Þessu máli var sem sagt mjög vel tekið á Búnaðarþingi 1979. Það var þar nýtt mál, en engu að síður fær það svona jákvæða afgreiðslu, að það beri að kanna það nánar. Raunar mun það eitthvað hafa verið kannað þá fyrst í stað eftir að Búnaðarþingi lauk, en niðurstaðan af því er m. a. sú, að í reglugerð við lögin um Framleiðsluráð landbúnaðarins, sem dagsett er 22. ágúst 1979, er í 2. gr. d-lið vikið að því, með hvaða hætti megi nota beinu greiðslurnar sem stjórnunartæki að því er varðar framleiðslumagn. Í a-lið er fjallað um aðrar leiðir og þá fyrst og fremst kvótakerfið. En síðan kemur b-liður sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Að greiða með samþykki ríkisstj. hluta af niðurgreiðslum til framleiðenda í samræmi við framleiðslumagn að ákveðnu marki, en síðan stiglækkandi eftir því sem framleiðslan vex.

Full greiðsla skal ná til 400 ærgildisafurða, eins og þær voru viðmiðunarárin, sbr. a-lið, samkvæmt landsmeðaltali, en greiðslan lækkar um 5% fyrir umframafurðamagn á hverju 100 ærgilda bili, þó aldrei meira en 25%. Hæsta skerðing kemur á framleiðslu þeirra framleiðenda, er ekki búa á lögbýlum, nema þeir hafi meiri hluta tekna sinna af búvöruframleiðslu. Um greiðslu til félagsbúa fer samkv. 7. málsgr. a-liðar og þessum ákvæðum eftir því sem við á. Afurðaverð til framleiðenda samkvæmt verðlagsgrundvelli breytist til samræmis við þessa beinu greiðslu eftir því sem um er samið við ríkisstj. Samkomulag um þessa greiðslu skal gert til minnst eins árs í senn.

Greiðslur skulu sendar framleiðendum eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Heimilt er Framleiðsluráði að greiða á bankareikning eða til verslunaraðila eftir tilvísun viðkomandi framleiðenda."

Þetta er sem sagt fest í reglugerð 22. ágúst 1979, en hefur þó ekki verið notað eins og þar er ráð fyrir gert að unnt sé a. m. k. Og í framleiðsluráðslögunum sjálfum og einnig því frv., sem nú liggur hér fyrir til umr., er í þessu

sambandi getið um að unnt sé að notast við þessar aðferðir, og þar segir, með leyfi forseta, orðrétt:

„Að greiða hluta af niðurgreiðslum til framleiðenda í samræmi við framleiðslumagn allt að ákveðnu marki, en síðan stiglækkandi eftir því sem framleiðslan vex þar fyrir ofan. Heimilt er að ákveða rétt frumbýlinga í samræmi við bústofn þeirra."

Þetta er meira og minna í samræmi við þær athuganir sem Stéttarsamband bænda lét gera veturinn 1979 og skilaði grg. í bréfi sem Árni Jónasson undirritar 6. mars 1979 og er stílað til mín. Þar bendir hann á ýmiss konar leiðir til þess að hafa stjórnunaráhrif á framleiðslumagn með þessum aðferðum, en að þurfa ekki að taka upp kvótakerfi sem virðist raunar vera andvana fætt. Og ég hygg að margir þeir séu í landbúnaðinum, sem jafnvel hafa látið það yfir sig ganga að reyna að fara inn á þessa kvótakerfisleið, sem sjái það nú og hafi kannske séð fyrir að þetta yrði meira og minna óframkvæmanlegt. A. m. k. minnist ég þess ekki, að núv. hæstv. landbrh. hafi mælt þessu kerfi sérstaklega bót. Ég man ekki til þess að hafa heyrt hann mæla því sérstaka bót og hef þó heyrt hann alloft ræða landbúnaðarmálin bæði af reynslu og þekkingu. En ég held að það sé tímabært orðið núna að snúa við blaðinu og hugsa um það, hvort ekki megi kasta þessu kvótakerfi fyrir róða í eitt skipti fyrir öll og reyna heldur að nota þá leið sem bæði er í lögum og reglugerð nú þegar. Kannske þyrfti einhverja breytingu reglugerðarinnar, hún er kannske of nákvæmlega útfærð. Ég held að það mætti hafa þessar prósentur eitthvað öðruvísi og kannske breytilegar frá ári til árs miðað við aðstæður, og nú hefur náttúrlega mjög dregið úr landbúnaðarframleiðslunni þannig að það þarf kannske engar harðar aðgerðir þetta árið. Það vita aðrir menn sjálfsagt betur en ég, hver spáin sé um framleiðslumagn nú á næstunni. En jafnvel þó það væri svo að þessar nýju aðferðir um beinar greiðslur til bænda væru ekki nema í einhverjum litlum mæli notaðar sem stjórnunaraðgerð, þá er hitt alveg ljóst, að bændur eiga heimtingu á að fá þessa peninga. Þeir eiga þá og engir menn aðrir. Þess vegna á að greiða þá til þeirra, en ekki einhverra annarra, og það er auðvitað það sem ályktun Alþingis gengur út frá. Ég leyfi mér að treysta því, að hæstv. landbrh. geri nú gangskör að því að framkvæma þessar lagaheimildir og reglugerðarákvæði og þingsályktanir með einhverjum hætti. Ég ætla ekki að gefa honum neina forskrift í því efni. Hann mun sjálfsagt ráðgast við sína sérfræðinga um það og styðjast þá auðvitað við reglugerðarákvæðin eða þá breyta þeim að einhverju leyti, en að það dragist þó alls ekki lengur en orðið er að bændur fái að verulegum hluta greiðslur sendar beint heim til sín. Ég mundi halda að eðlilegast væri að það væru mánaðarlegar greiðslur, a. m. k. upp í einhverja ákveðna bústærð, en prósenttölur í þessu efni skal ég ekki þreyta ykkur á að nefna.

Það er ýmislegt fleira í sambandi við landbúnaðarmálin sem vafalaust blandast inn í þessar umr. hér og nú. Eitt er það sem nokkrir bændur hafa hreyft við mig. Það er að flytja frv. um að 1% stofnlánadeildarframlagið verði niður fellt þar sem lán Stofnlánadeildar eru nú yfirleitt orðin markaðslán, þau eru verðtryggð og með svipuðum vaxtakjörum og á hinum almenna markaði og þess vegna óþarft og kannske óeðlilegt að taka 1%, að mér skilst, af bruttóframleiðslu til þess að greiða í þennan sjóð, hann eigi að geta starfað sjálfstætt án þess að bændur séu skattlagðir með þessum hætti. Ég hef enn ekki lagt slíkt frv. fram, enda er það nú nýverið, eftir að ég kom til landsins, sem þetta var sérstaklega við mig orðað. En ég held að þetta sé ein leið til að létta byrðum af bændum, sem vissulega eiga í miklum erfiðleikum um þessar mundir, og væri gaman að heyra álit annarra manna á því, ekki síst hæstv. landbrh. ef hann hefur hugsað það mál. Ég hef sem sagt hugleitt að flytja um það sérstakt frv., hvort sem verður unnt að koma því í gegn á þeim fáu dögum, sem eftir eru af þingi, eða ekki, en alla vega er rétt að þessi hugmynd komi hér fram, því að það munar talsvert um þessi útgjöld hjá bændum sem berjast í bökkum.

Ég vil sérstaklega undirstrika efni bréfs Seðlabankans frá 15. jan. 1980 þar sem hann bendir á leiðir til þess að koma afurða- og rekstrarlánunum beint til bænda. Það er augljóst öllum þeim, sem þetta mál hugsa, að það er ekkert auðveldara en að koma fjármununum til bændanna. Þetta eru yfirleitt ekki neinar smáfjárhæðir, og menn hafa stundum verið að gantast með að það væri kannske innlag frá fimm eða sex aðilum í fjölskyldu, það væri slátrað einu lambi sem barnið ætti o. s. frv. En þetta eru ekkert litlar upphæðir þar og eru þar lagðar inn miklu smærri upphæðir en það, reikningar t. d. barna þegar er verið að reyna að ala þau upp í því að sýna sparsemi. Það er auðvitað enginn banki sem mundi telja eftir sér að sjá um þetta, miklu frekar mundi auðvitað vera slegist um að fá nýja viðskiptavini.

Það er sem sagt alveg ljóst mál, og það hef ég frá mörgum bankamönnum, að það er ekki nokkur minnsti vandi að framkvæma þetta hvort tveggja, bæði rekstrar- og afurðalánin og eins beinu greiðslurnar, enda hefur ríkisvaldið sjálft og það stjórnmálaandstæðingur minn sett um þetta reglugerð. Það var Steingrímur Hermannsson sem var landbrh. þegar reglugerð þessi er út gefin. Þar er alveg skýlaust tekið fram hvernig eigi að framkvæma þetta. Þar er miðað við 400 ærgildisafurðabú. Ég miðaði í mínum fsp. til Stéttarsambandsins við 500 ærgildabú. Auðvitað er það allt saman matsatriði, en leiðin til að framkvæma þetta er alveg augljós og mjög einföld í sniðum, og þess vegna leyfi ég mér að treysta því, að hæstv. landbrh. gefi okkur hér og nú yfirlýsingu um að hann muni beita sér fyrir einhverri slíkri framkvæmd.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Það hefur verið varpað til mín nokkrum fsp. og frv. þetta rætt bæði hér af hv. 5. landsk. og af hv. 11. landsk. fyrr, þegar það var þá á dagskrá í síðustu viku. Það er rétt sem hv. þm. Eyjólfur Konráð segir, að landbúnaðurinn eins og aðrir atvinnuvegir á í erfiðleikum. Íslenskt þjóðfélag á auðvitað í erfiðleikum, þ. á m. atvinnuvegir þess, vegna þeirrar miklu verðbólguþróunar sem hér hefur geisað í langan tíma. Og það er einmitt svo, að barátta stjórnvalda, bæði núv. ríkisstj. og annarra ríkisstj., hefur beinst að því að fást við þessi vandamál sem að meginhluta stafa af verðbólgu, þó að árangur hafi verið misjafn í tíð hinna ýmsu ríkisstj. Þetta er einnig viðfangsefni þeirrar ríkisstj. sem nú situr. Ég skal ekki fara að rekja hér hvaða árangur hefur þó náðst í þessari baráttu. En þegar það er haft í huga að ríkisstj. tekur við efnahagsmálum í því ástandi að það ríkir 61% verðbólga ásamt stórkostlegum hallarekstri allra höfuðatvinnuvega þjóðarinnar, þá verður ekki þrautalaust að koma því efnahagskerfi í sæmilegt horf.

Um það kvótakerfi, sem hv. þm. spurði um og sagði að

það væri uggur í bændum vegna kvótakerfisins og ýmissa þeirra framleiðslutakmarkana sem væru á döfinni og þeitt hefði verið í landbúnaði, þá vil ég segja það, að kvótakerfið er sú leið sem Framleiðsluráð og Stéttarsamband bænda völdu sem fyrstu leið til þess að hafa áhrif á framleiðsluþróun. Framleiðsluráðslög, sem afgreidd voru á þingi 1979, færðu bændasamtökunum í hendur allvíðtækar heimildir til þess að taka á framleiðsluvandamálunum. Þær heimildir, sem er að finna í þeim lögum, hafa verið notaðar þannig að Stéttarsamband bænda og Framleiðsluráð landbúnaðarins með samþykki landbrh. ákvað að nota þessa kvótakerfisleið sem fyrstu aðgerð í þessum efnum. Ég vil gjarnan segja frá því, að vinnsla á þessu kerfi hefur verið tímafrek og erfið og kostað verulega fjármuni. Það er rétt sem hv. þm. vék lauslega að, að það væri tæplega hægt að segja að þetta kerfi sé komið til framkvæmda. Það hefur hins vegar vofað yfir, bændur hafa vitað að þetta kerfi væri í vinnslu og kynni að koma til framkvæmda fyrr en síðar, og af þeim sökum hefur það án efa haft nokkur áhrif í sambandi við framleiðslumagn.

Ég hef látið þá skoðun mína í ljós oftar en einu sinni, að ég ber nokkurn ugg í brjósti varðandi þetta kerfi. Ég hef talið að það væri a. m. k. vandmeðfarið og væri því beitt til hins ýtrasta eftir föstum reglum mundi geta komið út úr því verulegt ranglæti. Sú vinnsla, sem fram hefur farið, hefur miðað að því að sneiða hjá þeim ágöllum sem mundu valda slíku ranglæti. Vinnsla hefur miðað að því að beita slíku kerfi af miklum sveigjanleika. Þáttur í því að gera slíkan sveigjanleika mögulegan í meðferð þessa kerfis var sú breyting sem felst í þeim brbl. sem sett voru 23. júní og eru nú hér til staðfestingar Alþingis.

Ég skal ekki fullyrða um það, hvað þetta kvótakerfi helst lengi. Ég vænti þess, að það verði unnt a. m. k. að beita ákvæðum þess með þeim sveigjanleika að helstu ágallar kerfisins hverfi. Þó er ljóst að það má varast það, ef þetta kerfi verður till einhverrar frambúðar, að það skeri ekki á framtaksmöguleika bænda í landbúnaðinum því það væri hið hættulegasta sem slíkt kerfi gæti haft í för með sér.

Ég held að það sé ekki ástæða til þess að ég fjalli um það kerfi frekar, en það hefur verið samþykkt af Framleiðsluráði, að 1 milljarði gkr. til mjólkurframleiðenda af því, sem inn hefur komið vegna kjarnfóðurgjalds, verði ráðstafað eftir útreikningum kvótakerfisins. Það er í rauninni það fyrsta sem kemur til framkvæmda beint eftir þessu kerfi.

Hv. 5. landsk. þm. ræddi hér ályktun Alþingis um afurða- og rekstrarlán annars vegar og um útflutningsbætur og niðurgreiðslur hins vegar. Varðandi þann þátt málsins, sem snýr að afurða- og rekstrarlánum og hæstv. viðskrh. hefur svarað í hv. Nd., vil ég gjarnan taka þetta fram:

Þegar ég kom í landbrn. var að starfi nefnd sem fjallaði um afurða- og rekstrarlán, þ. á m. að gera till. um framkvæmd á því, hvernig rekstrar- og afurðalánum verði beitt þannig að bændur geti fengið laun sín greidd og óhjákvæmilegan rekstrarkostnað svipað og aðrir aðilar fá nú. Nefnd þessi var skipuð af fyrrv. landbrh. Steingrími Hermannssyni og í henni áttu sæti Árni Gunnarsson alþm., Geir Magnússon gjaldkeri SÍS, Gunnar Guðbjartsson formaður Stéttarsambands hænda, Kjartan Ólafsson þáv. alþm., Sveinn Jónsson aðstoðarbankastjóri Seðlabanka Íslands, Magnús Jónsson bankastjóri Búnaðarbanka Íslands, Helgi Bergs bankastjóri Landsbanka Íslands og Vilhjálmur Hjálmarsson fyrrv. alþm. sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar. Garðar Ingvarsson tók við af Sveini Jónssyni sem fulltrúi Seðlabanka Íslands, í nefndinni frá 20. júní 1980. Þessi nefnd skilaði áfangaskýrslu varðandi hækkun rekstrar- og afurðalána sem ekki hefur mikið blandast inn í þessar umr., en því miður hefur ekki tekist að verða við að koma fram þeim till. sem n. gerði um það efni. Þó hafa rekstrar- og afurðalán fyllilega fylgt verðlagsþróun á þeim tíma sem liðinn er síðan ég kom í þetta ráðuneyti.

Hins vegar var það ákvörðun mín í sambandi við ályktun Alþingis sem hv. þm. Eyjólfur Konráð hefur vitnað til, að auka við erindisbréf nefndarinnar. Það gerði ég með bréfi 20. mars 1980 þar sem segir m. a., með leyfi forseta:

„Jafnframt felur rn. nefndinni að gera till. til rn. svo sem fært þykir um tilhögun afgreiðslu rekstrar- og afurðalána landbúnaðarins sem tryggi að bændur fái í hendur þá fjármuni, sem þeim eru ætlaðir, um leið og lánin eru veitt, sbr. ályktun Alþingis, dags. 27. maí 1979, um beinar greiðslur til bænda.“

Nefndin skilaði endanlegu áliti 13. febr. 1981 og er álit hennar undirritað af öllum nm. Meginniðurstaða n. um þetta verkefni, sem ég fól henni að kanna sérstaklega, er svo sem segir í síðustu málsgr. í áliti n., svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Með vísun til framanritaðs svo og að vandlega athuguðu máli gerir n. ekki till. um breytta tilhögun afurða- og rekstrarlána landbúnaðarins umfram það sem greinir í 1. og 2. áfanga nál.,“ en það fjallaði einkanlega um hækkun á þessum lánum til landbúnaðarins.

Þetta er meginniðurstaða nefndarinnar. Þrátt fyrir það vekur nefndin athygli á þeirri leið sem bent er á í umsögn Seðlabankans svo og öðrum skýringum sem fram koma í grg. bankanna allra. Það bréf, sem hefur í umræðum hér á Alþingi verið vitnað í, frá Seðlabanka Íslands, sem er ritað til landbrn. 15. jan. 1980, felur í sér þessar ábendingar, og þessar ábendingar hafa komið fram í blöðum. Ég veit ekki hvort ástæða er til að ég fari að rekja þær hér að öðru leyti en því, að þær eru efnislega á þá leið í fyrsta lagi, að framleiðslufélögin verði áfram eins og verið hefur lántakendur bæði rekstrar- og afurðalána. Það er talið nauðsynlegt að lántakandi þessara lánaflokka beggja sé hinn sami vegna innbyrðis tengsla þeirra og vegna þess að rekstrarlánin eru endurgreidd af afurðalánum sem veitast í nóvembermánuði, en rekstrarlánin veitast frá því í marsmánuði og þangað til í ágústmánuði. Síðan væri hægt annað tveggja með samkomulagi eða jafnvel með fyrirmælum að kveða á um það, að því fjármagni, sem rennur til fyrirtækjanna í gegnum rekstrar- og afurðalánin, verði ráðstafað á reikning viðkomandi bónda, annað tveggja viðskiptareikning eða bankareikning eftir ósk hvers og eins.

Þetta er sú leið sem ég hef oft látið í ljós að ég telji að sé fær í þessu máli, — leið sem farin er hjá ýmsum afurðasölufyrirtækjum svo að um þá leið hefur skapast reynsla.

Ég tel að það sé ekki ástæða til þess að fjalla um tæknileg atriði í sambandi við þessi mál umfram það sem hér hefur komið fram að vandlega athuguðu máli þeirrar nefndar sem um þetta hefur fjallað og ég fól að athuga þetta sérstaklega. Þar eru nm. sem ég ber fyllsta traust til og ég tel að niðurstöður hennar séu býsna fullnægjandi bæði fyrir mitt rn. og eins fyrir Alþingi. Hitt er rétt að láta

koma til athugunar, og það mun ég væntanlega gera í samráði við viðskrh. Þar sem þessi mál, þ. e. afurða- og rekstrarlán, heyra að formi til undir viðskrh., þá tel ég eðlilegt að viðskrn. og landbrn. taki til athugunar með hvaða hætti unnt sé að koma þarna breytingum við og hvaða leiðir beri að fara í þeim tilgangi.

Ég vil hins vegar taka það fram, að ég hef ævinlega verið þeirrar skoðunar, eins og raunar fram kemur í því sem að framan er rakið, að það sé ekki fær leið að gera alla framleiðendur búvöru í landinu eða jafnvel alla bændur að lántakendum og sinna öllu því bókhaldi sem af því leiðir, þ. e. endurgreiðslum lánanna, tryggingum og öðru sem slíkum lántökum er samfara. Ég þarf ekki að fara frekar út í það. En það má auðvitað minna á að þar koma til ýmis vafaatriði, þ. á m. að búvöruframleiðendur eru mjög miklu fleiri í landinu heldur en bændur sjálfir.

Þá er það hinn þáttur þessa máls sem hv. þm. Eyjólfur Konráð spurði um sérstaklega, en það var um þann þátt ályktunar Alþingis að láta fram fara athugun á því, á hvern hátt niðurgreiðslur og útflutningsbætur gætu nýst landbúnaðinum betur.

Það er rétt, sem hv. þm. sagði, að á árinu 1979 var athugað nokkuð af Stéttarsambandi bænda hvernig þessu yrði komið við og hvort hægt væri að tengja þessa aðferð því að ráðast samtímis að því verkefni að hafa stjórn á framleiðslumálum landbúnaðarins. Að þessu verki var nokkuð starfað og fylgdist hv. fyrirspyrjandi náið með því verki, eftir því sem ég best veit. Þau dæmi, sem reiknuð voru út á þessum tíma, benda hins vegar til þess, að fjármagnið, sem varið er til niðurgreiðslna, nýtist lakar eftir þessari leið heldur en með því að greiða niður vöruverð á útsölustigi. Það kemur þannig út, t. a. m. miðað við að 25% framleiðslukostnaðar væru greidd beint til bænda með þessum hætti, af niðurgreiðslufé upp að 500 ærgilda búi, þá er það þannig að verð á mjólk samkv. þessu yrði 70 kr. hærra í útsölu en með því að greiða niður á lokastigi og heildsöluverð á fyrsta flokks dilkakjöti yrði 486 kr. hærra eftir þessari aðferð heldur en með því að greiða niður á sölustigi. Þetta er raunar í samræmi við það sem hefur verið athugað í önnur skipti varðandi þátt niðurgreiðslna í verðmyndun búvöru.

Stéttarsamband bænda fékk m. a. búnaðarhagfræðing Björn S. Stefánsson til þess að gera á þessu sérstaka úttekt, og niðurstöður hans voru í sömu átt, að niðurgreiðslur á frumstigi búvöru nýttust ekki eins vel í verðlagsþróun og að greiða niður á lokastigi.

Það síðasta, sem ég hef látið kanna alveg sérstaklega í þessu efni, er hugsanleg niðurgreiðsla á áburðarverði. Þar kemur þetta sama í ljós, því miður. Því miður nýtast fjármunir, sem varið er til niðurgreiðslu á þeirri rekstrarvöru landbúnaðarins, verr til áhrifa á verðlagsþróun heldur en með því að nota þá til að greiða niður á lokastigi framleiðsluvörunnar. Ég tók ekki með mér það blað sem um það fjallar, en ef ég man rétt mun kosta 85 millj. kr. að greiða niður eitt vísitölustig með niðurgreiðslu á áburði, en 52 millj. kr. með því að greiða niður vöruverð á útsölustigi. Hér er því miður um mjög mikinn mun að ræða sem ekki er hægt annað en taka tillit til. Þessar tölur eru þó, eins og raunar þegar hefur komið fram, með fyrirvara. Ég mun láta endurskoða þessa niðurstöðu. Þess vegna er nú mælt með nokkrum fyrirvara, en þetta er það síðasta sem ég hef látið athuga í þessu efni.

Varðandi þetta mál að öðru leyti: að koma niðurgreiðslufé eða útflutningsbótafé beint til bænda, þá lét ég fara fram á því sérstaka athugun á s. l. hausti, hvort ekki væri fært og hagkvæmt að taka orlofið út úr grundvellinum og greiða orlofsféð beint til bænda eins og hv. þm. hefur gert till. um að leitað verði að leiðum til.

Ég batt verulegar vonir við að þetta reyndist auðvelt. Það hefur í rauninni ekkert komið fram um að það sé ekki hagkvæmt að orlofið gangi beint til bændanna án þess að fara inn í vöruverðið. Hins vegar komu fram slíkir framkvæmdaerfiðleikar við þetta mál að að þessu sinni var horfið frá að ráðast í framkvæmd þess.

Varðandi þá framkvæmdaerfiðleika var auðvitað gerð á því sérstök athugun af þar til kvaddri nefnd, en formaður Stéttarsambands bænda tók saman minnispunkta um ýmis þau álitaefni sem þar koma til úrskurðar, og þeir minnispunktar eru dagsettir 26. nóv. 1980, einmitt á þeim tíma sem þessi atriði voru til meðferðar. Ég veit ekki hvort ástæða er til að ég reki mikið úr þessum minnispunktum, en til þess að gefa hugmyndir um það get ég sagt að fyrsta spurningin er það, hverjum á að senda greiðslur. Eru það bændur eða allir búvöruframleiðendur. Ef það á aðeins að senda aðeins bændum, hverjir eru það þá sem eru bændur? Eru það þeir, sem hafa lögbýli til umráða, eða allir sem lifa að hluta eða að öllu leyti af landbúnaði? Ef aðeins er haldið sér við lögbýli er rétt að vekja á því athygli, að allar jarðir eru taldar lögbýli og auk þeirra ýmis smábýli og iðnaðarbýli þar sem þeir, sem þar búa, hafa tekjur a. m. k. að mestu leyti af öðru en venjulegri búvöruframleiðslu. Þar eru t. d. menn eins og iðnaðarmenn, prestar, kennarar, bílstjórar o. s. frv., sem hafa tekjur af öðru en búskap. Þarf að skilgreina hugtakið bóndi til þess að fá úr því skorið, hverjir eiga að taka við greiðslu og hverjir ekki. Enn fremur koma til álita félagsbú og oft þeir sem stunda félagsbúskap t. a. m. feðgar, jafnvel þar sem yngri bóndinn er námsmaður o. s. frv. Þar koma allra handa tilvik. Eiga þeir að fá jafnmikla greiðslu og tveir bændur sem búa á tveim jörðum, eða hvaða skil á að gera í þeim efnum. Það má segja að nokkrir menn telji sig bændur þó að þeir hafi ekki í raun og veru lögbýli til umráða. Það má enn geta þess, að framleiðendur búvöru, eins og þegar hefur komið fram, eru vafalaust mun fleiri en þeir bændur, sennilega þrisvar til fjórum sinnum fleiri en bændur á Íslandi.

Þá er einnig eftir að koma upp álitamál við hvað á að miða þegar greiðsla er innt af hendi. Eiga allir að fá jafna greiðslu án tillits til bústofns eða framleiðslumagns, og ef miða á við þessi tvö atriði, hvort þeirra á þá að miða við? Framleiðslumagn á hverja búeiningu er ákaflega misjafnt. Það veltur auðvitað á ýmsum atriðum, bæði landsgæðum, afurðasemi, mjólkurmagni o. s. frv. Það eru dæmi talin um það að vetrarfóðruð kind skilar 7 kg af kjöti á meðan á einhverju öðru búi skilar hún 40 kg af kjöti. Eiga þessir bændur að fá jafnt fyrir bústofn eða eiga þeir að fá greiðslu til samræmis við afurðamagn? Enn þarf að taka tillit til veikinda og vanhalda og slysa eða óhappa o. s. frv.

Mjög mörg álitaefni, sem þarf að skera úr, er hægt að rekja, önnur en þau sem hafa komið hér fram, og þau eru rakin miklu nákvæmar í þessari grg. formanns Stéttarsambands bænda. En þessi álitaefni eru svo mörg að enn hefur ekki verið úr því skorið á hvern máta þetta yrði framkvæmt.

Ég hef beðið Stéttarsamband bænda að athuga þessi

mál áfram, og ég vil sannarlega leggja lið mitt til þess að það verði reynt að komast að niðurstöðu um það hvort ekki finnst hagkvæm framkvæmdaleið í þessum efnum. Þó ekki væri annað en orlofið, sem greitt væri til bændanna beint, þá teldi ég það a. m. k. mikils virði.

Aðrir þættir, sem snerta beint búreksturinn að öðru leyti, eru meira álitamál. Þó væri það auðvitað kostur ef unnt væri með jafngóðum árangri að lækka vöruverð með niðurgreiðslum á frumstigi, sem því miður horfir ekki vel um.

Ég tel að með þessu hafi ég í rauninni veitt eins fullnægjandi svör við fsp. hv. þm. Eyjólfs Konráðs og mér er unnt að þessu sinni. Ég vil aðeins bæta því við um þau atriði, sem hv. þm. réttilega vitnaði til í reglugerð við framleiðsluráðslögin, svo og lagagreinarnar sjálfar og þær greinar sem eru í því frv. sem hér liggur fyrir hv. Ed., að þar er um heimildarákvæði að ræða. Þar er um að ræða eina af þeim leiðum sem Stéttarsamband bænda og Framleiðsluráð hafa fram til þessa haft í hendi sér að velja um með staðfestingu landbrh., og þess vegna hefur það verið í þeirra höndum. Ég vænti þess, að ef það er vilji þeirra aðila að fara þessar leiðir, þá reki það enn þá meira á eftir því að þessi mál verði nákvæmlega könnuð.

Það var eitt atriði sem hv. þm. minntist á í lok sinnar ræðu. Það var um stofnlánadeildargjaldið sem lagt er á búvöruframleiðsluna. Ég tel að hér sé um mál að ræða sem þurfi athugunar við, það sé e. t. v. kominn tími til að kanna hvort ráðlegt sé að skerða tekjustofna Stofnlánadeildar landbúnaðarins á þennan máta. Það er rétt að vekja á því athygli, að ríkissjóður leggur fram fé á móti, enda þótt hlutdeild ríkissjóðs í tekjustofnum stofnlánadeildarinnar eins og annarra stofnlánasjóða í landinu hafi verið skert með lögum bæði á þessu þingi og á undanförnum árum. Eigi að síður tel ég að á þessu þurfi að fara fram athugun. En ég vil ekki slá neinu föstu um þessi mál án þess að mjög gaumgæfileg athugun fari fram. Ef hv. þm. hefur í hyggju að flytja frv. er það vitaskuld hans mál. En ég held að það væri ráðlegt að athuga þetta mál nokkuð gaumgæfilega, fyrst og fremst með tilliti til hagsmuna landbúnaðarins í heild, og í þeim orðum felast auðvitað hagsmunir einstakra bænda og hagsmunir þessa stofnlánasjóðs landbúnaðarins.

Ég tel að ég hafi svarað ræðu hv. þm. og ekki sé ástæða til að fjalla um hana frekar.

Hv. þm. Egill Jónsson, hv. 11. landsk., flutti hér ræðu í síðustu viku og ég held það sé ekki ástæða fyrir mig að fjalla um þá ræðu í löngu máli. Hann gerði grein fyrir andstöðu sinni við frv. (**EgJ:** Andstöðu Sjálfstfl.) Andstöðu Sjálfstfl. tekur nú hv. þm. fram í. En hann sagði að afstaða Sjálfstfl. til þessa máls hefði ekki breyst á síðustu tveimur árum. Hann taldi skattheimtu eða fóðurbætisgjald vera hættulegt fyrir landbúnaðinn og frv., sem hér er leitað staðfestingar á, skaðlegt, í því fælist þvingun á starf bóndans o. s. frv. Margt fleira sagði í þeirri ræðu sem ekki er ástæða til að rekja. Ég vil nú aðeins segja það, að hér er verið að leita staðfestingar Alþingis á því að hafa heimild til þess að leggja á kjarnfóðurgjald. Lagasetning er eitt, framkvæmd getur verið annað þegar um heimildarlög er að ræða. Ég tel að það sé mikil nauðsyn að hafa heimild til þess að leggja kjarnfóðurgjald á. Ég tel að það hafi sýnt sig að beiting kjarnfóðurgjalds hafi reynst áhrifarík, fljótvirk og tiltölulega greið leið til áhrifa á framleiðslumagn, a. m. k. framleiðslu mjólkur. Þetta tel ég að hafi sannast.

Ég skal ekkert um það segja, hver framvindan verður í framkvæmd. Hv. þm. hann vitnaði mjög til þess, að það hefði verið harður vetur, það væri enn þá kalt þó komnir væru vordagar og menn vissu ekki hvort kal yrði í túnum, og undir það tek ég. Ég skal ekkert um það segja hvernig um það fer. Hitt er víst, að enn þá njóta menn uppskeru sumarsins í fyrra, og ákvarðanir um framkvæmd og beitingu þessara heimilda, ef áfram verða í lögum, hljóta vitaskuld að velta m. a. á því, hver verður þróun framleiðslu, hvaða uppskera fæst af túnum bænda og hvaða aðrar ástæður ráða í þjóðfélaginu og fyrir landbúnaðinn. Þess vegna eru þessi lagaákvæði í heimildarformi og þeim er hægt að beita af sveigjanleika eftir því sem ástæður eru til, bæði framleiðslu- og markaðsástæður og eins veðurfarslegar eða náttúrufarslegar ástæður, er alveg nauðsynlegt að slíkt sé ekki alveg rígskorðað og fast í lögum. Ég teldi það hins vegar mikið slys ef hv. Alþingi vildi ekki fallast á að þessi heimild væri í lögunum.

Varðandi þann þáttinn í máli hv. 11 landsk., að engin breyting hefði orðið á þessari afstöðu Sjálfstfl. á síðustu tveimur árum, þá virðist, miðað við hans mál, að það hafi þurft miklu skemmri tíma en tvö ár til þess að breyting yrði á. Á þessu Alþingi er flutt á þskj. 111 till. til þál. um stefnumörkun í landbúnaði. Þar er hv. 11. landsk. fyrsti flm. Þegar kemur að útfærslu þessarar till. segir, með leyfi hæstv. forseta, eftir að rakin eru meginmarkmið till. sem ég ætla ekki að ræða hér:

„Gerðar verði markvissar ráðstafanir til að koma á jafnvægi í framleiðslu og sölu búvara. Samtök bænda fái víðtækar heimildir til að stjórna framleiðslu landbúnaðarvara í samræmi við þarfir markaðarins á hverjum tíma. Í þessu sambandi er lögð áhersla á:

a) Heimilt verið að leggja gjald á allt innflutt kjarnfóður, er að upphæð verði svipað og nemur útflutningsbótum á kjarnfóður hjá viðskiptalöndum okkar.

b) Á meðan það ástand varir í landbúnaðinum, að heimildir til útflutningsbóta nægja ekki til að verðbæta útfluttar búvörur, verði heimilt að leggja á sérstakt gjald á hámarksnotkun kjarnfóðurs, er miðist við framleiðslu og bústofn."

Ég tel ekki ástæðu til þess að rekja fleira úr þessari þáltill., sem hv. 11. landsk. er fyrsti flm. að, til þess að sýna fram á að það er miklu styttri tími en tvö ár sem það hefur tekið að ná fram breytingu á afstöðu Sjálfstfl., sem hv. 11. landsk. kallar, í þessu máli. Ég held að það hafi tekið miklu skemmri tíma ef marka má þessi orð hans. Ég held þess vegna að réttara og sæmra væri fyrir hv. 11. landsk. að standa með þeirri heimild sem það lagafrv., sem hér liggur fyrir, ber með sér, þannig að greinin verði lögfest, og standa þar með við fyrri afstöðu sína sem skjalfest er á þessu tiltekna þskj.

Ég skal ekki fara mörgum orðum um horfur í framleiðslumálum eða þróun framleiðslumála, hvorki hvað framleiðslumálin hafa þróast á liðnum tíma né hvaða horfur eru í þeim efnum. Það var af illri nauðsyn sem grípa varð til ráðstafana til þess að hafa áhrif á framleiðsluþróun. Það var auðvitað léttara verk að segja við bændur: Haldið áfram að framleiða, stækkið búin, framleiðið meira. — Þær aðstæður voru hins vegar ekki í markaðsmálum að þetta væri hægt. Það varð að taka á þessum málum af ábyrgð, það var ekki hægt að komast undan því. Þess vegna var farið í þessar ráðstafanir. Þess vegna voru ákvæðin lögfest við framleiðsluráðslögin 1979 og þess vegna voru sett brbl. 23. júní 1980. Víst var

erfitt eða mikið kuldaár 1979, því skal ekki gleymt. En af þessum sökum hefur sá árangur orðið, að á síðasta ári stóð nærri í járnum að mjólkurframleiðsla og innanlandsneysla mjólkur og mjólkurvara fylgdist að. Þar munaði aðeins 1.2%. Og þar með tel ég að árangur hafi verið nægur orðinn.

Þess vegna vil ég segja það sem ég hef sagt í annan tíma, að þessu skeiði — samdráttarskeiði — á að vera lokið. Við þurfum að halda mjólkurframleiðslunni sem næst því horfi, sem innlendi markaðurinn hefur þörf fyrir, og búa þar kannske aðeins vel en vart. Og úr því að þessi samdráttur hefur verið nauðsynlegur verðum við að taka á okkur að halda framleiðslu sauðfjárafurða í svipuðu horfi og nú er og verið hefur, þannig að við flytjum eitthvað út til annarra landa og kostum til þess af almannafé að halda því verði uppi með þeim takmörkunum sem nú eru í lögum. Ég skal ekki fara út í þetta lengra. Það hefur hins vegar gerst að á fyrstu mánuðum þessa árs hefur orðið enn samdráttur í mjólkurframleiðslu. Það liggur þó ekkert fyrir um það, hvernig það framleiðslumagn muni verða þegar árið er liðið. Í síðasta mánuði, aprílmánuði, var mjólkurframleiðslan u. þ. b. 3% minni en í sama mánuði í fyrra. Og það er skoðun þeirra, sem best til þekkja og hér hafa verið send gögn um frá Framleiðsluráði landbúnaðarins, að það sé ekkert sem bendi til þess í framleiðslumálum mjólkur að skortur verði á þeim vörum á þessu ári. Það er reyndar svo, að kúastofninn var sem næst í sama horfi sem settur var á s. l. haust og haustið 1979.

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara fleiri orðum um þetta mál. Ég vil aðeins ítreka það, að ég tel mjög miklu skipta að mál þetta nái afgreiðslu og að þær heimildir, sem frv. gerir ráð fyrir, verði lögfestar.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Ég get tekið undir ýmislegt af því, sem hæstv. ráðh. hefur hér sagt, og þakka honum fyrir að hann hefur varið verulegum tíma til þess að fjalla um fsp. mínar og svara þeim, þó að ég sé ekki ásáttur um allt sem hann sagði, það verður að gera athugasemdir við sumt.

Þar er þá fyrst til að taka, að í bréfi eða öllu heldur álitsgerð nefndar, sem fjallaði um afurða- og rekstrarlánin, í niðurlagi hennar, er orðalagið eitthvað á þann veg, að nefndin telji ekki ástæðu til að gera tillögur um breytt fyrirkomulag. Mig minnir að orðalagið sé á þann veg. Nefndin var auðvitað ekki spurð að því, hvort hún teldi ástæðu til að gera breytingar. Hún var beðin um að gera till. um breytingar af því að Alþingi var búið að fyrirskipa breytingar. Það kemur í raun og veru engum manni við hvaða ástæðu hún sér til einhvers, hún á að framkvæma. Hún átti að hjálpa ráðh. til að framkvæma vilja Alþingis og snýr sig gjörsamlega út úr því. Með náttúrlega fádæma orðalagi, að hún sjái ekki ástæðu til þess. Hún er beðin um að gera till. um breytingar og enginn biður hana að segja hvaða ástæðu hún sjái. Fyrirskipunin var ótvíræð frá Alþingi. Nefndin hefur þar að auki í hendi bréf Seðlabankans. Að vísu vitnar hún til þess, en hún átti auðvitað að benda á miklu fleiri leiðir til breytinga. Breytingin var fyrirskipun Alþingis og undan því verður ekki skotist að breyta þessu á þann veg að bændurnir fái peningana um leið og lán eru veitt. Orðalagið „um leið" — það var hnitmiðað, það er kannske ekki sama daginn, en í útgerðinni t. d. er hálfur mánuður sem má dragast að reikna út og koma peningum til útgerðarinnar frá fiskvinnslufyrirtækjunum. Það gæti verið eitthvað svipað form. Það er alveg augljóst mál að það er ekki nokkurn skapaðan hlut meiri fyrirhöfn að senda útreikninga á innlagi bænda inn í banka og færa það þar inn í þeirra viðskiptareikninga heldur en það er hjá afurðasölufyrirtækinu að færa það inn í viðskiptareikning, nákvæmlega sama vinnan, nema hvað bankinn hefur greinilega hæfara fólk og betri tæki og getur þess vegna gert þetta auðveldlegar.

Það er búið að vera með útúrsnúninga í þessu máli alla tíð af því að sterkir aðilar vilja halda þessum fjármunum hjá sér og ætla að reyna að kenna einhverjum tækniástæðum um, og þess vegna er allt rakaleysa sem fram kemur í þessu efni hvernig sem að er farið. Og það er ekki bara rakaleysa, heldur algjör fásinna að það sé eitthvað verra að ráða við tryggingar í þessu efni, að það séu ekki tryggingar fyrir afurðalánunum. Það er hvorki meira né minna en það, að ég held ég geti fullyrt og það sé samdóma álit margra lögfræðinga, sem hjálpuðu mér fyrir tveim, þremur árum að fara ofan í þessi mál, að bankarnir hafi ekki veð í einu einasta kílói af kjöti. Það er engin lagastoð fyrir því, að afurðasölufélögin geti tekið slík sameiginleg veð, og það geta engir nema bændur veðsett fé á fjalli sameiginlega. Það getur ekkert af þessum félögum.

Ef eitthvert afurðasölufyrirtækið fer á hausinn tapar bankinn fénu. Þar að auki er margyfirlýst að allar þessar afurðir séu í umboðssölu og það er farið með þær sem slíkar. Það er reiknað eftir á. Ég get náttúrlega ekki kallað það glæp vegna þess að menn gera þetta í fásinnu, en ef þeir gerðu þetta vísvitandi: að veðsetja eignir allt annarra manna sem engin lagastoð er náttúrlega til fyrir, þá væri þetta saknæmt. Ég held að þetta sé svona einfalt, það sé allt saman ólöglegt, sem gert er í dag og gert hefur verið undanfarna áratugi, og geti ekki heldur helgast af hefð. En það væri algjörlega löglegt og fullkomlega eðlilegt að bændurnir t. d. gæfu afurðasölufélögunum skriflega heimild til þess að veðsetja sínar eignir, en þetta eru þeirra eignir, en ekki afurðasölufélaganna.

Um þetta er nú búið að rífast svo lengi og oft að við skulum ekki fara að gera stórmál úr því núna. En þá er það þetta, sem fram kemur í bréfi Árna Jónassonar og Stéttarsambandsins og hefur komið fram í útreikningum sem hæstv. ráðh. hefur látið gera varðandi það að greiða niður áburðinn t. d., að ég veit að það er rétt að þetta nýtist lakar, eins og það er orðað. En það er bara venjuleg skynsemi hvers manns að sjá að þetta nýtist lakar vegna reikningsaðferðanna, vegna þess að það er verið að falsa vísitöluna. Það sér hver einasti heilvita maður að auðvitað getur bóndinn framleitt vöruna ódýrar, ef hann fær vaxtalausa peninga eða peninga á mjög lágum vöxtum strax, heldur en ef hann þarf að bíða eftir þeim mánuðum eða misserum saman. Varan er ódýrari. Þess vegna er það auðvitað ekkert annað en einhver leiðrétting á grundvellinum, einhver leiðrétting á útreikningsaðferðum sem þarf til að koma til þess að hagur bæði bænda og neytenda verði betri. En það er svona með þessa kerfiskarla, að þeir eru kolfastir í einhverjum gömlum aðferðum og svo náttúrlega tilhneiging — ekki bara þessar ríkisstj., heldur allra ríkisstj. — að reyna að falsa vísitöluna með því að ráðast á einhvern lið sem er ódýrast að greiða niður, eins og hæstv. ráðh. sagði: sem „nýtist lakar" eða nýtist betur. Þetta er auðvitað ekkert annað en vilji. „Vilji er allt sem þarf." En það er enginn

vilji til að gera nokkurn skapaðan hlut í málinu.

Þá er það spurningin um framkvæmdaerfiðleika varðandi beinu greiðslurnar í niðurgreiðslu- og uppbótakerfinu. Ég sé ekki að það séu nokkrir framkvæmdaerfiðleikar þar í námunda við það sem er með kvótakerfinu. Allt það, sem hæstv. ráðh. nefndi um það, hverjir ættu að fá þetta, hvort allir ættu að fá jafna greiðslu o. s. frv., o. s. frv., hvort það ætti að taka tillit til vanhalda, slysa og óhappa og það allt saman, það er allt það sem verið er að gera núna með kvótakerfinu. En svo eru þar margfaldir aðrir erfiðleikar og flækjur og það býður heim svindli eins og hæstv. ráðh. raunar gat um.

En hitt er ekki rétt, sem hann sagði orðrétt, að það hefði enn ekki verið úr því skorið, á hvern hátt þetta yrði framkvæmt. Það er skorið úr því í reglugerðinni frá 1979 alveg nákvæmlega. Hæstv. þáv. landbrh., Steingrímur Hermannsson, skar úr þessu með eftirfarandi orðum sem ég las upp áðan. Ég er ekki að segja að niðurstaða hans sé nákvæmlega sú rétta. Það er sjálfsagt hægt að gera þetta einhvern veginn öðruvísi. En þar er úr því skorið. Og meðan það stendur í reglugerðinni á að framfylgja því. En þar segir, b-liðurinn, með leyfi forseta: „Að greiða með samþykki ríkisstj. hluta af niðurgreiðslum til framleiðenda í samræmi við framleiðslumagn að ákveðnu marki, en síðan stiglækkandi eftir því sem framleiðslan vex."

Og síðan er nákvæmlega sagt hvernig eigi að gera það, skorið úr öllu þessu sem hæstv. ráðh. var að benda á sem annmarka og þyrfti að taka afstöðu til, en ekki væri búið að taka afstöðu til. Þar segir: „Full greiðsla skal ná til 400 ærgildisafurða" — þar er skorið úr því — „eins og þær voru viðmiðunarárin, sbr. a-lið, samkv. landsmeðaltali, en greiðslan lækkar um 5% fyrir umframafurðamagn á hverju 100 ærgilda bili, þó aldrei meir en 25%".

Það er skorið úr þessu öllu saman alveg nákvæmlega. Það getur ekkert farið á milli mála hvernig þetta á að framkvæma. Og síðan heldur áfram. „Hæsta skerðing kemur á framleiðslu þeirra framleiðenda er ekki búa á lögbýlum" — það er skorið úr því líka, það þarf engar vangaveltur lengur um það — „þeirra framleiðenda er ekki búa á lögbýlum nema þeir hafi meiri hluta tekna sinna af búvöruframleiðslu." Það er skorið úr þessu líka, sem hæstv. ráðh. sagði áðan að hefði ekki verið skorið úr. Auðvitað er þetta ekki endanlegur úrskurður um aldur og ævi. En á meðan það er í reglugerðinni er búið að skera úr því.

Um greiðslur til félagsbúa, það er líka sagt hér hvernig á að ganga frá þeim: „Um greiðslur til félagsbúa fer samkvæmt 7. mgr. a-liðar og þessum ákvæðum, eftir því sem við á" o. s. frv.

Steingrímur Hermannsson skar úr þessu öllu saman. Það getur vel verið að hæstv. núv. landbrh. sé ekki sammála um að þetta sé eðlilegasta og heppilegasta framkvæmdin. Þá á hann að breyta reglugerðarákvæðinu ef hann vill framkvæma þetta. Hann hefur til þess fullt vald. Málið er allt saman miklu einfaldara, ef menn vilja framkvæma það, þá er það allt saman einfaldara en í veðri er látið vaka.

Ég ætla ekki að orðlengja meira um þetta. Ég er hæstv. ráðh. mjög þakklátur fyrir það, að ég heyri að hann er að láta vinna í þessum málum, og ég treysti því, að bæði að því er afurða- og rekstrarlánin varðar og eins beinu greiðslurnar muni hann beita sér fyrir því, að lengri dráttur verði ekki á því, að farið verði inn á þær brautir sem Alþingi hefur falið framkvæmdavaldinu fyrir raunar tveim árum.

Að því er varðar 1% stofnlánadeildarframlag bænda, greiðslu bænda, þá, eins og ég sagði áðan, er ég að hugleiða að flytja um þetta frv. Ég geri ekki ráð fyrir að það fengi neina afgreiðslu á þessu þingi, og ég get tekið undir það með hæstv. ráðh., að það er eðlilegt að skoða þetta mál nokkru nánar. Ég læt því kannske nægja hér að varpa þessari hugmynd fram í trausti þess, að réttir aðilar hugleiði það, og það er þá tími til þess seinna að gera þessar breytingar.

Egill Jónsson: Herra forseti. Það var á vissan hátt nokkuð athyglisverð ræða sem hæstv. landbrh. flutti áðan. Innihald ræðunnar fól í sér mikla viðurkenningu á þeim röksemdum sem ég flutti fyrr í þessari umr. gegn þessari lagagerð og gegn þeirri stefnu sem nú er í landbúnaði á marga vegu og er — rétt eftir mér haft hjá hæstv. ráðh. — á vissan hátt þvingunarstefna. Það er þess vegna ekki neitt að undra þótt það sé hálfgerður luntur í ráðh. þegar hann verður þess var, að hér er ekki létt að bera á móti.

Ég ræddi efnislega um marga þætti í búvöruframleiðslunni og þróun hennar, og ráðh. sá enga ástæðu til þess að gera þar nokkra einustu aths. við. Þetta tel ég vera mjög mikilvægt.

Varðandi eitt atriði sem ekki snerti sérstaklega það efni sem ég fjallaði um, en hins vegar umr. hafa hér fallið um, þ. e. niðurgreiðslur á búvörum eða rekstrarkostnaði búvara á frumstigi, þá vil ég aðeins láta það koma fram, að ég hef athugað eina þessa skýrslu, aðrar ekki. Það er skýrsla Björns Stefánssonar hagfræðings. Í þeirri skýrslu skýrir hann hver sé ástæðan fyrir því, að fjármagnið nýtist verr með því að greiða niður á frumstigi heldur en á sölustigi. Og ástæðan er m. a. sú, og reyndar trúlega einungis sú, að þegar greitt er niður á frumstigi, t. d. áburður, þá hafa útreikningar miðast við að greiða niður allan áburð, en ekki einvörðungu þann áburð, sem er í verðlagsgrundvellinum. Undir það kemur m. a. sá áburður sem notaður er til landgræðslu, til grasköggla-framleiðslu og annarra slíkra nota. En til viðbótar við þetta hafa a. m. k. ýmsir menn, sem þekkingu hafa á landbúnaði, ekki talið að allt áburðarverðið kæmi inn í verðlagsgrundvöllinn. Því er að sjálfsögðu rétt það sem hv. 5. landsk. tilgreinir hér, að á ákveðinn hátt er um vísitöluleik að ræða. En ekki meira um það.

Hæstv. landbrh. sagði að með brbl. hefði einungis verið leitað heimilda. Ég verð að minna hæstv. ráðh. á að það voru heimildir fyrir í lögum, heimildir til þess að leggja á kjarnfóðurgjald. Það, sem hér var breytt, var að það voru teknar upp heimildir til þess að leggja kjarnfóðurgjald á allt kjarnfóður, en voru ekki fyrir hendi áður, það var tilskilið magn sem átti að vera undanþegið kjarnfóðurgjaldi. Og eins var heimildin hækkuð úr 100% í 200%. Nú er í lögum heimild til þess að leggja 100% gjald á kjarnfóður ef bændasamtökin vilja nýta sér það.

Það var hálfgerður undansláttartónn í ræðu hæstv. ráðh. þegar hann fór að fjalla um ummæli mín þar sem ég talaði um veðráttu, um harðan vetur og um kalt vor núna, einmitt það tímabil þegar bændur á Íslandi þurfa hvað mest á kjarnfóðri að halda. Og ráðh. komst svo að orði, að enn nytu bændurnir í þessu landi góðrar uppskeru frá s. l. sumri.

Það var líka athyglisvert, að ráðh. sagði að nú þyrfti ekki lengur að stjórna framleiðslunni, hún væri komin í rétt horf, það þyrfti ekki að halda henni niðri með einhverjum sérstökum þvingunum. Og það er ekki heldur gert. Núna er álagt kjarnfóðurgjald um 33%, og það hefur farið fram athugun á því, hvaða áhrif tiltekin hækkun á kjarnfóðurverði hefði á framlegð í landbúnaði. Ég er hér með skýrslu sem var gerð af starfshópi sem sæti áttu í okkar færustu menn í þessum efnum, og niðurstaða þessarar nefndar var sú, að við 50% hækkun á kjarnfóðri mundi þó ekki draga úr framlegð í landbúnaði nema um 13—18%. Að sjálfsögðu snertir þetta bændur með misjöfnum hætti, en samt sem áður liggur í augum uppi að í því felst hagur að framleiða landbúnaðarvörur með tiltölulega lágu kjarnfóðursgjaldi. Þess vegna er mér enn verr við þetta heldur en ella væri, m. a. vegna þess að þó að kjarnfóðurgjald af þessari stærð hafi e. t. v. einhvern samdrátt í för með sér í fyrstu, þá aðlagast þetta landbúnaðinum og hefur ekki áhrif á notkun kjarnfóðursins nema að litlu leyti.

En það er eitt sem ég hef ákaflega mikið við að athuga í sambandi við ýmsa þætti landbúnaðarmálanna á þessu ári, og ég kannast reyndar ekki við það, af því ég þekki vel til starfsmanna bændasamtakanna, að menn geti ekki metið sams konar aðstæður og voru fyrir einu ári þegar ekki var klaki í jörð í nokkru túni eða nokkrum akri bændanna á þessu landi. Og þegar svo kom að því að íslensk uppskera kom á markað mánuði fyrr en venjulegt er, þá var allt saman fullt af erlendum kartöflum. Og hver var ástæðan fyrir þessu? Ástæðan var sú, að það voru fyrirmæli frá ríkisstj. um að það skyldu vera til nægar erlendar kartöflur á lágu verði meðan verðkönnun færi fram tíu fyrstu daga ágústmánaðar. Skyldi það ekki geta þá verið eitthvað af sama toga þegar menn geta ekki almennilega skilið það nú eða tileinkað sér að við höfum verið að kveðja einn erfiðasta vetur á þessari öld og enn þá er ekki farið að vora að nokkrum mun þótt hásauðburður sé? Og það hélt ég að hæstv. ráðh. vissi vel, einn hæfasti sauðfjárræktarmaður á þessu landi, hvað það gildir að taka á móti lambfé við þessar aðstæður. Það er m. a. af þessari tregðu, sem ég óttast að sé með einum eða öðrum hætti þvinguð upp á bændurna í þessu landi, sem ég er á móti þessum háa kjarnfóðurskatti.

Það væri að sjálfsögðu hægt að tala miklu meira um þessi mál. En það er kannske vert að rifja það aðeins upp, að nú talar ráðh. um að mjólkurframleiðslan megi ekki minnka. Á aðalfundi Osta- og smjörsölunnar komu fram miklar áhyggjur um að það yrði ekki næg framleiðsla til þess að vinna úr þann ost sem við höfum þó aðstöðu til þess að selja með nokkuð eðlilegu verði á erlendan markað. Vegna hvers er þá verið að þvinga þetta áfram niður — eða er einhver önnur meining?

Hæstv. ráðh. vék sérstaklega að tillögugerð okkar sjálfstæðismanna í sambandi við stefnumótun í landbúnaði. Ég get verið honum þakklátur fyrir að hafa lesið þar rétt. En ég verð samt að fara aðeins yfir þetta, rétt til þess að hæstv. ráðh. skilji betur hvað hér er átt við. Hann hefur nú lýst yfir að hann sé höfundur að þessari till. og þar af leiðandi kannske túlkar hann þetta út frá sínu sjónarmiði. En það vill nú svo vel til að það eru í grg. skýringar á till. þannig að hér fer ekkert á milli mála. Þar segir svo í a-lið, með leyfi forseta:

„Heimilt verði að leggja gjald á allt innflutt kjarnfóður, er að upphæð verði svipað og nemur útflutningsbótum á kjarnfóðri frá viðskiptalöndum okkar."

Það er alveg hárrétt að þetta stendur hér. En útflutningsuppbætur á það kjarnfóður, sem við kaupum inn til landsins, eru alls ekki 33%. Þær hafa farið stöðugt lækkandi frá því í des. s. l. og eru, að því er mér hefur verið tjáð, nánast engar um þessar mundir. Það ætti ekki að þurfa að valda nokkrum einasta misskilningi, eins og ég er reyndar búinn að sýna, sýndi fram á í fyrri hluta þessarar umr., að hér er einvörðungu verið að tala um varnaraðgerð gegn því, að erlent kjarnfóður, erlent vinnuafl verði flutt inn til landsins í samkeppni við okkar fóðurframleiðslu. Hér er ekki verið að tala um stjórnunaraðgerð í sambandi við búvöruframleiðslu í þessu landi. Það er stóra málið. Þetta fjallar um allt annan þátt en stjórnunarþáttinn. Það er aftur b-liðurinn sem fjallar um hann, og þar er lögð á það áhersla, að það verði heimilt að leggja hátt kjarnfóðurgjald á toppinn af kjarnfóðurnotkuninni.

En hér kemur líka meira til og þá m. a. það hvernig þessu kjarnfóðurgjaldi er varið. Það er einmitt einn þáttur í þessari lagagerð og framkvæmd hennar sem hefur snert ákveðinn hluta af bændunum í þessu landi mjög illa og þá m. a. þá bændur sem hafa haft aukabúgreinar, svo sem svín og hænsni, til stuðnings sér í hinum hefðbundna búskap. Og mér hefur verið tjáð að einmitt þessir framleiðendur hafi horfið sem framleiðendur. Þetta verður að sjálfsögðu eitt af því sem landbn. Ed. verður að kanna. Það er óhjákvæmilegt að það verði leitast við að upplýsa hvaða áhrif þessi lagagerð og framkvæmd hennar hefur haft á hag bændanna í þessu landi.

En svo ég skýri þetta með tilvitnun í grg. með þál., með leyfi hæstv. forseta, þá er þar að finna eftirfarandi:

„Sé litið á skiptingu kjarnfóðurs eftir búgreinum má ætla að nálega helmingur þess fari til nautgriparæktar, ca. 1/5 fari til sauðfjárræktar og ca. 30% til annarra búgreina. Augljóst er að kjarnfóðurgjald kemur þannig misjafnlega niður á hinar einstöku búgreinar sem óhjákvæmilega hlýtur að leiða til andstöðu við það innan bændastéttarinnar."

Og enn fremur segir:

„Þá ber líka að athuga hvernig tekjum af kjarnfóðurgjaldi yrði varið. Sé það ekki talið til kostnaðar við búreksturinn er það orðin bein skattlagning á bændurna í landinu. Þess vegna er lögð á það áhersla, að það fjármagn, sem fæst vegna kjarnfóðurgjalds, verði hagnýtt þannig að leiði til frekari framleiðni í búrekstri, hagkvæmni við innlenda fóðurframleiðslu svo og til þróunarverkefna, allt eftir eðli og möguleikum hverrar búgreinar."

Nú er það alveg ljóst, að kjarnfóðurgjaldinu hefur alls ekki verið skipt eða skilað með þessum hætti. Kjarnfóðurgjaldið hefur að mestu farið á einn og sama stað. Það hefur ekki farið til niðurgreiðslu á áburði eða annarra slíkra þarfa, sem hefði þó verið langsamlega sanngjarnast. Það hefur farið fyrst og fremst inn í mjólkurverðið. Þessi skattheimta hefur þannig verið notuð sem leið til að færa fjármagn á milli bændanna í þessu landi og á vissan hátt verið notuð sem ákveðin verðjöfnunarleið. Þetta skekkir að sjálfsögðu allan grundvöll á milli hinna einstöku búgreina og er í andstöðu við skoðanir mjög stórs hluta af bændum í þessu landi.

Ég vænti þess, að mér hafi nú tekist að leiðrétta þann misskilning sem gætti í máli hæstv. landbrh. Það, sem ég tilgreindi sérstaklega við fyrri hluta umr., stendur enn þá

óhaggað. Það verður líka væntanlega hægt að tala nánar um þessi mál í þessari virðulegu deild því að auðvitað er málið alveg óunnið. Það kemur óunnið frá landbn. Nd. Alþingis nema að því er varðar sérstaklega heimildir til að leggja á slíkan skatt. Sá skattur er skýrður þar, en að öðru leyti sé ég ekki að sá aðili, sá meiri hluti sem leiddi málið þar, hafi lagt mikið á sig til að brjóta þetta mál til mergjar. Menn verða að gera sér það ljóst, að það hlýtur að vera nokkrum erfiðleikum háð fyrir okkur í landbn. Ed. og þessa deild að gera það á einni viku sem landbn. Nd. og reyndar Nd. tókst ekki að fá niðurstöðu um á 146 dögum.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Hv. 11. landsk. taldi mjög mikilvægt að ég hefði ekki gert aths. eða hrakið mörg atriði í máli hans. (**EgJ:** Ég taldi það ekki mjög mikilvægt.) En ég skrifaði nákvæmlega eftir hv. þm. „mjög mikilvægt". Ég sá ekki ástæðu til þess að fjalla um ræðu hans ítarlega, hún var ekki þess efnis. Ég tók aðeins til greina höfuðatriði hennar og sýndi fram á tvískinnung í máli hv. þm. Enn kom fram sami tvískinnungur sem ég ætla ekki að fara að elta ólar við.

Egill Jónsson: Herra forseti. Hæstv. landbrh. sá ekki ástæðu til þess að rekja málsatvik nánar. Ég fagna því. Það stendur einhvers staðar að batnandi manni sé best að lifa, og nú er hæstv. ráðh. væntanlega búinn að tileinka sér þann texta sem ég hef hér flutt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Tímabundið innflutningsgjald á sælgæti og kex, frv. (þskj. 37). — 1. umr.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég leyfi mér í fjarveru hæstv. fjmrh. að mæla fyrir frv. til l. um sérstakt tímabundið innflutningsgjald á sælgæti og kex. Frv. þetta er komið frá Nd. og það er flutt til staðfestingar á brbl. sem sett voru hinn 5. sept. 1980 um slíkt gjald eftir að það hafði verið kynnt fríverslunarsamtökum sem við eigum aðild að. Það var lagt á samkvæmt sérstakri heimild í 20. gr. EFTA-samningsins um tímabundnar aðgerðir til að skjóta skildi fyrir iðngreinar sem standa frammi fyrir verulegum erfiðleikum. Var á það fallist að þetta gjald yrði lagt á til 18 mánaða, og er gert ráð fyrir að það haldist, eins og greinir í frv., til 1. mars 1982.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta frekar, en legg til að að lokinni umr. hér í hv. deild verði málinu vísað til fjh.- og viðskn. hv. deildar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

Dýralæknar, frv. (þskj. 421, n. 769). — 2. umr.

Frsm. (Egill Jónsson): Herra forseti. Landbn. Ed. hefur fjallað um 213. mál og hefur m. a. leitað umsagna frá Búnaðarfélagi Íslands, yfirdýralækni og og Dýralæknafélagi Íslands og hafa þessir aðilar allir lagt til að málið yrði samþykkt. Það kom hins vegar fram í umræðum við yfirdýralækni að það væri mikil þörf á að gera breytingar á Laugarásumdæmi þannig að Hrunamannahreppur og Gnúpverjahreppur í Árnessýslu yrðu gerðir að sérstöku dýralæknaumdæmi, og varð n. sammála um að breyta frv. með tilliti til þess.

Þannig breytt leggur n. samhljóða til að það verði samþykkt.

ATKVGR.

Brtt. 769,1 (ný 1. gr) samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 769, 2 (ný fyrirsögn) samþ. með 12 shlj. atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 91. fundur.

Þriðjudaginn 12. maí, kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Það er mjög óvenjulegt að þm. sjái sig tilneydda að standa upp utan dagskrár til þess að gera að umræðuefni og mótmæla ummælum ráðh. um störf þn. í annarri deild. En tilefni þess, að ég kveð mér hljóðs hér, eru ummæli sem hæstv. fjmrh. viðhafði í Ed. í síðustu viku, nánar tiltekið 7. maí, í sambandi við 1. umr. frv. sem var afgreitt úr þessari hv. deild 4. maí. Ég ætla ekki að ræða efnislega þetta frv., heldur aðeins hvað hæstv. ráðh. lét frá sér fara varðandi málsmeðferðina. Hann segir að fjmrn. hafi sent umsögn um þetta mál til n. í vetur og mælt eindregið gegn samþykkt frv. og öll afskipti fjmrn. væru á þann veg að mælt væri gegn því að frv. næði fram að ganga. Hann telur að n. hafi ekki skýrt rétt frá þessum málum, en í nál., sem dagsett er 14. apríl og undirritað er af öllum nm., segir:

„Nefndin hefur rætt frv. þetta á nokkrum fundum sínum og haft samráð við fulltrúa frá fjmrn. Nefndin hefur orðið sammála um að leggja til að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu sem prentuð er á sérstöku þskj."

Það er rétt, að fulltrúar úr fjmrn. komu til viðræðna við n. út af þessu máli eins og mörgum öðrum, og ég hygg að það komi sjaldnar fyrir að fulltrúar úr fjmrn. mæli með frv., sem rýrir tekjur ríkissjóðs. En þetta frv. var á þann veg að við 1. mgr. 6. gr. laga um söluskatt bætist svohljóðandi: „Liður 17. Vogir og rafeindatæki til mælinga og skoðana í fiskiðnaði." M. ö. o. að niður væri felldur söluskattur af þessum tækjum. Um þessi atriði var fjh.- og viðskn. ekki sammála. En form. nefndarinnar óskaði eftir því við fulltrúa frá fjmrn. að þeir stilltu upp fyrir nefndina brtt. þar sem þetta væri í heimildarformi, og orðalag þeirrar brtt. var tekið óbreytt upp eins og fulltrúar fjmrn. gerðu að beiðni form. nefndarinnar, svohljóðandi: „Enn fremur er heimilt að endurgreiða sölu-

skatt af vogum og rafeindabúnaði í flokkunarvélar, enda séu tæki þessi eingöngu ætluð til notkunar í fiskiðnaði.“

Þannig varð samkomulag um að afgreiða þetta mál út úr fjh.- og viðskn., nál gefið út og undir það skrifuðu allir nm., sjö að tölu.

Hæstv. fjmrh. var viðstaddur afgreiðslu málsins hér við 3. umr. og ég bar það á hann, eftir að ég sá þessa ræðu, að hann hefði greitt atkv. með frv. Hann neitaði því, en hann neitaði því ekki að hann hefði verið inni í deildinni, en hafði á orði að þetta frv. hefði verið afgreitt með einhverjum ógnarhraða þannig að hann, hæstv. fjmrh., hefði alls ekki áttað sig á afgreiðslu þessa frv. og ekki fylgst með og ekki áttað sig fyrr en frv. hafði verið afgreitt út úr deildinni. Og hann segir orðrétt — með leyfi hæstv. forseta — í ræðu Ed. eftir að hann gagnrýnir það og neitar að fjmrn. hafi verið annað en andvígt frv., — þá segir hann:

„Þetta tel ég vera ótvíræða blekkingu eða fölsun og get ekki látið hjá líða að mótmæla því, að þannig skuli að málum staðið. Síðan rann þetta mál svo snögglega í gegn að t. d. vissi ég ekki fyrr en málið hafði verið afgreitt frá Nd.“

Nú skulum við líta á gang málsins. Þessu frv. er útbýtt 27. nóv. á s. l. hausti, tekið til umr. og vísað 3. des. til 2. umr. og fjh.- og viðskn. Og hraðinn á afgreiðslu málsins í fjh.- og viðskn. er ekki meiri en það, að 14. apríl er nál. undirritað og daginn áður er frv. afgreitt úr n. Síðan kemur það til umræðu hér 29. apríl til 2. umr. og er þá vísað shlj. til 3. umr. Og hraðinn á milli 2. og 3. umr. er ekki meiri en sá, að það er tekið til 3. umr. 4. maí. Þetta er gangur málsins, og ef þetta er talin hröð afgreiðsla í Alþingi, hvað mega menn þá segja um það sem er að gerast nú þessa síðustu daga?

Ég tel að þetta frv. hafi fengið fullkomlega eðlilega afgreiðslu. Okkur getur greint á um efni frv., en ég vil aðeins minna hæstv. ráðh. á það að „að hafa samráð“ þýðir ekki að viðkomandi aðilar séu sammála. Í Ólafslögum segir að það eigi að hafa samráð við aðila vinnumarkaðarins. Það þýðir ekki að ríkisstj. eigi alls ekki eða þingmeirihluti að gera neitt nema það sem aðilar vinnumarkaðarins samþykkja. Þannig hef ég til þessa skilið orðið samráð.

Í bréfi ASÍ frá 17. febr. varðandi brbl., sem gefin voru út á gamlársdag, segir: „Stjórnvöld hafa nú ákveðið,“ með lögum að skerða verðbætur hinn 1. mars n. k. um 7%. Með því er gengið þvert á mikilvæg samningsákvæði, sem eitt sér er fordæmanlegt.“

Þetta gerist þrátt fyrir það að í Ólafslögum eða lögum um efnahagsmál eigi að hafa samráð. Þannig hef ég skilið orðið samráð og ég held nefndarmenn.

Mér finnst það í sannleika ákaflega undarlegt og hart gagnvart okkur þm. í nefndum — og það í nefnd sem á jafnannríkt og fjh.- og viðskn. — að sjálur hæstv. fjmrh., sem á að hafa langmest samskipti við nefndina skuli brigsla okkur um það, nm., að við séum að falsa nál. Þó að ég hafi að beiðni form. n. og með samþykki annarra nm. verið frsm. þessa máls eru þessi ummæli alveg jafnt til annarra nm.

Ég vildi ekki láta hjá líða að mótmæla þessum ummælum hæstv. ráðh. í Ed. Það hefði ég gert ef hann hefði gert það hér í þessari deild við afgreiðslu málsins, en þetta vildi ég að kæmi fram. Ég tel hér um ákaflega undarleg ummæli og leiðinleg vinnubrögð frá hendi hæstv. ráðh. að ræða gagnvart nm. í fjh.- og viðskn.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Þetta var ákaflega sérkennileg ræða sem hv. þm. Matthías Bjarnason flutti áðan — mjög óvenjuleg ræða vil ég segja. (Gripið fram í.) Já, það kemur í sjálfu sér ekkert á óvart að hv. þm. flytji óvenjulega ræðu hér. Hann er fyndinn og frumlegur maður og dettur margt skemmtilegt í hug, tekur upp á ýmsu.

Í þingsköpum er sérstaklega tekið fram að mönnum sé heimilað að biðja um orðið, jafnvel þó þeir eigi ekki rétt á því, til þess að bera af sér sakir. En í þetta skipti virðist hann hafa kvatt sér hljóðs hér í öðrum tilgangi, þ. e. að játa á sig sakir. Það er kannske ekki alveg út í bláinn vegna þess að við afgreiðslu þessa þingmáls viðhafði hv. þm. Matthías Bjarnason þau vinnubrögð sem ég taldi við umr. í Ed. að væru lítt til fyrirmyndar og tel enn, og ég sé nú ástæðu til að hrósa hv. þm. alveg sérstaklega fyrir að gera sér það ómak að vekja athygli á þessu máli hér í Nd., vekja athygli á mistökum sínum í þessu máli. Ég þakka honum fyrir það og tel það hrósvert.

Ef rifjuð er upp saga þessa máls, þá er þar fyrst til að taka að flutt er hér frv. af nokkrum þm. hv. d., eins og lög gera ráð fyrir, ekkert við það að athuga. Síðan líður tíminn, eins og hv. þm. rakti áðan, og þar kemur sögunni að gefið er út nál. eins og vera ber. Og þetta mál rennur hér í gegnum 2. umr. á u. þ .b. hálfri mínútu, frsm. n. segir örfá orð, málið er samþykkt hér og síðan tekið til 3. umr. og afgreitt umræðulaust nokkrum dögum seinna.

Af afgreiðslu þessa máls hér í Nd. hefði mátt ætla, ef menn hefðu ekki aðrar staðreyndir fyrir framan sig, en að algjör samstaða hefði ríkt um þetta mál, þetta væri einhvers konar samkomulagsmál sem allir flokkar og allir þm. væru innilega sammála um og það að sjálfsögðu einnig ríkisstj. og þeir aðilar sem samráð hefur verið haft við. Þarna er um að ræða mál sem kostar ríkissjóð nokkrar milljónir á hverju ári eða mælt í gkr. nokkur hundruð milljóna á hverju ári. Og það er kannske ekki óeðlilegt að menn álykti sem svo, að fjmrn. hafi væntanlega verið samþykkt þessu og allir aðilar lagt blessun sína á þessa afgreiðslu úr því að hún var með þessum hætti. En svo var ekki. Það var einmitt það sem ég var að vekja athygli á í Ed.

Hver var þá afstaða fjmrn. til þessa máls? Jú, afstaða fjmrn., sem hafði verið beðið af n. að gefa umsögn um málið, kemur skýrt fram í bréfi, sem rn. sendi til n. 24. febr. 1981. Þar er bent á að samþykkt frv. geti haft ýmsar óþægilegar afleiðingar, skapað misræmi, það sé erfitt um eftirlit með ákvæði af þessu tagi, og undir lok bréfsins segir skýrt og skorinort: „Með vísan til þess, sem að framan segir, getur rn. ekki mælt með að umrætt frv. nái fram að ganga.“

Ég held að það hefði verið ómaksins vert og í fullu samræmi við þingvenjur að þess hefði verið látið getið, að fjmrn. hefði gefið algjörlega neikvæða umsögn um málið. Mér finnst það ekki til of mikils mælst í slíkum tilvikum að svo sé gert. Ég veit að það er oft sem það er ekki gert og þetta er ekkert einsdæmi hvað það snertir.

Það, sem var sérstakt við þetta mál, var að frsm. n. lét sér ekki aðeins sæma að sleppa því að láta þessa getið með öllu, heldur laumar hann því að með afskaplega vel úthugsuðum orðum að samráð hafi verið haft við fulltrúa frá fjmrn. — punktur, basta — að samráð hafi verið haft við fulltrúa frá fjmrn. (**HBl:** Ráðherrann kannast við samráðið við verkalýðshreyfinguna). Ég kannast vel við

samráð við verkalýðshreyfinguna og þau hafa verið með ýmsum hætti. En það vil ég leyfa mér að fullyrða, að ef um væri að ræða mál hér í þingi sem t. d. varðaði hagsmuni ASÍ og málið hefði verið rætt við forsvarsmenn Alþýðusambandsins, þá hefði ekki neinum þm. dottið í hug að leyfa sér að orða það svo, að samráð hefði verið haft við ASÍ — og punktur, basta, ef fyrir lægi í málinu að Alþýðusambandið hefði verið algjörlega mótfallið viðkomandi frv. Það sjá auðvitað allir að með því að taka til orða á þennan hátt og segja ekkert meir um afstöðu þess, sem samráð er haft við, er auðvitað verið að gefa annað í skyn en efni máls standa til. Það var þetta sem ég benti sérstaklega á í Ed. þegar málið kom þar til 1. umr., að svona lægi í málinu, það hefði ekki legið fyrir samþykki fjmrn., heldur hefði það þvert á móti verið algjörlega ósammála um þessa breytingu. (**GJG:** Ráðh. á sæti í Nd. og hefði getað komið leiðréttingum fram þar.) Þetta er hárrétt hjá hv. þm. Guðmundi J. Guðmundssyni sem er vís til að koma með góðar ábendingar í þessu sambandi. Það er hárrétt að ég á sæti í þessari deild. En ég verð að játa það á mig, að ég var ekki staddur hér inni í deildinni þessa hálfu mínútu sem málið rann í gegn hér við 2. umr., tók ekki eftir að það væri þetta mál sem hefði verið hér afgreitt við 2. umr., og síðan þegar kom að 3. umr. vissi ég ekki um hvaða mál var að ræða fyrr en út í atkvgr. var komið og umr. var lokið. Ég greiddi því ekki atkv. með þessu frv., en taldi sjálfsagt að sjónarmið mín kæmu fram í Ed., og það lét ég ekki vanta þegar þangað kom.

Í þessu sambandi tók ég þannig til orða í hv. Ed., að um væri að ræða ótvíræða blekkingu hvað varðar afstöðu fjmrn. í þessu máli, og við það skal ég standa hvar og hvenær sem er. Ég taldi óhjákvæmilegt að vekja athygli á hvaða forsögu þetta mál hefði haft hér í Nd.

Að lokum vil ég ítreka þakkir mínar til hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar fyrir að gefa mér tækifæri til þess að koma þessum sjónarmiðum á framfæri hér í Nd.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Það er rétt, að þetta mál var flutt fyrir jólahlé þingmanna, og ég get sagt frá því, að meiri hl. nm. hefur krafist þess á mörgum nefndarfundum í allan vetur að þetta mál hlyti afgreiðslu. Málið var sent til umsagnar fjmrn. og þar kemur fram að það telur öll tormerki á því, að þetta mál nái fram að ganga, og í lok þess bréfs, sem er dags. 24. febr. þannig að það má segja að málið hafi legið lengi í nefnd, stendur: „Með vísan til þess, sem að framan segir, getur rn. ekki mælt með að umrætt frv. nái fram að ganga.“ Og fram kemur að tekjutap ríkissjóðs samkv. þessu lagaboði yrði væntanlega ekki undir 3 millj. nýkr. á þessu ári, eins og frv. lá fyrir, m. a. með tilliti til þess, að ekki þótti fært að skilja í milli í hvað þessi tæki færu.

Síðan eigum við mörg viðtöl við fulltrúa fjmrn. Ég hef ekki hjá mér hversu oft við köllum þá á fundi. Þeir breyttu ekki með neinum hætti um afstöðu. En okkur þótt samt nauðsynlegt að taka tillit til þess, sem fram kom í umsögn fjmrn., með því að breyta orðalagi frv. þannig:

„Enn fremur er heimilt að endurgreiða söluskatt af vogum og rafeindabúnaði í flokkunarvélar, enda séu tæki þessi eingöngu ætluð til notkunar í fiskiðnaðinum.“

Það er alveg ljóst að tekjutap ríkissjóðs vegna þessa verður ekkert sambærilegt við það sem stendur í umsögn fjmrn.

Ég vil taka það fram, að ég tel það með öllu rétt, sem fram kemur í nál. að við höfum haft samráð við fulltrúa fjmrn. Það má vissulega deila um í hversu miklum mæli skuli gera grein fyrir umræðum, umsögnum og öðru sem fram kemur í nefndum. Það er skoðun út af fyrir sig, að allt slíkt skuli koma fram í umr. á Alþingi með sem nákvæmustum hætti. En það er ekki sá þingsiður sem ég hef vanist. Ég hef vanist því, að slíkar umsagnir og viðræður í nefndum séu sérstaklega til þess fallnar að nm. geti myndað sér skoðanir áður en þeir mæla á móti eða samþykkja mál og það sé undir þeirra mati komið, hvað af þessum rökstuðningi komi fram í nál. og umræðum í þinginu, en aðalatriðið sé að nefndarstörfin gangi þann veg að menn geti gert sér sem besta grein fyrir málinu.

Ég tel mjög óheppilegt að það sé verið að væna menn um falsanir þegar svona er unnið. Ég er helst á því, að það mætti þá halda fram að það væru bókstaflega falsanir hér í öllum málum ef slíkan skilning á að leggja í vinnubrögð nefndanna. Ég skal taka það á mig, að ég hef beðið um frest til að afgreiða þetta mál skipti eftir skipti í allan vetur og legið undir ásökunum nm. um að ég væri að tefja framgang þessa máls, sem ég tel mig þó ekki hafa verið að gera, heldur vildi ég gera mér sem besta grein fyrir málinu. Og með þeim breytingum, sem komnar voru á orðalag frv., þar sem sú mikla breyting er gerð, að hér er um heimild að ræða, en ekki skyldu, og sú takmörkun, að hér sé um að ræða tæki, sem eingöngu eru notuð í fiskiðnaði, þótti mér ekki mögulegt annað en að standa að samþykkt málsins. Og ég vil vísa því alveg á bug, að fjh.- og viðskn. hafi verið að reyna að fela einhverja afstöðu fjmrn. — ég vil helst ekki nota orðið fölsun — en koma á framfæri villandi upplýsingum varðandi þetta mál.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Hæstv. fjmrh. sagði að ég hefði flutt mjög sérkennilega og óvenjulega ræðu og játað á mig sakir, eins og ég hefði komið hér til þess að játa að ég væri sekur um það sem hann bar á nm. í ræðu sinni í Ed. Ég held að hæstv. ráðh. hefði verið meiri maður ef hann hefði sagt á þá leið, að hann hefði tekið of mikið upp í sig í Ed. og hann sæi eftir því að hafa látið slík ummæli falla. Þá hefði verið fljótt að fenna í sporin og ekki þurft að hafa um það fleiri orð. En þó hann telji það mikils virði fyrir sig að reyna að gera mig að einhverjum sakamanni í þessu máli — og er um leið að ráðast á hina sex nm. því að ég ætla þá ekki svo utan við sig að skrifa undir nál. og vera með nál. og þegja við tvær umr. málsins, — þeir séu eins utan við sig og hæstv. ráðh. viðurkennir að hann sé. Ráðh. og embættismenn deilda hafa þau forréttindi fram yfir aðra þm., að þeir fá öll þskj. á borðið til sín í upphafi hvers þingfundar og þurfa ekki að fara nema aðeins í þau mál sem eru á dagskrá þess fundar, og það hefði ekki tekið margar sekúndur fyrir hæstv. fjmrh. að draga út plaggið um frv. um breytingu á söluskatti. Það er stundum kannske lengur verið að finna það hjá óbreyttum þm. Þetta er því varla ástæða til þess að afsaka sig með.

Það, sem kemur fram og er alrangt hjá hæstv. ráðh., er að þetta mál hafi farið á einhverjum ofsahraða hér í gegnum þd., heldur síður en svo. Meira að segja tók hv. formaður n. undir að það hefði tekið sinn tíma að afgreiða málið, og e. t. v. og örugglega er það honum að þakka eða kenna, eftir því hvernig hver og einn vill líta á það, hvað málið var lengi í nefnd. Það var af þeirri ástæðu sem hann gat hér um, að hann var ekki reiðubúinn og

sagði það strax — hann var ekki reiðubúinn að samþykkja þetta frv. óbreytt. Hann vildi kanna málið, eins og hann gerir yfirleitt í sambandi við afgreiðslu og meðferð mála, en að þessum upplýsingum fengnum og með þeim breytingum, sem gerðar voru á frv., léði hann atkvæði sitt þessu máli með þessari breytingu.

Ég tel því ekki ástæðu til þess að hæstv. fjmrh. að endurtaka ásakanir sínar. Hvorki ég né aðrir nm. álítum okkur sökudólga í þessu máli. Og ég tek það fram, að margir þm. eru þá orðnir miklir sökudólgar þegar þeir jafnvel í tímaskorti koma hér í ræðustól, þegar þeir eiga að mæla með málum, og segja aðeins: Nefndin mælir með samþykkt frv. — eins og oft og einatt kemur fyrir og þá einkum hjá stjórnarliði á hverjum tíma, ekki endilega því stjórnarliði sem nú er. Þá er ekki verið að rekja gang mála eða umsagnir. Hitt má kannske til sanns vegar færa, að það eigi alltaf að rekja allar umsagnir, en þá á það að vera almenn þingvenja, en ekki árásarefni á einhverja ákveðna menn eða ákveðna nefnd.

Ég vil að það komi hér fram að síðustu, að ég tel að fjh.- og viðskn. þessarar hv. d. eigi það ekki skilið að fá slíka ásökun frá hendi hæstv. ráðh. Ég tel að sú n. starfi mjög vel undir forustu formanns n., og það hefur ekkert sældarbrauð verið hjá honum síðustu daga og öðrum nm. að koma málum áleiðis og í gegnum þessa nefnd. Og ég verð að segja það, að þó að okkur greini oft á um efnismeðferð og í skoðunum til mála, þá held ég að vart sé hægt að hugsa sér betra samstarf á milli nm. og við formann n. og í þessari nefnd.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Það getur varla verið ástæða til að dvelja lengi við þetta mál sem ekki getur talist af stærra taginu, þó að ég sé hins vegar þakklátur hv. þm. fyrir að vekja athygli á þessu máli út af fyrir sig. Það er þakkarvert. Ég tel það hins vegar ákaflega villandi þegar tveir hv. þm. reyna að gera það að kjarna þessa máls hvort nál. eigi að vera stutt eða löng, ítarlega eða einföld. Málið snýst alls ekkert um það. Menn reyna hér að gera það að kjarna þessa máls og aðalumræðuefni, hvort eigi að segja frá öllu því, sem fram kemur í nefnd, eða hvort eigi að greina frá því nákvæmlega hverjir hafi lýst andstöðu sinni og hverjir ekki. Það er alls ekki það sem málið snýst um. Mér er vel kunnugt um að nál. eru oft og tíðum mjög stutt og einföld og ekkert við því að segja. En það sem ég hef hér gert að umtalsefni og gerði að umtalsefni í Ed., er þegar gefið er í skyn með mjög ísmeygilegum hætti að ákveðinn aðili sé samþykkur máli sem hann er alls ekki samþykkur. Ég tel að ef á annað borð er verið að segja að samráð hafi verið haft við tiltekinn aðila, þá eigi að láta uppi hver var afstaða hans, en ekki setja punkt þar á eftir. Það er það sem gerir málið mjög ísmeygilegt og upplýsingarnar villandi, að ekki sé sagt beinlínis blekkjandi, að þess er látið sérstaklega getið, að samráð hafi verið haft við tiltekinn aðila — og punktur, basta, ekkert sagt meira um afstöðu viðkomandi aðila. Þá er að sjálfsögðu betra að nefna ekki þann aðila á nafn.

Þetta er kjarni málsins. Það er spurningin um það, hvort menn eru að villa öðrum sýn með því að taka þannig til orða að menn dragi rangar ályktanir, en ekki um hitt, hversu ítarlegar upplýsingar á að gefa í nál. Það verður auðvitað viðkomandi nefnd að ákveða sjálf og getur enginn gagnrýnt hana þó að nál. sé ekki nema þrjú orð.

Herra forseti. Ég sé að öðru leyti ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál, en vek bara athygli á því, að það var eðli hinna villandi upplýsinga í nál. sem ég gagnrýndi, en ekki hitt, hvort nál. væri ítarlegt.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Það hefur ekki verið auðvelt verk sem þeir hafa þurft að vinna, formenn fjh.- og viðskn. í báðum deildum Alþingis í vetur, því að reglan hefur verið sú, að þau mál, sem frá hæstv. ríkisstj. eiga að koma lögum samkv., og þau mál, sem hæstv. ríkisstj. hefur kosið að leggja fram, hafa yfirleitt ekki komið til þessara nefnda fyrr en á allra síðustu augnablikum, jafnvel eftir að möguleiki hefur verið á að vinna að þeim með skaplegum hætti. Alveg laust við það að formenn beggja þessara nefnda í Ed. og í Nd. séu andstæðingar mínir í stjórnmálum, annar framsóknarmaður og hinn Alþýðubandalagsmaður, þá vil ég taka fram að þessir þm. báðir hafa lagt sig fram um að reyna að greiða eins fyrir hæstv. ríkisstj. og þá ekki síst hæstv. fjmrh., sem yfirleitt hefur flutt þessi mál sem hafa aldrei komist til Alþingis fyrr en á elleftu stundu eða jafnvel síðar, og þeir frekast hafa getað. Jafnframt hafa þessir nefndarformenn báðir reynt, eins og þeir hafa mögulega getað, að sinna öllum erindum frá öðrum þm. í nefndunum, jafnvel þó svo að hæstv. ríkisstj. og þá ekki síst hæstv. fjmrh. hafi iðulega gert þeim erfitt fyrir um slík viðfangsefni vegna þess hve seint og illa verkin hafa verið af hendi leyst af þeirra hálfu.

Ég vil einnig taka það fram, að allt okkar samstarf við báða þessa nefndarformenn hefur verið með miklum ágætum. Frv. það, sem hér er um að ræða, kom til fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar nokkru fyrir jól, er flutt af varaþingm. sem þá sat á Alþingi. Hvað eftir annað hefur málið verið tekið til umr. á fundum fjh.- og viðskn., og formaður n., hv. þm. Halldór Ásgrímsson, hefur gert sér sérstakt far um að gefa fjmrn. og hæstv. fjmrh. ekki eitt, ekki tvö, heldur fjölmörg tækifæri til þess að fjalla um málið og gefa um það umsögn. Það er hins vegar alveg nýtt ef það er nú allt í einu orðin skoðun hæstv. fjmrh. að það að hafa samráð við einhvern aðila þýði hið sama og að sá aðili hafi lýst yfir samþykki sínu við viðkomandi aðgerð.

Ég veit ekki betur en hæstv. fjmrh. og aðrir í ríkisstj. eigi lögum samkv. að hafa samráð við ASÍ og aðila vinnumarkaðarins um ýmsar aðgerðir á sviði efnahags- og kjaramála. Yfirleitt hefur hæstv. ríkisstj. og hæstv. fjmrh. ekki sinnt þessari lagaskyldu sinni. Stöku sinnum hefur það þó borið við að hæstv. ríkisstj. og hæstv. fjmrh. hafa haft málamyndasamráð við aðila vinnumarkaðarins um mál sem þeir hafa lagt fram hér á hinu háa Alþingi. En það hefur ekki verið skoðun hæstv. fjmrh. fyrr en þá nú, að það að hafa slíkt samráð þýði að samráðsaðilinn eigi að vera samþykkur niðurstöðuni. (**Fjmrh.:** Það hefur enginn sagt það.) Auðvitað vita allir að fjmrn. hefur ávallt og undir öllum kringumstæðum verið andvígt því, að tilhliðranir yrðu gerðar á skattalögum sem minnka tekjumöguleika ríkissjóðs, þó um óverulegar fjárhæðir sé að ræða eins og í þessu sambandi. Það kemur þm. ekkert á óvart. Hins vegar kemur það mér nokkuð á óvart þegar hæstv. fjmrh. finnst það best þjóna hlutverki sínu nú á síðustu þingdögum, þegar þm. í fjh.- og viðskn. beggja deilda, að formönnum meðtöldum, leggja sig fram um að geta afgreitt þau mál, sem hafa ekki komið frá hæstv. ráðh. fyrr en löngu eftir tilsettan skilatíma, svo

hann standi ekki uppi næstum því klæðalaus í embætti sínu að þinginu loknu, þegar þm. og formenn n. leggja sig fram um að reyna að fá afgreidd fyrir hann mál á þessum síðustu dögum þannig að menn þurfa að halda tvo, þrjá og upp í fjóra fundi á dag til þess að geta sinnt erindum hæstv. fjmrh., — að þá skuli honum þykja það líklegast til ávinnings hér í þinginu að ráðast með ómaklegum stóryrðum að þingnefndum sem eru allar af vilja gerðar til að vinna sín störf rétt og vel, ekki aðeins að okkur stjórnarandstæðingum í þessum þingnefndum, heldur líka að stuðningsmönnum og flokksbræðrum sínum sem eiga sæti í þessari nefnd og stóðu að gerð nál. Þetta sýnir aðeins þann hroka og það yfirlæti sem komið er í nokkra af hinum nýju forustumönnum Alþb.

Veiðar í fiskveiðilandhelgi, frv. (þskj. 211, n. 529 og 530). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Brtt. 530 samþ. með 18:5 atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 27:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SBó, SteinG, SvG, VG, ÞS, ÁG, BÍG, FrS, GS, GeirH, GJG, GGÞ, GHelg, HÁ, HBl, HG, JI, JE, JS, MHM, MB, ÓE, PP, RA, SighB, SV, SvH.

nei: AS, BGr, EH, FÞ, IGísl, JÞ, KP, SkA.

ÓÞÞ greiddi ekki atkv.

4 þm. (AG, MÁM, PJ, SigurlB) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 27:5 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 26:4 atkv.

Tilraunastöð Búnaðarsambands Suðurlands, frv. (þskj. 631). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Rannsóknir í þágu atvinnuveganna, frv. (þskj. 54, n. 781). — 2. umr.

Frsm. (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Tveir hv. þm. í deildinni hafa lagt fram það frv. sem hér er á dagskrá. Það er í því formi að lagt er til að breytt verði lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Efni málsins er í fáum orðum það, að hafist verði handa um að fram fari tilraunir með klak og eldi þorsks og annarra nytjafiska með því að ala upp þorskseiði í stórum stíl og sleppa þeim síðan með það í huga að aðstoða náttúruna við að stækka þorskstofninn. Þetta er býsna mikið mál og var hér við 1. umr. rætt í löngu og ítarlegu máli af flm. Mér finnst því ekki ástæða til að fara efnislega mikið út í þetta mál, heldur aðeins að fjalla um afgreiðslu n. á því.

Þetta frv. hefur verið óvenjulengi til meðferðar í n. af ýmsum ástæðum, og ýmsir gætu látið sér detta í hug að n. hafi lagst á þetta frv. og ekki verið að flýta sér við afgreiðslu þess. En sú er ekki raunin. Ýmislegt hefur tafið afgreiðsluna og sumar umsagnir hafa komið býsna seint. En það hefur verið rætt ítarlega á nokkrum fundum n. og hún hefur leitað umsagna um málið og fengið auk þess á sinn fund forstjóra Hafrannsóknastofnunarinnar.

Það er skemmst frá því að segja, að í umsögnum aðila er það þannig að menn taka heldur jákvætt undir þetta mál, það er, eins og ég sagði áðan, býsna stórt, en eru ekki samþykkir forminu. Hafrannsóknastofnunin leggst gegn því að verið sé að breyta lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, ósköp einfaldlega á þeim forsendum að í þeim lögum eru til þegar allar heimildir til að gera þetta. Þó að n. hafi ekki fallist á að samþykkja frv. í þessum búningi er það ekki vegna þess að n. vilji slá á móti þessu máli eða vísa því frá sér. Auk þess kom það fram hjá hafrannsóknastofnunarmönnum, að þeir telja óeðlilegt að það sé sett í lög hversu gömul seiði eigi að vera þegar þau eru látin fara til sjávar. Það hlýtur að fara eftir einhverju annars konar mati heldur en bara aldri. Það er sjálfsagt vísindalegt mál sem ég treysti mér varla til að fjalla um.

Sjútvn. var sammála um að þetta mál fengi frá okkur jákvæða umsögn. Álit n. kemur fram á þskj. 781 sem ég vil leyfa mér að lesa, með leyfi hæstv. forseta:

„Sjútvn. Nd. hefur rætt frv. ítrekað á fundum sínum og fengið á sinn fund forstjóra Hafrannsóknastofnunar, Jón Jónsson, og tvær umsagnir.

Það er sameiginleg skoðun nm. að hér sé hreyft athyglisverðu máli sem ekki er vansalaust fyrir fiskveiðiþjóð eins og Íslendinga að láta afskiptalaust með öllu.

Nm. taka undir þá skoðun Hafrannsóknastofnunar, að ekki sé þörf á að breyta 17. gr. laga um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, heldur beri, eins og raunar kemur skýrt fram í hugmyndum flm., að auka rannsóknir á þessu sviði en til þess vanti fjármagn. Sjútvn. Nd. telur rétt og skylt að láta safna öllum tiltækum gögnum sem finnast um ræktun fisks í sjó.

Í síðari umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar mælir stofnunin með að Hafrannsóknastofnunin fái fjárveitingu á næsta ári til þess að lausráða sérfræðing til þess að athuga gaumgæfilega allt það sem gert hefur verið á þessu sviði austan hafs og vestan, gera úttekt á þekkingu okkar varðandi fiskeldi í sjó við Ísland og meta hvort hægt sé að færa sér í nyt þá reynslu og þekkingu sem aðrar þjóðir búa yfir í þessum efnum.

Sjútvn. leggur til að þessu sinni að þetta spor verði stigið nú. Nefndin leggur því til að frv. verði vísað til ríkisstj. í trausti þess, að hún beiti sér fyrir fjárveitingu til þess að þessu markmiði verði náð.

Páll Pétursson, Halldór Ásgrímsson og Karvel Pálmason, voru fjarverandi við afgreiðslu málsins."

Undir þetta nál. skrifa allir hinir nm.

Herra forseti. Þannig stóð á á síðustu fundum sjútvn., að miklar annir voru hér í hv. Alþingi og erfitt reyndist að ná saman nefndarfundum svo að málið tafðist nokkuð þess vegna. En ég vil geta þess, að þó að hv. þm. Karvel Pálmason hafi þá verið fjarstaddur hefur hann setið alla aðra fundi n. í vetur þannig að þarna stendur sérstaklega á að hann skuli ekki vera viðstaddur.

Þeir nm. aðrir, hv. þm. Páll og Halldór, sem ekki áttu þess kost að koma á þennan fund, þekktu málið einnig og þó að það hafi nú verið afgreitt án þeirra undirskrifta veit ég að þeir voru hlynntir þessari afgreiðslu.

Herra forseti. Aðeins að lokum þetta:

Það hefur lengi verið þannig að þn. hafa notað þá aðferð til að vísa frá sér málum að vísa þeim til ríkisstj. En að þessu sinni er ekki um það að ræða. Ástæðan til þess, að það er gert, er sú, að ekki var í rauninni fallist á form frv., en jákvætt tekið undir efni þess. Og í umsögnum Hafrannsóknastofnunar, eins og ég gat um áðan, er talið ráðlegt að fá vel menntaðan sérfræðing til þess að sinna þessu verkefni í eitt ár fyrst um sinn. Þess vegna er þessi málsmeðferð viðhöfð: að vísa frv. til ríkisstj., vegna þess að til þess að geta ráðið þennan mann þarf auðvitað peninga. Vona ég eins og aðrir nm. að hæstv. ríkisstj. taki vinsamlega í þetta mál og beiti sér fyrir því að fjármagns verði aflað í þessu skyni.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Ég þakka hv. sjútvn. fyrir afgreiðslu þessa máls. Lagabreytingin, sem frv. gerði ráð fyrir, er ekkert aðalatriði, heldur hitt, að örugg hreyfing komist á málið, eins og mér sýnist að verði með afgreiðslu hv. n. Eins og hv. 4. þm. Suðurl. kom inn á rúma heimildir núgildandi laga þessa starfsemi þó að þeim hafi ekki verið beitt fram að þessu.

Auðvitað hefði ég kosið að lengra hefði verið gengið strax á fyrsta stigi til að hrinda þessum málum í framkvæmd. En ég vona að mjór sé mikils vísir. Aðalatriðið er að hefja verkið, afla upplýsinga og ráðast í rannsóknir. Áframhaldið vona ég að komi af sjálfu sér þegar menn gera sér almennt ljóst hve mikið hér er í húfi.

Ég endurtek þakklæti mitt til hv. sjútvn.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Aðeins örfá orð vegna þess að ég var fjarverandi lokaafgreiðslu málsins í hv. n. Það var orðið, að ég best vissi, algjört samkomulag innan n. um hvernig þetta mál skyldi afgreitt. Formlega átti eftir að setja stimpilinn á það í n. og vissulega hefði ég talið æskilegra að geta verið viðstaddur þennan síðasta fund sem afgreiddi málið. En það er ekkert aðalatriði. Menn voru sammála um þetta.

Ég þakka hv. þm. Garðari Sigurðssyni, form. og frsm., n., fyrir fögur orð og kærleiksríkt hugarfar í minn garð að vísu vona ég verðskulduð, og vil aðeins ítreka það, að ég er algjörlega sammála um mikilvægi þessa máls. Vissulega hefðu sumir hverjir nm. kannske viljað ganga lengra en við endanlega afgreiðslu n. varð. En ég tel þó að hér sé nokkuð fengið með afgreiðslu málsins eins og n. gekk frá því og hér er lagt til.

ATKVGR.

Till. um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 25 shlj. atkv.

Viðskiptafræðingar, frv. (þskj. 779). — Ein umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 806).

Skráning á upplýsingum, er varða einkamálefni, frv. (þskj. 782 (sbr. 744)). — 1. umr.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Frv. þetta fjallar um kerfisbundna skráningu á upplýsingum er varða einkamálefni, hið svonefnda tölvufrv. Frv. þetta, ef að lögum verður, tekur til hvers konar kerfisbundinnar skráningar á upplýsingum varðandi einkamálefni einstaklinga svo og fjárhagsmálefni einstaklinga, stofnana, fyrirtækja eða annarra lögpersóna sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari. Hér er um að ræða nýtt svið að því er varðar löggjafarmálefni, en þykir mjög brýnt að um þetta verði settar ákveðnar reglur. Frv. er samið af sérstakri nefnd sem hafði m. a. til hliðsjónar nýlega löggjöf á Norðurlöndum um þessi efni. Nefndin einfaldaði þá löggjöf mjög og í því formi var frv. lagt fyrir Ed. Það er 2. mál þingsins. Eigi að síður þótti hv. þm. Ed. frv. of viðamikið í ýmsum greinum, en um það hefur verið fjallað mjög rækilega af hálfu allshn. Ed. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu, að ástæða væri til að einfalda frv., raunar mjög mikið.

Ég hef síst á móti því, að löggjöf sé einfölduð og gerð skýrari og styttri ef unnt er, og hef þess vegna ekki sérstakar aths. við meðferð n. á þessu frv. að gera. Ég vænti þess, að hv. allshn. Nd., sem fær þetta mál til umfjöllunar, athugi það samt vandlega í samráði við höfunda þess. Ef hún kemst að þeirri niðurstöðu, að unnt sé að afgreiða það með forsvaranlegum hætti í hinni einfaldari og styttri mynd, þá hef ég í sjálfu sér ekkert við það að athuga. Frv. þessu var a. m. k. í upphafi markaður ákveðinn aldur af því að hér er um nýtt efni að ræða. Það er gert ráð fyrir að lögin verði endurskoðuð eftir 4. ár.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri, en legg til að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Vitamál, frv. (þskj. 676). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til samgn. með 22 shlj. atkv.

Neðri deild, 92. fundur.

Þriðjudaginn 12. maí, að loknum 91. fundi.

Þróunarsamvinnustofnun Íslands, frv. (þskj. 603). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Veiðar í fiskveiðilandhelgi, frv. (þskj. 802). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Karvel Pálmason): Herra forseti. Ég hlýt nú í upphafi þessarar umr. að fara nokkrum orðum um meðferð þessa máls, eins og hún hefur verið.

Mál þetta var afgreitt frá sjútvn. deildarinnar 18. mars, að ég held, og kom síðan ekki á dagskrá deildarinnar fyrr en s. l. fimmtudag, þ. e. 7. maí, og hefur því verið talsvert á annan mánuð frá því að n. afgreiddi málið frá sér og þangað til það kemur hér á dagskrá. Ég vil taka það skýrt fram að þó að ég og fleiri höfum látið þá skoðun í ljós, að við vildum vara við opnun á dragnótaveiðum við Faxaflóa, og höfum m. a. verið kallaðir sértrúarsöfnuður, þá er það ekki að minni beiðni að málið hefur legið svo lengi án þess að það kæmi hér á dagskrá í þinginu. Hins vegar gerðist það s. l. fimmtudag, að þá átti að taka málið til umræðu að flm. fjarstöddum. Hæstv. forseti féllst þá á — og fyrir það skal hann hafa þakkir — að málið væri ekki tekið til umr. þá. En síðan var það tekið til umr. s. l. föstudag þrátt fyrir það að ég hefði þá fjarvistarleyfi frá hæstv. forseta, það ég best vissi, og hefði óskað eftir því sem frsm. annars nál. að málið yrði ekki tekið fyrir. (**GS:** Hann hefur gefið þér glaður fjarvistarleyfi.) Ekki ætla ég hæstv. forseta að hann hafi verið með slíkt hugarfar eins og virðist tíðkast í þingflokki Alþb.

Ég tel miður að tekið sé til umr. mál að báðum fjarstöddum, flm. og frsm. annars nál. Ég hygg að það séu ekki mörg dæmi um það hér í þinginu að slíkt sé gert þegar þess hefur sérstaklega verið óskað að málið yrði látið bíða. Ég skil varla að það hefði skipt sköpum varðandi 2. umr. málsins hvort hún hefði farið fram s. l. föstudag eða síðast í gær eða í dag.

Ég taldi rétt að víkja að þessu örfáum orðum því að ég vona a. m. k. að ekki sé verið að taka upp þessa siði hér í þinginu almennt um mál, að þau séu tekin til umr. bæði að flm. og frsm. nál. fjarverandi.

Það væri auðvitað hægt að halda langa tölu um þetta frv. þó að það sé ekki stórt í sniðum eða mikið um orðagjálfur í því. Hér er um það að ræða, að ég tel, að það er verið að stefna í þá átt að Faxaflói verði opnaður almennt fyrir dragnótaveiðum. Ég held að það sé ekki deilt um það milli manna, að frá því að Faxaflóa var lokað 1971 fyrir dragnót hefur breyst æðimikið á þeim miðum. Það var orðin slík ördeyða þar að vart fékkst fiskur úr sjó, en á þessu tímabili hefur þetta breyst verulega að því er nákunnugir menn telja.

Menn halda því fram, að gífurleg verðmæti fari til spillis með því að leyfa ekki dragnótaveiðar þarna, hér séu menn að kasta fjármunum svo milljörðum skipti, að því er einn hv. þm. úr þingliði Alþb. fullyrti um daginn, einn þeirra sem hafa talið sig vera mjög vel að sér um allt er að sjávarútvegi lýtur. Ég held þó að hér sé ýmislegt ofsagt. Það er ekki svo að þarna sé um að ræða fjármuni sem ekki eru nýttir. Þetta er spurningin um það, hvort það á að leyfa þessar veiðar á því tímabili sem uppeldisstöðvarnar eru hvað mikilvægastar eða hvort á að leyfa veiðar á þessum fiskstofni síðar á árinu þegar hann gengur út af þessum uppeldisstöðvum.

Menn beita mikið fyrir sig í þessu sambandi skoðunum fiskifræðinga og út af fyrir sig geta þær verið marktækar á mörgum sviðum. En það hefur sýnt sig heldur betur í sambandi við fiskveiðimál, að þeim góðu herrum getur skjátlast ekki síður en öðrum mannlegum verum. Ég legg því engan ofsatrúnað á það, þó að einhverjir fiskifræðingar haldi fram að það sé jafnvel lífsnauðsyn að leyfa þessar veiðar með dragnót í Faxaflóa.

Það mun a. m. k. hafa gerst á s. l. ári. Þetta mál var þá til umr., að ég best veit, í sjútvn. Ed. og þar var talað um að heimila þessar veiðar undir eftirliti og þá talað um að möskvastærðin væri 170 mm. Það mun þó hafa liðist, líklega undir verndarvæng Hafrannsóknastofnunar og fiskifræðinga, að þarna voru stundaðar veiðar með 155 mm möskvastærð. Með þessu hefur því verið gengið þvert á það sem um var rætt af hálfu Alþingis á s. l. ári. Hver ber ábyrgð á slíku? Liggja fyrir leyfi um slíkt frá fiskifræðingum, sérfræðingum í Hafrannsóknastofnun, eða er þetta gert einvörðungu á ábyrgð umræddra báta, skipstjóra eða sjómanna sem þarna eiga hlut að máli, og hefur það verið látið algjörlega afskiptalaust og átölulaust af Hafrannsóknastofnuninni? (**GS:** Hún lagði það til.) Hún lagði það til, segja hv. þm. Alexander Stefánsson og Garðar Sigurðsson. Þrátt fyrir það var þó um það talað í sjútvn. Nd., og það er fullyrt og það stendur. (**GS:** Það eru engin lög.) Kannske eru það frekar lög sem einhverjir sérfræðingar, þó í Hafrannsóknastofnun séu, leggja til við Alþingi, en Alþingi hafnar. Ef það eru þeir nýju siðir sem nú er verið að innleiða hér á Alþingi, að ef einhver stofnunarmaður leggur til eitthvað ákveðið, en Alþingi hafnar, þá eigi tillögumennirnir að ráða, en Alþingi ekki. Þeirri túlkun og skoðun mála a. m. k. mótmæli ég.

Það var algjörlega á snið við vilja Alþingis, þó að það hafi verið tillaga frá Hafrannsóknastofnun, að leyfa veiðar með 155 mm möskva í Faxaflóa á s. l. ári. Það var algjörlega í andstöðu við það sem Alþingi ætlaðist til. Það er því full ástæða til þess að herða frekar á í eftirliti og aðgerðum gagnvart Hafrannsóknastofnuninni og fiskifræðingum heldur en að slaka til, miðað við þessa reynslu fengna frá síðasta ári.

Ég skil það ósköp vel að Hafrannsóknastofnun, eins og önnur ríkisfyrirtæki, gangi á það lagið ef henni líðst það, að haga sér eins og henni sýnist þrátt fyrir að það sé þveröfugt við vilja Alþingis. Og mér sýnist eftir atkvgr. hér í deildinni áðan við 2. umr. þessa máls, að því miður séu allt of margir þm. þeirrar skoðunar að það eigi að láta meira af valdi Alþingis til embættismanna og ríkisstofnana, afsala valdi Alþingis til þessara embættismanna, svo þokkalega sem þeir hafa þó farið með það í þessu tilfelli — eða hitt þó heldur. (Gripið fram í.)

Ef hv. þm. Halldór Blöndal mætti vera að því að stöðvast augnablik hér inni í þd. fengi hann að vita hvaða afstöðu ég hef. En hann má greinilega ekki vera að því.

Ég held að það sé mesti misskilningur hjá þeim hv. þm. sem telja það lífsnauðsyn að opna þarna frekar fyrir veiðar í Faxaflóa. Það liggja fyrir nú þegar mótmæli margra aðila við rýmkun á togveiðum í Faxaflóa. Það hafa borist til Alþingis mótmæli frá 14 skipshöfnum á bátum hérna á Faxaflóasvæðinu. Það hafa borist mótmæli frá verkalýðsfélögunum á þessu svæði — einróma mótmæli. Það hafa jafnframt borist einróma mótmæli frá

útvegsmannafélögum á þessu svæði og frá smábátaeigendum hér á Suðurnesjum. Það hafa borist eindregin mótmæli gegn því að samþykkja þetta frv. Því er ljóst að það er ekki vilji þeirra, sem kannske ætti fyrst og fremst að taka tillit til í þessu máli, að þetta frv. verði samþykkt. Það eru þá einhver annarleg sjónarmið að baki þeim mikla þrýstingi að fá þetta frv. samþykkt. Það væri a. m. k. enginn skaði skeður þó að það væri farið vægar í sakir, stigin styttri skref, ef menn eru sannfærðir um að það eigi að leyfa þessar veiðar. Þá er lágmarkið að svo sé um séð að þeir, sem eiga að framfylgja ákvörðunum héðan frá Alþingi, geri það, þeir taki ekki þveröfuga afstöðu sem kemur þvert á skoðanir og vilja þingsins.

Það vekur líka athygli, eins og hér hefur komið fram áður, að þetta frv. er ekki stjfrv. Það er engin samstaða í ríkisstj. eða í stjórnarflokkunum um þetta mál. Í raun og veru er engin flokkslína í einum eða neinum flokki sem ræður ferðinni í þessu máli. Hér er um að ræða það, að við, sem erum andvígir frekari leyfum til dragnóta í Faxaflóa, teljum að lokun hans á sínum tímum og sú reynsla, sem fengin er af þeirri lokun í tíu ár, hafi sýnt að það er kannske miklu frekar lífsnauðsyn að halda áfram þeirri friðun til þess að vernda meira þær uppeldisstöðvar fisksins, sem þarna er um að ræða, með það í huga að fiskstofnarnir, sem þar er um að ræða, komi að sem bestum notum fyrir þjóðfélagið í heild, en ekki einhverja tiltekna örfáa einstaklinga sem eiga að njóta góðs af því, en spilla svo fyrir fjöldanum.

Hv. þm. Garðar Sigurðsson orðaði það svo hér um daginn að hér væri um að ræða sértrúarsöfnuð sem væri andvígur því að þetta frv. næði fram að ganga. Ég held að það sé að kasta grjóti úr glerhúsi þegar þessi hv. þm. ætlar að fara að saka aðra um sértrú. Einhver mesti sértrúarsöfnuður, ef um það er að ræða í íslenskri pólitík, er Alþb. eins og það er komið til. Þar er fyrst og fremst um að ræða sértrúarsöfnuð, ekki bara í einu máli, heldur í flestum sem á dagskrá koma hverju sinni. Þetta get ég kannske hvað best sagt sjálfur vegna þess að ég hef sjálfur verið að hluta til í þessum söfnuði og get því um það dæmt. Það er alltaf betra að geta talað af reynslunni í þessu sem öðru. (**ÓÞÞ:** Hvaða hluti var í söfnuðinum?) Það var að því leyti að hluta til, að þá var flokkurinn ekki formlegur stjórnmálaflokkur, var kosningasamtök, það er skýringin, hafi hv. skrifari ekki vitað það fyrir.

En að þessu slepptu held ég að menn ættu ekki að fara út í þessa sálma í sambandi við þetta mál. (Gripið fram í.) Nei, þetta er flokkur, stjórnmálaflokkur, hv. þm. Árni Gunnarsson. Þú átt að vita betur. Ég sem sagt mæli eindregið gegn því, að frv. sem þetta fái staðfestingu á Alþingi. Ég held að það sé nær að halda fast við þá ákvörðun, sem tekin var 1971, og halda sér við það að friða þessar uppeldisstöðvar frá þeim ágangi sem urðu til þess á árunum þar á undan að gjöreyða svo til öllu lífi í Faxaflóa. (Gripið fram í.) Í Faxaflóa. Hv. þm. Garðari Sigurðssyni er líklega farið að líða eitthvað illa.

Ég skal ekki, herra forseti, hafa öllu fleiri orð um þetta að sinni nema þá að gefnu tilefni. En ég ítreka það, að það er ekki, að því er ég best veit, að undirlagi okkar, sem höfum verið andvígir þessu frv., að það hefur verið saltað hér í deildinni í nærfellt tvo mánuði án þess að koma á dagskrá. Ég veit ekki hverjir hafa að því staðið, en mér finnst málsmeðferð sú, sem þetta frv. hefur hlotið hér í deildinni, a. m. k. verða víti til varnaðar því að áfram verði haldið á þeirri braut. Og ég hygg að hv. þdm. sé orðið það ljóst að ég er algjörlega andvígur þessu frv.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Það orðaskak, sem uppi hefur verið haldið hér í hv. d. um málsmeðferð, er af allt öðrum toga spunnið en vegna þess að óréttlæti hafi verið sýnt í fundarstjórn og skulum við helst ekki rugla því tvennu saman.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Þegar frv. þetta kom til 1. umr. hér í hv. d. gerði ég grein fyrir afstöðu minni til þess. Ég sýndi fram á að þetta væri ekki stjfrv., heldur frv. sem fyrst og fremst er borið fram af einum hæstv. ráðh. Ég lýsti andstöðu minni vegna þess að ég hef fylgst með þessu máli áratugum saman. Ég fylgdist nokkuð með baráttu þeirra manna sem beittu sér fyrir verndun Faxaflóa frá dragnótaveiðum. Ég man þá tíð þegar þessar veiðar höfðu nær gjöreytt öllu lífi í flóanum. Þegar loksins tókst að friða flóann eftir langa og stranga og harða baráttu fyrir u. þ. b. einum áratug hrósuðu menn að sjálfsögðu sigri og þóttust sjá fram á bjartari daga. Sú von brást ekki því að á þessum árum, sem flóinn hefur notið friðunar, hefur líf í honum glæðst ár frá ári og hann færst stöðugt í hið fyrra horf sem ein af mestu auðsuppsprettum til sjávarins hér við land. Þetta held ég að allir hljóti að vita sem vilja. En þegar menn sjá að líf er farið að glæðast í flóanum vaknar náttúrlega veiðihugur sumra sem ekki mega sjá neitt kvikt sem hægt er að koma höndum yfir, enda er það svo að síðan frv. þetta kom fram hafa borist mörg mótmæli úr ýmsum áttum gegn samþykkt þess. Ég hygg að þau séu byggð á svipuðum rökum og ég byggi mína afstöðu á, þeim að sporin hræða. Sporin hræða í þessu máli og þeir, sem hafa séð líf dafna og færast í vöxt í flóanum á undanförnum árum, fyllast nú ugg og ótta og mótmæli berast úr öllum áttum.

Ég er dálítið undrandi á afstöðu hv. þm. að norðan, austan og sunnan sem greiða atkv. þessu máli að því er virðist með köldu blóði. Ég veit ekki hvort þeir hafa hreinlega áttað sig á þessu máli, áttað sig á því, að við þurfum að umgangast auðlindir Íslands, hvort sem eru til lands eða sjávar, með mikilli gát og umgangast þær auðlindir með hugarfari ræktunarmannsins. Því miður virðist mér að í þessari hv. d. njóti rányrkjan of mikils fylgis. Ég vil mega vænta þess, að hv. þm., — og þá skírskota ég sérstaklega til þessara manna, vina okkar að norðan, austan og sunnan sem e. t. v. hafa ekki kynnst þessu máli til hlítar, — ég skírskota til þeirra og spyr hvort þeir vilji ekki taka sér ögn lengri umhugsunarfrest í þessu máli.

Þetta efni hefur nú verið töluvert rætt þannig að ég hygg að það hafi flest kurl komið til grafar og flest rök verið til tínd. Eigi að síður gefst enn þá færi á að fella frv. Það er enn þá eftir að greiða atkv. eftir þá umr. sem nú fer fram, og ég vonast til að sem flestir af hv. þm. þessarar deildar íhugi málið betur, nái áttum, endurmeti afstöðu sína og tileinki sér hugarfar ræktunarmannsins frekar en mér hefur virst að þeir hafi sýnt að undanförnu.

Ég tel ekki ástæðu til að orðlengja þetta miklu meir, en legg enn sem fyrr til að frv. þetta verði fellt.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég hef litlu við að bæta það sem kom hér fram við 2. umr. þessa máls. En ég get ekki stillt mig um að koma hér aðeins inn á örfá atriði, og ég vil staðfesta það sem hv. 6. landsk. sagði áðan í sambandi við afgreiðslu málsins í Ed. þegar

heimilað var að hefja tilraunaveiðar í Faxaflóa sem staðið hafa tvö sumur, þó fyrst og fremst á s. l. sumri.

Það er ekki hægt að neita því, að það vakti vissulega athygli þegar skyndilega kom í ljós í þeim skýrslum, sem þm. hafa fengið frá fiskifræðingum, að það hefði verið farið algjörlega þveröfugt við það sem Alþingi lagði fyrst og fremst áherslu á í sambandi við þessar tilraunaveiðar þar sem heimilað var að veiðarnar færu aðeins fram með 170 mm möskvastærð. Fiskifræðingar höfðu lagt til og látið framkvæma tilraunaveiðarnar með 155 mm möskva og þannig hafa þær farið fram til þessa. Þetta er náttúrlega algjört brot á því samkomulagi sem var gert hér á hv. Alþingi, og ber að harma að svo skuli farið að.

Við umr. hér í hv. d. við 2. umr. lýsti ég yfir að ég teldi að það væri ástæðulaust að breyta þessu formi nú. Það væri hægt að fallast á að þessi tilraunveiði héldi áfram í því formi sem hún hefði verið, með fjórum bátum, og vinnslan færi fram í þessum tveimur hraðfrystihúsum sem hafa flökunarvélar og hafa öruggan markað á kolaflökum í þessu magni sem fiskifræðingar telja að sé hámark að taka úr Faxaflóa, þ. e. 1000—1500 tn.

Ég vakti einnig athygli á því, að sölusamtökin í landinu, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og Samband ísl. samvinnufélaga, hafa ekki viljað stuðla að því, að fiskvinnslustöðvar á þeim svæðum við landið, þar sem dragnótaveiði er leyfð og þar sem kolamið eru, tækju til við þessa vinnslu með flökunarvélum vegna markaðsmálanna. Fiskifræðingar segja að það sé eðlilegt að taka um 10 000 tn. af þessari fisktegund að skaðlausu, en sölusamtökin eru ekki tilbúin til þess að stuðla að markaðsöflun nema fyrir þessi 1000—1500 tn. Þetta er staðreynd sem er á borðinu, vegna þess að allir vita að heilfrystur koli er ekki sú markaðsvara sem menn sækjast í og fiskvinnslustöðvarnar hafa ekki áhuga á að heilfrysta skarkola. Það endar venjulega með því að heilfrystum kola, sem er búinn að bíða of lengi í frystiklefum, er hent.

En það, sem mér finnst furðulegt í sambandi við þetta frv., er hvernig menn hugsa sér það ástand sem verður hér við Faxaflóann þegar Alþingi er búið að samþykkja þetta frv., sem allar líkur eru til að verði miðað við þá atkvgr. sem hér var í dag, hvernig menn hugsa sér að rn. fari að þegar auglýst verður eftir umsóknum um þessar veiðar sem eiga að vera svona takmarkaðar, aðeins 1000—1500 tn., og það berast 50—100 umsóknir. Það er útilokað að það sé nokkur skynsemi í því að hafa við þetta fleiri skip en í mesta lagi fjóra til fimm báta. Þá er kominn þarna inn þrýstingur sem verður smátt og smátt til þess að það hlýtur að verða slakað á þessum takmörkunum og eftirlitið verður náttúrlega í samræmi við það. Hver á að stjórna því og hafa eftirlit með því, að fiskimenn á þessum bátum verði á einhverjum takmörkuðum bletti með sitt veiðarfæri? Þetta er algjör barnaskapur og ég er alveg undrandi á því, að menn skuli láta sér detta í hug að þetta sé hægt. Það er alveg útilokað.

Ég held að þetta hafi ekki verið hugsað til enda, og ég er ekki í neinum vafa um að þetta frv., ef að lögum verður, á eftir að skapa mjög mikil vandamál sem viðkomandi rn. mun komast í. Ég held enn fremur að það sé alveg nýtt í málinu ef á að fara að treysta á að Hafrannsóknastofnunin sem slík eigi að fara að vera mælikvarði á það eða umsagnaraðili um það, hvaða bátar fái að veiða á þessu svæði.

Ég tek undir það sem hér hefur komið fram, og þarf ekki að bæta neinu við það sem ég hef áður sagt við þessar umr., að það hefði átt að flýta sér hægt í þessu máli. Við ættum að hagnýta þá reynslu sem komin er nú s. l. tíu ár, en leyfa takmarkaðar veiðar undir eftirliti sem rannsóknarveiðar. Það get ég fallist á. En umfram allt er viðurkennd staðreynd að Faxaflóinn er uppeldisstöð fyrir nytjafiska og við eigum þess vegna að ganga um þetta svæði með varúð og halda þeirri friðun sem hér hefur verið í gildi, og þess vegna er ég andvígur þessu frv.

Frsm. meiri hl. (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð. Það eru örfáar aths. við það sem hér hefur komið fram.

Ég held að það sé síst ofmælt að nota orðið sértrúarsöfnuður um þennan hóp manna sem mest hefur talað gegn því að kolinn í Faxaflóa verði nýttur á skynsamlegan hátt undir eftirliti. Það er þannig með menn sem hafa fundið sannleikann og ganga með hann í vasanum jafnan í formi einhverra einkennilegra kennisetninga ýmist í stjórnmálalegum eða trúarlegum efnum, að við þá er helst ekki hægt að rökræða nokkurn skapaðan hlut því þeir vita, hvað er rétt, og á þá bíta engin rök, enda skipta þau ekki máli, að því er virðist, í þeirra málflutningi.

Hv. 1. þm. Vesturl. hefur auðvitað talað langskynsamlegast í þessu máli af þeim sem hafa andmælt frv. vegna þess að hann segist vera hlynntur því, að áframhaldandi tilraunaveiðar megi fara fram, sem sagt takmarkaðar veiðar undir eftirliti. En ég tel það alveg óþarfa af hans hálfu að vera hér með spá um slælegt eftirlit, svo ég tali nú ekki um þegar farið er að tala um að þessir bátar kunni að fara út fyrir ákveðin svæði, eins og hann talar um, takmarkaða bletti. Sannleikurinn er sá, að þeir, sem stunda þessar veiðar, verða að halda sig á tiltölulega takmörkuðum svæðum, ósköp einfaldlega vegna þess að náttúran sjálf verndar flóann. Í flóanum er mikið af hraunum og þeim botni sem ekki er hægt að draga dragnót eftir. Þetta skiptir verulegu máli í raun og veru. En hvað varðar hv. þm. Karvel Pálmason t. d. um staðreyndir. Ég hef ekki orðið var við það.

Það er rétt, sem hv. þm. Alexander Stefánsson segir, að það er ekki skynsamlegt og eftir því hefur ekki verið leitað af hálfu SH og Sambandsfrystihúsanna að menn veiði mikinn kola, ósköp einfaldlega vegna þess að kolinn selst fyrir afar lágt verð ef hann er seldur heilfrystur, er ekki í háu verði. Hins vegar ef um er að ræða að selja kolann ísaðan á ferskfiskmörkuðum í Bretlandi og Þýskalandi, Danmörku og víðar, þá er á þeim fiski mjög hátt verð. Ég var á togveiðum s. l. sumar og var með í því að fiska í bát sem seldi í Bretlandi. Við fengum þetta frá 1300—1400 kr. og upp í 2000 kr. fyrir hvert kg upp úr skipi, enda var kolinn ferskur.

Það gegnir hins vegar allt öðru máli ef hægt er að flaka kolann og frysta hann með kæliblæstri, hvert flak fyrir sig, vélflaka og frysta. Slíkur koli er í háu verði. Ég þekki ekki nægilega vel til markaðsmála til þess að vera með stórkostlegar fullyrðingar, en það veit ég þó, að allar líkur benda til að sá markaður sé svo gott sem ótakmarkaður miðað við það magn sem við höfum hér fram að bjóða.

Það eru fleiri, sem sjá um að koma fiski á markað sem betur fer, heldur en SH. Þeir láta sig litlu skipta yfirleitt að fá til sín afla sem fer í annað en frystingu, söltun eða

herslu. Allt annað er tiltölulega lítt velkomið og hefur þurft að berjast við þessa menn fyrir því að auka fjölbreytni í vinnslu sjávarafla á Íslandi. Það þekkja sjálfsagt Breiðfirðingar ekki síður en aðrir hversu tregir þessir aðilar eru í sambandi við þau atriði. Það veit auðvitað hv. þm. Karvel Pálmason ekkert um, enda hefur hann ekkert verið að flagga því að hann vissi það.

Ég held að við ættum að halda okkur við staðreyndir fyrst og fremst, en ekki spár, svo ég tali nú ekki um það þegar menn halda hér feiknalegar hávaðaræður eins og hrópandinn í eyðimörkinni og leggja út af málinu eins og það sé allt öðruvísi í pottinn búið en það er í raun og veru. Ég held að þessir hv. þm. ættu að lesa frvgr. Þar segir einfaldlega að það séu ekki aðrar veiðar leyfðar í þessa dragnót í Faxaflóa en skarkolaveiðar, — ekki aðrar veiðar leyfðar. Það eru sem sagt mjög takmarkaðar veiðiheimildir.

Um mál hæstv. dómsmrh. held ég að sé óþarfi að fjölyrða út af fyrir sig. Hann hefur verið á móti þessu máli alla tíð og getur auðvitað haft þá skoðun fyrir mér. En því miður sýnist mér að það sé einnig á röngum forsendum. Menn hafa verið að gera grín að því hér og halda því fram, að ég þættist vita allt í þessum efnum, ég hafi verið svo og svo lengi til sjós og allt þar fram eftir götunum. Það kemur málinu ekkert við. Ég get ósköp vel sagt það hér, fyrst menn eru að velta því upp, að ég hef aldrei verið á veiðum hér í Faxaflóa og þaðan af síður á dragnót og veit ekkert um það af eigin reynslu hvernig það er að skera kola hér í Faxaflóa. En ég hef blessunarlega verið með í því að drepa mikið af honum annars staðar. Og það er það sem við þurfum líka að gera. Við þurfum að drepa þessi kvikindi út af suðurströndinni. Þar er gífurlega stór kolastofn sem enginn hirðir og kemur ekki í nein veiðarfæri vegna þess að hann sleppur í gegnum 155 mm, svo rækilega að það eru ekki nema örfá dýr sem eftir eru í trolli. (Gripið fram í.) Nei, vegna þess að þar er um annan kola að ræða heldur en rauðsprettuna. (**Gripið fram í:** Er hann betri?) Miklu betri. Þessi koli er auðvitað sælgæti og það dýrt sælgæti og sjálfsagt að ná í það og selja það.

Ég veit ekki hvers konar búskap menn vilja stunda eiginlega hér á Íslandi ef þeir vilja ekki veiða fisk án þess að skaða annað. Þarna er alls ekki um rányrkju að ræða. Hvaða rányrkja er það í raun og veru? Hvernig stendur á því, að menn leyfa sér að nota svona orð? Þarna er verið að leyfa að veiða í mesta lagi 1500 lestir. Hver var heildarafli Íslendinga úr sjó á síðasta ári? Ég man það ekki. Eitthvað talsvert á aðra milljón lesta. Talsvert mikið á aðra milljón lesta. Og þegar menn eru að fjasa út af því, að þarna sé um rányrkju að ræða, þá er miklu fremur eins og þarna sé um búskap að ræða. Þarna er verið að grisja stofn sem við vitum að þolir miklu meiri veiðar, aðeins að taka 1500 lestir við bæjardyrnar með litlum tilkostnaði. Þetta eru óskaveiðar í raun og veru, tiltölulega lítill útgerðarkostnaður, lítill sem enginn olíukostnaður hér í flóanum og mikið verð fyrir þennan afla sem veitir auk þess talsverða arðbæra vinnu.

Herra forseti. Mér er annt um ýsustofninn eins og sjálfsagt flestum öðrum sjómönnum í þessu landi. Menn hafa talsvert verið að flagga því, hversu illa hann fór á vissu árabili, og segja: Þarna sjáið þið. Dragnótin drap ýsuna — eða hvað? Hún varð víst svo lítil 1970, ýsan í flóanum, og lítið í hverri veiðiferð að það þurfti að loka flóanum fyrir þessu veiðarfæri. Það veiðarfæri var auðvitað allt öðruvísi en það veiðarfæri sem er verið að tala um núna. Nú er að sjálfsögðu miklu stærri möskvi sem drepur ekki smáfisk. En við skulum aðeins athuga hvernig ýsustofninn er núna í Faxaflóanum, tíu árum síðar, því að við höfum allar aflatölur frá bátunum sem stunduðu þessar takmörkuðu kolaveiðar í fyrra. Og það eru röksemdir andstæðinga þessa frv. sem ég ætla að fá að minna á hér.

Hv. þm. Jósef H. Þorgeirsson las upp fyrir okkur afla eins báts og fleiri báta trúlega, eins báts sem Gullþór heitir í júlí á árinu í fyrra. Hann mun hafa fengið liðlega 100 tn. Ég hef ekki tölurnar, þær voru liðlega 100 tn. — 103 eða 104 tn., enda skiptir það engu máli. (Gripið fram í.) Þar skipta þessi 4% ekki eins miklu máli og þegar er verið að tala um vísitöluna, sem betur fer. Þetta má vera rambandi eitthvað fram og til baka vegna þess.

En hvernig var svo afli þessa báts? Hann fékk sem sagt liðlega 100 tn., þar af voru 74 tn. af kola, 20 tn. af þorski, eitthvað þar um, nokkur steinbítskvikindi og um 300 kg af ýsu — ekki í róðri, heldur yfir mánuðinn. Ekki virðist ýsan hafa verið gráðug þar. Það er ekki að sjá. Svo reka menn hér upp ramakvein yfir þessu eins og grátkonur í Ísrael, að það sé verið að drepa ýsuna.

Við skulum hugsa aðeins til ársins 1970. Hvernig var ástandið hér í hafinu við Ísland nokkur þá undanfarin ár: 1967, 1968 og 1969? Afar erfið ár fyrir sjávarlífið kringum Ísland. Þau voru mjög köld. Það var talað um kalárin í sjónum. Norðlendingar minnast þess og við allir. Það kom niður á öllum afla, öllu ungviði. Skyldi nokkur þurfa að vera undrandi á því, þó það sé ekki gráðug ýsa í flóanum eftir slík ár.

Svo er enn annað sem ég held að menn hafi gleymt og hefur sjálfsagt haft miklu meiri áhrif á ýsustofninn heldur en þessi svokallaða uppeldisstöð í Faxaflóa, sem er orðalag sem hæfir best Heimilistímanum eða einhverju öðru, en ekki fiskifræði eða umræðum um sjávarútvegsmál. Það er kapítuli út af fyrir sig að athuga orðfærið hjá postulunum.

Á síldarárunum og eftir hin miklu síldarár höfðu aflamennirnir á síldarbátunum það fyrir sið margir hverjir að drepa ýsu í nót. Þið skuluð athuga hvers konar veiðarfæri það er. Það er veiðarfæri sem er nú kannske tæpur km á lengd og ætli það sé ekki eins og tveir Hallgrímskirkjuturnar á dýpt. Þessi veiðarfæri voru notuð til þess að veiða ýsu við suðurströndina, mörg hundruð tn., þúsundir tonna, og úr þeim sleppur ekki neitt. Þar er möskvinn ekki 155 mm, heldur örfáir millimetrar, kannske fimmtán. Mér er ekki grunlaust um að þær veiðar hafi haft býsna drjúg áhrif á ýsustofninn, enda hefur hann gengið í bylgjum og verið neðarlega víðar en í Faxaflóanum þar sem menn hafa aldrei kastað dragnót í sjó. Það er ekki hægt að fara víða í flóanum til þess að ná afla með dragnót. Langmestur hluti flóans er verndaður af náttúrunnar hendi eins og ég sagði.

Mönnum hefur orðið nokkuð tíðrætt um möskvastærðina, 170 mm. Það er rétt að menn ákváðu að hafa í tilraunaveiðunum 170 mm. Það var ekki ákveðið hér. Lögin um fiskveiðar í landhelginni fjalla ekki um möskvastærð, slík ákvæði eru ákveðin í reglugerð. En það kom í ljós, þegar menn höfðu reynt nokkra stund að veiða kola og þá einhvern annan fisk væntanlega í þessa dragnót með 170 mm möskva, að það fékkst ekkert í hana, ósköp einfaldlega vegna þess að möskvinn var allt

of stór til þess að fiska með. Hann var of stór. Og ég held að það sé fráleitt að ætla að menn hafi farið niður í 155 mm af einhverjum illum hvötum. Þetta voru tilraunaveiðar og það þýðir ekki að gera tilraunir með veiðarfærum sem engin leið er að ná neinu í. Svo einfalt er málið. (Gripið fram í.) Þetta hlusta kolafriðunarmenn auðvitað ekki á fremur en annað og mér er svo sem alveg sama.

En orðalag eins og það að sleppa dragnótinni lausri, það er svo sem ekki í takt við frvgr. Það er ekki verið að sleppa henni lausri. Það á að láta takmarkaðan fjölda báta stunda þessar veiðar undir eftirliti. Og það er ekki rétt sem hv. 1. þm. Vesturl. sagði, að Hafrannsóknastofnunin ætti að útbýta þessum veiðileyfum og skera úr hver ætti að veiða og hver ekki. Það hefur verið fellt burt úr frv. meira að segja að hún ætti að ákveða bátafjöldann, enda er það ekki fiskifræðilegt atriði hversu margir bátar drepa fisk, heldur hversu mikið er drepið af honum samtals. Það er málið. Það eru stjórnvöld auðvitað sem eiga að taka slíkar pólitískar ákvarðanir, en ekki fiskifræðingar. Það kemur þeim ekkert við, það er ekki í þeirra kokkabókum.

Það er jafnfráleitt að nota orðalag af þessu tagi eins og að það sé verið að opna flóann. Það er alls ekkert um það að ræða. Það er aðeins verið að tala um að láta nokkra báta veiða tiltekið magn í Faxaflóanum. Og þar verður haft eftirlit. Það er ekki mikill vandi að hafa eftirlit með því. Víða er hægt að svindla í þessum efnum, en ég tel að það sé ansi erfitt að gera það í sambandi við þessar veiðar. Það er áreiðanlega mjög erfitt. Allt hitt svindlið, sem við þekkjum, er auðveldara að eiga við.

Herra forseti. Ég vil aðeins segja það að lokum, að ég vona að við getum fengið leyfi til þess að veiða þennan fisk á sem hagkvæmastan hátt og auk þess að við getum fengið leyfi til þess með tímanum og vonandi sem fyrst að veiða þykkvalúruna við Suðurland. En til þess að geta náð henni þar dugar okkur ekki dragnót með 155 mm möskva. Hún þarf að vera með smærri möskva. Hún tollir alls ekki í snurvoð með 155 mm möskva. Um þetta mætti auðvitað halda langar ræður og fara áfram og aftur á bak með þær röksemdir allar sem fram hafa komið í málinu. En ég held að það sé óþarfi að marglesa þetta yfir þm., þeir hafa flestir áttað sig á þessu. Hinir verða víst jafnnær hvort sem ég tala hér í fimmtán mínútur eða sextíu.

Jósef H. Þorgeirsson: Herra forseti. Ég var að vonast til að 1. landsk. kæmi frá Strasbourg til þess að taka þátt í þessum umr. En svo mun ekki vera.

Það er oft undarlegt að hlusta á ræðuhald 4. þm. Suðurl. um dragnót. Hann ásakar þá, sem mæla á móti dragnót, um að þeir séu meðlimir í einhverjum sértrúarsöfnuði og þeir hafi þóst hafa fundið hinn eina sannleika, sem eigi sér þó enga stoð í vísindalegum rökum eða vísindalegum þankagangi sem hv. 4. þm. Suðurl. telur að hann einn hafi tamið sér af mikilli snilld.

Við skulum fara yfir þetta mál í örstuttu máli enn þá einu sinni.

Skoðanir þeirra manna, sem mæla gegn því að leyfðar séu dragnótaveiðar í Faxaflóa, eru byggðar á reynslu, — ekki aðeins reynslu örfárra manna og ekki reynslu til örfárra ár, þetta er niðurstaða af áratugareynslu sjómanna við Faxaflóa. Þegar Faxaflóa var lokað á árinu 1952 var svo komið að í flóanum var næstum ördeyða. En fljótlega eftir lokunina 1952 fór aflagegnd í flóanum vaxandi og ýsuafli í Faxaflóa fór stöðugt vaxandi allt til þess að flóinn var aftur opnaður fyrir dragnótaveiðum á árinu 1960. Á árinu 1962 dró úr ýsuaflanum í Faxaflóa og hann minnkaði árlega allt til ársins 1971, en þá var flóanum aftur lokað fyrir dragnótaveiðum. Eftir 1971 hefur ýsuaflinn í Faxaflóa vaxið á svo til hverju einasta ári. Það eru einmitt þessi rök og þessi reynsla sem hefur sannfært menn um að dragnót í Faxaflóa er hættulegt veiðarfæri, spillir flóanum og spillir uppeldisstöðvum nytjafiska. Þess vegna er það að menn víðs vegar við Faxaflóa eru andstæðir því, að dragnótaveiðar séu leyfðar í flóanum. En sjútvn. þessar deildar hafði ekkert fyrir því að kynna sér skoðanir manna sem hafa hagsmuni af því að stunda veiðar við Faxaflóa. Þetta frv. um dragnótaveiðar var ekki sent til umsagnar, ekki einum einasta aðila. Og það eitt út af fyrir sig er ákaflega ámælisverð vinnubrögð að senda ekki frv. til umsagnar hjá sveitarfélögum og félagasamtökum sem eiga mikilla hagsmuna að gæta í sambandi við dragnótaveiðar. Hins vegar hafa margir af þessum mönnum, sem hagsmuna hafa að gæta, látið í sér heyra, og það liggja hér í lestrarsalnum bunkar af mótmælum gegn þessu frv. Þau mótmæli eru öll af hálfu manna sem hafa hagsmuni af því, hafa lífshagsmuni af því að geta stundað veiðar í Faxaflóa.

Hv. 4. þm. Suðurl. benti mönnum nokkrum sinnum í ræðu sinni á að lesa frvgr., við ættum að lesa það að frv. fjallaði eingöngu um að veiða skarkola. Manni skildist á honum að af því að þetta orðalag væri í frv. væri tryggt að enginn annar fiskur kæmi í þetta veiðarfæri, auðvitað mundu fiskarnir haga sér eftir því hver textinn væri í lagagreininni. En ég hef vikið að því áður úr þessum ræðustól, að því miður haga fiskarnir sér ekki þannig. Þeir fiskar, sem verða á vegi dragnótarinnar, fara í dragnótina og skipið, sem dregur dragnótina, kemur með þessa fiska að landi, enda er það svo, að það fer alfarið eftir árstíma og fiskigegnd hvaða afli kemur í dragnótina. Ég gat um það við 2. umr. þessa máls, að t. d. í júlímánuði veiðist óvenjulegt magn af þorski í þetta veiðarfæri og svo mikið að u. þ. b. þriðjungur af aflanum í júlímánuði var þorskur. Þessi þorskur virðist sem sagt ekki hafa farið að ráðum hv. 4. þm. Suðurl. og ekki lesið frvgr. sem kveður á um að aðeins skarkoli eigi að fara í dragnót.

Ég sé ekki ástæðu til að lengja þessar umr. Ég vil aðeins undirstrika það, að þeir, sem mæla á móti dragnótaveiðum í Faxaflóa, gera það vegna þess að reynslan hefur kennt okkur að dragnótin er stórhættulegt veiðarfæri einmitt hér í Faxaflóa. Hún hefur spillt fiskislóðum í Faxaflóa og fiskgegnd aftur og aftur. Fyrir því er margendurtekin reynsla. Þess vegna eigum við að greiða atkv. á móti því að heimila dragnótaveiðar í Faxaflóa. Við eigum ekki að setja í hættu hagsmuni þess mikla fjölda manna sem stunda smábátaútgerð frá Faxaflóa og vinnur við afla sem litlir bátar koma með að landi hvarvetna við flóann. Það eru þessir hagsmunir sem eru settir í hættu ef dragnótaveiðar eru leyfðar í Faxaflóa, og þeir hagsmunir eru miklu víðtækari en hagsmunir þeirra manna sem e. t. v. fá leyfi til að stunda dragnótaveiðar í Faxaflóa á fjórum til sjö bátum.

Frsm. minni hl. (Karvel Pálmason): Herra forseti. Hv. þm. Garðar Sigurðsson ræddi hér nokkuð um þetta mál, og það má raunar segja að kjarni hans máls væri sá að

hann segði: Við eigum að halda okkur við staðreyndir og náttúran sjálf verndar flóann.

Ég tek undir með hv. þm. þegar hann segir að við eigum að halda okkur við staðreyndir. Og hverjar eru staðreyndirnar í þessu máli? Það er staðreynd, að meðan Faxaflóinn var opinn fyrir dragnót var komið á það stig að það var orðinn algjör örddeyða í flóanum. Strax og lokað var fyrir dragnót tók þegar að bera á því að fiskur gengi í flóann og afli glæddist. Þetta eru þær staðreyndir sem eru óvefengjanlegar hvað sem fiskifræðingar eða aðrir talsmenn þess að opna fyrir dragnót segja. Þetta eru þær staðreyndir sem ekki verður gengið fram hjá.

Hv. þm. sagði líka: Náttúran sjálf verndar flóann. — Hefur náttúrulíf í flóanum eitthvað breytst núna á þann veg að náttúran sjálf komi í veg fyrir að dragnótin gjöreyði öllu lífi í flóanum. Hún gerði það meðan það var leyft að vera með hana þar, og án þess að ég viti mikið um sjávarlíf og sjávargróður í Faxaflóa hef ég ekki trú á að nokkuð hafi breyst þar þannig af náttúrunnar hálfu að hún sé betur til þess fær núna að vernda flóann og uppeldisstöðvar fisks þar heldur en hún var áður, meðan dragnótin gjöreyddi öllu lífi þar. Eina ráðið til þess að það verði fiskur í flóanum er því að draga úr dragnótaveiðum og loka honum fyrir dragnótaveiðum.

Ýmislegt í tali hv. þm. Garðars Sigurðssonar áðan og raunar fyrr um þessi mál minnti mig á að það er staður sem þeim hv. þm. er mjög hugleikinn, a. m. k. oft og tíðum, Vestmannaeyjar, þar sem margir hverjir vilja geta stundað dragnótaveiðar upp í kálgarða og hafa gert lengi. Garðar er einmitt talsmaður þess hóps í þjóðfélaginu sem vill helst geta komist upp í kálgarða með dragnót. Það er það sjónarmið sem hann er að innleiða hér á Alþingi og að Alþingi eigi að fara eftir.

Það er alveg öruggt mál, að þó að sumum hverjum og þar með hv. þm. Garðari Sigurðssyni þyki ekki stórt skref stigið með þessu frv., þá er með þessu frv. verið að stíga byrjunarskref til rányrkju í flóanum. Það er verið að opna leiðina til þess að ganga enn þá lengra næst og stunda þar með rányrkju eins og hún var stunduð þegar verst gegndi. Og það er annað með þetta frv. eins og allt of mörg frv. hér á Alþingi, að tiltölulega saklaus kannske og lítill lagatexti er í frv., en síðan á útfærslan að vera í reglugerð í höndum embættismannanna sem eiga að ráða ferðinni. Það hefur sýnt sig að í mörgum tilvikum fara reglugerðir þvert á það sem löggjafinn eða lögin ætlast til. Það er þetta sem ég held að þingmenn og Alþingi þurfi að fara að gefa frekari gaum en gert hefur verið. Lagatextinn sjálfur er orðið lítið brot af því sem síðar kemur úr höndum embættismanna til útfyllingar í reglugerðum og er orðið allt of mikils ráðandi með framkvæmd og stjórnun mála í landinu, en ekki lögin sem slík. Þetta er einn anginn af því að Alþingi og alþm. eru í æ ríkari mæli að afsala sér því valdi, sem Alþingi á að hafa, í hendurnar á embættismönnum til þess að ráðskast með það að eigin geðþótta. Af því er nóg komið.

Ég tek undir það sem þeir hafa sagt hér, nokkrir hv. þm.: Í þessu tilviki eru það sporin sem hræða. Við höfum staðreyndirnar fyrir augum og það er það sem menn eiga að sjálfsögðu að taka tillit til, það eru staðreyndir þeirra mála sem fyrir liggja. Ég trúi því ekki, að hv. þm. Garðar Sigurðsson, jafnvel hann, jafnvel hv. þm. Garðar Sigurðsson, sé ánægður með að í þessu tilfelli gangi Hafrannsóknastofnunin þvert á þann vilja sem Alþingi hefur lýst yfir í málinu. Ég trúi því ekki, að hann sé samþykkur því að Hafrannsóknastofnun leggi blessum sína yfir veiðarfæri sem er með 155 mm möskvastærð þegar á að nota 170 mm möskvastærð. Það er þetta sem hefur gerst. Og þetta er líka til þess að hræða menn í því að opna um of dyrnar, jafnvel upp á gátt, fyrir því að þessir herrar í sérfræðingastétt ráði svo til öllu um meðferð eða gang mála þó að það sé beinlínis í andstöðu við það sem Alþingi vill.

Ég held að þm. ættu að fara að gefa meiri gaum að því að taka málin í eigin hendur og ráða þeim, en ekki veita sérfræðingum og embættismönnum í kerfinu allt það vald sem þeim hefur nú þegar verið veitt og mér sýnist vera ætlunin að veita þeim í æ ríkara mæli, t. d. með þessu frv. Ég skal ekki, herra forseti, hafa fleiri orð um þetta. En ég vona að þó að allt of margir hv. þdm. hafi glapist til þess við atkvgr. við 2. umr. þessa máls að ljá þessu máli fylgi, þá hafi þeir nú séð að sér, hugleitt málið betur, sannfærst um að hér er verið að stíga óheillaspor ef þetta frv. verður samþykkt, spor sem verður erfitt að taka til baka og þar með erfitt að koma í veg fyrir að enn frekari rányrkja verði viðhöfð á þessu svæði en þó þegar hefur verið framkvæmd.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 97. fundur.

Miðvikudaginn 13. maí, kl. 2 miðdegis.

Ríkisborgararéttur, frv. (þskj. 807). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Dýralæknar, frv. (þskj. 808). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Tímabundið innflutningsgjald á sælgæti og kex, frv. (þskj. 37, n. 812 og 813). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Guðmundur Bjarnason): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. Ed. hefur fjallað um frv. til l. um sérstakt tímabundið innflutningsgjald á sælgæti og kex, sem er 36. mál Nd. Frv. þetta er til staðfestingar á brbl. sem gefin voru út 5. sept. 1980. Meiningin með frv. er verndun á þessum iðnaði.

Nefndin fjallaði um frv. og klofnaði í afstöðu sinni til þess. Undirritaðir nm. mæla með samþykkt frv. Minni hl. skilar séráliti. Fjarverandi afgreiðslu málsins í n. voru hv.

nm. Gunnar Thoroddsen og Ólafur Ragnar Grímsson, en undir þetta nál. skrifa Guðmundur Bjarnason, Kjartan Jóhannsson og Davíð Aðalsteinsson.

Frsm. minni hl. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Eins og fram kom í framsöguræðu hv. þm. Guðmundar Bjarnsonar varð ekki samkomulag um þetta mál í nefndinni. Málið er þannig til komið að hæstv. núv. ríkisstj. gaf út brbl. sem heimiluðu sérstakt tímabundið innflutningsgjald á sælgæti og kex, undir því yfirskini að verið væri að vernda innlendan iðnað á þessu sviði. En þegar til þings var komið á s. l. hausti fann hæstv. ríkisstj. út að þessi iðnaður væri vel á vegi staddur og lagði á hann sérstakan skatt. Þetta er því einn liður í þeim gegndarlausu álögum sem hæstv. núv. ríkisstj. hefur viðhaldið frá fyrri vinstri stjórnum og verður að skoðast sem bein fjáröflunarleið, en ekki til þess fyrst og fremst að stuðla að bættum hag þessarar iðngreinar.

Það mætti náttúrlega segja eitt og annað um þetta atriði, en ég ætla ekki að fara að fjölyrða um það þó að ástæða væri til. Hér er um fáheyrt mál að ræða, jafnvel þótt tekið sé mið af núv. hæstv. ríkisstj. Hún grípur til aðgerða sem hún segir að séu til stuðnings þessari ákveðnu iðngrein, en síðan leggur hún sérstakan skatt á sömu iðngrein sem íþyngir henni mjög. Hvort tveggja þetta, bæði innflutningsgjaldið og skatttekjurnar af þessum sérstaka skatti, er einvörðungu fjáröflun í ríkissjóð, en ekki er einu sinni um það talað að þetta fé skuli sérstaklega renna til að efla iðnþróun í landinu, eins og var t. d. með aðlögunargjaldið, en alla vega var það látið í veðri vaka, þó að það fé yrði seint notað og nýttist því illa í þeirri verðbólgu sem við búum við.

Herra forseti. Með því, sem ég hef sagt um þetta mál, vil ég ítreka það sem kemur fram í nál. okkar, að við erum andvígir þessu máli og mælum með því að frv. verði fellt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9:6 atkv.
2.—7. gr. samþ. með 10:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9:3 atkv.

Tilraunastöð Búnaðarsambands Suðurlands, frv. (þskj. 631). — 1. umr.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta hefur hlotið afgreiðslu hv. Nd. og var samþykkt þaðan óbreytt eins og það var lagt fram. Frv. fjallar um Tilraunastöð Búnaðarsambands Suðurlands og Rannsóknastofnunar landbúnaðarins að Stóra-Ármóti í Flóa. Það felur í sér sem meginstefnu að landbrh. er heimilt að semja um rekstur á Tilraunastöð Búnaðarsambands Suðurlands og Rannsóknastofnunar landbúnaðarins á þessum stað.

Á undanförnum áratugum hefur verið rekin tilraunastöð að Laugardælum í Flóa af Búnaðarsambandi Suðurlands. Þessi stöð hefur verið rekin af miklum myndarskap og hefur sinnt fjölþættum verkefnum sem rakin eru í grg. þessa frv. Laugardælir eru í eigu Kaupfélags Árnesinga og er leigusamningur þar útrunninn að fáum árum liðnum. Það getur auðvitað vel verið að unnt sé að endurnýja þann samning, en þó virðist að ekki sé framtíðarsvæði fyrir Tilraunastöð Búnaðarsambands Suðurlands á þessum stað vegna þess að Laugardælir eru að falla inn í þétta byggð Selfosskaupstaðar. Það er hins vegar svo, að hvað eftir annað hafa verið gerðar tilraunir til þess af hálfu Búnaðarsambandsins að fá þessa jörð keypta, en það hefur ekki tekist.

Á síðasta ári var jörðin Stóra-Ármót í Flóa, sem er nágrannajörð Laugardæla, gefin Búnaðarsambandinu og stendur til að Búnaðarsambandið flytji starfsemi sína frá Laugardælum að Stóra-Ármóti. Eignir Búnaðarsambandsins í Laugardælum eru verulegar. Það mun hvíla að sjálfsögðu sú skylda á eiganda Laugardæla að kaupa þessar byggingar og þessi mannvirki þegar tilraunstöðin verður flutt, og þeir fjármunir, sem þaðan fást, munu renna til þess að koma upp nýjum byggingum og nýrri aðstöðu fyrir tilraunastöðina að Stóra-Ármóti.

Það er greint frá því í þessu frv., að Rannsóknastofnun landbúnaðarins muni taka þátt í rekstri þessarar tilraunastöðvar fyrir hönd ríkisins að því marki að þar verði ráðnir tveir starfsmenn, sérfræðingur og tilraunamaður, sem verði launaðir af Rannsóknastofnun landbúnaðarins og þar með af ríkissjóði. Engin önnur þátttaka ríkisins er ákveðin í rekstri þessarar tilraunstöðvar. Að öðru leyti er svo kveðið á, að framlög ríkisins til fjárfestinga og rekstrar umfram það, sem hér hefur verið greint, verði ákveðin á fjárlögum hverju sinni.

Á undanförnum árum hefur Tilraunastöð Búnaðarsambands Suðurlands í Laugardælum fengið lítils háttar styrk á fjárlögum og má vænta þess að svo verði áfram. En ég tel að það sé mjög heppilegt að styðja að því, að þessi tilfærsla geti orðið og átt sér stað, og styðja að því, að Búnaðarsamband Suðurlands geti flutt tilraunastarfsemi sína frá Laugardælum yfir að Stóra-Ármóti. Það er einnig heppilegt form að minni hyggju að þátttaka ríkisins í slíkum tilraunastöðvum beinist í það horf að heimamenn hafi þar verulega ábyrgð á rekstri og fjárfestingu og njóti til þess stuðnings hins opinbera. Að því stefnir þetta frv. og hygg ég að það sé stefna sem væri athugandi að færa út yfir tilraunastarfsemi víðar um landið enda þótt gera verði sér grein fyrir því, að Búnaðarsamband Suðurlands er mun öflugra og hefur þannig meiri fjárhagslega möguleika en önnur búnaðarsambönd á landinu.

Ég sé ekki ástæðu til þess, herra forseti, að fjalla um þetta frv. í löngu máli. Það hefur verið, eins og áður sagði, afgreitt óbreytt og samhljóða af hv. Nd. og ég vænti þess að hv. Ed. sjái sér einnig fært að afgreiða þetta mál nú fyrir þinglok.

Að svo mæltu leyfi ég mér að óska eftir því, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Eftirlaun til aldraðra, frv. (þskj. 459, n. 754, 755, 766). — 2. umr.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Heilbr.- og trn. þessarar hv. deildar hefur fjallað um frv. til l. um

breyt. á lögum nr. 97 1979, um eftirlaun til aldraðra. Nefndin mælir með samþykkt frv. ásamt þeim brtt. sem hún flytur á sérstöku þskj. Hins vegar skal það tekið fram, að það var ágreiningur í n. vegna fjármögnunar þessa kostnaðar sem samþykkt frv. hefur í för með sér. Því varð niðurstaðan að einstakir nm. áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. um málið. Þeir hv. alþm., sem hafa fyrirvara, eru hv. þm. Karl Steinar Guðnason og hv. þm. Salome Þorkelsdóttir. Þessir fyrirvarar eru fyrst og fremst, eins og ég hef getið hér og stendur í nál., um það, með hvaða hætti þessi útgjaldaauki verður fjármagnaður.

Ég vil þá leyfa mér að gera grein fyrir brtt. sem öll n. flytur á þskj. 755. Að mínum dómi skýra þessar brtt. sig að nokkru leyti sjálfar. Ég ætla að fara yfir þær.

Fyrsta brtt. hljóðar svo:

„Á undan 1. gr. komi ný grein, sem verði 1. gr. og orðist svo:

Aftan við 11. gr. laganna bætast þrjár nýjar mgr., er orðist svo:

Nú telur umsjónarnefnd eftirlauna, að störf, sem umsækjandi um ellilífeyri eða látinn maki umsækjanda um makalífeyri hefur stundað á tímabilinu 1970—1980, hafi verið tryggingarskyld samkv. 5. gr. laganna, en iðgjöld hafa þó ekki verið greidd af þeim til lífeyrissjóðs, og skal þá reikna hlutaðeigandi rétt samkvæmt þessum kafla er svarar til 60% þeirra tekna sem um ræðir, þó aldrei meira en 0.6 stig hvert einstakt ár.

Ákvæði 5. mgr. skulu gilda á hliðstæðan hátt, ef réttindi samkv. I. kafla hafa glatast vegna endurgreiðslu iðgjalda, sem átt hefur sér stað á tímabilinu frá 19. maí 1969 til 22. júní 1977. Telji hlutaðeigandi lífeyrissjóður, að endurgreiðslan hafi komið í stað bótagreiðslu, og sé hann reiðubúinn að taka á sig skuldbindingar í samræmi við iðgjaldagreiðslurnar, er umsjónarnefnd þó heimilt að úrskurða lífeyri samkv. I. kafla í samræmi við þær.

Frá og með 1. jan. 1981 verði réttindi samkv. þessum kafla einungis áunnin með iðgjaldagreiðslum til lífeyrissjóða."

Brtt. 2: „Á undan 1. gr. komi ný grein, sem verði 2. gr. og orðist svo:

Á eftir 1. mgr. 16. gr. laganna komi ný mgr., svohljóðandi:

Nú upplýsir lífeyrissjóður, sem afgreiðir umsókn samkv. I. kafla, að réttindatími sé á sviði fleiri en eins lífeyrissjóðs, og getur þá umsjónarnefnd að beiðni sjóðsins úrskurðað um skiptingu greiðslna milli hlutaðeigandi sjóða, en gefa skal hún hlutaðeigandi sjóðum kost á að láta í ljós álit sitt áður en úrskurður er kveðinn upp."

Brtt. 3: „Á undan 1. gr. komi ný grein, sem verði 3. gr. og orðist svo:

„1. tölul. 1. mgr. 25. gr. laganna falli niður."

Brtt. 4: „Í stað 2. gr. komi ný grein, sem verði 5. gr. og orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 2. gr. um réttindi vegna tímabilsins 1970-1980 skulu gilda frá 1. jan. 1980 að telja."

Áður en lengra er haldið í þessu efni vil ég taka fram að ég mun ekki taka langan tíma af fundinum í þetta mál.

Ég vil vekja athygli á því, að samkvæmt útskýringum með frv. er getið um útgjöld árið 1981 samkvæmt I. kafla laga um eftirlaun til aldraðra og þá útgjaldaaukningu sem samþykkt frv. mun hafa í för með sér. Að gefnu tilefni vil ég taka það fram, að útgjaldaaukningin vegna þessarar þriggja stiga hækkunar er í stað 820 millj., eins og stendur þarna í frv., 1 milljarður og 83 millj. gkr. Ég vildi að þetta kæmi fram.

Vegna brtt. skal það tekið fram að þær eru gerðar í nánu samráði við umsjónarnefnd eftirlauna og í samráði við heilbr.- og trmrn. og eins og tekið var fram áðan og hefur komið fram er einhugur um þær. Umsjónarnefnd eftirlauna hefur kynnt þessar brtt. endurskoðunarnefnd lífeyriskerfisins og átta manna lífeyrisnefnd Alþýðusambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna.

Í 1. lið brtt. er kveðið svo á að menn geti öðlast nokkurn rétt samkvæmt lögunum fyrir tímabilið 1970-1980, jafnvel þótt ljóst sé að þeim hefur borið að greiða iðgjöld og áunnið sér með því rétt samkvæmt I. kafla laganna. Reynslan hefur sýnt að skilin á milli I. og II. kafla laganna geta verið afar óglögg þar eð starfssvið sumra verkalýðsfélaga er ekki skýrt afmarkað og verkalýðsfélögum og lífeyrissjóðum þeirra hefur gengið misvel að ná til þess fólks sem ætti að vera innan vébanda þeirra. Er því lagt til að jafnan verði veitt réttindi sem nokkurn veginn svara til þess iðgjaldahluta sem vinnuveitandi hefði átt að greiða. Til samræmis þykir enn fremur rétt að hliðstæð regla gildi ef endurgreiðsla iðgjalda hefur átt sér stað á tímabilinu frá 19. maí 1969 til 22. júní 1977, og gildir þá síðari dagsetningin gagnvart réttindamissi bæði samkvæmt I. og II. kaflanum.

Með lögum nr. 55 1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingar lífeyrisréttinda, var komið á almennri skyldu manna til að greiða iðgjöld af atvinnutekjum sínum til lífeyrissjóða. Með hliðsjón af því er lagt til að frá og með árinu 1981 verði réttindi samkv. lögum um eftirlaun til aldraðra einungis áunnin með iðgjaldagreiðslum til lífeyrissjóða.

Með skyldutryggingunni er enn fremur fallin brott forsendan fyrir því að leggja gjald á þá launaskattsgreiðendur sem vinna við eigin atvinnurekstur eða stunda sjálfstæða starfsemi og eru ekki í lífeyrissjóði, og er því lagt til að 1. tölul. 1. málsgr. 25. gr. laganna falli niður.

Ákvæðið um að skipta megi milli sjóða skuldbindingum þeim, sem með lögunum eru lagðar á þann sjóð er afgreiðir umsókn samkvæmt I. kafla, getur talist eðlilegt þar eð þeim málum fer fjölgandi þar sem slík skipting á við.

Ég lít svo á að ekki þurfi að hafa um þetta fleiri orð. En vegna þeirrar niðurstöðu í hv. heilbr.- og trn. að gera ekki sameiginlegar brtt. um með hvaða hætti þetta verður fjármagnað vil ég geta þess, að á fund heilbr.- og trn. komu fulltrúar Atvinnuleysistryggingasjóðs og höfðu uppi þau orð að e. t. v. hefði ekki verið gert ráð fyrir því í þeirra eyru við samningaborð á liðnu hausti að Atvinnuleysistryggingasjóður tæki á sig þessar greiðslur. Þeir vildu halda því fram að þetta væri gert samkvæmt einhliða yfirlýsingu ríkisstj.

Þrátt fyrir þessi varnaðarorð var ekki samstaða um þessi efni í n. og niðurstaðan var sú sem ég hef getið um áður, að einstakir nm. áskilja sér rétt til að flytja um þennan hátt brtt.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Sú breyting, sem hér er lögð til, er þýðingarmikil og er til komin með samningum verkalýðshreyfingarinnar við ríkisvaldið,

eins og yfirleitt allar úrbætur sem eiga sér stað í tryggingamálum. Frumkvæðið kemur ekki annars staðar frá. Hitt er annað, að í frv. til l. um þessi mál er kveðið á um að fólk í verkalýðshreyfingunni eigi sjálft að borga þetta úr eigin sjóði. Á það getum við ekki fallist, hvorki Alþfl. né verkalýðshreyfingin og ekki heldur aðrir landsmenn sem ég hef rætt við um þessi mál. Við teljum að ríkissjóður eigi að greiða þetta.

Verkalýðshreyfingin barðist allmikið fyrir því að greiðslum vegna fæðingarorlofs yrði létt af Atvinnuleysistryggingasjóði og átti samleið með Alþb. og Alþfl. í baráttunni fyrir því, að það yrði af tekið. Í samningunum síðustu varð niðurstaðan að aflétta því, en svo er komið aftan að okkur með því að leggja þessar byrðar á sjóðinn í staðinn.

Ég og Salome Þorkelsdóttir höfum ákveðið að leggja til, að sú breyting verði á lagatexta að út verði tekið að þetta skuli borið uppi af Atvinnuleysistryggingasjóði, en í staðinn komi að þessi úrbót skuli borin uppi af ríkissjóði. Hvers vegna skyldum við gera þetta? Hvers vegna skyldi okkur vera svo sárt um að Atvinnuleysistryggingasjóður greiði þetta? Það er vegna þess að greiðslugeta Atvinnuleysistryggingasjóðs er alveg í núlli og hann getur ekki komið til aðstoðar þegar vanda ber að höndum hjá atvinnufyrirtækjum, og er það mikil afturför frá því sem áður var. Áður var þannig að málum staðið að Atvinnuleysistryggingasjóður gat lánað til fyrirtækja væru þau í vanda stödd og atvinnuöryggið væri að bresta, en nú getur hann það ekki nema að mjög litlu leyti.

Það vildi til í gær að það komu til okkar þm. Reykn. forsvarsmenn stórs fyrirtækis á Suðurnesjum. Var okkur tilkynnt að þeir yrðu að loka fyrirtækinu næstu daga fengju þeir ekki fyrirgreiðslu til að halda rekstri áfram. Þetta er fyrirtæki sem hefur 200 manns í vinnu. Fyrst spurðu þeir einmitt um hvort þeir gætu ekki fengið aðstoð úr Atvinnuleysistryggingasjóði, en var auðvitað svarað neitandi því að þar er ekkert til. Ef þetta dæmi hefði komið upp fyrir 10 árum hefðu þeir átt aðgang að Atvinnuleysistryggingasjóði og getað fengið aðstoð til að greiða úr vanda sínum því að sjóðurinn var á margan hátt eins og annar byggðasjóður — annar sjóður til að koma í veg fyrir atvinnuleysi, en það er eitt hlutverkið sem hann hefur.

Við leggjum afskaplega mikla áherslu á að menn samþykki þetta og hjálpi þannig til að varðveita Atvinnuleysistryggingasjóð og varðveita atvinnuöryggið í landinu. Okkur þykir það út í hött, að jafnhliða því sem fæðingarorlof er tekið út úr Atvinnuleysistryggingasjóði séu lagðar á hann jafnþungar byrðar af öðrum toga.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Lyfjadreifing, frv. (þskj. 675). — Frh. 1. umr.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Það mun vera í þriðja skiptið sem frv. til laga um lyfjadreifingu er lagt fyrir Alþingi. Þetta frv. er nokkuð breytt frá þeim frv., sem lögð voru fyrir síðustu tvö þing, og er sumpart um nokkrar breytingar að ræða til bóta frá þeim frumvörpum. Það er ekki ætlunin, eftir því sem ég fæ komist næst, að afgreiða þetta mál á þessu þingi, og kannske ekki ástæða til að fjölyrða um það hér, sérstaklega þar sem þetta mál mun sennilega koma til n. sem ég á sæti í að óbreyttu. Ég vil þó mega gera örstuttar aths. við þetta frv. og þá stefnu sem í því felst.

Í frv. felast mjög mikilvægar stefnumarkandi breytingar og allar þeirra eða flestar eru í þá átt að auka afskipti ríkisins af lyfjadreifingu og auka bein afskipti Lyfjaverslunar ríkisins af lyfjadreifingu. Hér er sem sagt um að ræða ríkisafskiptastefnu og ég held að hún sé því miður, bæði í þessu efni og öðrum, ekki af hinu góða, enda auka sum ákvæði þessa frv. sjáanlega á milliliðakostnað við dreifingu lyfja í landinu.

Í 3. gr. þessa frv. er gert ráð fyrir að það megi veita einstaklingum, Lyfsölusjóði og Háskóla Íslands lyfsöluleyfi, en ekki nægjanlega skýrt tekið fram að meginreglan skuli vera að lyfsöluleyfi verði veitt einstaklingum og séu á ábyrgð einstaklinga. Í 38. gr. er mjög aukið á verksvið Lyfjaverslunar ríkisins og Lyfjaverslunin gerð þar að aukamillilið. Í 39. gr. er nánast gert ráð fyrir að skerða viss grundvallarmannréttindi, þ. e. að ákveðnir hópar fólks megi ekki eiga hlutabréf í ákveðnum fyritækjum. Ég held að það sé algert nýmæli í íslenskri löggjöf ef 39. gr. verður samþykkt eins og hún er.

Í frv. úir og grúir af ákvæðum um að Lyfjaverslun ríkisins skuli gera þetta og hitt. Eins og ég hef þegar drepið á er með þessu verið að treysta Lyfjaverslun ríkisins í sessi, auka afskipti hennar af lyfjadreifingu í landinu og þar með afskipti hins opinbera af þeirri þjónustu sem lyfjadreifing er. Yfirleitt er Lyfjaverslun ríkisins gerð miklu atkvæðameiri með þessu frv. en er í dag. T. d. er kveðið svo á að hún skuli annast innkaup lyfja fyrir sjúkrahús nær einvörðungu.

Þá eru mjög mörg ákvæði í þessu frv. um nefndir og ráð. Eitt ákvæðið er um að það skuli vera þriggja manna nefnd sem gefur ráðh. umsögn um veitingu lyfsöluleyfa, en eins og sakir standa er þarna um tveggja manna fagnefnd að ræða, einn maður frá Apótekarafélaginu og einn frá Félagi lyfjafræðinga, að ég hygg, en þetta frv. gerir ráð fyrir að sérstakur eftirlitsmaður rn. verði skipaður í þessa nefnd og verði jafnframt formaður hennar.

Þá er gert ráð fyrir að koma á fót samstarfsnefnd Lyfjaverslunar ríkisins og sjúkrahúsa og apóteka. Þessi nefnd á að hafa hönd í bagga með margvíslegri starfsemi og verða eins konar miðstýringarafl í þessu kerfi.

Herra forseti. Ég sagði áðan að ég teldi ekki ástæðu til að fara um þetta frv. mörgum orðum að þessu sinni þar sem ekki mun ætlunin að það verði afgreitt frá hinu háa Alþingi á þessu þingi. En ég taldi ástæðu til að tíunda nokkur atriði, sem hafa grundvallarþýðingu í mínum huga um stefnuna í þessu frv., og örfá meginatriði, sem ég hef hnotið um við fyrsta yfirlestur. Ég vænti þess, að þetta frv. fái ítarlega meðferð í n. þegar þar að kemur og alla vega verði sniðnir af því verstu agnúarnir ef það verður samþykkt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 12 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 787). — 1. umr.

Flm. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Það frv., sem við þm. Alþfl. í þessari hv. deild flytjum á þskj. 787, fjallar um breytingar á lögum um almannatryggingar og

tilgangur þess er að jafna kostnað af sjúkraflutningum og læknisvitjunum þannig að dreifbýlisfólk í vissum hlutum þessa lands njóti heilbrigðisþjónustu með svipuðum hætti og aðrir eftir því sem unnt er eða a. m. k. að þessu fólki sé ekki íþyngt sérstaklega eins og nú er.

Þær reglur, sem gilda um þessi efni, eru í 43. gr. almannatryggingalaganna, í stafliðum h og i. Í núgildandi ákvæðum segir að óhjákvæðilegan ferðakostnað samlagslæknis til þeirra samlagssjúklinga, sem ekki eru ferðafærir sökum sjúkdóms, skuli greiða ef um lengri vegalengd er að ræða en 10 km á landi eða nota verði skip eða flugvélar við flutningana, hann skuli greiddur að hálfu ef læknir notar eigin farartæki, en ella að 3/4 hlutum. Samkv. þessu greiðir sjúklingur úti á landi t. d. helming af ferðakostnaði læknis sem hann verður að fá til sín í sjúkravitjun, og það getur numið umtalsverðum fjárhæðum. Sá, sem býr í þéttbýli hér á Reykjavíkursvæðinu, greiðir 16 kr., eftir því sem best er vitað, og það innifelur ferðakostnað læknisins. Nú eru þess dæmi úti á landi að samlagslæknir verði að aka 100 km til þess að komast til sjúklinga sem eru ekki ferðafærir sökum sjúkdóms. Ef svo er getur gjaldið, sem sjúklingurinn þarf að greiða fyrir vitjun af þessu tagi, numið 250 kr. eða 25 þús. gkr. Það verður að teljast ansi dýrt fyrir ýmsa, sem læknisþjónustunnar þurfa að njóta, að þurfa að greiða svo háa fjárhæð.

Í i-lið þessarar sömu 43. gr. er fjallað um flutningskostnað sjúks manns á sjúkrahús og þar gilda svipaðar reglur, nefnilega þess efnis í aðalatriðum, að hann greiði fjórðunginn af þeim kostnaði sem af sjúkrafluginu leiðir. En í þessu sambandi er rétt að hafa það í huga, að sjúkraflug t. d. milli Noðurlands, Austurlands og Vestfjarða annars vegar og Reykjavíkur hins vegar mun kosta 3000—5000 kr. fyrir ferðina. Í flestum tilvikum greiðir sjúklingur 1/4 hluta þessa eða allt að 1250 kr. fyrir að komast í sjúkrahús eða 125 þús. gkr. Þó er ekki öll sagan sögð með þessu því að þess eru dæmi, að sjúklingar hafi orðið að greiða allan kostnaðinn, allt að 5000 kr. eða 500 þús. gkr., í sambandi við sjúkraflug af þessu tagi. Þetta felur greinilega í sér mjög mikla mismunun og þá einmitt á því sviði sem síst skyldi því að enginn á auðvitað að þurfa að kvíða því að geta ekki notið sjúkraþjónustu af efnahagslegum sökum. Ég held að það væri athyglisvert fyrir alþm. að bera þessar fjárhæðir, sem hér hafa verið nefndar, 250 kr. fyrir sjúkravitjun, 1250 kr. fyrir sjúkraflug í flestum tilvikum, en allt að 5000 kr., — bera þar saman við ellilífeyrisgreiðslur. Þá held ég að menn hljóti að sjá að þetta geta verið mjög tilfinnanleg og óréttlát útgjöld.

Eins og ég gat um áðan er með frv. þessu gert ráð fyrir að sjúklingur þurfi ekki að bera kostnað af því tagi sem stafar af læknisvitjun í heimahús þegar hann er ekki ferðafær sakir sjúkdóms síns. Þetta er kostnaður sem stafar einungis af því, hversu fjarri sjúklingum samlagslæknirinn býr. Það stríðir vitaskuld gegn eðlilegu jafnrétti að þeir, sem búa við erfiðastar aðstæður til að njóta læknisþjónustu allajafna, skuli gjaldteknir umfram aðra þegar þeir verða að fá læknisvitjun í heimahús af því að þeir eru ekki ferðafærir fyrir sjúkdóms sakir.

Varðandi greiðslu á sjúkraflutningum er það að segja, að ákvæði þeirrar greinar hljóðar svo, að óhjákvæmilegan flutningskostnað sjúks manns í sjúkrahús innanlands skuli greiða að 3/4 hlutum, enda sé flutningsþörf svo bráð og heilsu hins sjúka svo varið að hann verði ekki fluttur eftir venjulegum farþegaflutningsleiðum. Frá kostnaði af þessu tagi dregst þó kostnaður við fyrsta 10 km, ef um er að ræða flutning á landi, og eins er flutningur innanbæjar ekki greiddur með þessum hætti. Síðan segir að sé fylgd nauðsynleg greiðist 3/4 hlutar af fargjaldi fylgdarmanns þótt um áætlunarferð sé að ræða. Ég vil vekja athygli á því, að hér er einungis verið að tala um flutning í sjúkrahús. Síðan kemur seinna ákvæði þessarar greinar og verður að teljast mjög athyglisvert því að þar segir að um kostnað flutnings milli sjúkrahúsa fari eftir því sem kveðið kann að verða á um í lögum um heilbrigðisþjónustu. Þessi lög hafa verið sett áður en lögin um heilbrigðisþjónustu voru sett, en nú vill svo til að í lögum um heilbrigðisþjónustu eru engin ákvæði um þetta efni. Það er þess vegna lítið hald í þessu lagaákvæði. Það er ekkert hald í því. Vegna þessa ákvæðis eða ákvæðisleysis var leitað samkomulags milli sjúkrahúsanna um að það sjúkrahús, sem sendi sjúkling, skyldi greiða flutningskostnaðinn. Það hefur þó komið á daginn að sjúkrahúsin í Reykjavík hafa tregðast við að greiða slíkan kostnað af heimsendingu sjúklinga. Þess vegna eru þess dæmi að sjúklingar hafa orðið að greiða hann að fullu sjálfir. Ég minni hér á þá fjárhæð sem í húfi er: 5000 kr. eða 500 þús. gkr.

En það er fleira í þessum efnum sem rétt er að líta á. Gildandi reglur fela í sér margs konar misrétti og óréttlæti. Tökum sem dæmi að sjúklingur sé fyrst lagður inn á sjúkrahús á Egilsstöðum og síðan fluttur til Reykjavíkur. Þá ber hann engan kostnað af flutningunum. En sá, sem sjúkur verður á Djúpavogi og eins stendur á um, að hann þarf að nýta sjúkraflug, hlýtur að greiða fjórðung af kostnaðinum af því að það er ekkert sjúkrahús á Djúpavogi til að leggja hann fyrst inn á. Þetta er náttúrlega hrópandi óréttlæti. Sjúklingur utan af landi, sem þarf eða óskar að komast heim til sín og verður að nota sjúkraflug af því að hann getur ekki heilsu sinnar vegna notað venjulegar farþegaflutningaleiðir, má allt eins búast við því að bera allan kostnað af sjúkrafluginu, allt að 5000 kr., en Reykvíkingur, sem eins stæði á um, en hefði lent á sjúkrahúsi úti á landi, getur vænst þess að þurfa ekki að bera neinn kostnað. Ferðir um fjallvegi með snjóbílum geta líka orðið ámóta dýrar og sjúkraflug. Sömuleiðis geta flutningar með sjúkrabílum um langar vegalengdir orðið mjög dýrar, t. d. frá Vík í Mýrdal eða Borgarnesi til Reykjavíkur eða frá Reykjavík á þessa staði.

Samkv. því lagafrv., sem við mælum hér fyrir, eru sett lagaákvæði um að allur flutningskostnaður milli sjúkrahúsa sé greiddur af því sjúkrahúsi sem sendir sjúklinginn, nema í þeim innanbæjarferðum sem sjúklingur getur heilsu sinnar vegna notað venjulegar samgönguleiðir. Jafnframt mundi samkv. þessu frv. okkar gilda það sama við heimsendingu sjúklings með sérstöku sjúkraflugi. Og það er náttúrlega kaldhæðni örlaganna að maður, sem ákveður að fara heim til sín, vill fara heim til sín, á ekki frekari úrbóta að vænta á sjúkrahúsi, geti lent í því að þurfa að greiða allan kostnaðinn af heimflutningnum eða heimsendingunni á sama tíma og hann er í rauninni að létta kostnaði af sjúkrahúsakerfinu. Það verður að teljast ótækt með öllu.

Samkv. því frv., sem við flytjum, yrði sjúkraflutningur í sjúkrahús greiddur að fullu af almannatryggingum í stað þess að nú greiðir sjúklingurinn fjórðung af slíkum flutningskostnaði.

Loks gerum við ráð fyrir að fargjald nauðsynlegs

fylgdarmanns yrði sjúklingi að kostnaðarlausu í stað þess, eins og nú er, að sjúklingur greiði fjórðung slíks fargjalds. Það er torvelt að sjá réttlæti þess, að þeir, sem eru svo illa haldnir að þeir verði að hafa fylgdarmann, skuli greiða helmingi meira, eins og nú er, en þeir sem geta farið fylgdarlaust. Í hvoru tveggja tilfelli, þegar verið er að fara á sjúkrahús, er gert ráð fyrir að sjúklingurinn greiði fjórðung og það leggst saman samkv. þeim ákvæðum sem nú eru í gildi. Ég sé ekki að það geti talist neitt réttlæti í þessu.

Enn fremur gerir lagafrv. þetta ráð fyrir að fella niður gjaldtöku af sjúklingi vegna flutnings innanbæjar og á fyrstu 10 km flutningaleiðar, enda setur þetta frv. fram þá meginreglu, að sjúklingar greiði ekki kostnað af ferðum í sjúkraflutningum né heldur að þeir beri kostnað af því að fá til sín lækni, kostnað sem eingöngu stafar af því, hversu fjarri samlagslæknirinn býr sjúklingnum. En varðandi þá meginreglu að sjúklingur greiði ekki kostnað af ferðum í sjúkraflutningum er rétt að benda á að jafnvel þótt sjúklingi yrði gert að greiða fyrir innanbæjarflutning eða fyrstu 10 km væri auðvitað stórt skref stigið í réttlætisátt.

Það er líka rétt að láta það koma fram, að flm. hefur verið bent á að varðandi flutninga á sjúkrahús komi sú regla til álita að almannatryggingar greiði flutningskostnað að því marki sem hann er umfram fargjald með áætlunarferð milli viðkomandi staða, en þó aldrei minna en 3/4 hluta. En við flm. teljum þessa reglu ekki fullnægja þeim réttlætiskröfum, sem eðlilegt sé að gera, og telja verði sanngjarnt að sjúklingur beri engan kostnað af sjúkraflutningum, — kostnað sem eingöngu stafar af því hvar hann er búsettur eða kannske réttara sagt hvar læknisþjónustan hefur verið sett í landinu.

Við flm. teljum að enginn eigi að þurfa að kvíða því vegna efnahags síns að fá ekki notið bestu sjúkraþjónustu sem völ er á í landinu. En eins og nú standa sakir er fyllsta ástæða til að ætla að gamalt fólk t. d. á Austurlandi verði að kvíða því sérstaklega af efnahagslegum orsökum að það geti ekki fengið að njóta sjúkraþjónustu eins og þessi mál eru í pott búin. Í sannleika sagt eiga auðvitað allir að hafa sama rétt til læknisþjónustu og hjúkrunar án tillits til efnahags eða búsetu, og að því verður að stefna af fremsta megni. Þessi markmið, svo sjálfsögð sem þau eru, verða að teljast fjarri því að vera uppfyllt í okkar landi og eitt hrópandi misréttið í þessum efnum birtist í h- og i-lið gildandi laga um almannatryggingar, sbr. það sem hér er rakið. Með samþykkt þessa lagafrv., sem ég mæli hér fyrir, yrði dregið verulega úr óréttí á sviði heilbrigðismála og reynt að koma í veg fyrir að varðandi þau atriði, sem hér eru talin, þyrfti t. d. gamalt fólk að kvíða því að það geti ekki fengið að njóta læknisþjónustu eins og aðrir fyrir efnahagslegar orsakir.

Ég legg til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til heilbr.- og trn., og vænti þess, að það fái greiða fyrirgreiðslu því að hér er að mínum dómi um mikið réttlætismál að ræða. Það ætti reyndar líka að geta orðið til þess að treysta byggðina í þessu landi þar sem hún er hvað veikust fyrir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 11 shlj. atkv.

Efri deild, 98. fundur.

Miðvikudaginn 13. maí að loknum 97. fundi.

Tímabundið innflutningsgjald á sælgæti og kex, frv. (þskj. 37). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 829).

Lagning sjálfvirks síma, frv. (þskj. 578, n. 822). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Guðmundur Bjarnason): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. Ed. hefur fjallað um frv. þetta til l. um lagningu sjálfvirks síma. Hér er um mjög þarft og brýnt mál að ræða. Það er mikil áhersla lögð á að veita þessa þjónustu um allt land. Við vitum hvers virði það er frá öryggissjónarmiði að hafa símaþjónustu í fullkomnu lagi. Víða um land er símaþjónustu enn þannig háttað að menn ná trauðla sambandi við umhverfi sitt, ef það þarf að fara í gegnum landsímastöðvar, nema fjóra til sex tíma á dag þegar þessar stöðvar eru opnar. Í besta lagi er nokkuð víða komin á heils sólarhrings þjónusta landsímastöðva, en þó þannig að opið er þá símasamband innan sveitar og því enn erfitt um hvers konar einkasímtöl í þeim tilfellum. Þess vegna er mjög brýn sú krafa að koma sjálfvirku símasambandi um allt land og er þá einkum eftir að koma á þessu sambandi í sveitum, en talið er að eftir sé að símvæða á þennan hátt um 3200 sveitabæi.

Í umfjöllun n. kom það m. a. fram hjá póst- og símamálastjóra, sem kom til viðtals við n., Jóni Skúlasyni, að þeir þyrftu nokkurn fyrirvara á því að geta framkvæmt þetta verkefni, það væri mjög gott að fyrir lægi áætlun fram í tímann til lengri tíma um hvernig ætti að vinna að því. Póst- og símamálastofnunin þarf sinn undirbúningstíma til efnisútvegunar og til þess að skipuleggja sína vinnu. Þess vegna fagnaði símamálastjóri því, að tekin væri sú stefna sem hér er boðuð. Rétt er samt að fram komi að hann var með ákveðna fyrirvara um að lögð er til nokkur lántaka hjá Póst- og símamálastofnuninni til að framfylgja þessum lögum.

Í skoðun n. á málinu — og reyndar samkvæmt þeim upplýsingum sem n. fékk frá Póst- og símamálastofnuninni — kemur í ljós að um nokkra tekjuaukningu er að ræða hjá Pósti og síma við það að geta komið sjálfvirku símasambandi um sveitir landsins. Áætlaður heildarkostnaður við verkefnið er um 135 millj., en ef felld eru niður aðflutningsgjöld og undanþegið söluskatti við innflutning það efni sem nota þarf til þessa verkefnis er heildarkostnaðurinn nettó um 92 millj. kr. En tekjuauki af þessu er á tvennan hátt: Það er annars vegar árlegur sparnaður hjá stofnuninni við að geta lagt niður símstöðvar og sparnaður í viðhaldi og rekstri símalagna upp

á 8.5 millj. á ári svo og aukin símanotkun í sveitum vegna þess að það sýnir sig að þar sem sjálfvirkt símasamband er nota menn símann meira og ársfjórðungsgjaldið, fastagjaldið, af símanum er einnig nokkru hærra. Þess vegna mun þetta þýða auknar tekjur fyrir Póst- og símamálastofnunina og hún mun því geta staðið undir nokkurri aukningu á lántöku vegna þessa verkefnis, eins og frv. gerir ráð fyrir.

Nefndin fjallaði um frv. þetta á nokkrum fundum og eins og ég greindi frá áðan kom póst- og símamálastjóri, Jón Skúlason, til fundar við n. og gerði grein fyrir viðhorfum stofnunarinnar til frv. Þá fékk n. nokkrar skriflegar upplýsingar frá Póst- og símamálastjórninni sem m. a. greindu frá þessum fjármálalegu upplýsingum. Nefndin varð sammála um að leggja til að frv. þetta verði samþykkt óbreytt. Fjarstaddir afgreiðslu málsins voru hv. nm. Gunnar Thoroddsen og Ólafur Ragnar Grímsson. Undir þetta nál. skrifa Guðmundur Bjarnason, Davíð Aðalsteinsson, Kjartan Jóhannsson, Eyjólfur Konráð Jónsson og Lárus Jónsson.

Það er rétt, herra forseti, að það komi fram að þrátt fyrir að í 1. gr. frv. segi svo: „Í áætluninni um lagningu sjálfvirks síma skal að því stefnt, að símnotendur eigi kost á sjálfvirkum síma innan fimm ára frá 1. jan. 1982" — þá er í 2. gr. hins vegar rætt um að tæki og búnaður til lagningar og uppsetningar sjálfvirks símasambands séu undanþegin aðflutningsgjöldum og söluskatti við innflutning. Nm. álíta þetta ákvæði 2. gr. taki gildi nú þegar því að síðan er í síðustu grein frv., 4. gr., sagt: „Lög þessi öðlast þegar gildi og halda gildi sínu þar til framkvæmdum samkv. 1. gr. er lokið." — Við álítum að það hljóti að vera ljóst að þetta ákvæði, að lög þessi öðlist þegar gildi, eigi við þann útbúnað sem þarf að panta til landsins nú og flytja til landsins vegna fyrirhugaðra framkvæmda sem eiga að geta hafist þegar í ársbyrjun 1982. Það er skilningur okkar nm. að þar sem segir að lög þessi öðlist þegar gildi eigi það við um ákvæði 2. gr. Það þarf að panta efnið. Það þarf að liggja fyrir sá útbúnaður sem nota þarf til þess að hægt sé þegar að hefja framkvæmdir og vinna að þessari fimm ára áætlun, eins og segir í 1. gr., frá 1. jan. 1982.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég vil taka undir orð frsm. n., hv. þm. Guðmundar Bjarnasonar, því að ég held að hér sé hreyft hinu merkasta máli og það sé ekkert síður réttindamál, að menn geti, hvar sem þeir búa á landinu, haft sjálfvirkan síma, en ýmislegt annað sem barist er fyrir í jöfnuði milli manna. Þess vegna er þetta frv. góðra gjalda vert og kannske ekki síst í því ljósi að síðustu tvö árin hefur verulegur niðurskurður orðið einmitt á því að leggja sjálfvirkan síma í sveitir landsins.

Við nm. í hv. fjh.- og viðskn. fengum í hendur tölur frá póst- og símamálastjóra. Að vísu voru þær þannig fram settar að það þarf að reikna svolítið út úr þeim til að sjá hvernig þróunin hefur orðið síðustu árin, en þó er alveg ljóst að á árinu 1978 munu um 500 sveitabæir hafa fengið síma, en tvö næstu ár hefur niðurskurðurinn verið slíkur að það er aðeins um að ræða að á tveimur árum hafi jafnmargir bæir fengið sjálfvirkan síma og árið 1978, ef ég get ráðið rétt í tölur póst- og símamálastjóra, og á þessu ári, árinu 1981, er niðurskurðurinn enn þá meiri í lagningu sjálfvirks síma í sveitir landsins. Það er þess vegna kannske ekki að furða þótt hæstv. samgrh. og hæstv. ríkisstj. vilji nú hrista af sér slyðruorðið með þessu frv. Þá er það von mín, og ég býst við allra hv. dm., að staðið verði við þetta frv.

Það bendir ekki til þess, að það sé mikill áhugi á því að ekki verði óhóflegur niðurskurður á framkvæmdum Pósts og síma, hvernig farið hefur um gjaldskrárákvarðanir þessarar stofnunar. Nú er ég ekki að mæla með því, að gjaldskrá sé óhóflegar hækkuð hjá þessari stofnun en öðrum. En þegar kostnaður ákveðinna stofnana hefur sannanlega hækkað stórkostlega er ekki um annað að ræða en að horfast í augu við það, ef menn vilja fá þessa þjónustu áfram. Nú er það svo t. d. að 60% af kostnaði Pósts og síma eru launagreiðslur. Ef launagreiðslur í landinu hækka verulega þýðir ekkert annað en að horfast í augu við þetta. Þessu hefur ekki verið þannig farið að undanförnu og alveg sérstaklega núna því að síðasta ákvörðun um gjaldskrá Pósts og síma þýðir stórfelldan niðurskurð í fjárfestingu þessarar stofnunar. Það hlýtur að koma að einhverju leyti líka niður á lagningu síma í sveitum landsins eins og það hefur gert á síðustu tveimur árum.

Þannig er á ýmislegt að líta í þessu sambandi. Þetta frv. er gott dæmi um að hæstv. ríkisstj. virðist vilja annað en hún gerir — maður verður alla vega að vona að svo sé — því að hún er oft með öðru málinu að gera þveröfugt við það sem hún framkvæmir. Og ég er ósköp hræddur um það, ef ekki verður stefnubreyting á þessu sviði frá því sem verið hefur í reynd, að svo verði einnig nú. En við skulum vona að það verði ekki. Alla vega er hér um að ræða allverulegar heimildir sem hæstv. ríkisstj. fær til þess sérstaklega að leggja áherslu á þetta mikilvæga hagsmunamál fyrir strjálbýlið í landinu.

Egill Jónsson: Herra forseti. Ég tek undir þau orð hv. síðasta ræðumanns, að auðvitað er það fagnaðarefni fyrir alla, að ég held ég megi segja, og ekki síst þá sem eiga nokkrar rætur úti í hinum dreifðu byggðum, að hér skuli stefnt að lögfestingu á dreifingu sjálfvirks síma. Ég tek sérstaklega undir það sem hann sagði hér varðandi röskun á áætlun slíkrar símalagningar um sveitir landsins á síðustu árum, þ. e. að verðhækkanir, sem hafa leitt til aukins rekstrarkostnaðar hjá Pósti og síma, hafa komið niður á framkvæmdum og alveg sérstaklega þeim framkvæmdum sem hafa átt að eiga sér stað í sveitum landsins. Má þar sérstaklega rifja upp afgreiðslu síðustu fjárlaga þar sem vegna rekstrarhækkana hjá Pósti og síma á s. l. ári varð að skera niður framkvæmdaráætlun hans, að því er mig minnir, um 4 milljarða gkr. Það mátti segja að sjálfvirki síminn í sveitir landsins væri þar skorinn niður við trog þar sem í rauninni voru einungis teknar inn á framkvæmdaáætlun fyrir þetta ár þær sveitabyggðir sem höfðu verið á áætlun árið áður. En ég vænti að gera megi ráð fyrir að í blað verði brotið í þessari bók og að einhvers megi nú vænta af þessu frv.

En ég verð að segja það eins og er, að ég varð að því leyti fyrir vonbrigðum með ræðu frsm. að mér virtist hún ganga að nokkru á þær yfirlýsingar sem hæstv. samgrh. gaf hér við fyrri umr. En þá spurðist ég fyrir um það, og reyndar hæstv. forseti þessarar deildar einnig, hvort sá tollaafsláttur, sem lögin gera ráð fyrir, kæmi til framkvæmda frá og með þeim degi sem lögin yrðu samþykkt á Alþingi. Þessu svaraði hæstv. samgrh. þannig, að það væri skoðun hans að svo ætti að verða. Við höfum heyrt frá því sagt hér og því lýst, hvað þessir liðir eru einmitt stór þáttur í efniskostnaði, þannig að það skiptir mjög

verulegu máli hvort það er skilningur hæstv. samgrh., sem hann lét í ljós hér við 1. umr., sem er látinn ráða eða hvort þessi lagaákvæði koma ekki til framkvæmda fyrr en í upphafi næsta árs, þ. e. hvort þetta nær til þess efnis sem verður keypt á þessu ári og ekki er búið að leysa út og verður að sjálfsögðu að verulegum hluta notað á næsta ári eigi að síður því að auðvitað eru þessi efniskaup engan veginn hnitmiðuð við áramót.

Ég bókstaflega óttast það á vissan hátt, að ef þessi ákvæði eru ekki látin taka gildi nú þegar, þ. e. um leið og lögin öðlast gildi, verði það til þess að draga frekar úr framkvæmdum á þessu ári, m. a. vegna þess að nokkur hluti af þeim framkvæmdum, sem á að vinna í ár, er unnin fyrir lánsfé heiman að. Sveitarfélögin hafa leitast við að þoka þessum málum áfram með lánum og hefur það verið mikilvægur stuðningur við þessar framkvæmdir. Ef hins vegar fyrir liggur, að efni verður stórum hagstæðara í verði eftir næstu áramót en það er á síðari hluta þessa árs, dregur það að sjálfsögðu úr hvatningu til þess að koma þessum málum áfram, bæði varðandi afstöðu sveitarfélaganna og líka hjá Pósti og síma. Ef lögin verða túlkuð eins og hæstv. samgrh. gerði verður það þannig til þess að flýta framkvæmdum og auðvelda þær á þessu ári, en það tel ég mikilvægt. Ef tollaafslátturinn kemur hins vegar ekki fram fyrr en á næsta ári hefur þessi lagasetning fremur neikvæð áhrif fyrir framkvæmdir þessa árs. En ég tek undir að það er jafngóðra gjalda vert fyrir málið í heild þegar frá líður. Ég vildi þess vegna mjög ákveðið fá þetta skýrar fram og leggja á það áherslu að sá skilningur verði við þessa afgreiðslu alveg skýr að tollaafslátturinn eigi að taka gildi um leið og lögin hafa verið staðfest.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Þetta frv. fjallar um þrennt: um áætlunargerð, um undanþágu frá aðflutningsgjöldum og um lántöku til að hrinda tiltekinni framkvæmd af stokkunum.

Ég skal segja það fyrst að ég tel engan vafa á að lögin, eins og þau eru úr garði gerð, feli það í sér að 2. gr. laganna, sem fjallar um undanþágu aðflutningsgjalda og söluskatts, taki þegar í stað gildi samkv. 4. gr. um að lögin öðlist þegar gildi. Ég tel að hún sé óháð þeim ártölum eða dagsetningum sem nefndar eru í 1. gr. Þannig að það liggi alveg ljóst fyrir að um leið og þetta frv. yrði að lögum væri sá búnaður, sem hér um ræðir, undanþeginn aðflutningsgjöldum og söluskatti til innflutnings samkvæmt því sem um getur í 2. gr. frv. Þetta tel ég tvímælalaust.

Ég held að augljóst sé að það geti verið til bóta að gera áætlanir um verkefni af því tagi sem hér um ræðir. Hér er um verulegan kostnað að ræða, eins og komið hefur fram í máli manna, en þetta er líka réttlætis- og jafnaðarmál. Engu að síður hljóta menn með tilliti til kostnaðarins að líta á hvernig útkoman verður úr þessu dæmi. Það verður að segja eins og er að upplýsingar, sem borist hafa frá Póst- og símamálastofnuninni, hafa ekki verið í sérlega aðgengilegu formi, en ef okkur hefur tekist að ráða þær rúnir, sem þar voru ristar, virðast hér vera um að ræða kostnað sem í heild er 135 millj. kr., en 92 millj. kr. fyrir 3250 símnotendur eða því sem næst. Hins vegar gæti sparnaður af því að leggja niður handvirkar stöðvar og tekjuaukning af þessari breytingu allri verið af stærðinni 17 millj. kr. á ári.

Sjálfsagt má um það deila hvort sá ábati, sem af þessu fæst, réttlæti að ráðast í þetta verkefni. Ef menn vilja á hinn bóginn líta á lántöku fer það vitaskuld eftir lánstímanum hvort þess er kostur að láta þann ábata, sem þessu fylgir, standa undir þeim stofnkostnaði sem hér um ræðir. Hins vegar má segja að miðað við nokkuð langan lánstíma geti það ekki tekist, enda sé þá farin sú leið, sem hér er gert ráð fyrir, að fella niður aðflutningsgjöld og tolla. Auðvitað er það ákvörðun Alþingis og ríkisstj. hverju sinni með hvaða hætti skuli greiða fyrir framkvæmdum. En það má segja að með niðurfellingu þessara gjalda í sambandi við þetta verkefni sé farin önnur leið en í rafmagnsmálum við að mæta hinum félagslega þætti, hinum félagslega þætti sé hér mætt með niðurfellingu gjalda af þessu tagi og að því gerðu sé náttúrlega hugmyndin að þetta geti staðið undir sér. Hvort tekst að standa undir lántökum með þessum hætti fer vitaskuld eftir því hver lánstíminn er.

Auðvitað er varasamt að fara lántökuleiðir í mjög ríkum mæli í sambandi við framkvæmdir af þessu tagi, en það getur verið réttlætanlegt að gera það í einhverjum mæli. Ég tel að það hljóti að vera matsatriði við framkvæmd þessa að hve miklu leyti framkvæmdunum yrði mætt með lántöku, sem hér er þó heimiluð til þess sem nægir fyrir þessu, eða af rekstrartekjum símans.

Ég skal ekki fjölyrða frekar um þetta mál. En ég ítreka að hér er um réttlætis- og jafnaðarmál að ræða og með því að greiða fyrir því á grundvelli félagslegra sjónarmiða, eins og hér er gert ráð fyrir, virðist þetta geta verið bærilega viðráðanlegt verkefni. Auðvitað er ekki vansalaust að 10—12 þús. af íbúum þessa lands skuli enn þá búa við handvirkan síma, eins og kemur fram í þessum gögnum hér.

Frsm. (Guðmundur Bjarnason): Herra forseti. Út af fsp. hv. 11. landsk. þm., Egils Jónssonar, um skoðun okkar nm. í fjh.- og viðskn. varðandi gildistöku þessara laga held ég að hv. 2. þm. Reykn. hafi nú þegar tekið af mér ómakið í því sambandi og gefið þá skýringu kannske öllu skýrar en mér tókst í framsögu minni við þeirra túlkun sem ég held að við séum sammála um að felist í þessu frv., en þar segir í 4. gr.: „Lög þessi öðlast þegar gildi og halda gildi sínu þar til framkvæmdum samkv. 1. gr. er lokið." — Ég held að þetta hljóti að vera nokkuð skýrt og eiga þar af leiðandi við þær greinar sem á undan standa í frv. og þar með 2. gr., sem fjallar um niðurfellingu á aðflutningsgjöldum og söluskatti við innflutning af þeim tækjum og búnaði sem þurfi að leggja til við úrvinnslu þessa verkefnis. Þá býst ég við að við séum líka sammála þeirri skýringu sem fram mun hafa komið í framsöguræðu hæstv. samgrh. fyrir frv. þessu.

Ég tel að ég þurfi ekki að hafa um þetta fleiri orð. Ég held að við séum allir sammála um skilning og túlkun á þessu ákvæði. Það kom einnig mjög skýrt fram hjá póst- og símamálastjóra þegar hann var á fundi hjá fjh.- og viðskn., að hann teldi að það væri þörf á því að vita með nokkuð góðum fyrirvara að hverju væri stefnt á næstu árum varðandi lagningu sjálfvirks síma um landið og þeir þyrftu nokkuð góðan fyrirvara til að undirbúa sig, bæði í röðun verkefna og ekki síður í útvegun þeirra tækja og þess efnis sem nota á. Þess vegna hlýtur þessi skilningur og þessi túlkun einnig að falla mjög vel að þeirra þörfum og hugmyndum um hvernig best sé að standa að þessu máli.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Það er ánægju-

legt að fram kemur hér að skilningur hv. þm. á 2. gr. og gildistöku hennar er sá, að það fari saman við gildistöku laganna, þ. e. að hún taki þegar gildi á þessu ári. Komið hefur hér fram að það hafa verið mikil vonbrigði úti á landsbyggðinni hvað seint hefur gengið að koma sjálfvirkum síma á úti í dreifbýlinu og ekki síst þar sem loforð um framkvæmdir hafa verið svikin hvað eftir annað. Heimamenn hafa verið tíðir gestir hjá póst- og símamálastjóra og starfsmönnum hans. Þeir koma þar næstum daglega, bjóða jafnvel fram lánsfjármagn, en ekkert gengur. Það eru ekki nema nokkrar vikur síðan ég gerði fsp. hjá hæstv. samgrh. um framkvæmdir sjálfvirka símans í Kjósarhreppi sem hér er efstur á blaði samkv. frv. Hann hafði lofað framkvæmdum á þessu ári, hafði gefið þau fyrirheit í apríl 1980, upplýsti svo nú að ekkert yrði af vegna þessa niðurskurðar sem hefði orðið á árinu 1980. Nú verður að vænta þess, að óhætt sé að treysta því að það fari að sjá fyrir endann á þessum málum og að þetta frv., þegar að lögum er orðið, verði þá framkvæmt eins og gert er ráð fyrir, það verði staðið við þessar áætlanir.

Egill Jónsson: Herra forseti. Ég vil aðeins þakka þeim tveimur hv. nm., sem hér hafa gefið skýringar, fyrir alveg skýr svör. Það ætti engum manni að blandast nokkur minnsti hugur um að 2. gr. tekur gildi um leið og lögin verða staðfest. Ég tel að þessar ótvíræðu yfirlýsingar tveggja nm. til viðbótar við þau orð, sem hæstv. samgrh. lét hér falla við 1. umr., séu alveg fullgild sönnun þess, að 2. gr. laganna taki gildi eins og lögin segja til um og þau gildi varðandi allt það efni sem verður til þessa verkefnis flutt inn eftir að lögin verða afgreidd héðan frá Alþingi.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Neðri deild, 93. fundur.

Miðvikudaginn 13. maí, kl. 2 miðdegis.

Veiðar í fiskveiðilandhelgi, frv. (þskj. 802). — Frh. 3. umr.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21:8 atkv. og afgr. til Ed.

Raforkuver, frv. (þskj. 784). — 1. umr.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um raforkuver, en það var lagt fram á þskj. 784 í hv. Nd. í fyrradag. Frv. þetta ásamt grg. felur í sér stefnumótun um byggingu raforkuvera í landinu á næstu 10—15 árum, allt að 820 mw. að afli, þar af 720 mw. í vatnsaflsvirkjunum, 50 mw. í jarðvarmavirkjunum og 50 mw. í varastöðvum, auk heimildar til að reisa og reka orkuveitur til að tengja þessi orkuver við núverandi landskerfi og styrkja landskerfið að því marki sem nauðsynlegt er talið til að flytja orkuna til afhendingarstaða út frá því.

Hér er um að ræða víðtækustu heimildir sem leitað hefur verið eftir í sambandi við uppbyggingu raforkukerfisins. Umfang þeirra framkvæmda, sem fyrirhugað er að ráðast í, sést best af samanburði við núverandi uppsett afl í raforkukerfinu, en það nam samtals um 680 mw. í árslok 1980. Þar af eru 542 mw. í vatnsaflsstöðvum, um 20 mw. í jarðvarmastöðvum, að raforkuveri Hitaveitu Suðurnesja í Svartsengi meðtöldu, og 116 mw. í olíustöðvum, sem fyrst og fremst eru nú notaðar sem varaaflsstöðvar. Þannig er hér leitað heimilda fyrir meira en tvöföldun á uppsettu afli í landskerfinu eða úr 680 mw. í rúm 1500 mw. Slíkar afltölur segja vissulega ekki alla sögu og meira má lesa út úr fyrirhugaðri aukningu á orkuvinnslugetu raforkukerfisins í krafti umræddra virkjana og annarra aðgerða sem fyrirhugaðar eru til að auka hana, einkum á Þjórsár- og Tungnaársvæðinu með svonefndri Kvíslaveitu og stækkun miðlunar í Þórisvatni. Miðað við fyrirliggjandi verkfræðiáætlanir ykist orkuvinnslugetan um 3785 gwst. á ári úr 3140 gwst. á ári, eins og hún var metin í árslok 1980, í samtals 6925 eða rétt tæp 7000 gwst. á ári og er þá ekki meðtalin aukin orkuvinnslugeta vegna þriðju aflvélar Hrauneyjafossvirkjunar. Þessi aukning á orkuvinnslu gæti komið í gagnið á 10—15 árum eða lengri tíma samkv. hugmyndum sem settar eru fram í grg. með frv., en þar eru eðlilega settir fram ýmsir fyrirvarar varðandi framkvæmdahraða og nýtingu þeirra heimilda sem hér er leitað eftir.

Áður en lengra er haldið að rekja efni frv. tel ég rétt að líta ögn til baka og fjalla um heimildir vegna raforkuvera á síðasta áratug og aðdraganda þeirra tillagna sem hér eru fram settar.

Tíu ár eru nú liðin síðan samþ. voru á Alþingi meiri háttar heimildarlög fyrir nýjar vatnsaflsvirkjanir, en það voru lög nr. 37/1971 um Hrauneyjafoss- og Sigölduvirkjun, hvora með allt að 170 mw. afl, og var í þeim lögum ekki kveðið á um röðun eða hvor virkjunin skyldi fyrr reist. Í reynd var það Sigölduvirkjun sem byggð var á árunum 1973—1978 með 150 mw. afli í þremur vélasamstæðum, en síðan tóku við framkvæmdir við Hrauneyjafossvirkjun samkv. heimild ríkisstj., sem veitt var um áramótin 1976-1977, og hófust framkvæmdir við Hrauneyjafossvirkjun sumarið 1978 og standa enn yfir sem kunnugt er. Virkjunarheimildin samkv. lögunum, sem til var vitnað, tekur til 170 mw. afls þannig að 40 mw. vantar á til að tilskilin heimild sé fyrir þriðju aflvél virkjunarinnar sem æskilegt er talið að komist í gagnið að 2—3 árum liðnum.

Af öðrum lagaheimildum um raforkuver, sem samþykktar hafa verið og reynt hefur á á þessu tímabili, ber einkum að nefna heimildarlög nr. 21 frá 1974 um 60 mw. jarðvarmavirkjun við Kröflu þar sem framkvæmdir standa enn yfir og lög nr. 26/1980 um 6 mw. viðbót við jarðvarmavirkjun á vegum Hitaveitu Suðurnesja sem komst í gagnið í lok síðasta árs eftir óvenjustuttan framkvæmdatíma eða aðeins um einu ári eftir að ákvarðanir voru teknar um að ráðast í þá virkjun. Á nokkur heimildarlög, sem Alþingi hefur samþykkt á liðnum 10 árum, hefur ekki reynt í framkvæmd, svo sem heimildarlög um Bessastaðaárvirkjun, 32 mw. að afli, frá árinu 1974, og um 13.5 mw. orkuver við Kljáfoss í Hvítá í

Borgarfirði sem heimildarlög voru samþykkt um á árinu 1977. Að undirbúningi Bessastaðaárvirkjunar var raunar unnið á árunum 1975—1979, en þá var tekin stefna á að tengja virkjunina stærri virkjunarhugmynd á Austurlandi, þ. e. Fljótsdalsvirkjun með virkjun Jökulsár í Fljótsdal auk nýtingar á vatnasviði Bessastaðaárvirkjunar.

Meginröskunin á framkvæmdaáætlunum stjórnvalda á liðnum 10 árum varðar Kröfluvirkjun, svo sem óþarft er að rekja á þessum vettvangi, og einnig kom til verulegrar fyrirstöðu við áform um að ráðist skyldi í miðlungsstóra virkjun á Austurlandi, þ. e. Bessastaðaárvirkjun.

Á þessum tíma, sem hér er litið til, hefur mikið verið rætt og deilt um einstakar framkvæmdir og framkvæmdastefnu og skipulag orkumála. Þótt hægar hafi miðað í þeim efnum en margir hefðu kosið hefur orðið veruleg viðhorfs- og afstöðubreyting í sambandi við uppbyggingu raforkukerfisins og möguleikar til nýrrar sóknar og nýrra áherslna á því sviði. Þar skiptir líklega mestu sú stefna, sem tekin var á árunum 1972—1973, að ráðast í samtengingu á hinum aðgreindu raforkusvæðum einstakra landshluta, og hrundið var í framkvæmd með undirbúningi að byggingu svonefndrar Norðurlínu á árinu 1974. Hefur síðan verið unnið sleitulaust að slíkri samtengingu milli landshluta með byggingu byggðalínanna með 132 kw. spennu. Með þessum samtengingum hefur raforkukerfi landsmanna smám saman verið að breytast úr einangruðum svæðum í samfelldan raforkumarkað og vantar nú ekki nema herslumuninn á að byggðalínuhringnum verði lokað með byggingu Suðurlínu sunnan jökla milli Hafnar í Hornafirði og virkjananna við Tungnaá. Þeim áfanga þarf að mínu mati að ná á næstu tveimur árum, en í stjórnarsáttmála er kveðið á um að stefna eigi að hringtengingu aðalstofnlína á næstu árum.

Jafnhliða samtengingu áður aðgreindra orkuveitusvæða hefur þeirri skoðun vaxið fylgi hin síðari ár að koma upp einu öflugu landsfyrirtæki er sjái um meginraforkuvinnslu og raforkuflutning og taki við virkjunarkostum á rannsóknarstigi og reisi og reki nýjar meiri háttar virkjanir. Hugmyndir um sérstök landshlutafyrirtæki í raforkuiðnaðinum voru um skeið allmikið til umræðu, en fengu takmarkaðan hljómgrunn. Þó má segja að af þeim hafi sprottið Orkubú Vestfjarða sem fól í sér ýmis athyglisverð nýmæli, og engan veginn er útilokað að svipað skipulag gæti hentað á einstökum afmörkuðum svæðum, eins og t. d. á Suðurnesjum. Meginstefnan hlýtur þó að verða útvíkkun Landsvirkjunar í aðalorkuöflunarfyrirtæki landsins alls, en mikilvægt skref í þá átt var stigið með ákvörðun um sameiningu Landsvirkjunar og Laxárvirkjunar með samkomulagi eigenda þessara fyrirtækja 27. febr. s. l. Að þeim málum verður vikið nokkru nánar í sambandi við framkvæmdaaðila við þær virkjanir sem leitað er heimilda fyrir með því frv. sem hér er til umræðu.

Á síðasta áratug og raunar nokkru lengur hefur af hálfu Orkustofnunar verið unnið talsvert starf við rannsóknir á virkjunarstöðum utan Suðurlands, þ. á m. á stórum virkjunarmöguleikum á Norðurlandi sem um skeið beindust að virkjun Dettifoss í Jökulsá á Fjöllum, en síðar að Blönduvirkjun þar sem rannsóknir hófust að marki upp úr 1970, og um svipað leyti komu fram hugmyndir um virkjun Jökulsánna á Austurlandi sem haldið var áfram með forathugunum á árunum 1977—1978. Þessar rannsóknir ásamt framkvæmdum við samtengingu raforkuveitusvæða Norður- og Austurlands ýttu undir áhuga og styrktu hugmyndir um að raunhæft væri að stefna að byggingu stórra virkjana í þessum landshlutum með þeim augljósu kostum sem slíkri stefnu fylgja jafnt fyrir eflingu byggðar og atvinnulífs svo og öryggi í raforkukerfi landsins alls.

Við myndun núv. ríkisstj. var þessu verki lyft með ákvæði í stjórnarsáttmála þess efnis, að næsta virkjun vegna landskerfisins verði utan eldvirkra svæða og jafnframt skyldi gerð framkvæmdaáætlun um raforkuframkvæmdir til næstu 5—10 ára og mörkuð samræmd orkustefna til langs tíma. Er í því sambandi gjarnan horft fram til næstu aldamóta á svipaðan hátt og unnið hefur verið að öðrum Norðurlöndum með mótun orkustefnu á vegum stjórnvalda. Sérstök orkustefnunefnd á vegum ríkisstj. og undir forustu iðnrn. vinnur að því verkefni samkv. skipunarbréfi sem birt er sem fskj. með þessu frv.

Rétt er að víkja hér nokkrum orðum að stöðu mála varðandi framkvæmdaundirbúning virkjana í ljósi stefnumiða ríkisstj. um það leyti sem ríkisstj. tók við í febr. 1980. Landsvirkjun hafði þá sem fyrr forustu um áætlanagerð varðandi virkjanir á orkuveitusvæði sínu og vann sérstaklega að undirbúningi svonefndrar Sultartangavirkjunar sem af hálfu Landsvirkjunar var talið að komast þyrfti í gagnið á árinu 1985 eða þar um bil, eins og það var túlkað fyrir einu ári. Rannsóknir við Blönduvirkjun voru á vegum Orkustofnunar sem taldi vettvangsrannsóknum lokið samkv. fyrirhugaðri virkjunartilhögun, en samningamál við rétthafa á virkjunarsvæðinu voru enn í hnút þrátt fyrir viðleitni liðinna ára til að finna á þeim farsæla lausn. Rannsóknir varðandi virkjun Jökulsár í Fljótsdal voru einnig á hendi Orkustofnunar og af talsmönnum hennar taldar 1—2 árum á eftir rannsóknum við Blönduvirkjun. Veturinn 1979—1980 var enn talið óljóst hvort stefna bæri að virkjun Jökulsár í Fljótsdal með svokallaðri Múlavirkjun með stöðvarhúsi í Suðurdal í Fljótsdal eða svonefndri Fljótsdalsvirkjun með veitum frá Eyjabakkalóni út Fljótsdalsheiði í áður fyrirhuguð miðlunar- og inntakslón Bessastaðaárvirkjunar. Í þessari stöðu ákvað iðnrn. í fyrsta lagi að fá skorið úr um virkjunartilhögun varðandi Jökulsá í Fljótsdal, þannig að markvisst mætti beina áframhaldandi rannsóknum að ákveðinni virkjunartilhögun. Úrslit í því máli fengust í byrjun apríl 1980 með skýrslu Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens er taldi Fljótsdalsvirkjun álitlegri virkjunarkost en Múlavirkjun af ýmsum ástæðum, m. a. varðandi rekstraröryggi, og tóku Rafmagnsveitur ríkisins undir þá skoðun. Í öðru lagi ákvað rn. að unnið skyldi að lausn ágreiningsmála við Blönduvirkjun sem forgangsverkefni áður en ráðist yrði í endanlega verkhönnun. Til að greiða fyrir þessu og tryggja hliðstæð tök varðandi undirbúning beggja þessara vatnsaflsvirkjana, Blönduvirkjunar og Fljótsdalsvirkjunar, fól rn. Rafmagnsveitum ríkisins að gegna hlutverki virkjunaraðila við báðar þessar virkjanir og hafa forustu um virkjunarundirbúning, þar með talið lúkningu rannsókna og samningagerð við rétthafa á virkjunarsvæðum. Var Rafmagnsveitunum gert að hafa samráð við Orkustofnun, sem forustu hafði haft um rannsóknir fram að þessum tíma, svo og samráð við Landsvirkjun sem stærsta og reyndasta virkjunaraðila landsins. Var mynduð sérstök hönnunarstjórn þessara aðila, og jafnframt setti rn. á fót ráðgjafarnefnd vegna

undirbúnings beggja þessara virkjana. Eiga í henni sæti Tryggvi Sigurbjarnarson verkfræðingur sem formaður af hálfu iðnrn., Jakob Björnsson orkumálastjóri, Jóhannes Nordal stjórnarformaður Landsvirkjunar og Kristján Jónsson rafmagnsveitustjóri ríkisins.

Samkv. kerfisrannsóknum Orkustofnunar, sem fram komu í maí 1980 varðandi samanburð virkjunarleiða, var talinn óverulegur kostnaðarmunur á þessum virkjunum, Blönduvirkjun og Fljótsdalsvirkjun, reiknað í krónum á kwst. á ári, og einnig lítill munur á heildarkostnaði raforkukerfisins, hvor þessara virkjana sem kæmi á undan í röðinni, og þá miðað við almennan markað. Ljóst var hins vegar að þessir útreikningar, sem kynntir voru af Orkustofnun nýlega með útgáfu og dreifingu á þremur skýrslum um samanburð virkjunarleiða, voru nokkurri óvissu háðir vegna ófullnægjandi rannsókna á Fljótsdalsvirkjun svo og vegna ágreinings og óvissu um virkjunartilhögun við Blöndu.

Sumarið 1980 var gert rannsóknarátak varðandi Fljótsdalsvirkjun með samvinnu Rafmagnsveitna ríkisins og Orkustofnunar jafnframt því sem Landsvirkjun lét vinna ötullega að nýrri mynsturáætlun fyrir virkjunarkosti og veitu á Þjórsár- og Tungnaársvæðinu. Eru niðurstöður þeirrar áætlunar nýkomnar út í sérstakri skýrslu. Jafnframt var á vegum Landsvirkjunar unnið að vettvangsrannsóknum og verkhönnun vegna Sultartangavirkjunar. Frá því í fyrrasumar hafa Rafmagnsveitur ríkisins haft forustu um samningaviðræður við hagsmunaaðila á virkjunarsvæði Fljótsdals og Blönduvirkjunar með það að markmiði að leysa ágreiningsmál um virkjunartilhögun á þessum svæðum með sæmilegum friði. Hefur verið gert ráð fyrir að leitast við að bæta það tap á landi, sem fer undir vatn í miðlunarlónum, með uppgræðslu eða ræktun og ná samningum um sanngjarnar bætur fyrir það sem sannanlega er af hendi látið af landnytjum og vegna óhagræðis með tilkomu virkjananna. Þessi viðleitni hefur alveg nýlega leitt til samkomulags vegna Fljótsdalsafréttar eystra, eins og fram kemur á fskj. á bls. 49—50 með frv., og samningum er vel á veg komið við rétthafa á Múlaafrétt austan Jökulsár í Fljótsdal þar sem gert er ráð fyrir bótum í svipuðu formi, þ. e. með túnrækt í byggð.

Við Blönduvirkjun hafa mál skýrst til muna og ljósara er en áður hvað á milli ber í aðalatriðum. Á þessu virkjunarsvæði Blönduvirkjunar er hins vegar um flóknara mál að fást en eystra þar sem mörg sveitarfélög hafa hagsmuna að gæta, þannig að engan þarf að undra þótt tíma taki að leysa þau með samkomulagi og sæmilegum friði. Áfram verður lögð á það áhersla að finna lausn á þessari viðkvæmu deilu undir forustu samninganefnda á vegum virkjunaraðila og heimamanna, en iðnrn. og ríkisstj. munu fylgjast með framvindu málsins og fjalla um einstaka þætti þess eftir því sem tilefni verður til.

Í haust var að því stefnt að leggja frv. varðandi virkjunarmálin fyrir yfirstandandi þing fyrr en tekist hefur, en margir þættir við undirbúning þessara mála reyndust taka meiri tíma en vænst hafði verið. Það er hins vegar misskilningur, sem fram hefur komið, að rn. og ríkisstj. hafi gert ráð fyrir að leggja þessi mál fram til ákvörðunar fyrir síðustu áramót, hvað þá að unnt væri að taka á þeim fyrr. Það, sem tímafrekast hefur reynst, er úrvinnsla úr rannsóknum s. l. sumars og verkfræðivinna í framhaldi af því, þ. á m. samræming á kostnaðartölum, sbr. bréf verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens til Rafmagnsveitna ríkisins frá 13. apríl 1981 sem birt er sem fskj. á bls. 8—10 ásamt grg. um einstakar virkjanir og veitur sem leitað er heimilda fyrir í þessu frv. Endanlegir kostnaðarútreikningar miðað við núverandi stöðu rannsókna bárust rn. raunar fyrir fáum dögum og voru þá felldir inn í þau fskj. sem hér eru birt ásamt upplýsingum um einstakar virkjanir í grg. með frv.

Þá er þess að geta, að umsögn Náttúruverndarráðs varðandi Fljótsdalsvirkjun lá fyrst fyrir um mánaðamótin mars—apríl og staðan í samningaviðræðum við rétthafa á virkjunarsvæðum hefur verið óljós og er það sumpart enn, eins og fram hefur komið. Æskilegt er að slíkir þættir liggi sem skýrast fyrir áður en bindandi ákvarðanir eru teknar um stórmál eins og hér er á dagskrá, svo ekki sé minnst á nauðsyn þess að öllum slíkum undirbúningi sé lokið áður en gengið er frá framkvæmdaundirbúningi og lagt út í kostnaðarsamar framkvæmdir.

Á vegum orkuspárnefndar hefur á síðustu misserum verið unnið að endurmati á raforkuspá þeirri sem gefin var út í nóv. 1978. Þessi nýja raforkuspá var fyrst frágengin fyrir tæpum mánuði og gefin út nú fyrir örfáum dögum í skýrsluformi og dreift til hv. alþm. Hún hefur reynst gagnlegur bakgrunnur í sambandi við undirbúning að þessu frv. og þeirri stefnumörkun sem í grg. þess felst. Margháttaðar aðrar upplýsingar og gögn hafa verið í vinnslu til skamms tíma, eins og m. a. má sjá af ýmsum fskj. sem birt eru með frv. Rn lagði drög að frv. fram í ríkisstj. 14. apríl s. l., en endanlega var frá því gengið í síðustu viku og á ríkisstjórnarfundi s. l. laugardag, 9. maí, var samþykkt að leggja það fyrir Alþingi í þeim búningi sem það birtist hér sem stjfrv.

Ég hef hér skýrt aðdragandann að frv., en mun nú víkja að efni frv. sjálfs nánar og þeim stefnumarkandi atriðum er felast í grg. með því svo og í aths. um einstakar greinar.

Í 1. gr. frv. er leitað heimilda fyrir fjórum nýjum vatnsaflsvirkjunum. Eru það Blönduvirkjun með allt að 180 mw. afli, Fljótsdalsvirkjun með allt að 330 mw. afli, Villinganesvirkjun með allt að 40 mw. afli og Sultartangavirkjun með allt að 130 mw. afli. Að auki er svo leitað heimildar fyrir stækkun Hrauneyjafossvirkjunar í 210 mw., þar eð nokkuð vantaði á að lagaheimild væri fyrir þriðju aflvél virkjunarinnar. Samtals eru þetta, eins og áður greinir, 720 mw. í vatnaflsvirkjunum. Segja má að þar sé um hámarkstölur að ræða þar eð núverandi verkfræðilegar áætlanir gera ráð fyrir nokkru minna afli í hverri þessara virkjana sem hér er leitað heimilda fyrir, nema í Hrauneyjafossvirkjun. Þannig er nú gert ráð fyrir Blönduvirkjun með 160 mw. afli í tveimur aflvélum, Fljótsdalsvirkjun með 290 mw. afli í þremur eða fjórum aflvélum, Villinganesvirkjun með 36 mw. afli og Sultartangavirkjun með 120 mw. Samtals væri því um að ræða 606 mw. nettó í þessum nýju vatnsaflsvirkjunum samkv. fyrirliggjandi verkfræðiáætlunum, auk 40 mw. viðbótarheimildar vegna Hrauneyjafossvirkjunar, samtals tæp 650 mw.

Þá er leitað heimildar til að gera ráðstafanir sem nauðsynlegar þykja til að tryggja rekstur orkuveranna á Þjórsársvæðinu og koma vinnslugetu þeirra í eðlilegt horf, m. a. með svonefndri Kvíslaveitu, stækkun Þórisvatnsmiðlunar og stíflu við Sultartanga sem bæta á verulega rekstrarstöðu Búrfellsvirkjunar og draga úr þeim vandamálum sem skapast hafa oft og tíðum vegna ís- og

krapamyndunar í Þjórsá. Áætlað er að þessar veituaðgerðir án aflaukningar í virkjununum á Þjórsár- og Tungnaársvæðinu auki orkuvinnslugetu virkjana á þessu svæði og í landskerfinu um 570 gwst. á ári, en með hugsanlegri viðbót síðar í afli í Sigöldu og Hrauneyjafossvirkjun gæti þessi tala hækkað um a. m. k. 200 gwst. Auk þessa er um að ræða aukna orkuvinnslugetu vegna byggingar Sultartangastíflu um nálægt 150 gwst. Hér er í senn um umfangsmiklar og jafnframt mjög arðbærar framkvæmdir að ræða til að bæta stöðu núverandi orkuvera og má segja að á heildina litið séu þær ígildi meðalstórrar virkjunar.

Í aths. við 1. gr. frv. er mörkuð meginstefna um framkvæmdaröð varðandi þær virkjanir og veitur, sem leitað er heimilda fyrir samkv. frv., og sú stefna sett fram á eftirfarandi hátt:

„1) Hrauneyjafossvirkjun verði byggð í fulla stærð á næstu árum með 3. vélasamstæðu, sem hér er leitað heimildar fyrir, en 40 mw. vantar til að fullnægjandi heimild sé fyrir 210 mw. virkjun.

2) Hafist verði handa um að auka orkuvinnslugetu og að tryggja rekstur raforkuveranna við Þjórsá og Tungnaá með vatnaveitum til Þórisvatns (Kvíslaveita), aðgerðum til að auka miðlunarrými þess og gerð stíflu við Sultartanga. Slíkar aðgerðir kæmu til framkvæmda á næstu 4—5 árum.

3) Undirbúningi vegna Fljótsdalsvirkjunar og Blönduvirkjunar verði lokið sem fyrst og framkvæmdir við fyrri áfanga Fljótsdalsvirkjunar og við Blönduvirkjun skarist nokkuð. Verði við það miðað að önnur þessara virkjana geti hafið rekstur á árunum 1986—1987, en hin um 1990 eftir því sem markaðsaðstæður leyfa.

4) Framkvæmdir við síðari áfanga Fljótsdalsvirkjunar, við Sultartangavirkjun og Villinganesvirkjun hafa ekki verið tímasettar, en orkuvinnslugeta þeirra til viðbótar gæti rúmast innan efri marka orkuspár á næstu 15 árum. Ákvarðanir um framkvæmdir hljóta hins vegar að ráðast af aðstæðum í landskerfinu og markaði er þar að kemur."

Með þessu er mörkuð um það stefna að í framhaldi af byggingu Hrauneyjafossvirkjunar og annarra aðgerða á Þjórsár- og Tungnaársvæðinu og jafnhliða þeim verði ráðist í tvær stórvirkjanir utan Suðurlands og að því stefnt að þær komist í gagnið innan 10 ára. Með frv. er þannig í fyrsta sinn leitað heimilda fyrir meiri háttar virkjunum utan Suðvesturlands og mörkuð sú stefna að dreifa virkjunum um landið og virkja utan eldvirkra svæða í samræmi við stjórnarsáttmála núv. ríkisstj. Slík dreifing virkjana býður upp á aukið öryggi fyrir hina ýmsu landshluta og traustari rekstur kerfisins en ríkir við núverandi aðstæður þar sem allar helstu virkjanir landsins eru á tiltölulega litlu svæði sunnanlands. Með slíkri dreifingu virkjana gefst einnig færi á að nýta mismunandi rennsliseiginleika íslenskra fallvatna eftir landshlutum þar eð lágrennslistímabil fylgjast yfirleitt ekki að um allt land vegna mismunandi veðráttu. Hin samtengdu raforkuver, sem dreifð eru um landið, geta einnig samanlagt unnið meiri raforku en væru þau einangruð eða öll í sama landshluta, vegna þess að rennslissveiflur jafnast nokkuð út yfir landið í heild. Á mikilvægi þessa atriðis vorum við rækilega minnt á s. l. vetri.

Til viðbótar þessu mun fylgja byggingu umræddra virkjana og veitumannvirkja um tvöföld á miðlunarforða eða miðlunarstigi að baki raforkuvera landsins, en það er að sjálfsögðu stórfellt öryggisatriði. Þar munar mestu um fyrirhugaða Fljótsdalsvirkjun með allt að 745 gígalítra miðlun, sem felur í sér yfir 1000 gwst. orkuforða á ári, og til samanburðar má nefna að í núverandi Þórisvatnsmiðlun er fólgin um 700 gwst. orkuforði yfir árið, — orkuforði í heild reiknað, ekki tímabundið út af fyrir sig. Um þetta segir m. a. í grg. með frv.:

„Miðlunarstig Fljótsdalsvirkjunar fullgerðrar er ráðgert um 75%, en um 70% í fyrri áfanga. Miðlunarstig Blönduvirkjunar með 435 gígalítra miðlum er því 38%. Enn hefur ekki farið fram nákvæm úttekt á hagkvæmasta miðlunarstigi íslenska raforkukerfisins í framtíðinni, en búist er við að það sé milli 30 og 40%. Núverandi miðlunarstig kerfisins í heild er um 16%. Það hækkar í um 21% með lúkningu Hrauneyjafossvirkjunar og þeim aðgerðum á Þjórsársvæðinu sem gert er ráð fyrir í frv. og sem gerðar yrðu samhliða byggingu næstu meiri háttar virkjunar. Það mundi síðan hækka í 23—24% með Blönduvirkjun (290—430 gígalítra miðlun), sem næstu virkjun á eftir Hrauneyjafossi, en með Fljótsdalsvirkjun á undan Blönduvirkjun mundi það hækka í 30—33% (543—745 gígalítra miðlun). Er þá miðlunarstigið farið að nálgast hagkvæmustu stærð, en sem stendur er íslenska raforkukerfið stórlega vanmiðlað. Frv. þetta miðar þannig að verulegum bótum í þessu efni."

Um þessi efni er nánar fjallað í fskj. á bls. 77-87 með frv. þar sem er að finna útreikninga og yfirlit frá verkfræðingum um áhrif mismunandi virkjunarleiða á miðlunarstig og orkuvinnslugetu umræddra virkjana.

Í framhaldi af þessu tel ég rétt að víkja nánar að undirbúningi framkvæmda við næstu vatnsaflsvirkjanir og að áætluðum framkvæmdahraða og fyrirhuguðum ákvörðunum um framkvæmdaröð. Um þessi efni segir í grg. með frv. í kafla um virkjunarframkvæmdir á bls. 5—6 eftirfarandi:

„Fljótlega þarf að taka ákvörðun um byggingu næstu vatnsaflsvirkjunar í samræmi við ákvæði í stjórnarsáttmála. Er við það miðað að undirbúningi vegna Blönduvirkjunar og Fljótsdalsvirkjunar verði lokið sem fyrst og að framkvæmdir við þær skarist nokkuð.

Gerð verður áætlun um slíka framkvæmdatilhögun þannig að undirbúningi og framkvæmdum við þá virkjunina, er síðar kæmist í gagnið, yrði dreift á allmörg ár eftir því sem hagkvæmni frekast leyfir. Við byggingu þessara virkjana þarf að taka tillit til aðstæðna í viðkomandi landshlutum og að virkjanaframkvæmdirnar verði til að efla atvinnustarfsemi í þeim byggðarlögum er næst liggja.

Með hliðsjón af því, sem að framan greinir mun ríkisstj. í ár beita sér fyrir eftirfarandi varðandi frekari undirbúning Blönduvirkjunar og Fljótsdalsvirkjunar:

— Að hraðað verði verkhönnun við Blönduvirkjun.

— Að lokið verði rannsóknum vegna Fljótsdalsvirkjunar og hafin verkhönnun hennar.

— Að hafnar verði tilraunir með uppgræðslu og gróðurbætur á virkjunarsvæði Blöndu í samráði við sérfræðinga og heimamenn og ráðist í vegagerð á virkjunarsvæðinu.

— Að samhliða þessu verði leitast við að ná sem fyrst samningum við hagsmunaaðila vegna Blönduvirkjunar.

Á þennan hátt verði tryggt að ekki verði tafir á undirbúningi næstu vatnsaflsvirkjunar þótt ákvörðun um hana verði tekin á síðari hluta ársins og leitað staðfestingar

Alþingis á haustþingi. Við þá ákvörðun mun ríkisstj. taka mið af þjóðhagslegri hagkvæmni svo og öryggi í raforkukerfi landsins.

Eftir að frv. þetta yrði að lögum verða þegar hafnir samningar við Landsvirkjun sem væntanlegan virkjunaraðila samkv. 1. gr. og reynt að koma því máli í höfn sem fyrst.

Fyrir liggur að auðvelt og hagkvæmt virðist að skipta Fljótsdalsvirkjun í áfanga þannig að rösk 200 mw. yrðu virkjuð í fyrri áfanga, en allt að 100 mw. í hinum síðari. Verði að því stefnt að önnur þessara virkjana geti hafið rekstur á árunum 1986-1987 og hin um 1990 eftir því sem markaðsaðstæður leyfa". — Þ. e. Blönduvirkjun og Fljótsdalsvirkjun.

„Framkvæmdir við 2. áfanga Fljótsdalsvirkjunar, við Sultartangavirkjun og Villinganesvirkjun hafa ekki verið tímasettar og hljóta að ráðast af aðstæðum í landskerfinu er þar að kemur. Við þær framkvæmdir getur einnig komið til skörunar eins og við aðrar virkjanir.

Hér er um að ræða framkvæmdaáætlun til 10-15 ára, en hraði framkvæmda mun þó óhjákvæmilega ráðast mjög af þeim orkunýtingarkostum sem að yrði stefnt og hagkvæmir teljast miðað við þær forsendur sem skýrt er frá í grg. þessari. Í þessu sambandi er einnig vert að gefa gaum að árferðissveiflum og áföllum af völdum tíðarfars sem minnt hafa óþyrmilega á sig á þessum vetri.

Reynslan sýnir að vandaður undirbúningur dregur úr kostnaði mannvirkja og einnig að ætla þarf rúman tíma til að unnt sé að standa vel að málum. Skipuleggja þarf virkjunarframkvæmdir langt fram í tímann og mun lengra en tíðkast hefur hér á landi til þessa. Að því leyti er frv. þetta nýmæli. Á hinn bóginn er það vitaskuld ekki hugmyndin að reisa virkjanir óháð þróun orkumarkaðarins. Slíkt væri mjög varhugavert og gæti m. a. leitt til þess, að bjóða þyrfti orku á eins konar útsölu. Virkjanir hljóta því að haldast í hendur við orkumarkaðinn. Undirbúnings- og framkvæmdatími þeirra getur hins vegar verið lengri en iðjuvera sem nota orkuna og því þarf að skipuleggja þær með góðum fyrirvara. Þeirri meginstefnu er fylgt í þessu frv. Að hinu ber svo einnig að hyggja, að iðnaður, sem byggir á nýrri tækni og aðlaga þarf íslenskum aðstæðum, á sér langan aðdraganda og því þarf jafnframt að huga að iðnaði sem byggir á gamalkunnri tækni.

Væru þær vatnsaflsvirkjanir, sem hér er leitað heimilda fyrir, virkjaðar á næstu 15 árum yrði um að ræða nálægt 2400 gwst. aukningu í raforkuframleiðslu í landskerfinu umfram þarfir almenns markaðar og núverandi orkufreks iðnaðar samkv. fyrirliggjandi efri mörkum orkuspár."

Að þessum þáttum, orkuspá og orkunýtingu, mun ég víkja nokkuð hér á eftir, en um leið og ég undirstrika þann sveigjanleika, sem þarf og hlýtur að vera í áætlunum sem þessum, tel ég ekki óraunsætt að ætla að finna megi skynsamlega nýtingu fyrir orku frá Blönduvirkjun, Fljótsdalsvirkjun og Sultartangavirkjun á næstu 10—15 árum og raunar fyrr en seinna á því bili þannig að í reynd gæti hér orðið um 12 ára framkvæmdatíma að ræða. Hef ég þá einnig í huga þau skilyrði sem fram eru sett í sambandi við uppbyggingu orkufreks nýiðnaðar með virkum íslenskum yfirráðum yfir framleiðslu, tækniþróun og markaðsstefnu, eins og að er vikið á öðrum stað í grg. með frv.

Fyrir utan vatnsaflsvirkjanirnar og veituaðgerðir í þágu þeirra samkv. 1. gr. frv. er leitað heimildar til að koma upp jarðvarmavirkjunum með samtals 50 mw. afli til viðbótar þeim sem fyrir eru, enda fullnægi aðilar, sem slíkar virkjanir reisa, skilyrðum sem ríkisstj. kann að setja fyrir slíkum heimildum í því skyni að tryggður verði hagkvæmur heildarrekstur raforkukerfisins. Í aths. við 1. gr. er í þessu sambandi gert ráð fyrir að slíkar jarðvarmavirkjanir tengist að jafnaði annarri nýtingu jarðvarma á viðkomandi svæði, svo sem vegna hitaveitu og/eða iðnrekstrar. Slíkum jarðvarmavirkjunum má koma á fót með styttri fyrirvara en vatnsaflsvirkjun, ef jarðvarmi er tryggður, og þannig væri hægt að bregðast við breyttum aðstæðum í raforkukerfinu, svo sem auknu álagi og varaaflsþörf, sbr. uppsetningu 6 mw. jarðvarmavirkjunar hjá Hitaveitu Suðurnesja á árinu 1980 sem áður var að vikið.

Af öðrum svæðum, þar sem til álita kemur að setja upp litlar jarðvarmavirkjanir á næstu árum, má nefna Reykjanes í tengslum við sjóefnavinnslu, Ölfusdal eða Hengilssvæðið í tengslum við ylrækt, sykurhreinsun eða annan iðnað, svo og Bjarnarflag, þar sem lítil jarðvarmavirkjun hefur verið staðsett síðan 1969 — raunar hin fyrsta af slíku tagi hérlendis.

Til viðbótar þessu er leitað heimildar til að reisa varastöðvar á vegum Rafmagnsveitna ríkisins, Landsvirkjunar og Orkubús Vestfjarða með samtals allt að 50 mw. afli á næstu 10 árum í því skyni að tryggja viðunandi öryggi notenda gagnvart bilunum. Sérstök úttekt fer nú fram á varaaflsþörf í landskerfinu á næstu árum með hliðsjón af áformum um byggingu vatnsafls- og jarðvarmavirkjana í einstökum landshlutum.

Ég vil þá víkja nokkrum orðum að ákvæðum 2. gr. frv., en samkv. henni er ríkisstj. heimilt að láta ljúka undirbúningi og hönnun þeirra mannvirkja til útboðs, er um getur í 1. gr., og að ábyrgjast á árinu 1981 lán eða taka lán og endurlána virkjunaraðila allt að 50 millj. kr. til undirbúnings ofangreindra virkjana umfram það fjármagn, sem þegar hefur verið ákveðið í þessu skyni, en það nemur um 8 millj. kr. samkv. fjárlögum og lánsfjárlögum ársins 1981 undir liðnum „virkjunarrannsóknir". Við undirbúning fjárlaga og lánsfjárlaga var hins vegar út frá því gengið að bæta þyrfti við verulegu fjármagni í þessu skyni í tengslum við ákvarðanir um næstu skref í virkjanamálum og áframhaldandi undirbúning, og er til þess vísað í texta með lánsfjáráætlun að tekin verði ákvörðun hér í þinginu um viðbótarfjárútvegun til undirbúnings og áframhaldandi rannsókna í tengslum við þessi mál.

Varðandi nýtingu á þessu fjármagni vísa ég til þess sem áður sagði um áframhaldandi undirbúning vegna Blönduvirkjunar og Fljótsdalsvirkjunar, en unnið er nú að nánari áætlun um rannsókn á undirbúningskostnaði á þessu ári og verður að sjálfsögðu ekki gengið lengra í að nýta þessa heimild en skynsamlegt þykir að vel athuguðu máli. Nokkrir óvissuþættir eru enn um hversu langt sé skynsamlegt að ganga við undirbúning, m. a. varðandi könnunarjarðgöng að fyrirhuguðu stöðvarhússtæði þeirrar virkjunar sem ákveðið yrði að ráðast í síðar á árinu. Slíkt verk má hins vegar allt eins vinna að vetrarlagi sem sumarlagi þannig að kostnaður gæti að hluta skipst milli ára.

Þá er kveðið á um það í 2. gr. lagafrv., að ákvarðanir um framkvæmdir í virkjunarmálum, þ. á m. um framkvæmdaröð, skuli staðfestar af Alþingi. Eins og áður er

vitnað til í grg. er gert ráð fyrir að slíkrar staðfestingar verði leitað á komandi haustþingi varðandi næstu vatnsaflsvirkjun. Gæti það m. a. tengst afgreiðslu fjárlaga og/eða lánsfjárlaga. Þykir ríkisstj. eðlilegt að hafa ákvæði sem þetta í lögunum þannig að ljóst sé að Alþingi hafi síðasta orðið um þetta efni þótt slík áhrif þingsins eigi raunar að vera tryggð með öðrum hætti, m. a. með fjárveitingavaldinu.

Þá er kveðið á um í 2. gr. að fjáröflun til einstakra framkvæmdaþátta í sambandi við virkjanamál sem og önnur orkumál ákvarðist frá ári til árs með lánsfjárlögum. Þar er enn fremur kveðið á um lánsábyrgðarheimildir ríkissjóðs vegna fyrirhugaðra stórframkvæmda samkv. 1. gr. Heildarkostnaður við vatnsaflsvirkjanirnar er samtals talinn nema röskum 4000 millj. kr. á verðlagi 1. jan. 1981, og gert er ráð fyrir heimild ríkisstj. til að ábyrgjast lán fyrir hönd virkjunaraðila eða taka lán og endurlána honum allt að 2 þús. millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Er hér um að ræða helming áætlaðs kostnaðar við vatnsaflsvirkjanirnar eða ríflega fyrir áætluðum heildarkostnaði þeirrar stærstu, þ. e. Fljótsdalsvirkjunar, en stofnkostnaður hennar er áætlaður um 1760 millj. kr. í heild. Er þessi ábyrgðarheimild sett inn í lagafrv. vegna rammasamninga sem nauðsynlegir kunna að vera varðandi lántökur til þessara virkjunarframkvæmda á næstu árum. Voru hliðstæð ákvæði í lögum um fyrri stórvirkjanir, svo sem í heimildarlögum um Hrauneyjafoss- og Sigölduvirkjun á árinu 1971.

Svo að litið sé áfram á lagatexta frv. er í 3. gr. að finna heimild til að fella niður söluskatt, tolla og önnur sambærileg gjöld af efnum vélum og tækjum til virkjana og orkuveitna samkv. 1. gr. Þetta er sambærileg heimild og í öðrum heimildarlögum um virkjanir, t. d. í lögum nr. 59 frá 1965, um Landsvirkjun, og lögum nr. 60 frá 1965, um Laxárvirkjun.

Í 4. gr. er kveðið á um að virkjunaraðili sé undanþeginn tekjuskatti, stimpilgjöldum, aðstöðugjaldi og öðrum gjöldum til ríkis, sýslusjóða og sveitafélaga, en hann skuli þó greiða fasteignagjöld. Þetta er einnig sambærilegt ákvæði og í lögum um Landsvirkjun. Hins vegar eru Rafmagnsveitur ríkisins undanþegnar fasteignagjöldum og koma þær samkv. þessu til með að þurfa að greiða þau gjöld ef svo fer að þær verði framkvæmdaaðili við einhverjar umræddra virkjana. Hafa þessi atriði komið til umræðu í samningaumleitunum við hagsmunaaðila í héraði og má í því sambandi vísa til samkomulags Rafmagnsveitna ríkisins og Fljótsdalshrepps á bls. 49-50 í fskj. með frv.

Loks segir í 5. gr., að heimilt sé að taka eignarnámi þau réttindi er nauðsynleg eru vegna virkjunarframkvæmdanna. Sambærilegar heimildir eru þegar í vatnalögum, í orkulögum og í lögum um Landsvirkjun. Rétt þótti hins vegar að hafa á einum stað í frv. þær heimildir sem átt geta við virkjanir samkv. 1. gr. Í þessu sambandi skal þó vitnað til þess sem fram kemur í grg., þar sem segir: „Það er stefna ríkisstj. að leita eftir samkomulagi um virkjanir þessar, og réttindi sem þeim tengjast, við þá sem lögmætra hagsmuna eiga að gæta, áður en framkvæmdir hefjast."

Beiting eignarnámsheimilda hlýtur að teljast þrautalending sem ekki verði látið reyna á nema við sérstakar aðstæður og þá með víðtækri pólitískri samstöðu þeirra er að slíkum ákvörðunum standa.

Ég mun þá víkja að þeim þætti er varðar virkjunaraðila við umræddar virkjanir samkv. 1. gr., en þar er gert ráð fyrir að leitað verði samninga við Landsvirkjun um að reisa og reka þær vatnsaflsvirkjanir sem um getur í frv. og nú eru utan orkuveitusvæðis Landsvirkjunar, en aðeins þurfi að koma til heimildir varðandi þær virkjanir sem þegar eru á orkuveitusvæði Landsvirkjunar, þ. e. Þjórsár- og Tungnaársvæðinu. Takist slíkir samningar ekki við Landsvirkjun varðandi virkjanir utan núverandi orkuveitusvæða fyrirtækisins verði Rafmagnsveitur ríkisins virkjunaraðili.

Ég hef áður vikið að viðleitni stjórnvalda til að færa út orkuveitusvæði Landsvirkjunar og minnst á þann þýðingarmikla áfanga sem náðist að frumkvæði stjórnar Laxárvirkjunar og eftir samningaviðræður milli eigenda Laxárvirkjunar og Landsvirkjunar um sameiningu fyrirtækjanna á grundvelli laga nr. 59 frá 1965, um Landsvirkjun, en þeim viðræðum lauk með samkomulagi um sameiningu, sem dags. er 27. febr. 1981. Er það samkomulag birt sem fskj. á bls. 135-142 með frv. og hefur það nú hlotið staðfestingu allra eignaraðila. Það er viðhorf ríkisstj. að í framhaldi af þessari útvíkkun Landsvirkjunar sé eðlilegt að athugaðir séu möguleikar á að ná samningum við Landsvirkjun um að fyrirtækið taki að sér að reisa Fljótsdalsvirkjun og Blönduvirkjun og aðrar meiri háttar virkjanir í landinu. Með því mundi nýtast sú þekking og reynsla, sem Landsvirkjun býr yfir á þessu sviði, og komist yrði hjá kostnaði við að byggja upp annan aðila til forustu á þessu sviði. Jafnframt yrði leitað samkomulags við Landsvirkjun um frekari skref í þá átt að fyrirtækið taki við þessum virkjunum og meginstofnlínum landsins sem eignar- og rekstraraðili, enda verði sama heildsölugjaldskrá hjá fyrirtækinu hvarvetna á landinu. Síðast nefnda atriðið er að sjálfsögðu afar þýðingarmikið í þessu samhengi og fyrir hagsmuni þjóðarheildarinnar og fólk í einstökum landshlutum.

Ég hef þá trú, að vaxandi skilningur og vilji sé fyrir hendi innan Landsvirkjunar til að þessi stefna megi ná fram að ganga þótt í áföngum verði. Í þessu felst engan veginn vantraust á getu Rafmagnsveitna ríkisins til að hafa forustu um stórframkvæmdir. Rafmagnsveiturnar hafa að mínu mati staðið mjög vel að verki sem virkjunaraðili við undirbúning Fljótsdals- og Blönduvirkjunar að undanförnu, og takist ekki samningar við Landsvirkjun um að reisa og reka umræddar virkjanir er kveðið skýrt á um það í 1. gr. frv., að Rafmagnsveitur ríkisins verði virkjunaraðili. Í stórmáli sem þessu er hins vegar nauðsynlegt að menn leiti að þeirri skipan sem hagkvæmust getur talist fyrir þjóðarheildina og best getur tryggt samstillingu framkvæmda og rekstrar á þessu undirstöðusviði raforkumálanna, þ. e. í raforkuöflun og um meginflutning raforku. Slíkt þarf hins vegar ekki að útiloka að litlar virkjanir verði reistar af öðrum aðilum, þ. á m. jarðvarmavirkjanir, enda sé fyrir fram tryggður hagkvæmur heildarrekstur raforkukerfisins við tilkomu þeirra.

Eins og margítrekað er í grg. frv. getur það ekki verið stefna út af fyrir sig að virkja og framleiða orku, heldur þarf orkuöflun að haldast í hendur við þróun markaðar. Í þeim forsendum, sem fram eru settar varðandi hraða virkjunarframkvæmda, er sleginn skýr varnagli um þetta atriði. En við stefnumótun í þessu efni var m. a. haft í huga vaxandi gildi orkulinda okkar sem vænlegs bakhjarls fyrir atvinnuuppbyggingu í landinu, m. a. í ljósi

þróunar orkumála á alþjóðavettvangi og þeirrar samkeppnisstöðu sem náttúrlegar orkulindir landsins, vatnsafl og jarðvarmi, eiga að geta veitt í atvinnurekstri og þá einnig til útflutningsframleiðslu. Þetta á við þótt kröfur verði gerðar um tiltölulega hátt orkuverð, sem ekki aðeins standi undir fjárfestingu í viðkomandi virkjunum, heldur leggi einnig í bú fyrir framtíðina og skili arði til að standa undir kostnaði við framhaldsorkuöflun svo sem eðlilegt verður að teljast.

Í sambandi við orkunýtingu og áætlaðan framkvæmdahraða var höfð nokkur hliðsjón af raforkuspá, sem orkuspárnefnd hefur nú nýlega skilað af sér, en þar eru annars vegar settar fram áætlanir um raforkuþörf hins almenna markaðar, sem svo er nefndur, fram til ársins 2000, en einnig settar fram hugmyndir um þróun í uppbyggingu nýs orkufreks iðnaðar, miðað við tilteknar forsendur um þróun atvinnuvega og þörf á nýjum störfum í iðnaði, jafnt almennum iðnaði sem nýjum orkufrekum iðnaði.

Í hinni almennu orkuspá er raunar gert ráð fyrir að raforkuþörf hins almenna iðnaðar verði meiri en ráð var fyrir gert í eldri spá þar eða nú er reiknað með fleira starfsfólki í iðnaði á næstu árum og áratugum en fyrr. Hins vegar er gert ráð fyrir heldur minni vexti í orkunotkun á hinum almenna markaði í heild fram til aldamóta frá því sem ráð var fyrir gert í spánni frá 1978 eða sem nemur 6%. Samkv. hugmyndum orkuspárnefndar gætu efri mörk orkuspár, sem taka mið af uppbyggingu orkufreks iðnaðar, þ. á m. hugsanlegri framleiðslu innlends eldsneytis á spátímabilinu, svarað til um 500 gwst. árið 1985, allt að 1500 gwst. nálægt árinu 1990 og 2400 gwst. 5 árum síðar, þ. e. árið 1995, við lok þess 15 ára tímabils sem hugsanlegt er talið sem framkvæmdatími við þær virkjanir sem hér er leitað heimildar fyrir, enda finnist hagstæðir nýtingarkostir sem væri á færi landsmanna sjálfra að standa að og hafa ákvarðandi forræði yfir. Miðað við sveigjanleika í hraða virkjanaframkvæmda og varðandi þróun markaðar gæti þannig viðbótarorkuöflun í þágu orkufrekrar iðju numið á bilinu 1300-2400 gwst. á ári eftir 15 ár. Í þessu sambandi er rétt að benda á þann möguleika að hagkvæmt reynist að framleiða hér innlent eldsneyti í stað innflutts bensíns, en slík framleiðsla mundi krefjast um 1600 gwst. á ári af raforku miðað við 110 þús. tonna ársframleiðslu. Slíkt hlyti að hafa veruleg áhrif á hraða virkjunarframkvæmda. Hafa ber einnig í huga að orkunotkun fiskiskipastólsins á ári svarar til um 2200 gwst., umreiknað í raforku.

Í grg. með frv. er sett fram það sjónarmið, að eðlilegt sé að landsmenn setji sér það markmið að jafna orkureikninginn gagnvart útlöndum fyrir lok aldarinnar, sumpart með framleiðslu á eldsneyti hér innanlands eftir því sem hagkvæmt getur talist og með tilliti til öryggis í orkumálum svo og með útflutningi orkufrekra afurða til gjaldeyrisöflunar. Fellur slík stefna ekki fjarri efri mörkum samkv. spá orkuspárnefndar sem gerir ráð fyrir allt að 3700 gwst. til viðbótar til orkufrekrar iðju nálægt aldamótum, en mér reiknast svo til að jöfnun á orkureikningunum miðað við tilteknar forsendur svari til nálægt 4000 gwst. orkunotkun á ári til orkufrekar iðju umfram það sem nú er, miðað við næstu aldamót.

Heimildir þær, sem hér er leitað eftir, og hugsanlegur framkvæmdahraði byggjast m. a. á því viðhorfi, að eðlilegt sé að hafa verulegt svigrúm í framkvæmdastefnu varðandi virkjanir næstu ára og áratuga, ekki síst með tilliti til þess, að virkjanir eru tímafrekar framkvæmdir sem þurfa langan undirbúningstíma. Það er þannig mjög erfitt eða jafnvel ógerlegt að mæta með stuttum fyrirvara þörfum sem ekki voru séðar löngu fyrir, ef virkjað er naumt eftir orkuspá. Aftur á móti er tiltölulega auðvelt að hægja á ef þarfirnar ætla að reynast minni en spáð var. Á vegum iðnrn. er nú í samvinnu við innlendar stofnanir og fleiri aðila unnið að athugun á ýmsum iðnaðarkostum sem krefjast umtalsverðrar orku, og er gerð lausleg grein fyrir þeim þáttum í greinargerð með frv. Reynist slík iðnaðaruppbygging hagkvæm og ráðleg við nánari athugun er því aðeins unnt að ráðast í hana að virkjunaráætlanir séu sæmilega rúmar. Í sambandi við slíka uppbyggingu orkufreks iðnaðar og nýtingu innlendrar orku í iðnaði, þar sem nú er notað umtalsvert innflutt eldsneyti, koma mörg atriði til álita.

Varðandi orkufrekan nýiðnað og staðsetningu slíkra iðjuvera er í grg. m. a. bent á forsendur, svo sem kröfur um virk íslensk yfirráð yfir framleiðslu, tækniþróun og markaðsstefnu, kröfu um arðsemi, bent á þýðingu nálægðar við helstu virkjunarstaði, umhverfisvernd, byggðasjónarmið, staðhætti, þar með talin röskunarhætta á byggð og atvinnustarfsemi sem fyrir er, svo og að markaður fyrir afurðir sé tryggur. Allir þessir þættir eiga að hafa áhrif í mótun iðnaðarstefnu og þegar nýjum iðjuverum er komið á fót og þeim ákveðinn staður. Að athugunum vegna staðarvals fyrir orkufrekan iðnað og meiri háttar nýiðnað er nú unnið á vegum sérstakrar nefndar sem iðnrn. skipaði s. l. haust, og orkustefnunefnd ríkisstj. fjallar m. a. um nýtingarkostinn.

Að sjálfsögðu þarf að taka tillit til annars atvinnulífs í landinu þegar metnir eru iðnaðarkostir. Einhliða áhersla á iðnað og þá einnig orkufrekan iðnað getur ekki talist vænleg, heldur verður að liggja fyrir heildarmynd þar sem dregnir séu fram álitlegir þróunarmöguleikar í öðrum atvinnugreinum, og orkuöflunar- og orkunýtingarstefnuna þarf að fella að efnahagsgetu þjóðarbúsins og víðtækum þjóðhagsáætlunum. Því er í grg. með frv. gert ráð fyrir að farið verði með gát í uppbyggingu orkufreks nýiðnaðar og áhersla lögð á að tryggt verði virkt íslenskt forræði, m. a. með því að leggja í fyrstu áherslu á þá kosti að öðru jöfnu sem minni eru í sniðum og viðráðanlegastir. Höfuðáhersla verði lögð á slíka miðlungsstóra iðnaðarkosti eða sem svarar til 400-500 gwst. í orkunotkun fram undir lok þessa áratugar. Verði síðan til álita að ráðast í stærri fyrirtæki, en þá verður sérstaklega að gæta að traustum markaði og staðgóðri tækniþekkingu sem við Íslendingar getum haft vald á. Einnig þarf að huga að minni orkufrekum iðnfyrirtækjum, svo að hægt sé að ná fram æskilegri dreifingu iðnaðar af þessu tagi, og ekki þarf síður að vinna að og hafa auga á þróun úrvinnslu úr afurðum orkufreks iðnaðar hér innanlands.

Frv. og sú stefna, sem mörkuð er í grg. með því, felur þannig ekki aðeins í sér dreifingu virkjana um landið til að auka öryggi og jafnræði meðal landsmanna, heldur er lögð áhersla á að iðnaðarkostir, þar með talinn orkufrekur iðnaður, dreifist á landshlutana með tilliti til atvinnuástands, byggðaþróunar og öryggis í orkumálum. Þannig styðji hvað annað: uppbygging orkuvera og atvinnulífs er byggi á orkulindum landsins í meira eða minna mæli. Taka þarf og tillit til þess við áætlanir um uppbyggingu raforkukerfisins og er að sjálfsögðu mikils

vert að fyrir liggi stefnumörkun um slíka dreifingu iðnaðar á einstaka landshluta í viðráðanlegum áföngum.

Þegar þannig er mörkuð stefna eins og með þessu frv. um byggingu stórra virkjana norðanlands og á Austurlandi og jafnframt er gert ráð fyrir að þróa hagkvæm fyrirtæki sem Íslendingar geti staðið að einir í flestum tilvikum þótt ekki sé útilokuð samvinna við útlenda aðila um vissa þætti ef aðstæður bjóða, þá hlýtur að verða til álita að koma upp slíkum fyrirtækjum í viðkomandi landshlutum. Þetta á ekkert skylt við þær hugmyndir sem stundum heyrast m. a. hér á hv. Alþingi, að ekki sé skynsamlegt eða hagkvæmt að ráðast í stórvirkjanir eins og þær, sem hér er leitað heimildar fyrir, nema þeim fylgi orkufrekur iðnaður í verulegum mæli. Slík nauðhyggja er í senn fávísleg og engum til góðs því að öllum ber saman um að hér sé um að ræða álitlegustu virkjunarkosti landsmanna hvað hagkvæmni snertir þótt aðeins sé hugsað um framleiðslu fyrir hinn almenna markað. Á hitt hljótum við hins vegar að líta fordómalaust, hvort ekki sé fært að efla og auka fjölbreytni íslensks atvinnulífs með tilstyrk orkulindanna og þá jafnt vatnsafls sem jarðvarma.

Þær athuganir, sem iðnrn. stendur nú fyrir, eru ekki komnar á það stig að fullyrt verði um hagkvæmni eða rekstrarforsendur einstakra iðnfyrirtækja þótt sumir þessara kosta virðist álitlegir og lofa góðu. Iðnrn. hefur að undanförnu látið athuga og kynnir þessa dagana stöðu athugana á þessu sviði því að skylt er og eðlilegt að þing og þjóð fái að fylgjast með framvindu mála og undirbúningi í þessu efni á sama hátt og varðandi aðra mikilvæga þætti í okkar atvinnuuppbyggingu.

Ljóst er að við getum komið umtalsverðu magni af raforku í gagnið í núverandi iðnaði í stað olíu ef rétt er að málum staðið og minni nýiðnaðarverkefni, svipuð og þau sem frv. liggja fyrir um hér í þinginu nú, munu kalla á raforku umfram það sem orkuspá gerir ráð fyrir til almenns iðnaðar. Er ekki fjarri lagi að áætla að þetta hvort tveggja: útrýming olíu í núverandi iðnaði og minni iðnaðarkostir, kalli á um 500 gwst. orkunotkun á ári a. m. k. á næstu 10-15 árum, en um svipaða orkunotkun væri að ræða í iðnfyrirtækjum, þ. e. pappírsverksmiðju, magnesíumvinnslu og kísilmálmverksmiðju, svo nefndir séu nokkrir þeir þættir sem til athugunar eru og greint hefur verið frá að undanförnu. Eðlilega er bent á hagkvæmni þess að nýta aðstöðu við þau stóriðjuver sem þegar eru risin í landinu, svo sem hafnaraðstöðu og raflínur. Þetta varðar m. a. aðstöðu við álverið í Straumsvík. En ljóst má vera að ýmsum grundvallarforsendum þarf að breyta frá því sem nú er áður en til álita kæmi að stækka það fyrirtæki sem þar er nú í rekstri. Nægir í því sambandi að minna á ályktanir og samþykktir ríkisstj. þar að lútandi frá des. s. l. um endurskoðun raforkuverðs og fleiri þætti.

Herra forseti. Sú stefna, sem hér er fram sett um uppbyggingu virkjana og hugsanlega orkunýtingu, er sett fram undir kjörorðinu: „Íslensk orkustefna". Hagur Íslendinga byggist öðru fremur á lífrænum auðlindum og hagnýtingu þeirra svo og orku fallvatna og jarðhitasvæða. Þá undirstöðu má nýta til fjölþætts iðnaðar og öruggrar afkomu ef vel er á haldið. Fáar þjóðir eiga að tiltölu yfir að ráða slíkri gnótt af virkjanlegri vatns- og varmaorku sem Íslendingar. Það er mikilvæg auðlind í heimi þar sem menn eiga við sívaxandi orkuvandamál að etja og stöðugt hækkandi orkuverð.

Nú stendur yfir lokaátak við að koma innlendum orkugjöfum í gagnið í upphitun húsa í landinu og á öðrum sviðum, eftir því sem hagkvæmni og núverandi tækni leyfir. Enn munum við þó um hríð þurfa að flytja inn röskan þriðjung þeirrar orku, sem við notum, í formi fljótandi eldsneytis. Öflun þess og endurgjald varðar í senn efnahagsþróun þjóðarinnar, íslensks þjóðarbúskapar, og öryggi. Eðlilegt er að við stefnum markvisst að því, eins og áður var nefnt, að jafna metin með afurðum er við framleiðum til útflutnings í eigin fyrirtækjum í krafti innlendrar orku. Á meðan við erum ekki sjálfum okkur nógir á þessu sviði hljótum við að freista þess að tryggja viðskiptalega hagsmuni okkar og öryggi í olíuinnflutningi sem best. Gagnkvæm skipti á innfluttri orku og útfluttum orkuiðnaðarafurðum með einum eða öðrum hætti hljóta að teljast áhugaverð stefnumið. Að þeirri mynd falla gagnkvæm samskipti við grannþjóðir, er hafa olíu á boðstólum, sem og aðra trausta viðskiptaaðila.

Vatnsorka mun fyrirsjáanlega standast samanburð við aðra orkugjafa varðandi framleiðslukostnað um langa hríð og vinnslu hennar fylgir engin umhverfismengun ef rétt er á haldið. Enn er mikill hluti fallorkunnar óvirkjaður og nýting jarðvarma til raforkuvinnslu er á byrjunarstigi. Ráðstöfun þessara orkulinda er eitt örlagaríkasta mál þjóðarinnar og ákvarðanir þar að lútandi geta skipt sköpum um efnahagslegt og stjórnarfarslegt sjálfstæði hennar. Þess vegna ber að leggja höfuðáherslu á íslenskt forræði í öllum meginþáttum orkuframleiðslu og orkunýtingar: virkjunum, iðnaðarfyrirtækjum og markaði. Hér er um stórbrotið þróunarátak að ræða, verðugt viðfangsefni fyrir innlendar rannsóknar- og verkfræðistofnanir og þekkingu uppvaxandi kynslóða. Hagnýtingu þessarar dýrmætu auðlindar þarf að tengja eflingu annarrar atvinnustarfsemi í landinu. Ljóst er að vaxandi áhugi hlýtur að verða á næstu árum á nýtingu orkulindanna, og því er brýn nauðsyn að þjóðarsamstaða takist um íslenska orkustefnu, jafnt um orkuvinnslu sem orkunýtingu til frambúðar.

Nýtingarstefnu varðandi orkulindirnar þarf jafnframt að fylgja verndarstefna þar sem hugað er að íslensku umhverfi, verndun þess, sem mestu máli skiptir, og ströngum kröfum gegn mengun náttúru svo og varðandi mengun á vinnustöðum. Nýleg friðlýsing Gullfoss og Þjórsárvera eru dæmi um eðlilegt tillit gagnvart gersemum íslenskrar náttúru, sem við höfum fullt efni á að sýna tillitssemi. Sérstök samstarfsnefnd iðnrn. og Náttúruverndarráðs hefur starfað frá árinu 1972 að telja, og að því er stefnt að móta áætlun um verndun þeirra svæða og náttúrufyrirbæra er verðmætust eru talin og snerta hugsanlega hagnýtingu orkulinda landsins umfram það sem þegar hefur verið gert.

Í grg. þeirri, sem fylgir þessu frv. til laga um raforkuver, eru dregin fram nokkur almenn grundvallaratriði sem ríkisstj. telur að leggja beri áherslu á við mótun íslenskrar orkustefnu, en að tillögum um fleiri þætti og langtímastefnumörkun í þessum mikilvæga málaflokki er unnið. Afrakstur af því starfi mun koma fram á næstu árum og á næstu mánuðum og misserum umfram það sem hér liggur fyrir.

Herra forseti. Ég vísa að öðru leyti til grg. með frv. og margra fskj. sem hafa að geyma í senn fróðleik um þau mannvirki, sem hér er leitað heimilda fyrir að ráðast megi í, svo og um orkulindir landsins og fleira er snertir þennan þýðingarmikla málaflokk.

Ég vil að endingu aðeins vekja athygli á síðasta fskj. með frv., en það eru tölulegar upplýsingar, mat Þjóðhagsstofnunar, sem fyrir liggur að beiðni iðnrn., varðandi hugsanlega framkvæmdaáætlun er miðar við tilteknar fjárfestingar í orkumálum og uppbyggingu orkufreks iðnaðar sem svarar til um 1800 gwst. framleiðslu umfram þarfir almenns markaðar að 10 árum liðnum. Svarar þetta framkvæmdalega til fskj. 1 með frv., en þó er raunar gert ráð fyrir nokkurri skörun við Sultartangavirkjun á síðustu árum þessa tímabils. Þær tölur, sem þar eru fram reiddar, sýna að mínu mati að hér er ekki verið að reiða fram áætlandir sem séu ofvaxnar íslenskum þjóðarbúskap og efnahagslegri getu okkar Íslendinga. Við getum staðið að einir og óstuddir. Í þeim dæmum, sem þar eru nefnd, er við það miðað að stofnkostnaður í iðjuveri sé að meðaltali um 1.5 millj. nýkr. á ári fyrir hverja gwst. sem notuð væri. Miðað við tvennar forsendur, um hagvöxt á næstu 10 árum og fjárfestingu til að nýta umrætt orkumagn, 1800 gwst. á ári, en það er tala sem kemur fram í 1. fskj. með frv., væri um svipað fjárfestingarhlutfall að ræða af vergri þjóðarframleiðslu til orkuframkvæmda og orkufreks iðnaðar á komandi 10 árum og varið hefur verið til þessara þátta á síðustu 10 árum.

Vissulega skulum við gæta þess að sníða okkur stakk að vexti, og út af fyrir sig er það ekki markmið að hagnýta auðlindir landsins á sem stystum tíma. Þar verður að taka tillit til fjölmargra þátta og hafa vel í huga að ekki er allt gull sem glóir. Það skulu vera mín síðustu orð í framsögu fyrir þessu frv.

Ég vænti þess, að hv. alþm. og iðnn. þessarar deildar, er fær málið til meðferðar að lokinni þessari umr., sjái sér fært að fjalla um frv. þetta og afgreiða það á þeim skamma tíma sem gert er ráð fyrir að sé eftir til þingloka. Við undirbúning þessa frv. var leitast við að taka tillit til margra sjónarmiða, og ég vænti þess, að sú viðleitni eigi eftir að greiða götu þessa þýðingarmikla máls í gegnum þingið.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Það frv., sem hér er til umr., frv. til laga um raforkuver, er frv. sem lengi hefur verið á dagskrá og þess hefur lengi verið beðið hér á hv. Alþingi að slíkt frv. yrði lagt fram af hálfu ríkisstj. Raunar hafa menn misserum saman hlýtt á yfirlýsingar hæstv. iðnrh. og fleiri ráðh. um nauðsyn ákvörðunar um næstu virkjun eða virkjanir fyrir ákveðin tilgreind tímamörk, en þrátt fyrir það hefur hver mánuðurinn á eftir öðrum liðið og hvert misserið á eftir öðru liðið án þess að ákveðin stefna væri mörkuð eða reynt væri að taka ákvörðun um næstu virkjanir. Við þm. höfðum þess vegna fastlega reiknað með því, og studdumst þar við yfirlýsingar hæstv. ráðh., að áður en þessu þingi lyki gæti Alþingi tekið til ítarlegrar meðferðar ákveðna stefnu um næstu átök í virkjunarmálum. Menn biðu því þessa frv. með mikilli eftirvæntingu og ekki síst þegar menn hlýddu á þá yfirlýsingu hæstv. iðnrh. í hádegisútvarpi í fyrradag að mikilla tíðinda væri að vænta á Alþingi þá síðar um daginn þegar frv. yrði lagt fram, en að öðru leyti vildi hæstv. ráðh. ekki tjá sig um efni þessa frv. (**Iðnrh.:** Það var nú raunar skáldskapur.) Þessi yfirlýsing kom fram í hádegisútvarpinu af hálfu hæstv. ráðh.

Hæstv. forsrh. ræddi um orkumálin í fréttaþætti í Ríkisútvarpinu, í þættinum „Á vettvangi", 1. apríl s. l. og tilefnið var frv. það sem þm. Sjálfstfl. í Ed. höfðu flutt með stuðningi þm. flokksins í Nd. Hæstv. forsrh. var spurður um efni þessa frv. í þessum fréttaþætti. Hann taldi að um það frv. mætti margt gott segja, en hins vegar gengi það ekki nógu langt. Hann rakti síðan þá helstu kosti sem væru til virkjana, rakti þær þrjár meginvirkjanir, sem oftast eru nefndar, og auk þess Kvíslaveitu og stíflu við Sigöldu, en lauk síðan máli sínu með þessum orðum:

„Áður en þingi lýkur, þá mun ríkisstj. beita sér fyrir því að samþykktar verði nauðsynlegar lagaheimildir í þessu skyni og röðin ákveðin."

Þetta var skýr yfirlýsing hæstv. forsrh. í Ríkisútvarpinu 1. apríl 1981. Jafnvel fyrir nokkrum dögum, 6. maí, var viðtal við hæstv. iðnrh. í Morgunblaðinu og þar segir, með leyfi forseta:

Hjörleifur Guttormsson iðnrh. sagði í viðtali við Morgunblaðið miðvikudaginn 6. maí s. l. að frv. yrði lagt fram á Alþingi öðru hvoru megin við helgina. Ekki vildi hann tjá sig um hvort í því yrði ákvarðað um röðun hinna þriggja virkjana. „Það kemur í ljós" sagði hann, „en það er ekkert sem segir að frv. geti ekki orðið stefnumótandi um röðun."

Þrátt fyrir allt þetta er nú lagt hér fram á Alþingi frv. sem í rauninni er hvorki fugl né fiskur að þessu leyti. Í frv. birtist ekki stefna ríkisstj. um framkvæmdaröð, og það er ljóst að þrátt fyrir að reynt hafi verið til síðasta dags, eins og sjá má af þeim ummælum sem ég rakti áðan, að ná samkomulagi um stefnu í þessum efnum innan hæstv. ríkisstj. tókst það ekki þannig að sú leið var valin að síðustu að leggja fram frv. sem ekkert segir um þetta efni. Raunar er þetta frv. þannig úr garði gert að það skiptir engu máli hvort það verður samþykkt á þessu þingi eða ekki. Í því eru engar nýjar heimildir fyrir hæstv. ríkisstj. eða aðra aðila til framkvæmda á þessu ári. Frv. veitir að vísu heimildir til ákveðinna virkjana og ákveðinna aðgerða í virkjunarmálum, en í 2. gr. 2. málsgr. segir: „Ákvarðanir um framkvæmdir í virkjunarmálum, þ. á m. um framkvæmdaröð, skulu staðfestar af Alþingi." Hæstv. iðnrh. sagði að hann gæti hugsað sér að það gæti gerst í sambandi við afgreiðslu fjárlaga eða lánsfjárlaga á næsta þingi eða m. ö. o. að það gæti dregist um ár að tekin yrði ákvörðun um næstu stórvirkjun hér á landinu. Við vitum að það er ekki langt síðan við afgreiddum lánsfjárlög á Alþingi. Þessi fyrirvari af hálfu hæstv. iðnrh. um það, hvenær ákvarðanir verða teknar um næstu virkjun, bendir til þess, að hæstv. ráðh. vilji enn afla sér allt að eins árs frests til að taka ákvörðun í þessu mikilvæga máli. Þrátt fyrir þetta frv. er málið því jafnóljóst sem fyrr, vandanum er enn skotið á frest og þrátt fyrir yfirlýsingar um það, bæði í grg. og af hálfu hæstv. iðnrh. hér á hinu háa Alþingi, setur þessi töf auðvitað í hættu þær framkvæmdir sem stefnt er að að leggja í og menn eru sammála um að nauðsynlegt sé að byrja á.

Með allt þetta í huga er það ekki að ófyrirsynju að orkumál hafi mikið verið á dagskrá á þessu þingi. Orkumálin tengjast að sjálfsögðu stefnu okkar í iðnaðar- og stóriðjumálum. Þessi umræða hér á Alþingi hófst í upphafi þings með því að fluttar voru tvær þáltill. um stóriðjumál; önnur af hálfu þm. Alþfl., hin af hálfu þm. Sjálfstfl. Þær hafa verið til meðferðar í allshn. Sþ. og hafa nú verið sameinaðar í eina till. sem bíður afgreiðslu, en viðbrögð hv. þm. stjórnarliðsins benda ekki til þess, að hæstv. ríkisstj. eða hv. þm. ríkisstj. vilji hafa nokkurt samstarf eða samvinnu við stjórnarandstöðuna í þessu

mikilvæga hagsmunamáli þjóðarinnar.

Sjálfstæðismenn í Ed. fluttu frv. um ný raforkuver, sem ég gat mjög lauslega um áðan. Að því frv. standa raunar allir þm. flokksins að ráðherrum undanskildum. Þá hafa þm. Sjálfstfl. í Ed. flutt frv. um skipulag orkumála og þm. Alþfl. hafa einnig flutt frv. um framkvæmdir í raforkumálum. Það er því ljóst að til þessa hefur allt frumkvæði í þessum mikilvæga málaflokki komið frá stjórnarandstöðunni, enda er langlundargeð manna löngu þrotið. Ég vil aðeins skjóta því hér inn til fróðleiks, en það er þó nokkur vitnisburður um hvernig staðið er að iðnaðarmálum hér á hv. Alþingi af hæstv. ríkisstj.

Ég á sæti í iðnn. Nd. og ég verð að viðurkenna að þegar ég hlustaði á hæstv. iðnrh. í upphafi þessa þings flytja mikla ræðu um iðnaðarmál og boða mikið samstarf við iðnn. þingsins um þennan mikilvæga málaflokk hugði ég gott til glóðarinnar að starfa í þessari nefnd og hlakkaði til að eiga þátt í því að mega starfa með bæði fulltrúum ríkisstj. og öðrum þingmönnum að þessum mikilvæga málaflokki. En þessi hv. nefnd hefur nánast aldrei komið saman á þessu þingi. Hún hefur tvisvar komið saman til formlegs fundar. Annar fundurinn var haldinn í tíu mínútur til að kjósa formann, varaformann og ritara. Hinn fundurinn var haldinn hér inni í hliðarherbergi og stóð í tíu mínútur einnig, var haldinn rétt fyrir jól til þess að setja stimpil nefndarinnar á frv. um framlengingu verðjöfnunargjalds. Síðan var nefndin boðuð að koma á fund í iðnn. Ed. fyrir nokkrum dögum til að hlýða þar á umr. um þau þrjú frv. sem hæstv. iðnrh. hefur flutt um verksmiðjur. Þetta er allt starf iðnn. Nd. Ég ásaka á engan hátt meðnm. mína, hvorki formann né aðra fulltrúa stjórnarinnar í þessari nefnd, en ég ásaka að sjálfsögðu hæstv. iðnrh. fyrir þann algjöra skort á frumkvæði í iðnaðarmálum sem birtist í því, að þessi mikilvæga þingnefnd þessarar hv. deildar skuli ekki hafa fengið eitt einasta verkefni enn þá á þessu þingi til að fjalla um. Þannig er ljóst að allt frumkvæði hefur skort í þessum málum frá hæstv. ríkisstj. og því miður bætir þetta frv., sem nú hefur verið lagt fram, engu þar við.

Ég gat þess áðan að tvö önnur frv. um virkjunarmál lægju hér fyrir hv. Alþingi. Mér finnst rétt við þessar umr. að bera nokkuð saman þessi frv. og greina frá því í hverju munur þeirra liggur helst. Ég vil þá í fyrsta lagi fjalla um til hvaða framkvæmda þessi einstöku frv. ná.

Frv. þm. Sjálfstfl. fjallar um að reist skuli 330 mw. raforkuver við Jökulsá á Fljótsdal, 180 mw. raforkuver í Blöndu í Austur-Húnavatnssýslu og 130 mw. raforkuver í Þjórsá við Sultartanga, enn fremur um stækkun Hrauneyjafossvirkjunar um allt að 70 mw., úr 140 í 210, en það er raunar í samræmi við hönnun virkjunarinnar, og framkvæmdir allar við Hrauneyjafoss miðast við að þetta verði endanleg stærð virkjunarinnar. Frv. Alþfl. fjallar um sömu virkjanir, en til viðbótar stækkun Búrfellsvirkjunar úr 210 mw. í 310 með því að setja upp þrjár vélasamstæður til viðbótar þeim sem fyrir eru. Frv. ríkisstj. fjallar um sömu virkjanir og í frv. Sjálfstæðismanna, en til viðbótar er heimild til 40 mw. virkjunar Héraðsvatna við Villinganes. Hins vegar er þar ekki fjallað um stækkun Búrfellsvirkjunar, eins og fram kemur í frv. hv. þm. Alþfl., og ég tel að það beri mjög gaumgæfilega að athuga, ef samþykkt er eins víðtækt heimildarfrv. og hér er um að ræða, hvort ekki eigi að fella inn í það stækkun Búrfellsvirkjunar því það kann vel að vera að það geti verið hagkvæmt á ákveðnum stigum að skjóta ákveðnum áföngum við stækkun Búrfellsvirkjunar inn á milli þeirra stóru áfanga sem hér um ræðir. Jafnframt er spurning hvort ekki eigi að heimila þegar aukið afl Sigöldu- eða Hrauneyjafossvirkjunar, eins og fram kemur í grg. með frv. hæstv. ríkisstj. þar sem segir á þá leið, að það komi vel til álíta að stækka þessar virkjanir, aðra hvora eða báðar, í framhaldi af Kvíslaveitu.

Um aðrar framkvæmdir í þessum frv. en beinar virkjunarframkvæmdir vil ég segja að í frv. hæstv. ríkisstj. er ákvæði í 1. gr. um að ríkisstj. geti heimilað Landsvirkjun að gera ráðstafanir sem nauðsynlegar þykja til að tryggja rekstur orkuveranna á Þjórsársvæðinu og koma vinnslugetu þeirra í eðlilegt horf, m. a. með Kvíslaveitu, stækkun Þórisvatnsmiðlunar og stíflu við Sultartanga. Frv. Alþfl. hefur einnig ákvæði um þetta efni, en um þetta er ekki ákvæði í frv. sjálfstæðismanna, enda má segja að þessi ákvæði séu óþörf. Það sakar að sjálfsögðu ekkert að þau séu fyrir hendi, en núverandi lagaheimildir um þetta eru mjög rúmar, eins og ég skal aðeins víkja að hér á eftir.

Kvíslaveita, sem er komið að bæði í frv. hæstv. ríkisstj. og hv. þm. Alþfl., er mjög mikilvæg framkvæmd, og ég held að það sé nauðsynlegt að unnið sé að þeim framkvæmdum eins og reyndar þegar er byrjað á. Í grg. með frv. hæstv. ríkisstj. segir um þetta efni:

„Undanfarið hafa verið uppi hugmyndir um veitu af vatnasviði Efri-Þjórsár við Þórisvatn, einkum til að tryggja betur fyllingu miðlunargeymisins í slæmum vatnsárum. Nú hafa áætlanir sýnt að slík veita, sem nefnd hefur verið Kvíslaveita, sé álitlegur þáttur í heildarnýtingu orku á vatnasviði Þjórsár.

Með Kvíslaveitu er ráðgert að veita úr Þjórsá, þar sem hún er í nálægt 610 m hæð yfir sjó austan undir Hofsjökli og kvíslum, sem falla í Þjórsá að austan, Hreysiskvísl, Eyvindarkvísl, Þúfuverskvísl, Svartá og Grjótakvísl. Hluti veitunnar hefur þegar verið gerður, þ. e. veita úr syðri grein Svartár og Grjótakvísl í Illugaverskvísl, sem fellur í Köldukvísl ofan við Sauðafell.

Til þess að veitan komi að fullum notum er nauðsynlegt að auka miðlunarrými í Þórisvatni mjög verulega eða úr 1000 gígalítrum í 1765 gígalítra með stífluhækkun og dýpkun á útrennsli úr vatninu í Vatnsfellsskurði.

Í framhaldi af því kemur til álita að bæta við vélarafl í Sigölduvirkjun og Hrauneyjafossvirkjun um samtals 120 mw., en ekki er á þessu stigi talin ástæða til að afla heimilda í því skyni.

Með nefndum framkvæmdum er talið að orkuvinnsluaukning eftir Hrauneyjafossvirkjun og stíflugerð við Sultartanga geti numið 760 gwst. á ári.

Hugmyndir um Kvíslaveitu hafa verið lagðar fyrir Náttúruverndarráð og hefur það ekki lagst gegn framkvæmdunum, enda er með þeim tryggð veruleg nýting á rennsli Efri-Þjórsár, þrátt fyrir friðlýsingu Þjórsárvera sem nú hefur verið ákveðin."

Það er sem sagt tvennt sem hér er á dagskrá: Það er annars vegar Kvíslaveita og svo stífla við Sultartanga, en sú stífla er talin sérstaklega hagkvæm vegna þess að hún minnkar mjög ísskolunarþörf við Búrfell og er talið að það citt svari til aukinnar orkuvinnslugetu um 130—150 gwst. á ári. Þessi stífla hefur enn fremur þann kost að hún getur fallið inn í væntanlega Sultartangavirkjun og verið hluti af henni.

Ég gat um að núverandi lagaheimildir væru mjög rúmar og því væri í raun og veru ekki ástæða til að setja nú

sérstök lög um þessar aðgerðir. Í 6. gr. núverandi landsvirkjunarlaga segir, þegar búið er að telja upp virkjanir, með leyfi hæstv. forseta:

„Landsvirkjun er jafnframt heimilt að gera þær ráðstafanir á vatnasvæðum ofan virkjana sinna í Tungnaá og milli þeirra og Búrfellsvirkjunar sem nauðsynlegar þykja til að tryggja rekstur þessara virkjana á hverjum tíma. Nær heimildin m. a. til stíflugerðar við Þórisós og Köldukvísl og að veita Köldukvísl um skurð í Þórisvatn og þaðan um skurð í Tungnaá. Enn fremur er Landsvirkjun heimilt að reisa eldsneytisaflstöðvar þær sem fyrirtækið telur rétt að koma upp."

Eins og menn sjá er hér um mjög rúma lagaheimild að ræða til handa Landsvirkjun nú þegar, og því er ekki ástæða til að setja sérstök lög hér á hv. Alþingi um þetta efni þó að auðvitað saki ekki að fella það inn í slík lög ef samþykkt verða. Framkvæmdir við þessar veitur hófust á s. l. sumri og var það talið í fullu samræmi við þær lagaheimildir sem ég gat um, en þær framkvæmdir fólust í því í fyrsta lagi að gerð var stífla í Vonarskarði og veitt um 100 gígalítrum árlega af vatni, sem annars rynni norður og sameinaðist Skjálfandafljóti, og í öðru lagi stífla í Grjótakvísl og hluta Svartár og veitt um 40 gígalítrum meðalársvatns í Þórisvatn. Þessar framkvæmdir á s. l. sumri juku um 70 gwst. við orkuveitukerfi Landsvirkjunar. Landsvirkjun hefur reyndar þegar tekið ákvörðun um að haldið verði áfram með Kvíslaveitu á næsta sumri.

Þá er í frv. hæstv. ríkisstj. heimild til allt að 50 mw. virkjunar jarðvarmaveitu, en í 1. gr. frv. segir, með leyfi forseta:

„Einnig getur ríkisstj. heimilað Landsvirkjun, Rafmagnsveitum ríkisins, Hitaveitu Suðurnesja og/eða öðrum aðilum er standa að virkjun jarðvarma, að reisa og reka jarðvarmavirkjanir til raforkuframleiðslu á háhitasvæðum eða stækka slík orkuver, sem fyrir eru, um samtals 50 mw., enda fullnægi aðili skilyrðum sem ríkisstj. kann að setja fyrir slíkum heimildum í því skyni að tryggja hagkvæman heildarrekstur raforkukerfisins."

Eins og fram kemur í þessari frvgr. og reyndar í grg. með þessu frv. virðist lítið búa að baki þessu ákvæði, engar ákveðnar framkvæmdir hafðar í huga. Auðvitað er ekkert við því að segja að setja slíkt almennt ákvæði í lög til öryggis. Hins vegar er ekkert sem gefur sérstakt tilefni til þess að setja um það lög nú og lítið virðist búa að baki þessu, en tilgangur þessa ákvæðis er fyrst og fremst sá að setja örlítið meira kjöt á þá beru beinagrind sem þetta frv. er — sem sagt reyna að gera það örlítið efnismeira.

Þá er enn í frv. ríkisstj. heimild til að reisa varastöðvar með samtals allt að 50 mw. afli á næstu 10 árum. Þetta er nú, a. m. k. gagnvart Landsvirkjun, óþarfi vegna þess að í 6. gr. Landsvirkjunarlaganna, sem ég las upp áðan, segir, með leyfi forseta: „Enn fremur er Landsvirkjun heimilt að reisa eldsneytisaflstöðvar þær sem fyrirtækið telur rétt að koma upp." A. m. k. gagnvart Landsvirkjun er hér um óþarft ákvæði að ræða þó að ég segi um þetta það sama og ég hef sagt um önnur ákvæði þessa frv., að auðvitað sakar ekkert að setja slíkt í lög. En það er ekkert sem gefur tilefni til þess að því sé sérstaklega flýtt nú.

Ég vil þá næst bera saman þessi frv. að því er snertir virkjunaraðila. Frv. þm. Sjálfstfl. kveður á um að virkjunaraðilar skuli vera Landsvirkjun eða landshlutafyrirtæki. Það hefur verið stefna Sjálfstfl. að halda opnum möguleikum á stofnun landshlutafyrirtækja, og í því sambandi má minnast á Orkubú Vestfjarða, eins og hæstv. iðnrh. gerði í ræðu sinni áðan. Meginhugsunin á bak við þessa stefnu var að fá fram vissa valddreifingu í þessum málaflokki, samanburð milli fyrirtækja og síðast en ekki síst að tryggja vissa stjórnunaraðild heimamanna þar sem stórvirkjanir væru byggðar. Auðvitað ræður vilji sveitarfélaga og heimamanna mestu hverju sinni um hvort slík landshlutafyrirtæki eru byggð. Það verður að segjast eins og er, að ekki virðist vera mikill áhugi á því úti um land að stofna slík landshlutafyrirtæki til virkjana, þó að e. t. v. sé meiri áhugi á að stofna fyrirtæki til þess að annast um dreifingu innan svæðanna. En að slíkum fyrirtækjum frágengnum, ef þau verða ekki stofnuð, sem ekki eru líkur á eins og mál horfa nú, er það skoðun sjálfstæðismanna að Landsvirkjun eigi að vera virkjunaraðili í þessu sambandi og að því leyti fellur frv. okkar saman við frv. hv. þm. Alþfl.

Frv. hæstv. ríkisstj. setur Landsvirkjun einnig sem fyrsta kost, en ef samningar takist ekki verði Rafmagnsveitur ríkisins virkjunaraðili. Ég vil lýsa því sem minni skoðun hér a. m. k. að ég er andvígur því síðarnefnda, er andvígur því að Rafmagnsveitur ríkisins verði virkjunaraðili, og tek því Landsvirkjun fram yfir Rafmagnsveitur ríkisins að þessu leyti.

Ég kem þá að þriðja þættinum, sem er framkvæmdaröðin, en ekkert hinna þriggja frv. kveður í sjálfum lagatextanum eða frv.-textanum á um röð framkvæmda. Ef borin eru saman frumvörpin og greinargerðir eru þó vissar hugmyndir settar fram í þeim öllum. Frv. hæstv. ríkisstj. tekur t. d. ákveðnast af skarið um að Sultartangavirkjun skuli ekki verða meðal næstu tveggja virkjunarkosta. Það kemur fram í aths. við 1. gr. frv. á bls. 13, sem hæstv. iðnrh. las orðrétt upp hér áðan og ég skal ekki endurtaka hér, en þar er í stórum dráttum röðin sú, að Hrauneyjafossvirkjun verði byggð í fulla stærð, eins og þegar er hafist handa við, Kvíslaveita verði gerð og stífla við Sultartanga, en síðan verði undirbúningi Fljótsdalsvirkjunar og Blönduvirkjunar lokið sem fyrst og framkvæmdir við fyrri áfanga Fljótsdalsvirkjunar og Blönduvirkjun skarist nokkuð. Verði við það miðað að önnur þessara virkjana geti hafið rekstur á árinu 1986—1987, en hin um 1990, eftir því sem markaðsaðstæður leyfa. Þetta er sú tímaröð sem þarna er ákveðin, en síðan segir að Sultartangavirkjun og síðari áfangi Fljótsdalsvirkjunar og Villinganesvirkjun hafi ekki verið tímasettar, en þær rúmist innan þess 15 ára marks sem sett hefur verið. Frv. hæstv. ríkisstj. tekur því mjög af skarið um þetta efni.

Í frv. sjálfstæðismanna er gefin allmikil vísbending um virkjanaröð, en í 4. gr. þess frv. segir, með leyfi forseta:

„Undirbúningi að byggingu orkuveranna svo og framkvæmdunum sjálfum skal hraðað svo sem kostur er. Ekki er kveðið á um röðun framkvæmda, enda mega þær ekki hefjast nema fyrir liggi nákvæmar áætlanir um orkuverin, skilyrðum samkv. 1. gr. hafi verið fullnægt og tryggt hafi verið nægilegt fjármagn til framkvæmdanna."

Þetta er nánar skýrt í grg. frv. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Hér er svo lagt fyrir að hraða skuli öllum undirbúningi og framkvæmdum. Er það þá markmiðið að búið verði að taka í notkun öll orkuverin samkv. 1. gr. áður en þessum áratug er lokið.

Til þess að þetta megi verða er nauðsynlegt að hefjast þegar handa og hvar sem við verður komið. Þarf því að

ráðast til atlögu við öll viðfangsefnin í senn. Þetta þýðir að strax verði efnt til sjálfra framkvæmdanna þar sem því verður við komið. En þar sem því er ekki að heilsa verði strax unnið að því að skapa þau skilyrði, sem eru nauðsynlegur undanfari framkvæmda, svo sem ákvörðun um stóriðju á Austurlandi og að réttindi verði tryggð á Blöndusvæðinu.

Ekki er kveðið á um forgang framkvæmda, áfangaskipti eða röðun orkuvera samkv. 1. gr. Gert er ráð fyrir að hagkvæmni- og öryggissjónarmið ráði gangi framkvæmda og þau vinnubrögð verði viðhöfð, að þeim verði öllum lokið á framkvæmdatíma heildaráætlunar um byggingu allra virkjana."

M. ö. o. er það ljóst, að samkv. þessari lýsingu, sem hér er fram sett, er gert ráð fyrir að áfram verði unnið á Þjórsársvæðinu í beinu framhaldi af Hrauneyjafossvirkjuninni við Sultartanga, en þar er ekkert því til fyrirstöðu að hefjast handa. Reynt verði til hins ítrasta að ná samkomulagi um Blönduvirkjun og framkvæmdir hefjist strax og það samkomulag næst. Um það liggur ekki fyrir niðurstaða enn þá og þar hafa fáir menn æðimikil völd og geta ráðið hvort samkomulag næst ekki eða hvort breytt verður um virkjunartilhögun, sem einnig hefur komið á dagskrá. Ég skal ekki segja hver verður niðurstaðan hér, en ég held að það sé alveg ljóst að ef breytt verður um virkjunartilhögun við Blöndu hlýtur sú virkjun að dragast, og það má nefna í því sambandi að það muni tefja undirbúning um 1—2 ár. Við teljum að jafnframt Fljótsdalsvirkjun verði að taka ákvörðun um stóriðju og taka eigi strax ákvarðanir um að reisa stóriðjufyrirtæki og ganga frá samningum þar að lútandi og þá um leið sé hægt að hefjast handa við þá virkjun.

Frv. Alþfl. tekur í grg. nokkuð af skarið um framkvæmdaröð þegar frv. er lesið saman við grg., en þar er gert ráð fyrir að framkvæmdir við Sultartangavirkjun verði hafnar strax í sumar og í beinu framhaldi af vinnu við Hrauneyjafossvirkjun og sú virkjun verði tilbúin 1985. Hafinn verði undirbúningur að framkvæmd við Blönduvirkjun strax og samkomulag næst við landeigendur, þó eigi síðar en 1982—1983, sú virkjun verði tilbúin 1987. Haldið verði áfram rannsóknum og undirbúningi Fljótsdalsvirkjunar, hafnar framkvæmdir eigi síðar en 1984 og sú virkjun verði tilbúin 1989.

Ég vil þá aðeins víkja að framkvæmdatímanum, en í frv. Sjálfstfl. segir í grg. við 4. gr. að það sé markmið frv. að búið verði að taka í notkun öll orkuverin áður en þessum áratug er lokið, þ. e. 1990. Frv. Alþfl. gerir ráð fyrir sama framkvæmdahraða varðandi stóru virkjanirnar þrjár. Frv. ríkisstj. gerir ráð fyrir allt að 15 ára framkvæmdatíma eða nokkru lengri en í frv. Alþfl. og Sjálfstfl. Ég tók hins vegar eftir því, að hæstv. iðnrh. nefndi sérstaklega 12 ár í sinni ræðu, en ég hygg að þá verði að taka betur til höndum í sambandi við framkvæmdir og undirbúning en gert hefur verið hingað til og alla vega megi það ekki dragast um heilt ár enn, eins og hæstv. iðnrh. lét að liggja í ræðu sinni, að teknar verði ákvarðanir um næstu virkjun.

Ég vek sérstaka athygli á að í þessum þremur frv. er verulegur áherslumunur á því, hversu ákveðin fyrirmæli hæstv. ríkisstj. fái í sambandi við virkjunarmálin. Frv. ríkisstj. er heimildarákvæði, en tekið sérstaklega fram að allar ákvarðanir um einstakar framkvæmdir verði síðar að leggjast fyrir Alþingi til staðfestingar. Frv. Alþfl. felur í sér heimild til Landsvirkjunar að ráðast í þessar framkvæmdir, en síðan gert ráð fyrir leyfi ráðh., eins og kveðið er á um í núverandi Landsvirkjunarlögum, og því ekki lagt til að því ákvæði verði beitt. En frv. sjálfstæðismanna er sýnu ákveðnast að þessu leyti því að þar segir að ríkisstj. skuli fela Landsvirkjun eða landshlutafyrirtækjum þær framkvæmdir sem þar um ræðir. Við höfum talið nauðsynlegt að taka alveg af skarið í þessum efnum, að Alþingi gefi ríkisstj. þau fyrirmæli að þetta skuli gert. Ástæðan er einfaldlega sú, að við sjáum hvernig málin eru látin velkjast mánuðum saman, jafnvel árum saman, án þess að á þeim sé tekið af þeirri ákveðni sem þarf, og því sé nauðsynlegt að Alþingi taki mjög ákveðið af skarið í þessu efni.

Ég vil sérstaklega vekja athygli á því í sambandi við þetta frv., að það er ekki í því að finna ákveðinn — og þá tala ég um grg. og fskj. — kostnaðarsamanburð einstakra virkjunarkosta miðað við hinar ýmsu leiðir sem til greina koma í sambandi við virkjunarröð. Ég vil vekja athygli á því, að við þm. fengum í hendur ekki alls fyrir löngu þrjár ítarlegar skýrslur frá Orkustofnun um vinnslu og flutning raforku til aldamóta, og fyrsta heftið var um samanburð virkjunarleiða, niðurstöður og heildarsamanburð. Þar er nokkuð ítarleg greinargerð um hagkvæmni virkjunarkosta með og án stóriðju og enn fremur eftir staðsetningu stóriðju. Það voru mjög mismunandi niðurstöður sem komu út úr þessari grg. Orkustofnunar. Þar kom t. d. glöggt fram að fjárhagsleg hagkvæmni virkjana ræðst mjög af staðsetningu stóriðju og hvenær hún kemur. Þetta á sérstaklega við um Fljótsdalsvirkjun, en samkv. grg. Orkustofnunar er Fljótsdalsvirkjun hagkvæmasti byrjunarkosturinn ef stóriðja er staðsett á Reyðarfirði, en í öðrum tilvikum er það Blanda eða Sultartangi eftir því hvernig málum er raðað upp. Ég minni hins vegar á að í þessari skýrslu er ákveðinn fyrirvari sem ég vil leyfa mér að lesa upp, með leyfi forseta, en þar segir:

„Enn bendir ekkert til að rannsóknir við Fljótsdal og Sultartanga sumarið 1980 muni raska þeim forsendum um virkjanir þar, sem gengið var út frá í athugun þessari, en þess ber að geta að úrvinnslu þeirra er ekki að fullu lokið enn þá. Komi eitthvað í ljós við fullnaðarúrvinnslu, sem tilefni þykir gefa til að endurmeta forsendur fyrir virkjunaráætlun, verður kannað, hvaða áhrif það hefur á samanburðinn."

Þessi endurskoðun liggur ekki fyrir, en það má hins vegar ljóst vera, ef þessi skýrsla er borin saman við þær tölur sem nú liggja fyrir um hina einstöku virkjunarkosti og fram komu m. a. í skýrslu verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens sem liggur fyrir í þessu frv., að þarna hafa tölur nokkuð breyst frá því að þessi skýrsla Orkustofnunar var gefin út, og því hefði verið mjög æskilegt að það hefði fylgt þessu frv. þannig að við hefðum getað áttað okkur á slíkum samanburði. Það er ekki nægilegt, þegar meta skal hagkvæmni einstakra virkjana, að taka eingöngu stofnkostnað virkjana á orkueiningu við stöðvarvegg. Stofnkostnaðurinn núna á gwst miðað við stöðvarvegg er 1.34 á Sultartangastíflu, Kvíslaveitu 0.89, stækkun Þórisvatns 0.25 eða samtals þessar aðgerðir 0.61, og er því sýnu hagkvæmast, ef þetta mat er lagt á, Blönduvirkjun 0.96, Fljótsdalsvirkjun 1.19, Sultartangavirkjun 1.36, en þá án stíflu. Ég tek það skýrt fram að þetta er alls ekki einhlítur samanburður. Þarna kemur margt annað til. Bæði hefur flutningskerfið mikið að segja, hvernig markaðurinn vex, hvaða átök eru gerð í sambandi við iðnaðarstefnu, stóriðju o. s. frv.

Mér finnst líka skorta á í þessu frv. að ekki er gerð nánari grein fyrir þeirri áfangaskiptingu Fljótsdalsvirkjunar sem er gert ráð fyrir í þessu frv. Það er engin grein gerð fyrir kostnaðarlegri óhagkvæmni af því að skipta Fljótsdalsvirkjun í tvo áfanga á þann hátt sem gert er í frv. ríkisstj. Sannleikurinn er sá, að mikið af grunnframkvæmdum tilheyrir 1. áfanga eða fyrri áfanga þannig að hún hlýtur að verða því óhagstæðari því minni sem áfanginn er. Fyrir þessu er ekki gerð grein í frv., en það hefði að sjálfsögðu verið mjög æskilegt.

Frv. sjálfstæðismanna tekur mjög af skarið um stóriðju á Austurlandi. Ég vil í því sambandi minna á það frumkvæði sem hv. 4. þm. Austurl., hæstv. forseti þessarar deildar, hefur haft í því máli með þáltill. sinni sem samþ. var á Alþingi 1975 og markaði raunverulega ákveðna stefnu í sambandi við virkjunarmál á Austurlandi. En ég vil líka minna á mjög ákveðna og eindregna samþykkt sveitarstjórna á Austurlandi í júní 1979 sem kvað mjög sterkt á um nauðsyn stóriðju á Reyðarfirði og reyndar gerði það nánast að skilyrði fyrir stórvirkjun þar. Mér finnst það þess vegna koma úr hörðustu átt þegar hæstv. iðnrh. talar um það sem nauðhyggju að menn skuli sérstaklega vilja berjast fyrir stóriðju á Austurlandi og tengja hana þeim virkjunarkostum sem þar eru fyrir hendi. Auðvitað á að stefna að því að koma upp stóriðju á Austurlandi í tengslum við þá stóru og tiltölulega hagkvæmu virkjun sem þar er möguleiki að byggja. Hins vegar er því ekki að neita, að frv. hæstv. ríkisstj. dregur mjög fæturna að þessu leyti. Í grg. með frv. á bls. 11 segir svo, með leyfi forseta:

„Ekki er talið tímabært á þessu stigi að taka ákvarðanir um einstaka kosti í orkufrekum nýiðnaði."

Síðar segir: „Með hliðsjón af framanrituðu og að teknu tilliti til allra þeirra sjónarmiða, sem rakin voru, er eðlilegt að ganga út frá eftirtöldum megindráttum:

Farið verði með gát í uppbyggingu orkufreks nýiðnaðar og tryggt verði virkt íslenskt forræði, m. a. með því að leggja í fyrstu áherslu á þá kosti að öðru jöfnu sem minni eru í sniðum og viðráðanlegastir. Höfuðáhersla verði lögð á slíka miðlungsstóra iðnaðarkosti (400—500 gwst.) fram undir lok þessa áratugar.

Síðar kemur einnig til álita að ráðast í stærri fyrirtæki. Þar ber sérstaklega að leggja áherslu á traustan markað, staðgóða tækniþekkingu og hátt raforkuverð.

Almennum iðnfyrirtækjum og smáum orkufrekum fyrirtækjum verði komið upp í öllum landshlutum eftir því sem hagkvæmt þykir.

Huga ber að þróun úrvinnslu úr afurðum orkufreks iðnaðar í landinu."

Í rauninni er hér ekki um neina stefnu í stóriðjumálum að ræða af hálfu hæstv. ríkisstj. aðra en þá að fara með gát og fara sér hægt. Auðvitað ber að fara með gát og það er sjálfsagt að við Íslendingar förum með fullri gát við uppbyggingu stóriðju. En ég tel að við eigum að vera alveg óhræddir að gera samninga við útlendinga á sviði markaðsmála, jafnvel einhverrar eignaraðildar, eins og við höfum dæmi um, og tel að við eigum hiklaust að fylgja fram slíkri stefnu. Í þessu frv., eins og það liggur fyrir er í rauninni hafnað þeirri stóriðjustefnu, sem leiddi af sér byggingu álvers og járnblendiverksmiðju á sínum tíma, og allt mjög óljóst um hvað eigi að koma í staðinn. Þrátt fyrir að lagðar séu fram margar og miklar skýrslur af hálfu hæstv. iðnrh. hér á þingi og víðar um ýmiss konar iðnaðarkosti sem fyrir hendi eru, er ljóst að allur undirbúningur stóriðjuframkvæmda er mjög aftarlega á merinni hjá ríkisstj. og nær raunverulega ekki lengra en í þá bæklinga sem við höfum fengið, og auðvitað liggur mikil vinna í þeim, en t. d. hefur ekkert verið gert raunhæft í sambandi við markaðsmál. Það vakti t. d. verulega athygli í sambandi við umr. um steinullarverksmiðju í iðnn. Ed. einn morguninn nú í vikunni þegar einn helsti sérfræðingur, sem um það mál hefur fjallað, kom á fundinn og ræddi sérstaklega um markaðsmálin. Hann sagði: „Engin nefnd, hversu góð sem hún er og hversu góðir menn sem þar eru, getur komist að nokkurri raunhæfri niðurstöðu um markaðsmál varðandi slíkan varning. Það er raunverulega ekki fyrr en menn geta komið og sagt: Ég hef þessa vöru að bjóða, hvað viljið þið borga, að við getum farið að semja af einhverju viti og raunsæi um slíka þætti."

Þessi þáttur hefur verið algerlega vanræktur og er það mjög ámælisvert af hálfu hæstv. ríkisstj., en ber þó glöggt vitni þeirri stefnu sem framfylgt er af hálfu ríkisstj.: stefnu hiks og aðgerðaleysis í þessum efnum. Við höfum nefnilega ótrúlega möguleika á því, eins og fram kemur réttilega í grg. með frv., að ef þær vatnsaflsvirkjanir, sem leitað er heimilda fyrir í þessu frv. ríkisstj., verða byggðar á segjum næstu 15 árum, eins og stefnt er að af hálfu hæstv. ríkisstj., yrði um nálægt 2400 gwst. aukning í raforkuframleiðslu landskerfisins umfram þarfir almenns markaðar og núverandi orkufreks iðnaðar. Við skulum taka sem dæmi að álverið notar eitthvað um 1307 gwst. og Grundartanginn 270 þannig að við höfum þarna geysimikla möguleika sem sjálfsagt er að nýta.

Ég hef nú gert grein fyrir nokkrum atriðum varðandi frv. hæstv. ríkisstj. og borið það saman við þau frv. sem liggja fyrir hér á Alþingi. Ég segi það alveg eins og er, að ég held að það sé enginn vafi á að besti kosturinn, sem nú liggur fyrir hv. Alþingi, sé að samþykkja það frv. sem þm. Sjálfstfl. hafa lagt fram, enda hefur æðimikið verið unnið í því frv. þegar í hv. Ed. og vafalaust er hægt að ná samkomulagi um einhverjar breytingar á því, t. d. varðandi þær virkjanir, sem önnur frv. fjalla um, en ekki er fjallað um í frv. sjálfstæðismanna, og önnur slík atriði.

Herra forseti. Ég fer nú senn að ljúka máli mínu, en ég vil minna á að viðreisnarstjórnin, sem hér sat, markaði tímamót í atvinnu- og iðnaðarsögu landsmanna með því að móta stórhuga stefnu í orku- og iðnaðarmálum — stefnu sem leiddi af sér byggingu Búrfellsvirkjunar — stefnu sem leiddi af sér byggingu Hrauneyjafossvirkjunar og byggingu Sigölduvirkjunar og þau stóriðjuver sem fylgdu í kjölfarið. Sú stefna mótaðist af þeirri staðreynd, að orku- og iðnaðarmál eru að verða stærstu hagsmunamál þjóðarinnar og á þeim málum þarf að taka af stórhug og bjartsýni. Við tölum núna aðeins um 3—4 stór raforkuver og mér finnst stundum að þegar hæstv. iðnrh. talar um þessi mál sé hann að tala um síðustu vatnsdropana sem hægt sé að virkja hér á Íslandi, en því fer fjarri. Við höfum mjög mikla möguleika í þessum efnum, eins og sést á því að í fskj. með grg. fyrir þessu frv. kemur fram að við eigum vel nýtanlegar um 50—60 terawattstundir í virkjanlegu vatnsafli og síðan kemur jarðvarminn þar á ofan.

Þessar þrjár virkjanir, sem við erum hér að tala um, gefa okkur að vísu möguleika á stórkostlegu átaki í iðnaðar- og atvinnumálum og geta gefið okkur umfram annað mikil tækifæri til mikilla lífskjarabóta hér á landi. En í framtíðinni eigum við enn þá meiri möguleika,

miklu fleiri möguleika ónýtta, eins og ég gat um áðan, og það er íslensk orkustefna sem felst í því að hraða sem mest byggingu þeirra stórvirkjana, sem þegar eru komnar á undirbúningsstig, og ganga jafnframt ötullega fram í því að stofna iðnaðar- og iðjufyrirtæki hér á landi til að nýta orkuna úr þeim. En til þess þarf stórhug, djörfung og festu sem þessi hæstv. ríkisstj. býr ekki yfir.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Ég er sammála ýmsu í því lagafrv. sem hér er til umr., t. d. stækkun Hrauneyjafossvirkjunar, auknum vatnaveitum og auknum vatnsmiðlunum á Suðurlandi, þar með talið byggingu stíflugarðs Sultartangavirkjunar, enda er ekki á annan fljótvirkari, auðveldari og ódýrari hátt unnt að auka og tryggja raforkuöflun þjóðarbúsins. Ég er einnig sammála því að halda áfram undirbúningi Blönduvirkjunar og Fljótsdalsvirkjunar. Aftur á móti er ég alfarið ósammála þeim hægagangi sem frv. gerir ráð fyrir í uppbyggingu orkufreks iðnaðar og stóriðju undir því mottói hæstv. iðnrh. að farið verði með gát í uppbyggingu orkufreks nýiðnaðar, eins og hann orðar það.

Að mínu mati á þessi stefna engan rétt á sér þegar lífskjör almennings í landinu rýrna frá misseri til misseris. Við verðum að gera stórátak til að snúa þeirri þróun við og gerum það ekki á fljótvirkari og öruggari hátt en með hraðri uppbyggingu orkufrekra iðnfyrirtækja af ýmsum stærðum og gerðum sem staðsett verði víðs vegar um landið. Inn í þá mynd kemur einnig veruleg aukning stóriðju og það á fleiri en einum stað á landinu. En mér virðist að hæstv. iðnrh. beiti öllum brögðum til að koma í veg fyrir, að okkur takist í framtíðinni að ná eðlilegum samningum við erlenda aðila, með því að vera með hótanir hér uppi á Íslandi um þjóðnýtingu, rétt eins og við værum komnir suður í Afríku. Ég er alfarið andvígur þeim hægagangi í þessum efnum, sem hæstv. iðnrh. hefur beitt sér fyrir að undanförnu og gerir enn, þótt eitthvert lát virðist vera þar á hina síðustu daga, sbr. þau þrjú frv. sem hafa verið lögð fram allra síðustu daga. Það á eftir að verða þjóðinni mjög dýrt ef ekki verður hressilega snúið við blaðinu í þessum efnum.

Þrátt fyrir langar og erfiðar fæðingarhríðir þessa frv. hefur hæstv. iðnrh. og hæstv. ríkisstj. ekki tekist að taka af skarið um röðun virkjana. Þar eru allir endar lausir, nema hvað gert er ráð fyrir að Sultartangavirkjun verði mjög aftarlega á merinni. Það virðist vera það eina sem samkomulag hefur náðst um í hæstv. ríkisstj. Við röðun virkjunarframkvæmda verður fyrst og fremst að hafa tvennt í huga:

Í fyrsta lagi að næsta stórvirkjun verði komin í gagnið nægilega fljótt til að afstýra orkuskorti þótt myndarlega verði tekið á í því verkefni — að hraða uppbyggingu orkufreks iðnaðar víðs vegar um landið á allra næstu árum, ekki á tíunda áratugnum eða síðar, eins og hæstv. iðnrh. vill. Ég tel að Sultartangavirkjun ein geti uppfyllt þetta skilyrði. Það er eina virkjunin sem gæti með góðu móti verið tilbúin 1985.

Í öðru lagi verður röðunin að byggjast á þjóðhagslegu arðsemimati, bæði til skamms og til langs tíma, en þá verður að taka alla þætti með. Það má ekki fyrir fram útiloka ákveðna virkjunarkosti, eins og frv. gerir ráð fyrir varðandi Sultartangavirkjun, þótt misviturleg orð í misviturlegri stefnuskrá misviturrar ríkisstj. segi eitthvað þar um. Þjóðhagslegt mat á að ráða, en þá verða allir þættir að koma inn í það mat, ekki fyrir fram að útiloka eitt eða neitt. Það eru ekki vísindaleg vinnubrögð.

Í grg. frv. er greint frá áætluðum stofnkostnaði þeirra þriggja virkjana sem mest hefur verið talað um að undanförnu, þ. e. Blönduvirkjunar, Fljótsdalsvirkjunar og Sultartangavirkjunar. Það er gott og blessað svo langt sem það nær. Inn í þá mynd vantar áætlaðan kostnað við tengingu virkjananna við núverandi háspennudreifikerfi landsins og meta með hverjum hætti hagkvæmast er að nýta orku nýrra virkjana í samrekstri með þeim virkjunum sem fyrir eru. Orkustofnun gaf, eins og fram kom hjá hv. 6. þm. Reykv., nýlega út fróðlega skýrslu um vinnslu og flutning raforku til aldamóta þar sem þessi atriði og mörg fleiri eru tekin með í hagkvæmniútreikninga. Í þessari skýrslu Orkustofnunar kemur fram að hagkvæmast sé að byggja Blönduvirkjun fyrst og síðan Sultartangavirkjun, ef engin aukning stóriðju er inni í myndinni og ef stóriðjufyrirtæki verður reist á Norðurlandi. Ef aukning stóriðju verður fyrst og fremst á Austurlandi er hagkvæmast að byrja á byggingu Fljótsdalsvirkjunar, en þá er verið að tala um stóriðju sem þarf 150 mw. afl eða álíka mikið og álverið notar. Það er eina tilvikið þar sem Fljótsdalsvirkjun er hagkvæmust sem fyrsti virkjunarkosturinn.

Ef aukning stóriðju verður fyrst og fremst á Vesturlandi, þ. e. á Grundartanga, munar sáralitlu á í hagkvæmni hvort byrjað er á Blönduvirkjun eða Sultartangavirkjun. Fljótsdalsvirkjun er nr. 3 í því tilviki. Í skýrslu Orkustofnunar er kostnaður við framleiðslu og flutning raforku ekki reiknaður út frá þeirri forsendu að aukning stóriðju verði á Suður- eða Suðvesturlandi, en ljóst er að í því tilviki er hagkvæmast að Sultartangavirkjun verði fyrst í röð þessara umræddu þriggja virkjana. Mér finnst augljóst að aukning stóriðju muni ekki verða á einhverjum einum stað, eins og miðað er við í útreikningum Orkustofnunar, heldur á nokkrum stöðum á landinu. Mér finnst einnig augljóst að uppbygging margs konar orkufreks iðnaðar muni dreifast um landið allt. Nauðsynlegt er því að fjölga þeim forsendum sem reiknað er út frá þegar meta á hinar ýmsu virkjunarleiðir þessa og næstu áratuga.

Ég endurtek að þjóðhagsleg arðsemi á að ráða röðum virkjana, en það má ekki útiloka neina kosti fyrir fram. Þá verður útkoman röng. Ég vek einnig athygli á að stækkun Búrfells — eða Búrfell II — hefur lítið verið til umræðu í þessu sambandi þótt það sé hagkvæmasti virkjunarkostur sem nú er þekktur og þar sem framleiðslukostnaður á orkueiningu er ekki nema 2/3 af því sem er við Blönduvirkjun, sem þó hefur verið talin að þessu leyti hagkvæmasti kosturinn. Þetta á sérstaklega við eftir að auknar hafa verið vatnaveitur og vatnsmiðlanir á Suðurlandi sem koma öllum virkjunum á svæðinu til góða.

Annað, sem ég er mjög óánægður með í frv., er hálfkákið við ákvörðun um virkjunaraðila. Það á hiklaust að taka ákvörðun um það strax, að Landsvirkjun verði framkvæmdaaðili, eigandi og starfrækjandi allra nýrra stórvirkjana, hvar á landinu sem þær verða byggðar, og rökstuddi ég þá skoðun fyrir nokkru í framsöguræðu minni með frv. til l. um breytingu á lögum um Landsvirkjun. Mér finnst að Alþingi eigi strax að taka af skarið um það. Jafnhliða þarf að taka eignaraðild að Landsvirkjun til endurskoðunar þannig að öll sveitarfélög landsins geti með einum eða öðrum hætti orðið með-

eigendur og átt aðild að stjórn fyrirtækisins.

Þar sem ég á sæti í þeirri nefnd, sem fær þetta frv. til umfjöllunar, og þar sem ég hef nýlega rætt allítarlega um virkjunarmál hér í þessari hv. deild mun ég ekki á þessu stigi málsins fara nánar út í einstaka efnisþætti málsins. Þó að mér finnist allt að því vítavert — ég er ekki vanur að nota svo stór orð, en mér finnst að ég þurfi að gera það núna — að leggja slíkt frv. fram fyrir hið háa Alþingi tæpum tveimur vikum eða rúmlega hálfri annarri viku áður en áætlaðar þinglausnir eiga að fara fram, eftir að hafa haft mjög rúman tíma til að ganga frá því, mun ég eigi að síður gera mitt til að stuðla að afgreiðslu þess fyrir þinglausnir.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Frv. það um raforkuver, sem hér er á dagskrá, er án efa með viðameiri málum sem fram hafa verið lögð á þessu Alþingi. Ég skal ekki fjalla um frv. í löngu máli, enda hefur því verið fylgt úr hlaði af hálfu hæstv. iðnrh. með mjög ítarlegri ræðu. Frv. felur í sér víðtækar heimildir til virkjana og það felur í sér heimildir til töku lána til að fylgja framkvæmdum eftir. Frv. gerir ráð fyrir að nær tvöfalda afl raforkukerfisins á 10—15 árum og það gerir ráð fyrir mjög aukinni orkuframleiðslu. Þessir þættir frv., sem hér hafa verið raktir og eru meginefni þess, byggja á að þær vatnsaflsvirkjanir og e. t. v. jarðvarmavirkjanir sem frv. gerir ráð fyrir verði byggðar á 10—15 árum. Vissulega vilja sumir fara nokkru hraðar í þessum efnum og frv. hafa verið lögð fyrir Alþingi sem kveða á um að svipað framkvæmdamagn í virkjunum ætti að framkvæma á skemmri tíma en hér er talað um. Þó hygg ég að það sé ekki raunhæft að tala um skemmri tíma fyrir þær vatnsaflsvirkjanir, sem hér er um rætt, en 10—12 ár.

Ég vil láta það koma fram í sambandi við framkvæmdahraða þessara mála að hann hlýtur að ráðast af orkunýtingu, hann hlýtur að ráðast af því, hversu ört við getum stofnað fyrirtæki sem hafa þörf fyrir þá orku sem er umfram þarfir almenna markaðarins. Meðan ekki liggja á borðinu samningar um slíka orkunotendur er ógætilegt að slá föstu í lagafrv., hvort heldur er í frvgr. eða í grg., fastbundnum árafjölda eða fastbundnum dagsetningum varðandi þessi mál. Það hefur greinilega komið hér fram að virkjanir þurfa í fyrsta lagi að þjóna hagsmunum almenna markaðarins, en þær þarf einnig að byggja upp með tilliti til þess að auka raforkunotkun til iðnaðar og atvinnuuppbyggingar þannig að við nýtum þessa miklu náttúruauðlind okkar, orkuna í fallvötnum og jarðvarma, íslenskri þjóð til hagsældar og atvinnuaukningar. En án þess að ég ætli að ræða þá þætti málsins frekar vil ég aðeins ítreka að það verður engu slegið föstu um dagsetningar eða ártöl í þessu atriði án þess að hafa á borðinu samninga um stóriðjukosti sem geta þá krafist þeirrar orku sem hér er verið að tala um. Þess vegna hef ég t. a. m. fallist á að þetta hlaup í tímaskeiði, sem frv. kveður á um, sé notað, þ. e. 10—15 ár. Ef við hefðum haft á borði samninga um orkusölu til orkufrekra fyrirtækja umfram það sem hér er gert ráð fyrir hefði verið hægt að kveða skýrar á um þetta efni.

Ég minni á að að 15 árum liðnum, þegar þessar virkjanir eiga að vera komnar í gagnið að lágmarki, verða í orkukerfinu um 2000—2400 gwst. af ársframleiðslu umfram þarfir almenna markaðarins, þannig að jafnvel þótt hér sé um 15 ára skeið að ræða þarf vel að vanda þá vinnu og vinna að því með miklum dugnaði að koma upp orkufrekum iðnfyrirtækjum sem geta notað þessa orku. Ég tel að það væri gott ef við gætum stefnt hraðar í þessum efnum, en þá þurfum við auðvitað að gera okkur grein fyrir því, að ef við ætlum að virkja þetta á 10 árum er væntanlega um að ræða 2400—2800 gwst. sem þarf að nota til orkufreks iðnaðar.

Það hefur verið nokkuð gagnrýnt hér að þetta frv. kveði ekki á um röðun virkjana og því sé ekki slegið föstu í þessu frv., hvaða virkjunarkost verði næst ráðist í. Ég tel út af fyrir sig að það væri æskilegt að þegar væri unnt að slá slíku föstu. En með tilliti til þess, sem fram kemur í grg. frv. um þá vinnu sem ráðast á í á þessu ári við virkjanaframkvæmdir og undirbúning virkjana, er ekki um það að tefla að tafir þurfi að verða á því að koma næstu stórri vatnsaflsvirkjun í notkun. Þessar framkvæmdir, sem frv. gerir ráð fyrir og þegar er í rauninni kveðið á um að unnar verði á þessu ári, hafa verið raktar hér af hæstv. iðnrh. Ég aðeins ítreka það, að þegar er gert ráð fyrir að unnið verði að undirbúningi Kvíslaveitu og aukningu á miðlunarrými Þórisvatns ásamt Sultartangastíflu og er gert ráð fyrir að þessum framkvæmdum öllum ljúki á næstu 4—5 árum. Vafalaust lýkur hluta af þeim á miklu skemmri tíma, en þessar framkvæmdir eiga að hafa í för með sér aukningu á orkuvinnslugetu sem nemur allt að 830 gwst. á ári. Að vísu er samkv. greinargerð, sem ég hef fengið um þetta efni frá Landsvirkjun, tekið fram að ekki sé hægt að slá þessu algerlega föstu vegna þess að rannsóknir t. a. m. á Kvíslaveitum og árangri af þeim séu ekki á því stigi enn sem komið er, en úr þessu fæst skorið á þessu sumri að því er talið er. Þó er talið öruggt að þessar aðgerðir færi okkur a. m. k. 500—800 gwst. framleiðslu á ári þegar þær eru allar komnar til nota. Þetta gefur okkur svigrúm til að vinna að undirbúningi næstu vatnsaflsvirkjunar og ráðast í hana með þeim hraða að hún komi til nota á síðari hluta þessa áratugar eða á bilinu 1986—1987. Það ræðst vissulega af því hvort og hvenær við þurfum á auknu afli og aukinni orku að halda til orkufreks iðnaðar, hvenær þörf er á því að næsta vatnsaflsvirkjun taki til starfa á eftir þessum aðgerðum, en væntanlega má reikna með því, að sú vinna takist með þeim hætti að þörf verði fyrir það á síðari hluta þessa áratugar þannig að þessi markmið og eins þeir möguleikar, sem eru til framkvæmda, geti farið saman.

Í frv. og grg. frv. er einnig kveðið á um að í framhaldi af undirbúningi og framkvæmdum við þessar aðgerðir, verði á þessu ári unnið að því að hraða verkhönnun Blönduvirkjunar, að ljúka rannsóknum við Fljótsdalsvirkjun og hefja þar verkhönnun, að hefja tilraunir með uppgræðslu og gróðurbætur á Blöndusvæðinu og hefja þar vegagerð, enn fremur að ljúka sem fyrst samningum við hagsmunaaðila vegna þeirrar virkjunar. Þessar fyrirætlanir staðfesta það, að varðandi þá tvo virkjunarkosti verður haldið áfram með þeim hætti að reikna megi með að ekki þurfi að verða nein töf á framhaldsaðgerðum þegar ákvörðun verður tekin.

Ég vil láta þess getið, sem e. t. v. hefur ekki komið glögglega fram, að á þessu ári er talið að þurfi a. m. k. 17—18 millj. kr. til að ljúka rannsóknum við Fljótsdalsvirkjun. Það er þó talið raunhæft að hefja þar verkhönnun þegar líður á síðari hluta ársins.

Varðandi Blönduvirkjun er talið að þurfi 3—4 millj. kr. til þess að ljúka þar verkhönnun og er þá miðað við hagstæðasta virkjunarkost. Jafnframt er nauðsynlegt að

hefja þar uppgræðslu, gróðurbætur og vegagerð til þess m. a. að dreifa vegagerðarþættinum á nokkur ár og lenda ekki í sérstökum framkvæmdahnút með þann þátt málsins sem hefur þá í för með sér, eins og sums staðar mun hafa borið við, að orðið hefur sérstakt kapphlaup um tækjakaup. Enn fremur er mjög mikilvægt að geta nýtt tæki og vinnuafl heimaaðila í þessum efnum sem mest, en það gerist því aðeins að vinna að þessum þætti framkvæmda verði unnin á nokkrum árum. Þetta tel ég vera mjög mikilvægt.

Þá segir í grg. frv. að ríkisstj. muni taka ákvörðun á síðari hluta þessa árs og leita staðfestingar Alþingis á haustþingi. Þetta er gert með tilliti til þess að í 2. gr. frv. er ákvæði þess efnis að leita skuli staðfestingar Alþingis á ákvörðunum varðandi framkvæmdir, eða eins og þar segir: þ. á m. framkvæmdaröð, og er þá sett ákvæði í grg. í samræmi við það. Þessar ákvarðanir verði teknar með því að taka mið af þjóðhagslegri hagkvæmni og öryggi raforkukerfisins. Þessi atriði eru ákaflega mikilvæg. Ég vil hins vegar segja um það, hvort hyggilegt hefði verið að taka ákvörðun nú, að það hefur verið talið að ástæða væri til að reyna frekar að ná samningum við hagsmunaaðila Blönduvirkjunar en þegar hefur verið gert og mun verða unnið að því á næstu mánuðum. Þetta er ekki síst mikilvægt vegna þess, eins og segir í grg. frv., að ríkisstj. hyggst taka ákvörðun með því að taka mið af þjóðhagslegri hagkvæmni og öryggi raforkukerfisins.

Í ræðum þeirra hv. þm., sem hér hafa tekið til máls, hefur verið fundið nokkuð að því, einkanlega af hv. þm. Birgi Ísl. Gunnarssyni, að samanburð kostnaðar skorti með grg. þessa frv. Að sjálfsögðu hefði mátt setja þann kostnað skýrar upp en þar er gert. Þær kostnaðartölur, sem þar liggja þó fyrir, eru með þeim hætti að það er auðvelt fyrir hvern og einn að bera þær saman. Í þeim forsendum, sem þær kostnaðartölur eru byggðar á sem birtast með fskj. þessa frv., er gert ráð fyrir að 50% af orkunni frá hverju raforkuveri um sig verði notuð til orkufreks iðnaðar, 35% til almenns markaðar og 15% til húshitunar. Þetta eru þær meginforsendur sem lagðar eru til grundvallar í kostnaðartölum sem fylgja frv. Virkjunarkostirnir eru síðan metnir á desemberverðlagi á síðasta ári og stofnkostnaður þeirra metinn við stöðvarvegg. Það er vitaskuld nokkuð rétt í því, sem hv. þm. Magnús H. Magnússon sagði, að það er hægt að setja upp ýmiss konar forsendur í þessum útreikningum, en miðað við þessar forsendur er Fljótsdalsvirkjun 24% dýrari en Blönduvirkjun og Sultartangavirkjun 44% dýrari en Blönduvirkjun. Villinganesvirkjun er 31% dýrari en Blönduvirkjun. Í þetta dæmi er einnig reiknað nokkuð vegna aðstöðumunar og er reiknað í það 2.6% við Blöndu umfram Sultartangavirkjun og 3.7% við Fljótsdalsvirkjun umfram Sultartangavirkjun, 2.1% við Villinganes.

Það er auðvitað álitamál hvort hér sé fyllilega mætt þeim mismun sem er á aðstöðu þessara virkjunarkosta, en hér er þó um verulegar fjárhæðir að ræða, sem metnar eru inn í þetta dæmi, og ekki hægt að segja um það með neinni fullvissu hvort þar er of skammt eða of langt gengið.

Í greinargerð, sem ég hef fengið um samanburð á þessum virkjunarkostum frá Landsvirkjun, dags. 29. apríl s. l., eru þessir virkjunarkostir metnir nálega alveg á sama máta, þannig að í útreikningum sérfræðinga Landsvirkjunar og raunar útreikningum, sem hafa verið unnir með sérfræðingum Rafmagnsveitna ríkisins, er niðurstaðan nálega hin sama, miðað við þær forsendur sem ég gat um og gerð er grein fyrir í frv., sem er þó byggt á útreikningum sem gerðir hafa verið á vegum Orkustofnunar af Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens. Þar kemur einnig fram, sem hér var rakið áðan, að Sultartangastífla ein út af fyrir sig er ekkert sérstaklega hagstæð. Hún er 40% dýrari til orkuframleiðslu en t. a. m. Blönduvirkjun. En hún er svo mikilvægur þáttur í því að auka öryggi virkjanakerfisins á Suðurlandi að það eru, held ég, allir sammála um að nauðsynlegt sé að ráðast í þá framkvæmd. Einnig eru, eftir því sem ég best veit, allir sammála um að ráðast í þær vatnaveitur sem fylgja stækkun Þórsivatns og ég rakti hér áðan, en þær vatnaveitur eru mjög hagstæðar svo að þær aðgerðir allar samanlagt eru hagstæðustu framkvæmdir sem við getum ráðist í til raforkuöflunar eins og nú standa sakir.

Í þessari greinargerð Landsvirkjunar kemur hins vegar fram að ef þessar þrjár höfuðvirkjanir væru metnar einvörðungu með tilliti til eftirspurnar hins almenna markaðar kemur út meiri munur þeirra á milli. Einkanlega er það Fljótsdalsvirkjun í óhag þannig að Fljótsdalsvirkjun yrði þá 47% dýrari en Blanda miðað við kwst. Sultartangavirkjun yrði 42% dýrari en Blanda miðað við kwst. Munurinn milli Sultartanga og Blöndu er því nákvæmlega að heita má hinn sami ef þessar forsendur eru notaðar.

Nú sagði hv. þm. Magnús H. Magnússon réttilega að það væri fleira sem gæti komið til greina að meta inn í þetta dæmi. Það er í fyrsta lagi línukerfi, hvernig þessir virkjanakostir og staðsetning þeirra mæta hagsmunum raforkukerfisins með tilliti til hins almenna markaðar, og svo í öðru lagi staðsetning orkufrekra iðnfyrirtækja. Það er ekkert álitamál, ef litið er til hagsmuna raforkukerfisins vegna hins almenna markaðar, það er mikil nauðsyn, að slepptu öllu tali um eldvirk svæði og þá áhættu sem við tökum af þeim sökum, að reisa stóra vatnsaflsvirkjun í öðrum landshluta en virkjanirnar eru á Þjórsársvæðinu. Við skulum segja að við vinnum þar að framkvæmdum á allra næstu árum, sem verða allt að ígildi einnar nýrrar stórvirkjunar með þeim framkvæmdum sem þegar eru ákveðnar, og héldum síðan áfram á því svæði virkjunarframkvæmdum án þess að virkja annars staðar. Það verða miklir erfiðleikar í orkuflutningskerfinu vegna taps á orku og vegna þess að flutningsgeta þess mundi bresta og við yrðum að bæta við línulögnum. Það yrði allt mjög óhagstætt þjóðhagslega. Þess vegna þarf að taka tillit til þessa. Enn fremur þarf að taka tillit til þess við staðsetningu á orkufrekum iðnfyrirtækjum því staðsetning þeirra getur einnig haft veigamikil áhrif í þessu efni þannig að skilja á milli virkjanakosta hvað hagkvæmni snertir.

Í þeirri skýrslu, sem send var Alþingi fyrir fáum vikum frá Orkustofnun og hér var vitnað í af hv. þm. Magnúsi H. Magnússyni, er stillt upp ýmsum virkjanaleiðum eða virkjanakeðju með mismunandi röð og er reiknað út frá þeim forsendum að stóriðjukostir verði settir niður á þrem stöðum, þ. e. á Grundartanga, í Eyjafirði og Reyðarfirði. Í öllum tilvikum, hvaða virkjanaröð sem sett er upp, eru þær virkjanaraðir, sem byrja á Blönduvirkjun, hagkvæmastar, nema þegar stóriðja er sett niður á Reyðarfirði og eins og kom fram allt að 150 mw. Í nýjum útreikningum, sem byggjast á þeim rannsóknum sem unnar voru á síðasta ári á þessum virkjunarsvæðum,

einkanlega við Fljótsdalsvirkjun og Sultartangavirkjun, kemur hins vegar í ljós að þarna eins og annars staðar hefur tognað nokkuð á milli virkjanakosta Blönduvirkjun í hag þannig að allar þær virkjanaleiðir og þær raðir virkjana, sem settar eru upp í þessari töflu, eru hagkvæmastar þegar þær byrja á Blönduvirkjun, nema stóriðja sé á Reyðarfirði. Þó er munurinn svo lítill á milli þess að byrja á Blönduvirkjun eða byrja á Fljótsdalsvirkjun að hann er ekki talinn marktækur. Þar munar aðeins til eða frá örfáum millj. nýkr. og þá veltur á því hvort orka fæst úr Kröflu eða ekki. Ef orka fæst að verulegu marki úr Kröflu er samt hagstæðara að byrja á Blönduvirkjun, en ef engin orka fæst til viðbótar úr Kröflu er hagstæðara að byrja á Fljótsdalsvirkjun. Þessi munur til eða frá er þó talinn það lítill að hann sé ekki marktækur.

Nú hef ég talið eðlilegt að rekja þetta, sem hér hefur verið sagt um hagkvæmni virkjunarkosta og hagkvæmni virkjunarleiða, vegna þess að hér var sagt að þessi mál væru ekki nægilega skýrð í grg. þessa frv. Það má vel segja að unnt væri að setja þetta upp með skýrari hætti, en raunar, eins og fram kom í máli hæstv. iðnrh., hafa upplýsingar um þessi efni verið að berast alveg fram á síðustu daga.

Nú tel ég ekki ástæðu til að flytja um þetta öllu lengra mál. Það liggur þó fyrir að skoðun ríkisstj., sem fram kemur í grg. með þessu frv., og skoðun t. a. m. hv. þm. Magnúsar H. Magnússonar fara saman að því leyti, að þar er sagt að við ákvörðun um næstu virkjun eða ákvörðun um framkvæmdaröð skuli taka mið af þjóðhagslegri hagkvæmni og öryggi raforkukerfisins. Ég tel, miðað við þau gögn sem ég hef hér vitnað til, að þetta stefni mjög í eina átt. Þar þarf hins vegar að vinna enn nokkurt undirbúningsstarf til þess að hægt sé að slá hlutum algerlega föstum.

Ég held að það sé ekki ástæða til að fjalla um þetta miklu meira en hér hefur verið gert. Ég vil aðeins segja þetta út af því atriði í ræðu hv. þm. Magnúsar H. Magnússonar að næsta virkjun komi ekki nógu fljótt í gagnið ef hún er ekki farin að hefja vinnslu árið 1985: Þetta kann að vera álitamál ef við hefðum þá mjög orkufrekan kaupanda sem þyrfti á því ári á orku að halda. Ef eitthvað slíkt gerist þarf að bregðast við því á þann máta að tryggja slíkum orkukaupanda orku. En ekkert slíkt liggur á borðinu, eins og ég hef hér sagt, og ég hygg, þó að ég hafi ekki mjög kynnt mér þau mál, að þau mál þurfi a. m. k. nokkuð vandlegan undirbúning, og það þarf að leggja verulega í samningagerð og aðra þá þætti sem geta leitt til þess að ákvörðun sé hægt að taka um stóriðjukosti. Ef engir stóriðjukostir verða tilbúnir höfum við næga orku, miðað við þær aðgerðir sem á að vinna á Suðurlandssvæðinu, til ársins 1987 og jafnvel lengur eða a. m. k. 1986—1987, þannig að það er ekki að þessu tilskildu neitt sem rekur á eftir því að næsta virkjun þurfi að taka til starfa árið 1985, nema þá verði komin, eins og ég sagði, mjög orkufrekur iðnaðarkostur sem þarf á þessari orku að halda.

Ég vil aðeins bæta því við út af því sem fram kom í ræðu hv. þm. Birgis Ísl. Gunnarssonar, að hér væri verið að fara fram á frest til allt að eins árs, að ég tel að það sé of í lagt. Það er greint frá því í grg. frv. að ríkisstj. hyggist taka ákvörðun á síðari hluta þessa árs og leggja þá ákvörðun fyrir til staðfestingar Alþingis á haustþingi. Ég get vel hugsað mér að það geti gerst með framlagningu fjárlagafrv. og staðfesting Alþingis fáist þá með afgreiðslu fjárlaga. En ég held að það væri mjög hæpið að standa þannig að málum að það dragist a. m. k. fram yfir þann tíma. Ég vil þó segja það, að ef allt gengur eins og reikna má með væri hægt að hefja gerð útboðsgagna fyrir t. a. m. Blönduvirkjun fyrir lok þess árs. Gerð útboðsgagna hefst vitaskuld eftir að verkhönnun lýkur. Verkhönnun Sultartangavirkjunar lýkur einnig væntanlega á þessu ári, en það er yfirlýst stefna ríkisstj. og kemur fram í þessu frv. að næsta virkjun skuli virkjuð utan eldvirkra svæða. Það stefnir vitaskuld á Blöndu- eða Fljótsdalsvirkjun. En hvað sem þessu líður vil ég taka það fram, að ég tel, að eitt ár til ákvörðunar sé of langur tími, og ég tel, að það sé ekkert í þessu frv. sem gefur tilefni til að ætla að svo langur tími líði til ákvörðunar. Ákvörðun ríkisstj. á að liggja fyrir þannig að unnt sé að leita staðfestingar Alþingis á haustþingi.

Herra forseti. Ég skal ekki lengja þetta meira. Ég ítreka að hér er um ákaflega þýðingarmikil mál að ræða og það er eðlilegt að um þau séu umr. Þær umr. leiða væntanlega til þess að greiða fyrir því að þetta mál hafi farsælan framgang.

Eggert Haukdal: Herra forseti. Mér þykir hlýða að fara nokkrum orðum um frv. sem hér liggur fyrir. Þetta frv. hefði raunar átt að vera komið fram fyrir löngu, þannig að tími hefði gefist fyrir Alþingi að fjalla um það rólega yfirvegað og skoða það í samhengi við önnur orkufrv., sem löngu eru fram komin og raunar eru miklu betri en það frv. sem hér liggur fyrir, í stað þess að ætlast er til að þetta verði afgreitt í hálfgerðu flaustri.

Ég hef sitt hvað við þetta frv. að athuga og það mundi taka of langan tíma að tína það allt til. Ég mun því aðeins stikla á þeim liðum sem ég tel að mest stingi í augun.

Þar er þá fyrst til að taka að þessum þremur virkjunarkostum: Blönduvirkjun, Fljótsdalsvirkjun og Sultartangavirkjun, virðist ekki vera gert jafnhátt undir höfði þegar meta ber á hvaða valkosti sé heppilegast að byrja. Að vísu er þeim ekki raðað í sjálfu frv. En við lestur grg. kemur í ljós að Sultartangavirkjun er nánast afskrifuð þangað til einhvern tíma seinna, en það virðist vera um einhvers konar keppni að ræða milli málsvara hinna tveggja virkjananna að ræða og frv. eins konar málamiðlun milli þessara aðila. Ekki virðist vera reynt að leggja þjóðhagslegt mat á valkosti, eins og auðvitað á að gera, en í þess stað eru tilfinningar látnar ráða. Hér þarf að verða breyting á.

Annað atriði er það sem einnig er vert að gefa gaum, en það er virkjunaraðilinn. Landsvirkjun er að vísu talin fyrst sem virkjunaraðili, en einnig er gert ráð fyrir að Rafmagnsveitur ríkisins geti verið það. Ástæðan fyrir þessu er vandséð, nema ef vera skyldi að ætlunin sé raunverulega að fela Rafmagnsveitunum verkið, þar sem þær heyra beint undir iðnrn., og það gæti þá haft bein áhrif á framvindu mála. Það virðist vera yfirlýst stefna allra flokka að Landsvirkjun eigi að hafa með höndum allar meiri háttar virkjanir og stofnlínukerfi frá þeim. Enginn virðist ætla RARIK þetta hlutverk og er vandséð hvers vegna nú ætti að fara að fela fyrirtækinu þetta raunverulega gagnstætt vilja allra flokka. Ég hef því ákveðið að bera fram brtt. við þetta frv. þar sem m. a. er kveðið á um að Landsvirkjun fái ein heimild til þessara virkjunarframkvæmda. Við þetta vinnst að mínu mati eftirfarandi:

1. Sams konar mat verður lagt á þá virkjunarkosti, sem fyrir hendi eru, þar eð Landsvirkjun verður að fara þá leið, sem hagkvæmust er hverju sinni.

2. Landsvirkjun er sá aðili hér á landi sem hefur langmesta reynslu á þessu sviði. Hún hefur á að skipa fólki sem bæði hefur þekkingu og reynslu og unnið hefur saman að slíkum verkefnum undanfarandi ár. Það er áreiðanlega heppilegast að sú vinna slitni ekki sundur, en geti haldið óslitið áfram.

3. Það að fela Landsvirkjun þessi mál kallar á að gengið verði frá skipulagi raforkumála í landinu þannig að þau komist í fastara form en nú er. Aftur á móti get ég ekki komið auga á neina skynsamlega ástæðu til að fela RARIK þetta. Öllu fremur mælir allt á móti því.

Þriðja atriðið og ekki það veigaminnsta, sem ég mun nefna, er að ekki virðist vitað til hvers á að nota þá raforku sem fæst með þessum virkjunum. Rætt er í óljósum orðum um að eftir 15 ár verði til ráðstöfunar í stóriðju 1300-2400 gwst. á ári. Þetta samsvarar t. d. 1—2 álverum eða 2—4 járnblendiverksmiðjum. En er þetta nú nógu gott? Ég hélt að áður en hafist er handa um virkjanir í svo stórum stíl er hér er um rætt verði að liggja fyrir til hvers á að nota orkuna. Við virkjun ekki bara til þess að virkja.

Fleira mætti tína til. Ég læt þetta nægja að sinni, en get þó ekki látið hjá líða að benda á nokkur atriði sem ekki virðist hafa verið tekið nægilegt tillit til varðandi Sultartangavirkjun:

1. Undirbúningur Sultartangavirkjunar er nánast á lokastigi, en undirbúningur Blöndu og sérstaklega Fljótsdalsvirkjunar er mun styttra kominn. Þegar verið er að bera þessa kosti saman er verið að bera saman kosti sem eru á mismunandi hönnunarstigi og því ósambærilegir í reynd.

2. Ekki er metið að virkjunin við Sultartanga gæti verið unnin í beinu framhaldi af Hrauneyjafossvirkjun og þar sem fyrir hendi er miklu betri aðstæður en á hinum stöðunum, svo sem vega- og línulagnir, húsakynni o. fl.

3. Örðugleikar vegna fjarlægðar Blönduvirkjunar og Fljótsdalsvirkjunar frá Reykjavík hafa verið vanmetnir og einnig að Blanda er 500 m yfir sjó og Fljótsdalsvirkjun 600 m. Sultartangi er aðeins 300 m yfir sjó. Þetta mun skapa örðugleika. Sérstaklega má búast við því, að vinnutíminn á hverju ári verði að sjálfsögðu miklu styttri. Flutningar efnis og mannskaps frá Reykjavík verða að sjálfsögðu miklu kostnaðarsamari. Hætt er við að hinn mikli — raunar yfir 40% — munur, sem landbrh. gat um hér áðan í ræðu sinni, milli Blöndu og Sultartanga færi að lækka þegar þetta væri allt raunverulega metið á réttan hátt.

Ýmislegt fleira mætti tína hér til. Ég held að þegar þessi atriði og ýmis fleiri eru skoðuð af sanngirni komi í ljós að Sultartangavirkjun sé sá valkostur sem ráðast beri í fyrst, en að sjálfsögðu hinar virkjanirnar í beinu framhaldi og jafnhliða ef nægur markaður er fyrir orkuna. En meginatriðið er að þjóðhagslega hagkvæmasti virkjunarkosturinn verði valinn fyrst.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Það hefur aðeins lítillega verið vikið að vinnubrögðum af hálfu hæstv. ríkisstj. í máli þessu og hef ég svo sem ekki löngu máli við það að bæta. En eftir að menn hafa um langa hríð átt von á að lagt yrði fram á hinu háa Alþingi stefnumótandi frv. til l. um þær stórráðagerðir, sem hafa verið uppi í þessum málum, verður að játa að nú eftir dúk og disk, að kalla má í lok þessa þings, veldur það stórkostlegum vonbrigðum að ekki gefist betri tími til að meðhöndla þetta mikla mál en nú bersýnilega blasir við að verður til ráðstöfunar ef ætlunin er að afgreiða þetta mál fyrir þinglok. Á hinn bóginn er á það lítandi, að það skiptir engu máli, nákvæmlega engu máli, hvort þetta mál verður afgreitt áður en þingi þessu lýkur eða ekki, — þessi mikla bók, fyrir utan ýmis gögn sem frv. fylgja, sem maður hefur að vísu kynnst áður mjög mörgum. Það skiptir engu máli hvort þetta mál nær fram að ganga eða ekki fyrir þinglok. Ríkisstj. hefði rétt eins vel getað birt um það tilkynningu að hún væri nú að vinna að þessum virkjunarkostum, sem menn hafa haft í takinu lengi og velt fyrir sér, eins og að bera það fram í því sem hún kallar hér heimildarlagaformi, enda er ráð fyrir því gert að áður en verði teknar ákvarðanir komi þetta til kasta Alþingis aftur. Hún gæti nú fengið lántökuheimildir, en annað segir sig sjálft að getur ekki orðið til trafala framgangi málsins.

Ég þykist hafa klifað á því um alllanga hríð að tveir málaflokkar, orkumál og samgöngumál, væru þeir málaflokkar sem einna arðvænlegast væri að leggja stórt undir í framkvæmdum. En það vill svo til að um alllanga hríð höfum við átt á að skipa í röðum framkvæmdavaldsmanna þeim mönnum, sem greinilega skortir allan stórhug og áræði til átaka sem um munar í þeim efnum.

Nú er flutt hér heimildarlagafrv. um virkjunarmál. Á því er ekkert að græða varðandi virkjunarkosti sjálfa. En ræða hæstv. iðnrh. og allur málflutningur, sem fylgir þessu frv., flytur okkur heim stórkostleg ný tíðindi, — tíðindi sem við höfum að vísu haft nasasjón af, en ekki þreifað á með þeim hætti sem nú ber raun vitni. Og það eru þau tíðindi, að snarbreytt hafi verið um frá því sérstaklega sem var uppi á sjöunda áratugnum um stefnu í iðnaðar- og orkumálum þessa lands. Það fór ekkert milli mála að núv. hæstv. ríkisstj., og því hefur hæstv. orkuráðh. og hans flokkur ráðið, hefur breytt út frá þeirri stefnu, öllu heldur tekið upp þá stefnu að hafna með öllu að kalla má að ráðist verið til stóriðju eða að við semjum um orkusölu til orkufrekra kaupenda. Ég þarf ekkert að vísa í löngu máli til þess máli mínu til sönnunar að ég hlýt hér að fara með rétt mál. Það gátu menn heyrt af máli hæstv. orkuráðh. og enn fremur lesið í þessum plöggum hér. Það er alveg ljóst að þessi stefna gengur alveg þvert á þá stefnu sem mörkuð hefur verið með frv.-flutningi af hálfu sjálfstæðismanna hér á hinu háa Alþingi og raunar Alþfl. líka.

Hér hygg ég að þeir, sem eru annarrar skoðunar, hljóti að reyna að stinga harkalega við fótum, og ég held að á þann veg verði að halda á þessu máli að fáist hið bráðasta úr því skorið hvort meiri hl. er í núverandi stjórnarliði fyrir þessari nýju stefnu, þessari grundvallarbreytingu á þeirri stefnu sem menn hafa byggt á vonir sínar um að við getum byggt upp lífskjörin í þessu þjóðfélagi. Alveg sérstaklega hlýtur það að knýja menn til að stinga harkalega við fótum undireins að manni heyrist að hér fari ekki allt stjórnarliðið saman í einum flokki. Ég gat ekki annað merkt af ræðu hv. 6. þm. Suðurl. sem hann hélt áðan. Það er orðið gerbreytt frá því sem við höfðum gerst til þekkt hjá okkar flokksmönnum sem styðja núv. hæstv. ríkisstj. ef þessi stefna hefur orðið ofan á til langframa. Á það hljótum við að verða að reyna undireins.

Ég hyggst ekki flytja langa ræðu og ryðja frá mér

tölum, samanburðartölum og þeim upplýsingum, sem máli skipta, sem hér liggja fyrir okkur eða hafa legið fyrir okkur á undanförnum misserum og árum um þessi mikilvægu mál. Það er rétt sem fram hefur komið, að alltaf eru að bætast nýjar og nýjar við. En ég tek það líka fram, að ég er ekki frummælandi þess að krefjast röðunar um framkvæmdir, öðru nær, og vísa til þess frv. sem ég stend að og flutt hefur verið í hv. Ed. þar sem ekki er um röðun að tefla, heldur lagt til í lagafrv.-formi að ráðist verði í allar þrjár stórvirkjanirnar sem umtalaðar hafa verið. Það hefur ekki verið gagnrýnt af sjálfstæðismönnum að ekki finnst röðun í þessu ómerkilega plaggi sem nú hefur verið lagt fram og kallað er frv. til l. um raforkuver. Við sjálfstæðismenn álítum hins vegar, að við þurfum að leggja það stórt undir í þessum sökum að á næstu 10 árum sé það ráðið að ráðast í allar þessar þrjár virkjanir, og teljum að með því sé ekki verið að leggja meira undir en menn hafa gert ef t. a. m. er tekið árabilið 1960—1970. Þess vegna er það að ég hef enga gagnrýni fram að færa um að ekki skuli finnast röðun í þessari frv.-ómynd.

Það fór þó ekki hjá því, er ég lagði hlustir við því sem hæstv. landbrh. hafði hér fram að færa, að nokkuð sveigði hann til þess, hvort sem það er óskhyggja eða á rökum byggt, að hér væri hægt að lesa út úr þessu frv. röðun á þá vísu að Blönduvirkjun væri þar í fremstu fylkingu. Ekkert skal ég um það dæma. Það mætti þá biðja hæstv. orkuráðh. um ýmsar upplýsingar og nánari skilgreiningu á orðalagi sem verður hér lesið t. a. m. á bls. 6, þar sem segir um verkefnin og undirbúning þeirra að í fyrsta lagi verði hraðað verkhönnun við Blönduvirkjun. Síðan breytist andlagið í næstu setningu: að lokið verði rannsókn vegna Fljótsdalsvirkjunar og hafin verkhönnun. Allt þetta mega menn skilja á sína vísu, en þetta er ekkert aðalmál, enda kemur ekki samkv. þessu til neinna úrslita þessara mála nú og hér. Höfuðviðfangsefnið og vandamálið, sem blasir við okkur, er að ef núv. hæstv. ríkisstj. hefur snúið við blaðinu og ætlar nú einvörðungu að halda sig við hinn almenna innlenda markað um orkuöflun og orkusölu er alveg ljóst mál að okkur nægir að ráðast í eina af þessum virkjunum allt fram undir aldamót, en þá verða hér líka viðhorfin allt önnur en þau sem menn hafa verið að gera sér í hugarlund. Þá mun okkur skila fram á veg með miklu hægara móti en menn hafa leyft sér að gera sér vonir um um langa hríð. Þá er snarbreytt um frá því sem áður virtist vera uppi meðal þjóðarinnar, að hér lægi aðallífstrengur okkar til stórbættra lífskjara í landinu gegnum þessi orkumál okkar, hafandi líka það í huga að við flytjum inn milli 40 og 50% af orkunni sem við neytum, ef má orða það svo. Að vísu er mér ljóst að um langa hríð mun aldrei verða fyrir það tekið af því sem við notum innflutta orku til þeirra hluta sem ekki getur komið raforka eða jarðvarmaorka í staðinn fyrir. Þó kann til þess að draga að vatnsaflsorka okkar eða jarðvarmi verði notum til að framleiða orkugjafa sem mætti nota í skip og bifreiðar eða til annarra þeirra þarfa sem við notum nú innflutt eldsneyti.

Ég batt satt að segja vonir við að hæstv. orkuráðh. mundi hafa einhverja hliðsjón af vilja og samþykktum framámanna í félagsmálum t. a. m. í Austurlandskjördæmi, svo að ég taki ekki dæmin víðar að. Mér datt satt að segja ekki annað í lifandi hug og þess vegna kemur það mér í opna skjöldu, þótt ég hefði að vísu þefað þetta undan sængurhorni, hans skoðanir eða hans þingflokks aðallega, hversu eindregið virðist nú snúist á þá sveif að hverfa frá hugmyndum um að afla orkufreks kaupanda af hálfu okkar Íslendinga. Allt frá upphafi til enda í ræðu hans var þetta höfuðáhersluatriðið. Þá liggur ljóst fyrir, þá liggur á borðinu að með þeirri stefnumörkun, ef hún er orðin ofan á, en ekki verður annað greint af hans máli, hefur hæstv. iðnrh. og orkuráðh. tekið ákvörðun um að ekki skuli í náinni framtíð ráðist í Fljótsdalvirkjun. Það liggur a. m. k á borðinu. Það kom fram í máli hæstv. landbrh. og er öllum vitanlegt að hún stendur ekki að arðsemi neitt nálægt því jafnfætis við Blönduvirkjun nema meginhluti orku hennar verði seldur orkufrekum kaupanda. Þetta er deginum ljósara og öllum vitanlegt. Ef á að stauta sig áfram í þessum mikilsverðu málum með þeim hætti, sem kom fram í ræðu hæstv. ráðh., geta menn séð fyrir sér til hvers leiða muni. Og tal um nauðhyggju í því sambandi er mjög sérkennilegt orðalag, svo að ekki sé meira sagt. Honum er auðvitað sjálfrátt hvað hann ber á borð með sér fyrir kjósendur sína, en ég hafði að ósynju leyft mér að treysta því, af því sem ég þekki viðhorfin til máls þessa í hans kjördæmi, að hann gildraði ekki til þess að fremja pólitískt sjálfsmorð, eins og ég gæti best trúað að slík framhaldsstefna hans gæti þýtt fyrir sjálfan hann.

Ég endurtek það: Úr því verður að fást skorið hið allra fyrsta hvort þessi stefna, sem fram kom í máli hans í stóriðjumálum, sem sker úr um framkvæmdahraða í orkumálunum, er orðin að stefnu núv. hæstv. ríkisstj. því að það gerbreytir öllu viðhorfi okkar við framvindu málanna. Ef á að knýja þetta mál fram með þessum hætti og verður litið á samþykkt og afgreiðslu þessa frv. sem einhverja undirstrikun og samþykkt við stóriðjustefnu hæstv. ráðh. sé ég engin önnur ráð til en reyna að spyrna við fótum með einhverjum hætti, að það fari þá beinlínis fram umr. með vantrauststillöguflutningi um þessa stefnumótun sem hæstv. orkuráðh. sjálfur ber höfuðábyrgð á, og er mér þó ekki skapfellt að bera slíka vantrauststill. fram við þingfélaga minn úr Austurlandskjördæmi. En mönnum hlýtur að þyngja mjög fyrir brjósti þegar þeir verða áheyrsla að öðru eins afturhaldi, eins makalausu afturhaldi og lýsir sér í þessari afstöðu — og kalla það svo íslenska orkustefnu ofan í kaupið. Með framfylgd þeirrar afturhaldsstefnu er Fljótsdalsvirkjun sett til hliðar. Ég hef ekki beðið um að hún yrði sett á oddinn. Ég álít að við þurfum á framgangi allra þessara glæsilegu virkjunarkosta að halda, eins og við enda höfum lagt til í því frv. sem hér liggur fyrir og er til meðferðar í hv. Ed. Alþingis, og ég held að það hljóti að verða ráð að nú verði með öllum ráðum á það knúið hvort hér er ekki meiri hluti fyrir samþykkt þessa frv. Sjálfstfl. þar með væri loku skotið fyrir afturhaldsjaxlana sem hér eru að bryðja mélin.

Það eru ýmis ráð til þess að menn reyni að knýja á um að það verði sinnt einhverjum fleiri málum en þeim sem hæstv. ríkisstj. þóknast þá og þá að óska eftir afgreiðslu á. Menn hljóta að krefjast einhvers jafnræðis í því, enda þótt menn geri sér grein fyrir að meiri hl. í Alþingi hlýtur að hafa forgang um afgreiðslu mála sinna. En þá er eftir að rannsaka hvort ekki kunni að standa svo á að hér sé löglegur meiri hl. fyrir framgangi þessa máls eins og það er búið í hendur hv. þm. í frv. til l. sem flutt hefur verið um ný orkuver af hálfu sjálfstæðismanna í Ed.

Hæstv. landbrh. gat þess, að það mundi, enda þótt hann orðaði það ekki glapræði, en óráð, að við ákvæðum tímasetningar um stórvirkjanir og þar af leiðandi ættum

orku til að selja án þess að á borðinu lægi samningur við orkufreka kaupendur. Ekki hygg ég að menn ætli sem svo, að það rigni niður á borð manna fyrirhafnarlaust aðgengilegum eða girnilegum samningum við orkufreka kaupendur í veröldinni, enda þótt, eins og ég segi, aðstæður snúist á þá sveif að orka okkar verði dýrmætari eftir því sem orkuverð í veröldinni hækkar. Meðan ekkert er aðhafst í því að afla þeirra fáum við auðvitað enga samninga á borð okkar. Þess vegna verður að haldast í hendur að menn ráðist í slíkar virkjanir og að reynt sé að afla orkufreks kaupanda.

Það er alveg rétt, að ef við hefðum virkjað stórt og ættum ekkert víst í þessum efnum gæti það orðið til þess að orkukaupendurnir gætu prúttað við okkur um verð sem um munaði. Það er ekki ráðlegt að vísu. En þegar það liggur fyrir að forsenda virkjunar eins og Fljótsdalsvirkjunar er sala orkunnar, skyldi maður halda að sá, sem veg og vanda ætti að hafa af því, mundi hefjast handa hið allra fyrsta um að sú forsenda gæti orðið að raunveruleika, en ekki, eins og uppi er og Alþb. fær ráðið, að snúið er við blaðinu. En um það verðum við að ganga úr skugga, að hans stefna og hans flokks sé þveröfug við það sem menn hafa haft hér um framkvæmdir, að horfið — verði frá stóriðju að því marki sem mundi t. a. m. nægja okkur til að byggja virkjun á borð við Fljótsdalsvirkjun þar sem við gætum — selt allt að 150 mw. Mér heyrðist hann tala um að hann hefði í hyggju orkufrekan iðnað sem gæti látið sér nægja 400—500 gwst. Heyrði ég það ekki rétt? En Fljótsdalsvirkjun er aftur á móti 1450 gwst., ef ég man rétt, án þess að ég nenni hér að fara að þylja, eins og ég sagði, tölur í heilum fylkingum. Það má þá leiðrétta ef mér hefur skjátlast að því leyti.

En í stað þess að reyna nú að afla orkufreks kaupanda, ef áhugi er á virkjun eins og Fljótsdalsvirkjun, hvað gerir þá hæstv. iðnrh.? Hvaða tilburði hefur hann í frammi? Hann gerir þveröfugt með hegðan sinni, án þess þó að ég ætli að fara að sýkna áliðjuverið. Með hegðan sinni gagnvart þeim viðskiptaaðila okkar er mjög líklegt að hann hafi stórskaðað okkur á þeim mörkuðum þar sem finna mætti orkufreka kaupendur. Og það er ekki bitið úr nálinni með það. Menn hafa haldið því fram í mín eyru að einna hagkvæmast af stóriðjuverum, sem við gætum reist, væri tvöföldun álversins. En ætli það verði ekki bið á því eftir því orðalagi sem Meyer stjórnarformaður þar hafði uppi um íslensk stjórnvöld á aðalfundi þess félags nýlega? Það kynni kannske að verða bið á því að þeir yrðu samningamenn okkar um kaup á frekari orku.

Ég er ekki heldur að tala um að ekki þurfi að breyta þeim forsendum sem gilt hafa í samningum við Alusuisse um orkuverð. En ég er ekki heldur — og legg á það áherslu hér og nú — að halda því fram að við Íslendingar getum ekki átt þessi orkuver ef svo ber undir. Ég er aðeins að minna á það og rifja það upp sem öllum er vitanlegt, að einn er sá þáttur í stóriðjunni sem við getum ekki hjálparlaust ráðið fram úr, og það er endahnúturinn sem ríða þarf á allt málið, það er sala framleiðslunnar. Á þeim mörkuðum ráðum við ekki og komum ekki til með að ráða um ófyrirsjáanlega framtíð. Það er sala hráefnisins sem við verðum a. m. k. að ná samningum og samkomulagi um við þá sem á þeim mörkuðum ráða, hvort sem okkur er það ljúft eða leitt, hvort sem menn kalla það harðsvíraða auðjöfra og auðhringa eða ekki. Það er bara staðreynd í okkar veröld. Og ég er ekki viss um að það sé úr svo miklu að moða á mörkuðum, ef menn ætla að leita sér að orkufrekum kaupanda, að okkur sé alveg óhætt að hafa í frammi tilburði eins og hæstv. orkuráðh. hafði við álverið nú nýverið og allir þekkja til. Hafi þeir brotið af sér fá þeir sinn dóm, en hans tilþrif eru öll á þessa vísu, að skjóta loku fyrir að við náum vopnum okkar á þessu mikilvæga sviði sem stóriðjan er. Hann er þar að þjónusta sinn þingflokk, því að það hef ég fyrir satt, að yfirgnæfandi meiri hl. þingflokks Alþb. sé andstæður stóriðjunni. En ég, eins og ég segi, ætlaði ekki að trúa því fyrr en ég tók á, eftir að hafa hlustað á ræðu hæstv. orkuráðh. áðan, að hann fylkti liði með þeim mönnum, ekki síst og kannske öllu helst vegna þeirra hagsmuna sem kjördæmið Austurland hefur að gæta í þessu sambandi — sá kaldi landshluti sem ekki á eftir í náinni framtíð að sækja stórmikið meira til sjávarins en hann gerir. Liggur alveg ljóst fyrir að ef ekki verður þar stórbreyting með virkjun eins og í Fljótsdal með þeirri orku sem hún gefur, með stóriðju í Reyðarfirði, með afgangsorku til húshitunar, mun óðar en líður bresta á fólksflótti í þeim landshluta. Á því er ekki nokkur minnsti vafi.

Það er ekkert álit, heldur eru þetta kaldar staðreyndir sem blasa við, — kaldar staðreyndir sem afturhaldsöflin í Alþb. vilja ekki skilja eða skynja. En ég endurtek það og legg á það höfuðáherslu: Um það verður nú reynt að ganga úr skugga með öllum ráðum, að vísu þingræðislegum, ég skal taka það fram, hvort sú stefna er orðin ofan á sem birtist í ræðu hæstv. iðnrh. áðan.

Herra forseti. Ég þarf svo engu við þetta að bæta. Þetta er kannske eins og annað í búskap okkar nú um þessar mundir, þar sem, eins og menn hafa fyrir augum, ástandið er heldur bágborið og lítið upp úr athöfnum og tilþrifum stjórnvalda yfirleitt leggjandi. Ég veit ekki hver hefur lagt á það trúnað þótt hann heyri hæstv. forsrh. hneykslast á því, að í frv. okkar sjálfstæðismanna væri ekki tekin ákvörðun um röðun virkjana. Ég veit ekki hver hefur lagt á það trúnað að hann mundi síðar sjá svo um að flutt yrði frv. hér þar sem röðunin væri ákveðin. Ef hv. 6. þm. Reykv., fyrrv. borgarstjóri í Reykjavík, hefur lagt einhvern sérstakan trúnað á það er hann meira auðtrúa en ég hugði. En þannig eru nú yfirlýsingar hæstv. ríkisstj. yfirleitt, að þær hefur ekki verið neitt að marka frá því að hún settist að völdum. Spurningin er sú, hvort maður hefur leyfi til að binda vonir við að það sé ekkert að marka sem hæstv. orkuráðh. sagði áðan í ræðu sinni. Á það legg ég höfuðáherslu að það verði gengið úr skugga um það hið allra fyrsta, enda þótt, eins og ég segi, ég verði að grípa til þess sem að öðru jöfnu mætti kannske kalla örþrifaráð til að fá um það sem nákvæmastan úrskurð.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Það hafa að vonum verið miklar umr. um orkumálin á þessu þingi, og eins og hefur komið fram fyrr í þessari umr. væntu menn þess, að það kæmi frá ríkisstj. mjög stefnumarkandi frv. í þeim málum. Þó er eitt sem hefur gefið dálítið bakslag í þeim umr. sem orðið hafa um orkumál hér á þingi, og það er það viðhorf sem þráfaldlega hefur komið fram í máli hæstv. orku- og iðnrh., að ekki lægi mjög á með virkjanir fallvatna. Nærri hefur manni skilist að það væri ekki úr svo miklu að moða að ekki væri unnt að koma þeirri orku í lóg sem fælist í afli fallvatnanna.

Út af þeim hugleiðingum hef ég haft ánægju af því að gera mér grein fyrir því, hvaða möguleikar eru þá t. d. á einu takmörkuðu vatnasvæði, þ. e. Þjórsár- og Tungna-

ársvæðinu. Þegar ferðast er yfir Suðurland blandast náttúrlega engum hugur um að í Þjórsár- og Tungnaársvæðinu eru mikil orka og mikið afl óbeislað. En hvað er það þegar miðað er við allt það sem er í öðrum stórfljótum á Suðurlandi sem koma alla leið undan jöklunum miklu? Ef farið er inn á þá leið að nýta það sem þetta takmarkaða svæði gefur sem ég minntist hér á, þá gæfi t. d. vatnsmiðlun í Stórasjó orkuvinnslugetu í virkjunum neðar í ánni um 280 gwst. á ári. Vatnsmiðlun Þórisvatns — og auknir möguleikar þar með á stækkun Sigöldu-, Búrfells- og Hrauneyjafossvirkjunar mundi auka orkuvinnslugetu virkjananna um 1070 gwst. á ári. Ef farið væri í Sultartangavirkjun, sem er með 50 gígalítra uppistöðu, mundi það auka orkuvinnslugetuna um 725 gwst. á ári. Ef farið er í virkjun við Bjalla mundi þau auka orkuvinnslugetuna um 385 gwst. Ef virkjuð er Búðarhálsvirkjun mundi það auka orkuvinnslugetuna um 580 gwst. á ári. Ef farið væri í það að virkja við Vatnsfell mundi það auka orkuvinnslugetuna um 435 gwst. á ári. Og ef farið væri í það að virkja svokallaða Króksvirkjun, sem er í Efri-Þjórsá, með 430 gígalítra uppistöðulóni mundi það auka orkuvinnslugetuna um 1140 gwst. á ári. Alls gæfu þessar virkjanir 4615 gwst á ári. Ef maður lítur á þetta takmarkaða svæði og hvílík gífurleg tækifæri það gefur til að efla atvinnulíf landsmanna finnst mér að við megum ekki setja okkur það að fara hægt í þessum málum. Við þurfum að vinna hratt, við þurfum að hugsa það stórt að það verði árangur af þessum framkvæmdum á þeim dögum sem núverandi kynslóð er að starfi, því að það mun vera mála sannast að við eigum erfitt með að finna atvinnufyrirtæki fyrir allar þær hendur sem fram koma til vinnu á næstu árum ef við förum ekki í eitthvað stærra í sniðum en við höfum verið með eða aukum við það sem stórt er.

Í framhaldi af þessu vil ég gagnrýna það, sem gerst hefur í tíð þeirrar ríkisstj. sem núna situr og hefur trúlega verið lagður grundvöllur að í fyrri vinstri stjórn, ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar, að á þeim tíma var rofin sú undirbúningsvinna sem stóriðjunefnd hafði lagt grundvöllinn að meðan hún var að starfi. Það er öllum ljóst, sem að þessum málum vinna og um þau hugsa, að við getum ekki farið í stjórvirkjanir að verulegu ráði nema við getum selt þá raforku sem hún aflar, — selt hana á þann hátt að við mögnum upp atvinnutækifæri fyrir fólkið í landinu. Það er öllum ljóst líka, sem um þessi mál hugsa, að það þarf tíma til að undirbúa slíkt og það er mikill ábyrgðarhluti að hafa gert sig sekan um að rjúfa þessi vinnubrögð á sínum tíma. Það tekur langan tíma að afla þeirra tækifæra sem þarna þarf til, og þess vegna er það höfuðmál að gengið sé til þess á nýjan leik að koma þessari vinnu af stað, eins og sjálfstæðismenn og stjórnarandstöðuflokkarnir tveir hafa raunar gert tillögur um í sérstöku tillöguflutningi hér á Alþingi í vetur.

Að öðru leyti vil ég segja það um frv. sem hér liggur fyrir til umr., að ég átti von á því dálítið ákveðnara frá hendi ríkisstj. en fram kemur þegar litið er yfir það. Það má segja að það sé þægilegt að fá heimildarlög, og sennilega er hægt að taka undir það líka með ríkisstj. að þægilegt sé fyrir hana að fá rúm heilmildarlög þannig að hún geti tekið á málunum eftir atvikum á hverjum tíma. En eitt af því, sem mér þykir vera heldur leiðinlegur þefur af í þessu frv., er að svo virðist sem það eina stefnumið, sem stjórnin stendur að ákveðið, sé það stefnumið sem einhvern veginn þvældist inn í málefnasamning ríkisstj., að ekki skyldi vera virkjað á hinu eldvirka svæði, eins og það er orðað. Ef á það er litið er þó tekið fram, og var tekið sérstaklega fram í ræðu hæstv. iðnrh. áðan, að frv. miðaði að því að veruleg trygging fengist á nýtingu þeirra orkuvera sem nú eru í gangi á Þjórsársvæðinu, ef ég hef tekið rétt eftir. Til þess að það geti orðið verður að sjálfsögðu að fara í þær vatnsmiðlanir sem mögulegt er að ná til og að sjálfsögðu eru á eldvirka svæðinu.

Ég minnist þess úr umr. frá því í vetur um orkumálin að þá benti ég á að Sultartangavirkjunin væri utan eldvirka svæðisins. Að vísu mundi eystri endi stíflugarðsins við Sultartanga ná yfir á eldvirka svæðið og yfir á hraunasvæðið. Mér sýnist að það sé í raun og veru búið að sætta sig við það í iðnrn. að sá stíflugarður verði byggður. En það á ekki að fara í Sultartangavirkjunina sjálfa, sem er þó, eins og allir menn vita, utan við hraunasvæðið og lendir á gömlum miklu eldri jarðlögum en eru austan Þjórsár. Ég vil benda á það sérstaklega, að ef Sultartangavirkjunin er gerð er loksins búið að ganga frá vatnsmálunum og byggja fyrir ísvandamálin svo vel sem menn geta vænst að gert verði, en fyrr ekki. Þó að stíflugarðurinn sé gerður við Sultartanga mun hann að sjálfsögðu hafa mikla þýðingu fyrir það uppistöðulón, sem þarna kemur, og þá ísmyndun, sem þar stöðvast. En því miður fellur Þjórsá þaðan í það breiðum farvegi að þar verður veruleg ísmyndun og ekki síst á þeim tíma þegar skafrenningur er mestur. Þá er geysileg ísmyndun á þessu svæði frá Sandafelli og niður að Búrfellsvirkjun. Ef virkjunin er hins vegar byggð jafnframt er þessi leið í fyrsta lagi stytt verulega mikið og í öðru lagi er gert ráð fyrir að frárennslið frá virkjuninni fari í tiltölulega þröngum skurði út í Þjórsá við Klofaey og er þá ekki nema stuttur spölur eftir niður að Búrfellsvirkjuninni.

Ég tel ekki ástæðu til að ræða um þetta frekar, en ég á von á því, að ef þessari ríkisstj. verður einhverra lífdaga auðið og hæstv. iðnrh. fær að ráða framgangi mála í virkjunarframkvæmdum komist hann á þá skoðun áður en langur tími líður að þessa virkjun þurfi einnig að fara í og það muni vera ódýrast til að fá ódýra uppbyggingu orkuveranna og fulla nýtingu þeirra í framtíðinni.

Ég ætlaði ekki að tala langt mál um þetta efni að þessu sinni, en ég vil þó aðeins koma hér að nokkrum atriðum í viðbót.

Hér er talað um í frv. og gert ráð fyrir að ríkisstj. verði heimilt að virkja eða láta virkja við Blöndu og Jökulsá í Fljótsdal. Ég hygg að ég hafi teki rétt eftir því í ræðu hæstv. iðnrh. áðan, að hann sagði að hér væri í fyrsta skipti leitað heimildar til meiri háttar virkjana utan Suðvesturlandsins. Það má vera að það sé hægt að komast svo að orði. En heimilda hefur verið aflað til að virkja annars staðar og vil ég minna í því efni bæði á Kröfluvirkjun og Laxárvirkjun þó að svo hafi skipast þau mál að hvorug virkjunin hefur náð því að verða stórvirkjun, eins og þó var ætlast til að yrði þegar til þeirra var stofnað.

Eins og komið hefur fram í máli mínu vil ég halda því fram og hef rökstutt það bæði fyrr og nú að nokkru, að það er ekki vegur til þess að mínum dómi að fara nægilega fljótt í þessar tvær stórvirkjanir sem gert er ráð fyrir að fara í utan Suðvesturlandsins. Þess vegna hef ég lagt áherslu á að það verði ekki hikað við að virkja áfram það sem tilbúið er að virkja. Og ég hef þá trú að við Íslendingar eigum að virkja það hratt að við hikum ekki við að

halda áfram á Þjórsársvæðinu með það, sem þar er tilbúið, og láta þessa vinnu og framkvæmdir skarast eftir því sem þörf er á og fara í virkjanirnar við Blöndu og Fljótsdal, hvor sem fyrr verður tilbúin, um leið og það er hægt.

Ég fagna því, að það er þó gert ráð fyrir að strax verði vissar framkvæmdir t. d. við Blöndu sem koma til góða við frekari virkjun. Það er að vísu ekkert annað en það sem alltaf verður að gera þegar verið er að kanna möguleika til virkjunar. Þar á að fara í nokkra vegagerð. Það verður ekki hægt að kanna möguleikana á Blönduvirkjun að neinu ráði nema í þessar framkvæmdir verði ráðist. Ég er það kunnugur því, hvernig gengið er að þeirri könnun, að mér er ljóst að það er undirstöðuatriði að hægt sé að ferðast um það land, sem á að kanna, og ferðast um það með ýmis tæki sem verða að fara eftir vegum. Ég minnist þess t. d. að þegar Landsvirkjun lagði veg inn eftir afrétti Gnúpverjahrepps varð það til þess að gera rannsóknir í sambandi við virkjun Efri-Þjórsár sem er ekki enn í sjónmáli að virkja. En Landsvirkjun hefur haft þann hátt á að vera með framsýni í þessum efnum. Og til viðbótar þessu, að ég lýsi því hvernig hefur verið gengið til þessara rannsókna þarna inn frá með því að gera færan veg inn á könnunarsvæðin, þá hafa þeir einnig, um leið og gengið hefur verið til þess að gera einhverja rannsókn eða könnun á virkjunarsvæðum, gengið til viðræðna og samráðs við heimamenn um fyrirkomulag og réttindi þar sem á hefur skort að þeir hefðu þau tiltæk. Slíkt er mjög nauðsynlegt að sé í gangi og sé snemma í gangi. Því aðeins er hægt að vinna virkjanirnar áfram með eðlilegum hætti að undirbúningi hafi ekki verið áfátt í þessu efni. Því miður, vil ég segja, hefur ekki verið starfað með þessum hætti að virkjunarrannsóknum t. d. við Blöndu og mun það því tefja framgang þeirrar virkjunar verulega. Ég sé ekki betur. Ég er ekki að spá að tilefnislausu neinum töfum. Ég held að það leiði af sjálfu sér að það muni tefja verulega fyrir.

Það hefur verið bent á hér áður að við sjálfstæðismenn höfum á þingi — okkar menn í Ed. — flutt frv. um ný orkuver sem mér sýnist að sé miklu aðgengilegra frv. og ákveðnara í öllum greinum en það frv. sem ríkisstj. leggur hér fram. Ég vil ljúka máli mínu með því að segja, að ef Alþingi vill ganga til þessara mála með forsjálni og ákveðni eigum við að sameinast um að koma fram því frv. sem verulega er þó komið af stað og hefur fengið hinar bestu umsagnir hjá þeim aðilum sem leitað hefur verið umsagnar hjá. Það frv., sem Þorv. Garðar Kristjánsson og fleiri sjálfstæðismenn hafa flutt í Ed., eigum við að sameinast um og koma því frv. í gegnum þingið. Það á að vera hægt á þeim stutta tíma sem enn er eftir. En það er vafamál að hægt verði með eðlilegum hætti að koma frv., sem ríkisstj. hefur lagt hér fram, í gegnum þingið á svo skömmum tíma ef á að vinna það með þeim hætti sem Alþingi á að gera í stórmáli sem þessu.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég fagna því að hér er komið fram frv. um stjórvirkjanir í þessu landi, og ég vil taka undir að það á vissulega eftir að hafa áhrif á okkar lífskjör hvort við berum gæfu til að standa skynsamlega að þeim málum. Það hefur ekki farið fram hjá neinum að nokkurt skæklatog er um hvar menn vilja láta virkja næst. Því miður virðast kjördæmasjónarmið vera allsráðandi í þeirri umr. Ég tel aftur á móti að við Íslendingar stöndum á ákaflega örlagaríkum tímamótum í orkumálum.

Það fer ekki á milli mála að stjórnendur höfuðborgar Íslands sýndu framsýni á sínum tíma þegar þeir gerðust stórvirkir aðilar að virkjunarmálum. Hitt hlýtur þó að vera umhugsunarefni, hvar athafnasvæði hvers sveitarfélags sé. Ég býst við því, að það þætti dálítið skrýtið ef Austurland færi að reka stórfyrirtæki hér í Reykjavík, t. d. bora eftir heitu vatni eða eitthvað því um líkt. Ég býst einnig við að það þætti skrýtið ef Norðlendingar tækju upp á slíku. Þetta segi ég ekki einum eða neinum til hnjóðs. Þetta er spurning um hvernig við teljum eðlilegast að stjórnskipulagi í þessu landi sé háttað.

Ég vil vekja á því athygli, að nú er Landsvirkjun sameignarfyrirtæki Reykjavíkurborgar, Laxárvirkjunar og ríkisins. Við erum sennilega flestir sammála um að orkan sé mesti auður þessa lands ásamt fiskimiðunum og hinu græna belti upp frá ströndinni. Erum við alfarið reiðubúin að standa þannig að þessum málum að við afhendum fyrst og fremst tveimur sveitarfélögum á Íslandi helmingsrétt til orkuöflunar í þessu landi? Er þetta alveg í takt við þá kenningu, sem mjög hefur dunið á mönnum að nú þurfi að minnka kosningarrétt dreifbýlisins? Ég fæ ekki séð að þetta gangi upp. Annars vegar er verið að sækja þar fram og heimta jafnræði. Nú er sótt fram á orkuvígstöðvunum og heimtaður tvöfaldur réttur handa hinum fjölmennu sveitarfélögum.

Það var mikið gæfuspor á Alþingi þegar menn árið 1000 vildu hafa ein lög og einn sið í þessu landi og tryggðu þannig friðinn, og það er gott að búa í landi þar sem skotvopn eru ekki borin á þjóðhöfðingja og þeir geta gengið um og ferðast um án þess að hafa lífverði. En réttlæti er undirstaðan ef friður á að haldast. Það réttlæti er annars vegar jafn eignarréttur Íslendinga yfir orkuauðlindum landsins og í beinu framhaldi af því sama verð fyrir orkuna hvar sem er í þessu landi.

Það kom hér fram hjá iðnrh. að hann teldi að það þyrfti að ná jöfnun heildsöluverðs í áföngum. Gott og vel. Hvað segir þetta í reynd? Ef við flettum í bls. 132 í þessu frv. sjáum við hver staðan er í þessum málum. Sannleikurinn er sá, að Rafmagnsveitur ríkisins eru að selja sína orku á 24% hærra verði og þær gera þetta þrátt fyrir að það er 19% verðjöfnunargjald. Þetta er ég ekki að segja hæstv. iðnrh. til hnjóðs því að ég lít svo á og tel mig hafa rök fyrir því, að innst inni sé hann stuðningsmaður verðjöfnunar á raforku í þessu landi. Það hefur verið hægt að rökstyðja það austur á fjörðum, meðan dísilvélar voru kyntar, að verðið á raforkunni þyrfti að vera hærra þar, en ég á eftir að sjá að það sé auðvelt verk hjá þm. Austurlands, þegar Fljótsdalsvirkjun verður virkjuð, að halda því fram að þá sé það eðlilegt náttúrulögmál að raforkuverð á Reyðarfirði til hins almenna neytanda sé hærra en á höfuðborgarsvæðinu. Ég hefði gaman af að fá það á borðið eftir hvaða rökum þá verður boðað að slíkt óréttlæti eigi að vera. Ég býst við að menn, hvar í flokki sem þeir væru, séu reiðubúnir að standa upp og halda því fram að það eigi að greiða sama tímakaup hvar sem er á Íslandi, hvort sem það er í Reykjavík eða á Reyðarfirði. En við erum ekki að greiða sama tímakaupið ef við seljum orkuna á misjöfnu verði. Þessu verða menn að gera sér grein fyrir. Það er ekkert náttúrulögmál að bensín sé selt á sama verði hvar sem er á Íslandi. Það er ekkert náttúrulögmál að olía sé seld á sama verði hvar sem er á Íslandi. Og hvernig ætlum við

að verja það fyrir komandi kynslóðum ef við stöndum nú þannig að þessum málum á þessari örlagastundu að við teljum sanngjarnt og eðlilegt að raforka sé seld á misjöfnu verði í þessu landi? (Gripið fram í.) Það er náttúrulögmál, hv. 10. þm. Reykv., að það er hlýrra í Reykjavík en á Vestfjörðum. Það er jafnframt náttúrulögmál að það er meiri jarðhiti hér en á Vestfjörðum. Og það er einnig náttúrulögmál að það eru auðugri fiskimið út af Vestfjörðum en hér.

Það er nú svo varðandi fiskimiðin, að hún er ansi lítil, sú landhelgi sem Vestfirðingar einir fá að veiða í út af Vestfjörðum. Það væri sérstakur kapítuli sem mætti taka til athugunar. Hins vegar fór ég í heimsókn á spítala í gær og sá þar níræðan mann sem missti á sínum tíma föður sinn í landhelgisbaráttu Vestfirðinga við Breta, og ég veit ekki til að mannfall hafi orðið hér á þessu svæði í þeirri orrustu að heimta þau réttindi okkur til handa. En það má vel vera að menn vilji ekki ræða þessi mál. Það má vel vera að menn vilji ekki byggðastefnu í þessu landi. Það getur vel verið að það sé fyrst og fremst rétt að flytja hér tillögur um að það eigi að koma upp iðnaði úti á landi, að það eigi að koma upp þjónustu. En hvernig haldið þið að fara eigi að því að framkvæma þetta ef orkuverðið er ekki það sama? Hvernig hyggst t. d. hv. 6. þm. Suðurl. verja það fyrir sínum kjósendum að raforkuverð í smásölu verði annað á bökkum Bolafljóts en á þessu svæði?

Það er kannske tímanna tákn í þessu sambandi að verið er að leggja Hitaveitu Borgarfjarðar og Akraness. Samv. reglunum, sem hér eru látnar gilda, ætti vatnið að vera ódýrara í Borgarnesi og selt á lægra verði þar. Svo er ekki. Það dettur engum í hug annað en þar skuli vera verðjöfnun. En á hvorum staðnum skyldi stærri aðilinn vera? Stærri aðilinn í þeim samningum er úti á Akranesi. Það er þess vegna sem réttlætið á að ríkja. En halda menn að þetta hefði verið jafnauðsótt mál ef meiri fjölmenni hefði verið í Borgarnesi en á Akranesi?

Ég verð að lýsa því yfir, að ég get ekki stutt þær hugmyndir að veita Landsvirkjun virkjunarréttinn nema eignaraðild ríkisins verði jafnframt aukin að þeirri virkjun. Ég tel að það sé ekki hægt á þessari stundu, þegar verið er að afhenda yfirráðin fyrir aðalauðlindum þessa lands, að horfa fram hjá því að við erum ein lítil þjóð úti í Atlantshafi og við þurfum að stefna að því að lífskjörin í þessu landi séu sem jöfnust hvar sem menn búa. Það verður ekki ef raforka er seld 24% dýrar á svæði Rafmagnsveitna ríkisins. Það verður ekki ef við þurfum að halda uppi verðjöfnunargjaldi sem á það undir pólitísku veldi landsbyggðarinnar hvort það fer í gegn á hverjum tíma í Alþingi Íslendinga. — Það er 19% í dag. Það voru ekki allir spenntir fyrir að styðja það.

Þá held ég einnig að það væri rétt að víkja örlítið að 4. gr. 4. gr. þessa frv. fjallar nefnilega um ákaflega merkilegt mál og það mættu þm. hinna orkuauðugu svæða þessa lands hugleiða. Ég er ekki þm. fyrir slíkt svæði. En á hvaða forsendum og eftir hvaða réttlæti skulu útsvör í Hafnarfirði lækka vegna þess að auðæfi Suðurlandsins fara þar út um höfnina, en aftur á móti er skattheimta Suðurlandsins, sveitafélaganna, ekki í neinu samræmi við þau mannvirki sem þar standa? Telja menn ekki að um leið og þeir eru að taka orku frá þessum svæðum án þess að skilja þar eftir uppbyggingu hafi þeir einhverjar skyldur við þessi svæði? Telja menn það sanngjarnt, t. d. á Suðurlandi, að vinnuflokkarnir, sem hafa unnið við að koma upp virkjunum, verði að kveðja það svæði, yfirgefa það og halda svo suður eftir að búið er að fullvirkja? Er þetta stefnan sem þm. Sunnlendinga ætla að vinna að? Það hljóta þeir að gera upp við sig nú. Það er of seint að semja um þessi mál á eftir. Atvinnutækifæri Suðurlandsins hafa verið flutt burt með orkunni. Því verða menn að gera sér grein fyrir. Ég tel ekki réttlætanlegt að standa þannig að skattheimtu virkjunaraðila og slíkra að hugsað sé um það eitt að koma í veg fyrir að þeir greiði gjöld til sveitarfélaga og til sýslufélaga. Mér finnst að íslenska þjóðin skuldi þessum svæðum uppbyggingu.

Að lokum þetta: Hefur verið lagt á útsvar umfram þarfir á Akureyri og í Reykjavík til að eignast þessa miklu aðild að Landsvirkjun? Hafa íbúar þessa svæðis þurft að bera þungar byrðar fjárhagslega til þess að þetta væri fært? Ég segi nei. Það var Marshall-fé annars vegar og það voru víkjandi lán hins vegar og það var hin háa gjaldskrá, sem dreifbýlið hefur orðið að bera uppi, ásamt framsýni þeirra manna sem sáu til þess að komið er sem komið er. Ég tel þess vegna að með stórkostlegri eignaaukningu Landsvirkjunar yfir aðalauðæfum þessa lands sé eðlilegt að ríkisvaldið bæti sinn hlut stórkostlega í eignaraðild að þessu fyrirtæki. Náist þeir samningar ekki hlýtur að verða að setja bremsurnar við og segja: Hvert sveitarfélag á Íslandi á að haga sínum störfum innan þess svæðis sem því að lögum er ætlað að vinna. Hitt er nýlendustefna, að hrifsa auðæfin úti um allt land og safna þeim saman á einn stað. Það er sama nýlendustefnan og Vesturlönd hafa gefist upp á gagnvart hinum þriðja heimi, en hann er eftir í flakandi sárum. Ef þessi stefna fæst ekki viðurkennd hér á landi hlýtur það að leiða til þess fyrr eða síðar að það verður borgríki sem stendur eftir, en lýðveldið Ísland er ekki til í þeirri merkingu. (Gripið fram í.) Halldór Blöndal, þú hefur tekið meiri tíma en nokkur annar maður hér í ræðustól til leiðinda fyrir þing og þjóð og ég vænti þess að þú sért til friðs þessa stuttu stund.

Ég veit að þetta eru viðkvæm mál. Mér er ljóst að sumir eiga erfitt með að sitja þegjandi undir umr. sem þessum. En á hitt mun reyna mjög fljótlega, hver stefna Alþingis Íslendinga er í þessum málun. Það liggur alveg ljóst fyrir að ef stefnan er sú, að það sé réttlætanlegt að afhenda fyrirtæki með 50% eignaraðild Reykvíkinga og Akureyrarbæjar allan virkjunarrétt í þessu landi og jafnframt ganga þannig frá þeim málum að smásöluverð á Íslandi á raforku verði misjafnt um ókomna framtíð, þá heldur hinn ójafni atkvæðisréttur ekki fyrir mér svefni.

Guðmundur G. Þórarinsson: Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir Alþingi til umr., um raforkuver, er stórhuga stefnuyfirlýsing íslensku ríkisstj. í virkjunarmálum. Óskað er eftir heimildum til virkjunar 820 mw., en afl núverandi virkjana okkar er um 680 mw. Óskað er eftir heimildum til að auka virkjað afl íslenskra virkjana úr 680 mw. í um 1500 mw. Óskað er eftir stærri og meiri heimildum til virkjunar á Íslandi en dæmi eru til um í sögu þessarar þjóðar. Óskað er eftir heimildum til að auka afl vatnsaflsvirkjana um 720 mw., en núverandi afl þeirra er 540. Er því um að ræða ósk um virkjunarheimildir sem eru stórfelldari en dæmi eru til um áður. Orkuvinnslugeta íslenska raforkukerfisins var á árinu 1980 um 3140 gwst. á ári. Þegar þeim framkvæmdum er lokið, sem hér er óskað eftir heimildum til, verður orkuvinnslugeta kerfisins 7770 gwst. á ári. Hér er því um að ræða aldeilis feiknalegar orkuframkvæmdir.

Í grg. með þessu frv. er gert ráð fyrir að framkvæmdatími allra þeirra framkvæmda, sem hér er óskað eftir heimilda til, geti orðið 10-15 ár, en í framsögu iðnrh. kom fram að í reynd gæti framkvæmdatíminn orðið um 12 ár. Að sjálfsögðu hlýtur virkjunarhraði að verða nokkuð háður orkunýtingarmöguleikum. Því er óhjákvæmilegt að nokkur teygja sé í því tímabili sem menn gera ráð fyrir að koma þessum framkvæmdum fram á. Stefna ríkisstj. kemur hins vegar ótvírætt fram í ræðu iðnrh. þegar hann segir: „Í reynd gæti virkjunartími allra þeirra framkvæmda, sem hér um ræðir, orðið tólf ár.“ — Ef gert er ráð fyrir tólf ára framkvæmdahraða verður orka til ráðstöfunar eftir tólf ár umfram almennan markað og núverandi orkufrekan iðnað um 2900 gwst. á ári. Hér er því um mjög mikilvæga stefnumörkun að ræða. Framkvæmdir, sem verið er að tala um, eru Kvíslaveita á Þjórsársvæðinu, bygging stíflu við Sultartanga, virkjun Blöndu, virkjun Jökulsár í Fljótsdal, virkjun við Sultartanga og Villinganesvirkjun. Allar þessar framkvæmdir eru menn að tala um í reynd á tíma sem gæti orðið tólf ár. Krafa um meiri framkvæmdahraða en það er hreinlega út í bláinn. Krafa um meiri framkvæmdahraða er hreinlega yfirboð. Enginn getur ákveðið meiri hraða í virkjunum en þetta á þessum tíma.

Hvað vilja menn gera ef menn finna t. a. m. olíu fyrir norðan á þessum tíma? Flestum er kunnugt um að norður af landinu eru þykk setlög. Undir Flatey á Skjálfanda eru 4 km þykk setlög. Það má vel vera að það séu ekki miklar líkur á að þar finnist olía, en einhverjar eru þær. Áframhaldandi rannsóknir á þessu svæði gætu jafnvel leitt til þess, að fyrir norðan land ættu Íslendingar vinnslumöguleika á olíu. Ég nefni þetta. Ég nefni það, að orkunýting verður auðvitað að samsvara þeim framkvæmdum sem menn vilja ráðast í. Ég dreg stórlega í efa að nokkur þm., sem hér er inni, treysti sér til að halda því fram, að viturlegt væri á þessari stundu að stefna að meiri virkjunarhraða á öllum þeim framkvæmdum, sem hér eru taldar upp, en tólf árum.

En jafnframt því sem mörkuð er sú stefna að ráðast í þessar miklu framkvæmdir á orkusviðinu á næstu tólf árum er líka með þessu frv. mörkuð stefna í orkuframkvæmdum til aldamóta. Þar er gert ráð fyrir að Íslendingar setja sér það mark, að orkureikningurinn verði jafnaður um aldamót, að Íslendingar framleiði um aldamót ígildi allrar þeirrar orku sem þeir nota. Innflutt orka í formi fljótandi eldsneytis er núna einhvers staðar um 4000 gwst. á ári. Bensíninnflutningur nemur líklega um 1600 gwst. á ári. Og fiskveiðiflotinn notar um 2200 gwst. á ári. Þessi stórmerka stefnumörkun, sem kemur fram í grg. þessa frv. um raforkuver, gerir því ráð fyrir að raforkuframleiðsla Íslendinga geti verið um 10 000 gwst. um aldamót. Sú orkuspá, sem fyrir liggur og nýlega hefur verið endurskoðuð, gerir ráð fyrir að orkumarkaður almennrar notkunar og þess orkufreks iðnaðar, sem rekinn er á Íslandi sem stendur, muni vera um 5925 gwst. á ári um aldamót. Þetta þýðir því það, að samkvæmt þessari stefnumörkun yrði orkuframleiðsla íslensku raforkuveranna hvorki meira né minna en 10 terawattstundir á ári um aldamót. Það þýðir hvorki meira né minna en að orkufrekur iðnaður Íslendinga notar núna um 2000 gwst. á ári, en um aldamót gæti þessi notkun orðið samkvæmt þessu um 6000 gwst. eða hafa þrefaldast samkvæmt þeim framkvæmdahraða og þeirri stefnumörkun sem fram kemur í því frv. sem hér er lagt fram.

Það hlýtur því öllum að vera ljóst, sem lesa þetta frv. og grg. með því, þá stefnumörkun sem í því liggur, með opnum augum, með berum augum og einhverri sanngirni, að ljóst er að orkuframkvæmdir munu verða mjög fyrirferðarmiklar á Íslandi, ekki bara þann áratug sem nú er fram undan, heldur allar götur fram til aldamóta.

Lítum svolítið nánar á það tímatakmark sem hér um ræðir og iðnrh. nefndi í ræðu sinni að þeim framkvæmdum, sem aflað er heimilda til með þessu frv., verði lokið á næstu tólf árum. Hvað þýðir það? Það þýðir að Íslendingar munu fá til umráða um 2900 gwst. á ári til orkufreks iðnaðar og almennrar uppbyggingar á iðnaði í landinu. Og hvað þýðir það? Hvað þýða 2900 gwst. á ári? Ef menn vilja bera það saman við ígildi einhvers sem menn þekkja frá rekstri, þá þýðir það að með þessum 2900 gwst. er hægt að reka tvær álverksmiðjur sem hvor um sig framleiddi 100 000 tn. af áli á ári. Í öðrum ígildum gæti það þýtt það, að á þessum tólf árum hefðum við næga orku til að koma hér upp t. a. m. magnesíumframleiðslu sem framleiddi 25 000 tn. af magnesíum á ári og notaði um 500 gwst. á ári. Í viðbót við það gætum við reist hér kísilmálmverksmiðja sem framleiddi 30000 tn. af kísilmálmi á ári og nýtti um 500 gwst. á ári. Í viðbót við það gætum við tvöfaldað á þessum tólf árum stærð kísiljárnsverksmiðjunnar á Grundartanga og aukið við hana um 500 gwst. á ári. Á þessum tíma gætum við jafnframt — og hefðum næga orku til — reist þær verksmiðjur sem hér liggja frv. fyrir um: stálverksmiðju, steinullarverksmiðju, sjóefnaverksmiðju o. s. frv., jafnvel sykurhreinsun. Við gætum leyst af hólmi olíunotkun, sem nú er í loðnubræðslunum, og stóraukið almennan iðnað og varið um 600 gwst. á ári í það. Þrátt fyrir allt þetta, sem ég nú hef talið upp, hefðum við um 800 gwst. á ári afgangs. Og hvað gætum við gert við ígildi þess? Við gætum reist natríumklóratverksmiðju sem framleiddi um 30 000 tn. á ári af natríumklórati og nýtti 200 gwst. á ári, og við gætum reist í viðbót við allt þetta kísiljárnverksmiðju eða fjölgað ofnunum enn á ný um tvo í kísiljárnsverksmiðjunni við Grundartanga og tekið þar um 500 gwst.

Orkunotkun í orkufrekum iðnaði á Íslandi er um 2000 gwst. á ári nú. Eftir þessi tólf ár, sem hér er um að ræða, og allar þær framkvæmdir, sem þetta stórhuga frv. um orkuver óskar eftir heimildum til að reisa, gætum við varið til iðnaðaruppbyggingar hér um 5000 gwst. Ef þetta er ekki mikill framkvæmdahraði í orkuframkvæmdum, þá veit ég ekki hvað menn eru að tala um. Ég efast um það, með öllu því sem Íslendingar hafa áhuga á að gera í þessu landi og eiga eftir að gera, ekki bara í uppbyggingu iðnaðar og orkufreks iðnaðar og virkjunarmála, heldur í stórhuga vegagerð, lagningu bundins slitlags um landið og fjölmörgum öðrum framkvæmdum, að við ráðum fyllileg við meiri hraða en þetta. Hér er um að ræða miklu örari og miklu meiri uppbyggingu en verið hefur. Hér er um að ræða stórhuga áætlun um byggingu orkuvera og uppbyggingu innlends iðnaðar.

Ég vil biðja menn alveg sérstaklega að líta ekki fram hjá þeirri stefnumörkun sem fram kemur einmitt í grg. um orkuframleiðslu Íslendinga fram til aldamóta. Ég verð að segja það eftir að hafa skoðaða allar þær tölur sem fyrir liggja og fram komi í þessum grg., að ég er aldeilis undrandi yfir þeim ræðum sem stjórnarandstaðan lætur hafa eftir sér í útvarpi landsmanna í kvöld. Mér er næst að halda að menn hafi hreinlega ekki lesið

það sem hér er um að ræða eða ekki skilið það, nema hvort tveggja sé. Ég satt að segja átta mig engan veginn á því, hvað menn eru að fara.

Hér er verið að fara fram á heimildir til virkjunar, hér er verið að fara fram á heimildir til byggingar vatnsorkuvera á u. þ. b. tólf árum — vatnsorkuvera sem munu kosta á verðlagi 1. jan. 1981 um 4000 millj. nýkr. eða 400 milljarða gkr. hvorki meira né minna. Nýting þessarar orku, sem verður umfram almenna notkun í orkufrekum iðnaði á þessum tíma, gæti hæglega þýtt fjárfestingu upp á aðra 400 milljarða gkr., eða um 8000 millj. nýkr. alls, fyrir utan allar aðrar framkvæmdir. Þarna eru ekki taldar með stórkostlegar vatnaveitur á Þjórsársvæðinu eða jarðvarmavirkjanir, varaaflsstöðvar eða annað slíkt sem er um að ræða í þessu frv.

Ég skal fúslega játa að ég hef lengi verið talsmaður þess, að stjórnvöld reyndu að leggja ekki of mikið á efnahagslíf þjóðarinnar og reyndu að valda ekki of mikilli þenslu á þeim tíma sem allir stjórnmálamenn þykjast standa á öndinni við að berjast gegn verðbólgu í þessu landi. Ein meginkenningin, sem ekki hvað síst stjórnarandstæðingar á þessu þingi hafa haldið fram, er einmitt sú, að peningamagn í umferð skyldi nú ekki verða aukið of mikið, að ríkisstj. legði ekki í of mikla þenslu á vinnumarkaði þjóðarinnar o. s. frv. Ég hygg að þær framkvæmdir, sem ríkisstj. er að leita eftir heimildum til að ráðast í með þessu frv., muni spenna þrek þjóðarinnar til hins ýtrasta á þeim framkvæmdatíma sem þarna er um að ræða. Ég hygg jafnframt að það muni verða að ráðast í verulegar erlendar lántökur til að koma framkvæmdunum fram á þessum tíma. Það eru ansi margir hér, ekki hvað síst í liði stjórnarandstæðinga, sem þykir að erlendar lántökur séu orðnar nokkuð háar. Það er auðvitað rétt, að það má segja sem svo að það sé ekki vandi að ráðast í erlendar lántökur ef menn byggja jafnframt fyrirtæki sem afla mikils erlends gjaldeyris. Allt er það rétt. En eigi að síður er það svo, að við búum við nokkuð valt veraldargengi og menn þurfa að hafa gát á öllu. Vilji menn virkja hraðar en hér er talað um verða menn að spenna framkvæmdagetu þjóðarinnar miklu meira en æskilegt er og jafnvel meira en hægt er. Menn verða að auka erlendar lántökur mikið frá því sem nú er vilji menn fara hraðar.

Það, sem hér er að stefnt með þessu frv., er að ráðast í miklar framkvæmdir á sviði orkumála, en jafnframt er stefnt að því að auka framleiðni þjóðarbúsins, að auka framleiðslu þjóðarbúsins með fjölmörgum iðnaðarfyrirtækjum sem bæði koma fram í grg. og sum liggja þegar fyrir í frv.-formi hér fyrir á Alþingi. Það getur þess vegna engum blandast hugur um, sem les þetta frv. með athygli á annað borð, að hér er um stórhuga stefnumótun að ræða. Hér er um að ræða með þessu frv. stórkostlega áætlun um að bæta lífskjör þjóðarinnar fram til aldamóta með virkjun orku, með nýtingu þeirra auðlinda sem íslenska þjóðin á í sínum orkusvæðum. Virkjunarhraði hlýtur auðvitað, þrátt fyrir þá yfirlýsingu sem fram kom í ræðu iðnrh., að í reynd gæti þessi framkvæmdahraði orðið tólf ár, að vera háður orkunýtingunni. Það getur engum blandast hugur um.

Ég heyri nokkra menn standa hér upp og segja: Það á að gera meira í markaðsmálum og það á að fara beint í samninga núna og tryggja sölu á ákveðnum afurðum o. s. frv. Ég held að menn verði að horfast í augu við það, að í kjölfar þeirrar seinni sprengingar, sem varð á olíuverði núna í löndunum í kringum okkur, hefur orðið mikill samdráttur í efnahagslífi flestra þjóða í kringum okkur. Nú er að mínu viti alls ekki rétti tíminn til að semja við erlend fyrirtæki um markaðassetningu iðnaðarvara. Fjölmörg iðnfyrirtæki á fjölmörgum sviðum, hvort sem er í EFTA eða Efnahagsbandalaginu eða öðrum iðnríkjum í kringum okkur, hafa eins og er meiri framleiðslugetu en markaðurinn stendur undir. Hagvöxtur þessara þjóða hefur dregist saman og orðið miklu minni en menn höfðu vonað, og atvinnuleysi landanna í kringum okkur er geigvænlegt. Hins vegar spá menn því, að fram undan sé grundvallarbreyting í þessum málum, að fram undan séu þeir tímar að atvinnulíf iðnríkjanna í kringum okkur muni reisast við og rísa úr þeirri öskustó sem það nú er í. Ég hygg að þá væri óviturlegt að vera búinn að binda sig í samningum á þeim samdráttartímí sem nú er.

Ég legg áherslu á það sem fram kemur í þessu frv. og grg., að það er mikilsvert að Íslendingar hafi virk yfirráð yfir þeim atvinnufyrirtækjum sem eru á þessu landi. Ég legg áherslu á það ekki síst vegna þeirrar reynslu sem ýmsar aðrar þjóðir hafa af uppbyggingu orkufreks iðnaðar. Ég held að menn þurfi ekki að líta lengra en til Kanada, því að þar býr þjóð sem er feiknalega rík af orkulindum og ýmsum hráefnum, en er þrátt fyrir allt nánast fátæk þjóð vegna þess að erlend fyrirtæki eiga og nýta bæði orku og hráefni í landinu.

Ég held að við eigum að stefna að virkum yfirráðum yfir þeim atvinnufyrirtækjum í mestum mæli sem hér eru og hér eiga eftir að rísa, hvort sem þau virku yfirráð koma á einhverju löngu árabili eða um leið og atvinnufyrirtækin eru reist. Í því sambandi vil ég sérstaklega vekja athygli á því, að þó að Íslendingar eigi meiri hluta í málmblendiverksmiðjunni á Grundartanga, sem út af fyrir sig er sjálfsagt ágætt mál, hafa þeir sáralítið að segja um markaðssetningu þeirra vara sem þar eru framleiddar. Það er feiknalegt mál fyrir Íslendinga að hefja þegar samninga við Elkem um að Íslendingar taki þátt í sölu þessara vara, að íslenskir menn séu ráðnir einmitt við vinnu við markað þessara vara þannig að Íslendingar nái sjálfir þekkingu og tökum á markaðnum.

Ég hygg að þó að málmblendiverksmiðjan á Grundartanga hafi ekki starfað lengi sé samt svo komið að tæknilega séð geti Íslendingar rekið hana einir. Við búum orðið yfir þekkingu til þess, og þeir starfsmenn, sem þarna vinna, hafa öðlast reynslu til þess að fást við þetta starf. En það gagnar okkur ekki ef okkur vantar þann hluta starfsins sem markaðurinn er. Þess vegna er það mjög mikilvægt mál að Íslendingar hefjist þegar handa við að komast inn í það starf sem þar er unnið að sölu vörunnar. Yfirráð yfir málmblendiverksmiðjunni án þekkingar og vitneskju um markaðinn eru ekki nægilega mikils virði því eignaryfirráð eru ekki virk yfirráð. Virk yfirráð yfir þessu fyrirtæki fáum við ekki nema við þekkjum alla starfsemina og höfum hönd á henni.

Á sama hátt er ég þeirrar skoðunar, að það eigi að taka upp samninga við álverið með það fyrir augum að Íslendingar eignist eignarhlut í þeirri verksmiðju, sem aukist á komandi árum, og þá eigi að setja menn einmitt inn í markaðsmál fyrirtækisins jafnóðum.

Eins og allir vita, sem hér eru inni, starfar nú á vegum ríkisstj. sérstök orkustefnunefnd. Orkustefnunefndin hefur m. a. á sinni könnu að vinna að athugun á þeim fjölmörgu iðnaðarkostum sem fyrir hendi kunna að vera

við nýtingu okkar miklu orkulinda. Ég er algjörlega sammála því, hvernig að því er staðið að kanna þessa iðnaðarkosti. Ég er algjörlega sammála því og vil stefna að því, að Íslendingar sjálfir kanni þessa möguleika sem mest og til þrautar áður en þeir hefja viðræður við erlenda menn og erlenda sérfræðinga um markaðsmál eða byggingu slíkra fyrirtækja, hvort sem um sameign er að ræða eða samvinnu eða hvernig sem það er. Ég held að það sé mjög mikils virði og ég held að það hljóti að vera þm. mjög mikils virði að fá hér greinargóðar bækur um þá nýtingarkosti sem til greina koma.

Núna alveg nýverið fengu þm. í hillur sínar þykka skýrslu um athugun á magnesíumframleiðslu hér á landi. Sjálfsagt þarf að vinna þá athugun miklu ítarlegar en þar kemur fram, en þar eru þó Íslendingar búnir að draga saman þá vitneskju sem hægt er að fá um þessi mál á tiltölulega stuttum tíma og standa vel að vígi að hefja viðræður við erlenda menn um þessa framleiðslu. Ég vek athygli á að magnesíumframleiðsla við Ísland er feiknalega áhugavert mál. Hún notar ekki bara orku háhitasvæðanna og orku okkar vatnsaflsvirkjana, innlenda orku, heldur nýtir hún innlend hráefni. Við mundum vinna þetta magnesíum úr okkar sjó, og ekki bara það, heldur mundu með þeirri vinnslu opnast möguleikar á feiknalegri efnavinnslukeðju — reyndar í tengslum við sjóefnaiðjuna sem þegar er búið að leggja fram frv. um hér á Alþingi.

Menn eru að kvarta um að ekki sé gert nóg í að byggja upp iðnað hér. Fyrir þinginu liggur frv. um byggingu stálbræðslu, stórmerkilegt mál sem fjöldi áhugamanna er búinn að vinna að, að nýta það brotajárn sem fellur til í landinu, bræða það hér og framleiða steypustyrktarjárn, að færa inn í þetta land þekkingu á stáliðnaði. Ég á erfitt með að trúa því, að ekki sé hægt að bræða þetta brotajárn hér á landi og framleiða steypustyrktarjárn í stað þess að flytja brotajárnið og láta bræða það í erlendum verksmiðjum og flytja svo steypustyrktarjárnið inn.

Þetta er mikilvægur áfangi í atvinnusögu Íslendinga. Ekki bara það. Fyrir þinginu liggur frv. um steinullarverksmiðju. Fáar þjóðir eru jafnháðar því og Íslendingar hér á norðurhjara heims og hafa góða og næga hitaeinangrun í sínu landi. Með þessu yrði stigið merkt skref til framleiðslu á óbrennanlegri einangrun í þessu landi. Slík atvinnufyrirtæki gæfi 60—70 manns vinnu og sparaði feiknalegan gjaldeyri.

Fyrir þinginu liggur frv. um sjóefnaiðju, 8 þús. tonna saltverksmiðju sem risið gæti á þessu ári og yrði stækkuð í 40 þús. tn. á næstu þremur árum. Hér er ekki bara um framleiðslu á 40 þús. tn. af salti að ræða á sama tíma og Íslendingar nota að meðaltali um 60 þús. tn. í sína fisksöltun. Hér er um að ræða framleiðslu á feiknalega mörgum öðrum efnum. Framleiðslu á kalí, kalsíumklóríði, framleiðslu á brómi o. s. frv., framleiðslu á saltsýru, framleiðslu á vítissóda og feiknalegir möguleikar sem þarna opnast í kringum þetta mál. Þetta skal verða innlend verksmiðja með innlent hráefni, innlenda orku og í eigu Íslendinga. Yfir hverju eru menn að kvarta?

Þingmenn hafa fengið, eins og ég sagði áðan, í hendur skýrslu um magnesíumverksmiðju. Reyndar eru niðurstöður þeirrar skýrslu svo bjartsýnar að ég þori varla að trúa þeim. Ég hygg að þær þurfi að skoða miklu nánar og þær þurfi miklu meiri athugunar við. En ef sannleikurinn eða raunveruleikinn liggur einhvers staðar nálægt þeim niðurstöðum dreg ég ekki í efa að einmitt framleiðsla á magnesíum með innlendri orku úr innlendu hráefni er einhver vænlegasti og mikilvægasti iðnaðarkostur sem Íslendingar eiga völ á. Það er mál sem við þurfum að kanna mjög vel.

Þingmenn hafa fengið í hendur rannsóknir og skýrslur um möguleika á framleiðslu á kísilmálmi. Kísiljárn er framleitt á Grundartanga. Kísiljárn er notað í stál sem blöndunarefni og er háð stálmarkaðnum. Kísilmálmur er aftur notaður í blöndun í ál og tengist áliðnaðinum mikið.

Þingmenn, hygg ég, hafa fengið í hendur áætlanir nefnda um byggingu kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði, — kísilmálmverksmiðju sem yrði af svipaðri stærð og Grundartangaverksmiðjan er nú, kísilmálmverksmiðju sem mundi veita um 120 manns vinnu. Verksmiðja, sem reist væri á þeim stað, mundi með afgangsvarma geta hitað upp Reyðarfjörð og Eskifjörð og kannske einhvern hluta af Norðfirði ef vel tækist til. Þarna eru stórfelldar áætlanir uppi. Í þessum málum er mikið unnið þó að ekki sé hlaupið í fangið á útlendingum með öll mál á fyrsta stigi. Það kann vel að vera að fara verði í samvinnu við erlenda menn um þessi mál, en áður en slík samvinna er hafin verða menn að vita nokkur skil á efninu. Íslendingar eiga að nýta sérfræðinga sína til að vinna þessi mál fyrst, enda eru þeir ekki hæfir samningsaðilar nema þeir hafi sjálfir kannað málin ofan í kjölinn.

Nú er unnið að athugun á því að reisa natríumklóratverksmiðju á Íslandi sem mundi vera beint framhald af saltverksmiðjunni, ein af þeim fjölmörgu efnaverksmiðjum sem risið gætu í beinu framhaldi af sjóefnaiðjunni á Reykjanesi. Þarna er um mjög athyglisverða nýtingarkosti að ræða, sem vonandi getur orðið úr. Þetta verða menn að hafa í huga og sérstaklega verða menn að hafa það í huga, að ef af þessum áformum verður um sjóefnaiðju og alla þá möguleika, sem íslensku þjóðinni opnast í tengslum við hana, er hægt að beina þeim íslensku ungmennum, sem leita eftir háskólanámi, einmitt yfir í slíkar greinar því að fjölmargir ungir menn og konur spyrja um það þegar þau hefja framhaldsnám: Hvar eru atvinnumöguleikar? Ef áform eru uppi um að ráðast í sjóefnaiðju og möguleikar verða á þeim feiknalega efnaiðnaði sem í beinu framhaldi af því getur opnast, þá mun margt ungt fólk leita sér að menntun á því sviði. Og ég hygg að það muni verða Íslendingum til mikils framdráttar að unga kynslóðin geti leitað sér menntunar einmitt á sviði sem beinist að framleiðsluiðnaði, en ekki fari allir ungir menn og konur að læra félagsfræði eða sálarfræði þó að þær greinar séu ágætar og að þeim ólöstuðum.

Ég hygg að þm. hafi séð að fyrir liggja áætlanir frá Orkustofnun um útreikninga á byggingu á olíuhreinsunarstöð á Íslandi, lítilli olíuhreinsunarstöð sem eingöngu mundi hreinsa hráolíu sem svarar notkun Íslendinga sjálfra. Fyrstu áætlanir um þessa stöð sýna að hún mundi borga sig upp á ótrúlega skömmum tíma. Fyrstu áætlanir sýna að þarna sé um mjög arðvænlegt fyrirtæki að ræða, — fyrirtæki sem gæti varið okkur gegn þeim feiknalegu sveiflum sem hvað eftir annað verða einmitt á verði á gasolíu og unninni olíu.

Þegar er unnið að viðtækum áætlunum um byggingu pappírsverksmiðju á Íslandi. Hún gæti einmitt mjög vel hentað í tengslum við sjóefnaiðju vegna þess að pappírsverksmiðjan mundi væntanlega nýta talsvert mikið klór.

Margir eru þeir sem halda því fram, að það kynni að

verða arðvænlegt fyrir Íslendinga að nýta þá möguleika, sem þegar eru fyrir hendi í orkufrekum iðnaði, og stækka álverið eða stækka kísiljárnverksmiðjuna á Grundartanga vegna þeirrar miklu aðstöðu sem þar er þegar fyrir hendi, vegna þess að þar er höfn þegar fyrir hendi, vegna þess að háspennulínur eru komnar þangað, vegir liggja þangað og aðstaða er þar fyrir hendi. Það er sjálfsagt mjög mikið til í því og á það þarf líka að líta. En ég hygg að sérstaklega varðandi álverið þurfi ýmis atriði að koma til endurskoðunar áður en menn ráðast í beina stækkun á því fyrirtæki. Með því vil ég þó alls ekki útiloka það að stækkun álversins gæti verið hagkvæm fyrir okkur Íslendinga. Það má vel vera, en ég get ekki horfið frá þeirri tilhugsun, að raforkuverð álversins er allt of lágt, enda allar forsendur í orkumálum veraldarinnar breyttar í grundvallaratriðum frá því að sá samningur var gerður. Með því er ég ekki að álasa þeim mönnum sem þann samning gerðu, þó að framsóknarmenn hafi á sínum tíma lagt fram miklar efasemdir um þann orkusölusamning hér á Alþingi, heldur hefur heimurinn breyst í öllum grundvallaratriðum að því er lýtur að orkumálum. Við erum bundnir við þennan samning til 1994. Við erum sennilega bundnir við framlengingarákvæði fram til 2014. Þessum samningi verðum við að fá breytt. Við verðum að fá þetta orkuverð hækkað. Það er enginn efi á því. Að mínu mati er það algjört skilyrði þess, að rætt sé um nokkra stækkun á álverinu, að endurskoðun komi á raforkusamninginn. Þessi raforkusamningur er að verða myllusteinn um háls okkar Íslendinga. Hann minnir einna helst á landhelgissamninginn fræga sem viðreisnarstjórnin gerði við Breta á sínum tíma, 12 mílna samninginn um að við skyldum ekki færa út landhelgi Íslendinga nema Bretar samþykktu það eða við vísuðum málinu til Haag-dómstólsins. Ég veit að það er enginn maður hér inni sem þorir að hugsa þá hugsun til enda hvað hefði skeð ef við hefðum ekki brotið þennan landhelgissamning og neitað að mæta fyrir Haag-dómstólnum, einfaldlega vegna þess að íslenska þjóðin átti allt of mikið í húfi til að geta tekið áhættuna af því að dómur félli gegn henni. Hvar halda menn að við stæðum ef við hefðum ekki brotið þann samning upp? Ekki meira um það.

Raforkusamninginn við álverið verður að endurskoða. Hann minnir því miður á fyrri samning viðreisnarstjórnarinnar um landhelgina. En það er ekki bara það. Það eru fjölmörg önnur stefnumarkandi ákvæði í því frv. sem nú liggur fyrir þinginu . Í grg. þessa frv. er sérstaklega tekið fram að ríkisstj. ætlist til þess, að sama gjaldskrá um raforku verði í heildsölu um allt land. Það kemur mér á óvart ef ekki er tekið eftir þessu um allt land. Það kemur mér á óvart ef menn kalla þetta ekki stefnumörkun. Mér kemur á óvart ef allir þm. geta ekki tekið undir það, að hér sé barist fyrir miklu nauðsynjamáli. Og það kemur mér á óvart að þeir þm., sem talað hafa af hálfu stjórnarandstöðunnar, hafa ekki minnst á þetta mál, heldur vaðið hér eld og reyk og reynt að þyrla upp einhvers konar móðu til að fela megintilgang frv. og þá stórhuga stefnu í orku- og atvinnumálum þjóðarinnar sem tekin er með framlagningu þessa frv.

Það er alveg rétt, að þessum orkuframkvæmdum er ekki öllum raðað með frv. Mér heyrist reyndar á stjórnarandstæðingum að þá greini nokkuð á um hvort raða skuli. Margir þeirra telja ekki ástæðu til þess, eins og t. a. m. hv. 4. þm. Austurl., sem tók fram sérstaklega í ræðu sinni að hann væri ekki að mælast til þess að raðað væri á þessu stigi mála. En það er tekið fram í grg. frv. að röð þessara virkjunarframkvæmda skuli fara eftir þjóðhagslegri hagkvæmni og öryggi í raforkukerfinu og ég spyr: Er nokkur þm. hér inni sem getur ekki tekið undir það? Hvaða þm. getur ekki tekið undir að við förum eftir þjóðhagslegri hagkvæmni og nauðsynlegu öryggi við þessa röðun? Ég veit það ekki.

Það er sérstaklega tekið fram í frv. að Alþingi muni fá að segja sitt orð um hver þessi röð verður. Á haustþinginu koma fram tillögur um það. En það er samt ákveðin röðun sem kemur fram í þessu öllu saman, og því máli vil ég sérstaklega beina til þeirra Sunnlendinga sem talað hafa og eru óánægðir með að ekki skuli raðað. Í þessu frv. kemur fram að gert er ráð fyrir að ráðist verði í byggingu stíflu við Sultartanga og það er gert ráð fyrir að ráðist verði í feiknalegar vatnaveitur á Þjórsársvæðinu. Gera menn sér grein fyrir því, hvað hér er um að ræða? Gera menn sér grein fyrir því, að hér er um að ræða orkuframkvæmdir sem samsvara meðalvirkjun? Gera menn sér grein fyrir því, að eingöngu þessar orkuframkvæmdir, sem eiga að sitja í fyrirrúmi og á að ráðast í á Þjórsársvæðinu, samsvara 800 gwst. framleiðslu á ári? Þar er hreint ekki um lítið að ræða. En menn verða jafnframt að gera sér grein fyrir því að framkvæmdir við Hrauneyjafossvirkjun standa af fullum krafti nú og fram á næsta ár og síðasta aflvél Hrauneyjafossvirkjunar mun ekki taka til starfa fyrr en á árinu 1983.

En hvert eru menn þá að fara þegar menn eru að æsa sig yfir að ekki sé raðað þessum framkvæmdum? Ég fullyrði að endanlega, þegar upp er staðið, skiptir það þjóðhagslega ekki öllu máli í hvaða röð þessar virkjanir koma ef þetta kemst til framkvæmda á þeim 12 árum sem um er að ræða og iðnrh. gat um sérstaklega í ræðu sinni. Eru þm. hér almennt tilbúnir að lýsa því yfir t. a. m. að þeir vilji setja Blöndu fyrsta? Ég spyr: Eru menn tilbúnir í það? Ég er alveg viss um að Blanda er hagkvæmur virkjunarkostur, en það er bara ekki fullur friður um Blöndu heima í héraði. Menn hafa ekki náð samkomulagi um Blöndu enn þá. Og ég segi það sem þm. Reykv., að ég er ekki tilbúinn að taka um það ákvörðun hér á Alþingi Íslendinga að ráðast næst í Blönduvirkjun, hvernig svo sem þeim samningum kann að ljúka, hvernig sem þeir fara, áður en þeim er lokið. Hver vill standa frammi fyrir lögbannsmálum eða bótakröfum í þeim málum eftir á, svipað og menn þekkja frá Laxárdeilunni á sínum tíma? Ég held að það séu ekki margir, ef menn hugsa sitt ráð. Hitt er annað, að í þessu frv. og grg. með því er lögð alveg sérstök áhersla á að flýta samningum um Blöndu, að ljúka þeim þannig að unnt sé að taka ákvörðun um næstu virkjun á haustdögum.

Rannsóknir við Fljótsdalsvirkjun eiga að fara fram í sumar. Það eru talsverðar rannsóknir sem þar eru eftir. Niðurstöður úr þeim rannsóknum munu ekki liggja fyrir fyrr en í haust. Gengu þó rannsóknir s. l. sumar við Fljótsdalsvirkjun miklu betur en menn höfðu framast þorað að vona. Ég er ekki tilbúinn að taka ákvörðun um Fljótsdalsvirkjun nema þær rannsóknir liggi fyrir.

En með þessu frv. er tekin ákvörðun, ákveðnar vatnaveitur og stíflugerð á Þjórsársvæðinu sem samsvara í orkuvinnslugetu meðalstórri virkjun. Það er því nánast verið að ræða um þarna fjórar stórar virkjanir og eina litla. Þetta verða menn að hafa í huga. Og það er sérstaklega tekið fram, einmitt vegna þess hvað menn gera ráð

fyrir að framkvæmdahraði verði mikill í þessum virkjunum, að virkjunarframkvæmdir verði að skarast. Það er sérstaklega gert ráð fyrir að Íslendingar muni vinna að uppbyggingu meira en einnar virkjunar í einu til að hraða þessum virkjunarframkvæmdum. Einmitt þetta frv. gerir ráð fyrir að Alþingi heimili ríkisstj. lántöku um 50 millj. nýkr. eða 5 þús. millj. gkr. til að hraða undirbúningi að þessum nýju virkjunum. Það er þess vegna lögð öll áhersla á að flýta þessu máli.

Tekið er fram sérstaklega í þessu frv. að leitað verði eftir samningum við Landsvirkjun um framkvæmd þessara virkjana, en ef þeir samningar takist ekki muni Rafmagnsveitur ríkisins verða virkjunaraðilar. Nokkrir, sem hér hafa talað, hafa fundið að þessu. Þeir hafa talið nauðsynlegt að þingið kvæði upp úr um að Landsvirkjun yrði falið með lögum að gerast virkjunar- og rekstraraðili þessara virkjana. Þeir telja það dæmi um að ríkisstj. tvístígi að tekið sé fram að ef ekki náist samningar við Landsvirkjun og við eigendur Landsvirkjunar verði samið við Rafmagnsveitur ríkisins. Ég dreg stórlega í efa að þeir menn, sem þannig tala, hafi hugsað þetta mál til enda. Ég er ekki viss um að Alþingi Íslendinga sé stætt á því að kveða upp úr um það með lögum, að Landsvirkjun verði virkjunar- og rekstraraðili þessara virkjana, án þess að semja um það við Landsvirkjun og eigendur hennar. Hvernig ætla menn að standa að þessu? Auðvitað er nauðsynlegt að semja við Landsvirkjun um þessar virkjanir. En lætur nokkur maður sér detta í hug að Landsvirkjun reisi og reki þessar virkjanir án þess að eiga og reka línurnar frá virkjununum? Ég veit ekki hvort menn láta sér detta það í hug. Auðvitað yrði Landsvirkjun að yfirtaka stofnlínurnar líka. Halda menn virkilega að um það þurfi ekki að gera samninga með hverjum hætti það fer fram? Halda menn virkilega að Alþingi Íslendinga geti einhliða með lögum ákveðið að Landsvirkjun og eignaraðilar hennar taki þetta að sér án þess að tala við þá? Ég er hræddur um að þar einfaldi menn málið glettilega mikið. Menn eru sennilega búnir að gleyma því, að það er ekki ýkja langt síðan þess var freistað einmitt að ná samningum um eitt heildarorkuvinnslufyrirtæki. Þeir samningar voru á sínum tíma felldir í borgarstjórn Reykjavíkur. Við skulum ekki vera allt of bjartsýn á það, þó að vonandi fari vel, að það takist að ná samningum við Landsvirkjun um allt þetta mál.

Ég segi það alveg eins og er, að ég vil eiga þá útleið, ef engin leið er að ná samningum um þetta mál, að ríkisstj. geti þá samið við annan virkjunaraðila. Það er engin önnur leið fyrir ríkisstj. en að eiga þann möguleika líka. En ég vil jafnframt leggja áherslu á að ég tel það algjört neyðarúrræði fyrir íslensku þjóðina að koma sér upp öðrum aðila til að sérhæfa sig í virkjun stórvirkjana. Landsvirkjun hefur reynslu og þekkingu til að byggja stórar virkjanir í landi okkar. Þá reynslu og þekkingu verðum við að nýta. Það væri mikið skref aftur á bak að þurfa að koma upp öðrum aðila til að sjá um slíkar framkvæmdir, í því tilviki að Rafmagnsveitur ríkisins þyrftu að sjá um þessa virkjun. En ég legg áherslu á að um þetta mál verða að takast samningar. Þá samninga getur ríkisstj. ekki gert undir þeim kringumstæðum að hún eigi engra kosta völ annarra en þeirra að ná slíkum samningum hvernig sem kringumstæður verða. Það er algjörlega útilokað. Allt tal þeirra manna, sem þannig tala, hlýtur að falla dautt ef þeir hugsa málið.

Ég vil síðan leggja áherslu á að ég hygg að þess dags muni lengi verða minnst meðal íslensku þjóðarinnar þegar þetta frv. um raforkuver var lagt fram á Alþingi Íslendinga. Hér er lagt fram frv. um stórhuga virkjunarframkvæmdir. Hér er lagt fram frv. þar sem óskað er heimilda til gífurlegra framkvæmda í orkumálum, og stefnuyfirlýsing ríkisstj. er að ljúka þeim framkvæmdum á 12 árum, — stefnuyfirlýsing um virkjunarhraða sem raunar er forsenda stuðnings Framsfl. við virkjunarframvarpið. Hér er um að ræða stórhuga stefnumörkun í orkuframkvæmdum og orkunýtingu. Þetta frv. boðar einhverja stórfelldustu uppbyggingu í orku- og iðnaðarmálum sem íslenska þjóðin hefur litið fram á þennan dag. Með framlagningu þessa frv. er lögð áhersla á að afla fjár til að hraða undirbúningsframkvæmdum við virkjanir fram yfir það, sem gert var ráð fyrir í byrjun þessa árs, og er þess vegna feiknalega mikilvægt. Þetta frv. markar þá stefnu, að gjaldskrá um heildsölu á raforku verði sú sama um allt land. Þar er stórt skref stigið. Þetta frv. aflar heimilda til þess að ráðast nú þegar í byggingu stíflu við Sultartanga til að leysa þau ísvandamál, sem Íslendingar hafa staðið frammi fyrir við rekstur Búrfellsvirkjunar, og stórfellda vatnaveitu við Kvíslaveitu.

Þetta frv. aflar heimilda til meiri framkvæmda í orkumálum en nokkur ríkisstj. hefur nokkurn tíma farið fram á frá Alþingi Íslendinga. Þetta frv. aflar heimilda til að semja við virkjunaraðila um þessar virkjunarframkvæmdir. Það aflar heimilda til að reyna að sameina þjóðina um einn stóran virkjunaraðila, aðilann sem rekur þessar virkjanir. Þar er mikið starf fyrir höndum. Þess vegna er nauðsynlegt að fá þá heimild sem fyrst. Þetta frv. markar þá stefnu að Alþingi taki síðan afstöðu um röð einstakra framkvæmda á haustþingi.

Þetta frv. um orkuframkvæmdir, sem hér liggur fyrir nú, sýnir íslenskri þjóð hvert ríkisstj. vill stefna í orkumálum og uppbyggingu atvinnumála, ekki bara á næsta áratug, heldur fram til aldamóta, og boðar þess vegna stórfelldari og merkari stefnumörkun í orkumálum en nokkur ríkisstj. hefur nokkurn tíma lagt fram á Alþingi. Þetta frv. boðar þess vegna stórhuga sókn til bættra lífskjara íslensku þjóðarinnar í orkusveltandi heimi.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég vil ekki láta þessari umr. ljúka þannig að segja ekki nokkur orð vegna þess að við erum hér að fjalla um mál sem er mikilvægara fyrir okkur en flest annað á yfirstandandi tíma. Ég mun þó ekki halda hér langa ræðu, enda margir búnir að taka til máls og taka ýmislegt það fram sem ég vildi segja um þessi mál.

Ég held að nauðsynlegt sé að átta sig á í raun og veru, hvernig staðan er í orkumálum, og hugleiða hvað er líklegt að muni gerast á næstunni. Því er spáð af ýmsum, að orkuverð í heiminum muni halda áfram að hækka. Heyrt hef ég að menn hafi jafnvel spáð því, að það olíuverð, sem nú er, eigi eftir að þrefaldast á tiltölulega fáum árum. Ef þeir, sem þessu spá, sjá rétt fram í tímann hlýtur okkur að vera ljóst hvað við eigum mikla möguleika og mikinn auð í fallvötnum okkar. Það sýnir okkur líka að við ættum ekki að þurfa að flýta okkur að semja við aðra um hvernig við nýtum þessa orku.

Það eru nokkuð mörg ár þangað til við förum að framleiða þá orku sem við erum að fjalla nú um. Þjóðin stendur í þeim sporum nú — og hefur gert að undanförnu, að það hefur verið verulegur skortur á raforku. Þó

að það breytist til batnaðar á næstunni held ég að alrangt sé að stefna að því, um leið og teknar verða ákvarðanir um virkjanir, að fara að semja við aðila um orkufrekan iðnað. Ef þessir spádómar reynast réttir, sem ég vil ekki leggja dóm á, er líklegt að það verði innan stutts tíma hagkvæmt að framleiða hér eldsneyti fyrir okkur sjálfa. Ef orkuverðið hækkar gæti maður vænst þess að tækniþróuninni á því sviði mundi fleygja fram á stuttum tíma. Fróðir menn segja mér að líklegt sé að eftir tiltölulega stuttan tíma sé hægt að fara að undirbúa slíka framleiðslu. Við eigum mikið undir því að tryggja okkur þannig að við gætum sem mest verið sjálfum okkur nægir að þessu leyti. Þegar maður hefur þetta í huga væri óskynsamlegt — ef maður trúir að þetta breytist þannig — að fara að ráðstafa orkunni nú t. d. í ár eða á næstu tveimur árum. Ég vil því halda því fram, að sú stefna, sem kemur fram í þessu frv., sé rétt, hún sé skynsamleg og við megum ekki láta hrekja okkur af þessari leið.

Hitt er annað mál, að við höfum í raun og veru ekki markað skynsamlega atvinnumálastefnu í landinu að mínum dómi. Menn ræða jafnvel um stórfyrirtæki á fámennum stöðum — fyrirtæki sem mundu raska öllu í kringum sig. Við verðum að sníða stakkinn eftir vexti, og þegar við ræðum um fyrirtæki, a. m. k. á hina smærri staði, mega það ekki vera svo stór fyrirtæki að það raski öllu sem þar er fyrir. En nóg um það að sinni.

Hins vegar hef ég ekki verið sáttur og er ekki sáttur við hvernig hefur verið staðið að rannsóknum á virkjunarkostum á undanförnum árum. Það eru 20 ár síðan það var gefið út að t. d. væri jafnhagkvæmt að virkja Jökulsá á Fjöllum og Þjórsá. Síðan er staðið þannig að því, að það er farið að athuga með að flytja Jökulsá á Fjöllum austur á land. Eftir því sem mér er tjáð er alveg hætt við að athuga það í alvöru hvernig eigi og sé hægt og hagkvæmast að virkja Jökulsá á Fjöllum. Ég verð að átelja að það sé þannig staðið að málum. Það væri gaman að fá upplýsingar um hvað er búið að eyða miklu fjármagni í það eitt að velta því fyrir sér að koma Jökulsá á Fjöllum austur á land. Það mundi kannske upplýsa dálítið hvernig fé er sóað að mínum dómi í hreina vitleysu. Þar er ekki um að sakast við þann orkuráðh. sem hér situr, ég vil taka það fram. Það eru syndir annarra.

Ég verð líka að átelja að það hefur ekki verið athugað um Skjálfandafljót. Ég hef ekki mikla þekkingu á þessum málum og ætla ekki að fara að tala þannig, en ég hef athugað þetta með mönnum sem hafa sérþekkingu á þessu sviði, og þeir telja að það sé mjög álitlegt að virkja Skjálfandafljót. Skjálfandafljót er ekki á eldvirka svæðinu. Ég verð að leggja á það áherslu að það verði athugað eftir því sem hægt er. Það þarf náttúrlega að sitja fyrir að rannsaka þær virkjanir sem við þurfum að byrja á, það er mér ljóst. En ég vil að svo verði haldið áfram að athuga þessa valkosti því að allt bendir til þess að við þurfum að halda áfram að virkja, a. m. k. ef sú sýn rætist, sem við sjáum sumir hverjir, að við gætum e. t. v. farið að framleiða eldsneyti fyrir okkur sjálfa eftir 10 eða 12 ár.

Það er sagt í þessu frv. að ríkisstj. geti heimilað Landsvirkjun að gera ráðstafanir sem nauðsynlegar þykja til að tryggja rekstur orkuveranna á Þjórsársvæðinu og koma vinnslugetu þeirra í eðlilegt horf, m. a. með Kvíslaveitu o. s. frv. Hvað felst í þessu? Ekki veit ég hvort það er satt, en það hafa sagt mér menn, að úr einhverjum kvíslum úr Skjálfandafljóti hafi verið gerður skurður þannig að þær séu farnar að renna suður af. Það er ekki nóg að það eigi að láta norðlensk fallvötn fara austur, heldur líka suður. Ég vil hafa fyrirvara um að verið sé að ásælast vatn frá okkur Norðlendingum. Við höfum nóg með okkar vatn að gera í framtíðinni. Ef staðið er sæmilega að þessum málum á Þjórsársvæðinu, en ég held að orðið hafi veruleg mistök í sambandi við framkvæmdir þar ekki síður en kannske við Kröflu, ef farið væri út í þá sálma, þá ætlast ég til að vatn okkar Norðlendinga sé látið í friði.

Ég er sagt ánægður með heildarstefnuna í þessu frv. og ég vil endurtaka að ég legg áherslu á að við flýtum okkur hægt í sambandi við það að ráðstafa orkunni og sjáum hvernig mál þróast í veröldinni í kringum okkur. Mér sýnist að það verði jafnvel líklegt, ef þróunin verður sú sem ég var að geta um, að keppst verði um að fá að kaupa orkuna, og við þurfum sannarlega á því að halda að fá það verð fyrir hana sem hægt er.

Hér hefur verið margt gott sagt í kvöld, en eitt ætla ég að láta duga að taka undir til þess að þessi umr. fari ekki langt fram á nótt. Það kom fram í máli hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar að við verðum í sambandi við þessa stefnumörkun í virkjunarmálum að krefjast þess, að landsbyggðin fái orkuna á sama verði og þéttbýlisstaðirnir til sömu nota. Við getum aldrei byggt upp iðnað úti í hinum smærri stöðum nema svo verði. Það er ekki nóg að fá orkuna í heildsölu á sama verði. Við verðum að tryggja þessum fyrirtækjum að þau fái orkuna á sama verði. Ég veit að þar verður að sjálfsögðu á móti að koma nýtingartíminn. Við verðum að reyna að koma því þannig fyrir að hafa hann þá jafnlangan miðað við orkuverðið. En við komum ekki á skynsamlegri atvinnumálastefnu öðruvísi en menn búi við það sama hvar sem er á landinu að þessu leyti.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég vil byrja á því að upplýsa hv. deild um að það er ekki skipulagt málþóf sem við framsóknarmenn höfum hér í frammi þó að svo vilji til að við komum fjórir í ræðustól hver á eftir öðrum. Ég skal reyna að stytta mál mitt. Ég hef iðulega talað hér um orkumál og ég get m. a. stytt mál mitt þess vegna, en kunni þó ekki við að láta þessa umr. alveg fram hjá mér fara án þess að taka nokkurn þátt í henni.

Þetta er stórtækt frv. sem hér liggur fyrir, og það er mikið færst í fang með því að nýta allar þær heimildir sem hér er beðið um.

Það er mikill auður sem við Íslendingar eigum í fallvötnum okkar, og við eigum mikið undir því að okkur lánist að nota hann skynsamlega, þ. e. byggja skynsamlegar virkjanir og í sambandi við þær skynsamleg iðnfyrirtæki. Flas er ekki til fagnaðar yfirleitt og allra síst er óðagot í orkumálum farsælt. Við höfum fyrir okkur sorgleg dæmi um það, t. d. Kröfluvirkjun. Fyrir svo sem 7—8 árum voru menn búnir að æsa sig upp í það að orkuskorturinn væri orðinn svo ofboðslegur á Norðurlandi að það yrði að leysa sama vandann á tvennan hátt, bæði með orkuveitulínu norður og eins með jarðgufuvirkjun í Kröflu, sem einnig var höfð allt of stór, því að menn voru orðnir hræddir um að orkuskorturinn væri geigvænlegur. Ég ætla ekki að rekja þá sorgarsögu lengur. Og óðagot í orkunotkun er engu betra. Hér höfum við fyrir augum okkar rafmagnssölusamninginn við álverið. Þar voru menn í óðagoti að koma í verð — eða það sem þeir héldu að væri nokkurt verð — rafmagni frá Búrfellsvirkjun, en það tókst ekki nógu heppilega. Þetta verður allt saman að undirbúa vandlega. Hæstv. iðnrh. hefur verið legið á

hálsi fyrir það, hvað hann hafi haft langan meðgöngutíma að þessu frv., en sannarlega er þó betra að það skuli vera sæmilega úr garði gert en ef hann hefði verið eins og með kálfsótt í vetur og frv. borið brátt að.

Það er hér talað um fjórar vatnsaflsvirkjanir og þeim er ekki raðað, enda eru stöðugt að berast nýjar og nýjar upplýsingar. Myndin er alltaf að skýrast. En það eru ekki öll kurl komin til grafar enn þannig að ástæða sé til að raða þessum virkjunum. Það hefur staðið yfir deila um eina þeirra, þ. e. Blönduvirkjun. Þessa deilu er unnt að leysa og við erum miklu nær því núna að leysa þessa deilu en við vorum í haust.

Það hefur verið mikil umræða um þetta mál í vetur, og ég get leyft mér að fullyrða að það stendur ekki á landeigendum að þessi deila leysist. Boltinn er hjá viðsemjendum bænda, en ekki bændum sjálfum. Og ef þetta mál strandar, ef þetta mál fær ekki farsælan endi innan skamms, strandar það á þverúð örfárra viðsemjenda okkar, en ekki bændum. 1975 létum við strax í ljós að við vildum ekki fallast á fyrirkomulag, sem uppi var haft, og settum fyrir okkur víðáttu miðlunarlóns á Auðkúluheiði og Eyvindarstaðaheiði. Við báðum um breytingar á þessu fyrirkomulagi, en okkur var ekki svarað fyrr en loksins í vetur. Þá var farið að nefna af viðsemjendum okkar tilhögun sem við getum sætt okkur við, þ. e. að stífla ána við Sandárhöfða, og það er lykillinn að lausninni. Þannig er hægt að bjarga 46% af gróðurlendi Auðkúluheiðarmegin. Þar er agnúi á að ef geymdir væru 400 gígalítrar við Sandárhöfða er það nokkru dýrari geymsla en ef þeir væru geymdir við Reftjarnarbungu, eins og upphafleg hugmynd orkumanna stóð til, þ. e. að á móti því, að orkueiningin kostaði 0.935 við Reftjarnarbungu, mundi hún kosta 1.023 við Sandárhöfða. En síðan hefur komið í ljós að það eru möguleikar til þess að komast af með minna vatn í miðlun án þess að virkjunin yrði óhagkvæmari, óhentugri eða aflminni. Ég vil leyfa mér að benda á bréf frá Verkfræðistofu Helga Sigvaldasonar, sem birt er á bls. 77, og leyfa mér að lesa hérna nokkrar línur, með leyfi forseta:

„Miðlunarstig vatnsorkukerfis er hér skilgreint sem hlutfallið á milli orkuinnihalds fullra miðlana kerfisins og orkuvinnslugetu þess. Í töflu 1 er miðlunarstig kerfisins sýnt eftir einstakar virkjanir í virkjunarleið 02.

Miðlunarstig núverandi kerfis er um 0.16 og verður um 0.18 með tilkomu Hrauneyjafossvirkjunar. Miðlunarstig af þessari stærð verður að teljast frekar lágt. Athuganir á orkuvinnslugetu virkjana inn á þetta kerfi hafa leitt í ljós, að mikil arðsemi næst við að auka miðlanir, en lítil við að koma á fót virkjunum án miðlunar.

Stækkun Þórisvatns og fyrstu tveir áfangar Fljótsdalsvirkjunar, þar sem gert er ráð fyrir 475 gígalítra miðlun í Eyjabakkalóni, 50 gígalítrum í Gilsárlóni og 18 gígalítrum í Hólmalóni, auka miðlunarstigið verulega eða í 0.30.“ Það mun vera heppilegt miðlunarstig.

„Næsta virkjun á eftir fyrstu tveimur áföngum Fljótsdalsvirkjunar er Blönduvirkjun, samkv. fyrrnefndri virkjunarleið. Athugað hefur verið, hvaða orkuvinnslugetu Blönduvirkjun gefur inn á þetta kerfi og einnig hvaða áhrif breytt miðlunarstærð hefði. Niðurstöðurnar eru sýndar á mynd 1. Þar kemur fram, að orkuvinnslugeta virkjunarinnar án miðlunar er um 650 gwst. á ári og eykst síðan með aukinni miðlun í um 775 gwst. á ári við 435 gígalítra miðlun eins og núverandi áætlanir gera ráð fyrir. Á myndina eru einnig dregnar upp niðurstöður fyrri athugana, sem birtust í skýrslunni: „Vinnsla og flutningur raforku til aldamóta. „II Orkuver“, sem unnin var á Verkfræðistofu Helga Sigvaldasonar hf. og gefin út af Orkustofnun í febr. 1981. Með samanburði á kúrfunum kemur í ljós, að orkuvinnslugeta virkjunarinnar er nú mun meiri án miðlunar og ávinningurinn af stækkun miðlunar mun minni en áður. En miðlunin er t. d. 290 gígalítrar, þ. e. 20 gígalítrar í inntakslóni og 270 gígalítra lón við Reftjarnarbungu, fást 750 gwst. í orkuvinnslugetu, sem er aðeins 25 gwst. minna en fæst ef miðlað væri í 435 gígalítra.

Ef lágmarksmiðlun er til staðar fyrir alla hluta virkjanakerfisins, nægjanlegt afl er í virkjunum og næg flutningsgeta eftir flutningslínum frá þeim, er orkuvinnslugeta kerfisins fyrst og fremst háð heildarmiðlun þess, en staðsetning miðlunarlóna skiptir minna máli. Ef möguleikar á að byggja miðlanir annars staðar á landinu eru fyrir hendi, væri því hægt að hugsa sér að minnka Blöndumiðlun og stækka aðrar miðlanir til að vega þar upp á móti. Hvers vegna erum við þá að sökkva grónu landi við Reftjarnarbungu, ef hægt er að byggja miðlanir nánast á eyðimörk eins og t. d. Stórasjávarmiðlun í Tungnaá? Svar við svona spurningu er mjög erfitt að gefa svo einhlítt sé, en nokkur atriði má hugleiða hér til nánari glöggvunar:

Samkv. töflu 1 má gera ráð fyrir því, að ef Blöndumiðlun er ekki byggð í fulla stærð um leið og virkjunin, þá frestast stækkun miðlunarinnar a. m. k. aftur fyrir síðustu virkjunina í virkjunarleiðinni, enda helst miðlunarstig kerfisins alltaf fyrir ofan 0.30.“

Þessari skýrslu fylgir bréf Orkustofnunar, undirritað af Jakob Björnssyni, frá 13.4. 1981, en þar segir, með leyfi forseta:

„Miðlunarstig kerfisins verður svipað eftir að Blönduvirkjun og Fljótsdalsvirkjun eru komnar í gagnið, hvort heldur miðlunarlónið við Blöndu er 290 gígalítrar eða 435.“

Við hugsum okkur að koma báðum þessum virkjunum í gagnið innan 10 ára og 10 ár eru ekki lengi að líða. Hins vegar er eilífðin löng og Blönduvirkjun og Fljótsdalsvirkjun koma til með að vinna saman um ókomin ár. Það getur ekki verið neitt takmark í sjálfu sér að sökkva landi og allra síst grónu og góðu landi. Ég trúi ekki öðru en allir sæmilegir menn andi léttara ef þeir sjá fram á möguleika til að vernda 46% af gróðurlendi á Auðkúluheiði sem annars eyddist, — og vel að merkja: með ódýrari leið til að vinna kwst. úr vatni Blöndu, ekki 0.935, eins og ég sagði áðan, með stíflu við Reftjarnarbungu, heldur 0.928 með stíflu við Sandárhöfða. Ég endurtek: ódýrari leið. Raunar gefa allar þær tilhaganir, sem rætt hefur verið um við Blönduvirkjun, lægra orkuverð á orkueiningu en Fljótsdalsvirkjun, hvað þá Sultartangavirkjun. Samt dettur engum í hug annað en virkjað verði bæði í Fljótsdal og við Sultartanga. Samkv. skrá frá Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens, dags. 6. 4. 1981 var orkuvinnslugeta Blönduvirkjunar með 420 gígalítra miðlun við Reftjarnarbungu 791 gwst. á ári og kostaði 740 millj. kr. Stofnkostnaður á orkueiningu yrði þá, eins og ég sagði áðan, 0.935. Blönduvirkjun með 220 gígalítra miðlun við Sandárhöfða gefur 740 gwst. á ári. Stofnkostnaðurinn er ekki nema 687 millj. kr. og stofnkostnaður á orkueiningu 0.928. Blönduvirkjun með 400 gígalítra miðlun við Sandárhöfða gefur 749 gwst. á ári og kostar

793 millj. kr. eða 1 023 á orkueiningu, er a. m. k. 10—15% ódýrari en Fljótsdalsvirkjun — eftir síðustu útreikninga vel að merkja, þegar þeir fundu upp á því að hækka Eyjabakkastífluna. Sá galli er á stíflu við Sandárhöfða, ef þar eru geymdir 400 gígalítrar af vatni, að nokkru meira land fer undir vatn á Eyvindarstaðaheiði en með 400 gígalítra stíflu við Reftjarnarbungu. Hins vegar er 200 gígalítra stífla við Sandárhöfða á Eyvindarstaðaheiði ekki óhagstæðari en 400 gígalítra stífla við Reftjarnarbungu.

Hvernig á þá að vinna að virkjunum? Svigrúm hefur skapast með vatnaveitum og stíflum hér syðra og ég held að við eigum að byrja bæði á Blönduvirkjun og Fljótsdalsvirkjun á skaplegum tíma. Svigrúm hefur skapast til að ljúka nauðsynlegum undirbúningsrannsóknum á báðum stöðum og byrja á marktækum framkvæmdum á báðum þessum stöðum, ekki láta þær skarast nokkuð, eins og segir hjá hæstv. ráðh., heldur skarast töluvert mikið. Kjósi menn að hraða meira framkvæmd við Fljótsdalsvirkjun færi að koma rafmagn þaðan árið 1986 og 2. áfanga væri lokið 1987 og frá Blönduvirkjun 1989 og 1990 væri henni lokið. En ef menn kysu að hraða Blönduvirkjun þannig að þaðan kæmi rafmagn 1986 þyrfti að ljúka Fljótsdalsvirkjun ári fyrr eða 1989 til að ná sama orkumagni og öryggi í raforkukerfinu. Ég held persónulega að það væri heppilegra fyrir íbúa Norðurlands vestra að marktækar virkjunarframkvæmdir stæðu í 8—10 ár en 4—5. Hér má ekki vera um að ræða ófjárhagsleg trúaratriði um það að verða fyrstur og skoða þetta sem eitthvert kapphlaup. Þannig má náttúrlega ekki vinna. Að vísu bætist fjármagnskostnaður, sem ekki nýtist strax, inn í þetta dæmi ef menn eru lengi að reisa virkjun. En þar á móti kemur að það er hægt að vinna verkið á hagkvæmari tíma. Það þarf ekki að vinna þar nótt með degi og á veturna nema skaplega. Þetta er atriði sem er afar erfitt að meta og afar erfitt að fullyrða um að sé óhagstæðara.

Ég vara enn og aftur við því, að menn gefi sér ekki tíma til að undirbúa verk sem hagfelldast. Það svigrúm, sem skapast við stíflur og veitur á Þjórsársvæðinu, er mjög auðvelt að nota til að breyta tilhögun við Blöndu og fá þar virkjun, sem allir eru ánægðir með, og ljúka rannsóknum við Fljótsdalsvirkjun. Þannig fást líka ódýrustu mögulegu orkueiningar, sem við getum fengið úr þessum tveimur vatnsföllum, og öruggt orkukerfi og auk þess hlífðum við með því landi sem enginn okkar getur búið til aftur hve margar landgræðsluáætlanir sem menn setja saman.

Ég vil nefna aðra virkjun sem getið er um í frv., Villinganesvirkjun, og fara um hana örfáum orðum. Ég hef reyndar talað mikið um hana fyrr og flutt um hana tvisvar tillögur. Ég þarf ekki að endurtaka þær ræður mínar nú. Það hefur sannast sem ég hélt þá fram um hagkvæmni og kosti þessarar virkjunar. Þær áætlanir, sem hér er byggt á, eru óþarflega varlegar því að virkjað rennsli samkv. þeim er talsvert neðan við þekkt lágmarksrennsli Héraðsvatna og það mætti framleiða meira rafmagn með stærri vél úr þessu vatnsmagni. En samt sem áður, þrátt fyrir þessa varlegu áætlun, er orkueining þarna ódýrari en úr Sigöldu.

Svo er einn kosturinn enn sem ekki er getið um í frv., en á virkjunarstað þarf nauðsynlega að reisa brú á Héraðsvötnin vegna samgangna um Skagafjarðarhérað. Þessi brú kostar á annan milljarð og hún er mikið óskamál Skagfirðinga, en hún kemur að sjálfu sér með þeim stíflugarði sem þarna verður reistur, og mætti hugsa sér að hafa það líka ríkt í minni við samanburð.

Eins og ég sagði í upphafi eigum við mikla auðlegð í orku. Við þurfum að afla hennar skynsamlega og með virðingu fyrir landinu, gögnum þess og gæðum, og gæta þess að eyðileggja ekki meira en við endilega þurfum. Þessari orku þurfum við síðan að ráðstafa skynsamlega og ætíð að fá greitt fyrir hana það sem hún kostar, því að það er til lítils að virkja og virkja ef raforkusalan verður baggi á fólkinu í landinu.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Það er orðin nokkur ástæða til þess að stjórnarandstaðan láti í sér heyra í þessum umr., sem stjórnarþm. hafa alfarið ginið yfir í kvöld og raunverulega tafið framgang þessa máls meira en ég hefði haldið að hæstv. iðnrh. hefði kosið. Hér hafa stjórnarþm. flutt langar og ítarlegar ræður, rúmlega klukkustund, a. m. k. einn þeirra, og er alveg augljóst að þeir hafa ekki mikinn hug á að flýta þessu máli og hafa ekki hug á að það fái afgreiðslu fyrir þinglok, enda stefnir fátt í þá átt.

Það hefur farið hér eins og áður, að fáum þm. hefur tekist að tala jafnrækilega gegn hagsmunum eigin kjördæmis og hv. þm. Páli Pétursyni. Það er nánast hörmulegt að hlusta á það, að maður, sem er kjörinn á þing, í þessu tilviki í Norðurl. v., til að gæta hagsmuna sinna kjósenda og þá um leið síns kjördæmis, skuli yfirleitt leyfa sér að tala eins og hv. þm. Páll Pétursson hefur talað í kvöld.

Ég vil láta þá skoðun mína í ljós, að nú hafi verið reynt svo rækilega á þolrifin í þeim mönnum, sem hagsmuna eiga að gæta varðandi Blönduvirkjun og þá samninga sem þar eru í vændum, að það sé naumast ekkert annað eftir en að taka það land sem um ræðir, eignarnámi. Ég vil láta þessa skoðun mína í ljós einfaldlega vegna þess að ég er sannfærður um að þar í sveit er fámennur hópur manna sem stendur í vegi fyrir því, að eitt mesta hagsmunamál þess kjördæmis um áratugaskeið nái fram að ganga. Hvað veldur þessari afstöðu ætla ég ekki að verða orðmargur um hér í kvöld, en ugglaust mætti segja margt um það.

Ég er þeirrar skoðunar, eins og þetta mál nú stendur, að þar sem 2/3 hlutar eigenda þess afréttarlands, sem um ræðir, hafa samþykkt þessa virkjun, en 1/3 hluti stendur á móti og kemur í veg fyrir að stórkostlegt hagsmunamál kjördæmisins og þjóðarinnar allrar nái fram að ganga, hafa þeir til þess stofnað að landið verði af þeim tekið þó þeir fái greiðslu fyrir.

Ég verð að taka undir það sem hv. þm. Stefán Valgeirsson sagði við umr. fyrr á þessu ári, að bændur og landeigendur verða að fara að gæta sín á því að beita ekki of mikilli hörku í samningum við þá menn og við þann yfirgnæfandi fjölda landsmanna sem þarf á þeirri orku að halda sem hér er um að ræða. Það getur verið að tilfinningaleg sjónarmið ráði miklu, en tilfinningaleg sjónarmið hafa ekki leyfi til að standa í vegi fyrir framförum. Og ef hv. þm. Páll Pétursson metur meira nokkra hektara lands sem beitiland fyrir sauðfé en hagsmuni kjördæmis, kjördæma og heillar þjóðar, þá gef ég heldur lítið fyrir þá baráttu sem ég taldi að hann hefði ætlað sér að heyja á hinu háa Alþingi a. m. k. þegar hann fór í framboð.

Þetta mál með blessaða Blönduvirkjunina er nú komið

á það stig að ég held að mjög mikill meiri hl. þjóðarinnar geti engan veginn sætt sig við að steinn verði lagður í götu þeirra framkvæmda sem Orkustofnun telur hagkvæmustu raforkuframkvæmd í landinu. Þess vegna segi ég, að menn verða að fara að hugleiða betur en áður hver það sé, sem eigi það land, eða hverjir það séu, sem eiga það land sem við búum í. Eru það tiltölulega fáir menn, sem geta gert tilkall til alls afréttarlandsins, eða þjóðin, sem í landinu býr? Ég er jafnframt þeirrar skoðunar, að hér séu í húfi svo miklir hagsmunir fyrir þjóðina í atvinnulegu tilliti og í þá veru að halda áfram á framfarabraut að þetta verði ekki liðið miklu lengur.

Það er ábyggilega vaxandi skilningur fyrir þeirri skoðun og fyrir þeirri stefnu Alþfl.-manna að það þurfi hér á Alþingi að samþykkja frv. Alþfl. um þjóðareign á landi. Sá þvergirðingsháttur, sem hér er við að stríða, nær ekki nokkurri einustu átt. Hann kostar þjóðina milljónir á milljónir ofan. Ég hef áður í umr. hér á Alþingi minnt á það sem gerðist í Laxárdeilunni forðum. Ég hef minnt á að í Laxá er ódýrasti virkjunarkostur á öllu Íslandi í vatnsaflsvirkjun. Ég hef minnt á að vegna tregðu nokkurra manna varð Krófluævintýrið til. Ef sú tregða hefði ekki verið fyrir hendi hefði Krafla aldrei orðið til og þeir milljarðar, sem þar hafa farið í súginn, hefði verið notaðir í arðbærari framkvæmdir. Ég minni á þetta vegna þess að ég er alfarið þeirrar skoðunar og ég stend í þeirri trú, að þjóðin, sem þetta land byggir, geti ekki liðið það miklu lengur að svo fáir stöðvi svo mikilvæg verkefni sem eru þjóðarheildinni nauðsynleg og koma henni til góða. Ég er þeirrar trúar, að svo fáir menn geti ekki komið í veg fyrir eðlilegar framfarir í landinu. Og ég vil segja við hv. þm. Pál Pétursson, að hann mun ekki og hans líkar geta í náinni framtíð haldið uppi því þrefi og streði sem hann hefur verið formælandi fyrir að undanförnu. Þetta gengur beint á hagsmuni hvers einasta einstaklings í þessu landi. Þess vegna munu menn af hans toga líklega verða þess valdandi að sú sátt, sem hefði þurft að komast á milli dreifbýlis og þéttbýlis, verður að engu gerð, heldur verður stofnað til stríðs. (**ÓÞÞ:** Er herforinginn í ræðustólnum?) Það er búið að smíða skotfærin. — Herra forseti. Mér var kennt það sem skrifara í eina tíð að heldur væri óviðurkvæmilegt að úr þeim stól væru menn með framíköll. Ég veit ekki hvort einhver þingsköp, fjalla um hegðan skrifara í þeim stól sem hann situr í, en heldur kann ég illa við að það sé kallað og einkum og sér í lagi í bakið á mér.

Þá vil ég fá að fara nokkrum orðum um það frv. sem hér liggur fyrir. Ég verð að segja það strax, að ég finn til ákveðinnar vorkunnar með hæstv. iðnrh. þegar hann leggur þetta frv. fram í þeim dúr sem það er. Það er í raun og veru af sama toga og ég orðaði það á sínum tíma í umr. um orkumál hér: það er í véfréttarstíl, því miður. Mér er alveg fullljóst að hæstv. iðnrh. á í miklum brösum í þingflokki sínum. Það er ákaflega eðlilegt. Menn eru ekki sáttir við röðun á verkefnum og þess vegna grípur hann til þess ráðs að leggja frv. fram eins og það nú liggur fyrir okkur. Þetta er óskalisti. Það er engin ákvörðun tekin í þessu frv. um röðun framkvæmda og ekki heldur um framkvæmdir, einfaldlega vegna þess að í 2. gr. frv. á 2. síðu er skýrt tekið fram, og hlýtur það að hafa komið inn í frv. í umr. í ríkisstj., að ákvarðanir um framkvæmdir í virkjunarmálum, þ. á m. um framkvæmdaröð, skuli staðfestar af Alþingi. Þetta frv. tekur sem sé ekki af skarið um nokkurn skapaðan hlut. Þetta frv. er óskalisti. Þetta frv. er lagt fram til að skjóta á frest ákvarðanatöku um hvað gera skuli í orkumálunum. Ég verð að segja eins og er, að ég harma það mjög að iðnrh. skyldi ekki hafa kjark til að láta skeika að sköpuðu og setja upp eigin óskalista um framkvæmdaröðina. Hæstv. iðnrh. hefði orðið meiri maður fyrir að leggja fram þann óskalista, sem hann telur skynsamlegastan í þessum efnum, og láta slag standa, standa og falla með eigin ákvörðunum, en það hefur hann ekki gert í þessu tilviki.

Ég vil líka geta þess, að þó svo að hæstv. iðnrh. hafi nú gert það sem af honum hefur verið krafist nánast í allan vetur, þá hefur hann gert það á þann hátt að ekki verður séð að það þjóni umtalsverðum tilgangi í þeirri viðleitni Alþingis og langflestra alþm. að móta atvinnumálastefnu í þessu landi að móta stefnu sem getur orðið til að fjölga atvinnutækifærum, vegna þess að hér stendur ekkert um hvað gera skuli við alla þessa raforku, ekki eitt orð, ekki eitt einasta aukatekið orð. Auðvitað hlýtur það að liggja í hlutarins eðli og hefur verið mikið rætt á þessu þingi fyrr og síðar, að áður en ákvarðanir eru teknar um stórvirkjanir þurfi að liggja fyrir hvað gera skuli við raforkuna. Það er ljóst að við þurfum eitthvað af þessara raforku til innanlandsþarfa. En hvað eigum við að gera við allt hitt? Liggja fyrir einhverjir samningar um t. d. stóriðju á Austfjörðum eða einhvers staðar annars staðar? Ónei, þeir liggja ekki fyrir. Það liggja hins vegar fyrir tillögur og frumvörp um verksmiðjur af ýmsu tagi og margar hugmyndir hafa komið fram.

Ég vil benda á að líklega verður það ekki eins auðveldur leikur og margur ímyndar sér að nýta þá orku sem við erum að tala um að virkja. Það er m. a. vegna þess að þjóðir, sem framleitt hafa ýmislegt af því sem við gætum framleitt, eins og ál, eru að leita fyrir sér annars staðar þar sem bæði er að finna ódýra raforku og mun ódýrara vinnuafl en á Íslandi. Þar mætti t. d. nefna Japani, sem eru að leita fyrir sér í Indónesíu og í Afríku og víðar, hafa jafnvel í hyggju að taka upp heilar álverksmiðjur frá Japan og flytja þær til þessara landa, bjóða hagstæð lán, fá í staðinn ódýra orku og ódýrt vinnuafl. Vera kann, og það hlýtur að vera von og ósk hvers einasta manns, að okkur geti haldist vel á þessari orku þannig að hún nýtist okkur í náinni framtíð. Kannske getum við selt Færeyingum eitthvað af þessu. Það gæti verið að það hefði verið kannað, en þar væri kannske möguleiki í sambandi við Austurlandsvirkjun.

Þá hefur hæstv. iðnrh. talað mjög mikið og rækilega um að þau fyrirtæki, sem hugsanlega risu í sambandi við þau orkuver sem nú eru til umr., yrðu alfarið að vera í eigu og í höndum Íslendinga. Ég verð að segja eins og er sem leikmaður í þessu máli, að ég skil ekki hvað hæstv. ráðh. er að fara, einfaldlega vegna þess að aðstæður á heimsmarkaði, á markaði þess varnings sem við kynnum að framleiða með okkar orku, eru ekki þess eðlis. Ef við eigum ekki samvinnu við erlenda aðila eigum við yfirleitt sáralitla möguleika á því að koma varningi okkar á markað. Að þessu leytinu skil ég ekki hæstv. iðnrh. — og lái mér hver sem vill.

Ég vil líka geta þess, að margir þeir möguleikar, sem hér hafa komið til umr. eða hæstv. iðnrh. hefur talað um í sambandi við verksmiðjur sem gætu stuðst við þau orkuver sem hér eru nefnd, eru að margra dómi býsna hæpnir. Ég hef t. d. undir höndum álit manns á sjóefnaverksmiðju á Reykjanesi sem menn hafa kannske bundið mjög miklar vonir við og treyst á að yrði okkur til mikilla

hagsbóta og færði fé í þjóðarbúið. Ýmsir fróðir menn, sem um það mál hafa fjallað, telja að það sé yfirleitt ekki nokkur einasti möguleiki fyrir Íslendinga að framleiða salt á verði sem væri samkeppnisfært, það væri svo langt frá því að vera samkeppnisfært við t. d. spánskt salt að það telji nánast engar tölur. Ég er þeirrar skoðunar, að m. a. sé þarna á ferðinni mál sem þurfi að kanna miklu betur en gert hefur verið. Þetta á einnig við um fleiri mál sem hæstv. iðnrh. hefur nefnt í sinni bjartsýnisþulu um það, hvernig við eigum að leysa þau mál að nýta þá raforku sem hann ætlar að fara að virkja.

En fyrst og fremst er kjarni þessa máls, sem hér er um að ræða, frv. til l. um raforkuver, sá, að þetta er ekkert frv. Þetta er plagg. Þetta er að vísu þykk bók eins og allar bækur sem koma frá iðnrn., en það er ekkert á þessu að græða — ekki nokkurn skapaðan hræranlegan hlut. Þetta er á tveimur bls. — óskalisti um það sem búið er að tala um hér á þingi í allan vetur, um þá virkjunarmöguleika sem fyrir hendi eru, sem búið er að vera að rannsaka, sem allir hafa vitað um að eru fyrir hendi. Og hvað segir svo frv.? Það segir ekki neitt, ekki nokkurn skapaðan hræranlegan hlut. Ég vil mælast til þess við hæstv. iðnrh. að hann komi hér í ræðustól á eftir og segi okkur frá því í hjartans einlægni hvað hann hyggst gera í sambandi við þessar virkjunarframkvæmdir, hvar hann ætli að byrja og hvar hann ætli að enda. Síðan vil ég fá að heyra frá honum hvernig á að greiða þessar framkvæmdir, með hvaða fjármagni, hvernig á að nýta rafmagnið, til hverra hluta á að nýta það, á hvaða hátt, hvar verksmiðjurnar eiga að rísa, í hvað þessi raforka á að fara. Þetta eru allt spurningar sem engin svör hafa fengist við, ekkert svar. Véfréttin er eftir sem áður hér, og hæstv. iðnrh. hefur ekki haft kjark og kannske ekki dug til að setja þá valkosti, sem fyrir hendi eru, upp í skynsamlega röð. Þess vegna vil ég taka undir orð hv. þm. Sverris Hermannssonar fyrr í dag, að hér sé á ferðinni næsta marklaust plagg sem engum tilgangi þjóni að reyna að keyra í gegnum þetta þing. Það þjónar nákvæmlega engum tilgangi. Þó að ég vilji ekki taka undir það að lýsa vantrausti á hæstv. iðnrh. held ég að miklu ríkari ástæða væri til að lýsa vantrausti á hæstv. ríkisstj. vegna þess að auðvitað er þetta afkvæmi hennar. Auðvitað er þetta plagg orðið til eftir mikla umræðu í ríkisstj. þar sem engir tveir menn hafa getað orðið sammála um hvernig röðin ætti að vera á þessum virkjunum. Það er nánast dapurlegt að ríkisstj. skuli krefjast þess, að þetta frv. verði samþykkt núna fyrir þinglok. Til hvers? Er það til þess að ríkisstj. geti haft umþóttunartíma í þinghléi til að geta borið undir næsta þing hver á að vera fyrsta virkjun? Er það tilgangurinn með þessu frv.? Ef svo er, þá er það lagt fram í fullkomnu tilgangsleysi og er nánast engin ástæða til að eyða orðum á þetta frv. þó svo stjórnarsinnar hafi í löngu máli í dag sagt álit sitt á frv. og raunverulega tafið mjög framgang þessa máls með umr. á þingi.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Það vill svo til að ég er yfirleitt í þeirri aðstöðu að skilja mætavel að þegar líður á kvöld er það vel þegið að menn stytti mál sitt, og þá aðferð ætla ég að nota. Enn fremur taldi ég eðlilegast að tala strax, enda hafði hæstv. iðnrh. óskað eftir því að svara að loknum ræðum manna og þar sem hann var aðeins einn eftir á mælendaskrá vildi ég ekki nota aðstöðu mína til að skáka mér aftur fyrir hann, enda eðlilegast, eins og ég segi, að hann fái til þess tækifæri í lok 1. umr. að taka saman svör við því sem fram hefur komið.

En ástæðan til þess, að ég stend hér upp, er aðallega einhver sérkennilegasta ræða sem ég hef heyrt í samanlagðri þingtíð minni, og það er ræða hv. 12. þm. Reykv. Hún var út í gegn stórkostlegar upphrópanir um stórhuga framkvæmdir, merkustu stefnumörkun sem um getur, mikilvægustu framkvæmdir í lífi þjóðarinnar o. s. frv., o. s. frv. Mér datt helst í hug að hann hlyti að enda ræðu sína á a. m. k. ferföldu húrrahrópi.

Hann þóttist vera einn læs á tölur og vændi menn æ ofan í æ um að þeir væru ekki læsir á það, sem frv. hefði inni að halda, og talaði þar náttúrlega með yfirlæti hins menntaða verkfræðings sem sér í lagi á að geta lagt rétt saman þegar um slík mál er að tefla. Hann fann út stórar tölur, en það kom að vísu engum á óvart sem hafði séð þessa frv.-ómynd. En hvers vegna hafði hann þá ekki áhrif á það að fleira væri tekið með af þessum speglasjónum? Því var ekki Austurlandsvirkjunin stóra tekin með, Jökulsá á Brú, Hafrahvammagljúfur, Jökulsá á Fjöllum, Dettifoss og Skjálfandafljót? Það hefði glatt gömul augu hv. 2. þm. norðurl. e., Stefáns Valgeirssonar. Þá hefðu komið út vænar tölur á reiknistokk verkfræðingsins og þá hefði verið hægt að halda áfram enn stærri upphrópunum um þessa stórhuga sókn — hina mestu í heimi, heyrðist mér hann helst segja.

Það vill nefnilega þannig til, að fyrir lifandi löngu var á hinu háa Alþingi flutt frv. til l. um ný orkuver og þar eru þessi orkuver öll sem gefa þessa stórkostlegu útkomu í orkuvinnslu. Það eru að vísu ekki heimildarlög. Það er frv. til l. sem fyrirskipar, mælir svo fyrir að ráðist skuli í hinar þrjár stóru virkjanir, fyrir utan stækkun Hrauneyjafoss sem allir eru sammála um. Þetta eru fyrirmæli og ekki leitað eftir neinum heimildum í því sambandi. Þannig er þessi stórkostlega stefnumörkun, sem menn hafa aldrei séð þvílíka í samanlagðri kristni. Hún hafði að vísu verið lögð fram um þessar virkjanir hér á Alþingi í frv.-formi.

En það er eitt sem hv. 12. þm. Reykv. sniðgekk algerlega, er meginatriði málsins. Hann sniðgekk með öllu aðalinnihald í ræðu hæstv. orkuráðh. og þá stefnumörkun sem þar kom fram og öllu máli skiptir og lét eins og hann væri hinum megin á sjöstjörnunni. Það koma stórar tölur út úr þessum virkjunum, það er mikið rétt, en hvert var aðalinnihald í framsöguræðu hæstv. iðnrh. fyrir þessari frv.-ómynd? Hún var um það, sú nýbreytni sem ég kalla, hin nýja stefna hæstv. ríkisstj., að hverfa frá því að leita eftir kaupendum orkufrekum iðnaði til uppbyggingar. Þess vegna geta menn haldið áfram að raða saman möguleikum okkar, sem eru stórkostlegir í landinu, um þær virkjanir, sem hefur verið haft á orði að við getum ráðist í, og fengið út ótrúlegar tölur. En þær skipta engu máli ef við höfum engin tök á að nýta þessa orku. Ég fann ekkert að röðun og ég fann ekkert að því sem hér er til nefnt að einu eða neinu leyti. Meginmálið, sem nú kemur fram, er að það er snúið þvert á leið frá því sem hafið var hér á sjöunda áratugnum. Mér fellur það þeim mun þyngra sem það virðist augljóst að sú stefnubreyting, fráhvarf frá stóriðjunni, muni ráða af dögum um hríð a. m. k. Fljótsdalsvirkjun, og það gefur að skilja.

Hitt er svo annað mál, að mönnum hlýtur að ofhasa að heyra framsóknarmenn taka stórt upp í sig um stórvirkjanir á Íslandi ef menn minnast skrifa þeirra þegar verið var að byggja álverið á sínum tíma, — álverið sem var forsenda þess, að við gátum byggt Búrfellsvirkjun, —

ef ég rifja það upp fyrir mér að sú ógæfa henti að Framsfl. komst í ríkisstj. árið 1974 með Sjálfstfl. og gerspillti þá fyrir framgangi Fljótsdalsvirkjunar á sínum tíma með því að ná samningi við páv. hæstv. orkuráðh., núv. forsrh., um að taka sprænuvirkjunina Bessastaðaárvirkjun fyrir, en ekki Fljótsdalsvirkjunina, eins og flutt hafði verið till. um þá. Ég hefði satt að segja ekkert orðið meira hissa á því þótt hæstv. iðnrh. hefði komið með heimildarfrv. um Bessastaðaárvirkjun núna, en ekki þessi býsn hér, og hann hefði endurtekið ákvörðun sína frá því að hann hraktist frá völdum eftir 13 mánaða stjórnina um að gefa út heimildarlögin um Bessastaðaárvirkjunina, eins og frægt var.

Það má ýmislegt til tína í handabakavinnu þessara hv. alþm. og hæstv. ríkisstj. Það er það sem ég hef lagt út af nær eingöngu í öllu mínu máli og mínum aðfinnslum og skiptir sköpum að horfið er frá þeirri stefnu sem ein getur fært okkur upp í hendurnar möguleikana á því að nýta alla þessa orku og fleyta okkur fram eins ört og við þurfum að gera á næstu árum til að ná fram lífsgæðunum. Á þessu veltur allt.

Það mátti heyra í máli manna, eins og hv. 2. þm. Norðurl. e., að það væri óskynsamlegt, eins og hann orðaði það, að fara að ráðstafa orkunni nú, orkuverð færi hækkandi. Það er alveg hárrétt. Hv. 12. þm. Reykv. minntist eitthvað á að menn yrðu líka að gá að sér því að það kynni að koma upp olía fyrir norðan. Það getur allt skeð. Það er mikið eftir. En hversu lengi ætla menn að bíða og hversu lengi ætla menn að láta þessa orku renna óbeislaða til sjávar og stilla upp slíkum spádómum út í bláinn. Sama var að heyra á hv. þm. Páli Pétursyni, hv. 1. þm. Norðurl. v., og honum gengur að vísu nokkuð annað til, stórtækt frv., en hann bað menn að flýta sér ekki um of, flas væri ekki til fagnaðar, og hann sagði að hæstv. iðnrh. hefði sem betur fer ekki kálfsótt. Það var ekkert að undra. Ég hélt að bóndinn vissi að kálfurinn fær ekki kálfsótt, heldur kýrin. Og hann tilkynnti að ef það brysti í böndunum um samninga við Blöndu yrði það einhverjum vondum viðsemjendum að kenna, en ekki bændum. Það er nú að setja sig í samningastellingar, orðfæri á borð við þetta, eða hitt þó heldur. Ég ætla ekkert að ráða í hvort menn sitja á einhverjum svikráðum hver við annan innan hæstv. ríkisstj. um framkvæmd á hinum ýmsu orkuverum, það dettur mér ekki í lifandi hug, en allt er þetta með þeim hætti að ég örvænti um að mikilvægustu framfaramálin nái svo skjótum framförum sem ég tel lífsspursmál. Fyrir því er mér eins mikið niðri fyrir og raun ber vitni um. Og ég endurtek að ég tel alveg lífsnauðsyn að fá úr því skorið, hvort þessi stefna er orðin ríkisstjórnarinnar allrar og hvort þessi nýja stefna gegn stóriðju nýtur meirihlutafylgis á hinu háa Alþingi vegna þess að þá er mikið um breytt frá því sem verið hefur síðustu misserin.

Ég misheyrði ekkert í ræðu hæstv. iðnrh., en hafi ég misheyrt eitthvað og misfarið með það leiðréttist það. Ég mun athuga hana enn gaumgæfilegar eftir að hún verður prentuð. En í fyrsta skipti að mínu áliti, þótt oft hnigju orð hans í þá átt að vísu, tók hann af skarið um að það stendur ekkert til að afla okkur kaupenda að orku í stórum stíl. En á þetta minntist hv. 12. þm. Reykv. alls ekki, verkfræðingurinn sjálfur.

Ég endurtek það, eins og kom fram í ræðu hv. 6. þm. Norðurl. e. og ég hafði áður getið um, að samþykki á frv. þessu út af fyrir sig skiptir ekki nokkru lifandi máli. Ríkisstj. hefur vitaskuld heimild til þess, eins og hún hefur gert, að athuga um framkvæmdir við þessar virkjanir, og það bannar henni áreiðanlega enginn að grípa til þeirra fjármuna sem þarna er lagt til. Það er margsinnis tíðkað að menn leita sér heimildanna eftir á ef þeir þurfa að nota fjármuni til gagnsamlegra hluta, enda kemur hér fram að það á að taka þetta allt fyrir í lánsfjáráætlun, þó síðar verði, og röðun og ákvarðanir að takast fyrir af hinu háa Alþingi. Allt er þetta með þeim hætti að veldur stórkostlegum vonbrigðum.

Ég bendi á það upp á vinnubrögð, eftir því sem ég sé fyrir, að þetta mál muni, ef á að þrýsta því fram með miklu afli hér á hinu háa Alþingi, kosta gífurlegan tíma. Þá vil ég í allri vinsemd benda mönnum á það ítrekað að auðvitað breytir engu þó að það nái ekki samþykki nú og ekki fyrr en á haustdögum. Maður skyldi þá vona að hæstv. ríkisstj. væri búin að fá eitthvað fastar undir fætur um hvernig hún ætlar að standa að framkvæmd þessara stórmála.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Það væri ástæða til að ræða þessi mál hér talsvert áfram. Ég ætla þó ekki að taka langan tíma í viðbót við framsöguræðu mína, en rétt að víkja að örfáum atriðum sem mega teljast fsp. og beint var til mín. Að ýmsu hefur verið vikið af talsmönnum ríkisstj. hér og ekki síst í skörulegri ræðu frá hv. 12. þm. Reykv., sem hæstv. forseti þessarar deildar var að finna að að hefði flutt mál sem honum líkaði ekki. Það undrar mig út af fyrir sig ekki að það félli ekki þar í frjóa jörð fremur en sá málflutningur sem ég hafði uppi er ég mælti fyrir þessu frv.

Fyrir utan umr. hér í deild í dag höfum við heyrt viðhorf úr röðum stjórnarandstöðunnar einnig í ríkisfjölmiðlum og hefur það allt verið nokkuð á einn veg. Þó er það ekki einlitt. Það hafa komið fram raddir sem vekja vonir um að það megi ná þokkalegri samstöðu um afgreiðslu þessa máls. Ég minni sérstaklega á hv. 5. þm. Suðurl., sem talaði hér sem talsmaður síns flokks eða fyrstur Alþfl.-manna í umr. og gat þess sérstaklega að hann mundi greiða götu þessa máls hér í gegnum þingið. Hv. 6. þm. Norðurl. e. lofaði ekki heitum stuðningi við málið að vísu, en ég treysti því, að hann verði einnig í hópi þeirra sem vilja greiða fyrir málinu.

Það var að því vikið í máli eins hv. þm. að fjölmiðlar hefðu getið um að stórtíðindi væru í vændum í sambandi við framlagningu þessa frv. Það er athugunarefni út af fyrir sig hvernig fjölmiðlar og þá ríkisfjölmiðlar eigna mönnum orð sem þeir segja ekki, enda ekki við mig rætt í þessu tilviki. Hefði út af fyrir sig verið ástæða til þess fyrir viðkomandi fjölmiðla að biðja opinberlega afsökunar á slíku. Það var aðeins gert persónulega í þessu tilviki. Mér hafði að sjálfsögðu aldrei dottið í hug að fara að lýsa þessu frv., sem hér var í vændum, sem stórtíðindum. Það verður hver og einn að meta hvað eru tíðindi og hvort þau eru stór. En í mínum huga er það býsna stórt mál að með þessu frv., sem hér er fram lagt, er mótuð um það stefna að reistar skuli í fyrsta sinn tvær stórar virkjanir utan Suðurlands, og það eru stór tíðindi fyrir fólk í þeim landshlutum og eiga ekki að vera minni tíðindi fyrir fólk á Suðurlandi, sem býr við nákvæmlega sömu áhættu og öryggisleysi af því að virkjunum hefur ekki verið dreift með skynsamlegum hætti um landið.

Ég skil afar vel að hv. talsmenn stjórnarandstöðunnar gagnrýni þetta frv. og hafi margt á hornum sér í sambandi

við það. Einn hv. ræðumaður hér í umr., hv. 6. þm. Reykv., tók tíma í að bera saman þau frv. sem hafa komið fram hér í sambandi við virkjunarmál. Ef menn hafa lagt við eyra hafa þeir fundið í hans ræðu að vissulega er ýmislegt keimlíkt í sambandi við hugmyndir um framkvæmdir og áherslu á framkvæmdir í virkjunarmálum í þessum frv. Ég held því að það sé ekki ástæða fyrir menn að ýkja um of það sem á milli ber þó að þetta frv., sem hér er lagt fram af ríkisstj., sé að sjálfsögðu með mun viðameiri bakgrunn en þau frv. sem stjórnarandstaðan lagði hér fram fyrr á þessum vetri til þess að sýna sinn lit, sem eðlilegt er, og var annað þeirra flutt í hv. Ed.

Það hefur hins vegar komið fram hjá hv. talsmönnum stjórnarandstöðunnar allmótsagnakenndur málflutningur. Flestir vilja telja frv. gagnslítið, en aðrir telja að það sé mjög bölvað, að dráttur verði á undirbúningi og stefnumörkun þar að lútandi, og vilja gera sem minnst úr þeirri stefnumörkun sem í frv. felst. Það, sem er óráðið í þessu frv. af þeirri stefnumótun um röðun framkvæmda sem menn gjarnan vilja sjá fram úr, er hvor hinna umræddu tveggja stóru virkjana utan Suðurlands verði fyrr tekin í gagnið, og við höfum enn þá ráðrúm til að átta okkur betur á því máli og reyna að ná um það þokkalegum friði og sáttum þegar sú ákvörðun verður tekin. En það er afar þýðingarmikið — og það vænti ég að allir hv. alþm. skilji — að hægt sé að halda undirbúningi þessara mála áfram og ekki síst að hægt sé að semja við væntanlegan virkjunaraðila og hafa heimildir þar að lútandi og það liggi fyrir stefna í þeim málum. Ég vænti þess, að þeir samningar, sem gert er ráð fyrir að verði við Landsvirkjun um að hún taki að sér það verkefni að reisa og reka þessar virkjanir og annað sem þarf að taka upp í þeim efnum, mæti velvild og skilningi hjá forustu Landsvirkjunar. Ég veit að menn átta sig á því í vaxandi mæli að það er hin vænlegasta stefna að mynda hér eitt öflugt orkuöflunarfyrirtæki, þó að það eigi ekki að einoka allt, það eigi að vera hægt að reisa minni virkjanir, litlar virkjanir á annarra vegum með samkomulagi og þannig að vel fari rekstrarlega.

Hv. 6. þm. Reykv. spurði sérstaklega um fyrirhugaða áfangaskiptingu Fljótsdalsvirkjunar. Ég get vísað til grg. með frv. þar sem þetta kemur fram með nokkuð skýrum hætti. Það er talið vænlegt að skipta þessari stærstu virkjun af þeim, sem hér er leitað heimilda fyrir, þannig að í fyrri áfanga, sem kallaður er, verði um 220 mw. afl og 525 gígalítra miðlun með 724 gwst. orkuforða og í síðari áfanga verði 70—75 mw. afl með 220 gígalítra miðlun og 304 gwst. orkuforða. Samanlagt er þetta orkuforði yfir 1000 gwst. Það kemur fram í þessum verkfræðilegu athugunum, að stofnkostnaðurinn við síðari áfanga hleypir heildarkostnaði mjög óverulega fram, þannig að munurinn á því að skilja þarna sundur er um 28 millj. kr. Meira er það nú ekki af heildarkostnaði upp á 1762 millj., eins og það er áætlað nú, miðað við að virkjunin væri reist í einni lotu eða svo til í samfellu.

Hv. þm. úr Suðurlandskjördæmi hafa vakið athygli á því, að þeir hefðu kosið meiri áherslu á framkvæmdum á því svæði áfram. Þegar hv. þm. þessa landshluta líta á málin veit ég að þeir hafa vilja til að líta hlutlægt á þau. Þeir bera auðvitað hag sinna umbjóðenda og síns kjördæmis fyrir brjósti, eins og allir gera sem mæla fyrir fólk úr einstökum landshlutum. En þegar þeir sjá það svart á hvítu, í hve stórt er ráðist hér á næstu 4—5 árum og að það er leitað heimilda fyrir Sultartangavirkjun og það er opið í grg. frv. að sú virkjun geti einnig skarast við aðrar virkjunarframkvæmdir og falli innan þessa framkvæmdatímabils, þá trúi ég ekki öðru en þeir geti tekið undir það sanngjarna og skynsamlega sjónarmið að reistar verði í millitíðinni, áður en til þessarar virkjunar komi, virkjanir í öðrum landshlutum til þess m. a. að auka öryggi notenda á Suðurlandi og á þéttbýlissvæðinu hér syðra.

Það hefur komið fram í þessari umr. frá hæstv. forseta þessarar deildar mjög fróðlegt innlegg og skemmtilegt að vanda þegar hann tekur til máls. Ég á ekki betri stundir hér á Alþingi en þegar hann mælir hnyttyrði úr stól sínum, og ekki hlýjar það mér síður að heyra hann mæla hér vel valin og skýr orð fyrir sinni stefnu úr ræðustól hv. deildar. Og þó að sumt af því rifji upp minningar frá framboðsfundum á Austurlandi og minni á það kannske, að menn eigi eftir að leiða þar einhvern tíma saman hesta sína, þá hef ég síður en svo á móti því að hann lýsi hér þeirri stefnu sem sá hluti Sjálfstfl., sem ber saman ráð sín í Valhöll, hefur sett fram og flytur nú á fundum innan sem utan Alþingis, þeir sem ötulastir eru við og duglegastir að leika þá plötu. Hv. 4. þm. Austurl. er mjög ódeigur í málflutningi og ódeigur að fylgja fram fyrirmælum í sínum flokki, grípa til vopna. Sem dæmi um það á ég eitt ágætt sýnishorn af vopnfimi hans, þegar hann þjófstartaði á sínum tíma í sambandi við leiftursóknina. Hann varð fyrstur manna til að kynna þá herfræðiáætlun í blaði sjálfstæðismanna á Austurlandi, Þingmúla, og þar var nú ekki verið neitt að skera utan af hlutunum, þar skyldi allt beinskorið inn í merg, og það liggur hér fyrir. Og sami maður vill taka stórt á í orkumálum, en þó ekki í iðnaðarmálum á vegum okkar Íslendinga, og það skil ég vel því að hann vill ekki leggja vikla fjármuni af Íslendinga hálfu í uppbyggingu iðnfyrirtækja í landinu. Sú skoðun, sem hv. 4. þm. Austurl. hefur hér flutt, er nákvæmlega sama skoðun og kemur afar skýrt fram í boðskap formanns Sjálfstfl., hv. 1. þm. Reykv., í Morgunblaðinu 12. maí. Þar geta menn lesið sér til um málflutninginn. Ég ætla ekki að eyða tíma hv. þd. í að fara að lesa þann fróðleik sem þar stendur, en aðeins vitna þar til orða sem eru svohljóðandi, þar sem verið er að vitna til vanrækslu minnar í sambandi við iðnaðaruppbyggingu:

„Sannleikurinn er sá, að það krefst útsjónarsemi og ákveðinnar sölumennsku ef við ætlum að vekja áhug manna fyrir að reisa slík fyrirtæki hér á landi og selja þeim þá orku sem við getum framleitt úr okkar orkulindum.“

Annað er í svipuðum dúr og miklar áhyggjur yfir því, að forstjóri Alusuisse, eigandi álversins í Straumsvík, muni vera eitthvað hvumpinn þessa daga og óvissa um að hægt sé að laða hann til að standa hér fyrir tvöföldun eða stækkun álverksmiðjunnar í stórum mæli, eins og æskilegt virðist talið af þessum hv. talsmönnum Sjálfstfl.

Ég ætla síður en svo að hafa á móti því að stefna af þessu tagi sé framreidd hér á Alþingi, og ég held að það sé mjög gott fyrir hv. þm. og ekki síður fyrir landsmenn alla að átta sig á þeim kostum, sem hér er um að ræða, þeim stefnum sem hér er deilt um í sambandi við atvinnuuppbyggingu í landinu. Það kemur mér satt að segja á óvart þegar menn, sem ég á von á að séu varkárir í ályktunum, eins og hv. 2. þm. Suðurl., skuli vilja telja það hina einu réttu leið að ætla sér að laða útlendinga hingað til atvinnustarfsemi og atvinnuuppbyggingar í landinu. Þessir menn eru allir í sjöunda áratugnum, í

viðreisnaráratugnum, með þann hugsunarhátt sem þá ríkti og leiddi til samninganna um álverið í Straumsvík á sama tíma og Íslendingar voru njörvaðir með annað stórmál, landhelgismálið, auðlindir sjávarins, af nauðungarsamningi við erlenda þjóð. Ég trúi ekki öðru en góðir menn innan Sjálfstfl., og það fleiri en eru nú innan hæstv. ríkisstj., eigi eftir að snúa frá þessari braut á svipaðan hátt og þeir áttuðu sig loksins í sambandi við landhelgismál Íslendinga. Ég vænti þess sannarlega. Og ég tók eftir því, að hv. 6. þm. Reykv. tók varfærnislega til orða í þessum efnum. Hann talaði svipað og ég geri um að það geti verið æskilegt og nauðsynlegt að eiga ákveðið samstarf við útlendinga í sambandi við markaðsfærslu afurða og fleira af því tagi svo og öflun tækniþekkingar, og hann rétt minntist á að það gæti komið til greina að þeir ættu einhverja eignaraðild að fyrirtækjum. Við höfum ekki slegið naglann fastar í Alþb. en svo, að við höfum ekki útilokað að slíkt gæti komið til greina í einhverj um tilvikum, svo að ég þykist sjá að það séu ekki allir sem hugsa með sama hætti um þessi efni innan raða stjórnarandstöðuliðs Sjálfstfl.

Hv. 4. þm. Austurl., sem hefur talað hér tvisvar og sent mér ágætar kveðjur, furðaði sig mjög á framsöguræðu minni og taldi að þar væri um einhvern nýjan boðskap að ræða frá hæstv. ríkisstj. Það er nú kannske ekki hægt að lá hæstv. forseta deildarinnar þótt hann lesi ekki stjórnarsáttmálann kvölds og morgna, en hann hefði mátt glugga í hann og fskj. í þessu frv. til l. um raforkuver. Á bls. 144 í frv. er að finna kaflann um iðnaðarmál úr stjórnarsáttmála ríkisstj. og þar stendur alveg ljóslega að ríkið skuli stuðla að uppbyggingu nýiðnaðar, þ. á m. orkufreks nýiðnaðar, enda verði slíkur nýiðnaður og frekari stóriðja á vegum landsmanna sjálfra. Ég held að ég hafi nú ekki hamrað járnið fastar en þetta í minni framsöguræðu í dag, og þetta hefðu ekki átt að þykja nein stórtíðindi. En eitthvað hefur þetta komið við kvikuna hjá hv. þm., og ég vænti þess, að hann komi sinni vantrauststillögu á framfæri fyrr en seinna, ef hann ætlar sér þá ekki að láta reyna á málin síðar meir á vettvangi á Austurlandi þar sem hann telur að ég sé að fremja eitthvert pólitískt sjálfsmorð, eins og hann orðar það. Hann þarf ekki að hafa þungar áhyggjur af því.

Ég vil að endingu segja að í þessu frv. er kveðið á um framkvæmdaröðun í mikilvægum atriðum og það er kveðið á um að það skuli innan skamms skorið úr um það sem á vantar. Ég vil líka taka það fram, að í sambandi við þær virkjanir, sem hér er leitað heimildar fyrir og ætlunin er að reisa á 10—15 ára tímabili, er ekki, hvorki þjóðhagslega né fyrir einstaka landshluta, allt undir því komið hver er fyrstur í röðinni. Menn mega ekki haga sér í þessum stóru málum eins og börn í leik. Menn verða að reyna að laða menn til sameiginlegra ákvarðana sem reistar séu á skynsamlegum rökum. Í grg. með þessu frv. er ráð fyrir því gert, að ákvarðanir verði byggðar á þjóðhagslegu mati og öryggi raforkukerfis okkar. Það hlýtur að vera það þýðingarmesta fyrir þjóðarheildina og alþm. verða að reyna að ná því í stórum málum að taka saman. Það er hins vegar mjög mikilvægt fyrir þjóðarheildina að koma sér upp úr því spori að virkja aðeins í einum landshluta og standa þannig að undirbúningi að menn komist ekki út úr því fari. Í því höfum við setið fastir of lengi. Við þurfum að dreifa virkjunum í landinu, við þurfum að dreifa iðnaðaruppbyggingu í krafti þessara virkjana um landið og við þurfum að dreifa áhættu sem því fylgir ef við virkjum einangrað og höfum einhliða áherslu í sambandi við atvinnuuppbyggingu okkar. Liður í þessu er að geta jafnað orkuverð í landinu, jafnað raforkuverðið. Og þó menn gangi ekki lengra en svo að jafna heildsöluverðið er það stór áfangi. Hér var talað um 25% verðmun í smásölu. Það er alveg rétt. Slíkur verðmunur er í smásölu hjá notendum víða um land, hjá viðskiptavinum Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, en það hefur þó stórlega dregið úr þessum mun s. l. tvö ár. Það er rétt að hafa það í huga líka. Það er stefnumið áfram að draga enn frekar úr honum.

Við erum minnt á það, sem eðlilegt er, og eigum að fagna því, yfir hverjum auði við búum í orkulindum okkar. Það kemur fram í fskj. með þessu frv. að magn vatnsafls og jarðvarma er meira en fyrir hefur legið áður. Ef menn líta á yfirlit þar að lútandi í fskj. er það metið, að þrátt fyrir friðlýsingu Þjórsárvera og þótt það miðlunarrými verði ekki notað nema takmarkað í gegnum Kvíslaveitu þar sem 40% af rennsli Efri-Þjórsár koma að gagni, þrátt fyrir þetta þýðingarmikla verndarskref í sambandi við Þjórsárver er gert ráð fyrir tæknilega hagnýtanlegu vatnsafli upp á nær 30 þús. gwst. og að unnt eigi að vera að virkja nærri annað eins í minni virkjunum víða um landið, ef þörf verður talin á, þannig að magn þess vatnsafls, sem hagkvæmt sé að virkja í landinu, sé í raun til muna meira ef vel er athugað og samkv. því mati sem nú er að koma fram frá Orkustofnun. Hið sama gildir raunar um jarðhitann.

Við Íslendingar þurfum að nýta þessar auðlindir út frá okkar forsendum. Við þurfum að hagnýta þær til þess að treysta undirstöður atvinnulífs og lífskjara í landinu. Við eigum að gera það með því að standa sjálfir fyrir því sem við ráðum við í atvinnulífi, og við ráðum við hagnýtingu þessara þátta einnig fjármagnslega, eins og skynsamlegt er talið að fara í þessi mál. Við eigum líka fólk með vaxandi þekkingu, sem fær reynslu af glímu við viðfangsefnin. Við eigum ekki að standa á stigi hálfnýlendunnar. Við eigum að standa á stigi sjálfstæðrar þjóðar í sambandi við okkar atvinnurekstur og atvinnuuppbyggingu. Að því miðar sú stefna sem hér er fram sett. Ég vænti þess að þeim fjölgi óðum sem undir hana taka.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til iðnn. með 24 shlj. atkv.

Efri deild, 99. fundur.

Fimmtudaginn 14. maí, kl. 2 miðdegis.

Lagning sjálfvirks síma, frv. (þskj. 578). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Eftirlaun til aldraðra, frv. (þskj. 459, n. 754, 755, 766). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Brtt. 755,1 (ný gr., verður 1. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 755,2 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 755,3 (ný gr., verður 3. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 766,1 felld með 9:7 atkv.
1. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 755,4 (ný 2. gr., verður 5. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Veiðar í fiskveiðilandhelgi, frv. (þskj. 802). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til sjútvn. með 16 shlj. atkv.

Efri deild, 100. fundur.

Fimmtudaginn 14. maí, að loknum 99. fundi.

Eftirlaun til aldraðra, frv. (þskj. 841). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Landakaupasjóður kaupstaða og kauptúna, frv. (þskj. 587, n. 834, 835). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Félmn. hefur tekið þetta frv. til umfjöllunar og leggur til að það verði samþykkt með brtt. sem n. flytur á þskj. 835. Ólafur Ragnar Grímsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Það hefur verið um langan aldur stefna sveitarfélaga að ráða yfir því landi sem á þarf að halda vegna þéttbýlisþróunar. Ljóst er að víða er slíkt land í einkaeign og sveitarfélög leita því jafnan eftir samningum við viðkomandi landeigendur eða leita eignarnáms ef ekki semst um kaupin áður en landið er tekið til skipulags vegna byggðaþróunar.

Kaup á landi af þessu tagi geta verið viðkomandi sveitarfélagi mjög þungur baggi fjárhagslega og sjaldnast er vitað með löngum fyrirvara hvort eða hvenær af kaupum verður. Veldur þetta m. a. því, að erfitt getur verið fyrir sveitarfélagið að áætla framlag á fjárhagsáætlun vegna slíkra landkaupa. Það þykir rétt að gera ráð fyrir sérstökum sjóði til að annast það hlutverk að aðstoða sveitarfélög í þeim efnum sem hér um ræðir. Eldri lög, þ. e. lög nr. 41 frá 1963, um aðstoð ríkisins við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa, gera ekki ráð fyrir sjóðsstofnun, en í reynd hefur myndast sérstakur sjóður. Meginbreytingin með frv. þessu er að auka ráðstöfunarfé sjóðsins. Gildandi lög veita ekki sjóðnum lántökuheimild, heldur skal ríkissjóður leggja honum árlega framlag, 10 millj. kr., sem heimilt er að lána kaupstöðum og kauptúnum.

Það þykir rétt í þessu frv. að fella niður hið árlega framlag ríkissjóðs, en þess í stað komi heimild til lántöku. Þá er gert ráð fyrir að sjóðurinn endurláni síðan ráðstöfunarfé sitt til kaupstaða og kauptúna vegna landakaupa eða réttara sagt vegna kaupa á landi.

Ég gat þess, að n. flytti brtt. Það er einmitt með tilliti til þess sem réttara er að nefna það viðfangsefni sem þetta frv. fjallar um, þ. e. kaup á landi. Félmn. líkar ekki það orð sem er í fyrirsögn frv. og í einni grein þess þar sem talað er um Landakaupasjóð. Finnst n. fara betur á því að kalla þennan sjóð Landkaupasjóð. Sú nafngift fellur að bestu lögmálum íslenskrar tungu. N. mælir því eindregið með þessari breytingu. Hún kemur fram á þskj. 835. Fyrri brtt. er við 5. gr. frv., að í stað „landakaupa", sem þar stendur, komi „kaupa á landi". Önnur brtt. á þskj. 835 varðar fyrirsögn frv., að í stað „Landakaupasjóðs" komi: „Landkaupasjóðs".

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég andmæli því mjög sterklega að þessi brtt. lúti að málvöndun eða málbótum. Tæpast mundi hvarfla að nokkrum þm. að breyta *heiti á* hugsanlegum skipakaupasjóði yfir í skipkaupasjóð. Hér er um að ræða eðlilega orðmyndun þar sem til þess er slægst að hafa sérhljóða í milli í samsettum orðum. Ég hlýt að líta svo á, að þessi brtt. um heiti stafi af ótta hv. nm. við það, að í vitund almennings verði þessu máli með einum eða öðrum hætti ruglað saman við nýlegt sakamál sem upp hefur komist um á suðvestanverðu landinu, og er nú fremur þeirrar skoðunar að við ættum að ætla fólki okkar þá greind að geta skilið þar á milli.

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Hv. 4. þm. Norðurl. e. hafði áhyggjur af því, að hv. félmn. kynni að hafa ruglast í ríminu með tilliti til einhvers sakamáls sem hann hafði í huga. Ég get fullvissað hv. þm. um að þessu er ekki til að dreifa. Ég held mér við það sem ég sagði áður, að brtt. félmn. félli alveg að lögmálum íslenskrar tungu. Það sýnist mér, að hvað sem hv. 4. þm. Norðurl. e. segir núna úr þessum ræðustól sé það ekki í samræmi við hans eigið málfar. Hver hefur heyrt þennan hv. m. tala um landasölu? Hann talar alltaf um landsölu.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 835,1 samþ. með 11 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
6.—12. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 835,2 samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn, svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Neðri deild, 94. fundur.

Fimmtudaginn 14. maí, kl. 2 miðdegis.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 591, n. 818, 832 og 833, 817, 830, 831). — 2. umr.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. fjh.- og viðskn. á þskj. 818, en vil sérstaklega taka það fram, að aðrir munu mæla fyrir sérstökum framhaldsnál. sem varða þetta mál.

Ég vil aðeins í upphafi rifja það upp, að með breytingum á skattalöggjöf fyrst 1978 og síðan 1980, sem voru mikilvægar breytingar, var tekið mjög stórt og mikilvægt skref í okkar baráttu gegn verðbólgu og okkar tilraunum í þessu þjóðfélagi til þess að berjast gegn meinsemdum verðbólgunnar. Menn hafa fært sér verðbólguna í nyt um langt skeið, aukið tekjur sínar með því að spila á það hjól. Menn hafa komist yfir eignir, ekki með því að vinna fyrir þeim með hörðum höndum, heldur með því að taka lán, skulda og láta verðbólguna sjá um það sem eftir er. Þetta hefur skapað gífurlegt óréttlæti í þjóðfélaginu og verðbólgan hefur að sjálfsögðu gert það á ýmsum öðrum sviðum. Ráðdeildarmönnunum var refsað, en hinum var verðlaunað ríkulega.

Ég get e. t. v. spurt hverjir það séu sem vilji byggja upp og viðhalda slíkri þjóðfélagsþróun. Þeir eru í reynd margir sem hafa hagsmuna að gæta í þessu sambandi og vilja halda áfram að byggja fyrst og fremst á verðbólguspekúlasjón. Þeir eru margir sem eru svo fastir í formi vanans og hins gamla að ekkert má hreyfa. Þrátt fyrir þetta hefur verið gerð hér mikil umbylting, — umbylting sem er að sjálfsögðu ekki ágallalaus og mikil gagnrýni hefur komið fram varðandi hana. Sumt af gagnrýninni er byggt á rökum, en margt er byggt á misskilningi og vanþekkingu.

Fjh.- og viðskn. hefur í störfum sínum leitast við að viðhalda því víðtæka samkomulagi sem hefur náðst um þessi mál hér á Alþingi. Allir nm. eru sammála um að það sé mjög mikilvægt og hafa allir lagt sig mjög fram til þess að svo megi verða. Nm. hafa að sjálfsögðu legið undir margvíslegum þrýstingi að hafa ýmislegt með öðrum hætti, en þeir hafa talið mikilvægara að reyna að halda því víðtæka samkomulagi og þeirri festu sem hefur skapast í kringum þessi mál.

Frv. þetta hefur verið rætt á fjölmörgum fundum fjh.- og viðskn. beggja deilda og hafa þeir fundir bæði verið langir og strangir. Vil ég færa nm. bestu þakkir fyrir mjög gott samstarf í sambandi við afgreiðslu þessa máls. Með n. störfuðu Árni Kolbeinsson deildarstjóri í fjmrn., Ævar Ísberg settur ríkisskattstjóri og einnig kom á fund n. Ólafur Nílsson löggiltur endurskoðandi. Til fundar við n. komu fulltrúar frá Vinnuveitendasambandi Íslands og aðildarfélaga þess og með nál. er prentuð umsögn frá þeim aðilum, en þeir sendu n. einnig margar brtt. sem ekki fylgja hér með í nál. Þá komu aðilar frá Stéttarsambandi bænda, sem sendu einnig skriflegt álit og fylgir það hér með, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi háskólamanna, en þessir aðilar sendu ekki skriflegt álit. Þá komu einnig til viðtals við n. fulltrúar frá Sambandi ísl. sveitarfélaga og sendu þeir skriflega ályktun sem fylgir nál. Stutt bréf kom frá Félagi ísl. stórkaupmanna, en það féll niður að birta það með nál.

Nefndin flytur sameiginlega brtt. á þskj. 830 sem ég mun gera fyrst og fremst hér að umræðuefni. Um önnur atriði er ekki samkomulag en þessi atriði sem fram koma í þessum sameiginlegu brtt., og munu einstakir nm. gera grein fyrir sjónarmiðum sínum hér í umr. og í sérstökum nál.

1. brtt., sem við gerum á þskj. 830, er í sjálfu sér ekki umfangsmikil. Það eru í landinu tvær svokallaðar hálfopinberar stofnanir: Fiskifélag Íslands og Búnaðarfélag Íslands. Það hefur verið nokkur vafi um hvort þær teldust opinberar stofnanir í skilningi þessara laga. Ég tel í sjálfu sér að ekki hefði þurft þessa breytingu í því sambandi, en það er til þess að taka af tvímæli um að þessar stofnanir séu taldar með opinberum stofnunum varðandi skattskyldu. Þetta á að sjálfsögðu eingöngu við um þá starfsemi sem þessir aðilar reka nú, og ég vil taka það skýrt fram, að skattfrelsi opinberra stofnana getur ekki náð til þess að farið sé út í víðtækan atvinnurekstur.

Í 2. brtt. er smávægileg orðalagsbreyting við 7. gr. laganna, en það er út af fyrir sig mjög mikilvæg grein sem n. leggur til að verði áfram í lögunum, en frv. hafði gert ráð fyrir að yrði felld út. Sú grein fjallar um það, að maður, sem vinnur við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, skuli telja sér til tekna eigi lægra endurgjald fyrir starf sitt en hann hefði innt það af hendi fyrir óskyldan eða ótengdan aðila. N. gerir þá till. að orðalagi þessu verði breytt og í staðinn fyrir „eigi lægra endurgjald“ komi orðin: sambærilegt endurgjald. Það hafði alltaf verið ætlunin með þessu ákvæði að gera atvinnurekendum með sjálfstæða starfsemi svipuð skattaleg réttindi og launþegum og leggja á herðar þeim svipaðar skattalegar skyldur. Það mun hafa verið nokkuð um það, að menn hafi reiknað sér mjög hátt og óeðlilega hátt endurgjald til þess að geta dregið frá hinn svokallaða 10% frádrátt og þess vegna er nauðsynlegt að taka af tvímæli hér um.

Í 3. brtt. er gerð um það tillaga, að námsmenn geti dregið frá námskostnað eftir ákveðnum reglum eða ígildi námskostnaðar eftir 20 ára aldur að námi loknu. Slíkt ákvæði var í fyrri lögum. Þá var gert ráð fyrir að námsmenn þyrftu að gera grein fyrir kostnaði sem þeir yrðu fyrir á námstímanum, og þeim var heimilt að draga þá upphæð frá á 5 ára tímabili. Í brtt. er hins vegar gert ráð fyrir að einfaldari háttur verði hafður á, þ. e. að námsmaður geti dregið frá tekjum þann námsfrádrátt, sem nýttist honum ekki til lækkunar á tekjuskatti eftir 20 ára aldur, í 5 ár eftir að námi er lokið og dreifa frádrættinum jafnt yfir tímabilið. Það er að sjálfsögðu nokkuð algengt að námsmenn geti ekki nýtt sér þennan frádrátt, kannske ekki síst vegna þess að þeir hafa ekki möguleika til að afla sér það mikilla tekna meðan á námi stendur, verða síðan að greiða þann kostnað, sem þessu hefur verið samfara, að námi loknu og því þykir eðlilegt að ekki aðeins þeir, sem hafa haft tækifæri til að vinna sér inn miklar tekjur á námstímanum, geti notið þessara rétt-

inda, heldur sé einnig hægt að flytja þessi réttindi til í tíma og nýta frádráttinn að námi loknu.

4. brtt. er til komin vegna annarra breytinga og þarfnast því ekki skýringar.

Um 5. brtt. vil ég segja það, að í 14. gr. frv. er lagt til að kveðið sé á um heimild til viðbótarfyrningar þegar sérstaklega stendur á eða þegar mikill munur er á verðbreytingafærslu til tekna og gjaldfærðum fjármagnskostnaði ársins. Sem dæmi má nefna aðila sem keypt hefur fyrnanlega eign að hluta eða öllu með skuldaviðurkenningu sem ber vexti sem eru langt undir verðbólguhlutfallinu. Ætla má að kaupverð hafi í slíku tilviki verið ákveðið hærra en ella vegna greiðsluskilmála. Því þótti eðlilegt að heimila hraðari fyrningu af þessum sökum. Ég vil í þessu sambandi segja það, að það hefur verið allalgengt í viðskiptum manna í milli hér á landi á undanförnum árum, bæði í atvinnurekstri og eins á fasteignamarkaði, að tiltölulega hátt verð væri ákveðið sem greiðsla fyrir viðkomandi eign, en hins vegar hafi lán henni tengd verið með mjög hagstæðum kjörum eftir því sem gengur og gerist í almennu fjármálalífi. Við þetta skapast misræmi sem erfitt er að taka til í þessum lögum, en með þessari breytingu eru menn að leitast við að finna reglu sem tekur tillit til þessa misræmis. Að mínum dómi hlýtur hún að verða tímabundin vegna þess að ég er ekki í nokkrum vafa um að þessir samningar munu breytast, m. a. vegna áhrifa frá skattalögum, því að meðferð vaxtatekna hefur verið gerbreytt í skattalegu tilliti. Hins vegar er þessi grein nauðsynleg eins og nú standa sakir.

6. brtt. er til komin vegna annarra breytinga og þarfnast því ekki skýringa.

7. brtt. er við 17. gr. frv., þess efnis, að greinin falli niður. Í þessari 17. gr. var lagt til að fyrningar væru skertar hjá þeim aðilum þar sem hreinar tekjur eru undir 5% af heildartekjum. Það komu fram andmæli frá nær öllum umsagnaraðilum varðandi þessa breytingu. N. telur að þessa grein beri að fella niður. Það er mjög erfitt að miða afskriftir með einhverjum hætti við heildartekjur fyrirtækis. Það er afskaplega mismunandi hversu stór þáttur afskriftirnar eru. Sérstaklega er það í allri tæknivæðingu, sem við stefnum að í þessu þjóðfélagi, að tæknin verður sífellt mikilvægari og stærri kostnaðarþáttur varðandi tekjuöflun fyrirtækja. Reglur, þar sem afskriftir miðast við heildartekjur, hljóta því að vera andstæðar þessum sjónarmiðum og verða þess valdandi að draga úr tæknivæðingu og fjárfestingu til framleiðslustarfsemi. Hitt er svo annað mál, að ef menn telja að þessi kostnaðarþáttur, þ. e. afskriftirnar, sé með einhverjum hætti oftalinn í íslenskum skattalögum, þá er miklu eðlilegra að lækka fyrningarhlutfallið. Ég vil þó í því sambandi geta þess, að þetta fyrningarhlutfall var lækkað mjög verulega við setningu skattalaganna á s. l. ári og lækkað þó nokkuð mikið frá því sem reiknað var með í lögunum frá 1978. Einnig er mjög varhugavert og erfitt í framkvæmd að ætla sér nú að fara að breyta afskriftarreglum fyrir árið 1980 með það í huga að mjög margir hafa þegar lokið við að ganga frá sínum uppgjörum.

8. brtt. er til komin vegna annarra breytinga og þarfnast ekki skýringa.

9. brtt. er við 20. gr. frv. Að því er einstaklinga varðar eru mjög mismunandi reglur viðhafðar um fjármagnskostnað og verðbreytingafærslu eftir því, hvort um er að ræða eignir og skuldir, sem tengjast atvinnurekstri, eða ekki. Af þessum sökum er nauðsynlegt að skilja í milli þess hluta eigna og skulda einstaklinga, sem tilheyra atvinnurekstrinum, og hins vegar þeirra eigna og skulda, sem ekki eru honum viðkomandi. Þetta er mjög miklum erfiðleikum háð og í þessari 19. gr. er kveðið skýrar á um þessi atriði. Hins vegar takmarkar 5. mgr. 53. gr. laganna svokallaða tekjufærslu hjá ógjaldfærum aðilum, t. d. gjaldþrota aðilum, og n. er því samþykk því meginsjónarmiði, að slík takmörkun eigi að líta til allra eigna og skulda viðkomandi skattaðila, en telur hins vegar eðlilegt við beitingu þessara reglna að undanskilin séu verðmæti einkaeigna til persónulegra nota og skulda tengdra þeim, allt að tiltekinni fjárhæð, eins og fram kemur í brtt., eða nánar tiltekið 50 millj. gkr., en öll framtöl á árinu 1980 eru í gömlum krónum.

10. brtt. er við 22. gr. frv. Gert var ráð fyrir því í frv. að svokölluð 59. gr. félli niður, en hún fjallar, eins og allir munu væntanlega vita, um ákvörðun launa við eigin atvinnurekstur og tengist 7. gr. laganna. Eftir ítarlegar athuganir og viðræður við ýmsa aðila hefur n. komist að þeirri niðurstöðu, að ekki sé rétt að gera þær breytingar á lögunum, að svokölluð 59. gr. falli niður í einu og öllu. Í því sambandi vill n. benda á eftirfarandi atriði:

1. Með slíkri ákvörðun mundu aðilar, sem reka eigin starfsemi, missa rétt til 10% frádráttar frá þeim þætti teknanna, sem rekja má til vinnuframlags þeirra, og yrðu að því leyti verr settir en launþegar sem vinna hjá ótengdum eða óskyldum aðilum. Þetta eru að sjálfsögðu mikilvæg réttindi sem n. þótti mikilvægt að viðhalda til þess að allir gætu verið jafnir að því leyti. Ekki er nokkur vafi á því, að ýmsir aðilar með smárekstur mundu hafa tilhneigingu til þess að stofna félög, sjálfstæðan aðila til að greiða skatta, til þess að teljast þá launþegar hjá því félagi til að viðhalda þeim réttindum. Ég held að allir geti verið sammála um að það sé mjög óæskilegt að skattalöggjöf knýi menn og hvetji til þess að stofna sérstök félög um alla starfsemi. Bæði er það, að félögin bera ekki sömu ábyrgð og einstaklingarnir, þ. e. eignir einstaklinganna eru ekki tengdar ábyrgðum hlutafélaga, og það er á allan hátt mjög óheppilegt að fara að fjölga félögum í landinu utan um slíkan smáatvinnurekstur. Það kostar mikla fjármuni að standa að stofnun slíkra félaga, og það kostar líka mikla fjármuni að viðhalda allri pappírsvinnu í kringum slíka félagsstarfsemi. Ég tel að með þessu sé komið í veg fyrir slíka óheillaþróun sem ég er ekki í nokkrum vafa um að mundi hafa hafist.

2. Lágtekjumenn, sem vinna við eigin atvinnurekstur, hefðu ekki getað nýtt sér þau réttindi sem felast í því að persónuafsláttur gengur til greiðslu útsvars. Þvert á móti gerði 25. gr. frv. ráð fyrir að svo skyldi alls ekki verða. Nefndin telur rétt að reynt sé að gæta þess, að sem mest samræmi sé í skattlagningu aðila hvort sem þeir vinna við eigin atvinnurekstur eða hjá öðrum ótengdum aðilum. Með því að afnema þessa grein með öllu er hætt við og reyndar ljóst að sá tilgangur laganna hefði raskast og lágtekjumenn með sjálfstæða starfsemi hefðu misst þessi mikilvægu réttindi, og það hefði hvatt þá og kannske knúið þá til þess að fara út í stofnun hlutafélaga eða sameignarfélaga um sína starfsemi.

3. Það hefur ekki farið fram hjá neinum, að mikil gagnrýni hefur komið fram varðandi þessa grein og framkvæmd hennar, m. a. hér á Alþingi. Nefndinni þótti nauðsynlegt, bæði með tilliti til þessa og þeirrar vinnu sem hún hefur í þetta lagt, að umsemja ákvæðin og gera

þau skýrari og ótvíræðari þannig að betur megi koma fram við hvað er átt. Helstu nýmæli eru þau, að skattstjóri er nú berlega skyldaður til þess að skora skriflega á framteljanda að láta í té skriflegar skýringar á framtöldu endurgjaldi studdar nauðsynlegum gögnum. Berist ekki fullnægjandi skýringar eða gögn innan tilskilins tíma skal skattstjóri ákveða honum endurgjald fyrir starfið. Með þessu eru lagðar mun ótvíræðari skyldur en nú er á skattstjóra áður en hann breytir framtöldu endurgjaldi skattþegns samkv. 7. gr. Að vísu voru slíkar skyldur að mínu mati fyrir, en það mun hafa komið fyrir, að nokkur misbrestur væri hér á, og því þykir rétt að taka hér af öll tvímæli.

Einnig eru sett nánari ákvæði um svokallaðar viðmiðunarreglur, en þar er gert ráð fyrir að þær miðist við laun fyrir sambærileg störf í venjulegum vinnutíma, í því sambandi skuli höfð hliðsjón af gildandi kjarasamningum og raunverulegum tekjum í viðkomandi starfsgrein. Slík ákvæði voru ekki fyrir, en með þessu eru settar ákveðnari og skýrari reglur þannig að ríkisskattstjóri geti haft þær til eftirbreytni.

Þá skal ríkisskattstjóri einnig setja almennar reglur um framkvæmd þessarar greinar til að tryggja samræmi í framkvæmd hennar um land allt, en það mun hafa verið eitthvað um það og við höfum sannanir fyrir því, að slíkt samræmi hafi ekki verið fyrir hendi. Það er e. t. v. óþarfi að taka það fram sérstaklega varðandi þessa grein þó að það sé hér gert því að að sjáfsögðu þarf að tryggja í einu og öllu samræmi í meðferð skattamála í landinu. Það er að sjálfsögðu algerlega óþolandi að slíkt samræmi sé ekki fyrir hendi. En hitt verður að viðurkenna, að framkvæmd skattamála er mjög erfið, sérstaklaga þegar svo stendur á að breytingar á lögum eru eins síðbúnar og nú er og einnig var á s. l. ári, og væri ástæða til að strengja þess heit að gera allt sem í okkar valdi stendur til þess að svo þurfi ekki að vera framvegis. Ég óttast að það muni taka skattkerfið nokkurn tíma að jafna sig eftir það mikla álag sem á það hefur komið bæði á s. l. ári og eins mun verða í ár.

Varðandi bændur og viðmiðunarreglur, er þeim tengjast og mjög voru gagnrýndar á s. l. ári, ekki síst vegna þess að mjög erfitt árferði var í landbúnaði á s. l. ári, er tekin upp sú regla, að það skuli áfram miðað við vinnuþátt í verðlagsgrundvelli landbúnaðarafurða, en þó að frádregnum 1/3. Það er kunnara en frá þarf að segja, að þó að ákveðinn vinnuþáttur sé í verðlagsgrundvelli landbúnaðarafurða er það alls ekki trygging þess, að viðkomandi bóndi nái þeim tekjum, og miklu algengara að svo sé ekki. Þess vegna þótti n. nauðsynlegt að taka enn frekara tillit til þessara aðstæðna og draga þennan hluta vinnuþáttarins í verðlagsgrundvelli frá við ákvörðun viðmiðunartekna.

Þá er einnig gert ráð fyrir því, að ekki skuli myndað tap á rekstri vegna útreiknings endurgjalds hjá elli- og örorkulífeyrisþegum. Það mun hafa komið fyrir að tekjutrygging þessara aðila hafi verið skert vegna ákvörðunar skattstjóra. Nefndin telur mjög óheppilegt, að slíkar reglur verði til þess, og vill taka af öll tvímæli um það. Einnig kemur fram í brtt. n. að við ákvörðun viðmiðunartekna skuli taka tillit til launatekna frá öðrum. Það er að sjálfsögðu algengt í öllum atvinnurekstri, að margir reyna, meðan þeir eru að koma sér fyrir, að fara í vinnu annars staðar og leggja mjög að sér til þess að byggja upp sitt lífsviðurværi. Er að sjálfsögðu nauðsynlegt að taka tillit til slíkra aðstæðna og launatekna frá öðrum aðilum og því vildi n. taka af tvímæli í lögunum um að svo verði gert.

Að síðustu gerir n. ráð fyrir því varðandi 59. gr., að við ákvörðun skattstjóra samkv. þessari grein geti aldrei myndast tap nema sem nemur almennum fyrningum samkv. 38. gr. og gjaldfærslu samkv. 53. gr. Með þessu ákvæði er tryggt að ekki sé með reiknuðu endurgjaldi lagður skattur á peningalegar tekjur sem aldrei hafa komið í hendur gjaldanda. Þetta er það atriði sem mestri gagnrýni hefur valdið og ætti með þessu ákvæði þar með að vera komið til móts við þær raddir sem alls ekki hafa getað fallist á það sjónarmið, að mönnum væru reiknaðar tekjur sem aldrei hafa og e. t. v. aldrei munu koma í þeirra hendur. Þar af leiðandi er þetta mjög mikilvægt ákvæði.

Þess má geta í sambandi við þessa grein, að flestir þeir, sem komið hafa til viðtals við n., voru andvígir því að leggja 59. gr. laganna niður í einu og öllu. Þetta kom bæði fram í viðtölum og skriflegum umsögnum, m. a. þeim skriflegu umsögnum sem fylgja nál. Hins vegar kom fram hjá öllum þessum aðilum að þeir teldu nauðsynlegt að lagfæra helstu annmarka þessarar greinar. Ég tel að með tillögugerðinni hafi n. komið til móts við þá gagnrýni sem fram hefur verið borin, en hins vegar gætt þess, að mikilvæg réttindi þeirra, er stunda sjálfstæða starfsemi, falli ekki niður.

Ég vil einnig geta þess, að mjög ákveðin mótmæli komu frá sveitarfélögunum sem sáu fram á að tekjur þeirra mundu mjög lækka, sérstaklega í ýmsum fámennum sveitahreppum þar sem tekjur eru litlar. Hefði þetta getað orðið mjög afdrifaríkt fyrir hin ýmsu litlu sveitarfélög í landinu, ekki síst hinum svokölluðu sveitahreppum.

11. brtt. er komin til vegna annarra breytinga og þarfnast því ekki skýringa.

12. brtt. gerir ráð fyrir að breyta orðalagi í upphafi 66. gr. sem fjallar um heimild til lækkunar á tekjuskattsstofni, en þar stendur: „Heimilt er skattstjóra að taka til greina umsókn manns um lækkun tekjuskattsstofns þegar svo stendur á sem hér greinir.“ Í stað þess gerir n. till. um að orðalagið skuli vera: Skattstjóri skal — þ. e. skattstjóra sé gert skylt að taka til afgreiðslu umsókn manns um lækkun tekjuskattsstofns. Ég skal út af fyrir sig ekki um það fullyrða, hvort þessi orðalagsbreyting sem slík hefur mikil áhrif. Það má vel vera. En hitt er miklu mikilvægara, að fólk almennt í landinu fái vitneskju um þessar heimildir í lögum. Það þarf að senda slíka umsókn á sérstöku eyðublaði og ég hef oft rekið mig á að það eru mjög margir sem vita ekki um þennan rétt sinn. Það verður að ætlast til þess af hálfu yfirvalda, að þau geri meira í því að koma slíkum upplýsingum á framfæri. Þetta á við um ýmsar ástæður:

1. Ef ellihrörleiki, veikindi, slys eða mannslát hafa skert gjaldþol manns verulega.

2. Ef á framfæri manns er barn sem haldið er langvinnum sjúkdómi eða er fatlað eða vangefið og veldur framfæranda verulegum útgjöldum umfram venjulegan framfærslukostnað og mótteknar bætur.

3. Ef maður hefur foreldra eða aðra vandamenn sannanlega á framfæri sínu.

4. Ef maður hefur veruleg útgjöld vegna menntunar barna sinna 16 ára og eldri.

5. Ef maður hefur orðið fyrir verulegu eignatjóni sem

hann hefur ekki fengið bætt úr hendi annars aðila. Eins og menn vita var það einmitt algengt nú fyrir nokkru að fólk hér í landinu varð fyrir mjög verulegu eignatjóni af völdum fárviðris sem það fékk ekki bætt með venjulegum tryggingabótum. Það er náttúrlega mjög mikilvægt, að þetta fólk viti af þessum heimildum í skattalögum, og fólkið fær ekki þennan frádrátt frá skatti nema það komi slíkum upplýsingum á framfæri við skattstjóra þannig að hann geti fjallað um það.

6. Ef gjaldþol manns hefur skerst verulega vegna taps á útistandandi kröfum, sem ekki stafa frá atvinnurekstri hans.

7. Ef maður lætur af störfum vegna aldurs og gjaldþol hans skerðist verulega af þeim sökum, en það kemur fyrir sérhvern mann sem kemst á eftirlaunaaldur og þarf að hætta störfum, að gjaldþol slíkra manna skerðist verulega þar sem ekki er um staðgreiðslukerfi að ræða hér í landinu. Slíkir aðilar eiga þennan rétt: að fara fram á lækkun á tekjuskattsstofni vegna slíkra atvika.

Ég rifja þetta upp hér vegna þess að ég held að það sé nauðsynlegt að nota ýmis tækifæri til að koma þessum upplýsingum á framfæri, og væri æskilegt að t. d. fjölmiðlar kæmu slíkum upplýsingum á framfæri þannig að hver maður í landinu mætti vera sér meðvitandi um þennan rétt sinn.

Í 13. brtt. er gert ráð fyrir að 3. málsl. 25. gr. falli niður, en eins og ég hef áður getið um er óþarfi að hafa sérstakt ákvæði um beitingu reiknaðs endurgjalds að því er varðar ástæðuna að ónýttum persónuafslætti. Vísa ég til þess sem ég sagði varðandi 10. brtt.

14. brtt. þarfnast ekki mikilla skýringa, en þar er gert ráð fyrir að ná því fram, að ekki séu reiknaðir dráttarvextir af skattskuldum sem ekki eru gjaldfallnar. Var talið einfaldara að ná fram með breytingu á 112. gr. því marki sem stefnt var að í 31. gr. frv.

Með 15. brtt. er gert ráð fyrir að heildarfrádráttur opinberra gjalda af launum, þar með talið útsvar, megi ekki án samþykkis gjaldanda nema meiru en 75% af heildarlaunagreiðslu hverju sinni í þeim tilvikum þegar gjaldandi hefur mestan hluta tekna sinna frá einum launagreiðanda. Það hefur verið mjög gagnrýnt að tekið væri allt að 100% af launum manna vegna innheimtuaðgerða og þess vegna væri nauðsynlegt að auka rétt manna að halda einhverju eftir. Hitt er svo annað mál, að að sjálfsögðu eru svona ákvæði mjög vandmeðfarin, því að tilvikin eru mjög misjöfn. Skattur er greiddur eftir á og sveiflur eru miklar í tekjum. Menn eru mismunandi passasamir að standa skil á sínum gjöldum og menn losna alls ekki við skatt með þessu, heldur safnast þá þeim mun meiri skuld upp þannig að það þarf alls ekki að vera hagstætt fyrir aðila að nýta sér þann rétt sem þeim er þó hér gefinn.

16. brtt. varðar gildistöku, en í 17. brtt. gerir n. till. um að þar komi sérstakt ákvæði til bráðabirgða um athugun ríkisskattstjóra á tilteknum atriðum skattalaganna. Það kemur skýrt fram í brtt. og nál. við hvað er átt og sé ég ekki ástæðu til að rekja það frekar.

Ég vil aðeins að lokum geta þess, að við höfðum gert ráð fyrir því í fjh.- og viðskn. að athuguðu máli að flytja eina brtt. til viðbótar milli 2. og 3. umr., þess eðlis, að þegar þessi lög hafi hlotið staðfestingu skuli þau gefin út í heild sinni. Við teljum mjög mikilvægt að skattalögin fyrirfinnist í heild sinni. Það er mjög óheppilegt, að að þeim þurfi að leita á mörgum stöðum eins og stundum hefur verið, og þess vegna viljum við tryggja þetta með því að setja það sérstaklega í lög.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess í framsögu minni hér að gera frekari grein fyrir málinu. Ég vil aðeins ítreka það, að n. leggur til, að þessar brtt. verði samþykktar, en aðrir nm. munu sérstaklega gera grein fyrir sínum sjónarmiðum varðandi þessar brtt. og einnig varðandi aðrar brtt. og framhaldsnál. sem þeir hafa flutt.

Frsm. 1. minni hl. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Formaður fjh.- og viðskn. hefur nú gert grein fyrir nál. á þskj. 818 sem allir nm. fjh.- og viðskn. standa að. Hann hefur jafnframt gert grein fyrir þeim brtt. sem n. flytur á þskj. 830, þ. e. allir nm., þeim sjónarmiðum, sem liggja til grundvallar þeim, og hvaða atriðum hér er verið að ná fram leiðréttingu á.

Ég vil leyfa mér í upphafi ræðu minnar að færa formanni fjh.- og viðskn., hv. 3. þm. Austurl., þakkir fyrir störf hans í fjh.- og viðskn. Og ég leyfi mér að fullyrða að allir nm. eru mér sammála þegar ég lýsi þeirri skoðun minni, að þá samstöðu sem fram kemur í því nál. sem hann hefur nú gert grein fyrir, og þá samstöðu, sem kemur fram í flutningi brtt. á þskj. 830, má kannske að miklu leyti rekja til þess, hversu vel hann hefur haldið þar á málum og hversu skynsamlegt hann hefur talið vera að viðhalda þeirri samstöðu varðandi breytingar á efnisatriðum þessarar löggjafar sem verið hefur allt til þessa.

Löggjöfin, sem nú gildir um tekju- og eignarskatt, var samþykkt hér á Alþingi 1978 og gilti um skattlagningu á tekjur og eignir manna árið 1979. Ég held að það hafi verið nokkuð sérstakt að slík löggjöf skyldi sett með svo miklum fyrirvara sem þar var, en undirbúningurinn hafði tekið mjög langan tíma og ekki að ástæðulausu því að hér var um að ræða miklar skipulagsbreytingar á þessum málum. Það var sjónarmið mitt, en ég hafði þá sem fjmrh. forustu um samningu þessarar löggjafar, að ekki kæmi til greina, að um afturvirkni yrði að ræða, heldur skýrt tekið fram að slíkar breytingar sem breytingar á skattalögum ættu ekki að vera afturvirkar. Það stríddi gegn minni réttlætisvitund og var kannske ekki óvefengjanlegt hvað snertir stjórnarskrána, auk þess sem hér var um að ræða svo veigamiklar breytingar frá því, sem verið hafði, að það var að mínum dómi með öllu óeðlilegt að menn hefðu ekki slíka löggjöf fyrir sér um nokkurn tíma og gætu gert sér fyllilega grein fyrir því, með hvaða hætti ætlað væri að fjalla um fjármál einstaklinga og félaga. Sú breyting, sem kannske skipti mestu máli, var að lögin tóku mið af þeirri miklu verðbólgu sem við höfðum búið við um nokkurt skeið, og var reynt með þessari löggjöf að sjá svo um að eignir manna mundu ekki brenna á báli verðbólgunnar lengur. Það hlaut því að verða töluvert langur tími þangað til löggjöfin væri í raun og veru búin að fá sína eldskírn, og ég lýsti því einmitt þá, að ég gerði mér fullkomlega grein fyrir því, að breytingar yrði að gera að fenginni reynslu.

Frá þeim tíma hafa verið gerðar á löggjöfinni breytingar eftir því sem reynslan hefur leitt í ljós að gera þyrfti. Um þær hefur tekist það samkomulag sem ég vék að áðan og ég gat um að formaður fjh.- og viðskn. hefur átt sinn þátt í. En ég held að það hafi sem betur fer verið sjónarmið allra nm., sem í fjh.- og viðskn. hafa setið á þeim tíma, að skynsamlegast væri að koma fram breytingum með þessum hætti og vega og meta þau sjónarmið, þá gagnrýni og þær brtt. sem fram hafa komið. Það hefur

að vísu verið þannig að frumvörpin hafa fyrst og fremst varðað efnisatriði frv., einstaka þætti og uppbyggingu þess, en síðan verið flutt sérstaklega frumvörp um ákvörðun skattstiga og skattþrepa sem vissulega hefur ekki orðið samstaða um, enda ekki við því að búast að um samstöðu þar að lútandi væri að ræða. Ég varð þess vegna fyrir nokkrum vonbrigðum þegar ég sá þetta frv. og vissi af framlagningu þess, að hér skyldi í sama frv. verið með tillögur um breytingar á efnisatriðum og tillögur sem sneru að skattstigum, sneru að skattheimtu ríkisins sem fyrir fram var vitað að ekki yrði samstaða um. Ég hefði kosið að frv. um þessi mál hefðu verið tvö og að sjálfsögðu hefðu þau verið flutt hér á þingi miklu fyrr á þessu ári en raun ber vitni.

Frv. er allt of seint fram komið og það er annað árið í röð sem slíkt gerist, og þar sem um er að ræða íþyngjandi ákvæði eru þau afturvirk þar sem verið er að ræða um skattlagningu hluta fjármálaskuldbindinga sem gerst hafa á s. l. ári. Þó eru vissar undantekningar í þessu frv., en þá er það yfirleitt, þegar um léttingu á sköttum er að ræða, að gildistaka þeirra er bundin fram í tímann þar sem framtalsfrestir eru löngu útrunnir hjá einstaklingum og því ekki hægt fyrir þá að koma fram þeim atriðum sem þar um ræðir.

Af þessu frv., þ. e. þeim greinum þess sem fjalla um tekjuöflun ríkisins, er ljóst mál að núv. ríkisstj. hyggst halda áfram að auka skattaálögur. Með samþykkt fjárlaga var ljóst hvert stefnt væri, og þetta frv. er nánast flutt til staðfestingar á því sem þá var ákveðið. Tekjuskatturinn hækkar einfaldlega vegna þess að skattþrepum er breytt og skattvísitalan er önnur en hún raunverulega ætti að vera. Þegar tekjuauki er yfir 50% á milli ára er gengið út frá skattvísitölu 145 stig. Þá er í þessu frv. talað um loforð ríkisstj. um lækkun skatta til þess að auka kaupmáttinn, en lækkunin hefur týnst í kerfinu, eins og það hefur verið orðað, og forustumenn launþegasamtaka, sem komu á fund fjh.- og viðskn., lýstu því yfir, að þeir teldu ekki ómaksins vert að reikna út kaupmáttaraukninguna miðað við þetta frv., en þeir treystu sér hins vegar ekki til þess að láta n. í té skriflegar umsagnir um þessi atriði. Þetta sýnir að sjálfsögðu að forustumönnum þessara samtaka hefur orðið á mikil skyssa þegar félagsmálapakkinn var samþykktur um áramót. Þá var ekki gengið frá því, með hvaða hætti þessi skattalækkun ætti að verða til þess að tryggja framgang þessara mála. Þannig er þetta frv. til þess, eins og ég sagði áðan, að auka enn á skattbyrðina sem var þó nóg fyrir. Á áratugnum 1971—1980 höfðu skatttekjur ríkissjóðs aukist sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu miðað við áratuginn 1961—1970. Umskiptin urðu 1971 þegar fyrri vinstri stjórn Ólafs Jóhannessonar tók við völdum og skatttekjur ríkisins jukust sem hlutfall af þjóðarframleiðslu allt fram til ársins 1977, að þá tókst að lækka þetta hlutfall niður í 25%. En því var einnig þannig varið með skattbyrðina sem hlutfall af tekjum greiðlsuárs. Hún hafði aukist verulega í upphafi áratugsins, en það hafði tekist að ná fram lækkun þannig að 1977 var skattbyrðin 10.6%. En hvort tveggja gerðist eftir stjórnarskiptin 1978, að hlutur ríkisins af þjóðarframleiðslunni jókst og skattbyrðin hjá einstaklingum jókst líka. Á s. l. ári, 1980, sýnast bráðabirgðatölur fela í sér að enn verði aukning á hlut ríkissjóðs í þjóðarframleiðslunni og að skattbyrðin muni síst minnka.

Ef vikið er að árinu 1978, þegar önnur vinstri stjórn Ólafs Jóhannessonar tók við völdum og setti ný skattalög, setti lög um afturvirka skatta, og til dagsins í dag er ljóst að skattheimtan hefur aukist verulega. Má meta dæmið svo að um sé að ræða 800 millj. kr., þ. e. 80 milljarða gkr., sem skattborgararnir í landinu greiði meira á árinu 1981 heldur en þeir hefðu gert ef skattalög þau, sem giltu 1978, hefðu fengið að vera óbreytt. Þetta þýðir 15 þús. kr. á hverja fjögurra manna fjölskyldu, þ. e. vísitölufjölskylduna, eða 1.5 millj. gkr. sem hver fjölskylda verður að greiða meira til ríkisins nú heldur en þá. Og það sýnist ekkert lát verða á þessu, áframhald á aukningu skatta, og það þýðir að sjálfsögðu minna ráðstöfunarfé hjá skattborgurunum. Og þeir, sem töluðu hæst 1978 um samningana í gildi og allt það og nú hafa tækifæri hér á Alþingi til þess að koma fram leiðréttingum, þeir standa að þessu, þeir rétta upp höndina mörgum sinnum á ári til þess að auka skattbyrðina hjá borgurunum á sama tíma og þeir standa að því að minnka kaupmátt tekna. Það er dálítið annar hugsunarháttur hjá þessum aðilum í dag heldur en var þá, og ég fæ ekki annað séð af því, sem hér gerist, en að viðkomendur séu þannig hugsandi að þeim sýnist þetta vera allt í besta lagi.

Nú er það svo að það duga ekki einu sinni til þessar auknu skatttekjur, sem lagðar eru á borgarana, og að kaupmátturinn minnkar. Ríkið þarf meira til sín en þetta og það kemur fram í aukinni erlendri lántöku. Erlendar skuldir ríkisins á árinu 1981 verða hærra hlutfall af þjóðarframleiðslunni en nokkurn tíma áður. Jafnvel dugar ekki lengur að miða við árið 1975, sem var slæmt, til þess að finna eitthvert ár sem gæti verið verra. Jafnvel árið 1975, þegar þjóðarframleiðslan minnkaði verulega, það ár dugar ekki til þess að samanburðurinn við árið 1981 geti staðist. Hvað er hér verið að gera? Skyldu menn ekki þurfa að borga skuldirnar? Jú, hér er einfaldlega verið að leggja á skatta fram í tímann. Það er einfaldlega verið að þyngja skattbyrðina fram í tímann. Það er ekki aðeins skattbyrði dagsins í dag, þegar kaupmátturinn rýrnar, sem þessir ágætu menn eru hér að samþykkja, heldur eru þeir um leið að samþykkja aukna skattbyrði í nánustu framtíð. Þannig stendur málið einfaldlega með auknum erlendum lántökum meira en nokkru sinni fyrr, sem verður að sjálfsögðu að borga, hærra hlutfalli af þjóðarframleiðslu en jafnvel 1975, og þá er nú viðmiðunin orðin nokkur með tilliti til þess, að minnkun þjóðarframleiðslu varð á því ári eins og menn muna.

Þetta er megininntakið í þessu frv. hvað snertir skatttheimtuna, skatttekjurnar til ríkissjóðs, og eins og ég sagði áðan: þeir sem ræddu mjög um að kosningar væru kjarabætur, kosningabaráttan væri kjarabætur, samningana í gildi, þeir standa nú fyrir því hér á Alþingi að gera þetta svona. (**Gripið fram í:** Er ekki verið að ræða um skattalög?) Það er verið að ræða um skattalög og það er verið að ræða m. a. um ákveðna grein í skattalögunum. Ef hv. þm. hefur ekki áttað sig á því, hvað 25. gr. frv. felur í sér, þarf hann nú að gera sér betur grein fyrir því áður en til atkvgr. kemur. 24. og 25. gr. frv. fjalla um skattaálögur, sem eru auðvitað hluti af skattalögum. Ég vék einmitt að því áðan, að það hefði verið skynsamlegra að hafa þetta eins og verið hefur undanfarin tvö ár, að við fjölluðum sérstaklega um breytingar á efnisatriðum laganna, í sérstöku frv., og síðan um skattheimtuna og breytingar á skattalögunum, ef ástæða hefði þótt til, í sérstöku frv. En vegna þess að hér er um að ræða frv.,

sem fjallar um þessi efni hvor tveggja, hlýtur málið að verða rifjað upp, hvort sem mönnum fellur það betur eða verr. Ég get vel skilið hv. þm. Ég hins vegar met það við hann að hann er viðstaddur nú, en ekki einhvers staðar utan bæjar eins og áður hefur kannske komið fyrir. En nóg um það.

Þetta frv., sem við fjöllum um, er tvíþætt og þeim hluta þess, sem fjallar um skatttekjur ríkissjóðs, hef ég gert nokkur skil, m. a. með tilliti til þeirrar þróunar sem átt hefur sér stað á undanförnum árum. Hins vegar er hér um að ræða enn eitt sjónarspil ríkisstj. því að með efnahagslöggjöfinni frá því um áramót var lýst yfir að skattar skyldu lækkaðir til þess að auka kaupmátt sem svaraði 1.5%. Það er vissulega til þess að taka eftir því þegar forustumenn launþegasamtakanna mæta á fundi í fjh.- og viðskn. og vikið er að því, hvernig þetta standist, að þá svara þeir og segja að það sé ekki ómaksins vert að vera að reikna þetta frv. út með tilliti til þess. (**Gripið fram í:** Hver sagði þetta?) Forustumenn Alþýðusambands Íslands og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja þegar þeir mættu á fundi í fjh.- og viðskn. Nd. (Gripið fram í.) Við gerum í nál. grein fyrir því, að forustumenn þessara samtaka komu þar á fund og höfðu þetta orðalag, en þegar þeir voru spurðir hvort þeir væru ekki reiðubúnir til þess að koma með skriflega umsögn, þá töldu þeir það nánast óþarfa því að hér væri ekki um neitt að ræða sem þeir teldu rétt að setja á pappír. Það er ljóst, eins og ég sagði áðan, að skattbyrðin verður hin sama, ef þá ekki verður þar um aukningu að ræða. Við fengum frá Þjóðhagsstofnun álit hennar á því, hverjir spádómar væru þar um þetta, og birtum það sem fskj. með okkar nál. Þar gerir Þjóðhagsstofnun ráð fyrir að álagðir skattar sem hlutfall af tekjum greiðsluárs 1981, miðað við markmið ríkisstj. í verðbólgumálum að sjálfsögðu, verði 13.5%. 1979 var talan 13.3%, spádómarnir 1980 voru 13.7%, þannig að ekki verður séð á þessu að eitthvað hafi verið komið til móts við aðila í þessum efnum.

Hinn þáttur þessa frv., þ. e. varðandi efnisatriðin, er að mínum dómi nokkuð sérstæður og í grg. frv. kemur fram sjónarmið sem ég hafði ekki átt von á að kæmi frá rn. þegar um væri að ræða eitthvað sem aflaga hefði farið í sambandi við framkvæmd löggjafar. Ásamt því að koma fram ýmsum lagfæringum og breytingum sem reynslan hefur leitt í ljós að þarf að gera á þessari löggjöf og þm. gerðu sér sumpart grein fyrir áður eru lagðar til í frv. veigamiklar breytingar, efnisbreytingar, sem eru fram komnar vegna þess að menn gefast upp við að framkvæma löggjöfina. Út frá því sjónarmiði, að fella skuli niður ákveðnar greinar, er farið að breyta öðrum, farið að gera breytingar á þýðingarmiklum greinum fyrir atvinnulífið aðeins til þess að þjóna því, hvernig ríkiskassinn komi til með að líta út.

Í 17. gr. frv. er gert ráð fyrir að takmarka mjög fyrningar þær, sem lögin gera ráð fyrir, og áformað í þeirri grein að skerða fyrningar ef hreinar tekjur af rekstri viðkomandi fyrirtækis ná ekki 5% af heildartekjum. Þá er talin ástæða til þess að þrengja að atvinnurekstrinum sem vissulega á í vök að verjast. Þessar tillögur vinna að mínum dómi gegn endurnýjun framleiðslutækja og draga úr mögulegum afköstum.

Þá er í frv. lagt til að felld verði út 59. gr. frv. þar sem gert var ráð fyrir að einstaklingum í atvinnurekstri væru reiknuð laun undir ákveðnum kringumstæðum. Ástæðan fyrir því, að lagt er til að fella 59. gr. út, er að yfirstjórn skattamála hefur gefist upp við að ná fram skynsamlegri og tilætlaðri framkvæmd á þessari grein. Ég hefði talið að af hálfu þeirra, sem með þessi mál fara, hefði átt að athuga þessa grein afar vel og áður en slík till. væri gerð hefði átt að athuga gaumgæfilega, í hverju mistökin væru fólgin, og miklu frekar semja að því máli athuguðu nýja grein og reyna að halda því fyrirkomulagi sem lögin gera ráð fyrir, eins og ætlað var að þau yrðu framkvæmd.

Í nál. á þskj. 818 er gerð grein fyrir þeim breytingum sem n. flytur, og þær ganga einmitt þvert á frv. Lagt er til að fella niður 17. gr. þess og unnin hefur verið ný hugmynd að 59. gr. og lagt til að þannig verði hún í lögum. Ég verð að segja að það var mjög athyglisvert, þegar nm. unnu að þessu frv., hvernig menn voru reiðubúnir til þess að leggja sig fram um að ná samstöðu, einfaldlega vegna þess að það var ekki lítil gagnrýni sem hafði komið fram á framkvæmd þessarar greinar sér í lagi. Um leið og ég er að gagnrýna þessi atriði frv. vil ég segja, að það er góðs viti að slík samstaða hefur náðst og að fulltrúar allra flokka hafa getað tekið höndum saman um að koma fram leiðréttingu og að fjmrh. hæstv., sem flytur frv., lítur ekki svo á að þar megi ekki gera á breytingar ef menn telja það skynsamlegra og betra. Ég endurtek: ég tel að með slíkum vinnubrögðum getum við búið betur um þá löggjöf sem svo þýðingarmikil er sem löggjöfin um tekju- og eignarskatt.

Á þskj. 840 höfum við fulltrúar Sjálfstfl. leyft okkur að flytja brtt. við frv. Sumar þeirra hafa áður sést á þskj. Um þær náðist ekki samkomulag að þessu sinni í fjh.- og viðskn. En ég vil alls ekki líta svo á að þótt ekki hafi náðst samkomulag geti ekki einhverjir þeirra, sem eru þar fulltrúar ríkisstjórnarflokkanna, verið hugmyndunum samþykkir enda þótt þeir telji á þessu stigi ekki möguleika á að þær nái fram að ganga. Ég lít ekki heldur svo á að þó að flm. tillagnanna séu við sjálfstæðismenn í fjh.- og viðskn., þá séu þessar till þess eðlis að t. d. fulltrúi Alþfl. í fjh.- og viðskn. geti ekki á þær fallist enda þótt hann sé ekki í þetta skiptið flm. að þeim, umfram það sem fram kemur á þskj. þar sem hann flytur sérstakar tillögur við frv.

Það er ljóst mál og hefur lengi verið í stefnu sjálfstæðismanna, að sköttum verði að stilla þannig í hóf að það lami ekki athafnaþrá manna, og við höfum haft það sjónarmið, að heildarskattprósentan fari ekki upp fyrir 50%. Við höfum líka verið þeirrar skoðunar, að tekjuskatt bæri að afnema í áföngum á almennum launatekjum og á meðan því sé ekki lokið verði tekjuskattur lækkaður verulega á þeim lægst launuðu og aukið svigrúm til þess að nýta persónufrádrátt til greiðslu opinberra gjalda. Það er að vísu gert ráð fyrir því nú í frv., að ónýttan persónuafslátt sé hægt að nýta til greiðslu útvars. Hér er því gengið til móts við það sjónarmið, en alls ekki alfarið. Við erum enn fremur þeirrar skoðunar, að eignarskattar verði aldrei með þeim hætti að þeir hreki fólk úr eigin húsnæði, og svo að sjálfsögðu, að skattar á fyrirtækjum séu með þeim hætti að þeir hamli ekki gegn æskilegri uppbyggingu og framþróun atvinnulífsins. Í samræmi við þessi meginsjónarmið okkar sjálfstæðismanna eru brtt. á þskj. 840 fluttar, og skal ég gera stuttlega grein fyrir þeim.

1. brtt. gerir ráð fyrir að arður af hlutafé sé skattfrjáls eins og um sparifé væri að ræða, og auk þess er í till. gert ráð fyrir að hlutafé verði eignarskattsfrjálst líka. Hér er um að ræða að gera hlutafé jafnt sparifé. Ég vek athygli á

því, að að undanförnu hefur sparifé í vaxandi mæli verið verðtryggt og það þýðir að sjálfsögðu að hlutafé á í erfiðri samkeppni við sparifé eða nánast það að hægt er að ávaxta sparifé með þeim hætti sem nú er.

Þá er í 2. brtt. gert ráð fyrir að gjöld af skuldum við Lánasjóð ísl. námsmanna, þ. e. vextir og verðbætur, verði frádráttarbær eins og um væri að ræða lán sem hefur verið notað til öflunar íbúðarhúsnæðis eða til endurbóta á því. Við teljum að þegar námsmaður hefur lán frá Lánasjóði sé um að ræða nokkurs konar fjárfestingu og því eigi að fara með fjármagnsgreiðslur eða fjármagnskostnað af þeirri lántöku með svipuðum hætti.

Í 3. brtt. er gert ráð fyrir að sú flýtifyrning, sem í lögum er og þar er áætluð 50%, verði það áfram í stað þess að frv. gerir ráð fyrir að þessu sé breytt í 40%. Að vísu er í frv. bætt við flýtifyrningu undir vissum kringumstæðum, og þar sem gert er ráð fyrir 4% möguleika í frv. er í brtt. n. lagt til að hækka þá prósentu í 6%. Ég met það svo að hér sé verið að aðstoða undir þeim kringumstæðum þar sem um mikla tekjufærslu sé að ræða á móti gjaldfærslu og því eðlilegt að koma þar til móts við þá aðila, því að vissulega er ekkert að gerast annað en að menn eru að fyrna fyrr en þeir gætu, sem þýðir að sjálfsögðu að það verður ekki aftur tekið.

Í 4. brtt. er að finna þá skattstiga sem við leggjum til, og þeir byggjast á þeim skattalögum og þeim skattstigum og skattþepum sem voru 1977 þegar ríkisstj. sat í þessu landi undir forustu Sjálfstfl. Við teljum að þar sé um að ræða þá skattlagningu sem við séum reiðubúnir að standa að.

Í 5. brtt. er gert ráð fyrir að ónotaðan persónuafslátt sé ekki aðeins hægt að nota til greiðslu á útsvari, heldur líka á öðrum opinberum gjöldum sem viðkomanda er ætlað að greiða.

Þá er 6. brtt. Þar er gert ráð fyrir að tekjuskattur lögaðila verði 53%. Það er sama skatthlutfall og var 1977. Í sömu brtt., þ. e. við 28. gr., er bætt við heimild til þess að draga hlutabréf frá eignum áður en eignarskattur er lagður á.

Þá er 7. brtt. Þar er gert ráð fyrir að eignarskattur manna, sem skattskyldir eru samkv. 1. gr., svo og þeirra íslensku ríkisborgara, sem búsettir eru erlendis um stundarsakir og skattskyldir eru samkv. 3. gr., reiknist eins og þar segir. Í þessu er efnisbreyting sem gengur út á að íslenskur ríkisborgari, sem um stundarsakir dvelst erlendis enda þótt hann hafi flutt heimilisfang sitt, missi ekki af þeim skattfrelsismörkum, sem í þessum lögum eru, og verði því ekki skattskyldur með öðrum hætti en aðrir íslenskir ríkisborgarar. Og skattleysismörkin hér eru þau sem lögin frá 1978 gerðu ráð fyrir, en þau eru uppfærð miðað við fasteignamat, sem er hið eðlilega, og skattprósentan sú hin sama, 0.8%.

Þá er gert ráð fyrir því í 8. brtt., að þessar fjárhæðir breytist ekki samkv. skattvísitölu, heldur samkv. verðbreytingarstuðli, sbr. 26. gr., einfaldlega vegna þess að samband á milli skattvísitölu og breytts fasteignamats er að sjálfsögðu ekkert. Þó að oft og tíðum sé hér um að ræða svipaðar breytingar sýnist eðlilegt að fasteignaskatturinn, þ. e. sú upphæð sem er skattfrjáls, sé byggð á verðbreytingarstuðlinum sem er annars vegar framfærsluvísitala og hins vegar byggingarvísitala.

Þá er 9. brtt., þess efnis, að við útreikninga á verðbreytingarfærslu samkv. 53. gr. skal innborgun á hlutafé eða öðru eigin fé á tekjuárinu dregin frá heildarfjárhæð skulda í lok næstliðins árs. Hér er um að ræða ákvæði til bráðabirgða um innborgun eigin fjár á árunum 1980—1982. Hér er verið að gera fyrirtækjum kleift að taka við eigin fé og fara með skattgreiðslur af því með sérstökum hætti á þessum þremur árum til þess að hvetja þá, sem þurfa á auknu fjármagni að halda, að afla sér sem mest af eigin fé.

Ég hef, herra forseti, gert grein fyrir þeim brtt. sem við fulltrúar Sjálfstfl. í fjh.- og viðskn. flytjum. Okkur er ljóst að þessar brtt. þýða tekjutap fyrir ríkissjóð. Við erum líka þeirrar skoðunar, að það sé ástæða til þess að draga úr ríkisútgjöldum og þannig eigi að ganga frá hnútunum að ríkissjóður verði ekki fyrir skaða. Við erum reiðubúnir til þess að taka þátt í þeirri athugun ef þær tillögur, sem hér hafa verið fluttar og ég hef mælt fyrir, yrðu samþykktar.

Ég sé svo ekki ástæðu, herra forseti, til þess að fara fleiri orðum um sjónarmið sjálfstæðismanna í fjh.- og viðskn., vísa til framhaldsnál. á þskj. 832 og til þeirra skýringa sem ég hef hér gefið á brtt. sem fluttar eru á þskj. 840.

Frsm. 2. minni hl. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Það er út af fyrir sig ekkert óeðlilegt þó að menn, þegar rætt er um skattamál, freistist til að fara nokkrum orðum um efnahagsmál almennt, svo mikilvæg eru skattamálin í lífi alls almennings á Íslandi og svo mikil áhrif hafa aðgerðir stjórnvalda í skattamálum á afkomu hvers einasta manns í þessu landi. Ég ætla þó, vegna þess hve langt er liðið á starfstíma Alþingis, ekki að fara mörgum orðum um efnahagsmálin almennt, annað en leyfa mér að benda á að sá flokkur, sem fer nú með skattamál og ríkisfjármál í þessari hæstv. ríkisstj., hefur valið sér það hlutverk í íslenskri pólitík að standa þversum fyrir öllum hugmyndum um að reyna eitthvað nýtt eða breyta til í því skyni að reyna að rífa efnahagslíf landsins upp úr þeim farvegi óðaverðbólgu sem það hefur fallið í á hinum svonefnda áratug Framsfl.

Það má segja að það megi ekki orða neina nýja hugsun eða koma með till. um neina nýja framkvæmd í návist Alþb. Pólitískt hlutverk þessa flokks, sem einu sinni kallaði sig frumkvöðul byltingar á Íslandi, er nú að vera á móti öllum hugmyndum um allar nýjungar og allar tilraunir til þess að gera eitthvað nýtt. Þessi flokkur er á móti öllum hugmyndum sem fram hafa komið, og till. um að reyna nýjungar í skattamálum. Þessi flokkur setur sig á móti öllum tilraunum til þess að reyna að skjóta frekari stoðum undir íslenskt atvinnu- og efnahagslíf með því að nýta þá náttúruauðlind sem Íslendingar eru nú þjóða ríkastir af þar sem er okkar orka. Jafnvel þó að menn horfi upp á það að íslenskir launþegar hafi í lífsgæðakapphlaupinu verið að dragast aftur úr launþegum í nágrannalöndunum, þó að almenn lífsgæði séu hér mun lakari fyrir jafnlangan vinnudag en sambærilegir aðilar lifa við hér í nágrannalöndunum, þá stendur Alþb. þvert gegn því, að reynt sé að nota þau tækifæri sem Ísland á til þess að vinna launafólk út úr þessum vanda. Afstaða Alþb. í hæstv. ríkisstj. er sú að setja sig þvert gegn öllum skiln. um allar nýjungar, sama á hvaða sviðum það er. Alþb. er orðið afturhaldssamasti flokkur á Íslandi. Það má aldrei í návist Alþb. orða nokkra nýja hugsun. Þá er svarið ávallt: nei, nei, nei. Völd Alþb. í þessari ríkisstj. koma nú árum saman í veg fyrir að hægt sé að leita nokkurra nýrra leiða til þess að lyfta íslensku launafólki

upp á þann stall sem íslenskt launafólk stóð þó á fyrir röskum áratug þegar Ísland var þriðja ríkið talið ofan frá í þjóðarframleiðslu á hvern íbúa og íslenskur almenningur, miðað við almenning í nágrannalöndunum, hélt sannarlega sínu í almennum lífsgæðum.

Það er orðið nokkuð lærdómsríkt fyrir allan almenning að rifja upp þau ummæli sem ég á enn þá á segulbandi og mun geyma lengi, þegar fulltrúi Alþb., einn af mörgum í stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, sagði að það skipti ekki miklu máli, hvað fólkið í þeim samtökum og almenningur á Íslandi byggi við í launakjörum miðað við það mikla misrétti sem Frakkinn Patrick Gervasoni væri beittur af íslenskum stjórnvöldum. Þetta er eitt dæmi af mörgum um það, hvaða atriði eru nú farin að ráða mestu hjá þessum flokki sem einu sinni kenndi sig við þjóðfélagsbyltingu á Íslandi og kennir og enn þá við *verkalýð og verkalýðshreyfingu.* (*Gripið fram í.*) Já, það virðist nú vera, hv. þm., að það sé talsverður áhugi á því hjá núv. forráðamönnum Alþb. að krækja sér í einhvern alþjóðlegan samnefnara. Fyrir þremur árum man ég eftir því, að þáverandi forustulið Alþb., m. a. núverandi formaður þess flokks, skrifaði margar greinar um það í Þjóðviljann, að Alþb. væri sá flokkur í Evrópu sem fundið hefði upp á svonefndan Evrópu-kommúnisma. Það var vegna þess að þá héldu þeir, að franskir og ítalskir kommúnistar væru í miklum uppgangi, og höfðu mikinn áhuga á að fá að hengja sig aftan í þann vagn. Nú er ekki lengur því að heilsa. Nú er ástandið á Alþb.-heimilinu þannig að formanni flokksins finnst mikil ástæða til þess að senda formanni franska jafnaðarmannaflokksins sérstaka bróðurkveðju frá sér vegna þess að nú er sá flokkur í uppgangi á sama tíma og Evrópu-kommúnistarnir í flokki franskra kommúnista eru á undanhaldi.

Þannig er verið að reyna að leita að einhverjum samnefnara fyrir þennan flokk. Í dag er það þessi, á morgun er það hinn, eftir því hvernig allt velkist og veltist í evrópskri pólitík.

Það er því ekki Alþfl. einn sem hefur áhuga á pólitískum samnefnara við aðra flokka. Við höfum haldið þeim samböndum við evrópska jafnaðarmenn sem við höfum haft frá stofnun Alþfl. Það mætti kannske segja svolítið annað um forráðamenn Alþb. sem skipst hafa á um að vera gistivinir Moskvu-valdsins í Rússlandi. Pekingsvaldsins í Kína, gist Kúbu og þykjast nú helst sjá sig í fylgd með hinum nýkjörna forseta Frakklands sem er aðili að Alþjóðasambandi jafnaðarmanna eins og við Alþfl.-menn, þangað sem Alþb.-mönnum hefur aldrei verið boðið inn fyrir dyr og mun aldrei verða. En þetta er nú útúrdúr.

Ég vil aðeins taka það fram í þessu sambandi, að auðvitað er með þessi mál, skattamálin, eins og allt annað, að þar setur þessi flokkur sig upp á móti öllum hugmyndum um að reyna eitthvað nýtt til þess að koma til móts við launafólkið í þessu landi og lyfta lífskjörum þess eitthvað upp á við. Ég vil aðeins minna menn á það, að Alþb. er nú búið að sitja í ríkisstj. samfellt síðan eftir *kosningarnar 1978, og ég leyfi mér að spyrja, herra* forseti: Hvað hefur Alþb. gert í þessum ríkisstjórnum, sem það hefur átt sæti í, sem hægt er að segja að sé öðruvísi en gömlu íhaldsúrræðin? Hvar eru nú spor Alþb. í íslensku þjóðfélagi eftir bráðum þriggja ára valdasetu? Hvar eru nú nýju hugmyndirnar? Hvar eru hin stórkostlegu framfaraspor sem þessi byltingasinnaði, nýjungagjarni flokkur að eigin sögn hefur skilið eftir sig? Er að finna stað fyrir því t. d. í frv. hæstv. fjmrh. þar sem meginstefnumarkandi atriðið var að afnema gjöld af atvinnurekendum í eigin atvinnurekstri? Var það kannske hið stefnumarkandi framlag Alþb. til þessara mála? Hvar sér þess merki, herra forseti, að þessi flokkur verkalýðshreyfingar, þjóðfrelsis og ég veit ekki hvað og hvað hafi setið í ríkisstj. í þrjú ár? Hvergi. Hvergi nokkurs staðar nema í einu — og hvað er það? Jú, þessi flokkur hefur beitt áhrifum sínum í ríkisstj., neitunarvaldinu sem hv. formaður flokksins hefur, til þess að stöðva í ríkisstj. allar hugmyndir manna, sem þar eru frá öðrum flokkum, um einhverjar nýjungar, t. d. í íslensku atvinnulífi. Það eru einu sporin sem eftir þennan flokk standa. Hann hefur beitt áhrifum sínum í ríkisstj. til þess að koma í veg fyrir framgang hugmynda manna þar t. d. um nýtingu hinnar miklu íslensku orku til þess að undirbyggja *okkar atvinnulíf með frekari atvinnustarfsemi.* Þetta eru einu sporin sem þessi flokkur hefur skilið eftir sig á þessum tíma sem hann hefur setið í ríkisstj. Allt, sem flokkurinn hefur látið frá sér fara hefur verið það sem einu sinni var kallað „gömlu íhaldsúrræðin": Vísitölufalsanir með þriggja til sex mánaða millibili, kauplækkun um 7%, skattahækkanir o. fl., o. fl., o. fl. Það mætti halda að ráðherrar Alþb. hefðu í skúffunum í rn. sínum fundið hernaðaráætlanir Geirs Hallgrímssonar sem skildar voru eftir þegar íslenskir kjósendur felldu ríkisstj. íhaldsins og Framsfl. vorið 1978, og hefði gert *þessar hernaðaráætlanir að sínum, vegna þess að ég er* sannfærður um að hver einasti alþýðumaður, sem kaus þennan flokk, sér engan mun í raun og veru, hvort sem hann vill viðurkenna það opinberlega eða ekki, á því, sem þessi ríkisstj. er að gera og hefur verið að gera, og ríkisstj. var að gera sem við Alþb.-menn og Alþfl.-menn felldum saman í kosningum vorið 1978. Og það virðist vera alveg sama hvað á gengur í þjóðfélaginu. Það virðist vera alveg sama hvaða aðgerðir eru orðaðar við Alþb., hvort það er kauplækkun með lögum eða annað, hvort það er brot á samningum, sem ráðherrar Alþb. skrifa sjálfir undir eigin hendi, með einhliða valdbeitingu nokkrum vikum eftir að undir þá samninga er ritað. Það er alveg sama hvað við þessa menn er orðað, ávallt skulu þeir meta meira áframhaldandi setu sína í stjórnarstólum heldur en hagsmuni þeirra sem þeir þóttust vera að vernda í síðustu kosningum.

Herra forseti. Að lokum vil ég í þessu sambandi aðeins benda á eina mjög athyglisverða staðreynd: Alþb. hefur nú setið í nokkrum ríkisstj. á Íslandi. En það hefur aldrei í öll þau skipti komið fyrir, að Alþb.-menn hafi risið á fætur þegar átt hefur að láta þá samþykkja hluti, sem hafa gengið gegn hagsmunum umbjóðenda þeirra, og sagt: Nei, við metum trúnaðinn við kjósendur okkar meira en áframhaldandi valdasetu. — Það hefur aldrei gerst, að Alþb. hafi farið úr ríkisstj. á Íslandi vegna þess að það hafi ekki fengist til þess að samþykkja kjararán og aðrar aðgerðir sem gegn hagsmunum umbjóðenda þess hafi gengið. Og það sem meira er: Alþb. hefur aldrei haft við orð að ganga úr ríkisstj. af þeim sökum. Flokkurinn hefur ávallt metið meira áframhaldandi valdasetu sína heldur en að varðveita trúnað við kjósendur sína. Og svo langt er þetta gengið að formaður þingflokks Alþb. hefur það nú við orð við herstöðvarandstæðinga, sem eru meðal helstu fylgismanna hans í mörg ár, að það sem í gangi sé af hálfu hins vestræna kapítalisma í sambandi við hugsanlegar framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli, sé

samsæri gegn Alþb., það séu hugmyndir um framkvæmdir sem séu eingöngu til þess ætlaðar að hrekja Alþb. úr ríkisstj. á Íslandi og þessu eigi Alþb. auðvitað að bregðast við af hinni mestu hörku og láta ekki þetta samsæri hins vesturheimska kapítalisma ná fram að ganga. Hvernig á Alþb. að bregðast við? Jú, með því að samþykkja þetta allt saman og láta hinn vesturheimska kapítalisma ekki ná þeim árangri að hrekja Alþb. úr ríkisstj. vegna slíkra framkvæmda á flugvellinum.

Svona afsakanir, sem engum manni gæti dottið í hug nema Alþb.-manni eru hafðar uppi gagnvart kjósendum og flokksfólki Alþb. þegar ráðherrar og þm. Alþb. eiga um það að velja annars vegar að varðveita trúnað við kjósendur sína, flokksstefnu og yfirlýsingar og hins vegar að varðveita trúnaðinn við eigin metnað. Og hvernig, herra forseti, halda menn að ýmsum ágætum óbreyttum þm. Alþb. sé farið að líða, mönnum sem eiga að sækja fylgi sitt t. d. á almenna vinnustaði hér í Reykjavík, hafa verið þar tíðir gestir og hafa í gegnum árin barist á þessum vinnustöðum fyrir því sem hefur verið sannfæring þeirra og þeir hafa haldið að væri stefna flokks þeirra? Hvernig halda menn að þessum mönnum sé farið að líða nú, mönnum eins og t. d. hv. þm. Guðmundi J. Guðmundssyni? Halda menn að hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson finni ekki fyrir því, hvers konar andi er orðinn á vinnustöðunum gegn hinum svokölluðu verkalýðsforingjum Alþb.? Haldið þið að hv. þm. Guðmundi J. Guðmundssyni sé t. d. ekki kunnugt um skoðun hins gamla foringja Alþb., Lúðvíks Jósepssonar, á veru Alþb. í þessari ríkisstj. og framferði Alþb. þar?

Ég ætla ekki, herra forseti, að leggja hv. þm. Guðmundi J. Guðmundssyni nein orð í munn í þessu sambandi. En menn, sem eitthvað þekkja til hans, þurfa ekkert að velkjast í vafa um hans hugleiðingar í þessu sambandi. Og ætli það séu ekki fleiri menn sem hafa sömu áhyggjur og hv. þm., — menn sem sóttir hafa verið t. d. á haf út og sóttir sérstaklega í bátabylgjuna til þess að lesa yfir alls konar skammir, vammir og svívirðingar af þessum nýju forustumönnum Alþb. sem ráða nú öllum ríkjum af hálfu flokksins, m. a. hér í þinginu? Ætli niðurstaða þeirra innra með sér sé nú ekki ósköp svipuð og niðurstaða hv. þm. Guðmundar J. Guðmundssonar þó að þeir hafi ekki enn þá haft orð um það.

Þess vegna segi ég þetta, herra forseti, að mér er kunnugt um að ýmsir þm. Alþb. eru sömu skoðunar og við Alþfl.-menn, að í verðbólguástandi eins og verið hefur í okkar landi, þar sem er næsta algengt að verðhækkarir séu um 40—60% frá upphafi til loka árs, sé tómt mál að tala um að það sé hægt að varðveita peningalaunahækkanir, sem menn fá eftir erfiða samninga, lengur en e. t. v. í nokkrar vikur. Þetta vitum við allir, þ. á m. ýmsir þm. Alþb., hvort sem menn vilja viðurkenna það eða ekki. Þó svo menn fái 10, 15 eða 20% hækkun á peningalaunum sínum eftir erfiða samninga sem kannske standa mánuðum saman, þá ganga menn raunverulega út frá því sem gefnu, og það er blindur maður sem er ekki farinn að sjá það, að slíkar peningalaunahækkanir eru innihaldslausar, færa enga raunverulega kjarabót því að verðbólgan verður búin að taka þessar hækkanir aftur allar saman og jafnvel meira til á nokkrum vikum.

Það er langt síðan Alþfl.-menn, bæði á Alþingi og í verkalýðshreyfingu gerðu sér þetta ljóst. T. d. um kjarasamninga, sem gerðir voru síðasta haust, höfðum við þá skoðun og þeirri skoðun var fylgt mjög eftir af forustumönnum Alþfl. í verkalýðshreyfingunni, að það væri miklu nær og miklu líklegra til árangurs varðandi kjarabætur fyrir allan almenning í landinu að fá fram verulegar umbætur á skattamálum og verulegar skattalækkanir fyrir almennt launafólk frekar en innihaldslitlar peningalaunahækkanir, sem ríkisvaldið tæki síðan aftur með einhliða aðgerðum nokkrum vikum síðar.

Ýmsir af forustumönnum Alþb. í verkalýðshreyfingunni, þ. á m. hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson, hafa lengi verið sammála þessu. En þeir eru í minni hl. í sínum flokki og meðal forustumanna verkalýðshreyfingarinnar þannig að peningalaunastefnan, hin innihaldslausa stefna peningalaunahækkana sem jafnóðum brenna upp á verðbólgubálinu, varð ofan á í þessari samningagerð. Og hver varð niðurstaðan? Niðurstaðan varð sú, að með brbl. sínum frá því á gamlársdag tók ríkisstj. allar þessar kjarabætur aftur, felldi nánast samningana úr gildi með einu pennastriki og þær peningalaunahækkanir, sem samið var um í kjarasamningum s. l. haust, eru nú að engu orðnar og öll sú barátta hefur verið unnin fyrir gýg. Skyldi nú ekki hafa verið betra að fallast á tillögur okkar Alþfl.-manna þá, að verkalýðshreyfingin í þessu sambandi legði meiri áherslu á raunhæfar kjarabætur, t. d. í formi stórlækkaðra skatta, heldur en inni haldslausar peningalaunahækkanir? Ætli reynslan sé ekki enn búin að sannfæra okkur um það? En það er í þessum málum eins og öðrum, þó svo menn reyni að leggja fram nýjar hugmyndir á þessu sviði, á skattamálasviðinu, þá er það enn og aftur Alþb. sem er dragbíturinn á slíkt. Það er flokkurinn sem stendur gegn öllum breytingum í þá átt, og skiptir þá engu máli þó að vel metnir verkalýðsleiðtogar þar í flokki, eins og hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson og fleiri, séu okkur Alþfl.-mönnum innilega sammála um að raunhæfustu aðferðirnar til þess að tryggja varanlegan kaupmátt launafólks séu á skattasviðinu. Afturhaldshyggjan er svo rík í Alþb. að jafnvel á þessa vel metnu flokksmenn þess flokks er ekki einu sinni hlustað.

Herra forseti. Lögin nr. 40 frá 1978, sem hafa nú verið til framkvæmda við álagningu tekju- og eignarskatts í heilt ár, eru á margan hátt mjög merkileg lagasetning. Hér er um mörg nýmæli í lögum að ræða og tilraun sem ég veit ekki til að gerð hafi verið annars staðar, a. m. k. í nálægum löndum, til að samræma skattaálagningu tekjuskatts og eignarskatts þeirri óðaverðbólgu sem landlæg er á Íslandi þannig að menn geti ekki notað þessa óðaverðbólgu til þess að auka enn frekar mismun skattlagningar á milli einstaklinga heldur en þó skattalögin áður höfðu heimilað. Það er búið að gera margar tilraunir til þess að lappa upp á gildandi tekju- og eignarskattskerfi. Það er nokkuð síðan við Alþfl.-menn komumst að þeirri niðurstöðu, að þessar tilraunir til að lappa upp á þetta kerfi, sem er bæði dýrt og flókið, mundu aldrei svara kostnaði, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir mundi aldrei takast að stoppa svo upp í götin á tekjuskattskerfinu að það byði ekki ávallt upp á bæði löglega og ólöglega mismunun í skattamálum sem gerði skattalegt misrétti milli þegna þjóðfélagsins sífellt meira. Niðurstaða okkar fyrir einum tólf árum, Alþfl., var sú, að þessar uppálappingar væru tilgangslausar og reynslan hefði sannað að tekjuskattskerfið væri ekki lengur það tæki til tekjujöfnunar, sem því var ætlað að vera, og skipti ríkissjóð tekjulega séð í raun og veru litlu máli svo það væri rétt að hverfa frá tilraunum til sífelldra uppálappinga upp á

þetta gallaða kerfi, en taka heldur upp þá stefnu að fella niður tekjuskatt af almennum launatekjum, en leggja þeim mun meiri áherslu á skattlagningu eyðslunnar sem tekjuöflunartæki fyrir ríkissjóð.

Ef svo ólíklega vill til, sem ekki eru nú mörg dæmi um, að menn, sem hafa verulegar tekjur, verji þeim ekki í eyðslu, þá er það vissulega dyggð sem þjóðfélaginu ber að verðlauna. En það er skoðun okkar Alþfl.-manna og sannfæring mín, að með því að leggja áherslu á eyðslu einstaklingsins sem skattstofn fremur en tekjur hans sé hægt að ná mun réttlátara skattálagningarkerfi heldur en með þeim aðferðum sem menn hafa reynt og reyna enn *með skattlagningu á framtöldum tekjum manna*, þar sem vitað er að menn hafa ýmis úrræði, bæði lögleg og ólögleg, til þess að komast hjá slíkri skattlagningu.

Út af fyrir sig, herra forseti, eru þetta engin nýmæli okkar íslenskra Alþfl.-manna sem ég í þessu sambandi er að ræða um. Fyrir allmörgum árum kom þáv. formaður norska jafnaðarmannaflokksins, Trygve Bratteli, hingað til Íslands og flutti erindi um skattamál á vegum Alþýðuflokksfélags Reykjavíkur þar sem hann lýsti að norskir jafnaðarmenn hefðu komist að sömu niðurstöðu og íslenskir í þessum málum.

Þrátt fyrir að það sé skoðun okkar, að reynslan muni leiða í ljós að ítrekaðar tilraunir Alþingis til þess að lappa upp á tekjuskattskerfið, m. a. til þess að reyna að draga úr hinu mikla misrétti sem þetta kerfi býður upp á, þrátt fyrir að það sé skoðun okkar, að þær tilraunir muni ekki takast og því sé réttara gagnvart öllum almenningi að ganga einfaldlega út frá því sem gefnu að almennar launatekjur séu ekki skattlagðar, en ríkið sæki tekjur sínar í skattlagningu á eyðslu, — þrátt fyrir það að þetta sé skoðun okkar og niðurstaða, þá teljum við engu að síður að tekjuskattslögin nr. 40 frá 1978 séu mjög merkileg tilraun til að reyna að aðhæfa skattlagningarreglur að mikilli óðaverðbólgu. Og það eru ýmis nýmæli í þessum skattalögum sem við teljum mjög til bóta og teljum forvitnilegt að sjá hvernig reynast muni í ljósi þeirrar álagningar sem fram hefur farið og fram mun fara. Þess vegna er út af fyrir sig ekki minna merkileg en samþykktin sjálf á lögunum, nr. 40 frá 1978, sú samstaða, sem tekist hefur hér í þinginu um afgreiðslu þeirrar merkilegu lagasetningar, og þær breytingar, sem síðan hafa verið á henni gerðar milli þingflokkanna, svo umdeild sem skattamálin eru. Og út af fyrir sig má næstum kalla það kraftaverk, að hér í þinginu skuli hafa verið hægt að ná sæmilegu samkomulagi milli allra flokka þingsins um afgreiðslu jafnmerkilegs skattamáls og lög nr. 40 frá 1978 eru og allar höfuðbreytingar sem á þeim hafa verið gerðar síðan.

Ég vil taka undir orð hv. þm. Matthíasar Á. Mathiesen áðan þegar hann færði formanni fjh.- og viðskn. þessarar deildar, hv. þm. Halldóri Ásgrímssyni, sérstakar þakkir fyrir þátt hans í því máli. Hv. þm. hefur ekki aðeins átt hvað drýgstan þátt í því, að þetta samkomulag gat orðið núna á þessu þingi, hann átti ekki síður mikinn þátt í slíkri samkomulagsgerð á s. l. vetri, bæði í tíð minnihlutastjórnar Alþfl. og þeirrar ríkisstj. sem nú situr. Þó svo að þessi hv. þm. tilheyri andstöðuflokki mínum, sem er í ríkisstj., á meðan minn flokkur er í stjórnarandstöðu, þá finnst mér rétt að skýra frá því áliti mínu, að ég tel að enginn þingmanna né ráðh. eigi jafnmikinn þátt í því og hann, hv. þm., að samkomulag og samstaða skuli hafa tekist milli flokka þingsins um þetta mikla mál, og vil ég færa honum sérstakar þakkir fyrir hans þátt í afgreiðslu þessara skattamála.

Sama vil ég gjarnan mega segja um deildarstjóra í fjmrn., Árna Kolbeinsson, sem unnið hefur með nefndinni og lagt sig fram um að skila sínu mikla starfi þar með sem bestum hætti og ávallt verið okkur nm., jafnt stjórnarandstæðingum sem stjórnarsinnum, mjög nýtur og þarfur til allra ráðleginga, hjálpar og aðstoðar sem við höfum þurft til hans að sækja.

Þessum tveimur mönnum, formanni nefndarinnar og Árna Kolbeinssyni, færi ég sérstakar þakkir og ég veit að ég tala þar fyrir hönd nm. allra.

Frv. það, *sem lagt var fyrir Nd. Alþingis sem 290. mál* þessa þings og við fjöllum nú um, skiptist í meginatriðum í fernt.

Í fyrsta lagi var þar um að ræða almennar leiðréttingar og umorðanir vegna reynslu sem fengist hafði af framkvæmd hinna nýju skattalaga.

Í öðru lagi voru þar ákvæði um talsverðar ívilnanir og leiðréttingar á skattlagningu, einkum og sér í lagi ákveðinna hópa. Sem dæmi um slíkar ívilnanir og leiðréttingar má nefna ákvæði 8. gr. frv. um niðurfellingu gildandi ákvæða um skattskyldan eignaauka af aukavinnu sem maður leggur fram utan venjulegs vinnutíma til að byggja eigið íbúðarhúsnæði, ákvæði 11. gr. um heimild til frádráttar á helmingi greiddrar húsaleigu vegna leigu á íbúðarhúsnæði til eigin nota, sem er nýmæli í lögum, og fleira af því tagi.

Meginatriði frv. voru hins vegar tvö: Annars vegar till. ríkisstj. um skattstiga og persónuafslátt í 24. og 25. gr. frv. Það var annað aðalefni frv. Hitt aðalefni þess voru till. ríkisstj. um fráhvarf frá einu af merkustu meginatriðum gildandi skattalaga. Er þar átt við till. ríkisstj. um niðurfellingu reiknaðra launa þeirra sem við eigin atvinnurekstur starfa eða sjálfstæða starfsemi hafa með höndum. Eitt merkasta nýmæli laga nr. 40 frá 1978, um tekjuskatt og eignarskatt, var tilraun sem gerð var í þeim lögum til þess að láta atvinnurekendur og aðra þá, sem hafa tekjur af sjálfstæðri starfsemi, borga opinber gjöld til jafns við einstaklinga og aðila sem vinna í sambærilegum störfum sem launþegar hjá öðrum. Nú er það alveg ljóst, hvort sem menn geta lagt á borðið sannanir fyrir því eða ekki, að talsvert hefur verið um það, að menn, sem hafa tekjur af eigin atvinnurekstri, hafi sloppið miklu betur frá skattgreiðslum heldur en skattborgarar sem sinnt hafa sambærilegum störfum, en verið launþegar hjá öðrum. Með ákvæði 7. gr. og 59. gr. í hinum nýju skattalögum frá 1978 var gerð meðvituð tilraun til að lagfæra þetta þannig að skattstjórum var gert skylt að miða við sérstök reiknuð laun hjá þessum aðilum sem væru af svipaðri fjárhæð og ætla mætti að þeir hefðu fengið sem launþegar ef þeir hefðu stundað sambærilega vinnu hjá öðrum en sjálfum sér.

Eina skattalega nýmælið í frv. fjmrh. Alþb., sem lagt var fram hér í vetur, var að þessi ákvæði um skattlagningu á atvinnurekendur skyldu felld niður og innleitt á ný það sem almenningur hefur kallað „vinnukonuútsvörin“ á þessa menn. Það var eina meiri háttar stefnumótandi till. sem frá fjmrh. Alþb. kom og brá nú mörgum í brún. Við þm. Alþfl. héldum með okkur fund, um leið og frv. þetta kom fram, og samþykktum þar allir sem einn alfarið andstöðu gegn þessum hugmyndum fjmrh. Við vorum eini flokkur þingsins sem það gerði, sem frá upphafi hefur verið og er enn andvígur því, að þessi

ákvæði um skattlagningu á reiknuð laun til þeirra, sem stunda sjálfstæða atvinnustarfsemi og hafa tekjur af eigin atvinnurekstri, skyldu felld niður. Þessari afstöðu okkar lýsti ég við 1. umr. um þetta mál í þessari deild, og ég ítreka: Alþfl. var eini flokkur þingsins sem var andvígur þessu. Okkur var kunnugt um að í ýmsum öðrum þingflokkum voru menn sem töldu mjög varasamt að fella þessi ákvæði úr gildandi lögum, og í fjh.- og viðskn. beggja deilda höfum við fulltrúar Alþfl. lagt okkur fram um að reyna að ná samkomulagi við nm. um að þessi ákvæði gildandi skattalaga fengju að standa, en yrðu ekki felld niður eins og ríkisstj. og fjmrh. lögðu til. Og það tókst samstaða um þetta. Það tókst samstaða milli fjh.- og viðskn.-manna í Nd. Alþingis um að leggja til að till. ríkisstj. um afnám reiknuðu launanna í gildandi skattlagningarákvæðum yrðu felldar og efnisatriði þessarar greinar yrðu látin standa í skattalögum, með sjálfsögðum breytingum sem gera þurfti vegna ýmissa framkvæmdamisbresta sem fram höfðu komið og var það ekki á nokkurn hátt meginefni ákvæðanna.

Við Alþfl.-menn, sem frá upphafi höfum haft ákveðna stefnu í þessum málum, erum að sjálfsögðu ánægðir með að samkomulag skuli hafa orðið um að þessi stefna, sem við lögðum áherslu á að varðveitt yrði, skyldi fá að standa að mestu óhögguð. Vil ég enn færa samnm. mínum þakkir fyrir það, að samkomulag skuli hafa tekist. Að sjálfsögðu erum við Alþfl.-menn ánægðir með það.

Þær brtt., sem gerðar eru á ákvæðum þessara greina og samstaða er um í fjh.- og viðskn., breyta á engan hátt eðli þeirra og inntaki. Það er varðveitt þannig að tryggilega ætti nú að vera frá því gengið, að aðaltilgangur þessara greina verði varðveittur í íslenskri skattalöggjöf a. m. k. um nokkra hríð. Hins vegar vil ég að fram komi að að sjálfsögðu var rétt í ljósi ýmissa upplýsinga um misbresti, sem orðið höfðu við framkvæmd þessarar greinar, að gera nokkrar breytingar á orðalagi þeirra sem breyta samt sem áður ekki neinu um efnisinntakið. Svo maður noti orðalag almennings er séð fyrir því, að „vinnukonuútsvörin" eru ekki innleidd aftur.

Eins og fram kemur í sameiginlegu nál. fjh.- og viðskn. Nd. náðist ekki samkomulag í nefndinni um ýmis önnur atriði frv. Mikilvægust af þeim eru ákvæði 24. og 25. gr. um persónuafslátt og skattstiga. Ég flyt sérstakar till. um hvort tveggja þetta á sérstöku þskj.

Eins og kunnugt er og ég rakti áðan hefur það verið nú um nokkuð langan aldur stefna Alþfl., að afnema beri tekjuskatt af almennum launatekjum. Rökstuðningur okkar fyrir þessari afstöðu er löngu kunnur og þarf ekki að endurtaka hann hér. En sífellt fleiri hafa komist á þá skoðun, að þessi niðurstaða okkar Alþfl.-manna sé rétt, ekki síst sökum þess, eins og ég sagði áðan, að flestallar tilraunir til að lappa upp á tekjuskattskerfið og eyða þeirri grófu mismunun og misrétti, sem þetta kerfi býður upp á, hafa ekki tekist sem skyldi og alkunna er að tekjuskatturinn er ekki lengur það tæki til tekjujöfnunar sem honum er ætlað að vera. Þm. Alþfl. hafa á undanförnum árum gert ítrekaðar till. um breytingu á tekjuöflunarkerfi hins opinbera og útgjöldum ríkissjóðs í því skyni að afnema tekjuskatt á almennum launum í áföngum, koma á staðgreiðslu opinberra gjalda, breyta söluskatti á síðasta stigi viðskipta yfir í virðisaukaskatt og einnig til þess að draga úr útgjöldum ríkissjóðs. Nú síðast lagði Alþfl. fram till. sínar um þessi efni fyrir Alþingi í tíð ríkisstj. Benedikts Gröndals, veturinn 1979 og 1980, og einnig nú í vetur við afgreiðslu brbl. ríkisstj. frá gamlársdegi 1980.

Í skattstigafrv., sem ég lagði fram í nafni minnihlutastjórnar Alþfl. árið 1980, var ráð fyrir því gert, að tekjuskattur af almennum launatekjum yrði felldur niður í tveimur jöfnum áföngum á tveimur árum. Með hliðsjón af upplýsingum Þjóðhagsstofnunar, sem okkur voru þá gefnar um meðaltekjur heimila kvæntra verkamanna, iðnaðarmanna og sjómanna á árinu 1979, var áætlað að meðallaunþegafjölskylda hefði á því ári haft u. þ. b. 7 millj. kr. í tekjur, og gerð var áætlun um líklega tekjuskiptingu milli hjóna. Samkv. till. í skattstigafrv. minnihlutastjórnar Alþfl. var gert ráð fyrir að slík meðallaunafjölskylda með 7 millj. kr. í tekjur á árinu 1979 yrði tekjuskattslaus í tveimur jafnstórum áföngum á tveimur árum, álagningarárinu í fyrra og álagningarárinu í ár. Hvor skattalækkunaráfangi um sig hefði kostað ríkissjóð um 9 milljarða kr. á þáverandi verðlagi og var ráð fyrir því gert í minnihlutastjórn Alþfl., að sú tekjuskattslækkun kæmi þar að fullu fram.

Frv. okkar um skattstiga var ekki samþykkt, heldur samþykkti Alþingi annað skattstigafrv. frá núv. ríkisstj. sem hafði í för með sér verulega hækkun skatta frá fyrra ári og mikla skattahækkun frá skattstigatillögum minnihlutastjórnar Alþfl. Er nú svo komið að skattbyrði beinna skatta, þ. e. álagðir skattar í hlutfalli af tekjum álagningarárs, varð meiri á s. l. ári en dæmi eru um frá fyrri árum og greiðslubyrði beinna skatta, þ. e. álagðir skattar í hlutfalli af tekjum greiðsluárs, hefur aðeins einu sinni á s. l. tveimur áratugum verið hærri en í fyrra.

Í sambandi við aðgerðir ríkisstj. Gunnars Thoroddsens í efnahagsmálum, þ. e. lækkun launa um 7% 1. mars s. l., hét ríkisstj. því að gera ráðstafanir í skattamálum sem lækkuðu skattlagningu frá skattlagningu ársins 1980 um sem nemur 1.5% í kaupi. Til þess að svo gæti orðið þyrfti ríkisstj. að lækka tekjuskatt og aðra beina skatta um 24—25 milljarða gkr. frá áætlun fjárlaga. Ríkisstj. hefur hins vegar ekki staðið við þetta fyrirheit sitt, heldur lækkað skattana frá áætlun fjárlaga um aðeins tæpan helming þeirrar upphæðar eða um 11 milljarða gkr., en það nægir aðeins til þess að tryggja að byrði beinna skatta verði ekki meiri 1981 en hún var 1980, en dugar ekki til að lækka þá skattbyrði. Þetta kemur m. a. fram í nýlegri áætlun Þjóðhagsstofnunar um breytingar á skattbyrði beinna skatta sem nm. í fjh.- og viðskn. hefur borist. Miðað við verðlagsforsendur ríkisstj. er þannig ekki gert ráð fyrir að greiðslubyrði beinna skatta í ár lækki svo nokkru nemi frá árinu í fyrra og yfirlýsing ríkisstj. um skattalækkun sem nemi sem svari 1.5% í kaupi er því fölsun. Greiðslubyrði beinna skatta á yfirstandandi ári verður sú sama og hún var á s. l. ári, og á s. l. ári var greiðslubyrði beinna skatta sú hæsta sem hún hefur orðið s. l. 20 ár.

Tillögurnar, sem ég hef gert til þess að reyna að mæta sjónarmiði Alþfl. og hugmyndum um breytingar á skattstigum og afnámi tekjuskatts af almennum launatekjum í áföngum, eru þær, að miðað við tekjur ársins 1980, þ. e. tekjur þær sem á verður lagt nú í vor, verði greiddar af skattskyldum tekjum í tekjuskatt sem hér segir: Af fyrstu 4 millj. 20%, af tekjum á bilinu 4—9 millj. 30%, tekjum 9—12 millj. 45% og tekjum yfir 12 millj. 50%. Persónuafsláttur verði 6600 nýkr. sem nýtist til greiðslu allra opinberra gjalda, og sá persónuafsláttur, sem þá kynni

enn að vera ónýttur, greiðist út til gjaldanda, allt að 2200 kr.

Tilgangurinn með þessum till. er tvíþættur: Í fyrsta lagi að ná því yfirlýsta markmiði Alþfl. að afnema tekjuskatt af almennum launatekjum í áföngum, og miðast till. mínar við að slíkt afnám tekjuskatts af almennum launatekjum verði í tveimur jöfnum áföngum á tveimur árum, í ár og á næsta ári, með sama hætti og till. Alþfl. frá síðasta ári gerðu ráð fyrir. Í öðru lagi eru þessar till. miðaðar við að ónýttur persónuafsláttur skuli fyrst ganga upp í öll opinber gjöld skattþegns og maka hans nema fasteignagjöld, en ekki aðeins upp í hluta þeirra eins og till. ríkisstj. gerir ráð fyrir, og auk þess að ónýttur persónuafsláttur, sem þá kynni að verða eftir, verði greiddur út til fólks yfir 25 ára að aldri, allt upp í 2200 nýkr., en þó ekki til atvinnurekenda. Þessi till. um útborganlegan persónuafslátt er fyrst og fremst til hagsbóta fyrir lágtekjufólk, sjúklinga, námsmenn og aðra þá sem mjög litlar tekjur hafa og eiga í vök að verjast í hinu verðbólgusjúka þjóðfélagi okkar.

Samkv. upplýsingum Reiknistofnunar Háskólans eru meðaltekjur hjóna á s. l. ári 105—115 þús. nýkr. og er þá átt við fjölskyldur af meðalstærð og meðalskiptingu á tekjuöfluninni milli manns og konu. Í till. okkar um tekjuskattstiga er gert ráð fyrir að meðalfjölskylda, sem hefur í tekjur það sem ætla má að séu almennar launatekjur, lækki í tekjuskatti um 1700—2400 nýkr. frá till. ríkisstj. vegna skattaálagningarinnar nú í vor og með samsvarandi ákvörðun skattstiga á næsta ári og till. er nú gerð um verði þessi meðalfjölskylda orðin tekjuskattslaus með þau laun sem hún hlýtur og teljast til meðalárslauna meðalfjölskyldna í ár samkv. upplýsingum Reiknistofu Háskólans.

Með þessum hætti er þannig ráðrúm til að ná tilgangi Alþfl. um niðurfellingu tekjuskatts af almennum launatekjum í tveimur áföngum á tveimur árum án þess þó að kostnaðurinn sé ofviða ríkissjóði. Munurinn á þessum skattstigatillögum okkar annars vegar og skattstigatillögum ríkisstj. hins vegar er ekki nema u. þ. b. 15 milljarðar gkr., en ég vil taka það fram, að við Alþfl.-menn höfum nú í vetur, t. d. við afgreiðslu fjárlaga, flutt till. um sparnað, frestun framkvæmda og niðurskurð útgjalda hjá ríkissjóði sem gera miklu meira en nema þessari upphæð sem yrði tekjutap ríkissjóðs vegna afnáms tekjuskatts af almennum launatekjum í tveimur áföngum. Með þessu höfum við enn einu sinni sýnt fram á að mætavel er unnt að afnema hinn rangláta tekjuskatt af öllum almennum launatekjum í áföngum í ár og á næsta ári án þess að það verði ríkissjóði fjárhagslega ofviða.

Auðvitað er, herra forseti, með ýmsum dæmum hægt að sýna fram á frekari mismun á skattstigatillögum okkar um afnám tekjuskatts af almennum launatekjum og tillögum ríkisstj. hins vegar, og er það gert í nál. mínu á þskj. 833. En ég vil ekki lengja þennan ræðutíma minn með því að nefna frekari dæmi þar um, annað en það eitt, að þetta þýðir það að skattsleysismörk venjulegrar launþegafjölskyldu með meðaltekjur hækka um u. þ. b. 1 millj. kr.

Á þskj. 817 flytjum við fjórir nm. í fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar sérstakar brtt. við frv. ríkisstj. sem eru þess efnis, að eftir álagningu hverju sinni, eftir að hún hefur farið fram, skuli skattstjórar leggja fram skrá um álagningu allra opinberra gjalda í hverju sveitarfélagi og hafa þessar skattskrár liggjandi frammi hjá sér tilsettan tíma. Samkv. núgildandi lögum var þeirri reglu breytt, sem hefur verið lengi viðhöfð, að gefa út skattskrá strax að álagningu lokinni. Til þess var ætlast að skattskrá kæmi ekki út fyrr en ekki aðeins væri lokið við að leggja á, heldur einnig úrskurða um öll vafa- og kæruatriði. Skattskrá fyrir álagninguna, sem fram fór á s. l. vori, hefur enn ekki komið fram, og almenningur hefur þess vegna engar upplýsingar getað fengið, sem hann áður gat haft aðgang að, um hvernig sú álagning kom fram gagnvart viðkomandi og ýmsum öðrum aðilum.

Við getum fallist á það, flm. þessarar till., að það sé rétt að gefa út skattskrá þá fyrst þegar lokið er allri meðferð skattyfirvalda á vafaatriðum og kæruúrskurðum, þá fyrst verði hin raunverulega skattskrá gefin út eins og niðurstaðan er orðin að lokinni álagningu og að lokinni meðferð allra kærumála. Hins vegar finnst okkur rétt og sjálfsagt og í þágu almennings, m. a. varðandi almenna upplýsingastarfsemi og upplýsingaöflun, m. a. um eigin skattamál, að að álagningu lokinni leggi skattstjórar fram t. d. á skrifstofum sínum álagningarskrá, skrá yfir öll álögð opinber gjöld í hverju sveitarfélagi og þar geti menn, sem áhuga hafa á, gengið að þessum upplýsingum sem er sjálfsagt og eðlilegt að fram séu lagðar, en hin endanlega skattskrá verði síðan gefin út þegar lokið sé meðferð allra kærumála eins og í lögunum stendur.

Við flm. þessarar brtt. gerum okkur það ljóst, herra forseti, að vegna þess, hve seint skattamálin eru á ferðinni núna, það er verið að afgreiða skattstiga o. fl. nú í dag þegar kominn er 14. dagur maímánaðar og eðlilegur frestur löngu liðinn, þá gæti orðið erfitt að koma við framlagningu sérstakrar álagningarskrár við álagningu í vor vegna þess hve öll mál eru seint á ferðinni. Við gerum því till. um í 2. tölul. brtt. á þskj. 817 að þau ákvæði um framlagningu álagningarskrár, sem ég gerði að umtalsefni áðan, komi ekki til framkvæmda fyrr en við álagningu 1982 vegna tekna ársins 1981, gildistökuákvæðum verði frestað um eitt ár.

Herra forseti. Ég hef nú lokið við að gera grein fyrir brtt., sem ég flyt á þskj. 831 um skattamálastefnu Alþfl., og í annan stað till., sem ég flyt á þskj. 817 ásamt hv. þm. Albert Guðmundssyni, Matthíasi Bjarnasyni og Guðmundi J. Guðmundssyni um framlagningu álagningarskrár.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Ég mun ekki fara yfir jafnvítt svið almennrar þjóðmálaumræðu og hv. síðasti ræðumaður, heldur halda mér við það efni, sem hér er á dagskrá, og aðeins örfáa þætti þess.

Hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar hefur skilað samhljóða nál. og samhljóða brtt. enda þótt 1. og 2. minni hl. nefndarinnar hafi skilað aukanefndarálitum og sérbrtt. á öðrum þskj. Hér hefur verið farið lofsyrðum um þá samstöðu sem náðst hafi á Alþingi um meðferð skattamála, bæði að þessu sinni og í annan tíma. Það er fjarri mér að kasta rýrð á þá samstöðu eða þátt einstakra manna í því, að slík samstaða hefur náðst. Ég vil hins vegar láta þess getið, að ég tel að sú samstaða hafi byggst á því, að í skattalög voru tekin þegar á árinu 1978 ákvæði, sem fela í sér mikið ranglæti, og þeim hefur verið beitt þannig að ranglæti hefur af hlotist. Ég fæ ekki betur séð en það samkomulag, sem tekist hefur í hv. fjh.- og viðskn., feli það enn í sér að lagt sé til að lögfesta ákvæði sem bjóða því heim að ranglæti sé viðhaft.

Ég vil segja, að þær breytingar, sem hv. fjh.- og viðskn.

leggur hér til, eru sumpart þess efnis að þær eru eðlilegar. Eins og frv. var lagt fram var áskilið að því fylgdu fyrirvarar um afstöðu til tiltekinna greina frv., einkanlega þeirra greina sem fjölluðu um breytingar á afskriftareglum. Það er því fjarri því, að það sé að nokkru leyti í misræmi eða fari á svig við þá fyrirvara, sem fyrir lágu þegar frv. var lagt fram, þótt breytingar séu gerðar á þessum greinum eða þær aflagðar.

Hitt er annað mál, að sú breyting, sem hv. n. leggur til, að enn verði tekin upp í þessi lög þau ákvæði sem kveða á um reiknuð laun þeirra sem starfa við sjálfstæðan atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, kemur í bága við það sem ég tel rétt. Ég tel að það bjóði því heim að enn verði unnt að beita þessum lögum þannig að ranglæti fylgi. Ég hef alla tíð verið á móti þeim ákvæðum sem kveða á um reiknuð laun. Ég er í raun og veru á móti þeirri hugsun sem að baki slíkum ákvæðum liggur. Það felst í þessari hugsun að atvinnurekandi, sem starfar við eigin rekstur eða sjálfstæða starfsemi, býr við þau skattalagaákvæði að skattstjórum ber að reikna honum laun án tillits til þess, hvort hann hefur haft tekjur af starfsemi sinni eða ekki. Þetta finnst mér vera óhæf ákvæði. Jafnvel þótt sá einstaklingur, sem í hlut á, geti sannað með fullgildu bókhaldi eða fullgildum gögnum öðrum að hann hafi ekki haft tekjur ber samt að reikna honum tekjur og hann að greiða opinber gjöld samkvæmt því. Ég get ekki fallist á slík ákvæði og ég er enn andvígur þeim. Þess vegna mun ég greiða atkvæði gegn þeim brtt. hv. n. sem að þessu lúta. Ég tel nauðsynlegt að þetta komi fram þegar við þessa umr. og ekki einungis í atkvgr.

Ég skal láta þess getið, sem sjálfsagt er, að 59. gr, sem lagt er til að taka inn í lögin nú að nýju, breytist til batnaðar frá því sem er í gildandi lögum. Það er sjálfsagt að viðurkenna þetta og þær tilraunir sem hafa verið gerðar til þess að bæta úr þeim gífurlegu ágöllum sem á greininni voru. Hins vegar stendur það eftir, að skylt er að reikna atvinnurekanda, sem starfar við sjálfstæða starfsemi, laun eins og hann hefði unnið hjá öðrum óskyldum aðila, að vísu með vissum takmörkunum.

Hv. frsm. fjh.- og viðskn., Halldór Ásgrímsson, sagði að með þeim ákvæðum, sem nú eru í 59. gr., væri tryggt að ekki væru lagðir skattar á peningalegar tekjur sem hlutaðeigandi hefði aldrei haft. Þetta er rétt að vissu marki og þessi ummæli hv. frsm. eru byggð á því, að í greininni segir að ákvörðun skattstjóra samkv. þessari grein um reiknuð laun megi aldrei mynda tap sem er meira en nemur samanlögðum almennum fyrningum samkv. 38. gr. og gjaldfærslu samkv. 53. gr. Þetta þýðir sem sagt að það má fella niður fyrningar þessara aðila og skattleggja samkvæmt því.

Þegar um er að ræða atvinnurekendur af því tagi sem þessi grein hittir, sem eru þeir smæstu í atvinnurekendastétt, má fella niður fyrningar, jafnvel að fullu til þess að geta komið við reiknuðum launum og skattheimtu samkvæmt því, Ég tel þess vegna, að ekki séu fullnægjandi þær breytingar sem greinin vissulega felur í sér frá gildandi lögum, og er henni andvígur. Hún getur leitt af sér ranglæti, jafnvel þótt ekki sé um það að ræða að reiknuð laun verði svo há að þau verði stofn til tekjuskatts. Hitt er ljóst, að þau verða a. m. k. það há að geti leitt til útsvars af reiknuðum tekjum sem hlutaðeigandi hefur aldrei fengið, ef tekið er tillit til fyrninga. Ef fyrningar eru felldar niður getur þetta staðist hjá hv. frsm. — Þetta get ég ekki fallist á og skal ekki endurtaka það frekar.

Ég vil aðeins segja það um þetta atriði frekar, að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson taldi þetta eitt hið merkasta nýmæli í löggjöf um skattamál hér á landi — nýmæli sem tekið var inn í lögin 1978 — og koma í veg fyrir að þeir, sem starfi að atvinnurekstri, geti sloppið frá skattgreiðslum, eins og hann orðaði það, og beri „vinnukonuútsvar".

Ég lít svo á að þessi grein og reiknuð laun yfirleitt séu ekki regla í skattalögum sem eigi neitt skylt við það að ná til þeirra sem væru meintir skattsvikarar. Að því lúta önnur ákvæði skattalaga, t. a. m. í 96. gr., enda er það sjálfgefið þegar búið er svo um hnúta að jafnvel þótt fullnægjandi gögn séu sýnd af hálfu skattþegns, sem sanna að hann hafi ekki haft tekjur, beri honum samt að greiða opinber gjöld af einhverjum „reiknuðum tekjum".

Ég tel að það sé mjög hæpið að það fái staðist sem hv. frsm. n. sagði hér, jafnágætur þm. og hann er og traustur í málflutningi, að með þessum ákvæðum sé verið að koma því til leiðar að atvinnurekendur fái svipuð skattaleg réttindi og skattalegar skyldur og aðrir skattþegnar. Til að gera þetta virkt í raun ætti einnig að reikna laun á launþega. Þá væri kannske rétt að koma skattalögum þannig fyrir að hver skattskyldur Íslendingar bæri einhver opinber lágmarksgjöld, a. m. k. til síns sveitarfélags, ef ekki til ríkis. Þar með væri búið að festa í lög reglu sem færði alla skattþegna á sama svið. Ég á ekki von á að nokkur láti sér til hugar koma að slík regla verði tekið upp. En ég tel að þau ákvæði, sem eru í gildandi skattalögum, og þau, sem enn standa eftir þótt 59. gr. verði breytt, feli í sér svipað ranglæti gagnvart nokkrum þeim sem stunda smáatvinnurekstur á Íslandi. Þetta kemur ekki nálægt þeim sem eru með stærri fyrirtæki. Það kemur ekki nálægt þeim.

Ég skal ekki fjalla um þetta efni í lengra máli. Ég vil aðeins segja það, að það er auðvitað hárrétt, sem hv. þm. Halldór Ásgrímsson sagði, að þær miklu breytingar, sem gerðar voru á skattalögum 1978, áttu m. a. að hafa í för með sér að skattalögin gæfu ekki möguleika til þess sem hann kallaði „verðbólguspekúlasjón" þ. e. með ákvæðum um verðbreytingafærslur. Ég tel samt að þetta geti verið hæpið. A. m. k. sýnist mér að fjársterkir aðilar geti notað þessar verðbreytingafærslur til skattalegra „spekúlasjóna" þannig að koma sínum fjármunum þannig fyrir að þeir sleppi við skattgreiðslur ef þeir hafa fjárráð. A. m. k. er það svo, að þessi ákvæði skattalaganna, sem ég held að sé nauðsynlegt að taka til endurskoðunar, virðast hafa í för með sér að þeir, sem eru betur megandi í röðum atvinnurekstrar fari vel út úr skattalögunum. Jafnvel vel stæð fyrirtæki sleppa við skattgreiðslur á meðan þeir, sem höllum fæti standa, eru hundeltir. Mér er vel kunnugt um það t. a. m. í bændastétt, að betur megandi bændur, grónir bændur, sem hafa komið sér vel fyrir og hafa sæmilega góðar tekjur og góða afkomu, geta sloppið kannske að verulegu leyti við skattgreiðslu samkvæmt þessum skattalögum meðan frumbýlingar og aðrir þeir, sem í raun ekkert mega missa, eru skattlagðir meira en hóflegt er og það auðvitað hvort tveggja vegna ákvæða um reiknuð laun, tekjufærslu, og einnig um verðbreytingafærslu.

Herra forseti. Ég skal ekki lengja þetta mál. Ég taldi rétt að láta afstöðu mína til brtt. n. koma fram. Mér þykir auðvitað stórum verra að svo skyldi til takast að hv. n. skyldi breyta þessum ákvæðum frv. frá því sem ríkisstj.

ákvað að leggja það fram. En meiri hl. hlýtur vitaskuld að ráða. Ég mun samt greiða atkv. gegn þeim brtt. n. sem að þessu lúta.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns vekja athygli á því, að fyrr á þessu þingi ræddi ég sérstaklega um það, að með reglugerð um sjómannafrádrátt 27. júní 1980 hefði verið skertur fiskimannafrádráttur eins og hann er ákveðinn í 30. gr. laga um tekju- og eignarskatt. Í 2. tölul. C-kafla 30. gr. segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Fiskimannafrádrátt, er nema skal 10% af beinum tekjum sjómanna af fiskveiðum á íslenskum fiskiskipum. Þessi ákvæði eiga einnig við um hlutaráðna landmenn."

Vegna þeirrar framkvæmdar, sem verið hefur á þessum lögum, og vegna þeirrar reglugerðar, sem út var gefin, sé ég mér óhjákvæmilegt að flytja svohljóðandi brtt., þ. e. viðauka við 2. tölul.:

„Óheimilt er að takmarka fiskimannafrádrátt samkv. þessari grein með reglugerð."

Vil ég biðja hæstv. forseta um að leita afbrigða fyrir því, að þessi till. megi koma til afgreiðslu.

Ég þarf ekki að taka það fram, að sú venja hefur ekki tíðkast að framkvæmdavaldinu sé heimilt að ákveða fyrir löggjafann hvernig skattalögum sé háttað. Þó svo að við lifum nú á tímum afturvirkra skatta, lifum á þeim tímum sem endrum og sinnum er farið að leggja eignarskatt og tekjuskatt á svo sem tvisvar sinnum á ári og lifum á þeim tímum sem afturvirknin er alls ráðandi, menn eru jafnvel sviptir launum sínum mánuði aftur í tímann, eins og gerðist um mánaðamótin mars-apríl, þá ætla ég samt að gera tilraun til þess að leita eftir stuðningi hjá deildinni við þá skoðun mína, að hæstv. fjmrh. verði að una landslögum varðandi fiskimannafrádráttinn.

Það hefur verið svo norður við Eyjafjörð svo lengi sem ég kann að rekja þá sögu, að menn hafa verið hlutaráðnir við netabátana, einn til tveir landmenn, og sá háttur verið á hafður, að ef skipverji forfallast hafa þessir menn hlaupið í skarðið um lengri eða skemmri tíma, stundum einn róður, stundum fleiri. Þetta hefur auðveldað mannaráðningar, þetta hefur auðveldað uppgjör eftir veiðitímabil, og reynslan hefur sýnt að þessi háttur hefur gefist afskaplega vel. Þessar byggðir eru kunnar að því, hversu mikil samdrægni ríkir á þessum stöðum. Útgerðin þar hefur blómgast og menn hafa lagt sig fram um að framleiðslan sé sem best, líka vegna þess að hver og einn ber úr býtum eftir því, hversu miklum verðmætum er skilað á land og hversu vel er unnið að aflanum.

Nú hefur mér verið sagt að sá hængur sé hér á, að Sjómannafélag Akureyrar hafi ekki samið við útgerðirnar út með Eyjafirði nákvæmlega um það, hversu þessum hlutaskiptum skuli háttað. Á hinn bóginn er bent á það, að útgerðirnar hér fyrir sunnan hafi samið um það, að svo og svo margir menn skuli vera í landi við að beita línur og þeim hafi tekist í samningum að fá stjórnvöld til að fallast á að hlutaráðnir menn við línubeitingar skuli fá fiskimannaafslátt. En ef það heita hlutaráðnir menn fyrir norðan eiga þeir ekki að fá samsvarandi aflsátt.

Nú er að sjálfsögðu afskaplega einfalt fyrir Sjómannafélag Akureyrar og útgerðarmenn út með ströndinni að semja um það, að þessir hlutir séu aflahlutur bátsins, og stækka hlut sjómanna sem því nemur, rétt eins og gert er í sambandi við línuútgerðina. Þá skilst mér að búið sé að ýta til hliðar þeim fyrirslætti, að ekki sé um umsaminn aflahlut að ræða. Það hefur verið svo hjá löggjafanum oft og tíðum, að sumar stéttir hafa setið við annað borð vegna þess að þeirra stéttarfélögum hefur tekist að semja um svo og svo mikil fríðindi sem skattayfirvöld hafa fallist á að ekki skuli falla undir tekjuskatt. Ég hef áður gagnrýnt það, að ég tel að það sé ekki verkefni vinnuveitandans og launþegans að semja um skattfríðindi einstökum stéttum til handa. Slík skattfríðindi eiga að ákveðast af Alþingi sjálfu án tillits til þess, hvernig kjarasamningar hafa orðið. Á hinn bóginn er það hreinn útúrsnúningur — og það sjá allir menn — að eitthvert réttlæti sé í því, að landmaður skuli fá fiskimannaafslátt ef veiðarfærið heitir lína, en hann skuli ekki fá fiskimannaafslátt ef veiðarfærið heitir net.

Í framkvæmdinni virðist þetta ætla að verða svo fyrir norðan, að útgerðin eigi að halda um það nákvæma skrá ef þessir landmenn hafa þurft að hlaupa í skarðið í viku, einn túr eða hálfan mánuð. Og það er fullur skilningur milli skattyfirvalda og útgerðarmanna þar um að þvílíkar yfirlýsingar frá útgerðarmönnum yrðu teknar trúanlegar. Ég efast ekki um að við það verði staðið. En það, sem ég fer fram á hér, er að sá háttur, sem verið hefur um þennan veiðiskap, megi áfram verða og sjómenn við Eyjafjörð megi njóta áfram þess fiskimannaafsláttar, sem þeir hafa notið til þessa, og sitja þar við sama borð og hlutaráðnir línumenn á Suðurnesjum. Ég vænti þess, þó svo að menn á hinu háa Alþingi skiptist í stjórnmálaflokka, að þeir muni sameinast með mér um að fiskimannaafsláttur eigi ekki að fara eftir því, hvar menn búa á landinu. En það er um þetta eins og ýmislegt fleira, að ef menn eru ekki gagnkunnugir hlutunum hér frá nágrenni Reykjavíkur, þá virðist erfitt að koma þeim í gegn vegna þess að staðarþekkinguna skortir. Og nóg um það.

Ég vil svo segja það varðandi ræðu hæstv. landbrh., að mér kom ekki á óvart það sem hann sagði. Ef frv. ríkisstj. hefði verið samþykkt óbreytt hefðu þeir menn, sem stunda einkarekstur, ekki fengið að njóta 10% frádráttarins og ekki heldur persónuafsláttar við útsvar. Eins og málin hafa þróast upp á síðkastið kemur það síður en svo á óvart þótt þeir ráðh., sem kosnir voru á þing í síðustu kosningum og eru þm. Sjálfstfl., snúist gegn hverri tilraun sem gerð er til þess að einkarekstraraðilar njóti samsvarandi réttar og aðrir menn í þjóðfélaginu, að ég tali nú ekki um kaupfélögin. Með hliðsjón af því ber að skilja hans ræðu.

Ég ávarpaði formann Verkamannasambands Íslands sérstaklega við 1. umr. þessa máls og beindi því þá til hans, að hann gerði grein fyrir því, með hvaða hætti og eftir hvaða aðferðum hann hefði komist að þeirri niðurstöðu að það frv., sem hér liggur fyrir, jafngilti 1.5% kaupmáttaraukningu hjá launþegum. Í framíkalli þá lofaði hv. þm. því, eða a. m. k. gaf það í skyn, að hann mundi reiðubúinn til þess að fjalla nánar um þessi mál síðar. Og ég minnist þess sérstaklega, að hann talaði þá um að sú staðhæfing mín væri röng að atvinnutekjur hefðu hækkað um 53% frá árinu 1979 til 1980. Nú skora ég á þennan hv. þm. að skýra frá því hér í ræðustól Nd., hversu hann metur hækkun atvinnutekna þeirra launþega, sem eru innan Verkamannasambandsins, frá árinu 1979 til 1980. Það er hans starf sem formanns Verkamannasambandsins að standa vörð um það fólk, og þegar hann í einkaviðræðum við ríkisstj. gaf yfirlýsingu um það, að í þessum skattalögum fælist 1.5% aukning kaupmáttar, hlýtur hann að hafa fullvissað sig um að

framlögð gögn gæfu þetta í skyn. Nú óska ég eftir því, að hv. þm. sannfæri mig og aðra þdm. um að þessi niðurstaða sé rétt. Ég skal ekki óska þess af hv. 8. landsk. þm., sem sæti á í stjórn BSRB, að hún gefi sambærilegar yfirlýsingar, en hlýt að samhryggjast þessum þm. út af því, að þeir launþegar, sem notið hafa hennar forsjár á s. l. ári, hafa dregist aftur úr öðrum launþegum varðandi kaupmátt.

Hæstv. fjmrh. sagði við 1. umr. málsins að hann mundi við 2. umr. gefa skýringu á því, hversu ríkisstj. hefði reiknað launahækkanir á þessu ári og hversu mikil verðbólgan yrði frá einum mánuði til annars. Að sjálfsögðu er óhjákvæmilegt að þær upplýsingar liggi fyrir til þess að kaupmátturinn verði mældur. Ég efast ekki um, að hæstv. fjmrh. muni standa við þetta, og skal ekki hafa mínar orðræður við hann lengri fyrr en í síðari ræðu minni eftir að hann hefur gefið skýringar á því, hvernig hann reiknar með að kauphækkanir verði út árið og hversu miklu hærri heildarlaunin verði á þessu ári borið saman við s. l. ár.

Það er nauðsynlegt í sambandi við þetta frv. öðrum þræði að tala um lífskjörin í landinu vegna þess að kjaraskerðingin 1. mars var bundin fyrirheitinu um 1.5% kaupmáttaraukningu með lækkun skatta. Það var loforðið sem ríkisstj. gaf. Fyrri helmingur ársins er að líða. Launþegar hafa ekki fengið krónulækkun á fyrirframgreiðslunni þrátt fyrir þetta fyrirheit. Fyrirframgreiðslan hefur verið nákvæmlega jafnhá og hún hefði orðið þótt til engrar kjaraskerðingar hefði komið 1. mars. Þetta sýnir að ríkisstj. hefur svikið sitt fyrirheit varðandi fyrri hluta þessa árs að fullu. 7% kjaraskerðingin 1. mars var algjör vegna þess að ekki fylgdi með í kaupið, eins og ríkisstj. hafði lofað, lægri fyrirframgreiðsla opinberra gjalda. Og fróðlegt væri að fá reiknað af hagspekingum ríkisstj. hversu mikið launþegar eiga inni vegna þessara svika.

Ég var svo óheppinn að hafa ekki aðstöðu til þess að hlusta á kvöldfréttir sjónvarpsins í gærkvöld, en mér hefur verið sagt að hæstv. forsrh. hafi þar lýst yfir að verðbólgan yrði 36% á þessu ári. (Gripið fram í.) Var það 33%. — Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. hvort hann sé jafnbjartsýnn og hæstv. forsrh. varðandi það að verðbólgan verði 33 eða 36% á þessu ári. Og ég vil spyrja hann um leið hvað hann reikni með að launahækkanirnar verði miklar. Ég man eftir því og hef oft rifjað það upp, — það er vont, án þess að ég biðji nú að náð sé í formann Alþb., en það er vont að hann skuli ekki vera hér við því honum þykir alltaf skemmtilegt og gott þegar rifjað er upp hvað Lúðvík Jósepsson sagði meðan hann var á Alþingi, sá maður sem ól hann upp, — en ég er ekki viss um að honum finnist guttinn standa sig vel núna þegar hann fylgist með honum úr fjarlægð. Ég er ekki viss um nema Lúðvík mundi nokkrum sinnum taka ofan gleraugun þegar hann liti til ráðherrastólanna og virti fyrir sér þá kjaraskerðingu, sem orðið hefur á þessu þingi sem er að ljúka, og þetta plagg, sem hér liggur fyrir um enn frekari skattpíningu á launþegum en var öll ár Geirs Hallgrímssonar í ríkisstj.

Lúðvík Jósepsson sagði 1978, þegar sú ríkisstj. sem sat um þetta leyti árs var að verja sig með því, að kaupmátturinn yrði svipaður og á s. l. ári, kaupmátturinn árið 1978 yrði svipaður og á s. l. ári, kaupmátturinn árið 1978 yrði svipaður og 1977, þá sagði Lúðvík: Þetta er ekki sanngjarnt af því að við sömdum um sólstöður 1977 og þá ætluðum við okkur að fá meiri kaupmátt á árinu 1978 en meðaltalið 1977. Þess vegna eigum við að reikna með hærri kaupmætti 1978 af því að samningarnir voru á miðju ári 1977.

Hvað skyldi formaður Verkamannasambands Íslands segja um það núna? Skyldi hann taka undir með Lúðvík Jósepssyni um að samningar í árslok leggi þá byrðar á verkalýðshreyfinguna og á þá ríkisstj., sem verkalýðshreyfingin telur sína ríkisstj., að þessir aðilar í sameiningu reyni að finna einhverja leið til þess að kaupmátturinn í ár mætti verða að einhverju leyti meiri en á s. l. ári? Það tók þá allt árið að semja. Menn sátu þarna dag eftir dag fyrir ómældan risnukostnað hins opinbera sem allur var greiddur af skattborgurum, allur var greiddur af launþegunum. Það var farið ofan í launaumslögin í hvert einasta skipti og náð í 1% til að borga rekstrarkostnað verkalýðshreyfingarinnar. Dag eftir dag í heilt ár sátu þeir að störfum. Og þeir sömdu um svo og svo miklar grunnkaupshækkanir handa fólkinu í landinu. Menn gerðu sínar áætlanir í samræmi við það, að þegar verkalýðshreyfingin loksins fengi sína ríkisstj. í stólana, ríkisstj. sósíalisma og samvinnuhreyfingar, þá mundi ekki standa á því að umsamdar grunnkaupshækkanir fengju að standa, ekki síst þegar það var rifjað upp að þeir aðilar, sem höfðu forgöngu um þessa samninga, voru ekki atvinnurekendur og hinn frjálsi vinnumarkaður, heldur kom hæstv. fjmrh. með nýju samningana á silfurfati til opinberra starfsmanna.

Maður skyldi halda að ríkisstj. mundi reyna að halda uppi þeim kaupmætti sem hún sjálf semdi við opinbera starfsmenn án nokkurs þrýstings, án þess að til vinnustöðvunar kæmi, án þess að í hótunum væri haft um vinnustöðvun. Í fullum friði var um þetta samið og tónninn gefinn. Og auðvitað, ef ábyrg ríkisstj. hefði verið í landinu, hefði hún a. m. k. reynt að standa við sinn hlut í eitt misseri um kauphækkanir sem hún sjálf átti frumkvæði að. En það var síður en svo.

Sól var naumast farin að hækka á lofti þegar ríkisstj. var búin að koma sér saman um að svipta launþega ríflega því sem um var samið. Og uppi stöndum við núna með ríkisstj. sem laug því að fólkinu í landinu þegar hún tók við, að það væri svigrúm til kjarabóta, og hafði stór orð uppi um Sjálfstfl. af því að Sjálfstfl. hélt fram að það væri ekkert svigrúm til grunnkaupshækkana. En þeir menn, sem settust í ráðherrastólana í byrjun árs 1980, áttu ráðin og þeir vissu hvernig átti að stjórna landinu þannig, að það væri hægt að bæta kjörin verulega og það væri vissulega ástæða til að gera sér vonir um að há grunnkaupshækkun mundi gefa launþegunum eitthvað í aðra hönd þegar til lengdar léti. Þetta var það fyrirheit sem gefið var. Í samræmi við þetta samdi ríkisstj. við opinbera starfsmenn. Og það kom að sjálfsögðu á eftir að samið var á hinum frjálsa vinnumarkaði. En ef þessi saga er skoðuð sér maður að þessar grunnkaupshækkanir hefðu orðið miklu meiri ef ekki hefði verið sterk stjórn í Vinnuveitendasambandinu. Það, hversu staðið var í ístaðinu, er einvörðungu að kenna þeim gömlu íhaldskörlum og Geirsliði sem hefur hreiðrað um sig uppi í Garðastræti. Síðan kom það eftir að samið var á hinum almenna vinnumarkaði.

Menn muna hvernig talað var 1. maí 1978. Það var nú meiri munurinn frá því sem er núna. Formaður Verkamannasambandsins bað ekki um það í ár að hann fengi að vera aðalræðumaðurinn. Hann vitnaði ekki í Jón

Hreggviðsson núna og minntist ekki á Íslandsklukkuna og Íslandsmann. Og ég gat ekki séð að borgarfulltrúinn og alþm., hv. 8. landsk. þm., væri neins staðar á mælendaskrá heldur né ritstjórar Þjóðviljans. Og forseti Alþýðusambandsins laumaðist norður í land í von um að ekki yrði tekið eftir því hvað hann segði.

Nei, það var ekki hávaði núna. Og hvernig skyldu kröfurnar vera núna? Núna er ríkisstj. samvinnumanna og sósíalista við völd. Það var alltaf talað um það, að viðreisnarstjórnin og gömlu ríkisstjórnirnar vildu arðræna. Hvað skyldu launakröfurnar vera miklar núna? Skyldu þær vera eitthvað í líkingu við það sem þær voru 1977? Skyldi vera talað um það núna í sjónvarpinu við formann iðnrekenda og hann spurður: Getur þú lifað á þessum kjörum? Nei, það er ekki spurt um það. Það er talað um að með skattalækkunum eigi að hjálpa fólkinu og þó eru fyrirframgreiðslurnar óbreyttar. Svo er pöntuð skoðanakönnun í Dagblaðinu öðru hverju. Það er allt og sumt. En launin fara minnkandi. Og svo er af forustumönnum alþýðusamtakanna dregið hér á hinu háa Alþingi að þeir treysta sér ekki einu sinni til að koma upp í ræðustólinn og gera grein fyrir því sem þeir þykjast hafa unnið á í sambandi við það skattalagafrv. sem hér liggur fyrir. Þeir treysta sér ekki til þess. Þeir eru orðnir hógværir upp á síðkastið, eins og höfðingjarnir þegar þeir riðu frá Mosfellsklerki forðum og heyrðu þegar sannleikurinn var talaður, enda fer ekki hjá því að menn hafi tekið eftir því, að ASÍ er byrjað að klofna, og það dettur engum manni í hug að næstu heildarkjarasamningar verði þannig gerðir að Alþýðusambandinu verði gefin heildarforsjá þeirra mála. Og fróðlegt verður að sjá m. a. hvort Verkamannasamband Íslands treystir sér til þess að spenna bogann svo hátt að svo sem 2—3% grunnkaupshækkun væri möguleg og þá í áföngum. En að hugsa sér að Verkamannasambandið mundi nú nefna tveggja stafa tölu í sambandi við grunnkaupshækkanir, að hugsa sér að Verkamannasambandið mundi kannske treysta sér til þess að hækka grunnkaupið í næstu samningum jafnmikið og það var skert 1. mars s. l., það er fráleitt vegna þess að þeir menn, sem stjórna verkalýðshreyfingunni, eru ekki þangað komnir til þess að bæta kjör íslenskrar alþýðu, heldur vegna þess að þeir eru þar á pólitískri varðstöð og líta fyrst og fremst á sitt hlutverk sem pólitíska legáta þeirra manna sem hafa hreiðrað um sig á Grettisgötunni og hafa hvað best samböndin austur um, eins og m. a. blaðafulltrúi ASÍ er glöggt vitni um. Sumir þeirra eiga alltaf í skrifborðsskúffunni farmiða á Svartahafsstrendurnar þar sem þeir geta sólað sig á milli þess sem þeir gera spé að Eystrasaltsþjóðunum. Ég verð að játa að ég er að vona að þeir gleymi stundum að taka miðann með til baka og verði þar eftir. Þeirra yrði ekki sárt saknað hér á landi þótt svo yrði. (Gripið fram í.) Ég er að tala um það, að formaður Verkamannasambands Íslands gaf fyrirheit um að í þessum skattalögum fælist 1.5% kaupmáttaraukning hjá launþegum og það ber ekki á henni hér. Eins og þetta frv. liggur fyrir frá meiri hl. n. verður kaupmátturinn rétt svipaður og ef skattalögin hefðu gilt sem voru í fyrra. Það er nú allt og sumt. En það er reynt að blekkja. Og það er auðvitað gert í skjóli þess, að það er pínulítið erfitt að meta 1.5% kaupmáttaraukningu fyrir fram í 60% verðbólgu. Það er ekki hátt prósent og erfitt að átta sig þar á brotunum. En hitt sjá allir, að kaupið var skert um 10% 1. mars, engin lækkun kom á fyrirframgreiðslu opinberra gjalda á þessu ári og launþegar hafa því orðið að taka þá kaupskerðingu á sig að fullu og hafa engar bætur fengið. Þetta er hrollvekjandi, enda er nú svo komið að það er talað um að það þurfi að gera sérstakar ráðstafanir til þess að breyta lausaskuldum almennra borgara í föst lán. Ég man ekki eftir þvílíku fyrr. Það er algert einsdæmi og ágæt meðmæli með ríkisstj. fólksins, ríkisstj. sósíalisma og samvinnuhreyfingar. Það er ekki ónýtt.

Það er nú leiðinlegt að hæstv. landbrh. skuli vera farinn út. (**MB:** Hann er að jafna sig eftir eigin ræðu.) Hann var nú að vísu óvenjustuttorður hér áðan, en glöggur eins og vant var og vissi hvað hann vildi og sagðist ekki vilja reikna mönnum laun umfram það sem þeir sannanlega þénuðu. Samt sem áður saknar hann þess nú mjög ef 17. gr. félli niður:

„Þrátt fyrir ákvæði 32.—49. gr. má heildarfjárhæð fyrninga aldrei vera hærri en svo að hreinar tekjur af rekstrinum nái ekki a. m. k. 5% af heildartekjum. Skerðing fyrninga samkv. þessari grein skal þó aldrei nema meiru en 10% af heildarfjárhæð gjaldfærðra fyrninga skv. 32.—49. gr. á rekstrarárinu. Skerðingin skal fyrst lækka gjaldfærðar fyrningar samkv. 44. gr. Eftirstöðvar skerðingarinnar skulu síðan lækka aðrar gjaldfærðar fyrningar á rekstrarárinu."

Hugsunin á bak við þessa grein er sú, að það eigi að leggja hærri tekjuskatt á þau fyrirtæki, sem illa ganga, heldur en hin, sem betur ganga. Má segja að í þessu ákvæði lýsi sér í hnotskurn viðhorf hæstv. ríkisstj. til atvinnurekstrarins.

Herra forseti. Ég skal svo ekki hafa þessi orð lengri, en vænti þess, að leitað verði afbrigða til þess að brtt. mín megi fram koma, í von um að menn megi sitja við sama borð varðandi fiskimannafrádrátt hvar sem þeir búa á landinu.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 851) samþ. með 24 shlj. atkv.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Ég skal ekki tefja þessa umr. mjög, en ég vildi þó ekki láta þessa umr. fram hjá fara án þess að gera örlítið að umtalsefni þá grein sem hvað mest hefur verið umdeild í þeim skattalögum sem nú er verið að breyta, þ. e. 59. gr. skattalaganna. Efni hennar er, eins og mönnum er kunnugt um, að skattstjórum var veitt allvíðtæk heimild til þess að ætla mönnum tekjur undir ákveðnum kringumstæðum. Þessi grein eins og frá henni var gengið, fól í sér verulegt traust til þeirra sem fara með framkvæmd skattamála. Hún fól í sér traust á skattstofum, skattstjórum og ekki síst æðsta yfirmanni skattamála, hæstv. fjmrh. En því miður verður að segja eins og er, að framkvæmd þessarar greinar hefur verið á þann veg að þessir aðilar brugðust gersamlega því trausti sem hið háa Alþingi sýndi þeim. Framkvæmd þessarar greinar hefur verið með þvílíkum endemum að ljóst er og orðin allvíðtæk samstaða um það hér á Alþingi að við það verður ekki unað.

Skattstofurnar framkvæmdu þessa grein þannig, að það var gengið hart fram í því að leita uppi hvers konar smáatvinnurekendur: bændur, saumakonur, rakara, skósmiði, berjatínslufólk, leigubílstjóra og hvern hópinn á fætur öðrum sem hefur reynt að lifa af eigin rekstri og reynt að komast af án launatekna. Til þess að reyna að fá

betur upplýst hvernig þessi grein hefði verið framkvæmd fór ég þess á leit við hæstv. fjmrh. snemma á þessu þingi að hann svaraði ákveðnum fsp. sem ég bar fram á þskj. 24, þar sem óskað var eftir ákveðnum upplýsingum um hvernig þessi grein hefði verið framkvæmd. Ég óskaði eftir því að svar yrði lagt fram skriflega, og það var gert. Hæstv. fjmrh. lagði fram ítarlegt svar við þessum spurningum sem ég skal ekki fara nákvæmlega út í hér, en það eru þó örfá atriði í þessum svörum sem ég vildi vekja athygli á hér á Alþingi þegar þessi mál eru hér til umr., vegna þess að þessi svör hafa lítið komið til umræðu.

Í fyrsta lagi var spurt um það, hvaða viðmiðunarreglur hefðu verið settar, og gerði hæstv. fjmrh. ítarlega grein fyrir því og byggði þá á skýrslu frá ríkisskattstjóra sem hann fékk um það efni.

Síðan var spurt um það, í hve mörgum tilvikum álagning hafi farið fram árið 1980 samkv. þessari grein laganna, og kemur í ljós að það er hvorki meira né minna en 19 300 skattgreiðendur í landinu sem hafa orðið fyrir því, að þessari grein er beitt á þá, hafa orðið fyrir því, að áætlað er á þá samkv. heimild í þessari grein. Það skiptist þannig á milli kjördæma, að í Reykjavík eru það 3604, í Vesturlandsumdæmi 1854, í Vestfjarðaumdæmi 1160, í Norðulandsumdæmi vestra 2125, í Norðurlandsumdæmi eystra 2860, í Austurlandsumdæmi 2017, í Suðurlandsumdæmi 2663, í Vestmannaeyjum 222 og í Reykjanesumdæmi 2795, eða samtals 19 300.

Þá var enn fremur spurt um það, hver væri heildarupphæð áætlaðra tekna og álagðra skatta sem þannig hefði verið fundin. Það kemur fram í svari hæstv. fjmrh., að áætlaðar tekjur, sem þannig voru fundnar, voru samtals 50 milljarðar 356 millj. 763 þús. 569 gkr., og það er líka gerð grein fyrir því í þessu svari, hvernig það skiptist eftir umdæmum, en út í það skal ég ekki fara nánar.

Síðan segir að þeir skattar, sem þannig hafi verið fundnir, nemi um 31 milljarði kr., og þá er tekinn tekjuskattur, útsvar og sjúkratryggingagjald. Um þetta er allt miklu ítarlegar greint í þessu svari, ég hef aðeins tekið stærstu drættina í því, en þetta gefur þó nokkuð glögga mynd af því, hversu framkvæmd þessa ákvæðis í skattalögum hefur brugðist og hversu þeir aðilar, sem bera ábyrgð á þessu, hafa brugðist trausti hv. Alþingis. Þess vegna kemur að sjálfsögðu ekki annað til greina en að breyta þessari grein. Ég hefði út af fyrir sig ekkert harmað það, þó að hún hefði verið felld alveg niður eins og upphaflega var ráðgert í frv. hæstv. fjmrh., en tel þó að sú breyting, sem nú hefur verið á henni gerð, sé viðunandi og tryggi að skattyfirvöld gerist ekki offarar í þessum efnum.

Það eru ýmsar fleiri breytingar, sem gerðar hafa verið á þessu frv. eins og það hefur komið frá hv. fjh.- og viðskn., og ég vil taka undir það sem hér hefur komið fram, að mér finnst að þessi nefnd hafi unnið frábært starf og það sé mun betra frv., sem frá henni hefur komið nú, heldur en það frv. sem lagt var fram af hæstv. fjmrh. og hæstv. ríkisstj. Til dæmis er til mikilla bóta að taka upp aftur það ákvæði, að þeir, sem atvinnurekstur stunda, eigi val um það að draga frá tekjum 10% eða aðra frádrætti eins og aðrir skattgreiðendur. Enn fremur hefur verulega verið bætt úr varðandi fyrningarreglur eins og þær birtust í því frv. sem hæstv. fjmrh. lagði fram. Þess vegna á þessi nefnd þakkir skildar fyrir það, hvernig hún hefur unnið að þessum málum.

Ég get ekki stillt mig um að benda á það hér, hversu harða útreið þetta frv. hæstv. fjmrh. hefur fengið hér á Alþingi og hjá þeirri nefnd sem um það fjallaði. Það má raunar segja að það standi ekki steinn yfir steini í því frv. sem hæstv. fjmrh. lagði fram fyrir nokkrum vikum og ætlaðist til að yrði hér samþykkt. Ég vek sérstaklega athygli á þessu vegna þess að hæstv. fjmrh. sá ástæðu til þess í vetur að snupra okkur tvo þm. hér í deildinni fyrir það, að við skyldum hafa borið fram litla brtt. við skattalög sem náði ekki fram að ganga. Hann sá ástæðu til þess að snupra okkur fyrir það, að við vissum greinilega ekki hvað við værum að gera, þegar um skattamál væri að ræða. En ég held að fátt sanni betur þau orð, sem ég viðhafði í þeim umr., að hæstv. fjmrh. með allan sinn sérfræðingaskara á eftir sér í skattamálum virðist vera sá maður hér í hv. Alþingi og hv. deild sem hvað síst veit hvað hann er að gera í skattamálum, ef taka má mið af því frv. sem hann lagði hér fram á sínum tíma. Hitt skal ég virða hæstv. ráðh. til betri vegar og tel hann vera meiri mann fyrir en ella, að hann skuli hafa látið segjast og að hann skuli hafa farið eftir leiðbeiningum, sem hv. n. hefur gefið honum, og að hann skuli hafa fallist á þær róttæku brtt. sem hér hafa nú verið lagðar fram við þetta skattalagafrv. En ég vil ráðleggja hæstv. fjmrh. að hugsa sig betur um næst, áður en hann vænir þm. hér um að þeir viti ekki hvað þeir gera þegar skattamál eru annars vegar.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég vil taka undir það sem nm. hafa sagt, þakklæti til formanns fjh.- og viðskn., og sömuleiðis hefur Albert Guðmundsson, hv. 3. þm. Reykv., í leiðinni beðið mig að flytja jafnframt sitt þakklæti, og ég er viss um að nm. almennt eru ánægðir með það samstarf sem hefur verið í nefndinni við mjög erfiðar aðstæður. Það var lagt fram frv. frá ríkisstj. sem var meingallað og hefði kostað mikinn ófrið hér í þingi ef ekki hefði verið reynt að ná samkomulagi um tiltekin atriði, því að nógu mikið er samt eftir af þeirri hlið mála sem ekki næst samkomulag um og vitað var fyrir fram að samkomulag næðist ekki um.

Ég leyfi mér ásamt þremur öðrum þm. að flytja hér skriflega brtt., þeir eru ásamt mér Matthías Á. Mathiesen, Albert Guðmundsson og Sighvatur Björgvinsson, þessa efnis:

„1. Á eftir 13. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

a. Á eftir 12. tl. 1. mgr. 31. gr. laganna komi 13. tl., svohljóðandi:

Tillög, sem skattskyldir aðilar samkv. 1. og 2. gr., sem eingöngu reka útgerð og fiskvinnslu, leggja í nýbyggingarsjóð.

Hámark nýbyggingasjóðstillags þessara aðila skal vera 25% af þeirri fjárhæð sem eftir stendur þegar frá tekjum samkv. II. kafla hafa verið dregnar þær fjárhæðir sem um ræðir í 1.—11. tl. þessarar mgr.

b. Í stað 2. mgr. sömu lagagreinar komi svohljóðandi mgr.:

Hvorki er heimilt að mynda rekstrartap né fresta yfirfærslu rekstrartaps frá fyrri árum með frádrætti samkv. 9.—13. tölul. 1. mgr.

2. Við ákvæði til bráðabirgða bætist:

Nú nýtur skattskyldur aðili samkv. 1. og 2. gr. og eingöngu rekur útgerð og fiskvinnslu frádráttar frá tekjum með framlagi í nýbyggingarsjóð, sbr. 1. mgr. 31. gr., 13. tölul., og skal sú upphæð, sem hann ráðstafar þannig,

lögð inn á bundinn reikning í viðskiptabanka eða keypt fyrir það opinber verðbréf og þau falin banka til geymslu og skal það gert eigi síðar en 5 mánuðum eftir lok hvers reikningsárs.

Skattaðili ráðstafar sjálfur því fé er hann hefur lagt í nýbyggingarsjóð, en því má eingöngu verja til aukningar og endurnýjunar á framleiðslutækjum á sviði útgerðar, annaðhvort með nýbyggingu eða kaupum á nýjum fiskiskipum. Þó er heimilt að verja fé nýbyggingarsjóðs til að greiða tap ef aðrar eignir hrökkva ekki til fyrir því.

Sé fé nýbyggingarsjóðs ráðstafað á einhvern annan hátt en að framan greinir skal hið ráðstafaða fé hækkað upp um verðbreytingastuðul, sbr. 26. gr., og bætt við tekjur skattaðila ásamt 10% viðurlögum."

Þessar till. eða tillögudrög voru send fjh.- og viðskn. með bréfi dags. í gær, en þá hafði n. lokið við afgreiðslu málsins fyrir 2. umr. og gengið frá sínum till. Ég hef sýnt flestum nm. eða ráðgast við þá um þetta erindi, en allir hafa þeir fengið það í sínar hendur. En formaður n. og fleiri nm. hafa ekki talið sér fært að gerast meðflm. að þessum till., hafa talið sig þurfa að kanna þær betur og hafa til þess góðan tíma. Um það er ekkert að segja. En við erum hér 4 nm. í fjh.- og viðskn. sem þrátt fyrir tímaskort höfum kynnt okkur efni þessara till. og erum reiðubúnir til að fylgja þessari breytingu á frv.

Það er eðlilegt að slík till. eða ábending til Alþingis komi fram frá Landssambandi ísl. útvegsmanna því að við vitum að það eru gildandi verulegar veiðitakmarkanir á nær öllum fiskstofnum í þeim tilgangi að byggja upp fiskstofnana til þess að þeir geti skilað hámarksafrakstri. Við þessar aðstæður hefur fiskiskipaflotinn reynst of stór og endurnýjun verið takmörkuð. Nokkrar úrbætur hafa verið gerðar í þessum efnum, m. a. með því að stofna Aldurslagasjóð og Úreldingarsjóð til þess að hætta útgerð gamalla og úreltra skipa í því skyni að taka þau skip úr notkun, sem eru óhagstæð, og jafnframt til þess að minnka fiskiskipaflotann.

Því er ekki að leyna, að sérstaklega nú eftir hagstæða vertíð víðast hvar á landinu og alveg sérstaklega hér sunnanlands hefur áhugi á endurnýjun aukist verulega með smíði skipa innanlands og jafnframt og ekkert síður með innflutningi notaðra erlendra fiskiskipa sem fást mjög víða á mjög hagstæðu verði. Ef við ætlum okkur að byggja fiskstofnana upp og minnka veiðitakmarkanir frá því sem verið hefur og nú er má ekki auka fiskiskipaflotann verulega. Við sáum það í síðasta mánuði, þegar mikill afli barst á land þrátt fyrir veiðibannið sem gilti 7 daga í mánuðinum, að ekki verður um það deilt með neinum rökum að flotinn sé nægilega stór til þess að tryggja að við náum hámarksafrakstri með fiskveiðiflotanum eins og hann er núna. Með þessu er ég þó ekki að segja að það eigi ekki að endurnýja á vissum stöðum vissar stærðir skipa, þar sem þau eru orðin gömul og úrelt, með því að taka eldri skip úr notkun, eins og tilgangurinn var og er með Aldurslagasjóði og Úreldingarsjóði.

Með því að gera samþykkt líka þeirri, sem ég er hér að leggja til, er dregið úr þeim mikla fjárfestingaráhuga, sem nú er fyrir hendi, með því að heimila sjávarútveginum sjálfum eða hreinum fiskvinnslu- og útgerðarfyrirtækjum að leggja í nýbyggingarsjóð eins og gert er ráð fyrir með þessari till. Ég tel því að þessi till. sé skynsamleg, hún dragi úr þeim stundaráhuga sem er hjá þessum aðilum, þeir vilji hugsa sér frekar að geyma fjármagn til nokkurra ára og jafna þannig þann mikla áhuga sem nú er.

Einhver kann að segja: Er ekki rétt að þetta nái til allra atvinnugreina? Vissulega má halda því fram. En hinu er aftur við að bæta, að sjávarútvegurinn hefur sérstöðu. Vitaskuld eru fiskiskipin ekki eins varanlega eign og fasteignir í landi. Á þeim mæðir meira og endingartími þeirra er miklu minni en flestra eigna í öðrum atvinnugreinum og þá auðvitað um leið í fiskvinnslunni út af fyrir sig. Ég tel, að þetta geti verið byrjun á öðru meira þegar fram í sækir, og tel, að með samþykkt tillögu sem þessarar mundi Alþingi stíga veigamikið skref til þess að draga úr þeirri miklu spennu sem er, létta stjórnvöldum töluvert ákvarðanatöku, enda er eðlilegt að gefa aðilum, fyrirtækjum og einstaklingum, möguleika til þess sjálfir að byggja upp með eigin fjármagni, en ekki hrópa alltaf á upp í 90% fjármagn frá hinu opinbera, eins og er í sumum tilfellum við smíði fiskiskipa þegar miðað er við innanlandssmíði.

Eitt er það sem hefur ekki komið til umr. hér í dag eða í nefndinni og er fyrst og fremst ákvörðunarefni ríkisstj., en það er skýlaus samþykkt ríkisstj. um áform hennar í stjórnarsáttmálanum frá 8. febr. 1980, en þar segir í kaflanum um ríkisfjármál orðrétt: „Tekin verði upp staðgreiðsla skatta innan tveggja ára." Það er ekkert verið að klípa af því þarna í stjórnarsáttmálanum frá 8. febr. 1980, að það á að taka upp staðgreiðslu skatta innan tveggja ára. Nú er sem sagt árið 1980 liðið og á árinu 1981 erum við nú að ljúka þingi, og þá er sjáanlegt að í byrjun næsta árs ætlar ríkisstj. sér samkv. stjórnarsáttmála að taka upp staðgreiðslukerfi skatta. Nú liggur töluvert við að vita, — ef hæstv. ráðh. mega vera að því að sitja í stólunum sem vita um þetta, það er nú einn hérna og ekki sá minnsti, er sjálfur orkuráðh., — hvort hann geti gefið upplýsingar, fyrst fjmrh. er týndur í bili, um hvort þessi áform ríkisstj. standist ekki, að það eigi að taka upp staðgreiðslu skatta, en þá hlýtur það að taka gildi strax 1. febr. á næsta ári, fyrsti gjalddagi skatta vera þá, — eða hefur ríkisstj. lagt þetta áform sitt á hilluna? Hefur hún gengið frá stjórnarsáttmálanum hvað þetta snertir? Mér finnst að Alþingi megi nú ekki eingöngu óska eftir upplýsingum um þetta heldur eigi það skýlausa kröfu á að vita um það við afgreiðslu þessa máls, hvort við þetta á að standa eða ekki. Það er furðuhljótt yfir þessari ákvörðun, sem var tekin við myndun þessarar ríkisstj., í sambandi við þessar umr. Ég er ekki að álasa stuðningsmanni ríkisstj. sem mælti fyrir brtt. við þetta frv., þó að hann sé ekki að gefa einhverjar yfirlýsingar um þetta. Það er auðvitað ríkisstjórnarinnar sjálfrar, ráðh. hennar, að skýra frá því, hvort hér sé um einhverjar breytingar að ræða eða ekki.

Umr. í dag hafa ekki komið mér neitt á óvart að undanskilinni einni ræðu, en það var ræða hæstv. landbrh. Hún kom mér gersamlega á óvart þar sem hann lýsti yfir að hann væri mjög mótfallinn því, að við í fjh.- og viðskn. tækjum hér upp á því að leggja til að 59. gr. svokölluð yrði áfram í gildi, að vísu með mjög mikilvægum breytingum. Hann lýsti því mjög fjálglega, að hann væri á móti því, að tekjur væru áætlaðar á menn, og hann teldi, að hér hafi verið stigið skref aftur á bak, og það var ekki annað að heyra á honum en hann á margan hátt harmaði það samstarf, sem orðið hefur innan nefndarinnar, og þætti það miður. Ég vil nú benda hæstv. landbrh. á það, að þó að 59. gr. væri lögð niður, sem ég og

fleiri fluttum frv. um sem vísað var til ríkisstj. og er tekið upp í þessu frv., þá má benda á ýmislegt annað sem ekki er betra en 59. gr., eins og t. d. 3. málsl. 25. gr. þessa frv., sem hljóðar svo: „Hjá mönnum, er vinna við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, skal, áður en ákvæðum 2. mgr. er beitt, hækka tekjuskattsstofn þeirra um þá fjárhæð sem tekjur af þessum störfum eru lægri en ætla má að endurgjald þessara manna miðað við vinnuframlag hefði orðið ef þeir hefðu innt starfið af hendi fyrir óskyldan eða ótengdan aðila.“ Ég held að framkvæmdavaldinu sé fengið þarna mikið vald í hendur. En það skiptir kannske hæstv. landbrh. höfuðmáli að ekki sé til neitt sem heiti 59. gr., en það megi læða því inn á ýmsum öðrum stöðum. Og það eru fleiri greinar sem hafa verið heldur betur lagfærðar í meðförum nefndarinnar, og ég tel að hafi verið hyggilegt af okkur að ganga til samstarfs í nefndinni um að lagfæra öll þessi tæknilegu atriði í meðferð skattamála.

Ég er þeirrar skoðunar, að það sé óhyggilegt fyrir ríkisstj. og stuðningsflokka ríkisstj. á hverjum tíma að ætla að marka heildarlöggjöf í skattamálum í fullu stríði við stjórnarandstöðu. Ég hygg að það kunni ekki góðri lukku að stýra ef slík vinnubrögð eru viðhöfð, hverjir sem eru í stjórn og hverjir sem eru í stjórnarandstöðu. Það eru hyggilegri vinnubrögð að reyna að ná fram samstöðu, sérstaklega um tæknileg atriði skattamála, eins og hefur verið gert í þessu tilfelli. Hitt er annað mál, að það eru fjölmörg önnur atriði skattamála sem okkur greinir verulega á um, ekki næst samkomulag um og þýddi ekki að eyða tíma í að tala um því að þar er geigvænlegt bil á milli.

Hæstv. landbrh. lét að því liggja, að n. hefði orðið svo ásátt um þetta að eiginlega kæmist ekki hnífurinn á milli okkar, og hann vildi láta líta svo út að hann væri einn af þeim fáu, sem vildu fella niður 59. gr., og væri fyrst og fremst að hugsa um lágtekjufólkið, um smáatvinnurekendurna, sem má svo aftur bæta á í einhverri annarri grein og víðar. En samstaðan um þetta var ekki meiri en svo, að við hefðum getað verið sammála hæstv. ráðh. um að fella 59. gr., en þá hefðu ekki verið gerðar neinar aðrar breytingar. Þá hefðu þeir, sem atvinnurekstur stunda, ekki setið við sama borð og aðrir skattþegnar varðandi 10% frádráttinn. Það eru gerðar verulegar breytingar í 53. gr. til bóta fyrir atvinnurekendur í landinu.

Við segjum einnig í okkar viðbótarnál., sjálfstæðismennirnir: „Framkvæmd þessarar greinar“ — þ. e. 59. gr. — „hefur með margvíslegum hætti verið í mótsögn við þau áform sem vöktu fyrir þeim er að lögfestingu hennar stóðu.“ Margir skattgreiðendur hafa ómaklega orðið fyrir barðinu í framkvæmd þessarar greinar, eins og hv. 6. þm. Reykv., Birgir Ísleifur, lýsti áðan og ég þarf ekki að endurtaka.

Mér fellur að mörgu leyti illa þegar menn á þessum jafnréttistímum eru að tala um vinnukonuútsvör í einhverjum lítilsvirðingartón. Nú er þessi stétt eiginlega búin að vera og ekki lengur til, en talað er í einhverjum niðrunartón um vinnukonuútsvör eða vinnukonuskatta. Ég kann þessu illa og mér finnst ekki sæmandi, ekki þm. og því síður ráðh., að vera með þetta tal og tala jafnframt um að þeir, sem standa sig vel í atvinnurekstri, fari vel út úr núv. skattalögum, en þeir, sem eru verr settir eða mjög illa settir, séu hundeltir, eins og hæstv. ráðh. sagði. Nú vill svo vel til hans vegna, að hann situr í ríkisstj. við hliðina á æðsta manni skattamála, það gengur ekki hnífurinn á milli þeirra í öllu, og nú getur hann beitt áhrifum sínum við æðsta yfirmann skattamála, hæstv. fjmrh., að draga nú verulega úr og hætta að hundelta þessa láglaunahópa í þjóðfélaginu. Þar gæti hann náð töluverðum árangri því að það er mjög hlýtt og gott þarna á milli eins og allir vita.

En hæstv. landbrh. getur gert meira, bæði fyrir smáatvinnureksturinn og ekkert síður fyrir allan almenning, hina almennu launþega í landinu. Hann getur lækkað þá ósanngjörnu skatta sem vinstri stjórnin lagði 1978 t. d. á alla þá sem eiga íbúðarhús. Þá var gripið til þess ráðs að hækka eiganrskattana í einu vetfangi um hvorki meira né minna en 50%, úr 0.8 í 1.2%. Þá var núv. hæstv. landbrh. algjörlega á sama máli og allir sjálfstæðismenn eru, að það væri óhóf að haga sér þannig við eignarskattsálagningu að hækka hana í einu vetfangi um 50%. Því var aldrei hreyft í tíð ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar 1974—78 af Framsfl. að hækka eignarskattana um 50%, hvað þá meira. En hvað hefur gerst síðan, síðustu tvö árin. Því er haldið við, 1.2% eignarskatti. En það, sem gerist, er að eignarskattsstofninn hækkar ekki í hlutfalli við verðbólguna, við verðstuðulinn. Það, sem gerist, er að nú á hann að hækka um 45 skattvísitölustig á milli áranna 1980 og 1981. Síðustu tvö árin, 1979—81, hefur eignarskattsstofninn engan veginn hækkað í sama hlutfalli og fasteignaskattarnir og fasteignamatið. Má segja að í reynd hafi eignarskattar hækkað um ekki minna en 70% frá því að Sjálfstfl. fór úr stjórn, og það hefur farið versnandi eftir að hæstv. landbrh. kom í ríkisstj. Hann er búinn að bæta um vinstristjórnarmetið frá haustinu 1978. Nú gefst hæstv. ráðh. tækifæri til að leiðrétta þetta misræmi. Við fengum það ekki í gegn í nefndinni og sennilega hafa nm. orðið fyrir einhverjum þrýstingi frá stóru körlunum á bak við frv. En nú getum við Pálmi Jónsson náð saman, nú getum við gert þessa mikilvægu breytingu. Það stendur víst ekki á honum því hann er að hugsa um þá sem minnst mega sín. Það er fallegt af honum og þannig eiga menn að hugsa.

Ég vil benda mönnum á það, að þrátt fyrir þetta takmarkaða samkomulag sem gerist innan nefndarinnar er eftir sem áður óbreytt stefna Sjálfstfl. sú í skattamálum, að heildarskattprósenta beinna skatta miðist ekki við hærri upphæð en 50%. Sú stefna er óbreytt að tekjuskattar verði afnumdir í áföngum á almennum launatekjum, að tekjuskattar verði lækkaðir verulega á láglaunafólki og svigrúm aukið til þess að nýta persónuafslátt til greiðslu opinberra gjalda eins og við flytjum brtt. um, að eignarskattar verði aldrei til þess að hrekja fólk úr eigin húsnæði þó það sé gamalt orðið eða tekjulágt, — svolítið er komið til móts við eldra fólkið nú í þessu frv., — og að skattlagning fyrirtækja sé með þeim hætti að það hamli ekki gegn æskilegri uppbyggingu og framþróun atvinnulífsins.

Í samræmi við þessi meginmarkmið í skattamálum flytjum við till., sem hv. 1. þm. Reykn. fylgdi úr hlaði í dag, um breytingu á skattþrepum og skattstigum bæði einstaklinga og fyrirtækja, breytingu á eignarskattstiga og skattfrelsismörkum, eins og ég sagði áðan, og breytingu á skattlagningu hlutafjár og arðs af hlutafé. Sú breyting er nauðsynleg. Það á að örva þátttöku almennings í því að leggja hlutafé fram, og það má gjarnan njóta arðs af því, ekkert síður en að örva fólk til þess að leggja sparifé í banka. Enn fremur er í okkar brtt. ákveði um

breytingu á skiptingu persónuafsláttar til greiðslu opinberra gjalda og breytingar á meðferð vaxta og verðtryggingar á námslánum.

Ég legg á það áherslu, að það er skynsamlegt á hverjum tíma að reyna að ná eins og hægt er samstöðu um allt er lýtur að tæknilegri hlið skattamála og heildarstefnunni. Við deilum vafalaust alltaf um skattstigana, það er ekkert nýtt, og ýmislegt fleira sem hefur verið gert hér að umræðuefni. En af því að ég sé nú að hæstv. fjmrh. hefur staldrað við í þingsalnum um hríð, en orkurh., sem var einn þegar ég gerði hér fsp. áðan, er horfinn, þá vil ég endurtaka þá spurningu mína, hvort það sé ekki fastur ásetningur hæstv. ríkisstj. að halda fast við stjórnarsáttmálann frá 8. febr. 1980 um að tekin verði upp staðgreiðsla skatta innan tveggja ára og hvort þá sé ekki ákveðið frá hendi fjmrh. að 1982, því þá eru þessi tvö ár liðin, verði tekið til að innheimta eftir staðgreiðslukerfi skatta sem búið er nú að hrekjast í stjórnkerfinu hátt í heilan mannsaldur.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 852) samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég vil ekki lengja þessar umr. og gera að umtalsefni ýmislegt sem hér hefur komið fram. Það hefur margt verið rætt hér um brtt. og ýmislegt fleira. Ég vil aðeins ítreka það, að ég mælti hér fyrir sameiginlegum brtt. fjh.- og viðskn., en get ekki stutt aðrar brtt. sem fram hafa komið.

Ég vil aðeins minnast á það varðandi þá till. sem hv. þm. Matthías Bjarnason lagði hér fram varðandi fjárfestingarsjóð, að það hefur lengi verið á dagskrá og lengi verið m. a. mitt áhugamál að breyta svokölluðum varasjóð í fjárfestingarsjóð, þ. e. skattalegan, fjárfestingarsjóð. Ég tel að það eigi mikinn rétt á sér, sérstaklega í því verðbólguástandi sem við búum við, og geti verið mikilvægt tæki fyrir hagstjórn í þessu landi. Hins vegar tel ég að það þurfi að ganga nokkuð jafnt yfir allar atvinnugreinar.

En ég vil aðeins minnast á það sem hæstv. landbrh. sagði hér, að enn fæli þetta í sér að verið væri að lögfesta það ranglæti, sem við hefur verið haft, og þetta geti leitt af sér ranglæti. Það er vissulega afstætt hvað er réttlæti og hvað er ranglæti. Fyrir nokkrum árum var í þjóðfélaginu talið mikið ranglæti þegar ýmsir menn úr atvinnurekendastétt í Bolungarvík, Borgarnesi, Hveragerði og um land allt voru skattlausir. Þá hrópaði þjóðin einum rómi um, að slíkt ranglæti mætti ekki viðgangast, og krafðist þess af stjórnmálamönnum, að þeir færu að gá að því hvað ætti að gera við hana. Þá voru að vísu ekki allt saman skemmtilegar umræður, en hitt er svo annað mál, að þá hét það ranglæti samkvæmt almannarómnum.

Það var tekin upp sú regla að taka upp reiknuð laun og tókst ekki sérstaklega vel til í upphafi. Það er ekki þar með sagt að sú aðferð hafi mistekist. Ég tel að þessi regla, sem hér er komin, geti ekki leitt til þess sem ég kalla ranglæti, vegna þess að ég tel fyllilega verjanlegt að maður sé skattlagður af því fé sem hann fær og tekur til einkaneyslu úr sínum rekstri, alveg eins og launþeginn þarf að greiða skatta af sínu umráðafé. Með þessum reglum er tryggt að það er ekki hægt að skattleggja mann fyrir meira fé en sem nemur peningalegum tekjum. Ég get ekki séð, ef ég er aðili, sem rekur sjálfstæða starfsemi, og hef 10 milljónir til umráða til minnar einkaneyslu og fjárfestingar í mínu prívatlífi, að ég eigi að borga neitt minna í skatta heldur en launþeginn sem fær 10 milljónir til umráða. Það var hins vegar sá galli á þessari reglu eins og hún var, að hún gat leitt til þess, að menn greiddu skatta af tekjum eða peningum sem þeir höfðu aldrei fengið í hendur.

Ég vil einnig taka það fram, að með þessum breytingum er á engan hátt verið að leggja til að fella niður fyrningar eða fella niður afskriftir í einu og öllu. Það myndast yfirfæranlegt tap sem hægt er að draga frá á næsta ári. Og það eru töluvert mikil réttindi að geta gert það jafnt í öllum atvinnurekstri. Það var niðurstaða mín og okkar allra í nefndinni, að við vildum ekki taka þau réttindi af þeim, sem stunda sjálfstæða starfsemi, að draga frá 10% af sínum tekjum. Við vildum ekki taka af þessum mönnum þau réttindi, að persónuafsláttur gengi upp í útsvör. Við vildum ekki taka af þeim þau réttindi að geta jafnað tapið á tekjum milli ára. Og við vildum ekki standa að því, að lítil sveitarfélög væru svipt verulegum tekjum. Þetta eru aðalástæðurnar fyrir því, að við gerum þessar breytingar. Og við teljum að greinin, eins og hún er, leiði ekki til ranglætis. Vissulega getur alltaf eitthvert ranglæti komið upp í þessu þjóðfélagi þrátt fyrir góð lög. Lög tryggja menn ekki alfarið gegn ranglæti. En eins og ég nefndi áðan var aðaluppistaðan í okkar rökstuðningi að við hefðum talið það mikið ranglæti hefðu þessir aðilar verið sviptir þessum réttindum.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka fjh.- og viðskn. hv. deildar fyrir vel unnin störf nú þegar frv. um tekju- og eignarskatt kemur til 2. umr. Þetta frv. var lagt fram í aprílbyrjun og þótti vissulega nokkuð síðbúið. Skýringin á því var, eins og margir munu minnast, að fram eftir öllum vetri var beðið eftir upplýsingum frá ríkisskattstjóraembættinu sem verið var að afla með aðstoð tölvu, — upplýsingum sem byggðust á álagningu s. l. árs og voru taldar óhjákvæmileg forsenda þess, að unnt væri að taka afstöðu til ýmissa atriða núverandi skattalaga, þ. á m. hinnar umdeildu 59. gr. laganna.

Vissulega hefði verið æskilegt — og ég gerði mér raunar vonir um það um skeið, að unnt yrði að afgreiða skattafrv. fyrir páska. En það fór svo að miklu meiri tíma þurfti til að athuga þetta mál í nefnd en að hægt væri að afgreiða málið fyrir páska. Sannleikurinn er sá, að nefndin hefur lagt verulega vinnu í þetta frv. og haldið mjög marga fundi um það. Og ég vil sérstaklega nota þetta tækifæri til að þakka formanni hv. þm. Halldóri Ásgrímssyni, fyrir það starf sem hann hefur lagt í þetta mál, enda er það áreiðanlega honum að þakka fremur en öðrum að veruleg samstaða skapaðist innan n. um meginefnið í till. n. og er það vissulega gott út af fyrir sig. Það þýðir hins vegar ekki að menn, sem að þessum breytingum standa, þurfi allir að vera á því að breytingarnar séu allra besti kostur sem völ er á. Ég er vissulega í hópi þeirra manna sem hefðu kosið að niðurstaðan hefði orðið önnur að nokkru leyti en hún varð.

Ég tek ekki undir fullyrðingar hv. þm. Birgis Ísleifs Gunnarssonar áðan um að ég hljóti að hafa breytt um skoðun í þessu máli vegna þess að ég muni væntanlega greiða atkvæði með þessu frv. nokkuð breyttu frá því að

ég flutti það. Ég hefði verið reiðubúinn til að samþykkja ákvæði frv. sem varða bæði 59. gr. og 17. gr., hvorar tveggja varða atvinnureksturinn, eins og þær voru lagðar fram. Það var ekki mín vegna sem breytingar voru gerðar á þessum greinum. Ég vil hins vegar vekja á því athygli, að þessar greinar geta auðvitað ekki talist meginefni þessa frv. Meginefni þessa frv. er að sjálfsögðu skattalækkunin sem frv. felur í sér ásamt því frv. sem er í Ed. og fjallar um sjúkratryggingagjald.

Samkvæmt samkomulagi, sem gert var við fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar fyrr í vetur, er ráð fyrir því gert, að tekjuskattar til ríkisins verði lækkaðir um sem svarar 1.5% af brúttótekjum liðins árs hjá framteljendum með almennar launatekjur, þ. e. með tekjur allt að 10—11 millj. gkr. Þessi skattalækkun er framkvæmd með niðurfellingu 1.5% sjúkratryggingagjalds, eins og menn þekkja, ásamt nokkrum breytingum á skattalögunum. Nokkrir hv. stjórnarandstæðingar hafa verið að reyna að veifa þessari staðreynd burt úr veruleikanum með mjög almennum og einföldum staðhæfingum um að þessi skattalækkun sé bara á pappírnum án þess að rökstyðja það á nokkurn hátt eða hætta sér út í frekari umræður um það mál. Ég held að það sé alveg ástæðulaust að fara að rökræða hér frekar með hvaða hætti þessi skattalækkun á sér stað. Þar stendur greinilega staðhæfing gegn staðhæfingu. En ég minni á það sem áður hefur komið fram hér í þinginu að ekki ómerkari menn en fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar, Björn Þórhallsson, Jón Helgason, Ásmundur Stefánsson, sem tóku þátt í viðræðum við ríkisstj. um þetta mál, voru sammála okkur um að ótvírætt væri að sú breyting, sem hér var gerð á skattalögum, fæli í sér 1.5% skattalækkun miðað við brúttótekjur liðins árs hjá þeim framteljendum sem ég áðan nefndi.

Hv. þm. Halldór Blöndal hefur gert ítrekaðar tilraunir til að gera þessa skattalækkun tortryggilega og spyr ótt og títt um hverjar séu áætlanir ríkisstj. um tekjur á þessu ári, heldur að með því að fá ákveðnar upplýsingar um þetta atriði geti hann sannað eða afsannað eitthvað í sambandi við þessa skattalækkun. Það hefur nú maður gengið undir manns hönd til þess að reyna að útskýra fyrir hv. þm. Halldóri Blöndal að skattalækkunin er alls ekki miðuð við tekjur á þessu ári. En það hefur ekki komið að neinu gagni og hann heldur áfram að spyrja spurninga sem varða tekjur og ráðstöfunartekjur á komandi mánuðum, en þær tekjur koma þessu máli alls ekkert við. Það er skemmst frá að segja að auðvitað veit ríkisstj. ekkert um hvað tekjur verða miklar hjá almennu launafólki á þessu ári. Auðvitað fer það eftir mörgum breytilegum staðreyndum sem eiga hugsanlega eftir að koma upp. Bæði fer það eftir aflabrögðum og atvinnuhorfum í landinu, atvinnuástandi í landinu á komandi sumri og síðan veltur þetta auðvitað allt á því, hvort menn eru að tala um taxtana á komandi mánuðum eða hvort menn eru að tala um ráðstöfunartekjur. Mér heyrist að þm. sé stöðugt að tala um taxtana, en við höfum að sjálfsögðu miðað þessa skattalækkun við ráðstöfunartekjurnar, og grunnurinn, sem miðað er við, eru tekjurnar á liðnu ári.

Hv. þm. spurði mig að því, hvort rétt væri sú fullyrðing forsrh. að verðbólgan hefði verið á undanförnum mánuðum 33%, reiknað á ársgrundvelli eins og hagfræðingarnir kalla það. Ég get ekki annað en staðfest þessa fullyrðingu forsrh. sem hver og einn getur raunar reiknað út fyrir sig sjálfur. Það er ekkert annað en að reikna út hvað hækkunin í janúar upp á 1.6% í framfærsluvísitölu gerir að viðbættri hækkuninni í febrúar, mars og apríl upp á rétt liðlega 8%. Hvað gerir þetta ef það er reiknað á tólf mánaða grundvelli í staðinn fyrir fjóra mánuði? Þá fáum við út prósentutölu sem er af þessari stærð.

Hins vegar bætti hann þeirri spurningu við, hvort ég ætti von á að verðbólgan yrði af þessari stærð á síðari hluta ársins. Ég svara því hiklaust neitandi. Mér dettur ekki í hug að verðbólgan verði af þessari stærð síðari hluta ársins, ég reikna með að hún verði heldur meiri. Margsinnis hefur komið fram í yfirlýsingum ríkisstj. og útreikningum sérfræðinga að það er reiknað með að verðbólgan verði ívið meiri á síðari hluta ársins en á fyrri hluta ársins. (**HBl:** Hvað þýðir ívið meiri?) Að því marki að meðaltalshækkunin frá upphafi árs til ársloka geti verið jafnvel um eða yfir 40%. Af því sést að hún hlýtur að vera dálítið meiri á síðari hlutanum ef hún á að vega upp 33% hækkun á fyrstu fjórum mánuðunum. — Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta, en vegna þess að um þetta var spurt vildi ég að þetta kæmi hér fram.

Um fsp. hv. þingmanna þarf ég nú ekki að fara mörgum orðum, en vil þó sérstaklega nefna hér að hv. þm. Halldór Blöndal ræddi töluvert um hlutaráðna sjómenn í landi og hefur flutt brtt. um það mál. Ég fékk hingað niður í þinghús vegna athugasemda Halldórs Blöndals bæði deildarstjórann í tekjudeild fjmrn., Árna Kolbeinsson, og einnig fulltrúa frá embætti ríkisskattstjóra. Þeir segja að það sé óhjákvæmilega rétt túlkun á hugtakinu „hlutaráðnir landmenn“ að um sé að ræða menn sem stundi beitingu vegna línuveiða, þannig hafi þetta hugtak verið túlkað og skilið á undanförnum árum og því sé eðlilegt og nauðsynlegt að í reglugerð sé skýrt tekið fram að skattafslátturinn, sem fiskimannafrádrátturinn felur í sér, sé bundinn við þessa menn. Það er ekki hugsun löggjafans að útgerðarmenn geti farið að ráða ýmsa starfsmenn sína sem hlutaráðna landmenn, hvort sem það eru menn sem vinna í netavinnu eða skrifstofuvinnu eða hvað sem það gæti verið, kannske hlaupa í skarðið á sjó stöku sinnum. Það er ekki ætlunin að víkka út þessi fríðindi sem verið hafa um langt skeið og hafa verið algjörlega takmörkuð við hlutaráðna landmenn. Ég held að kjarni málsins sé eimnitt sá sem hv. þm. Halldór Blöndal fæst ekki til að viðurkenna, að þessi skattfríðindi hafa um margra ára skeið aðeins náð til þeirra manna í landi sem hafa unnið við línubáta. Þar hefur markalínan verið dregin og þar verður hún áfram dregin. Þetta er lagatúlkunaratriði og hefur verið túlkað af embættismönnum á þennan veg í mörg ár. S. l. ár er engin undantekning í þeim efnum.

Hv. þm. Matthías Bjarnason spurðist fyrir um það, hvort staðgreiðsla skatta væri fyrirhuguð á næsta ári, og mér skildist að hann ætti von á því, að eftir næstu áramót færu menn að borga af tekjum líðandi árs samkvæmt fyrirmælum fjmrh. Í því sambandi er honum títt að veifa stjórnarsáttamála sem er þó ekki hægt að túlka á þennan afgerandi hátt. Þar segir að vísu að stefnt skuli að því að tekið verði upp staðgreiðslukerfi skatta að tveimur árum liðnum, en ég held að öllum hljóti að vera ljóst að þar er átt við árið 1983 vegna þess að það hefur alltaf verið gert ráð fyrir að tvö ár þurfi að líða frá því að Alþingi tekur ákvörðun um staðgreiðslukerfi skatta og þangað til það kemur til framkvæmda.

Ég skal nú ekki segja neitt um hvort hægt verður að standa við þetta áform vegna þess að staðreyndin er auðvitað sú, að enn hefur Alþingi ekki tekið ákvörðun um staðgreiðslu. Það er engin hætta á að fjmrh. muni taka það upp á sitt eindæmi að fyrirskipa staðgreiðslukerfi skatta á næsta ári, enda auðvitað ekki nein lagaheimild til þess. Hins vegar hef ég beðið ríkisskattstjóra nú í vetur að undirbúa frv. um þetta efni, og raunar fékk hann leyfi frá störfum þegar í nóv. s. l. til að vinna að þessu verki. Annríki hefur verið mikið hjá ríkisskattstjóraembættinu í vetur og hann hefur því miður ekki getað unnið að þessu allan tímann. Það hafa komið langar eyður í það starf. En nú liggur fyrir frv. um staðgreiðslu sem ég hef lagt fyrir ríkisstj. og mun leggja fyrir stjórnmálaflokkana. Hitt vita allir, að svo skammt lifir nú af þingstörfum að engin von er til þess að frv. verði afgreitt í vor og það verður því ekki lagt fram fyrr en næsta haust.

Ég vænti þess, að Alþingi afgreiði frv. um staðgreiðslu á komandi hausti og að unnt verði þá að taka upp nýtt kerfi í þessum efnum á árinu 1984 — eigi síðar en á árinu 1984 er réttara að orða það, kannske á árinu 1983 ef nægur tími reynist til undirbúnings.

Ég lét þess getið áðan, að í skattafrv., sem lagt var fram fyrir páska, væru mörg mikilvæg ákvæði, og hef þegar nefnt skattalækkunina. Ég minni líka á ákvæðin um einstæð foreldri. Ég minni á ákvæðin um eignarskatt lágtekjufólks, en hagur lágtekjufólks, sem býr í skuldlitlu eigin húsnæði, er verulega bættur með því að því er heimilað að nýta ónýttan persónuafslátt til greiðslu eignarskatts. Einnig eru mikilvæg þau ákvæði frv. að helmingur húsaleigu vegna íbúðar til eigin nota skuli frádráttarbær við álagningu tekjuskatts í fyrsta skipti á næsta ári. Eins er um ákvæði frv. um refsivexti, að vangreiðsla á hluta af sköttum valdi því ekki, að allur ógreiddur skattur falli þegar í gjalddaga.

Í þessu frv. voru einnig tvö ákvæði sem vörðuðu atvinnureksturinn, og á ég þar við ákvæði 59. gr. tekjuskattslaga, sem voru felld niður í frv., og ákvæði sem gerir ráð fyrir að útgjöld vegna fyrningar í atvinnurekstri séu lækkuð um allt að 10% ef hreinar tekjur af rekstri eru undir 5% af brúttótekjum. Þessar tvær brtt. í frv. voru með vissum hætti nátengdar og eru náskyldar. Það er ljóst að með 59. gr. og framkvæmd hennar er verið að takmarka verulega fyrningarmöguleika atvinnurekenda í vissum tilvikum. Þegar 59. gr. var algjörlega felld út þótti eðlilegt að eitthvað annað kæmi þar í staðinn, og þess vegna var sett inn það ákvæði, sem gilti ekki bara um einyrkja í atvinnurekstri eða þá sem reka fyrirtæki í eigin nafni, heldur um öll atvinnufyrirtæki í landinu, að ef þessi fyrirtæki skiluðu ekki eðlilegum framlögum í sameiginlega sjóði landsmanna, hreinar tekjur þeirra í rekstrinum væru það lágar að skattar væru litlir sem engir, þá ætti að lækka afskriftirnar. Hugsunin er nákvæmlega sú sama og í 59. gr., en nær til miklu, miklu stærri hóps en 59. gr.

Ég held að allir séu sammála um það, að 59. gr. hafi verið stórgölluð eins og hún var í fyrri lögum. Og ekki bætti úr skák að skattstjórar framkvæmdu þetta ákvæði með nokkuð mismunandi hætti víða um land. Ýmsir hafa verið að leiða að því getum, að það hafi bara vantað á að fjmrh. kippti í spottann hjá þessum skattstjórum og segði þeim hvernig þeir ættu að nota 59. gr., þegar þeir færu ekki að lögum gæti fjmrh. komið og sagt þeim að breyta þessari álagningu og hinni eftir því sem honum fyndist sanngjarnt og eðlilegt. (Gripið fram í.) Já, vissulega er gott að hafa spotta á skattstjórum, og ekki er hægt að neita því, að þeir heyra undir ríkisskattstjóraembættið sem aftur heyrir undir fjmrn. En það hygg ég að sé alveg ótvírætt lagatúlkun allra sem til þekkja, að skattstjórar eru algjörlega sjálfstæðir í ákvörðunum sínum og álagningu og fjmrn. getur ekki haft þar nein áhrif til lækkunar og hækkunar. Það eina, sem getur gerst með álagningu skattstjóra, er það, að ríkisskattstjóri getur kært álagningu þeirra til ríkisskattanefndar og það er hún sem kveður upp endanlegan úrskurð. Það segir sig auðvitað sjálft, að slíkt hefði verið hin mesta lögleysa ef fjmrn. hefði gert einhverja tilraun til þess að fetta fingur út í það að skattstjórar legðu skatta á með þessum eða hinum hættinum. Það hefði ekki staðist.

Ég féllst á það, að 59. gr. væri afnumin með öllu úr skattalögum, vegna þess að ég lít ekki svo á að sú regla varði mikið skattsvik í þjóðfélaginu. Til þess höfum við allt aðrar reglur í skattalögum, þ. á m. 95. gr. skattalaga sem heimilar álagningu ef grunur leikur á að tekjur séu vantaldar eða fyrirliggjandi gögn eru talin ófullnægjandi eða tortryggileg. Ég viðurkenni það, að við álagningu á s. l. ári hafði 59. gr. í för með sér ýmiss konar ranglæti. Og þeir, sem urðu fyrst og fremst fyrir barðinu á þessari reglu, voru einyrkjar hvers konar með lítinn rekstur sem var nálægt núllinu. Aftur á móti er ljóst að á s. l. ári, eins og oft áður, hafa mjög mörg stórfyrirtæki sloppið vel frá álagningu skatts. Ég vil upplýsa það hér, að aðstöðugjaldsskyld fyrirtæki, sem rekin eru sem lögaðilar eða í félagsformi, eru liðlega 5 þús., 5 165 talsins á s. l. ári, en þar af greiddi ekki tekjuskatt nema tæpur helmingur þessara fyrirtækja. Nú verður að taka það með í reikninginn, að mörg af þessum fyrirtækjum eru kannske mjög smá fyrirtæki sem eðlilegt er að greiði lítinn skatt. En ef við tökum fyrirtæki, sem báru aðstöðugjald yfir 55 þús. kr. á s. l. ári og höfðu því verulegan rekstur með höndum, þá virðist ljóst að um 1400 fyrirtæki af þessum fyrirtækjum fengu engan tekjuskatt. Ég taldi því ekki aðeins nauðsynlegt að lækka fyrningar í þeim tilvikum þegar lítill eða enginn tekjuskattur er greiddur, til samræmis við það að 59. gr. hyrfi úr lögunum, heldur einnig af þeirri einföldu ástæðu, að allt of mörg fyrirtæki í landinu sleppa við að greiða eðlilega hlutdeild í sameiginlegum þörfum landsmanna. Þess vegna er 17. gr. í frv. á þann veg sem hún er, að hún gerir ráð fyrir að bókfærður hagnaður sé tekinn til endurskoðunar og fyrningarútgjöld séu lækkuð ef hagnaður reynist undir ákveðnu lágmarki.

Mér urðu það óneitanlega vonbrigði, það vil ég að komi hér alveg skýrt fram, — mér urðu það talsverð vonbrigði að fjh.- og viðskn. Nd. skuli hafa lagt til að fella niður þetta ákvæði frv. Hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson skrifaði undir nál. með fyrirvara um þessa grein og niðurfellingu hennar, og ég tek það fram hér, að ég mun ekki greiða því atkv., að þessi frvgr. verði felld niður, því að ég tel að það sé þörf á henni. Hins vegar stend ég að þessu frv. og þeim breytingum að öðru leyti, sem á því eru gerðar, og sé ekki ástæðu til þess að marka afstöðu mína að þessu leyti með öðrum hætti en að sitja hjá við þá atkvgr. þegar greidd verða atkv. um 17. gr. frv.

Herra forseti. Ég hef hér fjallað um tvær greinar sem voru í frv., en hafa tekið breytingum í till. fjh.- og viðskn., önnur hreinlega verið felld niður, en hinni verulega

breytt, þar sem eru 17. gr. í frv. og 59. gr. í lögunum. Báðar varða þær atvinnureksturinn í landinu, eins og ég hef þegar tekið fram, og báðar víkja þær að skyldum vandamálum. Munurinn er bara sá, eins og ég hef þegar tekið fram, að 59. gr. fjallar um smáatvinnurekendurna, hún fjallar fyrst og fremst um þá, sem reka fyrirtæki í eigin nafni, og gerir ráð fyrir að hægt sé að mynda tap í rekstri hjá fyrirtæki að því marki sem fyrningarheimildir og nýting þeirra leyfir ásamt tekjufærslu. Ég viðurkenni að greinin er miklu skárri en sú sem fyrir var, einnig vegna þess að viðmiðunin hvað varðar laun bænda er orðin önnur. Það var í raun og veru ekkert réttlæti í því, að í viðmiðunarreglum ríkisskattstjóra samkv. lögunum væri miðað við dagvinnutekjur og yfirvinnutekjur bænda, en ekki hjá öðrum stéttum. Þetta hlaut að verða að samræma og það hefur nefndin gert. Það tel ég til mikilla bóta. Hins vegar tel ég ekki til bóta að breyta fyrningarreglunum á þann hátt sem nefndin hefur gert till. um. En þó er það mikil bót í máli, að 14. gr. frv. er látin standa áfram þar sem gert er ráð fyrir að almenna fyrningarheimildin í 44. gr. laganna, sem er upp á 50%, sé lækkuð í 40%. Ég fagna því, að samstaða hefur tekist um það, og tel það verulega bót í máli hvað þessar fyrningarreglur snertir.

Að öðru leyti vil ég taka það fram, að vafalaust er það síður en svo að við séum að leggja seinustu hönd á skattalög. Við eigum áreiðanlega eftir að breyta skattalögum á næsta vetri og verðum að vinna að því eftir að álagningin hefur farið fram í sumar að átta okkur á hvaða vankantar kunni að vera á þessari löggjöf þrátt fyrir þær breytingar sem hér liggja fyrir. Ég álít, að afskriftareglurnar þurfi alveg sérstaklega að endurskoða, og vænti þess, að svo verði gert áður en álagning fer fram í annað sinn héðan í frá.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég get ekki alveg skilið röksemdaflutning hæstv. ráðh. varðandi fiskimannafrádráttinn. Þó hann kalli alla embættismenn ríkisins til hér í hliðarherbergi þingsalanna breytir það engu um það, að framkvæmdin, eftir að reglugerðin var gefin út, er önnur en hún hefur verið. (**Fjmrh:** Ekki vilja menn kannast við það.) Þeir, sem borga skattinn, kannast við það, og þeir, sem fá bréfin frá skattstjórunum, kannast við það. Ég veit ekki hvort það kemur afrit af öllum sendibréfum skattstofanna upp í fjmrn. Ég þekki það ekki. En ef ég fer með rétt mál, má ég þá treysta því, að hæstv. fjmrh. muni hjálpa mér til þess að tryggja sömu framkvæmd laganna gagnvart mönnum og verið hefur? Auðvitað vill hann ekki gefa slíka yfirlýsingu af því hugmynd hans er að þrengja kost fiskimannanna. Framkvæmdin er önnur, það er kjarni málsins.

Ég fer fram á að deildin fallist á litla viðbót þess efnis að ráðh. sé óheimilt að þrengja með reglugerð ákvæði laganna um fiskimannafrádráttinn. Ég geri ráð fyrir að bæði formaður Verkamannasambands Íslands, sem sæti á í þessari deild, þm. Norðurl. í heild, sjómenn eins og hv. 4. þm. Suðurl. og ýmsir aðrir muni greiða atkvæði með því að skattalögin haldi gildi sínu gagnvart sjómönnum og þeim sem að útgerð vinna. Ég vil ekki trúa öðru. Ef það, sem ég segi um þessi efni, er rangt, þá breytir þessi viðbót, sem ég legg til, engu. Ef það, sem ég segi, er rétt, þá fá þeir menn, sem ég ber fyrir brjósti, stuðning í þessu gagnvart því að reglugerðin standist ekki. Á þetta verður að reyna.

Ég lýsi yfir vonbrigðum yfir því, að hæstv. fjmrh. skuli ekki gefa það yfirlit um launaþróun á þessu ári sem hann lofaðist til að gefa við 1. umr. málsins. Ég hlýt að harma það. Það var talað um það fyrr í vetur að við 2. umr. yrði nákvæmar farið út í á hvaða forsendum hæstv. ríkisstj. byggði þá fullyrðingu sína, að í þessum skattalögum fælist 1.5% kaupmáttaraukning. Það vita allir þm. að þegar rætt er um 1.5% kaupmáttaraukningu er vitaskuld miðað við launin á þeim tíma sem kaupmáttaraukningin er mæld. Það er alveg sama hvernig skattalögum er breytt á þessu ári, út úr því getur ekki komið kaupmáttaraukning á s. l. ári. Fyrirheitið um áramótin var um að skattbyrðin yrði lækkuð miðað við tekjur greiðsluárs svo mikið að næmi 1.5% í kaupmætti. Engin lækkun á skattgreiðslum hefur enn orðið, ekki ein einasta króna, og getur ekki orðið úr þessu fyrr en á síðari helmingi ársins þegar menn halda áfram að greiða sína skatta á ný. Og spurning mín er afskaplega einföld, var einföld og er einföld: Hvað reiknaði ríkisstj. með mikilli meðaltalshækkun milli ára frá 1980 til 1981 þegar hún ræddi við verkalýðshreyfinguna? Spurning mín til formanns Verkamannasambands Íslands er einföld: Hvað reiknaði hann og aðrir fulltrúar launþega með mikilli hækkun launatekna frá s. l. ári til þessa árs þegar þeir gáfu yfirlýsinguna um að það skattalagafrv., sem hér liggur fyrir, væri fullnægjandi fyrir launþega? Þetta eru einfaldar spurningar, og ekki aðeins alþm. eiga heimtingu á að fá svör við þessu, heldur þjóðin öll, allir launþegar í landinu. (**GJG:** Það er margbúið að svara þessu.) Þessu hefur ekki verið svarað. Hvað reiknar formaður Verkamannasambandsins með að meðaltalshækkun launa verði mikil frá árinu 1980 til 1981? (Gripið fram í.) Það er margbúið að svara því, segir hv. þm. í framíkalli. Kannske hann komi hér á eftir og segi þetta enn þá einu sinni. Hvað reiknar hann með að meðaltalshækkunin verði mikil? Það er ekki eitt einasta orð, ekkert svar. Og hann mun ekki kveðja sér hljóðs á eftir og svara þessu af því hann hefur aldrei reynt að grufla í því.

Hæstv. fjmrh. talaði um það hér áðan, að hækkun verðbólgunnar yrði 40% frá upphafi til loka árs. Hvað verður verðbólgan mikil milli ára? Hvað verður verðbólgan miklu meiri á þessu ári en á s. l. ári? Um það er spurt. Það er það sem skiptir máli. Það er auðvitað alltaf hægt að vera í einhverjum talnaleik. Ég man frá því í skóla að hæstv. fjmrh. var flinkur að fara með tölur og gat leikið sér að þeim betur en allir hans bekkjarbræður og getur enn. Hann kann vel að koma orðum að lágum tölum. En um það er ekki verið að spyrja, hversu menn kunni að reikna þær, heldur hitt, hvað hann reikni með að verðbólgan verði mikil á árinu miðað við s. l. ár, milli ára, og hvað hann reikni með að launatekjurnar hækki mikið milli þessara tveggja ára. Um það er spurt vegna þess að fyrirheit ríkisstj. var um það, og ég hélt satt að segja að þessi ríkisstj. sósíalisma og samvinnuhreyfingar mundi vera óðfús að láta í té svo sjálfsagðar upplýsingar sem ég fer nú fram á að fá.

Ég held að það hafi ekki farið fram hjá neinum, sem hlýddi á ræðu fjmrh. áðan, að hann var svolítið sár yfir því, að enn skyldi þó rétt um helmingur fyrirtækja í landinu hafa þvílíka afkomu að þau geti greitt tekjuskatt. Honum þótti það eiginlega allvont og hugsar nú mjög um ráð til þess, að hann geti svo lokið sínum ferli í fjármála-

ráðherrasætinu, að næsta ár á eftir verði ekki eitt einasta fyrirtæki í landinu þess umkomið að greiða tekjuskatt nema þá selja allar eigur sínar, fyrningar verði afnumdar og öllu komið undir samvinnuhreyfinguna og ríkið, því að við vitum, þegar upp er talið hverjir greiða tekjuskattinn, að ekki eru hin sósíalísku félög eða samvinnufélögin þar áberandi skattgreiðendur. A. m. k. tekst þeim fyrir norðan að færa á milli deilda þannig að lítið kemur út sem nettóhagnaður í lok greiðsluárs þó svo að menn taki eftir því, að á hverju götuhorni rís svo sem tvílyft verslunarhöll, en náttúrlega ekki eyrir í tekjuskatt. Og maður hefur náttúrlega fylgst með því hjá KRON hér í Reykjavík. Þetta eru ekki áberandi tekjuskattsgreiðendur. Og hvernig hafa þessar eignir orðið til? (**MB:** Nú viljum við líka fara að sjá skattskrána.) Það verður gaman að sjá skattskrána og sjá hvað samvinnuhreyfingin greiðir í tekjuskatt, því að eignaaukningin hefur orðið mikil, og eftir því sem einkareksturinn lætur undan út af verðlagshöftum og skattpíningu hirðir samvinnuhreyfingin eignirnar upp af götu sinni jafnharðan. Eða hvernig eiga fyrirtæki sem telja rétt fram, heiðarlegir einstaklingar, að eiga eitthvað aflögu í lokin þegar þeir mega ekki einu sinni hækka verð sem svarar auknum tilkostnaði?

Mér hefur þó virst á hæstv. fjmrh. að hann vilji fá eitthvað í aðra hönd ef tilkostnaðurinn hækkar, og hann er furðulega viðkvæmur ef eitthvert lítilræði rennur fram hjá kassanum, eins og menn hafa heyrt hér fyrir skömmu, mig minnir að það hafi verið út af sjávarútveginum. Það átti að vera örlítil eftirgjöf handa sjávarútveginum. Ég held að það sé rétt með farið, að eitt fyrirtæki í kjördæmi fjmrh. muni borga rétt um 50 millj. kr. aukreitis ef frv. ríkisstj. nær fram að ganga, — sjávarútvegsfyrirtæki sem stendur í skipakaupum og við vitum að þarf á öllu sínu að halda til þess að geta endurnýjað sinn framleiðslukost. Samt sem áður dreymir þm. þessa kjördæmis, bæði hæstv. landbrh. og hæstv. fjmrh., um að koma aukasköttum á þetta fyrirtæki fram hjá fyrningunum, endurtaka ævintýrið frá 1978 í september, koma nýjum tekjuskattsviðauka á þessi fyrirtæki til þess að torvelda endurnýjun framleiðslutækjanna. Og einn af þeim mönnum, sem hvað dyggilegast styðja hæstv. fjmrh. í þessari viðleitni að koma í veg fyrir endurnýjun framleiðslutækjanna og um leið að hamla gegn aukinni framleiðni, er formaður Verkamannasambandsins sem ekki má til þess hugsa að aukinni hagræðingu verði komið fyrir í atvinnurekstrinum, að vélarnar verði látnar koma í staðinn fyrir mannshöndina og við reynum að létta eitthvað undir með erfiðisvinnumanninum þannig að hann geti borið meira úr býtum fyrir minni vinnu sem að sjálfsögðu er það sem við eigum að stefna að, en ekki þetta svartasta afturhald sem nú ræður ríkjum, sem dreymir um það helst að leggja þyngstu klyfjarnar á framleiðsluatvinnuvegina sem undir öllu hinu standa, á útgerðina og frystihúsin og þann iðnað sem illa gengur að koma fótunum undir.

Ég vil svo að lokum skora á formann Verkamannasambandsins að gera nú nokkra grein fyrir því, hvernig hann reiknar það út úr þessu frv. að það svari til 1.5% kaupmáttaraukningar. Við munum eftir því, hvernig Sölvi Helgason reiknaði barnið í vinnukonuna, og ég er hræddur um að formanni Verkamannasambandsins svipi til hans að því leyti að honum hefur einhvern veginn tekist að reikna kaupmáttaraukningu inn í þetta frv. En ég held að hann þurfi ekki að reikna kaupmáttaraukninguna út úr því sjálfur, ég held að veruleikinn muni gera það á sínum tíma, skattseðlarnir þegar þeir berast launþegum. Þá mun koma í ljós að kaupmáttaraukningin er minni en engin og svikin munu halda áfram að brenna á fólkinu í landinu alveg með sama hætti og þessi ríkisstj. hefur heykst á því að koma á staðgreiðslukerfi skatta á næsta ári eins og skrifað stendur í hinni helgu bók, stefnuskrá þessarar ríkisstj.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Loðdýrarækt, frv. (þskj. 805). — 1. umr.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Bændasamtökin hafa farið þess á leit, að komið yrði í gegnum þingið frumvarpi tillaga um loðdýrarækt. Það er vegna þess að það er veruleg breyting frá því sem áður var, að menn vilja fara út í loðdýrarækt, en þau lög, sem gilda, hamla t. d. að fara í framkvæmdir eftir þeim lögum, sérstaklega í sambandi við fyrirhugaðar girðingar. Ég mun ekki mæla fyrir þessu frv. nema bara með þessum orðum núna. Hins vegar óska ég eftir að þetta frv. fari til nefndar, en mun gera grein fyrir breytingunum þegar verður rætt um það við 2. umr. (Gripið fram í). Fyrsta greinin er þannig:

„Loðdýr nefnast í lögum þessum öll þau dýr, sem ræktuð eru eða alin vegna verðmætis skinnanna eingöngu eða aðallega. Landbrh. sker úr ágreiningi um, hvort dýrategund skuli teljast til loðdýra eða ekki."

Þetta er óbreytt eins og er í gildandi lögum, hv. þm. Ég legg til að eftir þessa umr. verði frv. vísað til landbn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 598, n. 810, 811). — 2. umr.

Frsm. (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar ásamt brtt. sem liggja hér fyrir á þskj. 811. Nefndin fjallaði um málið, en það hefur þegar hlotið afgreiðslu í Ed. þar sem mælt var með samþykkt þess óbreytts, en heilbr.- og trn. Nd. taldi nauðsynlegt að gera á því lítils háttar breytingar.

Sú fyrri er við 1. gr. og er þar lagt til að nánari ákvæði um framkvæmd skuli sett með reglugerð. Nefndinni þótti ástæða til þess að ráðgast við Tryggingastofnun ríkisins um hvernig yrði í framkvæmd fyrir umsækjendur að sanna 25 ára veru á sjó þar sem skráning hefur verið með ýmsu móti, a. m. k. áður en Lífeyrissjóður sjómanna var stofnaður, og stofnunin óskaði eindregið eftir að það ákvæði yrði sett inn í þessa grein, að reglugerð yrði sett um framkvæmd.

Síðari breytingin er við 2. gr., en þar þótti ekki ljóst að mati deildarstjóra lífeyrisdeildar Tryggingarstofnunar ríkisins hvort örorkustyrk, sem væri orðinn jafnhár örorkulífeyri, ættu að fylgja bætur tengdar örorkulífeyri. Við gerum því tillögu um að aftan við greinina bætist innan sviga til frekari skýringar: „(grunnlífeyris, án bóta tengdra honum)."

Einkum vakti það athygli, að í grg. er sagt, með leyfi forseta: „Til þess að búa betur að örorkustyrkþegum er

lagt til að þeir séu eins settir við ofangreind aldursmörk eins og örorkulífeyrisþegar.“ Þetta er varla hægt að skilja öðruvísi en svo, að hugsanlegt væri að bæta tekjutryggingu, frekari uppbótum og jafnvel barnalífeyri við þennan nýja örorkustyrk. Þetta var ekki hugsunin, enda gert ráð fyrir að slíkir menn geti verið í fullri vinnu eða a. m. k. vinnu að verulegu leyti, þannig að okkur þótti rétt að taka þarna af allan vafa.

Ég vænti þess, að þessar lítilfjörlegu breytingar, sem eru meira til auðveldunar á framkvæmd, tefji málið ekki til neinna muna, og skora á hv. deild að samþykkja frv. með þessum brtt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Heilbrigðisþjónusta, frv. (þskj. 642, n. 809). — 2. umr.

Frsm. (Jóhann Einvarðsson): Herra forseti. Ég mæli hérna fyrir nál. heilbr.- og trn. varðandi frv. til breyt. á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 57 frá 1958. Er það í stuttu máli þannig, að n. er sammála um að mæla með samþykkt þess eins og það kom frá Ed. og voru allir nm. viðstaddir nema Pálmi Jónsson.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 83. fundur.

Föstudaginn 15. maí, kl. 2 miðdegis.

Afbrigði vegna almennra stjórnmálaumræðna.

Forseti (Jón Helgason): Áður en gengið er til dagskrár vil ég leita eftir afbrigðum frá þingsköpum. Í fyrra voru veitt afbrigði frá þingsköpum um að stuðningsmenn ríkisstj. í Sjálfstfl. fengju 20 mín. ræðutíma í almennum stjórnmálaumræðum sem skiptist milli umræðna þannig, að 10—15 mín. yrðu í fyrri umferð og 5—10 mín. í síðari umferð. Ég leyfi mér að leggja til, að sami háttur verði hafður á nú í almennum stjórnmálaumræðum þriðjudaginn 19. þ. m., og vil biðja þá, sem samþykkja vilja þessi afbrigði, að gjöra svo vel að rétta upp hönd.

ATKVGR.

Afbrigðin samþ. með 43 shlj. atkv.

Hlutafélög, þáltill. (þskj. 814). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Skýrsla forsætisráðherra um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Framkvæmdastofnun ríkisins hefur nú skilað ársskýrslu fyrir árið 1980 og hefur henni verið dreift meðal hv. þm. Í upphafi inngangsorða í skýrslunni segir að störf stofnunarinnar hafi verið með hefðbundnum hætti á liðnu ári. Þessi skýrsla er hin níunda í röðinni frá upphafi og er þar gerð grein fyrir þeim málaflokkum, sem stofnunin hefur fjallað um, ásamt skrá um lánveitingar úr sjóðum hennar og töflur til frekari upplýsinga.

Úr Byggðasjóði voru samþykkt 430 lán, samtals að fjárhæð 6717 millj. gkr.

Heildarútlán Framkvæmdasjóðs voru 21 487 millj. kr. á s. l. ári og er þá meðtalin lánveiting til Byggðasjóðs að fjárhæð 2773 millj. kr. til endurlána vegna vegagerðar.

Um almenna starfsemi sjóðsins og starfsemi einstakra deilda stofnunarinnar, áætlanadeild, byggðadeild og lánadeild, svo og um Framkvæmdasjóð og starfsemi fjárfestingarlánasjóða eru ítarlegar upplýsingar í skýrslunni og leyfi ég mér að því leyti að vísa til hinnar ítarlegu skýrslu og þeirra taflna og grg. sem henni fylgja.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Eitt er til mikillar fyrirmyndar um þá skýrslu sem hæstv. forsrh. hefur hér talað fyrir um Framkvæmdastofnun ríkisins, og það er að þar er nákvæmlega gerð grein fyrir öllum lánveitingum sem frá þessari lánastofnun fara. Ég hygg að þetta sé eina lánastofnunin á vegum ríkisins sem svo gerir grein fyrir sínum málum og það skal endurtekið að þetta er til mikillar fyrirmyndar og væri æskilegt að aðrir höguðu sér eins í þessum efnum.

Um hið pólitíska markmið þessara stofnana, sem er að stuðla fyrst og fremst að áætlunargerð í byggðamálum, um það markmið er auðvitað á engan hátt nema gott eitt að segja. Hins vegar langar mig til að gera tvennt að umræðuefni að því er varðar Framkvæmdastofnun ríkisins: í fyrsta lagi þau vaxtakjör sem þar eru ástunduð, og síðan í öðru lagi það sem stundum hefur verið kallað kommissarakerfi. Og þá fyrst um vextina.

Það er auðvitað öllum ljóst, að hvað sem líður almennum yfirlýsingum hefur verið að eiga sér stað hér í landinu mjög veigamikil breyting í lánastarfseminni. Sú breyting hefur verið í þá veru að raunhæf ávöxtunarkjör eða verðtryggingarstefna er hægt og sígandi að verða ofan á. Í Framkvæmdastofnun sitja hins vegar bæði pólitískir kommissarar — eða kommissar nú um stundir — og eins þingbundin stjórn. Það hafa orðið nokkrar umræður um þetta, en enn um sinn vantar mikið á að verðtryggingarmarkmiðum í einu eða öðru formi sé náð. Raunar má segja að því er t. d. Byggðasjóð varðar að þar séu menn enn langt á eftir. Nú mátti um það lesa í blöðum ekki alls fyrir löngu, að stjórn stofnunarinnar hefði óskað eftir því við ríkisstj. að fá að lána með raunhæfari kjörum miðað við verðbólgustig, en þar hefðu á hinn bóginn komið neikvæð svör frá ríkisstj. Ég vil spyrja hæstv. forsrh. um hvernig þessum málum sé háttað, hver sé afstaða ríkisstj. til þeirrar vaxtastefnu, sem rekin er að því er Framkvæmdastofnun varðar, og hvort einhverra breytinga sé að vænta í þeim efnum og þá í hvaða formi þær séu.

Það má auðvitað æra óstöðugan með því að fara að tíunda öll þau rök sem flutt hafa verið fyrir því, að vaxtakjör og útlánakjör skuli vera raunhæf, en sannleikurinn er sá, að sennilega á það hvergi eins við og í stofnun sem þeirri sem hér um ræðir. Það er óþarfi að fara að lesa upp eða tíunda einstök lán sem gerð er grein fyrir í þessari skýrslu. En auðvitað er æ fleirum að verða ljóst um lán eins og þau, sem hér um ræðir, að það er

skiljanlegt að um þau skuli leika tortryggni, ég tala nú ekki um þegar stofnunin er eins byggð og hún er, með öllu því pólitíska valdi sem þar er innan veggja, þegar um er að ræða stórkostlega niðurgreidd lán. Þetta er aðeins önnur hliðin á málinu. Hin hliðin er síðan sú varðandi lán eins og þau sem hér um ræðir, að við höfum auðvitað ekki betri tryggingu fyrir arðsemi og skynsemi þeirra verkefna, sem lánin eru veitt til, en þau að lán séu verðtryggð, séu til langs tíma og jafnvel að lán séu lengd meðan verið er að koma þessari stefnu á.

Ég held að það sé veruleg sjúkdómseinkenni á þessari stofnun, eins og var í efnahagslífinu hér áður fyrr en er góðu heilli að batna, með hvaða hætti lánakjör eru í þessari stofnun. Ég óska eftir að talsmenn stofnunarinnar geri grein fyrir því, hvað næsta framtíð muni bera í skauti sér að því er þetta varðar. — Þetta var um útlánskjörin.

Þegar Framkvæmdastofnun ríkisins var stofnuð árið 1971 gerði þáv. stjórnarandstaða ýmsar athugasemdir. Miklar athugasemdir komu frá sjálfstæðismönnum á þeim tíma og eitt af því, sem þeir gagnrýndu mjög og að minni hyggju réttilega, var hið svokallaða komissarakerfi sem þá var sett upp. Mjög harkalega var þetta gagnrýnt í Morgunblaðinu á þeim tíma og á þeim tíma var einn helsti talsmaður Sjálfstfl. í þessum málum Magnús Jónsson. Hann sagði í umræðu hér á hv. Alþingi, með leyfi forseta:

„En það, sem skiptir þó meginmáli, eru hinir pólitísku „kommissarar". Það eru mennirnir þrír sem eiga öllu að ráða. Af hverju skyldu þeir vera þrír," spurði hann, „af hverju máttu þeir ekki vera tveir eða fjórir? Það skyldi þó ekki vera af því að ríkisstjórnarflokkarnir eru þrír? Hér er að finna gleggsta dæmið um pólitíska óbragðið af þessu máli."

Þetta eru orð Magnúsar Jónssonar á árinu 1971. Hann hélt áfram og sagði:

„Hér eru settar á laggirnar, eins og ég kallaði þá, „kommissarar", af því að þetta minnir ákaflega mikið á skipulag í vissum hópi ríkja sem eiga ráðamestu aðdáendur í hæstv. núv. ríkisstj. Og það er eftirtektarvert, eins og einmitt er um „kommissara" í þeim ríkjum, að það verður ekki séð hvaða hlutverki þeir gegna. Ég býst að vísu ekki við að það verði eins og stundum í rússnesku sendiráðunum." — Og svo hélt hann áfram og læt ég staðar numið í þeirri upptalningu.

Nú var það svo og það var mjög gagnrýnt á þeim tíma, að þáv. stjórnarflokkar, Framsfl., Alþb. og Samtök frjálslyndra og vinstri manna, settu upp þetta kerfi þar sem að minni hyggju mönnum voru færð völd sem nálguðust það að vera ráðherravöld, ef þeir hreinlega stóðu ekki jafnfætis. Tveir stjórnmálaflokkar á þessum tíma notuðu sér þetta þann veg að setja í þessi embætti alþm., það voru Framsfl. og Alþb., en þá með þeim skilningi að þeir fylgdu ríkisstj., enda véku þeir þegar ríkisstj. vék 1974. Þriðji flokkurinn, sem á þeim tíma var til þess að gera nýtt afl á sviði stjórnmála, kusu ekki alþm., heldur mann sem utan Alþingis starfaði. Nú ber þess að gæta, að á síðustu árum Viðreisnar voru nokkrar breytingar gerðar á mjög líkum sviðum og þessu. Það var sem sé metið svo af ríkisstj. að það færi ekki saman að alþm. gegndu störfum bankastjóra vegna þess að þar hlyti að koma að hagsmunir rækjust á. Það er auðvitað ekki sagt niðrandi um einn eða neinn einstakling, heldur hitt, að þegar frambjóðendur til þings sitja í störfum eins og þessum eru freistingar einfaldlega of miklar. Ég hygg því að það hafi verið rétt stefna sem farin var í lok viðreisnartímans, raunar eftir verulega gagnrýni þáv. stjórnarandstöðu, var ekki lögfest, heldur var framkvæmd svo að menn yrðu að gera upp við sig hvort þeir sætu sem bankastjórar í ríkisbönkum eða sætu á Alþingi. Nokkrir einstaklingar urðu að taka ákvörðun af þessu tagi.

Þetta var auðvitað sjálfstæðismönnum á þeim tíma, eins og Magnúsi Jónssyni sem hér var vitnað í, mætavel ljóst. Þetta „kommissarakerfi" var gagnrýnt og féllu um það ákaflega stór og þung orð á þeim tíma. Ég held að það sé ekki ofsagt að Morgunblaðið hafi farið beinlínis hamförum út af þessu „kommissararáðstjórnarkerfi", sem þeir kölluðu, og að hér væri pólitíkin að teygja sig ekki aðeins óeðlilega, heldur ósæmilega langt. Undir þessa tíu ára gömlu gagnrýni Morgunblaðsins og Magnúsar Jónssonar í Alþingistíðindum 1971 vil ég í grófum dráttum mjög taka.

En svo gerist það 1974 að stjórnarskipti verða í landinu og þá snerust þessi mál heldur betur við. Fyrrverandi gagnrýnendur þessa kerfis, gagnrýnendur með mjög miklum rétti, sneru algjörlega við blaðinu. Komminn og Samtakamaðurinn voru settir út, en fulltrúi ríkisstj., sem þá kom í staðinn, það var hv. þm. Sverrir Hermannsson, settist við hliðina á Tómasi Árnasyni og „kommissarakerfið" hélt áfram. Magnús Jónsson notaði það orð 1971, að að þessu væri óbragð. Það held ég að hafi verið skiljanlegt orð 1971 og varð satt að segja skiljanlegra síðar. Síðan, þegar leið á kjörtímabilið 1974—78, var bætt um betur þannig að þeir „kommissarar", sem þarna sitja, voru gerðir að fastráðnum starfsmönnum. Hér er um það að ræða að upphaflega er mönnum fengið vald sem því sem næst jafngildir ráðherravaldi. Breytingin, sem svo er gerð, er sú, að þessi framkvæmda- og útlánaembætti eru gerð óháð almennum kosningum, enda fór svo 1978 og 1979 að það verður ekki breyting á þessu „kommissarakerfi".

Alveg burt séð frá forsögu málsins og þeim orðum sem féllu 1971 og 1974, og enn fremur bið ég um það að þessi orð séu ekki skoðuð sem gagnrýni á tiltekna einstaklinga og þá ekki hv. þm. Sverri Hermannsson sem auðvitað á allt gott skilið — (**Gripið fram í:** Hver segir það?) Ég segi það. En röksemdafærslan, sem skiptir máli í þessum efnum, er í fyrsta lagi sú, að þetta fer ekki saman með góðu móti, starf alþm. og starf „kommissars" — það fer ekki saman með góðu móti, með sama hætti og Viðreisnarstjórnin á sínum síðustu árum lagði á það mat, að bankastjórastarf í ríkisbanka og þingmennska færu ekki saman, ekki vegna þess að um sé að ræða laka einstaklinga eða einstaklinga sem séu ekki fyllsta trausts verðir, heldur hreinlega hitt, að freistingarnar verða of miklar, enda var vísað til þess á framboðsfundum í Austurlandskjördæmi, að ég hygg 1979, þegar „kommissar" sagði kjósendum sínum hverju hann hefði fengið áorkað fyrir þá í gegnum stofnunina. (**SvH:** Þetta er lygi úr Bjarna Guðnasyni.) Þetta segir Bjarni Guðnason og hann fer venjulega með rétt mál.

En kjarni málsins er þessi: Þarna er búið að koma málum svo fyrir að einn alþm. situr í þessu starfi og svo haganlega ráðinn að honum er varla fært að segja upp. Annað embætti er látið bíða öðrum alþm. meðan hann situr á ráðherrastól. Og þess er m. a. kirfilega getið á fyrstu síðu þeirrar skýrslu sem hæstv. forsrh. hefur réttilega mælt fyrir. En nú er von að menn spyrji: Af hverju er

þetta svona? Úr því að þarna situr einn hv. alþm. og sams konar staða bíður eftir öðrum þegar hann losnar úr ráðherrastól, þá skyldu menn ætla að þeir stjórnmálaflokkar, sem viðkomandi hv. alþm. eru fulltrúar fyrir, sjái sér hag í því að hafa þetta kerfi með þessum hætti. Og það er einmitt kjarni málsins. Það er af þeim ástæðum sem þetta kerfi gengur ekki upp með þessum hætti, svo ekki sé talað um þegar svo hefur verið búið um hnútana að úrslit í kosningum skipta ekki máli. M. ö. o.: 10 hv. alþm. af 60 eru ráðh., en þeir lúta þó þeim lögmálum, að þeir víkja ef meiri hluti Alþingis ákveður svo og það með litlum fyrirvara, en þessir menn með ráðherravöld sitja miklum mun kirfilegar í þessum embættum heldur en ráðh. sem þó því nafni heita.

Ég vona að a. m. k. margir hv. alþm. séu mér sammála um að þessi mál hafi þróast með allt öðrum hætti en upphaflega var ráð fyrir gert. Og það er löngu tímabært að breyta þessu aftur með þeim hætti, að yfirmenn þessarar stofnunar, látum nafngiftir, íslenskar eða erlendar, liggja milli hluta, þeir séu embættismenn án tengsla við stjórnmálaflokka, þeir starfi á vegum þingkjörinnar stjórnar sem þarna situr, þeir séu ráðnir til skamms tíma í senn og að þeim tíma liðnum þurfi að endurráða þá og ríkisstj., hver sem hún er á hverjum tíma, hafi þá eitthvað um það að segja hvernig í slík embætti sé skipað. Og það segi ég þó að ég sé andstæðingur núv. stjórnar. Ég tel mig vera að tala fyrir almennum lýðræðisforsendum í þessum efnum. Það er auðvitað gersamlega á skjön við allt sem lýðræði getur heitið hvernig þessu hefur verið komið fyrir.

Og til þess að enda þetta þar sem ég byrjaði: Morgunblaðið og Magnús Jónsson gagnrýndu þetta kerfi mjög árið 1971, eins og var vísað til í upphafi þessa máls. Í grófum dráttum hygg ég að sú gagnrýni hafi átt við rök að styðjast. Ég held að Alþingi ætti að taka fram fyrir hendurnar á þessari stofnun og afnema þetta „kommissarakerfi" sem hefur verið óbragð að allar götur síðan 1971. Það er út af fyrir sig eðlilegt að þar sé þingkjörin stjórn. En við vitum auðvitað hvernig mál þróast í stofnunum af þessu tagi, hvernig það þróast í ríkisbönkum þar sem bankastjórar sitja við hliðina á bankaráðum. Auðvitað er þungi hinnar daglegu stjórnar svo mikill að mikil völd hlaðast á hendur hinna daglegu stjórnenda. Og ég tel það gersamlega óviðeigandi og ég tel að það hafi í för með sér miklar hættur, pólitískar og siðferðilegar hættur, að hafa þetta fyrirkomulag með þeim hætti sem það er, ég tala nú ekki um eins og búið er að breyta þessu kerfi og rígnegla nú hin síðustu ár. Till. mín er sú, að fyrr en seinna eigi Alþingi að breyta lögum um þessa stofnun og afnema þetta kerfi. Að þessu leyti hafði þáv. hv. þm. Magnús Jónsson hárrétt fyrir sér fyrir tíu árum.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Hæstv. forsrh. hefur gefið skýrslu um Framkvæmdastofnunina með hefðbundnum hætti. Það hefur ekki farið fram hjá neinum að í umræðu um Framkvæmdastofnunina undanfarnar vikur hafa togarakaup fyrir Útgerðarfélag Norður-Þingeyinga verið mjög á dagskrá. Fyrir þremur mánuðum óskuðu tíu þm. eftir skýrslu um það mál. Rétt fyrir páskahlé spurðist ég fyrir um það utan dagskrár hvort ekki væri að vænta skýrslunnar, og átti nánast von á því, að þegar hæstv. forsrh. gerði grein fyrir skýrslunni um Framkvæmdastofnun lægi hin skýrslan hér fyrir. Mig langar því til þess að spyrja hvort nú sé ekki vona á skýrslunni áður en að þinglokum kemur.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Skýrslan, sem beðið var um um Þórshafnartogarann, er tilbúin og verður dreift á Alþingi nú eftir helgina.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Hv. 9. þm. Reykv. hefur gert Framkvæmdastofnun ríkisins almennt að umræðuefni, ekki beint þá skýrslu sem hér liggur fyrir, og hefur rakið töluvert þær umræður sem áttu sér stað þegar lögin um þessa stofnun voru til umr. og afgreiðslu hér á Alþingi. Í sambandi við það sem hann vitnaði bæði í Magnús Jónsson og Morgunblaðið og Sjálfstfl. finnst mér rétt að koma með örfáar skýringar ef það mætti verða hv. þm. til einhverra upplýsinga og svo og öðrum þeim sem hafa sérstakan áhuga á umræðum um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Með því frv. var verið að sameina þrjár stofnanir: Atvinnujöfnunarsjóð, sem starfað hafði með því nafni í örfá ár og hét áður Atvinnubótasjóður, Efnahagsmálastofnun og Framkvæmdabanka Íslands. Þessar stofnanir voru settar undir eitt og um það var ekki neinn ágreiningur sem teljandi er. Hins vegar var bætt í þessa stofnun hagrannsóknadeild sem nú er Þjóðhagsstofnun. Um það var mikill ágreiningur á milli stjórnar og stjórnarandstöðu á þeim tíma, þar sem stjórnarandstaðan taldi að slík deild ætti alls ekki heima þarna, heldur ætti að vera sjálfstæð stofnun, enda kom það í hlut þeirrar ríkisstj., sem stóð að setningu þessara laga, að breyta því ákvæði, að mig minnir einu eða einu og hálfu ári síðar.

Hitt var svo aftur mjög mikið ágreiningsefni, að tilgangurinn, sem var á bak við þessa stofnun, var sá, að hún átti að hafa í raun og veru vald til áætlunargerðar og ákvarðanatöku eiginlega í öllum greinum athafnalífs og nokkurn veginn líka í viðskiptalífi. Þetta óttuðust menn að mundi verða með þeim hætti að innleiða hér aftur höftin, sem voru hér fyrr á árum, og gagnrýndu það mjög ákveðið og hart. Hins vegar breyttist þetta mjög eftir að frv. varð að lögum og stofnunin fór að starfa, og það var fyrir það að ráðherrar í þeirri ríkisstj. vildu ekki hafa þetta vald í þessari stofnun. Þeir vildu halda í margt sjálfir, þannig að þessi ásetningur þeirra ákveðnu manna, sem að þessu stóðu á sínum tíma, varð aldrei að veruleika.

Þá var gagnrýnt að þrír flokkar, sem stóðu að ríkisstj. á þeim tíma, skyldu ætla sér að hafa alla framkvæmdastjórana. Það væri með sama hætti og að ríkisstj. á hverjum tíma skipti um bankastjóra í öllum ríkisbönkum. Þetta var sú gagnrýni sem höfð var uppi. Þessi harða gagnrýni varð sennilega til þess, að þessu var ekki beitt með þessum hætti. Að vísu byrjaði heldur óhöndulega í sambandi við undirbúning mála fyrst í stað, en það lagaðist mjög þegar leið á tímann. Og ég vil minna menn á það, að þessi stofnun kemur eiginlega fyrst og fremst til umræðu ef það er eitthvert mál sem hægt er að gera að hasarmáli. Þá er rætt um það. Það hefur verið einkar kært sumum mönnum að tala um Þórshafnartogarann, eins og það sé aðalmálið sem þessi stofnun hafi fjallað um, það sé togarinn til Þórshafnar.

Þessi Þórshafnartogari, fyrst við nefnum hann á annað borð, þá varð ekkert úr þeim kaupum og nýr samningur um smíði gerður. Ríkisstj. ákveður að samþykkja þann samning, ábyrgjast 80% af kaupverðinu og færa Byggða-

sjóði 10% til viðbótar til þess að endurlána. Átti þá stjórn Byggðasjóðs að stöðva það með því að segja nei við 10% sem á vantaði, þegar ríkisstj. hafði afgreitt málið? Stjórn Byggðasjóðs eða Framkvæmdastofnunar hafði löngu áður fellt niður allar lánveitingar til skipa erlendis frá. Undantekning var gerð um þetta atriði eftir að ríkisstj. hafði gengið frá sinni samþykkt. Þar með liggur þetta mál að mínum dómi ákaflega ljóst og glöggt fyrir.

Hv. þm. talar mikið um það pólitíska vald sem þarna er. Vitaskuld er valdið pólitískt. Alþingi kýs stjórnina eftir styrkleikahlutföllum flokka hér á þingi og Alþingi kýs líka öll bankaráð í ríkisbönkum. Það er pólitísk stjórn á allflestum lánasjóðum í landinu. Hverjir ráða svo bankastjórana? Þeir eru ráðnir pólitískt. Og þeir eru ekki kjörnir til skamms tíma, heldur eru þeir ráðnir á meðan þeirra starfsaldur endist. Hver er þá munurinn á þessu gífurlega pólitíska valdi í Framkvæmdastofnuninni og í bönkunum? Hann er sá, að nú er einn forstjóri þessara stofnunar með framkvæmdastjóra deilda í stofnuninni sem fyrst og fremst ráða daglegum störfum, þ. e. forstöðumenn áætlanadeildar, byggðadeildar og svo auðvitað forstöðumaður lánadeildar. Þessir menn fjalla um erindi hverrar deildar um sig og lánadeildin fjallar um öll lánamál ásamt forstjóra, þessum eina manni. Síðan kemur hvert einasta mál fyrir sjö manna stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins. Það eru sjö menn sem taka endanlega ákvörðun um hvert einasta lán. Ég hef verið í þessari stjórn frá byrjun, að undanskildum fjórum árum sem ég starfaði ekki þar þegar ég átti sæti í ríkisstj., svo að mér er vel kunnugt um þessi vinnubrögð. Það hefur aldrei staðið á starfsmönnum stofnunarinnar að gefa okkur stjórnarmönnum hverjar þær upplýsingar sem við biðjum um og kynna okkur þau mál sem eru til umfjöllunar hverju sinni. Og þetta er eina lánastofnunin í öllu landinu sem birtir skýrslu um hvert einasta útlán og hvern einasta styrk sem veittur er. Er hægt að hafa þetta fyrir opnari tjöldum en þarna er? Ég tel að mörgu sé brýnna að breyta í þessu þjóðfélagi heldur en stjórn og starfrækslu Framkvæmdastofnunar ríkisins.

Hitt er annað mál, sem er athyglisvert, að það starfa svo margir aðilar að áætlunargerð, bæði á vegum rn. og annarra stofnana, að þar getur átt sér stað tvíverknaður í mörgum greinum og þar þarf að koma á meiri samræmingu í vinnubrögðum en nú er. En það er ekki við Framkvæmdastofnunina að sakast í þeim efnum, nema þá kannske að örlitlu leyti, við skulum ekki alveg hvítþvo hana. En það á sér stað ákaflega kostnaðarsöm vinna á vegum t. d. ráðuneyta sem hægt væri að framkvæma í þessari stofnun, eins og upprunalega átti að vera.

Ég skal taka undir margt sem hv. þm. sagði varðandi vaxtakjörin, en þó ekki allt. Ég vil ekki fara að taka upp raunvexti í Byggðasjóði. Hins vegar álít ég að vextirnir eigi að vera helst ekki miklu neðar en innlánsvextir af almennum sparisjóðsbókum. En verðtryggð byggðalán koma ekki til greina að mínum dóma nema þá í undantekningartilfellum. Hins vegar má segja það, að vextir hafa farið lækkandi í raun og veru nú á síðustu árum því að þeir hafa ekki verið nema 22% þangað til flutt var till. um það í des. af forstjóra að vextir yrði hækkaðir upp í 32%. Og það er ekki fyrr en nú fyrir skömmu að stjórnin varð ásátt um að vextir hækkuðu í 28%. Hins vegar kom frá ríkisstj. að hún teldi að vextir ættu ekki að hækka, en hún benti aftur á aukna verðtryggingu, sem ég held að mér sé alveg óhætt að segja að stjórnin telji vera mjög erfitt að koma á og ekki hljómgrunnur fyrir nema að mjög takmörkuðu leyti. Ég tel að það valdsvið, sem ríkisstj. hefur um ákvörðun á vaxta- eða lánakjörum stofnlánasjóða í landinu, sé fyrst og fremst til að samræma kjör fjárfestingarlánasjóðanna þannig að þau verði ekki mjög misjöfn. Hins vegar hefur hún ekki blandað sér í vexti Byggðasjóðsins, það hefur stjórn stofnunarinnar haft að gera með hverju sinni. Þeir eru langt undir vöxtum til hinna almennu stofnlánasjóða, enda segir í lögunum um Framkvæmdastofnun ríkisins, í kaflanum um Byggðasjóð:

„Framkvæmdastofnunin gerir árlegar áætlanir um heildarútlán Byggðasjóðs á komandi ári og gerir frumvarp að slíkri áætlun á grundvelli landshlutaáætlana og leggur fyrir stjórnina. Þá tekur stjórnin einnig ákvörðun um einstakar lánveitingar og kveður á um tryggingu fyrir láni, vexti og afborgunarskilmála hverju sinni."

Menn geta haft um það sínar skoðanir hvort þingmenn eða þingmaður eigi að gegna starfi forstjóra eða forstöðumanns í þessari stofnun. Þessi réttindi hafa ekki verið tekin af þm., þeir geta þess vegna verið þarna forstjórar. En ég undirstrika það, að þó að þingmaður eða þingmenn séu þarna forstjórar, þá hafa þeir ekkert vald til þess að lána nema stjórn stofnunarinnar samþykki allar þeirra till. Allt fer þetta í gegnum hendur starfsmanna stofnunarinnar, sem eru hlutlausir embættismenn og hafa staðið mjög vel í stöðu sinni að mínum dómi, og því tel ég enga hættu af þessu stafa.

Það voru lengi uppi þær hugmyndir og var í reynd, að þm. og þá úr fleiri en einum flokki sátu í bankastjórastólum í þessu landi, þó að breyting hafi nú orðið á. En af hverju varð sú breyting? Hún er fyrst og fremst vegna þess að það eru miklu meiri umsvif í bönkum landsins en áður og það er miklu meira starf að vera þm. í stórum kjördæmum og sífellt lengra þinghald. Ætli það hafi ekki verið höfuðástæðan fyrir þessari breytingu?

En ég get aldrei tekið undir það sjónarmið, sem er alltaf að skjóta upp kollinum víða í þessu landi, að þingmenn megi hvergi vera nema þingmenn og helst að hafa ekkert kaup eða lítið þannig að þeir geti varla dregið fram lífið. Ég tel að það sé nauðsynlegt fyrir þm. að geta kynnst einhverjum öðrum störfum en þingmannsstarfinu einu. Það gefur þeim innsýn í fleiri mál en með því að lesa eingöngu hér þingskjöl og skýrslur. Þeir eru þá í nánari snertingu á margan hátt við atvinnulífið og við líf þjóðarinnar og í meira sambandi við þjóðina sjálfa en ef þeir helguðu sig eingöngu starfi sínu sem þingmenn.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Það er auðvitað söguleg ónákvæmni hjá hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni ef hann heldur því fram, eins og hann gerði áðan, að gagnrýni talsmanna Sjálfstfl. á þessa stofnun á sínum tíma hafi fjallað um það, að það voru þrír „kommissarar" þriggja þáverandi stjórnarflokka. M. ö. o.: ef íhaldið hefði fengið einn af þessum þremur hefði ekkert verið gagnrýnivert. Þetta er auðvitað alrangt, og það þarf ekki að lesa lengi í Morgunblaðinu og Alþingistíðindum frá 1971 til að sjá að það var allt annað sem var gagnrýnt. Og það, sem var gagnrýnt, var nákvæmlega það sem ég var að lýsa áðan.

Menn geta skipt um skoðun, og það getur vel verið, ef ég má taka svo til orða, að Sjálfstfl. hafi aðra skoðun á þessu máli, hafi sannfærst um gildi áætlunarbúskapar,

sem er ágætur, og „kommissarakerfis", sem er verra, á þessum tíu árum. En þá er þetta allt önnur skoðun og stefna heldur en menn höfðu, og orðaloftfimleikar hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar breyta auðvitað engu þar um. Það var þetta, sem var gagnrýnt, og það var þetta, sem var gagnrýnivert og er gagnrýnivert enn í dag.

Og af hverju er það svo? Ég endurtek, að það er ekki um að ræða vantraust á einstaklinga, heldur er um að ræða þá staðreynd, að freistingarnar eru of miklar. Það verður uppi mikið jafnvægisleysi á milli hins faglega mats og hins stjórnmálalega mats sem þarf að vera í stofnun eins og þeirri sem hér er um að ræða. Og dæmi um það, með hverjum hætti þetta jafnvægisleysi brýst út, er einmitt það mál sem hv. þm. nefndi hér og ég raunar einnig í fyrri ræðu minni. Það er vaxtapólitík þessarar stofnunar. Auðvitað er freistingin rík fyrir menn, sem stjórna þessari stofnun frá degi til dags og eru að ráðgast um útlán til margháttaðra verkefna, — auðvitað er freistingin rík fyrir þá, auðvitað er heppilegra að lána á vöxtum langt undir verðbólgustigi svo að helmingurinn af upphæðinni sé í raun og veru gjöf. Auðvitað má leiða að því rök, að mannleg náttúra sé með þeim hætti að þegar annars vegar er leitin að styrk, leitin að atkvæðum, eins og stundum er kallað, þá verða freistingar æðiþungar í þessa átt. Það var þetta sem Viðreisnarstjórnin var að tala um og breytti 1970. Það var þetta sem þið gagnrýnduð réttilega 1971. Það er þetta sem ég er að gagnrýna nú. Loftfimleikar orðanna breyta auðvitað engu þar um. Talandi dæmi um, hvað þetta hefur slæmar bæði siðfræðilegar og efnahagslegar afleiðingar, er samspil stofnunarinnar og vaxtapólitíkurinnar sem hún rekur.

Ég hafði í fyrri ræðu minni spurt hæstv. forsrh. Mér er kunnugt um að það hafa verið viðræður á milli stjórnar Framkvæmdastofnunar og ríkisstj. um það, með hvaða hætti framtíðarskipan útlánskjara verði í þessari stofnun, og mig langar til að ítreka þá spurningu til hæstv. forsrh. í framhaldi af þeirri skýrslu sem hann flutti hér áðan, hvort einhver ákvörðun hafi verið tekin í ríkisstj. um það, með hverjum hætti lánskjör verði þarna í framtíðinni og hvort nokkurra ákvarðana sé að vænta frá hæstv. ríkisstj. um það.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég hef að vísu ekki lagt það í vana minn að eiga í þrætum um Framkvæmdastofnun ríkisins. Ég gæti þá fáu öðru sinnt ef stöðugt ætti að sitja fyrir svörum um þau málefni og þá gagnrýni sem haldið er uppi. Og ekki dettur mér í hug að neita því, að ég sé haldinn mannlegri náttúru í ríkum mæli. En það eru örfá atriði sem ég ætlaði að nota tækifærið til þess að leiðrétta af því sem kom fram í máli hv. 9. þm. Reykv.

Gagnrýnin, sem í frammi var höfð hér á hinu háa Alþingi árið 1971, síðla árs, þegar lögin um Framkvæmdastofnun ríkisins voru til umræðu og afgreiðslu, beindist aðallega að tveimur þáttum: Í fyrsta lagi að þeim þætti sem skýrlega og berlega kom fram í lögunum, að þessi stofnun ætti að hafa með alla yfirstjórn fjárfestingarmála í landinu að gera. Þetta var svo tvímælalaust ákvæði að mönnum datt ekki annað í hug en að hér væri verið að setja upp nýtt fjárhagsráð með enn breiðara valdsviði en nokkru sinni fyrr og eftirlit með öllum fjárfestingarlánasjóðum þessa lands, þar með talið bönkum. Þetta geta menn allt saman kynnt sér. Höfuðgagnrýnisefnið var það, að forstöðumenn eða framkvæmdastjórar þeirrar stofnunar voru ekki ábyrgir gagnvart þingkjörinni stjórn stofnunarinnar. Kosin var sjö manna þingkjörin stjórn og hefur alla tíð verið skipuð alþingismönnum einvörðungu. En þessir þrír, sem ráðnir voru og skipaðir samkvæmt lögunum af viðkomandi ríkisstj., báru enga ábyrgð gagnvart þingkjörinni stjórn stofnunarinnar. Og þaðan er „kommissaranafnið" komið með réttu.

Samkvæmt lögunum gat enginn stjórnarmaður borið upp till. í stofnuninni, og stjórnin gat samkvæmt lögunum ekkert haft um það að segja hvað þeir tóku sér fyrir hendur eða hvaða ákvarðanir þeir í raun og veru tóku. En hin harða gagnrýni á þessa skipan mála varð auðvitað til þess, að stofnunin varð aldrei að því sem menn virtust reiða til höggs með í upphafi, sem betur fór.

En þeir, sem ræða um Framkvæmdastofnun — og ég hef tekið eftir því að þeir hinir sömu flestir hafa aldrei haft fyrir því að leggja lykkju á leið sína að kynna sér þessi mál frá fyrstu hendi, ekkert af þeim, og hafa aldrei sést á þeim vettvangi þar sem helst væri að leita upplýsinga um efni málsins, — þeir hafa ekki veitt því athygli, að þessum lögum var snarbreytt með nýjum lögum frá Alþingi árið 1976. Þeim var snarbreytt á þann veg, að nú voru það ekki lengur viðkomandi ríkisstjórnarflokkar sem skipuðu valdamenn þessarar stofnunar, heldur var það hin þingkjörna stjórn sem réð þá til starfa og síðan með skipun forsrh. eða ríkisstj. Og þessir menn eru fullkomlega ábyrgir gagnvart þeirri stjórn. Það mikla valdsvið, sem þeir höfðu, þó þeir beittu því ekki í upphafi, var af þessum mönnum tekið.

Í öðru lagi er mikill misskilningur að halda því fram, að þessir menn séu æviráðnir. Það var ákveðið við breytinguna 1976 að þessir menn skyldu hafa nákvæmlega sömu starfskjör og réttindi og þjóðbankastjórar, bankastjórar viðskiptabankanna hafa. Það þýðir að starfi þeirra má segja lausu, þeir geta sagt starfi sínu lausu, og það má segja þeim upp með tólf mánaða fyrirvara. Þetta liggur alveg ljóst fyrir. Verði það talið hápólitískt starf, — raunar er það auðvitað pólitískt eins og flest okkar störf og ekki ætla ég að draga úr því að þetta sé það, — þá er það auðvitað auðgert fyrir þá, sem fara með framkvæmdavaldið í landinu, og meiri hluta á Alþingi að breyta þessu og segja starfsmönnum og framkvæmdastjóra og forstjóra upp í þessari stofnun. Það gefur alveg auga leið af því sem það er kosið í stjórn þessarar stofnunar hlutfallskosningu eftir þingkosningar og þar af leiðandi breytist valdahlutfall pólitískt í þessari stjórn sem að líkum lætur eftir hverjar kosningar. Og þá er þetta opin leið. Það má segja kannske að þarna hafi starfskjör verið bætt að því leyti sem hin gamla regla var numin úr gildi, að þessum „kommissörum" skyldi sagt upp með þriggja mánaða fyrirvara ef stjórnarskipti yrðu. Og hvers vegna? Vegna þess að það var í verkahring ríkisstj. að skipa þessa menn beint, án aðildar hinnar þingkjörnu stjórnar.

Varðandi vaxtamál sjóðsins vil ég aðeins láta þess getið, án þess að ég muni fara mjög inn á það svið að ræða innanhússmál eða stjórnarfundamál í Framkvæmdastofnuninni, þá er ekki fyrir það að synja, að það hefur gengið mjög þunglega að ná fram hækkun á vaxtakjörum Byggðasjóðs. Ég minnist þess, að þegar ég hóf störf í þessari stofnun voru vaxtakjörin 6%. Það gekk erfiðlega að ná úrbótum í þessu skyni og lengi var þæft þar til það náðust 8%, það náðust 10%, 14% og síðan 22%. Í des.

s. l. var lögð fram tillaga um hækkun í 32%. Á síðasta ári var samþykkt tillaga frá stjórninni um að stofna verðtryggingardeild, og í vaxandi mæli hyggst stjórnin notfæra sér það og hefur t. a. m. núna ákveðið að öll lán til gatnagerðar skuli vera í þessari verðtryggingardeild, en áætlað er að þau muni nema á þessu ári 4 millj. kr. eða 400 millj. gkr. Þótt heilir málaflokkar hafi ekki verið færðir undir þessa deild er samt áformað að nota það form í vaxandi mæli, en þó eftir eðli málsins hverju sinni. Stjórn Framkvæmdastofnunar hyggst í vaxandi mæli slíta sjálfvirkni sem því miður hefur gilt um of í ýmsum greinum.

Ég get upplýst hins vegar að stjórnin telur sig, þegar vaxtakjör eru svo langt undir því sem gerist á hinum almenna markaði, hafa til þess vald samkvæmt lögum Framkvæmdastofnunarinnar, að taka ákvörðun um hækkun vaxtanna undir því hámarki sem ákveðið hefur verið almennt af ríkisstj. Hefur hún nú tekið ákvörðun um hækkun vaxta í 28%, en það er samkomulagsmál, hafði áður verið lagt til að þeir hækkuðu í 32%. Þetta er auðvitað mál sem væri hægt að ræða ítarlegar og rétt er það, að í ýmsum tilfellum í lánveitingunum á gjafapólitík alls ekki rétt á sér og stofnunin gagnrýniverð að því leyti.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég skal ekki taka langan tíma í þessar umr., en ég vil láta það koma hér fram í tilefni af þessum umr., að ég er þeirrar skoðunar að það sé óhjákvæmilegt að endurskoða lagagrundvöll Framkvæmdastofnunar ríkisins og þó fyrr hefði verið, hér eigi í rauninni að vera um að ræða byggðastofnun, sérstaka byggðastofnun, sem fjalli um byggðavandamál, og í raun og veru ekki mikið umfram það. Ég er þeirrar skoðunar, að það sé algjörlega óeðlilegt að alþm. séu að iðka hluta af framkvæmdavaldinu í stofnunum eins og þessari úti í bæ, eins og gerst hefur á undanförnum árum. Með þessu á ég við ýmis atriði sem komið hafa fram að undanförnu. Þó að ég sé sammála því sem Matthías Bjarnason sagði hér áðan, að það er allt of mikið gert að því að hundelta alþm. í sambandi við alls konar störf sem þeir gegna og þar hafa menn gengið allt of langt, einnig alþingismenn í umræðum um þau mál, þá tel ég að Framkvæmdastofnun ríkisins sé öðruvísi stofnun en ýmsar aðrar, sem nefndar eru í þessum samanburði, og þar eigi ekki að vera alþm. í forstjórastörfum.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Hv. þm. Vilmundur Gylfason beindi til mín fsp. sem mér er skylt að svara. Ég vil fyrst taka skýrt fram að ég hef jafnan viljað og vil gera greinarmun sem svokölluðum raunvaxta- eða hávaxtamönnum sést oft yfir eða hafa ekki áhuga á að gera, og það er greinarmunur á verðtryggingu og vöxtum. Það er ljóst að í mörgum tilvikum er hér mikill munur á, þar sem verðtrygging bæði inn- og útlána er fyrst og fremst í því fólgin að menn fái aftur eða endurgreiði sama eða svipað verðmæti og þegar til innlána eða útlána var stofnað. Ríkisstj. hefur ætíð verið því fylgjandi að stefna að verðtryggingu og um leið þá að lengingu útlána. Vextir eru að því leyti með öðrum hætti, að yfirleitt þarf að greiða þá jafnóðum, annaðhvort fyrirfram forvexti, eins og er um víxla, eða þá að greiða þá eftir á, kannske hálfsárslega eða árlega. Þannig verka verðtrygging og háir vextir oft ekki á sama veg. Þetta er nauðsynlegt að taka hér enn einu sinni fram vegna þess hvað oft þessu er blandað saman eins og hér sé um eitt og hið sama að ræða.

Varðandi vexti Byggðasjóðs, þá hafa þeir verið 22% síðan á árinu 1979. Núv. ríkisstj. hafði verið að störfum í um meira en eitt ár án þess að stjórn Framkvæmdastofnunar léti nokkuð frá sér heyra um að hún vildi breyta þeim vöxtum. Síðan gerist það, að ég ætla í marsmánuði, að það spyrst að nú vilji stjórn Framkvæmdastofnunar hækka þessa 22% vexti Byggðasjóðs mjög verulega. Mál stóðu þannig að ákveðið hafði verið strangt verðlagseftirlit í fjóra mánuði ársins og enn fremur að ríkisstj. hafði beitt sér fyrir nokkurri vaxtalækkun 1. mars. Ríkisstj. þótti ekki eðlilegt að Framkvæmdastofnun eða Byggðasjóður tæki sig út úr og færi að hækka verulega vexti á þessum tíma. Ríkisstj. beindi því til stjórnar Framkvæmdastofnunar, að hún tæki ekki ákvörðun um að hækka vexti og um leið að kannað yrði hvort ekki væri rétt að Byggðasjóður tæki að einhverju leyti upp verðtryggingu eins og fjölmargir aðrir sjóðir. Við vitum að á undanförnum árum hafa margir sjóðir tekið upp blandað kerfi, verðtryggingu að einhverju leyti og vexti að einhverju leyti.

Þetta er það sem ríkisstj. hefur aðhafst í þessu máli. Ákvörðun Framkvæmdastofnunar um hækkun á vöxtum Byggðasjóðs úr 22% var frestað þá og þessi málaleitun eða þessi afgreiðsla, ef maður kallar það svo, var samþykkt af ríkisstj., að það yrði kannað hvort ekki væri rétt að fara að einhverju leyti inn á verðtryggingu.

Stóriðjumál, þáltill. (þskj. 572, n. 765 og 780). — Síðari umr.

Frsm. meiri hl. (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir áliti meiri hl. allshn., en hún tók til meðferðar till. til þál. um aukningu orkufreks iðnaðar og stefnumótun í stóriðjumálum sem meiri hl. n. flutti. Aðdragandinn að þeirri till. er sá, að á öndverðu þessu þingi voru fluttar tvær till. til þál. um stóriðjumál. Þm. Alþfl. fluttu till. um aukningu orkufreks iðnaðar og 19 þm. Sjálfstfl. fluttu till. um stefnumótun í stóriðjumálum. Þessar till. voru ræddar á sex fundum n. og til viðræðu um efni þeirra komu ráðuneytisstjóri iðnrn. og verkfræðingur í rn. Umsagnir bárust frá iðnrn., Náttúruverndarráði og Félagi ísl. iðnrekenda. Meiri hl. n. varð sammála um að sameina þessar tvær till. í eina og var hún flutt sem sjálfstæð till. Um hana fara fram tvær umr. Eftir fyrri umr. var þessari till. vísað aftur til allshn. og meiri hl. n., þeir sömu og till. fluttu, mælir með samþykkt till., en minni hl. hefur skilað séráliti.

Þegar tillögur þessar voru fluttar á öndverðu þessu þingi voru ítarlegar framsöguræður fluttar til rökstuðnings þessum till. og um þær urðu allmiklar umr. Engu að síður vil ég nú drepa á nokkur atriði varðandi stóriðjumál og orkufrekan iðnað. Ég mun reyna að forðast endurtekningar á því sem áður hefur verið sagt, en óneitanlega er kveikjan að sumu því, sem ég segi, ýmis ummæli sem féllu í umr. um þessar þáltill. tvær fyrr í vetur.

Rökin fyrir því, hvers vegna Íslendingar eigi að leggja áherslu á stóriðju, hafa oft verið tíunduð. Sjávarútvegur og landbúnaður hafa verið grundvöllur verðmætasköpunar og þar með lífskjara á Íslandi frá upphafi byggðar og fram á vora daga. Þessar auðlindir verða áfram mikilvægur þáttur í okkar lífskjörum, en því miður

eru þeim takmörk sett. Stofnstærð nytjafiska setur þeim nýtingarmörk sem ekki má fara yfir, eins og fiskifræðingar okkar hafa rækilega bent á, og almennur skilningur er nú á þessum takmörkunum. Sama má segja um landbúnaðinn. Afkastagetu gróðurmoldarinnar eru takmörk sett og þá sníða markaðsaðstæður þessum atvinnuvegi enn þrengri stakk. Á þessu er einnig almennur skilningur, enda hníga allar umræður um landbúnaðarmál í þessa átt. Augu manna beinast því í vaxandi mæli að iðnaði sem framtíðaratvinnugrein, bæði almennum iðnaði, sem ekki er orkufrekur í þeim skilningi sem við oftast leggjum í það orð, svo og orkufrekum iðnaði eða stóriðju. Hin óbeislaða orka í vatnsföllum landsins og í iðrum jarðar er auðlind sem nýta verður í eins ríkum mæli og mögulegt er til eflingar bættra lífskjara á landi hér. Ég óttast mjög, að ef ekki verður nú þegar hafist handa um að undirbúa myndarlegt átak í þessum efnum muni lífskjör hér á landi dragast aftur úr lífskjörum, sem nágrannaþjóðir okkar muni búa við, og fátt er hættulegra framtíðarbyggð þessa lands en slíkur lífskjaramunur.

Sjálfstfl. er fylgjandi nýjum stórátökum í virkjunarmálum og stóriðju. Þessi þáltill. er ein tilraun til að koma því stefnumáli flokksins fram. Sama má segja um frumvarp sjálfstæðismanna í Ed. um nýjar stórvirkjanir og skipulag orkumála, en það eru tvö mikilvæg lagafrumvörp sem þm. flokksins hafa flutt í Ed.

Megintilgangur með þessari stefnu er að skjóta fleiri styrkum stoðum undir atvinnu- og efnahagslíf landsmanna, að forðast það að vera í of ríkum mæli háður því hvað veiðist á landi hér og hvernig sala á fiskafurðum gengur. Við þekkjum vel sveiflurnar sem af því leiðir að við erum of háðir hinum svipula sjávarafla. Þessi stefna á örugglega vaxandi fylgi að fagna meðal þjóðarinnar.

Það er aðeins rétt að hugleiða hvert er þjóðhagslegt gildi stóriðju. Við höfum nú hér á landi þrjú fyrirtæki sem flokkast undir stóriðju. Þau eru álverksmiðjan í Straumsvík, kísilgúrverksmiðjan við Mývatn og járnblendiverksmiðjan á Grundartanga.

Fyrsta stórátak okkar í þessum efnum var bygging álverksmiðjunnar í Straumsvík og í tengslum við hana bygging Búrfellsvirkjunar. Allmikil reynsla er komin á rekstur þess fyrirtækis og áhrif þess á íslenskt atvinnulíf eftir 10 ára starf. Það er því rétt að athuga nokkrar staðreyndir í því sambandi. Ég tek fram að hér er alls ekki um tæmandi úttekt að ræða á þjóðhagslegu gildi þessarar starfsemi, heldur frekar nokkur dæmi.

Starfsemi álversins og reyndar hinna fyrirtækjanna tveggja, sem ég minntist á, hefur breytt allmikið útflutningsmynstri hjá okkur Íslendingum. Árið 1968, síðasta heila árið áður en álverksmiðjan tók til starfa, nam útflutningur iðnaðarvara 1.5% af heildarútflutningi Íslendinga. Árið 1979 var útflutningur áls 13.3% af heildarútflutningi, kísilgúr 0.6%, járnblendi 1.2%, eða stóriðjuvörur samtals 15.2%, en iðnaðarvörur í heild 21.6%. Þetta er mikil breyting á 10 árum og sýnir að nú eru fleiri stoðir undir útflutningi okkar og gjaldeyrisöflun en áður var. Miðað við þær aðgerðir, sem þegar eru í gangi á þessu sviði, er líklegt að hlutdeild orkufreks iðnaðar í útflutningstekjum fari upp í 1/5 hluta.

Gjaldeyristekjur landsins vegna Íslenska álfélagsins eru umtalsverðar. Árið 1979 voru hreinar gjaldeyristekjur 34.4 millj. dollarar og hafa væntanlega numið 42 millj. dollurum árið 1980. Samkvæmt bráðabirgðatölum fyrir árið 1980 skiptast gjaldeyristekjurnar sem hér segir: Orka 8 millj. dollarar, skattar 1.3 millj. dollarar, vinnulaun 17.6 millj., annað 9.3 millj., eða samtals vegna rekstrar 36.4 millj. dollarar. Vegna fjárfestingar voru gjaldeyristekjur 5.4 millj. dollarar, þannig að heildargjaldeyristekjurnar eru, eins og áður segir, tæpar 42 millj. dollarar. Þessar upplýsingar eru frá Seðlabanka Íslands.

Við umr. hér á Alþingi fyrr í vetur, þegar rædd var þáltill. þm. Sjálfstfl., hélt hæstv. iðnrh. því fram að engar teljandi gjaldeyristekjur hefðu verið af álverksmiðjunni síðustu 10 ár. Að baki þessari fullyrðingu hæstv. ráðh. lágu furðulegar reikningskúnstir. Hæstv. ráðh. vildi allt í einu fara að tala um nettógjaldeyristekjur og draga þannig frá innflutt aðföng til verksmiðjunnar. Þegar við metum gjaldeyristekjur okkar af útflutningi erum við ekki vön þeim reikningsaðferðum. Þegar við metum t. d. gjaldeyristekjur okkar af sjávarútvegi drögum við ekki fyrst frá erlend aðföng, t. d. olíukaup í fiskibátana eða í fiskmjölsverksmiðjurnar eða annan innflutning í tengslum við rekstur sjávarútvegs okkar. Sama er að segja um annan iðnað og reyndar einnig um landbúnaðinn. Auðvitað væri áhugavert að reikna út eftir aðferðum hæstv. iðnrh. það sem hann kallar nettógjaldeyristekjur af almennum iðnaði, landbúnaði eða sjávarútvegi. Ég veit ekkert hvað út úr því dæmi kynni að koma, en ég veit þó að það dæmi mundi líta út á allt annan veg en þann sem við erum vön að fara þegar við metum gjaldeyristekjur okkar. Það, sem máli skiptir þegar verið er að meta þátt einstakra atvinnuvega í gjaldeyristekjum okkar, er að nota sömu aðferð á allar atvinnugreinar. Allt annað er blekking og það hefur hæstv. iðnrh. því miður gert sig sekan um í þessum umr.

Það er enn fremur fróðlegt að huga að þætti stóriðju í uppbyggingu raforkuvera hér á Íslandi. Samningar um rafmagnskaup álversins hafa verið mikið umræðuefni og hæstv. iðnrh. hefur gagnrýnt þá samninga og sumir hafa jafnvel gegnið svo langt, þ. á m. hæstv. ráðh., að tala um nauðungarsamninga í því efni. Mig langar í því sambandi að vitna í nýjustu greinargerð Landsvirkjunar um þetta efni, en þar segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta, — ég ætla að gera nokkra grein fyrir því m. a. hverjar breytingar voru fólgnar í þeim samningum sem gerðir voru að nýju við álverið á árinu 1976:

Hæstv. iðnrh. gerði og mikið úr því í umfjöllun sinni um gjaldeyristekjurnar að Íslenska álfélagið flytti út, eins og hann orðaði það, „fjármagn í formi allskyns þjónustu, afskrifta og vaxta". Í því sambandi verðum við að muna að hér er um að ræða afskriftir og vexti af erlendu fjármagni sem fyrirtækið sjálft hefur flutt inn til landsins. Íslenska álfélagið hefur aldrei verið á íslenskum fjármagns- eða lánamarkaði, þannig að 17.6 millj. Bandaríkjadala, sem fyrirtækið greiddi í vinnulaun hér á landi á s. l. ári, eru vinnulaun vegna fjárfestingar sem komið hefur alveg erlendis frá og hefur ekkert tekið frá öðrum atvinnufyrirtækjum á Íslandi sem þurfa á fjármagni að halda. Hvað sem líður tilraunum hæstv. iðnrh. til að reyna að blekkja í þessu máli er ljóst að því takmarki að tryggja meiri stöðugleika í gjaldeyrisöflun íslensku þjóðarinnar hefur verið náð með þeirri stóriðju sem þegar er hér í landi.

„Upphaflega var gert ráð fyrir því í rafmagnssamningi að rafmagnsverðið frá byrjun rafmagnssölu til ÍSALS til þriðja afhendingardags, þ. e. 1. sept. 1975, yrði 3 mills á kwst., upp frá því yrði rafmagnsverðið 2.5 mills á kwst. óbreytt til 1984, en þá skyldi hluti þess endurskoðaður

með hliðsjón af breytingum á hreinum rekstrarkostnaði Búrfellsmannvirkja og síðan á sama hátt á 5 ára fresti. Árið 1994 skyldi samningurinn endurskoðaður og ef hann yrði þá framlengdur skyldi rafmagnsverðið breytast og verða hið lægra af tvennu:

Í fyrsta lagi 2.5 mills á kwst. margfaldað með sama hlutfalli og rafmagnsverð til Sör-Norge Aluminium A/S í Husnes í Noregi eykst frá fyrsta afhendingardegi rafmagns 1. júní 1969 til 1. júní 1994.

Í öðru lagi 1% af heimsmarkaðsverði á áli á hvert enskt pund uppgefið í dollurum eins og það verður að vegnu meðaltali á tímabilinu 1. júní 1971 til 1. júní 1994.

Samningi þessum var breytt 1975. Breytingin tók gildi 1976, en umrædd samningsbreyting fól í sér innfærslu á hækkunarákvæði í rafmagnsverði samfara aukningu á raforkusölu til ÍSALS um 20 mw. Hækkunarákvæðið er þannig, að í stað þess að lækka 1. sept. 1975 í 2.5 mills á kwst. var rafmagnsverðið látið haldast 3 mills til 1. jan. 1976, en þá var það hækkað í 3.5 mills þar til 1. júlí 1976. Þá var verðið hækkað í 4 mills þar til 1. júlí 1977, en eftir það tók gildi eftirfarandi hækkunarformúla:

a. Meðan heimsmarkaðsverð á áli er 40 cent á lbs. eða minna skal rafmagnsverðið vera 1% af heimsmarkaðsverði á áli, en þó aldrei lægra en 3.5 mills á kwst. b. Meðan heimsmarkaðsverð á áli liggur á bilinu 40—50 cent á lbs. skal rafmagnsverð hækka um 0.85% af álverðsaukningu á umræddu bili. Á sama hátt skal rafmagnsverðið hækka með hækkun álverðs þannig: á bilinu 50—60 cent á lbs. um 0.70%, á bilinu 60—70 cent á lbs. um 0.55%, yfir 70 cent á lbs. um 0.40%. c. Frá 1. júní 1994 skal gilda sama endurskoðun á rafmagnsverði og áður er getið, en þó skal rafmagnsverðið aldrei vera lægra en gildir samkv. ofanskráðri verðbótaformúlu.

Samningurinn um viðbótarorkusölu 20 mw. er með því móti, að 12 mw. eru afhent sem ótrygg orka, en orkuverðið hið sama og fyrir forgangsorku. Í þessu felst veruleg hækkun á rafmagnsverði forgangsorkunnar vegna viðbótarsölunnar. Í samningnum við Járnblendifélagið er gert ráð fyrir að verðið á ótryggri orku sé 1/4 af verði forgangsorku. Ef þessu hlutfalli er beitt á núverandi rafmagnsverð til ÍSALS, 6.475 mills á kwst., má reikna út að verðið á forgangsorku til viðbótarinnar, þ. e. 20 mw., sé 11.8 mills á kwst. Hækkunarákvæðið gerir það að verkum að nú fæst 6.475 mills á kwst. fyrir orkuna til ÍSALS í stað 2.5 mills á kwst. og nemur því hækkunin á verðinu á hverja kwst. nú um 360% frá upphaflegum samningi. Samtals nemur umrædd breyting á rafmagnsverðinu í hækkuðum tekjum til Landsvirkjunar um 15 millj. dollara á tímabilinu 1. sept. 1975 til ársloka 1980.

Þótt ÍSAL nýti ekki alla orkuvinnslugetu Búrfellsstöðvar sýna áætlanir að tekjur af raforkusölu til ÍSALS muni á tímabilinu frá 1969 fram til ársins 1994 borga upp allan stofnkostnað Búrfellsvirkjunar og tilheyrandi mannvirkja, þ. e. Þórsivatnsmiðlunar, tveggja háspennulína frá Búrfelli að Geithálsi og þaðan til Straumsvíkur, spennistöðvarinnar við Geithálsi og gasaflsstöðvarinnar í Straumsvík. Einnig standa tekjurnar undir öllum rekstrarkostnaði áðurnefndra mannvirkja á sama tíma. Sá ávinningur hefur einnig fengist með raforkusölusamningi frá ÍSAL, að ráðist var í þá miklu fjárfestingu, sem liggur í ofangreindum mannvirkjum, á mjög hentugum tíma eða fyrir hinar gífurlegu hækkanir olíuverðs og þá miklu verðbólgu sem siglt hefur í kjölfar þeirra."

Þetta var tilvitnun í grg. frá Landsvirkjun um rafmagnssamninga við ÍSAL.

Fleiri tölur og staðreyndir mætti og nefna í þessu sambandi. Stofnkostnaður Búrfellsvirkjunar, Þórisvatnsmiðlunar, háspennulínunnar frá Búrfelli, spennistöðvar við Geithálsi og gasaflsstöðvar í Straumsvík, varð um 70 millj. Bandaríkjadollara, en yrði nú 270 millj. dollara miðað við þá verðbólgu, sem hefur verið hér á landi, og miðað við að þessi kostnaður yrði þá framreiknaður. Miðað við verðbólgu mælda í vísitölu byggingarkostnaðar í Bandaríkjunum svara um 70 millj. dollara árið 1969 til um það bil 180 millj. dollar árið 1980. Mismunur er um 90 millj. dollara og er hreinn hagnaður íslensku þjóðarinnar af að hafa byggt þessi mannvirki á sínum tíma. Það er því ljóst að þessi mannvirki voru byggð á mjög heppilegum tíma, og auðvitað hefðu þau ekki verið byggð nema til hefði komið sá rafmagnssamningur sem ég hef gert að umtalsefni. Við verðum líka að hafa í huga, þegar við metum þessa samninga, að verðbólgan í heiminum vegna kostnaðar á olíu, hækkandi vaxta og reyndar fleiri þátta fór ekki af stað fyrr en eftir að Búrfellsvirkjun lauk.

En það má líka nálgast þetta mál frá fleiri hliðum. Á tímabilinu 1969—1980 var rekstrarkostnaður Búrfells 10.6 millj. dollarar og afborganir og vextir af lánum voru 72.8 millj. dollarar, þ. e. fjármagns- og rekstrarkostnaður samtals 83.4 millj. dollarar. Á sama tímabili voru tekjur af sölu til almenningsrafveitna 28.1 millj. dollarar, en frá Íslenska álfélaginu 46.3 millj. dollarar. Á þessu tímabili hafa tekjur frá ÍSAL numið 56% af öllum rekstrarkostnaði og greiðslum afborgana og vaxta. Á umræddu tímabili hefur ÍSAL notað um það bil 65% af afli Búrfellsvirkjunar. Þessar tölur sýna m. a. að ef álverið hefði ekki verið byggt og ef álverið hefði ekki fengið rafmagn úr Búrfellsstöð hefði rafmagnsverð til almennings þurft að vera meira en tvöfalt hærra til að standa undir kostnaði við Búrfellsstöð.

Á 25 ára tímabili gera tekjur frá ÍSAL meira en greiða upp allan kostnað við Búrfellsstöð og lætur nærri að það mark náist á 19 árum. Fjármagns- og rekstrarkostnaður á 25 ára tímabili verður samtals 181.9 millj. dollarar, tekjur frá ÍSAL verða 285.6 millj. dollarar, en tekjur frá almenningsrafveitum 117.5 millj. dollarar. Tekjur frá ÍSAL munu á þessu tímabili nema um 70% af samanlögðum tekjum, en það er nálægt því að vera það hlutfall sem ÍSAL notar af aflgetu Búrfellsstöðvar. Í þessum útreikningi er miðað við að tekjur frá ÍSAL og almenningi hækki um 8% og rekstrarkostnaður einnig um sömu prósentu, en að sjálfsögðu mun þetta breytast til hagsbóta ef samið er um frekari hækkun, eins og sjálfsagt er að leita eftir. Hér er miðað við 25 ára tímabil. Þó vita allir að ending slíkra stöðva er mun meiri. Það er talið að Búrfellsstöð og miðlunarmannvirki í Þórisvatni muni endast í um 80 ár. Tökum sem dæmi Ljósafossstöð sem hefur þegar starfað í 40 ár. Ekkert lát er á þeirri stöð og hún malar okkur gull nú þegar. Eftir 25 ára tímabil og reyndar skemur, eftir 19 ára tímabil, eins og ég gat um áður, eigum við þessar stöðvar skuldlausar og þær koma því til með að mala okkur Íslendingum áfram gull í þágu lands og þjóðar.

Ég gat um það áðan að rétt væri og sjálfsagt að leita eftir frekari hækkunum miðað við breyttar aðstæður. Það breytir hins vegar ekki því, að miðað við allar aðstæður var rafmagnssamningurinn við ÍSAL hagstæður á

sínum tíma, miðað við þær forsendur sem þá voru fyrir hendi. Ég hjó t. d. sérstaklega eftir því, að hv. 12. þm. Reykv., Guðmundur G. Þórarinsson, gerði þetta nokkuð að umtalsefni í ræðu sinni í fyrrakvöld þegar rætt var um raforkuverin, og hann gat um að það væri sjálfsagt og nauðsynlegt að leita eftir endurskoðun á þessum samningum, en tók fram að hann vildi ekki álasa þeim sem fyrir þessum samningum stóðu á sínum tíma, enda skil ég það vegna þess að núv. hæstv. sjútvrh., formaður Framsfl., tók mjög mikinn þátt í þessu á sínum tíma í svokallaðri stóriðjunefnd og vann mjög ötullega og vann gott starf í því að koma þessum samningum á þegar þeir voru gerðir.

Hins vegar er það algerlega út í hött, eins og hæstv. iðnrh. er að gera, þegar hann er að bera þetta saman við orkuverðið eins og er eða byggingarverð nýrrar virkjunar. Auðvitað munum við Íslendingar þegar leitað verður eftir nýjum samningum við erlenda aðila, sem ég óttast mjög að verði ekki gert í tíð núv. hæstv. iðnrh., en þegar hans stefna verður ekki lengur ofan á í iðnaðar- og orkumálum á Íslandi, þá hljóta menn í nýjum samningum að sjálfsögðu að taka mið af kostnaðarverði nýrra virkjana en auðvitað er ekki hægt að ætlast til þess að það sé gert í gömlum samningum.

Í sínum ræðum hér í vetur vitnaði hæstv. iðnrh. til umræðna sem átt hafa sér stað í Noregi um þessi mál, og víst er það, að þar hafa komið upp hugmyndir um að endurskoða allt raforkuverð og miða það verð við byggingarkostnað nýrra virkjana. Hins vegar sýnist mér af þeim fréttum, sem ég hef frá Noregi, að vafamál sé að sú verði niðurstaðan, enda er mjög erfitt að fá þá reglu samþykkta í viðskiptum og hæstv. iðnrh. er allra manna síðastur til að viðurkenna þá meginreglu í öðrum viðskiptum þó að hann standi hér á hv. Alþingi og telji sig vilja gera það í rafmagnsviðskiptum. Eða hvenær hefur hæstv. iðnrh. eða Alþb. yfirleitt viðurkennt að kaupmaður eigi að fá að verðleggja vöru sína í samræmi við það sem búast megi við að næstu sendingar kosti? Ég held að það sé meginregla sem hæstv. iðnrh. vilji ekki viðurkenna í nokkrum viðskiptum nema þá í rafmagnsviðskiptum.

Hæstv. iðnrh. hefur borið rafmagnsverðið til ÍSALS saman við hækkun þá, sem orðið hefur á olíu á þessu tímabili, og lagði fram hér á hv. Alþingi ítarlega útreikninga um hvað Íslendingar hefðu tapað miklu á þessum rafmagnssamningi, miðaði þá við hækkun á olíuverði í heiminum. Auðvitað er algerlega út í hött að bera þetta saman. Því bar hann ekki saman aðra orkugjafa? Hvað hafa t. d. kol hækkað í heiminum á þessu tímabili eða rafmagnsverð almennt? Það er alveg ljóst og það vita allir sem vilja vita, rafmagnsverð hefur engan veginn fylgt olíuverði á almennum rafmagnsmarkaði.

Mönnum verður líka tíðrætt um samanburð á orkuverði til almennings, þ. e. því orkuverði sem almenningsveiturnar selja sína orku á. Það er líka mjög óeðlilegt að bera slíkt saman. Álverksmiðjan skuldbindur sig á samningstímabilinu til að kaupa ákveðið magn alltaf, allan sólarhringinn, og greiðir fyrir það hvort sem það rafmagn er notað eða ekki. Álverið kaupir beint. Rafmagnið fer ekki í gegnum dreifikerfi almenningsveitna, en við vitum að langstærsti hlutinn af rafmagnsverði hér á landi er ekki heildsöluverðið, heldur verðið vegna dreifingarinnar, því að dreifingin hér er mjög kostnaðarsöm. Þá vitum við einnig að sérstakur skattur er lagður á rafmagn til almennings, bæði söluskattur og verðjöfnunargjald, sem nemur nú meira en 1/3 af rafmagnsverðinu, og auðvitað eru þeir skattar of háir og þekkjast raunar hvergi í nágrannalöndum okkar svo háir skattar á rafmagnsverð eins og hér gilda. Á það auðvitað sinn þátt í því að iðnaður hér á landi er ekki eins samkeppnisfær og iðnaður annarra landa.

Það er líka fróðlegt í þessu sambandi að huga að því, hvernig samninga aðrir gerðu á þeim sama tíma sem álsamningarnir voru gerðir. Vafalaust eru þeir samningar mjög mismunandi. Ég vil sérstaklega nefna dæmi frá Kanada, en nýlega hafa farið fram þar opinberlega umræður um eldri rafmagnssamninga sem gerðir voru í Kanada um svipað leyti og jafnvel seinna en við gerðum okkar samninga við álverið. 1969 t. d. samdi fyrirtækið Hydro Quebec um kaup á allri orku frá raforkuveri sem heitir Churchill Falls og er í Labrador. Sá samningur var til 40 ára og endurnýjunarmöguleikar á þeim samningi til 25 ára í viðbót. Það var fast verð, rétt undir 3 mills á kwst., en lækkar í rúmlega 2.5 mills eftir 25 ár. Í þeim samningi eru engin endurskoðunarákvæði. Þetta finnst mönnum lágt þar í landi og þar fer fram nú mikil umræða um forsendur þær sem ríktu þegar þessi samningur var gerður. Er fróðlegt fyrir okkur að kynna okkur það. Í þeim umræðum hafa menn rifjað upp hið lága verð á hráolíu sem enginn sá fyrir að mundi hækka. Í þessum umræðum hefur það einnig verið rifjað upp, að samið var um fast verð til langs tíma til að forðast samkeppni frá öðrum og að því er menn töldu þá miklu ódýrari orkuöflunarmöguleikum sem yfir vofðu. Þá var kjarnorkan mjög á dagskrá og í þessum umræðum í Kanada hafa menn rifjað upp, að 1967 slitnaði upp úr samningaviðræðum milli Hydro Quebec og orkufyrirtækis í Vermont sem vildi fá 4.3 mills fyrir kwst., en þá höfðu fyrirtækin Westinghouse og General Electric lýst yfir að rafmagnsverð úr kjarnorkuverum mundi verða um 4 mills. Þannig hugsuðu menn raunverulega í þá daga og í þeirra spor verðum við að setja okkur nú.

Niðurstaða mín um orkuverðið til ÍSALS er því sú, að þetta hafi verið hagstæðir samningar á þeim tíma sem þeir voru gerðir, miðað við þær forsendur, sem við höfðum við að styðjast á þeim tíma, og ekki síst þegar haft er í huga að það var forsenda Búrfellsvirkjunar, þessarar fyrstu raunverulegu stórvirkjunar á Íslandi, að þessi samningur var gerður. Það er ljóst að við hefðum ekki þá virkjun núna ef þessi samningur hefði ekki verið gerður og rafmagnsverð til almennings væri mun hærra ef við hefðum farið aðra leið í virkjunarmálum, t. d. smávirkjunarleiðina sem Alþb. barðist mjög fyrir á sínum tíma.

En fleiri atriði koma hér og til þegar rætt er um gildi stóriðju á Íslandi. Við skulum aðeins átta okkur á þeim skatttekjum sem við höfum haft af stóriðjunni. Álverið greiðir sérstakt framleiðslugjald. Til að glögg og skiljanleg mynd fáist af því, hvað þetta framleiðslugjald hefur verið, er nauðsynlegt að reikna það til núvirðis, en samtals á verðlagi hvers árs 1969—1979 er þetta um 2.2 milljarðar kr. eða 12.5 millj. dollara. Ef við færum það til núvirðis er þetta tæplega 11 milljarðar gkr., sem þýðir að á hvern íbúa landsins höfum við fengið á þessum árum um 50 650 kr., og geri önnur fyrirtæki betur í skattgreiðslum til hins opinbera.

Byggðasjóður hefur notið góðs af þessum tekjum. Ákveðið hlutfall af tekjum af álverinu hefur runnið til

Byggðasjóðs og þar með til uppbyggingar atvinnufyrirtækja úti um hinar dreifðu byggðir, og Hafnarfjörður, það sveitarfélag, sem þessi verksmiðja er í, hefur notið mjög mikils góðs af þessu. Það hefur reynst mikil lyftistöng fyrir Hafnarfjörð, fært bæjarfélaginu miklar tekjur. Straumsvíkurhöfn er t. d. byggð af álfélaginu gegn því að álfélagið hafi afnotarétt af henni í 25 ár án þess að þurfa að greiða vörugjald, en höfnin fær hins vegar tekjur af skipagjöldum, sem eru allmiklar, og eftir 25 ár fær hún fullar vörugjaldstekjur einnig.

Það má einnig nefna í þessu sambandi, að íslensk skipafélög njóta mjög góðs af þessum rekstri. Þau flytja varning frá álverinu, frá kísilgúrverksmiðjunni og frá Járnblendifélaginu. Enginn vafi er á að það hefur orðið til þess að efla og renna styrkari stoðum undir rekstur skipafélaga okkar.

Í framsögu fyrir báðum þessum tillögum, sem hér hafa verið sameinaðar, var gerð grein fyrir ýmsum öðrum þáttum, sem ég skal ekki fara nánar út í hér, og þar sýnt fram á að þær miklu hrakspár, sem fluttar voru þegar verið var að samþykkja m. a. hér á hv. Alþingi þennan rekstur, hafi verið algerlega út í hött: spár um pólitísk áhrif álversins og eigenda þess, spár um láglaunasvæði, spár um mengun, félagsleg áhrif og þar fram eftir götunum. Allt hefur þetta reynst rangt og augljóst að skrattinn var málaður á vegginn af ásettu ráði.

Ég ætla ekki að fara nákvæmlega út í það, en ég vil þó aðeins gera örfá atriði að umtalsefni áður en ég lýk máli mínu í þessu sambandi, t. d. mengunina sem hæstv. iðnrh. gerði nokkuð að umtalsefni fyrr í vetur og reyndi að gera mikið úr.

Auðvitað er sjálfsagt að gera strangar kröfur og hafa allan vara á. Hæstv. ráðh. minnti á að 7 millj. kg, eins og hann orðaði það sjálfur, af flúor hefðu farið út í andrúmsloftið, hvorki meira né minna. Venjulega mundi maður tala um 7 þús. tonn í þessu sambandi, en sennilega hefur hæstv. ráðh. talið að 7 millj. kg væri áhrifaríkari tala þegar verið er að draga upp mynd af þessum ósköpum. Þó ber að hafa í huga að þetta var á 10 árum. En það er fróðlegt í þessu sambandi að bera t. d. saman það flúormagn sem kemur upp í Heklugosum. Það hafa ýmsir íslenskir fræðimenn gert. Í Heklugosinu, sem hófst 1. maí 1970, er talið að um 60 þús. tonn af flúor hafi komið upp með gosinu, þar af um 30 þús. tonn af vatnsleysanlegum flúor í öskunni, en hitt þá í gaskenndu formi. 17. ágúst s. l. hófst Heklugos og því lauk á fimmta degi eða 21. ágúst. Heildarflúormagn í því gosi er talið hafa verið 15 þús. til 20 þús. tonn, þar af í öskunni 8—9 þús. tonn. Bæði þessi gos voru þó lítil.

Ég nefni þetta ekki til að draga úr nauðsyn þess að hinar ströngustu kröfur séu gerðar um hreinsibúnað, heldur til þess að menn geti áttað sig á að það er óþarfi að mála skrattann sérstaklega á vegginn í þessum efnum. Við þurfum að gera strangar kröfur til hreinsibúnaðar og það hefur verið gert. Það er talið að hreinsitækin í álverinu muni hreinsa að því marki að álverið muni á 200 árum gefa frá sér svipað flúormagn og 5 daga gosið 1980. Slíkar tölur er því fróðlegt að hafa til samanburðar þó að þær segi auðvitað ekki allan sannleikann í slíkum efnum.

Í upphafi var því spáð að álverksmiðjan yrði láglaunaverksmiðja og í kringum hana mundi myndast láglaunasvæði. Hver er reynslan af því? Tímaritið Frjáls verslun birti í des. s. l. skrá um 100 stærstu fyrirtæki landsins. Þessari skrá fylgdu ýmsar upplýsingar um fyrirtækin, þ. á m. um meðalárslaun starfsmanna. Þetta var mjög fróðleg skrá. Stærð fyrirtækja var þar metin eftir heildarveltu og Íslenska álfélagið var nr. 6 í röðinni. Meðalfjöldi starfsmanna þar var 701, en fyrirtæki þar á undan, og nú get ég jafnframt um meðalárslaun starfsmanna, er Samband ísl. samvinnufélaga, sem varð nr. 1, en meðalárslaun starfsmanna þar voru 4.9 millj. kr. Nr. 2 var Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna með 4.8 millj. kr., þriðja var Flugleiðir hf. með 5.7 millj. kr., nr. 4 Landsbanki Íslands með 4.6 millj. kr., Olíufélagið hf. fimmta með 5.1 millj. kr. og sjötta stærsta fyrirtækið á Íslandi var Íslenska álfélagið með meðallaunin 6.7 millj. kr. Þessi meðallaun eru með því hæsta sem þekkist í fyrirtækjum hér á landi. Það eru örfá fyrirtæki hærri, en það eru aðallega fyrirtæki sem tengjast útgerð og fiskvinnslu sem reyndust vera með hærri meðallaun. Rétt er að geta þess, að járnblendiverksmiðjan var þó með enn hærri meðallaun en álverksmiðjan eða um 8.2 millj. kr. og meðalfjöldi starfsmanna þar var um 97, þannig að þessi tvö stóriðjufyrirtæki hér á Íslandi skera sig alveg úr að því er laun snertir.

Herra forseti. Ég hef talið nauðsynlegt í sambandi við þessa till. að gera ítarlega grein fyrir reynslu okkar Íslendinga af stóriðju, ekki síst vegna þess að það eru æðimargir hér á landi sem hafa það stöðugt fyrir iðju að afflytja staðreyndir í þessu máli og reyna að gera slíka starfsemi tortryggilega hér á landi. Auðvitað er álverið fyrirferðarmest í þeirri umræðu vegna þess að það fyrirtæki er stærst og við höfum lengsta reynslu af því. Við höfum ekki eins mikla reynslu af rekstri járnblendiverksmiðjunnar. Sú reynsla er þó góð í stórum dráttum. Auðvitað hefur sú verksmiðja þurft að ganga í gegnum vissa eldskírn, byrjunarörðugleika, eins og gengur, en samt spáir reksturinn góðu.

Sú þáltill., sem hér er til meðferðar, fjallar um mikilvæg mál og held ég að stóriðjumálin séu með mikilvægustu málum þessa þings. Við horfum með undrun og vaxandi áhyggjum á aðgerðaleysi hæstv. ríkisstj. í þessum efnum. Við höfum rætt hér nú þegar við 1. umr. í hv. Nd. frv. um raforkuver. Þær umr. benda til þess, að sú stóriðjustefna, sem mörkuð var hér á sínum tíma, verði lögð til hliðar. Það gengur seint og erfiðlega að taka ákvarðanir um nýjar virkjanir og við verðum vitni að því, að þrátt fyrir ýmsar hugleiðingar, þykkar skýrslur og fögur orð er ekkert farið að gera í því t. d. að afla markaða fyrir orku okkar. M. ö. o.: engin ákveðin stefna er mótuð í stóriðjumálum. Við stjórnarandstöðuþm. höfum ekki orðið varir við að neinar viðræður eigi sér stað við nokkurn erlendan aðila um samvinnu, hvorki á sviði eignarréttar, markaðshlutdeildar né nokkurra annarra þátta þar sem samvinna við erlenda aðila kemur til greina. Reynslan sýnir að slíkir samningar geta tekið langan tíma, eru oft flóknir og erfiðir og taka oft ekki styttri tíma en undirbúningur og bygging virkjana. Það kenndi reynslan okkur bæði að því er snertir álverksmiðjuna og einnig að því er snertir járnblendiverksmiðjuna.

Auðvitað ættu hugmyndir eða ákveðin stefna í stóriðjumálum að liggja fyrir um leið og tekin er ákvörðun um stórvirkjanir hér á landi. Okkur er að vísu tjáð að á vegum hæstv. iðnrh. sé starfandi einhver pukursnefnd sem ríkisstj. hafi sett upp, en frá þeirri nefnd fáum við stjórnarandstöðuþm. ekkert að heyra. Þessi miklu hagsmunamál þjóðarinnar eru þannig að það er brýn nauðsyn að um þau takist sem víðtækust samvinna hér á hv.

Alþingi. Þannig var staðið að því hér á árum áður þegar verið var að undirbúa síðasta átakið sem við gerðum í stóriðjumálum hér á Íslandi, og þannig á að vinna að þessum málum nú.

Viðbrögð hæstv. ríkisstj. og hv. þm. stjórnarliðsins við þessari till., sem hér er flutt af þm. Sjálfstfl. öðrum en ráðh. og af þm. Alþfl., er prófsteinn á vilja hæstv. ríkisstj. og hv. þm. stjórnarinnar til samvinnu við stjórnarandstöðuna um þetta mikilvæga mál. Verði till. þessi felld eða henni vísað til ríkisstj. er það auðvitað það sama og að drepa till. og þá liggur það ljóst fyrir að hæstv. ríkisstj. vill enga samvinnu hafa við stjórnarandstöðuna um þetta mikla hagsmunamál þjóðarinnar. Ef hæstv. ríkisstj. og hv. stjórnarþm. treysta sér ekki til að gefa jafnskýlausar og ákveðnar yfirlýsingar um stóriðjustefnu og þessi till. ber með sér mun það verða lýðum ljóst að stefna Alþb. verður áfram látin ráða ferðinni í þessu máli — stefna aðgerðaleysis og andstöðu við stóriðjuframkvæmdir.

Frsm. minni hl. (Páll Pétursson): Herra forseti. Þegar þessi till. kom til umr. hér fyrir nokkrum dögum lofaði ég því að ég skyldi ekki verða til þess að gangur hennar hér í gegnum þingið tefðist. Ég mun standa við það og ég lofa að flytja miklu styttri ræðu en hv. frsm. meiri hl. sem var að ljúka hér mjög ítarlegri ræðu um einn þátt þessa máls.

Við í minni hl. skiluðum nál. á þskj. 780 og það hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Minni hl. telur að þar sem ríkisstj. hefur skipað sérstaka orkustefnunefnd, sem vinnur að því verkefni sem till. fjallar um, sé ekki tímabært að kjósa aðra nefnd til sama verks og leggur því til að till. verði vísað til ríkisstj."

Að þessu nál. standa Guðmundur G. Þórarinsson, Guðrún Helgadóttir og ég.

Orkustefnunefnd vinnur ötullega að því verkefni að kanna nýtingarkosti raforku og raunar fleiri starfshópar og nefndir á vegum iðnrn., eins og glögglega hefur komið fram í orkumálaumræðum undanfarinna daga. Það eru mörg járn í eldi þar og við sjáum ekki ástæðu til á þessu stigi að kjósa enn eina nefndina, þ. e. þá sem lagt er til að kjósa í þessari tillögu.

Hvað varðar nýtingu orku til stóriðju ber náttúrlega að hafa það í huga, að þótt mikilsvert sé að nýta orkuna verður að hafa í huga að stóriðjan greiði fyrir rafmagnið það sem kostar að framleiða það á hverjum tíma og helst svolítið meira til þess að hagnaður verði af þessum viðskiptum. Og það verður endilega að búa svo um hnúta að aldrei verði aðrir notendur í landinu fyrir því að þurfa að greiða niður rafmagn, þá raforku sem til stóriðjunnar fer, þannig að orkusölusamningar til stóriðjufyrirtækja verði baggi á landsmönnum í gegnum raforkuverð.

Hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson, frsm. meiri hl., eyddi mjög löngum tíma í ræðu sinni til að verja álsamninginn og þau viðskipti sem við höfum átt við Alusuisse á undanförnum áratug. Þessi ræða mundi hafa sómt sér vel í tímariti þeirra álversmanna, sem mig minnir að heiti ÍSAL-tíðindi, og kannske einhverjir póstar eða hugmyndir úr henni komnar þaðan. Mér fannst sumt nefnilega hraustlega mælt í þessari ræðu og enn þá hraustlegar en hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson mælir venjulega, því að hann er að mínum dómi mjög hógvær maður og sanngjarn í málflutningi sínum dagfarslega. Þetta fyrirtæki hefur tvímælalaust orðið til þess að raforkunotendur á Íslandi hafa undanfarið orðið að greiða hærra verð fyrir raforku en ella, ef álverið væri ekki til. Að sjálfsögðu hefði verið virkjað við Búrfell með einhverri annarri áfangaskiptingu en var. Það er ekki eftirsóknarvert hlutverk að reyna að verja þann orkusölusamning.

Auðvitað verða menn að hafa það í huga að stóriðja er engin allsherjarlausn í atvinnumálum Íslendinga. Hún getur orðið þáttur í þeim, en hún er engin allsherjarlausn, þó ekki væri nema fyrir það að margfalt dýrara er, kannske allt að því hundraðfalt dýrara, að stofnsetja vinnustað fyrir hvern einstakling í þessum iðnaði en t. d. í smáum iðnaði. Við höfum ekki með nokkru móti fjárhagslegt bolmagn til að búa til þessa 6000 vinnustaði, þessi 6000 atvinnutækifæri sem menn eru að tala um að okkur vanti til aldamóta, ef þau ættu öll að koma í svona iðnaði. Ég er ekki að taka ábyrgð á því, að rétt sé að við þurfum að standa skil á 6000 atvinnutækifærum. Menn hafa verið að leika sér að tölum áður og haft þær meira og minna rangar, og ég á ekki von á að við þurfum að standa frammi fyrir þessu. En það er augljóst að í heimi, þar sem ýmsar orkulindir eru að ganga til þurrðar, er réttmætt að nýta vatnsorku eftir því sem eðlilegt er, og án efa hækkar vatnsorkan í verði á næstu árum og áratugum og því getur verið óhagkvæmt að binda sig í löngum samningum. Ég geri ráð fyrir að svo verði komið kannske á næsta áratug eða um næstu aldamót, að það verði orðið hagkvæmt fjárhagslega að framleiða eldsneyti á hreyfla með rafmagni.

Hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson vildi kenna núv. formanni Framsfl., heyrðist mér, um að þessi samningur var gerður við álverið. (**SvH:** Því ekki að þakka honum?) Mér finnst að það væri ekki þakkarvert. En ég man nú ekki betur en núv. formaður Framsfl. legðist gegn þessum samningi á lokastigi og skrifaði harða gagnrýni á hann í blöðin. Hann átti ekki sæti á Alþingi þá, en ég man gjörla að Framsfl. tók afstöðu gegn samningnum. Ég var á miðstjórnarfundi þar sem þetta mál var rætt og hann tók afstöðu gegn þessum samningi. Við atkvgr. hér á Alþingi held ég að allir þm. Framsfl. nema tveir hafi fylgt miðstjórnarsamþykkt Framsfl. og greitt atkv. gegn samningnum. Þessi samningur samrýmist raunar alls ekki stefnu Framsfl. vegna þess að hún er ekki þannig mörkuð. Ég vildi — með leyfi forseta — fá að lesa litla klausu úr tíðindum frá 17. flokksþingi Framsfl., því síðasta, frá 1978. Þar segir svo í kaflanum um atvinnumál:

„Þingið leggur mikla áherslu á að auka skilning þjóðarinnar á nauðsyn iðnvæðingar til tryggingar varanlegri hagsæld og þjóðarvelferð. Ber að stórauka verkþekkingu og hagnýta betur hugkvæmni manna við framleiðslu sérhæfðs varnings til sölu á alþjóðamarkaði, enda verði iðnvæðingin miðuð við útflutning jafnt sem heimamarkað.

Þingið lýsir sig andvígt þeirri stefnu að hleypa erlendum auðhringum inn í atvinnulíf Íslendinga. Samstarf við erlenda aðila um orkufrekan iðnað komi aðeins til greina í einstökum tilfellum, enda sé þess ætíð gætt að meiri hluti eignaraðildar sé í höndum Íslendinga. Starfsemi slíkra félaga skal háð íslenskum lögum og dómsvaldi, enda njóti þau ekki betri lögkjara en sambærileg íslensk fyrirtæki.

Þingið varar við rekstri þeirrar stóriðju sem kann að vera hættuleg heilsu og umhverfi manna og valda óeðlilegri félagslegri og líffræðilegri röskun. Telur þingið að mengunarvaldandi stóriðja samrýmist ekki íslenskum aðstæðum og sé andstæð óskum fólksins í landinu.

Leggja ber áherslu á að leitað verði eftir hentugum iðnaði fyrir landbúnaðarbyggðir og önnur fámenn byggðarlög í því skyni m. a. að koma í veg fyrir byggðaröskun."

Lýk ég hér lestri úr flokksþingsályktun Framsfl.

Ég vísa til þess, sem hv. 12. þm. Reykv. sagði í fyrrakvöld í ágætri ræðu um iðnaðarmál og iðnaðaruppbyggingu á Íslandi, þar sem hann talaði um hin raunhæfu yfirráð, þ. e. að hafa hönd í bagga með sölu afurða og þeim viðskiptum sem sköpuðust í kringum svona framleiðslu. En álverssamningurinn passar ekki inn í „prógram" Framsfl. og samrýmist ekki stefnu hans.

Ég er raunar alveg hissa á að hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson skyldi haga orðum sínum á þann veg sem hann gerði, a. m. k. stundum, í ræðu sinni. T. d. hefði hann alveg getað komist hjá því að fara að mæla bót þeirri mengun sem af álverinu hefði stafað. Hann gat komist hjá því a. m. k. þangað til einhver hefði nefnt hana. Hann ræddi um launakjör í álverinu. Það er alveg satt hjá hv. þm., að allar hrakspár, sem framsóknarmenn höfðu uppi og þeir sem lögðust gegn álverssamningnum á sínum tíma, hafa sem betur fer ekki ræst, en það hefur nóg af þeim ræst fyrir því. Hann ræddi um launakjör starfsmanna í þessu fyrirtæki. Það er alveg satt hjá honum að þarna eru greidd há laun, en þarna er um óholla og hættulega vinnu að ræða. A. m. k. langar mig ekki til að vinna verkamannavinnu á þessum vinnustað. Fyrir óþrifalega og hættulega vinnu verður auðvitað að borga talsvert hátt kaup til að halda góðum mannskap. Þetta hefur orðið m. a. til þess að sprengja upp laun í ríkisverksmiðjunum því að ríkisverksmiðjuverkamenn hafa viljað hafa sama kaup og menn hafa átt kost á í álverinu. Þess vegna er m. a. áburðurinn dýrari en ella hefði getað orðið og þarna er fundinn einn þátturinn í bullandi taprekstri Sementsverksmiðjunnar.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta meira í bili og ítreka það sem ég sagði í upphafi, að minni hl. n. leggur til að þessu máli verði vísað til ríkisstj.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Við erum ekki hér að tala um neitt smámál. Við erum að tala um eina helstu undirstöðu hagsældar í þessu landi á næstu árum og áratugum. Hvernig lífskjör þróast í framtíðinni fer eftir því öðru fremur hvernig okkur tekst til með uppbyggingu orkufreks iðnaðar í þessu landi.

Ég verð að segja að mér finnst minni hl. hv. allshn. vera hógværir menn og lítillátir fyrir hönd Alþingis. Þeir telja að Alþingi þurfi hvergi nálægt þessum málum að koma nema til að greiða atkv., til að setja stimpilinn á það sem ríkisstj. — eða réttara sagt hæstv. iðnrh. — hefur áður gert. Þeim líkar það vel, hv. þm. í minni hl. allshn., að hæstv. iðnrh. skipi flokksbræður sína í nefndir og starfshópa, í þessu tilviki orkustefnunefnd, eins og hún er kölluð, og e. t. v. fái aðrir aðilar ríkisstj. fyrir náð að fljóta með í nefndirnar. Þessi mál koma stjórnarandstöðunni ekki við, að dómi þessara ágætu manna, og það sem meira er: þau koma Alþingi ekki heldur við ef tekið er mið af nál. minni hl. allshn. á þskj. 780. Þeim líkar vel að fjölmargir starfshópar hæstv. iðnrh. gangi frá öllum málum og síðan fái hv. Alþingi af náð að sjá framan í flókin frumvörp 1—2 vikum fyrir áætlaðar þinglausnir. Svo er þess krafist að Alþingi afgreiði þessi flóknu mál á örfáum dögum án þess að hafa nokkur viðhlítandi tækifæri til að skoða þau. Þetta er gott að áliti hv. þm. í minni hl. allshn. Svona skal það vera. Mér finnst þetta yfirgengileg lítilsvirðing á hinu háa Alþingi og skora á alþm. að taka rækilega í taumana og það snarlega.

Guðmundur G. Þórarinsson: Herra forseti. Örfá orð í tilefni þessarar þáltill. Það voru kannske sérstaklega orð hv. 6. þm. Reykv. um að undrunar og vaxandi áhyggju gætti hjá honum og ýmsum öðrum þm. vegna aðgerðaleysis iðnrh. og ríkisstj. í þessum málum sem valda því að mig langar að segja örfá orð, ef ég gæti eitthvað létt af þeim áhyggjum sem svo þungt hvíla á honum.

Ríkisstj. skipaði á sínum tíma orkustefnunefnd. Skipunarbréf hennar er fskj. með því frv. sem nú liggur fyrir þingi um raforkuver. Þar sjá menn greinilega hvert starfssvið hennar er. Þessi orkustefnunefnd átti og á að marka stefnu ríkisstj. í orkumálum, vinna að þeirri stefnumörkun og undirbúa hana. Þess vegna var ekki talið eðlilegt að í henni ættu sæti fulltrúar stjórnarandstöðu. Eitt af meginverkefnum orkustefnunefndar er einmitt að fjalla um orkunýtingu. Núna er orkustefnunefnd sérstaklega að vinna að því að fara yfir álit fjölmargra starfshópa sem unnið hafa að athugun á afmörkuðum verkefnum einmitt varðandi orkufrekan iðnað. Ég vísa því á bug, að ekkert hafi í þeim málum verið unnið sérstaklega, vegna þess að ég tel að iðnrh. eigi heiður skilinn fyrir hvernig hann hefur að þessum málum staðið. Þarna er verið að vinna að og fyrir liggja skýrslur um þætti eins og magnesíumvinnslu á Íslandi, natríumklóratvinnslu, kísilmálm og kísiljárn, pappírsverksmiðju, olíuhreinsun o. s. frv. Mér dettur ekki í hug að segja að þessar skýrslur séu endanleg gögn eða gallalausar, langt frá því. Hins vegar eru þær tilraun til að draga saman upplýsingar og þekkingu um þá þætti sem þarna er um að ræða — þá þætti sem álitlegastir kunna að vera fyrir Íslendinga að fara inn á í orkufrekum iðnaði.

Ég vil sérstaklega leggja áherslu á að það er mjög mikilvægt áður en Íslendingar ganga til samvinnu við útlendinga eða samstarfs um markaðsmál eða tæknileg mál á þessu sviði að þeir hafi sjálfir myndað sér eins sterkan grunn og fært er í þessum málum til þess einmitt að verða samningahæfir. Ég er ekki sérstaklega ánægður með þá samninga sem Íslendingar hafa gert hingað til. Ég ætla ekki að gera þá að umræðuefni, en ef ég man rétt greiða Íslendingar t. a. m. Elkem líklega 3% af framleiðsluverði kísiljárnsins hreinlega fyrir þá þekkingu sem þeir leggja til málsins. Eftir á veit ég ekki hversu mikils menn vilja meta þá þekkingu, en ég er alveg viss um að ef til kísilmálmverksmiðju kæmi hér nú, eftir þá athugun sem þegar hefur verið unnin og er verið að vinna í því máli, mundu menn meta þá þætti á annan veg, þakkað veri því starfi sem þegar hefur verið unnið.

Menn tala mikið um markaðsöflun og markaðsmál og nauðsyn þess að ræða þau við útlendinga. Þetta má vel vera rétt. En hingað til hafa markaðsmál orkufreks iðnaðar á Íslandi aðallega snúist um það annaðhvort að fá útlendinga til að byggja hér verksmiðju, reka hana og sjá um markaðsmálin eða að vera hér meðeigendur í orkufrekum iðnaði og sjá algerlega um markaðsmálin. Nú ríður einmitt á því, að Íslendingar kynni sér markaðsmálin sjálfir eins vel og unnt er og kanni að hve miklu leyti þeir geti tekið þau í sínar hendur. Ég held að menn eigi ekki að vera of vantrúaðir á sjálfa sig í því sambandi.

Hv. 6. þm. Reykv., Birgir Ísl. Gunnarsson, flutti hér mikla ræðu og fróðlega varnarræðu um álverið. Ég held að við bætum okkur ekkert á því að vera að deila um

liðna tíð í því sambandi. Ég er honum alveg sammála um það sem hann sagði, að við þurfum að endurskoða þann samning og reyna að fá orkuverðið hækkað. Ég held að við gætum staðið saman að því að fá einhverja lagfæringu á þessu.

En meginástæða þess, að ég kem hér upp, er að mig langar sérstaklega að geta þess, að þm. hafa fengið í hendur skýrslu um kísilmálm sem unnin hefur verið á vegum iðnrh. Í framhaldi af þeirri skýrslu er annar starfshópur nú að vinna. Orkustefnunefnd hefur starfað með þeim starfshóp og hyggst vinna að því máli nánar í sumar. Það virðist vera að miklir möguleikar séu fyrir Íslendinga að reisa kísilmálmverksmiðju hér á landi. Staðarvalsnefnd hefur líka fjallað um málið og komist að þeirri niðurstöðu að slík verksmiðja gæti mjög vel og heppilega risið t. a. m. við Reyðarfjörð. Það, sem menn tala um í þessu sambandi, er 30 þús. tonna kísilmálmverksmiðja sem mundi nýta einhvers staðar í kringum 450 gwst. á ári eða 50—60 mw.

Þessi athugun er komin þó nokkuð langt. Hún er glettilega vel á vegi stödd. Þegar hafa verið gerðar jarðvegsrannsóknir á hugsanlegu stæði verksmiðjunnar á milli Reyðarfjarðar og Eskifjarðar í landi jarðarinnar Sómastaðagerðis. Ég hygg að þeir Íslendingar, sem mest hafa unnið við kísiljárnverksmiðjuna, séu þeirrar skoðunar að Íslendingar geti sjálfir mjög vel staðið að tæknilegri uppbyggingu kísilmálmverksmiðju. Með því að nýta þá þekkingu, sem verkfræðingar okkar við kísiljárnverksmiðjuna hafa, og ef við fengjum þjálfað starfslið, ofnmenn frá kísiljárnverksmiðjunni, gætum við tæknilega vel reist og rekið kísilmálmverksmiðju.

Áætlanir um kostnað slíkrar verksmiðju benda til að hún mundi ekki kosta nema um 480 millj. nýkr., og að mínu mati er það ekki ofætlun fyrir Íslendinga að ráða við slíka verksmiðju sjálfir. Það hefur fæðst í mínum huga, án þess að ég hafi rætt það við neinn, að engan veginn væri óeðlilegt að t. a. m. íslenska samvinnuhreyfingin væri verulegur aðili að því að byggja slíka verksmiðju hér á Íslandi. Slík verksmiðja mundi taka um 120 manns í vinnu. Sannleikurinn er sá, að þeir, sem mest hafa fylgst með markaði fyrir kísilmálm, spá því að aukning á notkun kísilmálms mundi geta verið um 9% á ári á næstu árum.

Fréttir hafa þegar borist utan úr heimi um að Íslendingar séu að kanna möguleika á byggingu kísilmálmverksmiðju, og það hefur orðið til þess, að jafnvel í erlendum málmtímaritum er þess getið. Ég vil sérstaklega leggja áherslu á að í mínum huga er þetta mjög mikilvægt. Þetta hefur aftur orðið til þess að erlendir aðilar hafa spurst fyrir um möguleikana á því að fá keyptan hér á Íslandi kísilmálm.

Þær athuganir, sem gerðar hafa verið á kísilmálmverksmiðju, benda til að íslensk kísilmálmverksmiðja, hugsanlega og væntanlega staðsett við Reyðarfjörð, gæti tekið til starfa árið 1985 ef af fullum krafti væri staðið að þeim undirbúningi. Staðsetningin er mikilvæg vegna þess að afgangsvarmi mundi nýtast til upphitunar á bæði Reyðarfirði og Eskifirði, en áætlað er að afgangsvarmi frá verksmiðju af þessari stærð mundi geta hitað upp 5—10 þús. manna byggð. Þarna hafa farið fram athuganir á hafnaraðstöðu, athuganir á jarðvegsundirstöðum, athuganir á fáanlegu fyllingarefni, steypuefni, vatnsöflun o. s. frv. Miðað við þær vatnaveitur, sem ákveðið er að ráðast í á Þjórsársvæðinu, er ljóst að 450—500 gwst. gætu vel verið aflögu til byggingar orkufreks iðnaðar einmitt á þessum tíma.

Ég held að það sé mjög mikilvægt að íslensk stjórnvöld kynni það opinberlega og í heyranda hljóði fyrir framan þær þjóðir, sem mest hugsa um þessi mál, að hér sé verið að skoða þann möguleika að byggja kísilmálmverksmiðju, að hugsanleg kísilmálmverksmiðja á Íslandi gæti risið árið 1985, vegna þess að nú eru þegar margir að hugsa um hvort þeir eigi að ráðast í slíka verksmiðjubyggingu. Yfirlýsing frá Íslendingum í þessa átt mundi hafa mikil áhrif og væntanlega bægja mörgum öðrum frá vegna þess að menn vita af hinum miklu orkulindum Íslendinga. Því er mikilvægt að Íslendingar kynni það sem fyrst að þeir séu að vinna að þessari athugun og að þessum ráðagerðum. Eins og fram kemur í frv. um byggingu raforkuvera, sem liggur fyrir þinginu, er mjög líklegt að Íslendingar gætu haft um 2900 gwst. á ári aflögu til uppbyggingar orkufreks iðnaðar innan 12 ára. Hér er því um aldeilis feiknalega möguleika að ræða.

Aðeins þessi orð til að létta áhyggjum af hv. 6. þm. Reykv., segja honum af því, að að þessu er mikið unnið. Það er engan veginn rétt að halda því fram, að stjórnarandstaðan fái ekki að fylgjast með þessum málum. Hún fær skýrslur í hendur jafnóðum og þær hafa verið unnar og á von á fleiri gögnum um þessi mál. Ég er þeirrar skoðunar, að það hljóti að koma til athugunar með haustinu og þegar lengra líður að kynna þessi mál og þessa vinnu fyrir stjórnarandstöðunni miklu ítarlegar, t. a. m. í iðnaðarnefndum þingsins.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Alþjóðasamningur um varnir gegn töku gísla, þáltill. (þskj. 492, n. 785). — Frh. einnar umr.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. í fjarveru formanns utanrmn. um till. til þál. um heimild fyrir ríkisstj. til að staðfesta alþjóðasamning um varnir gegn töku gísla. Þetta er einn af samningum sem Íslendingar hafa þegar gerst aðilar að vegna þeirra óskapa, sem ganga á í heiminum, og þeirra hermdarverka, sem eru nú nálega daglegur viðburður.

Utanrmn. hefur athugað þetta mál og er einróma sammála um að mæla með því við Alþingi að till. verði staðfest og að alþjóðasamningur Sameinuðu þjóðanna um varnir gegn töku gísla verði þar með staðfestur af Íslands hálfu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Þingmannanefnd, er vinni að auknu samstarfi Íslendinga, Færeyinga og Grænlendinga, þáltill. (þskj. 394, n. 783). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Till. þessi er flutt af fulltrúum Alþingis í Norðurlandaráði. Hún er þess efnis, að Alþingi velji fjóra þm., einn úr hverjum þingflokki, í nefnd sem skuli ásamt þingmannanefndum frá Færeyjum og Grænlandi vinna að auknu samstarfi um sameiginleg hagsmunamál þjóðanna.

Utanrmn. hefur fjallað um tillögu þessa og telur að hér sé um að ræða mikilvægt og merkilegt skref í þeirri sókn

sem nú stendur yfir af okkar hálfu til að efla og styrkja samstarf á milli Norðurlanda vestri, Færeyja, Íslands og Grænlands. Utanrmn. mælir með því að till. verði samþykkt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Kennsla í útvegsfræðum, þáltill. (þskj. 162, n. 683, 684). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Allshn. hefur haft til umfjöllunar till. til þál. um kennslu í útvegsfræðum við Háskóla Íslands. N. hafði sent till. til umsagnar og fengið umsagnir frá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands. Báðir þessir aðilar gefa jákvæðar umsagnir. Í umsögn Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins er því m. a. lýst, að í smáum stíl sé komin á kennsla í útvegsfræðum við Háskóla Íslands og með hverjum hætti væri hægt að auka þar við. Er tekið undir þessa till. af Rannsóknastofnuninni. Farmanna- og fiskimannasamband Íslands gefur till. einnig mjög jákvæða umsögn og styður fram komna till. um aukna menntun í útvegsfræðum. Allshn. taldi þó rétt að víkja aðeins við orðalagi í tillgr. og er sú breyting á þskj. 684. Þar er, eins og þar segir, lagt til að greinin orðist svo:

„Alþingi ályktar að fela menntmrh. að skipa nefnd, sem undirbúi og skipuleggi kennslu í útvegsfræðum við Háskóla Íslands."

Þetta var fyrst og fremst vegna þess að það virtist hafa fallið niður í upphaflegri gerð till. að ákveða hver ætti að skipa nefnd til að fjalla um þessi mál.

Nefndin varð sammála um það öll að mæla með því, að tillagan yrði samþykkt í þessu formi. Guðmundur G. Þórarinsson var fjarverandi þegar nefndin afgreiddi málið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Árangur nemenda í grunnskólum og framhaldsskólum, þáltill. (þskj. 168, n. 768). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Allshn. fékk til athugunar till. til þál. um athugun á því, hver áhrif breytingar á skólahaldi hafa haft á árangur nemenda í grunnskólum og framhaldsskólum. Þessi till. var rædd á nokkuð mörgum fundum nefndarinnar. Umsögn barst frá Kennarasambandi Íslands og til fundar við nefndina kom ráðuneytisstjórinn í menntmrh., Birgir Thorlacius, og ræddi við nm. um efni till. og svaraði fsp. sem fram voru bornar.

Umsagnir um þetta eru jákvæðar. Umsögn ráðuneytisstjórnans var í þá átt, að hann taldi þörf fyrir þessa athugun. Hann taldi eðlilegt að skólarannsóknadeild hefði hana með höndum, en hann hafði hins vegar orð á því við n., að það mundi trúlega fara eftir fjármagnsmöguleikum rannsóknadeildarinnar hvernig framvinda málsins yrði að öðru leyti.

Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að rétt væri að samþykkja þessa tillögu, og hún leggur einróma til við hv. Alþingi að till. verði samþykkt óbreytt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Fræðsla um efnahagsmál, þáltill. (þskj. 201, n. 767). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Guðmundur G. Þórarinsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. allshn. um þáltill. um fræðslu og upplýsingar um efnahagsmál. Nefndin hefur fengið umsagnir um þessa till. frá útvarpsráði og Þjóðhagsstofnun. Nefndin mælir með samþykkt till. Nál. kemur fram á þskj. 767.

Ég hygg að allir nm. hafi verið mjög sammála um að gagnlegt væri að ríkisstj. beitti sér fyrir almennri fræðslu um efnahagsmál. Það er nú einu sinni svo, að efnahagsmál eru snarasti og stærsti þátturinn í íslenskri þjóðmálaumræðu. Vafalaust má auka og bæta almenna fræðslu um efnahagsmál þó að því verði ekki neitað, að að undanförnu hefur vissulega verið gert vel einmitt í þessum málum í sjónvarpinu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Ókeypis símaþjónusta opinberra stjórnsýslustofnana, þáltill. (þskj. 438, n. 770, 771). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Allshn. hefur haft til meðferðar till. til þál. á þskj. 438 um ókeypis símaþjónustu („frínúmer") opinberra stjórnsýslustofnana. Hún felur það í sér, að ríkisstj. láti þegar í stað gera þær breytingar á símakerfum helstu stjórnsýslustofnana ríkisins að þar verði notuð svokölluð „frínúmer". Almenningi verði gert kleift að hringja í þessi „frínúmer" hvaðan sem er af landinu án kostnaðar eða þannig að hver hringing telji aðeins eitt skref.

Nefndin fékk umsögn frá Neytendasamtökunum, auk þess sem póst- og símamálastjóri kom á fund nefndarinnar. Upplýst var á þeim fundi að um nokkra kosti væri að ræða til að koma við svonefndum „frínúmerakerfum". Bæði hefðu þessir valkostir mjög mismikinn kostnað í för með sér, sem ekki var hægt að fá glögga vitneskju um, og auk þess gæfu þessir kostir nokkuð mismunandi möguleika á þjónustu og gæti einnig tekið bæði styttri og lengri tíma að koma slíku kerfi á eftir því hvaða kerfi væri valið. Nefndin taldi því að kanna bæri þessa valkosti til hlítar, hvaða áhrif hefðu og hvaða kostir teldust hagstæðastir, og leggja niðurstöður og tillögur fyrir Alþingi áður en endanleg ákvörðun yrði tekin. Nefndin hefur því gert eftirfarandi breytingu á tillgr., sem flutt er á þskj. 771 og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að hún láti kanna hvort unnt sé að koma við svonefndum „frínúmerakerfum" síma hjá þeim opinberu stofnunum, sem allur almenningur þarf að hafa mikil samskipti við.

Niðurstöður og tillögur verði lagðar fyrir næsta reglulegt Alþingi."

Nefndin mælir með samþykkt till. með þessari brtt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Samkeppnisaðstaða Íslendinga, þáltill. (þskj. 120, n. 752). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Þessi till., sem hér er til umr., flutt af hv. þm. Guðmundi Karlssyni, fjallar um að það fari fram ítarleg athugun á samkeppnisaðstöðu Íslendinga. Í grg. till. er aðeins tæpt á höfuðatriðum málsins, en hún er ákaflega stutt og þetta mál þyrfti auðvitað miklu frekari útskýringa við en þar koma fram. Hv. flm. gerði þó allítarlega grein fyrir máli sínu þegar till. var til umr.

Nefndin leitaði umsagna um þetta mál og voru þær yfirleitt jákvæðar. Það kom fram í einni umsögninni að þegar lægju fyrir allmiklar upplýsingar um samkeppnisaðstöðu á fiskmörkuðum og ýmislegt um hvernig staðið er að þeim efnum í ýmsum samkeppnislöndum okkar. Upplýsingar af því tagi liggja nú jafnaðarlega fyrir í fagtímaritum, breskum m. a., aðgengilegar upplýsingar, og var okkur bent á slíkar upplýsingar í umsögnum um málið.

Í einni þeirra umsagna, sem bárust nefndinni varðandi þessa till., var þess getið, að æskilegt væri að láta fara fram ekki síður ítarlega athugun á samkeppnisaðstöðu Íslendinga varðandi iðnaðarvörur, bæði varðandi útflutning íslenskra iðnaðarvara og samkeppnisaðstöðu útlendinga hér. Ég vil koma þessu á framfæri um leið og þetta mál kemur til þessarar umr. þó að hvergi sé minnst á það sem við köllum í daglegu tali iðnað í þessari till., en auðvitað er fiskvinnslan og framleiðsla á sjávarafurðum iðnaður, fiskiðnaður, og það væri óeðlilegt ef lagt væri í slíka athugun á vegum ríkisins að nefndarinnar dómi ef ekki yrði gert svipað varðandi íslenska iðnaðarframleiðslu.

Við tókum ekki þann kostinn að breyta þessari till. þannig að við létum iðnaðinn fljóta þarna með, heldur var það mál nm. að miklu betur færi á því að það yrði ekki gert samhliða þessu, heldur með annarri sjálfstæðri athugun, því að málin eru þar, eins og við vitum, að allmiklu leyti öðruvísi.

Það fer auðvitað ekki milli mála, að útflutningsvörur okkar í sjávarútvegi hafa mætt mjög harðnandi samkeppni á erlendum mörkuðum og sú samkeppni er með ýmsum hætti. Bæði höfum við orðið fyrir mikilli samkeppni frá Kanadamönnum, t. d. á Bandaríkjamarkaði, og svo höfum við afar sterkan samkeppnisaðila þar sem eru Norðmenn, sem kallaðir eru frændur okkar og vinir, en enginn er annars bróðir í leik í þessum efnum. Þeir hafa keppt við okkur á erlendum mörkuðum býsna óvægið og hafa skapað sér sína samkeppnisaðstöðu með óvægilegum aðferðum og með þeim hætti sem ekki samræmist vel samþjóð okkar í viðskiptabandalagi. Við, sem erum farnir að hugsa stórt í þessum efnum sem samkomulagsaðilar við stærstu fríverslunarbandalög heimsins, lítum þetta mjög alvarlegum augum. Norðmenn styrkja sinn sjávarútveg, eins og við vitum, með opinberum framlögum, mjög miklum fjárframlögum af opinberri hálfu. Þeir hafa efni á því. Þeir standa ekki í þessum efnum eins og við. Sjávarútvegur er nánast orðinn aukagrein í Noregi meðan hún er eini undirstöðuatvinnuvegurinn í þessu landi.

Í þessari tillögu er lagt til að þessi mál verði athuguð gaumgæfilega. Við þekkjum auðvitað mjög margt í þessari grein þegar og höfum fylgst með, en höfum lítið að gert, en með því að svona skipulögð ítarleg athugun fari fram skeður það í minnsta lagi að öllum upplýsingum varðandi þessi mál verði safnað saman á einn stað og þá auðveldara að gera sér grein fyrir vandanum, og ef við gerum ráð fyrir eðlilegum vinnubrögðum á rökrænum grundvelli af hálfu þessarar ríkisstj. væri henni vafalaust hagur í því að hafa allar upplýsingar tiltækar.

Herra forseti. Atvmn. Sþ. leggur einhuga til að þessi þáltill. verði samþykkt.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að mæla á móti því, að þáltill. á þskj. 120 verði samþykkt. En ég vil undirstrika að harðasta samkeppnin í útflutningi á okkar afurðum kemur innan frá. Hún er ekki við útlendinga, hún er við einstaklinga innanlands sem hafa sambönd og geta skapað markaði, en vegna einokunaraðstöðu samtaka hér innanlands er frjálsum einstaklingum gert ókleift, hreint og beint ókleift, að afla nýrra markaða.

Ég vil gera þá fsp. til frsm. þeirrar hv. n. sem nú leggur þetta mál fyrir deildina, hvort það geti verið rétt, sem flýgur á milli manna, að íslenskar sjávarafurðir hafi verið seldar á tiltölulega lágu verði til Noregs til að Norðmenn gætu fyllt upp í sölukvóta sinn á markaði þar sem þeir eru í samkeppni við Íslendinga og undirbjóða íslenska markaðinn. Ef svo er held ég að það sé ljóst að vandamál okkar og samkeppnin kemur innan frá, en ekki utan frá.

Frsm. (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Ég bið hæstv. forseta að afsaka að ég þurfti að eyða nokkrum tíma í að semja nýja ræðu vegna þess að menn óskuðu eftir upplýsingum í þessum efnum.

Mér er bæði ljúft og skylt að veita hverjar upplýsingar sem er varðandi þessi efni þó að ég hefði haldið að hv. þm. Albert Guðmundsson væri betur að sér í milliríkjaverslun en ég. Það er því miður staðreynd, sem hv. þm. Albert Guðmundsson, hv. 3. þm. Reykv., nefndi hér, að Íslendingum hefur orðið það á að selja Norðmönnum lítt verkaðan saltfisk, blautan saltfisk, svo að þeir gætu staðið við sína samninga. (Gripið fram í.) Já, eitthvað í skreið. Það er ekki eins alvarlegt og mikið og ekki eins langvarandi og hitt.

Þetta er auðvitað afleitt. Ég veit ekki hvernig stóð á þessu þegar það var gert. Það er alllangt liðið frá því að ég heyrði um þetta, og ég hef að vísu ekki neinar staðfestar sannanir fyrir því, en ég trúi því varla að þær upplýsingar, sem ég hef, séu ekki réttar. Ég vil þó leyfa mér að hafa fyrirvara á því ef það reynist ekki rétt. En þetta er eitt af því sem er talað um að sé opinbert leyndarmál. Ég held að það sé samt tilfellið að þetta hefur átt sér stað.

Líklega hefði fáum dottið það í hug fram undir þetta að ég ætti eftir að koma upp í þennan ræðustól til að verja Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna eða Samband ísl. fiskframleiðenda og Samband Seafood, herra forseti, ekki ætlaði ég að gleyma þeim. En það er nú svo, að þótt ýmislegt megi og hafi lengi mátt að þessum aðilum finna og það sé að ýmsu leyti óheppilegt, að svo mikilll útflutningur sé á svo fárra aðila höndum, og þrátt fyrir augsýnilega annmarka á því, að einstaklingar hafa getað farið í útflutningssamkeppni við þessa aðila, tel ég samt sem áður að kostirnir á sameinuðum framleiðendum sem söluaðila séu miklu meiri þegar allt er skoðað. Við vitum að það hefur verið viss tregða þessara aðila að vera með nægilega breytilega vöru í vinnslu og sölu, og þeir hafa, þessir stóru og sterku aðilar, kannske staðið í vegi fyrir því, að það hefði sprottið hér upp mjög fjölskrúðugur

hópur til að selja okkar afurðir. Þó höfum við reynslu af einstaka aðila sem hefur prófað þetta, og því miður er óhætt að segja að það einstaklingsframtak hefur stundum brugðist hrapallega og farið afar illa. Ég vil ekki vera að nefna nein nöfn hérna, en Vestmanneyingar, grásleppukarlar og ýmsir aðrir, fóru afar illa í viðskiptum við einn aðila. Þetta er nafn sem ég man ekki í augnablikinu. (Gripið fram í.) En við eigum sannarlega í vandræðum með okkur sjálf hér heima, hv. þm. Albert Guðmundsson, það er rétt, og ekki ætlaði ég að eyða löngum ræðutíma í að tala um það, enda er það ekki á dagskrá, en fyrst tilefni er gefið til þess má gjarnan spyrja ósköp einfaldlega, vegna þess að hér opnar varla nokkur maður svo munninn að það streymi ekki upp úr honum einhver rulla um orkumál eða iðnaðarmál og hver sá vandi sé sem steðjar mest að íslenskum iðnaði, og nú kemur spurningin. (Gripið fram í.) Hann er auðvitað margbreytilegur og of langt mál að fara að rekja það í smáatriðum. Menn hafa hlustað á það langar ræður hér í vetur um þau efni að ekki ætti svo sem að þurfa að bæta við þá súpu alla saman. — En ætli mesti vandinn, sem steðjar að okkur í íslenskum framleiðsluiðnaði, sé ekki sá, að nokkrir einstaklingar í landinu, svokallaðir innflytjendur, taka sig fram um að flytja hér inn ógrynni af alls kyns vörum frá útlöndum í samkeppni við íslenskan iðnað sem býr við svo vonda stöðu og slæma aðstöðu sem öllum er kunnugt, bæði varðandi verðbólguna, vextina og svo fjölmargt annað, að þeir þola ekki þessa samkeppni. Ef við hefðum haft úrræði til að geta eitthvað staðið þar á bremsunum, eins og tíska er að orða það núna, og komið í veg fyrir að allur þessi erlendi iðnaðarvarningur flæddi hér inn hömlulaust, oft niðurgreiddur, þá stæði íslenskur iðnaður betur. Það er gróðahyggja þessara örfáu Íslendinga sem hefur gert mörg hundruð íslenska iðnaðarmenn atvinnulausa á undanförnum árum. Það er hörmuleg staðreynd. Viðskiptafrelsi kostar peninga líka.

Herra forseti. Ég ætla ekki að halda hér langa ræðu og allra síst að segja meira í þessa átt. Það gæti dregið upp í ræðustólinn allt of marga og allt of langorða menn. Ég er vanur því að vera stuttorður og vil halda þeim hætti nú.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég þakka hv. 4. þm. Suðurl. fyrir þau svör sem hann gaf mér við spurningu minni, sérstaklega að hann skuli staðfesta að hér ríki einokun á útflutningi á íslenskum afurðum. (**GS:** Ekki er það nú alveg rétt hjá þér.) Ég tel sem sagt að sú einokun standi í vegi fyrir eðlilegri markaðsöflun á afurðum okkar Íslendinga. Vandamálið er heima fyrir, en alls ekki annars staðar. Ég vil líka benda á að það kemur í veg fyrir að ungir og áhugasamir menn fái að starfa að útflutningi, að öflun nýrra markaða. Ef nýir markaðir verða fundnir verða gjaldeyristekjur okkar ekki eins háðar sveiflum á þeim fáu mörkuðum sem við höfum nú.

Ég minntist á það í ræðu áður, að tiltölulega lítill vöxtur verðbólgu í Bandaríkjunum s. l. ár varð til þess, að sala á afurðum okkar þar minnkaði mjög mikið því að laun eru ekki bundin vísitölu þar og fiskafurðir okkar í dýrara lagi, eftir því sem mér var sagt þar.

Ég held að það sé okkur ekki síður nauðsynlegt en öðrum þjóðum, og það stærri þjóðum en við erum, að markaðsöflun á útflutningsafurðum okkar sé jafnfrjáls frá landinu og markaðsöflun stórvelda og yfirleitt allra þjóða er frjáls hér á landi. Við sjáum að yfirleitt öll þau ríki, sem hafa stjórnmálasamband við Ísland, hafa hér verslunarfulltrúa, fyrst og fremst umboðsmenn til að selja sínar framleiðsluvörur til að tryggja velmegun, tryggja atvinnu í heimalandinu. Þó að íslensku markaðurinn sé ekki stór munar um hverja gjaldeyrisviðbót.

Því, sem kom fram hjá hv. frsm. um innflutning og gróðahyggju og fleira, hirði ég ekki um að svara. Það tilheyrir ekki umr. um þetta mál. En mér finnst eins og lífsskoðanir stangist á. Oft er það svo, að ef einstaklingur bjargar sér í einhverjum viðurkenndum atvinnuvegi þjóðarinnar og þjóðanna og hefur sæmilegar tekjur, kannske heldur meira en launþegi, en veitir þó öðrum töluverða atvinnu, er hann allt í einu orðinn vondur maður, óalandi og óferjandi. Allt á að vera á vegum hins opinbera. Ég hirði ekki um að svara slíku. Þar stangast á lífsskoðanir og er ekki á dagskrá í umr. um þetta mál að ræða um þær.

Ég vil sem sagt þakka frsm. fyrir að staðfesta það hér á hv. Alþingi að átt hefur sér stað, eins og þar kom fram, að íslenskir útflytjendur hafa selt Norðmönnum íslenskar afurðir til þess að þeir gætu fyllt upp sölukvóta sinn til annarra viðskiptalanda Íslands og orðið þar með til þess að t. d. skreiðarmarkaðurinn í Nígeríu hefur liðið fyrir það. Þetta er alveg ótækt.

Frsm. (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Sem betur fer hafa hv. þm. yfirleitt leyfi til að gera stuttar aths. ef að þeim er sneitt. Ég kalla að það hafi verið gert í ræðu hv. þm. Alberts Guðmundssonar með því að segja að ég hafi staðfest þetta og hitt sem hann taldi upp. Sú staðfesting var ekki í mörgum atriðum, og ég er hræddur um að það, sem ég sagði, hafi ekki verið alveg hárrétt endursagt í ræðu hv. þm.

Herra forseti. Aðeins örfá orð í viðbót varðandi það sem ég sagði hér um innflutninginn og þá menn sem flytja miskunnarlaust inn vörur, en þessi innflutningur verður þess valdandi, að stór hópur manna í ýmsum iðngreinum í landinu missir vinnu sína. Þessum mönnum ætla ég ekki að hrósa fyrir að veita vinnu hér í landinu, og mér er alveg sama hvort þeir hafa góðar eða vondar tekjur.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég reikna með, þó ég hafi ekki nákvæma prósentutölu, að íslenska þjóðin lifi a. m. k. upp undir 90% á innfluttum afurðum vegna þess að það er ekki tækifæri til þess hér á landi að framleiða það sem við þurfum að nota, þó að íslenskur iðnaður hafi verið að ryðja sér rúms á síðustu árum. En þá er spurningin: Hvað er íslenskur iðnaður? Hvað er mikið af því, sem við köllum íslenskan iðnað, alls ekki iðnaður? Það er spurningin.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Vararaforka, þáltill. (þskj. 192, n. 746). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Á þskj. 746 hefur atvmn. gefið frá sér nál. um þáltill. um vararaforku sem fyrr í vetur var flutt af þeim hv. alþm. Davíð Aðalsteinssyni, Guðmundi Bjarnasyni og Stefáni Guðmundssyni. Till. er afar stutt. Hún er á þessa leið, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hlutast til um að gerð verði áætlun um magn og nýtingu vararaforku í landinu í neyðartilvikum vegna orkuskorts."

Þessi till. var rædd ítarlega í nefndinni. Hún var send til umsagnar Orkustofnunar, Orkubús Vestfjarða, Rafmagnsveitna ríkisins og Landsvirkjunar, en það voru Rafmagnsveitur ríkisins og Landsvirkjun sem sendu nefndinni umsagnir og voru þær báðar jákvæðar. Nefndin er því sammála um afgreiðslu málsins og leggur til að ályktunartill. verði samþykkt, en þó hefur hv. þm. Garðar Sigurðsson fyrirvara.

Sérstaklega telur nefndin að í áætluninni eigi að gera ráð fyrir nýtingu skipa- og dísilrafstöðva, sem til eru í eigu landsmanna í þessu skyni. Í því sambandi ber að leggja áherslu á textabrot úr grg. þáltill. um þetta efni, en þar segir svo, með leyfi forseta:

„Þegar talað er um vararaforku er átt við orku sem hægt er að grípa til í neyðartilfellum. Hér verður ekki reynt að meta, hversu mikil vararaforka þarf að vera fyrir hendi, svo að lágmarksöryggis sé gætt, enda gerir till. ráð fyrir slíku mati. Fyrir eru í landinu allnokkrar olíurafstöðvar, sem ekki eru notaðar lengur eða munu verða lagðar af til daglegrar notkunar. Í fljótu bragði virðist sjálfsagt að halda þessum stöðvum við, halda þeim í því horfi, að þær verði tilbúnar til gangsetningar ef á þarf að halda.

Í því skyni að nýta til hins ítrasta alla vararaforku, sem fyrir er í landinu, verður ekki litið fram hjá þeim möguleikum sem felast í nýtingu skipastólsins í því sambandi. Tekið skal fram, að raforkuframleiðsla er mjög mismunandi eftir skipum og nýrri skipin eru með 380 volta kerfi. Heildarorkuframleiðsla allra togara og vöruflutningaskipa samanlagt er um 60—70 mw. Eitt skip er þó rétt að nefna sérstaklega, en það er rannsóknarskipið Bjarni Sæmundsson, sem getur framleitt um 1400 kw. Mörg áðurnefndra skipa eru með sérstakan landtengibúnað til þess að nýta raforku úr landi."

Lengra les ég ekki úr grg. þáltill., en það var á þessu atriði sem nefndin vildi sérstaklega að lögð yrði áhersla í fyrirhugaðri áætlun um magn og nýtingu vararaforku í landinu.

Það skal tekið fram, að í umsögnunum kom fram að gerð hefur verið athugun á raforkunotkun frá skipum í Þorlákshöfn og tengingu þeirra við kerfi Rafmagnsveitna ríkisins. Nefndin telur því, eins og ég sagði áður, eðlilegt, að þetta mál fái afgreiðslu þingsins, og mælir með samþykkt ályktunartillögunnar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Iðnaður á Vestfjörðum, þáltill. (þskj. 208, n. 836). — Frh. einnar umr.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Það er bæði rétt og rangt að tileinka mér framsögu í þessu máli. Ég reyni aðeins af veikum mætti að koma í staðinn fyrir hv. formann n., Eggert Haukdal, sem hefur ekki átt þess kost að vera á þessum fundi í kvöld sökum anna, og þess vegna mun sú ræða, sem ég mun flytja af þessu tilefni, verða miklu styttri og sjálfsagt ekki nálægt því eins greinargóð og ræða formannsins hefði orðið.

Þessi till. til þál. er ein af tillögum sem fluttar eru af mönnum úr kjördæmunum og fjalla um að fela hæstv. ríkisstj. að beita sér fyrir því, að áætlanir séu gerðar um að efla þetta eða hitt, í þessu tilfelli á að efla iðnað og þjónustu á Vestfjörðum. Önnur næstum því sams konar till., sem hv. atvmn. fjallaði um og samþykkti, var um það sama varðandi Vesturland. Ég vil alls ekki gera lítið úr því, að þörf sé á að athuga þetta. Um Vestfirði gildir það í þessum efnum, að þar er atvinnuskipting nokkuð sérstæð hvað þetta varðar vegna þess að hlutdeild Vestfirðinga í iðnaði miðað við mannafla var aðeins um rúm 2%, ef fiskiðnaður er ekki talinn með, þannig að þarna er um að ræða afar fátt fólk sem vinnur iðnaðarstörf. Um verslun má segja svipað eða næstum því sama. Mannafli í þeirri grein er ákaflega lítill, innan við 3% og það getur hver maður séð hversu mikið vantar, þegar svo fátt fólk vinnur við þessa atvinnuvegi, og hversu mikil verslunin er þá út fyrir kjördæmið eða út fyrir landsfjórðunginn.

Það væri auðvitað afar æskilegt ef menn gætu gert sér grein fyrir því, um hvers konar iðnað gæti verið að ræða úti í hinum dreifðu byggðum, þá ekki síður á Vestfjörðum en annars staðar. Sannleikurinn er sá, að ef við hefðum gripið til þess að reyna að finna einhver sæmileg úrræði í þessum efnum t. d. eins og 20 árum fyrr, þó ekki væri nema eins og áratug fyrr, gæti staðan verið allt önnur.

Við vitum að fólk á Vestfjörðum framleiðir gífurlega mikil verðmæti með því að sækja afla í sjó og vinna úr honum í landi, meiri verðmæti en þekkist um svo fátt fólk annars staðar á landinu. Vestfirðingar hafa gífurlega mikinn hluta af framleiðslu landsmanna á sinni könnu. Það er einmitt í tengslum við útgerð og fiskvinnslu sem möguleikar hefðu getað verið á iðnaðarframleiðslu án þess að unnið sé úr fiskafla. Það hafa komið upp iðngreinar í tengslum við sjávarútveg og fiskvinnslu annars staðar á landinu, en það hefði að mínum dómi alveg eins getað orðið á Vestfjörðum ef nógu snemma hefði verið gripið til þess. Ég efast ekki um ef lögð er alúð við þessi viðfangsefni á Vestfjörðum megi finna þar möguleika til að koma upp iðnaði sem gæti skapað veruleg verðmæti og atvinnu.

Herra forseti. Atvmn. Sþ. varð sammála við afgreiðslu þessa máls um að leggja til við ríkisstj. að hún beitti sér fyrir að áætlun yrði gerð um eflingu iðnaðar og þjónustu á Vestfjörðum. Ég vil segja fyrir mitt leyti, að ég vonast til þess, að slík áætlun verði ekki pappírsgagnið eitt, heldur verði reynt að grípa þarna til eins raunhæfra lausna og kostur er.

Sigurgeir Bóasson: Herra forseti. Ég þakka hv. atvmn. fyrir jákvæða afgreiðslu á þessari till. um eflingu iðnaðar og þjónustu á Vestfjörðum.

Eins og fram kemur í grg. þessarar till. er atvinnulíf á Vestfjörðum mjög einhæft og hefur óstöðugleiki í búsetu verið mikill. Fólksfjölgun á þéttbýlisstöðum á Vestfjörðum hefur verið miklum mun minni en annars staðar. Þessu valda fyrst og fremst einhæfir atvinnuvegir. Því er afar mikilvægt að úr verði bætt.

Það er fyrirsjáanlegt, með hliðsjón af starfi fiskiskipastólsins og ástandi fiskstofna við landið, að frekari uppbygging í útgerð og fiskvinnslu verður ekki á Vestfjörðum á næstu árum og því blasir við stöðnum á þéttbýlum stöðum þar nema nýju blóði verði hleypt í atvinnulífið. En þá er spurningin: Er með samþykkt þessarar till. verið að gera eitthvað raunhæft til eflingar atvinnulífs á Vestfjörðum eða er hér aðeins verið að skapa atvinnu

fyrir starfsmann byggðadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins? Er verið að gera enn eitt pappírsgagnið sem stungið verður niður í skúffu? Í þessu sambandi vil ég — með leyfi forseta — vitna í skýrslu þá um Framkvæmdastofnun ríkisins sem hér var til umr. í dag. Á bls. 13 í þessari skýrslu er fjallað um starfsemi byggðadeildar á árinu 1980. M. a. segir á þessa leið í skýrslu forstjóra þessarar deildar þegar hann greinir frá starfsemi deildarinnar:

„Vandi byggðadeildar er því ekki fyrst og fremst sá að gera skynsamlegar áætlanir, heldur miklu fremur að koma þeim í framkvæmd. Sá tími, sem þá tekur að fá áætlun samþykkta í stjórn stofnunarinnar, er langur og að fenginni þeirri samþykkt er reynslan sú, að annan eins tíma tekur að fá áætlun samþykkta í ríkisstj. Byggðadeildin hefur litla reynslu af því sem þá tekur við, þ. e. að fá áætlun, sem felur í sér framkvæmdaáform, framkvæmda.“ — Síðan segir: „Lög Framkvæmdastofnunar ríkisins eru afdráttarlaus um að grundvalla eigi lánaáætlun Byggðasjóðs á landshlutaáætlunum og höfð skuli hliðsjón af landshlutaáætlunum við ráðstöfun fjár sjóðsins. En þó að gengið sé út frá því, að Byggðasjóður stuðli af mætti að framkvæmd áætlunar er það ekki nóg. Áætlanir byggðadeildar hljóta að ná til sviða sem standa utan valds og áhrifasviðs stjórnar Framkvæmdastofnunar ríkisins. Fjármála- og stjórnsýslustofnanir ríkisins eru almennt ekki skyldugar til að fara eftir þessum áætlunum. Ríkisstj. ein hefur vald til þess að tryggja framgang áætlana að þessu leyti.“

Til viðbótar þessu langar mig einnig til að vitna í þá umsögn sem kom frá byggðadeild Framkvæmdastofnunar um þessa þáltill., en þar segir m. a.:

„Almenn stefna ríkisvaldsins í byggðamálum hefur enn ekki verið mörkuð. Hinn 18. apríl 1973 samþykkti Alþingi að kjósa sjö manna nefnd þm. til að gera tillögur um markmið og leiðir og mörkun almennrar stefnu til jafnvægis í byggð landsins. Nefndin hefur enn ekki skilað áliti. Framkvæmdastofnunin hefur starfað í 9 ár án skilgreindrar byggðastefnu og í litlum tengslum við þær stjórnsýslustofnanir ríkisins sem hún upprunalega átti að starfa í nánum tengslum við. Af þeim sökum m. a. hafa byggðaáætlanir aldrei náð að skipa þann sess hér á landi sem þær skipa í nágrannalöndunum.“

Og að lokum þetta: „Byggðadeildin telur sjálfsagt og eðlilegt að gerð verði byggðaáætlun fyrir Vestfirði þar sem meginhersla verði lögð á eflingu iðnaðar og þjónustu. Hins vegar vill deildin minna á framkvæmd byggðaáætlana hefur enn ekki hlotið neina formlega stöðu í stjórnsýslukerfi landsins. Gerð og samþykkt umræddrar áætlunar fyrir Vestfirði er því engin trygging fyrir því, að átak verði gert til eflingar iðnaði og þjónustu á Vestfjörðum.“

Svo mörg voru þau orð. Sé þetta rétt, sem hér hefur verið rakið frá byggðadeild Framkvæmdastofnunar, er augljóst að pottur er brotinn í framkvæmd byggðastefnu hér á landi. Auðvitað verður að vera beint samband á milli þeirra áætlana sem gerðar eru, og þeirra fjárfestingarlánasjóða, sem ætlað er að komi þessum áætlunum í framkvæmd. Það er til lítils að starfsmenn Framkvæmdastofnunar og byggðadeildar sitji sveittir við að gera áætlanir sem engin trygging er fyrir að komist í framkvæmd vegna þess að hinir ýmsu fjárfestingarlánasjóðir, eins og Iðnlánasjóður og fleiri, telja sér alls ekki skylt að lána samkv. þessum áætlunum. Ég sé ekki betur en þarna þurfi að taka á málum ef þessar áætlanir, sem hér er verið að samþykkja í belg og biðu, um daginn fyrir Vesturland og nú fyrir Vestfirði, eiga að komast í framkvæmd. Byggðasjóður einn getur auðvitað ekki lánað alfarið til þessara áætlana, heldur verða hinir sjóðirnir líka að koma til og það verður að sjá svo um, að þeir séu skyldugir til að lána samkv. þessum áætlunum.

Ég vil því að lokum skora á hæstv. ríkisstj. og stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins að taka þessi mál nú þegar til gagngerðrar athugunar með það markmið fyrir augum að tryggja framkvæmd landshlutaáætlana eins og þeirra sem hér er til umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Menntun fangavarða, þáltill. (þskj. 535, n. 772, 773). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Allshn. hefur fjallað um till. til þál. um menntun fangavarða sem felur í sér að skipuð verði fimm manna nefnd sem taki til endurskoðunar menntun fangavarða og leiti leiða til úrbóta og geri tillögur þar að lútandi. Eins og fram kemur í nál. hefur n. fengið umsagnir um till. frá dómsmrn., Félagasamtökunum Vernd, Fangavarðafélagi Íslands og Geðhjálp. Allir þessir aðilar mæla með samþykkt till. og koma fram mjög athyglisverðar upplýsingar í umsögnunum. Það undirstrikar nauðsyn þess, að menntun fangavarða verði tekin til gagngerðrar endurskoðunar.

Á það er bent, að um 80% fanga eigi við áfengis- eða geðræn vandamál að stríða. Margir fangar þurfa líka að nota mikið af lyfjum og er bent á að stórauka þurfi fræðslu fangavarða í meðferð lyfja, auk þess sem í æ ríkara mæli séu eiturlyfjaneytendur vistaðir í fangelsum, sem oft þurfa sérstaka meðhöndlun sem nauðsyn er á að fangaverðir fái fræðslu um. Einnig var bent á í umsögn Geðhjálpar að bæði í fangageymslum lögreglu og fangelsi eru vistaðir geðveikir menn sem eru ósakhæfir. Telur Geðhjálp slíkt mjög ámælisvert, en bendir á að meðan það ástand varir að geðveikir menn, sem eru ósakhæfir, gisti fangageymslur verði að leggja á það þunga áherslu að fangaverðir fái fræðslu um meðferð á þessu fólki. Á það er bent í umsögn dómsmrn., eins og reyndar í grg. þáltill., að menntun fangavarða hér á landi sé mjög lítil í samanburði við menntun þá sem fangaverðir á hinum Norðurlöndum hljóta.

Nefndin mælir með samþykkt þáltill. með breytingu þeirri sem fram kemur á þskj. 773. Um er að ræða að í þáltill. er gert ráð fyrir fimm manna nefnd skipaðri á þann hátt að menntmrn. tilnefni einn fulltrúa, tveir verði fulltrúar fangavarða eða stéttarfélags þeirra og einn fulltrúi frá dómsmrn., auk þess sem formaður nefndarinnar er skipaður af dómsmrh. 1. flm. till. hafði bent á það í framsöguræðu að eðlilegt væri að nefndin tæki það til athugunar, að einn fulltrúi yrði tilnefndur af Félagasamtökunum Vernd, auk þess sem fram kom í umsögn til nefndarinnar ósk um fulltrúa Verndar í nefndinni. Allshn. taldi eðlilegt að koma til móts við þessa ósk, enda æskilegt að Félagasamtökin Vernd, sem vinna að því að aðstoða og hjálpa föngum og þekkja vandamál þeirra vel, eigi sæti í þessari nefnd. Allshn. gerir því till. um að í stað fulltrúa dómsrn. komi einn fulltrúi frá Félagasamtökunum Vernd, enda er formaður nefndarinnar skip-

aður af dómsmrh., eins og ég greindi frá áðan.

Allshn. mælir með samþykkt till. með þeirri breytingu sem fram kemur á þskj. 773 og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Nefndin skal skipuð fulltrúum eftirtalinna aðila: einum frá menntmrn., tveimur fulltrúum fangavarða eða stéttarfélags þeirra, annar þeirra skal vera starfandi fangavörður, og einum frá Félagasamtökunum Vernd."

Umr. (atkvgr.) frestað.

Innlendur lyfjaiðnaður, þáltill. (þskj. 467, n. 794, 795). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Guðmundur G. Þórarinsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. allshn. varðandi þáltill. um eflingu innlends lyfjaiðnaðar. Nál. kemur fram á þskj. 794.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fékk umsagnir um hana frá Lyfjaverslun ríkisins, Apótekarafélagi Íslands, Lyfjafræðingafélaginu, Lyfjaeftirliti ríkisins, Verslunarráði, Félagi ísl. stórkaupmanna, Rannsóknastofnun háskólans í lyfjafræði, Félagi ísl. iðnrekenda, landlækni, heilbr.- og trmrn. og lyfjanefnd.

Nefndin flytur brtt. á sérstöku þskj. og mælir með till. svo breyttri. Brtt. frá allshn., sem fyrir liggur á þskj. 795, hljóðar svo:

„Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að skipa nefnd er fái það hlutverk að vinna að ítarlegum tillögum um eflingu innlends lyfjaiðnaðar."

Umr. (atkvgr.) frestað.

Rannsóknir á háhitasvæðum, þáltill. (þskj. 474, n. 793). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Guðmundur G. Þórarinsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. allshn. um skipulegar rannsóknir á háhitasvæðum landsins. Allshn. fékk umsagnir um till. frá Orkustofnun og iðnrn. Er þar skemmst af að segja, að n. varð sammála um, að hér væri um þarft mál að ræða, og mælir með samþykkt till. óbreyttrar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Flugrekstur ríkisins, þáltill. (þskj. 548, n. 800, 801). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Allshn. hefur fjallað um till. á þskj. 548 um flugrekstur ríkisins og orðið sammála um afgreiðslu hennar með brtt. sem flutt er á þskj. 801. Allshn. leitaði umsagnar frá Slysavarnafélagi Íslands, Landmælingum, Landgræðslu ríkisins, Landhelgisgæslu og Flugmálastjórn. Ýmsar aths. komu fram í þessum umsögnum og var m. a. lagst gegn því í umsögn frá Flugmálastjórn að flugrekstur ríkisins verði sameinaður undir yfirstjórn Landhelgisgæslunnar. Í bréfi, sem undirritað er af framkvæmdastjóra flugöryggisþjónustunnar, er lagt til að athugun fari fram á yfirtöku Flugmálastjórnar á flugrekstri Landhelgisgæslunnar.

Nefndarmenn allshn. voru sammála um að nauðsynlegt væri að kannaðar verði þær leiðir sem stuðlað gætu að aukinni hagræðingu og sparnaði í flugrekstri ríkisins, m. a. að því er varðar að ná fram hagkvæmari viðhaldsþjónustu og betri nýtingu þeirra véla er ríkið á. Nefndin telur þó að miðað við þær umsagnir, sem fram komu um málið í n., og þær athuganir, sem þegar hafa verið gerðar, sé ekki tímabært að slá því föstu, eins og fram kemur í þáltill., undir hverra yfirstjórn flugrekstur ríkisins á að vera. Telur n. að áður þurfi að liggja fyrir nákvæmari úttekt og könnun á því, með hvaða hætti best sé að ná fram hagkvæmni á í flugrekstri ríkisins. Allshn. flytur því brtt. á þskj. 801 og mælir með að tillgr. orðist svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta kanna hagkvæmni þess að sameina allan flugrekstur ríkisins."

Nefndin mælir samhljóða með því, að þáltill. verði samþykkt með þessari brtt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Siglingalög, þáltill. (þskj. 488, n. 796, 797). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Allshn. hefur fjallað um till. til þál. um breytingu á siglingalögum sem fjórir alþm. hafa flutt, einn úr hverjum stjórnmálaflokki. Umsagnir bárust frá siglingamálastjóra, frá Samábyrgð Íslands, frá Landssambandi ísl. útvegsmanna, Landhelgisgæslunni, Slysavarnafélagi Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands.

Það má segja að allar þessar umsagnir áttu það sameiginlegt, að þær tóku jákvætt á till., mæltu misjafnlega sterklega með henni, en allir aðilarnir töldu að það væri nauðsynlegt að samræma og endurskoða ákvæði ýmissa þeirra laga er að siglingum og björgun lúta.

Að athuguðu þessu máli í nefndinni á nokkrum fundum var nefndin sammála um að mæla með því að till. yrði samþ. með einni smávægilegri breytingu. Hana er að finna á þskj. 797 og er hún þannig, með leyfi forseta:

„Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta kanna hvort þörf sé breytinga á þeim ákvæðum siglingalaga, sem lúta að björgun skipa og skipshafna, með það að markmiði, að skipstjórnarmenn þurfi aldrei að veigra sér við kostnaðarins vegna að biðja um þá aðstoð, sem þeim sýnist að mestu gagni mætti koma í hverju tilviki."

Umr. (atkvgr.) frestað.

Skýrsla um utanríkismál (þskj. 565). — Frh. umr.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Skýrsla sú, sem hæstv. utanrrh. hefur lagt fram hér á hinu háa Alþingi, var tekin til umr. á mánudaginn var og ýmsir ræðumenn þökkuðu hæstv. forseta fyrir að tekinn skyldi heill þingdagur í þá umr. Vissulega er það þakkarvert. Hins vegar vil ég ekki láta hjá líða að finna að því, að skýrslan er of seint tekin á dagskrá til umr. Hæstv. utanrrh. lagði skýrslu sína fram um mánaðamótin mars-apríl, en umr. fara fram undir þinglok, þegar þingstörf eru með þeim hætti að ekki er hægt að halda uppi eðlilegu og reglu-

bundnu þingstarfi, sbr. að þessi umr. fer nú hér fram, framhald hennar, þegar langt er liðið á kvöld, fáir þm. í salnum og hæstv. utanrrh. eini ráðh. sem hér er mættur.

Sannleikurinn er sá, að utanríkismál eru, eins og allir vita, einhver mikilvægasti málaflokkur hverrar þjóðar. Í þeim málaflokki er öðru fremur fólgin spurningin um fjöregg þjóðarinnar og umr. um utanríksmál eiga því að fá verðugan sess á þjóðþinginu. Ég minnist þess, að á síðasta þingi var umr. slitið í miðju kafi, án þess að allir gætu talað sem höfðu kvatt sér hljóðs, því að komið var að þingslitum. Ég er þeirrar skoðunar, að umr. um utanríkismál eigi ekki að fara fram á þessum mesta annatíma þingsins. Ég er ekki að ásaka einn eða neinn í þessu efni, hvorki hæstv. utanrrh. né hæstv. forseta Sþ. Ég held að allir, sem hlut eiga að máli, eigi að leggja sig fram um að bæta úr þessu í framtíðinni þannig að þessi málaflokkur geti fengið þann sess í umr. hér á þinginu sem þarf.

Grundvallardeilumálið í íslenskum utanríkismálum er og hefur verið um langa hríð afstaðan til Atlantshafsbandalagsins og varnarsamningurinn við Bandaríkin. IV. kafli í skýrslu hæstv. utanrrh., „Atlantshafsbandalagið og öryggismál Íslands", fjallar um þetta efni og hæstv. ráðh. tekur mjög af skarið og tekur af allan vafa um stefnu sína í þessum efnum. Ég fagna þeirri ákveðnu stefnu, sem fram kemur í þessum kafla skýrslu hæstv. ráðh., og lýsi mig sammála henni.

Í umræðum um þessi aðaldeilumál eru ákveðnar grundvallarspurningar sem menn verða að svara. Hvaðan er t. d. líklegt að hugsanleg árás verði gerð á land okkar? Er okkur sama um hvaða öfl í heiminum verða ofan á í þeirri stöðugu baráttu sem fram fer? Er okkur t. d. sama um hvort hér verður komið á fót Sovét-sósíalisma — þeim sama sósíalisma og t. d. Pólverjar eru nú að reyna að hrista af sér? Með hvaða þjóðum eigum við samstöðu í heiminum? Hvernig verður friður helst varðveittur? Getum við lagt eitthvað af mörkum í þeirri baráttu, sem fram fer, og þá hvernig? Allt eru þetta spurningar sem hver og einn verður að svara í sínum huga og ég mun að einhverju leyti koma inn á í því sem ég segi hér á eftir.

Það er fyrst rétt að hugleiða hvað býr að baki þátttöku okkar í Atlantshafsbandalaginu og varnarsamstarfi vestrænna þjóða. Ekkert er eðlilegra manninum en að verja sig. Það er grundvallareðlishvöt nánast allra manna og reyndar dýra einnig og það er ekkert annað lögmál sem gildir um Íslendinga í þessum efnum. Við verðum því eins og allar aðrar þjóðir að sjá fyrir vörnum okkar á sem öruggastan hátt og á þann hátt sem við teljum best. Ég segi „vörnum" og þá vaknar sú spurning: Getum við átt von á árás? Eigum við einhverja fjandmenn sem ástæða er til að óttast, eða eigum við bandamenn í viðsjárverðri veröld sem við öðrum fremur viljum starfa með og teljum okkur eiga sameiginlega hagsmuni með? Ég er þeirrar skoðunar, að það sé ótvírætt. Við Íslendingar erum hluti af hinni vestrænu menningarheild þar sem lýðræði er sett í fyrirrúm, frelsi til orða og athafna og kristin trú, — allt er þetta hluti af lífshugsjón okkar sem við viljum vernda og halda í. Við skulum átta okkur á að Vestur-Evrópu og Norður-Ameríka eru lítill hluti af heiminum og það er ekkert sjálfsagt að okkar þjóðskipulag og lífshugsjón sé eilíf eða muni standast í þessari viðsjárverðu veröld. Þvert á móti á þetta þjóðfélagsform, sem við höfum valið okkur, í vök að verjast. Við verðum því sjálf að spyrja okkur: Viljum við leggja eitthvað af mörkum eða viljum við láta arka að auðnu um það, hvar við lendum, hvorum megin hryggjar við verðum?

Þátttaka okkar í varnarsamtökum vestrænna þjóða þjónar þeim tvíþætta tilgangi að stuðla að okkar eigin vörnum og leggja fram okkar skerf til sameiginlegra varna Vestur-Evrópu. Af hálfu Alþb. og annarra herstöðvaandstæðinga, sem eru reyndar orðnir fáir utan þess stjórnmálaflokks, hefur umræðan um varnarmál í vaxandi mæli snúist um ýmis herfræðileg atriði varðandi eðli stöðvarinnar sem hér er. Hæstv. félmrh., sem hér talaði sem aðaltalsmaður Alþb. á mánudaginn var, gerði þennan þátt nokkuð að umtalsefni í síðari hluta ræðu sinnar og reyndi þar, eins og aðrir talsmenn Alþb. í utanríkismálum, að telja mönnum trú um að hér væri fyrst og fremst um árásarstöð að ræða, jafnvel að hér væru geymd kjarnorkuvopn, eins og stundum er látið að liggja, eða alla vega að hér væru skilyrði til þess að þau væru geymd.

Við Íslendingar erum þess vanbúnir að ræða um herfræðileg efni, og það er alveg rétt, sem hæstv. utanrrh. sagði í sinni ræðu þegar hann lagði skýrslu sína fram, að Íslendingar hafa yfirleitt ekki mikinn áhuga á utanríkismálum. Okkur skortir vissulega sérþekkingu í herfræðilegum efnum. Því er vissulega fagnaðarefni að hér skuli hafa verið lögð fram á Alþingi þáltill. um sérstakan ráðunaut í öryggis- og varnarmálum sem hv. 10. þm. Reykv. er 1. flm. að. Við Íslendingar og þá ekki síst þm. verðum að reyna að mynda okkur skoðun á þessum efnum og þá ekki aðeins á herfræði Bandaríkjanna og annarra vestrænna þjóða, eins og talsmenn Alþb. hafa greinilega gert og eru viljugir að reyna að kenna okkur, heldur verðum við líka að átta okkur á herfræði Sovétríkjanna, en allt það varnarkerfi, sem hér hefur verið byggt upp, byggist á að geta varist hugsanlegri árás frá Sovétríkjunum.

Aðaltalsmaður Alþb. hér á mánudaginn var eyddi mjög löngum tíma ræðu sinnar í að lesa upp viðtal úr Þjóðviljanum við norskan hermálafræðing, Anders Hellebust að nafni, þar sem hann ræddi um herfræði og tilgang stöðvarinnar hér. Ég skal strax taka það fram, að Anders Hellebust, sem er vinstri sósíalisti, er ekki maður sem ég tel að við Íslendingar getum lært af eða tekið mark á í utanríkis- og varnarmálum þó að skoðanir hans falli greinilega vel saman við skoðanir Alþb. (**ÓRG:** Þm. tekur greinilega ekki mark á neinum nema þeim sem eru honum sammála.) Ég tek ekki mark á þessum útsendara sem hér kom og Þjóðviljinn gerði sérstaklega að sínum talsmanni. (**ÓRG:** Útsendara hvers?) Útsendara vinstri sósíalista í Noregi. Við hlýddum á langt viðtal við hann ekki alls fyrir löngu. (**ÓRG:** Veit þm. ekki að Anders Hellebust er félagi í norska jafnaðarmannaflokknum?) Norski jafnaðarmannaflokkurinn hefur inni að halda æðimikið af fólki sem jafnvel mundi teljast til vinstri í Alþb., svo að ekki sé meira sagt.

En mig langar í þessu sambandi, vegna þess að Alþb. hefur sérstaklega tekið norskan mann, sem er vissulega sérfræðingur í hermálum, til fyrirmyndar og gert hans málstað að sínum hér, að vitna í annan norskan mann sem hefur nýlega birt rit þar sem hann hefur gert úttekt á hernaðarstefnu Sovétríkjanna. Þessi maður heitir Gullow Gieseth og er forstöðumaður norska herforingjaskólans — þess sama skóla og Hellebust var kennari við. Gieseth hefur nýlega skrifað rit sem mér finnst fróðlegt fyrir okkur að reyna að kynna okkur, ekki

síst vegna þess að það rit dregur upp nokkuð aðra mynd af því, hvað er að gerast hér á Norður-Atlantshafi, en Alþb. og talsmenn þess hafa viljað vera láta.

Í riti sínu byrjar hann reyndar á því að rekja nokkuð þá grundvallarhugmynd sem liggur að baki herfræði Sovétríkjanna. Hann rekur hvað stríð og vopnabúnaður sé mikilvægur þáttur í kenningum Marx og Lenins og leiðir til þess, að hernaðarstyrkur þykir eðlilegur og hefur mikilvægan sess í þjóðfélagi Sovétmanna og allri þjóðfélagsumræðu í ríkjum sósíalismans. Hann vitnar í Lenin, sem sagði á einum stað að stríð væri framhald stjórnmálabaráttu og eðlilegur þáttur hennar, aðeins spurning um aðferð. Hernaðarmáttur sé því afgerandi þáttur í því hlutverki sem Sovétríkin sjá sjálf sig í í heiminum. Markmið Sovétríkjanna í stríði sé að sjálfsögðu að sigra, en eftirfarandi aðstæður eigi að leggja grunn að sigrinum að mati herfræðinga Sovétríkjanna: Eyðilegging á hernaðarmætti andstæðinganna, hertaka hernaðarlega mikilvægra staða, að hernema landsvæði andstæðinganna, setja við völd stjórnir, sem Sovétríkin geti ráðið við eða a. m. k. þolað, og hugsjónaleg uppfræðsla íbúa hinna herteknu svæða og að hafa áhrif á fólk. Hann vitnar til þess, að árásarstríð sé það stríðsform sem sé afgerandi í þjálfun sovéska hersins þrátt fyrir að í orði kveðnu segist Sovétmenn aldrei ráðast á aðra, þeir undirbúi aðeins varnir sínar í orði kveðnu, en vörnum verði umsvifalaust snúið í árásarsókn og vígvöllurinn verði landsvæði andstæðingsins. Mikilvægur þáttur í að eyðileggja herstyrk andstæðingsins sé að hernema hernaðarlega mikilvæg landsvæði. Þetta séu staðir sem hafi mikilvægi vegna þess að sá hernaðaraðili, sem ráði yfir þeim eða geti notað þá, hafi betri stöðu eða visst forskot fram yfir hinn að því er hernaðarlega stöðu snertir. — Hér kemur Ísland að sjálfsögðu mjög við sögu. Hernaðarleg staða landsins er fyrir löngu viðurkennd og mikilvægi Íslands vex frekar en hitt. Sovétmenn munu því sækjast eftir aðstöðu hér algerlega óháð því, hvort hér sé nokkur herstöð Atlantshafsbandalagsins eða ekki. Við verðum því að velja og hafna, Íslendingar — þetta er innskot mitt — hvort við viljum reyna að hasla okkur völl með þeim þjóðum sem við helst treystum, með þeim þjóðum sem búa við það þjóðskipulag sem við sjálfir búum við, eða hvort við viljum algerlega láta arka auðnu um það, hvernig mál muni snúast ef til styrjaldar dragi.

Það er mikil spurning í öllum þessum umræðum hvort kjarnorkuvopn muni verða notuð í stríði eða ekki. Um það veit að sjálfsögðu enginn, en hitt er staðreynd, að Sovétmenn hafa á síðustu árum lagt mjög mikla áherslu á venjulegan vopnabúnað og á þann hátt sýnt að þeir trúa því, að staðbundin stríð geti orðið háð án kjarnorkuvopna. Sovétmenn hafa líka á s. l. 20 árum lagt mikla áherslu á sjóhernað og þeir hafa lagt mikla áherslu á tvo nýja þætti: í fyrsta lagi kjarnorkuknúða kafbáta með kjarnaeldflaugum, sem unnt er að skjóta á fjarlæg mörk, og í öðru lagi viðbúnað til að mæta flota Atlantshafsbandalagsins á opnu hafi. Kjarnorkukafbátarnir eru að 70% staðsettir á Murmansk-svæðinu og þeir eiga verulegan þátt í möguleikum Sovétmanna á þessu svæði. Stór hluti af flota Sovétmanna hefur það hlutverk að styðja og vernda þessa kafbáta.

Það er talið mjög mikilvægt verkefni Sovétmanna í ófriði að rjúfa samband Atlantshafsbandalagsríkjanna þvert yfir Atlantshafið, þ. e. að rjúfa línuna sem liggur um Grænland, Ísland og Noreg. Landfræðileg lega höfuðstöðva Sovétflotans, þ. e. á Kólaskaganum, á Murmansk, er Sovétríkjunum mikill fjötur um fót og sennilega stærsti veikleiki Sovétflotans. Það er því eitt mikilvægasta markmið Sovétmanna í hugsanlegu stríði að ná fótfestu úti á Atlantshafinu. Helst mundu þeir kjósa að geta gert það án hættu á allsherjarstríði á svokölluðum friðartímum, eins og t. d. gerðist á Kúbu. — Ég held því að það sé ákaflega mikilvægt fyrir okkur Íslendinga að huga að slíkum málum og gera það upp við okkur hvorum megin hryggjar við viljum liggja og hvort við viljum taka þá áhættu að geta orðið á einni nóttu fórnarlömb hins herskáa Sovétveldis.

Niðurstaða þessa norska herfræðings er í stuttu máli á þá leið í fyrsta lagi, að hernaður og vopnavald sé mjög mikilvægur þáttur í stjórnmálaaðferðum Sovétmanna. Á Vesturlöndum er vígbúnaður talinn slæm nauðsyn og að grípa til vopna er yfirleitt erfið pólitísk ákvörðun. En í Sovétríkjunum er þessu öðruvísi farið. Sovétríkin grípa til vopna undir kringumstæðum sem Vesturlandabúum fyndist það óþarfi og nánast óskiljanlegt, eins og dæmi t. d. í Tékkóslóvakíu og Afganistan sanna. (**ÓRG:** En Víetnamstríðið? Voru ekki einhverjir Vesturlandaherir þar? Er þm. búinn að gleyma því?) Þar voru vissulega herir Vesturlanda, en þar voru ekki síður herir kommúnistaríkjanna, eins og hv. þm. er kunnugt um, og við vitum vel hvernig stóð á því, að Víetnamstríðið hófst. (Gripið fram í.) Við vitum líka hvað hefur gerst í Víetnam eftir að lýðræðisþjóðir drógu sig til baka. Þar hafa Sovétríkin egnt til ófriðar og það ríki hefur ekki borið sitt barr eftir að hernaður af hálfu Bandaríkjanna hætti þar.

Sovétríkin munu grípa til hernaðaraðgerða eins fljótt og þau mögulega geta á hernaðarlega mikilvægum svæðum og það verður reynt að gera með snöggum, óvæntum aðgerðum með það að markmiði að Vesturveldin gefi eftir slík svæði og hætti ekki á heimsstyrjöld þeirra vegna. Þrátt fyrir allar kenningar og áætlanir, sem verða til á friðartímum, verða menn að hafa í huga að í hita stríðsleiksins verða það hinar raunverulegu kringumstæður á hverjum stað sem í raun munu hafa mest áhrif á atburðarásina. Ef einhvers staðar er veikur hlekkur mun hann bresta, hvort sem mönnum líkar betur eða verr og hvað sem öllum kenningum líður. Mikilvægi Íslands frá hernaðarlegu sjónarmiði verður þá afgerandi þáttur í aðgerðum Sovétmanna, en ekki hvort hér séu varnir eða ekki.

Mér þótti ástæða til að rekja nokkuð það sem þessi norski herfræðingur hefur sagt í mjög stórum dráttum vegna þess að annar landi hans hefur verið leiddur hér sem vitni upp í þennan ræðustól ekki alls fyrir löngu.

Í skýrslu hæstv. utanrrh. er nokkuð rætt um slökunarstefnu og hæstv. utanrrh. tekur fram að hann hafi þá óbifanlegu skoðun að áfram verði að feta sig á þeirri braut. Ég er fyllilega sammála honum að því leyti. Hins vegar er það ljóst, og það hefur reynsla síðustu ára sýnt, að sú stefna er mjög vandmeðfarin. Afvopnun á sviði venjulegs vopnabúnaðar og kjarnorkuvopna verður að hafa þann tilgang að tryggja friðinn og má ekki leiða til þess, að líkur á ófriði aukist. Þess vegna verður, hvort sem okkur líkar betur eða verr og jafnvel þó að menn tali oft um jafnvægi óttans í því sambandi, að ríkja jafnvægi milli austurs og vesturs og þessu jafnvægi verður að halda í þeim minnsta styrkleika sem hægt er. Í afvopnunarstarfi má ekki verða það jafnvægisleysi sem undir vissum kringumstæðum getur freistað annars aðilans til að trúa

því, að hægt sé að ná pólitískum markmiðum með hervaldi. Á hinn bóginn er ljóst að það er ekki hægt að láta sér nægja að setjast rólegur niður og segja, að nú sé komið á jafnvægi, og takmarka starfið við að gæta þess jafnvægis. Það er stöðugt þörf á umræðum og nýjum hugmyndum.

Hugmyndirnar um kjarnorkuvopnalaus svæði eru vissulega þáttur í þeim hugmyndum sem rétt er að gefa gaum, en kjarnorkuvopnalaus svæði verða þá að stuðla að auknu öryggi. Einhliða yfirlýsingar, eins og fram hafa komið tillögur um frá Alþb., eru hættulegar í þessu efni.

Ég held að það fari ekkert milli mála, að af hálfu Sovétríkjanna hefur verið lögð mikil áhersla á vopnabúnað í norðri og þar er mikill hernaðarstyrkur á alþjóðlegan mælikvarða. Mikill hluti af kjarnorkuvopnabúnaði Sovétríkjanna er um borð í kafbátum og að auki eru þar staðsett annars konar vopn til sjóhernaðar: herskip, árásarkafbátar og alls kyns hjálparskip, enn fremur mikill flugvélafloti, langfleygar sprengjuflugvélar, eftirlitsvélar og árásarvélar og þyrlur. Tæki og mannafli til landhernaðar eru ekki jafnumfangsmikil, en geta komið á vettvang fljótlega frá stöðvum sem eru lengra í suðri. Sovétríkin leggja því — og hafa gert á síðustu 10—15 árum — geysimikla áherslu á vopnabúnað á norðurslóðum. Það eykur líkur á því að Sovétmenn gætu skorið Ísland og Grænland alveg frá, gætu skorið á línuna um Norður-Atlantshafið ef til styrjaldar kæmi. Það er talið *að um 130 kjarnorkuárásarkafbátar séu á Kólaskaga og* um 70 herskip og um 70%, eins og ég gat um áðan, af kjarnorkueldflaugakafbátum Sovétríkjanna séu þar staðsett. Þessar tölur og upplýsingar sýna að það er alls ekki rétt að einangra umræðu um samdrátt við Norðurlöndin ein. Herfræðilega séð er Kólaskaginn hluti af Norðurlöndum og því verður að líta á allt þetta svæði í heild og þess vegna yrðu þær hugmyndir, sem fram hafa verið settar af hálfu kommúnista, hættulegar öryggi okkar og Norðurlanda.

Alþb. verður mjög tíðrætt um nýjar hugmyndir í umræðum um utanríkismál og vissulega eru þær nauðsynlegar. Hins vegar verð ég að viðurkenna að mér fannst ekki margar nýjar hugmyndir í þeirri ræðu sem hæstv. félmrh. flutti sem aðaltalsmaður Alþb. á mánudaginn var. Þessar nýju hugmyndir birtust í viðtalinu við Anders Hellebust, sem ég gat um áðan, en að öðru leyti gekk umr. að mestu leyti út á það sem gerðist hér fyrir 30 árum og afstöðu Alþb. á þeim tíma — á þeim sama tíma þegar Stalín var „mannsins besti vin," eins og forustumenn Alþb. orðuðu það oft í umræðum um utanríkismál. Hins vegar verður að viðurkenna að hinar nýju hugmyndir Alþb. takast þó ekki betur en það, að þær eru á hverjum tíma í fullkomnu samræmi við hugmyndir, skoðanir og hagsmuni Sovétríkjanna. Og það er engin tilviljun að Sovétmenn skuli sjá sérstaka ástæðu til að hrósa hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni fyrir afstöðu hans í utanríkismálum, eins og fram kom í blaðinu Sovietskaja Rossia ekki alls fyrir löngu.

En þegar Alþb. talar um nýjar hugmyndir í utanríkismálum eru það ekki einungis nýjar hugmyndir sem þeir reyna að mynda sér varðandi herfræði hér á norðurslóðum. Það koma einnig fram nýjar hugmyndir frá öðrum sem mér finnst vissulega ástæða til að hafa í huga, og í þeim hópi eru t. d. sovésku andófsmennirnir sem flýja nú frá Sovétríkjunum hver um annan þveran og flytja okkur Vesturlandabúum aðvörunarorð. Um það eru mörg dæmi, en ég skal tilnefna nýjasta dæmið, sem flestir hafa vafalaust lesið um. Það er dæmið um skákmeistarann Korsnoj, sem átti viðtal við Morgunblaðið ekki alls fyrir löngu eða 26. apríl s. l. Af því að hæstv. félmrh. vitnaði svo lengi í Þjóðviljann held ég að mér leyfist að vitna örlítið í Morgunblaðið í þessu skyni einnig, en Korsnoj segir á þessa leið:

„Ég er lýðræðissinni. Þess vegna óttast ég kæruleysi þeirra sem við lýðræði búa. Lýðræðið er viðkvæmt og þegar að því er sótt verður að verja það. Reynslan sýnir að þegar fjandsamleg öfl sækja að lýðræðinu fær ekkert staðist eitt sér. Það er hryllilegur her sem á lýðræðið sækir af stöðugt auknum krafti, og það dugar ekki bara að sitja með hendur í skauti undir slíkum kringumstæðum. Það verður að styrkja lýðræðið. Það verður að slá öll vopn úr höndum Sovétríkjanna og koma í veg fyrir að þau geti beint athyglinni frá sér að einræði í Suður- og Mið-Ameríku. Það verður að koma á lýðræði í þessum löndum, styrkja lýðræðið svo að Sovétríkin standi berskjölduð. Það verður að veita viðnám og sækja á núna strax, því að það verður of seint þegar heimskortið er allt orðið grátt, þegar Moskva er Moskva og gúlagið allt um kring."

Þetta eru aðvörunarorð eins andófsmannsins. Það einkennir málflutning þeirra að þeir óttast andvaraleysi vestrænna þjóða. Þeir þekkja sitt heimafólk. Þeir eru margir hverjir úr innstu kjörnum þeirra hópa sem þekkja *valdakerfið í Sovétríkjunum* og hugsunarhátt manna þar. Þeir óttast það andvaraleysi sem Alþb. boðar í utanríkismálum hér á Íslandi.

Ég minntist áðan á það, að einhvern veginn hafa Alþb.-menn lag á því að láta skoðanir sínar í utanríkis- og varnarmálum falla saman við skoðanir Sovétmanna. Kannske finnst þeim hrósið gott sem á þá er borið. En ég minnist eins síðasta dæmisins um þetta, þ. e. bókar Einars Olgeirssonar sem kom út núna fyrir jólin: „Ísland í skugga heimsvaldastefnu," en þar fjallar þessi gamla þingkempa íslenskra kommúnista aðallega um utanríkismál. Í bókinni sést glögglega hversu utanríkisstefna Alþb. hefur ávallt verið nákvæmlega eftir því, hvernig vindurinn hefur blásið að austan hverju sinni. Í rauninni ætti þessi bók að vera skyldulesning fyrir alla því að hún er hreinskilin og hún sýnir að þessi gamli þingskörungur hefur ekkert lært á allri sinni ævi. (**ÓRG:** Hefur þm. eitthvað lært síðan hann var á námskeiði hjá Heimdalli í menntaskólanum? Þetta eru nákvæmlega sömu ræðurnar og þm. flutti þá.) Ég held að hv. þm. ætti nú að læra betur sjálfur. Hvernig stendur á því, að Sovétmenn hrósa sérstaklega hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni fyrir stefnu hans í utanríkismálum? (Gripið fram í.) Á mínum ágætu Heimdallarárum hrósuðu Sovétmenn vissulega Einari Olgeirssyni, en að þeir skuli enn þá gera það í dag og *yfirfæra hrósið á hv. þm. Ólaf Ragnar Grímsson sýnir* að grundvallaratriðið í íslenskum utanríkismálum og íslenskri pólitík, grundvallardeiluefnið, sem við deilum um, er nákvæmlega það sama og það var þá.

Sannleikurinn er sá, að grundvöllur utanríkisstefnu okkar hlýtur að vera að tryggja sjálfstæði þjóðarinnar og leggja okkar skerf af mörkum í samfélagi þjóðanna til að tryggja frið og öryggi í heiminum. Samstarf vestrænna þjóða hefur tryggt frið og öryggi í okkar heimshluta. Það er vissulega ávinningur þótt við hljótum að harma ófrið og að stöðugt sé hætta á ófriði í öðrum heimshlutum. Stefna okkar í utanríkismálum og öryggis- og varnar-

málum hefur reynst vel og þessi reynsla hvetur okkur til að halda áfram á sömu braut og halda þá sömu grundvallarstefnu sem við höfum haft í utanríkismálum og hæstv. utanrrh. gerir að meginmáli í skýrslu sinni.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég vil fyrst þakka hæstv. utanrrh. fyrir þá fróðlegu og ítarlegu skýrslu sem hann hefur lagt hér fram. Hins vegar vil ég harma að rétt þykir að taka þessa skýrslu til umr. nú eða halda þeirri umr. áfram, sem hófst hér s. l. mánudag og stóð ekki mjög lengi, — nú þegar næstum er komið miðnætti, ákaflega fáir þm. í húsinu, að því er virðist vera, og aðeins einn eða tveir ráðh. viðstaddir — að vísu hæstv. utanrrh. að sjálfsögðu og svo er félmrh. nýkominn í salinn. Ég held satt best að segja að þessi mikilvægi málaflokkur verðskuldi aðra meðferð en að vera ræddur hér þegar svo fátt hv. þm. er viðstatt.

Ástæða væri e. t. v. til að víkja að ýmsum atriðum í þessari skýrslu, en ég mun þó aðeins fjalla um fátt eitt vegna þess að í stórum dráttum, að því er varðar utanríkisstefnuna og varnarsamstarf, er ég sammála því sem hæstv. utanrrh. segir í skýrslu sinni. Hins vegar langar mig til að beina þeirri spurningu til hans, hvort í ríkisstj. hafi verið fjallað um aðild Íslands að Alþjóðaorkustofnuninni sem vikið er að á bls. 20 í skýrslunni, en þar segir, með leyfi forseta: „Enn hefur ekki verið tekin ákvörðun um það, hvort Ísland skuli gerast aðili að stofnuninni.“ — Nú fýsir mig að vita hvort um þessi mál hafi verið fjallað á hinum síðustu dögum í ríkisstj., þar sem ég hef ásamt fleiri þm. flutt hér till. um að ríkisstj. verði falið að gera ráðstafanir til þess að Ísland gerist aðili að Alþjóðaorkustofnuninni.

Þegar þessi skýrsla kom hér til umr. s. l. mánudag flutti hæstv. félmrh. langa ræðu. Ég get ekki tekið undir það sem hann sagði, nema eitt atriði langar mig til að taka undir sem hæstv. félmrh. minntist á. Hann taldi að í þessa skýrslu vantaði greinargerð um starfsemi Íslenskra aðalverktaka. Þetta tek ég undir. Þetta stóra fyrirtæki hefur að verulegu leyti einokunaraðstöðu til framkvæmda á Kaflavíkurflugvelli og þetta fyrirtæki er sérstætt fyrir ýmissa hluta sakir. Rekstur þess virðist ganga ótrúlega vel, ef aðeins er litið á fjárfestingu þess hér í Reykjavík. Mér fyndist ekki óeðlilegt að í skýrslu um utanríkismál og varnarmál væru þessu fyrirtæki gerð nokkur skil. Vona ég að hæstv. utanrrh. taki það til athugunar eigi hann eftir að leggja fleiri skýrslur af þessu tagi fyrir þingið.

Ástæðan til þess, að ég kveð mér hljóðs í þessum umr., er kannske fyrst og fremst sú ræða sem hæstv. félmrh. flutti á mánudaginn var. Það verður að segja eins og er, að hann varði meginhluta eða mjög verulegum hluta af tíma sínum í að rifja upp 30—40 ára gamla sögu. Það ver auðvitað hver tíma sínum svo sem honum þykir henta hér í ræðustól, en fátt nýtt held ég að hafi komið fram í þessum lestri ráðh., sem mér raunar þótti ekki merkilegur. Hins vegar hlýtur það náttúrlega að vera mönnum sífellt umhugsunarefni hér, að Alþb. skuli nú enn einu sinni taka þátt í ríkisstj. sem hefur lýst yfir að hún muni fylgja óbreyttri stefnu í varnarmálum, það verði „status quo,“ eins og hæstv. félmrh. sagði orðrétt þegar hann flutti ræðu sína hér. Þetta hlýtur að vera mönnum umhugsunarefni og raunar er aldeilis furðulegt hvernig Alþb. getur setið í ríkisstj. þar sem það er ósammála stefnunni í grundvallarmálefnaflokki þar sem eru utanríkismál. Staðreyndin er sjálfsagt sú, að Alþb. hefur gert það upp við sig að það sé því hagfelldara að vera í ríkisstj. og nota þau völd og þau áhrif, sem flokkurinn þannig öðlast, þó svo það kosti fórnir á þessu sviði, þó svo það kosti það, að í fjórðu ríkisstj. síðan 1956 svíkur Alþb. þá stuðningsmenn sína sem vilja varnarliðið burt úr landinu. Það virðist vera að þeir nýju herrar, sem nú ráða ríkjum í Alþb., hafi gert þetta dæmi upp við sig kalt og yfirvegað og komist að þeirri niðurstöðu að þau áhrif og völd og möguleikinn á að raða sínu fólki inn í kerfisbásana, eins og þeir hafa raunar óspart gert, sé svo mikils virði að fyrir það sé fórnandi utanríkisstefnu flokksins. A. m. k. held ég að erfitt sé að túlka afstöðu þeirra og hegðun öðru vísi en í þessa veru.

Hæstv. félmrh. sagði í upphafi ræðu sinnar að hann ætlaði ekki á þessu stigi málsins að svara ýmsum atriðum sem fram komu í ræðu Benedikts Gröndals, fyrrv. utanrrh., sem talaði hér og vék ýmsum orðum að Alþb. Hæstv. félmrh. svarar þessum ummælum sjálfsagt hér á eftir. Hann hlýtur að standa við þau orð sín. (**Félmrh.:** Hvar er Benedikt?) Hann var hér fyrr í kvöld, hv. þm. Benedikt Gröndal. Ég get ekki svarað því, hvar hann er niður kominn núna. Menn eru ekki hér í þingsölum öllum stundum, ekki frekar hann en hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson sem ég hef ekki séð hér í þingsölum nokkra undanfarna daga. (**ÓRG:** Ég hafði fjarvistarleyfi, hv. þm., þann dag. Hefur Benedikt Gröndal fjarvistarleyfi?) Ég get ekki svarað því. Það er forseta að svara því. En fjarvistir manna geta verið af ýmsum toga, eins og hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson sjálfsagt veit. Menn geta verið fjarverandi þó að þeir þurfi ekki að fara til útlanda.

Hæstv. félmrh. talaði hér mikið um að forráðamenn þeirra flokka, eins og hann orðaði það, þ. e. lýðræðisflokkanna, sem svo eru jafnan nefndir, yrðu að gera sér grein fyrir því, hve mikið fylgi væri við þá stefnu sem þeir hafa fylgt og hann kallaði raunar einhvers staðar í ræðu sinni bandaríska utanríkisstefnu, ef mig ekki misminnir. Hann styður nú ríkisstj. sem fylgir slíkri stefnu, en mig minnir fastlega að hann hafi tekið þannig til orða í ræðu sinni. Hann segir hér: „Þessi leið, sem þeir hafa fylgt, kann að vísu að hafa stuðning nokkurs meiri hl. þjóðarinnar, en hún hefur aldrei notið stuðnings yfirgnæfandi meiri hl. þjóðarinnar.“ Ég veit ekki hvaðan hæstv. ráðh. kemur vitneskja eða þekking til að láta svona fullyrðingar frá sér fara. Þeir þrír flokkar, sem eru fylgjandi aðild Íslendinga að Atlantshafsbandalaginu og þátttöku í varnarsamstarfinu, hafa fengið nokkuð drjúgan meiri hluta atkv. Alþb. hins vegar, sem barist hefur gegn þessari stefnu, hefur fengið um 20% atkv. Ég veit ekki hvaðan hæstv. félmrh. koma þessar upplýsingar. (**ÓRG:** Skoðanakannanir sýna að fjórðungur af fylgi Alþfl. er á móti hernum.) Skoðanakannanir geta sjálfsagt verið ágætar, en þær eru ekki einhlítur sannleikur. A. m. k. veit ég að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson veit hverja annmarka skoðanakannanir hafa. Þær eru ekki algildur sannleikur. Þær gefa visst til kynna, en það er hins vegar ekki rétt að slá niðurstöðum þeirra svona upp. Þær eru unnar með mismunandi hætti og mismunandi heiðarlega. Þetta veit hv. þm. mætavel.

Í ræðu sinni þakkaði félmrh. herstöðvarandstæðingum það að lokun Keflavíkursjónvarpsins hefði orðið að veruleika. Þetta er auðvitað fjarri öllum sanni. Það voru langtum fleiri sem vildu lokun Keflavíkursjónvarpsins en þeir sem kalla sig herstöðvaandstæðinga. Hér var um

menningarpólitískt mál að ræða sem átti stuðning langt fyrir utan raðir þeirra sem kallaðir eru herstöðvaandstæðingar.

Hann talaði ýmsum orðum hér um baráttu herstöðvaandstæðinga og mátti skilja svo að hún væri nú með miklum blóma og ætti jafnvel vaxandi fylgi að fagna. Mig langar til að rifja upp fyrir ráðh. ummæli sem voru í Þjóðviljanum 7. maí s. l. í viðtali við Vilborgu Dagbjartsdóttur rithöfund. Þar segir orðrétt, með leyfi forseta: Blaðamaður spyr: „Heldurðu að andófið gegn hernum hafi haft mikið að segja?" Síðan kemur svarið: „Ég var með í baráttunni gegn hernum frá fyrstu tíð, með í undirbúningi fyrstu Keflavíkurgöngunnar og seinna í stofnun Samtaka hernámsandstæðinga. Baráttuöflin voru sterk í upphafi. Við trúðum því, að barátta okkar mundi leiða til sigurs, en eftir að undirskriftasöfnun hernámsandstæðinga rann út í sandinn og eftir að klofningur kom upp og nýir stjórnmálaflokkar voru stofnaðir hefur þetta mest verið sýndarmennska. Ég efast ekki um einlægni þess unga fólks sem staðið hefur í eldlínunni, en broddinum var kippt úr baráttunni, hreyfing herstöðvaandstæðinga hætti að vera það afl sem hún áður var og það ríkir ákveðið vonleysi í kringum þetta andóf. Við vitum ekki enn hvað getur komið í staðinn."

Þetta eru athyglisverð ummæli konu sem tekið hefur þátt í þessari baráttu frá upphafi, og þau sýna svo að ekki verður um villst að vindurinn er úr seglunum þó svo að reynt sé að halda uppi núna með nýjum blekkingaraðferðum málþófi. Hér talar kona sem þekkir þessa baráttu frá upphafi, og það er vægt til orða tekið að það sé vonleysistónn í þessum ummælum. Ég hygg að hinir eldri og reyndari í röðum herstöðvaandstæðinga geri sér grein fyrir því, að það er til einskis að verið.

Verulegur hluti af ræðu hæstv. félmrh. var að lesa hér viðtal sem kom í Þjóðviljanum þennan sama dag, 7. maí, og sá ræðumaður, sem talaði hér næst á undan mér, hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson, gerði þetta viðtal einnig að nokkru umtalsefni, viðtal við Norðmanninn Anders Hellebust. (Gripið fram í.) Ég heyrði ekki betur en hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson talaði allítarlega um þetta viðtal og ég er að hugsa um að gera það líka.

Það var gert mikið úr því að þessi ágæti maður, Anders Hellebust, hefði greint frá því fyrir fimm árum úti í Noregi að Lóran-C stöðvarnar væru m. a. notaðar til að senda kafbátum upplýsingar. Hverjum skyldi koma það á óvart? Héldu menn kannske, að þessar stöðvar hefðu verið reistar fyrir fiskiskipaflotann á Norður-Atlantshafi? Auðvitað voru þessar stöðvar reistar til þess m. a. að veita herskipum staðarákvarðanir. Ég skil ekki að það hafi farið milli mála hjá nokkrum manni. Nú er hins vegar svo komið að þau tæki, lórantækin, sem í upphafi voru eingöngu ætluð herskipum og hernaðarfarartækjum í lofti einnig, nota öll okkar fiskiskip, og ég er hræddur um að íslenskum sjómönnum brygði við ef þetta staðarákvörðunarkerfi væri ekki til. Það gegnir, að ég hygg, ómetanlegu hlutverki fyrir fiskiflota okkar. Og svo er verið að halda því hér fram sem einhverri sérstakri nýrri vitneskju, að þetta Lóran-C staðarákvörðunarkerfi hafi m. a. verið notað af bandarískum kjarnorkukafbátum. Sjálfsagt hefur það verið notað af þeim eins og öðrum herskipum. (**ÓRG:** Norsk stjórnvöld höfðu neitað því.) Ég veit ekkert hverju norsk stjórnvöld höfðu neitað, en ég hygg að þetta hafi öllum mönnum verið ljóst hér og ekkert farið milli mála.

Fleira í þessu viðtali mætti tína til. Þessi Norðmaður talar um að ekki megi raska því jafnvægi óttans sem hann talar um. Þetta er, held ég, alveg rétt og við eigum að gera það sem í okkar valdi stendur til að raska ekki þessu jafnvægi. Ef farið yrði að ráðum Alþb. og varnarliðið látið fara héðan og við hætta aðild okkar að Atlantshafsbandalaginu mundum við raska þessu jafnvægi, þá mundum við skapa hér tómarúm og við mundum breyta þessu jafnvægi og það væri hættuleg og ábyrgðarlaus aðgerð. Ég er sammála því sem þessi Norðbaður segir hér, að við eigum ekki að raska þessu jafnvægi, en ég dreg aðrar ályktanir af þeim orðum hans en þeir Alþb.-menn gera.

Það var vissulega athyglisvert sem kom fram í ræðu Benedikts Gröndals. Hann vitnaði til þingskjala, að mig minnir, sem voru lögð fram á flokksþingi Alþb. eða einhverjum slíkum fundi þeirra. Þar sagði orðrétt: „Nauðsynlegt er að hefja eins konar hræðsluáróður gegn stöðinni." Þetta er nákvæmlega það sem Alþb. hefur verið að gera að undanförnu. Það hefur verið að freista þess að færa umræðurnar um Keflavíkurstöðina í nýjan farveg. Það hefur verið að freista þess að skapa ótta hjá almenningi, svo falleg sem sú gerð þeirra nú er. Það er verið að freista þess að skapa ótta og hræðslu hjá íslenskum almenningi. Nægir þar að minna á t. d. upphlaup þeirra í fyrra, þegar þeir voru uppfullir af því hér dag eftir dag að kjarnorkuvopn væru geymd á Keflavíkurflugvelli. Þrátt fyrir margar yfirlýsingar núv. utanrrh. og forvera hans í því embætti um að svo væri ekki var þessu þyrlað upp. Þegar haft er í huga það sem stóð í þessu þskj. frá landsfundi Alþb., að ég hygg, frekar en einhverri ráðstefnu þeirra um herstöðvamál, þá skilst þetta auðvitað allt betur. Þetta var liður í þeirri aðgerð að hefja eins konar hræðsluáróður gegn Keflavíkurstöðinni. Þegar skoðaður er málflutningur Alþb., hvort sem þeir eru þá að tala um kjarnorkuvopnalaus svæði á Norðurlöndunum, minnast nú reyndar aldrei á Kólaskagann í því sambandi sem er er við dyr Norðurlanda, hann skiptir ekki máli í þessu sambandi, — þegar málflutningur Alþb. í utanríkismálum og varnarmálum Íslands er skoðaður kemur í ljós að allur þeirra málflutningur er leynt og ljóst, og þó miklu frekar ljóst en leynt, stuðningur við utanríkisstefnu Sovétríkjanna án þess að það sé sagt berum orðum. Það er aldrei sagt berum orðum nú vegna þess að það hentar ekki, en leynt og ljóst er þetta stuðningur við þá stefnu sem Sovétríkin fylgja. Það hentar ekki við núverandi íslenskar aðstæður að segja þetta berum orðum, en svona er þetta engu að síður.

Þeir tala mikið um það nú að eðlisbreyting hafi átt sér stað á varnarstöðinni í Keflavík. Það er rétt, að eðlisbreyting átti sér stað á þeirri starfsemi sem þar fór fram fyrir rúmum 20 árum. En þeir hljóta að fylgjast illa með úr því að þeim er fyrst að verða þetta ljóst núna, sem allir, að ég hygg, sem um þessi mál hafa hugsað og með þeim fylgst hafa vitað. Það var ekkert leyndarmál að verið var að leggja hér út kapla bæði frá Stokksnesi og hérna í grennd við Hafnirnar. Það unnu við þetta menn frá þessum stöðum. Þetta vissu allir. Það var ekkert leyndarmál að þarna var verið að leggja út hlustunartæki. Síðan er langur tími liðinn, en þeir Alþb.-menn virðast fyrst vera að gera sér grein fyrir þessu núna og nú er talað um þetta breytta eðli stöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli, sem manni skilst að hafi átt að breytast á síðustu 2—3 árum. Þetta eru hreinar rangfærslur og þetta er liður í þessari

eins konar hræðsluáróðursherferð gegn stöðinni á Keflavíkurflugvelli. (Gripið fram í.) Ég hef þetta rétt eftir. Hv. þm. getur þá komið hér í ræðustól á eftir og leiðrétt þetta og hætt að gjamma úr sæti sínu eins og hans er siður daginn út og daginn inn. (**Gripið fram í:** Það er gamall siður að kalla fram í fyrir þm.) Já, en mönnum tekst það misjafnlega hins vegar og er það misjafnlega lagið. — En þessi eðlisbreyting á Keflavíkurstöðinni, sem þeir Alþb. gera núna að meginatriði í sínum málflutningi í þessari kerfisbundnu hræðsluáróðursherferð, sem þeir beita sér fyrir, er rangfærsla á staðreyndum.

Það var eitt af því sem hæstv. félmrh. vék hér að í sinni ræðu, að hann talaði um nýjan evrópskan valkost í öryggismálum. Hann fór ekki um þetta mörgum orðum, en ég vil mælast til þess að hann geri nánari grein fyrir því hér á eftir í hverju þessi evrópski valkostur er fólginn. Ég veit að það er verið að ræða eitt og annað í þessum efnum, en ákaflega fátt virðist þar vera fastmótað. Svo virðist nú raunar sem Alþb. ætli sér að taka upp baráttu fyrir einhverju þarna sem ekki er enn þá vitað hvað er.

Það er í rauninni gaman að fylgjast með því, hvernig þessi flokkur, þetta kamelljón íslenskra stjórnmála, hagar seglum eftir vindi í stjórnmálabaráttunni. Nú er skemmst að minnast þess þegar franskir sósíalistar eða jafnaðarmenn unnu frækinn sigur í kosningabaráttu. Þá er Alþb. allt í einu orðið hliðstæða franska sósíalistaflokksins. Ég minnist þess fyrir fáeinum árum þegar gengi kommúnista í Frakklandi var meira en það er nú. Þá var leiðtogi franskra kommúnista ástvinur Alþb., að manni skildist, og þegar sem mest var talað um Evrópukommúnismann var það helst á Alþb.-mönnum að skilja að sá Evrópukommúnismi hefði verið fundinn upp hér á Íslandi. Nú er vegur franskra kommúnista lítill og þess vegna er ekki um þetta talað. En þetta er eitt dæmi um hvernig þetta kamelljón íslenskra stjórnmála skiptir litum eftir því sem vindurinn blæs hverju sinni. (**Gripið fram í:** Að austan.) Já, austanvindurinn, rétt er það. Það er ekki annar vindur sem kemur í segl þessa flokks.

Herra forseti. Ég hef kannske gerst nokkuð langorður um þetta, en það er ástæða til og hlýtur að verða mönnum ævarandi undrunarefni og umhugsunarefni að þessi flokkur, Alþb., skuli taka þátt í störfum ríkisstj. og vera um leið andsnúinn meginstefnu hennar í utanríkismálum. Þetta ætti í rauninni að vera ósættanlegt, en eins og ég vék að áðan hafa þeir ágætu menn gert það upp við sig að valdaaðstaðan sé þeim meira virði en það sjónarmið að varnarliðið skuli fara héðan.

Ég ætla að síðustu að víkja hér að einni setningu úr ræðu hæstv. félmrh. Hann segir orðrétt: „Ég minni á í þessu sambandi, að Norðurlandaþjóð önnur en Íslendingar hefur tekið í mál að opna fyrir dvöl erlends hers í landi sínu á friðartímum, og við skulum muna að nær 90% þeirra ríkja, sem aðild eiga að Sameinuðu þjóðunum, hafa kosið að standa utan hernaðarbandalaga risaveldanna."

Þetta er auðvitað rétt. En því er sleppt hér, sem er meginatriði þessa máls, að Norðurlandaþjóðirnar hinar, hver um sig, hafa eigin her. Það höfum við ekki. Og nú skora ég á hæstv. félmrh. eða hv. þm. Ólaf Ragnar Grímsson, sem sjálfsagt á eftir að koma hér upp í þennan ræðustól, að benda á einhverja þjóð sem hefur ekki annaðhvort eigin her eða hefur falið einhverjum öðrum að sjá um varnir sínar. Ég hygg að það muni engin þjóð sem ekki hefur annaðhvort eigin her eða hefur samið við eitthvert annað ríki um að sjá um varnir sínar. Það er engin þjóð, sem ég þekki til, varnarlaus. Það er stundum bent á Costa Rica, að mig minnir, að það land hafi ekki her. Maður heyrir stundum þá röksemd. En þá gleyma menn að það land hefur lögreglu sem við mundum kalla her, sem er búin skriðdrekum og öðrum þeim vopnum, sem herir þjóða eru yfirleitt búnir. Ég þekki enga þjóð sem hefur ekki annaðhvort eigin her eða hefur falið öðru ríki að sjá um sínar varnir. Þess vegna er sú stefna, sem Alþb. fylgir í þessum efnum, að hér verði varnarlaust land, held ég einsdæmi í veröldinni, og eins og ég sagði áðan er allt tal þeirra Alþb.-manna um utanríkismál leynt og ljóst stuðningur við stefnu Sovétstjórnarinnar, og tal þeirra um að Ísland verði varnarlaust er auðvitað ekkert annað en þjónkun við þá stefnu þó að þeir þori ekki að segja það berum orðum.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson kvartaði undan því, að hann teldi það ekki sæmandi að þessi umr. færi fram við þær kringumstæður að svo fáir væru hér í salnum og svo langt væri liðið á kvöld. Það má vissulega færa nokkur rök að því, að Alþingi Íslendinga á að gefa sér betri tíma til að ræða utanríkismál. Ég get tekið undir það. En ræða hv. þm. Birgis Ísl. Gunnarssonar var ekki mjög sæmandi innlegg í þá umræðu um utanríkismál sem vissulega er réttlætanlegt að Alþingi Íslendinga taki til meðferðar. Tveir síðustu ræðumenn, þeir einu sem hér hafa talað í kvöld, hafa að mjög litlu leyti tekið til umræðu þá merku skýrslu sem utanrrh. lagði hér fram, heldur hafa notað þá skýrslu til að fara hér í eins konar kosninga- og eldhúsdagsumr. um Alþb.

Nú skal ég ekki lasta að Alþb. sé tekið hér til umr. Vonandi verður það sem oftast og sem lengst tekið hér til umr. En ég vil hins vegar segja það um þessa tvo ágætu þm., sem vildu örugglega láta taka sig alvarlega í umr. um utanríkismál, að ræður þeirra beggja einkenndust af svo þröngsýnu og skammsýnu pólitísku karpsjónarmiði um þennan mikilvæga málaflokk að það er mjög sérkennilegt að þeir skuli vera hvor um sig annar aðalræðumaður flokks síns í umr. um utanríkismál. Hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson talar hér á eftir Geir Hallgrímssyni, formanni flokksins, og hv. þm. Eiður Guðnason talar hér á eftir sínum fyrrverandi formanni.

Það eru vissulega ýmis atriði í skýrslu utanrrh. sem ég er ekki sammála. Það vita allir sem einhverja smáþekkingu hafa á utanríkismálum. Það eru atriði sem snúa að deilum sem hér hafa verið lengi í landinu um samninginn við Bandaríkin og herstöðina hér. Hins vegar er það aðeins einn kafli af mörgum í skýrlu hæstv. utanrrh. Þótt þessi skýrsla sé stutt er það kostur, en þó um leið galli hvað það snertir, að mörg af þeim afar mikilvægu málum, sem þar er drepið á, eins og t. d. slökunarstefnan og samskipti Norðurríkjanna og Suðurríkjanna, eru slík grundvallaratriði fyrir framtíð alls mannkyns hér á jörðinni að það er til vansa að þegar tveir síðustu ræðumenn Sjálfstfl. og Alþfl. koma hér upp í ræðustólinn í þessari umr. skuli þeir ekki hafa víðari heimssýn en svo að þeir snerta varla á þessum grundvallarþáttum í skýrslu hæstv. utanrrh. Vissulega er mikilvægt að við ræðum þau mál, sem að okkur snúa hér heima, út frá þeim her, sem hér er í landinu, og því samkomulagi, sem gert hefur verið um hann. En við verðum þó að átta okkur á því, að sú veröld, sem við búum í, er samansett af slíkum örlagaþráðum að

framgangur þeirra getur haft miklu afdrifaríkari áhrif á hvers konar veröld við búum í á næstu 10—20 árum en þær deilur sem við stöndum í og höfum staðið í hér heima á Íslandi, þótt þær séu vissulega mikilvægar fyrir þjóð okkar, ég ætla ekki að draga úr því.

Hæstv. utanrrh. vék í skýrslu sinni og í sinni ræðu einnig að þeirri ömurlegu fátækt sem í heiminum er. Núna eru 900 millj. manna í veröldinni sem hafa í árstekjur 75 dollara bandaríska. Hæstv. utanrrh. vék að því í ræðu sinni að á hverjum degi, hverri viku deyja hundruð og þúsundir barna vegna fæðuskorts. 800 millj. manna í veröldinni búa við svo ömurlega fátækt að ekki nokkur lífsreynsla Íslendings kemst í námunda við það ömurlega líf, ef líf skyldi kalla.

Hæstv. utanrrh. vitnaði í skýrslu sinni í ummæli framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna um þessa þróun í heiminum og um þá kröfu sem verður að gera til þess að samningar milli iðnaðarríkjanna og hinna fátækari ríkja Suðurheimsins nái fram að ganga. Ef ekki verður í þeim málum grundvallaruppstokkun á næstu 10—20 árum verður sú veröld, sem við komum til með að búa í á seinasta hluta þessarar aldar, ofin slíkum örlagaþráðum að enginn okkar hér í þessum sal getur gert sér grein fyrir því, hvað kann í því að búa. Að þessum málum víkja þessir hv. þm. ekki. Birgir Ísl. Gunnarsson hefur ekki áhuga á að ræða fátæktina í heiminum. Hann hefur ekki áhuga á að ræða það, að næstum því 1000 millj. manna í heiminum búa við árstekjur sem eru 75 bandarískir dollarar. Hann hefur ekki áhuga á að ræða það, að í heiminum eru 500 millj. manna sem hafa ekki nægilegt vatn. Hann hefur ekki áhuga á að ræða það, að bilið milli hinna fátækari og ríku þjóða heimsins er sífellt að breikka. Nei, þessi mál eru ekki á utanríkismáladagskrá Sjálfstfl. Hv. þm. er enn, eins og ég sagði þegar ég greip fram í fyrir honum í ræðu hans, staddur á uppeldisnámskeiðunum í Heimdalli þar sem Atlantshafsbandalagið, NATO, og utanríkismál voru eitt og hið sama.

Það kom greinilega fram í ræðu Geirs Hallgrímssonar og enn frekar í ræðu hv. þm. Birgis Ísl. Gunnarssonar að það, sem þjáir Sjálfstfl. á Íslandi, er greinilega það, að Atlantshafsbandalagið er slíkur hornsteinn í þeirra heimssýn að þeir sjá bókstaflega ekkert annað. Ég er hins vegar meira hissa á því, að hv. þm. Eiður Guðnason, sem telst þó til hinnar sósíaldemókratísku alþjóðlegu hreyfingar, eins og greinilega má sjá á þeirri bindisnælu sem hann ber daglega í þingsölum og ber merki þeirrar rósar sem jafnaðarmenn í Evrópu hafa gert að sínu merki, skuli ekki telja nauðsynlegt, líkt og jafnaðarmenn gera í mörgum nágrannalöndum okkar, þegar hann kveður sér hljóðs á Alþingi Íslendinga um skýrslu utanrrh., að koma inn á þessi mál. (**EG:** Það verður ekki allt sagt í einni prédikun, hv. þm.) Nei, það er auðvitað rétt. En þegar menn hafa stuttan ræðutíma velja menn það sem mönnum finnst mikilvægast. Ég hélt að sú veröld, þar sem hundruð milljóna manna eru að deyja úr sárri fátækt, væri e. t. v. meira áhyggjuefni þessum ágæta þm. en örlög okkar sem erum hér um sinn talsmenn Alþb. En það var greinilegt að honum var meira í mun að ræða landsfund Alþb. og ræða pólitísk örlög okkar en milljónirnar í heiminum sem eru að deyja úr hungri.

Samskipti stórveldanna á sviði afvopnunar eða hervæðingar — hvorugur þessara hv. þm., Birgir Ísl. Gunnarsson eða Eiður Guðnason, gerði þá kafla í skýrslu utanrrh. að sérstöku umræðuefni. Þó tel ég að í þeim kafla hafi hæstv. utanrrh. Ólafur Jóhannesson lagt fram sjónarmið sem séu að mörgu leyti góð varnaðar- og viðvörunarorð gagnvart þeim öflum sem hafa verið að reyna að draga úr þeim árangri sem þarf að nást, verður að nást í afvopnunarmálum Evrópu og veraldarinnar allrar. Það er alger misskilningur, hv. þm. Eiður Guðnason, að við Alþb.-menn séum á móti utanríkisstefnu þessarar ríkisstj. Það sýnir best þá þröngu heimssýn, sem kemur fram hjá þessum tveimur ágætu þm., að NATO er í þeirra augum heimurinn. Utanríkismál eru NATO og ekkert annað. Ef menn eru á móti NATO eru menn á móti utanríkismálum. Þessir tveir hv. þm. hafa ekki lesið skýrslu utanrrh. Ef þeir hafa gert það telja þeir, greinilega af einhverjum undarlegum ástæðum sem væri mjög æskilegt að fá upplýst hér í umr., ekki nauðsyn að snerta á þessum málum.

Það er margt í þessari skýrslu hæstv. utanrrh. sem ég er algerlega sammála og Alþb. er algerlega sammála: þau sjónarmið sem koma fram í þessari skýrslu um hinar svokölluðu norður-suður-viðræður, margt af því sem kemur fram í þessari skýrslu um afvopnunarviðræðurnar og ég veit nú ekki hvort ég má segja það, því að það verður sjálfsagt misskilið, en ég ætla að gera það samt, viðhorf hæstv. utanrrh. til þeirrar ræðu sem Brésneff flutti á þingi kommúnistaflokksins. Ég segi þetta ekki vegna þess að ég sé sammála öllu eða mörgu af því sem kom fram í þeirri ræðu. Ég tel það hins vegar alveg hárrétt mat — (**EG:** Hjá Brésneff eða utanrrh.?) hjá utanrrh., að margt í þessari ræðu fól í sér athyglisverðan blæbrigðamun og hugmyndir sem vert er að leggja eyrun við og skoða, eins og hæstv. utanrrh. sagði. Þess vegna er það algerlega rangt hjá hv. þm. Eiði Guðnasyni að Alþb. sé á móti utanríkisstefnu þessarar ríkisstj.

Það er hins vegar ýmislegt í þeirri utanríkisstefnu, sem hæstv. ráðh. hefur fylgt, sem við erum ekki ánægðir með. Það er af eðlilegum ástæðum, vegna þess að Alþb. er hér á Alþ. í minni hl. með afstöðu sína til Atlantshafsbandalagsins og afstöðu sína til herstöðvarinnar. Við erum líka í minni hl. hér á Alþingi með afstöðu okkar til ríkisstjórnar Pol Pots, en það væri dálítið gaman að fá hv. þm. Birgi Ísl. Gunnarsson hér upp í ræðustólinn og útskýra hvers vegna hann styður Pol Pot. Birgir Ísl. Gunnarsson og Eiður Guðnason eru meðal stuðningsmanna Pol Pots á Alþingi Íslendinga og hafa þó fáir verið eins miklir fjöldamorðingjar gagnvart heilli þjóð á undanförnum áratugum og Pol Pot. Ég óska eftir að þessir tveir hv. þm. rökstyðji það hér, hvers vegna flokkar þeirra styðja ríkisstj. Pol Pots.

Það er einn þáttur í þessari utanríkismálaumr. sem endurspeglar mjög vel vissan grundvallarágreining. Öðrum finnst e. t. v. dálítið hjákátlegt að vera að draga þetta inn í umr., en það er þó grundvallaratriði fyrir margar þjóðir heims hvaða afstöðu menn hafa gagnvart ríkisstj. Pol Pots. Það er jafnvel svo langt gengið að það hefur birst leiðari í Morgunblaðinu þar sem ritstjórum Morgunblaðsins leið greinilega mjög illa yfir því, að þeir voru allt í einu komnir í selskap með mönnum sem voru bandamenn Pol Pots. En af því að við erum að ræða hér utanríkismálastefnu Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu og Alþfl. beini ég því til þessara tveggja ágætu þm. að þeir útskýri hvers vegna þeir og flokkar þeirra styðji ríkisstj. Pol Pots.

Þegar við tökum til meðferðar utanríkismál er þar auðvitað margt fleira, sem er nauðsynlegt að fjalla um, en samningur Íslendinga við Bandaríkin, herstöðvamálið og aðildina að Atlantshafsbandalaginu. Ég tel það

einmitt meginkost þessarar skýrslu sem hæstv. utanrrh. hefur lagt hér fram. Ég segi það sérstaklega vegna þess að þegar ég kom fyrst á Alþingi gagnrýndi ég þá skýrslu sem þáv. utanrrh., Benedikt Gröndal, lagði fram og var ég þó stuðningsmaður þeirrar ríkisstj. á sama hátt og ég er stuðningsmaður þessarar ríkisstj. En þá gagnrýndi ég þá skýrslu, sem hæstv. þáv. utanrrh. Benedikt Gröndal lagði fram, vegna þess að hún var ómerkilegt plagg. Hún var greinilega afrakstur skrifstofumennsku, lítillar og ófrumlegrar hugsunar. Það var ekki í henni nein pólitísk sýn. Það sjónarmið setti ég fram þótt ég væri stuðningsmaður þeirrar ríkisstj. En ég vil segja það um þessa skýrslu, að í henni er hins vegar að finna gagnvart mörgum þeim mikilvægustu málum, sem þjóðir heims þurfa að glíma við á allra næstu misserum og árum og verða að glíma við ef við ætlum að búa við frið og öryggi, sæmilega heilbrigt samstarf þjóða í milli, — í þessari skýrslu er að finna ákveðna pólitíska sýn gagnvart samskiptum norðurríkjanna, hinna ríku ríkja, og fátæku ríkjanna, gagnvart afvopnunarviðræðunum og ýmsum af þeim málum sem talin eru grundvallarmál í utanríkismálaumræðum á Vesturlöndum. Ég er sammála þeirri pólitísku sýn sem þarna kemur fram.

Ég veit að ég þarf ekki að rekja það hér úr þessum ræðustól, það vita það allir, að við hæstv. utanrrh. erum ekki sammála um allt. Við höfum oft deilt, það er vissulega rétt, og deilum enn. En ég vil samt sem áður ekki láta hjá líða að láta það koma fram, vegna þess að ég tel málin svo stór og svo alvarleg, ekki bara fyrir okkar þjóð, heldur fyrir þjóðir veraldarinnar almennt, að um þá grundvallarhugsun, sem kemur fram í þessum tveimur stærstu málum, er ég algerlega sammála þeim grundvallarsjónarmiðum sem koma fram í skýrslu hæstv. utanrrh. Ég held að það væri mjög nauðsynlegt og mjög gagnlegt fyrir Alþingi Íslendinga, sérstaklega þessa útkjálkaþm. sem hér töluðu áðan og halda að veröldin sé Alþb. Því miður gerir veröldin það ekki. Alþb. er mjög lítill hluti af þessari veröld. En það virðist samkv. ræðum þessara tveggja síðustu þm. að þegar á að ræða utanríkismál, sem eru annað heiti yfir málefni heimsbyggðarinnar, sé Alþb. það eina sem kemst á þeirra umræðudagskrá. Ég held að það sé nauðsynlegt að Alþingi Íslendinga fái tíma til að ræða þessi mál, ræða t. d. Madridráðstefnuna, undirbúning hennar, umfjöllun mála þar, þær afstöður sem þar koma fram, fái tækifæri til að ræða þær tillögur sem hinar ýmsu þjóðir hafa þar lagt fram, fái tækifæri til að fá fram skýrslu um mismunandi viðhorf einstakra ríkja til staðsetningar kjarnorkuvopna í Evrópu, fái tækifæri til að kynnast því, hvers vegna Bandaríkin og önnur iðnríki stóðu gegn árangri í síðustu tilraun Sameinuðu þjóðanna til að fá fram einhvern viðunandi árangur í norður-suður-viðræðunni, og til að fá fram hér á Alþingi Íslendinga hver verður afstaða Íslendinga þegar næsta umferð þeirrar umræðu fer fram á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, það sem á ensku er kallað Global Round. Hver verður afstaða Íslendinga? Hver er afstaða íslensku þjóðarinnar?

Vissulega erum við fáir. Vissulega erum við ekki mikið afl í veröldinni. En við höfum þó um það fjölmörg dæmi að þjóðir heimsins fylgjast mjög náið með því, hvað hver og einn segir á alþjóðavettvangi um þessi málefni.

Hingað komu í landhelgisdeilunum í upphafi síðasta áratugs fulltrúar frá Einingarsamtökum Afríkuríkja. Það þóttu nokkuð undarlegir gestir hér á Íslandi, en þessar Afríkuþjóðir voru samt sem áður fyrstu erlendu þjóðir sem hingað sendu menn til að lýsa yfir stuðningi við málstað okkar Íslendinga í landhelgismálinu. Þessar þjóðir spyrja um stuðning okkar í þeirra landhelgisstríði, landhelgisstríði í óeiginlegri merkingu þess orðs, en er þó eins mikið lífsspursmál fyrir þessar þjóðir og landhelgisstríðið var fyrir okkur, vegna þess að meðal þessara þjóða, eins og áður hefur hér komið fram, deyja daglega hundruð og þúsundir manna úr hungri. Meðal þessara þjóða eru borgir með milljónir íbúa sem hafa ekki drykkjarvatn til nota fyrir íbúa sína. Meðal þessara þjóða eru stór landssvæði að blása upp. Orkukreppan í þessum löndum er ekki af því tagi sem við erum að ræða um hér, þar sem menn deila um hvað eigi að virkja margar stórvirkjanir á næstu árum. Orkukreppan í þessum löndum er fólgin í því, að á hverjum degi ver heimilisfólkið í hundruðum millj. heimila meginhluta af sínum degi til að safna spreki og tína upp þurran dýraskít til að hafa eldivið til að sjóða vatnið að kvöldi og byrja svo aftur næsta dag að leita að nýjum sprekum og nýjum þurrum leifum dýranna til að geta lifað vikuna af. En um leið og þeir eru að leysa orkukreppu sína á þennan hátt blæs landið upp og skógarnir eyðast þannig að í þessum heimshluta eyðist á hverju ári landssvæði sem er helmingur af stærð alls Stóra-Bretlands, vegna þess að fólkið gengur um í þúsundum millj. og safnar sprekum með þessum hætti, að eyðimörk verður á hverju ári landsvæði á stærð við Belgíu.

Við skulum gera okkur grein fyrir því, að innan 20 ára bætast við í veröldinni 2 milljarðar manna. Það er jafnmikill fjöldi og var búandi á jörðinni við upphaf aldarinnar. Á næstu 20 árum bætist jafnmikið við. Meginhluti þessa fólks verður á þeim landsvæðum og í þeim heimshlutum sem búa við þessi skilyrði sem ég var hér að lýsa. Vatn, sem við Íslendingar teljum til svo sjálfsagðra hluta að við leiðum varla hugann að því að það kunni að ganga til þurrðar, er að ganga til þurrðar fyrir þúsundir milljóna í veröldinni á næstu árum. Á næstu 20 árum mun ganga til þurrðar 1/3 af vatnsforðabúri veraldarinnar á hvert mannsbarn. Þá verða tugir landa í veröldinni sem hafa náð því að nýta hámark af öllum þeim vatnsforða sem þau eiga völ á. Það eru ekki þessi mál sem hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson og Eiður Guðnason taka til umr. hér, þótt vissulega sé að þeim vikið í skýrslu hæstv. utanrrh. og hann vitni í þau alvarlegu, en hrikalegu orð sem aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna hefur viðhaft um þessa þróun. Það munu fara fram innan tíðar formlegar viðræður þjóða heims um þessi mál. Þá verður spurt um afstöðu Íslendinga.

Hæstv. utanrrh. hefur lagt fyrir Alþingi frv. um Þróunarsamvinnustofnun — frv. sem Benedikt Gröndal tókst ekki að ljúka í allri sinni ráðherratíð þótt hann væri sífellt að fá frestað hér á Alþingi kjöri manna í stjórn þessarar stofnunnar. Alþfl. skildi við stjórnarráðið eftir eitt og hálft ár án þess að formaður hans hefði komið því í verk að leggja þetta frv. fram. Nú er Alþingi að afgreiða frv. Ég tek undir það með hæstv. utanrrh., að það verður prófraun á raunverulegan vilja Íslendinga hvað snertir framlag okkar til friðar og farsældar í heiminum hvort við höfum kjark, þor, vilja og getu til að auka á næstu árum framlag okkar úr því hneykslanlega lágmarki sem það er í og allir flokkar hér bera sök á. Það verður prófsteinn. Ég vona að allir flokkar hafi til að bera þann skilning á því, hvert stefnir í þessum efnum í veröldinni, að við

getum rétt þarna við. Ég get fullvissað menn um það, eftir viðræður sem ég hef átt við forsvarsmenn stofnana Sameinuðu þjóðanna og fulltrúa frá mörgum þessara ríkja, að menn líta á þessar tölur, menn spyrja hvar Ísland sé í þessari röð, og við erum mjög neðarlega.

Ég held að það sé nauðsynlegt, herra forseti, að Alþingi Íslendinga fái — ekki nú á þessu þingi, heldur á næsta þingi — raunverulegan tíma til að fjalla um þessi stóru mál, sem aðeins er vikið að í skýrslu hæstv. utanrrh. og þeir, sem töluðu hér fyrst á eftir ráðh. fyrir nokkrum dögum, viku að vísu aðeins að, en er greinilegt að virðast vera að falla út úr umr. eftir þær ræður sem þeir tveir þm., sem hér hafa talað í kvöld, hafa flutt. Þessi mál verðum við að ræða. Við verðum að ræða þau. Við getum ekki látið það spyrjast að á Alþingi Íslendinga séu hvorki afvopnunarmálin né samskipti Norðurs og Suðurs tekin til alvarlegrar umræðu.

Það er vissulega rétt, sem hér hefur komið fram í umr., að við Íslendingar erum þjóð friðarins. Við höfum ekki haft her í okkar landi og við höfum verið frábitnir því að afla okkur þekkingar á þeim efnum, hvað þá að þjálfa fólk til þeirra verka að drepa aðra menn. Það er hins vegar nauðsynlegt að menn fylgist með því sem er að gerast á þessum sviðum í veröldinni. Ég verð að segja það, með allri virðingu fyrir þeim NATO-flokkanna sem hafa talað í þessum umr., bæði fyrrv. forsrh. Geir Hallgrímssyni, fyrrv. utanrrh. Benedikt Gröndal og þeim tveimur ágætu þm. sem hér hafa talað í kvöld, að það er merkilegt að allir þessir menn skuli komast í gegnum þessar umr. án þess að minnast einu orði á þá nýju stöðu sem verið hefur að koma upp í hervæðingarmálum Evrópu og kjarnorkuvopnakerfinu í Evrópu. Hafa þessir menn ekki heyrt forsetaúrskurð nr. 59, sem Carter Bandaríkjaforseti gaf út? Vita menn ekki hvað þessi úrskurður þýðir? Vita menn ekki hvað þessi úrskurður þýðir? Vita menn ekki hvers konar þáttaskil hann mótar í hernaðarstefnu Bandaríkjanna? Hafa þessir menn ekki heyrt um andstöðuna við staðsetningu Pershing-eldflauganna? Vita menn ekki hvers vegna sú andstaða er til komin? Hafa þessir menn ekki heyrt um að fyrir nokkrum vikum kom saman í Þýskalandi yfir 200 manna fundur þar sem voru saman komnir tugir hernaðarsérfræðinga, fyrrv. herforingjar NATO og annarra ríkja, stjórnmálamenn og aðrir? Meginniðurstaða allra þessara manna, — frá Bandaríkjunum komu yfir 60 fulltrúar, sérfræðingar, herforingjar og aðrir sem sóttu þessa ráðstefnu, sem haldin var í Gröningen, og annað eins frá öðrum NATO-ríkjum, — meginniðurstaða þessarar ráðstefnu var sú, að nauðsynlegt væri fyrir Evrópu að segja nei við þeirri grundvallarhernaðarstefnu sem bandaríska stjórnin hefur verið að taka upp á undanförnum misserum og árum. Þessi stefna felur í sér að Bandaríkin eru að búa sig í það að geta háð takmarkað kjarnorkustríð í Evrópu, eða m. ö. o.: að geta háð hér á vígvelli Evrópu stríð sem líkt og síðari heimsstyrjöldin væri fyrst og fremst á kostnað Evrópubúa, en væri ólík síðari heimsstyrjöldinni hvað það snertir að það yrði kjarnorkustríð.

Forsetaúrskurður nr. 59 varð opinbert stefnuskrármál Bandaríkjastjórnar þegar Carter ákvað það og spurði ekki hinn nýja utanrrh. sinn, Muskie, að því. Það lá við að Muskie segði af sér þegar hann frétti að Carter hefði gefið út þennan forsetaúrskurð að utanrrh. forspurðum. Þessi úrskurður felur í sér viðurkenningu á því, að Bandaríkjamenn ættu að miða hernaðaruppbyggingu sína við takmarkað kjarnorkustríð, þ. e. að víkja frá því sem hv. þm. Geir Hallgrímsson hefur löngum kallað hér ógnarjafnvægið og hælt mjög hér í ræðum og talið hornsteininn í utanríkisstefnu Íslendinga sem og annarra NATO-ríkja. Bandaríkjamenn hafa nú formlega ákveðið að víkja frá þessum hornsteini. En það er ekki víst að hv. þm. Geir Hallgrímsson eða Birgir Ísleifur hafi heyrt um það, eða þá þeir vilja draga fjöður yfir þá staðreynd, að í stað þess að miða hernaðaruppbygginguna nú við gagnkvæma gereyðingu stórborganna hvor hjá öðrum, eins og uppbygging kjarnorkueldflauganna hefur verið miðuð við hingað til, á að miða hernaðaruppbygginguna við að geta bundið kjarnorkuátökin við mjög afmörkuð svæði fjarri ströndum þess stórveldis sem kjarnorkustríðið heyr. Ég spyr þessa hv. þm.: Hvar hafa þessir menn verið? Fylgjast þeir ekki með umr.? A. m. k. eru alþjóðleg tengsl Alþfl. á Íslandi nægileg til þess að Alþfl.-menn ættu að átta sig á því, hvaða straumar eru í jafnaðarmannaflokknum á Norðurlöndum, hvaða straumar eru í jafnaðarmannaflokknum í Þýskalandi og hvaða straumar eru í jafnaðarmannaflokknum í Frakklandi? Hverjir eru þessir straumar? Þeir fela það í sér, að með hverri viku bætast nýir hópar og nýir einstaklingar í þá sveit manna sem vill hafna fyrir hönd Evrópu þeirri hernaðarstefnu sem Bandaríkjamenn hafa fylgt. Það voru ekki Bandaríkin sem vildu gera samninga um afvopnun að kröfu fyrir staðsetningu Pershing-eldflauganna í Evrópu. En hæstv. utanrrh. er nýkominn af utanrrh.-fundi NATO þar sem voru utanrrh. nokkurra Evrópu-ríkjanna, m. a. úr þessum jafnaðarmannaflokkum, sem knúðir af gagnrýninni og umræðunum í eigin flokkum reyrðu það við þá ályktun, sem Haig kom með frá Washington, að viðræður um afvopnun væru óhjákvæmilegur þáttur í því sem afstaðan þyrfti að byggjast á.

Hv. þm. Eiður Guðnason sagði að við hefðum haldið því fram í Alþb., að herstöðin á Íslandi hefði nýlega breytt um eðli, og það væri það eina sem við hefðum sagt um þetta mál. Ég vil gjarnan — til að upplýsa hv. þm., enda óskaði hann sérstaklega eftir því — gera honum skýra grein fyrir því, hvað við höfum sagt um þetta efni. Við höfum sagt að fyrir 15—20 árum hafi hafist hér sú breyting sem hv. þm. Eiður Guðnason vissulega vék að í sinni ræðu, að Bandaríkjamenn tóku að breyta herstöðinni, breyta þeirri starfsemi, sem hún hafði fyrst og fremst miðast við frá styrjaldarlokum, og tengja hana kafbátahernaðinum á Norður-Atlantshafi. Hvað var þessi kafbátahernaður á Norður-Atlantshafi? Jú, hann var einn meginþátturinn í uppbyggingu kjarnorkuvopnakerfisins á Norður-Atlantshafi. Þeir kaplar, sem hv. þm. Eiður Guðnason gerði að umræðuefni áðan og vissulega eru til, eru þó ekki meira til en svo að Bandaríkjastjórn afneitar þeim. Hv. þm. Eiður Guðnason hefur aldrei fengist til að viðurkenna formlega að SOSUS-kerfið væri hér á Íslandi. Svo kemur hv. þm. Eiður Guðnason og segir: Þetta vita allir. Formlega séð neitar Bandaríkjastjórn þó að gefa nokkrar upplýsingar um hvort hér sé SOSUS-kerfi eða ekki, en SOSUS-kerfið er heitið yfir það kafbátahlustunarkerfi sem byrjað var að leggja frá ströndum Íslands upp úr 1960. Ég er nokkurn veginn viss um — að vísu er það bara trúa mín, ég hef engar heimildir fyrir því — en ég er nokkurn veginn viss um að sá utanrrh. Alþfl., sem þá fór með völd, hefur ekki fengið miklar skýringar á því, að með því að

leggja þessa kapla væri verið að stíga fyrsta skrefið í að tengja Ísland við kjarnorkuvopnakerfi Bandaríkjanna.

Kjarnorkuvopnakerfi er sett saman úr mjög mörgum þáttum og sprengjan sjálf er bara lítill hluti þess kerfis. Í raun og veru er eðli þess á þann veg, að án ýmissa tæknilegra stuðningsþátta og hliðarþátta í því kerfi væri óhugsandi að beita sprengjunni með þeim hætti sem menn vilja gera, þeir sem árangri vilja ná í stríðsátökum milli þjóða. Það er einmitt þessi hliðartækni, þessi þjónusta við kjarnorkuvopnakerfið, sem er meginforsenda þess, að það geti starfað, ef má nota svo almennt orð yfir slíkan óhugnað. Þegar SOSUS-kerfið var hér lagt upp úr 1960 voru stigin fyrstu skref í að tengja Ísland inn í það sem á ensku er kallað anti-submarine warfare á Norður-Atlantshafi og að meginhluta er byggt upp á gagnkvæmu kjarnorkukafbátakerfi stórveldanna, bæði Sovétríkjanna og Bandaríkjanna. Það er vissulega rétt hjá hv. þm. Eiði Guðnasyni, að lengi vel var þetta meginþáttur þess sem NATO-sinnar kalla framlag Íslands til þessa kerfis, en á síðari árum hafa hins vegar verið að bætast inn í þetta kerfi fleiri hlekkir. Á lokaári valdaferils síns samþykkti ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar tvo slíka nýja hlekki, — hlekki sem eru þess eðlis að þeir stíga enn frekari skref, mun stærri skref í þá átt að gera Ísland að lykilþætti í þessu kjarnorkuvopnakerfi Bandaríkjanna á Norður-Atlantshafi. Er ég þá ekki að ræða um sprengjuna sjálfa, heldur kjarnorkuvopnakerfið sem samfellt vígbúnaðarnet.

Hver voru þessi tvö skref sem ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar samþykkti?

Fyrra skrefið var að samþykkja endurnýjun á gervihnattafjarskiptabúnaði Bandaríkjanna hér á Íslandi og fullkomna enn frekar þau fjarskiptatengsl sem herstöðin hér getur haft við vígbúnaðarkerfi Bandaríkjanna um veröldina alla. (**EG:** Sem við höfum notið góðs af þegar sæsímastrengirnir hafa slitnað.) Það getur vel verið að hv. þm. Eiður Guðnason geti huggað sig við að hann geti notið góðs um stundarsakir af þeim búnaði sem ætlað er í framtíðinni að auðvelda að drepa fólk. (**EG:** Ekki bara ég, Alþb. líka.) Alþb. hefur aldrei hælt sér af því. En stutt er nú orðið í þá óhugnanlegu afstöðu, að jafnvel ef við getum haft eitthvað gott af þeim búnaði, sem ætlað er að drepa annað fólk, sé hann af hinu góða.

Hinn þátturinn í þeirri ákvörðun, sem ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar tók, var að samþykkja staðsetningu AWACS-flugvélanna hér á Íslandi. AWACS-flugvélarnar, hvað er það? Undarleg skammstöfun sem hljómar illa á íslenskri tungu. Furðuverk sem íslenskir stjórnmálamenn hafa sjálfsagt, þegar þeir samþykktu staðsetningu þeirra hér, ekki fengið miklar upplýsingar um hvað væri annað en að hér væru á ferðinni einhvers konar radarflugvélar sem væru nokkru fullkomnari en þær flugvélar, sem hefðu verið hér áður, eða þær radarstöðvar, sem staðsettar væru á jörðinni. Hv. þm. Benedikt Gröndal flutti hér í sinni ræðu skýringar á þessu. Vissulega er rétt að þetta er einn af þeim þáttum sem felast í framlagi AWACS-flugvélanna til hernaðarkerfisins. En AWACS-flugvélarnar eru meira. Ef hv. þm. Geir Hallgrímsson hefði ekki tekið aftur fyrir nokkrum vikum þann úrskurð sem ég hélt að hann hefði látið hér fram þegar hann aflétti því banni af utanrmn. að ræða för okkar á Keflavíkurflugvöll, þá væri gaman að skýra hér frá því þegar einn af hinum íslensku þm. fór að spyrja út í AWACS-flugvélarnar. Það ætla ég ekki að gera hér vegna þess að formaður n. tók aftur sinn fyrri úrskurð og lagði bann á það sem sagt var.

Við þurfum þess ekki vegna þess að svo vill til að ýmsir sérfræðingar á þessu sviði, sem starfa við viðurkenndar alþjóðlegar rannsóknarstofnanir og hafa haft aðgang að hernaðarskjölum Atlantshafsbandalagsins og herja þess og eru innanbúðar í þeirri umræðu sem fer fram um hermálefni í veröldinni, hafa smátt og smátt á síðasta ári verið að létta hulunni af því, hvað í AWACS-vélunum felst. Þegar AWACS-flugvélarnar voru fyrst seldar til Saudi-Arabíu fyrir um það bil ári sagði hið virta fréttablað Financial Times að nánast lítið sem ekkert væri vitað um hvers konar verkefnum AWACS-vélarnar gætu sinnt. Hernaðarfréttaritari Financial Times, sem er, eins og ég sagði áðan, meðal virtustu fréttablaða á Vesturlöndum, birti á forsíðu þessa blaðs, þegar AWACS-flugvélarnar voru sendar til Saudi-Arabíu, þá niðurstöðu, að lítið sem ekkert væri vitað um þau verkefni sem þessum vélum væri ætlað að sinna. En síðan hefur smátt og smátt verið svipt hulunni af. Það, sem hefur verið að koma í ljós að dómi mjög margra sem um þetta hafa fjallað, er að AWACS-flugvélarnar eru í senn fullkomnasta upplýsingatæki, sem flugfloti Bandaríkjanna hefur yfir að ráða, og fullkomnasta stjórntæki í flugárás, sem bandarískt flugherinn hefur yfir að ráða. Bandarískt flugherinn hefur ekki yfir að ráða háþróaðra stjórntæki til árásar. (**EG:** Eða varna.) Til árásar. Það er vissulega rétt, hv. þm. Eiður Guðnason, að ýmis af þeim tækjum, sem notuð eru til árásar og notuð eru til varnar, geta verið hin sömu. Hins vegar er það þó ljóst og er einn af þeim mjög mikilvægu þáttum sem setja svip sinn á kjarnorkuvopnaumræður á undanförnum árum, og ég hélt að hv. þm. vissi það, að gerður er mikill greinarmunur á því, hvort tækin eru þeirrar tegundar að þau hafa það sem á ensku er kallað „first strike capability", geta hafið kjarnorkuárás á annað ríki, eða hvort þeim er eingöngu ætlað að vera til varnar ef einhver annar aðili hefur slíka árás. Öll meginumræða um kjarnorkuvopnauppbygginguna í veröldinni hefur einmitt byggst á þessum mun. Og niðurstöður fræðimanna — ég get nefnt einn, Owen Wilks, hann starfar við Friðarrannsóknarstofnunina í Stokkhólmi og hefur nýlega birt um þetta grein þar sem hann vitnar í ýmis ummæli bandarískra herforingja um þessi efni og þátt AWACS-flugvélanna í heræfingum Atlantshafsbandalagsins, — þær eru í eðli sínu staðfesting á því, að Bandaríkin ætla sér að hafa þann möguleika að geta hafið kjarnorkuvopnastríð í norðurhluta Evrópu.

Ég ætla ekki að taka einhver ja endanlega afstöðu með því, hvort þetta sé fullkomlega rétt. Ég er ekki hernaðarsérfræðingur. En ég les erlend blöð. Ég les erlend fræðitímarit. Ég les ýmislegt af þeim efniviði sem þeir sérfræðingar á Vesturlöndum, sem um þessi mál fjalla, og færustu blaðamenn, sem starfa við virtustu fréttablöð á Vesturlöndum, láta frá sér fara um þessi efni. Sú niðurstaða, sem ég get lesið út úr þeirri umræðu á síðustu mánuðum, er fyrst og fremst sú, að staðsetning AWACS-vélanna felur í sér formlega viðurkenningu á því, að á því landsvæði ætlar staðsetningaraðilinn, þ. e. Bandaríkin, sér að hafa opinn þann möguleika að geta hafið árás.

Stuðningsmenn Atlantshafsbandalagsins hafa ávallt sagt það hér, og það var eitt af þeim skilyrðum sem Íslendingar settu þegar herinn kom hingað á sínum tíma,

að hér ætti að vera varnarstöð, en ekki árásarstöð, hér ætti eingöngu að vera aðstaða til varnar, en ekki til árásar. Ég held að hvað svo sem líður ágreiningi okkar um samninginn við Bandaríkin sé spurningin um AWACS-flugvélarnar á borðum okkar allra. Það væri ábyrgðarleysi af hálfu stuðningsmanna Atlantshafsbandalagsins hér á Íslandi að kynna sér ekki það sem ýmsir færustu sérfræðingar og blaðamenn um þessi efni eru að segja. Er það virkilega rétt að staðsetning þessara flugvéla hér feli það í sér, að Bandaríkin séu á þann hátt að reyna að útfæra forsetaúrskurð nr. 59 í þessum hluta Norður-Evrópu? Owen Wilks gekk svo langt að líkja þeim svæðum, sem AWACS-flugvélar væru staðsettar á, við mestu hættusvæði í styrjaldarátökum í Evrópu, og hann bar saman Murmansk annars vegar og heimavöll AWACS-flugvélanna hins vegar. Ég tek ekki afstöðu til þeirra orða. En það eru stór orð. Það er mikil yfirlýsing. Það er a. m. k. nokkuð athyglisvert að Bandaríkjamenn hafa flutt AWACS-flugvélarnar til þeirra svæða þar sem þeir hafa talið styrjaldarátökin og hættuna vera mesta.

Menn tala mikið um sovéska flotann og oft af mikilli vanþekkingu. Ég ætla ekki að gera lítið úr honum hér. En ég ætla að nefna nokkrar staðreyndir sem er nauðsynlegt fyrir menn að hafa í huga þegar menn eru að endurtaka sífelldar ógnarsögur af sovéska flotanum. Vita menn hvað stór hluti sovéska flotans, kjarnorkukafbátaflota Sovétríkjanna, er í notkun á hverjum tíma? Vita menn það? Hvað halda menn að það sé? 70% eins og hjá Bandaríkjunum? Það eru 70% af kjarnorkukafbátaflota Bandaríkjanna á Norður-Atlantshafi í notkun á hverjum tíma. En hvað halda menn að það sé stór hluti af flota Sovétríkjanna? (**FrS:** Þú veist það betur en við.) Ja, ég veit það vegna þess að ég les erlend blöð. Ég les m. a. Scientific American, sem er eitt virtasta vísindarit sem er gefið út fyrir almenning í Bandaríkjunum. (**Gripið fram í:** Það er varhugavert að trúa öllu sem sett er á prent.) Það er vissulega alveg rétt, það er varhugavert, en ég nefni það hér vegna þess að það er greinilegt að þm. hafa ekki heyrt þetta. — En samkv. grein í Scientific American er talið að aðeins um 11% af kjarnorkukafbátaflota Sovétríkjanna séu í notkun á hverjum tíma. Sumir aðrir fræðimenn hafa nefnt töluna 15%. Og hver er ástæðan? Ástæðan er í raun og veru ósköp einföld. Það er ekkert dularfullt við þessa tölu. Ástæðan er einfaldlega sú, að Sovétríkin hafa ekki áhafnir. Þau hafa ekki nægilega margt þjálfað fólk. Þau hafa ekki áhafnir á þá kjarnorkukafbáta, sem þau eiga, til að geta haldið þeim úti. Þess vegna er það almennt viðurkennd staðreynd af þeim sérfræðingum, sem um þessi mál fjalla, að á hverjum tíma séu einn eða tveir sovéskir kafbátar af þessu tagi í umferð hér í kring. (**Gripið fram í:** Mikil er trú þín, kona.) Ég er ekkert að tala um trú í þessu. Ég sagði að það væri álit þeirra manna sem gerst þekkja. Ef hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson getur nefnt einhvern sérfræðing og leitt hann hér fram sem telur að það séu fleiri að jafnaði í umferð á svæðinu hér í kring þá vil ég gjarnan fá að vita það vegna þess að ég vil frekar hafa það sem sannara reynist í þessum umr. Ég tel að Alþb. sé eini flokkurinn hér á Íslandi sem vilji skoða þessa hluti af raunsæi, en ekki hv. þm. eins og Birgir Ísl. Gunnarsson, sem hafa verið aldir upp í Heimdalli í trú á NATO, trú á Atlantshafsbandalagið, trú á Bandaríkin. Það var sú trú sem gerði það að verkum að hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson trúði því ekki í árarаðir að Bandaríkjamenn væru að gera neitt rangt í Víetnam. Það er sú trú sem gerir það að verkum að hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson minnist ekki á El Salvador í sínum ræðum og ekki heldur hv. þm. Eiður Guðnason. Hvers vegna minnast hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson eða Geir Hallgrímsson ekki á El Salvador þótt hæstv. utanrrh. hafi vissulega gert það í sinni skýrslu og gert það réttilega og gert það vel? Þá forðast talsmenn Sjálfstfl. að nefna El Salvador vegna þess að þeir standa með auðstéttinni þar sem er að drepa í hverjum mánuði hundruð og þúsundir manna til að verja rétt sinn til áframhaldandi auðs. Það eru fáeinar fjölskyldur í El Salvador sem í krafti morða og hervalds eru að halda auðnum frá hinu fátæka fólki sem þar er. (**BÍG:** Afganistan hefur ekki verið nefnt á nafn í heilan klukkutíma hjá hv. þm. í þessari ræðu hans.) Það er langt síðan Alþb. tók afstöðu til Afganistans og Alþb. hefur líka tekið afstöðu til El Salvadors. Við erum ekkert feimnir við að tala um þau mál. Ég skal vissulega ræða Afganistan við þm. eins lengi og hann vill. Ég er hins vegar að nefna hér nokkur dæmi um að afstaða Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu, afstaða Morgunblaðsins í utanríkismálum á undanförnum áratugum, hefur ávallt tekið mið af hagsmunum Bandaríkjamanna á hverjum tíma.

Morgunblaðið studdi stríðið í Víetnam. Birgir Ísl. Gunnarsson studdi stríðið í Víetnam, en það er feimnismál núna. Það væri gaman að lesa leiðarann úr Morgunblaðinu um stuðninginn við stríðið í Víetnam. Staðreyndin er sú, að þessir ágætu þm. og þeir flokkar, sem þeir eru fulltrúar fyrir, hafa allt of mikið lokað augunum og trúað blint á það sem einhverjir útlendingar segja þeim. Það var mjög skemmtilegt að heyra hv. þm. Birgi Ísl. Gunnarsson vitna hér í opinberan talsmann norska herforingjaskólans. Afstaða Norðmanna til herstöðvarinnar á Íslandi og skipulagsmála í hermálaefnum á Norður-Atlantshafi er nefnilega nokkuð sem ég held að við Íslendingar ættum að fara að ræða. Norðmenn hafa haft það sem grundvallarþátt í sinni utanríkisstefnu að leyfa aldrei erlendar herstöðvar í sínu landi. (**BÍG:** Þeir hafa öflugan her sjálfir.) Þeir hafa ekki öflugan her sjálfir. Það veit hv. þm. jafnvel og ég og það vita Norðmenn líka jafnvel og allir aðrir. Ef til árásar kæmi megnaði norski herinn ekki neitt, ég tala nú ekki um danska herinn. Glistrup sagði réttilega að það væri nóg að hafa bara símaklefa, hann gæti gegnt jafnmiklu hlutverki og danski herinn. Auðvitað eru ýmsar aðrar þjóðir í heiminum sem hafa einhvers konar málamyndaher, en það vita allir að ef á þær væri ráðist af stórveldunum megnaði þessi her ekki neitt. Her Noregs megnar á engan hátt til varnar ef Sovétríkin færu að ráðast á Noreg. Hvers konar bull er það að halda að her Noregs geti þá stundað einhverjar varnir. (**FrS:** Hvers vegna hafa þeir her?) Þeir hafa her einfaldlega vegna þess, hv. þm. Friðrik Sophusson, að ýmsar þjóðir í veröldinni hafa átt í ýmsum átökum og stríði við ýmsar aðrar þjóðir og hafa talið nauðsynlegt til að byggja upp sitt kerfi að hafa slíka menn að störfum. Áður fyrr var tæknibúnaður styrjalda með þeim hætti, að það skipti máli í vörnum að hafa her af því tagi sem Norðmenn hafa nú, en núna er tæknibúnaður styrjaldarátakanna slíkur að það skiptir einfaldlega ekki máli.

Við skulum ekki draga athyglina frá því, hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson, að Norðmenn eru herstöðvaandstæðingar í Noregi, en þeir eru herstöðvasinnar fyrir Ísland. Það hefur ávallt verið grundvallarþátturinn í skipulagi

Noregs í þessum efnum að Íslendingar skyldu taka að sér að hafa erlenda herstöð í sínu landi af því að Norðmenn ætluðu ekki að gera það. Það væri nauðsynlegt fyrir varnir Noregs að bandarískur her væri á Íslandi þótt Norðmenn mundu sjálfir aldrei samþykkja það og það sé enginn stjórmálamaður í Noregi sem dirfist að leggja það til við norsku þjóðina að bandarískir hermenn séu staðsettir í Noregi. Þeir hafa hins vegar reynt hvað eftir annað, og Íslandssagan er full af tilraunum norskra stjórnmálamanna frá Halvard Lange til Knuts Frydenlund, að stuðla að því, að herstöðin sé áfram á Íslandi, og koma í veg fyrir að einhver sú atburðarás kynni að þróast sem gerði það að verkum að her færi frá Íslandi. Það væri kannske fróðlegt að hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson kynnti sér hvers vegna norska þjóðin hefur sameinast um þá stefnu að hafa ekki erlendan her í sínu landi.

Það eru fjölmörg dæmi um að norskir herforingjar og norskir stjórnmálamenn hafa gagnvart íslenskum stjórnmálamönnum og ýmsum öðrum áhugamönnum um þessi efni hér á landi beitt margvíslegum áróðri sem er í þágu stjórmálahagsmuna Noregs. Ég hef sagt það áður hér að þetta er eitt af þeim feimnismálum í norrænum samskiptum sem ekki má ræða. Það er jafnvel svo langt gengið að ýmsir sósíalistar í Noregi og Svíþjóð, ýmsir innan norska verkamannaflokksins og sænska krataflokksins, bræðraflokka hv. þm. Eiðs Guðnasonar og Benedikts Gröndals, ýmsir áhrifamenn í þessum flokkum gangast nú fyrir undirskriftasöfnun um að Svíþjóð, Finnland, Noregur og Danmörk verði lýst kjarnorkuvopnalaust svæði. En forsvarsmenn þessarar undirskriftasöfnunar lýsa því skýrt yfir, að það sé ekki hægt að hafa Ísland með í þessari yfirlýsingu um kjarnorkuvopnalaust svæði vegna þess að Ísland sé á „strategísku" yfirráðasvæði Bandaríkjanna. Það væri fróðlegt að hv. þm. Eiður Guðnason spyrðist fyrir um það á næsta fundi norrænna krata, hvaða rök séu fyrir því, að norrænir kratar vilji ekki telja Ísland með í undirskriftasöfnun um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum vegna þess að það tilheyri hernaðarlegu áhrifasvæði Bandaríkjanna.

Eitt af því, sem var jákvætt í þeirri stjórnarmyndun sem hér fór fram eftir kosningar 1978, var að sett var á laggirnar sérstök nefnd, svokölluð öryggismálanefnd, sem fékk í stjórnarsáttmála þeirrar ríkisstj. sérstakan kafla. Ég fagna því sérstaklega að hæstv. utanrrh. skyldi í sinni ræðu minnast á störf þessarar nefndar. Ég skil vel að hann telji nauðsynlegt að hún fari að láta frá sér fara ýmsar skýrslur og upplýsingar. Þessi nefnd tók til starfa á fyrstu mánuðum ársins 1979. Hún tók ekki til starfa fyrr en þá vegna þess að Sjálfstfl. ætlaði sér að koma í veg fyrir að hún tæki til starfa. Sjálfstfl. dró mánuðum saman að skipa fulltrúa í þessa nefnd vegna þess að hann ætlaði sér að koma í veg fyrir að Íslendingar færu að afla sjálfstætt upplýsinga um þessi efni. En þegar nefndin tók til starfa í raun fyrstu mánuði ársins 1979 kom það einfaldlega í ljós, að á landi hér, hvort heldur var í utanrrn., í Landsbókasafninu eða hjá öðrum opinberum aðilum, voru ekki til þau einföldustu grundvallarrit sem nauðsynleg eru til þess að mynda sér sjálfstæðar skoðanir á þessum efnum. Það fór nærri því heilt ár af störfum þessarar nefndar einfaldlega í að safna smátt og smátt inn í landið þeim gögnum, þeim tímaritum, þeim ritgerðum, þeim ráðstefnuerindum, þeim bókum og öðrum þeim vitnisburði sem nauðsynlegur er til þess að Íslendingar geti tekið þessi mál til sjálfstæðrar greiningar. Þegar því starfi var lokið á fyrri hluta árs 1980 tók starfsmaður nefndarinnar til við að vinna úr þessum gögnum. Það er nú tilbúin á vegum nefndarinnar skýrsla, sem er komin á lokastig, um mjög veigamikla þætti þessa máls og reyndar tvær skýrslur aðrar sem snerta þessi umræðuefni einnig. Þessar þrjár skýrslur verða væntanlega gefnar út síðar á þessu ári. Þá gefst vonandi tækifæri til að fá þessa ágætu herramenn til að líta raunsæjum augum á veröldina, til að átta sig á að Bandaríkjamenn hafa hér smátt og smátt, allt frá því að Alþfl. fór með utanríkismál hér í Viðreisnarstjórninni upp úr 1960 og þar til ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar samþykkti tvo viðbótarþætti í þetta kerfi, verið að flétta Ísland inn í kjarnorkukerfi sitt á Norður-Atlantshafi. Um það er ekki hægt að deila lengur. Ég skora á þm. hér og spyr hvort nokkur þeirra treysti sér til að koma upp í ræðustólinn og mótmæla því með rökum, að Sosus-kerfið, Orion-flugvélarnar, Phantom-þoturnar, tengslin við gervihnattakerfi Atlantshafsbandalagsins og staðsetning AWACS-flugvélanna, allt þetta til samans, tengi Ísland við kjarnorkuvopnakerfi Bandaríkjanna á Norður-Atlantshafshafi, það sem á ensku er kallað anti-submarine warfare, og geri herstöðina hér að einhverjum mesti lykilþætti á því kerfi hér á Norður-Atlantshafi. Ég er ekki að tala um hvort sprengjan sjálf sé hér staðsett eða ekki. Hún er lítill þáttur í þessu kerfi. En eðli herstöðvarinnar er þetta. Og ég spyr þessa sömu þm.: Hvenær hefur Alþingi Íslendinga verið spurt um hvort það vildi hafa hér herstöð sem væri tengd inn í kjarnorkuvopnakerfi stórveldisins? Hvennær hefur Sjálfstfl. svarað því? Hvenær hefur Alþfl. svarað því? Aldrei, aldrei. Þeir hafa sameinast um það með lágkúrulegum ræðum, útúrsnúningum út um allar trissur, eins og komu fram í ræðum þessara tveggja þm. hér, að forðast að þessi mál væru tekin til slíkrar umr. eða þá, sem ég hallast meira að og segi það í fullri hreinskilni, að þeir hafi einfaldlega ekki vitað betur.

Ég held t. d. að Geir Hallgrímsson hafi ekki vitað um hernaðarlegt eðli AWACS-flugvélanna þegar hann samþykkti staðsetningu þeirra hér. Ég hef ekki trú á því. Ef hann hefur vitað það er ábyrgð hans mikil. Þá hefur hann brugðist þeirri skyldu sinni við íslenska þjóð að gera sem forsrh. ríkisins íslenskri þjóð grein fyrir því, hvað væri fólgið í þeirri ákvörðun. Það væri fróðlegt að vita hvort forsrh. Geir Hallgrímsson hefði gert samning — eða utanrrh. í þeirri ríkisstj. — við Bandaríkjastjórn um staðsetningu AWACS-flugvélanna eða ekki, hvort þetta er eingöngu munnlegt leyfi eða hvernig það er á annan hátt til komið.

Ég endurtek áskorun mína og spyr hvort hér sé nokkur þm. sem leggur í þá umr. að hrekja að sú tæknilega hernaðaraðstaða, sem er á landinu, tengi umsvif Bandaríkjamanna hér við kjarnorkuvopnakerfi þeirra á Norður-Atlantshafi.

Það er rétt, sem hér hefur komið fram, að deilt hefur verið um hvort kjarnorkusprengjan sjálf væri staðsett hér á Íslandi. Ég vil endurtaka hér það sem ég hef áður sagt úr þessum stól, að ég hef aldrei tekið afstöðu með því eða á móti hvort kjarnorkusprengjan sjálf væri hér staðsett. Ég hef aldrei fullyrt neitt um það. Það eina, sem ég hef sagt, er að vekja athygli manna á því, að viðurkenndir alþjóðlegir sérfræðingar í þessum efnum hafa fullyrt að svo sé. Aðrir hafa að vísu fullyrt að svo sé ekki. Ég hef einfaldleg bent á að það liggur fyrir vitnisburður. Sérfræðingur, sem um áraraðir vann á vegum banda-

ríska rannsóknarstofnana að því að kortleggja kjarnorkusprengjukerfi Bandaríkjanna, heldur því fram, að hann hafi fullvissu fyrir því að svo sé, a. m. k. fram til ársins 1973. Hann segir ekki neitt um það sem gerðist þar á eftir vegna þess að hann telur sig ekki hafa neina vitneskju um það, en fram að árinu 1973 fullyrðir hann að svo sé. Við getum nefnt Centre for Defence Information, sem var hér til umr. s. s. sumar, og forsvarsmann þeirrar stofnunar, La Roche hershöfðingja. Það voru ýmsir hér á landi sem fannst ekki mikið til þess koma þó að einhver La Roche væri að segja eitthvað úti í heimi, jafnvel þótt þetta væri fyrrverandi flotaforingi NATO og hefði gegnt trúnaðarstörfum í Miðjarðarhafsflota Bandaríkjanna. En ég vek athygli hv. þm. á því, að til þeirrar ráðstefnu evrópskra og bandarískra sérfræðinga um hernaðaruppbyggingu Evrópu, sem vakið hefur mesta athygli á undanförnum misserum, var boðað af þessum sama hershöfðingja. Hann er a. m. k. það mikið nafn í veröldinni að hann getur fengið til að koma saman á annað hundrað fremstu hernaðarsérfræðinga Atlantshafsbandalagsríkjanna og annarra ríkja í Evrópu, fyrrv. herforingja NATO, núv. starfsmenn bandalagsins, heimsfræga prófessora við evrópska og bandaríska háskóla. Hann var sá sem kallaði saman ráðstefnuna í Gröningen. Slíkt er nafn hans í augum þessara manna að þeir samþykkja allir að taka sér ferð á hendur og setjast með honum og öðrum að þessari umræðu. Og blöð eins og Observer, Sunday Times og Dagens Nyheter, svo að ég nefni bara nokkur af þekktari veraldarblöðum á Vesturlöndum, töldu það öll nauðsynlegt að segja ítarlegar frá þessum fundi sem La Roche nefndi til og Centre for Defence Information stóð fyrir. Það er þess vegna engin minni háttar stofnun eða einhver óþekktur karl, einhver ómerkingur, sem hefur haldið þessu fram. Ég er ekki að fullyrða hér að hann hafi rétt fyrir sér, ég tek það aftur skýrt fram, en ég er einfaldlega að benda mönnum á að það er ekki einfaldlega hægt að veifa burtu með hendinni orðum manna sem hafa þessa stöðu í því alþjóðlega samfélagi sem fæst við þessi mál frá degi til dags árið inn og árið út.

Centre for Defence Information hefur óskað sérstaklega eftir því að fá frá utanrrn. í Bandaríkjunum öll þau skjöl sem snerta kjarnorkuvopn og Ísland. Bandaríkjamenn, sem eru oft og tíðum miklu upplýstari þjóð eða a. m. k. reiðubúnari til að veita upplýsingar en við Íslendingar, settu fyrir nokkrum árum löggjöf sem er kölluð Freedom Information Act, — löggjöf sem er ætlað að gefa mönnum rétt til að knýja á um upplýsingar nema þær sem eru sérstaklega í mótsögn við grundvallarhagsmuni ríkisins. Samkv. þessum lögum hefur Centre for Defence Information fyrir nokkru óskað eftir því að fá á boðið öll þau gögn bandarískra varnarmálaráðuneytisins sem snerta efnið kjarnorkuvopn og Ísland. Ég ætla ekki að fullyrða neitt um hvað er í þessum gögnum.

Það var fullyrt hér af ýmsum mönnum um árarаðir að það hefði verið gert samkomulag milli ríkisstjórnar Íslands og Bandaríkjanna um staðsetningu kjarnorkuvopna á Íslandi. Það kom hins vegar í ljós á s. l. sumri, að ekkert slíkt samkomulag hafði nokkurn tíma verið gert. Þau orð, sem fyrrv. utanríkisráðherrar höfðu látið falla um þau efni, voru röng. Það var misskilningur annaðhvort þeirra eða þá vísvitandi rangtúlkun á veruleikanum að gefa íslensku þjóðinni til kynna, eins og Guðmundur Í. Guðmundsson gerði á sínum tíma, að það væri til eitthvert slíkt samkomulag. Þegar spurst var fyrir um tilvist slíks samkomulags á s. l. sumri kom einfaldlega í ljós að það var ekki til. Það var þess vegna m. a. sem núv. hæstv. utanrrh. gekk í það verk að fá Bandaríkin til að senda frá sér ákveðna yfirlýsingu og það var virðingarvert verk. Það er eina skjalið sem við Íslendingar höfum í höndunum um þetta alvarlega efni. Ég tel hins vegar að það skjal sé ekki nægilega tryggilega orðað, vegna þess að í því eru undanskildar ýmsar þær tegundir af kjarnorkuvopnum, sem til eru, vegna þeirra hugtaka sem þar eru notuð til að flokka þau. En ég ætla ekki að ræða það hér. Ég vil einfaldlega benda mönnum á að enn þá eru sérfræðingar við hernaðarstofnanir í Bandaríkjunum að rannsaka efnið: Kjarnorkuvopn og Ísland. Ég endurtek aftur til að fyrirbyggja misskilning: Ég hef aldrei fullyrt hvort sprengjan er hér staðsett eða hefur verið staðsett eða ekki. Ég hef einfaldlega sagt: Ég tel það vera spurningu sem hefur ekki verið svarað. Og við þá íslenska stjórnmálamenn, sem loka augunum fyrir því, að það geti verið áfram spurning, vil ég segja með fullri vinsemd og fullri virðingu fyrir þeim: Slík afstaða þjónar ekki langtímahagsmunum íslensku þjóðarinnar. Við eigum alltaf að vera haldnir efa gagnvart öllu því sem stórveldi segir í okkar garð. Saga þessa stórveldis, eins og saga annarra stórvelda, eins og saga Víetnams og saga Afganistans, sýnir að stórveldið spyr fyrst og fremst um eigin hagsmuni. Stórveldi spyr ekki um hagsmuni smáþjóðanna. Við höfum þegar á borðinu íturlegar frásagnir frá Kissinger, frá Nixon og frá fjölmörgum öðrum opinberum embættismönnum í utanríkis- og hernaðarmálakerfi Bandaríkjanna um að Bandaríkjamenn hafa talið sér þóknanlegt hvað eftir annað að gefa rangar upplýsingar um hernaðartækni sína, um aðstöðu sína, jafnvel árásir sínar. Bandaríkjamenn höfðu heilan flugflota af sprengjuflugvélum í gangi yfir Kambodíu og Víetnam án þess að nokkur vissi um það og þrættu fyrir það í bandarískra þinginu hvað eftir annað, bæði utanrrh. og forsetinn. Við höfum fjölmörg söguleg dæmi frá allra síðustu árum um að þessir ágætu herramenn veita bara þær upplýsingar sem þeim hentar. Og auðvitað gera Sovétríkin það sama. Þess vegna er nauðsynlegt hér á landi að gagnrýnin sé sífellt í gangi og menn séu sífellt að spyrja spurninga og efast. Þegar íslenskir stjórnmálamenn fara að taka blinda trú á það sem herforingjar NATO segja eða þeir, sem skipuleggja hernaðarumsvif Bandaríkjanna, segja, þá er illa komið fyrir íslenskri þjóð. Ég er ekki að segja þetta af neinni óvináttu í garð Bandaríkjanna. Það er margt í fari Bandaríkjanna sem mér líkar vel, ég ber virðingu fyrir og ég hef lært mikið af, en saga þessa ríkis á síðari árum, saga þessa ríkis jafnvel á síðustu dögum og vikum gefur okkur fyllilega tilefni til þess að efast og spyrja.

Ég tel það vera eitt af þeim mikilvægu efnum, þar sem Alþb. hefur náð árangri á undanförnum mánuðum og árum, að okkur hefur tekist fyrir okkar frumkvæði hér á Alþingi, þm. Alþb., fyrir frumkvæði Þjóðviljans og starf samtaka herstöðvaandstæðinga að knýja smátt og smátt fulltrúa NATO-flokkanna hér á Íslandi til að fara að ræða þessi mál á þessum grundvelli og til að láta af þessari einföldu barnslegu trú á þann áróðursboðskap sem Atlantshafsbandalagið og herforingjar Bandaríkjanna hafa flutt. Ég tel það mjög mikilvægt spor í átt að eðlilegri umræðu um þessi efni, að núv. utanrrh. hefur lagt fyrir utanrmn. og ríkisstj. mun ítarlegri upplýsingar

um þessi efni og verið ávallt reiðubúinn til að svara þeim spurningum og leita svara við þeim efnum sem fram hafa komið í störfum þessara stofnana. Það hafa fyrirrennarar hans ekki gert. Það eru vissulega mjög mikilvæg þáttaskil til heilla fyrir íslenska þjóð þegar slík vinnubrögð eru upp tekin. Þótt okkur kunni að greina á um hvaða leiðir eigi að fara í utanríkisstefnu íslensku þjóðarinnar vona ég þó að við séum allir sammála um að ef svo væri komið fyrir íslenskri þjóð að hún væri búin að tengja land sitt inn í tortímingarkerfi stórveldis, inn í árásarkerfi stórveldis, og það gæti gerst, sem sumir sérfræðingar í mörgum löndum Evrópu og stjórnmálamenn benda á um þessar mundir, stjórnmálamenn sem styðja Atlantshafsbandalagið, að Bandaríkjamenn mundu vegna átaka annars staðar í heiminum og deilna við Sovétríkin, kannske í Miðausturlöndum, kannske við Indlandshaf, grípa til þess ráðs til að veikja getu Sovétríkjanna að leggja til árásar á Norður-Atlantshafi, að hefja árás þar, þá værum við um leið orðin hlekkur í því kerfi sem forsetaúrskurður nr. 59 fól í sér að Bandaríkin væru nú reiðubúin að taka upp. Þess vegna held ég að það sé nauðsynlegt að við á Íslandi verðum virkir þátttakendur í þeirri gagnrýnu umræður sem nú fer fram í nánast öllum löndum á meginlandi Evrópu og í öllum Norðurlöndum um þessi efni.

Ég vil nefna hér eitt nafn, Jens Evensen. Ég hef ekki alltaf verið sammála þeim manni, eins og hæstv. utanrrh. veit, og við Íslendingar höfum ekki alltaf verið sammála þeim manni. Hann er þó sá maður sem Norðmenn hafa falið þann trúnað að fara með sín hafréttarmál á alþjóðavettvangi og í samningum við Sovétmenn og Íslendinga og aðrar þjóðir. Hann er einn af leiðtogum þeirrar hafréttarráðstefnu sem vonandi verður ekki eyðilögð af ríkisstjórn Reagans. Hvað segir Jens Evensen um þessi efni? Hver var boðskapurinn í þeirri ræðu sem hann flutti í Noregi fyrir nokkrum mánuðum? Er hann sá sami og hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson og Eiður Guðnason voru að flytja í dag? Nei, hann er miklu meira í ætt við þau varnaðarorð sem við þm. Alþb., Þjóðviljinn og Samtök herstöðvaandstæðinga höfum verið að flytja á undanförnum mánuðum og árum að nauðsynlegt væri fyrir Norðurlönd og Evrópu alla að segja nei við þeim hernaðarkröfum og þeirri aðstöðukröfu sem Bandaríkin eru að setja fram gagnvart Noregi, gagnvart Belgíu, gagnvart Hollandi, gagnvart Þýskalandi, gagnvart Bretlandi.

Hvernig stendur á því, að breski verkamannaflokkurinn hefur nú sett upp þá stefnu að hafna staðsetningu eldflaugakerfis Bandaríkjanna í Bretlandi, þess hluta herafla Bandaríkjanna sem tengist kjarnorkuvopnakerfinu? Er það ekki af nákvæmlega sömu ástæðunum og við höfum verið að vara við staðsetningu AWACS-flugvélanna hér og annarra þessara þátta? Það væri hættuleg einangrunarstefna fyrir íslenska þjóð að láta þessar gagnrýnu umræðu fram hjá sér fara. Þótt okkur kunna að greina á um þann samning, sem gerður var við Bandaríkin 1951, er það nauðsynlegt sem framlag okkar allra til framtíðar íslensku þjóðarinnar að við getum sagt með sanni þegar tímar líða að við höfum vissulega vitað og lagt vinnu í að kynna okkur það sem var að gerast í þeim efnum, að við höfum skilið eðli þeirra formlegu ákvarðana, eins og forsetaúrskurðar nr. 59, sem Bandaríkjastjórn hefur tekið, að við höfum reynt að brjóta til mergjar eðli þeirra hernaðartækja, eins og AWACS-flugvélanna, sem Bandaríkjamenn vilja kappkosta að hafa hér, að við höfum reynt að taka afstöðu til þeirrar gagnrýni, sem ýmsir fremstu stjórnmálamenn í ríkjum Atlantshafsbandalagsins, eins og Jens Evensen og ýmsir forsvarsmenn breska verkamannaflokksins og ýmsir kirkjuleiðtogar og frjálslyndir og kristilegir demókratar í löndum eins og Hollandi og Belgíu, hafa sett fram, en að við verðum ekki staðnir að því, fulltrúar íslensku þjóðarinnar, þegar fram líða stundir, að þeir, sem á eftir okkur koma, geti sagt: Þeir vissu ekki, aumingjarnir, hvað var að gerast.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Það er talsvert komið fram yfir miðnætti og ég skal reyna að stilla ræðutíma mínum í hóf. Ég lofa því a. m. k. að vera ekki eins langorður og endurtaka mig ekki jafnoft og síðasti hv. ræðumaður, sem er nýkominn að utan þar sem hann hefur líklega fengið lítið tækifæri til að tala og ekki fengið þá útrás sem hann fær úr ræðustól á hv. Alþingi Íslendinga.

Það er alveg rétt, sem kom fram hjá síðasta hv. ræðumanni, að umr. hafa ekki að verulegu leyti snúist um fjölmörg þeirra mála sem ástæða væri til að nefna, eins og um Kúbuher utan Kúbu og hvaða hlutverki hann gegnir þar, um innrás Sovétríkjanna í Afganistan, sem hv. síðasti ræðurmaður sneiddi að í tveimur eða þremur setningum í nokkurra klukkutíma langri ræðu, og um flóttamannavandamálið, m. a. í Víetnam. Það er hægt að ræða fleira en afstöðu Íslendinga til stjórnar Pol Pots, um norður-suður-umræðurnar, sem hv. síðasti ræðumaður sneiddi aðeins að, og um fátæktina í heiminum, sem hann fjallaði nokkuð um í upphafi eða öllu frekar í inngangi ræðu sinnar. Ég get þó glatt hv. síðasta ræðumann með því, að á meðan hann var á ferðalagi erlendis afgreiddi Nd. Alþingis lagafrv. um Þróunarsamvinnustofnunina, og það er ekki mikill ágreiningur um þau mál. Það er kannske ein helsta skýringin á því, að umr. hafa ekki orðið mjög miklar um þessi efni. Hitt er svo annað mál, og þar get ég verið sammála hv. síðasta ræðumanni, og það er full ástæða til þess fyrir fjárveitingavaldið að athuga sinn gang um framlög Íslands til þróunaraðstoðar og ég held að hann viti að þar er ekki um efnislegan ágreining að ræða. Þar er aðeins um það að ræða að fjárveitingavaldið, sem er í höndum okkar og þó aðallega í höndum Alþb., hefur ekki fengist til að leggja fram það fjármagn sem við höfum lofað og skrifað undir, en vonandi verður breyting á við fjárlagagerð á næsta ári.

Auðvitað hafa þessar umr. fyrst og fremst snúist um þau málefni sem snerta okkur Íslendinga frá degi til dags og eru stór hluti þeirra þjóðmálaumræðna sem hér fara fram. Meginástæðan fyrir því að úr þessum umr. hefur teygst, er auðvitað sú ræða sem hæstv. félmrh. flutti í fjarveru hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar, sem er sérfræðingur Alþb., eins og heyra mátti, í utanríkis- og varnarmálum. Það var fróðlegt, eftir að hafa hlýtt á ræðu hv. síðasta ræðumanns, að hafa undir höndum 31 bls. langa ræðu, sem hæstv. félmrh. flutti, og finna þau málefni, sem hv. síðasti ræðumaður taldi mikilvægust allra málefna, um hungrið í heiminum, á svo sem eins og hálfri bls. af 31. Það voru ekki hv. þm. Eiður Guðnason eða Birgir Ísl. Gunnarsson sem fluttu þessa ræðu. Það var flokksbróður hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar, meira að segja hæstv. ráðh. sjálfur, sem sá ekki ástæðu til að víkja meira að þessum málum, enda var ræða hans fyrst og fremst um þau efni sem við eðlilega hljótum að ræða

verulega þegar rætt er um skýrslu utanrrh.

Í ræðu hæstv. félmrh. lagði hann fyrst og fremst áherslu á í upphafi máls síns sögulega upprifjun. Hann valdi ýmsa kafla til að gefa ýmislegt í skyn. Hann sleppti stórum atriðum, eins og t. d. því, hver var afstaða Sósíalistaflokksins á þeim tíma sem hann valdi sem sitt umræðuefni. Hann minntist ekki á hvernig Sósíalistaflokkurinn var eins og skopparakringla í höndunum á Kremlherrunum á þeim tíma, svo sem þekkt er. Á það minntist hann ekki, heldur valdi hann fyrst og fremst þá kafla sem gátu gefið í skyn að forustumenn Framsfl. hefðu bilað í utanríkis- og öryggismálum Íslands. Þessa kafla valdi hæstv. félmrh. auðvitað af því tilefni að sem stendur situr í sæti utanrrh. hæstv. utanrrh. Ólafur Jóhannesson sem hæstv. félmrh. er ekki alveg sáttur við, og það var þess vegna sem bæði hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson og hæstv. félmrh. þurftu að koma hér í ræðustól og tala klukkutímum saman um varnar- og öryggismál og koma á framfæri sínum skoðunum.

Eftir að hafa skýrt þingheimi frá áður þekktum staðreyndum og reyndar völdum, slitnum úr samhengi, rakti hæstv. félmrh. afrekssögu Alþb. og herstöðvaandstæðinga, og sagði þá m. a., með leyfi forseta:

„Það er einn besti áfangi herstöðvaandstæðinga á þessum árum þegar vinstri stjórninni 1971—1974 tókst að knýja fram lokun bandaríska hermannasjónvarpsins. En það er geymt, en ekki gleymt að á Alþingi Íslendinga voru þá menn sem fluttu beinlínis tillögur um það að opna fyrir bandaríska hermannasjónvarpið á ný er því hafði verið lokað.“

Það er í sjálfu sér ekki undarlegt að hæstv. félmrh. skuli hafa valið einmitt þennan atburð í sína ræðu vegna þess að þeir, sem þekktastir voru fyrir afstöðu sína í þessum málum, a. m. k. úr hópi Sjálfstfl., voru núv. hæstv. forsrh. og hv. þm. Albert Guðmundsson. Það segir sína sögu og skal ég ekki hafa fleiri orð um það að sinni.

Hæstv. félmrh. fjallaði síðan með líkum hætti og nánast sama hætti og hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson um varnarstöðina á Keflavíkurflugvelli og kvaddi sér til vitnis Anders nokkurn Hellebust, sem hafði þá átt viðtal við Þjóðviljann og komið á framfæri ýmsum skoðunum sínum, minnihlutaskoðunum sínum, en hann er Norðmaður sem er herskólagenginn.

Hæstv. félmrh. fjallaði um þær breytingar, sem hann taldi að hefðu átt sér stað á Keflavíkurflugvelli, og sagði þá m. a. að þar væri gert ráð fyrir að tengja hernaðarkerfi Bandaríkjanna á Norður-Atlantshafi beint við kjarnorkuvopnakerfi Bandaríkjamanna.

„Á þessum 20 árum hefur verið unnið að því markvisst af Bandaríkjastjórn að tengja herstöðina í Keflavík við þetta kjarnorkuvopnakerfi, og það er talið með óyggjandi rökum að Keflavíkurstöðin sé nú orðin mikilvæg stjórnstöð í kjarnorkuvopnakerfi Bandaríkjanna á gervöllu Norður-Atlantshafi og jafnframt hafi herstöðin nú nýju hlutverki að gegna, eftir að AWACS-vélarnar komu til sögunnar, og stöðin sé í reynd einnig árásarstöð að dómi erlendra hernarsérfræðinga, en ekki aðeins varnarstöð eða viðvörunarstöð, eins og hér hefur verið haldið fram í þessum umr.“

Þetta sagði hæstv. félmrh. og þetta endurtók hv. síðasti ræðumaður svo að segja orðrétt að öðru leyti en því, að nú var ekki minnst á að það væru til „óyggjandi rök“, eins og hæstv. félmrh. sagði, heldur var sagt að þarna væri haft eftir Owen Wilks og reyndar mátti segja að Hellebust væri með svipaða skoðun, en svo bætti hv. síðasti ræðumaður við að hann væri ekki endilega þessarar skoðunar, hann væri bara að benda á að þetta hefði verið sagt úti í heimi af þessum sérfræðingum, hann hefði aldrei neitt fullyrt. (**ÓRG:** Ég sagði að enginn okkar hefði í höndum gögn um AWACS-vélarnar.) Hv. síðasti ræðumaður sagði að hann hefði aldrei fullyrt þetta og það skrifaði ég eftir honum. Það er ekki von að hann viti sjálfur hvað hann segir í þessum málum, svo mörg orð komu úr hans munni. En þetta er ekki það sama og kom fram hjá hæstv. félmrh. sem sagði að það væri talið með óyggjandi rökum. Nú höfum við kynnst hvaða óyggjandi rök þetta eru. Þetta er það sem hv. síðasti ræðumaður væntanlega rakti hér áðan og sagði að engin leið væri að fullyrða nokkuð um.

Í ræðum sínum ræddu hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson og hæstv. félmrh. talsvert um það sem þeir kölluðu sérstöðu Íslands, um það að hér væri erlendur her, það gerðist ekki á hinum Norðurlöndunum, og þeir tóku sem dæmi Noreg í því sambandi. Hv. síðasti ræðumaður eyddi löngu máli í að útskýra fyrir okkur að Norðmenn vildu ekki erlendar herstöðvar, en þeir vildu erlendar herstöðvar á Íslandi. Hann gerði hins vegar lítið úr vörnum Norðmanna og taldi þær vera einskis virði. Ég get ekki lagt dóm á það með sama hætti og hv. síðasti ræðumaður hvort varnir Norðmanna eru einhvers virði eða ekki. En hitt veit ég að meginþorri norsku þjóðarinnar telur sig þurfa á vörnum að halda, og meginþorri norsku þjóðarinnar hefur valið þann kost að hervæðast vegna hugsanlegs yfirgangs og ágangs Sovétríkjanna fyrst og fremst. Það er af þeirri ástæðu sem Norðmenn hafa valið samstarf við aðrar lýðræðisþjóðir í Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku. Þetta hélt ég að hv. síðasti ræðumaður vissi. Um það, hvort þar eru erlendar herstöðvar, má auðvitað deila. Þær eru það ekki svo kallaðar, en ég minni á að í nágrenni Oslóar í Kolsör, er herstjórn sem er á vegum Atlantshafsbandalagsins og þar er það ekki Norðmaður sem ræður ríkjum og stjórnar, heldur Breti. Þar eru menn af fleiri þjóðernum, fleiri en Norðmenn, því að þar eru menn frá mörgum NATO-ríkja, enda er þetta NATO-stöð sem heyrir beint undir Atlantshafsbandalagið. Það má segja um Danmörku. Þar eru slíkar stöðvar og má nefna stjórnarsvæði sem kallað er Baltic Command eða yfirstjórn á Eystrasaltssvæði Atlantshafsbandalagsins á Jótlandi. Ég held að það séu Þjóðverjar sem þar eru hæst ráðandi.

Við skulum ekki heldur gleyma því, að á þeim tíma, sem Sovétmenn láta fara fram heræfingar við landamæri Noregs, hefur norski herinn tekið á móti hermönnum frá öðrum NATO-ríkjum og á þeim tíma eru staðsettar í Noregi hersveitir sem eru ekki eingöngu norskar, heldur frá öðrum NATO-ríkjum. Það er alveg ljóst að hagsmunir Norðmanna og Íslendinga fara saman af ýmsum ástæðum, og þar við bætist að þessar frændþjóðir eiga svo margt annað sameiginlegt, að það er full ástæða fyrir okkur að taka alvarlega mark á því sem þar er að gerast, án þess þó að við þurfum að fara í einu og öllu nákvæmlega eftir þeirra vilja. En við höfum valið þann háttinn að starfa með Norðmönnum, Kanadamönnum, Dönum, Bandaríkjamönnum og fleiri í bandalaginu þar sem við erum sjálfstæðir, þar sem við höfum tillögurétt og þar sem við getum sem jafningar rætt við þessar þjóðir um þau mál sem við eigum sameiginleg.

Báðir Alþb.-mennirnir, sem hér hafa talað, hafa gert ákaflega mikið úr því, að nú hafi hallast á, nú sé ekki lengur hægt að tala um ógnarjafnvægi því að nú hafi Bandaríkjamenn miklu meiri möguleika en áður og nú sé um jafnvægisskort að ræða í þessum efnum. Hv. síðasti ræðumaður gerði lítið úr þeirri skoðun, sem hann taldi vera Geirs Hallgrímssonar, að það væri gagn að svokölluðu ógnarjafnvægi, en hæstv. félmrh. vitnar til Anders Hellebust, sem einmitt telur að með síðustu aðgerðum Bandaríkjamanna sé verið að raska svokölluðu jafnvægi óttans. Það verður ekki skilið öðru vísi en svo, að sá maður, sem er helsti sérfræðingur Þjóðviljans í hermálum fyrir utan Ólaf Ragnar Grímsson, Anders Hellebust, noti sömu röksemdir og Geir Hallgrímsson notar að áliti Ólafs Ragnars Grímssonar. Þetta er auðvitað sjónarmið. En þess ber bara að geta, að ýmsir aðrir — og langflestir aðrir, að ég hygg, eru allt annarrar skoðunar. Má þar nefna t. d. norsku stofnunina NUPI sem ég veit að hv. síðasti ræðumaður þekkir. Hún kemst að allt annarri niðurstöðu í sínum athugunum.

Í fjöldamörgum tilvitnunum, sem hæstv. félmrh. vitnaði til úr viðtali Þjóðviljans við Anders Hellebust, kom m. a. fram þessi klausa: „Bandaríkjamenn munu alltaf eiga miklu auðveldara með að taka Ísland, ef þeim þurfa þætti, en Rússar, sem þyrftu að fljúga yfir ýmsar hindranir á leiðinni til Íslands meðan ekkert hindrar Bandaríkjamenn.“

Hér er verið að ýja að því, að það sé allt í lagi að breyta til vegna þess að það sé miklu auðveldara fyrir Bandaríkjamenn en Rússa að taka Ísland. Þetta eru þær framtíðarvarnir sem hv. síðasti ræðumaður og hæstv. félmrh. sjá sem einhvers konar lausn í varnarmálum Íslands. Það er athyglisvert þegar þetta er lesið úr ræðu hæstv. félmrh., og væri vissulega ástæða til að spyrja hæstv. félmrh., hvaða hindranir Anders Hellebust á við, fyrst hann tekur þessa tilvitnun upp í ræðu sína. Hér er um það að ræða enn einu sinni að Íslendingar hafa valið þann kost, mikill meiri hluti þjóðarinnar, að fá að ráða sjálfir við hverja þeir hafa samstarf um varnarhagsmuni sína, sem eru mjög mikilvægir þjóðarhagsmunir.

Þá eyddu báðir hv. Alþb.-þm. löngu máli í það að útskýra fyrir þingheimi að verkamannaflokkarnir í Evrópu væru, að því er manni skildist, á móti Atlantshafsbandalaginu og því samstarfi sem þar ætti sér stað, einkum á sviði her- og varnarmála. Nefndur var verkamannaflokkurinn breski, en það er vitað að eitt stærsta ágreiningsmálið, sem varð til þess að sá flokkur klofnaði, var staðsetning vopnanna. Hæstv. félmrh. nefndi Hollendinga, Dani og fleiri, án þess að tilgreina hverjir þessir „fleiri“ væru. Hann minntist hins vegar ekkert á það, að þegar var ákveðið á NATO-fundi í des. 1979 um skammdrægar kjarnorkueldflaugar var það gert samhljóða og fulltrúar þessara þjóða, þar sem verkamannaflokkar eru ákaflega sterkir, tóku þátt í þeirri afgreiðslu heils hugar. Það er nefnilega algerlega rangt, sem kom fram í ræðum hv. Alþb.-manna, að verkamannaflokkarnir í Evrópu séu á móti þeirri stefnu sem er ráðandi innan Atlantshafsbandalagsins. Sannleikurinn er miklu fremur sá, að einmitt í jafnaðarmannaflokkunum er að finna hörðustu talsmenn þeirrar stefnu. T. d. hefur í Vestur-Þýskalandi, sem hæstv. félmrh. minntist sérstaklega á, ávallt verið ríkjandi mikill skilningur á varnarstefnu Atlantshafsbandalagsins. Það var fyrir frumkvæði vestur-þýska sósíaldemókrataflokksins sem gerðar voru ýmsar merkilegustu ráðstafanirnar á vegum Atlantshafsbandalagsins undanfarið. Franski flokksbróðir Alþb., ef trúa má Þjóðviljanum og hæstv. félmrh., sem er formaður Alþb., sjálfur nýkjörinn forseti Frakka, Mitterand, er eins og allir vita mikill stuðningsmaður Atlantshafsbandalagsins, og Rochard, sem verður forsrh. ef að líkum lætur, er talinn vera jafnvel enn meiri stuðningsmaður Atlantshafsbandalagsins og stefnu NATO en Mitterand. Á þetta var ekki minnst í ræðum þeirra hv. Alþb.-manna.

Hæstv. félmrh. vék að Norðurlöndunum og harmaði það, ef maður skildi hann rétt, að ekki hefði tekist samstarf í varnarmálum Norðurlanda. Hann er búinn að gleyma því, að tilraunir voru gerðar á sínum tíma í þessum efnum og það var auðvitað fyrst of fremst á Finnum og Svíum sem slíkt samstarf strandaði. En hitt er svo annað mál, að það er full samstaða á milli Norðurlandanna að breyta ekki þeim stöðugleika sem á sér stað á þessu svæði vegna tillitsins sem þessar þjóðir sýna hver annarri.

Í ræðu sinni vék hæstv. félmrh. síðan að landsmálum okkar og sagði þá m. a., með leyfi forseta:

„Af þeim ástæðum tel ég að þessum forustumönnum sé skylt að leita nýrra leiða í þessum efnum og kanna hvort ekki er möguleiki á miklu víðtækari samstöðu en verið hefur um þessi mál, því að hvergi í NATO-ríki hafa utanríkismál verið jafnumdeild og hér á Íslandi.“

Hérna er verið að gefa í skyn að utanríkismálin séu sérstaklega umdeild á Íslandi, en forðast er að minnast á að það er Alþb. og Alþb. eitt sem hefur sérstöðu í varnar- og öryggismálum þjóðarinnar.

Ég skal, herra forseti, fara hratt yfir sögu þótt af mörgu sé að taka, en eitt vil ég minnast á sem kom fram í ræðum tveggja Alþb.-mannanna, en það voru hugmyndir sem þeir höfðu gert sér varðandi svokallaðar Awacs-vélar á Keflavíkurflugvelli. Það var aftur byggt á svokölluðum erlendum hernaðarsérfræðingum. Þó forðaðist hv. síðasti ræðumaður að segja að hann tryði þeim upplýsingum, heldur sagði hann að þær hefðu verið gefnar af hinum og þessum erlendum aðilum. Hæstv. félmrh. sagði orðrétt, svo að ég fari ekki rangt með þeirra málflutning, með leyfi forseta:

„Keflavíkurstöðin er nú búin sem stjórnstöð og þar með miðstöð í kjarnorkuhernaði. Til marks um þetta er ekki síst staðsetning Awacs-vélanna í Keflavíkurflugvelli. Það er álit erlendra hernaðarsérfræðinga, að mestu hættusvæðin í Evrópu, komi til kjarnorkustríðs, séu annars vegar Reykjanesskaginn á Íslandi og hins vegar svæðið í kringum Murmansk í Sovétríkjunum. Hvergi í Evrópu eru Awacs-flugvélar nema hér.“

Hv. síðasti ræðumaður hefur sagt okkur hver þessi erlendi hernaðarsérfræðingur er, en hann sagði jafnframt að hann væri ekki að fullyrða að þetta væri rétt. Nú vil ég upplýsa þessa ágætu Alþb.-menn um að Awacs-vélar koma til með að verða í Noregi og í Þýskalandi því að nýlega hafa tekist samningar um það við stjórnstöð Atlantshafsbandalagsins í Evrópu að tæplega 20, líklega 18—19 slíkar vélar verða á yfirráðasvæði SHAPE. Sú nýja tækni, sem kemur fram í þessum vélum, á auðvitað að notast af Bandaríkjunum og þeim, sem eru með þeim í varnarbandalagi, vegna þeirrar gífurlegu tækniyfirburða sem þessar flugvélar hafa. Svo má auðvitað, eins og þessir ágætu ræðumenn báðir, gera því skóna að þetta séu fyrst og fremst árásartæki. Það vita allir menn, þótt

lítið sé vitað og lítið sé gefið upp um hvað þær gera nákvæmlega og hver tæknibúnaðurinn sé, að yfirburðir þessara véla felast fyrst og fremst í því, að með þeim má á mjög stuttum tíma með ótrúlega nákvæmum hætti fylgjast með ferðum bæði í sjó og á landi. Auðvitað er slíkt mjög gott til varna því að það er einmitt eðli eftirlits og varna að geta fylgst með hugsanlegum óvini. Því verður ekki neitað að ef til stríðs kemur er auðvitað fullt gagn að slíku. En það þýðir ekki að þetta séu fyrst og fremst árásartæki. Það er broslegt að lesa Þjóðviljann þegar viðtal er við Hellebust og hann segir í því viðtali auðvitað að þetta séu varnartæki og viðurkennir það, en ef maður snýr þessari síðu Þjóðviljans við og les það sem Ólafur Ragnar Grímsson segir, þá nefnir hann það ekki, heldur fyrst og fremst að þetta séu árásartæki. Það er vegna þess að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hefur tamið sér í þessu máli að segja aðeins hálfan sannleikann, sem stundum er verri en lygin sjálf.

Í lokin, þegar hann fjallaði um þessi mál, lýsti hæstv. félmrh. yfir að hann teldi það vera sjálfsagða kröfu að bandarískí herinn færi úr landi og Ísland segði sig úr Atlantshafsbandalaginu. En einmitt með síðari kröfunni hrynur öll röksemdafærsla helsta hernaðarsérfræðings Þjóðviljans, Anders Hellebust, því að í öllu því, sem hann sagði, gerði hann ráð fyrir að Íslendingar nytu þess að vera áfram í Atlantshafsbandalaginu. Það hefur stundum verið talað um varnarábyrgð Atlantshafsbandalagsins, og ég býst við að þessir ágætu tveir þm. kannist við það orðalag.

Ástæðan fyrir því, að þessir ágætu þm. hafa svo hátt í þessu máli, er auðvitað sú, að þeir eru að gera sig breiða gagnvart háværum hluta Alþb. úr hópi herstöðvaandstæðinga. Þeir eru orðnir langþreyttir á því að lesa það í yfirlýsingum frá flokksþingum Alþb. og í kosningastefnuskrá, að Alþb. berjist fyrir því að herinn fari af Keflavíkurflugvelli og Ísland segi sig úr NATO, en síðan er þessu öllu saman kastað fyrir róða þegar efnt er til stjórnarsamstarfs. Þetta veldur auðvitað forustumönnum Alþb. erfiðleikum. Það er þess vegna sem þeir nota tækifærið í þessum umr. til að æpa eins hátt og þeir geta að nú þurfi eitthvað að breytast og eitthvað að gerast. Þetta eru þó ekki svo merkileg mál að þeirra dómi að þau séu ekki aukaatriði þegar til samstarfs við aðra stjórnmálaflokka kemur. Ég held að þetta sé meginástæðan fyrir því að Alþb.-mennirnir tveir hafa komið hér og flutt sömu ræðuna báðir, annar að degi og hinn að nóttu.

Það er eitt sem er ánægjulegt við þessar umr. allar, að hér er þó gerð tilraun til að ræða um varnar- og öryggismál Íslands með þeim hætti sem kannske eðlilegt er. Reynt er að setja sig inn í nútímatækni og átta sig á því, hver sé staða Íslands í þeim ófriðsamlega heimi sem við lifum í. Yfirlýsingar hv. síðasta ræðumanns og dylgjur um það, hvort SOSUS-kerfið sé til þess hannað að drepa fólk, eru náttúrlega algerlega út í bláinn og hann veit miklu betur þótt hann taki svona til orða. Hugmyndir hans um Awacs-vélar, þar sem hann segir fyrst og fremst hálfan sannleikann og felur annað, trú hans á yfirlýsinguna um að Rússar geti ekki notað nema 11% af flota sínum vegna manneklu o. s. frv. eru allt atriði sem auðvitað er vert að ræða.

Þá kem ég að því sem mér fannst vera jákvætt í ræðu hv. síðasta ræðumanns, en það var að hann taldi að við Íslendingar yrðum að byggja meira á innlendri þekkingu í okkar málflutningi. Undir þetta get ég tekið því að með þessum orðum hefur hv. síðasti ræðumaður lýst yfir þó nokkrum stuðningi við till. sem liggur fyrir Sþ. frá þremur þm., þar sem gert er ráð fyrir að Alþingi feli ríkisstj. að stofna sérstakt embætti ráðunautar ríkisstj. í öryggis- og varnarmálum sem starfi hjá utanrrn. Ég tel að ræða síðasta hv. ræðumanns gefi fullt tilefni til að halda að Alþb., eða a. m. k. sumir Alþb.-menn, komi til með að styðja þá till. og fyrir það er ég þeim þakklátur.

Utanrrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég þakka þeim, sem tekið hafa þátt í þessum umr. Tómlæti gagnvart utanríkismálum er ákaflega neikvætt að mínum dómi. Ég er hjartanlega sammála hv. þm. Birgi Ísl. Gunnarssyni um að þessi umr. er heldur seint á ferðinni og fer fram á óheppilegum tíma, en þar er ekki við mig að sakast, ég lagði þessa skýrslu fram um mánaðamótin mars-apríl.

Ég get verið algerlega sammála hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni um að utanríkismál eru annað og meira en málefni Keflavíkurflugvallar, sem ég geri þó á engan hátt lítið úr. Við Íslendingar þurfum vissulega að fara að venja okkur af þeim eyjarskeggjahugsunarhætti, sem við höfum verið allt of mikið haldnir, að eiginlega kæmi okkur ekkert við sem væri utan við landsteinana, enda er það svo, að við tökum þátt í fjölmörgu alþjóðlegu samstarfi, sendum fulltrúa á margs konar ráðstefnur. Það knýr á um að við tökum afstöðu í þeim málum, sem þar er fjallað um, og að við kunnum skil á þeim.

Hins vegar er ég honum ekki sammála um það sem var í framhaldi ræðunnar, en auðvitað er þess enginn kostur að fara hér að ræða um það. En ég vil aðeins segja það, að á flest þau atriði, sem hann minntist þar á, má vissulega líta frá öðru sjónarhorni en hann gerði og hægt að fá skýringar á ýmsum þeim atriðum, sem hann nefndi, og upplýsingar um þau efni. En það væri efni í langan lestur — og er sjálfsagt rétt að geyma umr. um það þangað til skýrsla öryggismálanefndar kemur út, sem vonandi verður innan tíðar.

Það má segja að það þjóni litlum tilgangi að vera að lengja þessar umr., eins og tíma er nú háttað, en til mín hefur verið beint örfáum spurningum og þeim vildi ég gjarnan reyna að svara.

Í fyrsta lagi beindu bæði hv. þm. Geir Hallgrímsson og hv. þm. Eiður Guðnason þeirri spurningu til mín, hvort það hefði ekki verið fjallað um aðild Íslands að Alþjóðaorkustofnuninni í ríkisstj. Svarið er: Málið er þar til umfjöllunar. Viðskrh. hefur tekið það mál upp þar og hefur gert það að till. sinni, að Ísland gerðist aðili að Alþjóðaorkustofnuninni. Ég vil í því sambandi segja að það er áreiðanlega umhugsunarvert öryggisatriði hve olíubirgðir eru litlar í landinu, og þá á ég auðvitað ekki við olíubirgðir varnarliðsins, heldur olíubirgðir þær sem Íslendingar eiga eða eru hjá olíufélögunum.

Það var athyglisvert, sem kom fram í ræðu hv. þm. Benedikts Gröndals, að Aðalverktakar ættu að verja nokkru af sínum varasjóði í það að kaupa húsnæði suður á Keflavíkurvelli eða þar í grennd. Ég held að mér sé óhætt að segja að Aðalverktakar hafa haft í huga nú um skeið að reisa byggingu suður í Keflavík eða einhvers staðar þar í grennd, og tel ég það vel farið þar sem þeir hafa byggt allmiklar byggingar í Reykjavík.

Eins og vænta mátti var sú ræða, sem hæstv. félmrh., Svavar Gestsson, flutti dálítið í öðrum dúr en ræður annarra og þarf það ekki að koma neinum á óvart. Fyrri

hluti ræðunnar var sögulegur róman sem er utan og ofan við skýrslu þá um utanríkismál sem hér liggur fyrir, og ég ætla alveg að leiða það hjá mér. En ég hlýt að mótmæla því, að það hafi orðið eðlisbreyting á varnarstöðinni. Það liggur í augum uppi að búnaður slíkrar stöðvar hlýtur að taka ýmsum breytingum og það eru örar framfarir á þessu sviði ekki síður en öðrum. Það væri auðvitað lítið gagn að því að hafa varnarstöð hér ef ekki væri fylgst þar með að því leyti að þó væri sæmilegur búnaður þar fyrir hendi. Það þýðir lítið að hafa þar búnað sem væri algerlega orðinn úreltur, hefði kannske verið í samræmi við kröfur tímans fyrir 30 árum. Að því leyti til hljóta alltaf að verða nokkrar breytingar á varnarstöðinni. En eðlið er *það sama og það hefur alltaf verið: að gegna eftirlits-* og varnarhlutverki. Þannig er það um allt herlið og allt sem lýtur að vörnum á öllum Norðurlöndum. Það er allt gert í varnarskyni. Það er um varnarviðleitni að ræða. Það vita auðvitað Sovétríkin. Það veit Varsjárbandalagið og því dettur ekki annað í hug. Því dettur ekki í hug að þær stöðvar, sem eru í þessum löndum, hvort sem það eru erlendar herstöðvar eða NATO-æfingastöðvar má kannske kalla það, verði notaðar til árásar.

Hæstv. félmrh. *lét í ljós að það vantaði sitthvað í þessa* skýrslu um utanríkismál. Það má auðvitað til sanns vegar færa. Hún verður seint svo úr garði gerð að ekki megi finna eitthvað sem þar mætti vera. Það yrði að vera heil bók ef gera ætti tæmandi skýrslu um alþjóðamál og utanríkismálin. En ég vil í því sambandi minna á að einn þáttur skýrslunnar er skýrsla um störf á þingi Sameinuðu þjóðanna sem menn verða líka að lesa. Það er líka kannske heldur fljótt yfir sögu farið í þessari skýrslu að því er t. d. varðar Evrópuráðið, en úr því hefur verið bætt sérstaklega með þeirri ágætu skýrslu sem er á þskj. 672, ef ég man rétt, og fulltrúar á þingi Evrópuráðsins hafa lagt fram. Þar er ítarlega sagt frá starfsemi Evrópuráðsins, m. a. vikið að því viðkvæma spursmáli sem er þátttaka Tyrklands í ráðinu. Að þessum atriðum vék hv. þm. Þorvaldur Garðar Kristjánsson ítarlega í sinni ræðu þegar þetta var síðast til umr. og vék einmitt að þessu viðkvæma máli, sem var spurningin um hvort Tyrkir ættu að eiga þarna aðild. Þetta leystist í vetur þannig, að fjórir fulltrúar mættu, þeir höfðu kjörbréf, sem áður höfðu verið samþykkt, og þeir voru látnir sitja, en hins vegar var tekið fram að þetta yrði að taka til meðferðar á þeim fundi sem er nýlega lokið. Þar varð niðurstaðan sú, að Tyrkjunum var vísað á bug. Auðvitað er þetta viðkvæmt mál. Menn geta sagt sem svo: Hvað kemur okkur Íslendingum þetta við? En þetta er einmitt dæmigert um það sem við þurfum og verðum að láta okkur varða og taka afstöðu til og er utanríkismál.

Eins og ég sagði má til sanns vegar færa að sitthvað vanti í þessa skýrslu. Hæstv. félmrh. benti sérstaklega á að ekki væri greinargerð um varnarstöðina á Keflavíkurvelli, það væri ekki greinargerð um starfsemi Aðalverktaka — hv. þm. Eiður Guðnason vék að því sama — og ekki heldur greinargerð um framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli eða í varnarstöðinni. Um þetta verð ég að segja, og er best að hafa þá formúlu á, að þetta verður tekið til athugunar framvegis, en ég vil þó benda á að það er aðeins vikið í skýrslunni að vellinum og því sem þar fer fram. Það er að finna á bls. 14 í skýrslunni. Þar er nokkuð tekið fram hvaða starfsemi fer fram á vegum íslenskra aðila þar, hvaða arður er o. s. frv. af þeirri starfsemi sem fer þar fram, tekið fram hve margir starfsmenn vinna á vellinum og hve margir af þeim vinna hjá varnarliðinu o. s. frv. Það er hins vegar ekki tekið þar fram um framkvæmdir. Það má vel hugsa sér að gerð sé grein fyrir því og það sé tekið upp í skýrslu framvegis. En ég vil í þessu sambandi geta þess, að ég hef skýrt bæði ríkisstj. og utanrmn. frá því, hvaða framkvæmdir eru samþykktar á þessu ári, og það hefur ekki verið deilt um það, nema þá um flugskýlin svokölluðu.

Hæstv. félmrh. vék að þeim fiskveiðisamningum, sem fyrir hendi eru við aðrar þjóðir, og lýsti yfir að það væri stefna Alþb. að aðeins væri um skammtímasamning að ræða sem ætti ekki að standa um alla eilífð. Ég hygg að allir geti tekið undir það. Samningurinn við Færeyinga, *sem er langstærstur af þessum samningum, er gerður* alltaf til eins árs í senn, og samningarnir við Belga og Norðmenn eru þannig úr garði gerðir að hægt er að segja þeim upp með sex mánaða fyrirvara. Samningurinn við Belga er auk þess þess eðlis, að hann gengur smám saman sér til húðar vegna þess að skipin eldast og týna tölunni. Ég hygg því að ekki sé neinn ágreining þarna að finna.

Þá var hæstv. félmrh. með spurningu varðandi EFTA og *Efnahagsbandalag, sem reyndar heyrir fremur undir* viðskrh. að svara en mig. Hún var um að það hafi verið gert mikið úr þeim tollaívilnunum sem við hefðum, en hitt væri fróðlegt að vita, hvaða tollalækkanir væri um að ræða gagnvart EFTA og EBE. Þetta á í raun og veru að liggja nokkuð ljóst fyrir þar sem það er í sjálfri tollskránni. Það eru tveir dálkar þar. Annars vegar eru tollar gagnvart EFTA og hins vegar gagnvart öðrum löndum. Þar má því sjá hver munur er á. Þetta er aðeins um iðnaðarvörur. Hugsunin á bak við EFTA-samninginn er að þar sé gagnkvæmni, en það er auðvitað engin gagnkvæmni gagnvart okkur ef þetta á einungis að standa og gilda um iðnaðarvörurnar. Þess vegna hafa verið gerðir sérstakir samningar við Efnahagsbandalagið þar sem við njótum sérstakra fríðinda, tollaívilnana, lækkana á fiskafurðum. Um þetta get ég í raun og veru ekki gefið nánari skýringu en að þessar upplýsingar ætti að vera auðvelt að fá og sjá og reikna út af því sem í tollskránni stendur, hverjar tollalækkanir er þarna um að ræða.

Hæstv. félmrh. minntist á þróunaraðstoðina og drap á það, hafi ég ekki misskilið hann, að það væri ekki öll sagan sögð með því að gera aðeins grein fyrir hinni almennu þróunaraðstoð, heldur væri um að ræða framlög í þessu skyni til ýmissa stofnana. Þetta er alveg rétt. Það er birt skrá í skýrslunni um utanríkismál einmitt um þetta. Þar eru framlögin greind í a. Langtíma þróunaraðstoð, þar sem aðstoð Íslands við þróunarlöndin er m. a. undir, og er svo Önnur aðstoð, reglubundin framlög sem sum hver eru hálfgert veitt í neyðarskyni, eins og til Rauða kross eða í einhverjum flóttamannatilfellum. Þetta er allt lagt saman í þessari skýrslu á bls. 24. Sú prósentheildartala, sem vitnað er í og talað er um í skýrslunni, er allt það samanlagt sem Ísland hefur lagt til með þessum hætti. Þar í er t. d. það sem hann minntist, held ég, aðeins á, framlagið til Hinnar alþjóðlegu framfarastofnunar, IDA. Það er alveg rétt, að Ísland leggur þar til talsvert mikinn hlut og það er talsverður hlutur í þessu framlagi sem Ísland innir af hendi. En þess er að geta, að þar var stofnframlagið mjög aukið á þessu ári samkv. sérstökum tilmælum frá viðskrn. og Seðlabank anum sem hafa með þessa stofnun að gera, en ekki utanrrn., þó að framlagið sé svo sett á þess reikning.

Um þessa alþjóðlegu framfarastofnun, IDA, er það að segja, að það eru framlög sem ríkari þjóðir leggja af mörkum og veitt eru fátækari þjóðum. Það er kannske gleðileg staðreynd, að það þótti koma fram einmitt á síðasta ári að Ísland var hækkað í flokki, ef svo má segja, og þess vegna talið eðlilegt að það greiddi hærra stofnframlag en áður var. Um það skal ég ekki fara fleiri orðum.

Að sjálfsögðu voru, eins og eðlilegt er, mörg atriði annars í ræðu hæstv. félmrh. sem ég var ósammála. Það er ósköp eðlilegt varðandi varnar- og öryggismál þar sem við erum þar alveg á öndverðum meiði. En ég held þrátt fyrir það, að mér þyki dálítið vænt um þessa ræðu, og mér þykja koma þar fram mjög merkileg ummæli. Ég vil mega lesa hér upp, með leyfi hæstv. forseta. Þar segir félmrh.:

„Ég vil þó aðeins í þessu sambandi undirstrika alveg sérstaklega að í núv. ríkisstj. er ástandið þannig, að einn stjórnarflokkurinn, þ. e. Alþb., er andvígur aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu og er andvígur bandarísku hersetunni á Íslandi. Þetta skapar sérkennilegar aðstæður í ríkisstj. og innan hennar á að vera af þessum ástæðum samkomulag um að hér verði óbreytt ástand í herstöðinni."

Þetta er mjög „diplómatískt" orðalag, mjög hnitmiðað orðalag, mjög rétt orðalag, því að vitaskuld er það eðlilegt frá sjónarmiði þeirra, að þeir beri þá ósk í brjósti að ástandið verði að öllu óbreytt þarna, þ. e. að hvor aðili sem er hafi neitunarvald gagnvart framkvæmdum. En hæstv. félmrh. segir ekki: það er samkomulag innan ríkisstj. Hann segir, eins og ég las: „og innan hennar á að vera af þessum ástæðum samkomulag". Þetta segir allt um þetta svonefnda neitunarvald sem segja þarf. Um það þarf ekki að hafa nein fleiri orð eða leiða frekar nein vitni í því sambandi.

Svo ætla ég, herra forseti, að láta máli mínu lokið að sinni og sjálfsagt þá um þessa skýrslu því að ég geri ráð fyrir að umr. um hana verði lokið þó að æskilegt hefði verið að fleiri hefðu verið viðstaddir og getað sinnt þessum umr.

Efri deild, 101. fundur.

Föstudaginn 15. maí, kl. 3 miðdegis.

Landkaupasjóður kaupstaða og kauptúna, frv. (þskj. 842 (sbr. 587)). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Sölustofnun lagmetis og Þróunarsjóður lagmetisiðnaðarins, frv. (þskj. 518, n. 837, 838). — 2. umr.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Iðnn. hefur haft til umfjöllunar alllengi frv. til l. um Sölustofnun lagmetis og Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins. Nefndin hefur fjallað um þetta frv. og fengið til viðtals fulltrúa frá Sölustofnun lagmetis, Samtökum grásleppuhrognaframleiðenda og Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda. Enn fremur hafa borist umsagnir frá Landsambandi ísl. útvegsmanna, Sölustofnun lagmetis, Samtökum grásleppuhrognaframleiðenda, Verslunarráði Íslands og viðskrn.

Í athugasemdum með frv. er þess getið, að einstakir ráðh. hefðu fyrirvara um endanlega afstöðu þeirra til vissra atriða í frv. Af þessu tilefni óskaði nefndin upplýsinga frá iðnrh. hverjir þessir fyrirvarar væru, þannig að ljóst lægi fyrir um stuðning flutningsaðila við frv. Svar iðnrh. er birt í fskj. með þessu nál.

Nefndarmenn iðnn. eru ekki einnar skoðunar um það, hvort þörf sé á sérstakri lagasetningu um Sölustofnun lagmetis, en um það fjallar fyrsti kafli frv., og telja sumir að eðlilegra sé að sölusamtök setji sér eigin samþykktir. Á hinn bóginn hefur orðið að samkomulagi að leggja til þá málsmeðferð sem frv. hljóðar upp á, að I. kafli frv. gildi aðeins til ársloka 1982 og þannig gefist aðilum ágætt svigrúm til þess að ganga frá samþykktum fyrir félagsskap sinn ef ný lagasetning kemur þá ekki til um þessi efni.

Vegna Þróunarsjóðsins leggur nefndin áherslu á, að hann fái sérstaka stjórn. Jafnframt er það álit nefndarinnar, að eðlilegt sé að aðilar, sem leggja sjóðnum til fé, eigi aðild að stjórn sjóðsins. Þess vegna flytur nefndin brtt. þar að lútandi.

Loks er flutt till. um að Samtök grásleppuhrognaframleiðenda fái tekjur af útflutningi á grásleppuhrognum með svipuðum hætti og ýmis önnur hagsmunasamtök í sjávarútvegi. Undir nál. rita allir nm. í iðun. Brtt. nefndarinnar eru birtar á þskj. 838.

Ég vil lesa upp þær brtt. sem eru á þskj. 838 og nefndin flytur.

„1. 2. mgr. 10. gr. orðist þannig:

Iðnrh. skipar Þróunarsjóði lagmetisiðnaðarins fimm manna stjórn og jafnmarga til vara með eftirfarandi hætti: Einn samkv. tilnefningu Sölustofnunar lagmetis eða síðar sölusamtaka lagmetisframleiðenda, einn skv. tilnefningu Iðntæknistofnunar Íslands, einn skv. tilnefningu Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, einn skv. tilnefningu sjútvrh., sem sé á árinu 1981 valinn í samráði við Samtök grásleppuhrognaframleiðenda og Sölusamtaka ísl. fiskframleiðenda, en síðar eftir ábendingu Sölusamtaka ísl. fiskframleiðenda. Einn án tilnefningar og skal hann vera formaður. Á sama hátt fer um varamenn þeirra.

2. Við 11. gr. bætist:

Enn fremur skal með sama hætti innheimta 1% gjald af fob-verði saltaðra grásleppuhrogna fram til 1. apríl 1982 og renni andvirði þess til Samtaka grásleppuhrognaframleiðenda.

3. 13. gr. orðist þannig:

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 48 26. maí 1972, um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins, með síðari breytingum. I. kafli þessara laga, þ. e. greinar 1—8 að báðum meðtöldum, falla úr gildi 31. des. 1982.

4. Heiti frv. breytist og verður:

Frumvarp til laga um lagmetisiðnað og Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins."

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að eyða lengra máli í að gera grein fyrir frv. né heldur þeim breytingum sem nefndin hefur lagt til. Um þetta var einhugur í iðnn.

Ég vil að gefnu tilefni þakka hv. nm. fyrir gott samstarf um þetta mál. Eins og ég gat um í upphafi hefur nefndin fjallað um þetta í alllangan tíma, en það er oft svo að þegar menn vilja ná samkomulagi, fylgjast að, þá tekur svolítinn tíma að vinna að málum. Ég endurtek þakklæti mitt til hv. nm. fyrir gott samstarf.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 853, sem var of seint fram komin, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 853 tekin aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. meö 15 shlj. atkv.
9. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 838,1 samþ. með 14 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 838,2 samþ. með 13 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
12. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 838, 3 (ný 13. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 838,4 (ný fyrirsögn) samþ. með 14 shlj. atkv.
Frv. vísað til 3. umr með 14 shlj. atkv.

Efri deild, 102. fundur.

Föstudaginn 15. maí, að loknum 101. fundi.

Horfnir menn, frv. (þskj. 716 (sbr. 7), n. 856). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Allshn. hefur fjallað um frv. til l. um hvorfna menn, og þótt e. t. v. megi segja að heiti þessa frv. sé svolítið andkannalegt, þá leggur nefndin engu að síður til að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það kom frá Nd.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
5.—13. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
14.—22. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
23. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Lögheimili, frv. (þskj. 751, n. 857, 858). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Allshn. hefur fjallað um frv. til breyt. á lögum um lögheimili. Nefndin mælir með samþykkt frv. með brtt. sem birt er á sérstöku þskj., nr. 858, og mælir nefndin með að umrædd málsgr. laganna um lögheimili orðist svo sem þar segir.

ATKVGR.

Brtt. 858 (ný 1. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Lagmetisiðnaður, frv. (þskj. 863 (sbr. 518), 853). —3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 853 brtt. við frv. til l. um lagmetisiðnað og Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins. Brtt. orðast svo:

„b-liður 2. gr. orðist svo:

annast sölu á niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum til landa þar sem ríkisstofnun, ríkið sjálft eða aðili fyrir þess hönd er aðalkaupandinn. Sölustofnun lagmetis hefur einkarétt til sölu og útflutnings á lagmeti til þeirra landa sem þetta ákvæði nær til."

Hér er sem sagt verið að leitast við að óbreytt lög gildi að þessu leyti og gilt hafa að mati bæði prófessora við Háskólann og líka lögmanns Sölustofnunar lagmetis, að einkaréttur sé á sölu á lagmeti hjá Sölustofnun lagmetis á þessa tilteknu markaði.

Þetta mál hefur lítillega verið rætt í þessari hv. deild. Ég býst við að það hafi verið rætt í hv. iðnn. Ég hef, eins og hv. dm. er kunnugt, reynslu af starfi þessarar stofnunar og sölustarfi á þessum mörkuðum að þessu leyti og tel að það sé óyggjandi að íslenskum hagsmunum sé betur borgið með þessari lagagrein eins og hún hefur verið túlkuð af lögmanni stofnunarinnar og prófessorum við Háskólann, eins og lögin eru nú.

Ástæðan fyrir því, að ég tel eðlilegt að það sé einkaleyfi til sölu lagmetis á þessum mörkuðum, er einfaldlega sú, að þar sem ein ríkisstofnun ræður öllu varðandi innkaup er það ekki í þágu þeirra sem selja, að margir bjóði þar sömu vöruna, þar sem einn kaupandi er og ræður verðinu. Þetta finnst mér vera svo einfalt og auðskilið mál, að ég er satt að segja undrandi á því að menn skuli ekki vera einhuga um þetta. Það má auðvitað deila hvort slíkt á að binda í lög, ég skal fallast á það, en við höfum farið þessa leið í sölu okkar afurða á þessu mörkuðum. Við vitum að t. d. frystar afurðir eru undantekningarlaust seldar á þessum mörkuðum þannig að stærstu fyrirtæki okkar eða einu fyrirtækin, sem selja þá vöru, vinna mjög náið saman og kemur aldrei fyrir að þau bjóði sitt í hvoru lagi vörur á þessa markaði. Enn fremur er það svo í öðrum löndum að til þessa ráðs er gripið þar sem um algera einokun er að ræða á innkaupum.

Í Noregi ætla menn að fara að ganga það langt að lögskylda alla, sem flytja út lagmeti á alla markaði, að vera saman í einum samtökum. Ég tel að slíkt fyrirkomulag sé fráleitt og ég hef beitt mér fyrir því, á meðan ég var formaður stjórnar Sölustofnunar lagmetis, að það væru teknir upp miklu frjálslegri hættir í sölu á hina frjálsu markaði þar sem margir kaupendur eru. Stundum er það svo að stofnun sem þessi nær þá kannske ekki bestu viðskiptasamböndunum. En jafneinsýnt er að það sé íslenskum hagsmunum fyrir bestu, að það séu ein samtök

sem bjóði á þá markaði þar sem ríki eða ríkisstofnun er eini kaupandinn.

Ég skal ekki, herra forseti, fjölyrða frekar um þetta. Ég vil aðeins skýra frá þeirri skoðun minni, að ég held í sambandi við þetta frv. að það sé visst öryggi í því fyrir stofnun sem Sölustofnun lagmetis að hafa lagagrunn. Ég er þeirrar skoðunar, að það sé til stuðnings að ákveðin lög gildi um slíka starfsemi. Mér finnst það í rauninni það minnsta sem hið opinbera getur gert, ef framleiðendur í slíkum samtökum sem samtökum framleiðenda lagmetis óska eftir lagagrunni án þess að ríkið leggi fram fé, — þá sé það það minnsta, sem hið opinbera getur gert, að setja í samráði við þá ákveðna rammalöggjöf um slíka starfsemi. Slíkur er háttur um ýmsa aðra sölustarfsemi, t. d. starfsemi síldarútvegsnefndar.

Ég sé ekki ástæðu til þess, herra forseti, að fjölyrða meira um þetta mál, en ég vænti þess, að þessari till. verði vel tekið.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Það gæti í sjálfu sér verið ástæða til að fjalla verulega um þessa stofnun hér í ræðustóli, en eins og deildinni er kunnugt hefur þetta mál verið til alllangrar umfjöllunar í iðnn. deildarinnar og þar hafa menn að lokum náð samkomulagi um þær brtt. sem hér voru til afgreiðslu síðast. Ég tel að þær séu af því tagi að þeir, sem að þeim stóðu, hafi slegið nokkuð af kröfum sínum hver og einn eins og verða vill þegar menn leitast við að ná samkomulagi.

En varðandi það ákvæði frv., sem hér um ræðir, varð að samkomulagi í nefndinni að láta það óbreytt standa.

Vegna þeirrar brtt., sem hér var talað fyrir, vil ég í fyrsta lagi vekja athygli á því, að í greininni, eins og hún er í frv., er meginreglan sú, að það sé einn aðili sem fari með sölu og útflutning á lagmeti til þeirra landa sem hér um ræðir, því að þar segir að Sölustofnunin skuli annast sölu á sjávarafurðum til landa þar sem ríkisstofnun, ríkið sjálft eða aðili fyrir þess hönd er aðalkaupandinn. Sölustofnun lagmetis hefur einkarétt til sölu og útflutnings á lagmeti til þeirra landa sem ákvæði þetta nær til. Síðan er þó undantekningarákvæði sem er nokkuð strangt, nefnilega að viðskrh. sé heimilt í einstökum tilvikum að veita aðila utan stofnunarinnar undanþágu frá einkaréttarákvæði þessu, enda sýni aðilinn fram á að hann geti fengið hagkvæmara verð en stofnunin. Og í þessu tilviki skal leita umsagnar stjórnar Sölustofnunar lagmetis áður en undanþágan er veitt.

Svo nálægt þeim sjónarmiðum, sem eru túlkuð í brtt., er gengið, en hins vegar er heimild til undanþágu.

Ég vil að öðru leyti segja það um ræðu hv. síðasta ræðumanns, að hann taldi að það væri rétt að setja lög um sölusamtök af þessu tagi, en hins vegar ekki að lögskylda menn til að vera í samtökunum. Ég tel að eðlilegra sé að það gildi í þessari grein eins og er meginreglan í öðrum útflutningsgreinum sjávarútvegsins, að sölusamtökin sjálf setji sér samþykktir. Með því verða þeir aðilar, sem þar eru, ábyrgari fyrir því, með hvaða hætti stofnunin starfar, og í annan stað gefur það þeim aukinn sveigjanleika til þess að breyta samþykktum sínum eftir því sem nauðsyn kann að krefja og laga þær að aðstæðum án þess að þurfa að bíða eftir hugsanlegum lagabreytingum í gegnum Alþingi. Ég er eindregið þeirrar skoðunar, að langtum eðlilegra sé að sölusamtökin setji sér sjálf samþykktir.

En um hitt atriðið, að hér skuli vera algjör einkasala til aðila, þá verða menn að líta á það, að samkv. 3. gr. í frv., eins og það er núna, fela þeir aðilar, sem ganga í þessa sölustofnun, henni algjöra einkasölu á allri framleiðslu sinni. Ef menn eru aðilar að sölustofnuninni geta þeir ekki selt neitt með öðrum hætti, og í annan stað er alveg bundið, ef samþ. yrði sú brtt. sem hér er, að menn geti með engu móti selt afurðir sínar til þeirra landa, sem hér um ræðir, nema með því að vera aðilar að sölustofnuninni. Þetta þykir mér nokkuð strangt ákvæði og ég hefði haldið að þetta stangaðist á við þau grundvallarsjónarmið sem fylgt væri í Sjálfstfl. varðandi bæði þetta atriði og svo hitt, að ætla sér að lögskylda menn til þess að gangast fortakslaust undir hluti af þessu tagi og framselja einkarétt með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir. Ég hef ekki skilið stefnu Sjálfstfl. þannig.

Ég skal ekki fjölyrða frekar um þetta, herra forseti, nema tilefni gefist til. En ég vil vekja sérstaka athygli á því, að ákvæðið eins og það er gengur alllangt í átt við þau sjónarmið sem hv. flm. brtt. talaði hér fyrir. Ég held að það væri réttara að segja: mjög langt. Hins vegar er það ekki fortakslaust með öllu, að ekki sé hægt að sveigja örlítið til ef nauðsyn krefur. En hitt er auðvitað rétt, að þetta þyrfti ekki að vera í lögum. Það er eðlilegt hlutverk viðskrh. að sjá til þess, að farið sé með réttum hætti að í þessum efnum. Skoðun mín er sú, að það hafi viðskiptaráðherrar yfirleitt gert í sambandi við útflutninginn. Ég tel þess vegna að brtt., sem hér er flutt, eigi ekki rétt á sér og hana eigi ekki að samþykkja.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ég ætla ekki að setja hér á einhverjar rökræður við hv. þm. Kjartan Jóhannsson, formann Alþfl., um hvað Sjálfstfl. vill í þessum efnum eða hvað sé grundvallarstefna Sjálfstfl. En ég vek athygli hans á því, að bæði Sjálfstfl. og Alþfl. hafa talið eðlilegt að sérstök lög giltu um síldarútvegsnefnd og hún ein hefði rétt til þess að flytja út saltsíld á alla markaði, ekki bara á þá markaði þar sem ein ríkisstofnun er kaupandi. Það, sem einvörðungu vakir fyrir mér, er að þarna sé hagsmuna Íslendinga gætt og það markaðsstarf sé ekki truflað eins og ég hef reynslu af og ég hef áður sagt hér frá að hefur gerst, jafnvel þó að þessi einkaréttur sé nokkuð fortakslaus í lögum.

Ég held að við getum verið sammála um það, að þó að við séum frjálshyggjumenn að því leyti til, að við viljum að íslenskir neytendur njóti þess, að það sé full samkeppni á innlendum markaði, og ég vona að hv. þm. sé mér alveg sammála um það, þannig að neytendur njóti góðs af samkeppni sem er alla vega í lágmarki, þá sé það dálítið annað mál en þegar verið er að fjalla um viðskipti við aðila þar sem er við einn að ræða og einn aðili ræður innkaupastefnu heils stórveldis t. d. Það er nokkuð annað, og ég held að við þurfum ekki að setja á neinar sérstakar rökræður í þessum efnum. Ég tek undir það, að þessi grein, eins og hún er orðuð núna í frv., leggur áherslu á að aðalreglan sé réttur sölustofnunarinnar til þess að selja á þessa markaði. Mér finnst hún hins vegar ekki nægilega fortakslaus til þess að ekki geti endurtekið sig sú reynsla, að þetta markaðsstarf verði truflað.

ATKVGR.

Brtt. 853 felld með 9:3 atkv.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Umferðarlög, frv. (þskj. 654, n. 854, 855). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Allshn. hefur fjallað um frv. til l. um breyt. á umferðarlögum og orðið sammála um að mæla með nokkrum brtt. sem eru á þskj. 855. Einn nefndarmanna, Salome Þorkelsdóttir, skrifar undir nál. með fyrirvara, en skylt er að geta þess, að aðrir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. sem fram kunna að koma. Þetta vil ég taka fram í upphafi.

Ég mun nú gera stuttlega grein fyrir þeim brtt. sem er að finna hér á þskj. 855.

Það er þá í fyrsta lagi, að lagt er til að inn komi ný grein sem hljóðar svo:

„Í þeim bifreiðum, sem búnar eru öryggisbeltum samkv. þessari grein, skulu og vera hnakkapúðar af viðurkenndri gerð á framsætum. Ákvæði þetta gildir um bifreiðar sem fluttar eru til landsins eftir 1. jan. 1983."

Viðurkennt er að hnakkapúðar hafa veruleg áhrif til þess að draga úr meiðslum þeirra sem í framsætum sitja ef slys verður. Búið er að lögleiða það að hnakkapúðar skuli vera í bifreiðum í Noregi, Danmörku og Svíþjóð. Það er ekki alveg ljóst, hvort slík lögleiðing hefur átt sér stað í Finnlandi eða ekki.

Samkv. upplýsingum forstöðumanns Bifreiðaeftirlitsins, sem kom á fund allshn., eru langflestar bifreiðar, sem til landsins eru fluttar, búnar slíkum hnakkapúðum, einhverjar fáar tegundir munu ekki vera það. Hér er gefinn alllangur umþóttunartími, þ. e. fram til 1. jan. 1983, þannig að allar þær bifreiðar, sem til landsins koma og eiga að vera búnar öryggisbeltum, skuli þá, eftir rúmlega eitt og hálft ár, vera búnar slíkum hnakkapúðum.

Í öðru lagi leggur nefndin til breytingu á 1. gr. frv., að 2. mgr. orðist svo:

„Heimilt er að aka á reiðhjóli og leiða reiðhjól á gangstígum og gangstéttum ef það er ekki til hættu eða óþæginda fyrir aðra vegfarendur. Hjólreiðamenn, sem fara eftir gangstígum eða gangstéttum, skulu ævinlega víkja og hliðra til fyrir gangandi vegfarendum." Þessi síðasti málsliður er nýr. Nefndin leggur til að hann bætist hér inn í. Þá eru tekin af öll tvímæli um það, að gangandi fólk á réttinn á gangstígum og gangstéttum, hjólreiðamönnum ber ævinlega að víkja og hliðra til. Þetta er aðeins til að taka af öll tvímæli.

Í þriðja lagi leggur nefndin til að 64. gr. (a) verði svohljóðandi:

„Hver sá, er situr í framsæti bifreiðar, sem búin er öryggisbelti, skal nota það við akstur á vegum. Eigi er skylt að nota öryggisbelti við akstur aftur á bak. Sama gildir um akstur á bifreiðastæðum, við bensínstöðvar eða við svipaðar aðstæður.

Dómsmrh. getur sett reglur um undanþágur frá notkun öryggisbelta, ef heilsufars- eða læknisfræðilegar ástæður eru taldar gera slíka undanþágu brýna."

Hér leggur nefndin til að felld verði niður ein málsgr. sem var í frv. dómsmrh., þ. e. að þeir skuli undanþegnir notkun öryggisbelta sem eru lægri en 150 cm eða 15 ára og yngri og sitja í framsæti. Nefndin leggur til að þetta verði fellt niður og þá verður einfaldlega ekki leyfilegt að unglingar yngri en 15 ára eða þeir sem lægri eru en 150 cm, sitji óbundnir í framsæti bifreiðar, þeir verða þá að sitja í aftursæti. Hins vegar er rýmkað hér nokkuð orðalag varðandi heimild til undanþágu. Dómsmrh. getur sett reglur um undanþágur frá notkun öryggisbelta ef heilsufars- eða læknisfræðilegar ástæður eru taldar gera slíka undanþágu brýna. Þetta er nokkur rýmkun á orðalagi. Enn fremur segir í næstu mgr.:

„Eigi er skylt að nota öryggisbelti í leigubifreiðum til mannflutninga." — Það er eins og er í frv. — „Dómsmrh. getur sett reglur um undanþágu frá notkun öryggisbelta við annan sérstakan akstur" — Þetta er sömuleiðis eins og er í frv. Síðan kemur viðbót sem nefndin leggur til: „eða við erfið og hættuleg skilyrði utan þéttbýlis, svo sem í mikilli ófærð eða þar sem hætta getur verið á skriðuföllum eða snjóflóðum."

Ég held að með þessu sé komið nokkuð til móts við sjónarmið þeirra sem bent hafa á að á sérstökum tilteknum leiðum hér, þar sem mikil hætta geti verið á skriðuföllum eða snjóflóðum, sé ástæða til að veita undanþágu frá notkun öryggisbelta. Er hér komið til móts við það sjónarmið.

Í fjórða lagi leggur nefndin til að til viðbótar þeim aðilum, sem tilgreindir eru í umferðarlögunum og eiga sæti í Umferðarráði, komi Öryrkjabandalag Íslands, fulltrúi frá því eigi einnig sæti í Umferðarráði. Um þetta var algjör samstaða í nefndinni og raunar sjálfsagt mál.

5. og síðasta brtt. nefndarinnar er sú, að alllangur tími skuli líða þar til beitt verði viðurlögum, sektum, gegn broti á þeirri grein umferðarlaganna, þ. e. að nota ekki bílbelti eða öryggisbelti. Nefndin leggur til að fyrir brot gegn 3. gr. laganna skuli ekki refsað fyrr en lokið er þeirri heildarendurskoðun umferðarlaga sem hófst í september 1980. Sjálfsagt getur töluverður tími liðið þangað til, en nefndarmönnum þótti ástæða til að tengja þetta saman, að það sem sagt verði ekki beitt viðurlögum við brot á þessari grein umferðarlaganna fyrr en lokið er þessari heildarendurskoðun sem nú stendur yfir. Það er sérstök nefnd, sem dómsmrh. skipaði, sem fjallar um þá endurskoðun.

Ég tel ekki ástæðu, herra forseti, til að fara að þessu sinni fleiri orðum um þetta, en legg til, að þessar brtt. verði samþykktar, og ítreka það, að einstakir nm. áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt.

Aðeins að lokum mætti geta þess, að nefndin hefur fengið til viðræðna við sig bæði lækna, löggæslumenn, formann Félags ísl. bifreiðaeigenda, sem jafnframt er talsmaður sérstakrar ráðgjafarnefndar lækna sem hefur starfað fyrir umferðarlaganefndina sem er að endurskoða umferðarlögin, svo og fulltrúa dómsmrn. Síðast í morgun kom landlæknir, Ólafur Ólafsson, á fund nefndarinnar og lagði áherslu á að hér væri í rauninni ekki um umferðarmál að ræða, hér væri um heilbrigðismál að ræða, og hann sagði við nefndina: „Ef hér væri á ferðinni sjúkdómsfaraldur, sem ylli jafnmiklu tjóni og bifreiðaslysin valda, og landlæknisembættið gerði ekkert til að koma í veg fyrir eða draga úr þeim faraldri, þá væri mér ekki sætt sem landlækni." — Í þessu sambandi er rétt að minna á það, að landlæknisembættið hefur gefið út tvær afar fróðlegar skýrslur um bílbelti og hvers vegna notkun þeirra sé nauðsynleg, og ég vil hvetja hv. þm. til þess að kynna sér þau rit landlæknisembættisins. Þar er að finna hin veigamestu rök fyrir framgangi þessa máls sem ég hef séð.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Eins og fram hefur komið hef ég undirskrifað nál. með fyrirvara og er ástæðan sú sama og ég nefndi í máli mínu við 1. umr. Ég er ekki að mótmæla mikilvægi bílbeltanna, heldur er ástæðan sú, að ég treysti mér ekki til að standa að einhliða lögleiðingu þeirra.

Ég vil leggja áherslu á mikilvægi fræðslu og áróðurs fyrir notkun bílbelta, en tel að það eigi að vera ákvörðun ökumanns hverju sinni.

Ég vil leggja áherslu á það, að umr. um málið í allshn. var mjög góð og gagnleg og nm. virtu skoðanir þeirra sem vilja fara vægar í sakirnar, og árangurinn eru brtt. sem nefndin leggur fram. Þær eru til bóta og draga aðeins úr einhliða lögleiðingu.

Þetta vildi ég láta koma fram, herra forseti, við þessa umr., en hef allan fyrirvara á endanlegri afstöðu minni við lokaafgreiðslu málsins.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 95. fundur.

Föstudaginn 15. maí, kl. 3 miðdegis.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 591, n. 818, 832 og 833, 817, 830, 831, 840, 845, 851, 852). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Brtt. 830,1 (ný gr., verður 1. gr.) samþ. með 30 shlj. atkv.

Brtt. 830,2 (ný 1. gr., verður 2. gr.) samþ. með 30:1 atkv.

2.—8. gr. (verða 3.—9. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.

Brtt. 830,3 (ný 9. gr., verður 10. gr.) samþ. með 32 shlj. atkv.

Brtt. 840,1 felld með 21:9 atkv.

Brtt. 851 felld með 19:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StG, VG, AG, ÁG, BGr, BÍG, FrS, HBl, JS, KP, MHM, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, SigurlB, SighB, SvH.

nei: SkA, SV, SBó, SvG, ÞS, AS, EH, FÞ, GS, GJG, GGÞ, GHelg, HÁ, HG, JI, IGísl, JE, PJ, RA.

3 þm. (GeirH, JÞ, PP) fjarstaddir.

5 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu:

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Í þessari till. hv. þm. er breyting þess efnis, að það sé ekki hægt að takmarka lagagrein með reglugerð. Reglugerðir geta ekki takmarkað lög og það er sjálfgert að segja nei.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Alþingi er löggjafarvald, en ekki framkvæmdavald. Það er að sjálfsögðu ekki heimilt að takmarka lög með reglugerðum. Ef lög eru takmörkuð annaðhvort með reglugerð eða framkvæmd hljóta menn að geta fengið leiðréttingar sinna mála fyrir þar til gerðum yfirvöldum, sem eru í þessu tilfelli í fyrsta lagi ríkisskattanefnd og síðan dómstólar. Ég segi því nei.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég lýsi vonbrigðum yfir því, að formaður Verkamannasambands Íslands skuli ekki hafa þrek til þess að standa með sínum umbjóðendum. Ég lýsi jafnframt vonbrigðum mínum yfir því, að formaður fjh.- og viðskn. skuli ekki hafa smekk fyrir því, að betur fer á því að lög Alþingis séu afdráttarlaus en að skattborgararnir þurfi að standa í löngum biðröðum fyrir framan dyr ríkiskattanefndar og Hæstaréttar. Ég segi já.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Mér finnst undarlegt ef framkvæmdavaldið telur að það geti með reglugerð þrengt verksvið laga. Ég fæ ekki séð, að það fái staðist, og segi já.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Þess eru mörg dæmi, að rn. takmarki lög með reglugerðum. Það er hægt að nefna um það fjölmörg dæmi og það dæmi, sem er t. d. hvað efst í mínum huga, er dæmi um það að menntmrn. takmarkaði á sínum tíma með reglugerð þá heimild, sem var í grunnskólalögum að ríkissjóður endurgreiddi hluta af tannlækningakostnaði skólabarna, með því að gefa út reglugerð þar sem sagði að sú endurgreiðsla skyldi þó vera takmörkuð við tiltekna upphæð sem svaraði því að borað væri í eina tönn.

Vegna þess að slík dæmi eru fjölmörg finnst mér full ástæða til þess að setja ákvæði í lög eins og hér um ræðir og segi já.

Brtt. 840,2 felld með 20:10 atkv.

10.—12. gr. (verða 11.—13. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.

Brtt. 830,4 (13. gr. falli niður) samþ. með 28 shlj. atkv.

Brtt. 852,1 felld með 20:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HBl, JS, KP, MHM, MB, MÁM, ÓE, SigurlB, SighB, SteinG, VG, AG BGr, BÍG, FrS, SvH.

nei: GJG,GGÞ, GHelg, HÁ, HG, JI, IGísl, JE, ÓÞÞ, PJ, RA, SkA, SV, SBó, SvG, ÞS, AS, EH, FÞ, GS.

ÁG greiddi ekki atkv.

3 þm. (GeirH, JÞ, PP) fjarstaddir.

Einn þm. gerði grein fyrir atkv. sínu:

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Fyrirtæki í landinu njóta margvíslegra skattfríðinda og meðal þeirra fríðinda, sem þau njóta, þau sem rekin eru í félagsformi, er að þau mega draga 25% frá tekjum, áður en skattur er á lagður, og leggja fé í varasjóð. Hér er gerð till. um samsvarandi heimild. En ég vek á því athygli, að gert er ráð fyrir í þessari till. að þessi 25% frádráttur komi til viðbótar við þau hlunnindi sem fyrir eru, og þóttu þó mörgum þau ærin fyrir. Ég segi nei.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Fulltrúar Sjálfstfl. í fjh.- og viðskn. eru þeirrar skoðunar, að 50% flýtifyrningarákvæði 44. gr. skattalaganna hefðu átt að standa óbreytt. Í frv. ríkisstj. er lagt til að því verði breytt í 40% og sérstök flýtifyrning, 4%, í staðinn heimiluð undir sérstökum kringumstæðum.

Í fjh.- og viðskn. náðist samkomulag um þá breytingu á 14. gr. frv., sem flutt er á þskj. 830, að hækka fjögur prósentin í sex. Sú er enn skoðun okkar sjálfstæðismanna, að 50% ákvæðið eigi að vera óbreytt. En til þess að forðast misskilning og þá um leið viðhalda þeirri

samstöðu, sem varð í nefndinni, er 3. till. á þskj. 840 dregin til baka.

Brtt. 840,3 tekin aftur.
Brtt. 830,5 samþ. með 34 shlj. atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
15. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 830,6 (16. gr. falli niður) samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 830,7 (17. gr. falli niður) samþ. með 31:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KP, MHM, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PJ, SigurlB, SighB, SkA, SV, SBó, StG, VG, ÞS, AG, AS, ÁG, BGr, BÍG, EH, FÞ, FrS, GGÞ, HÁ, HBl, JI, IGísl, JE, JS, SvH.

nei: GHelg.

RA, SvG, GS, GJG, HG greiddu ekki atkv.
3 þm. (JÞ, PP, GeirH) fjarstaddir.
2 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu:

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Í 17. gr. stjfrv. er ráð fyrir því gert, að heildarfjárhæð fyrninga verði lækkuð um allt að 1/10 hluta ef hreinar tekjur af rekstrinum ná ekki a. m. k. 5% af heildartekjum, til þess að tryggja að sem allra flest fyrirtæki taki nokkurn þátt í sameiginlegum þörfum landsmanna með greiðslu tekjuskatts.

Ég er ósáttur við að þessi grein skuli vera felld niður úr frv., en miðað við þá samstöðu, sem tekist hefur í fjh.- og viðskn. um afgreiðslu þessa máls, greiði ég ekki atkv.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Það mun hafa legið ljóst fyrir, að tekist hafði samkomulag milli hæstv. fjmrh. og einhverra annarra í ríkisstj. um að láta vera samferða niðurfellingu 59. gr. og þá breytingu sem hér er lögð til, en fjh.- og viðskn. deildarinnar leggur nú til að hvort tveggja verði fellt út úr frv. hæstv. ráðh.

Ég vil aðeins taka það fram, að allir þeir, sem komu á fund fjh.- og viðskn. Nd. og fjölluðu um þessa grein, voru sammála um að hún væri rugl frá upphafi til enda. Ég segi já.

Brtt. 830,10 (ný 22. gr., verður 19. gr.) samþ. með 19. gr. (verður 16. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 830,9 samþ. með 30 shlj. atkv.
20. gr. (verður 17. gr.), svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
21. gr. (verður 18. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
Bett. 830,10 (ný 22. gr., verður 19. gr.) samþ. með 31:2, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KP, MHM, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, SigurlB, RA, SighB, SkA, SBó, SvG, VG, AG, AS, ÁG, BGr, BÍG, EH, GJG, GGÞ, GHelg, HÁ, HBl, HG, JI, IGísl, JE, JS, SvH.

nei: PJ, FÞ.

SV, StG, FrS, GS greiddu ekki atkv.
3 þm. (ÞS, GeirH, JÞ) fjarstaddir.
5 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu:

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Í trausti þess, að samþykkt þessarar brtt. við 59. gr. gildandi skattalaga, tryggi þær endurbætur í réttlætisátt sem að var stefnt með setningu laganna upphaflega, en brengluðust í stórgallaðri framkvæmd, með því einnig að niðurfelling 59. gr. mundi hlutaðeigandi skattgreiðendum í óhag að því er varðar 10% launafrádrátt og loks með áskorun til hæstv. fjmrh. um að samræmd verði svo við verði unað framkvæmd skattalaga í hinum ýmsu skattumdæmum landsins, þ. e. að skattstjórar landsins verði ekki alveg eins lausbeislaðir og þeir hafa verið hingað til, — með svofelldri aths. greiði ég þessari brtt. atkv. og segi já.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Við þessa atkvgr. þykir mér rétt að minna á afstöðu mína til þessarar greinar hér á Alþingi fyrr á þessum vetri, þegar ég lagði til brottfall 59. gr. úr skattalögunum, en ákvæði hennar hnigu að því að skattstjóra væri skylt að reikna mönnum skatt af tekjum enda þótt þær hefðu aldrei myndast. Með þeirri brtt., sem nú eru greidd atkv. um, er horfið frá því vanhugsaða ákvæði. Önnur atriði, sem komin voru inn í frv. ríkisstj. eins og það var lagt fyrir Alþingi, hafa verið leiðrétt, svo sem 10% frádráttarreglan sem notast nú einstaklingum sem starfa við sjálfstæða starfsemi, ákvæðið um skertar fyrningar er fellt brott og ef skattstjóri ákvarðar elli- eða örorkulífeyrisþega laun skal þess gætt að tap myndist ekki við það á rekstri hans, og gagnvart öðrum sjálfstæðum smáatvinnurekendum má slík launafærsla ekki mynda tap sem er meira en nemur samanlögðum almennum fyrningum samkv. 38. gr. og gjaldfærslu samkv. 53. gr.

Þótt ekki hafi fengist fram breytingar svo sem ég hefði kosið og gert till. um gengur þessi endurskoðun þó í rétta átt og ákvæði 59. gr., eins og hún er nú ákveðin, munu ekki ganga svo í berhögg við réttlætiskennd skattaðila sem fyrri ákvæði greinarinnar gerðu. En ekki hefur fengist fram full leiðrétting, það er víst og rétt. En með því að nokkuð hefur áunnist að þessu sinni og ætla má að síðar megi taka málið upp til frekari leiðréttingar mun ég ekki spilla þeim árangri, sem fengist hefur, með neikvæðri afstöðu minni. Ég greiði ekki atkvæði.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Með skírskotun til grg. hv. 2. þm. Suðurl. um þessa till. greiði ég ekki atkvæði.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því, að hæstv. ráðherrar Sjálfstfl. í stjórninni hafa loksins skoðun. Ég segi já.

Páll Pétursson: Herra forseti. 59. gr. laganna var óhæf. Sú grein, sem hér er verið að samþykkja, er gjörbreytt. Ég vona að sú lagfæring, sem á henni er orðin, sé nægileg. Komi hins vegar í ljós að brögð verði að því, að lagt sé á tekjur sem menn sannanlega ekki hafa, þá verður auðvitað að brjóta lögin upp að nýju. Ég treysti því, að hæstv. fjmrh. fylgist með því, að skattstjórar fari eftir anda laganna og einnig að samræmis sé gætt. Ég tel, að hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar eigi þakkir skildar fyrir að hafa numið afleita agnúa af þessu frv., og segi því já.

Brtt. 830,11 (23. gr. falli niður) samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 830,12 (ný gr., verður 20. gr.) samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 840,4 felld með 19:16 atkv.
Brtt. 831,1 felld með 20:16 atkv.
24. gr. (verður 21. gr.) samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 831,2 felld með 20:17 atkv.

Brtt. 840,5 felld með 18:17 atkv.
Brtt. 830,13 samþ. með 33 shlj. atkv.
25. gr. (verður 22. gr.), svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 840,6 felld með 18:11 atkv.
26. gr. (verður 23. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 840,7.a felld með 20:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HBl, JS, KP, MHM, MB, MÁM, ÓE, SigurlB, SighB, StG, VG, AG, ÁG, BGr, BÍG, FrS, SvH.
nei: HÁ, HG, JI, IGísl, JE, ÓÞÞ, PJ, RA, SkA, SV, SBó, SvG, ÞS, AS, EH, FÞ, GS, GJG, GGÞ, GHelg.
3 þm. (JÞ, PP, GeirH) fjarstaddir.
Brtt. 840,7.b felld með 27:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: MB, MÁM, ÓE, SigurlB, StG, AG, BÍG, FS, HBl, SvH.
nei: KP, MHM, ÓÞÞ, PJ, RA, SighB, SkA, SV, SBó, SvG, VG, ÞS, AS, ÁG, BGr, EH, FÞ, GS, GJG, GGÞ, GHelg, HÁ, HG, JI, IGísl, JE, JS.
3 þm. (PP, GeirH, JÞ) fjarstaddir.
Brtt. 817,1 (ný gr., verður 24. gr.) samþ. með 17:14 atkv.
27.—30. gr. (verða 25.—28. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 830,14 (ný 31. gr., verður 29. gr.) samþ. með 36 shlj. atkv.
Brtt. 830,15 (ný gr., verður 30. gr.) samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 840,8 felld með 20:10 atkv.
32. gr. (verður 31. gr.) samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 830,16 samþ. með 35 shlj. atkv.
Brtt. 845 samþ. með 34 shlj. atkv.
33. gr. (verður 32. gr.), svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 840,9 felld með 20:17 atkv.
Brtt. 830,17 samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 817,2 samþ. með 25:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: AG, ÁG, BGr, BÍG, GJG, HÁ, HG, JI, JE, JS, KP, MHM, MB, PP, PJ, SigurlB, RA, SighB, SkA, SV, SBó, StG, SvG, VG, ÞS.
nei: AS, FÞ, FrS, GGÞ, GHelg, HBl, IGísl.
EH, GS, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, SvH greiddu ekki atkv.
2 þm. (GeirH, JÞ) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Það hefur þegar verið samþykkt hér till. um að hafa annan hátt á útgáfu skattskrár en ákveðið var með lögum á síðasta þingi. Þá var ákveðið að haga útgáfu skattskrár með þeim hætti að hún væri ekki gefin út fyrr en að loknum kærufresti. Ég er þeirrar skoðunar, að það hafi verið mjög heppilegt að skattskráin var ekki gefin út á s. l. ári þó að meiningin væri að hún kæmi út í nóvember. Hún er að vísu ekki komin út enn, en lögin gerðu ráð fyrir að sá háttur yrði hafður á.

Í þeirri skattskrá hefði verið svo mikið af villum að hún hefði gefið mjög villandi upplýsingar um skatta manna í landinu. Ég er mótfallinn því, að gefnar séu út mjög villandi upplýsingar um skatta aðila. Ég óttast að svo verði einnig á þessu ári, vegna þess hversu síðbúnar þessar breytingar eru, að mjög mikið af villum verði í slíkri skattskrá þannig að hún muni gefa villandi mynd.

Nú hefur þegar verið samþykkt breyting þess efnis, að skattskrá skuli í reynd gefin út tvívegis, þ. e. fyrst eftir álagningu og síðan endurskoðuð að loknum kærufresti. Með ákvæði til bráðabirgða er þó ákveðið að það skuli ekki gert í ár vegna þessara aðstæðna. Ég hefði talið heppilegra að bíða með að gera slíka breytingu sem þessa þar til reynsla fengist af skattaálagningu nú í sumar. En þar sem þessi brtt. við ákvæði til bráðabirgða gerir ráð fyrir að þetta ákvæði taki ekki gildi fyrr en á næsta ári segi ég já.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Það ákvæði, sem samþykkt hefur verið á þessu þskj. til breytingar á gildandi skattalögum, breytir engu um útgáfu skattskrár. Skattskrá kemur út eftir sem áður þá fyrst þegar öllum úrskurðum kærumála er lokið. Þau ákvæði, sem hér hafa verið samþykkt, eru einvörðungu á þá lund, að þegar álagning hefur farið fram mun álagningarskrá verða lögð fram af hálfu skattstjóra, og þeir fá sjálfir að haga því til hvernig svo sem þeir gera grein fyrir þeirri álagningu. Ég segi já.

Brtt. 852,2 felld með 20:6 atkv.
Ákv. til brb., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 32 shlj. atkv.

Loðdýrarækt, frv. (þskj. 805). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til landbn. með 24 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 598, n. 810, 811). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Brtt. 811,1 samþ. með 25:1 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 811,2 samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Heilbrigðisþjónusta, frv. (þskj. 642, n. 809). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Neðri deild, 96. fundur.

Föstudaginn 15. maí, að loknum 95. fundi.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 861). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Eins og ég vakti athygli á bæði við 1. og 2. umr. málsins, gaf hæstv. fjmrh. út reglugerð hinn 27. júní 1980 um fiskimannafrádrátt sem hefur valdið breyttri framkvæmd þannig að ýmsir þeir, sem áður nutu fiskimannafrádráttar, hafa nú verið sviptir honum. Ég tel að í lögum sé ekki heimild fyrir þessari sviptingu og á sama máli er m. a. formaður Sjómannafélags Akureyrar sem hefur snúið sér til mín út af þessu máli. En ástæðan fyrir því, að ekki liggur fyrir erindi frá Sjómannafélaginu þessa efnis, er sú, að mér hafði skilist að sá væri vilji fjh.- og viðskn. að óbreytt framkvæmd yrði í þessum efnum og verið hefur undanfarin ár. Þessi töluliður hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Fiskimannafrádrátt er nema skal 10% af beinum tekjum sjómanna af fiskveiðum á íslenskum fiskiskipum. Þessi ákvæði eiga einnig við um hlutaráðna landmenn."

Maður skyldi ætla að þessi grein væri svo afdráttarlaus að mönnum skildist að ekki ætti að mismuna mönnum eftir tegund fiskveiða. En þar sem reglugerðin tekur af skarið um það, að ekki skuli aðrir landmenn njóta þessa fiskimannafrádráttar en hlutaráðnir beitingamenn, en á hinn bóginn skulu netamenn sviptir þessum fiskimannafrádrætti, leggjum við til, þm. af Vestfjörðum og Norðurlandi, ásamt mér Árni Gunnarsson, Karvel Pálmason, Sighvatur Björgvinsson, Sigurlaug Bjarnadóttir og Matthías Bjarnason, að við bætist þessi orð: „við hvers konar fiskveiðar." Þessi töluliður mundi þá hljóða þannig:

„Fiskimannafrádrátt er nema skal 10% af beinum tekjum sjómanna af fiskveiðum á íslenskum fiskiskipum. Þessi ákvæði eiga einnig við um hlutaráðna landmenn við hvers konar fiskveiðar."

Ég get ekki fallist á að málskot til yfirskattanefndar eða Hæstaréttar sé fullnægjandi í þessum efnum, eins og formaður fjh.- og viðskn. sagði áðan. Bæði er það, að þvílíkur málarekstur tekur langan tíma og veldur fjárhagslegu tjóni viðkomandi mönnum, þeim sem út í hann leggja, og eins er hitt, að ýmsir vilja ekki fara þessa leið og sætta sig frekar við að verða fyrir tjóni vegna ranglátrar skattameðferðar.

Í einkasamtölum hafa menn viðurkennt fyrir mér að ekki hafi verið tilgangurinn með reglugerðinni um sjómannafrádráttinn að breyta því sem gilt hefur á undanförnum árum. Till. okkar fjallar ekki um að breyta því sem verið hefur, eingöngu að taka af skarið um merkingu lagagreinar þannig að ljóst liggi fyrir hvað hún þýðir. Mönnum til glöggvunar skal ég lesa upp 4. tölulið 2. gr. reglugerðar um sjómannafrádrátt, en hann hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hlutaráðnir landmenn, þ. e. beitingamenn á línubát, skulu fá sjómannafrádrátt sem svarar til þeirra daga sem þeir njóta greiðslu fæðispeninga frá áhafnadeild Aflatryggingasjóðs. Frádráttur þessi tekur ekki til manna sem starfa í ákvæðsvinnu við beitingu. Þeim, sem starfa við landvinnu hjá útgerðinni, t. d. netavinnu, skal ekki heimill sjómannafrádráttur enda þótt um launakjör þeirra fari að öllu eða einhverju leyti eftir afkomu útgerðar eða aflahlutum skipverja."

Hér er tekið af skarið um það, að þessi frádráttur skuli ekki taka til hlutaráðinna landmanna við netaveiðar.

Þannig háttar m. a. til við utanverðan Eyjafjörð að mjög gott samkomulag hefur verið þar milli útgerðarmanna og sjómanna og af þeim sökum hefur ekki verið talin ástæða til að festa í samninga við Sjómannafélagið þar skýr ákvæði um hversu hlutaskiptum skuli háttað. Viðbára hæstv. fjmrh., að um þessa hlutaráðningu séu ekki samningar á hinum almenna vinnumarkaði, eru út í hött. Löggjafinn á ekki að binda sig við það hvernig semst í einstökum atriðum milli launþega og atvinnurekenda. Samningar þeirra á milli eiga ekki að gefa mönnum aukinn rétt gagnvart ríkisvaldinu hvað snertir skattfríðindi. Það á ekki að vera á valdi aðila úti í bæ að skapa skattfríðindi. Það á að vera löggjafarvaldsins að taka af skarið um það. Þegar þess vegna er skírskotað til þess, að um línuveiðar hafi tekist samningar um hlutaráðningu, en ekki varðandi netaveiðar, þá er þvílík skírskotun markleysa og skapar ekki aukinn jöfnuð í þjóðfélaginu. Það er líka fljótgert fyrir viðkomandi sjómannafélag og útgerðarmenn að bæta úr þessari vanrækslu ef hún ein stendur í vegi fyrir því, að menn við þessar veiðar njóti sama réttar og t. d. beitningamenn við línuveiðar.

Í þessari reglugerð er skýrt kveðið á um það, að fiskimannafrádráttur skuli ekki renna til þeirra manna sem vinna við línu í akkorði. Það eina, sem farið er fram á, er að sömu reglur gildi um landmenn landróðrabáta við allar fiskveiðar. Það er allt og sumt sem farið er fram á. Í okkar brtt. er ekki farið fram á nein fríðindi neinum til handa, heldur að hið sama gildi um alla, að lögin og bókstafur þeirra blífi, að menn þurfi ekki að fara til dómstólanna til að ná rétti sínum. Við tókum eftir því áðan að það munar einu atkv. hvort skarið hefði verið tekið af um það, að óheimilt væri að takmarka þessa lagagrein með reglugerð. Eins og ég sagði: þm. Norðurlands og Vestfjarða var boðið að vera meðflm. að þessari till. Ég var jafnframt opinn fyrir því að orða þess till. á annan veg til samkomulags ef það hefði skipt máli. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um þetta mál sérstaklega, það kom fram við 1. umr. málsins. Ég lít svo á að Alþingi geti ekki kastað þessu máli til dómstólanna án þess að taka af skarið. Ef meiri hluti Alþingis treystir sér ekki til að staðfesta þann rétt landmönnum til handa, sem þeir hafa haft á undanförnum árum, með atkvæðum sínum hér á eftir, er hann í raun að svipta þá heföbundnum rétti. Ég bið menn að taka eftir því. Og ég hygg að menn geti þá litið til ýmissa annarra, t. d. heföbundins réttar iðnaðarmanna og ýmissa annarra, sem í lögum er festur, og litið til þess að svipta þá menn þeim rétti einnig.

Ég vil biðja hæstv. forsta að leita eftir afbrigðum til að þessi brtt. megi koma fyrir.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 862) samþ. með 25 shlj. atkv.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Þetta spursmál um sjómannafrádráttinn ætlar að verða alllöng

framhaldssaga. Ég vil upplýsa það hér, að reglugerð þessi, nr. 310 frá 1980, var undirbúin hjá ríkisskattstjóraembættinu á s. l. vori og að því er mér er tjáð voru þessar reglur byggðar á gildandi kjarasamningum sjómanna, byggt á því í hvaða tilvikum væri samið um hlutaskipti og hvenær ekki. Sjómannafrádrátturinn er auðvitað hugsaður til handa þeim sem fara á sjó og hætta lífi sínu með þeim hætti að afla björg í bú fyrir þjóðina alla. Hitt heyrir til algjörra undantekninga vonandi að menn, sem í landi eru, njóti hins sama. Þó hefur verið litið svo á um langt skeið að rétt væri að beitingamenn á línubátum, sem ráðnir hafa verið sem hlutaráðnir landmenn, nytu þessa réttar til jafns við sjómennina, en ekki aðrir. Eftir því sem mér er tjáð hefur þetta verið framkvæmt á þennan veg, að það hefur einungis verið gerð undantekning varðandi beitingamenn á línubátum. Þeir hafa verið taldir til hlutaráðinna landmanna, en aðrir ekki. Breytir þá engu þó að útgerð og viðkomandi sjómenn semji um eitthvað annað sín í milli. Þessi meginregla hefur verið látin gilda.

Nú veit ég að sjálfsögðu ekki hvort einhver dæmi eru þess, að menn hafi samt sem áður notið fiskimannafrádráttar, þó ekki væri um að ræða beitingamenn á línubátum. En mér er tjáð að það hafi þá verið mistök ef svo hafi verið í einhverju skattumdæmi, þessi meginregla hafi gilt um allt land og séu þess dæmi einhvern tíma frá fyrri tíð, að netamenn við Eyjafjörð hafi notið þessa réttar, hljóti það á sínum tíma að hafa verið á misskilningi byggt.

Ég kallaði mér til ráðuneytis í gær tvo ágæta menn, annan úr fjmrn. sem hefur mjög um þessi mál fjallað og undirbjó þessa reglugerð, Árna Kolbeinsson deildarstjóra tekjudeildar fjmrn., og einnig fulltrúa frá ríkisskattstjóraembættinu, og voru hér í gangi viðræður um þetta mál milli þeirra annars vegar og hv. þm. Halldórs Blöndals um langt skeið þar sem þeir gerðu tilraun til þess að sýna þm. fram á að málflutningur hans væri á misskilningi byggður og mál yrðu að vera á þann veg sem hér hefur verið miðað við. En ekki bar nú sú viðræða árangur.

Ég veit sem sagt ekki annað en að framkvæmd þessa ákvæðis hafi verið með nákvæmlega sama hætti á s. l. ári og á mörgum undanförnum árum. Mér er tjáð það, hvað svo sem líður frásögnum þm. af hugsanlegum undantekningum í þessum efnum í Eyjafirði, sem ég get auðvitað ekkert dæmt um, hafi þetta verið skilið á þennan veg, „hlutaráðnir landmenn", að það hafi gilt fyrst og fremst um beitingamenn á línubátum, en ekki um aðra þá sem hafa starfað í landi í þágu útgerðar. Og ég vil satt að segja biðja menn að vara sig á þessari till. og þessu ákvæði sem hér er verið að gera að umræðuefni, vegna þess að auðvitað segir það sig sjálft að þarna verður að draga einhver skýr mörk. Ekki ætlumst við til að sjómannafrádrátturinn verði tekinn upp í vaxandi mæli meðal fólks sem alls ekki fer á sjó. Auðvitað verður að draga þarna einhvers staðar mörkin, og við eigum að sjálfsögðu á hættu að vegna samninga útgerðarmanna og starfsmanna útgerðarfyrirtækja verði í vaxandi mæli komnir með sjómannafrádrátt menn sem aldrei fara á sjó. Ég held, að slíkt sé afar hæpin þróun, og tel því eðlilegt að frádrátturinn sé takmarkaður með nákvæmlega sama hætti áframhaldandi eins og mér er sagt að verið hafi.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það er þreytandi að ræða um beitningamenn og netamenn við hæstv. fjmrh. sem greinilega hefur aldrei nálægt þvílíku komið. Ég hélt að við beitingu hefðu starfað og notið fiskimannaafsláttar ýmsir þeir sem aldrei hefðu á sjó komið. A. m. k. veit ég dæmi þess, og þótt hann hafi eftir ýmsum af æðstu embættismönnum ríkisins að það sé skilyrði fyrir beitingarvinnu í landi að hafa farið á sjó, þá er það algjör misskilningur. (**Fjmrh.:** Það sagði ég aldrei.) Þú sagðir, að auðvitað ættu ekki aðrir að fá sjómanafrádrátt en þeir sem færu á sjó, og talaðir um að menn drægju björg úr skauti hafsins eða eitthvað á þá leið. Hæstv. fjmrh. og talaði fagmannlega í þetta skiptið. En auðvitað er það svo um ýmsa landmenn við útgerð, að ýmsir þeirra eru jöfnum höndum sjómenn, og svo er um flesta þá sem ég er hér að tala um. Það eru kannske einn eða tveir landmenn, þeir hlaupa í skarðið og fara á sjóinn þegar á þarf að halda, þegar forföll verða og annað því um líkt, en eru öðrum þræði í landi. Þannig er skipst á og reynslan hefur orðið sú upp á síðkastið, þegar menn hafa gefið sér tíma til þess að vera meira frá og þegar bátarnir hafa orðið dýrari og menn hafa orðið að halda sér meira við, að landmenn hafa jafnvel orðið tveir. En þarna er öðrum þræði um að ræða gamla sjómenn, sem fara í einstaka túra, og öðrum þræði menn, sem eru jöfnum höndum á bátunum ef á þarf að halda, meira eða minna. Hér er því ekki um það að ræða að það séu einhverjir fínir útgerðarmenn, sem aldrei hafa nálægt sjó komið, einhverjir jafnokar ríkisskattstjóra eða ráðuneytisstjóra fjmrn. eða jafnvel fjmrh. sjálfs, sem ég er að biðja um fiskimannaafslátt fyrir. Það er hreinn útúrsnúningur. Það, sem um er að ræða, er einfaldlega það, að ef landmenn uppfylla það ákvæði, sem hér er sett fyrir beitningamenn á línubátum, að þeir njóta greiðslu fæðispeninga frá áhafnardeild Aflatryggingasjóð, þá skuli þeir einnig njóta fiskimannafrádráttar. Þetta er allt og sumt sem ég fer fram á. Ég fer fram á að landmaður, sem nýtur greiðslu fæðispeninga frá áhafnadeild Aflatryggingasjóðs, fái fiskimannafrádrátt hvort sem báturinn er gerður út á línu eða það er netaúthald. Þetta er afskaplega einfalt.

Ég hef reynt að gera bæði hæstv. fjmrh. og embættismönnum hans grein fyrir þessu dag eftir dag án árangurs. Þeir segja mér ævinlega, að þeir séu kunnugri fyrir norðan en ég, og náttúrlega í skjóli þess að enginn sé viðstaddir sem, getur betur um það dæmt. En réttast væri að bjóða þessum mönnum öllum norður og láta þá ganga þar um verstöðvar og láta þá svo staðfesta þau ummæli sem þeir hafa hér uppi í hliðarherbergjum. Er fjmrh. kannske reiðubúinn til að beita sér fyrir því, ef það skyldi koma upp úr kafinu að ég hafi rétt fyrir mér að landmenn á netabátum hafi notið greiðslu fæðispeninga frá áhafnadeild Aflatryggingasjóðs, að þeir fái þá að njóta þessa réttar? Um það snýst málið.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Það hefur auðvitað verið talað áður við hv. þm. Halldór Blöndal af þessu tilefni, en ég tel að eins og lögin eru og eðli málsins samkvæmt eigi landmenn á netabátum ekki rétt á að fá hvorki sjómannafrádrátt né fiskimannafrádrátt. Lögin tala býsna skýrt í þessum efnum og reglugerðum, sem á að vera til útskýringar á lögunum og segja hvernig eigi að framkvæma þau. Þau tala aðeins um beitningamenn á línubát. (Gripið fram í.) En það er stundum talað um að

það eigi ekki síður að reyna að gera sér grein fyrir anda laganna ef einhver vafi er á því sem þar stendur. Það er nú einu sinni þannig, að þessi frádráttur heitir sjómannafrádráttur og fiskimannafrádráttur. Það er tvenns konar frádráttur sem hér er um að tala.

Fiskimannafrádrátturinn er sá frádráttur sem gefur mönnum heimild til þess að draga 10% af beinum tekjum sínum, þ. e. ef hlutaðeigandi hefur verið sjómaður og hefur haft þessar tekjur af fiskveiðum á íslenskum fiskiskipum. Svo kemur að vísu viðbót þar sem segir: „Þessi ákvæði eiga einnig við um hlutaráðna landmenn.“ Ég er ekki mjög kunnugur í verstöðvum norðanlands, það skal viðurkennt, ekki öðruvísi en svo að ég hef oft komið þangað og verið þar um stuttan tíma, á mjög mörgum stöðum að vísu. En í þeirri verstöð þar sem ég er upp alinn hafa hlutaráðnir menn aldrei verið aðrir en þeir, sem voru á bátunum sjálfum, og þeir, sem beittu línuna í landi. Línuveiðar eru þannig eðli sínu samkvæmt að það þarf mannskap til þess að beita línuna og svo mannskap til þess að leggja hana og draga, og venjan, var sú og aðalreglan, að þeir, sem beittu í landi, stunduðu síðan sjó á netavertíðinni sem á eftir fylgdi. Þess vegna voru línubeitningamennirnir taldir sjómenn nákvæmlega til jafns við hina og fengu þá sama rétt í öllum tilfellum.

Nú hefur þetta breyst. Það hafa ekki fengist nægilega margir menn til þess að beita línuna og þess vegna hafa aðrir verið fengnir til þess í landi. Hér í höfuðverstöðvunum eru ráðnir menn til þess upp á fasta greiðslu fyrir hvert bjóð. Þeir njóta ekki þessara skattfríðinda, hvorki sjómannafrádráttar né fiskimannafrádráttar, vegna þess að það er ekki litið svo á að þeir séu sjómenn, eins og áður var gert af þessum ástæðum við beitningamenn.

Þetta tel ég vera anda þessara laga. Þarna er verið að láta þá línubeitningamenn njóta þessara fríðindi sem fara síðan á sjóð og fara alltaf öðru hvoru á sjó; eins og menn vita, en þessi regla gildir ekki um akkorðsmenn. Um netamenn í landi, það hefur verið rætt um það, en ég er ekki alveg viss um að það sé nákvæmlega það eina sem hv. þm. Halldór Blöndal á við. (Gripið fram í.) Það eru til menn sem kallaðir eru netamenn, ekki satt. Þeir eru raunar bæði á sjó og landi. En þegar menn tala um netamenn sem eru á sjó, þá eru það auðvitað hásetar og netamenn á togskipum. Það er auvitað allt annað mál sem ég á við. Það er þar sem eru landmenn á netabátum. Þeir annast sjálfsagt ýmiss konar störf, ég efast ekki um það, og ef þeir annast t. d. um viðhald á netum og fellingu og annað þess konar, sem gerir bátinn veiðihæfan á ný, þá sinna þeir störfum sem almenn netaverkstæði hafa með höndum eða netamenn sem fengnir eru frá fyrirtækjum til þess að annast þetta, eða þá að þeir eru að sinna hluta af fiskverkun. Jafnvel þó þeir fái hlut úr því að lokum, þá eru þeir þar í því hlutverki að sinna störfum, sem falla undir störf fiskvinnslufólks í landi. Ekkert af þessu fólki hefur sjómannafrádrátt, en það er einmitt það sem hv. þm. Halldór Blöndal er að fara fram á, að mér skilst.

Til þess að þessir menn geti fengið þessi réttindi þarf að tala um þetta allt öðruvísi í lögunum og reglugerðinni en gert er og allt öðruvísi en brtt. hv. þm. hljóðar um. Hún var um það, að reglugerðin mætti ekki þrengja lagaákvæði, sem auðvitað er óheimilt.

Ég vil ekki vera að eyða í þetta löngum tíma eða þvarga um þetta af neinni illsku. Auðvitað er það svo, að sérstaklega getur staðið á um menn sem stunda sjómennsku með einhverjum öðrum hætti en þeim hefðbundna. En mér leiðist ergelsi og útúrsnúningar eins og koma fram hjá hv. þm. Halldóri Blöndal og er þá ekki von að menn vilji standa með honum þegar hann er ekkert nema hortugheitin og meira að segja líka þegar menn eru að ræða um þetta rólega á faglegum grundvelli. Ég skal þó ekkert vera að erfa þetta meira við Halldór, hv. þm. En það gæti hugsanlega staðið þannig á, eins og ég segi, ef á vissum stöðum væri um sérstakar aðstæður að ræða sem eru öðruvísi en gengur og gerist í verstöðvum yfirleitt, að þá þurfi að skoða hvort þessi réttur gæti einnig náð til þessara manna. En eins og málin eru sett fram hér nú treysti ég mér ekki til að samþykkja málflutning hv. þm. Halldórs Blöndals.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég skal aðeins enn einu sinni segja mína skoðun á þessu.

Það kemur skýrt fram í lögunum, að þessi ákvæði eiga einnig við um hlutaráðna landmenn, og það var ekki hugmyndin að þessi lög breyttu í neinu þeim lögum og reglum sem áður voru. Mér er vel kunnugt um að hlutaráðnir menn á netabátum, svo sem algengt er í ýmsum verstöðvum, hafa notið þessara réttinda. Það er nú svo að þessir menn fara líka oft á sjó. Menn skiptast á um að vera í netum. Þetta eru menn sem eru ráðnir upp á hlut á bátana og jafnvel allt árið. Það kemur ekkert fram í lögunum um að hér sé um hlutaráðna beitningarmenn að ræða. Ég hef alltaf skilið það svo að hér væri bæði átt við hlutaráðna beitningamenn og netamenn væru þeir hlutaráðnir.

Þetta er nokkuð skýrt í lögunum. Ef það er einhver misskilningur um þetta eða menn hafa annan skilning, þá verður á það að reyna fyrir ríkisskattanefnd. Og ef niðurstaða ríkisskattanefndar er með þeim hætti, að menn telja það vera andstætt upphaflegum tilgangi laganna, þá hljóta menn að taka það til endurskoðunar að því loknu.

ATKVGR.

Brtt. 862 felld með 21:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: AG, ÁG, BGr, HBl, JS, KP, MHM, MÁM, ÓE, SigurlB, SighB, SteinG, VG, SvH.

nei: AS, EH, FÞ, GS, GJG, GGÞ, GHelg, HÁ, HG, JI, IGísl, JE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, SV, SBó, SvG, ÞS.

5 þm. (BÍG, FrS, GeirH, JÞ, MB) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég kann ekki lagasafnið utan að, en ætla að greinin, sem þetta varðar, sé svohljóðandi, að hún innifeli allar eðlilegar veiðar hér við land. Ég tel því þessa till. óþarfa og segi nei.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 864). — 3. umr.

Of skammt liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og endursent Ed.

Heilbrigðisþjónusta, frv. (þskj. 642). — 3. umr.

Of skammt liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj: 866).

Ríkisborgararéttur, frv. (þskj. 807). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til allshm. með 26 shlj. atkv.

Dýralæknar, frv. (þskj. 808). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til landbn. með 26 shlj. atkv.

Lagning sjálfvirks síma, frv. (þskj. 782). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til samgn. með 25 shlj. atkv.

Eftirlaun til aldraðra, frv. (þskj. 841). — 1. umr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir til breyt. á lögunum um eftirlaun aldraðra, gerir ráð fyrir að þremur stigum verði bætt samkv. þeim lögum við þau réttindi sem menn hafa þar þegar. Það er gert ráð fyrir því í frv., að kostnaðurinn af þessu verði borinn upp af Atvinnuleysistryggingasjóði. Frv. hefur þegar sætt meðferð í hv. Ed. Ég legg til, herra forseti, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 31 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 361, n. 824, 825). — 2. umr.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh. og viðskn. hefur fjallað um frv. til laga um breyt. á lögum um almannatryggingar og leggur nefndin til að frv. verði samþykkt með þeirri breyt. sem kemur fram á sérstöku þskj., en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja öðrum brtt.

Hér er um það að ræða að afnema sjúkratryggingagjald af tekjum manna allt að tekjum sem nema 6 millj. 750 þús. gammalla kr. eða 67 500 kr.

Ég sé ekki ástæðu til að gera frekar grein fyrir þessu máli. Það liggur fyrir að hér er um að ræða að það verði ekkert sjúkratryggingagjald af fyrstu 6 millj. 750 þús. kr. gömlum, en eftir það greiðist 2% sjúkratryggingagjald.

ATKVGR.

Brtt. 825 (ný 1. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Meðferð einkamála í héraði, frv. (þskj. 537 (sbr. 281), n. 820). — 2. umr.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Að vísu vill nú svo til að frsm. hv. n. hefur boðað veikindaforföll. En það ætti ekki að koma að sök þar sem n. hefur orðið alveg sammála og stendur hér í nál. frá allshn.:

„Nefndin hefur fjallað um frv. þetta og er sammála um að mæla með samþykkt þess óbreytts eins og það kom frá Ed."

Og fyrir því er það að orðið er laust um málið.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2. — 44. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Eftirlit með skipum, frv. (þskj. 538 (sbr. 282), n. 821).

Forseti (Sverrir Hermannsson): Það er sama uppi á teningnum, að frsm. hv. allshn., hv. 2. landsk. þm., hefur boðað veikindaforföll. En hér stendur frá allshn.:

„Nefndin hefur fjallað um frv. þetta og er sammála um að mæla með samþykkt þess óbreytts eins og það kom frá Ed."

Skrifa allir nm. undir og eru allir mættir. Fyrir því sýnist einsýnt að ganga rakleiðis til leiksins og orðið er laust um málið.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Þetta frv. er fylgifiskur þess frv., sem var verið að samþykkja áðan, og alveg óþarfi að hafa um það fleiri orð. Það verður auðvitað að samþykkja það vegna þess að það er eiginlega óaðskiljanlegur hluti af hinu. Það verður því miður að

harma að frsm. fyrir málinu, sem afgreitt var hér áðan, skyldi ekki geta talað fyrir svo mjög merku máli þar sem er um verulega jákvæðar breytingar í dómskerfinu að ræða.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Almenn hegningarlög, frv. (þskj. 689, n. 823). — 2. umr.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Enn ber svo við að frsm. hv. allshn. er fjarri góðu gamni, en í nál. segir svo:

„Nefndin hefur athugað frv. þetta og sammála um að mæla með samþykkt þess óbreytts."

Þetta er Ed. -mál. Orðið er laust um málið.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Þróunarsamvinnustofnun Íslands, frv. (þskj. 603, n. 828) — 2. umr.

Frsm. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Það gildir um þetta mál eins og þau fyrri sem hér hafa verið til umr. og komið frá allshn. Nefndin hefur athugað þetta frv., sem var lagt fram í Ed., og leggur til að það verði samþykkt óbreytt. Þetta frv. er liður í aukinni þróunaraðstoð okkar og nm. voru alfarið sammála um að mæla með samþykkt þess.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Atvinnuleysistryggingar, frv. (þskj. 559, n. 815, 816). — 2. umr.

Frsm. (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál., sem liggur hér frammi á þskj. 815, ásamt brtt. á þskj. 816. Hér er um að ræða mikinn lagabálk sem segja verður að hafi valdið nefndinni tiltölulega litlum ágreiningi. Þetta frv. felur í sér merkar nýjungar og flestar í samræmi við loforð í síðustu kjarasamningum. Nægir þar að nefna aukinn rétt til atvinnuleysisbóta, ákvæði um að tekjur maka skuli ekki lengur hafa áhrif á atvinnuleysisbótarétt, og ég vil persónulega þakka fyrir að þetta ákvæði er komið hér inn, en ég flutti raunar frv. um það efni á síðasta löggjafarþingi. Jafnframt eru breytingar um rýmkaðan bótarétt og fjölmargar aðrar breytingar sem allir eru eflaust sammála um að séu til bóta og til hagsbóta fyrir verkalýðshreyfinguna.

Þær brtt., sem hér liggja fyrir á þskj. 816, eru flestar smávægilegar. Þó ber að geta strax um brtt. nr. 2, en þar varð eini verulegi ágreiningurinn í nefndinni. Við fengum í hendur yfirlýsingu sem undirrituð var í lok síðustu kjarasamninga milli fulltrúa ríkisstj. og aðila vinnumarkaðarins, en þar er 2. atriði orðrétt á þessa leið:

„Gert er ráð fyrir að iðgjald atvinnurekenda til Atvinnuleysistryggingasjóðs verði óbreytt."

Við fengum á okkar fund fulltrúa Vinnuveitendasambands Íslands, fulltrúa ASÍ, sáttasemjara ríkisins og fulltrúa ríkisstj., og því var harðlega mótmælt af hluta nm. að saman gæti farið þetta loforð milli aðila vinnumarkaðarins og ríkisstj. og ákvæði í 10. gr. þar sem gert er ráð fyrir að vinnuveitendur greiði 1% af útborguðu vikukaupi fyrir dagvinnu skv. 8. launaflokki A, efsta þrepi. Vinnuveitendur töldu að hér væri brot á samningum og jafnframt nokkrir nm., og eftir töluverð átök í nefndinni var komist að samkomulagi um að koma til móts við kröfur vinnuveitenda að nokkru. Í athugasemdum þeirra gera þeir till. um að iðgjald reiknist af 6. launaflokki, en n. taldi ekki unnt að verða við því þar sem þar er um að ræða launataxta sem er varla lengur notaður. Þetta er launataxti sem lausafólk í sumarvinnu, við garðyrkjustörf og annað slíkt fær, en 8. flokkur er sá launaflokkur sem er sambærilegur þeim launaflokki sem áður var um fólk í fiskvinnu, hafnarvinnu og slíkum störfum. Og við þau störf hefur þessi viðmiðunartaxti ævinlega verið miðaður.

Eftir núgildandi lögum greiddu atvinnurekendur 1% samkv. lægsta taxta Dagsbrúnar, en bótaréttur miðaðist við næstlægsta taxta. Hvað sem bak við þessa yfirlýsingu ríkisstj. og aðila vinnumarkaðarins kann að hafa verið vildu ASÍ- menn halda því fram, að þar hefði í meginatriðum og svo til eingöngu verið um að ræða að prósentutalan hækkaði ekki, en þá var umræða á dagskrá um að þessi prósenta yrði hækkuð upp í 1.5%, og það hefði verið það sem verið var að lofa þegar þetta var undirritað.

En mönnum kom saman um að þarna væri um túlkunaratriði að ræða og hafi þetta átt að þýða eingöngu það atriði að prósentan hækkaði ekki, þá verður að viðurkenna að frá þessu er gengið ákaflega losaralega. Ég vænti að hv. þm. Halldór Blöndal sé í salnum, — já, hann er það. Ég vil aðeins ítreka það, að ég hef hingað til reynt að hafa samninga í gildi, hvort sem það er við vinnuveitendur eða aðra, og þess vegna þótti mér ekki stætt á því að koma þarna ekki nokkuð til móts við þessar kröfur. Samkomulag varð í n. um að breyta þessu ákvæði — gera till. um breytingu á frv. í þá veru, að í stað þess, að vinnuveitendur greiddu 1% af útborguðu vikukaupi í 8. launaflokki efsta þrepi, færði n. sig niður í neðsta þrep. Þetta munar um 45 kr. á vikukaupi og mun í peningum þýða að vinnuveitendur losna þarna við greiðslu sem nemur um 91 gamalli milljón, sem þá jafnframt þýðir að sjóðurinn missir þarna óneitanlega 360 millj., þ. e. annað prósent frá sveitarfélögunum og tvö prósentin frá ríkinu.

Ég vil lýsa því yfir hér, að mér var mjög á móti skapi að gera þessa brtt., en í viðtölum við talsmenn ASÍ varð okkur ljóst að þeir mundu meta mest að þetta frv. yrði að lögum á þessu þingi, og þeir orðuðu það svo að það væri hreint hneyksli ef það gerðist ekki. Þrátt fyrir það að þeir

væru óánægðir með þessa breytingu lögðu þeir þyngst mat á það að lögin næðu fram að ganga. Nefndin sá ekki möguleika á því að óbreyttu og varð því sammála um að gera þessa brtt.

Það hefur komið nokkuð á óvart eftir það samkomulag sem n. taldi sig gera, og skal þá tekið fram að þeir nm. eru til sem eru jafnóánægðir á hinn veginn, fyrir hönd atvinnurekenda, og telja að þarna sé ekki gengið til fulls til móts við þetta samkomulag, en eftir að n. náði þessu samkomulagi hefur þrátt fyrir það komið fram brtt. frá tveim hv. þm., Karvel Pálmasyni og Jóhönnu Sigurðardóttur. Ég vil gera örlitla formlega athugasemd við þessa till. vegna þess að það kemur mér nokkuð á óvart að hún skuli vera borin fram sem brtt. við brtt., vegna þess að það sýnist nægja að fella brtt., þá er greinin óbreytt í frv. En vera má að þetta sé kunnáttuleysi mitt, en ég sé ekki ástæðu fyrir þessari brtt. En burt séð frá því liggur hún hér fyrir og þó að ég sé efnislega sammála henni og hefði mjög svo kosið að frvgr. hefði verið óbreytt mun ég að sjálfsögðu standa við það samkomulag, sem varð í n., og treysti því, að nm. haldi það samkomulag. Annars sé ég ekki til hvers er verið að komast að slíku samkomulagi.

Aðrar brtt. eru hér — mestan part smávægilegar — og ég hirði tæplega um að rekja þær. Þær geta verið hverjum til lesningar hér á þskj. 816. Þó vil ég taka fram að 6. brtt. er fólgin í því, að inn í þennan lagabólk er tekið frv. til l. sem lá fyrir Ed. frá hv. þm. Lárusi Jónssyni og o. fl. og er svo til orðrétt tekið þar inn. Brtt. fjallar um að komi til víðtæks atvinnuleysis af völdum náttúruhamfara sem valdi verulegu atvinnuleysi á stóru landsvæði sé stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs heimilt að greiða í samráði við viðkomandi sveitarstjórnir aukakostnað við að koma í veg fyrir atvinnuleysi. Nefndinni þótti sjálfsagt og rétt að taka þetta heimildarákvæði inn. Stjórnin sjálf skal síðan meta hvenær til slíks skuli koma. Annað tel ég ekki að þurfi að skýra hér. En ég vil leggja á það mikla áherrslu, að ég lít á það sem alvarlegan hnekki fyrir Alþingi ef þetta frv. nær ekki fram að ganga nú á þessu þingi. Hér er um loforð að ræða sem mikil áhersla var lögð á í síðustu kjarasamningum, og liggur fyrir í undirskrifuðu samkomulagi að þetta frv. skuli leggja fram á þessu þingi og afgreiða það með þeim réttindabótum sem í frv. eru.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Eins og frsm. heilbr.- og trn. gat um þá skrifa sex nm. undir þetta nál., þ. e. þeir nm. sem starfa í n., með þeim breytingum sem frsm. gat um. Ég tel að þær brtt. séu allar til bóta. En ég lýsti því yfir í n., að ég væri mjög í vafa um síðustu brtt., um gildistöku laganna, að það væri nægilegur undirbúningur frá því að frv. yrði samþykkt hér á Alþingi, enda er meiri hluti stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs, þeir Jón Ingimarsson, Eðvarð Sigurðsson, Daði Ólafsson, Guðmundur Þ. Jónsson og Hermann Guðmundsson, þeirrar skoðunar, að gildistaka laganna verði miðuð við n. k. áramót vegna hins umfangsmikla og tímafreka undirbúnings sem þarf fyrir jafnmiklar kerfisbreytingar og hér er gert ráð fyrir, auk þess sem tekjur yfirstandandi árs eru reiknaðar samkv. gildandi lögum og því verður ekki breytt þótt útgjöld yrðu samkv. nýjum reglum. Á þetta leggur sjóðsstjórnin áherslu, en þó að þetta frv. verði afgreitt á þessu þingi.

Ég get að vissu leyti tekið undir þessa skoðun meiri hluta stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs. Ég held að með þeirri gildistöku, sem er í brtt., sé of skammur tími til undirbúnings. Hins vegar vil ég taka fullt tillit til þeirra eindregnu óska sem fram hafa komið frá mörgum aðilum innan verkalýðshreyfingarinnar um að gildistaka þessa frv., ef að lögum verður, dragist ekki til næstu áramóta. En þarna finnst mér að megi vera nokkurt bil á milli, enda eru sumarmánuðirnir í raun og veru ekki hættulegir. Hins vegar er von að verkalýðshreyfingin hafi nokkrar áhyggjur ef gildistakan dregst til áramóta, en mundi vafalítið sætta sig við haustdaga.

Þá er annað atriði. Það er 2. brtt., um 1. málslið 10. gr. um iðgjöld atvinnurekenda til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Ég er samþykkur þeirri till. og mun greiða henni atkvæði því að ég tel að þar sé um veigamiklar breytingar að ræða frá frv. með skírskotun til samnings sem gerður var að milligöngu fulltrúa ríkisstj. við gerð kjarasamninga, og mér finnst rétt að sú yfirlýsing, sem fulltrúar ríkisstj. gáfu við gerð kjarasamninganna, sé gerð heyrinkunn hv. þdm. En sú yfirlýsing hljóðar svo:

Við undirritaðir fulltrúar ríkisstj. vegna samninga aðila vinnumarkaðarins viljum taka fram eftirfarandi í tilefni yfirlýsingar ríkisstj., dags. 27. okt. 1980.

1. Gert er ráð fyrir að lífeyristrygging og iðgjöld atvinnurekenda verði 2% af launum í stað 14% kostnaðarhlutfalls lífeyristrygginga. Iðgjaldið greiðist með sama hætti og nú er.
2. Gert er ráð fyrir að iðgjöld atvinnurekenda til Atvinnuleysistryggingasjóðs verði óbreytt.
3. Gert er ráð fyrir að núverandi ákvæði kjarasamninga aðildarfélaga VSÍ um fæðingarorlof falli niður, nema þeir kveði á um meiri rétt en fram kemur í yfirlýsingu ríkisstj."

Þessi yfirlýsing er dagsett 27. okt. og undir hana rita Þröstur Ólafsson, Halldór Ásgrímsson, Þórður Friðjónsson og Arnmundur Bachman. Vinnuveitendasambandið vitnar í bréfi til n. í þessa yfirlýsingu og segir að við hana sé ekki staðið í sambandi við framlagningu frv. og ekki heldur í sambandi við þá brtt. sem n. flytur á sérstöku þskj. og frsm. hefur skýrt frá. Hér er því deila á milli ríkisstj. og VSÍ um þetta atriði. Sú deila er ekki leyst þó að það sé auðvitað gerð veigamikil breyting með brtt. í þessa átt þannig að miklu minna ber á milli.

Ég tel mig ekki aðila að þeirri yfirlýsingu sem fulltrúar ríkisstj. gefa við gerð kjarasamninga, en skemmtilegra er að menn skilji á einn veg skýlausar yfirlýsingar í þessum efnum sem öðrum og ekki þurfi að koma til leiðinda út af því. Hinu er ég á, að það er nauðsyn á því að afgreiða þetta frv. á þessu þingi, og því vildi ég ekki á nokkurn hátt bregða fæti fyrir afgreiðslu þess þó að ég hefði að mörgu leyti talið æskilegt og nauðsynlegt að gera töluvert fleiri breytingar á lögunum um atvinnuleysistryggingar en gert er. En þær breytingar hefðu kostað tafir á framgangi málsins og því vil ég láta mínar hugmyndir í þeim efnum bíða síðari tíma.

Mér finnst undarleg brtt. sem hefur verið dreift hér á þskj. 839. Þar er lögð fram brtt. við brtt. þess efnis, að brtt. falli niður. Ég held að ég verði að segja við flm. þessarar till. að ég dáist að mörgu leyti að hugmyndaflugi flm. með þessum tillöguflutningi. Ég minnist þess ekki þau 20 þing, sem ég senn hef setið, að hafa séð svona smíði. Ég greiði eðlilega atkv. á móti þessari till. því að ekki yrði málið betra viðureignar ef þessi veigamesta brtt. n. yrði felld. Þá held ég að það mundu vera talin skýlaus svik ríkisstj. við gerð kjarasamninga og gæti

dregið dilk á eftir sér.

Ég skal svo að síðustu aðeins segja það og endurtaka, að ég greiði atkv. með þessum brtt. sem fyrir liggja, nema ég áskil mér rétt til að fylgja brtt. sem fram kunna að koma, eins og kemur fram í nál. En ég harma að ekki skuli hafa verið þannig um hnútana búið að ekki þyrfti að koma til þessa ágreinings um skilning á yfirlýsingu ríkisstj. til vinnuveitenda sem ég gerði að umtalsefni.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Ég kveð mér hér hljóðs vegna þess að ég og hv. 10. þm. Reykv. höfum orðið sammála um að flytja skriflega brtt. við þetta frv. Það hefur verið vakin athygli okkar á því viðhorfi stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs sem var lýst áðan í ræðu hv. 1. þm. Vestf. Okkur þykir mjög óeðlilegt að ekki sé komið að nokkru til móts við það viðhorf stjórnarinnar sem lýst er í bréfi sem hún skrifaði heilbr.- og trn. þessarar hv. deildar 15. apríl s. l.

Eins og fram kom í ræðu þess þm., sem talaði hér næstur á undan mér, gerði stjórnin samþykkt 14. apríl og segir þar, með leyfi hæstv. forseta:

„Meiri hluti sjóðsstjórnar, Jón Ingimarsson, Eðvarð Sigurðsson, Daði Ólafsson, Guðmundur Þ. Jónsson og Hermann Guðmundsson, mælir með að frv. þetta verði samþykkt með þeirri breytingu einni að gildistaka laganna verði miðuð við n. k. áramót" — o. s. frv.

Ég tel mig ekki þurfa að vitna frekar í þeirra mál.

Við höfum orðið ásáttir um það, við hv. þm. Friðrik Sophusson, að flytja brtt. sem hljóðar á þá leið, að 1. málsl. 42. gr. orðist svo: „Lög þessi öðlast gildi 1. okt. 1981." Við teljum að þá sé gengið til móts við það álit stjórnarinnar, að hún fái tíma til þess að undirbúa málið eins og henni þykir þurfa og hún lýsir nánar í bréfinu, en jafnframt verði staðið við það að lögin taki gildi svo fljótt sem nokkur kostur er.

Ég vil biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir því, að þessi till. megi koma fyrir.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 868) samþ. með 25 shlj. atkv.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég vil aðeins út af þeim umr., sem hafa farið hér fram, segja fáein orð um tvö atriði.

Það er þá fyrst um taxtaviðmiðun varðandi greiðslu til Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Þegar um þessi mál var fjallað í viðræðunefnd ríkisstj. og aðila vinnumarkaðarins á sínum tíma var gengið frá yfirlýsingu þess efnis, að iðgjald til sjóðsins yrði ekki hækkað frá því sem verið hafði. Með þessari yfirlýsingu, sem ég lét koma fram munnlega og kom einnig fram skriflega gagnvart atvinnurekendum, vorum við í raun og veru að hafna þeirri kröfu ASÍ að iðgjaldsprósentan yrði á þessu stigi hækkuð. Hins vegar var í þeim viðræðum aldrei fjallað um taxta sérstaklega, hvort það ætti að miða við 8. taxta A byrjunarlaun, 8. taxta A eftir eitt ár eða 8. taxta A eftir fjögur ár. Niðurstaða málsins varð sú í ríkisstj., að hún flutti till. um 8. taxta A eftir fjögur ár, eins og þeir eru samkvæmt samningum Verkamannasambands Íslands. Hins vegar komu fram ábendingar síðar frá Vinnuveitendasambandinu og fleiri aðilum þar sem þeir létu það skýrt í ljós, að þeir teldu að yfirlýsing ríkisstj. hefði átt að þýða það að í breytingum á lögum um Atvinnuleysistryggingasjóð mætti ekki felast neinn kostnaðarauki fyrir atvinnurekendur og atvinnuveitendur. Ég sagði framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambandsins það sem mína skoðun, að í meðferð málsins af okkar hálfu hefði í rauninni aldrei verið átt við neitt annað en iðgjaldaprósentuna, en ekki taxtann sem slíkan.

Eftir að þessi mál komu hér til meðferðar á Alþingi varð hins vegar samkomulag um það í hv. heilbr.- og trn., þar sem áttu sæti fulltrúar allra flokka, að miða þetta við 8. taxta byrjunarlaun. Nefndin flytur samhljóða till. í þeim efnum og mun ég að sjálfsögðu taka þátt í því samkomulagi af minni hálfu og vænti þess, að svo verði um þingheim allan.

Varðandi stöðu Atvinnuleysistryggingasjóðs að öðru leyti mætti hins vegar margt segja. Það er mál sem verður að taka upp á síðari stigum. Ég er þeirrar skoðunar að það sé óhjákvæmilegt í tengslum við kjarasamninga eða með öðrum hætti á næstu mánuðum og misserum að taka það upp, með hvaða móti er unnt að tryggja Atvinnuleysistryggingasjóði hærri tekjur en hann hefur nú. Ég ætla ekki að ræða almennt um málefni Atvinnuleysistryggingasjóðs frekar að sinni.

Varðandi aftur brtt. þá, sem hv. þm. Friðrik Sophusson og Steinþór Gestsson hafa flutt, tel ég að það sé eðlilegt í þessu tilviki að vísa til þess, að það kom fram mjög eindregin ósk um að gildistökunni yrði flýtt. Sú ósk trúi ég að hafi komið frá verkalýðssamtökunum, a. m. k. einstökum talsmönnum þeirra. Ég er þess vegna þeirrar skoðunar, að það sé skynsamlegt að flýta þessari gildistöku, og ég fagna till. n. í þeim efnum. Ég tel því í rauninni enga ástæðu til þess að verða við óskum sjóðsstjórnarinnar að því er þetta atriði varðar.

Ég vona að tími verði nægur, þó knappur sé, til þess að koma fram breytingum þeim sem hér er gert ráð fyrir.

Þessum aths., herra forseti, vildi ég koma á framfæri af minni hálfu á þessu stigi umræðnanna.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Á þskj. 839 höfum við hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir leyft okkur að flytja brtt. við brtt. heilbr.- og trn. við það frv. sem hér er nú til umr., — brtt. sem mér heyrist að hver þm. á fætur öðrum nánast hneykslist yfir og telji formlega gallaða og sumir hverjir þm., sem hafa setið á Alþingi um eða yfir 20 ár, virðast aldrei hafa séð annað eins. Við þann hv. þm. vil ég aðeins segja það, að þrátt fyrir þessa löngu þingsetu virðist sá hv. þm. eiga mikið ólært. Ég veit ekki til að þessi brtt. sé á nokkrun hátt óeðlileg, formgölluð að einu eða neinu leyti, og ég veit ekki betur en að bæði skrifstofustjóri og hæstv. forseti deildarinnar telji þetta í hæsta máta eðlilegan tillöguflutning. Menn virðast þurfa að sitja æðilengi hér á Alþingi til þess að læra ýmislegt með eðlilegum hætti.

Varðandi þessa brtt., þá er hún um að 2. tölul. í brtt. heilbr.- og trn. verði felldur niður. Þannig viljum við styðja hæstv. félmrh. og hæstv. ríkisstj. og standa að þeirri frvgr. sem ríkisstj. lagði til varðandi þetta mál. Hér er um að ræða innborgun í Atvinnuleysistryggingasjóð. Frumvarpsgreinin, eins og hún liggur fyrir, er um að vinnuveitendur borgi af útborguðu vikukaupi fyrir dagvinnu samkvæmt 8. launaflokki A í samningi Verkamannasambands Íslands, efsta starfsaldursþrepi.

Nú kom það fram hjá hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur,

að yrði þessi leið farin væru það nánast svik við Vinnuveitendasamband Íslands. Ég skildi hv. þm. svo, því að fyrir lægi yfirlýsing af hálfu hæstv. ríkisstj. um að þetta skyldi ekki vera með þessum hætti, heldur talsvert lakara að því er varðar innborgunina.

Ég vil í þessu sambandi aðeins spyrjast fyrir um það, hvort hæstv. félmrh. eða hæstv. ríkisstj. — þetta er stjfrv. — hafi ekki verið kunnugt um þessa yfirlýsingu sem hæstv. ríkisstj. á að hafa gefið á s. l. hausti þegar þetta frv. var lagt fram hér í hv. deild. (**Félmrh.:** Ég var að enda við að skýra frá því, hv. þm.) Það er raunar ekki í fyrsta skipti sem það kemur fyrir hjá núv. hæstv. ríkisstj., eins og hér á við, að það virðist eiga að selja sama pakkann tveimur aðilum.

Í þeirri samningsgerð, sem lokið var í nóv. s. l., var þrenns konar krafa frá ASÍ í sambandi við þetta. Það var í fyrsta lagi krafa um hækkaða iðgjaldsprósentu frá því sem verið hafði, það var krafa um verðtryggingu á iðgjaldi og það var sú krafa, sem er í frv., að greitt yrði samkvæmt 8. flokki A í samningi Verkamannasambandsins, efsta þrepi. Ríkisstj. hafnaði báðum hinum till.: um hækkaða iðgjaldsprósentu og einnig um verðtryggingu. Það var ljóst strax að þeim var hafnað. Um það er enginn ágreiningur. En samninganefnd ASÍ, sem í þessum samningum stóð, stendur í þeirri meiningu, að aldrei hafi komið upp neinn ágreiningur af hálfu hæstv. ríkisstj. um þennan þátt samninganna. Ég a. m. k. hef ekki talað við neinn mann úr samninganefnd ASÍ sem átti þarna hlut að máli, sem ályktar öðruvísi en að um þetta hafi verið fullt samkomulag og enginn ágreiningur. Hér er því spurningin um það, hvort frekar á að taka tillit til gefinna fyrirheita hæstv. ríkisstj. til Vinnuveitasambandsins eða hvort frekar á að taka tillit til gefinna fyrirheita eða samkomulags hæstv. ríkisstj. við Alþýðusambandið. Þetta er raunar ekki í fyrsta skipti sem þingheimur verður var við að hæstv. ríkisstj. hefur selt tvisvar sama pakkann. Þetta hefur líka gerst, að því er best verður séð, í sambandi við samkomulag ríkisstj. við BSRB. Þá á ég við brbl. sem sett voru á sínum tíma og eru nú til meðferðar í hv. deild. Þar er einnig um það að ræða að hæstv. ríkisstj. hefur selt tveimur aðilum sama pakkann.

Ég skal ekki, herra forseti, eyða löngum tíma í umr. um þetta mál. Ég ítreka hins vegar og vil vekja á því athygli ef það verður niðurstaðan hjá hv. stjórnarþm. hér á Alþingi, hæstv. ráðherrum, að virða frekar þau fyrirheit, sem hæstv. ríkisstj. hefur gefið Vinnuveitendasambandinu, heldur en þau sem hæstv. ríkisstj. hefur gefið Alþýðusambandinu og launþegasamtökunum. Um þetta tvennt er að ræða og með flutningi þessarar brtt. viljum við, sem að henni stöndum, að staðið verði við þessi gefnu fyrirheit, það samkomulag sem þegjandi — má kannske segja — var gert í síðustu samningagerð milli ríkisstj. og Alþýðusambandsins.

Mér er það ljóst, út af því sem hv. þm. Guðrún Helgadóttir sagði hér áðan, að auðvitað vilja forsvarsmenn Alþýðusambandsins frekar fá málið afgreitt, þó að með þessum hætti verði dregið úr loforðum eða þau svikin, heldur en að málið dagi hér uppi. En það verða þeir að standa við og svara fyrir, þeir sem hafa gefið þessi fyrirheit, en ætla síðan að bregðast þeim þegar á reynir. Ég er ekki í neinum vafa um að ef það er fyrir hendi vilji hjá hv. þm. stjórnarliðins að standa við þessa gefnu yfirlýsingu Alþýðusambandsins til handa launþegum, þá er hægt að tryggja framgang þessa máls í þinginu með skjótum hætti. Og ég trúi því ekki fyrr en ég tek á að þeir hv. þm. a. m. k., sem teljast í forsvari fyrir launþegasamtök, hvaða launþegasamtök sem eru, að þeir standi ekki að því að staðið verði við þetta samkomulag. Ég trúi því ekki fyrr en ég tek á.

Ég skal ekki hafa um þetta öllu fleiri orð, a. m. k. ekki nema þá að gefnu tilefni frekar, en ég treysti því, að hv. stjórnarsinnar komi til liðs við okkur með stuðningi við þessa brtt. og þar með að tryggja framgang þessarar greinar stjfrv. og tryggja þar með að staðið verði við þau fyrirheit sem Alþýðusambandinu voru gefin. Aðrir verða svo að svara fyrir það, ef þeir hafa gefið einhverjum öðrum fyrirheit á annan hátt og telja sig bundna af því að standa við það einnig.

Frsm. (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Vegna síðustu orða hv. þm. Karvels Pálmasonar vil ég aðeins upplýsa hann um þær staðreyndir sem nefndin stóð frammi fyrir. Fyrir nefndinni lágu tvær skriflegar yfirlýsingar, önnur sem ég las hér áðan, milli fulltrúa ríkisstj. og aðila vinnumarkaðarins um að gert sé ráð fyrir að iðgjald atvinnurekenda til Atvinnuleysistryggingasjóðs verði óbreytt. Sú yfirlýsing kann að vera túlkunaratriði. Yfirlýsingin hins vegar við verkalýðshreyfinguna er alveg ótvíræð. Ég geri ráð fyrir að hv. þm. Karvel Pálmason hafi séð hana. Hún fjallar um að á þessu ári verði sett ný löggjöf um Atvinnuleysistryggingasjóð. Þar er lofað rýmkun bótaréttar, hækkuðum bótum, að tekjur maka hafi ekki áhrif á bótarétt og nokkur önnur atriði sem ég leyfi mér að fullyrða að eru öll í þessum lagabálki. Þannig er algjör fjarstæða að segja að ekki sé staðið við það sem lofað var verkalýðshreyfingunni. Við það, sem liggur bókfast fyrir nefndinni um samninga við verkalýðshreyfinguna, er staðið. Yfirlýsingin, sem liggur fyrir, milli ríkisstj. og aðila vinnumarkaðarins er orðuð eins og ég er búin að lesa hér a. m. k. tvisvar sinnum. Um það má sjálfsagt deila hvað átti að standa í því plaggi. Þar stendur hins vegar það sem ég hef lesið, og ég lái ekki þeim aðilum, þó að ég sé vitaskuld ekki talsmaður þeirra hér í Alþingi, að þeir kunni að draga í efa að við þeirra samning sé staðið. Það verður að beita þeirri sanngirni sem maður á til gagnvart öllum aðilum sem um er að ræða.

En ég vísa því algjörlega frá, að ekki sé staðið við það sem verkalýðshreyfingunni var lofað. Ég tel að hér séu svo veigamiklar bætur verkalýðshreyfingunni til handa að það sé verulega til vansa hinu háa Alþingi ef þetta frv. nær ekki fram að ganga af þessum sökum.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Hv. þm. má ekki taka það illa upp þótt menn láti segja sér þrisvar ef ríkisstj. reynir að standa við það sem hún hefur heitið verkalýðshreyfingunni.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Aðeins út af síðustu orðum hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur um það, að hún telji að staðið hafi verið að fullu við loforðið til ASÍ. Nú vil ég spyrja þennan hv. þm.: Var það afstaða talsmanna Alþýðusambandsins á fundum heilbr.- og trn. að brtt., sem n. leggur fram, feli í sér að staðið sé að fullu við það sem lofað var og samið var um varðandi atvinnuleysistryggingarnar í síðustu samningum? Var það túlkun t. d. forseta Alþýðusambandsins, Ásmundar Stefánssonar, varaforseta Alþýðusambandsins, sem ég hygg að einnig

hafi komið þarna á fund, að með þessari brtt., sem n. flytur varðandi 10. gr., sé að fullu staðið við það sem samið var um í síðustu samningum að því er varðar ASÍ gagnvart Atvinnuleysistryggingasjóði? Um þetta óska ég að fá svar. Ef þetta er túlkun forseta og varaforseta ASÍ, þá er það önnur túlkun en ég hef frá þessum sömu aðilum. Og það vil ég fá á hreint, ef hv. þm. getur upplýst það hér, að þeir hafi talið með þessari brtt. fyllilega staðið við öll loforð til Alþýðusambandsins varðandi atvinnuleysistryggingarnar.

Frsm. (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég vil — með leyfi forseta — svara þeim spurningum sem voru lagðar hér fram.

ASÍ mótmælti þessari breytingu á frv. á þeim forsendum að hér væri um óbilgirni Vinnuveitendasambands Íslands að ræða. Sáttasemjari ríkisins treysti sér ekki til að mótmæla algjörlega að Vinnuveitendasambandið kynni að hafa þarna nokkuð til síns máls. Vinnuveitendasambandið mótmælti því, að ekki væri gengið lengra til móts við yfirlýsinguna sem um var að ræða. Um þetta náðist hreinlega ekkert samkomulag, hv. þm., og það hélt ég að hefði legið fyrir.

Um þessa yfirlýsingu er það að segja, að menn almennt voru sammála um að hún hefði verið gerð á síðustu mínútum margra sólarhringa samningalotu þar sem menn hefðu sjálfsagt verið orðnir örþreyttir og hún hefði þess vegna ekki verið orðuð eins og skyldi. Í stuttu máli: Enginn aðilanna var sammála hinum um túlkun á því plaggi. ASÍ mótmælti því hins vegar alls ekki, að við þau loforð, sem lágu skriflega fyrir því til handa, væri staðið, og gerði enga aths. við það atriði. Það eru allt í því frv. sem hér liggur fyrir.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Mér sýnist nú þetta komið allt í hin mestu vandræði og illa með þetta mál farið. Vissulega er það rétt sem hv. þm. Guðrún Helgadóttir segir, að höfuðatriði þessa máls er að frv. nái fram að ganga. Í því felast það miklar réttindabætur að það hlýtur að vera nr. 1, 2, og 3.

Hins vegar virðist nefndin eftir þeim skýringum, sem formaður hennar hefur gefið, orðið að ná einhverju samkomulagi til að tryggja framgang málsins og sýnist mér þar hafa á brostið samvinnu stjórnarflokka.

Ég skal ekki fara hér með langt mál. En lítum aðeins á forsögu. Af hverju er þarna komið með 3. taxta eftir 4 ára starf, en ekki 6. taxta?

Þegar samið var um þessi lög eftir langt og hart verkfall 1955 og þótti þá að sjálfsögðu hið mesta gerræði varð það að samkomulagi að atvinnurekandi skyldi greiða eftir 1. taxta. Þá var um eða yfir 80% af öllu verkafólki á 1. taxta. Þetta var árið 1955. Síðan hefur töluvert vatn runnið til sjávar og ef ætti að halda í túlkun Vinnuveitendasambandsins væri þetta 6. taxti sem er hliðstæður 1. taxta. Í þessum 6. taxta er fyrst og fremst létt sumarvinna við garðyrkjustörf. En ef 3. taxti er lagður til grundvallar eftir 4 ára starf eru fleiri fyrir ofan hann í dag heldur en voru fyrir ofan 1. taxta 1955. Þessi taxti er því raunverulega mjög lágur. Það má geta þess, að svo langt er gengið hér að reiknitala t. d. í allri bónusvinnu er 8. taxti eftir eitt ár. Munurinn á 8. taxta eftir eitt ár er 1.75%, eftir þrjú ár er 5%, miðað við byrjunarlaun 8. taxta.

Ef færa á lögin til samræmis við það sem gilti þegar lögin voru sett á sínum tíma, þá var t. d. öll fiskvinna í 1. taxta 1955, öll hafnarvinna, öll byggingarvinna, öll almenn vinna var í þessum 1. taxta. Síðan frá 1965 hafa komið inn ákveðnar aldurshækkanir. Það var aldrei deila milli verkalýðsfélaganna og ríkisstj. um þetta. Það, sem deilt var um, var að verkalýðsfélögin fóru fram á hækkun á prósentu, að það yrði meira en 1%. Því var umsvifalaust og mjög skilmerkilega hafnað af ríkisstj. Þegar þessi ágæta nefnd, sem í eru sómakærir heiðursmenn, gefur þessa yfirlýsingu, þá hygg ég að hún hafi fyrst og fremst haft í huga að iðgjaldaprósentan skuli ekki hækkuð, að hún skuli ekki vera 1.25. En að það skuli ekki vera fært til samræmis við þá taxta og þá taxtaþróun, sem orðið hefur síðan 1955, er aldeilis fráleitt. Þessi túlkun Vinnuveitendasambandsins, að lýsa yfir að allt sé svik við Vinnuveitendasambandið nema greitt sé eftir taxta sem fyrst og fremst er bundinn við létt garðyrkjustörf að sumarlagi, það skuli vera grundvöllurinn undir þann taxta sem greiða á atvinnuleysistryggingar eftir eða stofninn, það er náttúrlega ekki í neinu samræmi. Mér sýnist að þarna hafi vakað fyrir nefndinni að koma þessu frv. í gegn, og vissulega er það númer eitt, tvö og þrjú.

Ég vil geta þess, að aldurshækkanir hjá almennu verkafólki eru miklu, miklu lægri en tíðkast yfirleitt hjá öðrum stéttum. BSRB hefur miklu meiri aldurshækkanir. Verkamaður eða verkakona — verkamaður í þeim skilningi — jafnvel þó hann sé 25 ár að atast í fiski er hæsta mögulega aldurshækkun, sem hann getur fengið, 5%. Meira að segja kemst almennt verslunarfólk sem betur fer í 20% aldurshækkun. Mér finnst hreinlega ekki ná nokkurri átt að líta algjörlega fram hjá þessu.

Aðalatriðið virðist vera að koma þessu frv. hér í gegn. Ég hygg að nm. og þar á meðal frsm. hafi fyrst og fremst haft það í huga. Og það er rétt hjá frsm. n., að á það hafa fulltrúar Alþýðusambandsins lagt áherslu. En hitt verð ég að segja, að þetta er fráleitt, þetta er ranglátt og þetta stríðir á móti allri taxtaþróun og samningsgerð verkalýðsfélaga síðan 1955. Það er ekki litið á það. Ef ætti að túlka sjónarmið Vinnuveitendasambandsins ætti þetta að verða 6. taxti, byrjunartaxti, sumarfólk sem vinnur létt störf við garðyrkjustörf. Þetta er grundvöllurinn. Þetta er alveg fráleitt ákvæði og hrein öfugmæli. Hugsunin í þessu var alla tíð að þetta héldist í hendur, og það er mjög gætilega í það farið að setja efsta þrep 8. taxta. Það eru ábyggilega færri, sem eru á því og þar fyrir neðan, heldur en voru á 1. taxta 1955.

Hins vegar virðist Vinnuveitendasambandið eiga svo sterk ítök í þessari nefnd að það er komið þar verulega til móts við það og það verður þá svo að vera. Það lá á hreinu að þeirri kröfu var hafnað — og það var gert hreint og afdráttarlaust — að hækka þetta iðgjald úr 1% í 1.25%. Og það er það sjónarmið sem ég held að hafi legið til grundvallar hjá nefndinni, þegar hún gaf þessa yfirlýsingu, að prósentan yrði ekki hækkuð. En að neita að viðurkenna taxtaþróun og þær breytingar sem orðið hafa á samningum, það hljómar ekkert í réttlætisátt í mínum eyrum.

Ég mun hiklaust styðja brtt. á þskj. 868, en jafnframt harma ég það, hvernig nefndinni eða einstökum nm. hefur tekist að klúðra þetta ágæta mál.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.

2.—4. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
5.—6. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 816,1 samþ. með 27 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
8. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
9. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 839 felld með 22:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GJG, JS, KP, SighB, VG.

nei: GS, GGÞ, GHelg, HÁ, HBl, HG, JI, IGísl, JE, MB, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, SV, SBó, SvG, ÞS, AG, AS, SvH.

MHM, SteinG greiddu ekki atkv.
11 þm. (BGr, BÍG, EH, FÞ, FrS, GeirH, JÞ, MÁM, ÓE, SigurlB, ÁG) fjarstaddir.
Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínum:

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Með tilliti til þess, að ég met ofar öðru að frv. til l. um atvinnuleysistryggingar nái fram að ganga á þessu þingi, og með tilliti til þess að ekki er langt til næstu samninga þar sem úr deilunni um iðgjöld atvinnurekenda má þá skera, og þrátt fyrir að ég hefði kosið að frv. hefði staðið óbreytt, en er aðili að samkomulagi nm., þá segi ég nei.

Brtt. 816,2 samþ. með 22 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
11.—15. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
16.—21. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 816,3 samþ. með 26 shlj. atkv.
22. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
23.—24. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
25.—29. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 816,4 samþ. með 25 shlj. atkv.
30. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
31. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
32. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 816,5 samþ. með 21 shlj. atkv.
33. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
34. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 816,6 samþ. með 26 shlj. atkv.
35. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
36.—38 gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
39.—41. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 868 felld með 21:4 atkv.
Brtt 816,7 samþ. með 23 shlj. atkv.
42. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Bjargráðasjóður, frv. (þskj. 714, n. 819). — 2. umr.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. til laga um lántöku vegna Bjargráðasjóðs. Eins og fram kemur í nál. kom til fundar við nefndina Magnús Guðjónsson. Nefndin tekur fram í nál. að það sé eðlilegt að lán þessi verði með sömu kjörum og lán Byggðasjóðs, lánstími verði 5 ár og ríkissjóður standi straum af væntanlegum mun á fjármagnskostnaði. Undir þetta rita allir nefndarmenn. Í framhaldi af þessu leggur nefndin til að frv. verði samþykkt.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Ég skal reyna að tefja ekki neitt verulega fyrir afgreiðslu málsins því ég hef áhuga á að ráðin sé bót á þeim vanda sem við er að fást og þessi lög eru gerð til þess að leysa eða ættu að vera gerð til þess að leysa.

Við 1. umr. málsins í þessari hv. deild gerði ég grein fyrir því, að við sjálfstæðismenn hefðum fyrr á þessu þingi gert um það till. að ríkissjóður tæki lán á árinu 1981 til þess að veita Bjargráðasjóði það fjármagn til ráðstöfunar, samkv. 8. gr. laga um Bjargráðasjóð, vegna þeirra foktjóna sem urðu á s. l. vetri.

Að beiðni hæstv. félmrh. drógum við, sem fluttum þessa till., hana til baka af því sérstaklega að við óskuðum eftir því, að almenn samstaða gæti myndast um afgreiðslu þessa máls, en hún virtist ekki vera fyrir hendi þegar við fluttum till. okkar um 25 millj. kr. lánsheimild ríkissjóðs. Hæstv. félmrh. bar því við, að hann gerði ráð fyrir að þetta tjón yrði miklu meira en við höfðum áætlað, og gat ég að sjálfsögðu ekki á því stigi fullyrt neitt um það efni þó að ég hefði um það nokkuð ákveðnar umsagnir frá framkvæmdastjóra Bjargráðasjóðs, að sú upphæð, sem við settum í till., væri fullnóg.

Ég vil taka það fram nú, að vitaskuld hefði mér og okkur félögum aldrei dottið í hug að draga þessa till. til baka ef við hefðum átt von á því, að flutt yrði frv. í allt öðru formi en við höfðum gert ráðstafanir eða áætlanir um.

Hæstv. félmrh. hafði um það ráðagerðir að semja nýtt frv. og flytja það hér á þingi, og hann bauð mér að fylgjast með því starfi sem ég var honum þakklátur fyrir. Ég skal ekki um það segja hvort það er hans sök eða ekki, en frv. er ekki lagt fram af honum sem félmrh., heldur af fjmrh. og er kannske þar að leita að því misræmi sem er á milli þess sem ég tel að hæstv. félmrh. hafi lofað þegar hann fór fram á að ég drægi till. okkar félaga til baka. Eins og ég sagði áðan gefur þau auga leið að við hefðum ekki sætt okkur við að draga till. til baka ef við hefðum átt vona á að það yrði komið fram með frv. sem væri í raun og veru ekki hægt að tala um sem neina sérstaka björg í þessum bráða vanda þeirra sem fyrir tjóni urðu, því það mun vera almennt álit manna nú að ekki sé verulega erfitt að fá lán með venjulegum vaxtakjörum. Það hefur verið sagt að bankarnir séu svo fullir peningum að það muni ekki vera mjög erfitt, en það er erfitt fyrir þá, sem verða bæði fyrir eignatjóni og afurðatjóni, að standa undir slíkum lánum sem eru með sömu kjörum og gert er ráð fyrir að ríkið og Bjargráðasjóður verði að sæta í lántökunni.

Ég sagði við 1. umr. að frv. væri í allt annarri veru en við hefðum átt von á. Eins og ég hef tekið fram gerðu tillögumenn ráð fyrir því, að veitt yrði heimild fyrir ríkissjóð að taka lán og veita Bjargráðasjóði það fjármagn til ráðstöfunar. Á þessu er reginmunur og því sem fram kemur í því frv. sem hér er til umr., og ég vil beina því til hæstv. félmrh., að hann taki það á sig, vegna þess sem á undan er gengið, að hlutast til um og gefa um það yfirlýsingu, að fyrirgreiðsla í formi styrkja og lána verði með betri kjörum en gert er ráð fyrir í þessu frv. eins og það liggur hér fyrir.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Eins og fram hefur komið er gert ráð fyrir að þau tjón, sem lánað verði til, nái ekki til tjóna á bifreiðum. Mig langar til að beina því

til þeirrar nefndar, sem um þetta mál fjallaði, að athuga milli 2. og 3. umr. hvort unnt sé að láta þessar bætur ná einnig til tjóna sem hafa orðið á bifreiðum vegna þess að þær hafa fokið, þegar um verulegt tjón er að ræða, einkanlega hjá atvinnubílstjórum. Mér er kunnugt um þvílíkt tilfelli þar sem einstaklingur varð fyrir mjög tilfinnanlegu tjóni og stendur í járnum hvort hann geti haldið áfram sínum rekstri. Þar voru málsatvik þau, að bíllinn fauk út af vegi, þar sem hann stóð mannlaus, og nær gerðeyðilagðist. Ég vil einnig beina því til hæstv. félmrh., hvort hann treysti sér til að víkka þessa heimild út og hvort unnt sé að haga framkvæmdinni þannig að lánin geti náð nokkuð aftur í tímann ef forsendur eru þær sömu, að um tjón af völdum ofveðurs sé að ræða.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Þetta frv., sem afgreitt er úr fjh.- og viðskn., er eingöngu um heimild fyrir fjmrh. til að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán sem Bjargráðasjóður tekur. Ég vil vísa í þessu sambandi til orða hv. 2. þm. Suðurl., að ég varð fyrir vonbrigðum þegar þetta frv. var lagt fram, að hvergi var stafur um hvernig ætti að ráðstafa þessu fjármagni, með hvaða kjörum eða hver ætti að greiða mismun á láni, sem væri tekið, og á útlánum, ef það væri með þeim hætti. Hins vegar er ég sammála því sem frv. gerir ráð fyrir: heimild fyrir fjmrh. að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán sem Bjargráðasjóður tekur.

Nefndin segir í nál. að hún telji eðlilegt að lán þessi verði með sömu kjörum og lán Byggðasjóðs, lánstími verði fimm ár og ríkissjóður standi straum af væntanlegum mun á fjármagnskostnaði. Þetta er álit allra nm. í fjh.- og viðskn. Því vil ég spyrja hæstv. ráðh. og þá fyrst og fremst fjmrh., sem kemur til með að ábyrgjast þetta lán, hvort hann sé sammála því sem kemur fram á nál.? Ég tel nauðsynlegt að um það séu hreinar línur, að það verði ekki árekstur síðar hvað þetta snertir. Nóg er víst samt sem er ekki ákveðið enn þá í sambandi við þessi lán.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri, en vísa aftur til þess sem 2. þm. Suðurl. sagði um málið.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það er aðeins út af fsp. sem hér hafa komið fram, fyrst frá hv. 2. þm. Suðurl. um það, hvort við treystum okkur til þess að gefa yfirlýsingu um að lánskjör eigi að vera þarna hagstæðari en verið hefur hjá Byggðasjóði. Það getum við ekki gert. Þar er um að ræða mjög hagstæð kjör í raun og veru, og ef miðað er við um 40% verðbólgu á ári í fimm ár er endurgreiðsla þessara lána 1500 milljóna, sem hér er um að ræða, í kringum 4700 millj. kr. Þar af greiða lántakendur, miðað við þessar forsendur og þá vexti sem nú eru hjá Byggðasjóði, aðeins u. þ. b. helminginn af þeirri krónutölu, þannig að hér er auðvitað um að ræða fé á afskaplega hagstæðum kjörum, að ekki sé meira sagt. Ég tel ekki þörf á því að bæta þau neitt.

Varðandi það, sem hv. 7. landsk. þm. nefndi um bifreiðar, stórar bifreiðar, þegar menn hefðu orðið fyrir tilfinnanlegu tjóni, þá er það auðvitað fyrst og fremst stjórn Bjargráðasjóðs sem þyrfti að athuga það mál og meta hvert einstakt tilvik.

Varðandi fsp. hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar um þessi mál vil ég bara láta það koma fram, að það er niðurstaða ríkisstj. sem hér er um að ræða, að kjörin skuli miðast við fimm ár og vera þau sömu kjör og eru hjá Byggðasjóði. Það er afstaða ríkisstj. í heild.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Efri deild, 103. fundur.

Föstudaginn 15. maí, kl. 5.30 síðdegis.

Horfnir menn, frv. (þskj. 716 (sbr. 7)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 871).

Lögheimili, frv. (þskj. 872). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 861). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breyt. á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Frv. þetta er seint á ferð hér á þingi. Ástæðan er sú, eins og flestum hv. alþm. mun kunnugt, að nokkur atriði í skattalöggjöfinni þörfnuðust nánari athugunar og var beðið eftir rannsókn, sem ríkisskattstjóri stjórnaði, á tölvuútskriftum sem hann hafði pantað í sambandi við nokkur atriði skattalaga. Niðurstöður þessarar könnunar, sem var óhjákvæmileg forsenda þess að unnt væri að ganga frá brtt. við lögin, lágu ekki fyrir fyrr en langt var liðið á marsmánuð. Frv. var svo lagt fram hér á Alþingi í byrjun aprílmánaðar. Vissulega voru nokkrar vonir bundnar við það, að unnt yrði að afgreiða málið fyrir páska, en það tókst ekki, og má nú segja að það hafi verið komið í eindaga að því leyti, að það getur farið að hafa veruleg áhrif á álagningu skatta á þessu ári, miðað við þá fresti sem í lögum eru, ef ekki verður um afgreiðslu málsins að ræða héðan frá Alþingi á næstu dögum.

Í frv., sem lagt var fram í Nd. í aprílbyrjun, voru meginatriðin þessi:

Tekjuskattur til ríkisins er lækkaður sem svarar um 1.5% af brúttótekjum liðins árs hjá framteljendum með almennar launatekjur, þ. e. 10—11 millj. kr. reiknað í gamalli mynt. Skattalækkunin er, eins og kunnugt er, framkvæmd með niðurfellingu 1.5% sjúkratryggingagjalds á tekjur upp að rúmum 6.7 millj. gamalla króna og með hækkun persónuafsláttar og með breytingum skattþrepa í tekjuskatti. Áætluð lækkun álagningar vegna þessarar skattalækkunar nemur um 90 millj. nýkr. eða 9 milljörðum gamalla króna.

Áður en þessi skattalækkun, sem er meginefni frv., var reiknuð út var skapaður svonefndur viðmiðunargrunnur sem skattalækkunin upp á 1.5% er reiknuð út frá. Fyrrnefnd skattalækkun er miðuð við álagningarkerfi sem hefði gefið ríkinu hliðstæðar skatttekjur af almennum launatekjum og var á s. l. ári, að teknu tilliti til verðlags- og launabreytinga. Til þess að fá fram eðlilegan viðmiðunargrunn voru breytingar gerðar á persónuafslætti og skattþrepum, og samsvarar þessi breyting fyrir almennar launatekjur að skattvísitalan væri ákveðin 151 í stað 145 í fjárlögum ársins. Þessi leiðrétting á viðmiðunargrunninum, áður en skattalækkunin er reiknuð, lækkar álagningu tekjuskatts um 32 millj. nýkr. eða 3.2 milljarða gamalla króna.

Þetta er sem sagt meginefni frv., mikilvægasta atriði þess, skattalækkun upp á 1.5% af brúttótekjum liðins árs.

Í frv. eru þar að auki allmörg mikilvæg atriði, en eins og hv. þm. sjá er þar bæði um stór atriði og smá að ræða. Frv. er upp á 33 frumvarpsgreinar, en hér er ekki ástæða til að dvelja við nema örfá mikilvæg efnisatriði.

Í öðru lagi er lagt til að lægsti fastur frádráttur samkv. 30. gr. skattalaga, sem veittur er einhleypingum, verði 75% hærri hjá einstæðum foreldrum og er það í samræmi við megintillögur nefndar sem fjmrh. skipaði s. l. haust til að athuga skattalega stöðu einstæðra foreldra.

Í þriðja lagi er rétt að nefna eignarskatt lágtekjufólks. Lagt er til í þessu frv. að bættur verði hagur lágtekjufólks, sem býr í skuldlitlu eigin húsnæði, með því að nýta megi ónýttan persónuafslátt til greiðslu eignarskatts. Það eru einkum elli- og örorkulífeyrisþegar sem munu njóta góðs af þessu ákvæði. Einnig er lagt til að lækka megi eignarskatt þeirra sem litlar tekjur hafa vegna aldurs, veikinda eða slysa.

Fjórða mikilvæga atriðið, sem ég vil nefna, er ákvæði um frádráttarbærni húsaleigu. Lagt er til að helmingur húsaleigu vegna íbúðar til eigin nota verði frádráttarbær við álagningu tekjuskatts. Þetta ákvæði gildir um greidda húsaleigu á því ári sem nú er að líða og verður því leigjendum til hagsbóta við álagningu skatts á næsta ári. Þess er vænst, að húsaleiga verði betur fram talin eftir þessa breytingu á skattalögunum.

Í fimmta lagi er mikilvægt ákvæði í frv. sem varðar refsivexti. Lagt er til að vangreiðsla á hluta af sköttum valdi ekki því, að allur ógreiddur skattur falli þegar í gjalddaga ásamt þungum dráttarvöxtum á alla upphæðina. Þykir núgildandi regla svo ósanngjörn, þótt hún hafi verið í lögum um margra ára skeið, að ekki verði lengur við unað. Þess vegna er sem sagt lagt til að aðeins sá hluti greiðslunnar, sem fallinn er í gjalddaga, safni á sig dráttarvöxtum, en ekki allar eftirstöðvarnar, eins og nú er gert ráð fyrir.

Ég hef nefnt fimm mikilvægustu atriði þessa skattafrv., en tvö önnur ákvæði voru í þessu frv. sem bæði tóku verulegum breytingum við meðferð málsins í Nd. Þau fimm, sem ég nefndi, tóku hins vegar engum breytingum og yfirleitt ekki aðrar greinar frv. efnislega séð en þær sem ég nú ætla að nefna og varða annars vegar reiknuð laun og hins vegar fyrningar.

Í frv., sem ríkisstj. lagði fram í aprílbyrjun, var gert ráð fyrir því, eins og kunnugt er, að 59. gr. tekjuskattslaganna um reiknuð laun atvinnurekenda yrði felld niður. Þessi grein, eins og hún er í núgildandi lögum, er að flestra dómi meingölluð. Hún er mjög ósveigjanleg að efni til og sennilega er það ástæðan til þess, að hún hefur verið framkvæmd af skattstjórum mjög ósveigjanleg — og það sem verra er: ljóst þykir að hún hafi verið nokkuð mismunandi framkvæmd eftir skattumdæmum. Auk þess þótti þessi regla ákaflega ósanngjörn gagnvart bændum þar sem viðmiðunartekjur þeirra voru ákvarðaðar mjög háar og var þar bæði miðað við dagvinnuþátt í verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara og yfirvinnu.

Margir hafa ímyndað sér að 59. gr. skattalaganna væri sérstaklega til þess fallin að koma í veg fyrir skattsvik, en svo er ekki. Önnur ákvæði skattalaga eru fremur ætluð í því skyni og þá sérstaklega 96. gr. skattalaga. En 59. gr. gerir ráð fyrir því, að allir þeir, sem stunda vinnu við eigin atvinnurekstur, ætli sér laun samsvarandi þeim launum sem launþegar hafa hjá hliðstæðum fyrirtækjum. Vandamálið verður þá það, að þessi litlu fyrirtæki kunna að vera rekin með verulegu tapi. Eftir sem áður gerir greinin ráð fyrir að viðkomandi atvinnurekandi reikni sér þessi fastákveðnu laun, og breytir engu þótt það hafi þær afleiðingar að tapið af rekstrinum verði þeim mun meira. Þetta atriði hefur mjög verið gagnrýnt. Menn hafa bent á að verið væri að leggja skatt á tekjur sem aldrei hefðu orðið til.

Vissulega má segja að þetta sé gert hjá fyrirtækjum sem eru rekin í félagsformi vegna þess að þar er öllum ætlað að reikna sér laun. En ég tel að í raun og veru sé ákaflega hæpið að jafna þessum tveimur fyrirtækjaformum algjörlega saman vegna þess að fyrirtæki, sem rekin eru í eigin nafni atvinnurekenda, eru yfirleitt lítil fyrirtæki sem þola það ekki að verið sé að skattleggja tekjur sem ekki hafa orðið til, meðan aftur á móti fyrirtæki, sem eru stærri í sniðum, eins og fyrirtæki í félagsformi eru yfirleitt, þola frekar að færa milli ára af þessari ástæðu.

Ég féllst á það við undirbúning þessa frv. að afnema 59. gr. með öllu út úr lögunum, enda taldi ég að unnt væri að styðjast við 96. gr. eftir sem áður hvað varðar eltingarleik við þá atvinnurekendur sem hugsanlega telja ekki tekjur sínar fram með eðlilegum hætti eða á tortryggilegan og ófullnægjandi hátt.

Niðurstaðan hefur nú orðið sú í Nd., að 59. gr. verði tekin inn aftur og þá verulega breytt frá því sem áður var. Þar er ekki gert ráð fyrir að viðmiðunartekjur bænda séu miðaðar við allan vinnuþáttinn í verðlagsgrundvelli landbúnaðarins, heldur einungis $^2/_3$ hluta vinnuþáttarins.

Eins er ljóst að öryrkjar og aldraðir geta ekki beðið tjón af notkun þessarar reglu, og yfirleitt á það að vera tryggt eftir þá breytingu, sem gerð hefur verið á greininni, að ekki sé verið að leggja skatt á peningatekjur sem ekki hafa orðið til. En vissulega má segja að eins og greinin er nú eftir meðferð málsins í Nd. sé hugsanlegt að lagður sé skattur á fyrirtæki, sem rekin eru í nafni einstaklinga, með þeim hætti, að fyrningarnar séu þá lækk-

aðar að sama skapi eða tekjufærsla vegna skulda, því að í greininni, eins og hún er nú eftir breytinguna sem orðin er eftir umr. í Nd., er gert ráð fyrir að ákvörðun skattstjóra samkv. þessari grein megi aldrei mynda tap sem er meira en nemur samanlögðum almennum fyrningum samkv. 38. gr. og gjaldfærslu samkv. 53. gr.

Þegar ákveðið var að fella niður 59. gr., eða gera till. til Alþingis um að hún yrði felld niður, var jafnframt talið óhjákvæmilegt að taka inn aðra grein í staðinn sem takmarkaði fyrningar í þeim tilvikum þegar reksturinn skilaði litlum sem engum tekjum og þar með engum skattgreiðslum í ríkissjóð. Þess vegna varð til 17. gr. frv. sem gerir ráð fyrir að útgjöld vegna fyrningar í atvinnurekstri séu lækkuð um allt að 10% ef hreinar tekjur í rekstrinum eru undir 5% af brúttótekjum. Eins og mönnum er kunnugt greiða mörg fyrirtæki lítinn sem engan tekjuskatt, og var markmiðið með þessu ákvæði að bókaður hagnaður yrði tekinn til endurskoðunar og fyrningarútgjöldin lækkuð ef hagnaður reyndist undir ákveðnu lágmarki.

Í raun og veru má segja að eðli þessa ákvæðis sé ákaflega keimlíkt ákvæðinu í 59. gr., eins og það er nú orðið eftir þær breytingar sem Nd. hefur gert á þessu ákvæði, vegna þess að þar er einmitt gert ráð fyrir að fyrningar séu lækkaðar til þess að ná fram reiknuðum launum hjá mönnum sem reka fyrirtæki í eigin nafni, en hér var um að ræða ákvæði sem áttu ekki einungis við um þessi fyrirtæki, heldur líka um alla lögaðila.

Niðurstaðan varð sú í Nd., að jafnhliða því sem 59. gr. var tekin inn aftur var þetta ákvæði fellt niður. Það var ekki gert með mínu samþykki eða eftir minni till. og greiddi ég því ekki atkv., en það er önnur saga. Ákvæðið var fellt út úr frv. og 17. gr. er því horfin þaðan.

Þetta eru þær tvær meiri háttar breytingar sem komu fram í Nd., en nokkrar fleiri mætti nefna og þá sérstaklega það, að námsfrádráttur, sem ekki nýtist námsmönnum meðan á námi stendur, er frádráttarbær í 5 ár eftir að námi lýkur, en þó aðeins sá hluti námsfrádráttarins sem ekki nýtist meðan á náminu stendur. Er þetta að sjálfsögðu töluvert ólíkt því sem áður gilti.

Eins var samþykkt m. a. í Nd. að launagreiðendur skyldu ekki halda eftir meira en 75% af heildarlaunagreiðslum hverju sinni til greiðslu á gjöldum samkv. lögum þessum og gjöldum samkv. IV. kafla laga nr. 73 1980. Þessi ákvæði hvor tveggja tel ég vera til mikilla bóta á frv. og raunar allar þær frumvarpsgreinar sem samþykktar hafa verið.

Ég sé ekki, herra forseti, ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál að svo stöddu, en legg til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Hæstv. ráðh. hefði átt að taka það skýrt fram við þessa hv. deild, að hann er að mæla fyrir allt öðru frv. en hann lagði fyrir Nd. fyrir nokkrum dögum. Frumvarpi hans hefur verið gersamlega umbylt í Nd., og segir það eitt sína sögu um hvernig að þessu frv. var staðið á sínum tíma.

Hæstv. ráðh. fór hér nokkrum orðum um það, að frv. þetta væri seint á ferð, og vildi afsaka það með því, að það stafaði af því að það hefði verið beðið eftir tölvuútskrift. Ég verð nú að segja að mér finnst það dálítið langt seilst þegar hæstv. ríkisstj. segist hafa beðið eftir tölvuútskrift allan þennan tíma til þess að breyta skattalögum og síðan kemur hæstv. ráðh. hér og segir að meginefni þessa frv. sé að efna loforð sem ríkisstj. gaf um áramót. Ég vildi nú gjarnan að hæstv. ráðh. léti svo lítið að vera viðstaddur. Þó að hann eigi orðið lítið í frv. er þetta á hans ábyrgð enn þá. (Gripið fram í.)

Hæstv. ráðh. sagði að meginefni þessa frv. væri að efna loforð sem gefið var um að skattalækkun kæmi fram sem 1.5% kaupmáttaraukning hjá hinum lægst launuðu. Það er auðvitað margt hægt er að segja um þessi loforð hæstv. ríkisstj. og skattastefnuna á undanförnum árum. Ég ætla að geyma mér að ræða meira um það síðar, við 2. og 3. umr. þessa máls e. t. v. En það vill svo til að Þjóðhagsstofnun hefur lagt á það mat, hver skattbyrðin verður á þessu ári, bæði ef verðbólgan verður eins og Þjóðhagsstofnun gerir ráð fyrir og eins ef það margfræga 40% mark skyldi nást sem ríkisstj. stefnir að. Varðandi það, sem eftir er í launaumslögum launþega sem borga skatta sem eru fastákveðin tala, skiptir máli þegar upp er staðið hvað verðbólgan verður mikil á greiðsluárinu og hvað laun hækka vegna verðbótavísitölu á greiðsluárinu. Ef verðbólga minnkar mikið verður erfiðara að greiða skattana, og það kemur út úr þessu dæmi, að launþegar búa við nákvæmlega sömu skattbyrði og í fyrra, svo til nákvæmlega sömu skattbyrði mælda í prósentum við tekjur á greiðsluári, ef þetta verðbólgumarkmið næst, þannig að beinir skattar í heild verða nákvæmlega jafnþungbærir fyrir launþega og í fyrra ef þetta markmið ríkisstj. næst.

Ég er hér með tölur frá Þjóðhagsstofnun um þetta atriði, og ég held að það þurfi ekkert um þær að deila. Ríkisstj. er að tala um að hún hafi létt skattbyrðina miðað við álagningarár. Það er nokkuð til í því, miðað við árið í fyrra, með þessum stigum. Þetta kemur mjög misjafnlega niður eftir því hvort menn eru með miðlungstekjur eða hærri. En það mun vera nokkuð rétt samkv. umsögn Reiknistofnunar Háskólans og Þjóðhagsstofnunar, að miðað við tekjur álagningarárs er skattbyrðin heldur minni, eftir að þessar breytingar hafa náð fram að ganga, heldur en hún var í fyrra. En þá er líka við það að athuga að nú liggja fyrir óyggjandi tölur um að beinu skattarnir hækkuðu verulega í fyrra, og jafnvel þótt ríkisstj. sé að tala um lækkun miðað við álagningarár á skattbyrðinni er sú lækkun ekki meiri en svo að skattbyrðin verður nánast eins og hún var á árinu 1979. Þetta er nú öll rausnin í tilslökun á sköttum sem hæstv. ríkisstj. vegur upp á móti 7% skerðingunni 1. mars.

En það er eitt atriði sem ég ætlaði nánast að gera fyrst og fremst að umræðuefni hér. Það eru þau fráleitu vinnubrögð sem hæstv. ríkisstj. hefur viðhaft í þessum efnum. Það er svo að skattstofur hafa beðið núna vikum og mánuðum saman með sín störf, mörg hundruð manns sjálfsagt sem hafa í rauninni verið verklitlir. Framteljendur hafa ekki hugmynd um hvaða skatta þeir fá. Ekkert fyrirtæki í landinu veit hvernig það á að telja fram. Og nú er kominn 15. maí, á þessu ári. Það er ekki svo að þetta sé neitt einsdæmi. Þetta endurtekur sig ár eftir ár. Og þetta eru náttúrlega slík firn og stórmerki, að menn skuli bjóða fólki slík vinnubrögð í skattamálum, að það tekur engu tali.

Ég geri nú ráð fyrir að hæstv. ráðh. sé mér sammála í þessum efnum inn við beinið. En ábyrgðin er hans og hæstvirtrar ríkisstj. Það er enn og aftur sama sagan, að hæstv. ríkisstj. getur ekki komið sér saman um neitt fyrr en í besta falli löngu eftir að gera hefði átt hlutina. Það er

það sem skiptir máli í þessu sambandi, að þetta frv. er mjög síðbúið og það er algerlega vegna þess dæmafáa stjórnleysis og upplausnar sem ríkir á öllum sviðum innan hæstv. ríkisstj., bæði á þessu sviði og öðrum.

Ég veit ekki nema ég láti þetta nægja í bili. Ég fagna því, að hæstv. ráðh. játar að hann er sekur í þessum efnum. En það er ekki nóg. Fólkið í landinu er búið að hafa af þessu meira en ömun, það er búið að hafa af þessu alls konar óhagræði. Í rauninni vita menn ekkert hvað að þeim snýr í þessum málum, fyrir svo utan það að kastað hefur verið á glæ opinberum fjármunum í stórum stíl vegna þess að skattstofur hafa ekki getað unnið sín verk.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég hafði tæplega ætlað mér að taka hér til máls, en ræða hæstv. fjmrh. gefur tilefni til þess að segja hér fáein orð.

Það er eitt út af fyrir sig, að hæstv. fjmrh. skuli enn halda fram þeim ósannindum, að með þessu frv. sé verið að lækka skattana frá fyrra ári, þegar það er vitað að svo er ekki og liggja fyrir opinber gögn um það. Auðvitað er um að ræða lækkun frá þeirri hækkun skatta sem áður hafði verið ákveðin og í slíkum orðhengilshætti geta menn kannske lengi hangið. En það, sem var merkilegast við ræðu hæstv. fjmrh., var auðvitað að hann eyddi meginhlutanum af ræðutíma sínum í að segja frá frvgr. sem þegar eru fallnar og hann hafði gert að sínum till. á sínum tíma. Það lá við að menn gætu ályktað sem svo, að hæstv. ráðh. væri að mæla með því við deildina, að hún breytti frv. aftur í hið fyrra horf, eins og það var upphaflega. Ég skil ekki hvert hæstv. ráðh. er að fara með þessum hætti. Mér fannst að hann væri frekar að mæla með því frv., sem hann flutti hér einu sinni, heldur en að hann væri í raun og sannleika að mæla með samþykkt þess frv. sem hann telst þó vera að mæla fyrir. Þetta verða að teljast dálítil öfugmæli. En aðstæður eru náttúrlega mjög einstakar núna. Ég hugsa að það sé mjög óvenjulegt, ef ekki einstakt, að fjmrh. fái samþykkta á sig frvgr. varðandi álagningu á tekjusköttum, sem hann er sjálfur andvígur, með atkvæðum þorra stjórnarsinna. Ég held að allt þetta sanni kannske fyrst og fremst hver uppákoma er hér í íslenskum stjórnmálum.

Ég ætla ekki, herra forseti, að fjalla um efnisatriði þessa máls, tefja tímann með því á þessari stundu, en mun gera það við 2. umr. málsins.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: JH, KJ, HÓ, StJ, DA, EKJ, GeirG, GB, HS.

LJ, SalÞ, GK greiddu ekki atkv.

8 þm. (KSG, ÓRG, StefG, TÁ, ÞK, EgJ, EG, GTh) fjarstaddir.

Frv. vísað til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Efri deild, 104. fundur.

Laugardaginn 16. maí, kl. 2 miðdegis.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 864). — Ein umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 889).

Tilraunastöð Búnaðarsambands Suðurlands, frv. (þskj. 631, n. 869). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Egill Jónsson): Herra forseti. Landbn. Ed. hefur fjallað um frv. til l. um Tilraunastöð Búnaðarsambands Suðurlands og Rannsóknastofnunar landbúnaðarins eins og það liggur fyrir, og hafði nefndin í þeim efnum samband við forráðamenn Búnaðarsambands Suðurlands sem mættu á fundi hjá nefndinni og gáfu þar upplýsingar.

Í Laugardælum hefur verið starfandi í 27 ár tilraunastöð sem hefur verið rekin af Búnaðarsambandi Suðurlands, en leigutíminn var einungis 25 ár. Það kom í ljós að ekki náðist samkomulag um framhaldsleigu nema þá til fárra ára í senn og jörðin var ekki gefin föl til kaups. Þannig leit því út að Búnaðarsambandið mundi lenda í erfiðleikum með að fá samastað fyrir þessa starfsemi til langs tíma. Þá gerðist það að þrjú systkini, Jón Árnason og tvær systur hans, Ingileif og Sigríður, gáfu Búnaðarsambandinu jörðina Stóra-Ármót sem liggur að Laugardælum og er búin miklum landkostum, bæði að því er varðar ræktunarskilyrði, stærð og hlunnindi og væntanlega líka aðstæður til að afla heits vatns. Þarna voru komnar upp í hendur á Búnaðarsambandinu hinar ákjósanlegustu aðstæður, þær er best varð á kosið, til að flytja starfsemina frá Laugardælum og byggja hana upp í Stóra-Ármóti með þá reynslu að baki, sem fengist hefur með störfum Búnaðarsambandsins í Laugardælum, til viðbótar þeirri þekkingu sem nútímarannsóknir hafa leitt af sér.

Búnaðarsamband Suðurlands hefur þegar hafið nokkrar framkvæmdir að Stóra-Ármóti. Þar hefur verið endurbyggt stórt íbúðarhús og hefur kostnaður við þær endurbætur numið í kringum 15 millj. gkr. Hlaða var byggð á s. l. ári sem er 200 rúmmetrar að nýtanlegu rými fyrir þurrhey, og er hún sérstaklega byggð með það fyrir augum að þar sé hægt að gera ýmsar samanburðarrannsóknir á hinum ýmsu aðferðum við verkun þurrheys. Hins vegar vantar að byggja viðbótarheyrými fyrir vothey og að sjálfsögðu allar aðrar útihúsabyggingar sem nauðsynlegar eru fyrir hina áformuðu starfsemi að Stóra-Ármóti. Nú er verið að vinna að reikningu á tilraunafjósi og er þess jafnvel vænst, að hægt verði að byggja grunn þeirrar byggingar á þessu hausti.

Eins og menn sjá af þessu eru áform þarna stór. Út af fyrir sig er mjög mikilvægt að sú reynsla hefur fengist af störfum Búnaðarsambands Suðurlands, öll þau ár sem það hefur rekið tilraunastöðina í Laugardælum, að því er ákaflega vel treystandi. Því er stórum auðveldara og það gerir reyndar kleift fyrir Alþingi að

ganga til móts við þau verkefni sem þar eru einmitt áformuð.

Mér er vel kunnugt um að tilraunastarfsemi í landbúnaði hefur legið undir nokkurri gagnrýni og hefur reyndar svo verið um nokkurt skeið. Sú umræða hefur á vissan hátt frekar fengið byr á síðari árum vegna þeirrar umræðu sem hefur farið fram í þjóðfélaginu um framleiðsluvandamál í landbúnaði. Ég vil undirstrika það hér alveg sérstaklega, að þó að atvinnuvegir — landbúnaðurinn í þessu tilviki — lendi í erfiðleikum má að sjálfsögðu með engum hætti mæta því með því að draga úr framförum heldur með hinu gagnstæða. það verður þá að leita nýrra leiða til að skapa aðstæður til bættrar afkomu með öðrum hætti.

Að þessu leyti hefur starfsemin hjá Búnaðarsambandi Suðurlands þó sérstöðu vegna þess að búreksturinn þar hefur aldrei verið rekinn á ábyrgð hins opinbera. Búreksturinn, sem hefur þar lagt grundvöll að tilraunastarfseminni, hefur verið áhætta þeirrar stofnunar og Búnaðarsambandið hefur borið ábyrgð á rekstri Laugardælabúsins. Í þeim efnum eru ekki gerðar tillögur um neinar breytingar frá því sem verið hefur. Aftur á móti er hér kveðið á um nánara samstarf á milli tveggja rannsóknaraðila, þ. e. Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og tilraunastöðvarinnar í Laugardælum, og með þessu frv. er starfsemin í heild tengd með formlegum hætti ákveðnar við tilraunaverkefnin í landinu almennt séð.

Það frv., sem hér liggur fyrir, hefur með þessum orðum að verulegu leyti verið skýrt. Þó þykir mér vert að undirstrika hér ákvæði 4. gr. frv. þar sem segir að þátttaka ríkissjóðs í kostnaði við mannvirkjagerð og rekstur ákvarðist af fjárveitingum hverju sinni. Hér er að sjálfsögðu ekki um skuldbindandi ákvörðun af hendi ríkissjóðs að ræða og hlýtur að metast við fjárlagagerð hverju sinni og þá að sjálfsögðu út frá þeim heildarviðfangsefnum sem tekin eru til athugunar og þá til lengri tíma. Þær framkvæmdir, sem þegar hafa verið unnar í Stóra-Ármóti, bæði varðandi ræktun og mannvirkjagerð, hafa að öllu leyti verið kostaðar af Búnaðarsambandi Suðurlands.

5. gr. frv. er hins vegar skuldbindandi, en þar er kveðið á um að tilraunastöðin skuli hafa einn sérfræðing og einn tilraunamann starfandi og að laun þeirra skuli greidd af Rannsóknastofnun landbúnaðarins, sem eins og allir hér vita fær fjármagn sitt frá ríkissjóði. Hér er þó ekki um verulega breytingu að ræða frá því sem verið hefur því að tilraunastjórinn í Laugardælum hefur verið launaður með þessum hætti og Laugardælastöðin hefur líka fengið sérfræðilega aðstoð frá Rannsóknastofnun landbúnaðarins þar sem einn sérfræðingur þeirrar stofnunar hefur haft yfirumsjón og skipulagt rannsóknarverkefnin í Laugardælum. Þetta er nánast útfærsla á því sem fyrir er. Ég undirstrika það, svo sem ég hef sagt hér áður, að það verður ekki breyting á ábyrgð Búnaðarsambandsins gagnvart þesum rekstri frá því verið hefur.

Það, sem ég hef nú sagt og skýrt, hef ég að sjálfsögðu mælt hér í nafni nefndarinnar. Ég ætla hins vegar að segja það frá mínu brjósti, að ég hefði talið að 6. gr. hefði verið betri ef hún hefði verið með öðrum hætti, en þar er kveðið á um stjórn tilraunastöðvarinnar í Laugardælum. Þar er gert ráð fyrir að einn stjórnarmanna sé valinn af Búnaðarsambandi Suðurlands, annar af Rannsóknastofnun landbúnaðarins og sá þriðji skipaður af landbrh. Ég hefði talið það meiri styrk fyrir þessa starfsemi ef Búnaðarsambandið hefði borið ábyrgð á tveimur mönnum, skipað tvo menn, og með tilliti til þeirra ábyrgðar, sem það hefur á rekstri, hefði ég talið þá skipan mála eðlilegri. Ég tel líka að tilrauna- og rannsóknarþættinum væri fyllilega borgið með þátttöku forstjóra Rannsóknastofnunar landbúnaðarins í stjórn tilraunastöðvarinnar.

Reynslan á eftir að skera úr um hvaða form verður heppilegast í þessum efnum. Við þær aðstæður, sem nú eru, fylgir þessu að mínu mati aukin áhætta, því að það er mjög gott samband á milli Rannsóknastofnunarinnar og Laugardælabúsins, en ég er sannfærður um að Búnaðarsamband Suðurlands mun vinna og standa að þessu verkefni sem sínu eins og það hefur gert fram til þessa dags.

Að lokum, herra forseti, hafa nm. skrifað undir nál. og er ekki ágreiningur um afgreiðslu málsins í landbn. Ed. Alþingis.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Hollustuhættir, frv. (þskj. 738 (sbr.717), n. 874, 875). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Heilbr.- og trn. hefur haft til skoðunar frv. til l. um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Nefndin hefur fjallað um þetta frv. og mælir með samþykkt þess með brtt. sem fluttar eru á sérstöku þskj. Einstakir nm. áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja öðrum brtt. sem fram kunna að koma. Ingimar Sigurðsson og Þórhallur Halldórsson sátu fundi nefndarinnar. Undir nál. rita allir hv. nm. Hv. þm. Karl Steinar Guðnason ritar undir með fyrirvara.

Á þskj. 875 eru þær brtt. sem n. flytur. Ég vil fyrst segja það, að þær brtt., sem hér er um að ræða, eru ekki stórvægilegar og auðvitað væntum við þess, að þær verði ekki til þess að þetta mál strandi. Þær eru ekki af þeirri gerð. Fyrst og fremst er hér um ríkari skilning að ræða á landafræði. Það eru einungis nafnaskipti þarna á umdæmum. Örlitlar efnisbreytingar eru þó jafnframt.

Fyrsta brtt. er á þá lund, að það er fellt úr frv. eins og það kom frá Nd. Brtt. hljóðar þannig, að málsgr. orðist svo:

„Lögum þessum er ætlað að tryggja landsmönnum svo heilnæm lífsskilyrði sem á hverjum tíma eru tök á að veita.“

Við slepptum þarna úr orðinu að „skapa“. Hv. nm. eru sammála um að það sé fyrst og fremst guð almáttugur sem skapi, en ekki þeir sem taka við okkar verkum hér á hv. Alþingi.

2. brtt. er við 5. gr., 3. tölul. Málsgr. orðist svo:

„Heilbrigðisnefndir skulu fyrir 1. okt.“ — en áður stóð 1. nóv. — „ár hvert gera fjárhagsáætlun og áætlun um skiptingu kostnaðar milli sveitarfélaga í umdæminu, sem miðast við íbúatölu 1. des. árið á undan. Skulu þessar áætlanir lagðar fyrir viðkomandi sveitarstjórnir til endanlegrar ákvörðunar.“

Um þetta var rætt í Nd.- nefndinni og að því er mér er tjáð var einhver ágreiningur um það. Niðurstaðan varð hins vegar sú hjá okkur að setja inn að áætlanirnar skuli lagðar fyrir sveitarstjórnir því að það eru auðvitað sveitarsjóðirnir sem þarna koma til vegna greiðslna.

Þá er það 3. brtt. Hún er við 6. gr., 6. tölul., að liðurinn orðist svo sem þar stendur. Ég sé ekki ástæðu til að fara út í þær breytingar sem verða við 6. gr. því þær eru fyrst og fremst á þann veg, eins og ég tók fram áðan, að við höfðum með okkur landakort á nefndarfund og röðuðum eftir því sem okkur þótti betur fara.

4. brtt. er um nafnaskipti á svæðum, þ. e. önnur röðun, og 5. brtt. jafnframt.

6. brtt. er við 11. gr., 1. tölul. Þar sem stendur „svæðisstjórn" skal standa: svæðisnefnd.

7. brtt. er við 11. gr., 2. tölul. Málsgr. orðist svo: „Svæðisnefndir koma saman eigi sjaldnar en einu sinni á ári", en áður stóð „tvisvar". Við töldum ekki ástæðu til að geta um það í lögum að þær skuli koma saman tvisvar. Auðvitað er þeim frjálst að koma saman tvisvar, þrisvar eða fjórum sinnum eftir því sem þeim sýnist.

8. brtt. er við 20. gr., 1. tölul. Þar sem stendur „Framkvæmdastjóri" skal standa: Forstjóri.

9. brtt. er við 25. gr., 1. tölul. Þar sem orðið „hollustufulltrúi" kemur fyrir skal standa: heilbrigðisfulltrúi.

Við 31. gr., 1. og 2. tölul., er brtt. nr. 10. Málsgreinarnar orðist svo, 1. tölul.:

„Sé öðrum en heilbrigðisnefnd falið með sérlögum eftirlit með starfsemi, sem lög þessi taka til, og fari fyrirmæli þeirra í bága við fyrirmæli heilbrigðisnefndar og takist ekki að samræma fyrirmælin skal leggja málið til fullnaðarúrskurðar ráðh. Þetta gildir þó ekki sé um að ræða eftirlit með starfsemi samkv. lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, lögum nr. 108/1974, um framleiðslueftirlit sjávarafurða, og lögum nr. 31/1970, um dýralækna" — Það er raunar ekki annað en þetta síðasta sem skotið er inn til viðbótar.

Þá er það tölul. 2.:

„Rísi ágreiningur um framkvæmd eftirlits, sem fallið getur undir lög nr. 46/1980, lög nr. 108/1974 og lög nr. 31/1970, skal ágreiningur borinn upp í sérstakri samstarfsnefnd, sem í eiga sæti forstjórar Hollustuverndar ríkisins, Vinnueftirlits ríkisins og Framleiðslueftirlits sjávarafurða og yfirdýralæknir." — Yfirdýralækni er þarna skotið inn í og tel ég ekki ástæðu til að lesa lengra.

Þá er það 11. brtt., við 36. gr. Greinin orðist svo:

„Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 1982. Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 12/1969, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, lög nr. 74/1977, um matvælarannsóknir ríkisins, svo og ósamrýmanleg ákvæði laga nr. 7/1953, um hundahald og varnir gegn sullaveiki, laga nr. 27/1977, um ráðstafanir til þess að draga úr tóbaksreykingum, laga nr. 95/1962, um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislum frá geislavirkum efnum eða geislatækjum, og laga nr. 24/1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum."

12. brtt. er við ákvæði til bráðabirgða, 6. tölul. Þar stendur „áfengisvarnarráðs" sem falli brott.

Herra forseti. Ég tel mig hafa gert grein fyrir þessum brtt. Eins og kom fram áðan og sést á nál. eru hv. nm. í heilbr.- og trn. á einu máli um að þetta verði samþykkt.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir, kveður á um þýðingarmiklar breytingar á hollustuháttum og heilbrigðiseftirliti. Þessar breytingar eru vissulega til bóta, en margt hefði mátt skoða betur.

Frv. hefur tekið breytingum í meðferð þingsins. Þær breytingar eru allar til bóta. En ég hef haft við það nokkuð að athuga hvernig stjórn Hollustuverndar ríkisins er saman sett. Í 14. gr. segir um það:

„Stofnuninni skal skipuð sérstök stjórn sem í eiga sæti sjö menn. Sameinað Alþingi kýs tvo, landlæknir tilnefnir einn, Samband ísl. sveitarfélaga einn, Heilbrigðisfulltrúafélag Íslands einn og Samtök heilbrigðisstétta einn. Ráðh. skipar einn án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður."

Það er umdeilanlegt atriði hvort embættismaður eigi að skipa mann í svona nefnd, og það er umdeilanlegt hvort Heilbrigðisfulltrúafélagið eigi að hafa fulltrúa þarna. En ég held að það ætti að vera óumdeilanlegt, að Náttúruverndarráð ætti að eiga fulltrúa í stjórninni. Þetta frv. fjallar mjög um ytri mengun sem hlýtur að koma Náttúruverndarráði við. Sá fulltrúi rn., sem kom til viðræðu við okkur um þessi mál, kvað sig einmitt mjög samþykkan því, að Náttúruverndarráð ætti aðild að þessari stjórn. Ég mun þó ekki gera brtt. við þetta vegna þess að það er mjög þýðingarmikið að frv. verði afgreitt sem fyrst. Þó það eigi ekki að taka gildi alveg strax má ekki bíða að frv. verði að lögum. En ég bendi á að það hefði verið mjög eðlilegt að Náttúruverndarráð ætti aðild að þessari stjórn.

Svo er það varðandi ákvæði til bráðabirgða, 9. lið. Þar segir:

„Ríkisstj. láti fara fram athugun á hvort sameina eða samræma megi frekar en gert er með lögum þessum starfsemi aðila, sem fara með ýmiss konar hollustuhátta- og heilbrigðiseftirlit og eftirlit til varnar skaðlegum áhrifum umhverfis á heilsufar manna. Jafnframt fari fram könnun á möguleikum til frekari samræmingar löggjafar um þessi mál. Skal könnun þessari lokið innan þriggja ára frá gildistöku laga þessara."

Hv. þdm. er sjálfsagt kunnugt um að Vinnueftirlit ríkisins hefur starfað af miklum sóma að undanförnu. Það hafa verið sett lög um starfsemi þess og ég hygg að menn séu sammála um þýðingarmikið hlutverk þess. Ég tel að það þurfi að fá úr því skorið, hvort átt er við Vinnueftirlitið í þessari grein þegar talað er um að sameina eða samræma frekar en gert er með lögum þessum starfsemi aðila sem fara með ýmiss konar hollustuhátta- og heilbrigðiseftirlit.

Ég leyfi mér að spyrja hæstv. ráðh. að því, hvort ætlunin sé að Vinnueftirlitið falli undir þennan lið eða ekki, og tel svör hans þýðingarmikil varðandi afgreiðslu þessa máls.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Vegna fsp. hv. 3. landsk. þm., Karls Steinars Guðnasonar, um þetta atriði lít ég þannig á, að í raun og veru sé verið að leggja á það áherslu í þessu ákvæði að um verði að ræða sem best samstarf á milli þeirra stofnana, sem hér um ræðir, og samræmingu á verkum þeirra. En ég legg á það höfuðáherslu af minni hálfu, að þetta ákvæði ber á engan hátt að túlka eða nota til að tefja fyrir framþróun Vinnueftirlits ríkisins og þeirra mikilvægu verkefna sem það á að sinna.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Að fengnum þessum upplýsingum tel ég rétt að fram komi að ég mun

greiða atkv. með frv. Ég þakka þá yfirlýsingu, að Vinnueftirlit ríkisins verði undanþegið þessari grein, því það er mjög nauðsynlegt í þeirri stöðu sem það hefur.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Hv. þm. Karl Steinar Guðnason kom inn á örfá atriði. Ég ætla ekki að fjalla um þau, en aðeins segja þetta af því að hann minntist á Náttúruverndarráð í þessu sambandi:

Eins og fram kom á nefndarfundi í morgum mun vera ágreiningur um þetta atriði. Þetta var rætt í heilbr.- og trn. Nd. Hv. þm. Karl Steinar Guðnason mun ekki, ef ég hef skilið hann rétt, flytja neinar brtt. Ég veit ekki annað en að það hafi verið niðurstaða í nefndinni hjá okkur í morgun að gera allt sem í okkar valdi stæði til þess að þetta mál færi hér í gegnum deildina og yrði að lögum.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Það ákvæði til bráðabirgða hefur komið til umræðu, að ríkisstj. láti fara fram athugun á hvort sameina eða samræma megi frekar en gert er með lögum þessum starfsemi aðila sem fara með ýmiss konar hollustuhátta- og heilbrigðiseftirlit og eftirlit til varnar skaðlegum áhrifum umhverfis á heilsufar manna o. s. frv. Ég vil leggja á það þunga áherslu frá minni hálfu, að ég skil ekki orð hæstv. ráðh., sem hann viðhafði hér, þannig að það sé ekki ætlunin að þessi grein nái til allra stofnana, eins og stendur greinilega í þessu lagafrv., sem fara með þessi mál.

Það hefur oft og tíðum komið fram í hv. fjvn., þegar hún hefur fjallað um mál þessara stofnana, að þar hafi orðið um nokkurn tvíverknað að ræða, og um það hafa verið rakin dæmi. Þess vegna held ég að það sé ekki nema eðlilegt og æskilegt að slík grein sé í þessum lögum og það verði sérstaklega kannað sem í þessari grein felst. Ég skil það þannig, að Vinnueftirlit ríkisins sé ein af þessum stofnunum. (**Gripið fram í:** Það er ný stofnun.) Það er út af fyrir sig rétt, að það er ný stofnun. En þessi stofnun fjallar um þessi mál. Þó þessi athugun nái til þeirrar stofnunar á á engan hátt að verða tafið fyrir uppbyggingu hennar. Ég skil það ekki þannig, heldur að þessi athugun nái til þessa fyrirtækis eins og annarra stofnana sem fara með svona eftirlit. Ég legg á þetta þunga áherslu. Ég held að það sé í þágu þess að fara vel með fjármuni skattborgaranna að greinin er svona.

ATKVGR.

Brtt. 875,1 samþ. með 12 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 875,2 samþ. með 14 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 875,3—5 samþ. með 15 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
7.—10. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 875,6—7 samþ. með 13 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
12.—19. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 875,8 samþ. með 14 shlj. atkv.
20. gr., svo breytt, samþ. með, 5 shlj. atkv.
21.—24. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 875,9 samþ. með 15 shlj. atkv.
25. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
26.—30. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 875,10 samþ. með 15 shlj. atkv.
31. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
32.—35. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 875,11 (ný 36. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 875,12 samþ. með 15 shlj. atkv.
Ákv. til brb., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Neðri deild, 97. fundur.

Laugardaginn 16. maí, kl. 2 miðdegis.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 867). — 3. umr.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Í frv. því, sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir að þeir, sem hafi haft meiri tekjur en 6 millj. og 500 þús. á s. l. ári, skuli greiða sérstakt gjald, 2%. Við erum nýbúnir að afgreiða tekjuskattslög hér í deildinni, þar sem gert er ráð fyrir að jaðarskatturinn verði tæp 65%, og hygg ég að flestum þyki nú nóg um. Ég geri því ráð fyrir að það muni fá góðar undirtektir að fella þetta 2% gjald niður og láta eitt yfir alla ganga.

Ég vil enn fremur benda á það, að eins og mörkin eru ákveðin í frv., það eru 6 millj. 750 þús. að vísu eftir brtt. sem samþykkt var í gær, eru þessar tekjur það litlar að þær ná ekki meðaltekjum verkamannns á s. l. ári. Ég hygg að helmingur þeirra, sem eru í Verkamannasambandi Íslands, komi til með að greiða þetta sérstaka sjúkratryggingagjald.

Enginn vafi er á því, að verulegur kostnaður og óhagræði fylgir því að vera með tekjuskatta í mörgum lögum á mörgum stöðum og einfaldara væri að hafa það í einu formi. Sjúkratryggingagjaldið hefur misst tilgang sinn sem sérstakt iðgjald. Þegar aðeins á að leggja það á hluta þegnanna það er í raun og veru ekkert orðið annað en tekjuskattsviðauki. Ef ríkisstj. hefði kosið að hafa jaðar tekjuskattsins 52% hefði verið eðlilegra og heilbrigðara að hafa það í tekjuskattslögunum sjálfum. Ég vil því leyfa mér að leggja til, að þessi liður falli niður, og flyt um það brtt. ásamt alþm. Birgi Ísl. Gunnarssyni, Steinþóri Gestssyni og Albert Guðmundssyni.

Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um þá skattpíningu sem orðið hefur í þjóðfélaginu síðan núv. ríkisstj. tók við völdum og þær tvær sem á undan henni voru. Ef borin er saman skattbyrðin nú og meðan ríkisstjórn Geirs Hallgrímssonar var við völd sjáum við að það er ekki stigsmunur, heldur eðlismunur á skattpeningi sem dreginn er úr vösum launþeganna. Þegar það bætist enn fremur við, að kjarasamningar voru skertir um 7% hinn 1. mars s. l., er eðlilegt að leiðrétting af því tagi sem heitið var — 1.5% á lægri tekjur og 2% á þær hærri — nái til allra skattborgara. Þetta er sanngirnismál. (**GJG:** Af hverju þarf það að vera?) Af hverju þarf það að vera. Er nú loksins formaður Verkamannasambandsins farinn að láta til sín heyra varðandi kjarskerðinguna 1. mars. Það má fagna því, þó seint sé, að það skuli þó koma nokkur orð á Alþingi um það mál frá þessum hv. þm. Svo spyr hann að því, af hverju það sé eðlilegt að allir meðlimir Verkamannasambandsins fái einhverja lækkun á skött-

um út af þeim 7% sem þeir voru sviptir hinn 1. mars s. l. Nær hefði honum verið að reyna að standa við það að skattalækkunin hefði komið til skila strax, um leið og menn voru sviptir launum sínum, heldur en að vera með einhver fyrirheit um að þeir eigi að fá skattalækkanir síðar meir á árinu, sem allt er í tvísýnu um að við verði staðið þegar það dæmi verður gert upp, eins og ég hef margsinnis rakið hér í deildinni og hann hefur ekki treyst sér til að hrekja og ekki skýrt sitt sjónarmið.

Ég veit að vísu að á meðan ríkissjórn sósíalisma og samvinnuhreyfingar er í þessu landi á það sjónarmið erfitt uppdráttar að menn eigi að fá að bæta hag sinn með eigin vinnu, eigin dugnaði og eigin framtaki. Meira er upp úr hinu lagt, ef hægt er á bak við tjöldin að píra einhverju fram hjá kerfinu til einstakra manna og mismuna mönnum með leyfum og sérréttindum, gera ríkisstj. og fulltrúa hennar að nokkurs konar skömmtunarstjórum, eins og alls ráðandi var hér á sínum tíma. Við sjálfstæðismenn leggjum hins vegar mikið upp úr því, að drýgsti hluti þjóðartekna myndist með þeim hætti að einstaklingarnir sjálfir finni hjá sér hvöt til að leggja mikið á sig og afla mikilla tekna með mikilli vinnu. Brtt., sem ég flyt, er af þeim hvötum. Mér finnst nóg um þegar einstaklingarnir eru látnir borga milli 60 og 65% af tekjum sínum til hins opinbera. Ég álít að það sé nauðsynlegt að lækka það háa skatthlutfall. Til að reyna að stuðla að því legg ég sem sagt til að þetta 2% gjald falli niður. Eins og búið er að útvarpa er það er það líka orðinn óverulegur þáttur í tekjuöflun ríkisins og skiptir því fjmrh. engu máli. Auk þess hefur ríkisstj. heitið launþegum og fólkinu í landinu verulegum fjárhæðum í tengslum við kjaraskerðinguna 1. mars. Þeim fjárhæðum hefur ekki verið skilað. Tillöguflutningurinn er þess vegna enn ein tilraunin til að fá ríkisstj. til að skila aftur hluta af því sem ranglega var frá launþegum tekið.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 878) samþ. með 26 shlj. atkv.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Án þess að orðlengja frekar þetta mál er rétt að upplýsa vegna þeirra ummæla hv. þm., sem flytur þessa till., að ríkisstj. muni nú ekkert um þetta eftir að búið sé að fella niður sjúkratryggingagjald af tekjum undir 6.750 gömlum millj., að sennilega mundi samþykkt þessarar till. hafa í för með sér u. þ. b. 3 milljarða gkr. tekjutap fyrir ríkissjóð.

Ég vil líka benda mönnum á það, að ef menn eru á móti því að sjúkratryggingagjald sé lagt á hærri tekjur fella menn að sjálfsögðu frv. í heild og lögin. Þá er ekkert sjúkratryggingagjald lagt á. Að fella niður þessa einu grein, 3. tölul., en láta hitt standa væri aftur á móti algjör meiningarleysa. Þá stæðu eftir skattalög án þess að í þeim væri nokkuð getið um hvert gjaldið væri sem ætti að leggja á.

Halldór Blöndal: Já, herra forseti. Hugmynd mín er einmitt sú að fella niður gjaldið. Ég held að það hafi farið fram hjá þessum aumingja ráðh., en þó hefur hann áttað sig undir lokin. Ég er einmitt á móti gjaldinu. Það er mergurinn málsins (**Forseti:** Ráðh. eru hæstv.)

ATKVGR.

Brtt. 878 felld með 17:11 atkv.
Frv. samþ. með 21:1 atkv. og afgr. til Ed.

Atvinnuleysistryggingar, frv. (þskj. 870.(sbr. 559)). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Bjargráðasjóður, frv. (þskj. 714). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Lögheimili, frv. (þskj. 872). — Ein umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 27:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 881).

Meðferð einkamála í héraði, frv. (þskj. 537 (sbr. 281)). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 882).

Eftirlit með skipum, frv. (þskj. 538 (sbr. 282)). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 883).

Almenn hegningarlög, frv. (þskj. 689). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá

Alþingi (þskj. 884).

Þróunarsamvinnustofnun Íslands, frv. (þskj. 603). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 886).

Umbætur í þágu fatlaðra, frv. (þskj. 850). — 1. umr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Hér er um að ræða lítið frv., sem gerir ráð fyrir að kostnaður við að gera opinberar byggingar aðgengilegar fötluðu fólki greiðist af ríki og sveitarfélögum í sömu hlutföllum og stofnkostnaður samkv. lögum um heilbrigðisþjónustu, grunnskóla, dagvistarheimili og fleiri slík lög sem kveða á um kostnað af skiptingu við opinberar framkvæmdir.

Ég tel ekki ástæðu til þess, herra forseti, að fjalla ítarlega um frv., grg. þess skýrir málið allvel. Það eru fjölmargir aðilar sem hafa komið að samningu frv. og það er samið í framhaldið af samþykkt þáltill. hér á Alþingi 22. maí 1980.

Ég vil því leyfa mér að leggja það til við hv. nefnd, sem fær málið til meðferðar, að hún í fyrsta lagi kanni hvort ekki sé rétt að setja inn í frv. ákvæði um, að þessar einstöku greinar, sem þarna er um að ræða, bætist við viðeigandi lög, fremur en að þannig sé frá málum gengið endanlega eins og gert er ráð fyrir í frv. þessu.

Varðandi nafnið á frv. tek ég undir ábendingar hæstv. forseta, en ég minni á að samtök fatlaðra hafa komið sér upp orði yfir þetta sem við erum að tala hér um, sem er orðið „aðgengi". Mér fyndist hugsanlegt að þetta héti einfaldlega: Frv. til laga um aðgengi fatlaðra.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Hæstv. félmrh. hafði kynnt stjórnarandstæðingum þetta frv. sitt áður en hann flutti það og óskaði eftir því við okkur Alþfl.-menn, að við féllumst á að greiða gang frv. hér í þinginu þannig að það gæti orðið að lögum á þeim fáu starfsdögum sem eftir eru af Alþingi. Þingflokkur Alþfl. hefur tekið þessa málaleitan hæstv. félmrh. til umræðu og hefur fallist á að greiða gang þessa máls fyrir sitt leyti.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til félmn. með 28 shlj. atkv.

Lagmetisiðnaður, frv. (þskj. 863 (sbr. 518)). — 1. umr.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir máli á þskj. 518 um lagmetisiðnað og Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins, eins og heiti frv. er eins og það kemur frá hv. Ed. Frv. þetta var lagt fram fyrir alllöngu hér í þinginu og hefur fengið athugun í Ed. Iðnn. þeirrar hv. deildar hefur gert á því nokkrar breytingar, sem fyrir liggja á þskj. 863, og m. a. breytt heiti frv. og gert nokkrar breytingar er varða Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins, stjórn hans. Gera breytingar, sem samþ. voru í Ed. á frv., ráð fyrir að I. kafli laganna um Sölustofnun lagmetis eða um lagmetisiðnað, eins og hann heitir nú, hafi takmarkaðan gildistíma eða til ársloka 1982.

Efni þessa frv. ætla ég ekki að fara hér út í í einstökum atriðum. Hv. alþm. hafa eflaust kynnt sér það. En meginbreytingarnar frá gildandi lögum eru raktar í sjö liðum á bls. 4 í athugasemdum við lagafrv. á þskj. 518.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. iðnn. þessarar deildar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til iðnn. með 23 shlj. atkv.

Landkaupasjóður kaupstaða og kauptúna, frv. (þskj. 842 (sbr. 587)). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til félmn. með 27 shlj. atkv.

Loðdýrarækt, frv. (þskj. 805, n. 859, 860). — 2. umr.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Eins og fram kemur í grg. með þessu frv. skipaði hæstv. landbrh. nefnd í marsmánuði s. l. til að gera tillögur um æskilega þróun loðdýraræktar. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu, að brýnt væri að gera breytingu á lögum um loðdýrarækt, en þau lög eru frá 1969 og voru lögfest við allt aðrar aðstæður en nú eru. Af því leiddi að nefndin tók til við að semja þetta frv., sem hér er til umr., ásamt þeirri grg. sem með því fylgir. Þessu verki var ekki lokið fyrr en fyrir nokkrum dögum og þá var hæstv. ríkisstj. búin að ganga frá lista yfir þau mál sem að er stefnt að lögfesta fyrir þinglok. Formaður nefndarinnar, Haukur Jörundsson, og Jónas Jónsson búnaðarmálastjóri komu á fund okkar hv. þm. Egils Jónssonar, formanns landbn. Ed., til að kanna hvort við sæjum einhverja leið til að koma umræddu frv. í gegnum þingið á þessu vori. Við hétum því, að ef hæstv. landbrh. færi þess á leit við aðra hvora nefndina að flytja þetta frv. mundum við í sameiningu gera það sem í okkar valdi stendur til að greiða fyrir því að þetta frv. kæmist í gegnum þingið nú fyrir þinglokin.

Landbn. beggja deilda hafa fjallað um þetta mál sameiginlega og leggja fram brtt. á þskj. 860 sem við stöndum sameiginlega að að flytja.

Lögin um loðdýrarækt, sem eru raunar einvörðungu um minkarækt, eru frá 1969. Minkarækt var hafin hér 1970 á einu búi og sex búum 1971, en áttunda búið reis 1972. Búin voru öll fremur stór, eins og gert var ráð fyrir í lögunum, og gekk rekstur þeirra misjafnlega svo ekki sé meira sagt. Nú eru starfandi í landinu fimm minkabú.

Refarækt var tekin upp árið 1979 og eru nú rekin átta refabú í landinu. Ráðunautur í loðdýrarækt var ráðinn til Búnaðarfélags Íslands 1974, en þegar lögin voru sett var

enginn slíkur starfandi í landinu og því ýmislegt falið veiðistjóra sem eðlilegt verður að telja að ráðunautur annist eða ráðunautur og veiðistjóri í sameiningu.

Að fenginni þessari reynslu af loðdýrarækt og fyrir þær aðstæður, sem nú eru í landinu, hefur vaknað verulegur áhugi á loðdýrarækt meðal bænda. Ætla má að um eða yfir 30 bændur hefji loðdýrarækt á þessu ári a. m. k., ef þetta frv. verður að lögum.

Þær breytingar, sem hér er lagt til að gerðar verði á lögunum, taka mið af þeim aðstæðum og stefna að því að aðgengilegra verði fyrir bændur að taka upp þá búgrein án þess að í nokkru sé slegið af raunhæfum kröfum um vörslu loðdýra og eftirlit með búgreininni. Þá kveða þær skýrar á um að Búnaðarfélag Íslands hafi umsjón með loðdýraræktinni í umboði landbrn. á sama hátt og er um aðrar búgreinar.

Það felst í þessu frv. og er breyting frá gildandi lögum, að stefnt er að því að draga úr stofnkostnaði án þess að það komi niður á öryggisþættinum. Það á að leyfa að hafa loðdýrabú í gömlum byggingum, en gera þær þannig úr garði að fyllsta öryggis sé gætt. Það á að fella úr lögum að skylt sé að hafa girðingar umhverfis skálana sem búin eru starfrækt í, þar sem í ljós hefur komið að í ýmsum tilfellum hafa þær reynst lítil eða jafnvel engin vörn ef dýr sleppa út úr húsi á annað borð. Það á að hafa stjórn á því, *hvernig þessi búrekstur þróast, og krefjast þess, að* kunnáttumaður sé á hverju búi. Búnaðarfélag Íslands á að halda uppi leiðbeiningarstarfsemi og þá fyrst og fremst ráðunautarinn í loðdýrarækt og svo aðrir ráðunautar eftir því sem þurfa þykir, en ekki veiðistjóri einn, eins og er eftir gildandi lögum.

Það er verulegur áhugi í ýmsum byggðarlögum að fara út í þessa framleiðslu. Það er talið að mjög mikið fóður falli til á hverju ári sem ekki nýtist nú, bæði frá fiskvinnslustöðvum og sláturhúsum, sem sé tilvalið fóður handa ýmsum loðdýrum. Ef þetta frv. verður lögfest nú er talið líklegt að 30—40 einstaklingar fari á þessu sumri að hefja framkvæmdir og búa sig undir að stofna loðdýrabú, fái þeir tilskilin leyfi og fjármagnsfyrirgreiðslu.

Landbn. Nd. er sammála um að leggja til að þetta frv. verði samþykkt með þeim breyt. sem eru á þskj. 860.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð.

Það segir hér að 1. gr. þessa frv. sé óbreytt frá gildandi lögum. Það væri fróðlegt að fá að heyra hvort oft hafi til þess þurft að koma að landbrh. skæri úr ágreiningi um hvort dýrategund skyldi teljast til loðdýra eða ekki. Sömuleiðis þætti mér gaman að heyra frá formanni nefndarinnar og frsm., hvort hann telji að það sé hægt að leggja á hvaða landbrh. sem er að skera úr um hvort ákveðin dýrategund teljist til loðdýra eða ekki, hvort þeir almennt hafi þekkingu á þessu. Ég veit að núv. landbrh. hefur mjög víðtæka þekkingu á þessu sviði, en það er ekki víst að hann verði hér um alla framtíð. Þá gæti kannske verið nauðsynlegt að breyta lögunum ef það kæmi annar sem hefði ekki vit á þessu og gæti ekki kveðið upp úrskurð um hvort viðkomandi dýrategund skuli teljast til loðdýra eða ekki.

Í öðru sambandi var sagt um annað að það væri teygjanlegt hugtak og loðið. Það getur verið erfitt að kveða upp slíkan úrskurð. Við skulum t. d. segja að allt í einu yrði það í tísku að kattaskinn væru verðmæt og sóst eftir þeim. Væri t. d. núv. landbrh. tilbúinn að úrskurða ketti loðdýr ef menn vildu fara að rækta þessar skepnur?

Ég spyr vegna fákunnáttu minnar í þessum málum, af því að vitrir menn ræða þessi mál og hafa fjallað um frv. og brtt. En ef þetta er kjánalega spurt bið ég menn að taka viljann fyrir verkið því að menn vilja alltaf reyna að fræðast eitthvað um það sem þeir vita lítið um.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég vil taka undir það með hv. síðasta ræðumanni, að *þessi setning í lögunum,* eins og þau hafa verið frá 1969, er nokkuð sérkennileg svo ekki verði meira sagt.

En ég ætlaði ekki að fjalla um það. Ég er einn af nefndarmönnum sem skrifa undir það frv., sem hér liggur fyrir, og legg til að það verði samþykkt. Ég er hlynntur því, að bændum gefist kostur á að taka upp nýjar svonefndar hliðarbúgreinar, en varðandi þetta mál vil ég beina nokkrum orðum til hæstv. landbrh., sem ég bið hann að geyma í minni, einfaldlega vegna þess að ég óttast nokkuð að hér kunni að fara af stað skriða sem menn hafi ekki kannað nógu rækilega hvað kunni að hafa í för með sér.

Það liggur nú fyrir hjá Búnaðarfélagi Íslands eða búnaðarmálastjóra að um 60 bændur, 60 menn, hafa óskað eftir leyfi til að fá að stofna refabú. Um 30 aðrir hafa óskað eftir leyfum til að stofna annars konar loðdýrabú. Þarna er því um að ræða 90 umsóknir. Hugmyndin með breytingum á lögunum er að bændur geti haft ákveðinn, tiltekinn fjölda refa í búum við heimili sín í sveitum og myndað þannig hverfi loðdýrabúa sem síðan styðjast við fóðurstöðvar eða eldhús, eins og það hefur verið nefnt. Ég innti mjög rækilega eftir því og raunar aðrir nefndarmenn, þegar búnaðarmálastjóri kom á fund nefndarinnar, sem hann gerði raunar tvisvar, hvaða arðsemiútreikningar hefðu verið gerðir á þessu máli. Ég óttast nokkuð þá þróun sem kann að fylgja í kjölfarið á samþykkt þessa frv., þessara breytinga, ef ekki verður gætt vandlega að því, að ekki verði of hratt af stað farið.

Það er augljóst og hlýtur að liggja í augum uppi, að bændur þurfa að bæta sér með einhverju móti það tap sem þeir nú verða fyrir vegna þess, hve miklar skorður hafa raunverulega verið settar við landbúnaðarframleiðslu í landinu. Auðvitað er eðlilegt og sjálfsagt að menn reyni nýjar leiðir eins og þessa. Ég vil minna á að fiskeldi, þ. e. eldi laxfiska og silungs, hefur náð mjög skjótum framförum hér á landi og margir hafa tekið upp þá hliðarbúgrein, ef svo mætti orða það, en því miður hefur stjórnun þeirra mála algjörlega farið úr böndunum. Það liggur nú ljóst fyrir, að vegna þess að ekki var *hafður hemill á stofnun fiskeldisstöðva í landinu er nú* svo komið vegna markaðstregðu á seiðum að 2—3 stöðvar standa frammi fyrir hreinu gjaldþroti.

Ég vil líka minna á að það átti að verða sveitum þessa lands til mikils framdráttar að stofna þar prjónastofur. Þetta hefur verið gert á nokkrum stöðum. Ég veit um prjónastofur sem hafa ekki prjónað eina einustu peysu. Ég vil benda á þetta vegna þess að verði of hratt af stað farið í þetta mál getur farið svo að Alþingi fái reikninginn fyrr eða síðar ef þarna tekst miður.

Ég vil líka benda á að þetta er kostnaðarsamt fyrirtæki. Þó að bændur eigi hús, annaðhvort gripahús eða hlöður, sem þeir geta breytt í refabú, kosta dýrin mikið. Það er talið að stofnkostnaður við hverja læðu sé um 8000 kr., og þá er ekki reiknað með fóðurstöð eða eldhúsi sem kostar á bilinu 60—80 gamlar milljónir. Það liggur fyrir

að slík hverfi verða mótuð víða á landinu. Búnaðarmálastjóri skýrði frá því, að það væri m. a. í Vestur-Barðastrandarsýslu, í Skagafirði, þar sem Sauðárkrókur yrði fóðurmiðstöðin eða þar yrði fóðurhúsið, á Hólabúinu, þar sem yrði kennslubú, við Eyjafjörð á Dalvík og við Grenivík, í Suður-Þingeyjasýslunni í Aðaldal og Reykjadal, í Vopnafirði, á Jökuldal, í Árnes- og Rangárvallasýslum og Höfn í Hornafirði.

Ég vil vegna þessa máls óska eftir því við hæstv. landbrh., að hann hafi fulla aðgát og fylgist mjög nákvæmlega með því, að þetta mál fari ekki úr böndunum. Ég skil mjög vel að bændur sjái þarna nokkra ljósglætu í þeim erfiðleikum sem að þeim steðja núna. En erfiðleikarnir gætu orðið miklu meiri ef ekki yrði farið varlega af stað. *Ég hefði í sjálfu sér talið eðlilegt að það hefði verið gerð* tilraun með slík loðdýrahverfi, eins og nú er ætlunin að koma á fót, og það látið koma greinilega í ljós, hver hin eiginlega arðsemi er. Hún er ugglaust talsverð um þessar mundir vegna þess háa verðs sem nú er á refaskinnum. En hvað gerist ef það yrði verðfall á þeim skinnum?

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. landbn. fyrir hvað skjótt og drengilega hún hefur brugðist við að flytja þetta mál og koma því hér til 2. umr. Eins og fram kemur er frv. flutt af nefndinni að minni beiðni, aðallega vegna þess hve það var seint tilbúið og samið af þeirri nefnd sem greint hefur verið hér frá.

Ég vil geta þess, að í grg. frv. hefur fallið niður nafn eins nm. og bið ég velvirðingar á því fyrir hönd þeirra sem settu saman þessa grg., en það er nafn Einars E. Gíslasonar ráðunautar frá Skörðugili, sem tók þátt í þessu starfi.

Frv. er flutt til að færa lög um loðdýrarækt nokkuð til samræmis við þá þróun sem nú er stefnt að í þessum málum, þ. e. að gera það mögulegt að loðdýrabú geti orðið búgrein meðal bænda almennt, sem er nokkuð annað en stefnt var að í upphafi þegar þessi lög voru sett, en þá var gert ráð fyrir fáum og stórum búum á landinu. Að öðru leyti ætla ég ekki að taka tíma til að ræða frv. efnislega. Það hefur verið gert af hv. formanni landbn.

Ég vil gjarnan taka undir þau varnaðarorð sem fram komu frá hv. þm. Árna Gunnarssyni. Ég tel að það sé mikil ástæða til að fara ekki allt of hratt í þessum efnum og hafa nokkurn vara á sér. Við ráðum ekki markaði og verðsveiflur eru nokkuð *tíðar á skinnamörkuðum heims*ins. Ég vil taka það fram, að þótt umsóknir hafi borist, eins og hann gat um, frá allt að 90 aðilum víðs vegar um landið verður ekki á þessu ári unnt að samþykkja allar þær umsóknir eða verða við þeim — a. m. k. ekki á þann máta að tryggt verði fjármagn þar til aðstoðar.

Ég tel einnig að það sé nauðsynlegt að byggja þessa starfsemi upp með nokkru skipulagi þannig að þessi loðdýrabú eða t. d. refabúin byggist upp í nánd við fóðurmiðstöðvar. Hefur þegar verið byrjað á því að byggja þessa starfsemi upp í grennd þeirra fóðurmiðstöðva sem eru til, t. a. m. á Sauðárkróki, í Grenivík og á Dalvík. Einnig hefur verið hafinn undirbúningur að fóðurstöð í Vestur-Barðastrandarsýslu. Fóðurstöð er grundvallaratriði í þessum rekstri. Á þessu ári verður væntanlega unnið að undirbúningi slíkra fóðurstöðva á Austurlandi og væntanlega einnig á Suðurlandi. Er ástæða til að ítreka að það er grundvallaratriði til að þessi búgrein geti þrifist hjá bændum að þeir hafi aðgang að slíkum stöðvum.

Ég vil þó ekki slá neina varnagla umfram það að taka undir það sem fram kom hjá hv. þm. Árna Gunnarssyni, að fara þarf með nokkurri gát í þessum efnum eins og annarri nýrri starfsemi sem við erum að byggja upp á landinu. Hann taldi að uppbygging fiskeldisstöðva eða fiskræktarmálin hefðu farið úr böndunum. Það má e. t. v. segja, ef þetta er rétt, að væntanlega hefði þurft að flytja lagafrv. til að geta komið í veg fyrir að byggðar væru fiskeldisstöðvar. Ég hef ekki talið það unnt. Hins vegar hefur verið ráðstafað fé til fiskeldisstöðva af sérstöku *fjármagni sem landbrn. hefur haft yfir að ráða*, einungis að því marki að þar væri um stöðvar að tefla sem að meginhluta væru í eigu bænda og samtaka bænda og tengdust landbúnaðinum í sinni starfsemi með ótvíræðum hætti. Það, sem einstaklingar og stór hlutafélög hafa unnið án atbeina landbrn. í þessum efnum, hefur ekki verið talið fært að hindra með sérstakri löggjöf. Ég vænti þess, að þetta sé skýrt og ef þau sjónarmið eru uppi, að ástæða þyki til að setja slíka löggjöf, komi slíkar ábendingar eða frumvörp fram á næsta Alþingi.

Um aðra þætti í sambandi við aukningu atvinnulífs í sveitum skal ég ekki fjalla. Ég þekki hins vegar enga prjónastofu sem ekki hefur prjónað. Yfirleitt hafa þær prjónastofur, sem ég þekki, orðið til verulegrar styrktar og hafa gengið sæmilega vel sem betur fer.

Til að tefja ekki tíma vil ég ljúka þessu með því að gera tilraun til að svara hv. 1. þm. Vestf., sem spurði í fyrsta lagi hvort landbrh. hefði oft þurft að skera úr því, hvort tiltekin dýrategund teldist til loðdýra eða ekki. Ég get því einu svarað um þennan þátt í máli hv. þm., að síðan ég kom í rn. hef ég ekki þurft að skera úr neinu slíku vafaatriði, en til þess getur auðvitað komið. Það er rétt hjá honum, að það getur verið bæði loðið og teygjanlegt hvort eitthvert dýr telst loðdýr eða ekki. Það er hins vegar sýnilegt að sú nefnd, sem hefur sett saman þetta frv., treystir fyllilega landbrh., bæði mér og öðrum, til að fella slíkan úrskurð. Ég mun auðvitað ekki undan því skorast í minni tíð ef til þess kemur.

Ég vil segja það að lokum um þetta efni, að ég hygg að ég muni geta stuðst við skilgreiningu fyrrverandi þm. Mér er sagt að hann hafi löngu fyrir mína þingmannstíð flutt frv. um loðdýrarækt og talað fyrir því í löngu máli, *en í þeirri framsöguræðu kom m. a. fyrir þessi setning:*

„Loðdýr er í eðli sínu spendýr, sem er loðið, og snúa hárin venjulega út.“

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 860,1 (ný 5. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 860,2 (ný 7. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv.
8.—12. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 165, n. 826, 827). — 2. umr.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Varaformaður fjh.- og viðskn., hv. 7. þm. Reykv., ætlar að hlaupa í skarðið fyrir formanninn og flytja framsögu fyrir fjh.- og viðskn.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Það er ekki létt að hlaupa í skarðið fyrir formann fjh.- og viðskn. Nd. Þó er þetta svo einfalt og skýrt mál að ég held að um það þurfi ekki að verða neinar umr. og enginn ágreiningur sé um eitt eða neitt.

Nefndinni barst á sínum tíma frv. frá hv. þm. Albert Guðmundssyni, 138. mál, þskj. 165, sem fjallar um niðurfellingu tolla á ungbarnamat, nánast fæðu sérstaklega tilreiddri fyrir ungbörn og sjúka. Það kemur í ljós að í þeirri torskildu skrá, sem heitir tollskrá og er flestum óskiljanleg, er barnamatur og sérstaklega tilreidd fæða fyrir sjúka tolluð víða í 70%, en innflutt gæludýrafóður fyrir hunda og ketti er án nokkurra tolla.

Nefndin leitaði umsagnar fjmrn. og það féllst á skoðun n., sem var einróma að fella niður tolla af þeim vörum sem nefndar eru á þskj. 827: Fæða sérstaklega tilreidd fyrir ungbörn og sjúka. Þar verði tollur felldur niður með öllu. Fæða sérstaklega tilreidd fyrir ungbörn. Sömuleiðis. Neyðarmatvæli í auðkenndum umbúðum svo og fæðutegundir sérstaklega tilreiddar sem fæða fyrir ungbörn og sjúka. Þetta verði allt saman fellt niður. Í 2. lið eru nefnd sérstök tollnúmer og lagt til að verði felldir niður tollar af þeim.

Nefndin er einróma í því — og tekur þar samstöðu með fjmrn. — að breyta þessu í samræmi við tillögu Alberts Guðmundssonar um að fella niður tolla á þessu sérstaka fæði fyrir ungbörn og sjúka, ég tala nú ekki um ósköpin þegar innflutt fæða fyrir hunda og ketti er tollfrjáls. Brtt. er á þskj. 827 og er einróma af nefndinni lagt til að hún verði samþykkt.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal reyna að ljúka máli mínu fyrir kl. þrjú, en ég vil ekki láta hjá líða að þakka fyrst og fremst varaformanni n. fyrir að hlaupa í skarðið fyrir formann og mæla fyrir nál. þannig að þetta litla frv. mitt, sem ég flyt á þskj. 165, nái fram að ganga.

Eins og kemur fram í grg. var frv. þetta flutt til að fella niður tolla af matvælum, sem sérstaklega eru ætluð ungbörnum, og leiðrétta mikið misrétti sem er á tollskránni og virðulegur talsmaður fjh.- og viðskn. gat um áðan.

Ég vil einnig þakka fjmrh. fyrir það brautargengi, sem hann hefur veitt þessu frv., og félögum mínum í fjh.- og viðskn. fyrir undirtektir og lýsa yfir að það er algjör samstaða um þá brtt. sem n. hefur flutt, enda er ég þar meðflm. að.

Ég vil leyfa mér að vona að hv. þdm. taki vel undir afgreiðslu þessa máls nú og veiti því áfram brautargengi því hér er um réttlætismál að ræða.

ATKVGR.

Brtt. 827 (ný 1. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Neðri deild, 98. fundur.

Loðdýrarækt, frv. (þskj. 887 (sbr. 805)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 888). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Efri deild, 105. fundur.

Laugardaginn 16. maí, kl. 2.50 miðdegis.

Tilraunastöð Búnaðarsambands Suðurlands, frv. (þskj. 631). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 890).

Almannatryggingar, frv. (þskj. 867). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir, fjallar um svokallað sjúkratryggingagjald. Frv. gerir ráð fyrir að það sjúkratryggingagjald, sem var 1.5%, verði fellt niður þannig að laun upp að 6 millj. 750 þús. gkr. á síðasta ári verði án sjúkratryggingagjalds, en 2% sjúkratryggingagjald verði á launum þar fyrir ofan. Hér er um að ræða mjög verulega lækkun á sjúkratryggingagjaldi frá því sem verið hefur.

Frv. þetta — þó það sé breyting á lögum um almanna-

tryggingar — fjallar í raun og veru um skattamál. Hér er um að ræða skattlagningu. Í meðferð málsins í hv. Nd. var ákveðið að vísa þessu frv. til fjh.- og viðskn. og ég geri það að tillögu minni, að hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar fái þetta mál til meðferðar og því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. Hér er um að ræða hluta af skattamálum og ekkert annað — hluta af þeim skattamálum sem rædd hafa verið að undanförnu — og ber að meðhöndla málið þannig að mínu mati. Mér skilst að fjh.- og viðskn. beggja deilda hafi starfað saman að þessum skattamálum. Ég legg sem sagt til, herra forseti, að þessu máli verði vísað til fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Atvinnuleysistryggingar, frv. (þskj. 870 (sbr. 559)). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Hér er á ferðinni frv. sem flutt er í framhaldi af yfirlýsingu ríkisstj. 27. okt. s. l. við gerð kjarasamninga. Frv. hefur hefur í för með sér ýmsar veigamiklar breytingar á skipulagi Atvinnuleysistryggingasjóðs og starfsreglum hans.

Í 16. gr. frv. er kveðið á um það, hún er um þá sem hafa öðlast rétt til atvinnuleysisbóta, að til þess að öðlast rétt til atvinnuleysisbóta skuli maður hafa unnið a. m. k. 425 dagvinnustundir í tryggingaskyldri vinnu á síðustu 12 mánuðum. Kemur þetta í stað ákvæða gildandi laga um 1032 dagvinnustundir í heilsdagsvinnu og 516 dagvinnutíma í hálfsdagsvinnu.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir því í frv. þessu, að sá, sem sækir námskeið eða gengur undir starfsþjálfun til þess að öðlast hæfni í starfi sínu eða til að stunda ný störf, njóti á meðan bóta í allt að sex vikur ef atvinnuleysi hefði skapað honum rétt til slíkra bóta þegar starfsþjálfunin eða dvölin á námskeiðinu hófst. Hér er um að ræða ákaflega þýðingarmikið ákvæði að mínu mati sem skapar möguleika á því að beita Atvinnuleysistryggingasjóði til að undirbúa fólk til endurmenntunar og endurþjálfunar þegar um er að ræða t. d. flóknar tæknibreytingar í störfum sem menn hafa stundað um árabil.

Í þriðja lagi gerir 20. gr. frv. ráð fyrir því, að umsækjandi bóta skuli skrá sig vikulega hjá vinnumiðlun. Kemur þetta í stað ákvæða gildandi laga um daglega skráningu. Einnig er í greininni nýmæli þess efnis, að stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs geti við tilteknar kringumstæður ákveðið að skráning fari fram oftar.

Í 22. gr. er fjórða meginbreytingin. Þar er gert ráð fyrir því, að samfelldum bótadögum verði fjölgað úr 130 í 180 á 12 mánaða tímabili.

Í 23. gr. er að finna ákvæði um ákvörðun dagpeninga. Þar er gert ráð fyrir að dagpeningar verði á bilinu fjórðungur til fullra launa samkv. efsta starfsaldursþrepi 8. flokks Verkamannasambands Íslands. Að auki eru barnadagpeningar 4% nefndra launa fyrir hvert barn. Loks er ákveðið að greiða skuli iðgjald til lífeyrissjóðs af bótunum. Greiðir bótaþegi 4% og Atvinnuleysistryggingasjóður 6%.

Sjötta meginbrtt. er sú, að þar er um að ræða nýjar reglur að því er varðar ákvörðun bótaréttar hvers umsækjanda. Þar er miðað við dagvinnustundafjölda á síðustu 12 mánuðum, eins og ég sagði áðan. Hámarksbætur greiðast þegar dagvinnustundir eru 1700 eða fleiri, en lágmarksbætur þegar þær eru 425.

Í sjöunda lagi er gert ráð fyrir því í frv. þessu, að ríkissjóður geti ábyrgst greiðslur úr sjóðnum ef hann þrýtur fé. Þá er vert að vekja sérstaka athygli á því, að felld er niður viðmiðun við tekjur maka eins og verið hefur í Atvinnuleysistryggingasjóði.

Í breytingum, sem gerðar voru í hv. Nd., var tekið tillit til hugmynda sem fram höfðu komið, ég trúi í þessari deild, frá hv. þm. Lárusi Jónssyni og fleiri kannske, varðandi það, að heimilt sé að veita ákveðinn stuðning úr Atvinnuleysistryggingasjóði ef um er að ræða mikið og víðtækt atvinnuleysi af völdum náttúruhamfara, t. d. hafíss er lokar höfnum á stórum landsvæðum. Þessi breyting var gerð samhljóða í Nd., og á það í rauninni við um allar þær breytingar sem þar voru gerðar nema eina. Sú breyting snertir ákvörðun iðgjalds til Atvinnuleysistryggingasjóðs og þó öllu heldur iðgjaldsgrunninum.

Í frv. ríkisstj. var gert ráð fyrir að atvinnurekandi greiddi iðgjald til Atvinnuleysistryggingasjóðs er væri 1% af útborguðu vikukaupi fyrir dagvinnu samkv. 8. launaflokki A. Verkamannasambands Íslands, efsta starfsaldursþrepi. Við meðferð málsins í hv. Nd. komu fram ábendingar um það frá Vinnuveitendasambandi Íslands og fleiri aðilum að ríkisstj. hefði heitið því að hækka ekki tilkostnað atvinnuveganna vegna framgangs þessa máls hér á Alþingi. Í þessum efnum vitnuðu atvinnurekendasamtökin til yfirlýsingar sem undirrituð hafði verið í umboði nokkurra ráðh. við frágang kjarasamninga. Í þeirri yfirlýsingu var í raun og veru ekki verið að tala um neitt annað en iðgjaldsprósentuna sjálfa. Það veit ég vegna þess að ég átti aðild að því að semja og setja saman og ganga frá þessari yfirlýsingu. Í umræðum um þetta mál var aldrei minnst á það, við hvaða taxta nákvæmlega ætti að miða. Það var mál sem við áttum í raun og veru eftir að gera upp. Þessar ábendingar hins vegar, sem komu fram í hv. Nd., höfðu í för með sér að menn töldu óhjákvæmilegt að taka nokkurt tillit til þeirra. Vinnuveitendasambandið gerði kröfu um að miðað væri við 6. taxta, en það er í raun og veru algjör lágmarkstaxti, nánast að segja unglingataxti. Það var tillaga Vinnuveitendasambandsins. Niðurstaðan í hv. heilbr.- og trn. Nd. var sú að hafna í rauninni þessari ósk. Í staðinn varð í n. samstaða um að leggja til að þarna væri miðað við 8. taxta neðsta starfsaldursþrep eða byrjunarlaun. Með þessum hætti var málið afgreitt úr hv. Nd. til þessarar deildar. Ég er þeirrar skoðunar, að það sé í rauninni ákaflega mikilvægt atriði að tryggja betur en nú er gert fjárhag og stöðu Atvinnuleysistryggingasjóðs. Ég hef áhyggjur af henni eins og hún er. Ég held hins vegar að það sé í raun og veru ákaflega þýðingarmikið að við náum þessum miklu breytingum á skipan Atvinnuleysistryggingasjóðs fram nú hið fyrsta, jafnvel þó að tæpt sé með iðgjaldsprósentuna eins og er. En taka verður það mál upp í kjarasamningum síðar á þessu ári og öðrum viðræðum stjórnvalda og verkalýðshreyfingar, með hvaða hætti hugsanlegt sé að tryggja betur en nú er gert stöðu Atvinnuleysistryggingasjóðs. Enda þótt þessi sé mín skoðun og hafi verið, sem ég vildi láta koma hér fram

úr ræðustól Alþingis, á þessu iðgjaldi Atvinnuleysistryggingasjóðs og ég hafi flutt frv. svona sem stjfrv. í öndverðu, taldi ég mér skylt og eðlilegt af mér sem ráðh. í þessum málaflokki að reyna að stuðla þarna að samkomulagi, og á því byggðist líka sú niðurstaða sem varð í hv. Nd. Ég vænti þess, herra forseti, að viðtökur þessa frv. verði ekki síður góðar í þessari deild en í Nd.

Ég legg til að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til heilbr.- og trn. og 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 12 shlj. atkv.

Bjargráðasjóður, frv. (þskj. 714). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Eins og flestum hv. alþm. er í fersku minni gekk óveður mikið yfir landið aðfaranótt 17. febr. s. l. og olli verulegum skaða á eignum manna. Yfirlit hefur verið gert um hversu mikið tjón var hér um að ræða og er almenn samstaða um að tjónþolar eigi kost á nokkurri fyrirgreiðslu af hálfu opinberra aðila vegna þessa tjóns, a. m. k. ef tjónið fer yfir ákveðið lágmark. Vegna þess hefur frv. þetta verið flutt og nú verið afgreitt frá hv. Nd. um ábyrgðarheimildir vegna lántöku Bjargráðasjóðs.

Samkv. frv. er ríkisstj. heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán sem Bjargráðasjóður tekur, allt að 15 millj. kr. Lánið má vera verðtryggt miðað við lánskjaravísitölu eða að jafngildi 15 millj. kr. í erlendri mynt. Ábyrgðin skal vera með þeim kjörum og skilmálum sem ráðh. ákveður og tekur hún jafnt til greiðslu afborgana, verðtryggingar, vaxta og annars kostnaðar.

Í frvgr. er þess ekki getið, með hvaða kjörum lán þessi verða veitt, en rétt er að upplýsa að ríkisstj. hefur gefið yfirlýsingu um það, eins og fram kom í Nd., að lánin verði veitt með þeim kjörum sem almennt eru á lánum frá Byggðasjóði.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál, en legg til að málinu verði vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Þetta mál á sér nokkra sögu sem ég ætla ekki að fara að rekja hér ítarlega. Hæstv. fjmrh. minntist á óveðrið sem var í febrúar s. l. Tveim dögum eftir það óveður var rætt hér í hv. Ed. um aðgerðir til þess að hægt væri að mæta því tjóni sem fjöldi manns hafði orðið fyrir í óveðri þessu. Þá lýsti ég till., sem við sjálfstæðismenn í þessari hv. deild lögðum fram, um að efla Bjargráðasjóð til að gegna þessu hlutverki með því að honum yrði útvegað fjármagn að upphæð allt að 30 millj. kr., eins og það var orðað þar. Virtust allir vera sammála um að það væri nauðsynlegt að gera ráðstafanir til þess að hægt væri að aðstoða þá sem hefðu orðið fyrir þessum skaða. Menn voru að vísu sem bollaleggingar um að það ætti að gera með því að heimila Viðlagatryggingu Íslands að sinna þessu hlutverki. En við sjálfstæðismenn lögðum áherslu á, að það væri einfaldast að efla Bjargráðasjóð, og bárum þess vegna fram brtt. við frv. um lánsfjárlög á þá lund. Ríkisstjórnarliðið vann það afrek, eftir allt sem á undan var gengið í umræðum um þetta mál, að fella þessa brtt. En það hefur greinilega séð sig um hönd og er nú með þessari till., sem hér er lögð fram, að efla Bjargráðasjóð til hins sama og við sjálfstæðismenn lögðum til í febrúar s. l.

Ég stend þó ekki hér til að fara að rekja þessa sögu sérstaklega því það væri hægt að rekja hana miklu ítarlegar. En það, sem gaf mér tilefni til að standa hér upp, voru þau orð hæstv. fjmrh., að gert væri ráð fyrir að það yrðu vextir á lánum til þeirra sem Bjargráðasjóður veitti af þessu fé. Ég vil vekja athygli á því, að aðstoð Bjargráðasjóðs hefur verið með tvennum hætti: annars vegar með lánum og hins vegar með óafturkræfu framlagi. Spurning mín til hæstv. fjmrh. á þessu stigi er sú, hvort ekki megi vænta þess, að það sama gildi um ráðstöfun þess fjár, sem gert er ráð fyrir að útvega samkv. þessu lagafrv., og hefur gilt um ráðstöfun fjár Bjargráðasjóðs, þ. e. að því geti verið ráðstafað bæði til útlána og til óafturkræfs framlags til þeirra sem fyrir tjóni hafa orðið.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson hefur spurst fyrir um það, hvort fyrirhugað sé að veita þessar 1500 millj. kr. sem óafturkræf framlög jafnhliða því sem lán yrðu veitt þannig að fyrirgreiðslan gæti verið með mismunandi hætti eftir því sem á stæði. Ég vil upplýsa það hér, að fyrirhugað er að veita lán í þessu sambandi með þeim kjörum sem eru á lánum frá Byggðasjóði, og því er ekki gert ráð fyrir að um verði að ræða óafturkræf framlög. Hins vegar er rétt að benda á það, að Byggðasjóðslán eru með svo góðum kjörum að í raun má segja að um helmingur lánsins sé óafturkræft framlag ef litið er á hinn helming lánsins sem verðtryggt lán. Það eru ekki nema hálfir vextir á lánum frá Byggðasjóði. Því er um að ræða mjög mikla fyrirgreiðslu sem þeir njóta sem fá þessi lán, og verður það að duga.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég var að kíkja á leiðara í dagblaðinu Vísi, sem heitir „Ósigur fjármálaráðherra", og kannske ráðh. sé líka búinn að lesa hann. Ég ætla ekki að fara að tíunda það sem þar stendur, en ég leyfi mér nú, þrátt fyrir orð hæstv. ráðh. í svari við spurningu minni áðan, að vænta þess, að hæstv. ráðh. bíði ekki ósigur í þessum aðgerðum sínum til að koma til hjálpar þeim bágstöddu sem urðu fyrir tjóni í ofviðrinu í febrúar s. l. Ég mun að sjálfsögðu taka til athugunar að bera fram brtt. við frv. til að freista þess að tryggja að aðstoðin geti komið þeim að notum, sem eru hjálpar þurfi, með sama hætti og verið hefur. Ég vil minna á það, að þegar við ræddum þessi mál tveim dögum eftir óveðrið í febrúar s. l. lagði ég einmitt sérstaka áherslu á þetta atriði.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það væri að sjálfsögðu algerlega óeðlilegt að fara að flytja brtt. við þetta frv. um útlánakjör Bjargráðasjóðs. Hér er ekki á ferðinni frv. til l. um Bjargráðasjóð, heldur frv. um heimild til lánsfjáröflunar fyrir Bjargráðasjóð. Þess vegna er þetta frv. hér flutt af fjmrh., en ekki félmrh., sem annars fer með málefni Bjargráðasjóðs.

Kjörin á lánum Bjargráðasjóðs á s. l. ári vegna þess áfalls, sem varð 1979, voru þau sömu og verið er að tala

um hér. Svokölluð „hafíslán" voru með Byggðasjóðsvöxtum til fimm ára. Ef miðað er við 40% verðbólgu í fimm ár á greiðslutíma slíkra lána og 22% vexti eða þá vexti, sem hafa verið í Byggðasjóði, yrði endurgreiddar aftur fyrir þessi lán 4500 millj. kr. — þar af greiðir ríkissjóður helminginn. Að því leytinu til er vitaskuld um óafturkræft framlag að ræða. Bjargráðasjóður hefur aldrei úthlutað því fé, sem hann hefur tekið að láni, þannig að um væri að ræða óafturkræf framlög, á annan hátt en þennan. Það fé, sem Bjargráðasjóður fær sem framlög úr ríkissjóði og framlög frá bændasamtökunum, hefur verið látið af hendi rakna án vaxta og iðulega jafnvel sem bein framlög.

Ég vil því biðja menn um að vera ekki að tefja framgang þessa frv. með því að vera að flytja brtt. við lög sem ekki eru í rauninni hér á dagskrá. Hér er einungis verið að tala um lánsfjárheimildaröflun og ekkert annað.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Hæstv. ráðh. gaf hér upplýsingar um að þetta frv. varðaði ekki breyt. á lögum um Bjargráðasjóð. Ég verð að segja að mér finnst óþarfi að gefa slíkar upplýsingar ef hæstv. ráðh. gengur út frá því að við getum lesið það sem fyrir okkur er lagt. Ég geri mér fullkomlega grein fyrir því, hvað eru lög um Bjargráðasjóð. En einmitt vegna þess að hér er ekki um að ræða frv. til l. um breyt. á lögum um Bjargráðasjóð, heldur frv. um sérstaka lánsútvegun, þykir mér liggja beinast við að bera fram brtt. við þetta frv. til að tryggja að þessu sérstaka fjármagni verði varið á þann veg sem ég nefndi áðan, þ. e. að um það fari eftir almennum reglum um ráðstöfun fjár Bjargráðasjóðs, að það geti verið hvort tveggja eða annað hvort: lán eða óafturkræf framlög. Það hindrar ekkert í þessu efni þó að hér sé um að ræða lánsfé til Bjargráðasjóðs. Ef því er ráðstafað að einhverju leyti sem óafturkræfum framlögum eru ýmis ráð til þess að bæta Bjargráðasjóði upp vaxtatapið. Aðalatriðið er að sú ráðstöfun, sem nú er verið að gera, komi að raunverulegum notum og svari þeim þörfum sem eru fyrir hendi vegna óveðursins í febrúar s. l.

Hæstv. félmrh. fór að tala um að það væri óþarfi að tefja þetta mál með því að bera fram brtt. Ég vísa algerlega á bug ráðleggingum til þessarar hv. deildar um hvort hér eru bornar fram brtt. við lagafrv., hvort heldur það eru stjfrv. eða önnur frv. Auðvitað þarf þetta ekki að tefja málið á þann veg að það nái ekki fram að ganga. Ég mundi ætla að mál, sem er ekki veigameira en þetta mál og er í síðari deild, hafi alla möguleika til að ná fram á þessu þingi, þó að brtt. væri samþykkt, þegar það er haft í huga að stærstu mál ríkisstj., sem ætlunin er að ljúka á þinginu, eru enn þá við 1. eða 2. umr. í fyrri deild.

Ég sagði ekki í ræðu minni áðan að ég ætlaði að bera fram brtt. við þetta frv. Allt og sumt sem ég sagði og gaf hæstv. félmrh. tilefni til hans ræðu var það, að ég ætlaði að athuga það.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Efri deild, 106. fundur.

Laugardaginn 16. maí, að loknum 105. fundi.

Hollustuhættir, frv. (þskj. 885 (sbr. 717)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

Efri deild, 107. fundur.

Mánudaginn 18. maí, kl. 2 miðdegis.

Grunnskólar, frv. (þskj. 670, n. 879). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Þetta mál hefur áður komið hér til umfjöllunar þings og frv. nú er samhljóða því sem áður hafði verið samþykkt. Það var afgreitt einróma í Nd. og menntmn. þessarar deildar leggur til að þessi deild afgreiði það á sama hátt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Þýðingarsjóður, frv. (þskj. 753, n. 880). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Það er mikil nauðsyn fyrir menningu þjóðarinnar að Íslendingar eigi kost á erlendum úrvalsritum á eigin tungu. Tilgangur þessa frv. er að auðvelda að þýðingar á slíkum úrvalsritum geti átt greiðari aðgang til útgáfu hér á landi.

Frv. var afgreitt einróma af menntmn. Nd. og menntmn. þessarar deildar leggur til að það verði afgreitt á sama hátt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 17 shlj. aktv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 888). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 18 shlj. atkv.

Loðdýrarækt, frv. (þskj. 887 (sbr. 805)). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til landbn. með 19 shlj. atkv.

Sjóefnavinnsla á Reykjanesi, frv. (þskj. 709, n. 876, 877). — 2. umr.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Hv. iðnn. hefur haft til umfjöllunar undanfarna daga frv. til l. um sjóefnavinnslu á Reykjanesi. Nefndin hefur kannað efni frv. eftir föngum.

Fjöldi aðila hefur mætt til fundar við nefndina, og ég tel mér skylt að lesa upp þá aðila: Guðmundur Einarsson, Finnbogi Björnsson og Baldur Líndal frá Undirbúningsfélagi saltverksmiðju á Reykjanesi, Finnbogi Jónsson og Pétur Thorsteinsson frá iðnrn., Sverrir Þórhallsson og Jón Steinar Guðmundsson frá Orkustofnun, Guðjón Guðmundsson frá RARIK, Sigurður Haraldsson og Valgarð Ólafsson frá Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda, Gamalíel Sveinsson og Ólafur Davíðsson sem og Hallgrímur Snorrason frá Þjóðhagsstofnun, Árni Reynisson frá Náttúruverndarráði, Eyjólfur Sæmundsson frá Vinnueftirliti ríkisins, Hrafn Friðriksson frá Heilbrigðiseftirliti ríkisins og Finnbogi Kjeld frá Skipafélaginu Víkur hf. Umsagnir frá hinum fimm síðastnefndu eru birtar í fskj. með þessu nál. Jafnframt mætti Vilhjálmur Lúðvíksson frá Rannsóknaráði ríkisins á fund með nefndinni.

Nefndin gerir ráð fyrir að fylgt verði eftirfarandi niðurstöðum Saltvinnslunefndar:

1. Byggð verði 8 þús. tonna saltverksmiðja til að vinna að markaðsþróun með fisksalt í stórum stíl.

2. Núverandi tilraunaverksmiðja verði nýtt til þess að gera vinnslutilraunir með kalíframleiðslu og framleiðslu á fínsalti.

3. Boruð verði ein vinnsluhola á svæðinu veturinn 1981—1982 og aukið við rannsóknir á svæðinu.

4. Undirbúin verði verkhönnun á 40 þús. tonna verksmiðju og tilboða aflað í sölu á afurðum.

Jafnframt leggur nefndin til að ekki verði heimilað að hefja byggingu 40 þús. tonna saltverksmiðju fyrr en tilboða hefur verið aflað í sölu afurða með tilliti til rekstrargrundvallar verksmiðjunnar.

Nefndin lítur svo á, að framkvæmdir þær, sem ráðgerðar eru, séu rökrétt framhald af þróunarverkefni því sem undirbúningsfélag saltverksmiðju á Reykjanesi hefur unnið að.

Nefndin mælir með samþykkt frv. með þeim breytingum sem fluttar eru á sérstöku þskj. Einstakir nm. áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja öðrum brtt. Undir þetta rita allir hv. nm.

Ég vil þá í örfáum orðum víkja að þeim brtt. sem fluttar eru á þskj. 877 og n. er einhuga um.

1. brtt. er við 2. gr., að 1. mgr. orðist svo:

„Ríkisstj. skal kveðja Undirbúningsfélag saltverksmiðju á Reykjanesi hf. svo og aðra aðila, sem áhuga hafa á málinu, til samvinnu um stofnun og starfrækslu hlutafélags samkv. 1. gr.“

Þarna er raunverulega um það að ræða að nm. iðnn. vilja að kveðið sé fastar á um að ríkisstj. skuli kveðja til aðra aðila — ekki aðeins að það sé heimilt, heldur að það skuli.

Þá er 2. brtt. Hún er við 4. gr. Í stað 5 mw komi 10 mw. Eins og kunnugt er er gert ráð fyrir að hlutafélagið framleiði eigin raforku samhliða vinnslu jarðefnanna sem fást úr borholum verksmiðjunnar, en auk þess verði um að ræða verulega afgangsorku sem gæti orðið til

ráðstöfunar í samráði við hagsmunaaðila. Nefndin leggur sem sé til að það komi 10 mw. í stað 5.

3. brtt. er við 7. gr. Þar er lagt til að greinin falli niður. Við teljum ekki ástæðu til að gefa undir fótinn með það að tala stofnenda eða hluthafa verði undir fimm. Í því sambandi er vísað til hinna almennu hlutafélagalaga í ljósi þess, að það verkefni, sem hér er verið að fjalla um, er á þann veg að við teljum mikilvægt að áhugaaðilar sýni sig í því sambandi. Af þeim sökum gerum við ekki ráð fyrir öðru en áhugaaðilar og þar með fjöldi stofnenda sem og hluthafa verði yfir tölunni fimm.

4. brtt. er við 9. gr. 2. mgr. orðist svo:

„Fulltrúar í stjórn hlutafélagsins skulu kjörnir á aðalfundi nema fulltrúar ríkisins, sem skulu skipaðir af iðnrh. og fjmrh. að jöfnu, svo og varamenn þeirra. Verði um meirihlutaaðild ríkisins að ræða í félaginu skipar iðnrh. formann stjórnar."

Þarna er í raun ekki um efnisbreytingu að ræða. Við viljum aðeins að orðalag sé á þann veg að það skiljist við hvað er átt.

5. brtt. Aftan við frv. bætist ákvæði til bráðabirgða:

„Ekki er heimilt að hefja byggingu 40 þús. tonna saltverksmiðju né veita ríkisábyrgð fyrir lánum eða taka lán samkv. 2. tölul. 5. gr. í því skyni fyrr en tilboða hefur verið aflað í sölu afurða."

Varðandi þetta bráðabirgðaákvæði vil ég taka fram að það er ekki meining okkar nm. að þetta mál þurfi að þessu leyti að leggja fyrir Alþingi að nýju. Við viljum þó með lögformlegum hætti, eins og bráðabirgðaákvæðið tekur til, tryggja að ekki verði ráðist í þetta fyrirtæki nema afurðum verksmiðjunnar verði komið í viðunandi verð, og það er hugsun okkar með þessu ákvæði til bráðabirgða. Við viljum tryggja að svo verði staðið að málum að ekki verði anað út í einhverja óvissu.

Herra forseti. Ég hef ekki hugsað mér að tala hér lengi. Það er ljóst að það eru margvíslegar upplýsingar sem liggja til grundvallar þessu máli, og auðvitað höfum við hv. nm. verið upplýstir um fjölmargt. Hins vegar er það svo, að sú saga, sem liggur að baki þeirri ráðagerð sem þetta frv. hljóðar um, er orðin alllöng, eins og hv. dm. er kunnugt. Ég vil þó leyfa mér að fara yfir athugasemdir þessa lagafrv. Þar er í mjög stuttu máli komið að því helsta. Ég vil enn fremur leyfa mér að fara í grófustu dráttum yfir bls. 4 í þessu frv. — það sem heitir „Skipan Saltvinnslunefndar". Þar eru sömuleiðis dregnar saman helstu niðurstöður og helstu atriði sem þetta varðar.

Með frv. þessu er stefnt að því að koma á fót sjóefnavinnslu hérlendis til framleiðslu á salti og öðrum efnum sem tengjast þeirri vinnslu. Lagt er til að ríkisstj. sé heimilað að beita sér fyrir stofnun hlutafélags er reisi og reki verksmiðju sem framleiði um 40 þús. tonn af salti á ári, um 9 þús. tn. af kalsíumklóríð og um 6 þús. tn. af kalí auk klórafurða og fleiri efna. Áætlaður stofnkostnaður slíkrar verksmiðju er 157.5 millj. kr. Árlegar tekjur eru áætlaðar 34.7 millj. kr. og rekstrarkostnaður án afskrifta og vaxta 17.1 millj. kr.

Fyrirhugað er að hefja framkvæmdir við 8 þús. tonna byrjunaráfanga verksmiðjunnar á þessu ári, m. a. til að vinna að markaðsþróun fyrir sölu fisksalts í stórum stíl. Á næsta ári er gert ráð fyrir að boruð verði ein vinnsluhola á verksmiðjusvæðinu til viðbótar þeirri, sem fyrir er, og að ljúka verkhönnun á 40 þús. tonna verksmiðju. Byggingarframkvæmdir við þá verksmiðju gætu hafist í ársbyrjun 1983 og verið lokið haustið 1984.

Eins og ég gat um áðan vil ég leyfa mér að segja í örfáum orðum frá því starfi sem Saltvinnslunefnd hefur unnið. Ég held að það verði tæpast gert ríkulegar í samanþjöppuðu máli en kemur fram í aths. með þessu frv., með leyfi forseta:

„Með bréfi, dags. 31. jan. 1980, skipaði þáv. iðnrh., Bragi Sigurjónsson, nefnd til þess að meta hagkvæmni þess að reisa og reka saltverksmiðju á Reykjanesi í ljósi þeirra niðurstaðna, sem tilraunarekstur á þessu sviði hafði gefið. Jafnframt var nefndinni ætlað að taka til athugunar hugsanleg framtíðarverkefni í tengslum við saltverksmiðju. Var nefndinni falið að hafa samráð við stjórn Undirbúningsfélags saltverksmiðju á Reykjanesi við áðurnefndar athuganir.

Í nefndina voru skipaðir:

Finnbogi Jónsson verkfræðingur og hagfræðingur, iðnrn., formaður; Gamalíel Sveinsson viðskiptafræðingur, tilnefndur af Þjóðhagsstofnun; Sverrir Þórhallsson, efnaverkfræðingur, tilnefndur af Orkustofnun; Þorvaldur Búason, eðlisfræðingur, tilnefndur af fjmrn.

Í lok apríl 1980 lá fyrir skýrsla frá Undirbúningsfélaginu um frumhönnun og frumáætlun saltverksmiðju á Reykjanesi.

Lagði félagið til við iðnrh. að þegar yrði aflað heimildar Alþingis um þátttöku í byggingu og rekstri 60 þús. tonna verksmiðju og að 4 þús. tonna áfangi hennar yrði byggður þá um sumarið. Mælti Saltvinnslunefnd gegn því, að málið yrði lagt fyrir Alþingi á þeim tíma, þar sem ýmsum grundvallarrannsóknum var þá enn ólokið.

Í samráði við Undirbúningsfélagið beitti Saltvinnslunefnd sér fyrir að gerðar yrðu frekari rannsóknir og athuganir á ýmsum þáttum saltvinnslunnar svo og ítarlegri markaðsathuganir. Niðurstöður þessara rannsókna lágu fyrir í febr. 1981 og í lok mars s. á. skilaði Saltvinnslunefnd áliti um byggingu og rekstur saltverksmiðju á Reykjanesi.

Niðurstaða nefndarinnar er sú, að tæknilega sé ekkert því til fyrirstöðu að hefja framleiðslu á fisksalti hér á landi í stórum stíl. Hins vegar sé þörf á frekari vinnsluprófunum á aðskilnaði fínsalts, kalí og kalsíumklóríðs til að tryggja rétt val vinnsluaðferðar og tækja fyrir endanlega verksmiðju.

Nefndin telur að vegna markaðsástæðna sé bygging 40 þús. tonna verksmiðju heppilegri en 60 þús. tonna verksmiðju.

Ef sá rekstur tækist vel megi stækka verksmiðjuna síðar. Í lok nál. segir m. a.:

„Í heild eru niðurstöður þær, að líklegir afkastavextir saltverksmiðju liggi á bilinu 7—10%. Ljóst er að bygging og rekstur saltverksmiðju á Reykjanesi yrði ákveðin lyftistöng fyrir annan iðnað í landinu. Í því sambandi hefur m. a. verið fjallað um að hugsanlegt væri að smíða tækjabúnað saltverksmiðju að stórum hluta innanlands. Þá hefur í kafla 8" — og þá er átt við þá skýrslu sem Saltvinnslunefnd lét frá sér fara — „verið fjallað um framtíðarverkefni í tengslum við rekstur saltverksmiðju. M. a. var nefndur sá möguleiki að framleiða natríumklórat hér á landi, en slík framleiðsla nýtir afurðir saltverksmiðju sem hráefni."

Reykjanessaltið er að hluta til frábrugðið innfluttu salti, t. d. að því leyti að í því eru engir roðagerlar. Nefndin telur að athuga þurfi sérstaklega hvort unnt sé að nýta þá sérstöðu, t. d. með útflutningi á saltfiski í neytendapakkningum."

Ég taldi rétt að fara yfir þessar samanteknu niðurstöður. Það er nú svo, að þegar á að fara að ræða mál í smáatriðum tekur það raunar langtum lengri tíma en við höfum hér. Ég held þó að ég geti sagt að við nm. höfum fengið skýrðar í megindráttum þær forsendur sem liggja að baki þeim útreikningum sem hér hafa verið lagðir fyrir hv. alþm.

Herra forseti. Hér er um að ræða málefni sem á sér langan aðdraganda. Eins og ég gat um áðan þyrfti miklu lengri tíma til að rekja í smáatriðum þá löngu sögu, enda er sú saga skilmerkilega skráð annars staðar í gögnum sem fyrir liggja sem og núverandi niðurstöður. Við skulum vona að þetta frv. sé og verði heilladrjúgur áfangi á leið í áttina að fjölþættum efnaiðnaði hér á landi.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Það verður að segjast eins og er, að hv. iðnn. hefur náttúrlega haft mjög takmarkaðan tíma til að fjalla um þetta mál. Eins og kom fram í framsögu formanns n. hefur þetta mál verið til athugunar um áratuga skeið og fyrir liggja margvísleg og fjölbreytileg gögn. Ég held að sannleikur málsins sé hins vegar sá, að a. m. k. á þeim tíma, sem n. hefur haft til umráða, hafi verið ákaflega erfitt, næstum ógerlegt, að meta til nokkurrar hlítar hinar kostnaðarlegu forsendur sem lagðar eru til grundvallar. Það verður líka að viðurkenna, að sú arðsemi, sem er niðurstaða þeirra útreikninga sem þarna eru kynntir, getur ekki talist mjög há. Það verður líka að viðurkenna, að samkeppnisaðstaða í framleiðslu á salti hlýtur að verða knöpp og að ýmsu leyti erfið. Kostur þessa verkefnis liggur þess vegna ekki fyrst og fremst í þessu. Það hefur orðið niðurstaða n. að stíga jafnstór skref og sú nefnd sem um þetta mál fjallaði og að því vann — ég á við Saltvinnslunefnd, Undirbúningsfélag saltverksmiðju á Reykjanesi.

Það, sem hér er kannske fyrst og fremst um að ræða, er það, að okkur leikur hugur á að nýta þá möguleika sem heitur jarðsjór gefur til efnaiðnaðar á Íslandi. Við höfum ekki komið enn þá auga á aðra möguleika en þá sem hér eru upp taldir. Sumir þeirra eru að ýmsu leyti spennandi og kannske efnilegir. Þá á ég við ýmiss konar aðra framleiðslu en beinlínis saltframleiðslu. Ég tel að það verði að líta á þetta verkefni sem þróunarverkefni, sem leit að leiðum til að nýta þá auðlind sem við þarna eigum. Ég tel að það skref, sem hér er lagt til að verði stigið, eigi að skoða sem tilraun til að leita nýrra leiða og prófa sig áfram með það. Ég held að það væri rangt að líta á þetta verkefni blint og skoða það annaðhvort sem svart eða hvítt. En einmitt þær ástæður, sem ég hef hér rakið, gera það líka að verkum að menn gera ekki eins strangar arðsemikröfur og ella væri. Menn líta á þetta sem rannsóknarverkefni í leit að því að nýta með sem bestum hætti þær gífurlegu náttúruauðlindir sem við þarna höfum.

Þessar skoðanir koma í sjálfu sér fram í áliti Saltvinnslunefndar og þær koma líka fram í þeirri umsögn sem Þjóðhagsstofnun hefur gefið um þetta verkefni. Það gildir í þessum efnum að saman verður að fara trú á þá möguleika, sem hér eru fyrir hendi, og varkárni um að flana ekki að neinu. Það skyldi enginn ætla að það væri skjótfenginn ábati af framleiðslu fisksalts. En það, sem er jákvætt og spennandi í þessu verkefni, er að það gæti orðið lyftistöng fyrir annan efnaiðnað í landinu og í sumum tilvikum er þá um að ræða nýtingu efna úr jarðsjónum í tengslum við rekstur saltverksmiðju. Þar er nefnt til lithíum, koldíoxíð, gips og kísill, svo að dæmi séu tekin. Aðrir kostir á sviði efnaiðnaðar byggja raunar á afurðum saltverksmiðju sem hráefni. Þar má nefna natríuklórat, magnesíumklóríð, vítissóda, klór o. fl. Þó að bygging saltverksmiðju þurfi ekki að teljast forsenda fyrir því, að iðnaður af þessu tagi komist upp, er það samt trú mín að tilraun af því tagi og með þeim hætti sem iðnn. hefur hér komið sér saman um, yrði til þess að ýta undir þróun í þá átt, að þeir valkostir verði kannaðir gaumgæfilega.

Að lokum vil ég leggja áherslu á það, að við höfum ekki komið auga á aðra eða ábatasamari hagnýtingu jarðvarmans á Reykjanesi, á hinum heita sjó sem þar kemur upp. Þess vegna er vissulega ástæða til að halda áfram rannsóknum á þessu sviði með þeim hætti sem n. hefur lagt til.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Hv. frsm. n. hefur gert grein fyrir áliti n. um þetta frv. þar voru allir sammála og samhljóða álit er frá n. Því stend ég nú ekki hér upp til að gera neinn ágreining um það sem hv. 3. þm. Vesturl. sagði þegar hann mælti fyrir nál. Ég get líka tekið undir það sem hv. 2. þm. Reykn. sagði um þetta mál. Ég skal því ekki gerast langorður við þessa umr. Ég vék líka að því við 1. umr. og lýsti þá yfir, að við sjálfstæðismenn mundum varast að gera nokkuð sem tefði málið og vinnslu þess í n., vegna þess að hér væri um merkilegt mál að ræða og við mundum gera okkar besta þó að málið væri komið óeðlilega seint fram hér á Alþingi. Það er einmitt þetta sem n. í heild hefur gert. Það hefur verið hið ágætasta samstarf í n. og við formann sérstaklega sem ég vil hér þakka.

Það er svo, eins og hér hefur komið fram, að mál þetta á langan aðdraganda og alllanga sögu. En við getum verið sammála um að fyrst kom verulegur skriður á þetta mál þegar stofnað var Undirbúningsfélag saltverksmiðju á Reykjanesi hf. árið 1978. Það gerðist í stjórnartíð Geirs Hallgrímssonar, en undir forustu núv. hæstv. forsrh. Gunnars Thoroddsens, sem þá var iðnrh., þannig að ég held að við getum allir verið sammála um að þetta mál sé sérlega vel ættað.

Það, sem þetta frv. fjallar um, er eðlilegt framhald af því sem hefur gerst í þessum málum fram að þessu og starfi Undirbúningsfélagsins. Frv. byggir svo á athugun sem sérstök n., sem skipuð var af núv. iðnrh., hefur unnið. Á niðurstöðum þessarar n. byggir raunar hv. iðnn. þá till. sína sem felur í sér meðmæli með samþykkt frv.

Í grg. með frv. á bls. 5 er tekið fram hvað það er sem svoköllud Saltvinnslunefnd leggur til, og þarf ekki að rekja það hér. En í lokalið þeirrar upptalningar, sem þar er, er tekið fram að það skuli vera undirbúin verkhönnun á 40 þús. tonna verksmiðju og tilboða aflað í sölu á afurðum.

Við í iðnn. höfum litið svo á, að Saltvinnslunefnd hafi ekki lagt til að 40 þús. tonna verksmiðja væri byggð fyrr en þessum skilyrðum væri fullnægt. Það liggur í hlutarins eðli, að verkhönnun verksmiðjunnar verður að eiga sér stað áður en hún er byggð, en þar er líka það skilyrði, að tilboða hafi verið aflað í sölu á afurðunum. Við lítum svo á, að þetta sé veigamikið skilyrði, sem fram kemur í málsútlistun Saltvinnslunefndar, og höfum lagt áherslu á að búa svo um í till. okkar að hér verði ekki rasað um ráð

fram. Því er borin fram brtt. á þskj. 877, 5. tölul., þar sem um er að ræða ákvæði til bráðabirgða um að ekki sé heimilt að hefja byggingu 40 þús. tonna saltverksmiðju né veita ríkisábyrgð fyrir lánum eða taka lán í því skyni fyrr en tilboða hefur verið aflað í sölu afurða. Þetta þýðir það, að hér sé ekki stofnað til rekstrar sem hefur ekki grundvöll í sölu afurða. Þá höfum við í huga að það sé betur hugað að hver sá grundvöllur er, en sá grundvöllur hlýtur að vera fólginn í því, að saltfiskframleiðendur telji heppilegt að nota þetta salt í okkar saltfisksframleiðslu.

Þetta er að sjálfsögðu þýðingarmesta brtt. Hinar brtt., sem hefur líka verið hér gerð grein fyrir af hv. frsm. n., hafa sína þýðingu.

Mér hefur fyrir mitt leyti fundist frv. í einstökum atriðum og að vissu leyti að yfirbragði vera of mikið í þeim anda sem ríkið væri um of að breiða sig yfir þá starfsemi sem hér er um að ræða. Þetta kemur kannske gleggst fram í 7. gr. frv., þar sem gert er ráð fyrir að það sé veitt frávik frá þeim ákvæðum hlutafélagalaga að það þurfi að vera minnst 5 stofnendur og félagsmenn í hlutafélaginu. Þetta er algjörlega ástæðulaust og þjónar raunar engum praktískum tilgangi þegar það m. a. er haft í huga, að í Undirbúningsfélagi saltverksmiðjunnar núna eru um 500 aðilar. Maður skyldi ætla að það væri óþarfi að gera því skóna, að þar fengjust ekki fimm aðilar og rösklega það að því félagi sem gert er ráð fyrir að stofna samkvæmt þessu frv. Nefndin gerir brtt. við þessa 7. gr. frv. á þá leið að 7. gr. falli niður. Það er ekki ágreiningur í iðnn. um það frekar en annað. Ég aðeins minnist á þetta til að leggja áherslu á mín sjónarmið varðandi þetta atriði.

Ég get ekki heldur orða bundist um þá brtt. sem gerð er við 4. gr. frv., en samkv. 4. gr. frv. var heimild hlutafélagsins til að reisa og reka raforkuver bundin við 5 mw. stærð. Við gerum till. um að hækka þetta um helming og er það mjög í anda þess sjónarmiðs að ekki eigi að vera hlutverk eins aðila í landinu að reisa og reka orkuver sem er stærra en 5 mw. En sællar minningar klofnaði svokölluð skipulagsnefnd í orkumálum, sem hæstv. forsrh., þáv. hæstv. iðnrh., skipaði fyrir nokkrum árum, á ágreiningi um að sumir vildu binda heimild til virkjanaframkvæmda svo þröngt við eitt landsfyrirtæki, en aðrir ekki.

Ég sé ekki ástæðu til að víkja hér að fleiri atriðum. Ég legg sérstaka áherslu á að hér er ekki síst um að ræða aðgerðir sem varða þróunar- og rannsóknarverkefni í því skyni að kanna möguleika og efna til efnaiðnaðar sem við höfum ekki farið út í fram að þessu. Þetta getur gefið nokkuð mikla möguleika í framtíðinni. Þó að ég segði áðan að mér hefði að sumu leyti fundist yfirbragð þessa frv. bera of mikinn vott um afskiptasemi ríkisvaldsins vil ég láta það koma skýrt fram, að ég er samþykkur þeirri stefnu þessa frv. að það geti verið nauðsynlegt að ríkið eigi meiri hluta í þessu félagi ef þess er þörf til þess að koma því á fót. Við lítum á þetta sem þróunar- og rannsóknarverkefni sem er ekkert óeðlilegra að ríkið stuðli að í þessu formi en það gerir á margvíslegan annan hátt.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ræða *mín verður mjög* stutt.

Ég get tekið undir fjölmargt sem form. iðnn. og frsm. hennar sagði um þetta mál, einnig það sem hv. þm. Kjartan Jóhannsson og Þorv. Garðar Kristjánsson sögðu um það. Aðdragandi málsins, eins og það liggur nú fyrir, *er náttúrlega miklu eldri en undirbúningsfélagið.* Ekki hvarflar einu sinni að mér að rýra hlut núv. hæstv. forsrh. og þáv. iðnrh. eða fyrrv. forsrh. Geirs Hallgrímssonar að þessu máli. Það er alkunna hér í þingsölunum að upp úr samstarfi þessara tveggja stjórnmálaforingja hefur sprottið margt skrýtið og skemmtilegt. Ég tel þetta viðfangsefni, sem hér er um fjallað, til hinna skemmtilegu. Ég vil orða þetta með líkum hætti og hv. þm. Kjartan Jóhannsson: Það er spennandi viðfangsefni sem hér er lagt út í.

Ég er þeirrar skoðunar, að hér sé farið varlega og skynsamlega af stað. Ég vil minna á að í hinum fyrri áætlunum, m. a. sem lagðar voru til grundvallar þegar fjallað var um undirbúningsfélagið, var ráðgert að þarna yrði reist verksmiðja sem framleiddi 250 þús. tonn af iðnaðarsalti, en síðan yrði beitt kunnum aðferðum, sem búið var að þróa, til að framleiða úr þessu fína iðnaðarsalti stærri kristalla sem notaðir væru í matarsalt og m. a. til að salta með fisk. Hér hygg ég að hafi verið ráðgerð eðlileg uppbygging þessarar þróunarstarfsemi.

Ég tek undir það sem fyrri ræðumenn, hv. þm., hafa *sagt um arðsemina, hina fyrirsjáanlegu arðsemi, sem* annaðhvort má segja að sé í lágmarki ellegar þá að við verðum að meta til verðgildis þær tilraunir sem gerðar verða á þessu svæði, þá þróunarstarfsemi sem þar fer fram, þar sem farið verður út í að þróa tækni sem hvergi er annars staðar til í heiminum. Það kynni svo að fara að við yrðum að greiða eitthvað með þessari þróunarstarfsemi á Reykjanessvæðinu í sambandi við sjóefnavinnsluna, en þá mundi það kapítal aftur — og ég raunar efast ekki um að svo verði — renta sig þar og annars staðar síðar. En það hygg ég að þeir hv. þm. muni vera sammála um, sem um hafa fjallað og kynnt sér sérstaklega, að við höfum lagt of lítið fé í rannsóknir og þróunarstarfsemi á landi hér og þó sérstaklega of lítið þar sem um það er að ræða að þróa upp sérstaka tækni til að nýta sérstæð gæði landsins — tækni sem ekki hefur orðið til annars staðar eða er ekki aðgengileg annars staðar vegna þess að á hana hefur ekki verið kallað þar.

Aðeins í lokin vil ég koma að því sem hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson vék að varðandi raforkuver það sem ætlast er til að heimilaður verði rekstur á í tengslum við sjóefnavinnsluna. Þar leggur n. ekki til að heimiluð raforkunýting verði aukin um helming, það væri þá ekki nema upp í 750 mw., heldur tvöföldun hennar, upp í 10 mw. (**Gripið fram í:** Mér hefur orðið mismæli.) Ég vildi aðeins — af því að ég vissi að hv. þm. mundi leiðrétta þetta sjálfur — taka af honum ómakið því að prósentureikningurinn er ekki eins og þið haldið. Ég vil aðeins vekja athygli á því, hversu skemmtileg aðstaðan er þarna. Við getum reiknað með að fyrirtæki þetta geti framleitt á mjög hagkvæman og ódýran hátt þá raforku sem til rekstrarins þarf.

Svo vil ég bæta einu við um þær hugmyndir sem fram hafa komið um aukanýtingu þessa fyrirtækis, þar sem er möguleikinn á því að nýta það mikla heita vatn, þann, ef svo má segja, afsaltaða jarðsjó sem við fáum þarna upp, í tengslum við fiskrækt á svæðinu og lokatilraunir í *sambandi við eldi á dýrmætum fiski í heitum jarðsjó eða* vermdum jarðsjó. Einnig þetta atriði kom lítils háttar til umræðu í n., sem því miður, eins og fram hefur komið fyrr í ræðum manna, fékk ekki tóm til að eyða jafnlöngum tíma og æskilegt hefði verið til að fjalla um þessi mál. Ég vil vekja athygli á því, að ýmis mál tengd sjóefna-

vinnslunni á Reykjanesi eru þess eðlis að þau hljóta að koma öðru sinni til umr. hér á hv. Alþingi.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Fyrst ég er kominn upp í ræðustól þakka ég hv. 4. þm. Norðurl. e. fyrir leiðréttingu hans á því sem ég sagði. Það er tvöföldun stærðarinnar, fimm upp í tíu. En ég vil endurgjalda honum þetta með því að leiðrétta það sem hann sagði. Hann sagði að ég hefði meint 750 mw. Það eru 7.5 mw.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég leyfi mér að þakka hv. iðnn. þessarar deildar fyrir góð störf í sambandi við þetta mál og mér þykir ánægjuefni að það hefur orðið samstaða í n. um nál. Ég get vel fellt mig við þær brtt. sem n. gerir á upphaflegu frv., og ég er viss um að það verk, sem hv. iðnn. hefur í þetta lagt, á eftir að greiða götu þessa máls gegnum þingið. Fylgiskjöl, sem prentuð eru með áliti n., bera vott um að hún hefur leitað furðuvíða fanga í sambandi við athugun málsins á stuttum tíma, sem hún hafði til að fjalla um þetta, og þetta vil ég þakka.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 877,1 samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 877,2 samþ. með 14 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
5.—6. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 877,3 (7. gr. falli brott) samþ. með 14 shlj. atkv.
8. gr. (verður 7. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 877,4 samþ. með 15 shlj. atkv.
9. gr. (verður 8. gr.), svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
10.—11. gr. (verða 9.—10. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 877,5 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Efri deild, 108. fundur.

Mánudaginn 18. maí, að loknum 107. fundi.

Sjóefnavinnsla á Reykjanesi, frv. (þskj. 899). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Grunnskólar, frv. (þskj. 670). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 901).

Þýðingarsjóður, frv. (þskj. 753). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 902).

Fiskveiðar á Norðaustur-Atlantshafi, frv. (þskj. 674, n. 893). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Stefán Guðmundsson): Herra forseti. Nefndin hefur fjallað um frv. til l. um aðild Íslands að samningi um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðaustur-Atlantshafi, en meginefni þessa frv. er að ríkisstj. er heimilt að fullgilda fyrir Íslands hönd samning frá 18. nóv. 1980 um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðaustur-Atlantshafi.

Nefndin hefur rætt frv. á fundi sínum 18. maí og er sammála um afgreiðslu þess og leggur til að það verði samþykkt án breytinga. Undir nál. skrifa Stefán Guðmundsson, Guðmundur Bjarnason, Geir Gunnarsson, Kjartan Jóhannsson, Egill Jónsson, Guðmundur Karlsson og Gunnar Thoroddsen.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Neðri deild, 99. fundur.

Mánudaginn 18. maí, kl. 2 miðdegis.

Hollustuhættir, frv. (þskj. 885 (sbr. 717)). — Ein umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 896).

Vitamál, frv. (þskj. 676, n. 843, 844). — 2. umr.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Það mál, sem hér er til umr., er frv. til l. um vitamál sem var flutt á þskj. 58, 54. mál Ed. Samgn. Ed. sendi frv. þetta til margra aðila til umsagnar og voru flestar umsagnirnar á þá leið, að engar eða mjög litlar ábendingar eða aths. koma fram í þeim. Samgn. Ed. gerði tillögur um nokkrar breytingar á frv. og fengu þær allar jákvæða afgreiðslu í deildinni.

Eftir að málið kom til Nd. barst mér frá samgrn. ljósrit af hraðskeyti frá Jóhanni Péturssyni vitaverði á Hornbjargi þess efnis, að 16. gr. frv. sé brot á kjarasamningalögunum. Í framhaldi af því barst n. einnig löng grg. frá Jóhanni Péturssyni. Um svipað leyti barst n. bréf frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja einnig um sama efni, að 16. gr. frv. bryti í bága við almenna reglu laga nr. 99 frá 1976, um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Í bréfi BSRB segir m. a., með leyfi forseta:

„Umrædd 16. gr. frv. gerir ráð fyrir að lögfesta ákvæði um vinnutíma sem er samningsatriði samkv. kjarasamningalögunum, sbr. 7. gr. laganna. Af þessum ástæðum skorar Bandalagið eindregið á Alþingi að fella 16. gr. út úr frv."

Kristján Thorlacius hafði einnig samband við n. og varð að samkomulagi að hann og Einar Ólafsson, formaður Starfsmannafélags ríkisstofnana, kæmu á fund samgn. til að skýra þetta mál. Á þennan fund kom einnig Ólafur Steinar Valdimarsson skrifstofustjóri í samgrn. Nefndin hafði einnig samband við hæstv. fjmrh. um þetta atriði. Voru allir aðilar sammála um að leggja til að 16. gr. frv. yrði felld niður.

Á fund n. kom einnig vitamálastjóri, Aðalsteinn Júlíusson, og með honum Tómas Sigurðsson. Voru þeir með ýmsar ábendingar og aths. við frv. Sumar þær breytingar, sem n. flytur, eru til komnar vegna ábendinga þeirra.

Þær brtt., sem n. flytur og eru á þskj. 844, eru þess efnis, að í frv. eins og það kemur frá Ed. er m. a. sagt að við Vitastofnun skuli starfa sérmenntaður eftirlitsmaður, ráðinn að fenginni umsögn Vitanefndar. Hann skal annast eftirlit vitakerfisins. — Þessu var breytt á þann veg, að þessi maður skal m. a. annast eftirlit vitakerfisins. Ef tími er til er því ætlast til að þessi maður geti farið í önnur störf. Þetta var ein af þeim ábendingum sem vitamálastjóri kom fram með.

Við 5. gr. er sú brtt., að í vitanefnd skuli vera sex menn, en eins og frv. kom frá Ed. eru þeir fimm, og að fulltrúa Sjómannasambands Íslands sé bætt í þessa nefnd. Enn fremur er breyting gerð á 2. málsl., að þar standi: Heimilt skal ráðh., ef ástæða þykir til, að fjölga fulltrúum í Vitanefnd. — Var Landhelgisgæslan ekki með í þeirri upptalningu, en samgn. Nd. leggur til að henni sé bætt inn í.

Í 8. gr. er sagt, eins og þetta frv. kemur frá Ed.: „Óheimilt er að setja upp ljós, sem kynnu að villa um fyrir sjófarendum." N. leggur til að við þetta bætist: eða önnur merki. Sem sagt: Óheimilt er að setja upp ljós eða önnur merki.

Í fjórða og síðasta lagi leggur samgn. til að 16. gr. falli niður.

Nefndin varð sammála um að leggja til að afgreiða frv. með þessum breytingum, sem ég hef lýst og eru á þskj. 844. Friðjón Þórðarson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 844,1 samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 844,2 (ný 5. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 844,3 samþ. með 26 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
9. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
10.—12. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
13. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
14. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
15. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 844,4 (16. gr. falli brott) samþ. með 25 shlj. atkv.
17.—19. gr. (verða 16.—18. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Lagning sjálfvirks síma, frv. (þskj. 578, n. 873). — 2. umr.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., er á þskj. 578, 283. mál, og er um lagningu sjálfvirks síma. Þetta frv. er komið frá Ed. og var samstaða um afgreiðslu þess þar.

Við 1. umr. var enginn til þess að tala fyrir þessu frv. og mun ég þess vegna skýra í fáum orðum hvað felst í þessu frv.

1. gr. frv. er um það, að póst- og símamálastjóri skuli láta gera 5 ára áætlun um lagningu sjálfvirks símakerfis til sem flestra símnotenda og skal framkvæmdum raðað í forgangsröð. Í áætluninni skal að því stefnt, að símanotendur eigi kost á sjálfvirkum síma innan 5 ára frá 1. jan. 1982.

2. gr. frv. er um það, að tæki og búnaður til lagningar sjálfvirks símasambands, samkv. þeirri áætlun sem gerð verður, skuli undanþegin aðflutningsgjöldum og söluskatti við innflutning.

3. gr. er um að heimilt sé að taka lán, allt að 20 millj. kr. árlega á áætlunartímanum, og að lántökuheimildin breytist í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu.

4. gr. er um að lögin öðlist þegar gildi og haldi gildi sínu þar til framkvæmdum er lokið, sbr. 1. gr.

Fram kemur í grg., sem fylgir frv., að um 3220 heimili í sveitum landsins búi enn við handvirkt samband. Slíku sambandi fylgir mjög víða að ekki næst samband út fyrir þá línu, sem viðkomandi sveitabær er tengdur við, nema fáar klukkustundir á sólarhring. Slíku öryggisleysi una menn alls ekki nú og er krafist þess víða að úr verði bætt með eins snöggum hætti og kostur er.

Tilgangur frv. er að bæta úr þessu ástandi. Þessu verki verði lokið á 5 árum. Allir, sem vilja, fái því sjálfvirkt símasamband og verði búnir að fá það í síðasta lagi fyrir árslok 1986. Heildarkostnaður við þessa framkvæmd á verðlagi í ár er talinn vera 92 millj. kr., þegar aðflutningsgjöld og söluskattur hafa verið dregin frá, sem eru talin vera 43.7 millj.

Hér er verið að fjalla um mjög gott mál, mikið réttlætismál, enda stendur samgn. Nd. öll að því að leggja til að frv. verði samþykkt óbreytt, eins og fram kemur í nál. sem er á þskj. 873.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég fagna því, að þetta frv. skuli fram komið frá ríkisstj. Það gefur vonir um að betur verði að þessum málum staðið á næstu árum en hingað til, þar sem ekki hefur verið staðið við þær áætlanir sem gerðar hafa verið um símavæðingu strjálbýlisins. Ég vil vænta þess, að ríkisstj. og stjórnarsinnar sýni þessari stofnun og þjóðinni þá virðingu að standa við það, sem felst í þessu frv., við gerð næstu fjárlaga, en láta örlög þessarar áætlunar ekki verða sömu og þeirra framkvæmdaáætlana sem gerðar hafa verið um síma í strjálbýli, t. d. á þessu ári, svo að ekki sé nú minnst á örlög vegáætlunar, en það lætur nærri að fjórðu hverri krónu sé stolið eftir að sá maður er orðinn fjmrh. sem var samgrh. þegar vegáætlunin var gerð.

Ég vil sem sagt vænta þess, að hugur fylgi máli hjá ríkisstj. þegar hún flytur þetta mál, og vil lofa henni því, að ekki mun standa á Sjálfstfl. að reka á eftir hæstv. ríkisstj. að standa við loforðin við gerð fjárlaga framvegis.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Að sjálfsögðu ber að fagna þessu frv. og þeim fyrirhuguðu framkvæmdum sem það gerir ráð fyrir, þó að tekjuöflun í þessar framkvæmdir sé heimild til að taka lán allt að 20 millj. kr. árlega í 5 ár til fjármögnunar framkvæmda samkv. 1. gr. þessa frv.

Ég hef nokkrar áhyggjur af því, að þó að hér sé hreyft mikilvægu máli og reynt að hraða því að koma á almennilegu símasambandi við sveitir landsins, þá hefur það gengið þannig til hjá póst- og símamálastjórninni að undanförnu, og kastar þó tólfunum á þessu ári, að það er niðurskurður framkvæmda. Þó að hér sé tekin upp heimild til lántöku verður Póstur og sími vitaskuld að greiða afborganir og vexti af lánum sem hann tekur. Ég spyr: Eigum við þá að eiga það á hættu að það verði haldið áfram að skera niður allar aðrar framkvæmdir hjá Pósti og síma? Það er enginn smániðurskurður sem á sér stað á þessu ári og það var enginn smániðurskurður sem átti sér stað á s. l. ári. Þar er víða pottur brotinn sem beðið er eftir framkvæmdum. Þó að ástandið í sveitunum sé hvað alvarlegast er líka til á þéttbýlli stöðum mjög alvarlegt ástand.

Eins vil ég í leiðinni nefna það, að samfara því að taka upp nýja áætlun um að flýta fyrir sjálfvirku símasambandi er frá hendi Pósts og síma verið að stíga skref aftur á bak í sambandi við símaþjónustu. Það er verið að leggja niður stöðvar, tengja þær stöðvum sem eru lokaðar jafnvel allar helgar. Þar mun sambandið versna þangað til komin er betri þjónusta við hinar sjálfvirku stöðvar. Ég vara alvarlega við því, að hér hefur verið, sérstaklega síðustu tvö árin, stigið skref aftur á bak hvað þetta snertir þar til hið sjálfvirka kerfi verður tekið jafnhliða upp, en það má ekki skapast hér tómarúm á meðan, eins og raun ber vitni á vissum stöðum á landinu.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég átta mig ekki til fulls á því, hvert ábendingar hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar stefna í sambandi við þetta mál. Mér fannst vera nokkur nöldurtónn hjá honum. En ég vil láta það koma hér fram, að þó að fyrir liggi að framkvæmdir Pósts og síma hafi eitthvað verið skornar niður á s. l. ári, miðað við þau áform sem uppi voru í fjárlögum þess árs, þá leynir sér ekki fyrir neinum, sem til þekkir, að framkvæmdir Pósts og síma eru mjög miklar um þessar mundir um allt land. Það má vel vera að menn geti ekki alltaf framkvæmt allt það sem þeir ætla sér, miðað við fyrri áform, en hitt er þó aðalatriðið og stendur eftir, að það eiga sér stað feiknamiklar framfarir í símamálum um allt land einmitt um þessar mundir. Það er verið að leggja niður smástöðvar og sameina þær stórum stöðvum. Þar sem ég þekki til, t. d. í Skagafirði, þykir þetta til stórra bóta. Þjónusta við símnotendur er stóraukin, miðað við það sem áður var, og yfirleitt mikil ánægja með þessa breytingu. Slíkar breytingar eins og hér var nefnd eiga sér stað víðs vegar um land og eru undanfari þess, að sjálfvirkur sími verði á hverju heimili í landinu.

Ég vil aðeins segja um þetta frv. að ég tók þátt í að semja það fyrir tveimur árum, þá gegnandi störfum í öðru rn., samgrn., og þetta frv. var lagt fram haustið 1979. Ég held að það megi sannarlega ekki dragast að lög af þessu tagi verði sett. Málið hefur verið til athugunar hjá símanum og verið gerð mjög góð úttekt á þessu máli, en það má sannarlega ekki dragast lengur að þessu máli verði komið heilu í höfn. Ég fagna því mjög að Alþingi er um það bil að afgreiða þetta mál.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég get ekki séð að þessi lög ráði neinum úrslitum um hvort áfram verði haldið eðlilegri símavæðingu strjálbýlisins. Ég vil minna á að engir nýir bæir í strjálbýli bætast við á þessu ári. Það var allt skorið niður nema þeir bæir sem frestað var í fyrra. Ekkert nýtt hefur bæst við. Síðan hæstv. fjmrh. samdi þetta frv. hefur lánsfjáráætlun verið samþ. a. m. k. tvisvar sinnum. Hæstv. ríkisstj. hefði verið í lófa lagið að taka umbeðnar fjárveitingar inn í lánsfjáráætlun ef hugur hennar stóð til þess að hressa upp á lagningu sjálfvirks síma. En hugur hennar stóð alls ekki til þess. Hæstv. ríkisstj. vildi ekkert gera til að hraða símavæðingu strjálbýlisins. Þess vegna hafa framkvæmdirnar dregist saman. Marklaust pappírsgagn eins og þetta frv. ræður engum úrslitum. Þó að það verði samþykkt að gera framkvæmdaáætlun af þessu tagi hefur hún ekki gildi nema henni sé fylgt eftir með peningum. Sagt er að peningar séu afl þess sem gera þarf. Sími verður ekki lagður nema með lögum frá Alþingi, en það þarf miklu verðmeiri pappíra til að hrinda þessu máli í framkvæmd.

Hæstv. fjmrh. segir að það megi ekki dragast að lög af þessu tagi verði sett. Ég vil bæta því við: Það skal ekki standa á að stjórnarandstaðan fylgi því eftir að ríkisstj. standi nú einu sinni við það sem hún lofar. Hennar frammistaða í símamálunum hefur ekki verið þannig síðan þessi hæstv. ráðh. settist í stjórnarráðið að það sé til að hrósa því. En hins vegar hefur það komið fyrir hann áður að ætla að auka framkvæmdirnar fram í tímann.

Hvernig er t. d. með vegáætlunina? Það er verið að auka fjármagn til vega um 50% á þessu ári í vegáætluninni. Varðandi framkvæmdirnar í sumar hefði orðið að auka framlögin um 100% ef standa átti við vegáætlunina. M. ö. o. stelur ríkisstj. fjórðu hverri krónu. Það veldur m. a. því, að hv. 2. þm. Norðurl. e., Stefán Valgeirsson, er uppvís að því að hafa haft rangt fyrir sér fyrri partinn í vetur þegar við vorum að deila um hvort lokið yrði við veginn yfir Melrakkasléttu á þessu ári eða ekki. Hann sór og sárt við lagði að endar mundu nást saman í sumar, ríkisstj. mundi standa við sín loforð og ef hún mundi ekki gera það mundi 2. þm. Norðurl. e. koma og taka í rassinn á henni. En hann fór til Ísrael í staðinn og fékk þar syndaaflausn og vegurinn kemur ekki í ár, verður að bíða og það dregst a. m. k. ár eða svo.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Það má ekki gleyma að fagna því, að hv. 2. þm. Norðurl. e. er kominn heim aftur og tekinn við störfum eftir að hafa fengið syndaaflausn þar í landi.

Hæstv. fjmrh. var örlítið órór yfir þeim orðum sem ég sagði áðan, ég væri með nöldurtón, eins og hann sagði. Hvílík hótfyndni orðin nú á dögum! Að menn skuli ekki allir segja já og amen við öllu sem kemur frá þessari hæstv. ríkisstj., sem er svo athafnasöm og skilningsrík og góð sérstaklega að búa til áætlanir og skera síðan allt niður, eins og hún gerir á öllum sviðum! Ég ætla að minna þennan hæstv. ráðh. á að 8. febr. 1980 stendur hann að stjórnarsáttmála núv. ríkisstj. Þar segir í einni línu: „Staðið verði við fyrirliggjandi vegáætlun fyrir árið 1980—1982." Það voru ekki liðnir þrír mánuðir þegar búið var að svíkja þetta atriði í stjórnarsáttmálanum og það er svikið enn þá hvað snertir magnframkvæmdir vega.

Það var önnur stjórn á undan. Að vísu átti þessi ráðh. ekki sæti í henni, en hans flokkur. Lá þá fyrir áætlun frá stjórninni þar á undan um sveitarafvæðingu, fjögurra ára áætlun frá stjórninni þar á undan um sveitarafvæðingu, fjögurra ára áætlun. Nei, hún gat ekki sætt sig við fjögurra ára áætlun, sú stjórn. Hún breytti því auðvitað í þriggja ára áætlun. En það var ekki liðið árið þegar farið var að svíkja þá þriggja ára áætlun, og henni var ekki lokið fyrr en nokkrum árum eftir að vinstri stjórnin hrökklaðist frá völdum. Þetta eru dæmigerð vinnubrögð vinstri stjórna og alveg sérstaklega þegar Alþb. á sæti í þeim. Þá er alltaf farið svona að.

Þessi hæstv. ráðh. sker niður framkvæmdir til símamála þegar hann illu heilli verður samgrh. og hann sker áfram niður ásamt samgrh. framkvæmdir í símamálum á þessu ári. Og á hverju byggjast þessar framkvæmdir í símamálum? Þær byggjast fyrst og fremst á að ríkið tekur sjálft stóran hluta í tekjur, því að ríkið hefur bætt við aðflutningsgjöldum og á vinstristjórnarárunum 1971—1974 var í fyrsta skipti lagður söluskattur á símnotendur í landinu. Nei, það átti alls ekki að ganga út yfir þá, var þá sagt. Þessum söluskatti er alltaf haldið áfram. Hann var ekki til fyrir þann tíma. Það er oft léttara að koma sköttum á en að losa sig við þá. Þetta er ég að gagnrýna. Vitaskuld er allt strjálbýli ánægt með að vera tengt við sjálfvirkar stöðvar, en þá verður hið sjálfvirka samband að koma um leið. Til eru stöðvar sem núna verða lagðar niður og tengdar við sjálfvirku stöðvarnar og þar nær fólk, sem þær nýtir, ekki sambandi fyrr en sjálfvirku stöðvarnar verða opnaðar. Það þarf kannske að fara nokkra tugi km. í einstaka tilfellum. Ef allir eru ánægðir norður í Skagafirði ætla ég að upplýsa hæstv. ráðh. um að menn eru ekki eins ánægðir í Strandasýslu með þær ákvarðanir að leggja niður smástöðvarnar áður en kominn er sjálfvirkur sími. Það er af þessum sökum sem nöldurtónninn í mér er.

Sama er með sjálfvirku stöðvarnar, bæði þær sjálfar og á sumum stöðum póstafgreiðslu. Þar hefur opnunartími verið styttur verulega þannig að þeim er lokað frá föstudegi til mánudags. Ég þurfti að fá uppgefið símanúmer í kauptúni einu og ég hringdi á upplýsingar hér um daginn og bað um símanúmer sem ekki er í símaskránni vegna þess að viðkomandi var ekki fluttur á staðinn þegar símaskráin var gefin út. Ég fékk það svar að ég gæti fengið upplýsingar um þetta — ég hringdi á laugardagsmorgni — á mánudag með því að hringja á stöðina á viðkomandi stað. Þetta finnst mér ekki vera þjónusta til þess að státa af. Við gætum rætt fleira í þessum efnum og þá ekki síður á sviði póstmála en símamála.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns sérstaklega þakka hv. 7. landsk. þm. Hann er búinn að flytja hér tvær stuðningsræður við þetta frv. Í hinni fyrri lofaði hann stuðningi Sjálfstfl. og í þeirri síðari fulltingi stjórnarandstöðunnar allrar við að koma þessu máli áfram. Ég verð að segja eins og er, að það er ákaflega gagnlegt þegar menn sameinast þannig að vinna að góðum málum. Ég efa ekki að hann muni sjá til þess, að þetta verði ekki orðin tóm. Hann er vanur að fylgja sínum málum eftir. Við þurfum þess vegna ekki að óttast að framgangur þessa máls verði ekki með ágætum hér í deildinni.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég kem ekki í ræðustól til að mæla gegn eða deila á það frv. til l. sem hér liggur fyrir um lagningu sjálfvirks síma á þskj. 578. Ég held að það sé stórt spor stigið í rétta átt þegar hægt er að tímasetja símavæðingu í landinu öllu, og því fyrr því betra. En ég hef áður rætt þessi mál öðru hvoru allt frá því að ég kom til starfa á hv. Alþingi og hef þá haft nokkuð aðrar skoðanir á málum og viljað fara aðrar leiðir en lagt hefur verið til að fara. Sama má segja um þetta frv. hér. Ég er t. d. á því, að við eigum að leggja niður þá einokun sem er á símatækjum og allri þjónustu við heimilin og þjónustu við þá sem nota símann. Við eigum að leggja þá einokun niður í þeirri mynd sem nú er, og ríkissjóður á ekki að veita fjármagn til innkaupadeildar Landssímans sem sér um símtækin sjálf eða efni til þeirra, — síst af öllu í varahlutabirgðir og varahlutaþjónustu. Ég tel að sú deild eigi að dreifast á fagmenn á hinum frjálsa markaði. Það er ekkert annað en rafvirkjastarf sem þarna er unnið, og símatæki eru afskaplega lítið flókin tæki. Það á ekki að vera einokun á því sviði frekar en það er ekki einokun á innflutningi á eldavélum eða ljósastæðum eða lömpum og brauðristum og ýmsu öðru. Það er ekki heldur einokun af ríkisins hálfu á sjónvarpstækjum, sölu þeirra eða uppsetningu, eða útvarpstækjum, og síminn er þó enn þá minna flókið tæki en þau. Ég held því að það eigi að létta þessari einokun af, ríkið eigi ekki að fjármagna þá heildsölu sem þar er í gangi, heldur dreifa fjármögnuninni yfir á þá einstaklinga, sem vilja flytja þessi tæki inn, og þar með skapa þá fjölbreytni sem

annars staðar finnst í tækjunum sjálfum sem á boðstólum eru hverju sinni.

Þá hef ég líka sagt að símvirkjaskólinn, sem tekur talsvert fjármagn til sín, eigi ekki að vera á vegum stofnunarinnar. Rafvirkjar eiga að læra símvirkjun um leið og þeir taka próf í rafvirkjun þannig að hver rafvirki á að geta hugsað um og þjónað þessum tækjum eins og öðrum rafmagnsvélum eða heimilistækjum.

Þá er í þriðja lagi þess að geta, sem ég held að sé kannske ekki rétt að ýta til hliðar miklu lengur, eins og gert hefur verið hér allt frá því að ég byrjaði að tala um þessi mál, að símatæki eru ekki flókin tæki og þessi tæki er hægt að framleiða hér og þau á að framleiða innanlands. Ef þau eru ekki framleidd innanlands á alla vega að setja þau saman hér og byggja upp samsetningariðnað einhvers staðar, kannske á fleiri en einum stað, þar sem vinnumarkaðurinn er þröngur, þar sem atvinnu vantar úti á landi. Þetta á að verða smáiðnaður, sem gæti kannske haldið uppi einu eða tveimur byggðarlögum. Tækjafjöldinn, sem við notum frá ári til árs, mundi áreiðanlega standa undir velmegun einhvers byggðarlags á Íslandi. Hulstrin, sem eru yfirleitt úr plasti, er hægt að framleiða hér innanlands líka. Öryrkjabandalagið er með framleiðslu á plastsviði og framleiðir margar ágætar vörur.

Ýmislegt, sem við erum að flytja inn með símatækjunum, bæði vinnulaun og ýmislegt annað, gætum við gert hér mjög vel. Ef við færum út í að minnka fjármögnun á þessari þjónustudeild Landssímans, en notuðum það fé til þess að símavæða landið, þá hef ég trú á að við gætum símavætt landið á skemmri tíma en kemur fram í þessu frv., og kannske væri þá hægt að komast hjá því að taka erlent lán til að flytja inn vinnu og tæki sem við getum framleitt hér heima.

Þetta er það sem ég vildi að kæmi hér fram. Ef þm. telja þessa hugmynd enn í dag, líklega 6—7 árum eftir að ég fyrst ræddi þetta hér á hv. Alþingi, ekki góða hugmynd mundi ég segja að það næstbesta væri að gera þetta á þann hátt sem hér er lagt til, en það mætti flýta aðgerðinni og hafa árin færri. Fimm ár frá 1. jan. eru allt of langur tími. Vandamálið um land allt er það aðkallandi að þetta verður að vera eitt af forgangsverkefnum. Ég verð að segja það enn þá einu sinni, að þetta er eitt af því sem ég lærði að skilja betur en áður s. l. sumar þegar ég ferðaðist vítt og breitt um landið. Ég mun því styðja þetta frv., þó að ég telji tímann langan, en mín forgangsverkefni mundu vera falin í því sem ég hef hér áður sagt.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Það er rétt hjá hv. 1. þm. Vestf., að skattlagning á símaþjónustu hér á landi er óheyrilega mikil. Tollar á flestum símavörum eru 85%, þó að búið sé að lækka tolla eða afnema á flestum öðrum vörum. Síðan er lagður á söluskattur í innflutningi og svo þegar notandinn á að fara að borga þennan fjármagnskostnað, því að verulegur hluti af öllum þeim greiðslum sem við greiðum fyrir símaþjónustu er greiðsla fyrir fjármagnskostnað, borgum við aftur söluskatt. Söluskattur er m. ö. o. innheimtur tvisvar og 85% tollur af vörunum þar að auki. Ég hugsa að það nálgist það að önnur hver króna, sem við borgum í símagjöld, sé beinn skattur til ríkisins. Ekki vantar mikið á það.

Auðvitað verða smástöðvarnar lagðar niður. Það tel heyrir hagræðingu, en það er rétt hjá hv. 1. þm. Vestf., að það verður að gerast þannig að fólkið missi ekki af þjónustu, að séð verði fyrir sæmilegri þjónustu þangað til viðkomandi svæði fær sjálfvirkan síma.

Hv. 3. þm. Reykv. hafði ýmislegt á hornum sér. Sumt af því er ekki sagt af miklum kunnugleika á málefnum Pósts og síma. Hann talaði t. d. um að Póst- og símaskólinn væri óþarfur. Þar er ég honum alls ekki sammála. Þessi mál eru öll orðin svo sérhæfð og flókin að þau verða ekki kennd í almennum skólum, nema þá með a. m. k. jafnmiklum tilkostnaði eða meiri en hjá Pósti og síma. Það eru engir sérfræðingar í þessum málum starfandi í landinu nema hjá Pósti og síma eða a. m. k. mjög fáir. Þá á ég ekki bara við það að gera við símatæki eða því um líkt. Það geta allir lært. En þegar komið er í mikinn og flókinn rafeindabúnað eru þeir verkfræðingar, sem eru á því sviði, starfandi hjá Pósti og síma og ekki annars staðar. (Gripið fram í.) Nei, nei, það er allt frá því að vera einföld símatæki, þau eru mjög einföld, venjuleg símatæki í heimahúsum, upp í sjálfvirkar stöðvar og rafeindabúnað þeim tengdan.

Ég lýsi fullum stuðningi við það frv. sem hér er til umr.

Páll Pétursson: Herra forseti. Hér er um mikilvægt réttlætismál að ræða. Sími er nauðsynlegt tæki í nútímaþjóðfélagi og það er eðlilegt að stefna að því að gefa öllum landsmönnum kost á að nota þetta nauðsynlega tæki, þennan sjálfvirka síma. Eins og sést í þessu frv. eru rúmlega 3200 sveitaheimili hér á landi sem hafa ekki enn þá fengið aðstöðu til að nota sér þessa þjónustu og er brýnt að úr því sé bætt. Ég get tekið undir með þeim sem hafa látið í ljós að áætlunartíminn sé langur, en betra er þó að hafa nokkra vissu fyrir, að þetta verk verði unnið á 5 árum, en þurfa að horfa upp á að það taki kannske 10 ár eða lengri tíma.

Hvað varðar mál, sem hér hefur borið á góma um lokun smástöðvanna, hef ég þá sögu að segja úr Norðurl. v., þar sem nokkrar smástöðvar hafa verið lagðar niður og tengdar á stöðvar með næturþjónustu, að það er góð bráðabirgðalausn, — að sjálfsögðu engin fullnaðarlausn, en tvímælalaust spor í rétta átt. Ég held að það sé gegnumgangandi stefna Landssímans að allar breytingar á þjónustu séu hugsaðar til bóta fyrir notendur. Hitt er annað mál, að úr sumum sveitarfélögum hafa borist mótmæli við þessum breytingum, en þau eru, held ég, borin fram að einhverju leyti vegna þess að það tapast þarna tekjur úr sveitarfélögunum. Menn eru líka að horfa í það, þetta eru kannske lítil sveitarfélög og það kemur e. t. v. við sveitarsjóð ef símstöðvarstjórar eða starfsfólk á símstöðvum hættir að fá þessar tekjur. En það er tvímælalaust til bóta að geta náð allan sólarhringinn, þó með handvirku sambandi sé, en hafa ekki nema fjögurra stunda þjónustutíma á dag, eins og víða hefur verið.

Það gleður mig mjög hvað hv. þm. Albert Guðmundsson er orðinn góður talsmaður dreifbýlisins, og sannar það að forsetaframboðsferð hans hefur verið árangursrík. Ég hygg að margir þm. hér á Faxaflóasvæðinu, sem stundum eru tregir á að sýna okkur dreifbýlisbúum skilning á málefnum okkar, gætu mikið af þessu lært, því að auðvitað er þetta þannig, að þegar menn kynnast vandamálunum fara þeir líka að viður-

kenna þau. Það er kannske til of mikils mælst, bæði fyrir þá og þjóðina, að þeir fari allir í forsetaframboð til að öðlast þessa reynslu, en allt um það er gott að fá hana.

Ég vil svo að endingu þakka samgrh. og ríkisstj. fyrir þetta frv. og samgrh. sérstaklega fyrir að leggja mikla áherslu á að það verði afgreitt nú fyrir þinglok.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Hér er um mál að ræða sem oft hefur verið rætt um hér á hv. Alþingi að þyrfti að ná fram að ganga. Ég er því einn af þeim sem fagna því sérstaklega að frv. um lagningu sjálfvirks síma í þessu formi skyldi hafa séð dagsins ljós á þessu þingi og allar horfur eru á að það verði afgreitt sem lög.

Í sambandi við þær aths., sem hér komu fram og margar eru réttmætar og hafa oft heyrst fyrr í sölum Alþingis, vil ég þó benda á að þetta frv. felur í sér miklu ákveðnari framkvæmdaáætlun en gerst hefur áður, hér er tekið á fjármálaþætti málsins í lögunum sjálfum. Ég vil benda mönnum á að í sambandi við 2. gr. frv. er tekið fram að tæki og búnaður til lagningar og uppsetningar sjálfvirks símasambands samkv. þeirri áætlun, sem gerð verður, eru undanþegin aðflutningsgjöldum og söluskatti við innflutning. Þetta er mjög mikilvægt atriði og léttir greinilega eða gerir a. m. k. meiri líkur til þess, að hægt verði að standa við framkvæmdina. Svo er aðalatriðið að í 3. gr. frv. er ákveðið gefin heimild til að taka lán, 20 millj. kr. árlega í 5 ár, til framkvæmdanna. Það gerir það að verkum að þetta tvennt, í 2. gr. og 3. gr., á að vera nægjanlegt fjármagn til að standa við áætlunina, miðað við þær framkvæmdir sem settar eru upp í áætluninni. Þetta tel ég mjög mikilvægt og bendir greinilega til að hér sé alvara á ferðum. Það væri ákaflega ólíklegt að við þm., sem hér erum, og væntanlegir þm. næstu 5 ár látum henda að ekki verði staðið við þessi lög, ef samþ. verða, því að bara talan 3200 heimili í landinu nægir til að sýna okkur fram á hvað hér er um mikilvægt mál að ræða fyrir íbúa sem eru utan við þéttbýliskjarna þessa lands og hafa ekki aðgang að sjálfvirkum síma.

Ég ætla ekki að tefja tímann og taka upp aftur umr. sem voru hér á s. l. hausti í sambandi við nauðsyn þess að auka þjónustu símans við dreifbýlið og landsbyggðina. Við höfum rætt hér áður í þessum sal um þessi mál og sýnt fram á með rökum hvað ójöfnuðurinn er gífurlegur í landinu á þessu sviði og hvað margt fólk býr við öryggisleysi að því er varðar þennan sjálfsagða öryggisþátt í búsetu manna. Ég ætla ekki að bæta þar við, en ég vonast til þess, að þm. taki höndum saman um að afgreiða þetta mál nú á þessu þingi, og einnig tek ég undir það, sem hér hefur komið fram, að við þurfum að fylgja eftir framkvæmdinni og sjá um að það verði staðið við lögin eins og þau verða væntanlega samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Neðri deild, 100. fundur.

Mánudaginn 18. maí, að loknum 99. fundi.

Vitamál, frv. (þskj. 895).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og endursent Ed.

Lagning sjálfvirks síma, frv. (þskj. 578). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 900).

Samvinnufélög, frv. (þskj. 564). — 1. umr.

Flm. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breyt. á lögum um samvinnufélög, nr. 46 frá 13. júní 1937. Flm. auk mín er hv. þm. Árni Gunnarsson.

Þetta frv. var raunar áður flutt á 100. löggjafarþinginu árið 1978. Flm. þá var Finnur Torfi Stefánsson. Þetta frv. gerir aðeins ráð fyrir mjög einfaldri breytingu á lögum um samvinnufélög, sem fram kemur í 1. gr. frv., í þá veru að hin æðsta stjórn heildarsambands samvinnufélaga eða sambandsstjórn skuli kosin árlega beinni leynilegri kosningu sem fram fari samtímis í öllum aðildarfélögum í samvinnusambandinu. Það er gert ráð fyrir að kosningarrétt og kjörgengi eigi allir félagsmenn. Það er gert ráð fyrir að eigi færri en þrír menn skuli vera í sambandsstjórn, að stjórnin boði til fulltrúafundar og undirbúi fundarmálefni, framkvæmi fundarályktanir og annist störf milli funda, leggi fyrir aðalfund endurskoðaða reikninga sambandsins fyrir næsta ár á undan, hafi umsjón með sjóðseignum, húsum, áhöldum og öðrum eignum og gæti hagsmuna sambandsins í öllum greinum.

Fyrir þessu frv. er allítarleg grg., en það má segja að með mjög einföldum hætti er hér verið að leggja til að þessum lögum verði svo breytt að lýðræði verði aukið. Það er gert beint, en það fari ekki fram með því flókna þrepalýðræði sem viðgengist hefur þar sem í raun og veru er kosið til æðstu stjórnar á mörgum stigum.

Þetta frv. er svo seint komið til umr. að vitaskuld hvarflar það ekki að flm. að úr því sem komið er verði það afgreitt á þessu þingi, enda er tilgangur með flutningi ekki síður sá, að þetta frv. nái því að verða sent til umsagnar áhugamönnum um samvinnumálefni í samvinnuhreyfingunni í þeirri von að hugmyndir af þessu tagi fái þar jákvæðar undirtektir.

Nú er það svo, að þegar fyrir þessu frv. var talað hér fyrir tveimur árum urðu um það allítarlegar umr. Þær umr. urðu ekki síst um það grundvallaratriði hvort Alþingi hefði til þess nánast siðferðilegan rétt að skipta sér

af lagasetningu af þessu tagi. Sams konar umr. hafa átt sér stað þegar hér hafa verið lögð fram lagafrv. um verkalýðsfélög. Ég nefni sem dæmi frv. til l. sem þm. Sjálfstfl. hafa ítrekað flutt um hlutfallskosningar í verkalýðsfélögum. Þá hafa menn ekki mótmælt út af fyrir sig hugmyndinni sem slíkri, heldur hinu, að það sé ekki Alþingis að ákveða slíkt með lagasetningu, heldur verði frumkvæðið í slíkum efnum að koma frá verkalýðshreyfingunni sjálfri. Þetta er auðvitað skoðun út af fyrir sig. Hins vegar ber þess auðvitað að geta, að að því er varðar verkalýðshreyfinguna eru hér í gildi lög frá 1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Sama gildir um samvinnuhreyfinguna. Hún starfar eftir samvinnulögum. Það er skoðun flm. þessa frv., að ef ljóst er að það sé almennur vilji samvinnumanna til breytinga af þessu tagi sé ekkert við það að athuga að frumkvæðið komi frá Alþingi. Sem dæmi um tillögur um slíka lagasetningu má nefna till. til þál. á þskj. 814, sem nýlega hefur verið lögð hér fram, flutt af hv. þm. Davíð Aðalsteinssyni og Guðmundi Bjarnasyni. Hún fjallar um smærri hlutafélög. Ég segi fyrir mína parta, án þess að ætla út af fyrir sig að taka afstöðu til þeirrar þáltill. eða grg. sem með henni er, að ekki er hægt að sjá neitt almennt og yfirleitt því til fyrirstöðu að Alþingi breyti hlutafélagalögum ef það sýnist vera í skynsemi- og réttlætisátt.

Það er ljóst að jafnaðarmenn hafa á síðustu árum, ekki aðeins erlendis, heldur hérlendis einnig, lagt mikla áherslu á það sem nefnt hefur verið bæði atvinnulýðræði og efnahagslýðræði. Munurinn á þessu er sá, að það fyrrnefnda, atvinnulýðræðið, fjallar meira um bein félagsmál, þ. e. beina þátttöku starfsmanna í stjórn fyrirtækja, án þess að við efnahagssviðinu sé snert. Efnahagslýðræði fjallar hins vegar um það, að í vaxandi mæli sé launafólki gert kleift að kaupa sig inn í fyrirtækin og hafa með þeim hætti áhrif á stjórn þeirra. Ég held að það sé alveg ljóst að öll samfélagsþróun, bæði í kringum okkur, ég nefni sem dæmi nýorðin kosningaúrslit í Frakklandi, og hérlendis, verður í auknum mæli í þessa átt. Eins má gera ráð fyrir að þróunin í svo risavaxinni félagasamsteypu sem samvinnuhreyfingin á Íslandi óneitanlega er, og er það á engan hátt sagt rekstrarforminu eða aðildareinstaklingum þess til hnjóðs, hlýtur að verða í þá veru í auknum mæli að hinn almenni félagsmaður hafi aukin áhrif á það sem þar er gert.

Flm. þessa frv. til l. frábiðja sér að frv. af þessu tagi sé skoðað sem fjandskapur við samvinnuformið. Sú er auðvitað alls ekki hugsunin. Hins vegar er ljóst að allnokkurrar og ég held að segja megi vinsamlegrar gagnrýni í garð samvinnuhreyfingar hefur orðið vart. Í fyrsta lagi er hún til orðin vegna þess að lýðræði þar er ekki svo mikið sem æskilegt gæti verið og æskilegt væri. Í annan stað hefur verið sagt að það er ekki allt sem sýnist að því er varðar samvinnuformið á Íslandi vegna þess að í tengslum við samvinnuformið eru fjölmörg fyrirtæki sem alls ekki eru með samvinnuformi, heldur hlutafélagaformi. Eru þá t. d. nefnd fyrirtæki í tengslum við Íslenska aðalverktaka. Og í þriðja lagi blasir sú hætta við, að hin íslenska samvinnuhreyfing — og þá skal enn undirstrikað að þetta er ekki sagt rekstrarforminu til hnjóðs með einum eða öðrum hætti — hefur fengið á sig einkenni auðhrings, og það eru þau einkenni, og nú er hér átt við einasta fræðilega skilgreiningu á því hvað auðhringur er, að það eru möguleikar á að flytja fjármagn milli deilda og skekkja þar með viðskiptalíf og samkeppnisaðstöðu.

Alla þessa þætti er auðvitað bæði rétt að fjalla um og breyta ef mönnum sýnist svo. En það er bjargföst skoðun flm. þessa frv. til l., að langsamlega skynsamlegasti vegurinn til skynsamlegra breytinga sé aukið lýðræði, sé beinni aðild óbreyttra félagsmanna að stjórn og að það gerist best með því að skipulagi þessara fyrirtækja sé þann veg háttað, eins og raunar hugmyndin var í upphafi, að hinn einstaki félagsmaður hafi sem allra mest áhrif á þróun mála.

Það má leiða að því gild söguleg rök, að samvinnuhreyfingin er í upphafi sínu auðvitað mjög lýðræðisleg hreyfing. Hún er hugmyndafræði og samsetning hugsjónar sem gerir ráð fyrir bæði jafnri efnahagslegri aðild og miklu lýðræði. Síðan hefur þessi hreyfing auðvitað vaxið feikilega og eins og vill verða í slíkum hreyfingum kemur þetta niður á virku lýðræði. Má með sanni segja að hugmyndir sem þessar, ef að lögum yrðu, mundu leiða til þess, að í þessum efnum nálgaðist þetta rekstrarform aftur upphaf sitt og lýðræði yrði beinna.

Ef farið er til annarra landa má leiða að því mörg rök, að mjög víða í stórum félagslegum hreyfingum er lýðræði miklum mun beinna en hér gerist. Í þessum efnum langar mig til að taka dæmi sem var í fréttum, mátti lesa um í erlendum blöðum fyrir mánuði eða svo. Í Ísrael eru einhver voldugustu verkalýðs- og samvinnusambönd í nokkru landi í veröldinni. Þar heita þessi samtök, sem starfa saman, Histadrut. Þeir kjósa með beinum kosningum til þings sem fer með öll æðstu völd á fjögurra ára fresti. Raunar er litið svo á í Ísrael að þær kosningar, þegar þær fara fram, það er raunar gert með listakjöri, séu einhvers konar prófsteinn á kosningar til löggjafarsamkomunnar. Þetta dæmi frá Ísrael er nefnt til að undirstrika það, að annars staðar í veröldinni er það vissulega svo að við lýði er beint lýðræði, eins og hér er verið að leggja til, í stórum félagslegum hreyfingum. Af fréttalestri af þessum kosningum í Ísrael mátti lesa að í því landi þykja slíkar kosningar gefa góða raun.

Ég hygg að það sé svo mjög víða í stórum félagahreyfingum, að upphaflega sé þar gert ráð fyrir mjög verulegu lýðræði og á fyrstu árum slíkrar hreyfingar sé slíkt lýðræði virkt. Hins vegar gerist það, og það má segja það almennt, ekki bara um samvinnuhreyfingu, heldur stórar félagslegar hreyfingar stækka og verða voldugri er auðvitað óhægara að koma slíku lýðræði við. Þróunin hefur mjög víða orðið sú, og þar má taka dæmi bæði hér af samvinnuhreyfingu og að minni hyggju verkalýðshreyfingu einnig, að í vaxandi mæli er farið út í það sem stundum er nefnt þrepalýðræði, það eru kosnir fulltrúar sem aftur kjósa fulltrúa sem aftur kjósa fulltrúa sem svo kjósa æðstu stjórn. Þetta fyrirkomulag, þó svo að á pappírnum sé það lýðræðislegt, leiðir í reynd til stöðnunar og lítilla breytinga. Og af þessum sökum er þetta lagt til.

Það er beinlínis tekið fram í lok grg. fyrir frv., að það sé ætlast til að frv. þetta verði sent til umsagnar þeirra sem beinna hagsmuna eiga að gæta, þ. e. starfsmanna og stofnana samvinnuhreyfingarinnar. Ég vil taka það fram, að ég geri auðvitað ekki ráð fyrir að þessu frv. verði hraðað á þessu þingi úr því sem komið er, en ef það næst fram að um þetta verði umr. stendur sannfæring mín til

þess, að þeir, sem eiga fyrst og fremst hagsmuna að gæta, sem eru auðvitað virkir samvinnumenn, muni komast að þeirri niðurstöðu, að hér sé verið að leggja til skynsamlega breytingu í þessum fyrirtækjum sem til heilla megi horfa.

Herra forseti. Að lokinni þessari umr. legg ég til að frv. verði vísað til félmn. og 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til félmn. með 21 shlj. atkv.

Landsvirkjun, frv. (þskj. 563). — Frh. 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 789). — 1. umr.

Flm. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Á þskj. 789 höfum við leyft okkur, hv. þm. Árni Gunnarsson, Guðmundur G. Þórarinsson og ég, að gera tillögu til breyt. á lögum um tollskrá o. fl. sem eru nr. 120 frá 1976.

Tilgangur þessa frv. er að fella endanlega niður greiðslu aðflutningsgjalda, sem eru tollur, söluskattur, vörugjald og jöfnunargjald, af aðföngum (sem eru: hráefni, hjálparefni, rekstrarvörur, umbúðir, vélar, tæki, þar með talin flutningatæki til flutninga innan verksmiðjulóða, hlutar til véla og tækja, áhöld hvers konar og varahlutir) þeirra iðnfyrirtækja sem stunda framleiðslu til útflutnings eða eiga í beinni samkeppni við vörur og þjónustu, sem heimilt er að flytja til landsins, eða óbeinni samkeppni þegar heimill er innflutningur sem komið getur í stað innlendrar vöru eða þjónustu samkv. almennu mati notenda viðkomandi vöru.

Í 3. gr. laganna um tollskrá er fjallað um undanþágu- og lækkunarheimildir. Við gerum tillögu um að 12. liður, sem þar er, breytist lítils háttar og verði fluttur í 2. gr., sem ber yfirskriftina tollfrjáls innflutningur, og verði þar 13. tölul.

Upplýsinga um þetta mál var aflað hjá Félagi ísl. iðnrekenda og Landssambandi iðnaðarmanna. Þess skal getið að frv. um þetta efni var lagt fram á 100. löggjafarþingi og voru þá flm. úr öllum stjórnmálaflokkum, auk mín þeir Árni Gunnarsson, Ingvar Gíslason og Kjartan Ólafsson, en því miður varð ekki aflað flm. nema úr þremur stjórnmálaflokkum þegar við nú endurflytjum þetta mál.

Á 100. löggjafarþinginu var málið tekið fyrir af fjh.- og viðskn. Nd. Alþingis, en formaður þeirrar n. í þann tíð var Lúðvík Jósepsson. Gefið var út nál. sem hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Nefndin hefur rætt frv. og fékk til fundar við sig ráðuneytisstjórann í fjmrn. og veitti hann ýmsar upplýsingar.

Tilgangur frv. er að fella endanlega niður greiðslu aðflutningsgjalda af aðföngum þeirra iðnfyrirtækja, sem stunda framleiðslu til útflutnings eða eiga í beinni samkeppni við vörur og þjónustu, sem heimilt er að flytja til landsins, eða óbeinni samkeppni, þegar heimill er innflutningur sem komið getur í stað innlendrar vöru eða þjónustu, eins og segir í grg. með frv.

Nefndin er sammála um að markmiði þessu þurfi að ná.“ — Ég endurtek: „Nefndin er sammála um að markmiði þessu þurfi að ná. Efni frv. er nánast samhljóða niðurstöðu samstarfsnefndar um iðnaðarmál, en sú n. hefur starfað á vegum iðnrn. Flm. frv. eru þm. úr öllum þingflokkum. Því sýnist víðtæk samstaða vera um efni frv.

Þar sem nefndinni er ljóst að ýmsir framkvæmdaörðugleikar muni verða við framkvæmd slíks ákvæðis í lögum, eins og frv.-greinin er orðuð, leggur nefndin til, að frv. verði vísað til ríkisstj., sem sjái um að frv. verði samið um þetta efni og flutt á næsta þingi þar sem með því verði best tryggð örugg framkvæmd málsins.“

Tilvitnun lýkur í nál. sem var undirritað af öllum nm. fjh.- og viðskn. á 100. löggjafarþinginu, en formaður þeirrar nefndar var þá Lúðvík Jósepsson, þáv. alþm.

Þess skal getið að aldrei kom frv. frá ríkisstj. Hins vegar fór fram endurskoðun á auglýsingu nr. 284/1978, um niðurfellingu og endurgreiðslu tolls og/eða sölugjalds af ýmsum aðföngum til samkeppnisiðnaðar, sem gerð var um s. l. áramót, en samt sem áður komust málin ekki í þau horf sem talist getur að sé eðlilegt. Vísa ég þar til umsagnar Félags ísl. iðnrekenda, en ekki síður til skýrslu sem samin var af samstarfsnefnd um iðnþróun sem starfaði á vegum núv. hæstv. iðnrh., en á bls. 64 í skýrslu hans, sem er fylgiskjal með þál. um iðnaðarstefnu, kemur rækilega fram að sú nefnd er sammála efni þessa frv. Gera verður ráð fyrir að hæstv. ráðh. sé það líka því að í 13. tölul. á bls. 2 í till. til þál. um iðnaðarstefnu segir svo, með leyfi forseta:

„Felld verði niður aðflutningsgjöld af aðföngum þess iðnaðar sem á í samkeppni við erlenda aðila.“

Í 13. tölul. í iðnaðarstefnu, þáltill. hæstv. iðnrh. og reyndar ríkisstj. allrar, er verið að vekja máls á þessu atriði vegna þess að það hefur ekki náðst fram m. a. vegna íhaldssemi fjmrn.

Það vekur athygli og frá því er skýrt á bls. 3 í grg. með þessu frv., að nú þegar lögð hafa verið fram stjfrv. um sjóefnavinnslu á Reykjanesi, steinullarverksmiðju og stálbræðslu er í öllum frv. gert ráð fyrir að þessi fyrirtæki fái niður felld aðflutnings- og sölugjöld af vélum, tækjum og varahlutum, og síðan er sagt að fjmrh. setji reglur um framkvæmd þessa ákvæðis. Þegar ríkið á í hlut er ekki hikað við að setja í lög slíka yfirlýsingu. Að vísu er þar um heimildagrein að ræða. Er mér kunnugt um að þegar til kastanna hefur komið við þau fyrirtæki, sem ríkið á í eða á að öllu, hefur reynst örðugt að semja við fjmrn. um þessi efni, en með frv. okkar er gert ráð fyrir að hér sé um fortakslaust ákvæði að ræða.

Verði þetta frv. samþykkt er það framlag Alþingis til þeirrar viðleitni að jafna starfsskilyrði atvinnuveganna.

Á bls. 3 í grg. eru dæmi um núverandi skipan: annars vegar af flutningatækjum og hins vegar öðrum vörum sem iðnaðurinn íslenski notar. Hér er aðeins um örfá dæmi að ræða til að sýna hve misjafnlega þessar vörur eru tollaðar og hve mishá aðflutningsgjöldin eru.

Á bls. 4 er fjallað um þátt þessa frv. í tækniværðingu og þá um leið lækkun vöruverðs á iðnaðarvörum. Loks er lítill kafli þar sem reynt er, að vísu með mjög óljósum

hætti, að meta tekjutap ríkissjóðs, sem nánast er óhugsandi eins og mál eru nú. Þá eru fskj. birt með frv. Það eru bréf sem fóru á milli Félags ísl. iðnrekenda og fjmrn. vegna tveggja mála sem komu upp. Var annars vegar um að ræða Kassagerð Reykjavíkur og hins vegar Pólinn á Ísafirði. Þessi bréf sýna fyllilega hver er afstaða fjmrn. til niðurfellingar á aðflutningsgjöldum og hvernig tollskrárlögunum er beitt í framkvæmd.

Herra forseti. Hér er um endurflutt mál að ræða og þess vegna óþarfi að hafa mörg fleiri orð um þetta frv. Það kemur seint fram á þinginu og borin von að það verði samþykkt á yfirstandandi þingi, en með því að leggja frv. fram og koma því til nefndar teljum við flm. að við séum að ýta á hæstv. fjmrh. að taka undir með hæstv. iðnrh. og koma þessum málum í það horf sem eðlilegt getur talist.

Að lokinni þessari umr. legg ég til að málinu verði vísað til fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv.

Efri deild, 109. fundur

Mánudaginn 18. maí, kl. 3.25 síðdegis.

Vitamál, frv. (þskj. 895). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 903).

Fiskveiðar á Norðaustur-Atlantshafi, frv. (þskj. 674). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Umferðarlög, frv. (þskj. 654, n. 854, 855). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Brtt. 855,1 (ný gr., verður 1. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 855,2 samþ. með 12 shlj. atkv.

1. gr. (verður 2. gr.), svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 855,3 (ný 2. gr., verður 3. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 855,4 samþ. með 14 shlj. atkv.

4. gr. (verður 5. gr.), svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 855,5 (ný 5. gr., verður 6 gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.

6. gr. (verður 7. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Efri deild, 110. fundur.

Þriðjudaginn 19. maí, kl. 1 miðdegis.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 861, n. 921, 923 og 925, 922, 924) — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Þetta frv. hefur lengi verið til meðferðar hér á Alþingi og fjh.- og viðskn. beggja deilda unnu að þeim breytingum, sem frv. hefur tekið í meðferð þingsins. Við umr. í Nd. komu fram af hálfu formanns fjh.- og viðskn. þær meginástæður sem liggja að baki þeim breytingum, sem nefndirnar í heild standa að, og þeim sjónarmiðum sem við stuðningsmenn ríkisstj. viljum lýsa í tengslum við afgreiðslu þessa frv. Mér finnst óþarfi að vera að endurtaka þau sjónarmið hér, en læt það aðeins koma fram að meiri hl. fjh.- og viðskn. þessarar deildar leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það kemur frá Nd., en aðrir nm. hafa skilað sérstökum nál. Þó ber nú að hafa það í huga að Alþfl.-menn og Sjálfstfl.-menn í Nd. hafa átt verulegan hlut að því að búa frv. í þann búning sem við tökum afstöðu til hér. Það skapar því ekki rétta mynd af afstöðu manna til þessa máls að nefndin skuli hafa klofnað í minni og meiri hluta í þessu máli, en við skulum ekki vera að gera stóra hluti úr því. Það er sjálfsagt að stjórnarandstaðan skeri sig frá við og við a. m. k.

Frsm. 1. minni hl. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Mál þetta, sem hér um ræðir, frv. til l. um breyt. á skattalögum, er komið frá Nd. og var unnið að afgreiðslu málsins sameiginlega af hv. fjh.- og viðskn. Nd. og Ed. Ég vil nota þetta tækifæri til þess að þakka meðnm. mínum og sérstaklega hv. 3. þm. Austurl., Halldóri Ásgrímssyni, fyrir gott samstarf sem leiddi til þess, að þetta frv. er í veigamiklum atriðum miklu betra en það var þegar hæstv. ríkisstj. lagði það fram og að með samvinnu fjhn.- og viðskn.-manna var hrundið þeirri sérstöku aðför að atvinnuvegunum sem í frv. fólst eins og það kom frá hæstv. ríkisstj. En eins og kunnugt er var gert ráð fyrir að skerða verulega heimildir atvinnuveganna til fyrninga með frv. eins og það var frá hendi hæstv. ríkisstj. En þessari sérstöku aðför tókst að hrinda og er víst nóg um skilningsleysi og öfugstefnu hæstv. ríkisstj. í atvinnumálum, þó þetta hefði ekki bæst við.

Hæstv. ráðh. sagði við 1. umr. að þetta frv. væri fyrst

og fremst fram komið til þess að efna loforð ríkisstj. um skattalækkun, en eins og kunnugt er lofaði hæstv. ríkisstj. því að lækka óbeina skatta þannig að það svaraði til 1.5% í kaupmætti. Því miður verð ég að segja að þetta stefnumark ríkisstj. virðist vera eins og annað, að þar sé nánast um öfugmæli að ræða. Fyrir liggja opinberir útreikningar Þjóðhagsstofnunar á því, að náist markmið ríkisstj. um verðbólgu og launahækkun á yfirstandandi ári aukist ekki kaupmáttur þess sem eftir er í launaumslaginu þegar búið er að greiða beinan skatt. Þetta liggur fyrir. En auk þessa hækka margvíslegir óbeinir skattar. Eignarskattur hækkar. Það er að vísu beinn skattur, en hann hækkar óyggjandi og eins orkujöfnunargjald. Það var lagt á í fyrra hluta úr árinu, leggst á allt árið í ár. Þar er í raun um 1.5% söluskattsauka að ræða. Það eykur skattbyrðina á þessu ári. Innflutningsgjald á sælgæti, hið margfræga gotterísgjald eða negrakossagjald sem ríkisstj. lagði á, er nýr skattur í ár, en ríkisstj. hefur hrakist frá einu víginu í annað með þessa skattheimtu, en eftir stendur þó að hún eykur skattbyrðina á þessu ári. Og þá er síðast en ekki síst áform ríkisstj. um að hækka bensínskatta verulega þriðja árið í röð að raungildi.

Hækkun þessara óbeinu skatta er veruleg á þessu ári, nokkrir milljarðar gkr., sennilega einhvers staðar á milli 10 og 15 milljarða heildarhækkun skattbyrðarinnar vegna þessara óbeinu skattahækkana, og það er áreiðanlega ekki ofáætlað. Hæstv. ríkisstj. stefnir því enn að skattahækkunum — heildarskattahækkunum — þriðja árið í röð og svo mjög að séu þær skattahækkanir metnar, sem skollið hafa yfir síðan 1978, mun hver einasta fjölskylda, fjögurra manna fjölskylda — greiða um 1.5 millj. gkr. á þessu ári hækkaða skatta af völdum þeirra ríkisstj. sem setið hafa síðan.

Það er einkar athyglisvert þegar rætt er um skattbyrði og kaupmátt launa, en ríkisstj. segist með þessu frv. vera að koma til móts við menn í kaupmætti launa, hvað um þetta er sagt í nýútkomnu hefti Þjóðhagsstofnunar sem heitir Úr þjóðarbúskapnum, framvinda 1980 og horfur 1981. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta orðrétt:

„Um árið í ár, skattbyrðina í ár og ráðstöfunartekjur í ár. Á þessum forsendum um þróun tekna á árinu 1981, sem áður er getið, hefur þetta í för með sér að á árinu 1981 verða álagðir skattar sem hlutdeild af tekjum ársins um 0.5% lægri en á árinu 1980. Skattbreytingin er hins vegar töluvert mismunandi eftir hæð tekna. Á tekjum undir meðallagi er skattalækkunin meiri en hjá heildinni, en á háum tekjum þyngist skattbyrðin hins vegar. Samkv. þeim forsendum og áætlunum, sem hér hafa verið raktar, munu ráðstöfunartekjur aukast nokkru meira en heildartekjur eða um 53—54%, kaupmáttur ráðstöfunartekna ykist því lítið eitt í heild, en yrði á mann svipaður og á s. l. ári. Kaupmáttur kauptaxta yrði hins vegar 2% minni í ár en í fyrra."

Hér er Þjóðhagsstofnun að reikna með því, að í ár verði verðbólga og launabreytingar frá ársbyrjun til ársloka ekki nema 40%, eins og hæstv. ríkisstj. segir. Raunar sagði hún það sama í fyrra, þannig að hún hjakkar að þessu leyti í sama farinu. En það fór öðruvísi í fyrra eins og menn muna. En takist að ná þessu markmiði hæstv. ríkisstj. hefur Þjóðhagsstofnun að okkar ósk í fjh.- og viðskn. reiknað út skattbyrðina á árinu í ár og þá kemur út úr dæminu að skattbyrði beinna skatta verður nánast sú sama og í fyrra. Þetta liggur skjalfest fyrir, þetta plagg frá Þjóðhagsstofnun hefur verið birt með nál. okkar sjálfstæðismanna í Nd., og um það þarf nánast ekki að fjölyrða meir.

Þetta þýðir í raun að ráðstöfunartekjur munu minnka, kaupmáttur ráðstöfunartekna mun minnka verulega annað árið í röð í mesta góðæri sem yfir okkur hefur komið nú síðustu ár. Og hvað segir um skatta og ráðstöfunartekjur á árinu í fyrra í þessu hefti Þjóðhagsstofnunar? Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Endanlegar tölur um álagningu beinna skatta einstaklinga árið 1980 eru ekki fyrir hendi þegar þetta er ritað. En á grundvelli fyrirliggjandi gagna er áætlað að álagningin í heild hafi hækkað heldur meira en tekjur, eða um 58%. Þar af er áætlað að álagðir skattar til ríkisins, tekjuskattur, eignarskattur og sjúkratryggingagjald, hafi hækkað um 52—53%, en skattar til sveitarfélaga, útsvar og fasteignaskattar, hafi hækkað um nær 63%. Samkv. þessu er talið að skattbyrði hafi þyngst heldur frá í fyrra og hafi álagðir beinir skattar einstaklinga numið 13.7% af tekjum á árinu 1980 samanborið við 13.3% á árinu 1979."

Þetta er að vísu varlega sagt hér hjá Þjóðhagsstofnun því það munar allverulega um það hvort skattbyrðin er 13.7% af tekjum eða 13.3%. Áfram segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Ráðstöfunartekjur, þ. e. heildartekjur að frádregnum beinum sköttum, eru því taldar hafa aukist heldur minna en heildartekjur á s. l. ári eða rösklega 53%, en á mann var aukningin 51.5%.

Af því, sem hér hefur verið rakið um þróun tekna og verðlags á síðasta ári, má ráða að kaupmáttur kauptaxta hafi að meðaltali verið tæplega 5% minni en árið áður á mælikvarða framfærsluvísitölu. Kaupmáttarrýrnunin frá upphafi til loka árs var þó minni eða um 2.5% og valda þar áhrif kjarasamninganna undir lok ársins.

Kaupmáttur heildartekna," segir enn í þessari skýrslu, „minnkaði um tæplega 3% í fyrra á mann miðað við vísitölu framfærslukostnaðar eða um 1.5% miðað við verðlag einkaneyslu. Kaupmáttur ráðstöfunartekna er í heild talinn hafa orðið 2% minni í fyrra en árið áður en 3% minni á mann miðað við verðlag einkaneyslu, samanborið við 2.5% aukningu 1978 og 1979."

Hér er því sagt að hæstv. fjmrh. hafi farið með rangt mál í fyrra þegar hann sagði æ ofan í æ í þessari hv. deild að það yrði ekki um íþyngingu að ræða í beinum sköttum. Hann sagði það æ ofan í æ. Og hæstv. talsmenn ríkisstj. hafa ekki minnst á eða mótmælt því, að það hafi orðið kaupmáttarrýrnun í fyrra á allan mælikvarða: 5% ef um kauptaxtaviðmiðun er að ræða, 2.5% ef um ráðstöfunartekjur er að ræða. Og þetta gerist þegar þorskaflinn vex úr 360 þús. tonnum 1979 í 426 þús. tonn, og þetta gerist þegar sjávarafurðaframleiðsla eykst um 10%, þjóðarframleiðsla vex um 2.5% og þjóðartekjur hækka, þó þær hækki aðeins minna en þjóðarframleiðslan vegna viðskiptakjararýrnunar sem var minnst á þessu ári í mörg ár. En þjóðartekjur hækka um 1.2% þegar búið er að draga frá viðskiptakjararýrnunina. Þetta eru afrek í lagi! Í því árferði sem aflaaukning verður slík sem ég hef hér rakið og þjóðarframleiðsla, þá verður kaupmáttarrýrnun á alla mælikvarða. Þrátt fyrir lengstu kjaradeilu, sem verið hafa í langan tíma, og verkalýðsleiðtogar lýstu að þeir hefðu náð þar fram 9% kauphækkun að meðaltali, verður á þessu ári, þ. e. árinu í fyrra, stórfelld skattahækkun og rýrnun kaupmáttar alls almennings í landinu, mæld á alla mælikvarða. Og hæstv. ríkisstj.

kemur enn og segir: Nú ætlum við að lækka skatta til þess að draga úr kjaraskerðingunni sem við framkvæmdum með brbl. um áramótin. Þið fáið skattalækkun upp á móti. — Ætli það reynist ekki svipað með það loforð hjá hæstv. fjmrh. og í fyrra þegar hann sagði að þá mundu skattar ekki hækka.

Ég hef rakið það hér eftir opinberum gögnum hver þessi þróun hefur orðið. Og því miður er ekki annað fyrirséð en að á þessu ári verði enn kjararýrnun. En þetta væri kannske gott og blessað ef það hefði á einhvern hátt tekist að minnka verðbólgu í landinu. Menn segja: Það stefndi í 60—70% verðbólgu á þessu ári og við björguðum því með 7% skerðingu verðbóta á laun 1. mars. — Það er nokkuð til í þessu. En er þetta ekki bara dæmi um hvernig hæstv. ríkisstj. hagar sínum málflutningi? Síðast á árinu í fyrra fór allt úr böndunum hjá henni. Í staðinn fyrir, að hún var að tala þá um 40% verðbólgu, jafnvel enn þá minni, varð hún nærri 60%. Síðan hælir hún sér af því og telur að hægt sé að telja fólki trú um að það þurfi að taka á sig þessa kjaraskerðingu einvörðungu til þess að stemma stigu við þessu verðbólguflóði og hjakka í sama farinu og í fyrra. En þá sagði hæstv. ríkisstj. þegar hún settist að völdum, að það yrði hennar aðalverkefni í efnahagsmálum að ná tökum á þeirri geigvænlegu verðbólgu sem þá ríkti. Ég verð satt að segja að segja það við þessa umr., þegar verið er að ræða um að hæstv. ríkisstj. sé með skattalækkun til að draga nokkuð úr kjaraskerðingunni sem hún framkvæmdi um áramótin, að þar er um að ræða sömu öfugmælavísurnar og ríkisstj. hefur setið við að yrkja frá því hún settist að völdum. Það sakar ekki að geta þess, eins og maðurinn sagði einu sinni í munnlegu prófi, að þetta er ekki það eina sem fer úrskeiðis og hallast á í stefnu hæstv. ríkisstj. í efnahagsmálum. Ég minni aðeins á í viðbót við það sem ég hef gert hér, og það sýnir náttúrlega hvert stefnir, að hæstv. ríkisstj. eykur erlendar lántökur til opinberra þarfa, til þarfa ríkissjóðs og opinberra fyrirtækja, um 1 milljarð nýkr. á þessu ári, 100 milljarða gkr. Það er 105% hækkun á erlendum lántökum frá því í fyrra, á ári sem er samdráttur í stórframkvæmdum, orkuframkvæmdum og stóriðnaðarframkvæmdum í landinu.

Þannig hallast ekki á að hæstv. ríkisstj. hrekst frá einum bráðabirgðaúrlausnunum til annarra, slær erlend lán til þess að bjarga sér í bili og framtíðin þarf svo að borga. Hún er alveg dæmigerð bráðabirgðaríkisstj. sem hefur ekki leyst neinn vanda, en það versta er að óstjórnin á öllum sviðum hefur komið niður á fólkinu eins og ég hef hér rakið.

Við fulltrúar Sjálfstfl. höfum leyft okkur að flytja nokkrar brtt. við þetta frv., en það vill svo til að við sumir hverjir viljum halda okkur við okkar grundvallarstefnu í skattamálum. Það er grundvallarstefna okkar sjálfstæðismanna í skattamálum, að sköttum verði stillt svo í hóf að þeir lami ekki athafnaþrá manna. Í því sambandi höfum við talið að heildarskattprósenta ætti ekki að fara upp fyrir 50%. Við höfum líka verið þeirrar skoðunar, að tekjuskatta bæri að afnema í áföngum á almennum launatekjum og á meðan því er ekki lokið verði tekjuskattar lækkaðir verulega á þeim lægst launuðu og aukið svigrúm til þess að nýta persónuafslátt til greiðslu opinberra gjalda. Það er að vísu komið nokkuð til móts við þetta sjónarmið í frv. eins og það kemur frá Nd., því þar er heimilað að nýta persónuafslátt til greiðslu útsvars. En því miður er ekki nægjanlega gengið í þessa átt að öllu leyti.

Þá erum við sjálfstæðismenn þeirrar skoðunar, að skattar eigi ekki að vera með þeim hætti, að þeir letji fólk til þess að byggja eða búa í eigin húsnæði, og að sjálfsögðu að skattar á fyrirtæki hamli ekki gegn æskilegri uppbyggingu og framþróun atvinnulífsins.

Í samræmi við þessi sjónarmið okkar sjálfstæðismanna eru brtt. fluttar á sérstöku þskj. sem ég skal gera stutta grein fyrir.

1. brtt. gerir ráð fyrir að arður af hlutafé sé skattfrjáls eins og um sparifé væri að ræða, og auk þess er í till. gert ráð fyrir að hlutafé verði eignarskattsfrjálst. Hér er um að ræða að skattleggja hlutafé á hliðstæðan hátt og sparifé, og ég vek athygli á því, að að undanförnu hefur sparifé í vaxandi mæli verið verðtryggt. Það þýðir að sjálfsögðu að fólk velur fremur að leggja fé sitt í banka en atvinnulífið, ef skattar eru hærri ef fólk velur það sparnaðarform að leggja sparifé sitt beint í atvinnulífið.

Þá er í 2. brtt. gert ráð fyrir að gjöld af skuldum við Lánasjóð íslenskra námsmanna, þ. e. vextir og verðbætur, verði frádráttarbær eins og um væri að ræða lán sem hefur verið notað til öflunar íbúðarhúsnæðis eða til endurbóta á því. Við teljum að ef námsmaður hefur fengið lán úr lánasjóði sé um að ræða nokkurs konar fjárfestingu og því eigi að fara með fjármagnsgreiðslur eða fjármagnskostnað af slíkum lántökum á svipaðan hátt og um fjárfestingu í öðru sé að ræða, námsmönnum sé a. m. k. ekki mismunað miðað við að fjárfesta í steinsteypu.

Í 3. brtt. er gert ráð fyrir að sú flýtifyrning, sem í lögum nú er 50%, verði það áfram í stað þess að frv. gerir ráð fyrir að breyta þessari prósentu í 40%. Það tókst ekki að fá fram þessa leiðréttingu í Nd. Að vísu er í lögum nú sérstök flýtifyrning sem undir vissum kringumstæðum er hægt að beita, og hún er nú 4%, en við frv. hefur verið samþykkt brtt. um 6%. Við teljum á hinn bóginn að það sé mikilvægt fyrir atvinnulífið að halda þessari fyrningarprósentu sem er í lögum, þ. e. 50%.

Í 4. brtt. er að finna þá skattstiga sem við leggjum til að skattlagning byggist á. Þar er miðað við skattbyrðina 1977 þegar ríkisfjármálin voru undir forustu Sjálfstfl. Við teljum að þar sé um að ræða þá skattlagningu sem við séum reiðubúnir að standa að.

Í 5. brtt. er gert ráð fyrir að ónotaðan persónuafslátt sé ekki aðeins hægt að nota til greiðslu á útsvari, heldur líka á öðrum opinberum gjöldum sem viðkomandi er ætlað að greiða.

Þá er í 6. brtt. gert ráð fyrir að tekjuskattur lögaðila verði 53%. Það er sama hlutfall og var 1977.

Og í 7. brtt., þ. e. við 28. gr., er lagt til að við bætist heimild um sérstaka meðferð á hlutafé.

Herra forseti. Að öðru leyti eru þessar brtt. þannig að þær þarfnast ekki nánari skýringa. Í þeim er verið að leitast við að koma fram okkar skattstefnu og ég tel ekki ástæðu til að rekja þær öllu nánar. Það má þó geta þess, að í 7. brtt., sem er nánast leiðréttíng, er gert ráð fyrir að eignarskattur manna, sem skattskyldir eru samkv. 1. gr., svo og þeirra íslensku ríkisborgara, sem búsettir eru erlendis um stundarsakir og skattskyldir eru samkv. 3. gr., reiknist eins og þar segir, en þar er gert ráð fyrir að þeir njóti líka skattfrjálsrar upphæðar að ákveðnu marki. En eins og lögin eru nú munu þeir ekki, íslenskir ríkisborgarar, njóta neinna skattfrelsismarka, þ. e. af fyrstu ákveðnu milljónunum í eign. Þeir fá ekki neinn slíkan

frádrátt að óbreyttum lögum.

Ég hef, herra forseti, gert grein fyrir þessum brtt. að svo miklu leyti sem ástæða er til, og eins og ég sagði áðan eru þær í samræmi við grundvallarstefnu okkar sjálfstæðismanna í skattamálum. Þessar brtt. þýða að sjálfsögðu nokkurt tekjutap fyrir ríkissjóð. Við höfum áður sagt að við værum reiðubúnir að taka þátt í því með öðrum flokkum hér á hinu háa Alþingi að standa að niðurskurði ríkisútgjalda á móti, þannig að hallarekstur þyrfti ekki að vera á ríkissjóði þegar til lengdar lætur ef slíkar till. yrðu samþykktar.

Þá vil ég að lokum geta þess, að ég mun við 3. umr. vekja athygli á smáósamræmi, sem er í framkvæmd skattalaga nú að því er varðar fiskimannafrádrátt og sjómannafrádrátt, og freista þess — með leyfi forseta — að flytja þá skriflega brtt. sem ég tel að muni leiðrétta það misræmi sem er í þeirri framkvæmd.

Frsm. 2. minni hl. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Það frv., sem hér er til umr., í þeim búningi sem það hér birtist okkur, er í mörgum meginatriðum frábrugðið því frv. sem hæstv. fjmrh. lagði fram á sínum tíma. Um ýmsar þær breytingar, sem gerðar hafa verið, ríkti frá upphafi alger samstaða eða lítill sem enginn ágreiningur milli stjórnmálaflokkanna hér á Alþingi. Það gildir t. d. um almennar leiðréttingar og umorðanir sem reynslan af framkvæmd nýju skattalaganna leiddi í ljós að væru nauðsynlegar. Það gildir líka um ýmsar ívilnanir og leiðréttingar á skattlagningu ákveðinna hópa, þó að í vissum tilvikum höfum við fulltrúar Alþfl. talið að lengra ætti að ganga í þeim efnum.

Við sættum okkur við og teljum viðunandi að fá niðurfellingu gildandi ákvæða um skattskyldan eignaauka af aukavinnu, sem maður leggur fram utan venjulegs vinnutíma við byggingu eigin íbúðarhúsnæðis, og heimild til frádráttar á helmingi greiddrar húsaleigu fyrir íbúðarhúsnæði til eigin nota svo og um ívilnun í eignarskatti vegna skerts gjaldþols. Hins vegar höfum við talið að koma hefði átt betur til móts við einstæða foreldra en gert hefur verið í þessum tillögum ríkisstj., og er þó með þeim stigið verulegt skref í þá áttina. Það verður að teljast árangur af þeim málflutningi sem við Alþfl.-menn höfðum uppi hér fyrir ári, þar sem við sýndum fram á það með skýrum dæmum, að frv. hæstv. fjmrh. þá mundi íþyngja stórum hluta einstæðra foreldra. Hæstv. ráðh. fékkst þá ekki til þess að ljá þeim rökum eyra þó óvefengjanleg væru. En það var skipuð nefnd til þess að fara ofan í þessi mál og í sannleika sagt staðfesti hún allan málflutning Alþfl. að því er varðaði skattlagningu einstæðra foreldra og íþyngingu á skattbyrði á stórum hópi þeirra. Þannig tel ég að sá tillöguflutningur og sá málflutningur, sem Alþfl. hafði uppi í þessum efnum, hafi skilað verulegum árangri til hagsbóta fyrir hóp af fólki sem stendur frekar höllum fæti í þjóðfélaginu svo ekki sé sterkar að orði kveðið.

Það má segja að þriðja meginefni frv., eins og það kom frá hæstv. fjmrh., hafi verið fráhvarf frá einu af meginatriðum gildandi skattalaga, og kannske var þetta eina meiri háttar stefnumótun ríkisstj. utan þess að halda uppi mikilli skattpíningu í landinu. Ég á hér við till. í frv., eins og það birtist frá fjmrh., um niðurfellingu reiknaðra launa til þeirra sem starfa við eigin atvinnurekstur eða hafa sjálfstæða starfsemi með höndum, — reiknuð laun sem taki mið af endurgjaldi fyrir sambærilegt starf sem viðkomandi hafði fengið sem launþegi hjá öðrum.

Það er álit og hefur verið álit okkar þm. Alþfl., að þetta ákvæði gildandi laga um reiknaðar tekjur manna, sem stunda eigin atvinnurekstur, sé og hafi verið eitt af mikilsverðustu og þörfustu ákvæðum hinna nýju skattalaga, þeirra sem nú eru í gildi. Alþfl. hefur um árabil talið að skilja beri milli atvinnurekstrarmanna annars vegar og einkabúskapar þeirra hins vegar, og þetta ákvæði um reiknuðu launin er ein meginforsendan fyrir því, að slíkt sé unnt. Þetta er í rauninni stórmerkilegt nýmæli í íslenskri skattalöggjöf og reyndar þótt víðar væri leitað, og þm. Alþfl. studdu mjög eindregið þessar umbætur þegar þær voru lögleiddar árið 1978.

Hæstv. fjmrh. lagði hins vegar til í frv. sínu að þessi ákvæði yrðu felld úr lögum, og það gerði hann án þess að geta rökstutt þá till. með öðru en því að benda á nokkra framkvæmdalega misbresti og annmarka sem orðið höfðu vegna þess að undirbúningur álagningarinnar var seint á ferðinni vegna seinlætis ríkisstj. við að gera till. um nauðsynlegar breytingar á skattamálunum þá.

Alþfl. tók þegar í stað eindregna afstöðu gegn till. ráðh. um niðurfellingu hinna reiknuðu launa, og þingflokkur Alþfl. var eini flokkur þingsins sem það gerði. Hann lét andstöðu sína koma fram þegar í stað, bæði í nefndarstörfum og eins við 1. umr. um málið í Nd. Fulltrúar Alþfl. hafa svo unnið að því í fjh.- og viðskn. í umboði flokksins að ná samstöðu um að efnisatriði gildandi laga héldust, þó þannig að sjálfsögðu að taka tillit til þeirra lagfæringa sem nauðsynlegt væri að gera í ljósi reynslunnar. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að undir formennsku hv. þm. Halldórs Ásgrímssonar náðist samkomulag milli allra nm. um að hafna þessari till. fjmrh. Nm. í fjh.- og viðskn. voru sammála um að leggja til að till. í frv. ríkisstj. um afnám reiknuðu launanna yrðu felldar, en lagagreinar um umreiknuðu launin yrðu nokkuð umorðaðar, ekki síst til þess að tryggja samræmdari og eðlilegri framkvæmd, en án þess að megintilgangi ákvæðanna væri haggað. Það er vitaskuld okkur Alþfl.-mönnum mikið ánægjuefni, að samkomulag skuli hafa orðið um að hrinda þessari tilraun fjmrh. til að afnema þessi ákvæði um reiknaðar tekjur manna sem stunda eigin atvinnurekstur samkv. 59. gr. tekjuskattslaganna. Við teljum mjög mikilvægt að þetta skyldi takast.

Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta, en tel að það sé mikið hagsmunamál fyrir alla alþýðu þessa lands að þessari tilraun skyldi verða hrundið, og ég fagna því, að það skyldi takast svo viðtæk samstaða um það.

Á hinn bóginn er það svo með ákvæði skattalaganna eins og fulltrúar ríkisstj. vilja standa að þeim varðandi skattstiga og persónuafslátt, að þau fela í sér áframhaldandi skattpíningu. Með samþykkt á þessum skattstiga ríkisstj. er ekki tryggður kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna, eins og ríkisstj. hafði þó heitið verkalýðshreyfingunni og þar með öllum launþegum þessa lands. Það er vitaskuld með öllu óviðunandi að þannig skuli vera staðið að máli af hálfu ríkisstj.

Í samræmi við það markmið að standa við þetta heit og treysta kaupmátt ráðstöfunartekna heimilanna í því óvissuástandi, sem nú ríkir, og draga úr tekjuskattsheimtunni samkv. stefnumörkun Alþlfl., flyt ég till. um breyt. á ákvæðum laganna um skattstiga og persónuafslátt eins og segir í nál. frá mér. Varðandi grg. með þessum till. vísast að öðru leyti til nál. fulltrúa Alþfl. í

fjh.- og viðskn. Nd.

Það má segja að umr. um skattstigann eigi sér nokkurn aðdraganda. Í skattstigafrv., sem lagt var fram af minnihlutastjórn Alþfl. árið 1980, var gert ráð fyrir að tekjuskattur af almennum launatekjum yrði felldur niður í tveimur jöfnum áföngum á tveimur árum. Samkv. till. Alþfl. í frv. um skattstiga og persónuafslátt frá 1980 var gert ráð fyrir að meðallaunþegafjölskylda yrði tekjuskattslaus í tveimur jafnstórum áföngum á álagningarárinu 1980 vegna tekna ársins 1979 og álagningarárinu 1981 vegna tekna ársins 1980. Þetta frv. varð ekki samþykkt, heldur samþykkti Alþingi annað skattstigafrv. frá núv. ríkisstj. sem hafði í för með sér verulega hækkun skatta frá fyrra ári og mikla skattahækkun frá skattstigatillögum minnihlutastjórnar Alþfl. Það er nú svo komið að skattbyrði beinna skatta eða álagðir skattar í hlutfalli af tekjum álagningarárs hafa aldrei orðið meiri en á s. l. ári. Það eru engin dæmi um það frá fyrri árum að svo hafi orðið, og greiðslubyrði beinna skatta hefur aðeins einu sinni orðið hærri á s. l. 20 árum heldur en var í fyrra.

Ríkisstj. hefur með þeim till., sem hún nú gerir, og hennar stuðningsmenn ekki staðið við fyrirheit sitt um að gera ráðstafanir í skattamálum sem lækki skattlagningu þessa árs frá árinu 1980. Eins og till. ríkisstj. eru og miðað við verðlagsforsendur ríkisstj. er ekki gert ráð fyrir að greiðslubyrði beinna skatta breytist svo nokkru nemi á árinu 1980 eða miðað við árið sem leið. Og þá er rétt að hafa í huga að þá var greiðslubyrði beinna skatta sú næstmesta sem upplýsingar liggja um frá s. l. 20 árum.

Hæstv. fjmrh. hefur leikið þann leik að hækka skattana fyrst og telja mönnum síðan trú um að hann væri að lækka skattana með því að lækka innheimtutölur sínar sem voru þegar í upphafi langt fyrir ofan það sem áður hefur tíðkast.

Þær till., sem ég flyt fyrir hönd Alþfl. í þessari hv. deild, fela í sér breytingar á 21. og 22. gr. varðandi skattstiga og persónuafslátt. Till. eru í meginatriðum þær að því er skattstiga varðar, að af fyrstu 4 millj. skattskyldra tekna greiðist 20%, af tekjum á bilinu 4—9 millj. greiðist 30%, af tekjum á bilinu 9—12 millj. greiðist 45% og af tekjum yfir 12 millj. greiðist 50%.

Að því er persónuafsláttinn varðar er gert ráð fyrir að hann verði 6600 nýkr. sem nýtist til greiðslu allra opinberra gjalda nema fasteignagjalda, og sá persónuafsláttur, sem þá kann að verða ónýttur, greiðist til gjaldanda allt að 2200 nýkr.

Tilgangurinn með þessum till. er m. a. að ná því markmiði að afnema tekjuskatt af almennum launatekjum í áföngum.

Enn fremur er ítrekuð sú till., sem þm. Alþfl. gerðu við afgreiðslu brbl. ríkisstj. um kjaraskerðingu í vetur, nefnilega að ónýttur persónuafsláttur skuli ganga upp í öll opinber gjöld skattþegns og maka hans nema fasteignagjöld, en ekki aðeins upp í hluta þeirra eins og till. ríkisstj. gera ráð fyrir, og enn fremur að ónýttur persónuafsláttur, sem þá kynni að verða eftir, verði greiddur út til fólks yfir 25 ára aldri allt að 2200 nýkr., en þó ekki til atvinnurekenda.

Þessi till. Alþfl. um útborganlegan persónuafslátt og fjölgun opinberra gjalda, sem ónýttur persónuafsláttur getur gengið til, er fyrst og fremst mjög til hagsbóta fyrir ýmsa lágtekjumenn: sjúklinga, gamalt fólk og aðra þá sem mjög lágar tekjur hafa og eiga í vök að verjast í hinu verðbólgusjúka þjóðfélagi.

Auðvitað er með ýmsum dæmum hægt að sýna fram á mismun á þeim skattstigatill., sem Alþfl. flytur, og till. ríkisstj. varðandi skattstiga og persónuafslátt. Það er rétt að nefna fáein dæmi:

1. Samkv. till. ríkisstj. eru skattleysismörk hjóna í tekjuskatti með meðaltekjuskiptingu um 7.5 millj. miðað við tekjur á s. l. ári. Þessi sömu hjón mundu samkv. till. Alþfl. um skattstiga mega hafa um einni millj. kr. meira í tekjur án þess að þurfa að greiða af tekjuskatt.

2. Ungur tekjulítill námsmaður, sem þarf samkvæmt till. ríkisstj. að greiða sérstaklega kirkjugarðsgjald og sóknargjald þó svo að hann eigi ónýttan persónuafslátt, hann mundi ekki lenda í því samkvæmt till. Alþfl., heldur fengi hann að nota sinn ónýtta persónuafslátt til greiðslu beggja þessara gjalda.

Við getum tekið þriðja dæmið um aldraðan tekjulítinn einstakling eða öryrkja sem hefur litlar tekjur, hefur orðið fyrir sérstöku áfalli, og væri yfir 25 ára aldri og stundaði ekki atvinnurekstur. Hann fær samkvæmt till. ríkisstj. að nota ónýttan persónuafslátt upp í eignarskatt, sjúkratryggingagjald og útsvar, en allur persónuafsláttur, sem þá kann að vera óráðstafað, fellur niður. Samkv. till. Alþfl. mundi þessi sami tekjulági aldraði maður eða öryrki auk þess fá að nota óráðstafaðan persónuafslátt til að greiða kirkjugarðsgjald, bæði sitt og maka síns, ásamt sóknargjaldi og fá auk þess útborgaðar allt að 2200 nýkr. sem þá kynnu að verða eftir.

Fjórða dæmið má taka af einhleypum manni með 45 þús. nýkr. eða 4.5 millj. gkr. tekjur á árinu 1980. Hann þyrfti að greiða 1100 kr. í tekjuskatt samkvæmt frv. ríkisstj., en þessi sami einstaklingur mundi nánast verða tekjuskattslaus samkvæmt till. Alþfl.

Fimmta dæmið skal rakið um einstætt foreldri með 7 millj. 370 þús. gkr. í tekjur á árinu 1980. Það mun þurfa að greiða 2400 kr. í tekjuskatt samkvæmt till. ríkisstj., en samkvæmt till. Alþfl., þeim till. sem ég mæli hér fyrir, mundi þessi sami einstaklingur aðeins greiða 1100 kr. í tekjuskatt.

Herra forseti. Ég hef gert grein fyrir viðhorfum okkar Alþfl.-manna til þess frv. sem hér er til umfjöllunar. Afstaða okkar er í megindráttum sú, að að því er varðar almennar leiðréttingar og umorðanir erum við algerlega sammála því. Að því er varðar ívilnanir og leiðréttingar um aukavinnu og að því er varðar húsaleigu erum við sammála því. Við teljum að mikill sigur hafi unnist með því að hrinda áhlaupi fjmrh. til þess að afnema regluna um reiknuð laun þeirra sem við eigin atvinnurekstur starfa. Við fögnum því, að það skyldi takast. Í fjórða lagi teljum við að það skattstigafrv., sem ríkisstj. hér áformar að fá samþykkt, rísi ekki undir því fyrirheiti, sem ríkisstj. hefur gefið verkalýðshreyfingunni, og muni alls ekki duga til þess að treysta ráðstöfunartekjur heimilanna í því óvissuástandi sem nú ríkir. Þess vegna leggjum við ríka áherslu á að till. okkar varðandi skattstiga og persónuafslátt verði samþykktar, en till. ríkisstj. hafnað með sama hætti og gert var varðandi 59. gr. þar sem áhlaupi ríkisstj. var hrundið með samstilltu átaki alþm.

Forseti (Helgi Seljan): Þar sem ég sé að það er orðinn talsvert knappur tími þangað til fundur í Sþ. á að hefjast, þá hygg ég að sé rétt að fresta atkvgr. nú um stund, en hún mun fara fram þegar að lokinni fundarsetningu og

nauðsynlegum formsatriðum í Sþ. nú rétt upp úr tvö. Ég held að það sé heppilegast að ljúka þá atkvgr. og freista þess um leið að ljúka 3. umr. Þessum fundi er nú frestað þar til að lokinni fundarsetningu í Sþ. — [Fundarhlé.]

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
8.—9. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 922,1 felld með 14:6 atkv.
10. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 922,2 felld með 11:6 atkv.
11. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
12.—13. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 922,3 felld með 12:6 atkv.
14. gr. samþ. með 11:6 atkv.
15.—18. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
19. gr. samþ. með 18:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: GB, GK, GTh, JH, KSG, KJ, LJ, ÓlJ, StefG, ÓRG, TÁ, ÞK, DA, EgJ, EG, EKJ, GeirG, HS.

nei: StJ.

SalÞ greiddi ekki atkv.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Þegar þessi grein var til meðferðar hér á Alþingi á árinu 1978 gerði ég grein fyrir atkvgr. um hana, svohljóðandi:

„Hæstv. forseti. Þessari grein er ætlað að tryggja það, að þeir, sem stunda eigin atvinnurekstur, greiði skatta á borð við aðra skattborgara, og í öðru lagi ætla ég að greininni sé einnig ætlað að tryggja það að mönnum verði aldrei gert að greiða skatt af tekjum sem þeir ekki hafa."

Í því trausti, að þessi skilningur minn sé réttur, segi ég já. Ég leyfi mér að vísa til þessarar grg. um leið og ég segi já við þessa atkvgr.

20. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 924,1 felld með 10:3 atkv.
Brtt. 922,4 felld með 11:6 atkv.
21. gr. samþ. með 11:9 atkv.
Brtt. 924,2 felld með 11:3 atkv.
Brtt. 922,5 felld með 11:9 atkv.
22. gr. samþ. með 11:6 atkv.
Brtt. 922,6 felld með 13:6 atkv.
23. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 922,7.a felld með 11:9 atkv.
Brtt. 922,7.b felld með 11:6 atkv.
24. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
25.—28. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
29. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
30. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 922,8 felld með 11:6 atkv.
31. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
32. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 922,9 felld með 11:9 atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Efri deild, 111. fundur.

Þriðjudaginn 19. maí, að loknum 110. fundi.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 861). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. 1. minni hl. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Mér er tjáð að skattalög séu þannig framkvæmd að því er varðar sjómannafrádrátt og fiskimannafrádrátt, að landmenn, sem eru annaðhvort lögskráðir eða ekki, en eru hlutaráðnir, fái ekki sjómanna- og fiskimannafrádrátt á sumum stöðum á landinu, en aftur á móti fái beitingarmenn hér á Suðvesturlandi og fleiri stöðum þennan sjómanna- og fiskimannafrádrátt. Þetta er nánast framkvæmdaratriði, er manni tjáð, en því miður hefur framkvæmdin verið þessum annmörkum háð, að mönnum er stórlega mismunað að þessu leyti.

Ég vil því freista þess að flytja hér skriflega brtt. við 30. gr. C-kafla 1. tölul. 1. málsgr., þar sem fyrir orðin: „Sama regla skal gilda um hlutaráðna sjómenn og landmenn enda þótt þeir séu ekki lögskráðir" komi: Sama regla skal gilda um hlutaráðna sjómenn og landmenn við hvers konar fiskveiðar enda þótt þeir séu ekki lögskráðir". Það yrði þá alveg ótvírætt samkv. lagagreininni, að landmenn, sem eru hlutaráðnir, eigi líka að fá sjómanna- og fiskimannafrádrátt, en svo mun ekki hafa verið t. d. að því er varðar landmenn nyrðra, við Eyjafjörð. Það mun hafa verið úrskurðað að þeir fái ekki slíkan frádrátt, á sama tíma sem beitingamenn á öðrum stöðum hafa fengið þennan frádrátt.

Herra forseti. Þessi till. er of seint fram komin og skrifleg og ég óska þess, að hún verði tekin á dagskrá með afbrigðum og til afgreiðslu.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 937) samþ. með 20 shlj. atkv.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Í lögum hefur um nokkurt skeið verið heimild til að veita sérstakan skattfrádrátt þeim sem sjó stunda. Þar er um að ræða annars vegar sjómannafrádrátt og hins vegar fiskimannafrádrátt.

Í lögum hefur verið heimild til þess að veita þennan frádrátt hlutaráðnum landmönnum, eins og þeir eru nefndir í lögunum. Mér er tjáð af þeim, sem til þekkja hjá ríkisskattstjóraembættinu og í tekjudeild fjmrn., að þetta ákvæði hafi ávallt verið framkvæmt á þann veg, að einungis beitingamenn á línu hafi verið taldir hlutaráðnir landmenn. Þessi framkvæmd hefur byggst á upplýsingum frá sjútvrn. og sjómannasamtökunum, enda er gert ráð fyrir því og hefur verið gert ráð fyrir því í kjarasamningum sjómanna, að þessir aðilar geti verið hlutaráðnir landmenn, þ. e. beitingamenn á línu. Aðrir hafa ekki verið taldir hlutaráðnir landmenn. Af þessari ástæðu gerði ríkisskattstjóraembættið till. til fjmrn. á s. l. sumri, að í reglugerð yrði frá því gengið, að þetta hugtak yrði túlkað á þennan veg, og það var gert eins og mér er sagt að hafi verið gert mörg undanfarin ár meðan þessi frádráttur

hefur verið í gildi.

Hv. þm. Sjálfstfl., Halldór Blöndal, vakti máls á þessu atriði í Nd. Þegar hann hafði bent á að hugsanlegt væri að netamenn, sem hlutaráðnir væru, ættu hliðstæðan rétt, kallaði ég á vettvang embættismenn frá ríkisskattstjóraembættinu og voru hér í þinghúsinu miklar umræður um þetta mál þar sem reynt var að átta sig á því til fullnustu, hvort hér væri um einhver rangindi að ræða. Niðurstaðan varð sú, að ekki væri hægt að hvika frá þeirri reglu sem um þetta hefði skapast á liðnum árum, en það væri verið að færa út regluna, útvíkka hana frá því, sem verið hefði, með því að hafa hana víðtækari með þessum hætti.

Ég vil í þessu sambandi vekja athygli á því, að í raun og veru er það mjög hæpin undantekning frá reglunni að menn, sem eru í landi, njóti frádráttar sem sérstaklega er ætlaður þeim sem stunda sjó. Þó að þeir hugsanlega stundi sjó í forföllum er ljóst að með því að gera þessa undantekningu varðandi menn, sem eru alfarið í landi, eru menn svona komnir út á nokkuð hálan ís og menn fara að velta fyrir sér: Á þá ekki þessi hópur, sem er í tengslum við útgerðina, að njóta þessa líka o. s. frv.? Hérna er t. d. komin fram till. um að allir þeir, sem eru ráðnir hlutaráðningu í tengslum við fiskveiðar, skuli njóta þessara réttinda. Mér sýnist á orðalagi þessarar tillögu, eins og hún liggur hér fyrir, að ekki mundi aðeins vera um að ræða að hlutaráðnir netamenn nytu þessa. Ég sé ekki betur en að ýmsir aðrir, sem ráðnir væru til útgerðar og á samningum um hlutaráðningu, eftir því hvernig aflaðist hjá útgerðarfyrirtækinu, gætu þá notið sömu skattfríðinda vegna þess að þeir væru í þjónustu viðkomandi útgerðarfyrirtækis og útgerðarmaðurinn hefði fallist á að greiða þeim hlut í afla. En ég dreg í efa að það hafi nokkru sinni hvarflað að mönnum, þegar þessi skattfríðindi voru fyrst sett í lög, að menn ættu almennt að njóta þessa ef þeir væru í þjónustu útgerðarfyrirtækis, óháð því hvort þeir fara á sjó eða ekki.

Ég sem sagt tel að það sé eðlilegt að framkvæma þessa reglu með hliðstæðum hætti og gert hefur verið á undanförnum árum. Og ef það er svo sem fullyrt hefur verið af nokkrum þm. Norðurl. e., að hlutaráðnir netamenn hafi notið einhverra skattfríðinda í gegnum þessa reglu, þá er mér sagt að það hafi verið á misskilningi byggt því að þetta hafi alla tíð verið bundið við hlutaráðna landmenn, þ. e. við hlutaráðna landmenn í skilningi kjarasamninga, beitingamenn á línu. Ég get því ekki annað gert en að andmæla þessari brtt. vegna þess að hún mundi færa okkur út á enn hálli ís en við erum þó með þessi skattfríðindi eins og þau liggja fyrir í dag.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég er andvígur sérstökum skattfríðindum einstakra stétta. Ég er þeirrar skoðunar, að við eigum, þar sem þörf er á, að sýna það í laununum ef við metum eitt starf öðrum fremur, en ekki að veita sérstök skattfríðindi. Hér hygg ég að upprunalega, þegar út á þá braut var farið, hafi mönnum orðið talsvert á og þarna hafi verið rétt eitt bragðið í tengslum við kjarasamninga og reddingu á sínum tíma á málefnum útgerðarinnar.

Það er náttúrlega ljóst mál, að hlutaskipti eru þegar komin inn í hinar ótrúlegustu launagreiðslur í útgerðinni, þar sem það er t. d. ekki orðið fátítt að forstjórar eru upp á hlut, laun þeirra miðuð við meðalhlut skipstjóra sums staðar, en meðalhlut háseta þar sem við hv. þm. Guðmundur Bjarnason þekkjum best til fyrir norðan. Ég hygg að þar gætu fordæmin orðið býsna mörg.

Nú er það ekki svo um þá till. sem hv. þm. Lárus Jónsson hefur borið fram hér við 3. umr. í þessari deild. Þar er um að ræða hlut landmanna sem ráðnir eru við mótorbáta nyrðra, og skiptir þar mestu máli tiltölulega þröngt svæði við Eyjafjörð þar sem netaveiðar hafa nú færst í vöxt. Sú hugmynd er býsna forn og miklu eldri en sérstakur skattafrádráttur sjómanna að skilgreina landmann þannig að það séu beitingamenn við vertíðarbáta. Um þetta atriði væri e. t. v. einna bærastur hæstv. viðskrh., sem á sæti í Ed. Ég man ekki betur en hann væri hlutaráðinn landformaður á einhverju skeiði ævi sinnar og varð frægur fyrir röskleika og fyrirhyggju um gjörvallt Austurland á þeim tíma. (**Gripið fram í:** Og fékk engan skattfrádrátt.) Og fékk engan skattfrádrátt, en umbun í lofi fyrir vel unnið starf, sem hefur líka nokkurt gildi í okkar samfélagi eða hafði það fyrir austan þar sem menn voru gjarnan metnir til manngildis eftir því, hvernig þeir stóðu sig við sjóinn.

Hugtakið landmaður á vertíð mun eiga fyrst og fremst rætur að rekja til Vestmannaeyja og Suðurnesjanna, þar sem títt var að róið var með línu fyrri hluta vertíðar og beitingamennirnir og aðgerðarmennirnir gengu síðan á bátinn þegar farið var á netaveiðar og þurfti meiri mannskap um borð. En þetta var skilgreiningin á hugtakinu landmaður á vetrarvertíð. Það hefur verið lagt síðan til grundvallar þessari hugsun, að það skuli vera beitingamenn, hlutaráðnir beitingamenn, sem fyrst og fremst komi þarna til greina. Nú hef ég orð frómra manna fyrir því, að svo misjöfn sé framkvæmd þessara ákvæða skattalaganna að sums staðar nái þau einnig til akkorðsmanna í beitingu sem alls ekki séu ráðnir upp á hlut. Ég fæ ekki með nokkru móti séð hvernig eigi að gera reginmun á stöðu landmannsins, sem vinnur við netin í landi, og beitingamannsins, heldur eigi að vera á valdi yfirmanna skattheimtunnar að sjá til þess, að menn fái rétt sinn í þessu og einhvers konar orðaleikur með skilgreiningu á fornum hugtökum í sambandi við útgerð á Suðurlandi sé ekki látinn ráða um það, hvort menn njóti þarna jafnréttis.

Ég skil mótrök hæstv. fjmrh. Ég skil þau rök sem hann færði fram í ræðu sinni áðan, en vil inna hann eftir því, hvort hann gæti ekki flutt okkur um það yfirlýsingu, gefið Ed. allhaldgott vilyrði fyrir því, að gerð verði gangskör að því að leiðrétta þetta misrétti í framkvæmd. Þótt menn séu formfastir í fjmrn. hlýtur að vera hægt að setja þess háttar verkreglur sem komi í veg fyrir að slík skattfríðindi smiti alla leið upp til forstjórans.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Í tilefni af orðum hv. þm. Stefáns Jónssonar vil ég taka það fram, þó að ég andmæli þessari till. og að orðalag laganna verði með þeim hætti sem gerð er hér till. um, að það er sjálfsagt að athuga þetta mál betur. Það er sjálfsagt að athuga það betur og átta sig á því til fulls, hvað er satt og rétt í þessu máli, og ræða það við þá aðila sem gerst þekkja. En ég held að það væri ekki hyggilegt, að setja inn í lögin orðalag sem útvíkkaði hugsanlega þessa ívilnunarreglu með þeim hætti sem gerð er till. um.

Ég vil taka það fram, að það er alveg á hreinu að beitingamenn í akkorði hafa ekki notið þessarar reglu og munu ekki njóta hennar.

Að lokum vil ég þakka deildinni fyrir hraða og góða afgreiðslu þessa máls.

ATKVGR.

Brtt. 937 felld með 11:9 atkv.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 938).

Sameinað þing, 84. fundur.

Þriðjudaginn 19. maí, kl. 2 miðdegis.

Kennsla í útvegsfræðum, þáltill. (þskj. 162, n. 683, 684). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Brtt. 684 (ný tillgr.) samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 39 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 951).

Samkeppnisaðstaða Íslendinga, þáltill. (þskj. 120, n. 752). — Frh. einnar umr.

ATKVGR

Tillgr. samþ. með 36 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 36 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 952).

Árangur nemenda í grunnskólum og framhaldsskólum, þáltill. (þskj. 168, n. 768). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 43 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 42 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 953).

Vararaforka, þáltill. (þskj. 192, n. 746). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 48 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 48 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 954).

Fræðsla um efnahagsmál, þáltill. (þskj. 201, n. 767). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 39 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 42:1 atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 955).

Iðnaður á Vestfjörðum, þáltill. (þskj. 208, n. 836). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 43 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 44 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 956).

Þingmannanefnd, er vinni að auknu samstarfi Íslendinga, Færeyinga og Grænlendinga, þáltill. (þskj. 394, n. 783). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 43 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 957).

Ókeypis símaþjónusta opinberra stjórnsýslustofnana þáltill. (þskj. 438, n. 770, 771). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Brtt. 771 (ný tillgr.) samþ. með 44 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 43 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 958).

Innlendur lyfjaiðnaður, þáltill. (þskj. 467, n. 794, 795). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Brtt. 795 (ný tillgr.) samþ. með 36 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 41 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 959).

Rannsóknir á háhitasvæðum, þáltill. (þskj. 474, n. 793). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 42 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 42 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 960).

Siglingalög, þáltill. (þskj. 488, n. 796, 797). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Brtt. 797 (ný tillgr.) samþ. með 42 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 44 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 961).

Alþjóðasamningur um varnir gegn töku gísla, þáltill. (þskj. 492, n. 785). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 45 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 47 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 962).

Menntun fangavarða, þáltill. (þskj. 535, n. 772, 773). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Brtt. 773 samþ. með 42 shlj. atkv.
Tillgr., svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 39 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 963).

Flugrekstur ríkisins, þáltill. (þskj. 548, n. 800, 801). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Brtt. 801 (ný tillgr.) samþ. með 38 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 35 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 964).

Vegáætlun 1981—1984, þáltill. (þskj. 356, n. 897 og 917, 918). — Síðari umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 36 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1981—1984 hefur verið til umfjöllunar í fjvn. allnokkurn tíma. Nefndin hefur haldið marga fundi um málið svo og undirnefnd, og skilar n. sameiginlega brtt. sínum á þskj. 918, en fulltrúar minni hl. gefa út sérstakt nál. Nefndin stendur öll að tillögunum að öðru leyti en því, að hv. 6. landsk. þm., Karvel Pálmason, var andvígur þeirri breytingu sem gerð var á þeim hlutfallstölum sem beitt er við skiptingu milli kjördæma á fjárveitingum til stofnbrauta og hafa nokkur áhrif á innihald þeirra tillagna sem fluttar eru um fjárveitingar til einstakra framkvæmda. Nefndin naut liðsinnis Snæbjarnar Jónassonar vegamálastjóra og starfsfólks hans og flyt ég bestu þakkir nefndarinnar fyrir þá mikilsverðu aðstoð.

Það er jafnan svo við afgreiðslu vegáætlunar að glöggt kemur í ljós, að þar er fjallað um það málefni sem hvað viðkvæmast er þm. Ég hef þá reynslu, að enda þótt afgreiðsla fjárlaga sé að sjálfsögðu umfangsmeiri og spanni yfir fjölþættara svið en afgreiðsla vegáætlunar sé afgreiðsla vegáætlunar þó að ýmsu leyti erfiðari og vandrataðri leiðir til þess samkomulags um skiptingu fjármagns og heildarafgreiðslu sem jafnan er leitað eftir, enda taka allir hv. alþm. þátt í þeirri skiptingu fjármagns innan einstakra kjördæma sem fjvn. leggur síðan fram sem sínar tillögur, og nákvæmlega er vegið og metið hvert hver einasta króna fer.

Í grg. með þeirri þáltill. um vegáætlun, sem hér er til afgreiðslu, var tekið fram að nauðsynlegt kynni að reynast að taka rammaskiptingu vegáætlunarinnar til endurskoðunar ef verðlagsforsendur röskuðust. Þjóðhagsstofnun hefur nú sent frá sér nýja spá um þróun verðlags 1981 og er samkv. henni talið að meðalhækkun verðlags milli áranna 1980 og 1981 verði 52% í stað 42% sem var forsenda í þáltill. Jafnframt er nú við það miðað að meðalverðlagshækkun frá 1981 til 1982 verði 35% í stað 30% í þáltill. Þessar breytingar á forsendum valda 7% hækkun á grunni áætlunarinnar fyrir árið 1981 og 15.2% hækkun árin 1982—1984. Afleiðingar þessara breyttu verðlagsforsendna koma óhjákvæmilega fram í bundnum liðum vegáætlunarinnar og mundu valda skerðingu á framkvæmdaliðum ef ekki væri séð fyrir hliðstæðri hækkun tekna frá því sem gert er ráð fyrir í þáltill. Brtt. n. eru miðaðar við þessar breyttu verðlagsforsendur, og enn fremur er nú gert ráð fyrir greiðsluhalla á vegáætlun frá 1980 sem reyndist 3.3 millj. kr. í vetrarviðhaldi og 1 millj. 350 þús. kr. vegna lakari innheimtu markaðra tekna en gert hafði verið ráð fyrir, eða samtals 4 millj. 604 þús. kr.

Til þess að mæta þessum útgjaldaauka, jafnframt því sem miðað er við að heildarútgjöld til vegamála nemi 2.1% af vergri þjóðarframleiðslu og vöxtur hennar verði 2.5% á ári, er í till. n. gert ráð fyrir aukningu tekna frá því sem greinir í þáltill. með þeim hætti að bensíngjald verði hækkað einu sinni á þessu ári, þ. e. upp úr miðjum maí, í þeim mæli sem lagaheimildir leyfa og þungaskattur hækki 1. júní n. k. í samræmi við hækkun byggingarvísitölu frá 1. jan. til 1. apríl á þessu ári. Hækka þá markaðir tekjustofnar Vegasjóðs um 13.5 millj. kr. 1981, en lántökur munu hækka um 10.1 millj. kr. frá því sem greinir í þáltill. vegna aukinna lánveitinga frá Framkvæmdastofnun ríkisins og lánveitinga frá heimaaðilum í Eyjafirði. Lánveitingar frá Framkvæmdastofnun ríkisins munu þá nema 25.8 millj. kr. í ár, og gert er ráð fyrir hliðstæðum lánveitingum á síðari árum vegáætlunarinnar.

Vegna breyttra verðlagsforsendna og þeirrar auknu tekjuöflunar, sem fyrr er getið, hækka markaðir tekjustofnar frá áætlun í þáltill., svo sem fyrr er sagt, um 13.5 millj. kr. 1981. Árið 1982 hækka þessir tekjuliðir um 30.8 millj. kr., árið 1983 um 32.2 millj. og 1984 um 33.3 millj. En í því sambandi er þess að geta, að verðlagsforsendur eru þær varðandi árin 1982, 1983 og 1984, að gert er ráð fyrir 35% meðaltalsverðhækkun milli áranna 1981 og 1982, en útgjalda- og tekjutölur fyrir árin 1983 og 1984 eru settar fram á sama verðgrunni og 1982, enda kemur vegáætlun til endurskoðunar á árinu 1983.

Þegar verðlagsforsendur hafa verið endurmetnar nema heildarútgjöld til vegamála samkv. till. fjvn. á árinu 1981 411 millj. 460 þús. kr., á árinu 1982 582 millj. 300 þús. kr., á árinu 1983 597 millj. 350 þús. kr., á árinu 1984 612 millj. 500 þús. kr., eða samtals heildarútgjöld til vegamála á áætlunartímabilinu 2203 millj. 610 þús. kr.

Fjvn. gerir ekki till. um röskun á milli framkvæmdaþátta frá því sem gert var ráð fyrir í þáltill. að öðru leyti en því, að í þáltill. var með skiptingu fjár til stofnbrauta annars vegar og brúa hins vegar miðað við að brýr á stofnbrautum yrðu í vaxandi mæli fjármagnaðar af fjárveitingum til almennra verkefna á stofnbrautum. Fjvn. taldi þetta ekki rétta stefnu og leggur til að fluttar verði eftirtaldar fjárhæðir af stofnbrautum á brúarframkvæmdir: 1982 3 millj. 950 þús. kr., 1983 4 millj. 350 þús. kr. og 1984 4 millj. 790 þús. kr. Auk þess felast í till. um skiptingu fjár innan kjördæma nokkrar tillögur þm. í einstökum kjördæmum um flutning á fjárveitingum milli stofnbrauta og þjóðbrauta.

Það er nýmæli í tillögum fjvn., að lagt er til að halda eftir óskiptu fjármagni til nýframkvæmda á síðari árum áætlunarinnar, þ. e. 10% fjármagnsins á árinu 1982 og 20% á árinu 1983, en fjárveiting á síðasta ári áætlunarinnar er öll óskipt að öðru leyti en því, að framlagi til sérverkefna er skipt á einstakar framkvæmdir einnig á árinu 1984 að 80%. Þessi till. að skipta ekki öllu fjármagni til nýframkvæmda á árunum 1982 og 1983 er gerð í því skyni að draga úr líkum á því að endurskoða þurfi vegáætlun árlega, eins og þurft hefur að gera undanfarin ár, auk þess sem auðveldara ætti að vera, ef þessi regla er notuð, að standa að reglubundinni endurskoðun annað hvert ár.

Gert er ráð fyrir því, að því óskipta fjármagni til framkvæmdaþátta, sem ekki er bundið við ákveðin kjördæmi, verði ráðstafað í samráði við fjvn., en óskiptu fjármagni til stofnbrauta og þjóðbrauta verði ráðstafað til almennra verkefna í hverju kjördæmi samkv. ákvörðunum þm. viðkomandi kjördæmis.

Við gerð síðustu vegáætlana hafa verið notaðar hlutfallstölur til að ákvarða skiptingu fjármagns milli kjördæma, annars vegar í stofnbrautir og hins vegar þjóðbrautir, og var þá miðað við umferð og ástand vegakerfisins eins og það var 1976. Fjvn. endurskoðaði þær reglur, sem lágu til grundvallar þessum hlutfallstölum, bæði út frá því sjónarmiði, að umferð og ástand vegakerfis innan einstakra kjördæma hefur breyst, og hins vegar var endurskoðað gildi einstakra þátta sem áhrif hafa á hlutfallstölur. Niðurstaðan varð sú, að samþykkt var í nefndinni með öllum atkv. gegn einu að breyta þessum hlutfallstölum nokkuð og nota einn aukastaf í útreikningum hlutfallstölunnar, en áður höfðu verið notaðar heilar tölur. Vegna þess að fyrir árið í ár er um að ræða endurskoðun fjárveitinga sem þegar hafði verið skipt í fyrri vegáætlun er eldri hlutfallstalan látin gilda áfram í ár, og ákveðið var að fyrir árið 1982 gilti meðaltal fyrri hlutfallstölu og nýrrar, en síðan ný hlutfallstala úr því. Hér er um að ræða eitt viðkvæmnismálið við skiptingu vegafjár. En þess ber að geta, að þessar hlutfallstölur ráða þó ekki skiptingu nema hluta framkvæmdafjárins því að fjárveitingar til bundinna slitlaga, sérverkefna og brúa nema talsvert hærri upphæðum en fjárveitingar til stofnbrauta og þjóðbrauta.

Brtt. n. við flokkun vega eru gerðar í samráði við þm. viðkomandi kjördæma, en af þeim tillögum má nefna að lagt er til að fallið verði frá þeirri till. í þáltill., að Vestfjarðavegur um Bröttubrekku hverfi úr tölu stofnbrauta, og gerð er tillaga um að Þorlákshafnarvegur frá Suðurlandsvegi við Hveragerði að Þrengslavegi ofan við Þorlákshöfn verði stofnbraut.

Þegar rætt var í fjvn. um brýnustu verkefni í vegamálum komu óhjákvæmilega til sérstakrar athugunar þeir hlutar vegakerfisins þar sem vegfarendum stafar tíðum lífshætta af skriðuföllum, grjóthruni og snjóflóðum, en þar er einkum um að ræða Ólafsfjarðarmúla, Ólafsvíkurenni og Óshlíð milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar. Á öllum þessum stöðum standa nú yfir athuganir og rannsóknir á þeim valkostum, sem til greina koma til úrbóta, og kostnaði við þá. Meðan þessum störfum er ólokið er ekki unnt að gera neinar raunhæfar tillögur um framkvæmdir eða röðun þeirra, en ljóst er, að um er að ræða mjög kostnaðarsamar framkvæmdir. Lausleg ágiskun bendir til að heildarkostnaður yrði um 200 millj. kr. á verðlagi á ár eða um 20 milljarðar gkr. Fjvn. taldi ekki unnt að áætla fé til þessara framkvæmda af því fjármagni sem til ráðstöfunar var, bæði vegna þess að rannsóknum er ekki nógu langt komið og fjárveitingar innan þess fjármagnsramma, sem fyrir hendi var, mundu skerða fjármagn til annarra framkvæmda meira en við yrði unað. Fjvn. hefur því unnið að því, að á þessum málum yrði tekið með sérstakri fjáröflun sem yrði síðan tekin upp í vegáætlun þegar fyrir sérstöku fjármagni hefði verið séð. Liggur nú fyrir yfirlýsing frá hæstv. samgrh. til fjvn. um sérstakar ráðstafanir til fjáröflunar vegna þessara vegaframkvæmda, og er sú yfirlýsing birt sem fskj. með nál. meiri hl.

Samkv. þeim brtt., sem hér liggja fyrir, verður varið fjármagni til nýrra þjóðvega, brúa og fjallvega sem hér segir: 1981 204 millj. 480 þús. kr., 1982 281 millj. 200 þús. kr., 1983 284 millj. 600 þús. kr., 1984 287 millj. 800 þús. kr., eða samtals á áætlunartímabilinu til nýrra þjóðvega, brúa og fjallvega 1058 millj. 80 þús. kr. en það jafngildir 105 milljörðum 808 millj. gkr. Af þessari fjárhæð fara á næstu 4 árum 237 millj. 510 þús. kr. til þess framkvæmdaþáttar sem nefndur er sérverkefni, en þar er um að ræða meiri háttar verkefni sem talin eru hafa verulegt gildi fyrir samgöngukerfið í heild eða stóra hluta þess. Mun ég nú geta einstakra verkefna í þeim framkvæmdaþætti. En hafa ber í huga, að kostnaður og fjárveitingatölur fyrir árið 1981 eru á áætluðu verðlagi í ár, en tölur fyrir árin 1982, 1983 og 1984 eru á áætluðu verðlagi ársins 1982.

Biskupstungnabraut: Verkefnið tekur til endurbyggingar vegarins frá Suðurlandsvegi að bundnu slitlagi ofan Þingvallavegar í Grímsnesi, 10 km, ásamt byggingu brúar á Sog hjá Þrastarlundi. Stefnt er að því að ljúka verkefni þessu að mestu á áætlunartímabilinu og verja til þess 20.3 millj. kr. á árunum 1981—1984.

Þingvallavegur: Verkefnið felur í sér endurbyggingu vegarins úr Mosfellsdal til Þingvalla, 30 km. Gert er ráð fyrir að um $^2/_3$ hlutar verksins vinnist á áætlunartímabilinu og til þess verði varið 14.8 millj. kr.

Hafnarfjarðarvegur: Endurbygging vegarins frá Kópavogi til Hafnarfjarðar ásamt nauðsynlegum gatnamótamannvirkjum. Gert er ráð fyrir að vegurinn verði breikkaður í 4 akreinar, en verkinu ljúki ekki að öðru leyti. Til verksins verði varið 8.06 millj. kr. í ár af fjárveitingu til sérverkefna og 2 millj. af fjárveitingu til stofnbrauta og 5 millj. kr. á næsta ári af fjárveitingum til sérverkefna.

Reykjanesbraut: Hér er um að ræða gerð vegar frá Breiðholtsbraut í Reykjavík að Reykjanesbraut við Kaplakrika í Hafnarfirði, 7 km. Verkið hefst árið 1982, en lýkur ekki á áætlunartímabilinu. Til framkvæmda við Reykjanesbraut verður varið 28 millj. kr. af fjárveiting-

um til sérverkefna á árunum 1981—1984 og 2.2 millj. kr. af fjárveitingum til stofnbrauta árið 1983.

Vesturlandsvegur um Borgarfjörð: Gerð vegar og brúar yfir Borgarfjörð. Reiknað er með að verkinu verði lokið 1982 og varið verði til framkvæmdarinnar í ár og næsta ár samtals 12.8 millj. kr.

Vesturlandsvegur um Holtavörðuheiði: Endurbygging vegar úr Norðurárdal í Borgarfirði að Brú í Hrútafirði, 37 km. Verkinu lýkur ekki á áætlunartímabilinu, en til þess verður varið 21.5 millj. kr. á árunum 1981—1984.

Vestfjarðavegur um Önundarfjörð: Lokið verður gerð vegar með bundnu slitlagi yfir Önundarfjörð á þessu ári. Kostnaðaráætlun er 2.3 millj. kr.

Djúpvegur, tenging Inn-Djúps: Verkefnið tekur til endurbyggingar og nýbyggingar vegar frá Hólmavíkurenni yfir Steingrímsfjarðarheiði að Laugarbóli í Ísafjarðardjúpi, 65 km. Reiknað er með að unnt verði að koma leið þessari í umferðarhæft ástand á áætlunartímabilinu, en verkefninu ljúki ekki. Áætlað er að til verksins verði varið um 29.3 millj. kr. á áætlunartímabilinu.

Norðurlandsvegur um Héraðsvötn: Gerð brúar lýkur væntanlega á þessu ári og hún tekin til umferðar. Gerð vegar og varnargarða verður lokið á áætlunartímabilinu. Kostnaður er áætlaður 16.3 millj. kr.

Norðurlandsvegur um Eyjafjarðarleirur: Reiknað er með að undirbúningsframkvæmdir hefjist í lok áætlunartímabilsins og til þeirra verði varið 3.3 millj. kr.

Norðurlandsvegur um Víkurskarð: Verkefnið innifelur gerð vegar frá Miðvík á Svalbarðsströnd um Víkurskarð að Fnjóskárbrú, 13 km. Reiknað er með að vegurinn komist í umferðarhæft ástand árið 1983 og verði að mestu lokið undir bundið slitlag á áætlunartímabilinu. Gert er ráð fyrir að til framkvæmdanna verði varið 23.4 millj. kr.

Austurlandsvegur um Hvalnesskriður: Þar er um að ræða endurbyggingu og nýbyggingu vegar frá Hofsá í Álftafirði að Össurá í Lóni, 30 km. Gert er ráð fyrir, að verkefni þessu ljúki að mestu undir bundið slitlag á tímabilinu. Kostnaður er áætlaður 16.6 millj. kr.

Norðausturvegur á Vopnafjarðarheiði: Endurbygging vegar í Langadal og Möðrudal. Verkefninu lýkur ekki á tímabilinu. Til þessara framkvæmda verður varið 3.2 millj. kr. á árunum 1982 og 1983.

Óhætt er að fullyrða að samstaða er meðal þm. um, að varanlegar úrbætur í vegamálum eru einhverjar nauðsynlegustu og arðbærustu framkvæmdir sem þjóðin getur staðið að, og er þá ekki einungis um að ræða kalda arðsemisútreikninga, heldur eru áhrif bættra samgangna mikilvæg í félagslegum efnum og geta fremur en flest annað skipt sköpum um byggðajafnvægi og félagslegt jafnrétti meðal íbúa landsins. Ýmsar aðstæður geta valdið því, að ekki reynist unnt að leggja fé til þessara nauðsynlegu framkvæmda í þeim mæli sem almennt er sóst eftir, enda í mörg horn að líta um framkvæmdir í heilbrigðismálum, orkumálum, skólamálum og öðrum þáttum samgöngumála en vegamálum, og til skamms tíma hafði sú þróun staðið um alllangt árabil, að fjárveitingar til nýframkvæmda í vegamálum rýrnuðu að raungildi ár frá ári. Á þessu varð mjög veruleg breyting með samþykkt vegáætlunar 23. maí 1979 þegar fjárveitingar til nýbyggingar vega voru auknar svo að á s. l. ári jukust nýframkvæmdir að raungildi um 52% frá næsta ári á undan. Með þeirri vegáætlun, sem hér liggur fyrir til afgreiðslu, helst á þessu ári sú mikla aukning framkvæmda, sem varð 1980, og um nokkra viðbótaraukningu ætti að verða að ræða síðari ár áætlunarinnar.

Ég vil að síðustu færa félögum mínum í fjvn. þakkir fyrir samstarfið við afgreiðslu vegáætlunar og þá einkum fyrir það, að þeir hafa lagt sig fram um, að unnt væri að ná sem víðtækastri samstöðu um hvert einstakt atriði málsins innan þess ramma, sem markast af því heildarfjármagni sem veitt er til vegamála. Enn fremur ítreka ég þakkir mínar til vegamálastjóra og hins ágæta starfsliðs hans.

Frsm. minni hl. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Fjvn. hefur unnið að athugun og afgreiðslu till. til pál. um vegáætlun fyrir árin 1981—1984 í samráði við þm. einstakra kjördæma. Nefndin hefur öll að venju fjallað um skiptingu fjármagns milli einstakra þátta vegamálanna svo og kjördæma. Það var niðurstaða allra fulltrúa nema eins að standa að skiptingu milli kjördæma, en ný regla var tekin upp sem viðurkennt er af flestum að geti orkað tvímælis og því spurning hvort minnihlutamenn hefðu átt að standa að, en niðurstaðan varð þessi. En ég vil láta í ljós þá skoðun, að þetta þurfi að athuga nánar síðar.

Ég vil nota tækifærið til þess að þakka formanni og meðnm. mínum fyrir gott samstarf í fjvn. og Snæbirni Jónassyni vegamálastjóra og hans mönnum fyrir lipurð í öflun allra upplýsinga því að það var margt og mikið sem við fjvn.-menn spurðum þá um, en við fengum yfirleitt mjög greið svör.

Ríkisstj. og stuðningsmenn hennar á Alþingi bera sem fyrr ábyrgð á heildarfjáröflun til vegamála og heildarstefnunni, sem fram kemur í till. Við, sem skipum minni hl. fjvn., teljum þessa stefnu í vegamálum og skattlagningu á umferðina fráleita og andstæða þjóðarhagsmunum og höfum gefið út sérstakt nál. til þess að rökstyðja þessar skoðanir okkar. Ráðherrar Framsfl. og Alþb. hafa haft á hendi æðstu stjórn vegamála og ríkisfjármála frá hausti 1978. Vart mun ágreiningur um að á sviði vegamála bíði þjóðarinnar einna arðbærustu opinberu framkvæmdir við hlið stórvirkjana, sem völ er á í landinu, og jafnframt ein mestu félagslegu umbóta- og byggðamál sem krefjast úrlausnar. Raunar kom þetta fram í framsögu formanns fjvn. áðan. Í ljósi þess er einkar athyglisvert hver þróunin hefur orðið í skattlagningu á umferðina, fjármögnun vegaframkvæmda og vinnubrögð við gerð vegáætlana á valdatíma forustumanna þessara flokka, þ. e. 1979—1981. Höfuðatriðin eru þessi:

1. Skattar á bensín hafa hækkað um 115.4 millj. nýkr. að raungildi, 11.5 milljarða gkr. eða 36.5% á föstu verðlagi síðan 1978.

2. Þessi skattahækkun hefur svo til öll verið notuð til að auka eyðsluútgjöld ríkissjóðs, en ekki í vegaframkvæmdir.

3. Lántökur til vegaframkvæmda voru tvöfaldaðar að raungildi 1980 miðað við 1978 og eru svipaðar 1981 og í fyrra. Þessir víxlar falla síðar á skattgreiðendur.

4. Nýframkvæmdir vega og brúa urðu ekki meiri en svo 1980 og samkv. till. 1981 þrátt fyrir allar lántökurnar, að meðaltal framkvæmdamagns árin 1979—1981 að báðum meðtöldum verður hliðstætt meðaltali framkvæmda áranna 1974—1978 þegar skattar á bensín voru þriðjungi minni að raungildi.

5. „Stóru stökkin“ upp á við í vegamálum, sem áttu að nást 1980 og 1981 með þeirri vegáætlun sem samþykkt var á Alþingi 1979, reyndust fyrst og fremst sjón-

hverfingar og blekking. Nú er ljóst að 110 millj. nýkr., 11 milljarða gkr., skortir á að raungildi þeirra „stóru stökka" í vegamálum 1980 og 1981 hafi náðst.

Staðreyndin er sú og reynslan sýnir það svart á hvítu, að framangreind stefna í vegamálum, svo alvarleg sem hún er, getur talist skólabókardæmi um stefnu Framsóknar og Alþb. á öðrum sviðum skatta- og ríkisfjármála. Eyðslan í ríkisútgjöldum er svo gegndarlaus að stórhækkun skatta nægir hvergi til. Framlög ríkissjóðs til framkvæmda og atvinnuvega hafa verið skorin niður við trog, en lán tekin í staðinn á sumum sviðum sem skattgreiðendum er ætlað að borga síðar. Jafnvel svo arðbærar félagslegar framkvæmdir sem bættar vegasamgöngur eru fá þessa útreið á sama tíma sem skattheimta á umferðina hefur verið aukin umfram verðlagshækkanir sem raun ber vitni og ég sagði hér áðan.

Vinnubrögð samgrh., sem setið hafa frá 1978, að mótun vegáætlana eru einnig skólabókardæmi um þær blekkingar sem bornar hafa verið á borð fyrir almenning. Þegar vegáætlun var til umr. á Alþingi 1979 fyrir árin 1980 og 1981 sagði þáv. samgrh., hæstv. núv. fjmrh. Ragnar Arnalds, að hún markaði tímamót. Hann sagði einnig að taka ætti stórt stökk upp á við í fjárveitingum til vega og brúa 1980. Enn fremur sagði hæstv. ráðh.: Næsta stóra stökkið verði ákveðið við endurskoðun vegáætlunar 1980. — Vegaframkvæmdir bæði þessi ár hafa verið skornar niður þannig að 11 milljarða gkr. skortir til þess að sú vegáætlun, sem samþykkt var 1979 fyrir 1980 og 1981, yrði framkvæmd svo sem til stóð og eins og ég lýsti áðan.

Frá árinu 1978 hafa skattar á bensín hækkað samkv. útreikningum Þjóðhagsstofnunar og Vegagerðar ríkisins um 115.4 millj. nýkr. á föstu verðlagi. Sáralítið af því fjármagni fer til vegamála í ár og ekkert af þeirri hækkun eykur vegaframkvæmdir, þ. e. nýframkvæmdir vega og brúa. Þessar skattahækkanir hafa verið notaðar til almennrar eyðslu ríkissjóðs. Hluti ríkissjóðs af sköttum á bensín hefur farið mjög vaxandi á undanförnum árum. Á árunum 1975—1978 fóru 45—50% af skattaálögum ríkissjóðs á bensín til vegamála. Á árinu 1978 var þetta hlutfall 50.6%. En samkv. forsendum þessarar till. til vegáætlunar er gert ráð fyrir að 39.7% af skattálögum á bensín fari til vegamála samkv. upplýsingum Vegagerðar ríkisins og Þjóðhagsstofnunar. Það er svo atriði út af fyrir sig, að hæstv. ríkisstj. hefur enn ekki tekið ákvörðun um að hækka bensíngjald eins og þessi vegáætlun gerir ráð fyrir, af þeirri einföldu ástæðu að hún vill með því fresta hækkun framfærsluvísitölunnar um nokkra mánuði og þar með kaupgjaldsvísitölunni. En ef sama hlutfall af bensínsköttum færi til vegamála í ár eins og 1978 væri til ráðstöfunar 46.7 millj. nýkr., 4670 millj. gkr., til vegaframkvæmda í ár fram yfir þá fjárhæð sem gert er ráð fyrir í till. sem hér er til umr.

Lántökur til vegamála hafa verið auknar mjög frá 1978 og er það í samræmi við almenna stefnu stjórnvalda á þessum sviðum, einkum á árunum 1980 og 1981. Í fyrra voru lántökur tvöfaldaðar miðað við 1978, þ. e. á föstu verðlagi, og í ár er stefnt að litlu minni lántökum til vegaframkvæmda en í fyrra. Í þessu sambandi má geta þess, að samkv. lánsfjáráætlun stefnir ríkisstj. að því að taka 100 þús. millj. gkr. í erlend lán til opinberra þarfa á þessu ári, sem er 105% hækkun frá því í fyrra, á ári þar sem samdráttur er í orkuframkvæmdum og öðrum stórframkvæmdum í landinu.

Í fyrra tók stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins að eigin frumkvæði ákvörðun um að lána einn milljarð gkr. til vegagerðar og í ár sem svarar 2 milljörðum á verðlagi vegáætlunar í ár. Jafngildir þetta fjármagn bæði árin 3.5 milljörðum gkr. Ef þetta fé hefði ekki bæst við vegáætlun þessi tvö ár væri niðurskurður upphaflegu áætlunarinnar þeim mun meiri en 14.5 milljarðar gkr. Þetta frumkvæði stjórnar Framkvæmdastofnunar sýnir, að þm. blöskrar stefna hæstv. ríkisstj. í vegamálum, og er jafnframt til vitnis um að menn telja vegamálin eitt brýnasta byggðamálið sem við er að fást. Þar sem auknar vegframkvæmdir eru jafnarðbærar félagslegar umbætur og raun ber vitni er ljóst að vel kemur til greina að taka lán til þess að hraða þeim. Sú stefna er út af fyrir sig ekki gagnrýnisverð. En auknar lántökur til þess að gera það eitt kleift að krækja í allar skattahækkanir á umferðina í ríkissjóð til eyðslu eru lántökur í óráðsíu, en ekki til vegagerðar. Sú ráðstöfun er hér harðlega gagnrýnd.

Nýframkvæmdir vega og brúa voru minnstar á þessum áratug árið 1979, einmitt á því ári sem hækkun bensínskatta umfram verðlag varð mest. Frá þessu algera lágmarki jukust vegaframkvæmdir árið 1980 talsvert, en þar komu einvörðungu til auknar lántökur. „Stóra stökkið", sem stefnt var að við endurskoðun vegáætlunar í ár, verður alger kyrrstaða. Nýjar framkvæmdir vega og brúa verða ívið minni en í fyrra samkv. útreikningi Vegagerðar ríkisins. Séu bornar saman nýbyggingar vega og brúa 1979—1981 samkv. fyrirliggjandi till. og 1974—1978 að meðaltali hvert ár á föstu verðlagi fæst eftirfarandi niðurstaða: Meðaltal nýframkvæmda árin 1979—1980 er 181.6 millj. nýkr., en 1974—1978 177.3 millj. nýkr. eða nánast það sama. Þótt lántökur hafi verið stórauknar og skattar á bensín þriðjungi meiri að raungildi í ráðherratíð Framsóknar og Alþb. í samgöngu- og fjárhagsmálaráðuneyti er niðurstaðan sú, að ekki hefur þokast meira áleiðis síðustu þrjú árin í vegaframkvæmdum en áður.

Nýframkvæmdir vega og brúa voru minnstar á þessum áratug árið 1979, eins og ég sagði áðan, í samgrh.-tíð hæstv. núv. fjmrh. Ragnars Arnalds, einmitt á því ári sem hækkun bensínskatta umfram verðlag varð mest. Mikil fyrirheit voru þá gefin um bætta tíð og blóm í haga. Ég hef rifjað hér upp ummæli hæstv. ráðh. um „stóru stökkin" 1980 og 1981. Í umr. um þá vegáætlun á Alþingi 1979 var á það bent, að áætlunin væri óskhyggjuplagg þar sem alla stefnumótun skorti í fjáröflun og ekki síst ákvörðun um fjárveitingar af skattlagningu á umferðina sem fara ætti til þess að framkvæma vegáætlunina, koma „stóru stökkunum" í framkvæmd. Hæstv. samgrh. Ragnar Arnalds rakti í löngu máli að allt tal um þetta væru óþarfar áhyggjur, eins og hann orðaði það. Því miður reyndust þó þessi varnaðarorð ekki ástæðulaus. Stóru stökkin, sem hæstv. samgrh. Ragnar Arnalds setti á blað í vegáætlun fyrir árin 1980 og 1981, urðu að hálfgerðum hænufetum eftir að fyrrv. samgrh. settist í sæti fjmrh. og þurfti sem mest að nota peningana til annars þarfara að hans mati.

Þegar framkvæmd upphaflegrar vegáætlunar fyrir árin 1980 og 1981 er athuguð og þá miðað við reynsluna 1980 og fyrirliggjandi vegáætlun fyrir 1981, kemur eftirfarandi í ljós:

1. Niðurskurður í raungildis framkvæmdafjár nýbyggingar vega og brúa nam samtals 68 millj. nýkr.

eða 6.8 milljörðum gkr. á þessum árum.

2. Niðurskurður annarra liða varð verulegur eða samtals 3.2 milljarðar gkr. Samtals verður niðurskurðurinn 11 milljarðar kr.

3. Vetrarviðhald reyndist stórlega vanáætlað.

4. Óvænt fé barst framkvæmdaáætluninni frá Byggðasjóði, samtals að upphæð 3.5 milljarðar gkr.

5. Ef þetta fé hefði ekki borist hefði þurft að óbreyttri stefnu að skera áætlunina niður í 14.5 milljarða gkr. á þessum árum „stórra stökka" í vegamálum.

Það er athyglisvert, að tekist hefði að standa við stóru orðin og láta „stóru stökkin" rætast í vegaframkvæmdum ef eftirfarandi forsendur hefðu verið fyrir hendi:

1. Ef sama hlutfall bensínskatta gengi til vegamála og 1978. Með því móti væru til ráðstöfunar 46.7 millj. nýkr. í ár fram yfir till. að vegáætlun.

2. Ef beint framlag ríkisins væri það sama að raungildi og 1978. Á það skortir 13.2 millj. nýkr. Sama stefna í ríkisfjármálum og var 1978 að því er varðar fjárframlög til vegamála hefði fyllilega tryggt að unnt hefði verið að standa við „stóru stökkin" í vegamálum 1980—1981 án þess að slá í jafnmiklum mæli og nú er gert, víxla sem skattgreiðendur verða að borga síðar.

Stjórn ríkisfjármálanna brást og af því stafar niðurskurðurinn.

Nú þegar verið er að afgreiða vegáætlun fyrir árið 1981 er veikasti hlekkur hennar sá sami að því er varðar árin 1982 og síðar, að fjáröflun er ekki skilgreind og engin ný stefnumörkun í framlögum ríkissjóðs til vegaframkvæmda af sköttum á umferðina. Þegar þessi þáltill. var til 1. umr. sagði núv. samgrh., hæstv. ráðh. Steingrímur Hermannsson, að með henni væri brotið í blað í vegamálum. Þetta líkist helst öfugmælavísu að því er varðar árið í ár, eins og fleira sem kemur frá hæstv. ríkisstj. um þessar mundir. Þetta brotna blað í vegamálum þýðir niðurskurð á framkvæmdamætti gildandi vegáætlunar í ár um tæplega 20 millj. nýkr., 2 milljarða gkr., að því er varðar nýbyggingarfé til vega og brúa og nokkurn samdrátt í vegaframkvæmdum frá því í fyrra.

Um framkvæmd vegáætlunar 1982 og 1983 ríkir ekki síður óvissa en um „stóru stökkin" fyrrv. samgrh. þegar þau voru fest á blað. Sú magnaukning, sem stefnt er að á pappírnum í þessari áætlun, helgast af því að hækka liðinn „Önnur fjáröflun". Það eru nákvæmlega sömu vinnubrögðin og 1979. Engin ný stefna er mörkuð í fjárframlögum af bensínsköttum og beinum framlögum ríkissjóðs né heldur skilgreint hvernig fjáröflun skuli hagað á annan hátt til þess að ná markmiðum áætlunarinnar. Hætt er því við að brotna blaðið verði að óbreyttri framkvæmd svipað sjónarspil og blekking og „stóru stökkin" urðu, eins og reynslan sýnir.

Samþykkt fyrirliggjandi till. til þál. hefur í för með sér verulegan niðurskurð gildandi vegáætlunar fyrir árið 1981 sem samþykkt var 1979. Ég skal nú fara nokkrum orðum um það, hvernig þessi niðurskurður kemur niður.

Mestur er niðurskurðurinn í nýjum framkvæmdum við vegi og brýr eða nákvæmlega 19.82 millj. nýkr. eða 1982 millj. gkr. Því næst er sumarviðhald skorið niður að raungildi um 16.10 millj. nýkr. eða 1610 millj. gkr., en vetrarviðhald hækkar um 9.86 millj. nýkr., og verður þó að gera ráð fyrir endurskoðun á þessum lið í haust þar sem hann hefur farið verulega fram úr áætlun 1980 og það sem af er árinu. Þessi aukni kostnaður við snjómokstur er svipaður þeirri raungildishækkun sem verður í framlögum úr ríkissjóði frá því í fyrra. Hún er ekki meiri en svo að dugi til að standa undir auknum snjómoksturskostnaði.

Þegar breytingar á nýframkvæmdum eru bornar saman á gildandi vegáætlun og till., sem fyrir liggur, kemur í ljós að almenn verkefni og sérstök verkefni eru skorin niður um 25 millj. nýkr., en bundin slitlög hækkuð að raungildi um 12.5, enda er töluvert af fé úr Byggðasjóði bundið því að hraða framkvæmdum við bundin slitlög. Þessi áherslubreyting stafar að nokkru leyti af auknum áhuga einstakra þm. á því að sinna þessu þjóðþrifaverkefni betur en gert hefur verið. Hefur allveruleg stefnubreyting orðið hjá almennum þm. í þessu efni á síðustu árum og tel ég það stefna í rétta átt.

Þm. Sjálfstfl. hafa flutt till. til þál. um langtímaáætlun til 12 ára í vegagerð á öllum þingum síðan 1978. Í till., sem gerir ráð fyrir stórauknum framkvæmdum á sviði vegagerðar, er verkefnum raðað í þrjú fjögurra ára tímabil. Lögð er áhersla á að bundin slitlög og uppbygging lélegra vetrarvega komist í framkvæmd og verði hraðað og mörkuð ákveðin stefna um fjáröflun sem er sterkasti þáttur þessarar áætlunargerðar. Þessi till. var endurflutt á þessu þingi og hefur verið til athugunar í fjvn. Hún nýtur þar stuðnings fjögurra fulltrúa Sjálfstfl. og Karvels Pálmasonar, fulltrúa Alþfl. Á þessu þingi var lögð fram af samgrh. till. til þál. um langtímaáætlun í vegagerð. Fjvn. fól Vegagerð ríkisins að gera drög að sameiginlegri till. n. sem tæki tillit til beggja þessara till., en fjvn. hefur ekki tekið enn afstöðu til þessarar till. Hér skal það þó tekið fram, að ekki er vanþörf á slíkri langtímaáætlunargerð um bætt vinnubrögð og skýrari stefnumörkun í vegamálum og aukinni áherslu á vegaframkvæmdir næstu árin.

Til þess að sýna hve mikil arðbær verkefni biðu þjóðarinnar í vegamálum, óskaði fjvn. eftir upplýsingum Vegagerðar ríkisins um eftirfarandi: a) Lengd vega í hverju kjördæmi og kostnað við að leggja bundið slitlag á þá vegi sem arðbært er talið. b) Heildarkostnað við að fullgera stofnbrautakerfi landsins í það horf sem ráðgert er. c) Sparnað í viðhaldi vega og rekstri bifreiða sem næst með lagningu bundins slitlags.

Svör Vegagerðarinnar voru í stórum dráttum sem hér segir:

Arðbært er talið, miðað við ákveðna skilgreiningu, þ. e. 100 bíla sólarhrings ársumferð, að leggja alls slitlag á 2528 km á öllu landinu. Þetta mundi kosta 723 millj. nýkr. eða 72.3 milljarða gkr. Nokkuð er það misjafnt milli kjördæma hvað lagt yrði af slitlagi miðað við þessa arðsemisreglu. Á Suðurlandi yrðu það 546 km, Reykjanesi 250 km, Vesturlandi 452, Vestfjörðum 120, Norðurlandi vestra 344, Norðurlandi eystra 420 og Austurlandi 396 km. Samtals 2528 km. Kostnaður við að fullgera stofnbrautir upp í ákveðinn staðal er talinn nema 2547 millj. nýkr. og það tæki 17 ár að ljúka þessu verkefni miðað við óbreyttar þarfir og það fjármagn sem hugsað er að setja í þetta. Ég verð nú að slá þann varnagla, að ég býst við að þetta sé miðað við það fjármagn sem talað er um að leggja til í langtímaáætlun ríkisstj.

Eitt atriðið, sem spurt var um, er um arðsemina. Þar segir svo í svari Vegagerðar ríkisins við spurningum fjvn.:

„Ef við gefum okkur að þeir vegir, sem lagðir eru

bundnu slitlagi í ár, hafi að meðaltali 300 bíla umferð á dag er sparnaður á ári 12.3 millj. nýkr. frá vondum malarvegi í bundið slitlag.“

Þar er sem sagt um hreinan sparnað að ræða á annan milljarð gkr. af því að búið er að leggja þessa vegi bundnu slitlagi. Af þessum upplýsingum sést að framkvæmdir í vegamálum eru ekki einvörðungu félagslegt jafnréttis- og byggðarmál, heldur eru þær einnig með arðbærustu opinberu verkefnum sem bíða úrlausnar.

Þá er rétt að geta þess, herra forseti, að algjör samstaða náðist í fjvn. um að tekist verði á við þrjú verkefni utan vegáætlunar á næstu árum. Þar er um samgöngubætur að ræða sem leysa af hólmi kafla á vegum sem eru lífshættulegir við sérstakar aðstæður, þ. e. vegum á Ólafsfjarðarmúla, Óshlíð og Ólafsvíkurenni. Fé til rannsókna og könnunar nýrra lausna á samgöngum á þessum slóðum er í till. fjvn. um vegáætlun, en gert er ráð fyrir að fjár verði aflað sérstaklega til framkvæmdanna með lögum þegar þar að kemur, svo sem fram kemur í nál. meiri hl. fjvn., en þar er birt yfirlýsing hæstv. samgrh. um þetta mál sem lögð var fram í fjvn. í gærkvöld.

Ég vil sérstaklega þakka meðnm. mínum fyrir góða samvinnu og samstöðu í þessu mikilvæga hagsmunamáli nokkurra öflugra byggðarlaga í þessu landi. Það má nánast segja að þar sé um að ræða félagsleg mannréttindamál.

Að svo mæltu læt ég máli mínu lokið.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég hef ekki miklu við það að bæta sem þegar er komið fram í þessum umræðum, en það eru örfá atriði sem ég vildi víkja hér að.

Það er í fyrsta lagi í sambandi við þær breyttu reglur sem nú voru teknar upp varðandi skiptingu milli kjördæma, prósentuskiptingu. Það kom hér fram hjá báðum frsm. n. að nú er tekin upp ný regla varðandi prósentuskiptingu milli kjördæma, — regla sem hefur í för með sér að t. d. Vestfjarðakjördæmi ber þar skarðan hlut frá borði miðað við það sem það hefði haft að óbreyttum reglum. Þessu höfum við þm. Vestfjarðakjördæmis mótmælt með hæstv. samgrh. í broddi fylkingar, en eigi að síður verið bornir ofurliði í þessu máli og afgreiðslan varð sú, að reglunum var breytt, sem þýðir að Vestfjarðakjördæmi mun að öllum líkindum lækka um 2% varðandi skiptingu til stofnbrauta. Ég vil taka það skýrt fram að þessu vorum við Vestfjarðaþm. andvígir og ég greiddi í fjvn. atkvæði gegn þessari breytingu og lagði fram bókun þar sem þessari breytingu var mótmælt af minni hálfu í nafni allra Vestfjarðaþm.

Í öðru lagi vil ég aðeins víkja að þeirri yfirlýsingu sem er prentuð sem fskj. við nál. frá meiri hl. fjvn. og hér var komið inn á líka af ég held báðum frsm. n. Hér er um að ræða yfirlýsingu frá samgrh. um fyrirhugaðar aðgerðir á þessum svonefndu Ó-vegum, sem nú er farið að kalla, þ. e. Ólafsfjarðarmúla, Ólafsvíkurenni og Óshlíð. Ég vil segja það um þessa yfirlýsingu að ég hefði gjarnan kosið að hún væri öllu ákveðnari en hún er. Ég vil þó treysta því, að á komandi hausti takist hæstv. samgrh. að fá ríkisstj. til að fallast á að leggja fram viðaukavegáætlun þar sem þessi verkefni eru tekin inn og þá með sérstakri fjármögnun þannig að framkvæmdir við þessi verkefni geti hafist þegar á næsta ári. Ég þykist vita að hæstv. samgrh. geri sér það ljóst, að þó að það fáist ekki samþykki fyrir því í ríkisstj. að leggja slíkt til við Alþingi, þá kemur það með einhverjum hætti til þingsins í gegnum aðra aðila. Það er alveg ljóst, að frá þessu verður ekki hlaupist. Þetta mál verður að fá þá meðferð og þá afgreiðslu sem hér er raunar lagt til að gert verði, og þakkir skal fjvn. hafa fyrir að hafa tekið á þessu máli eins og raun ber vitni því þar var enginn ágreiningur um meðferð málsins eða nauðsyn þess, að í þetta yrði ráðist með þessum hætti.

Þetta vildi ég sérstaklega taka fram við þessa umr., ég vil aðeins bæta við örfáum orðum og þá almenns eðlis í sambandi við afgreiðslu vegáætlunar.

Það er auðvitað alveg ljóst, og raunar hefur það komið fram hér á Alþingi, að það er ekki ágreiningur um að það eru arðbærar framkvæmdir að leggja í vegagerð og þar er um að ræða úrbætur á ótalmörgum sviðum, bæði að því er varðar félagslegar umbætur og ekki síður er hér eitt brýnasta byggðamálið sem um er að ræða eins og mál standa í dag. Því hefur verið haldið fram og vissulega með nokkrum rétti, að skattar á umferðina séu gífurlega miklir, en hins vegar allt of litlum hluta af þeirri skattpíningu, sem menn kalla að umferðin sé beitt, allt of litlum hluta af skatttekjum varið til vegagerðarinnar sjálfrar, til umferðarinnar, til þess að bæta úr því slæma ástandi sem er víðs vegar um landið í sambandi við vegakerfið. Þróunin hefur orðið sú, að ríkissjóður er farinn að taka æ stærri hluta til sín af tekjum umferðarinnar, sem fara svo í alls konar aðra hluti sem ríkið hefur á sínum snærum. Ríkisstj. tekur tekjurnar í gegnum umferðina, en ráðstafar þeim til annarra hluta og í mörgum tilfellum a. m. k. miklu óæskilegri og óarðbærari en að ráðstafa þeim til vegagerðar í landinu.

Það verður auðvitað alltaf ágreiningur um það og skiptar skoðanir, hversu mikil framkvæmdagetan er og hversu mikið á að framkvæma. Ég held þó að það sé afskaplega óæskileg meðferð mála eins og mér sýnist, hugsanlega a. m. k., geta orðið nú, að hér er verið að afgreiða vegáætlun með ákveðnum tölum til framkvæmda, en nokkru áður er búið að samþykkja niðurskurð á þessum sömu fjárveitingum sem nú er verið að ræða um og væntanlega staðfesta á Alþingi. Það eru afskaplega óæskileg vinnubrögð að við séum hér í dag að samþykkja fjárveitingar eða framlög til vegamála sem fyrir nokkru er búið að gefa hæstv. ríkisstj. fullkomna heimild til að skera niður verulega frá því sem hér er verið að tala um. Mér sýnist allt benda til þess, að það muni eiga sér stað niðurskurður frá því, sem hér er verið að tala um, og niðurskurður er í framkvæmdamætti í ár miðað við fyrri ár. Og eins og hér hefur komið fram er æðimikil óvissa um fjáröflun á síðari hluta áætlunartímabilsins. Það er mál sem við höfum horft upp á hér og er ekkert einsdæmi nú, að þó áætlun sé sett upp með ákveðnum tölum er svo og svo mikið sem þar skerst af ýmissa hluta vegna og oft á tíðum er það svo, að verkefni á síðari hluta áætlunartímabilsins fara nokkur ár aftur í tímann vegna þess að ekki virðist vera fjármagn fyrir hendi til þess að framkvæma eins og gert var ráð fyrir. Þetta er atriði sem endurtekur sig æ oftar og ekki bara í sambandi við vegáætlun. Svo er um miklu fleiri verkþætti, svo sem hafnaáætlun og fleira sem ég skal ekki fara hér út í að ræða um.

Hæstv. samgrh. lét það vera sín síðustu orð við afgreiðslu vegáætlunar fyrir árið 1980 að við gerð vegáætlunar núna og framlagningu hennar yrði um að ræða stórauknar framkvæmdir á árinu 1981. Mér sýnist þó að það sé allverulegur niðurskurður í framkvæmdamagni miðað við fyrri áætlun.

Ég skal ekki, herra forseti, eyða öllu lengri tíma í þessar umræður. Ég vil þó aðeins ítreka þá skoðun mína og skoðun Alþfl., að það er krafa um að aukin hlutdeild þeirra skatta, sem umferðin er látin greiða, fari til vegaframkvæmda og það fari ekki svo stór hluti í ríkishítina sem raun ber vitni af skattpeningum sem teknir eru af umferðinni. Það er brýn nauðsyn að bæta vegakerfið, ekki bara bundið slitlag, það er ekki síður nauðsyn að gera vegi akfæra þannig að þeir komist upp úr snjó. Við könnumst við það, þm. utan af landi, hvað þar er um að ræða. En meginkrafan er sú, að því fjármagni, sem er af umferðinni tekið, verði varið í miklu stærri mæli til umferðarinnar heldur en nú er gert.

Ég vil svo að lokum lýsa vonbrigðum mínum með það, að við Vestfjarðaþm. skyldum bornir ofurliði og nánast á okkur traðkað í sambandi við prósentuskiptingu milli kjördæma. Það var slæmt verk af jafngóðum mönnum og í fjvn. eru, að þeir tækju slíka ákvörðun. En vonandi rætist úr í þeim efnum, menn sjái að sér, bæti ráð sitt og sjái þörfina á því að réttur þess kjördæmis eða þeirra kjördæmi, sem raunverulega eru verst sett í samgöngumálum, sé réttur, en ekki skertur. Það er krafa okkar Vestfirðinga og það er auðvitað krafa fleiri. En svona förum við út úr þessari skiptingu nú og það ber að harma, þrátt fyrir það að við höfum sjálfan samgrh. í broddi fylkingar.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég stend fyrst og fremst upp til að þakka hv. fjvn. fyrir þá miklu vinnu sem hún hefur lagt í afgreiðslu vegáætlunar. Vegáætlun var lögð fram óvenjusnemma nú, þ. e. fyrir áramót, en engu að síður er hún ekki afgreidd fyrr, fyrst og fremst vegna þess, eins og kom fram hjá hv. frsm., að þetta er eitt af viðameiri málum Alþingis og mikil vinna sem í það fer, mörg sjónarmið sem þarf að meta og vega. Sýnist mér að hv. fjvn. hafi gert það af mikilli samviskusemi.

Ég lýsi ánægju minni með þá meginniðurstöðu sem n. hefur komist að. Hún hefur byggt á nokkuð annarri verðlagsspá á milli ára heldur en lagt var til í upphafi, og ég tel að það sé raunhæft. Hins vegar hefur þeirri hækkun verið mætt með aukinni útvegun fjármagns eftir ýmsum leiðum, eins og fram kom í ræðu hv. frsm. Þannig er endanlegt fjármagn til vegamála í heild sinni nálægt því 2.1% þjóðarframleiðslumarki sem sett var.

Ég skal ekki fara mörgum orðum um þá gagnrýni sem kom fram hjá hv. þm. Lárusi Jónssyni, 3. þm. Norðurl. e. Þó vil ég segja það, að mér þótti sú gagnrýni nokkuð einhliða. Það er alveg rétt sem kom fram hjá hv. þm., að stórhuga vegáætlun, sem samþykkt var 1979, stóðst ekki verðbólgunnar tönn frekar heldur en flestar aðrar framkvæmdir í okkar þjóðfélagi hafa gert í gegnum árin. Hefur engu máli skipt hvaða ríkisstjórnir hafa setið. Hann hins vegar sleppir því, að engu að síður er með þeirri áætlun, sem þá var samþykkt, verulega breytt um frá þeirri óheillaþróun sem verið hafði áður og lýsti sér í minnkandi fjármagni að raungildi til vegamála. Í upplýsingum, sem hv. þm. fékk frá Vegagerð ríkisins og voru útbúnar, að því er mér skilst, að hans ósk, kemur m. a. fram að 1977 var fjáröflun 286.7 millj. nýkr. á verðlagi 1981 til vegamála, en á árinu 1978 323.4, 1979 326.7, 1980 388.4, en 1981 411.5. Að sjálfsögðu eru heildarútgjöld mjög svipuð, nálægt því þau sömu. M. a. tvö síðustu ár eru heildarútgjöld 395.5 millj. kr. 1980, en 411.5 1981. Þetta sýnir að sjálfsögðu nokkra aukningu, þótt ég endurtaki það sem ég sagði áðan, að ekki hafi tekist að standa við stórhuga áætlun frá 1979 og sérstaklega, eins og kom fram í þessum tölum, mjög verulega breytingu frá 1978 og 1979 til 1980 og 1981. Það er hins vegar rétt að sumu af þessari aukningu hefur verið varið til sumarviðhalds sem ég fyrir mitt leyti tel að hafi verið mjög vanrækt á undanförnum árum og hættulega. Óhjákvæmilegt var að auka fjármagn til sumarviðhalds og einnig til vetrarviðhalds vegna óvenjumikils snjóþunga nú í ár. Þó er það svo að í raungildi er fjármagn til nýbyggingar vega, brúa og fjallvega nálægt því nákvæmlega það sama og var á s. l. ári. Við þetta mætti vitanlega, ef menn vilja, bæta aukningu á fjármagni til þéttbýlisvega o. s. frv. sem gerir heildarfjármagn til nýbyggingar meira í ár en það var á árinu 1980.

Ég ætla nú ekki út í langa ræðu um þetta. Menn flytja þetta mál augsýnilega eins og þeim sýnist og er lítið um það að fást út af fyrir sig. Ég vil taka undir það, að of lítill hluti af bensíngjöldum rennur til vegamála, enda er verið að skoða það mál og ég mun athuga hugmyndir sem koma frá sérstökum starfshópi sem að því vinnur. Ég tel skynsamlegra að meiri hluti af almennu gjaldi af bensíni renni til vegamála heldur en nú er. Hins vegar er vert að geta þess, að beint framlag ríkisins eykst á milli ára úr 18.1 milljón á verðlagi 1981 í 31.7. Því má ekki heldur gleyma þegar rætt er um tekjur ríkisins af þessu. Sömuleiðis mætti bæta þar við afborgunum og vöxtum sem ríkið ber af langtímalánum til vegamála og nema á árinu 1981 um 80 millj. kr. Allt eru þetta mikilvægir þættir sem hv. þm., sem nú er genginn í salinn, sleppti af einhverjum ástæðum áðan, en auka satt að segja verulega hlut ríkissjóðs og reyndar fjármögnunar vegamála í heild frá því sem hann gat um áðan.

Hv. þm. hafa minnst nokkuð á hina svonefndu Ó-vegi, ég vil kalla þá hina lífshættulegu vegi, og þá yfirlýsingu sem ég hef um þá gefið. Ég hélt satt að segja að hv. þm. Karvel Pálmason mundi þakka mér fyrir frumkvæðið sem ég hef haft á því sviði, en það kom ekki fram. En eins og ég hef áður upplýst ritaði ég Vegagerð ríkisins þegar s. l. haust og óskaði eftir sérstakri áætlun fyrir þessa vegi með það í huga, að þetta yrði tekið inn sem sérstakur flokkur á vegáætlun. Einnig í svari við fsp., sem kom fram hér á hinu háa Alþingi í vetur, lýsti ég þessu ítarlega, fór m. a. yfir fyrstu kostnaðartölur og lýsti því þá, að ég hefði í huga að leita eftir samstöðu innan ríkisstj. um að flytja viðaukatill. um vegáætlun n. k. vetur þar sem þessir liðir yrðu sérstaklega teknir inn. Ég sé hins vegar sérstaka ástæðu til að þakka hv. fjvn. fyrir mjög góðar undirtektir undir þessa hugmynd. Ég tel undirtektir fjvn. vissulega mjög svo styrkja það að þetta fáist. Þar talar sú nefnd þingsins sem með fjármálin fer, og sýnist mér að sú ríka samstaða, sem þar hefur náðst, sé ákaflega mikilvæg. Ég vil því lýsa ánægju minni með þann stuðning við þessa hugmynd.

Ég vil svo aðeins, án þess að ég fari út í einstök kjördæmi, segja það, að ég er hins vegar ekki ánægður með þá ákvörðun meiri hl. fjvn. að reikna út hundraðshluta til almennra verkefna í stofnbrautum í tugabrotum. Ég tel það rangt, satt að segja, því að ekki er um svo mikla nákvæmni að ræða t. d. í arðsemi og fleiru að mér sýnist það fært. En að sjálfsögðu hefur meiri hl. fjvn. lokaorðið um það.

Ég vil hins vegar segja það, að ég tel ekki óeðlilegt að

skoðuð sé ný formúla eða ný aðferð til að reikna slíkt út á grundvelli mjög mikillar vinnu sem Vegagerð ríkisins hefur lagt í að afla upplýsinga um vegakerfi landsins. Ég vil hins vegar láta það koma fram, að þegar ég skoðaði þann grundvöll sýndist mér nauðsynlegt að setja vissar lágmarkskröfur, t. d. um það að bundið slitlag í hverju kjördæmi yrði aldrei undir 1/4 af stofnbrautum. Ef það lágmark væri ekki sett er t. d. hlutur Vestfjarða orðinn mjög slakur, því að þar eru tvær stofnbrautir inn í kjördæmið og því umferðarþungi hvorrar um sig fyrir neðan það lágmark sem var sett. Fleira þess háttar gæti ég nefnt, þannig að ég tel að ef við upphaflega formúlu hefði verið haldið væri hlutur Vestfjarða viðunandi.

Hins vegar vil ég upplýsa að samkv. upplýsingum, sem Vegagerðin gefur mér, skiptist fjármagn til Vestfjarðakjördæmis þannig á þrjú ár í heild sinni, að árið 1981, sem fer eftir gömlu formúlunni, fá Vestfirðir samtals 11.5% af fjármagni til framkvæmda, 1982 verður hlutfallið 12.1%, en 1983 15,1%. Þetta stafar m. a. af því, að töluvert fæst í bundið slitlag, sem er bundið lágmarki og er fyrir utan þessa formúlu, og sömuleiðis í sérverkefni, þar sem veruleg aukning verður, og vitanlega verður að líta á heildarfjármagn til kjördæmanna þegar um þessi mál er fjallað.

Herra forseti. Eins og ég hef sagt ætla ég ekki að lengja þessar umr. neitt að ráði og stóð fyrst og fremst upp til að þakka hv. fjvn. fyrir mjög mikla vinnu og lýsa ánægju minni með þá samstöðu sem náðst hefur. Ég vil að lokum segja að ég fagna einnig þeirri viðleitni sem fram hefur komið hjá nm. til að ná samstöðu um langtímaáætlun í vegamálum. Ég tel slíka langtímaáætlun mjög nauðsynlega, og mér er ljóst, að þar hefur verið unnið vel að því að ná slíkri samstöðu. Ég segi fyrir mitt leyti að ég er tilbúinn að teygja mig langt með mína till. til þess að samstaða geti orðið. Mér er jafnframt ljóst að hv. frsm. minni hl. hefur unnið að því að svo verði, og vona ég að það takist.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Það hafa stundum verið fleiri hv. alþm. viðstaddir umr. um vegáætlun á Alþingi, en vafalaust eru gildar ástæður fyrir því að með færra móti er nú.

Ég vil í upphafi harma það að umr. um vegáætlun fer fram áður en skilað hefur verið nál. fjvn. Það er aðeins búið að leggja fram nál. meiri hl. Mér vitanlega er nál. minni hl. ekki komið fram enn þá. Hins vegar gerði hv. frsm. minni hl. mjög glögga grein fyrir afstöðu hans í nefndinni.

Ég kem nú hér eins og hálfgerður álfur út úr hól, eins og varaþm. hættir til. Þó hef ég reynt nú á síðustu dögum að leggja mig eftir því sem verið hefur að gerast varðandi vegamál á hv. Alþingi að undanförnu. Ég hef komist að því, að til umr. í hv. fjvn. hafa verið í rauninni þrjú stór þingmál sem snerta vegamál, þ. e. tvær þáltill. um langtímaáætlun í vegamálum, önnur frá ríkisstj., en hin frá allmörgum sjálfstæðismönnum með hv. þm. Sverri Hermannsson í broddi fylkingar — auk vegáætlunar. Ég hef komist á snoðir um að gerð hefur verið tilraun í hv. fjvn. til þess að samræma sjónarmið þessara tveggja till. og það hefur m. a. verið til umfjöllunar í þingflokkum. Ég verð að segja það, að þær breytingar, sem lagt er til í nefndinni að gerðar verði til þess að samræma þessi tvö mál, eru að mínu mati allt of léttvægar til þess að hægt sé að fallast á þær. Það er kannske einna helst jákvætt að gert er ráð fyrir skemmri tíma sem áætlunin taki til í þessari málamiðlunartillögu. Það er farið í 12 ár í stað 20 í till. ríkisstj. Það er gefið í skyn að lágmarksprósenta af vergri þjóðarframleiðslu verði hækkuð úr 2.1% í 2.4%, en að öðru leyti finnst mér það mikill mismunur á þeirri stefnumörkun, sem fram kemur í þessum tveimur till., að ég fyrir mitt leyti gæti ekki fallist á þessa málamiðlun.

Það vekur athygli m. a. hve miklu meira fjármagn er ætlað að veita til vegamála samkv. till. okkar sjálfstæðismanna, og það er ekki einasta að nefndar eru fjárhæðir, heldur er og gerð grein fyrir fjáröflun, hvernig hún skuli fara fram, sem ég hef ekki fundið hins vegar í till. ríkisstj. En í till. okkar sjálfstæðismanna er lagt til að fjármögnun fari fram með ýmsum hætti: úr Vegasjóði, úr Byggðasjóði, með happdrættislánum og með innflutningsgjaldi af bifreiðum.

Það er talið í grg. með þessari bráðingstillögu, sem við sáum í gær, að till. okkar sjálfstæðismanna mundi þýða fjórfalt meira fjármagn til vegamála en gert er ráð fyrir í till. ríkisstj. Það má segja að þetta sé kannske fullmikil bjartsýni. En við þurfum á bjartsýni og stórhug að halda í stefnumótun og framkvæmd okkar vegamála. Hana finn ég því miður ekki í till. ríkisstj., þó að vissulega sé gleðilegt að það er þó velvilji og áhugi á að gera eitthvað umfram það sem verið hefur undanfarin ár þegar vegamálin hafa staðnað og þegar þau ósköp hafa gerst, að ríkissjóður fer ránshendi um það fé, bensíngjald og skatta af bifreiðum, sem Vegasjóður á alla vega siðferðilega allan rétt til. En það kom fram hjá hv. 3. þm. Norðurl. e., Lárusi Jónssyni, að þetta skatthlutfall ríkissjóðs hefur hækkað um 35—36% frá því árið 1978, og hann benti á, ef ég hef heyrt rétt, nál. hafði ég ekki, að hefði sama skatthlutfall ríkissjóðs í bensíngjaldi gilt nú og árið 1978 hefðum við 4.4 milljarða gamalla króna meira úr að spila nú heldur en raun ber vitni.

Annað, sem ég vil benda á, er það ákvæði í till. ríkisstj., sem ég hygg að vegáætlun nú byggist á, en það er þetta með bundna slitlagið og að vegir séu byggðir upp úr snjó. Í till. ríkisstj. er talað um að vegir séu byggðir upp úr snjó eftir því sem unnt er. Í till. okkar sjálfstæðismanna er þarna miklu skýrar og ákveðnar komist að orði, þannig að ég tel meiri tryggingu fyrir að sinnt sé þessu höfuðverkefni vegamála í okkar dreifbýli, að byggja upp úr snjó vegi sem árum og áratugum saman hafa verið í rauninni vegleysur og teppa umferð vikum og mánuðum saman ár hvert og einangra fólk í sínum byggðarlögum.

Það hefur löngum verið nokkuð hörð barátta hér á Alþingi fyrir þessu sjónarmiði. Ég hef talið mig í hópi þeirra þm., meðan ég sat á þingi, sem lögðu áherslu á að þessum þætti mættum við ekki gleyma í áhuga okkar á að leggja bundið slitlag á hringveginn svokallaða og á fjölförnustu vegina, svo sjálfsagt markmið og ágætt sem það er í sjálfu sér. Ég minnist ummæla á þá leið, það var raunar maður utan þings sem lét um mælt eitthvað á þá leið, að vegagerðarmenn ættu að hætta að hlaupa út um allar koppagrundir og leggja búta, við ættum að beita okkur að stóru verkefnunum.

Við, sem erum fulltrúar hinna dreifðu byggða, gerum okkur fulla grein fyrir því, og það ættu fleiri að gera, að þegar við tölum um svokölluð byggðamál kemur þar fleira til heldur en kaup á skuttogurum og bygging frystihúsa. Við vitum að frumskilyrði fyrir þolanlegu byggðajafnvægi í landinu eru góðar samgöngur. Það eru haldnir

skólar úti í dreifbýlinu yfir veturinn, það þarf að aka börnum frá heimili til skóla, læknar og hjúkrunarfólk þarf að komast leiðar sinnar til að sinna sínum verkefnum á sviði heilbrigðisþjónustunnar og öll félagsleg samskipti fólks byggjast að sjálfsögðu á því, að það geti komið saman með einhverju móti til að sinna félagslegum verkefnum. Þetta liggur að sjálfsögðu í augum uppi, en vill stundum gleymast þegar einblínt er um of á þetta ágæta og þarfa verkefni: að hraða lagningu slitlags á fjölförnustu vegina.

Það er talað um arðsemi vega og að hún skuli miðast við 100 bíla umferð á dag allt árið um kring. Ég held að með þessu móti væru margir vegir, sem endurbóta þurfa með, dæmdir úr leik. Ég vil minna á aðeins eitt atriði í þessu sambandi, að eftir þungfærum og illa byggðum vegum fer sums staðar daglega fram akstur milljónaverðmæta af fiskafurðum sem keyra þarf frá fiskibæ til útskipunarhafnar, og fleira og fleira getum við nefnt þessu sjónarmiði til stuðnings.

Framsfl. hefur jafnan talið sig hinn eina sanna málsvara dreifbýlis og ég held jafnvel að sumt fólk trúi þessu, svo vitlaust sem það er þegar við lítum á framkvæmdina í gegnum árin og hvernig uppbygging atvinnulífs á Íslandi upphófst fyrir frumkvæði sjálfstæðismanna á Alþingi fyrir um aldarfjórðungi.

Ég kemst ekki hjá því að ég vona að það fyrirgefist mér, því að ég hef ekki haft tækifæri til að taka þátt í almennum umr. hér í vetur, að ég minnist hér á örfá mál sem í rauninni tengjast þó þessu lífshagsmunamáli, vegamálunum. Það eru ýmis önnur mál sem eru til umfjöllunar á þingi nú og mætti tengja hér við.

Mér dettur í hug sveitarafvæðingin sem á að sinna því að ljúka að rafvæða sveitir landsins. Á þessu ári er gert ráð fyrir 1 millj. til nýframkvæmda á þessu sviði, að vísu að viðbættum 4 öðrum millj. til þess að leggja heimtaugar á bæi þar sem línan sjálf hefur verið lögð, þ. e. til þess að ljúka verkefnum sem þegar eru í gangi. Hinir bæirnir, sem ekki eru víst orðnir ýkjamargir, mega enn sitja með sitt dísilrafmagn, og ég þarf ekki að skýra út hvaða kostnaðarauka það hefur svo ljóst sem það er öllum landsmönnum.

Í annan stað vil ég nefna sjónvarpið okkar. Við erum með á borðum skýrslu frá menntmrh. þar sem ljótur sannleikur kemur í ljós sem raunar er mikið búið að fjalla um. Tolltekjum Ríkisútvarpsins, sem á sínum tíma, þegar litvæðing sjónvarpsins hófst hér, áttu samkvæmt samkomulagi og ákvörðun að ganga til þess að ljúka því að koma sjónvarpi til allra landsmanna, hefur öllum verið rænt af Ríkisútvarpinu. Á s. l. ári nemur þessi upphæð í gkr. 14 milljörðum og rúmlega þó. Þeir menn, sem fjalla um framkvæmdir á vegum sjónvarpsins, fullyrða að hefði verið staðið við það, sem lofað var um tolltekjur til uppbyggingar dreifikerfis sjónvarpsins, þá væri þessu verkefni lokið nú. En nú er langt í land því miður, þó að nokkrir tilburðir séu sýndir, m. a. í lánsfjáráætlun, til þess að krukka eitthvað í vandamálið eins og það stendur enn.

Ég veit um tvo sveitahreppa þar sem 10—20 bæir hafa enga sjónvarpsgleetu. Þeir eru ekki á áætlun í ár og þeir eru ekki á svokallaðri viðbótaráætlun sem lánsfjáráætlun með heimild gerir ráð fyrir að komi til viðbótar því sem ætlað var á fjárlögum. Þetta hefur gleymst hjá dreifbýlisvinunum og alþýðuvinunum í núv. ríkisstjórn.

Ég vil í fjórða lagi minna á lítið mál sem er nýbúið að afgreiða frá nefnd í Ed. Það fjallaði um afnám söluskatts á flutningsgjald. Allir eru sammála um að þarna sé sjálfsagt réttlætismál á ferðinni, en framsóknarmenn og kommúnistar í Ed. létu sig hafa það að afgreiða það úr nefnd þannig að því yrði vísað til ríkisstj. og þar með svæft í bili. En málið getur vaknað aftur, það skulu þeir hv. þm. vita, þeir hv. dreifbýlisþingmenn sem gátu látið sig hafa það að afgreiða málið með þessum hætti.

Við vorum í gær að afgreiða lög frá Alþingi um sjálfvirkan síma, um símavæðingu sveitanna. Ég fagna því og ég greiddi því atkvæði af heilum hug. Það er gert ráð fyrir fimm ára áætlun um að ljúka þessu verkefni. Þetta er að vísu heimildarfrv. eins og margt af þeim lögum sem verið er að afgreiða nú, það má helst hvergi tala skýrt. Það er heimild til að veita fjármagn til þessa eða hins verkefnisins. En við spyrjum okkur: Hvaða trygging er fyrir því, að staðið verði við þessa áætlun? Hvaða tryggingu höfum við fyrir því eftir það sem á undan er gengið og eftir þá fjármálastjórn sem við höfum horft upp á og horfum upp á enn í dag undir forræði kommúnistans, hæstv. fjmrh. Ragnars Arnalds.

Ég hef verið að tala hér um dreifbýlisvinina, framsóknarmenn, og að sjálfsögðu vil ég ekki væna einn eða neinn framsóknarmann um að hann vilji ekki dreifbýlinu vel. Það væri ósanngirni út í bláinn. En þeim hefur hætt til að gefa of hástemmdar yfirlýsingar og gefa of fögur loforð þegar kosningar eru í nánd án þess að því er virðist að hugur fylgi nægilega máli.

Um Alþb. þurfum við ekkert að fjölyrða að því er varðar vinskap við dreifbýlisfólkið. Höfuðmarkmið fjármálastjórnarinnar í landinu nú er að sölsa undir ríkissjóð öll fjárráð þjóðarinnar, hvort sem í hlut á fyrirtæki, félag eða einstaklingur. Framsókn fær kannske ekki við neitt ráðið né aðrir þeir sem sitja í ríkisstj. með kommúnistum. Illu heilli virðast þeir ráða ferðinni og hafa tögl og hagldir. Og ást þeirra á ríkissjóði og því hlutverki hans að skammta út um byggðir landsins, einstaklingum og fyrirtækjum, er það mikil að mér verður að fyrirgefast að ég tortryggi nokkuð loforð sem felast í heimildarfrv. og heimildarþáltill.

Það er vissulega margt sem við höfum áhyggjur af um þessar mundir: Alþb. með fjárgræðgi sína fyrir hönd ríkissjóðs, Framsfl. með sína byggðastefnu í munninum, en of litlar aðgerðir í verki til þess að fylgja henni fram. Og stundum læðist að manni sá grunur, að fyrirtæki, sem heitir Samband ísl. samvinnufélaga, hagsmunir þess vegi kannske stundum þyngra á metunum heldur en það sem við venjulegt fólk köllum alþjóðarheill. Mér kom í hug í þessu sambandi ummæli sem ég raunar heyrði ekki, en heyrði höfð eftir hv. þm. Guðmundi G. Þórarinssyni í umr. um orkumál, að það væri ekkert því til fyrirstöðu að byggja stóriðju á Reyðarfirði, sem Samband ísl. samvinnufélaga mundi ráða við, frekar en að leita til erlendra aðila í uppbyggingu stóriðju á þessu landsvæði.

Ég sem Vestfirðingur, þó ég tali nú hér sem staðgengill Reykjavíkurþingmanns, hv. þm. Péturs Sigurðssonar, vil láta í ljós ánægju mína yfir því, að þó nokkurt fé hefur þó komið í hlut Vestfjarða samkv. vegáætlun. Ég fagna því, að allverulegt fjármagn er veitt til vegabóta í Vestur-Barðastrandarsýslu. Og yfirlýsingu hæstv. samgrh. um sérstaka skoðun og sérstakar aðgerðir í sambandi við þrjá hættulega vegi: Óshlíð, Ólafsvíkurenni og Ólafsfjarðarmúla, er einnig gleðiefni frekar en hitt. Mér finnst líka gott að sjá að þeir gleymdu ekki tengingu Djúpvegar. Mér þótti hins vegar dapurlegt að heyra kappann

Karvel Pálmason — hann er nú víst ekki viðstaddur hér — lýsa því yfir hvernig hefði verið traðkað á honum og rétti Vestfirðinga í fjvn. Ég veit að þennan stóra og stæðilega mann hefur tekið það nokkuð sárt, og ég veit að hann hefur gert það sem hann hefur getað til þess að ná fram málum síns kjördæmis. Væntanlega verða þessi 2% í skiptihlutfalli, sem hann talaði um að hefðu verið höfð af Vestfirðingum að hæstv. samgrh. aðsjáandi, bætt seinna meir og prósentan aukin að sama skapi sem hún var skert nú.

Herra forseti. Ég skal ekki lengja frekar þessar umr. Ég vil enn og aftur benda á hve mikið lífshagsmunamál allrar þjóðarinnar það er að gert verði stórátak í vegamálum okkar. Ég staðhæfi að sú till., sem sjálfstæðismenn hafa lagt fram á þingi um þessi mál, er í alla staði raunhæf. Ég held að þarna gildi það sem sagt hefur verið: að vilji er allt sem þarf.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Það verður að játa að þegar brtt. um skiptingu á vegafé eru komnar til umr. hér í þingi má segja að það sé búið að ganga frá vegáætluninni, svo þetta er naumast annað en formsatriði sem hér fer fram, enda sést það nú á því, að þótt menn telji ekkert mál veigameira en vegamál og þurfi að leggja meira til, að undanskildum orkumálum, þá koma örfáir þm. hér inn og staldra þá við aðeins augnablik. Það verður sennilega að líta svo á að það sé búið að afgreiða vegáætlunina, það séu nánast sagt málamyndaumræður sem hér fara fram.

Hv. fjvn. hefur haft það hlutverk æðilengi að skammta til hinna ýmsu kjördæma ákveðið fjármagn, og síðan er sá háttur hafður á, að þm. í hverju kjördæmi um sig skipta þessu fjármagni innan kjördæmisins. Þessi regla hefur verið endurtekin nú. En það kom fram í máli eins fjvn.-manns, hv. 6. landsk. þm., að hann hafði gert sérstaka bókun og greitt atkvæði gegn þeirri reglu sem ákvörðuð var með samþykkt, að mér skildist, af öðrum fjvn.-mönnum gegn hans atkvæði. Hann sýndi okkur þm. Vestf. þessar till. og við lögðumst alfarið gegn þeim og ég tel að það eigi að breyta þessu.

Ég skal taka það fram og ekki draga fjöður yfir að samvinna á milli þingmanna og Vegagerðar hefur verið mjög góð og vegamálastjóri og fulltrúar Vegagerðarinnar hafa jafnan verið reiðubúnir að gefa þm. hverjar þær upplýsingar sem þeir geta í té látið og hafa staðið að tillögugerð og unnið með þm. í sambandi við skiptingu á vegafé. Það er að mörgu leyti til fyrirmyndar hvað þessi stofnun hefur unnið um langt árabil náið með Alþingi í sambandi við skiptingu á vegafé. Hitt er ekki eins sjálfsagt, hvorki að Vegagerð ríkisins né aðrar stofnanir ríkisins eigi að búa til tillögur og formúlur um skiptingu á því fjármagni sem á að fara til viðkomandi málaflokks. Ég tel t. d. alls ekki rétt að Vita- og hafnamálastjórn leggi fram ákveðnar formúlur um skiptingu á því fé sem á að fara til hafnarmála í landinu — eða Póstur og sími eða hver önnur stofnun og þar er að mínum dómi Vegagerð ríkisins ekki undanskilin. Ég tel líka fráleitt að þessum reglum sé lítið breytt, jafnvel áratugum saman, nema til þess að reyna svolítið að hafa af einstökum kjördæmum vegna þess að það eru stífir menn fyrir önnur kjördæmi í viðkomandi nefnd.

Við gengum til þessa leiks eftir að fá þessa formúlu og þessa forskrift fjvn. og skiptum eðlilega og samviskusamlega því fjármagni sem okkur var ætlað, þrátt fyrir það að við erum mjög óánægðir með þessa ákvörðun fjvn. og teljum rétt að hér verði gerð breyting á. Ég tel að ráðh. eigi að beita sér fyrir því, að það verði óháð nefnd sem geri tillögur um nýjar reglur um skiptingu á vegafé. Það á ekki að þýða að mínum dómi að hvert kjördæmi um sig eigi alltaf að fá sama eða svipað hlutfall. Það er ráðist í stórframkvæmd í þessu kjördæminu í eitt, tvö, þrjú eða fjögur ár. Þá má gjarnan minnka framlög annarra á meðan á því stendur. En einhvern tíma kemur röðin að því, að allir landshlutar fá í stóraukið framlag til verklegra framkvæmda.

Það vantar ekki að það er talað hér ár eftir ár af stjórnvöldum um nauðsyn þess að auka verulega framlag til vegamála. Menn hafa talað, eins og kom fram í máli talsmanns minni hl. fjvn. hér í dag, um það að brjóta í blað í vegamálum, bæði á árinu 1979 og 1980. Útkoman hefur orðið sú, að í vegamálum hefur niðurskurður átt sér stað að framkvæmdamætti, bæði á gildandi vegáætlun í ár um tæpar 18 millj. nýkr. að því er varðar nýbyggingarfé til vega og brúa og nokkur samdráttur í vegaframkvæmdum frá því á s. l. ári. Það munar um minna en 1800 millj. gkr. í sambandi við nýframkvæmdir í vegamálum.

Á s. l. ári tók stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins að frumkvæði forstjóra hennar ákvörðun um að lána einn milljarð gkr. til vegagerðar og í ár rúmlega tvo milljarða. Á verðlagi vegáætlunar á þessu ári jafngildir þetta fjármagn þessi tvö ár nálega 3.5 milljörðum gkr. Ef þetta fjármagn hefði ekki komið frá Framkvæmdastofnun ríkisins hefði ekki bæst við vegáætlun þessi tvö ár, þá væri niðurskurður upphaflegu áætlunarinnar þeim mun meiri, eða í staðinn fyrir um 11 milljarða gkr. 14.5 milljarða gkr. Þessu fjármagni var ekkert fagnað af sumum mönnum á s. l. ári. Þeir fúlsuðu við því, bæði fjmrh. og samgrh. Þeir eru núna fyrst að taka við sér og kunna að meta það. En það hefur tekið þá heilt ár að skilja það til hlítar. Ef þetta hefði ekki verið gert væri nú ljóta ástandið í þessum málum og ferlegur niðurskurður. En það er alltaf talað á hverju einasta ári um langtímaáætlanir og þeim er alltaf frestað. Ef menn meina það að auka framlög til vegamála átti það að koma til framkvæmda helst á þessu ári, en í allra síðasta lagi á árinu 1982. Það er enn þá talað um að bíða og bíða, en alltaf talað um nauðsyn þess að auka þessar framkvæmdir og bæta samgöngur í landinu.

Það ríkir ákaflega mikil óvissa um fjáröflun til vegamála. Það vantar ekki að það er reiknað með annarri fjáröflun umfram bensíngjald, þungaskatt og gúmmígjald á næsta ári upp á rúmlega 190 millj., á árinu 1983 um 192 millj. og á árinu 1984 rúmlega 193 millj. En það er ekki vitað á hvern hátt eigi að afla þess. Ætli það verði ekki, ef sama stjórn verður eða svipuð stjórn með svipað hugarfar, gripið til þess að auka það með lánsfjáröflun eins og gert er á þessu ári því að lánsfjáröflun er þegar ákveðin um 110 millj., en óvissa ríkir aftur um það sem á vantar samkvæmt þessu, rúmlega 30 millj. kr.

Hæstv. samgrh. var dálítið leiður yfir því, að hv. landsk. þm. þakkaði honum ekki fyrir bréf sem hann hafði skrifað varðandi hina svonefndu Ó-vegi: Ólafsfjarðarmúla, Ólafsvíkurenni og Óshlíð. Ég sé nú ekki ástæðu til þess að ávíta 6. landsk. þm. fyrir að hafa ekki flutt einhvern þakkaróð til hæstv. ráðh., og ég ætla ekki að flytja hann hér nú heldur. Hér er um eitt bréf að ræða. Frumkvæðið var ekki ráðherrans. Frumkvæðið er fyrst

og fremst fólksins sem býr við þessar samgöngur, sem býr við þær samgöngur að þurfa að aka Óshlíðarveg, Ólafsfjarðarmúla og Ólafsvíkurenni. Síðan eru það þm. þessara kjördæma sem hafa tekið þessi mál upp og unnið að undirbúningi þessara mála og að því leyti til á samgrh. þakkir að hann hefur verið einn í hópi þeirra þm. sem hafa unnið að þessu. En ég ætla að láta bíða sérstakar þakkir til hans þangað til hann hefur komið í gegnum ríkisstj. á næsta hausti að það verði tekið upp og útvegað fjármagn, lagt svo fyrir Alþingi, til þess að fara í framkvæmdir þegar á næsta ári. Þá ætla ég að þakka hæstv. samgrh. þegar hann hefur komið því í gegn, en ekki fyrir þetta eina bréf sem er prentað hér með tillögum meiri hl. fjvn., því að þar gerði hann lítið annað en að lesa það fyrir og skrifa nafnið sitt undir. Meira er ekki komið enn.

Ég vil taka það fram í sambandi við þessa vegi, að þar er gífurlega sótt að okkur þm. að fara í framkvæmdir. Ástandið á þeim vegi, sem ég þekki þarna best, Óshlíðarvegi, er geigvænlegt. Við höfum ekkert framlag til hans á þessu ári, ekki í þessi verkefni, og m. a. s. eru þeim vörnum, sem gerðar voru ofan vegar fyrir nokkrum árum, ekki haldið við og verður ekki hjá því komist að það verði gert af viðhaldsfé á þessu ári. Það er ábyrgðarhluti fyrir Vegagerðina, fyrir samgrn. og fyrir Alþingi að það sé ekki hægt að halda því við að hreinsa þessar rásir fyrir ofan veginn nokkurn veginn. Ef það skeður vegna þess að þær eru orðnar fullar af grjóti og aur, að steinar komi í bíl og valdi stórslysi, þá verður strax rutt úr þessum rásum eftir að slys hefur hent. En það er meira atriði að gera það áður og bjóða ekki þeirri hættu heim.

Ég tel fyrir mitt leyti að þörfin á hina tvo staðina, sem ég hef talað um, sé ekki jafnbrýn, og það er sameiginlegt mál okkar þm. allra, þó það sé ekki í eigin kjördæmi, að sjá einnig til með öðrum og skilja þarfirnar þar. Ég met það mikils, að þingmenn allra þessara kjördæma, aðrir þm. og fjvn.-menn og hæstv. ráðh. skuli hafa tekið upp og tekið undir þessa þörf og í reynd heitið því að útvega fjármagn. Það verður fylgst með hvaða till. kemur frá ríkisstj. og það mun verða þrýstingur á hana ef eitthvert hik verður, ekki eingöngu frá okkur sem erum í stjórnarandstöðu, heldur ekkert síður frá þeim þm. í þessum kjördæmum sem ríkisstj. styðja.

Ég met líka mikils þann áfanga sem náðst hefur í sambandi við sérstök verkefni, og ég tel að mikilvæg ákvörðun hafi verið tekin í sambandi við tengingu Inndjúps með því að taka ákvörðun um lagningu vegar yfir Steingrímsfjarðarheiði og til Hólmavíkur, eða réttara sagt frá Hólmavík að Laugabóli í Nauteyrarhreppi. Hér er reiknað með allvænum fjárframlögum á þessu ári og til ársins 1984, þó Vegagerðin reikni ekki með öðru en að sá vegur verði orðinn akfær í lok áætlunartímabilsins, en ekki fullfrágenginn.

Það kemur oft fram hjá þingmönnum, einkum í þéttbýli, sem lítið hafa komið nálægt þessu, ég tala nú ekki um frá ýmsum spekingum úti um borg og bæ, að það sé röng stefna og heimskuleg að skipta fjármagni til vegagerðar í marga staði, það eigi helst að vera eitt eða tvö verkefni á einhverjum einum stað í heilu kjördæmi, jafnvel eitt eða tvö ár í einu, og skipta sér ekkert af öðru. Þetta sýnir auðvitað að þetta fólk veit ekki nokkurn skapaðan hlut hvað það er að segja. Í fyrsta lagi er hér um að ræða að þörfin fyrir verkefni er víða, tækin eru staðsett í flestum byggðarlögum og mannafli Vegagerðar og ýmissa annanna er þar fastur. Bifreiðaeign manna í ákveðnum byggðarlögum er að sumu leyti miðuð við þessa vinnu og eign ýmissa annara tækja. Með því að fara í jafnvel eitt stórt verkefni er verið að kippa atvinnugrundvellinum undan atvinnu fjöldamargra manna. Þetta er ein af ástæðunum fyrir því, að það verður að skipta þessu fjármagni eftir þessum reglum. Þetta er sífellt verið að agnúast út í þingmenn fyrir, en það hefur ekki áhrif á þm. almennt því að þeir vita vel hvað þarf að gera og hvað verður að gera.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð miklu fleiri. Ég er ánægður með það sem er vel gert. Ég veit að það er alltaf erfitt verk fyrir fjvn. að taka slíka ákvörðun sem hún gerir. Við erum, þessir þm. a. m. k., ákaflega óhressir yfir þessari ákvörðun núna um skiptingu á milli kjördæma, þó að við getum aftur á margan annan hátt þakkað þessum mönnum öllum, bæði minni hl. og meiri hl., fyrir þeirra störf. Þau eru eiginlega oftast nær vanþakklát, en stendur oftast á þakklætinu. Ég endurtek það, að ég er eftir atvikum ánægður með það framlag, sem fer í tengingu þessa kjördæmis við akvegakerfi landsins, og ég er sömuleiðis mjög ánægður með samstarfið við Vegagerð ríkisins. Ég vildi óska þess að jafngott samstarf væri við allar aðrar ríkisstofnanir.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Mig langar aðeins að koma hér inn á örfá atriði í sambandi við þetta stóra mál. Ég get ekki stillt mig í leiðinni um það að minnast aðeins á ræðu hv. 1. landsk. (SigurlB), sem talaði hér vítt og breitt áðan, og mér fannst einhvern veginn að ég væri að hlusta á erindi um daginn og veginn þegar ég hlustaði á hv. þm., því að þetta var svo svipað því sem maður hefur heyrt stundum einmitt í þessum dúr frá hv. þm. á þeim vettvangi.

Ég vil segja það í sambandi við það sem hv. 1. landsk. þm. var að senda okkur sumum dreifbýlisþingmönnum hér kveðju sína um viss málefni að því er varðar uppbyggingu á landsbyggðinni, að ég vil benda hv. þm. á það, að ég held að a. m. k. meðan þm. situr hér inni á Alþingi er ég hræddur um að hv. þm. sé í glerhúsi í þingflokki Sjálfstfl., þannig að hún ætti að endurskoða afstöðu sína nær sér áður en hún sendir okkur tóninn.

Ég vil segja það í sambandi við þessa vegáætlun sem hér er til lokaafgreiðslu, að ég er fyllilega sammála því sem hér kemur fram. Ég mundi að sjáfsögðu eins og aðrir kjósa meiri fjármagn, en ég vil þó taka það fram, að það er mín skoðun að vegáætlunin núna haldi sínu raungildi miðað við árið 1980 og vel það eins og tölur sanna. Og ég tel að við getum ekki verið að prátta um það, hvaðan fjármagnið kemur. Að sjálfsögðu er mjög jákvætt að þeir, sem eru í stjórn Byggðasjóðs, skyldu vera sammála um auka framlag Byggðasjóðs til vegagerðar. Ég er ánægður með það, en tel að það séu engir sérmerktir peningar. Þeir fara í þetta sem við erum allir sammála um að sé eitt af stærstu málum þjóðarinnar: að koma vegakerfinu áfram. Og þetta er að mínu mati, eins og hefur raunar komið fram hjá fleirum, eitt stærsta byggðamálið í landinu: að auka vegagerðina. Það eru allflestir sammála um þó að einstaka hjáróma rödd heyrist að vísu.

Ég ætlaði ekki að koma hér einn á langtímastefnu í vegamálum sem hér á eftir að koma til umr. á þinginu. En vegna þess að hér hefur verið farið inn á þessi mál og hv. 1. landsk. virtist taka það sem það væri hér til umr. með vegáætluninni, þá þykir mér rétt að koma aðeins inn á þetta mál.

Ég vil leggja áherslu á það, að það er mjög mikilvægt að mínu mati að þm. geti komið sér saman um langtímastefnu í vegagerð. Ég ætla ekki að fara að gera lítið úr till. sjálfstæðismanna sem er til meðferðar í fjvn. ásamt till. ríkisstj., síður en svo. En ég held að það sé ekkert vafaatriði, og þeir vita það ósköp vel sjálfir sem að henni standa, að hún er að mörgu leyti óraunhæf og þarf að samræma þar vissa þætti raunveruleikanum. Ég er alveg viss um það, að miðað við þær umr., sem fram hafa farið í fjvn., er fullur skilningur fulltrúa Sjálfstfl. í nefndinni á að nauðsynlegt sé að ná samstöðu um málið. Eitt eru menn algjörlega sammála um, að það sé grundvallaratriði í sambandi við stefnumótun eða framtíðarstefnu í vegamálum, að fastákveðið sé visst lágmark framkvæmda árlega sem ekki verður farið niður fyrir í sambandi við vegagerð í landinu.

Ég skal ekki fullyrða á þessu stigi að það náist samkomulag um þessa stefnu, en ég vil vona að svo verði. Við erum tilbúnir að standa að hækkun á því lágmarki sem þarna er tilgreint. Það, sem hv. 1. landsk. var að segja um þær hugmyndir sem hún hafi fengið í hendur, er engan veginn endanleg till. til samkomulags, það er viðræðugrundvöllur, og mér finnst að við eigum a. m. k. enn, í dag og á morgun, að reyna að ná víðtækri samstöðu um þetta mál.

Ég vil aðeins koma hér inn á það sem hefur verið gagnrýnt af hv. þm. Vestf. í sambandi við þá ákvörðun fjvn. að fara að till. Vegagerðarinnar í sambandi við skiptingu milli kjördæma um stofnbrautirnar. Það er að vísu rétt, að þetta getur verið umdeilanlegt atriði. En ég get ekki fallist á að Vestfirðingar hafi farið sérstaklega illa út úr þessari tilhögun. Nýja reglan, sem var tekin upp með samsstöðu í fjvn., að fara svo nákvæmt að nota aukastafina svokallaða í staðinn fyrir að hækka upp eða lækka, breytir ekki nema um hálft prósent, 0.5%, stöðu Vestfirðinga frá því sem þeir höfðu eftir eldri reglunni sem gilti fyrir árið 1981. Þeir fara úr 16% niður í 15.5 í stofnbrautum. En þeir minnast ekki á það, að í þjóðbrautunum höfðu þeir á eldra grunninum 9%, en fara upp í 11.5%. Ég get ekki almennilega fundið annað út en að einmitt Vestfirðir, ef á að tala um hagnað í þessu tilfelli, það kjördæmi hagnist á þessu frekar en hitt. Ég ætla ekki að ræða þetta frekar. Það er að sjálfsögðu eðlilegt að þessi regla sé til endurskoðunar oftar en einu sinni. Hér er ekki nein algild regla sem á að festast um langa framtíð, en einhvers staðar verður viðmiðunin að vera til þess að Vegagerðin geti unnið þá útreikninga sem hún þarf að sjá um.

Ég vil aðeins koma hér inn á hina svokölluðu Ó-vegi sem hér hefur verið talað um. Ég vil vísa í umr. sem urðu um þetta mál hér í hv. deild fyrr í vetur þegar var verið að ræða um þessa lífshættulegu vegi. Það hefur engin rödd komið hér fram, hvorki frá almennum þm. né ráðh., um annað en að sjálfsagt væri að meðhöndla þetta verkefni á sérstakan hátt. Ég fagnaði því í vetur við umr. þegar var verið að lýsa því vandræðaástandi, sem hefur skapast á þessum vegum öllum, og þeirri lífshættu, sem þarna er, þegar hæstv. samgrh. lýsti því yfir, að hann væri sammála því að taka þetta sem sérstakt verkefni í vegagerð og finna möguleika á því að það yrði fjármagnað á sérstakan hátt fyrir utan vegáætlunina sjálfa. Það var þess vegna mjög mikilvægt að ná um þetta samstöðu, og ég vil taka undir það sem hér hefur komið fram hjá öðrum ræðumönnum, að ég tel mjög þakkarvert að það skuli hafa náðst hér bæði í fjvn. og hjá Vegagerðinni algert samkomulag um það, hvernig standa skuli að þessu máli. Það er í gangi rannsókn og tillögugerð um það, hvernig skuli byggja upp eða koma þessum vegum í það form að þeir geti verið öruggir. Niðurstöður eiga að liggja fyrir í haust. Það hefur verið gerð gróf kostnaðaráætlun um hvað þetta muni kosta, eins og hér hefur komið fram. Það er talað um 200 millj. nýkr. Vegagerðin hefur gert grófa áætlun um þetta og það stendur til að nákvæmar áætlanir um þessa vegi muni liggja fyrir á næsta hausti. Það var þess vegna mjög mikilvægt að fá fram ákveðna stöðu í málið, bæði frá fjvn. og frá hæstv. samgrh. eða ríkisstj. Fjvn. var samdóma um þetta mál, eins og kemur fram í nál., og sömuleiðis er það bréf, sem fylgir með hér frá hæstv. samgrh., það bréf tekur af öll tvímæli um það, hvernig unnið verður að þessu máli, sem ég þakka sérstaklega. Ég læt mér ekki detta í hug að það muni koma til þess, að hæstv. ríkisstj. standi ekki einhuga að því að gera þær ráðstafanir á hausti komanda sem til þarf, þ. e. breytingu á vegalögum og ráðstafanir til þess að útvega sérstakt fjármagn til framkvæmda í þessa vegi strax á árinu 1982. Við, sem eigum hér hlut að máli sem þm. þeirra kjördæma sem þessir vegir eru í, munum örugglega vera samstiga í því að sjá um að við það verði staðið, og mér dettur ekki í hug að taka undir þær efasemdir, að það komi til að það verði ekki framgangur í þessu máli sem að er stefnt. Svo mikilvægt er það fyrir þá landshluta, fyrir þau byggðarlög sem þarna eiga hlut að máli, og þarf ekki að lýsa því hér frekar. Það var gert allrækilega á liðnum vetri.

Ég þarf í raun og veru ekki að eyða tíma þingsins í frekari umr. um þetta mál. Ég vil endurtaka það sem ég sagði hér við 1. umr. um vegáætlunina fyrr í vetur, að ég tel mjög mikilvægt að Vegagerðin fái aukið fjármagn til þess að auka sína tæknimöguleika til að standa að vegagerð, og ég tel að rannsóknaþáttur í sambandi við stór verkefni í vegagerð þurfi að aukast. Ég tel að í þeirri vegáætlun, sem hér er, og þeim áformum, sem fram undan eru, séu menn sammála um að þennan þátt þurfi að auka, það þurfi að efla vegagerðina. Og af því tilefni finnst mér ástæða til þess að láta það koma fram hér, að ég tel sjálfsagt í sambandi við stór verkefni í vegagerð, að Vegagerðin þurfi að hafa möguleika til þess að bjóða út eða auka útboð í ýmsum verkefnum sem hún hefur með að gera.

Ég tel ástæðu til þess að láta koma fram mína skoðun hér í sambandi við gagnrýni á meðferð ríkisfjármála í sambandi við skatta á umferðina. Ég er alveg sammála þeirri gagnrýni að mörgu leyti. Ég tel að hlutdeild umferðar, þ. e. veganna, í hinum ýmsu gjöldum, eins og t. d. bensíngjaldinu, þurfi að auka, og ég tel ástæðulaust í raun og veru að það sé ekki hægt að ná samstöðu um það. Ég veit að hæstv. samgrh. hefur þegar lagt á það mikla áherslu, að þessu verði breytt, og ég tel að í þeirri stefnumörkun, sem við erum að vinna að, eigi þetta sjónarmið að vera undirstrikað, og ég vil vinna að því.

Ég tel ekki ástæðu til að hafa þessi orð öllu fleiri, aðeins endurtaka að ég er tiltölulega ánægður með þessa vegáætlun. Ég tel að við séum að þokast í rétta átt. Ef við berum gæfu til að vera sammála um að marka nú á þessu þingi, áður en því lýkur, langtímastefnu í vegamálum sem felur í sér augljósa aukningu og augljósa framför á þessu sviði, þá erum við á réttri leið og þá er ég ánægður.

Ég vil svo að lokum þakka fjvn. og ekki síst formanni

hennar fyrir ágætt samstarf um þessa vegáætlun og einnig vegamálastjóra og hans starfsmönnum fyrir sérstaklega góða fyrirgreiðslu. Ég vil taka undir það sem hér hefur komið fram, að Vegagerðin hefur sérstöðu að mínu mati miðað við margar aðrar opinberar stofnanir, að þar er miklu fljótar hægt að fá ýmsar upplýsingar heldur en hjá öðrum stofnunum. Þetta ber að þakka og þetta sýnir að Vegagerðin er á réttri leið. Þess vegna vil ég stuðla að því, að Vegagerðin verði efld, því að það þarf að gera um leið og við erum sammála um að auka verkefni hannar á öllum sviðum. Ég vona að samþykkt þessarar vegáætlunar nú sé fyrsta skrefið í því að gera stórátak í vegagerð sem er stærsta byggðamál á Íslandi.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það var hæstv. samgrh. sem fyrst og fremst gaf mér tilefni til þess að standa hér upp aftur, en það er eins og fyrri daginn með hæstv. ráðh., að enginn af þeim sést nú hér, ekki einn einasti, hvorki sá ráðh., sem málið heyrir undir, hæstv. samgrh., né fjmrh., sem ættu þó að vera viðstaddir báðir tveir slíka umr. En hæstv. samgrh. verður þá að hafa það að á hann sé deilt að honum fjarverandi, því að hér á hann að vera.

En áður en ég kem að því vil ég aðeins segja örfá orð út af því sem hv. þm. Alexander Stefánsson sagði áðan. Hann er líka farinn núna, ég verð líka að tala við hann fjarverandi. Hann sagðist vera undrandi á óánægju okkar Vestfirðinganna með breytinguna á skiptingu milli kjördæma sem gert er ráð fyrir í þessari vegáætlun. Ég skil ekki að hv. þm. þurfi að vera hissa á þeirri óánægju þegar það liggur fyrir, að skiptiprósenta okkar lækkar frá því að geta verið 18% niður í 16% í stofnbrautum. Að vísu er það rétt, að hún hækkar í þjóðbrautum, en sú prósenta, sem við höfum haft í þjóðbrautum undanfarandi ár, hefur verið alveg með ólíkindum lág. Menn virðast ekkert líta á þá staðreynd mála, að á Vestfjörðum eða í Vestfjarðakjördæmi er samgöngumálum þannig háttað að heil byggðarlög eru gersamlega einangruð, ekki svo vikum skiptir, heldur svo mánuðum skiptir á hverjum vetri. Þessu vilja menn líta fram hjá, telja ástæðulaust annað en að Vestfirðingar þakki sérstaklega fyrir að málið skuli vera svona. Það er furðulegt að slíkur talsmáti skuli heyrast frá þm. Vesturl., hv. þm. Alexander Stefánssyni. Ég hélt þó að þeir þyrftu líka á að halda bættum samgöngum og bættu vegakerfi.

Þá vil ég leiðrétta það sem hv. þm. sagði um að það hefði verið samstaða í fjvn. um að breyta útreikningnum. Það er rangt. Ég var líka andvígur því að hafa af okkur sem svaraði hálfu prósenti á Vestfjörðum með því að breyta útreikningnum, með því að taka upp tugabrotafyrirkomulagið. Það leiðrétti ég hér með. Það var ekki samstaða um það í fjvn. heldur — eðlilega ekki.

Það er út af fyrir sig ágætt að hv. þm. Alexander Stefánsson fagnaði sérstaklega yfirlýsingu samgrh. Ég sé nú ekki sérstaka ástæðu til að fagna því sérstaklega þó að einn af þm. þess kjördæmis, sem nú situr í ráðherrastól, en hefur barist við það svo árum skipti að fá leiðréttingu sinna mála, skrifi undir yfirlýsingu sem ráðh. um að hann ætli að beita sér fyrir einhverju ákveðnu. Og þá kem ég að því sem hæstv. ráðh. kvartaði mest yfir, að ég skyldi ekki þakka honum sérstaklega fyrir það frumkvæði sem hann taldi sig hafa haft í þessu máli. Hvert er frumkvæði hæstv. ráðh. í þessu?

Á árinu 1972 beittum við hv. þm. Matthías Bjarnason okkur fyrir því í fjvn., að tekin var inn á vegáætlun af rannsóknarfé fjárveiting til þess að rannsaka yfirbyggingu á Óshlíðarvegi — árið 1972. Hæstv. núv. samgrh. hefur verið þm. Vestf. allar götur síðan. Hvaða frumkvæði hefur hann haft í því máli? Hann hefur auðvitað haft sama áhuga á því og við hinir þm. Vestf., að eitthvað væri gert í málinu. En það er fyrst núna sem þetta næst þó fram, þessi yfirlýsing, svo umdeilanleg sem hún kann þó að vera vegna þess að hún er ekki nógu ákveðin. Það er fyrst núna sem hún fæst fram vegna þrýstings heima fyrir, ekki bara frá Vestfjörðum, heldur og frá Vesturlandi og Norðurlandi eystra, vegna þess að þar eru vegir sem álíka er ástatt um og á Vestfjörðum. Það er vegna þess þrýstings og þeirrar kröfu heima úr héraði sem málið hefur þó náð þessum áfanga. Sendinefndir á sendinefndir ofan hafa komið á Vestfjörðum til þess að knýja á um þetta mál, og ég hygg að svo sé einnig úr hinum kjördæmunum sem hér eiga hlut að máli. Ég segi því eins og hv. þm. Matthías Bjarnason sagði áðan: Ég bíð með þakklætið þangað til ég sé að hæstv. ráðh. tekst að fá samþykki í ríkisstj. fyrir að leggja málið fyrir Alþingi, sem ég vona að hann fái. En það skulu menn vita, að fáist slíkt samþykki ekki í ríkisstj. verður málið tekið upp hér í þinginu, og það er að ég held, yfirgnæfandi meiri hl. fyrir því í þinginu að málið verði afgreitt á þennan hátt hvað sem ríkisstj. kann að segja.

Það var ekki meira frumkvæði hjá hæstv. ráðh. en það, að það er búið að bíða núna í rúma viku eftir að fá hann til þess að skrifa þessa yfirlýsingu. Það er búið að bíða eftir því í viku. Og hún var svo loðin í fyrsta skiptið að tvær aðrar tilraunir varð að gera til þess að koma einhverju lagi á málið þannig að það væri ekki opið í alla enda. Á þessu stigi málsins þarf hæstv. samgrh. því ekki að búast við þakklæti frá mér til hans fyrir frumkvæði í málinu. Það má vel vera að það komi að því að ég þakki honum fyrir málið, ef hann sér því nokkurn veginn farborða í gegnum ríkisstj. Ég óttast ekki að málið nái ekki fram að ganga hér í þinginu því að fyrir því er meiri hluti hér á Alþingi. Það strandar þá í ríkisstj. ef það strandar einhvers staðar. En takist þetta, sem ég vona, þá skal ég sannarlega þakka hæstv. samgrh. — ekki frumkvæðið, heldur að hafa unnið að því með öðrum þm., bæði frá Vestfjörðum og annars staðar, að málið fengi þann framgang og þann endi sem ég vona að það fái með því að í þetta verði ráðist þegar á næsta ári.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Ég vil lýsa ánægju minni með þá yfirlýsingu sem hv. formaður fjvn., Geir Gunnarsson, flutti í upphafi þessarar umr., þ. e. stefnumarkandi yfirlýsingu frá hæstv. samgrh. um hvernig vinna skuli að úrbótum á vegunum um Enni, Óshlíð og Ólafsfjarðarmúla. Ég þakka hæstv. samgrh. og fjvn. fyrir forgöngu þeirra í þessari stefnumörkun.

Samþykkt vegáætlunar er sú afgreiðsla hér á hv. Alþingi sem jafnan er beðið eftir af hvað mestri eftirvæntingu úti um byggðir landsins, hvernig ráðamönnum hér í ríkisstj. og á hv. Alþingi hefur tekist til við að skammta og ráðstafa fé í hina ýmsu vegi vítt og breitt um landið. Mikilvægi samgangnanna er mjög mikið og góðar samgöngur eru grundvöllur þess, að hægt sé að halda uppi byggð úti um landsbyggðina. Það ríður því á miklu, að bæði sé veitt mikið fé til uppbyggingar vega og því fé, sem til ráðstöfunar er, sé ráðstafað á sem bestan og réttlátastan máta.

Vitanlega er takmarkað fjármagn til þessara framkvæmda svo og til flestra annarra hluta vegna fámennis okkar sem byggjum þetta land. Við höfum ekki bolmagn til að gera stórt og margt í einu, og það er alltaf nokkur vandi að meta hvaða verkefni skuli látin hafa forgang. Það hefur sjálfsagt verið unnið að undirbúningi þeirrar vegáætlunar, sem hér er til umr., á svipaðan hátt og gert hefur verið á undanförnum árum. Þetta er í fyrsta skipti sem ég kem til starfa sem þm. Vesturl. að því að skipta fjármagni eða samþykkja eða hafna tillögum Vegamálaskrifstofunnar um það, hvernig því fjármagni skuli skipt sem til kjördæmisins er áætlað.

Við þm. Vesturl. höfum rætt þessi mál ásamt með ágætum starfsmönnum Vegamálaskrifstofunnar á þrem fundum og komist að sameiginlegri niðurstöðu hvernig því fé skuli skipt sem ætlað er til Vesturlands. Mér fannst það fé, sem veitt er til vegamála, ekki aðeins til Vesturlands, heldur í heild, vera allt of lítið. Ég varð fyrir mjög miklum vonbrigðum þegar ég sá hvað það var lítið sem átti að gera á Vesturlandi á áætlunartímabilinu. Vitaskuld er þetta í sama hlutfalli í öðrum kjördæmum landsins.

Ef ekki verður gert stórt átak með aukinni fjárveitingu til vegagerðar í landinu blasir það við, að byggð dregst saman meira og minna úti um landið. Ef ekki verða gerðir stórir áfangar í vegagerð í dreifbýlinu kemur enn betur í ljós sá mismunur sem á sér stað milli landshluta. Ég sé ekki betur, ef þeirri stefnu verður haldið, sem nú er, að byggja upp fyrst og fremst vegi út frá umferðarsjónarmiði og þar af leiðandi verði vegalagning um aðalþéttbýlissvæði landsins látin ganga fyrir svo og hluti hringvegarins, en að góður vegur t. d. um Mýrar og sunnanvert Snæfellsnes, um norðanvert Snæfellsnes, um meginhluta Vestfjarða, um meginhluta Austfjarða verði ekki kominn á þessum áratug og varla þeim næsta. Sá vegur, sem nú er verið að leggja og hefur verið lagður hér um Reykjanes og Suðurland, verður þá líklega orðinn ónýtur. Að þessum tíma liðnum þarf að fara að endurbyggja kjarnavegina hér um Suðurland og Reykjanes og hluta hringvegarins svo að sá tími kemur aldrei eftir þeim hraða sem uppbyggingin er nú, að almennilegur vegur verði byggður upp fyrir utan þennan aðalumferðarkjarna.

Einhver segir kannske að ég sé að draga upp dökka mynd af ástandinu. En við hverju má búast miðað við þá vegáætlun sem fram er lögð hér á hv. Alþingi nú? Gagnvart Vesturlandi er sú áætlun í fáum orðum þannig fyrir yfirstandandi ár sem ég skal nú lýsa.

Til þjóðbrauta á Vesturlandi, sem eru um 863 km, eru áætlaðar 3 millj. kr. og til 450 km stofnbrauta eru áætlaðar 11 millj. kr. til undirbyggingar og uppbyggingar vegarins. Drjúgur hluti þessa fjár fer til þess að undirbyggja vegina frá þéttbýlisstöðunum á Akranesi og Stykkishólmi að aðalvegi. Uppbygging þessara vega er ekki betri en það nú, að allmikið fé þarf til að gera þessa vegi þannig að þeir hafi eins mikið burðarþol og ætlast er til þegar sett er bundið slitlag á veg. Framlag til bundins slitlags til Vesturlands er 3.4 millj. kr. Það fer að mestu leyti í Akranesveginn eða 2.9 millj. Afgangurinn, hálf millj., fer í að setja bundið slitlag á veginn um Búðardal. Ástandið er sem sagt það vont á Vesturlandi nú á árinu 1981, að það er ekki búið að undirbyggja og setja bundið slitlag á þessa umferðarmiklu vegi sem tengja þessa þéttbýlisstaði, Akranes og Stykkishólm, við aðalveg.

Ef litið er til framtíðarverkefna samkv. áætluninni er myndin þannig að sáralítið fé er ætlað til framkvæmda á veginum frá Borgarnesi vestur um Snæfellsnes á áætlunartímabilinu. Sama er að segja um Snæfellsnesveg, þ. e. veginn á norðanverðu Snæfellsnesi. A norðanverðu Snæfellsnesi eru íbúar um 4000. Það er eitt þéttbýlasta svæði landsins. Samt er ekki áætlað að á þessum vegi milli byggðanna á Snæfellsnesi verði gert neitt stórátak á árunum 1981—1983. Þess ber þó að geta, að á Snæfellsnesvegi, þ. e. norðanverðu Snæfellsnesi, verður framkvæmt á þessu ári fyrir 1 millj. kr. við Svelgsá, sem er samkv. vegáætlun, og fyrir 1 millj. kr. við Grundarfjörð, en það er fjármagn sem Framkvæmdastofnun ráðstafar til þessara framkvæmda. Á árunum 1982—1983 er aðeins um 1/2 millj. kr. að ræða til framkvæmda á þessum vegi. Ég hef áður nefnt, að aðeins eru ætlaðar 3 millj. kr. til þjóðbrauta á Vesturlandi. Þeirri upphæð verður vitaskuld ekki víða skipt, enda kemur í ljós að á öllu svæðinu norðan Skarðsheiðar — eða í Borgarfjarðarsýslu norðan Skarðsheiðar og Mýrasýslu — á því svæði er aðeins ein smáframkvæmd. Það er um Síðumúla. Menn gera sér grein fyrir því, hvað hér er um geysivíðáttumikið svæði að ræða og nauðsynlega vegi. Það eykur ekki bjartsýni, þegar til þessa svæðis alls er ekki varið stærri upphæð en þetta.

Framkvæmdafénu til þjóðbrauta er ráðstafað í ýmsa nauðsynlega vegi. Þessi fjárhæð, 3 millj. kr., skapar hvergi möguleika til að gera verulegar framkvæmdir. Sömu söguna má segja um aðra þætti vegauppbyggingar á Vesturlandi, ef undan er skilin Borgarfjarðarbrú. Þar er hvergi um að ræða verulegar framkvæmdir né fyrirheit um þær.

Það eru flestir sammála um að jafna þurfi aðstöðu til búsetu og að aðstaðan þurfi að vera sem jöfnust vítt og breitt um landið. Ýmsir þættir hafa lagast á undanförnum árum. Mismunur á rafmagnsverði hefur minnkað mikið frá því sem áður var. Nú er talað um að ekki sé nema 24% hærra rafmagnsverð hjá Rafmagnsveitum ríkisins heldur en hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Unnið er að því að jafna símkostnað með því að setja á skrefatalningu hér í Reykjavík þó að ýmsir hafi talið sig knúna til að mótmæla því skrefi. Þetta er í áttina. En á sama tíma ríkir óbreytt ástand eða jafnvel að megi segja að ástandið fari heldur á verri veginn í sambandi við aðstöðumun í samgöngum eða í sambandi við uppbyggingu vega.

Kostnaður við rekstur bíla á malarvegi er mun meiri en ökutækis sem notað er á vegi með bundnu slitlagi. Þetta er kostnaðarauki fyrir þá sem búa við það að þurfa að aka um holótta malarvegi. Þetta er aðstöðumunur sem úr þarf að bæta. Þegar það raðast upp, að við, sem búum úti á landsbyggðinni, búum við dýrara rafmagn, búum við dýrari síma, búum við miklu dýrari samgönguaðstöðu, þá gefur auga leið að menn velta því fyrir sér, hvort ekki sé nauðsynlegt til þess að jafna þessar aðstæður að atvinnufyrirtæki úti á landsbyggðinni borgi hærra kaup. Fólkið úti á landsbyggðinni, sem verður að borga hærra fyrir rafmagn, meiri peninga fyrir símann sinn og mun meiri kostnað við bílinn, hlýtur að verða að fá það bætt með einhverjum hætti. Þessi mál hljóta að verða til umræðu æ meira á komandi árum, hvernig þessi aðstöðumunur verði jafnaður. Ég tel því að það sé mjög nauðsynlegt, til þess að þarna komi ekki upp síaukinn mismunur, að gerð verði stórátök í öllum þessum þáttum og

þá fyrst og fremst þeim þætti sem hér er rætt um, vegagerðinni. Það verður ekki undan því komist að bæta aðstöðu fólksins úti á landsbyggðinni í sambandi við samgöngukostnað og létta rekstrarkostnað með því moti að sem mestur hluti veganna um aðalbyggðasvæðin verði byggður upp og bundinn slitlagi.

Það hefur verið mikið talað um það, að allar vegalengdir hafi styst með bættu samgöngukerfi, og enn eigum við eftir að stytta þessar vegalengdir að mun með því að endurbyggja meginhluta þess vegakerfis sem þegar er fyrir í landinu. Við höfum á undanförnum árum lagt fram mikið fjármagn í það að nýta heita vatnið okkar og nota það til upphitunar á stórum svæðum í landinu. Það er kannske frekar hending, að tekist hefur að fá heitt vatn til þess að hita upp húsnæði fólks aðallega á þeim svæðum, þar sem komið er sæmilegt vegakerfi, og jafnframt á þeim svæðum, þar sem raforkan er ódýrust. Hin svokölluðu köldu svæði, þar sem ekki er fyrir hendi heitt vatn til þess að leysa vandamálin í sambandi við upphitun húsa, eru einnig þau svæði, þar sem lélegastir vegir eru. Þarna er einn þáttur enn sem ýtir undir það, að gert sé stórátak í vegamálum, án þess að ég fari frekar að ræða um þetta hér. Ég geri þó ráð fyrir því, að jafnframt því sem vegaframkvæmdir á landsbyggðinni jafni aðstöðuna milli byggða sé ekki neinn vafi á að vegagerðin sé eins arðsöm og hitaveitulagnirnar okkar eru og eru þær þó flestar mjög arðsöm fyrirtæki.

Mér finnst að þó að sú vegáætlun, sem hér er til umr., verði samþykkt, og sjálfsagt er ekki um annað að gera en að gera svo, þá verði þegar á næsta ári að afla mjög aukins fjármagns umfram það, sem áætlunin gerir ráð fyrir, til vegaframkvæmda vítt og breitt um landið. Ég tel að sú vegáætlun, sem hér er lögð fram, sé fyrst og fremst til þess að leysa vandamálið fyrir árið í ár. Það er knýjandi nauðsyn að taka áætlunina fyrir árin 1982 og 1983 til athugunar og útvega mjög aukið framkvæmdafé til vegagerðar á þeim árum svo og áfram í framtíðinni.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Það er nú komið að því verki, sem að jafnaði er dapurlegast að sitja undir og ég tala ekki um að vinna fyrir þá sem þurfa að bera ábyrgð á því á ári hverju á Alþingi, og það er að afgreiða vegáætlun.

Það er dálítið sérkennilegt að hlusta á stjórnarsinna, sem ábyrgð bera á þessu ófremdarástandi, standa hér uppi kvartandi og kveinandi. Hv. 4. þm. Vesturl. byrjaði reyndar ræðuna sína á því að kyssa á vöndinn og hæla hæstv. samgrh. sérstaklega fyrir það, af því sem hann var barinn til að skrifa undir yfirlýsingu um að biðja um áætlun um að gera eitthvað fyrir lífshættulegan veg í nágrenni við hv. þm En þegar þeir standa hér upp og kvarta og kveina mega þeir helst til með að ljúka ræðuhöldum sínum með þeirri einföldu yfirlýsingu sem er ekki nema staðreynd og sannleikur: Auk þess ber ég alveg ábyrgð á þessu sem einn af stjórnarþm.

Fyrir hverja eru þessar ræður haldnar? Fyrir auða ráðherrastóla, þar sem sýnt er fram á það með sönnum dæmum að alls staðar skortir peningana og allt framtak og allan vilja til framtaks hjá þeim sem pólitíska forustu hafa. Það gerir það ekki hjá Vegagerðinni, sem áratugum saman hefur verið tilbúin að taka við miklu meira fé og hefur miklu meira framkvæmdaafl en við höfum nokkurn tíma notfært okkur. Við hverja og yfir hverju eru þessir menn að kvarta, sem ráða ferðinni, þegar þeir horfa á það að peningarnir, sem koma frá umferðinni, eru teknir ófrjálsri hendi í ríkishítina, en vegamálin svelt? Dettur þessum hv. þm. og stjórnarliðum í hug að þeir hræri hjarta manns til einhverrar sérstakrar meðaumkunar með gersamlega ófærum vegum eins og finnast um allt Vesturlandskjördæmi, varla nokkur spotti fær svo vel sé. Maður getur ekki hrærst mikið við að hlusta á þessar harmatölur hjá þeim mönnum sem gætu ráðið því að taka hér til höndum. Er það kannske ekki þeirra till. um langtímaáætlun í samgöngumálum sem hæstv. samgrh. hefur borið fram? Og hver er hún? Til 20 ára. Það getur vel verið að það drepi þá ekki, hrunið í Ólafsvíkurenni, og hann komi í veg fyrir það á næstu árum. En þá drukkna þeir í einhverjum forarpyttunum í staðinn, svo að það er vandséð, hvort betra er að rotast eða drukkna í því efni. Það sýnir sig að á stundum, jafnvel fyrir 7 árum, var tekið til allmiklu meira fé af vergri þjóðarframleiðslu heldur en þessi 20 ára vesæla áætlun samgrh. gerir ráð fyrir — og ég hef ekki heyrt einn einasta mann af stjórnarliðinu gagnrýna þessa áætlun. Við gerum okkur vissulega vonir um það, sem höfum borið fram allt aðra áætlun, að ná einhverjum árangri í þessum málum, að við getum sveigt þessi ósköp af leið í rétta átt. En það er eftir að sjá hverju fram vindur í þeim efnum.

Hv. 1. þm. Vesturl. gat þess, að till. sjálfstæðismanna í vegamálum væri óraunsæ. Það þyrfti þá helst að vita að hvaða leyti hún er það. Það er nefnilega fullkomið óraunsæi að halda fram þeirri stefnu sem nú gildir í samgöngumálum, — óraunsæi ef menn hafa þjóðarhag í huga. Ég minni á það, að okkar tillöguflutningur var m. a. byggður á því, þótt þar væru tiltekin ákveðin verkefni innan framkvæmdatímabila, að sérfræðingarnir okkar úr Vegagerðinni fengju að raða þessu skynsamlega innan áætlunartímabilsins miðað við arðsemi vega þannig að allt væri tekið með í dæmið. Það er bara fyrirsláttur framkvæmdalausra og getulausra manna að afgreiða þessa till. okkar, sem er tímamótatill. í þessum sökum, sem eitthvert óraunsæi. Og hvað skeður svo þegar upp kemur till. um að verja verulega auknu fé úr Byggðasjóði til framkvæmda í vegamálum, — hvað skyldi þá ske, — peningum úr Byggðasjóði til verkefnis sem er langsamlega mikilvægasta byggðamálið? Þá er auðvitað brugðið hart við og Byggðasjóður skorinn niður sem nemur jafnvel meira fjármagni en það sem menn höfðu í huga að verja til vegagerðar árlega. Þetta er allur myndarskapurinn. Og við sjáum myndarskapinn í tveimur mikilvægustu málaflokkunum okkar, orkumálunum núna, og þau ætla ég ekki, herra forseti minn, að fara að ræða. Það gefst tími til þess innan skamms að fletta blöðunum þeirra þar og hefur raunar verið gert upp á síðkastið. En hér er næstmikilvægasti málaflokkurinn og þó er með þessum ódæmum að þessu staðið.

Ég hirði ekki um að ræða einstaka liði. Það mun vera rétt, sem hv. 4. þm. Vesturl. sagði, að menn, kjósendur, allir landsbúar bíða með óþreyju eftir að sjá niðurstöðu á vegáætlun hverju sinni. En ég fullyrði að t. a. m. nú og jafnan áður mun varla nokkurt plagg verða til annarra eins vonbrigða og þær niðurstöður, sem menn fá svo í hendurnar. Þannig er nú að þessum málum staðið þótt hver mæli upp í annan hér af ráðamönnum um lífsnauðsyn á framkvæmdum í þessum málaflokki. Það er alveg

sýnt, það hefur sýnt sig upp á síðkastið, að við megum ekki gera ráð fyrir neinum verulegum breytingum á því meðan sama stjórnarstefna og sömu stjórnarherrar fara með völd í landinu. Ég geri mér engar gyllivonir í því efni. Það verður haldið áfram að lurfast við þessi mál með þeim hætti sem við höfum hér fyrir augum, og það er þeim mun hryggilegra, eins og ég segi, sem það liggur fyrir að þetta eru einhver mikilvægustu málefni okkar. Og ég verð að segja það, að það er vafasamur gróði að því að fá aukin bundin slitlög ef það á einvörðungu að bitna á því að byggja vegina í héruðum landsins upp úr snjó. Ef engu er bætt við, en aukið við þennan lífsnauðsynlega þátt sem bundna slitlagið vissulega er, þá vitum við hvernig fer fyrir samgöngunum innan héraðanna, enda gefur nú þegar á að líta í vegáætluninni sem liggur fyrir hér til umr. Það bitnar auðvitað á framkvæmdum þar. Við höfum hins vegar lagt til í okkar till. að það yrði gert sérátak um bundnu slitlögin, að meginhluta Vegasjóðsins, sem við höfum handa í milli, yrði ráðstafað til verkefnanna við byggingu veganna upp úr snjó og tengingu þeirra innan héraðanna, en sérstök fjáröflun færi fram til bundna slitlagsins. Öðruvísi vinnst þetta auðvitað ekki. Menn eru að reyna að gera sig góða með því að auka slitlögin stórum, en sækja alla peningana í uppbyggingu veganna og viðhaldið. Má auðvitað öllum mönnum ljóst vera til hvers það leiðir. En það er hryggileg staðreynd, að við skulum árum saman verða við það að búa að hafa áhugalitla framkvæmdamenn í æðstu yfirstjórn þessarar blessaðrar þjóðar, — áhugalitla í hinum mikilvægustu málaflokkum, eins og t. a. m. þessum sem við nú ræðum um.

Ég hef lítið heyrt til hæstv. samgrh. í þessum sökum nema úrtölur einar. Það klingdi við hér í allan fyrravetur þar sem talað var við hann af fjölmiðlum, helst daglega, að hann bar það á borð, þegar menn voru að spyrja um aukin framlög til vegamála og samgöngumála, að hann spurði þá á móti: Ætlið þið að draga úr sjúkrahúsbyggingum, ætlið þið að draga úr skólabyggingum? — eilíft nudd og aumingjaskapur í öllum svörum, enginn hugur til neins stórátaks í málefnunum. Ekki er ástandið svona hjá þeim þjóðum þar sem við þekkjum til og þykjast búa menningarlífi í þjóðfélagi sínu. Menn ættu að leggja leið sína til Færeyja og líta á hvernig staðið er að þessum málum þar, þar sem liggja blúndulagðir vegir fram á hvert fuglabjarg. Og þar eru menn ekki árum saman að hæla sér af því að hafa brotist eins og 700 metra í gegnum Oddsskarð. Þar hafa þeir lagt jarðgöng, a. m. k. tvenn, sem ég hygg að séu milli 2.5 og 3 km. Þegar ég var viðstaddur setningu Lögþingsins þeirra reyndust samgöngumálin vera sá málaflokkurinn sem langmestu fé var varið til. Og þannig er þetta um allar jarðir þar sem menn vilja búa vel um sig. Þar við bætist að þjóðhagslega séð getur varla hagstæðari og arðvænlegri framkvæmdir, að við skulum eiga í tugum, jafnvel hundruðum km sem gætu gefið af sér yfir 100% í arð og samt skuli vera með þessum hætti að málum staðið. En enda þótt maður megi ekki við bindast að taka til máls og gagnrýna þessa hluti, þá er hitt bersýnilegt, að það er talað fyrir daufum eyrum. Allt stóðið, 10 manna, hæstv. ríkisstjórnarstóð, sér ekki ástæðu til þess, einn einasti maður að hlýða á þá umr. sem um þennan næstmikilvægasta málaflokk þjóðarinnar fer fram nú á hinu háa Alþingi, næst á eftir orkumálunum. Það getur vel verið að þeir fjölmenni hér aðeins betur þegar að því kemur að greiða atkv. um orkuverin þeirra sem þeir eru að mála á vegginn nú.

Herra forseti. Ég hirði ekki um að þylja þessa raunatölu lengur. Það kemur í engan stað niður. Það vantar áhugann hjá þeim sem ráða ferðinni — allan áhuga. Peningarnir, sem umferðin gefur af sér, eru til og þetta eru svo hagkvæmar og arðgefandi framkvæmdir að við höfum leyfi til þess að taka stórkostleg erlend lán þess vegna. Þetta hefur margsinnis verið sýnt fram á. Geta okkar til framkvæmda og framkvæmdaafl er einnig miklu, miklu meira en við nýtum okkur. En hitt er ljóst, þótt ég bindi vonir við að tillögugerð sjálfstæðismanna í samgöngumálum muni verða til þess aðeins að ýta við þessum málum í jákvæða og rétta átt, þá munu sjálfstæðismenn og Sjálfstfl. ekki draga af sér við það þegar í stað er hann nær einhverjum tökum til stjórnar í þessu þjóðfélagi, þá mun hann vissulega taka þessa sína tillögugerð og málafylgju upp, eins og hún hefur birst hér á hinu háa Alþingi, og sýna fram á, að það er ekkert óraunsæi sem þar er á ferðinni, heldur lífshagsmunamál sem er ekkert annað en að hrinda í framkvæmd, eitt af hinum allra mikilvægustu sem við blasa og óunnin eru.

Nei, það verður að segjast eins og er, að með ólíkindum má telja þau grimmu örlög sem við búum við, að ekki skuli vera meiri áhugi og vilji til verkanna heldur en við höfum hér dæmin um á þessu einhverju dapurlegasta plaggi sem Alþingi er ætlað að afgreiða.

Sigurgeir Bóasson: Herra forseti. Ég mun ekki hér ræða vegáætlun í heild sinni, heldur vil ég minna sérstaklega á bréf samgrh. sem kemur fram í meirihlutaáliti fjvn., á þá leið, að samgrh. muni leggja til við ríkisstj. á næsta Alþingi að lögð verði fram viðaukatillaga við vegáætlun um framkvæmdir við Ólafsfjarðarmúla, Ólafsvíkurenni og Óshlíð, sem eiga að miða að því að draga úr hættu af snjóflóðum, skriðuföllum og grjóthruni á þessum vegum. Ég þekki sérstaklega til Óshlíðarinnar, þ. e. vegarins milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur, og fullyrði að lagfæring á Óshlíðinni er eitt stærsta hagsmunamál íbúa á norðanverðum Vestfjörðum. Vegurinn í núverandi mynd er algerlega óviðunandi og mundu þær lagfæringar, sem fyrirhugaðar eru, draga úr þeirri hættu sem vegfarendur um þennan veg hafa yfir höfði sér í bókstaflegri merkingu. Auk þess mundi slík lagfæring hafa mjög jákvæð áhrif á samskipti kaupstaðanna Ísafjarðar og Bolungarvíkur, en í dag eru samskipti og verkaskipting milli þessara kaupstaða í lágmarki með tilliti til þess, að aðeins eru um 15 km á milli staðanna. Ég sé því fyllilega ástæðu til að þakka hæstv. samgrh. fyrir þá ótvíræðu yfirlýsingu, sem fram kemur í þessu bréfi og vil lýsa furðu minni á því, hvernig hv. þm. Matthías Bjarnason og Karvel Pálmason hafa verið að agnúast út af þessu bréfi hér í umr. í dag.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 85. fundur.

Þriðjudaginn 19. maí, kl. 7.30 síðdegis.

Almennar stjórnmálaumræður (útvarpsumr.).

Forseti (Jón Helgason): Umræðan fer þannig fram, að hver þingflokkur fær til umráða hálfa klst. Auk þess fá sjálfstæðismenn, sem styðja ríkisstj., 20 mín. ræðutíma. Umferðir verða tvær, 15—20 mín. í fyrri umferð og 10—15 mín. í þeirri síðari, en sjálfstæðismenn, sem styðja ríkisstj., fá til umráða 10—15 mín. í fyrri umferð og 5—10 mín. í síðari umferð.

Röð flokkanna verður þessi í báðum umferðum: Sjálfstfl., Alþfl., Framsfl., sjálfstæðismenn, sem styðja ríkisstj., og Alþb.

Ræðumenn verða: Fyrir Sjálfstfl. Geir Hallgrímsson, 1. þm. Reykv., í fyrri umferð, en Þorv. Garðar Kristjánsson, 4. þm. Vestf., í síðari umferð. Fyrir Alþfl. Kjartan Jóhannsson, 2. þm. Reykn., og Vilmundur Gylfason, 9. þm. Reykv., í fyrri umferð, en Magnús H. Magnússon, 5. þm. Suðurl., í þeirri síðari. Fyrir Framsfl. Steingrímur Hermannsson sjútvrh. og Guðmundur Bjarnason, 5. þm. Norðurl. e., í fyrri umferð og Tómas Árnason viðskrh. í þeirri síðari. Fyrir sjálfstæðismenn, sem styðja ríkisstj., Gunnar Thoroddsen forsrh. í fyrri umferð og Pálmi Jónsson landbrh. í þeirri síðari. Fyrir Alþb. Hjörleifur Guttormsson iðnrh. og Guðmundur J. Guðmundsson, 7. þm. Reykv., í fyrri umferð, og Svavar Gestsson heilbr.- og trmrh. í þeirri síðari.

Hefst nú umr. og tekur fyrst til máls Geir Hallgrímsson, 1. þm. Reykv., og talar af hálfu Sjálfstfl.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Þing það, sem nú er að ljúka, verður síður en svo talið til merkari þinga. Ríkisstj. hlýtur eðli málsins samkvæmt að hafa forustu í þingstörfum og afgreiðslu mála, en þessa forustu hefur algerlega skort af hálfu ríkisstj. Komið hefur í ljós enn betur en áður að málefnaleg samstaða lá ekki til grundvallar myndun núv. ríkisstj., heldur sundrungariðja. Það var ekki samið um lausn vandamála, heldur setu í ráðherrastólum.

Á þessu þingi hafa andstæðurnar innan núv. ríkisstj. komið æ betur í ljós, andstæður sem lama hana í störfum og gera henni ókleift að taka nokkra ákvörðun eða móta og fylgja fram markvissri stefnu í þeim stórmálum sem bíða afgreiðslu. Gleggsta dæmið er orkufrv. ríkisstj. sem fyrst er lagt fram tíu dögum fyrir áætlaðar þinglausnir og er þá hvorki fugl né fiskur vegna þess að ráðh. og stjórnarsinnar hafa ekki komið sér saman. Í orkufrv. ríkisstj. er engin ákvörðun tekin, ríkisstj. hefði eins getað lagt fyrir Alþingi skýrslu um stöðu orkumála. Ráðh. voru búnir að lofa að í frv. væri tekin afstaða til röðunar framkvæmda, en nú er þeirri ákvörðun frestað þar til Alþingi kemur aftur saman. Í frv. er slegið úr og í hvort Landsvirkjun eða Rafmagnsveitur ríkisins skuli vera framkvæmdaraðilinn. Og í orkufrv. er engin stefna mörkuð í stóriðjumálum sem þó eru forsenda viðamikilla orkuframkvæmda.

Annað dæmi um úrræðaleysi og andstæður í ríkisstj. og á Alþingi kemur skýrt í ljós á þriggja til fjögurra mánaða fresti við útreikning verðbóta á laun og ákvörðun fiskverðs. Í hvert skipti lýsa talsmenn Framsfl. ýmist yfir því, að eitthvað verði að gera, eða aðgerðir, ef einhverjar eru, séu ekki fullnægjandi nema frekari ráðstafanir komi til, en Alþb.-menn telja allt vera í lagi og yppta öxlum. Þessar gagnstæðu yfirlýsingar sýna glögglega að innan ríkisstj. er engin samstaða í efnahagsmálum.

Þriðja dæmið um andstæður innan ríkisstj. má nefna stefnuna í verðlagsmálum. Bæði Gunnar Thoroddsen á fundi vinnuveitenda og Tómas Árnason á fundi Kaupmannasamtakanna hafa lýst því yfir, að þeir væru fylgjandi frjálsræði í verðlagsmálum. Þrátt fyrir þessar yfirlýsingar eru sett á verðlagshöft sem að dómi atvinnurekenda eru einhver þau hörðustu sem um getur. Ástæðan er auðvitað sú, að Alþb. vill ströng verðlagshöft, sem draga allan kraft úr atvinnurekstrinum, og sjónarmið tveggja aðila af þremur í ríkisstj. ná ekki fram að ganga. Kommúnistar ráða ferðinni.

Fjórða dæmið um andstæður innan ríkisstj. er flugstöðvarmálið. Ríkisstj. Sjálfstfl. og Framsfl. gerði sérstakt samkomulag við ríkisstj. Bandaríkjanna um byggingu flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli og aðgreiningu varnarsvæðis og almennrar flugstarfsemi. Miðstjórnarfundur Framsóknar samþykkti mjög ákveðna ályktun um nauðsyn flugstöðvarinnar. Ganga má út frá því, að meiri hluti Alþingis sé málinu fylgjandi, en þegar á þing er komið greiða framsóknarmenn með einni undantekningu og ráðh. úr röðum sjálfstæðismanna atkv. gegn lánsfjárheimild til stöðvarinnar. Skýringin er: Alþb. er á móti og hótar stjórnarslitum ef ekki er farið að vilja þess. Og í málefnasamningi ríkisstj. fórna framsóknarmenn og sjálfstæðismenn sjálfræði sínu. Ákvörðun um byggingu nýrrar flugstöðvar verður ekki frestað lengur en til afgreiðslu fjárlaga næsta árs, ella fellur mótframlag Bandaríkjanna til flugstöðvarinnar úr gildi og fram hefur komið á Bandaríkjaþingi áhugi á að nota peningana í annað.

Ég hef nefnt hér fjögur dæmi um andstæður innan ríkisstj. sem valda því, að ríkisstj. er ekki starfhæf. Hvort heldur litið er til orkumála, efnahagsmála, verðlagsmála eða utanríkismála liggur afturhald Alþb. eins og mara á allri framþróun. Þessi valdaaðstaða Alþb. innan ríkisstj. er með ólíkindum. Skýringin fékkst í vetur þegar upp kom að gerður hafði verið skriflegur leynisamningur sem veitti hverjum hinna þriggja stjórnaraðila stöðvunarvald um framgang allra meiri háttar mála. Nú þarf sá samstarfsaðili í ríkisstj., sem andvígur er máli, ekki að gera upp við sig, hvort hann segi sig úr ríkisstj. til að stöðva málið eða fylgja andstöðu sinni eftir, heldur verða þeir, sem vilja að mál nái fram að ganga, en eru beittir slíku stöðvunarvaldi, að rjúfa stjórnarsamstarfið.

Hér er heilbrigðum þingræðis- og lýðræðisreglum snúið við, auðvitað að kröfu kommúnista. Í skjóli neitunarvalds síns geta þeir áfram hreiðrað um sig í ráðherrastólunum og aflað sér valds og áhrifa langt umfram það kjörfylgi sem þeir hafa með þjóðinni. En það verður æ ljósara, að Alþb. er að einangrast málefnalega frá öðrum stjórnmálaöflum í landinu, og það hlýtur að vera tímaspursmál, hvenær lýðræðissinnar taka höndum saman og létta af þjóðinni því oki sem fylgir stöðvunarvaldi kommúnista.

Kjósendur og landsmenn allir eiga kröfu til þess, að flokkar, frambjóðendur og þingmenn séu sjálfum sér samkvæmir í orðum og athöfnum fyrir og eftir kosningar. Fyrir kosningarnar 1978 tók Alþb. vígorðin „samningarnir í gildi“ og „kosningar eru kjarabarátta“ í sína þjónustu. Við stjórnarmyndun 1978 og 1980 skýrði Alþb. frá því, að það tæki þátt í ríkisstjórnum, þótt þær hefðu ekki brottför varnarliðsins á stefnuskrá sinni, til þess að tryggja kaupmátt launa. Nú liggur fyrir að það skortir nálega 20% í kaupmætti að samningarnir frá 1977 séu í gildi. Kaupmáttur launa hefur farið minnk-

andi á þriðja ár sem Alþb. hefur setið í stjórn, og sér ekki fyrir endann á áframhaldandi rýrnun kaupmáttar undir stjórn þess.

Framsfl. hljóp frá efnahagsstefnu sinni strax eftir kosningar 1978 og hét að setja samningana í gildi, sem framsóknarmenn höfðu áður sagt að væri ógerlegt. Síðan hafa framsóknarmenn ekki haft við að kyngja eigin orðum og telja verðlagið upp í staðinn fyrir niður.

Sjálfstæðismenn í núv. ríkisstj. lögðu helst áherslu á ásamt öðrum sjálfstæðismönnum fyrir kosningar 1979 að vinna bug á verðbólgu, afnema skatta vinstri stjórnarinnar og hefja nýja sókn í orku- og iðnaðarmálum.

Á s. l. ári, fyrsta starfsári ríkisstj., varð verðbólgan nær 60% eða álíka og 1979. Ekki voru það efndir á orðum fyrir kosningar. Gunnar Thoroddsen á sjálfsagt eftir að segja hér á eftir, eins og hann sagði í sjónvarpi um daginn, að á þessum fyrstu fjórum mánuðum ársins 1981 hafi hækkun vísitölunnar miðað við heilt ár orðið um 32%, og þegar hún hefur s. l. tvö ár verið nær 60% hvort árið er þetta náttúrlega stórt spor í rétta átt og við munum auðvitað stefna áfram á þeirri braut.

Ákaflega væri það ánægjulegt ef treysta mætti þessum orðum. En því miður hafa efndir ekki fylgt orðum Gunnars Thoroddsens áður um verðbólguþróun. Um þetta leyti í fyrra sagði Gunnar Thoroddsen: Ef hins vegar tekst í meginatriðum að fylgja stefnu ríkisstj., sem hún er staðráðin að gera, eru líkur til að verðbólgan á þessu ári verði um 40% í stað 61% í fyrra. — Þetta voru orð Gunnars Thoroddsens á Alþingi í fyrra, fyrir nákvæmlega einu ári. Hann reyndist ekki sannspár. Verðbólgan var áfram nálægt 60%. Og því miður er lítil ástæða að ætla hann raunsærri í verðbólguspám nú en áður.

Sjálfstæðismenn í núv. ríkisstj. hafa því miður ekki verið samkvæmir sjálfum sér frekar en aðrir stjórnaraðilar fyrir og eftir kosningar í baráttu gegn verðbólgu, og því miður er sömu sögu að segja í skattamálum og orkumálum. Í stað þess að afnema vinstristjórnarskattana hafa þeir verið nálægt tvöfaldaðir. Í stað þess að hefja öfluga sókn í orku- og iðnaðarmálum ríkir þar algjör stöðnun.

Stefna ríkisstj. í efnahags- og atvinnumálum ber vitni stöðnunar og hætta er á verulegum samdrætti í atvinnumálum, einmitt þegar við ættum að vera byrjaðir á nýrri framfarasókn. Stefna ríkisstj., ef stefnu skyldi kalla, er forskrift fyrir atvinnuleysi ef henni verður fylgt fast eftir. Föst gengisskráning, þegar frysting sjávarafurða og togaraútgerð er rekin með tapi þrátt fyrir meðgjöf úr Verðjöfnunarsjóði sjávarafurða, hlýtur að leiða til stöðvunar atvinnufyrirtækjanna. Verðstöðvun í orði, þegar öll útgjöld halda áfram að hækka, hlýtur að leiða til taprekstrar og stöðvunar fyrirtækja og síðan verðsprengingar þegar stíflan brestur. Forsmekk fáum við hækkun landbúnaðarvara um næstu mánaðaót. Verðtrygging í 50—60% verðbólgu hlýtur að leiða til fjármagns- og vaxtakostnaðar sem kemur í veg fyrir endurnýjun véla og tækja og byggingu íbúða jafnt og atvinnuhúsnæðis. Stórauknar skattaálögur, sem jafnóðum er varið í alls konar eyðslu, og erlend skuldasöfnun dylja e. t. v. alvöru ástandsins fyrir landsmönnum um tíma, en verka eins og olía á verðbólgubálið.

Þjóðarframleiðsla hefur lítið sem ekki aukist síðustu 2—3 vinstristjórnarár, og á yfirstandandi ári er spáð algjörri stöðnun og lækkun þjóðartekna. Þetta gerist þrátt fyrir góðæri. Þessi stöðnun í þjóðarframleiðslu verður þrátt fyrir stóraukinn þorskafla í kjölfar 200 mílna fiskveiðilögsögu sem við sjálfstæðismenn höfðum forgöngu um. 1. júní n. k. verða 5 ár liðin síðan Oslóarsamkomulagið var undirritað er færði okkur fullnaðarsigur í landhelgismálinu, og árangurinn hefur ekki látið á sér standa.

Við þurfum að leggja áherslu á fullnýtingu fiskstofna, en varast ofnýtingu þeirra. Við hljótum að leggja áherslu á aukna hagkvæmni í sjávarútvegi og alhliða þróun og aukna fjölbreytni í landbúnaði til að sjá um þarfir innanlandsmarkaðarins. En þetta er ekki fullnægjandi. Við sköpum ekki sambærileg lífskjör hér á landi og í nágrannalöndum, við komum ekki í veg fyrir flutninga Íslendinga til annarra landa ef við nýtum ekki allar auðlindir okkar, orkuna í fossum og iðrum jarðar og byggjum upp almennan iðnað og stóriðju í landinu.

Í dag átti tillaga sjálfstæðismanna og Alþfl.-manna um stefnumótun í stóriðju að koma til atkv., en atkvgr. var frestað að beiðni forsrh. Reynir nú á að framsóknarmenn og ráðh., er telja sig sjálfstæðismenn, láti ekki Alþb. hafa sig í taumi. Við brjótumst ekki út úr vítahring verðbólgu nema með stórhuga stefnu auðlindanýtingar til lands og sjávar. Atvinnuvegirnir verða að vera reknir með hagnaði svo að þeir geti greitt hærra kaup. Örva verður samkeppni til að lækka vöruverð. Fólk og fyrirtæki verða að ráða sem mest sjálfsaflafé sínu. Snúa verður af braut þeirrar skattastefnu sem leitt hefur til 30—40% þyngingar beinna skatta frá 1977. Fólk og fyrirtæki borga nú til hins opinbera 65% eða meira af síðustu krónum sem þau vinna sér inn. Slík skattastefna leiðir til þess, að menn leggja sig ekki fram við vinnu til verðmætasköpunar fyrir þjóðarbúið. Óréttmæt skattalög leiða til undandráttar og spillingar.

Við sjálfstæðismenn fluttum brtt. við skattalögin til þess að ná því marki, að fyrirheit til launþega um skattalækkun á þessu ári væri efnt og að einstaklingar og fyrirtæki héldu alltaf eftir helmingi af síðustu krónunni sem þau vinna sér inn. Við fluttum till. um að eignarskattar lækki í það sem þeir voru 1977. En slíkar till. voru allar felldar.

Reynslan af gosdrykkjaskattinum ætti að kenna stjórnarliðum að tekjur af sköttum aukast ekki með skattstigahækkun og þurfa ekki að dragast saman að sama skapi og skattstigar eru lækkaðir, því að stofninn, sem skattar eru lagðir á, sjálf verðmætasköpunin, eykst.

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Við verðum að sameina alla þjóðina til nýrra átaka. Ríkisstj., sem mynduð var til að sundra, getur ekki sameinað þjóðina. Alþb. sýpur nú seyðið af eigin sundrungariðju þegar sterkir talsmenn þess segja sig úr flokknum. Óánægja er rík í Framsfl. með stjórnarsamstarfið. Við lifum nú á válegum tímum þegar allra veðra er von í alþjóðamálum. Innrásin í Afganistan og þróun mála í Póllandi gera þá kröfu til lýðræðissinna á Vesturlöndum að standa saman og treysta varnarbandalag sitt. Íslendingar eiga skyldum að gegna í Atlantshafsbandalaginu og varnarsamstarfinu við Bandaríkin til að tryggja sjálfstæði lands og þjóðar. Ísland má ekki vera veikasti hlekkurinn í eigin varnarbandalagi, eins og kommúnistar vilja. Ríkisstj. landsins er ekki ábyrg þegar ágreiningur er um utanríkis- og öryggismál á þessum örlagatímum og á að víkja einnig af þeim ástæðum. Íslenskir lýðræðissinnar verða að sameinast um það. Það má ekki dragast öllu lengur að þessi ríkisstj. fari frá, að þessi sundrungarvaldur hverfi úr

þjóðlífinu og við taki ný ríkisstj. sem getur sameinað þjóðina til nýrrar framfarasóknar. — Ég þakka áheyrnina.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Aftur og aftur í allan vetur hefur iðnrh. boðað að eftir fáeinar vikur mundi hann birta þjóðinni stefnu sína í virkjunarmálum. Fyrir rúmri viku fékk svo þjóðin að sjá hvað þessi ráðh. Alþb. telur vera stefnumörkun, þegar hann lagði fram frv. sitt um raforkuver. Það er skemmst frá að segja að í frv. fólst engin stefnumörkun. Þvert á móti var það staðfesting á áframhaldandi aðgerðaleysi ráðh. og ríkisstj. í þessum málaflokki. Samþykkt frv. í núverandi formi gefur iðnrh. hins vegar tækifæri til þess að halda áfram að flækjast fyrir og tefja allar framkvæmdir, eins og hann og hans flokkur, Alþb., hafa tíðkað fyrr og síðar. Í raun og sannleika fjallar frv. ríkisstj. einungis um að halda áfram að teikna og hanna virkjanir. Að því leytinu var frv. óþarft. Hitt er verra, að í því felst möguleiki þessa ráðh. Alþb. til að tefja málin enn frekar og spilla þannig fyrir sókn til bættra lífskjara.

Það er kannske ekki nema von að þessum ráðh. Alþb. gangi illa að koma saman skynsamlegri orkustefnu. *Hann er nefnilega fangi eigin fordóma og síns flokks,* fangi þeirra fordóma, að ekki megi reisa hér orkufrek iðjuver. Sannleikurinn er sá, að án uppbyggingar á orkufrekum iðnaði er allt tal um stórfelld virkjunaráform út í hött. Sé ekki ætlunin að reisa og reka iðjuver, sem byggja framleiðslu sína á stórnotkun raforku, er hvorki ástæða né aðstaða til stórfelldra virkjunarframkvæmda. Það er eins víst að ráðh. sé þetta ljóst, en vilji reyna að dylja það í lengstu lög og af því stafi sú sýndarmennska sem hann nú leikur með frv. sínu. Án orkufreks iðnaðar geta Austfirðingar gleymt áformum um virkjun í sínum landshluta á næstu árum og Norðlendingar sömuleiðis því að nærtækar endurbætur á vatnsvegum á Þjórsár- og Tungnaársvæðinu munu þá duga að sinni.

Á næstu tveimur áratugum þarf að finna ný atvinnutækifæri fyrir 25—30 þús. manns. Ekki gerist það í landbúnaði, ekki í sjávarútvegi með auðlindirnar í sjónum ýmist fullnýttar eða ofnýttar. Virkjun orkunnar í fallvötnum landsins til orkufreks iðnaðar er á hinn bóginn álitlegasti valkosturinn sem Íslendingar eiga til að treysta lífskjörin í landinu og fjölga atvinnutækifærum. Verði ekki þegar tekin upp sú stefna má búast við vaxandi landflótta og stöðvun efnahagslegra framfara. En hér verður ekki skapað traustara og betra þjóðfélag nema fylgt sé fastmótaðri stefnu og að stefnan í málefnum orkufreks iðnaðar og í virkjunarframkvæmdum fylgist að.

Alþfl. telur brýnt að þegar í stað verði teknar ákvarðanir um slíka stefnumörkun. Alþfl. telur að slík stefna eigi að fela í sér eftirfarandi meginþætti:

Í fyrsta lagi, að samningagerð um sölu raforku til orkufreks iðnaðar verði tekin af iðnrh. og falin sérstakri orkusölunefnd sem Alþingi kjósi, enda hafa iðnrh. og ríkisstj. þegar sannað getu- og áhugaleysi sitt í þessum málum. Orkusölunefndin ætti að miða störf sín við að sala til orkufreks iðnaðar a. m. k. fjórfaldist á næstu tveimur áratugum og vinna sérstaklega að því að fljótlega rísi þrjú ný iðjuver: eitt á Austurlandi, eitt á Norðurlandi og eitt í suðvesturhluta landsins, auk stækkana á þeim orkuverum sem fyrir eru.

Í öðru lagi teljum við, að virkjunarframkvæmdir ættu að vera á hendi eins aðila, Landsvirkjunar, sem öllum sveitarfélögum landsins yrði gert kleift að gerast aðilar að.

Í þriðja lagi, að til þess að geta nýtt þau tækifæri, sem bjóðast, og til að tryggja samfelldar virkjunarframkvæmdir verði að taka upp þau vinnubrögð, að á hverjum tíma séu fyrir hendi nokkrir fullhannaðir virkjunarvalkostir umfram það sem er í rekstri eða í byggingu þannig að grípa megi þau tækifæri sem gefast.

Í fjórða lagi, að þeim virkjunarvalkostum, sem nú eru til umfjöllunar, verði þegar raðað og framkvæmdir tímasettar með eftirfarandi hætti:

Í fyrsta lagi, að framkvæmdir á Þjórsár- og Tungnaársvæðinu miðist við 250 mw. viðbót í raforkuframleiðslu á árunum 1983—1985 að meðtalinni seinustu vél Hrauneyjafossvirkjunar.

Í öðru lagi, að Blönduvirkjun og framkvæmdir við hana verði miðaðar við að orkuframleiðsla þar geti hafist árið 1986.

Og í þriðja lagi, að Fljótsdalsvirkjun geti hafið orkuframleiðslu í áföngum á árunum 1987—1989.

Ef hins vegar ekki næst samningar við landeigendur um virkjun Blöndu fyrir mitt sumar verði Blönduvirkjun *frestað, en Fljótsdalsvirkjun flýtt að sama skapi.*

Þessi virkjunarstefna á að vera grundvöllurinn sem miðað er við í uppbyggingu orkufreks iðnaðar, og frá henni verði einungis vikið ef ekki næst samningar um hagkvæma orkusölu í samræmi við hana.

Með stefnumótun þessari yrði höggvið á þann úrræðaleysishnút sem nú drepur öll virkjunarmál í dróma. Öllum málsaðilum væri ljóst hver stefnan er, og allir gætu einbeitt sér að því að framkvæma verkin í stað þess að eyða kröftunum í orðagjálfur, skýrslugerð og tilgangslausa togstreitu, eins og nú viðgengst fyrir forgöngu ríkisstj.

Það er ekki hægt að hafa alla enda lausa eins og ríkisstj. gerir. Það verður að miða virkjunarstefnuna við ákveðin markmið og vinna að því að finna orkufrek iðnaðartækifæri í samræmi við hana. Þannig teljum við Alþfl.-menn að eigi að halda á málum, og við erum reiðubúnir til samstarfs við aðra um meginþætti þessarar stefnu. Sjálfstæðismenn hafa lýst svipaðri stefnu, og ég ætla að samstaða verði milli Alþfl. og Sjálfstfl. um veigamikla þætti þessara mála. Og ég þykist vita að margir framsóknarmenn séu í hjarta sínu samþykkir þessari stefnumörkun, og ég vildi vona að þeir létu hyggjuvit sitt og skynsemi ráða — þjóðinni til heilla — og losuðu sig af þeim klafa núllstefnunnar sem Alþb. hefur bundið þá á. Á sama hátt eru vitaskuld skynsemdarmenn innan Alþb. sem ættu að fylgja fordæmi Alþb.-mannsins Hrafnkels Jónssonar á Eskifirði og koma til liðs við þessa umbóta- og framfarastefnu, segja skilið við Alþb.

Ég þykist vita að Hjörleifur Guttormsson iðnrh. komi hér á eftir og mæli fagurlega og segi ykkur að þetta sé nú allt á góðri leið og málin vandlega undirbúin og vel að öllu hugað. En ég segi ykkur bara: Trúið honum varlega, því að enginn undirbúningur stenst þegar forsenduna vantar. Hjörleifur getur talið upp langar romsur af skýrslum og athugunum, en í þeim er ekkert hald þegar ákvarðanir eru ekki teknar. Hann gæti t. d. vitnað í frv. um stálbræðslu, steinullarverksmiðju og sjóefnavinnslu. En hvað sem um þau verður skipta þau engu varðandi orkufrekan iðnað og beislun fallvatnanna. Stálbræðsla og steinullarverksmiðja mundu nefnilega samtals ein-

ungis nýta 15.5 mw eða minna en 7% af uppsettu afli Blönduvirkjunar, það er allt og sumt.

Annars hefur iðnrh. ekki einungis orðið þjóðinni til skaða með töfum og tafsi og neitunarvaldi í orku- og iðnaðarmálum. Hann hefur líka með framkomu sinni og málatilbúnaði í svonefndu ÍSAL-máli, hvað svo sem niðurstöðum kann að líða, rýrt traustið á Íslendingum erlendis og stórspillt möguleikum okkar á skynsamlegum viðræðum við erlenda aðila um orkufrek iðnaðartækifæri. Er það reyndar með endemum ef rétt er að nú síðast hafi iðnrh. afþakkað það, að fulltrúar endurskoðunarfyrirtækisins Coopers & Lybrand, sem gera áttu upp ágreininginn milli ráðh. og ÍSAL, kæmu hingað í síðustu viku til að skýra frá viðhorfum sínum. Ætli ráðh. vilji tryggja að þingið sé farið heim þegar niðurstaðan berst?

Herra forseti. Virkjun fallvatnanna samhliða uppbyggingu orkufreks iðnaðar er leið okkar Íslendinga til bættra lífskjara. Þingflokkur Alþfl. hefur mótað afdráttarlausa stefnu í þeim málum.

Í herbúðum ríkisstj. ríkir aðgerðaleysi í orkumálum sem reyndar mörgum öðrum málum. Þessari ríkisstj. virðist ekki einu sinni ætla að takast að nýta þær góðu ytri aðstæður, sem nú ríkja, til að ná stöðugleika í efnahagsmálum. Á hinn bóginn birtist nei-stefnan, núllstefnan í hverju málinu á eftir öðru: ekki flugstöð, ekki nýja olíutanka í Helguvík, enga breytingu á olíuviðskiptum, enga nýja uppbyggingar- og framfarastefnu í atvinnumálum, ekki orkufrekan iðnað og þá ekki virkjanir. Íhaldssemin ríður húsum. Það má engu breyta. Erkíhaldið birtist Alþb.

Þessa íhaldssömu nei-stefnu, núllstefnu ættu allir umbótasinnar að taka höndum saman um að hrista af sér. Við verðum að hefja hér framfarasókn, treysta lífskjörin og atvinnumöguleikana svo við getum sinnt þeim brýnu félagslegu verkefnum sem óleyst eru: leyst úr húsnæðismálum ungs fólks með eðlilegum hætti í stað þeirrar villimennsku sem nú ríkir, séð öldruðum fyrir þeirri umönnun sem þeir þurfa og eiga kröfu á, bætt aðbúnað á vinnustöðum og sinnt málefnum fatlaðra af myndarskap, svo nokkur dæmi séu tekin. Að þessu teljum við Alþfl.-menn að verði að vinna. Óvissan og óstöðugleikinn verða að víkja úr íslensku þjóðfélagi. Við getum byggt hér traust þjóðfélag og stefnt til betri lífskjara ef við nýtum auðlindir landsins af framsýni og skynsemi. Við getum búið öllum Íslendingum gott líf í þessu landi ef við leggjumst á eitt og hættum að hjakka í sama farinu eins og núv. ríkisstj. gerir. Það sem þarf er samstaða allra umbótasinna. Um slíka framfarasókn ættum við að sameinast og að því telur Alþfl. að verði að stefna. — Góðar stundir.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Í desembermánuði árið 1979 fóru fram sögulegar kosningar til Alþingis. Fyrir þessar kosningar boðaði Framsfl. stefnu í efnahagsmálum sem hann kallaði niðurtalningu á verðbólgu. Með þeirri aðferð skyldu þeir ná verðbólgunni niður í 30% á árinu 1980 og 18% á árinu 1981, það var klippt og skorið. Þeir unnu síðan verulega á í nefndum kosningum svo sem kunnugt er.

Þessi stefnumörkun átti sér nokkurn aðdraganda. Alþfl. hafði ári fyrr, eða í desember 1978, lagt fram í ríkisstj. nákvæma áætlun undir heitinu: jafnvægisstefna, sem í raun var niðurfærsla dýrtíðar í áföngum. Reynsla annarra þjóða talaði þar skýru máli vegna þess að jafnaðarmenn bæði í Bretlandi, en einkum þó í Noregi, höfðu farið slíka leið með góðum árangri.

Um þessa stefnumörkun varð hins vegar ekki samkomulag í ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar nema að mjög óverulegu leyti. Þegar það reyndist þrautreynt stóðum við upp og báðum þjóðina að kveða upp dóm sinn að nýju. Stjórnmálaflokkur á að því leyti að vera eins og einstaklingur, að hann á að hafa samvisku. Það þarf að vera lágmarkssamræmi milli orða og verka.

Vitaskuld búum við í þjóðfélagi samkomulags, þjóðfélagi þar sem menn og flokkar fá aðeins fram hluta af vilja sínum — ekki allan vilja sinn. Hins vegar hefur sáttfýsin snúist í ranghverfu sína og orðið skrípamynd af sjálfri sér þegar hún er notuð sem átylla og skálkaskjól til þess að svíkja sérhvert það fyrirheit og sérhverja þá lífsskoðun sem menn segjast standa fyrir og hljóta kjörfylgi til. Því er þetta rifjað upp að sannfæring mín stendur til þess, að þetta mat kjósenda á sínum tíma hafi reynst dýrt. Við uppskárum ekki fyrir stefnufestu sem þó var innan þeirra marka sem hægt var að ætlast til af öðrum með góðu og sanngjörnu móti og aðrir hafa dregið sína lærdóma af. Framsfl. hét niðurtalningu og fékk kjörfylgi til þess. Hann hét 30% verðbólgu á árinu 1980, verðbólgan varð 59%. Og verðbólgan verður ekki 18% á árinu 1981, heldur verður ástandið óbreytt þrátt fyrir 7% beina kjaraskerðingu nú 1. mars. Þetta hafa því reynst svikin tóm. En við horfum hjá skaðsemi verðbólgunnar, lítum á það eitt, að tilteknum árangri var heitið í máli sem efst var á baugi, væntanlega til þess að vinna kjósendur. Því er auðvitað borið við, að í samsteypustjórnum nái menn ekki öllu fram. Rétt er það. En þetta árangursleysi blasti við hverju barni strax þegar núv. ríkisstj. hafði verið mynduð. Einhverjir yppta öxlum og segja sem svo: Þeir eru allir eins. — Svarið við því er þvert nei. Kosningarnar 1979 snerust einmitt um það og það verða næstu kosningar einnig að gera.

Í nóvember 1979 var boðaður blaðamannafundur í Reykjavík. Þar sátu Geir Hallgrímsson og dr. Gunnar Thoroddsen og kynntu fyrir alþjóð það sem þeir kölluðu „leiftursókn gegn verðbólgu". Látum skynsemi þessarar áætlunar liggja á milli hluta, en í þeim kosningum, sem í hönd fóru, hlaut flokkur þeirra félaga rúmlega þriðjung kjörfylgis í landinu. Skyldi nokkurn hafa grunað á þeim tíma að að tveimur mánuðum liðnum sneri dr. Gunnar við blaðinu, legði leiftursóknina til hliðar og leiddi Framsfl. og Alþb. til valda í þjóðfélaginu? Og það sem meira er: Þeir eru vissulega til sem þykir dr. Gunnar hafa fléttað vel, hann hafi reynst öðrum slóttugri, stjórnmál séu hvort sem er ekki annað en heldur óheiðarlegur leikur. Og þeir eru einnig til sem telja að niðurtalningin hafi verið meiri háttar kosningabrella, sem hafi átt að þjóna þeim tilgangi og þeim tilgangi einum. Þeir eru líka til sem telja svik og pretti í viðskiptum bæði eðlilega og sjálfsagða. Það er orðið að veruleika í hegðunarmunstri stjórnmála sem árum saman hefur viðgengist í efnahagsmálum.

Horfum til samanburðar til annars stjórnkerfis þar sem kosningar hafa nýlega farið fram. Í Frakklandi sigraði jafnaðarmaðurinn Mitterand í kosningum nýverið. Frakkar hafa undanfarin ár átt við efnahagslegt ægiböl að búa, sem er atvinnuleysi hundraða þúsunda. Mitterand setti fram kosningastefnuskrá um lækningu á þessu

böli með sköpun atvinnutækifæra á vegum ríkis. Auðvitað er þetta einnig erfið lausn. Hún mun þýða annaðhvort hækkaða skatta eða aukna verðbólgu. En hugsum okkur að Mitterand færi að eins og Framsfl. íslenski eða dr. Gunnar Thoroddsen, hann stæði upp að kosningum loknum og segði Frökkum að því miður hefði stefna hans haft of miklar hættur í för með sér, hún hefði reynst á misskilningi byggð, hann væri því hættur við að reyna að leysa atvinnuleysisvandann, en sætti sig við óbreytt ástand. Eigum við ekki að segja, að á þeim slóðum væri það óhugsandi með öllu?

Engin ríkisstj. er algóð og engin ríkisstj. er alvond. Litróf slíkra dóma hefur ekki fyrst og fremst svarta liti og hvíta. Hins vegar er það auðvitað svo, að hér á hinu háa Alþingi eru fjölmörg mál sem til framfara horfa, og mörg eru undirbúin á vegum hæstv. ríkisstj. nú sem fyrr, síðan unnin og yfirfarin í nefndum þingsins og loks samþykkt, oft án ágreinings. Öðrum málum er gerbreytt í meðförum þingsins og iðulega falla atkv. eftir allt öðrum línum en hinum einföldu línum stjórnar og stjórnarandstöðu. En að þessu slepptu er spurt um stjórnarstefnuna.

Stefna núv. hæstv. ríkisstj. er röng og hættuleg. Hún er röng og hættuleg vegna þess, að verðbólgustigið er of hátt og batamerki ónóg með öllu. Hún er röng vegna þess, að þrátt fyrir mikið ytra góðæri blasir það við, að lífskjör á Íslandi hafa stórlega dregist saman á undanförnum árum, kaupmáttur launa hefur rýrnað. Sums staðar er að finna svo lág laun að fátækt má kalla. Við bjóðum ekki upp á lífskjör sem eru sambærileg við helstu nágrannaþjóðir okkar. Þetta eru staðreyndir sem engir talnaleikir fá breytt. Stjórnarstefnan er röng vegna þess, að ótrúlegra tregðuúrræða og getuleysis gætir að því er varðar að nýta þá auðlind sem við eigum stærsta ónýtta og býður upp á stórkostleg framtíðartækifæri: orkuna í fallvötnunum. Stjórnarstefnan er í meginatriðum röng vegna þess, að framfarir eru minni og lífskjör lakari en í löndunum í kringum okkur.

Þrátt fyrir þetta er það hláleg staðreynd, að á einu stóru sviði efnahagsmála horfir til réttrar áttar. Það er í vaxta- og verðtryggingarmálum. Þetta er hláleg staðreynd vegna þess, að á undanförnum árum hafa þeir stjórnmálaflokkar, sem standa að hæstv. núv. ríkisstj., barist gegn verðtryggingarsetfnunni með oddi og egg. Þm. Alþb., ekki síst Lúðvík Jósepsson, héldu árum saman uppi hatrömmum áróðri gegn raunhæfri ávöxtunarstefnu. Steingrímur Hermannsson hefur lýst því, að hann hefði látið Alþfl. glepja sig — það voru óbreytt orð hans — til þess að fylgja þessari stefnu. Um grundvallarhugsun verðtryggingarstefnunnar hafa átt sér stað mikil átök í þjóðfélaginu á undanförnum árum. Það er þrátt fyrir allt mikilvægur sigur, að þessi stefna, sem var fyrir ekki mörgum misserum gerð tortryggileg og þá ekki síst af þeim öflum sem mynda núv. ríkisstj., er smám saman að verða að veruleika. Sá þjófnaður á sparifé, sem átti sér stað árum saman, einkum úr höndum eldri borgara og barna, er nú að nokkru að hverfa. Lífeyrissjóðir hafa í vaxandi mæli fylgt þessari þróun og tekið upp verðtryggingu. Og auðvitað hefur dregið úr misrétti í lánastofnununum og óarðbærri fjárfestingu, eins og spáð var að gerast mundi. Fjármagn í bönkum hefur aukist.

Í ræðum hér á Alþingi að undanförnu, þegar hæstv. forsrh. hefur tíundað það sem honum hefur þótt horfa til réttrar áttar í efnahagsstefnu stjórnarsinna, hefur hann í raun fyrst og fremst verið að fjalla um jákvæðar afleiðingar verðtryggingarstefnunnar og mun eflaust gera svo hér á eftir. Þjóðin auðvitað þekkir þessa baráttu undanfarin ár og veit hvernig þessi mál eru til komin. En sá galli er þó á gjöf Njarðar, að þótt grundvallarhugsunin í þessari stefnu sé rétt — hafi verið rétt og sé rétt — vantar mikið á að framkvæmd hennar sé rétt og skynsamleg.

Í fyrsta lagi: Þegar við gefum okkur þá forsendu sem rétt er að gera, að það sé ekki aðeins efnahagslega, heldur einnig siðferðilega rétt að verðtryggja sparifé, þá setur það auðvitað auknar skyldur á herðar ríkisvalds að halda verðbólgu í skefjum. Þessum skyldum hefur ríkisstj. brugðist. Ráðh. tala um það sýknt og heilagt að hverfa aftur frá sinni brotakenndu framkvæmd. En hvað þýðir það? Það þýðir að ríkisstj. segir: Þar sem við ráðum ekki við verðbólguna sjáum við ekki annað ráð en að byrja aftur að stela í stórum stíl frá sparifjáreigendum, frá fullorðnu fólki og frá börnum.

Í annan stað hefur ríkisstj. brugðist vegna þess, að hún hefur ekki unnið samtímis að auknum verðtryggingum og lengingu lánstíma. Einkum hefur þetta bitnað á ungum húsbyggjendum. Veigamikið atriði verðtryggingarstefnunnar, eins og við jafnaðarmenn sögðum að ætti að útfæra hana, var auðvitað að búa samtímis svo um hnútana að húsnæðislán hækkuðu og greiðslubyrði húsbyggjenda dreifðist meira. Að þessu hefur ríkisstj. ekki unnið, sennilega fyrst og fremst vegna þess að hún hefur aldrei haft trú á þeirri stefnu sem samfélagið þó er að meðtaka og er að verða að raunveruleika.

Þm. Alþfl. í Ed. hins háa Alþingis lögðu í vetur fram frv. sem í raun er ákaflega einfalt og fjallar um bætt kjör sparifjáreigenda, íbúðarbyggjenda og íbúðarkaupenda. Þar er gert ráð fyrir að samfara innlánsreikningum, sem beri fulla verðtryggingu og lága vexti, verði tekinn upp hjá innlánsstofnunum sérstakur útlánaflokkur: viðbótarlán til íbúðarkaupa og íbúðarbygginga, er beri fulla verðtryggingu og 2—3% ársvexti. Lán þessi verði veitt til 15 ára og nemi helmingi þeirra lána er lánþegi á kost á hjá Húsnæðisstofnun ríkisins.

Þessi hugmynd er ofureinföld og auðveldlega framkvæmanleg. Verðtryggingarstefnan gerir slíka starfsemi einmitt kleifa. En þá er auðvitað grundvallarnauðsyn að ríkisstjórnarflokkar, vegna þess að þeir eru meiri hl. á Alþingi, skilji réttmæti hennar, skilji möguleika hennar og vilji hagnýta þá í þágu húsbyggjenda sem og annarra. Á þetta hefur því miður skort og á því ber hæstv. ríkisstj. mikla ábyrgð.

Auðvitað vantar víða á að þessi stefna sé framkvæmd. Dæmi um það er lánadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins. Þar afhenda stjórnmálamenn niðurgreidd og feikieftirsótt lán í nafni byggðastefnu, peninga sem auðvitað vaxa ekki á trjám, heldur eru sóttir eftir öðrum leiðum í vasa skattborgarans.

Jafnaðarmenn hafa í vaxandi mæli leitt hugann að valddreifingu í þjóðfélaginu, atvinnulýðræði og efnahagslýðræði. Veigamikil stefnumótun í allra næstu framtíð á einmitt að snúast að grundvallarbreytingu í efnahagskerfinu, og að því er varðar þessa þætti hafa þm. úr Alþfl. í vetur flutt frv. til laga um grundvallarbreytingu á verkalýðshreyfingunni, sem gengur út á að vinnustaðir yfir ákveðinni stærð myndi félög sem annist samninga um kaup og kjör, og um aukið lýðræði í samvinnuhreyfingunni, sem miðar að beinni kosningu allra félagsmanna til æðstu stjórnar. Mín sannfæring er sú, að hin fyrrnefnda breyting mundi hafa í för með sér byltingu í þágu

láglaunafólks og launajafnaðarstefnunnar. Slíkar hugmyndir eru auðvitað ekki fram settar til þess að boða þvingunarlög ef slíkt er andstætt vilja félagsmanna, heldur til þess að kynna hugmyndir og vinna menn til fylgis við þær. Þessar hugmyndir eru nefndar til dæmis um félagslegar breytingar á þjóðfélagi sem hefur staðið of mikið í stað og of lengi.

Stjórnmál snúast öðrum þræði um ídealisma, hugmyndir sem menn og fylkingar hafa og trúa á að séu samfélaginu til góðs. Um hæstv. ríkisstj. Sjálfstfl., Framsfl. og Alþb. verður ekki sagt að hugsjónir þvælist fyrir henni. Til hennar var stofnað með refskap þar sem kosningaúrslitum var snúið við, og lífsakkeri hennar eru út af fyrir sig ekki eigin verk, ekki áætlun og ekki framtíðarsýn, heldur hitt, að stjórnarandstaðan geti ekki tekið við. Þessi röksemd er auðvitað fáránleg. Í þingræði njóta ríkisstj. meiri hl. á löggjafarsamkomum. Það þýðir að stjórnarandstaðan hefur minni hl. Stjórnarskipti fara því ekki fram nema annað af tvennu gerist: stjórnarmunstrið raskist eða valdahlutföllum er gerbreytt í almennum kosningum.

Um hitt spyrja menn hins vegar og eftir því er ríkisstj. dæmd: Þrátt fyrir hagstætt árferði og ágæt ytri skilyrði er verðbólgan mikil, stöðnun á veigamiklum sviðum atvinnumála og lífskjör sífellt að dragast saman. Þrátt fyrir hagstæð ytri skilyrði ríkir hér félagsleg og pólitísk stöðnun. Fólk er frjálst ferða sinna. Í vaxandi mæli þekkir það lífskjör og lífsstíl nágranna okkar í austri og vestri. Það er skylda stjórnvalda að svo hátti almennri stjórn efnahagsmála, að lífskjör okkar, félagskerfi og menningarumhverfi sé fyllilega sambærilegt við þessa nágranna okkar. Og þetta er hægt. Um þetta hefur ágreiningur stjórnmálamanna m. a. snúist í vetur. Núv. ríkisstj. hefur mistekist í þessum efnum. Þegar til hennar var stofnað var það ferð án fyrirheits. Framkvæmd hefur verið endurtekin lífskjaraskerðing í góðæri. Sú stefna er hvort tveggja: ástæðulaus og hættuleg.

Ég þakka þeim sem hlýddu. Góðar stundir.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Góðir Íslendingar. Á þeim stutta tíma, sem ég hef til umráða, hlýt ég að stikla á stóru. Því mun ég aðeins ræða um nokkra mikilvæga málaflokka sem lýsa stefnu ríkisstj. í efnahagsmálum og í framleiðslu- og framkvæmdamálum.

Við myndun þessarar ríkisstj. lögðum við framsóknarmenn höfuðáherslu á efnahagsmálin, enda má öllum vera orðið ljóst að áframhaldandi og vaxandi víxlhækkun verðlags og launa hlaut fljótlega að leiða til stöðvunar atvinnuveganna. Á þetta sjónarmið var fallist og jafnframt var samþykkt að vinna þannig að hjöðnun verðbólgu að ekki leiddi til byggðaröskunar og atvinnuleysis. Eftir slíkum leiðum hefur verið unnið. Að vísu þótti okkur framsóknarmönnum dragast mjög að hefja markvissar aðgerðir gegn verðbólgu á s. l. ári, og get ég að því leyti til tekið undir það sem hv. þm. Vilmundur Gylfason sagði. Um það tel ég þó ekki ástæðu til að fást þar sem fyrir áramótin náðist samkomulag um efnahagsáætlun sem er mjög í anda þeirrar niðurtalningarstefnu sem við framsóknarmenn höfum lagt áherslu á.

Með efnahagsáætlun ríkisstj. er það markmið ákveðið að verðbólga verði á árinu 1981 ekki yfir 40%. Til þess að þetta megi takast var nauðsynlegt að draga mjög úr þeim mikla verðbólguhraða sem orðinn var. Það var gert með verulegri takmörkun á verðhækkun launa og á hækkun búvöruverðs og fiskverðs 1. mars s. l. Ljóst var jafnframt að vísitalan 1. maí mátti ekki fara að ráði yfir 8% ef fyrrgreindu markmiði átti að ná. Þetta tókst að tryggja með því m. a. að takmarka hækkanir til opinberra stofnana og með niðurgreiðslu verðlags, sem fjármagns var aflað til með samdrætti í opinberum rekstri og framkvæmdum. Má því segja að ríkissjóður og opinberar stofnanir hafi rutt brautina 1. maí s. l.

Því er spáð, að vísitöluhækkun 1. ágúst n. k. verði einnig um 8%. Þá má, eins og hver maður getur reiknað, vísitala 1. nóv. ekki fara yfir 10% og samsvarandi nóv. og des. til þess að fyrrgreindum markmiðum, 40% verðbólgu á árinu 1981, verði náð. Þetta ætti að vera auðvelt ef vilji er fyrir hendi, sem ég sé ekki ástæðu til að efast um. Það er satt að segja ekki lítill áfangi þegar að því er gáð, að spáð var 70—80% verðbólgu á árinu 1981. Og ég verð satt að segja að lýsa furðu minni yfir orðum hv. þm. Vilmundar Gylfasonar úr þessum stól áðan, þar sem hann fullyrti að verðbólga á þessu ári yrði svipuð og á árinu 1980. Þetta er rangt. Þetta getur jafnvel hv. þm. Vilmundur Gylfason sjálfur reiknað.

Ég vil einnig vekja athygli á því, að það er gífurlegur munur á þeirri hávaxtastefnu, sem Alþfl. boðaði og barðist fyrir með oddi og egg í samstarfi Alþfl., Alþb. og Framsfl., og þeirri verðtryggingarstefnu sem upp hefur verið tekin. Þar er reginmunur á.

Í sambandi við aðgerðir í efnahagsmálum var jafnframt ákveðið að lækka skatta og auka tryggingagreiðslur til þess að kaupmáttur lægri launa lækkaði ekki við þessar aðgerðir umfram það sem orðið hefði með óheftri verðbólgu. Við þetta hefur verið fyllilega staðið.

Þrátt fyrir ýmsar þess háttar ráðstafanir til þess að draga úr áhrifum efnahagsaðgerða á afkomu einstaklinga og fyrirtæki hlýtur fyrir slíku að finnast fyrst um sinn. Það er mikil hræsni þegar stjórnarandstaðan heldur því annars vegar fram, að lítið gangi að lækka verðbólgu, en hneykslast hins vegar nánast í sama orðinu á því, ef skerða verður þjónustu t. d. Ríkisútvarps og Pósts og síma, þegar slíkar stofnanir fá ekki nema hluta af þeirri hækkun sem nauðsynleg er til þess að halda óskertri þjónustu og framkvæmdum. Þó er slíkt að sjálfsögðu gert til þess að draga úr hækkunaráhrifum á vísitölu og verðbólgu. Slík tímabundin óþægindi eru þó smámunir hjá þeim hag sem allir hafa af minnkandi verðbólgu þegar til lengri tíma er litið.

Slagurinn við verðbólguna er að sjálfsögðu ekki unninn með þessum mikilvæga áfanga á árinu 1981. Segja má að illt sé að verðbólguhraðinn muni að öllum líkindum aukast eitthvað í lok ársins, eins og reyndar hefur yfirleitt verið. Mjög er æskilegt að svo verði ekki. Það mun auðvelda áframhaldandi niðurtalningu verðbólgunnar á árinu 1982 sem að er stefnt að sjálfsögðu, eins og segir greinilega í stjórnarsáttmála: Stefnt er að því að verðbólga hér á landi verði á því ári orðin svipuð og í helstu viðskiptalöndum okkar.

Vaxandi verðbólga undanfarin ár hefur sett sitt mark á flestar íslenskar atvinnugreinar. Svo hefur t. d. verið í sjávarútvegi og fiskvinnslu. Þegar þessi ríkisstj. tók við var ástandið, sérstaklega í fiskvinnslunni, mjög alvarlegt. Á fjögurra mánaða tímabili setustjórnar Alþfl. höfðu kostnaðarhækkanir orðið um 15%, en fiskvinnslan aðeins fengið um 5% hækkun sinnar framleiðslu. Til viðbótar við þetta olli birgðasöfnun og sölutregða og engin

verðhækkun á fiski í Bandaríkjunum miklum erfiðleikum. Þessu var annars vegar mætt með ýmsum aðgerðum, eins og lækkun vaxta Fiskveiðasjóðs, tollalækkun á nokkrum fjárfestingarvörum fiskvinnslunnar, tímabundinni hækkun afurðalána og umtalsverðri, endurgreiðslu Seðlabankans á fjármagnskostnaði, en hins vegar með aðlögun gengis að þeirri kostnaðarhækkun sem orðin var. Við slíkar aðgerðir hefur staða frystingar lagast mjög þótt hún sé enn að mínu mati erfið. Vegna verðhækkana á saltfiski og skreið má segja að heildarafkoma fiskvinnslunnar sé hins vegar viðunandi. Þar er þó ekkert svigrúm og því verður að mæta þeim hækkunum, sem fram undan eru 1. júní n. k., með opinberum aðgerðum í einhverri mynd. Í því sambandi vil ég vekja athygli á þeirri staðreynd, að gengisbreyting er vægast sagt heldur vafasöm lækning. Eins og nú er orðið, með flesta hluti gengistryggða, veldur 1% gengisfelling jafnmikilli hækkun verðbólgu á ársgrundvelli.

Öllu meiri áhyggjur hef ég þó af útgerðinni, sérstaklega togaranna. Gífurlegar olíuhækkanir valda vaxandi erfiðleikum. Að meðaltali rennur nú um fjórðungur af aflaverðmæti togarans í olíukostnað, en á neta- og línuveiðum er olíukostnaður hins vegar aðeins um 7—8% aflaverðmætis. Því er spáð, að olía hækki á næstu árum um a. m. k. 10% á ári umfram verðbólgu og þá um leið fiskverð. Þetta þýðir að olíukostnaður togara yrði orðinn 45—50% aflaverðmætis eftir fimm ár. Þarna stefnir í mikið óefni sem við verður að snúast strax, enda er á vegum sjútvrn. hafin athugun á þessu máli.

Að öðru leyti má segja að horfur í sjávarútvegi séu góðar. Afli hefur verið ágætur. Það var a. m. k. áður fyrr ekki talið slæmt. Mikilvægara er þó að þrátt fyrir góðan afla eru nú flestir, einnig fiskifræðingar, orðnir sammála um að þorskstofninn og fleiri fiskstofnar eru í vexti. Alvarlegast er ástand loðnustofnsins. Hann verður að nýta af mikilli gát næstu árin.

Stærstu verkefnin framundan á sviði sjávarútvegsins eru tvímælalaust viðbrögð við gífurlegri hækkun olíu, aukin gæði afla og framleiðslu, aukin hagkvæmni í rekstri og skynsamleg endurnýjun bátaflotans.

Nú liggur fyrir Alþingi stjfrv. um virkjanir. Orkumálin eru tvímælalaust eitt stærsta mál þessarar þjóðar. Í orkulindum eigum við mikinn auð sem getur og reyndar hlýtur að verða einn megingrundvöllur íslensks efnahagslífs. Vegna gífurlegrar verðhækkunar á olíu og að öllum líkindum skorts eftir fáein ár verður að dómi okkar framsóknarmanna ekki hjá því komist að auka verulega virkjunarframkvæmdir á næstu árum.

Á aðalfundi miðstjórnar Framsfl. á s. l. ári markaði flokkurinn mjög ákveðna stefnu í orkuframkvæmdum og orkunýtingu. Hér er ekki ráðrúm til að rekja það í smáatriðum. Aðeins verður drepið á fáein grundvallarmarkmið.

Við framsóknarmenn viljum stefna að því að verða fyrir aldamót sjálfum okkur nógir um orku, bæði með notkun jarðvarma og raforku beint, þar sem því verður við komið, með framleiðslu eldsneytis í stað innflutts eða með framleiðslu iðnaðarvarnings sem selja má erlendis í stað þeirrar olíu sem óhjákvæmilegt verður að flytja inn. Orkuvinnslugetan verður orðin um 4000 gwst. eftir að tvær vélar Hrauneyjafossvirkjunar hafa verið teknar í notkun. Til þess að ná því markmiði að jafna orkureikning landsmanna um aldamótin þyrfti orkuframleiðslan þá líklega að verða um 10 þús. gwst eða að aukast um 6 þús.

Frumvarpið um raforkuver gerir ráð fyrir um 3500 gwst. aukningu. Þá vantar enn um 2500 upp á það markmið sem hér er sett fram. Með tilliti til þessa og jafnframt með það í huga, að um 5—6 þús. Íslendingar þurfa að fá vinnu við iðnað á næstu 12—15 árum, teljum við framsóknarmenn skynsamlegt að stefna að því, að þeim virkjunum, sem ráð er fyrir gert í frv., verði lokið á 12 árum.

Hér lýsti hv. þm. Kjartan Jóhannsson hugmyndum þeirra Alþfl.-manna í virkjunarmálum. Undir margt það, sem þeir hafa sett fram, get ég tekið. Ég verð hins vegar að lýsa því, að eftir ítarlega athugun á þeim virkjunarhraða, sem þeir leggja til, þ. e. að virkja nánast þetta sama á 8 árum, fæ ég ekki séð að slíkt geti staðist, og augsýnilega mundi það valda gífurlegri þenslu. Því hygg ég að ráðlegra sé að fara aðeins varlegar í málin. Við höfum því sett markið við 12 ár eins og ég var að lýsa.

Að sjálfsögðu er slíkur virkjunarhraði háður því, að komið verði á fót arðbærum iðnaði til þess að nýta þá orku, sem er umfram almennar þarfir, og til framleiðslu eldsneytis, sem arðbær verður orðin á þessum tíma. Í því sambandi er sjálfsagt að leggja áherslu á ýmsar minni iðngreinar sem nýtt geta raforkuna. Hins vegar er að mínum dómi fjarstæða að afneita orkufrekri stóriðju, jafnvel með erlendri aðild. Við framsóknarmenn höfum á því sviði markað ákveðna stefnu. Við leggjum áherslu á að slík stóriðja sé að meiri hluta í eigu Íslendinga. Tryggja verður fullkomnar mengunarvarnir og verksmiðjan verður að lúta íslenskum lögum. Að sjálfsögðu eru minni verksmiðjur hentugri fyrir íslenskar aðstæður. Á þær ber því að leggja áherslu.

Því miður liggja enn ekki fyrir nægar upplýsingar um arðbæran orkufrekan iðnað til þess að unnt sé að móta ákveðna orkunýtingarstefnu. Í þessu sambandi er jafnframt nauðsynlegt að hafa í huga, að stærri virkjanir, t. d. Fljótsdalsvirkjun, geta verið vafasamar án iðnaðar sem nýtir verulegan hluta af afgangsorku þeirra. Iðnaðarathugunum þarf því að hraða.

Ef ákveðið er að virkja allt það, sem frv. gerir ráð fyrir, á 12 árum skiptir að mínu mati í raun og veru litlu máli í hvaða röð virkjað er. Æskilegt er að virkja utan eldvirkra svæða, eins og stjórnarsáttmálinn gerir ráð fyrir. Hins vegar er mikilvægast að ekki verði að nýju orkuskortur eins og varð í vetur. Á því höfum við engin efni. Þjóðhagsleg hagkvæmni verður því fyrst og fremst að ráða virkjunarröð.

Frumvarp ríkisstj. um raforkuver er fyrst og fremst mikilvægur áfangi í stefnumörkun á sviði orkuvinnslu og orkunýtingar. Á þeim grundvelli, sem þar er lagður, þarf að vinna áfram og mikið á næstu mánuðum þannig að orkunýtingarstefna liggi fyrir í lok ársins.

Á morgun verður afgreidd frá Alþingi ný vegáætlun. Með henni er gert ráð fyrir verulegri aukningu fjármagns til vegamála. Eftir töluverða aukningu, sem varð á árinu 1980, var framlag til vegamála það ár 1.92% þjóðarframleiðslunnar. Nú verður það nálægt 2.1%. Það er í samræmi við till. til þál. sem ég hef lagt fram um langtímaáætlun í vegamálum. Í þessum áætlunum er m. a. gert ráð fyrir að leggja 150—200 km af bundnu slitlagi á ári. Það er gífurleg aukning frá því sem verið hefur. Samtals eru nú þjóðvegir með bundnu slitlagi aðeins um 360 km á landinu öllu.

Góðir hlustendur. Ég hefði gjarnan viljað ræða fleira,

t. d. landbúnaðarmálin þar sem mjög athyglisverð aðlögun á sér stað að breyttum markaðsaðstæðum. Það og margt fleira verður að bíða seinni tíma.

Þessum orðum lýk ég með því að lýsa þeirri von okkar framsóknarmanna, að þessari ríkisstj. megi takast að standa við þau markmið sem hún hefur sett sér í efnahagsmálum. Það er sannfæring okkar, að þá muni henni og þjóðinni vel farnast.

Samfara því er nauðsynlegt að auka og bæta framleiðsluna. Á slíkri framleiðslustefnu hvílir framtíð þessarar þjóðar.

Ég þakka þeim sem hlýddu.

Guðmundur Bjarnason: Herra forseti. Góðir tilheyrendur. Eitt af grundvallaratriðum í stefnu Framsfl. er að halda uppi öflugri byggðastefnu sem hefur að markmiði jöfnuð með landsmönnum hvar sem þeir búa og að treysta hverja þá byggð sem lífvænleg er. Framsfl. leggur áherslu á að fólki séu búin skilyrði til þess að lifa og starfa í því umhverfi sem það kýs sér.

Árið 1971 urðu mikil þáttaskil í íslenskum stjórnmálum. Þáverandi formaður Framsfl., Ólafur Jóhannesson, myndaði ríkisstj. sem mótaði nýja stefnu í byggðamálum, grundvallaða á málflutningi og tillögugerð Framsfl. Síðan hefur flokkurinn haft áhrif á stefnu stjórnvalda í byggðamálum og má líkja breytingunum á þessum áratug við byltingu.

Í nýútkominni ársskýrslu Framkvæmdastofnunar ríkisins kemur fram að á þessum áratug hefur fólksflóttinn af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins stöðvast og trúin á gildi þess og möguleika að byggja landið allt vaxið á ný. Sem gott dæmi um þessa byltingu má nefna tvo staði, sinn í hvorum landshluta. Það eru Grindavík með 64% fólksfjölgun og Hvammstangi með 62.9% fólksfjölgun á 10 árum.

Í byggðastefnu felst m. a. það að efla og treysta atvinnulíf um land allt, að bæta skilyrði til menntunar og menningarlífs, auka öryggi fólksins í hinum strjálu byggðum með fullkominni heilbrigðisþjónustu, efla og auka samstarf og samskipti fólks með stórátaki á sviði samgöngumála. Á það jafnt við um Vestfirði sem Austfirði, um Langanes sem Reykjanes. Samkvæmt þessari stefnu hefur Framsfl. unnið í þeirri ríkisstj. sem nú er við völd sem og á undanförnum árum. Það sést best á ýmsum aðgerðum og ráðstöfunum stjórnvalda undanfarnar vikur og mánuði svo og af störfum þess þings sem nú er senn að ljúka.

En það er oft erfitt að stilla saman svo vel fari þau tvö mikilvægu markmið: byggðastefnu með fullri atvinnu og uppbyggingu um land allt annars vegar og hins vegar baráttu við óðaverðbólgu, en það er eitt af meginviðfangsefnum ríkisstj. að ná verðbólgunni á næsta ári niður í svipað stig og í helstu viðskiptalöndum okkar.

Vissulega hefur nokkuð dregið úr spennu á vinnumarkaði, sem fyrst bitnar á ýmsum þjónustugreinum, svo sem byggingariðnaði, og þarf því að fylgjast mjög vel með þróun atvinnumála því atvinnuleysi er sá vágestur sem Framsfl. mun aldrei sætta sig við að hafa sem bandamann í baráttunni við verðbólguna. Þar sem brotalöm hefur orðið í atvinnulífi hefur ríkisstj. brugðið við og aðstoðað í slíkum tilvikum. Má í því sambandi nefna staði eins og Þórshöfn, sem mikið var til umræðu fyrr í vetur, og Djúpavog, en nú er einmitt leitað lausnar á atvinnuvandamálum þess staðar. Þarna koma einnig til aðstoðar Framkvæmdastofnun ríkisins og Byggðasjóður. En það var eitt af verkum ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar árið 1971 að koma á fót þessum stofnunum fyrir atbeina Framsfl., og hafa þær margoft síðan sannað gildi sitt við framkvæmd byggðastefnunnar.

Varðandi nýja þætti í atvinnumálum skal þess getið, að fyrir Alþingi liggja nú lagafrv. um þrjár verksmiðjur, þ. e. sjóefnavinnslu, stálbræðslu og steinullarverksmiðju, sem vonandi eiga allar eftir að styrkja og efla atvinnulíf í landinu. Þá eru og ýmsir aðrir atvinnumöguleikar og nýiðnaðartækifæri í athugun hjá ríkisstj.

Annar þáttur byggðastefnunnar, sem ég nefndi, voru bætt skilyrði til menntunar og menningarlífs. Af hálfu menntmrh. er nú unnið að þessum málum á ýmsum sviðum. Frv. að nýrri löggjöf um framhaldsskóla er nú nánast fullbúið og verður lagt fyrir Alþingi næsta haust og vonandi lögfest á því þingi. Þá er unnið að undirbúningi löggjafar um fullorðinsfræðslu, en með breyttum atvinnuháttum er mjög knýjandi að skapa skilyrði fyrir fræðslu handa fullorðnum og stuðla að auknum rétti og möguleikum fólks til endurmenntunar. Þá hefur menntmrh. mjög látið til sín taka málefni Ríkisútvarpsins. Þó stöðugt séu gerðar kröfur til hins opinbera um strangasta aðhald í fjármálum er jafnframt hert á kröfum um aukna þjónustu. Á þetta ekki síst við um Ríkisútvarpið. Ráðherra hefur þó ákveðið lagt til og markað stefnu um að áfram skuli haldið byggingu útvarpshúss, enda stofnuninni mjög þröngt sniðinn stakkur í húsnæðismálum svo ekki sé meira sagt.

Þá er og fyrirhugað átak við byggingu dreifikerfis sjónvarps nú í sumar, og er það bæði erfitt og kostnaðarsamt verkefni. Sem betur fer munu sjónvarpsútsendingar nú ná til þorra þjóðarinnar, en enn eru þó eftir þeir sem afskekktastir eru og búa við mesta einangrun og þurfa því frekast á þessari sjálfsögðu þjónustu að halda.

Á sviði félagsmála, heilbrigðis- og tryggingamála, vinnur ríkisstj. að mörgum umbóta- og framfaramálum, enda er góð heilbirgðisþjónusta ein af meginforsendum öflugrar og traustrar byggðastefnu. Af mörgu er að taka, en ég mun aðeins nefna tvö frumvörp sem eru til umfjöllunar í þinginu þessa dagana.

Annað lætur lítið yfir sér, en er þó þýðingarmikið fyrir þá sem í hlut eiga, en það fjallar um úrbætur á opinberum byggingum í þágu fatlaðra og hvernig greiða skuli kostnað við breytingar á byggingum þessum til að gera þær aðgengilegar fyrir fatlað fólk.

Hitt frv. er öllu stærra í sniðum, en ekki síður mikilvægt, en það fjallar um heilbrigðis- og vistunarþjónustu fyrir aldraða. Þrátt fyrir töluverðar úrbætur á undanförnum árum er hér um gífurlegt vandamál að ræða í ýmsum sveitarfélögum, og er ástandið líklega hvað verst hér á höfuðborgarsvæðinu, nálgast að tala megi um neyðarástand. Á þessu sviði verða stjórnvöld að bregða við bæði skjótt og ákveðið, en varast þó eins og unnt er að byggja upp kostnaðarsamt bákn stofnana, nefnda og ráða. Nú þegar þarf þó að stofna byggingarsjóð aldraða og verða landsmenn allir að taka saman höndum um það verkefni.

Að lokum vil ég nefna þann þátt byggðastefnu sem að samgöngumálunum lýtur. Í dag var rædd hér á Alþingi vegáætlun til næstu fjögurra ára, en með henni er gert ráð fyrir verulegu átaki í vegagerð á áætlunartímabilinu. Sérstök áhersla er lögð á lagningu bundins slitlags sem sparar mikið fé í viðhaldi, bæði á vegakerfinu svo og hjá

þeim bifreiðaeigendum sem aka eftir vegum með bundnu slitlagi. Þá fylgir áætluninni einnig fyrirheit samgrh. um sérstaka fjármögnun til að vinna að úrbótum á þeim köflum vegakerfisins þar sem vegfarendur eru tíðum í lífshættu vegna snjóflóða, skriðufalla og grjóthruns, en það er í Óshlíð, Ólafsvíkurenni og Ólafsfjarðarmúla.

Á fjárlögum þessa árs er veruleg hækkun á fjárveitingum til flugmála og er með því lögð aukin áhersla á þann þátt samgangna. Með bættum flugsamgöngum hefur tekist að koma ýmsum áður afskekktum byggðarlögum í nær daglegt samband við aðra landshluta.

Símamál hafa mikið verið til umræðu í vetur. Síminn er mikið öryggistæki og fyrir löngu orðinn ómissandi þáttur í daglegu lífi fólks. Það er því nánast óviðunandi að enn skuli 3200 sveitabýli, og oftast þau sem lengst liggja frá þéttbýliskjörnum, búa við handvirkt samband um innansveitarlínur og ná ekki símasambandi út úr viðkomandi sveit nema um landssímastöð sem í sumum tilfellum er aðeins opin 4—6 tíma á sólarhring. Það var því mikið ánægjuefni er Alþingi samþykkti í gær sem lög frv. samgrh. um lagningu sjálfvirks síma, en lög þessi gera ráð fyrir fimm ára áætlun til að leggja sjálfvirkan síma á þau 3200 sveitabýli sem enn búa við handvirkt símasamband og það öryggisleysi sem því fylgir.

Herra forseti. Ég hef nú varið tíma mínum til að gera nokkra grein fyrir þeim málum sem Framsfl. hefur beitt sér fyrir og stutt að á sviði byggðastefnu, bæði í núverandi stjórnarsamstarfi og á undanförnum árum, en tímans vegna aðeins stiklað á stóru. Margt er enn ógert í þeim efnum sem heyra byggðastefnu til og flokkurinn mun áfram berjast fyrir. Nefni ég þar t. d. jöfnun á raforkuverði og jöfnun flutningskostnaðar.

Ég geri mér vonir um og hef ekki ástæðu til að ætla annað en að núverandi stjórnarsamstarf muni áfram ganga eins vel og það hefur hingað til gert og heyrist í því brestir séu það aðeins traustabrestir. Stjórnarandstaðan hamast og hamast, heimtar aðgerðir, en leggst síðan gegn öllum skynsamlegum og óhjákvæmilegum ráðstöfunum stjórnarinnar. Slík vinnubrögð fá ekki hljómgrunn hjá þjóðinni. Það sýna best skoðanakannanir, þó að sjálfsögðu sé rétt að taka þær með vissum fyrirvara. Stjórnarliðið mun áfram vinna að þeim markmiðum, sem stjórnarsáttmálinn greinir frá, og jafnhliða glímunni við verðbólgudrauginn halda áfram þeirri byggða- og uppbyggingarstefnu sem framsóknarmenn hafa lagt áherslu á: Framfarir landsins alls, framfarir þjóðarinnar allrar. Á þann hátt telur Framsfl. að best verði borgið sjálfstæði og öryggi fólksins, sem í landinu býr, í nútíð og framtíð. Ég þakka þeim sem hlýddu.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Góðir áheyrendur. Þegar við Íslendingar fáum fregnir af því, að í góðum grannlöndum gangi menn atvinnulausir þúsundum saman, ungir sem fullvaxta, þá setur að okkur hroll. Í Bretlandi eru nú 2.5 millj. manna atvinnulausir, tíundi hver verkfær maður. Í Danmörku eru atvinnulausir um 200 þús. manna eða um 7.5% af verkfærum mönnum. Og til eru þeir menn hér sem trúa því, að atvinnuleysi sé ráð til að draga úr verðbólgu.

Ríkisstj. hefur sett sér það markmið að gera allt það sem hún megnar til þess að tryggja landsmönnum næga atvinnu og bægja böli atvinnuleysis, þessari siðferðilegu, sálrænu og efnahagslegu ógn, frá íslenskum heimilum. Ríkisstj. hafnar þeirri leið, að atvinnuleysi eigi að nota til viðnáms gegn verðbólgu. Sjónarmið ríkisstj. er að tryggja næga atvinnu og viðhalda kaupmætti og auka hann, en til þess þarf að draga úr verðbólgu. Það var og er eitt af okkar meginmarkmiðum.

Enginn getur séð fyrir alla hluti og enginn getur spáð með öryggi um hið óorðna. Öllum bregðast stundum bjartar vonir, og gangur mála verður annar en ætlað var. Um þá stjórn, sem nú hefur starfað í nærfellt 16 mánuði, gildir þetta sama lögmál lífsins. Sumt hefur ræst, annað ekki, sumt gengið vel, annað miður. Okkur tókst ekki að ná verðbólgunni niður á liðnu ári eins og við höfðum vonað. Til þess lágu ástæður, einkum af erlendum toga, sem áður hafa verið ítarlega raktar. En þeim mun fastari er ásetningur okkar nú í glímunni við verðbólguna að beita þeim fangbrögðum að dugi.

Um áramót samþykkti ríkisstj. efnahagsáætlun og markaði stefnu um atvinnumál og viðnám gegn verðbólgu. Það, sem einkennir þessa efnahagsáætlun, eru fyrst og fremst samræmdar aðgerðir og heildarsýn. Sumir virðast þeirrar skoðunar, að engar efnahagsaðgerðir séu til nema þær felist í kauplækkun eða kaupskerðingu. Þetta er vitaskuld rangt og háskalegt sjónarmið. Orsakir verðbólgunnar eru ákaflega margþættar og það eru allir þessir þættir sem verður að hafa auga á samtímis, ekki missa sjónar á eða missa tök á neinum einum þeirra. Þá er óvíst að aðrir skili árangri þó sæmilega gangi með þá.

Í efnahagsáætlun ríkisstj. var m. a. ákveðið að nýta svo vel sem unnt væri áhrif gjaldmiðilsbreytingarinnar sem kom til framkvæmda um síðustu áramót.

Eitt grundvallaratriðið í efnahagsáætlun var að falla frá og hætta því gengissigi sem hafði þá staðið um langan tíma. Ríkisstj. ákvað í samráði við Seðlabankann að halda stöðugu gengi fyrstu mánuði ársins. Nú hefur tekist að halda genginu föstu og stöðugu frá áramótum til þessa dags, töluvert á fimmta mánuð, og fer það fram úr björtustu vonum okkar í því efni.

Annað atriðið er jafnvægi í ríkisfjármálum.

Þriðja atriðið er jafnvægi í þróun peningamála, inn- og útlána, og ef við lítum yfir peningamálin svokölluðu er skemmst frá því að segja, að nú síðan á áramótum hefur sparifjáraukning orðið mjög veruleg og miklu meiri en undanfarin ár. Útlánaaukning hefur verið hófleg og gjaldeyrisstaðan er sterk. Þennan góða árangur í öllum þáttum peningamálanna verður að tryggja og fylgja fast eftir á næstu mánuðum.

Varðandi innflutning og útflutning eða vöruskipta- og viðskiptajöfnuð er hægt að segja að þróun innflutnings og útflutnings hefur verið hagstæðari það sem af er þessu ári en á sama tíma í fyrra.

Það eru margir fleiri þættir sem ástæða væri til að nefna hér í sambandi við efnahagsaðgerðir ríkisstj., en tími leyfir það ekki. Hins vegar er alveg ljóst öllum mönnum sem fylgjast með, að þessar aðgerðir allar hafa dregið úr spennunni. Það er meiri stöðugleiki, meira jafnvægi en áður í efnahagslífi landsmanna.

Á fyrstu fjórum mánuðum ársins varð verðbólgan verulega minni en undanfarin ár, eða um 32% ef miðað er við heilt ár. Ég vil taka það skýrt fram, að sumir stjórnarandstæðingar og málgögn þeirra hafa snúið út úr þeim ummælum, sem ég hef áður haft í þessa átt, og túlkað þau svo, að þar með hafi ég verið að spá 32% verðbólgu fyrir allt árið 1981. Vitanlega er þetta útúr-

snúningur einber. Þessi 32%, sem ég hef nefnt um þróunina á fyrstu fjórum mánuðum ársins ef reiknað er til heils árs, eru ekki spá, heldur staðreynd sem liggur fyrir.

Af hálfu annars arms stjórnarandstöðunnar hafa oft og tíðum verið gerðar harðar árásir á okkur sjálfstæðismenn í ríkisstj. Ein þessara árása er sú og hún var endurtekin hér í kvöld, að við sjálfstæðismenn í ríkisstj. séum bandingjar Alþb. eða Framsóknar — eftir því sem henta þykir fyrir þann sem talar og skrifar — sem engu ráðum í þessari ríkisstj. Svo gerðist það fyrir nokkrum dögum, þegar ég skrapp til Svíþjóðar í heimsókn þangað, að þá skrifaði næststærsta stjórnarandstöðublaðið leiðara með stórri fyrirsögn um það, að nú væri illt í efni, Gunnar væri farinn til útlanda, ekkert fengist afgreitt í ríkisstj., því að ráðherrarnir væru gersamlega ráðvilltir og þetta stafaði af því, eins og blaðið sagði, að „pabbi er ekki heima". Þetta sýnir samræmið í málflutningnum.

Annað atriði, sem er kannske öllu alvarlegra, er að því er haldið er fram, að allt sé í rauninni í hinni mestu óvissu í varnar- og öryggismálum landsins. Eitt af þeim innihaldslausu og villandi slagorðum, sem búin eru til, er að Alþb. hafi verið falin lykilaðstaða í öryggis- og varnarmálum landsins. Þetta er básúnað út hér á landi og náttúrlega símað til útlanda til að skapa vantrú bandamanna okkar í Norður-Atlantshafsbandalaginu.

Hver er sannleikurinn í þessum málum? Þessir menn, sem uppi hafa þessar árásir, vita ósköp vel að það var ein af forsendum stjórnarmyndunar að fylgt yrði áfram óbreyttri stefnu í utanríkis-, varnar- og öryggismálum. Það er kannske rétt að minnast á það, að í lok nóvembermánaðar var haldinn fundur í næstæðstu stofnun Sjálfstfl., næst landsfundi, þ. e. flokksráði, meira að segja sameiginlegur fundur flokksráðs og formanna í sjálfstæðisfélögum. Þar var gerð einróma ályktun á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta.

„Flokksráðstefnan og formannafundurinn fagnar því, að fylgt er þeirri stefnu í utanríkismálum, öryggis- og varnarmálum sem Sjálfstfl. mótaði á fyrstu árum lýðveldisins og flokkurinn hefur síðan staðið vörð um."

Þessi ályktun er samþykkt einróma m. a. af formanni Sjálfstfl., 10 mánuðum eftir að ríkisstj. var mynduð, þar sem allt þetta lá ljóst fyrir.

Í rauninni þarf ekki að fara fleiri orðum um slíkan málflutning sem þennan. En það vil ég þó segja að lokum, að víst er að varnir landsins eru ekki veikari í dag en þær voru í stjórnartíð hv. 1. þm. Reykv.

Formenn stjórnarandstöðuflokkanna hafa talað í umr. í kvöld, og þeim þykir ósköp gaman, formönnunum, að telja upp mörg ágæt mál sem þeim tókst ekki að koma í framkvæmd meðan þeir voru í stjórn, en þeir ætlast til að núverandi stjórn hrindi í framkvæmd þegar í stað og sé helst búin að því öllu saman. Þetta ber náttúrlega vott um alveg sérstakt traust á núverandi ríkisstj. sem skylt er að þakka.

Orkumál eru meðal forgangsmála núv. ríkisstj., og nú eru ýmist í framkvæmd eða í undirbúningi mestu virkjunarframkvæmdir sem um getur. Stærsta virkjun landsins, Hrauneyjafossvirkjun, er langt komin, og áður en henni lýkur verður hafist handa um næstu stórvirkjun og svo koll af kolli, stundum tvær samtímis. Jafnframt þessu er unnið að könnun á margvíslegum möguleikum um orkufrekan iðnað.

Herra forseti. Góðir hlustendur. Störfum ríkisstj. miðar áfram rólegum en öruggum skrefum. Verðbólgan er á niðurleið sem stendur, og við munum halda áfram því starfi og stuðla að því jafnvægi á öllum sviðum sem nauðsynlegt er. Við vitum að meiri hluti þjóðarinnar stendur að baki og styður okkur í þessari viðleitni. Við munum ekki láta öfgar og upphrópanir hrekja okkur af þeirri leið.

Þökk þeim er hlýddu.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Góðir hlustendur. Mikilvægustu mál hverrar þjóðar eru varðveisla efnahagslegs og pólitísks sjálfstæðis og meðferð auðlinda og landgæða. Þessi stórmál þurfa að vera meginviðfangsefni stjórnmálanna á hverjum tíma því að þau eru forsenda þess, hverning ræðst um önnur mál: baráttu fyrir bættum lífskjörum í víðri merkingu og auknum jöfnuði meðal þegna þjóðfélagsins. Ef við glötum sjálfstæði okkar og stundum hér rányrkju á auðlindum um langan tíma er kippt forsendum undan þróun og tilvist íslensks þjóðfélags. Í ellefu alda sögu þjóðarinnar hafa þessi atriði skipt sköpum og þau eru órjúfanlega samtvinnuð. Efnahagurinn hvílir á arði af auðlindunum og afrakstri þeirra og þar með þjóðartekjurnar eru komnar undir því, að við nýtum landgæðin skynsamlega og högum fjárfestingu og öðrum þáttum efnahagsstarfseminnar þannig að sem mestu skili til lengri tíma. Skjóttekinn gróði má ekki vera leiðarljós í atvinnurekstri eða auðlindastefnu. Slíkt hefnir sín fyrr en varir.

Íslenska þjóðin hefur í þrjá auðlindabrunna að sækja: gróðurmoldina, hafið með fiskimiðunum og orkulindir landsins, fallvötn og jarðhita. Allt geta þetta verið nægtabrunnar og staðið undir traustum lífskjörum í landinu um langa framtíð ef rétt er á haldið. Fáar þjóðir standa raunar jafnvel að vígi með undirstöðu hagsældar í landi sínu og Íslendingar með hin gjöfulu fiskimið og orkulindir sem tengdar eru náttúrulegri hringrás þótt magn þeirra sé eins og annað takmörkunum háð.

Verulegt átak stendur nú yfir í orkumálum, og hefur það einkum beinst að því að taka innlenda orku í gagnið í húshitun í stað innfluttrar olíu. Þessu takmarki er ætlunin að ná að mestu á næstu 3—4 árum. Þá eiga um 80% landsmanna að búa við jarðvarma til upphitunar og nær 20% við beina rafhitun. Fjármunum í þessu skyni er vel varið, og fátt er meiri lífskjarabót. fyrir almenning ef rétt er á haldið. Jafnframt þarf að ná lengra en orðið er í jöfnun orkuverðs til heimilisnota og í atvinnurekstri um land allt.

Samhliða lokaátaki í húshitun með innlendum orkugjöfum hljótum við að hefja nýja sókn inn á orkusviðið með skynsamlega hagnýtingu þessara miklu auðlinda til uppbyggingar og eflingar atvinnulífs um land allt að markmiði.

Að því stefnir frv. ríkisstj. um raforkuver, sem nú liggur fyrir Alþingi og mikið hefur verið um rætt að undanförnu. Þar er leitað víðtækari heimilda til nýrra vatnsaflsvirkjana á næstu 10—15 árum, auk jarðvarmavirkjana og varaaflsstöðva, en áður hefur gerst, og stefnt er að því að meira en tvöfalda raforkuframleiðslu á röskum tíu árum. Tryggja á aukna orkuvinnslu og öryggi vatnsaflsstöðvanna á Suðurlandi, m. a. í ljósi reynslunnar frá s. l. vetri, með því að veita kvíslum, sem falla í Þjórsá, og hluta af efri Þjórsá inn í Þórisvatn og reisa stíflu við Sultartanga sem hluta af væntanlegri virkjun þar. Jafnframt verður ráðist í tvær stórvirkjanir utan Suðurlands, Blönduvirkjun og Fljótsdalsvirkjun, og að því stefnt að þær komist í gagnið innan tíu ára, enda verði tryggður markaður fyrir orkuna í íslenskum fyrirtækjum.

Þetta þýðir að unnið verður að undirbúningi við þessar virkjanir samhliða á næstunni eins og að undanförnu og framkvæmdir við þær munu skarast nokkuð. Skorið verður úr um forgangsröð og gerð framkvæmdaáætlun fyrir þessar virkjanir og aðrar stórframkvæmdir í orkumálum á næstunni og reynt að ganga frá þeim endum sem enn eru lausir varðandi undirbúning. Þar skiptir ekki minnstu að fundin verði viðunandi lausn á hinni viðkvæmu deilu um virkjunartilhögun við Blöndu. Framkvæmdaundirbúningi þarf að haga þannig að hann verði til að efla atvinnulíf og renna stoðum undir iðnað í viðkomandi landshlutum.

Út frá byggingasjónarmiði getur ekki talist meginmál hvort virkjun kemst í gagnið fáum árum fyrr eða seinna í viðkomandi landshluta og rúmur framkvæmdatími getur komið sér betur fyrir atvinnulíf viðkomandi svæða en virkjunarframkvæmdir sem lýkur á fáum árum.

Þessi atriði og önnur ótalin voru höfð í huga við undirbúning þessara mála af hálfu iðnrn. og nauðsyn þess að skapa sem breiðasta samstöðu um tillögugerð. Mér hefur sem iðnrh. verið legið á hálsi af pólitískum andstæðingum fyrir seinlæti í þessum málum. Ég læt mér slíkar ásakanir í léttu rúmi liggja um leið og ég staðhæfi að engar tafir hafa orðið á undirbúningi framkvæmda í virkjunarmálum að undanförnu né munu verða svo fremi sem Alþingi samþykki frv. um raforkuver á þessu vori.

Hér er um stórt og viðamikið mál að ræða sem snertir hagsmuni margra. Hafa menn ekki fengið nóg af árekstrum á borð við Laxárdeiluna og áföllum eins og við Króflu virkjun? Og telja menn ekki tímabært að tryggja öryggi í raforkumálum með dreifingu virkjana um landið? Að mínu mati er þar um stóra þjóðarhagsmuni að tefla sem varða ekki síður íbúa Suður og Suðvesturlands en fólk í öðrum landshlutum.

Ég hef að framan rakið hvernig staðið hefur verið að undirbúningi mála varðandi orkuvinnsluáformin. Ekki þarf síður hlutlæga skoðun mála varðandi orkunýtinguna. Stórt átak í hagnýtingu orkulindanna býr að baki framkvæmdaáformum ríkisstj. í virkjunarmálum. Þar er stefnt að frumkvæði íslenskra stjórnvalda um uppbyggingu meiri háttar nýiðnaðar, ekki síst orkufreks iðnaðar á vegum landsmanna sjálfra, eins og það er orðað í sáttmála ríkisstj. Jafnframt er lögð áhersla á að draga úr notkun innfluttrar orku, hinnar dýru olíu í atvinnurekstri, þar sem því verður við komið, svo sem með skynsamlegum orkusparnaði. Þar koma ekki síst fiskimjölsverksmiðjur landsmanna við sögu þar eð þær eiga stærstan hlut í núverandi olíunotkun í iðnaði.

Bæði þessi markmið eru jafngild: gjaldeyrissparnaður með útrýmingu innflutts eldsneytis og gjaldeyrisöflun með útflutningi orkufrekra iðnaðarvara. Ríkisstj. telur það eðlilegt og viðráðanlegt markmið fyrir íslenskan þjóðarbúskap að jafna orkureikninginn gagnvart útlöndum ekki síðar en fyrir lok aldarinnar. Þetta getur gerst með því, að við hefjum framleiðslu á fljótandi eldsneyti hér innanlands er komi í stað innfluttra olíuvara eftir því sem hagkvæmt getur talist og með því að auka útflutning á orkutengdum afurðum frá íslenskum fyrirtækjum. Með þessu yrði brotið blað í orkubúskap þjóðarinnar, og með þetta í huga er unnið að undirbúningi mála á vegum iðnrn. og ríkisstj. Jafnhliða eðlilegri þróun annarra atvinnuvega og almenns iðnaðar er hér um stórbrotið verkefni að ræða sem reyna mun á krafta og hugvit. Þar dugar ekki minna en leiða saman alla þá þekkingu og kunnáttu, sem við höfum yfir að ráða sem þjóð, í því skyni að geta valið úr þeim kostum sem okkur standa til boða í orkufrekum iðnaði. Í þessu sambandi þurfum við að læra af fenginni reynslu og mistökum fortíðarinnar eins og þau birtast okkur í erlendri stóriðju á borð við samninginn um álverið í Straumsvík. Íslensk stjórnvöld hafa ákveðið að óska endurskoðunar á þeim samningi um leið og þau gera kröfu til að ekki sé á okkur brotið í skjóli hans. Deilur um fortíðina mega þó aldrei verða aðalatriðið, heldur hitt, að menn fylki sér að baki íslenskum hagsmunum og einbeiti sér að atvinnuþróun í landinu út frá okkar eigin forsendum með ótvíræð íslensk yfirráð yfir atvinnulífi og auðlindum landsins að leiðarljósi.

Þetta jafngildir ekki að við höfnum samvinnu við útlendinga. Íslendingar eru eins og aðrar þjóðir háðir efnahagsþróun viðskiptalanda og grannríkja og við hljótum að kosta kapps um að eiga við þau góð samskipti. Alþb. hefur ekki útilokað samvinnu við erlenda aðila um einstaka þætti í stórrekstri, svo sem markaðssamstarf, rannsókna- og tæknisamvinnu og minnihlutaeignaraðild í fyrirtækjum ef æskileg er talin að vel athuguðu máli. Slíkt á hins vegar fremur að vera undantekning en regla, og við eigum að kappkosta að hafa ótvírætt forræði yfir öllum þáttum atvinnustarfsemi í landinu.

Með þetta í huga er nú unnið að athugunum á uppbyggingu orkufreks iðnaðar. Er við það miðað að fara fordómalaust yfir sviðið og kanna til hlítar þá kosti sem hagkvæmir og viðráðanlegir eru fyrir okkur Íslendinga. Til þess að vinna að þessu hefur iðnrn. leitað til innlendra sérfræðistofnana og einstaklinga og ekki hikað við að afla vitneskju erlendis frá og kanna markaðsmöguleika. Þetta er hins vegar andstæða þeirrar stefnu sem stjórnarandstöðulið Sjálfstfl. boðar með núverandi formann, hv. þm. Geir Hallgrímsson, sem forsöngvara og við undirleik hv. 4. þm. Austurl., Sverris Hermannssonar. Formaður Sjálfstfl. orðaði áhyggjur sínar og hugmyndir um þessi efni á eftirfarandi hátt á fundi í Breiðholti um daginn samkvæmt frásögn Morgunblaðsins 12. maí s. l., þar sagði Geir Hallgrímsson m. a.:

„Við skulum ekki vera svo einföld að álíta að menn bíði í biðröðum eftir því að reisa hér fyrirtæki og kaupa af okkur orkuna. Sannleikurinn er sá, að það krefst útsjónarsemi og ákveðinnar sölumennsku ef við ætlum að vekja áhuga manna fyrir því að reisa slík fyrirtæki hér á landi og selja þeim þá orku sem við getum framleitt úr orkulindum okkar. En það er fyrst og fremst forsenda þess að við getum bætt lífskjör okkar, byggt hér upp heilbrigt þjóðfélag og aukið þjóðarframleiðsluna og þjóðartekjur."

Þetta er grunntónninn í atvinnustefnu stjórnarandstöðu Sjálfstfl.: að virkja til að selja útlendingum orkuna. Og Alþfl. eltir leiftursóknarliðið dyggilega í þessu máli sem flestum öðrum, eins og glöggt mátti heyra í máli formanns Alþfl., Kjartans Jóhannssonar, áðan.

Herra forseti. Góðir hlustendur. Orkumálin eru stórmál fyrir okkur Íslendinga sem og aðrar þjóðir. Fyrir hverja þjóð skiptir það miklu að tryggja sem best öryggi sitt í orkumálum og hagnýta þá margþættu kosti sem felast í auðlindum hennar. Ríkisstj. hefur markað stefnu um dreifingu virkjana og uppbyggingu þeirra í þremur landshlutum á næstu árum og að efla iðnþróun víðs vegar um landið í kjölfar orkuframleiðslunnar og í krafti

hennar. Að slíkum undirbúningi er nú unnið undir merkjum íslenskrar atvinnustefnu og verða mál lögð fyrir til ákvörðunar eftir því sem aðstæður bjóða. Þessa dagana fjallar Alþingi um heimildir varðandi þrjár verksmiðjur sem hagnýta eiga innlend hráefni og orku. Þetta eru sjóefnavinnsla á Reykjanesi, steinullarverksmiðja og stálbræðsla. Önnur og stærri verkefni eru á könnunarstigi eins og fram hefur komið.

Þjóð okkar þarf á því að halda að geta tekið samhent á í stórmálum og hefja sig yfir hreppasjónarmið og þrönga sérhagsmuni. Það tókst í landhelgismálinu seint um síðir, og það þarf einnig að takast um varðveislu og nýtingu orkulindanna. Undirstaða batnandi lífskjara verður að felast í hagkvæmri fjárfestingu, fjölbreyttri atvinnuþróun um land allt og auðlindastefnu er miðist við langtímahagsmuni íslensku þjóðarinnar. Sú er stefna Alþb.

Ég þakka áheyrnina. Góða nótt.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Í gær fékk þjóðin að heyra ein furðulegustu tíðindi sem hún hefur lengi heyrt. Sjúkrahúslæknar hafa sagt upp störfum þótt kjarasamningar þeirra séu ekki úr gildi fallnir. Þeir hafa stofnað félag sem tekur að sér að vinna eftir reikningi, og nú hefur hin fyrirhugaða þjónusta verið verðlögð. Tímakaup sérfræðings verða 420 kr. lágmarkskaup, 420 kr. á klst., í gömlum krónum 42 000 kr. á klst. á meðan almennt verkafólk hefur 20—26 kr. á klst. Fyrir hvert útkall að degi til ætla þessir sérfræðingar sér að fá minnst 6 klst. sem gerir um 250 þús. gkr. plús 7 þús. kr. í ferðastyrk, eða um 260 þús. gkr. fyrir hvert útkall sérfræðings að degi til. Fimm útköll sérfræðings á dag ættu eftir þessum taxta að kosta tæpar 1300 þús. gkr. eða rösklega mánaðarkaup alþingismanns og þykja alþingismenn þó vel launaðir.

Þetta eru kröfur frá sérfræðingum sem að vísu eru hæfir, flestir hverjir, en ríkið hefur kostað nám þeirra og hefur ekki talið það eftir sér. Ríki og bæjarfélög hafa byggt sjúkrahúsin, og öll hin dýru tæki til þeirra hefur almenningur borgað. Öll aðstaða er ókeypis. Og lágmarkskrafa er u. þ. b. eða upp undir tuttuguföld laun verkamanns. Á sama tíma krefst stór hluti þessara manna að læknadeildinni sé að mestu lokað.

Hvað er raunverulega hér að ske? Ef læknar komast fram með þessar kröfur, þá vitanlega koma aðrir sérfræðingar á eftir og þá er verið að skapa sérfræðingaveldi á Íslandi sem verður algjörlega sérstakur þjóðflokkur í íslensku þjóðfélagi.

Það hefur verið baráttumál almenns launafólks í landinu að koma á fullkominni heilsugæslu og læknaþjónustu, og það er forsenda þess velferðarþjóðfélags sem við stefnum að. Að undanförnu hefur verið mikið rætt um neyðarástand í aðbúnaði og heilbrigðisþjónustu aldraða. Frumvörp til að bæta hér úr hafa verið flutt hér á hv. Alþingi. Er nú ekki brýnna í hugum almennings að halda áfram á þessari braut en að fimmfalda laun lækna? Ég vil spyrja þig, almenni hlustandi: Telur þú að brýnasta málið í dag sé að margfalda laun lækna?

Ég hélt að það væri brýnna að hækka kaup hinna lægst launuðu og elli- og örorkulífeyrisþega sem margir hverjir búa enn við óviðunandi kjör.

Það má vel vera að einhver byrjunarlaun lækna í föstu starfi sé réttlátt að lagfæra til samræmis þegar samningar eru lausir. En læknar almennt búa ekki við léleg launakjör í dag. Það hefur verið svo um árabil að læknar hafa verið ein virtasta stétt landsins. Í hópi þeirra eru afburðamenn sem aldrei verður fullþakkað. Og læknar eiga að hafa góð laun. En hinu er ekki að neita, að meðal yngri manna í stéttinni ber sífellt meira á þeirri ófélagslegu tilhneigingu að halda sig utan sjúkrasamlaga og grimmari peningasjónarmiðum en áður hafa þekkst. Ég er ekki að leggja hér dóm á bandarískt þjóðlíf í heild, en allir kunnugir menn þar í landi telja læknaþjónustu og öryggisleysi gagnvart henni einn dimmasta blettinn á bandarísku þjóðlífi.

Vill ekki læknastéttin, sem skipuð er að miklum meiri hluta frábærlega hæfum mönnum og virtum, athuga sinn gang betur áður en hún fer að umturna íslensku þjóðlífi og gera lækna og þjónustu þeirra að lúxus í íslensku þjóðfélagi?

Þegar rætt er um íslenskt efnahagslíf, sem við gagnrýnum mjög, verðum við þó að hafa vel í huga að á Íslandi er nær ekkert atvinnuleysi. En í flestum nágrannalöndum okkar er atvinnuleysi og í sumum löndum mjög víðtækt, t. d. í Bretlandi. Fólk, sem komið er yfir tvítugt, hefur þar aldrei fengið vinnu og sumir hafa enga von um að úr rætist á næstu árum. Við skulum þó þakka að Íslendingar eru lausir við það jarðneska helvíti sem atvinnuleysi er.

Umræður á þessu Alþingi hafa á margan hátt verið sérstæðar. Alþfl. er utangátta, enda virðist gengi hans vera lágt meðal kjósenda í dag. Einstakir þm. Sjálfstfl. hafa einbeitt sér að persónulegum svívirðingum og illyrðum um hæstv. forsrh. og samflokksmenn hans í ríkisstj. Þetta heimilisböl flokksins yfirskyggir allan annan málflutning annarra þm. flokksins sem að ýmsu leyti standa vel og efnislega að málum. Og svo heiftúðugur er þessi málflutningur einstakra þm. flokksins að í málflutningi þeirra eru Alþb.-menn sakleysingjar og jafnvel dýrlingar á móti samflokksmönnum þeirra í ríkisstj. Allur lestur og innanflokksdeilur Sjálfstfl. eiga frekar heima í Valhöll en hér á Alþingi.

Í stjórnarmyndunarviðræðunum eftir kosningar kom ákaflega skýrt fram að sjálfstæðismenn með Geir Hallgrímsson í broddi fylkingar töldu skilyrði þess, að hægt væri að ráða við verðbólguna, væri að vísitala væri tekin af kaupi að mestu eða verulegu leyti eða kaup beinlínis lækkað. Því miður tók Alþfl. undir þennan söng. Það tókst að mynda ríkisstj. án þess að þessi áform kæmust í framkvæmd. Stjórnarandstaðan hefur hampað því, að vísitalan hafi verið skert um 7 stig 1. mars s. l. Það má að vísu geta þess, að kaupmáttur á árinu 1981 hefur alla mánuði ársins fram til þessa verið hærri en á árinu 1980.

En þetta er rétt með 7 stigin. En þess er aldrei getið, hvað launþegar fengu í staðinn. Í staðinn kom 1.5% skattalækkun á lægri laun og meðallaun. Þetta hefur verið vefengt af stjórnarandstöðunni. En menn úr öllum flokkum frá Alþýðusambandinu áttu þess kost að fara ítarlega í skattaútreikningana og viðurkenndu allir að skattalækkunin væri staðreynd.

Sá minnkandi kaupmáttur, sem var á árinu 1980, var vegna vísitöluákvæða í svokölluðum Ólafslögum sem skertu vísitölugreiðslur. Nú strax 1. júní n. k. fá launþegar tæplega 1% meiri vísitöluhækkun en ella hefði orðið vegna breyttra ákvæða um vísitölugreiðslur samkvæmt bráðabirgðalögunum frá áramótum. Og það sem eftir er ársins verða vísitöluákvæði hagstæðari launþegum sem getur numið 2—4 stigum.

En brbl. fólu líka í sér hert verðlagsákvæði, og það ætti

að vera launþegum til hagsbóta. En þegar ríkisstj. framlengir hindrun á verðhækkunum umturnast Geir Hallgrímsson og Vinnuveitendasambandið og segja að með þessum lögum sé verið að gera Ísland að lögregluríki. Persónulega er ég á því, að á ýmsum sviðum hefði mátt standa fastar á verðlagseftirliti þó ég viðurkenni að ýmsar hækkanir hafi verið óhjákvæmilegar. En sjá menn ekki pólitík Geirs Hallgrímssonar? Í stjórnarmyndunarviðræðum er krafist afnáms vísitölugreiðslu á kaup til að hindra verðbólgu. Ári síðar umturnast sami maður yfir, að ótakmarkaðar verðhækkanir skuli ekki leyfðar í landinu, og það kallað lögregluríki. Baráttan gegn verðbólgunni virðist eingöngu vera gegn launum, en ekki gegn verðhækkunum.

Hér er ekki tími til að gera þessum málum ítarlega skil. En það er sérstætt ástand á Íslandi þessi árin. Í verkföll fara atvinnurekendur sem margir hverjir hika ekki við að loka atvinnufyrirtækjum sínum eða stöðva þau ef þeir fá ekki verðhækkanir sem þeir krefjast. Síðan koma flugmenn og læknar utan samninga og ýmsir aðrir forréttindahópar. En alþingismenn skulu muna það, að fyrst og síðast hafa þeir dýrustu skyldurnar við þá, sem lægst hafa launin, að tryggja atvinnuöryggi þeirra. Og þeir hafa ríkar skyldur við elli- og örorkulífeyrisþega og heilbrigðisþjónustu við þá. Hálaunastéttirnar allar eiga að koma þar langt á eftir. — Ég þakka áheyrnina.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson vék að læknadeilunni sem nú er í uppsiglingu. Það var ekki óeðlilegt út af fyrir sig að víkja að þessu alvarlega máli. En ég spyr: Blasir ekki ranghverfa kjarabaráttunnar hvarvetna við sjónum þeirra sem sjá vilja? Samtökin, sem stofnuð voru til stuðnings lítilmagnanum, standa nú undir forustu kommúnista í lítilfjörlegu bögglauppboði á félagsmálapökkum til hinna verst settu meðan hátekjumennirnir einir hafa efni á kjarabaráttu.

Hæstv. iðnrh. var hér að kyrja afturhaldssöng sinn um íslenska iðnaðarstefnu. Á máli iðnrh. heitir það að virkja fyrir útlendinga ef rafmagn er hagnýtt í formi útfluttrar iðnaðarvöru. Á sama máli heitir það að veiða fyrir útlendinga ef þú dregur fisk úr sjó og hagnýtir þér hann til útflutnings í stað þess að éta hann sjálfur.

En engin mál ber hærra nú um þessar mundir en einmitt orkumálin. Það er af því að meginverkefnið nú er að hagnýta hin gífurlegu verðmæti sem fólgin eru í orkulindum landsins. En leiðin til þess er m. a. stórvirkjanir í fallvötnum landsins.

Þess vegna lögðum við sjálfstæðismenn fram á þessu þingi frv. um ný orkuver í Fljótsdal, í Blöndu, við Sultartanga og stækkun Hrauneyjafossvirkjunar. Hér er meira en tvöfaldað virkjað vatnsafl í landinu. Með þessum framkvæmdum, sem við sjálfstæðismenn leggjum til, verður hægt að fullnægja orkuþörfinni samkvæmt orkuspá hvað varðar heimilisnotkun, húshitun og almennan iðnað. En auk þess skapar þetta möguleika til nýrrar stóriðju sem nemur í lok framkvæmdatímabilsins árlegri notkun sem er allmiklu meiri en öll núverandi stóriðja notar á ári.

Samkvæmt frv. okkar sjálfstæðismanna eru gefin fyrirmæli um að reisa og reka þau raforkuver sem þar greinir. Jafnframt eru sett viss skilyrði fyrir því, að þetta megi verða. Mælt er svo fyrir að taka verði ákvörðun um stóriðju á Austurlandi jafnhliða ákvörðun um Fljótsdalsvirkjun. Leiðir þetta af þeirri staðreynd, að hagkvæmni þessarar stórvirkjunar er beinlínis háð stóriðju. Enn fremur er kveðið á um að ekki komi til ákvörðunar um byggingu Blönduvirkjunar fyrr en tryggð hafi verið nauðsynleg réttindi vegna virkjunarinnar.

Við sjálfstæðismenn leggjum til að Landsvirkjun eða landshlutafyrirtækjum sé falið að reisa og reka orkuver þau sem hér um ræðir. Ef engin landshlutafyrirtæki yrðu stofnuð í þessum tilgangi utan núverandi veitusvæðis Landsvirkjunar bæri að fela Landsvirkjun að reisa og reka þessar virkjanir.

Þessi ákvæði frv. um virkjunaraðila eru í samræmi við till. okkar sjálfstæðismanna um skipulag orkumála. Við sjálfstæðismenn bárum fram snemma á þessu þingi frv. til orkulaga. Er þar um að ræða fjölbreytileg og róttæk nýmæli sem miða að því að svara kröfum tímans um skipulag þessara mikilvægu mála. Marghátttaðar tillögur er að finna um nýmæli er varða skipan og starfsemi orkuráðs, Orkustofnunar og Orkusjóðs, jöfnun orkuverðs og gerð orkumálaáætlana til langs tíma.

Í frv. okkar sjálfstæðismanna um ný orkuver er gert ráð fyrir, að framkvæmdum verði lokið á tíu árum, og kveðið er á í frv., að undirbúningi að byggingu orkuveranna svo og framkvæmdunum sjálfum skuli hraðað svo sem kostur er.

Til þess að þetta megi verða er nauðsynlegt að hefjast þegar handa og hvar sem við verður komið. Með tilliti til þess kveður frv. ekki á um forgang framkvæmda, áfangaskipti eða röðun orkuvera sem reisa skal. Gert er ráð fyrir að hagkvæmni- og öryggissjónarmið ráði gangi framkvæmda og að þau vinnubrögð verði viðhöfð að þeim verði öllum lokið á framkvæmdatímabili heildaráætlunar um byggingu allra virkjananna. Það gæti verið beinlínis til þess að tefja og torvelda framkvæmd þessarar áætlunar um virkjunarframkvæmdir ef í lögum væri kveðið á um röðun framkvæmda. Þetta leiðir af því, að nú liggur ekki ljóst fyrir í öllum tilfellum hvenær verður lokið undirbúningi framkvæmda eða forsendum fyrir framkvæmdum verði fullnægt. Þess vegna verður að vinna að þessum verkefnum eftir því sem í ljós kemur hvernig þau liggja fyrir til úrlausnar. Slík vinnubrögð eru besta tryggingin fyrir því að ljúka megi framkvæmdunum öllum á hinum tiltekna tíma.

En hvað er að frétta af ríkisstj. í þessum málum? Það var ekkert að frétta þaðan lengi vel. Iðnrh. hefur legið þversum eins og þvara í gangvegi allra aðgerða. Ekkert hefur mátt gera í skipulagi orkumálanna vegna þess að ráðh. hefur ekki fundið út hvernig hann getur komið í veg fyrir þá þróun, að fólkið í hinum einstöku landshlutum taki orkumálin í sínar hendur, svo sem raun hefur orðið á með Orkubú Vestfjarða og þróunin stefnir að með Hitaveitu Suðurnesja. Ekkert má gerast í byggingu orkuvera meðan ráðh. bjástrar við að leysa þá óleysanlegu þraut að stofna til stórvirkjunar á Austfjörðum án stóriðju.

En nú loks á lokadögum þingsins er drattast til að bera fram frv. til laga um raforkuver. Og hvað felur þetta frv. ríkisstj. í sér? Að svo miklu leyti sem frv. markar nokkra stefnu er þar tekinn versti kosturinn. Þar er ekki um að ræða framkvæmdir sem er einungis sniðinn stakkur að þörfum heimilisnotkunar, húshitunar og almenns iðnaðar. Þar er ekki heldur gert ráð fyrir stóriðju sem er grundvöllur fyrir stórátaki í virkjunarmálunum. Valinn er versti kosturinn: stórvirkjanir án nauðsynlegs orku-

markaðar sem stóriðjan ein getur skapað. Slík stefna eða réttara sagt stefnuleysi leiðir til sjálfheldu í orkumálum þjóðarinnar.

Frv. ríkisstj. ber vott um ráðleysi í skipulagsmálum orkuframleiðslunnar. Gefist er upp við að lögfesta hlutverk Landsvirkjunar um allt land sem aðalorkufyrirtækis, heldur skal fara bónarveg eða samningaleið til að freista þess að fá Landsvirkjun til þess að reisa og reka orkuver utan núverandi veitusvæðis fyrirtækisins. Því eru gerðir skórnir að þessar fyrirrætlanir takist ekki, og skal þá styðjast við Rafmagnsveitur ríkisins sem virkjunaraðila. Útilokað er að fólkinu í hinum einstöku landshlutum heimilist, ef það óskar, að taka virkjunarmálin í eigin hendur í formi landshlutafyrirtækja.

Í frv. ríkisstj. er þess ekki gætt, að hraðað verði öllum undirbúningi og framkvæmdum að virkjunum, heldur eru vangaveltur um röðun virkjunarframkvæmda. Lögfesting á framkvæmdaröð verður hins vegar til trafala ef hugur fylgir máli um þær stórvirkjanir sem frv. tiltekur á framkvæmdatímabilinu.

Frv. er þannig í fleiru sannkölluð vansmíð sem ber vott um vingulshátt og sýndarmennsku í orkumálunum.

Staðan í orkumálunum í dag blasir við þannig að undirmál iðnrh. hindra virkjun Blöndu, bein andstaða ráðh. við stóriðju kemur í veg fyrir Fljótsdalsvirkjun, stjórnarsáttmálinn bannar Sultartangavirkjun, frv. ríkisstj. um raforkuver boðar lögfestingu á aðgerðarleysinu.

Frv. okkar sjálfstæðismanna um ný orkuver markar stærsta sporið sem tekið hefur verið í virkjunarmálum landsmanna. Hér er um að ræða stærsta átakið sem enn hefur verið gert til þess að nýta orkulindir landsins til verðmætasköpunar fyrir þjóðarbúið. Stefna þessi í framkvæmd þýðir þáttaskil í íslenskri hagsögu. Hér er á ferð mál sem ætti að vera hafið yfir hversdagsleik og dægurþras. Hér er mál fyrir þjóðina til að sameinast um. En því miður er því ekki að heilsa. Það er við dragbíta að fást sem stjórna orkumálunum í dag.

En megum við þá ekki vænta þess, að allir sjálfstæðismenn standi saman um stefnu flokksins í orkumálum? Að frv. okkar sjálfstæðismanna um ný orkuver, sem ég hef hér gert að umtalsefni, standa allir þm. flokksins, hvort sem þeir eru í stjórnarandstöðu eða hafa stutt ríkisstj. Þetta er ekki tilviljun. Stefna sú, sem þar er mörkuð, er svo ótvíræð og eindregin í anda sjálfstæðisstefnunnar, stefnumótunar flokksins í orku- og stóriðjumálum fyrr og síðar.

Í trú á land og lýð er nú kallað á menn til dáða. F'okkurinn vill marka stefnu til grundvallar bættum lífskjörum og atvinnuöryggi. Það er í anda sjálfstæðisstefnunnar sem leitt hefur þjóðina á undanförnum áratugum frá fátækt til bjargálna. Valið stendur milli stefnuleysis orkumálaráðherrans, Hjörleifs Guttormssonar, og stórhuga stefnu Sjálfstfl. Enginn sannur sjálfstæðismaður getur lotið vilja kommúnista í svo örlagaríku máli fyrir hina íslensku þjóð. Í afstöðunni til orkumálanna í dag skilur á milli feigs og ófeigs.

En ekki er ein báran stök. Í vindmylluslag ríkisstj. við verðbólguna er ekki annað en ótíðindi að hafa. Forsendan fyrir gjaldmiðilsbreytingunni um síðustu áramót var sú, að hún væri liður í víðtækri stefnumótun til þess að koma á jafnvægi í efnahagsmálunum. Gjaldmiðilsbreytingin er ráðstöfun þess eðlis, að hún getur orðið til þess að skvetta olíu á verðbólgubálið ef forsendur hennar eru ekki fyrir hendi. Ríkisstj. þverskallaðist í þingbyrjun við kröfu okkar sjálfstæðismanna um að móta og leggja fram efnahagsstefnu sem gæti orðið grundvöllur fyrir gjaldmiðilsbreytingunni. Hún sagðist mundu leggja fram efnahagsstefnu sína um leið og gjaldmiðilsbreytingin færi fram. Þannig voru til komin brbl., sællar minningar, sem ríkisstj. setti á gamlársdag. Þannig var ekkert gert til þess að skapa fyrir fram það traust á gjaldmiðilsbreytingunni sem nauðsynlegt var. En verra var þó hitt, að þegar brbl. litu dagsins ljós var þar ekki um að ræða neina stefnumörkun sem hefði nokkurt gildi til þess að koma á jafnvægi í efnahagsmálunum, hvort sem gjaldmiðilsbreytingu hefði verið fyrir að fara eða ekki. En verst er að glatað er það tækifæri sem hefði getað orðið til styrktar og stuðnings við raunhæf úrræði til viðnáms gegn verðbólgunni, því að gjaldmiðilsbreyting er einstæður atburður, en ekki hversdagslegar aðgerðir. Þetta kallaði hæstv. forsrh. hér áðan að nýta vel áhrif gjaldmiðilsbreytingarinnar.

Meginávirðingar núv. ríkisstj. í meðferð efnahagsmála eru þær, að ekki er um neina heildarstefnu að ræða. Skammtímaráðstafanir til svokallaðs viðnáms gegn verðbólgu, sem ríkisstj. vaknar upp til á þriggja mánaða fresti og nú síðast að loknu páskaleyfi, eru þess vegna þegar best lætur vottur úrræðaleysis og fálmið eitt. Sér til huggunar dútlar ríkisstj. sér svo við hugleiðingar sínar um verðbólguhorfurnar. Við höfum heyrt í þessum umr. hvernig hæstv. ráðh. Steingrímur Hermannsson og hæstv. forsrh. gömnuðu sér við þennan leik. Spár eru birtar um það, hvað verðbólgan fari hátt, annars vegar ef ríkisstj. héldi að sér höndum og hins vegar ef eitthvað væri að gert. Þykir þá þakkarvert ef ekki má einu gilda.

. Það þykja mikil tákn og furður þegar menn þykjast geta spáð t. d. 5 stiga lækkun á verðbólgunni, rétt eins og slíkt skipti sköpum við verðbólgustig sem nemur 50% eða meira, hvað þá þegar slíkt byggist á fölsun vísitölunnar.

Meðan þessu fer fram finnur almenningur æ meir fyrir hrammi verðbólgunnar sem stöðugt skerðir hag heimilanna og þrengir stöðu atvinnuveganna. Ekki skal ríkisstj. vænd um það, að hún vilji ekki ráða bót á verðbólgunni. En um leið og hún ber sig til við það kyndir hún undir verðbólguþróuninni. Framferði ríkisstj. má líkja við ökumann sem stígur á hemla bifreiðar sinnar um leið og hann gefur inn meira bensín. En svo er sýndarmennskan mikil, að haldið er að þjóðinni að það sé harla góð aðferð og vænleg til árangurs í viðnámi gegn verðbólgu.

Það væri ósanngjarnt gagnvart núv. ríkisstj. að halda því fram, að ekki hafi stundum áður verið brotinn pottur í þessu efni. En það er áhyggjuefni að nú skuli menn vera hættir að fyrirverða sig fyrir ávirðingar sínar, heldur þykja menn að meiri, eins og ríkisstj. gerir.

Af þessum ástæðum er þess ekki að vænta, að ríkisstj. sé í raun fær um að gera nokkrar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgunni. Þvert á móti munu aðgerðir ríkisstj. þegar til lengdar lætur auka á glundroða og óvissu í efnahagsmálunum. Það er nauðsyn að höggva að rótum verðbólguvandans með kerfisbreytingum. Það er ekki *nægilegt að hafa fögur markmið í augsýn ef menn vilja* ekki fara leiðir sem nauðsynlegar eru til þess að ná þeim. Þykjustunni og sýndarmennskunni verður að linna. Ef t. d. á að lækka skatta þarf að skapa skilyrði fyrir því, að það sé hægt, með því að endurskipuleggja ríkisfjármálin á þann veg að færð séu verkefni frá ríkinu til sveitarfélaga

og einstaklinga. Ef menn vilja losna við víxláhrif kaupgjalds og verðlags verður að breyta fyrirkomulagi vísitölugreiðslna þannig að verðbætur á laun verði miðaðar við þjóðartekjur. Ef menn vilja koma í veg fyrir gengissig og gengislækkanir sem óhjákvæmilega fylgifiska fiskverðsákvarðana verður að hætta að taka ákvörðun um fiskverð án tillits til markaðsverðs erlendis. Þannig verður að ráðast að orsökum verðbólgunnar einni af annarri. Það ætti að vera hægt að ná víðtækri samstöðu um ýmsar slíkar grundvallaraðgerðir sem höfða til rökréttrar afstöðu, ef mönnum er alvara að veita verðbólgunni viðnám.

En til slíks þarf forustu, forustu umfram allt. Þjóðin er orðin þreytt á vingulshætti og vettlingatökum, og þjóðin á ekki skilið að vera á fölskum forsendum hlaðin böggum hildar vegna haldlausra aðgerða gegn verðbólgu. En þjóðin mun taka á sig byrðar ef þeim verður réttlátlega skipt og þær skila árangri í bættum lífskjörum til frambúðar.

Það er sögulegt hlutverk Sjálfstfl. að veita nú forustu. Stjórnmálaflokkar eru grundvöllur þess lýðræðis og þingræðis sem við búum við og viljum búa við í framtíðinni. Það verður ekki fram hjá þessu gengið. Og okkur sjálfstæðismönnum ætti ekki síst að vera þetta ljóst vegna þess að við höfum þá sannfæringu að einmitt okkar flokkur sé burðarásinn í þeirri stjórnmálaskipan sem er hér á landi. Ef burðarásinn brestur fellur húsið og við vitum ekkert hvað rís úr rústunum. Ísland verður annað land en það hefur verið ef Sjálfstfl. heldur ekki stöðu sinni í þjóðfélaginu og mótar þjóðlífið eins og hann hefur gert í hálfa öld.

Góðir sjálfstæðismenn um land allt. Við höfum skyldum að gegna við þjóð okkar og flokk. Við stöndum nú í ströngu. Enn er ekki of seint að taka höndum saman. Enn er tími til stefnu. Enn falla ekki vötn öll til Dýrafjarðar. Við skulum ekki æðrast. Við skulum hafa það hugfast, að málstaður okkar, hugsjón okkar er gædd þeim eiginleika, að hún felur í sér mátt til þess að breyta erfiðleikum og andstreymi í nýjar vonir, nýjan kraft.

Ég þakka þeim sem hlýddu.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Hv. þm. Guðmundur Bjarnason hrósaði mjög áðan lögum um Byggðasjóð og er ég honum þar sammála. En hvernig skyldi standa á því, að núv. hæstv. ríkisstj. lætur aðeins sem nemur 0.7% fjárlaga renna til Byggðasjóðs í stað 2% eins og lög segja til um að eigi að vera? Þetta takmarkar auðvitað mjög getu sjóðsins til þess að sinna ætlunarverki sínu. Lög eru ekki góð nema þeim sé framfylgt.

Hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson sagði að Alþfl. hafi tekið undir söng um nauðsyn almennra kauplækkana við stjórnarmyndunarviðræðurnar veturinn 1979—80. Það er rétt, að stundum hefur Alþfl. talið nauðsynlegt, sérstaklega þegar viðskiptakjör fara mjög versnandi, að lækka kaupmátt hærri launa og jafnvel miðlungslauna. Aftur á móti hefur Alþfl. aldrei lagt til, fallist á eða stutt till. um lækkun kaupmáttar lægstu launa eða bóta almannatrygginga, en því hefur Alþb. ekki flökrað við eins og dæmin sanna.

Í tíð núv. hæstv. ríkisstj. hefur ótrúlega lítið komið fram af nýjum umbótamálum á félagsmálasviðinu. Og það litla sem er hefur náðst fram með samtakamætti launþegahreyfingarinnar. Flest umbótamál á félagsmálasviðinu, sem núv. ríkisstj. hefur borið fram, voru ýmist fullbúin eða svo til fullbúin af fyrri ríkisstj., þ. e. ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar og ríkisstj. Benedikts Gröndals. Sum þeirra hafa verið lögð fram af núv. ríkisstj. meira eða minna breytt og þá síður en svo til bóta. Önnur hafa ekki enn fengið afgreiðslu. Ég nefni örfá dæmi.

Ríkisstj. Benedikts Gröndals lagði fram á Alþingi á fyrstu dögum þess eftir kosningarnar 1979 mjög vandað frv. til l. um Húnnæðismálastofnun ríkisins sem byggt var á stefnumótun í húsnæðismálum sem ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar hafði samþykkt að till. Alþfl. Það kom í hlut núv. stjórnarliða að ganga endanlega frá afgreiðslu málsins á Alþingi. Segja má að meginefni frv., svo sem hinir ýmsu lánaflokkar, hafi verið samþykkt efnislega óbreytt. Að öðru leyti var frv. stórskemmt í meðförum stjórnarliða.

Einn aðaltilgangur frv. var að hækka lánshlutfall Byggingarsjóðs ríkisins í ákveðnum árlegum áföngum í 80% brúttó-byggingarkostnaðar og skyldi sá áfangi, lokaáfanginn, nást eigi síðar en árið 1990. Í frv. voru nákvæmir útreikningar á því, hvað til þyrfti að koma frá ári til árs til að ná þessu marki. Á þetta allt blésu stjórnarliðar og kipptu um leið fjárhagslegum grundvelli undan lögunum. Eru afleiðingar þess óðum að koma í ljós. Mörg góð áform laganna verða lítið annað en nafnið tómt ef fram heldur sem horfir.

Ef frv. Alþfl. hefði verið samþykkt óbreytt væru lán Húsnæðisstofnunar nú að lágmarki 35% brúttó-byggingarkostnaðar, en eru 19.5% af verði staðalíbúða eins og Húsnæðisstofnun reiknar það út. Það munar um minna. Og það sem meira er, ef frv. Alþfl. hefði orðið óbreytt að lögum færu lánin hækkandi frá ári til árs upp í 80% á árinu 1990. Að óbreyttum lögum og með hliðsjón af stefnu ríkisstj. eins og hún kemur fram í fjárlögum þessa árs koma almenn byggingarlán ekki til með að hækka á næstu árum, það má þykja gott ef þau lækka ekki. Það bjargar þó e. t. v. nokkru fyrir Byggingarsjóð ríkisins að verulega hefur dregið úr nýbyggingum húsa og tel ég orsök þess að miklum hluta vera þá, hve lág húsnæðislánin eru.

Talsmenn Alþb. í húsnæðismálum segja að það geri ekkert til þótt lánshlutfall Byggingarsjóðs ríkisins hækki ekki, allt tal Alþfl.-manna um nauðsyn þess séu út í hött vegna þess að svo til allir, sem eru að byggja eða kaupa á hinum almenna markaði, séu að gera það í annað, ef ekki þriðja eða fjórða sinn, þeir þurfi því ekki á miklum lánum að halda. Hvílík rök! Þarna eins og á mörgum öðrum sviðum hafa stjórnarliðar hausavíxl á orsökum og afleiðingum. Ungt fólk og aðrir, sem vilja byggja eða kaupa í fyrsta sinn, getur það einfaldlega ekki vegna þess, hve fyrirgreiðsla Húsnæðisstofnunar er hörmulega lítil. Þetta fólk er horfið af markaðnum, eins og fasteignasalar segja. Það getur enginn venjulegur maður, sem er að byggja eða kaupa í fyrsta sinn, staðið undir þeim skammtímalánum sem markaðurinn býður ef þau á annað borð fást.

Alþb.-menn benda á verkamannabústaðina og telja þá allra meina bót. Rétt er að ákveðin um félagslegar íbúðir í frv. Alþfl. eru svo til óbreytt í lögunum eins og frá þeim var gengið. Tekju- og eignaminnsta fólkið getur eignast íbúðir í verkamannabústaðakerfinu eins og til var ætlast í upphaflega frv. Er það auðvitað mjög gott svo langt sem það nær. En mikill meiri hluti fólks, minnst

70% húsbyggjenda og kaupenda, hefur ekki rétt til að eignast íbúðir innan þess kerfis. Þar getur smávægilegur mismunur tekna síðustu árin skipt sköpum um rétt eða ekki rétt. Það er bráðnauðsynlegt að taka aftur upp þráðinn þar sem frá var horfið af ríkisstj. Benedikts Gröndals og koma þessum málum á tiltölulega skömmum tíma í mannsæmandi horf, svipað og gerist á hinum Norðurlöndunum þar sem jafnaðarmenn hafa lengst af ráðið gangi mála.

Annað dæmi — og það snýr fyrst og fremst að fullorðnu fólki — eru lífeyrissjóðsmálin. Þar hefur ekkert markvert gerst síðan núv. ríkisstj. tók við nema það að auka enn á misréttið með síðustu samningum hæstv. fjmrh. við opinbera starfsmenn. Var það þó ærið fyrir.

Ríkisstj. Benedikts Gröndals fékk samþykkt lög í árslok 1979 um eftirlaun til aldraðra þar sem þeir, sem engin eða lítil réttindi eiga í lífeyrissjóðum, fá ákveðin lágmarksréttindi, gjarnan helming af fullum réttindum. Þetta átti að vera fyrra skrefið af tveimur til að koma á samræmdu lífeyrisréttindakerfi fyrir alla landsmenn. Seinna skrefið átti að taka ári síðar eða svo. Í höndum núv. ríkisstj. hefur framkvæmd laganna um eftirlaun til aldraðra tekist svo óhöndulega að einungis 10—15% þeirra, sem réttindi eiga, hafa notið þeirra. Og langt virðist vera í land með síðara skrefið: að koma á samræmdu lífeyrisréttindakerfi fyrir alla landsmenn. Áhugi hæstv. núv. ríkisstj. á þessu máli virðist ótrúlega lítill. Bæði Alþfl.-menn og sjálfstæðismenn hafa á yfirstandandi þingi lagt fram vel útfærðar og framkvæmanlegar till. í þessu máli. En þær fást ekki afgreiddar á Alþingi, stjórnarliðið sér um það. Núverandi mismunun fólks hvað þetta áhrærir er með öllu óþolandi. Hver sú ríkisstj., sem kemur þessum málum ekki í viðunandi lag á skikkanlegum tíma, á skilyrðislaust að segja af sér.

Enn eitt dæmi vil ég nefna, en það er heilbrigðis- og félagsleg þjónusta fyrir aldraða. Allir vita að þessi mál eru í mjög miklum ólestri. Hv. þm. Guðmundur Bjarnason talaði áðan um neyðarástand og er það ekki langt frá lagi. Þetta þarfnast skjótrar úrlausnar.

Á árinu 1979 var unnið að samningu frv. um aukningu og samræmingu á allri félagslegri og heilbrigðislegri þjónustu fyrir aldraða. Sú nefnd, sem að þessu vann af miklum áhuga og mikilli alúð, skilaði frv.-drögum 1. febr. 1980 og voru drögin í frekari skoðun í heilbr.- og trmrn. þegar stjórnarskiptin urðu. Síðan hefur núv. hæstv. ráðh. marglofað því að leggja þetta frv. fyrir Alþingi. Fyrst nú, 15 mánuðum síðar, var meingallað frv. um þessi mál lagt fyrir Alþingi. Félagslegum þætti vandans, sem oft er enn sárari en sá heilbrigðislegi, var nú alveg sleppt og frv. að öðru leyti svo gallað að enginn umsagnaraðili mælir með samþykkt þess.

Í þessu máli eins og mörgum öðrum er ríkisstj. að reyna að fela það, að undirbúningur umbótamála er frá öðrum kominn. Stjórnin reynir að breyta fyrirliggjandi frumvörpum breytingarinnar einnar vegna, og það tekst stundum svo óhöndulega að enginn mælir skapnaðinum bót.

Ég hef hér nefnt þrjú dæmi um lítinn áhuga hæstv. núv. ríkisstj. á umbótum í félagsmálum, en af mörgu er að taka. Til að koma aftur þungu skriði á nauðsynleg félagsleg umbótamál þarf að draga úr áhrifum Alþb. á þessi mál, en auka að sama skapi áhrif Alþfl. Ég veit að Alþb.-menn munu — og það mun hæstv. félmrh. örugglega gera hér á eftir — svara þessu þannig að Alþfl. vilji ávallt eigna sér öll mál á sviði félagslegra umbóta og viðurkenni ekki það sem aðrir hafa gert. Sannleikurinn er samt sá, að Alþfl. og verkalýðshreyfingin hafa haft frumkvæði um öll meiri háttar félagsleg umbótamál hér á landi frá byrjun og hafa enn. En Alþb. og forverar þess í íslenskum stjórnmálum hafa aldrei sýnt þessum málum verulegan áhuga og aldrei haft frumkvæði um nein þeirra, a. m. k. ekki um nein þeirra sem miklu máli skipta. Þetta hljómar andkannalega, en er staðreynd eigi að síður.

Herra forseti. Það, sem mér finnst vera mest áberandi í íslenskum stjórnmálum í dag, er sú staðreynd, að Alþb. ræður ferðinni í flestum meiri háttar málum þótt vitað sé að í mörgum þeirra er mikill meiri hluti þjóðarinnar á allt annarri skoðun en Alþb. Þetta á ekki aðeins við um utanríkis-, öryggis- og varnarmál, heldur og þýðingarmestu svið atvinnulífs okkar og er af mörgu að taka. Ég tel t. d. að mikill meiri hluti þjóðarinnar skilji nauðsyn þess að hraða uppbyggingu orkufrekra iðnfyrirtækja af mismunandi stærðum og gerðum víðs vegar um landið og um leið að flýta uppbyggingu stórra raforkuvera ef takast á að bæta lífskjör almennings fljótt og vel. Það er staðreynd, að lífskjör hér á landi hafa farið rýrnandi undanfarin ár og gera enn. Á meðan svo er höfum við ekki efni á því að sitja með hendur í skauti og láta lítt notaða þá einu af meiri háttar auðlindum okkar sem ekki er nú þegar full- eða ofnýtt, og á ég þá við orkuna í fallvötnum og jarðvarma. Hana verðum við að nýta í stórauknum mæli landi og lýð til blessunar. Þessa þróun hefur dauð afturhaldshönd Alþb. stöðvað undanfarin ár og gerir enn. Spurningin er: Hversu lengi ætlar meiri hluti þjóðarinnar og meiri hluti alþm. að líða það?

Ég þakka þeim sem hlýddu. Góðar stundir.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Góðir áheyrendur. Stjórnarandstæðingar syngja þann söng, að allt, sem ríkisstj. gerir í efnahagsmálum, sé tóm vitleysa og hafi engin áhrif á að sporna gegn vaxandi verðbólgu í landinu. Lengst af öllum gengur þó aðalmálgagn stjórnarandstöðunnar, Morgunblaðið, sem sífellt reynir að æsa þrýstihópana í þjóðfélaginu til frekari kröfugerðar á hendur ríki og atvinnulífinu. Á næstu blaðsíðu Moggans getur svo að líta stórar fyrirsagnir um lélega afkomu atvinnuveganna og um að allt sé að velta um hrygg.

Utanríkismálin eru mjög mikilvægur málaflokkur. Ólafur Jóhannesson utanrrh. lagði fyrir Alþingi ítarlega skýrslu um utanríkismál. Hann fylgdi henni úr hlaði með ágætri ræðu. Þar segir á einum stað:

„Mér virðist að Íslendingar hafi almennt miklu meiri áhuga á innanlandsmálum en á utanríkismálum. Það skal ég ekki gagnrýna, enda liggja til þess skiljanlegar ástæður. En þegar allt kemur til alls getur þó framvindan í alþjóðamálum skipt sköpum um framtíð okkar þjóðar. Því ættum við ekki að gleyma."

Þetta sagði Ólafur Jóhannesson í ræðu sinni. Það veltur á miklu að vel sé staðið að þessum mikilvægu málum. Utanríkismálum Íslendinga er vel borgið í traustum höndum Ólafs Jóhannessonar.

Magnús H. Magnússon sagði að landslög væru brotin þar sem lagaskylda væri að leggja 2% af fjárlögum til Byggðasjóðs. Þetta er ekki rétt, heldur skal ráðstöfunarfé Byggðasjóðs nema 2% af fjárlögum. Ráðstöfunarfé Byggðasjóðs er í fyrsta lagi eigið fé sjóðsins, í öðru lagi framlag ríkissjóðs til hans og í þriðja lagi lánsfé sem

Byggðasjóður tekur og lánar öðrum. Það var á sínum tíma deiluefni milli Framsfl. og Sjálfstfl., hve mikið framlag skyldi vera úr ríkissjóði til Byggðasjóðs. Framsfl. vildi 2%, en Sjálfstfl. að ráðstöfunarfé sjóðsins yrði 2%. Þannig urðu lögin.

Þrátt fyrir olíukreppu og óðaverðbólgu er staða íslenska efnahagskerfisins furðanlega góð í sumum greinum. Á seinasta ári voru utanríkisviðskiptin hagstæðari hér en hjá mörgum viðskipta- og grannþjóðum okkar þrátt fyrir stórhækkun vaxta á erlendum lánum og erfiðleika í flugrekstri. Ríkisfjármálin hafa verið í þokkalegu lagi síðan árið 1979, en þá urðu þau mikilsverðu umskipti að greiðsluafgangur varð í viðskiptum ríkissjóðs við Seðlabankann í fyrsta skipti síðan 1972. Þetta hélt áfram árið 1980 og þarf að verða í framtíðinni.

Heildarinnlán banka og sparisjóða jukust um 10% umfram heildarútlán á árinu 1980. Þessi staðreynd ber glöggt vitni um marktækan árangur í peningamálum og bendir til hjöðnunar verðbólgu. Þessi hagstæða þróun hefur haldið áfram á þessu ári. Af þessum ástæðum var mögulegt að semja við bankakerfið um að breyta stuttum lánum og lausaskuldum húsbyggjenda eða þeirra, sem keypt hafa íbúð til eigin nota, til allt að átta ára. Bankar og sparisjóðir vinna nú að framkvæmd þessa máls. Það var því rangt hjá Vilmundi Gylfasyni að ríkisstj. hefði ekkert aðhafst í þessum málum.

Á seinasta ári hélst full atvinna í landinu fyrir þá sem geta og vilja vinna. Þjóðarframleiðslan óx á árinu um 2.5%, sem er meira en meðaltal 24 meðlimaríkja Efnahags- og framfarastofnunarinnar. Hins vegar jukust þjóðartekjurnar aðeins um 1.2% vegna rýrnandi viðskiptakjara, en viðskiptakjörin gagnvart útlöndum voru 12% lakari á s. l. ári en var á árinu 1978. Af þessu er ljóst að engin viðbótarverðmætasköpun á mann var á seinasta ári.

Allt, sem ég hef nú rakið, er af hinu góða. Það sem hins vegar hefur hrjáð okkur Íslendinga í efnahagsmálum mörg undanfarin ár er verðbólgan sem var 58.5% í fyrra og veldur vaxandi erfiðleikum í atvinnulífi landsmanna. Ég legg áherslu á að nauðsyn ber til að haga verðlagsmálum þannig að unnt sé að reka vel rekin fyrirtæki með eðlilegum hætti. Það er grundvallaratriði að skapa atvinnuvegunum raunhæfan rekstrargrundvöll til þess að tryggja mikla framleiðslu sem eykur velmegun þjóðarinnar.

Þjóðhagsstofnun hefur í skýrslu sinni um þjóðarbúskapinn sagt að verðbólga hefði orðið um 70% á þessu ári ef ekkert hefði verið að gert. Þetta er raunar sá hrikalegi vandi sem ríkisstj. varð að takast á við um s. l. áramót. Tæpir fimm mánuðir eru liðnir síðan ríkisstj. samþykkti efnahagsáætlunina á gamlársdag. Fram til 1. maí hefur verðbólgan vaxið um 10% sem svarar til rúmlega 32% á ársgrundvelli. Það er því alveg ljóst að um áramótin var brotið blað í þessum málum. Þó þessar upplýsingar Hagstofunnar gefi ekki að mínu mati rétta mynd af hinu raunverulega verðbólgustigi hagkerfisins liggur þó fyrir að öll skilyrði eiga að vera til þess að ríkisstj. geti náð því markmiði sínu að koma verðbólgunni niður í 40% við n. k. áramót.

Í samræmi við efnahagsáætlun ríkisstj. hefur gengi krónunnar verið haldið stöðugu síðan um áramót. 1. mars s. l. voru verðbætur á laun skertar um 7%. Hert verðstöðvun var í gildi til 1. maí. Vextir af gengistryggðum afurðamálum voru lækkaðir úr 8.5% í 4%. 1. mars voru vextir útlána lækkaðir um 1%. Þá er verið að lækka skatta sem svarar 1.5% í kaupmætti lægri launa og meðallauna og lánum húsbyggjenda hefur verið breitt í lán til lengri tíma eins og áður sagði. Ágæt samvinna hefur tekist milli ríkisvalds og bankakerfisins um strangt aðhald í útlánum banka og sparisjóða.

Þessar margþættu ráðstafanir ríkisstj., sem eru m. a. fólgnar í niðurtalningu verðlags, verðbóta á laun, vaxta, gengis og skatta, hafa borið verulegan árangur í viðureigninni við verðbólguna. Framsfl. leggur ríka áherslu á að þessum ráðstöfunum verði fylgt eftir með aðgerðum síðar á árinu til að tryggja áfram hjöðnun verðbólgunnar. Þess vegna leggjum við áherslu á að viðræður haldi áfram við samtök launafólks og aðra hagsmunaaðila atvinnulífsins um samræmda stefnu í kjaramálum, atvinnumálum og efnahagsmálum til næstu tveggja ára.

Hv. þm. Geir Hallgrímsson sagði að Framsfl. ræddi mikið um nauðsyn efnahagsaðgerða. Þetta er rétt, enda hafa verið gerðar ráðstafanir sem stefna hiklaust til réttrar áttar í þessum málum, eins og ég hef nú rakið. Í stað heiftarlegrar gagnrýni á allar efnahagsráðstafanir ríkisstj., þótt sumar séu líkar þeim sem hv. þm., Geir Hallgrímsson beitti sjálfur á sinni tíð, ætti hann og flokksbróðir hans frekar að gera þjóðinni grein fyrir sinni stefnu. Það er nú vonum lítið rætt um leiftursóknina gegn verðbólgunni og er það raunar vel.

1. mars s. l. gengu í gildi lög um aðhald í verðlagsmálum, hækkun vörugjalds og bindiskyldu innlánsstofnana. Þessi lög er nú verið að framkvæma en fram undan er ákvörðun um fiskverð og búvöruverð. Ríður á miklu að hægt verði að samræma þessar ráðstafanir í átt til hjöðnunar verðbólgu, m. a. með aðhaldi í gengismálum og lækkum vaxta 1. júní n. k. Þá hefur ríkisstj. samþykkt aðgerðir í verðlags- og verslunarmálum sem leiða til umbóta á sviði verslunar. Nú er heimilt að færa upp vörubirgðir í smásöluverslunum sem á að tryggja meira vöruúrval og hagkvæmari viðskipti. Þá hefur ríkisstj. einnig samþykkt nýjar reglur um álagningu sem fela í sér aukna hvatningu til innflytjenda um ódýrari innkaup til landsins. Vona ég að verðlagsráð afgreiði þetta mál næstu daga.

Hv. þm. Kjartan Jóhannsson sagði að fylgt hefði verið óbreyttri stefnu í olíuviðskiptum. Þetta er ekki rétt með farið. Olíuviðskiptum er nú dreift til fleiri landa en áður var til þess að auka öryggið. Enn fremur er nú byggt á þrenns konar verðviðmiðunum í olíuinnkaupum til þess að forða frá hinum miklu verðsveiflum á uppboðsmarkaðnum í Rotterdam. Fram að þessu hefur þessi breyting ekki leitt til ódýrari innkaupa á olíuvörum. En allir stjórnmálaflokkar eru sammála um að dreifa viðskiptum og reyna að forðast snöggar og óvæntar verðsveiflur í olíuviðskiptum.

Góðir hlustendur. Ég rakti áður aðgerðir ríkisstj. í efnahagsmálum sem yfirleitt hafa fengið góðar móttökur hjá öllum almenningi, sem táknar auðvitað það að þjóðin vill áframhaldandi aðgerðir sem leiða til hjöðnunar verðbólgu án mikillar kjaraskerðingar. Auðvitað hljóta allir að gera sér grein fyrir því, að vegna versnandi viðskiptakjara við útlönd, sem leiða til minni þjóðartekna, verða minni verðmæti til skipta á þessu ári. tekna, verða minni verðmæti til skipta á þessu ári. Almennar launahækkanir munu því ekki leiða til meiri kaupmáttar launa, heldur til meiri verðbólgu og upplausnar. Það er því ógnvekjandi að vel launaðar stéttir

skuli ætla að hrinda af stað nýrri verðbólguskriðu. Ég held að fólk geri sér í vaxandi mæli grein fyrir þeim sannleika, að minnkandi verðbólga er mesta kjarabótin þegar til lengdar lætur. Óðaverðbólgan leiðir hins vegar hægt og bítandi til minni framleiðslu, verri lífskjara og ótryggari atvinnu. Ég álít að hin mikla verðbólga hafi t. d. leitt til þess að Íslendingar verða að vinna miklu lengri vinnutíma en grannþjóðirnar til að hafa sambærileg kjör.

Á aðalfundi miðstjórnar Framsfl. í aprílmánuði var m. a. samþykkt að stuðlað yrði að lækkun vöruverðs, m. a. með lánum til hagkvæmari vörukaupa og skynsamlegri álagningarreglum. Þá verði dregið úr hækkunum á gjaldskrám opinberra stofnana með ráðdeild í rekstri og jafnvel samdrætti í framkvæmdum og þjónustu án þess að stefna rekstrinum í hættu. Hækkun búvöruverðs og fiskverðs verði takmörkuð eins og frekast er kostur, en þó gætt samræmis um kjör bænda og sjómanna við aðra. Niðurgreiðslur á landbúnaðarvörum verði auknar og leitað nýrra leiða til að mæta stórauknum olíukostnaði fiskiskipa. Þá segir í samþykkt miðstjórnar að ef nauðsyn beri til verði leitað eftir samstöðu með launþegum um hámark verðbóta á laun 1. sept. og 1. des. n. k., enda verði sú kaupmáttarskerðing bætt á lægri laun með lækkun skatta eða hækkun fjölskyldubóta.

Framsfl. hefur alltaf verið þeirra skoðunar að gera verði breytingar á okkar vísitölukerfi til að draga úr víxlverkun launa og verðlags. Sennilega verður aldrei ráðið við verðbólguna til fulls án slíkra aðgerða. Þess vegna samþykkti miðstjórn Framsfl. að leitað verði eftir samkomulagi um almennar reglur varðandi útreikning vísitölu sem miða að því að draga úr hraða verðbólgunnar.

Að lokum ályktaði svo miðstjórnin að Framsfl. leggi áherslu á að hið fyrsta verði hafinn undirbúningur að áframhaldandi niðurtalningu verðbólgunnar á árinu 1982 í samræmi við ákvæði stjórnarsáttmálans.

Það er ákaflega áríðandi að sem flestir taki þátt í baráttunni við verðbólguna. Náðst hefur marktækur árangur á þessu ári og honum þarf og verður að fylgja eftir. Við erum á réttri leið. Verðbólgan er minnkandi. Þess vegna má ekki líðast að óþjóðhollar aðgerðir einstakra þrýstihópa geri að engu þann árangur sem hefur náðst og verður að halda áfram með markvissum hætti.

Ég þakka áheyrnina. Góða nótt.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Góðir hlustendur. Flestum munu í fersku minni þeir erfiðleikar sem sóttu að þjóðarbúinu þegar ríkisstj. tók við fyrir rúmum 15 mánuðum. Við blasti 61% verðbólga, hallarekstur útflutningsatvinnuvega, þverrandi sparifjármyndun, en vaxandi ótti við kreppuástand og atvinnuleysi. Einkenni um meinsemdir í efnahagslífinu voru hvarvetna ljós. Auðvitað hefur ekki tekist að vinna bug á öllum þessum meinsemdum á þeim tíma sem síðan er liðinn. Á hinn bóginn hefur ýmist tekist að halda vel í horfinu eða snúa við blaðinu þannig að um verulega breytingu til batnaðar hefur verið að ræða. Atvinnuástand er gott, hjól atvinnulífsins hafa snúist, staða peningamála hefur farið batnandi, jafnvægi hefur verið á ríkisbúskapnum og verðbólgan hefur hægt á sér. Þetta hefur tekist þrátt fyrir það að á síðasta ári varð að mæta versnandi viðskiptakjörum og raunverulegu verðfalli afurða á erlendum markaði með miklu gengissigi sem hefur sjálfkrafa í för með sér aukna verðbólgu hér innanlands.

Efnahagsaðgerðir ríkisstj. á gamlársdag voru tengdar gjaldmiðilsbreytingunni. Þær voru nauðsynlegar til þess að draga úr verðbólgu, treysta stöðu atvinnuveganna og vernda hagsmuni launafólks. Þær höfðu jafnframt það markmið að treysta hinn nýja gjaldmiðil í sessi og auka trú almennings á því, að gjaldmiðilsbreytingin hefði efnahagslega þýðingu.

Óhætt mun að fullyrða að þjóðin hafi tekið þessum efnahagsráðstöfunum vel. Hún veit að í baráttunni við verðbólgu næst ekki árangur án þess að spyrna við fótum og grípa til ráða sem geta þrengt að í bili.

Ég minnist þess ekki, að það hafi í annan tíma gengið með friði að skerða vísitölubætur eins og gert var 1. mars og draga sem því nam úr tekjum launafólks, sjómanna og bænda. Þetta sýndi að fólk er reiðubúið að axla nokkrar byrðar til þess að unnt sé að ná árangri í viðureigninni við verðbólguna. Forustulið stjórnarandstöðunnar var hins vegar á móti þessum aðgerðum í heild, enda þótt viðurkennt væri að þær höfðu í för með sér að verðbólga á árinu yrði 20—30% minni en ella. Meira að segja gagnrýndi stjórnarandstaðan harðlega að gengið skyldi sett fast um áramót, en það hefur þó átt hvað drýgstan þátt í því, að meiri ró hefur hvílt yfir efnahagslífinu á fyrri hluta þessa árs en oftast áður.

Ríkisstj. er staðráðin í því að halda fast við markmið sitt að koma verðbólgunni niður í um 40% á þessu ári og grípa til þeirra efnahagsráðstafana sem nauðsynlegar kunna að reynast til þess að það markmið náist.

Fróðlegt verður að sjá hinn nýja vísitölugrundvöll sem nú er í undirbúningi. Hitt er jafnljóst að núverandi vísitölukerfi er meingallað og stuðlar að óréttlæti láglaunafólki í óhag. Sjálfvirkar hækkanir samkvæmt vísitölu á þriggja mánaða fresti riðla öllu efnahagskerfi og gera allar efnahagsráðstafanir haldminni en ella. Strax væri til bóta að fækka útreikningsdögum niður um í tvo á ári. Það mundi draga úr margfeldisáhrifum vísitölukerfisins og stuðla að meiri stöðugleika. Um breytingar á þessu kerfi þarf að ná samstöðu á pólitískum vettvangi og við hagsmunaaðila. Við þær breytingar þarf að hafa hagsmuni þjóðarheildarinnar að leiðarljósi, en þó gæta þess, að hinir verst settu dragist ekki sífellt aftur úr.

Stjórnmálaumræða er oft því marki brennd, að erfiðleikar eru málaðir sterkum litum, dregnar eru fram neikvæðar hliðar á flestum málum. Gangi slík umræða linnulítið er hætt við að hún hafi þau áhrif að veikja trú fólks á möguleika til lífsbjargar í okkar landi. Slík umræða getur verið niðurrifsstarf, enda þótt nauðsynlegt sé að segja satt og rétt til um stöðu mála hverju sinni.

Í hinu venjulega stjórnmálaþrasi heyrist miklu sjaldnar rætt um framtíðarmöguleika okkar þjóðar og reynt að vekja á þeim áhuga. Þó er víst að þessir möguleikar eru miklir og þeir af ýmsum toga. Okkar gamalgrónu atvinnuvegir, sjávarútvegur og landbúnaður eru að vísu í þeirri stöðu nú að þar er ekki svigrúm til mikillar aukningar þótt þessir bjargræðisvegir verði áfram meginstoðir búsetu og afkomuskilyrða í landinu. Aukin fiskisæld nú hlýtur þó að auka bjartsýni í sjávarútvegi.

Í landbúnaðinum höfum við gengið í gegnum tímabil þar sem nauðsynlegt var að draga saman mjólkurframleiðslu vegna markaðsaðstæðna. Nú er tímabært að þessu samdráttarskeiði sé lokið því að á síðasta ári var mjólkurframleiðsla litlu meiri en við hæfi innlenda

markaðsins. Sauðfjárframleiðsla þarf að haldast í svipuðu horfi og verið hefur, bæði til þess að standa undir tekjumöguleikum fólksins í sveitunum, sem vinnulega hafa beðið nokkurn hnekki við samdrátt í mjólkurframleiðslunni, og eins hins, að sauðfjárframleiðslan leggur iðnaði og þjónustugreinum til mikilvæg viðfangsefni sem halda uppi atvinnustarfsemi í þéttbýli allt í kringum landið.

Til þess að mæta nokkrum útflutningi sauðfjárafurða og e. t. v. mjólkurafurða þarf áfram að vera í gildi sú verðtrygging sem landbúnaðurinn hefur í útflutningsbótum. Um þetta hefur náðst aukinn friður og skilningur á síðustu misserum, og raddir, sem stefna í aðra átt, eru orðnar fátíðar. Jafnhliða þessu er unnið að því að leggja grunninn að auknum tekjumöguleikum fólksins í sveitum landsins með eflingu nýrra búgreina, einkum refaræktar og fiskiræktar, ásamt auknum afrakstri hlunninda, garðyrkju og ylræktar. Allt þetta tekur sinn tíma og sumpart þarf að fara að með gát. En samanlagt eiga þessar aðgerðir að leiða til aukinna tekjumöguleika fyrir bændur og annað sveitafólk og jafnframt að treysta byggðina.

Á síðasta ári var varið 500 millj. gkr. til nýjunga í landbúnaði, nýrra búgreina og ýmissa hagræðingarverkefna sem höfðu þennan tilgang. Á þessu ári verður nokkru meira fé varið í þessum tilgangi, væntanlega 700—800 millj. gkr. Víst er miklum erfiðleikum bundið að halda jafnvægi milli framleiðslu og markaðar, t. d. í mjólkurframleiðslunni. Að því þurfa bændur þó að keppa.

Ég hef látið í ljós að nú beri að forðast stórar sveiflur í framleiðslumálum, beina framfarahug bændastéttarinnar í þann farveg um sinn að auka hagkvæmni og framleiðni með tiltækum ráðum.

Þótt auðlindir fiskimiðanna í kringum landið og afrakstur gróðurmoldarinnar beri í sér mikla framtíð, þá er þó víst að við eigum nú meiri vaxtarmöguleika í orkulindum okkar, vatnsföllum og jarðvarma. Þessar orkulindir ber okkur að nýta þjóðinni til hagsældar: í fyrsta lagi til þess að nýta innlenda orkugjafa sem mest í stað innfluttra, helst þannig að við höfum útrýmt innfluttri orku fyrir lok þessarar aldar, en jafnframt til þess að efla arðgæfan atvinnurekstur í smærri og stærri stíl til þess að taka við aukningu vinnuafls á komandi árum.

Í þessum umræðum hefur mikið verið rætt um orkumál og þau eru brennandi á Alþingi þessa dagana. Í frv. ríkisstj. er rætt um víðtækar heimildir til framkvæmda í orkumálum með virkjun fjögurra nýrra vatnsaflsvirkjana, auk annarra aðgerða. Ríkisstj. vill koma þessum verkum af á 10—15 árum, þó helst eigi lengri tíma en tólf árum. Tillögur ríkisstj. í virkjunarmálum boða verulega aukningu á orkufrekum iðnaði sem geti tekið við meira en helmingi þeirrar orku sem þessi nýju orkuver framleiða. Þetta virtist hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson ekki hafa komið auga á þegar hann flutti ræðu sína áðan. En að undirbúningi þessara fyrirtækja þarf að vinna af dugnaði og fyrirhyggju og nýta til þess þá þekkingu og reynslu sem við höfum yfir að ráða.

Deilt er um það, hvort nauðsynlegt sé að taka ákvörðun um næstu vatnsaflsvirkjun nú fyrir þinglok eða ekki. Ég tel æskilegt að ákvörðun sé tekin hið allra fyrsta. En með tilliti til þess, sem ákveðið hefur verið að vinna að undirbúningi þessara mála nú í sumar, tel ég mögulegt að það dragist til haustsins án þess að tafir verði á framkvæmdum. Þær framkvæmdir, sem ákveðnar hafa verið á þessu ári, eru í fyrsta lagi að hefjast handa um að auka orkuvinnslugetu raforkukerfisins með vatnaveitum til Þórisvatns og að auka miðlunarrými þess, hefja framkvæmdir við Sultartangastíflu og einnig að heimiluð verði þriðja vélasamstæðan við Hrauneyjafossvirkjun. Þessar aðgerðir eiga samanlagt að tryggja að nægilegt orkuframboð verði í raforkukerfinu fram á síðari hluta þessa áratugar eða a. m. k. til 1986 eða 1987. Jafnframt þessum aðgerðum verði á þessu sumri unnið að eftirfarandi verkefnum.:

Hraðað verði verkhönnun við Blönduvirkjun.

Lokið verði rannsóknum vegna Fljótsdalsvirkjunar og verkhönnun hafin.

Hafnar verði tilraunir með uppgræðslu og gróðurbætur á virkjunarsvæði Blöndu í samráði við sérfræðinga og heimamenn og ráðist í vegagerð á virkjunarsvæðinu.

Samhliða þessu verði leitast við að ná sem fyrst samningum við hagsmunaaðila vegna Blönduvirkjunar.

Á þennan hátt verði tryggt að ekki verði tafir á undirbúningi næstu vatnsaflsvirkjunar þótt ákvörðun um hana verði tekin síðari hluta ársins og leitað staðfestingar Alþingis á haustþingi, svo sem gert er ráð fyrir í frv. ríkisstj. um raforkuver.

Það er sameiginleg skoðun ríkisstj. og flestra annarra að við ákvörðun um næstu virkjun beri að taka mið af þjóðhagslegri hagkvæmni og öryggi í raforkukerfi landsins. M. a. hefur ríkisstj. samþykkt í þessu sambandi að verja til undirbúnings Blönduvirkjunar allt að 12 millj. kr. á þessu ári, þar af til vegagerðar 3—4 millj. kr. Stefnt verði að því að haga undirbúningi þannig að gerð útboðsgagna geti hafist fyrir árslok. Það er afar mikilvægt að samningar geti tekist milli hagsmunaaðila að því er varðar landsréttindi vegna Blönduvirkjunar. Slíkt mál þarf að leysa með sanngjörnum bótum án þess að málinu sé teflt í tvísýnu með stífni. Blönduvirkjun er nú talin hafa yfirburði hvað hagkvæmni snertir umfram aðra virkjunarkosti og staðsetning hennar er heppileg með tilliti til raforkukerfisins. Hér er því um að ræða ákaflega stórt mál fyrir þjóðarheildina.

Herra forseti. Í þeim mikilvægu málaflokkum, sem ég hef nefnt hér að framan, liggur efnahagsleg framtíð okkar þjóðar. Ef við berum gæfu til að nýta af hyggindum og áræði þessar auðlindir okkar mun þjóðin eiga blómlega framtíð í landinu. Víxlspor mega ekki verða til þess að spilla þeirri framtíðarsýn. Slík víxlspor geta orðið ef pólitískir flokkadrættir og harðar deilur eru metin meira en tilraunir til að ná efnislegri samstöðu um hin mikilvægustu mál. Sömu sögu er að segja um baráttu okkar í efnahagsmálum. Flokkspólitísk afstaða verður að sjálfsögðu ekki lögð til hliðar. En það er sannfæring mín að þeir muni vaxa að virðingu og trausti meðal þjóðarinnar sem taka efnislega afstöðu til mála, en láta ekki stjórnast af því að vera móti í þeim tilgangi einum að það komi pólitískum andstæðingum illa. Stjórnmálastarf verður að byggjast á því að taka tillit til ólíkra sjónarmiða, ólíkra hagsmuna. Niðurstaða, sem þannig er fengin, er líklegri til að lægja öldur og hún getur skapað það hugarfar sem kann að vera forsenda fyrir því, að fullnægjandi árangur náist í þeim ásetningi ríkisstj. að koma efnahagsmálum þjóðarinnar á eðlilegan grundvöll.

Ég þakka þeim sem hlýtt hafa. Góða nótt.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Góðir tilheyrendur. Ásmundur Stefánsson, forseti Alþýðusambands Íslands, hefur komist þannig að orði, að stjórnmálamenn vakni aðeins á þriggja mánaða fresti og sofi þess á milli. Þetta á þó ekki við um stjórnarandstöðuna hér á hv. Alþingi. Þannig hefur Alþfl. t. d. aðeins rumskað tvisvar sinnum frá því að fyrirgangurinn rann af honum í hittiðfyrra. Fyrst var það Benedikt Gröndal, fráfarandi formaður Alþfl., sem vaknaði með andfælum í janúarmánuði s. l. þegar Dagblaðið hafði greint frá stuðningi yfirgnæfandi meiri hl. landsmanna við núv. ríkisstj. Þá lagði Benedikt Gröndal til að mynduð yrði önnur ríkisstj. Í síðara skiptið rumskaði Alþfl. þegar Alþb., eini flokkur íslenskra sósíalista, sendi Francois Mitterand skeyti. En þá ríkisstj. Benedikts Gröndals, sem ég vék að hér á undan, ætlaði hann að mynda í maímánuði. Í dag er 19. maí og ekki bólar á nýju stjórninni.

Flest bendir til þess, að núv. ríkisstj. sé traustari í sessi en oft áður. Komið er að þinglokum og fjöldi þýðingarmikilla mála hefur náð fram að ganga. Í því sambandi nefni ég fæðingarorlofið sem er eitt stærsta jafnréttismál sem lögfest hefur verið á Alþingi Íslendinga. Ég nefni lög um rétt sjómanna til ellilífeyris við 60 ára aldur, lög um atvinnuleysistryggingar, lög um skattalækkun samkv. samningum við verkalýðshreyfinguna, m. a. um stórfellda lækkun svonefnds sjúkratryggingagjalds, og ég nefni lög um málefni Flugleiða þar sem ríkinu er tryggð aðild að stjórn þessa stóra fyrirtækis. Þá nefni ég sérstaklega frv. iðnrh. um sókn í orkumálum sem mjög hefur verið rætt í umr. í kvöld.

Ríkisstj. setti sem kunnugt er brbl. á gamlársdag sem nú hafa verið staðfest af Alþingi fyrir nokkru. Í framhaldi af þeim voru sett lög um verðlagsaðhald o. fl. sem m. a. fela í sér ákvæði sem tryggja að Verðlagsstofnun hefur nú virkari úrræði en nokkru sinni fyrr andspænis þeim sem reyna að brjóta niður reglur verðlagsyfirvalda.

Í efnahagsráðstöfunum um áramótin var ákveðið að festa gengið um hríð. Meðalgengi hefur nú verið óbreytt í 5 mánuði eftir margra missera samfellt gengissig.

Stjórnarandstaðan spáði því, að gengisstefnan væri dauðadæmd. Niðurstaðan er allt önnur, ekki aðeins vegna aðgerða stjórnarinnar, heldur einnig vegna hagstæðra ytri kringumstæðna. Nú er því ljóst að unnt á að vera að fylgja aðhaldsstefnu í gengismálum fram eftir árinu og mun lengur en ætlað var í öndverðu.

Stjórnarandstaðan spáði því, að ráðstafanir ríkisstj. í verðlagsmálum mundu drepa niður atvinnureksturinn í landinu. Staðreyndin er sú, að framleiðsla er hér mikil og góð og selst við háu verði á erlendum mörkuðum.

Því var haldið fram af stjórnarandstöðunni, að stefna ríkisstj. í efnahagsmálum mundi á engan hátt halda aftur af verðbólgunni í landinu. Nú liggur hins vegar fyrir að verðbólguhraðinn á fyrri hluta þessa árs er talsvert innan við 40% í stað 70—80%, eins og spáð var að yrði án efnahagsaðgerða.

Stjórnarandstaðan spáði því, að kaupmáttur launa hlyti að fara stórkostlega minnkandi á þessu ári. Staðreyndirnar segja einnig í þeim efnum allt aðra sögu. 1. mars s. l. var frestað 7 verðbótastigum, en á móti kom hert verðstöðvun, aðhald í gengismálum, 14.6% hækkun tekjutryggingar elli- og örorkulífeyrisþega og heimilisuppbótar.

Við héldum því fram um áramótin, að þessi frestun á sjö verðbótastigum mundi skila sér aftur á síðari hluta ársins með minni verðbólgu og afnámi skerðingarákvæða Olafslaga. Ljóst var að kaupmátturinn færi því batnandi eftir því sem liði á árið, en á fyrri hluta ársins yrði kaupmáttur launa nokkru lakari en orðið hefði að óbreyttu.

Þjóðhagsstofnun spáði því 20. nóv. s. l., að kaupmáttur kauptaxta ASÍ fyrstu 5 mánuði ársins yrði að meðaltali 96 miðað við 100 árið 1979. Vegna efnahagsaðgerðarinnar spáði Þjóðhagsstofnun því, að kaupmátturinn færi niður í 93.9 á þessum 5 mánuðum ársins. Samkv. tölum, sem ég hef nú fengið frá Þjóðhagsstofnun dags. 15. maí 1981, er kaupmáttur kauptaxta ASÍ hins vegar betri en þetta eða 96.6 í samanburði við 100 árið 1979 og þar með betri en búist var við þegar kjarasamningarnir sjálfir voru gerðir.

Þannig hefur það m. ö. o. staðist fyllilega sem ríkisstj. hélt fram um þróun kaupmáttar launa á fyrri hluta ársins 1981. Þegar líður á árið er auk þess ljóst, að kaupmáttur launa verður betri en orðið hefði að óbreyttu vísitölukerfi á grundvelli þó þeirra kjarasamninga sem undirritaðir voru 27. okt s. l. eftir 10 mánaða samningaþóf. Þessar staðreyndir liggja fyrir og eru gjörsamlega óumdeilanlegar.

Vegna sérstakra aðgerða hefur kaupmáttur elli- og örorkulífeyris, tekjutryggingar og heimilisuppbótar þróast í jákvæða átt á þessum 5 mánuðum. Spá Þjóðhagsstofnunar gerði ráð fyrir því 20. nóv. s. l., að kaupmáttur elli- og örorkulífeyris, tekjutryggingar og heimilisuppbótar yrði 96.9 í 5 mánuði þessa árs miðað við 100 árið 1979. Við ákvörðun efnahagsráðstafana ríkisstj. gerði Þjóðhagsstofnun ráð fyrir að kaupmáttur þessara bóta almannatrygginga yrði 97.4 ef ekki yrði um að ræða sérstaka hækkun þessara bótaflokka. Niðurstaðan varð sú, að kaupmáttur elli- og örorkulífeyris, tekjutryggingar og heimilisuppbótar er á fyrstu 5 mánuðum þessa árs um 100 að meðaltali eða mun betri en spáð hafði verið.

Ríkisstj. hefur þannig staðið við gefin fyrirheit varðandi kaupmátt launa og gott betur, því hér hefur aðeins verið gerð grein fyrir kaupmætti taxtakaups, en ríkisstj. hefur einnig gengið frá sérstökum skattalækkunum láglaunafólks og miðlungstekjumanna með samningum sem gerðir hafa verið við verkalýðshreyfinguna.

Hér hefur því sem betur fer allt farið á annan veg en stjórnarandstaðan hélt fram. Hrakspár hennar blikna nú andspænis þeim staðreyndum sem fyrir liggja. Vafasamt er að nokkur stjórnarandstaða hafi nokkurn tíma orðið sér eins átakanlega til vansa og forvígismenn stjórnarandstöðunnar á þeim vetri sem nú er að líða. Staðreyndirnar hafa dæmt þá úr leik. Þetta eru ekki aðeins staðhæfingar mínar, heldur einnig mat alls almennings. Þannig kemur það fyrir hvað eftir annað í svokölluðum skoðanakönnunum síðdegisblaðanna, að ríkisstj. nýtur stuðnings yfirgnæfandi meiri hl. landsmanna. Þessar skoðanakannanir eru marktækar vegna þess að þær sýna svipaðar niðurstöður hvað eftir annað.

Alþfl. bregst enn við nýjustu skoðanakönnun þannig að hann ítrekar opinberlega till. sínar um myndun nýrrar ríkisstj. En allt kemur fyrir ekki. Almenningur í landinu hlustar ekki á slíkar till. því að eini möguleikinn til starfhæfrar ríkisstj. í landinu nú er núv. ríkisstj. Það liggur fyrir og það er viðurkennt af öllum. Hv. þm. Benedikt Gröndal og Geir Hallgrímsson viðurkenndu það einnig á

s. l. ári þegar þeir fengu umboð úr hendi forseta Íslands til stjórnarmyndunar, en gáfust upp án þess að hefja raunverulegar stjórnarmyndunarviðræður.

Alþb. hefur lagt á það mikla áherslu í þeim umr., sem fram hafa farið hér í vetur um utanríkismál, að nú hafa skapast ný viðhorf í þeim efnum vegna nýrrar hernaðartækni og vegna tæknibúnaðar á Keflavíkurflugvelli sem auki verulega hættuna á að Ísland dragist inn í hernaðarátök fyrr en ella.

Við höfum rætt um möguleikana á því að skapa samstöðu í landinu meðal yfirgnæfandi meiri hl. þjóðarinnar um íslenska friðarstefnu sem tekur einvörðungu mið af íslenskum sjónarmiðum, en hafnar hinni bandarísku forsjá í öryggis- og varnarmálum, kjarnorkuvopnum og eldflaugum. Ég hef orðið var við það meðal almennings í landinu, að þessar till. Alþb. í utanríkismálum eiga mikinn og vaxandi hljómgrunn. Þeir, sem sífellt taka undir hvaðeina, sem Bandaríkjamönnum þóknast að gera kröfur um sér til handa, verða hins vegar stöðugt færri og færri og þeir eru í raun að verða lítill minni hl. í landinu.

Góðir hlustendur. Alþb. hefur á undanförnum árum glímt við ný og erfið verkefni. Flokkurinn hefur tekið þátt í tveimur ríkisstj. við sérkennilegar og erfiðar aðstæður. Flokkurinn á aðild að meiri hl. í ýmsum stórum bæjarfélögum, og innan verkalýðshreyfingarinnar hafa flokksmenn okkar tekist á við erfið verkefni undanfarin misseri. Flokksmenn hafa leyst þessi verkefni vel af hendi og Alþb. nýtur nú vaxandi trausts meðal landsmanna. Hér virðist sama þróun vera að ganga yfir og í Frakklandi þar sem meiri hl. landsmanna kaus á dögunum sósíalískan forseta eftir þrotlaust starf liðsmanna hans í hálfan annan áratug.

Um allan heim er nú tekist á um auðlindir og arð þeirra. Hernaðarstefnan virðist eiga æ háværari talsmenn, en hvarvetna rísa upp hreyfingar fólksins og mótmæla hernaðarbrjálæðinu. Í kjölfar kreppunnar og hernaðarkapphlaups stórveldanna kemur ískaldur hægri vindur sem nístir inn í merg og bein. Hægri öflin eru hvarvetna á kreiki, í Bretlandi og Bandaríkjunum virðist vegur þeirra mestur í valdastofnunum um þessar mundir. Á Íslandi fengum við að kynnast leiftursókn gegn lífskjörum, kosningaáformum Sjálfstfl. 1979. Nú er dregið úr félagslegri þjónustu í grannlöndum okkar, en hér á Íslandi er sótt fram, enda þótt Alþfl. reyni af öfund að gera lítið úr þeim árangri sem við höfum náð í þeim efnum.

Þó einkennist ástandið hér sem annars staðar fyrst og síðast af því, að félagshyggjumenn, vinstri menn, reyna eftir mætti að verjast ásókn afturhaldsafla. Hér fléttast saman varnarbarátta fyrir sjálfstæði þjóðarinnar og fyrir því að halda ávinningi alþýðubaráttunnar frá liðnum áratugum. Til þess að standast leiftursóknina þurfa Íslendingar að eiga sterkan, sameinaðan og starfhæfan stjórnmálaflokk vinstri manna sem býður leiftursóknaröflunum birginn. Slíkur flokkur er og verður Alþb. Alefling Alþb. er sterkasta vopnið í vörn og í sókn.

Alþb. er ekki að einangrast í íslenskum stjórnmálum, eins og hv. þm. Geir Hallgrímsson hélt fram fyrr í kvöld. Alþb. er í sterkri málefnalegri sókn á öllum sviðum. Allar ræður stjórnarandstæðinga hér í kvöld hafa í rauninni beinst gegn Alþb. Ástæðan er sú, að stjórnarandstaðan óttast Alþb. meira en önnur stjórnmálaöfl. Það er til marks um að við erum á réttri leið.

Ég þakka þeim sem hlýddu.

Sameinað þing, 19. maí.

Ríkisstofnanir og ráðuneyti.

Svar fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um ríkisstofnanir og ráðuneyti, á þskj. 396.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. Óskað er sundurliðunar á útgjaldaliðum eftirtalinna ríkisstofnana og ráðuneyta á árinu 1980 í samræmi við það sem tilgreint er í lið 2—3 og 4:
   a) Póstur og sími.
   b) Rafmagnsveitur ríkisins.
   c) Vegagerð ríkisins.
   d) Orkustofnun.
   e) Landsvirkjun.
   f) Ríkisspítalarnir.
   g) Háskóli Íslands.
   h) Flugmálastjórn.
   i) Ríkisútvarpið (hljóðvarp og sjónvarp).
   j) Einstök ráðuneyti.
   k) Ríkisbankarnir.
2. a) Heildarlaunagreiðslur.
   b) Föst yfirvinna.
   c) Önnur yfirvinna.
   d) Hlutfall yfirvinnu í heildarlaunagreiðslum.
3. Enn fremur óskast sundurliðaður bifreiðakostnaður sem færður er til rekstrargjalda með tilliti til eftirfarandi atriða:
   a) Fjöldi ríkisbifreiða og rekstrarkostnaður.
   b) Notkun bílaleigu- og leigubifreiða.
   c) Greiðslur fyrir afnot af bifreiðum starfsmanna.
4. Sundurliðun á risnukostnaði á árinu 1980.

Skriflegt svar óskast.

Svar (allar fjárhæðir í þús. g.kr.):

A Laun (sbr. 2. tl. a—d).

	Heildarlaunagreiðslur	Föst yfirvinna	Önnur yfirvinna	Hlutfall yfirvinnu í heildarlaunagr.
Forsætisráðuneytið	121 684	676	37 287	31,20
Menntamálaráðuneytið	313 941	1 999	24 384	20,50
Utanríkisráðuneytið	216 105	–	33 334	15,42
Landbúnaðarráðuneytið	69 917	–	6 947	9,94

	Heildarlauna-greiðslur	Föst yfirvinna	Önnur yfirvinna	Hlutfall yfirvinnu í heildarlaunagr.
Sjávarútvegsráðuneytið	115 358	–	19 492	16,90
Dóms- og kirkjumálaráðuneytið	144 199	–	17 819	12,36
Félagsmálaráðuneytið	95 834	–	8 372	8,74
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið	106 773	–	3 191	2,99
Fjármálaráðuneytið — aðalskrifstofa	196 437	96	42 458	21,66
Fjármálaráðuneytið — launadeild	130 147	–	36 729	28,22
Samgönguráðuneytið	74 159	–	23 627	21,37
Viðskiptaráðuneytið	100 679	–	12 189	12,11
Ríkisendurskoðun	296 149	–	41 666	14,07
Fjárlaga- og hagsýslustofnun	111 082	–	30 585	27,53
Hagstofa Íslands	231 051	–	11 140	4,82
Iðnaðarráðuneytið	110 584	–	23 627	21,37
Stofnanir á vegum samgönguráðuneytis:				
Flugmálastjórn	1 116 025	133 364	161 347	26,41
Flugmálastjórn v/ICAO	433 711	117 694	117 595	54,25
Vegagerð ríkisins	4 567 210	2 053	1 958 558	42,93
Póst- og símamálastjórn	13 298 565	103 950	3 434 991	26,61
Stofnanir á vegum iðnaðarráðuneytis:				
Orkustofnun	1 271 512	1 931	417 343	32,98
Rafmagnsveitur ríkisins	3 645 700	10 742	1 617 077	44,65
Landsvirkjun	2 883 000	223 000	1 179 000[1])	48,63
Stofnanir á vegum menntamálaráðuneytis:				
Háskóli Íslands	3 434 855	4 815	391 458	11,54
Ríkisútvarp	946 609	4 969	248 103	26,73
Ríkisbankarnir:				
Seðlabanki Íslands	1 252 500	111 400		8,89
Útvegsbanki Íslands	2 449 975	254 526		10,38
Landsbanki Íslands	6 919 588	–	645 857	9,33

	Heildar-launa-greiðslur	Yfir-vinna	Álag	Gæslu-vaktir	Önnur laun	Hlutfall yfirvinnu í heildarlaunagr.
Ríkisspítalar						
Landspítalinn	8 244 132	1 294 787	943 690	196 597	53 115	29,54
Kvennadeild Landspítalans	1 193 859	194 505	166 123	15 871	5 133	31,54
Vífilsstaðaspítali	987 281	140 462	133 333	18 435	8 679	29,60
Kleppsspítali	2 532 658	383 202	364 788	15 350	17 948	30,14
Kópavogshæli	1 240 100	113 952	196 407	12 267	3 209	26,02
Gæsluvistarhælið í Gunnarsholti	110 016	29 420	12 103	–	2 045	37,74
Rannsóknastofnun Háskólans	601 233	80 675	21 925	34 441	15 438	22,79
Blóðbankinn	230 826	40 373	10 599	10 890	105	26,80
Skrifstofa ríkisspítalanna	345 468	51 301	11 342	1 132	17 368	18,46
Geislavarnir ríkisins	14 315	3 535	–	–	–	24,69
Matvælaeftirlit ríkisins	63 219	4 778	715	46	–	8,76
Bergiðjan, vinnuhæli Kleppsspítala	4 726	1 338	–	–	–	28,31
Ljósmæðraskóli Íslands	60 388	3 490	11 050	–	222	24,08
Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	92 157	10 460	–	–	–	11,35
Þroskaþjálfaskóli, þjónustudeild	29 541	5 394	–	–	–	18,26
Tjaldaneshæli, sjúkradeild	90 024	9 398	11 100	909	–	23,78

[1]) Yfirvinna við Hrauneyjafoss ..... 564 m.kr.
Vaktaálag og bakvaktir ..... 131 m.kr.
Önnur yfirvinna ..... 484 m.kr.
1 179 m.kr.

B Bifreiðakostnaður og risna (sbr. 3. tl. a—c og 4. tl.).

	Fjöldi bíla	Leigubílar með ökumanni	Bíla-leigu-bílar	Einka-leigu-bílar	Starfs-manna-bílar	Ýmis rekstrar-gjöld bíla	Samtals	Risna
Æðsta stjórn								
00-301 (ríkisstjórn)		335	869	–	8 340	45 774	55 318	4 103
Forsætisráðun.—aðalskrifstofa		4 239	–	–	457	–	4 696	14 309
Menntamálaráðuneytið		2 851	1 024	496	4 716	169	9 256	29 823
Utanríkisráðuneytið		4 971	142	–	932	7 183	13 235	37 529
Landbúnaðarráðuneytið		344	135	44	1 987[1])	81	2 594	9 348
Sjávarútvegsráðuneytið		1 382	162	–	457	–	2 001	10 500
Dóms- og kirkjumálaráðun. ..		536	309	–	839	576	2 260	9 635
Félagsmálaráðuneytið		373	41	–	770	–	1 184	4 102
Heilbr.- og tryggingamálarn. .		1 256	61	–	2 444	–	3 761	26 450
Fjármálaráðuneytið		1 938	576	–	1 974	1 092	5 580	11 148
Samgönguráðuneytið		1 168	–	–	647	–	1 815	6 277
Iðnaðarráðuneytið		1 574	129	–	685	–	2 388	6 470
Viðskiptaráðuneytið		1 048	672	–	457	266	2 443	9 984
Ríkisendurskoðun		226	918	–	6 206	–	7 350	463
Fjárlaga- og hagsýslustofnun .		694	590	–	508	–	1 792	1 757
Hagstofa Íslands		330	–	–	457	–	787	–
Stofnanir á vegum samgönguráðuneytis:								
Flugmálastjórn	33		3 773	–	–	81 437	85 210	1 909
Vegagerð ríkisins	85		82 600	–	384 400	531 400	998 400	–
Póst- og símamálastjórn ...	115		144 752	–	192 850	476 852	814 454	11 712
Stofnanir á vegum iðnaðarráðuneytis:								
Orkustofnun	17	4 865	50 158	–	42 839	53 682	151 544	7 666
Rafmagnsveitur ríkisins	101	6 800	274 000	–	86 100	695 200	1 062 100	17 800
Landsvirkjun	89	3 000	47 000	–	123 000	329 000	502 000	18 000
Ríkisbankarnir:								
Seðlabanki Íslands	3[2])		5 500	–	26 500	16 800	48 800	30 100
Landsbanki Íslands	12		1 418	–	113 836	35 053	150 307	73 233
Útvegsbanki Íslands	3		2 451	–	47 080	11 270	60 801	11 671
Stofnanir á vegum menntamálaráðuneytis:								
Háskóli Íslands			25 201[3])	–	1 845	–	27 046	7 295
Ríkisútvarp: Hljóðvarp	1	6 786	3 872	17 205	10 273	4 576	42 712	4 594
Sjónvarp	9	7 781	6 233	1 654	2 031	15 327	33 026	5 129
Ríkisspítalar:								
Landspítalinn	5	42 417	2 453	–	12 393	20 657	77 920	5 995
Kvennadeild Landspítalans .		2 334	–	–	–	–	2 334	67
Vífilsstaðaspítali	1	5 017	–	–	6 684	5 718	97 419	450
Kleppsspítali	1	17 296	1 253	–	8 208	6 159	32 916	44
Kópavogshælið	2	7 687	245	–	733	15 032	23 697	102
Gæsluvistarhæli Gunnarsholti	2	1 060	–	–	3 421	11 579	16 060	–
Rannsóknastofa Háskólans		5 555	–	–	817	–	6 372	–
Blóðbankinn		3 533	–	–	39	–	3 572	–
Þvottahús ríkisspítalanna ..	2	7 902	–	–	1 071	4 947	13 920	–
Skrifstofa ríkisspítalanna ...		1 855	–	–	5 646	–	7 501	654
Geislavarnir ríkisins		37	–	–	–	–	37	–
Matvælaeftirlit ríkisins		238	–	–	458	–	696	–
Bergiðjan, vinnuh. Kleppssp.		27	141	–	–	–	168	–
Kristneshæli		–	–	–	3 516	–	3 516	–

[1]) Annar akstur 4 050 (t. d. vegna skammtímanefnda).
[2]) Auk þess rekstrarkostnaður 3 bíla í eigu bankastjóra Seðlabanka Íslands.
[3]) Aðallega kostnaður vegna langferðabíla til vettvangskennslu.

Sameinað þing, 86. fundur.

Miðvikudaginn 20. maí, kl. 2 miðdegis.

Vegáætlun 1981—1984, þáltill. (þskj. 356, n. 897 og 917, 918). — Frh. síðari umr.

ATKVGR.

Brtt. 918 samþ. með 43 shlj. atkv.
Tillgr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 980).

Efri deild, 112. fundur.

Miðvikudaginn 20. maí, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Umferðarlög, frv. (þskj. 904). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÓRG, StefG, StJ, TÁ, DA, EgJ, EG, EKJ, GeirG, GB, GTh, JH, KJ, LJ.
SalÞ, ÞK, HS greiddu ekki atkv.
3 þm. (ÓlJ, GK, KSG) fjarstaddir.
3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Afstaða mín í þessu máli hefur reyndar áður komið fram. Ég treysti mér ekki til að standa að einhliða lögleiðingu bílbelta á þessari stundu, en ég ítreka enn mikilvægi fræðslu og áróðurs fyrir notkun bílbelta og tel að málið hefði þurft meiri umfjöllun áður en það er endanlega afgreitt. Ég mun því sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Þetta mál hefur rækilega verið kannað, í fyrsta lagi af hálfu Umferðarráðs, í öðru lagi af hálfu landlæknisembættisins, í þriðja lagi hefur þessi leið verið farin í a. m. k. 28 löndum, þar af öllum Norðurlöndunum nema Íslandi. Þar við bætist að hér er ekki um umferðaröryggismál að ræða fyrst og fremst, heldur er hér um heilbrigðismál að ræða nr. eitt. Í ljósi alls þessa segi ég já.

Helgi Seljan: Helgi Seljan greiðir ekki atkv. með tilvísan til fyrirvara hv. þm. Salome Þorkelsdóttur.

Frv. afgr. til Nd.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 888, n. 906). — 2. umr.

Frsm. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Nefndin hefur fjallað um þetta mál og mælir með því, að það verði samþykkt, á sömu forsendum og fjh.- og viðskn. Nd.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Hér er verið að fjalla um frv. til l. um breytingu á tollskrá. Ég hefði viljað mæla fyrir brtt. sem er að vísu of seint fram komin og þarf afbrigði fyrir. Sú brtt. — og hefur það mál reyndar borið á góma hér áður — varðar tolltekjur til Ríkisútvarpsins, en það er um það eins og önnur mál að aldrei er góð vísa of oft kveðin. Nú er fyrirhugað með öðru frv., sem hér er til umr., að leggja enn frekari fjárhagsbyrðar á Ríkisútvarpið, en þar á ég við frv. til l. um Sinfóníuhljómsveit Íslands sem hér er til meðferðar. En sú brtt., sem ég mæli hér fyrir, er að við 1. gr. þessa frv. bætist ný mgr., 3. mgr., svohljóðandi:

„Tekjur af tollskrárnúmerum 85.15.20 og 85.15.25 (sjónvarpstæki) renni til Ríkisútvarpsins."

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 979) samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Eins og ég gat um í framsöguræðu minni hefur þetta mál, sem hér er til umr., fengið nokkuð ítarlega meðferð í fjh.- og viðskn. Nd. og einnig að hluta til á sameiginlegum fundum fjh.- og viðskn. beggja deilda. Við vitum að breytingar á tollskrá geta verið mjög flókið mál og þurfa þó nokkurrar umræðu við áður en þær eru framkvæmdar. Það mál, sem við erum hér að afgreiða, var rækilega kannað áður en tekin var afstaða til þess. Sá háttur að flytja brtt. á síðustu stundu, svo að afbrigða þurfi með slíkum hætti eins og gert var áðan, held ég að sé ekki vænleg aðferð til að fá fram breytingar á tollskrá, heldur sé nauðsynlegt að menn skoði það mál í nefndum þingsins. Harma ég þess vegna að flm. þessarar brtt. skyldi ekki hafa samband við okkur í fjh.- og viðskn. eða við 1. umr. málsins lýsa áhuga sínum á því að bæta nýjum þætti í það frv. sem hér liggur fyrir. Vil ég þess vegna mælast til þess við flm. að hann dragi þessa brtt. til baka þannig að hægt sé að skoða þessi mál við betri kringumstæður, en ekki verði farið að greiða atkv. um þetta hér þar sem málið kemur nánast fyrirvaralaust eða fyrirvaralítið til okkar kasta. Ef flm. er hins vegar ekki reiðubúinn að gera það verð ég að mælast til þess við hv. deild að þessi brtt. verði felld.

ATKVGR.

Brtt. 979 tekin aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 867, n. 907). — 2. umr.

Frsm. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. þessarar deildar hefur fjallað um málið og leggur til að það verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Bjargráðasjóður, frv. (þskj. 714, n. 908). — 2. umr.

Frsm. (Guðmundur Bjarnason): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. Ed. hefur fjallað um frv. til l. um ábyrgðarheimildir vegna lántöku Bjargráðasjóðs. Hér er gert ráð fyrir að fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs sé heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldaábyrgð lán sem Bjargráðasjóður tekur, allt að 15 millj. kr. Lán þetta er tekið til að bæta tjón sem varð víða um land í óveðri sem gekk yfir landið aðfaranótt 17. febr. s. l.

Fjh.- og viðskn. hefur rætt frv. og mælir með því að það verði samþykkt. Undir þetta nál. skrifa hv. nm. Ólafur Ragnar Grímsson, Guðmundur Bjarnason, Davíð Aðalsteinsson, Eyjólfur Konráð Jónsson með fyrirvara og Lárus Jónsson með fyrirvara.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég stend ekki hér upp til að mæla á móti því frv. sem hér er til umr. Ég hef áður lýst fylgi mínu við það og áhugi minn á þessu máli er ótvíræður.

En við 1. umr. þessa máls kom það fram, bæði hjá hæstv. fjmrh. og hæstv. félmrh., að því fjármagni, sem gert væri ráð fyrir að Bjargráðasjóður fengi til umráða með þeirri lánsheimild sem frv. það sem við nú ræðum fjallar um, yrði varið einungis í formi lána. Ef hæstv. ráðh. hefði ekki gefið þessa yfirlýsingu við 1. umr. hefði að sjálfsögðu farið með ráðstöfun þessa fjár að lögum Bjargráðasjóðs, en samkv. lögum Bjargráðasjóðs er gert ráð fyrir að aðstoð sú, sem hann veitir, geti verið ýmist sem styrkveiting, þ. e. óafturkræft framlag, eða sem lán. Ef þetta frv., sem við nú ræðum, verður samþ. óbreytt verða yfirlýsingar hæstv. ráðh. ekki skildar á annan veg en svo, að þá skuli einungis með fara með þeim hætti sem þeir greindu frá. Ég tel að þetta sé rangt, það sé ekki minni þörf nú en áður að aðstoð Bjargráðasjóðs geti verið bæði í formi styrkveitingar og formi láns eftir því hvernig á stendur. Því þykir mér rétt að hv. deild kveði á um það, að með ráðstöfun þess fjár, sem þetta frv. fjallar um, fari eins og með ráðstöfun annars fjár sem Bjargráðasjóður hefur undir höndum.

Með tilliti til þessa hef ég leyft mér ásamt hv. þm. Agli Jónssyni, Eyjólfi Konráð Jónssyni, Guðmundi Karlssyni, Lárusi Jónssyni og Salome Þorkelsdóttur að bera fram svohljóðandi brtt. við frv. það sem hér er til umr.:

„Ný grein komi er verði 2. gr. og orðist þannig:

Fjármagni samkv. 1. gr. skal varið ýmist til styrkveitinga eða lána samkv. 10. gr. laga nr. 51/1972, um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 110/1976, lög nr. 41/1977 og lög nr. 57/1980."

Þessi till., eins og ég hef þegar tekið fram, er einungis til þess að lýsa þeim vilja hv. deildar að það skuli fara eins með ráðstöfun þessa fjár og venja er af hálfu Bjargráðasjóðs þannig að það verði metið í hverju einstöku tilfelli hvort það skuli vera styrkveiting eða lán eða hvort tveggja og þá að hve miklu leyti styrkveiting og að hve miklu leyti lán.

Nú er það svo, að ég hef afhent skrifstofu Alþingis þessa brtt., en henni hefur ekki verið útbýtt. En ég var það forsjáll að taka ljósrit af þessu plaggi og það hef ég hér lesið upp. Það verður því að líta á þessa till. sem skriflega auk þess sem hún er of seint fram komin. Ég vænti þess, að hæstv. forseti fái heimild deildarinnar til að taka till. til umr.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 975) samþ. með 18 shlj. atkv.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 975 felld með 10:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EgJ, EG, EKJ, GK, KJ, LJ, SalÞ, ÞK.

nei: GeirG, GB, JH, ÓRG, ÓlJ, StefG, StJ, TÁ, DA, HS.

2 þm. (GTh, KSG) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Steinullarverksmiðja, frv. (þskj. 710, n. 939, sbr. 940). — 2. umr.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Iðnn. Ed. hefur haft til umfjöllunar í alllangan tíma frv. til l. um steinullarverksmiðju. Nefndin hefur fjallað um þetta frv. á fjölmörgum fundum og haft til þess skamman tíma. Eftirtaldir aðilar, sem ég tel mér skylt að lesa hér upp, mættu á fundum nefndarinnar og veittu margvíslegar upplýsingar: Vilhjálmur Lúðvíksson, formaður steinullarnefndar, Hörður Jónsson, frá Iðntæknistofnun, Jón Steingrímsson, tilnefndur af Iðntæknistofnun, Bárður Daníelsson, frá Samtökum arkitekta, Hákon Ólafsson, frá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Gunnar Björnsson, frá Félagi byggingarmeistara, Jón Magnússon, fyrrv. starfsmaður steinullarframleiðslu í Danmörku og fyrrv. forstjóri steinullarverksmiðju í Hafnarfirði, Garðar Ingvarsson, frá Seðlabanka, Guðmundur Halldórsson, frá Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens, Árni Reynisson, frá Náttúruverndarráði, Ólafur Davíðsson og Hallgrímur Snorrason, frá Þjóðhagsstofnun, Eyjólfur Sæmundsson, frá Vinnueftirliti ríkisins, og Hrafn Friðriksson, frá Heilbrigðiseftirliti ríkisins.

Umsagnir frá hinum þremur síðast nefndu fylgja með þessu nál.

Nefndin leggur ekki dóm á stærð eða staðarval steinullarverksmiðju, en leggur áherslu á að eignaraðild ríkisins er skilyrt hlutafjárframlögum annarra að 60% og einnig því, að hlutafé nemi a. m. k. 30% af stofnkostnaði.

Nefndin flytur brtt. á sérstöku þskj. Einstakir nm. áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja öðrum brtt. við frv. sem fram gætu komið.

Undir þetta nál. rita allir hv. nm. iðnn.

Ég vil þá leyfa mér í örstuttu máli að gera grein fyrir þeim brtt. sem nefndin flytur. Að mínum dómi skýra þessar brtt. sig sjálfar. Ég mun nú lesa þær upp:

1. gr. orðist svo:

„Ríkisstj. er heimilt að taka þátt í stofnun hlutafélags,

er reisi og reki steinullarverksmiðju, og að leggja fram í því skyni allt að 40% af hlutafé þess, enda verði hlutafé félagsins minnst 30% af stofnkostnaði verksmiðjunnar."

Breytingin er raunar ekki önnur en sú, að við bætum þarna við: enda verði hlutafé félagsins minnst 30% af stofnkostnaði verksmiðjunnar. Við viljum binda þetta í lögum.

2. brtt. er á þá leið, að 2. gr. frv. falli brott. Í ljósi þeirra umræðna, sem verið hafa um þessa ráðagerð, þ. e. byggingu steinullarverksmiðju, finnst okkur ekki eðlilegt, eins og þessi grein hljóðar, að það sé gert ráð fyrir svo miklu forustuhlutverki ríkisins. Við teljum að forustan eigi alfarið að vera í höndum einstaklinga — ef til kemur að þessari ráðagerð verði hrundið í framkvæmd.

3. brtt. við 3. gr. er á þá lund, að við 2. tölul. bætist: Þó ekki meira en 25% af heildarlánsfjárþörf vegna stofnkostnaðar. — Tölul. 2 verður þá þannig í heild sinni: „Að veita ríkisábyrgð fyrir lánum eða taka lán, er hlutafélaginu verði veitt til byggingar verksmiðjunnar, að fjárhæð samtals allt að 21 millj. kr., eða jafnvirði þess í erlendri mynt, þó ekki meira en 25% af heildarlánsfjárþörf vegna stofnkostnaðar."

4. brtt. er um að 4. gr. falli brott. Um þetta er það að segja, að við nm. teljum ekki ástæðu til að gefa undir fótinn með að stofnendur né hluthafar verði færri en fimm, eins og segir í hinum almennu hlutafélagalögum, og vísum við þá til þess frumkvæðis sem við ætlum að verði um þetta mál meðal þeirra sem sýnt hafa áhuga.

5. brtt. er ákvæði til bráðabirgða sem hljóðar svo:

„Ekki er ríkisstj. heimilt að taka þátt í stofnun hlutafélags samkv. 1. gr. né leggja fram fé ríkissjóðs sem hlutafé samkv. 1. tölul. 3. gr. né veita ríkisábyrgð eða taka lán samkv. 2. tölul. 3. gr. fyrr en tryggð hafa verið hlutafjárframlög annarra aðila fyrir 60% af hlutafé væntanlegs félags og aflað hefur verið öruggra viðskiptasambanda."

Fleiri voru þær brtt. ekki sem n. flytur hér sameiginlega.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess hér og nú að fara að eyða löngu máli í umr. um þetta frv. Ég geri fastlega ráð fyrir að hv. þm. sé vel kunnugur sá aðdragandi sem er að þessu máli. Það hefur verið allrækilega kynnt í fjölmiðlum sem og fyrir hv. alþm. Eins og nál. og brtt. n. gefa til kynna leggur n. áherslu á að hér verði ekki rasað um ráð fram, ef ég mætti svo að orði komast. Nefndin hefur reynt, eftir því sem tök voru á, að meta þær forsendur sem liggja að baki þeim útreikningum og niðurstöðum sem fyrir liggja í skýrslu steinullarnefndar á vegum iðnrn. Fram hefur komið að ýmis atriði eru ekki nægilega ljós að því er varðar markað — sérstaklega erlendan markað. Því leggur n. áherslu á fyrirhyggju í allri málsmeðferð. Þrátt fyrir allt er það skoðun mín, að með þessu frv. sé þó verið að taka í útrétta hönd athafnamanna í þessu landi, og er það vel.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Það mun hafa verið árið 1975 sem bæjarstjórn Sauðárkróks og áhugamenn um iðnvæðingu tóku til við að rannsaka möguleika á því að reist yrði steinullarverksmiðja í Skagafirði. Þessar frumathuganir hnigu að því að byggja allstóra verksmiðju sem m. a. byggði á útflutningi og kannske byggðist fyrst og fremst á því, að verulegt magn framleiðsluvörunnar yrði flutt á erlenda markaði. Þessi vinna stóð yfir í allmörg ár og satt best að segja leist mér ekki á þá útreikninga sem þá lágu fyrir. Sérstaklega benti markaðskönnun erlendis til þess, að ekki væri skynsamlegt að ætla sér að byggja á útflutningi á þessari vöru, og hníga að því mörg rök sem mönnum hér eru kunn.

En í byrjun s. l. árs var tekið til við að rannsaka byggingu verksmiðju með allt öðrum hætti, miklu minni verksmiðju sem fyrst og fremst byggði á innlendum markaði, en flytti kannske einhverja offramleiðslu út, og þá auðvitað verksmiðju sem síðar meir mætti stækka eftir því sem markaðsþörf innanlands ykist. Þessa útreikninga og þessar athuganir hef ég auðvitað reynt að kynna mér og ég sé ekki betur en þarna gæti orðið um arðvænlegt fyrirtæki að ræða. Þó þarf það mál allt að skoðast miklu betur. Hins vegar væri allt of áhættusamt að ætla að leggja í byggingu mjög stórrar verksmiðju sem fyrst og fremst eða að mjög miklu leyti byggði á sölu til annarra landa.

Þessi verksmiðja, sem fyrirhuguð er í Skagafirðinum, er með þeim hætti, að með tiltölulega litlum breytingum má jafnframt framleiða glerull ef sú vörutegund væri talin að einhverju leyti heppilegri en steinullin.

Ég er sammála hv. iðnn. um, að það á að hafa allan vara á í þessu efni, og styð eindregið brtt. n. Þær eru til mikilla bóta á frv.

Í fyrsta lagi hlýtur auðvitað frumkvæði og áhætta að koma frá áhugamönnum og þeim athafnamönnum sem vilja hafa forustu í þessum efnum, en alls ekki frá ríkisvaldinu, og í annan stað er auðvitað alveg ljóst mál að það er ekki hægt að ráðast í slíkt fyrirtæki án þess að nokkuð örugglega sé gengið frá sölumálum þannig að fyrirtækið fari ekki þráðbeint á hausinn strax í upphafi vegna þess að framleiðsluvaran seljist ekki eða aðeins örlítill hluti hennar, sem svarar til innanlandsmarkaðarins.

Þó að ég sé sammála þessum fyrirvörum og að fara eigi að öllu með gát er hitt annað mál, að sjálfsagt eru þau fyrirtæki hérlendis fá sem hafa risið og menn fyrir fram verið öruggir um að mundu skila hagnaði. Ég held að það sé varla hægt að reikna út að skuttogari t. d. á Íslandi geti yfirleitt borið sig fyrstu árin. Einhvern veginn höfum við lifað á skuttogaraútgerð að undanförnu og þannig hefur það verið með útgerð, iðnað og atvinnufyrirtæki yfirleitt: Það er auðvitað alltaf áhætta samfara slíku og kannske ekki unnt að gera ráð fyrir hagnaði allra fyrstu árin. Við þekkjum það t. d. í sambandi við stóriðju. Menn gengu að því með opnum augum að byggja verksmiðjuna á Grundartanga þó að fyrir lægi að hún yrði rekin með einhverjum halla allra fyrstu árin. En þegar fyrirtækin eru orðin afskrifuð og þegar verkmenning færist í aukana, þegar menn ná betri tökum á framleiðslunni o. s. frv. fara fyrirtækin að skila arði. Þess vegna megum við ekki horfa á það þó að arður sé allra fyrstu árin kannske lítill. Engu að síður hljótum við að halda áfram iðnaðaruppbyggingu og auðvitað stórauka hana, og þess vegna tel ég alveg sjálfsagt að þetta frv. verði samþykkt.

Ég ætla ekki að hefja neinar deilur um hvar slík verksmiðja eigi að rísa. Ég vek aðeins athygli á því, að það voru Skagfirðingar sem hófu þessar athuganir og má því kannske segja að það sé viss siðferðilegur réttur sem þeir hafi. En að sjálfsögðu á að byggja verksmiðjuna þar sem arðvænlegast er, þó að hafa beri hliðsjón af byggða-

þróun, og þess vegna er einmitt sjálfsagt að afgreiða frv. með þeim hætti sem hér er lagt til. Ég styð málið í heild og ekki síst brtt.

Stefán Guðmundsson: Herra forseti. Ég sé ástæðu til að koma hér og lýsa ánægju minni með að frv. til l. um steinullarverksmiðju skuli nú vera til umfjöllunar.

Ég hef frá því árið 1975 fylgst með þeim rannsóknum og athugunum sem farið hafa fram til undirbúnings að stofnsetningu steinullarverksmiðju, en árið 1975 var einmitt hafist handa um ýmiss konar upplýsingar og gagnaöflun fyrir slíkt fyrirtæki á Sauðarkróki. Þeir aðilar, sem einkum veittu ráðgjöf í þessum efnum á þessum tíma, voru m. a. Háskólinn, Iðnþróunarstofnun Íslands, Framkvæmdastofnun ríkisins, auk ýmissa athafnamanna og áhugaaðila í iðnaði.

Í framhaldi af þessum athugunum voru teknar upp fjárveitingar úr bæjarsjóði Sauðárkróks vegna þessa máls. Í aprílmánuði árið 1977 var haldinn fundur að frumkvæði bæjarstjórnar Sauðárkróks í Iðnþróunarstofnun Íslands. Á þessum fundi voru lögð fyrstu drög að steinullarverksmiðju á Sauðárkróki. Á þessu ári voru gerðar mjög ítarlegar jarðfræðiathuganir í nágrenni Sauðárkróks sem gáfu mjög góða raun. Það var svo í janúarmánuði árið 1978 sem lögð var fram mjög vel unnin skýrsla af Iðnþróunarstofnun, sem bar heitið „Steinullarframleiðsla á Sauðárkróki. Könnunarskýrsla I." Með þessari skýrslu fylgdi frumkostnaðaráætlun um stofnkostnað og rekstur á um 15 þús. tonna verksmiðju. Eftir að Könnunarskýrsla I hafði verið skoðuð mjög nákvæmlega og kynnt fyrir ýmsum er þetta mál varðar, m. a. iðnrn. og þm., var eindregið mælt með að halda áfram og ljúka næsta áfanga þar sem skýrslan lofaði svo góðu um framhaldið.

Að tillögu Iðnþróunarstofnunar og í samráði við Útflutningsmiðstöð iðnaðarins var ákveðið að fara í sérstaka kynnisferð til steinullar- og vélaframleiðenda erlendis. Auk heimaaðila fóru í þessa ferð fulltrúar frá Iðnþróunarstofnun og Útflutningsmiðstöð iðnaðarins. Árangurinn af ferðinni í heild var jákvæður og í henni fengust mjög gagnlegar upplýsingar og gott samband náðist við erlenda framleiðendur véla og tækjabúnaðar.

Þegar hér var komið lá fyrir að fram undan væru ýmsar kostnaðarsamar athuganir, og var þá leitað til iðnrn. um frekari fjárstuðning, en um svipað leyti var gerður samstarfssamningur við Iðntæknistofnun um áframhaldandi athuganir. Þar var m. a. samþykkt að með alla vitneskju um málið skyldi farið sem trúnaðarmál milli aðila. Haustið 1978 samþykkti iðnrn. að standa straum af kostnaði við bræðsluprófanir og markaðsathuganir, en eingöngu gegn því skilyrði að aðrir aðilar, sem áhuga hefðu á framleiðslu steinullar, fengju aðgang að þeim upplýsingum á jafnréttisgrundvelli. Fulltrúum Sauðárkróks þóttu þetta að vísu harðir kostir þar sem svo lengi hafði verið unnið með stofnunum rn. að málinu. Þessi meðferð málsins var þó samþykkt þar sem ekki voru aðrar leiðir til fjármögnunar þessara rannsókna. Með þessu samkomulagi féll og úr gildi samningur Sauðárkróks við Iðntæknistofnun sem mjög vel hafði að þessum málum unnið.

Á árinu 1979 ákvað rn. að láta vinna stofn- og rekstrarkostnaðaráætlun fyrir steinullarverksmiðju á Íslandi. Eftir stjórnarskiptin á því ári urðu óvæntar breytingar á stefnu rn. Ákveðið var að taka málið úr höndum Iðntæknistofnunar og afhenda áðurnefnda skýrslu öllum þeim sem kynnu að hafa áhuga á málinu. Iðntæknistofnun afhenti þó ekki nöfn hugsanlegra erlendra kaupenda vegna loforðs stofnunarinnar um trúnað við þessa aðila, þ. e. að þeim yrði ekki blandað í málið fyrr en ákvörðun um staðsetningu verksmiðju lægi fyrir. Skömmu síðar lét þó Iðntæknistofnun þessar upplýsingar af hendi. Í kjölfar þess fór einn áhugaaðili utan til að heimsækja þessa aðila. Síðan hefur málið verið tíðum í fjölmiðlum og því flestum nokkuð kunnugt um framhaldið.

Ég hef hér að framan farið yfir forsögu þessa máls, frá því að farið var að vinna að því á Sauðárkróki árið 1975, og talið það nauðsynlegt. Um frv. sjálft ætla ég ekki að ræða frekar nú, en ég vil þó benda rækilega á þann kafla er fjallar um byggðaáhrif slíkrar verksmiðju og margir virðast ekki hafa gefið þann gaum sem ég hefði kosið. Þar er talið líklegt að staðsetning steinullarverksmiðju á Sauðárkróki stuðli að íbúafjölgun þar um 310 manns, en verði verksmiðjan staðsett í Þorlákshöfn er áætluð íbúafjölgun þar um 190 manns. Svæðisbundin atvinnuáhrif eru því sterkari á Sauðárkróki. M. a. að því leyti eru áhrif verksmiðjunnar á byggðaþróun á landinu sterkari þar en í Þorlákshöfn.

Nú eru vissulega tímamót á næsta leiti. Í þessu máli hefur verið reynt að feta sig áfram skref fyrir skref að ákveðnu marki sem nú er í sjónmáli. Það er öllum þarft og hollt að líta til baka og skoða forsögu þessa máls og þá um leið þann grunn sem byggt skal á. Ýmsir kostir til aukinnar notkunar á steinull eru nú athugaðir og vissulega má ætla að um verulega aukna notkun á steinull verði að ræða hér á landi á næstu árum.

Hæstv. iðnrh. hefur að undanförnu verið að kynna hér á Alþingi og víðar ýmsa nýja atvinnukosti, suma komna að framkvæmdastigi, en aðra sem enn eru á athugunarstigi. Eitt eiga nær allir þessir atvinnukostir sameiginlegt, þ. e. að verða staðsettir á eða við stór-Reykjavíkursvæðið. Það eru vandfundin atvinnufyrirtæki í iðnaði sem er rekstrarlega hagstætt að reisa og reka utan stór-Reykjavíkursvæðisins. Steinullarverksmiðjan er þó eitt slíkt fyrirtæki.

Ég held að menn geti verið sammála um að í þeim skýrslum og athugunum, sem gerðar hafa verið komi fram að skynsamlega sé að þessu máli staðið hér og um gott fyrirtæki sé að ræða. Í frv. þessu er ekki tekin ákvörðun um hvar slík verksmiðja sem hér um ræðir verði reist og verði ríkisstj. að kveða á um það. Ég ætla ekki að ræða þann þátt hér og nú, þótt ég gæti ýmislegt sagt um það, ekki síst vegna þeirra orða er hæstv. iðnrh. lét falla um það atriði í ræðu sinni er hann mælti fyrir þessu frv. Ég verð að treysta á að hillingar villi ekki um fyrir þeim er vald til ákvörðunar verður hér gefið.

Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. þótt ýmislegt fleira væri hægt að segja um þróun þessa máls. En úr því sem komið er sé ég ekki að það þjóni neinum tilgangi nema þá sérstakt tilefni gefist til. Ég endurtek að ég vænti þess að þetta frv. nái fram fyrir þinglok þannig að úr framkvæmdum geti orðið sem fyrst.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Eins og hv. deild hefur væntanlega veitt athygli hefur iðnn. leitast við á mjög skömmum tíma að afgreiða þau frv. sem fyrir hana hafa verið lögð, kannske með meiri hraða en verður að teljast eðlilegt, en alla vega hefur þetta þó þýtt að tíminn til að skoða þessi mál hefur verið hörmulega naumur. Ég

held að það sé þess vegna alveg óhætt að ítreka að þegar af þeirri ástæðu hafi ekki verið tækifæri til að meta þau mál, sem hér um ræðir, eins ítarlega og nm. hefðu gjarnan kosið og æskilegt megi telja. Þegar af þeirri ástæðu, og kemur þó fleira til, kemur sú grundvallarskoðun n. fram í afstöðu hennar og þeim brtt., sem hún flytur, að ekki séu tök til þess að ríkið hafi frumkvæði í þeim málum sem hér um ræðir. Allar brtt. n. lúta að því að þeir aðilar, sem vilja ráðast í verksmiðju af þessu tagi, sýni fram á það fyrst að þeir séu reiðubúnir að hætta fé sínu í fyrirtæki af þessu tagi og hlutafjárframlag ríkisins komi ekki til framkvæmda nema áður hafi verið safnað því hlutafé sem ætlast er til að aðrir aðilar safni. Það hefur líka verið tekin sú afstaða að tryggja að heildarhlutafé í fyrirtækinu væri það sem teljast mætti eðlilegt og nauðsynlegt í sambandi við fyrirtæki af þessu tagi.

Nefndin hefur á engan hátt tekið afstöðu til þess, hvar verksmiðja af þessu tagi ætti að rísa, en hún hefur lagt hér almennar leikreglur um hvernig með skuli farið. Grunninntakið í því er það, að þeir aðilar, sem áhuga hafa á málinu, sýni áhuga sinn og trú sína á verkefninu og gangi það vel í gegnum þau atriði sem um er að ræða að það liggi algerlega ljóst fyrir að þeir hafi trú á því og muni hætta fé sínu í þetta verkefni. Þó að það sé ekki sérstaklega tekið fram að því er varðar ríkisábyrgðir held ég að óhætt sé að segja að hugsun n. hafi verið sú, að það sama gilti að því er ríkisábyrgðirnar varðaði, þ. e. umfram það hlutafé, sem hefði safnast, væri sýnt fram á að annað lánsfé fengist. Ég vil að þetta sjónarmið komi hér líka fram vegna þess, hvernig þetta mál er að öllu leyti í pottinn búið, að til þess að ríkisábyrgðir verði veittar hafi verið sýnt fram á að annað lánsfé fáist án þess að til ríkisábyrgða komi.

Ég vil að lokum aðeins benda á að hér er náttúrlega um nokkuð öðruvísi mál að ræða en það mál sem var hér nýlega til umfjöllunar, um sjóefnavinnslu á Reykjanesi. Þar tók n. þá afstöðu að minnka stærð verksmiðjunnar í raun og sannleika niður í 8 þús. tonn, segja fyrir um það, hvernig menn skyldu standa að málum að þeim áfanga byggðum og hvaða skilyrði þyrftu að vera uppfyllt til þess að haldið væri áfram. Þar var hins vegar um rannsóknarverkefni að ræða að dómi n. og þess vegna eðlilegt að ríkið hefði frumkvæði. Sjóefnavinnslan er rannsóknar- og þróunarverkefni upp að vissu marki sem ríkið hefur þess vegna frumkvæði að. Hér er ekki um slíkt að ræða. Hér er um að ræða iðnaðarframleiðslu og hlutafélag sem ætla verður að áhugaaðilar sýni trú sína á með þeim hætti sem n. hefur gert ráð fyrir. Séu skilyrði uppfyllt með þeim hætti, sem ég hef hér rakið, á að vera fengin trygging sem við getum haft besta fyrir því, að ekki verði flanað að neinu. Ef haldið verður á málunum með þessum hætti á það að verða besta tryggingin fyrir því, að hér verði einungis ráðist í það sem telja verður eðlilegt og sjálfsagt og getur verið liður í æskilegri iðnþróun á Íslandi.

Egill Jónsson: Herra forseti. Það getur varla talist mjög óeðlilegt þótt nm. í iðnn. Ed. segi álit sitt á þeim málum þremur sem iðnn. hefur verið að fjalla um upp á síðkastið.

Ég vil taka það fyrst fram, að ég er afskaplega ánægður og þakklátur formanni n. og reyndar líka öðrum nm. og þ. á m. þeim nm. sem eru stuðningsmenn núv. ríkisstj., hversu sem mönnum kann nú að þykja það hlutverk skemmtilegt, með hvaða hætti þetta mál hefur verið rætt og ítarlega kannað í iðnn., en fyrstu tilburðir að þeim vinnubrögðum voru miklu líkari því sem gerist undir því stjórnarfari þar sem menn þurfa ekki að hugsa sjálfir, þar sem menn geta látið aðra um að móta sínar skoðanir og afgreiða þær með litlum fyrirvara.

Það hefði út af fyrir sig verið mikill lærdómur, og ekki síst fyrir síðari tíma, ef fyrsti sameiginlegi fundur iðnaðarnefndanna beggja hefði verið kominn á kvikmyndafilmu. Þar var smalað inn sérfræðingum með ákveðnu millibili af formanni iðnn. Nd. og síðan tók formaður iðnn. Ed. við stjórninni og þarna átti að matreiða alla þessa miklu visku á sem allra stystum tíma, líklega helst einum degi. Það er mjög mikilvægt hvernig allir urðu þess brátt varir að það gat einungis orðið stuðningur fyrir þessi mál að um þau yrði ítarlega fjallað og öll aðsend bein eða óbein fyrirmæli um vinnubrögð í þessum málum, sem kannske út af fyrir sig eru ekki mjög stór, væru send til baka. Þessi málsmeðferð öll, eins og hún hefur verið unnin í iðnn., er hins vegar með þeim hætti að a. m. k. ég get með góðri samvisku og af fullri ábyrgð og sannfæringu staðið með afgreiðslu þessara mála eins og þau eru. Þau eru afgreidd með þeim hætti að þar hafa allir fletir verið skýrðir og um þá hefur verið fjallað sem óskað og leitað hefur verið eftir. Þetta tel ég vera mjög trúverðug vinnubrögð sem reyndar ættu að liggja alls staðar til grundvallar í störfum Alþingis. Mér er alveg sama hvað um mig er sagt eða verður sagt í sambandi við drátt á öðrum málum. Það er vitanlega ekki hægt að vinna eða afgreiða mál með öðrum hætti en þeim, að menn hafi sæmilega sannfæringu fyrir þeim og sérstaklega þar sem um er að ræða ný mál, sem ekki hafa verið rædd og skýrð að neinu marki áður, og þá ekki síst þegar þau berast að á síðustu dögum þingsins, þegar lítill tími er orðinn til starfa og málatilbúnaður allur farinn að verða lausari í böndunum en við þær kringumstæður þegar tími er nægur fyrir hendi.

Ég vil hins vegar segja að það mál, sem sérstaklega er fjallað um hér, finnst mér á vissan hátt helst orka tvímælis, en eins og það hefur verið skýrt hér og er að sjálfsögðu alveg hárrétt, bæði af frsm. og öðrum nm., er með þeim fyrirvara, sem þar eru inn settir, sem ég dreg raunar ekki í efa að verði fylgt, að sjálfsögðu auðvelt að fylgja málinu. Ég ætla þó alveg sérstaklega að undirstrika þar eitt atriði sem reyndar kemur fram í bráðabirgðaákvæði tillagna okkar og ekki er ágreiningur um. Þar er lögð áhersla á að markaður sé tryggður fyrir þessa framleiðslu. Á vissan hátt hefur steinullarframleiðslan að því leyti sérstöðu, að þar eru markaðir ótryggari en varðandi aðrar verksmiðjur sem við höfum verið að fjalla um. Og ég ætla ekkert að dylja þá skoðun mína, að ef hér hefði verið fyrst og fremst eða einvörðungu fjallað um steinullarframleiðslu til útflutnings hefði ég haft meiri og stærri fyrirvara í þessu máli, ef ég hefði þá ekki orðið á móti því sem slíku.

Jón Helgason: Herra forseti. Ég þakka iðnn. fyrir góða afgreiðslu á þessu máli. Ástæðan fyrir því, að ég tel mig þurfa sérstaklega að bera fram þakkir, er sú, að ég er tengdur öðrum þeim aðila sem sýnt hefur áhuga á því að koma upp steinullarverksmiðju, þ. e. Jarðefnaiðnaði hf. á Suðurlandi. Þetta félag var stofnað árið 1974 og í því eru 36 af 38 sveitarfélögum á Suðurlandi, auk fjölmargra einstaklinga. Bygging og rekstur steinullarverksmiðju var eitt af þeim verkefnum sem það tók strax fyrir til

umræðu og athugunar á stofnfundi sínum.

Ég ætla ekki að fara að rekja það, hvernig Jarðefnaiðnaður hf. hefur unnið að þessu máli fram á þennan dag. Það væri vitanlega löng saga ef ætti að rekja það nákvæmlega, og er hér ekki staður og stund til þess, enda veit ég ekki hvort það er aðalatriðið. Það, sem held ég hljóti að vera aðalatriðið fyrir byggingu svona verksmiðju, er rekstrargrundvöllurinn sem hún byggist á. Þar er vitanlega mest í húfi fyrir þá sem hana byggja, að undirstaðan sé á viðunandi grunni byggð. En það verða vitanlega fleiri aðilar sem það munu skoða. Það verða þeir lánveitendur sem koma til með að veita lánsfé til að byggingin nái fram að ganga. Jarðefnaiðnaður hf. hefur unnið að þessu á þeim grundvelli að hér yrði um samnorrænt verkefni að ræða og mun verða leitað eftir lánsfé úr samnorrænum lánasjóðum. Þeir munu þá vitanlega athuga mjög nákvæmlega hvernig sá grundvöllur er sem Jarðefnaiðnaður hugsar sér að verði fyrir rekstri þessarar verksmiðju.

Ég býst við að við séum öll sammála um að það er leiðinlegt þegar upp kemur togstreita milli staða um svona verkefni. Þess vegna verð ég að segja það, að mér fannst það breyta málinu töluvert mikið þegar það kom í ljós nú í vetur, að hér er ekki eingöngu um það að ræða, heldur um mjög skiptar skoðanir þeirra tveggja aðila, sem áhuga hafa sýnt á þessu verkefni, um hvers konar fyrirtæki væri hugsanlegt að yrði að ræða. Það getur vel verið að þetta fari að einhverju leyti eftir ólíkum staðháttum. En það hefur komið í ljós, að Sunnlendingar telja að það sé vænlegra að byggja stærri verksmiðju, sem yrði þegar í upphafi útflutningsaðili og þar gæti þá orðið um að ræða upphaf að miklu stærri framleiðslu hér á landi ef vel tækist til. Fyrir norðan telja menn hins vegar að grundvöllur sé aðeins fyrir tiltölulega litla verksmiðju.

Eins og ég sagði áðan er það rekstrargrundvöllurinn sem skiptir þarna mestu máli, og þegar þannig er komið, að þarna er um tvenns konar rekstur að ræða sem er nokkuð ólíks eðlis, ætti að vera hægara að gera sér grein fyrir staðreyndum og meta hvar hagkvæmt er að hafa þetta því að ég held að það sé engum til góðs að koma upp fyrirtæki sem yrðu eilíf vandræði með.

Ég ætla ekki að fara að metast um þetta að öðru leyti, en vildi þó aðeins að gefnu tilefni taka það fram, að það er misskilningur að Suðurland sé hluti af stór-Reykjavíkursvæði. Það er vitanlega ekki nýtt, að það komi fram, og vafalaust skiljanlegt fyrir þá, sem lengra eru í burtu, að finnast það muni vera auðveldara fyrir Sunnlendinga að teljast til þessa svæðis en þá sem lengra eru í burtu. En það er óhætt að segja að nálægðin hafi þá bæði neikvæð og jákvæð áhrif, enda er það niðurstaðan í áliti byggðadeildar að þörf muni vera fyrir uppbyggingu á atvinnurekstri á báðum stöðum.

Ég ætla ekki að fjölyrða frekar um þetta, vil aðeins endurtaka þakklæti mitt til n. fyrir góða afgreiðslu á málinu.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég mun ekki lengja umr. um steinullarverksmiðjuna svo mjög. Ég vil aðeins taka undir gagnrýni sem fram hefur komið á þeim vinnubrögðum að leggja fram á síðustu dögum þingsins þrjú meiri háttar frumvörp að heimildarlögum um stofnun verksmiðju af því tagi sem hér um ræðir að forgöngu og með eignaraðild ríkisins. Ég gef alls ekki í skyn að hæstv. iðnrh. hafi með þessum hætti verið að gera tilraun til að leika Alþingi grátt eða þá deild þar sem þessi frv. voru lögð fram, síður en svo. En ég tel það mjög óheppilegt að þinginu skuli ekki gefast nægur tími til að fjalla um frv. af þessu tagi, og svona innra með mér finnst mér ég heyra óm af þeirri gagnrýni sem ég kynni nú að hafa borið fram á ráðh. sem slíkt gerði ef ég hefði verið í stjórnarandstöðu.

Hér er um að ræða mál sem sérfræðingar og embættismenn hafa fjallað um jafnvel árum saman. Það verður að segja eins og er, að mér hefði þótt mjög æskilegt að iðnn. Ed., þar sem fyrst er fjallað um þessi mál, hefði haft mun rýmri tíma en henni gafst til að kynna sér málið, til að yfirheyra sérfræðingana sem að samningu þessara frv. stóðu, sem sömdu þær skýrslur sem liggja þar til grundvallar. Og hvorki lái ég hv. þm. Agli Jónssyni né hv. þm. Kjartani Jóhannssyni þótt þeir dræpu á þetta atriði.

Ég mun hafa átt uppástungu að því við formann iðnn. Ed., hv. þm. Davíð Aðalsteinsson, að við reyndum að halda þegar í upphafi sameiginlega fundi iðnn. Ed. og Nd. um þessi frv. í því skyni að sem best mætti nýtast tími. Á þau ráð hefur áður verið brugðið að haga svo málum. En það var sannarlega ekki ætlun mín að látið yrði við það sitja að stefna hinni fríðu og vösku sveit sérfræðinga inn á sameiginlegan fund beggja iðnn., þar sem fjallað yrði um öll þessi frv. samtímis, og síðan látið við það sitja. Hafi hv. þm. Egill Jónsson með einhverjum hætti fengið það á tilfinninguna að hér væri um að ræða austræn vinnubrögð við undirbúning lagagerðar bið ég hann um að trúa mér nú endilega þegar ég segi honum að svo var ekki.

Hv. þm. kvað svo að orði að honum væri alveg sama hvað um hann væri sagt. (**EgJ:** Í sambandi við aðra málaafgreiðslu.) Það tók hv. þm. ekki fram. Þá vil ég segja í sambandi við afgreiðslu þessa máls og annarra þeirra mála sem að þessum verksmiðjum lúta og umfjöllun þeirra í iðnn. Ed., að ég get ekkert um hann sagt nema hið allra besta. Ég bjóst ekki við að hann mundi vikna af þessum ummælum mínum, en gerði mér jafnvel von um að ég mundi heyra þennan ánægjuskrík sem hann rak upp hér að baki mér því að þetta er alveg dagsanna. Hvað eina það, sem hv. þm. Egill Jónsson lagði til málanna í iðnn., skipti mjög miklu um góða afgreiðslu málsins og spurningar hans leiddu til upplýsinga sem höfðu verulega þýðingu þar.

Ég var orðinn hræddur um það um tíma að svo mikið yrði rætt um Sauðárkrók í sömu andránni og steinull að hv. dm., sem ekki hefðu lesið frv. því ítarlegar, kæmust á þá skoðun, að hér væri um að ræða steinullarverksmiðju á Sauðárkróki. Raunar undraðist ég umburðarlyndi og víðsýni þeirra þm. Suðurl. sem hér sitja inni, að þeir skyldu ekki gjalda líku líkt og reyna að kæfa nafn Sauðárkróks í þessu sambandi og tala þeim mun meira um Þorlákshöfn. Það er nauðsynlegt fyrir okkur að átta okkur á því, að í frv., sem hér um ræðir, er alls ekki fjallað um staðsetningu verksmiðjunnar. Við gerum þessu máli engan greiða með því að hefja umr. um staðsetningu verksmiðjunnar á þessu stigi málsins. Það gerði náttúrlega hv. þm. Stefán Guðmundsson öllum öðrum mönnum fremur. Hann nefndi Sauðárkrók hvorki meira né minna en 18 sinnum í mjög skammri ræðu sinni áðan í tengslum við steinullarverksmiðju. Aftur á móti vil ég vekja athygli á því, að hv. þm. Jón Helgason nefndi ekki Þorlákshöfn í nýaflokinni ræðu sinni.

Af hálfu iðnn. Ed er lagt til að samþykkt frv. verði skilyrt með þeim hætti að ljóst sé að hagkvæmni, þ. á m. hagkvæmar markaðsforsendur og lánsfjártryggingar, ráði mestu um hvar þessi verksmiðja verði sett niður. Hygg ég að ráðh. eða rn., sem um þetta fjallar, hljóti að fjalla um málið í ljósi þeirra skilyrða, eins og um hnútana er nú búið.

Ég vil ekki leggja neinn dóm á hvort æskilegt sé að Sauðkræklingum fjölgi vegna steinullar um 300 eða Þorlákshafnarbúum um 190. Hér er vissulega um að ræða byggðamál. En ég er ekki alveg viss um að hv. þm. Stefán Guðmundsson eigi lengri veg að aka til Reykjavíkur en hv. þm. Jón Helgason í Seglbúðum, og geta menn dregið nokkrar ályktanir — af þeirri vegamælingu — um það, hvort með öllu sé sanngjarnt að tala um Suðurland allt að því í heild sem einhvers konar úthverfi frá Reykjavík. Þetta yrði byggðamál á hvorum staðnum sem það yrði. En þó ég játi, að við umræður um þetta mál við sérfræðinga og tilkvadda menn þótti mér einhvern veginn öll vötn hníga til Skagafjarðar héðan af stór-Reykjavíkursvæðinu, vil ég ítreka að við hljótum að treysta því, að hin efnahagslegu sjónarmið og afkomusjónarmiðin ráði úrslitum um staðsetningu þessarar verksmiðju þegar þar að kemur.

Guðmundur Karlsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessa umr., en vil vegna þess, sem hér hefur fram komið áður, votta hv. iðnn. Ed. virðingu mína og aðdáun fyrir þá miklu vinnu, sem hún hefur látið í té við afgreiðslu þeirra verksmiðjumála sem fram hafa verið lögð, og um leið láta í ljós efasemdir mínar og gagnrýni á hæstv. iðnrh. fyrir að demba þessum mikilvægu frv. inn á síðustu vikum þingsins. Mér sýnist að hvert einasta þeirra sé svo mikilvægt að ekki hefði veitt af að þau hefðu fengið *mánaðameðferð hér í þinginu, ef vel hefði átt að* vera, hvert fyrir sig.

Vegna þess, sem kom fram hjá hv. þm. Agli Jónssyni, vil ég undirstrika það, að ég tel ekki að markaðsmál steinullarverksmiðju séu neitt ótryggari eða verri en annarra verksmiðja sem hér er um fjallað. Ég tel að t. d. markaðsmál saltverksmiðju séu á engan hátt betur tryggð en steinullarverksmiðju. Við vitum að framleiðsla þessara verksmiðja beggja útheimtir mjög mikinn flutningskostnað, og ég sé ekki að það sé neitt sem bendir til þess, að flutningskostnaður frá verksmiðju, sem er staðsett norðanlands og framleiðir á innanlandsmarkað, þyrfti að vera miklu lægri flutningskostnaður frá verksmiðju, sem er staðsett norðanlands og framleiðir á innanlandsmarkað, þyrfti að vera miklu lægri en t. d. flutningskostnaður verksmiðju, sem staðsett er á suðurströndinni, þyrfti að verða á markað í Evrópu.

Ég vil vekja athygli á því merkilega brautryðjandastarfi sem Jarðefnaiðnaður hf. á Suðurlandi hefur unnið á undanförnum árum. Þarna er verið að vinna stórvirki í því að flytja út á erlendan markað íslensk jarðefni, vikur og önnur steinefni, og þetta fyrirtæki leitar nú allra leiða til þess að koma þessum steinefnum á erlendan markað. Ég tel að einmitt steinullin sé ein leiðin til þess að svo geti orðið. Ég sé ekkert því til fyrattu, að leitað verði allra leiða til að koma þessari framleiðslu á erlendan markað, og vil ætlast til þess, að það verði eingöngu afkoma fyrirtækisins sem verður látin ráða um staðsetningu, en ekki önnur sjónarmið.

Ég ætla ekki að taka þátt í neins konar skæklatogi um hver staðsetningin verður, en ég vil mælast undan því, að Suðurland verði talið til stór-Reykjavíkursvæðisins, eins og hv. þm. Stefán Guðmundsson gerði áðan, og vil benda á að steinullarverksmiðja, sem staðsett yrði á suðurströndinni, hefði ekki eingöngu atvinnuáhrif í einu þorpi, heldur hefði hún áhrif á afkomu fólks og atvinnu á stóru svæði. T. d. mundi hún hafa veruleg áhrif í Þorlákshöfn, Eyrarbakka, Stokkseyri og Hveragerði. Einmitt er ástæða til að vekja athygli á að Suðurland hefur í atvinnulegu sjónarmiði og atvinnulegri uppbyggingu orðið verulega út undan á undanförnum árum og meðaltekjur í Suðurlandskjördæmi eru með þeim lægstu í landinu. Þar breytir engu um hvort verksmiðjan er staðsett á Norðurlandi vestra eða Suðurlandi því að bæði eiga þessi kjördæmi í vök að verjast í þeim efnum.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Ég vil fyrir hönd iðnn. Ed. þakka fyrir góðar undirtektir hv. þm. við þá málsmeðferð sem iðnn. hefur hér lagt til. Að gefnu tilefni vil ég jafnframt flytja þakkir til hv. samnm. minna í iðnn. fyrir gott samstarf í umfjöllun þessa máls.

ATKVGR.

Brtt. 940,1 (ný 1. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 940,2 (2. gr. falli brott) samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 940,3 samþ. með 13 shlj. atkv.
3. gr. (verður 2. gr.), svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 940,4 (4. gr. falli brott) samþ. með 13 shlj. atkv.
5.—7. gr. (verða 3.—5. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 940,5 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Söluskattur, frv. (þskj. 688, n. 927). — 2. umr.

Frsm. (Guðmundur Bjarnason): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. Ed. hefur tekið til athugunar frv. til l. um breyt. á lögum nr. 10 frá 22. mars 1960, um söluskatt, með áorðnum breytingum. Frv. þetta var búið að fara í gegnum Nd. og var fjh.- og viðskn. Nd. sammála um afgreiðslu þessa frv. með smávegis orðalagsbreytingum, en frv. felur í sér niðurfellingu á söluskatti á vogum og rafeindatækjum til mælinga og skoðana í fiskiðnaði. Þetta er talið mjög brýnt hagsmunamál fyrir fiskiðnaðinn og einnig fyrir hinn ört vaxandi rafeindaiðnað okkar Íslendinga.

Undir þetta nál. skrifa hv. nm. Ólafur Ragnar Grímsson með fyrirvara og Kjartan Jóhannsson, Guðmundur Bjarnason, Davíð Aðalsteinsson, Eyjólfur Konráð Jónsson og Lárus Jónsson. Nefndin mælir með því að frv. verði samþykkt.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Eins og fram kom í framsöguræðu skrifaði ég undir þetta nál. með fyrirvara.

Það koma ávallt fram margbreytilegar tillögur hér á Alþingi um að fella niður söluskatt af ýmiss konar þjónustu og framleiðslu. Slík braut er mjög varhugaverð ef langt er á henni gengið, þar eð slíkt getur framkallað töluvert mikið misrétti í þjóðfélagi okkar og mismunandi aðstöðu gagnvart einstökum greinum.

Vissulega er æskilegt að stuðla að tæknivæðingu í sjávarútvegi, eins og gert er með þessu frv. Hins vegar má spyrja að því, hvers vegna ekki eigi að beita sams konar aðferðum gagnvart öðrum framleiðslugreinum hér á landi. Þá vaknar sú spurning, hvort sá tekjumissir, sem hið opinbera verður fyrir vegna slíkra breytinga, réttlæti þann ávinning sem framleiðslugreinarnar öðlast. Mér finnst hins vegar ekki ástæða til að gera ágreining um þetta mál hér og tel að það megi skoða þetta sem tilraun til að efla ákveðinn þátt í sjávarútvegi og tækniþróun hans, en hins vegar þurfi að huga vel að, hvort slíkum aðferðum eigi að beita í framtíðinni, og það hljóti að koma til álita í ljósi þeirrar reynslu sem fæst af framkvæmd þessa frv.

Ég vil hins vegar vekja athygli þeirra, sem að þessu standa, á því, að ýmsir forsvarsmenn iðnaðarins hér í landinu hafa ávallt verið að flytja okkur ýmiss konar tölur um að íslenskum iðnaði væri mismunað. Þótt það sé vissulega rétt, sem fram kom hjá talsmanni n. áðan, að ákveðinn þáttur þessa máls gæti verið lyftistöng fyrir tiltekna grein iðnaðarins, má segja að frv. geti einnig falið í sér mismunun gagnvart öðrum greinum framleiðsluiðnaðarins. Það er m. a. sá þáttur í framkvæmdinni sem ég held að sé nauðsynlegt að menn hugi að, en styð hins vegar, að þessi tilraun verði gerð, og mæli með því að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Atvinnuleysistryggingar, frv. (þskj. 870 (sbr. 559), n. 928, 946). — 2. umr.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Heilbr.- og trn. þessarar hv. deildar hefur fjallað um frv. til l. um atvinnuleysistryggingar. Ég vil fyrst taka það fram, að á fyrstu fundum um þetta mál, þegar það var til umfjöllunar í Nd., héldu nefndirnar sameiginlegan fund og um frrv. náðist allvíðtæk samstaða.

Nefndin hefur fjallað um þetta frv. og mælir með samþykkt þess eins og það var afgreitt frá Nd. Lárus Jónsson og Salome Þorkelsdóttir skrifuðu undir með fyrirvara og Karl Steinar Guðnason áskilur sér rétt til að flytja brtt.

Allir hv. nm. skrifa undir nál. Eins og þar stendur og ég hef áður getið um eru þrír með fyrirvara.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir, er merkur áfangi í réttindabaráttu verkafólks — baráttu fyrir því að njóta öryggis þegar þröngt er um vinnu.

Saga Atvinnuleysistryggingasjóðs hefst 1955, við samningagerð þá, og hann verður að veruleika 1956. Síðan hafa átt sér stað miklar breytingar í þjóðfélaginu og brýn nauðsyn hefur verið á að breyta ýmsum ákvæðum í lögum um sjóðinn, en verkefni sjóðsins hefur ekki aðeins verið að hjálpa fólki, sem misst hefur atvinnuna, heldur einnig að koma í veg fyrir atvinnuleysi. Sjóðurinn hefur gegnt þýðingarmiklu hlutverki einmitt á þann máta og komið víða í veg fyrir atvinnuleysi með því að styrkja atvinnufyrirtæki, sem staðið hafa á brauðfótum, og koma þeim til betri vegar.

Sjóðurinn var mjög sterkur fyrstu árin og alveg þar til tekið var upp á því að greiða fæðingarorlof úr sjóðnum, en síðan hefur hann orðið sífellt veikari og óburðugri til að þjóna því hlutverki sem honum var ætlað. Mér er sagt að komi atvinnuleysi svipað því, sem nú er í Danmörku, mundi sjóðurinn duga í 2—3 mánuði og síðan ekki söguna meir. Það er verið að leggja hvers kyns byrðar á sjóðinn og byrðar sem eru honum óviðkomandi. Síðast var það í nýliðinni viku að samþykktar voru nýjar byrðar á sjóðinn. Að vísu var af honum létt að greiða fæðingarorlofið, en þær byrðar, sem á hann voru lagðar í staðinn, voru næstum því jafnháar.

Eitt af því, sem rýrt hefur sjóðinn, er verðbólgan sem auðvitað hefur komið niður á þessum sjóði eins og öðrum, og á það sinn þátt í því að hann er ekki burðugri en fyrir liggur. Það fé, sem til hans rennur, hefur verið 1% af ákveðnum taxta, upphaflega var þá miðað við fiskvinnslukaup, og þetta 1% hefur verið innheimt árinu eftir að tekjurnar verða til og því rýrnar féð mjög í meðförum einmitt vegna verðbólgunnar sem aldrei hefur verið æðisgengnari en síðustu árin eða áratuginn.

Í þeim kjarasamningum, sem síðast áttu sér stað og gengið var frá 26. okt. s. l., var um það samið, að það frv., sem hér liggur fyrir, yrði lagt fram. Það hefur að geyma þýðingarmiklar úrbætur, eins og ég nefndi áðan, og fagna ég því mjög að þær komast í framkvæmd alveg á næstunni. Að vísu höfðum við, sem stóðum í samningagerðinni, samið við ríkisvaldið um að þessar breytingar tækju gildi þá þegar er lögin yrðu samþykkt, en í þeim nefndum þingsins, sem um þessi mál fjölluðu, var uppi vilji fyrir því að láta þessar breytingar ekki taka gildi fyrr en um áramót. Síðan var því þokað til þannig að nú eiga þessar breytingar að taka gildi 1. júlí. Það kemur sér mjög vel fyrir þá fjölmörgu sem verða atvinnulausir í sumar. Því miður er tímabundið atvinnuleysi víða. Ég á von á að fjölmargir verði atvinnulausir einmitt í sumar — og þá tala ég ekki síst um konur sem yfirleitt lenda verst í atvinnuleysinu.

Þegar gengið var frá frv. var okkur heitið því í samninganefnd Alþýðusambands Íslands að gjöld í sjóðinn yrðu greidd samkv. 8. taxta efsta starfsaldursþrepi, og vorum við nokkuð ánægðir með það. Við gerðum að vísu kröfu til þess að gjaldið yrði verðtryggt og greitt samhliða kaupi. Það fékkst ekki fram, en aftur á móti fékkst sú breyting fram, að greitt yrði samkv. hæsta þrepi fiskvinnslutaxtans. Töldum við það vera í réttu hlutfalli við það sem gengið var frá í upphafi þegar um sjóðinn var samið.

Það er nú reyndar svo, að þegar frv. var lagt fram af félmrh. gerði hann einmitt ráð fyrir að staðið yrði við þetta loforð, en í meðförum nefnda þingsins hefur þessu verið breytt samkv. kröfu Vinnuveitendasambands Íslands. Það kom upp þar að ríkisstj. eða félmrh. hafði selt atvinnurekendum það sama og okkur. — Nei, það má kannske orða það öðruvísi. Hann hafði sagt atvinnurekendum að gjaldið skyldi óbreytt, en tekið ríkt fram við okkur að þetta yrði 1% af fiskvinnslutaxta. Við trúðum því vissulega. Þarna stönguðust á yfirlýsingar og er það eitt dæmi um hversu óhöndulega ráðherrar í ríkisstj. vinna. Það er að vísu annað mál í gangi sem fram kemur í Nd. Það fjallar um kjarasamninga BSRB og

ríkisins. Þar kemur fram að fjmrh. hefur selt báðum þessum stéttarsamtökum sama landið, eins og kallað er, en á undanförnum árum hefur átt sér stað allmikil deila milli þessara stóru og sterku stéttasamtaka um hverjir skuli semja fyrir hvern, og hefur þessi skringilega afstaða ráðh. verkað eins og þegar olíu er hellt á eld. En það verður um það rætt í Nd. hvernig með þau mál verður farið.

Ég flyt hér aðeins eina brtt. við frv. þótt vissulega væri þarna ástæða til að flytja fleiri brtt., einkum varðandi gildistökutímann. Brtt., er ég flyt, er við 1. málslið 1. mgr. 10. gr. frv. og orðast svo:

„Atvinnurekandi skal greiða iðgjald til Atvinnuleysistryggingasjóðs er sé 1% af útborguðu vikukaupi fyrir dagvinnu samkv. 8. launaflokki A. Verkamannasambands Íslands, efsta starfsaldursþrepi, vegna hverrar vinnuviku, sem starfsmaður vinnur í þjónustu hans."

Ég ber þetta fram vegna þess að ég tel að með greininni, eins og hún er orðin, sé verið að svíkjast aftan að verkalýðssamtökunum. Það getum við í Alþfl. og verkalýðshreyfingin ekki sætt okkur við. Við erum þeirrar skoðunar að standa eigi við gerða samninga og ekki fara aftan að stéttasamtökunum, eins og gert hefur verið í þessu máli og öðrum.

Það kom fram í máli félmrh. hér, er hann mælti fyrir þessu frv., að hann taldi að upphaflega hefði verið samið um það sem fram kemur í upphaflega frv., eins og hann lagði það fyrir, en hann kvartaði undan þrýstingi frá Vinnuveitendasambandinu og lauk svo umfjöllun um þetta mál með því að segja að það yrði að sækja þetta mál í næstu kjarasamningum. Þannig er verið að blekkja verkalýðssamtökin til samninga um ákveðna hluti og síðan er mönnum otað til að semja um þetta í næstu samningum. Það er vissulega óviðunandi því að ef svona verður farið að er engum að treysta. Svo er ætíð þegar samningar halda ekki. Ég skora því á hv. dm. að samþykkja fram komna brtt. mína. Samþykkt hennar verður ekki aðeins til að efna þau loforð, sem ríkisstj. hafði gefið, heldur og til þess að styrkja Atvinnuleysistryggingasjóð, gera hann færari til að sinna hlutverki sínu bæði hvað varðar atvinnuleysisbætur og að styrkja fyrirtæki sem eiga erfitt uppdráttar þessa stundina.

Ég tel rétt að upplýsa að á síðasta fundi Framkvæmdastofnunar kom einmitt bréf frá skóverksmiðjunni á Akureyri eða Sambandinu þar sem óskað var eftir sérstökum styrk til að endurnýja starfsemina. Sú starfsemi er í mikilli hættu. Það liggur fyrir að verksmiðjan verður lögð niður ef ekki verða gerðar mjög verulegar endurbætur á henni og jafnframt því missa tugir manna atvinnuna. Það kom fram þar, að þeir hygðust sækja um lán hjá Atvinnuleysistryggingasjóði og óskuðu einnig eftir láni, jafnvel styrk, frá Byggðasjóði til þessa verkefnis. Það lá fyrir tillaga um að synja þessu erindi, en síðan var því til vegar komið, að þessu erindi var frestað. Það var samróma álit stjórnarmanna Byggðasjóðs að þetta væri einmitt hlutverk Atvinnuleysistryggingasjóðs: að hjálpa til þar sem erfiðleikar væru fyrir og tryggja að þeir tugir manna, sem eru háðir þessari atvinnu á Akureyri, missi ekki vinnuna. Ég tel að ef við samþykkjum þessa grein getum við hjálpað til við að þessu fyrirtæki verði hjálpað og fleiri fyrirtækjum sem nú standa á brauðfótum eins og vissulega hefur mjög komið fram í umfjöllun Byggðasjóðs um vandamál atvinnulífsins, en þar hefur komið fram að mjög mikil vá er fyrir dyrum og atvinnuleysi yfirvofandi ef ekki verða gerðar róttækar breytingar.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Við hv. þm. Salome Þorkelsdóttir höfum ritað undir nál. í þessu máli með fyrirvara. Það er aðeins út af einu atriði sem þessi fyrirvari er gerður og ber hann ekki að skoðast á einn eða annan hátt sem neins konar afstaða gegn þessu máli. Þvert á móti styðjum við þetta merka mál og teljum, að þarna sé um að ræða nokkrar umbætur í löggjöfinni um atvinnuleysistryggingar.

Það er aðeins eitt atriði sem við höfum fyrirvara um, og það eru deiluatriði milli ríkisstj. og vinnuveitenda annars vegar og verkalýðshreyfingarinnar hins vegar. Í 10. gr. er kveðið svo á, að atvinnurekendur skuli greiða 1% af ákveðnum taxta í iðgjöld til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Atvinnurekendur leggja fram skriflegt plagg undirritað af fulltrúum ríkisstj. þar sem segir að iðgjald í Atvinnuleysistryggingasjóð skuli vera óbreytt, og skilja atvinnurekendur það þannig að iðgjaldið eigi að haldast eins og það var, en ríkisstj. skýrir sinn málflutning þannig að 1% gjaldið sé óbreytt og hún hafi átt við prósentustigið. Það er náttúrlega nánast broslegt að þegar menn skrifa undir að eitthvert ákveðið gjald skuli haldast óbreytt geti menn breytt grundvellinum eins og þeim sýnist ef prósentan er sú sama. Þetta er eins og hver önnur véfrétt. Hv. þm. Karl Steinar rakti hvernig þetta mál hefði borið að verkalýðshreyfingunni, að sagt hefði verið að þarna yrði um að ræða 1% af fiskvinnslutaxta. Hér er sem sagt um þrætumál að tefla. Við vildum hafa fyrirvara um afstöðu til þess og sitjum hjá í þessu deilumáli.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
5.—8. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
9. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 946 felld með 8:3 atkv.
10. gr. samþ. með 9 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GeirG, GB, JH, ÓRG, ÓlJ, StefG, StJ, DA, HS.

EgJ, EG, GK, KSG, LJ, SalÞ, ÞK greiddu ekki atkv.

4 þm. (EKJ, GTh, KJ, TÁ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Ég hef einmitt borið fram brtt. varðandi þessa grein og bent á að með samþykkt þessarar greinar sé verið að svíkjast aftan að verkalýðshreyfingunni og þjóna atvinnurekendum í baráttu þeirra fyrir því að gera Atvinnuleysistryggingasjóð svo vanmegnugan sem hugsast getur. Brtt. mín var felld. Ég mun því ekki greiða atkv. um þessa grein.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Með þessari grein er verið að staðfesta það samkomulag sem gert var með þeim aðilum sem að því stóðu á sínum tíma, og þótt ýmsir kynnu að hafa efnisatriði þess á annan veg er það skoðun okkar að það eigi að standa við samkomulag sem gert hefur verið. Það er sérkennileg afstaða hjá hv. þm. Karli Steinari Guðnasyni. Hann telur að verið sé að svíkjast aftan að verkalýðshreyfingunni, en hann sér aðeins ástæðu til að sitja hjá og greiðir ekki atkv. á móti því

sem hann telur að sé verið að svíkjast með aftan að verkalýðshreyfingunni. Það hefur hins vegar verið afstaða okkar í Alþb., að það eigi að standa að því samkomulagi sem gert hefur verið, hvaða efnisafstöðu sem menn hafa til þess, og þess vegna segi ég já.

11.—15. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
16.—22. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
23.—24. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
25.—31. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
32.—38. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
39.—42. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum, frv. (þskj. 555, n. 949). — 2. umr.

Frsm. (Egill Jónsson): Herra forseti. Eins og tillögur landbn. bera með sér hefur n. fjallað um þetta mál — fékk reyndar formanni sínum nokkurt alræðisvald um frágang málsins. N. sendi þetta mál til umsagnar til þriggja aðila: Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, Búnaðarfélags Íslands og Eiturefnanefndar. Bárust þaðan ábendingar um tiltölulega smávægilegar orðalagsbreytingar, sem sérstaklega var fjallað um við þessa aðila og sjónarmið þeirra samræmd. Þessar ábendingar koma fram í brtt. við 1., 5. og 6. gr. frv. og eru þannig, að við 1. gr. bætist ein mgr. sem skilgreinir tilgang, þ. e. að tryggja heilbrigðan gróður og góða ræktun. Í 5. gr. kemur inn skilgreining á til hverra þessi löggjöf eigi einkum að ná og þar er bætt inn í gróðrarstöðvum. Í 6. gr., þar sem kemur til lögregluaðgerðanna, er því bætt við, að þeim, sem hafa skyldur í þessum efnum, beri að framkvæma aðgerðir undir opinberu eftirliti.

Með þessum breytingum felldum inn í lagafrv. er mælt með að það verði samþykkt.

ATKVGR.

Brtt. 949,1 samþ. með 11 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 949,2 samþ. með 14 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 949,3 samþ. með 13 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
7.—8. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 949,4 (ný gr., verður 9. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Efri deild, 113. fundur.

Miðvikudaginn 20. maí, að loknum 112. fundi.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 888, 979). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Frá því að 2. umr. var lokið í þessari hv. deild og þar til 3. umr. er nú að hefjast hef ég rætt við flm. þeirrar brtt. sem hér var kynnt við 2. umr., hv. þm. Eið Guðnason. Ég tel að það sé nauðsynlegt að þau mál, sem hann hreyfir með þessari brtt., fái rækilega skoðun og hef sjálfur verið því fylgjandi að Ríkisútvarpið fengi að njóta þessara tekna í ríkara mæli en gert hefur verið áður. Ég tel að við ættum í sameiningu að skoða þetta mál við betra tækifæri og við hagstæðari kringumstæður en eru hér á lokadögum þingsins og það sé vænlegri leið til að ná árangri í þessu efni. Ég mælist að því mæltu til þess við hv. flm., að hann dragi till. til baka og við sameinumst um að skoða þetta mál vel og rækilega.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég lít svo á, eftir yfirlýsingu hv. 11. þm. Reykv., að í orðum hans felist viljayfirlýsing um að vinna að því að kanna með hverjum hætti unnt verði að tryggja Ríkisútvarpinu þessar tolltekjur að nýju. Í trausti þess, að það mál nái fram að ganga með ágætri samvinnu við hann og fjmrh., dreg ég þessa till. til baka.

ATKVGR.

Brtt. 979 tekin aftur.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 988).

Almannatryggingar, frv. (þskj. 867). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 989).

Bjargráðasjóður, frv. (þskj. 714). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 990).

Atvinnuleysistryggingar, frv. (þskj. 870 (sbr. 559)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 991).

Söluskattur, frv. (þskj. 688). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 992).

Varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum, frv. (þskj. 984). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Dagvistarheimili fyrir börn, frv. (þskj. 546, n. 972). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Í meðferð þessarar deildar á frv. kom fram það sjónarmið, að e. t. v. væri of sterkt að orði kveðið í frv. með því að gefa heitið „námsskrá" þeirri athugun sem lagt er til að fram fari á starfsháttum, markmiðum og leiðum í dagvistarstofnunum. Nefndin hefur því orðið sammála um að leggja til að orðinu „námsskrá" verði breytt í starfsáætlun því að það gefi raunsannari mynd af því sem verið er að leggja til.

Hugsunin er sú, bæði í frv. og þessari brtt., að fyrir liggi einhvers konar lýsing á því, hvers konar starf eigi að fara fram í þeim stofnunum þar sem um 20 þús. börn eða rúmlega það hér á landi eru daglega í gæslu. Nauðsynlegt sé að starfsfólk þessara stofnana hafi ákveðna mynd af því, hvers konar markmiðum því er ætlað að þjóna með leiðbeiningum sínum og umönnun með börnunum. Þess vegna leggjum við til að frv. verði samþykkt með þeirri brtt. sem við flytjum í nál., að í stað orðsins „námsskrá" komi: starfsáætlun.

ATKVGR.

Brtt. 972 samþ. með 16 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Söluskattur, frv. (þskj. 610, n. 909 og 926). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Það frv., sem hér er til umr., var flutt af fjórum þm. og var Sigurlaug Bjarnadóttir 1. flm. þess. Í frv. er kveðið á um að sá hluti kostnaðarverðs vöru, sem stafar af flutningi hennar milli staða innanlands, skuli ekki mynda stofn til söluskatts, skuli söluskattsskyldum aðilum heimilt að draga aðkeyptan flutningskostnað innanlands vegna söluskattsskyldra söluvara frá heildarveltu áður en söluskatti eru gerð skil.

Það kom fram hér í hv. deild fyrr í dag, að breytingar á lögum um söluskatt eru mjög flóknar, sérstaklega ef gera á viðamiklar undanþágur frá greiðslu söluskatts hjá aðilum sem að öðru leyti eiga að greiða söluskatt af viðskiptum sínum, þjónustu eða framleiðslu. Þetta mál, sem hér er til umr., hefur áður komið til meðferðar hér á þingi og þá hefur komið fram, bæði í formlegum umræðum og eins við umfjöllun málsins í nefndum, að hér er kveðið á um mjög flókin atriði sem vafasamt er að hægt sé að framkvæma með góðu móti þótt margir hafi fullan vilja á því að létta undir með þeim sem búa langt frá upphafsstað vörunnar, hvort sem það er framleiðslustaður eða innflutningshöfn, og séu þess vegna reiðubúnir að skoða þetta mál nánar. Við í meiri hl. fjh.- og viðskn. teljum hins vegar nauðsynlegt að málið fái víðtækari athugun en hér hefur verið mögulegt að framkvæma, og í trausti þess, að slík athugun fari fram á vegum réttra aðila sem til þess hafa góða þekkingu og víðtæka reynslu í framkvæmd ákvæða af þessu tagi, leggur meiri hl. n. til að frv. verði vísað til ríkisstj.

Frsm. minni hl. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Málum er svo háttað, að þegar vara er flutt t. d. frá Reykjavík út á landsbyggðina leggst að sjálfsögðu á hana flutningskostnaður en á þann flutningskostnað leggst söluskattur. Hvort tveggja leggst ofan á verð vörunnar kominnar á staðinn. Síðan kemur álagning og svo söluskattur aftur. Þannig er um að ræða tvöfalda söluskattsálagningu ofan á þann flutningskostnað, sem leggst á vöru, og gerir vöruna þeim mun dýrari. Þetta er mál sem ýmsir þm. af landsbyggðinni hafa haft áhuga á að leiðrétta, að ríkissjóður sé ekki að gera þessa vöru enn þá dýrari fyrir fólkið í dreifbýlinu með því að tvíleggja söluskatt á þann hluta af kostnaði vörunnar sem er flutningskostnaður. Þetta frv. gengur út á að leiðrétta þetta misrétti. Þetta er mjög einfalt mál og augljóst og þess vegna leggjum við til að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

Till. á þskj. 909 um að vísa frv. til ríkisstj. samþ. með 11:8 atkv.

Steinullarverksmiðja, frv. (þskj. 981, 982). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Það hefur orðið samkomulag um það í iðnn. Ed. að draga brtt. á þskj. 982 til baka.

ATKVGR.

Brtt. 982 tekin aftur.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Efri deild, 114. fundur.

Miðvikudaginn 20. maí, að loknum 113. fundi.

Dagvistarheimili fyrir börn, frv. (þskj. 985). —3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og endursent Nd.

Neðri deild, 101. fundur.

Miðvikudaginn 20. maí, að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Fiskveiðar á Norðaustur-Atlantshafi, frv. (þskj. 674). — 1. umr.

Utanrrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég fylgi hér úr hlaði frv. til laga um aðild Íslands að samningi um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðaustur-Atlantshafi. Um frv. þetta hefur verið fjallað í hv. Ed. og þar hefur það verið samþykkt samhljóða.

Um ástæður fyrir frv. og um efni þess vísa ég til athugasemda og svo samningsins sjálfs sem fylgir með frv.

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil láta þess getið að sjútvn. hefur þegar fjallað um þetta mál með sjútvn. Ed., en að sjálfsögðu þarf að vísa málinu til nefndarinnar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til sjútvn. með 28 shlj. atkv.

Sjóefnavinnsla á Reykjanesi, frv. (þskj. 899). — 1. umr.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um sjóefnavinnslu á Reykjanesi, en það liggur fyrir á þskj. 899 eins og það var afgreitt frá Ed. með nokkrum breytingum frá upphaflegu frv.

Hv. iðnn. Ed. fjallaði ítarlega um málið og gerði, eins og ég greindi frá, á því nokkrar breytingar og var samstaða um málið þar í deildinni.

Ég ætla ekki að fara hér mörgum orðum um þetta mál. Það hefur þegar mikið verið til umræðu bæði í hv. Ed. og í fjölmiðlum, og sérstök skýrsla hefur borist hv. alþm. með kynningu á undirbúningi málsins.

Ég legg til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. iðnn. þessarar deildar.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Það er ástæðulaust á þessu stigi málsins að halda langa ræðu um þetta mál, sem hér er til umfjöllunar. Þetta mál hefur verið til athugunar líklega allt frá árinu 1954 og oft og tíðum hefur verið reynt að reikna arðsemi í þetta svokallaða iðnaðartækifæri. Nú hefur það tekist að áliti iðnrn.

Ég fagna því út af fyrir sig, að ráðh. skuli hafa lagt þetta mál fyrir Alþingi. Það ber þó að harma hversu seint það kemur fram á þinginu ásamt öðrum svokölluðum S-málum, sem iðnrh. hefur gjarnan flutt ræður um á undanförnum árum, en komu til þingsins fyrst þegar langt var liðið á þingið og lítil tækifæri gáfust til að kynna sér þau. Hins ber þó að geta, að talsverð gagnrýni hefur komið á þessa framkvæmd og útreikningar þeir, sem liggja fyrir, arðsemisútreikningar, hafa verið gagnrýndir. Ýmsir telja að hér sé ekki um jafnmikla ábatavon að ræða og látið er í veðri vaka. Um það get ég ekki dæmt hér og nú. Það er síður að þingnefndir skoði málin.

Ég kemst þó ekki hjá því að benda á að í nál. Ed. er fskj. I frá Þjóðhagsstofnun þar sem segir m. a. að engar marktækar niðurstöður liggi fyrir um viðbrögð neytenda erlendis við fiski — söltuðum með Reykjanessalti. Á einum stað kemur fram, og það er í niðurstöðu frá Þjóðhagsstofnun, að af því, sem þar hefur verið rakið, verði niðurstaðan helst sú, að brugðið geti til beggja vona með samkeppnishæfni innlends fisksalts, en vinnsla verðmeiri aukaefna kunni að reynast ábatasamari. Jafnframt hljóta viðhorf til þessa máls að nokkru að mótast af því, hvort unnt sé að benda á aðra og ábatasamari hagnýtingu jarðvarmans á Reykjanesi, og þá jafnframt hversu eftirsóknarverður sá efnaiðnaður sé sem helst er nefndur í tengslum við saltverksmiðjuna.

Mér finnst ótækt að láta 1. umr. líða hér í hv. Nd. án þess að benda á að undirtektir Þjóðhagsstofnunar eru ekki gífurlega miklar. Þar er bent á að líkast til sé fyrst og fremst hægt að binda vonir við þau efni sem falla út — einhver efni sem eru ekki í sjálfu sér matarsalt, heldur annars konar afurð, kalí, kalsíum, vítissódi og bróm, og bendir það til þess að ekki hafi verið athugað nægilega vel í raun og veru hvort forsendur séu til þess að þetta sé ábatasamt fyrirtæki.

Þess skal getið, að uppi hafa verið raddir um það, og ég get ekki heldur lagt á það dóm, en tel ástæðu til að nefna það í 1. umr., sérstaklega vegna þess að ég tel að iðnn. Nd. þurfi að skoða það mál vel, að saltverð í heiminum fari frekar lækkandi en hækkandi. Eins og allir vita þarf ekki aðra orku en sólarorkuna til að vinna salt úr sjó í suðlægari löndum.

Það hefur verið bent á ýmislegt að undanförnu af aðilum sem þekkja til og eru hagsmunaaðilar og bæði

eigendur í Undirbúningsfélaginu og jafnframt innflytjendur á salti. Hafa þeir reynt að reikna sig áfram á þeim forsendum sem gefnar eru af iðnrn. og nefndum á vegum þess. Án þess að ég geti lagt dóm á þær niðurstöður tel ég ástæðu til að kynna þær hér strax við 1. umr. málsins. Þar segir að ýmislegt sé óljóst og órannsakað og jafnvel hafi ekki fengist nægilega skýrar forsendur, ef þær eru þá til. Er talið í þeim reikningum, sem ég hef undir höndum, að árlegt rekstrartap gæti numið 2 700 millj. gkr. Er bent á að aukinn flutningskostnaður vegna saltfisks til Miðjarðarhafslanda sé um 400 millj. gkr. á ári vegna þess að ekki nýtist lestarrými á leiðinni heim. Á það er bent að Spánverjar eru nú með óhagstæðan viðskiptajöfnuð við Ísland upp á ca. 6600 gamlar millj. á ári, og talið er að með tilkomu saltverksmiðju muni þessi munur aukast jafnvel um 500 millj. gkr. Þá er bent á, eins og hjá Þjóðhagsstofnun, að óvíst sé að Spánverjar vilji kaupa saltfisk sem saltaður er með þessu verksmiðjusalti. Á það er bent að atvinnutækifærum fjölgi ekki að ráði, heldur sé hér um tilfærslu á atvinnutækifærum að ræða. Þá er það undirstrikað, sem kemur fram í skýrslu nefndar sem vann að þessu máli, að markaður fyrir kalsíumklóríð sé mjög ótryggur. Loks er bent á að kaupverð á kalíi til Áburðarverksmiðjunnar í jan. 1980 hafi orðið 75 dollarar á tonn, komið í hús 105 dollarar, og hafði þá staðið óbreytt í nokkur ár, en í áætlun sjóefnavinnslunefndar sé nefnd talan 123 dollarar komið í hús. Í forsendum þeirra, sem hér hafa reiknað, er borið saman það sem ætla má að verði saltverð á næstu árum.

Ég tel fyllilega ástæðu til þess að nefndin kanni þessi mál rækilega og gleymi ekki að það verður auðvitað að skoða, arðsemiútreikninga slíks fyrirtækis með það í huga að fjármagn, sem sett er í slíkt fyrirtæki, skili eðlilegum vöxtum, eins og það þarf að gera hjá öðrum fyrirtækjum innlendum, og hafa þeir, sem hér hafa reiknað, talið að 19% vextir á stofnkostnað mældan í dollurum sé eðlileg viðmiðun.

Ég hef rakið þessi atriði hér vegna þess að mér hefur fundist eftir lestur á fskj. með nál. Ed. að teflt sé á tæpt vað og það sé jafnvel hyggilegra að kanna slíkt mál enn betur af nefnd áður en látið er til skarar skríða. Ég skal þó segja það í lokin, að mér finnst full ástæða til að láta þá von í ljós, að þeir útreikningar, sem ég hef undir höndum, séu rangir og að arðsemi fyrirhugaðrar verksmiðju sé mun meiri en þar er sagt. En til þess að staðfesta það er auðvitað skylda þingnefndarinnar að fá þessa útreikninga betur athugaða. Ég legg til að þrátt fyrir að komið hafi gestir á fund nefndarinnar í Ed. verði því starfi haldið áfram í Nd. með þeim hætti að kannaðir verði þessir reikningar og fengnir til þess menn t. d. frá Þjóðhagsstofnun, en Gamalíel Sveinsson var sá sem sat í saltvinnslunefndinni á sínum tíma sem fulltrúi Þjóðhagsstofnunar, og kannað rækilega hvort arðsemihugmyndir iðnrn. séu á einhverjum rökum reistar.

Það, sem hér er sagt, er ekki sagt til að drepa þá hugmynd sem hér er á döfinni, heldur til að Nd. Alþingis geti betur tekið ákvörðun um þetta viðamikla mál, sem hefur verið tæp 30 ár á leiðinni í kerfinu, og sjá til þess að ekki verði tekin ákvörðun nema góðar ábatahorfur séu í málinu. Ég vona að þessi orð mín verði aðeins skilin á þann veg. Þau eru flutt til að skora á hv. þingnefnd að kanna þetta mál rækilega vegna gagna sem tiltölulega nýlega eru komin í hendur þm.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Augu áhugamanna um Alþingi, störf þess og starfshætti, bæði innan þingsala og utan þeirra, hafa í æ ríkari mæli beinst að því, hvernig þingstörf eru — ég leyfi mér að segja: með fáránlegum hætti hina síðustu daga á vori, rétt áður en Alþingi lýkur störfum sínum. Þetta kerfi, sem auðvitað er orðið býsna gamalt og miðað við allt aðra þjóðfélagshætti, er þannig upp byggt, að undir vor, þegar þingi er að ljúka, kemur hvert stórmálið á fætur öðru með litlum fyrirvara á borð þm. og það er nánast svo, að iðulega eru menn settir upp við vegg við það að taka mjög veigamiklar og oft dýrar ákvarðanir. Ég hygg að nákvæmlega þetta mál sé dæmi um hversu óskynsamlegir vinnuhættir hér á hinu háa Alþingi eru. Við borð lá að þetta stóra mál, sem vissulega hefur verið lengi í undirbúningi, árum og áratugum saman, færi í gegnum 1. umr. hv. Nd. að lokinni einnar mínútu framsöguræðu hæstv. iðnrh.

Nú er það svo með mál af þessu tagi, að þar tekst auðvitað á — væntanlega í huga allra þm. — annars vegar að vera sakaður um skort á áræði, að stökkva ekki og taka ákvörðun af því tagi sem hér er um að ræða, og hins vegar að flana ekki um of, að verða ekki sekur um fljótfærni, flan og hreina heimsku. Það er auðvitað svo að því er varðar hugmynd eins og þá sem hér er til umr., að spor eins og Kröflusporin hræða. Þá ákvörðun tók Alþingi shlj., eins og gert hefur verið í hv. Ed. um þetta frv., og einhverjir hafa áreiðanlega nagað sig seinna í handarbökin og óskað þess, að þau mál hefðu fengið aðeins betri athugun og lengri frest.

Hér er um að ræða fjárfestingu upp á milli 15 og 16 gamalla milljarða. Þetta mál hefur auðvitað verið lengi í undirbúningi og að því hafa unnið færustu sérfræðingar. Ber þar helst að nefna Baldur Líndal efnafræðing. Eins hefur málið fengið allítarlega umfjöllun í iðnn. Ed. Engu að síður er það svo, að upplýsingar, sem tiltölulega nýlega hafa verið að berast, t. d. reikningar sem mér hafa verið sýndir, sýna fram á allverulegt rekstrartap á hverju ári.

Þó svo hér sé um að ræða það sem kalla mætti þróunarverkefni — í fyrsta áfanga er ekki stefnt í framleiðslu á nema 8000 tn. af salti og er þá verið að tala um saltið eitt, en heildarársnotkun hér mun láta nærri að vera allt að 100 þús. tn., þá er það engu að síður svo, að arðsemiútreikningar þessa fyrirtækis virðast vekja margar spurningar.

Annað stórmál, sem skiptir auðvitað sköpum um framtíð þessa fyrirtækis, er hvort kaupendur þess fisks, sem salta á, þ. e. þjóðirnar í Suður-Evrópu, vilji neyta fisksins þegar hann hefur verið unninn með þeim hætti sem yrði. En í þeirri umsögn Þjóðhagsstofnunar, sem fylgir nál. Ed. og hv. þm. Friðrik Sophusson rakti raunar áðan, segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta, um þessi efni:

„Niðurstöður söltunartilrauna sýna, að ekki er marktækur munur á því, hvernig saltfiskur flokkast, hvort heldur notað er Reykjanessalt eða innflutt salt. Hér er átt við niðurstöður innlendra matsmanna, en endanlegur dómari í þessum efnum hlýtur að verða neytandi saltfisksins í markaðslöndunum."

Síðan segir — og það ber að undirstrika:

„Engar marktækar niðurstöður liggja fyrir um viðbrögð neytenda erlendis við fiski söltuðum með Reykjanessalti."

Þetta hlýtur að verða að telja mjög veigamikið aðalatriði þessa máls. Þó svo að segja megi að ekkert sé hægt að sanna eða afsanna í þessum efnum nema fylgi löng og kannske tímafrek markaðskönnun, þá er það þó allverulegur dómur um að ónógar séu þær upplýsingar sem koma fram í þessu nál. iðnn. hv. Ed.

En það eru fleiri. Í blaðagrein, sem Sigurður Pétursson, sem er virtur vísindamaður á þessu sviði, skrifaði nýlega í dagblað undir fyrirsögninni: Saltvinnsla á Suðurnesjum, segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Af framanrituðu er það ljóst, að framleiðsla á fisksalti á Reykjanesi samkv. nefndu stjfrv. er ekki aðeins óraunhæf fjárhagslega, heldur líka stórhættuleg fyrir saltfiskframleiðslu Íslendinga, ef úr yrði."

Þetta eru auðvitað sjónarmið sem hv. alþm. og hv. nefnd, sem fær málið til athugunar, geta ekki litið fram hjá. Nú ber að sönnu að geta þess, að um þetta greinir vísindamenn á. Gagnstæðra skoðana, sem fylgja raunar flókin raunvísindaleg rök, hefur gætt hjá þeim. Slíkt hefur komið fram hjá Baldri Líndal efnafræðingi, en hann svarar nefndri blaðagrein í dagblaði hér í borg fyrir nokkrum dögum.

Þessar umræður hafa farið fram mjög ítarlega á allra síðustu dögum. Það má nefna miklu fleiri neikvæðar athugasemdir, sem raunar eru sumar hverjar prentaðar í nál. hv. Ed. og hv. þm. Friðrik Sophusson gat um að nokkru. Þar er að finna fskj. V frá skipafélaginu Víkur hf., undirritað af Finnboga Kjeld. Hann telur að hér sé um mjög óhagkvæma fjárfestingu að ræða, og í sinni grg., sem prentuð er með sem fskj. við nál., nefnir hann dæmi um flutningskostnað. Hann segir þar, með leyfi hæstv. forseta:

„Flutningur með skipi frá Spáni beint til hinna ýmsu kaupenda salts á landinu er ódýrari en flutningur með bílum frá verksmiðju til geymslu í Keflavík — og síðan útskipun þaðan til flutnings út á land.

Sem dæmi má taka þegar til heildarsaltsmagn er litið:

A) Akstur frá Reykjanesi með salt til Þorlákshafnar er álíka dýr og sjóflutningskostnaður frá Spáni til sama staðar.

B) Akstur frá Reykjanesi með salt til Hornafjarðar er þrisvar sinnum dýrari en sjóflutningskostnaður frá Spáni til sama staðar.

C) Sjóflutningur hérlendis yrði einnig dýrari vegna aksturs, geymslu og útskipunar.

Íslenskur saltfiskur hefur aðallega verið fluttur út með íslenskum skipum, en þau flytja síðan salt til baka og losa á sömu höfnum (eða nálægum) og saltfiskurinn er lestaður á. Nýting skipanna verður þannig meiri og flutningskostnaður lægri heldur en ef skipin kæmu heim tóm til að sækja fiskinn."

Auk þess er í þessari grg. og raunar hjá fleiri, sem um þetta mál hafa fjallað, að finna miklar efasemdir. Þær byggjast ekki síst á því, að á næstu árum geti verð á salti, sem framleitt er erlendis, lækkað mikið og það af tveimur ástæðum: Í fyrsta lagi vegna þess að um meiri framleiðslu er að ræða en markaðurinn tekur við, sem þýða mun verðlækkun, en ekki síður vegna þess að mjög örar tækniframfarir eru að verða að því er þessa hluti varðar og ekki síst í sambandi við útskipun.

Allt vekur þetta spurningar. Þessar spurningar fela með engum hætti í sér neina endanlega dóma um það fyrirtæki á Reykjanesi sem hér er verið að fjalla um. Enginn má skilja orð mín svo. En auðvitað verður að fara fram mjög rækileg athugun á þessu máli í þingnefnd. Og af hverju er það? Það er vegna þess að hér er um að ræða mjög veigamikla fjárfestingu. Jafnvel þó svo að iðnn. hv. Ed. hafi lagt fyrir sína þingdeild takmarkanir þar á, sem vissulega eru öryggisventill, erum við engu að síður að tala um milljarða af peningum skattgreiðenda. Verða menn að mjög íhuguðu máli að gera upp við sig hvort áhættan með fé skattborgaranna sé þess háttar, að það sé réttlætanlegt að taka hana. Því miður er það ekki svo, að hér sé um að ræða öruggt fyrirtæki sem örugglega muni gefa af sér mikinn arð. Það þarf að vera alveg ljóst. Hér er hæstv. iðnrh. að leggja fyrir Alþingi að taka mjög verulega áhættu. Ég er ekki að segja að það sé rangt að taka slíka áhættu, hvorki almennt né að þessu gefna tilefni. En hitt þurfum við að gera okkur alveg ljóst, að hér er ekki verið að leggja til, eins og í öðrum og oft sambærilegum tilfellum, fyrirtæki sem nokkuð örugglega muni gefa fjármuni í aðra hönd. Hér er verið að leggja út í mikið áhættufyrirtæki. Spurningin, sem hv. þm. verða að spyrja sig og þingnefndin verður sérstaklega að íhuga rækilega, er þessi: Er sú mikla áhætta, sem þetta vissulega er, þess virði að taka hana?

Sem dæmi til samanburðar skulum við rifja upp, að þegar ákvörðun, hverrar spor hræða kannske mest í þessum efnum, um Kröfluvirkjun var tekin töldu þm. á þeim tíma sig ekki vera að taka áhættu. Þess var ekki getið hér við umræður. Þvert á móti töldu menn að þar væri verið að fara út í ábatasamt fyrirtæki. Svo reyndist ekki vera, og við skulum láta vera að fjalla frekar um þá sögu. En hér horfir þetta öðruvísi við. Hér stöndum við í dag vitandi vits um að við erum að taka verulega áhættu. Spurningin er: Er réttlætanlegt að þrýsta þessu á einum eða tveimur dögum í gegnum þingið? Erum við að fara þannig með fé skattborgaranna að það sé á því standandi — eða væri réttlætanlegra og skynsamlegra að bíða í eitt ár, taka þetta mál upp að nýju að hausti og nota þann tíma, sem ynnist í millitíðinni, til að yfirfara þessi mál betur, skoða þá hluti sem auðsjáanlega er um spurt af réttlæti og skynsemi, eins og markaðsmálin í þeim löndum sem saltfiskinn kaupa? Þetta er auðvitað kjarni málsins.

Eitt er í þessu máli. Margir einstaklingar eiga mikilla hagsmuna að gæta. Það hefur verið lagt fé í undirbúning að þessu máli. Það er áhættufjármagn og hefur verið vitað alveg frá upphafi. En hv. alþm. mega ekki láta það rugla sig og hugsa sem svo, að það séu þegar svo miklir hagsmunir orðnir tengdir þessu máli að annað sé rangt og óréttlætanlegt en að keyra það fram á fullri ferð. Ef það og það eitt væri réttlæting fyrir jafnvel því að taka ákvörðun sem menn eru ekki nema svona og svona sáttir við, þá mundi Alþingi veita fjármagn oftar og að verr ígrunduðu máli en ætla má að hv. alþm. vilji. Það er aðeins verið að fara fram á að þetta mál verði mjög vel ígrundað af þingnefnd og af þeim hv. alþm. sem koma til með að greiða um það atkvæði. Sú breyting hefur verið gerð í Ed., að hægar er farið í sakirnar en upphaflega var ráð fyrir gert, en engu að síður eru þær upplýsingar, sem í auknum mæli hafa verið að koma fram á allra síðustu dögum, t. a. m. í blaðagreinum, þess eðlis, að mjög skynsamlegt virðist vera að hinkra við og hugsa sig afar vel um.

Nú bið ég um að orð mín séu ekki skilin á þann veg, að verið sé að gera minna en efni standa til úr feikilegri vinnu fjölmargra einstaklinga. Ég hef þegar nefnt til —

og geri það aftur — Baldur Líndal efnaverkfræðing í því sambandi. Þarna er áhugamaður um þessi mál sem áratugum saman hefur lagt bæði mikla vinnu og mikið vit í þá framtíðarsýn sína að þessi vinnsla geti farið fram hér á landi. Er það allt saman svo virðingarverð saga sem slíkar sögur verða í þessum efnum. En jafnvel það réttlætir ekki að rasað sé um ráð fram vegna þess, hversu gífurlega mikinn kostnað er hér um að ræða, og vegna þess, hversu áhættan, hvernig sem á aðra þætti þessa máls er litið, er mikil í þessum efnum.

Herra forseti. Þessu máli verður vísað til hv. iðnn. þessarar deildar og verður auðvitað að ætla að hún muni athuga þetta mál vel. Hér er um feikilega mikilvægt mál að ræða. Spurningin, sem n. leggur fyrir sig eftir að hafa kallað til kunnáttuaðila um þessi efni, er auðvitað ekki hvort setja eigi fótinn fyrir þetta verkefni með einum eða öðrum hætti. Spurningin er: Þarf ekki að afla meiri upplýsinga? Og spurningin er: Er áhættan, ekki með eigið fé, heldur með fé skattborgaranna, svo mikil að ekki sé réttlætanlegt að taka hana?

Herra forseti. Við 1. umr. málsins læt ég þessi orð nægja.

Guðmundur G. Þórarinsson: Herra forseti. Mig langaði til að leggja örfá orð í belg við 1. umr. í Nd. um sjóefnaiðju á Reykjanesi. Í því sambandi vil ég aðeins leggja áherslu á tvennt: Í mínum huga er þessi verksmiðja, sem menn nú eru að ræða um, ekki hvað síst þróunarverkefni í fyrsta lagi og í öðru lagi mega menn ekki um of einblína á saltframleiðsluna eina sem þarna er um að ræða, vegna þess að saltframleiðslan og þessi byrjun er undirstaða undir miklu víðtækari efnaiðnað sem hér gæti hafist á Íslandi, — vinnslu úr íslenskum hráefnum með íslenskri orku.

Það er auðvitað rétt, sem fram hefur komið hér, að í fjölmiðlum hafa komið fram ýmsar skoðanir um þetta mál — menn greinir á um þetta mál — og í þeim gögnum, sem fyrir þingnefndunum hafa legið, kemur líka í ljós að menn greinir á um þetta mál. Allt finnst mér það benda í þá átt — og ég vil taka undir með þeim ræðumönnum sem hér hafa talað — að að sjálfsögðu verði iðnn. Nd. að taka þetta mál til eins ítarlegrar skoðunar og henni er fært á þeim tíma sem um er að ræða. Um það blandast vafalaust engum hugur.

Ég vil hins vegar segja það varðandi orð hv. 10. þm. Reykv., þar sem hann lagði áherslu á að ekki yrði tekin ákvörðun í þessu máli nema góðar ábatahorfur væru, að ég er honum ekki fyllilega sammála. Ég tel vel réttlætanlegt að ráðast í sjóefnaiðju á Reykjanesi ef sannanlegt er að hún geti með sæmilegu móti staðið undir sér, þó að ekki séu af því verulegar ábatahorfur, ekki hvað síst með tilliti til þeirra gífurlegu möguleika í efnaiðnaði, sem þessi verksmiðja leiðir af sér, og þeirra ábatasamari aukaefna, sem framleiðsla mundi verða á. Ég ætla ekki að halda sérstaka ræðu um þetta mál hér. Menn þekkja möguleikana á magnesíumframleiðslu, natríumklóratframleiðslu o. s. frv. í framhaldi af þeirri verksmiðju sem hér er um að ræða.

Það er alveg rétt, að komið hafa fram nokkrar efasemdir ýmissa manna um gæði þessa salts við fisksöltun. Menn hafa sumir dregið í efa að bragð af þessu salti í fiski gæti ekki haft áhrif á söluna, liturinn gæti ekki haft áhrif á söluna o. s. frv. Ekki er ég í nokkurri aðstöðu til að leggja dóm á það mál hér og nú á þessari stundu. Ég vil hins vegar benda á að sérfræðingar okkar, sem þetta mál hafa athugað, halda því fram, þeir sem mest hafa og gerst fylgst með og fengist við söltun á fiski, og sérstaklega er vísað til eins sérfræðings í skýrslunni, að gæði saltsins séu mjög mikil. Þar benda menn ekki síst á að saltið er gerlafrítt, roðagerlar eru ekki í því. Á sameiginlegum fundi iðnn. Ed. og Nd. lagði einn nm. sérstaklega áherslu á að erlendir aðilar, sem salt selja, hafi af því nokkrar áhyggjur, að þarna komi algjörlega gerlafrítt salt á markað, og velta því fyrir sér, hversu mikill kostnaður geti falist í því hjá þeim að gera sitt salt gerlafrítt. Það kann að vera og er ekki ótrúlegt að sú verði þróun í þessum málum í framtíðinni, að þjóðir heims muni setja strangari og strangari mörk um að fiskur sé ekki saltaður nema með gerlafríu salti. Sá fiskur, sem saltaður hefur verið með þessu salti, er ljósari, en hann er líka fastari og flokkast betur að mati þeirra sem við þetta hafa fengist.

Ég tek undir með þeim, sem hér hafa talað, um að við höfum ekki fengið nægilega svörun frá markaði um þennan fisk. En ég vek líka athygli á því, að þegar menn tala um það eru menn að taka upp efasemdir sem heldur er engin stoð fyrir enn. Það kynni að vera að menn hefðu eitthvað fyrir sér í því. En ég vek athygli á að þó að í litlum mæli sé hefur fiskur verið saltaður með þessu salti. Hann hefur verið sendur út og engin neikvæð viðbrögð hafa fengist við því. Það er ekki síður athyglisvert.

Um þetta mál er mjög margt að segja og ég ætla ekki að lengja umr. hér með því að halda langa ræðu um það. Hitt er annað mál, að menn mega náttúrlega ekki verða svo hræddir við allt, þó að þeir séu ekki ánægðir með það sem gerðist í Kröflu, að þeir þori bókstaflega ekki að ráðast í nokkurn hlut eftir það.

Ég vil svo að lokum taka undir þau orð ræðumanna, sem hér hafa talað á undan mér, að ástæða er til að n. fari ítarlega yfir þau gögn sem fyrir liggja. En mér fannst ég skilja það á þeim þm., sem hér töluðu, að þm. almennt nálgist þetta mál með jákvæðu viðhorfi.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Það er að sjálfsögðu eðlilegt að hv. nefnd, sem fær þetta mál til meðferðar, líti á forsendur þeirra till. sem hér liggja fyrir.

Ég kveð mér hér hljóðs aðeins til að víkja að því, sem kom fram einkum í máli hv. 9. þm. Reykv., að hér væri verið að taka mikla áhættu og áhættu sem skattborgarar landsins yrðu þolendur af ef eftir færi og þetta reyndist ekki arðbært fyrirtæki. Ég vil vekja sérstaka athygli á því, sem fram kom í frv. upphaflega, að gert er ráð fyrir að farið sé hægt í sakirnar í þessu máli og það sé unnið að þessu áfram sem þróunarverkefni og endanlegar ákvarðanir um byggingu 40 þús. tonna saltverksmiðju verði ekki teknar fyrr en að betur athuguðu máli og þá væntanlega á næsta ári. Í aths. við frv., eins og það var lagt fyrir hv. Ed., kemur fram á bls. 5 tillaga um málsmeðferð þar sem segir svo, með leyfi forseta:

„Verði ákvörðun tekin um byggingu saltverksmiðju leggur nefndin til að framhaldið verði eftirfarandi“ — og Saltvinnslunefnd og iðnrn. gerðu hennar tillögu um málsmeðferð að sinni:

„1. Byggð verði 8000 tonna saltverksmiðja til að vinna að markaðsþróun með fisksalt í stórum stíl.

2. Núverandi tilraunaverksmiðja verði nýtt til þess að gera vinnslutilraunir með kalíframleiðslu og framleiðslu á fínsalti.

3. Boruð verði ein vinnsluhola á svæðinu veturinn 1981—82 og aukið við rannsóknir á svæðinu.

4. Undirbúin verði verkhönnun á 40 000 tonna verksmiðju og tilboða aflað í sölu á afurðum."

Annars staðar kemur það fram, að gert er ráð fyrir að það verði verkefni næsta árs að fjalla um og undirbúa þennan framhaldsáfanga, þennan 40 000 tonna áfanga, sem byggði á þeirri vinnsluaðferð sem þróuð hefur verið í tilraunaverksmiðjunni á Reykjanesi á vegum Undirbúningsfélags saltverksmiðju þar. Það verður að sjálfsögðu tekið tillit til þeirra viðbótarupplýsinga sem væntanlegar eru af frekari markaðstilraunum með því salti sem fæst úr þessari 8000 tonna verksmiðju. Þessi 8000 tonna verksmiðja er ekki reist á þeirri tækni sem á að byggja á í hinni endanlegu verksmiðju, heldur er þar fyrst og fremst um að ræða að nýta það gufuafl, sem streymir upp úr borholum á Reykjanesi nú, til eins konar eimingar svipað og gert er í sólarlöndum. Þetta salt úr 8000 tonna verksmiðjunni á því að fást með tiltölulega einföldum tilkostnaði, en vinnslu, sem ekki gefur hliðstæðar aukaafurðir og gert er ráð fyrir í endanlegri saltverksmiðju. Á þetta vil ég leggja áherslu til að minnka hrollinn í þeim hv. þm. sem hafa áhyggjur af þessu máli. Þó er ég út af fyrir sig ekki að finna að því, það er ofureðlilegt að menn vilji hugsa sig um í sambandi við afgreiðslu á slíkum málum.

Það er kannske ekki þörf á að vekja athygli á að menn skyldu gæta að eðli þeirra umsagna sem berast, þó að ég ætli ekki að fara að gefa þeim neinar sérstakar einkunnir. Það er að sjálfsögðu ljóst að hagsmunaleg atriði geta komið inn í slíkar umsagnir og endurspeglast í þeim, og við það er ekkert óeðlilegt, — hagsmunir m. a. þeirra sem telja sig hafa hag af því að flytja salt til landsins og standa fyrir sölu þess hér. Á það ber auðvitað líka að líta. Ég er ekki að gera lítið úr þeim aths. sem slíkum, en það segir sig nokkuð sjálft að þar getur verið um mat að ræða sem er litað af hagsmunaaðstæðum.

Vegna tilkostnaðar við þennan 8000 tonna áfanga, sem gert er ráð fyrir að ráðist verði í og nánast er verið að taka hér afstöðu til með því að samþykkja þessa heimild, er gert ráð fyrir að kostnaður við þann áfanga, ásamt öðrum kostnaði sem falli til á þessu ári, verði um 18 millj. kr. Hlutafé, sem lagt yrði í fyrirtækið Sjóefnavinnsluna hf. til að standa undir þessu, er aðeins hluti af þessari upphæð því að þarna er á fleira að líta en beinan stofnkostnað við þennan áfanga.

Þetta vildi ég að fram kæmi, en n. mun að sjálfsögðu líta á þau álitamál, sem hér hafa verið nefnd, og fleiri sem upp kunna að koma.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Ég mun ekki hér fara út í efnislegar umræður um þetta frv., enda á ég sæti í þeirri n. sem kemur til með að fjalla um það.

Það er auðvitað rétt og sjálfsagt að skoða alla gagnrýni, bæði jákvæða og neikvæða, sem fram hefur komið um málið, og umsagnir um það. En við megum ekki heldur gleyma því, að þó að það séu margir aðilar sem eiga hagsmuna að gæta af því að þessi verksmiðja rísi, eins og kom fram hjá einum ágætum hv. þm., eru það líka margir aðilar sem hafa hagsmuni af því að flytja inn og kaupa og selja salt og eðlilegt að það heyrist frá þeim andmæli. En andmæli hafa vissulega komið frá miklu fleiri en þeim.

Í öllum verðsamanburði verður líka að hafa í huga að það er hálfgildings efnahagslegt kreppuástand í viðskiptalöndum okkar og öll framleiðsla okkar, í hvaða formi sem er, býst ég við að komi til með að fá lélega einkunn í samanburði við verð annars staðar. Það á við um skip og ýmislegt annað sem er niðurgreitt í stórum stíl utanlands vegna þess að þar er kreppuástand. Mér finnst að við megum ekki horfa fram hjá því, að þetta er óeðlilegt ástand. Ég vona að allir séu sammála um að í þessu máli stytti upp, þannig að efnahagsástandið í viðskiptalöndum okkar verði aftur eðlilegt.

Mér finnst aftur á móti mjög gagnrýnivert hvað þetta frv. er seint fram komið og reyndar ýmis önnur frv. sem hafa verið að koma nú allra síðustu daga fyrir áætlaðar þinglausnir. Það finnst mér mjög gagnrýnivert. En ég mun, eftir því sem tími vinnst til, skoða alla þá gagnrýni sem fram hefur komið, allar þær umsagnir sem komið hafa fram, og eins og hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson sagði: Ég mun gera það með jákvæðu hugarfari.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Það eru örfá orð.

Hæstv. iðnrh. og raunar einnig hv. síðasti ræðumaður höfðu á því orð, að menn verði að taka með nokkrum fyrirvara umsagnir þeirra sem hagsmuna hefðu að gæta. Raunar var það sagt með nokkrum takmörkunum, en hæstv. iðnrh. nefndi sérstaklega innflutningsaðila. Nú finnst mér að hæstv. ráðh. verði að gæta nokkurs hófs í þessum efnum. Þegar þingnefnd kallar aðila fyrir sig til að fá upplýsingar frá þeim er það sennilega ekki aðeins vegna þess, að viðkomandi eigi hagsmuna að gæta, eins og það er kallað, heldur líka vegna þess að viðkomandi hafi nokkra þekkingu á því sem um er verið að fjalla. Þykir mér raunar óleyfilegt með öllu að gera umsagnir tortryggilegar með einum eða öðrum hætti. Af hverju er þetta sagt? Þetta er sagt vegna þess að það eru ekki aðeins þessir aðilar, heldur er það svo í stjórnmálum almennt og yfirleitt og þá ekki síst í sambandi við þau mál sem hér eru til umræðu, að það eru miklu fleiri sem eiga hagsmuna að gæta. Það eru aðilar sem þegar hafa lagt allmikið fé í þessi efni. Auðvitað kann það að kitla dómgreind einhverra að þetta fé ónýtist ekki. Það má líta víðar til og segja að vitaskuld sé það hagsmunamál tiltekinna byggða að þetta geti komist á legg. Með öðrum orðum er hér um hagsmuni að ræða hvernig sem á málið er litið og engin ástæða til að gera eitt tortryggilegt öðru fremur.

Því er þetta sagt að sú hætta er til, — ég segi ekki að það verði svo, — að vegna þess að allverulegir hagsmunir nokkurra einstaklinga eru orðnir þegar mjög tengdir þessu máli verði rasað um ráð fram. Ég vek athygli á að það var hæstv. iðnrh. sem hóf hér umræðu um hagsmuni — að vísu í neikvæðum skilningi þess orðs — í þessum efnum. Undir það má auðvitað taka, að hvorum megin hryggjar sem litið er eru hagsmunir í þessum efnum. Þeir eru hinum megin líka. Vegur Alþingis er auðvitað mestur þegar því auðnast að horfa yfir hagsmuni, á hvorum enda spýtunnar sem þeir kunna að finnast, og taka ákvarðanir algjörlega óháð því.

Það er ekki rétt, þegar aðilar hafa verið kallaðir fyrir þingnefndir, að gera umsagnir þeirra sérstaklega tortryggilegar. Það eru hagsmunir í þessu máli hvernig sem

á það er litið. Sumir aðilar hafa og meiri þekkingu en aðrir aðilar hafa, eins og er um öll mál þjóðlífsins. Þessar umsagnir verður hv. iðnn. að skoða eins og aðrar umsagnir, og niðurstaða hennar verður réttust þegar hún lítur fram hjá þröngum hagsmunum, hvort sem um er að ræða byggðarlög, einstaklinga eða tiltekna þætti atvinnu- og viðskiptamála, og tekur ákvarðanir með þarfir og í þágu samfélagsins alls.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég harma í upphafi míns máls hversu seint þetta mál er á ferðinni. En það er um það eins og ýmis önnur mál þessarar hæstv. ríkisstj., að hún dregur fram í síðustu lög að leggja mál fyrir þingið og ætlast svo til þess, að þau séu afgreidd á færibandi án þess að þingnefndir fái að fjalla um málin með eðlilegum hætti.

Ég hygg að það hafi vakið eftirtekt manna hversu stuttorður hæstv. iðnrh. var þegar hann mælti fyrir málinu. Það kom af þeirri brýnu nauðsyn, að hann var að reyna að flýta fyrir svo að það stæði þó ekki á honum þessa síðustu þrjá daga sem deildin á eftir að sitja að afgreiða þetta mál. Það er ekki ný saga, heldur hygg ég að sú skylda hvíli á stjórnarandstöðunni áfram, jafnvel hvaða ríkisstj. sem situr, að áminna ráðherrana um að skila frumvörpum sæmilega snemma inn í þingið ef ríkisstj. ætlast til að málin séu afgreidd, ekki síst ef mikið er í húfi og miklir fjármunir eru þar á ferðinni.

Ég tek undir með hv. 12. þm. Reykv., Guðmundi G. Þórarinssyni, að ég vona að flestir þm. eða þm. almennt nálgist þetta mál með jákvæðu hugarfari. Ég hygg að okkur sé öllum ljóst að á miklu ríður að okkur lærist að nýta náttúruauðlindir þannig að þær hjálpi okkur til að bæta mannlífið hér og lífskjörin. En því miður hefur reynslan ekki orðið sú af afskiptum ríkisstj., og sérstaklega ekki af afskiptum þessa hæstv. ráðh., af iðnaðar- og orkumálum að ástæða sé til þess að búast við að hann sé óskeikull í þessum efnum, sbr. síðasta embættisverk hans haustið 1979, þegar hann fyrirskipaði Bessastaðaárvirkjun, en hefur nú verið iðnrh. í rúmt ár án þess að sú virkjun komist aftur á blað, sbr. og ýmislegt fleira sem ég skal ekki rifja upp nú.

Ég hlýt að beina því til þeirrar þingnefndar, sem fær þetta mál til meðferðar, að gera á málinu rækilega könnun, líta á það frá öllum hliðum og gleyma ekki að það eru ekki aðeins hagsmunir saltinnflytjenda sem hér eru í húfi, heldur hagsmunir þjóðarheildarinnar. Ég vil m. a. benda á eitt smávægilegt atriði.

Ýmsum mönnum verður tíðrætt um að saltið, sem frá þessari verksmiðju komi, sé betra en það salt sem við fáum frá Spáni. Engin neytendakönnun hefur samt farið fram. Við vitum ekki hvernig markaðurinn bregst við saltinu af þeirri einföldu ástæðu að neytendakönnun hefur ekki farið fram.

Það er ýmislegt annað sem vekur spurningar og ekki er svarað til fulls. Ég vil t. d. vekja athygli á því, að hér er þessu fyrirtæki ætlað að starfa við önnur skilyrði en öðrum fyrirtækjum í landinu. að á að njóta meiri réttinda varðandi aðflutnings- og sölugjöld en önnur fyrirtæki. Hlutafélagalögin eiga ekki að gilda um þetta fyrirtæki eins og um önnur hlutafélög. Og sérstaklega er tekið fram að heimilt sé að undanþiggja hlutabréf í félaginu stimpilgjaldi. Ég álít að n. verði að taka rækilega til athugunar, hvort ekki sé rétt að sömu reglur gildi um þetta hlutafélag og önnur sambærileg, og einnig, hvort viðhlítandi upplýsingar liggi fyrir til þess að þingdeildin geti markað sína afstöðu með sæmilega öruggum hætti.

Ég minnist þess út af Kröfluvirkjun, sem hv. 9 þm. Reykv. minntist á áðan, að forveri núv. hæstv. iðnrh., Magnús Kjartansson, sem var iðnrh. sumarið 1974, eftir að frv. um Kröfluvirkjun var ákveðið, veitti ekkert fé til boranarannsókna á Kröflusvæðinu á því ári. Sumarið 1975 lágu einnig boranir að mestu niðri á þessu svæði. Reynslan sýnir m. ö. o. að Alþingi getur ekki treyst því í sambandi við stórfyrirtæki og stórframkvæmdir að ríkisstj. eða stjórnarmeirihluti fylgi heimildarlöggjöf eftir með nægilegum þunga. Líka þetta atriði er óupplýst í málinu og hvernig ríkisstj. að öðru leyti hyggst standa að því.

Ég sakna þess, að hæstv. iðnrh. gaf sér ekki tíma til að fylgja þessu frv. úr hlaði og vonast til þess, að við afgreiðslu málsins í n. verði alls þess gætt sem snertir þetta mál og að frekari upplýsingar en nú er liggi fyrir við 2. umr. málsins.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég veit ekki hvort það er sérstök ástæða til að vera að óska eftir því úr ræðustól, að hæstv. iðnaðar- og orkuráðh. haldi lengri ræður hér en raun hefur vitni borið að undanförnu. Ekki er það a. m. k. mín ósk.

Frv., sem hér er nú til umr., er eitt af mörgum frv. núv. hæstv. ríkisstj. sem hefur verið hrúgað inn á borð alþm. síðustu tíu dagana sem þingi er ætlað að starfa. Hér er um að ræða stórmál. Á ég bæði við þetta frv. svo og önnur sem sérstaklega hæstv. iðnrh. er svo seinn með að það er nánast að kalla hneyksli að bjóða Alþingi og alþm. vinnubrögð eins og hér eru viðhöfð. Það á ekki eingöngu við um þetta frv. eitt og sér. Það á við í miklu fleiri tilvikum.

Ég held að það sé svo um þetta mál eins og mörg önnur hliðstæð, sem eru stórmál og þurfa gaumgæfilegrar skoðunar við, að sérfræðingar eru búnir að vinna að þessum málum líklega í mörg ár í sumum tilvikum, en síðan er ætlast til þess að alþm. afgreiði þau á örfáum dögum og þá að nokkru, ef ekki að verulegu leyti án þess að fá nægjanleg gögn til að átta sig á þeim. Þetta er ekki sagt til að tala gegn frv. sem hér er nú til umr. Þetta er fyrst og fremst sagt til þess að mótmæla þeim vinnubrögðum sem hér eru viðhöfð og eiga ekki bara við um núv. hæstv. ríkisstj., heldur hafa verið hér oft áður viðhöfð, kannske oftast. Þó er ekki fjarri mér að halda að nú kasti þó tólfum í þessum efnum, og þar á hæstv. iðnrh. fyrst og fremst sök á.

Ég sé ekki að það breytti miklu um niðurstöður eða árangur varðandi þetta mál þó að til þess gæfist tími að skoða það betur til hausts og gefa þm. og þingnefndum tækifæri til að fara betur ofan í sauma á málinu en tækifæri gefst til nú. Það er gjörsamlega vonlaust, hversu gáfaðir og snjallir menn sem kunna að sitja í þeirri n. sem málið fær til meðferðar, að þeir geti af nokkru viti áttað sig á öllum þeim þráðum, sem þar er um að ræða, né geti sagt með eðlilegum hætti hvað hér er í raun og veru í boði og hvað er í húfi. Það er ekki hægt að ætlast til þess, að þm. geti unnið slík störf, ég tala nú ekki um þegar þeir eru undir þeirri pressu sem er á þingi síðustu daga.

Eftir nýjustu fréttum er einvörðungu um að ræða þriggja daga starfstíma þingsins. Á þeim tíma á þessi n. ásamt allflestum nefndum þingsins að afgreiða þetta mál og mörg önnur stórmál sem hér hafa verið lögð fram

síðustu daga og þinginu er ætlað að afgreiða. Það hlýtur að koma að því fyrr en síðar að þm. rísi upp og neiti því að vera algjörlega afgreiðslustofnun fyrir ráðh. og ríkisstj. Það verður að ætlast til þess af hvaða ráðh. og ríkisstj. sem er, að þannig sé hagað vinnubrögðum gagnvart þinginu að þm. gefist tími og tækifæri til að skoða málin með eðlilegum hætti. Þessi orð mín eru fyrst og fremst mótmæli við vinnubrögðum af þessu tagi, mótmæli við hæstv. ríkisstj. og ráðh. og fyrst og fremst mótmæli við vinnubrögð hæstv. iðnrh., eins og hann hefur látið þau fram koma hér á þingi síðustu viku.

Mér dettur ekki í hug að ætla, ef iðnn., sem málið fær til meðferðar, ætlar sér að skoða það eins og það þarf að skoðast, að hún geti lokið störfum á þessum stutta tíma. Það væri því skynsamlegt að mínu viti allra hluta vegna að það gæfist tóm til frekari athugunar á málinu. Vissulega er mikið í húfi hvernig til tekst með þetta fyrirtæki eins og önnur fyrirtæki sem verið er að ræða um að koma á fót, sem ætti að verða til að skjóta styrkari stoðum undir atvinnulíf í landinu og þannig að varða leiðina til bættra lífskjara, en því aðeins gerist það, að vel sé til vandað til þeirra hluta sem eiga að verða að því gagni sem til er ætlast.

Mér finnst því ekki óeðlilegt allra hluta vegna að málið sé athugað betur og farið ofan í saumana á því. Á því er vissulega þörf. Það er svo mörgum spurningum ósvarað varðandi þetta mál að það hlýtur að verða að gefast tóm til að kanna málið betur.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til iðnn. með 29 shlj. atkv.

Jafnrétti kvenna og karla, frv. (þskj. 516, n. 905, 552). — 2. umr.

Frsm. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Félmn. hefur haft til meðferðar frv. til l. um breyt. á lögum um jafnrétti kvenna og karla, þskj. 516, ásamt brtt. á þskj. 552.

Nefndin sendi frv. ásamt brtt. ýmsum aðilum, svo sem Vinnuveitendasambandi Íslands, BSRB, Jafnréttisráði, Kvenfélagasambandi Íslands, Kvenréttindafélagi Íslands, ASÍ, Sambandi ísl. sveitarfélaga og Vinnumálasambandi samvinnufélaganna. Umsagnir komu frá flestöllum þessum aðilum um málið. Nefndin kynnti sér þær umsagnir rækilega og fjallaði um þær.

Það hefði verið freistandi að birta þessar umsagnir. Þær eru um tvennt merkilegar: Annars vegar virðist vera mikill áhugi á málinu, og er það vel því að þessar tillögur hafa greinilega vakið umræður í þjóðfélaginu, en hins vegar eru talsvert umhugsunarefni þær umsagnir sem um málið hafa komið. Mér finnst ástæða til að grípa hér ofan í kafla úr nokkrum umsögnum til að skýra viðhorfin, hvað þau eru breytileg í sambandi við þetta mál, þar sem hér er um mál að ræða sem er mikið til umræðu í þjóðfélaginu. T. d. segir í umsögn Vinnuveitendasambands Íslands með leyfi hæstv. forseta:

„Meginefnisbreyting frv. kemur fram í 2. gr. Vinnuveitendasamband Íslands er algjörlega andvígt kynbundnum forréttindum til starfa. Jafnrétti samkv. lögunum og grundvallarhugmyndum okkar stjórnskipunar er einstaklingsbundið. Hópjafnrétti er í eðli sínu fjarstæða í lýðræðisþjóðfélagi. Í annan stað er niðurlæging í því að hljóta starf samkvæmt forréttindaákvæði af þessu tagi.

Með hliðsjón af framansögðu telur VSÍ að ákvæði þessarar greinar frv. stuðli ekki að auknum jöfnuði karla og kvenna á vinnumarkaðinum. Vinnuveitendasambandið mælir því eindregið gegn frv."

Í umsögn BSRB kemur fram jákvætt viðhorf að vissu marki um frv. og það hvetur til áframhaldandi baráttu fyrir fullu jafnrétti kynjanna til starfa og í kjaramálum. Þar kemur fram athyglisverður kafli:

„Hér á landi vantar algjörlega að fylgst sé með yfirborgunum, launaskriði. Mælir stjórn BSRB með því, að Hagstofu Íslands eða öðrum aðila verði með lögum falið að skrá reglubundið yfirborganir á vinnumarkaðinum og gefa út skýrslur þar um. Væri slík skráning áreiðanlega líkleg til þess að koma að notum við samanburð á raunverulegum launagreiðslum í landinu. Mundi það auðvelda starf til að útrýma launamisrétti.

Stjórn BSRB telur efni frv. annað en í 4. gr. þess ekki líklegt til að verða að gagni í jafnréttisbaráttunni, en augljóst er samt að til nýrra ráða þarf að grípa til aukinnar áherslu í jafnréttismálum."

Í umsögn Jafnréttisráðs um málið segir m. a.:

„Jafnréttisráð fagnar þeirri umræðu sem orðið hefur í kjölfar frv., en þar sem þegar hefur verið skipuð nefnd til að endurskoða lög um jafnrétti kvenna og karla með tilliti til þeirrar reynslu, sem fengist hefur, telur ráðið ekki rétt að svo stöddu að breyta einstökum greinum laganna. Jafnréttisráð varar við breytingum á lögunum, sem gætu haft þær afleiðingar að erfiðara yrði fyrir konur að fá störf á vinnumarkaðnum."

Í umsögn Kvenréttindafélags Íslands kemur fram að stjórn þess telur nauðsynlegt að lög nr. 78 1976, um jafnrétti kvenna og karla, verði endurskoðuð í heild í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur á s. l. fimm árum. Kvenréttindafélagið bendir mjög á umsögn er Guðrún Erlendsdóttir hæstaréttarlögmaður og dósent við lagadeild Háskóla Íslands viðhafði á norræna lögfræðingaþinginu í Kaupmannahöfn 1978, en þar segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Ef sú staða kemur upp, að karl og kona sæki um starf í starfsgrein þar sem annað kynið er allsráðandi og bæði tvö hafa sömu hæfileika og menntun til að bera, þá skal veita þeim aðila starfið, sem er af því kynferði sem er í minni hluta í viðkomandi starfsgrein. Ég tel sem sagt að konur verði að vera sömu hæfileikum búnar og karlar til þess að fá starf og að ekki eigi að veita þeim forréttindi eingöngu vegna kynferðis þeirra."

Í umsögn Kvenfélagasambands Íslands kemur m. a. fram að tvær af þremur stjórnarkonum lýstu andstöðu við frv. Jóhönnu Sigurðardóttur alþm. Álitu þær að misrétti yrði ekki leiðrétt með öðru misrétti. Hins vegar er þriðji stjórnaraðilinn meðmæltur — telur frv. vera stórt skref í rétta átt og bráðnauðsynlegt til að vekja fólk til umhugsunar og afskipta af þessu máli.

Í umsögn ASÍ kemur m. a. fram, með leyfi hæstv. forseta:

„Ef hins vegar tækist að veita kynbundinn forgang gætu orðið snögg umskipti á ýmsum sviðum. Til dæmis hefðu karlar ótvíræðan forgang til starfa við pökkun og snyrtingu í frystihúsum, til ræstingarstarfa og flugfreyjustarfa. Hliðstætt mundi gilda um störf þar sem karlmenn eru í meiri hluta, svo sem að konur færu í hafnarvinnu og

bifreiðarstjórn. Slík þróun gæti verið æskileg, en ýmsir annmarkar eru því samfara að loka fyrir aðgang annars kynsins að ákveðnum störfum um nokkurt árabil. Ákveðin hlutföll við nýráðningu kynni að vera heppilegri leið, en miðstjórn telur að aðferðir sem þessar hafi ekki verið nægilega ræddar innan samtakanna eða í þjóðfélaginu almennt til þess að unnt sé að mæla með slíkum aðgerðum nú."

Ég taldi rétt að gefa þingheimi aðeins sýnishorn af því sem fram hefur komið í umsögnum um málið. Nefndin ræddi málið ítarlega, eins og ég sagði áður, og náði algjörri samstöðu um afgreiðslu málsins á þessu stigi. Þessi afgreiðsla kemur fram á þskj. 905, nál. frá félmn., og vil ég lesa það upp:

„Félmn. hefur haft til meðferðar frv. um breyt. á lögum um jafnrétti kvenna og karla, nr. 78/1976.

Með tilliti til aths., sem fram komu í umsögnum um málið, telur n. ekki tímabært á þessu stigi að taka afstöðu til annarra ákvæða frv. en 4. gr. sem felur í sér að framlög skuli veitt til að standa fyrir könnunum á launakjörum kvenna og karla.

Nefndin telur brýnt að þessar kannanir verði gerðar til þess að Jafnréttisráði sé unnt að fylgjast með að virt sé 2. gr. jafnréttislaganna sem m. a. kveður á um að greidd séu jöfn laun fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf.

Samkvæmt 10. gr. jafnréttislaganna frá 1976 kemur fram að eitt af verkefnum Jafnréttisráðs sé að taka til rannsóknar af sjálfsdáðum hver brögð kunni að vera að misrétti í jafnréttismálum.

Í þessu ákvæði felst að Jafnréttisráð, sem skipað er samkv. 9. gr. laga nr. 78/1976, rannsaki þessi mál. Framkvæmdaaðili þessarar könnunar gæti þó verið Kjararannsóknarnefnd sé það talið hagkvæmara. Leggja verður þó áherslu á að samráð verði haft við Jafnréttisráð um alla framkvæmd og undirbúning á þessum könnunum.

Nefndin hefur því orðið sammála um að leggja til að frv. verði afgreitt með eftirfarandi rökstuddri dagskrá:

Í trausti þess, að ríkisstj. beiti sér fyrir því nú þegar, að kannanir verði gerðar á raunverulegum launakjörum kvenna og karla, svo og að kannanir þessar verði gerðar reglulega og Kjararannsóknarnefnd, Jafnréttisráði eða öðrum aðila verði gert kleift með fjárframlögum eða á annan hátt að standa fyrir þeim, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá."

Eins og ég sagði áðan voru allir nm. sammála um afgreiðslu málsins á þennan hátt, og legg ég til að þessi rökstudda dagskrá verði samþykkt.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Frá því að þetta frv. var lagt fram, sem félmn. hefur nú skilað áliti um, hefur margt komið fram í umræðum um þetta mál og í umsögnum sem hægt væri að ræða hér í löngu máli og raunar freistandi að gera hér nokkur skil. Ég skal þó ekki tefja tíma þingsins að þessu sinni með langri ræðu um þetta mál, enda mun ég beita mér fyrir því, að þetta mál komi til kasta þingsins aftur á næsta vetri. Eðlilegt verður að telja að þetta mál, sem er nokkuð umdeilt, sé skoðað á milli þinga, en ég tel nokkurs virði ef deildin tekur undir þá afgreiðslu, sem er lögð til í nál. varðandi 4. gr. frv. um kannanir á launakjörum kvenna og karla, og get því fallist á þessa afgreiðslu á þessu stigi málsins. Örfá atriði vil ég þó minnast á.

Nokkurs misskilnings og raunar mistúlkunar hefur gætt í umræðum þeim sem orðið hafa um þetta mál, sem ég raunar furða mig á.

Í fyrsta lagi gætir töluverðs misskilnings varðandi það ákvæði sem kveður á um að velja beri konur til starfa í þeim starfsgreinum sem frekar hafa valist til karlar. Margir túlka ákvæðið á þann veg, að konur þurfi ekki að hafa sömu hæfileika og menntun til að bera og karlar sem krafist er til starfans. Hér er auðvitað um reginmisskilning að ræða og gefur tilefni til að ætla að ekki sé nægjanlegt að tala um að „öðru jöfnu" í þessu sambandi, eins og gert er í ákvæðinu í frv., heldur þurfi beinlínis að taka skýrar fram hvað við er átt. Í aths. við þessa grein kom skýrt fram hvað við er átt, að eigi að velja konur til starfans verði þær að hafa sömu menntun og hæfileika til að bera og karlar sem sækja um starfið. Auðvitað verður það ekki til að skapa jákvætt viðhorf til þessa ákvæðis frv. meðan svo villandi túlkun er lögð í þetta ákvæði.

Í annan stað hefur oft mátt skilja á umræðum um málið, að verði þetta ákvæði lögfest séu konur að biðja um meira en jafnrétti, meira en það sem karlmenn hafa, þær séu að krefjast þeirra forréttinda að vera settar skör ofar en þeir í atvinnulífinu, og mikið er hamrað á orðunum „forréttindi og misrétti" í þessu sambandi. Auðvitað er það fjarstæða og felst í því mikil þversögn. Það vita þeir sem leggja raunsætt mat á þessi efni. Hér er einungis verið að reyna að leita nýrra leiða til að ná fram jafnrétti sem fyrir löngu átti að vera komið á, en ekki tekist. Það er verið að reyna að ná fram þeim réttindum, því jafnrétti, sem allir viðurkenna, a. m. k. í orði, að eigi að gilda og konur áttu að hafa öðlast fyrir löngu. Það er raunar verið að rétta af þá slagsíðu, sem er í atvinnulífinu á kjörum kvenna og karla, og leiðrétta það misrétti sem ríkir í þeim málum. Því felst, eins og ég segi, nokkuð mikil þversögn í þeim umræðum sem orðið hafa.

Mig hefur furðað hvað fortakslaust margir tala um forréttindi kvenna í þessu sambandi. Sem betur fer er það þó svo, að margir leggja annan skilning í þessi mál, og vitnaði ég t. a. m. í minni framsögu fyrir þessu frv. til túlkunar Guðrúnar Erlendsdóttur á gildandi lögum í þessu sambandi, en Guðrún er einn af höfundum núgildandi jafnréttislaga. Í umsögn Jafnréttisráðs, sem félmn. fékk um þetta frv., kemur fram svipuð túlkun og túlkun Guðrúnar, og er fróðlegt að bera saman þá túlkun á gildandi lögum og svo ákvæði frv.

Í umsögn Jafnréttisráðs er bent á eftirfarandi atriði varðandi efni frv. og brtt.: Jafnréttisráð leggur þann skilning í 2. og 3. gr. laganna, þ. e. núgildandi laga um jafnrétti kvenna og karla, að ef sú staða kemur upp að karl og kona sæki um starf í starfsgrein þar sem annað kynið er alls ráðandi og bæði hafa sömu menntun og hæfileika til að bera, þá skuli veita þeim aðila starfið sem er af því kynferði sem er í minni hluta í viðkomandi starfsgrein. Telur ráðið að sá skilningur sé í samræmi við tilgang laganna eins og hann kemur fram í 1. gr. laga nr. 78/1976. Vegna þeirra umræðna, sem orðið hafa í kjölfar frv., kemur fram í umsögn Jafnréttisráðs, að sú spurning vakni, hvort nauðsyn sé að lögfesta þessa túlkun Jafnréttisráðs á núgildandi lögum.

Þessar aths. taldi ég rétt að kæmu fram við afgreiðslu málsins hér í deildinni.

Þá afgreiðslu, sem málið fékk í félmn. og fram kemur í þessu nál., get ég sætt mig við á þessu stigi málsins. Ég tel eðlilegt að bæði Alþingi og þeir, sem láta sig jafnréttismál skipta, fái nokkurn tíma til að fjalla um þessi mál

áður en ákvörðun er tekin um hvaða leið sé heppilegust og samkomulag getur tekist um til að ná fram raunverulegu jafnrétti kynjanna í atvinnulífinu.

Ég get fullyrt það hér, að þótt frv. þetta hafi mætt nokkuð sterkri andstöðu margra fyrst þegar það var lagt fram hef ég þó fundið að viðhorf margra hafa breyst og velflestir viðurkenna að átak þurfi að gera til að uppræta misrétti sem ríkir í launa- og atvinnumálum milli kvenna og karla, þó nokkuð skiptar skoðanir séu um hvernig það verði best tryggt.

Ég sagði í framsögu fyrir þessu frv., að sú leið, sem ég legg til í þessu frv., þyrfti ekki að vera sú eina rétta og ég væri tilbúin að skoða aðrar leiðir væri ég sannfærð um að þær skiluðu raunverulegum árangri. Í félmn. lagði ég t. d. fram aðra till. sem er hliðstæð ákvæði norsku jafnréttislaganna og felur í sér að sé talið nauðsynlegt til að afnema raunverulegt misrétti kynjanna sé það ekki andstætt lögunum þó að kynjunum sé mismunað — ef það er í samræmi við tilgang laganna, þ. e. stuðli að jafnrétti kynjanna. Ekki ósvipuð ákvæði eru einnig í dönskum og sænskum jafnréttislögum. Í Svíþjóð er það þannig, að fyrirtæki, sem njóta opinbers fjárstuðnings, verða að hafa a. m. k. 40% af hvoru kyni í störfum. Í þessum löndum hafa slík ákvæði þótt nauðsynleg til að ná fram jafnrétti. Því er varla óeðlilegt þó að upp komi hugmyndir á landi hér um ekki ósvipaðar leiðir. Ekki erum við fremri þessum þjóðum í jafnréttisbaráttunni. Standa konur hér á landi langt að baki konum á hinum Norðurlöndunum hvað varðar forustu á Alþingi, í sveitarstjórnum, í embættismannakerfinu og ýmsum áhrifastöðum í atvinnulífinu.

Mér er tjáð að nú liggi fyrir norska þinginu frv. sem er eins að efni til og það frv. sem ég lagði fram, þ. e. að þegar um er að ræða störf þar sem frekar hafa valist til karlar en konur skal konunni að öðru jöfnu veitt starfið. Eins má benda á að í Noregi hafa verið síðan 1975 í gildi reglur sem kveða á um að a. m. k. skuli vera ein kona í öllum nefndum, ráðum og stjórnum sem ríkisstj. og hið opinbera skipar í.

Ég sagði í upphafi að ég skyldi ekki vera langorð um þetta mál nú og við það skal ég standa. Ég ítreka að ég tel eðlilegt að frekari umræður eigi sér stað í þjóðfélaginu um þessi mál áður en Alþingi tekur ákvörðun þannig að milli þinga gefist tóm til að athuga málið betur.

Í nál. hefur félmn. gert einu ákvæði frv. sérstök skil og því ber að fagna. Þar er lagt til að ríkisstj. beiti sér fyrir því nú þegar, að kannanir verði gerðar á raunverulegum launakjörum kvenna og karla og Kjararannsóknarnefnd, Jafnréttisráði eða öðrum aðila verði gert kleift með fjárframlögum eða á annan hátt að standa fyrir þeim. Ég hef sagt í umræðum um þetta mál að ég tel þetta ákvæði mikilvægasta ákvæði frv., því að verði það framkvæmt er ég sannfærð um að það hefur áhrif á kjör fjölda kvenna á vinnumarkaðinum. Þær örfáu kannanir, sem þegar hafa verið gerðar í þessu efni, benda mjög skýrt til að mikið misrétti ríki í launamálum kvenna og karla. Því geri ég mér vonir um að deildin geti fallist á afgreiðslu þessa máls, sem lögð er til á þessu stigi málsins og fram kemur í nál., og hún verði til þess að þegar verði hafist handa í þessu máli. Í trausti þess að svo verði leggja nm. félmn. til þá afgreiðslu frá deildinni sem fram kemur í þessu nál. og að ákvarðanir um önnur ákvæði frv. bíði næsta þings.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að tala langt mál. Hins vegar ætla ég að segja það, að afgreiðsla hv. félmn. á þessu máli er afskaplega vesældarleg. Kannske hefur karlaveldinu þótt nokkuð nærri sér höggvið með þessu máli.

Menn hafa talað um að hér væri verið að fara fram á forréttindi. Það er verið að fara fram á forréttindi til að koma á jafnrétti. Um það snýst þetta mál. Hér er til tekið að þessi forréttindi skuli aðeins gilda í 5 ár og að því loknu verði væntanlega metið hver reynslan verður.

Mér finnst auk þess heldur hlægilegur sá rökstuðningur sem notaður er til þess að næsta mál á dagskrá verði tekið fyrir, eins og stendur í áliti félmn., að ríkisstj. sé falið að beita sér fyrir að kannanir verði gerðar á þessum launakjörum. Vita ekki allir mismuninn á þessum launakjörum? Hvaða fólk er það sem vinnur og er aðilar að Iðju, félagi verksmiðjufólks, en það er lægst launaða fólkið í landinu? Eru það karlar? Að langmestum meiri hluta eru það konur. Og konurnar í Sókn, sem skúra gangana í sjúkrahúsunum, eru launalægsta fólkið í landinu, hjá Verslunarmannafélaginu yfirgnæfandi meiri hl. og það fólk, sem vinnur í lægst launuðu störfunum í BSRB, hjá hinu opinbera, eru konur. Þess vegna var full ástæða til að samþykkja þetta frv. eins og það kom fram hér á þinginu, ef það hefði getað orðið til þess að auka jafnrétti í þessu landi sem er auðvitað ekki neitt þegar kemur að þessum málaflokki. Þau forréttindi, sem hér er farið fram á, — ég endurtek það, — þau eru eingöngu til að auka jafnrétti og draga úr því misrétti sem er í þjóðfélaginu á þessu sviði.

Ástæðulaust er að fara fram á það við ríkisstj. að hún geri könnun á máli sem liggur ljóst fyrir hvernig er. Það er nóg fyrir hv. félmn. að snúa sér til verkalýðsfélaganna og spyrja hverjir þar hafa lægstu launin. Það þarf ekki að biðja ríkisstj. að kanna þetta mál. Þetta vita allir, hver og einn einasti maður. Þessi afgreiðsla nefndarinnar er — æ, ég veit það ekki, ég ætla ekki að nota þau orð sem mig langar til að nota um það, en hún er afskaplega aumkunarverð. (Gripið fram í.) Ef hv. þm. Garðar Sigurðsson hefur eitthvað við mál mitt að athuga væri réttast að hann kæmi hingað upp og léti það álit sitt í ljós. Ef hann telur að þetta jafnrétti sé svo mikið að ekki þurfi að ráða einhverja bót á því yfirþyrmandi misrétti sem á sér stað í launamálum hér á landi, þá vildi ég heyra skoðanir hans á því máli. Það fólk, sem segir að hér sé ferðinni forréttindafrv., er algerlega fjarstæðukennt í fullyrðingum sínum. **(Gripið fram í:** Þú hefur sagt það sjálfur.) Ég hef ekki kallað það sjálfur forréttindafrv. Ég hef sagt að þetta væru forréttindi til að ná jafnrétti — forréttindi sem gildi í fimm ár. En það er alveg augljóst að þetta karlaveldi, sem oft hefur verið talað um, er öflugra en nokkurn grunaði.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég vek athygli á því, að náðst hefur fullt samkomulag í hv. félmn. um afgreiðslu þessa máls og í n. er hv. flm. frv. Ég veit ekki hversu lengi menn ætla að skemmta hver öðrum með ræðuhöldum í þessu máli héðan í frá, en ég hlýt mjög að stytta þessar umr. eða taka málið formálalaust út af dagskrá ef menn kjósa þá aðferð heldur.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Það er ekki ætlun mín að reyna að hryggja neinn né gleðja sérstaklega með framlagi mínu við þessar umr., og ég skal reyna að hafa það mjög stutt. Ég vil í stuttu máli, eins og ég segi,

tjá þá skoðun mína, að ég hef ætíð verið mótfallin þeirri aðferð, sem lögð er til, til að ná jafnrétti konum til handa. Þá á ég við frv. það frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur sem hér liggur fyrir og skilað hefur verið nál. út af. Ég er Jóhönnu engu að síður þakklát fyrir að koma með þetta mál inn á þing, og ég held að umræðurnar, sem um það hafa orðið, hafi jákvæð áhrif frekar en hitt.

Mér finnst gremja hv. þm. yfir því, að 2. gr. frv. hafi verið mistúlkuð, ekki eiga við rök að styðjast því að greinin, eins og hún er orðuð, gefur beint tilefni til að ætla að þarna sé alls ekki krafist sömu hæfileika og menntunar konu til starfs sem karls, enda þótt það komi fram í athugasemdum, og í fyrstu, þegar ég heyrði þetta frv., olli þetta mikilli undrun minni.

Ég ætlaði að vera stuttorð. Ég vil segja það, að mér koma ekki á óvart þær umsagnir sem hv. félmn. bárust um þetta mál. Þessi aðferð, sem hér er lögð til, ber keim af ofbeldi sem ég get ekki fellt mig við, hversu mjög sem við viljum aukið jafnrétti.

Hv. þm. Árni Gunnarsson talaði um að ekki væri neitt jafnrétti. Auðvitað er jafnrétti eða ekki. Það er varla hægt að tala um lítið eða mikið eða dálítið jafnrétti. Það er jafnrétti eða ekki. Það er enginn vafi á að jafnrétti er ekki náð. Ég er heils hugar samþykk þeim sem gagnrýna það og vilja bæta úr. En ég er hrædd um að þessi aðferð, ef að lögum yrði, gæti boðið heim auknu ranglæti og jafnvel ógeðfelldri spillingu til viðbótar við það sem nú er og er þó ekki á bætandi. Þess vegna er ég mótfallin því að fara þessa leið. Ég treysti á að aukin menntun kvenna, sem leiði til aukinnar þátttöku þeirra í atvinnulífi og menningarlífi okkar, þjóðlífi öllu, verði besti lykillinn að raunverulegu jafnrétti. En það kvótakerfi, sem þarna er verið að ræða um, og forréttindi og mismunun til að ná jafnrétti felli ég mig ekki við. Mér finnst það jafnvel lítilsvirðandi fyrir konur að ætla að leita jafnréttis og ná settu marki í þeim málum með þessum hætti. Þess vegna get ég fallist á þá niðurstöðu sem n. komst að. En ég tek undir það, að afgreiðsluformið var óþarflega hvatskeytilegt og ber kannske vott um það hugarfar meðal karla sem of lengi hefur ráðið í þessum málum hér á landi.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Hæstv. forseti sagði að það væri óþarfi fyrir menn að láta í sér heyra vegna þessa máls vegna þess að allir hefðu verið sammála um hvernig ætti að afgreiða það, þ. e. með því að vísa því frá með þessum gamla og klassíska hætti að vísa því til ríkisstj. Ég er samþykkur þeirri afgreiðslu. En það er ekki þess vegna sem ég kvaddi mér hljóðs. Ég ætlaði raunar alls ekki að segja orð um þetta, ósköp einfaldlega vegna þess að ég var samþykkur þessari afgreiðslu þó að ég hafi auðvitað alls ekki verið samþykkur frv. Það er langur vegur frá því.

Ástæðan til þess, að ég bað um orðið, er ósköp einfaldlega sú, að eftir sakleysislegt framíkall, eins og hefur lengi tíðkast hér, í hundrað ár a. m. k., gerir hv. þm., sem var í ræðustól, Árni Gunnarsson, sér það ómak að gera mér upp skoðanir í jafnréttismálum með þessum líka hávaðanum og fyrirganginum. Ég hálfsé eftir því að hafa truflað hann við ræðuhöldin því að þetta var ekta framboðsræða af kratategundinni og af verstu gerð. (**ÁG:** Eru kosningar fram undan?) Hv. þm. var að nudda sér á hálfógeðslegan hátt utan í konur í ræðu sinni. Ég efast um að málflutningur af þessu tagi verði þessum hv. þm. sérstaklega til framdráttar.

Ég er auðvitað málsvari jafnréttis, en ég tel þessa leið afar óskynsamlega. Það er ákaflega slæmt og ekki jafnrétti kvenna til framdráttar að einmitt konur skuli bera fram óskynsamleg mál. Ég tel að þessi leið sé ekki skynsamleg og frv. klaufalega sett fram, svo ég tali nú ekki um þá brtt. sem hv. þm. Guðrún Helgadóttir kom með inn í *málið og er ákaflega heimskuleg og sú alvitlausasta sem* hér hefur sést síðan ég kom fyrir 10 árum inn á hið háa Alþingi. Ég ætla að gera það fyrir hæstv. forseta að fara ekki að leggja út af þeim texta, en svo sannarlega mætti velta sér upp úr þeirri hugmynd í langan tíma.

Herra forseti. Ég gæti auðvitað margt fleira sagt, bæði um þetta mál og ekki síst málflutning hv. þm. Árna Gunnarssonar, sem var því miður, en sem betur fer ekki oft, á ákaflega lágu plani.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég er alveg undrandi á því, að hæstv. forseta skuli þykja það eitthvað óeðlilegt að þm. vilji ræða niðurstöðu úr n., jafnvel þó að flm. málsins hafi — ég verð að segja að honum hafi líklega verið þröngvað til að fallast á þessa niðurstöðu málsins til þess að málið fengi afgreiðslu vegna þess að líklega hafa einhver afturhaldsöfl hér í þinginu og í nefndinni ætlað sér að drepa málið algerlega. Það bindur að sjálfsögðu ekkert hendur þm. almennt og því er þeim heimilt að ræða það sem hér er lagt til, sem er frávísun á málinu með rökstuddri dagskrá. Og það eru kannske til meiri jafnréttismenn hér í deildinni en hv. flm. málsins. Þó að ég sé á engan hátt að draga í efa vilja hans til jafnréttis, síður en svo, er jafnvel hugsanlegt að menn vilji ganga enn þá lengra í jafnréttinu.

Út af því, sem hv. þm. Garðar Sigurðsson sagði, er ekkert undarlegt þó menn fari í mörgum tilfellum að gera hv. þm. upp skoðanir vegna þess að það er í vaxandi mæli *sem þessi hv. þm. er hættur að hafa skoðanir í málum.* Öðruvísi er ekki hægt að gera þetta en með því að gera honum upp skoðanir. Engar skoðanir hafa komið fram frá hans hálfu í þessu máli frekar en öðrum. Þetta er tíðarandi sem nú er ríkjandi innan dyra hjá hv. þm. Garðari Sigurðssyni.

Nú ég verð að segja það, að mér finnst afskaplega leitt til þess að vita, að þetta mál skyldi verða afgreitt með þessum hætti. Það ber vott um afturhaldssemi, að mér finnst, hjá hv. þingnefnd að afgreiða málið með þeim hætti að vísa því frá. Ég lít svo á að þetta nál. og till. um rökstudda dagskrá sé beinlínis um að að vísa málinu frá. (Gripið fram í.) Ég treysti í engu á forsjá þessa máls í höndum hæstv. ríkisstj., tala nú ekki um með hæstv. félmrh. í broddi fylkingar því að þar hræða sporin sannarlega. Málinu er síður en svo borgið þó að því verði vísað til hæstv. ríkisstj. Ég hefði því talið að það hefði verið þingdeildinni til meiri sóma að afgreiða málið með eðlilegum hætti, láta á það reyna hvort ekki væri hægt að *knýja fram jafnrétti — með ofbeldi segja sumir.* Það getur stundum þurft að beita slíkum aðferðum ef hestar eru staðir. Það virðast margir staðir hér á hv. Alþingi eða í þessari deild að því er varðar jafnrétti. Það hefði því átt að láta á það reyna, hverjir voru staðastir í þessum efnum. Vissulega finnst mér þessi till. um rökstudda dagskrá bera þess merki hvar þá er fyrst og fremst að finna, að undanskildum flm.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það voru aðeins

nokkur orð út af ummælum hv. 6. þm. Norðurl. e. sérstaklega.

Ég held að varla sé hægt að uppræta óréttlæti með verra. Hér er í 2. gr. beinlínis lagt til að karlar og konur standi ekki jafnfætis varðandi möguleika á að fá starf, og það er réttlætt með því, að ranglæti hafi fyrr meir tíðkast. Ég held að ranglæti gagnvart ungum mönnum nú sé ekkert léttbærara en ranglæti gagnvart ungum konum áður og menn verði í þessum efnum að reyna að feta einhverja skynsamlega leið. Mér sýnist raunar, ef farið er um fyrirtæki eða stofnanir, að konur hafi haslað sér völl þar sem þeim sýnist og hafi ekki neina minnimáttarkennd. Ég verð því að segja að ástæðan fyrir því, að þessu frv. er vísað til ríkisstj., er einfaldlega sú, að ekki er hægt að samþykkja frv. eins og það liggur fyrir af því að það stangast á við stjórnarskrá og heilbrigða skynsemi og stuðlar beinlínis að óréttlæti og rangindum, og á móti því eru menn að sjálfsögðu.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Ég ætla að gera nærfellt akademískar athugasemdir við málflutning einkum og sér í lagi hv. 4. þm. Suðurl., Garðars Sigurðssonar.

Hann notaði þau orð um málflutning hv. þm. Árna Gunnarssonar að hann hefði verið „ógeðslegur" og „á lágu plani". Menn segja ýmislegt til að vinna skoðunum sínum fylgi og það er út af fyrir sig ekkert við það að athuga. En því næst sagði hv. þm. Garðar Sigurðsson nokkuð sem gera má mjög alvarlegar athugasemdir við. Hann sagði að það væri ekki jafnréttisbaráttu til framdráttar þegar konur flyttu vitlaus frumvörp. Sannleikurinn er sá, að ef menn hugleiða aðeins hugsunina, sem í þessum orðum felst, er málið það, að hv. þm. Garðar Sigurðsson — og nú tek ég fram að ég er einasta að gera fræðilega athugasemd — getur verið Vestmannaeyjum til skammar. Hann er það auðvitað ekki, en fræðilega gæti hann verið það. Hann getur líka verið Alþb. til skammar. Hann er það ekki, en fræðilega gæti hann verið það. En hann er ekki karlmönnum til skammar þó að hann geri eitthvað af sér. Sannleikurinn er sá, að með þessum hætti er verið að draga konur í annan og lakari undirmálsflokk, og þó að þetta séu orð sem falla í hita umræðunnar felst á bak við þau 19. aldar hugsunarháttur sem er eiginlega ágætur til undirstrikunar því, hvers vegna þetta frv. er flutt.

Nú geri ég ekki ráð fyrir að hv. þm. Garðar Sigurðsson hafi verið að boða heimspekikenningar með þessum orðum sínum, en ef baksvið þessara orða er skoðað felst engu að síður heilt heimspekikerfi, heilt kerfi lífsskoðana, í baksviði þeirra orða sem þm. segir um þessi efni. (**GS:** Hvaða orð eru það, hv. þm.?) Það eru þau orð, að það sé jafnréttisbaráttu ekki til framdráttar að konur flytji vitlaus frumvörp.

Ég endurtek það, að því er vakin athygli á þessu að ég hygg að þessi orð, þessi sennilega ómeðvitaða kynjaskipting hv. þm., skýri til hvers frv. af þessu tagi er flutt.

Frsm. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Það er örstutt aths. út af ræðu hv. 6. þm. Norðurl. e., sem var að gera tilraun til að gera heldur lítið úr þessu nál.

Ég ætla ekki að fara að deila við hv. þm. Ég vil aðeins, þar sem hann gerði lítið úr þessum rannsóknarþætti, benda honum á umsögn Jafnréttisráðs og benda honum einnig á 4. gr. frv. á þskj. 516 þar sem aðalkrafa flm. og Jafnréttisráðs er að fá meira fjármagn til að kanna launakjör kvenna og karla sem Jafnréttisráð telur sér skylt að gera lögum samkvæmt og telur eiginlega grundvöll þess að Jafnréttisráð geti starfað.

Einnig vil ég benda honum á það, að þetta nál., sem er rökstudd dagskrá, er raunverulega orðið til að tillögu hv. flm. frv., 10. landsk. þm., sem þm. lagði fyrir nefndina og nefndin féllst á að yrði samhljóða nál. nefndarinnar eins og það er á þskj. 905. Þess vegna er það, að ef hv. þm. vill reyna að gera lítið úr þessu er hann um leið að fjargviðrast yfir því, að félmn. tekur fullt tillit til hv. flm. frv., 10. landsk. þm.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Ég skal ekki koma með akademískar athugasemdir við málflutning hv. þm. Vilmundar Gylfasonar, því að ef það eru akademískar athugasemdir, sem hann kemur með, kæri ég mig ekki um að beita þeim.

Akademískar athugasemdir hv. þm. byrjuðu á beinum ósannindum. Ég nefndi það aldrei að málflutningur hv. þm. Árna Gunnarssonar væri ógeðslegur og á lágu plani, heldur aðeins á lágu plani, alls ekki ógeðslegur. Hins vegar notaði ég heldur óþokkalegt lýsingarorð í öðru sambandi — að vísu fyrr, en ekki þarna.

Það er ákaflega einkennilegt hvernig hv. þm. getur leyft sér að halda því fram, að ég hafi með þeim orðum, sem ég mælti hér í dag um þetta efni, verið að draga konur í einhvern annan og verri dilk, í undirmálsflokk. Það er misskilningur. Ég veit ekki hvernig í ósköpunum hann getur dregið þær ályktanir. Hann hefur öðruvísi og annan skilning en ég á mjög mörgum efnum, enda lítt reyndur ungur piltur. Þessi skilningur er svo sannarlega yfirskilvitlegur. Baksvið þessara orða minna var í raun og veru hvorki breitt né merkilegt, það er rétt. En ég held að hann sé að skoða eitthvað allt annað, tilbúið, upphugsað og ímyndað baksvið í sínu eigin höfði, en ekki það baksvið sem ég hafði fyrir aftan mig þegar ég var að flytja þessa stuttu ræðu í dag.

Það er áreiðanlega rétt, sem ég sagði, að það er ekki jafnréttisbaráttu kvenna, ekki heldur konum yfirleitt, til nokkurs framdráttar á einn eða annan hátt þegar þær fáu konur, sem sitja á Alþingi, láta draga sig út í það að flytja vond mál að lítt athuguðu máli, ég tala nú ekki um svo vitlausa brtt. sem ég nefndi hér í dag, sem er rökræn vitleysa. Það er slæmt ef karlrembusvín þessa þjóðfélags, eins og það heitir á máli Þjóðviljans a. m. k., geta bent á að þær fáu konur, sem veljast á þing, leyfi sér að flytja aðra eins vitleysu og þarna er um að ræða a. m. k. hjá annarri af þeim konum sem ég minntist á í dag. Ég er meira að segja alveg viss um að því miður hafi flutningur þessa frv. orðið til þess að skaða jafnréttisbaráttuna. Því miður, því að það er sannarlega ástæða til að reyna að finna einhverjar gagnlegar leiðir til að auka jafnrétti í þjóðfélaginu. Það er skelfilegt misrétti í launamálum kvenna. Ég tel að flutningur þessa frv. hafi orðið til þess að jafnréttisbaráttan fær bakslag, en ekki að þetta verði henni til framdráttar. Þetta er ekki mælt í því skyni eða með þeirri hugsun að ég sé á einn eða annan hátt að vera á móti jafnrétti í þessum efnum. Mér hefði aldrei dottið það í hug.

Herra forseti. Það er liðið mikið á fundartímann og ég ætla ekki að tala hér allan matartímann, jafnvel þó að mínar ræður geti oft komið í staðinn fyrir mat og það góðan mat. Það er auðvitað fjarri því, að ég sé haldinn

einhverjum fordómum í þessum efnum, og öll orð eins og „ómeðvituð kynskipting“ og annað af því tagi læt ég sigla fram hjá mér að þessu sinni, en er reiðubúinn að ræða við hv. þm. hvar og hvenær sem er um þessi efni, aðeins ef hann hefur lag á því og vonandi vit á því að snúa ekki út úr því eða rangfæra það sem ég hef sagt.

ATKVGR.

Till. á þskj. 905 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 28 shlj. atkv.

Eftirlaun til aldraðra, frv. (þskj. 841, n. 931). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. sem liggur hér frammi á þskj. 931. Heilbr.- og trn. hefur fjallað um þetta mál og samþykkt að mæla með afgreiðslu þess eins og það var afgreitt frá Ed. Hv. Ed. gerði á þessu frv. nokkrar breytingar, sem liggja hér frammi á þskj. 755.

Þar sem hér er um að ræða eitt af loforðum í yfirlýsingu ríkisstj., sem hún gaf við kjarasamninga 27. okt. s. l., taldi heilbr.- og trn. sér ekki fært annað en að veita þessu frv. brautargengi með þeim breytingum sem áorðnar eru, eða eins og frv. liggur fyrir á þskj. 841, og leggur því til að það verði samþykkt þannig.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Við meðferð þessa frv. í Ed. kom fram gagnrýni á hvernig greiðslum samkv. 1. gr. þess er háttað, þ. e. að þær skuli uppi bornar af Atvinnuleysistryggingasjóði. Kom fram brtt. í Ed. frá hv. þm. Karli Steinari Guðnasyni og Salome Þorkelsdóttur um að þessar greiðslur kæmu úr ríkissjóði, en sú till. var felld.

Alþb.-menn hafa verið hér á þingi harðir andstæðingar þess, að verið sé að leggja byrðar á Atvinnuleysistryggingasjóð. Er þess skemmst að minnast, að vorið 1979, þegar frv. um eftirlaun til aldraðra var samþykkt hér á Alþingi, mótmæltu þeir því mjög að með því frv. væri verið að leggja auknar byrðar á Atvinnuleysistryggingasjóð. Því var t. a. m. harðlega andmælt af einum verkalýðsforingja þeirra sem þá var á þingi, Eðvarð Sigurðssyni, sem talaði um þá að það væri hreint ömurlegt, að ríkisstj. skyldi standa fyrir slíkri aðför að Atvinnuleysistryggingasjóði, og það væri ekki sæmandi, að þeir, sem réttindi ættu að fá með því frv., væru látnir greiða reikninginn. Nú er það sama uppi á teningnum, að þeir, sem réttindanna eiga að njóta, eiga að greiða reikninginn. Talað er um í grg. frv. að þessu skuli létt af sjóðnum í áföngum án þess að það sé nokkuð nánar skilgreint. Ég tel nauðsynlegt að inn komi ákvæði um, á hvern hátt ríkissjóður standi að því að létta þessum byrðum, 820 millj. gkr., af Atvinnuleysistryggingasjóði, og það sé vitað þegar við samþykkjum þessa grein, hvernig réttindi skuli uppi borin af Atvinnuleysistryggingasjóði, hvenær áformað sé að létta þeim af sjóðnum. Ég er sannfærð um að a. m. k. formaður Verkamannasambandsins, hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson, getur verið sammála mér í því efni, að nauðsynlegt sé að fastsetja það þannig að ekki sé hægt að sniðganga að svo verði gert. Ég mun því flytja brtt. ásamt hv. þm. Karvel Pálmasyni og Magnúsi H. Magnússyni við frv. þess efnis, að til komi á eftir 4. gr. ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Greiðslum samkvæmt 4. gr. skal létta af Atvinnuleysistryggingasjóði eigi síðar en 1. jan. 1982“.

Þessari brtt. hefur ekki enn, að ég held, verið dreift og leita þarf afbrigða fyrir því að hún megi fyrir koma.

Því var mótmælt við kjarasamningana í vetur, að þessar greiðslur kæmu úr Atvinnuleysistryggingasjóði, og við meðferð málsins í heilbr.- og trn. Ed. kom fram eindregin ósk frá forustu ASÍ um að skýrt kæmi fram hvenær þessu yrði létt af sjóðnum. Var talað um næstu áramót í því sambandi.

Ég vona að hv. Alþb.-menn reyni nú að vera samkvæmir sjálfum sér svona einu sinni til tilbreytingar á Alþingi í vetur og greiði götu þessarar brtt. í gegnum þessa hv. deild. Bind ég a. m. k. miklar vonir við formann Verkamannasambandsins í þessu efni, að hann styðji félaga sína í forustu ASÍ við að knýja á um að þessi brtt. nái í gegn á hv. Alþingi.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 976) samþ. með 24 shlj. atkv.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

2.—4. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 976 felld með 15:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: VG, ÁG, FrS, GJG, HBl, JS, JÞ, KP, MHM, MB, SigurlB, SvH.

nei: ÞS, AS, EH, GGÞ, GHelg, HÁ, HG, JI, IGísl, JE, PP, SkA, SV, SBó, SvG.

13 þm. (AG, BGr, BÍG, FÞ, GS, GeirH, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PJ, RA, SighB, SteinG) fjarstaddir.

5. gr. samþ. með 18 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: RA, SkA, SV, SBó, SvG, ÞS, AS, GS, GJG, GGÞ, GHelg, HÁ, HG, JI, IGísl, JE, PP, PJ.

VG, ÁG, FrS, HBl, JS, JÞ, KP, MHM, MB, ÓE, SigurlB, SvH greiddu ekki atkvæði.

10 þm. (SighB, SteinG, AG, BGr, BÍG, EH, FÞ, GeirH, MÁM, ÓÞÞ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Ríkisborgararéttur, frv. (þskj. 807, n. 932 og 933, 934, 935). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Jósef H. Þorgeirsson): Herra forseti. Allshn. þessarar deildar hefur fjallað um frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar, en það mál hefur verið afgreitt í Ed. Nefndin er sammála um að flytja við frv. eina breytingu og hún varðar það, að bætt er inn í þann lista, sem kom frá Ed., tveimur nýjum nöfnum. Er n. sammála um þá tillögu.

Að því er varðar 2. gr. frv. voru gerðar á henni verulegar breytingar í Ed. Allshn. fékk til viðtals við sig

hagstofustjórann, Klemens Tryggvason, þegar hún fjallaði um breytinguna á 2. gr. Hann skýrði afstöðu sína og Hagstofunnar til þessarar breytingar á 2. gr. Í stuttu máli var afstaða hans sú, að hann telur að sú breyting, sem gerð var í Ed. á 2. gr. frv., sé þess eðlis að rétt sé og skylt að athuga hana vandlega frá öllum hliðum áður en hún verður lögfest. Hér er um að ræða gerbreytingu á kerfi sem haldist hefur að mestu óbreytt í nærri 30 ár og fengið snurðulausa framkvæmd þannig að allir hlutaðeigendur hafa setið við sama borð. Ljóst er að breyting á slíku kerfi ætti ekki að vera skyndiákvörðun, heldur rækilega undirbúin, og m. a. virðist sjálfsagt að leitað sé umsagnar um málið frá þeim aðilum sem sjá um framkvæmd mannanafnaákvæða svo og frá heimspekideild Háskólans og fleiri aðilum. Almennt skoðað, telur hagstofustjóri, verður að telja að æskilegt sé að tillögur um breytingar á umræddu kerfi séu teknar til meðferðar um leið og sett yrðu ný lög um mannanöfn.

Þá telur hagstofustjóri að 2. gr. frv., eins og Ed. gekk frá henni, sé mjög óljóst orðuð. En eins og hún er sögð eiga að skiljast er með samþykkt hennar það lítið eftir af því kerfi, sem gilt hefur, að tilgangslítið er að áliti hagstofustjóra að halda í þær slitrur. Foreldri, sem fær íslenskt ríkisfang samkvæmt lögum, heldur nafni sínu, og sama er að segja um öll börn yngri en 18 ára sem fá réttinn með foreldrum. Aðeins börn, sem fædd eru eftir að hlutaðeigandi fær ríkisfang, eiga að fá íslensk nöfn. Hér er um að ræða það lítinn hluta þeirra einstaklinga, sem hingað til hafa sætt nafnbreytingu, að ekki tekur að láta svo fáa sæta kvöð í þessu sambandi.

Þá er einnig á það bent, að augljóslega er illa stætt á því frá siðferðilegu og félagslegu sjónarmiði að mismuna, eins og frv. gerir ráð fyrir, milli barna fæddra fyrir og eftir viðtöku foreldris á íslensku ríkisfangi. Auk þess skapast við þetta afkáralegt ósamræmi í nöfnum einstaklinga af sömu fjölskyldu. Að dómi hagstofustjóra væri mun réttara og eðlilegra að ganga hreint til verks og fella alveg niður gildandi nafnbreytingarkerfi.

Hagstofustjóri vakti einnig athygli á því, að eins og Ed. hefur gengið frá 2. gr. mundu viðtakendur íslensks ríkisfangs samkv. lögum yfirleitt aldrei nota íslenska eiginnafnið sem þeir eiga að fá. Þeir munu að sjálfsögðu nota sitt erlenda eiginnafn áfram, enda engin skylda að nota íslenska eiginnafnið. Það mundi því eingöngu koma fram í kenninöfnum þeirra barna sem fæddust eftir að foreldri fékk íslenskt ríkisfang, og augljóslega yrði þetta mjög óeðlilegt og óviðkunnanleg tilhögun í framkvæmd.

Hagstofustjóri telur einnig, að ef núgildandi nafnbreytingarkerfi yrði gerbreytt, eins og er gert ráð fyrir í 2. gr. eins og hún liggur fyrir eftir afgreiðslu Ed., mundu koma upp mjög háværar kröfur um endurheimt nafna frá mörgum þeirra sem á undanförnum 30 árum hafa beint eða óbeint orðið að sæta nafnbreytingum.

Það er fráleitt að dómi meiri hl. allshn. að fella niður það kerfi, sem við höfum búið við í nokkra áratugi, án þess að taka afstöðu til þess, hvernig eigi að farа með þá íslenska ríkisborgara sem urðu að breyta nafni sínu á undanförnum árum og áratugum við það að öðlast íslenskt ríkisfang.

Í samræmi við þetta álit hagstofustjóra leggur meiri hl. allshn. til að 2. gr. frv. verði færð í upphaflegt horf og frá gengið með þeim hætti sem verið hefur föst venja hér á Alþingi um alllangt árabil. En n. getur þess í nál., að brýna nauðsyn beri til þess að lög um mannanöfn verði tekin til endurskoðunar og það verði gert samhliða því sem hugsanlega verði gerðar breytingar á þeim reglum sem hafa gilt um mannanafnabreytingar við að menn öðlast íslenskt ríkisfang.

Frsm. minni hl. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. minni hl. allshn., en í þeim minni hl. er auk mín hv. þm. Friðrik Sophusson. Við leggjum til að þetta frv. verði samþykkt ásamt með brtt. við 1. gr. á þskj. 935, eins og það kemur frá Ed. Nú vil ég taka fram að það er í raun og veru villa í þessu þskj. vegna þess að á milli umræðna bættust við tvær nýjar umsóknir um ríkisborgararétt og þessi skoðanaágreiningur í nefndinni tekur auðvitað ekki til þess. Við erum auðvitað ásamt öðrum nm. samþykkir þessum tveimur nýju Íslendingum.

Um þetta má segja að mannanafnalögin hafa verið mjög umdeild um langa hríð. En ég vil vekja athygli á því, að hér er einasta um mjög litla ákvörðun að ræða, þ. e. ákvörðun sem raunverulega tekur aðeins til einnar kynslóðar. M. ö. o.: í þeirri breytingu, sem samþykkt var samhljóða, að ég hygg, í Ed., er aðeins gert ráð fyrir að einstaklingur, sem heitir nafni með einkennum þeirrar þjóðar sem hann kemur frá, haldi sínu nafni, en næsta kynslóð á eftir taki upp íslenskt nafn. Ég vil leggja á það þunga áherslu, að hér er í raun og veru aðeins verið að flytja nafnbreytinguna frá einni kynslóð til þeirrar næstu. Breytingin er ekki meiri en það.

Að því hefur verið fundið, að hér sé skilið á milli systkina, að eins og það er orðað í breyttu greininni taki þessi íslenskun einungis til þeirra barna sem fæðast eftir að ríkisfangið er fengið. Ég hygg raunar að það sé stórlega ýkt hvaða mismunun þetta mundi hafa í för með sér. Ég hygg að það verði svo í reynd um þau börn, sem áður eru fædd, að samræmis verði gætt með þeim hætti að þau taki upp íslenskun nafna sinna. En ég tel með öllu eðlilegra að þetta gerist með þessum hætti. Ég held að menn vanmeti það stundum hvert tilfinningamál hér kann að vera á ferðinni, og satt að segja held ég að menning okkar og mál séu svo sterk að það sé enginn skaði skeður þó að þessari breytingu á svo veigamiklum högum einstaklinga sé frestað með þessum hætti um eina kynslóð.

Eins og hér hefur komið fram hjá hv. frsm. meiri hl. allshn. kom Klemens Tryggvason hagstofustjóri, sá ágæti embættismaður, til n., og hann flutti vissulega veigamikil rök og lagði mjög verulega áherslu á þá mismunun sem yrði milli barna sömu foreldra. En eins og ég hef lýst held ég að þetta út af fyrir sig sé ástæðulaus ótti. Hitt er svo rétt, að það kann vel að vera nauðsynlegt og er raunar orðið brýnt að reglur um mannanöfn séu endurskoðaðar frá grunni. Það er ekki verið að leggja það til hér og til þess þarf auðvitað lengri tíma. En ég vek athygli hv. deildar á því, að hér er um ekki mikla breytingu að ræða. Hér er aðeins um það að ræða að þessari tilteknu athöfn er, ef svo má að orði komast, frestað um eina kynslóð. Ég vek enn fremur athygli á því, að við erum að leggja til, þó að minni hl. séum, að deildin staðfesti álit Ed. í þessum efnum. Fari deildin að áliti meiri hl. n. þarf aftur að senda málið til Ed. og einhvern flóknari feril kynni það að hafa í för með sér. En sem sagt: Við leggjum til að frv. verði samþykkt eins og það kom frá Ed.

ATKVGR.

Brtt. 935 samþ. með 26 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.

Brtt. 934 felld með 17:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HÁ, HG, JI, IGísl, JÞ, PP, PJ, SV, SBó, SvG, ÞS, AS.

nei: HBl, JE, JS, KP, MHM, MB, ÓE, SigurlB, SkA, SteinG, VG, ÁG, BÍG, FrS, GeirH, GGÞ, SvH.

11 þm. (GHelg, MÁM, ÓÞÞ, RA, SighB, AG, BGr, EH, FÞ, GS, GJG) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Umbætur í þágu fatlaðra, frv. (þskj. 850, n. 912). — 2. umr.

Frsm. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Félmn. hefur haft til meðferðar frv. til l. um umbætur í þágu fatlaðra, eins og hér stendur, á þskj. 850. Eins og hv. alþm. er kunnugt var á þinginu 1980 samþykkt þáltill. sem ég flutti um málefni hreyfihamlaðra. Hún hljóðaði þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta gera úttekt á nauðsynlegum endurbótum á opinberu húsnæði til að auðvelda hreyfihömluðum aðgang og verði gerð kostnaðaráætlun um þau verkefni sem brýnust þykja. Skal í þessum efnum haft samráð við Ferlinefnd fatlaðra. Úttektin skal lögð fyrir Alþingi.

Jafnframt felur Alþingi ríkisstj. að leggja fyrir næsta þing frv. til l. um fastan tekjustofn í því skyni að tryggja nægilegt fjármagn til framkvæmda, þannig að á næsta ári verði hægt að hefjast handa um breytingar á húsnæði svo sem þál. þessi gerir ráð fyrir."

Eins og kemur fram í grg. eða aths. við þetta stjfrv. fól hæstv. félmrh. ALFA-nefndinni eða framkvæmdanefnd Alþjóðaárs fatlaðra, að annast framkvæmdir í tilefni af ári fatlaðra 1981, þess efnis að hún var látin athuga að hvaða leyti hún gæti tekið að sér að framkvæma hluta þessarar þáltill. Komið var á fót sérstakri nefnd, sem greint er frá í grg. frv., sem hafði þetta með höndum.

Það varð ljóst að úttekt á nauðsynlegum endurbótum er miklu meira verk en svo að hægt væri að leggja það fyrir það þing sem nú situr eða jafnvel það næsta. Hins vegar þótti eðlilegt að reyna að koma hluta af þessu í framkvæmd, þ. e. breytingum á opinberum byggingum, og var þá horfið að því ráði, eins og hér hefur verið greint frá, að lagabreytingar yrðu gerðar sem gerðu mögulegt að ákveða ýmsar framkvæmdir við opinberar byggingar án þess að fyrir lægi sérstakt fjármagn: það kæmi í sambandi við fjárhagsáætlanir sveitarfélaga eða fjárlagagerð ríkisins á þessu ári.

Meginefni þeirra breytinga, sem þetta frv. gerir ráð fyrir á gildandi lögum, er þó það, að kostnaðurinn við framkvæmdir endurbóta og breytinga á hinu opinbera húsnæði greiðist í sömu hlutföllum og um stofnkostnað væri að ræða, en í öllum tilvikum er hér fjallað um opinberar byggingar sem beint eða óbeint eru kostaðar sameiginlega af ríki og sveitarfélögum. Um þetta snýst þetta frv. Það fjallar um breytingar að þessu leyti til að því er varðar heilbrigðisþjónustu, sbr. 1. gr., að því er varðar grunnskóla, sbr. 2. gr., að því er varðar dagvistarheimili, sbr. 3. gr., að því er varðar félagsheimili, sbr. 4. gr., og íþróttasjóð, sbr. 5. gr.

Nefndin fór yfir þetta frv. og þar sem fulltrúar frá hinum ýmsu stofnunum og félagasamtökum höfðu staðið að þessari frv.-gerð, þar með talið Samband ísl. sveitarfélaga sem hafði fjallað um þetta frv. á sínum stjórnarfundum, taldi n. ekki ástæðu til að senda þetta frv. út til umsagnar, en telur mjög brýnt að það nái fram að ganga á þessu þingi til þess að sveitarfélög og aðrir aðilar geti hafið nauðsynlegar framkvæmdir eftir því sem viðráðanlegt er strax á þessu ári. Þess vegna var n. sammála um að leggja til að það verði samþykkt, en þó þarf að gera þar eina breytingu, þ. e. á fyrirsögn frv., eins og raunar kom hér fram þegar mælt var fyrir frv., að fyrirsögnin orðist svo:

„Frv. til l. um breytingar á lögum vegna umbóta á opinberum byggingum í þágu fatlaðra."

Ég legg þess vegna til, herra forseti, í nafni nefndarinnar að þetta frv. fái skjóta afgreiðslu á þessu þingi.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

2.—6. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 912 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Atvinnuréttindi útlendinga, frv. (þskj. 447, n. 910, 898, 911). — 2. umr.

Frsm. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Félmn. fékk til meðferðar frv. til laga á þskj. 477, um atvinnuréttindi útlendinga. Nefndin sendi þetta frv. til umsagnar og umsagnir bárust frá dómsmrn., lögreglustjóranum í Reykjavík, þ. e. útlendingaeftirliti, Alþýðusambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Vinnumálasambandi samvinnufélaganna.

Nokkrar athugasemdir komu frá þessum aðilum við frv. og virtist vera fyrst og fremst um ágreining eða athugasemdir að ræða frá dómsmrn. og útlendingaeftirlitinu við nokkrar greinar frv. Þær aths. ræddi nefndin sérstaklega og varð sammála um að gera sameiginlegar brtt. sem eru á þskj. 911. Ég mun aðeins stikla á því stærsta sem þar kemur fram.

Við 1. gr. kom athugasemd frá dómsmrn. og útlendingaeftirlitinu raunar einnig, þannig að greinin er umorðuð eins og segir í brtt.:

„Ákvæði laga þessara gildi um atvinnuréttindi útlendinga á Íslandi og í landhelgi Íslands.

Í lögum þessum telst hver sá maður útlendur sem ekki hefur íslenskan ríkisborgararétt."

2. gr. er athugasemdalaus.

Við 3. gr. kom fram ábending um það, að í lagamáli væri eðlilegra að í staðinn fyrir „atvinnurekendum" stæði: vinnuveitendum — og í staðinn fyrir að hér er talað um „verkalýðsfélags" stæði: stéttarfélags. Þetta eru orðalagsbreytingar sem komu fram ábendingar um að væri eðlilegt að yrðu svona.

Einnig er breyting í 2. tölul. 3. gr. Þar falli niður orðin: „Sé viðkomandi ráðinn erlendis". Rökin fyrir þessu finnast bæði í umsögn dómsmrn. og í umsögn útlendingaeftirlitsins. Það er byggt á því, að þessi setning óbreytt gefi í skyn að útlendingar, sem hyggjast vinna hér á landi, geti ráðið sig í vinnu og fengið atvinnuleyfi eftir komu sína til landsins. Í 3. tölul. 10. gr. laga um eftirlit

með útlendingum, nr. 45/1965, er hins vegar gert ráð fyrir að þeir útlendingar, sem hafa í hyggju að stunda atvinnu hér á landi, afli sér atvinnuleyfis áður en þeir koma til landsins. Geri þeir það ekki ber að meina þeim landgöngu eða vísa þeim úr landi, sbr. 1. tölul. 11. gr. sömu laga, sem í gildi eru. Er hér um ósamræmi að ræða, en tekið skal fram að nefnd ákvæði laga nr. 45/1965 hafa reynst mjög haldgóð í framkvæmd. Þetta er álit bæði dómsmrn. og lögreglustjóra eða útlendingaeftirlits. Nefndin taldi þess vegna eðlilegt að nema þessi orð brott þannig að greinin verði þannig:

„Enn fremur skulu vera í ráðningarsamningi ákvæði um flutning viðkomandi frá Íslandi að starfstíma loknum svo og um greiðslur ferðakostnaðar" o. s. frv.

Einnig bætti nefndin nýrri málsgr. við 3. gr.: „Óheimilt er að veita atvinnuleyfi útlendingi sem hefur ekki dvalarleyfi hér á landi samkv. lögum nr. 45/1965, um eftirlit með útlendingum, eða hefur verið gert að fara af landi brott samkv. þeim lögum." — Er þetta staðfesting á gildandi lögum, sem verða áfram í gildi, til að taka allan vafa af í sambandi við þetta atriði.

Þá er einnig breyting í 5. tölul. 3. gr. sem var athugasemd frá Alþýðusambandi Íslands. Það er í sambandi við atvinnuleyfið að því er varðar heilbrigðisvottorð. Alþýðusambandið bendir á að nauðsynlegt sé að þeir útlendingar, sem koma hingað til starfa, gangi undir innlenda læknisskoðun. Þetta kom einnig fram í áliti dómsmrn. og þar af leiðandi bætti nefndin við síðustu mgr. 3. gr. Til viðbótar síðustu mgr. komi: þar með talið innlent heilbrigðisvottorð.

Við 4. gr., þar sem talið er upp til hvaða aðila leita skuli um atvinnuástand o. s. frv., eins og þar stendur, verði bætt: Stéttarsambands bænda, BSRB og BHM, eftir því sem við á. Það komi þannig greinilega fram að óþarfi sé að leita til allra þessara samtaka ef umsókn varðar einhverja ákveðna stétt.

Við 5. gr. gerir nefndin að tillögu sinni ábendingar sem komu fram frá þessum aðilum um vinnumálaskrifstofu félmrn. sem útbýr og dreifir skriflegum upplýsingum til sendiráða Íslands. Það væri óþarfi að bæta við: „til opinberra vinnumiðlana erlendis". Leggur n. til að þar sé látið nægja: „til sendiráða Íslands og annarra sem þess óska" — og felld niður setningin: „til opinberra vinnumiðlana erlendis."

Við 8. gr. komu fram ábendingar um að þar sem stendur í 2. tölul: „hvort hann er hér heimilisfastur" — virðist vera tekið upp úr eldri lögum sem verið er að fella úr gildi með þessu frv. — lögum frá 1951, en þá voru ekki komin lög um lögheimili sem tóku gildi 1961. N. telur eðlilegra að breyta þessu og hér verði um að ræða hvort hann eigi lögheimili hér á landi.

Einnig er í síðustu málsgr. 8. gr. gert ráð fyrir í frv. að eftir fjögurra ára samfellda búsetu megi þó veita slíkt atvinnuleyfi til ótiltekins tíma. Þessi tímamörk eru hvergi í lögum annars staðar og eftir ábendingu dómsmrn. og útlendingaeftirlitsins færð upp í fimm ár: Eftir fimm ára samfellda búsetu má þá veita slíkt atvinnuleyfi til ótiltekins tíma.

Við 9. gr. er sama breytingin og í 4. gr. Þar er til samræmis bætt inn í: Stéttarsambands bænda, BSRB og BHM eftir því sem við á. Einnig skal í staðinn fyrir „Umsækjandi sé heimilisfastur" koma: Umsækjandi eigi lögheimili.

Þá er lagt til í 9. gr. að 3. tölul.: „umsækjandi hafi óflekkað mannorð", falli brott þar sem dómsmrn. t. d. vekur athygli á því, að með breyt. á hegningarlögum og ýmsum öðrum lögum árið 1961 var dregið mjög úr áskilnaði um óflekkað mannorð og er þess ekki lengur krafist við ýmis atvinnuréttindi. Þetta er einnig tekið fram í umsögn lögreglustjórans í Reykjavík. Var nefndin sammála um að fella þetta niður.

Það stendur í 1. málslið 11. gr.: „Útlendinga, sem stunda nám í skólum, sem íslenska ríkið á eða styrkir." Um þetta komu talsverðar ábendingar, bæði frá útlendingaeftirlitinu og eins frá dómsmrn., þar sem m. a. kemur fram: „Hefur heimild þessi verið misnotuð svo sem þegar útlendingur skráir sig í skóla, en stundar ekki nám, en fer að vinna, eða útlendingur hefur nám, t. d. í námsflokkum, en vinnur fulla vinnu. Það þyrfti að þrengja þessa undanþágu eða jafnvel fella hana niður." Nefndin varð sammála um að breyta þessu lítillega: Útlendinga, sem stunda eingöngu nám í skólum, sem íslenska ríkið á eða styrkir. Aftan við greinina bætist svo nýir töluliðir. Í fyrsta lagi b-liður: 5. danska ríkisborgara, sem lög nr. 18 24. mars 1944, sbr. lög nr. 85 9. okt. 1946, taka til. — Þetta er nauðsynlegt að hafa inni. Einnig: útlendinga, sem undanþegnir eru atvinnuleyfi skv. alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að. Og 7. liður: danska, finnska, norska og sænska ríkisborgara er dvalið hafa þrjú ár samfleytt eða lengur í landinu. — Þetta er samkv. samningum milli Norðurlanda, sem ekki verður vikist undan, og er nauðsynlegt að taka fram í lögum sem eiga að vera upplýsandi um þessi atriði.

Við 12. gr. flytur n. brtt. um að upphaf greinarinnar umorðist. Í staðinn fyrir „Brot gegn ákvæðum laga þessara varða atvinnurekendur og erlenda starfsmenn þeirra sektum frá 500—5000 kr. til ríkissjóðs" komi: Brot gegn ákvæðum laga þessara varða þann, er hefur útlending í vinnu án leyfis, svo og útlending, er starfar án leyfis, sektum. — Niður er felld sektarupphæðin þar sem ætti að nægja almennt refsihámark hegningarlaga í þessu sambandi.

Við 15. gr. leggur n. til að verði gerð breyting. Eins og hún er í frv. stendur svo: „önnur ákvæði, er fara í bága við lög þessi." Þetta falli niður því það er að mati dómsmrn. og útlendingaeftirlitsins óþarfi að hafa í frv. Þetta er óljóst ákvæði og hér er um að ræða væntanleg lög, sem eru beinskeytt, taka ekki yfir önnur lög.

Ég held, herra forseti, að ég þurfi ekki að hafa lengra mál um þetta nál. Eins og hv. alþm. er kunnugt var þetta frv. fyrst og fremst samið vegna ágreinings um aðbúnað innlendra farandverkamanna. Var skipuð um það nefnd með það fyrir augum að semja nýjar reglur þar að lútandi og gera hins vegar könnun á stöðu og rétti útlendra verkamanna hér á landi og gildandi ákvæðum samninga og laga á hinum Norðurlöndunum hvað þetta varðar í þeim tilgangi að endursemja lög um rétt erlendra manna til að stunda atvinnu á Íslandi.

Með lögum þessum falla niður lög nr. 39 frá 15. mars 1951, um rétt erlendra manna til að stunda atvinnu á Íslandi. Þetta er vissulega nauðsynleg löggjöf. N. varð sammála um að leggja til að frv. verði samþykkt með þeim brtt. sem ég hef nú skýrt hér frá. Einstakir nm. áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. við frv., og hefur ein slík brtt. komið hér fram.

Herra forseti. Ég hef gert grein fyrir áliti n. og við leggjum til að frv. verði samþykkt með breytingunum á þskj. 911.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Eins og réttilega kom fram hjá hv. frsm. félmn. Nd. höfum við tveir nm., ég og hv. þm. Steinþór Gestsson, flutt sérstakar brtt. á þskj. 898, auk þess sem við stöndum að brtt. n. eins og hv. frsm. lýsti þeim, en þær er að finna á þskj. 911.

Það hefur komið fram í þessu máli, bæði í umr. hér í deildinni og enn fremur í nefndarstörfum, að þegar þetta mál kom til Alþingis var ekki full samstaða í ríkisstj. um orðalag á lagatexta, en það leiddi til þess, að n. ákvað að gera verulegar breytingar á ýmsum ákvæðum frv. Um það er n. sammála, eins og ég hef talað um áður, en að auki höfum við leyft okkur að flytja sérstakar brtt. Það er í fyrsta lagi brtt. við 3. gr. og í öðru lagi brtt. við 4. gr.

Varðandi brtt. við 4. gr. vil ég taka það fram, að 1. mgr. er óbreytt frá núgildandi lögum og í samræmi við frv.-drögin eins og n. leggur til að þau séu. Meginbreytingin frá till. n. er sú, að ekki er gert ráð fyrir að senda þurfi hvern ráðningarsamning til félmn. Fellt er niður ákvæði um tiltekið efnisinnihald ráðningarsamninga. Á hinn bóginn er kveðið á um að útlendingar skuli njóta launa og starfskjara sem heimamenn og hafa réttindi og bera skyldur í samræmi við viðkomandi kjarasamning, og er þá óþarfi að mæla fyrir um slíkt efnisinnihald í ráðningarsamningnum.

Jafnframt er kveðið á um rétt verkalýðsfélaga til umsagnar um atvinnuleyfi.

Þá er ráðh. heimilt að binda atvinnuleyfi ákveðnum skilyrðum:

Í fyrsta lagi skal atvinnurekandi greiða ferð útlendings frá Íslandi að ráðningartíma loknum, og er þá gert ráð fyrir að útlendingur, sem ráðið hefur sig í vinnu, verði allan ráðningartímann í vinnu hjá atvinnuveitandanum, en hins vegar eigi atvinnurekandinn endurkröfurétt ef útlendingurinn riftir samningnum með einhverjum hætti.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir að atvinnurekandinn hafi hæfilegt húsnæði fyrir útlendan starfsmann meðan ráðningarsamningur er í gildi, ef hinn útlendi starfsmaður hefur ekki slíkt húsnæði sjálfur. Sérstök vottorð vegna húsnæðis eru óþörf að okkar mati. Í því efni á venjulegt eftirlit að duga ásamt með ofangreindu skilyrði. Um þessi atriði ætti því að vera óþarft að hafa frekari skriffinnskureglur.

Ráð er fyrir því gert, að ráðh. geti eftir sem áður gefið út bráðabirgðaleyfi. Skilyrði fyrir fullnaðarleyfi eru hins vegar þau, að fyrir liggi heilbrigðisvottorð og yfirlýsing um að útlendingur hafi kynnt sér upplýsingar þær sem kveðið er á um í 5. gr. frv. Ráðh. er þó heimilt að víkja frá þessum skilyrðum þegar í hlut eiga ríkisborgarar annarra Norðurlanda, eins og fram kom í ræðu hv. síðasta ræðumanns. Með þessu móti viljum við flm. þessarar till. jafnframt koma í veg fyrir tvöfalda skriffinnsku, en okkar till. ganga fyrst og fremst út á að draga úr skriffinnskunni vegna ráðningar erlendra starfsmanna við íslensk fyrirtæki, en eins og allir vita starfar fjöldi erlendra starfsmanna í frystiiðnaðinum hér á landi og hefur gert um árabil.

Varðandi 4. gr. er rétt að taka það fram, að felld er út krafa sú sem gerð er í 4. gr. um lýsingu á vinnustað í atvinnuleyfisumsókn. Almennt eftirlit með atvinnurekstri á að vera nægjanlegt í því efni og óþarfi að tvöfalda eftirlitið vegna útlendinga. Þá er dregið úr þeim kröfum sem kveðið er á um í 2. mgr. 4. gr. frv., enda ætti umsögn verkalýðsfélags að vera nægjanleg til að tryggja atvinnuhagsmuni Íslendinga. Sérstök athugun ráðuneytis um það efni yrði óþarfur tvíverknaður nema tilefni gæfist. Í þeim tilgangi að koma í veg fyrir tvöfalt eftirlitskerfi af þessu tagi er 3. mgr. 4. gr. frv. *felld niður* í okkar till. Hérna er verið að leggja áherslu á að vinnumálaskrifstofa félmrn. þurfi ekki, áður en útlendingur sækir um vinnu hér á landi, að taka upp með sjálfstæðum hætti og meta atvinnuástand á viðkomandi stað og í nágrenni hans, heldur sé nægilegt að leitað sé umsagnar verkalýðsfélaganna, enda eiga að liggja fyrir hjá vinnumálaskrifstofu félmrn. á hverjum tíma nægilega glöggar upplýsingar um þetta efni sem eiga að vera til reiðu fyrir verkalýðsfélögin. Það ætti að vera nóg að verkalýðsfélögin á hverjum stað eða landssamböndin, ef ekki er um verkalýðsfélög að ræða, segi til um þetta. Okkur þykir vera hætta á því — og þar tala ég af nokkurri reynslu sjálfur sem nokkuð kunnugur því að ráða erlent starfsfólk í vinnu í frystiiðnaði — að það muni brenna við að rn. og útlendingaeftirlit tefji að svara bréfum þrátt fyrir að búið sé að gæta þeirra skilyrða að leita til verkalýðsfélaga um hvort ráða megi erlenda verkamenn, sem oft er bráðnauðsynlegt til að bjarga þeirri framleiðslu sem efnahagslíf okkar hvílir á. Við teljum, að með því að hafa tvöfalt kerfi, sanka í rn. mönnum sem hafa með það að gera að hafa eftirlit sem í raun og veru er óþarft vegna þess að aðrir aðilar hafa þegar látið slíkt eftirlit fara fram, sé um tvíverknað að ræða, og viljum þess vegna gera kerfið einfaldara, en þó nægilega tryggt til að vernda hagsmuni íslensks verkafólks og starfsmanna sem við viljum auðvitað hafa í fyrirrúmi.

Ég held, herra forseti, að ég þurfi ekki að skýra till. okkar hv. þm. Steinþórs Gestssonar betur, og ég vonast til að hv. þm. í þessari deild hafi skilning á þeim málstað sem ég hef hér lýst, þeir vilji gera kerfið einfaldara og standi þess vegna með þessum brtt., auk þess að greiða atkvæði með till. sem n. flytur sameiginlega.

ATKVGR.

Brtt. 911,1 (ný 1. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 898,1 felld með 16:10 atkv.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það getur nú orðið tafsamt að halda áfram þessum atkvgr. úr því að orðið er svo áliðið að jafnvel formaður þingflokks Framsfl. greiðir atkv. sitt á hvað eftir því sem ráðherrar hnippa í hann. Ég vil mælast til þess að hlé verði gert á atkvgr. þangað til stjórnarsinnar hafa hresst sig upp þannig að ekki þurfi að endurtaka atkvgr. hér fram eftir nóttu.

Brtt. 911,2 samþ. með 29 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: HÁ, HG, JI, IGísl, JE, JS, KP, MHM, ÓE, PP, PJ, RA, SkA, SV, SBó, SteinG, SvG, VG, ÞS, AG, AS, BÍG, EH, FrS, GS, GJG, GGÞ, GHelg, SvH.

HBl, MB, SigurlB greiddu ekki atkvæði.

8 þm. (JÞ, MÁM, ÓÞÞ, SighB, ÁG, BGr, FÞ, GeirH) fjarstaddir.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Þessi atkvgr. var endurtekin að hluta. Í fyrra skiptið greiddu hæstv. iðnrh. Hjörleifur Guttormsson og hæstv. menntmrh. Ingvar

Gíslason atkvæði á móti þegar till. var endurtekin og búið var að hnippa í hæstv. ráðh. og segja þeim hvaða mál væri á dagskrá sögðu þeir já og greiddu atkv. með. Ég vil freista þess að biðja hæstv. forseta að láta endurtaka atkvgr. og sjá hvernig atkv. þeirra falla í þriðja sinnið.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Hæstv. ráðh. svöruðu báðir mjög skýrt í síðara skiptið og ég tek mark á því.

3. gr., svo breytt, samþ. með 26:1 atkv.
Brtt. 898,2 felld með 15:10 atkv.
Brtt. 911,3 samþ. með 26:1 atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 22:1 atkv.
Brtt. 911,4 samþ. með 24:1 atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 20:1 atkv.
6.—7. gr. samþ. með 20:1 atkv.
Brtt. 911,5 samþ. með 25:1 atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 22:1 atkv.
Brtt. 911,6 samþ. með 26:1 atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 23:1 atkv.
10. gr. samþ. með 21:1 atkv.
Brtt. 911,7 samþ. með 26:1 atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 23:1 atkv.
Brtt. 911,8 samþ. með 20:1 atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 22:1 atkv.
13.—14. gr. samþ. með 20:1 atkv.
Brtt. 911,9 (ný 15. gr.) samþ. með 24:1 atkv.
16. gr samþ. með 23:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25:2 atkv.

Landkaupasjóður kaupstaða og kauptúna, frv. (þskj. 842, n. 915, 916). — 2. umr.

Frsm. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Félmn. fjallaði um frv. til l. um Landkaupasjóð, eins og frv. var orðið eftir meðferð í hv. Ed.

Eins og fram kom þegar frv. var tekið hér til 1. umr. gerði hæstv. forseti þessarar deildar þá aths. við fyrirsögn frv. eins og það kom frá hv. Ed., að hér væri ekki um rétt nafn að ræða í fyrirsögn frv. Nefndin fjallaði um frv. í heild og leggur til að það verði samþykkt. En meiri hl. n. flytur brtt. á sérstöku þskj., þskj. 916, þess efnis við fyrirsögn frv., að í stað „Landkaupasjóð", eins og frv. hafði verið breytt í Ed., komi: Landakaupasjóð.

Herra forseti. Ég þarf ekki að eyða tíma í framsögu fyrir málinu að öðru leyti. Nefndin er, eins og ég tók fram, sammála efni frv., en meiri hl. hennar leggur til nafnbreytinguna.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. á þskj. 915 hef ég skrifað undir með fyrirvara og skýrist það af því, að ég stend ekki að þeirri brtt., sem er á þskj. 916, að breyta nafni frv. aftur úr landkaupasjóði í landakaupasjóð. Ég hef gengið úr skugga um að landkaupasjóður og landakaupasjóður eru álíka góð orð í íslensku máli. En þótt ekki væri nema vegna þess, að það gæti valdið misskilningi vegna nýlegra bruggfrétta ef landakaup ættu sér stað t. d. í Garðahreppi, finnst mér ástæða til að halda nafninu eins og það kemur úr Ed.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því, að á undanförnum áratugum, einkanlega hinum síðustu, hefur tilfinning manna fyrir máli mjög dofnað og menn hafa ekki sömu tilfinningu og áður fyrir því, hversu miklu fallegra er þegar samsett orð eru stofnsamsett, hversu miklu fallegra sé landkaupasjóður en landakaupasjóður, landspítali en landsspítali ellegar landaspítali. Fyrir þær sakir harma ég þessa niðurstöðu n., en vonast til þess að deildin átti sig og fyrirsögn frv. verði óbreytt.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Landakaupasjóður mun vera mjög gamall að árum. Ég hygg að það hafi ekki hent að fyrir fé hans hafi verið verslað með landa, hvort heldur er í Garðabæ eða annars staðar. Síðan taka menn upp á því, sem í útgerð standa, að fara í bátkaup og skipkaup o. s. frv. (Gripið fram í.) Svo á ekki skrifari að eiga orðastað við forseta.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—12. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 916 samþ. með 20:4 atkv.
Fyrirsögn, svo breytt, samþ. með 21:1 atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Orlofssjóður aldraðra, frv. (þskj. 45, n. 891). — 2. umr.

Frsm. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Félmn. hefur fjallað um frv. til l. um orlofssjóð aldraðra á þskj. 45, sem hv. 3. þm. Vestf. og hv. 5. þm. Suðurl. fluttu á sínum tíma um að stofna orlofssjóð aldraðra, eins og segir þar í 1. gr.

Nefndin sendi frv. til umsagnar nokkurra aðila og umsagnir bárust frá Tryggingastofnun ríkisins og félmrn. Kom fram í báðum þessum umsögnum að hér er — að þeirra áliti — um gott mál að ræða sem allrar athygli er vert, en í báðum umsögnum var bent á þann höfuðgalla þessa frv. að ekki er nægjanlega tryggð sú fjármögnun sem nauðsynleg er til að koma þessu máli fram.

Nefndin varð sammála um nál., sem er svohljóðandi á þskj. 891:

„Nefndin tekur undir það meginmarkmið frv., að átak þurfi að gera í skipulagningu og fjárhagslegri fyrirgreiðslu vegna orlofsstarfsemi fyrir aldraða.

Meiri hl. n. taldi að kanna þyrfti betur, áður en afstaða væri tekin til þess, hvort sjóðsstofnun í þessu skyni sé besta leiðin.

Nefndin telur því rétt að beina þeim tilmælum til ríkisstj., að kannað verði í samráði við samtök launþega, Samband ísl. sveitarfélaga og aðra, sem unnið hafa að þessum málum, með hvaða hætti skipulagningu og fjárhagslegri fyrirgreiðslu af hálfu hins opinbera verði best fyrir komið.

Í trausti þess, að svo verði gert, mælir n. með að málinu verði vísað til ríkisstj."

Undir þetta álit skrifuðu allir nm. félmn. Nd.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að ræða þetta frekar, en vænti þess, að þessi afstaða n., sem er einhuga, verði samþykkt.

ATKVGR.

Till. á þskj. 891 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 22:1 atkv.

Lífeyrissjóður sjómanna, frv. (þskj. 576, n. 929, 639, 930). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur haft til meðferðar frv. til l. um breyt. á lögum um lífeyrissjóð sjómanna, en þannig stóð á með mál þetta, að það var nokkuð gallað í öllum búningi og þurftum við að gera á því allverulegar breytingar, eins og fram kemur á brtt. er við höfum flutt.

Fulltrúi frá Tryggingastofnun ríkisins kom á fund n. og fengum við athugasemdir frá Tryggingastofnuninni. Sú stofnun hafði áður sent athugasemdir við frv. þetta, en hv. þm. Guðrún Helgadóttir tekið við þeim og flutt þær sem brtt. á þskj. 639. Vænti ég þess, að hún sjái sér fært að draga þær til baka því að við höfum tekið tillit til þessara athugasemda Tryggingastofnunarinnar sem þm. hefur komið hér á framfæri.

Ég sé ekki ástæðu til að gera mjög ítarlega grein fyrir þessum brtt.

Við 1. gr. höfum við gert einkum þá breytingu, að sjóðfélagar eru allir sjómenn sem ráðnir eru á íslensk skip. Í frvgr. var gert ráð fyrir að þau séu 12 rúmlestir og stærri. Við teljum eðlilegra að sjóðstjórnin meti það, hverjir eru sjómenn. Það er oft og tíðum erfiðleikum bundið að finna út úr því. Menn hafa verið á ýmsum skipum við strendur landsins í marga áratugi. Eins og menn vita hefur skipastóllinn farið mjög stækkandi á undanförnum áratugum. Í mörgum tilfellum getur verið um aldraða menn að ræða sem hafa áður verið á minni bátum, og einnig er um menn að ræða sem hafa stundað sjómennsku allt sitt líf án þess þó að hafa verið á skipum sem eru stærri en 12 rúmlestir.

Við 2. gr. frv. kemur einnig fram brtt. og við 3. gr. og 4. gr. Síðan er gert ráð fyrir að komi ný 5. gr. og einnig 6. gr., 7. gr. og 8. gr. Í síðasta lagi er um að ræða 8. brtt. um að frv. beri nafnið: Frv. til l. um breyt. á lögum nr. 49 1974, um lífeyrissjóð sjómanna, með áorðnum breytingum. Við heiti frv. bætist sem sagt orðin: með áorðnum breytingum.

Herra forseti. Margt af þeim breytingum, sem hér hafa verið gerðar, er flutt samkvæmt ábendingum frá Tryggingastofnun ríkisins, en þó ekki síst frá Hallgrími Snorrasyni sem veitti okkur margvíslega aðstoð við breytingar á frv. Þá vil ég einnig geta þess, að við höfðum náið samráð við Farmanna- og fiskimannasamband Íslands og Sjómannasamband Íslands varðandi málið og eru þeir aðilar sammála þessum breytingum. Einnig höfðum við samband við Landssamband ísl. útvegsmanna og komum málinu á framfæri við þá, og gerðu þeir engar athugasemdir við þær breytingar sem við gerum á frv.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að gera frekari grein fyrir þessu máli, vil aðeins ítreka að n. mælir einróma með því að frv. verði samþykkt óbreytt, en vil fara þess á leit við hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur að hún dragi brtt. sínar til baka.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Mér er ljúft og skylt að verða við þeirri beiðni að draga brtt. mínar á þskj. 639 til baka þar sem n. hefur tekið tillit til þeirra. Brtt. þessar voru til komnar vegna þess, að ég á sjálf ekki sæti í fjh.- og viðskn., og í samráði við kollega minn í Tryggingastofnun, Kristján Guðjónsson deildarstjóra þar, þótti okkur tryggara að leggja þessar tillögur fram. Síðan var hann að sjálfsögðu kallaður til samráðs við nefndina. Hans till. og mínar voru eflaust á nákvæmlega sama veg og ég dreg þess vegna mínar brtt. góðfúslega til baka.

ATKVGR.

Brtt. 639 teknar aftur.

Brtt. 930,1 samþ. með 26 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.

Brtt. 930,2 (ný 3. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.

Brtt. 930,3 samþ. með 28 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.

Brtt. 930,4 (ný gr., verður 5. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv.

Brtt. 930,5 (ný gr., verður 6. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 930,6 (ný gr., verður 7. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.

Brtt. 930,7 (ný gr., verður 8. gr.) samþ. með 30 shlj. atkv.

5. gr. (verður 9. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv.

Brtt. 930,8 (ný fyrirsögn) samþ. með 27:1 atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Halldór Blöndal: Herra forseti. 15. dagskrármálið, um dýralækna, hefur verið alllengi í nefnd og ég hef óskað eftir því við formann n. æ ofan í æ, að málið væri tekið fyrir í n. og afgreitt þaðan. Ég óska eftir því, að þetta mál verði tekið á dagskrá nú og látið á það reyna hvort það hafi þingfylgi. Ef meiningin er að salta þetta frv., eins og flest frv. sem frá einstökum þm. koma í stjórnarandstöðunni, óska ég eftir að á það reyni strax og það hafi sama möguleika og önnur mál, sem á dagskrá eru, til þess að verða hér tekið fyrir á eftir. Ég geri ráð fyrir að forseti muni ekki synja um þá beiðni, sem sjálfsögð er, að um mál stjórnarandstöðunnar, sem afgreidd hafa verið úr nefndum, gildi sama regla og um mál ríkisstj. Ég geri ráð fyrir að hæstv. ráðherrar óski eftir því, að mál þeirra gangi sæmilega fram. Fyrir þingið hefur verið lagt á síðustu dögum hvert stórmálið á eftir öðru. Hér fyrir stundu var verið að endurtaka atkvgr. fyrir ýmist formenn stjórnarflokkanna eða einstaka raðh. af því að þeir fylgdust ekki með því sem gerðist í þingsalnum til þess að þeir gætu greitt atkv. rétt, og var hnippt í þá af þeim mönnum sem dottuðu ekki í sætum sínum og styðja þó ríkisstj.

Ég vænti þess, að þetta mál verði tekið fyrir nú á þessum fundi, en verði ekki frestað áfram von úr viti því að á liggur að úrslit fáist í þessu máli. Ég get ekki búist við því, eins og ég sagði, að smæstu mál stjórnarandstöðunnar fáist ekki tekin á dagskrá þá loksins tekist hefur að tosa þeim úr nefnd.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég hef kannað þetta mál. Það stendur þannig á og formaður landbn. tjáir mér að það standi enn á áliti meiri hl., en það er væntanlegt innan tíðar. Við skulum ekki örvænta enn um framgang

þessa máls því að það er mál Ed. og er komið fyrir síðari deild og ætti þess vegna að vera ærinn tími.

Hv. 7. landsk. þm. gerir ítrekað aths. um þingsköp.

Halldór Blöndal: Það liggur ekkert fyrir um það, að við það verði staðið af formanni landbn. Nd. að hann komi þessari umsögn frá sér eða þessu nál., og vil ég þá spyrja forseta að því, hvort ganga megi út frá því sem vísu að málið verði tekið til afgreiðslu á síðari fundi. (**Forseti:** Á síðari fundi í kvöld?) Já.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég get ekki ábyrgst það, en ég leyfi mér að treysta því, að úr því að minni hl. hefur skilað áliti sínu verði ekki langt að bíða að meirihlutaálit verði lagt fram.

Neðri deild, 102. fundur.

Miðvikudaginn 20. maí, að loknum 101. fundi.

Umræður utan dagskrár.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil ítreka það, sem ég sagði í lok síðasta fundar, að það nær ekki nokkurri átt að á sama tíma og rignir yfir deildina hverju málinu á fætur öðru frá Ed. og nefndum eða frá ríkisstj., leitað er afbrigða um afgreiðslu mála og þar fram eftir götunum, haldnir eru næturfundir og stjórnarandstaðan gerir allt sem í hennar valdi stendur til þess að greiða fyrir þingstörfum, þá skuli einstökum alþm. úr stjórnarliðinu og einstökum ráðh. haldast uppi að standa á móti því að mál þm. fái eðlilega meðferð.

Þannig stendur á, að á síðasta fundi var dýralæknafrv. á dagskrá og minni hl. hafði skilað nál. Nú er einungis beðið eftir því, að meiri hl. þóknist að skila frá sér samsvarandi nál. Okkur er vel kunnugt um að stjórnarandstöðunni yrði ekki stætt á því að stöðva framgang mála hér í deildinni með því að tefja það að gefa út nál. Ég man mýmörg dæmi þess við afgreiðslu mála hér á Alþingi, að umr. um þau hafa hafist þó svo ekki hafi verið búið að dreifa nál. Þetta hefur ævinlega verið í þágu þeirrar ríkisstj. sem setið hefur. Nú á aftur á móti að ganga svo langt í því að níðast á Alþingi að minni hl. á ekki einu sinni að gefast kostur á því að mál hans njóti þeirra sjálfsögðu réttinda og virðingar af meiri hl. að vera tekin til umr. hérna til þess að þau hafi möguleika á því að fá eðlilega afgreiðslu á þinginu, og skiptir raunar engu hvenær þessi mál voru lögð fram. Aðalatriðið í huga þeirrar ríkisstj., sem nú situr, er að koma sínum málum áleiðis og ef svo skyldi fara að einstök mál — ég get tekið sem dæmi raforkumálin — hafi ekki meiri hl. í þinginu verður þrautalausnin sú hjá þessari hæstv. ríkisstj. að senda þingið heim og gefa út brbl. til að geta farið sínu fram þrátt fyrir að fyrir liggi að enginn vilji sé á Alþingi fyrir þeim athöfnum sem hæstv. ríkisstj. stefnir að.

Ég get nefnt um það mýmörg dæmi, að hæstv. ríkisstj. hefur gert ýmist að synja Alþingi um eðlilegar upplýsingar, hundsa vilja þess eða jafnvel setja með brbl. löggjöf sem ekki á að taka gildi fyrr en mörgum vikum eftir að Alþingi kemur saman. Upp á þetta höfum við allt saman horft. Við höfum orðið vitni að því, að ýmsir af virtustu lögfræðingum landsins hafa talið að sú löggjöf, sem hér hefur verið þrýst í gegnum deildirnar, væri mjög vafasöm út frá því sjónarmiði hvort hún stæðist ákvæði stjórnarskrárinnar. Við höfum orðið varir við það, sem erum kunnugir ýmsum helstu lögmönnum Íslands, að aukinn og nýr áhugi hefur nú vaknað í þeirri stétt um hvort ekki sé rétt að vekja hér upp sérstakan dómstól til þess að borgurunum gefist kostur á því að leggja fyrir hann hvort einstök lög, sem samþykkt eru frá þinginu, standist ákvæði stjórnarskrárinnar. Hefur mönnum í þeim efnum dottið í hug hvort ekki sé rétt að víkka út starfssvið landsdóms þannig að hann taki til þess, hvort um brot á stjórnarskrá sé að ræða, ýmist með setningu brbl. eða laga frá Alþingi, og auka þannig rétt borgaranna gagnvart meiri hl., sem einskis svífst, og ráðh., sem ekki kunna völdum sínum hóf og kunna ekki að halda á sínum penna.

Í þessu sérstaka máli, sem ég er að tala um, verðum við vitni að því, að einn þm., sem er á móti máli, grípur til þess óyndisúrræðis að senda ekki frá sér nál. til að koma í veg fyrir að málið komi hér til umr. (**Gripið fram í:** Hver er þetta?) Hann hefur kvatt sér hljóðs. — Ég verð að víta það hjá hæstv. forseta, þó að mér sé að hinu leytinu hlýtt til hans, að hann skuli taka mark á öðru eins og þessu þegar komið er að þingslitum, en ekki taka þau mál fyrir sem á dagskrá eru.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég vil taka það fram að ég hef það frá formanni landbn. að hann gerir mér fyllstu vonir um að þetta nál. liggi fyrir á morgun. Það er nú ekki mikið tillit tekið til formanns í nefnd þó að menn hinkri við dagpart um að taka mál fyrir ef þess er sérstaklega óskað.

Ég minni þá hv. þdm., sem síðar munu leita til mín um tilhliðrun, á þetta, hvort þeim finnist of í lagt að sé orðið við þessu. Það er engin hætta — margir fundir eru eftir í hv. deild — að á þessu máli verði níðst, og ég tek ekki við neinum vítum frá hv. 7. landsk. þm. í þessu efni.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Mér finnst að mörgu leyti eðlileg aths. hv. 7. landsk. þm. varðandi 15. mál, sem var á dagskrá síðasta fundar. Ég get líka mjög vel skilið þá skoðun forseta, að örlítið sé beðið eftir nál., en þó mjög takmarkaðan tíma, vegna þess að þingi verður senn slitið. En ég spyr hæstv. forseta: Hver er munurinn á því að taka á dagskrá frv., sem er 213. mál. Ed. og hefur fengið umfjöllun í nefnd og minni hl. n. hefur skilað nál. um, og frv., sem er hér síðast á dagskránni, um raforkuver, og var komið inn á dagskrá í dag, prentaða dagskrá, þar sem ekki hefur enn þá verið gengið frá nál. og nefnd hefur ekki lokið störfum? Það er óeðlilegt í alla staði að tekið sé hvað eftir annað á dagskrá mál til 2. umr. sem ekki er búið að fá afgreiðslu í viðkomandi nefnd. Ég ætlaði að gera aths. við það að veita afbrigði fyrir slíku máli á dagskrá hér áðan. En hraðinn er svo mikill, dagskrá var ekki komin og forseti fljótmæltur vel, að maður tekur ekki eftir því fyrr en maður sér dagskrána á borðinu að þessu er hnýtt aftur aftan við. Þetta vil ég gera aths. við og tel óþinglegt með öllu að mál séu tekin á dagskrá sem ekki hafa verið afgreidd úr nefnd.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ef það er óþinglegt að taka raforver inn á dagskrá, sem ekki hafa verið afgreidd úr n., á það líka við um dýralækna. (**MB:** Það er búið að afgreiða úr nefnd.) Það er ekki nema annað nál. — minnihlutaálit meira að segja. (**MB:** Þau hafa þá bara

ekki komið úr prentun. Það er oft gert.) Það er minni hluta álit meira að segja.

En frv. um dýralækna kom frá Ed. 13. maí og það verður ekki talið upp á að hér hafi neitt verið tafið fyrir málinu nú þegar við erum hinn 20. maí komin þó með það á dagskrá og eigum von á að ná því til 2. umr. á morgun.

Um raforkuverin gildir það, að í gærkvöld var ég upplýstur um að fyllstu líkur væru á að þetta mál kæmi til umr. á fundi í dag. Forsetar höfðu skipulagt það með þingflokksformönnum, hvernig umr. skyldi hagað og málafylgju allri hér í hv. deild, með beinu tilliti til þess. Því var það að þetta frv. var tekið inn, og veit ég að menn skilja ástæður þess.

Umferðarlög, frv. (þskj. 904). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 24:1 atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24:1 atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Steinullarverksmiðja, frv. (þskj. 981). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 24:1 atkv.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um steinullarverksmiðju á þskj. 981, en mál þetta er komið frá Ed., sem gerði á því nokkrar breytingar. Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða um efni frv. í þessari hv. deild. Þm. fengu um það á sínum tíma sérstaka skýrslu sem frv. þetta byggist á þó að nokkrar breytingar hafi verið á því gerðar.

Ég legg til að þessu máli verði vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Þó mikið liggi nú á held ég að það mundi flýta fyrir ef hæstv. ráðh. sýndi deildinni þá kurteisi að gera grein fyrir helstu breytingum sem þetta mál hefur hlotið í meðferð Ed. Ég held að við verðum að reyna að halda uppi sæmilegum mannasiðum hér í þinginu þó svo að áliðið sé nætur, og ég vil mælast til þess, að hæstv. iðnrh. reyni að gera einhverja grein fyrir málinu.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Þessu máli var kastað hér inn í löngu máli fyrir örfáum dögum. Það fer á færibandinu í gegnum Ed. Þetta mál er undarlegt í alla staði. Undarlega er staðið að öllum vinnubrögðum og frv. er óákveðið. Það er ekki einu sinni vitað um stærð eða stað þeirrar verksmiðju sem talað er um að reisa. Það er ágreiningur um það á milli landshluta hvar slík verksmiðja eigi að vera, og Alþingi er ætlað að synda í gegnum þetta í önnum sínum nú.

Mér finnst lítilsvirðing ráðh. fyrir Alþingi vera að færast í aukana síðustu daga. Hann hefur verið þekktur fyrir annað, hæstv. iðnrh., en að vera stuttorður, en svo stuttorður hélt ég að hann yrði ekki að hann sýndi ekki þessari hv. deild. þá virðingu að skýra a. m. k. frá í höfuðatriðum því sama og hann mælti fyrir í Ed. og sömuleiðis þeim rökum sem eru fyrir því að breyta ýmsu í þessu frv. í meðförum Ed. Þetta lætur hæstv. ráðh. alveg undir höfuð leggjast.

Það getur vel verið að þm., sem styðja þessa ríkisstj., láti bjóða sér slík vinnubrögð og þyki þetta gott. En það er til of mikils ætlast af ríkisstj. og hæstv. iðnrh. að stjórnarandstaða kyssi á vöndinn og geri allt eins og þessum herrum þóknast. Hér er ekki um þingleg vinnubrögð að ræða. Það er hægt að sætta sig við að lítið einfalt mál komi frá annarri deild án þess að mælt sé fyrir því. En það er ekki hægt að sætta sig við að stórmáli, sem lagt er fyrir seinni deild og ekki hefur fengið betri meðferð og lengri en það mál hefur fengið í Ed., sé kastað í hendurnar á þdm. og atkvgr. eigi svo að fara fram um að vísa málinu til nefndar og 2. umr., og þar eru menn með keyrin yfir stjórnarliðunum til þess að afgreiða mál án þess að vita neitt hvað verið er að gera. Á svo þessi þjóð að bera virðingu fyrir löggjafarsamkomu sem stendur þannig að vinnubrögðum í stórmálum?

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22:1 atkv. og til iðnn. með 22 shlj. atkv.

Varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum, frv. (þskj. 984). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 24:1 atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til landbn. með 22 shlj. atkv.

Dagvistarheimili fyrir börn, frv. (þskj. 895). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 24:1 atkv.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Mér hefur ekki unnist tími til að kynna mér, hvaða breytingar hafa verið gerðar á þessu frv. í Ed., og óska eftir að málinu verði vísað til nefndar svo að hún geti fjallað um það. (**Forseti:** Ég skal upplýsa í hverju breytingin er fólgin. Í stað orðsins „námsskrá" kom orðið: starfsáætlun). Ég óskaði þess, að frv. yrði vísað til nefndar. Ég óska eftir að það komi til atkvgr. (**Forseti:** Það gerir það.) Ekki eftir að umr. er lokið náttúrlega. (**Forseti:** Nú, það er sérkennilegt.) Herra forseti. Ég óskaði eftir að málinu yrði vísað til menntmn. og stend við það. Ég óska eftir atkvgr. um það.

ATKVGR.

Till. um að vísa frv. til menntmn. felld með 13:11 atkv.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁG, EH, GS, GJG, GGÞ, GHelg, HÁ, HBl, HG, JI, IGísl, JE, KP, MHM, MB, ÓE, PP, PJ, RA, SV, SBó, SvG, VG, ÞS, AG, SvH.

SigurlB, SteinG, AS greiddu ekki atkv.

11 þm. (BGr, BÍG, FÞ, FrS, GeirH, JS, JÞ, MÁM, ÓÞÞ, SighB, SkA) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 997).

Framkvæmdasjóður aldraðra, frv. (þskj. 965). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 24:1 atkv.

Frsm. (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Hv. deildarþm. Í trausti þess að menn taki störf þingsins alvarlega að þessu sinni, en vægast sagt var það ekki að sjá við afgreiðslu síðasta máls, ætla ég að leyfa mér að tala hér fyrir frv. til l. um framkvæmdasjóð aldraðra sem liggur fyrir á þskj. 965.

Forsaga þessa frv. er sú, að fyrir þinginu lágu tvö frv.: Annað stjfrv., 269. mál þingsins, frv. til l. um heilbrigðis- og vistunarþjónustu aldraðra. Hitt málið var 201. mál þingsins, en það var frv. til l. um sérhannað húsnæði aldraðra og öryrkja. Flm. þess voru hv. þm. Pétur Sigurðsson, Matthías Bjarnason og Halldór Blöndal.

Heilbr.- og trn. hafði þessi mál til umfjöllunar og varð fljótlega ljóst að erfitt yrði, þar sem svo áliðið var þingtíma, að gera þessum frv. þau skil sem þau eru talin verðskulda. — Umsagna var leitað og fjölmargar aths. við þessi frv. komu fram. N. varð því sammála um að óverjandi væri að afgreiða þau án þess að taka þau til verulegrar vinnslu.

Til upplýsingar skal þess getið, að stærsta ágreiningsmálið voru þau atriði sem fram komu í brtt. hv. þm. Magnúsar H. Magnússonar og hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur sem liggja hér fyrir á þskj. 649. Það, sem frv. og brtt. greinir á um, er aðallega hvort taka á hinn félagslega þátt umönnunar aldraðra inn í frv. Þetta er stærra mál en svo að það verði afgreitt á örfáum dögum. Menn hafa nýlega séð ítarlegar niðurstöður nefndar sem sett var á laggirnar fyrir 5 árum og gera átti tillögur um þátt sveitarfélaga og ríkis í hinum ýmsu málum og verkaskiptingu þessara tveggja aðila, og svo sannarlega er ástæða til að líta á þær niðurstöður.

Hv. heilbr.- og trn. var sammála um að þessi mál þyldu enga bið, heilbrigðis- og vistunarþjónustumál aldraðra, og nefndin varð ákaflega einhuga um að reyna að gera það sem hún gæti til að greiða úr þessum málum. Það var þess vegna einróma samkomulag nefndarinnar, þó að fjarstöddum fulltrúa Alþfl., Magnúsi H. Magnússyni, sem vissulega hafði sýnt fulla vinsemd gagnvart þessu málefni, að bera fram sérstakt frv. í nafni nefndarinnar um það atriði í stjfrv. sem fjallaði um framkvæmdasjóð aldraðra.

Það frv. liggur hér frammi, eins og ég sagði áðan, á þskj. 965 og við samningu þess varð strax einna helsti ásteytingarsteinninn hvernig afla skyldi fjár fyrir þennan sjóð. Hv. þm. þekkja mætavel mismunandi skoðanir manna á ágæti markaðra tekjustofna. Þau rök hafa margsinnis komið fram. Menn minnast Framkvæmdasjóðs öryrkja, og ekki er langt síðan hér var rætt um þýðingarsjóð. Þessi sama gagnrýni skýtur ævinlega upp kollinum og er vissulega ekki að ófyrirsynju. Við töldum þó í þessari n. að landsmenn mundu nokkuð einhuga um að vilja leggja eitthvað af mörkum til skjótrar úrlausnar á húsnæðismálum aldraðra.

Eins og menn minnast var í frv. því, sem hæstv. heilbr.- og trmrh. lagði fram, gert ráð fyrir að leggja gjald á aðgangseyri að vínveitingahúsum, 10 kr. á hvern miða, og skyldi skatturinn breytast í samræmi við verðlagsvísitölu. Það kom mjög fljótt fram ákaflega sterk gagnrýni á þessa tekjuöflunarleið. Helstu rök gegn henni voru að sú tekjuöflun beindist aðallega að mönnum hér á Suðurlandsundirlendinu og þá einkum Reykvíkingum. Þótti mörgum að slíku skyldi jafna á landsmenn alla. Jafnframt skrifuðu veitingahúseigendur nefndinni og töldu af og frá að leggja fleiri skatta en þegar er orðið á veitingahús. Menn töluðu um, að þetta byði jafnframt upp á að menn skytu þessu gjaldi undan, og töldu auðvelt að breyta samkvæmishaldi t. d. hér í Reykjavík í þá veru að stóru veitingahúsin yrðu af viðskiptum, en í staðinn yrðu félagsheimili af öllu tagi látin annast það og kannske án þess að greiða þetta gjald. Við urðum því ásátt í n. um að reyna að leita annarra leiða en þessarar, og eftir nokkra fundi og samráð við hæstv. heilbr.- og trmrh. varð sú leið ofan á sem er hér í 2. gr. þar segir, með leyfi forseta:

„Tekjur sjóðsins eru:

1. Leggja skal 100 kr. á hvern skattskyldan einstakling, í fyrsta sinn á árinu 1981. Ónýttur persónuafslattur samkv. ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt gangi til greiðslu á þessu sérstaka gjaldi. Gjaldið skal innheimt með tekjuskatti og eignarskatti og breytist með skattvísitölu ár hvert samkv. lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Ákvæði þetta skal endurskoða að fimm árum liðnum frá gildisstöku laganna."

Lýkur þar lestri minum. Síðan geta menn sjálfir séð það sem eftir stendur af þessari grein.

Þetta ákvæði um ónýttan persónuafslátt tryggir að mjög tekjulágt fólk, svo sem ellilífeyrisþegar og öryrkjar, kemur ekki til með að greiða þennan skatt.

Eins og ég minntist á áðan, var hv. þm. Magnús H. Magnússon ekki viðstaddur síðustu afgreiðslu málsins, en hann hefur ásamt hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur lagt hér fram brtt. sem menn geta séð á þskj. 983. Þeirra till. er á þessa leið, með leyfi forseta:

„Leggja skal 1% álag á álagðan tekju- og eignarskatt einstaklinga og félaga, í fyrsta sinn árið 1981."

Ég geri ráð fyrir að hv. þm. Magnús H. Magnússon geri grein fyrir þessari hugmynd hér á eftir. Vissulega ræddum við þennan möguleika, en töldum að nóg þætti komið af álögðum tekju- og eignarskatti og einkum með tilliti til þess, að hann hefði nýlega verið lækkaður. Töldum við varasamt að fara út á þessa braut, en vissulega hefur þessi leið ákveðna kosti.

Við nm. trúum því hins vegar statt og stöðugt, að hver skattskyldur einstaklingur í landinu sé tilbúinn að greiða þessar 100 kr. Við höfum von um að ná inn með ekki hærri nefskatti um 1 milljarði gkr. og teljum þeim svo sannarlega vel varið í hraðari úrbætur í húsnæðis- og byggingarmálum aldraðra.

Allir nm. lýstu stuðningi sínum við þetta fram komna frv. Hver nm. ræddi það í sínum þingflokki og allir virtust

þeir vera jákvæðir gagnvart því að reyna að koma frv. fram á þessu þingi. Síðar mun ég gera grein fyrir nál. n. um hitt málið, sem er heilbrigðis- og vistunarþjónusta fyrir aldraða, og mun því ekki fara nánar út í það hér, en vil skora á hv. dm. að greiða fyrir þessu frv. svo að fljótlega sé hægt að gera það átak sem um munar í þessum vandasama málaflokki.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Eins og fram kemur í þskj. 966 treystir hv. heilbr.- og trn. sér ekki til að afgreiða frv. til l. um heilbrigðis- og vistunarþjónustu fyrir aldraða, en vegna þess, hve nauðsynlegt er að afla fjár til málaflokksins, leggur n. til ákveðna tekjuöflunarleið á þskj. 965. Hún gengur út á það að leggja 100 kr. gjald á hvern skattskyldan einstakling, þ. e. 10 þús. gkr., eins og hv. þm. Guðrún Helgadóttir var að lýsa áðan.

Flm. þeirrar brtt., sem hér er til umr., þ. e. undirirtaður og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, viðurkenna nauðsyn tekjuöflunar, en finnst hugmyndin um 100 kr. gjaldið heldur hvimleið. T. d. leggst hún þungt á börn og unglinga sem njóta ekki persónuafsláttar, gæti í mörgum tilvikum tvöfaldað álögð gjöld barna og unglinga og gott betur. Einnig gæti þetta gjald í vissum tilvikum komið illa við gamalt fólk. Það hefur aldrei þótt góð latína hér á landi að leggja jafnháan skatt, þótt ekki sé kannske mjög stór í krónum, á skólabörn og hátekjufólk, en það er vissulega gert í þessu frv.

Við höfum sem sagt leyft okkur á þskj. 983, ég og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, að leggja til aðra tekjuöflunarleið. Við viðurkennum fyllilega nauðsynina, en okkar hugmyndir eru þær að leggja 1% gjald á álagðan tekju- og eignarskatt einstaklinga og félaga á sama hátt og gert var fyrir Byggingarsjóð ríkisins allt fram á síðasta ár. Þessi skattheimta er einföld í framkvæmd. Hún leggst létt á börn og unglinga, og gamalmenni og annað tekjulágt fólk sleppur flest alveg við þessa skatta. Aftur á móti leggst hún, eins og tekju- og eignarskattur á að gera, þyngst á þá sem mestar hafa tekjurnar og mestar eiga eignirnar. Heildartekjur verða svipaðar eða um það bil 1 milljarður gkr. í hvoru tilvikinu sem er, en þar sem 1% skatturinn leggst einnig á fyrirtæki lækkar hann að sama skapi á einstaklingum.

Ég vil að lokum láta það álit mitt í ljós, að ég tel að ef frv. um framkvæmdasjóð aldraðra verður að lögum, muni þau lög verða endurskoðuð og felld inn í væntanlega lagasetningu um heilbrigðis- og vistunarþjónustu fyrir aldraða sem verður vonandi afgreidd á næsta þingi. Ég hefði mjög gjarnan óskað eftir því, að hæstv. heilbr.- og trmrh. staðfesti að sú væri ætlunin, því að ef svo er ekki hefði ég gjarnan viljað koma með fleiri brtt. við þetta frv.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Erindi mitt hingað í ræðustól nú er raunar tvíþætt. Í fyrsta lagi vil ég fara nokkrum orðum um þetta frv., sem hér er til umr., en í öðru lagi vil ég fara nokkrum orðum um málflutning hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur um að menn hér taki störf þingsins ekki alvarlega.

Ég vil fyrst segja það um það frv., sem hér liggur fyrir, að ég er hlynntur þeirri hugmynd sem felst í frv. sem slíku. En tekjuöflunarleiðinni er ég ekki hlynntur. Ég tel að flatur skattur af þessu tagi sé óeðlilegur og óheppilegur vegna þess að hann hitti þá fyrir sem kannske síst ættu skilið að fá skotin. Flatur skattur af þessu tagi hefur líka þá tilhneigingu að fara fram hjá vísitölu, og kannske er tilgangurinn með öllum leiknum að fara þá leið. Ég sakna þess líka mjög, að í þessu tilviki skuli hvorki fyrirtæki né félög vera skattlögð. Ég heyrði í fréttum í kvöld að það væri fjöldinn allur af félögum og fyrirtækjum á Íslandi sem enga tekjuskatta greiddu. Og ég man eftir því, að hæstv. núv. fjmrh. lýsti því yfir hér einu sinni glaðbeittur úr ræðustól að hann skyldi nú aldeilis koma böndum á þessi fyrirtæki, sem enga skatta greiddu, þegar hann yrði ráðh. Hann veifaði hér plaggi með nöfnum 1400 fyrirtækja sem enga skatta greiddu. Ég hef ekki orðið var við að hann hafi gert gangskör að því að leiðrétta þetta misrétti sem hann taldi svo mikið í þá tíð, þannig að það hefði nú ekkert skaðað að koma með einhverja skattlagningu í þá áttina.

Svo verður það auðvitað að segjast sem er, að skattlagning af þessu tagi er orðin afskaplega hvimleið. Ég held að það væri miklu eðlilegra að taka þessa fjármuni beint úr ríkissjóði en að vera að leggja á sérstakan skatt og væri þá ákveðið á fjárlögum hver sú upphæð ætti að vera.

En úr því að ég er kominn hér í ræðustól vil ég fara nokkrum orðum um það sem kom fram hjá hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur áðan. Hún lét það álit sitt í ljós, að þm. tækju störf þingsins ekki alvarlega. Ég verð að taka undir orð hv. þm. Halldórs Blöndals og Matthíasar Bjarnasonar um að hv. stjórnarþm. sýna stjórnarandstöðunni ekki meiri virðingu en það, að þeir hika ekki við, ef persónulegar ástæður eru í húfi, eins og í tilteknu máli sem hér var rætt áðan, frv. um dýralækna, sem óskað var eftir afgreiðslu á, — ef einn þm. hæstv. ríkisstj. telur að það mál sé andstætt sínum hagsmunum, þá afgreiðir hann það með biðinni einni saman og væntir þess þá að það komi ekki upp fyrr en á næsta þingi. Þetta eru gersamlega ótæk vinnubrögð. Það var gengið frá þessu máli í landbn. Nd. Minnihlutaálit lagði ég fram í gær, og ég bjóst fastlega við að álit meiri hl. kæmi fram í gær, vegna þess að þetta mál var afgreitt með miklum velvilja og fullkomlega reiðilaust af beggja aðila hálfu.

Ég geri þá kröfu til stjórnarsinna, að um leið og þeir óska eftir að við stjórnarandstæðingar reynum að hraða málum í gegnum þingið núna á síðustu dögum þess sýni þeir okkur þá lágmarkskurteisi að láta ekki tilfinningar sjálfra sín ráða, hafi þeir á móti einhverju einu tilteknu máli, svo að það fái ekki þinglega meðferð af þeirri ástæðu einni. Þetta er óþolandi framkoma og verður auðvitað ekki liðið og býður upp á að stjórnarandstaðan tefji hér fyrir málum. Það hlýtur að gerast ef þetta verður uppi á teningnum áfram.

Það sem er ergilegast og leiðinlegast við þetta mál er að það var fullkomlega ástæðulaust að tefja það á þann hátt sem gert hefur verið. Það eru engin rök sem hníga til þess, að þetta mál skuli tafið, nema einhverjar persónulegar ástæður ákveðins þm. Það eru þessi atriði sem eru mjög verð þess að vera gagnrýnd. Vinnubrögð af þessu tagi eru gagnrýnisverð þegar um það hefur verið samið að reynt sé í sameiningu og með samvinnu að koma málum fram hér á þinginu. Ég segi fyrir mig að ég hef ekki mikla ástæðu til þess né mikinn áhuga á því að hjálpa til við framgang mála hér á þingi þegar menn haga sér á þennan hátt. Og ég er alveg sannfærður um að ef þessi vinnubrögð eiga að viðgangast hér, þessi hreina ókurteisi og dónaskapur sem mönnum er sýndur á þennan hátt, þá verður stjórnarandstaðan auðvitað að grípa til sinna

ráða. Hún getur ekki tekið þessu með þegjandi þögninni. Það gengur ekki.

Ég skora á hv. stjórnarsinna að þeir sjái til þess, að svona nokkuð gerist ekki og þeir leiðrétti það, sem nú hefur gerst hér, þannig að það mál, sem um ræðir, frv. um dýralækna, komi hér á dagskrá hið allra fyrsta og fái þinglega meðferð eins og lofað hefur verið. Að öðrum kosti segi ég það fyrir mig, að ég tel enga ástæðu til þess að ég sitji hér og reyni með þeirri setu að flýta fyrir málum sem hæstv. ríkisstj. hefur áhuga á að koma hér í gegn, ef hún sýnir svo stjórnarandstöðunni þann dónaskap sem hún hefur nú gert. Ég skora á stjórnarsinna að sjá til þess, að svona lagað gerist ekki.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Hv. alþm. er það auðvitað sameiginlegt hagsmunamál og áhugamál að vegur Alþingis alls staðar annars staðar í þjóðlífinu sé sem mestur. En það hefur oft verið sagt hér í dag og er þrátt fyrir það ástæða til að endurtaka það enn, að afgreiðsla mála nú þessa síðustu daga er alveg með ólíkindum. Hér er hvert stórmálið á fætur öðru afgreitt og auðvitað, þó að út af fyrir sig sé um virðingarverð og sjálfsögð mál að ræða sitja menn á sér og taka ekki til máls til að tefja ekki umr., eins og það er kallað, vitandi mætavel að fljótaskrift er á afgreiðslu, að frv. eru ekki nægilega vel undirbúin, að það er hróflað upp lausnum á vandamálum á síðustu stundu. Ef Alþingi starfaði með eðlilegri hætti og eins og nútímalegt þjóðfélag ætti að gera ráð fyrir, starfaði eins og önnur fyrirtæki í þessu landi og sniði sig ekki svo að hinu gamla landbúnaðarþjóðfélagi eins og það gerir með þessum hætti, þá gæfist meiri og betri tími. Því segi ég, að ég hygg að það frv. til laga, sem hér er til umr. um framkvæmdasjóð aldraðra, sé nákvæmlega svona til orðið.

Nú er það auðvitað svo, að enginn getur haft á móti framkvæmdasjóði aldraðra og enginn getur haft á móti því út af fyrir sig að stuðlað sé að byggingu húsnæðis og dvalarstofnunum fyrir aldraða, eins og það heitir í 1. gr. frv. Vandamálið snýst ekki um það út af fyrir sig. Á undanförnum árum hefur ekki eins mikið verið gert í þessum efnum og við gjarnan kysum, en það snýst um það að ekki hafa verið til peningar.

Fyrir nokkrum vikum lagði hæstv. félmrh. til við Alþingi að lagður yrði skattur á þá sem sækja veitingahús í Reykjavík — og Akureyri raunar. Það hefur komið fram, að eftir að hafa hlustað á röksemdir taldi n. að þessi leið gengi ekki, og á það sjónarmið n., sem hér hefur raunar verið lýst, verður að fallast. En nú er í staðinn farin sú leið að leggja flatan nefskatt á sérhvern skattskyldan einstakling í þjóðfélaginu, unglinga og upp úr. Alveg burtséð frá hinu virðingarverða verkefni sem hér er um að ræða, hverju nafni sem þessi skattheimta er nefnd, er hér auðvitað um að ræða hækkun á tekjusköttum sem nemur 1%. Innheimtur tekjuskattur nemur samkv. fjárl. núna u. þ. b. 100 milljörðum kr. Hér er um að ræða 1% hækkun á slíkum skatti. En málið er það, að vitaskuld ætti ekki að fara þessa leið. Vitaskuld ætti það svo að vera, að þegar fjmrh. og heilbrrh. semja fjárlög með sínar sérfræðingasveitir á bak við sig ætti það, hvað við viljum leggja til slíkra verkefna, að vera eitt af því sem þeir þurfa að gera upp við sig. Það skal sagt um þetta mál: þeim mun meira, þeim mun betra. En þetta er röng leið. Og af hverju er þetta röng leið? Vegna þess að stóri bróðir má gæta sín. Skattar af þessu tagi eru til þess fallnir að fara hreinlega í taugarnar á fólki og það með réttu. Málið er auðvitað það, að hversu óendanlega virðingarvert verkefni sem auknar byggingar til handa öldruðum eru, sem þær vissulega eru, úr því skal hvergi dregið, megum við ekki gleyma að fjölmörg önnur félagsleg verkefni af þessu tagi bíða. Hvað með vandamál þroskaheftra eða vandamál geðsjúkra? Eigum við hv. þm. að fara hér í kapphlaup um að leggja til nefskatt af þessu tagi, að negla niður verkefni af þessu tagi og setja þingbræður okkar og systur upp við vegg? Ég held að þessi aðferð sé af mörgum ástæðum bæði vitlaus og beinlínis óheppileg.

Nú vil ég lýsa því, að víða annars staðar, ég nefni t. d. Þýskaland, skipta þeir upp þannig að á skattseðli ráða menn t. d. hvað mikið þeir eru að greiða til heilbrigðisþjónustu. Það má vel hugsa sér að skattseðill sé í ríkari mæli svona upp byggður, að það sé skipt á milli þannig að fólk geri sér nokkra grein fyrir í grófum dráttum hvað fer til þessara stóru málaflokka: til heilbrigðismála, til menntamála, til stjórnunarmála og til framkvæmda. Það eru í grófum dráttum stærstu þættirnir sem um er að ræða. En að taka eitt mál, sem þegar við skoðum allt þetta dæmi í heild er auðvitað lítið mál, þ. e. í prósentu- og peningaskilningi, og leggja á nefskatt til þess eins, það er nefskattur sem er 100 kr. eða 10 þús. gkr., — ég held að það sé röng aðferð. Úr því að farið er til þessa er auðvitað miklu hreinlegri aðferð að fara þá leið, sem hv. þm. Magnús H. Magnússon og Jóhanna Sigurðardóttir leggja til á sérstöku þskj., að hækka þá álagðan teku- og eignarskatt um 1%, en það er auðvitað það sem verið er að gera. Og það er auðvitað rétt ábending, sem fram kom hjá hv. þm. Árna Gunnarssyni um þetta: Þessi mal eru tekin út fyrir sviga. Þetta er flatur skattur á hvern skattskyldan einstakling. M. ö o.: fyrirtæki og aðrir þeir sem skatta greiða, aðrir en einstaklingar, taka ekki þátt í þessari fjármögnun. Hlutverki og þjónustu ríkisins á á hinn bóginn einmitt að dreifa, slíkri kostnaðarbyrði á að dreifa þannig að þunginn fari frá einstaklingum og til ágóða. Hér er þessi leið ekki farin, heldur farin sú leið að leggja þetta alfarið á einstaklinga. Að þessu leytinu til horfir þessi skattlagning í ójafnaðarátt.

Nú væri auðvelt að segja sem andsvar við þessum málflutningi mínum, að hér væri verið að bregða fæti fyrir framkvæmdasjóð aldraðra. Gott og vel. Og af hverju er það hægt? Jú, vegna þess að stutt er eftir af þingtíma. En málið er það, að þetta kom seint fram frá hæstv. ráðh. Ég get vel skilið að stuðningsmenn ríkisstj. í n. vilji ekki bregða fæti fyrir málið, en þeir sjá enga aðra lausn en þá afleitu lausn að leggja á skatta með þessum hætti. Ég vil vekja sérstaklega athygli hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur á því, að með því að leggja þetta eingöngu á hvern skattskyldan einstakling fer þunginn þangað, ekki á fyrirtækin, ekki ágóðann í landinu. Eðli þessarar skattlagningar er þess vegna allt annað en eðli hins almenna dæmis sem við gerum upp í gegnum fjárlög og dreifum aftur út í félagslega þjónustu. Það er þetta sem er aðalatriði þessa máls.

Út af fyrir sig er þetta nákvæmlega eins og með mörg önnur mál sem hér er verið að afgreiða: Það er svo seint fram komið að ég hefði gjarnan viljað fá lengri umhugsunarfrest. Við sjáum hvernig mál eru að þróast. Menn féllu frá vínveitingahúsaskattlagningu, væntanlega vegna þess að eftir nokkurra daga umhugsun sáu menn að það gekk ekki, eins og hér var ágætlega gerð grein

fyrir í framsöguræðu. Þetta er næsta stig í þróuninni, og ég er sannfærður um að ef t. d. við hv. þm. Guðrún Helgadóttir leiddum að því góðan og betri þanka og tækjum til þess nokkurn tíma kæmumst við sameiginlega að þeirri niðurstöðu, að þetta er ekki rétta leiðin til að afla fjármuna. En væntanlega á þetta eftir að fara hér í gegn og hv. þm. annars stjórnarandstöðuflokksins hafa fallist á þessa hugmynd. Ég er sannfærður um að í raun og veru er þar eins rökleitt. Þeir segja: Tíminn er orðinn naumur, en málið er svo gott að það er ekki hægt annað en að vera með þessu. — Allt er þetta mál í heild sinni enn ein undirstrikun þess með hverjum hætti vinnubrögð eru hér á Alþingi síðustu daga.

Ég spái því, að þessi skattur eigi eftir að fara feikilega í taugarnar á feikilega mörgum og meira en upphæð hans gefur tilefni til. Það á að vera svo, að hegðunarmunstur stóra bróður — ríkisins — fari ekki meira í taugarnar á fólki en nauðsynlega þarf. Með þessum vinnubrögðum er stóri bróðir að gefa réttmætan höggstað á sér, þó svo málið sé gott. Af þeirri ástæðu er ég fastlega þeirrar skoðunar, að þessi aðferð til skattheimtu sé röng. Rétta leiðin hefði verið að taka þetta út úr heildardæminu, eins og við gerum við mennta- og menningarmál og aðra þætti heilbrigðismála. Það hefði verið frá sjónarmiði ríkisins skynsamlegri leið en sú vitlausa leið sem hér er verið að fara.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég óska eftir því að hæstv. félmrh. verði viðlátinn. (Gripið fram í.) Það væri mjög æskilegt að fá fram hvert væri viðhorf hæstv. félmrh. til þessa frv. Eins og mönnum er kunnugt fer hæstv. félmrh. með málefni vinnumarkaðarins og annast samskipti við stéttarfélögin fyrir hönd ríkissjóðs á hinum frjálsa vinnumarkaði.

Við munum eftir því í sambandi við setningu brbl. hinn 31. des. s. l. að þá var heitið af ríkisstj. að hún mundi beita sér fyrir því að lækka beina skatta um sem næmi 1.5% í kaupmætti. Hæstv. ríkisstj. átti síðan fundi með fulltrúum Alþýðusambands Íslands um þessi mál og fulltrúar Alþýðusambandsins mátu þær skattalækkanir sem þegar hafa verið samþykktar hér í Nd. Mér er satt að segja ekki kunnugt um hvort breytingarnar á tekju- og eignarskatti og sjúkratryggingagjaldi eru komnar í gegnum Ed., en þessi mál hafa verið afgreidd hér í Nd. Nú langar mig að varpa þeirri fsp. til hæstv. félmrh., hvort ekki hafi komið fram í viðræðunum við fulltrúa Alþýðusambands Íslands skuldbinding af hálfu ríkisstj. um að beinir skattar yrðu ekki hækkaðir með öðrum hætti til að ná upp þeim tekjumissi sem ríkissjóður varð fyrir með lækkun tekjuskattsins. Það er afskaplega þýðingarmikið að þetta komi fram. Eins og þetta frv. um framkvæmdasjóð aldraðra horfir við mér virðist mér sem verið sé að ganga á samkomulagið við stéttarfélögin um lækkun beinna skatta. Ég óska eftir upplýsingum um hvort um þetta hafi verið rætt við aðila vinnumarkaðarins, við fulltrúa Alþýðusambands Íslands, og hvort þeir líti svo á, að nefskattur af þessu tagi samrýmist því samkomulagi sem hæstv. ríkisstj. sagðist hafa náð við fulltrúa Alþýðusambandsins. Mér hefur að vísu ekki gefist kostur á að ræða þessi mál við fulltrúa Alþýðusambandsins í þingnefndum og formaður Verkamannasambands Íslands, sem sæti á hér í deild, hefur verið næsta þögull um þessi efni og til lítils að hlýða honum yfir gang mála.

Ég vil rifja það upp fyrir hv. þd., að stéttarfélögin eru nú að vinna að því að setja fram sína kröfugerð varðandi þá samninga sem nú á að fara að vinna að, en eins og mönnum er kunnugt um verða allir samningar lausir í síðasta lagi um næstu áramót, bæði hjá Alþýðusambandinu og hjá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. Ég reikna með því, að það muni ekki gera næstu samninga auðveldari ef verkalýðshreyfingin stendur frammi fyrir því að ekki hafi nýtt tungl runnið upp síðan skattar voru lækkaðir uns aðrir nýir voru lagðir á í staðinn. Ég ætla þess vegna að nauðsynlegt sé fyrir þd. að fá um það glöggar upplýsingar, hvernig verkalýðshreyfingin lítur á þessi mál, og vil óska eftir því við þá nefnd sem fær málið til umfjöllunar. Ég vil leggja til að það sé fjh.- og viðskn., þar sem þetta frv. er flutt af heilbr.- og trn., en einn þáttur þess kemur inn á skattamál. Ég tel eðlilegt að fjh.- og viðskn. fái málið til umfjöllunar og mun gera að tillögu minni að málinu verði vísað þangað. Þá hygg ég að nauðsynlegt sé að nefndarmenn kveðji á sinn fund aðila vinnumarkaðarins og fái upplýsingar frá forustumönnum launþegasamtakanna um það, hvernig þeir líta á þessi mál. Ýmsir hafa spáð því, að mjög harðnandi átök séu fram undan á vinnumarkaðinum og ég býst ekki við að launþegar taki því þegjandi ef þannig á að fara ofan í vinstri vasann til þess að taka það burt sem hæstv. ríkisstj. þóttist hafa sett í þann hægri.

Hins vegar kann ég aðra lausn á þessu máli, sem er miklu nærtækari og skynsamlegri og þjónar þessu markmiði betur, og hún er einfaldlega fólgin í því, að við leggjum til hliðar 0.3‰ af tekjum ríkissjóðs og leggjum í framkvæmdasjóð aldraðra. Sú lausn mundi í fyrsta lagi hvetja hæstv. ríkisstj. til að sýna meira aðhald í ríkisrekstrinum, spara, og veitir nú ekki af, og í öðru lagi fullnægir sú lausn því, að staðið yrði við fyrirheitin við launþega a. m. k. að einhverju leyti. Ég vek athygli á því, að það gjald, sem gert er ráð fyrir að leggja á skattborgarana samkv. þessu frv., nemur um 1.5% af þeim tekjuskatti einstaklinga sem reiknast til beinna tekna þegar tekið hefur verið tillit til barnabóta og persónuafsláttar og greiðslu útsvars og sjúkratryggingagjalds. Svo hátt er nú þetta gjald í raun og veru vegna þess að greiðendurnir verða svo margir — og miklu fleiri en menn gera sér í rauninni grein fyrir fljótt á litið.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri. Ég vil ekki tefja fyrir framgangi málsins hér á Alþingi og í samræmi við þinglegar venjur mun ég ekki flytja brtt. við 1. umr. málsins, en legg til að málinu verði vísað til fjh.- og viðskn. til að athuga sérstaklega þann þátt frv. sem veit að skattalögum, athuga hvort sá þáttur samrýmist þeim loforðum og fyrirheitum sem fulltrúum stéttarfélaganna voru gefin í sambandi við brbl. 31. des. s. l. og kristölluðust í því, að menn voru sviptir 7% af launum sínum mánuði eftir á. Í marslok voru þeir sviptir marslaunum, og mér þykir satt að segja nóg að gert að því leyti. Ég bendi á að engin skattalækkun hefur enn komið mönnum til góða. Fyrirframgreiðslur eru óbreyttar eins og ákveðið hafði verið og engin miskunn hjá Magnúsi hvað það snertir. Kjaraskerðingin hefur því komið með fullum þunga á fólk og ég fullyrði það af viðtölum við einstaka trúnaðarmenn verkalýðshreyfingarinnar að þolinmæði þeirra er á þrotum, en á hinn bóginn þykir mönnum sem þessi ríkisstj. sé fullfrek til fjárins.

Ég vil beina því til fjh.- og viðskn. að hún athugi þetta, hvort ekki megi koma í staðinn fyrir 1. lið 2. gr. að í tekjur sjóðsins verði 0.3‰ af tekjum fjárlaga, og ef

ríkisstj. þykist ekki hafa fullar heimildir fyrir sparnaði í ríkisrekstrinum mætti í ákvæði til bráðabirgða gera ráð fyrir að ráðh. væri heimilt að spara örlítið meira og ætti þó satt að segja að vera óþarfi að taka það fram. Ég á von á að hæstv. fjmrh. muni taka undir þau orð mín, að rétt sé að standa eins og hægt er við þau fyrirheit, sem verkalýðshreyfingunni hafa verið gefin, og ekki sé gengið lengra á þá samningsgerð en þegar er orðið.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég ætla að byrja á því að þakka hv. heilbr.- og trn. fyrir afgreiðslu hennar á þessu máli. Mér er ljóst að það hefði verið miklu æskilegra að reyna að ná heildarsamstöðu og víðtækri samstöðu um heilbrigðis- og vistunarþjónustu aldraðra. Á því varð ekki kostur og þess vegna varð niðurstaðan að gera sérstakar ráðstafanir til að afla fjár í framkvæmdasjóð aldraðra. Eftir mjög ítarlegar umr., sem fram fóru á milli alþm. bæði úr stjórn og stjórnarandstöðuliði, varð niðurstaðan sú að miða við þá tekjuinnheimtu sem gert er ráð fyrir í þessu frv. nú, þ. e. 100 kr. á hvern framteljanda.

Ég er út af fyrir sig ekkert mjög ánægður með þessa leið, en ég tel að hér sé um að ræða svo mikilvægt og svo alvarlegt vandamál í þjóðfélaginu að við getum ekki látið þetta þing líða og því ljúka án þess að við gerum ítrustu tilraun til að kanna hvort Alþingi er reiðubúið til að leggja þarna nokkuð á sig með þeim hætti að samþykkja sérstaka fjáröflun í þessu skyni. Hér er ekki verið að innheimta peninga í ríkissjóð, eins og hv. þm. Halldór Blöndal gat um áðan. Hér er verið að innheimta fjármuni vegna sérstaks neyðar- og vandræðaástands í málefnum aldraðra.

Ég minni á að við erum með í byggingu nú tvær verulega stórar byggingar. Þar er annars vegar B-álma Borgarspítalans og hins vegar húsnæði Hrafnistu í Hafnarfirði. Þessar framkvæmdir þurfa á fjármunum að halda ef það á að ganga fram með þær eins og brýn nauðsyn er. Af þessum ástæðum þætti mér ákaflega vænt um það, ef Alþingi treysti sér til að afgreiða ákvæði um framkvæmdasjóð aldraðra eins og hér hefur verið lagt til. Samkomulag varð um þessa leið í hv. n. að verulegum hluta til.

Ég vil segja um málið að öðru leyti, að ég mun nú í sumar óska eftir því við alþm. úr öllum flokkum að þeir, eins og hv. frsm. n. mun hafa getið um, taki til sérstakrar meðferðar tillöguflutning sem hér hefur verið á þinginu varðandi þessi mál nú í vetur og að þessi meðferð leiði til þess að fluttar verði hér í haust tillögur um þessi efni. Þá væri væntanlega gert ráð fyrir að lögin eða ákvæðin um framkvæmdasjóð aldraðra yrðu í rauninni felld inn í hin nýju hugsanlegu lög og þar með féllu hin sérstöku ákvæði niður við endurskoðunina.

Ég vona, herra forseti, að Alþingi sjái sér fært að afgreiða þetta mál þó að knappur tími sé til þingloka og erfitt að taka á jafnstóru máli með stuttum fyrirvara. Hið erfiða ástand í þessum málefnum réttlætir að við gerum okkar ítrasta til að ná um þetta mál samkomulagi.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Fyrir heilbr.- og trn. þessarar deildar liggja tvö frv. sem voru óútkljáð og þau einu sem nefndin hefur ekki afgreitt af öllum frv. sem til hennar hefur verið vísað í vetur: í fyrsta lagi frv. um heilbrigðis- og vistunarþjónustu fyrir aldraða, sem lagt var fram og fylgt úr hlaði af hæstv. félmrh., og frv. flutt af Pétri Sigurðssyni og fleiri um sérhannað húsnæði aldraðra og öryrkja. Það varð að samkomulagi í n. að ekki væri tími til að afgreiða og samræma þessi mál á þessu þingi. Það kom fram mjög eindregin ósk frá heilbr.- og trmrh. um að út úr hans frv., stjfrv., væri tekinn kaflinn um fjáröflun til framkvæmdasjóðs aldraðra. Þessum kafla hefur verið breytt hér nokkuð að tillögum ráðh. Þegar formaður n. óskaði eftir því og bar fram ósk ráðh. um að n. flytti þetta frv. taldi ég, eins og almennt er siður, vera eðlilegt að nm. skoruðust ekki undan því að flytja slíkt frv., en ég tók jafnframt fram við formann n., sem talaði við mig um þessi mál, að ég áskildi mér rétt til að flytja eða fylgja brtt. sem fram kunna að koma.

Ég held að um það verði ekki deilt að hlutverkið, sem þessi sjóður á að gegna, er mjög mikilvægt og allir þm. hljóta að lýsa áhuga sínum á því að bæta þar stórum úr frá því sem verið hefur. Hins vegar má mjög um það deila, hvernig fjáröflun til slíks verkefnis sem þessa eigi að fara fram. Hún er hér talin upp í 2. gr. þessa frv. í fimm liðum. Það er inneign Byggingarsjóðs aldraðs fólks, sem flyst yfir á þennan sjóð, og frjáls framlög og aðrar tekjur, sem til kunna að falla, og vaxtatekjur, en aðaltekjuöflunin er sú 100 kr. skattlagning á hvern skattskyldan einstakling, sem hefur verið gerð hér að umræðuefni, og í öðru lagi beint framlag ríkissjóðs eftir ákvörðun við gerð fjárlaga hverju sinni.

Nú finnst mér skipta verulegu máli hvernig aflað er fjár til að sinna þessu verkefni. Ég get ekki fyrir mitt leyti fallist á að greiða atkv. með till. Magnúsar H. Magnússonar og Jóhönnu Sigurðardóttur um að leggja 1% álag á lagðan tekju- og eignarskatt einstaklinga og félaga, í fyrsta sinn árið 1981, jafnvel þó talað sé nú um það og þyki vinsælt umræðuefni hjá sumum að mörg félög í landinu greiði ekki tekjuskatt. Ég held að það væri ekki bætandi á Flugleiðir að leggja á þær tekjuskatt ofan á milljarða tap og ýmis önnur fyrirtæki í landinu.

Hins vegar er hér um að ræða að æskilegra hefði verið að mínum dómi að beint framlag ríkissjóðs hefði verið ákveðið í þessum lögum — beint framlag sem hækkaði eftir skattvísitölu — annaðhvort til að sinna verkefninu öllu, eða þá að fallast á að einhverjum hluta, litlum hluta, tekjuskattsins væri varið í þessu skyni. Ég tel ekki fært, eftir að við erum búnir að afgreiða tekju- og eignarskattsfrv., að bæta við 1% álagi nokkrum dögum eftir það, á sama tíma og við sjálfstæðismenn gagnrýnum og teljum of háa þessa beinu skatta og alveg sér í lagi eignarskattana á almennt íbúðarhúsnæði. Við getum ekki í sömu andránni staðið að aukaskattlagningu sem þessari. Hitt hefði verið æskilegri leið að mínum dómi, en þar ræður ekki stjórnarandstaðan. Það verður að vera ákvörðun þeirra sem ríkisstj. styðja, hvort þeir vilja fara þessa leið eða þá sem er í 1. lið 2. gr. þessa frv.

Ef við fulltrúar Sjálfstfl. í þessari nefnd hefðum sagt að okkur varðaði ekkert um þetta, við vildum ekki eiga neina aðild að þessu frv., væri hægt að ásaka okkur fyrir að við hefðum ekki áhuga á að sinna því brýna verkefni sem þessum sjóði er ætlað. Ég segi því fyrir mitt leyti, að ég tel þessa leið heldur hafa komið til greina. Ef meiri hluti Alþingis eða meiri hl. þessarar hv. deildar er á annarri skoðun, stjórnarmeirihlutinn, og þessi till. liggur fyrir eins og nú er mun ég fyrir mitt leyti greiða henni atkvæði, en eingöngu af þeirri miklu og brýnu þörf sem er á því að auka fjármagn í þessu eina tilviki, að efla

byggingar fyrir aldrað fólk í landinu.

Það er ósköp eðlilegt að menn hafi mismunandi skoðanir á hinum svokölluðu nefsköttum eða mörkuðu tekjustofnum eða hvað við eigum að kalla það. Ég segi fyrir mitt leyti að ég er fremur andvígur mörkuðum tekjustofnum eða nefsköttum, en það er mér ekki svo heilagt mál að ég geti ekki í einstökum tilfellum sveigt af leið ef ég tel að það sé brýnt fyrir gott og þarft málefni. Í þessu tilfelli geri ég það og get það. Hæstv. ráðh. hefur og lýst því yfir, sem er alveg örugglega sjónarmið allrar nefndarinnar, að þetta frv., ef að lögum verður, verði hluti af því frv. sem samið verður og örugglega verður lagt fyrir næsta Alþingi.

Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál. Ég lýsi því enn yfir að ég vil ekki bregða fæti fyrir framgang þess, heldur fremur styðja að því að það fái hraða afgreiðslu hér í hv. deild og væntanlega þá einnig í Ed.

Það kom fram í ræðu áðan að rétt væri að vísa þessu frv. til fjh.- og viðskn. Auðvitað má um það deila. Það er ekkert óeðlilegt að það sjónarmið komi fram, af því hér er að verulegu leyti um fjármál að ræða þó að hlutverkið sé auðvitað fyrst og fremst á sviði heilbr.- og trn. En við verðum líka í leiðinni að huga að því, að þetta er aðeins hluti af miklu stærra máli sem verður í heilbr.- og trn. Mér væri alveg sama í hvora n. málið færi, því að það vill svo til að ég á sæti í báðum þessum n., en ég tel fyrir mitt leyti eðlilegra að málinu verði vísað til heilbr.- og trn. sem hefur flutt það og haft með þau frv. að gera sem hafa orðið til þess að þetta frv. hefur orðið til og verið hér flutt.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég get ekki látið hjá líða að láta þá skoðun mína í ljós, að á þeim bráðum átta árum, sem ég hef setið hér á þingi, hef ég sjaldan heyrt talað af eins lítilli sannfæringu gegn nokkru máli, sem á annað borð hefur verið talað í eða á móti, og hv. 9. þm. Reykv. gerði. Orðin, sem hann sagði, báru mér því allt annan skilning á afstöðu hans en þau gáfu til kynna, enda trúi ég því ekki, að hann hafi neitt við þetta frv. að athuga, og hefði það orðið hans hlutverk á sínum tíma, þegar hann var ráðh., að koma því á framfæri hefði hann áreiðanlega talað í líkum tón og þeir tveir menn sem hér töluðu, annar núv. heilbrmrh. og hinn fyrrv. heilbrmrh., sem virðast hafa meiri skilning vegna þess að þeir standa nær vandamáli fólksins en hv. þm. virðist gera, þrátt fyrir að vandamálið blasi við hvert sem litið er hér í Reykjavík. Það vitum við báðir. Við erum báðir aldir upp hér í Reykjavík. En það vill nú svo til að ég ferðaðist vítt og breitt um landið undanfarna mánuði, má segja, meira en áður, og varð var við nákvæmlega sama vandamálið hvar sem komið er. Sameiginlegt átak er því nauðsynlegt.

Ég hefði viljað lenda hér í verulega harðri umræðu við flokksbróður minn, hv. 7. landsk. þm., vegna þess að það er í hverju einasta máli sem hann hefur einhverjar athugasemdir að gera. Hann hefur mál sitt um frv. á þskj. 965 með því að sækja mál sitt harla langt og nota orð sem ætluð eru til þess eins að æsa upp aðila vinnumarkaðarins gegn þessu frv. En mér er ljúft að rifja það upp, að aðilar vinnumarkaðarins leggja mikla áherslu á stórauknar framkvæmdir í þessum málaflokki einmitt, í vistunarmálum aldraðra. Ég vil minna hv. þm. á tiltölulega nýtekna ákvörðun Verslunarmannafélags Íslands þar sem það hefur í huga að nota eigin sjóði til að auka hraðann á byggingum fyrir aldraða og þá aðallega að sjálfsögðu fyrir aldraða félagsmenn sína. Það eru yfirleitt eldri félagar í verkalýðsfélögunum sem á efri árum eru í mestri þörfinni fyrir vistun og umhyggju, og ég held að verkalýðsfélögin hafi oft svarað í verki öllum þeim spurningum sem þm. bar fram. Að sjálfsögðu er rétt að verða við óskum hv. þm. ef hann telur nauðsynlegt að fá forustumenn verkalýðsfélaganna á fund einhverra þingnefnda til að staðfesta það sem þeir hafa margsinnis rekið á eftir, en það eru byggingar á dvalar- og vistunar- eða umhugsunarheimilum fyrir aldrað fólk og sérstaklega þá sem hafa eytt langri ævi á vinnumarkaðinum sem almennir verkamenn.

Ég trúi því ekki fyrr en ég tek á, að hv. 7. landsk. þm. ætli sér með einhverjum bolabrögðum að tefja framgang þessa máls. Það getur vel verið að vandamál aldraðra hafi ekki brunnið svo mjög á honum persónulega, en ég get fullvissað hann um að vandamál aldraðra brennur einhvern tíma á hverjum okkar sem er, hvort sem það er okkur persónulega eða á nánum ættingjum. Ég frábið mér það sem hann hefur þegar sagt í þessu máli, og ég get næstum því sagt fyrir fram: Ég frábið mér allt það sem hann á eftir að segja. — Hann talar þar ekki fyrir mína hönd sem sjálfstæðismanns. Sjálfstfl. í borgarstjórn Reykjavíkur hefur sýnt að hann er á allt annarri skoðun en þm., og það hefur sjálfstæðisfólk í sveitarstjórnum vítt og breitt um landið líka sýnt.

Ég vil leyfa mér að lýsa yfir stuðningi mínum við framkomið frv. til l. um framkvæmdasjóð aldraðra á þskj. 965. Þá styð ég einnig þá ákvörðun heilbr.- og trn. Nd. að fresta umr. og afgreiðslu á frv. til l. um heilbrigðis- og vistunarþjónustu fyrir aldraða. Samþykkt á þessu frv. til laga um framkvæmdasjóð aldraða markar djúp spor í þá átt að leysa þann mikla vanda sem vistun á öldruðu fólki er í okkar annars góða samfélagi. Ég er viss um að almenningur tekur þessum nefskatti vel. Og ég vil segja að það tekur þessum skatti mun betur þar sem féð rennur ekki til ríkissjóðs. Það rennur ekki til ríkissjóðs, það er misskilningur hjá hv. 7. landsk. þm. Ég skildi hann illa ef hann talaði ekki á þann máta að hér væri um ríkissjóðstekjur að ræða.

Ég vil segja að samtakamáttur fólksins í landinu er hér virkjaður í góðu máli. Hér er ungum sem öldnum gert að skyldu að snúa saman bökum til lausnar á því vandamáli sem brennur hvað sárast á íslenskri þjóð.

Fólkið í landinu hlýtur að fagna því aukna átaki til lausnar á vistunarvandamálum aldraðra sem af samþykkt þessa frv. mun leiða. Heilbr.- og trn. sýnir með flutningi þessa frv. frábæran skilning á þessu vandamáli aldraðra. Ég vil persónulega þakka henni fyrir vel unnin störf vegna þess að það var auðvelt fyrir nm. að afgreiða frv. eins og það lá fyrir neikvætt eða drepa það á einhvern annan hátt. En ábyrgðina, sem á n. hvíldi, skildu nm. Ég vil segja að þetta frv. er Alþingi til sóma og ég held að ekkert hafi verið borgarstjórn Reykjavíkur meira til framdráttar — öllum flokkum — en einmitt samþykkt á líkum aðgerðum í borgarstjórn Reykjavíkur á sínum tíma. En það átti erfitt uppdráttar, og ég ætla ekki, nema að gefnu tilefni frá flokksbróður mínum, að rifja upp þá sögu. (**HBl:** Ég held þú ættir að gera það ef þú ert ekki búinn að gleyma henni.) Ég óska eftir því, herra forseti, að í eitt skipti fái ræðumaður að tala án framígrips frá hv. 7. landsk. þm. Það er kominn tími til að hann læri sína lexíu og mannasiði á sama hátt og hann gerir kröfur til annarra þm.

Ég hef starfað að byggingarframkvæmdum fyrir aldraða í þau tíu ár sem ég hef verið borgarfulltrúi í Reykjavík, og ég veit því hve brýnt er að auka fjárveitingu til þessa málaflokks. Bæjarfélög um land allt hafa sýnt þessum málaflokki sívaxandi áhuga og víðast hvar er nú myndarlega að staðið í byggingarframkvæmdum fyrir aldraða þrátt fyrir skort á framkvæmdafé. Vonandi leysir samþykkt þessa frv. þann vanda. Hér er verið að gera átak til lausnar á uppsöfnuðum vanda þjóðfélagsins og því þarf þann samtakamátt meðal þjóðarinnar allrar sem lýsir sér í því, að þessi höfðatöluskattur og ákveðna upphæð er lögð til.

Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þá brtt. sem hér er á þskj. 983, en ég mun ekki fylgja henni. Ég mun greiða atkv. gegn henni og með till. heilbr.- og trn. til lausnar þessum mikla vanda.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég veit satt að segja ekki hvort ég átti að taka hluta af ræðu hv. 3. þm. Reykv. svo að hann væri með bölbænir varðandi það gamalt fólk sem mér stendur næst, en orð hans féllu á þá lund að þau mætti skilja á þann veg. En ég vil reyna að skilja þau öðruvísi, þannig að hv. þm. hafi ekki fyllilega gert sér grein fyrir því hvað hann var að segja. Hitt ætla ég að segja honum og öðrum mönnum, að mér þykir enginn ofrausn felast í þessu frv. til gamals fólks í dvalarsjóð aldraðra og hefði fundist skemmtilegra að sjá að ríkisstj. hefði treyst sér til að leggja eitthvað fram úr ríkissjóði til þessa máls strax. Hún hefur á undanförnum vikum aflað sér ótal heimilda til margvíslegs sparnaðar í ríkisrekstrinum, og skemmtilegt hefði verið að sjá fylgja þessu frv. eða heyra í ræðu hæstv. heilbr.- og trmrh., sem einnig er félmrh., eitthvert yfirlit um þennan sparnað, hvernig hann gengi, og að þeir hefðu fundið eitthvert fé sem mætti leggja til hliðar handa öldruðum.

Ég man ekki betur en við afgreiðslu fjárlaga hafi verið skert fé til lamaðra og fatlaðra og í einu slíku máli, sem nafnakall var um, sat hv. 3. þm. Reykv. hjá. Það er skjalfest. Vil ég heldur skilja það þannig, að hann hafi ekki almennilega áttað sig á um hvað sú atkvgr. var, frekar en hitt, að honum sé illa við lamaða og fatlaða, enda kom það fram við 3. umr. málsins. Þá greiddi hann öðruvísi atkv. um sama mál og var þá sammála mér í það skiptið.

Hitt hygg ég að öllum mönnum sé ljóst, að þótt einhver maður sé andvígur því, að nýir skattar séu lagðir á, geta þeir á hinn bóginn ekki reiknað það svo, að þeim sé illa við gamalt fólk. Þvert á móti finnur ríkisstj. að hún hefur hundsað þennan málaflokk. Hún hefur á undanförnum árum ekki staðið nógu vel að byggingum fyrir aldraða, og svo þegar komið er fram á þessa vordaga og þörfin blasir hvarvetna við hrekkur hæstv. ríkisstj. í kút og býður mönnum að eitthvað skuli af hendi rakna, en með því skilyrði einu að Alþingi samþykki nýjan skatt. Þrátt fyrir að heildarskattheimtan hafi aldrei verið meiri en nú af þjóðartekjum er ekki hægt að sjá af litlum 10 millj. kr. í byggingarsjóð handa öldruðum án þess að leggja á nýjan skatt. Það var ég að segja áðan. Ég var að reyna að koma þeim mönnum, sem eiga sæti á Alþingi, í skilning um að sú upphæð, sem leggja á til aldraðra í 1. tölul. 2. gr. þessa frv., er ekki hærri en svo, að ríkisstj. hefði vel getað séð af þessum peningum með því að spara pínulítið nefndarstörfin, með því að greiða pínulítið minna verkfræðistofunum og öðru því sem púkkað er upp á núna í stjórnarráðinu og hvergi sparað til. Hvað skyldu þær vera margar verkfræðiskrifstofurnar sem hæstv. iðnrh. hefur ráðið til sín á fullum taxta? Hann greiðir eigendum þessara verkfræðistofa viðlíka laun og læknarnir fara nú fram á handa sjálfum sér, og gera læknarnir þó að því leyti betra starf að þeir reyna þó að vinna bug á sjúkdómum á meðan hinir gera ekki annað en að hlaða upp ónýtu pappírsrusli sem verður að vandamáli fyrir þá menn sem eiga að henda reiður á skjalasafni ríkisins.

Ég kann ekki við það í umr. um mál eins og þetta, þegar því er kastað framan í einstaka þm. að einhverjir þeirra séu þannig gerðir að það hlakki í þeim út af því að ellihrumleiki sæki suma menn heim og sum heimili líði undan þvílíku. Ég kann ekki við það. Mér finnst aðdróttun af því tagi vera af þvílíkum rótum að ég vil eiginlega halda mig í öðrum blómagarði, öðrum jurtagarði, en þar sem slík tré vaxa.

Ég efast ekki eitt andartak um að þegar hæstv. ráðherrar lögðu þennan nýja skatt til sáu þeir neyðina, fundu til sektartilfinningar af því að þeir höfðu staðið sig illa, en þeir bara tímdu ekki að sjá af eyri úr ríkissjóði. Þess vegna er það sem gegnir menn eins og hv. 1. þm. Vestf. fallast á að leysa vandann með nýjum skatti. — En ég segi: Ég óska eftir því, að fjh.- og viðskn. taki málið til meðferðar og hafi sömu viðmiðun og drýgst reyndist strjálbýlisfólkinu í sambandi við Byggðasjóðinn og taki viðmiðun af sjálfum fjárlögunum. Ég man eftir því þegar hv. 11. þm. Reykv. kom hér einu sinni inn sem varamaður meðan hann var framsóknarmaður eða samtakamaður kannske, — ég veit ekki hvar hann var, einhvers staðar á þessu vinstraróli, — og lagði þá til að 2% af fjárlögum skyldu renna í Byggðasjóð. Við þetta hefur ekki verið staðið. En samt sam áður munaði verulega um það. Fyrsta stórátakið, sem var gert fyrir byggðirnar, var þegar skattarnir af álverinu voru látnir renna í atvinnujöfnunarsjóð. Næsta stórátakið, sem gert var, var söknin fyrir að 2% af ríkistekjunum væru látnar renna í Byggðasjóðinn.

Það, sem ég fer fram á, er að framlag ríkisins í Byggingarsjóð aldraðra verði bundið við fjárlögin sjálf, verði ákveðið hlutfall af tekjum ríkissjóðs, og mér finnst of lítið 1 milljarður gamall — litlar 10 milljónir kr. Ég fer fram á að þetta verði hækkað a. m. k. um helming og sagði það í fyrri ræðu minni. Ef menn vilja túlka þau orð þannig, að ég sé móti því, að komið sé til hjálpar við gamalt fólk, þá er það hreinn útúrsnúningur og mönnum ekki sæmandi. (**Fjmrh.:** Þm. á að vita að það er búið að afgreiða fjárlög.) Er búið að afgreiða fjárlög? Er nú hæstv. fjmrh. að vakna upp við það? Hve er langt síðan hæstv. fjmrh. afgreiddi síðustu skattalögin sem komu inn í fjárlögin? Er það allt búið — eða hvenær gerðist það? Í gær? Hvenær ætli tekju- og eignarskattslögin hafi verið afgreidd í Ed.? Það er ekki afskaplega langt síðan. En ég skil að hæstv. fjmrh. skuli nú skýra frá því, að fjárlögin séu loksins búin. Það er ekki seinna vænna, held ég. (**Fjmrh.:** Það var um jólin). Var það um jólin? Ekki var nú búið að ganga frá tekjuskattslögunum þá.

Ég er að tala um fjáröflunarhlið þessa frv. núna. Hæstv. fjmrh. sá ekki ástæðu til að svara því hér áðan, en ég sé að þarna er formaður Verkamannasambands Íslands: Var ekki út frá því gengið í sambandi við lækkun skattalaganna í sambandi við kaupskerðinguna 1. mars að nýir skattar yrðu ekki á lagðir? Var það ekki ein af forsendum fyrir því, hvað verkalýðshreyfingin hafði lágt

1. mars, ein af meginforsendunum fyrir því, að formaður Verkamannasambands Íslands bað ekki um að tala 1. maí á Lækjartorgi? Ég er hræddur um að lægst launaða fólkið, — og ég er með fyrir framan mig viðtal við ótal menn, lægst launaða fólkið, sem talað var við 1. maí s. l., — að þetta fólk sé ekki að tala um hvað kjörin hafi batnað, hvað ríkisstjórn sósíalisma og samvinnuhreyfingar hafi rétt þeim margan góðan feitan kjötbitann. Þorsteinn matgoggur mundi ekki hafa strokið á sér vömbina út af þeim skammti sem hann fengi hjá þessari ríkisstjórn. Þetta fólk talar um að það sé ekki að marka fyrirheit alþm. eða ríkisstjórna — þeir lofi og lofi, en standi ekki við neitt, það sé samið um ákveðin laun, en á þriggja mánaða fresti séu launþegar sviptir svo og svo miklu af þessum bita. (**GJG:** En þó styðja þeir stjórnina upp á líf og dauða.) Sérstaklega í skoðanakönnunum Dagblaðsins. Það má vel vera að það sé rétt hjá hv. þm. að fólk styðji áfram þessa ríkisstj., en ekki breytir það samt löngun minni til þess að reynt verði að sporna gegn því að nýir skattar verði á lagðir.

Ég vil líka vekja athygli á því, að í frvgr. sjálfri um Byggingarsjóð aldraðra, eins og hér er fjallað um hann, er þannig gengið frá verðtryggingunni að sýnilegt er að þar var ekki verið að velja það tryggilegasta. Þar er gert ráð fyrir að upphæðin hækki miðað við skattgjaldsvísitölu. Við vitum allir hvernig hún var meðhöndluð við síðustu fjárlög. Miklu eðlilegra væri að miða þó þennan nefskatt, ef menn vilja ekki vera rausnarlegri en þetta, við byggingarvísitölu þar sem þessir fjármunir munu eiga að renna til að standa undir byggingarkostnaði. Ef þessi tala hefur verið hugsuð svona, þessar 100 kr. á mann, og á bak við það stendur einhver skipulögð áætlun, verðum við að sjálfsögðu að láta þessar upphæðir vera í samræmi við hækkaðan byggingarkostnað.

Ég veit ekki hvort ástæða er til að fjölyrða meir við 1. umr. málsins en orðið er. Enginn skilji orð mín svo, að ég haldi að verkalýðshreyfingin eða launþegar muni grípa til einhverra óyndisúrræða þótt þessum nefskatti verði bætt ofan á. En hitt vitum við, að þegar kröfugerðin verður endanlega lögð fram hljóta menn að gera upp við sig hvernig staðan er, undir hverju launin standa. Ég óttast að eftir hálft ár verði gleymt að hluti af þessari *kaupskerðingu hefur verið í þessum tilgangi.* Þá verður það gleymt. Eftir stendur skertur kaupmáttur ráðstöfunartekna. Og ef menn ætla að reyna með einhverjum hætti að hindra enn nýja kollsteypu of mikilla peningahækkana ættu menn núna að reyna önnur ráð en þau að skerða enn tekjurnar þó í litlu sé, ofan á alla þá kjaraskerðingu sem orðið hefur í vetur. Og eins og ég sagði áðan: Ríkissjóður tekur meira nú miðað við þjóðartekjur en nokkru sinni fyrr.

Í þjóðhagsáætlun sem fyrir liggur, lesum við að það hefur orðið samdráttur á mann í þjóðartekjum. M. ö. o.: Hver einasti einstaklingur hefur minna til skipta en áður nema fölskum kaupmætti sé haldið uppi með erlendum lántökum. Þegar þannig stendur á er ekki óeðlilegt að ríkissjóður taki á sig einhverjar byrðar í sambandi við þennan byggingarsjóð. Miklu fúsari yrði ég til að greiða atkvæði með þessum nýja nefskatti ef hæstv. ríkisstj. gæti á það fallist að láta af hendi rakna þó ekki væri nema helming þess sem skatturinn gefur af sér, þó ekki væru nema 50 aurar á móti hverri krónu sem þannig á að innheimta af þegnunum. Miklu væri það geðfelldara og hlýtur raunar að koma til athugunar í fjh.- og viðskn. og mundi líka á sinn hátt vera nokkur réttlæting gagnvart launþegum þegar með þessum hætti er kippt til baka hluta af þeirri skattalækkun sem lofað er.

Hæstv. heilbrmrh. reyndi að stilla málinu þannig upp, að einhverjir einstakir þm. væru að spilla fyrir hinu gamla fólki. Ég man ekki hvort það var hann sem komst svo að orði, að hann tryði því að hver skattþegn væri reiðubúinn að leggja þetta af mörkum. Vissulega eru menn reiðubúnir að leggja af mörkum ef þeir vita og sjá að það hefur einhvern tilgang. Vissulega mundu menn sætta sig betur við skattbyrðina en þeir gera ef þeir hefðu sannfæringu fyrir því, að ríkisstj. stefndi í rétta átt. Vissulega mundu menn una betur kjaraskerðingunni ef þeir hefðu einhvern smávonarneista einhvers staðar inni í brjóstinu á sér um að nýja krónan væri meira virði en sú gamla. En þetta er ekki tilfellið. Við horfum upp á það, að þessi nýi gjaldmiðill er að engu gerður. Og þar er ábyrgð þessarar ríkisstj. mest og mistök hennar verst að henni hefur mistekist að vekja trú manna á gjaldmiðlinum. Launþegarnir voru reiðubúnir að leggja mikið á sig til þess að einhverjum fótum yrði komið undir nýja stefnu í efnahagsmálum, einhverri viðspyrnu yrði komið við.

Hæstv. iðnrh. hefur nú séð um það, að lífskjörin batna ekki á næstu árum vegna uppbyggingar í stóriðjumálum eða með hagkvæmum orkuframkvæmdum svo ekki geta menn vænst þess, að kaupmátturinn fari batnandi af þeim sökum. Og hæstv. landbrh. kvartar undan því, að sér hafi ekki þótt skemmtilegt verk að brjóta niður hjá íslensum bændum þann árangur sem unnist hefur á síðustu árum. Er það raunar skiljanlegt vegna þess að þau gífurlegu áföll, sem orðið hafa í landbúnaðinum og vegna vondrar stjórnar þar einnig, valda því, að mjög þröngt er nú hjá mörgum bóndanum. Þannig mætti lengi telja og skal ég ekki gera það frekar, en það skulu verða mín lokaorð.

Við hikum ekki við það, þm. Norðurl. e., í sambandi við fjárlög að eggja hæstv. ríkisstj. lögeggjan að hún stæði við þau loforð sem fyrir löngu höfðu verið gefin um uppbyggingu sjúkrahússins á Akureyri, en umbætur í þeim málum eru forsenda þess, að viðhlítandi sé hægt að búa að gömlu fólki norður þar. Við höfum ekki talið eftir okkur endranær að reyna að standa á bak við það að hægt *sé að búa betur að elliheimilunum. Hálfköruð standa þau* nú víða um land og menn sjá ekki fram úr því, hvernig þeir eigi að ljúka þeim. 10 millj. kr. ráða því engum úrslitum í þeim efnum.

Ég er þess vegna mjög fýsandi þess, að fyrir þessu máli verði greitt, og eins og ég sagði áðan: Ég legg höfuðáherslu á að framlagið verði fast hlutfall af fjárlögum. Ef ekki verður hægt að fallast á það er lágmarkskrafa Alþingis að ríkisstj. sjái af þó ekki væri nema litlum 5 millj. kr. til þessa sjóðs þegar hann er stofnaður. Hlýt ég að leggja fram um það brtt. þegar ég reyni til þrautar að vinna að því að auknar fjárveitingar renni til aldraðra.

Magnús H. Magnússon: *Herra forseti. Ég hef litlu við* það að bæta sem ég sagði áðan, nema ég vil þó gera aths. við það, hvað brtt. mín hefur fengið dræmar undirtektir. Það vefengir enginn, sem til þekkir, hið mikla vandamál, sem hér er til umræðu, eða nauðsyn skjótra úrbóta. Það vefengir þar af leiðandi heldur enginn nauðsyn á fjáröflun til að leysa málið. Ágreiningurinn er um það, hvernig eigi að afla peninganna.

Hv. þm. Albert Guðmundsson hrósaði Reykjavík fyrir

stórt átak í málefnum aldraðra og er ég honum þar sammála. Á hann sjálfur mikið hrós skilið fyrir sinn þátt í því. En Reykvíkingar greiða til þess átaks eftir efnum og ástæðum, hver og einn með sínu útsvari. Það er einmitt það sama sem ég er að leggja til. Ég er að leggja til að menn greiði eftir efnum og ástæðum. Það er það sem till. á þskj. 983 gengur út á. M. ö. o.: menn greiði lítils háttar viðbót við sinn tekjuskatt sem er álagður eftir efnum og ástæðum.

Mér finnst alveg fráleitt að barn, 13—14 ára barn, sem vinnur sér inn í garðvinnu 2—3 þús. kr. yfir sumarið, skuli borga jafnháan skatt í þessu tilviki og hv. þm. Albert Guðmundsson, en þannig er frv., sem hann var að hrósa um leið og hann talaði á móti brtt. minni. Þetta finnst mér með öllu fráleitt. Mér finnst lítið geð gumа, mér finnst lítil geð alþm. ef þeir eru tilbúnir að leggja jafnháan skatt á barnið, sem vinnur 2—3 vikur í garðvinnu yfir sumarið, og á sjálfa sig.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Mér er kunnugt um að hv. 3. þm. Reykv., Albert Guðmundsson, var hér á árum áður mikill íþróttamaður. Ég held að hann hafi reyndar ekki stundað hnefaleika. En sjaldan hefur mér fundist hann slá eins undir belti og hann gerði í ræðu sinni áðan. Mér er nær að ætla að honum sé ekki alveg ljóst hvað það var sem hann var raunverulega að segja. Ég gerði hér fyrr í kvöld aths., en ekki við þetta málefni, heldur við þá fjáröflunarleið sem farin er. Þarna er skylt að gera skýran greinarmun á. Ég lýsti því jafnframt, að af tvennum leiðum, sem hér eru uppi tillögur um, er miklu fremri sú leið sem hv. þm. Magnús H. Magnússon hafði mælt fyrir og ítrekaði reyndar hér enn. Sé reynt að halda öðru fram, t. d. reynt að halda því fram, að ég eða aðrir hér hafi verið að tala gegn hagsmunum aldraðra, er uppi hafður málflutningur af því tagi að ég endurtek það, að ég held að þm. hafi ekki verið sjálfrátt þegar hann heldur því fram.

Málefni aldraðra eru af þeirri náttúru — og það er gott — að þau hafa tilfinningalega skírskotun. Það geta fleiri leikið leiki eins og hv. þm. lék hér í kvöld. Við getum tekið þar upp fleiri mál sem hafa tilfinningalega skírskotun til okkar allra. Það eru geðheilbrigðismál, það eru málefni þroskaheftra og við getum leikið okkur að því að flytja hér till. um 1000 kr. flatan skatt á sérhvern einstakling í landinu. (Gripið fram í.) Já, viðbætur við það, auka enn, því að ég vænti þess, að þm. séu þeirrar skoðunar að það megi gera betur — eða hvað?

Við getum svo haldið áfram, um leið og þm. efuðust um að tekjuöflunin væri rétt, að halda langar tilfinningaræður um mannvonsku hinna sömu þm. Það gerði þm. hér í kvöld. Hann neitaði að skilja á milli annars vegar málefnisins og hins vegar tekjuöflunarinnar sem hér er verið að leggja til. Ég sagði það — og lagði á það þunga áherslu, að ástæðan fyrir því, að ekki er hægt betur um þetta að fjalla og ná skynsamlegri tekjuöflunarleið, en halda þó málefninu, er með hverjum hætti málið er komið fram, hversu seint það er komið fram og hvað skammur tími er eftir af þessu þingi.

Það eru til peningar víða. Hv. þm., sem svo talaði, er formaður fyrir bankaráði. Nýverið var dreift hér á Alþingi upplýsingum frá hæstv. fjmrh. um risnu í bönkunum. Ein leið, ef við hefðum meiri tíma, væri að skylda bankana til að leggja peninga í verkefni af þessu tagi. Og hvaða peninga? Peninga sem þeir nota í verkefni sem ég leyfi mér að segja að þeir hafi engan rétt til að sinna. Þetta er ein leið. Um þetta mundum við þurfa að ræða og ræða betur ef við hefðum tíma til.

Ég segi að sú ræða, sem hv. þm. flutti áðan, var ekki einasta ósmekkleg, hún var ódrengileg í alla staði. Það er allt annað að hafa efasemdir um þá fjáröflunarleið, sem hér er farin, en að hafa efasemdir um það málefni, sem hér er verið að leggja til. Ég dreg ekki í efa að hv. þm. er vel innrættur og sennilega betur innrættur en flestir þeir sem hér eru. Ræða hans fjallaði raunverulega efnislega um það, og um þann dóm hans um sjálfan sig er engin ástæða til að efast. En ég satt að segja frábið mér þennan málflutning og ég vænti þess og held nú allur þorri annarra þm. hafi smekk til þess að leggja ekki út á sömu brautir. Það er út af fyrir sig auðvelt að gera það, en þessari stofnun og ágætum málefnum er, held ég, lítill greiði gerður með því. Málefnið er gott, en meðal annarra orða: af hverju bara 100 kr.? Af hverju flytur ekki hv. þm. brtt. um að hafa þetta 200 kr. og gera helmingi betur — eða 500 kr. og gera fimm sinnum betur í þessum efnum? Ættum við svo ekki að fara að metast um hvor væri betri maður og hefði betri skilning í þessum efnum?

Ræða sú, sem hv. þm. flutti áðan, gaf tilefni til áframhaldandi umræðu af þessu tagi og áframhaldandi tillagna af þessu tagi. Ég er að reyna að útskýra fyrir hv. þm. hvað það var sem hann var að segja áðan, hvers konar málflutning hann hafði uppi og til hvers konar umræðna hann gaf tilefni. En þetta er einmitt kjarni málsins: Áðan, þegar ég hóf máls á nánast tæknilegum umræðum um fjáröflunarleiðir, baðst ég undan málflutningi af þessu tagi og bað þess að þarna væri skilið á milli. Hv. þm. kaus að heyra það ekki, kaus alla vega að láta sem hann heyrði það ekki. Ég held að mín röksemdafærsla standi gjörsamlega óhögguð, að þessi skot hafi hitt fram hjá. Ég endurtek það, að af tveimur leiðum er leið sú, sem hv. þm. Magnús H. Magnússon leggur til, ívið skárri. En ég minni á það að lokum, að það eru víða til peningar. Mér sýnist af skriflegum yfirlýsingum hæstv. fjmrh. að það séu t. d. til peningar í bönkunum. Þeim væri betur komið í svona verkefnum en í laxveiðiám allt í kringum landið.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil taka undir það með hv. 9. þm. Reykv., að margt af því, sem bankarnir gera í peningamálum, mætti betur vera ógert, og ég skal með glöðu geði taka upp baráttu gegn þeirri risnu sem hann talar um. Ég hef haft upplýsingar um alls konar fjárfestingar bankanna, langt umfram það sem ég veit að Alþingi mundi nokkurn tíma láta sér detta í hug að samþykkja, og ég skal vera samstarfsmaður hans við að hreinsa þar til ef það er nokkuð að marka hv. þm. Enginn hefur slegið oftar og harðar undir belti á þeim þingum, sem við höfum setið saman, en einmitt hann. En þegar hann fékk svo tækifæri til að fylgja sínum stóru orðum eftir sem dómsmrh. þessa lands, hvað gerði hann þá? Ekki nokkurn skapaðan hlut. Fullyrðingarnar urðu eins og allt annað, bæði þá og hér, og þá sérstaklega um mig, — það urðu vindhögg. Ég var íþróttamaður, hef verið það alla mína tíð, og tel mig bera þess merki bæði í skapgerð, hugsunarhætti og framkvæmd og kannske ekki síður hvað kjark varðar, því það er það sem íþróttir byggja upp í einum manni. Ég tel mig ekki hafa slegið undir belti neins staðar og aldrei og mun ekki byrja á því á gamals aldri.

Ef menn hafa áhuga á einhverjum góðgerðarmálum eða góðgerðarstarfsemi eða að styrkja þá málaflokka, sem fyrir eru til samhjálpar í þjóðfélaginu, er þeim frjálst að koma með tillögur og láta á það reyna, hvort þm. taka undir þær, en ekki koma með ýmislegt annað en það sem er á dagskrá og er kannske hliðstætt. Það er málið sem er á dagskrá sem er til umræðu og afgreiðslu, en ekki önnur mál eða aðrir málaflokkar þó að þeir geti líka verið góðir.

Ég flyt mál mitt með áhuga þegar ég flyt mál. Þetta mál er ekki mitt mál. Ég er að taka hér undir mál flutt af nefnd hv. Nd. Alþingis sem ég á sæti í, og ég hef ekki hugsað mér að gera neina aðra tillögu um upphæðir en þar koma fram. Það getur vel verið að þessar upphæðir hefðu orðið aðrar hefði ég setið í heilbr.- og trn. sem fjallaði um þetta mál. Það skal ég ekkert segja um. — Í hverjum einasta lið málflutnings hæstv. fyrrv. ráðherra dómsmála var slegið vindhögg.

Hv. þm. Magnúsi H. Magnússyni, 5. þm. Suðurl., vil ég aðeins segja þetta: Ég var 13 ára drengur, ég var líka 14 ára drengur og þurfti að vinna fyrir mér áður en ég náði þeim aldri. Og ég var alinn upp í fátækt hjá gamalli konu. Hefði ég þá getað tekið þátt í því að greiða í sameiginlegan sjóð, sem þjóðin öll tók þátt í, til þess að sú elskulega gamla kona, sem ég átti allt mitt uppeldi að launa, gæti haft sæmilega aðhlynningu þegar hún þyrfti á að halda, en ég var því miður ekki maður til að sjá um og alls ekki í þeim efnum, en varð síðar maður til, þá hefði ég greitt þær 100 kr. Ég hefði þá greitt hvern einasta eyri sem ég hefði getað nurlað saman, sem hefðu verið engu minni peningaleg verðmæti fyrir mig en allt sem ég á núna vegna þess að það jafngilti því, — sú upphæð, sem ég hefði gefið, hefði jafngilt aleigu minni.

Við skulum ekki vera að vorkenna þeim sem á annað borð vinna fyrir tekjum, 13, 14, eða 15 ára, þó þeir þurfi að taka þátt í þeirri samhjálp, hæstv. fyrrv. heilbr.- og trmrh. Það er þannig með hæstv. fyrrv. ráðh. Alþfl. að þeir geta allt og vita allt eftir að þeir hafa farið úr embættinu, en eftir þá liggur minna þann tíma sem þeir eru í embætti.

Ég er sem betur fer með það skrifað sem ég sagði til hv. 7. landsk. þm. Ég gerði það viljandi að skrifa það upp, til þess að það færi ekkert á milli mála og ég gæti vitnað orðrétt í það sem ég sagði. Ég sé þar hvergi neina ástæðu fyrir hann til að skilja mín orð á þann hátt, að ég hafi verið með bölbænir í garð þess gamla fólks sem honum stendur næst. Það er langt frá því. Gamalt fólk er gamalt fólk í mínum augum, og ef það þarf á aðstoð að halda skiptir ekki máli hvort það er skylt eða tengt hv. 7. landsk. eða ekki.

Ég vil minna hv. 7. landsk. þm. á það, að í borgarstjórn Reykjavíkur bar ég fram tillögu fyrstur manna um byggingu sundlaugar við Grensásdeild fyrir lamaða og fatlaða og fólk sem þarf endurhæfingar við. Síðan var það flutt hér inn í Alþingi af þremur fyrrv. ráðh., sem höfðu notið þjónustu þeirrar deildar, ásamt mér. Ég var fyrstur í borgarstjórn að bera fram tillögu um sérstaka bifreiðaþjónustu fyrir lamaða og fatlaða sem yrði tengd Strætisvögnum Reykjavíkur á þeim tíma, en síðar var samþykkt og var rekin af Öryrkjabandalaginu hér í bæ. Sú tillaga var flutt í annað sinn. Þegar hún var loksins samþykkt var hún flutt í borgarstjórn af borgarfulltrúa Ólafi B. Thors og mér. Almenningur í þessari borg þekkir því hug minn til fólks með sérþarfir. Ég minnist þess ekki, að ég hafi setið hjá við atkvgr. þegar fjárveiting til málefna fatlaðra eða lamaðra hefur verið á dagskrá hér.

Það er svo, að í hvert skipti sem hv. 7. landsk. þm. kemur hér í ræðustól heldur hann sömu ræðuna um efnahagsmál almennt og kemur einstaka sinnum að því, sem á dagskrá er, í sínu langa máli. Hann kemst aldrei úr ræðustól án þess að slá neðan beltis í málflutningi sínum. Það er sorglegt. Það er meira en það, vegna þess að við erum flokksbræður. Það er átakanlegt.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Það er að sjálfsögðu búið að tala nóg um þetta mál, en ég get nú ekki stillt mig um að bæta örlitlu við.

Ég vil segja það, að við 1. umr. um frv. um heilbrigðis- og vistunarþjónustu fyrir aldraða lýsti ég efasemdum um að það frv. gæti náð fram að ganga á þessu þingi vegna ýmissa ágalla sem á því voru. Þar á ég fyrst og fremst við félagslega þáttinn, sem var mjög vanmetinn í frv. Það hefur komið á daginn að hv. heilbr.- og trn. hefur komist að sömu niðurstöðu og er það vel.

Það kom einnig fram í ádeilu á frv., þegar það var hér til 1. umr., að fjáröflunarþáttur þess var alls ekki raunhæfur. Þetta hefur einnig verið staðfest hér. Ég vil segja það sem mína skoðun, að ég er ekki ýkjahrifinn af þeirri fjáröflun sem er lögð til í 2. gr., þó ég hins vegar viðurkenni að allt er betra en að gera ekki neitt í þessum efnum. Ég hefði talið eðlilegri leið að fara eins að við þennan sjóð og farið var að í sambandi við stofnun Framkvæmdasjóðs þroskaheftra, að ákveða lágmarksfjárhæð sem síðan fylgdi verðlagsþróun frá ári til árs með beinu framlagi á fjárlögum hvers árs. Það hefði verið miklu eðlilegri og viðkunnanlegri fjáröflunarleið. Þessi sjóður, sem stofnaður var, Framkvæmdasjóður þroskaheftra, var myndaður með 1 milljarði gkr. og hann mun verða á næsta ári á fjórða milljarð.

En látum það vera. Það er ekki tími til að breyta þessu nú.

Ég vil þó benda á að það koma vissulega aðrar fjáröflunarleiðir til greina í þessu mikilvæga máli. Til dæmis tel ég ekki óeðlilegt að lífeyrissjóðirnir komi þarna inn. Það hefur verið rætt um gildi lífeyrissjóða í þessu landi, og lífeyrissjóðirnir eiga auðvitað að hafa það hlutverk að tryggja öryggi þeirra sem eldast. Þeir eru til þess. Þeir eru tryggingasjóðir gamals fólks. Ég teldi vel koma til greina í framhaldi þessa máls að athuga vandlega hvort ekki er hægt að nýta að einhverju leyti lífeyrissjóðina til að efla þennan þátt framkvæmda.

Ég get ekki látið hjá líða að benda hv. 7 landsk. þm. á það, að vissulega hefur margt verið gert í sambandi við þessi mál. Ég tel að það hafi verið spor aftur á bak á sínum tíma, 1976, þegar ákveðið var hér á hv. Alþingi að bygging elliheimila færðist frá ríkinu til sveitarfélaganna. Sveitarfélögin höfðu ekki tekjustofna til að sinna þessu verkefni eins og þörf er á. Þannig hefur myndast viss eyða undanfarin ár í þessum málum miðað við aðrar framkvæmdir á félagslegu sviði í landinu. Þetta held ég að mönnum sé ljóst. Og það er vissulega ástæða til að minna á það, að með setningu nýrra húsnæðislaga á s. l. ári var aðgangur að fjármagni opnaður til byggingar húsnæðis fyrir aldraða, þó að vissulega sé það aðeins lítið brot miðað við þörfina. En við megum ekki heldur algjörlega gleyma að nefna það sem vel er gert, og þarna er vissulega stefnt í rétta átt.

Ég skal ekki taka meiri tíma hér í þessum umr., en vil

þó segja að það, sem skiptir öllu máli í mínum huga í sambandi við það verkefni sem við erum vonandi allir þm. sammála um að sé eitt af meiri háttar félagslegum vandamálum í okkar þjóðfélagi, er að finna fjármagn til að hrinda þessum málum til betri vegar. Ósk mín er sú, hv. alþm., að við berum gæfu til að taka höndum saman til að finna viðunandi lausn á þessu mikilvæga máli. Við hljótum að vera sammála um þörfina. Ég tel að við eigum að sameinast um að koma þessu frv. fram. En það er aðeins lítið skref. Við þurfum að setja heildarlöggjöf um þetta málefni á næsta Alþingi og umfram allt að finna raunhæfar leiðir til þess að hægt sé að taka myndarlega á við að byggja upp þá starfsemi sem vissulega er alls staðar brýn, hvar sem við förum um landið, til þess að tryggja öldruðu fólki sómasamlegt húsnæði og umfram allt tryggja að fólk geti búið við öryggi í þessum málum í framtíðinni.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessa umr. mikið, en ég get varla orða bundist yfir því, með hvílíkum ólíkindum þessi umr. hefur farið fram. Ég hef engan hv. þm., sem hér hefur talað, heyrt tala gegn þessu máli sem slíku, — nauðsyninni, hinni brýnu þörf á úrbótum í þessu máli. Menn greinir á um hvaða leið á að fara til fjáröflunar og það er ósköp eðlilegt. Ég verð því að segja það, og mér þykir það þó leitt um jafnágætan íþróttamann og hv. 3. þm. Reykv. hefur verið og er, að ég tók ræðu hans á þann veg, að þar væri slegið undir beltisstað. Það var ekki hægt að skilja hana á annan hátt. Ég heyrði hvorki hv. 7. landsk. þm. né hv. 9. þm. Reykv. tala gegn því, að það væri brýn þörf og nauðsyn á að ráða bót á því vandræðaástandi sem er í málefnum aldraðra hér á landi.

Það er leitt til þess að vita að menn skuli leiða umræður inn á þá braut sem hér hefur átt sér stað. Ég á ekki von á að það sé skoðun þeirra hv. þm., sem standa að tillöguflutningi um hvaða leið er valin til tekjuöflunar, að sú leið sé sú hin eina sanna og rétta og ekkert annað komi til mála. Ég held því að menn ættu að láta vera að vekja upp umr. á þeim grundvelli, sem mér finnst hv. 3. þm. Reykv. hafi gert hér í kvöld, og það sé að ástæðulausu að hér sé verið að saka menn um óheilindi í afstöðu eða málflutningi því að ekkert slíkt hefur komið hér fram í kvöld, að ég hef heyrt, að því er varðar málefnið sjálft.

Ég verð að segja það fyrir mig, að mér finnst heldur óskynsamleg leið sem hér er valin til tekjuöflunar. Ég heyrði að hv. 3. þm. Reykv. sagði að hann vorkenndi engum að borga sem á annað borð hefði tekjur. Af hverju er hv. 3. þm. Reykv. mótfallinn því að láta félög t. d. borga til þessarar uppbyggingar? Af hverju bara einstaklinga í landinu? Það væri gott að fá svar við því frá hv. þm. Albert Guðmundssyni o. fl., — ég tala nú ekki um þingmönnum Alþb., sem mest hafa talað um skattleysi félaga og fyrirtækja í landinu, — hvort ekki væri rétt að fyrirtækin tækju einnig þátt í þeirri uppbyggingu og væru þátttakendur í að stýra frá þeirri neyð, sem í þessum málum er nú, með því að skattleggja þau eins og einstaklingana. Er ekki skynsamlegra, — ég tala nú ekki um fyrir þá sem telja sig fulltrúa hinna lægst launuðu og lítilmagnans í þjóðfélaginu — að sú fjáröflunarleið, sem sé valin, sé með þeim hætti að hún komi sem hlutfallslega jafnast niður á greiðendur? Sú leið, sem hér er lagt til að farin verði, gerir það ekki. Aftur á móti miðar sú leið, sem lögð er til í brtt. á þskj. 983, að því að á þessu verkefni sé tekið og borgað hlutfallslega eftir því sem hver og einn getur. Ég vil óska sérstaklega eftir svari hv. þm. Alberts Guðmundssonar um þetta — ekki síst í ljósi þeirra orða hans áðan að hann vorkenndi engum að borga. Hvers vegna þá ekki, hv. þm. Albert Guðmundsson, að láta félögin og fyrirtækin borga líka? Það fengist enn meira fjármagn með því og það væri hægt að gera enn þá meira til úrlausnar í þeim brýnu vandamálum sem hér er við að glíma.

Er það í raun og veru ástæðan fyrir því, að hv. þm. Albert Guðmundsson er andvígur þeirri leið að félögin borgi líka, að hann er fulltrúi þess flokks og þess hóps í þjóðfélaginu þar sem um fyrirtæki er fyrst og fremst að ræða, að hann sé að gæta hagsmuna fyrirtækjanna hér á Alþingi? Er sú ástæðan fyrir því, að hann vill einvörðungu binda þetta við einstaklingana í landinu? Af hverju að hlífa fyrirtækjunum við þátttöku í svo mikilsverðu og brýnu verkefni? Ég sé enga ástæðu til þess.

Ég vil engum getum að því leiða — hv. þm. svarar væntanlega á eftir — vegna hvers hann vill undanþiggja félög og fyrirtæki. Ég tel rétt að hann segi það sjálfur hér yfir þingheim, af hverju hann vill sleppa þessum aðilum við að borga lítillega í þennan sameiginlega sjóð til að firra þeim geysilegu vandræðum og því neyðarástandi sem um er að ræða í þessum málaflokki, ekki bara hér í Reykjavík, heldur víðs vegar um landið.

Ég skal ekki, herra forseti, hafa um þetta öllu fleiri orð. En ekki síst fannst mér ástæða til að segja hér örfá orð vegna þeirrar ræðu sem hv. 3. þm. Reykv. flutti í hið fyrra skipti og raunar hið síðara líka. Mér fannst málflutningur hans á engan hátt sæmandi honum sem einstaklingi, það ég þekki hann, ég tala nú ekki um sem íþróttamanni.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil rifja það upp fyrst, að ég legg aðeins til í sambandi við framkvæmdasjóð aldraðra að farin sé svipuð leið og hv. 3. þm. Reykv. lagði einu sinni til í sambandi við framlög Reykjavíkurborgar til aldraðra, þegar hann lagði til, að 10% af útsvarstekjum rynnu til þeirra þarfa, og vildi með þeim hætti binda saman tekjur og framlög til aldraðra.

Til þess að ekki fari milli mála hver mín skoðun er í þessu máli ætla ég að bera fram svohljóðandi brtt., að 1. tölul. 2. gr. orðist svo: „0.3% af tekjum ríkissjóðs, samkvæmt fjárlögum.“ Og til vara komi ákvæði til bráðabirgða, svo hljóðandi: „Á árinu 1981 skal ríkissjóður inna af hendi til Framkvæmdasjóðs aldraðra 50% þeirrar fjárhæðar, er rennur til hans samkvæmt 1. tölul. 2. gr.“ — þ. e. ef fjh.- og viðskn. sér enga aðra leið út úr málinu en að leggja nýjan skatt á borgi ríkissjóður þá helming þess fjár og bæti mönnum þannig upp brigðin í sambandi við brbl.

Ég legg þetta hér með fram til forseta deildarinnar. Ég tek fram, að hvor aðferðin sem farin yrði, hvort sem miðað yrði við 0.3‰ af tekjum ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum eða hinn síðari kostur valinn, yrði heildarfjármagnið svipað, eða um 1.5 milljarðar gamlir í þessu skyni, 15 millj. kr.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Brtt., sem fluttar eru við 1. umr. máls, krefjast ekki neinna afbrigða. Þær ganga til nefndar að sjálfsögðu og koma svo fram þegar málið er tekið til 2. umr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég þakka

fyrir þær góðu undirtektir sem þetta mál hefur fengið hér í hv. d. í kvöld, hvað sem líður skiptum skoðunum um einstök áhersluatriði hér, og vænti þess, að þær góðu undirtektir séu til marks um að Alþingi treysti sér til að afgreiða mál þetta á þeim stutta tíma sem eftir er af þinghaldinu.

Ég held að það sé eðlilegt, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. fjh.- og viðskn. Ég styð till. um þá málsmeðferð sem komið hefur fram frá hv. 7. landsk. þm.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég svara spurningu, sem til mín hefur verið beint, og hún er frá Karvel Pálmasyni, hvers vegna félög eigi ekki samkvæmt fram lögðu frv. að greiða sama skatt og einstaklingar. Ég sé enga ástæðu til þess að félög greiði ekki líka. Ég er bara ekki í þeirri n. sem leggur þetta til. En ég styð þetta frv. eins og það kemur fram.

Nú skilst mér að þessu frv. verði vísað til fjh.- og viðskn. Ég á þar sæti. Ef þar liggur fyrir brtt. um að félög greiði líka þessar 100 kr., nefskatt sem kallað er, skal ég sannarlega styðja hana.

Ég vona að hv. þm. 6. landsk. þm. geti verið sammála mér um það, að enginn okkar er kosinn á þing af stofnunum eða fyrirtækjum. Ég er ekki þm. hér sem fulltrúi fyrirtækja. Ég er ekki kosinn af neinu fyrirtæki. Ég hugsa að ég hafi miklu meira af einstaklingum bak við mig til setu á Alþingi en hv. þm.

Hvað varðar þá till. — ég bið forseta að afsaka — sem ég lagði fram í borgarstjórn og hér hefur verið vísað til, um 10% af innheimtum útsvörum, sem var lækkað af einum stjórnmálaflokki, sem á aðild í borgarstjórn, niður í 7,5%, þá var sú till. fyrst gerð við afgreiðslu fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar, en ekki eftir að fjárhagsáætlun hafði verið afgreidd. Nú hafa fjárlög verið afgreidd frá þessu þingi þannig að sú till. er a. m. k. tímaskekkja eins og hún er lögð fram.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Út af síðustu ræðu hv. þm. Alberts Guðmundssonar um að engin till. væri um að láta félög borga vil ég aðeins upplýsa hv. þm. um það, að þskj., sem brtt. er flutt á af hv. þm. Magnúsi H. Magnússyni og Jóhönnu Sigurðardóttur, er einmitt um að láta félög borga. Það er sú till. sem hv. þm. lýsti sig andvígan áðan og ætlaði að greiða atkv. gegn. Þetta er því ekki svar við minni fyrirspurn. Vegna hvers er hv. þm. Albert Guðmundsson andvígur því að láta félög og fyrirtæki borga til þessa uppbyggingarstarfs? Þeirri spurningu hefur hann enn þá látið ósvarað. Ég tel ekki svar þó hann lýsi því yfir, að komi fram brtt. í fjh.- og viðskn., þar sem hann á sjálfur sæti, muni hann styðja málið. Hv. þm. getur sjálfur sem nm. flutt þá till. þar, sé honum umhugað um að allir, sem á annað borð hafa tekjur taki þátt í þessu uppbyggingarstarfi, eins og hann sagði áðan. Þess vegna skora ég á hv. þm. Albert Guðmundsson að endurskoða þá afstöðu sína að greiða atkv. gegn því, að félög og fyrirtæki borgi líka í þennan sjóð. Um leið og verið er að skattleggja einstaklinga til þess máls, sem ég er ekki að tala gegn, er líka þörf á að láta alla taka þátt í þessu uppbyggingarstarfi og borga til þessa. Félög og fyrirtæki eru ekkert of góð til þess frekar en einstaklingar, láglaunafólk í landinu, að borga til þess. Það er það sem þetta mál snýst um. Hver er afstaða Alberts Guðmundssonar um það? Vill hann bara skattleggja einstaklingana, sleppa félögum og fyrirtækjum? Það hefur hann sagt hér með því að lýsa yfir að hann greiði atkv. gegn þessari brtt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 26 shlj. atkv.

Kjarasamningar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, frv. (þskj. 39, n. 967 og 973). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 24:1 atkv.

Frsm. 1. minni hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Hér er um að ræða frv. til l. til staðfestingar á brbl. sem sett voru varðandi kjarasamninga við BSRB. Frv. þessu er í fyrsta lagi ætlað að tryggja rétt þessara launþega til að fá atvinnuleysisbætur og í öðru lagi er því ætlað að tryggja þeim, er vinna á samningssviði BSRB, atkvæðisrétt um kaup og kjör.

Það virtist vera uppi nokkur misskilningur og töldu sumir að þetta frv. ætti að leiða til þess að BSRB yfirtæki með lögum þessum jafnvel félaga í öðrum stéttarfélögum. Það var að sjálfsögðu aldrei tilgangurinn og er þetta áréttað með bréfi fjmrn.

Við kölluðum til fundar á sínum tíma aðila frá BSRB og kom það skýrt fram á þeim fundi, að þeir voru fyrst og fremst að leita eftir því, að þeirra fólk fengi atkvæðisrétt um aðalkjarasamninga, en væru á engan hátt að seilast eftir öðrum félögum. Einnig komu á okkar fund fulltrúar frá ASÍ og skýrðu sjónarmið sín.

1. minni hl. leggur til að frv. verði samþykkt með þeim skilningi varðandi 1. gr. er fram kemur í bréfi fjmrn.

Eftir að við gengum frá nál. kom bréf frá stjórn BSRB. Þar virðist enn gæta einhvers misskilnings milli hennar annars vegar og fjmrn. hins vegar. Ætla ég ekki að blanda mér á þessu stigi í það mál og lít svo á að þar sé fyrst og fremst um að ræða málefni þeirra annars vegar og fjmrn. hins vegar.

Að svo mæltu vil ég aðeins ítreka það, að við undirrituðum nál., ég, hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson og Jón Ingi Ingvarsson. Sighvatur Björgvinsson skilaði séráliti. En mér er ekki kunnugt um að aðrir nm. hafi séð ástæðu til að skila nál. um þetta mál.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég skal ekki taka langan tíma í þessari umr., en þar sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, nm. í fjh.- og viðskn. deildarinnar, er fjarverandi vil ég með örfáum orðum ræða um afstöðu hans og nál. sem hann hefur skilað.

Eins og hv. frsm. 1. minni hl., Halldór Ásgrímsson, sagði áðan, er hér um að ræða staðfestingu á brbl. sem sett voru vegna kjarasamninga opinberra starfsmanna á s. l. hausti. Það er auðvitað athyglisvert að við erum hér að ræða 38. mál deildarinnar. Það er búið að vera hér frá í haust snemma. Svo ætlast hæstv. ríkisstj. og hæstv. ráðherrar til þess, að deildin afgreiði á örfáum dögum heila doðranta af stórum frv. og miklum sem þarfnast ekki bara vikna, heldur kannske mánaðaskoðunar. Þetta er enn eitt dæmið um það, með hversu miklum ólíkind-

um hér er staðið að verki og vinnubrögðum á hv. Alþingi. Eins og margoft hefur verið tekið fram áður á það ekki bara við um núv. hæstv. ríkisstj., þó að kannske sé það með því verra eins og það er nú.

Þetta frv. er um breytingu á lögum um kjarasamninga BSRB og það er 1. gr. frv. sem fyrst og fremst hefur orðið þess valdandi, að ágreiningur ærið mikill hefur orðið um málið. Með 1. gr., eins og hún er í frv., er að mínu áliti og hv. þm. Sighvats Björgvinssonar, sem stendur að nál., verið að lögfesta landvinninga til handa BSRB og ráðast inn á verksvið Alþýðusambandsins. Það er öllum hv. þingmönnum væntanlega ljóst, að það er ríkjandi, ef svo má orða það, landamerkjadeila og hefur verið milli BSRB og ASÍ. Það er ekkert launungarmál. Það er væntanlega öllum ljóst og um það hefur verið allharkalega deilt. Ég veit ekki annað en forustumenn Alþýðusambandsins séu allir sammála um að það er af hinu verra hversu forusta BSRB hefur lagt sig í framkróka um að framkvæma þá stefnu sem ég tel landvinningastefnu af hálfu BSRB gagnvart ASÍ. Eins og hér hefur komið fram skilja a. m. k. fulltrúar BSRB þetta frv. til staðfestingar á brbl. svo, að þeim hafi verið lofað að lögfesta ekki bara óbreytt fyrirkomulag eða óbreytta stöðu, status quo, í þessu máli, heldur og að BSRB fengi enn meiri ítök á samningssviði og verksviði ASÍ. Ég er ekkert hissa á því að þetta sé skilningur BSRB, því að 1. gr. staðfestir þetta og þetta er það loforð sem BSRB hermir nú upp á hæstv. fjmrh.

En þetta snýr ekki bara að BSRB. Það er ekki eingöngu um að ræða loforð gagnvart því. Í samningunum við ASÍ á s. l. hausti gaf hæstv. fjmrh. einnig yfirlýsingu sem er að efnisinnihaldi svo til nákvæmlega um hið sama, nema hún snýr að ASÍ. Má því segja að hér sé verið að selja tveimur aðilum sama pakkann. Þetta er alveg ótvírætt. Ég held það sé rétt — það tekur ekki langan tíma — að lesa í samhengi 1. gr. laganna um kjarasamninga BSRB eins og hún er og lesa síðan það sem lagt er til í frv. að við hana bætist. Með leyfi forseta eru lögin svohljóðandi:

„Lög þessi taka til allra starfsmanna sem eru félagar í BSRB eða félagi innan vébanda þess og skipaðir eru, settir eða ráðnir í þjónustu ríkisins, ríkisstofnana eða atvinnufyrirtækja ríkisins með föstum tíma-, viku- eða mánaðarlaunum, enda verði starf þeirra talið aðalstarf."

Síðan er 1. gr. frv. þar sem lagt er til að við 1. gr. laganna bætist:

„Lögin skulu með þeim hætti einnig taka til starfsmanna sjálfseignarstofnana, sem starfa í almannaþágu samkvæmt lögum, til stofnana sem eru í fjárlögum eða njóta fjárframlaga til launagreiðslna úr ríkissjóði eða af daggjöldum, og til sameignarstofnana ríkis og sveitarfélaga, enda komi til samþykki viðkomandi stofnana."

Ég hygg að ef menn lesa þetta í samhengi blandist engum hugur um að hér er verið að víkka valdsvið og verksvið BSRB, ef lagagreinin verður samþykkt eins og frv. gerir ráð fyrir, og það er það sem BSRB krefst. Ég hygg að menn hafi orðið varir við það nú, bæði í gær og raunar líka í dag, að forsvarsmenn BSRB hafa verið æðitíðir gestir hér í þinghúsinu til að knýja á við hæstv. fjmrh. að hann standi við þetta gefna fyrirheit. Það mun einnig hafa komið fram á fundum fjh.- og viðskn. frá þessum sömu aðilum.

Sú yfirlýsing, sem hæstv. fjmrh. undirritaði 31. okt. 1980, þegar verið var að ganga frá samningum ASÍ, er svohljóðandi:

„Í framhaldi af viðræðum við fulltrúa ríkisstj. og ASÍ gefur fjmrn. út eftirfarandi yfirlýsingu:

Félagar innan ASÍ eða sérsambanda þess njóta forgangsréttar til allra þeirra starfa sem nú eru samningsbundin við ASÍ. Ekki verða gerðir samningar við aðra aðila um þau störf sem félagsmenn ASÍ starfa nú við.

Þetta tekur til starfa á vegum ríkisins, stofnana þess og fyrirtækja."

Getur nokkrum blandast hugur um að hér er verið að lofa tveimur aðilum svo til hinum sama pakka, sem auðvitað getur ekki átt nema við annan aðilann? Það er alveg augljóst að af Alþýðusambandsins hálfu er fullkomlega haldið við það, að hæstv. fjmrh. fyrir hönd ríkisstj. standi við þetta gefna fyrirheit til handa Alþýðusambandinu. Hér er því um það að ræða að menn verða að velja eða hafna. Þetta gengur ekki upp samkv. 1. gr. frv., eins og hæstv. fjmrh. leggur til að það verði, og samkvæmt yfirlýsingunni. Það getur ekki staðist. (**Fjmrh:** Hvers vegna ekki?) Ja, hvers vegna er þá til komin sú yfirlýsing frá fjmrh. sem birt er sem fskj. með nál.? Hvers vegna er sú yfirlýsing komin ef það er alveg ótvírætt annars vegar í yfirlýsingu til Alþýðusambandsins og hins vegar í 1 gr. frv.? Sú yfirlýsing er um það, þótt furðulegt sé, að það eigi ekki að skilja 1. gr. frv. ríkisstj. eins og hún er í frv., það eigi að skilja hana á allt annan hátt en greinin bendir til. Þetta hljómar auðvitað afskaplega furðulega í eyrum manna, en yfirlýsingin er um það.

Ef það er meining manna að greinina eigi að skilja eins og síðasta útgáfa af yfirlýsingu hæstv. fjrmh. er, þá á auðvitað að setja það inn í lagagreinina því það dettur engum í hug að einföld yfirlýsing frá hæstv. fjmrh. taki af lagaákvæðið eins og það yrði ef 1. gr. frv. yrði samþykkt eins og hún er. Auðvitað mundi lagatextinn gilda.

Vilji menn — ég tala nú ekki um hæstv. fjmrh. — að greinin sé skilin á allt annan hátt en hún er prentuð í frv., þá er miklu æskilegra og raunar nauðsynlegra að setja yfirlýsinguna inn í lagatextann. Þá orkar ekki tvímælis með hvaða hætti beri að skilja greinina.

Mér dettur ekki í hug að halda að hæstv. fjmrh. færi að gefa út yfirlýsingu af þessu tagi, hvernig beri að skilja ákveðna lagagrein í frv., ef hann teldi að það væri ótvírætt hvernig greinin væri og hvernig ætti að skilja hana. Þá sé ég ekki að þyrfti að hafa slíka yfirlýsingu með í málinu.

Hér er enn einu sinni um það að ræða að hæstv. ríkisstj. hefur lofað tveimur aðilum sama pakkanum. Hæstv. fjmrh. hangir nú í þeirri hengingaról eigin loforða að hann verður að gera það upp við sig, við hvort loforðið hann ætlar að standa. Það fer ekkert milli mála að það er afstaða hv. þm. Sighvats Björgvinssonar í fjh.- og viðskn. að það eigi að standa við loforðið sem gefið var ASÍ. Það er einnig furðulegt, sem þó raunar virðist satt, að þessar yfirlýsingar hefur hæstv. fjmrh. gefið án þess að hvor aðili um sig vissi af hinni. Það er enn furðulegra, en kannske hefur það verið gert í þeirri einföldu trú að ekki kæmust upp svik um síðir. En það er nú einu sinni svo, að það upplýsist alltaf um mál sem þessi. Það er ekki hægt og verður ekki hægt að afgreiða þetta mál á þann hátt, að við báðar þessar yfirlýsingar sé hægt að standa gagnvart aðilunum, enda er staðreyndin sú, að forustumenn BSRB eru óðir og uppvægir vegna þessarar síðustu yfirlýsingar hæstv. fjmrh. Af hverju? Af því að þeir telja að hæstv. fjmrh. sé með þessari síðustu yfirlýsingu að svíkja gefin fyrirheit gagnvart BSRB. Svo einfalt er málið.

Ég skal ekki, herra forseti, eyða meiri tíma, nema þá að gefnu tilefni. Það er sem sagt till. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. að 1. gr. frv. verði felld og með því verði staðið við það fyrirheit sem hæstv. fjmrh. — ég vona í nafni hæstv. ríkisstj. — gaf ASÍ og var hluti af þeirri lausn á kjaradeilunni sem gerð var í okt s. l. Hér er einfaldlega spurningin: Á að standa við loforðið gagnvart Alþýðusambandinu eða gagnvart BSRB? Það verður ekki gert við báða aðila eins og málið liggur fyrir. Menn verða því að velja og hafna.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Það er ákaflega átakanlegt þegar menn taka að sér að flytja ræðu um mál sem þeir hafa ekki kynnt sér og ekki haft tíma til að setja sig inn í. Það var greinilegt á hv. þm. Karvel Pálmasyni, sem mælti hér fyrir nál. fulltrúa Alþfl. í fjh.- og viðskn., að hann hafði ekki gert mikla tilraun til að kynna sér um hvað þetta mál snýst. Þegar hann var spurður að því, með hvaða hætti yfirlýsing mín til ASÍ stangaðist á við þann texta, sem í 1. gr. frv. felst, gat hann ekki svarað. Hann spurði bara á móti: Hvers vegna var þá verið að gefa þessa yfirlýsingu? Það var greinilegt, að hann tiplaði á yfirborði málsins án þess að gera minnstu tilraun til að kynna sér hvert væri inntak þess. Ég sé mig því neyddan til að fara nokkrum frekari orðum um þetta mál, sem ekki er neitt stórmál í sjálfu sér, vegna þess misskilnings sem greinilega ríkir um það.

Eins og mörgum hv. þm er kunnugt er talsvert um hálfopinberar stofnanir hér á landi sem eru reknar með framlögum úr ríkissjóði að meira eða minna leyti eða samkvæmt lögum sem fela í sér gjaldtöku hjá þegnum landsins og þjóðin stendur því raunverulega bak við fjárhag þessara stofnana. Sem dæmi um stofnanir af þessu tagi mætti t. d. nefna Brunabótafélag Íslands eða Krabbameinsfélag Íslands eða Landakotsspítalann eða Heilsuhæli Náttúrulækningafélagsins eða Norrænu eldfjallastöðina eða Norræna húsið eða ýmis dvalarheimili aldraðra eða t. d. Grænmetisverslun landbúnaðarins. Allt eru þetta hálfopinberar stofnanir. Það er mesti misskilningur ef menn ímynda sér að fólk, sem starfar við þessar stofnanir, sé alfarið í einu verkalýðsfélagi eða semji við einn aðila eða hljóti að gera það. Málið er ekki svona einfalt. Þetta fólk hefur verið í mörgum verkalýðsfélögum. Sumir starfsmenn þessara stofnana hafa verið félagar í BSRB meðan aðrir hafa verið félagar í hinum ýmsu verkalýðssamtökum. Það er alveg rétt, sem kom hér fram hjá hv. þm. og er ekki nein ástæða til að draga neina dul á það, að það hefur verið viss landamæradeila milli Alþýðusambandsfélaganna annars vegar og BSRB hins vegar m. a. um starfsvettvang hjá þessum hálfopinberu fyrirtækjum og báðir aðilar hafa óneitanlega verið nokkuð á varðbergi svo að ekki væri gengið á hlut þeirra.

Ég ætla ekki að lýsa nánar þessari landamæradeilu og síst af öllu ætla ég að fara að skera úr um hvort annar aðilinn eigi þar sök eða ekki, enda segir það sig sjálft, að fjmrn., sem er samningsaðili gagnvart báðum þessum aðilum, er auðvitað engan veginn í stakk búið til að fara að styðja eða styrkja annan hvorn þessara aðila með gerðum sínum og verður að vera sem hlutlausast gagnvart þessum samningsaðilum eða viðsemjendum. Þegar samningar fóru fram við BSRB á s. l. sumri var það að sjálfsögðu staðfastur ásetningur fjmrn. að hlutast ekki á nokkurn hátt til um þessi hugsanlegu deiluefni Alþýðusambandsfélaga annars vegar og BSRB hins vegar, heldur ganga þann veg frá málum að af hálfu fjmrn. væri um að ræða óbreytt ástand í þessum efnum.

Hins vegar er ljóst, að að svo miklu leyti sem um er að ræða starfsmenn BSRB hefur það verið ósk BSRB að sá hluti þessara starfsmanna hjá þessum fyrirtækjum, sem væri félagsmenn hjá þeim, fengi atkvæðisrétt þegar greitt er atkvæði um aðalkjarasamning, t. d. ef sáttatillaga kemur fram. Afstaða fjmrn. var hins vegar sú, að ef ætlunin væri að þeir félagsmenn BSRB, sem eru starfsmenn hjá þessum stofnunum, fengju atkvæðisrétt um aðalkjarasamning við fjmrh., þá yrðu þessar stofnanir að sjálfsögðu að fela fjmrh. að semja fyrir sig, enda fjalla lögin um kjarasamninga BSRB ekki um samninga annarra aðila en annars vegar ríkisins við BSRB og hins vegar bæjar- og sveitarfélaga við BSRB og svo raunar í þriðja lagi nú nýverið ákveðið af Alþingi um samninga Alþingis og forseta Alþingis við félagsmenn BSRB.

Ef lögin eiga að taka til starfsmanna hjá þessum stofnunum með þeim hætti, að ákvæði um atkvæðagreiðslur og önnur ákvæði kjarasamningalaganna taki til þessa fólks, verður það auðvitað að vera á báðum hliðum, bæði starfsmanna megin og ríkisins megin, og þess vegna var þannig til orða tekið í 1. gr. þessara brbl., með leyfi forseta: „Lögin skulu með þeim hætti einnig taka til starfsmanna sjálfseignarstofnana“ o. s. frv., „enda komi til samþykki viðkomandi stofnana.“

Forsvarsmenn eða stjórnendur þessara stofnana yrðu sem sagt að gera það upp við sig, hvort þeir vildu hafa áfram gamla lagið og semja við þessa BSRB-menn, og þá þýðir það algjörlega óbreytt ástand frá því sem verið hefur, að þeir gera samninga við þessa starfsmenn eftir að fjmrh. hefur gert samning við BSRB, og þá er venjulega samningurinn við BSRB tekinn upp í heilu lagi óbreyttur, eða þá að gera hitt, að afhenda fjmrn. samningsumboð sitt þannig að samningur við þessa félagsmenn væri gerður á sama augnabliki og samningur við aðra félagsmenn BSRB. Þeir gætu þá tekið þátt í atkvæðagreiðslunni sjálfir.

Það var hins vegar aldrei hugsun fjmrn. að BSRB fengi með þessari lagagrein nokkur ný réttindi á starfsvettvangi ASÍ eða að þetta ákvæði skapaði BSRB aukinn rétt á kostnað ASÍ. Það datt okkur ekki í hug og hefði aldrei hvarflað að okkur að gera slíkan samning eða setja slíkt inn í samning.

Það er rétt að upplýsa hér, að í viðræðum við BSRB var okkur tjáð að þetta væri líka stefna BSRB. Þannig skrifa forustumenn BSRB bréf til ASÍ 9. júní s. l. þar sem segir:

„Sem svar við bréfi ASÍ, dags. í dag, skal tekið fram, að BSRB hefur hvorki skriflega né munnlega sett fram þá kröfu, að félagsmenn innan verkalýðsfélaga í ASÍ verði félagsmenn í aðildarfélögum BSRB.“

Í viðræðum hafa fulltrúar BSRB tekið fram að þeir telji sjálfsagt að hugsanleg ágreiningsefni um félagsaðild verði afgreidd með samkomulagi á milli stéttarfélaga og heildarsamtaka.

Sama dag sendum við ASÍ bréf þar sem við vísum til þessa bréfs BSRB. Hér er sem sagt staðfest að þessi lagagrein var ekki til þess fallin að útvega BSRB einhvern nýjan rétt á kostnað Alþýðusambandsins. Það var ekki verið að selja neinn pakka, eins og hv. þm. komst svo smekklega að orði áðan um þetta mál, og því er ekki um það að ræða að neinn pakki hafi verið seldur tvisvar.

Hér var ekki verið að reyna að auka réttindi BSRB á kostnað Alþýðusambandsins. Það stóð aldrei til og það datt engum í hug, hvorki fulltrúum ríkisvaldsins, sem í þessum samningum stóðu, né fulltrúum BSRB, eftir þeirra eigin yfirlýsingu a. m. k., sem hér hefur verið lesin, að dæma.

Í kjarasamningum, sem síðar fóru fram og ASÍ tók þátt í, kom þetta mál á dagskrá, og þá var að því spurt, hver væri hugsun ríkisins á bak við þetta ákvæði. Það er í framhaldi af þeim viðræðum að við gáfum út yfirlýsingu þess efnis sem ég hef nú gert grein fyrir, eins og segir í bréfinu til ASÍ, með leyfi forseta:

„Félagar innan ASÍ eða sérsambanda þess njóta forgangsréttar til allra þeirra starfa sem nú eru samningsbundin við ASÍ. Ekki verða gerðir samningar við aðra aðila um þau störf sem félagsmenn ASÍ starfa nú við."

Þetta er í fullkomnu samræmi við tilgang lagaákvæðisins eða samningsákvæðisins þegar það var fest á blað á sínum tíma.

Eftir að ákvæði þetta kom hér inn í þingið og var rætt ítarlega í fjh.- og viðskn. komu fram hugmyndir frá Alþýðusambandsmönnum þess efnis, að eðlilegt væri að lögfesta þennan skilning með viðbótarákvæði í 1. gr. frv. Við, sem gert höfum þennan samning við BSRB, gátum hins vegar ekki á það fallist að farið væri að bæta við þessa lagagrein efnisákvæði vegna þess að þar með væri verið að bæta raunverulega inn í samning sem undirritaður væri af fjmrn. annars vegar og BSRB hins vegar og farið hefði fram atkvæðagreiðsla um. Með því væri kannske ekki efnislega út af fyrir sig, en þó a. m. k. formlega, verið að hreyfa við samningsákvæði sem aðilar hefðu undirritað. Þess vegna varð það að ráði að fjmrn. ítrekaði sjónarmið sín í þessu máli með því að endurtaka þau ummæli sín frá s. l. hausti, að ekki sé ætlunin að gera samninga við aðra aðila um þau störf sem félagsmenn Alþýðusambandsins starfa nú við. Það hefur aldrei verið ætlunin og hér er bara í þriðja sinn verið að ítreka þetta sjónarmið.

Hins vegar hefur það valdið áhyggjum hjá Alþýðusambandsmönnum, að kannske gæti svo farið að þetta lagaákvæði yrði samþykkt, en svo kæmu stjórnendur þessara fyrirtækja og forsvarsmenn og hefðu þessa yfirlýsingu fjmrn. að engu. Menn hafa bent á það, að út af fyrir sig hefur ekki fjmrn. húsbóndavald yfir stjórnendum þessara fyrirtækja. Við í fjmrn. töldum hins vegar að þessi kenning væri á nokkrum misskilningi byggð, vegna þess að það hefði aldrei staðið til að lögin tækju til þessara starfsmanna með samþykki viðkomandi stofnana öðruvísi en forsvarsmenn þessara stofnana afhentu samningsumboðið þannig að það væri þá jafnt komið á báða bóga: annars vegar hefði BSRB umboð fyrir þá starfsmenn, sem ættu að taka þátt í atkvæðagreiðslunni, og síðan fjmrn. eða fjmrh. á hinn veginn. Það er ekkert nýtt af okkar hálfu sem kemur fram í þessari yfirlýsingu hvað þetta varðar. Við teljum óhjákvæmilegt að ef þessar stofnanir eigi að taka þátt í samningum ríkisins við opinbera starfsmenn feli þær fjmrn. samningsumboð sitt. Við töldum að þessi grein frv. eða samninganna hefði þann ótvíræða kost, að það væri verið að safna á eina hendi á atvinnurekendahliðinni samningsvaldinu þannig að ekki gæti verið hætta á að ríkið væri að semja við ríkisstarfsmenn um ákveðin kjör og svo gætu ýmiss konar hálfopinberar stofnanir verið að semja um eitthvað allt annað, ein um þetta og önnur um hitt, það væri nauðsynlegt fyrir ríkið, sem raunverulega stæði undir fjárgreiðslum til þessara stofnana, að hafa þetta samningsvald á sinni hendi.

Ég vil sérstaklega taka það fram, að eftir að þessi lög hafa verið samþykkt hér á Alþingi mun fjmrn. að sjálfsögðu ganga í að fá það á hreint, hvaða stofnanir af þeim, sem hér koma til greina, ætla að fela ríkinu að semja fyrir sig og ganga þannig alfarið inn í samninga ríkisins við opinbera starfsmenn í samræmi við 1. gr. frv., og hvaða stofnanir ætla ekki að gera það. Þær stofnanir, sem gera það ekki, koma þá ekki þessu máli neitt við. Þá gildir bara gamla fyrirkomulagið hvað þær varðar.

Herra forseti. Þetta er orðið langt mál, en þó óhjákvæmilegt að gera hér grein fyrir þessu eftir þá makalausu ræðu sem hér var flutt áðan af hv. þm. Karvel Pálmasyni. Hann hefur þó vissulega það sér til afsökunar, að hann þekkir ekki málavexti og fullyrðir hér ýmislegt að beiðni hv. þm. Sighvats Björgvinssonar sem er fjarstaddur og hefur skrifað furðulega grg. um þetta mál í nál. En þetta mál er sem sagt ákaflega einfalt. Það liggur ekki neitt annað fyrir en að samþykkja þessa grein eins og hún blasir hér við. Sú túlkun á greininni eða sú yfirlýsing, sem hér liggur fyrir af hálfu fjmrn. um hvernig það vilji fyrir sitt leyti halda á þessum málum, er óvefengd og stangast ekki á nokkurn hátt á við eitt einasta orð sem stendur í þessari grein.

Hitt er svo allt annað mál, að það hefur komið í ljós núna seinustu dagana, að talsmenn BSRB telja sig hafa lesið annað út úr þessari grein en fjmrn. og við þurfum að hafa viðræður við forustumenn BSRB um það mál. Þar er einhver misskilningur á ferðinni. Þeir virðast ekki hafa gert sér grein fyrir því, að það væri krafa af okkar hálfu að forsvarsmenn þessarar stofnana afhentu samningsumboð sitt til ríkisins, en satt að segja var það aðalatriði þessa máls frá okkar sjónarmiði. Við hefðum ekki séð mikla ástæðu til þess að setja þetta inn í samningana og inn í lög ef það hefði ekki fylgt með í kaupunum.

BSRB hefur því sent frá sér yfirlýsingu þar sem því er lýst yfir, að það hafi litið þessi mál öðrum augum, það hafi skilið þetta ákvæði á annan veg. En þá stendur þetta þannig að þeir geta auðvitað túlkað málið frá sinni hlið og við frá okkar hlið. Ef ágreiningur verður t. d. um hvernig á að ganga frá kjörskrá verður auðvitað því ágreiningsefni vísað til Kjaranefndar eins og lög gera ráð fyrir. En að sjálfsögðu hefur fjmrn. fullan rétt til að ákveða í samræmi við þessa lagagrein hvernig það vill halda á samningsvaldi sínu og hvort það kærir sig um að eiga samskipti við þessar hálfopinberu stofnanir nema þær afhendi samningsumboðið alfarið. Það er stefna okkar nú, enda þótt svo virðist vera að forsvarsmenn BSRB hafi ekki gert sér grein fyrir þessu atriði. En það er önnur saga.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Það hefur verið mælt hér fyrir tveimur nál. í þessu máli, en fulltrúar Sjálfstfl. hafa ekki gefið út nál. Þetta frv. hefur legið fyrir n. í mestallan vetur, enda flutt mjög snemma, og það er til staðfestingar, eins og fram hefur komið, á brbl. sem gefin voru út 9. sept. Að því er segir í formála forseta Íslands fyrir þeim brbl. eru þau gefin út af því að fjmrh. taldi brýna nauðsyn bera „til að fá lögfest ákvæði um nokkur félagsleg málefni, sem opinberir starfsmenn telja sér mikilvæg og ríkisstj. hefur fallist á að hlutast til um að nái fram að ganga og vill þannig stuðla að því að kjara-

samningar geti náðst við þá, sem samrýmst gætu stefnumörkun í kjaramálum í stjórnarsáttmála ríkisstj., " eins og segir þar.

Í ljós kom, þegar þetta frv. um staðfestingu á brbl. þessum var rætt í fjh.- og viðskn., að það var takmarkað fylgi sem þetta frv. óbreytt átti í n., og í viðræðum n. við bæði fulltrúa ASÍ og fulltrúa BSRB kom fljótlega í ljós að hér var um alvarlegan ágreining að ræða. Það kom greinilega fram hjá fulltrúum ASÍ, að þeir töldu sig ekki geta staðið að því, að 1. gr. yrði samþykkt óbreytt eins og hún lá fyrir á þskj. Þeir töldu m. ö. o. brýna nauðsyn bera til þess að lögfesta efnislega skilning fulltrúa ASÍ í þessu máli.

En svo gerist það, að þegar komið er að þinglokum kemur það bréf sem hér hefur verið vitnað í frá hæstv. fjmrh., og það er dagsett 18. maí. Þar er gefin skýring að gefnu tilefni vegna umræðna um þessa margnefndu 1. gr. brbl., og þegar þessi skýring er gefin og liggur fyrir, sem hér hefur verið vitnað til og ég ætla ekki að eyða tíma í að lesa því það er búið að gera það hér, töldu fulltrúar ASÍ, sem mættu aftur á fundi fjh.- og viðskn., sig geta við unað. Hitt er alveg rétt að mínum dómi, eins og fram kemur í nál. fulltrúa Alþfl., að það hefði þó verið enn skýrara og ákveðnara að setja þessar skýringar inn í sjálfa lagagreinina.

Formaður fjh.- og viðskn. lýsti því yfir í framsögu, að enn hefði komið eitt bréf eftir að n. hafði gengið frá afgreiðslu málsins. Er það bréf frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. Það bréf hef ég ekki séð. Var ekki sent ljósrit af því til okkar nm., þó ekki hafi þá verið búið að taka málið fyrir, fyrr en í nótt.

Ég vil taka það fram, að þegar ríkisstj. blandar sér í kjarasamninga með þessum eða öðrum hætti og lofar að lögfesta tiltekin atriði, eins og hér er um að ræða, held ég að það sé hyggilegt fyrir hvaða ríkisstj. sem er að hafa um það eins náið samráð við Alþingi og hægt er og ræða slík atriði við stjórnarandstöðu. Það er ekki þar með sagt að stjórnarandstaðan felli sig við slíka lausn, en ríkisstj. hefur þá gefið henni kost á að fylgjast með frá fyrstu tíð. Það var ekki gert í þessu máli, — a. m. k. ekki hvað viðkemur Sjálfstfl., því að honum var ekki skýrt frá því, hverju væri verið að lofa. Því teljum við fulltrúar Sjálfstfl. í n. að lögfesting á þessu atriði sé algerlega einkamál ríkisstj. sem við ættum ekki að blanda okkur í afgreiðslu á. Hins vegar vil ég taka fram, að í umræðum og viðræðum við n. af og til í vetur var ég algerlega hlutlaus í þessu máli til að byrja með og hlustaði aðeins á mál manna. Eftir því að dæma, sem ég heyrði frá þessum fulltrúum, var ég persónulega sannfærður um að þær skoðanir, sem fulltrúar Alþýðusambands Íslands höfðu, áttu fullan rétt á sér.

Þetta vildi ég aðeins láta koma hér fram. Ég tel ekki rétt af okkur að vera að gefa út neitt sérstakt nál., en vildi með þessum orðum koma því hér að, hver var okkar skoðun eftir þá meðferð sem málið hefur fengið í nefndinni.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég skal reyna að stytta mál mitt eins og ég get með tilliti til þess, hversu áliðið er vinnudags, en ég hlýt þó að lýsa því hér, að ég mun að sjálfsögðu greiða því atkv., að þessi brbl. verði samþykkt óbreytt. Það ætti varla að ræða hvort þeim ætti að breyta eða ekki. Auðvitað eiga þau að standa óbreytt eins og um var samið. Hins vegar segir í nál. á þskj. 967, að minni hl. n. leggi til að frv. verði samþykkt með þeim skilningi varðandi 1. gr. er fram kemur í bréfi fjmrn.

Umrætt bréf fjmrn. hefur verið lagt fram hér með þskj., en bréf, sem fjh.- og viðskn. Nd. Alþingis var skrifað 19. maí 1981 af stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, er ekki lagt fram hér. Þar sem mér sýnist á öllu að hér sé um túlkun að ræða sem ekki verður úr skorið hér, tel ég það skyldu mína, og það var einróma samþykkt í stjórn BSRB, að skjalfesta í Alþingistíðindum umrætt bréf frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. Það hlýtur að teljast eðlileg meðferð málsins. En þetta bréf hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Í tilefni af bréfi fjmrn. til nefndarinnar, dags. 18. þ. m., um túlkun á 1. gr. brbl. nr. 68 1980, um breyt. á lögum nr. 29 1976, vill stjórn BSRB taka eftirfarandi fram:

Hafa ber það ríkt í huga, að brbl. eru samin sameiginlega af fulltrúum fjmrh. og samningamönnum BSRB, enda eru þau hluti af undirrituðu samkomulagi sem lagt var fyrir til samþykktar í allsherjaratkvgr. ásamt aðalkjarasamningi undirrituðum 20. ágúst 1980. Í viðræðum fulltrúa BSRB og ríkisins um frvgr. var gengið út frá þeirri framkvæmd, sem tíðkast hefur undanfarin ár, að hálfopinberar stofnanir, er um ræðir í frv., hafa eftir á gengið inn í samninga BSRB og ríkisins. Á það hefur skort að starfsmenn þessara stofnana hafi fengið að greiða atkv. um sáttatillögur. Hins vegar hafa þeir jafnan greitt atkv. þegar BSRB hefur lagt samninga undir atkvæði félagsmanna. Í 1. gr. brbl. segir að lögin skuli með þeim hætti einnig taka til sjálfseignarstofnana o. s. frv. Þetta vísar augljóslega til þess sem segir í 1. málsgr. 1. gr. laga nr. 29 1976, sem verið er að breyta, en þar segir: „Lögin taka til allra starfsmanna sem eru félagar í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja eða félagi innan vébanda þess og skipaðir eru, settir eða ráðnir í þjónustu ríkisins, ríkisstofnana eða atvinnufyrirtækja ríkisins með föstum tíma-, viku- eða mánaðarlaunum, enda verði starf þeirra talið aðalstarf."

Í ljósi þessa alls ber að skoða afstöðu BSRB til lagagreinar þeirrar sem bréf fjmrn. fjallar um. Eins og sést af framansögðu hafa hinar hálfopinberu stofnanir þannig í reynd samþykkt að fara eftir samningsréttarlögunum.

Stjórn BSRB bendir á að í lagagr., sem frv. er ætlað að staðfesta, er hvergi ákvæði þess efnis, að hlutaðeigandi stofnun sé ætlað að veita fjmrh. umboð sitt til samningsgerðar. Slíkt væri heldur ekki til að rýmka samningsrétt BSRB, eins og heitið er í meðfylgjandi bréfi fjmrh. til BSRB, dags. 12. mars 1980, þvert á móti yrði hann verulega þrengdur.

Í 3. gr. laga nr. 29 1976 er tekið fram að fjmrh. fari með fyrirsvar ríkissjóðs, og viðbótarákvæði í brbl. veitir honum ekkert umboð til að semja fyrir hálfopinberar stofnanir, heldur þarf samþykki þeirra til að aðalkjarasamningur BSRB og ríkisins gildi fyrir þær.

Stjórn BSRB vill vekja athygli Alþingis á því, að 1. gr. brbl. hefur verið beitt og er komin til framkvæmda við gerð samninga síðan haustið 1980. Stjórn BSRB vekur athygli á því, að stéttarfélög innan ASÍ gera kjarasamninga við Vinnuveitendasamband Íslands. Eftir á gengur fjöldi atvinnurekenda, sem ekki eru í Vinnuveitendasambandinu, inn í þessa samninga. Enginn skyldar þessa atvinnurekendur til að afsala sér samningsrétti né þessi stéttarfélög til þess að semja um kjör þessa fólks beint við Vinnuveitendasambandið. Er hér um hliðstæða

framkvæmd að ræða.

Rétt er að taka fram að eftirgreindar hálfopinberar stofnanir hafa gengið inn í samningana frá 20. ágúst 1980 á grundvelli brbl. fyrir þá starfsmenn sem eru félagsmenn í BSRB: Brunabótafélag Íslands; Hrafnista DAS; Hrafnista í Hafnarfirði; Dvalarheimilið Ás, Ásbyrgi; Elli- og hjúkrunarheimilið Grund; Grænmetisverslun landbúnaðarins; Hjartavernd; Kirkjugarður Reykjavíkur; Krabbameinsfélag Íslands; Landakotsspítalinn; Náttúrulækningafélagið í Hveragerði, heilsuhælið; Norræna eldfjallastöðin; Norræna húsið; Rauði kross Íslands; Reykjalundur; Samábyrgð Íslands á Fiskiskipum; S. Á. Á., Lágmúla 9, Sogni, Silungapolli; Sjálfsbjörg, Reykjavíkurdeild, Sjálfsbjörg, vinnu- og dvalarheimili, Sjálfsbjörg, skrifstofa og dagvistun; Skálatúnsheimilið; Tónmenntaskóli Reykjavíkur; Slysavarnafélag Íslands; Tilkynningaskyldan; Styrktarfélag vangefinna, skrifstofa, Lyngás, Bjarkarás; Ásgerði, sambýlið; Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra; Sólborg vistheimili þroskaheftra; St. Fransiskussjúkrahús; St. Jósepsspítalinn; Vistheimilið Víðinesi; Orkubú Vestfjarða; og Erfðafræðinefnd Háskóla Íslands.

Þá hafa sjúkrahús víðs vegar um landið varðandi kjör hjúkrunarfræðinga fylgt þeim kjörum sem samið var um. Hefur fjh.- og viðskn. skrá yfir þau sjúkrahús í höndum.

Með tilvísun til yfirlýsingar fjmrh. um rýmkun samningsréttar, sem var grundvöllur samkomulags um aukinn samningsrétt BSRB, sem síðar var samþykkt af félagsmönnum BSRB í allsherjaratkvgr., mótmælir stjórn BSRB túlkun þeirri, sem fram kemur í bréfi ráðh., og telur hana samningsrof. Af hálfu samningsnefndar BSRB var hins vegar sá skilningur, sem fram kemur í bréfi þessu, margítrekaður í viðræðum við sáttanefnd."

Undir þetta bréf skrifa. Kristján Thorlacius, formaður Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Haraldur Steinþórsson.

Ég held að hér eins og oft áður hafi ekki verið gengið nógu skýrt og vel frá samningum og það ber að harma, en enn þá meira ber að harma þá togstreitu sem virðist uppi milli stórra verkalýðssambanda eins og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og Alþýðusambands Íslands. Ég leyfi mér að fullyrða að sú togstreita hefur ekki orðið til innan vébanda Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Stjórn BSRB hefur aldrei viljað troða illsakir við ASÍ. Því hafna ég algerlega. Ég er sammála hæstv. fjmrh. um að þarna stendur túlkun gegn túlkun, og á það verður auðvitað að reyna þegar vandamál koma upp við næstu samninga. En ég get ekki samþykkt þessi brbl. með því nál. sem hér fylgir ásamt túlkun fjmrh., en mun að sjálfsögðu greiða þessu frv. atkv. eins og það liggur fyrir.

Karvel Pálmason: Herra forseti. E. t. v. hefði verið nóg svar við ræðu hæstv. fjmrh. það bréf sem hv. þm. Guðrún Helgadóttir las upp sem álit BSRB-forustunnar á því athæfi hæstv. fjmrh., eins og þar segir, að rifta samningum sem báðir aðilar voru sammála um á sínum tíma. Ekki eru þetta fullyrðingar mínar einar og sér. Allir virðast hafa skilið lagafrvgr. eins og hún liggur hér fyrir og frá henni var gengið í samningunum á þann hátt sem BSRB hefur nú lýst. (**Fjmrh.:** Allir?) Allir. Meira að segja hæstv. fjmrh., því að hefði hann ekki skilið hana svo strax hefði ekki þurft að fylgja það bréf sem nú var verið að lesa upp af hans hálfu.

Það væri þokkalegt eða hitt þó heldur til afspurnar fyrir löggjafarsamkomu þjóðarinnar ef hverri einustu lagagrein í frv., sem er verið að samþ. á Alþingi, þyrfti að fylgja sérstakt bréf með túlkun á hverri grein út af fyrir sig. Það væri þokkalegt til afspurnar. En það virðist vera siður sem hæstv. núv. ríkisstj. og ekki síst hæstv. fjmrh. er að innleiða á Alþingi, að það þurfi sérstakar yfirlýsingar við hverja einustu frvgr. eða lagagrein sem hér á að samþykkja, hvernig hana beri að skilja. Það er ekki amalegt!

Hæstv. fjmrh. sagði að það hafi ekki verið meining ríkisstj. að hlutast til um deiluefni eða landamæradeilur, eins og menn hafa orðað það, BSRB annars vegar og ASÍ hins vegar. Það var einmitt um það samið af hálfu hæstv. fjmrh. við BSRB-forustuna að auka valdsvið hennar á kostnað Alþýðusambandsins. Ég held að það liggi ljóst fyrir.

Hæstv. fjmrh. sagði: Okkar meining var óbreytt ástand í þessum efnum frá því sem var. — Það var meiri hluti fyrir því í fjh.- og viðskn. að halda óbreyttu ástandi, og það var vilji til þess, það ég best veit, hjá forustumönnum Alþýðusambandsins að það væri status quo. Um það var í raun og veru komin till., lögð fram í fjh.- og viðskn. Það var till. um viðbót við þessa grein, sem hafði það efni að hér væri um óbreytt ástand að ræða. Þá sagði hæstv. fjmrh.: Það gátum við ekki gert. Við gátum ekki fallist á slíka till. (**HÁ:** Hann sagði ekkert um það.) Hv. þm. Halldór Ásgrímsson hefði átt að vera hér inni meðan hæstv. fjmrh. talaði, en ekki að vera að fullyrða út í bláinn. En það er títt um framsóknarmenn — ekki síst síðari tíma. (**HBl:** Þeir fara ekki batnandi.) Nei, síður en svo þótt ungir séu sumir hverjir. Þetta gat hæstv. fjmrh. ekki fallist á, sagði hann, að það yrði breytt í þá túlkun í lagagr. sjálfri, að um væri að ræða óbreytt ástand. Hann sagði orðrétt: Kannske hefði það ekki breyst efnislega. — Ekki var nú sterkara að orði kveðið. En formlega hefði það breyst, sagði hann. Hæstv. fjmrh. er yfirleitt ekki þekktur að því að fara hjá sér þó hann fari með ósannindi, og kippir sér enginn upp við það, en það var augljóst og auðheyrt á hans tali, látbragði öllu og útliti, að hann var í afskaplega miklum vandræðum með að verja þessar sínar síðustu og verstu gjörðir í sambandi við samninga bæði BSRB og Alþýðusambandsins. Það er alveg augljóst mál, að verði 1. gr. frv., sem hér um ræðir, samþykkt eins og hún er, þá er hér verið að lögfesta upplausnarástand innan Alþýðusambandsins. Það er augljóst mál að þetta bitnar t. d. harkalega á starfsmannafélaginu Sókn. Það kæmi mér ekki á óvart, ef þetta verður að lögum eins og nú er lagt til, að það félag liðaðist í sundur og raunar fleiri. Hér er því verið að leggja til af hálfu hæstv. ríkisstj. með hæstv. fjmrh. í broddi fylkingar, ef að lögum verður eins og hér er lagt til, upplausnarástand innan Alþýðusambandsins.

Ég spyr hv. þm.Guðmund J. Guðmundsson í þessu sambandi, af því að það eina sem sá hv. þm. hefur gert upp á síðkastið er að hrista höfuðið við öllum ræðum. (**Gripið fram í:** Og taka í nefið.) Já, það er honum frjálst og þó meira væri. Ég spyr hv. þm. hvort hann lítur ekki svo á, að þessi frvgr. — við skulum segja frvgr. enn sem komið er — útvíkki valdsvið BSRB frá því, sem það nú er, og seilst sé inn á verksvið Alþýðusambandsins — eða telur hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson að það væri óhætt að samþykkja þessa frvgr. óbreytta og menn ættu ekki á hættu frekari yfirgang af hálfu BSRB með stoð og

tilvitnun í þessa lagagr.? Ég er hræddur um að svarið hjá Guðmundi J. Guðmundssyni, sé hann sjálfum sér samkvæmur, sem ég hygg að hann verði, það verði að verið sé að útvíkka valdsvið BSRB ef af þessu verður. Ég vil upplýsa það hér, að þetta var til umræðu á miðstjórnarfundi ASÍ ekki alls fyrir löngu og menn voru alveg sammála um að frvgr., eins og hún nú er og lagt er til að hún verði samþ., kæmi ekki til mála. Það kæmi ekki til mála að Alþýðusambandið féllist með nokkrum hætti á þessa lagagr. vegna þess að hér væri verið að ganga inn á verksvið og valdsvið Alþýðusambandsins meira en hefði verið gert af hálfu BSRB.

Það er engum blöðum um það að fletta, og það vænti ég að hv. alþm. sé öllum ljóst, að hvað sem líður yfirlýsingum, hvort sem hæstv. fjmrh. eða einhver annar hæstv. ráðh. undirritar þær, þá verður það lagagr. sem blífur, en ekki yfirlýsingin, og það er það sem máli skiptir.

Hæstv. fjmrh. sagði: Málið er afskaplega einfalt. — Það er nú ekki einfaldara en svo, að það er búið að þvælast fyrir stjórnarliðunum alveg frá því í haust að komast frá málinu. Það er núna á síðustu dögum þingsins sem sá botn fæst í það að gefa út þriðju yfirlýsinguna. Það var ekki einfaldara en svo.

Ég hef enga trú á því, þó að ég þekki ekki mjög persónulega forustumenn BSRB, að þeir hafi verið svo skilningssljóir að þeir hafi ekki vitað hvað var um að ræða og hvað um var samið við hæstv. fjmrh. Það dettur mér ekki í hug að halda. En kannske hefur hæstv. fjmrh. litið svo á, að hann gæti vafið þeim með þessum hætti um fingur sér og fengið þá til að sættast á þetta. Það virðist ekki vera. Það er ljóst þó það megi nú þykja undarlegt.

Hv. þm. Halldór Ásgrímsson er farinn úr salnum aftur. Þeir tolla lítt við hina síðustu og verstu tíma stjórnarliðar. Hann er formaður fjh.- og viðskn. Það er leitt til þess að vita að hann skuli ekki einu sinni hafa afhent nm. í fjh.- og viðskn. bréf BSRB, sem er stílað beinlínis á nefndina, en þar er það fullyrt, samkvæmt því sem hv. þm. Guðrún Helgadóttir las upp áðan, að BSRB lítur á það sem samningsrof verði túlkun þriðju yfirlýsingar fjmrh. látin gilda.

Ég ítreka að ég skal ekki, herra forseti, hafa um þetta öllu fleiri orð, en ég held að það sé augljóst mál, að hér er um það eitt að ræða að annaðhvort taka menn sér stöðu með Alþýðusambandinu í þessu máli eða með BSRB. Það mál er ekki svo einfalt að menn geti tekið afstöðu með báðum í þessu máli. Það yrðu hörmuleg afdrif ef þetta frv., — þá er ég að tala um 1. gr., um aðrar greinar er ekki ágreiningur í þessu máli, — yrði samþykkt hér eins og lagt er til og 1. gr. framfylgt. Það yrði til að skapa upplausnarástand í Alþýðusambandinu, aðildarfélögum þess. Ég efast mjög um að nokkur af þeim aðilum, sem um þetta orðalag sömdu, hafi ætlast til þess.

Að lokum: Það eru mörg dæmi þess, hv. þm. Guðrún Helgadóttir, að forustumenn BSRB ásælast ærið illþyrmislega og ásækja aðildarfélög og einstaklinga með aðild að ASÍ. Þeir hafa seilst með óþyrmilegum hætti inn á samningssvið og verksvið ASÍ, sem vafasamt er að þeir hafi nokkra stoð í veruleikanum til þess að gera.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Það urðu örlög mín við þessa umr. að taka undir með Karvel Pálmasyni, sem ég hélt að yrði nú helsti andmælandi minn, vegna furðulegrar yfirlýsingar Guðrúnar Helgadóttur, sem stafar náttúrlega af hreinni vanþekkingu og algeru reynsluleysi í samskiptum þessara aðila. Hvaða aðili skyldi það hafa verið sem hafi gengið úr ASÍ í BSRB? *Margir. Hverjir hafa gengið úr BSRB í ASÍ?* Ég þekki ekki einn einasta. En það eru heilir hópar sem hafa streymt yfir í BSRB. Ég kólna upp við að fá svona yfirlýsingu frá samherja og vil nú biðja þingheim hreinlega að taka ekki alvarlega fullyrðingar um að BSRB hafi aldrei seilst yfir á yfirráðasvæði Alþýðusambandsins eða reynt það efnislega að ásælast félagsmenn þaðan. (Gripið fram í. — **Forseti:** Ekki samtal á fundinum þótt komið sé fram á nótt.) Ég get fyrirgefið þm. þó hann vilji nú eitthvað leiðrétta þessar yfirlýsingar sínar, og bið ég forseta að virða honum þetta til betri vegar.

Hins vegar liggur þetta mál ákaflega ljóst fyrir. Meiri hl. nefndarinnar sem skilar áliti segir:

„Fjmrn. hefur sent nefndinni bréf varðandi málið sem fylgir nál. Undirritaðir nefndarmenn leggja til að frv. verði samþykkt með þeim skilningi varðandi 1. gr. er fram kemur í bréfi fjmrn."

Yfirlýsing fjmrh. var reyndar gefin seinni hluta síðasta árs um forgangsrétt ASÍ og í þessu bréfi er sterkari yfirlýsing en ASÍ hefur áður fengið um að tryggja sína félagsmenn hjá ríki og ríkisstofnunum. Í því er tvímælalaus ávinningur.

Varðandi sjálfseignarstofnanir er sá skilningur uppi, sem fjmrh. skýrði mjög greinilega áðan, að þessar stofnanir verða að samþykkja að fjmrn. sé samningsaðili fyrir þær. Ef svo er ekki verður ófremdarástand.

Meginatriði þess frv., sem hér liggur fyrir, er að tryggja félagsmönnum BSRB — að vísu er ekki nema hluti þessara manna félagsmenn sem hafa verið hjá þessum sjálfseignarstofnunum — atkvæðisrétt. Þeir hafa nú atkvæðisrétt nema í sáttatilfellum, eins og fjmrh. tók fram, en það er áskilið og liggur ákaflega skýrt fyrir að fjmrn. færi þá með samningsumboð. Sé svo ekki er óbreytt ástand.

Ég sé ekki að Alþýðusambandið sé í neinni hættu eftir þessa yfirlýsingu og eftir þessa túlkun sem hefur komið hér ákaflega skýrt og greinilega fram hjá fjmrh. Ágreiningurinn í nefndinni eða vangaveltur nefndarinnar voru kannske vegna þess að málflutningur formanns BSRB á nefndarfundi var á þann veg eins og hv. 1. þm. Vestf. tók hér fram. Þm. var ákaflega hlutlaus í þessu máli, hlustaði á mál beggja aðila, og án þess að ég sé að gera hann að hæstarétti fór hann að öllu leyti rétt efnislega og drengilega með efnisatriði þessa máls í n. Það var túlkun formanns BSRB sem gerði það að verkum að bæði ég og fleiri nm. vorum hreinlega undrandi. Þetta kom fram hjá hv. 1. þm. Vestf. Hann taldi að Alþýðusambandið hefði þurft að verja rétt sinn, efnislega var það á þá leið, og það var ekki síst vegna túlkunar formanns BSRB á nefndarfundi.

Fyrir nefndina hafa einnig komið tvisvar sinnum forseti og varaforseti Alþýðusambandsins. Eftir þá yfirlýsingu, sem hér liggur frammi, telja þeir að þeir geti efnislega vel við unað og hagsmunir Alþýðusambandsins séu tryggðir. Hagsmunir Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, sem þetta lagafrv. fjallar um, 2. gr., hvað varðar atvinnuleysistryggingar, eru tryggðir ágreiningslaust. Í 1. gr., þar sem sjálfseignarstofnanir eða hálfopinberar stofnanir fara með samninga og ríkið fer með samninga fyrir þær, eru þeirra hagsmunir tryggðir líka. Þetta þarf ekki að stangast á. Þetta verður samþykkt með þeim skilningi, sem fram kemur í bréfi fjmrn. og hann er lagður til grundvallar í nál.

Ég vil minnast á ummæli Karvels Pálmasonar um að t. d. félag eins og starfsstúlknafélagið Sókn muni liðast í sundur. Ég held að fyrir það sé girt með þessari yfirlýsingu. Erfiðleikarnir hafa kannske verið mest hjá sveitarfélögum úti á landsbyggðinni, sem hafa gert starfsfólk að opinberum starfsmönnum vegna þess að í ótrúlega mörgum tilfellum hefur ríkið samið miklu betur en er á hinum almenna vinnumarkaði hjá almennum verkalýðsfélögum. Það virðist hafa verið tilhneiging til að gera helst sem allra flesta að opinberum starfsmönnum. Það er meira en lítið varhugaverð þróun. Ég álít að það sé t. d. sjálfgert að hjúkrunarfræðingar og aðrir slíkir á sjúkrahúsum, sem að einhverju leyti eru sjálfseignarstofnanir, eigi vitanlega að vera í BSRB því að það hefur enginn samninga fyrir slíkt starfsfólk nema það, en ekki að ræstingastúlkur og stúlkur, sem annast matreiðslu og annað þess háttar, séu skilyrðislaust í BSRB.

Það er alveg fullkomlega rétt hjá Karvel Pálmasyni, sem ég bjóst við að yrði hér helsti andmælandi minn, að full þörf er á að vernda fólk fyrir yfirgangi BSRB. En þó að þessi ágengni hafi ríkt í röðum þessara samtaka vil ég ekki svipta menn rétti til að hafa atkvæðisrétt um kaup og kjör eftir þeim skilyrðum sem túlkuð voru hér af fjmrh. Ég vil ekki svipta þá rétti til atvinnuleysistryggginga. Ég held að við Karvel Pálmason þurfum ekki að vera að deila um þetta. Ég held að með nál. og með þeim skilningi, sem kemur fram í bréfi fjmrn., sé ekki lengur þarna að óttast yfirgang.

Um hugarfar forustu BSRB vil ég ekki ræða hér, enda býst ég við að við Karvel Pálmason séum ærið sammála í þeim efnum.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég held að engum blandist hugur um það, eftir þær umr. sem hér hafa farið fram, að hæstv. fjmrh. hefur hlaupið á sig við gerð kjarasamninganna síðustu, í ágústmánuði s. l. Hann lofaði þar upp í ermina á sér og beitti brbl.-valdi sínu með þeim hætti að hann getur nú ekki staðið við stóru orðin. Ótímabært framtak hæstv. fjmrh. hefur m. a. valdið því í nótt, að flokkssystkin hans, 8. landsk. þm., sem á sæti í stjórn BSRB, og Guðmundur J. Guðmundsson, hv. 7. þm. Reykv., sem er formaður Verkamannasambands Íslands, hafa skipst á þvílíkum yfirlýsingum að greinilegt er að báðum þykir sinn hlutur heldur verri en áður eftir brbl. hæstv. fjmrh. og eftir bréf hans hinn 18. maí 1981.

Í snubbóttu nál. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. er komist svo að orði, að nm. leggi til að frv. verði samþykkt með þeim skilningi varðandi 1. gr. er fram kom í bréfi fjmrn. Ef reynt er að átta sig á því, hvað þar stendur, kemur í ljós að það er lagt í vald stjórnar eða forráðamanna tiltekinna sjálfseignarstofnana í hvaða verkalýðsfélagi viðkomandi starfsmenn séu. Ákvörðunartakan um landamerki opinberra starfsmanna og hins frjálsa vinnumarkaðar eiga ekki lengur að ákvarðast af launþegunum sjálfum með því að þeir reyni að koma sér saman og hafa verkaskiptingu, heldur á Alþingi að afhenda þetta vald stjórnum einstakra sjálfseignarstofnana.

Ég verð að játa það, að ég var undrandi á þeirri yfirlýsingu hv. 7. þm. Reykv. áðan að reynsla launþega af samningum við ríkisvaldið og hinn frjálsa vinnumarkað væri sú, að þeir næðu betri samningum yfirleitt sem ríkisvaldið semdi við. Að sjálfsögðu þýðir þetta að auk-inn þrýstingur verður frá starfsmönnum þessara sjálfseignarstofnana að falla undir BSRB, ef skilja ber orð formanns Verkamannasambandsins bókstaflega. Hitt hygg ég þó að sé miklu réttara, að á stundum tekst ríkisstarfsmönnum að bæta sinn hlut borið saman við hinn frjálsa vinnumarkað og þetta skiptist á milli samninga. Upp úr stendur þó að það fólk, sem er innan BSRB, hefur réttindi og friðindi langt umfram það sem boðið er á hinum frjálsa vinnumarkaði. Ég vil þar fyrst nefna veikindaorlof. Við þekkjum það, að þótt einstaklingar hafi unnið lengi hjá litlum fyrirtækjum eða fyrirtækjum í einkaeign reynir mjög fljótt á það hjá sérstaklega hinum smæstu fyrirtækjum að þau hafa ekki bolmagn til þess að halda uppi kannske tveim til þrem starfsmönnum sem misst hafa heilsuna eða eru mikið frá af þeim sökum. Ef maður á hinn bóginn vinnur hjá hinu opinbera eru réttindi hans í þessum efnum miklu meiri og þess munu fá dæmi að maður á sæmilegum aldri, sem fær alvarlegan sjúkdóm, fái ekki að halda starfi sínu hjá hinu opinbera eða laun hans séu skert ef hann getur sýnt einhvern lit í því að mæta til vinnu. Þarna eru tvímælalaust þau réttindi opinberra starfsmanna sem mest virði eru meðan fólk er á venjulegum starfsaldri. Eftir það tímabil verður mismunurinn svo miklu meiri vegna þeirrar undarlegu tregðu sem stjórnvöld hafa sýnt varðandi verðtryggðan lífeyrissjóð. Þar eru forréttindi opinberra starfsmanna afskaplega rík. Síðast um daginn hringdi til mín maður að norðan, sem alla sína ævi hefur verið á sjónum og er nú kominn um sjötugsaldur, kunnur aflamaður og aflakló og hefur sjaldan fallið verk úr hendi. Hann verður að una því núna að eftirlaun hans eftir þennan langa starfsaldur séu eitthvað 800 kr. á sama tíma og ég hygg að a. m. k. tveir ráðh. njóti fullra eftirlauna úr verðtryggðum sjóði opinberra starfsmanna. Ég hef að vísu ekki flett því upp hvort þeir taka við þessum eftirlaunagreiðslum, en réttur þeirra til þeirra er ótvíræður, jafnvel þó þeir gegni störfum sem alþm. og ráðherrar.

Ég skal ekki fara lengra inn á mismuninn á þeim kjörum sem opinberir starfsmenn og fólk innan Alþýðusambandsins hefur, en vek aðeins athygli á því, að hér er það sem sagt tillaga stjórnarsinna í fjh.- og viðskn. að það verði einhliða lagt á vald sjálfseignarstofnana og annarra stofnana að fela samningsumboðið fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs, starfsmennirnir verði ekki um það spurðir, stjórnunin á að koma að ofan. Þetta er einmitt dæmi um hversu hinir nýju stjórnarherrar reynast sem fyrst náðu árangri í sinni pólitísku baráttu þegar þeir börðust fyrir samningunum í gildi á árinu 1978 — og hefðu að vísu aldrei náð þeim árangri sem raun ber vitni ef þeim hefði ekki verið stjórnað af þeim gamla og seiga Lúðvík Jósepssyni sem mundi nú taka gleraugun sín ofan heldur en ekki yfir annarri eins moðsuðu og bréf hæstv. fjmrh. frá 18. maí er.

Ég get satt að segja varla skilið hvernig stjórn BSRB kemst að raun um að þetta bréf sé samningsrof. Mér finnst það vera einhvers konar langloka sem enginn kemst til botns í. Allir geta út af fyrir sig skrifað undir að það er meiningarlaust og verður ágætt deilu- og rifrildisefni síðar meir milli forustumanna launþegasamtakanna. Þessir tveir forustumenn launþegasamtakanna, sem kosnir voru á þing fyrir Alþb. nú í síðustu kosningum, formaður Verkamannasambandsins og stjórnarmaður í BSRB, stóðu fast saman fyrir þrem árum, þegar Alþingi götunnar var alls ráðandi og þegar talað var um Íslands-

mann. En þegar maður hlustaði á þau hér áðan datt manni í hug gömul vísa:

Man ég þeirra fyrri fund,
forn þótt ástin réni.
Nú er eins og hundur hund
hitti á tófugreni.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Mörgum kann nú að virðast það tilgangslítið að halda uppi umræðum af þessu tagi þegar langt er liðið á nótt, en ég held að ljóst sé af þeim umræðum, sem hér hafa farið fram, að það er mjög alvarlegur misskilningur uppi í sambandi við þetta mál, og ég held að þó að langt sé liðið á nótt sé ómaksins vert að ræða þetta mál nokkra stund hér ef það má verða til að eyða ýmsum misskilningi sem uppi er.

Ég ætla ekki að endurtaka neitt af því, sem ég sagði áðan, og læt það nægja sem ég upplýsti um afstöðu fjmrn. í þessu máli. En vegna þess að máske verður gluggað í þessar umræður, sem hér fara fram í kvöld, af þeim sem síðar fjalla um þetta mál við framkvæmd þessara laga, tel ég alveg bráðnauðsynlegt að leiðrétta nú strax einn grundvallarmisskilning sem fram kom í máli hv. þm. Halldórs Blöndals nú seinast og gætir í tali margra annarra um þetta mál, en sá misskilningur er svo alvarlegur að mjög illt væri ef hann stæði án þess að honum hefði verið mótmælt.

Hv. þm. sagði að eftir að þessi lög hefðu komið til framkvæmda ættu forstöðumenn sjálfseignarstofnana og hálfopinberra stofnana að ákveða það í hverju verkalýðsfélagi starfsmennirnir yrðu, hvort þeir yrðu í einhverju Alþýðusambandsfélaginu eða í BSRB. Það er mjög alvarlegur misskilningur að málið snúist um þetta. Í dag er það svo, að starfsmenn þessara stofnana eru ýmist opinberir starfsmenn í BSRB eða í einhverju af Alþýðusambandsfélögunum. Ef forstöðumaður sjálfseignarstofnunar ákveður að þessi lög skuli taka gildi um hans stofnun afhendir hann fjmrn. samningsumboðið, en það breytir engu um stöðu starfsmannanna í verkalýðsfélögum. Þessir starfsmenn hafa væntanlega verið í ýmsum verkalýðsfélögum fyrir og þeir verða það áfram. Yfirlýsingin, sem gefin var í dag og gefin var 30. okt. um þetta mál af fjmrn., leggur einmitt sérstaka áherslu á að fjmrn. hyggst ekki breyta samningssviði Alþýðusambandsins í einu eða neinu við samþykkt þessara laga, heldur mun ganga út frá því, að það verði samið við BSRB-menn þar sem það á við og við Alþýðusambandsmenn þar sem það á við.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 19:7 atkv.
2.— 4. gr. samþ. með 20:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Fiskveiðar á Norðaustur-Atlantshafi, frv. (þskj. 674, n. 978). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 24:1 atkv.

Frsm. (Garðar Sigurðsson): Hér er um að ræða frv. til l. um aðild Íslands að samningi um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðaustur-Atlantshafi og er um það að ríkisstj. sé heimilt að fullgilda þann samning fyrir Íslands hönd.

Herra forseti. Það er líklega óþarfi að hafa um þetta langt mál, en þar sem ekki hefur verið farið mörgum orðum efnislega um þetta efrideildarmál í deildinni hér þykir mér þó rétt og raunar skylt að fara lauslega yfir aths. við þetta frv.

Með þessu frv. er leitað heimildar fyrir ríkisstj. til að fullgilda fyrir Íslands hönd samning frá 18. nóv. 1980 um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðaustur-Atlantshafi. Þessum samningi er ætlað að koma í stað eldri samnings frá 24. jan. 1959 um fiskveiðar á norðausturhluta Atlantshafsins. Sá samningur var fullgiltur fyrir Íslands hönd 12. apríl 1960. Um hann gilda lög frá 30. mars 1960.

Við útfærslu fiskveiðilögsögu strandríkja norðausturhluta Atlantshafs gjörbreyttist skipan fiskveiðimála á svæðinu og sögðu Noregur og aðildarríki Efnahagsbandalags Evrópu samningnum upp.

Hafist var handa um gerð nýs samnings sem mundi taka mið af hinu breytta ástandi og voru nokkrir undirbúningsfundir haldnir á árunum 1977 og 1978. Dagana 20. febr. til 3. mars 1978 var haldin í London ráðstefna með fulltrúum ríkisstjórna. Fulltrúar 19 ríkja og Efnahagsbandalags Evrópu tóku þátt í henni. Ekki tókst þar að ná samkomulagi um nýjan samning. Af hálfu aðildarríkja Efnahagsbandalagsins var þess krafist, að bandalagið yrði sjálfstæður aðili samningsins. Á þetta gátu Austur-Evrópuríkin ekki fallist. Ísland lagði fram tillögu um að þurfa ekki að greiða meira en 5% af kostnaði af starfsemi samkvæmt samningnum.

Á fundi í Lissabon dagana 26.—29. febr. 1980 var samkomulag um öll ákvæði samningsins. Efnahagsbandalagið var viðurkennt sem aðili samningsins. Tillaga var samþykkt um að ríki með innan við 300 þús. íbúa greiði fyrstu fimm árin eigi meira en 5% heildarkostnaðar, síðan yrði reglan endurskoðuð árlega og mætti breyta henni með 3/4 hluta atkvæða samningsaðila.

Samningurinn var lagður fram til undirritunar í London 18. nóv. 1980 og var hann undirritaður fyrir Íslands hönd þann dag. Auk þess hefur Efnahagsbandalagið og eftirtalin ríki undirritað hann: Danmörk (vegna Færeyja), Kúba, Noregur, Pólland, Portúgal, Sovétríkin, Spánn, Svíþjóð og Þýska alþýðulýðveldið. Samningurinn öðlast gildi þegar sjö aðilar hafa fullgilt hann, þ. á m. a. m. k. þrír aðilar sem fiskveiðilögsögu hafa á samningssvæðinu. Ef hann hefur hins vegar ekki öðlast gildi fyrir 18. nóv. 1981, en fimm aðilar hafa fullgilt hann, þ. á m. a. m. k. þrír sem fiskveiðilögsögu hafa á svæðinu, geta þeir ákveðið að samningurinn öðlist gildi þeirra á milli.

Samningurinn gerir ráð fyrir að sett verði á laggirnar ný fiskveiðinefnd sem taki við af fiskveiðinefnd sem starfandi er samkvæmt samningnum frá 1959. Nefndinni er ætlað það hlutverk fyrst og fremst að gera tillögur um fiskveiðar utan þeirra svæða sem falla undir fiskveiðilögsögu samningsaðila, og skal hún gera ályktanir um veiðar innan fiskveiðilögsögu aðila aðeins ef hlutaðeigandi aðili óskar þess. Er því hlutverk og valdsvið nefndarinnar í samræmi við íslenska löggjöf.

Leitað var umsagnar Fiskifélags Íslands og Hafrannsóknastofnunarinnar um þennan samning og var af hálfu þeirra mælt með því að Ísland gerðist aðili að samningnum.

Ísland gerðist 1. jan. 1979 aðili að samningi um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi, sbr. lög nr. 48 30. maí 1979, um framkvæmd samningsins.

Ekki þykir ástæða til að gera aths. við einstakar greinar þessa frv. Þess skal þó getið, að viðurlagaákvæði í 3. gr. frv. eru sniðin efir ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, og eru samhljóða ákvæðum í 2. gr. fyrrgreindra laga nr. 48 frá 1979.

Að lokum skal athygli vakin á því, að íslensk stjórnvöld hafa sagt samningnum frá 1959 upp og miðast uppsögn við 9. mars 1982. Þykir því rétt að lög nr. 14 1960 um framkvæmd þess samnings falli úr gildi 1. apríl 1982 og er gert ráð fyrir því í 4. gr. frv.

Herra forseti. Þetta voru aths. við þetta lagafrv. Eins og ég gat um áðan, þrátt fyrir fyndnar og gáfulegar aths. hv. þm. Vilmundar Gylfasonar, sem er sérfræðingur í milliríkjasamningum, að því er halda mætti a. m. k., þótti mér rétt að lesa þessar aths. svo að hv. þm. í Nd. geri sér grein fyrir höfuðatriðum þessa máls, en ég sé ekki ástæðu til að fjalla efnislega um samninginn að öðru leyti. Hins vegar liggur hann fyrir hér á þskj. 674 á tveim tungumálum ágætum, sem ég veit að hv. þm. Vilmundur Gylfason kann ágæt skil á, enda menntaður í Englandi og m. a. s. á sama stað og hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson.

Herra forseti. Sjútvn. þessarar hv. deildar leggur til að frv. verði samþykkt.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Mér þykir við hæfi að forseti upplýsi, að rétt voru lesnar frá orði til orðs allar aths. með lagafrv. þessu út í gegn.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.— 4. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Umbætur í þágu fatlaðra, frv. (þskj. 1001). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24:1 atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Landakaupasjóður kaupstaða og kauptúna, frv. (þskj. 996). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24:1 atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og endursent Ed.

Lífeyrissjóður sjómanna, frv. (þskj. 993). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24:1 atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Eftirlaun til aldraðra, frv. (þskj. 841). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24:1 atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 999).

Ríkisborgararéttur, frv. (þskj. 986). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24:1 atkv.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Á fundi fyrr í dag áminnti forseti þdm. um mætingarskyldu samkvæmt þingsköpum. Hér er verið að afgreiða í kvöld stór og mikilvæg mál. Í deildinni er ekki einn einasti fulltrúi Sjálfstfl., nema þeir menn, sem verða að sinna embættisskyldum, og einn stuðningsmaður ríkisstj. úr þessum flokki. Þetta vildi ég benda á.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég vil benda hv. þm. á það, að ég get fengið varaforseta til að gegna fyrir mig embættisstörfum ef svo ber undir, þannig að ég er þess vegna ekki njörvaður við stólinn.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil að þessu gefna tilefni vekja athygli á því, að í þingsalnum eru tveir þingmenn Alþfl. Ég gef þeim viðurkenningarorð. Hér eru 6. þm. Norðurl. e. og svo kvenmaðurinn, sem er náttúrlega öðrum þingmönnum Alþfl. samviskusamari. Þessi hv. þm.getur nú vel úr flokki talað. (**Forseti:** Þessi þræta er til einskis.)

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og endursent Ed.

Sameinað þing, 87. fundur.

Fimmtudaginn 21. maí, kl. 2 miðdegis.

Stóriðjumál, þáltill. (þskj. 572, n. 765 og 780). — Frh. síðari umr.

ATKVGR.

Till. á þskj. 780 um að vísa þáltill. til ríkisstj. samþ. með 28:26 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, StefG, StJ, SV, StH, SvG, TÁ, ÞS, AS, DA, FÞ, GS, GeirG, GB, GJG, GGÞ, GHelg, GTh, HÁ, HS, HG, JI, IGísl.

nei: SigurlB, SalÞ, SteinG, SvH, VG, ÞK, AG, ÁG, BÍG, EH, EgJ, EG, EKJ, FrS, GeirH, GK, HBl, JS, JÞ, KSG, KP, KJ, LJ, MHM, MB, MÁM.

JH greiddi ekki atkv.

5 þm. (ÓE, ÓlJ, SighB, BGr, JE) fjarstaddir.

6 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Í till. minni hl. allshn., ef samþykkt verður sem ályktun Alþingis um málsmeðferð í þessu máli, felst að þeir, sem að ríkisstj. standa, treysta sér ekki til þess að gefa yfirlýsingu um það, að verulega sé aukinn orkufrekur iðnaður hér á landi næstu ár til að nýta í ríkari mæli en nú er gert hinar miklu óbeisluðu orkulindir landsins. Í þessari samþykkt, ef gerð verður, felst einnig að þeir, sem að ríkisstj. standa, vilja hafna allri samvinnu við stjórnarandstöðuna um þetta mikilvæga mál, eitt mikilvægasta mál sem hv. Alþingi fjallar um nú um þessar mundir. Ég segi nei.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Hér er ekki um það að ræða, hvort menn séu fylgjandi eða andvígir stóriðju eða orkufrekum iðnaði, heldur fyrirkomulag á athugun og undirbúningi þeirra mála. Í stjórnarsáttmála núv. ríkisstj. er rætt um undirbúning að stóriðju, og í þeirri till. til þál. um iðnaðarstefnu, sem liggur fyrir þessu þingi frá ríkisstj., er sérstaklega minnst á undirbúning að orkufrekum iðnaði. Hins vegar hefur það verið venja í tvo áratugi, að nefndir, sem unnið hafa að þessum málum, hafa verið skipaðar af ríkisstjórnum, en aldrei kosnar af Alþingi. Þegar Bjarni Benediktsson, þáv. iðnrh., skipaði 5. maí 1961 nefnd til þess að fjalla um þessi mál, þá var það ríkisstj., en ekki Alþingi, sem stóð að þeirri skipun, og þannig hefur það jafnan verið síðan. Mér sýnist ekki ástæða til að breyta út frá þeirri venju sem þannig hefur skapast. Í jan. s. l. var af ríkisstj. hálfu skipuð nefnd til þess samkv. stjórnarsáttmálanum að gera tillögur um stefnumótun í orkumálum, og m. a. er það verkefni þessarar nefndar að gera tillögur um nýtingu þeirrar orku sem við þurfum að afla með stórvirkjunum. Af þeim ástæðum, sem ég hér hef greint, segi ég já við þessari tillögu.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Þótt mér þyki gott að heyra að hæstv. forsrh. nefnir nafn Bjarna Benediktssonar þætti mér hitt meira vert ef hann reyndi að tileinka sér skoðanir hans og eindrægni. Hæstv. forsrh. skírskotaði til iðnaðarstefnu ríkisstj., sem liggur nú dauð í iðnn. og fæst ekki þaðan afgreidd vegna fyrirskipunar frá ríkisstj.

Í því máli, sem hér liggur fyrir, á ég ekki samleið með Alþb.-mönnum. Í því skilur svo mjög á milli sjálfstæðismanna og kommúnista að sjónarmiðin verða ekki samræmd. Með hliðsjón af stefnu og hugsjónum Sjálfstfl., með skírskotun til ályktana Sjálfstfl. fyrr og síðar, með skírskotun af reynslunni segi ég nei.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Það er hárrétt hjá hæstv. forsrh., að þessi till. snýst líka um fyrirkomulag og vinnubrögð. Núverandi vinnubrögð standa í vegi fyrir sókn til bættra lífskjara. Nú ríkir núllstefna — neistefna í þessum málum. Út úr þessum vinnubrögðum og þessu fyrirkomulagi þurfum við að komast. Það er þjóðarnauðsyn að tekið sé til hendinni. Ég segi nei.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Eins og þm. vita er það hefð að þeir, sem fara af þingi í stuttan tíma, semja gjarnan við mann úr hinu liðinu, þ. e. meirihlutamenn við minnihlutamenn eða öfugt, um að aðrir fari við atkvgr. út á meðan. Það var gert samkomulag um að fyrir Sighvat Björgvinsson færi Páll Pétursson út. (**PP:** Maður í staðinn fyrir Sighvat Björgvinsson.) Eða maður í staðinn fyrir hann, það er rétt, það hefur verið framkvæmt þannig, og nú var rætt um að Ólafur Jóhannesson væri ekki við. Ég óskaði eftir að Benedikt Gröndal, sem nú er veikur, kæmi á móti Ólafi Jóhannessyni, og ég tel því að þetta samkomulag hafi verið svikið. Ég segi nei.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Sjálfstfl. markaði skýra stefnu í sambandi við mótun orkufreks iðnaðar og stefnumótun í stóriðjumálum. Þessi stefna hefur verið margítrekuð í samþykktum Sjálfstfl. og þ. á m. landsfundar. Ég tel mér skylt að standa við eigin sannfæringu og stefnu míns flokks sem hefur verið ótvíræð í þessum málum og jafnframt hefur ríkt einstök eindrægni innan flokksins um framkvæmd þeirrar stefnu. Því líst mér nú ógæfulega á þegar fulltrúar kommúnista, hálfkommúnista og Framsfl. leggja til að tillögu um aukningu orkufreks iðnaðar og stefnumótun í stóriðjumálum verði vísað til ríkisstj. þar sem kommúnistí ræður fyrst og fremst ferðinni í þessum málum, — kommúnistí sem hefur ekki gert annað en að grafa sig í möppur með samstarfshópum og flutt hér loðnar yfirlýsingar í stóriðjumálum og orkumálum. Það er maður sem ég treysti engan veginn fyrir þessum málum, og ég treysti ekki núv. ríkisstj. (**StJ:** Ætlar þm. að segja já?) Þegiðu, Stefán Jónsson. (**StJ:** Ætlar þm. að segja já eða —) Leiða gripinn bara út á meðan. Mér er alveg sama hvað er gert við hann. En ég ætla að ljúka þessu máli. Ef þessi maður hefur ekki taugar til að sitja inni þegar pólitískur andstæðingur talar og ef hann kemst ekki sjálfur út, þá ætti einhver af flokksbræðrum hans að leiða hann út. (**StJ:** Það er bara fsp., hvort þm. ætli að segja já. Hann er að gera grein fyrir atkv. sínu, en ekki að halda ræðu.) Mér liggur ekkert á. Ef maðurinn getur ekki þagað verður að vísa mannræflinum út — eða hv. ræfli þá. (**StJ:** Ég spyr forseta að því, hvort þetta séu þingleg ummæli.) Ég spyr forseta, hvort þetta sé kurteisi sem þessi maður er búinn að sýna? Ég held ekki áfram fyrr en þessi maður er hættur. (**Forseti:** Ég vil biðja menn að hætta samtölum hér.) Ég treysti ekki núv. ríkisistj. til að móta þessa stefnu af þeim ástæðum sem ég hef áður sagt, og því segi ég nei.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Mér skilst, að slíkt samkomulag sem ég ræddi um áðan nái ekki til veikindatilfella eins og hér eiga sér stað, og biðst ég því afsökunar á því sem ég sagði um hv. þm. Pál Pétursson.

Olíuhöfn og birgðastöð í Helguvík, þáltill. (þskj. 110, n. 947, 948). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá utanrmn. um till. til þál. um olíuhöfn og birgðastöð í Helguvík. Þáltill. þessi var rædd á nokkrum fundum utanrmn. og fékk nefndin upplýsingar frá ýmsum aðilum auk þess sem utanrrh. gerði nefndinni grein fyrir stöðu mála. Þá var og á fundum nefndarinnar deildarstjóri varnarmáladeildar, Helgi Ágústsson, svo og komu fram upplýsingar, munnlegar og skriflegar, frá olíufélögunum: Olíufélaginu hf., Olíuverslun Íslands hf. og Olíufélaginu Skeljungi hf.

Að loknum umr. í utanrmn. urðu nm. sammála um að mæla með samþykkt till. með breytingu sem flutt er till. um á þskj. 948. Brtt. á þskj. 948 er svohljóðandi:

„1. Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela utanrrh. að vinna að því, að framkvæmdum til lausnar á vandamálum, er skapast hafa fyrir byggðarlögin í Keflavík og Njarðvík vegna eldsneytisgeyma varnarliðsins, verði hraðað svo sem kostur er.

2. Fyrirsögnin orðist svo: Till. til þál um lausn á vandamálum vegna eldsneytisgeyma varnarliðsins."

Eins og ég gat um áðan, þá urðu allir nm. sammála um þessar tillögur, en Ólafur Ragnar Grímsson ritaði undir með fyrirvara sem ég geri ráð fyrir að hann geri grein fyrir hér á eftir.

Efnislega er hér ekki um að ræða breytingu á þeirri till. til þál. sem fyrr var flutt hér á þingi af þeim hv. þm. Ólafi Björnssyni, Karli Steinari Guðnasyni, Matthíasi Á Mathiesen, Ólafi G. Einarssyni og Salome Þorkelsdóttur. Mönnum þótti hins vegar rétt að það kæmi fram, að utanrrh. og þar til bær íslensk yfirvöld hefðu frjálsar hendur um tilhögun framkvæmdanna, hvernig unnt væri að koma þeim á sem allra fyrst með tilvísun til þeirrar nauðsynjar sem á því er að úrbætur fáist annars vegar fyrir byggðarlögin, sem hlut eiga að máli, Njarðvík og Keflavík, og hins vegar vegna þeirra þarfa sem varnarliðið og varnarstarfsemin á Keflavíkurflugvelli hefur til þess að hafa öruggar geymslur fyrir eldsneyti það sem nauðsynlegt er vegna starfsemi varnarliðsins.

Ég sé ekki ástæðu, herra forseti, til að fjalla frekar nema að gefnu tilefni um þessa till. eins og hún liggur fyrir, en vænti þess, að hún verði samþykkt.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Þegar á þinginu 1978—1979 fluttum við þm. Alþb. þá skoðun, að það væri nauðsynlegt að grípa til varnarráðstafana gagnvart þeirri mengun sem íbúum nokkurra byggðarlaga á Suðurnesjum stafar af birgðum bandaríska hersins. Þessi skoðun Alþb., að það beri að fjarlægja þá olíugeyma, sem hafa hindrað eðlilega þróun byggðarlaganna í Njarðvík og Keflavík, og bægja frá þeirri mengunarhættu, sem þessir geymar veita byggðarlögunum, var síðan ítrekuð við fyrri umr. um þá till. sem nokkrir þm. Alþfl. og Sjálfstfl. fluttu hér fyrr í vetur. Í þeim umr. sagði hæstv. félmrh. m. a.:

„Við erum reiðubúnir til þess, svo lengi sem herinn er hér, að taka þátt í því að létta mengunarhættu frá bandaríska hernámsliðinu af íbúum Suðurnesja. Við erum hins vegar ekki reiðubúnir til þess að horfa upp á það, að bandaríska hernum verði leyft að efna til meiri háttar aukningar á geymarými sem flokkast má í raun undir hernaðarframkvæmdir í þessum efnum. Við skiljum algerlega á milli mengunarvarna og hernaðarframkvæmda."

Hæstv. félmrh. vék einnig að því í umr. um þá till., sem hér var lögð fram og nú er til umr. í breyttri mynd frá utanrmn., að eins og hún lægi fyrir þá orðuð væri hún í raun ótímabær og ekki flutt út frá efnisgrundvelli málsins, heldur í reynd út frá annarlegum pólitískum sjónarmiðum. Í þessum sömu umr., sem fóru fram hér á Alþingi fyrir nokkrum vikum, ítrekaði ég einnig sömu skoðun Alþb. á þessum málum sem ég hef hér lýst með tilvitnun í ræðu hæstv. félmrh., á þann veg, að við þm. Alþb. höfum verið fylgjandi því, að gerðar væru nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir þá mengunarhættu sem byggðarlögunum á Suðurnesjum stafar af dvöl hersins, en við værum hins vegar algerlega á móti því, að þær mengunarvarnir væru gerðar að verslunarvöru við bandaríska herinn þannig að Bandaríkjaher fái í staðinn fyrir mengunarvarnir sínar gífurlega aukna aðstöðu til hernaðarumsvifa á Íslandi.

Sú till., sem nokkrir þm. Sjálfstfl. og Alþfl. lögðu fram hér fyrr í vetur, bar heitið Tillaga til þingsályktunar um olíuhöfn og birgðastöð í Helguvík og hún hljóðaði á þessa leið:

„Alþingi ályktar að fela utanrrh. að hraða svo sem verða má byggingu olíustöðvar í Helguvík á grundvelli þess samkomulags sem undirritað var af nefnd skipaðri af utanrrh. og fulltrúum varnarliðsins í umboði NATO 23. maí s. l."

Við lýstum því yfir, þm. Alþb., að sú yfirlýsing, sem fælist í þessari þáltill., að samþykkja þá framkvæmdaályktun, sem gerð var við fulltrúa varnarliðsins um að reisa olíuhöfn og birgðastöð í Helguvík, væri þess eðlis, að við gætum ekki að henni staðið. Sú framkvæmd og þar með þáltill., sem þessir þm. stóðu að, fól í sér í raun og veru þrjá meginþætti:

1. Byggingu sérstakrar olíuhafnar og birgðastöðvar í Helguvík.
2. Gífurlega stækkun á eldsneytisgeymabirgðum hersins á nágrenni Keflavíkursvæðisins.
3. Að fjarlægja þá geyma sem skapað hafa Keflavík og Njarðvík mengunarhættu.

Síðasta atriðið af þessum þremur gátum við stutt, en hinum tveimur; að Alþingi færi nú að lýsa yfir stuðningi við Helguvíkurframkvæmdirnar og Alþingi færi nú að lýsa yfir stuðningi við þá áætlun, að eldsneytisgeymabirgðir hersins væru stækkaðar svo stórkostlega sem fólst í þessari áætlun, værum við á móti.

Ég fagna því, herra forseti, að í utanrmn. náðist alger samstaða um að breyta þessari till. á þann veg, að stuðningur við olíuhöfn og birgðastöð í Helguvík er felldur burt, og öll tilvísun til þeirrar sérstöku framkvæmdaáætlunar, sem vikið er að í hinni upphaflegu tillögu sem Ólafur Björnsson og fleiri þm. Sjálfstfl. og Alþfl. fluttu, er einnig felld burt og eftir stendur það eitt, sem við Alþb.-menn fyrr í vetur töldum nauðsynlegt að Alþingi tæki afstöðu til hér og nú, þ. e. að það ætti að fjarlægja þá geyma sem sköpuðu byggðarlögunum í Keflavík og Njarðvík mengunarhættu. Sú brtt., sem utanrmn. stendur öll að, er á þá leið, eins og hér hefur verið kynnt af formanni n., að utanrrh. er falið að vinna að því að framkvæmdum til lausnar á vandamálum, sem skapast

hafa fyrir byggðalögin Keflavík og Njarðvík vegna eldsneytisgeyma varnarliðsins, verði hraðað sem kostur er. En öll tilvísun til þess, með hvaða hætti þetta verði gert, eða stuðningsyfirlýsing við Helguvíkurframkvæmdirnar er tekin brott.

Ég tel að það sé mikið fagnaðarefni, að það skuli hafa náðst í utanrmn. samstaða um að Alþingi Íslendinga fari ekki að lýsa yfir stuðningi við þessa áætlun. Ástæðan er sú, að í meðferð utanrmn. á málinu komu fram upplýsingar og sjónarmið sem sýndu rækilega fram á það, að þessi áætlun um framkvæmdir í Helguvík var mjög varasöm og jafnvel hættuleg, og það sem er þó aðalatriðið, að það væri hægt að fara aðrar leiðir sem sameinuðu þrennt: í fyrsta lagi að fjarlægja alla þá geyma sem skapað hafa vandamál fyrir Njarðvíkinga og Keflvíkinga, í öðru lagi fælu ekki í sér aukningu á umsvifum hersins hér á landi og í þriðja lagi væri hægt að framkvæma á mun skemmri tíma en þá áætlun sem vitnað er til í upphaflegu till

Ég hafði fyrirvara um stuðning við álit nefndarinnar. Sá fyrirvari byggðist annars vegar á því, að ég gerði fyrirvara við orðið varnarlið þar eð ég tel að eðli þess hers, sem hér er, sé ekki af því tagi að það réttlæti þetta orð. En hins vegar — og það er aðalatriðið — gerði ég fyrirvara þess efnis, að ég tel að þær framkvæmdir til þess að bægja mengunarhættunni frá þeim byggðarlögum, sem nefndar eru í hinni nýju útgáfu till., eigi að vera með þeim hætti, að það geti gerst skjótt og vel og án þess að það leiði til neinna breytinga á almennum umsvifum hersins hér á landi.

Í grg., sem utanrmn. fékk frá Olíufélaginu hf. og forstjóri þess kynnti á fundi n., kom fram að á undanförnum árum hefur orðið mjög lítil breyting á olíunotkun hersins hér frá ári til árs og s. l. þrjú ár hefur eldsneytisnotkun hins bandaríska hers á Íslandi verið nánast óbreytt. Í ljósi reynslu s. l. þriggja ára og sérstaklega þegar tekið er tillit til þess, að með starfrækslu hitaveitu minnkar enn frekar olíuþörf hersins, er því ekki nauðsynlegt að stækka olíurými hersins hér. Í þessari greinargerð frá forstjóra Olíufélagsins kemur einnig fram mjög veigamikil gagnrýni á fyrirhugaðar framkvæmdir í Helguvík og olíubirgðastöðina þar. Ég ætla ekki að rekja þá gagnrýni hér, en það væri vissulega tilefni til að gera það síðar. Ég vil hins vegar nota þetta tækifæri til að lýsa því yfir, að þingflokkur Alþb. telur að sú till., sem forstjóri Olíufélagsins setur fram fyrir þess hönd í greinargerð til utanrmn. um það, með hvaða hætti sé hægt að fjarlægja jafnvel þegar á næsta ári alla þá geyma sem skapað hafa byggðarlögunum í Njarðvík og Keflavík þá mengunarhættu sem hér hefur orðið tíðrætt um, — sú till., sem Olíufélagið gerir um hvernig þetta megi leysa, sé mjög athyglisverð og við erum reiðubúnir til að lýsa yfir stuðningi við að það verði unnið að lausn málsins á þeim grundvelli. Við teljum að þeir menn, sem hafa annast olíuviðskipti við bandaríska herinn og hafa byggt hér olíugeyma og starfrækt olíuflutninga árum saman, séu meðal þeirra Íslendinga sem hafi hvað ríkasta reynslu á þessu sviði.

Þau ánægjulegu tíðindi hafa gerst fyrir byggðarlögin í Keflavík og Njarðvík, að af hálfu Olíufélagsins hf. eða ESSO, eins og það er oft og tíðum nefnt í daglegri umræðu, hefur verið sett fram áætlun um hvernig megi leysa þessi mengunarvandamál byggðarlaganna og fjarlægja alla geymana án þess að til nokkurra framkvæmda í Helguvík komi. Þessi till. er fólgin í því, að á því svæði, sem samkv. greinargerð frá 23. maí er á Keflavíkursvæðinu og átti að reisa 32 þús. rúmmetra tankrými, verði reist 51 þús. rúmmetra tankrými í staðinn, en bygging 169 þús. rúmmetra tankrýmis í Helguvík, sem átti að koma til viðbótar við þetta 32 þús. rúmmetra tankrými á Keflavíkursvæðinu sjálfu, verði hins vegar algerlega lögð niður. Tillaga Olíufélagsins felst sem sagt í því, að alger óþarfi sé að leggja í 169 þús. rúmmetra framkvæmdir í Helguvík og það sé hægt að leysa vandamál byggðarlaganna með því að byggja á því svæði, sem gerðar voru tillögur um á Keflavíkursvæðinu sjálfu, 51 þús. rúmmetra tankrými, sem er tæpur 1/3 af þeirri heildartillögu sem fram kom 23. maí s. l., og gera það fyrir kostnað sem er aðeins 10—20% af þeim heildarkostnaði sem upphaflega Helguvíkurframkvæmdirnar fólu í sér og þáltill., sem hér var upphaflega til umr. fjallaði um.

En það, sem er kannske aðalatriðið í þessari till., er að hún byggir á því, að slíkri framkvæmd gæti orðið lokið á árinu 1982 eða í síðasta lagi á árinu 1983. Stjórnvöld hafa hér fengið áætlun frá öflugasta olíufélagi landsins um það, hvernig megi leysa mengunarvandamál sem stafa af eldsneytisgeymunum fyrir Njarðvík og Keflavík, fjarlægja alla þessa geyma og gera það innan 12—18 mánaða. Þingflokkur Alþb. er reiðubúinn að lýsa yfir stuðningi við þessa áætlun, sem Olíufélagið hefur sett fram, og væntir þess, að það myndist þjóðarsamstaða um það, hér á þingi sem annars staðar, sérstaklega hjá þeim mönnum sem hæst hafa talað um að það þurfi að leysa mengunarvandamálin og geymavandamálin fyrir Njarðvíkinga og Keflvíkinga, að við sameinumst allir um að leysa þessi vandamál nú innan 12—18 mánaða á grundvelli þeirrar framkvæmdaáætlunar sem þeir Íslendingar og viðskiptaaðilar, sem hafa mesta reynslu í þessum efnum, hafa nú lagt fram. Það væri farsæl lausn á þessu máli fyrir íbúa Njarðvíkur og Keflavíkur og væri jafnframt lausn sem væri í samræmi við íslenska hagsmuni fæli ekki í sér neina aukningu á hernaðarumsvifum Bandaríkjanna hér á Íslandi og væri í reynd í samræmi við það, að meðan við höfum bandarískan her hér í landinu reynum við þó að búa að aðstöðu hans hér þannig að það skapi sem minnsta hættu fyrir Íslendinga.

Herra forseti. Ég vil fagna því, að það náðist alger samstaða í utanrmn. um að fella alla tilvísun til Helguvíkurframkvæmdanna burt úr upphaflegri till., fella alla tilvísun til samkomulagsins, sem gert var við fulltrúa NATO, burt úr hinni upphaflegu tillögu. Í stað þess er komin hér tillaga sem eingöngu miðar að því að leysa mengunarvandamál byggðarlaganna í Njarðvík og Keflavík. Ég fagna því enn fremur, að öflugasti aðilinn í olíuviðskiptum á Íslandi hefur nú lagt fram raunhæfa áætlun um það, hvernig megi leysa þetta vandamál fyrir byggðarlögin á Suðurnesjum á næstu 12—16 mánuðum. Við treystum því að allir ábyrgir aðilar sameinist um að leysa þau með þeim hætti.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Fram eftir ræðu hv. síðasta ræðumanns fannst mér að Bleik væri brugðið, en sem betur fer lét hann ekki deigan síga undir lokin, hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, og mælti mjög eindregið með því, að flýtt yrði framkvæmdum við hernaðarmannvirki á Keflavíkurflugvelli og þar yrði leyfð 51 þús. rúmmetra öruggar olíugeymslur í stað þeirra sem ónýtar eru meira og minna, og hann taldi að þetta mætti gjarnan framkvæma á 2—3 árum. Út á það gekk auðvitað afstaða hans í utanrmn. að skora á hæstv. utanrrh. að

hraða þessum herraðarframkvæmdum sem allra mest má verða, og ég er honum innilega sammála um að þetta er mikil nauðsyn, enda segir hæstv. utanrrh. í viðtali við Morgunblaðið í dag eitthvað á þann veg, að í utanrmn. hafi fyrst og fremst verið rætt um tímasetningu framkvæmdanna á Keflavíkurflugvelli — það er alveg rétt — og hann líti svo á, að n. í heild hafi falið sér að reyna að hraða þessum framkvæmdum sem mest má verða, en um efnisleg atriði og fyrirkomulag hafi hann að sjálfsögðu allt í hendi sér. Það er þess vegna rétt, að það er mjög ánægjulegt sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að nú hefur skapast þjóðareining í þessum málum, í varnarmálunum, í fyrsta skipti í sögunni. Allir íslenskir stjórnmálaflokkar taka um það ákvörðun að óska þess, að mjög verði hraðað framkvæmdum til öryggis á Keflavíkurflugvelli til þess að gera störf varnarliðsins og þar með varnarmátt Atlantshafsbandalagsins meiri og samstöðu okkar með NATO-þjóðunum sterkari og öflugri og bæta þar með að sjálfsögðu varnarmátt vestursins. Þetta hefðu þótt tíðindi, saga til næsta bæjar fyrir nokkrum árum, en hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson á vissulega þakkir skildar fyrir að hafa riðið á vaðið til að sameina þjóðina í þessu mesta hagsmunamáli, þessu sjálfstæðismáli: öryggismálum þjóðarinnar. Mér skilst að hann hafi, hvort sem það var nú fyrir fundinn í gær eða eftir, fengið flokk sinn til að fallast á að sín stefna í málunum væri rétt, að Alþb. ætti að taka fulla ábyrgð á framkvæmdum á Keflavíkurflugvelli og beita sér fyrir því, að þeim yrði hraðað sem mest má verða.

Það er að sjálfsögðu engin efnisbreyting á þessari till. og þeirri sem upphaflega var flutt. Eini munurinn er sá, að í upphaflegu tillögunni var talað um að hraða framkvæmdunum eins og verða má, í þeirri síðari að þeim verði hraðað svo sem kostur er.

Þegar þetta mál var til umr. í utanrmn. í gær skýrði ég mitt sjónarmið, og mér er leyfilegt að segja frá því, hvað ég sagði þar, þó að ég hafi ekki heimild til að segja frá því, hvað aðrir segja. Menn vita um reglur utanrmn., þær eru sérstæðar að því leyti, að menn eru bundnir þagnareiði, en hafa þó leyfi til að skýra frá því sem þeir sjálfir segja þar. Áður en ákvörðun var tekin um orðalag þessarar till. og áður en einstakir nm. höfðu tekið afstöðu og lýst skoðunum sínum benti ég á að það væri mjög mikilsvert að reyna að ná samstöðu, helst allra nm., um að hraða þessum framkvæmdum sem mest mætti verða. Það væri alveg ljóst hvert væri eðli málsins, þ. e. að varnarliðið byggði nýjar og fullkomnar eldsneytisgeymslur á Keflavíkurflugvelli og löndunaraðstöðu. Um efnisatriði gæti ekki verið neinn ágreiningur og þegar fyrir lægi að menn væru sammála um hvað í till. fælist, þá væri mér ekkert kappsmál, hvernig till. væri orðuð, og legði á það áherslu að hún yrði orðuð þannig að fulltrúi Alþb. gæti verið með, en að sjálfsögðu að því áskildu að allir vissu, enda færi það ekkert á milli mála, að það væri verið að samþykkja áskorun á hæstv. utanrrh. um að beita áhrifum sínum til þess að framkvæmdum varnarliðsins, þessum stærstu framkvæmdum varnarliðsins frá styrjaldarlokum, stærstu framkvæmdum á hernaðarsviðinu á Íslandi frá styrjaldarlokum, yrði hraðað sem mest má verða. Það lá alveg ljóst fyrir að þannig skildi ég till.

Mér þykir nú leitt að hæstv. utanrrh. skuli ekki vera hér. Hann hefði vafalaust skýrt frá því, hvernig hann leit á málin, og raunar gerir hann það í nefndu blaðaviðtali í dag. Hann sem sagt lítur svo á, að sér beri að flýta þessum framkvæmdum eins og nokkur kostur er, það sé vilji utanrmn. og væntanlega Alþingis, og sjálfur hafi hann síðan í hendi sér samninga um hvernig þetta verði gert. Auðvitað verða þetta fullkomnar geymslur, og við eigum að krefjast þess, að þetta verði geymslur neðanjarðar að verulegu leyti, helst sem best búnar og þyldu árásir o. s. frv., enda enginn vafi á því, að þegar um svona gífurlega framkvæmd er að ræða, sem talið er að muni taka allt að 7 árum, eins og ég sagði áðan: langmestu framkvæmd á Keflavíkurflugvelli frá styrjaldarlokum, að svo viðbættum auðvitað flugskýlunum og flugstöðinni sem hlýtur að koma, þá er náttúrlega geysilega ánægjulegt að þingheimur allur virðist ætla að styðja þessa stefnu. Er það í fyrsta skipti frá styrjaldarlokum sem fulltrúar allra íslenskra stjórnmálaflokka standa sameinaðir um það að tryggja öryggi landsins á þann hátt sem best má verða.

Ég endurtek þakkir mínar til hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar fyrir forgöngu hans í því máli. Hann hefur þá ekki til einskis á Alþingi setið, ef honum tekst að fá Alþb.-félaga sína og kommúnista alla til þess að koma til liðs við okkur hina í öryggis- og varnarmálum landsins.

Ég veit náttúrlega ekki hvers vegna þessi nýja stefna er tekin upp af hálfu Alþb. Það er ánægjulegt að hún hefur verið tekin. Við fögnum því. En mér segir svo hugur um og ég vona a. m. k. að það sé vegna þess, að Alþb.-menn eins og aðrir Íslendingar, aðrir þeir sem búa við frjálsræði og lýðræði, geri sér nú grein fyrir þeirri ógnarhættu og þeim ógnaryfirgangi sem af Ráðstjórnarríkjunum stafar. Ráðstjórnarríkin hafa ráðist inn í Afganistan, eru að mylja þjóðina undir hæl herveldisins. Þeir ógna Pólverjum og mundu vafalaust ráðast þar inn og kremja þá undir hæl sínum, járnhælnum, ef þeir þyrðu. Þess vegna er gífurlega mikilvægt að frá litlum þjóðum eins og Íslendingum, — það getum við lagt til friðarins, — að frá litlum þjóðum fái þeir að skilja að það sé ekki meiningin að láta þá murka niður eina og eina þjóð í einu, heldur sé samtakamáttur frjálshuga fólks um allan heim sem muni getað stöðvað ofbeldið — og aðeins slíkur máttur, ekki eingöngu hernaðarlegur máttur, heldur samstaða um að sýna þeim þjóðum, sem undirokaðar eru, að þær eigi vini og samstarfsmenn annars staðar, auka þeim kjark til þess að verjast ofbeldinu.

Ég vona að það sé af þessum sökum sem þeir Alþb.-menn nú í fyrsta skipti ganga til liðs við aðra flokka á Íslandi til þess að krefjast þess, að öryggismálum landsins verði komið í fullkomnara og betra horf en þau hafa verið, m. a. með því að taka upp bestu tækni og fullkomnustu framkvæmdir við gæslu á vellinum og allan öryggisbúnað. Ég vil ekki ætla þeim það, að þessi breytta afstaða bygging eingöngu á því, að þeim þyki vænt um ráðherrastóla og vilji þess vegna ekki láta skerast í odda. Ég heyrði það í morgun, þegar menn höfðu frétt af þessari breyttu afstöðu, að sumir héldu að þessir menn, eins og Ólafur Ragnar Grímsson, formaður þingflokksins, og hæstv. ráðherrar Alþb., væru ekki meiri karlar en það, að þeir féllu bara frá skoðun sinni til þess að geta verið í völdum og áhrifum og baðað sig í virðingunni og aðstöðunni. Ég ætla þeim það ekki. Ég ætla þeim það, að þeir hafi séð — sumir þeirra loks, kannske einhverjir þeirra alltaf að vissu marki — það ógnarvald, það ofbeldi sem ógnar öllum vestrænum þjóðum og raunar heimsbyggðinni allri, og þess vegna hafi þeir nú komið til liðs við okkur hina um að tryggja það, að varnir á Íslandi verði auknar og stórkostlega auknar. Ég hygg líka að þeir

viti jafnvel og við, að ásókn Ráðstjórnarríkjanna einmitt í nágrenni okkar hér á norðurslóðum hefur verið meiri og hernaðarmáttur þeirra aukinn meira á þessu hafsvæði heldur en nokkurs staðar annars staðar í veröldinni. Þetta vita þessir þm., og ég sé að hv. þm. Guðrún Helgadóttir brosir í kampinn. Hv. þm. veit þetta og ég ætla henni ekki annað en að hún vilji ekki láta það yfir okkur ganga, að þrýstingur af hálfu Ráðstjórnarríkjanna aukist jafnt og þétt án þess að við hreyfum legg eða lið. Þess vegna mun hún samkv. yfirlýsingu Svavars Gestssonar einnig í Morgunblaðinu í morgun um það, að þingflokkurinn standi að baki Ólafi Ragnari Grímssyni í afstöðu hans, alveg vafalaust gera það vegna þess að hún vill gæta íslenskra hagsmuna, íslenskra öryggishagsmuna. Ég ætla henni ekki annað en hún vilji þetta og vonandi þeir Alþb.-menn allir. (**Gripið fram í:** Hún brosti líka fallega, hv. þm.) Hún gerir það, hún er falleg. (Gripið fram í — **Forseti:** Ekki samtal á fundinum.) Því miður er það nú meira en mengun sem yfir Afgana hefur gengið. Það er mikill sóðaskapur, mjög mikill sóðaskapur, einhver sá óhugnanlegasti sem ég hef kynnst, og það er miklum mun meiri og alvarlegri mengun heldur en yfir Njarðvíkinga gengur. Ég get þess vegna ekki líkt því saman, en kannske getur hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson fundið einhverja slíka samlíkingu.

En það, sem ég vil að lokum segja, er þetta:

Ég vil vara hv. þm. Ólaf Ragnar Grímsson og aðra Alþb.-menn við að halda því stanslaust fram, að með þeim framkvæmdum, sem þeir eru að samþykkja að skora á utanrrh. að láta hraða sem allra mest, sé verið að breyta eðli varnarstöðvarinnar. Það hafa þeir sagt núna vikum og mánuðum saman, að ef framkvæmdir við olíugeyma, flugskýli og annað slíkt á Keflavíkurflugvelli gengju fram, sem þeir núna hafa krafist að yrði sem allra fyrst, þá yrði breytt eðli herstöðvarinnar með þeim hætti, að hún breyttist úr varnarstöð í árásarstöð. Þetta hafa allir heyrt úr þessum ræðustól. Þetta hafa allir lesið. Þetta vita landsmenn allir. Þetta er kenning Ólafs Ragnars Grímssonar. Hann ætlar að halda því fram, að á Íslandi eigi að verða árásarstöð eftir að hann hefur knúið fram með okkur öðrum þessa breytingu á aðstöðunni á Keflavíkurflugvelli. Þetta er alrangt. Ísland er og verður í varnarstöðu með lýðræðisþjóðum. Í Keflavík er engin árásarstöð, hefur ekki verið, og það er alrangt, sem Ólafur Ragnar Grímsson er höfundur að og kennimeistari, að nú sé verið að breyta þessari stöð, breyta eðli stöðvarinnar, eins og hann orðaði það, í árásarstöð, það sé gert með byggingu þessara olíugeyma og flugskýla. Þetta er alrangt. Það er ekki verið að breyta Íslandi í neina árásarstöð. En þetta gægðist raunar enn fram hjá hv. þm. þegar hann sagði, að fyrirvarinn byggðist fyrst og fremst á því, að það væri talað um varnarlið. Hann vildi tala um bandarískt herlið, en ekki varnarlið. Það má ekki kalla það varnarlið vegna þess að stöðin á í áróðri að vera árásarstöð. Eðli hennar er verið að breyta, segja þessir menn. Það má ekki tala um varnarlið, þetta er ekki varnarstöð, þetta er árásarstöð. Við erum að gera hana að árásarstöð. — Þetta er mergurinn málsins og þetta er hættulegur áróður. (Gripið fram í.) Þær framkvæmdir, sem hv. þm. var að samþykkja í gærdag, gera Keflavíkurflugvöll ekki að árásarstöð. Það er engin eðlisbreyting. Það er eingöngu verið að endurnýja og byggja að vísu fullkomnari aðstöðu en áður, og ég skal játa það, að þetta eru mestu framkvæmdir frá styrjaldarlokum. Það er verið að endurnýja þetta vegna breyttrar tækni. Það eru komnar betri flugvélar, það verða betri olíugeymslur, það verða betri flugskýli o. s. frv. Það er verið að efla þessa varnarstöð vegna þess að ásókn Rússa hér um slóðir hefur aukist og það þarf að vera betur á verði en áður.

Ég vara enn við því, að þessi hv. þm. og aðrir kommúnistar eða aðrir þm. Alþb., — ég held að hann sé nú ekki kommúnisti, — sé sí og æ að breiða það út bæði hér og erlendis, að hér sé verið að byggja upp árásarstöð, það sé verið að breyta eðli stöðvarinnar. Þegar þeir rétta upp höndina með því að skora á utanrrh. að láta hraða framkvæmdunum við olíugeymana á Keflavíkurflugvelli eins og mest má verða og löndunaraðstöðu og uppskipunar, þá mega þeir ekki hafa það í huga, vegna þess að það er ekki ætlun eins eða neins í öðrum flokkum að við séum að breyta eðli varnarstöðvarinnar. Við erum að styrkja hana, gera hana betur til þess fallna að þar verði staðið á verði gegn erlendum ofbeldisöflum. Við erum að styrkja varnir Íslands og þar með alls hins vestræna heims. Það er það sem við erum að gera. Við erum að stórefla þessa varnarstöð, það er rétt, en við erum ekki að breyta eðli hennar. Hún er ekki nein árásarstöð. Þegar hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson réttir upp höndina má hann ekki hugsa sem svo, að hann sé að gera það til að breyta eðli stöðvarinnar og gera hana að árásarstöð. Hann er að gera það til þess að efla varnir landsins.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 88. fundur.

Fimmtudaginn 21. maí, kl. 5 síðdegis.

Langtímaáætlun um vegagerð, þáltill. (þskj. 1005). — Fyrri umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þáltill. — Afbrigði samþ. með 34 shlj. atkv.

Frsm. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Til hv. fjvn. var á þessu þingi vísað tveimur till. sem fjölluðu um langtímaáætlun um vegagerð. Eins og kunnugt er höfum við sjálfstæðismenn flutt á undangengnum þingum till. um langtímaáætlun í vegagerð þar sem mörkuð er skýr og ákveðin stefna í vegamálum um stórauknar framkvæmdir, einkum að því er varðar uppbyggingu vega úr snjó og lagningu bundins slitlags á hringveginn og tengsl við helstu þéttbýlisstaði. Þessi till. hefur ekki fengið afgreiðslu á undangengnum þingum. Á yfirstandandi þingi lagði hæstv. núv. samgrh. fram till. um langtímaáætlun um vegagerð. Hafa þessar till. báðar verið til athugunar hjá hv. fjvn. Nefndin óskaði eftir því við Vegagerð ríkisins, að hún kannaði möguleika á að fella þessar till. saman og taka tillit til sjónarmiða í báðum þessum till. Nefndin hefur breytt þessum drögum, sem Vegagerð ríkisins lagði fyrir n., að verulegu leyti og varð sammála um að flytja þá till. sem fyrir liggur hér á þskj. 105. Till. er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta Vegagerð ríkisins gera í samráði við fulltrúa þingflokkanna lang-

tímaáætlun um framkvæmdir í nýbyggingum vega og brúa í stofnbrautum og þjóðbrautum.

Fjárhagslegar forsendur áætlunarinnar séu þær, að 2.2% af vergri þjóðarframleiðslu sé að meðaltali varið til vegagerðar samkvæmt vegáætlun. Hlutfall þetta ber að skoða sem lágmark, en það skal aukið í 2.4% innan 3 ára, og skal áætlunin þannig úr garði gerð að auka megi framkvæmdahraða ef meira fjármagn kemur til en hér er gert ráð fyrir. Skal það m. a. gert með því að taka fyrir langa og heillega vegarkafla.

Áætlunartíminn skal vera 12 ár og skal framkvæmdum skipt niður í 3 tímabil, 4 hvert ár. Jafnframt skal gerð grein fyrir því í áætluninni, hverjar framkvæmdir eru eftir til að koma vegakerfinu í viðunandi horf, eins og það er metið á hverjum tíma. Langtímaáætlun þessi skal endurskoðuð fjórða hvert ár og þá bætt við nýju fjögurra ára tímabili í stað þess er lauk.

Við gerð áætlunarinnar skal stefnt að eftirfarandi jafngildum markmiðum:

1) Vegir hafi fullt burðarþol (10 tonn) allt árið.
2) Vegir séu byggðir upp úr snjó eftir því sem unnt er.
3) Bundið slitlag sé lagt á vegi, þar sem gera má ráð fyrir að umferð verði meiri en 100 bílar á dag allt árið, þegar viðkomandi vegur hefur verið fullgerður. Enn fremur skal leggja slitlög á vegarkafla næst þéttbýliskjörnum, þó að umferð sé minni, og á vegarkafla sem yrðu óhóflega dýrir í viðhaldi sem malarvegir vegna skorts á hentugu malarefni. Stefnt skal að því, að bundið slitlag verði lagt á a. m. k. 1/4 hluta stofnbrauta í hverju kjördæmi og samfelldir kaflar á vegakerfinu verði lagðir undir bundnu slitlagi.
4) Tekið sé tillit til umferðaröryggis við uppbyggingu vega.

Áætlun þessi skal lögð fyrir Alþingi eigi síðar en vorið 1982."

Í fjvn. var meiri hluti fyrir því að afgreiða till. okkar sjálfstæðismanna úr nefnd, en hins vegar var ljóst að meiri hluti á Alþingi mundi trauðla vera fyrir slíkri till. þar sem hún hafði ekki fengist samþykkt á undangengnum þingum. En þegar þessi till. lá fyrir fannst okkur minnihlutamönnum í fjvn. að þessi kostur, að ná saman um slíka till. sem þessa, væri álitlegur og í rauninni markaði það viss tímamót, að Alþingi gæti náð saman með slíkt mál sem þetta, þó að á það beri að leggja hér áherslu að þetta sé fyrst og fremst og í rauninni ósk Alþingis um að láta gera áætlun sem síðar verði lögð fyrir Alþingi og að sjálfsögðu, eins og jafnan þegar slíkar till. eru lagðar fram af þn., þá hafi menn frjálsar hendur um að taka afstöðu til einstakra þátta þeirrar áætlunar þegar hún kemur fram.

Ég tel fyrir mitt leyti að það sé gengið hér mjög að ýmsum grundvallarsjónarmiðum sem við sjálfstæðismenn höfum sett fram um vegamálin. Það má nánast segja að það sé sama markmið sett fram í þessari till. og í till. okkar þegar á heildina er litið. Þó má kannske frekast að þessari till. finna að hún markar ekki stefnu í fjáröflun til vegamálanna eins og till. okkar gerði.

Ég held að það vefjist ekki fyrir neinum hv. þm., að vegamálin eru ein mikilvægustu framfaramál þessarar þjóðar. Það hefur verið mikið um það talað á síðustu árum, að þar sé ekki að finna einungis arðbærar framkvæmdir, heldur sé þarna á ferðinni málaflokkur sem mundi hafa í för með sér einna mestar félagslegar umbætur og treysta byggð í landinu. Þess vegna tel ég það merkan áfanga, að Alþingi nái saman um tillögugerð sem slíka, og vil vænta þess, að hún fái góðar viðtökur hjá þingheimi.

Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál. Þessari till. fylgir grg., sem skýrir málið nánar, og það verður að koma í ljós, þegar þetta verk er unnið, hvort það verður aðgengilegt eða ekki. En alla vega er það merkur áfangi ef slík áætlunargerð verður unnin í samráði við þingflokkana.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég stend upp fyrst og fremst til að þakka fjvn.-mönnum fyrir þá samstöðu sem þeir hafa náð um langtímaáætlun um vegagerð. Ég tel ákaflega mikils virði að um þetta er svo breið samstaða. Málið er mjög stórt og reyndar sú ein leið skynsamleg að vinna þannig að slíku máli að um það sé sem mest samstaða. Á það hef ég lagt áherslu þegar fjvn.-menn hafa við mig rætt um málið. Ég tel jafnfram að þær breytingar, sem hafa verið gerðar á upphaflegri till. minni, séu allar innan þeirra marka sem ég get vel við unað og sumar til bóta.

Í fyrsta lagi vil ég nefna og legg mikla áherslu á að samkomulag er um að áætlun verði gerð. Þörfin fyrir langtímaáætlun í vegamálum er mjög mikil af ástæðum sem hér hafa áður verið raktar. Þar þarf miklu lengri undirbúning fyrir framkvæmdir nú orðið í mörgum stórum verkum en áður var og því nauðsynlegt að til lengri tíma sé litið. Nefndin gerir að vísu ráð fyrir 12 ára áætlunartíma, en ég gerði ráð fyrir 20 ára. Það skiptir ekki sköpum, ekki síst þar sem jafnframt er gert ráð fyrir að Vegagerðin geri grein fyrir þeim verkum sem ekki rúmast innan 12 ára áætlunartímabilsins. Því má raunar líta svo á að áætlunin geti verið til enn lengri tíma ef nauðsyn krefur.

Ég tel einnig mjög mikilvægt að samstaða hefur náðst um þau meginmarkmið sem ég lagði til grundvallar. Segja má að það hafi verið einn megintilgangurinn með þáltill. að fá fram hvaða markmið hv. þm. vilja leggja til grundvallar við slíka áætlun. Ekki er unnt að vinna áætlun nema markmiðin liggi fyrir. Markmiðin eru nánast óbreytt þau sem voru í upphaflegu till. Um þau er þannig full samstaða í og við fjvn.

Veigamesta breytingin, sem er gerð, er að auka allverulega það lágmark sem til vegamála verði lagt, og stendur síður en svo á mér að þakka það. Ég met það mikils að fjvn. vill leggja meira fjármagn til vega. Ég legg áherslu á hins vegar að þegar slíkt markmið er sett verða menn að standa við það. Og eins og kemur fram í nál., sem fylgir till., leggur fjvn. einmitt áherslu á að ekki verði horfið frá slíkum markmiðum og ekki verði sveiflur í fjárveitingum til vegamála eins og verið hafa undanfarin ár og rakið er í grg. fjvn. eða nál. Þetta var einnig einn megintilgangur með slíkri tillögugerð og þetta er undirstrikað.

Lágmarkið er hækkað í 2.2% af vergri þjóðarframleiðslu. Það er nú nálægt 2.1%. Þarna er um að ræða um 30 millj. Ég hef áður sagt að ég geri ráð fyrir að flytja á næsta þingi viðaukatillögu við vegáætlun um sérstaka fjáröflun vegna framkvæmda við lífshættulega vegi, sem svo hafa verið nefndir, og má segja að þarna sé lagður grundvöllur að slíku. Reyndar eru það ákaflega kostnaðarsamar framkvæmdir og mun líklega þörf á einhverju meira sem reyndar rúmast í því sem gert er ráð fyrir þegar til lengri tíma er litið.

Ég lýsi því einnig ánægju minni með þessa hækkun á lágmarki því, sem um er að ræða, og endurtek að ég legg áherslu á að þá þurfum við öll að vera menn til að standa við þetta lágmark og mun ég í mínu starfi leggja áherslu á að svo verði gert.

Eins og ég sagði áðan stóð ég fyrst og fremst upp til að lýsa ánægju minni með þessa samstöðu og þakka hv. fjvn.- mönnum fyrir þá vinnu sem þeir hafa í það lagt að ná samstöðu um málið.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég hlýt að fagna þessari niðurstöðu fjvn. sem áfanga á réttri leið. Það sýnir sig að baráttа okkar sjálfstæðismanna og málflutningur og tillögugerð hefur borið hér ávöxt þó hann sé að vísu megurri en ég hafði gert mér vonir um. En lengra verður ekki náð að þessu sinni og ég hlýt að fagna hverjum áfanga á réttri leið. Breytingin er veruleg. Það geta menn séð af tillögugerðinni. Hún gengur verulega í rétta átt með auknu fjármagni, með styttingu framkvæmdatímabils og eins eru ýmis meginatriði tekin þar upp sem allir geta sameinast um og vissulega voru í tillögugerð hæstv. samgrh. í hans stefnumótunartillögu hér á hinu háa Alþingi.

Ég greiði þess vegna þessari till. atkvæði mitt sem áfanga, en að sjálfsögðu mun baráttunni haldið áfram fyrir miklu stærra framtaki og átaki í þessum efnum en þó þegar hefur áunnist með þessari niðurstöðu.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég tel ástæðu til þess að taka undir það sem hér hefur komið fram. Mér finnst að þessi þáltill. og sú samstaða, sem hefur náðst í fjvn., sé vissulega tákn um merk tímamót í sambandi við þetta verkefni, þ. e. átak í vegagerð á Íslandi. Mér finnst að þetta séu tímamót sem hljóti að vekja athygli. Það sýnir að þrátt fyrir allt, þrátt fyrir að hér sé deilt hart um mörg mál og flest mál raunar þessa dagana, þá stendur þó þetta upp úr, að menn eru samtaka um að hér sé um svo stórt mál að ræða að ástæða sé til að taka höndum saman um afgreiðslu þess þrátt fyrir ólíkar skoðanir.

Ég vil þess vegna undirstrika það sem áður hefur komið fram í fjvn., að þetta eru mjög merkileg tímamót og ég fagna því, að stjórnarandstaðan hefur tekið höndum saman við okkur stjórnarsinna um að ná fram sameiginlegu áliti í þessu stóra máli. Ég get ekki stillt mig um, fyrst það kom fram hér í framsögu, að geta þess hér, að það hafa komið fram fleiri till. um stórátak í vegagerð á landinu á undanförnum árum hér á hv. Alþingi en eingöngu frá hv. sjálfstæðismönnum. Á tveimur þingum nú undanfarið hefur Framsfl. flutt till. um tíu ára áætlun í vegagerð sem ekki hefur fengist útrædd frekar en aðrar till. í þessu formi.

Ég vil sérstaklega vekja athygli á einu sem ég tel mikilvægt, og það er þáttur Vegagerðar ríkisins. Vegagerðin hefur sýnt það og sannað með starfi sínu á undanförnum árum og sýnt fram á það rækilega, að mjög mikil og vaxandi þörf væri fyrir áætlunargerð til lengri tíma en áður hefur tíðkast. Þetta hefur Vegagerðin skilgreint með álitsgerðum sem hafa verið sendar stjórnvöldum. Þar er sagt að fyrsta skrefið í auknum framkvæmdum í vegagerð sé að afla yfirlits um verkefnið, stærð þess og eðli, og gera áætlun til langs tíma þar sem röðun framkvæmda sé ákveðin í stærstu dráttum. Vegagerðin telur, að undirbúningur verka sé eitt mikilvægasta málið, og bendir í því sambandi á skipulagsákvæði, náttúruverndarsjónarmið og ýmis samráð við hagsmunaaðila á öllum sviðum. Ég held þess vegna að það sé mjög tímabært að vekja athygli á því, þegar við erum að ræða um svo stóra ákvörðun, að það má ekki gleymast að við þurfum að efla vegagerðina til þess að takast á við þetta stóra verkefni sem við erum öll sammála um að þörf sé á í vegagerð á Íslandi.

Ég ætla ekki að hafa meira mál um þetta. Ég vil aðeins vekja athygli á því, hvað þetta eru í raun og veru merk tímamót, og ég vænti þess, að meira fylgi á eftir og samþykkt á þessari þáltill. verði upphaf þess, að við sjáum fram á, áður en langur tími líður, að við getum staðið jafnfætis öðrum nágrannaþjóðum á þessu sviði eins og full þörf er á.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég sé mig knúinn til að gera hér nokkrar aths. við þingsköp að gefnu tilefni vegna atkvgr. sem fór fram með nafnakalli á síðasta fundi í hv. Sþ. Eins og öllum þm. er kunnugt er eitt stærsta ágreiningsefni á yfirstandandi þingi afstaða flokka og manna til raforku og iðnaðar og þar á meðal til stóriðju. Það var þess vegna beðið með nokkurri eftirvæntingu eftir úrslitum í atkvgr. um till. Alþfl. og Sjálfstfl. um orkufrekan iðnað. Í þeirri atkvgr. kom það fram hjá hæstv. forsrh., að hann teldi að afstaða ríkisstj. birtist í þeirri stefnu sem kæmi frá ríkisstj. í þáltill. um iðnaðarstefnu sem hefur legið fyrir þessu þingi, en hefur áður verið lögð fram tvisvar sinnum á fyrri þingum. Vegna þess, að þarna er vitnað til ákveðins orðalags um skipulag og undirbúning að orkufrekum iðnaði við atkvgr., þykir mér skylt að láta koma fram hvernig þessari þáltill. hefur reitt af í meðförum hv. atvmn. Sþ.

Ég sagði áðan að þessi till. hefði komið þrívegis til þingsins, nú að síðustu í nokkuð breyttri mynd. Auk þess kom fram, strax eftir að þskj. með þáltill. kom fram á Alþingi, brtt. fluttar af sjálfstæðismönnum þar sem kom fram till. um breytt orðalag á þeim tölulið sem fjallar um orkufrekan iðnað sérstaklega. Í nefndarstörfunum hagaði síðan þannig til að þegar nm. höfðu kynnt sér umsagnir frá fjölmörgum aðilum, þ. á m. hagsmunaaðilum í iðnaði, bæði samtökum launafólks og atvinnurekenda, að sjálfstæðismenn og Alþfl.-maðurinn í nefndinni efndu til samstarfs um hugsanlegar hugmyndir að brtt. sem voru að nokkru leyti byggðar á till. sjálfstæðismanna, en höfðu þó að sjálfsögðu breyst vegna þess að hópurinn varð stærri. Þegar leið að lokum þingsins voru gerðar tilraunir til að samræma sjónarmið nm. og jafnframt að samræma sjónarmið stjórnarandstöðunnar og hæstv. iðnrh. Í því skyni fóru fram viðræður á milli mín og hæstv. iðnrh. sem enduðu með því, að við reyndum báðir að útbúa tillögur sem kæmu hvor á móti annari. En eftir sem áður var þó ágreiningur um það atriði sem fjallar um stóriðju og uppbyggingu á fjármagnsfrekum nýiðnaði, þ. á m. orkufrekum iðnaði. Ég tel ekki ástðu til og reyndar óþarfa að lesa upp í einstökum atriðum í hverju ágreiningurinn er fólginn. Það skiptir ekki öllu máli varðandi þá aths. sem ég er hér að gera. Hitt er svo annað mál, að

þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir stjórnarandstöðuþm. í hv. atvmn. fékkst málið ekki afgreitt í n. og hefur verið svæft þar. Og ég verð að segja það af því gefna tilefni, sem hefur orðið vegna skýringar á atkv. hæstv. forsrh., að það er alls kostar á ábyrgð stjórnarþm. hvernig því máli reiddi af. Vísa ég þar fyrst og fremst til bókunar sem við Magnús H. Magnússon létum gera á síðasta fundi atvmn. og er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Eftirtaldir þm., Friðrik Sophusson og Magnús H. Magnússon, vilja bóka eftirfarandi:

Við lýsum yfir því, að við erum fyrir okkar leyti tilbúnir að afgreiða 86. mál, um iðnaðarstefnu, með þeim breytingum sem við höfum lagt fram. Tillagan hefur þrisvar verið lögð fram á þingi, en aldrei hlotið afgreiðslu. Við höfum kynnt í nefndinni tillögur okkar, og ráðh. hefur kynnt nýjar tillögur í málinu. Við teljum að nefndin eigi að gefa út nál. þannig að þingið geti tekið afstöðu til málsins."

Þess skal getið, að hv. þm. Garðar Sigurðsson, sem er skrifari nefndarinnar, lagði áherslu á að málið yrði afgreitt, en það gerðist ekki á þessum fundi.

Þetta tek ég fram, herra forseti, til þess að koma í veg fyrir þann misskilning, sem gæti átt sér stað í þessu máli, að stjórnarandstöðunni væri að kenna, að iðnaðarstefna ríkisstj. kæmist ekki til meðferðar í þinginu. Stjórnarandstaðan lagði á sig mikla vinnu í þessari nefnd til að útbúa brtt., hafði frumkvæði að því að efna til viðræðna við hæstv. iðnrh., sem ég get staðfest að var mjög áfram um að koma málinu áleiðis í gegnum þingið, en allt kom fyrir ekki. Það er þess vegna furðulegt þegar það kemur fram í atkv. hæstv. forsrh., að hann vísi til þeirrar stefnu sem kemur fram í þáltill. sem fulltingismenn hans á Alþingi hafa svæft í nefnd. Má þó vera að þetta sé í stíl við annað.

Herra forseti. Ég sá mig knúinn til að koma þessum upplýsingum hér á framfæri við þingheim og læt máli mínu lokið.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins út af orðum hv. þm. Friðriks Sophussonar taka það fram, að mál þetta var fyrst tekið til efnislegrar meðferðar í nefndinni 7. þ. m. eftir að umsagnir höfðu borist. Ætli það hafi ekki verið í fyrrakvöld um miðnætti sem mér bárust brtt. frá sjálfstæðismönnum og Magnúsi H. Magnússyni og einnig hugmyndir að brtt. frá iðnrh. Við héldum fund í gærmorgun. Sannleikurinn er sá, að það er margt gott í þessum brtt. Það hefur ekki unnist mikill tími til þess að samræma þær og vinna úr þeim. Ég vil mótmæla því, að það hafi á einhvern hátt verið reynt að svæfa þetta mál í nefndinni, en eins og menn vita hefur verið mikið um að vera hér á Alþingi og þess vegna ekki mikill tími til að samræma skoðanir í hinum ýmsu málum.

Í framhaldi af þessu benti formaður nefndarinnar á í morgun að ekki væri svigrúm til að vinna frekar úr þessu máli og samræma þær brtt. sem fram hafa komið. Ég tók undir þetta sjónarmið hjá formanninum. En ég tel að það hafi á engan hátt verið tilraun til þess að svæfa málið, heldur aðeins viðurkenning á þeim staðreyndum sem liggja hér fyrir á þessum síðustu dögum þinghaldsins. Hér eru mörg mál sem þurfa að ganga fram, og þm. eru allir af vilja gerðir að greiða fyrir þeim. Það eru hins vegar ákveðin takmörk fyrir því, hvað menn geta unnið mikið í málum.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Það var raunar fyrst og fremst vegna þess að hér kvaddi sér hljóðs hv. þm. Friðrik Sophusson um þingsköp að gefnu tilefni á hinum fyrra fundi Sþ. í dag. Þagnað leita ég líka efnis í þessa mjög svo stuttu aths. mína og hafði raunar óskað eftir því, að hv. þm.Matthías Bjarnason yrði viðstaddur, því erindi á ég við þá báða, hann, hv. þm. Matthías Bjarnason, og hæstv. forseta Sþ., Jón Helgason, ef forseti umbæri mig nú eitt andartak á meðan kallað er á hv. þm. Matthías Bjarnason, því ekki vil ég bera hann orðum í þessu sambandi fjarverandi. (Gripið fram í.) Það væri ólíkt Matthíasi Bjarnasyni og því trúi ég ekki, að hann sé neitt hræddur við að standa fyrir máli sínu.

Mér þykir leitt, herra forseti, að draga þessa stuttu aths. mína á langinn og get kannske byrjað á formálanum. Hann er þess efnis, að ég játa fúslega að til álita kemur hvort framíköll í ræður þm. séu æskilegur fundarmáti. Helst er ég þeirrar skoðunar, að hafa megi þau í hófi. Nú ber svo til að einnig getur að lesa í þingsköpum ákvæði um það, með hvaða hætti menn geri grein fyrir atkv. sínu. Það á að vera í stuttu máli, en ekki langri ræðu, og hef ég það mér til afsökunar fyrir að kalla fram í fyrir hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni er hann gerði grein fyrir atkv. sínu hér í atkvgr. við nafnakall, að mér þótti hann tala fulllengi. — Nú sé ég, að hv. þm. Matthías Bjarnason er genginn í salinn, og get þá beint máli mínu til hans a. m. k. í leiðinni.

Ég viðurkenni það, að ég kallaði e. t. v. of oft fram í fyrir hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni er hann flutti ræðu sem mér þótti vera, en hann kvaðst gera grein fyrir atkv. sínu. Þetta kemur til álita, og vil ég alls ekki liggja hv. þm. á hálsi fyrir það þótt honum rynni í skap. En svo er nú þetta eigi að síður og kem ég þar að þingsköpum og venjum hér í þinginu, að enda þótt þessi skapheiti og tíðum orðhvassi þm. sé nú þann veg tenntur og tungurættur og búinn að öðru leyti þannig til munns og máls, að vel henti í illvígum fundarhöldum vestur á landi, hvort heldur á Þingeyri eða Ísafirði, og hann hljóti nú að brúka þetta sama verkfæri til að tjá sig hér í sölum Alþingis, þá mun vera ætlast til þess, að hann geri það með dálítið öðrum hætti. Egill á Borg komst þannig að orði, ef ég man rétt: „Það ber ég út úr orðhofi mærðar timbur." Hv. þm. verður að gæta þess, þó að hann sé svo vel búinn til illvígrar orðræðu sem síður en svo hefði hneykslað mig, að út úr því hinu sama — ef ég má orða það svo — tannfjósi má hann ekki ausa meðþm. sína fúkyrðum, t. d. ekki kalla þá ræfla, ekki einu sinni háttvirta ræfla. Skap Matthíasar Bjarnasonar skil ég vel og lái honum ekki, það er honum í brjóst of lagið. Og ég hefði alls ekki gert aths. við þetta í raun og veru, talið mig hvorki meiri né minni ræfil fyrir það, ef hæstv. forseti hefði ekki skotið sér undan því þrátt fyrir beiðni að gera viðeigandi aths. úr ræðustól þótt um væri beðinn. Ég hef oft borið lof á hæstv. forseta, Jón Helgason, fyrir ljúfmennsku hans og prúðmennsku. En svo ljúfir mega menn ekki vera í forsetastóli þegar til kastanna kemur að þeir glati annaðhvort meðvitund sinni eða dáðinni til þess að stjórna fundum sæmilega.

Þessa aths. vildi ég gera nú og þakka fyrir orðin.

Olíuhöfn og birgðastöð í Helguvík, þáltill. (þskj. 110, n. 947, 948). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Ég skal leitast við að tefja ekki tímann, en að gefnu tilefni, ræðu hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar, vil ég ítreka það, að í afgreiðslu utanrmn. felst engin efnisbreyting varðandi till. til þál. um olíuhöfn og birgðastöð í Helguvík. Þær breytingar á orðalagi, sem gerðar voru í utanrmn., hagga ekki því höfuðatriði, að í báðum tilvikum er utanrrh. falið að flýta framkvæmdum við byggingu nýrra eldsneytisgeyma fyrir varnarliðið og það er aðalatriði málsins.

Hv. þm. sagði að Alþb.-menn væru með mengunarvörnum, en á móti samningum við varnarliðið um byggingu nýrra eldsneytisgeyma. Hér verð ég að taka það fram, að forsendur þessarar till. eru auðvitað þær, að varnarliðið kosti og reisi nýja eldsneytisgeyma. Þá hlýt ég og að taka það skýrt fram, að þótt Helguvík sé ekki sérstaklega nefnd í till. er ekkert í afgreiðslu málsins sem kemur í veg fyrir það, að olíuhöfnin eða nýir eldsneytisgeymar verði reistir þar. Það komu fram raddir um það, að það væri eðlilegt, að frekari rannsóknir færu fram og þeim yrði lokið áður en endanleg ákvörðun væri um þetta tekin, og því væri ekki rétt af Alþingi að gera bindandi samþykkt um að staðsetning geymanna væri í Helguvík. Hins vegar er það á valdi utanrrh. og þar til bærra innlendra yfirvalda, sveitarstjórna og skipulagsyfirvalda, að kveða nánar á um hvar eldsneytisgeymarnir skuli reistir. Það þótti ekki eðlilegt að Alþingi væri að binda hendur þessara aðila að þessu leyti. Þess vegna má það allt eins vera að geymarnir verði þar reistir.

Þá hlýt ég enn fremur að láta það koma skýrt og skilmerkilega fram að afgreiðsla nefndarinnar bindur ekki hendur hæstv. utanrrh. hvað snertir stærð geymanna eða birgðastöðvarinnar. Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson talaði hér einu sinni fjálglega, eins og um stóra bombu væri að ræða, um að hér ætti að fjórfalda eldsneytisbirgðir varnarliðsins. Hæstv. utanrrh. hefur greint frá því, að hér væri ekki um að ræða fyrirætlanir um meira en 30—65% aukningu birgðarýmis, eftir því hvort miðað væri við birgðarými bæði í Hvalfirði og Keflavík eða eingöngu á Keflavíkurflugvelli, ef ég man rétt. Og það liggur í augum uppi, að þessi ákvörðun um stærð væntanlegra nýrra eldsneytisgeyma er á valdi utanrrh. og þeirra sem hann tilnefnir til samninga við varnarliðið.

Ég hlýt að undirstrika það, að afgreiðsla till., eins og hún nú liggur fyrir frá utanrmn., sker alveg úr um það, að ákvörðunarvald í þessum efnum er á höndum hæstv. utanrrh., en ekki í höndum ríkisstj. allrar, þannig að stöðvunar- og neitunarvald það, sem ráðh. Alþb. telja sig hafa fengið með undirskrift leynisamningsins svokallaða, hefur enga þýðingu í þessu máli frekar. Og ég tel að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hafi raunar fyrir hönd Alþb. í þessum efnum afsalað sér stöðvunarvaldi að þessu leyti.

Þá held ég að ég geti nú ekki stillt mig um að láta þá skoðun mína í ljós, að það var broslegt að heyra hv. þm. Ólaf Ragnar Grímsson vitna sífellt í forstjóra Olíufélagsins hf., „forsvara bandaríska olíuauðvaldsins innan SÍS-hringsins, sem hefur haft svo spillandi áhrif á afstöðu framsóknarmanna til varnar- og öryggismála að framsóknarmenn hafa gerst leppar Bandaríkjanna í varnar- og öryggismálum". Ég tek það fram, að þetta er allt innan gæsalappa, tilvitnun í orðalag Alþb.-manna og Þjóðviljans, en ekki mín skoðun.

Þegar rifjað er upp hvernig þeir Alþb.-menn og Þjóðviljinn hafa fjallað um forstjóra Olíufélagsins, Vilhjálm Jónsson, sem er hinn ágætasti maður að því er ég best veit og af mínum kynnum af honum persónulega hef ég ekki nema gott eitt að segja, þá er það furðulegt hvernig nú á að skjóta sér bak við þennan mann sem hefur kannske meira en aðrir framsóknarmenn verið skammaður af Alþb.-mönnum hingað til.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að orðlengja frekar um þetta mál, en vil aðeins ljúka máli mínu með því, að það stendur fast og er ótvírætt, að samkv. till., ef samþykkt verður, sem ég vænti, með því að utanrmn. er sammála um að mæla með samþykkt hennar, er utanrrh. falið að hraða framkvæmdum á þessu sviði. Það tel ég skipta mestu máli, bæði fyrir hagsmuni byggðarlaganna á Suðurnesjum og þá ekki síður vegna þeirra öryggishagsmuna sem Íslendingar hafa að gæta í þessum efnum, svo að starfsemi varnarstöðvarinnar sé sem tryggust og best búin þeim tækjum og gögnum, sem til eftirlitsstarfa eru nauðsynleg.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Ég vil fyrir hönd tillögumanna lýsa ánægju minni yfir því, að tekist hefur samstaða í utanrmn. um afgreiðslu þessa máls, og einkum vil ég lýsa yfir ánægju minni yfir því, að efnisbreyting hefur engin orðið. Till. segir það sama og upphaflega till., utan þess að orðið Helguvík er út tekið og utanrrh. falið að hafa málið í sínum höndum að öllu leyti.

Upphaflega till. fjallaði um það að hraða framkvæmdum við byggingu olíugeymanna og er það tilkomið vegna áskorana bæjarstjórna á Suðurnesjum, þ. e. í Keflavík og Njarðvík, sem óttast mjög olíumengun vatnsbóla þar syðra. Það kemur fram í till., að nefnd var starfandi sem rannsakaði mjög vel hvernig að þessum málum skyldi staðið og leitaði umsagna ýmissa aðila, t. d. hjá Hafnamálastjórn, hjá Náttúruverndarráði og fleiri aðilum, og einnig naut nefndin stuðnings bæjarstjórnanna í Keflavík og Njarðvík sem einróma höfðu samþykkt óskir um að þessar framkvæmdir yrðu hafnar hið allra fyrsta.

Það kom í ljós áðan í umr., að einn nm., hv. 11. þm. Reykv., vitnaði ákaft í eina umsögn, sem barst í hendur utanrmn., og studdi sig mjög við það er þar greinir. Það er umsögn frá Olíufélaginu hf., helsta hermangsfyrirtækinu hér á landi. Ég tel að það væri mjög mikils virði að sú umsögn yrði prentuð sérstaklega þannig að allir alþm. gætu séð hvað þar er. Það vekur alveg sérstaka athygli mína, að í þessari umsögn er mjög ámátlegt vein og væl þessara postula einkaauðmagsnins og í bréfinu eða í umsögninni skín mikill ótti um að það muni missa af olíusölu og afgreiðslu þar syðra. Á einum staðnum segir svo:

„Auðvitað er ljóst, að það væri verulegt áfall fyrir Olíufélagið hf., ef eignir þess í Hvalfirði yrðu arðlausar og verkefni íslensku olíufélaganna skert." Svo segir aftur aðsins seinna: „Svo undarlegt sem það nú er, virðist hér eiga að fórna verulegum íslenskum hagsmunum um leið og auka á stórkostlega fjárhagslega byrði bandarískra skattborgara vegna varnarstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli." Og enn segir í lok umsagnarinnar: „Það er ekki okkar vandamál, hvaða byrðar bandarískir skattborgarar þurfa á sig að leggja, en Alþingi hlýtur að gefa því gaum, ef sérstakar ráðstafanir á að gera til þess að brjóta niður íslenska atvinnustarfsemi og leggja í rúst

gjaldeyrisaflandi atvinnurekstur sem miklum fjármunum hefur verið varið til þess að byggja upp."

Þetta sjónarmið á sér talsmann hér á Alþingi. Sá talsmaður er hv. 11. þm. Reykv.

Í þessari umsögn er og gerð till. um það, hvernig mengunarmálin skuli leyst. Er hún á allan hátt furðuleg og sýnir að þar rita menn sem hafa ekki kynnt sér málin til hlítar. Í þeirri nefnd, sem fjallaði um þessi mál með Bandaríkjamönnum, kom það fram, að þeir töldu sjálfsagt að breyta þeirri leiðslu sem nú er fyrir hendi þar, grafa hana í jörð. Það hefur ekkert orðið af því. Og þeir töldu sjálfsagt að gera ýmsar úrbætur sem nauðsynlegar eru nú fyrst um sinn. En ekkert hefur orðið af því heldur. Þeir hafa boðist til þess að byggja upp þessa aðstöðu á ný og forða byggðarlögunum syðra frá hugsanlegri olíumengun. Það kemur í ljós, að Olíufélagið hf. gerir sér ekki ljóst hversu ástand tankanna þar syðra er alvarlegt, dregur í efa að upplýsingar um það séu réttar. En mínar upplýsingar og upplýsingar bæjarstjórnarmanna syðra tel ég traustar, enda fengnar beint frá þeim mönnum sem þessi verk hafa unnið og séð um viðhald á þessum tönkum.

Ég tel ástæðulaust að fara fleiri orðum um þetta að sinni. Ég vil þó sérstaklega þakka hv. 11. þm. Reykv. fyrir forgöngu hans um að ná samkomulagi um að hefja framkvæmdir sem allra fyrst og hafa þar með skipt um skoðun, étið ofan í sig fyrri fullyrðingar um þessi efni.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Við hlýddum hér áðan á ærið sérkennilega ræðu hjá hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni. Það var auðvitað allri deildinni ljóst, að hann sá hver var sannleikur málsins og hvað væri nauðsynlegt að gera og hvað þyrfti að gerast. En honum sýndist með tilliti til aðstæðna í sínum flokki að það væri nauðsynlegt að vera með ýmiss konar yfirklór. Hann valdi að skjóta sér á bak við hugmyndir frá Olíufélaginu ESSO um það, hvernig ætti að standa að málum. Allir sjá nú hversu eðlilegt megi teljast að fulltrúi Alþb. leiti sérstaklega ráða hjá olíuhringnum ESSO um það, hvernig eigi að standa að framkvæmdum á þessum stað. Það verður hins vegar að segja hv. ræðumanni til málsbóta, að hann bar sig heldur mannalega, miðað við það alveg sérstaklega hversu aumlegt yfirklór var um að ræða.

Það er auðvitað rétt sem kom fram hjá hv. þm., að úr því að Alþb. hefur nú tafið þetta mál í heilt ár eða hálft, þá er ákaflega mikilsvert að geta sýnt fram á að enginn tími hefði tapast. Þess vegna var það meginatriði að sýna fram á að nú þyrfti að vinna upp tíma, og þá var það bréfið frá olíuhringnum ESSO sem var haldreipið. Allir sjá vitaskuld að hér var um látalæti að ræða. Með allri virðingu fyrir ESSO hef ég ekki trú á því, að í raun og sannleika geti það talist aðalráðgjafi Alþb. Aðrir umsagnaraðilar höfðu lagt fram allt aðra niðurstöðu sem auðvitað er langtum raunhæfari.

Það hefði vitaskuld verið eðlilegra og sjálfsagðara fyrir hv. þm. að vera ekki með þessa sýndarmennsku, og það er í sjálfu sér mikill ljóður á ráði þessa flokks og þessa þm. að vera með sýndarmennsku af þessu tagi.

Hver trúir því, að Alþb. taki ráðgjöf frá ESSO fram yfir verkafólk í Njarðvík eða sjómannsheimili í Keflavík? Ég hef a. m. k. lesið það í Þjóðviljanum að undanförnu, að það væru þessir hópar sem Alþb. kveddi til ráðgjafar um hvað eina að því er varðaði stefnumörkun. Eða eigum við að trúa því, að Alþb. sé slíkur flokkur að það gefi ekkert fyrir það, hvað verkafólk í Njarðvík segir, hvað sjómannsheimilil í Keflavík segja varðandi þau mál sem hér eru efst á baugi?

Hv. þm. veit auðvitað jafnvel og ég, að Olíufélagið ESSO er alls ekki dómbær aðili í þessu máli. Olíufélagið ESSO er nefnilega alls ekki óvilhallt, heldur kannske vilhallasti aðili sem hægt er að finna varðandi þetta mál. Það tekur leigu af geymum sem það fékk fyrir lítið — svo ég segi nú ekki fyrir ekkert — uppi í Hvalfirði og hér og þar, tekur leigu af þessum geymum fyrir að láta varnarliðinu í té afnot af þeim. Þessa leigu vill Olíufélagið ESSO ekki missa, og það skín í gegnum álitið frá þessu ágæta félagi eða forstjóra þess.

Hver trúir því, að Alþb., sem telur sig verndara verkafólks, leiti sérstaklega forsjár þessa forstjóra olíufélags sem það hefur meira að segja á stefnuskrá sinni að leggja niður vegna þess hversu slæmt það er?

Sannleikurinn er sá í sambandi við álit Olíufélagins ESSO, að það er eitthvað svipað og hjá húseiganda sem hefur mann í leigu hjá sér og húseigandinn segir við leigutakann, þann sem er í leigu í kjallaraíbúðinni: Heyrðu, góði minn, þú þarft ekkert stærri íbúð. Þú þarft ekkert að fara að byggja. Aðalatriðið er að þú haldir áfram að borga sjálfum mér leigu. Það er inntakið í bréfi forstjóra Olíufélagsins. Það er það sem liggur á bak við það sem forstjóri Olíufélagsins hefur að segja. Ég lái honum það ekki. Hann er að verja hagsmuni þessa olíufélags sem Alþb. telur að eigi að leggja niður og að þjóðnýta þessa starfsemi. En hver trúir því, að í raun og sannleika leiti fulltrúi Alþb. sérstakra ráðlegginga hjá aðila eins og þessum? Því trúir auðvitað enginn. Eða er það svo, að Alþb. hafi það efst á stefnuskrá sinni að gróðasjónarmiðin hjá ákveðnu olíufélagi í landinu skuli vera ráðandi í þessu efni? Ef svo er, þá er auðvitað ekki um sýndarmennsku að ræða hjá hv. þm.

Ég held að sannleikurinn í málinu sé sá, að þetta sé ekki stefna hv. þm. og Alþb. Ég held að við verðum frekar að hallast að því, að hv. þm. og hans flokkur hafi ákveðið að reyna að bera sig mannalega frammi fyrir því, að hér verði hans flokkur undan að láta, að hv. þm. og hans flokkur hafi áttað sig á því, að úrlausn fæst ekki öðruvísi en með framkvæmdum á þessum stað, að þm. og hans flokkur hafi áttað sig á því, að yfirgnæfandi meiri hluti fólks vill að það verði bætt úr í sambandi við þau olíugeymamál sem hér er um að ræða. Við vitum það hér á hv. Alþingi, að fólkið á þessum stað hefur krafist þess að ráðist verði í framkvæmdir til þess að bæta hér úr, ráðist verði í framkvæmdir samkvæmt þeim hugmyndum sem fram eru lagðar og umsagnir liggja fyrir um hvernig eigi að gera. Við höfum heldur enga trú á því, að hv. þm. og hans flokkur hafi af sérstöku göfuglyndi sínu tekið upp á því að finna ráð til þess að spara fyrir Reagan forseta í Bandaríkjunum. Við höfum enga sérstaka trú á því.

Ég held að sannleikurinn í þessu máli sé sá, að flokkurinn og þm. hafi raunverulega áttað sig á því, að þetta mál var tapað og að það yrði að leysa úr því.

Auðvitað ber að virða það við hv. þm. að hann skyldi sjá að hér þýddi ekki lengur að berja hausnum við steininn. Menn geta vitaskuld vorkennt hv. þm. fyrir að lenda í þessari aðstöðu. (**ÓRG:** Það er alveg óþarfi.) En ég held að við eigum frekar að virða það við þm. að hann sjái að þetta mál er tapað og að hans flokkur hafi allt eins gott af því að koma til stuðnings við okkur hina sem viljum að úr

þessum málum verði leyst með heilbrigðum og skynsamlegum hætti samkvæmt þeim till. sem fyrir liggja um olíugeyma í Helguvík.

Hans flokkur hefur hrakist úr einu víginu í annað. Þetta hét einu sinni að það væri fjórföldun á olíugeymarými. Hæstv. utanrrh. hefur rekið það til baka svo eftirminnilega að allt Alþingi mun minnast þess ætíð síðan. Og ég held að það sé einmitt mjög gott að þessi flokkur og þessi þm. hafi séð að svona þýðir ekki að halda á málum. Áður en varir hefur kannske þessi flokkur og þessi þm. áttað sig á því, að það fyrirkomulag, sem við höfum hér varðandi varnir Íslands, sé betra en ýmislegt annað sem upp á hefur verið stungið og fram hefur verið haldið í hans flokki.

Ég gleðst yfir því, að Alþb. hefur tekið sinnaskiptum, að Alþb. hefur séð að það verður að kyngja þessu máli. Auðvitað hefði verið stórmannlegra af Alþb. og hv. þm. að viðurkenna málin hreinlega, frekar en að stunda þá sýndarmennsku sem skín í gegnum þá ræðu sem hv. þm. hélt.

En að lokum aðeins þetta: Auðvitað skiptir afstaða Alþb. í þessu máli engu vegna þess að það er yfirgnæfandi meiri hluti fyrir því hér á Alþingi að sjá til þess, að úr þessum málum eins og ýmsum öðrum verði leyst með eðlilegum og skynsamlegum hætti. Og það er yfirgnæfandi meiri hluti fyrir því, að Keflavíkurflugvöllur sé ekki áfram ruslahaugur, heldur að þar verði staðið myndarlega að málum. Ég tel að hæstv. utanrrh. hafi tekið á þessum málum alveg á réttan hátt og hafi skilning á því, að það er ekki einungis að við viljum sjá til þess, að það verði ekki mengun á umhverfinu af þessum sökum, heldur viljum við láta standa að hlutum hér af myndarskap og sjást að hér býr góð þjóð í góðu landi þegar á þeirri stundu sem menn koma til þessa lands. Og það á við jöfnum höndum um þetta olíugeymamál og t. d. flugstöðina á Keflavíkurflugvelli. Næsta skrefið verður auðvitað það, að Alþb. átti sig á því að Íslendingar eiga að eiga sína flugstöð.

Utanrrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég hef reynt að láta utanrmn. í té þau gögn og þær upplýsingar sem tiltækar hafa verið um þetta mál og eftir hefur verið óskað. Hins vegar hef ég ekki talið það mitt hlutverk að beita sérstaklega áhrifum *mínum* á það, hvernig sú úrl. yrði úr garði gerð sem yrði samþykkt um þetta mál. Ég hef ekki talið það beinlínis viðeigandi þar sem hér er um áskorun á utanrrh. að ræða, a. m. k. í svipinn á mig.

En ég vil segja það, að ég fagna þeirri samstöðu sem hefur orðið í þessu máli. Og ég vil segja það, að ég felli mig vel við þá till. sem utanrmn. hefur gert. Sú till., sem flutt var á sínum tíma, var að nokkru byggð á misskilningi og þurfti þess vegna leiðréttingar við. Í þeirri till. stóð, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela utanrrh. að hraða svo sem verða má byggingu olíustöðvar í Helguvík á grundvelli þess samkomulags sem undirritað var af nefnd skipaðri af utanrrh. og fulltrúum varnarliðsins í umboði NATO.“

Það, sem hér var um að ræða, var auðvitað einungis nefndarálit. Það hefur ekkert samkomulag verið gert um þetta mál. Það var ekkert samkomulag gert um það af þeirri nefnd sem um þetta fjallaði (**Gripið fram í:** Samkomulag nefndarinnar.) Til þess hafði hún ekkert umboð. Það var aðeins nál. og till. til hlutaðeigandi yfirvalda sem fólust í því. Þess vegna hefði ekki verið hægt að samþykkja þetta eins og það lá fyrir. Því tel ég þá breytingu, sem gerð hefur verið á þessari till. af utanrmn., vera til bóta.

Ég mun að sjálfsögðu fara eftir þessari ályktun, sem ég held að varla þurfi að efast um að verði samþykkt, og mun reyna að vinna að því að hraða framkvæmdum þeim, sem þar er fjallað um, svo sem kostur er. Ég vil hins vegar segja það strax, að ég álít að það verði mjög erfitt að hraða þeim framkvæmdum og víkja frá þeim tímasetningum sem þar hafa verið ráðgerðar og um hefur verið talað. En að sjálfsögðu mun ég að því vinna, að reynt verði að hraða þessu eftir því sem kostur er. En þó að svo sé vil ég undirstrika það, að hér er um mjög stórt mál að ræða og miklar framkvæmdir og það má ekki hrapa að neinu í þessum efnum.

Ég hef látið þá skoðun áður í ljós, að ég teldi ekki heppilegt að Alþingi færi almennt að gera ályktanir um einstakar varnarliðsframkvæmdir, það væri erfitt að sjá fyrir til hvers slíkt mundi leiða, þó að enginn dragi í efa vald Alþingis í þeim efnum. Einmitt af þeirri ástæðu felli ég mig líka vel við þessa till. eins og hún liggur fyrir. Að öðru leyti en í henni segir fer um þessar framkvæmdir að öllu leyti með sama hætti og aðrar varnarliðsframkvæmdir. Vald utanrrh. í þeim efnum er ekki skert eða takmarkað á neinn hátt.

Það er heldur ekkert í þessari till. um það, hvar þessir geymar skuli reistir. Það er hvorki mælt svo fyrir, að þeir skuli reistir hjá Helguvík, né heldur útilokað að þeir verði reistir þar. Það fer eftir mati. Í sumar fara fram athuganir, jarðvegsrannsóknir á berginu og jafnframt botnrannsóknir við hafnarstæði, og getur enginn sagt um það nú, hver útkoman verður af þeim rannsóknum. Ákvörðun í málinu getur auðvitað mótast af því, hver útkoman verður þar.

Ég tel mér ekki fært að taka ákvörðun um staðarval nema að undangengnum frekari rannsóknum. Ég hef áður sagt það, að frá mínu leikmannssjónarmiði væri þessi fyrirhugaði staður of nærri byggð, þéttbýli. En það, sem miklu hefur ráðið og alveg tvímælalaust mestu ráðið hjá nefndinni, þegar hún valdi þennan stað, var að bæjarfélögin þarna suður frá bentu á þennan stað. Hafnarstjórnin taldi hann líklegan. Jarðfræðingur frá Náttúruverndarráði taldi ekkert athugavert við hann. En auðvitað geta fleiri staðir þarna komið til álita og verður að athuga það mál af fullri kostgæfni áður en ákvörðun er tekin. Ég ætla ekki að bera ábyrgð á því, að ákvörðun sé tekin áður en nægileg rannsókn hefur farið fram.

Í öðru lagi er það svo, að um aukningu eldsneytisrýmisins er engin ákvörðun í þessari ályktun. Utanrrh. hefur því eftir sem áður óbundnar hendur í því efni. Ég hef bent á það áður, að sú aukning, sem farið er fram á af hálfu varnarliðsins, er fjarri því að vera þreföld eða fjórföld, heldur er hún, eftir því hvort miðað er við eldsneytisbirgðir í heild eða eldsneytisbirgðir flugvéla, 34% eða 66%. Það verður auðvitað ekki gengið fram hjá því, að það verður að athuga þörf varnarliðsins fyrir auknar eldsneytisbirgðir. Það hefur margt breyst frá því að þessir geymar voru upphaflega byggðir. Og það er enginn vafi á því, að þær flugvélar, sem nú eru notaðar, eru eldsneytisfrekari en þær sem þá voru í notkun. Auðvitað verður að sjá svo um að búnaður varnarliðsins sé við hæfi, þannig að varnarliðið geti komið að einhverju gagni. Annars væri engin meining í að hafa það hér. Þess vegna verður að meta þetta atriði.

Ég vil líka segja það, að ég hef ekki tekið neina ákvörðun um hver aukningin skuli vera, ekki gefið neitt fyrirheit um neitt í því efni og ekki tekið neina ákvörðun. Ég mun ekki gera það nema að undangenginni betri athugun á þessum efnum. Það ber t. d. svo mikið á milli þess, sem forstjóri Olíufélagsins hélt fram að væri ársþörf flugvéla á Keflavíkurvelli, og þeirri upplýsinga, sem ég hef fengið frá varnarliðinu, að auðvitað verður ekki komist hjá því að athuga það mál nánar.

Það verður þess vegna að líta á allt þetta mál í heild. Og það er auðvitað ekki nóg að færa olíugeymana, þá sem nú eru þarna og standa í vegi fyrir því, að hægt sé að framkvæma skipulag, og valda hættu á mengun. Það verður auðvitað líka að fjarlægja og breyta þeirri leiðslu sem liggur til geymanna. Það er óhæf staðsetning sem er á þeirri leiðslu nú, m. a. vegna þróunar byggðar sem þarna hefur átt sér stað frá því að hún var lögð. Og það er auðvitað ekki fullnægjandi að ætla að halda því fram, að það sé nægilegt að grafa þær leiðslur í jörð. Leiðslur í jörð geta sprungið og það getur stafað mengunarhætta af leiðslum í jörð alveg eins og þeim sem liggja ofanjarðar.

Það hefur verið sagt að það mætti byggja þetta á tiltölulega skömmum tíma. Það er það verkefni, sem ég fæ hér, að athuga hvort hægt sé að hraða þessu. En ég vil benda á það, að hér er um svo mikla framkvæmd að tefla að þar hljóta tvö atriði að koma mjög til skoðunar og hafa áhrif á það, hvernig hægt er að standa hér að verki. Það er annars vegar að það þarf að fjármagna þessar framkvæmdir, og það gerir varnarliðið með tvennum hætti: annars vegar með því að sækja í svokallaðan Infrastructure sjóð, sem er hjá NATO og gert er ráð fyrir að leggi til 60% af kostnaði við þessa framkvæmd, og hins vegar 40% beint til Bandaríkjanna. Það skyldi enginn halda að peningar hjá þessum aðilum liggi alveg á lausu. Það getur tekið sinn tíma að fá þá, og því geta verið takmörk sett, hve mikið þeir vilja veita í einu til framkvæmdanna. Þetta eru framkvæmdir sem þeir kosta algjörlega, og þess vegna getur þetta atriði auðvitað haft sín áhrif í þessu sambandi.

Hitt atriðið er það, að við verðum að huga að því að reyna að halda framkvæmdum varnarliðsins eins og verið hefur innan nokkurs ramma, sem getur að vísu verið nokkuð breytilegur frá ári til árs, en hefur þó verið reynt að halda í nokkrum skorðum. Það verður að gera vegna þess, hve framkvæmdir á vegum varnarliðsins hafa mikil áhrif á mannaflaþörf. Það verður að gæta þess auðvitað, að þær séu ekki svo miklar í einu að þær dragi með óhóflegum hætti vinnuafl frá atvinnuvegum eða öðrum nauðsynlegum framkvæmdum. Af þessum ástæðum getur þurft að stilla þessu í hóf á hverjum tíma, líka vegna þess að það verður alltaf óhjákvæmilegt að á hverju ári þurfi einhverjar framkvæmdir að eiga sér stað á vegum varnarliðsins aðrar en þessar. Það þarf ýmiss konar endurnýjun að eiga sér þar stað, ýmiss konar viðhald þarf að fara fram. Til dæmis að taka dæmi eru vegna óveðursins, sem var í vetur, hreint ekki litlar fjárhæðir sem þarf til þess að ráða bót á þeim skemmdum sem þá urðu á sundlaug o. fl. þar suður frá.

Þetta vil ég taka fram þannig að mönnum sé ljóst að með þessari samþykkt, þó góð sé, verður ekki hægt að ráða fram úr þessum málum, — vandamálum sem réttilega eru kölluð hér, eins og hendi sé veifað. Það hlýtur að taka sinn tíma.

Það er kannske ekki heldur aðalatriðið hvort lokið verði við slíkar framkvæmdir ári fyrr eða seinna, heldur hitt, að rétt og heppileg lausn verði fundin. En í öllum viðræðum og umræðum um þessi mál hefur verið stefnt að því, að geymarnir, sem eru þarna og standa fyrir ofan Njarðvík og Keflavík, verði sem fyrst leystir af hólmi, það verði forgangsverkefni í raun og veru að koma upp öðrum geymum sem geta tekið við af þeim. Hitt getur kannske dregist lengur, að byggja geyma í stað þeirra sem í landinu eru, og enn fremur varðandi aukningu. En jafnvel þó að það sé aðeins hugsað til þessara geyma sem þarna eru nokkur hættuvaldur og þröskuldur fyrir þessi byggarlög, þá verða ekki framkvæmdir að gagni gerðar í þeim efnum nema séð sé fyrir löndunaraðstöðu, hvernig svo sem henni verður háttað og hvað svo sem menn vilja kalla það. Þar getur komið tvennt til greina eins og bent er á í þessu nál., annaðhvort að hafa flotholt þarna eða byggja hafnargarð. Ég vil ekki gefa neinar yfirlýsingar hér og nú um mína skoðun í þeim efnum.

Herra forseti. Ég hef talið rétt að láta þessi sjónarmið mín koma hérna fram þannig að þau liggi fyrir áður en þeir tala sem hér eru á mælendaskrá. Ég vil svo ljúka máli mínu með því að ítreka það, að ég fagna þeirri samstöðu sem orðið hefur um þetta mál. Það liggur fyrir og engin launung á það lögð, að einn nm. utanrmn., hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, skrifar undir álitið með fyrirvara. En ég vænti þess, að eftir þá góðu samstöðu, sem í utanrmn. hefur náðst, geti menn hér á hv. Alþingi orðið sammála um þetta og þurfi kannske ekki að eyða óhóflegum tíma í umr. um það þar sem gott samkomulag virðist vera um það og önnur verkefni eru fyrir hendi og bíða umræðu.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr., en það er öllum ljóst, sem til þekkja, að nauðsynlegar eru framkvæmdir til lausnar á vandamálum sem skapast hafa fyrir byggðarlögin Keflavík og Njarðvík vegna eldsneytisgeyma varnarliðsins þar syðra, og vegna þess er till. á þskj. 110 flutt.

Það hefur og komið fram hér í umr. hjá öllum hv. þm. og hæstv. ráðh., að þeim er ljóst að með samþykkt á brtt. frá utanrmn. á þskj. 948 er ekki verið að leggja til neina breytingu á áformum við byggingu olíugeyma við Helguvík sé það talið hagkvæmt, að sjálfsögðu að undangengnum þeim athugunum sem nauðsynlegar eru taldar. (**Gripið fram í:** Af hverju voru menn þá að breyta till.?) Það er ekki heldur verið að skerða að neinu leyti þau áform hvaða magn er ætlað að slíkir geymar rúmi. Þvert á móti er verið að leggja til að þessum framkvæmdum verði hraðað, sem um hefur verið rætt og fyrirhugaðar hafa verið, að sjálfsögðu eftir því sem við verður komið. Framkvæmdirnar eru á valdi hæstv. utanrrh., þess stjórnvalds sem fer með málefni Keflavíkurflugvallar og málefni varnarliðsins, og það er vissulega þýðingarmikið fyrir hæstv. utanrrh. að allir utanrmn.-menn eru sammála um þessar framkvæmdir og sammála um að þeim verði hraðað.

Það ber að virða það, eins og hér hefur verið bent á, að hv. 11. þm. Reykv., einn af utanrmn.-mönnum Alþingis, hefur áttað sig á málinu og ákveðið að standa að þessu mjög svo sjálfsögðu og um leið umfangsmiklu framkvæmdum vegna varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli og þá um leið leysa vandamál sem byggðarlögin þar syðra hafa átt við að glíma. Hv. 5. landsk. þm. hefur mjög greinilega sýnt fram á hvað með afstöðu hans er

sampykkt, og ég sé ekki ástæðu til að endurtaka neitt af því sem hann sagði, en mér þykir rétt að taka undir ábendingar hans.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Hér hafa vissulega gerst nokkur tíðindi í þessu máli, og ég fagna því, að till. Ólafs Björnssonar skuli nú vera komin svo langt áleiðis að um hana hefur efnislega náðst fullt samkomulag í utanrrmn. Hæstv. utanrrh. hefur túlkað það hér, hvernig hann skilji orðalag þeirrar till., gert það mjög rækilega og greinilega þannig að ég held að öllum þingheimi megi ljóst vera hvernig beri að skilja þá tillgr. sem samkomulag hefur orðið um í utanrmn. Þessu ber að fagna, en um leið hljóta þetta óneitanlega að teljast veruleg tíðindi vegna þess að enn einu sinni hefur Alþb. étið ofan í sig allt sem áður var hér sagt af þess hálfu um þessi mál. Og það verður að segja að hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni er ekki flökurgjarnt eða hann maður klígjugjarn. Úr þessum ræðustóli sagði hann okkur áðan að olíunotkun á Keflavíkurflugvelli hefði verið óbreytt síðustu þrjú ár. Úr þessum ræðustóli talaði þessi sami hv. þm. fyrir fáum kvöldum, þegar verið var að ræða um skýrslu utanrrh., um stórkostlega aukningu á öllum umsvifum varnarliðsins. Þetta gengur ekki alveg upp og kemur ekki alveg heim og saman.

Hann hafði líka hér og hefur haft úr þessum sama ræðustól hér mörg orð um það, hversu hættulegt og hversu váleg tíðindi það væru, að nú ætti að ráðast í það að auka eldsneytisgeymarými á Keflavíkurflugvelli, hversu stórkostlega hættu þetta skapaði. Hann hefur haft um það mörg orð. Nú skrifar hann undir till. hér um að hraðað verði svo sem kostur er framkvæmdum til lausnar á vandamálum, en með öðrum orðum þýðir þetta auðvitað byggingu olíugeyma.

Þetta eru að sjálfsögðu merkileg tíðindi. Það hljóta líka að teljast merkileg tíðindi þegar talsmaður Alþb., íslenskra kommúnista, flokksins sem Einar Olgeirsson var í forustu fyrir um áratugi, hrósar úr þessum ræðustól Olíufélaginu hf., — Olíufélaginu sem Einar Olgeirsson vildi þjóðnýta, leggja niður og Ólafur Ragnar Grímsson, hv. þm., vill raunar líka leggja niður. — Olíufélaginu, sem e. t. v. mætti segja að væri með nokkrum hætti angi af bandarísku auðhringnum Standard Oil. Það eru vissulega tíðindi þegar talsmenn Alþb. telja það heist til ráða að hlíta leiðsögn og ráðum slíkra félaga.

Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson talaði hér mörgum orðum um hina miklu og að manni helst skildist dýrmætu reynslu sem Olíufélagið hf. hefði aflað sér í viðskiptum við varnarliðið. Ég man svo langt að um reynslu Olíufélagsins af viðskiptum við varnarliðið var fjallað dag eftir dag í málgagni íslenskra kommúnista, Þjóðviljanum. Það var ekki alltaf fallegt sem þar var sagt um reynslu Olíufélagsins af viðskiptunum við varnarliðið. Sú viðskiptasaga endaði raunar fyrir íslenskum dómstólum, og ég ætla ekki að rekja það mál hér frekar, enda engin ástæða til.

En nú er það Olíufélagið, það á að hlíta þess forsögn, þess leiðsögn í þessum málum. En nú skyldu menn athuga: Gæti nú ekki verið að Olíufélagið hefði einhverra hagsmuna að gæta í sambandi við þetta mál? Nú veit ég að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson er hér næstur á mælendaskrá, og nú vona ég og skora á hann úr þessum ræðustól hér að gera grein fyrir, eftir því sem hann best veit, — gjörla hlýtur hann að hafa kynnt sér þessi mál fyrst hann er svo reiðubúinn að hlíta forsögn Olíufélagsins ESSO, — að gera grein fyrir því, hvaða hagsmuni Olíufélagið hf. hefur í þessu sambandi. Getur verið að það fyrirtæki hafi mjög verulega hagsmuni af því að ekki verði stórbreyting á þessum málum svo að e. t. v. geti það haldið áfram að leigja varnarliðinu aðstöðu til þess að geyma olíu? Um allt þetta væri fróðlegt að fá upplýsingar. Það getur líka vel verið að hæstv. félmrh. sem talaði mjög hér í umr. um skýrslu utanrrh. um m. a. þetta svokallaða Helguvíkurmál og þá hættu sem það skapaði, — það gæti vel verið að hann ætti að koma hér í ræðustól á eftir og segja þingheimi frekar frá þessum skyndilegu skoðanaskiptum þess flokks sem hann er í forsvari fyrir, flokks Einars Olgeirssonar, sem nú leitar á vit Olíufélagsins um ráð og leiðsögn. Þetta eru staðreyndir sem menn hér ættu að hafa í huga.

En það er ýmislegt annað í þessu sambandi sem líka er vert að hafa í huga. Nú er hæstv. fjmrh. kominn hér líka. Það væri raunar fróðlegt að heyra sömuleiðis frá honum ástæðuna til þessara skyndilegu skoðanaskipta.

Það má e. t. v. segja að það geti verið tvær ástæður fyrir því, hversu skyndilega Alþb. hefur skipt um skoðun í þessu máli. Í fyrsta lagi gæti ástæðan verið sú, að þeir geri sér grein fyrir að þessi svokallaða barátta þeirra og hræðsluherferðin, sem þeir hafa efnt til gegn varnarstöðinni í Keflavík, sé töpuð, að hernámsandstæðingar séu búnir að gera það upp við sig, að þetta sé tapað stríð. Í því sambandi vil ég — með leyfi hæstv. forseta — vitna hér í viðtal, sem kom í Þjóðviljanum 7. maí s. l., við rithöfundinn Vilborgu Dagbjartsdóttur sem hefur lengi verið framarlega í baráttu herstöðvaandstæðinga. Blaðamaður spyr: „Heldurðu að andófið gegn hernum hafi haft mikið að segja?“ Hún svarar: „Ég var með í baráttunni gegn hernum frá fyrstu tíð, með í undirbúningi fyrstu Keflavíkurgöngunnar og seinna í stofnun samtaka hernámsandstæðinga. Baráttuöflin voru sterk í upphafi. Við trúðum því, að barátta okkar mundi leiða til sigurs. En eftir að undirskriftasöfnun hernámsandstæðinga rann út í sandinn og eftir að klofningur kom upp og nýir stjórnmálaflokkar voru stofnaðir hefur þetta mest verið sýndarmennska. Ég efast ekki um einlægni þess unga fólks sem staðið hefur í eldlínunni. En broddinum var kippt úr baráttunni, hreyfing herstöðvaandstæðinga hætti að vera það afl sem áður var, og það ríkir ákveðið vonleysi í kringum þetta andóf.“

Kannske eru þessi skyndilegu skoðanaskipti, sem ég fagna, hjá Alþb., afleiðing af þessu. Það eiga væntanlega einhverjir hernámsandstæðingar úr röðum Alþb. eftir að koma hér í ræðustól. Hver veit nema hv. 8. landsk. þm., Guðrún Helgadóttir, komi hér og segi þingheimi frá skoðunum sínum á þessu, hvort þetta er rétt hjá flokkssystur hennar, Vilborgu Dagbjartsdóttur, að þetta sé sýndarmennskan ein og það ríki ákveðið vonleysi í kringum þetta andóf? Mér finnst allt bera þess merki, að æ fleiri Alþb.-menn geti nú tekið undir með Vilborgu Dagbjartsdóttur.

Í öðru lagi má draga þá ályktun af þessum skyndilegu skoðanaskiptum, og það er mjög nærtækt, að Alþb. hafi gert það upp við sig að sitja í ríkisstj. svo lengi sem sætt er og raunar lengur en sætt er að mati margra stuðningsmanna þess, vegna þess að ráðh. Alþb. telja einfaldlega sínum hagsmunum, sínum valdahagsmunum betur borgið með því að sitja í ríkisstj. þótt svo það kosti það, að þeir þurfi svo sem á tveggja mánaða fresti að gleypa, að kyngja ýmsum af sínum gömlu baráttumálum. Það skyldi þó aldrei vera að Alþb. hafi einfaldlega gert þetta

upp við sig með þessum hætti og komist að þessari niðurstöðu. Það er a. m. k. fróðlegt íhugunarefni fyrir þá sem fylgt hafa Alþb. vegna andstöðu þess við veru varnarliðsins á Íslandi.

Ég ætla ekki, herra forseti, að hafa þessi orð fleiri. Ég fagna því, að samstaða skuli hafa náðst um þá till. Ólafs Björnssonar sem hér hefur verið til umr.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það er skiljanlegt að aðeins 10% þjóðarinnar styðji Alþfl. og aðeins 8% þjóðarinnar styðji lið Geirs Hallgrímssonar þegar maður verður fyrir því að hlusta á annan eins ruglanda og annað eins bull og hefur komið fram í ræðum fulltrúa þm. þessara aðila sem talað hafa í þessari umr.

Það hefur verið tvennt sem þessir hv. þm. hafa keppst um að endurtaka hér hver eftir öðrum, og má nú minna á ágæt ummæli Göbbels sáluga, að það væri kannske einhver von til þess, að fólk færi að trúa lyginni ef hún væri endurtekin nógu oft. Það, sem þessir ágætu þm. hafa endurtekið í þessum umr. hver á fætur öðrum, er í fyrsta lagi að það sé enginn efnislegur munur á þeirri till., sem fulltrúar þessara sömu aðila fluttu hér um olíuhöfn og birgðastöð í Helguvík, og þeirri till., sem nú á að koma til atkvæða, og hins vegar, að einhver veruleg sinnaskipti hafi orðið hjá Alþb. í þessum málum. Báðar þessar fullyrðingar eru alrangar. Og það sýnir best hvað þessir ágætu þm. skilja lítið í því sem er að gerast hér á Alþingi, enda hefur maður nú fleiri vitnisburði um það en þessar umr., að þeir skuli byggja allan sinn málflutning á þessu.

Varðandi „sinnaskipti Alþb." vil ég bara endurtaka það hér með örfáum orðum, að ég vitnaði í upphafi minnar ræðu í ræðu, sem hæstv. félmrh. flutti hér fyrr í vetur, og í ræðu, sem ég flutti fyrr í vetur, og einnig í ræður sem ég flutti hér veturinn 1978—1979. Í öllum þessum ræðum þingmanna Alþb. er ítrekað hvað eftir annað að það eigi að fjarlægja þá mengunargeyma sem skapa byggðarlögunum í Keflavík og Njarðvík hættu. Það er þess vegna ekkert nýtt í því, engin skoðanaskipti fólgin í því, að Alþb. geti nú flutt og stutt till. sem kveður á um það sama.

Ég hélt að þetta væri satt að segja hverjum manni með sæmilega óbrenglaða skynsemi ljóst, að það þyrfti ekki að útskýra þetta hvað eftir annað hér fyrir jafngáfuðum þm. og þeir telja sig vera, Eyjólfur Konráð Jónsson, Matthías Á. Mathiesen, Kjartan Jóhannsson og Eiður Guðnason.

Hitt atriðið, sem þeir hafa hér endurtekið hver á fætur öðrum, er að það sé enginn efnismunur á þessum tveimur till. Hvers vegna skyldu þeir nú kappkosta að endurtaka þetta hver á fætur öðrum, að það sé enginn efnismunur? Jú, það er einmitt vegna þess að þeim líður mjög illa yfir því að standa nú hér í lok þingsins sjálfir að till. sem er að verulegu leyti frábrugðin þeirri till. sem þessir sömu menn fluttu hér um miðbik þingsins og átti þá að verða eitt aðalmál þingsins.

Hæstv. utanrrh. hefur í greinargóðu og stuttu máli útskýrt fyrir þessum hv. þm. muninn á þessum tveimur till. Við vorum báðir kennarar við Háskóla Íslands, hæstv. utanrrh. lengur en ég og hefur meiri reynslu í að kenna mönnum einfalda hluti. Ég vona þess vegna að þessi kennslustund, sem hann veitti þessum þm. hér áðan, í muninum á þessum tveimur till. verði til þess að sannfæra þá, þó að lítil von sé til þess, að mér hafi tekist það í minni fyrri ræðu eða takist það nú.

Hæstv. utanrrh. sagði áðan að fyrri till. hefði verið byggð á misskilningi. (Gripið fram í.) Já, hluti, það er að vísu rétt, það var þriðja línan, sem var byggð á misskilningi, og þess vegna er hún tekin út. Síðan lýsti hann því yfir, að í þeirri till., sem nú liggur fyrir, væru engin ákvæði um staðarval og engin fyrirheit um aukningu. Og það er það sem var í 1. og 2. línu fyrstu tillögunnar. Þess vegna liggur það alveg ljóst fyrir, að þessar tvær till. eru frábrugðnar hvað snertir það, að misskilningurinn um samkomulag við NATO hefur verið tekinn burt, í öðru lagi er ekkert kveðið á um staðarval í þessari till. og í þriðja lagi er ekkert fyrirheit um aukningu í þessari till. En þetta allt, þetta þrennt var í fyrstu till.

Mér er alveg sama um það, þó hv. þm. þessa 8% þjóðarinnar, sem styðja Geirsliðið, reyni að hugga sig við að þetta sé enginn efnismunur, eða þm. Alþfl. reyni að bjarga sér hér á hundasundi í lok þings með því að sannfæra sjálfa sig um að þetta sé enginn efnismunur, því það blasir náttúrlega við hverjum manni að þeir menn, sem fluttu þessa till., Karl Steinar Guðnason, Matthías Á. Mathiesen, Ólafur G. Einarsson og Salome Þorkelsdóttir, hlupu öll rækilega á sig þegar þau fluttu þessa till. á sínum tíma. Alþingi Íslendinga, samkvæmt einróma till. utanrmn., treystir sér á engan hátt til að samþykkja þessa till.

Ég held þess vegna að þetta liggi alveg ljóst fyrir hverjum manni með heilbrigða skynsemi sem íhugar þessi mál í ró. En ég geri ekki þá kröfu til stjórnarandstöðunnar hér að hún íhugi þetta í ró. Ég veit að henni er það um megn núna síðustu daga þingsins. En hver maður, sem íhugar þetta í ró, sér að það er enginn munur á þeirri till., sem utanrmn. flytur nú, og þeirri afstöðu, sem Alþb. hefur haft áður í þessum málum. Það er verulegur efnismunur hins vegar á þeirri till., sem þessir þm. lögðu fram hér fyrr á þessu þingi, og þeirri till., sem utanrmn. hefur nú sett hér fram. Hæstv. utanrrh. hefur greinilega skýrt út fyrir þessum þm. í hverju munurinn felist.

Það hefur vakið hér nokkra athygli, að þingflokkur Alþb. skyldi lýsa yfir að þær hugmyndir, sem komu fram hjá forstjóra Olíufélagsins, séu farsæl lausn á þessu vandamáli að okkar dómi. Ég hafði þau orð fyrr í þessum umr., að forstjóri Olíufélagsins væri meðal þeirra Íslendinga, sem hafa margvíslega reynslu af því að starfrækja olíubirgðastöðvar, olíuleiðslur og olíuviðskipti, og þess vegna væri sjálfsagt að hlusta á hans málflutning. Þar með er auðvitað ekki sagt að menn taki undir allt það sem þetta fyrirtæki, Olíufélagið hf. eða ESSO, hefur tekið sér fyrir hendur. En mér þykir ærið sérkennilegt þegar hv. þm. Kjartan Jóhannsson kemur hér og talar um Olíufélagið á þann hátt sem hann gerði. Nú hef ég oft tekið þátt í að gagnrýna Olíufélagið. Það vita þeir menn sem með mér hafa verið í flokkum, ef ég má orða það svo. Ég verð ekki sakaður um að hafa verið þar framarlega í varnarsveit. En hitt vænti ég að menn viti, að Olíufélagið er að verulegu leyti eign kaupfélaganna í landinu, m. a. eign Kaupfélags Hafnfirðinga. Einn af helstu leiðtogum Alþfl. í Hafnarfirði og nánasti pólitíski samverkamaður Kjartans Jóhannssonar í Hafnarfirði er einmitt stjórnarformaður í Kaupfélagi Hafnfirðinga. Ég vil biðja hv. þingmenn Alþfl. og sérstaklega formann flokksins að gera sér örlitla grein fyrir eignarsamsetningu Olíufélagsins hf. áður en hann flytur fleiri slíkar ræður sem hann flutti hér áðan. Hitt er svo auðvitað rétt, að

Olíufélagið er umboðsaðili fyrir ESSO. En það vill nú svo til að meginhlutinn af þeirri olíu, sem það selur, er frá Sovétríkjunum en ekki frá ESSO. Og þannig mætti lengi telja hér til skýringar.

Hitt fannst mér sérkennilegt, að í ræðu Kjartans Jóhannssonar fannst mér fara meira fyrir hagsmunum Bandaríkjahers og að varðveita þá og gæta þeirra heldur en hagsmunum þeirra Íslendinga, sem búa á Suðurnesjum, eða þeirra aðila, sem hér í landinu starfa að öðru leyti.

Ég ætla ekki að eyða löngu máli í þá ræðu sem Eyjólfur Konráð Jónsson flutti hér. Hún var allsérkennileg fyrir margra hluta sakir. Þó var hún líka ánægjuleg fyrir þá sök, að í málflutningi hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar kom fram viðurkenning á því sem hefur hingað til verið nokkurt feimnismál í röðum þeirra aðila sem hafa viljað láta framkvæma Helguvíkuráætlunina nákvæmlega eins og hún kom af skepnunni 23. maí s. l., og það er að með þeirri áætlun á að auka styrjaldarumsvif í landinu. Í æsingi sínum í ræðunni hér fyrr í dag viðurkenndi hv. þm. þetta, m. a. með því að krefjast þess, að hér væru olíugeymar sem þyldu árásir. Það var hans meginkrafa, að byggðir yrðu þúsund metra frá núverandi byggð í Keflavík olíugeymar sem þyldu árásir. Það eru „ánægjuleg tíðindi" fyrir Keflvíkinga, að það skuli vera meginkrafa hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar að slík árásaraðstaða skuli vera þar fyrir hendi. En ætli það væri nú ekki rétt fyrir hv. þm. að lesa sér m. a. til í þeirri ágætu grg. sem við fengum frá forstjóra Olíufélagsins, þar sem hann rækilega undirstrikar og bendir á að sú sprengjuvörn, sem samkvæmt fyrri áætlunum er ætluð þessum geymum, er á engan hátt veitt íbúunum í Keflavík. Hvað verður þá um sjómennina og verkamennina í Keflavík sem hv. þm. Kjartani Jóhannssyni var svo annt um hér áðan? (**KJ:** Og er enn.) Já, og er enn, og ég vona að hann hugsi líka til Kaupfélags Hafnfirðinga í leiðinni. (**KJ:** Ég geri það.)

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að lengja þessar umr. mjög. Ég tel að málið liggi mjög skýrt fyrir Hv. utanrmn. hefur með brtt. sinni hafnað þeim þremur meginatriðum sem voru í hinni upphaflegu till., þ. e. staðsetningunni, byggingu sérstakrar olíuhafnar og stækkun eldsneytisbirgðanna, og setur í staðinn till. sem eingöngu kveður á um aðgerðir vegna mengunarhættunnar fyrir byggðarlögin. Þessi ályktun er í fullu samræmi við þann málflutning sem Alþb. hefur haft uppi áður. Það á þess vegna ekki að koma nokkrum manni á óvart, sem hefur kynnt sér þann málflutning, að við tökum þessa afstöðu hér og nú.

Ég vil svo að lokum aðeins vekja athygli á því, vegna þess að nokkuð hefur verið rætt um fjármögnun og kostnað við þessar framkvæmdir, að þær till., sem Olíufélagið hf. hefur sett fram, yrðu að kostnaði til aðeins 10—20% hvað framkvæmdakostnað snertir í samanburði við þá framkvæmd sem hin upphaflega till. Alþfl.-mannanna og sjálfstæðismannanna gerði ráð fyrir. Það finnst mér enn frekar mæla með þessari leið og jafnvel ætti að geta gert kleift að íslenskir aðilar önnuðust þessa framkvæmd sjálfir. Þar með ættum við þetta geymslurými sjálfir. Það kom fram frá þeim sem þekkja til olíurekstrar hér á landi, að olíufélögin hafa byggt hér á einu sumri geymarými sem er 20—30 þús. rúmmetrar að stærð. Það, sem er verið að tala um í till. Olíufélagsins, eru einungis 51 þús. rúmmetrar. Þess vegna ætti fyllilega að vera gerlegt fyrir íslenska aðila sjálfa að byggja þessa geyma og þar með einnig leysa mengunarvandamál byggðalaganna í Njarðvík og Keflavík með því að fjarlægja þá geyma sem þar eru fyrir nú.

Ég vil svo vænta þess, að þessi umr. hafi orðið til þess að skýra fyrir mönnum mjög svo augljósa afstöðu Alþb. til þessa máls. En hitt get ég þó skilið e. t. v., að hæstv. stjórnarandstöðu líði dálítið illa yfir því, að sú till., sem á miðju þingi átti að verða til þess að sundra ríkisstj., skuli nú verða við þinglok til þess að sameina allt þingið.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Aðeins fá orð til viðbótar þó að formaður þingflokks Alþb. sé búinn að segja flest það sem um nákvæmlega þessa till., sem hér liggur fyrir, er að segja. En eftir að hafa heyrt þessar umr. hér í dag, vekja þær með manni svo mikla undrun að maður fer að efast á einhverju tímabili um hvort maður kunni raunverulega að lesa. Hér liggur fyrir ofureinföld till. um að reynt verði að leysa sem allra fyrst þau mengunarvandamál sem blasa við íbúum á Suðurnesjum. Þessi till. kemur í stað till., eins og hér hefur rakið, um ákveðnar hernaðaraðgerðir í Helguvík. Ef menn sjá ekki á þessu neinn mun, þá fer maður að efast um hvað maður er að samþykkja hér á hinu háa Alþingi. Hér hefur stjórnarandstaðan, Natósinnarnir hér á þingi, staðið með glampa í augum og eitthvert sjúklegt yfirbragð og talað í þá veru, að þessi till. sé bara plat, það sé raunar verið að láta okkur samþykkja allt annað. Ef þetta er álit hins háa Alþingis á utanrrh. þjóðarinnar, þá er full ástæða til að óttast. Ég ber hins vegar það traust til hans svo og til hv. utanrmn., að ég geri ráð fyrir að það, sem stendur í þessari till., merki nákvæmlega það sem þar er. Þangað til annað kemur í ljós sé ég ekki ástæðu til annars en að samþykkja þessa till., verandi hernámsandstæðingur og fulltrúi flokks sem að sjálfsögðu mun aldrei hætta að berjast fyrir brottför hersins af Íslandi.

Ég get ekki staðið hér á hinu háa Alþingi og neitað að leysa mengunarvandamál Keflvíkinga og Njarðvíkinga. Ég hélt að það þyrfti ekki að taka það fram. Hins vegar er undarlegt að heyra hv. ræðumann hér áðan, hv. þm. Eið Guðnason, tala um að með því að samþykkja aðgerðir, sem koma varnarliðinu til góða, sé okkur ekki klígjugjarnt. Það ber að fagna því ef þingmenn á hv. Alþingi fara að þekkja eigin klígju.

Jú, okkur er klígjugjarnt. Okkur hefur verið það síðan bandarískri herinn tók sér bólfestu á Íslandi, og okkur mun halda áfram að vera það. Hins vegar eru umr. um það mál hér á Alþingi vægast sagt skelfilegar. Menn standa hér og allt að því hafa í hótunum við andstæðinga veru bandarísks herliðs á Íslandi. Hverju eru menn að hóta? Væri ekki ástæða til að óska eftir upplýsingum um það? Það hefur aldrei farið á milli mála, hver stefna okkar í þessum málum er. Og ég held einmitt að till. sú, sem hér liggur fyrir, sanni í eitt skipti fyrir öll hvers virði það er að Alþb. sé sterkur stjórnmálaflokkur og aðili að ríkisstj.

Hæstv. utanrrh. sagði hér eina athyglisverða setningu í kvöld. Hann lagði á það mikla áherslu, að vald utanrrh. væri ekki skert. Við erum stödd á Alþingi Íslendinga, í lýðræðisþjóðfélaginu Íslandi. Svo er mikið lýðræðið hér á hinu háa Alþingi að menn hafa deilt hér um vikum og mánuðum saman hvort við eigum að virkja Fljótsdalsá eða Blöndu. Heldur hæstv. utanrrh. að það sé eitthvað í hans valdi, ef vald er honum einhvers virði, sem ég trúi

ekki, jafnmætur maður og hann er, — heldur hann að það sé í hans valdi, á meðan hann situr í ríkisstj. Íslendinga ásamt þremur Alþb.-ráðherrum, hvort byggð verður herskipahöfn í Helguvík eða ekki? Það held ég hiklaust ekki. Ég held að vald utanrrh. hljóti að vera það sama og annarra ráðherra um allar mikilvægar ákvarðanir. Um þær fjallar ríkisstj. og hún stendur á meðan stætt er, ekki lengur. Þetta ætla ég að vona að hafi þegar sýnt sig á lífdögum þessarar ríkisstj.

Allir menn, sem læsir eru á einhver erlend tungumál, og ég hygg að það séu allflestir hér inni, hafa getað lesið og séð teikningar af væntanlegri herskipahöfn í Helguvík. Héldu menn að það væri einhver tilviljun að menn vildu byggja olíugeyma í Helguvík? Ónei. Teikningar af þessari höfn hafa lengi legið fyrir og eru hverjum manni opinberar sem vill bera sig eftir þeim.

Ég skal ekki tefja allt of lengi þessa umr. Það er stutt eftir af þingi og mörg mál áafgreidd. En það er sorglegt til þess að vita, hvernig umræður um þessi mikilvægustu mál þjóðarinnar fara fram hér á hinu háa Alþingi. Endanlega, ef menn hafa ekki enn þá skilið það, erum við að ræða um hvort við eigum að lifa eða deyja. Það skiptir nefnilega ansi litlu máli hvað við gerum hér á hinu háa Alþingi ef til átaka kemur í heiminum og herstöðin er hér enn þá. En við skulum ekki tala um það núna.

Engir Norðurlandabúar hér allt í kringum okkur, enginn óbrjálaður maður mundi taka sér það orð í munn um bandaríska herinn á Íslandi sem hæstv. utanrrh. gerði í kvöld og menn gera hér ævinlega: að kalla hann varnarlið. (**Gripið fram í:** Er utanrrh. brjálaður?) Það sagði ég ekki. Ég skal skýra það betur til þess að taka af allan vafa, að ég held alls ekki að hæstv. utanrrh. sé brjálaður. Ég skal þá taka varlegar til orða: Enginn maður með óbrjálaða dómgreind, ef mönnum finnst það „penna", talar um bandaríska herinn sem varnarlið fyrir Íslendinga. Það heitir einfaldlega „militær base" á skandinavísku, og það þýðir ekkert annað en herstöð. Það er eins og að fara 30 ár aftur í tímann að heyra svona tal hér meðal þeirra manna sem eiga að ráða lífi þessarar þjóðar.

Á Norðurlöndum hefur vaknað nú á hinum síðustu árum áhugi manna á að vinna að því að fá ríkisstjórnir Norðurlandanna til að krefjast þess að ekki séu geymd kjarnorkuvopn í löndum þeirra. Á Norðurlöndum tala menn ekkert um Ísland í þessu samhengi. Í hverju dagblaði, sem lesa má í Skandinavíu, er talað um hin fjögur kjarnorkulausu Norðurlönd. Við okkur hafa þeir raunverulega ekkert að tala, nema við biðjum um það sjálf, vegna þess að hér er herstöð. Hvort hér eru kjarnorkuvopn rétt í augnablikinu skiptir ekki minnsta máli vegna þess að það er hægt að fá þau hingað hvenær sem er, og við munum fá þau hvenær sem bandaríska hernum svo þóknast. Ég hygg að þessi umr. hafi vart farið fram hjá mönnum hér á hinu háa Alþingi. Við okkur er sagt í Skandinavíu: Það er ekkert við ykkur að tala um þetta mál. Þið gegnið sama hlutverki og Kólaskaginn í Rússlandi vegna þess að þið eruð sams konar hlekkur í hernaðarkeðju stórveldanna. Þetta þarf varla að segja fólki hér. Og svo tala menn hér um varnarlið.

Ég hef ekki kynnt mér till. eða hugmyndir Olíufélagsins, sem hér hafa verið ræddar, og vil þess vegna ekkert um það mál segja. En ég treysti því og trúi, að utanrrh. hafi meint það sem hann sagði hér í kvöld, að hann muni láta kanna til hins ýtrasta hvernig sé hægt að leysa þessi mengunarvandamál. Fræðimenn hafa þó sagt mér að vel geti verið að þau verði ekkert leyst með þessum geymum, hvar sem þeir verða, um árabil muni hafa verið hellt niður olíu uppi á Miðnesheiðinni sem hafi fyrir löngu mengað varanlega vatnsból Suðurnesjamanna. Um þetta liggja fyrir skýrslur sem áhugavert er að skoða.

Ég ætla aðeins að víkja að lokum að því sem hv. þm. Eiður Guðnason var að skora á mig að gera grein fyrir, stöðu hernámsandstæðinga. Það var greinilegt að ekkert gladdi meira hv. þm. Alþfl., sem hefur kennt sig við alþýðu þessa lands, en að baráttuhugurinn væri úr hernámsandstæðingum. Ég get alveg fullvissað Eið Guðnason um að baráttuhugurinn er ekki úr hernámsandstæðingum sem tilheyra Alþb. Hinn hugurinn er úr, sem upphaflega var fyrir hendi, hugur hugsandi og velviljaðra og þjóðhollra framsóknarmanna og Alþfl.-manna. Það eru þeir sem hurfu. Það hefur enginn horfið úr okkar liði í þessum baráttumálum og mun ekki hverfa. Við munum hins vegar gera allt sem við getum til þess — (**Gripið fram í:** Hvað segir Vilborg Dagbjartsdóttir?) Vilborg Dagbjartsdóttir segir margt vel og rétt, og einnig að þessu leyti er rétt það sem hún sagði. Hún hins vegar fór ekki út í það, hvað hefði gerst. En ég held að það hafi vissulega verið tap fyrir baráttu hernámsandstæðinga þegar þeir, sem þrautseigastir voru, Alþb.-menn, voru nær einir eftir, þó að vissulega sé enn þá til fólk, sem tilheyrir öðrum flokkum, sem treystir sér til þess að hugsa sjálfstætt í þessum efnum.

En þetta er orðin löng barátta og erfið og kannske ekki láandi nokkrum manni þó að hann missi að lokum trúna á að nokkru sinni verði hægt að koma vitinu fyrir hið háa Alþingi um að losa sig við þann ófögnuð sem herliðið á Keflavíkurflugvelli er. En það er engin hætta á að sú barátta endi. Það get ég alveg fullvissað Eið Guðnason, hv. þm., um.

Ég skal lýsa því yfir hér og nú, að ég mun fylgja mínum þingflokki við samþykkt þessarar till. í trausti þess, að hún merki það sem stendur hér á þessu blaði, í trausti þess, að utanrrh. hafi talað hug sinn hér í kvöld. Sýni menn einhver merki um að fara öðruvísi að en Alþb. getur sætt sig við, þá munum við taka afstöðu til þeirra væringa þegar þar að kemur. Núverandi ríkisstj. hefur ekki efni á neinum stórum frávikum frá því sem hér er samþykkt í kvöld, eins og hún er nú saman sett.

ATKVGR.

Brtt. 948,1 (ný tillgr.) samþ. með 40 shlj. atkv.

Brtt. 948,2 (ný fyrirsögn) samþ. með 40 shlj. atkv.

Till., svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: ÓRG, ÓlJ, ÓÞÞ, PP, PJ, SigurlB, RA, SalÞ, SkA, StefG, SV, StH, SteinG, SvG, SvH, VG, ÞK, ÞS, AG, AS, ÁG, DA, EG, EKJ, FÞ, FrS, GS, GeirG, GB, GHelg, HÁ, HG, JI, IGísl, JS, JÞ, KSG, KJ, MHM, MB,MÁM, JH.

18 þm. (ÓE, SighB, StJ, TÁ, BGr, BÍG, EH, EgJ, GeirH, GJG, GK, GGÞ, GTh, HBl, HS, JE, KP, LJ) fjarstaddir.

5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Alþingi hefur með samþykkt þeirrar brtt., sem Sþ. samþykkti hér fyrir örfáum mínútum, hafnað þeirri sérstöku till. um olíustöð

og birgðastöð í Helguvík sem flutt var hér á sínum tíma og fól í sér verulega stækkun eldsneytisgeyma varnarliðsins. Í staðinn er kominn till. sem kveður á um aðgerðir til lausnar á þeim mengunarvandamálum sem byggðarlögunum í Keflavík og Njarðvík stafa af bandarískra hernum. Í samræmi við, að það hefur ávallt verið stefnumál Alþb. að slíka mengunarvalda ætti að fjarlægja, segi ég já.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Með skírskotun til ræðu hæstv. utanrrh. áðan um það, hvernig framkvæmdum yrði hagað varðandi þetta mál, og einnig með hliðsjón af orðum hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar, sem vitnaði til ræðu hæstv. utanrrh. sem hann taldi greinargóða og skýra málið nákvæmlega, og með skírskotun til ummæla hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur, sem sagðist greiða atkv. með málinu í trausti þess, að utanrrh. hafi talað hug sinn hér í kvöld, eins og komist var að orði, þá er ljóst að það verða þarna verulegar og nytsamlegar framkvæmdir eins og ráðgerðar hafa verið. Því segi ég já.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Með skírskotun til þess, að engin efnisbreyting hefur átt sér stað með þessari brtt. frá upphaflegri till., og með skírskotun til ummæla utanrrh. nú áðan og einnig með hliðsjón af því, að nú hafa kommúnistar étið ofan í sig allt sem þeir hafa áður sagt um þessi mál og samþykkt með atkv. sínu þær mestu framkvæmdir sem átt hafa sér stað á Keflavíkurflugvelli frá styrjaldarlokum, þá segi ég já.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Mér er sérstök ánægja að því, hversu víðtæk samstaða hefur hér tekist um till. Ólafs Björnssonar um að hraða framkvæmdum við nýtt geymarými á þessu svæði í stað þess sem úrelt er, og ég segi já.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Með tilliti til þess, að í þessari till. felst að hv. Alþ. hafnar upphaflegri till. Ólafs Björnssonar, og með tilliti til þess, að samstaða næst hér á hv. Alþingi um að bægja menguninni frá bandaríska hernámsliðinu frá íbúum Suðurnesja, segi ég já.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1025).

Félagsleg þjónusta fyrir aldraða, þáltill. (þskj. 23, n. 936). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Allshn. hefur haft til meðferðar síðan í nóvemberbyrjun till. til þál. um heilbrigðis- og félagslega þjónustu fyrir aldraða, sem kveður á um að komið verði á samræmdu skipulagi í heilbrigðisþjónustu fyrir aldraða með tilliti til bæði félagslegra og heilsufarslegra sjónarmiða. Í till. kom fram að betri skipulagning þessara mála verði byggð á samstjórn og samræmingu allra þátta í heilbrigðis- og félagslegri þjónustu fyrir aldraða sem gæti auðveldað yfirsýn yfir brýnustu þörf á sjúkrahúsvist, langlegudvöl, heimahjúkrun, heimilisþjónustu og dvalarheimilum fyrir aldraða.

Nefndin fékk umsagnir frá landlækni, heilbr.- og trmrn. og Sambandi ísl. sveitarfélaga, og einnig kom á fund nefndarinnar Jón Ingimarsson í heilbrmrn. Í bréfi heilbr.- og trmrn. kom fram að lagt yrði fyrir Alþingi frv. sem fæli í sér þau markmið sem að væri stefnt í þessari þátill., og kom fram í umsögn rn. að áður en till. yrði afgreidd fengist úr því skorið, hvort frv., sem lagt yrði fram í þessu máli, næði þeim markmiðum sem þáltill. stefndi að.

Í umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga, sem dagsett er 3. mars s. l., var einróma mælt með að þáltill. yrði samþykkt á Alþingi.

Eins og fram kemur í nál. frestaði n. afgreiðslu þessarar till. þar sem upplýst var að lagt yrði fram á yfirstandandi þingi frv. um málefni aldraða sem fæli í sér þá þætti sem þáltill. kveður á um.

Nú hefur legið fyrir þinginu síðan í mars frv. um heilbrigðis- og vistunarmál aldraðra. Margar aths. hafa komið fram við það frv., m. a að félagslega þættinum í uppbyggingu samræmdrar þjónustu fyrir aldraða er að miklu leyti sleppt í því frv. Fram hefur komið að það frv. verði ekki afgreitt nú, heldur verði það endurskoðað milli þinga með tilliti til þeirra aths. sem fram hafa komið. Allshn. telur því rétt, að áður en frv. verður lagt fram á nýjan leik á Alþingi verði þeir þættir einnig hafðir til hliðsjónar sem þessi þáltill. felur í sér. Í trausti þess, að svo verði gert, leggur allshn. til í nál. á þskj. 936 að till. verði vísað til ríkisstj.

ATKVGR.

Till. á þskj. 936 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 32 shlj. atkv.

Tölvuvæðing í skólakerfi landsins, þáltill. (þskj. 99, n. 803, 804). — Frh. einnar umr.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Allshn. hefur haft til umfjöllunar till. til þál. um áhrif tölvuvæðingar á skólakerfi landsins. Nefndin hefur fengið umsögn um till. frá Kennarasambandi Íslands. Þá hafa komið á fund nefndarinnar um mál þetta Birgir Thorlacius ráðuneytisstjóri menntmrn. og Hörður Lárusson forstöðumaður skólarannsóknadeildar. Nefndin mælir með samþykkt till. með nokkrum breytingum á 1. og 2. mgr. tillgr. og eru brtt. fluttar á sérstöku þskj. sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„1. mgr. tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela menntmrh. að láta kanna líkleg áhrif tölvuvæðingar á skólakerfi landsins og bendir sérstaklega á að fylgst verði með sérstakri rannsókn, sem nú er í undirbúningi um þetta efni á vegum menntarannsóknastofnunar OECD. Bæði verði kannað hver áhrifin muni verða á skólahaldið sjálft með aukinni tölvunotkun í skólum svo og hvaða kröfur tölvuvæðing í öllu athafna- og atvinnulífi geri til skólakerfisins.

2. mgr. tillgr. orðist svo:

Reynt verði að meta í grófum dráttum, á hvaða sviðum þjóðlífsins tölvuvæðingin komi til með að hafa áhrif og í hvaða tímaröð þau áhrif muni koma fram. Bæði verði tekið tillit til þeirra, sem starfa munu að tölvum eða í tengslum við þær, og einnig til allra hinna, sem varða notendur tölvuefnis".

Mælir n. samhljóða með að till. verði samþykkt með þessum breytingum er fram koma á þskj. 804.

ATKVGR.

Brtt. 804 samþ. með 37 shlj. atkv.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 37 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1026).

Hagnýting innlendra byggingarefna, þáltill. (þskj. 131, n. 846, 847). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Atvmn. fékk umsagnir um till. frá Húsnæðisstofnun ríkisins og Rannsóknastofnun byggingariðnaðins og átti auk þess fund með Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins um málið. Nefndin mælir með samþykkt till. nokkuð breyttrar. Breytingarnar varða fremur tæknilegar útfærslur tilraunanna heldur en efnisatriði málsins. Vegna þess, hve mikið er í húfi, hve mikil verðmæti eru í spilinu þegar um endurbætur og nýjungar í húsbyggingum er að ræða, mælir n. eindregið með samþykkt till. eins og lagt er til á þskj. 847. Brtt. er þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta hanna og síðan reisa tilraunahús við Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins. Húsið skal vera svonefnd rammabygging, þar sem unnt er að skipta um vegg- og þakeiningar í rannsóknaskyni. Markmiðið með því skal vera að hagnýta sem mest innlend byggingarefni til byggingarframkvæmda og nýta jafnframt þá bestu tækni, sem þekkist hjá öðrum þjóðum, til að lækka byggingarkostnaðinn, stytta byggingartíma og reisa vandaðar byggingar er henta sem best íslenskum aðstæðum."

ATKVGR.

Brtt. 847 (ný tillgr.) samþ. með 34 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1027).

Einangrun húsa, þáltill. (þskj. 330, n. 848, 849). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Atvmn. fékk umsögn um till. frá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, og hafði auk þess fund með stofnuninni um málið. Nefndin telur að einskis megi láta ófreistað til að bæta byggingaraðferðir og lækka byggingarkostnað og um leið upphitunarkostnað húsa. Nefndin mælir eindregið með samþykkt till. nokkuð breyttrar. Brtt. á þskj. 849 hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta fara fram rækilega könnun varðandi einangrun útveggja húsa, einangrunaraðferðir, kosti þeirra og galla.

Skulu Húsnæðisstofnun ríkisins og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins annast könnun þessa og birta niðurstöður sínar sem fyrst."

ATKVGR.

Brtt. 849 (ný tillgr.) samþ. með 36 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1028).

Grasögglaverksmiðja, þáltill. (þskj. 397, n. 968, 969). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Ólafur Þ. Þórðarson): Herra forseti. Ég vil hér mæla fyrir áliti atvmn. Nefndin hefur kynnt sér þá þáltill., sem hér er til umr., og telur að þær hugleiðingar, sem þar er ætlað að gera að grundvelli fyrir innlendri fóðuröflun: að nota heitt vatn til þurrkunar á grasögglum, séu athyglisverðar, og mælir nefndin með samþykkt till., en flytur þó brtt. á sérstöku þskj., svohljóðandi:

„Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstj. í samvinnu við heimaaðila að athuga hagkvæmni grasögglaverksmiðju í Borgarfirði, sérstaklega með tilliti til nýtingar jarðhita í þessu skyni."

Ég tel ástæðulaust að hafa hér mörg orð um. Það kom fram í umr. að sumir töldu, að það hefði ekki sérstaklega þurft að hafa Borgarfjörð nafngreindan, og skrifuðu undir með fyrirvara af þeirri ástæðu, m. a. Magnús H. Magnússon.

ATKVGR.

Brtt. 969 (ný tillgr.) samþ. með 36 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1029).

Fasteignamat ríkisins, þáltill. (þskj. 480, n. 798, 799). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Allshn. hefur haft til umfjöllunar þáltill. á þskj. 480 um að leggja Fasteignamat ríkisins niður. Nefndin fékk umsagnir frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, Sambandi ísl. tryggingafélaga, fjmrn. og Fasteignamati ríkisins. Í bréfi fjmrn. kemur fram að það þurfi miklu nákvæmari könnun að liggja að baki áður en sú ákvörðun er tekin sem í þáltill. felst. Í ályktun fulltrúaráðsfundar Sambands ísl. sveitarfélaga, sem fylgdi umsögn sambandsins, kemur m. a. fram að sameina beri fasteignamat og brunabótamat fasteigna og að endurmatsverð fasteigna verði lagt til grundvallar brunabótamatinu. Mjög ítarleg grg. barst n. frá Fasteignamati ríkisins, þar sem fram kemur það álit Fasteignamats ríkisins, að eðlilegra sé til þess að spara tvíverknað í kerfinu að sameina brunabótamat og fasteignamat á þann hátt að fasteignamatið leysi brunabótamatið af hólmi. Telur það að sú leið gefi meiri hagkvæmni.

Ljóst er að nauðsynlegt er að koma á samræmingu og einföldun hjá þeim aðilum, sem annast mat og skráningu fasteigna í landinu, til að koma í veg fyrir tvíverknað og mikinn aukakostnað er því fylgir. Þegar hefur verið unnið nokkurt verk í því sambandi, bæði af starfshópi á vegum Sambands ísl. sveitarfélaga og ráðgefandi nefnd sem skipuð er samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna. Allshn. telur að á þessu stigi, áður en nákvæm könnun og athugun hafi farið fram og liggi fyrir um hvernig best verði komið á betra skipulagi og hagræðingu í þessu efni, sé ekki tímabært að taka afstöðu til þess, að leggja beri Fasteignamat ríkisins niður. Aftur á móti leggur n. áherslu á að nauðsynlegum undirbúningi

og athugunum verði hraðað þannig að sem fyrst sé hægt að taka afstöðu til þess, með hvaða hætti samræmingu og hagræðingu í þessu efni verði best fyrir komið.

Allshn. leggur því til að þáltill. verði samþykkt með þeim brtt. sem hún flytur á þskj. 799 og hljóða svo, með leyfi forseta:

„1. Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta hraða undirbúningi þess, að komið verði á samræmingu og hagræðingu hjá þeim aðilum, sem annast mat og skráningu á fasteignum í landinu.

2. Fyrirsögnin orðist svo: Till. til þál. um samræmingu á mati og skráningu fasteigna."

ATKVGR.

Brtt. 799,1 (ný tillgr.) samþ. með 36 shlj. atkv.

Brtt. 799,2 (ný fyrirsögn) samþ. með 36 shlj. atkv.

Till., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1030).

Húsakostur Alþingis, þáltill. (þskj. 510, n. 919, 920). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Þórarinn Sigurjónsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um þáltill. um framtíðarhúsakost Alþingis, sem er 257. mál, á þskj. 510. Tillgr. hljóðar svo:

„Í tilefni af 100 ára afmæli Alþingishússins ályktar Alþingi, að heimkynni þingsins skuli áfram vera í sama húsi, svo og í byggingum í næsta nágrenni þess.

Alþingi ályktar enn fremur að efna til samkeppni íslenskra húsameistara um viðbótarbyggingu fyrir starfsemi þingsins á svæði, sem takmarkast af Templarasundi, Kirkjustræti Tjarnargötu og Tjörninni.

Forsetum Alþingis er falinn undirbúningur þessarar samkeppni, þar með talin skipun manna í dómnefnd ásamt þeim."

Á þeim merku tímamótum, sem Alþingishúsið á um þessar mundir, er ekki óeðlilegt að rætt sé um framtíðarþróun á húsakosti Alþingis. Alþingishúsið hefur nú um hundrað ára skeið verið þinghús þjóðarinnar, en við breyttar aðstæður og við fjölgun þingmanna og starfsliðs þingsins er stöðugt vaxandi þörf að hugað sé að framtíðarskipulagi og nýjum byggingum sem leyst gætu úr þeim erfiðleikum sem húsnæðið veldur. Með þeirri þáltill., sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir að Alþingi starfi áfram í þessu húsi og í byggingum í nágrenni þess, og þar sem talið er að nægilega rúmgott svæði sé hér í nágrenninu er mjög æskilegt að samkeppni fari fram um skipulag og gerð viðbótarhúsnæðis fyrir Alþingi.

Fjvn. hefur rætt málið á nokkrum fundum og fengið húsameistara ríkisins, Garðar Halldórsson, til viðræðu um það. Nm. eru sammála um að efna til samkeppni um hugmyndir að skipulagi á framtíðarhúsakosti Alþingis sem fram færi á þeim grundvelli að engin ákvörðun yrði tekin fyrr en þær liggja fyrir. Einnig bendir n. á að haft sé samráð við húsameistara ríkisins og skipulagsyfirvöld við undirbúning samkeppninnar. Allir nm. eru sammála um að leggja til við Alþingi að þáltill. verði samþykkt með þeim orðalagsbreytingum sem eru í brtt. fjvn. á þskj. 920.

Tillgr. orðist svo, með leyfi forseta:

„Í tilefni af hundrað ára afmæli Alþingishússins ályktar Alþingi að fela forsetum þingsins að gangast fyrir samkeppni um gerð og skipulag viðbótarbyggingar fyrir starfsemi þingsins á svæði sem takmarkast af Templarasundi, Kirkjustræti, Tjarnargötu og Tjörninni. Verði samkeppnin við það miðuð að heimkynni Alþingis skuli áfram vera í núverandi þinghúsi svo og í byggingum í næsta nágrenni þess.

Forsetum Alþingis er falinn undirbúningur þessarar samkeppni, þar með talin öflun forsendna fyrir gerð útboðsgagna í samráði við húsameistara ríkisins og skipulagsyfirvöld."

Jón Helgason: Herra forseti. Ég vil aðeins þakka fjvn. fyrir góða afgreiðslu á þessari till. okkar forseta og lýsa yfir stuðningi við þá breytingu sem orðið hefur á till. í meðförum nefndarinnar. Það er augljóst mál, að hér er um að ræða verkefni sem þarf mikinn undirbúning og tekur langan tíma, en þeim mun meiri þörf er á því að hafist verði handa og þessi tímamót eru vissulega heppileg til þess að gera það.

ATKVGR.

Brtt. 920 (ný tillgr.) samþ. með 35 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1031).

Veðurfregnir, þáltill. (þskj. 515, n. 791, 792). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Allshn. fékk til meðferðar till. til þál. á þskj. 515 um veðurfregnir. Nefndin varð sammála um að breyta till. og að tillgr. orðaðist svo:

„Alþingi ályktar að fela samgrh., sem fer með yfirstjórn Veðurstofu Íslands, að láta kanna hvernig unnt sé að bæta tæknibúnað Veðurstofunnar og aðstöðu til öflunar og úrvinnslu veðurathugana svo og hvernig útvarpi veðurfregna og sérstakra aðvarana verði best hagað til öryggis og hags fyrir landsmenn alla."

Á þskj. 791 er nál. frá allshn. Þar segir frá því, að n. hafi fengið Hlyn Sigtryggsson veðurstofustjóra til viðræðu um efni till. og mæli með samþykkt till. svo breyttrar.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég vil fyrir hönd okkar flm. þessarar þáltill. lýsa ánægju yfir því, að n. skyldi afgreiða þessa till. svo fljótt og vel, og jafnframt stuðningi við þá brtt. sem n. hefur gert um tillgr. sjálfa.

Eins og allir vita er Veðurstofan eitt þýðingarmesta öryggistæki sem til er í okkar landi á margan hátt. Þessi þáltill. er fyrst og fremst stuðningur við hið mikilvæga starf Veðurstofunnar og starfsmanna hennar og um leið hvatning til þingmanna að taka höndum saman um að veita meira fjármagn til Veðurstofunnar til tækjakaupa og nýjunga á þessu sviði. Þessi tækni breytist mjög ört, og það þarf vissulega að standa vörð um að íslenska veðurstofan búi yfir þeim besta tækjakosti sem völ er á í heiminum hverju sinni.

ATKVGR.

Brtt. 792 (ný tillgr.) samþ. með 34 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1032).

Starfsskilyrði myndlistarmanna, þáltill. (þskj. 571, n. 977). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. allshn., sem liggur fyrir á þskj. 977, um till. til þál. um skipun nefndar til að kanna starfsskilyrði myndlistarmanna. Í till. þessari felst, eins og menn vænta anlega rekur minni til, ályktun um að Alþingi feli ríkisstj. að skipa sex manna nefnd sem kanni starfsskilyrði myndlistarmanna hér á landi og ekki að ófyrirsynju. Það er kunnugt að hér á landi er mikill áhugi á myndlist, að ég hygg nokkuð óvenjulegur, en að sama skapi verður ekki sagt að myndlistarmönnum séu tryggð bærileg kjör.

Í nágrannalöndum okkar hefur á síðustu árum orðið nokkur vakning meðal myndlistarmanna að gæta réttinda sinna á sama hátt og aðrir listamenn. Enginn tæki bók til prentunar án þess að semja við höfund hennar né tónlistarverk til flutnings án þess að tala við höfundinn um greiðslu. En svo hefur verið síðan elstu menn muna að myndlistarverk eru fengin á sýningar án þess að nokkur greiðsla komi fyrir.

Það er auðvelt að hugsa sér hver kjör þeirra myndlistarmanna eru sem t. d. fást við að höggva myndir, stór verk sem eru lítill söluvarningur nema til opinberra aðila, og ber ekki síst að huga vel að starfskjörum þeirra. Hér á hinu háa Alþingi var lagt fram í dag frv. til l. um listskreytingasjóð ríkisins og mælti hæstv. menntmrh. fyrir því. Með því frv. tel ég að mikilvægt skref sé stigið til þess að bæta kjör myndlistarmanna, auk þess sem í því felst einnig aukið framlag til verkefna fyrir myndlistarmenn landsmönnum öllum til ánægju og yndis. Þrátt fyrir það held ég að þessi till. eigi fullan rétt á sér og beri að fagna gerð hennar. Nefndin fjallaði um till. og varð sammála um að mæla með samþykkt hennar. Fjarverandi afgreiðslu málsins var einn nm., Steinþór Gestsson.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 32 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1033).

Umræður utan dagskrár.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forseta fyrir að ljá mér rúm með mál mitt utan dagskrár nú í mikilli tímaþröng í lok þingsins. Ég verð hins vegar að segja það, að hafi ég haft slæma samvisku af þessu uppátæki mínu róaðist hún dálítið eftir að hafa hlustað á Helguvíkurumræðurnar að undanförnu í kvöld, enda þótt þar væri að sjálfsögðu um dagskrármál að ræða.

Ég ætlaði mér að minnast hér á fíkniefnamál, hver er staða þeirra hér á landi okkar í dag og hvað er þar að gerast. Ég geri mér alveg grein fyrir að hér verður að fara með gát, án upphrópana og hávaða, í umfjöllun um þessi vandasömu og mjög svo viðkvæmu mál. Ég hef hins vegar undrast nokkuð hve afdráttarlausar staðhæfingar ábyrgra aðila um uggvænlega þróun þessara mála, sem komið hafa fram í íslenskum fjölmiðlum að undanförnu, hafa vakið lítil eða nánast engin viðbrögð eða andsvör. Og ég hef spurt mig sjálfa hvort það sé hugsanlega merki um hættulegt andvaraleysi alls almennings, Alþingis og stjórnvalda í þessum málum.

Ég mun hér í stuttu máli skýra nokkuð, hvað ég á við, og benda á nokkrar meginstaðreyndir. Beini ég þá máli mínu sérstaklega til hæstv. dómsmrh. og raunar einnig hæstv. heilbrrh. sem þessi mál heyra undir.

Fregnir sem telja verður áreiðanlegar, greina frá stórauknu framboði eiturlyfja í heiminum um þessar mundir vegna óvenjugóðrar uppskeru eiturefnajurta. Allar líkur eru jafnframt taldar á að ásókn í nýja markaði muni að sama skapi aukast.

Á sama tíma greinir íslenskur rannsóknarlögreglumaður, Óskar Þormóðsson, sem starfar í fíkniefnalögreglunni frá því í blaðaviðtali í Tímanum 11. apríl s. l. og fullyrðir að hér á landi sé smygl og dreifing fíkniefna orðin harðsvíruð atvinnugrein, hér hafi myndast glæpaflokkar með tilheyrandi lífverði í kringum sig. Hann bendir á að söluhagnaður af einu hasskílói hérlendis geti numið um 13 millj. gamalla kr. Sé markaðurinn 500 kg á ári næmi það samkv. fyrrnefndu verði um 8—9 milljörðum kr. árlega.

Í grein eftir bandaríska lagaprófessor, Henry McGee, sem birtist í Morgunblaðinu 26. mars s. l. og byggð er á samtali hans við íslenskan fíkniefnadómara, Ásgeir Friðjónsson, er sýnt fram á með tölum úr réttarskýrslum að fíkniefnaneysla hafi farið vaxandi hér á landi á s. l. ári. Álit manna úr fíkniefnadeild lögreglunnar ber að sama brunni. Fullvíst er talið að hið stórhættulega efni TCP, sem á íslensku er kallað englaryk, hafi nú borist hingað. Af og til lesum við í dagblöðunum ákveðinn og fávíslegan áróður fyrir skaðleysi kannabisefna og hassreykinga, en fátt er um andsvör. Þó vil ég benda sérstaklega á athyglisverða skýrslu frá landlækni, Ólafi Ólafssyni, sem byggð er á niðurstöðum rannsókna bandarískra heilbrigðisyfirvalda. Þessi skýrsla var lesin í Ríkisútvarpinu fyrir nokkrum vikum. Helstu niðurstöður voru þessar:

„Kannabisnotkun hefur alvarleg áhrif á geðheilsu fólks. Vaxandi fjöldi fólks á aldrinum 30—40 ára, m. a. í Svíþjóð, leitar nú til geðsjúkrahúsa, haldið geðklofa eða heilarýrnun. Einkennin koma yfirleitt fyrst í ljós eftir 10—20 ára neyslu. Kannabisreykjendur draga sig í hlé frá daglegum önnum, takast ekki á við vandamál, hættir til að hverfa inn í eigin skel. Minni versnar og skilningur sljóvgast. Kannabisreykur inniheldur mun meira af krabbameinsvaldandi efni en tóbaksreykur."

Hvernig er staðið að vörnum og andspyrnu gegn eiturlyfjaneyslu á Íslandi? Í stuttu máli þannig:

Árið 1973 var stofnaður fíkniefnadómstóll í Reykjavík. Við hann starfa nú tveir dómarar í náinni og að mér er sagt mjög góðri samvinnu við sérstaka fíkniefnadeild innan lögreglunnar í Reykjavík sem nú er skipuð sjö mönnum, var fjölgað um tvo á s. l. ári.

Ég hygg að segja megi að brugðið hafi verið skynsamlega við af hálfu íslenskra yfirvalda þegar vart varð að ráði tilkomu eiturlyfjaneyslu hér á landi fyrir rúmum áratug. Hitt er svo annað mál, hvort nóg er að gert og hvort við erum nú nægilega vel búin undir harðnandi

átök sem ýmislegt bendir til að séu í vændum gegn þessum ægilega vágesti til viðbótar áfengisvandamálinu, svo alverlegt sem það er.

Ég vil — með leyfi forseta — vitna hér til grg. um stöðu fíkniefnarannsókna á Íslandi árið 1980, sem tekin er saman af Guðmundi Gígja, sem er elstur í starfi og reyndastur í fíkniefnadeild lögreglunnar:

„Neysla á kókaíni á Íslandi er nokkur og virðist fara ört vaxandi. Verð á heróíni og kókaíni hefur fallið mjög og orðið viðráðanlegra til almennra nota. Er því ljóst að Ísland muni ekki fara varhluta af þessu vandamáli ef þróunin heldur áfram, en ekkert virðist benda til annars.

Fíkniefnadeild lögreglunnar er mjög vanbúin til að mæta þeim vandamálum sem augsýnilega eru á næsta leiti og þegar komin til Íslands í einhverjum mæli, þ. e. heróín og kókaín.

Þeir aðilar, sem stunda fíkniefnaviðskipti, hafa á undanförnum árum harðnað mjög í afstöðu sinni til lögreglunnar. Það hefur gerst í vaxandi mæli að starfsmenn fíkniefnadeildarinnar leggi hald á byssur af ýmsu tagi. Oftast hafa þeir aðilar, er byssurnar höfðu, ekki leyfi fyrir þeim. Og fyrir stuttu var lagt hald á allmikið magn af dýnamíti sem fíkniefnaneytendur höfðu undir höndum. Ljóst er að þeir aðilar, sem fíkniefnadeildin hefur með að gera í yfirheyrslum og mislöngu varðhaldi, eru farnir að velta fyrir sér ýmsum möguleikum til að losna við hnýsni starfsmanna deildarinnar. Þetta undirstrikar vaxandi hörku í þessum málum hér á landi".

Í viðtali, sem ég átti við Guðmund Gígja, kom fram að enda þótt hann teldi mikla bót að auknu húsrými fíkniefnadeildarinnar og fjölgun starfsmanna, þá taldi hann mikið á skorta að starfsskilyrði væru sem skyldi, sérstaklega að því er varðar allan tækjabúnað, svo sem ljósmyndavélar, sjónauka, bílakost, talstöðvar og símtæki. Þannig hefðu þeir ekki beint símasamband út um land, því síður til útlanda. Þeir yrðu að tala í gegnum langlínusambandið, 02, sem augljóst er að er ákaflega óheppilegt, að ekki sé meira sagt, þegar um er að ræða svo viðkvæm mál sem hér eru annars vegar.

Fíkniefnadeildin þarf að sinna öllu landinu, en hefur þó ekki til þess formlegt umboð. Starfsvið hennar er Reykjavík og heyrir undir embætti lögreglustjórans hér. Skortir verulega á að starfsmenn hafi fengið nauðsynlega sérhæfða fræðslu og starfsþjálfun.

Ég vil taka fram að Guðmundur hafði ekki í frammi stór orð í samtali okkar né klögumál á hendur einum eða neinum, en ég heyrði að honum var mikið niðri fyrir. Staðreynd er það, að fimm af sjö og um leið allir reyndustu starfsmenn fíkniefnadeildarinnar hafa sótt um annað starf hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins sem mundi þó lækka þá í launum um tvo launaflokka svo að um óánægju með launakjör er hér ekki að ræða.

Ég vil að lokum ítreka að þær ábendingar, sem ég hef sett fram hér að framan, eru fyrst og fremst ætlaðar hv. alþm. til athugunar og íhugunar, en ekki til að blása málið upp í fjölmiðlum. Ég sé að fáir alþm. hafa áhuga á þessum málum. Helguvíkurmálið var að sjálfsögðu miklu skemmtilegra.

Lokaorð mín skulu vera ummæli landlæknis í áður tilvitnaðri skýrslu um eiturlyfjamál, en þar segir hann, með leyfi forseta:

„Með tilliti til þess, að kostnaður við eitt legurúm á geðdeildum skiptir tugum milljóna á ári, vonast ég til, að fjvn. Alþingis auki mjög fjármagn til fyrirbyggjandi aðgerða á þessu sviði. Enn fremur þarf að efla fíkniefnalögregluna. Hún er vanbúin að búnaði og mannafla. Það mun rétt vera, að staðan í þessum alvörumálum er betri hér en í nágrannalöndum okkar. Landið er einangrað, við erum fámenn og við ættum að hafa öll skilyrði til að standa nokkuð vel að vígi. Hjá frændum okkar á Norðurlöndunum er vandamálið hrikalegt og frá þeim hafa ítrekað komið aðvaranir til okkar að bregðast við í tíma, áður en það er of seint."

Til þess er leikurinn gerður nú af minni hálfu að hvetja til árvekni í þessum efnum, gefa gaum að hættumerkjum og bregðast við með réttum hætti.

Ég þakka hæstv. forseta. Ég var eitthvað lengur en mér var ætlað.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Fsp. þessi er allviðamikil og fram borin síðla kvölds. Ég mun þó reyna að svara henni og veita nokkrar upplýsingar.

Þegar fíkniefnaneysla breiddist út í Evrópu og til Norðurlanda milli áranna 1960 og 1970 þótti sýnt að slík efni hlytu einnig að berast til Íslands þótt síðar yrði. Var hafist handa um lagabreytingu árið 1968 á ópíumlögunum gömlu svo að þau næðu yfir fleiri efni, og árið 1970 var varsla fíkniefna gerð refsiverð og refsirammi hækkaður. Um þetta leyti, þ. e. 1969—1970, fóru fíkniefni að berast til landsins.

Lögreglan í Reykjavík og ýmsir áhugaaðilar, einkum Kiwanisklúbburinn Katla, stóðu að því að fá hund til hassleitar árið 1971. Var hundurinn við leitir allt fram til ársins 1977, en þá var honum fargað. Árangur af leit bar ágætan árangur, einkum framan af, og tilvist hundsins skapaði geysimikil almenn varnaðaráhrif.

Dómsmrn. sendi öllum lögreglustjórum landsins bréf árið 1971 og hvatti til aukinnar aðgæslu og löggæslu með fíkniefnum og samstarfs á því sviði. Í ársbyrjun voru tveir lögreglumenn í Reykjavík settir í það verkefni að sinna fíknimálum einvörðungu. Smám saman hefur fjölgað lögreglumönnum sem starfa að þessum málum, og nú er starfandi sérstök deild að þessum málum við lögreglustjóraembættið í Reykjavík. Einnig er starfandi einn lögreglumaður í Keflavík sem eingöngu sinnir þessum málaflokki.

Ríkisstj. ákvað árið 1970 að setja samstarfshóp og árið 1972, þegar hann lauk störfum, var samkv. ákvörðun ríkisstj. skipuð önnur samstarfsnefnd með það hlutverk að samræma og stjórna aðgerðum af ríkisins hálfu. Nefnd þessi, sem skipuð er fulltrúum dóms-, heilbrigðis-, menntamála- og fjármálaráðuneytisins, var endurskipuð á s. l. ári.

Árið 1972 varð fíkniefna vart í talsverðum mæli og tókst að upplýsa mörg þeirra mála. Þá ákvað þáv. dómsmrh., Ólafur Jóhannesson, að beita sér fyrir því að setja á fót sérdómstól til að sinna málum af þessu tagi. Með lögum nr. 52 frá 1973 var stofnað til embættis sakadómara í ávana- og fíkniefnamálum. Ekki er talin ástæða til að rökstyðja hér sérdómstól þennan. Ásgeir Friðjónsson var settur í maí 1973 í dómarastöðu þessa og síðar skipaður. Hefur einn löglærður fulltrúi starfað við dómstólinn frá 1973—1977, en þá fékkst heimild fyrir tveimur fulltrúum. Þá hefur ritari verið starfandi, lengst af í hálfu starfi.

Deild lögreglumanna hefur ekki verið starfrækt við dómstólinn, og dómarinn hefur ekki verið hlynntur slíku. Hann hefur m. a. rökstutt skoðun sína með eftirfarandi:

1. Óheppilegt að dómari hafi daglega stjórn lögreglumanna.

2. Óvissa um stöðu og viðfeðmi verkefna.

3. Þess mátti vænta, að upp kæmu umfangsmiklar rannsóknir með fjölda grunaðra í mörgum lögsagnarumdæmum. Þá væri líklegt að tilvist slíkrar lögregludeildar gerði nauðsynlega og nána samvinnu milli embætta flóknari en vera þyrfti.

4. Stofnun slíkrar lögregludeildar þótti líkleg til að einangra hið nýja embætti og orka gegn eðlilegu frumkvæði og ábyrgð einstakra sýslumanna- og bæjarfógetaembætta.

Dómstóllinn hefur aðsetur í lögreglustöðinni í Reykjavík. Með nánu sambýli við fíkniefnadeild lögreglustjóra hefur áunnist margvíslegt hagræði, m. a. mátt sneiða hjá tvíverknaði varðandi smæstu brotaðila.

Fjöldi fíknimála hefur stöðugt aukist. Hefur reynst nauðsynlegt að fjölga starfsliði hjá ríkissaksóknaraembættinu til að mæta auknum verkefnum þar. Flestum málum er lokið með dómsátt og eiga þá í hlut neytendur, kaupendur, minni háttar seljendur og að vissu marki milligönguaðilar um dreifingu fíkniefna frá innflytjendum og stærri dreifendum.

Frá maí 1973 til nóv. 1977 höfðu 37 aðilar hlotið dóm, þar af 20 í óskilorðsbundið fangelsi.

Langmest hefur verið smyglað af hassi í gegnum árin, þ. e. kannabisefnum. Á árunum 1973—1974 barst nokkurt magn af LSD-töflum, en þeirra gætir lítið nú orðið. Amfetamíni er smyglað í vaxandi mæli og kókaíns er einnig farið að gæta.

Það er ljóst, að þróunin hér á landi er með líku móti og annars staðar, stigvaxandi, þannig að hass er byrjunin, en síðan koma í kjölfarið önnur og sterkari efni. Enn sem komið er hefur lítið borist af ópíum, heróíni og morfíni til landsins, en allar horfur eru á að þessi efni berist fyrr en síðar til landsins.

Töluverður hópur Íslendinga hefur dvalist erlendis, aðallega í Danmörku og Svíþjóð, sem hefur framfæri sitt af því að kaupa fíkniefni í suðlægari löndum eða Hollandi og selja þau síðan í Danmörku eða Svíþjóð og jafnvel að nokkru leyti á Íslandi. Hluti þessa fólks hefur ánetjast sterkari efnum og mikil hætta er tengd heimkomu þessa fólks. Allnokkrir úr hópnum hafa náðst og verið dæmdir og hafa setið í fangelsum bæði erlendis og hér á landi.

Ráðuneytið hefur miklar áhyggjur varðandi þróun þessara mála. Á s. l. ári var lögreglustjóranum í Reykjavík skrifað bréf og óskað eftir tillögum um eflingu löggæslu og varna á sviði ávana- og fíknimála. Með bréfi dagsettu í júlí á s. l. ári lagði hann fram margþátta tillögur.

Lögreglustjóri bendir á nauðsyn náinnar samvinnu lögreglu og tollyfirvalda og nefnir sérstök námskeið sem haldin hafa verið og haldin verða í Lögregluskóla ríkisins um þessi mál. Þá nefnir hann einnig þörf þess að halda áfram á þeirri braut að senda lögreglumenn utan til að kynnast starfsaðferðum lögreglunnar þar.

Varðandi eflingu á starfsemi fíknideildar lögreglustjóraembættisins lagði hann til eftirfarandi:

1. Að ráðinn yrði löglærður fulltrúi til að stjórna rannsókn mála. — Heimild fékkst fyrir fulltrúanum og skömmu fyrir síðustu áramót var ráðinn til starfa Ólafur Jónsson, fyrrv. tollgæslustjóri, sem einnig hefur starfað sem fulltrúi lögreglustjórans í Reykjavík um langt árabil á árum áður.

2. Að tala lögreglumanna yrði aukin um þrjá. — Heimild fékkst á fjárlögum fyrir þremur nýjum starfsmönnum við fíknideild.

3. Að þjálfaðir verði einn eða tveir hundar til leitar að fíkniefnum. — Snemma á þessu ári voru fest kaup á einum fíknileitarhundi í Danmörku og hlaut hundurinn svo og lögreglumaðurinn, sem stjórnar honum, þjálfun hjá dönsku lögreglunni. Vegna skilyrða um sóttkví hefur enn ekki verið unnt að láta hundinn hefja leit, en þess er skammt að bíða að hann komi í gagnið.

Í fjórða lagi lagði lögreglustjóri svo til að aflað yrði aukins tækjabúnaðar.

Með bréfi, dagsettu 20. maí 1981, hefur lögreglustjórinn sundurliðað hvaða tækjabúnað hann telur þurfa, og mun ráðuneytið á næstu dögum reyna eftir föngum að verða við óskum, en reynslan hefur sýnt að verulegs tækjabúnaðar er þörf til að unnt sé að vinna að upplýstran fíknimála.

Þá hefur verið í undirbúningi í ráðuneytinu um alllangt skeið áætlun um það, hvernig heppilegast sé að efla fræðslu, aðallega fyrir ungmenni, um skaðsemi fíkniefna. Ljóst er að gera þarf stórátak hvað þetta snertir, og þess er skammt að bíða, að samstarfsnefndin um fíkniefnavandamálið reki smiðshögg á áætlun um fræðsluherferð.

Ég hef þessi orð ekki fleiri. Ég vænti þess, að hv. fyrirspyrjandi, 1. landsk. þm., telji þessi svör og upplýsingar nokkurs virði.

Efri deild, 115. fundur.

Fimmtudaginn 21. maí, kl. 3 miðdegis.

Ríkisborgararéttur, frv. (þskj. 986). — Ein umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1014).

Umbætur í þágu fatlaðra, frv. (þskj. 1001). — 1. umr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. um breyt. á l. um kostnað við opinberar byggingar, sem gerir ráð fyrir að sá kostnaður verði greiddur af ríki og sveitarfélögum í sömu hlutföllum og stofnkostnaður, enda sé um að ræða umbætur á viðkomandi húsnæði í þágu fatlaðra.

Frv. þetta hefur verið samið af allfjölmennri nefnd sem ég fékk til ráðuneytis um málið. Þar varð samstaða um þetta mál svo og í hv. Nd. Frv. snertir lög um heilbrigðisþjónustu, grunnskóla, dagvistarheimili, félagsheimili og íþróttalög og skýrir sig í rauninni sjálft vegna þess að efnisatriðið er ósköp einfaldlega eitt og hið sama, að kostnaður við að gera opinberar byggingar aðgengilegar fötluðu fólki greiðist af ríki og sveitarfélögum í sömu hlutföllum og stofnkostnaður samkvæmt þeim lögum sem hér er lagt til að breytt verði.

Herra forseti. Ég fer þess á leit að þessu máli verði vísað til 2. umr. og hv. félmn., og þætti vænt um ef hún gæti tekið málið jafnskjótum tökum og gert var í Nd. þó málið sé seint fram komið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til félmn. með 16 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður sjómanna, frv. (þskj. 993). — 1. umr.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breyt. á lögum um lífeyrissjóð sjómanna, en frv. þetta hefur þegar verið afgreitt frá hv. Nd.

Eins og kunnugt er hafa allverulegar breytingar verið gerðar á ýmsum lífeyrissjóðalögum á þessum vetri, og eitt af þeim frv., sem ríkisstj. hefur lagt fram, er þetta frv. sem varðar sjómenn. Þar er það atriði stærst og mest, að sjómönnum, sem hafa stundað sjómennsku í 25 ár eða lengur og verið lögskráðir á íslensk skip eigi skemur en í 180 daga að meðaltali á ári, er heimilt að hefja töku ellilífeyris þegar þeir verða fullra 60 ára. Á sama hátt veitir 20—25 ára starf á sjó rétt til töku ellilífeyris frá 61 árs aldri og 15—20 ára starf til töku hans frá 62 ára aldri. Heimilt er sjóðfélaga að fresta töku ellilífeyris allt til 75 ára aldurs og hækkar þá upphæð ellilífeyris vegna réttinda, sem áunnin voru fram til 65 ára aldurs, um hálft prósent fyrir hvern mánuð sem töku hans er frestað fram yfir 65 ára aldur. Benda má á að áður höfðu verið gerðar breytingar á lögum um almannatryggingar sem veittu sjómönnum samsvarandi rétt til lífeyrisgreiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins þegar þeir ná 60 ára aldri og uppfylla samsvarandi skilyrði og frá er greint í þessu frv.

Frv. þetta er flutt í samræmi við loforð ríkisstj., bæði þessarar stjórnar og þeirrar stjórnar sem sat hér á árunum 1978—1979, og felur í sér umtalsverð hlunnindi í þágu sjómanna. Hins vegar má segja að þetta sé að nokkru til samræmis við þau réttindi sem opinberir starfsmenn hafa fengið með lögum um lífeyrissjóð opinberra starfsmanna, þar sem þeir hafa möguleika á að komast á lífeyrisaldur 60 ára gamlir ef samanlagður starfsaldur og aldur þeirra nær 95 árum. Í þessu tilviki er hins vegar reglan miklu mildari og þarf ekki að vera um jafnlangan starfstíma að ræða og þegar um er að ræða opinbera starfsmenn.

Herra forseti. Í þessu frv. eru einnig nokkrar minni háttar breytingar sem ég vil nú ekki tefja tímann með að gera grein fyrir þar sem gerð er grein fyrir þeim í grg frv. Einnig voru nokkrar minni háttar breytingar gerðar á frv. við meðferð málsins í Nd. sem koma skýrt fram í nál. og till. nefndarinnar sem fjallaði um þetta mál í Nd. Er sjálfsagt að nefndin, sem fær þetta mál til meðferðar, taki þær breytingar allar til athugunar. En þar var ekki um að ræða verulegar efnisbreytingar.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði máli þessu vísað til hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

Loðdýrarækt, frv. (þskj. 887 (sbr. 805), n. 1000). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Egill Jónsson): Herra forseti. Nefndin hefur á fundi sínum nú í morgun fjallað um frv. til l. um loðdýrarækt og mælir með því einróma að það verði samþykkt héðan frá deildinni.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—12. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Landakaupasjóður kaupstaða og kauptúna, frv. (þskj. 996). — Ein umr.

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er á dagskrá, kemur til okkar aftur úr Nd. Þetta frv. er hálfgerður munaðarleysingi því að það er hér enginn til að mæla fyrir þeim breytingum sem gerðar voru í Nd. Ég hefði getað komið til aðstoðar í því efni ef það hefði verið mælt með breytingunni í Nd. Ég hef kynnt mér hvað fór þar fram. Þar var ekki heldur mælt neitt fyrir þessari breytingu eða skýrt hvers eðlis hún væri og hverjar ástæðurnar væru fyrir henni. En breyting sú, sem hér er um að ræða, er sú, að þetta frv. er til laga um landakaupasjóð vegna kaupstaða og kauptúna. Þegar það fór úr Ed. hét það frv. til laga um landkaupasjóð vegna kaupstaða og kauptúna. Hv. Nd. hefur breytt þessu orði: „landkaupasjóð" í: landakaupasjóð.

Meiri hl. félmn. Nd. lagði þetta til. Nefndin klofnaði svo að það var ekki eindrægni um þessa breytingu. Hv. frsm. félmn. Nd., hv. þm. Alexander Stefánsson, formaður n., mælti fyrir nál., en kvað ekkert á um það, hvers vegna brtt. þessi, sem meiri hl. n. lagði fram, væri flutt, færði engar ástæður fyrir því. Því miður get ég því ekki skýrt það með því að vitna í umr. þar.

Hins vegar mælti hv. þm. Friðrik Sophusson, sem á sæti í félmn. Nd., gegn þessari brtt. og hann hafði lög að mæla svo sem oft áður.

Þá talaði annar hv. þm., hv. þm. Halldór Blöndal, og mér þykir rétt að gera hér grein fyrir því sem hann sagði. Ég hygg að það sé eðlilegt að taka nokkurt mark á því, því að þessi hv. þm. er hagmæltur, hefur góðan smekk á íslensku máli og ég leyfi mér — með leyfi hæstv. forseta — að fara með ræðu hv. þm. Halldórs Blöndals, ræðuna alla því að hún er bara nokkrar setningar. Hún er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég vil vekja athygli á því, að á undanförnum áratugum, einkanlega hinum síðustu, hefur tilfinning manna fyrir máli mjög dofnað. Menn hafa ekki sömu tilfinningu og áður fyrir því, hversu miklu fallegra er þegar samsett orð eru stofnsamsett, hversu miklu fallegra sé landkaupasjóður en landakaupasjóður, landspítali en landsspítali ellegar landaspítali. Fyrir þær sakir harma ég þessa niðurstöðu nefndarinnar, en vonast til þess að deildin átti sig og fyrirsögn frv. verði óbreytt."

Hér lýkur tilvitnun og lýkur ræðu hv. þm. sem ég vitnaði í. Ég vitnaði í hana vegna þess að hér er um að ræða kjarna málsins, þ. e. að menn gæti þess að hafa tilfinningu og næmi fyrir íslenskri tungu, og það var á þeirri forsendu sem hv. félmn. þessarar deildar bar fram brtt. við 2. umr. í þessari deild um að breyta landakaupasjóði í landkaupasjóð.

Ég vil geta þess, að þó að ég hefði nákvæmlega sömu tilfinningu fyrir þessu máli og hv. þm. Halldór Blöndal sem ég vitnaði í, þá þótti mér rétt að sýna þá varfærni, áður en ég lagði til við hv. félmn. að flytja þessa brtt., að ég talaði við kunnáttumenn í íslenskum fræðum. Ég fletti upp í orðabók Sigfúsar Blöndals sem reynist mér alltaf haldgóð. Það bar alls staðar að sama brunni, að það væri óhætt að bera fram þessa brtt. Og hv. félmn. þessarar deildar gerði till. að sinni tillögu.

Hér í hv. deild var í raun og veru engin andstaða gegn þessari till. Að vísu stóð upp hv. 4. þm. Norðurl. e. og fór nokkrum orðum um þessa till. Þeir, sem þekkja ekki vel þennan ágæta mann, hefðu mátt ætla að hann væri að snúast mjög vasklega gegn þessari till. En við, sem þekkjum hann betur, fundum strax að hér var á ferðinni hin góðlátlega kímni og glettni sem oft einkennir ræður þessa hv. þm. og við öll í þessari deild kunnum vel að meta, enda kom á daginn, þegar atkvæði voru greidd um till., að þá greiddi hv. 4. þm. Norðurl. e. að sjálfsögðu atkvæði með henni, því hann ætlar ekki m. a. að fara að breyta neitt talsmáta sínum og hætta að tala um landsal og fara að tala um landasal eða eitthvað slíkt, kemur það ekki til hugar.

En þegar ég heyrði ótíðindin úr hv. Nd. þar sem þeir hafa breytt þessu aftur til hins verri vegar þótti mér rétt að gera sérstakar ráðstafanir. Ég ákvað að eiga viðræður við færasta núlifandi Íslending í þeim fræðum sem þetta varðar sérstaklega, orðmyndunarreglum íslenskrar tungu. Og ég gerði þetta. Ég hef hér álit þessa fræðimanns um þetta atriði og leyfi mér — með leyfi hæstv. forseta — að lesa það upp:

„Orðin landkaup og landakaup koma bæði fyrir í fornu máli, sbr. orðabækur Johanns Fritzners og Guðbrands Vigfússonar. Bæði orðin merkja kaup á landi. Þó getur landakaup einnig merkt skipti á landi, „exchange of land", sbr. hnífakaup. Alkunnugt dæmi um landkaup er í Laxdælu. Bolli hafði landkaup í Tungu að ráði Ólafs, sbr. Íslensk fornrit, V, 159.

Bæði orðin eru rétt mynduð samkvæmt orðmyndunarreglum íslenskrar tungu. Vera má að andstaða við orðið landkaup stafi af því, að fólki finnist að stofn orðs í samsetningu geti aðeins átt við eintölu. Ef menn leiða hugann að orðum eins og fiskbúð, kemur í ljós að það táknar ekki búð þar sem seldur er einn fiskur, heldur margir fiskar, meira að segja margar fisktegundir. Með orðinu kaup er hægt að nota sem fyrri lið í samsettu orði stofn, t. d. fiskkaup, það er hægt að nota eignarfall eintölu, t. d. fjárkaup, það er hægt að nota eignarfall fleirtölu, t. d. hrossakaup, og auk þess er hægt að nota lýsingarorð, t. d. lausakaup. Til gamans mætti benda á að orðið landakaup mætti misskilja sem kaup á heimabrugguðu áfengi. (**StJ:** Það var nú orsökin fyrir þessu öllu saman.) Þá má og geta þess, að landsala kemur fyrir í formáli, en landasala ekki að því er séð verður af orðabókum.

Reykjavík, 20. maí 1981.
Halldór Halldórsson."

Þetta er álit Halldórs Halldórssonar prófessors í íslensku. (**StJ:** Var það ekki Halldór Blöndal?) Ég þarf ekki að ræða hér um gildi þessa vitnisburðar þegar hann kemur frá manni eins og Halldóri Halldórssyni, sem er viðurkenndur fræðimaður í þessu efni og ég hika ekki við að segja að sé færastur allra núlifandi Íslendinga um allt sem viðkemur orðmyndunarfræði íslenskrar tungu. (**Gripið fram í:** En hver er niðurstaðan?)

Nú þykir mér augljóst, og ég vænti þess, að það þurfi naumast að segja það hér í þessari hv. deild, að það er ekki annað sæmandi fyrir þessa deild en að halda við það sem hún hefur samþykkt. Hv. félmn. deildarinnar hefur einróma samþykkt að leggja fram þá brtt. sem hér er á þskj. 1007 og er um það, að við höldum okkur við það hér í hv. Ed. sem við höfum þegar gert og er vel gert, en látum ekki hafa áhrif á okkur það sem skeður í neðra, hvað þá heldur þegar það er svo vafasamt sem hér er um að ræða.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Það var hv. þm. Þorvaldi Garðari Kristjánssyni líkt að leggja andmæli mín gegn þeirri breytingu, sem gerð var á orðalagi frv. í félmn. Ed., út á hinn besta veg. Það er honum líkt. En þó að hann vilji gjarnan túlka sjónarmið meðdeildarmanna sinna og meðþingmanna á þá lund að best hæfi hans ljúfa og græskulausa geði, þá skaust honum nú þarna. Mér var það mikil alvara að mæla gegn þessari breytingu sem gerð var á fyrirsögn frv. og heiti þessu víðar í frv. sjálfu vegna þess að ég taldi að hér væri rangt að farið, ekki vegna þess að það geti ekki staðist eins og hv. þm. sagði, að réttmætt sé að tala um landkaup eins og landakaup, heldur af hinu, að það lá í augum uppi að hin skírlífa nefnd, hv. félmn. þessarar mjög svo virðulegu deildar, gerði þessa breytingu hvorki af tilfinningu fyrir íslensku máli né af tilraun til þess að gera ákvæði þessa lagafrv. ljósari, heldur af furðulegum ótta um að menn — kjósendur, Íslendingar í ákveðnu byggðarlagi sem nýlega hafði verið orðað við lítils háttar framleiðslu og smávegis sölu á íslensku brennivíni heimatilbúnu, — að fólk í þessu byggðarlagi kynni að vera þannig gáfum gætt að það misskildi efni frv. og færi e. t. v. að leita í þennan sjóð um styrk til kaupa á heimabrugguðu áfengi.

Að mínu viti er þessi ályktun hv. félmn. þess háttar að jaðrar við hreinan dónaskap. Ég var uggandi um að fólk úti um land allt mundi fara að segja þessa sögu um ályktun hv. félmn. Ed. eins og hvern annan Hafnarfjarðarbrandara og þá um vitsmuni nefndarmanna.

Hv. þm. Þorvaldur Garðar, sem jafnan vandar mjög undirbúning málsins, hann hringdi, eins og hann orðaði það, leitaði ráða, eins og hann orðaði það, hjá hinum fremsta núlifandi orðmyndunarfræðingi. Lengra gat hann ekki farið. Að vísu veit ég ekki hvernig hann býr til þessa einkunn sem hann gefur Halldóri Halldórssyni. En það er ekki hægt að ætlast til meira af hv. frsm., hv. ræðumanni, en að hann leiti til þess sem hann telur fremstan núlifandi orðmyndunarfræðing á Íslandi. Að vísu var einn tæknilegur möguleiki, það fer eftir trúarlegri afstöðu: hann hefði náttúrlega getað farið á miðilsfund og leitað til hinna fremstu framliðinna orðmyndunarfræðinga líka. Þá hefði þetta verið neglt í bak og fyrir.

Mér er gjörsamlega sama um það þótt hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson sé þeirrar skoðunar, hvað sem hann hefur fyrir sér í því, að Halldór Halldórsson sé einhver

hæstiréttur í íslenskri orðmyndunarfræði. Það má vel vera að hann sé það. En það kemur hvergi fram í þessari undarlegu álitsgerð, skrifaðri á löggiltan skjalapappír að því er virðist, — það er kopía sem hér er lesin, — hver skoðun þessa núlifandi manns, eða sem var lifandi a. m. k. 20. maí, er á því, hvort orðið sé betra eða réttara: landkaupasjóður eða landakaupasjóður. En hinu mun Halldór Halldórsson ekki hnekkja, sem vitað er og vitað hefur verið lengi, og þess munu einnig finnast dæmi í Njálu, m. a. í orðaskiptum Hrúts og Gunnars — ekki Thoroddsens, heldur frá Hlíðarenda, Hámundarsonar, að það er eðli tungunnar í samsettum orðum, til þess að hún geti hljómað eðlilega eins og gildi hennar er og eðli, að sérhljóði komi á milli tveggja samhljóða í samsetningu orða. Öðruvísi getur ástkæra ylhýra málið ekki hljómað.

Ég vil ekki deila um það út af fyrir sig, hvort sé réttara. Eðlilegra er í vitund þeirra manna, sem ekki eru óskaplega óttaslegnir um að Garðbæingar fari að sækja um framlag úr þessum sjóði sér til huggunar í annarlegum tilgangi, — það er eðlilegra samkvæmt eðli þessarar tungu og tilhneigingu hennar til þess að hljóma að fá sérhljóða á milli sem menn megi lengja. Það er eðlilegra að kalla þennan sjóð landakaupasjóð.

Með tilliti til þess, að hv. frsm. hafði, eins og að líkum lætur, af því honum er eðlilegt að undirbúa mál vel, ekki tækifæri til þess að leita til miklu fleiri fræðimanna en hann gerði, þá vil ég ekki lá honum slíkur skipulagshyggjumaður sem hann er, þótt hann léti sitja við að leita í h-unum og b-unum, að Halldórunum og tveimur Blöndulum. Þó vil ég nú staðhæfa það, að á sama hátt og félmn. þessarar hv. og vandvirku deildar hefur oft unnið ágæt störf undir handleiðslu hins þingvana og sanngjarna manns og smekkvísa, Þorvalds Garðars Kristjánssonar, þá gerði hún hróplega skyssu þegar hún var að breyta fyrirsögn frv. og heiti í því í upphafi. Málið snýst ekki lengur um efnisatriði frv., heldur um málfar og smekk á íslenskri tungu. Það er alveg rétt sem hv. þm. sagði, Halldór Blöndal, hv. þm. í Nd., er bæði hagmæltur og smekkmaður á mál, en ekkert framúrskarandi. Ég leyfi mér að staðhæfa að það þyrfti að leggja það í dóm nokkurra Halldóra og fáeinna óskeikulla Blöndala, hvor sé meiri smekkmaður á mál, Sverrir Hermannsson, hv. þm. og forseti Nd., eða Halldór Blöndal. (Gripið fram í.) Ég vil ekki leggja dóm á þetta. Ég vil aðeins vitna til forseta Nd. sem að mínu viti er smekkmaður á mál, jafnvel framúrskarandi ef við lítum yfir þingmannahópinn. Þarna rekast á sjónarmið. En með tilliti til þess, að ég er harla vondaufur um að ég fái sannfært jafnstaðfastan mann í skoðunum sínum og hv. þm. Þorvald Garðar Kristjánsson um að félmn. Ed. hafi haft rangt fyrir sér í þessu, vegna þess að hér er ekki lengur um að ræða efnisatriði þessa frv., heldur um málsmekk, þá legg ég til að máli þessu verði nú vísað til menntmn. fyrst svo er mikið í húfi að viðhalda hinni undarlegu breytingu sem á frv. var gerð hér í deildinni þrátt fyrir andmæli mín. Fyrst hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson telur svo mikið í húfi að viðhalda þessari breytingu, þá legg ég nú endilega til að hv. menntmn. samkvæmt till. minni leiti til enn fleiri núlifandi — svo ég noti orðalag hv. þm. — núlifandi sérfræðinga um orðmyndun í íslenskri tungu, þó að þeir kynnu kannske ekki að vera jafnframúrskarandi úrtakslaust alvitrir eins og hv. þm. telur Vestfirðinginn Halldór Halldórsson. Vil ég engu nema góðu að honum víkja, en gjarnan vildi ég að hann kynni að bera fram sjálfur k, p og t þannig að það ruglaðist ekki við hina lægri sérhljóða. Leitað verði sem sagt til annarra, ef fróðir menn kynnu að finnast og formaður hv. menntmn. Ed. vildi nú leggja höfuðið í bleyti að hafa upp á slíkum mönnum. En ella er till. mín um að þessu máli verði vísað til menntmn. og um það fjallað þar. Þá vil ég að málið verði lagt í gjörð sameinaðs þings.

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Það var gaman að hlusta á þessa skemmtilegu ræðu hv. síðasta ræðumanns. Ef hann hefði ekki sagt nokkrar skyssur hefði verið ástæðulaust að biðja hér um orðið og stíga upp í ræðustólinn á eftir. Að vísu tek ég ekki alvarlega margt sem hann sagði, þó að það mætti mikið um það tala. Þessi ræða öll byggðist á nokkrum misskilningi sem kom gleggst fram í því, þegar hv. ræðumaður sagði að núna væri ekki lengur um efnisatriði að ræða, heldur málsmekk.

Það er nokkur ónákvæmni sem kemur fram í þessu. Það hefur aldrei verið um neitt efnisatriði að ræða í þessu máli. Það tók ég strax fram. En hv. þm. er ákaflega hugleikið að nefna heimabruggað áfengi eða landa í þessu sambandi. (Gripið fram í.) Ég veit það nú ekki, en ég held að hv. 4. þm. Norðurl. e. meti þann drykk ekkert sérstaklega, ég hef aldrei orðið var við það, heldur betri drykki. Ég skil ekki hvað kemur til þess, að hv. þm. er alltaf að tala um þetta. Svo fer hann að flétta saman við þetta einhverju máli í Garðabæ. Það hefur engum komið til hugar, hvorki mér né öðrum í hv. félmn., að tengja þetta á nokkurn hátt við það. Ég vona að þetta sé ekki neitt tilfinningamál fyrir hv. 4. þm. Norðurl. e. En ég bara skil ekki hvers vegna hann er alltaf að tala um þetta.

Hv. þm. sagði að prófessor Halldór Halldórsson væri enginn hæstiréttur í þessu efni. Það er alveg rétt. Ég sagði það ekki, svo að hann þurfti ekki að leiðrétta mig í því efni. Svo hafði hann gaman af því, henti gaman að því, að ég skyldi vera svo hófsamur og nákvæmur að ég taldi Halldór Halldórsson besta núlifandi fræðimanninn í þessu efni, en að ég skyldi ekki segja að hann væri mesti fræðimaður fyrr og síðar. Það var nú þannig að ég vildi ekki taka svo mikið upp í mig.

Ég sagði að þessi ræða hv. 4. þm. Norðurl. e. hefði verið skemmtileg. Þessi umr. er skemmtilegust fyrir það, að ég gat ekki merkt það á því sem hann sagði, að það væri nein breyting orðin á þeirri afstöðu sem hann tók hér við 2. umr. málsins þegar hann greiddi atkvæði með brtt. sem er nákvæmlega eins og sú sem hv. félmn. leggur núna fram.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég lagði til að hv. menntmn. fjallaði eingöngu um það sem lýtur að þeirri breytingu sem gerð var á þessu frv. frá upprunalegri mynd, fyrst í þessari hv. deild að tillögu félmn., síðan aftur í hv. félmn. Nd. Ég ítreka það, að hér er ekki um efnisatriði að ræða, heldur um atriði sem varðar meðferð á íslensku máli og grundaða, skynsamlega og kurteislega hugsun í meðferð þess gagnvart fólki sem þingmálið á erindi til. Ég hygg að félmn., sem spjallaði frv. upprunalega með tilliti til dægurmáls og sakamáls sem upp á hafði borið hér við Faxaflóa, sé ekki bær að fjalla um þetta atriði. Henni væri enn þá trúandi til þess að viðhafa annarleg sjónarmið. Því vil ég og æski ég þess af forseta, að borin verði upp undir atkvæði till. mín um að málinu

verði nú vísað til menntmn.

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég hélt þegar hv. 4. þm. Norðurl. e. gerði það í fyrri ræðu sinni að till. sinni að vísa þessu máli til menntmn., að hann væri að glettast, og ég tók hann ekki alvarlega. En eftir síðari ræðu hans, þegar hann stendur upp hér formlega til þess að ræða um þingsköp, þá verður að gera ráð fyrir að hv. þm. sé alvara þó ótrúlegt sé. En ég vil mótmæla skoðunum hans. Ég tel að ekki komi til greina að vísa þessu máli nú til menntmn., það sé algjört brot á þingsköpum og þá sé brotin 24. gr. þingskapalaga sem kveður á um það, hvað skuli gera í því tilfelli að deild fær mál endursent.

Forseti (Helgi Seljan): Ég vil taka það fram í sambandi við þetta mál, að eftir því sem ég þekki til þingskapa mun ófært að hafa eitt mál í tveim nefndum, þó að þarna sé um að ræða viðkvæm atriði sem hefur verið rætt um. Ég treysti mér því ekki til þess að bera upp till. hv. 4. þm. Norðurl. e. um að þetta frv., sem hefur fengið afgreiðslu í félmn. beggja d., verið ómótmælt að væri þar rétt komið, færi nú í aðra nefnd þessarar hv. deildar. Ekki síst með tilliti til þess, að formaður menntmn. Ed. er í hv. félmn., er enn síður, held ég, ástæða til þess að vísa till. þangað. Ég vona að hv. þm. uni þeim úrskurði. (**StJ:** Uni honum illa.) Uni víst, en illa. Ég þykist vita það.

ATKVGR.

Brtt. 1007 samþ. með 13:4 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv. og endursent Nd.

Neðri deild, 103. fundur.

Fimmtudaginn 21. maí, kl. 3 miðdegis.

Kjarasamningar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, frv. (þskj. 39). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19:2 atkv. og afgr. til Ed.

Dýralæknar, frv. (þskj. 808, n. 941 og 1002, 942). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Fyrir landbn. Nd. lágu tvö frv. um breyt. á lögum um dýralækna. Annað þessara frv. var komið frá Ed., en hitt frv. er flutt af hv. þm. Halldóri Blöndal og Árna Gunnarssyni. Þegar var rætt um þetta mál í Nd. tilkynnti minni hl., að hann mundi flytja brtt. við frv. það sem kom frá Ed., þ. e. leggja til að frv., sem var lagt fyrir Nd., kæmi sem brtt. við það frv.

Landbn. sendi frv. hv. þm. Halldórs Blöndals til umsagnar til yfirdýralæknis og til búnaðarsambandanna í Suður- og Norður-Þingeyjarsýslu. Umsagnir þeirra voru á þá leið, að það væri nausynlegt að skipta þessu umdæmi í tvennt. Hins vegar kom fram að það eru allskiptar skoðanir um hvernig eigi að skipta þessu. Norður-Þingeyingar telja að skiptin að austan eigi að vera um Jökulsá á Fjöllum, en Suður-Þingeyingar telja eðlilegt að Öxarfjarðarhreppur tilheyri Austur-Þingeyjarþingsumdæmi. Enn fremur telur Búnaðarsamband Suður-Þingeyinga að eðlilegt sé að taka Hálshrepp undan Austur-Eyjafjarðarumdæmi og setja hann við Vestur-Þingeyjarumdæmi. Þar kemur líka fram að það leggur til, ef verður stofnað nýtt umdæmi með sérstökum dýralækni, að þá sé eðlilegt að hann sé búsettur annaðhvort á Stóru-Tjörnum eða Laugum.

Yfirdýralæknir leggur aftur til að að norðan verði þetta eins og það er, þ. e. um Jökulsá á Fjöllum, en að Hálshreppur verði tekinn undan Austur-Eyjafjarðarumdæmi og settur við hið nýja umdæmi. Enn fremur segir hann að þeir muni vera eitthvað skrýtnir í landafræði, hv. þm. Halldór Blöndal og Árni Gunnarsson, því að þar stendur: Aðaldælahreppur norðan Hafralækjarskóla og vestan Fljótsheiðar, en yfirdýralæknir telur að þeir muni meina að þetta eigi að vera sunnan Hafralækjarskóla. (**HBl:** Hvað meinar þm.?) Nú veit ég ekki í raun og veru, það kann vel að vera að hv. þm. Halldór Blöndal vilji hafa norðurhlutann af Aðaldal í sambandi við Vestur-Þingeyjarumdæmi. En ég hygg að hann sé ekki betri í landafræðinni en það, að hann muni vilja hafa áframhald af Reykjadal og norður að Hafralæk, en ekki að það sé komið þannig fyrir honum að hann sé búinn að missa áttir þarna fyrir norðan eins og mér virtist hann vera búinn í þingsölum í gærkvöldi.

Ég hef enn fremur rætt við formann Búnaðarsambands Suðurlands um þá breytingu, að lagt er til að þar sé sett upp nýtt umdæmi og það séu aðeins tveir hreppar í því nýja umdæmi. Ég mátti hafa það eftir formanni Búnaðarsambandsins, að hann teldi þessa skiptingu ákaflega vafasama. Það mundi ekkert sláturhús koma með þessu umdæmi, væri bæði með Selfossumdæmi og hinu umdæminu, en ekki með þessu nýja Flúðaumdæmi. Hann taldi mjög vafasamt með þessari skiptingu að nokkur dýralæknir fengist til þess að þjóna þessu umdæmi.

Mér hefur einnig borist til eyrna og nefndinni að það mundu vera skiptar skoðanir líka um skiptin á Austurlandi, þeir í Reyðarfirði teldu það dálítið skrýtna ráðstöfun að setja sig með Norðfjarðarumdæmi og taka sig undan Egilsstaðaumdæmi.

Hæstv. landbrh. kom á fund með nefndinni og skýrði frá því, að það væri víðar sem væru uppi óskir og rökstuddar kröfur um að það þyrfti að fjölga dýralæknum og breyta þessari umdæmaskipan og hann hefði nú ákveðið að skipa nefnd til að gera tillögur um breytingar á dýralæknalögunum og á umdæmaskiptingunni í landinu og væri stefnt að því, að þessi endurskoðun yrði búin og nýtt frv. liggi fyrir tilbúið í þingbyrjun í haust.

Ég hafði samband við oddvitann í Hálshreppi um þetta mál. Hann tjáði mér að að sínu mati kæmi ekki til greina að breyta um ef dýralæknirinn ætti að sitja á Laugum eða Húsavík. Hins vegar væri dálítið annað mál ef hann ætti að sitja á Stóru-Tjörnum. Hann sagðist ekki hafa haft neina ástæðu til þess að ræða þetta í Búnaðarfélaginu og taldi þar af leiðandi að það þyrfti að athuga þetta mál betur.

Ég hafði einnig samband við oddvitann í Öxarfjarðarhreppi. Hann sagði að stjórn Búnaðarfélags Norður-Þingeyinga hefði lagt til að þetta yrði óbreytt. Hins vegar væri bæði beint símasamband og betra við Húsavík og allar samgöngur. En þetta mál þyrfti að gerast upp í Búnaðarfélaginu þar. Þó að það væri persónuleg skoðun sín, að það væri eðlilegra og betra að það yrði með Húsavík. Hins vegar væri dálítið annað mál ef hann ætti að ákveða það öðruvísi en að hafa samráð.

Þegar búið er að athuga þetta frá öllum hliðum sýnist meiri hl. einsýnt að leggja til að þessum frv. báðum sé vísað til ríkisstj. í trausti þess, að þessari endurskoðun verði flýtt og það verði hægt að lögfesta nýtt frv. fyrir árslok, því að það liggur ljóst fyrir að breytinga er þörf, bæði fyrir norðan og austan og sjálfsagt í Árnessýslu líka, þó að ég þekki það ekki eins vel. En formaður Búnaðarsambandsins sagði að það lægi ekki svo mikið á þessu máli að það væri ástæða til að hrapa að neinu í þessu efni. (**HBl:** Formaður Búnaðarfélags hvar?) Búnaðarsambands Suðurlands.

Frsm. minni hl. (Árni Gunnarsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti minni hl. landbn. Nd. um frv. til l. um breyt. á l. nr. 35 23. maí 1975, um breyt. á l. nr. 30/1970, um dýralækna. Minni hl. hefur komist að þeirri niðurstöðu og leggur til að nokkrar breytingar verði gerðar á frv. eins og það kom frá Ed. Þar er um að ræða einfaldar viðbætur, þ. e. um skiptingu Þingeyjarþingsdýralæknisumdæmis, og leggur minni hl. til að sú skipting verði samþykkt sem fram kemur í frv. sem við höfum flutt, hv. þm. Halldór Blöndal og ég.

Það var leitað álits yfirdýralæknis og beggja búnaðarsambanda, þ. e. Suður- og Norður-Þingeyjarsýslu, á þessu frv. Umsagnir allra þessara aðila eru jákvæðar. Umsagnirnar eru allar jákvæðar og það er eindregið mælt með að frv. verði samþykkt. Ég vil — með leyfi forseta — lesa hér upp úr bréfi frá aðalfundi Búnaðarsambands Suður-Þingeyinga sem ég hef undir höndum þar sem segir m. a.:

„Landbn. Nd. Alþingis óskaði umsagnar BSSÞ um frv. til l. um breyt á l. um dýralækna, þar sem gert er ráð fyrir að skipta Þingeyjarþingsdýralæknisumdæmi í tvö umdæmi. Stjórn sambandsins samþykkti á fundi 6. apríl s. l. að mæla með þessari skiptingu, en benti jafnframt á að rétt kynni að vera að skoða það mál í víðara samhengi. Nú hefur aðalfundur fjallað um þetta frv. og komist að nokkru að annarri niðurstöðu. Hér er lagt til, að frv. verði samþ. óbreytt og án tafar. Þeirri ályktun er hér með komið á framfæri."

Og með leyfi forseta hljóðar ályktun aðalfundar Búnaðarsambands Suður-Þingeyinga á þessa leið:

„Aðalfundur BSSÞ 1981 lýsir stuðningi við fram komið lagafrv. um skiptingu Þingeyjarþingsdýralæknisumdæmis í tvennt og skorar á Alþingi að lögfesta frv. á yfirstandandi þingi."

Þessi áskorun og þessi ályktun kemur eftir umsögn sem hér hefur áður verið nefnd.

Þá vil ég — með leyfi forseta — fá að vitna til upplýsinga héraðsdýralæknisins, Bárðar Guðmundssonar, þar sem hann segir m. a.:

„Í svo stóru héraði sem þessu, þar sem fjarlægðir eru miklar, getur einn dýralæknir ekki sinnt nema broti af því sem gera skal. Það hefur líka sýnt sig í þessu héraði, að þýðingarmikil eftirlitsstörf, svo sem árleg kúa- og fjósaskoðun, hugsanlegar fyrirbyggjandi aðgerðir gegn sjúkdómum, upplýsingaþjónusta og fræðsla hafa að miklu leyti verið vanræktar vegna tímaskorts hjá okkur, sem hér höfum starfað sem héraðsdýralæknar. Tel ég því brýna nauðsyn á því, að héraðinu verði skipt. Ég tel heppilegast að báðir verði búsettir á Húsavík. Þannig nýtast þeir best. Varðandi skiptingu héraðsins í tvö umdæmi tel ég heppilegt að skipta því í Austur- og Vestur-Þingeyjarþingsumdæmi um Fljótsheiði og Hafralækjarskóla þannig að í vesturumdæminu verði Bárðdælahreppur, þeir bæir vestan Fljótsheiðar, sem eru í Reykdælahreppi, og Aðaldælahreppur norðan Hafralækjarskóla."

Hv. þm. Stefán Valgeirsson taldi að landafræði okkar félaga hv. þm. Halldórs Blöndals væri eitthvað „brogúð". En ég leyfi mér að treysta svo vel á héraðsdýralæknirnn að hann viti hvað hann er að fjalla um. Hann segir berum orðum hér og greinilega skrifuðum á hvítan pappír að þetta skuli vera norðan Hafralækjaskóla. En landfræðilegar deilur mun ég ekki fara út í.

Það er alveg augljóst, að það verða ævinlega skiptar skoðanir um hvernig skipta beri dýralæknishéruðum og það er auðvitað löggjafans að skera úr um það, hvernig skiptingin verður, því að heima í héraði næst sjaldnast samkomulag um slíkt. Ég geri því ekki mikið úr þeim ágreiningi, sem fram hefur komið um skiptinguna, og legg þess vegna til að þetta frv. verði samþykkt.

Ég get ekki farið mörgum orðum um þann hluta frv., sem kemur frá Ed., og verð raunar að treysta því, að Ed.-menn þ. e. landbn. Ed., hafi vit og þekkingu til þess að gera frv. þannig úr garði að bæði sé rétt og skynsamlega að málum staðið.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta nál. né þetta mál í heild. Hér er um mikið hagsmunamál að ræða og er mjög nauðsynlegt og brýnt að flýta því, að unnt verði að fjölga dýralæknum í þessu héraði sem um ræðir, einfaldlega vegna þess að sá maður, sem þar er fyrir, héraðsdýralæknirinn, sem ætti að vera manna hæfastur til að meta þörfina fyrir aukna þjónustu við bændur, hefur lagt til að þetta verði gert. Og ég tek einhverra hluta vegna talsvert miklu meira mark á hans reynslu, þekkingu og skoðunum á þessu máli heldur en hugmyndum einstakra þm. um hvernig þarna skuli málum háttað.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Eins og fram hefur komið er sú hugmynd að skipta Þingeyjarþingsumdæmi í tvö dýralæknishéruð komin frá bændum í Þingeyjarsýslu og frá dýralækninum á Húsavík. Þaðan er frumkvæðið komið og dýralæknirinn á Húsavík hafði um það samráð við annan dýralæknanna á Akureyri, þann sem hefur gegnt því í Hálshreppi, þannig að um þessa skiptingu, sem gert var ráð fyrir í frv., var að öllu farið eftir tillögum dýralæknisins. Þegar talað er um, að ég hafi misst áttir og þekki ekki bæi og hreppamörk í Aðaldal, Reykjadal eða Kinn, þá er með því verið að ætla dýralækninum á Húsavík að hann hafi ekki kunnugleika í þessum efnum. Ég verð því að harma að þau ummæli skulu hafa fallið hér í deildinni.

Ég vil aðeins vekja athygli á því, vegna þess að hv. 2. þm. Norðurl. e. beitti þeim rökum varðandi Öxarfjarðarhrepp, að eðlilegra væri að Austur-Þingeyjarþingsumdæmi næði að Öxarfjarðarnúp vegna betri samgangna við Húsavík en við Þórshöfn, að hið sama hlýtur þá að

gilda um Presthólahrepp og Fjallahrepp. Má vera að það séu hugmyndir hv. 2. þm. Norðurl. e. að taka þessa hreppa alla undan dýralæknisumdæminu á Þórshöfn. En ef það eru hans hugmyndir, þá eru þær ekki í samræmi við hugmyndir flokksbróður hans, Eggerts í Dal, sem hefur sent landbn. bréf, þar sem allt önnur sjónarmið koma fram.

Um Hálshrepp vil ég aðeins segja það, að samgöngur allar liggja frá Hálshreppi til Akureyrar. Það er því afskaplega eðlilegt að oddviti Hálshrepps taki því ekki með þökkum ef á að kljúfa í sundur dýralæknisþjónustuna og póstþjónustuna, kljúfa í sundur dýralæknisþjónustuna og mjólkurflutninga, því að vitaskuld liggur betur við að meðul og annað berist til Hálshrepps frá Akureyri heldur en frá Húsavík, ég tala ekki um þegar Leiruvegur verður kominn. Ég ætla að vegalengdin frá Akureyri að brú á Fnjóská sé um 20 km, en um 60-70 km frá Húsavík, en bændur hafa einmitt lagt upp úr því, að vegalengdir séu sem skemmstar þar sem þjónusta dýralæknir sé kostnaðarsöm. Það er því mikið í húfi að dýralæknir sé sem næst þeim sem þjónustuna eiga að fá.

Ég geri mér grein fyrir því, að það er hægt að vekja upp deilur um hvort rétt sé að annar dýralæknirinn sé á Stóru-Tjörnum, Breiðumýri eða Húsavík. Það er létt verk. Þeir, sem næst búa Stóru-Tjörnum, geta vel hugsað sér að dýralæknirinn sé þar. Þeir, sem næst búa Breiðumýri, geta vel hugsað sér að dýralæknirinn sé þar. Það gefur auga leið. En hitt vitum við, að dýralæknir á Breiðumýri er ekki hóti nær þeim í Kinn heldur en dýralæknir á Húsavík. Það er því ekki umhyggjan fyrir þjónustu við bændur sem er á bak við þær hugmyndir að stía í sundur þeim dýralæknum sem báðir mundu þjóna Þingeyjarþingi. Á Akureyri eru tveir dýralæknar búsettir. Erlendis hefur það þróast svo að smám saman hefur tekist mjög árangursrík samvinna milli tveggja dýralækna sem búsettir eru á sama stað, en betra þykir að hafa skýr mörk ef upp skyldi koma ágreiningur milli dýralækna. Innn í þetta mál blandast að engu leyti þau sjónarmið, að dýralækni langi til að gína yfir bæjum sem undir eðlilegum kringumstæðum ættu að heyra undir annan dýralækni. Það er þess vegna ekki um það að ræða.

Ég hef borið þessa skiptingu undir bændur fyrir norðan, hringt í bændur í Suður-Þingeyjarsýslu og spurt þá hvort þessi skipting sé eðlileg, ekki síst eftir að ég heyrði undarlegar sagnir um það, að sitthvað væri missagt varðandi orðalagið „norðan Hafralækjarskóla", og ber bændum saman um að mestu máli skipti að bæta dýralæknisþjónustuna. Þeir vitna til þess, að sauðburður stendur nú yfir, og tala um að dýralæknirinn sé ekki of sæll af þeim önnum sem hann er nú í. Það er því af brýnni þörf sem farið er fram á að fjölga dýralæknum.

Ég hélt að ég mundi ekki lifa það varðandi bændur í Suður-Þingeyjarsýslu að jafnvel þótt Sjálfstfl. fengi til fulltingis við sig stuðning Alþfl. á Alþingi mundi Framsfl. standa fastur gegn því, að komið yrði til móts við bændur í vöggu samvinnuhreyfingarinnar að þessu leyti. En ég held að engum manni dyljist að hv. 2. þm. Norðurl. e. er svo mikið í mun, að ekkert mál nái fram að ganga varðandi hagsmuni kjósenda hans fyrir norðan nema hann sé þar flm., og hæstv. landbrh. sé svo mikið í mun að fá að fjölga dýralæknum á næsta þingi, að undir engum kringumstæðum megi vilji þingsins koma fram í þessu máli. Við sjáum, hvernig afgreiðslan var í Ed. varðandi fjölgun dýralækna á Suðurlandi og Austfjörðum, og vitum, að meiri hl. Alþingis er með þeirri fjölgun. Ég efast heldur ekki um að ef Alþingi starfaði í einni deild mundi meiri hl. vera fyrir fjölgun dýralækna fyrir norðan. Það er þess vegna um það að ræða, að einstakir menn í Nd. leggja á það ofurkapp að drepa þetta mál og hafa sem skálkaskjól í þeim efnum að ágreiningur sé fyrir norðan um búsetu dýralæknisins þó fyrir liggi að bæði Búnaðarsamband Norður-Þingeyjarsýslu og Búnaðarsamband Suður-Þingeyjarsýslu mæla með samþykkt frv.

Ég vil vekja athygli á því, að í maímánuði hefst að öðru jöfnu undirbúningur undir næstu fjárlög, og ég tel, að það sé nauðsynlegt að heimild frá Alþingi um fjölgun dýralækna liggi þegar fyrir til þess að hægt sé að gera ráð fyrir henni í fjárlagafrv. þegar það verður lagt fram á næsta hausti. Það er jafnframt þýðingarmikið til þess að unnt sé fyrir þá, sem vildu setjast að fyrir norðan, að fá úr þessu skorið í tíma til þess að seinagangur Alþingis tefji ekki þetta mál.

Ég vil svo að lokum segja það, að varla mundi það breyta miklu um skipan dýralæknisumdæma fyrir norðan þótt Öxarfjarðarhreppi yrði eftir á bætt við Austur-Þingeyjarþingsumdæmi ef það þætti henta. Það mundi engu breyta um nauðsyn þess, að tveir dýralæknar komi í Suður-Þingeyjarsýslu. Ef henta þætti á næsta hausti að flytja til búsetu annars dýralæknisins mætti gera það þegar í stað þegar þing kemur saman, en ég legg áherslu á nauðsyn þess allra hluta vegna að Alþingi taki þegar af skarið um skiptingu Þingeyjarþingsumdæmis. Beiðnin um það er ekki auglýsingamál einstakra þm. Frumkvæðið kom úr héraðinu sjálfu. Þeir, sem báðu um að frv. væri flutt, voru bændur í Suður-Þingeyjarsýslu og höfðu í höndunum bréf dýralæknisins um það.

Ég vil svo að lokum segja það, herra forseti, að ég þakka fyrir að þetta mál fékk að koma á dagskrá þessa fundar. Enn er nægur tími til að málið fái hér þinglega meðferð ef vilji er til þess hjá einstökum þm. Ég trúi því ekki, að í máli eins og þessu haldi flokksböndin. Ég trúi því ekki, að stjórnarþm. bindi sig við þröngsýni einstakra manna í þessari deild sem vilja standa á móti framgangi nauðsynjamála fyrir bændur í þrem kjördæmum.

Frsm. meiri hl. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að tefja þetta mál, en ég kemst ekki hjá því að segja hér nokkur orð samt sem áður.

Það, sem ég var að segja áðan, er úr umsögn Búnaðarsambands Suður-Þingeyinga. Það er, Búnaðarsambandið, Helgi Jónasson formaður þess, sem leggur til að búseta þessa nýja læknis í vesturumdæminu verði annaðhvort á Stóru-Tjörnum eða Laugum. Ég ætla mér ekki þá dul að fara að segja fyrir um það, hvernig á að skipta þessum umdæmum þó að ég þekki nokkuð vel til þarna í mínu kjördæmi. Það verða aðrir að gera. Og það verða þeir að gera að mínum dómi sem búa þar en ekki hv. Alþingi. Mér dettur ekki í hug að ætla, þó að þetta frv. yrði að lögum á þessu þingi, að það verði kominn dýralæknir til starfa á þessu ári. Það er engin fjárveiting til þess.

Það eru engar skiptar skoðanir um það og það er hreinn útúrsnúningur að halda því fram, að það hafi komið fram hjá mér eða nokkrum öðrum að þarna væri ekki þörf. Hún er bara víðar og hún er miklu víðar en í þessum þremur umdæmum sem hér er fjallað um. Ég veit um það, en ætla mér ekki að blanda mér inn í það frekar.

Ég legg einmitt áherslu á að lögin verði endurskoðuð og umdæmin og að því ljúki þannig að þessi fjölgun eigi sér stað um næstu áramót, vegna þess að ég held að með því móti sé ekki verið að tefja málið, langt frá því, heldur að fá skynsamlega niðurstöðu.

Ég gat um það, að ég hefði haft samband við formann Búnaðarsambands Suðurlands. Hann taldi vandséð að þetta væri sú rétta skipting, og hann sagði meira að segja annað. Hann sagði: Við erum ekkert betur settir að skipta þessu umdæmi, en fá svo engan til þess að þjóna því. Það er málið.

Það er dálítið skrýtið, að hv. stjórnarandstæðingar eru í öðru orðinu að tala um að við séum að flaustra af frv. án þess að athuga þau nákvæmlega, en svo erum við aftur skammaðir fyrir það í hinu orðinu að við skulum ekki vilja lögfesta frv. þegar undirbyggingin er eins og hún er í þessu tilviki.

Það getur vel verið að hv. þm. Halldór Blöndal ætli sér að hafa suðurhlutann af Aðaldælahreppi með austurumdæminu, en norðurhlutann aftur með vesturhlutanum. Ég hélt að þetta ætti að vera áframhald, vegna þess að Reykjadalur fylgir því að vestan og áframhaldið ætti að vera með því, en ekki að taka þarna spildu inn á milli. En þetta er kannske þeirra landafræði og þeirra tillögur. (**HBl:** Tillögur dýralæknisins.) En svona er flumbruháttturinn með öllu móti.

Herra forseti. Ég lofaði að vera stuttorður og hef lokið máli mínu.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Í sambandi við afgreiðslu á þessu máli vil ég gjarnan greina frá því, að ég hef ákveðið að á þessu sumri fari fram endurskoðun á dýralæknalögum, bæði á umdæmaskiptingu og eins samræming laganna og að fella lögin saman í eina heild. Um þessi efni hafa farið fram bréfaskipti á milli landbrn. og yfirdýralæknisembættisins og á þessu tel ég vera full þörf, vegna þess að ábendingar eða óskir hafa komið fram um að stofnuð verði ný dýralæknaembætti, bæði þau þrjú, sem hér hafa verið flutt sérstök frv. um á Alþingi, og eins önnur þrjú, sem ekki hafa verið flutt frumvörp um. Ég tel æskilegt og út af fyrir sig hyggilegt að þessi mál séu þannig athuguð öll í senn þannig að væntanlega verði um meiri yfirsýn að ræða. Og það er ásetningur minn, að frv., sem byggist á þeirri athugun, verði lagt fyrir þegar í upphafi næsta Alþingis.

Ég skal ekki orðlengja þetta frekar, en taldi ástæðu til að greina frá þessu hér. En það verður jafnframt að gera sér grein fyrir því, að lög um ný dýralæknisumdæmi verða ekki virk án þess að til komi fjárveiting og menn fáist til starfa. Vonandi er að það gangi vel. Þetta kostar töluvert fé og þarf að vinna að því, að lögin komist í framkvæmd, með því að þeim verði fylgt eftir með fjárveitingu.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það er nú bráðum hálft annað ár síðan hæstv. landbrh. settist í þann stól, en í lögum segir að landbrh. skuli sjá um að dýralæknalögin séu samræmd og gefin út, en efndir á því hafa ekki orðið. Ég fagna því, að hann skuli ætla að reyna að standa sig eftir að ég hef borið fram fsp. hér á Alþingi um hvernig standi á þessum drætti. En hitt vil ég segja, að mér kemur ekki á óvart þótt hann reyni að bregða fæti fyrir frv. sem einhver af þm. Sjálfstfl. flytur.

Ég vil svo segja það við hv. 2. þm. Norðurl. e., þegar hann talar um flumbruganginn í sambandi við landafræðina fyrir norðan, þá langar mig til að spyrja hann um það, hvort honum sé kunnugt hvar Sandsbærnir eru og aðrir þeir bæir í Aðaldal sem þarna er talað um. Ég held að hann ætti að fara í huganum fram Aðaldalinn og beygja hjá Hafralæk vestur á bóginn, fara fram í Skriðuhverfið og athuga bæina þarna og velta því svo fyrir sér, hvernig skipta skuli.

Héraðsdýralæknirinn komst að ákveðinni niðurstöðu, og ég heyri að hv. þm. hefur gaman af því að gera lítið úr honum. Ég skal láta héraðsdýralækninum eftir í góðu tómi, næst þegar þessi hv. þm. bregður sér austur fyrir Vaðlaheiði til þess að safna atkv. og til þess að sýna bændum þar hvað hann hefur staðið sig vel, að ræða við menn þar um þessa skiptingu. En hitt ætla ég að segja honum, að sú ræða, sem hann flutti hér áðan um flumbruganginn í sambandi við nýtt dýralæknisumdæmi í Þingeyjarsýslu, verður honum ekki metin til tekna, síður en svo.

Það kom fram hjá hæstv. landbrh., að það þarf að huga að því í tíma að fá fjárveitingar til þess að hægt sé að stofna dýralæknisembætti. Þetta frv. er borið fram af brýnni þörf vegna þess að sofið hefur verið á verðinum varðandi fjölgun dýralækna. Það er fyrst núna sem hæstv. landbrh. hrekkur upp af Þyrnirósarsvefninum og boðar það, að hann ætli að láta endurskoða dýralæknaskipanina nú í sumar. En ef marka skal önnur loforð þessarar hæstv. ríkisstj., ef maður lítur á hvernig ríkisstj. gengur að koma sér saman um hvar virkja skuli, ef maður rifjar upp hvernig gengur hjá ríkisstj. að marka stefnu í iðnaðarmálum, ef maður athugar m. a. hvernig samstaðan var um fóðurbætisskattinn, ef maður lítur á eitt og annað sem þessa ríkisstj. varðar, hlýtur niðurstaðan að verða sú, að Alþingi getur ekki tekið alvarlega þó að þessi ríkisstj. segist ætla að beita sér fyrir einhverju á sumardögum eða ætli að skipa nefnd í mál. Það einfaldlega skiptir ekki máli.

Ef hv. 2. þm. Norðurl. e. vill reynast vel bændum fyrir norðan, ef hann vill ekki bregðast þeim varðandi betri dýralæknisþjónustu, þá á hann að greiða þessu frv. atkv. sitt. Hann á ekki að bera fyrir sig einstaka menn fyrir norðan. Hann á ekki að reyna að gera tillögur norðanmanna í þessum efnum hlægilegar. Hann á að segja eins og rétt er og satt: Það er grundvallaratriði, að ákvörðun sé tekin í þessum efnum. — Ef hæstv. landbrh. vill fjölga dýralæknum í haust umfram það sem hér er lagt til, þá hann um það. En spurningin hér er um þetta: Ætlum við norðanmenn að standa saman um þetta mál og fara eftir vilja okkar umbjóðenda í verki? Það er um það sem þessi krafa er. Það er þess vegna sem hringt er að norðan og beðið um að þetta mál sé samþykkt. Það er þess vegna sem það var tekið fyrir á aðalfundi Búnaðarsambands Suðurlands. Og það er þess vegna sem formaður Búnaðarsambands Norður-Þingeyinga mælir með þessu frv.

Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð að sinni. Það má vera að handjárnin haldi. Við verðum þá að freista gæfunnar, þegar þing kemur saman að nýju, að knýja þessa breytingu fram. Við verðum að vinna að málinu í sumar og láta þá menn, sem standa gegn því nú, verða fyrir þrýstingnum og finna að það er ætlast til þess, að a. m. k. þm. Norðurl. e. hafi ekki frumkvæði að því að standa gegn hagsmunamálum sinna kjósenda.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Það er aðeins aths. við orð hv. síðasta ræðumanns. Hann sagði að ég hefði vaknað seint til þess að huga að þeirri endurskoðun sem ég hafði hér kynnt að ég mundi láta fram fara. Ég tók til máls við 1. umr. um frv. til l. um dýralækna í hv. Ed. fyrir nokkrum mánuðum og kynnti þar bréfaskipti, sem fram hafa farið á milli rn. og yfirdýralæknisembættisins, og þær fyrirætlanir, sem þessu eru tengdar. Því miður missti ég af framsöguræðu hv. 1. flm. frv. um dýralækna hér í hv. Nd. Þykir mér mjög miður að hafa misst af þeirri umr. því að ég hefði kynnt þessar sömu fyrirætlanir þar.

Ég vildi aðeins láta þess getið. Þetta er mál sem hefur verið á döfinni síðustu vikurnar og síðustu mánuðina í rn., og samræming laganna, sem hv. þm. talaði um, var þar einnig í undirbúningi, en er frestað með tilliti til þeirra breytinga sem kunna að verða á lögunum við þá endurskoðun sem á döfinni er.

Frsm. minni hl. (Árni Gunnarsson): Herra forseti. Ég vil aðeins og eingöngu leggja áherslu á það sem ég sagði hér þegar ég mælti fyrir nál. minni hl. landbn. vegna þessa dýralæknafrv. sem hér liggur fyrir. Ég legg áherslu á að það verði samþykkt og vísa þar til álits aðalfundar Búnaðarsambands Suður-Þingeyinga, álits Búnaðarsambands Norður-Þingeyinga, héraðsdýralæknis og jákvæðra umsagna sem n. hafa borist um málið.

ATKVGR.

Till. á þskj. 1002 um að vísa frv. til ríkisstj. samþ. með 17:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GS, GJG, GGÞ, GHelg, HÁ, HG, JI, IGísl, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, SV, SvG, ÞS, AS.

nei: FrS, GeirH, HBl, JS, JÞ, KP, MHM, MB, SigurlB, SteinG, VG, AG, ÁG, BÍG, SvH.

8 þm. (FÞ, JE, MÁM, ÓE, SighB, StH, BGr, EH) fjarstaddir.

Fiskveiðar í Norðaustur-Atlantshafi, frv. (þskj. 674). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1022).

Listskreytingasjóður ríkisins, frv. (þskj. 943). — 1. umr.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Ekki skal úr því dregið, að frv. um listskreytingasjóð ríkisins er af virðingarverðri náttúru. En mig langar til að leita svara við því hjá hæstv. forseta, hverju það sætir um t. a. m. tvö frv. um Framleiðsluráð landbúnaðarins, annað flutt af nokkrum þm. Alþfl. og hitt af nokkrum þm. Sjálfstfl., það eldra er sennilega orðið tveggja mánaða gamalt, hverju það sætir að það er aftur og aftur tekið út af dagskrá og er ekki á þessari dagskrá. Það er alveg augljóst, þegar verið er að mæla fyrir nýjum frv. þegar svo er liðið á þing eins og nú, að það er ekki ætlast til að málið verði samþykkt. Það, sem skiptir máli, er að koma því í nefnd og senda það síðan út til umsagnar.

Ég segi það sem flm. að því fyrra máli sem ég nefndi, frv. sem fjallar um Grænmetisverslun landbúnaðarins, að mér er auðvitað ljóst að það er ekki spurning um hvort það verði afgreitt á þessu þingi eða ekki, það er spurning um að koma því í nefnd og koma því þaðan út til umsagnar. Og nákvæmlega sama gildir auðvitað um það frv. sem hæstv. menntmrh. er hér að fara að mæla fyrir. Hann gerir sér væntanlega ekki vonir um að málið verði afgreitt sem lög á þessu þingi, heldur er málið lagt fram til kynningar, því er komið í nefnd og þaðan sent út til umsagnar. Ég verð að segja að þetta er algerlega óeðlilegur forgangur, sem hæstv. ráðherrar hafa fram yfir almenna þm. í þessum efnum, og þetta er frekleg misnotkun á dagskrárvaldi, að ryðja ekki aðeins til hliðar, heldur út málum sem eru orðin tveggja mánaða gömul hér í deildinni, en setja inn mál í staðinn. Það verður einhver lágmarkssanngirni að ríkja í niðurröðun á efni. Herra forseti. Ég er með engum hætti að tala hér gegn hæstv. ráðh. eða hans málatilbúnaði, en þetta er ósanngjarnt með öllu.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég vil í tilefni af þessu taka fram, að ekki er öll nótt úti enn og ég skal gjarnan athuga það, að þetta mál, sem hv. 9. þm. Reykv. minntist á, komi hér til umr. Ég mun leggja mig fram um það. Að vísu minnist ég þess ekki að hann hafi lagt sérstaka áherslu á þetta, en allt að einu, hann hefur rétt fyrir sér í því, að ekki á að ganga fram hjá málefnum, hvort heldur það er stjórn eða stjórnarandstaða, þótt menn megi að vísu ekki gleyma því hverjir ráða.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil taka undir það sem hér var sagt. Alþingi starfar nú þannig að menn hafa naumast tíma til þess að kynna sér mál, og svo á af eintómri — ég veit ekki hvað á að kalla þetta — tilgerð að fara að mæla hér fyrir máli sem engum manni dettur í hug að einn einasti nefndarfundur verði haldinn út af. Ég held að það væri nær að fresta þessum fundi og gefa þm. tækifæri til þess að kynna sér betur þau stóru mál, sem ætlast er til að menn afgreiði fyrir helgina, heldur en vera að hlusta á einstaka ráðh. setja upp langar tölur af tómum hégómaskap um mál sem ekkert verður gert með, hvorki hér né annars staðar, á þessu þingi.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ástæðan, að þetta mál var tekið fyrir, var sú, að ég þurfti helst að koma 4. dagskrármálinu til 2. umr. og frsm. þess máls er tepptur undir lóð. Hann er formaður í iðnn. hv. deildar og mér skilst að hann hafi sem mest að vinna þar að mikilvægum málum. Til þess vildi ég taka tillit, og því ætlaði ég nú að drepa tímann við það að hlusta hér á listskreytingatal, af því líka sem ég minnist þess, að hv. 6. þm. Reykv., flokksbróðir vor, minn og hv. skrifara, hefur flutt um þetta till. og talað fyrir því af drengskap miklum. Þess vegna hélt ég líka að það væri áhugamál gervalls þingheims sem hér væri á ferðinni.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég ætla að nota orðalag hæstv. forseta og segja sem er, að ég mun ekki „setja á langar tölur" að óþörfu, en mér þykir vænt um að hæstv. forseti sýnir þessu máli þann sóma að taka það á dagskrá og gefa mér tækifæri til að tala fyrir því. Eigi að síður skal ég ekki hafa á móti því, að þau mál, sem

þm. bera hér fram, hafi fullan rétt á við þau mál, sem ég kann að flytja. En samt undrar mig nú eitt og annað af því sem hér hefur komið fram, ekki síst hjá hv. þm. Halldóri Blöndal í hans orðum hér, að hafa þau ummæli um þetta mál sem þarna er um að ræða. Ég hélt satt að segja að hann hefði nokkurn áhuga á því, að slík mál sem þessi kæmu til umr. Ekki vissi ég annað og kemur úr hörðustu átt þegar hann fer þessum orðum um þetta málefni áður en það kemur til umr. og er hér kynnt.

En sem sagt, herra forseti, þetta mál er stjfrv. sem ég mæli hér fyrir og fjallar um Listskreytingasjóð ríkisins. Eins og fram kemur í 1. og 2. gr. frv., sem skýra þetta mál hvað best, er ætlunin að stofna sjóð sem hafi það markmið að fegra opinberar byggingar með listaverkum og þessi sjóður heitir Listskreytingasjóður ríkisins. Gert er ráð fyrir því, eins og segir í 2. gr., að tekjur sjóðsins séu árlegt framlag ríkisins og að framlagið nemi 1% álagi á samanlagðar fjárveitingar ríkissjóðs í A-hluta, eins og nánar er vikið að í 3. gr. þessa frv., og einnig vaxtatekjur og aðrar tekjur. Meginatriði málsins er það, að þarna er lagt til að stofna sérstakan sjóð sem beri þetta heiti, Listskreytingasjóður ríkisins, og að tekjurnar séu sem svarar 1% álagi á fjárveitingar til bygginga sem ríkissjóður stendur að einn eða með öðrum.

Þetta málefni hefur lengi verið til umræðu og reyndar eru þegar í lögum ákvæði um þetta efni, þ. e. í grunnskólalögum. En því miður hefur þessi lagabókstafur verið nánast dauður bókstafur og þetta frv. er að mínum dómi þannig að vissa er fyrir því, að þá væri hægt að fara að framkvæma þá hugmynd sem margir hafa borið fyrir brjósti, að nokkurt fjármagn væri veitt til listskreytingar opinberra bygginga. Það tel ég vera meginkost þessa frv.

Sannleikurinn er sá, að sá vandi, sem hefur verið á framkvæmd þeirra ákvæða sem finna má í grunnskólalögum um listskreytingu skólamannvirkja, liggur fyrst og fremst í því, að sveitarstjórnum er ætlað að hafa forgöngu og frumkvæði í þessum efnum. Það hefur ekki gengið og alveg áreiðanlega er miklu heppilegra að ríkisstj. eða menntmrn. hafi forgöngu í þessum efnum. En eins og ég segi hefur þetta málefni átt marga góða fylgjendur hér í hv. Alþingi, og ég vona að svo reynist enn. Jafnvel þó að þetta frv. sé komið nokkuð síðla fram þótti mér eðlilegt að það kæmi fram nú á þinginu og fyrir þinglok og að það næði því að komast til nefndar sem síðan gæti að nokkru fjallað um það, a. m. k. vísað því til umsagnar ýmissa aðila sem kunna að vilja láta sig varða þetta mál, því að að sjálfsögðu þarf að hyggja vel að því, sem í þessu frv. stendur, og ekkert metnaðarmál af minni hálfu að það fari algerlega óbreytt hér í gegn eða án þess að það fái fullkomlega eðlilega athugun.

Ég held að aths., sem fylgja þessu frv., skýri það sjálft, og ég vísa til þess sem þar stendur. Ég bendi á það, eins og fram kemur í aths., að segja má að víðast hvar eða mjög víða í heiminum og þá alveg sérstaklega á Norðurlöndum er að finna þá stefnu sem örvar til listskreytinga opinberra bygginga. Dæmi um þetta má finna víðast á Norðurlöndum, reyndar alls staðar á Norðurlöndum, þó að Norðmenn skeri sig úr að ýmsu leyti í þessu efni og ríkissjóður þar leggi einna mest af mörkum af fjármagni í þessu skyni. Þar er fyrir hendi mjög myndarlegur sjóður sem gæti heitið á íslensku svipuðu nafni og hér er talað um: Listskreytingasjóður. Sama er að segja um Danmörk. Þar er líka til Listasjóður ríkisins, allöflug stofnun sem hefur með hendi svipaða starfsemi og hér er um að ræða og þó reyndar miklu víðtækari.

Ég skal ekki fara öllu meira út í þessi efni, herra forseti. Hér er mörgu að sinna. Hins vegar þætti mér vænt um ef hv. þd. að lokinni þessari umr. vísaði málinu til 2. umr. og hv. menntmn.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil taka það fram út af ummælum mínum hér áðan, að þau áttu ekki við efni þessa máls, heldur hitt, að sá er háttur á þessa síðustu daga að setja fótinn fyrir þau mál sem frá einstökum þm. koma ef þeir eru úr stjórnarandstöðunni, en hins vegar níðst á þingvenjum og almennu velsæmi gagnvart sumum málum ráðh.

Varðandi þetta sérstaka frv. vil ég aðeins segja það, að eftir að núv. hæstv. menntmrh. settist í þann stól hafa framlög til myndlistarmála stórkostlega aukist og hann á verulegt hrós skilið fyrir afskipti sín af þeim málum. Og þó ég sé ekki í einstökum atriðum sammála um þetta frv., að svo stöddu a. m. k., þá vil ég samt fagna því, að það skuli fram komið og því frumkvæði, sem hæstv. menntmrh. hefur sýnt varðandi myndlistarmál.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til menntmn. með 23 shlj. atkv.

Lagmetisiðnaður, frv. (þskj. 863 (sbr. 518), n. 994). — 2. umr.

Frsm. (Skúli Alexandersson): Herra forseti. Iðnn. Nd. hefur fjallað um frv. um lagmetisiðnað og Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins með þeim breytingum sem Ed. gerði á því frv. Við fengum til fundar við okkur þá Heimi Hannesson framkvæmdastjóra Sölustofnunar lagmetis og Örn Erlendsson framkvæmdastjóra Triton hf., og lýstu þeir skoðunum sínum og svöruðu spurningum nefndarmanna.

Nefndin leggur til að frv. verði samþ. eins og það kom frá Ed. Guðmundur G. Þórarinsson áskilur sér þó rétt til þess að styðja eða flytja brtt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 19:2 atkv.
2.—8. gr. samþ. með 20:1 atkv.
9. gr. samþ. með19:2 atkv.
10.—11. gr. samþ. með 21:1 atkv.
12. gr. samþ. með 21:1 atkv.
13. gr. samþ. með 20:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20:1 atkv.

Neðri deild, 104. fundur.

Fimmtudaginn 21. maí, að loknum 103. fundi.

Framleiðsluráð landbúnaðarins, frv. (þskj. 651). — 1. umr.

Flm. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Ég vil þakka fyrir skjóta afgreiðslu á þessu máli (**Gripið fram í:** Það er ekki búið að afgreiða málið.) Nei, að því er varðar dagskrána, en jafnframt geta þess, að hv. 7. landsk. notaði hér áðan þau orð, að það væri hégómi að mæla fyrir málum svo seint. Um þetta skulu ekki höfð mörg

orð, því að tilgangurinn, þegar svo langt er liðið á þing, er einasta sá að fá mál afgreitt til nefndar og freista þess, að hún muni leita umsagna um það.

Hér er um að ræða frv. til l. um breyt. á l. nr. 101 frá 8. des. 1966, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., sbr. lög nr. 68/1976. Tilgangi þessa frv. er lýst í mjög stuttri grg., svofellt:

„Með þessu frv. til l. er lagt til að lögum nr. 101/1966, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verði svo breytt, að einokunarákvæði um sölu á matjurta- og gróðurhúsaframleiðslu falli niður. Eftir sem áður er gert ráð fyrir því, að framleiðsluráðið fari með yfirstjórn sölumála matjurta- og gróðurhúsaafurða, svo sem segir í 32. gr. nefndra laga. Ekki er lögð til önnur breyting á Grænmetisverslun landbúnaðarins en sú, að fleiri aðilar fái að versla með þessar vörutegundir að uppfylltum skilyrðum." — Og þá segir í grg. og það vil ég undirstrika sérstaklega: „Þá er gert ráð fyrir því í þessu frv., að Sexmannanefndin ákveði ekki verð á þeim matvælum, sem hún fjallar um, heldur hámarksverð." — En það er að finna í 3. gr. frv., sem er till. til breytingar á 25. gr. framleiðsluráðslaganna.

Nú er það svo, að á undanförnum árum hafa oft heyrst kvartanir frá neytendum um það, að vöruframboð á þeim vörum, sem hér um ræðir, sé ónógt, að gæðin séu ónóg, og hafa verið ástæður til að ætla að þessu valdi sú einokun sem Grænmetisverslun landbúnaðarins hefur haft um nefndar vörutegundir. Nú mega menn ekki rugla saman í þessum efnum. Þegar þetta er sagt eða þessu varpað fram er með engum hætti verið að leggja dóm á söguna. Einokun getur verið réttlætanleg á einum tíma þó hún sé það ekki á öðrum tíma. Og ég vil ekki taka undir þann söng, að slíkir viðskiptahættir séu á öllum tímum óréttmætir. Það fer bæði eftir aðstæðum og samfélagsháttum. En góðu heilli, síðan þessari viðskiptaeinokun var komið á hefur þjóðfélaginu í efnahagslegu tilliti fleygt fram, og að minni hyggju er það svo, að svo réttlætanlegir sem þessir viðskiptahættir voru á sínum tíma, — það er út af fyrir sig óþarfi að blanda þessu of mikið saman, — hafi svo verið séu þær aðstæður ekki lengur fyrir hendi.

Það er landbrn. sem fer með framkvæmd þessara laga. Fyrirtæki hafa á undanförnum árum, t. d. fyrirtæki í Reykjavík, átt í bréfaskiptum við landbrn. og farið fram á að fá um takmarkaðan tíma heimildir til innflutnings á grænmeti. Þetta eru fyrirtæki sem á sama tíma hafa flutt inn t. d. ávexti, hafa getið sér gott orð á því sviði og hafa góða geymsluaðstöðu og gott geymslurými sem uppfyllir allar ýtrustu kröfur í þeim efnum. En rn. hefur svarað þessu alfarið neitandi og vísað til laganna frá 1966 í því sambandi. Um þetta eru til löng og ítarleg bréfaskipti.

Ég vil vekja á því athygli, að hér er auðvitað ekki um að ræða með einum eða neinum hætti atlögu að Grænmetisverslun ríkisins. Það er m. ö. o. gert ráð fyrir að hún starfi áfram. En gert er ráð fyrir að myndist heilbrigð samkeppni einkaaðila og þess fyrirtækis. Sá dómur, sem í þessu frv. felst, því að annars væri það væntanlega ekki flutt, er að það hljóti við nú ríkjandi aðstæður í íslensku samfélagi að vera neytendum til góða og leiða til hvors tveggja: lækkaðs vöruverðs og aukins vöruúrvals.

Þess ber líka mjög að gæta í þessu sambandi, að á Vesturlöndum hefur á undanförnum árum í þessum efnum verið að eiga sér stað neyslubylting, þ. e. neysla á grænmeti og öðru slíku hefur færst mjög í vöxt og kemur þar sennilega hvort tveggja til: hollustuhættir og tíska. Um það fyrra greinir menn ekki á lengur. Hér er um hollar og heilbrigðar vörur að ræða. En sannleikurinn er sá, að við hér á Íslandi höfum alls ekki fylgst með í þessari þróun, höfum ekki fylgt þjóðum, sem okkur eru að öðru leyti landfræðilega og menningarlega skyldar, eftir í þessum efnum. Beinast liggur við að álykta að sú einokunarverslun, sem hefur verið í þessum efnum, hafi verið mjög hamlandi um neyslu á þeim vörutegundum og varningi sem hér um ræðir. Það má m. ö. o. leiða að því gild rök, að þeir viðskiptahættir, sem á undanförnum árum hafa tíðkast í þessum efnum, hafi staðið í vegi fyrir og staðið nýjum neysluvenjum fyrir þrifum, — neysluvenjum sem ég hygg að allir séu sammála um að séu hollar og af hinu góða.

Ég vil enn fremur vekja athygli á því, að í 8. gr. frv. er gert ráð fyrir að lög þessi öðlist gildi 1. jan. 1982.

Að lokum tel ég eðlilegt, herra forseti, að leggja til að þessu máli verði vísað til 2. umr. og til fjh.- og viðskn.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Hér er til umr. frv. sem nokkrir hv. Alþfl.-menn hafa flutt um breyt. á lögum nr. 101 frá 1966. Þar sem við höfum, ásamt mér hv. þm. Steinþór Gestsson og Albert Guðmundsson, flutt frv. um sama efni og óljóst er hvort tækifæri gefst til að flytja framsögu fyrir því máli á þessu þingi, þykir mér eðlilegt að fara nokkrum orðum um það frv., enda hljóta frumvörpin tvö að verða skoðuð í sameiningu í nefnd sem fær þetta mál til meðferðar.

Ég get að mestu leyti tekið undir rökstuðning hv. síðasta ræðumanns sem hann flutti í sinni framsöguræðu, en þess skal getið, að við undirbúning frv. okkar sjálfstæðismanna höfðum við samband við fjölda manna sem bæði hafa hagsmuni af þessum málum og þekkja vel til þeirra, svo sem Eðvald Malmquist, Þorvald Þorsteinsson framkvæmdastjóra Sölufélags garðyrkjumanna, fulltrúa dreifingaraðila, sérstaklega í innflutningsverslun, m. a. þá sem sjá um innflutning á ávöxtum, sem ekki er alls óskyld vara, blómasala, en blómarækt er hér mikil í garðhúsum og gróðurhúsum, og loks hv. þm. Egil Jónsson sem áreiðanlega er einna best að sér allra manna á Alþingi um kartöflurækt.

Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um það frv. sem við sjálfstæðismenn höfum lagt fram hér í hv. deild, en með okkar frv. er lagt til að einokunarákvæði um sölu á matjurta- og gróðurhúsaframleiðslu verði numin úr lögum. Ekki er gerð önnur breyting á starfsemi Grænmetisverslunar landbúnaðarins. Lagt er til að lögin taki ekki gildi fyrr en 1. jan. 1982, eða á sama tíma og Alþfl.-mennirnir gera ráð fyrir að þeirra lög taki gildi, og þannig getur Grænmetisverslun landbúnaðarins og núverandi framleiðendur og hugsanlegir nýir heildsöludreifendur fengið nokkurn aðlögunartíma áður en lögin taka gildi.

Ákvæði frv. um afnám einokunar í verslun með grænmeti eiga að vera til bóta fyrir neytendur og enn fremur framleiðendur, sérstaklega þá sem framleiða fyrsta flokks kartöflur, og hugsanlega aðra heildsöludreifendur. Á Grænmetisverslun landbúnaðarins að geta starfað áfram þótt sérréttindi fyrirtækisins séu afnumin, en nú er álitamál að margra mati hvort gildandi löggjöf brýtur ekki í bága við 69. gr. stjórnarskrárinnar.

Öllum er kunnugt að hagfræðin fjallar m. a. um hag-

kvæmni mismunandi fyrirkomulags á framleiðslu og dreifingu vöru og þjónustu. Niðurstöður hagfræðinnar eru almennt þær, að einokun sé þjóðhagslega óhagkvæmasta framleiðslu- og dreifingarfyrirkomulagið. Stefna vestrænna þjóða a. m. k. hefur því verið að afnema og útiloka einokun hvarvetna þar sem samkeppni fær þrifist, en veita einokunarfyrirtækjum, sem búa við tæknilega eða náttúrlega einokun, rekstrarlegt aðhald. Ástæðurnar fyrir því, að einokun er jafnóhagkvæm og hér hefur verið getið um, eru fyrst og fremst þrjár: Í fyrsta lagi að verð til neytenda hefur tilhneigingu til þess að vera hærra en þar sem samkeppni ríkir. Í öðru lagi verður vörumagn til neytenda minna samkvæmt áhrifum verðsins á jöfnun framboðs og eftirspurnar og fjölbreytni minnkar jafnframt. Og í þriðja lagi getur þjónusta við neytendur verið lakari án þess að það skaði einokunarfyrirtækið ef ný fyrirtæki eru útilokuð frá aðgangi að markaði.

Þótt hægt sé að sýna fram á þessi atriði með hagfræðilegum aðferðum að gefnum vissum forsendum, þá verður það ekki gert í þessari stuttu ræðu. Æskilegast væri að geta beitt aðferðum raunvísindanna með samhliða tilraunum með einokun og samkeppni á sama markaði á sama tíma.

Ég held hins vegar að það sé ástæða til þess að fara örfáum orðum um þær fjórar brtt. sem okkar frv. gerir ráð fyrir.

Með 1. gr. er heildsöludreifing á garðávöxtum og matjurtum framleiddum í gróðurhúsum gefin frjáls þannig að nýir heildsöludreifendur geti starfað við hlið núverandi dreifingaraðila. Jafnframt er umsjón með þessum kafla framleiðsluráðslaganna færð í hendur landbrn. til samræmis við 39. gr. laganna, enda er sú skipan eðlilegri vegna þeirra breytinga sem hér eru lagðar til. Landbrn. getur þó að sjálfsögðu engu að síður falið Framleiðsluráði að framkvæma settar reglur og annast það eftirlit sem henta þykir.

Með breytingunni í 2. gr. fellur niður einkaréttur ríkisstj. til innflutnings á kartöflum og grænmeti. Í stað þess er lagt til að ríkisstj. hafi heimild til að takmarka innflutning þegar innlend framleiðsla er á boðstólum. Jafnframt er ríkisstj. heimilt að setja reglur um innflutning þegar innlend framleiðsla er ekki fáanleg.

Með 3. gr. er fellt niður núgildandi ákvæði 36. gr. um heimild Framleiðsluráðs til að veita einkasöluréttindi á gróðurhúsaframleiðslu og eggjum. Í stað þess kemur ný 36. gr. um varnir gegn sýkingu nytjajurta.

Og með 4. gr. er felld niður heimild Framleiðsluráðs til að skipta landinu í sölusvæði, en sú niðurfelling er eðlileg fylgja þess, sem áður er getið, og breytingu á verslun með þessar vörur.

Tilgangurinn með því að leggja þetta frv. fram er að sýna að innan þingflokks Sjálfstfl. hefur farið fram vinna sem hefur beinst að því að aflétta einokun á þessu sviði, án þess að hér skapist hætta fyrir innlenda framleiðendur, og með því að taka tillit til hagsmuna neytenda. Ein aðalástæðan fyrir því, að ákveðið var að leggja þetta frv. fram nú í vor, er sú, að við teljum að þá gefist hæstv. landbrh. tækifæri til þess í sumar að skoða þetta frv. og reyndar þessi frv. bæði sem lögð hafa verið fram: það frv., sem hér er til umr., og það frv., sem við sjálfstæðismenn höfum lagt fram. Og ég þykist þess fullviss, að þegar þetta mál er skoðað niður í kjölinn af landbrn. verði þess að vænta, að hæstv. landbrh. leggi fram strax í haust brtt. við framleiðsluráðslögin sem innihaldi það sem bæði þessi frv. gera ráð fyrir.

Ég tel, herra forseti, ekki ástæðu til þess að hafa þessi orð öllu fleiri. Ég hef kosið að ræða um frv. sem reyndar er ekki á dagskránni. En vegna þess, hve það frv. er náskylt því sem hér er til umr., taldi ég eðlilegt að láta skoðun mína í ljós, ekki síst vegna þess að enginn virðist enn vita hvenær þinglausnir verða og svo kynni að hafa farið að þingi lyki án þess að flutningsmenn frv., sem er 322. mál þingsins, fengju tækifæri til þess að flytja framsögu með sínu máli.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 19:4 atkv.

Umræður utan dagskrár.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Það hefur verið venja öll þau ár sem ég hef átt sæti á þingi, að miklar annir hafa verið bæði fyrir jól og eins í þinglok, og þm. hafa ekki talið eftir sér að starfa þó að vinnudagur hafi oft verið langur. En ég minnist þess, að þegar Alþb. var í stjórnarandstöðu var formaður þingflokks þess lengst af Lúðvík Jósepsson sem sat allra manna best þingfundi og tók mjög virkan þátt í þingstörfum. En hann var strangur í einu og stjórnarliðið varð að láta undan þeirri kröfu hans. Hann sagðist ekki láta bjóða sér að sitja nema tvö kvöld í einu á fundum, þriðja kvöldið vildi hann fá að eiga frí, það væri of mikið álag, þm. þyrftu mörgu að sinna, öðrum fundarhöldum í nefndum í þingi og þingflokkum, það þyrfti líka að lesa margvísleg þingskjöl

Nú skeði það í lok síðasta þings, að hv. Alþingi samþykkti lög nr. 46 28. maí 1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Í þessum lögum segir:

„Lög þessi gilda um alla starfsemi, þar sem einn eða fleiri menn vinna, hvort sem um er að ræða eigendur fyrirtækja eða starfsmenn."

Síðan kemur hverjir eru undanþegnir þessum lögum, og þar segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„a) siglingamál og önnur verkefni, sem sérstaklega eru falin Siglingamálastofnun ríkisins, sbr. lög nr. 51/1970 og lög nr. 12/1976 um kafarastörf. Einnig alþjóðasamþykktir, sem Ísland er og verður aðili að og falla undir verksvið Siglingamálastofnunar ríkisins, þar með talið um gáma, um flutning á hættulegum efnum, um mengun sjávar o. fl.,

b) loftferðir, sbr. lög nr. 34/1964 og lög nr. 71/1974 um breyt. á l. nr. 34 1964 um loftferðir. Einnig alþjóðasamþykktir, sem Ísland er og verður aðili að og falla undir verksvið flugmálastjórnar,

c) algeng heimilisstörf í einkaíbúðum."

Þetta eru einu undantekningarnar frá þessum lögum sem Alþingi samþykkti fyrir u. þ. b. ári. Síðan segir í 52. gr.:

„Vinnutíma skal haga þannig, að á hverjum sólarhring, reiknað frá byrjun vinnudags, fái starfsmenn a. m. k. 10 klst. samfellda hvíld.

Samfelldan hvíldartíma má stytta í 8 klst. með samkomulagi milli aðila vinnumarkaðarins um framkvæmd, þegar um er að ræða: a) vaktavinnu, b) störf að landbúnaði, c) björgun verðmæta frá skemmdum, svo sem sjávarafla."

Síðan segir í 54. gr.:

„Vinnueftirlit ríkisins getur veitt undanþágu frá ákvæðum 52. gr. þegar a) starfið er þess eðlis, að ekki er hægt að stöðva starfsemina, b) sérstakir atvinnuhættir gera frávik nauðsynleg."

Nú vil ég spyrja hæstv. forseta: Telur hann hér ekki um gróft lögbrot að ræða af sjálfum löggjafanum á ársgömlum lögum? Hér er búið að brjóta þessi lög, og mér er ekki kunnugt um að til Vinnueftirlitsins hafi verið leitað. Forseti skýrir þá frá því. Það ræður ef stytta má þennan hvíldartíma. Nú geri ég kröfu sem einn af meðlimum löggjafarvaldsins að lögfjafinn sjálfur brjóti ekki þau lög sem hann setti 28. maí 1980.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Heyrði ég það ekki rétt, að þarna væru ýmsar undanþágur frá lögunum varðandi siglingar? Með tilliti til þess, að hér fer sigling þjóðarskútunnar fram lít ég svo á að við séum undanþegnir.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Þetta er ekkert gamanmál. Ég ætla að athuga það alveg fullkomlega að kæra þetta. Ég ætla að láta reyna á það, hvort Alþingi Íslendinga getur látið brjóta lög. Ég ætla líka að láta reyna á það, hvort það sé hægt að svara því með spéi og spotti að það sé verið að sigla þjóðarskútunni. Hvað er með þá sem eru sigldir til annarra landa? Hafa þeir þá einhver sérstök fríðindi að mega hvíla sig í tíu klukkutíma? Þetta er ekkert spott. Nú ætla ég í fyrsta og eina skiptið að biðja formann Verkamannasambands Íslands að segja álit sitt á þessu máli, hvort hann telji að það sé sjálfsagt að brjóta þessa löggjöf á meðlimum Verkamannasambands Íslands og hvort hann telji ekki að alþm. eigi að fara eftir þeim lögum sem þeir setja þjóðinni.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég tek það fram, að ég tel þetta ekkert gamanmál vera, og ef hv. 1. þm. Vestf. álítur að það sé eitthvert spaug fyrir forseta að sitja undir ýmsu því sem hér er yfir hann dembt, þá er það misskilningur. Líklega ætti ég þá að sækja hvað fastast að þessum lögum yrði framfylgt.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Hv. 1. þm. Vestf. vitnar hér til laga um vinnuvernd og les þar grein eftir grein. Um framkvæmd þessara laga — ég hef nú ekki lögin hér við höndina — þarf hv. 1. þm. Vestf., jafngjörkunnugur og hann er atvinnulífi landsmanna, ekki að láta sér koma þetta á óvart. Það þarf ekki að segja honum það, að í Vestmannaeyjum, Þorlákshöfn, Hornafirði og víðar hér í verstöðvum við suðurströndina var unnið ekki einn sólarhring, ekki tvö kvöld, heldur tvo og þrjá sólarhringa, og var ekki álitið brot á lögum. Og það þóttu engar fréttir að það væri unnið til tvö að nóttu. Nú eru það stórfréttir í útvarpi að þm. hafi verið að störfum til tvö s. l. nótt. Það er forsíðufrétt í blöðum og það er ein höfuðfréttin í útvarpi. Framkvæmd laganna er því ekki hagstæð þó að ég vilji á engan hátt gera lítið úr þeirri meginreglu sem sá ágæti maður Lúðvík Jósepsson hefur haft.

En það er talað einhvers staðar í þessum lögum um sérstakar undanþágur ef sérstakt ástand skapist og aðilar geti samið um það sín á milli. Og fyrst leyft var að vinna allt upp í þrjá sólarhringa í Vestmannaeyjum, á Hornafirði og Þorlákshöfn, þá held ég ekki að hæstv. forseti fari í tugthúsið þó að við fengjum að vinna hér eitthvað fram eftir nóttu.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Hv. 7. þm. Reykv. hefur upplýst að ívitnuð lög séu þverbrotin í Vestmannaeyjum, ef það má verða mönnum huggun harmi gegn.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því, að þeirri spurningu hefur ekki verið svarað hér, hvort starfsfólk Alþingis, sem margt er mjög roskið, heyri undir þessi lög eða ekki. Ég býst við því, að þm. muni sem slíkir vera reiðubúnir að þola stjórn forseta á þessum málum. En mér þætti vænt um að fá við því skýlaus svör frá formanni Verkamannasambandsins, hvort hann lítur að starfsfólk þinghússins heyri undir þessi lög, því að það var sótt með ofurkappi á sínum tíma að þau skyldu sett.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég held að ég geti nú svarað þessu, að lögin hljóta að ná yfir alla sem eru á lífi þá og þá.

Raforkuver, frv. (þskj. 784, n. 1020 og 1021, 1017, 974). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Skúli Alexandersson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir áliti meiri hl. iðnn. um 320. mál deildarinnar, frv. til l. um raforkuver. Eins og fram kemur í nál. hélt nefndin allmarga fundi um mál þetta og kvaddi á sinn fund forstöðumenn ýmissa stofnana sem málið varðar svo og sérfræðinga. Niðurstaða meiri hl. n. varð sú að leggja til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem koma fram á þskj. 1021, en þær eru þessar helstar:

Áherslum í 2. gr. verði breytt þannig að fyrst verði taldar þær framkvæmdir sem eðlis málsins vegna er hægt að fela Landsvirkjun beint án undangenginna sérstakra samninga, en þær framkvæmdir, sem semja þarf um við Landsvirkjun, verði taldar síðar.

Þá er í 1. gr. bætt við heimild til aukningar á vélaafli við Hrauneyjafossvirkjun þannig að heimild sé fyrir fjórar 75 mw. vélar og heildarafl virkjunarinnar þannig 280 mw., og að heimilað verði að bæta við fjórðu 50 mw. vélinni við Sigölduvirkjun og afl hennar þannig aukið í 200 mw.

Á 2. gr. eru gerðar þær breytingar að 2. mgr. frv. er felld niður, en ný sett í staðinn þar sem gert er ráð fyrir að staðfestingar Alþingis þurfi einungis að leita vegna nýrra vatnsaflsvirkjana eða virkjanaáfanga. Til viðbótar er skotið inn í 2. gr. tveim mgr. sem gera ráð fyrir að áður en ákvarðanataka fer fram sé leitað álits Landsvirkjunar, Orkustofnunar, Rafmagnsveitna ríkisins og fleiri aðila um þjóðhagslega hagkvæmni og áhrif á raforkukerfið og að gerð sé grein fyrir notkun orkunnar til orkufreks iðnaðar og til sparnaðar á innfluttu eldsneyti.

Um áfanga þessarar breytingar er þetta að segja: Áherslubreytingin í 1. gr. er fyrst og fremst til að skapa eðlilegra samhengi í upptalningu þeirra framkvæmda, sem um er að ræða, og breytir ekki efnisatriðum. Sú aflaukning, sem lagt er til að heimiluð verði í Hrauneyjafoss- og Sigölduvirkjun, er í samræmi við þær áætlanir sem gerðar hafa verið um framkvæmdir í tengslum við aukna miðlun í Þórisvatni. Þegar miðlun þar efra

hefur verið aukin úr núverandi 1000 gígalítrum í 1765 gigalítra er æskilegt að auka aflið í þessum virkjunum til að geta nýtt miðlunina.

Varðandi breytinguna á 2. mgr. 2. gr. er það að segja, að hún er gerð til að taka af tvímæli um hvað heimilt sé að gera án sérstakrar staðfestingar Alþingis og hvað þurfi slíkrar staðfestingar við. Samkvæmt þessu er án sérstakra heimilda Alþingis hægt að ráðast í gerð Kvíslaveitu, stækkun Hrauneyjafoss- og Sigölduvirkjunar, gerð stíflu við Sultartanga, uppsetningu jarðvarmastöðva og varastöðva með þeim stærðartakmörkunum, sem um getur í 1. gr., svo og nauðsynlegar framkvæmdir til aukningar og styrkingar á raforkuflutningskerfinu.

Þetta er í sjálfu sér engin efnisbreyting frá því sem upprunalega var í frv., heldur er hér einungis verið að taka skýrar til orða til að taka af hugsanlegan vafa. Eins og fram kemur í grg. er þetta m. a. gert samkvæmt ábendingu Landsvirkjunar.

Um þær tvær mgr., sem bætt er inn í 2. gr., má segja að þar sé um að ræða leiðarljós fyrir stjórnvöld við ákvarðanatöku um nýjar vatnsaflsvirkjanir eða virkjunaráfanga. Hér er ekki um að ræða nein fyrirmæli um ný eða breytt vinnubrögð, heldur er hér um að ræða áréttingu á þeim sjónarmiðum sem talin eru eðlileg í þessu sambandi og hafa verið og eru einn þáttur í eðlilegum undirbúningi slíkrar ákvörðunartöku. Það er sem sé fyrst leitað álits helstu sérfræðistofnana í málinu, síðan er lögð áhersla á, að þjóðhagsleg hagkvæmni og áhrif á raforkukerfið verði höfð í huga og látin ráða, og að lokum, að ekki sé gleymt því mikilvæga atriði varðandi hverja meiri háttar virkjun, hvort og hvernig nýting orkunnar tengist orkufrekum iðnaði. Sérstaklega er bent á orkunýtingu tengda sparnaði á innfluttu eldsneyti, en þar er m. a. höfð í huga útrýming olíunotkunar til húshitunar og í iðnaði, einkanlega í fiskimjölsverksmiðjum.

Í þessu sambandi er vert að minna á möguleikann til að tengja þetta tvennt saman: að nota vatnsorkuna til að framleiða eldsneyti sem nota mætti í samgöngutæki, eins og hæstv. iðnrh. vék að í framsöguræðu sinni fyrir frv.

Það er álit meiri hl. n. að í væntanlegum samningum við Landsvirkjun verði gætt að tvennu sérstaklega. Annars vegar verði að því stefnt að hlutdeild ríkisins í fyrirtækjunum aukist, eftir því sem virkjunum fjölgar, og/eða að öðrum sveitarfélögum en aðeins Reykjavíkurborg og Akureyrarkaupstað eða þá samtökum þeirra verði gefinn kostur á eignaraðild. Meiri hl. n. telur þetta sjónarmið eðlilegt með tilliti til þess m. a., að vatnsréttindi og landréttindi við ýmsar fyrirhugaðar virkjanir eru að miklu leyti í höndum ríkisins og er lögð fram af því til virkjunarinnar. Einnig er eðlilegt talið að þeir landshlutar, sem virkjað verður í, fái aðild að fyrirtækinu og hafi áhrif á stjórn þess. Hins vegar verði í samningnum við Landsvirkjun stefnt að sem mestri verðjöfnun í þeim skilningi, að smásöluverð til neytenda hvar sem er á landinu verði sem jafnast. Þarflaust er að fara mörgum orðum um það óréttlæti og þá mismunun sem felst í þeim mun á raforkuverði til notenda sem nú viðgengst.

Rafmagn til almenningsnota er orðinn svo sjálfsagður þáttur af almennum lífsgæðum allra landsmanna að það ætti að vera sjálfsagt mál að sama verð á raforku gilti til almennra heimilisnota hvar sem er á landinu.

Í ráðherratíð núv. hæstv. iðnrh. hefur mikið áunnist í þessum málum. Þannig er munur á raforkuverði til almennra heimilisnota hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur annars vegar og Rafmagnsveitum ríkisins hins vegar um 24%, en var áður allt að 86%. En hér þarf að gera betur, munurinn er enn of mikill, og hann er meiri en þetta á öðrum tegundum notkunar.

Ábending meiri hl. n. er til þess gerð, að það tækifæri til leiðréttingar á þessum málum, sem gefst við væntanlega samningagerð við Landsvirkjun, verði notað til að vinna þessu réttlætismáli gagn.

Að lokum vil ég víkja að 5. gr. frv. sem fjallar um eignarnámsheimildir. Slíkar heimildir eru nauðsynlegar og sjálfsagðar í frv. sem þessu, og n. gerir ekki till. um breytingar á þessu atriði. En ég vil leggja áherslu á það meginsjónarmið, að jafnan verði reynt til hins ýtrasta að leysa hugsanleg deilumál, sem upp kunna að koma, með samningum við rétthafa. Sérstaklega á þetta að mínu mati við um þá deilu sem uppi er við Blöndu. Þá deilu á að leysa með samningum og í því sambandi á að kanna vandlega alla möguleika sem kunna að vera á að haga þannig til að sem minnst óhagræði verði að fyrir þá sem eiga afkomu sína undir nýtingu beitilands á þessu svæði. Þetta á einkanlega við tilhögun miðlunarlóns, bæði að því er varðar staðsetningu stíflu og hugsanlega áfangaskiptingu. Slík breyting þarf ekki að hafa neina tímalega seinkun í för með sér eins og upplýst var á fundi n. með sérfræðingum.

Herra forseti. Ég hef nú rakið brtt. meiri hl. n. og greint frá ástæðum fyrir þeim. Breytingarnar ganga allar í sömu átt og meginstefna frv.: að marka stórhuga og raunhæfa orkustefnu sem hefur það að höfuðmarkmiði að íslenskar orkulindir verði nýttar af okkur sjálfum og fyrir okkur sjálfa.

Frsm. minni hl. (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Hv. 4. þm. Vesturl., sem mælti hér fyrir áliti meiri hl. iðnn., lauk máli sínu á þann veg að segja að með þessu frv. væri mörkuð stórhuga og raunhæf stefna í orkumálum Íslendinga. Hér er vissulega um mikið öfugmæli að ræða, eins og allir sjá sem kynna sér þetta frv., og ekki tekur betra við þegar skoðaðar eru þær brtt. sem nú hafa verið lagðar fram við það frv. sem hér er til umr.

Við 1. umr. þessa máls flutti ég allítarlega ræðu þar sem ég gerði grein fyrir skoðunum og stefnumálum sjálfstæðismanna í orku- og iðnaðarmálum. Ég gerði þá ítarlega grein fyrir því frv. sem þm. Sjálfstfl. hafa flutt í Ed. um raforkuver, en það frv. er stutt af öllum þm. flokksins, bæði í Ed. og Nd., nema þeim sjálfstæðismönnum sem í ráðherrastólum sitja. Ég gerði þar ítarlegan samanburð á því frv., sem hér er lagt fram, og því frv., sem lá og liggur fyrir Ed., en ekki hefur fengist afgreitt þrátt fyrir ítarlegar tilraunir nm. Sjálfstfl. í iðnn. Ed.

Þingmenn hafa beðið nú í allan vetur eftir því, að hæstv. ríkisstj. boðaði stefnu sína í iðnaðar- og orkumálum og legði fram frv. um orkumál. Það hefur verið boðað æ ofan í æ af hæstv. ráðh., að slíkt frv. væri á leiðinni, og boðað að það frv. mundi móta ákveðna stefnu í orkumálum. Hæstv. forsrh. sagði skýrt og skorinort í útvarpsviðtali 1. apríl s. l. að ríkisstj. mundi, áður en þingi lyki, leggja fram slíkt frv. þar sem m. a. röð virkjana yrði ákveðin. Þrátt fyrir þetta höfum við beðið og beðið vikum og mánuðum saman án þess að nokkuð gerðist. Við höfum oft fengið þær fregnir, að slíkt frv. væri stöðugt til umræðu í ríkisstj., en þar væri ekkert samkomulag um það, í hvaða átt frv. um orkumál ætti að ganga.

Stjórnarandstaðan hefur því haft allt frumkvæðið í þessum málum hér á Alþingi í vetur. Bæði þm. Sjálfstfl. og þm. Alþfl. hafa flutt þáltill. um stefnu í stóriðjumálum og frumvörp um næstu framkvæmdir í raforkumálum. Þau frv. hafa fengið lítið brautargengi hér á hv. Alþingi eins og mörg önnur mál sem stjórnarandstaðan flytur. Við biðum því með mikilli eftirvæntingu eftir að fá að sjá þetta frv. sem boðað hafði verið af hæstv. iðnrh. En ég verð að segja að það var dapurlegur dagur þegar frv. um raforkuver var lagt hér fram á hv. Alþingi. Þegar hæstv. iðnrh. kom hér og mælti fyrir því frv. var ljóst að hæstv. ríkisstj. hafði enga stefnu í orkumálum og hafði enga stefnu í iðnaðar- og stóriðjumálum. Frv. fól raunverulega í sér upptalningu á nokkrum virkjunum sem allir vita að eru á næsta leiti og unnið hefur verið að undirbúningi að, en í frv., fólst engin stefna um það, hvar byrja skyldi að virkja, og það sem verra var, botninn vantaði í frv. Það var engin tilraun gerð til þess að leggja fram neina orkustefnu, hvernig nýta ætti þá orku sem ljóst er að hægt er að framleiða í þeim virkjunum sem nú standa fyrir dyrum.

Við, sem skipum minni hl. iðnn., þ. e. hv. þm. Jósef H. Þorgeirsson, Magnús H. Magnússon og ég, erum andvígir því frv. sem hér liggur fyrir. Aðalástæða þess er sú, að engin stefna hefur verið mótuð um nýtingu þeirrar orku, sem næstu virkjanir gefa, umfram það sem hinn almenni markaður notar. Um það efni ríkir greinilega fullkomið ráðleysi í hæstv. ríkisstj. En vitað er að hæstv. iðnrh. og flokkur hans hefur verið andvígur þeirri stóriðjustefnu sem lagði grundvöll að byggingu stórvirkjana í Þjórsá og Tungnaá, og um það, hvernig Alþb., flokkur hæstv. iðnrh., hefur þvælst fyrir í því máli, eru mörg dæmi sem ekki er efni til að rekja hér.

En á fáum stöðum er jafngott lýsandi dæmi um það, hvernig stefnuleysi hæstv. ríkissstj. háir okkur í þessum málaflokki, en í því plaggi sem við þm. höfum fengið í hendur frá orkuspárnefnd, en hæstv. iðnrh. hefur látið dreifa því hér meðal þm. Í álitinu er gerð grein fyrir forsendum raforkuspár sem lögð er til grundvallar því frv. sem hér er til umr. En þar segir — með leyfi hæstv. forseta — og það er orkuspárnefnd sem talar:

„Nefndinni var vel ljóst, að ekki yrði gerð raforkuspá, sem það nafn ætti skilið, nema fyrir lægju forsendur um þróun einstakra atvinnugreina sem sumar hverjar nota mikla raforku. Nefndinni var einnig ljóst, að slíkar atvinnuspár verða ekki gerðar nema út frá vissum forsendum um almenna efnahagsþróun er miðast við að hverju er stefnt í efnahags- og atvinnumálum.

Um þetta eru menn engan veginn sammála sem kunnugt er. Sumir telja t. d. að Íslendingar geti tryggt sér mjög góð lífskjör í framtíðinni með því að nýta orkulindir landsins í stórum stíl til orkufreks iðnaðar. Aðrir telja umfangsmikla stóriðju varasama og að ná megi þokkalegum efnahag án þess að hún komi til nema í takmörkuðum mæli."

Síðan tekur orkuspárnefnd fram að hún sé ekki rétti aðilinn til að skera úr þessu deilumáli, það sé hlutverk stjórnvalda að marka stefnu m. a. í stóriðjumálum. Því næst vitnar orkuspárnefnd í stefnuyfirlýsingu núv. ríkisstj., þar sem fjallað er um orku- og stóriðjumál, en segir síðan orðrétt, með leyfi hæstv. forseta.

„Þótt þessi stefnugrein feli í sér ákveðna viljayfirlýsingu er hún allt of almennt orðuð til að koma megi að notum við spá um eftirspurn eftir raforku."

Frv. það, sem nú er hér til umr. og afgreiðslu, breytir engu frá því óvissuástandi sem orkuspárnefnd átti við að glíma. Frv. felur í sér heimildir til ákveðinna virkjana, en þó er settur mjög sterkur varnagli þar við, sem enn hefur verið hert á nú þegar brtt. hafa verið lagðar fram, um það að ákvarðanir í þessum efnum eigi að koma fyrir hv. Alþingi að nýju. M. ö. o.: það skiptir engu máli þótt í þessu frv. séu taldar upp ákveðnar virkjanir sem allir vita að verið er að vinna að undirbúningi að og þetta frv. breytir í sjálfu sér engu um, málið skal engu að síður koma aftur til kasta Alþingis til þess að taka endanlega ákvörðun um hverjar skuli vera næstu framkvæmdir í virkjunarmálum.

Ég gat um það áðan, að fyrr á þessu þingi hefðu bæði þm. Sjálfstfl. og þm. Alþfl. flutt hvorir sitt frv. um orkumál. Þó þau frv. væru að ýmsu leyti ólík var svipaður andi í þeim báðum. Þau frv. gerðu bæði ráð fyrir miklum átökum í orkumálum, að það yrði efnt til mikilla framkvæmda í þessum málaflokki og að grundvöllur og forsenda þeirra framkvæmda væri stórhuga og djörf iðnaðarstefna, að efnt yrði til orkufreks iðnaðar í ríkum mæli til þess að selja þá orku sem úr þessum iðjuverum fæst. Sú stefna var byggð á þeirri trú okkar, að framtíð þessa lands, að ein af grundvallarforsendum þess, að við hér á þessu landi megum bæta okkar lífskjör, halda í við okkar nágrannaþjóðir að því er lífskjör snertir, væri sú, að hér yrði áfram virkjað í stórum stíl og hér yrðu byggð orkufrek iðjuver.

Þegar frv. hæstv. ríkisstj. lá fyrir varð að samkomulagi milli þingflokka Alþfl. og Sjálfstfl. að við skyldum freista þess að ná sameiginlegri stefnu fram og flytja brtt. við þetta ófullkomna frv. hæstv. iðnrh. Þær brtt. hafa verið fluttar á þskj. 974, og við, sem skipum minni hl. iðnn. Nd., stöndum að þeim brtt. ásamt nokkrum öðrum þm. úr þessum tveimur flokkum, eins og nánar greinir á þessu þskj.

Í þessum brtt. er gert ráð fyrir því á miklu ákveðnari hátt og með miklu ákveðnara orðalagi en fram kemur í frv. hæstv. ríkisstj., að reisa skuli orkuver, að reisa skuli nýjar virkjanir eða viðbætur við orkuver á Þjórsár- og Tungnaársvæðinu með allt að 250 mw. uppsettu afli, þ. á m. stækkun Hrauneyjafossvirkjunar og bygging Sultartangavirkjunar. Í öðru lagi, að virkjað skuli í Blöndu í Blöndudal með allt að 180 mw. uppsettu afli þegar tryggð hafi verið nauðsynleg réttindi vegna virkjunarinnar. Það er að sjálfsögðu nauðsynlegt skilyrði, til þess að í þá virkjun verði ráðist, að samningar hafi náðst við þau hreppsfélög, sem hlut eiga að máli, og þá landeigendur, sem þar eiga hlut að máli. Í þriðja lagi, að virkjað verði í Jökulsá í Fljótsdal með allt að 330 mw. uppsettu afli þegar ákvörðun hefur verið tekin um að setja upp stóriðju á Austurlandi.

Við, sem skipum þessa nefnd, fengum til viðtals við okkur ýmsa sérfræðinga í raforkumálum til þess að ræða um efni þessa frv. Það kom mjög glöggt fram í öllum þeim umr., að hagkvæmni Fljótsdalsvirkjunar ræðst fyrst og fremst af því, hverær stóriðjan kemst upp, hversu aflfrek sú stóriðja verður og hversu hratt hún verður byggð. Hagkvæmni þessarar virkjunar byggist á slíkri stóriðju. Þess vegna viljum við gera stóriðju á Austurlandi að forsendu fyrir því, að Jökulsá í Fljótsdal verði virkjuð. Þar með fylgjum við eindregnum áskorunum sem fram hafa komið frá íbúum á Austurlandi í formi áskorana og fundarsamþykkta frá fjölmörgum félaga-

samtökum á fundum um þessi mál á Austurlandi. Þar nefni ég t. d. samband sveitarfélaga á Austurlandi sem mjög skýrt og ákveðið hefur kveðið upp úr með að það telji að stóriðja á Austurlandi sé forsenda Fljótsdalsvirkjunar.

Ég rek ekki brtt. okkar í smæstu atriðum því margar af þeim leiðir af því sem ég hef þegar sagt. Ég get þess þó, að við teljum að Alþingi eigi nú þegar að afgreiða þetta mál frá sér með ákveðinni stefnu þannig að frekari ákvarðanir um einstakar framkvæmdir eða virkjanaröð þurfi ekki að koma fyrir hv. Alþingi að nýju nema þá í formi lánsfjárlaga, en í þeim lögum þarf að sjálfsögðu að kveða á um nauðsynlegar lánsheimildir til slíkra virkjana.

Ég vil þó vekja athygli á einu grundvallaratriði í okkar brtt., en það er að við viljum alveg ótvírætt, skýrt og skorinort, tengja þessar miklu virkjunarframkvæmdir við orkufrekan iðnað í landinu. Við leggjum því til að í þetta frv. bætist ný grein sem orðist á þá leið, að undirbúningur samninga um sölu raforku til orkufreks iðnaðar og byggingu og rekstur iðjuvera í því sambandi falli undir orkusölunefnd skuli vinna að því að leita hagkvæmra sölusamninga um raforku til iðnaðar og miða störf sín við að sala raforku til orkufreks iðnaðar a. m. k. fjórfaldist til ársins 1999. Nefndin skal sérstaklega hraða samningagerð um byggingu þriggja nýrra iðjuvera á sviði orkufreks iðnaðar, eins á Austurlandi, eins á Norðurlandi og eins á Suðvesturlandi eða Suðurlandi, auk stækkana á þeim orkufreku iðjuverum sem fyrir eru.

Síðan er í sérstakri grein gert ráð fyrir að orkusölunefnd skuli skipuð sjö mönnum kosnum af Sþ. eftir hverjar alþingiskosningar og nefndin skipti sjálf með sér verkum. Við teljum nauðsynlegt að það sé nefnd kosin af Alþingi sem hafi með þessi mál að gera. Ástæðan er sú, að við treystum ekki hæstv. iðnrh. til að fara með þessi mál. Við teljum að hann og flokkur hans hafi sýnt það og sannað, að hann er útöluflokkur í þessum efnum og ekkert marktækt muni gerast að því er orkufrekan iðnað meðan hæstv. iðnrh. situr í þessum stól. Við því getum við þó ekki gert eins og sakir standa, en til þess að tryggja að fram gangi sú stefna, sem við trúum á í þessum efnum, viljum við að kosin sé sérstök nefnd af hv. Alþingi til að fylgja þessu máli fram.

Við leggjum enn fremur til að auk þeirra virkjana, sem sérstaklega eru taldar upp í okkar frv., skuli ríkisstj. sjá til þess á hverjum tíma fram til ársins 1999, að tiltækir verði fullhannaðir virkjunarkostir með tilliti til verkefna í orkufrekum iðnaði umfram þær virkjanir sem þá er unnið að framkvæmdum við eða í starfrækslu eru. Undir það koma að sjálfsögðu virkjanir sem talað hefur verið um að auðvelt ætti að vera að ráðast í eða að stækkun á þeim virkjunum sem fyrir eru. Þá nefni ég t. d. 60 mw. stækkun Sigölduvirkjunar og 60 mw. stækkun Hrauneyjafossvirkjunar, sem talað er um að geti verið hagkvæmar þegar búið er að fullgera Kvíslaveitu og byggja stíflu við Sultartanga. Hér koma að auki ýmsar aðrar virkjanir til greina bæði austanlands, sunnanlands og norðanlands, og flestar af þeim virkjunum hafa verið nefndar að einhverju leyti í þeim umr. sem hér hafa farið fram.

Ég tel mjög ánægjulegt að svo víðtæk samstaða skuli hafa myndast hér á hv. Alþingi milli þeirra flokka, sem skipa stjórnarandstöðu, um brtt. við þetta frv. um raforkumál sem raun ber vitni. Á þann hátt hafa stjórnarandstöðuflokkarnir sameinast um stórhuga stefnu í einhverju stærsta máli sem íslenska þjóðin stendur frammi fyrir í dag. Við vorum tilbúnir með þessar brtt. fyrir tveimur sólarhringum. Við afhentum þá fulltrúum stjórnarflokkanna í iðnn. þessar till. og vorum þá reiðubúnir til þess að afgreiða málið út úr n. Það er því ekki við okkur að sakast þó að það hafi dregist þangað til nú fyrir nokkrum klukkutímum að þetta mál kæmi úr nefnd. Auðvitað er það rangt, sem hæstv. iðnrh. sagði í Ríkisútvarpinu í þætti sem við tókum saman þátt í í gærkvöld, að hann hefði í allan gærdag verið að búast við að þetta mál kæmi úr hv. iðnn. Hann vissi betur. Hann vissi sjálfur að það var fullkomin óeining um þetta mál og það voru engar líkur á því, eins og mál stóðu þá, að þetta mál mundi fá afgreiðslu hér á hv. Alþingi. Þess vegna hafa stjórnarliðar verið hér á þeysispretti um þinghúsið bæði í gær og í dag með allar hendur á lofti til þess að reyna að ná einhverju samkomulagi sem tryggði að þetta frv. gæti farið í gegn hér á hv. Alþingi. Nú hafa þessar brtt. séð dagsins ljós, og ég verð að segja að lengi getur vont versnað. Ekki var þetta frv. mikið að vöxtum eða mikið að efni þegar það sá dagsins ljós hér á Alþingi, en ekki er það betra nú eftir að stjórnarliðar hafa farið höndum um það og útvatnað það í því skyni að reyna að tryggja því framgang hér á hv. Alþingi.

Þessar brtt. fela það í sér í fyrsta lagi, að það er breytt um röðun á upptalningu virkjana í 1. gr. frv. Nú er ekki lengur virkjað í stafrófsröð, eins og hæstv. iðnrh. gat um á blaðamannafundi sem hann hélt þegar hann kynnti þetta frv., heldur er nú einhver allt önnur röðun sem gildir, röðun sem reyndar er erfitt að sjá hvaða tilgangi þjónar. Ekki skal ég setja mig upp á móti því í sjálfu sér, þó að hæstv. iðnrh. telji að það sé eðlilegra og réttara að telja virkjanir upp í annarri röð en í stafrófsröð. En engu máli skiptir það þó um efni þessa frv. eða að hverju er stefnt með því. Það er að vísu bætt inn í frv. fjórðu vél í Hrauneyjafossvirkjun og fjórðu vél í Sigölduvirkjun, en það eru vélar sem í raun og veru skiptir engu máli hvort eru tilgreindar í lögum nú, en að sjálfsögðu saklaust eins og margt af því öðru sem í þessu frv. kemur fram.

Að öðru leyti eru tvær efnisbreytingar í þessu frv., og ekki eru þær til sóma fyrir hæstv. iðnrh. og ekki bera þær vitni um að hæstv. iðnrh. njóti mikils trausts hjá því stjórnarliði hér á hv. Alþingi sem hann styðst við.

Í 2. gr. frv., eins og það var lagt fram, stóð í 2. mgr.: „Ákvarðanir um framkvæmdir í virkjunarmálum, þ. á m. um framkvæmdaröð, skulu staðfestar af Alþingi.“ Þetta var túlkað á þann veg, að hæstv. iðnrh. gæti haft það sér til dundurs áfram í ár eða svo, vegna þess að hann lét að því liggja að þetta ætti að taka til ákvörðunar í sambandi við afgreiðslu lánsfjárlaga á næsta ári eða hann gæti hugsað sér það. Lánsfjárlög á þessu ári voru afgreidd 14. apríl, þannig að með því hafði hann útvegað sér u. þ. b. ársfrest til þess að dunda við að raða upp þeim skýrslum sem hann hefur fengið í virkjunarmálum. En síðan átti þetta að koma til staðfestingar Alþingis. Nú er þetta vald, sem hann átti að hafa með þessu frv., tekið af honum með þessari mgr. eins og hún er orðuð nú, en þar segir: „Tillögur um framkvæmdir við nýjar vatnsaflsvirkjanir og virkjunaráfanga, þ. á m. um framkvæmdaröð, skulu lagðar fyrir Alþingi til samþykktar.“

Nú er það gott og blessað og ég fagna því vissulega, að þetta vald skuli tekið úr höndunum á hæstv. iðnrh. En ég harma það þó, að enn skuli vera að því stefnt að þessar

ákvarðanir skuli vera látnar dragast von úr viti. Það liggur ekkert fyrir um það, hvenær þessar ákvarðanir eigi að leggja fyrir Alþingi. Það er engin tímasetning í þessum lögum um það, hvenær þessar ákvarðanir eigi að taka á Alþingi né í hvaða formi. Við sitjum því að sjálfsögðu uppi eftir sem áður gjörsamlega óvitandi um það, hv. alþm. — og reyndar allir aðrir sem áhuga hafa á þessum málum, íslenska þjóðin öll, — við vitum ekkert um hvernig staðið skuli að þessum málum og hvernig röðun virkjana skuli vera.

Síðan segir: „Skal áður liggja fyrir grg. frá Landsvirkjun, Orkustofnun, Rafmagnsveitum ríkisins og öðrum þeim aðilum, sem ríkisstj. kveður til, um þjóðhagslega hagkvæmni virkjunarleiða og þýðingu þeirra fyrir raforkukerfi landsins.“

Var að einhverju öðru stefnt en þjóðhagslegri hagkvæmni í þessu efni? Á hvaða forsendum á þessi þjóðhagslega hagkvæmni að byggja? Um það er ekkert sagt í frv. sem hér liggur fyrir. Og ég minni enn á það sem fram kom hjá þeim sérfræðingum sem við kvöddum til í iðnn. um þessi mál, að þeir hver um annan þveran kváðu mjög skýrt á um að þjóðhagsleg hagkvæmni t. d. Fljótsdalsvirkjunar réðist algjörlega af því, hversu mikil stóriðja yrði á Austurlandi, hvenær hún yrði byggð, og að þessi virkjun væri algjörlega háð slíkri stóriðju. Um það er ekki sagt eitt einasta orð í þessu frv. Og um það hefur hæstv. iðnrh. ekki fengist til að segja eitt einasta orð. Allar þær óljósu hugmyndir, sem hann hefur talið fram í umr. hér á hv. Alþingi um þessi mál, eru ekkert annað en ógrundaðar hugmyndir sem byggjast ekki á neinu sem hönd verður á fest. A. m. k. höfum við í stjórnarandstöðunni ekki fengið neitt í hendur sem bendir til þess, að þar sé byggt á öðru en sandi.

Síðan segir í þessari grein: „Jafnframt“ — þ. e. jafnframt því að tillögur um framkvæmdir við nýjar vatnsaflsvirkjanir verði lagðar fram — „leggi ríkisstj. fram grg. um þá möguleika sem fyrir liggja um nýtingu orkunnar til orkufreks iðnaðar og sparnaðar á innfluttu eldsneyti.“

Takið eftir orðalaginu. Það á að leggja fram hér grg., eina bókina enn, þegar þessar till. verða lagðar fram, grg. um þá möguleika sem fyrir liggja um nýtingu orkunnar. Það á ekki að leggja fram neina stefnu, það á ekki að leggja fram neinar till. af hálfu hæstv. ríkisstj. eða gera okkur hv. alþm. eða íslensku þjóðinni grein fyrir því, á hvaða grundvelli þessar virkjanir verði byggðar eða hver sé stefna hæstv. ríkisstj. í þessum málum. Nei, það á að leggja fram greinargerð um þá möguleika sem fyrir liggja um nýtingu orkunnar. Ekki er nú hátt risið á þessum brtt. sem hér hafa verið lagðar fram. Og eins og ég sagði áðan: slæmt var frv., en enn þá verri eru þær brtt. sem nú eru hér lagðar fram og ætlast er til að við hv. alþm. samþykkjum.

Ég vek líka athygli á því, að í þessum brtt., sem hér eru lagðar fram af hálfu hæstv. ríkisstj., er ekki gert ráð fyrir því, eins og í brtt. þeim sem við stjórnarandstæðingar höfum lagt fram, að eignaraðilar Landsvirkjunar eigi neitt um það að segja hvernig virkjað skuli. Við tökum það skýrt fram í okkar till., að það, sem Landsvirkjun eigi að gera, skuli gert að fengnu samþykki eignaraðila. En um það er ekki eitt orð sagt í þessum brtt. hæstv. ríkisstj., heldur er bara talað um að Landsvirkjun skuli að fengnu samþykki ríkisstj. gera hitt og þetta í virkjunarmálum. Ég tel því að þeir, sem bera hag eignaraðila Landsvirkjunar fyrir brjósti, eigi erfitt með að samþykkja þær brtt. sem hér eru fram lagðar.

Það er vissulega alvarlegt að þetta frv. og þær brtt., sem hér eru lagðar fram, sniðganga alveg forsendur stærri virkjana, þ. e. orkufrekan iðnað, og hæstv. iðnrh. hefur hafnað því sem forsendu stórátaka í virkjunarmálum að slík stóriðjustefna eða slík stefna um orkufrekan iðnað sé mótuð.

Ef okkar brtt. verða felldar gerum við grein fyrir því í nál., að við teljum óverjandi að afgreiða orkumálin á þann hátt sem frv. ráðgerir. Í rauninni er með þessu verið að lögfesta áframhaldandi aðgerðaleysi í virkjunarmálum, lögfesta þá afturhaldsstefnu sem ríkt hefur í virkjunarmálum og stóriðjumálum hér á landi síðan Alþb. fékk forsjá þeirra mála í sínar hendur. Við það getum við ekki unað og þess vegna munum við greiða atkvæði gegn frv. ef brtt. okkar ná ekki fram að ganga.

Fari svo, að þetta frv. verði fellt, hefur Alþingi að sjálfsögðu þá leið að ganga til afgreiðslu á þeim tveimur frv. sem fyrir liggja um ný orkuver, þ. e. frv. þingmanna Sjálfstfl. og frv. þingmanna Alþfl., og við teljum fullkominn grundvöll fyrir því að ná víðtækri samstöðu um annað hvort þeirra frv. Ég tek það skýrt fram, vegna þess að það er verið að tala um að Alþingi eigi að ljúka störfum nú á laugardaginn kemur. Hæstv. ríkisstj. hefur tekið þá ákvörðun að senda Alþingi heim á laugardaginn, væntanlega til þess að hún geti tekið til við að stjórna ótrufluð af Alþingi. Stjórnarandstaðan hefur ekki óskað eftir þinglausnum n. k. laugardag. Við erum tilbúnir að sitja hér áfram og starfa á Alþingi svo lengi sem þarf. Ég vil taka það skýrt fram. Það eru því engin rök í því máli að það muni ekki vinnast tími til þess að afgreiða önnur frv. sem fyrir liggja þó að þetta frv. verði fellt.

Við lýsum því einnig yfir, að við erum reiðubúnir til að standa með ríkisstj. að öflun nauðsynlegra heimila til að fá lánsfé til áframhaldandi undirbúnings virkjana, eins og rætt er um í 2. gr. frv., en í rauninni er það hið eina ákvarðandi atriði sem í frv. felst.

Við bendum einnig á að í núgildandi lánsfjárlögum eru heimildir til lántöku vegna Kvíslaveitu og nauðsynlegra aðgerða í Þjórsá sem framkvæma á nú í sumar og lagaheimildir eru þegar fyrir. Og ég tek það skýrt fram, vegna þess að mér hefur stundum virst að nokkurs misskilnings gæti um það efni, að í núgildandi Landsvirkjunarlögum eru skýr og ótvíræð lagaákvæði um það, að Landsvirkjun sé heimilt að gera þær ráðstafanir sem hún telji nauðsynlegar til þess að tryggja eðlilegan rekstur Búrfellsstöðvar og Hrauneyjafoss- og Sigölduvirkjunar, þ. e. ráðstafanir í Þjórsá og Tungnaá ofan Búrfells. Þetta frv. breytir engu um það. Þau lög, sem hér kunna að verða samþykkt eða felld, breyta engu þar um, því að landsvirkjunarlögin eru skýr og ótvíræð að þessu leyti.

Við teljum nauðsynlegt, að allar undirbúningsframkvæmdir að þeim þremur stóru virkjunum, sem nú eru í undirbúningi, geti haldið áfram án tafar, og teljum þess vegna nauðsynlegt að samþykkja þær brtt. sem við höfum lagt fram og eru mun ákveðnari að orðalagi um virkjunarframkvæmdirnar sjálfar og leggja grundvöll að nýtingu þeirrar orku sem framleiða á í þeim virkjunum sem hér liggja fyrir til umræðu.

Það verður ekki of oft ítrekað að þessi málaflokkur, sem

við erum nú að kljást við, er einhver sá mikilvægasti sem við höfum við að glíma hér á hv. Alþingi. Þess vegna þarf að taka á þeim málum af stórhug og djörfung, en ekki af því hugarfari aðgerðaleysis og afturhaldssemi sem nú ríkir hjá hæstv. ríkisstj. í þessu efni.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég leyfi mér að mæla hér fyrir brtt. á þskj. 945 við frv. til l. um raforkuver. Brtt. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„1) Á eftir 5. gr. komi ný grein sem verði 6. gr. og orðist svo:

Samkvæmt ákvæðum 5. gr. skal ráðh. beita eignarnámsheimild vegna fyrirhugaðrar Blönduvirkjunar, takist ekki samkomulag við landeigendur fyrir 1. ágúst 1981.

2) 6. gr. frv. verður 7. gr."

Til þess að ekkert fari á milli mála, hvað hér er átt við, vil ég — með leyfi forseta — fá að lesa 5. gr. frv. Þar segir:

„Ráðherra getur tekið eignarnámi eða heimilað virkjunaraðila að taka eignarnámi vatnsréttindi, lönd, mannvirki og önnur réttindi, sem nauðsynleg eru til framkvæmda samkv. lögum þessum. Um framkvæmd eignarnáms fari eftir lögum nr. 11/1973 um framkvæmd eignarnáms. Um mat eignarnámsbóta skal fara eftir ákvæðum 140. gr. vatnalaga nr. 15/1923."

Með þessari brtt. er eingöngu verið að herða á þeirri heimild, sem ríkisstj. óskar sjálf eftir að hafa í lögunum, og alfarið vísað til þeirra ákvæða sem fjalla um mat eignarnámsbóta. Gildir þess vegna raunverulega 5. gr. að hluta til um þá grein og þá brtt. sem ég hér flyt.

Ég vil — með leyfi forseta — vitna til 67. gr. stjórnarskrár lýðveldisins, en þar segir á þessa leið:

„Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína, nema almenningsþörf krefji; þarf til þess lagafyrirmæli, og komi fullt verð fyrir."

Hér er tekið skýrt fram, að ef almenningsþörf krefji sé unnt að beita eignarnámsákvæðum, og ég tel að þetta mál, sem nú er mjög til umræðu hér, þ. e. virkjunarmálin og virkjun Blöndu, sé mál sem snerti almannaheill mjög, og mun ég víkja að því síðar.

Ég er þeirrar skoðunar eftir viðtöl við fjölmarga menn, bæði þá menn, sem átt hafa í þeim samningaviðræðum sem staðið hafa yfir, og heimamenn, aðila úr báðum hópum, þ. e. þá sem eru meðmæltir Blönduvirkjun og þá sem eru á móti, að líkur á samkomulagi séu nú nánast engar. Það er af þeirri ástæðu sem ég vil hnykkja á um það, að hæstv. iðnrh. beiti eignarnámsheimild og tryggi þannig að eitt mesta hagsmunamál Norðurlands og auðvitað landsmanna allra um leið verði að veruleika, þ. e. að einhver hagkvæmasti virkjunarkostur á Íslandi verði notaður.

Ég vil leiða nokkur rök að því, hvers vegna ég tel að það sé ástæða og fyllsta ástæða til þess að beita eignarnámsheimild í þessu sambandi. Ég vil þó taka það fram og skjóta því hér inn í, að ég hef ávallt og ævinlega verið og mun væntanlega um alla framtíð verða fylgjandi samkomulagsleið og samningaleið. En þegar lítil prósenta eða lítill hundraðshluti, nánast promille af þjóðinni stendur við Blönduvirkjun, er ég þeirrar skoðunar að það verði að reisa rönd við.

Árið 1918, 5. júlí, undirritaði þáv. ráðherra Íslands Jón Magnússon, afsal sem hljóðar á þessa leið, með leyfi forseta:

„Ráðherra Íslands kunngjörir, að með því að hreppsnefndir Svínavatnshrepps, Torfalækjarhrepps og Blönduóshrepps í Húnavatnssýslu hafa leitað kaupa á landinu Auðkúluheiði, eign Auðkúluprestakalls í sömu sýslu, og með því að hlutaðeigandi sýslunefnd hefur ekki haft neitt við sölu afréttarlands þessa að athuga að loks með því að allra fyrirmæla laga nr. 50 16. nóv. 1907, um sölu kirkjujarða, hefur verið gætt, þá sel ég og afsala samkvæmt þeirri heimild, sem mér er gefin í nefndum lögum, fyrir landssjóðsins hönd ofannefndum hreppum, Svínavatnshreppi, Torfalækjarhreppi og Blönduóshreppi, greint afréttarland, Auðkúluheiði, með öllum gögnum og gæðum. Þó eru undanskildir" — eins og stendur í afsalinu — „námur í jörðu sem og fossar sem þar kunna að vera."

Ég hef borið þetta atriði, fossar, undir flesta þá lögfróðustu menn sem ég þekki hér á landi, og álit þeirra er að það fari ekkert á milli mála að þarna sé átt við virkjunarréttinn. Fossalög eru þekkt, þar voru virkjunarlög, og fossanefnd er þekkt, það var virkjunarnefnd. Af þessu má ljóst vera, enda hefur það komið fram í gögnum sem ég hef nú aflað mér frá Orkustofnun, að þessir þrír hreppar, sem hér um ræðir, hafa engin ráð á virkjunarréttinum — engin. Það er ríkið sem á þennan virkjunarrétt, en bændurnir eiga beitarlandið. Og það er um beitarlandið, sem málið snýst, og bætur, sem skulu koma fyrir það. Ég tek það skýrt fram, að ég tel að þeir bændur, sem verða að láta af hendi beitarlönd vegna virkjunar, miðað við virkjunarkost I í Blöndu, eiga fullan rétt á bótum.

Ég hef hér undir höndum jafnframt athugun sem Orkustofnun hefur látið gera á vatnsréttindum og hlutföllum vatnsréttinda á svæði því sem Blönduvirkjun nær yfir. Þar eru ýmsar fróðlegar upplýsingar. Þar kemur m. a. fram um meðalrennsli til virkjunarinnar fyrirhugaðrar, og er þá miðað við virkjunarkost I, að þar er Blanda með 96,4%, Gilsá með 3.2% og Vatnsdalsá eða Kolkukvísl, sem heitir svo, 0.4%.

Þá vil ég geta nokkurra talna um hlutfall vatnsréttinda. Þar kemur í ljós að vestan ár, Blöndu, er hlutdeild Auðkúluheiðar í vatnsréttindum 34,4%, Þröm 9.2%, Eldjárnsstaðir 3.1% og Eiðsstaðir 3.3%. Austan árinnar er Eyvindarstaðaheiði með 22.4%, Rugludalur 17%, Selland 6.4%, Bollastaðir 2.8% og Eyvindarstaðir 1.4%.

Þá vil ég — með leyfi forseta — fá að rekja þær niðurstöður sem koma fram í þessari skýrslu Orkustofnunar um eigendur vatnsréttinda á virkjunarsvæðinu. Auðkúluheiði er þar talin eign ríkissjóðs, þ. e. vatnsréttindin að 33.5%. Þröm er talin í eigu Svínavatns-Torfalækjar- og Blönduóshrepps með 9%. Eldjárnsstaðir eru í einkaeign með 3%, Eiðsstaðir í einkaeign með 4,6%, Guðlaugsstaðir í einkaeign með 1.3%, Eyvindarstaðaheiði, óviss eigandi, 21.8%. Rugludalur er í eigu Bólstaðarhlíðarhrepps með 16.5%, — ég vil skjóta því inn í að það er ekki þar sem hv. þm. Páll Pétursson á heima. Selland er í einkaeign með 6.2%, Bollastaðir í einkaeign 2.7% og Eyvindarstaðir í einkaeign 1.4%.

Þá vil ég geta þess, að Auðkúluheiði er 50% í eigu Svínavatnshrepps, 40% Torfalækjarhrepps og 10% Blönduóshrepps. Hrepparnir keyptu heiðina af jörðinni Auðkúlu, sem er í eigu ríkissjóðs, á árunum 1910—20. Vatnsréttindi fylgdu ekki með, eins og ég hef tekið hér

fram, og í afsali beinlínis tekið fram að fossar séu undanskildir.

Þá vil ég geta þess sem snertir Eyvindarstaðaheiði, sem er mikilvægt mál og mikilvægur þáttur í þessu máli. Samkvæmt athugun, sem gerð hefur verið, mun heiðin hafa verið eign Eyvindarstaða fram á síðasta hluta nítjándu aldar, að því er talið er. Þá munu einstaklingar hafa keypt hana undan jörðinni, síðar eignuðust hrepparnir a. m. k. upprekstrarréttinn á heiðinni, en ekki hefur verið kannað með hverjum hætti það varð, hvort þeir keyptu sjálft landið með öllum gögnum og gæðum, þ. á m. vatnsréttindum, eða hvort þau voru undanskilin á svipaðan hátt og við kaupin á Auðkúluheiði. Ekki hefur heldur verið kannað hverjir þeir einstaklingar voru er keyptu heiðina undan jörðinni Eyvindarstöðum eða hvort vatnsréttindi fylgdu með í þeim kaupum. Loks hefur ekki verið kannað hvort heiðin hefur einhvern tíma verið eiginlegt eignarland Eyvindarstaða eða einungis afréttur jarðarinnar. Niðurstaðan af þessu er sú, að það þarf sérstaklega að fá úr því skorið hvort Eyvindarstaðaheiði var einhvern tíma eiginlegt eignarland Eyvindarstaða eða einungis afréttur, en í því tilviki væru vatnsréttindin á heiðinni almenningseign, þ. e. eign ríkisins.

Herra forseti. Ég hef nú leitt nokkur rök að því, að eignarrétturinn í þessu máli er ekki eins mikill í höndum bænda og margir hafa álitið. Það er t. d. algjörlega óvíst hvort ríkið á Eyvindarstaðaheiði — og þó taldar frekar líkur á því heldur en bændurnir. Þá er með afsali frá 1918 vatnsréttur inn eða virkjunarrétturinn á Auðkúluheiði undanþeginn. Þetta eru staðreyndir málsins. Ég gæti nefnt fleiri dæmi af þessum toga spunnin.

Ég vil þá víkja að því, að mál standa nú svo í samningaumleitunum að það eru aðeins örfáir landeigendur eftir sem andmæla samningum miðað við virkjunarkost I. Hins vegar hafa komið fram hugmyndir um aðra virkjunarkosti, en þær hugmyndir margar hverjar eru svo fáránlegar að það verður ekki nokkur leið að taka hið minnsta mark á þeim. Það hefur verið reiknað út fyrir mig að t. d. virkjunarkostur II, sem til umræðu hefur verið, mundi kosta jafnmikið og tólffaldur afrakstur — brúttóafrakstur — af einni sauðkind, miðað við hennar líf, hversu langt sem það er nú, og það sinnum rösklega tvö þúsund. Ég hef þær upplýsingar, sem ég tel sannar og réttar, að bæði í Torfalækjarhreppi og Blönduóshreppi sé vilji til samkomulags um virkjunarkost I og í Svínavatnshreppi sé staðan í hreppsnefnd sú, að tveir af fimm hreppsnefndarmönnum séu hlynntir samkomulagi, tveir séu á móti því og einn sé nokkuð reikull í trúnni.

Með þetta í huga held ég að menn verði að gera sér ljóst að það er algjör óhæfa í svo mikilsverðu hagsmunamáli fyrir ekki eingöngu það kjördæmi, Norðurl. v., sem mestra hagsmuna á auðvitað að gæta, heldur fyrir Norðlendinga alla og landið í heild, ef það á að líðast að örfáir menn komi í veg fyrir að hægt sé að virkja einhvern besta virkjunarkost í landinu sem er óumdeilanlega Blanda, miðað við virkjunarkost I. Þá verður löggjafinn að grípa inn í.

Ég vil spyrja menn að því í sambandi við þetta mál, hvort þeir hafi áttað sig á því, hvaða hagsmunir eru í húfi. Þeir hagsmunir eru í húfi fyrst og fremst að auka atvinnuuppbyggingu í báðum Norðurlandskjördæmunum og víðar. Það er nú eitt versta atvinnuástand á landinu, a. m. k. í Norðurl. e., og við þessa virkjun eru bundnar gífurlegar vonir í báðum þessum kjördæmum. Þá vil ég nefna það líka, að ef menn hafa yfirleitt hug á því að treysta á byggð í þessum landshluta er þetta nánast eina ráðið sem við höfum til þess að gera það. Ég vil þess vegna reyna að fá úr því skorið, hvort Alþingi Íslendinga sé alvara, og hæstv. iðnrh. um leið og öðrum hæstv. ráðherrum, að vilja stuðla að þeirri framþróun í þessu landi, sem bætt geti kjör allrar alþýðu, og hvort við getum þá ekki, t. d. í þessu tilviki, sameinast um að reyna að flýta fyrir því að þessi þróun nái fótfestu.

Ég er alveg sannfærður um það, að öllum andstæðingum Blönduvirkjunar er ami að þessari brtt. minni. Og það mun auðvitað koma í ljós við atkvæðagreiðslu hverjir eru stuðningsmenn Blönduvirkjunar og hverjir eru andstæðingar hennar. Ég er sannfærður um að það verður fylgst mjög grannt með því, hvernig menn greiða atkvæði um þessa till. Þeir, sem hafa farið m. a. um Norðurland að undanförnu, vita hvaða eftirvænting býr þar meðal fólksins varðandi þetta virkjunarmál. Ég tel að með þessari brtt. sé gefinn það rúmur kostur á því að ná samkomulagi í deilunni að það ætti að vera unnt, þó í dag séu heldur litlar líkur fyrir að samkomulag náist. En ég vil tryggja það, að hæstv. iðnrh. noti þann rétt sem hann hefur í lögum. Ég vil ekki að hann skjóti sér á bak við það að geta túlkað sjálfur hvenær réttmætt og eðlilegt sé að nota þennan rétt. Nú ætla ég ekki að gagnrýna hann í sambandi við þetta mál. Það hvarflar ekki að mér, enda nóg búið að gera að því. Ég vil hins vegar biðja hann að aðgæta mjög vandlega hvort það gæti ekki verið ákaflega heppilegt fyrir hann, ef honum er alvara með því virkjunartali sem hann hafur haft hér á þinginu, að hafa slíka heimild í höndunum sem þessi brtt. gefur kost á.

Ég held að íbúar á Norðurlandi séu orðnir býsna langþreyttir á sinni virkjanasögu. Ég hef oftlega minnt á Laxárvirkjunardeiluna hér á þingi, og ég hef verið þeirrar skoðunar, að þar hefði verið hægt að höggva á hnútinn og bægja frá þeim vanda sem lausn eða við skulum heldur segja vandræðalausn þeirrar deilu hefur leitt yfir þjóðina. Norðlendingar hafa orðið að búa við það að sæta afarkostum í virkjunarmálum, sbr. Laxárvirkjun. Þeir standa frammi fyrir því, að annað orkuver, sem í landshlutanum er, Krafla, er vitagagnslaust og verður það að mínu mati um ókomna tíð. Og því fyrr sem menn átta sig á því, því betra. Þess vegna vil ég segja það við hv. þm., sem á mál mitt hlýða, að hér er ekki á ferðinni mál af þeim toga spunnið að það sé verið að reyna að níðast á helgum rétti þeirra manna sem nú standa gegn eðlilegum framförum í þessu landi. Það er verið að huga að almannaheill. Og ég er eins sannfærður um það og ég stend hér, að viðvörun hv. þm. Stefáns Valgeirssonar í umr. fyrir skömmu hér á þinginu eiga við mjög gild rök að styðjast, þegar hann varaði landeigendur við því að egna almenning í landinu gegn sér með stirfni og ósveigjanleika í allri samningagerð. Auðvitað hafði hann rétt fyrir sér. (**Gripið fram í:** Það er nú meira.) Það má vera að hv. þm. hafi sagt meira, en ég er sannfærður um það að hann leggur þennan skilning í þá stöðu sem nú er komin upp. Ef sá þvergirðingsháttur, sem hefur oft tíðkast í þessum málum, helst áfram, ef hann verður látinn óátalinn í náinni framtíð, þá mun fjöldinn í þessu landi rísa upp og krefjast réttar síns. Þetta hefur gerst í nánast öllum nágrannalöndum okkar, og jafnvel kapítalistarnir í Ame-

ríku eru búnir að taka landið fyrir sína þjóð, svo merkilegt sem það kann nú að virðast.

En í sambandi við þetta mál verðum við að velta því fyrir okkur, hvort sú þjóð, sem býr í landinu, eigi ekki landið — eða eru það bara nokkrir einstaklingar sem eiga réttinn á því? Þetta eru mál sem við þurfum að fara að gera upp, vegna þess að sóknin og krafan um að fjöldinn fái afnotarétt af eigin landi verður stöðugt háværari. Að lokum er alveg öruggt mál að ef ekki nást einhverjar sögulegar sættir í þessu máli verður eignarnámsákvæðum beitt og þá verður þjóðareign á landi að veruleika. Á því leikur ekki nokkur vafi. Það stöðvar enginn þá þróun. En það, sem máli skiptir, er hvort sú þróun verður mjög sársaukafull eða ekki.

Herra forseti. Ég mun ekki hafa fleiri orð um þessa brtt. mína. Ég tel að hún sé fullkomlega raunhæf eins og mál standa nú, eigi fullkominn rétt á sér, og tel að hér séu svo miklir hagsmunir í húfi fyrir íbúa þessa lands, að við verðum að bregðast við því máli, sem við stöndum frammi fyrir, á réttan hátt. Ég er viss um það, að ef ekki verður höggvið á þennan hnút sem nú hefur myndast í samningamálum, verður Blönduvirkjun m. a. skotið aftur fyrir Fljótsdalsvirkjun og jafnvel fleiri virkjanir í landinu. Og þá vil ég ekki spyrja að leikslokum í sambandi við atvinnumál á Norðurlandi ef það gerist. Ég tel líka — og hef fyrir því orð eins af andstæðingum Blönduvirkjunar — að eignarnám mundi höggva á hnút, sem nú er búið að binda á þessa deilu, og leysa miklu meiri vanda en nokkurn grunar sem um þetta mál hefur fjallað.

Eggert Haukdal: Herra forseti. Við 1. umr. þessa frv. lýsti ég því yfir, að ég gæti ekki samþykkt það óbreytt eins og það var lagt fram, og boðaði að ég mundi leggja fram brtt. Sú brtt. liggur nú fyrir og hefur hv. þm. Reykv., Birgir Ísl. Gunnarsson, lýst henni. Ég er flm. að þeim till., sem hann hefur gert grein fyrir, og hef ég þar litlu við að bæta.

Í upphaflega frv. er að vísu gert ráð fyrir þremum virkjunum án tímaröðunar, þ. e. Blönduvirkjun, Fljótsdalsvirkjun og Sultartangavirkjun, auk að vísu Villinganesvirkjunar sem vandséð er hvers vegna verið er að nefna þar til, nema þá helst til þess að ala á hrepparíg meðal þeirra norðanmanna. En sé grg. lesin og framsöguræða hæstv. orkuráðh. skoðuð kemur fram að raunverulega hefur verið raðað og í hans huga er nánast eingöngu Fljótsdalsvirkjun og svo Blönduvirkjun. Sultartangavirkjun kemur einhvers staðar aftast í röðinni. Þessa gat ég um við 1. umr. og ítreka hér enn.

Þetta eru vinnubrögð sem ég get ekki sætt mig við. Ég tel að á þessu stigi málsins verði að gera þessum virkjunum jafnt undir höfði. Og ummæli orkuráðherra í útvarpinu nú nýlega, ögrunarorð hans í þessum málum gagnvart virkjun á Suðurlandi, eru ekki og voru ekki heppileg.

Hér er um þrjá valkosti að ræða sem allir eru taldir hagkvæmir. Undirbúningsvinna vegna þeirra er mjög misjafnlega á vegi stödd þannig að kostnaðarlegur samanburður virkjana á þessu stigi getur ekki verið marktækur. Til þess eru allt of margir lausir endar. Þar er mest áberandi að ekkert er ákveðið til hvers á að nota raforkuna sem fæst með þessum virkjunum. Að sjálfsögðu notast eitthvað fyrir almennan markað, en ef einungis er um það að ræða má segja að liggi ekkert á að virkja. Með þeim aðgerðum, sem Landsvirkjun hefur á prjónunum, telur hún að unnt sé að fullnægja almennum markaði fram undir 1990, þá fyrst þyrfti ný virkjun að takast í notkun. Áður en ráðist er í virkjun er því frumskilyrði að vita til hvers á að nota raforkuna.

Þegar grg. er lesin kemur það fram að enginn veit með vissu til hvers á að nota megnið af raforkunni og því síður hvar á að nota hana. Nokkrar svífandi hugmyndir eru settar fram, en ekkert bitastætt. Þegar taka á ákvörðun um virkjun er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir ýmsum atriðum, m. a.:

Til hvers á að virkja, hver er notandinn, hver eðlis er notkunin og hversu mikil er hún? Hvar er notkunin staðsett? Hvaða verð fæst fyrir raforkuna? Hvað kostar að framleiða hverja kwst.? Hvað kostar að flytja hverja kwst. á notkunarstað og hvenær er þörf fyrir notkunina?

Öll þessi atriði og ýmis fleiri koma inn í dæmið þegar gera á upp á milli virkjunarkosta. En þessu eru gerð harla lítil skil í grg. og af henni verður ekki séð að hægt sé af skynsemi að gera upp á milli valkosta. Til þess þarf að taka á málum á annan hátt og af meiri festu. Draumórar duga ekki.

Ef reisa á þessar virkjanir á næsta áratug hlýtur hver heilvita maður að sjá að raforka þeirra verður ekki nýtt á annan hátt en með orkufrekum iðnaði. Það litla, sem menn hafa verið að gera sér grein fyrir möguleikum í því efni, er nánast ekki annað en umtal um að þetta eða hitt geti komið til greina, nokkrar langlokur í skýrsluformi og annað þess háttar. Markviss leit að kaupendum eða samstarfsaðilum virðist ekki enn vera fyrir hendi.

Brtt., sem ég stend að ásamt nokkrum hv. þm. öðrum, gerir ráð fyrir að bæði virkjunarmálin og orkusölumálin verði tekin miklu fastari tökum en gert hefur verið hingað til og þau mál verði skoðuð í samhengi eins og nauðsynlegt er. Meiri hl. iðnn. hefur lagt fram aðra brtt. Sú till. er viðurkenning á því, að undirbúningi frv. er ábótavant og að nauðsynlegt er að gera betur áður en til ákvörðunartöku kemur. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir á Þjórsársvæðinu, virkjunarrannsóknir og hönnun við Blöndu og í Fljótsdal haldi viðstöðulaust áfram, en frekari gagna verði aflað um hagkvæmni hinna þriggja stóru virkjana og metið hver þeirra sé þjóðhagslega hagkvæmust. Samkvæmt þeim brtt. þarf ríkisstj. einnig að gera sér grein fyrir möguleikum á orkufrekum iðnaði áður en ákvörðun um virkjun er tekin. Sultartangavirkjun er samkvæmt þeim brtt. færð til jafnréttis við aðra virkjunarkosti þótt grg. frv. og ræða ráðh. segi annað, eins og kom fram hjá mér fyrr. Brtt. meiri hl. iðnn. bætir því frv. frá upphaflegri mynd. En mest batnar frv. ef brtt. okkar nokkurra þm. á þskj. 974 nær fram að ganga.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Lagmetisiðnaður, frv. (þskj. 863 (sbr. 518)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 116. fundur.

Fimmtudaginn 21. maí, kl. 6 síðdegis.

Loðdýrarækt, frv. (þskj. 887 (sbr. 805)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1023).

Veiðar í fiskveiðilandhelgi, frv. (þskj. 802, n. 1009). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Stefán Guðmundsson): Herra forseti. Hér er fjallað um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 42 13. maí 1977 og lög nr. 67 30. maí 1979, nál. frá sjútvn.

Nefndin hefur rætt frv. á fundi sínum og fengið til viðtals um þetta mál fulltrúa frá sjútvrn. og Hafrannsóknastofnun. Nefndin hefur orðið sammála um að standa að samþykkt frv. óbreytts eftir að sjútvrn. hefur með bréfi staðfest ákveðnar reglur sem gilda skulu um skarkolaveiðar í Faxaflóa.

Bréf sjútvrn. er birt hér sem fskj. og þykir mér ástæða til þess að aðeins fara yfir það:

„Sjútvrh. staðfestir, að eftirgreindar reglur muni gilda um skarkolaveiðar í Faxaflóa, verði staðfest frv. til l. um breyt. á lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 42 13. maí 1977 og lög nr. 67 30. maí 1979 (mál 174).

1. Heildarafli skarkola fari ekki yfir 1500 lestir, en veiðarnar stöðvaðar fyrr, telji Hafrannsóknastofnunin ástæðu til þess vegna ástands stofnsins.
2. Aldrei stundi veiðarnar fleiri en sex bátar samtímis og löndun skarkolaafla verði í mesta lagi bundin við þrjár vinnslustöðvar.
3. Veiðar skulu í fyrsta lagi hefjast 15. júlí.
4. Veiðisvæði verði hin sömu og tilraunaveiðarnar fóru fram á sumarið 1980 og ekki rýmkuð nema að undangengnum tilraunum undir eftirliti Hafrannsóknastofnunarinnar samkv. tillögum stofnunarinnar.
5. Gerðar verði frekari tilraunir með 170 mm möskva í dragnót og samanburður fenginn á afla úr þeirri nót og nót með 155 mm möskva, sem verði lágmarksmöskvastærð við veiðarnar.
6. Hlutur bolfisks fari ekki yfir 15% af heildarvikuafla hvers báts. Afli umfram 15% verði gerður upptækur samkv. lögum nr. 32 1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla.
7. Eftirlit með þessum veiðum verði með svipuðum hætti og var sumarið 1980 og brot á þeim reglum, sem um veiðarnar gilda, varði fyrirvaralausri sviptingu leyfis.

Ofangreindar reglur munu gilda um veiðarnar og ekki vikið frá þeim nema í samráði við sjútvn. Alþingis. Reglur þessar verða skoðaðar fyrir vertíð hverju sinni með hliðsjón af fenginni reynslu frá árinu áður. Enn fremur gætu tilraunir í sumar með 170 mm möskva leitt til þess, að 170 mm möskvi yrði alfarið tekinn upp í dragnót sumarið 1982."

Undir þetta rita Steingrímur Hermannsson, Jón B. Jónasson.

Ég vil þakka nefndarmönnum fyrir að hafa reynt að seilast til samkomulags, og ég þakka nefndarmönnum fyrir það, að það tókst að ná samkomulagi. Það var heitt í kolunum, eins og þeir segja í neðra, þegar þetta mál var þar til umr., og ég vona, að hér verði friðsamlegri umr. Ég þakka einnig sjútvrh. fyrir það sem hann hefur lagt af mörkum til að þetta samkomulag gæti tekist.

En undir nál. rita Stefán Guðmundsson, Kjartan Jóhannsson, Guðmundur Karlsson, Geir Gunnarsson, Guðmundur Bjarnason og Egill Jónsson.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Aðeins örfá orð. — Það er rétt, sem hv. frsm. sjútvn., 3. þm. Norðurl. v., sagði áðan, að það urðu býsna harðar umr. um þetta mál í Nd., enda hefur dragnótaveiði í Faxaflóa lengi verið hitamál.

Ég ætla að segja það strax, að ég er andvígur dragnótaveiðum í Faxaflóa í ljósi þeirrar reynslu sem af þeim veiðum hefur fengist fyrir ýmis byggðarlög hér við flóann. Ég ætla þó ekki að fara að hafa mörg orð um það mál. Hins vegar er skylt að taka það fram, að í þessari deild hefur þetta mál tekið töluvert aðra stefnu en í Nd. Ég tel að sú yfirlýsing, undirrituð af sjútvrh., sem hér fylgir með, geri þetta mál þess eðlis, að það er illskárra að þola það en áður var.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Ég vil aðeins láta það koma fram, að ástæðan til þess, að ég á aðild að nál. þar sem mælt er með samþykkt þess frv. sem hér er til umr., er sú, að við meðferð málsins í nefndinni hafa fengist fram þær takmarkanir á dragnótaveiðum í Faxaflóa sem tilgreindar eru í fskj. með nál. Í bréfi hæstv. sjútvrh., sem þar er birt, kemur fram að veiðarnar verða nánast í sama horfi og verið hefur að undanförnu. Samþykkt frv. þýðir að nánast verður engin rýmkun frá því sem verið hefur.

Hefði þessi yfirlýsing hæstv. ráðh. ekki verið tryggð var hins vegar hætta á því, að samþykkt þessa frv. gæti þýtt verulega aukningu á fjölda báta og rýmkun veiða á annan hátt. Ég hefði ekki greitt frv. atkv. eins og það kom frá hv. Nd., þar sem engin trygging hefði verið fyrir því, hvernig heimildarákvæðum laganna yrði beitt, engin trygging hefði verið fyrir því, að veiðunum yrði sem mest haldið innan óbreyttra marka, og algjörlega lagt á vald sjútvrn. hvernig að þeim yrði staðið.

Ég hef að athuguðu máli metið meira að eiga þátt í því, að þessar ákveðnu takmarkanir yrðu settar, og samþykkja frv. þannig, en að greiða atkv. gegn því án þessara takmarkana, vitandi að allar líkur eru á því, að meiri hl. væri einnig í þessari hv. deild til þess að samþykkja það óbreytt eins og það kom frá Nd.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég vil láta

það koma fram hér við þessa umr., að vinnsla á skarkola er vaxandi atvinnugrein hér í höfuðborginni. Það hefur löngum verið haft á orði, að það væri nauðsynlegt að efla útgerð og fiskvinnslu og fjölbreytni atvinnulífs á Reykjavíkursvæðinu. Jafnframt hefur komið fram við meðferð þessa máls að þessar veiðar og vinnsla eru með arðbærustu veiðum, sem Íslendingar geta stundað um þessar mundir, og verið er að byggja upp mjög mikilvæga markaði fyrir þessa framleiðslugrein erlendis.

Þegar um slíkt er að ræða, þá held ég að það sé fyllilega réttlætanlegt að menn haldi inn á nýjar brautir í þessum efnum, sú harða afstaða, sem verið hefur hjá ýmsum gegn slíku, verði ekki látin hindra að þessi þróun fái að reyna sig.

Ég hef ekki haft tækifæri til þess að skoða nákvæmlega þá yfirlýsingu, sem hæstv. sjútvrh. hefur hér látið frá sér fara í dag, 21. maí, en ég vænti þess, að hún sé þess eðlis, ef ekki kemur annað fram frá hæstv. ráðh., að áframhaldandi starfsemi í þessari veiðigrein og vinnslugrein hér í landinu fái fyllilega að njóta sín. Annað væri óeðlilegt að mínum dómi miðað við nauðsyn þess að byggja upp fjölþættari markaði fyrir íslenskan sjávarútveg og hagnýta betur þá fiskveiðistofna sem Íslendingar hafa lítt nýtt til þessa.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Það má segja að þetta sé orðin nokkur fagnaðarsamkoma hjá okkur á Alþingi. Ég var að ljúka við að þakka viðtæka samstöðu í Sþ. um mikilvægt mál og stend nú upp til þess að lýsa ánægju minni með að hér hefur náðst samstaða um þetta mál, dragnótaveiðar í Faxaflóa.

Ég fagna því, að það bréf, sem fylgir með, hefur að því er mér virðist leiðrétt ýmsan misskilning, sem hefur verið nokkuð ríkur í sambandi við dragnótina. Að sjálfsögðu hefur það ætíð verið hugmynd sjútvrn., að mjög faglega yrði að farið og veitt undir vísindalegu eftirliti. Og þessar reglur, sem þarna eru birtar, eru þær sem lagðar voru til grundvallar þegar ég ákveð að flytja þetta frv.

Að sjálfsögðu má ætíð um það deila, hve bátar eigi að vera margir og vinnslustöðvar margar. Ég hefði sjálfur talið að hámark báta væri e. t. v. sjö bátar. Það er ekki um meira magn að ræða. Ég hafði reyndar haft í huga að vinnslustöðvar yrðu vart fleiri en nú er, þær eru tvær. En þó opnar þetta möguleika — og ég fagna því — að bæta við einni stöð ef það sýnir sig að vera af einhverjum e. t. v. svæðisbundnum eða byggðaástæðum æskilegt.

Ég vil fullvissa hv. þm. um að ætíð hefur staðið til að fara og mun verða farið eftir þeim leiðum að sjálfsögðu sem lýst er í bréfinu.

Ég get einnig fullvissað hv. 11. þm. Reykv. um það, að sá framgangsmáti, sem lýst er, opnar einnig að mínu mati þessa mikilvægu grein. Tek ég undir hvert orð sem hann sagði um það. Ég held að það sé ekki aðeins réttlætanlegt, heldur sjálfsagt. Þó að gert sé ráð fyrir að gera áfram tilraun með 170 mm möskva kemur það að okkar mati á engan máta í veg fyrir að það aflamagn náist sem gert er ráð fyrir. Að mati vísindamanna er það að hámarki 1500 lestir, eins og fram kemur í þessu bréfi.

Ég vil aðeins geta þess að lokum, að ég fékk tækifæri til þess í nýlegri ferð til Bretlands að kynna mér þar þessi mál nokkuð. Bretar hafa gert mjög víðtækar tilraunir með dragnót og veiða t. d. í Skotlandi um það bil helming af öllum og miklum afla í dragnót. Niðurstaða rannsóknastofnana þar er að dragnót sé með allra bestu veiðarfærum að mörgu leyti. Þeir segja í fyrsta lagi að dragnótin sé nú ekki síst orðin mikilvæg vegna orkusparnaðar. Hún krefst miklu minni orku en sum önnur veiðarfæri, t. d. troll. Í öðru lagi flokki hún betur úr fisk heldur en troll. Og í þriðja lagi fari hún vel með botninn, sem er nú dálítið annað en hefur stundum heyrst hér. Ég sá bæði myndir og skýrslur og upplýsingar sem allar virtust sanna þetta.

Ég skýrði þessum vísindamönnum frá því, að við værum nú með 155 mm möskva og segja má að andlitið hafi dottið af þeim, því að þeir eru með 80 mm möskva og telja dragnót samt góða.

Ég verð að segja fyrir mitt leyti, að ég held að andstaðan gegn dragnótinni sé byggð á fordómum fyrst og fremst. Ég vona að þetta leiðréttist. Hér var áður veitt með dragnót við allt aðrar aðstæður, á stærra svæði og með minni möskva o. s. frv., svo ég vona að þetta sé skynsamleg opnun fyrir dragnótina og muni jafnvel leiða til þess, að hún verði notuð í víðtækari mæli hér við land því ekki veitir okkur satt að segja af að nota veiðarfæri sem eru ekki eins orkufrek og sumt af því sem við notum.

Ég lýk þessum orðum með því að þakka þá samstöðu sem náðst hefur í nefndinni um þetta mál.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég hef áður bent á það, að það ætti að leyfa dragnótaveiðar á kolastofnunum í Faxaflóa með mjög ákveðnum takmörkunum. Ég tel að sú afgreiðsla, sem þetta mál hefur fengið hér í deildinni, sé einmitt af þeim toga. En vegna síðustu ummæla hæstv. sjútvrh. um ágæti dragnótarinnar vil ég ítreka það sem ég tel að hafi verið ríkjandi viðhorf í nefndinni, að það ætti að vera rúm möskvastærð, 155—170 mm, og að veiðarnar ættu eingöngu að vera bundnar við kolaveiðar. Ég vil að það komi alveg ljóst fram, að þetta er stefna nefndarinnar, og það byggist á því, að Faxaflóinn er mjög sérstakt svæði, þar er uppeldisstöð fyrir fisk.

Hæstv. sjútvrh. hefur gefið yfirlýsingu í samræmi við óskir nefndarinnar um að þetta verði svona og það er auðvitað meginatriði málsins. En vegna þeirra ummæla, sem hér voru höfð, tel ég nauðsynlegt að það komi alveg skýrt fram, að sú er stefna nefndarinnar.

Ég sagði áðan að það væri eðlilegt og sjálfsagt að leyfa dragnótaveiðar í Faxaflóanum með mjög ströngum takmörkunum til þess að nýta stofninn. Það eru margvíslegar ástæður sem liggja til þess, að það er nauðsynlegt. Þær eru bæði fiskifræðilegar og hagrænar. Við viljum gæta þess, að það fari ekki annar smáfiskur í þetta veiðarfæri þegar verið er að veiða kolann. En við höfum líka talið nauðsynlegt að það væri ekki hætta á misnotkun þessa veiðarfæris, og þess vegna hefur nefndin lagt ríka áherslu á að takmarka fjölda bátanna sem veiðarnar stunduðu. Það er líka á það að líta og sérstaklega í sambandi við þau ummæli sem uppi hafa verið höfð um arðsemi þessara veiða, að það þarf ekki að skipta þessu í miklu fleiri hluti en nú er gert til þess að það hætti að verða arðsamt. Þess vegna eru þær takmarkanir hér uppi sem nefndin hefur talið að væru nauðsynlegar. Og ég ætla nú að biðja um að hæstv. sjútvrh. athugi vel sinn gang áður en farið er út í að fjölga stöðvum.

Ég veit að þetta er viðkvæmt mál, en ég tel að með þeirri yfirlýsingu, sem hér hefur verið gefin, hafi fengist farsæl afgreiðsla á því sem allir ættu að geta bærilega vel við unað, eins og nefndin gerir, um leið og hún mælir með

samþykkt þess. Og ég vil að lokum þakka hæstv. sjútvrh. fyrir samvinnuna í þessu máli og þá yfirlýsingu sem hefur gert kleift að mæla með þessu máli með þeim hætti sem hér er gert.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14:3 atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14:2 atkv.

Kjarasamningar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, frv. (þskj. 39). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Hér er um að ræða staðfestingu á brbl. sem gefin voru út á s. l. hausti, nánar tiltekið 9. sept. 1980, í tengslum við kjarasamninga sem ríkið gerði við opinbera starfsmenn eða félagsmenn BSRB. Þegar þessir samningar voru gerðir var jafnframt fallist á að nokkur mikilvæg félagsleg málefni, sem opinberir starfsmenn höfðu lagt áherslu á, næðu fram að ganga, og þau er m. a. að finna í þessu frv. Langsamlega mikilvægast þessara ákvæða eru atvinnuleysistryggingar sem opinberir starfsmenn hljóta í fyrsta sinn með þessum lögum. Á það bæði við starfsmenn ríkisins og starfsmenn stéttarfélaga, auk starfsmanna sjálfseignarstofnana að svo miklu leyti sem lögin taka til þeirra.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þá hlið þessa máls sem snýr að meginefni þess, atvinnuleysistryggingum fyrir félagsmenn BSRB eða lengd samningstímabils, en ákvæðum um það efni var einmitt breytt með þessum brbl. Áður var lengd samningstímabilsins bundin við tvö ár, en er nú ótímabundin. Hins vegar vil ég fara nokkrum orðum um 1. gr. frv. sem lætur lítið yfir sér og vakti litla athygli þegar lögin voru sett, en það ákvæði hefur orðið þrætuepli mikið á þessum vetri, og er það meginástæðan til þess, að staðfesting laganna er svo seint á ferð hér í þinginu.

Í þessari grein segir: „Lögin skulu með þeim hætti einnig taka til starfsmanna sjálfseignarstofnana, sem starfa í almannaþágu samkv. lögum, til stofnana, sem eru í fjárlögum eða njóta fjárframlaga til launagreiðslna úr ríkissjóði eða af daggjöldum, og til sameignarstofnana ríkis og sveitarfélaga, enda komi til samþykki viðkomandi stofnana."

Hverjar eru þá þessar stofnanir sem hér um ræðir? Jú, þessar stofnanir eru t. d. Brunabótafélag Íslands, Dvalarheimili aldraðra ýmis, Grænmetisverslun landbúnaðarins, Hjartavernd, Kirkjugarðar Reykjavíkur, Krabbameinsfélagið, spítalar nokkrir, Norræna eldfjallastöðin, Norræna húsið, o. s. frv. Þessar stofnanir eru allmargar og hef ég nefnt hér u. þ. b. þriðjung þeirra.

Rétt er að taka það fram strax vegna þess mikla moldviðris, sem þyrlað hefur verið upp út af þessu máli, að þetta samningsákvæði var aldrei hugsað til að víkka út samningssvið BSRB eða opinberra starfsmanna og opinberum starfsmönnum var ekki með þessu samningsákvæði veittur aukinn réttur á kostnað ASÍ, eins og ýmsir hafa viljað vera láta. Það var alveg ljóst af hálfu fjmrn., að tilgangurinn með setningu þessa ákvæðis var að greiða fyrir því, að starfsmenn þessara stofnana, sem eru og hafa verið opinberir starfsmenn, fengju beina aðild að aðalkjarasamningi ríkisins og gætu tekið þátt í atkvgr. um samninginn jafnframt því sem þessar stofnanir afhentu ríkisvaldinu eða fjmrn. samningsumboð sitt þannig að um samninga við þetta starfsfólk færi algerlega eftir aðalkjarasamningi ríkisins og hann yrði þá gerður við þetta fólk á sama tíma og við opinbera starfsmenn og það væru þá sömu samningsaðilar á báðar hliðar, annars vegar forusta BSRB og hins vegar fjmrn., enda var þetta sérstaklega tekið fram í lögunum með aukasetningunni sem greinin endar á, þar sem segir: „enda komi til samþykki viðkomandi stofnana." Þetta þarf til að lögin taki til þessara starfsmanna.

Þetta ákvæði olli hins vegar nokkurri tortryggni hjá forustumönnum í Alþýðusambandi Íslands. Þeim fannst eftir ýmsum heimildum sem þeir höfðu, að einhver viðleitni væri uppi af hálfu BSRB til að ganga inn á samningssvið þeirra og fá félagsmenn í verkalýðsfélögum Alþýðusambandsins til að ganga í BSRB. Þessu hefur aftur á móti BSRB alfarið hafnað, og þetta kemur m. a. skýrt fram í skriflegri yfirlýsingu frá BSRB þar sem tekið er fram að ágreiningsefni um félagsaðild eigi að afgreiða með samkomulagi á milli stéttarfélaga og heildarsamtaka og að BSRB hafi aldrei sett fram þá kröfu, að félagsmenn innan verkalýðsfélaga í ASÍ verði félagsmenn í aðildarfélögum BSRB. Þrátt fyrir þessa yfirlýsingu BSRB þótti þó rétt að fjmrn. gæfi út yfirlýsingu um þetta efni, og hún var gefin 31. okt. 1980. Hún var svo hljóðandi:

„Í framhaldi af viðræðum fulltrúa ríkisstj. og ASÍ gefur fjmrn. út eftirfarandi yfirlýsingu:

Félagar innan ASÍ eða sérsambanda þess njóta forgangsréttar til allra þeirra starfa sem nú eru samningsbundin við ASÍ. Ekki verða gerðir samningar við aðra aðila um þau störf sem félagsmenn ASÍ starfa nú við. Þetta tekur til starfa á vegum ríkisins, stofnana þess og fyrirtækja."

Það var von okkar í fjmrn., að með þessari yfirlýsingu hefði verið tekið af skarið um það, að þetta samningsákvæði breytti engu um stöðu félagsmanna í ASÍ innan þessara stofnana sem hér um ræðir.

Þegar afgreiða átti frv. úr Nd. komu hins vegar fram hugmyndir í deildinni og innan nefndarinnar, hv. fjh.- og viðskn. Nd., að rétt kynni að vera að taka af skarið um þetta efni í lögunum sjálfum. Ég vil láta það koma hér skýrt fram, að ég setti mig upp á móti því að farið yrði að breyta 1. gr. frv. vegna þess að þar með væri verið að breyta efni þess samkomulags sem gert hefur verið milli ríkisins og BSRB, hefði verið undirritað af báðum aðilum og samþykkt í allsherjaratkvæðagreiðslu innan BSRB, og það væri óviðeigandi með öllu að ríkisvaldið undir forustu Alþingis í þessu tilviki færi að breyta samningsákvæðum sem þegar hefðu verið undirrituð af báðum aðilum. Hins vegar bauðst ég til þess að rita nýtt bréf til fjh.- og viðskn. Nd. þar sem ítrekuð væru sjónarmið fjmrn. í þessu sambandi. Það bréf hefur verið prentað sem fskj. með nál. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. sem undirritað er af hv. þm. Halldóri Ásgrímssyni, Guðmundi J. Guðmundssyni og þriðja nefndarmanninum, Jóni Inga Ingvarssyni. Í Nd. skilaði fulltrúi Alþfl. séráliti, en fulltrúar Sjálfstfl. skiluðu ekki neinu áliti. Hins vegar

mun það hafa verið niðurstaða a. m. k. annarra en fulltrúa Alþfl. í fjh.- og viðskn. Nd., — og kannske er það líka afstaða Alþfl.-manna, það hefur ekki komið skýrt fram í umr. hér í þinginu og er ekki heldur skjalfest svo að ég vil ekki fullyrða neitt um afstöðu þeirra í þessu efni, en ég tel líklegt að afstaða þeirra sé sú þó hún hafi ekki komið bréflega fram eða skýrt fram sett, — að þeir felli sig við túlkun fjmrn. á 1. gr. laganna, að þeir mótmæli ekki þeim skilningi sem þar kemur fram. Það hefur mér skilist þó að þeir hafi hins vegar kosið í Nd. að leggja til að frvgr. verði felld. Þetta væri vissulega gott að fá á hreint við 2. umr. um frv. Veit ég að þeir Alþfl.-menn munu ekki láta standa á sér að segja afstöðu sína í þessum efnum, að því áskildu að greinin verði samþykkt eins og var í Nd., hvort þeir séu þá ekki samþykkir þeirri yfirlýsingu sem fjmrn. hefur gefið út um túlkun og skilning á greininni.

Hv. talsmenn Alþfl. hafa reynt að læða því að, að fjmrn. hafi í raun og veru selt sama pakkann tvisvar, eins og þeir komust svo smekklega að orði í umr. um málið í Nd. En ég tel að það, sem hér hefur komið fram af minni hálfu, sýni ljóslega að afstaða fjmrn. í þessu máli hefur aldrei verið önnur en sú sem fram hefur komið í yfirlýsingum rn. frá 31. okt. s. l. og frá því í gær. Við höfum talið nauðsynlegt að safna samningsumboði þessara hálfopinberu stofnana á eina hönd. Þess vegna sáum við mikið hagræði í því að fá inn frvgr. og samningsgrein af þessu tagi þar sem opnaðir eru möguleikar til þess að þessar hálfopinberu stofnanir afhendi ríkinu samningsumboð sitt. En það er alveg ljóst hvað varðar starfs- og svæðisskiptingu þessara stóru félagasamtaka, annars vegar Alþýðusambandsins og hins vegar BSRB, að það var aldrei ætlun fjmrn. að hafa þar nokkur áhrif á. Fram að þessu hafa starfsmenn hjá þessum hálfopinberu stofnunum bæði verið félagsmenn í félögum innan Alþýðusambandsins og í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og svo verður vafalaust áfram. Það er ekkert í yfirlýsingum fjmrn. eða í 1. gr. frv. sem kemur í veg fyrir þetta, enda gerum við beinlínis ráð fyrir því í þessum yfirlýsingum, sem ég nú vitnaði til, að um verði að ræða óbreytt ástand í þessum efnum. Ef forstjórar viðkomandi stofnana vilja ekki afhenda samningsumboð sitt til ríkisins, þá er óbreytt ástand að öllu leyti í þessum stofnunum En afhendi þessar stofnanir ríkinu samningsumboð sitt munum við áfram semja við BSRB annars vegar og við félög innan ASÍ hins vegar eftir því sem við á í hverju tilviki, í fullu samræmi við þær yfirlýsingar sem gefnar hafa verið.

Þetta hef ég talið óhjákvæmilegt að rekja hér strax við 1. umr. málsins vegna þess mikla misskilnings, sem upp hefur komið um túlkun á þessari lagagrein, og vegna þeirra vandræða sem af hlutust í Nd. vegna misskilnings um efni þessarar greinar. Það er svo bara einn þátturinn í öllum þessum misskilningi, að í gær sendi Bandalag starfsmanna ríkis og bæja ítarlegt bréf til hv. fjh.- og viðskn. Nd., þar sem gerð er grein fyrir sjónarmiðum Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og því hnýtt aftan við í lok bréfsins að túlkun sú, sem fjmrh. hefur sett fram í þessu sambandi, sé samningsrof, hvorki meira né minna. Þetta er auðvitað á miklum misskilningi byggt og við höfum átt viðræður við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja um þetta mál. Það er ljóst að forsvarsmenn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja hafa skilið þetta samningsákvæði á eitthvað annan veg en fulltrúar ríkisvaldsins, en afstaða ríkisvaldsins hefur aldrei verið nema ein í þessum efnum eins og kom strax fram í yfirlýsingu fjmrn. 30. okt. og eins og við raunar og okkar samningamenn telja að hafi komið skýrt fram í samningum við BSRB á sínum tíma þótt um það efni séu að vísu skiptar skoðanir milli okkar annars vegar og hins vegar BSRB.

Herra forseti. Ég tel að óhjákvæmilegt sé að þetta mál nái fram að ganga nú fyrir þinglok vegna þess að ef brbl. yrðu ekki afgreidd mundu opinberir starfsmenn missa þær atvinnuleysistryggingar sem þessi lög fela í sér. Þess vegna var ég nokkuð undrandi á því, að einstakir þm. í Nd. skyldu greiða atkvæði gegn þessu frv. En ég tel að það verði að samþykkja frv. óbreytt eins og það liggur fyrir sem og hv. Nd. gerði.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir, kveður ekki aðeins á um kjarasamninga, heldur og landamerki helstu stéttasamtaka landsins. Það hefur átt sér stað á undanförnum árum mikil deila um það, við hverja hver á að semja og fyrir hverja. Því er ekki að leyna, að það eru stórir hópar innan Alþýðusambandsins sem hafa farið yfir til BSRB á undanförnum árum vegna þess að þar hafa boðist betri kjör, og hefur þetta valdið allmiklum áhyggjum innan Alþýðusambandsins. Það eru dæmi um það að t. d. rafvirkjar, sem vinna hjá ríkinu, séu á 20% hærri launum en þeir sem eru með samninga frá ASÍ, eða það var svo til skamms tíma, og hefur það verið tilefni til mikilla umræðna innan samtakanna, innan Alþýðusambandsins. Þetta eru viðkvæm mál sem ég tel að verði að leysa með samkomulagi samtakanna í milli, en ekki af löggjafarvaldinu.

Alþýðusamband Íslands hefur gert aths. við 1. gr. þessa frv. og skilið hana í raun eins og BSRB. Okkur sýnist að ráðherrar hafi gefið út tvö bréf sem stangist á hvort við annað. Vil ég nú biðja menn að lesa þessar yfirlýsingar mjög vel meðan þetta er í nefnd og af nefndarmönnum. (**Fjmrh.:** Hvað stangast á við hvað?) Yfirlýsing annars vegar til ASÍ og hins vegar til BSRB. Það er það sem Alþýðusambandið hélt fram, þ. e. landamerkin, hver á að semja fyrir hvern. Og BSRB hefur skilið þetta svona einnig, eftir því sem fjmrh. sagði frá áðan. Hann sagði að BSRB teldi síðustu yfirlýsinguna samningsrof þannig að mál þessi gerast allflókin.

Ég tel ekki ástæðu til að hafa mörg orð um þetta hér nú, en það verður kannske ástæða til þess við 2. umr. En þetta er það sem fram hefur komið. Þessi samtök, BSRB og ASÍ, hafa haldið því fram, að ráðh. væri þarna að selja báðum sama pakkann. Og það hefur komið út þriðja yfirlýsingin sem á að verka sem einhvers konar plástur á þetta. Ég veit að formaður Verkamannasambandsins, Guðmundur J. Guðmundsson, var þeirrar skoðunar í fjh.- og viðskn., að málið væri mjög varhugavert fyrir Alþýðusambandið, og lét ekki af þeirri afstöðu fyrr en þriðja yfirlýsingin kom fram. En hvort sú yfirlýsing dugar til að leysa þetta, það verður ekki séð við fyrstu sýn alla vega því að lögin hljóta að gilda.

Nú er það, eins og fjmrh. sagði, í valdi forstjóra stofnananna að ákveða hver fær samningsumboðið. Við skulum segja sem svo að hluti starfsfólks eða meiri hluti þess óski eftir að fara inn í BSRB og forstjóri fellst á það. Er það þá ekki sjálfgefið að ráðh. eða fjmrn. tekur því og semur við þetta fólk og við BSRB um kjör þessa fólks?

Ég vildi að þetta kæmi fram hérna, að það eru ekki bara við Alþfl.-menn sem höfum gert, heldur hafa hvor tveggja samtökin, BSRB og ASÍ, gert aths. við 1. gr. þessa frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 14 shlj. atkv.

Efri deild, 117. fundur.

Fimmtudaginn 21. maí, að loknum 116. fundi.

Veiðar í fiskveiðilandhelgi, frv. (þskj. 802). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1024).

Neðri deild, 105. fundur.

Föstudaginn 22. maí, kl. 0.35 eftir miðnætti.

Sjóefnavinnsla á Reykjanesi, frv. (þskj. 899, n. 1015, 1016). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Frsm. (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Iðnn. þessarar hv. deildar hefur tekið til meðferðar frv. til laga um sjóefnavinnslu á Reykjanesi og hefur samhljóða skilað nál. á þskj. 1015.

Nefndin fékk til liðs við sig, þótt stuttur tími væri til stefnu, ýmsa sérfræðinga, sem um þessi mál hafa fjallað, og reyndar líka menn, sem sérstaklega hafa lagt sig fram um að líta með gagnrýnisaugum á þetta frv. og þær skýrslur sem því fylgja.

Nefndin varð sammála um að nauðsynlegt hefði verið að fá lengri tíma til að ræða um þetta frv. og ræða um þetta mál, og ég vil sérstaklega árétta þá skoðun, að það er að sjálfsögðu óhæfa að varpa hér inn á hv. Alþingi nokkrum dögum áður en þingi er slitið jafnveigamiklum málum og raun ber vitni um að komið hafa frá hæstv. iðnrh. Hverju stórmálinu á eftir öðru hefur rignt inn yfir þingið nú á síðustu dögum, málum sem ætlast er til að afgreidd séu og ég býst við að hv. þm. hafi í raun áhuga á að vinna verulega að og afgreiða því að allt eru þetta vissulega þjóðþrifa- og framfaramál.

Því er ekki að neita, að í þeim umr., sem fram fóru innan nefndarinnar, eru vissar efasemdir í hugum manna um þær framkvæmdir sem hér er stefnt að. Í því sambandi vil ég líka vekja athygli á ræðum sem haldnar voru við 1. umr. þessa máls af hv. 10. þm. Reykv., Friðrik Sophussyni, og hv. 9. þm. Reykv., Vilmundi Gylfasyni, sem drógu fram nokkur atriði sem fram hafa komið til gagnrýni á þessar aðgerðir og þær áætlanir sem uppi eru, og þeir hvöttu sérstaklega til þess, að nefndin færi yfir þær rekstraráætlanir sem liggja að baki þessu frv. Nefndin reyndi að gera það á þeim stutta tíma sem hún hafði til stefnu, en auðvitað verður það að segjast eins og er, að slíkt stórmál, sem að mörgu leyti er flókið bæði fjárhagslega og tæknilega, er ekki unnt að brjóta til mergjar á jafnstuttum tíma.

Hitt er annað mál, að að mörgu leyti er hér um að ræða freistandi verkefni. Um langa hríð hafa farið fram athuganir og rannsóknir á ýmiss konar sjóefnavinnslu á Reykjanesi vegna þeirra sérstöku aðstæðna sem þar eru frá náttúrunnar hendi, og ýmsir af okkar bestu vísinda- og fræðimönnum á þessu sviði hafa trú á því, að þarna megi með tímanum og með því að byggja upp, má segja, samfellda keðju af efnaframleiðslu ná upp arðbæru fyrirtæki.

Við erum hins vegar þeirrar skoðunar, að það sé mjög nauðsynlegt að þeir, sem að þessu standa, hafi hitann í haldinu. Ekki svo að skilja að þeir, sem að þessu standa, hafi ekki gengið fram í þessu máli af fullri samviskusemi, bæði þeir, sem að hinum tæknilega þætti standa, og þeir, sem að hinum fjárhagslega þætti standa. Hins vegar höfum við fyrir okkur reynslu í ýmsum verkefnum, sem lagt hefur verið í hér á landi, sem bendir til þess, að stundum ber hugurinn menn hálfa leið og raunsæið hefur ekki alltaf fylgt hugarfluginu eftir.

Við höfum þess vegna orðið sammála um það, að næstu skref, sem stíga eigi í þessu máli, verði áframhaldandi tilraunastarfsemi, eins konar þróunarverkefni sem við gerum okkur fulla grein fyrir að kostar fé, en teljum hins vegar að að því loknu eigi að vera mun betri aðstaða en er í dag til þess að meta þetta mál bæði fjárhagslega og tæknilega.

Við teljum að rétt sé að fylgja áætlunum um framkvæmdir eins og þær voru ráðgerðar á árunum 1981 og 1982, þ. e. að byggð verði 8 þús. tonna saltverksmiðja til að vinna að markaðsþróun með fisksalt, að gerðar verði vinnslutilraunir með kalíframleiðslu og framleiðslu á fisksalti og hugsanlega öðrum hliðarefnum, að boruð verði og virkjuð ein vinnsluhola á svæðinu og undirbúin verkhönnun 40 þús. tonna verksmiðju og tilboða aflað í sölu á afurðum.

Hins vegar teljum við að sá fyrirvari, sem hv. Ed. gerði í þessu efni, sé ekki nægilegur. Við teljum að í rauninni segi hann ákaflega lítið. Í Ed. urðu menn sammála um að ekki mætti hefja byggingu 40 þús. tonna saltverksmiðju né veita ríkisábyrgð fyrir lánum eða taka lán fyrr en tilboða hefði verið aflað í sölu afurða. Þessi fyrirvari er ákaflega máttlítill og segir raunverulega ekki neitt, því að það að afla tilboða í sölu afurða er hálfgerð gervimennska þegar verið er að afla tilboða sem menn vita jafnvel fyrir fram að þeir þurfa ekki að standa við. Þá skiptir það ákaflega litlu máli og er engan veginn hægt að setja það sem neitt skilyrði fyrir áframhaldandi framkvæmdum á þessu sviði. Þess vegna teljum við nauðsynlegt, að hv. Alþingi fái þetta mál aftur til athugunar, og vonumst vissulega til að það geti átt sér stað undir öðrum og betri kringumstæðum þannig að áður en bygging

hefjist við þá stóru framtíðarverksmiðju, sem menn eru að tala um, þ. e. 40 þús. tonna saltverksmiðju, fái hv. Alþingi þetta mál aftur til athugunar til þess að vega og meta stöðuna eins og hún verður þá og 40 þús. tonna verksmiðjan verði ekki byggð nema hv. Alþingi heimili slíka byggingu, en í því efni nægi þáltill. En að sjálfsögðu þarf þingið að gaumgæfa það mál vel þegar það kemur aftur. Um það efni höfum við flutt brtt. á sérstöku þskj., þ. e. brtt. við ákvæði til bráðabirgða eins og frá því var gengið í hv. Ed.

M. ö. o.: við viljum ekki setja fótinn fyrir þetta mál eins og það stendur nú. Við viljum ekki að hætt sé við þær áætlanir um framkvæmdir, sem fyrir dyrum standa á þessu og næsta ári, en að Alþingi fái málið til endurmats og skoðunar áður en stærri skref verða stigin í þessu efni.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Framgangur og afgreiðsla þessa stóra máls nú á örfáum dögum hér í hv. Nd. Alþingis er kannske dæmigert fyrir það, sem réttilega hefur verið gagnrýnt bæði innan Alþingis og utan þess, með hverjum hætti vinnan hér gengur fyrir sig, hvernig Alþingi í raun og veru hegðar sér eins og gufuketill, hvernig vinnan hleðst upp nú á þeim örfáu dögum sem unnið er undir þeirri pressu að Alþingi sé að hætta. Við verðum að fara að skoða það gaumgæfilega, að sú hætta er fyrir hendi að við þessar aðstæður geri alþm. mistök, ekki vegna þess, að það sé ekki unnið vel, ekki vegna þess, að í raun og veru leggi menn ekki að sér, og ekki vegna þess, að menn nýti ekki allan þann tíma og skoði ekki öll þau gögn sem fyrir þá eru lögð, heldur hreinlega vegna þess, að mannlegri getu í þessum efnum eru takmörk sett. Um þetta mál, sem er auðvitað milljarða fjárfesting, er auðvitað öllum ljóst að mörgum spurningum er enn þá ósvarað. Því er ósvarað um þessa verksmiðju, hvert rekstrartap gæti orðið á ári hverju nú á næstu árum, og það er auðvitað mikilvæg spurning, og í öðru lagi er ósvarað býsna mörgu í sambandi við markað á þeirri framleiðslu og þá er ég ekki bara að tala um saltið eitt, heldur um aðra þá framleiðslu, er kalla má hliðarframleiðslu, sem þarna kemur til með að eiga sér stað. Og það er dæmigert það framsöguerindi, sem hv. 6. þm. Reykv., Birgir Ísl. Gunnarsson, hélt hér áðan, að hann er auðvitað eins og aðrir hv. þm. allur af vilja gerður og er settur í þann vanda að verða að taka skjóta ákvörðun. Álit hans var eiginlega ein afsökunarbeiðni fyrir því, hversu litlar upplýsingar lægju fyrir, en hans óbreyttu orð voru þau sem ég hygg að sé sjálfur kjarni málsins, að úr því sem komið væri væri ekki hægt að setja fótinn fyrir þetta fyrirtæki. Að vísu má ekki beina því um of að einum einstaklingi því að þetta er það vinnulag sem viðgengist hefur of lengi hjá of mörgum og of mörgum árum saman, en að þessu leyti er þó býsna mikil ábyrgð hjá hæstv. iðnrh. vegna þess hversu seint málið kom fram.

Ég verð enn að vekja athygli á tvennu í þessu sambandi, sem hér var raunar reifað við 1. umr.: í fyrsta lagi að því er varðar hugsanlegt rekstrartap, hversu nákvæmar upplýsingar liggi fyrir um það, ég vil spyrja hæstv. iðnrh. um það, og svo í öðru lagi — ég er ekki að fara fram á neinar langar umr. um þetta — vek ég rækilega athygli á því, hve markaðsmálin í þessum efnum eru ókönnuð. Þegar talað var um þetta við 1. umr. var vísað hér í greinar eftir dr. Sigurð Pétursson. Hann hefur síðan skrifað blaðagrein þar sem hann lýsir mjög neikvæðum viðhorfum um þessi efni, og allt þetta hefði auðvitað verið bæði nauðsynlegt og æskilegt að fá að skoða betur.

Nú skal það þó sagt, að sú brtt., sem iðnn. gerir, er til bóta. Þetta er björgun í horn ef svo má að orði komast, og úr því sem komið er er þetta betra en ekki.

Út af fyrir sig ætla ég ekki að fara að halda langa ræðu um þetta, og þó væri ástæða til að rekja hér mjög ítarlega þær spurningar sem áhugamenn af ýmsu tagi hafa varpað fram í þessum efnum nú á síðustu dögum. Það snýr auðvitað sérstaklega að tvennu, þ. e. arðsemi fyrirtækisins, hver verður hún, og áhyggjur út af markaðsmálum þessa fyrirtækis. En ég segi aðeins það að lokum, að hér hefur þrátt fyrir allt verið settur hemill sem til bóta er.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég vil þakka hv. iðnn. þessarar deildar fyrir skjót og vel unnin störf í sambandi við athugun þessa máls. Það er aukið við fyrirvara í sambandi við málið. Mér hefur verið bent á að það gæti kannske verkað truflandi á hlutafjárútboð, almennt hlutafjárútboð, að hafa slíkan fyrirvara inni, þó ég telji hann út af fyrir sig að öðru leyti ekki óeðlilegan og ekki til neins tjóns fyrir það verkefni sem hér er á ferðinni, sem er, eins og lýst hefur verið, þróunarverkefni sem á að vinna í áföngum þar sem fyllstu aðgæslu verði gætt í sambandi við fjárfestingu og einstök þrep í þessu máli, þessu upphafi að stórri vegferð, að við væntum, í sambandi við sjóefnavinnslu á Reykjanesi.

Ég er ekki viss um að ég hafi náð alveg fyrirspurn hv. 9. þm. Reykv., en mér heyrðist hún lúta að athugun á markaðsþætti málsins. (**VG:** Já, væntanlegu rekstrartapi á tveimur, þremur næstu árum.) Tölur þar að lútandi hef ég ekki fyrirliggjandi. Ég held að þar sé ekki raunverulega um taprekstur að ræða miðað við þær forsendur, sem gefnar eru varðandi fjármögnun fyrirtækisins. Það er til lengri tíma litið a. m. k. gert ráð fyrir að þarna sé um arðbært fyrirtæki að ræða. En skilyrði fyrir því er vissulega að markaður sé fyrir afurðirnar, og það er ekki síst athugun á þeim markaði sem á að fara fram með meira magni af salti en fengist hefur úr tilraunaverksmiðjunni á Reykjanesi sem rekin hefur verið síðan 1978 og hefur aðeins gefið af sér takmarkað magn.

Það er ofur eðlilegt að efasemdir séu uppi varðandi markaðshliðina. En það gefst kostur á því á næstu mánuðum og misserum að kanna hana betur og láta á það reyna áður en ákvörðun verður tekin um stærri verksmiðju.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 118. fundur.

Föstudaginn 22. maí, kl. 1 miðdegis.

Lífeyrissjóður sjómanna, frv. (þskj. 993, n. 1035). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Nefndin hefur rætt þetta frv. í þeim búningi, sem það

barst okkur frá Nd., en hún gerði ýmsar breytingar á frv. í samráði við þá aðila sem það snertir aðallega. Leggjum við til að frv. verði hér samþykkt í þeim búningi sem Nd. gekk frá því.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður Íslands, frv. (þskj. 113, n. 1011). — *2. umr.*

Frsm. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Það hefur komið fram á þessu þingi og fyrri þingum að lífeyrismálefni landsmanna eru mjög flókin. Á þeim vettvangi hefur sprottið upp á undanförnum áratugum mikill fjöldi nýrra stofnana. Forsvarsmenn þeirra sem og stjórnvöld hafa haft það að meginverkefni að reyna að samræma þær reglur og þau ákvæði sem gilda um lífeyrisréttindi landsmanna.

Það hefur einnig komið fram bæði á þessu þingi og fyrri þingum frá þm. úr öllum stjórnmálaflokkum, reyndar einnig aðilum utan þings, að nauðsynlegt sé að samræma þetta kerfi í eina heild. Ein hugmyndin um slíka samræmingu var lögð fram í sérstöku frv. til l. um Lífeyrissjóð Íslands sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson og fleiri fluttu hér fyrr í vetur, en það er samhljóða frv. sem Guðmundur H. Garðarsson hafði flutt áður.

Nefndin sendi þetta frv. til umsagnar fjölmargra aðila og bárust nokkrar umsagnir. Eru þær prentaðar sem fskj. með nál. Í þessum svörum kemur fram að unnið er að því að endurskoða lífeyriskerfið og sérstakar nefndir vinna að þeirri endurskoðun. Nefndin komst þess vegna að þeirri niðurstöðu, að það væri ekki tímabært að taka afstöðu til þess frv. sem við fjölluðum um. Við töldum hins vegar nauðsynlegt að gera tvennt: Í fyrsta lagi að lýsa störfum okkar að málinu og kynna þinginu þær umsagnir sem okkur hafa borist um það. Í öðru lagi að knýja á um það, að svo fljótt sem auðið er og nauðsynlega síðar á þessu ári verði lagt fyrir þingið frv. að l. um samræmt lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn. Við leggjum þess vegna ekki til í nál. að sérstök afstaða sé tekin til frv., en kynnum hins vegar þetta tvennt sem ég hef hér lýst.

Þess vegna er ekki ástæða, herra forseti, til þess að bera frv. upp til atkv. að lokinni þessari umr., hvorki frv. sjálft né að vísa því til ríkisstj. Það er ætlun okkar, að þessari 2. umr. verði ekki lokið, heldur verði henni frestað, ef svo má að orði komast, og málið dagi síðan uppi með lokum þingsins, þó þannig að við höfum haft hér tækifæri til þess að gera grein fyrir þessum sjónarmiðum. Hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson mun einnig taka til máls hér við þetta tækifæri. En ég hef lýst hér afstöðu og afgreiðslu nefndarinnar og vísa hv. þd. og öðrum þeim, sem þessi mál varða, til þeirra fskj. sem birt eru með nál. Þau eru frá eftirtöldum aðilum: félmrn., Öryrkjabandalagi Íslands, Verslunarráði Íslands, Sambandi almennra lífeyrissjóða, Stéttarsambandi bænda, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Sambandi ísl. samvinnufélaga.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Ég hef í sjálfu sér litlu við það að bæta sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, formaður n. og frsm., sagði. Þar var, eins og hans er von og vísa, allt saman rétt og skilmerkilega frá greint. Það er kannske nokkuð óvanalegt að nefndir sendi frá sér álit með þessum hætti, að taka ekki afstöðu til málsins, en það hefði að sjálfsögðu verið hægt að gera og er hægt að gera í framhaldsnál. ef þing dregst á langinn sem ekki eru nú horfur á. En sem sagt, við vildum vekja athygli á frv. Þetta mun vera eina frv. sem nú er fullbúið og hefur verið lagt fram, en auðvitað geri bæði ég og aðrir flm. frv. okkur fulla grein fyrir því, að það mun ekki ná fram að ganga óbreytt. Að vísu er það nú svo, að þáltill., sem Alþfl. hefur lagt fram, er efnislega mjög svipuð þessu frv., og komið hafa fram hjá talsmönnum annarra flokka mjög svipuð sjónarmið, þannig að ég er að gera mér vonir um að á haustþingi muni verða unnt að samræma sjónarmið manna. Þau eru kannske ekki eins ólík, þegar þau eru skoðuð ofan í kjölinn, eins og menn í fyrstunni kynnu að álíta. Þessi lífeyrissjóðamál eru í mesta ólestri og óréttlæti í lífeyrissjóðamálunum er náttúrlega algerlega óþolandi. Það vita allir og gera sér grein fyrir og þess vegna hlýtur að verða gerð gangskör að því að leiðrétta misréttið og að koma á heildarskipun sem fólk getur áttað sig á og tryggir öllum landsmönnum hæfilegan lífeyri.

Ég er mjög þakklátur meðnm. mínum fyrir að vilja með þessum hætti vekja athygli á frv., gera mönnum grein fyrir því, að það er til umræðu, það er til umfjöllunar. Það mun verða til þess að hvetja aðra til að gera grein fyrir sínum skoðunum. En sú 17 manna nefnd, sem að þessu mun starfa, mun ekki vera komin nægilega langt áleiðis með sínar álitsgerðir. En vonandi hlutast ríkisstj. til um að þessi nefnd ljúki störfum, helst áður en þing kemur saman, og þá verði hægt að taka málið föstum tökum.

Málið var sent fjölmörgum aðilum til umsagnar, en aðeins fáir hafa þegar skilað aths. sínum eða umsögnum. Það má kannske segja að við í n. höfum ekki rekið nægilega á eftir þessum umsögnum. En við gerðum okkur grein fyrir því, a. m. k. ég, að þetta frv. mundi ekki ná fram að ganga á þessu þingi, bæði vegna ýmiss háttar anna og svo er það nú einu sinni svo, að þegar frv. kemur frá stjórnarandstöðu og það flókið frv. eins og þetta, þá er ekki venjan að þeir, sem með meirihlutavald fara, hlaupi til og samþykki slíkt skoðunarlítið — og jafnvel ekki með mikilli skoðun.

En mergurinn málsins er sá, að með þessu nál. er vakin athygli á málinu. Ég tel þetta hið merkasta mál. Það er ekki mér að þakka að þetta frv. hefur verið unnið. Það var gert af öðrum, eins og hér hefur fram komið. Guðmundur H. Garðarsson og fleiri fluttu það upphaflega og höfðu sérfræðing til að vinna frv. Eftir því sem ég kynnti mér málin meir sannfærðist ég meir um að þarna er í meginatriðum rétt stefna hvort sem einhverjar breytingar verða á frv. gerðar. En ósk mín og von er sú, að Alþingi muni bera gæfu til þess strax á haustþinginu að ná saman um að leysa úr þessu mikla óréttlæti og þeirri miklu flækju eða frumskógi sem þetta kerfi allt er komið í.

Ég endurtek þakkir mínar til nm.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Umbætur í þágu fatlaðra, frv. (þskj. 1001, n. 1037). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Félmn. hefur tekið þetta frv. til umfjöllunar og mælir með því að það verði samþykkt.

Frv. þetta á rætur sínar að rekja til þess, að 1980 var samþykkt þáltill. á Alþingi á þá leið, að Alþingi skori á ríkisstj. að láta gera úttekt á nauðsynlegum endurbótum á opinberu húsnæði til þess að auðvelda hreyfihömluðum aðgang og að gerð verði kostnaðaráætlun um þau verkefni sem brýnust þyki.

Þetta stjfrv. fjallar um að veita heimildir í nokkrum lögum til þess að viðkomandi ríkisstofnanir geti breytt opinberu húsnæði eftir því sem þarf til þess að auðvelda hreyfihömluðum aðgang og umgang um þessi hús. Hér er um að ræða breytingu á nokkrum lögum.

Í fyrsta lagi er um að ræða breytingu á lögum nr. 57/1978 um heilbrigðisþjónustu. Það er um að kostnaður við að gera byggingar heilbrigðisstofnana aðgengilegar fötluðu fólki greiðist af ríki og sveitarfélögum í sömu hlutföllum og stofnkostnaður samkv. lögum þessum.

Í öðru lagi er um að ræða hliðstæð ákvæði og breytingar á lögum nr. 63/1974 um grunnskóla.

Í þriðja lagi er um að ræða hliðstæð ákvæði og breytingar á lögum nr. 112/1976 um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn.

Í fjórða lagi er um að ræða till. um breytingu á lögum nr. 107/1970 um félagsheimili þar sem veitt er hliðstæð heimild.

Í fimmta lagi er um að ræða till. um breytingar á íþróttalögum nr. 49/1956, sömuleiðis í þessum tilgangi.

Þetta mál er komið frá hv. Nd. Það var þar samþykkt ágreiningslaust og enginn ágreiningur var í hv. félmn. Ed. um að mæla með samþykkt frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Efri deild, 119. fundur.

Föstudaginn 22. maí, að loknum 118. fundi.

Umbætur í þágu fatlaðra, frv. (þskj. 1001). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1048).

Lífeyrissjóður sjómanna, frv. (þskj. 993). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1049).

Framleiðsluráð landbúnaðarins, frv. (þskj. 743, n. 1004 og 1042). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Jón Helgason): Herra forseti. Landbn. hefur fjallað um frv. til l. um breyt. á lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl. Á þskj. 1004 er nál. frá meiri hl. landbn. þar sem fram kemur að n. varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl., Jón Helgason, Helgi Seljan, Davíð Aðalsteinsson og Eiður Guðnason, leggur til að frv. verði samþykkt eins og Nd. afgreiddi það. Eiður Guðnason skrifar undir nál. með fyrirvara.

Á fund n. komu þeir Ingi Tryggvason, formaður Framleiðsluráðs landbúnaðarins, og Árni Jónasson, erindreki Stéttarsambands bænda, og gáfu þeir ýmsar upplýsingar um þetta mál, þ. e. þá framleiðslustjórnun sem Framleiðsluráði landbúnaðarins var veitt heimild til með breytingu á lögum um Framleiðsluráð á árinu 1979. Undirbúningur að þessari vinnu hefur verið mikill, þar sem hér er um brautryðjendastarf að ræða má segja hér á landi, en þessu verki eða undirbúningi er nú vel á veg komið og þegar hefur orðið margvíslegur ávinningur af þessu starfi.

Þá skýrðu þeir enn fremur frá þeim breytingum, sem brbl. þau, sem hér er leitað staðfestingar á, hafa haft í för með sér, og töldu að þær væru jákvæðar. Þar var annars vegar um að ræða breytingu á því búmarki sem ákveðið er samkv. lögum um Framleiðsluráð, þar sem hægt væri að veita undanþágur frá því, og hins vegar breytingu á ákvæðum um fóðurbætisskatt sem var ákveðinn á s. l. sumri og leiddi til þess að nokkuð dró þá úr mjólkurframleiðslu. En á s. l. ári var orðið þannig ástatt að mjólkurframleiðslan varð það mikil að þeir markaðir, sem um var að ræða fyrir mjólkurvörurnar úr síðustu mjólkurlítrunum, gáfu minna en ekki neitt fyrir bændurna, þar sem útflutningsverð þeirra mjólkurvara, sem út þurfti að flytja þá, greiddi ekki vinnslukostnaðinn í búunum. Þegar þannig var orðið ástatt var augljóst að það var beinlínis skaði fyrir bændurna og landbúnaðinn í heild að halda áfram slíkri mjólkurframleiðslu. Þess vegna er það álit allra, sem til þekkja, að þarna hafi verið um beinan ávinning að ræða fyrir bændur.

Meiri hl. leggur sem sagt til að frv. verði samþ. eins og það kom frá Nd.

Frsm. minni hl. (Egill Jónsson): Herra forseti. Tilgreind hefur verið sem ein aðalforsenda brbl. frá 23. júní s. l. sú þróun sem orðið hefur í landbúnaði nú á hinum síðari árum, og af þeirri ástæðu verður ekki komist hjá því að minnast á þá þróun þótt í stuttu máli sé.

Þessir framleiðsluerfiðleikar eða framleiðsluvanda-

mál í landbúnaði, eins og tíðast er talað um, upphófust árið 1976 þegar á vantaði um hálfan milljarð kr. á verðlagi þess árs til þess að unnt væri að bæta upp allar útfluttar landbúnaðarvörur. Þessi tala hækkaði ár frá ári og komst í hámark á s. l. ári þegar hún nam 5.3 milljörðum gkr. og hafði þá 10—11-faldast á þessu fjögurra ára tímabili. Þessar tölur eru miðaðar við verðlag hvers árs fyrir sig og segja þannig ekki nákvæmlega til um hina raunverulegu stöðu þessara mála. Ef þær eru hins vegar færðar til sama verðlags er niðurstaðan sú, að útflutningsbótaþörfin umfram verðtryggingu 4—5-faldaðist á þessu árabili. Ef við berum þessar tölur svo aftur saman við framleiðsluaukningu í landbúnaði skýtur þar ærið skökku við því að á þessum sömu árum, frá árinu 1976 til ársins 1978, jókst framleiðsla í landbúnaði aðeins um 3—4%. Þessi framleiðsluvandi, ef menn vilja nefna hann því nafni, er þess vegna ekki til kominn vegna þess að framleiðsla í landbúnaði hafi gengið úr hófi fram.

Hins vegar er vert að minnast á það, sem þó allir vita hér, að á þessu sama árabili hækkaði verðlag í landinu um 100%. Það er einmitt sú þróun sem hefur keyrt landbúnaðarframleiðsluna úr skorðum og snert hefur ákaflega margar aðrar framleiðslugreinar í þessu þjóðfélagi.

Þess er getið í sambandi við þær forsendur sem gefnar voru út með brbl., að þeim væri ætlað að koma á jafnvægi í búvöruframleiðslunni. Sannleikurinn er hins vegar sá, að þessu jafnvægi var búið að ná 6 mánuðum áður en brbl. voru gefin út. Það liggur alveg ljóst fyrir að miðað við þessi sömu viðmiðunarár sem ég hef hér sérstaklega getið hafði mjólkurkúastofninn dregist saman um ca. 7.3%, og miðað við sömu afkastagetu þess stofns var alveg augljóst að framleiðsla og markaðsþörf hér innanlands á s. l. ári mundi í meginatriðum standast á. Það er alveg augljóst mál að þegar brbl. voru gefin út hefur gleymst að taka þetta dæmi til uppgjörs.

Þess er líka getið í forsendum fyrir útgáfu brbl., að þeim sé ætlað að tryggja innlenda fóðurframleiðslu og þannig að mæta þeim niðurgreiðslum sem hafa verið á innfluttu kjarnfóðri frá nágranna- og viðskiptalöndum okkar. Að þessu leyti hafa brbl. einnig reynst óþörf. Verðlag á kjarnfóðri erlendis hefur á þessu tímabili hækkað um 44.5% og þær niðurgreiðslur, sem sérstaklega eru tilgreindar sem forsenda fyrir útgáfu brbl., hafa verið felldar niður. Á þessu sama tímabili, þ. e. 11 mánaða tímabili, hefur verð á innfluttu kjarnfóðri hér á markaði hækkað um 100% án þess kjarnfóðurgjalds sem nú hvílir á því, en 140—150% að því meðtöldu, og ef borinn er saman framleiðslukostnaður á heyi allan þennan síðasta áratug miðað við kjarnfóðurverðið núna, þá hefur staða innlenda fóðuriðnaðarins aldrei verið neitt í námunda eins hagstæð og nú er. Framleiðslukostnaður á heyi er núna um það bil 50% af kostnaði við innflutt kjarnfóður, en hefur lengst af síðasta áratug numið um 70—80%. Einnig þær forsendur eru brostnar.

Hér hef ég vikið að þeim meginröksemdum, sem hafa verið færðar fram. En í þessu sambandi er að fleiru að hyggja. Vil ég þá sérstaklega víkja að því sem kom fram hér hjá hv. frsm. meiri hl., þar sem hann sagði að þessar breytingar hefðu verið nauðsynlegar. Ég athugaði það ekki í þessu sambandi reyndar að alveg eins og vera ber er fulltrúi Alþfl. í landbn. Ed. á skjön við okkur. Er það að sjálfsögðu í fullu samræmi við stefnu Alþfl. í landbúnaðarmálum. En það hefur verið látið að því liggja að líka hefði verið þörf breytinga á þessari löggjöf til þess að unnt væri að gera ýmsar undantekningar varðandi réttindi bænda vegna fyrirhugaðs kvótakerfis.

Nú er þess að geta alveg sérstaklega í þessu sambandi, að kvótakerfið sem slíkt er enn ekki orðið virkt og að því leyti sem áformað er að beita því tekur það einvörðungu til mjólkurframleiðslunnar og það eru innan við 2% af mjólkurframleiðslunni, verðmætum hennar, sem áformað hefur verið að deila út á grundvelli kvótakerfisins, þannig að jafnvel þó að þörf hefði verið á að beita því, þá lá ekki á að gera um það sérstök brbl. Hins vegar fer því víðs fjarri að með því hafi verið veittar rýmri heimildir eða sérstaklega gengið til móts við þá sem hafa haft minni bústofn eða meiri fjármagnskostnað. Ég hef hér samanburð á þremur mjög mikilvægum skjölum í þeim efnum, þ. e. löggjöfinni eins og hún var ákveðin veturinn 1979, reglugerðinni, sem við þau lög var sett, og brbl. eins og þau voru gefin út. Og það er alveg sérstaklega vert að undirstrika það hér, að ef brbl. sem slíkum væri fylgt nákvæmlega væri ákveðinn hópur frumbýlinga sem alls ekki væri hægt að taka tillit til í sambandi við endurmat á búvörukvótanum. Í raun hafa brbl. þannig þrengt kosti Framleiðsluráðs til þess að meta þær ýmsu aðstæður sem fyrir hendi eru í landbúnaði þegar meta á framleiðslurétt bænda út frá hinu svokallaða kvótakerfi.

Þetta, sem ég hef nú tilgreint, sýnir glögglega að útgáfa brbl. var í raun fljótfærnisleg ákvörðun, og túlkaði ég það reyndar í allrækilegu máli við fyrri umr. málsins. Það er alveg augljóst að að henni var staðið án þess að menn hefðu tileinkað sér ýmsa þætti í sambandi við þróun landbúnaðarmálanna. Af þeirri ástæðu var hér um mistök að ræða, alveg sérstaklega þegar á það er litið að hér var bókstaflega reitt til höggs. Bændurnir höfðu ekki aðstöðu til þess að aðlaga framleiðslu sína innan þessa kerfis og þegar á það er litið, hvað landbúnaðurinn er gróinn og formfastur atvinnuvegur og hversu bændurnir hafa fastmótuð vinnubrögð, þrátt fyrir það að með mörgum hætti er hægt að sanna að þeir eru tilbúnir að aðlaga sína framleiðslu hinum ýmsu ytri aðstæðum, þá kom þetta sér einkar illa vegna þess að til þeirra hluta fengu bændurnir í landinu ekkert svigrúm.

Í framhaldi af þessu og með tilvísan til þess, hvernig mál voru hér við fyrri umr., þá fellur þessi lagagerð með engum hætti að stefnu Sjálfstfl. í landbúnaðarmálum og er því að sjálfsögðu alveg sjálfgefið að Sjálfstfl. er andvígur útgáfu þessara brbl. og andvígur löggildingu þeirra hér á Alþingi. Á grundvelli þess höfum við þrír fulltrúar Sjálfstfl. í landbn. Ed. Alþingis skilað séráliti og leggjum til að þetta frv. verði fellt.

Það hefur verið skýrt af hv. frsm. meiri hl. hverjir standa að meirihlutaáliti, og í rauninni skýrir það þessi mál miklu betur en margar langar og ítarlegar ræður. Það er öllum mönnum ljóst að þótt Alþfl. og Sjálfstfl. eigi sem betur fer samleið í mörgum málaflokkum, eins og m. a. hefur komið fram í samstarfi þessara flokka og manna úr þessum flokkum í vetur, þá hafa þessir flokkar ekki átt samleið í landbúnaðarmálum. Nú hefur Alþfl. hins vegar fundið sér félaga og það er hann sem hefur haldið stefnu sinni. Afstaða Alþfl. er alveg á réttum stað. Hann styður þessi brbl. sem eru í fullu samræmi við afstöðu Alþfl. til málefna í íslenskum landbúnaði fyrr og síðar.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Það er nú svo með

samleið Alþfl. og Sjálfstfl. í landbúnaðarmálum, sem hv. síðasti ræðumaður var að tala um, að það er nú svo best að ljóst sé hvaða Sjálfstfl. verið er um að tala. Ég skrifaði undir nál. um staðfestingu þessara brbl. með fyrirvara vegna þess að að þessari aðferð, fóðurbætisskattinum, má ýmislegt finna og sumt í þessu sambandi orkar vissulega tvímælis. Hins vegar er ekki hægt að loka augunum fyrir því, að þær framleiðslustjórnunaraðferðir, sem upp hafa verið teknar, hafa skilað árangri til þess að draga úr óhagkvæmri framleiðslu, og ein af þessum aðferðum er fóðurbætisskatturinn.

Vera má einnig að einungis tilvist þessara stjórnunartækja hafi haft veruleg áhrif til þess að draga úr framleiðslunni og beiting þeirra hafi ekki þurft að koma til. Og það er rétt að hafa í huga í þessu sambandi að fallist hefur verið á í meginatriðum þá gagnrýni, sem Alþfl. *hefur árum saman haft uppi, og þá stefnu sem hann hefur* boðað, að það þyrfti að draga úr óhagkvæmri framleiðslu. Á það hafa bændasamtökin fallist, á það hafa þeir, sem nú stýra landbúnaðarmálum, einnig fallist. Það hefur því verið viðurkennt að þessi gagnrýni, sem um langt árabil var flutt af hálfu Alþfl., lengi vel fyrir daufum eyrum, hefur fengið hljómgrunn og þær aðgerðir, sem gripið hefur verið til hafa haft tilætluð áhrif. Og til þess var auðvitað leikurinn gerður.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Ég vil þakka hv. landbn. fyrir afgreiðslu hennar á þessu máli. Ég tel mjög þýðingarmikið að ljúka þessu máli fyrir þinglok, sem mér sýnist nú vera full vissa fyrir.

Ég tel ekki ástæðu til að fara hér í umræður um efnisinnihald þessa frv. né tilefni þess að nauðsynlegt var að setja brbl. 23. júní s. l. Ég vil aðeins taka fram að það var gert í samráði við ýmsa af forustumönnum bændasamtakanna, enda hafa bændasamtökin lýst yfir fylgi við þessar aðgerðir.

Ég vil einnig taka það fram með tilliti til orða hv. síðasta ræðumanns, að þær stjórnunaraðgerðir, sem gripið hefur verið til og nauðsynlegt hefur verið að grípa til, eru af því sprottnar að markaðsaðstæður hafa breyst, markaðir hafa brugðist og verðlagsþróun hefur gert þær nauðsynlegar. Það er ekki gert með tilliti til neinnar stefnu Alþfl., heldur einungis af þessum sökum.

Það er einnig margyfirlýst að þrátt fyrir þá nauðsyn, sem var á að draga saman mjólkurframleiðsluna þannig að hún væri nokkurn veginn við hæfi innlends markaðar, þá tel ég nauðsynlegt að halda uppi sauðfjárframleiðslu umfram innanlandsneyslu til þess að verja hagsmuni og tekjumöguleika til sveita þannig að byggðinni verði haldið.

Ég tel ekki ástæðu til að skipta að þessu sinni orðum við hv. þm. Egil Jónsson um þessi mál, við höfum gert það fyrr. Ég bendi aðeins enn á það sem hann segir um mun á stefnu Sjálfstfl. — sem hann kallar — og því frv., sem hér er á ferðinni, að í stefnutillögu þm. Sjálfstfl., sem hv. þm. *Egill Jónsson* er 1. flm. að, er tvítekið sem aðalleið í þeirri till. að beita kjarnfóðurgjaldi. Frekar þarf naumast vitna við um málflutning hv. þm., og ég tel ekki ástæðu til að fjalla um hann í fleiri orðum.

Ég endurtek þakklæti mitt til hv. nefndar.

Frsm. minni hl. (Egill Jónsson): Herra forseti. Það kemur mönnum að sjálfsögðu ekki neitt á óvart þótt hæstv. landbrh. vilji ekki tala efnislega um landbúnaðarmál, og kannske skýrir það öll þessi mál miklu betur en nokkuð annað. Það er náttúrlega langbest að þegja þegar menn hafa ekkert að tala og það út af fyrir sig ber á vissan hátt vott um góðan þroska.

En hitt kemur aftur á óvart, að hæstv. landbrh. vilji ekki einu sinni gegna hér eðlilegum þingskyldum sem ráðh. Ég bar hér fram fsp. til hæstv. ráðh. fyrir líklega einum og hálfum mánuði og hann hefur sýnt þá einstöku tillitssemi gagnvart því málefni, að hann hefur ekki séð ástæðu til að svara henni. Og af því að þeir sitja nú saman þarna tveir ráðherrarnir sem ég hef beint fsp. til, þá má kannske geta þess að hæstv. viðskrh. tjáði mér það í gær, líklega einum eða tveimur dögum eftir að ég lagði fram fsp., að hann væri tilbúinn að svara henni. Ég hef aldrei vitað það, þótt ég meti menn aldrei eftir því, hvar þeir eru í pólitík, að Framsóknarráðherrar þyrftu endilega að standa svona miklu framar ráðh. sem kenndu sig við Sjálfstfl.

En það er líka athyglisvert við ræðu hæstv. ráðh., að hann er að tala sérstaklega um bændasamtökin í þessu sambandi, þau hafi beðið um þetta. Það skyldi nú aldrei vera orðið þannig með þennan hæstv. ráðh., að honum þætti betur sæma að láta annan halda á þessum fána heldur en veifa honum sjálfur. Það er kannske mannlegt, en ekki er það mikilmannlegt.

Þá kem ég síðast að því sem ég hef verið að kenna hæstv. félmrh. í allan vetur og er enn ein sönnun þess, að það sætir engri furðu þótt þessi brbl. séu nokkuð á skjön þegar ráðh. er hér enn einu sinni að halda því fram, að kjarnfóðurgjaldið, eins og það var sett fram í brbl., sé með sama hætti og það hefur verið túlkað og sett fram í stefnumótunartillögum Sjálfstfl. Ég ætla aðeins enn einu sinni að minna hæstv. ráðh. á það, að þau tvö dæmi, sem um það eru nefnd, réttara sagt ábendingar, byggjast annars vegar á því að tryggja innlenda framleiðslu gegn niðurgreiddri erlendri fóðurframleiðslu og þar er alveg sérstaklega tilgreint að flatur skattur eigi að miðast við það. Hann er núna enginn til og á grundvelli þeirra forsendna eru ekki efni til þess að hafa hann á. Að öðru leyti er lagt til að heimilt verði að nota háan kjarnfóðurskatt sem stjórnunaraðgerð, og það er skýrt tekið fram að þar er einvörðungu átt við að leggja kjarnfóðurgjald á toppinn af kjarnfóðurframleiðslunni. Það er enn fremur skýrt tekið fram að því á að ráðstafa beint inn í áburðarverðið. Gildi þess hefði m. a. komið fram ef hæstv. landbrh. hefði séð ástæðu til þess að svara fsp. um innheimtu, um álagningu og um upphæð kjarnfóðurgjaldsins, því að þá hefði verið hægt að reikna sér til hversu mikil rýrnun hefur orðið á því fjármagni frá því að bændurnir greiða það og þar til það kemur til þeirra aftur. En með því að láta þetta ganga á einn stað, beint inn í áburðarverðið, hefði þó alla vega verið séð fyrir því. Þetta er, hæstv. ráðh., forsenda Sjálfstfl. fyrir því að fallast á kjarnfóðurgjald. Og ég vona nú satt að segja að ég þurfi ekki að segja mínum kæra vini Pálma Jónssyni þetta oftar, því að þetta skilur áreiðanlega orðið hver einn og einasti maður í þessari deild. (**Gripið fram í:** Ekki ég.) Það skiptir ekki svo miklu máli.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Út af fsp. hv. 11. landsk. þm. vil ég láta þess getið, að svar við henni var í gær eða fyrradag sent til skrifstofu Alþingis þannig að hún ætti í raun að vera komin í hendur þm. Það tók nokkurn tíma að afla gagna til að svara þessari fsp. og varð e. t. v. nokkru lengri dráttur á því, að þau gögn

skiluðu sér, heldur en æskilegt hefði verið, en svar við þessari fsp. ætti nú að liggja fyrir hér í Alþingi.

Ég vil aðeins endurtaka að ég tel ekki efni til þess né rétt að hefja hér ítarlega umr. um landbúnaðarmál á þessum síðustu annadögum þingsins og þess vegna mun ég ekki taka þátt í því að ræða mjög mikið þá ræðu sem hér var flutt af hv. 11. landsk. þm. Ég aðeins vitna til þess, að hann staðfesti auðvitað það sem ég sagði um þá till. sem hann er flm. að. Sú till. leggur til bæði flatan skatt, sem nú er í gildi, og einnig skatt á hámarksnotkun kjarnfóðurs, sem fylgir þá skömmtunarkerfi á kjarnfóðri sem blessunarlega er búið að leggja af nú. En þetta tvennt skýrði hv. þm. í sinni seinni ræðu og þarf ekki frekari útskýringa við.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10:5 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 13:5 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Kjarasamningar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, frv. (þskj. 39, n. 1036). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. 1. minni hl. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Þrír nm. hafa skilað nál., Guðmundur Bjarnason, Davíð Aðalsteinsson og ég. Aðrir nm. hafa enn sem komið er ekki treyst sér til þess að skila nál. Við skulum ekki láta það hafa áhrif á afgreiðslu málsins, en ég vildi hins vegar nefna þetta til skýringar vegna þess að hér liggur fyrir álit frá 1. minni hl. fjh.- og viðskn. og það er eina álitið sem hefur komið fram frá nefndarmönnum.

Þetta álit er á þá leið, að nefndin hefur rætt frv. og leggjum við undirritaðir til að það verði samþykkt á þeim grundvelli sem fram kemur í áliti 1. minni hl. fjh.- og viðskn. Nd., en í því áliti er gerð ítarleg grein fyrir afstöðunni til afgreiðslu málsins. Nefndinni barst einnig bréf frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og er það samkv. beiðni forsvarsmanna samtakanna prentað hér með sem fskj.

Við leggjum því til, herra forseti, með tilvísun til þess, sem fram kom í áliti 1. minni hl. fjh.- og viðskn. Nd. að frv.verði samþykkt.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Það er rétt, að það hefur ekki komið nál. frá mér í þessu máli, en ég geri ráð fyrir að afstöðuna til málsins eins og það horfir við, megi allt eins skýra hér úr þessum stól þannig að það komi ekki að sök, en verði þá frekar til þess að hraða störfum þingsins.

Þetta frv. ríkisstj. er sagt vera flutt til þess að efna loforð sem ríkisstj. hafði gefið BSRB við gerð kjarasamninga. Nú er komið í ljós að BSRB telur túlkun fjmrh. á ákvæðum 1. gr. jafngilda samningsrofum, eins og kemur fram í bréfi frá BSRB sem fylgir nál. 1. minni hl. sem fskj. Þar sem fjmrh. virðist fyrirmunað að komast til botns í því, hverju hann hafi lofað hverjum, eða ná samstöðu um skilning á ákvæðum 1. gr. virðist einsýnt að dómstólar verði úr því að skera, hvers konar loforð um sé að ræða af hálfu ráðh. Til þess að stuðla að slíkum úrskurði, þannig að efnisatriði liggi ljós fyrir, tel ég rétt að mæla með samþykkt frv. svo að þetta mál geti farið til dómstólanna og þau efnisatriði, sem um er að ræða, geti komið hér síðar til umfjöllunar þegar þau liggja ljós fyrir. Ég tel einsýnt að þegar efnisatriðin liggja þannig fyrir komi málið aftur til kasta Alþingis.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Það er víst ekki ofsögum af því sagt, að hér er á ferðinni hið mesta vandræðamál sem erfitt er að botna í fyrst og fremst og menn greinir mjög á um hvernig beri að skilja. Ég á von á því, að hæstv. fjmrh., úr því að hann er hér staddur, muni gera okkur grein fyrir því, í hverju misskilningur muni vera þarna fólginn. (**Fjmrh.:** Ég er búinn að því.) Hæstv. fjmrh. mun vafalaust geta skýrt okkur eitthvað frá þessum alvarlega grundvallarmisskilningi, hver hann muni vera.

Ég leyfi mér nú aðeins að vitna til yfirlýsingar sem Matthías Bjarnason gaf í Nd. í sambandi við þetta mál. Við sjálfstæðismenn munum ekki greiða atkv. um það. Það má vel vera að það geti verið rétt, sem hv. þm. Kjartan Jóhannsson sagði hér rétt áðan, að eðlilegt væri að samþykkja þessa grein til þess að dómur geti gengið. Ég hygg að dómur gæti gengið engu að síður að því er varðar framgang málsins til þessa, því að þetta eru lög meðan þau hafa ekki verið felld hér á Alþingi. Og auðvitað væri æskilegt að láta dóma ganga í mjög mörgum þeim málum sem hér hafa verið samþykkt á vegum hæstv. núv. ríkisstj., þ. á m. um lagabrot og stjórnarskrárbrot í bak og fyrir. Það var einmitt að berast nú á borð mitt bréf frá Verslunarráði Íslands sem kunngerir að það hafi ákveðið að höfða mál fyrir hönd eins af sínum félögum og styrkja hann til málshöfðunar til þess að hnekkja stjórnarskrárbroti því sem framið var með breytingunni á framleiðsluráðslögunum sem einmitt koma hér á eftir til 3. umr. Sem betur fer búum við enn í réttarríki þannig að hægt er að hnekkja sumu af þeirri löggjöf og ólögum sem hæstv. núv. ríkisstj., versta ríkisstj. í sögu þessa lýðveldis, hefur sett. Að því leyti til má kannske taka undir ummæli hv. þm. Kjartans Jóhannssonar. Ég hygg að það sé grundvöllur fyrir málshöfðun vegna gildis laganna fram til þessa. Þess vegna munum við þm. Sjálfstfl. ekki taka þátt í þeim skrípaleik sem hér er framinn. Þessi löggjöf er öllum til vansæmdar sem að henni hafa staðið. Það hefur komið í ljós og mun koma enn skýrar í ljós.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Það voru mjög eftirtektarverð orð hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar sem hann mælti hér áðan og ágætt að þau festast í þingtíðindum, þegar hann sagði að þessi löggjöf væri til vansæmdar öllum þeim sem að hefðu staðið. Sem sagt, meginefni þessa frv. er að veita opinberum starfsmönnum atvinnuleysistryggingar, og þeir, sem að því hafa staðið, hafa orðið sjálfum sér og öðrum til vansæmdar. (**EKJ:** Ég talaði um 1. gr.) Hv. þm. talaði um þessa löggjöf og allir, sem til þekkja, vita að 1. gr. er það atriði í þessari löggjöf sem minnstu máli skiptir fyrir opinbera starfsmenn sem og alla aðra.

Ég vil sérstaklega mótmæla því sem hefur komið fram í þessum umr., að 1. gr. feli í sér eitthvert loforð, sem fjmrn. hafi gefið BSRB, og það sé verið að efna þetta loforð með því að samþykkja greinina. Lögin aftur á

móti fela í sér loforð, vegna þess að í þeim er verið að staðfesta það loforð fjmrn. að gefa BSRB-mönnum rétt á atvinnuleysistryggingum, því stóra máli sem í löggjöfinni felst. 1. gr. frv. er hins vegar einungis atriði sem varðar kjarasamninga opinberra starfsmanna og veitir báðum rétt, annars vegar BSRB, hins vegar ríkinu. Og hver er þessi réttur? Ég held að það væri þörf á því, að menn gerðu sér fyllilega grein fyrir um hvað þetta mál snýst, um hvað er verið að fjalla, því að þeir, sem hér tala um það, virðast vera svo óralangt frá því að vita um hvað málið snýst að það er alveg furðulegt. Þó er nú búið að reyna að útskýra þetta fyrir mönnum.

Málið snýst um það, að BSRB-menn óskuðu eftir að BSRB-starfsmenn hjá þessum hálfopinberu stofnunum hefðu atkvæðisrétt um aðalkjarasamning. Um það snýst málið. Þetta kemur mjög skýrt fram í bréfi frá BSRB. En það, sem er aftur á móti misskilningur milli ríkisins og BSRB í þessu sambandi, er réttur ríkisins þar á móti. Við teljum að ef BSRB fái rétt til að láta starfsmenn, félagsmenn innan BSRB, hjá þessum stofnunum greiða atkv. um aðalkjarasamning, þá eigi ríkið þar á móti líka að hafa rétt til að fara með samningsumboð fyrir þessar stofnanir, það verði að vera jafn réttur á báða kanta, bæði á starfsmannahliðinni og á atvinnurekendahliðinni, þannig að 1. gr. komi ekki til framkvæmda öðruvísi en stofnanirnar hafi afhent ríkisvaldinu samningsumboð sitt, og þá sé sjálfsagt að félagsmenn BSRB hjá þessum stofnunum greiði atkv. samtímis um aðalkjarasamninginn. Þetta er það sem málið snýst um, og það er þetta sem BSRB vill ekki fallast á.

BSRB vill túlka málið þannig að með þessu ákvæði fái félagsmenn BSRB atkvæðisrétt um samninginn, en ríkið fái ekki umboðið frá stofnununum. Það er þetta sem deilan snýst um. Og ég verð var við það, að menn halda að þessi deila snúist um eitthvað allt annað og miklu meira. T. d. stóð hér upp ágætur maður í gær, hv. 3. landsk. þm., Karl Steinar Guðnason, og taldi að þetta frv. fjallaði nánast um landamærin milli Alþýðusambands Íslands annars vegar og BSRB hins vegar. Ég veit vel að það hafa verið landamæraerjur milli þessara tveggja samtaka og m. a. innan þessara stofnana. En þetta frv. breytir ekki neinu um landamærin milli þessara tveggja samtaka launþega. Það sker ekki á nokkurn hátt úr um það, hvert er starfssvið Alþýðusambandsins og hvert er starfssvið BSRB. Og það kemur raunar skýrt fram í yfirlýsingum sem BSRB hefur gefið, að það ætlast ekki til að þessi grein skeri þar úr í einu eða neinu. Hún fjallar alls ekki um þann þátt málsins. Starfsmenn hjá þessum stofnunum hafa verið bæði félagsmenn í BSRB og félagsmenn í ýmsum verkalýðssamtökum og þeir koma áreiðanlega til með að halda því áfram. Á því verður engin breyting við samþykkt þessa frv. Við höfum gert ráð fyrir því, eins og yfirlýsingar okkar bera með sér, að við munum semja áfram við verkalýðsfélög innan Alþýðusambands Íslands um réttindi þeirra manna sem starfa á starfssviði þessara samtaka.

Herra forseti. Það er ekki ástæða til að fjölyrða frekar um þetta mál. En þetta vildi ég að kæmi nú skýrt fram vegna þess að annaðhvort vitandi eða óafvitandi eru ýmsir stjórnarandstæðingar að reyna að telja alþm. og öðrum trú um að þetta mál fjalli um eitthvað allt, allt annað en það gerir, eru að reyna að telja fólki trú um að með þessu ákvæði hafi verið ætlunin að auka rétt BSRB til að hafa innan sinna samtaka menn sem áður hafa verið innan Alþýðusambandsins. En það stóð ekki til, hvorki að áliti ríkisins né að áliti BSRB. Það er alveg ljóst. Það kemur skýrt fram í yfirlýsingum sem hér hafa verið kynntar. Spurningin er einungis um þetta: Er það ekki rétt, að áður en þessi grein kemur til framkvæmda fái ríkið samningsumboð fyrir þessar stofnanir? Því höfum við haldið fram allt frá byrjun. Það er sá skilningur sem fram kemur í bréfi mínu til fjh.- og viðskn. Nd. í fyrradag. Sá skilningur var staðfestur af fjh.- og viðskn. þeirrar deildar, og mér skilst, að þessi skilningur sé ekki heldur umdeildur við umr. í þessari deild. En það væri sannarlega ástæða til að fá það á hreint, ef ég fer hér með rangt mál, ef menn eru annarrar skoðunar. Ég hef skilið það svo, að þeim skilningi sem fram kemur í bréfi fjmrn. sé ekki mótmælt af einum eða neinum hér í þinginu, og ég vildi gjarnan að annað kæmi fram ef þetta er misskilningur hjá mér.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Það er dálítið skrýtið að heyra hæstv. fjmrh. vera að býsnast yfir því, að menn séu haldnir misskilningi hér, vitandi að hann sjálfur hefur gefið út þrjár yfirlýsingar um þessi mál og tilefni þessara yfirlýsinga eru mótmæli stéttarsamtakanna, BSRB og ASÍ, varðandi skilning á þessu ákvæði frv., þ. e. 1. gr. (**Fjmrh.:** Hefur ASÍ mótmælt yfirlýsingunni?) ASÍ hefur komið á fund fjh.- og viðskn. og rætt um þetta, haft þungar áhyggjur af 1. gr. Þeir skildu þetta þannig, forseti og varaforseti, að þarna væri verið að fara inn á svið Alþýðusambands Íslands. Miðstjórn Alþýðusambandsins skildi það einnig þannig. Og framkvæmdastjóri Verkamannasambandsins skildi það einnig þannig. Það var einróma samþykkt að leggja áherslu á að skorið verði úr um það, hvernig með þetta skuli farið.

Ráðh. gaf út sérstaka yfirlýsingu til Alþýðusambands Íslands varðandi þessi mál, vegna þess að það hafa átt sér stað deilur um þessi landamerki, eins og við höfum kallað það, og Alþýðusambandið taldi rétt að fá úr því skorið, hvort halda ætti áfram að tæta verkalýðsfélögin svona í sundur. Ég er þó ekki að kenna núv. hæstv. fjmrh. um það frekar en öðrum. Það er svo, að þróunin hefur verið í þessa átt, hvort sem hann hefur verið þar eða ekki. En fjmrh. gefur út yfirlýsingu 31. okt. þar sem hann fullyrðir að ekki verði breyting á samningssviði Alþýðusambandsins. Síðan eru gerðir kjarasamningar sem valda því, að menn eru mjög uggandi um hvernig þetta verður. Mönnum sýnist — og ég er ekki einn um það, við erum, held ég, allflestir í forustu verkalýðssamtakanna þeirrar skoðunar — að lagagreinin stangist á við þá yfirlýsingu sem Alþýðusambandinu var gefin.

Þá er það að ráðh. gefur út þriðju yfirlýsinguna — eða þriðja skilninginn er kannske hægt að segja, sem á þó að vera staðfesting á einhverjum einum skilningi, og það verður til þess, að Alþýðusambandið telur að við þetta megi una. Þá kemur það upp, að BSRB sendir bréf til alþm. — og sjálfsagt til ráðh. einnig — þar sem segir í lokin, með leyfi forseta:

„Með tilvísun til yfirlýsingar fjmrh. um rýmkun samningsréttar, sem var grundvöllur samkomulags um aukinn samningsrétt BSRB, sem síðar var samþykkt af félagsmönnum BSRB í allsherjaratkvgr., mótmælir stjórn BSRB túlkun þeirri, sem fram kemur í bréfi ráðh., og telur hana samningsrof."

Af hverju skyldi þetta vera? Eru það tómir hálfvitar sem með þessi mál fara? (Gripið fram í.) Maður skyldi

ætla það ef allir þessir menn eru haldnir misskilningi, eins og talað var um hérna áðan. En ég held að svo sé ekki. Ég held að það hafi verið farið hálfóhöndulega að við gerð þessa samnings, og greinin er það óljóst orðuð að ég tel mjög varhugavert að samþykkja hana svona. Ég held að það hefði átt að taka upp viðræður við BSRB um hvernig þetta megi skýrara verða. Ég vil ekkert efast um góðan vilja fjmrh. í þessum efnum, að hann vilji tryggja starfshópum atkvæðisrétt sem ekki hafa haft hann að undanförnu. Ég er alveg samþykkur því. En það sem kemur fram hér í 1. gr., er alls ekki einangrað við það atriði. Ég hef heyrt því fleygt, að BSRB hyggist leita úrskurðar dómstóla um þetta atriði, og það væri fróðlegt að sjá hvernig það fer. Sjálfur tel ég, að það sé mjög varhugavert að samþykkja þetta svona, og mun greiða atkv. á móti þessari grein, en fagna öðrum greinum samkomulagsins. Ég greiði atkv. á móti þessari grein vegna þess að ég tel ekki rétt að samþykkja greinar eða lög sem eru svo óljós sem hér greinir, og ég vil ekki heldur taka þátt í því, sem kemur hér fram hjá BSRB, að fremja samningsbrot.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10:2 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Stálbræðsla, frv. (þskj. 711, n. 1039, 1040). —2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um frv. til l. um stálbræðslu. Iðnn. þessarar deildar hefur haft þetta mál, frv. til l. um stálbræðslu, til umfjöllunar í allmarga daga, enda þótt okkur finnist að sjálfsögðu, hv. nm. í iðnn., allt of skammur tími raunar til þess að fjalla um svo umfangsmikið mál. Þetta sama gildir auðvitað um öll þau frv. um verksmiðjur sem iðnn. hefur haft til umfjöllunar á undanförnum dögum.

Nefndin hefur leitað upplýsinga hjá fjölmörgum aðilum og eru þeir helstu eftirtaldir: Jafet Ólafsson frá iðnrn., Hákon Ólafsson frá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Gunnar Björnsson frá Félagi byggingarmeistara, Geir Zoëga og Ragnar Einarsson frá Sindrastáli hf., Jón Steingrímsson sem tilnefndur var af Iðntæknistofnun, Haukur Sævaldsson frá Stálfélaginu h. f., Sveinn E. Sigurðsson frá Seðlabanka, Björgvin Guðmundsson frá viðskrn., Jón Sigurðsson frá Járnblendifélaginu, Sigurður Gils Björgvinsson frá Sambandi ísl. samvinnufélaga, Helgi G. Þórðarson frá Verkfræðingafélagi Íslands, Jóhann Már Maríusson frá Landsvirkjun, Hrafn V. Friðriksson frá Heilbrigðiseftirliti ríkisins, Eyjólfur Sæmundsson frá Vinnueftirliti ríkisins, Ólafur Davíðsson frá Þjóðhagsstofnun og Hallgrímur Snorrason jafnframt frá Þjóðhagsstofnun. Umsagnir þessara fjögurra síðastnefndu stofnana eru birtar sem fskj. með þessu nál.

Nefndin hefur engar aths. fram að færa varðandi tæknileg atriði í framleiðslu steypustyrktarstáls hér á landi. Hins vegar leggur n. áherslu á að áður en til aðildar ríkisins komi þurfi að fara fram nánari athuganir á viðskiptalegum og rekstrarlegum grundvelli fyrirtækisins til að ganga úr skugga um að rekstur þess miðist við afurðaverð sem er sambærilegt við heimsmarkaðsverð, sbr. ákvæði til bráðabirgða.

Nefndin leggur til að þetta frv. verði samþykkt með brtt. sem hún flytur á sérstöku þskj. Einstakir nm. áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja öðrum brtt. sem fram kunna að koma. Undir þetta nál. rita allir hv. nm. í iðnn. Ed.

Ég vil þá leyfa mér að fara örfáum orðum um þær brtt. sem eru á þskj. 1040 og fluttar eru af n. Það má segja um þessar brtt. allar, að þær eru á þann veg að n. var sammála um að kveða á um ýmsa fyrirvara að því er varðar stuðning ríkissjóðs við þá ráðagerð sem hér er fjallað um. Flestar brtt. eru á þá lund.

1. brtt. er við 1. gr. frv., um það að greinin orðist svo:

„Ríkisstj. er heimilt að gerast eignaraðili að Stálfélaginu hf. og að leggja fram í því skyni allt að 40% af hlutafé þess, enda verði hlutafé félagsins minnst 30% af stofnkostnaði stálbræðslunnar."

2. brtt. er að við 2. gr. 2. tölul. bætist: „enda hafi verið tryggð öflun annars lánsfjár vegna stofnkostnaðar."

Ég vil leyfa mér að lesa upp í heild sinni 2. tölul. 2. gr. eins og hann verður nú:

„Að veita ríkisábyrgð fyrir lánum eða taka lán, er hlutafélaginu verði veitt til byggingar verksmiðjunnar, að fjárhæð samtals 17.5 millj. kr. eða jafnvirði þess í erlendri mynt, enda hafi verið tryggð öflun annars lánsfjár vegna stofnkostnaðar."

Þessi viðbót er til komin að sjálfsögðu vegna þess að við lítum svo á, að ríkissjóður eða ríkið eigi ekki að hafa þarna forustu. Við viljum treysta á frumkvæði og framlög — sem og ábyrgð þeirra aðila sem hafa áhuga á þessari ráðagerð og eru tilbúnir að fást við hana.

3. brtt. er á þá lund, að 3. gr. frv. falli brott. Þar gildir sama skýring raunar og vegna þeirra frv. tveggja sem héðan eru farin, þ. e. við viljum ekki gera því skóna að hluthafar né heldur stofnendur vegna þeirrar ráðagerðar, sem hér er um fjallað, verði færri en fimm, eins og getið er um í hinum almennu hlutafélagalögum.

4. brtt. er ákvæði til bráðabirgða: „Ekki er ríkisstj. heimilt að gerast eignaraðili að hlutafélaginu skv. 1. gr. né leggja fram fé ríkissjóðs sem hlutafé samkv. 1. tölul. 2. gr. né veita ríkisábyrgð eða taka lán samkv. 2. tölul. 2. gr. fyrr en tryggð hafa verið hlutafjárframlög annarra aðila fyrir 60% hlutafjár, enda sé tryggður rekstrargrundvöllur fyrirtækisins með afurðaverði sem er sambærilegt heimsmarkaðsverði að áliti viðskrn."

Um aðrar brtt. er ekki að ræða og hafa ekki komið fram frá iðnn.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara mjög mörgum orðum um þetta frv. Gerð var grein fyrir því í framsögu hér á sinni tíð. Ég vænti þess, að hv. þdm. sé sú framsaga í fersku minni, og vil ég vitna til þess.

Að gefnu tilefni vil ég enn og aftur þakka hv. nm. í iðnn. Ed. fyrir fórnfúst starf vegna þessa máls og jafnframt annarra mála sem við höfum fjallað um núna síðustu daga. Það er svo, að þegar skammur tími er eftir af þingi er mikið um fundi og mikið starf sem hv. alþm. verða að leggja á sig. Og ég vil vitna um það hér, að iðnn.-menn hafa lagt á sig ótrúlega mikið starf í þessu efni. Það ber að þakka.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Sú bók, Stál-

bræðsluáætlun, sem iðnrn. hefur samið, gengið frá og gefið út, er dags. í nóvembermánuði 1980. Allan tímann síðan í nóvembermánuði 1980 hefur þetta mál legið í iðnrn. þangað til nú fyrir fáeinum dögum, 5—6 mánuði. Það verður ekki ráðið af gögnum málsins að nein viðbótarvitneskja hafi fengist á þessum dvalartíma málsins í iðnrn. Hins vegar hefur hæstv. iðnrh. ætlað Alþingi og þar með þessari hv. deild að afgreiða þetta mál ásamt mörgum öðrum á mjög skömmum tíma. Ég hugsa að það láti nærri að tíminn, sem Alþingi hafi verið ætlaður — eða a. m. k. þessari hv. deild — til þess að fjalla um þetta mál, sé í dögum talið álíka langur og málið lá í mánuðum talið í iðnrn. Ég tel að þetta séu með öllu óforsvaranleg vinnubrögð, og það má í raun og sannleika segja að miðað við þennan aðdraganda málsins hafi hv. iðnn. þessarar deildar — og þá einkum og sér í lagi formaður hennar — miskunnað sig yfir málið. Svo knappur tími hefur verið til þess að fjalla um þetta að það verður ekki sagt að tekist hafi að fara ofan í málið með þeim hætti sem ég er sannfærður um að allir nm. hefðu kosið. Hefur þó nefndin verið að kvölds og morgna alla daga að undanförnu og það hefur vitaskuld bitnað á öðrum störfum þeirra þm. sem í nefndinni sátu. Ég get ekki á mér setið að mótmæla harðlega þeirri meðferð sem Alþingi fær með þessum hætti af hálfu hæstv. iðnrh.

Ég held að það sé líka ljóst af nál., sem þó hefur verið komið saman, og þeim tillögum sem n. flytur að tíminn til þess að fjalla um málið hafi verið óeðlilega knappur.

Ég ætla ekki að gera tilraun til þess að rekja hér efnisatriði þessa máls. Þetta er flókið og margslungið mál. En það hefur náðst samstaða í n. um að afgreiða það með þeim hætti sem greinir í nál. allra nm. og með þeim brtt. sem fylgja. Og ég vil einungis taka undir það sem formaður n. sagði, að nm. allir hafa lagt á sig mikið starf, og ég vil færa þeim þakklæti mitt fyrir samvinnuna og þó einkum og sér í lagi formanni n. En ég ítreka það enn og aftur, að sú málsmeðferð að láta þetta mál liggja 5—6 mánuði óhreyft í rn. og koma síðan með það nákvæmlega eins búið og ætla Alþingi álíka marga daga til þess að afgreiða það og það hefur legið marga mánuði óhreyft í rn. er með öllu forkastanlegt. Ég tel ekki að það sé til marks um góðan undirbúning mála sem hæstv. ráðh. hefur þó gjarnan hrósað sér af.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð fyrst og fremst til þess að þakka meðnm. mínum í iðnn. fyrir röskleg og drengileg vinnubrögð í umfjöllun þessa sérstaka máls sem lýtur að stálbræðslunni, samhliða því sem n. fjallaði um önnur frumvörp sem einnig lúta að heimildum fyrir ríkisstj. til þátttöku í stofnun nýrra iðnfyrirtækja.

Ég legg sérstaka áherslu á viðurkenningu af minni hálfu til þeirra stjórnarandstæðinga í n. við umfjöllun þessa sérstaka máls, þar sem um stálbræðslufyrirtæki er að ræða. Það geri ég vegna þess að orðrómur hafði heyrst um það, ákaflega óverðugur, að stjórnarandstæðingar í n. sýndu sig í því að bregða fæti fyrir þetta mál. Ég veit ekki hvernig þessi orðrómur komst á kreik, en hann er ósannur.

Ég get tekið undir það sem hv. þm. Kjartan Jóhannsson sagði um framlagningu þessara mála svo síðla á þinginu. Að vísu hef ég ekki haft neina aðstöðu til þess að kanna hvernig á þessum drætti stendur, en með tilliti til þess, að ég á ákaflega gott með að ímynda mér hvernig ég hefði hagað orðum mínum sem stjórnarandstæðingur um vinnubrögð af þessu tagi, þá álasa ég ekki hv. þm. Kjartani Jóhannssyni þó að hann kvæði prýðilega fast að orði um gagnrýni sína á vinnubrögð af tegund sem þessari. Það er alger óhæfa að fá inn á borð þm. á síðustu stundu brýn málefni af þessu tagi til afgreiðslu með svo skömmum fyrirvara, þar sem sérfræðingar og embættismenn ráðuneytanna hafa eytt árum jafnvel — og embættismennirnir a. m. k. mánuðum í undirbúninginn — og ætlast síðan til að þm. afgreiði þau í þeirri tímaþröng sem raun ber vitni. Hér er um að ræða brýn mál sem þm. vilja af skiljanlegum ástæðum reyna að greiða fyrir, en til þess þyrfti rýmri tíma en þetta, enda er það sannast sagna um afgreiðslu þessara þriggja verksmiðjufrv., sem afgreidd hafa verið í iðnn. Ed., að afgreiðsla iðnn. á málunum ber þess vott svo sannarlega að iðnn. hefur ekki haft nægan tíma til að fjalla um þau. Og ég vil að það komi fram hér, að fyrirvarar, sem iðnn.-menn hafa komið sér saman um við afgreiðslu þessara mála, stafa beinlínis af því að iðnn.-menn hafa ekki talið sig geta borið ábyrgð á afgreiðslu frv. í þeirri mynd sem þau voru lögð fram.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég tek undir það sem hv. 2. þm. Reykn. og hv. 4. þm. Norðurl. e. hafa sagt hér um vinnubrögð af hálfu iðnrh. varðandi þetta mál. Ég tek undir allt sem þeir báðir tveir hafa sagt um þetta. Ég minni á það, að við 1. umr. þessa máls vék ég að þessu atriði og benti á hve óhæfileg þessi vinnubrögð væru, að ætlast til þess að ein þingnefnd eins og iðnn. Ed. — þó að hún sé nú mjög vel skipuð eins og raunar aðrar þingnefndir hér í hv. deild — væri fær um að vinna svo sem vert væri og nauðsynlegt að þessu máli á svo skömmum tíma.

Hv. frsm. n., 3. þm. Vesturl., hefur skýrt nál., sem hér liggur fyrir, og brtt. frá iðnn. Í raun og veru hef ég ekki miklu við að bæta í því efni, vegna þess að ég hef hugsað mér að fara ekki að ræða efnislega um þetta mál nú. En ég vil vekja athygli á því, að brtt. iðnn. lúta einkum að tvenns konar atriðum: Annars vegar að breyta því yfirbragði og þeim efnisatriðum frv., sem gera ráð fyrir að ríkið hafi sérstaka forustu í þessum efnum, með því að fellt er niður ákvæði um að þetta félag, Stálfélagið hf., eigi að heyra undir iðnrh. Það heyrir ekkert sérstaklega undir iðnrh. Það gilda sömu reglur, ef tillögur okkar verða samþykktar, og um önnur hlutafélög í þessu efni. Það er enn fremur till. sem n. ber fram um að gera ekki undanþágur frá hlutafélagalögum um það, hve margir þurfi að vera í félaginu, eins og hv. frsm. n. vék að. Það er til þess að undirstrika að við gerum því ekki skóna, að þetta verði félag með örfáum aðilum og í framkvæmd verði þetta nánast ríkisfyrirtæki.

Hin atriðin í brtt. n. fjalla raunverulega um það að styrkja stöðu félagsins sjálfs og freista þess að sem mest öryggi sé fyrir því, að rekstur þess geti staðist. Í þessa átt er sú brtt. við 1. gr. frv., að það skuli ákveðið að hlutafé félagsins verði minnst 30% af stofnkostnaði stálbræðslunnar. Brtt. í þessa átt er og að finna í ákvæðum til bráðabirgða vegna þess að þau þýða í rauninni að þetta félag verður ekki stofnað nema það fyrirfinnist nægilega margir einstaklingar og aðilar, aðrir en ríkið, sem telja að það sé grundvöllur fyrir því að leggja fjármagn fram sem hlutafé. Þegar svo er búið um hnútana teljum við meira öryggi og tryggingu fyrir því, að ákvörðun ríkisvaldsins í

þessu efni sé rétt. Nánar er kveðið á um fyrirvara í ákvæðum til bráðabirgða sem lúta að því að tryggja að rekstrargrundvöllur sé fyrir þessu fyrirtæki. Þannig er tilskilið að söluverð afurða verksmiðjunnar sé sambærilegt við söluverð á heimsmarkaði á þeirri vöru sem hér um ræðir. Með þessu móti teljum við að við höfum gert það sem í okkar valdi stendur til þess að stuðla að því, að hér sé ekki farið út í neina óvissu, heldur sé gætt fyllstu varúðar, eins og nauðsynlegt er, en hins vegar sé sjálfsagt að efna til þessa fyrirtækis, sem hér er gert ráð fyrir, vegna þess að hér er um að ræða merkilega nýjung í iðnsögu Íslendinga.

Hér hafa allir verið að þakka öllum sem hér hafa talað. Ég get ekki látið vera að bera fram mínar þakkir. Ekki finnst mér að ég hafi neitt minna að þakka en aðrir í þessu efni. En um leið og ég þakka vil ég aðeins víkja að því sem hv. 4. þm. Norðurl. e. var að tala um orðróm sem hefði gengið um það, að við í stjórnarandstöðunni ætluðum að bregða fæti fyrir þetta mál. Ég vil aðeins segja það hér, að ég hef kynnt mér það mál og ég veit að það var á misskilningi byggt. Ég veit líka að þessi orðrómur átti ekki stoð í neinu sem kom frá stjórnarliðum í hv. iðnn. Það hefur verið mjög góð samvinna milli okkar allra í n. og enginn skuggi fallið þar á. Ég þakka öllum meðnm. mínum og sérstaklega formanni fyrir góða samvinnu og gott samstarf.

ATKVGR.

Brtt. 1040,1 (ný 1. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 1040,2 samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 1040,3 (3. gr. falli brott) samþ. með 16 shlj. atkv.
4.—6. gr. (verða 3.—5. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 1040,4 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Efri deild, 120. fundur.

Föstudaginn 22. maí, að loknum 119. fundi.

Kjarasamningar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, frv. (þskj. 39). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1050).

Framleiðsluráð landbúnaðarins, frv. (þskj. 743). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Nú fyrir skemmstu varð mér af tilviljun litið í boxið mitt hér frammi — ég geri það nú venjulega í upphafi fundartíma, en kannske ekki á miðjum degi — og rakst þá þar á hið merkasta bréf sem er stílað til hv. þm. Ed. Alþingis. Þar sem ég óttast að einhverjir hv. þm. hafi ekki séð þetta bréf, þá leyfi ég mér, með leyfi forseta, að lesa það hér upp. Það er frá Verslunarráði Íslands og hljóðar svo:

„Í dag, föstudaginn 22. maí, munu eiga að fara fram umr. um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 15/1979, um breyt. á lögum nr. 101/1966, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl. Eins og yður er kunnugt er þetta lagt fram til staðfestingar brbl. um kjarnfóðurskatt sem sett voru sumarið 1980. Verslunarráð Íslands álítur að umrædd brbl. séu í andstöðu við 40. gr. stjórnarskrárinnar. Máli sínu til stuðnings hefur Verslunarráðið lagt fram lögfræðilegt álit Helga V. Jónssonar hrl. og löggilts endurskoðanda. Jafnframt er Verslunarráðinu kunnugt um að Alþingi hafi fengið álit prófessors Jónatans Þórmundssonar á málinu, sem kemst að svipaðri niðurstöðu og Helgi V. Jónsson.

Í meðförum Alþingis hefur frv. tekið nokkrum breytingum. Engin þessara breytinga hefur þó raskað grundvallarástæðum þess, hvers vegna vafi leikur á lögmæti kjarnfóðurskattsins. Áður en umrætt frv. kemur til endanlegrar afgreiðslu Alþingis þykir Verslunarráði Íslands rétt að tjá þm. að einn af félögum ráðsins mun fyrir tilstuðlan þess höfða mál til endurgreiðslu á skattinum og ógildingar laganna. Er undirbúningi málshöfðunar lokið og mun því verða stefnt til Bæjarþings Reykjavíkur innan skamms. Vonast Verslunarráðið til að niðurstöður þess máls skeri endanlega úr ágreiningi um lögmæti kjarnfóðurskattsins og þannig fáist endanlegur dómur um þessa lagasetningu.

Með brbl. frá 9. júní 1980 er að mati Verslunarráðs farið inn á nýja og hættulega braut í skattheimtu. Þar sem mikill vafi leikur á lögmæti þessarar ráðstöfunar vill Verslunarráð Íslands hvetja þm. til að íhuga það vandlega hvort *rétt sé að greiða staðfestingarfrv.* atkv., með tilliti til þess að þm. hafa unnið eið að stjórnarskránni.

Með virðingu.
Verslunarráð Íslands.
Árni Árnason,
framkvæmdastjóri."

Ég taldi rétt, herra forseti, eins og ég gat um í upphafi máls míns, að lesa bréfið hér upp svo að ekki færi á milli mála að öllum hv. þdm. væri kunnugt efni þess. Það hefur að vísu gerst, bæði hér í þessari hv. d. og eins í hv. Nd., að menn hafi með opin augu greitt atkv. með stjórnarskrárbrotum — eða a. m. k. að áliti hinna hæfustu lagaprófessora sem hafa bent þm. á að þeir væru að brjóta stjórnarskrána sem þeir hafa unnið eið að, en menn hafa látið sig hafa það engu að síður. Hér er sem sagt enn um það að ræða að hinir hæfustu lögmenn telja að um stjórnarskrárbrot sé að ræða. Þess vegna er að mínu mati eðlilegt að nafnakall fari fram um endanlega afgreiðslu málsins svo að menn sjái hverjir það eru sem veigra sér ekki við að greiða jáyrði frumvörpum sem hinir hæfustu lögmenn telja stjórnarskrárbrot.

Frsm. meiri hl. (Jón Helgason): Herra forseti. Vegna þess, sem kom hér fram hjá hv. síðasta ræðu-

manni, vil ég aðeins geta þess, að á fundi, sem ég var á, sameiginlegum með mönnum úr landbn. Nd., þar sem Jónatan Þórmundsson mætti, vildi hann ekki fullyrða neitt um það, að þessi lagasetning stæðist ekki. En það var ekki fyrst og fremst það sem kom til að ég kvaddi mér hér hljóðs, heldur hitt, að ég gleymdi áðan við 2. umr. að benda á prentvillu sem hafði orðið í frv. eins og það kom frá Nd. Það er í 1. gr., 4. mgr. a-liðar, þar sem stendur: „að draga saman búvörutegundir", en á vitanlega að vera „búvöruframleiðslu". Það hefur af einhverjum ástæðum komið þarna inn orð sem augljóslega er ekki skiljanlegt.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KSG, KJ, ÓRG, ÓlJ, StefG, StJ, TÁ, DA, EG, GeirG, GTh, JH, HS.

nei: SalÞ, ÞK, EgJ, EKJ, GK.

2 þm. (LJ, GB) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég tel að það frv., sem hér um ræðir, sé nokkurt spor í rétta átt þótt ýmsir gallar séu á því, eins og komið hefur fram í fyrirvara sem Eiður Guðnason gerði grein fyrir fyrr í þessari deild. Í annan stað treysti ég þeim ummælum hæstv. forseta Sþ., að það sé álitamál, en ekki öruggt að dómi hinna hæfustu lögfræðinga að hér sé um stjórnarskrárbrot að ræða. Í trausti þess segi ég já, enda verði prentvillan leiðrétt.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Þau brbl., sem hér er verið að fjalla um, voru sett fyrir tæpu ári. Þeir vísu lögfræðingar, sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson vitnaði í áðan, hafa allan þann tíma ekki séð neina ástæðu til þess að vekja athygli stjórnvalda eða Alþingis á því, að með þeim lögum hafi verið framið stjórnarskrárbrot. Þótt Verslunarráð Íslands hafi skyndilega í dag sent Alþingi bréf um það efni sé ég ekki ástæðu til að breyta fyrri afstöðu minni til þessa máls. Við búum enn þá í réttarríki, þar sem Hæstiréttur Íslands sker úr um það hvað er stjórnarskrárbrot eða ekki stjórnarskrárbrot, en ekki Verslunarráð Íslands. Vona ég að Hæstiréttur gegni áfram því hlutverki, en ekki þróist hér það þjóðskipulag þar sem þm. koma upp eins og hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson og telji að Verslunarráð Íslands sé orðinn einhver löggildur úrskurðaraðili um það, hvað sé stjórnarskrárbrot og hvað ekki, og segi þess vegna já.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Það er alrangt, sem fram kom hér hjá hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni, að nm. og alþm. hafi ekki fyrr verið kunnugt um afstöðu lögmanna. Greinargerð Helga V. Jónssonar hefur legið hér frammi í margar vikur og líklega marga mánuði, hún lá hér fyrir a. m. k. þegar ég kom frá Ameríku, að vísu send frá Verslunarráðinu, en hún er ekki verri fyrir það. Hún lá a. m. k. í mínum möppum og mínum hirslum þá og þá vafalaust annarra þm. Þetta hefur því legið fyrir lengi, enda kom það fram hjá hv. þm. Jóni Helgasyni, að prófessor Jónatan Þórmundsson hefði komið á fund nefndanna um þetta mál. Það er því alrangt, sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson segir, að það sé fyrst nú í dag sem þessu sé andmælt og bent á að hér sé um stjórnarskrárbrot að ræða. Ég tel að svo sé, það sé stjórnarskrárbrot, og hlýt því að segja nei.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1051).

Stálbræðsla, frv. (þskj. 1052). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 106. fundur.

Föstudaginn 22. maí, kl. 1 miðdegis.

Sjóefnavinnsla á Reykjanesi, frv. (þskj. 899, n. 1015, 1016). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 28:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GeirH, GJG, GGÞ, GHelg, HÁ, HG, JI, IGísl, JÞ, MHM, MB, MÁM, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, SV, StH, SteinG, SvG, ÞS, AS, BGr, BÍG, EH, FÞ, SvH.

nei: AG.

HBl, JS, KP, SigurlB, VG, ÁG, FrS greiddu ekki atkv.

4 þm. (JE, ÓE, SighB, GS) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Eins og fram hefur komið við umr. um þetta mál er þetta mál allt of seint komið fyrir hið háa Alþingi. Þar ber hæstv. iðnrh. verulega sök. Þeir, sem um málið hafa fjallað, t. d. iðnn. hv. Nd., taka beinlínis fram, bæði í nál. og ekki síður í framsöguræðu fyrir því, að upplýsingar um þetta mál séu mjög ónógar og að fjölmarga vitneskju beinlínis vanti að því er málið varðar. Hins vegar háttar þingstörfum svo, bæði nú að þessu sinni og raunar iðulega áður, að að því er mál að þessu leyti varðar er Alþingi sett upp við vegg. Það er búið að tengja inn í þetta mjög verulega hagsmuni. Sannfæring mín stendur til þess, að allur þorri hv. þm. viti þetta mætavel, en telji að ábyrgðin sé svo mikil að bregða fætinum fyrir þetta mál, að þó svo að allar upplýsingar eða mjög veigamiklar upplýsingar vanti, þá treysti menn sér ekki til að bera ábyrgð á því að málið nái ekki fram að ganga, m. ö. o. að aðferðin við að samþykkja þetta mál sé í hugum allmargra mjög neikvæð. Þessi vinnubrögð öll ber stórlega að víta. Við erum hér að fjalla um mikla peninga skattborgaranna með mikilli óvissu. Sporin hræða í þeim efnum. Ef Alþingi hefði

fengið lengri tíma hefði niðurstaða öll getað orðið öruggari. En þessi niðurstaða er óörugg. Það er ekki þar með sagt að hér hafi ekki átt sér stað langur undirbúningur sérfróðra manna. Þegar þetta dæmi er gert upp og um leið og ég undirstrika þau vítaverðu vinnubrögð, sem af forustu hæstv. iðnrh. hafa hér verið viðhöfð, lýsi ég því yfir að ég greiði ekki atkv.

2.—10. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 1016 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Lagmetisiðnaður, frv. (þskj. 863(sbr. 518)). —Frh. 3. umr.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1045).

Raforkuver, frv. (þskj. 784, n. 1020 og 1021, 945, 974, 1017). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Brtt. 974,1 felld með 19:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HBl, JS, JÞ, KP, MHM, MB, MÁM, SigurlB, SteinG, VG, ÁG, BGr, BÍG, EH, FrS, GeirH, SvH.

nei: GGÞ, HÁ, HG, JI, IGísl, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, SV, StH, SvG, ÞS, AG, AS, FÞ, GS, GJG.

4 þm. (GHelg, JE, ÓE, SighB) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein atkv. sínu:

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Í 1. gr. á þskj. 974, sem eru brtt. frá Birgi Ísl. Gunnarssyni o. fl. segir, með leyfi forseta: „Landsvirkjun er heimilt að fengnu samþykki eignaraðila að reisa og reka eftirtalin orkuver." Nú er það svo, að eignaraðili að Landsvirkjun er að hálfu ríkið, að verulegu leyti, tæpum helming, borgarstjórn Reykjavíkur og afgangurinn er eign norðanmanna með Laxárvirkjun sem aðila. Ég tel alveg fráleitt að sveitarfélög eins og Reykjavíkurborg séu allt að því skylduð með lagaboðum til að taka að sér framkvæmdahlutverk á öllum þeim orkuverum sem stendur til að reisa í framtíðinni, og ekki bara það, heldur líka reka þau. Þá ábyrgð vil ég ekki leggja á herðar Reykvíkinga frekar en norðanmanna. Ég tel að hér eigi að vera um að ræða ríkisstofnun — sem gæti þá heitið Landsvirkjun — sem væri framkvæmda- og hönnunarfyrirtæki og hefði þá ekki öðru hlutverki að gegna en að reka og reisa orkuver fyrir hönd ríkisins. Ég segi því nei.

Brtt. 1017,1 (ný 1. gr.) samþ. með 19:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: RA, SkA, SV, StH, SvG, ÞS, AS, EH, FÞ, GS, GJG, GGÞ, HÁ, HG, JI, IGísl, ÓÞÞ, PP, PJ.

nei: SteinG, VG, AG, ÁG, BGr, BÍG, FrS, GeirH, HBl, JS, JÞ, KP, MHM, MB, MÁM, SigurlB, SvH.

4 þm. (SighB, GHelg, JE, ÓE) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vek athygli á því, að úrslit þessarar atkvgr. ráðast af hv. 6. þm. Suðurl. Hann hefur marglýst því yfir, að hann treysti iðnrh. ekki til þess að taka í neinu mark á þeirri brtt., sem hér eru greidd atkv. um, en vill af öðrum ástæðum ótilgreindum samt sem áður fylgja till. Ég segi nei.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég vil vísa til grg. hv. þm. Alberts Guðmundssonar og segi já.

Brtt. 974,2 tekin aftur.

— 974,3 felld með 18:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁG, BGr, BÍG, EH, FrS, GeirH, HBl, JS, JÞ, KP, MHM, MB, MÁM, SigurlB, SteinG, VG, SvH.

nei: AS, FÞ, GS, GJG, GGÞ, HÁ, HG, JI, IGísl, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, SV, StH, SvG, ÞS.

AG greiddi ekki atkv.

4 þm. (GHelg, JE, ÓE, SighB) fjarstaddir.

Brtt. 1017,2 samþ. með 19:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞS, AS, EH, FÞ, GS, GJG, GGÞ, HÁ, HG, JI, IGísl, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, SV, StH, SvG.

nei: AG.

ÁG, BGr, BÍG, FrS, GeirH, HBl, JS, JÞ, KP, MHM, MB, MÁM, SigurlB, SteinG, VG, SvH greiddu ekki atkv.

4 þm. (GHelg, JE, ÓE, SighB) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 19:2 atkv.

3. gr. samþ. með 19:2 atkv.

Brtt. 974,4 felld með 18:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JS, JÞ, KP, MHM, MB, MÁM, SigurlB, SteinG, VG, AG, ÁG, BrG, BÍG, EH, FrS, GeirH, HBl, SvH.

nei: HG, JI, IGísl, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, SV, StH, SvG, ÞS, AS, FÞ, GS, GJG, GGÞ, HÁ.

4 þm. (JE, ÓE, SighB, GHelg) fjarstaddir.

Brtt. 974,5 felld með 18:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HBl, JS, JÞ, KP, MHM, MB, MÁM, SigurlB, SteinG, VG, AG, ÁG, BGr, BÍG, EH, FrS, GeirH, SvH.

nei: HÁ, HG, JI, IGísl, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, SV, StH, SvG, ÞS, AS, FÞ, GS, GJG, GGÞ.

4 þm. (GHelg, JE, ÓE, SighB) fjarstaddir.

Brtt. 974,6 felld með 18:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SigurlB, SteinG, VG, AG, ÁG, BGr, BÍG, EH, FrS, GeirH, HBl, JS, JÞ, KP, MHM, MB, MÁM, SvH.

nei: ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, SV, StH, SvG, ÞS, AS, FÞ, GS, GJG, GGÞ, HÁ, HG, JI, IGísl.

4 þm. (ÓE, SighB, GHelg, JE) fjarstaddir.

4. gr. samþ. með 19:3 atkv.

5. gr. samþ. með 19:3 atkv.

Brtt. 945 felld með 18:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JS, KP, MHM, VG, ÁG, BGr, GS.

nei: GJG, GGÞ, HÁ, HG, IGísl, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, SV, StH, SvG, ÞS, AG, AS, EH, FÞ.

GeirH, HBl, JI, JÞ, MB, MÁM, SigurlB, SteinG, BÍG, FrS, SvH greiddu ekki atkv.

4 þm. (GHelg, JE, ÓE, SighB) fjarstaddir.

7 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Með 5. gr. frv. er aflað heimildar til eignarnáms á vatnsréttindum, landi, mannvirkjum og öðrum réttindum sem nauðsynleg eru vegna þeirra virkjunarframkvæmda sem frv. gerir ráð fyrir. Þessar heimildir getur þurft að nota og er ekkert því til fyrirstöðu að Alþingi kveði skýrt á um vilja sinn um það efni þegar þar að kemur. Samningaviðræður hafa staðið yfir milli fulltrúa ríkisins og hagsmunaaðila vegna Blönduvirkjunar. Þeim samningum er ekki lokið, en verður haldið áfram og leiða þeir vonandi til niðurstöðu. Ég tel því ekki tímabært að taka á þessu stigi ákvörðun um eignarnám og segi nei.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Í 5. gr. frv., sem þegar hefur verið samþykkt, eru ótvíræðar heimildir til að taka land eignarnámi í þágu þeirra virkjana sem heimildir hafa verið veittar fyrir. Samningaviðræður vegna Blöndu standa yfir og ég tel að þar hafi miðað vel áleiðis þó ekki hafi úrslit fengist enn. Ég tel mjög óheppilegt og ótímabært að Alþingi samþykki þá till. sem hér um ræðir meðan samningaviðræður standa sem hæst og ekki er neitt vitað um hvort þörf er á eignarnámsheimildum. Ég segi því nei.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Þar sem ég er þess fullviss, að með samþykki þessarar till. nú minnka líkurnar fyrir því, að frjálsir samningar náist um virkjun Blöndu, og þar sem ég tel að forðast eigi að grípa til eignarnáms fyrr en fullreynt er að samningar náist ekki og sé því ekki tímabært að taka afstöðu til slíkrar till. segi ég nei.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar yfirleitt að séreign á landi eigi ekki rétt á sér. Ég segi já.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég hafði nú satt að segja gert ráð fyrir því, að sjálfstæðismenn almennt mundu greiða atkv. gegn þessari brtt. á þskj. 945, því að ég álít að hún stríði gegn hugsjónum Sjálfstfl. og þeirra sem hann styðja. Hér er lagt til, náist ekki samkomulag fyrir ákveðinn tíma, sem er 1. ágúst í ár, að hnefarétti skuli þá beitt. Ég tel, að þetta sé alveg fráleitt og hljóti að brjóta í bága við réttlætiskennd fólksins í landinu, og segi nei.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Eins og sakir standa eru litlar eða engar líkur á því, að samkomulag náist í Blöndudeilunni, og er það miður. Samningaumleitanir hafa staðið lengi. Virkjun Blöndu er eitt mesta hagsmunamál Norðlendinga um áratuga skeið og er grundvöllur þess, að unnt reynist að tryggja sómasamlegt atvinnuástand og stöðva fólksflótta úr fjórðungnum. Virkjun Blöndu er einn hagkvæmasti virkjunarkostur sem nú er fyrir hendi, þjóðhagslega hagkvæmt verkefni til hagsbóta fyrir alþjóð. Örfáir menn koma í veg fyrir að unnt reynist að hefjast handa. Grundvöllur afstöðu þeirra er vafasamur, m. a. vegna þess að ríkið á virkjunarrétt á Auðkúluheiði og líkur benda til að það eigi Eyvindarstaðaheiði. Það varðar því þjóðarheill að eignarnámsákvæði orkufrv., sem hér liggur fyrir, verði hert — en það auðvitað tryggt, að fullar bætur komi fyrir til þeirra sem sannanlega eru landeigendur. Samkv. þessari brtt. gefst góður tími eða rúmir tveir mánuðir til að ná samkomulagi í Blöndudeilunni. Takist það ekki er nauðsynlegt að beita eignarnámsheimild laga. Sporin hræða á Norðurlandi: Laxárdeila og Kröfluævintýri. Þessi till. er lögð fram til að koma í veg fyrir endurtekningu slíkra ævintýra. Það kemur auðvitað ekki til greina að fá promille þjóðarinnar komi í veg fyrir að veigamikil hagsmunamál heildarinnar nái fram að ganga. Ég segi já.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Ég var nokkuð lengi að koma mér hingað vegna þess að ég hafði í huga að skipta mér ekki af þessari atkvgr., kannske ekki síst vegna þess að ég veit ekkert hver á þetta land, hver er raunverulegur eignarréttaraðili að þessu afréttarlandi. En með tilvísun til grg. hv. þm. Alberts Guðmundssonar segi ég já.

6. gr. samþ. með 20:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21:11 atkv.

Neðri deild, 107. fundur.

Föstudaginn 22. maí, kl. 3 síðdegis.

Landkaupasjóður kaupstaða og kauptúna, frv. (þskj. 1013, n. 1034). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Félmn. fjallaði um þá breytingu sem hv. Ed. gerði er hún tók aftur þá breytingu sem Nd. hafði gert á fyrirsögn þessa frv. Miðað við allar aðstæður urðu nm. sammála um að leggja ekki til að fara að flækja þessu máli milli deilda enn á ný. Kemur margt til. Það komu fram upplýsingar frá málfræðingum sem hafa lagt úrskurð á það, að þessi orð væru jafnrétthá í íslensku máli, og færa ýmis rök fyrir því sem ástæðulaust er að vera að lesa frekar upp.

Niðurstaða n. varð sú, að þó að meiri hl. hennar hefði kosið fremur það heiti á frv. sem samþykkt var hér í Nd. telur meiri hl. n. það ekki skipta svo miklu máli að ástæða sé til að breyta því að nýju, enda fram komið álit málfræðinga, að orðin landkaup og landakaup séu jafnrétthá í íslensku máli. Leggur n. til að frv. verði samþykkt óbreytt. Undir þetta nál. skrifuðu auk frsm. Friðrik Sophusson, Eggert Haukdal, Steinþór Gestsson og Guðmundur J. Guðmundsson. Aðrir nm. voru fjarverandi.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17:12 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1057).

Sjóefnavinnsla á Reykjanesi, frv. (þskj. 1041 (sbr. 899)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23:1 atkv. og endursent Ed.

Varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum, frv. (þskj. 984 (sbr. 555), n. 1006, 1019). — 2. umr.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Þetta frv. er komið frá Ed. og varð samstaða um afgreiðslu þess þar. Í 2. gr. frv. segir og skýrir raunar alveg hvað felst í þessu frv.: „Landbrh. getur samkv. þessum lögum gert varnarráðstafanir og gefið út reglugerðir, sem stuðla að því: 1) að fyrirbyggja að hættulegir skaðvaldar berist til landsins og dreifist innanlands, og útrýma skaðvöldum, sem þegar hafa borist til landsins" o. s. frv.

Þetta er til þess að hægt sé að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir að inn í landið berist meindýr eða sjúkdómar með plöntum eða einhvern veginn óðruvísi. Núgildandi lög um sama efni eru frá 1927 og eru alveg orðin úrelt.

Þegar landbn. fjallaði um málið var samstaða um það í n. að mæla með því að frv. yrði samþykkt efnislega eins og það kom frá Ed. Hins vegar litum við þannig á, að það mundi kannske vera hægt að leiðrétta vafasamt málfar í nokkrum greinum. En þegar við fórum að athuga það nánar, eftir að við vorum búnir að skila nál., þótti okkur einsýnt að það yrði að flytja brtt., sem eru á þskj. 1019. Hér er eingöngu um að ræða að breyta svolítið orðalagi og ég er ekki að skýra það frekar.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég vil þakka formanni landbn. Nd. fyrir þær brtt. um málfar sem hann flytur hér varðandi þetta frv. Ég vil í tilefni af þessum brtt. vekja athygli á því, að það gerist nú æ tíðara í málfari á frumvörpum og tillögum sem fluttar eru hér á Alþingi, að orðalag þeirra er með þvílíkum eindæmum, að það verður að mínu mati að fara að gera einhverjar lagfæringar í sambandi við þann „kansellístíl" sem kemur fram í frumvörpum frá embættismönnum og ráðuneytum og er fyrir neðan allar hellur og Alþingi til skammar.

Mig langar að nefna nokkur dæmi úr þessu frv. sem hér liggur fyrir og hv. landbn. hefur flutt brtt. við. Þess má geta, að í jafnstuttu frv. og hér er á ferðinni og grg., sem því fylgir, kemur orðið skaðvaldur fyrir a. m. k. 11 sinnum. Þá má nefna fleira í orðalagi þessa frv. sem n. þótti einsýnt að yrði að breyta. Ég vil nefna sem dæmi að orðið mark er notað í fleirtölu, þ. e. hámark er notað í fleirtölu sem hámörk í frv. Síðan er talað um það á einum stað, að það skuli framkvæma aðgerðir. Hvað skyldu nú íslenskumenn í útvarpinu vera búnir að hamra oft á því að menn framkvæmi ekki aðgerðir? Menn gera ýmislegt og taka sér ýmislegt fyrir hendur, en þeir framkvæma ekki aðgerðir.

Þá er á öðrum stað í frv., í grg., talað um kartöfluskaðvalda. Ég verð að segja fyrir mig að ég er ekki alveg með á nótunum hvað þetta þýðir: kartöfluskaðvaldur. Er það maðurinn sem borðar kartöfluna? Hver er það sem gengur svona hart að kartöflunni að hann kynni að eyðileggja hana? **(Gripið fram í:** Sýklar.) Já, sýklar, meindýr, ýmislegt annað hefði verið hægt að nota í staðinn.

Ég vil nefna aðra setningu hér þar sem segir „að hún veiti tryggingu gagnvart skaðvöldum á öllum tegundum kartaflna". Þarna er notað orðið gagnvart. Þar hefði mátt nota orðið gegn t. d. Svo kemur hér setning í grg. sem er skýring á 4. gr.: „Upplýsingaskylda almennings gagnvart þeim aðila, sem annast skal eftirlit eða framkvæmd með settum fyrirmælum." Hver skilur þetta? Ég skil þetta ekki. Það þarf talsverða yfirlegu til að tilgangurinn með þessari setningu síist inn í þá sem eiga um þetta að fjalla.

Síðan kemur ein setning sem einnig er frábær að mínu mati. Þar stendur: „Nauðsynlegt getur verið að banna ræktun á móttækilegum tegundum um tíma, meðan verið er að svelta ákveðinn skaðvald út. Með plöntur gæddar ákveðnum eiginleikum er t. d. átt við ónæm afbrigði innan sömu tegundar."

Herra forseti. Ég vil nú beina því til forseta þingsins og þeirra ráðamanna sem með valdið fara í sambandi við þetta, hvort ekki væri unnt að þingið færi yfir eða hefði starfsmann, íslenskufræðing. Ég veit að hér er mjög fær maður, sem gegnir því starfi þegar hann hefur tíma til, a. m. k. fyrir þm. En nauðsynlegt væri að fá mann sem færi yfir frv. og tillögur og annað sem þinginu berst frá ráðuneytum og færði orðalagið og málfarið til betri vegar. Ég held að þetta væri mikið nauðsynjaverk. Eins og fram kemur í brtt., sem hv. formaður n. hefur gert grein fyrir, reyndi n. að gera nokkra bragarbót á þessu máli, en ég veit ekki hvort það hefur nægt.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Ég vil þakka hv. landbn. fyrir afgreiðslu á þessu máli og get lýst fylgi mínu við þær brtt. sem n. hefur lagt fram. Ég get að ýmsu leyti tekið undir almenn orð hv. þm. Árna Gunnarssonar um það, að æskilegt sé að vanda mál á þeim þskj. sem hér eru lögð fram, og vissulega er unnt að benda á ákveðið orðalag í þessu frv. sem betur mætti fara, einkanlega þar sem orðið hámark er sett í fleirtölu, sem er vafalaust af vangá.

Ég vil þó einnig geta þess, að það er auðvitað hægt að lesa svo einstakar mgr. að það sé lítt skiljanlegt. Varðandi það, sem hv. þm. sagði t. a. m. um skaðvald, þá hefst þetta frv. með orðaskýringum. Þar segir t. a. m.: „Mein merkir frávik frá því sem heilbrigt má teljast, og skaðvaldur merkir þær lífverur og lífræna þætti sem meinum valda á plöntum" o. s. frv. Þetta tiltekna orð er því notað um ákveðið hugtak. Um það má kannske deila, hvort á að nota það orð um þetta tiltekna hugtak eða ekki. Ég tel hins vegar að skaðvaldur sé fullgott og gilt orð og það beri raunar í sér hvað það merkir.

Tilteknar aths. um skýringar við einstakar greinar eða það sem segir í grg. frv. skal ég ekki fjölyrða um. Hér er um nokkuð tæknilegt frv. að ræða og ekki ástæða til þess að fjalla um það í löngu máli. En ekki veit ég hvort hæstv. forseti vildi taka það til athugunar að ráða hv. 6. þm. Norðurl. e. í það hlutverk sem hann var hér að benda á að þyrfti að kveðja mann til.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Um orðfærið á ýmsum þskj. má margt segja. Það er margur skaðvaldurinn í rituðu íslensku máli. Það má víst segja. Og ekki skal farið mörgum orðum um það. Við erum svo heppnir að hafa hér í þjónustu okkar mann sem er ákaflega vel að sér í

þessum sökum, en margt getur í önnum farið framhjá honum. En ég tek undir það, að þetta er hið brýnasta mál, að menn gái vel að sér. Ekki er fyrir það að synja, að hér viðhafi menn orðalag sem er lítt skiljanlegt. Má ég minna á það sem menn éta nú hver upp eftir öðrum hér á Alþingi, um að málefni skarist. Og það er orðið til nafnorð sem heitir skörun. Þetta er ekki til í íslensku máli. Hlutir skarast, skildir skarast, fylkingar stóðu sköruðum skjöldum, en það kannske dregur til þess einhvern tíma að það verði farið að mæla menntamál eftir metratalinu. Ekkert skal ég um það segja. Hér segir hver maður að heita má að menn gangi á undan með góðu fordæmi. Það er ekki til. Það er auðvitað að ganga á undan með góðu eftirdæmi og skiptir þar engu máli þótt eftirdæmi þýði sama og fordæmi. En það er kalið á mönnum brageyrað og menn skilja ekki hljómfall málsins með því að rangsnúa þessu svona. En ekki meira um það.

Ég mun sannarlega beita mér fyrir því, að reynt verði að gá vel að orðfæri og orðalagi á þskj. En það mætti gjarnan líka athuga um orðfæri í ræðum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 1019,1 samþ. með 30 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 1019,2 samþ. með 29:1 atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 1019,3 samþ. með 29 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 1019,4 (ný 6. gr.) samþ. með 30:1 atkv.
7.—9. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Framkvæmdasjóður aldraðra, frv. (þskj. 965, n. 1012, 983, 998, 1018). — 2. umr.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. fékk til meðferðar frv. til l. um Framkvæmdasjóð aldraðra. Nefndin fjallaði um frv. á tveimur fundum og fékk til ráðuneytis Árna Kolbeinsson deildarstjóra í fjmrn.

Nefndin hefur flutt brtt. á þskj. 1018, en einstakir nm. áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. Fjarverandi afgreiðslu málsins var Matthías Á. Mathiesen.

Brtt. n. fjalla um það að breyta 1. tölul. 2. gr., en þar var ýmislegt athugavert, ekki í sjálfu sér beint við orðfæri, heldur efnisinnihald, og höfðum við náið samráð við fjmrn. varðandi þær breytingar sem við höfum gert. Þar er gert ráð fyrir að lagður verði skattur á hvern mann, 100 kr. Þó skulu börn innan 16 ára aldurs undanþegin gjaldinu svo og allir þeir menn er hafa tekjuskattsstofn undir 2.5 millj. gkr. Þannig er gert ráð fyrir að þetta gjald muni skila þeim sjóði, sem hér um ræðir, þ. e. Framkvæmdasjóði aldraðra, um 1 milljarði gkr. á árinu 1981. Hér er um það að ræða að þetta gjald skuli aðeins lagt á á árinu 1981. Með því er á engan hátt ákveðið að gjald þetta megi ekki framlengja. Hitt er svo annað mál, að okkur þykir eðlilegt að þessi skattur komi til endurskoðunar að ári liðnu.

Það verður að segjast eins og er, að það er fremur hvimleitt að taka upp svokallaða nefskatta eða ákveðið gjald hjá hverju mannsbarni í landinu. Það verður að gæta hófs í því. Og þó að ég sé ekki að segja með því að það komi ekki til greina í vissum tilvikum veit ég að mörgum hv. þm. þykir eðlilegt að taka þessa ákvörðun til endurskoðunar. Hér er um afmarkað málefni að ræða sem að vísu verður aldrei leyst til fullnustu, en menn vænta þess, að það muni vera hægt að gera þar mjög verulegt átak á nokkrum árum ef kraftur er í það settur. Það liggur fyrir að það verður að framlengja það átak. Það er alls ekki nægilegt að það standi til eins árs, langt frá því. En ég vildi aðeins geta þessa varðandi það að gjaldið yrði tekið til endurskoðunar.

Nefndin gerir einnig tillögu um að 3. liður 2. gr. falli niður. Það er gert vegna ábendingar um að lögin um Byggingarsjóð aldraðra muni gilda áfram og þess vegna þykir ekki eðlilegt að hafa þennan 3. lið inni. Nefndin flytur tillögu um að 3. liður falli niður, 4. liður verði 3. liður og 5. liður 4. liður.

Ég sé ekki ástæðu til að gera frekari grein fyrir máli þessu. Ég vil aðeins ítreka það, að n. leggur til að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu er fram kemur á þskj. 1018, en einstakir nm. áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. Tvær aðrar brtt. hafa þegar verið fluttar við mál þetta.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Þetta frv. er flutt af þeirri ástæðu, að stjfrv. um heilbrigðis- og vistunarþjónustu fyrir aldraða var ekki afgreitt úr nefnd, vegna þess að n. taldi sig ekki hafa tíma til þess að fjalla eins og skyldi um það frv. og sömuleiðis annað frv. sem lá fyrir nefndinni. En því er þetta frv. flutt að það er talin nauðsyn á að fjáröflun fari fram til þess að sinna því hlutverki að fjármagna byggingar bæði ríkis, sveitarfélaga, sjálfseignarfélaga og einstaklinga vegna stofnana fyrir aldraða. Þetta er brýnt verkefni sem ekki þolir bið.

Sá tekjustofn, sem 2. gr. frv. fjallar um og hv. frsm. n. hefur lýst, er mjög umdeildur eins og allir alþm. vita. Það er mjög ofarlega hjá mörgum þm. að vera alfarið á móti nefsköttum eða mörkuðum tekjustofnum, og í sjálfu sér get ég tekið undir þau orð hv. frsm. n. Þó tel ég útilokað að ljá ekki máls á því í undantekningartilfellum, brýnum tilfellum, að grípa til þess ráðs og þá um stundarsakir. Þess vegna skrifa ég undir þetta nál. og styð það. Þó að mér sé á margan hátt ógeðfellt að leggja á nýjan nefskatt, þá greiði ég honum atkv. Ég hefði talið eðlilegra að ríkið hefði sýnt þann stórhug að leggja þessu máli lið beint úr ríkissjóði án nýrrar skattpíningar. Við teljum að bæði tekjuskattur og eignarskattur hafi hækkað það mikið, sérstaklega nú á síðustu árum, að ekki sé á bætandi að leggja 1% álag á eignarskatt og tekjuskatt eins og brtt. fól í sér sem fram var komin hér við 1. umr. þessa máls. Hitt hefðum við talið eðlilegra. En það er stjórnarliðið á hverjum tíma sem ræður því, hvaða skattlagning skuli viðhöfð, og þar sem ríkisstj. hefur ekki orðið ásátt eða stjórnarliðar um það, að ríkissjóður leggi fé til þessa nauðsynlega verkefnis, þá vil ég heldur standa að slíkri skattlagningu til þess að tryggja fjármagn til þess. Því styð ég þetta frv. heils hugar.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil byrja á því að harma það, að nefndin skyldi ekki hafa treyst sér til þess að velja þá leið sem ég legg hér til, að binda framlagið til Framkvæmdasjóðs aldraðra við tekjuáætlun ríkissjóðs.

Algengt er að sú leið sé farin ef menn vilja leggja sérstaka áherslu á afmörkuð verkefni. Minnist ég í því sambandi sérstaklega á Byggðasjóðinn þegar honum voru tryggð 2% af fjárlögum í sínar lánveitingar (**MB:** Það hefur verið svikið í framkvæmdinni.) Að vísu hefur það verið svikið í framkvæmdinni, eins og hv. 1. þm. Vestf. segir hér réttilega, en eigi að síður hefur þessi leið tryggt Byggðasjóði verulegt fjármagn á umliðnum árum.

Alþfl.-menn hafa lagt til að binda framlagið til Framkvæmdasjóðs aldraðra ákveðnum hundraðshluta af tekju- og eignarskatti. En ég vil einnig segja um þá tekjuöflunarleið, að mjög hefur verið á reiki á undanförnum árum hversu hár tekju- og eignarskatturinn hefur verið, og persónulega kann ég illa við þann þanka, að á sama tíma og menn berjast fyrir lækkun tekjuskatts skuli þeir berjast á móti framlagi til Framkvæmdasjóðs aldraðra. Ég get ekki hugsað mér af þeim sökum að tengja framlagið til Framkvæmdasjóðs aldraðra tekjuskattinum. Ég tel hann of háan og hlýt þess vegna að velja aðra viðmiðun.

Við 1. umr. málsins beindi ég því til fjh.- og viðskn., að hún athugaði sérstaklega tvö atriði í sambandi við þennan nýja skatt. Það hefur farið fram hjá mér ef formaður n. hefur gert þeim skil í sinni ræðu. Ég vakti annars vegar máls á því við 1. umr., að í áramótaboðskap sínum hefði ríkisstj. lofað verkalýðshreyfingunni verulegum lækkunum á beinum sköttum. Ég óskaði eftir upplýsingum um hvort verkalýðshreyfingin teldi að þessi nýi skattur, sem hér er lagður til, rúmaðist innan þess samkomulags sem fjórir af forustumönnum verkalýðshreyfingarinnar, forseti og varaforseti Alþýðusambands Íslands, formaður Verkamannasambands Íslands og formaður Einingar á Akureyri, gerðu við ríkisstj. varðandi lækkun skatta. Hv. 3. þm. Austurl. vék ekki einu einasta orði að þessum þætti málsins. Óska ég enn eftir því, að upplýsinga um þetta atriði verði leitað eða a. m. k. að fram komi að n. hafi ekki séð ástæðu til þess að grennslast fyrir um það hvert væri álit verkalýðshreyfingarinnar á þessum nýja skatti.

Ég sakna þess einnig, að hv. 3. þm. Austurl. skyldi ekki gera grein fyrir því, hversu ríkisstj. hefði gengið að nýta sér þær heimildir sem hún hefur aflað sér til þess að draga úr rekstrarkostnaði ríkissjóðs. Ég hef haldið því fram, að ríkisstj. hafi nýtt sér þessar heimildir að mjög takmörkuðu leyti og að þær 10 millj. kr., sem hér er gert ráð fyrir að renni til Framkvæmdasjóðs aldraðra, rúmist innan ónotaðra heimilda ríkisstj. til að draga úr rekstrarkostnaði ríkisins. Einnig á þetta atriði var ekki drepið í framsöguræðu formanns nefndarinnar.

Ég vek athygli á að í meðförum fjh.- og viðskn. hefur sá kostur verið tekinn að tímasetja þennan skatt svo, að hann skuli eingöngu vera lagður á á þessu ári, árinu 1981. Við vitum að verulegur kostnaður fylgir álagningu skatts sem þessa, útreikningar í skattstofu, skriffinnska og þar fram eftir götunum. Ég álít að litlar 10 millj. kr. séu svo óveruleg upphæð, að hún réttlæti ekki nýja skattheimtu kostnaðarins vegna. Með því að samþykkja þennan skatt erum við að kasta í glatkistuna verulegum tíma og verulegum fjármunum. Þess vegna get ég ekki fallist á þetta.

Hitt vekur sérstaka athygli mína, að n. skuli ekki hafa treyst sér til þess að láta ríkissjóð leggja af mörkum svo sem helming þess sem nú er ætlast til af þegnunum að þeir greiði, litlar 5 millj. kr. Miklu geðfelldari hefði þessi skattheimta orðið ef ríkissjóður hefði séð af einhverju í dvalarheimilissjóð aldraðra. Skattheimtan hefur aldrei verið meiri en núna. En till. mín um þetta við 1. umr. málsins vakti ekki meiri athygli í n. en svo, að á hvorugt þessara atriða minntist formaður n. einu einasta orði. Og ég get ekki séð að hann sé hér og hafi hlýtt á mál mitt það sem af er þessari ræðu, sem sýnir ljóslega hvers konar færibandastofnun Alþingi er orðið. Engu máli skiptir hver málatilbúnaðurinn er, engu máli skiptir hvað einstakir þm. leggja til. Fyrirlitningin er augljós á rétti þm. til þess að láta athuga sín mál í nefndum. Í þessu tilfelli lagði ég til að fjh.- og viðskn. kynnti sér sérstök atriði. En þau sérstöku atriði hafa ekki verið könnuð í n. Þó greiddu fjh.- og viðskn.-menn atkv. með því, að málinu yrði vísað til fjh.- og viðskn. En það var greinilega ekki gert til þess að þær athuganir færu fram sem ég óskaði eftir, — greinilega ekki til þess. Ég tel þó að mikið hafi áunnist að því leyti til, að n. treysti sér ekki til að slá því föstu að þessi smánefskattur skuli vera til frambúðar.

Ég er ekki sammála því, að það sé nein lausn þótt 10 millj. kr. eigi að verja með þessum hætti í þessu skyni. Ég tel það ekki. Og ég vil vekja athygli á því, að það mikla framtak, sem gert hefur verið í málefnum aldraðra í Kópavogi, sýnir okkur glögglega að einstaklingarnir geta áorkað miklu, miklu meiru en sveitarfélög og ríki, þegar vilji þeirra stendur til þess. Eins og að þessu máli er staðið verða ekki nein þáttaskil. Miklu fremur hefði maður getað búist við því, að deildin mundi sýna meiri höfðingsskap en mér virðist nú útlit fyrir. Ég geri hér úrslitatilraun til þess við 2. umr. málsins að binda framlagið til Framkvæmdasjóðs aldraðra tekjuáætlun fjárlaga, eins og ég sagði áðan. Ég fer þar troðnar slóðir, þær leiðir sem best hafa reynst ef við viljum lyfta einhverju Grettistaki að þessu leyti. Ég væri reiðubúinn til að fara enn hærra en í 0.3%.

Við 3. umr. málsins mun ég svo flytja frekari brtt. ef þeirri tekjuöflunarleið, sem ég legg hér til, verður — gegn von minni — hafnað.

Að síðustu vil ég segja það, að fjöldi fólks hefur haft samband við mig vegna þeirrar tillögugerðar sem ég hafði hér við 1. umr. málsins, þar sem ég talaði um að eina tryggingin fyrir því að ganga svo frá hnútunum, að ekki losni um þá, sé einmitt þessi: að tengja framlagið heildarfjárlögunum. Ég vænti þess því, að hv. alþm. muni ekki skella skollaeyrum við þessu, þeir muni nota tækifærið um leið og hafna því að leggja á enn einn nýjan skatt.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja hér fram skrifl. brtt.: „Við 2. gr. 1. tölul. orðist svo: 0.3% af tekjum ríkissjóðs samkv. fjárlögum.“

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég vil ítreka það sem ég sagði við umr. um þetta mál fyrr og beindi þá raunar spurningu til hæstv. fjmrh. sem því miður var ekki í salnum, en ég vil nota tækifærið núna, af því að hann situr í stól sínum, og beina þeirri spurningu til hans, hvers vegna hann og félagar hans í Alþb. hafi nú ekki notað tækifærið í sambandi við þetta veigamikla og góða mál til þess að skattleggja fyrirtæki og félög í þeim tilgangi að ná inn meira fjármagni í þann framkvæmdasjóð sem hér um ræðir.

Ég minnti á það þegar ég ræddi þetta mál fyrr, að hæstv. fjmrh. Ragnar Arnalds hélt eitt sinn mikla ræðu hér á þingi og átaldi það harðlega, að hér á landi væri

fjöldinn allur af fyrirtækjum og félögum sem nákvæmlega enga skatta bæru. Þá minnist ég þess, að hann hafi veifað plaggi nokkru ærið miklu, sem á voru nöfn — ég held rösklega eitt þúsund fyrirtækja sem þá voru með öllu tekjuskattslaus. Hefði nú ekki verið kjörið — og ég beini líka orðum mínum til hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur — að skattleggja þau fyrirtæki, sem það fólk hefur fórnað kröftum sínum sem við erum nú að undirbúa ellina fyrir með þessu frv.?

Ég sakna þess mjög, að menn skuli ekki hafa komið auga á þann kost að skattleggja fyrirtækin í þessum tilgangi og þá m. a. til þess að fá meira fjármagn inn í sjóðinn, og lít svo á, að með þessum beina nefskatti á hvern skattskyldan einstakling í landinu, sem kominn er yfir 16 ára aldur, sé ekki verið að gera annað í raun og veru en að hlaupa fram hjá vísitölunni. Megintilgangurinn með nefskattinum er auðvitað sá, að hann verður ekki talinn með í vísitöluútreikningi. Þess vegna er þessi leið farin. Ef þetta hefði hins vegar verið prósenta ofan á aðra skatta, t. d. tekjuskatta eða eignarskatta, þá hefði það reiknast í vísitölunni. (Gripið fram í.) Eignarskatturinn hefði gert það ef það hefði komið á hann.

Þá vil ég einnig beina orðum mínum til hv. þm. Alberts Guðmundssonar sem sagði við umr. hér fyrr um þetta mál að hann mundi vilja styðja till. sem fæli það í sér að fyrirtæki yrðu skattlögð vegna þess að málefnið væri svo gott að það væri þess virði. (Gripið fram í.) Þetta kæmi á fyrirtækin, þessi nefskattur. Já, ég hef það rétt eftir, að hv. þm. sagði að hann mundi styðja brtt. þar sem kæmi fram að fyrirtækin yrðu skattlögð.

Ég vil endurtaka það, að mér finnst ranglega að farið í þessu máli að skattleggja eingöngu einstaklinga, m. a. vegna þess að flatur skattur af þessu tagi kemur auðvitað verst niður á þeim sem lægstu launin hafa, eins og allir skattar sem flatir eru og lagðir eru á í þjóðfélaginu. Ég er ekki þar með að vorkenna neinum að borga 100 kr. í þessu skyni. En einhverra hluta vegna er ég þeirrar skoðunar að t. d. hv. þm. Alþb. hefðu átt að styðja það, að þessi skattur kæmi með meiri þunga á þá sem hærri tekjurnar hafa. Og ég vil sem sagt beina þeirri spurningu — eins og ég gat í upphafsorðum mínum — til hæstv. fjmrh., af hverju hann hafi nú ekki beitt sér fyrir því sem þm. Alþb. að nota þetta tækifæri og skattleggja þau fyrirtæki sem hann hefur ítarlega og oft kvartað yfir að bæru enga skatta.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Hv. þm. Árni Gunnarsson hefur rifjað það upp, að ég hafi hér á Alþingi fyrr á árum bent á að fyrirtækin í landinu greiddu í mjög mörgum tilvikum lítinn sem engan tekjuskatt, og ég hafi raunar lagt fram lista yfir á annað þúsund fyrirtæki sem ekki greiddu neinn tekjuskatt enda þótt þau hefðu umtalsverða veltu. Hann spyr að því, hvers vegna ég beiti mér ekki fyrir því, að þessi skattur sé sérstaklega lagður á fyrirtækin líka.

Ég veit ekki hvort þessi ábending hv. þm. ber þess vott að hann hafi fylgst vel með umr. um skattamál hér í þinginu, vegna þess að spurningin um skattgreiðslu fyrirtækja í landinu er ekki spurning sem var á döfinni fyrir mörgum árum. Hún var á döfinni hér í þinginu fyrir nokkrum dögum. Þá benti ég á það, að því miður væri ástandið í þessum efnum litlu betra en áður hefði verið og að fyrirtæki, sem greiddu lítinn sem engan tekjuskatt, væru enn á annað þúsund. Og í stjfrv., sem ég flutti, var einmitt gerð tilraun til þess að fjölga verulega þeim fyrirtækjum, sem greiddu tekjuskatt, með ákvæði þess efnis, að afskriftir skyldu lækkaðar um 1/10 hluta ef tekjurnar væru undir ákveðnu marki, sem sagt, fyrirtækin fengju ekki jafnmikla fyrningarheimild ef líkur væru á því að þau slyppu með að borga lítinn sem engan tekjuskatt. En það verður að segja hverja sögu eins og er. Og meðal þeirra hér í þinginu, sem beittu sér hvað ákafast gegn þessari reglu, voru talsmenn Alþfl. Ég tók að vísu eftir því, að hv. þm. Árni Gunnarsson sat hjá við atkvgr. um þessa till. hér, og þakka honum fyrir þann óbeina stuðning sem í því fólst. En það sama verður ekki sagt um talsmann Alþfl. í fjh.- og viðskn. Nd. sem beitti sér mjög ákaft gegn þessari reglu og virtist aðallega gleðjast yfir því, ef frvgr., sem fjmrh. hefði borið fram, hlyti óbliðar viðtökur í þinginu og væri felld. Það var bersýnilega hans aðaláhugamál í þessu sambandi, en ekki hitt, hvort skattgreiðslur fyrirtækja væru sanngjarnar eða ekki. Og því miður reyndi á þetta hér í þinginu, að mikill meiri hl. þm., þ. á m. allflestir þm. Alþfl., var ekki reiðubúinn til að leiðrétta skattaákvæði hvað þetta snertir. Það er því auðvitað meira eða minna út í bláinn að ætla að fara að gera sér vonir um að þessi þáttur skattamálanna verði leiðréttur í tengslum við þetta litla mál.

Ég vil taka það fram í þessu sambandi, að ekki hefði ég á móti því, að fyrirtækin legðu nokkuð af mörkum til þessa sjóðs, og hefði fagnað því, að till. hefði komið fram þess efnis. Ég hef hins vegar lítið haft með þetta mál að gera. Málið var flutt af heilbr.- og trn. Nd. og hefur svo verið vísað til fjh.- og viðskn. deildarinnar og er þaðan komið aftur, nokkuð endurbætt að minni hyggju, vegna þess að nú er ljóst að þeir, sem minnstar hafa tekjurnar, þ. e. menn sem höfðu minna en 2.5 millj. í tekjur á seinasta ári, sleppa við þetta gjald. Það tel ég vera ótvíræðar endurbætur á frv. Ég mundi svo sannarlega greiða því atkv., að fyrirtækin væru látin leggja nokkurt framlag í þessu skyni. En ég geri ráð fyrir að í fjh.- og viðskn. Nd. hafi ekki náðst samstaða um það, veit þó ekki að hve miklu leyti það var rætt þar, en fulltrúar Alþfl. í n. hefðu þá átt að geta komið því sjónarmiði þar á framfæri og varla hefði staðið á því að við Alþb.-menn hefðum stutt það. Hins vegar er reynslan ólygnust og það liggur nú þegar fyrir, að Alþfl.-menn voru ekki reiðubúnir að styðja okkur til þess að auka greiðslur fyrirtækjanna í landinu, og því eðlilegt að menn væru svartsýnir á að hægt væri að koma þessum skattgreiðslum að verulegu leyti yfir á fyrirtækin með samkomulagi í fjh.- og viðskn. sem þegar hafði tekið afstöðu til þessa máls við afgreiðslu skattalaganna.

Auk þess er auðvitað rétt að taka það fram, að ef spurningin væri um það, hvort fyrirtækin í landinu greiddu 100 kr. hvert í þennan sjóð, þá væri það eins og krækiber í helvíti að ætla að leggja það á þau. Þau eru ekki svo mörg að það mundi skipta miklu máli. Þetta væri ákaflega lítil og lág upphæð og mundi ekki vera nema örlítið brot af þeim skattgreiðslum sem fyrirtækin í landinu ættu að greiða til sameiginlegra þarfa ef vel væri. En um þessa skoðun mína er bara ósköp einfaldlega ekki sú samstaða hér í þinginu sem vera þyrfti, og er þá ekki annað en að bíta í það súra epli.

Að lokum vil ég leiðrétta það sem kom fram hjá hv. þm. varðandi vísitöluáhrif þessarar skattlagningar. Það er rétt hjá honum, að þessi skattur kemur ekki inn í framfærsluvísitölu. En skattur sem álag á tekju- eða

eignarskatt hefði ekki heldur gert það. Beinir skattar koma í engum tilvikum inn í framfærsluvísitölu, og því aðeins hefði þessi skattur komið inn í vísitölu að hann hefði með einhverjum hætti hækkað vöruverð í landinu, t. d. vegna þess að þetta væri eitthvert álag á söluskatt eða tolla eða annað þess háttar. Þetta vildi ég nú leiðrétta því að allar tillögur, sem fram hafa komið hér varðandi þennan skatt, eru þess eðlis, að þær hefðu ekki mælst í vísitölu.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Við 1. umr. um þetta mál lýsti ég efasemdum mínum um þessa skattlagningu, taldi hana ekki vera nógu skilmerkilega, og einnig að ekki væru svo miklar fjárhæðir sem þarna er um að ræða, að munaði nægilega mikið um það. Ég vil endurtaka það, að ég harma mjög að ekki skyldi takast að bæta lagafrv., sem hefur verið hér til meðferðar á þingi í vetur um heilbrigðis- og vistunarþjónustu fyrir aldraða, á þann veg, að hægt yrði að afgreiða það, svo mikilvægt er málið. Það kom fram hörð gagnrýni strax á frv., að í það vantaði félagslega þáttinn og einnig að búa þyrfti betur um fjármagnsþátt málsins.

Við 1. umr. skaut ég því hér fram, að mín skoðun er sú, að í sambandi við þetta mál hefði átt að taka það mjög til athugunar, hvort ekki hefði verið eðlilegt að fram kæmi í þetta verkefni sérstakt framlag frá lífeyrissjóðunum í landinu. Lífeyrissjóðirnir eru að vissu marki nokkurs konar líftrygging fyrir fólk til elliáranna og mín skoðun er sú, að ekkert væri óeðlilegt við það að útbúa löggjöf þannig að það fjármagn sem rennur í gegnum þessa lífeyrissjóði yrði notað að hluta til þess að byggja upp þetta mikilvæga verkefni sem allir eru sammála um að verði að gera. (**Gripið fram í:** Af hverju ekki ríkissjóður?) Ég er líka á þeirri skoðun, hv. þm., að það sé komin reynsla á það. Þegar lögin um Framkvæmdasjóð þroskaheftra voru sett hér fyrir tveimur árum átti ég hlut að því ásamt öðrum að setja ákveðna grunntölu inn í þá sjóðsstofnun sem yrði veitt á fjárlögum ár hvert og hækkaði eftir verðlagi hvers árs. Þessi grunntala var 1 millj. 1978—1979, en á fjárlögum næsta árs verður þessi tala, þessi sjóður með beinu framlagi á fjárlögum ríkisins, komin á fjórða milljarð gkr. Þetta hefði ég talið að hefði átt að gerast í þessu máli einnig.

Ég ætla einnig að segja það hér í leiðinni, að mér finnst að það þurfi að skoða þetta mál rækilega. Ég get fallist á að nauðsynlegt sé að láta þetta frv. til l. ná fram að ganga nú á þessu þingi, en þó með þeim fyrirvara frá minni hálfu, að mér finnst að það þurfi að liggja ljóst fyrir, að unnið verði að því nú á milli þinga að útbúa lagafrv. um heilbrigðis- og vistunarþjónustu fyrir aldraða þar sem fjármagnskostnaðurinn eða fjármögnunarkostnaðurinn verði frágenginn um leið til frambúðar. Þetta vona ég að verði tekið til greina og rækilega unnið að því nú á milli þinga að af þessu geti orðið. Þetta er það mikilvægt mál og búið að ræða svo mikið um nauðsyn á verulegu átaki í málefnum aldraðra að það er kominn tími til framkvæmda.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Aðeins örstutt. Ég þakka hæstv. fjmrh. hans annars ágætu svör og vil aðeins benda honum á það, að hv. þm. Alþfl., Magnús H. Magnússon og Jóhanna Sigurðardóttir, fluttu brtt. við þetta frv. Þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Leggja skal 1% álag á álagðan tekju- og eignarskatt einstaklinga og félaga, í fyrsta sinn árið 1981.“

Þessi till. hlaut ekki náð fyrir augum hv. stjórnarþingmanna, og ég hef þess vegna gert þetta m. a. að umræðuefni hér í dag. Ég tek undir það með hæstv. fjmrh., að það væri auðvitað fráleit hugmynd að leggja nefskatt á fyrirtækin. Það yrði nánast hlægilegt að hugsa sér að Flugleiðir og Eimskip greiddu 100 kr. hvort félag í slíkan sjóð. Ég vil líka taka undir það með hv. þm. Alexander Stefánssyni, að auðvitað ættu lífeyrissjóðirnir að koma hér inn í því að það hlýtur að vera brot af þeirra hlutverki að sjá til þess, að aldrað fólk þurfi ekki að komast á vonarvöl þegar það hættir að vinna, eins og dæmin sanna, sérstaklega hér á höfuðborgarsvæðinu.

Að öðru leyti mun ég ekki gera þetta frekar að umræðuefni, en ítreka það enn á ný og aftur, að mér hefði þótt það nokkru stórmannlegra af hv. þm. Alþb. og ráðh. þeirra, sem með þessi mál fer og um fjallar og hefur völdin, að beina nú geiri sínum örlítið meira og stefnufastar að fyrirtækjunum sem hafa í gegnum árin fengið arðinn af vinnu þess fólks sem við erum að tala um.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er ánægjulegt að heyra þá yfirlýsingu hæstv. fjmrh., að hann ætli að styðja tillögu, sem væntanlega kemur hér til atkv. á eftir, um það, að félög komi inn í þetta dæmi líka. Vissulega held ég að þingheimur hljóti að bíða eftir því að sjá hvort ekki verður af því, að hæstv. ráðh. greiði götu þeirrar tillögu. Það er út af fyrir sig rétt hjá hæstv. ráðh., að það skiptir raunar ekki sköpum varðandi fjármögnunina í þetta fyrirtæki væntanlega, hvort á fyrirtækin yrði lagður 100 kr. skattur eða ekki. Ef menn vilja endilega fara þessa leið með svona nefskatti, þá er ekki nauðsynlegt að það sé endilega sama upphæð á félag og einstakling. Það er vissulega hægt að hugsa sér talsvert hærri upphæð á félögin heldur en einstaklingana, nema þá því aðeins að menn séu alveg sannfærðir um það — og það virðist vera svo um suma núna — að það eigi að sleppa félögunum algerlega við þetta gjald, það sé einvörðungu hægt að skattleggja einstaklinginn áfram, hvorki ríkissjóður né félög eða fyrirtæki í landinu geti látið neitt af höndum rakna til þess verkefnis sem þarna bíður.

Út af því, sem hv. þm. Alexander Stefánsson sagði áðan varðandi lífeyrissjóðina, þá er það rétt og mér vitanlega hefur ekkert verið því til fyrirstöðu, að ýmsir lífeyrissjóðir vildu gegna þarna hlutverki til hjálpar. En stjórnvöld með hæstv. viðskrh., framsóknarþm. Tómas Árnason, í broddi fylkingar hafa staðið gegn því að lífeyrissjóðirnir fengju reglugerðum sínum breytt til að geta veitt þessu máli stuðning. Hv. þm. Alexander Stefánsson ætti því að byrja á að vinna fylgi viðskrh. til þess að lífeyrissjóðirnir gætu sinnt þessu hlutverki. Þar hefur þröskuldurinn verið og þar er hann enn. Það hefur verið sótt um það í viðskrn. og í fjmrn. að fá breytt reglugerðum lífeyrissjóða til þess að þeir gætu sinnt þessu hlutverki. Þeir geta það ekki með núverandi ákvæðum og því hefur ekki verið sinnt. Svo koma hv. þm. Framsfl. hér í ræðustól á Alþingi og telja lífeyrissjóðina ekkert of góða til að sinna þessu hlutverki og láta í veðri vaka að þeir hafi í raun og veru ekki viljað sinna því. Það er rangt. Það hefur verið fullur vilji og skilningur á þessu verkefni hjá lífeyrissjóðum, en þeir aðilar, sem þarna er um að ræða, hafa brugðið fæti fyrir það að hægt væri að sinna því.

Ég skal ekki, herra forseti, hafa öllu fleiri orð um þetta. En mér fannst kveða við nokkuð annan tón í ræðu

hæstv. núv. fjmrh. hér áðan heldur en oft áður á þingi og utan þings að því er varðaði skattlagningu fyrirtækja. Það er auðvitað alveg augljóst, að hefði hæstv. ráðh. viljað eða haft áhuga á því að félög og fyrirtæki yrðu látin greiða þarna eins og einstaklingar, þá hefði hæstv. ráðh. orðið ágengt með það. Hann hefði komið því í framkvæmd, hefði mikill hugur verið í hæstv. ráðh. að svo yrði gert. En það er í þessu tilfelli eins og oft áður að þegar einstaklingar eru komnir í valdaaðstöðuna, þá fer oft öðruvísi um framkvæmdir heldur en þeir sjálfir hafa haft uppi orð um og talað hvað mest um þegar þeir hafa ekki verið í valdaaðstöðunni. Og það virðist ætla að sannast á hæstv. fjmrh. og Alþb. í heild að það hefur ekki fylgt því mikill þungi eða sannfæring að það ætti að skattleggja fyrirtækin meira en raun ber vitni.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil aðeins láta það koma fram í sambandi við nál. á þskj. 1012, sem ég undirritaði ásamt öðrum nm., að ég tók mjög skýrt fram í n. — mjög skýrt, að ég harmaði það að tekjuleiðin, sem upphaflega var áformuð, um ákveðið gjald á miða í veitingahús með vínveitingaleyfi hefði ekki náð fram að ganga, ég væri jafnframt persónulega og að lífsskoðun algerlega á móti nefsköttum og teldi þetta mjög slæmt neyðarúrræði. En til þess að tryggja framgang málsins mundi ég greiða þessu atkv., þar sem fyrir lægi að málið sjálft væri í hættu og ekki fyrirsjáanlegt að það næði hér fram að ganga á hv. Alþingi að þessu sinni vegna þess að samkomulag náðist ekki í n. um aðra tekjustofna, eins og að skattleggja fyrirtæki o. s. frv. Og svo hart kvað að þessu, að ef ekki hefði komið til mjög eindregin og drengileg afstaða Alberts Guðmundssonar, sem hefur fylgt þessum málum eftir bæði í borgarstjórn og hér á Alþingi, og Matthíasar Bjarnasonar, þá væri framgangur málsins um Framkvæmdasjóð aldraðra í beinni hættu og mjög tvísýnt að það næði frama að ganga á Alþingi að þessu sinni.

Ég tel þetta algert neyðarúrræði. Ég tel tekjustofninn ranglega valinn og óheppilegan og er honum andvígur. Hins vegar vil ég ekki verða þess valdandi að stöðva þetta mál. En ég legg á það mikla áherslu, að þessi tekjustofn verði endurskoðaður, eins og hv. 1. þm. Vesturl. kom inn á hér í sinni ræðu, að unnið verði að endurskoðun þessa tekjustofns í sumar og á næsta Alþingi liggi fyrir frv. um að tekna til þessara framkvæmda verði aflað á annan hátt. En til þess að tryggja málinu framgang, sem ég tel hina mestu óhæfu að Alþingi afgreiði ekki frá sér, þá stend ég að þessu nál. og vil ekki vera valdur að því, að þetta mál fái ekki afgreiðslu hér að þessu sinni í hv. Alþingi.

Ég legg áherslu á það, að í þessu nál. kemur alls ekki fram mín persónulega afstaða til þess, hvernig eigi að afla tekna til framkvæmdanna, heldur er þarna einungis um að ræða samkomulag milli aðila til að tryggja að þessi upphæð verði til í þennan málaflokk. Ég geri fastlega ráð fyrir að flokksbræður hv. þm. Alberts Guðmundssonar og Matthíasar Bjarnasonar hefðu hreinlega stöðvað framgang málsins ef ekki hefði komið til eindregin afstaða þeirra.

Í sambandi við ágæta ræðu hv. þm. Árna Gunnarssonar vil ég aðeins taka það fram, að það virðast nú vera örlög okkar beggja, bæði hvað varðar að skerða fyrningarafskriftir af fyrirtækjum, sem ég býst við að þessir flokkar hafi nokkra samstöðu um, og tekjustofn til þessa, að þarna klofna þessir flokkar hvor frá öðrum þótt þeir hafi í meginatriðum sömu afstöðu. Er það enn eitt dæmið um að þessir flokkar virðast ekki geta komið sér saman í stefnumálum, sbr. afstöðu þeirra til fyrningarafskrifta.

Ég ætla ekki að fara að rifja hér upp liðin og afgreidd mál. Ég vil aðeins leggja áherslu á það í sambandi við fsp. Halldórs Blöndals, hvort samráð hafi verið haft um þetta við verkalýðshreyfinguna, að ég veit ekki til þess, að svo hafi verið gert, enda var þessu á síðustu stundu vísað til fjh.- og viðskn. Hún hafði enga aðstöðu til annars en að breyta frv. — og það mjög til bóta — með því að leysa undan þessari greiðsluskyldu börn yngri en 16 ára og þá sem hefðu tekjuskattstofn undir 2.5 millj. gkr. Það álít ég að hafi verið mikið til bóta og n. hafi haft þau ein afskipti af frv. sem voru til bóta.

Þetta frv. er búið að velkjast í heilbr.- og trn. hér á þinginu og við fengum það í hendur á síðasta stigi málsins og þá lá fyrir þetta neyðarúrræði um þessa tekjuöflun. Ég þykist vita að afstaða Alþýðusambandsins sé sú, að það sé algerlega á móti nefsköttum. Í Alþýðusambandinu er nú starfandi nefnd sem vinnur að velferðarmálum aldraðra. Formaður hennar er hv. 1. landsk. þm., Pétur Sigurðsson. Ég held að þeir muni líta með skilningi á það, hvers konar aðstöðu hér var um að ræða. Ég get þó engar yfirlýsingar gefið fyrir verkalýðshreyfinguna um þetta. En ég vil bara tryggja að þetta mál nái fram að ganga og það væri Alþingi til vansæmdar ef það hlypi frá að lögfesta þetta frv. Það vill verða svo þegar þarf að tryggja framgang mála, að þá þarf að ná þar ákveðnu samkomulagi. Í því þarf ekki að felast persónuleg afstaða flokks eða nm., heldur verður þar oft hver og einn að slá mjög af — sem ég geri í þessu tilfelli og reyndar aðrir nm. líka — til þess að tryggja framgang málsins. Þetta vildi ég að kæmi skýrt fram.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Mér þótti mjög merkilegt að hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson skyldi telja til tvo menn úr mínum flokki sem hann sagði að hefðu komið í veg fyrir að Sjálfstfl. stæði á móti því, að fé yrði lagt til Framkvæmdasjóðs aldraðra. Þetta er afskaplega ómaklega mælt til þeirra sjálfstæðismanna sem ásamt Matthíasi Bjarnasyni undirbjuggu málið í hv. heilbr.- og trn. en lýsir aftur þeim lágkúrulega málflutningi sem stjórnarliðar eru farnir að tileinka sér þegar þeir velja nýjar skattaálögur á þjóðina.

Ég vek athygli á því, að hv. þm. sagði að hann teldi tekjustofninn ranglega valinn og óheppilegan. Hann sagði orðrétt: „Ég er honum andvígur. Hann er ranglega valinn og óheppilegur og ég er honum andvígur.“ Samt sem áður, þótt hann segi þetta, þótt hann viðurkenni að Alþýðusamband Íslands sé á móti nefsköttum, hefur hann ekki þrek til þess hér á Alþingi einu sinni að taka undir sjónarmið þeirra manna sem benda á þetta samhengi, heldur notar hann tækifærið, þegar hann kveður sér hljóðs, til þess að veitast með ómaklegum hætti að þeim þm. sem vilja taka undir þau sjónarmið verkalýðshreyfingarinnar og undir þau sjónarmið Alþýðusambands Íslands að beinir skattar séu orðnir of háir. Svo situr hann þegar verið er að skerða launin um 7%. Ég geri ráð fyrir að hann hafi hlaupið yfir þá kafla í dagblöðunum í dag þar sem getið var um mótmæli Sveinafélags járniðnaðarmanna á Akranesi, þar sem mótmælt var kjaraskerðingunni 1. mars, og lá þó ekki fyrir, þegar þau

mótmæli voru gerð, að Alþingi hygðist bæta við nýjum nefskatti á þessum síðustu tveim dögum. Og það var síður en svo að formaður Verkamannasambands Íslands hefði neinar áhyggjur af því, hvort þetta hefði verið borið undir verkalýðshreyfinguna, hvort hún teldi rétt að fara þessa leið eða aðrar til þess að útvega fjármagn í dvalarheimilissjóð aldraðra. Hann sagði: Um það varðar mig ekki neitt, það veit ég ekkert um. Einhverjir aðrir hugsa um það. (**GJG:** Ekki sagði ég það svona.) Eitthvað í þessum dúr.

Tveir feðgar sátu saman — og nú bið ég hæstv. forseta að leiðrétta mig ef ég fer rangt með söguna. Tveir feðgar sátu saman og voru að tæja hrosshár og sonurinn spurði: Hvert fara sálir prestanna þegar þeir eru dauðir? Og þá sagði faðir hans: Við skulum ekki gefa um það, sonur sæll, prestarnir vita um það. Við skulum vera að tæja hrosshárið okkar. — Og það er það sem formaður Verkamannasambands Íslands er að gera hér á þinginu. Hann er að tæja hrosshárið sitt. En hann kemur hvergi nálægt þeim málum sem varða almenning í landinu eða þá menn sem hafa kosið hann sem formann Verkamannasambands Íslands. Um þá varðar hann ekki, af því að nú lítur hann hér upp á þessa 10 menn sem eru hér, saknar þess að vísu að postulatalan skuli ekki vera, þeir skuli ekki vera 12, og í 12 manna hóp er auðvitað einn svikari, og skilur ekki af hverju þeir skuli ekki vera hempuklæddir og með hvítan kraga. En hann sér í anda fyrir sér geislabauginn í kringum þá og stynur með sjálfum sér um leið og hann tekur í nefið: Ó, drottinn minn og guð minn.

Nei, vitaskuld er þessi maður ekki kominn hingað inn til þess að standa að því, að fólki sé hlíft við nýjum nefsköttum þegar aðrir eru aflagðir. Hefði nú ekki verið einfaldara t. d. að láta bara 1.5% standa, eins og þau voru í sjúkratryggingalögunum, og ákveða, að tiltekin fjárhæð af sjúkratryggingagjaldi skyldi renna í dvalarheimilasjóð aldraðra, og sleppa skattstofunum við nýja skriffinnsku? Þetta eru sömu peningarnir. Þeir koma úr sömu vösunum. Þetta er sami beini skatturinn og sjúkratryggingagjald, hann heitir bara annað. Það voru 6 millj. 750 þús. Hefði þá ekki gert mikið til þó að nefskatturinn á mann hefði verið um 120 kr. Þá hefði verið hægt að hafa sjúkratryggingagjaldið óbreytt inni og segja að sá hluti sjúkratryggingagjaldsins, sem er af tekjum sem eru undir 6 millj. 750 þús. kr., skuli renna í dvalarheimilasjóð aldraðra. Þá þurfti ekki að flytja þetta frv. Þá þurftu starfsmenn skattstofanna ekki að byrja að merkja öll framtölin að nýju. Þá þarf ekki að prenta upp á nýtt skattseðlana og búa til nýjan reit fyrir þennan nefskatt. Þá var hægt að nota þá vinnu sem búið var að vinna í skattstofunum. Þá þurfti ekkert af þessu. En það þurfti einhvern veginn að gefa og taka. Drottinn gaf og drottinn tók, og þess vegna er það sem þeir hafa ákveðið í ríkisstj. að lækka sjúkratryggingagjaldið um 100 kr. og segja: Ríkissjóður leggur þarna fram 100 kr. og í staðinn grípur ríkissjóður þetta inn og kallar nefskatt á fólkið í landinu og segir: Fólkinu þykir svo vænt um gamla fólkið að það munar ekkert um 100 kr. — Auðvitað eru menn reiðubúnir að leggja fram 100 kr. og þótt það væru 200, ef menn vissu að það rynni til gamals fólks. Það er ekki það sem við erum að neita. Við erum að neita því, að þörf sé á nýjum nefskatti. Við erum að segja að ríkissjóð munar ekkert um 10 millj. kr. handa gömlu fólki og það er óþarfi að leggja á nýjan skatt fyrir litlar 10 millj. kr.

Og hugsa sér svo að þetta skuli vera ríkisstj. sósíalisma og samvinnuhreyfingar sem sér engin ráð önnur en þessi. (**Gripið fram í:** Og einkaframtaks.) Hún sér engin ráð önnur en þessi til að koma til liðs við gamla fólkið. Það er von að formaður Verkamannasambands Íslands sé sæll á svipinn núna og með guðræknisvip þegar hann horfir á góðu mennina sem ætla að leggja þetta af mörkum, nefskatt á fólkið, og segja: Sjá, hvað ég hef gert, ég hef látið ykkur fá einn milljarð gamlan, segja þeir, af því að þeim finnst 10 millj. of lág tala. Af hverju er ekki bara talað um 10 millj.? Af hverju er verið að tala um gamlan milljarð? Af hverju er ekki talað um 10 millj., sem þetta er, talað um gjaldmiðilinn eins og hann er í landinu? Af hverju er ekki talað um skilding, af hverju er ekki talað um mörk eins og Eykon talar um? Af hverju er ekki talað um kúgildi? Já, það er von að menn segi að málið sé í hættu ef ekki er farin þessi leið. Ætli það sé seinlegra að greiða atkv. með brtt. heldur en á móti henni? Ætli frv. geti ekki farið alveg jafngreiðlega í gegnum 2. umr. hér og 3. og í gegnum Ed. þótt þar standi að við viljum strax taka af skarið um það, að þessi gjaldmiðill verði áfram í fullu gildi? Við treystum ekki ríkisstj. í fjárlögum, við höfum vonda reynslu af henni. Við viljum binda þetta framlag heildartekjunum.

Að einu leyti höfðu þó aths. mínar við 1. umr. málsins, skírskotun mín til verkalýðshreyfingarinnar, áhrif. Fjh.- og viðskn. treysti sér ekki til að mæla með því, að þessi tekjustofn yrði varanlegur, vegna andstöðu verkalýðshreyfingarinnar sem formaður Verkamannasambandsins vill bara ekki segja frá. En svo tuskulegur var hann hér áðan að það var greinilegt að Ingólfur Ingólfsson í Vélstjórafélaginu hafði tuskað hann til. Undarlegt að hann skuli ekki vera með svartan blett á nefinu eftir, af því að Ingólfur er nú ekki vanur að hirða um hvar hann tekur í þessa gutta. Og engin hætta væri á því, ef hann væri hér á Alþingi, að farið væri að með þessum hætti, að okkur væru settir þessir úrslitakostir. En fréttir hefur maður af því, að þegar helstu verkalýðsleiðtogar Alþb. hittast uppi á Grettisgötu eru þeir ekki allir alsælir sem þar koma. Og ég held að Guðrún Helgadóttir sé stundum upptekin við að skrifa söguna af Jóni Ormi, heitir hann það ekki, þegar hún á að mæta á fundi hjá verkalýðshreyfingunni uppi á Grettisgötu.

Ég vil svo að lokum segja það, að það er auðvitað tímasóun í sjálfu sér að vera að reyna að bæta eitthvað úr málum hér. Það kom til mín einn framsóknarmaður í dag og sagðist endilega vilja fá steinullarverksmiðju norður og bað mig að greiða fyrir því í mínum flokki. Ég sagði við hann: Þú skalt fá hana þegar við fáum dýralækninn í Þingeyjarsýslu. Ég var rétt að prófa hvort mér tækist að nota sömu málsaðferðina og hv. 6. þm. Suðurl., að setja sjálfan mig á uppboð. (**Forseti:** Vorum við ekki staddir í 8. dagskrármálinu?) Ja, það er nú svo að maður hefur ekki dagskrána við höndina, herra forseti. En það var nú svo að þessi ágæti maður tók mig ekki alvarlega, þegar ég var að tala um dýralækninn, og sá að ég var að spauga. Og það má kallast ágætt meðan Alþingi er þannig skipað að þar skuli þó a. m. k. vera einn maður sem menn brosa að þegar hann setur sjálfan sig á uppboð og menn vita að hann meinar það ekki. Ég hef hins vegar þær fregnir af mönnum fyrir norðan, að þeir haldi, að eitthvað hafi komið fyrir hv. 2. þm. Norðurl. e., og séu að velta því fyrir sér, hvort rétt sé, úr því sem komið er, að láta lækni eða dýralækni líta á hann.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég vil kynna skrifara vorum það, að bæði dýralæknar og steinullarverksmiðja koma hér á dagskrá, þannig að hann getur tekið til við verslun og viðskipti þess vegna síðar.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.

Brtt. 998 felld með 21:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: HBl, JS, JÞ, KP, MHM, MB, SigurlB, SteinG, VG, ÁG, BÍG, FrS, SvH.

nei: GGÞ, GHelg, HÁ, HG, JI, IGísl, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, SV, StH, SvG, ÞS, AG, AS, EH, FÞ, GS, GJG.

MÁM greiddi ekki atkv.

5 þm. (JE, ÓE, SighB, BGr, GeirH) fjarstaddir.

Brtt. 983 felld með 30:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JS, KP, MHM, VG, ÁG.

nei: HG, JI, IGísl, JÞ, MB, MÁM, ÓÞÞ, PP, PJ, SigurlB, RA, SkA, SV, StH, SteinG, SvG, ÞS, AG, AS, BÍG, EH, FÞ, FrS, GS, GJG, GGÞ, GHelg, HÁ, HBl, SvH.

5 þm. (JE, ÓE, SighB, BGr, GeirH) fjarstaddir.

Brtt. 1018,1 samþ. með 31 shlj. atkv.

Brtt. 1018,2 samþ. með 30 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.

3.—6. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.

Brtt. 998 varatillaga tekin aftur til 3. umr.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 31 shlj. atkv.

Umferðarlög, frv. (þskj. 904, n. 1044). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Ingi Ingvarsson): Herra forseti. Allshn. hefur yfirfarið og rætt ítarlega frv. um breyt. á umferðarlögum og leggur til að það verði samþykkt með þeim breytingum sem á því voru gerðar í Ed. Sérstök athygli er vakin á því, að lögin taka ekki gildi fyrr en 1. okt. 1981 og að refsiákvæðum verður eigi beitt fyrr en að lokinni heildarendurskoðun umferðarlaga. Þrír nm. skrifuðu undir nál. með fyrirvara.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa langt mál um frv. sem hér er til umr. Það er von mín, að hv. þm. styðji þetta frv. um breyt. á umferðarlögum, og ósk mín, að landsmenn allir taki höndum saman í þessu máli sem öðrum er geta komið í veg fyrir þá miklu slysatíðni sem við öll stöndum frammi fyrir.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir til umr., fjallar aðallega um tvö atriði: heimild til þess, að reiðhjól séu í umferð á gangstéttum og gangstígum, og í öðru lagi lögleiðingu öryggisbelta í bifreiðum. Bílbeltamálið hefur það jafnan verið kallað hér í þinginu. Mig langar til að víkja aðeins örfáum orðum fyrst að ákvæðinu um heimild til hjólreiða á gangstéttum.

Það virðist ekki hafa orðið neinn ágreiningur um þetta atriði. Í mínum augum er ákaflega hæpið að leyfa umferð reiðhjóla á gangstéttum. Ég tel álitamál hvor er í meiri hættu, hjólreiðamaðurinn á akbrautinni eða gangandi vegfarandi á gangstéttinni með reiðhjólaumferð allt í kringum sig. Ég hef hér sérstaklega í huga unglinga og gamalt fólk. Ég er hrædd um að börnum og unglingum, sem aðallega eru nú á reiðhjólum í umferðinni, gleymist stundum að fara með gát og að gangandi vegfarendum — og þá sérstaklega eldra fólki — geti orðið hætt með hjólreiðafólk á gangstéttum. Hins vegar veit ég að þetta ákvæði muni vera sett inn til þess að forða fólki á reiðhjólum frá bráðum háska á akbrautum bifreiðanna. Ég hefði talið að þarna hefði þurft að koma nánari skilgreining. Mér finnst ekki sama hvort fólki er leyft að hjóla á gangstéttum á Laugaveginum eða hvort því leyfist að hjóla á gangstígum meðfram Miklubrautinni eða öðrum hraðbrautum. Ég geri ráð fyrir að reyndin muni sýna hvort ótti minn er þarna á rökum reistur, og það má þá alltaf breyta lögunum ef það kemur í ljós að af þessu stafar mikil hætta og leiðir jafnvel til slysa.

Þá er komið að lögleiðingu bílbeltanna. Ég var sjálf fyrir einum 4—5 árum flm. á þingi að frv. til laga um breytingu á umferðarlögum sem fól í sér — ásamt mörgum öðrum atriðum raunar — lögleiðingu bílbelta. Þetta var endurflutt, það var flutt tvisvar frv. þessa efnis, en náði í hvorugt skiptið fram að ganga. Það sem aðallega var haft á móti frv. þá, var að okkar aðstæður í umferðinni væru ekki líkar aðstæðum í neinu öðru landi, og þá sérstaklega bent á þjóðvegina. Það var náttúrlega nokkuð til í þessum rökstuðningi. Á hitt var þó bent á móti á þeim tíma, að dauðaslys og stærri óhöpp verða raunar margfalt fleiri í þéttbýli heldur en úti á þjóðvegunum. Í þessu frv. hefur verið komið til móts við þessa gagnrýni og ábendingu á okkar slæmu og hættulegu vegum, þannig að dómsmrh. geti með undanþágu sett reglur um notkun öryggisbelta, þ. e. veitt undanþágur frá lögskyldu þegar um akstur er að ræða við erfið og hættuleg skilyrði utan þéttbýlis. Málið í því formi, sem það er nú, er m. ö. o. verulega mildað frá því sem áður var og ég tel það til bóta.

Ég get tekið undir með landlækni, Ólafi Ólafssyni, sem hefur látið svo um mælt, að þetta sé í rauninni ekkert einkamál, hvorki mitt né þitt. Slys, örkuml og dauði í umferðinni eru í rauninni orðið mikið samfélagsvandamál og ég tel samfélagslega nauðvörn að leita nú sömu leiða og 30 aðrar þjóðir hafa gert og lögleiða notkun öryggisbelta. Ég sjálf viðurkenni að mér finnst hálfgert leiðindaumstang að þurfa samkvæmt lögum að setja á mig öryggisbelti hversu litla bílferð sem ég fer í. Ég hygg þó að þarna sé vanaatriði annars vegar, þetta kemur fljótlega upp í vana. Og ég minnist þess, að ég var stödd úti í Svíþjóð um hálfu ári eftir að notkun öryggisbelta var þar leidd í lög og fólk sagði: Okkur fannst þetta hábölvað fyrst í stað og felldum okkur illa við það, en nú er þetta orðið svo sjálfsagt að við kippum okkur ekki upp við það lengur.

Ég vil segja það, að ef við á annað borð tökum nokkurt mark á rannsóknum og tölulegum niðurstöðum rannsókna um þessi mál, þá er okkur hreinlega ekki stætt á því að hafna því frv. sem hér liggur fyrir. Ég fer ekki út í neinn rökstuðning fyrir þessu. Þetta er svo margrætt mál frá öllum hliðum og hv. þm. eru fyllilega ljós þau rök sem færð hafa verið fram með því og móti. Ég vil aðeins nefna

tvær tölur í þessu sambandi sem færðar hafa verið fram sem rök fyrir lögleiðingu bílbeltanotkunar og ég tel mig ekki geta vefengt. Annars vegar er það sú tala sem tilgreinir að dauðaslysum og alvarlegum slysum hafi fækkað um 30% hjá þeim þjóðum sem lögleitt hafa bílbelti. Það er líka staðhæft að dauðaslys á Íslandi á tveimur árum, árunum 1977—1978, hefðu orðið 15 færri ef notkun bílbelta hefði þá verið lögleidd. Auðvitað tökum við þessum tölum með nokkrum fyrirvara, en þó að mannslífin hefðu ekki verið fleiri en 10 og jafnvel 5 sem við hér á okkar landi hefðum bjargað frá glötun með því að setja á okkur bílbelti, þá finnst mér að samvisku okkar vegna getum við ekki skorast undan því að leggja á okkur þessi litlu óþægindi sem ég þrátt fyrir allt tel notkun bílbeltanna vera.

Ég veit að það eru nokkuð skiptar skoðanir um þetta. Þó fagna ég því, að Ed. afgreiddi þetta frá sér með jákvæðum hætti, og ég vona að sú verði einnig raunin á með hv. Nd.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Þetta frv. eða það mál, sem hér er til umr., er ekki alveg nýtt af nálinni hér í þingsölum. Það hefur áður verið rætt um að lögleiða bílbeltanotkun í landinu. Að því er þetta frv. varðar er það raunar einvörðungu tvennt sem þarna er um að ræða. Það er 1. gr., að 2. mgr. 60. gr. umferðarlaganna orðist svo:

„Heimilt er að aka á reiðhjóli og leiða reiðhjól á gangstígum og gangstéttum, ef það er ekki til hættu eða óþæginda fyrir aðra vegfarendur."

Hverjum dettur í hug að sé hjólað á gangstéttum sé það ekki til óþæginda eða jafnvel hættu fyrir gangandi fólk á hinni sömu gangstétt? Það er auðvitað sýnilegt að verði þetta leyft — og mér sýnist það nú þegar vera komið í framkvæmd hér á gangstéttum höfuðborgarinnar a. m. k. — veldur það a. m. k. stórkostlegum óþægindum og jafnvel hættu fyrir gangandi vegfarendur á þessum sömu gangstéttum, þannig að það er í mínum huga raunar algert píp að vera að tala um þessa hluti í þessum dúr. Ég er því algerlega mótfallinn að slíkt verði leyft. Það væri nær að fylgja því fram, sem er nú þegar bannað, en ekki hefur verið haft eftirlit með af hálfu löggæslu og yfirvalda, að ekki sé hjólað á gangstéttum. Og það er raunar svo með fleiri þætti og marga löggjöf í voru landi, að þau eru ótrúlega mörg tilvikin þar sem ekki er framfylgt þeirri löggjöf sem verið er að setja, og kannske — eins og mér sýnist í þessu tilfelli — ekki ætlast til að henni verði framfylgt, það eigi bara ekki að framfylgja henni. Svo fáránlegt sýnist mér þetta vera.

Varðandi bílbeltin vil ég segja það strax, að ég er andvígur lögleiðingu á bílbeltum og ég mun greiða atkv. gegn því. Mér er ljóst að um þetta eru mjög skiptar skoðanir, bæði hér á Alþingi og úti í þjóðfélaginu. En þó held ég — án þess að ég hafi neitt sérstakt fyrir mér í því — að almennt sé fólk andvígt því að lögleiða slíkt. Því er haldið fram, og fræðslan er raunar einvörðungu í því fólgin og áróðurinn, að það sé til mikilla bóta gegn slysatíðni að lögleiða bílbelti. Ég skal ekkert um það segja. Menn vitna hér í erlendar rannsóknir. Ég hef sagt það áður hér á Alþingi, að þó að gott sé að hyggja að ýmsum niðurstöðum úr könnunum erlendis, sem við gætum haft hliðsjón af, fer því víðs fjarri að við búum við sambærilegt ástand og þar ríkir t. d. varðandi vegi og umferð.

Það var hv. 1. landsk. þm. sem sagði hér áðan að niðurstöður rannsókna erlendis sýndu að slysum mundi fækka um 30% vegna þessa. Vel má vera að þetta sé rétt. En hitt er eigi að síður staðreynd, því er haldið fram og það virðist vera óyggjandi staðreynd að notkun bílbelta getur líka verið lífshættuleg undir vissum kringumstæðum. Það eru dæmi þess og þó nokkuð mörg hér hjá okkur á fjallvegum t. d., í útafkeyrslum og slíku, að hefði viðkomandi einstaklingur verið rígbundinn í bílbelti hefði ekki frekar þurft að spyrja um hans framtíð. Með lögleiðingu á slíku erum við því í mínum huga að dæma tiltekna prósentu þeirra, sem í slysum lenda, til glötunar, eins og hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir orðaði það áðan. Meðan við viðurkennum að það er staðreynd, að þetta getur gerst, erum við með lögleiðingu á slíku að dæma tiltekinn fjölda einstaklinga, sem verða fyrir bílslysum, til glötunar og því er ég andvígur. Ég hef síður en svo á móti því, að hafður sé uppi áróður fyrir öryggisatriðum í umferðinni. Og vissulega er ekkert við því að segja, ef taldar eru yfirgnæfandi líkur á því, að bílbeltanotkun geti komið í veg fyrir svo og svo mörg slys, að hafður sé uppi áróður fyrir því. En eins og ástandið er í dag er rangt að mínu mati að lögleiða það.

Það vakna auðvitað ótal spurningar við það að lesa þetta frv. eins og það kemur fram. Það er furðulegt að heyra það af munni aðdáenda bílbeltanotkunar, að þeir telja t. d. enga þörf á því, að leigubílstjórar séu í slíkum beltum. Af hverju mega þeir vera dæmdir til glötunar frekar en aðrir bílstjórar í landinu? Ég sé ekki að það sé neitt sem sýni fram á að það sé ekki jafnmikil þörf fyrir leigubílstjóra að nota bílbelti og einhvern annan bílstjóra, ef ágæti þessa öryggistækis, sem menn kalla, er slíkt sem menn vilja vera láta. Mér sýnist að aðdáendur þessa tækis séu ekki sannfærðir um árangurinn þegar það liggur jafnframt ljóst fyrir, að hér á að lögfesta að bílbelti skuli notuð, en jafnframt á að lögfesta að engin refsing skuli við liggja þó að allt saman sé brotið. Er það nú líklegt til árangurs, er það sæmandi löggjafarsamkomunni að lögfesta það sem hún ætlar sér ekki að framfylgja með betri hætti en það með hliðsjón af reynslunni, að engin refsing á að koma fyrir þó að löggjöfin sé margfaldlega brotin? (**SigurlB:** Þetta er rangt.) Þetta er rétt, hv. þm., þú hefur þá ekki lesið frv. (Gripið fram í.) Ég hef mín þskj. þar um. Ég geri ráð fyrir að það sé það sama prentað á mín þskj. eins og hjá hv. þm. Sigurlaugu Bjarnadóttur. Mér finnst það ekki nægilega traustvekjandi að lögfesta með þeim hætti, sem hér er gert ráð fyrir, notkun bílbelta við þær aðstæður sem við búum við hér í umferðarmálum.

Ég get vel fallist á að það kynni að vera mjög mikil bót að notkun bílbelta t. d. hér á þéttbýlissvæðinu. Það getur vel hugsast að að því yrði mikil bót. En við eigum þá að vinna að því máli með öðrum hætti en þeim að lögleiða og skylda fólk til þess með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir. Við eigum að vinna að því í gegnum fjölmiðlana og með fyrirbyggjandi ráðstöfunum að koma í veg fyrir að slys eigi sér stað. Ég hef ekki trú á því, að almenningur í landinu, ef hann á annað borð — sem hefur sýnt sig — er ekki sannfærður um ágæti þessa öryggistækis, hlaupi frekar upp til handa og fóta að nota bílbelti þó þetta frv. verði lögleitt. En þá er líka alveg tilgangslaust að vera að gera það. Og það er nú einu sinni svo og ekki að ósekju, að fólki fer í raun og veru að blöskra hversu víðtækt löggjafarvaldið er orðið í raun og veru. Það fer að nálgast það, að við förum að búa í lögregluríki, ef svo heldur

fram sem horfir. Það er bókstaflega allt tínt til sem nauðsyn er talin á að lögfesta, og ég tel að við kringumstæður eins og þær eru í dag sé þetta eitt af því sem fólk telur að ekki sé orðið tímabært að lögbinda. Ég hef enga trú á því, eins og ég hef áður sagt, að það breytist að neinu verulegu leyti eða aukist notkun á bílbeltum enda þótt þetta verði gert. Ef á annað borð er full vissa þeirra, sem vilja lögleiða þetta, og það verður gert, þá á auðvitað að búa svo um hnúta að því verði framfylgt, ekki setja lög sem ekki á að framfylgja. En ég sé ekki að neitt bendi til þess, að það sé ætlunin. Þvert á móti eru opnaðar allar gáttir til þess að lögin geti verið brotin, og það á að gera fyrir fram hér á Alþingi. Ég er andvígur því og ég er einnig andvígur og mun greiða atkv. gegn frv. eins og það nú liggur fyrir.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég á stutt erindi, aðeins það að lýsa yfir eindregnum stuðningi mínum við lagasetningu þessa. Rannsóknir í tugum landa hjá milljónaþjóðum hafa sannað — ekki leitt rök að eða líkur fyrir, heldur fært sanninn heim um það, að lögleiðing bílbelta er stórkostleg öryggisaðgerð sem bjargað hefur mannslífum í stórum stíl. Þetta hafa rannsóknir sannað. Þeir, sem mæla þessu gegn, halda því fram, eins og jafnan í mörgum öðrum efnum, að Íslendingar séu alveg sér á kvisti. Má minna á það, að Ísland er í hópi þeirra fimm þjóða sem hafa flestar bifreiðar á íbúa, og það er ekkert sem liggur fyrir um það, að hér eigi eitthvað annað við en það sem á við hjá öllum öðrum þjóðum sem tíðkað hafa þetta og rannsakað til þrautar. Ekkert liggur fyrir. Maður vestan úr Bolungarvík, sem blæs sig út yfir þessu og þykist vita einhver dæmi um að menn hefðu farist ef þeir hefðu verið bundnir í bílbelti, hefur ekkert á bak við sig í sínum fullyrðingum. Og það er undarlegt að heyra alþm. gera því skóna við lagasetningu að ekki verði farið eftir lögum. Og þeim mun undarlegra er þetta sem mér skilst að hv. þm. Karvel Pálmason hafi verið notaður í viðlögum sem lögregluþjónn í Bolungarvík til að gæta laga og réttar. Það er með ólíkindum að heyra fólk og hv. þm. berja höfðinu við steininn þegar rannsóknir og sannanir liggja fyrir í þessu máli.

Um þetta litla mál, um heimild til að aka á reiðhjóli á gangstéttum, þá bendi ég á að þetta er aðeins heimild sem mjög óvíða kann að verða leyfð. En ég bendi á eina gífurlega umferðaræð í Reykjavík, Miklubrautina austur úr, þar sem varla má nokkru sinni sjá gangandi mann á þeim gangstéttum endilöngum og þar sem útsýni er svo gott sem raun ber vitni. Þar fyndist mér mjög vel geta komið til greina að þessi heimild væri notuð þar sem er mest hættan greinilega á sjálfri akbrautinni. Þetta er auðvitað undantekningartilfelli, en ekki þar sem er gífurlegur fjöldi fótgangandi fólks, eins og hér í miðbænum til að mynda. Það hefur engum dottið í hug. Það er aðeins heimild þar sem það á við, sjálfsagt í mjög fáum tilfellum.

Ég sagði, herra forseti, að ég ætlaði ekki að eyða mörgum orðum að þessu. Við erum ekki að tala um neitt þar sem menn eru að giska á eitt eða neitt. Við erum með járnkaldar staðreyndir fyrir framan okkur — járnkaldar staðreyndir sem með engu móti verða hraktar Og svo ætlar einhver hv. alþm. að taka á sig þá ábyrgð að greiða atkv. gegn því að þetta verði lögbundið. Það er þýðingarlaust fyrir frjálsræðismenn, sem flagga jafnan hátt frjálslyndi sínu, að tala um að það ætti að vinna þessu framgang með auglýsingum og áróðri í sjónvarpi og útvarpi. Aðrar þjóðir hafa gengið úr skugga um að þetta næst aldrei fram nema með lögþvingun. Það er þess vegna sem við gerum þetta, af því að það næst ekki öðruvísi fram. Auðvitað væri það öllu fólki skapfellilegra að þetta mætti fram ganga, þessi skynsamlega aðgerð, án þess að það þyrfti lögþvinganir til. Það er enginn að gera það að gamni sínu að setja slík lög. En að tala um að þetta sé einhver skerðing á persónufrelsi manna, þá geta menn alveg eins sagt að það eigi ekki að setja lög um brunavarnir og hvað eina sem samfélagið hlýtur að reyna að binda í lög til þess að gæta öryggis íbúanna. Við erum að þessu ár út og ár inn. Ég geri ekki ráð fyrir því, að ég hefði verið snokinn fyrir þessari aðferð nema af því sem ég hef lesið skýrslur um þetta úr hverju einasta landi. Og það er hreint út í bláinn, enda órökstutt með öllu, að hér eigi eitthvað annað við. Það kann að vera að það eigi við á þessum 11 km sem eru frá Hnífsdal og út að Ósi í Bolungarvík eða fyrir Ólafsvíkurenni eða Ólafsfjarðarmúla. Ég skal ekkert um það dæma, enda er þá kominn inn í lögin möguleiki á að gera undantekningu, sem er að vísu varhugavert að mínum dómi, en á það hafa menn sæst. En ég ætla að vænta þess, að þegar þetta verður orðið að lögum, sem ég leyfi mér að vænta að verði, þá verði a. m. k. þeir, sem verða launaðir sem lögregluþjónar, að ganga rösklega fram í að framfylgja lögunum.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ástæðan fyrir því, að ég kveð mér hér hljóðs, er sú, að ég átti sæti í þeirri nefnd sem afgreiddi þetta mál til deildarinnar nú í morgun, en ég skrifaði undir nál. með fyrirvara ásamt tveimur öðrum hv. þm., þeim Ólafi Þ. Þórðarsyni og Eggert Haukdal. Ástæðan fyrir því — a. m. k. ástæðan fyrir minni afstöðu til málsins — var sú, að ég tel að þetta mál hafi verið allt of stutt hjá n. til þess að hún hafi fengið tækifæri til þess að skoða málið og þau gögn í málinu sem nauðsynlegt er til þess að geta gefið út haldbært nál. Hér er um að tefla aðallega tvö og jafnvel fleiri atriði til breytinga á umferðarlögunum, eins og komið hefur fram hér í umr. Má þar nefna heimild til þess að aka á reiðhjóli á gangstígum og gangstéttum og hins vegar svokallað bílbeltaatriði.

Það er auðvitað aðalatriði málsins, og ég held að um það verði ekki deilt, að fólk noti þau öryggistæki sem fyrir hendi eru í bílum. Hins vegar eru deilur uppi um það, með hverjum hætti hægt er að fá fólk til að nota þessi öryggistæki. Sumir hafa bent á að ekki sé nauðsynlegt að fara lögþvingunarleiðina í þessum efnum, það þurfi ekki að þvinga fólk með lögum til þess að setja á sig bílbelti, svo sjálfsagt sem það er, það væri hægt að ná árangri með öðrum hætti. Ég er þeirrar skoðunar, að nauðsynlegt sé að setja ákvæði um bílbelti og notkun þeirra í lög. En það er hins vegar ekki það sama og að skrifa í einu og öllu undir þá aðferð sem hér er viðhöfð. Það væri t. d. hægt að hugsa sér að fara þá leið, að tekið væri tillit til þess, hvort fólk notar þessi öryggistæki, ef slys ber að höndum, eins og sums staðar er gert þar sem fjallað er um bílbelti í lögum. Vil ég nefna til land eins og Vestur-Þýskaland þar sem farin er sú leið. Það er að vísu þannig, að með skilningi umferðarlaganna, greinum í umferðarlögunum, má nota það til bótalækkunar ef öryggisbelti eru ekki notuð. En ég hygg að það hafi aldrei reynt á þetta atriði í lögum. Ég er hins vegar viss um að ef fólki væri gert það ljóst, að um það væri að tefla að það gæti misst bótarétt, þá gæti það með vissum hætti ýtt

undir að fólk notaði heldur bílbelti. Þessi skoðun hefur komið fram. Hún hefur ekki nægilega verið rædd til þess að hægt sé að taka til hennar afstöðu. Á þessu atriði byggist m. a. fyrirvari minn.

Umr. um þetta mál eru að sjálfsögðu ákaflega gagnlegar. Það liggja fyrir tiltölulega ný gögn í málinu frá landlækni og Umferðarráði sem ekki hefur gefist tími til að skoða í hv. allshn. Og eins og ég hef sagt áður, þá koma ýmsar aðrar leiðir til greina. Það var þess vegna sem ég taldi ekki ástæðu til að þetta frv. yrði að lögum á yfirstandandi þingi, en það mætti nota sumarið til þess að kynna þetta mál og leggja fram frv. að lokinni þeirri kynningu næsta haust og gætu þá lögin tekið gildi t. d. um áramótin. Eins og allir vita mundi það ekki muna nema nokkrum mánuðum því að ekki er gert ráð fyrir að þessi lög taki gildi fyrr en næsta haust.

Það er auðvitað grundvallarspurning, sem er ósköp eðlilegt að sé rædd í þessu máli, hvort eigi að þvinga fólk með lögum til ákveðins hátternis, hvort ekki eigi að láta fortölur nægja eða hvort treysta eigi á ábyrgðartilfinningu einstaklinganna í þjóðfélaginu. Slík efnisatriði hljóta að koma til skoðunar þegar rætt er um málefni á borð við þetta, og slík umr. er að sjálfsögðu ósköp eðlileg í tengslum við bílbeltamálið.

Herra forseti. Ég hef gert grein fyrir mínu máli, gert grein fyrir því, hvers vegna ég skrifaði undir nál. með fyrirvara. Það byggðist ekki á efnislegri andstöðu við málið, heldur fyrst og fremst því, að ég taldi eðlilegra að málið fengi frekari skoðun og umfjöllun og umræður áður en farin væri lögþvingunarleiðin, því að eins og allir vita eru lög, sem ekki er farið eftir, verri en engin lög. Það kennir okkur aðeins að umgangast lögin eins og einskisverðan hlut ef sett eru ákvæði sem ekki er ætlast til að farið sé eftir. Að vísu er farið bil beggja í þessari löggjöf. Það eru engin viðurlög við því til að byrja með að spenna ekki á sig bílbelti, og má segja að slík lögþvingun sé ekki gífurlega hörð eða ákveðin því að auðvitað hefði þá átt að beita sektum eða öðrum viðurlögum ámóta. En hér er valin sú leið að nota lögin nánast til þess að fá fólk með frjálsum hætti til að gera þetta. Og spurningin er: Hefði ekki alveg eins verið hægt að gera það án lagaákvæðisins í bili, en tefla lögþvingunarleiðinni fram á seinni stigum? Það eru slík atriði sem ég vildi skoða betur. En ég tek það fram, að n. fékk málið aðeins til umfjöllunar á einum fundi og sá fundur var nú í morgun.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Ég á ekki langt erindi í þennan ræðustól frekar en t. a. m. hæstv. forseti þessarar deildar. Ég vil gjarnan greina frá því, sem ég tel mér bæði rétt og skylt, að þegar drög að þessu frv. voru rædd í ríkisstj. höfðu ýmsir ráðh. þar fyrirvara, en aðrir lýstu andstöðu sinni við frv. Ég lýsti andstöðu minni við þetta frv., þ. e. þann hátt þess sem kveður á um að lögþvinga menn til þess að aka í bílbeltum. E. t. v. má segja að mér kæmi það nokkuð á óvart þegar ég sá frv. flutt eigi að síður sem stjfrv. En ég ætla ekki að gerast neinn baráttumaður í þessu máli eða flytja um það áróðursræður, hvorki til né frá. Ég tel að í þessum orðum mínum hafi þegar komið fram afstaða mín, og ég læt þess getið, að ég greiði atkv. gegn því að þvinga mig til þess að fara í bílbelti, greiði atkv. gegn því að lögbinda mig í bílbelti. Ég get ekki samþykkt það.

Það hefur verið sagt hér frá tölulegum rannsóknum sem síðan er bætt um betur og sagt að séu tölulegar staðreyndir. Ég þykist þess fullviss, að bílbelti komi að miklu haldi við það að draga úr slysum við árekstra. Ég þykist þess fullviss. En ég held að það sé miklum vafa undirorpið, að bílbelti sé mikil bjargvættur við útafkeyrslur og slík slys eru tíð hér á landi við ýmsar aðstæður. Ég held að þetta sé miklum vafa undirorpið. Ég er ekki með neinar fullyrðingar um þau efni, en þetta er a. m. k. vafamál, og þær aðstæður geta verið að það hafi ekki verið til bóta að ökumaður eða farþegi í framsæti væri lögþvingaður í beltinu.

Hæstv. forseti þessarar deildar, sem því miður hefur gengið úr salnum, líkt þessu máli við brunavarnir. (**Gripið fram í:** Það hefur e. t. v. kviknað í honum.) Ég vona að það hafi ekki kviknað í honum við það að ganga út úr salnum, en hann líkti þessari lagasetningu við almennar brunavarnir í landinu. Vel má vera að þessi hv. þm. telji rétt að Alþingi setji um það lög að geyma hæstv. forseta Nd. í eldtraustum skáp hverja nótt, ef svo kynni að fara að kviknaði í húsinu, svo að hann væri þá óhultur fyrir því að brenna inni. Meðan það er ekki gert er hér engu saman að jafna. En þar með væri búið að setja lög þess efnis að telja mætti að t. a. m. þessi ágæti þm., hæstv. forseti Nd., væri nokkuð óhultur þó að eldsvoða bæri að höndum hverja nótt, þá er hann gisti bæði heima hjá sér og annars staðar. Að öðru leyti er hér engu saman að jafna, nema hæstv. forseti vilji leggja til að eitthvað slíkt verði upp tekið.

Eitt atriði í þessu frv. er að mínum dómi mjög gott og þarft. Það er það sem fram kemur í 1. gr. frv., að ákveða með lögum að hnakkapúðar skuli vera á baki framsæta í bílum. Þetta atriði er afar mikils virði og hefur ekki í för með sér neina þvingun á ökumanni eða farþega. En það eru mörg dæmi þess, að alvarleg slys hafa hlotist af þegar keyrt er aftan á bíla sem ekki eru með hnakkapúða. Þetta atriði er mjög þýðingarmikið og skal ég ekki draga úr því. En þrátt fyrir þetta atriði, sem er til góðs — ég skal ekki dæma um það sem fjallað er um í 2. gr., — þá mun ég greiða atkv. gegn þessu máli.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Hv. 10. þm. Reykv. gerði hér að hluta til grein fyrir því, hvers vegna við nokkrir nm. skrifuðum undir með fyrirvara. Ég tel mér engu að síður skylt að eyða hér nokkrum orðum og gera grein fyrir fleiri atriðum þar sem mér virðist að þetta mál hafi verið keyrt áfram af áróðri án þess að hann hefði ávallt við rök að styðjast. Samt vil ég byrja á því að geta þess, að eftir að ég átti viðræður við landlækni runnu á mig tvær grímur. Hann hélt því ákveðið fram, að þetta væri sú aðgerð sem væri mest fyrirbyggjandi í heilbrigðismálum á Íslandi og mundi skila mestum árangri í þeim efnum að draga úr slysatilfellum. Ég skal viðurkenna það, að þó að mér sé frekar illa við bílbelti vil ég ekki leggjast gegn svo afdráttarlausri staðhæfingu manns sem vinnur að heilbrigðismálum, vitandi það að gjöld Íslendinga til heilbrigðismála hækkuðu á milli ára um 65%.

En það er fyrst og fremst ein staðreynd í þeim upplýsingum, sem við höfum fengið, sem ég held að sé hægt að tala um sem vissu. Hún kemur fram í ritinu Heilbrigðisskýrslur 1981 nr. 2, Bílbelti. Þar stendur, með leyfi forseta, í kaflanum Þróunin:

„Á árunum 1947—1955 sýndu Bandaríkjamenn fram á þá staðreynd eftir margþættar tilraunir, að fast spenntur þyldi mannslíkaminn hemlunarkrafta sem væru 30

sinnum meiri en eigin þungi."

Aftur á móti þegar maður rennir augunum yfir þær upplýsingar, sem koma fram í ritinu Umferðarslys og öryggisbelti, og kannar þar fyrstu blaðsíðuna, þá renna á mann tvær grímur um að röksemdafærslan sé í alla staði sannfærandi. Þar segir í 1. gr., með leyfi forseta:

„Dánartíðni í umferðarslysum hækkar á Íslandi, en lækkaði á hinum Norðurlöndunum eftir lögleiðingu öryggisbelta þar. Slösuðum í umferðarslysum hérlendis hefur fjölgað á árunum 1975/1976—1977/1978". Í fyrsta lagi er þessi tími það stuttur að hann er varla marktækur, og í annan stað er það ekki tekið fram þarna í samantektinni, þó að það komi fram annars staðar í skýrslunni, að olíukreppan dró úr akstri og einnig var farið í það að lækka umferðarhraða í þessum löndum. En ég óttast að of margir telji að með lögleiðingu bílbelta höfum við fundið einhverja allsherjarlausn á þessum vanda og horfum fram hjá þeim tölulegu staðreyndum sem blasa við. Menn þyrftu að beita kröftum sínum — og þar á ég við dómsmrh. og hans starfsmenn — að því að á því verði ráðin bót sem sannanlega fer miður í umferðarmenningu okkar Íslendinga. Og þá snúum við okkur að alvarlegasta þættinum í þeim tölulegu upplýsingum sem við nm. fengum í hendur. Hann er að finna á bls. 7 í því sama riti og ég las hér upp úr áðan. Með leyfi hæstv. forseta vil ég lesa hér örlítinn kafla:

„Úr töflu 7 í viðauka og af mynd 5 má lesa að tíðni látinna og slasaðra í umferðarslysum á Íslandi í aldurshópnum 17—20 ára er nær fjórföld miðað við tíðni í aldurshóp 25—64 ára. Aldurshópunum 7—16 ára og 21—24 ára er einnig mun hættara við umferðarslysum en fólki á aldrinum 25—64 ára. Í næstu töflu og á mynd 6 má sjá aldursdreifingu ökumanna er aðild áttu að slysum á Íslandi 1978 og í Danmörku 1976. Hlutfallslega fleiri yngri ökumenn áttu aðild að umferðar- eða dauðaslysum á Íslandi en í Danmörku."

Hér komum við að aðalatriðinu sem við verðum að snúa okkur að. Við verðum með einhverjum ráðum að tryggja það, að þeir æskumenn sem fá bifreiðar til umráða geri sér grein fyrir þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir þegar þeir eru sestir undir stýri. Þar vantar mikið á að Íslendingar standi jafnfætis Norðurlandabúum. Ég vona og vil leggja á það höfuðáherslu, — ég vona að sú mikla hreyfing, sem orðið hefur á umr. um bílbeltin, verði ekki til þess að menn gleymi aðalatriðinu, tölfræðilega séð aðalatriðinu sem kemur fram í þeim gögnum sem okkur hafa verið afhent í þessu máli, og það er hve mikið vantar á að ungir ökumenn á Íslandi geri sér grein fyrir þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir. Þar stöndum við höllum fæti í samanburði við hin Norðurlöndin.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Þær geta verið ærið ruglingslegar, þær hugmyndir sem menn hafa um frelsið. Þetta litla frv., sem hér er til umr., er tvíþætt. Annars vegar á að heimila hjólreiðafólki, sem í þessum tilfellum eru börn og unglingar, að hjóla á gangstéttum — einungis heimila. Hins vegar á, með mildilegum hætti þó, að lögfesta bílbelti. Hv. þm. Karvel Pálmason, sem hér hefur talað gegn þessu frv., báðum þessum atriðum, vill viðhalda banni á börn og unglinga við því að hjóla á gangstéttum — gangstéttum hér í Reykjavík t. d. sem í mörgum tilfellum eru yfirleitt ekki notaðar af gangandi fólki — og helst væntanlega að senda lögregluna á börnin til að banna þeim að hjóla á gangstéttunum, en í hinu tilfellinu er talað um lögregluríki sem hér sé verið að innleiða. Þessi atriði í málflutningnum eru dregin fram til þess að undirstrika það, hversu ruglingslegar hugmyndir manna geta iðulega verið um það, hvað séu boð og bönn, hvað sé frelsisskerðing, sem í þessu tilfelli á auðvitað ekki að kalla svo, heldur skipulagningu, og hins vegar hvað sé frelsi. Og stóryrðum um það, að hér sé um að ræða óeðlilega frelsisskerðingu, ber auðvitað alfarið að vísa á bug.

Það, sem hér er um að ræða, er að löggjafinn er — og raunar óvenjulega mildilega — að gera tilraun til þess að ganga á undan og breyta hegðunarmunstri fólks. Og hegðunarmunstur fólks er með ýmsum hætti. Við skulum taka sakleysislegustu dæmi, að fatnaður manna breytist frá kynslóð til kynslóðar og fjölmargt af því, sem við gerum og er óvenjulegt á einum tíma, er venjulegt á öðrum tímum og er af saklausu tagi. Og auðvitað er þetta af hinu saklausara tagi. Það er enginn maður sviptur neinum grundvallarmannréttindum þó svo þetta sé í lög leitt. Og á það ber að leggja þunga áherslu, hversu hægt hér er farið í sakirnar. Í fyrsta lagi er ekki gert ráð fyrir að þessi lög taki gildi fyrr en eftir nokkra mánuði. Í öðru lagi á að útfæra þessi lög þannig að refsingar komi ekki til. Hvað þýðir það? Það þýðir að starf lögreglumanna og þeirra, sem annast löggæslu, verður væntanlega skipulagt með þeim hætti, að þeir geti stöðvað bíla og bent fólki á að þetta séu lög í landinu, og sinni fólk því ekki, taki fólk það illa upp — sem ég satt að segja dreg mjög í efa að fólk geri — en komi það í ljós, gagnstætt spádómum mínum og margra annarra, að fólk taki þetta illa upp, telji að hér sé um frelsisskerðingu með einum eða öðrum hætti að ræða, þá er löggjafanum í sjálfsvald sett að breyta lögunum aftur eða öllu heldur að láta þau ekki koma enn frekar til framkvæmda. Og ég held að þegar við stöndum andspænis þeirri tölfræði erlendis, alveg óyggjandi niðurstöðum sem auðvitað er ógerlegt að mæla í mót, þá sé það auðvitað fullkomlega réttlætanlegt, hvernig sem á þau mál er litið, að gera þessa tilraun til að breyta hegðunarmunstri fólks. Áframhaldið mun síðan ráðast af viðtökunum.

Við verðum auðvitað að hafa það alveg skýrt, að þetta er ekki eini þáttur umferðarmála sem við höfum reglur um. Við höfum t. a. m. reglur um hraðatakmarkanir. Og sannleikurinn er sá, að þegar menn eru að velta fyrir sér slíkum reglum, þá leggja þeir á vogarskál annars vegar þá hagræðingu, sem af reglunum hlýst, og hins vegar þá áhættu, sem menn taka fyrir sjálfa sig og aðra, og auðvitað væri það önnur leið til þess að draga stórkostlega úr slysahættu að lækka hámarkshraðann. Það er ekki spurning um frelsi annars vegar og þvinganir hins vegar, og við höfum hvort sem er slíkar reglur. En það er nú mat manna að allur almenningur, sem lögin eiga auðvitað að þjóna, leggi það mat á að óhagræðið, sem hlýst af miklu lægri hraða, miklu meiri hraðatakmörkunum, sé svo mikið að það sé ekki réttlætanlegt. Og svona mat erum við að leggja á, ekki bara í umferðarlögum, heldur í miklu fleiri atriðum og í miklu fleiri efnum í hinu daglega lífi. Því er þetta sagt, að því er algerlega vísað á bug að eitthvað sé í reglum af þessu tagi sem með einum eða öðrum hætti er ávísun á lögregluríki. Það er ekki, af tveimur ástæðum: Í fyrsta lagi vegna þess að auðvitað eiga reglur eins og þessar, skipulagning eins og þessi, sér stað svo víða að þetta breytir engu, ekki einu eða neinu til eða frá að því er þetta varðar.

Ég vil aðeins að lokum segja það um þessi efni, að þetta er óvenjuleg lagasetning vegna þess, hversu hægt er farið í sakirnar. Og ég vil að það sé svo, að framhaldið af þessu ráðist af því, hvernig allur almenningur kemur til með að taka þessum breytingum. Og það mun koma í ljós. Það líður allverulegur tími þangað til lögin taka gildi. Þaðan í frá mun líða verulegur tími meðan menn leggja sig niður við að athuga hver reynsla er af þessu. Það er út af fyrir sig skynsamleg leið. Það eru allir möguleikar til að stíga til baka ef þetta fer í taugarnar á fólki eða fólk telur sig hafa óþægindi af þessu. En ég spái því, að sú verði ekki raunin, heldur muni koma í ljós að öllum þorra fólks þyki þetta vera mikið öryggi og lítil fyrirhöfn. Og þá er hægt að herða á lagasetningunni ef menn svo kjósa. M. ö. o.: löggjafinn er með þessum hætti að hafa frumkvæði að því, að tiltekið hegðunarmunstur breytist. Ég tel alrangt að tala um frelsi annars vegar og ófrelsi hins vegar í þessum efnum. Og spá mín er sú, að reynslan muni leiða í ljós — reynsla annarra þjóða er svo óyggjandi í þessum efnum — að ávinningur af þessu verði mikill og með þessari lagasetningu, sem mun koma í gagnið stig af stigi, sé stórlega aukið öryggi í umferð hér.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég vil fagna þessu frv. og er eindreginn fylgismaður þess. Löghlýðnir menn, sem ekki vilja nota bílbelti, geta notfært sér heimild í 64. gr. laganna, en þar stendur: „Eigi er skylt að nota öryggisbelti við akstur aftur á bak." — enda tel ég slíka hegðun henta þeim vel til að gæta samræmis við afstöðu sína í máli þessu, þar með taldir fyrrv. lögregluþjónar.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Það þurfa held ég allir þeir sem ökuréttindi fá að aka einnig eitthvað aftur á bak og sennilega einnig sá þm. sem var að fara úr ræðustól. Jafnvel eftir að hringvegurinn kom þarf hann einhvern tíma að bakka. (**HÁ:** Það bilaði bakkgírinn hjá mér í síðustu kosningum.) Já, og þá ferðu bara hring eftir hring kringum landið ef þú þarft að komast austur. Það er gott að heyra.

Það er sagt hér í þessu nál., að allshn. hafi yfirfarið og rætt ítarlega frv. Ég dreg það mjög í efa eftir tímanum sem hefur farið í það, að hér hafi verið um ítarlega málsmeðferð að ræða. Það væri fróðlegt að fá nánari upplýsingar frá nm. um það, í hverju þetta ítarlega starf n. er fólgið. Og það væri líka fróðlegt að frétta, sem ekki hefur komið fram frá nm., til hverra málið var sent til umsagnar? Hver voru svo svör þeirra sem málið var sent til umsagnar? Og hver eru rök þeirra? Ekkert af þessu hefur komið fram. Þetta er bara eins og hver önnur færibandavinna sem hér er stunduð í þessari stofnun. Menn lesa einhverja skýrslu og verða heilagir og flytja svo hjartnæmar ræður, að hér sé ekki um neitt annað að gera.

Það er eitt skynsamlegt í þessu frv., sem ber að taka fullt tillit til, að það skuli vera hnakkapúðar af viðurkenndri gerð á framsætum. Það finnst mér vera skynsamlegt ákvæði. Og svo gleypa menn hverja skýrslu alveg í heilu lagi, hversu þykkir doðrantar sem það eru, og berja sér hér á brjóst og segja að það sé hætta á þremur vegum á landinu: Óshlíð, Ólafsfjarðarmúla og Ólafsvíkurenni. Það eru víðar brattar hlíðar á Íslandi sem vegir liggja í, og það er margur maðurinn sem hefur bjargað sér úr bíl á fjölmörgum stöðum á landinu af því að hann var ekki í bílbelti. Ég er ekki þrátt fyrir þetta að segja að menn eigi ekki að nota bílbelti. Það á hver og einn að ráða því. Ég ek oft og mikið og enginn er oftar með mér en konan mín. Hún er alltaf í bílbelti en ég aldrei. Mér dettur ekki í hug að fara að skipta mér af því. Hún vill vera í bílbelti, en mér finnst það óþægilegt.

Ég hef hugsað mikið um þetta mál. Ég hef hugsað: Er ég að gera rangt eða rétt með því að vera á móti því að lögfesta þetta? Ég kemst að þeirri niðurstöðu, að fái ég fregnir af því, eftir að hafa greitt atkv. með þessu frv., að það verður slys, banaslys eða stórslys, þar sem fólk hefur verið fest í bílbelti, ekki getað losnað og beðið þess vegna bana eða stórslasast, þá hef ég hugsað: Ég vil ekki taka þá ábyrgð á mig að hafa skipað þessu fólki með atkv. mínu á Alþingi að vera spennt í bílbelti. Og þá segja menn: Hvað er þá með hina, sem farast fyrir það að vera ekki í bílbelti, sem eru mjög margir? Svar mitt er þetta: Það eiga að vera bílbelti í öllum bílum og það er manna að ákveða, hvers fyrir sig, hvort þeir nota þetta bílbelti eða ekki. Þeir sem nota það og bjargast, ef bíllinn verður fyrir óhappi og þeir bjargast, annaðhvort líf þeirra eða að öllu leyti, það er fyrir þeirra tilverknað sjálfra að hafa notað bílbeltið. Þeir, sem verða fyrir líkamstjóni eða valda dauða, það er ekki fyrir það að Alþingi eða löggjafarsamkoma þessarar þjóðar hafi bannað þeim að nota bílbelti, síður en svo. Þetta er í örstuttu máli afstaða mín til þessa máls.

Hitt er svo annað mál, sem mér finnst að mörgu leyti undarlegt í þessu frv. að það á ekki samkv. frv. að sekta þá sem ekki nota bílbelti. Það er samkv. frv. lagaleg skylda að nota bílbelti, en það á ekki að refsa fyrir brot á 3. gr. fyrr en lokið er þeirri heildarendurskoðun umferðarlaga sem hófst á s. l. hausti. Til hvers er þá verið að skylda menn með lögum til að vera í bílbelti þegar lögreglan getur ekki annað gert en að stöðva og segja: Þú átt samkv. lögum að vera í bílbelti? Þá setur viðkomandi maður bílbeltið á sig og þegar lögreglan er úr augsýn tekur hann það aftur af. Hann veit að hann þarf ekki að standa neinum reikningsskil gerða sinna fyrr en næsti lögregluþjónn kemur og gefur honum áminningu.

Mér finnst þetta eiginlega furðulegt frv. í alla staði. Það geta verið skiptar skoðanir hjá þm. í afstöðu til þessa máls. Sumir vilja lögfesta þetta, aðrir ekki. Meiri hl. ræður, og þegar og ef það verður ofan á að bílbelti verða lögleidd, þá verðum við, sem aldrei höfum notað þau, að fara að spenna á okkur bílbeltin til þess að vera ekki lögbrjótar. En það gefur ekki svo auga leið, að öllum eigi að vera skylt að vera með þessu máli. Ég er af þessum ástæðum á móti því.

Ég tel líka varhugavert að heimila reiðhjólaakstur á gangstígum og gangstéttum. Það geta verið gangstígar þar sem þetta er sjálfsagt að gera, þar sem er lítil mannaferð. En hins vegar held ég að það rekist á, sérstaklega í þéttbýli, og geti valdið slysum, sérstaklega í sambandi við gamalt fólk. Víða erlendis er þetta hlið við hlið og þar sem eru mjóar gangstéttir hafa orðið tíð slys vegna reiðhjólaáreksturs á gangandi vegfarendur. En um það er lítið rætt hér.

Ég tel að allshn. hafi lítt athugað þetta mál. Ég gagnrýni það orðalag í nál., að þetta mál hafi verið ítarlega rætt, og tel varhugavert að samþykkja þetta frv. og engum greiði gerður, ekki heldur þeim sem vilja lögleiða bílbelti, þó að þetta frv. verði lögfest, á meðan refsiákvæði eiga að bíða eftir heildarendurskoðun umferðarlaga.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Ég þarf fáu að bæta við það sem ég sagði í dag í umr. um þetta mál og það því frekar sem hér eru heldur fáir hv. þm. sem ég hugsanlega hefði getað sveigt inn á skoðun okkar sem erum hlynnt lögleiðingu bílbelta. Það hefur auðvitað hver sína sannfæringu í þessu máli og verður að fá að hafa hana.

Mér hafa fundist ýmis rök gegn þessu máli heldur léttvæg. Auðvitað er það satt, að þetta mál eins og mörg önnur stórmál sem við erum að fjalla um í dag, hefur fengið allt of litla umfjöllun. En ég vil minna á að þetta mál, um lögleiðingu bílbelta, er ekki nýtt af nálinni. Það hefur farið fram stöðug kynning og áróður fyrir því undanfarin 5—6 ár. Það var til umfjöllunar hér á tveimur þingum í röð. Það hefur verið í mjög ítarlegri umfjöllun í hv. Ed. Það hafa borist umsagnir og gögn sem við gætum hugsanlega haft hliðsjón af, hvaða niðurstöðu þingbræður og systur í Ed. komust að. En ég held að það væri til ills eins að slá þessu máli á frest nú.

Ég verð að harma að fyrrv. heilbrmrh., Matthías Bjarnason, tekur svo neikvæða afstöðu í þessu máli. Ég hefði haldið að hans þekking og reynsla í heilbrigðismálum hefði getað orðið til þess að hann tæki afstöðu með þessari aðgerð. Við erum ekki, sem fylgjum þessu, að gera þetta að gamni okkar, eins og einhver sagði, og við viljum ekki hefta frelsi eða mannréttindi eins eða neins. En að í þessari afstöðu til lögleiðingar bílbelta felist óþolandi mannréttinda- og frelsisskerðing, þessa staðhæfingu og þessi rök hljótum við að finna léttvæg. Við skulum bara hafa augun á öllum þeim lögum og reglum sem við erum stöðugt háð í daglegu lífi. Ég bendi á aðeins eitt sem mér kemur í hug. Við verðum samkv. lögum að taka bílinn okkar til skoðunar öryggisins vegna árlega. Hvað gerist ef við hlýðum ekki þeim lögum? Bíllinn er tekinn af okkur einfaldlega. Og maður gæti haldið áfram endalaust að vitna í allan þann frumskóg af lögum og reglum sem við verðum að hlíta.

Nei, í þessu finnst mér felast tvískinnungur sem er ekki samboðinn greindum og velviljuðum mönnum sem hér hafa mælt hvað harðast gegn þessu. Og ég vil minna á það, sem er staðreynd, að við erum á hverjum degi að taka ákvarðanir í stærri og minni málum sem við vitnum í sem rök fyrir því, að þessi eða hin ákvörðunin sé tekin. Hvernig stendur á því, að mönnum leyfist nú að tala með lítilsvirðingu um erlendar skýrslur sem flaggað sé framan í okkur, enda þótt þær eins og aðrar erlendar rannsóknir og niðurstöður þeirra, sem við byggjum á, séu taldar góðar og gildar? Þarna kemur annar tvískinnungur sem ég fæ ekki séð að samrýmist málflutningi þeirra sem andmæla þessari nauðsynjaaðgerð sem við mælum með af því að við teljum það þá virkustu slysavörn sem okkur hefur sannanlega verið sýnt fram á að dugi gegn því fári sem umferðarslys eru orðin, með hörmulegum afleiðingum fyrir fjölda einstaklinga sem liggja örkumlaðir á spítölum eða dánir í gröf sinni.

Ég vil því heita á góða samþm. að yfirvega vel sína afstöðu áður en þeir mæla gegn þessari ráðstöfun. Það þýðir ekki að segja lengur að þetta sé ekki tímabært. Það hefur sýnt sig, að stöðugur áróður og kynning á bílbeltum hefur ekki gefið þá raun sem til var ætlast. Fólk hefur ekki í vaxandi mæli tekið beltin í notkun, hversu greinilega sem sýnt hefur verið fram á með áróðri að sú ráðstöfun eigi rétt á sér. Ég tel til lítilla bóta og alveg hið gagnstæða raunar að fresta refsiákvæðinu þetta lengi. Guð má vita hvað endurskoðun umferðarlaga tekur langan tíma. Ég hefði talið eðlilegt að við héldum okkur við upphaflegu lagagr. — eða eins og það var í frv. þegar það var lagt fram, að refsiákvæði kæmi ekki til framkvæmda fyrr en 1. okt. Það hefði verið eðlilegur aðlögunartími fyrir fólk til að átta sig á að venjast þessari aðgerð sem við getum ekki lengur undan vikist.

Að því er snertir reiðhjólaákvæðið, þá var á það bent að þetta mundi auðvitað gilda bara í vissum tilvikum, bent á Miklubrautina annars vegar og Laugaveginn hins vegar, eins og ég gerði líka í mínu máli. Ég sé ekkert í þessu frv. né heldur grg. sem tryggir okkur að þessi skilgreining verði gerð þannig að þetta gildi ekki um allar götur jafnt. Því treysti ég mér engan veginn til þess að greiða þeirri grein atkv. meðan ég hef ekki tryggingu fyrir því, að hún verði framkvæmd með sveigjanlegum og skynsamlegum hætti. Eins og hún er núna tel ég hana hafa eins mikla hættu í för með sér og hún mundi hugsanlega bægja háska frá í einstökum tilvikum.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég get ekki alveg áttað mig á hvernig stendur á því, að umr. skuli haldið áfram hér í Nd. Það liggur fyrir að þinglausnum hefur verið frestað fram yfir helgi, og ég get ekki skilið hvers vegna hæstv. forseti lætur ekki þegar fara fram atkvgr. um raforkufrv. þannig að bæði starfsmenn þingsins og þm. geti farið heim. Það er búið að halda mönnum hér frá morgni til kvölds með óeðlilegum hætti heila viku og mönnum hefur ekki verið unnað stundarhvíldar. Menn hafa ekki fengið tíma til að setja sig inn í mál. Ég ætlast til þess, að þegar í stað verði hringt til atkvgr. um raforkufrv. Það er öllum þm. skylt að vera hér í húsinu. Hér er einn ráðh. kominn, hinir eru í einhvers konar — ég veit ekki hvort þeir hafa farið á 7-bíó eða hvað þeir eru að þvælast. Ef stjórnarsinnar geta ekki verið viðlátnir verður að slíta fundi. Ég lít á það sem freklega móðgun við þingheim allan og sérstaklega þessa deild, að forseti skuli ekki slíta fundi þegar í stað þegar ákveðin hefur verið frestun á Alþingi, eða a. m. k. að drífa atkvgr. í gegn, þannig að það sé ekki einhver sérréttindahópur hér innan þingsins, hv. stjórnarsinnar, sem geti ráðið hér stjórn deildarinnar, ráðið hvenær atkvgr. fara fram, ráðið hvaða mál séu á dagskrá, fimbulfambað um reiðhjól og minni háttar mál í staðinn fyrir að drífa af atkvgr. um aðalatriði og höfuðmál.

Forseti (Alexander Stefánsson): Ég sit hér í umboði aðalforseta, sem senn mun taka við stjórn hér í deildinni, og þá mun hann svara þessari aths.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ef stjórnarandstaðan getur ekki kosið mann sem varaforseta, sem er maður til þess að svara um fundarsköp, þá á að láta stjórnarandstöðuna um alla forsetana þrjá.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Það er löngu ákveðið fundarhald og tilkynnt um það. Formaður Sjálfstfl., Geir Hallgrímsson, kom að máli við mig sérstaklega um það, að atkvgr. í raforkumálum færi ekki fram fyrr en hann hefði komið úr sjónvarpsviðtali sem hann er í núna. Ég

hef ákveðið þetta og tilkynnt þetta. Það er ástæðulaus hótfyndni, sem höfð er hér í frammi, og bið ég hv. þm. að láta það ekki bitna á deildinni þó að hann tapi skák eftir skák við hv. 12. þm. Reykv. hér frammi.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég óskaði eftir því við forseta, að vísu ekki hér formlega, að fundi yrði frestað á meðan sjónvarpsviðtal væri haft við formann Sjálfstfl. Sú venja hefur skapast að þm. gefist kostur á því að horfa á meiri háttar viðtöl í sjónvarpi. Mér var synjað um þetta. Ég get ekki skilið hvernig á því stendur að fundarstjórn hér í deildinni skuli hagað með ýmsum hætti eftir því hver í hlut á. Ég tek því ekki þegjandi, að á sama tíma og Ed. er send heim vegna þess að þinglausnir verða ekki fyrr en á mánudag skuli verið að teygja þessa deild hér fram eftir nóttu. Stjórnarsinnar, sem bera ábyrgð á þinghaldinu, eru víðs fjarri og þá sjaldan þeir eru við svara þeir ekki eðlilegum fsp. sem fram koma. Nefndir þingsins fá ekki að kynna sér mál. Það eina, sem virðist vaka fyrir forseta deildarinnar, er að halda hlífiskildi yfir þessum mönnum.

Ég segi það og ég meina það, að ég mun ekki mæla með því að hausti, að sjálfstæðismaður verði aðalforseti í þessari deild.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Hv. 7. landsk. þm., skrifari vor, var nú ekki áhugasamari um formanninn sjálfan í sjónvarpi en svo, að allan tímann meðan það stóð yfir tefldi hann hér við framsóknarmann frammi.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Það er vægast sagt mjög margt í þessu frv. sem mjög orkar tvímælis hvort lögleiða eigi, svo að ekki sé meira sagt. Eins og þessi setning t. d. í 1. gr. frv.: „Heimilt er að aka á reiðhjólum og leiða reiðhjól á gangstéttum og gangstígum ef það er ekki til hættu eða óþæginda fyrir aðra vegfarendur."

Þetta er furðuleg setning í lögum. „Ef það er ekki til hættu eða óþæginda fyrir aðra vegfarendur," segir í greininni. Hver á að segja til um hvenær þetta er til hættu eða óþæginda fyrir vegfarendur? Er það þegar slys hafa orðið á gangstéttum? Oftast held ég að segja megi að það sé til hættu eða óþæginda fyrir vegfarendur, sérstaklega fyrir gamalt fólk sem á erfitt með að víkja undan hættunni þegar hjólað er gáleysislega á stéttum. Margt aldrað fólk hefur látið í ljós ótta sinn yfir því, að þetta verði lögfest, og er það að vonum.

Ég held að óhætt sé að segja að hér sé í raun verið að keyra í gegnum þingið mál sem mjög skiptar skoðanir eru um og gangi gegn réttarvitund margra þm. að greiða atkv. með og efi í hugum margra að rétt sé að staðið. Það sést vel á því, að þrír nm. allshn., sem hafa athugað þetta mál, hafa fyrirvara á undirskrift undir nál. Hér er auðvitað um mikla skerðingu á persónufrelsi að ræða, þegar verið er með lagaboði að reyna að hafa vit fyrir fólki á þennan hátt, og raunar mjög skiptar skoðanir um málið úti í þjóðfélaginu. Í máli sem þessu tel ég að nauðsynlegt sé að fá fram hver er raunverulegur vilji fólksins til þess að lögleiða bílbelti, fá fram hvort meirihlutavilji sé fyrir slíku, áður en Alþingi tekur endanlega afstöðu til málsins. Ég tel að rétt væri að fá fram þá afstöðu áður en ákvarðanir eru teknar um að þvinga fólk gegn vilja þess til að nota bílbelti. Ég mun því flytja hér ásamt hv. þm. Albert Guðmundssyni og hv. þm. Karvel Pálmasyni till. til rökstuddrar dagskrár í málinu sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Þar sem æskilegt er að vita nánar um vilja þjóðarinnar í þessu máli, áður en Alþingi tekur endanlega ákvörðun um það, og í trausti þess, að afstaða hennar verði könnuð með þjóðaratkvgr. samfara næstu almennum kosningum, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá."

Nái þessi tillaga ekki fram að ganga mun ég sitja hjá við afgreiðslu þessa máls.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Ég ætla að segja örfá orð um það frv. til l. um breyt. á umferðarlögum sem hér er til umr. Eins og öllum hv. alþm. er kunnugt, að ég ætla, er þetta frv. samið af umferðarlaganefnd sem ég skipaði á s. l. hausti til að gera heildarendurskoðun á umferðarlöggjöfinni. Það er að flestra áliti orðið fyllilega tímabært. Það, sem auðvitað fyrst og fremst vakir fyrir þeim sem vilja endurskoða og breyta umferðarlöggjöfinni, er að auka öryggið, koma í veg fyrir hin geigvænlegu slys og afleiðingar þeirra.

Frv., sem hér liggur fyrir, er það fyrsta sem komið hefur frá hendi umferðarlaganefndar. Að sjálfsögðu heldur hún áfram að starfa hér eftir sem hingað til. Ég veit ekki hvað starf hennar tekur langan tíma í heild, en talið var eðlilegt að leggja þetta frv. fram nú þar sem nefndin hafði gengið frá því.

Þetta frv. fjallar, eins og hv. alþm. vita, um nokkrar breytingar á umferðarlögunum. Aðallega má segja að umr. snúist um hvort lögleiða eigi hin svokölluðu bílbelti, og vitanlega er það öryggissjónarmiðið sem fyrir mönnum vakir.

Ég hef fylgst nokkuð með störfum þessarar nefndar og veit að hún vinnur vel og samviskusamlega undir forsæti Sigurjóns Sigurðssonar lögreglustjóra í Reykjavík.

Eins og ég tók fram þegar ég mælti fyrir þessu frv., bæði í Ed. og Nd., er þetta að vísu stjfrv., en þó hafa nokkrir ráðh. fyrirvara og eru beinlínis andvígir því, að ég ætla a. m. k. tveir. Þetta tók ég mjög skýrt fram í þeim orðum sem ég lét fylgja frv. úr hlaði. Hins vegar eru þessi mál mikið í sviðsljósinu og mikill þrýstingur frá öllum hliðum að reyna að auka öryggið í umferðinni, þar megi einskis láta ófreistað. Ég taldi mér því skylt að leggja þetta frv. fram. Á hinn bóginn vil ég benda alveg sérstaklega á það, að ég hef ekki á einn eða annan hátt rekið áróður fyrir þessu máli. Ég hef lagt það hér á borð ykkar, hv. alþm., borð löggjafans, og það er ykkar að segja ykkar álit og skera úr því og setja lögin. Ég hef ekki ætlað mér neitt áróðurshlutverk í þessu máli. Þess vegna er það að mínum dómi alger sleggjudómur hjá hv. 10. landsk. þm. í þeim orðum sem látin voru falla hér áðan, að það sé verið að keyra þetta mál í gegnum þingið. Ég setti það ekki með þeim frv. sem ég óskaði að fengju afgreiðslu fyrir þinglok. Ég vildi að það væri í ykkar höndum, hv. alþm.

Það er nú líka svo, að enginn veit hver áhrif það hefur þó reynt sé að reka áróður fyrir vissum málum. Við höfum nýlegt dæmi um það héðan úr hv. d., þegar við Vestlendingar reyndum að berjast fyrir friðun Faxaflóa eftir mætti og héldum nokkrar ræður við allar umr. um það mál. En það fór nú eins og það fór og öllum er í fersku minni. (Gripið fram í.) Að vísu voru miklar breytingar til bóta gerðar á því máli í Ed., a. m. k. ber það bréf frá ráðh., sem þar var lagt fram, ljóst vitni um það. (**Gripið fram í:** Það var engin breyting gerð á frv.) Nei, ekki sjálfu frv., en þetta frv. er nú ekki hér á

dagskrá, þó að ég minnist á það í leiðinni. En mér skilst að það séu a. m. k. þó nokkuð margir hv. alþm. sem hafa hug á að stuðla að því, að þetta frv. til l. um breytingu á umferðarlögunum verði að lögum fyrir þinglok.

Þá ætla ég aðeins að leyfa mér að gera tvær eða þrjár aths. við frv. Það segir hér í 64. gr. a: „Hver sá, er situr í framsæti bifreiðar, sem búin er öryggisbelti.“ Þarna á að standa: „sem búið er öryggisbelti“, því að þar er átt við sætið. „Hver sá er situr í framsæti bifreiðar sem búið er öryggisbelti.“ Þetta má laga. Það er eiginlega ekki nema einn stafur sem þarf að breyta. Í 5. gr. segir: „Dómsmrh. skipar 18 menn í Umferðarráð til þriggja ára í senn.“ Hins vegar hefur nefndin bætt við fulltrúa frá Öryrkjabandalagi Íslands og þá á þessi heildartala í Umferðarráði að hækka í 19. Þetta er hægt að laga. Ég bendi mönnum á þetta.

Svo segir hér í 6. gr.: „Eigi skal refsa fyrir brot gegn 3. gr. fyrr en lokið er þeirri heildarendurskoðun umferðarlaga sem hófst í sept. 1980.“ Að sjálfsögðu er það ekki keppikefli að refsa mönnum fyrir brot af þessu tagi, heldur fyrst og fremst að ná fram auknu öryggi í umferðinni í heild. Hins vegar er þetta náttúrlega dálítið óvenjulegt ákvæði í löggjöf, en mér er sagt að það eigi sínar fyrirmyndir erlendis frá svo að ég ætla ekki að gera neinar frekari aths. við það.

Hv. 10. landsk. þm., sem hér tilkynnti að borin yrði fram frávísunartillaga við þetta mál, hneykslaðist á orðalaginu, að það væri heimilt að aka á reiðhjóli og leiða reiðhjól á gangstígum og gangstéttum ef það er ekki til hættu og óþæginda fyrir aðra vegfarendur. Það er nú einmitt það. Ég tel það alveg út í hött að hneykslast á þessu orðalagi. Það er fyrst og fremst þetta sem minnir á þá meginreglu í allri umferð, að það á ekki að keppast við að banna það sem ekki er til hættu né óþæginda fyrir vegfarendur. Það eru fyrst og fremst vegfarendurnir sem verið er að vernda. Umferðin getur verið örugg ef tillit er tekið til vegfarenda. Þó að við lögleiðum bílbelti og setjum alls konar reglur sem geyma boð og bönn, þá getum við aldrei lokað augunum fyrir þeirri meginreglu sem verður að gilda í allri umferðariöggjöf, að sýna öðrum vegfarendum, samferðamönnunum, fyllstu tillitssemi. Það var t. d. tekið skýrt fram, ef ég man rétt, í 37. gr. gömlu umferðarlaganna. Þetta er mikilvæg meginregla, sem að vísu þarf alltaf að vera að benda fólki á og hefur í raun og veru miklu meira gildi en ótal ítrekaðar einstakar boð- og bannreglur.

Ég vil svo að lokum taka það fram, eins og ég sagði áðan, að þetta mál er í ykkar höndum. Það er í höndum löggjafans eins og það á að vera, og það er undir ykkur komið hvort það verður að lögum fyrir þinglok. En aðalatriðið í mínum augum er fyrst og fremst að leggja áherslu á það meginsjónarmið, að við breytum umferðarlöggjöfinni á þann veg að við aukum aðgát revnum að koma í veg fyrir slys og eflum virðingu vegfarendanna fyrir samferðamönnunum í umferðinni.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Þetta er nú orðin býsna löng umr. um bílbelti hér á þingi og ég var farinn að óttast áðan að komið væri nokkurt svefnrugl á suma þm., en það virðist vera að það hafi hægst heldur um.

Það fer ekki fram hjá neinum, að þetta mál er ekki bundið í viðjar neinna pólitískra flokka, heldur fer það eftir persónulegri reynslu hvers og eins frekar en nokkuð annað. Hér hafa verið flutt rök með og móti bílbeltum, gild rök sum, önnur ekki.

Ég hef haft nokkurn ama af þessu frv. og er yfirleitt ekki hrifinn af því að lögþvinga fólk til þess að hegða sér á einhvern ákveðinn hátt. Hins vegar fer ekki hjá því í siðuðu samfélagi, að það þarf að beita lögum til þess að menn fari eftir vissum reglum. Þessi lög þvinga fólk auðvitað til ákveðinna athafna, það fer ekkert á milli mála, — athafna sem sumum er ami að, en öðrum ekki.

Ég er hins vegar alfarið þeirrar skoðunar, að það sé ekkert einkamál manna hvort þeir spenna á sig bílbelti eða ekki. Ástæðan fyrir því er einfaldlega sú, að kostnaður samfélagsins vegna slysa er svo mikill að það getur ekki verið einkamál þess manns, sem af aðgæsluleysi notar ekki það öryggistæki sem hann hefur við höndina til þess að koma í veg fyrir að aðrir slasist og hann slasist og samfélagið beri stórkostlegan kostnað af. Þetta finnast mér vera einna þyngstu rökin í þessu máli.

Segja má með nokkrum sanni að þetta megi heimfæra upp á ýmislegt annað í samfélaginu: menn sem fara illa með heilsu sína vitandi vits og með opnum augum og koma síðan að dyrum sjúkrahúsanna og segja: Hér er ég, nú verðið þið að bjarga mér. — Þá vil ég líka benda á það sem nokkur rök á móti bílbeltum, að lögbinding leiðir að vissu leyti til heldur hvimleiðs eftirlits lögregluyfirvalda. Þetta þekki ég m. a. frá Svíþjóð þar sem það er mjög hvimleitt, svo að ekki sé meira sagt, hvernig lögregla fylgist með borgurum einmitt í þeim tilgangi að gæta þess, að þeir noti bílbeltin. En þar er hins vegar sá leikur leikinn, að menn rétt sveifla beltunum yfir öxlina á sér, án þess að festa þau, til þess að lögreglumönnum sýnist að þau séu notuð. Þetta gæti líka gerst á Íslandi ef ég þekki Íslendinga rétt, því miður.

En í grundvallaratriðum byggist afstaða mín til þessa máls á persónulegri reynslu. Og hún er þess eðlis, að ég tel að það leiki ekki nokkur vafi á að við verðum að samþykkja þetta frv. Ég var eitt sinn í bifreið sem var ekið á miklum hraða aftur undir aðra bifreið. Þar gat ég horft á eftir farþega í framsæti fara út um framrúðu og hljóta mjög alvarleg meiðsl af og örkuml, ör sem verða borin til æviloka, og bílstjórann fá stýrisstöngina í kvið sér. Ég get ekki sagt að þetta hafi verið neitt skemmtilegt, en þetta er daglegt brauð á Íslandi. Slys af þessu tagi eru daglegt brauð. Og þeir, sem hafa lesið skýrslu landlæknis um þetta mál, geta ekki verið í nokkrum vafa um réttmæti þess að lögleiða bílbelti, þó að stöku mönnum sé ami að notkun þeirra og sumum þyki löggjafarvaldið ganga fulllangt í því að rekast í málum einstaklinganna og því sem sumir telja sín einkamál.

En ég hef sagt hér áður að það getur varla talist einkamál manns hvort hann slasar sjálfan sig og/eða aðra, sem þjóðfélagið og skattþegnarnir þurfa síðan að standa straum af, þ. e. kostnaðinum vegna sjúkrahúsvistar eða annars.

Óskar Ólason, sá ágæti lögreglumaður, hefur skýrt frá því, að á 43 ára starfsævi í lögreglunni hafi hann aðeins einu sinni orðið vitni að því, að öryggisbelti hafi valdið manni bana. En hann bætti því hins vegar við, að hann ætti ekki orð til að lýsa því, hvernig útlits og umhorfs hafi verið þar sem alvarleg slys urðu og bílbelti voru ekki notuð. Þessi atriði verða menn að hafa í huga. Ég skal hins vegar játast undir það, að ég tek mikið mark á þeim mönnum sem segja með fullum rétti að bílbelti eigi ekki rétt á sér í allmörgum tilvikum. Sjálfur kem ég úr kjördæmi þar sem þarf að fara fyrir Ólafsfjarðarmúla, sem

talinn er einn af hættulegustu vegum landsins ásamt með tveimur öðrum, og aldrei hvarflaði að mér að hlíta lögum um bílbelti er ég keyri fyrir Ólafsfjarðarmúla. En þetta eru undantekningartilvikin. Og staðreyndin er sú, að langmestur hluti alvarlegra slysa, þar sem bílbelti eru ekki notuð, verða auðvitað í þéttbýlinu og þar er umferðin mest. Þar eru bílarnir flestir og fólkið flest. Þar verða líka slysin flest.

Ég vil bara biðja hv. þm. að hugleiða það mjög vandlega, að þótt þeim þyki nokkuð gengið á persónulegan rétt einstaklingsins með þessu frv. og með þeim lögum sem væntanlega verða nú samþykkt, þá sé hér á ferðinni svo mikið öryggisatriði að það geti nánast ekki nokkur þm. tekið á sig þá ábyrgð að vera á móti þessu máli. — Ég hef ekki frekari orð um þetta.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil ekki með mínum orðum verða til þess að vekja upp frekari deilur um þetta efni. En mér finnst ég ekki komast hjá því að fá að segja hér örfá orð.

Það er vitað mál, að umferðarslysin eru mikið böl í þessu þjóðfélagi. Þau valda mörgum dauða og enn fleira fólki örkumlum og eru auk þess þjóðfélaginu mjög dýr. Við þurfum vafalaust að grípa til margra ráðstafana til úrbóta í þessum efnum. En ég er alveg sannfærður um það, að engin ein aðgerð, sem gripið væri til, gerði meira gagn en ef notkun bílbelta yrði almenn. Þetta frv. er spor í rétta átt og að mínum dómi alveg sjálfsagt að stíga það.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Aðeins örfá orð út af því sem hér hefur komið fram í umr.

Hv. 1. landsk. þm. kallaði hér fram í í dag, þegar ég var að tala um að mér fyndist óæskilegt og raunar ósæmilegt af Alþingi að setja löggjöf sem ekki væri ætlast til að væri framfylgt, og meira að segja þeir, sem brytu löggjöfina, væru óhultir fyrir refsingu. Þetta sagði hv. þm. að væri rangt. Ég fagna því, að er hún flutti síðari ræðu sína hafði hún lesið betur það sem um er að ræða, þannig að ljóst er að ekki er um refsiákvæði að ræða.

Hér hafa nokkrir hv. þm. komið upp hver á eftir öðrum og talið ótvíræð rök fyrir ágæti þess og nauðsyn, að hér yrði lögfest að notuð skyldu bílbelti í bifreiðum. Ég hef út af fyrir sig ekkert við það að athuga. Um þetta eru skiptar skoðanir. Menn hafa á því mismunandi skoðun, hvað í þessu sé réttlætanlegt og hvað ekki. Mér finnst hins vegar að það sé um þetta mál eins og mörg önnur alvarleg mál hér á hv. Alþingi, sem ekki eigi og sé raunar ósæmandi hv. þm. að hafa í flimtingum eða tala um í gamansömum tón, eins og mér fannst hv. þm. sumir hverjir gera. Meira að segja hæstv. forseti, sem yfirleitt hefur vandað vel til röksemdafærslu og á auðvitað að gera það, talaði hér meira og minna tvist og bast í allar áttir og taldi einungis um þrjá vegi að ræða í vegakerfi landsins sem hugsanlega gæti átt við að þar ætti ekki að nota bílbelti. Ég hygg að þessir vegir séu miklu fleiri ef menn staldra við og gá að hvar hættur leynast í okkar þjóðvegakerfi, í hinum bröttu fjallshlíðum. Og það gerist meira en að umferðarslys eiga sér stað daglega hér í þéttbýlinu. Það gerist æðioft að umferðarslys eiga sér stað einmitt á þessum vegum, þar sem sannað er að notkun bílbeltis hefur orðið fólki að bana, og það er það sem er verið að benda á. Lögleiðing bílbelta getur í vissum tilvikum orðið til þess beinlínis — það sýnir reynslan — að valda fólki bana.

Ég spyr t. d. eins og ég spurði í dag: Hvað réttlætir það, að t. d. leigubílstjórar séu undanþegnir þessari lagaskyldu ef mikið öryggi er því á annað borð samfara að bílbelti séu notuð? Ég sé ekkert sem færir rök að því, að minni þörf sé fyrir leigubílstjóra að nota bílbelti heldur en einhvern annan einstakling sem situr undir stýri í bíl, þannig að mér finnst þetta stangast á.

Hv. 9. þm. Reykv. taldi að mín röksemdafærsla í málinu væri mikið misvísandi. Hann taldi að ég vildi senda lögregluna á börnin og viðhalda boðum og bönnum gagnvart þeim. Þetta er mesti misskilningur hjá hv. 9. þm. Reykv. og raunar lítt skiljanlegt að jafngreindur maður og hv. 9. þm. Reykv. oftast er skuli rugla svona saman. Það er staðreynd í dag og hefur verið lengi, að hjólreiðar á gangstéttum eru bannaðar. Því hefur því miður verið allt of lítið fylgt eftir, að eftir því væri farið.

Hv. 10. landsk. þm. vakti áðan athygli á orðalagi 1. gr. Hver á að skera úr um það, að hjólreiðar á gangstéttum valdi ekki hættu eða óþægindum fyrir aðra vegfarendur? Ég held að ákvæði af þessu tagi séu afskaplega óskynsamleg í löggjöf og verði ekki til þess að greiða götu þess öryggis sem menn eru um að tala. Hvað sem menn segja hér um hegðunarmunstur eða hvaða nöfnum sem menn nefna þetta, þá er það staðreynd, að hér er um að ræða ástæður sem menn eru síður en svo sammála um. Menn eru á gagnstæðri skoðun um það hvort lögleiðing bílbelta kemur að þeim tilætluðu notum sem réttlætir að svo sé gengið á frelsi einstaklingsins. Mér fannst a. m. k. hæstv. dómsmrh. vera afskaplega lítið sannfærandi með þessu máli. Hann margítrekaði það, að hann ræki ekki áróður fyrir þessu frv., það væri — sem og raunar er rétt — auðvitað þingmanna að skera úr um það. En væri hæstv. ráðh. sannfærður um ágæti þessa máls, þá er ég ekki í vafa um af mínum kynnum við hæstv. ráðh., að hann hefði rekið áróður fyrir því, að málið færi hér í gegn og næði fram að ganga á þessu þingi.

Ég skal ekki, herra forseti, eyða öllu fleiri orðum um þetta. Aðeins að lokum: Hv. 3. þm. Austurl., varaformaður Framsfl., ef ég man rétt, Halldór Ásgrímsson, var einn af þeim sem höfðu hér efni frv. að gamanmálum. Hann staðnæmdist fyrst og fremst við það, að það væri nóg að menn gætu ekið aftur á bak án bílbelta. Hann færði fram þau rök fyrir þessari skoðun sinni, að í sínum bíl hefði bakkgírinn verið bilaður alllengi. En einnig hlýtur hann að hafa leitt hugann að því, að afturábakleiðin hjá Framsfl. í verðbólgumálunum hefur einmitt verið á þennan veg líka. Og það er það sem hv. þm. og varaformaður Framsfl. hefur líklega haft fyrst og fremst hug á: að vera í samræmi við sjálfan sig bæði í keyrslunni aftur á bak í umferðinni og í keyrslunni aftur á bak í pólitíkinni, verðbólgumálum, verðlagsstefnu Framsfl.

ATKVGR.

Till. til rökst. dagskrár á þskj. 1056 felld með 17:7 atkv.

1. gr. samþ. með 20:3 atkv.
2. gr. samþ. með 18:3 atkv.
3. gr. samþ. með 17:10 atkv.
4.—7. gr. samþ. með 18:3 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20:1 atkv.

Raforkuver, frv. (þskj. 1043). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Þá hafa menn fyrir augum úrslit þessa máls eftir 2. umr. í hv. deild, og það verð ég að segja, að ég tel málið síður en svo hafa tekið breytingum til bóta, að ég nú ekki tali um að það hefur ekki tekið neinum stakkaskiptum. Ég átta mig satt að segja ekki á þeirri umstokkun og viðsnúningi sem á að heita að hér gefi á að líta í 1. gr. frv. svo og 2. gr. þess eftir þær breytingar sem gerðar voru við atkvgr. eftir 2. umr. Þessar breytingar skipta nákvæmlega engu máli. Það er sama upptalningin á því sem sótt er eftir heimildum til, aðeins breytt röðun í uppsetningu á hinu prentaða þskj., en alls engin röðun á framkvæmdum, enda er hér ekki verið að taka ákvarðanir um þær. Eftir sem áður stendur stefnuyfirlýsing hæstv. orkumálaráðh., sú stefnuyfirlýsing sem hann síðast hafði upp í útvarpi fyrir tveimur kvöldum, þar sem hann tók skýrt fram og tók af tvímæli um það, að fast yrði haldið við það að virkja næst utan eldvirkra svæða.

Spyrja má — þar sem breyting á sér stað t. a. m. í 2. gr. og ég hef heyrt menn leggja upp úr því, að þar er talað um að ríkisstj. kveðji til aðila til þess að segja til um þjóðhagslega hagkvæmni virkjunarleiða og þýðingu þeirra fyrir raforkukerfi landsins: Þurfti að taka þetta fram? Lá ekki í augum uppi að þetta mundi verða lagt til grundvallar, þjóðhagsleg hagkvæmni virkjunarleiða, þegar og ef tekið er til við framkvæmd virkjunar? Þessar breytingar skipta nákvæmlega engu máli. Þetta skiptir í raun og veru engu máli, það sem gefur á að líta í lagafrv. sjálfu. Það, sem skiptir höfuðmáli í þessu sambandi, er stefnan sem fylgir þessari lagasetningu áformaðri. Það er sú stefna sem skiptir meginmáli. Og það getur vel verið að mönnum sjáist yfir hver sú stefna er, að menn séu svo uppteknir við einstakar virkjanir og áhuga sinn á þeim að þeir taki ekkert eftir því, hvaða stefna er mótuð í leiðinni, skýrt og afmörkuð. T. a. m. hæstv. ráðherrar, sem telja sig Sjálfstfl.-menn, hafa ekki tekið eftir því, að hér er snúið þvert af leið frá þeirri stefnu sem Sjálfstfl. hefur samþykkt og haldið fram frá upphafi. Það getur vel verið að Blönduvirkjun hafi villt svo um fyrir hæstv. landbrh. að hann taki ekkert eftir þeim boðskap, sem fylgdi þessu, og þeirri stefnu sem uppi er. Stefnumörkun er skýr og ákveðin og ekkert hefur verið dregið í land um hana frá því sem hæstv. orkuráðh. talaði hér fyrir málinu við 1. umr. Má ég — með leyfi hæstv. forseta — rifja upp tvo stutta kafla úr þessari stefnumótun. Hann segir svo, hæstv. orkuráðh.:

„Því er í grg. með frv. gert ráð fyrir að farið verði með gát í uppbyggingu orkufreks nýiðnaðar og áhersla lögð á að tryggt verði virkt íslenskt forræði, m. a. með því að leggja í fyrstu áherslu á þá kosti að öðru jöfnu sem minni eru í sniðum og viðráðanlegastir. Höfuðáhersla verði lögð á slíka miðlungsstóra iðnaðarkosti eða sem svarar til 400—500 gwst. í orkunotkun fram undir lok þessa áratugar. Verði síðan til álita að ráðast í stærri fyrirtæki, en þá verður sérstaklega að gæta að traustum markaði og staðgóðri tækniþekkingu sem við Íslendingar getum haft vald á.“

Hvað skyldi þetta merkja? Hvað skyldi það merkja að ætla sér að nota 400—500 gwst. fram undir lok þessa áratugar í miðlungsstóra iðnaðarkosti? (**Iðnrh.:** Hver þeirra 400—500 gwst.) Sem svarar til 400—500 gwst. í orkunotkun fram undir lok þessa áratugar. Ég hef þetta orðrétt upp úr ræðu hans, vélritað, en mér heyrist að hv. 12. þm. Reykv. kannist betur við orðalagið og innihald þessa máls heldur en jafnvel orkuráðh. sjálfur. Skyldi þó aldrei vera að þetta hafi verið kokkað af hv. 12. þm. Reykv. ásamt nokkrum öðrum. Ég á eftir að spyrja hann seinna, þennan hv. þm., að því og hann getur svarað því þegar hann fær orðið — það getur meira að segja vel verið að ég gefi honum það þegar þar að kemur — hvað hann hafi átt við þegar hann minntist á upplagðar stóriðjubyggingar SÍS á Reyðarfirði. Og má ég spyrja hæstv. orkuráðh. hvort honum sé kunnugt um að slíkir möguleikar hafi verið athugaðir eða hvort samningar standi þá um það við Samband ísl. samvinnufélaga og hvað eiginlega sé í bígerð í því efni? Mér er vel kunnugt um hvað mótaði viðhorf Framsfl. til tillagnagerðar um stóriðju í Reyðarfirði á sínum tíma. Mér er manna best kunnugt um það.

Árið 1973 flutti ég fyrst till. um Fljótsdalsvirkjun og stóriðju í Reyðarfirði, og það er hægt að fletta upp á ræðum Eysteins Jónssonar frá þeim tíma og hv. þm. Helga Seljans. Ég endurflutti þessa till. mína eftir að ríkisstj. Framsfl. og Sjálfstfl. hafði tekið við völdum, og hún strandaði á því, að Framsfl. hafnaði með öllu að í síðari tillgr. væri ákvæði um að stefnt skyldi að stóriðju í Reyðarfirði. Og hún fékkst samþykkt, fyrri grein þessarar till., eftir að ég hafði fellt niður ákvæðið um stóriðjuna. Af hverju? Af því að Framsfl. vildi ekki slíka uppbyggingu í kjördæmum þar sem hann hefur haft tögl og hagldir um aldir alda, að segja má. (**ÓÞÞ:** Ja, gamall er flokkurinn.) Hv. 5. þm. Vestf. ætti að stórvara sig á því í sínu sæti að ávarpa forseta sinn meðan hann stendur í þessum stól.

Og það er eins og þetta, sem hv. 12. þm. Reykv., Guðmundur G. Þórarinsson, kvað hafa sagt hér á næturfundi um hið upplagða málefni fyrir SÍS að vinna að, byggingu iðjuvers í Reyðarfirði, — það er eins og það rifji eitthvað upp fyrir mér af þessu sem ég reyndi í „den tid“ í þessum efnum. Það skyldi þó aldrei vera að Framsfl. hugsi til þess, að hann gjarnan vildi halda áfram í járngreipum atvinnulífi um Austurland, þar sem aðeins hefur tekist að kalla má á einum stað svo að um muni, í Neskaupstað, að brjótast undan því? Það kynni þó ekki að vera að menn hafi uppi hugmyndir eins og þessar? Framsfl. er dauðhræddur við alla slíka nýja uppbyggingu. Hann vill bara að menn taki út í gegnum sjálfa sig í hægðum sínum í kaupfélaginu sínu. Hann veit að ef menn fara að strjúka um frjálst höfuð hætta þeir að vera framsóknarmenn. (Gripið fram í.) Má ég vitna til þess sem er orðrétt ritað eftir hæstv. orkuráðh. í framsöguræðu hans fyrir þessu frv. og hefur verið lesið saman, þannig að ekkert fer á milli mála hvað um var rætt og hvernig orð hnigu í þessu máli? En enda þótt hver kostur eigi að vera 400—500 gwst. vil ég benda á að það er aðeins 1/3 af stærð Fljótsdalsvirkjunar og eru allir sérfræðingar sammála um það, að ef vel á að vera þurfi að selja sem svarar allt að 150 mw. af afli þeirrar virkjunar ef hún á að standast hagkvæmnikröfur og vera frambærileg til virkjunar. En hér er svo án tvímæla tilkynnt um hina nýju stefnu sem ofan á hefur orðið. Ég leyfi mér að fullyrða — hv. 12. þm. Reykv., Guðmundur G. Þór-

arinsson, leiðréttir mig þá ef ég fer rangt með — en ég leyfi mér að fullyrða að það sé ómenguð stefna Alþb. í stóriðjumálum sem hér kemur fram. En því vitna ég sérstaklega til þessa hv. þm., að svo er að sjá á ýmsu að hann sé eins og grár köttur inni í þeim herbúðum, þannig að hann kann skil á því, ef ég misfer með eitthvað eða álít eitthvað annað en rétt er í þessum sökum. En hér segir hæstv. orkuráðh., með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar þannig er mörkuð stefnan eins og með þessu frv. um byggingu stórra virkjana norðanlands og á Austurlandi og jafnframt er gert ráð fyrir að þróa hagkvæm fyrirtæki sem Íslendingar geti staðið einir að í flestum tilvikum, þótt ekki sé útilokuð samvinna við útlenda aðila um vissa þætti ef aðstæður bjóða, þá hlýtur að verða til álita að koma upp slíkum fyrirtækjum í viðkomandi landshlutum.

Þetta á ekkert skylt við þær hugmyndir sem stundum heyrast, m. a. hér á hv. Alþingi, að ekki sé skynsamlegt eða hagkvæmt að ráðast í stórvirkjanir eins og þær, sem hér er leitað heimildar fyrir, nema þeim fylgi orkufrekur iðnaður í verulegum mæli. Slík nauðhyggja er í senn fáránleg og engum til góðs, því að öllum ber saman um að hér sé um að ræða álitlegustu virkjunarkosti landsmanna hvað hagkvæmni snertir, þótt aðeins sé hugsað um framleiðslu fyrir hinn almenna markað."

Í þau 10 ár, sem áhugi minn hefur beinst að Fljótsdalsvirkjun, hef ég engan sérfræðing hitt sem ekki hefur fullyrt að Fljótsdalsvirkjun standist ekki nema verulegum hluta af orku hennar sé varið til stóriðju. Og þó er það áberandi í dag, að þeir taka enn dýpra í árinni að þessu leyti. Þeir fullyrða að hún komi ekki til álita nema hægt sé að selja allt að sem svarar 150 mw. afli til stóriðju. Og ég bið nú hæstv. orkuráðh. að kalla til þann sérfræðing í þessum málum sem heldur öðru fram eða getur leitt rök að einhverju öðru, bara eitt nafn, einhvern mann úr einhverjum af þeim stofnunum sem hafa fengist við þetta mál. Ég fer ekki fram á meira, — einn einasta sérfræðing sem heldur því fram og treystir sér til þess að leiða að því rök, að Fljótsdalsvirkjun standist eins og nú standa sakir án þess að varið sé verulegu af afli hennar til stóriðju.

Sú stefna, sem hér birtist, má heita um langa hríð dauðadómur yfir Fljótsdalsvirkjun. Þetta er ekki álit mitt. Þetta er álit allra þeirra sérfræðinga sem um þetta mál hafa vélt. Hv. þm. og þeir, sem setja nú upp merkið og stefnuna, ættu að tala við þá sjálfir og ganga úr skugga um þetta. Og mér er hulin ráðgáta á hvað hæstv. orkuráðh. treystir — að því að ég þykist vita að hugur hans standi mjög til Fljótsdalsvirkjunar og hugur hans standi til þess að fremja ekki pólitískt sjálfsmorð, — þá þætti mér gaman að vita á hvað hann treystir í þessum sökum svo að hann muni samt koma þessari virkjun fram. Er það þá það, að ekki takist samningar við Blöndu? Það verður þá áreiðanlega knúið á um eignarupptöku þar, eignarnám. Hæstv. orkuráðh. hefur í stjórnarsáttmála ákvæði um virkjun utan eldvirkra svæða og vitanlega getur hann haldið sig við það. Og hann lýsti því fyrir tveimur kvöldum að hann mundi gera það. Það hefðu þeir átt að hlýða á sem nú hjálpa honum til við að koma fram þessari stefnu sinni, því að það er þessi stefna — og það er meginatriði — sem kemst fram með því að þetta frv. er samþykkt. Það eru ekki nokkrar línur í lagafrv. sem skipta höfuðmáli hér, sú uppsöfnun af girnilegum virkjunarkostum. Það hefði verið hægt að halda þeim áfram til þess að gleðja augu hv. 12. þm. Reykv. sem dáðist að þessu. Það, sem skiptir höfuðmáli, er stefnan sem mótuð er með þessu, sem færir okkur heim sanninn um að þetta er hurðarlaust með öllu. Það vantar allan grundvöll fyrir þessum virkjunum, sem hér eru teknar upp, og hann mun aldrei finnast meðan stóriðjustefna Alþb. ræður ríkjum og hæstv. orkumálaráðh. — ég get því miður ekki komið mér að því að óska honum til lukku með það — er í þann veginn að fá þessa stefnu sína staðfesta af hinu háa Alþingi. Um þetta þýðir ekkert að deila. Hv. þm. þekkja það líklega að greinargerðir og framsaga með frv., stefnumótandi frv., liggur til grundvallar öllu málinu. Ég vona að menn þræti ekki um það. Og sú stefna, sem nú er uppi, á ekkert skylt við þær hugmyndir sem hér hafa heyrst um uppbyggingu á stóriðju. Hún á ekkert skylt við það. Hún er svo öfugu megin við þær hugmyndir að hún setur gersamlega fótinn fyrir það, að við höfum nokkur efni á og tök á að ráðast í þær virkjanir sem hér er verið að leita heimilda til.

Ef menn trúa mér ekki, þá er hér ræða hæstv. orkuráðh. Eins og ég sagði kann að vera að mönnum sjáist yfir hana í áhuganum, hinum brennandi áhuga manna á hinum einstöku virkjunum. En það er samt hún sem skiptir höfuðmáli. Það er á grundvelli hennar sem þessar framkvæmdir ættu að byggjast. Ég fullyrði að nái hún fram, sem allar líkur eru á nú, þá er gersamlega óþarft að vera að veita hæstv. ríkisstj. þessar heimildir vegna þess að hún getur ekki notfært sér þær.

Ein er sú virkjun sem hefur töluvert mikla sérstöðu. Enda þótt ég dragi fullkomlega í efa að Blönduvirkjun og einhver umsvif, sem skipta máli við Sultartanga eða við Suðurlandsvirkjanirnar, standist nema því fylgi veruleg tilþrif og uppbygging stóriðju, þá er þó svo um Fljótsdalsvirkjun að hún hefur nokkra sérstöðu því að hún er alveg dauðadæmd án þess, enda hafa Austfirðingar fyrir allnokkru komið auga á þetta og gert sínar samþykktir. Og ég vil — með leyfi hæstv. forseta — vitna til þeirrar hinnar síðustu, sem Samband sveitarfélaga á Austurlandi gerði á aðalfundi sínum á Vopnafirði hinn 23. ágúst s. l. Þessi ályktun var einróma samþykkt og hljóðar svo:

„Fundur SSA um orkumál, haldinn á Vopnafirði 23. ágúst 1980, lýsir ánægju sinni með samstöðu þm. Austurlands í virkjunar- og atvinnumálum fjórðungsins." — Við eigum vafalaust eftir að ræða um það, hver brást í þeirri samstöðu, þegar við mætum á næsta aðalfundi þess sambands. Ég les áfram:

„Fundurinn vill leggja áherslu á eftirfarandi atriði:

1. Virkjunarmál: Til að nálgast þau markmið SSA, að í fjórðungnum sé til staðar nægileg orka við sem mestu öryggi og við sem lægstu verði, er virkjun í fjórðungnum grundvallaratriði.

2. Orkufrekur iðnaður: Fundurinn telur nauðsynlegt að nú þegar verði hafinn undirbúningur að orkufrekum iðnaði í fjórðungnum." — Ég veit að félagar mínir, hv. Austfjarðaþm., kannast við áskoranir til okkar um að flytja tillögur hér á hinu háa Alþingi sem mundu hrinda fram þessum þeirra vilja. Síðan var enn samþykkt svohljóðandi till. á þessum aðalfundi, með leyfi hæstv. forseta:

„Aðalfundur SSA, haldinn á Vopnafirði 21.—22. ágúst 1980, ítrekar og áréttar tillögur aðalfundar SSA 1979 um orkumál. Jafnframt lýsir fundurinn stuðningi sínum við fram komna samþykkt sveitarstjórna á Reyðarfirði og Eskifirði, dags. 20. ágúst 1980, um orku- og atvinnu-

mál.“

Og um hvað skyldi sú samþykkt hafa snúist í höfuðatriðum? Um sameiningu atvinnumálanefnda þessara staða um það að skora á stjórnvöld og alþm. að beita sér fyrir stóriðju á Reyðarfirði, sem við töldum allir þm. þá stórkostlegan ávinning, að þessir staðir höfðu orðið sammála um mikið átakamál í heilan áratug.

Í gær, hinn 20. maí 1981, kom stjórn Sambands sveitarfélaga á Austurlandi saman og gerði svofellda samþykkt:

„Stjórn SSA vísar til samþykktar aðalfundar sambandsins 1980, leggur þunga áherslu á þau sjónarmið, sem þar koma fram, og skorar á þm. kjördæmisins að vinna einarðlega að framgangi þeirra.“

Hvernig er þá framhaldið? Hvernig verða menn nú við þessari áskorun þegar þetta frv. hefur orðið að lögum á Alþingi með sínum fylgifiskum, með hinni gerbreyttu stefnu sem boðar að grundvöllur að virkjun í Fljótsdal er brostinn með stefnu núv. hæstv. ríkisstj., — stefnu sem Alþb. hefur fengið framgengt, — stefnu sem sjálfstæðismenn í ríkisstj. leyfa sér að fallast á og gera að sinni, sem er þverbrot á stefnu Sjálfstfl., þverbrot á þeirri stefnu sem þeir gengu undir til kosninga síðast og voru valdir á hið háa Alþingi eftir?

Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram eftirfarandi till. ásamt með hv. 5. þm. Suðurl., Magnúsi H. Magnússyni. Þessi till. er við 2. gr. og er um að á eftir 2. mgr. komi ný mgr. er hljóði svo — en 2. mgr. er breytt, hún breyttist við 2. umr.:

„Ríkisstj. skal þegar leita eftir samningum um sölu raforku til orkufreks iðnaðar með stóriðju staðsetta í Reyðarfirði fyrir augum.“

Nú hefur Sjálfstfl. boðað í sínum lagafrv. stefnu sína um uppbyggingu stóriðju víðar en þarna, en fyrir því er fallist á að láta við það sitja að flytja þessa till. eina af hálfu flokksins við 3. umr. að Austurland og Fljótsdalsvirkjun hefur sérstöðu. Hún hefur þá sérstöðu, að alger forsenda virkjunarinnar er uppbygging stóriðjunnar í Reyðarfirði. Við höfum þegar stórvirkjanir hér á Suðurlandi og það er hægt að vinna að framgangi virkjana þar án þess að stórt sé lagt undir í stóriðju. Og það er talið upp á að jafnvel Blanda standist með árunum enda þótt um verulega stóriðju yrði ekki að tefla, heldur orku til almennrar notkunar. Þó eiga eftir að líða mörg ár þangað til það verður, ef menn halda sig við þá stefnu sem nú er mörkuð, hina nýju stefnu, hina nýju afturhaldsstefnu í þessum málum.

Því miður hafa orðið hér hin grófustu mistök. Því miður hefur mönnum orðið það á, þeim sem maður hefði þó haldið að helst gætu snúist til varnar, — þeim hefur orðið það á að fallast á gerbreytta stefnu, — stefnu sem mun leiða til þess að við missum af hinum gullnu tækifærum til stórkostlegra framfara, til stórkostlegra lífskjarabóta. Ég treysti því hins vegar og vona, að fljótlega renni upp þeir dagar að tekið verði til á nýjan leik við þar sem frá var horfið og hafin uppbygging iðjuvera og að við náum tökum og möguleikum á því að nýta þessar feiknalegu orkulindir okkar, uppbyggingu þessa lands og framtíð til blessunar.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Það hygg ég að sé sannmæli, að flestir hafi átt von á því, að allmikið innihald gæti verið í frv. til l. sem lagt er fram á Alþingi í svona stórri bók. Það er tiltölulega auðvelt að telja mönnum trú um það, áður en bókin er opnuð, að þann dag, sem þetta frv. var lagt fram, hafi runnið upp minnisverður dagur í orku- og virkjunarmálum á Íslandi. Undir þetta var tekið á þeim degi af hv. 12. þm. Reykv., að þess dags yrði lengi minnst þegar þetta frv. var lagt fram. Því miður skýrist það um leið og farið er að fletta því, að það er eins og sagt var forðum daga um verk manns: umbúðirnar eru vætt, en innihaldið lóð. Það er gallinn á þessu frv., sem við fjöllum um hér í dag, annar höfuðgallinn, að það segir ekkert af því sem það ætti að segja. Hinn höfuðgallinn er sá, sem er þó sýnu meiri og alvarlegri, að ef það verður samþykkt á því stigi sem það er núna, þá er það spor í gagnstæða átt við það sem Alþingi hefði getað gert hefði verið gengið til þess verks að sameina og samþykkja það frv. um orkumál sem sjálfstæðismenn hafa undirbúið og lagt fram á þessu þingi.

Ég held að það verði öllum mönnum ljóst, sem hafa hlustað á umr. þeirra manna sem bera ábyrgð á framlagningu frv. og virðast ætla að standa að samþykkt þess, að það er eitt höfuðatriði í máli þeirra allra. Það er að fara að öllu með gát, fara nógu hægt. Það kom fram í máli hæstv. iðnrh. þegar hann lagði frv. fram hér í þessari hv. d., það kom fram þegar frv. okkar sjálfstæðismanna um ný orkuver var til umr. í Ed. og það kom fram í máli hv. alþm. Páls Péturssonar þegar hann gerði þetta frv. að umræðuefni hér á dögunum. En ég held að það sé ekki þetta sem við þurfum að hafa fyrst og fremst í huga, Íslendingar, þegar við ætlum að virkja og bæta lífskjörin í landinu. Það er ekki það að fara fyrst og fremst að öllu með gát, því að maður, sem ekki hugsar um annað en fara varlega, kemst sjaldan langt áleiðis. Ég er ekki að gera lítið úr því, að menn skoði mál niður í kjölinn og afli sér allrar þeirrar vitneskju sem hægt er að fá um þann framgang sem á þeim mundi væntanlega geta orðið. En það er allt annað en hér er látið í veðri vaka og er í raun og veru höfuðhljómurinn í þeim umr. sem hér hafa orðið. Þetta, að fara sér hægt í öllu þessu, það kann ekki góðri lukku að stýra að mínum dómi.

Ég gerði það að umræðuefni við 1. umr. um þetta frv. hér í þessari hv. deild, að eitt af meiri háttar slysum, sem orðið hefðu í sambandi við orku- og iðnaðarmál, væri það, þegar hæstv. iðnrh. klauf á sínum tíma í sundur og leysti frá störfum þá stóriðjunefnd, sem verið hafði að störfum um nokkuð langa hríð. Það er skoðun mín og það er skoðun okkar fjölmargra, að til þess að geta veitt landsmönnum þau gæði, það öryggi í lífsafkomu sem allir óska eftir að njóta, þá verðum við að hugsa stærra í iðnaðarmálum heldur en enn hefur verið gert. Það verður ekki hjá því komist. Smáiðnaður, sem settur er niður dreift úti um land, — sem að mörgu leyti er gaman að hyggja að og er verðmætur þar sem hann á við, — leysir ekki þann vanda sem við er að fást í okkar höfuðviðfangsefni, Íslendinga, að bæta lífskjörin. Það verðum við að gera með því að útvega nógu mörg atvinnutækifæri handa þeim sem koma á vinnumarkað á næstu tímum.

Hæstv. iðnrh. benti mér á það við 1. umr. um frv. hér, að ég væri talsmaður þess, að sótt væri eftir útlendri stóriðju, og ég væri haldinn af hugmyndum Sjálfstfl. eins og hann var á sjöunda áratugnum. Það má vera að þetta sé rétt, og ég er ekki að fyrirverða mig fyrir þann hugsunarhátt þó að mér hafi enst hann frá þeim góðu dögum þegar menn þorðu að vinna stórt og hugsa stórt, sem hefur haft þær afleiðingar sem öllum eru sjáanlegar sem

vilja hafa opin augu. Það hefur verið reynt að gera þessi ár og þær framkvæmdir og þá samninga, sem gerðir voru á þessum tíma, tortryggilega og jafnan talið að Íslendingar hafi samið af sér þegar þeir gengu til samstarfs og samvinnu við erlenda aðila í álverinu við Straumsvík, að verðið fyrir raforkuna hafi verið svo augljóslega óhagstætt, að við það hafi aldrei verið hægt að una, og það hafi jafnan verið vitlaust að gera það. Ég hef nú ekki tækifæri til að ræða þetta sérstaklega að þessu sinni. En ég vil minna á það, að í þeirri ræðu, sem hv. 6. þm. Reykv. flutti hér við þá umr., kom hann mjög inn á þetta mál og ég vil vísa til þess að mestu leyti. En ég vil þó benda á það, að þeir fjármunir, sem greiddir hafa verið til Landsvirkjunar í formi raforkusölu, hafa verið það stórir í sniðum að þegar er búið að greiða að fullu áætlaðan upphaflegan kostnað Búrfellsvirkjunar. Og ég hygg að við megum heita sæmilega staddir, Íslendingar, ef við gerum í framtíðinni samninga í þá átt sem ekki hafa verri útkomu en þessi. Og það er ósæmilegt af þeim mönnum, sem mest hafa borið hann út, að vilja ekki viðurkenna þær staðreyndir sem hér hafa verið settar fram og ég hef vitnað til.

Það er ekki meining mín að tefja fyrir þessu frv. neitt verulega við þessa umr. En ég get samt ekki látið hjá líða að ræða þetta mál nokkrum orðum frekar en enn er orðið, þó svo að ég þori ekki að vona að menn í þessari hv. deild átti sig svo að þeir taki rétta afstöðu þegar gengið er til atkv. við 3. umr. þessa máls. Ég segi þetta af því að ég get látið mér detta það í hug, að svo geti farið, þar sem ég hef orðið vitni að slíkri kompásskekkju hér í þessari hv. deild í dag, að mér dettur í hug að það sé eitthvað hér innanhúss sem ruglar segulinn og að nálin hafi snúist hring eftir hring og vafi hvar hún stöðvast. Ef það er ekki rétt hjá mér, að hér séu einhver truflandi áhrif í gangi og menn hafi skipt hér um skoðun vegna þess að nú sé búið að gera það frv., sem ég hef gert hér að umræðuefni, betur úr garði á einhvern hátt en áður var, þá langar mig til að leggja fyrir hæstv. iðnrh. spurningar sem ég óska eftir svörum við.

Þegar hæstv. iðnrh. mælti fyrir þessu frv. hér í hv. deild kvað hann upp úr um það, að með hliðsjón af stjórnarsáttmálanum verði virkjun við Sultartanga á eftir öðrum virkjunarframkvæmdum sem taldar eru upp í frv. Á þetta benti ég við 1. umr., eins og ég áður sagði, og var það þá staðfest, að hugmyndin væri að standa við það sem í stjórnarsáttmálann er skráð, sem ekki þarf að rifja upp, að þar er það einsett að virkja utan eldvirkra svæða og iðnrh. hefur viljað telja Sultartangavirkjunina vera á eldvirku svæði. Vegna þessa vil ég spyrja hæstv. iðnrh. — og ég tel nauðsynlegt að undandráttarlaust svar verði gefið við þessa umr. — ég vil spyrja: Hver er sú breyting á uppsetningu virkjunarkosta sem gerð er á þskj. 1017, þar sem skipt er um fyrri og síðari hluta 1. gr. þannig að neðri endinn snýr nú upp, en sá efri niður? Hefur sú breyting það í för með sér í fyrsta lagi, að Sultartangavirkjun verði byggð á undan þeim virkjunum sem síðar eru taldar í þrtt. meiri hl. n.? Í öðru lagi: Verða ákvæði stjórnarsáttmálans látin gilda? Í þriðja lagi: Hefur sú breyting, sem meiri hl. gerir á frv., þá þýðingu, að menn geti treyst því að iðnrh. hafi skipt um skoðun varðandi það að þjóðhagsleg hagkvæmni virkjunarleiða skuli ráða framkvæmdaröð, en ekki ákvæði stjórnarsáttmálans? Í fjórða lagi: Telur ráðh. orkumála fært að leggja þá fjármuni fram sem þarf til stórvirkjunar á borð við Fljótsdalsvirkjun án þess að hafa áður tryggt kaupanda að orkunni sem þar verður framleidd?

Þetta eru þær meginspurningar sem ég vildi bera upp við hæstv. ráðh. Ég tel nauðsynlegt að hann svari þeim til þess að gefa þeim mönnum, sem afvegaleiðst hafa, tækifæri til að rétta sinn kompás af.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Það mál, sem hér er til umr. á þskj. 784, er 320. mál þingsins og var lagt ákaflega seint fram á þessu þingi, enda hefur komið í ljós að það er varla útséð hvort hægt verður að afgreiða málið fyrir þinglausnir. Má gera ráð fyrir að fresta verði þinglausnum frá þeim tíma, sem talið var að þær gætu farið fram, vegna þess hve erfiðlega hefur gengið innan stuðningsmannahóps ríkisstj. að ná endanlegu samkomulagi í þessu máli.

Þau mál einstakra hv. þm., sem komu fram um svipað leyti og þetta stjfrv., hafa varla fengist rædd við 1. umr. hér í hv. deild eins og eðlilegt er, enda þykja þau vera svo seint fram komin að það taki því varla að vísa þeim til nefnda þingsins. En svo mikill er æðibunugangurinn eftir allt seinlætið í allan vetur og frá fyrri árum, að nú á á örfáum vikum að keyra þetta mál í gegn, enda vita hæstv. ráðh. það, að ef málið verður geymt aðeins lengur er ekki víst að það takist að ná saman stjórnarmeirihluta hér á þingi til þess að koma fram með frv. sem eigi möguleika á því að fást afgreitt af hv. Alþingi.

Ég ætla ekki í ræðu minni að gera að umtalsefni það sem mest hefur verið skrifað um varðandi þetta mál að undanförnu í blöðum, en það er hvernig kaupin gerðust hér á þinginu, hvort hér sé fremur kaupþing en Alþing. Ég ætla ekki að ræða það. Það geta aðrir gert og hafa aðrir gert og ég sé ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um slíkan „bisness".

Það, sem mig langar til þess að fjalla fremur um, er ákveðinn þáttur þessara mála, sá þáttur sem snýr að stóriðju sem lið í atvinnuþróun landsmanna á næstu árum og hvernig stóriðjan hlýtur að tengjast stefnunni í orkumálum á hverjum tíma. Það er augljóst, að stefna Íslendinga í stóriðjumálum er jafnvel forsenda þess, hvernig virkjað verður á næstunni, enda hafa stjórnarandstæðingar komið auga á þetta. Snemma í haust komu fram þáltill. bæði frá hv. þm. Alþfl. og eins frá hv. þm. Sjálfstfl. um stóriðjumálefni, um hvernig standa ætti að stefnumótun varðandi stóriðju.

Þegar það frv., sem nú er til umr., var lagt fram hér á hv. Alþingi komu óðar fram brtt. frá stjórnarandstöðunni. Í þeim brtt. er gert ráð fyrir að tengja stóriðju a. m. k. einni fallvatnsvirkjuninni, þ. e. Fljótsdalsvirkjun. Á þetta hafa stjórnarandstöðuflokkarnir lagt áherslu einmitt vegna þess að ekki er hægt að sýna fram á nægilega arðsemi þeirrar virkjunar nema hún sé tengd orkufrekum iðnaði þannig að hægt verði að selja raforku í stórum stíl og helst til framleiðslu útflutningsafurða sem þurfa á mikilli raforku að halda. Mundi slíkur iðnaður renna stoðum undir batnandi gjaldeyrisviðskipti þjóðarinnar.

Það er ljóst eftir 2. umr. þessa máls, að stjórnarflokkunum hefur tekist að ná fram sinni stefnu — ég ætti kannske heldur að segja stefnuleysi — í stóriðjumálum. Og nú er gerð önnur tilraun af hálfu þeirra hv. þm. Sverris Hermannssonar og Magnúsar H. Magnússonar til að koma ákvæði inn í þessi væntanlegu lög um stóriðju í Reyðarfirði.

Ég ræddi það hér áðan, að sjálfstæðismenn og Alþfl.-menn hefðu lagt fram stefnumótun sína og hugmyndir

um stóriðju í þáltill. í haust. Og það merkilega gerðist, að í hv. allshn. Sþ. náðu þessir tveir flokkar, stjórnarandstöðuflokkar, sameiginlegri niðurstöðu sem birtist á þskj. 572, þar sem lagt er til að kosin verði af Alþingi nefnd sjö þm. til að fjalla um aukningu á orkufrekum iðnaði næstu ár. Þar er því lýst hver verkefni nefndarinnar skuli verða. Í fyrsta lagi eigi nefndin að kanna hagkvæmni framleiðslugreina, sem til álita koma á sviði orkufreks iðnaðar, með tilliti til orkuverðs, flutningskostnaðar, fjölda atvinnutækifæra og markaðsmöguleika. Í öðru lagi kemur það fram á þessu þskj., að nefndinni sé ætlað að kanna hugsanlega möguleika á samvinnu við erlenda aðila, m. a. á sviði tækni og markaðsmála. Og í þriðja lagi var því lýst, að nefndin, þessi þingkjörna nefnd, ætti að gera tillögur um stóriðjuframkvæmdir sem hagkvæmt þyki að stofna til. Skal þar kveða á, eins og segir í þáltill., um eignaraðild fyrirtækja, fjármögnun, orkuöflun og orkuverð, önnur rekstrarskilyrði, gerð, stærð og staðsetningu iðjuvera. Og til þess að tryggja samstarf við Alþingi og embættismannakerfið var sett sú klausa í þessa þáltill., að nefndin skyldi hafa samstarf við þá aðila og skila hv. Alþingi og ríkisstj. skýrslum um störf sín eftir því sem þeim miðaði áfram.

Þessi þáltill. kom til umr. og afgreiðslu á fundi Sþ. í gær. Þá hafði verið lögð fram till. frá minni hl. allshn., fulltrúum Framsfl. og Alþb., þar sem lagt var til að málinu yrði vísað til ríkisstj. Var sú till. stjórnarsinna samþ. hér á hv. Alþingi með nafnakalli. Og þá gerðist það, að hæstv. forsrh. lýsti því yfir, að hann greiddi atkv. með till. minni hl. allshn. á þeim forsendum, að ríkisstj. hefði mótað skoðun sína í stóriðjumálum í svokallaðri þáltill. um iðnaðarstefnu sem var lögð fram á Alþingi á sínum tíma í haust, í þriðja sinn af hæstv. ríkisstj. og þó einkum og sér í lagi auðvitað hæstv. iðnrh.

En þá vill svo einkennilega til, að einmitt þennan sama morgun hafði hv. atvmn. í Sþ. fjallað um þetta mál og vegna áhugaleysis stjórnarsinna í þeirri hv. n. fékkst iðnaðarstefnumálið ekki afgreitt. Sú stefna, sem hæstv. forsrh. vitnar til að sé stefna ríkisstj., vegur ekki þyngra en svo, að hv. stjórnarsinnar á hinu háa Alþingi sjá sér ekki fært að afgreiða það mál út úr atvmn. Sþ. Þetta er grunnurinn sem stóriðjustefna ríkisstj. byggist á. Þetta er sú stefna sem hæstv. forsrh. og fyrrv. hæstv. iðnrh. vitnar til þegar hann segir að ríkisstj. og stjórnarflokkarnir hafi þegar komið sér saman um stóriðjustefnu.

Þegar hæstv. iðnrh. lagði á sínum tíma fram till. til þál. um iðnaðarstefnu var ekkert hægt að finna í þeirri till. um stóriðjustefnu. Með leyfi hæstv. forseta vil ég vitna til 2. þingmáls á 101. löggjafarþinginu, þess sem hæstv. iðnrh. lagði þá fram. Í einum lið á því þskj., í lið nr. 5 um leiðir og opinberar aðgerðir, segir svo, með leyfi forseta:

„Ríkisvaldið hafi forustu um verulegt átak í uppbyggingu fjármagnsfreks nýiðnaðar, m. a. með því að stjórn á iðnrekstri á þess vegum verði gerð markvissari, og skipulagslegt forræði á þessum atvinnurekstri verði sett í hendur eins aðila, sem hafi fjárhagslegt bolmagn og sjálfstæði til ákvarðana um arðvænleg nýiðnaðarverkefni.“

Þetta var í annað skiptið sem hæstv. iðnrh. lagði þessa till. fram á Alþingi. Á þinginu áður hafði hann lagt hana fram í fyrsta skipti og nú á þessu þingi var það í þriðja skiptið. Og þá voru það stjórnarsinnarnir sjálfir sem drápu stefnuna. Þegar núv. hæstv. ríkisstj. var mynduð gerðist það, að hæstv. forsrh., sem jafnframt er fyrrv. iðnrh., ákvað að reyna að sveigja þessa stefnu hæstv. núv. iðnrh. nokkuð í átt til þeirrar stefnu sem m. a. Sjálfstfl. hefur fylgt í stóriðjumálum. Þetta var gert með því að breyta ákvæði í þáltill. hæstv. iðnrh. og tala þar um orkufrekan iðnað. Í raun — fyrir þá sem skildu þá yfirlýsingu sem fólst í þeim orðum sem ég nýlega las upp í minni ræðu úr þáltill. — var þar um allt annað atriði að ræða. Þar var um það að ræða að minni hyggju, — ef lesið er saman við iðnaðarstefnu sem kemur fram í áliti samstarfsnefndar um iðnþróun sem hæstv. iðnrh. setti á laggirnar fyrir nokkrum árum, — þá var þar um að ræða fyrst og fremst að ríkisvaldið stofni eignarhaldsfélag til þess að styrkja á einum stað afl, sem getur ýtt undir það, að menn þori í þessu landi að taka áhættu þegar um nýiðnaðartækifæri er að ræða. Nú var þessi klausa tekin fyrir af sameinaðri ríkisstj. Gunnars Thoroddsens, hæstv. forsrh., og nú hljóðaði þessi klausa endurgerð á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta — og vitna ég þá til þáltill. sem liggur fyrir á þskj. 93, mál nr. 86, svohljóðandi:

„Ríkisvaldið hafi forustu um uppbyggingu fjármagnsfreks nýiðnaðar, m. a. orkufreks iðnaðar er hagnýti innlenda orku og hráefni. Slíkur iðnaður lúti íslenskum yfirráðum, taki mið af æskilegri atvinnu- og byggðaþróun og umhverfisvernd.“

Hæstv. forsrh. hafði sem sagt tekist að koma inn í þetta plagg nokkrum orðum um orkufrekan iðnað, þó að loðin væru. Sjálfstæðismenn á þingi báru þegar fram brtt. við þáltill. hæstv. ríkisstj., vildu orða þetta ákvæði mun ákveðnar eða eins og fram kemur á þskj. 187, með leyfi hæstv. forseta, að við bætist: „Samningar við erlenda aðila um stóriðjufyrirtæki geri ráð fyrir þeim möguleika, að Íslendingar eignist fyrirtækin á ákveðnum tíma.“ Þarna var það ákveðið tekið fram, að hugsanlegt væri að efna til stóriðjusamvinnu við erlenda aðila, og jafnframt var því breytt þar sem áður stóð að ríkisvaldið ætti að hafa „forustu um“, í að ríkisvaldið ætti að „stuðla að“, og var það í anda yfirlýsinga Sjálfstfl. frá ýmsum landsfundum, m. a. frá landsfundi þar sem Gunnar G. Schram prófessor hafði forustu um að senda frá sér yfirlýsingu um stóriðju í framtíðinni, en þar var minnst á þessa stefnu, og þessi brtt. sjálfstæðismanna, sem ég var að lýsa, er nánast orðrétt fengin úr því plaggi.

Í hv. atvmn. var iðnaðarstefnuályktunartillagan frá hæstv. ríkisstj. tekin fyrir á nokkrum fundum. Mér var falið t. d. að safna öllum þeim fjölda umsagna, sem komu fram um málið, og dreifa þeim til nm., sem sumir hverjir voru afar uppteknir við þingstörf því að í þeirri nefnd eiga sæti menn sem eru mest önnum kafnir við nefndarstörf og því eðlilegt að þeir gætu ekki gefið sér mikinn tíma til fundarsetu í hv. atvmn. Allir höfðu þess vegna tækifæri til að kynna sér rækilega umsagnir þeirra fjölmörgu aðila sem sendu álit um þessi iðnaðarmál.

Þegar líða tók á þingið voru gerðar af ákveðnum nm. tilraunir til þess að vinna á ný upp brtt., bæði úr tillögum hv. sjálfstæðismanna og enn fremur úr þeim fjölmörgu umsögnum sem bárust, m. a. frá Sambandi ísl. samvinnufélaga og Félagi ísl. iðnrekenda, sem sendu mjög ítarlegar umsagnir til n. Var haft samband við hæstv. iðnrh. af mér og hv. þm. Magnúsi H. Magnússyni og tilraun gerð til þess að ná sameiginlegum brtt. á blað, ef það gæti orðið til þess að hægt væri að afgreiða málið út úr nefndinni. Talsvert starf fór fram meðal ýmissa manna sem komu nálægt þessu, og endaði það á því, að það

náðist nokkuð sameiginleg niðurstaða, en skildi þó á milli um nokkur atriði. Þá var það hugmynd stjórnarandstöðunnar í hv. atvmn. að afgreiða málið úr nefndinni, jafnvel með sameiginlegu nál., flytja sameiginlegar brtt., en standa síðan hvor aðili á sínum brtt. En þá kom að því sem ég lýsti áðan, að hv. stjórnarsinnar í nefndinni treystust ekki til þess að afgreiða iðnaðarstefnuna, þ. á m. stefnu sem hæstv. forsrh. vitnar til um stóriðjumálin, til þingsins til þess að þingið gæti fjallað um hana.

Þetta rifja ég hér upp vegna þess, hve mikla áherslu hæstv. iðnrh. hefur lagt á að þingið móti iðnaðarstefnu, eða eins og fram kemur í áliti samstarfsnefndar um iðnþróun, á bls. 177, þar sem segir, með leyfi forseta:

„Samstarfsnefnd um iðnþróun telur rétt að leggja áherslu á að tillögur þær um stuðning við iðnað, sem hér hafa verið lagðar fram, muni án efa ekki verða til mikils gagns, frekar en fyrri tillögur um sama efni, nema þær fái virkan stuðning Alþingis og ríkisstj. og jafnframt að aðilar iðnaðarins, launafólk og atvinnurekendur, verði í megindráttum sammála um nauðsyn þeirrar stefnumörkunar, sem hér er lýst, og veiti henni fulltingi. Eru tillögurnar settar fram í þeirri von, að þær geti orðið grundvöllur að samstöðu um málið og á þeim grundvelli verði síðan unnt að hrinda af stað sérstöku átaki til eflingar iðnaði á Íslandi."

Ég hef hér lesið upp álit samstarfsnefndar um iðnþróun, sem hæstv. iðnrh. setti sjálfur á laggirnar, og hugmyndir hennar um afgreiðslu málsins. Í þessari sömu bók, bók bókanna um iðnaðarmál, sem skipar áreiðanlega veglegan sess í skjalasafni hæstv. iðnrh., kemur enn fremur fram það viðhorf, að þar séu margir kostir sem megi nefna varðandi stórrekstur og stóriðju þótt þeir taki ekki endanlega afstöðu til þess máls. Þetta rifja ég upp, herra forseti, vegna þess og til þess að undirstrika það, að aðilar iðnaðarins, samtök iðnaðarins, bæði launafólks og atvinnurekenda, hafa ítrekað farið fram á að Alþingi móti stefnu í iðnaðarmálum. Og nú liggur fyrir þinginu þessi stefna, þ. á m. stefna ríkisstj. í stóriðjumálum, en málið fæst ekki afgreitt.

Hver ástæðan sé fyrir því, að mál þetta fékk ekki afgreiðslu í nefnd, er erfitt að dæma um. En mér sýnist að meginástæðan sé sú, að það skorti á samgöngur innan stjórnarflokkanna og þeirra aðila sem styðja ríkisstj. Spurningin er auðvitað sú, hvort ríkisstj. ætlar að byggja stóriðjustefnu sína á ósamþykktri ályktun eða hvort hæstv. ríkisstj. og stjórnarliðið þorir að samþykkja þá till. sem lögð hefur verið fram af þeim hv. þm. Sverri Hermannssyni og Magnúsi H. Magnússyni. Að skjóta sér á bak við stefnu, sem er ósamþykkt, minnir mann dálítið á keisarann þegar hann fór í nýju fötin, sem frægt var. Það er reyndar með endemum hvernig haldið hefur verið á iðnaðar- og orkumálum nú í seinni tíð, og besta lýsingin á því er sá fjöldi mála sem kemur seint fram á þessu þingi og ætlast er til að fái afgreiðslu á færibandi og þm. hafa verið undanfarið upptekni við að reyna að afgreiða úr nefndum á síðustu dögum þingsins.

Það hefur ekki heldur verið málum hæstv. iðnrh. til framdráttar hvernig hann hefur annað veifið veist að ýmsum rekstraraðilum hér á landi, eins og t. d. Íslenska álfélaginu, þegar hann t. d. lýsti því yfir, er hann var sjálfur kominn í þrot um orkustefnu, að besti virkjunarkosturinn væri að slökkva á álverinu. Næstu daga kom ný yfirlýsing um það, að Íslendingar gætu hæglega yfirtekið álverið. Og allir muna eftir því, þegar hæstv. iðnrh. laumaði sér út af Alþingi og hélt blaðamannafund um aðföng, sem ÍSAL hafði keypt og kaupir frá Ástralíu, og það hefði hækkað í hafi. Hann hélt að með þessu mundi hann skapa grundvöll fyrir hækkuðu orkuverði til Íslenska álfélagsins. Auðvitað á íslenskur iðnrh. að sjá um hagsmuni Íslands gagnvart álfélaginu, en ég held að vitlausasta aðgerðin, sem hægt var að velja, hafi verið sú sem ráðh. fór út í: að byrja fyrst að segja: Hengið hann, hengið hann, — og reyna síðan að leita að sannleiksgildinu. En það var sú aðferð sem hæstv. iðnrh. notaði og hefur síðan orðið til þess, að ekkert heyrist um þetta mál. Ég tel satt að segja að hæstv. ráðh. sé sjálfur að draga það að málið upplýsist nú áður en þing fer heim. En væntanlega getur hann upplýst það síðar í þessari umr.

Hæstv. iðnrh. er kominn í gífurleg vandræði með þetta mál. Hann stendur þannig frammi fyrir því, að forráðamenn í hans eigin flokki, eins og t. d. á Reyðarfirði, hafa sagt sig úr Alþb. vegna orkustefnu eða orkustefnuleysis hæstv. iðnrh. Ég skora á hæstv. iðnrh. — þó að ég viti að það sé eins og að stökkva vatni á gæs — að íhuga þessi mál aftur og taka afstöðu með þeim fjölda Austfirðinga, sem standa að baki hugmyndum Sverris Hermannssonar, því að aðeins með því móti getur hæstv. iðnrh. verið viss um að Alþingi og ráðandi aðilar fáist til þess að leggja út í Fljótsdalsvirkjun.

Herra forseti. Ég hef í máli mínu stiklað á stærstu atriðunum sem fjallað hefur verið um hér á hv. Alþingi í vetur og varða stóriðjumál, en stóriðjumál tengjast að sjálfsögðu þeim málum sem við fjöllum hér um, stefnunni í orkumálum þjóðarinnar. Ég hef bent á það, hvernig hæstv. ríkisstj. og stjórnarflokkarnir hafa skotið sér undan að móta stefnu í stóriðjumálum og þeir hafa þar með bakað sér ábyrgð á sínu aðgerðaleysi. Og nú á síðustu dögum þingsins, jafnvel á síðustu klukkutímum þingsins, er það einasta von okkar, sem í stjórnarandstöðunni erum, að höfða til skynsemi þessara ágætu manna. Ef Alþb. lætur sér ekki segjast, þá skora ég á þá örfáu þm. Sjálfstfl., sem hafa um sinn kosið samstarf við Framsfl. og Alþb., að athuga hvort þær séu ekki fremur í anda Sjálfstfl., hugmyndirnar sem fram koma í brtt. hans og Alþfl., en sá óskapnaður sem nú er orðinn að orkustefnu í meðförum meiri hl. Nd.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessa ræðu lengri að sinni, enda munu fleiri mál vera hér á dagskrá sem þurfa afgreiðslu við.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Ég vil við 3. umr. um þetta frv. til l. um raforkuver lýsa yfir fyllsta stuðningi við brtt. á þskj. 1046 við það frv. sem hér er til umr. og er flutt af þeim hv. þm. Sverri Hermannssyni og Magnúsi H. Magnússyni. Þessi till. gengur út á þá breytingu á frv., að ríkisstj. skuli þegar leita eftir samningum um sölu raforku til orkufreks iðnaðar með stóriðju staðsetta á Reyðarfirði fyrir augum. Og ég vil segja það þessari till. til stuðnings, að á undanförnum árum hef ég haft tækifæri til þess að ferðast alloft austur á firði í pólitískum erindum á vegum míns flokks og þykist hafa kynnst þar allmörgum aðilum í þessum landsfjórðungi, og ég er sannfærður um að vilji þar stendur mjög til þess, að ekki aðeins verði virkjað þar bæði fljótt og vel, heldur er samfara þeim vilja skilningur á því, að það er auðvitað óðs manns æði að búa til orku ef enginn er kaupandinn.

M. ö. o.: kaupendur verða að vera til og þeir kaupendur verða ekki öðruvísi til en í formi orkufreks iðnaðar. Í þessum landsfjórðungi var fyrir áratug eða rúmlega það mjög deilt um staðsetningu menntaskóla. Hins vegar hefur ekki verið deilt um það þar, hvar þetta fyrirtæki mundi rísa, ef af yrði og skynsamlegir samningar næðust, heldur er þar mikil samstaða um það, að með skynsamlegum samningum ætti slíkt fyrirtæki að rísa í Reyðarfirði, og það mundi hafa það í för með sér, að nágrannabyggðarlögin mundu hagnast bæði beint og óbeint.

Því segi ég þetta um ferðir sjálfs mín í þennan fjórðung, að það er nú einu sinni svo, að með slíkum hætti kynnast menn sjálfir því sem um er að ræða, og ég er sannfærður um það, að í þessum fjórðungi eru ekki aðeins skynsamlegar hugmyndir uppi um það, hvernig best sé að þessum málum staðið, heldur eru þessar hugmyndir fullkomlega í jafnvægi. Menn horfast þar í augu við bæði kost og löst á því sem þarna gæti átt sér stað, og menn hafa gert þetta upp við sig. Og ég hef út af fyrir sig ekki trú á öðru en að hv. d. samþykki þá brtt. sem hér er um að ræða. Hér er um það eitt að ræða, að við það sé staðið, sem a. m. k. í orði kveðnu er tilgangur frv.

Mig langar í nokkrum orðum til að gera tvennt að umræðuefni í þessu sambandi. Það er annars vegar frv. sjálft, sem hér er um að ræða, og hins vegar atkvgr. og framkoma hv. þm. Eggerts Haukdals í þessum efnum.

Nú er auðvitað öllum það ljóst, að eins og frá þessu frv. hefur verið gengið — ef við eigum að segja að það sé endanlega, þ. e. við 2. umr. þessa máls, þá er frv. að því leyti ónýtt að klukkan er sett ár aftur á bak. M. ö. o.: það er út af fyrir sig ekkert það heimilað sem ekki var heimilt fyrir ári. Í þessum efnum öllum eru ákvörðunarefni sem við þurfum að gera upp við okkur, en slíkum ákvörðunarefnum er slegið á frest — og það er auðvitað kjarni málsins — í þeim drögum að frv. eins og þau eru frá gengin eftir 2. umr. í þessari hv. deild. Og það er auðvitað þess virði að spyrja, af hverju þetta sé komið svona. Nú vita auðvitað allir Íslendingar um hvað þetta mál snýst. Auðvitað vita allir Íslendingar að þetta mál snýst um það, að hér á landi hafa menn á undanförnum árum verið að leita að virkjunarkostum. Menn hafa smám saman þrengt sig niður og þessum kostum hefur fækkað. Og menn vita það nú á allra síðustu árum, að það eru ekki nema þrír kostir sem eftir standa. En málið er auðvitað ekki þar með leyst, vegna þess að þessum virkjunarkostum fylgir það, að menn þurfa að hafa nokkrar hugmyndir um hverjir eiga að verða hugsanlegir kaupendur þeirrar orku sem framleidd verður ef af verður. Og það er auðvitað þar sem hnífurinn stendur í kúnni. Og af hverju er það svo? Ástæðan er fyrst og síðast sú, að heill stjórnmálaflokkur eða samtök áhugamanna um stjórnmál eru búin síðan á miðjum næstliðnum áratug að ala á þeirri skoðun, lífsskoðun, og þá ekki síst meðal ungs fólks, — og hér get ég trútt um talað vegna þess að þessi hamagangur byrjaði á þeirri kynslóð og þeim aldursflokki sem ég tilheyrði, — að í fyrsta lagi væri starfsemi yfir tiltekinni stærð eðli málsins samkvæmt af hinu illa, og í öðru lagi að samvinna við erlent fólk — það var að vísu ekki spurt um trúarbrögð og ekki um litarhátt, en allt að því — samvinna við erlent fólk nálgaðist það að vera landráð. Þessi umr. byrjaði um miðjan næstliðinn áratug og henni hefur verið haldið áfram linnulaust síðan. Og þessa sögu þarf auðvitað að segja í þessu sambandi.

Í þessu sambandi hefur það gerst — svo að talað sé ekki aðeins um hugmyndir, sem mig þó langar að gera í þessu sambandi, heldur einnig um staðreyndir — ef við horfum á staðreyndirnar einar, þá gerðist tvennt: Í fyrsta lagi var — eftir feikilegar deilur sem stóðu lengi — reist verksmiðja við Hafnarfjörð, þar sem kallað er í Straumsvík, og í öðru lagi — raunar mörgum árum síðar — verksmiðja í námunda við Akranes, þar sem kallað er við Grundartanga. En staðreyndin er sú, að fylking manna og kvenna, sem ég vil ekki vera að kalla slagorðum af erlendum toga, en það er staðreynd, að fylking manna og kvenna fór hamförum á móti þessum fyrirtækjum báðum. Ég leyfi mér að segja að ég þekki þetta allvel vegna þess að ég tilheyri þeirri kynslóð hverrar stór hluti féll fyrir þessum áróðri á sínum tíma. En staðreyndir þessa máls tala engu að síður skýrustu máli. Og staðreyndirnar eru einfaldlega þær, að í öllum þeim atriðum, þar sem sannanir verða bornar fram með eða móti, höfðu þessir menn rangt fyrir sér. Þeir halda því stundum fram nú að þeir hafi aðeins verið að tala um verð á raforku á þessum tíma. Það er alrangt. Og það er satt að segja miklu meira en alrangt. Það er haugalygi, svo að ekki séu notuð stærri orð. Þeir voru að tala um allt annað á sínum tíma. Þeir héldu því fram, að þetta yrði láglaunasvæði. Þeir héldu því fram, að þetta mundi menga, spilla og eyðileggja ekki aðeins umhverfi, heldur menningu í þeim sveitarfélögum sem þéttbýli skal kalla og nálægt standa, þ. e. annars vegar í Hafnarfirði og hins vegar á Akranesi. Þetta hefur reynst vera alrangt. Þeir héldu því fram, í anda þess sem á enskri tungu er kallað „new left" og við getum kallað einhverja nýja vinstri stefnu, eins og þeim málflutningi hættir til að vera, sem auðvitað hefur í dag bæði sannast að vera hagfræðilega rangur og efnislega út í hött og alvitlaus — þetta voru tískufyrirbrigði þeirra ára, 1967—1972, þegar þessi málflutningur varð til. Eftir sta..da einasta ruglaðar athugasemdir og vitlaus lífsskoðun, hvernig sem á er litið: hagfræðilega, umhverfislega, félagslega, hvernig sem á þessi mál er litið. Á þeim tíma var verið að tala um miklu fleira. Margt af þessu fólki vissi ekki að stefna andstæð mengun hafði verið mjög ríkjandi t. d. á Bretlandi á árunum 1780—1810 þegar iðnbylting þar var að ganga í gegnum nýtt skeið. Margt af þessu fólki hélt — vegna þess að forustumenn og kennarar upplýstu það ekki nógu vel — að hér væri að fara fram einhver ný umræða um heim sem væri að farast vegna reyks og óholls andrúmslofts.

Allt um það, þegar þetta dæmi er gert upp andar ekki spilltu lofti úr hverjum firði og hverri vík á Íslandi. Þessar verksmiðjur hafa risið, þær hafa risið hægt. Það urðu vissulega að sumu leyti mistök í Straumsvík og þau mistök hafa menn verið að reyna að leiðrétta. Vitaskuld getum við deilt til eilífðarnóns um það, hvort verðið á raforkunni hefði getað verið hærra. Þó vantar inn í þá umræðu og mjög oft inn í röksemdafærslur hæstv. iðnrh. þá staðreynd, að á þeim tíma þegar samið var lágu kaupendur erlendis ekki á lausu. Þá var það spurning um að hrökkva eða stökkva, eins og gerist í slíkum viðskiptum. Og þó að markaður gildi ekki innanlands, þá gildir hann vissulega milli landa, eins og ráðh. er kunnugt um, t. d. á milli Sovétríkjanna og Póllands. Þá þurfa menn stundum að taka áhættu. Og auðvitað má segja það eftir á, að kannske hefði verið betra að taka annars konar áhættu og hafa meira upp úr því. En að svo miklu leyti sem hægt var að sanna eða afsanna hluti á þeim tíma sem þetta

gerðist, þá held ég að engum sanngjörnum eða skynsömum manni sé efi í huga um það, að hér voru gerðir ekki aðeins skynsamlegir, heldur byltingarkenndir samningar, ef farið er til baka og síðan horft til framtíðar í íslensku þjóðlífi. Miklu frekar er ástæða til að undrast, þegar skoðað er allt það mál sem kenna má við Grundartanga og þegar keyrt er ofan að þeirri verksmiðju og hún skoðuð, hvernig hún liggur að landi og hversu vel hún er byggð, hversu litlum náttúruspjöllum hún veldur, hversu vel þetta fellur að umhverfinu. Það er mín skoðun að ekki sé hægt annað en dást að því, hverju mannvitið og hugvitið fær þrátt fyrir allt áorkað.

Ég vil segja við þá Austfirðinga, þegar að því kemur að þeir huga að verksmiðju — sem kannske verður ekki á næstu mánuðum vegna þess sem hv. þm. Eggert Haukdal hefur fengið áorkað — það verður fyrr en síðar, þá eru það mín ráð að þeir skuli ekki horfa á Straumsvík, þeir skuli horfa á Grundartanga til þess að sjá hvað hægt er að gera, hvernig hægt er að komast hjá í grófum dráttum talað náttúruspjöllum, og þeim mun nær sem við komum sjálfum okkar í tímanum, þeim mun meira — a. m. k. í verklegum efnum — fer okkur fram.

En því eru þessi orð höfð um það sem Alþb. ól upp í heilli kynslóð fólks, að sú staðreynd skal viðurkennd að auðvitað finnur fólk á hverjum tíma hjá sér þörf fyrir eitthvað nýtt. Og hvað var að gerast á þessum tíma? Hver var ástæðan fyrir því, að þetta svokallaða „new left" átti fylgi að fagna? Ég bið forláts á því að nefna þetta á ensku. Það var mitt umhverfi á þeim tíma sem þetta var að eiga sér stað og sérhver mannleg vera er nú þannig gerð að fylgjast hvað best með hlutunum út frá eigin nafla.

Á þessum tíma var að koma í ljós að það, sem á þeim tíma var vissulega kommúnismi og þeirra tíma kynslóð hafði ræktað með sér, það var guð sem hafði brugðist. Þetta voru stórkostleg vonbrigði heillar kynslóðar á þeim tíma og heillar kynslóðar þar á undan. Og þegar þetta gerist, m. a. með innrás Sovétríkjanna í Tékkóslóvakíu, þá auðvitað brotnar niður hugmyndafræðilega heil kynslóð manna sem hafði tekið kommúnisma sem guð. Öll höfum við okkar guði með ýmsum hætti. Hugmyndafræðilega brotnar þessi kynslóð niður, og þar held ég að hæstv. iðnrh. okkar komi mjög sterklega inn í þessa umr. Og af hverju er það svo? Vegna þess að hann tilheyrir þessari kynslóð, hann tilheyrði þessari gömlu umræðu. Það er auðvitað ljóst, að sem unglingur og ungur maður var hann gamaldags kommúnisti. Það er rækilega skrásett í frægri bók um SÍA-skýrslur og það allt saman. En enginn maður á að gjalda um of æskuverka sinna eða jafnvel hugmynda um langa hríð. Þessar hugmyndir breyttust efalítið mikið. En það sem gerist er einfaldlega það, að hæstv. iðnrh. verður kennari heillar kynslóðar þegar heilt hugmyndakerfi, heilt trúarkerfi er að brotna niður. Og sú nýja stefna, sem hann fer að kenna, byggist m. a. á því, að stórrekstur og þar með stóriðja sé ævinlega af hinu illa, að samvinna við útlendinga sé ævinlega af hinu illa. Í þeirri furðulegu moðsuðu miðri, sem er afrakstur hinnar brotakenndu hugmyndafræði þessara ára, stendur hæstv. iðnrh. Af því erum við að súpa seyðið og fyrir það erum við að gjalda í dag.

Nú vil ég að það sé alveg ljóst af þessum orðum mínum, að sumpart er ég að bera blak af hæstv. ráðh. Því er haldið fram í aðskiljanlegum fjölmiðlum og iðulega að hann sé það sem kallað er „kommúnisti". Þetta orð nota ég í gæsalöppum. Og hvað þýðir orð eins og þetta? Það þýðir það, að maður sé samviskulega, móralskt meðábyrgur í Gúlag, beri meðábyrgð á fangelsun Sakharovs. Svo mætti lengi telja. Ég held að slíkur málflutningur og slíkar röksemdir eigi ekki rétt á sér. Ég held að ekkert af þessu komi í raun og veru þessu máli við. Ég held að niðurstaðan verði sú, þegar þessi mál eru skoðuð, að auðvitað hefur hæstv. ráðh. þróast með þessari hugmyndafræði. Hann gekk í gegnum sína hugarins „krísu" eins og fleiri árin kringum 1968. Og á þeim árum gerist það, að hann tekur þátt í því að ala á nýrri hugmyndafræði með hluta af ungu kynslóðinni. Þar held ég að öll skekkjan liggi. Og af hverju skekkja? Þetta er skekkja af mörgum ástæðum. En ein af ástæðunum er sú, að þessir hlutir fara nú að ganga upp með öðrum hætti. Þegar hæstv. ráðh. varð þm. á árinu 1978 kom í ljós ein brotalömin, nefnilega sú, að það skólafólk, sem búið var að ala upp í þessari hugmyndafræði, þeirri hugmyndafræði að fyrirtæki yfir tiltekinni stærð hlytu ævinlega að vera af hinu illa, þeirri hugmyndafræði að öll efnahagsleg samvinna við útlendinga hlyti ævinlega að vera af hinu illa, þá kom einfaldlega í ljós að þetta fólk, sem svona hugsar, er alls ekki búsett austur á fjörðum. Þetta fólk er búsett hér á Faxaflóasvæðinu, að svo miklu leyti sem það er til. Nú mætti gera sér í hugarlund að þessu fólki færi út af fyrir sig fækkandi. Ég er ekki viss um það. En kjarni málsins er einfaldlega sá, að þessi hugmyndafræði fær ekki staðist, hvernig sem á er litið, ekki efnahagslega, ekki félagslega. Hún var röng í upphafi. Mönnum annarrar skoðunar voru gerðar upp skoðanir sem hvergi fengu staðist, hvort sem við erum að tala um launamál, félagsmál, mengunarmál eða sjálfstæðismál síðast og ekki síst, hvernig sem á er litið. Þeim voru gerðar upp skoðanir og þessar skoðanir reyndust vera rangar.

Í þessu samhengi hafa menn mjög velt sér hér upp úr því, að það er brostinn flótti í lið hæstv. ráðh. austur á fjörðum. Auðvitað hefur enginn okkar rétt til þess að gera of mikið úr því, þó að einn tiltekinn maður skipti um stjórnmálaflokk. En engu að síður er ástæða til þess að vekja á því athygli, eins og aðrir hafa gert, að segja má, að þarna sé sú pólitík, sú hugmyndafræðilega brotalöm sem ég þykist hér hafa verið að lýsa, það hatur á stórum rekstri, það hatur á samvinnu við útlendinga sem alið hefur verið á og kölluð pólitísk heimspeki, — þessi hugmyndafræði er einfaldlega að brotna. Hún er að brotna vegna þess að það er að renna upp fyrir mörgum þeim, sem á þessu hatri hafa alið, að þeir höfðu rangt fyrir sér. Það er svo einfalt. Hvernig sem á það er litið er þetta kjarni málsins. Og ég er sannfærður um það, að ef hæstv. iðnrh. hefði verið stjórnmálamaður hér á suðvesturhorninu hefði honum að mörgu leyti vegnað betur en honum gerir þarna fyrir austan. Til þess liggja ýmsar flóknar félagslegar ástæður sem eiga sér rætur í þeirri sögu sem ég hef rakið hér í löngu máli. Og hann er auðvitað ekki nátengdari efni SÍA-skýrslanna en það, að auðvitað gerir hann sér grein fyrir því er tímar líða fram að lýðræðið hefur sínar afleiðingar og ber sína innri ábyrgð. Þar kemur að um alla þessa hluti er spurt að nýju. Og þó svo að þessi flókna lífsskoðun, sem hann átti þátt í að búa til á árunum eftir 1968, eigi sér nokkra samsvörun hér, t. d. uppi í háskóla og víðar hér á suðvesturhorninu, þá á hún sér bókstaflega enga samsvörun fyrir austan, hvorki í Fjölbrautaskólanum á Egilsstöðum né annars staðar, vegna þess að á þessu landssvæði — og það er að mörgu leyti kostur við það umfram t. d.

suðvesturhornið — er beinni vegur á milli beinnar framleiðslu og þegnsins sjálfs. Það er þetta raunhæfa ástand sem gerir það að verkum, að niðurstaðan verður einfaldlega með þessum hætti. Allt þetta mál, sem hér hefur verið til umr., snýst, held ég, um þennan raunveruleika, að hæstv. iðnrh. — og ekki bara hann, heldur flokkur hans — hefur átt í þessari innri „krísu". Menn hafa verið að leysa óleysanleg mál. Menn hafa verið að leysa þau mál að vilja virkja orkulindir landsins án þess að á hinum endanum sé orkufrekur iðnaður. Það er búið að ala hluta af kynslóð upp í þeim falska veruleika að þetta sé hægt. Auðvitað veit skynsamur maður eins og hæstv. iðnrh. að þetta dæmi gengur ekki upp. Og vegna þess að hæstv. iðnrh. veit að þetta dæmi gengur ekki upp, þá hefur hann aftur og aftur, allar götur síðan 1978, beðið um frestun á þessu máli, nú síðast í frv. og síðan brtt. á þskj. 1017 við þetta sama frv., með þeim hætti að æpandi verður.

Allt þetta stóra frv. og einnig þær brtt., sem meiri hl. hefur við það flutt, þau fela í sér beiðni um að fresta vandamálum sem ég hef hér persónugert í einum einstaklingi, sem auðvitað er ekki alls kostar sanngjarnt því að það eru vandamál heilla samtaka, heils stjórnmálaflokks. Og það er auðvitað sjálfur kjarni málsins. Þeir vilja ekki komast að þeirri niðurstöðu, að rökrétt samhengi sé á milli orkufreks iðnaðar og virkjunar fallvatna. Og hvernig á svo að vera? Þeir viðurkenna ekki enn þá, að ýmislegt hafi áunnist með fyrirtækinu í Straumsvík. Þeir viðurkenna ekki enn þá, að fyrirtæki eins og Grundartangi sé gott fyrirtæki sem borgar há laun, eins og a. m. k. í eina tíð var baráttumál verkalýðshreyfingarinnar í landinu. Það er þetta sem er kjarni málsins. Þetta er kreppa ráðh. og þetta er kreppa heilla samtaka. Og ég undirstrika þá skoðun mína, að þessi efni koma því út af fyrir sig ekki við að hæstv. ráðh. eða þeir, sem í kringum hann eru, séu kommúnistar eða ekki kommúnistar. Fyrir minn smekk eru allar slíkar vangaveltur heldur frumstæðar. Vandinn er sá, að þegar öll sú hugmyndafræði átti í kreppu, sem hún auðvitað átti fyrir hálfum öðrum áratug, tæpum þó, þá meðtóku þeir nýja hugmyndafræði. Og ég held að því megi bæta við, að einn maður hér á landi var öðrum snjallari í því að gera þá hugmyndafræði að veruleika. Þetta var Magnús Kjartansson á fyrri tíð. Þessi hugmyndafræði smitaði marga af kynslóð sem ég þekki mætavel. En hún hefur líka reynst vera dýr og þann kostnað erum við að bera nú.

Ég er sannfærður um það, ef ég reyni með jákvæðum hætti að skoða huga hæstv. iðnrh., Hjörleifs Guttormssonar, að hann er auðvitað vel lesinn í sögu sósíalismans, t. d. sögu Ráðstjórnarríkjanna. Hann veit auðvitað að að svo miklu leyti sem þar varð efnaleg bylting á sínum tíma í þágu þeirra sem minna máttu sín, þá gerðist það með stórtækum iðnaði. Og þegar allt þetta er skoðað og þegar jafnframt er skoðuð hin hugmyndalega saga, þá verður öll þessi andstaða þeirra gegn stórtækum iðnaði sérstæð, furðuleg og úr öllum takti við allt það sem þeir hafa áður sagt eða gert. En svona þróaðist þetta samt. Núna sitjum við uppi með það, að fjölmargt fólk, einkum fólk sem stundað hefur langskólanám og tilheyrir þessum flokki, meðtók þessa fordóma fyrir 10 árum. Og hæstv. iðnrh. og allur flokkurinn stendur núna í þeim sporum að vera að reyna að vinna sjálfan sig, vinna flokkinn út úr þessari pólitísku kreppu, sálarlegu kreppu sem þeir standa frammi fyrir. Meðan þeir eru að þessu er það því miður svo, að aðrir hv. alþm. verða til þess að hjálpa upp á það að biðin er framkvæmd. Og sú bið verður auðvitað ekki bara í eitt ár, heldur kann svo vel að fara að hún verði um lengri tíma.

Þetta, sem hér hefur verið lýst, held ég, þegar allt kemur til alls, að sé kjarni þessa máls. Það frv., sem hér er verið að mælast til við þessa hv. deild Alþingis að samþykkja er frv. um biðstöðu. Það, sem ráðh. er að gera, er að segja við deildina: Bíðið. Leyfið okkur að bíða. Og e. t. v. býr að baki, í gæsalöppum sagt og hugsað: „Ég get talað við kynslóðina sem við svikum og prettuðum í áratug. Ég get sannfært hana um að það sé ekkert rangt við stóriðju, það sé ekkert rangt við orkufrekan iðnað, það sé ekkert rangt við þetta, okkur hafi orðið á söguleg mistök í áratug eða svo. Ég get sannfært ykkur" — og gæsalöppum er lokað.

Spurningin er: Eigum við hin að vera að taka þátt í þessu? Gerðum við ekki betur í að ýta þeim til hliðar og segja við þá: Leysið þið ykkar eigin mál og gerið þau upp við ykkur. Við hin skulum láta framfarir eiga sér stað á meðan þið eruð að gera þessi mál upp við ykkur. Og þar tengjast þessi mál furðulegri afstöðu hv. þm. Eggerts Haukdals hér í dag og raunar undanfarna daga. Og það er auðvitað kapítuli út af fyrir sig, að ekki aðeins fjölmiðlarnir hér, heldur heilt þjóðþing hafi horft á og látið þessa hluti nánast draga sig á asnaeyrunum. Auðvitað stóð aldrei til annað en það, að hv. þm. Eggert Haukdal lúffaði fyrir því stefnuleysi, þeirri biðstöðu sem verið er að setja öll þessi mál í. Þó gátu þeir, sem lásu flokksmálgagn þessa sama hv. þm., 6. þm. Suðurl., Eggerts Haukdals, í morgun séð að hann spurði orðrétt, með leyfi forseta: „Hvað þýðir að vera að virkja án þess að huga almennilega að því að útvega orkukaupendur?" Þetta sagði Eggert Haukdal alþm. í viðtali við Morgunblaðið í gærkvöld. Og á mæltu máli, hvað þýðir þetta? Hvað þýða þessi orð sem hv. þm. lætur falla? Á mæltu máli, á íslensku máli þýða þessi orð auðvitað það, að þm. ætlar að styðja þær brtt. sem þm. Alþfl. og Sjálfstfl. hafa flutt við þessa umr. Hann ætlar vitaskuld að styðja brtt. sem nú er flutt við 3. umr. af hv. þm. Sverri Hermannssyni og Magnúsi H. Magnússyni. En þau þýða það, að hann ætlar að fella frv. um biðstöðuna sem stjórnin og meiri hl. n. eru að leggja til við hv. deild. Ekki aðeins þetta ívitnaða viðtal í Morgunblaðinu, heldur allt það, sem haft er eftir þessum hv. þm., þýðir það á íslenskri tungu, að hann ætli að hegða sér svo. Hv. þm. er að vísu ekki viðstaddur í salnum. Menn hafa iðulega verið að finna að því við forseta, að menn séu ekki viðstaddir, en ég læt mér það svo sem í léttu rúmi liggja.

Auðvitað er allt það, sem verið hefur að gerast í þessum efnum, einhver ægilegasta saga um aumingjaskap sem menn hafa þurft að horfa upp á. Þm. er búinn að gefa í skyn núna nokkrar undanfarnar vikur að hann ætli að sjá um það með því jafnvægisatkvæði, sem hann vissulega fer með hér, að stefna verði mörkuð í þessum efnum. Og látum vera þó að fjölmiðlar hafi gerst spenntir fyrir þessum möguleika. Það er þeirra eðli og þeir eru að leita að fréttum. En eftir á að hyggja er það auðvitað með ólíkindum að heilt Alþingi, heilt þjóðþing, heil löggjafarsamkoma hafi látið þennan hv. þm. — vegna þess hvernig öll þessi mál eru í pottinn búin — draga sig á asnaeyrunum með þeim hætti sem gerst hefur að undanförnu, að heilt þjóðþing hafi látið hv. þm. Eggert Haukdal halda að það væri eitthvað í hann varið. Og það er auðvitað það kostulega við allt þetta mál, hafi það

verið svo, að þau augnablik hafi verið til í þingsögunni síðustu daga að menn hafi haldið að á honum væri að byggja. Og af hverju er þetta? Því að hér eru menn ekki aðeins að tala um þá einföldu pólitík, að menn séu í stjórn eða stjórnarandstöðu, það skipti máli að fella stjórnina og nýir taki við. Við erum að tala um allt önnur og miklu mikilvægari mál. Við erum að tala um það, með hverjum hætti við skipuleggjum ekki aðeins okkar virkjunarmál og okkar orkumál, heldur með hverjum hætti við skipuleggjum þau mál okkar sem hníga að stórtækum iðnaði, stórkostlegum möguleikum fólks í því sambandi til þess að bæta afkomu sína og lífskjör, og þá einu stórkostlegu aukningarmöguleika sem við eigum á sviði efnahagsmála almennt talað á næstu árum og áratugum. Og hér hefur það gerst vegna þess, hvernig þessi spenna hefur verið upp byggð, sem ég hefði ekki trúað á árinu 1978. Það var hv. þm. Eggert Haukdal sem olli spennunni, og það var hann sem reyndist vera svo lítið í spunnið sem dæmin hafa nú sannað.

Út af fyrir sig er þetta auðvitað, hvernig sem á er litið, löng saga og heldur leið. En sá kjarni málsins skiptir þó, að ég held, verulegu máli, að núv. hæstv. iðnrh. tilheyrði vonbrigðakynslóð sem — þegar pólitísk sannfæring brotnaði á skeri, m. a. í Prag í ágústmánuði 1968 — greip á flótta sínum til nýrrar hugmyndafræði. Sú hugmyndafræði varð fljótlega að hatri á stóriðju, hatri á allri samvinnu við útlendinga. Og þó svo að hún væri aldrei mjög skýrt skilgreind hér á landi, þá var hún skírð erlendis, í engilsaxneska heiminum, og kölluð „new left". Þessi furðulega hugmyndafræði, rótlausa hugmyndafræði varð að því leyti að veruleika í rn. þegar hæstv. iðnrh. settist þar inn. Og hann kemur nú aftur og aftur fyrir hið háa Alþingi, biður um biðstöðu, biður um að hið háa Alþingi fresti öllu sem máli skiptir svo að hann geti komið fram fyrir þetta fólk — sem er t. d. fólk sem var samferða mér í skóla svo að ég þykist vita hvað ég er að tala um — hann er að biðja okkur um frest til þess að hægt sé sennilega að reyna að sannfæra þetta fólk enn einu sinni um það, að því beri að snúa við blaðinu. En niðurstaðan er sú, að þeir mega eiga í sinni kreppu, en heil þjóð getur ekki frestað öllum sínum framförum vegna þessarar kreppu. Okkur er skylt að ýta þessari kreppu til hliðar, leyfa þjóðfélaginu að þróast fram. Þess vegna í fyrsta lagi er sú brtt. réttmæt sem þeir flytja, hv. þm. Sverrir Hermannsson og Magnús H. Magnússon. Þess vegna er hún rétt. Þess vegna er öll þessi biðstaða, sem hæstv. iðnrh. er að fara fram á við hið háa Alþingi, röng. Hún er ástæðulaus. Hann verður að gera upp sín mál í sínum flokki, við sína kynslóð sjálfur, en hann á að leyfa þjóðfélaginu að þróast fram. Hann á að taka sjálfan sig og sín vandamál, sín pólitísku vandamál út fyrir sviga, og þau leysast þar eða leysast ekki. En það er með engum hætti réttlætanlegt að setja allt þjóðfélagið í biðstöðu þó að þessi hugmyndafræði sé sprungin eina ferðina enn. Þess vegna er ég að mæla með þessari brtt., en í móti frv. eins og það kemur fram. Það er biðstaða. Sú biðstaða á sér rætur í sálarkreppu. Sú sálarkreppa á sér sögulegar skýringar. En samfélagið á ekki að bíða þrátt fyrir það sem hér hefur átt sér stað sögulega. Það eru allir möguleikar til þess að samfélagið sjálft sæki fram, en þessir menn og þessi hugmyndafræði séu tekin út fyrir sviga meðan þeir eru að gera upp sín mál.

Frsm. minni hl. (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Þessi umr., 3. umr. um frv. til l. um raforkuver sem hæstv. iðnrh. hefur lagt fram, er nú senn að lokum komin. Ég ætla ekki að lengja umr. mikið, en ég vil þó, áður en henni lýkur, vekja sérstaka athygli á tveimur atriðum.

Í fyrsta lagi hlýtur það að vekja sérstaka athygli, að í umr. um þetta frv., þar sem fluttar hafa verið mjög ítarlegar ræður af hálfu allmargra hv. þm. og m. a. hefur hæstv. iðnrh. í þessum umr. verið spurður ákveðinna spurninga, t. d. af hv. 2. þm. Suðurl. hér í dag, en þrátt fyrir þetta kýs hæstv. iðnrh. að sitja þögull eins og gröfin undir þessum umr. og ekki að taka þátt í þeim. Hann flutti sína framsöguræðu við 1. umr. þessa máls. Síðan hefur hann ekki staðið hér uppi í ræðustól. Hann hefur enga tilraun gert til þess að skýra þær brtt. sem fluttar voru við þetta frv., sem þó er vitað að voru meira og minna að hans undirlagi, og hann hefur ekki heldur kosið að taka neinn þátt í þeim umr. sem hér urðu t. d. um stóriðjumál fyrir viku. Þetta vekur sérstaka athygli og ég vildi ekki láta þessa umr. enda án þess að vakin yrði athygli á því.

Í rauninni skil ég vel þetta sjónarmið hæstv. ráðh., að kjósa það hlutskipti að sitja lúpulegur undir þessum umr., því aumt er hans hlutskipti eftir það sem á undan er gengið í þessu máli. Frv. hans, eins og það var lagt hér fram, var máttlaust og í því fólust engar ákvarðanir. Það var aðeins upptalning á þeim virkjunum, sem til stóð og til stendur að byggja, án nokkurrar stefnumörkunar í orkumálum eða uppbyggingu raforkuvera. Og í frv. vantaði líka, eins og oft hefur verið bent á, allan botn. Það vantaði alla stefnu um það, hvernig nýta ætti orkuna sem úr þessum orkuverum kemur. Hins vegar ætlaði ráðh. sér greinilega, samkv. frv. eins og það var lagt hér fram, að ná því í sínar hendur eins og hann mögulega gat — miðað við þá aðstöðu sem hann er í í hæstv. ríkisstj. — að taka ákvarðanir um það sem næst skyldi gera í virkjunarmálum, sbr. það ákvæði í frv. að Alþingi skyldi staðfesta næstu framkvæmdir í virkjunarmálum, þ. á m. framkvæmdaröð. Hæstv. ráðh. varð hins vegar fyrir því þegar þetta mál var tekið til meðferðar af stjórnarliðinu, þeim sem styðja núv. hæstv. ríkisstj. hér á Alþingi, að það litla traust, sem hann greinilega ætlaði sjálfum sér þegar hann flutti frv., báru hans samstarfsmenn ekki til hans, því að frv. var breytt á þá leið, að nú er það Alþingi sem að öllu leyti skal taka ákvörðun um framkvæmdaröð og engir frestir settir um tíma né hvenær það skuli koma fyrir Alþingi að nýju að taka ákvarðanir um næstu aðgerðir í virkjunarmálum.

Þó að ráðh. telji sig vafalaust hafa unnið einhvern sigur með því að fá þessu frv. breytt á þennan veg og tryggja því þar með framgöngu hér á hv. Alþingi, þá held ég að öllum sé það ljóst, sem skoða þetta frv. og skoða málið eins og það liggur fyrir og reyna að greina aðalatriði frá aukaatriðum, að hér er um mikinn varnarsigur að ræða hjá hæstv. iðnrh. Mig grunar að hér sé um Pyrrusarsigur að ræða hjá hæstv. ráðh. Hann flær ekki feitan gölt frá þessari meðferð hv. Alþingis og ekki síst hans stuðningsmanna í stjórnarliðinu. Hann flær ekki feitan gölt frá þessu máli. En við öðru gat hann e. t. v. ekki búist eins og málið var í pottinn búið. Og við hv. þm. verðum að bíða og sjá hvað setur. Við verðum að horfa áfram upp á það aðgerðaleysi sem ríkt hefur í þessum málaflokkum til þessa.

Annað atriði, sem ég vildi sérstaklega vekja athygli á áður en þessari umr. lýkur, er að í þessu máli hefur komið

betur fram en e. t. v. í flestum öðrum málum, sem hér hafa verið til meðferðar á hv. Alþingi í vetur, hver grundvallarstefnumunur er á milli hæstv. ríkisstj. annars vegar og stjórnarandstöðunnar hins vegar, þ. e. Sjálfstfl. og Alþfl. Sú stefna, sem birtist í þessu stærsta máli þjóðarinnar í dag og birtist í því frv. — og ég vil segja nú: þeirri frv.- ómynd sem okkur er ætlað að samþykkja hér í kvöld, — sú stefna er áframhald aðgerðaleysis, það er stefna afturhalds og kyrrstöðu. En sú stefna, sem við höfum boðað, stjórnarandstæðingar, í stóriðju- og orkumálum, er stefna nýrra átaka. Hún er stefna upp á við, hún er stefna til bættra og betri lífskjara fyrir Íslendinga. Hún er stefna sem á að geta tryggt okkur öðru fremur betri lífskjör og sambærileg lífskjör við það sem okkar nágrannaþjóðir búa við. En ekkert er hættulegra okkar þjóð en að við drögumst aftur úr í lífskjörum miðað við okkar nágrannaþjóðir. Það hafa dæmin sýnt okkur og sannað. Við sjáum að fjöldi ungs fólks streymir úr landi til þess að freista gæfunnar annars staðar vegna þess að því finnst að hér ríki orðið kyrrstaða, hér sé afturhaldið búið að taka við völdum og hér fái það ekki þau tækifæri sem það vill fá. Unga fólkið finnur ekki kröftum sínum viðnám í því þjóðfélagi sem hæstv. ríkisstj. og hæstv. iðnrh. og flokksbræður hans hafa e. t. v. öðrum fremur mótað síðan á árinu 1978.

Herra forseti. Ég vil ekki teygja þessa umr. lengur. Ég vildi aðeins, áður en henni lyki, vekja athygli á þessum tveimur atriðum.

ATKVGR.

Brtt. 1046 felld með 18:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BÍG, EH, FrS, GeirH, HBl, JS, JÞ, KP, MHM, MB, MÁM, SigurlB, SteinG, VG, AG, ÁG, SvH.

nei: FÞ, GS, GJG, GGÞ, GHelg, HÁ, HG, JI, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, SV, StH, SvG, ÞS, AS.

5 þm. (IGísl, JE, ÓE, SighB, BGr) fjarstaddir.

8 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Þar sem nú er ljóst að hæstv. ríkisstj. og stjórnarflokkar hafa gefist upp við að koma fram á hv. Alþingi stefnumótun í iðnaðarmálum, þ. á m. í stóriðjumálum — það mál hefur verið svæft í nefnd — auk þess sem ekki sýnist vera gæfulegt að gefa hæstv. ríkisstj. heimild til virkjana án nokkurra skilyrða, tel ég fulla ástæðu til þess að setja þau skilyrði, sem koma fram í þessari brtt., og segi já.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Það er að mínu mati forsenda Fljótsdalsvirkjunar og þeirra orkuframkvæmda sem hér er verið að heimila, að orkufrekur iðnaður rísi á Austurlandi og víðar. Í stefnumörkun með frv. er gert ráð fyrir a. m. k. þreföldun orkufreks iðnaðar til aldamóta. Varðandi afstöðu mína vil ég taka fram eftirfarandi:

Í 2. gr. frv. er ríkisstj. gert að leggja fram í haust greinargerð um þá möguleika sem liggja fyrir um nýtingu orkunnar til orkufreks iðnaðar og í því sambandi er í undirbúningi kísilmálmverksmiðja á Reyðarfirði. Ég lít svo á að samkomulag sé um það, að vegna fyrri áfanga Fljótsdalsvirkjunar verði gert ráð fyrir orkufrekum iðnaði á Austurlandi. Með tilliti til þessa og í trausti þess, að ríkisstj. standi við þau áform er ég áður hef getið um, tel ég ekki ástæðu til að lögfesta þetta ákvæði og segi því nei.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það hefur komið fram þrásinnis hjá orkumálastjóra, að athuganir á virkjunum tengdum stóriðju fara fram varðandi suðvesturhornið, Reyðarfjörð og Eyjafjarðarsvæðið. Ég sé ástæðu til þess að þrýsta á, að þvílíkar athuganir verði framkvæmdar með meiri ákveðni en verið hefur, og legg mikið upp úr því, að stóriðjustefnan sem slík verði viðurkennd af Alþingi. Til þess að leggja áherslu á það atriði og sömuleiðis hitt, að stóriðja er hvorki einkamál Hvalfjarðar né Suðurnesja, heldur getur líka stutt heilbrigða byggðaþróun á Norðurlandi og Austfjörðum, segi ég já.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Á vegum iðnrn. eru í athugun margir iðnaðarkostir er nýta verulega orku. Er gert ráð fyrir dreifingu slíks iðnaðar um landið á svipaðan hátt og fyrirhugað er með vatnsaflsvirkjanir, svo sem fram kemur í grg. með því frv. sem þessi brtt. er gerð við. Meðal slíks iðnaðar má nefna sem dæmi magnesíumvinnslu, pappírsverksmiðju og kísilmálmvinnslu. Þannig er nú unnið að frumáætlun um kísilmálmverksmiðju og áætlað að verja í því skyni um 500 þús. kr. eða 50 millj. gkr. í ár. Slík verksmiðja mundi nota um 500 gwst. á ári af raforku miðað við 30 þús. tonna ársframleiðslu. Er við það miðað, að henni gæti tengst vetnisverksmiðja er hagnýtti kolefni úr útblæstri frá kísilmálmvinnslunni til eldsneytisframleiðslu, og væri þar um að ræða nálægt 600 gwst. á ári í orkunotkun. Auk þess er talið hagkvæmt að nýta afgangsvarma, er til fellur frá kísilmálmverksmiðju, til húshitunar í byggðarlögum þar sem ekki er að finna nýtanlegan jarðvarma. M. a. af þeim sökum er talið skynsamlegt að staðsetja slíka verksmiðju, ef talin verður vænlegt fyrirtæki við nánari athugun, í landshluta eins og á Austurlandi, nánar tiltekið á Reyðarfirði. Hefur svokölluð staðarvalsnefnd iðnrn. mælt með slíku í bráðabirgðaáliti og fara nú og á næstunni fram ýmsar athuganir á fyrirhuguðum verksmiðjusvæðum. Áfangaálit mun liggja fyrir innan tíðar um þessa verksmiðjuhugmynd, og frumáætlun ásamt markaðsathugun á að ljúka á komandi vetri. A. m. k. 500 þús. kr., eins og ég gat um áður, verður varið í þessu skyni af fjárveitingu til athugana á orkufrekum iðnaði. Hér er um að ræða fyrirtæki, sem ekkert mælir á móti að verði — (**Forseti:** Nú er þetta að verða að ræðu og það er ekki ræðutími nú.) Ég er að ljúka máli mínu. Með tilliti til þessa og að ekki er ástæða til að skilyrða virkjun á Austurlandi, fremur en aðrar virkjanir fyrir landskerfið, við orkufrekan iðnað með þeim hætti sem tillögur hafa komið fram um frá stjórnarandstöðunnii í sambandi við þetta frv., segi ég nei.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Í frv. ríkisstj. er í reynd engin stefnumörkun, hvorki í stóriðjumálum né í virkjunarmálum. Ég tel nauðsynlegt að freista þess að bæta hér nokkuð úr og segi já.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Eins og fram hefur komið hér í máli hv. 3. þm. Austurl. og svo hins vegar hæstv. iðnrh. ber þeim ekki saman um það sem hv. 3. þm. Austurl. sagði að búið væri að semja um. Þess vegna sé ég fulla ástæðu til þess að samþykkja þessa brtt. og segi já.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Við þessa umr. bar ég fram spurningar til hæstv. iðnrh. sem eru þannig:

Hefur sú breyting, sem meiri hl. gerði á frv., þá þýðingu, að menn geti treyst því, að iðnrh. hafi skipt um skoðun varðandi það að þjóðhagsleg hagkvæmni virkjunarleiða skuli ráða framkvæmdaröð, en ekki ákvæði stjórnarsáttmálans? Og í öðru lagi: Telur ráðh. orkumála fært að leggja þá fjármuni fram sem þarf til stórvirkjunar á borð við Fljótsdalsvirkjun án þess að hafa áður tryggt kaupanda að orkunni sem þar verður framleidd? Með því að svör hafa ekki fengist mun ég, til þess að gera tilraun til að tryggja raunhæfar framkvæmdir, segja já við þessari tillögu.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Austfirðingar hafa sýnt virðingarverða samstöðu í orku- og atvinnumálum. Þar ríkir ekki sú andstaða gegn framförum sem m. a. þm. og fámennur hópur manna standa fyrir á Norðurlandi. Ég kann að meta þessa samstöðu og eindrægni og vil styðja hana. Ég segi já.

Frv. samþ. með 18:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StH, SvG, ÞS, AS, FÞ, GS, GJG, GGÞ, GHelg, HÁ, HG, JI, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, SV.

nei: SteinG, VG, AG, ÁG, BÍG, FrS, GeirH, HBl, JS, JÞ, KP, MHM, MB, MÁM, SigurlB, SvH.

EH greiddi ekki atkv.

5 þm. (BGr, IGísl, JE, ÓE, SighB) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Eggert Haukdal: Herra forseti. Í meðförum deildarinnar hefur frv. lagast þó að betur hefði mátt gera eins og tillögur lágu fyrir um. Samkv. frv. nú er öllum virkjunarkostum gert jafnhátt undir höfði og endanleg ákvörðun í höndum Alþingis að fenginni umsögn um þjóðhagslega hagkvæmni. Einnig er ríkisstjórninni gert að sýna stefnu sína um uppbyggingu orkufreks iðnaðar um leið og hún gerir tillögur um næstu virkjun. Þá eru og Landsvirkjun veitt meiri áhrif en voru í upphaflega frv.

Allir eru sammála um nauðsyn þess að halda áfram virkjunarrannsóknum og undirbúningi nýrra virkjana svo og áframhaldandi framkvæmdum til að tryggja rekstur raforkuveranna á Þjórsársvæðinu. Fall frv. hefði e. t. v. getað tafið þetta. En þar eð ég er andvígur þeirri stefnu eða öllu heldur stefnuleysi að afla ekki nægilegs markaðar fyrir raforkuna þannig að unnt sé að ráðast á næsta áratug eða svo í allar þær virkjunarframkvæmdir sem frv. boðar, þá lýsi ég andstöðu minni við þann þátt málanna með því að greiða ekki atkv.

Frv. afgr. til Ed.

Útvarpslög, frv. (þskj. 478, n. 1008). — 2. umr.

Frsm. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Menntmn. Nd. hafði til umr. frv. til l. um breyt. á útvarpslögum, nr. 19 5. apríl 1971, flutt af hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni o. fl. Nefndin athugaði frv. allrækilega, fékk m. a. á fund til sín Hörð Vilhjálmsson fjármálastjóra Ríkisútvarpsins og leggur eftir allnokkra umræðu til að frv. verði afgreitt með svofelldri rökstuddri dagskrá:

„Í trausti þess, að menntmrh. skipi nefnd, sem í eigi sæti fulltrúar þingflokkanna fjögurra og falið verði að yfirfara efni þessa frv., og störf nefndarinnar miði að því að gera Ríkisútvarpinu kleift að hafa efni til útlána og að kanna grundvöll samninga við rétthafa efnis, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá."

Undir þetta rita sex hv. alþm. sem sæti eiga í menntmn., en einn var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Um þetta má aðeins hafa örstutt mál. Það hefur skeð allnokkrum sinnum á undanförnum þingum, að fram hafa komið hugmyndir bæði í lagaformi og ályktunarformi um að fjölmiðlar ríkisins hafi efni til útlána. Hefur þá fyrst og fremst verið hugað að sjómönnum á hafi úti sem hafa auðvitað iðulega ekki aðstöðu til að njóta þessa efnis. Í því frv., sem hér er um að ræða, var hins vegar gert ráð fyrir enn frekari útfærslu og talað um almenningssöfn. Ég tel að ekki leiki nokkur vafi á því, að þetta eigi eftir að gerast, að þetta sé ekki spurning um það, hvort þetta gerist, heldur annars vegar spurning um tíma og hins vegar fjármagn. Og það er alveg ljóst, að tækninni í þessum efnum fleygir fram með hverju árinu. Það er líka ljóst, að vegna tæknibreytinga á þetta sér stað, þ. e. að efni framleitt af útvarpi og sjónvarpi er sent til flotans t. a. m. í einu formi eða öðru og fólk í landi nýtur þessa líka. En mjög flókið mál, sem þetta varðar, er í sambandi við rétthafa efnis, þ. e. höfundarréttarmál.

Að öllu þessu skoðuðu og eftir ítarlegar umr. bæði við aðila utan n. og innan n. sjálfrar komst n. að þeirri niðurstöðu, að skynsamlegast væri að þessu sinni að vísa málinu frá með þessari rökstuddu dagskrá, í trausti þess að menntmrh. skipaði nefnd, eins og getið er um í nál., og í þeirri von, að sú nefnd kæmist fyrr en seinna að niðurstöðu sem löggjafinn gæti síðan sætt sig við sem og rétthafar efnis.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Sú afgreiðsla, sem n. lét frá sér fara á þessu máli, reyndist ekki að öllu leyti vera í samræmi við eðli þingvenja og var því breytt og þannig er það nú orðið. Það er misskilningur að ég hafi skrifað undir það í þeirri mynd. Hitt er rétt, að ég nennti ekki að fara að snúast gegn þessu með því að vera með sérálit í n., þar sem mér virðist málið þokast áfram — með hraða brekkusnigilsins að vísu — og sýnir það að nokkru leyti viðhorf manna til m. a. sjómannastéttarinnar, að þeir telja litla þörf á að flýta sér í þessum efnum og hirða lítt um það, þó að búið sé að afgreiða mál hliðstæð þessu bæði í Noregi og Danmörku og það verk, sem þarf að vinna, sé fyrst og fremst lögfræðinga, en ekki nm., því að hér er ekki um nein tæknileg vandamál að ræða. Vilji er allt sem þarf.

ATKVGR.

Till. til rökst. dagskrár á þskj. 1008 samþ. með 26 shlj. atkv.

Framleiðsluráð landbúnaðarins, frv. (þskj. 788). — 1. umr.

Flm. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Ég hef flutt frv. til l. um breytingu á framleiðsluráðslögum ásamt þeim hv. þm. Steinþóri Gestssyni og Albert Guðmundssyni. Þetta er 322. mál þingsins, kom fyrir þingið um svipað leyti og frv. um raforkuver. Það er álit mitt, að eðlilegt sé að þetta frv. verði sent til fjh.- og viðskn. og sé

þaðan sent til umsagnar til þess að liðka fyrir því, að hæstv. landbrh. eða landbrn. geti útbúið frv. til l. um breytingu á framleiðsluráðslögum hvað þetta atriði varðar. En áður hefur verið mælt fyrir till. sama efnis sem flutt er af hv. þm. Vilmundi Gylfasyni o. fl. Á þeirri till. eru sex þm. Alþfl. í Nd. Þegar það mál var til umr. flutti ég ítarlega ræðu þar sem ég kynnti frv. það sem hér er til umr. Þarf ég því ekki að endurtaka rök með frv., en æski þess, að málinu verði vísað til fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ástæðan fyrir því, að ég bað um að þessu máli yrði vísað til fjh.- og viðskn., er sú, að till. nákvæmlega sama efnis var vísað til þeirrar n. fyrir örfáum dögum.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég gerði aths. við það þegar hitt frv. var sent til fjh.- og viðskn. Ég tel að miðað við þær reglur, sem við höfum hér á þingi, eigi þetta mál ekki erindi til fjh.- og viðskn. Ég held að við séum allir sammála um það, að ef um er að ræða iðnaðarmál, þá eigi það ekki að fara til sjútvn. eða landbn. Til þess erum við að hafa nefndir í vissum málum, að það er ætlast til að það, sem tilheyrir hverju og einu, t. d. í þessu tilfelli landbúnaði, þá eigi það að fara til landbn., þó að það skipti ekki miklu máli í þessu tilviki vegna þess að auðvitað verður ekki um að ræða neina fundi í nefndum hér eftir, það vita allir. En það er af „prinsip"-ástæðum sem ég mótmæli þessu.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Vegna orða hv. formanns landbn. Nd. um það, að hann vilji gjarnan fá þetta mál til úrlausnar í sinni nefnd, þykir mér full ástæða til að draga till. mína til baka um að vísa þessu máli til fjh.- og viðskn. og æski þess, að hv. þm. sjái um að þetta mál fái sómasamlega og góða meðferð í landbn. og landbn. og fjh.- og viðskn. vinni saman að þessu máli. Þá er ég sannfærður um að þetta mál fær góða lausn. Ég vil þakka hv. þm. Stefáni Valgeirssyni fyrir þennan ágæta stuðning og áhuga hans og vænti þess, að við getum verið samferða um lausn á þessu máli.

Herra forseti. Ég geri það að till. minni, að frv. verði vísað til hv. landbn. Nd.

Frv. vísað til landbn. með 23:1 atkv.

Steinullarverksmiðja, frv. (þskj. 981, n. 1038). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Skúli Alexandersson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir áliti iðnn. um frv. til l. um steinullarverksmiðju. Nefndin hefur fjallað um frv. og fengið á fund sinn Vilhjálm Lúðvíksson, Örn Jónsson, Jón Sigurðsson og Guðmund Halldórsson og svöruðu þeir spurningum nm. og gerðu grein fyrir skoðunum sínum á málinu.

Nefndin hafði samþykkt að leita til fleiri sérfræðinga til þess að fá svör við ýmsum spurningum og hafði óskað eftir að sérfræðingar frá Þjóðhagsstofnun, þeir Ólafur Davíðsson og Hallgrímur Snorrason, mættu hjá n. svo og Garðar Ingvarsson frá Seðlabanka. Úr því gat þó ekki orðið sökum þess að þessir sérfræðingar eru fjarverandi úr borginni eins og sakir standa. En ég vil taka það fram, að þessir menn höfðu mætt á fundum iðnn. Ed., en sú deild hafði unnið mjög vel í þessu máli. Mér er örugglega kunnugt að við undirbúning afgreiðslu þeirrar n. lágu fyrir umsagnir þessara manna.

Iðnn. þessarar hv. d. leggur til að frv. verði samþykkt eins og það kom frá Ed., en einstakir nm. áskildu sér rétt til að flytja eða fylgja brtt.

Umr. frestað.

Neðri deild, 108. fundur.

Föstudaginn 22. maí, að loknum 107. fundi.

Stálbræðsla, frv. (þskj. 1052). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um stálbræðslu, en mál þetta hefur legið fyrir Ed. sem hefur um það fjallað og afgreitt það til hv. Nd. Þetta frv. gerir ráð fyrir heimild fyrir ríkisstj. til að gerast eignaraðili að Stálfélaginu hf. og leggja fram í því skyni allt að 40% af hlutafé þess, en gert er ráð fyrir að afgangur hlutafjár fáist með almennu hlutafjárútboði. Að þessu leyti er þetta frv. efnislega svipað og frv. um steinullarv rksmiðju.

Ég ætla ekki hér að hafa langt mál um þetta frv., um þessa verksmiðju, en legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til iðnn. með 30 shlj. atkv.

Framkvæmdasjóður aldraðra, frv. (þskj. 1055 (sbr. 965), 998). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Við 2. umr. málsins var samþykkt að efna til sérstaks nýs skatts, nefskatts, og þannig er stillt til um þá sem losna eiga við skattinn að það er nánast enginn maður. Það var passað upp á að lægri mörkin yrðu þannig að ég hygg að það sé enginn maður á Íslandi sem losni við að greiða skattinn frá því sem gert var ráð fyrir í frv. upphaflegu, heldur allt sýndarmennska. En til þess nú að gefa hæstv. ríkisstj. tækifæri til þess að sýna að henni sé alvara með því að vilja leggja fram eitthvað frá sjálfri sér til Framkvæmdasjóðs aldraðra og til þess að gefa stuðningsmönnum ríkisstj. tækifæri til þess að reyna nú að leggja eitthvað af mörkum sjálfum, gefa þeim tækifæri til þess að sýna aðhald og

sparnað í ríkisrekstrinum og leggja aðeins helminginn fram á móti því, sem þeir ætlast til að fólkið leggi fram, vil ég leggja fram brtt. svohljóðandi:

„Við bætist ákvæði til bráðabirgða:

Á árinu 1981 skal ríkissjóður inna af hendi til Framkvæmdasjóðs aldraðra 50% þeirrar fjárhæðar er rennur til hans samkv. 1. tölul. 2. gr."

Í 1. tölulið 2. gr. er nefskattur á fólkið í landinu, 10 millj. kr. Það er ekki há upphæð fyrir aldraða. Ég sætti mig illa við að hæstv. fjmrh. vilji ekkert leggja á sig til að gera þessa upphæð svolítið drýgri. Ég legg til að litlar 5 millj. til viðbótar komi úr ríkissjóði til þess að fólkið sætti sig betur við þennan nýja nefskatt. Ég veit að formaður Verkamannasambands Íslands, — ég tala nú ekki um stjórnarmann Bandalags starfsmanna ríkis og bæja sem, ef ég man rétt, ruddi burt starfsmanni við Tryggingastofnun ríkisins á sínum tíma sem hafði lengi starfað þar, til þess að fá að sinna öldruðum sem hún hafði aldrei gert áður, — ég trúi ekki öðru en að þetta fólk greiði því atkv., að ríkissjóður leggi eitthvað af mörkum, og bið forseta að leita afbrigða fyrir þessari tillögu.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Þess gerist ekki þörf því að hv. þm. kallaði aftur til 3. umr. till. sem hann hafði flutt við 2. umr. Hún er hér á þskj. 998.

ATKVGR.

Brtt. 998 felld með 18:15 atkv.

Frv. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Efri deild, 121. fundur.

Föstudaginn 22. maí, kl. 8.30 síðdegis.

Sjóefnavinnsla á Reykjanesi, frv. (þskj. 1041 (sbr. 899)). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Ákvæði til bráðabirgða við 312. málið, frv. til l. um sjóefnavinnslu á Reykjanesi, hefur tekið nokkrum breytingum frá því að það fór héðan úr hv. Ed. Enda þótt svo sé telur iðnn. Ed. ekki ástæðu til annars en samþykkja þá breytingu og mælir með samþykkt ákvæðisins til bráðabirgða eins og það liggur hér fyrir.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1054).

Sameinað þing, 22. maí.

Staða íþróttafulltrúa ríkisins.

Svar menntamálaráðherra við fyrirspurn Eggerts Haukdals og Friðriks Sophussonar um stöðu íþróttafulltrúa ríkisins, á þskj. 914, sent þm. 22. maí.

Alþt 1980. B. (103. löggjafarþing).

Á þingskjali 914 (332. mál) bera alþingismennirnir Eggert Haukdal og Friðrik Sophusson fram fyrirspurn til menntamálaráðherra um stöðu íþróttafulltrúa.

Fyrirspurnin er þannig:

„Fram hefur komið í fjölmiðlum að Þorsteinn Einarsson íþróttafulltrúi ríkisins hafi sagt stöðu sinni lausri og hættir hann störfum 1. júní n. k. Staðan hefur ekki verið auglýst til umsóknar, en aðeins ráðið í hana til bráðabirgða.

Hvaða ástæður liggja því til grundvallar, að staðan er ekki auglýst?

Er von á skipulagsbreytingum í ráðuneytinu?

Ef svo, hverjar eru þær?

Óskað er skriflegs svars."

Þorsteinn Einarsson, sem gegnt hefur starfi íþróttafulltrúa síðan 1941, er sú staða var stofnuð, fór þess á leit með bréfi, dags. 27. febrúar s. l., að verða leystur frá starfinu frá 1. júní 1981, en hann verður sjötugur 23. nóvember n. k. Í bréfi, dags. 9. mars s. l., tók hann fram að uppsögnin næði einnig til starfs deildarstjóra í íþrótta- og æskulýðsmáladeild ráðuneytisins, en í það embætti var Þorsteinn skipaður frá 1. maí 1978 að telja, þegar nefnd deild var mynduð í ráðuneytinu, og gegndi íþróttafulltrúastarfinu jafnframt.

Var Þorsteini að eigin ósk veitt lausn frá störfum þessum 29. apríl 1981 frá 1. júní n. k. að telja.

Þegar Þorsteinn Einarsson fékk lausn frá störfum sínum var Reynir G. Karlsson, æskulýðsfulltrúi, settur deildarstjóri í íþrótta- og æskulýðsmáladeild ráðuneytisins og honum jafnframt falið að gegna starfi íþróttafulltrúa um sinn.

Þess má geta, að engin ákvæði eru um það, hvenær staða þessi skuli auglýst, og verður henni um sinn gegnt eins og áður af deildarstjóra íþrótta- og æskulýðsmáladeildar ráðuneytisins. Verður það að teljast æskilegt fyrirkomulag að deildarstjóri íþróttadeildar ráðuneytisins sé jafnframt íþróttafulltrúi í skilningi íþróttalaga, enda hefur sú skipan gefist vel, eftir að hún var upptekin, og ekki vitað að neinn hafi fundið að þeirri skipan. Æskilegt væri að slíkt fyrirkomulag yrði lögfest. Verður það atriði kannað nánar og í því sambandi leitað samráðs við aðila, sem telja má að eigi hér mestan hlut að máli, s. s. Íþróttasamband Íslands, Ungmennafélag Íslands og íþróttanefnd.

Efri deild, 122. fundur.

Laugardaginn 23. maí, kl. 1 miðdegis.

Framkvæmdasjóður aldraðra, frv. (þskj. 1055 (sbr. 965)). — 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 14 shlj. atkv.

Raforkuver, frv. (þskj. 1043). — 1. umr.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um raforkuver, en það er komið

frá Nd. og liggur fyrir á þskj. 1043 eins og það var samþykkt af hv. Nd. Ég mun gefa örstutt yfirlit um þær breytingar helstar sem gerðar voru á frv., en vil áður en ég vík að því fara um það örfáum orðum.

Með frv. þessu til l. um raforkuver er óskað heimilda Alþingis til að ríkisstj. sé heimilt að semja við tiltekin orkuöflunarfyrirtæki um að þau reisi og reki tilteknar vatnsaflsvirkjanir eða þeim verði heimilað það. Eins og frv. var lagt fyrir Alþingi var gert ráð fyrir að samtals væri um að ræða heimildir sem næmu 720 mw. í vatnsaflsvirkjunum, en nú eru virkjuð um 540 mw. af vatnsafli í landinu.

Þessum heimildum, sem óskað er eftir, er skipt í tvo þætti: annars vegar heimildir, sem ríkisstj. megi veita Landsvirkjun til framkvæmda við virkjanir, og hins vegar heimildir, sem leitað verði samninga eftir við Landsvirkjun um að hún reisi og reki. En sú breyting var á gerð í hv. Nd. um þetta atriði, að í stað þess, að ákveðið væri gert ráð fyrir Rafmagnsveitum ríkisins sem virkjunaraðila, er gert ráð fyrir því, eins og frv. liggur hér fyrir, að uns þeir samningar hafi tekist hafi Rafmagnsveitur ríkisins með höndum rannsóknir, hönnun og undirbúningsframkvæmdir í nánu samráði við Landsvirkjun.

Þá er í frv. þessu óbreytt, eins og það er komið frá hv. Nd., gert ráð fyrir heimild fyrir orkuöflunarfyrirtæki að virkja jarðvarma allt að 50 mw., enda fullnægi þeir aðilar, sem slíkar heimildir yrðu veittar, ákveðnum skilyrðum sem tryggi hagkvæman heildarrekstur raforkukerfisins.

Þá er í frv. þessu gert ráð fyrir heimildum til að gera nauðsynlegar ráðstafanir á vatna- og háhitasvæðum þeirra virkjana, sem lögin taka til, og að tryggður verði rekstur orkuveranna gegn truflunum og til að ná fram áætlaðri vinnslugetu, heimildir um að reisa og reka orkuveitur og tengja þau orkuver við landskerfið og að styrkja landskerfið svo sem nauðsynlegt er til að flytja orkuna til afhendingarstaða út frá landskerfinu.

Einnig er gert ráð fyrir heimild fyrir allt að 30 mw. í varaafli á næstu 10 árum til helstu orkuframleiðsluaðila í landinu: Rafmagnsveitna ríkisins, Landsvirkjunar og Orkubús Vestfjarða, til þess að tryggt verði viðunandi öryggi notenda gagnvart bilunum.

Þessi ákvæði er að finna í 1. gr. frv. Í meðferð Nd. á frv. voru, eins og ég gat um, gerðar nokkrar breytingar á þessari grein, þ. á m. var bætt við heimildum til að setja upp aukið afl á núverandi Landsvirkjunarsvæði sem nemur 120 mw., þ. e. að bæta við heimild fyrir fjórðu aflvél í Hrauneyjafossvirkjun og Sigölduvirkjun, en slíkar aðgerðir geta talist nauðsynlegar eftir að aukið hefur verið miðlunarrými í Þórisvatni svo sem áformað er og heimilda er leitað fyrir með ákvæðum í þessari 1. gr., þar sem rætt er um að tryggja rekstur orkuveranna á Þjórsársvæðinu og koma vinnslugetu þeirra í eðlilegt horf með tilteknum aðgerðum.

Það liggja fyrir verkfræðilegar áætlanir um þessar veitur. Að vísu eru þar eftir nokkrar rannsóknir eins og fram kemur í fskj. með frv., en á bls. 72—73 er sérstaklega fjallað um svonefnda Kvíslaveitu og þar kemur fram að æskilegt er talið að gera ráð fyrir auknu afli í umræddum vatnsaflsstöðvum: Hrauneyjafossvirkjun og Sigölduvirkjun, eftir að Þórisvatnsmiðlun hefur verið aukin mjög verulega. Ég tel að þessi breyting, sem gerð var á frv. í hv. Nd., sé fullkomlega eðlileg og í samræmi við þær áætlanir sem fyrir liggja, þó að auðvitað sé álitamál hversu langt skuli gengið hverju sinni í að afla heimilda fyrir slíkum framkvæmdum.

Það liggur fyrir að með þessum heimildum, sem hér er leitað eftir, er um að ræða viðbót sem nemur, að mér telst til, 290 mw. í afli á núverandi Landsvirkjunarsvæði, orkuveitusvæði Landsvirkjunar á Suðurlandi, og um 530 mw. afli í virkjunum utan Suðurlands. Samtals er því um að ræða um 840 mw. í vatnsafli eins og frv. nú liggur fyrir, og að auki er um að ræða heimildir vegna jarðvarmavirkjana upp á 50 mw. og varaaflsstöðvar upp á 50 mw. Samtals eru milli 900 og 1000 mw. sem hér er leitað eftir heimildum fyrir.

Ég vil geta þess í sambandi við þessar heimildir, sem leitað er eftir varðandi vatnsaflsvirkjanir, að þær eru vel undirbúnar, óvenjuvel undirbúnar miðað við það sem gerst hefur þegar slík mál hafa verið lögð fyrir Alþingi. Rannsóknir á þeim virkjunarkostum, sem heimilda er leitað fyrir, eru vel á veg komnar og það eru ekki mörg óvissuatriði sem óleyst eru. Er óhætt að segja að það séu engin verktæknileg óvissuatriði sem eigi að hindra að unnt sé að ráðast í viðkomandi mannvirki eftir því sem greinargerðir, sem birtar eru sem fskj., bera vott um. Slíkur undirbúningur mála er að mínu mati mjög þýðingarmikill í sambandi við stórmál af þessu tagi. Vissulega er það svo, að ekki hafa allir endar verið hnýttir í sambandi við þessar fyrirhuguðu virkjunarframkvæmdir. Það á m. a. við um samningagerð við rétthafa, svo sem við Blönduvirkjun, og á fleiri stöðum hefur ekki verið fyllilega frá þeim þáttum gengið. En að þeim málum verður unnið eftir að Alþingi hefur væntanlega veitt heimildir til þessara virkjana, og ég vænti að það verði hægt að ganga frá þeim þáttum eða fá skorið úr um þessa óvissuþætti á komandi mánuðum og helst fyrir lok þessa árs. Ríkisstj. mun beita sér fyrir lausn þessara mála eftir því sem frekast er kostur, og er tekið fram í grg. með þessu frv. að reynt verði til hins ýtrasta að ná samkomulagi um þessi efni, þó að samkv. 5. gr. frv. sé heimild til þess að taka eignarnámi tiltekin réttindi ef metið verður af stjórnvöldum að það sé nauðsynlegt og réttlætanlegt að nýta slíkar heimildir.

Varðandi 2. gr. frv., þá felur hún í sér heimildir til að ljúka undirbúningi mála. Hún kveður á um það, hvernig mál verði lögð á einstökum stigum fyrir Alþingi til samþykktar. Hún felur í sér ábyrgðarheimildir fyrir ríkissjóð til þess að taka lán sem nema um helmingi af áætluðum framkvæmdakostnaði við umræddar vatnsaflsvirkjanir eða tæplega það kannske, en þó þannig að umrædd 2000 millj. kr. ábyrgðarheimild er meira en svarar til heildarkostnaðar við dýrustu og stærstu framkvæmdina sem hér er leitað heimildar fyrir, Fljótsdalsvirkjun.

Þá er gert ráð fyrir því samkvæmt ákvæðum í þessari grein, að ríkisstj. sé á árinu 1981 heimilt að ábyrgjast lán eða taka lán og endurlána virkjunaraðila, allt að 50 millj. kr., til undirbúnings þeirra virkjana sem um er rætt í 1. gr. Er auðvitað mjög mikilsvert atriði að ekki vanti heimildir og fjármagn til þess að halda áfram undirbúningi þessara mála af krafti. Ég tel að umrædd heimild veiti nauðsynlegt svigrúm í þessu efni, og auðvitað er ekki markmið að verja meira fjármagni í þessu skyni en nauðsynlegt er og skynsamlegt hverju sinni. En rannsóknir og undirbúningur mála kosta fjármagn, það þekkja menn, og svo mikill áhugi sem er á orkumálum er ég viss um að ekki mun standa á að slíkar heimildir verði

veittar.

Í hv. Nd. voru gerðar vissar breytingar á 2. gr. frv. í sambandi við það, hvernig mál skuli lögð fyrir Alþingi, en um það segir á þskj. 1043:

„Tillögur um framkvæmdir við nýjar vatnsaflsvirkjanir og virkjunaráfanga, þ. á m. um framkvæmdaröð, skulu lagðar fyrir Alþingi til samþykktar."

Ég geri ráð fyrir að á næstu mánuðum verði slíkar till. undirbúnar og gerðar áætlanir eins og greint er frá að áformað sé í grg. með frv., gerðar áætlanir um bæði undirbúning og framkvæmdir við þær virkjanir sem áformað er og till. verða gerðar um að ráðast í, þannig að þessi mál geti legið fyrir heildstætt áður en langt um líður.

Þá var aukið við 2. gr. frv. ákvæði um það, að áður en slíkar till. verði lagðar fyrir skuli liggja fyrir greinargerðir frá tilteknum aðilum sem að orkumálum vinna, svo sem Landsvirkjun, Orkustofnun, Rafmagnsveitum ríkisins og öðrum þeim sem ríkisstj. kveður til, um þjóðhagslega hagkvæmni virkjunarleiða og þýðingu þeirra fyrir raforkukerfi landsins. Þetta atriði var í grg. með frv., en hefur til frekari áherslu verið tekið inn í frumvarpstextann sjálfan. Ég tel mjög eðlilegt að slíkar greinargerðir liggi fyrir áður en mál verða lögð fyrir til endanlegrar samþykktar Alþingis. Er það raunar vinnuregla sem höfð hefur verið við undirbúning þessara mála fram að þessu og hv. alþm. hafa fengið ekki alls fyrir löngu greinargóðar skýrslur um þessi efni. Að vísu byggðu þær ekki á allra nýjustu upplýsingum. Upplýsingar hafa verið að bætast við allt fram undir þetta og fleiri eiga eftir að koma til viðbótar þannig að reynt verður að hafa þessar upplýsingar eins greinargóðar og hægt er þegar mál verða lögð fyrir innan tíðar.

Þá er gert ráð fyrir að ríkisstj. leggi fram greinargerð um þá möguleika sem fyrir liggja um nýtingu orkunnar til orkufreks iðnaðar og sparnaðar á innfluttu eldsneyti. Um það efni má segja að að því er unnið og hv. alþm. hafa fengið ýmsar upplýsingar og þær hafa verið kynntar í fjölmiðlum að undanförnu varðandi stöðu þeirra mála, orkunýtingarþáttinn. En öllum er að sjálfsögðu ljóst að með þeim áformum um virkjanir og virkjunarhraða, sem greint er frá í grg. með þessu frv., liggur fyrir að stjórnvöld ætla að beita sér fyrir verulegri orkunýtingu á komandi árum, næstu 10—15 árum sem frv. þetta tekur til, að því er varðar greinargerð og þær áherslur sem þar eru fram settar um framkvæmdahraða í þessum efnum. Um það er vart ágreiningur að þeir nýtingarkostir, sem um verður að ræða, þurfa að vera vandlega undirbúnir og haldast verði í hendur orkuöflun og orkumarkaður. Um þau efni hefur verið nokkuð rætt og nokkuð deilt á hv. Alþingi á liðnum vetri og síðustu dögum raunar einnig. Ég ætla ekki að víkja að þeim atriðum hér sérstaklega þegar ég mæli fyrir þessu frv. Ég vænti þess, að um þessi mál geti náðst breið samstaða, það er mjög þýðingarmikið í stórmálum sem þessum, og ég mun fyrir mitt leyti leitast við að stuðla að því, að svo geti orðið og tryggja að menn fái upplýsingar um undirbúning mála.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að fara miklu fleiri orðum um þetta frv. hér í framsögu. Um það hefur verið fjallað mikið í hv. Nd. þannig að efni þess er eflaust hv. þdm. vel kunnugt og þær breytingar sem gerðar hafa verið. Ég vil að endingu aðeins víkja að því, að með framlagningu þessa frv. og þeirra heimilda, sem þar er óskað eftir, er dreginn upp skýr rammi um þau framkvæmdaáform í sambandi við raforkuöflun í landinu sem ríkisstj. ætlar að beita sér fyrir, og eins og ég gat um eru þessar framkvæmdir verktæknilega betur undirbúnar en áður hefur verið þegar óskað hefur verið hliðstæðra heimilda frá hv. Alþingi, þó að ekki sé búið að ganga þar frá öllum þáttum mála. Nú er í fyrsta sinn leitað eftir heimildum um stórar virkjanir á okkar mælikvarða utan Suður- og Suðvesturlands, og er það auðvitað verulegt nýmæli. Hér er mörkuð sú stefna að dreifa stórum virkjunum um landið, og það er unnt að stíga slíkt skref í framhaldi og jafnhliða þeirri uppbyggingu öflugra stofnlína sem unnið hefur verið að á undanförnum sex árum og varið til miklu fé, áfram er unnið að á þessu ári og verður væntanlega áfram á næstu árum. Er það ákveðin forsenda fyrir því, að hægt sé að byggja upp stórar virkjanir hvar sem er á landinu og líta á landið allt sem eitt markaðssvæði.

Þetta gerir jafnframt kleift að reisa iðnað í krafti þessara orkulinda víða á landinu, og í grg. með frv. koma fram einmitt áherslur í þá átt að iðjuverum, sem nýti orku, verði dreift á landshluta ekki síður en orkuverum, þó að það liggi hins vegar fyrir að hægt er að koma upp myndarlegum iðnaði fjarri virkjunum þegar stofnlínukerfi er orðið öflugt. En það er eðlileg áhersla í atvinnustefnu að byggja upp iðnað sem víðast um landið og einnig meiri háttar iðnað sem hagnýtir þá orku sem hér er stefnt að að afla. Hv. þdm. vita um einstök áform í þessum efnum, áform sem ekki eru frágengin og ekki liggja fyrir hér til neinnar samþykktar, en kynnt hafa verið hvernig þau standa varðandi undirbúning. Þar eru m. a. iðjuver sem nýta munu innlendar hráefnalindir væntanlega, eins og magnesíumvinnsla. Þar er um að ræða iðjuver sem nýta munu ekki aðeins raforku, heldur einnig jarðvarma í ríkum mæli, eins og pappírsverksmiðja. Og þar er um að ræða iðjuver eins og kísilmálmverksmiðju sem getur boðið upp á mjög æskileg tengsl við hugsanlega eldsneytisframleiðslu, eins og fram hafa komið upplýsingar um og rætt hefur verið um að staðsetja á Austurlandi. Þessi iðjuver nefni ég hér aðeins sem dæmi af mörgum sem til athugunar eru því að hafa þarf augun opin í athugun slíkra mála. Það er engin vissa fyrir því, fyrr en búið er að gera nákvæmar áætlanir og athuga allar forsendur, hvort hægt er að ráðast í slík fyrirtæki, og ber ekki að leggja slík atriði fram til ákvörðunar fyrr en undirbúningi slíkra mála er lokið.

Um stefnu ríkisstj. í þessum efnum, varðandi uppbyggingu meiri háttar iðnaðar í krafti okkar orkulinda, þarf ég ekki að fjölyrða. Hún er vel kunn. Þar er gert ráð fyrir fyrirtækjum á vegum landsmanna sjálfra. Þar er lögð áhersla á íslenskt forræði í sambandi við þennan þátt atvinnulífs eins og aðra atvinnuuppbyggingu í okkar landi.

Herra forseti. Ég treysti því, að hv. þd. taki á þessu máli velviljað eins og gert hefur verið af þinginu hvað snertir hraða við afgreiðslu málsins. Vissulega get ég tekið undir það, að æskilegt hefði verið að unnt hefði reynst að leggja svo stórt mál fyrir þingið fyrr en raun varð á. En ýmsir þættir, er vörðuðu undirbúning þessara mála, lágu ekki eins skýrt fyrir og æskilegt var talið að mínu mati fyrr en í aprílmánuði og þá var mál þetta tekið fyrir til meðferðar og afgreiðslu í ríkisstj. Nú er stutt til þingloka. Ég treysti á góða samvinnu hv. þdm. við að koma þessu máli fram fyrir þinglok og legg til að því verði vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Hér er um mikilvægt mál að ræða þar sem eru virkjunarmálin. Þau hljóta eðli málsins samkv. að vera í huga okkar og þjóðhagslega eitt það mikilvægasta sem við ræðum um um þessar mundir, enda leynir sér ekki að allur almenningur í landinu lítur svo á. Það má merkja af þeim almennu umræðum sem eru um þessi mál.

Hér er um að ræða spurninguna um það, hvernig við höldum á þeim möguleikum sem við höfum í orkulindum landsins, hvort við ætlum að hagnýta okkur þá stöðu sem hefur verið að koma upp á undanförnum árum, að orkulindir okkar eru alltaf að verða þýðingarmeiri og þýðingarmeiri í ljósi þess, að orkulindir heimsins fara þverrandi og orkuverð fer hækkandi.

Það getur ekki verið neinn ágreiningur um það, að mikilvægasta átakið, sem við gerum nú til efnahagslegrar framsóknar í þessu landi, hlýtur að byggjast mest á því, hvað við gerum varðandi hagnýtingu orkulindanna. Í samræmi við þetta bárum við sjálfstæðismenn í þessari deild fram frv. á þessu þingi um ný orkuver sem við ræddum ítarlega við 1. umr. Ég ætla mér ekki að fara að endurtaka þær umr. Ég vænti þess, að menn hafi enn þá í huga það sem sagt var þar, því að þar var mælt margt sem voru orð í tíma töluð.

Þetta frv. okkar sjálfstæðismanna hefur nú um nokkurt skeið, allmargar vikur, verið til meðferðar í hv. iðnn. Ed. Iðnn. hefur tekið frv. til meðferðar og hefur fengið sérfræðinga á sinn fund frá Landsvirkjun, frá Orkustofnun og frá Rafmagnsveitum ríkisins til þess að fjalla um frv. Mér þykir rétt að það komi hér fram, að hjá þessum sérfræðingum kom fram mjög jákvætt viðhorf til frv. og ekki ábendingar um neina sérstaka galla í veigamiklum atriðum eða þáttum frv. Það má líka geta þess, að fram kom hjá þessum sérfræðingum álit þeirra um eitt af því sem hæstv. iðnrh. fann þessu frv. til foráttu. Ég tek nú kannske of djúpt í árinni þegar ég segi: til foráttu, af því að það var ekki mikið um gagnrýni á sjálft frv. að ræða frá hálfu iðnrh. En það, sem mér virtist hann leggja í því efni mesta áherslu á, var að það væri ekki um að ræða röðun framkvæmda, sem við höfum svo kallað. Þessir sérfræðingar tóku fram í iðnn. óaðspurðir að það væri einmitt einn af helstu kostum frv. Auðvitað byggist það á því sjónarmiði sem ég túlkaði rækilega í umr. um þetta mál, þ. e. að það gæti verið til trafala að njörva niður framkvæmdaröð í löggjöf því að þá gætu verið bundnar hendur stjórnvalda um að taka til hendi hvar sem við verður komið eftir því sem verkefnin liggja fyrir.

Ég sagði að ég ætlaði ekki að fara að ræða þetta frv. okkar sjálfstæðismanna. Ég aðeins vík að því að leggja áherslu í þessum umr. á það sjónarmið okkar sjálfstæðismanna, hve virkjunarmálin eru mikilvæg og að þeim þurfi að hraða. Það var í þessu frv., sem ég vitna til, grundvallaratriði að þeim virkjunarframkvæmdum, sem þar var gert ráð fyrir og væru þær mestu sem um getur í okkar sögu, verði lokið á 10 árum. Nú skyldi maður halda að hæstv. ríkisstj. hefði fyrir löngu verið búin að leggja fram frv. um virkjunarframkvæmdir og ekkert kannske óeðlilegt að hún hefði verið búin að gera það áður en við sjálfstæðismenn sáum að við svo búið gat ekki setið.

Frv. ríkisstj., sem við hér ræðum, kemur fram á síðustu dögum þingsins. Það eru ekki góð vinnubrögð, svo að ekki sé meira sagt. Ég skildi hæstv. iðnrh. hér áðan á þann veg að hann skildi þetta. En það sem mér og ég held öðrum hljóti að vera erfiðara að skilja, er hvers vegna þessi dráttur hefur verið á því, að ríkisstj. bæri fram frv. um þetta efni. Maður hefði skilið það ef þetta frv. væri þess eðlis og borið vott um það, að því lægi að baki mikil vinna og stórar ákvarðanir væri verið að taka samkv. frv. En því er ekki að heilsa. Frv. ber með sér að svo er ekki. Í því sambandi vil ég á þessu stigi málsins láta mér nægja að víkja að tveim atriðum sem ég tel að hefðu orðið að koma fram í þessu frv. eða frumvarpið að kveða á um stefnuna í þeim málum. En það gerir það alls ekki.

Þessi tvö atriði eru í fyrsta lagi orkunýtingarstefna og í öðru lagi hraði framkvæmda. Það er nauðsynlegt að hafa einhverja orkunýtingarstefnu því að það hlýtur að vera grundvöllur fyrir þeim aðgerðum sem við leggjum til eða ætlunin er að framkvæma í virkjunarmálunum. Auðvitað getur orkunýtingarstefnan verið með mismunandi hætti. Það getur í hugum sumra orkað tvímælis hver stefna er rétt í því efni. Menn geta haft mismunandi skoðanir og stefnur um þau atriði. Það má segja að við það sé ekkert að athuga. En það er mikið að athuga við það þegar ekki er um neina orkunýtingarstefnu að ræða.

Það er stefna út af fyrir sig að miða framkvæmdir okkar í virkjunarmálunum við það, að fullnægt verði heimilisnotkun, notkun raforku til húshitunar og til almenns iðnaðar, eins og þessi notkun er áætluð í orkuspá. Það er stefna út af fyrir sig. En ef það er stefnan, þá er ekki raunhæft að vera að tala um virkjanir nema sem svarar þeirri orku sem þarf til þess að framkvæma þessa stefnu. Ef þessa stefnu ætti að hafa þurfum við ekki að vera að tala um svo margar og miklar virkjunarframkvæmdir sem eru í þessu frv.

Hins vegar ef við gerum till. um stórkostlegar virkjunarframkvæmdir, virkjunarframkvæmdir á skömmum tíma, sem eru jafnmiklar og raunar meiri en allt vatnsafl sem virkjað er á Íslandi í dag, þá er það algerlega óraunhæft nema gera sér grein fyrir, marka og ákveða orkustefnu, sem þýðir að það sé markaður fyrir þessa orku. Þetta frv. gerir það ekki. Það er tæpt á mörgum og miklum virkjunarframkvæmdum, en í mínum huga er þetta marklaust meðan orkunýtingarstefna í samræmi við slíkar fyrirætlanir liggur ekki fyrir.

Hitt atriðið, sem ég vildi sérstaklega minnast á sem vansmíði á þessu frv., er að í því er ekkert kveðið á um hraða framkvæmda, að þeim skuli hraðað eða stuðlað að því, að framkvæmdum sé hraðað. Það er alger óþarfi að vera að samþykkja einhver pappírsgögn á hinu háa Alþingi varðandi virkjunarmál ef ekki er litið á þann þátt sem varðar hraða framkvæmda, vegna þess að hraðinn er mjög þýðingarmikill ef okkur er alvara með allt tal okkar um það, hve miklu varði að nota nú sem best þá möguleika sem við höfum með hagnýtingu orkulindanna.

Þetta vildi ég segja almennt um þetta frv. sem hér liggur fyrir áður en ég vík að nokkrum sérstökum atriðum, án þess þó að ég ætli mér hér að fara að ræða ítarlega hverja grein frv. En þau atriði, sem ég ætla hér að koma inn á við 1. umr., eru ákaflega þýðingarmikil þegar við leggjum mat á gildi þessa frv. Það er þýðingarmikið þegar við 1. umr. að fá skýringar og svör við ýmsum spurningum sem hljóta að koma upp í huga okkar við lestur þessa frv.

Ég vík þá fyrst að upphafsorðunum í frv. þessu, upphafi 1. gr. frv., en þar segir að Landsvirkjun sé heimilt, að fengnu samþykki ríkisstj., að stækka Hrauneyjafoss-

virkjun í allt að 280 mw. afl og stækka Sigölduvirkjun í allt að 200 mw. afl. Hér segir að Landsvirkjun sé heimilt, að fengnu samþykki ríkisstj. Ég hnýt um þetta orðalag: „að fengnu samþykki ríkisstj." Hvers vegna geri ég það? Vegna þess að í — ég ætla — öllum heimildarlögum hliðstæðum, þar sem veitt er heimild til ákveðins fyrirtækis um virkjunarframkvæmdir, er einungis talað um að heimila viðkomandi virkjunarfyrirtæki þær framkvæmdir sem um er að ræða. Það er ekki hnýtt aftan í: „að fengnu samþykki ríkisstj." Það er rétt í þessu sambandi að vísa sérstaklega til þeirra heimildarákvæða sem eru í gildi í lögum nr. 59/1965, um Landsvirkjun, þar sem Landsvirkjun er heimiluð virkjun við Sigöldu og Hrauneyjafoss.

Nú leikur mér hugur á að vita hvað þetta þýðir: heimilt að fengnu samþykki ríkisstj. Hvað þýðir þetta: „að fengnu samþykki ríkisstj.?" Er hér átt við ríkisstj. sem eignaraðila eða fulltrúa eignaraðila í Landsvirkjun? Ef svo er, þá spyr ég: Hvers vegna á þá ekki að fá samþykki annarra eignaraðila Landsvirkjunar? Ég óska eftir því að fá svör við þessu ef um þetta er að ræða. Enn fremur verð ég að segja, ef um þetta er að ræða, hefði þá ekki verið óþarfi að taka þetta fram. Liggur það ekki í hlutarins eðli, ef einum aðila er veitt heimild til þess að gera eitthvað, að þá geri hann það ekki nema með samþykki eignaraðila. Ég verð að segja það. Þess vegna kemur mér í hug að það geti verið önnur skýring á þessu orðalagi, og vil ég nú spyrja hæstv. iðnrh. hvort hún kunni að vera rétt. Ef ekkert stæði hér um samþykki ríkisstj., þá mundi fara um framvindu þessara mála að því er varðar ríkisvaldið að þar kæmi iðnrh. fram í nafni þess. Því að þessi mál heyra undir iðnrh. Getur þetta orðalag þýtt að hér sé gert ráð fyrir að taka það vald úr hendi iðnrh., sem eðlilegt er að hann hefði varðandi framkvæmd þessara mála, og flytja það í hendur ríkisstj.? Ég veit ekki, þess vegna spyr ég. Þegar í mínum augum er svo fáránlegt ákvæði sett í frv. sem hér er um að ræða, þá geta komið upp margs konar spurningar í hugann. En ég skal ekki tíunda hér fleiri að sinni a. m. k.

Ég vík þá að öðru ákvæði í 1. gr. frv., en það er um að Landsvirkjun sé heimilt að tryggja rekstur orkuveranna á Þjórsársvæðinu og koma vinnslugetu þeirra í eðlilegt horf, m. a. með Kvíslaveitu, stækkun Þórisvatnsmiðlunar og stíflu við Sultartanga. Ég verð að segja að mér kemur þetta ákvæði einkennilega fyrir sjónir. Hvers vegna? Vegna þess að í lögum um Landsvirkjun, nr. 59/1965, nánar í 6. gr. þeirra laga, sýnist mér að sé heimild fyrir Landsvirkjun til þess að gera það sem hér er tíundað. Hvað á það að þýða, ef það er rétt, að taka þetta ákvæði upp? Er það ekki nokkuð vafasamt að vera að gera því skóna, að Landsvirkjun hafi ekki haft heimild áður til þess að hagnýta sér ákvæði um þetta efni sem eru í gildandi lögum um Landsvirkjun? Ég hefði haldið að það væri eðlilegra og heppilegra fyrirkomulag að hafa slík almenn ákvæði í lögum um Landsvirkjun eins og sett var 1965, en ekki að fara að taka slík ákvæði upp við einhverja einstaka virkjun eða virkjanir sem kunna að vera samþykktar. Ekki meira um þetta atriði.

En ég held áfram og vil þá víkja að því sem enn segir í 1. gr. frv. eins og það liggur nú fyrir. Það er um það, að ríkisstj. sé heimilt að semja við Landsvirkjun m. a. um að reisa og reka eftirtaldar vatnsaflsvirkjanir, þ. e. virkjun Blöndu, virkjun Jökulsár í Fljótsdal og virkjun Héraðsvatna við Villinganes. Ég er allhugsandi út af þessu ákvæði og mig grunar að svo geti verið um fleiri. Það er af ýmsum ástæðum, vegna þess að þetta mál, þegar grannt er skoðað, hlýtur að snerta mjög skipulag rafmagnsframleiðslunnar í landinu. Nú er það mál sem á undanförnum árum hefur verið mikið rætt og það hefur verið ágreiningur um þau efni í sumum greinum, m. a. milli núv. hæstv. forsrh. og hæstv. iðnrh. En menn hafa verið sammála um að það væri nauðsynlegt að hafa heildarskipulag á raforkuframleiðslunni. Um það hafa menn verið sammála. Menn hafa deilt um það m. a., hvort ætti að lögfesta að eitt fyrirtæki hefði alla meginraforkuframleiðsluna á sinni hendi, en öðrum fyrirtækjum væri bannað það. Um þetta hafa menn deilt m. a. En ég hélt að menn hefðu verið nokkuð sammála um það eða það hefði legið í loftinu, að hvort heldur skipulagið sem tekið væri upp þyrfti að kveða á um það með lögum, í almennri löggjöf um þessi efni, enda liggja fyrir tillögur um það frá þeim, sem vilja hafa eitt orkufyrirtæki og einnig frá hinum, sem vilja hafa visst frjálsræði, en þó skipulag í þessum efnum. Nú sýnist mér að það sé horfið frá því að setja ákvæði í lög um skipulag orkuframleiðslunnar, heldur á að fara þá leið að semja við Landsvirkjun um þetta.

Ég held að þetta þurfi nánari athugunar við, enda virðist ríkisstj. eða hæstv. iðnrh., sem sjálfsagt ber ábyrgð á þessu eins og frv. í heild, gera því skóna, að þetta takist ekki, það takist ekki að semja við Landsvirkjun. Ef það tekst ekki geti það fallið í hlut Rafmagnsveitna ríkisins að vera virkjunaraðili að þeim virkjunum sem hér um ræðir. Að vísu má álykta sem svo samkv. orðalagi frv. eins og það er núna að samningar við Landsvirkjun geti tekið svo langan tíma að eiginlega verði hlutverk Rafmagnsveitna ríkisins einungis það að hafa með höndum rannsóknir og hönnun undirbúningsframkvæmda. Í þessu orðalagi getur falist að það eigi aldrei að koma til þess, að RARIK annist framkvæmdirnar. Hvað skeður þá ef samningar takast ekki? Það væri fróðlegt að heyra túlkun hæstv. iðnrh. á þessu þýðingarmikla atriði.

En áður en ég hverf frá þessu vil ég vekja athygli á því, að í þessu frv. eru útilokaðir möguleikar fólksins úti á landsbyggðinni, sveitarfélaganna úti um land, að taka þessi mál í eigin hendur ef fólkið vill, ef sveitarfélögin vilja. Ég er ekki fortælandi þess, að það eigi að fyrirskipa að stofnuð verði landshlutafyrirtæki því að eðli málsins samkv. er að mínu viti ekki hægt að gera það nema viðkomandi sveitarfélög og fólkið þar vilji það og óski eftir því. En ég spyr enn þá einu sinni: Hvers vegna í ósköpunum má það ekki vera leyfilegt ef þessir aðilar vilja taka að sér þessi verkefni og ef þeir geta það? Og nú, ef hæstv. iðnrh. á erfitt með að skilja sjónarmið mín í þessu, sem ég skal ekkert um segja þó að hann ríghaldi sér í þessa útilokunarstefnu gagnvart landsbyggðarfólkinu, má ég þá spyrja hæstv. viðskrh., sem sekkur sér nú niður í lestur þess frv. sem við erum núna að ræða: Hefur hann nokkuð að athuga við það, að löggjöfin sé á þann veg að fólkið úti á landsbyggðinni, sveitarfélögin þar, megi í samvinnu við ríkið í formi landshlutafyrirtækja láta þessi mál til sín taka í því formi að reisa og reka virkjanirnar? Mér er algerlega óskiljanlegt hvers vegna á að útiloka þennan möguleika ef hann er fyrir hendi. Við eigum væntanlega eftir að heyra eitthvað um þetta efni síðar í umr. um þetta mál.

Ég sagði að ég ætlaði ekki að fara að ræða ítarlega

hverja grein frv. við þessa umr., en víkja að nokkrum atriðum sem hefðu almennt gildi fyrir mat okkar á frv. í heild. Ég hef ekki enn lokið því, en það líður senn að því að ég hafi talið þessi atriði upp. Ég kem þá enn að einu atriði sem er í 1. gr. frv. eins og það liggur núna fyrir. Það er um að ríkisstj. geti heimilað Rafmagnsveitum ríkisins, Landsvirkjun og Orkubúi Vestfjarða að reisa varastöðvar með samtals allt að 50 mw. afli á næstu 10 árum í því skyni að tryggja viðunandi öryggi notenda gagnvart bilunum. Hvers vegna minnist ég á þetta atriði? Einfaldlega vegna þess að það kemur upp sú spurning í mínum huga, hvers vegna verið sé að taka þetta ákvæði upp. Ég stend í þeirri meiningu, að það hafi ekki viðgengist að það væru sett lög á Alþingi ef einhver orkuveita keypti dísilvél til þess að koma sér upp varaafli. Hins vegar er í orkulögum ákvæði um það, að lagaheimild þurfi til þess, eins og það er orðað þar, að reisa og reka orkuver sem er stærra en 2 mw. eða 2000 hestöfl. Ég veit ekki til þess að þessu ákvæði hafi verið beitt nema þegar um vatnsaflsvirkjanir er að ræða. Þá þarf að reisa mannvirki, eins og við vitum. En það hefur ekki verið til þess að koma upp varaafli í formi dísilstöðva. Þegar talað er um varaafl í þrengri merkingu, og ég held að það verði að leggja þá merkingu í þetta, þá er átt við varaafl sem er á staðnum á þéttbýlisstöðunum og fengið er einmitt með vélum sem þar eru settar upp. Væntanlega gefur iðnrh. skýringu á þessu.

Ég skal nú ekki víkja að fleiri atriðum í 1. gr. frv., en vil víkja að einu atriði sem er í 2. gr. frv. og mér þykir þess eðlis, að það sé nauðsynlegt að veita því athygli við 1. umr. og freista þess að fá skýringar frá hæstv. iðnrh. á þessu ákvæði eins og það stendur nú í frv. Það er um að tillögur um framkvæmdir við nýjar vatnsaflsvirkjanir og virkjunaráfanga, þ. á m. um framkvæmdaröð, skuli lagðar fyrir Alþingi til samþykktar. Mér er ekki alveg ljóst hvað þetta þýðir. Sérstaklega hnýt ég um virkjunaráfanga. Heyrir þá undir þetta ákvæði þegar bætt er við t. d. nýjum áfanga við Hrauneyjafossvirkjun, að meðferð á því máli eigi að vera samkv. þessum fyrirmælum? Þegar um er að ræða nýjar virkjanir, sem oft eru stórar og eru oftast í fleiri en einum áfanga, á þá að leita eftir samþykki Alþingis fyrir hverjum áfanga um sig? Það er þýðingarmikið að fá að vita hver er skilningur hæstv. ráðh. og hvað frv. meinar með þessu, vegna þess að hagkvæmni einnar virkjunar fer eftir öllum áföngum hennar. Hvers vegna er þá verið að tala hér um hvern áfanga? Eru menn kannske að gera því skóna, að Alþingi samþykki 1. áfanga og 3. áfanga, en felli 2. áfanga? Ég vildi gjarnan fá skýringar á þessu ákvæði.

Ég skal ekki koma inn á fleiri einstök atriði í bili sem ég óska sérstaklega að fá skýringar við. En það er augljóst og leiðir af því, sem ég hef þegar sagt, að þetta frv. er algerlega ófullnægjandi til þess að svara þeim þörfum sem svara þarf í orkumálum og virkjunarmálum í dag. Hér er ekki um annað að ræða en upptalningu á nokkrum möguleikum. Það er ekki gefin bein heimild til ákveðinna fyrirtækja um ákveðnar framkvæmdir. Það eru ekki gefin fyrirmæli um neitt. Ef heimild er nefnd á nafn, þá er hnýtt aftan í það að koma þurfi til samþykki ríkisstj. eða að það þurfi að semja við Landsvirkjun og því gerðir skórnir, að það sé ekkert víst hvernig um það fari. Því miður er það sorgarsaga hvernig þessi mál standa í dag. Það er fullkomið ráðleysi, fullkomið stefnuleysi og að því er virðist, þegar grannt er skoðað, fullkomin uppgjöf til raunhæfra aðgerða í þessum málum. Þegar ég tala um raunhæfar aðgerðir á ég við aðgerðir sem svara þeim kröfum að virkjunarframkvæmdum sé flýtt svo sem kostur er.

Nú sagði hæstv. iðnrh., að hann vænti breiðrar samstöðu um þetta mál, og óskaði eftir góðri samvinnu. Það hafa fleiri gert en hæstv. iðnrh. að óska eftir góðri samvinnu og víðtækri samstöðu um þessi mál. Það vildi svo til að ég lagði sérstaka áherslu á þetta þegar ég fyrr í vetur mælti fyrir frv. okkar sjálfstæðismanna um ný orkuver. Meira að segja lét ég orð falla á þá leið, að ég sæi ekki annað eftir ummælum ráðh. hér við þá umr. heldur en það ætti að vera möguleiki á þessu, og þá undanskildi ég ekki hæstv. iðnrh. þó að ég leyfði mér að benda sérstaklega á hæstv. viðskrh. Ég hafði þau ummæli um ræðu hæstv. viðskrh. í þeim umr., að hún væri svo góð að ég gæti ekki betrumbætt hana sem framlag til stuðnings við frv. okkar sjálfstæðismanna. En þessar vonir mínar um samvinnu, breiða samstöðu, eins og hæstv. iðnrh. orðar það, hafa brugðist. Ég hef ekki orðið var við nokkurn vilja af hálfu hæstv. iðnrh. til þess að hafa uppi neina samvinnu við stjórnarandstöðuna í þessum efnum. Það gat vel komið til greina að það væri athugað t. d. að frv., sem naut hér í umr. svo víðtækrar samstöðu sem ég var að nefna áðan, frv. okkar sjálfstæðismanna, hefði getað verið einhver grundvöllur fyrir viðræðum um þetta efni. En ríkisstj. hefur með meirihlutaaðstöðu sinni svæft það mál í iðnn. Ed. Ef það á að vera samvinna í þessum efnum verður viðleitni til þess að vera gagnkvæm. En því miður er þetta frv., eins og það er hér lagt fram, ekki sniðið að þeim þörfum að geta orðið grundvöllur fyrir samstöðu um þetta mál. Að sjálfsögðu munum við sjálfstæðismenn freista þess að bæta það, en ef það tekst ekki getur ekki orðið samvinna um þetta frv.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Það verður ekki of oft ítrekað, að forsendurnar fyrir því að leggja í stórvirkjanir eru tryggur, öruggur og hagkvæmur markaður. Fram hjá þessu hefur í raun og sannleika verið gengið að öllu leyti í þeim tillögum sem hæstv. iðnrh. hefur lagt fram. Við Alþfl.-menn höfum lagt mjög ríka áherslu á það, að til þess að ná árangri á þessu sviði þurfi áformin að því er varðar virkjanir og að því er varðar orkufrekan iðnað að fylgjast að og undirbúningur undir hvort tveggja að vera á sama stigi. Það hefur áreiðanlega hamlað framgangi þessa máls, að hæstv. iðnrh. og ríkisstj. hafa ekki treyst sér til þess að marka hér neina stefnu sem hald sé í.

Hæstv. iðnrh. hefur gert mikið úr því, að mál væru vel undirbúin í hans rn., og hann hefur minnt á að það hafa verið samdar skýrslur t. d. um magnesíumframleiðslu og um kísiljárnsframleiðslu. Ég hef blaðað nokkuð í þessum skýrslum og ég verð að segja að það er heldur mögur ákvarðanataka sem í þessari skýrslugerð felst. Ég skal að vísu viðurkenna að ef það að taka upp nýja tegund af stafsetningu telst vera mikið afrek, þá má segja að kísiljárnsskýrslan sé af því tagi þar sem ufsilon er látið koma fyrir á hinum ólíklegustu stöðum í íslenskri tungu. Það var nú kannske það sem vakti ekki síst athygli mína í sambandi við þá skýrslu. Ég held að það sé óhætt að segja varðandi stöðu mála í kísiljárnsframleiðslunni, a. m. k. að því er birst hefur okkur í þessari skýrslugerð, að það verði að teljast ákaflega skammt á veg komið.

Það hefur líka af hálfu hæstv. iðnrh. verið vitnað í skýrslu sem nefnist Magnesíumframleiðsla — forsendu-

athugun. Það er komið víða við í þessari skýrslu. En það er athyglisvert, að það er heildarniðurstaða skýrslunnar að það þurfi að koma upp viðbragðsstöðu. Þetta er nýyrði, að ég trúi, í sambandi við það, hvernig menn taka á þessum málum, en hugsunin er mjög góð. Ég tel að það, sem þarna er verið að tala um, eigi við í verulegum mæli um þann orkufreka iðnað sem við þurfum að ráðast í, þ. e. að menn þurfi að vera til þess búnir að geta tekið þeim álitlegu verkefnum sem berast. En þó að hér sé lagt til að vera í viðbragðsstöðu eða koma upp viðbragðsstöðu, eins og það er nefnt, þá held ég að þessi skýrsla gefi ekki tilefni til þess að álíta að svo sé í sambandi við magnesíumframleiðslu.

Ég ætla ekki að fjölyrða frekar um þessa skýrslu, en þar er margt nýyrða, svo sem varðandi starfsemisaðstöðu, forsendur, sambýlisforsendur og markaðsinnkomu, sem hefði í sjálfu sér verið ástæða til þess að fjalla efnislega um.

Ég gat þess hér í upphafi, að það væri alger forsenda fyrir því að tala um virkjun í stórum stíl að gera sér grein fyrir að þá þarf að fylgjast að orkufrekur iðnaður og virkjanirnar sjálfar. Sannleikurinn er auðvitað sá, að án uppbyggingar á orkufrekum iðnaði eru allar vangaveltur um stórfelld virkjunaráform út í hött. Þá er líka harla tilgangslaust að vera að tala um röðun, vegna þess að ef ekki er ætlunin að reisa og reka iðjuver, sem byggja framleiðslu sína á stórnotkun raforku, er engin ástæða til stórfelldra virkjunarframkvæmda. Hitt vona ég að öllum sé nú að verða ljóst, að virkjun orkunnar er álitlegasti valkosturinn sem Íslendingar eiga til þess að nýta orkufrek iðnaðartækifæri og fjölga starfstækifærum á Íslandi og treysta þar með lífskjörin. En það, sem um er að ræða, þýðir í rauninni að það verður að taka upp algerlega nýja stefnu í þessum málum. Við Alþfl.-menn höfum talið, að ein meginforsenda þess, að það mætti takast, væri að Alþingi mótaði nýja stefnu að því er varðaði sölu raforku til orkufreks iðnaðar og létti þeirri byrði af hæstv. iðnrh., — byrði sem hann og ríkisstj. hafa sannað að þau ráða ekki við að axla og hafa hvorki getu né áhuga á að leysa af hendi. Þess vegna höfum við lagt til að það yrði valin á Alþingi sérstök orkusölunefnd sem miðaði störf sín við að sala til orkufreks iðnaðar a. m. k. fjórfaldaðist á næstu tveimur áratugum og sérstaklega yrði unnið að því, að fljótlega risi eitt nýtt orkuver á Austurlandi, annað á Norðurlandi og eitt á suðvesturhorni landsins, auk stækkana á þeim orkuverum sem fyrir eru. Það er líka skoðun okkar Alþfl.-manna að virkjanaundirbúningur og framkvæmdir eigi að vera á hendi eins aðila, Landsvirkjunar, sem öll sveitarfélög landsins eigi þess kost að gerast aðilar að.

En það var þetta með viðbragðsstöðuna sem getið var um í magnesíumskýrslunni. Þó að það sé nýyrði að því er mér finnst í þessu samhengi, þá teljum við að til þess að geta nýtt þau tækifæri, sem bjóðast, og til þess að tryggja samfelldar virkjunarframkvæmdir eigi að kappkosta það á hverjum tíma, að fyrir hendi séu fullhannaðir virkjunarvalkostir umfram þær virkjanir sem unnið er að hverju sinni eða eru í rekstri. Með þeim hætti ætti að vera unnt að nýta þau tækifæri sem gefast.

Við Alþfl.-menn höfum líka talið að það ætti að tímasetja og raða þeim framkvæmdum sem efst eru á baugi. Ég hef áður gert grein fyrir því, að við teljum að nýjar virkjanir eða viðbætur við eldri orkuver á Tungnaár-Þjórsársvæðinu upp á allt að 250 mw. ættu að vera nærtækasta verkefnið og nr. 1. Síðan ætti nr. 2 að ráðast í Blönduvirkjun og í þriðja lagi Fljótsdalsvirkjun. Við teljum að tímasetningarnar ættu að vera með þeim hætti, að þær framkvæmdir, sem hér um ræðir á Þjórsár-Tungnaársvæðinu, ættu að geta hafið raforkuframleiðslu á árunum 1983—1985 í áföngum, Blönduvirkjun 1986 og Fljótsdalsvirkjun ætti að geta hafið orkuframleiðslu í áföngum á árunum 1987—1989. Með því að setja stefnuna svona hefðu þeir aðilar, sem sjá um orkusöluna, fasta viðmiðun varðandi það, hvernig þeir héldu á málum. Frá þessari stefnu væri svo ekki vikið nema það kæmi í ljós að ekki tækjust samningar um hagkvæma sölu á þeirri orku sem þannig fengist. Auðvitað verður líka að hafa þann fyrirvara í þessu sambandi, að ef ekki næst samningar um virkjun Blöndu samkv. tilhögun eitt, sem svo er nefnd, eða jafnhagkvæmri tilhögun fyrir mitt sumar, þá yrði Blönduvirkjun frestað, en Fljótsdalsvirkjun hraðað að sama skapi. Með því að ganga frá stefnunni með þessum hætti væri öllum ljóst, hvernig þeir ættu að standa að þessum málum, og gætu snúið sér að því að framkvæma verkin í stað þess að eyða kröftunum í lítilsnýta togstreitu og skýrslugerð, eins og nú hefur verið gert. Eins og hv. deild er ljóst er það t. d. svo, að virkjunaraðilar vita ekkert að hverju þeir eiga að vinna í raun og sannleika og á hvað þeir eiga að leggja sérstaka áherslu. Orkuspárnefnd veit ekki hvernig hún á að spá fyrir um orkusöluna. Þannig hangir þetta allt í algerri óvissu eins og nú er.

Ég tók eftir því, að hæstv. iðnrh. talaði um og taldi hér áðan að nú væri aldeilis mörkuð skýr stefna af hálfu Alþingis með því lagafrv. sem hann mælti fyrir. Ég tel að svo sé alls ekki. Ég tel að hér sé allt í þoku, forsendurnar til að vinna eftir séu ekkert skýrari en þær voru áður og það skorti fullkomlega á að ganga frá málum þannig að þeir aðilar, sem að þessum málum vinna, geti snúið sér að þeim af þrótti.

Ég drap aðeins á það hér áðan líka, að hæstv. iðnrh. talaði oft um vönduð vinnubrögð. Ég felli það hins vegar ekki undir vönduð vinnubrögð að senda Alþingi hvert stórmálið á fætur öðru, þegar fáeinir dagar eru eftir, og ætla Alþingi að afgreiða málin á færibandi. Ég er ekki heldur að öllu leyti sáttur við ýmsar þær skýrslur sem hafa komið frá iðnrn. að því leytinu, að þær séu svo aðgengilegar og skýrar sem nauðsynlegt er og æskilegt er. En hvað sem því líður tel ég, að það eigi að vera hluti af eðlilegum og góðum vinnubrögðum að ætla Alþingi nægan tíma til þess að fjalla um málið með eðlilegum hætti, og á það hefur sannarlega skort nú á þessu þingi þegar framkvæmdin hefur verið sú að demba hér inn a. m. k. einum fjórum málum frá iðnrn. á seinustu dögum þingsins og ætlast til þess, að þau séu afgreidd umræðulítið og athugunarlítið. Ég held að það væri ástæða til þess fyrir hæstv. iðnrh. að endurskoða mat sitt á því, hvað góður undirbúningur og góð vinnubrögð séu.

Ég hef hér rakið í nokkru máli hver við Alþfl.-menn teljum að stefnan eigi að vera í raforkumálunum og í málefnum orkufreks iðnaðar og hvernig að þeim málum eigi að standa. Það verður að segjast að frv. ríkisstj. um þessi efni er hins vegar allt öðru marki brennt. Ég skal ekki fara út í efnisatriði þess að neinu marki hér og nú, enda gerði hv. þm. Þorvaldur Garðar það mjög nákvæmlega. En ég verð að segja að í gegnum það samningamakk, sem sumir hafa nefnt hrossakaup, sem hafa átt sér stað hér í þinginu að undanförnu, hefur mönnum

tekist að búa til setningar sem alls ekki merkja það sem þeir vilja láta þær merkja, og menn eru síðan á harðahlaupum með skýringar á því í nál., að það, sem í lagafrv. stendur, sé alls ekki það sem þar sé, heldur eigi það að þýða eitthvað allt annað. Mér finnast þessi hrossakaup nokkuð dýru verði keypt þegar sú lagasetning, sem menn ætla að setja hér, á að vera af því tagi, að það, sem í henni stendur, sé ekki að marka, heldur verði að taka það til baka í nál. og útskýringum sem þar koma fram. Þetta finnst mér ekki heldur bera vitni um neitt sérlega vönduð vinnubrögð.

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara ofan í efnisþætti þessa frv. núna frekar en svona né heldur að fara ofan í þetta mál að öðru leyti, heldur mun ég gera það við 2. umr. þess hér í þessari hv. deild.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Frv. það til l. um raforkuver, sem hér er til umr., er án efa eitt af stærstu málum sem lögð hafa verið fyrir Alþingi um mörg ár. Þær framkvæmdir, sem gert er ráð fyrir að framkvæma samkv. þessu frv., eru sennilega þær kostnaðarmestu og yfirgripsmestu sem samþykktar hafa verið á Alþingi, e. t. v. um alla tíð. Til marks um það, hvað þessar framkvæmdir eru yfirgripsmiklar, er gert ráð fyrir að heildarstofnkostnaður Blönduvirkjunar verði um 77.4 milljarðar gkr., Fljótsdalsvirkjunar 176.2 milljarðar og Sultartangavirkjunar 108.6 milljarðar, en þessar þrjár virkjanir munu eiga að kosta 362.2 milljarða gkr. Síðan eru ýmsar fleiri framkvæmdir sem gert er ráð fyrir í frv. eins og öllum hv. þm. er kunnugt um.

Ég vil taka undir það sem komið hefur fram hér í ræðum manna, að um svona stórmál sé æskilegt að hafa sem víðtækasta samstöðu á Alþingi vegna þess að þau verða ekki framkvæmd nema á löngum tíma og það er ekki alveg öruggt, þó að ég óski núv. hæstv. ríkisstj. langra lífdaga, að hún verði við völd meðan framkvæmdir samkv. þessu frv. verða framkvæmdar. Þess vegna kallar það á að það sé sem víðtækust samstaða á Alþingi um svona mál.

Samkv. 1. gr. þessa frv. er Landsvirkjun heimilt að fengnu samþykki ríkisstj. að stækka Hrauneyjafossvirkjun í allt að 280 mw. afl, að stækka Sigölduvirkjun í allt að 200 mw. afl, að gera ráðstafanir sem nauðsynlegar þykja til að tryggja rekstur orkuveranna á Þjórsársvæðinu og koma vinnslugetu þeirra í eðlilegt horf, m. a. með Kvíslaveitu, stækkun Þórisvatnsmiðlunar og stíflu við Sultartanga, að virkja á ármótum Þjórsár og Tungnaár við Sultartanga, Sultartangavirkjun, með allt að 130 mw. afli. Ríkisstj. er og heimilt að semja við Landsvirkjun m. a. um að reisa og reka eftirtaldar vatnsaflsvirkjanir, uns þeir samningar hafa tekist skulu Rafmagnsveitur ríkisins hafa með höndum rannsóknir, hönnun og undirbúningsframkvæmdir í nánu samráði við Landsvirkjun: Virkjun Blöndu í Blöndudal, Blönduvirkjun, með allt að 180 mw. afli, virkjun Jökulsár í Fljótsdal, Fljótsdalsvirkjun, með allt að 330 mw. afli, virkjun Héraðsvatna við Villinganes, Villinganesvirkjun, með allt að 40 mw. afli. Fleiri heimildir eru og í 1. gr. frv.

Um það mál, sem mikið er rætt og ritað, í hvaða röð eigi að ráðast í þessar framkvæmdir, þá er gert ráð fyrir því í 2. gr. frv., en 1. og 2. gr. frv. breyttust nokkuð í meðförum Nd. og það er til bóta að mínu mati, — þá er gert ráð fyrir því, að áður en tekin er ákvörðun um framkvæmdaröð af Alþingi skuli liggja fyrir greinargerðir frá Landsvirkjun, Orkustofnun, Rafmagnsveitum ríkisins og öðrum þeim aðilum, sem ríkisstj. kveður til, um þjóðhagslega hagkvæmni virkjunarleiða og þýðingu þeirra fyrir raforkukerfi landsins. Ég álít, að það séu aðallega tvö sjónarmið, sem þarna komi til greina og hljóti að ráða úrslitum um röðun. Það er í fyrsta lagi þjóðhagsleg hagkvæmni og það eru í öðru lagi öryggissjónarmið. Ég held að þeirri skoðun hafi vaxið fylgi á seinni árum, að það sé skynsamlegt og nauðsynlegt fyrir þjóðina að virkja eða reisa stórt orkuver utan eldvirku svæðanna og það geti verið varhugavert að hafa ekki varaafl til ef eitthvað það gerist á svæði Þjórsár sem hefur truflandi áhrif á orkuverin þar.

Til þess að gera sér grein fyrir hvaða stefnumörkun í virkjunarmálum felst í þessu lagafrv. vísa ég í fyrsta lagi til þess, sem segir í grg., að framkvæmdatíminn sé 10—15 ár, og til áréttingar á þessu, að samkomulag varð um það í ríkisstj. að stefnt sé að því að ljúka framkvæmdum samkv. frv. á 12 árum. Þetta er ótvíræð stefnumörkun í þessum málum og gefur að sjálfsögðu til kynna hver hraðinn þarf að vera til þess að þetta sé unnt. Og það er ekki að mínu mati rétt hjá hv. stjórnarandstæðingum, að það felist ekki stefnumörkun í málinu. Það er ekki rétt. Þetta er aðalviðmiðunin sem þarna er um að ræða.

Ég er þeirrar skoðunar, að það sé ekki hyggilegt með tilliti til okkar hagkerfis og ástands í efnahagsmálum að hafa öllu meiri hraða á en hér er stefnt að. Ég hef rætt um það við ýmsa málsmetandi menn og þeir eru mér sammála í því efni. Ég held t. d. að það sé of mikill hraði að ljúka þessum virkjunaráformum, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., á 8 árum, það mundi beinlínis skapa of mikla þenslu í okkar efnahagskerfi því að hér eru gífurlegar framkvæmdir. (**ÞK:** Hvaða frv. áttu við?) Ég á við þær mismunandi áherslur sem menn hafa lagt á í sambandi við hraða þessara virkjanaframkvæmda. (Gripið fram í.) Ég veit það. Sjálfstfl. hefur talað um 10 ár. En ég dreg það í efa að það sé skynsamlegt að hafa meiri hraða á varðandi þessar framkvæmdir allar heldur en 12 ár. Ég dreg það í efa.

Í öðru lagi segir um stefnumörkunina í þessu frv. á bls. 4, með leyfi hæstv. forseta, að eðlilegt sé að landsmenn setji sér það markmið að jafna orkureikninginn gagnvart útlöndum fyrir lok aldarinnar, sumpart með framleiðslu á eldsneyti hér innanlands eftir því sem hagkvæmt getur talist og með tilliti til öryggis í orkumálum svo og með útflutningi orkufrekra afurða til gjaldeyrisöflunar. Með þessu væri jafnframt náð því markmiði, að þjóð, sem býr ríkulega að orku að tiltölu við fólksfjölda eins og Íslendingar, gangi ekki á orkuforða annarra þjóða. Hér er einnig viðmiðun. Það er alveg rétt hjá hv. þm. Agli Jónssyni, að það er ekki ein viðmiðun, sem þarna er um að ræða. Þetta er ekki aðeins neglt í frv., þetta er geirneglt. (**EgJ:** Lestu svolítið ofar á bls.) Hér er alveg greinileg viðmiðun í þessum efnum varðandi hraðann og varðandi þá stefnu sem felst í þessu frv. Auðvitað verður að meta stefnuna, sem felst í frv., með tilliti til þess, sem segir í grg., og þess, sem frá ríkisstj. kemur um málið.

Þá er það merkilegt við þetta frv., sem hæstv. iðnrh. hefur raunar gert að umræðuefni og kemur fram í grg. fyrir frv., að hér er í fyrsta sinn leitað lagaheimildar fyrir meiri háttar virkjun utan Suðvesturlandsins. Eins og ég hef áður tekið fram er það að mínu mati mjög hyggileg stefna með tilliti til öryggis í þessum þýðingarmiklu málum. Það er engin spurning um það, að dreifing stórra

virkjana um landið eykur öryggi í orkumálum og hringtenging landsins eða samtenging orkuveranna nýtir betur hina mismunandi eiginleika íslenskra fallvatna til orkuframleiðslu.

Það hefur verið rætt talsvert í þessum umr. um orkufrekan iðnað, og það fer auðvitað ekkert á milli mála að það er gert ráð fyrir honum í þessu frv., eins og ég var raunar að lesa áðan úr grg. fyrir frv. Ég hafði fyrir mitt leyti áður gert grein fyrir þeirri heildarstefnu sem ég álít að sé skynsamleg í þessum málum á næsta áratug og áratugum, og hér eru menn auðvitað að hugsa um alllangan tíma. Það verður að hafa í huga þegar þessi mál eru rædd.

En varðandi orkufrekan iðnað hefur komið til tals talsvert um orkufrekan iðnað á Austurlandi. Þar hafa viðhorf manna í þeim efnum mjög breyst frá því sem var fyrir tiltölulega fáum árum. Menn hafa miklu meiri áhuga á orkufrekum iðnaði þar eystra heldur en var fyrir stuttu. Í því sambandi er þó rétt að geta þess, að mönnum er auðvitað ljóst að ef slíkur orkufrekur iðnaður er of stór getur það leitt til byggðaröskunar, og þess vegna er það að menn hafa í huga orkufrekan iðnað af þeirri stærð sem samrýmist þeim staðháttum sem eru á Austurlandi.

Þegar þetta mál var til meðferðar í ríkisstj. bar ég fram till. um að við fyrri áfanga Fljótsdalsvirkjunar verði gert ráð fyrir orkufrekum iðnaði á Austurlandi og að það kæmi fram í grg. fyrir frv. Með því að iðnrh. féllst á að láta efni þessarar till. koma fram í framsöguræðu á Alþingi samþykkti ég að standa að framlagningu málsins.

Ég legg mikla áherslu á það, að þegar virkjunarkostirnir þrír, þ. e. Fljótsdalsvirkjun, Blanda og Sultartangavirkjun, verða bornir saman, þá fylgi Fljótsdalsvirkjun orkufrekur iðnaðarkostur á Austurlandi sem sjálfsagt verður staðsettur á Reyðarfirði. Ég óttast það og hef látið þá skoðun í ljós áður, að ef svo yrði ekki væri Fljótsdalsvirkjunin nánast úr leik í fyrstu lotu. En það kemur auðvitað í ljós þegar þessir kostir verða bornir saman.

Ég vil að lokum — og skal ekki lengja mál mitt mikið — gera í örstuttu máli grein fyrir stefnu Framsfl. í þessum þýðingarmiklu málum í aðalatriðum.

Þá er það í fyrsta lagi, að Framsfl. leggur á það höfuðáherslu að stefnt verði að því að orkukostnaður um allt landið verði jafnaður og í því skyni lögð áhersla á að tengja saman raforkukerfi einstakra landshluta og tryggja þannig sem hagkvæmastar framkvæmdir og rekstur með samkeyrslu allra orkuvera og dreifikerfa. Þetta er undirstöðumál í okkar stefnu. Og þegar orðið er ástatt í orkumálum eins og nú er og öllum er orðið ljóst, þá er það alveg óruggt og áreiðanlegt, að ef orkuverðið er misjafnt svo að einhverju nemur í landinu, þá hlýtur það að hafa í för með sér byggðaröskun í talsvert stórfelldum mæli þegar tímar líða. Ég álít því að það sé undirstöðuatriði að orkuverðið sé svipað um allt landið. Og ég álít að þeir, sem viðurkenna ekki það sjónarmið, séu — ja, ég vil segja: ójafnaðarmenn, hreinlega ójafnaðarmenn, og ekki hægt að ætlast til þess að menn geti búið við mikinn mismun í þessum efnum. Hann er býsna mikill í dag og skal ég ekki fara út í það við þetta tækifæri. En þetta er grundvallaratriði í stefnu okkar framsóknarmanna varðandi orkumál.

Í öðru lagi leggjum við áherslu á það, að unnið verði að því að koma á fót einu fyrirtæki sem annist alla meginraforkuvinnslu og flutning raforku á milli landshluta og ríkisstj. taki í þessu skyni upp samninga við Landsvirkjun og Laxárvirkjun, Andakílsárvirkjun, Rafveitu Vestmannaeyja, Rafveitu Siglufjarðar og aðrar rafveitur, sem eiga og reka orkuver, um sameiningu slíks rekstrar í einni landsveitu og aðilar að þessu fyrirtæki og stjórn þess verði ríkissjóður og landshlutaveitur. Hef ég þá svarað þeirri fyrirspurn sem hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson lagði fyrir mig áðan, hvernig við hugsum okkur þetta. Við teljum að þessar framkvæmdir séu svo risavaxnar á okkar mælikvarða að nauðsynlegt sé að það sé einn stór og sterkur aðili sem að þessu standi, en þá fái menn aðild að því máli, sveitarfélög, landshlutar o. s. frv.

Í þriðja lagi teljum við að það þurfi að koma á fót landshlutaveitum sem annist alla dreifingu og sölu á raforku í viðkomandi landshluta og landshlutaveitur þessar geti einnig annast rekstur hitaveitna, þær sjái um framkvæmdir sem nauðsynlegar eru vegna viðkomandi rekstrar.

Þetta eru helstu atriðin í stefnumörkun okkar framsóknarmanna í orkumálum. Það eru auðvitað mörg fleiri atriði sem þarna koma til álita, en ég nefni þessi sérstaklega við þetta tækifæri.

Að lokum vil ég svo ljúka máli mínu með því að vísa til samþykktar sem gerð var á aðalfundi miðstjórnar Framsfl. 5. apríl s. l. Hún er svohljóðandi með leyfi hæstv. forseta:

„Auka þarf framkvæmdir í orkumálum til eflingar atvinnulífsins og vegna stórhækkaðs verðs á olíu. Á næstu tíu til tólf árum verði ráðist í nýjar virkjanir í Blöndu, Fljótsdal og við Sultartanga. Jafnframt verði unnið að hagnýtingu háhitasvæðanna. Raforka þessara virkjana á að mæta almennri þörf landsmanna sem sífellt fer vaxandi, en auk þess skal hún hagnýtt á hvern þann hátt sem hún með arðbæru móti getur komið í stað innfluttrar orku og einnig sem grundvöllur að auknum iðnaði í landinu, þ. á m. orkufrekum iðnaði. Í þessu sambandi vísast til samþykktar 17. flokksþings og ítarlegra ályktana seinasta miðstjórnarfundar um orkumál."

Ég taldi rétt við þetta tækifæri að rifja upp höfuðatriðin í stefnu Framsfl. í þessum málum, þessum stóru málum og þessum þýðingarmiklu málum, vegna þess að þau eru svo mjög til umræðu í þjóðfélaginu, bæði hér á hv. Alþingi og í fjölmiðlum um þessar mundir, sem eðlilegt er þegar verið er að fjalla um þessi mál hér á Alþingi.

Egill Jónsson: Herra forseti. Þau eru nú komin hér til umræðu orkumálin og er reyndar vonum seinna, og það vekur í rauninni mikla athygli, að frá áformuðum lokum Alþingis á þessum vetri og þessu vori þurfti að víkja svo að það væri hægt að koma þessum málaflokki og þessari löggjöf áfram hér í gegnum Alþingi. (**StJ:** Fyrir þvermóðsku þingmannsins meðal annars.)

Það er þá vert að rekja það aðeins hér og ekki síst vegna þessara skýringa sem hingað hafa borist, með hvaða hætti hafa verið gefin fyrirheit um að þessi mál bærust hér til umr. á Alþingi. En það fyrsta, sem var um talað í þeim efnum, var að tillögur ríkisstj. ættu að liggja fyrir fljótlega eftir að jólaleyfi alþm. lyki, og gott ef ekki voru gefin fyrirheit um það, að í því jólaleyfi yrðu þau mál alveg sérstaklega undirbúin. Þegar það stóðst ekki var talað um að þessar till. ættu að leggjast fyrir Alþingi í kringum miðjan marsmánuð, og þegar það stóðst ekki var talað um að þær ættu að hafa borist hingað á borð alþm. fyrir páska. Þegar ekki varð af því var fresturinn tekinn fram yfir páska og páskafríið átti að nota til þess

að undirbúa þessar till. og koma þeim í frv.- form. Ekki einu sinni það tókst og varð raunar verulegur dráttur frá þeirri tímasetningu líka. Ég held að það verði að kenna einhverju öðru um en sérstakri þvermóðsku einhverra tiltekinna stjórnarandstæðinga, að engin þessara yfirlýsinga hefur staðist. Og það má mikið vera ef það hafa ekki ákveðnir alþm. innan Alþb. sjálfs, í eigin herbúðum, verið með einhverja þá þvermóðsku sem hefur tafið þetta mál.

En það er svo til viðbótar við þetta, að hér birtist í ákaflega stuttu og einföldu máli lýðræðisást Alþb. Það skiptir ekki máli hvaða tími er tekinn til umfjöllunar um mál sem Alþb. er að vinna að í sínum herbúðum. Það skiptir ekki máli hvaða tími er tekinn til þess hér innan Alþingis. Eftir að búið er að kuðla því út úr þeim félagsskap er um að gera að hraða svo störfum hér á Alþingi að ekki gefist ráð eða tími til þess að fjalla um þau mál. Og það er vert að rifja það hér upp mönnum til minnis, hvernig átti að vinna og var búið að skipuleggja vinnubrögð að þeim þremur iðjumálum sem hæstv. iðnrh. lagði fyrir þessa hv. deild og átti að afgreiða úr Ed. Alþingis á örfáum dögum. Og það er rétt til marks um þetta allt saman, að hv. alþm. Stefán Jónsson tók þátt í því í nokkra daga í rauninni að gjörbreyta öllum þeim frv. meira og minna þannig að í einu þeirra held ég að ein grein hafi verið ósnert. Svo má hv. alþm. tala hér um þvermóðsku og hroðvirk vinnubrögð. En að einu leyti felst þó í orðum hans nokkur sannleikur og einmitt að því leyti, að þessi málatilbúnaður er með þeim hætti og í rauninni ekki það mikils virði að Alþingi ætti e. t. v. ekki að vera að tefja sig á þessari frv.-gerð. Og það er kannske þess vegna sem menn tala um að hér þurfi að flýta málum, og svo kannske líka til viðbótar að ýmis þau vinnubrögð hafa hér átt sér stað sem mönnum finnst ekki ýkja smekkleg og þess vegna kæra sig ekki um að horfast í augu við lengur en þörf er á.

Nei, það er ekkert undarlegt þó að menn séu orðnir þreyttir og óþreyjufullir yfir allri þeirri umræðu sem farið hefur hér fram. Og það er spurning hvort það er frekar flótti frá þessu frv. og frá þessum málatilbúnaði, sem gerir menn nú óþreyjufulla hér á Alþingi, heldur en hitt: að geta farið að njóta sólarinnar og sumarsins.

Það hafa verið sögð hér ýmis spakmæli í þessum umr. og það eitt út af fyrir sig gerir þær gagnlegar. Tveir ráðh. úr ríkisstj. hafa verið að tala mikið um að það þyrfti að fást breið samstaða um þetta mál hér á Alþingi. Ja, batnandi manni er best að lifa. Og það væri gaman að fá vitneskju um það, helst hjá báðum þessum ráðh., hvaða tilefni er til þess, að þeir hafa nú komist að þessari niðurstöðu. Hver er ástæðan fyrir því, að þessir tveir ráðh., hvor eftir annan, eru farnir að tala um að það þurfi breiða samstöðu um þetta mál hér á hv. Alþingi? Það skyldi þó ekki vera að með þessum hæstv. ráðh. leynist einhver beygur um framhald þessa máls og það sé vissara að tala meira við þá menn og við þá flokka, sem eiga hér samstæð málefni, heldur en að láta kaupmennsku á örlagastundu ráða framgangi máls sem þessa? Það var í rauninni hollur skóli sem iðnn. Ed. gekk í gegnum núna á þessum morgni þegar var farið að spyrja um óeðlilega uppsetningu á brtt. meiri hl. iðnn. Nd. sem voru samþykktar í þeirri virðulegu deild, að þá var af sérfræðingum skýrt frá því, að þar lægju ekki til grundvallar efnislegir þættir þessa stóra máls, heldur væri þetta fléttað stjórnmálaatburðum allra síðustu daga. Og þá þykir manni sennilega nóg af slíku komið þegar hrossakaup eru farin að stjórna lagagjörð með þeim hætti sem þar hefur komið fram.

Hæstv. viðskrh. talaði um stefnumörkun í þessu frv. og í grg. þess. Ég varpaði þeirri ábendingu fram við umræðuna, að stefnumörkun í því væri af mörgu tagi, og það var rétt eftir tekið. Og það er kannske sá þátturinn sem væri þá eðlilegast að fara hér aðeins ofan í. Nú er það spurning út af fyrir sig, hvað það er mikil stefnumörkun að fá hér samþykkt frv. sem síðan á aftur að fjalla um í haust. Stefnumörkunin stendur ekki miklu lengur. En byrjum að líta á raforkuspána, sem er fyrsti hluti af grg., — lagatextinn sjálfur hefur hér verið ræddur, m. a. af hv. þm. Þorv. Garðari Kristjánssyni, þannig að ég sleppi honum sem slíkum, og í rauninni felst ekki í honum nein sérstök stefnumörkun. Það er líka oft svo að það er auðveldara að átta sig á þeim leiðum og þeim orsökum, sem eiga að valda atburðunum, heldur en hinu, sem stendur beint í lagatextum. En í þessum kafla um raforkuspána er m. a. sagt að orkuþörfin í lok þessa framkvæmdatímabils, þ. e. um 1995, verði rúmar 5000 gwst., nákvæmlega 5161. Þarna er væntanlega um að ræða ákveðna tölu sem miðað er við. Og síðan kemur næsti kafli þar sem er talað um mörkun virkjunarstefnu. Og það er út af fyrir sig athyglisvert, að sá kafli fjallar nánast alveg um sölu á raforku. Hann fjallar nánast alveg um orkuþörfina, og að því er hægt er að tala um iðjuframkvæmdir eða hugleiðingar um þau mál, þá er sérstaklega að því vikið hér.

Það er ýmislegt í þessum kafla sem ber þess ótvíræð merki að hæstv. iðnrh. er farinn að átta sig á því, að það er ekki hægt að virkja í stórum stíl öðruvísi en orkunni sé komið á markað. Og það er á bls. 4 komist spaklega að orði — með leyfi hæstv. forseta — eins og ég skal nú hér með fara:

„Forsendur séu til framkvæmda við virkjanir í þeim mæli sem fram kemur hér á undan. Með því móti má ætla að raforka umfram þarfir almenna markaðarins og þess orkufreka iðnaðar, sem nú er fyrir hendi í landinu, geti numið 1300—2400 gwst. á ári eftir 15 ár. Óhjákvæmilegt er að hraðinn við virkjanaframkvæmdir“ — og nú bið ég viðstadda að taka vel eftir — „ráðist í verulegum mæli af þeim nýtingarkostum sem vænlegir þykja hverju sinni. Í þeim efnum er margt óvissu undirorpið sé litið til lengri tíma.“

Þarna hefur hæstv. iðnrh. sannarlega hitt naglann á höfuðið og að því leyti náð alveg sérlega góðum árangri, að honum hefur tekist með þessu að fullnægja kröfum og óskum Framsfl. um þau skilyrði, hvað þurfi að vera til staðar og hvað sé hægt að fallast á af hendi Framsfl. gagnvart Austurlandi og stórvirkjun í Fljótsdal. Þessar hugleiðingar virðast eiga að nægja Framsfl. í þeim efnum.

En það er ýmislegt fleira spaklega sagt í þessum efnum, sem á vissan hátt er líka stefnumótandi. Svo ég vitni hér enn í grg. — með leyfi hæstv. forseta, — þar segir svo um miðja þessa sömu bls.: „Aftur á móti er tiltölulega auðvelt að hægja á, ef þarfirnar ætla að reynast minni en spáð var.“ — Það er sem sagt hægt að finna góð ráð til þess að draga úr orkuþörfinni ef með einhverjum hætti er þörf á að draga þar úr.

Það er þarna stutt á milli gullkornanna í þessum boðskap því að rétt á eftir segir, og þá verður ekki annað séð en að þar sé sérstaklega verið að fullnægja og mæta

óskum Alþb.:

„Aukin innlend orkunýting umfram almenna markaðinn, samkvæmt framansögðu, er innan þeirra marka sem við Íslendingar getum ráðið við þannig að við höfum fullt forræði yfir þeim iðnaði, er þar væri um að ræða, en auk þess er eðlilegt að gera ráð fyrir að nýta raforku í stað olíu í núverandi iðnfyrirtækjum í nokkrum mæli.“

Hvaða rök eru fyrir þessari staðhæfingu? Hvernig er þetta tengt saman, það sem okkur er óhætt, væntanlega til þess að tapa ekki okkar sjálfsforræði hér á Íslandi, hvernig er það mælt í megawöttum og krónum? Eða er það bara almenn hugleiðing, almennt snakk út í loftið til þess að geta lesið þetta þegar þarf á því að halda við hátíðlegar stundir hjá Alþb.? Er hér á ferðinni einhver slík friðþæging? Það verður að fást svar við því. Eða með hvaða hætti er þetta túlkað að því er varðar fjármagn og orku?

Þegar svo brotið er enn í blaðið og farið að fjalla um virkjunarframkvæmdir, þá verð ég að segja eins og er, að þar finnst stefna, þar finnst á vissan hátt stefna. Ég held að það sé ákaflega mikilvægt og alveg sérstaklega nú við þessa umr. að fá nokkrar skýringar á því. Þar er sagt frá hvað ríkisstj. ætli sér að gera einmitt núna á þessu sumri. Og þegar verið er að breyta lagatexta eins og búið er að gera í Nd. Alþingis og að því er það hefur spurst til þess að auka á jafnræði milli byggðarlaga, þá er alveg nauðsynlegt að fá vitneskju um hvort það hafi verið gerðar breytingar á þeim áformum ríkisstj. sem koma fram á bls. 6. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Með hliðsjón af því, sem að framan greinir, mun ríkisstj. í ár beita sér fyrir eftirfarandi varðandi frekari undirbúning Blönduvirkjunar og Fljótsdalsvirkjunar:

Að hraðað verði verkhönnun við Blönduvirkjun.

Að lokið verði rannsóknum vegna Fljótsdalsvirkjunar og hafin verkhönnun hennar.

Að hafnar verði tilraunir með uppgræðslu og gróðurbætur á virkjunarsvæði Blöndu í samráði við sérfræðinga og heimamenn og ráðist í vegagerð á virkjunarsvæðinu.

Að samhliða þessu verði leitast við að ná sem fyrst samningum við hagsmunaaðila vegna Blönduvirkjunar.“

Ég legg á það ákaflega ríka áherslu hér, einmitt við þessa umr., að það komi fram skýrar yfirlýsingar um það, hvort áform eru um að breyta til um áform í sambandi við virkjunarframkvæmdir frá því sem þarna er um getið.

Og enn segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Á þennan hátt verði tryggt að ekki verði tafir á undirbúningi næstu virkjunar, þótt ákvörðun um hana verði tekin á síðari hluta ársins og leitað staðfestingar Alþingis á haustþingi.“

Hér verður ekki annað séð en að teningnum sé kastað og þarna séu gerð glögg skil. Sérstaklega kemur það betur fram ef áfram er lesið, sem ég tel nú ekki þörf á, að það eru gerð ákveðin skil á virkjunum við Blöndu og í Fljótsdal annars vegar og hins vegar á virkjun við Sultartanga. Það er beinlínis sagt að þetta eigi að vinna í sumar til þess að það sé hægt að taka ákvörðun um næstu virkjun í haust.

Ég vænti þess, að þetta verði skýrt hér við umr., hvort hér eru nokkrar breytingar á. En það þarf að sjálfsögðu að liggja meira fyrir í haust en aðeins þetta. Það þarf líka að gera upp á milli Blönduvirkjunar og Fljótsdalsvirkjunar eða að öðrum kosti að gera upp á milli stefnu stjórnarandstöðunnar — ekki einungis Sjálfstfl., heldur stjórnarandstöðunnar — og stefnu núv. ríkisstj. Ef menn geta fallist á þá stefnu sem felst í frv. okkar sjálfstæðismanna, að það verði gerðar ráðstafanir til þess að tryggja orkusölu frá Fljótsdalsvirkjun, þá þarf að sjálfsögðu ekki að vera að metast um hver verði númer eitt eða númer tvö. En ef sama tosið á að halda áfram eins og hefur viðgengist hjá núv. ríkisstj., þá fer ekki hjá því að þessi mál þarf að skýra, hvernig hér á að ná fram röðun af hennar hendi.

Einhvern veginn virðist manni að þetta byggist á voninni eins og ákaflega margt hjá núv. hæstv. ríkisstj. Von hæstv. iðnrh. er að ekki takist samningar norður í Húnaþingi og að þar geti komið mjög mikill stuðningur við það, hvernig ríkisstj. geti raðað framkvæmdum. Svo eru að hinu leytinu aðrir ráðh. sem eiga líka sínar vonir og þá væntanlega þær, að það takist samningar við hagsmunaaðila norður í Húnaþingi, og miðað við þær yfirlýsingar, sem iðnrh. hefur verið að gefa í allan liðlangan vetur, eru áhugaaðilar um virkjun Blöndu komnir á þurrt land.

Síðasti hlutinn af þessari grg. fjallar svo um hinar einstöku vatnsaflsvirkjanir. Og það er raunar athyglisvert, að um þær hverja og eina hafa menn ekki talað mikið í þessari umr. Ástæðan er kannske sú, að þær fregnir, sem hafa borist um hagkvæmni þeirra hverrar og einnar, eru með þeim hætti að menn kæra sig ekki um það, a. m. k. ekki þeir sem hafa ætlað að raða virkjunum á þeim grundvelli, að hafa þar orð um.

Fyrir okkur sjálfstæðismenn er það út af fyrir sig ekki neitt sérstakt mál hvað mönnum reiknast til með verð á hverri og einni afleiningu í þessum virkjunum. Við höfum spurst fyrir um það, hvað þessir kostir eru ákjósanlegir og hagkvæmir miðað við þau orkuver sem hafa verið reist hér á landi, og við höfum fengið þau svör, að allir þessir kostir séu mjög ákjósanlegir til hagnýtingar fyrir orkuframleiðslu. Og það hefur verið frá því sagt hér, m. a. af hv. þm. Þorv. Garðari Kristjánssyni, að við leggjum upp úr því, að öll þau verðmæti, sem þar standa þessari þjóð til boða, verði tekin til notkunar sem allra fyrst. En fyrir þá, — og á ég þá alveg sérstaklega við hæstv. iðnrh. sem í allan vetur hefur verið að tala um mismunandi verð, mismunandi hagkvæmni og samanburð þar á milli, og reyndar hefur alltaf, að manni hefur skilist, verið út frá gengið að hver afleining í Fljótsdalsvirkjun yrði með nokkuð líku verði og norður í Húnaþingi við Blöndu, — hlýtur það að verða að skýrast með einum eða öðrum hætti, hvers vegna einmitt þessu er sleppt úr umr. núna.

Ég hef fengið af því fregnir, að forráðamenn í raforkumálum og fróðir menn þar um hafi komið til fundar við sveitarstjórnarmenn á Austurlandi og þar hafi komið fram ýmsar skýringar á því, hvers vegna hafi frekar dregið í sundur með Fljótsdalsvirkjun og Blönduvirkjun. Sannleikurinn er sá, að allur sá útreikningur og samanburður er þess eðlis, að nauðsynlegt er að þar verði fjallað um af meiri nákvæmni. En út af fyrir sig er það ekki þetta sem skiptir sérstöku máli, heldur hitt, með hvaða hætti verður fundinn og fenginn markaður fyrir þessa orku. Það er út af fyrir sig ekki ástæða til þess að ræða það mjög ítarlega núna, en þó hafa komið fram við umr. í Nd. ýmis málsatvik sem verður ekki komist hjá að fá nokkra skýringu á.

Þá er kannske best að rifja hér aftur upp það sem ég gerði fyrr í minni ræðu, þ. e. óskir og fyrirheit og þörfina

sem ráðh. hafa nú fundið um hina breiðu samstöðu í orkumálum. Nú vildi svo til að við umr. í Nd. talaði einn aðalorkusérfræðingur Framsfl., hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson, og hafði ýmislegt um þau mál að segja, m. a. það, að í þeim væri unnið mjög mikið um þessar mundir og að stjórnarandstaðan gæti með engu móti tekið sér rétt eða talið eðlilegt að fá vitneskju um það sem væri að gerast í stjórnarherbúðunum um þau mál um þessar mundir. Það er þá spurningin hvort þessi breiða samstaða á að byggjast á því, að stjórnarandstöðunni séu afhentar skýrslur rétt áður en til afgreiðslu mála kemur hér á Alþingi, eins og verið hefur, og hún á þá ekki einu sinni að fá almennilegt tækifæri til þess að ræða þau mál. Þessi sérstaki talsmaður Framsfl. í orkumálum gat þess, að það yrði e. t. v. hægt undir haustið að svipta leyndarhjúpnum af þessum vinnubrögðum og þá gæti svo farið að stjórnarandstaðan fengi að fylgjast með.

Hér væri mjög mikilvægt að fá greinilegri skýringar frá hæstv. iðnrh. Og víst er um lítilþægni þm. Framsfl. á Austurlandi varðandi þær miklu kröfur, sem gerðar hafa verið til okkar þingmannanna um flutning á till. um stóriðju á Austurlandi, þar sem þm. Framsfl. úr því kjördæmi láta sér nú nægja fátækleg orð iðnrh. þar um, að eitthvað meira hlýtur að búa þar að baki. Það hljóta að vera gefnar aðrar yfirlýsingar heldur en einvörðungu er talað um í framsöguræðu iðnrh. hæstv. í Nd. Ég legg mjög mikið upp úr því, ekki síst vegna þess, að það liggja fyrir fundarsamþykktir og skriflegar óskir til þm. Austurl. um að flytja á þessu þingi þetta mál, stóriðjumálið við Reyðarfjörð, í þáltill.-formi hér inn á Alþingi, að nauðsynlegt er að fá skýr svör við því, hvernig þessum verkum er nú sérstaklega háttað sem Guðmundur G. Þórarinsson talar svo mikið um.

Annars var það með þá ræðu að hún var ekki að öðru leyti óskaplega sannfærandi. Hann sagði nefnilega frá því, sá hv. þm., að það væru margir aðilar vítt úti um heim sem hefðu áhuga á því og væru að vinna að undirbúningi að iðjuframkvæmdum eins og gert er ráð fyrir að verði við Reyðarfjörð. Og hann lagði mikið upp úr því, að sá boðskapur yrði látinn ganga út um allar heimsins byggðir, hvað núv. iðnrh. hefði í huga í sambandi við orkufrekan iðnað, til þess að aðrir legðu ekki út í kapphlaup við okkur um slíkar framkvæmdir. Og þá má sjá það raunar með skýrari hætti og einfaldari, hverjar kröfur Framsfl. eru í kringum öll þessi mál, að það virðist — og kemur glögglega fram í máli Guðmundar G. Þórarinssonar — að það sé nóg að Hjörleifur Guttormsson, hæstv. iðnrh., sendi orðsendingu til þeirra aðila í öðrum löndum, sem hafi áform um uppbyggingu á orkufrekum iðnaði, um það að við ætlum að fara út í slíkt, það dugi til þess að aðrir bíði. Ég held að hér sé í raun og veru fengin meiri skýring á öllum þessum aumingjaskap í kringum orkufrekan iðnað heldur en annars staðar hefur komið fram. Aðeins á að tala og senda orðsendingar til þess að aðrir bíði. Þetta er sannarlega ekki sú leiðin sem við sjálfstæðismenn leggjum til að farin verði. Í þessum efnum eins og ákaflega mörgum öðrum í kringum orku- og iðjumál skilur á milli stefnu Sjálfstfl. og stefnu núv. ríkisstj.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Við þessa umr. hafa komið fram ýmis atriði í fyrirspurnaformi sem ég tel skylt að víkja að, en skal þó reyna að ganga ekki mjög á fundartímann og ræða um þessi mál almennt frekar en ég hef gert. Raunar höfum við rætt orkumálin og stefnu í orkunýtingarmálum hér í hv. deild í sambandi við önnur frv. sem hér hafa legið fyrir í vetur þannig að mín viðhorf í þessum efnum ættu að vera vel kunn.

Hv. 4. þm. Vestf. vék að því, og það hefur heyrst frá fleirum, að óæskilegur dráttur hefði orðið á að þetta frv. kæmi fyrir. Hv. 11. landsk. þm. minntist einnig á þetta og nefndi ýmsar yfirlýsingar, sem hann kallaði svo, þar að lútandi, um að þessi mál hefðu átt að koma fyrr fyrir þing samkvæmt yfirlýsingum af minni hálfu eða annarra talsmanna ríkisstj. Ég dreg enga dul á það, að ég hefði talið æskilegt að málin lægju fyrr fyrir, og ég reyndi eftir föngum að ýta á eftir því, en það voru margar ástæður samverkandi sem ollu því að ekki var talið rétt að leggja þetta frv. fyrr fram en reynd varð á. Það voru mjög gildar ástæður, m. a. sú, að niðurstöður verkfræðilegra athugana varðandi virkjanir og aðrar framkvæmdir til orkuöflunar og aukins öryggis í orkuframleiðslu lágu ekki fyrir, þrátt fyrir mjög mikinn eftirrekstur, í samræmdu formi eins og þær eru hér nú í fylgigögnum fyrr en við lok aprílmánaðar eða þar um bil. Vil ég þó engan veginn segja að þar sé síðasta orð, enda eru fyrirvarar á hafðir um það, að ekki séu endanlegir útreikningar sem þar liggi fyrir. Það er eftir að vinna að ýmsum þáttum frekar á þessu ári þannig að gleggri tölur varðandi kostnað munu koma fram á síðari stigum. Svo er það nú raunar þannig um stórframkvæmdir af þessu tagi að allt yfir á útboðsstig eru einstakir framkvæmdaþættir að taka breytingum, menn vinna sig fram til hagstæðari lausna að jafnaði, skulum við vænta, og þessi mál taka þannig nokkrum breytingum á síðari stigum.

Ég get nefnt sem eitt dæmi af mörgum, þýðingarmikið atriði er varðar samninga um réttindi varðandi þessar virkjanir. Reynt var að vinna sig fram úr þeim efnum varðandi bæði Blönduvirkjun og Fljótsdalsvirkjun. Það tókst nánast að koma því máli í höfn varðandi Fljótsdalsvirkjun og fylgigögn liggja fyrir hér með frv. þar að lútandi, en því miður var ekki hægt að koma því máli jafnlangt varðandi Blönduvirkjun og því verður það áframhaldandi verkefni að leita þar lausnar á.

Seint í marsmánuði tók Náttúruverndarráð, sem lögum samkvæmt ber að segja sitt orð um stórframkvæmdir, afstöðu til virkjunaráforma varðandi stærstu virkjunina sem hér er leitað heimilda fyrir, þ. e. Fljótsdalsvirkjun. Erindi Náttúruverndarráðs um þetta er dagsett 21. mars. Það var ekki lítið atriði sem þar var á ferðinni, að fá skýrt fram hvort þessi aðili, sem á að gæta svo þýðingarmikilla hagsmuna, teldi að hægt væri að mæla með því að ráðast í þessa framkvæmd eða ekki. Niðurstaða ráðsins varð sú, að í aðalatriðum gæti það fallist á að ráðist verði í þessa virkjun. Áður hafði það veitt umsögn varðandi Blönduvirkjun og ekki lagst gegn henni þrátt fyrir vissa fyrirvara eins og einnig um Fljótsdalsvirkjun. Þetta er auðvitað mjög stórt mál sem þarna var um að tefla. Það kemur t. d. fram í lýsingu á Fljótsdalsvirkjun, að miðlunarlónið, sem henni á að fylgja, hefur að geyma orkuvinnslugetu sem nemur um 1000 gwst., sem svarar til þriðjungs núverandi ársframleiðslu í öllu landskerfinu. Þarna er um að ræða enn stærra miðlunarrými en er í núverandi Þórisvatnsmiðlun, sem er stærsti orkugeymir landsmanna, en rúmar ekki nú nema um 700 gwst. í orku, en á eftir að stækka miðað við þær hugmyndir sem hér eru fram settar. Þessi þýðingarmiklu atriði og mörg fleiri, sem ég ætla ekki að

taka tíma til að nefna hér, voru þess valdandi að ekki var talið rétt að leggja frv. fyrir fyrr en að þeim fengnum, og allt tekur þetta sinn tíma.

Hér hefur verið rætt um orkunýtinguna og hv. stjórnarandstæðingar hafa fundið að því, að þar væru mál ekki enn frá gengin eins og þeir hefðu kosið. Og það kom fram m. a. í máli hv. 2. þm. Reykn. að áform um virkjanir og um orkufrekan iðnað eigi að fylgjast að og vera á sama stigi. Það má út af fyrir sig taka undir það, að æskilegt væri að þessi mál gætu fylgst sem mest að. En undirstaðan er þó orkuframleiðslan og þar skiptir miklu að hafa svigrúm, að vera með undirbúning á því stigi að menn geti hert á framkvæmdum á tiltölulega skömmum tíma eða hægt á framkvæmdum, hafi sveigjanleika eftir því hvernig markaðsaðstæður eru og eftir því hvaða áherslu menn finna hagkvæma í sambandi við orkunýtingu. Og undirbúningur vatnsaflsvirkjana er í reynd flóknara mál og tímafrekara en iðnaðarþátturinn. Sérstaklega á það við ef um hefðbundna tækni er að ræða. En vissulega þarf ekki að muna þarna miklu ef um þróun nýrrar tækni í iðnfyrirtækjum er að ræða. Þá þurfa menn vafalítið ekki skemmri tíma vegna iðnaðar en til þróunar og uppbyggingar vatnsaflsvirkjana.

Vegna þess, hvað þetta er mikið í munni hv. stjórnarandstöðu, að það vanti skýrari stefnu um orkunýtingu, vil ég aðeins til viðbótar vísa til þess, að ég hef ekki séð hennar stefnumörkun, hennar skýru stefnumörkun í öðru formi en því að setja á fót sérstaka orkusölunefnd, sem eigi að vinna að þessum málum og gefa árlega skýrslu um stöðu mála. Ég hef ekki séð þessa skýru orkunýtingarstefnu stjórnarandstöðunnar. Og svo eru menn að kvarta undan því að fá skýrslur ekki — með löggiltri íslenskri stafsetningu, að mér heyrðist — allar í hendur. Og það mátti skilja á máli hv. 11. landsk. þm. að stjórnarandstaðan fengi þau leyndardómsfullu plögg eitthvað verulega seinna í hendur heldur en stjórnarþingmenn eða ríkisstj. Það er misskilningur. Þessar skýrslur hafa komið hér inn á borð hv. þm. samdægurs eða daginn eftir að þær hafa verið lagðar inn á borð ríkisstj. Hitt er svo annað mál, að á vegum ríkisstj. starfar samkvæmt stjórnarsáttmála sérstök nefnd, sem er kölluð orkustefnunefnd, að því að draga upp breiðan stefnuramma um orkumál, þróun orkumála á Íslandi fram undir aldamót væntanlega. Skipunarbréf þeirrar nefndar er að finna sem fskj. með þessu frv. og umræddur hv. þm., Guðmundur G. Þórarinsson, á sæti fyrir hönd Framsfl. í þessari nefnd. Ég hafði vænst þess, að það gæti legið fyrir viss stefnurammi frá nefndinni í öðru formi en fram kemur í þessu frv. nú með vordögum. En þetta yfirgripsmikla verkefni tekur eitthvað lengri tíma. Ég býst þó við að síðar á árinu geti sá rammi legið fyrir og þá til kynningar einnig fyrir hv. stjórnarandstæðinga.

Ég vil þá víkja aðeins nánar að beinum fsp. hér og ekki miklu meira um þessi almennu efni.

Hv. 4. þm. Vestf. spurði um gildi þess, að þess er getið sérstaklega í 1. gr. frv. að Landsvirkjun sé heimilt, að fengnu samþykki ríkisstj., að ráðast í tilteknar virkjunarframkvæmdir, og óskaði skýringa á því, hvort þarna væri um að ræða, að ríkisstj. fyrir hönd ríkisins sem eignaraðila tæki á málinu og heimilaði umræddar framkvæmdir, og einnig hvort verið væri að þrengja valdsvið iðnrh. með þessu orðalagi. Skýring á þessu máli er ofur einföld. Hér sem áður er um það að ræða, að þegar ráðist verði í stórvirki af því tagi, sem þarna er leitað heimildar fyrir frá löggjafanum, sé það ríkisstj. sem taki á slíkum málum og heimili upphaf slíkra framkvæmda. Stjórnskipunarlega séð er það auðvitað viðkomandi ráðh. sem valdið hefur í slíkum málum. En ég hygg að það sé nokkuð viðtekin venja að það sé ríkisstjórnarmál og lagt fyrir ríkisstj., kynnt ríkisstj. þegar ákveðið er að ráðast í slíkar stórframkvæmdir. Þannig var það t. d., veit ég, í tíð ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar þegar ákvörðun var tekin um að nýta lagaheimild um Hrauneyjafossvirkjun. Samþykkt var gerð þar að lútandi í ríkisstj., nánar tiltekið 30. des. 1976. En stjórnskipunarlega fer iðnrh. með þessi efni og hefur auðvitað sitt vald sem slíkur. Það er ekki verið að skerða það sem slíkt með þessu orðalagi, enda oft þannig til tekið í lögum, að ríkisstjórninni skuli heimilt þetta og hitt þótt valdið sé hjá viðkomandi ráðh.

Þá spurði sami hv. þm. um ástæðurnar fyrir því, að leitað væri heimilda til að ráðast í tilteknar framkvæmdir til að auka öryggi í orkuvinnslu, til að tryggja rekstur orkuveranna á Þjórsársvæðinu, eins og það er orðað í frv., og þar undir tilteknar ákveðnar aðgerðir, svo sem Kvíslaveita, stækkun Þórisvatnsmiðlunar og stífla við Sultartanga. Hann spurði hvort ekki hefði verið nóg að hafa þær heimildir, sem 6. gr. laga um Landsvirkjun kveður á um, og hvers vegna sé verið að leita þessara heimilda hér. Því er til að svara, að í 6. gr. laga um Landsvirkjun er veitt nokkuð almenn heimild til aðgerða á Þjórsár-Tungnaársvæðinu til að tryggja rekstur orkuveranna, sem heimildir höfðu verið veittar fyrir þar, og fylgdi heimildum sem veittar voru fyrir Hrauneyjafoss- og Sigölduvirkjun í allt að 170 mw. afl hvorri. Og þar eru tilteknar aðgerðir, svo sem varðandi Þórisvatnsmiðlun og varðandi það að veita megi Köldukvísl inn í Þórisvatn. Ég tel það ekki aðeins eðlilegt, heldur nauðsynlegt þegar stefnt er á framkvæmdir sem eru að orkuframleiðslu og kostnaði í gildi heillar virkjunar, að þá gerist það ekki á grundvelli einhverrar almennrar lagaheimildar sem tengst hefur öðrum virkjunum, heldur taki löggjafinn afstöðu til þess sérstaklega, eins og gert er hér með þessum hætti. Það, sem þarna er á ferðinni, getur auðvitað verið matsatriði og túlkunaratriði. En mitt viðhorf er það, að óeðlilegt sé að löggjafinn setji það skilyrði að sérstaka lagaheimild þurfi ef á að fara í stærri virkjun en tvö mw. að afli, — en sem kunnugt er þarf til þess sérstaka lagaheimild samkvæmt orkulögum, — en svo eigi að vera hægt að fara í 800 gwst. orkuframleiðslu eða aðgerðir, sem fela í sér 800 gwst. orkuframleiðslu á ári, út á einhverjar almennar og tiltölulega óljósar heimildir. Þetta er ástæðan fyrir því, að ríkisstj. telur eðlilegt að taka þessar aðgerðir með inn í þetta frv. og leitar heimilda fyrir þeim.

Þá var spurt um samninga varðandi Landsvirkjun og það sem um er rætt í frv. þar að lútandi. Hv. 4. þm. Vestf. kvaðst vera verulega hugsi yfir orðalagi frv. þar að lútandi og hefði talið eðlilegra að binda skipulag orkuframleiðslunnar í lög, skipulagsmálin í lög. Að mati ríkisstj. er það samningsatriði við Landsvirkjun að hún taki að sér að reisa og væntanlega einnig reka þessar stóru virkjanir utan núverandi orkuvinnslusvæðis. Við lítum svo á, að þrátt fyrir eignaraðild ríkisins að Landsvirkjun sé ekki eðlilegt að setja það einhliða í lög að hún skuli gera þetta, eins og sést hefur í lagafrv. sem lögð hafa verið fram í þessari hv. deild, og því reyni þarna á samninga. Þar kemur einnig til að ríkisvaldið hefur áhuga á því að fleira komi en bara þessi mál inn í þá samninga-

gerð, það sé ekki bara að reisa og reka viðkomandi virkjanir, heldur þurfi jafnhliða að móta stefnu og semja um stefnumótun, um skipulag orkumálanna að öðru leyti í þessu samhengi. Þar hef ég sérstaklega í huga byggðalínurnar og rekstur þeirra, þær stofnlínur sem tengja nú þegar eða eiga að rísa til að tengja væntanleg stór orkuver.

Á þessi atriði mun reyna í væntanlegum samningum við Landsvirkjun. Verður lögð áhersla á að hraða þeirri samningagerð og láta á það reyna, hvort ekki sé hægt að ná þar viðunandi samningum. Ég vænti þess og tel mig hafa ástæðu til að halda að það megi takast. En takist það ekki verður að sjálfsögðu að leita annarra ráða. Þess vegna eru hér heimildir til þess að fela öðrum aðila að sjá um þessi efni. Og það er raunar ekkert nýmæli. Stjórnvöld hafa falið Rafmagnsveitum ríkisins framkvæmdaundirbúning virkjana og sett þær inn sem virkjanaaðila. Með það hlutverk fara þær nú og fara að óbreyttu við t. d. Blönduvirkjun og Fljótsdalsvirkjun á meðan ekki hefur um annað verið samið.

Spurt var um varaafl og hvers vegna væri verið að leita eftir almennri heimild um varaafl allt að 50 mw. Svar mitt er það, að samkvæmt orkulögum er gert ráð fyrir að heimildir fyrir aflstöðvum miðist við 2 mw. og ef þar sé farið yfir þurfi sérstakar lagaheimildir. Ég skal ekki fullyrða hvort þetta ákvæði hefur verið látið gilda í öllum tilvikum varðandi einstakar olíustöðvar, varaaflsstöðvar, ég vil ekki taka af um það hér og nú. En við teljum eðlilegt — þar sem reikna má með því að á reyni að reisa mun stærri varaaflsstöðvar, en athugun á nauðsyn varaafls í landskerfinu er í vinnslu, þá sé æskilegt og raunar nauðsynlegt að hafa heimild þar að lútandi. Það má einnig benda á að í sambandi við orkufrek iðjuver getur verið nauðsynlegt að reisa sérstakar varaaflsstöðvar til að tryggja rekstur þeirra. Á þetta ákvæði gæti m. a. reynt í því samhengi þó að auðvitað megi afla slíkra heimilda með sérstökum hætti síðar. En uppbygging varaafls í landinu er stórt mál sem þarf að hafa gott auga á. Fyrir því hefur ekki verið séð með fullnægjandi hætti til þessa og á því þarf að ráða bót. Þetta ákvæði í frv. vísar til þess og þeirrar áherslu sem á úrbætur er lögð í þessu skyni.

Þá spurði hv. 4. þm. Vestf. hvað fælist í því orðalagi 2. gr., eins og hún er eftir breytingar í hv. Nd., að till. um framkvæmdir við nýjar vatnsaflsvirkjanir og virkjunaráfanga skuli lagðar fyrir Alþingi til samþykktar. Hann innti sérstaklega eftir því, hvað væri átt við með virkjunaráfanga. Þarna heyrir til lýsingarorðið sem var komið á undan: „nýjar“ vatnsaflsvirkjanir og virkjunaráfangar í „nýjum“ vatnsaflsvirkjunum.

Það liggur fyrir í þeim verkfræðilegu álitsgerðum sem eru birtar sem fskj. með frv., að hagkvæmt og skynsamlegt getur talist að skipta í áfanga sumum þeirra virkjana sem hér er leitað heimilda fyrir. Þetta á t. d. við um stærstu virkjunina, Fljótsdalsvirkjun. Og niðurstöður verkfræðilegra athugana, eins og þær liggja nú fyrir, benda til að skynsamlegt og hagkvæmt geti talist að reisa $^2/_3$ hluta þeirrar virkjunar með tveimur eða þremur aflvélum sem áfanga og $^1/_3$ sem sérstakan áfanga sem gæti komið á síðara stigi. Orðalagið í frv. vísar til þess, að þá verði tekin sérstök afstaða til þess af Alþingi et um slíka áfangaskiptingu er að ræða. Það var ekki átt við aflvélar sem slíkar, sem koma í samfelldri röð inn í viðkomandi virkjun, heldur ef verið er að ráðgera að skipta virkjun einnig upp í framkvæmdatíma, sem vissulega getur komið til álita að gert verði. Ég vænti að þetta skýri málið.

Það komu fram í máli hv. 2. þm. Reykn. nokkur atriði, þó ekki beinar fsp. að mér virtist, en staðhæfingar ýmsar, m. a. að virkjunaraðilar viti ekki að hverju þeir eigi að ganga vegna tafa í þessum málum. Ég vil andmæla þessu. Ég tel að það verði fyrirsjáanlega engar tafir á undirbúningi virkjana nú á næstunni fremur en orðið hafa — það hafa ekki orðið tafir á slíkum undirbúningi á undanförnum misserum — og efni þessa frv. bjóði ekki upp á neitt slíkt, bjóði ekki upp á neinar tafir í undirbúningi þessara mikilsverðu mála. Hv. þm. vék að þeirri staðhæfingu, sem heyrist mjög oft í umr. um þessi mál, að forsenda fyrir þeim virkjunum, sem hér eru í undirbúningi, sé orkusala til orkufreks iðnaðar, sé, eins og það er kallað, tryggur og öruggur markaður, og þá eiga menn við utan hins almenna markaðar. Þetta fer eftir því hvaða forsendur menn vilja leggja til grundvallar. Ég vil í þessu samhengi, eins og ég hef oft gert áður, benda á það, að öllum sérfróðum aðilum ber saman um að þessar stóru virkjanir upp á 100, 200, 300 mw. séu bestu virkjunarkostir landsmanna, alveg óháð því, hvort menn eru að virkja eingöngu fyrir almennan markað eða aukinn markað með orkufrekum iðnaði. Þó geta verið frá þessu undantekningar, að miðlungsstórar virkjanir komi hagkvæmnilega sem hliðstæðir kostir. Ein slík virkjun hefur einmitt verið tekin inn í þessar heimildir, ein vatnsaflsvirkjun, vegna þess að hún kemur út sem hagkvæmur virkjunarkostur miðað við sömu forsendur og lagðar eru til grundvallar í hagkvæmnimati á þessum stóru virkjunum. Þetta er Villinganesvirkjun. Það er eina skýringin á því, að eðlilegt þótti að taka hana inn í þessar heimildir hér, auk þess sem undirbúningi hennar er fyllilega jafnlangt á veg komið og annarra þeirra virkjana sem hér er leitað heimilda fyrir.

Hv. 11. landsk. þm. vék hér að nokkrum atriðum og vitnaði í grg. með frv. Ég hef þegar svarað vissum þáttum úr hans máli, en það, sem ég geri ráð fyrir að hann leggi mesta áherslu á að fram komi hér af minni hálfu, varðar undirbúning vatnsaflsvirkjana á þessu ári og tengist þeirri heimild til lántöku sem er að finna í 2. gr. frv. Hv. þm. vitnaði sérstaklega til þess sem greinir á bls. 6 í grg. með frv. Ég get verið mjög stuttorður um þetta atriði og svarað því afdráttarlaust þannig, að frá því að frv. var lagt fram hefur engin breyting orðið á áformum stjórnvalda varðandi frekari undirbúning Blönduvirkjunar og Fljótsdalsvirkjunar á þessu ári — ekki nokkur.

Hv. 11. landsk. þm. fór nokkrum orðum um einstaka virkjunarkosti og hagkvæmni útreikninga þar að lútandi og benti á það, sem alveg er réttmætt, að þar hafa komið fram á undanförnum vikum og mánuðum mismunandi upplýsingar. Ég er ekkert hissa á því, þó að ekki aðeins hv. alþm., heldur ekki síður fólk úti í héruðunum, sem fylgist með þessum málum, sé dálítið undrandi og ruglað í ríminu þegar það gerist með stuttu millibili að mismunandi kostnaðarútreikningar eru bornir fram af opinberum aðilum sem eru að vinna að þessum málum. Ég vakti athygli á því og óskaði raunar eftir því sérstaklega við Orkustofnun, þegar hún lagði þrjár þykkar skýrslur hér inn til hv. Alþingis, að hún gerði grein fyrir á hvaða upplýsingum þær væru reistar og frá hvaða tíma upplýsingarnar væru. Það er fram tekið í bréfi sem fylgdi, að þarna var um að ræða upplýsingar og samanburð frá því veturinn 1979—1980 og raunar aðeins verið að reiða

fram í fyllra formi upplýsingar, sem kynntar voru alþjóð í maímánuði 1980, um samanburð virkjunarleiða og fleiri þætti. Síðan hefur hins vegar verið unnið að málum á grundvelli rannsókna og það liðu ekki nema nokkrir dagar, eða má kannske segja einhverjar vikur frá því að þessi kynning af hálfu Orkustofnunar fór hér fram með útsendingu á þessum skýrslum þar til þessar verkfræðilegu niðurstöður með nýrri upplýsingum komu fram. Og við skulum vænta að þær séu haldmeiri en hinar fyrri upplýsingar, því að til þess eru menn nú að fikra sig fram með undirbúning mála, verkfræðilegan undirbúning, byggðan á vettvangsrannsóknum.

Herra forseti. Ég taldi nauðsynlegt að svara hér þeim fsp. sem geta varðað efni og túlkun á þessu frv. og bornar hafa verið fram af hv. þm. við þessa umr. Ég vænti þess, að ég hafi ekki skilið margt eftir, þó að það kunni að vera eitthvað, en það er spurning hvar á að nema staðar í sambandi við slíkt. Hv. iðnn., sem fjalla mun um þetta mál, mun eflaust leita upplýsinga og skýringa á því sem henni finnst á vanta. Ég læt því þetta duga og ítreka aðeins von mína og óskir um að takast megi að ganga frá þessu þýðingarmikla máli á þeim skamma tíma, sem þingið hefur enn til umráða og hv. þd., og menn geti tekið sér hlé frá störfum í sæmilegri vissu þess að áfram verði hægt að halda undirbúningi og undirbúningsframkvæmdum á þessu mikilvæga sviði í krafti þeirrar heimildar sem hér er leitað eftir.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég ætla að víkja aðeins að nokkrum atriðum sem hæstv. ráðh. kom inn á sem svar við því sem ég sagði.

Hann talaði um þá gagnrýni sem fram hefði komið af minni hálfu og frá öðrum ræðumanni hér um óæskilegan drátt á því að leggja fram það frv. sem hér er til umræðu. Hann taldi fram ýmsar ástæður fyrir því, svo sem að það hefði staðið á ákvörðun Náttúruverndarráðs. Ég hygg að það sé lengi hægt að telja fram ýmsar ástæður í þessum dúr. Ég held að það hefði mátt bera fram þetta frv. þó að öll kurl væru ekki komin til grafar í þessu efni. Eg minni á það, að heimild til byggingar þeirrar virkjunar, sem nú er í smíðum, Hrauneyjafossvirkjunar, er í lögum frá 1971. Það þarf ekki að bíða eftir öllum þáttum sem til ákvörðunar þurfa að koma í sambandi við svona mál. Þetta er þess vegna að mínu viti ekki fullnægjandi skýring á þeim drætti sem orðið hefur á framlagningu þessa frv.

Þá vék hæstv. ráðh. að því, sem ég nefndi að mér þætti þurfa skýringar við, hvers vegna gert væri ráð fyrir að það þyrfti að setja ákvæði um það inn í frv., að samþykki ríkisstj. þyrfti til þess að Landsvirkjun notaði virkjunarheimild. Hæstv. ráðh. skýrði þetta á þann veg, að í ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar hefði verið tekin sérstök ákvörðun um að hefja framkvæmdir við Hrauneyjafossvirkjun. Þetta var gert í ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar og undir forustu núv. hæstv. forsrh. Hann þurfti ekki svona ákvæði í lögum til þess að geta komið málum fram, eins og hæstv. núv. iðnrh. telur nauðsynlegt. Nú spyr ég hæstv. ráðh.: Hvers vegna er hæstv. núv. iðnrh. vandara um en fyrrv. iðnrh., núv. hæstv. forsrh., í þessu efni? M. ö. o.: svar hæstv. iðnrh. um þetta efni er ekki fullnægjandi skýring.

Þá vék hæstv. iðnrh. að þeim atriðum sem ég gerði við það, að sett væri í frv. sérstök heimild fyrir Landsvirkjun til þess að tryggja rekstur á Þjórsársvæðinu og koma vinnslugetu þar í eðlilegt horf, t. d. með Kvíslaveitu, stækkun Þórisvatnsmiðlunar og stíflu við Sultartanga. Ég sagði í minni fyrri ræðu að heimildarákvæði væri í lögunum um Landsvirkjun um þetta efni. Ég hef athugað þessi heimildarákvæði aftur. Ég ætla ekki að fara að rekja þau, ég er sannfærður um að þetta heimildarákvæði er nægilegt, og það er líka skoðun Landsvirkjunar sem hefur hagað sér í samræmi við það. Skýring ráðh. á þessu atriði er því ekki fullnægjandi að mínu mati.

Þá er það eitt atriði sem ráðh. vék að og ég hafði komið að. Það var það sem ég vakti athygli á, að í 1. gr. frv. er talað um að ríkisstj. sé heimilt að semja við Landsvirkjun. Það er stefna út af fyrir sig, sem hæstv. iðnrh. segir að núv. ríkisstj. hafi, að semja um hvernig skipulag orkuframleiðslunnar eigi að vera. Ég held að seint komist á það skipulag sem menn stefna að, hverju sem menn stefna að í því efni, ef fara eigi þessa leið. Ég verð að segja það, að í þeim umr., sem ég hef staðið í og ég hef heyrt af um skipulag orkumála á síðustu misserum og árum, hefur þetta sjónarmið ekki komið fram. Menn hafa verið með ákveðnar skoðanir um, hvaða skipan ætti að koma á með lögum, og menn hafa deilt um það, hvaða skipan þar ætti að vera. En mín skoðun er sú, að það þurfi að koma upp heildarramma skipulags sem rúmi samninga milli mismunandi orkufyrirtækja, en að ríkið ætli sér ekki með samningum að koma heildarskipulagi á.

Þá er eitt atriði enn. Ég hef þetta aðeins í örfáum orðum til þess að stytta mál mitt og vona að hv. þdm. afsaki mig þó að ég hafi þennan hátt á. Ráðh. kom inn á það atriði sem varðaði heimild í frv. fyrir Rafmagnsveitur ríkisins, Landsvirkjun og Orkubú Vestfjarða til þess að reisa varastöðvar með samtals allt að 50 mw. afli. Mér fannst að hæstv. ráðh. væri í raun og veru sammála þeim aths. sem ég var með um þetta, a. m. k. mælti ekki sterklega gegn þeim. Ég held að það sé rétt til getið hjá okkur báðum, að það hafi ekki verið leitað áður lagaheimilda til þess að kaupa dísilvélar og koma upp varastöðvum.

Þá er það lokaatriðið sem bæði ég og hæstv. ráðh. vékum að. Það er það, að till. um framkvæmdir við nýjar vatnsaflsvirkjanir og virkjunaráfanga skuli lagðar fyrir Alþingi til samþykktar. Ef ég hef skilið ráðh. rétt þarf að koma til kasta Alþingis ef áfanginn er í nýrri virkjun, nýrri vatnsaflsvirkjun, en ekki ef hann er í gamalli. Og ég sé að hæstv. ráðh. samþykkir þetta með látbragði sínu. En ég verð að segja það, að þó að ég skilji það sem hæstv. ráðh. segir um þetta, þá skil ég ekki forsendurnar fyrir því að gera þarna greinarmun á áföngum í nýjum virkjunum og gömlum. Ég hélt, ef einhver munur væri þarna á, að frekar ætti að koma til kasta Alþingis viðbótaráfangi í gamalli virkjun, þegar liðið hefðu kannske mörg ár frá því að Alþingi fjallaði um þá virkjun, heldur en að koma þyrfti sérstaklega fyrir Alþingi áfangi í nýrri virkjun. Hæstv. ráðh. sagðist vænta þess, að þetta skýrði málið, en það hefur ekki skýrt málið að fullu fyrir mér. En ég skal ekki ganga eftir frekari skýringum og læt útrætt um það sem varðar orðaskipti mín og hæstv. iðnrh.

Þá kem ég að hæstv. viðskrh. Ég var með eina fyrirspurn til hans, um það, hvers vegna hann og Framsfl. hefðu á móti því, að það væri heimilt fyrir fólkið í hinum einstöku landshlutum, fólkið úti á landi, sveitarfélög þessa fólks, að vera aðilar að orkufyrirtækjum, svokölluðum landshlutafyrirtækjum. Þá átti ég við sjálfstæð fyrirtæki viðkomandi sveitarfélaga og sameignarfélög viðkomandi sveitarfélaga og ríkisins. Hvers vegna eru framsóknarmenn á móti því, að fólkinu úti á lands-

byggðinni sé heimilt að gera þetta ef það vill? Hæstv. ráðh. sagði að það væri svar sitt til mín, að framsóknarmenn vildu hafa eitt orkufyrirtæki sem landshlutarnir hefðu heimild til að vera aðilar að. Þetta er svar út af fyrir sig, en ekki svar við minni spurningu. Og mér er í mun að fá svar við minni spurningu, af því að ég held að þessar hugmyndir og fyrirætlanir Framsfl., að hafa eitt orkufyrirtæki sem sveitarfélögin úti á landi geti svo orðið aðilar að, séu óraunhæfar í framkvæmd. Ég held að það sé skýringin á því, að Framsfl. reynir ekki að koma með þessar hugmyndir í frumvarpsformi. Ég held að hluttaka landsbyggðarinnar í virkjunarmálunum og raforkuvinnslunni sé frekast möguleg með því að það séu sjálfstæð orkufyrirtæki landsbyggðarinnar sem geta verið sameignarfyrirtæki viðkomandi sveitarfélaga og ríkisins, en það sé ekki raunhæft að eitt og eitt sveitarfélag fari að gerast aðili í stórfyrirtæki eins og Landsvirkjun er orðin nú þegar, hvað þá þegar hún mundi stækka.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til iðnn. með 14 shlj. atkv.

Neðri deild, 109. fundur.

Laugardaginn 23. maí, kl. 1 miðdegis.

Steinullarverksmiðja, frv. (þskj. 981, n. 1038). — Frh. 2. umr.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Á nál. því, sem útbýtt hefur verið, kemur fram að við tveir nm., ég og hv. 2. landsk. þm., Jósef H. Þorgeirsson, ritum undir nál. með fyrirvara. Ástæða þess er sú, að okkur hefur fundist að það væri allt of stuttur tími sem n. hefði til þess að afgreiða þetta mál, og það sem verra er, að ekki var unnt að fá til viðtals þá aðila sem sérstaklega hafði verið óskað eftir að kæmu á fund nefndarinnar. Það fékkst enginn til viðtals um þá þætti þessa máls sem snerta rekstrarafkomu fyrirtækisins og arðsemiútreikninga. Okkur þykir það mjög miður. Ég veit að tilraunir voru gerðar af hálfu formanns n., hv. þm. Skúla Alexanderssonar, til að bæta úr þessu, en forföll þeirra, sem til voru kvaddir, hömluðu að þeir gætu komið.

Viðhorf okkar til þessa máls er hins vegar jákvætt og við viljum á engan hátt bregða fæti fyrir það. Þess vegna ritum við undir nál. með þeim fyrirvara sem ég hef hér greint frá.

Við teljum þó nokkurt öryggi í því, að hér er um að ræða fyrirtæki, sem gert er ráð fyrir að einkaaðilar eigi meiri hluta í eða 60%, og þess vegna ljóst að áhættan af stofnun og rekstri fyrirtækisins hlýtur fyrst og fremst að vera þeirra þótt gert sé ráð fyrir að ríkissjóður leggi til 40% af hlutafé. Jafnframt er nokkurt öryggi einnig í því, að vitað er að tveir aðilar, sem hafa skoðað þetta mál og athugað um alllangan tíma, keppast um að fá slíka verksmiðju til sín og eru reiðubúnir að hætta fé í þetta fyrirtæki.

Þetta gefur hins vegar tilefni til að ítreka það sem áður hefur verið sagt hér á hv. Alþingi nú síðustu daga, að það er að sjálfsögðu ófært að ætlast til þess af hv. Alþingi að það afgreiði nánast á færibandi hvert stórmálið á eftir öðru. Það eru ákaflega illa skipulögð vinnubrögð hér af hæstv. ríkisstj. — og þá ekki síst hæstv. iðnrh. — að hann skuli leggja fram hér nú undir lok þings fjögur stórmál sem öll hefðu að sjálfsögðu þurft að fá mun ítarlegri meðferð af hálfu Alþingis, enda er búið að setja í a. m. k. þrjú þessara mála fyrirvara í bak og fyrir, sem e. t. v. hefði verið óþarfi ef Alþingi hefði haft tækifæri til að skoða þessi mál betur. Þetta er því alvarlegra þar sem vitað er að iðnrn. hefur mánuðum saman haft með höndum þær skýrslur sem um þessi mál fjalla. Því verður það að flokkast undir hreinan slóðaskap að þessi frv., sem algerlega byggja á þessum skýrslum, skuli hafa verið lögð fram nú fyrst síðustu daga þingsins. Ég vildi skýra fyrirvara okkar hv. þm. Jósefs H. Þorgeirssonar á þennan hátt.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Ég vil taka undir það sem fram kom í máli hv. 6. þm. Reykv., að það er vitaskuld ámælisvert, hversu seint þessi frv. koma hér fram, frv. sem varða jafnviðamikil mál og þessi frv. um hinar ýmsu verksmiðjur.

Ég kvaddi mér hér hljóðs til þess að gefa lítils háttar skýringu á málinu ef það gæti orðið til þess að það lægi ljósara fyrir. Það er eðlilega kvartað um að vantað hafi upplýsingar, vissar forsendur til þess að meta arðsemiútreikninga verksmiðjunnar. Viðurkenna má að þær forsendur, sem þarna eru lagðar til grundvallar, eru nokkuð gamlar í hettunni. Þær eru rúmlega ársgamlar, ef maður gengur út frá útflutningsverði framleiðslunnar sem punktinum sem arðsemin er reiknuð út frá. Hins vegar kemur það fram í skýrslu þeirrar nefndar, sem hafði þetta mál með höndum, að í jan. 1980 fóru Garðar Ingvarsson frá Seðlabanka Íslands, Hörður Jónsson frá Iðntæknistofnun og Svavar Jónatansson verkfræðingur og heimsóttu nokkra líklega steinullarkaupendur á meginlandi Evrópu og í Bretlandi, og nefndin segir eftir að hafa rætt við þessa menn: „en sölumöguleikar virtust þá góðir".

Það kemur fram í samantekt sem ég hef undir höndum, að gert er ráð fyrir útflutningsverði sem er sambærilegt við gangverð sem þá var í Evrópu. Þó að markaður hafi dregist að nokkru saman vegna efnahagsástands á því svæði hefur verðið ekki breyst. Og allir þeir, sem um þessi mál fjalla þar, seljendur og framleiðendur, spá því, að þetta sé tímabundið ástand sem hljóti að breytast að nýju.

Þó svo að verksmiðja eins og sú, sem hér er ráðgerð, flytji út kannske allt upp í 14 þús. tonn af gosull er það ekki nema 0.5% af þörfinni fyrir þessa vörutegund í Vestur-Evrópu. Við sjáum því að það orkar ekki stórlega á framboðið.

Jarðefnaiðnaður hf. á Suðurlandi hefur verið með þetta mál í athugun nú um nokkurra ára skeið. Þegar fór að draga nær lokum þeirra athugana, sem gerðar voru, sneri félagið sér til iðnrn. vegna þess að hentugt þótti að hafa við það samvinnu um ýmis tæknileg atriði. Einnig var farið fram á að felld yrðu niður gjöld af vélum og tækjum ýmiss konar til verksmiðjunnar eins og dæmi eru til um annan samkeppnisiðnað á Íslandi.

Hins vegar fór Jarðefnaiðnaður hf. aldrei fram á það, að ríkið yrði þátttakandi í þessari verksmiðju, því það hefur verið höfuðmark félagsins að gera allt sem það gæti

til þess að ekki þyrfti að fjármagna verksmiðjuna af ríkinu. Enn er starfað þannig að málinu á Suðurlandi að það geti heppnast. Um það er erfitt að segja, það er mikil fjárfesting sem þarna er um að ræða. Það mun verða gert allt sem hægt er til þess, en ef það brestur að því marki verði náð sem stefnt er að í þessu efni, þá er að sjálfsögðu mikið í það varið að eiga þá fyrirvara sem í lögunum felast. En ég tel að mjög sæmilega sé girt fyrir að mögulegt sé að nota þá nema að vissu marki.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir því, sennilega að tillögu þeirrar nefndar sem hafði þetta til könnunar, að hlutafé félagsins verði minnst 30% af stofnkostnaði verksmiðjunnar. Ég hygg að það sé alveg óvenjulega hátt miðað við það sem gerist um önnur hlutafélög. Við því er ekkert að segja. En það er erfitt að ná þessu marki og þess vegna getur það orðið til þess að félagið verði fremur að leita til opinbers aðila eins og ríkisins um það að hlaupa þarna undir bagga. Ég hygg að algengara sé að þetta mark sé ekki hærra en 25% og þyki algerlega nóg. En því er ekki að neita, að náist það gerir það reksturinn léttari.

Ég ætla ekki að tala lengra mál um þetta. Ég vil aðeins geta þess, að miðað við þær forsendur, sem reiknað er með og útreikningar um arðsemina gera ráð fyrir, er sýnt að verksmiðja, sem byggir á útflutningi, er komin með jákvæða sjóðsstöðu á fjórða rekstrarári sínu. Hygg ég að það þyki ekki slæm niðurstaða um jafnviðamikið fyrirtæki og þetta verður.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Það væri vissulega ástæða til að ræða gaumgæfilega um þessa verksmiðju. Og það hefði kannske ekki síður verið ástæða til að þær tvær aðrar verksmiðjur, sem hv. Alþingi hefur fengið til meðferðar, að sjálfsögðu í sömu vikunni, fengju nokkru betri og nánari meðferð hér í hv. deild. Þessi frv. eru öll lögð fram í Ed. Síðan er þeim kastað hér inn rétt fyrir þinglausnir, þremur stórum verksmiðjum, og ætlast til þess að þm. hafi kynnt sér vendilega allar þær bókmenntir sem að baki þessum frv. standa. Ég vil leyfa mér að fullyrða að það séu nokkur kg — nú telur maður ekki blaðsíður, ekki á þessum síðustu og verstu tímum — sem hv. þm. hefðu þurft að pæla í gegnum til þess að geta gert sér þokkalega grein fyrir öllum þeim atriðum sem verulegu máli skipta.

Í gær var verið að afgreiða hér út úr deildinni frv. um sjóefnavinnslu. Nál. vegna þeirrar verksmiðju var aðallega um það, að n. hefði þurft að fá lengri tíma, það hefði þurft að kanna betur hagkvæmni verksmiðjunnar og önnur smáatriði. Nál. var allt á þá lund, að það væri ekkert vit í að fara að smíða slíka verksmiðju, því miður. (Gripið fram í.) Ja, það er hérna á borðinu mínu. Ég hef kannske fengið sérbökun á þessu. En það eru sem betur fer vissir fyrirvarar í þessum efnum. Og þó að menn vakni hér upp við þessa hluti núna eins og þeir hafi ekki þekkt þá áður — og eru allir skælbrosandi yfir, þá er það síður en svo nokkurt gamanmál hvernig staðið er yfirleitt að afgreiðslu margra stórra mála undir lok þessa þings og reyndar fleiri þinga margra sem ég hef verið á. Ekki man ég þó eftir að við höfum áður þurft að afgreiða tvö raforkuver og tvær verksmiðjur á dag. En afköstin vaxa með bættri tækni að sjálfsögðu.

Það verksmiðjumál, sem hér er á ferðinni, er kannske ekki eins alvarlegt og ella vegna þess að lítið er ákveðið í þessu frv. eins og fleirum, og má þó einkennilegt heita í því eina tilfelli þar sem komið hefur til greina að eygja mætti skugga af möguleika til þess að eitthvert fyrirtæki yrði sett á laggirnar í Suðurlandskjördæmi, því kjördæmi sem hefur lægstar meðaltekjur allra kjördæma í landinu, því kjördæmi þar sem framleitt er meira en 90% af allri raforku landsins, en engin raforka er til afnota á stórum svæðum kjördæmisins þrátt fyrir það og enginn iðnaður hefur verið byggður upp kringum þau stóru raforkuver sem þar eru. Raforkan er flutt millilíðalaust beint vestur yfir heiði til Reykjavíkur. Við fáum lítið að nota hana. (Gripið fram í.) Já, til Vestmannaeyja, sagði hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson. Það er gott að hann veit að við höfum rafmagn. En ég verð að segja það, að ekki hefur það nú gengið andskotalaust að eiga við ríkiskerfið varðandi orkumál Vestmannaeyja. Það eru ekki nema örfá ár síðan við fengum þennan rafstreng út til Vestmannaeyja eftir langan og mikinn barning, og þurfti að afgreiða það með félagslegum hætti, eins og það er kallað. Það þótti lítið vit í því að vera að tryggja Vestmannaeyjum, einni stærstu verstöð landsins, raforku, enda höfum við þurft að koma okkur upp rafafli í Vestmannaeyjum sem nemur u. þ. b. 4 mw. í dísilkeyrslutækjum. Það er svo sem ekki hægt að hrópa mörgum sinnum húrra fyrir afrekum þeirra iðnrh. sem þá voru við völd.

Við vorum víst að tala um steinullarverksmiðju, herra forseti. En það er kannske ekki alltaf út í hött að taka dálítið hliðarskref og ræða annað samtímis því okkur liggur ekkert á. Ég var að benda á að um leið og vottar fyrir minnsta möguleika — ég nefndi það skugga af möguleika, það þyrfti ekki meira — á því, að Sunnlendingar fengju einhvern iðnað í sitt kjördæmi, þá eru málin afgreidd með þeim alveg sérstaka hætti sem hæstv. iðnrh. hefur haft forgöngu um í þessu máli. Um leið og nefnt er Suðurland þarf að koma því þannig fyrir í þessu frv., að efnt er til samkeppni um hlutafjáröflun. Þetta er eins konar hlutafjárkapphlaup. Þetta hefur ekki komið fyrir hér áður, en það út af fyrir sig skiptir ekki svo miklu máli. Ég hefði kosið það í þessu máli, eins og mörgum öðrum, að einhver ákvörðun hefði verið tekin, tekin hefði verið ákvörðun um þessa verksmiðju, hvar hún ætti að vera og hversu stór hún ætti að vera og á hvaða forsendum það væri byggt, en ekki hafa þetta allt svífandi í lausu lofti. Þetta gildir einnig um fleiri mál hér í hv. Alþingi. Stjórnmálamenn verða að gera svo vel að þora að taka á sig þá áhættu að ákveða hlutina og taka ábyrgð á þeim ákvörðunum.

Sannleikurinn er sá, að það hefur verið unnið ákaflega einkennilega að þessu. Fyrir rúmu ári var skipuð sérstök nefnd til þess að fjalla um hvar þessi verksmiðja skyldi rísa. Deilt er um það, hvort hún eigi að vera á Sauðárkróki eða á Suðurlandi, í Þorlákshöfn, og það var settur á fót starfshópur eða nefnd eða hvað það heitir núna. Stór hópur vísindamanna var fenginn til þess að rannsaka hvort hagkvæmara væri að hafa verksmiðjuna nyrðra eða syðra. Framkvæmdastofnunin var einnig með fingurna í þessu eða formaður byggðadeildar þar. Þessir herramenn áttu að sanna það m. a., að það væri styttra frá Sauðárkróki til Reykjavíkur heldur en frá Þorlákshöfn. Og þeir eru núna alveg að komast að þeirri niðurstöðu að svo sé. (**Gripið fram í:** Hvað munar það miklu?) Og þegar verið er að reikna hagkvæmnina, þá er m. a. ekki tekið neitt tillit til þess, að það kunni að kosta eitthvað að flytja þessi 5—6 mw. norður í land. Þeir taka

ekkert tillit til þess, að það kosti eitthvað að lagera þarna sand og skeljasand upp á tugi þúsunda tonna. Vaxtakostnaður er ekki til í þessum dæmum, a. m. k. ekkert í líkingu við þá vexti sem við búum við. Öllum þeim þáttum, sem koma til álita við matið á þessum verksmiðjum, er hagrætt þannig að sem best komi út fyrir verksmiðjuna á Sauðárkróki, jafnvel þó að hún sé þrisvar sinnum minni en hin, en stofnkostnaðurinn samt 7 einingar á móti 10 í stóru verksmiðjunni. Ég vek athygli á þessu ef menn hafa ekki kannað þetta. Fjárfesting á tonn er margfalt meiri í verksmiðjunni nyrðra heldur en syðra. Um þetta er ekkert talað hérna. Það hefur auðvitað ekki verið ákveðið neitt um það, hvar þetta eigi að vera, og það er auðvitað algerlega þýðingarlaust að vera að tína til yfirleitt neinar röksemdir. Mér sýnist menn stefna á ákveðið mark og sjá aðeins fram fyrir sig, þeir á Norðurlandi vestra ásamt hæstv. iðnrh., en ég er hræddur um að það eigi eftir að heyrast allmyndarlegt hljóð úr horni áður en endanlega verður gengið frá þessu máli.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Þegar hv. 4. þm. Suðurl. gagnrýnir vinnubrögð á hinu háa Alþingi hlýt ég að minna hann á það, að hann skipar þann meiri hluta sem ræður öllu um málsmeðferð hér. Sjálfsgagnrýni er góð og ætti kannske að beita henni oftar. Um gagnrýni á Framkvæmdastofnunina, að hún hafi uppgötvað að það væri jafnlangt frá Reykjavík til Þorlákshafnar og Sauðárkróks, vil ég upplýsa, af því mér er málið skylt, að vísindamenn þar hafa komist oftar að álíka vísindalegum niðurstöðum. Þeir uppgötvuðu t. d. einu sinni að Héraðsvötn í Skagafirði rynnu eftir dalbotninum alveg neðst og enn síðar uppgötvuðu þeir að landslagi í Dalasýslu og Austur-Barðastrandarsýslu væri mjög ólíkt farið. Í Dalasýslu skagaði landið fram í sjóinn og myndaði nes, en í Austur-Barðastrandarsýslu skærust djúpir firðir inn í hásléttuna.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum, frv. (þskj. 1053). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og endursent Ed.

Skráning á upplýsingum, er varða einkamálefni, frv. (þskj. 782 (sbr. 744), n. 1047). — 2. umr.

Frsm. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Nefndin hefur yfirfarið frv. til l. um kerfisbundna skráningu á upplýsingum, er varða einkamálefni, og yfirfarið þær mjög verulegu breytingar sem á frv. voru gerðar í hv. Ed. Leggur n. til að frv. verði samþ. eins og það var þar afgreitt. Undir þetta skrifa allir þeir sem sæti eiga í allshn., en hv. þm. Garðar Sigurðsson gerir það með fyrirvara.

Um þessi efni vil ég aðeins hafa örfá orð. Hér er um að ræða mjög verulegar umbætur sem hníga í þá átt að vernda borgarana gegn þeirri misnotkun sem augljóslega getur verið hætta á í sambandi við skráningu á högum þeirra í gegnum tölvukerfi. Víða erlendis hefur þetta orðið til hreinna vandræða. Það er vissulega mikill vandi á höndum hvernig með þessi mál skuli farið. Nm. hyggja að hér sé snúist við þessu vandamáli með skynsamlegum hætti. Frv. tók mjög verulegum breytingum í Ed. sem miðuðu að því að einfalda það og skýra. Leggur n. því til að frv. sé samþykkt eins og það var afgreitt frá Ed.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Ég tók eftir því, að hv. frsm. n. gat þess, að ég hefði haft fyrirvara, og það er rétt. Fyrirvari minn við afgreiðslu þessa máls er kannske ekki fyrst og fremst efnislegur, heldur af þeirri ástæðu að allshn. hv. deildar fær þetta mál ákaflega seint til meðferðar. Þetta er nokkuð flókið mál og ég held ég megi segja að efnisleg meðferð þessa máls í n. var ekki meiri en svo, að það tók svona eins og einn fund. Og það er býsna mikil fljótaskrift. En það voru að vísu nokkrir í okkar n. sem höfðu kynnt sér málið ákaflega vel. Og rækilega var það skoðað og að mörgu breytt í meðferð Ed.

Ég gat þó kynnt mér málið nægilega mikið til þess að sjá að með samþykkt þess er almenningur meira verndaður gagnvart misnotkun á tölvum heldur en ef frv. væri ekki samþykkt. Ég get því fallist á að samþykkja frv. og þá ekki síst með tilliti til þess, að það hefur takmarkaðan gildistíma, aðeins fjögur ár. Ég geri ráð fyrir, að þessi mál verði í endurskoðun þar til gildistíminn rennur út, og sé þess vegna ekki annmarka á því að samþykkja frv. eins og það er orðið.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
3.—6. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
7.—9. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
10.—15. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
16.—18. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
19.—20. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
21. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
22.—27. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
28.—29. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
30.—31. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Ég vildi gera hér örstutta aths. í sambandi við dagskrá eða þingsköp. Ég hef ekki lagt í vana minn að gera það og mér er fullkomlega ljóst að á herðum forseta þessarar hv. deildar hefur hvílt að undanförnu ærinn vandi í sambandi við dagskrá og afgreiðslu mála og allt það málaflóð sem hefur þurft að afgreiða hér. Enginn taki mál mitt svo að í

því felist annað en viðurkenning á hæstv. forseta þessarar deildar fyrir hvort tveggja röggsama og réttláta fundarstjórn. Það stenst sannarlega.

En ég er nokkuð undrandi á því, að hér er 226. mál, á þskj. 447, frv. til l. um atvinnuréttindi útlendinga. Það er lagt hér fram af hæstv. félmrh. Það kemur strax fram við 1. umr. að dómsmrh. hefur nokkrar aths. við þetta frv. Út af fyrir sig er ekkert við því að segja þó að rekist á mismunandi skoðanir ráðh. í ríkisstj. En aths. dómsmrh. eru á þann veg að tengja atvinnuleyfi dvalarleyfum sem Útlendingaeftirlitið veiti o. s. frv.

Félmn. hefur lagt sig fram um að samræma þessi sjónarmið. Ég hef sem nm. vikið töluvert af braut minna skoðana hér til að koma til móts við aðra nm., og sérstaklega hefur form. n., hv. 1. þm. Vesturl., lagt í það töluvert mikla vinnu að samræma sjónarmið bæði þessara tveggja ráðh. og nm. Hafa verið haldnir nokkrir nefndarfundir til þess að vinna að framgangi þessa máls. Eftir að fullt samkomulag er komið hér í félmn. og málið liggur alveg fullkomlega tilbúið hér til afgreiðslu, samþykkis eða synjunar þessarar hv. deildar, skilst mér að hæstv. dómsmrh. hnippi hér í hæstv. forseta og óski eftir að mál þetta sé tekið út af dagskrá eða ekki tekið á dagskrá. Ég vil undirstrika það, að ég er ekki að gagnrýna hæstv. forseta, og endurtek það. Ég tel hann bæði röggsaman og réttlátan í sinni fundarstjórn. En þarna er um að ræða töluvert mikið áhugamál samtaka, samþykktir sem gerðar hafa verið í verkalýðsfélögum og hafa verið hér töluvert til umr. Og þegar menn leggja sig hér fram í nefndum til að ná samkomulagi og ná samkomulagi sem hæstv. dómsmrh. ætti fullkomlega að geta sætt sig við, þá furðar mig að ráðh. skuli hér kippa slíkum málaflokki út af dagskrá. Með fullri virðingu fyrir hæstv. dómsmrh. og án þess að vera að troða illsakir við hann persónulega verð ég satt að segja að lýsa undrun minni á þessum vinnubrögðum.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Út af orðum hv. síðasta ræðumanns vil ég aðeins taka þetta fram:

Ég skýrði honum raunar frá þessu í gærkvöld eftir hans ósk. Þetta mál er þannig vaxið, það er rétt, að ég veit að n., sem fékk þetta mál til meðferðar, hefur lagt í það mikla vinnu. Hún hefur tekið til athugunar margar af þeim aths., sem ég vildi gera við frv., og náð samkomulagi. En ég skaut því að hæstv. félmrh. fyrir nokkrum dögum hvort ekki væri eðlilegra og skynsamlegra að þetta frv., þó að búið væri að vinna margt og mikið að því, biði haustþings. Það byggði ég á nokkrum atriðum, m. a. að til er samþykkt Norðurlandaráðs, nokkurra ára, þar sem farið er fram á að Norðurlöndin hafi samflot um lagasetningu af þessu tagi. Það er kunnugt að endurskoðun laga á þessu sviði fer fram núna a. m. k. bæði í Noregi og Svíþjóð. M. a. af þessum ástæðum taldi ég ekki hundrað í hættunni þó að þetta mál biði haustþings, en gat þess hins vegar að mér dytti auðvitað ekki í hug að bregða fæti fyrir málið óðruvísi en segja mína skoðun á því. Ég mundi ekki bregða fæti fyrir það með öðru móti en greiða atkvæði gegn því eða vissum greinum þess. Hitt er svo annað mál, að ég held að hv. alþm. ættu að hafa það í huga að vanda gerð frumvarpa og lagasetningar. Þeir ættu að hafa það hugfast að semja stutt lög og gagnorð, en ekki hræra sífellt upp reglugerðargraut í lagagerð. Það er enginn máti á lagasetningu. Það er áreiðanlega miklu hyggilegra og skynsamlegra að vanda löggjöfina en aka löngum frv. í hlössum í gegnum þingið á síðustu dögum þess. Þetta bið ég alla hv. alþm. að hafa í huga, því það er ekki það sama að semja lög og setja saman reglugerðir.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það frv., sem hv. 7. þm. Reykv. hreyfir hér í umr. um þingsköp, er samið af nefnd sem skipuð var fulltrúum aðila vinnumarkaðarins, sem voru t. d. Ásmundur Stefánsson, Þorsteinn Pálsson og aðrir aðilar sem gjörþekkja þau mál sem hér er um að ræða. Það er því ómaklegt að mínu mati að gera því skóna, að hér sé á ferðinni flýtisverk af neinu tagi. Í annan stað er það ljóst, að hv. félmn. tók tillit til þeirra ábendinga, sem fram komu í þessum efnum, með mjög rækilegum hætti.

Ég skil mjög vel þau viðhorf hæstv. dómsmrh., að rétt sé að taka mið af því sem rætt er á vettvangi lagasamstarfs Norðurlandaráðs um mál af þessum toga. En hér gegnir þó nokkuð sérstöku máli í rauninni, vegna þess að Ísland er ekki aðili að hinum norrænu vinnumarkaðssamningi þannig að óhjákvæmilegt er að lagareglur um atvinnuréttindi útlendinga á Íslandi verði með nokkuð öðrum hætti en er í grannlöndum okkar enda þótt við hljótum að taka þar fyllsta tillit.

Ég legg á það áherslu sem mína skoðun, að þetta mál er í höndum þingsins. Það er þingsins að ákveða hvaða meðferð málið fær og afgreiðslu hér á þeim sólarhringum sem eftir lifa af því þinghaldi sem nú er að ljúka.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég á sæti í hv. félmn. og get vottað að það er rétt, að félmn. skoðaði þetta mál allrækilega. Við fengum boð um það áður en málið kom til n., m. a. í ræðu hæstv. dómsmrh. hér á Alþingi, að þetta mál hefði ekki hlotið eðlilega skoðun innan hæstv. ríkisstj., m. a. vegna þess að við nefndarskipun félmrh. hafði það gerst, að ekki var tekið tillit til þeirra atriða sem snerta dómsmrn. og þá einkum og sér í lagi Útlendingaeftirlitið.

Í nefndinni, sem samdi lagafrv., varð ágreiningur og Þorsteinn Pálsson skilaði sérstöku áliti. Í hv. félmn. varð jafnframt ágreiningur og þá sérstaklega um þau atriði sem hæstv. dómsmrh. gat um áðan, þ. e. að í frv. er fjöldi atriða sem auðvitað ættu miklu fremur heima í reglugerðum, auk þess sem verið er að koma upp tvöföldu kerfi og gera atvinnurekendum ákaflega erfitt um vik að ráða erlenda starfsmenn í vinnu. Það var þess vegna, að ég hélt, nokkuð ljóst þegar um málið var rætt í n. að ekki væri ætlunin að þetta mál færi út úr þinginu núna í vor. Það var, að ég hélt, álit okkar allra í nefndinni. Ég skal ekki um það segja, hvort Guðmundur J. Guðmundsson hafi verið einn þeirra, en það var alla vega mín tilfinning í starfi í n., að n. ætti fyrst og fremst að koma sér saman um þau efnisatriði sem hún vildi breyta með tilliti til óska dómsmrn. og sýna þau hér í þinginu, sem gæti þá orðið til þess, að hæstv. ríkisstj. kæmi sér saman um það stjfrv. sem hún leggur fram á hv. Alþingi.

Ég get þess vegna tekið undir það með hæstv. dómsmrh., að í þessu máli er það fyllilega eðlilegt og sakar engan, ekki þá sem hagsmuna eiga að gæta í málinu, þótt málið fái bið yfir sumarmánuðina og verði lagt fram í haust og þá verði tekið tillit til þeirra atriða, sem fengu sérstaka skoðun í n., og þá verði ljóst að málið er frv. allar ríkisstj., en ekki aðeins óskafrv. hæstv. félmrh.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Vegna þeirrar umr., sem hér fer fram í sambandi við stjfrv. sem hér hefur verið til meðferðar um atvinnuréttindi útlendinga vil ég leggja áherslu á það, sem hefur verið undirstrikað í þessum umr., að þetta frv., sem er stjfrv., er ekki betur útbúið, þegar það er lagt fram, en hér hefur komið fram í sambandi við ræður hæstv. ráðh.

Ég vil einnig undirstrika það, að þetta frv. var á óskalista ríkisstj. yfir þau mál sem æskilegt væri að kæmust í gegnum þetta Alþingi. Félmn. tók frv. til meðferðar, og eins og fram kom hér við 2. umr. málsins lagði n. mikla vinnu í að reyna að samræma þau sjónarmið sem strax komu fram í ítarlegum umsögnum frá dómsmrn. og lögreglustjóraembættinu í Reykjavík eða Útlendingaeftirlitinu, til þess að reyna að lagfæra frv., bæði vegna þessara aths. og sömuleiðis, eins og kom hér fram við 2. umr., að lagfæra orðalag frv. sem var um sumt ábótavant. Þess vegna kemur mér nokkuð á óvart ef um það er að ræða, eins og mátti skilja á ummælum hæstv. dómsmrh., að það væru einhver atriði sem máli skiptu sem ekki hefði verið tekið tillit til í umsögn þessara aðila. Svo er ekki. Hins vegar get ég tekið undir það, að það er nýtt innlegg í málið ef verið er að samræma slíka löggjöf á Norðurlöndum. Þá er sjálfsagt að taka tillit til þess.

En ég get tekið undir það sem hv. 10. þm. Reykv. sagði. Við gerðum okkur grein fyrir því, að það gætu verið ýmis tormerki á því að þetta mál kæmist í gegnum Alþingi. En allt um það væri það nauðsynlegur hreinsunareldur, ef svo má að orði komast, til þess að alþm. gætu þá kynnt sér það sem helst kæmi til greina að vera ágallar á þessu frv. sem lagfæra þyrfti í báðum deildum þingsins.

Ég stend hér upp aðeins til þess að undirstrika það, að ég tek aðfinnslur hæstv. dómsmrh. hvorki til mín né félmn., eins og þær komu frá hans hendi í umr. nú fyrir skömmu. Ég vil leggja áherslu á þá skoðun mína, að það verður að ætlast til þess, að ríkisstj., sem leggur lagafrv. fyrir Alþingi, sjái til þess, að þau mál séu a. m. k. að frumgerð svo vandlega undirbúin að þau innihaldi það sem mestu máli skiptir. Það verður að vera aðalatriðið. Síðan er það skylda þm. að mínu mati og þingnefnda að taka tillit til þeirra umsagna og þeirra skoðanaskipta, sem um málið koma fram, og reyna eftir fremsta megni að ná samkomulagi um skynsamlegustu breytingar á slíkum lagafrv.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Mér er fullljóst að vitanlega kemur þetta mál ekki héðan af fyrir þetta þing. Ég vildi hins vegar aðeins víkja að þessum vinnubrögðum hæstv. dómsmrh. sem ég virði á ýmsan hátt, en er algjörlega ósammála í vinnubrögðum þar... Ég vísa algjörlega frá því tali hæstv. dómsmrh., hvernig lög eigi að vera, og frábið mér algjörlega alla kennslu í þeim efnum frá honum. Það, sem greinir á, er að annars vegar er kansellíið, embættismennirnir, og hins vegar almennt verkafólk. Vitanlega sigrar kansellíið. Það er regla. Og dómsmrh. skal ekki vera hér með einhverja lagakróka og reglugerðir. Það er efni frv. sem hefur ákveðið gildi. Dómsmrh. gat á öllum stigum þessa máls komið með leiðréttingar og efnislegar breytingar, og till., sem komu frá dómsmrn., voru efnislega felldar hér inn í. Það er ekki „júridískur" ágreiningur, eins og kansellíið orðar það, eða búningur, sem ágreiningur er um.

Ég skal svo ekki lengja þessar umr. eða troða illsakir við hæstv. dómsmrh. Mér finnst þetta bara slæm vinnubrögð.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Það er fjarri mér að troða illsakir við nokkurn mann út af þessu máli, allra síst síðasta hv. ræðumann. Ég ætla ekki heldur að fara að endurtaka neitt af því sem ég sagði í síðustu ræðu minni út af þessu máli. Ég vil þakka nm. og öðrum þeim sem unnið hafa að lagfæringu frv. hér á hv. Alþingi og tekið þar til greina margar af ábendingum ráðuneytisins. Það er hverju orði sannara. Og vissulega er það þannig, að þegar frumvörpum er ýtt á flot hér í þinginu er það vitaskuld hv. alþingismanna að móta þau og meitla þar til þau verða að lögum.

En ég vil aðeins taka eitt fram í viðbót við það sem ég sagði áðan. Þegar stjfrv. var raðað í ríkisstj. fyrir skömmu og þau flokkuð eftir því, hvort þau skyldu ná fram að ganga, þá flokkuðum við þau í tvo flokka. Í fyrri flokkinn settum við þau mál sem við töldum nauðsynlegt að hlytu samþykki fyrir þinglok. Í síðari flokkinn settum við þau frv. sem við töldum að vísu æskilegt að næðu samþykki fyrir þinglok, en mættu bíða. Þannig flokkaði ríkisstj. málin fyrir nokkrum vikum með tilliti til þinglausna, og þetta umrædda mál lenti í öðrum flokki.

Stálbræðsla, frv. (þskj. 1052, n. 1058). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 21:2 atkv.

Frsm. (Skúli Alexandersson): Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. iðnn. um frv. til l. um stálbræðslu. Nefndin fjallaði um frv. á fundi sínum í morgun og kvaddi til nokkurn hóp sérfræðinga og hagsmunaaðila. Svöruðu þeir spurningum nm. og gáfu ýmsar upplýsingar. Þetta mál hefur verið allítarlega og vel rætt í hv. iðnn. Ed. og gerðar veigamiklar breytingar á frv. Iðnn. Nd. leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það kom frá Ed. Einstakir nm. áskilja sér þó rétt til þess að fylgja brtt.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Við höfum hér til meðferðar hið síðasta af svokölluðum þremur S-málum sem hafa verið lögð fyrir þingið á síðustu dögum. Ég tek heils hugar undir það sem þingheimur virðist einróma samþykkja, að málatilbúnaður allur nú í þinglok hefur verið með endemum og gert þm. erfitt fyrir. Hæstv. dómsmrh. talaði um hauga af málum eða hlöss af málum sem hér hefðu bunkast upp, og það er því miður rétt. Ég vil viðurkenna að það er varðar tvö fyrri málin sem við höfum haft til meðferðar, steinullarverksmiðju og sjóefnaverksmiðju, hef ég hreinlega ekki treyst mér til að taka afstöðu með eða móti. Þó að ég þykist vita að þetta séu hvort tveggja ágæt mál, þá hafa heyrst margar raddir sem telja í þeim mikla áhættu sem ég, að of lítt athuguðu máli, treysti mér ekki til að taka sem alþm.

Ég hef hins vegar fylgst með þessu stálbræðslumáli nokkuð lengi og ég fagna því, að það er komið á lokastig. Stálfélagið hefur starfað nú í rúm tíu ár. Að því standa nokkrir harðduglegir einstaklingar sem hafa unnið mjög ósleitilega að framgangi málsins. Ég veit að þeir hafa unnið af mikilli vandvirkni, verið í samráði og sambandi að því er varðar ráðgjöf og upplýsingar við ýmis erlend fyrirtæki, á Norðurlöndum sérstaklega. Ég veit að þeir

munu standa vörð um þetta fyrirtæki og þeir munu ekki gera sér að góðu að verða bónbjargamenn ríkissjóðs, eins og því miður er orðið hlutskipti of margra atvinnufyrirtækja hér á landi nú.

Ég vil aðeins benda á þá aðalkosti, sem þessu máli fylgja, og vitna þá í grg., með leyfi forseta.

Það er talað í fyrsta lagi um umhverfisbætandi áhrif og er þá átt við að við munum losna við eitthvað af brotajárnshaugunum sem hafa verið til lítillar prýði vítt um byggðir landsins, ekki hvað síst í grennd við þéttbýli. Það eykur atvinnu í landinu, það eykur öryggi hvað varðar aðdrætti grundvallarbyggingarefnis, það hefur gjaldeyrissparandi áhrif, það eykur fjölbreytni atvinnulífs og inn flyst þekking um grundvallariðnaðarstarfsemi. Ég hygg að þetta sé allt hárrétt athugað. Mér hefur þótt það harla ófugsnúið, eins og verið hefur fram að þessu, að við höfum flutt út það brotajárn sem á annað borð hefur verið nýtt, það sem á annað borð liggur ekki áratugum saman í haugum hér og þar, — við höfum flutt það út til vinnslu og flutt svo inn aftur járn sem búið er að vinna erlendis. Ég tel það kost á þessu máli að ekki er gert ráð fyrir útflutningi, en það mun væntanlega verða okkur nokkurn veginn nægilegt til okkar steypustyrktarjárnsnotkunar.

Það er eitt enn í þessu máli sem mig langar til að nefna og fá svör við. Það er varðandi raforkunotkun. Ég sé ekki að það komi fram hér í þskj., en sjálfsagt kemur það fram í öðrum gögnum sem málinu eru samfara. En það er af því að ég tel mig muna rétt að ég hafi séð einhvers staðar fyrir nokkru að sjóefnaverksmiðja á Reykjanesi og steinullarverksmiðja í Þorlákshöfn mundu þurfa um 15 mw. raforkunotkun á ári. Ef við leggjum nú stálbræðsluna við og gerum enn ráð fyrir öðrum 7.5 mw., þá erum við komin þar upp í 22 mw. eða eitthvað slíkt. Og nú langar mig til að spyrja, ef hæstv. iðnrh. væri hér viðstaddur eða einhver annar vís maður sem um þetta veit: Hver verður raforkuþörf þessara þriggja verksmiðja sem við erum nú að ganga frá til samþykktar á Alþingi? Ef þessar tölur sem ég nefni eru eitthvað í nánd við að vera réttar, þá segja þær a. m. k. harla lítið upp í þau 600 mw. eða um það bil sem verið er að tala um að virkja — ja, hvenær? Það veit maður því miður ekki. Vonandi í bláma framtíðarinnar einhvers staðar verður það að veruleika þetta frv. sem við vorum að samþykkja hér í gær. En þessi litlu 20—30 mw., sem eiga að fullnægja þremur íslenskum verksmiðjum, gefa mér til kynna a. m. k. að harla uggvænleg sé sú stefna sem nú ræður í okkar stóriðjumálum, ef þetta er rétt og við ætlum að byggja virkjanir upp á 600 mw., en byggjum verksmiðjur sem ekki þurfa meiri raforku.

Þetta vildi ég nú spyrja um því mér finnst þetta lítið dæmi um það, hve skuggalega horfir í okkar raforkumálum og hve litlar líkur eru á að alveg í náinni framtíð verði hafist handa um þá uppbyggingu íslensks atvinnulífs sem vinnsla raforkunnar hlýtur að vera grundvöllur fyrir.

En ég fagna því, að þetta mál er nú komið í höfn. Ég ber fullt traust til þeirra manna sem ætla að reka það á persónulega ábyrgð, hæfra og duglegra einstaklinga, og ég vona að þeim farnist vel, án þess að verða baggi á íslenska ríkinu og um leið íslenskum skattgreiðendum.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég hlýt að gera aths. við það, að hver hv. þm. á fætur öðrum setur á tölu þar sem hann gagnrýnir harðlega almennt vinnubrögð hins háa Alþingis. Menn ættu ekki að taka hluta fyrir heild í öllu. Það er að vísu rétt, ég játa það og get vel látið það koma fram, að ýmis mikilsverð mál hafa komið allt of seint fram, og má þar nefna mál þetta sem nú er til umr. En það er óþarft að sveigja svo hastarlega á bakborða með fjölmiðlum, eins og þeir haga sér í gagnrýni á störfum þessa hv. Alþingis, að taka undir í öllu það sem þar fer fram. Má ég minna á það, að við vorum rétt í þessu að afgreiða mál sem var 2. mál á hinu háa Alþingi og hefur legið fyrir því síðan 10. okt. Skyldu hv. þm. ekki hafa haft tækifæri til þess að rannsaka og athuga það mál? Ég nota þau orð yfir mál, að athuga þau og rannsaka, en ekki eins og hér er gert og hver hv. þm. á fætur öðrum segir: að skoða mál. Menn skoða landslag og hús, en þeir skoða ekki mál nema þá að líta á plöggin. En þetta vil ég að komi sérstaklega fram, vegna þess að langmestur fjöldi þeirra mála, sem hér hafa verið til afgreiðslu á síðustu dögum þingsins, hefur fengið mjög rækilega meðferð á hinu háa Alþingi í báðum deildum og við slímusetur á þingnefndarfundum.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég ætla hvorki að gagnrýna forseta né þingið í þeirri ræðu sem ég flyt hér, en vekja örlitla athygli á því, að íslenska ríkið — eða stofnanir þess — er aðalvinnuveitandi á Reykjavíkursvæðinu og hefur svo verið lengi. Hjá fjórðungssambandi einu á Íslandi er í dag í gangi allsherjar úttekt á því, hvaðan skattfé landsins kemur og hvert það fari. Og það liggur fyrir, þó ekki sé búið að vinna það verk til fullnustu, að þeir eru stríðir, þeir straumar sem liggja hingað á aðalþéttbýlissvæðið. Sú spurning hlýtur að vakna, þar sem við erum að hugleiða að byggja stálbræðslu, hvort það sé yfirleitt nauðsynlegt að íslenska ríkið sé þátttakandi í stálbræðslu hér á Reykjavíkursvæðinu.

Hv. ræðumaður, sem talaði á undan mér, talaði um dáðmikla og dugmikla einstaklinga sem eru reiðubúnir að axla þessa ábyrgð og koma þessu áfram. Ekki vil ég draga úr þeirra dugnaði. En hví skyldu þeir ekki vilja bera þetta 100%? Eða þá að Reykjavíkurborg, sem er langöflugasta sveitarfélag þessa lands, gerðist eignaraðili í staðinn fyrir ríkið? Væri það ekki eðlilegri þróun að hún verði fjármagni til iðnaðaruppbyggingar hér en að etja kappi við fámenn og veik svæði í aukinni togaraútgerð á Íslandi á sama tíma og hrópað er yfir þingsali að það sé ekki pláss á íslenskum fiskimiðum fyrir togara frá Þórshöfn?

Ég held að það sé í alla staði ástæðulaust að blanda því tvennu saman, hvort menn vilja reisa stálverksmiðju eða hvort menn vilja að íslenska ríkið sé þátttakandi í því fyrirtæki. Og ég sé ekki alveg hvaða nauður rekur til þess, að íslenska ríkið auki enn svo mjög sína atvinnustarfsemi á þessu svæði. Þar hljóta menn að fara að gera það upp við sig hvert stefnir. Ég vil aðeins benda á það, að á árunum 1970 — 1978 fjölgaði í heilbrigðisstofnunum og velferðarstofnunum þessa lands yfir 3300 manns. Velflestir, sem þar bættust við, starfa á þessu svæði. Það er engin smáræðis atvinnuuppbygging sem þannig er staðið fyrir. Og mér finnst unnið allharkalega gegn byggðastefnunni ef við teljum einnig nauðsyn að ríkið yfirtaki atvinnuuppbygginguna hér, þá atvinnuuppbyggingu sem hefur verið í höndum frjálsra einstaklinga og þeirra félaga, — ef við teljum nauðsyn að ríkið fari að yfirtaka þá atvinnuuppbyggingu hér á þessu svæði eins og hér virðist stefnt að.

Guðmundur G. Þórarinsson: Herra forseti. Ég kem hér í ræðustól ef ég gæti aðeins upplýst eitthvað af því sem hv. 1. landsk. þm., Sigurlaug Bjarnadóttir, spurði um. Það er reiknað með að stálverksmiðja muni nota um 10 mw. Það er gert ráð fyrir að steinullarverksmiðja, sú stærri, mundi nýta um 5 mw. En það er gert ráð fyrir að saltverksmiðjan muni framleiða rafmagn sjálf, allt að 10 mw., með gufuhverflum. Hins vegar vil ég vara við því, að menn reikni þetta allt út í aflseiningum eða mw., vegna þess að orkunotkunin skiptir í þessu sambandi meira máli. Það er mismunandi nýtingartími sem þessar verksmiðjur nota þetta afl. Það er gert ráð fyrir að saltverksmiðjan eða sjóefnaiðjan muni á fyrsta stigi, þessi 40 þús. tonna verksmiðja, nota um 10 gwst. á ári, steinullarverksmiðjan muni nota um 40 gwst. á ári, en stálbræðslan um 15. Og til frekari upplýsinga um stálbræðsluna, því sérstaklega var á hana minnst, er í áætlunum gert ráð fyrir að hún greiði 20 mill á kwst. raforku og fái raforkuna þá við spennu sem er einhvers staðar á milli 132 og 220 kw.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil nú taka undir það með kollega mínum, skrifara Ólafi Þ. Þórðarsyni, að það gæti komið til álita að Reykvíkingar hættu togararekstri, sérstaklega ef forstjórarnir fylgdu með.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.

Ákv. til brb. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Dýralæknar, frv. (þskj. 422, n. 1003). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Þetta mál var nú raunar á dagskrá fyrir nokkrum dögum og þá var talað fyrir meirihluta- og minnihlutaáliti hér í hv. deild. Ætla ég að vísa alveg til þess. Niðurstaða meiri hl. landbn. var sú að vísa þessu til hæstv. ríkisstj.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég flyt hér örlitla brtt. Það hefur fallið niður í frvgr. Ljósavatnshreppur, og ég legg fram skriflega brtt. um að á undan Bárðdælahreppi komi Ljósavatnshreppur.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 1059) samþ. með 25 shlj. atkv.

Till. á þskj. 1003 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 16:11 atkv.

Efri deild, 123. fundur.

Mánudaginn 25. maí, kl. 1 miðdegis.

Varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum, frv. (þskj. 1053). — Ein umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1065).

Framkvæmdasjóður aldraðra, frv. (þskj. 1055 (sbr. 965), n. 1063, 1064). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Fyrr á þessu þingi var lagt fram frv. um málefni aldraðra og úrbætur í þeim efnum. Heilbr.- og trn. Nd. tók það frv. til vinnslu og varð niðurstaða n. að taka ákveðna þætti frv. og breyta öðrum og flytja síðan sjálfstætt frv. sem hv. heilbr.- og trn. Nd. stóð öll að.

Fjh.- og viðskn. sömu deildar fékk það frv. síðan til meðferðar og gerði ákveðnar breytingar á tekjuöflun. Það er í þeim búningi sem þessi hv. deild fær frv. til meðferðar.

Það er niðurstaða fjh.- og viðskn. að mæla með samþykkt frv., en einstakir nm. áskildu sér þó rétt til að flytja brtt. og einn þeirra, hv. þm. Kjartan Jóhannsson, hefur flutt sams konar brtt. og flokksmenn hans fluttu í Nd. og þar var felld. Verður sjálfsagt gerð grein fyrir henni hér á eftir. Það er hins vegar skoðun okkar, sem að nál. stöndum að öðru leyti, að rétt sé að fara þá fjáröflunarleið sem varð niðurstaða meðferðarinnar í Nd., a. m. k. að sinni, eins og gert er ráð fyrir í núverandi búningi frv. Síðar gefst tækifæri til þess að endurskoða fjáröflunarkerfið þegar reynsla hefur fengist af því. Ég held að það sé afar nauðsynlegt, til þess að stuðla að hröðum framkvæmdum og úrbótum í málefnum aldraðra í þessu þjóðfélagi, að frv. fái afgreiðslu hér frá Alþingi nú.

Ég mæli því, herra forseti, fyrir hönd n. með því að frv. verði samþykkt þótt menn greini eitthvað á um það, í hvaða formi tekjuöflunin eigi að vera.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Það er að sjálfsögðu mjög óþægilegt að auka við skattheimtu á þessum síðustu tímum og svo síðla sem hér er gert ráð fyrir. Það málefni, sem um er að ræða, málefni aldraðra, er hins vegar svo brýnt að það er nauðsynlegt að grípa þegar til ráðstafana til þess að afla frekara framkvæmdafjár. Um það ríkir ekki ágreiningur. Þess vegna hef ég líka skrifað undir það nál., sem hér um ræðir, og mælt með samþykkt þess frv., sem hér er til umr. Engu að síður kann það að skipta verulegu máli hvernig gjaldtökunni er háttað, hvernig teknanna er aflað.

Samkv. þeim texta, sem fyrir liggur frá Nd. og meiri hl. n. mælir með, er gert ráð fyrir að lagt verði 100 kr. gjald á hvern skattþegn yfir 16 ára aldri og með yfir 2.5 millj. gkr. í tekjur. Ég held að það sé augljóst, að þetta leggist hlutfallslega mjög þungt á þá sem mjög lágar tekjur hafa. Það hefur verið leitast við — og maður hefur skilið það m. a. sem stefnu ríkisstj. — að draga úr skattheimtu á hinar lægri tekjur og skiptir þá náttúrlega ekki máli hvaða nafn skatturinn ber. Ef hv. dm. hugsa sig svolitla stund um mun þeim væntanlega verða ljóst að skattur af þessu tagi er hlutfallslega mjög mikil þynging fyrir þá sem eru mjög skattlágir. Og einmitt þá getur munað um þá upphæð sem hér um ræðir. Það er út frá þessum sjónarmiðum sem ég hef hér endurflutt, í nokkuð öðrum búningi þó, till. sem Alþf.-menn fluttu varðandi þetta efni í Nd. Alþingis. Ég get ekki séð að það eigi að hindra hv. dm. neitt í því að greiða þessari till. atkv., hversu áliðið er þings, því að enn er tími til stefnu til að ganga frá þessu með þeim hætti sem eðlilegastur og bestur getur talist.

Till., eins og ég hef gengið frá henni og flyt hér, er á þá lund, að hér verði um að ræða 1% gjald á álagðan tekju- og eignarskatt þeirra einstaklinga sem eru yfir 16 ára aldri og hafa tekjuskattsstofn sem er yfir 2.5 millj. gkr. Með þessu móti verður þetta í hlutfalli við gjaldþol manna. Enn fremur er gert ráð fyrir sams konar álagi á álagðan tekju- og eignarskatt félaga. Þetta á hvort tveggja við á árinu 1981. Mér sýnist við fljóta yfirsýn að þetta mundi gefa heldur drýgri tekjur í heild en sú till. sem fyrir deildinni liggur frá Nd.

Ég ítreka sem sagt meðmæli mín með því, að þessi breyting verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 1064 felld með 14:3 atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
3.—6. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Raforkuver, frv. (þskj. 1043, n. 1060 og 1062, 1061). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá meiri hl. iðnn. um frv. til l. um raforkuver.

Nefndin hefur fjallað um frv. Eftirtaldir aðilar mættu til viðræðna og gáfu upplýsingar um þetta málefni: Guðjón Guðmundsson, settur rafmagnsveitustjóri ríkisins, Tryggvi Sigurbjarnarson, formaður ráðgjafarnefndar iðnrn., Jóhann Már Maríusson frá Landsvirkjun, Gunnlaugur Þórðarson og Birgir Jónsson frá Orkustofnun, Magnús E. Guðjónsson frá Sambandi ísl. sveitarfélaga og Aðalsteinn Guðjohnsen frá Sambandi ísl. rafveitna.

Meiri hl. n. leggur til að frv. verði samþykkt eins og það var afgreitt frá Nd. Undir þetta nál. rita Davíð Aðalsteinsson, Stefán Jónsson, Gunnar Thoroddsen og Stefán Guðmundsson.

Frsm. minni hl. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Eins og fram kom í ræðu frsm. meiri hl. iðnn. náðist ekki samstaða í nefndinni um afgreiðslu þessa frv. Við í minni hl., hv. 11. landsk. þm. og hv. 2. þm. Reykn. ásamt mér, skilum sérstöku nál. Það hefði mátt ætla að ekki hefði þurft að vera ágreiningur í þessu máli. Það hefur hér í umr. fyrr verið höfðað til þess, að nauðsynlegt væri að hafa samstöðu í málinu. En samt hefur það ekki tekist. Það er vegna þess að málatilbúnaður hæstv. ríkisstj. í þessum málum er slíkur að það mundi sýna mikið ábyrgðarleysi af hálfu okkar í stjórnarandstöðunni ef við féllumst á slíka málsmeðferð í svo þýðingarmiklu máli.

Við verðum í þessu sambandi og ekki síst þegar um mál eins og orkumálin er að tefla að hafa í huga hvað það er sem við erum að miða að. Við verðum að hafa í huga að það er markmið okkar að efla hagsæld og velferð þjóðarinnar. En til þess þarf að auka þjóðarframleiðsluna sem er eina örugga undirstaða batnandi lífskjara í landinu. Þetta er þeim mun brýnna að hafa í huga sem flestir eru sammála um að lífskjörin séu nú lakari hér á landi en í nágrannalöndunum. Greinilegt sjúkdómseinkenni er t. d. búferlaflutningur Íslendinga til annarra landa sem við höfum orðið að horfa upp á á undanförnum árum. Staðreyndin er að það hefur dregið úr vexti þjóðarframleiðslunnar að undanförnu. Þó að fjárfestingin sé mikil skilar hún of lítilli framleiðsluaukningu. Á sama tíma fjölgar fólki stöðugt við atvinnustörf, þannig að eitthvað hlýtur að vera bogið við arðsemi fjárfestingarinnar eða framleiðniþróunina í landinu. Hér er því brýnt viðfangsefni við að fást. Mér þykir rétt að vekja athygli á þessum undirstöðuatriðum, einmitt þegar við ræðum um frv. það sem hér er á dagskrá, vegna þess að ásamt gæðum lands og sjávar eru orkulindirnar þau gæði sem okkur eru verðmætust.

Þrátt fyrir þær miklu framfarir, sem orðið hafa á þessari öld, höfum við ekki enn þá beislað 10% af nýtanlegri vatnsorku landsins. Augljóst er að Íslendingar eiga í orkulindum sínum stórkostleg náttúruauðæfi sem þar að auki eru óþrjótandi, en annars staðar í heiminum fæst meginhluti orkunnar úr lífrænu eldsneyti sem gengur óðum til þurrðar. Það er því höfuðatriði að nýta þessa miklu auðlegð, sem fólgin er í orkulindum landsins, til þess að örva hagvöxtinn.

Samkeppnisaðstaða íslenskrar vatnsorku hefur stórbatnað vegna þverrandi orku og hækkandi orkuverðs í heiminum. Um leið fer þeim stöðugt mjög fækkandi sem boðið geta ódýra vatnsorku. Það má því orða þetta svo, að komið sé að nýjum þáttaskilum í íslenskri hagsögu. Það er þetta sem liggur til grundvallar umræðum um orkufrekan iðnað og stóriðju. Þetta ber að hafa í huga þegar metið er hve stór átök beri nú að gera í virkjunarmálum okkar Íslendinga. Þá horfum við fram til gjaldeyrisöflunar í útflutningi orkunnar í formi iðnaðarvöru og til þeirra möguleika til gjaldeyrissparnaðar sem geta verið fólgnir í orkulindum landsins, í framleiðslu innlends eldsneytis. En leiðin til þess eru stórvirkjanir í fallvötnum landsins.

Frv. það, sem hér er fjallað um, verður að skoða í ljósi þess, hvernig það má þjóna þeim þörfum í orkumálum landsins sem ég hef hér lagt áherslu á. Á þann mælikvarða er frv. þetta léttvægt fundið. Það er ekki til þess fallið að stuðla að stórátaki í virkjunarmálunum. Það markar enga stefnu í orkumálunum, heldur ber vott um sýndarmennsku og vingulshátt.

Í frv. þessu eru taldar upp nokkrar stórvirkjanir og virkjunaráfangar sem samtals mundu jafngilda stórátaki í virkjunum ef til framkvæmda kæmu. En af frv. sjálfu verður ekki séð að mikil áhersla sé lögð á framkvæmdir þær sem þar eru taldar upp. Kemur þar margt til.

Engar afdráttarlausar heimildir er að finna í frv. til virkjunaraðila, svo sem venja er í heimildarlögum um virkjanir. Þetta þýðir að þótt frv. yrði að lögum þarf þannig sérstakt samþykki ríkisstj. fyrir því, að Landsvirkjun mætti stækka Hrauneyjafossvirkjun og Sigölduvirkjun og virkja við Sultartanga. Ríkisstj. áskilur sér stöðvunarvald í þessum virkjunarframkvæmdum þótt Alþingi veiti heimild til þeirra. Ég bið menn að athuga þetta og gera það upp við samvisku sína, hvort þeir geta viðhaft slík vinnubrögð sem hér er ráð fyrir gert og ekki eru dæmi fyrir áður, þegar um heimildarlög hefur verið að ræða til virkjunarframkvæmda.

En svo slæmt sem frv. er varðandi framkvæmdir á núverandi virkjunarsvæði Landsvirkjunar tekur ekki betra við um þær virkjanir sem ætlaðar eru utan þess svæðis. Bið ég menn nú, hv. þm., að taka eftir ef þeir vilja hafa það sem sannara reynist í þessum efnum. Í frv. stendur að ríkisstj. heimilist að semja við Landsvirkjun um að reisa og reka Blönduvirkjun og Fljótsdalsvirkjun. Ekkert er kveðið á um hvað ske muni ef þessir samningar takast ekki. Það er ekkert kveðið á um það, rétt eins og þá ætti ekkert að verða af þessum framkvæmdum. Ég er ekki að segja að það sé hugsunin, en þannig er þetta samkv. bókstaf frv. Svo bögglingsleg lagasmíði sem þetta er að sjálfsögðu til komin vegna þess að gefist hefur verið upp við að lögfesta hlutverk Landsvirkjunar um allt land sem aðalorkufyrirtækis. Það hefur verið gefist upp við þetta viðfangsefni. Þetta ber vott um ráðleysi í skipulagsmálum orkuframleiðslunnar.

Í frv. er ekkert sem kveður á um að undirbúningi að byggingu orkuveranna svo og framkvæmdunum sjálfum skuli hraðað svo sem kostur er, ekkert um þetta efni. Af því má ætla að hægagangur verði á öllu. Þess gerist ekki heldur þörf að fara geyst í framkvæmdir ef orkunýtingarstefnan er sú að fullnægja einungis þörfum til heimilisnota, húshitunar og almenns iðnaðar. Ef þetta er tilfellið er upptalning frv. á stórvirkjunum þeim, sem þar greinir, hins vegar sýndarmennskan ein.

Aftur á móti er frv. algerlega óraunhæft ef ætlunin væri að reisa á 10 árum eða svo þær stórvirkjanir sem frv. fjallar um. Þá er það algerlega óraunhæft því að í frv. er ekki gert ráð fyrir stóriðju svo sem nauðsyn er fyrir stórátaki í virkjunarmálunum.

Að svo miklu leyti sem frv. markar nokkra stefnu er þar tekinn versti kosturinn. Þar er ekki um að ræða framkvæmdir sem eru einungis miðaðar við almennar þarfir heimilisnotkunar, húshitunar og almenns iðnaðar. Þar er ekki heldur gert ráð fyrir stóriðju sem er grundvöllur fyrir stórátaki í virkjunarmálum. Valinn er versti kosturinn, stórvirkjanir án nauðsynlegs orkumarkaðar sem stóriðjan ein getur skapað. Slík stefna eða réttara sagt stefnuleysi leiðir til sjálfheldu í orkumálum þjóðarinnar.

Staðan í orkumálunum í dag blasir þannig við, að fálm og hik iðnrh. hindrar virkjun Blöndu. Bein andstaða ráðh. við stóriðju kemur í veg fyrir Fljótsdalsvirkjun. Frv. ríkisstj. boðar lögfestingu á aðgerðaleysinu. Þannig svarar þetta frv. ekki þeim kröfum sem til þess verður að

gera ef hugur á að fylgja máli um allt talið um hagnýtingu orkulinda landsins til að efla hagsæld og velferð þjóðarinnar.

Við í minni hl. n. viljum freista þess að koma fram lagfæringum á þessu frv. Við viljum gera allt sem í okkar valdi stendur til að fá þessum mikilvægu málum komið í það horf að grundvöllur sé fyrir því að menn standi saman í því stórmáli sem hér er um að ræða. Þess vegna berum við, sem erum í minni hl. í n., fram brtt. ásamt öðrum þm. stjórnarandstöðunnar hér í hv. deild þar sem við viljum freista þess að koma á nokkrum lagfæringum við þetta frv.

Hv. 2. þm. Reykn. mun gera grein fyrir þessum sameiginlegu brtt. stjórnarandstöðunnar svo að ég vík ekki að þeim af þeim ástæðum. Segja má að það hefði hins vegar verið ástæða til að ræða þessi mál miklu ítarlegar við þessa umr. heldur en ég hef þegar gert. En ég leyfi mér að vísa til þess sem ég sagði í gær við 1. umr. málsins. Þar vék ég efnislega að ýmsum þáttum frv., sem ég hef ekki komið hér að í trausti þess, að hv. þdm. hafi lagt sér það vel á minni sem þá var sagt. (Gripið fram í.) Í fyrradag, mér varð mismæli, en ég vona að ummæli mín standist eins fyrir því og sérstaklega traust það sem ég ber til minnisgáfu hv. stjórnarþm. og ráðh., að þeir muni muna það sem hér var sagt við 1. umr. málsins þó að það hafi verið s. l. laugardag, en ekki í gær.

Ég vil svo aðeins segja það, að við munum greiða atkv. gegn frv. ef þessar brtt., sem stjórnarandstaðan flytur á sérstöku þskj., ná ekki fram að ganga.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Það er nú augljóst að frv. ríkisstj. um raforkuver, sem hér liggur fyrir og í þeim búningi sem það hefur nú á sig tekið, er ekki fremur en fyrr stefnumarkandi að neinu leyti. Það er í rauninni engin afstaða tekin til framkvæmda og þær heimildir, sem virðast vera veittar, eru síðan teknar aftur í öðrum greinum frv. Sú heimild, sem virðist vera veitt í 1. gr., er tekin til baka í 2. gr., þannig að þessi mál eiga þá að vera jafnóleyst hér eftir og þau hafa verið fram að þessu.

Þær breytingar, sem gerðar hafa verið á texta frv. í meðförum Nd., eru auk þess að ýmsu leyti harla einkennilegar. Það er t. d. tekið fram að ríkisstj. sé heimilt að semja við Landsvirkjun um að reisa og reka tilteknar vatnsaflsvirkjanir, en uns þeir samningar hafi tekist skuli þetta vera í höndum Rafmagnsveitna ríkisins. Hér er ekki gert ráð fyrir að samningar geti tekist né heldur hvernig með skuli fara ef þeir samningar takast ekki. Ég held að það sé harla óvenjulegt að ríkisstj. afsali sér þannig eiginlega öllum rétti til þess að láta ekki samninga takast. Og þá spyrja menn: Til hvers er að semja?

Í annan stað hefur verið gerð breyting á þá lund, að tillögur um framkvæmdir við nýjar vatnsaflsvirkjanir og virkjunaráfanga skuli lagðar fyrir Alþingi til samþykktar. Ég vek athygli á því, að þetta orðalag þýðir í rauninni það, að engar framkvæmdir megi gera í vatnsaflsvirkjunum öðruvísi en leggja þær fyrir Alþingi, og skiptir ekki máli hvað um er að ræða. Það að virkja vatnsafl er annaðhvort að reisa vélar til þess að nýta vatnsafl, sem fyrir hendi er, ellegar þá að ná vatnsafli inn í virkjanir, sem fyrir hendi eru, þannig að í raun og sannleika þýðir þetta orðalag það eitt, að ekkert megi gera. Og orðið „nýtt" þýðir náttúrlega ekkert sérstakt í þessu samhengi. Það er þess vegna kannske ekki nema von að hv. iðnn. Nd. sæi ástæðu til að fjalla sérstaklega um þennan þátt. Og hún gefur út skýringu á hvað þetta eigi að þýða í framkvæmd, sem stangast gersamlega á við það sem í rauninni stendur í frv.-textanum. Ég skal ekki fjölyrða frekar um það, en ég held að þetta sé ekki til fyrirmyndar um vinnubrögð, að þurfa þannig að taka til baka í nál. það sem stendur í frvgr.

Það, sem er megingalli þess frv. sem hér liggur fyrir, er annars vegar það, að engar heimildir eru veittar, og hins vegar það, að engin afstaða, engin stefnumótun er tekin að því er varðar orkufrekan iðnað. Án uppbyggingar í orkufrekum iðnaði og stóriðju er upplýst að skurðgröftur og stíflur á Þjórsár- og Tungnaársvæðinu muni nægja okkur til raforkuöflunar til þeirra þarfa sem við höfum, a. m. k. út áratuginn. Þá þurfa Austfirðingar ekki að hugsa mikið um vatnsaflsvirkjun í sínum landshluta eða atvinnuuppbyggingu þar. Þá þurfa Norðlendingar ekki heldur að hugsa um það í bráð. Það er kannske skýringin á því, að ríkisstj. sér ekki ástæðu til að raða þeim framkvæmdum sem hér um ræðir, að hún telji sig hafa heilan áratug til stefnu til þess að taka þá ákvörðun.

Það hefur komið fram í viðtölum við ýmsa sérfræðinga og þá sem að orkumálum starfa, í hvert óefni sé í rauninni komið sakir þess stefnuleysis sem ríkir, hefur ríkt og ríkir áfram miðað við það frv. sem hér um ræðir. Það kom fram hjá orkuspárnefnd, að í rauninni væri harla tilgangslaust hjá henni að reyna að gera orkuspá þegar stefnan varðandi orkunotkunina lægi ekki fyrir. Hún skilaði þess vegna örlitlum prósentureikningi um það, hvernig þetta gæti þróast fram til ársins 2000 að því er varðar almenna notkun. Að öðru leyti vísaði orkuspárnefnd málinu frá sér.

Það kom líka mjög glögglega fram í viðtölum n. við sérfræðinga iðnrh. og þeirra sem að orkumálum starfa, að það væri ekki nema vonlegt að það rækist svolítið á hér og hvar í grg. ráðh. um það, hvers konar virkjanir hugmyndin væri að reisa. Hið uppsetta afl, sem um væri talað, væri sveiflukennt eftir því hvar menn væru að lesa í grg. Það væri stundum talað um 330 mw. í Fljótsdalsvirkjun, en stundum t. d. 270. Skýringin var sú — og það kom mjög greinilega fram — að án stefnumörkunar um það, til hvers eigi að nýta raforkuna, sé í rauninni ekki hægt að taka ákvörðun um það, hvers konar vélar eigi að kaupa, hversu mikið uppsett afl skuli vera í þeim virkjunum sem hér um ræðir. Ég rek þetta sem dæmi um það, að stefnuleysið, sem ríkt hefur í þessum efnum, þýðir það, að ekki er hægt að taka þær ákvarðanir sem nauðsynlegt er að taka, ekki einu sinni undirbúningsákvarðanir af þessu tagi varðandi uppsett afl, svo að dæmi sé tekið.

Þá má spyrja hvernig stefnan þurfi að vera. Ég held að augljóst sé að það þurfi að setja fram föst markmið sem hugmyndin sé að stefna að, setja fram í öðru lagi hvernig staðið skuli að málum miðað við þessi markmið og í þriðja lagi að veita þær heimildir sem á þarf að halda. Tillögur þær, sem ég mæli hér fyrir, eru einmitt af þessu tagi. Þar eru sett fram föst markmið í orkusölumálum og að því er varðar uppbyggingu orkufreks iðnaðar. Það er yfirlýst markmið samkv. því sem hér segir að störfum skuli haga þannig að sala raforku til orkufreks iðnaðar a. m. k. fjórfaldist fram til ársins 1999. Þetta er hið raunverulega markmið. Það er líka gerð grein fyrir því, hvernig staðið skuli að orkusölunni og uppbyggingu orkufreks iðnaðar. Að því er hinn orkufreka iðnað varð-

ar er sérstaklega tekið fram að unnið skuli að því að þrjú ný iðjuver rísi á sviði orkufreks iðnaðar, auk stækkana á þeim iðjuverum sem fyrir hendi eru, þ. e. eitt á Austurlandi, eitt á Norðurlandi og eitt á suðvesturhorni landsins.

Það er líka gerð grein fyrir því, að með framkvæmd þessara mála verði teknir upp nýir hættir, vegna þess að það liggur augljóslega fyrir að hæstv. iðnrh. og ríkisstj. hafa ekki áhuga né getu eða vilja til að standa að þessum málum með þeim hætti sem nauðsynlegt er til þess að árangur náist. Þess vegna er gerð tillaga um það, að Alþingi taki málin í sínar hendur.

Í þriðja lagi eru í þessari till. okkar afdráttarlausar heimildir til virkjunarframkvæmda í samræmi við þessa stefnu. Þar er heimilað að virkja allt að 250 mw. í uppsettu afli á Þjórsár-Tungnaársvæðinu, í annan stað að virkja Blöndu, þegar tryggð hafa verið nauðsynleg réttindi vegna virkjunarinnar, og í þriðja lagi virkjun Jökulsár í Fljótsdal. Þetta eru þeir meginþættir sem felast í þeim brtt. sem ég mæli hér fyrir. Með samþykkt þeirra hefði afdráttarlaus stefna verið upp tekin.

Ég vil vekja sérstaka athygli á því, að það er stefna flm. þessara brtt. að uppbygging virkjana og orkufreks iðnaðar fylgist að og miðist við a. m. k. fjórföldun sölu á raforku til orkufreks iðnaðar fram til ársins 1999, jafnframt að þeim virkjunum sem hér er sérstaklega fjallað um, viðbótum á Þjórsár-Tungnaársvæðinu, Blönduvirkjun og Fljótsdalsvirkjun, sé öllum lokið á 8—10 árum. Í lagafrv. ríkisstj. kemur engin stefna fram í þessum efnum og í grg., sem oft er vitnað í, er slegið úr og í. Þar er t. d. víða talað um 15 ára framkvæmdatíma að því er varðar þessar virkjanir. Í máli stuðningsmanna ríkisstj., eins og hæstv. viðskrh., hefur annað veifið verið talað um 12 ár eða svo. En þetta svífur þó allt í lausu lofti og augljóslega engin afstaða tekin til orkufreks iðnaðar, ekki einu sinni í grg., og undirbúningur þess þáttar er í algerum ólestri. Á einum stað í grg. er meira að segja talað um að miðað við 15 ára framkvæmdatíma verði bara hreinlega 2400 gwst. í afgang umfram þarfir. Þetta er sú vörutegund sem ekki er heppilegt að vera með afgang af, heldur verða menn að finna nýtingu og not fyrir hana.

Ég hef líka tekið eftir því, að í máli ýmissa stuðningsmanna ríkisstj. er oft vitnað til álits Þjóðhagsstofnunar um virkjanahraða sem fylgir þessu frv. í grg. Ég vil bara vekja athygli deildarinnar á því, að það er ekkert álit Þjóðhagsstofnunar í þessari grg. Þjóðhagsstofnun lýsir m. ö. o. engu áliti á þessum virkjunarframkvæmdum í því plaggi sem er fskj. í grg. með þessu frv. Það eina, sem gerst hefur, er að iðnrn. hefur sett fram hugmynd um framkvæmdamagn í orkufrekum iðnaði og í raforkuverum á næstu 10 árum. Það er hvergi hægt að lesa nákvæmlega hvað sé átt við með þessu framkvæmdamagni, en væntanlega er þá virkjunarhraðinn miðaður við 12—15 ár, ef eitthvert mark má taka á þeim málflutningi sem hefur verið hafður hér uppi.

Það sem Þjóðhagsstofnun hefur gert við þetta dæmi iðnrh., — sem ríkisstj. og ráðherrar hafa ekki tekið afstöðu til hvort sé stefnumarkandi eða ekki, það kemur hvergi neitt fram um það, þetta er einungis dæmi, — það sem Þjóðhagsstofnun hefur gert varðandi þetta dæmi er að reikna út hvað það svari til hás hlutfalls af vergri þjóðarframleiðslu í fjárfestingu á hverjum tíma og hvað það svari til margra prósenta af fjárfestingu eða fjármunamyndun á hverjum tíma. En það kemur hvergi fram stafkrókur í þessu blaði frá Þjóðhagsstofnun um það, hvert sé álit hennar eða mat hennar á þessu dæmi frá hæstv. iðnrh. eða iðnrn., sem við vitum reyndar ekki einu sinni hvort er stefna ríkisstj., þannig að það er rangt þegar menn vitna til þess, sem hér um ræðir, sem álits Þjóðhagsstofnunar. Prósentutölurnar, sem þar eru upp gefnar, það töfluverk, sem þar um ræðir, og sá texti, sem þar er með, er einungis skýringar á því töfluverki. Í því felst engin skoðun af hálfu Þjóðhagsstofnunar. En þessir útreikningar eru engu að síður athyglisverðir. Það dæmi, sem iðnrn. eða hæstv. ráðh. hefur beðið um að reiknað verði, gerir nefnilega ráð fyrir mun minni orkuframkvæmdum en verið hafa að undanförnu.

Ef við lítum á þær upplýsingar, það töflu- og talnaverk sem þarna birtist frá Þjóðhagsstofnun, kemur í ljós að orkuframkvæmdir hafa á árunum 1975—1981, á s. l. sex árum, verið að jafnaði 5.44% af vergri þjóðarframleiðslu. Þær hafa verið 5.44%. En fylgiskjalsstefnan — ég kann ekki annað orð yfir það dæmi sem vitnað er til, ég veit ekki hvort það er stefna ríkisstj. — gerir ráð fyrir að um verði að ræða 3.5% af vergri þjóðarframleiðslu að jafnaði á þessu 10 ára tímabili.

Að því er varðar framkvæmdir í orkufrekum iðnaði og stóriðju er það svo, að á undangengnum árum, þegar slíkar framkvæmdir hafa verið í gangi, hafa þær verið t. d. á árunum 1978—1980 1.43% af vergri þjóðarframleiðslu. Þær voru reyndar langtum meiri hér á árunum 1968—1969, þá voru þær 3.7 og 4.3% af vergri þjóðarframleiðslu. En í fylgiskjalsstefnunni, sem við vitum ekki hvort er stefna ríkisstj., er gert ráð fyrir að þetta sé 1.5%. Ef við tökum þetta hvort tveggja saman, þá gerir fylgiskjalsstefna ríkisstj. ráð fyrir framkvæmdum sem nema 5% af vergri þjóðarframleiðslu samtals í orkufrekum iðnaði c ʒ í orkuverum. En reynsla síðustu ára svarar til um 7%, 5.44% að viðbættum 1.4—1.6%. Það, sem fskj. gerir ráð fyrir, er því 30% minna en það sem verið hefur að því er varðar framkvæmdamagn miðað við þjóðarframleiðslu á undanförnum árum. Og það er alveg sama þó að við lítum á töfluverkið varðandi fjármunamyndun. Ef við tökum þessa tvo þætti, iðjuverin og orkuverin, og gætum að því, hvað þeir hafi verið stór hluti fjármunamyndunar á þeim árum sem ég hef hér áður vitnað til, þá hefur það verið 25.4% að jafnaði á þeim árum. En samkv. fylgiskjalsstefnunni er það langtum lægra. Það eru einungis ¾ hlutar af því sem þar um ræðir eða 18.8%. Þegar fulltrúar ríkisstj., t. d. hæstv. menntmrh. eða viðskrh., eru að tala um að hér sé fylgt einhverri stórhuga stefnu og hér sé um stórkostlegt átak að ræða, þá eru þeir að lýsa yfir stuðningi við að framkvæmdahraðinn verði minni, að áherslan á þessum atriðum verði minni en verið hefur að undanförnu, svo að nemur um 30%. Sannleikurinn er sá, að ef við lítum bara á þessar tölur, 5 og 7% — að undanförnu 7%, 5% samkv. fylgiskjalsstefnunni, þá þarf að auka framkvæmdahraðann um 40% til þess að ná því sem hefur verið að undanförnu í orkuframkvæmdum og í orkufrekum iðnaði. Það þarf 40% meiri hraða en gert hefur verið ráð fyrir í fskj. Það kemur líka heim og saman við það sem við talsmenn Alþfl. höfum sérstaklega haft á oddinum í þessum efnum. Við höfum bent á það, að ef framkvæmdahraðinn væri 50% meiri en á s. l. 15 árum, þá ætti að virkja þetta á 8 árum. Það svarar til um 20—30% meiri virkjunarhraða en á því tímabili sem ég vitnaði til hér áðan, þannig að

svipað framkvæmdamagn og verið hefur á næstliðnum árum í orkuframkvæmdum og í stóriðjuframkvæmdum svarar til um 10 ára. Ef menn vilja herða eitthvað á, þá eiga menn að stytta framkvæmdatímann fyrir þær þrjár virkjanir sem hér um ræðir sem því nemur. Þetta vildi ég að kæmi glögglega fram.

Stefna þeirra brtt., sem ég mæli hér fyrir, er frábrugðin stefnu ríkisstj. eða stefnuleysi í fáeinum grundvallaratriðum. Í fyrsta lagi viljum við ákveða að stefnt verði að því að virkja af meiri krafti en að undanförnu, í staðinn fyrir af minni krafti eins og helst verður ráðið af þeim gögnum sem fyrir liggja og ég hef hér rakið.

Í öðru lagi viljum við að menn setji ákveðin markmið um það, hvað menn ætli sér í þessum efnum, og taki strax til við að vinna að orkusölu og uppbyggingu orkufreks iðnaðar í samræmi við þá stefnumótun. Það má þá slaka á í þeim efnum ef ekki reynast hagkvæmir virkjunarkostir, þ. e. söluvalkostir á raforkunni sem þessari stefnu nemur, en hún á að vera tilbúin og það á að vinna samkv. henni. Það er ekki hægt að hafa alla enda lausa.

Í þriðja lagi viljum við að settur verði þröttur í að afla þeirra tækifæra í orkufrekum iðnaði sem fyrir hendi eiga að vera. Við teljum nauðsynlegt, eins og nú er komið málum, að Alþingi taki þau mál að sér með því að kjósa sérstaka nefnd í þennan þátt.

Enn viljum við leggja áherslu á það, að til þess að geta nýtt þau tækifæri, sem bjóðast í framtíðinni, eigi að vera tiltækir nokkrir virkjunarvalkostir sem séu tilbúnir til útboðs þannig að grípa megi þau tækifæri sem gefast með skjótum hætti. Við viljum ekki láta draga úr framkvæmdahraða við virkjanir eins og stefna ríkisstj. er. Við viljum láta herða á framkvæmdahraðanum, en þá vitaskuld þannig að það fylgist að, að unnið sé að öflun tækifæra til að selja þessa orku jafnhliða því að unnið verði að undirbúningi virkjananna og framkvæmdum. Við viljum að höggvið verði á þann hnút úrræðaleysis, sem hér hefur ríkt að undanförnu, og menn geti snúið sér að framkvæmdum og raunhæfum verkefnum frekar en standa áfram í þeim sporum úrræðaleysis og ákvarðanaleysis sem viðgengist hefur að undanförnu, þeim sporum sem einkennast fyrst og fremst af orðagjálfri og skæklatogi.

Egill Jónsson: Herra forseti. Það hefur reyndar komið hér skýrt fram í máli þeirra tveggja hv. alþm. sem skipa minni hl. iðnn. auk mín, skýrar en jafnvel áður við þá umfjöllun sem fram fór í iðnn. þessarar deildar, hve mikið stefnuleysi felst í því frv. sem hér er til afgreiðslu. Þær umr., sem fram fóru í n., og þær upplýsingar, sem þar komu fram, voru að því leyti ákaflega mikilvægar og staðfestu þessa skoðun. Ég ætla þess vegna ekki að ræða sérstaklega um frv. til langs tíma, en aftur á móti beina fsp. til hæstv. iðnrh. um næstu skref í þessum málum. Það er í rauninni alveg augljóst mál, að þótt hér sé talað um stefnu til 10—15 ára hefur ríkisstj. engan veginn verið tilbúin til þess að móta þá stefnu. Og það kemur fram í frv. eða grg. þess, að um málið eigi að fjalla aftur í haust. Þá ætlar ríkisstj. væntanlega að verða búin að gera ákveðnar ráðstafanir til þess að auðvelda a. m. k. sjálfri sér að ákveða framvindu þessa stóra málaflokks.

Nú held ég að ég muni það rétt, ég hef ekki farið yfir það nú, að hæstv. landbrh. hafi sagt frá því hér í útvarpsumr., sem fram fóru á dögunum, hvaða fjármagni ætti að verja norður við Blöndu í framkvæmdir þar og við hönnun á þessu ári. Ef þetta er rétt eftir tekið hjá mér er væntanlega búið að gera um það tillögur, hvernig þessu fjármagni, þessum 5 gömlu milljörðum, verði varið. Ég vildi mjög leita eftir svörum við því hjá hæstv. iðnrh., hvernig sú skipting fjármagnsins verður.

Þá er ákaflega mikilvægt að fram komi svör við því, sem ég reyndar beindi til ráðh. við fyrri umr. og talað er um á bls. 6 í því frv. til l. er fjallar um raforkuver, þar sem talað er um að verkum eigi þannig að haga á þessu sumri varðandi Blönduvirkjun og varðandi virkjun í Fljótsdal að hægt verði að taka ákvörðun á næsta hausti. Það verður ekki annað séð en að þarna sé á ferðinni einhver skoðun og þá væntanlega sú, að það eigi að draga fram á haustið að ákveða hvort þessara orkuvera verði tekið á undan. Inn í þetta fléttast svo önnur spurning, sem hefur reyndar fengist svar við í umfjöllun í iðnn. Ed. Alþingis, þar sem þeir sérfræðingar, sem skýrðu þessi mál fyrir n., sögðu alveg berum orðum að ef ekki yrði um orkufrekan iðnað að ræða, heldur einungis þá aukningu sem hér innanlands þarf til hinna almennu nota, þá dygðu þennan áratug þær endurbætur í orkuveitukerfinu sem eru bundnar við vatnsveiturnar á Þjórsársvæðinu. Það er mjög mikilvægt að hér verði skýrt hvaða þætti þær framkvæmdir eiga að þjóna og með hvaða hætti menn hyggjast taka ákvarðanir á næsta hausti um þessi tvö orkuver, í Blöndu og í Fljótsdal, sem samkv. grg. frv. eru aðgreindar frá öðrum fyrirheitum í þeim efnum.

Til viðbótar við þetta legg ég mikla áherslu á það, sem ég reyndar gerði við fyrri umr. og kom fram í máli tveggja ráðh., bæði hæstv. viðskrh. og hæstv. iðnrh., að fá svör við þeirri spurningu minni, í hverju boðskapur þeirra um breiða samstöðu hér á Alþingi eigi að felast. Er þetta aðeins það sem hentar þessum hæstv. ráðherrum að setja fram við þessa umr., við þær aðstæður að málefnastaða þeirra hefur verið með þeim hætti að nánast hefur enginn maður vitað lengst af hvort frv. ríkisstj. um raforkuver næði fram að ganga? Eða er mönnum farið að verða það ljóst, að þessi mál verði ekki til lykta leidd með nokkrum almennilegum hætti hér á Alþingi nema fleiri verði til kvaddir en einungis þeir sem styðja núv. ríkisstj.? Ég óska mjög eindregið skýringar á því, hvað í þessum orðum felst og hvaða fyrirheit eiga þeim að fylgja. Ég orðlengi þetta svo ekki frekar að þessu sinni, en vænti þess að fá svör við spurningum mínum.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég get nú haft þau orð um þetta mál eins og þegar ég talaði hér við 1. umr., að margt mætti um það segja til viðbótar því sem fram hefði komið hér í hv. þd. En ég ætla nú sem fyrr að takmarka mig við örfá atriði sem ég tel eðlilegt að víkja að í framhaldi af máli þriggja hv. stjórnarandstæðinga sem hér hafa talað við umr. Eru það aðeins örfá atriði af mörgum sem ástæða væri til að gera aths. við.

Varðandi nál. hv. minni hl. iðnn. er það að segja, að þar gefa þeir, sem að því standa, þá forsendu, að það eigi ekki að vinna að mörkun orkunýtingarstefnu og það felist ekkert fyrirheit þar að lútandi í frv. ríkisstj. um raforkumál. Það ætti nú að hafa komið nógu skýrt fram, að einmitt með þessu frv. er lagt fyrir með skýrum hætti að ríkisstj. ætlar að beita sér fyrir slíkri stefnumörkun og að henni er nú unnið. En það, sem greinir á fyrst og fremst við hv. stjórnarandstöðu, er með hvaða hætti

staðið verði að slíkri stefnumörkun og í hverju hún eigi að felast. Þetta kemur skýrast í ljós í sambandi við brtt. hv. stjórnarandstæðinga jafnt í Nd. sem hér í hv. Ed., þar sem þeir sjá þetta fyrir sér í því formi að sett verði á fót sérstök orkusölunefnd. Það má skilja af máli þeirra, að þessari nefnd sé ætlað að leita að væntanlegum kaupendum erlendis frá að þeirri orku sem hér yrði framleidd. Þetta er ekki sú íslenska orku- og orkunýtingarstefna sem ég hef hér mælt fyrir og mörkuð er í stjórnarsáttmála ríkisstj. Þarf ekki að eyða út af fyrir sig að því fleiri orðum, að þarna greinir vissulega á og það verulega í þessum efnum. Vil ég tengja það við þá fsp. sem hv. 11. landsk. þm. bar hér fram í sambandi við spurninguna um breiða samstöðu í þessum efnum. Hjá öllum hv. alþm. er áhugi á að ráðast í nýtingu okkar orkulinda, halda henni áfram og herða þar frekar á en hitt. Menn hafa áhuga á því að virkja, og ég vænti að samstaða geti tekist um þá stefnu, sem mörkuð er með frv., að dreifa virkjunum um landið. Um hitt er greinilega ágreiningur, með hvaða hætti menn vilja marka stefnu að nýtingu orkunnar. Ég vænti þess, að skoðanaskipti haldi áfram um þetta og þau geti leitt til niðurstöðu þannig að breið samstaða megi takast um að standa að nýtingu þessara dýrmætu auðlinda okkar, orkulindanna, í framtíðinni og yfirráð yfir þeim og þeim fyrirtækjum, sem reist verða í krafti þeirra, verði ótvírætt á íslenskri hendi.

Ég vil aðeins nefna eitt atriði, sem kom fram í máli frsm. minni hl. iðnn., hv. 4. þm. Vestf., þegar hann gerir aths. við að ríkisstj. geti heimilað Landsvirkjun að ráðast í tilteknar virkjanir og framkvæmdir á sínu orkuveitusvæði. Það mátti skilja af máli hv. þm., að þetta stangaðist á við það sem kveðið er á í lögum um Landsvirkjun. Þetta er hins vegar á misskilningi byggt. Það er ótvírætt kveðið á um það í 7. gr. laga um Landsvirkjun, að þó að fyrirtækinu sé heimilað samkv. 7. gr. að ráðast í tilteknar framkvæmdir, sem þar er kveðið á um, þá skuli leita samþykkis viðkomandi ráðh. á þeim framkvæmdum áður en í þær verði ráðist. Þarna er enginn munur á þeirri stefnu, sem hér er mörkuð í sambandi við þetta efni, og gildandi lögum um Landsvirkjun, því í báðum tilvikum þarf samþykki viðkomandi stjórnvalda að koma til þó að Alþingi fyrir sitt leyti hafi veitt tilteknar heimildir.

Hv. 2. þm. Reykn. mælti hér mjög með svipuðum hætti og hv. 4. þm. Vestf., enda virðist bera mjög lítið á milli stjórnarandstöðuflokkanna í þessu stórmáli eins og *mörgum öðrum. Þeir þjappa sér býsna fast saman,* Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu og Alþfl., og er út af fyrir sig ekkert um það að segja, en það er athyglisverð staðreynd. Hv. 2. þm. Reykn. vildi túlka þær tölulegu athuganir sem fram koma frá Þjóðhagsstofnun í sambandi við framkvæmdaáform í raforkumálum næstu tíu árin, raforkumálum og iðnaðaruppbyggingu er tengist orkuframleiðslu, hann vildi túlka það svo sem þarna væri verið að draga úr frá því sem áður hefur verið. Ég andmæli þessu og tel að þær niðurstöður, sem þarna eru fram reiddar, beri vott um að gert sé ráð fyrir svipaðri ráðstöfun fjármagns í því dæmi, sem þarna liggur að baki, og verið hefur á síðustu tíu árum. Hér er hins vegar ekki um neina fastmótaða stefnu að ræða, þetta er aðeins talnadæmi til þess að hægt sé að gera sér ljóst hvert verið er að fara. Og það, sem liggur þarna að baki, er fskj. I með þessu frv., sem gerir ráð fyrir tilteknum virkjunarframkvæmdum og orku umfram almennan markað sem nemur um 1800 gwst., og það er lagt til grundvallar að fjárfesting í iðnaði fyrir hverja framleidda orkueiningu, fyrir hverja gwst. nemi 1.5 millj. nýkr. Þá koma út þær tölulegu niðurstöður sem þarna liggja að baki. Það er sem sagt gert ráð fyrir því í þessu dæmi, að orkufrekur iðnaður í landinu eða ígildi hans sé tvöfaldað á næstu tíu árum. Ég held að það sé fróðlegt fyrir menn að hafa slíkt dæmi fyrir framan sig þegar litið er til þessara mála. Auðvitað þarf að fara betur yfir þau og það er að sjálfsögðu komið undir því, hvaða viðfangsefni menn finna, hagkvæm viðfangsefni á þessu sviði, hversu hratt beri að fara.

Hv. 11. landsk. þm. beindi til mín fsp. m. a. varðandi nýtingu á þeim 50 millj. kr. sem óskað er heimildar fyrir í ár til viðbótar því fjármagni sem gert var ráð fyrir samkvæmt fjárlögum og fjárfestingar- og lánsfjáráætlun 1981. Það liggur að baki þessu ákveðin áætlun. Hér er um hámarkstölu að ræða, eins og ég gat um við 1. umr. þessa máls, og það er undir því komið m. a. hvort rétt verður talið að ráðast í könnunarjarðgöng vegna næstu vatnsaflsvirkjunar á eftir Hrauneyjafossi á þessu ári, hvort nauðsynlegt verður að nýta þessa heimild að fullu. Ég hef þessar tölur ekki fyrir framan mig, en það liggur fyrir að verulegur meiri hluti þessarar upphæðar, að könnunarjarðgöngum frátöldum, mundi renna til áframhaldandi rannsókna og undirbúnings vegna Fljótsdalsvirkjunar. Talsverður hluti þessa fjár eða líklega um þriðjungur mundi svo renna til undirbúnings og rannsókna vegna Blönduvirkjunar. Þetta eru mjög grófar upplýsingar, viðurkenni ég, en þetta er mælt hér eftir minni. Ofan í þessi mál verður farið nánar af rn. og ríkisstj. nú eftir að þetta frv. væntanlega verður samþykkt og er orðið að lögum.

Þá spurði hv. 11. landsk. þm. hvað yrði lagt til grundvallar í sambandi við ákvarðanir mála á haustþingi, sem ráð er fyrir gert að teknar verði. Þar verður að sjálfsögðu byggt á framhaldsathugun þessara mála og, eins og kveðið er á um í frv. eins og það nú liggur fyrir, að tekið verði tillit til þjóðhagslegra aðstæðna og aðstæðna í raforkukerfi landsins. Varðandi hið síðasttalda er að sjálfsögðu sérstaklega haft í huga öryggissjónarmið raforkukerfisins. Og vegna þess að menn hafa látið að því liggja — út af fyrir sig með réttu — að það skipti auðvitað máli hvar hugsað sé til þess að reisa orkufrekan iðnað eða slík fyrirtæki á komandi árum, þá er það auðvitað undir því komið, hvaða stefnumörkun menn binda sig við í þeim efnum. Það liggur fyrir í öllum tilvikum að ef litið er til hagkvæmni viðkomandi virkjunar, þá er hún meiri, þá eykst hún að tiltölu ef hagkvæmt iðnfyrirtæki er sett niður í næsta nágrenni. Þessi mál þarf að skoða í samhengi á næstu mánuðum þegar nánari áætlanir eru gerðar um þessi efni.

Tilgangurinn með vatnaveitunum á Þjórsársvæðinu er að sjálfsögðu, eins og fram er tekið í frv., að auka öryggi og bæta nýtingu þeirra vatnsaflsvirkjana sem þegar eru reistar, og ætti ekki að vera um það ágreiningur, jafnhagkvæmar og sjálfsagðar framkvæmdir sem þarna eru á ferðinni. Og þær eiga jafnframt að tryggja að unnt verði að standa við það stefnumið, að næsta vatnsaflsvirkjun á eftir Hrauneyjafossi komist í gagnið utan eldvirkra svæða, eins og kveðið er á um í stjórnarsáttmála.

Herra forseti. Þetta voru örfá atriði af mörgum sem ástæða hefði verið til að víkja hér að við þessa umr. En ég vil ekki ganga hér á tíma hv. deildar og orðlengi þetta ekki frekar, vænti að ég hafi vikið hér að atriðum sem

mönnum þykir betra að hafa fengið viðbrögð við en ekki.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Það verður að teljast framför í málflutningi hæstv. iðnrh., að hann tileinkaði sér ekki það orðalag sem tamt hefur verið ýmsum stjórnarsinnum, þ. á m. hæstv. ráðh., að vitna til útreikninga frá Þjóðhagsstofnun, sem birtast hér í fskj., sem álits Þjóðhagsstofnunar. Eins og ég rakti hér áður er alls ekki hægt að tala um að hér liggi fyrir álit frá Þjóðhagsstofnun, heldur einungis talnaútreikningur á dæmi sem kemur fram í tilteknu fskj. með þessu frv. Ég leyfði mér áðan að nefna þetta fylgiskjalsstefnuna vegna þess að það liggur ekki fyrir hvort um stefnu ríkisstj. sé að ræða. Hæstv. iðnrh. staðfesti að hér var rétt að farið hjá mér, því að hann tók fram að í þessu dæmi fælist ekki stefna ríkisstj., hér væri einungis um dæmi að ræða. Ég held því að þegar við ræðum um þetta atriði sé rétt að gera það undir því formerki að kalla þetta fylgiskjalsstefnuna.

Hæstv. ráðh. talaði um að hér væri um það að ræða að fylgja þeim virkjunaráföngum sem kæmu fram í fskj. I. Auk þess sem þegar er um talað varðandi Hrauneyjafoss er þar um að ræða 400 mw. í uppsettu afli á þessu tíu ára tímabili. Þar er þess vegna ekki um að ræða alla Fljótsdalsvirkjun. Ég vil einungis vekja athygli á þessu, vegna þess að þær heimildir, sem hér er farið fram á, varða langtum meira afl samanlagt en þau 400 mw. sem hér um ræðir. Einhver lagði saman og fékk út 800 samtals í heimildum. En það, sem hér er rakið í þessu fskj. sem stefna, sem ekki er þó stefna ríkisstj., svarar til um 400 mw. í uppsettu afli á þessu tíu ára tímabili. Ég vil þess vegna ekki að menn haldi að þegar ráðh. er hér að tala um tíu ára framkvæmdatímabil, þá sé hann í rauninni að tala um það sama og við hinir sem höfum talað um að ljúka öllum þessum virkjunum, þessum þremur umræddu virkjunum, á tíu ára tímabili.

En varðandi þau fskj., sem hér um ræðir, leyfði hæstv. iðnrh. sér að draga í efa það sem ég vakti sérstaklega athygli á varðandi framkvæmdahraða samkvæmt þeim talnagögnum sem Þjóðhagsstofnun hefur unnið fyrir iðnrh. Ég vil bara benda mönnum á að það liggur augljóslega fyrir í töflu á bls. 153, að orkuframkvæmdir alls sem prósent af vergri þjóðarframleiðslu hafa á árunum 1975—81, sem er þetta næstliðna tímabil, verið að meðaltali 5.44% af vergri þjóðarframleiðslu. Það þarf ekki annað en leggja þennan talnadálk saman, þá kemur út 38.1, og deila í það með 7 og þá eru komnir 5.44. Í fylgiskjalsstefnunni er hins vegar gert ráð fyrir, samkvæmt því sem segir á bls. 155, að þetta sé á bilinu 3.3—3.7%. Þess vegna finnst mér ekki rétt af iðnrh. að hafa uppi nein mótmæli í þessum efnum. Það sést líka mjög glögglega af þessum fskj. hver fjárfestingin hefur verið í orkufrekum iðnaðarframkvæmdum þegar þær hafa verið í gangi. Á þessu næstliðna tímabili, þegar unnið var við stækkun á ÍSAL annars vegar og uppbyggingu í Hvalfirðinum, þá var hér um að ræða 1.4, 1.6, 1.6, 1.5 og 1.2 prósent af vergri þjóðarframleiðslu. Meðaltal þessara ára er, eins og ég gat um, 1.43% af vergri þjóðarframleiðslu. Það er því alveg augljóst, að á því árabili, sem ég vitnaði hér til, hefur fjárfestingin í orkuframkvæmdum verið mun minni en gert er ráð fyrir í þessari fylgiskjalsstefnu. Og ef framkvæmdir í orkufrekum iðnaði eiga að fylgjast að og þetta er tekið saman, þá er mismunurinn milli 30 og 40%, sem óhætt er auka virkjunarhraðann umfram það sem gert er ráð fyrir í fylgiskjalsstefnunni, bara til þess að ná því hlutfalli af vergri þjóðarframleiðslu sem hér um ræðir og hefur verið undanfarið.

ATKVGR.

Brtt. 1061,1 felld með 10:8 atkv.
Brtt. 1061,2 felld með 10:8 atkv.
1. gr. samþ. með 10:8 atkv.
Brtt. 1061,3 felld með 10:8 atkv.
2. gr. samþ. með 10:1 atkv.
Brtt. 1061,4 felld með 10:8 atkv.
Brtt. 1061,5 felld með 10:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GK, KSG, KJ, SalÞ, ÞK, EgJ, EG, EKJ.
nei: GB, GTh, JH, ÓRG, ÓlJ, StefG, StJ, TÁ, DA, HS.

2 þm. (GeirG, LJ) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Það er forsenda Fljótsdalsvirkjunar og þeirra orkuframkvæmda, sem hér er verið að heimila með þessum nýju lögum sem eru að verða, að orkufrekur iðnaður sé á Austurlandi og víðar, enda torsótt að afla lána til slíkra framkvæmda nema sýnt sé fram á eðlilega arðsemi. Í stefnumörkun með frv. er gert ráð fyrir a. m. k. þreföldun orkufreks iðnaðar til aldamóta. Varðandi afstöðu mína vil ég taka fram eftirfarandi:

1. Í 2. gr. frv. er ríkisstj. gert að leggja fram í haust greinargerð um þá möguleika sem liggja fyrir um nýtingu orkunnar til orkufreks iðnaðar. Í því sambandi er í undirbúningi kísilmálmverksmiðja á Reyðarfirði.

2. Samkomulag er um að vegna fyrri áfanga Fljótsdalsvirkjunar verði gert ráð fyrir orkufrekum iðnaði á Austurlandi.

Með tilliti til þessa og í trausti þess, að ríkisstj. standi við þau áform er ég áður hef getið um, tel ég ekki ástæðu til að lögfesta þetta ákvæði og segi því nei.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Með tilliti til þess, sem hæstv. viðskrh. sagði hér áðan, að orkufrekur iðnaður er forsenda þeirra virkjunaráforma sem hér er verið að tala um, segi ég já við þessari brtt.

Brtt. 1061,6 felld með 10:8 atkv.
Brtt. 1061,7 tekin aftur.
3.—6. gr. samþ. með 11:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9:2 atkv.

Efri deild, 124. fundur.

Mánudaginn 25. maí, að loknum 123. fundi.

Raforkuver, frv. (þskj. 1043). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 18 shlj. atkv.

Egill Jónsson: Herra forseti. Svo sem kunnugt er hafa

nú verið felldar tillögur minni hl. iðnn. Ed. Alþingis og þær till. sem voru fluttar hér af stjórnarandstöðunni, en þar fólust einmitt mikilvægustu ákvæði varðandi framgang Fljótsdalsvirkjunar. Það hefur komið mjög greinilega í ljós og reyndar verið á allra vitorði um langan tíma, að forsenda Fljótsdalsvirkjunar væri sú, að stóriðja yrði tekin upp í allríkum mæli í nágrenni þeirrar virkjunar. Hversu stór sú iðja þarf að vera fer eftir því, hversu mikill hluti af raforku frá Fljótsdalsvirkjun færi inn á kerfið til hinna almennu nota, og mundi þannig að verulegu leyti markast af því, hvar sú virkjun verður sett inn í lög. Um hitt þarf ekki að deila, að virkjun í Fljótsdal án stóriðju þar í grennd er nánast útilokuð.

Það hefur komið mjög greinilega fram í umfjöllun iðnn. Ed. um önnur mál er snerta orkunýtingu, og þá sérstaklega það sem fjallaði um steinullarverksmiðju, að þeir sérfræðingar, sem þar voru til viðræðu við nefndina, töldu að venjulegar samningaviðræður um kaup á framleiðslu slíkra verksmiðja gengju ekki sem grundvöllur að ákvarðanatöku. Til þess að hægt væri að taka ákvarðanir um framkvæmdir þyrftu að liggja fyrir ákveðnir viðskiptasamningar. Það er þess vegna alveg nauðsynlegt að hafist verði handa í sambandi við Fljótsdalsvirkjun og að þegar í stað verði gerðar ráðstafanir til þess að leita eftir orkukaupanda í sambandi við áformaða stóriðju staðsetta við Reyðarfjörð.

Stjórn Sambands sveitarfélaga á Austurlandi fór þess bréflega á leit við alþm. af Austurlandi, að þeir flyttu till. til þál. hér á Alþingi sem hnígur nálega alveg í sömu átt og þessi till. Má því segja að hún sé flutt m. a. í beinu framhaldi af þeirri málaleitan og svo vegna þeirra margháttuðu skýringa sem fram hafa komið við umfjöllun hér á Alþingi um það, að þegar verði tekið til handanna í fullri alvöru við að leita eftir orkukaupanda í sambandi við stóriðju við Reyðarfjörð og skapa þannig grundvöll að þeirri virkjunarframkvæmd. Af þessari ástæðu og með tilliti til þess, að þær tillögur, sem hafa mjög hnigið í þessa átt, hafa nú verið felldar, hef ég ásamt hv. þm. Kjartani Jóhannssyni lagt hér fram skriflega tillögu sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Við 2. gr. Á eftir 2. mgr. komi ný mgr. er hljóði svo:

Ríkisstj. skal þegar leita eftir samningum um sölu raforku til orkufreks iðnaðar með stóriðju staðsetta á Reyðarfirði fyrir augum."

Ég vænti þess, herra forseti, að þd. veiti afbrigði til að þessi till. megi koma hér til afgreiðslu.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 1066 og 1067) samþ. með 13 shlj. atkv.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja brtt. við þetta frv. til l. um raforkuver. Till. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Á eftir 5. gr. komi ný gr. sem verði 6. gr. og orðist svo:

Samkv. ákvæðum 5. gr. skal ráðh. beita eignarnámsheimild vegna fyrirhugaðrar Blönduvirkjunar takist ekki samkomulag við landeigendur fyrir 1. ágúst 1981."

Ég þarf ekki, herra forseti, að hafa um þetta mörg orð. Það er alkunna, að deila hefur verið uppi og er uppi um land það sem fara mun undir vatn þegar miðlunarlón koma upp á heiðum í sambandi við væntanlega Blönduvirkjun. Það er alkunna, að hagsmunir bænda rekast þarna á við virkjunarhagsmunina. Hagsmunir fáeinna sauðfjárbænda rekast á við hagsmuni verulegs hluta þjóðarinnar. Það gefur auðvitað auga leið, að þegar svo háttar til að fáeinum mönnum tekst, — með því að að nafninu til eru þeir taldir eiga landssvæði sem í rauninni og eðlis síns vegna ætti að vera almannaeign þó að bændur nýti það og hafi nýtt það, — þegar fáeinum mönnum tekst með þessum hætti að koma í veg fyrir að þjóðþrifa- og þarfamál nái fram að ganga, þá hlýtur auðvitað sú staðreynd að vekja margvíslegar spurningar um eðli þess eignarréttar sem þarna er um að tefla. Þarna er um afrétt að ræða sem eingöngu er nýttur í þessu skyni. Ég minni á það í þessu sambandi, að Alþfl. hefur margsinnis flutt hér frumvörp til laga um eignarráð yfir landinu, gögnum þess og gæðum. Þegar svo háttar til eins og þarna gerist, að fáeinir menn koma í veg fyrir að þjóðþrifamál nái fram að ganga, hlýtur það að kalla á endurskoðun á þeim ákvæðum sem gilda um eignarrétt á landi eins og þessu. Það hlýtur að teljast eðlilegt, að land eins og hér um ræðir sé eign allrar þjóðarinnar, fáeinir sérhagsmunamenn geti ekki stöðvað framgang mála eins og Blönduvirkjunar með þvergirðingshætti og þeirri staðreynd að þetta land er notað sem beitarland fyrir fáeinar sauðkindur. Þess vegna held ég að um það geti varla verið ágreiningur, að ef einhvern tíma eigi að beita eignarnámsheimildum sé það einmitt í tilvikum eins og þessu.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þessa till., en legg til að hún verði samþykkt.

ATKVGR.

Brtt. 1067 felld með 10:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞK, EgJ, EG, EKJ, GK, KSG, KJ, SalÞ.

nei: StJfG, StJ, TÁ, DA, GB, GTh, JH, ÓRG, ÓlJ, HS.

2 þm. (GeirG, LJ) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Með vísan til þess, sem ég sagði við hið fyrra nafnakall við afgreiðslu þessa máls, segi ég nei.

Egill Jónsson: Herra forseti. Þessi till. er flutt til samræmis við óskir Austfirðinga. Í atkvgr. kemur fram hver svör eru gefin við þeirri málaleitan. Ég styð þessar óskir Austfirðinga og segi já.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það er misskilningur, að þessi till. sé flutt í samræmi við óskir Austfirðinga. Austfirðingar hafa fyrst og fremst lagt áherslu á það að fá að njóta jafnréttis í ákvörðunum um virkjanir. Hins vegar hafa nokkrir þm. hér í vetur, með Egil Jónsson og Sverri Hermannsson í broddi fylkingar, gert ítrekaðar tilraunir — og nú síðast hér í dag — til þess að skilyrða ákvörðun um Fljótsdalsvirkjun því, að þá þegar sé búið að semja um nýtingu orkunnar. Slík stefna mundi jafngilda því, að ákveðið væri hér og nú að ráðast í aðrar virkjanir á undan Fljótsdalsvirkjun, t. d. að Blönduvirkjun yrði á undan Fljótsdalsvirkjun. Ég tel, að slík afstaða sem hv. þm. Egill Jónsson o. fl. hafa barist fyrir sé ekki í samræmi við hagsmuni eða sjónarmið Austfirðinga, og vil styðja að því, að virkjunarmál Austfirðinga fái áframhaldandi skoðun á jafnréttisgrundvelli við aðra landshluta, og segi því nei.

Brtt. 1066,1 felld með 10:3 atkv.
Brtt. 1066,2 tekin aftur.
Frv. samþ. með 10:8 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1072).

Framkvæmdasjóður aldraðra, frv. (þskj. 1055 (sbr. 965)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1073).

Starfslok efri deildar.

Forseti (Helgi Seljan): Þar sem þetta mun verða síðasti fundur í þessari hv. deild á þessu 103. löggjafarþingi vil ég nota þetta tækifæri til þess að færa hv. þdm. einlægar þakkir fyrir hið ágætasta samstarf í öllum greinum og mikið umburðarlyndi í minn garð sem forseta. Ég færi skrifurum deildarinnar bestu þakkir fyrir vel unnin störf og samviskusemi þeirra í þeim störfum. Sömuleiðis þakka ég varaforsetum deildarinnar þeirra ágæta liðsinni og alla lipurð í minn garð. Skrifstofustjóra Alþingis og öllu starfsfólki þessarar stofnunar færi ég hlýjar kveðjur fyrir þeirra góðu störf í þágu okkar hv. þdm. og Alþingis um leið. Velfarnaðar og góðs gengis óska ég ykkur öllum á sumrinu og færi fram þá ósk að öll megum við hittast heil að hausti.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Fyrir hönd okkar þdm. vil ég þakka forseta góðar óskir í okkar garð. Jafnframt vil ég þakka honum fyrir hönd okkar allra umburðarlyndi við okkur og í senn röggsama og réttláta fundarstjórn. Skrifstofustjóra Alþingis og starfsfólki öllu ber ég einnig þakkir okkar þdm. Starfsfólki þingsins, hæstv. forseta og fjölskyldu hans óska ég alls velfarnaðar á sumrinu. Ég bið hv. dm. að taka undir þá ósk og staðfesta hana með því að rísa úr sætum. — [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (Helgi Seljan): Ég vil þakka hv. 3. landsk. þm. fyrir hlý orð hans og góðar óskir í minn garð og fjölskyldu minnar og hv. þdm. fyrir að taka þar undir. Ég endurtek velfarnaðaróskir mínar ykkur öllum til handa og segi fundi slitið.

Neðri deild, 110. fundur.

Mánudaginn 25. maí, kl. 2 miðdegis.

Umferðarlög, frv. (þskj. 904). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16:12 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1068).

Steinullarverksmiðja, frv. (þskj. 981). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1069).

Skráning á upplýsingum, er varða einkamálefni, frv. (þskj. 782 (sbr. 744)). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1070).

Stálbræðsla, frv. (þskj. 1052). — 3. umr.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Þrjú lagafrv., sem nú á allra síðustu vikum eða öllu heldur dögum þingsins hafa komið frá hæstv. iðnrh. og manna á meðal eru kölluð S-frumvörp, eiga það öll sammerkt að þm. eru væntanlega sammála um að athugun á þeim hefur verið ónóg í þinginu. Sérstaklega kom þetta fram í umr. um saltverksmiðju, en ég hygg að segja megi að það eigi einnig við um þau tvö frv. sem hér er verið að afgreiða við 3. umr., þ. e. steinullarverksmiðju og stálbræðslu. Um þetta mætti auðvitað hafa fleiri orð sem gengju þá m. a. út á það, að það er löngu orðið tímabært að spyrja þess hér á hinu háa Alþingi, hvers vegna þingtíma er svo háttað sem raun er á. Hér er verið að hespa það af að ljúka Alþingi í lok maímánaðar. Þm. fara svo í leyfi sem standa mun hálfan fjórða mánuð. Það hefur svo sem margoft komið fram hér í umr. og er þess virði að það sé ítrekað eina ferðina enn, að þessi háttur þingstarfa er sniðinn eftir aðstæðum sem eiga ekki lengur við, sem löngu eru liðnar. Þetta er sniðið eftir gömlu landbúnaðarsamfélagi og sýnist raunar vera með öllu ástæðulaust.

Ég skal ekki lengja mál um þessi efni nú. Á þessu hefur margsinnis verið vakin athygli hér áður. En það er áreiðanlega réttmætt að vekja kirfilega á því athygli í sambandi við þessi tvö mál, sem nú eru að fara í gegnum 3. umr., þ. e. steinullarverksmiðju og stálbræðslu. Þetta er ekki sagt þessum málum til hnjóðs með einum eða öðrum hætti, en það hefur komið fram í umr. hjá mörgum þm., að þeir telja að sá tími, sem hafi gefist til athugunar á þessum málum, hafi verið ónógur með öllu, og það skal ítrekað hér enn við 3. umr. um frv. til l. um stálbræðslu.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1071).

Umræður utan dagskrár.

Eggert Haukdal: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs til þess að vekja athygli hv. Alþingis og ríkisstj. á hinu mikla kali sem komið er í ljós að er á túnum sunnanlands á þessu vori. Vafalaust á eftir að koma í ljós að kal er víðar um land.

S. l. vetur var, eins og okkur öllum er kunnugt, óvenjulega erfiður hér sunnanlands. Hitafar var lægra en í meðalári og með því allægsta á öldinni. Hinn lági hiti dreifðist jafnt á tímabilið frá október til mars. Þetta sama tímabil setti niður óvenjumikinn snjó. Um áramótin blotaði nokkuð og allmikla hláku gerði um 20. jan. Við þessa blota varð snjóalagið að miklu og þykku svelli sem lá yfir allri jörð, hvort sem var á sléttlendi eða í bratta. En þykkt svellalagsins var þó breytilegt eftir aðstæðum. Svell huldu svo yfirborð túna fram í marslok en tók þá að mestu upp á 2—3 vikum. Frá því í síðari hluta mars hefur tíð verið hagstæð nema hvað nokkurn afturkipp gerði um sumarmálin.

Að fenginni reynslu mátti heita fullljóst um mánaðamótin mars—apríl að líkur á því, að svellkal hefði orðið, væru verulegar þar sem svellin voru þykkust og lágu lengst. Það er um alla Árnessýslu og mestan hluta Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu. Fyrstu varnaðarorðin voru flutt í sjónvarpi hinn 12. apríl s. l. ásamt með ábendingum um úrræði til öflunar viðbótarfóðurforða á komandi sumri. Auk þeirra staðreynda, sem þá lágu fyrir um hitafar vetrarins og hin miklu svellalög, bentu athuganir á grassverði, sem tekinn var til ræktunar undan mismunandi þykkum og mismunandi langvarandi svellum, ótvírætt til þess að svellkal hefði orðið enda þótt ekki yrði sagt um það með neinni vissu hver útbreiðsla þess væri.

Eins og fyrr segir hefur tíðin verið afar hagstæð frá því að brá til hins betra í síðari hluta marsmánaðar, og eftir óvenjuhlýjan og sólríkan apríl birti sjónvarpið svo frétt 2. maí, byggða á viðtali við búnaðarmálstjóra, þar sem fullyrt var að ótti manna við svellkal á Suðurlandi hefði reynst með öllu ástæðulaus. Hin hagstæða tíð ásamt eðlislægri bjartsýni manna varð til þess að ótrúlega margir gerðu þessa skoðun að sinni og voru andvaralausir um kalið þrátt fyrir áðurnefndar óhagganlegar staðreyndir. Hefur svo verið allt fram til 20. maí, en um það leyti urðu skilin milli þess, sem er kalið og ókalið, ótvíræð.

Eins og komið hefur fram í fréttum fór formaður Búnaðarsambands Suðurlands ásamt nokkrum ráðunautum í yfirlitsflug um svæðið hinn 23. maí s. l. Flugu þeir yfir flestar sveitir í Árnes- og Rangárvallasýslum og blasti þá við ömurlegri sjón en nokkur þeirra hafði gert ráð fyrir. Eftirtektarvert var hve öll tún taka seint við sér í hinni hagstæðu vortíð enda þótt þau virðist ekki dauðkalin. Hitt var þó að sjálfsögðu meira sláandi, að á flestum eða nær öllum bæjum voru áberandi kalskemmdir í túnum, og er algengt að engin spilda hafi sloppið við kal með öllu. Á þeim bæjum, sem verst hafa orðið úti, má fyllilega jafna ástandinu við það sem verst var 1969 — og raunar *enn verra enda þótt nú séu orsakir að nokkru annars* konar. Hafa menn áætlað að í verstu tilfellum sé frá 50 og allt upp í 80% af yfirborði túnanna dauðkalið. Ef tíðarfar í sumar verður í meðallagi hagstætt má áætla að heyfengur af túnum á umræddu svæði geti orðið 50—60% af meðalheyfeng. Það er því fullljóst að ástandið er alvarlegt, fyllilega sambærilegt við það sem var 1951 og 1969, og krefst skjótra og markvissra aðgerða.

Það úrræði, sem helst virðist koma til greina til að tryggja næga fóðuröflun í sumar, er ræktun grænfóðurs til votheysverkunar. Einkum er þá um að ræða hafra og bygg, þótt fleira komi til greina. Samkv. upplýsingum frá þrem stærstu sáðvöruinnflytjendum 22. maí er fræframboð þeirra ekki miðað við umtalsverða aukningu á grænfóðurræktun, enda hafa pantanir bænda ekki gefið tilefni til þess, og enda þótt um þetta væri rætt um mánaðamótin mars—apríl varð bjartsýnin síðar til að víkja þeim þönkum frá. Þá eru þeir hvekktir, fræinnflytjendur, vegna þess samdráttar í fræsölu sem varð á s. l. ári vegna þeirra framleiðslutakmarkana sem þá var unnið að. Hins vegar munu vera fyrir hendi möguleikar á útvegun á sáðhöfrum og sáðbyggi, en vegna þess, hve langan tíma slíkt tekur, þyrftu beiðnir um það að berast tafarlaust eigi það að koma að gagni á þessu sumri.

Benda má á að skerðingarákvæði jarðræktarlaga vegna grænfóðurs þyrfti að afnema í bili vegna þessa ástands. Spyrja má og hvort Bjargráðasjóður gæti komið þarna til sögunnar. Ljóst er að endurræktun allra þeirra túnspildna, sem skemmst hafa af kali á Suðurlandi í vetur, er ekkert áhlaupaverk. Væri mikið átak unnið ef takast mundi að bæta það tjón, sem orðið hefur nú, á 5 ára tímabili. Það er því fullljóst, að bændur verða nú í sumar og næsta sumar að sætta sig við að nota mismunandi skemmd tún til slægna og beitar.

Sem betur fer eru sums staðar heyfyrningar frá síðasta sumri sem munu bjarga nokkuð næsta vetur. En ofan á kvótakerfi, fóðurbætisskatt og stórhækkun á áburðarverði hafa nú máttarvöldin komið til liðs að stórdraga úr framleiðslunni. Verður ekki séð á þessari stundu hvernig þeir, sem verst verða úti, komast yfir þá erfiðleika.

Ég vil nota tækifærið og víkja að öðru skyldu máli í leiðinni. Nefnd, sem kannað hefur ástandið vegna Heklugossins, hefur skilað tillögum til landbrh. Í tillögum hennar er farið fram á fjárframlag til áburðardreifingar og girðinga.

Herra forseti. Ég leyfi mér að vænta svars hæstv. landbrh. varðandi þessi mál, hvað ríkisstj. hyggst gera til lausnar þeim. Mér er þó að sjálfsögðu ljóst að tæmandi svars er ekki að vænta með svo litlum fyrirvara.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Mér var það ekki kunnugt, að þessi mál bæri hér á góma á þessum síðasta degi þingsins. Eigi að síður getur verið gagnlegt að vekja á þeim athygli ef viðbrögð eru höfð við málinu með eðlilegum hætti og þannig að það komi verulega til bjargar. Ég hef ekki í höndunum neina ákveðna skýrslu eða opinbera skýrslu um það, hversu mikið kal er um að ræða á því svæði sem hér hefur verið gert að umræðuefni, en ég veit að það er víða vont og að það veldur alvarlegum erfiðleikum þar sem það er mest.

Ég tók, held ég, rétt eftir því, að hv. 6. þm. Suðurl. *sagði áðan að það hefði verið séð um mánaðamótin* mars—apríl að hér yrði um verulegt kal að ræða á Suðurlandi. Ég hygg að það sé rétt, að menn óttuðust að svo væri. Og þá var jafnvel haft við orð, að það væri ástæða til, og bændasamtökin gáfu út um það yfirlýsingu, að þeim þætti eðlilegt að bændur hölluðu sér sem mest að

aðfengnu fóðri, kögglum og kjarnfóðri, til þess að treina úr heyjunum sem til voru frá síðasta ári svo að þau kæmu til nota á næsta ári ef kal yrði jafnmikið og útlit væri fyrir. Þessu kalli frá bændasamtökunum hefur ekki verið hlýtt svo sem eðlilegt hefði verið, og ég vil gagnrýna það að svo hefur ekki verið gert.

Einmitt í dag eru lagðar á borð hjá okkur alþm. upplýsingar um það, hversu mikill kjarnfóðurskattur hefur verið innheimtur af bændum og búaliði í mánuðunum júní til apríl. Þessar tölur virðast mér vera rúmar 9 millj. nýkr. Það er ekki lítill skattur. Og ef menn hefðu verið þeirrar skoðunar í alvöru, að taka bæri aðvaranir bændasamtakanna til greina að þessu leyti, að þeir hefðu betra tækifæri til þess að afla sér kjarnfóðurs en áður hafði verið, þá átti að létta þeim skatti af sem verið var að innheimta. Það munar hvorki meira né minna en upp undir einni millj. nýkr. hefði kjarnfóðurgjaldinu verið aflétt bara í aprílmánuði s. l. Vitaskuld vænta menn þess, að stjórnvöld bregðist við með þeim hætti að að gagni megi koma þegar það er komið í ljós hversu alvarlegt þetta kal er. En það er dálítið erfitt að ræða um það meðan það liggur ekki fyrir. Enn þá vona menn að sárin séu ekki eins stór og útlit er fyrir á þessum tíma. Ég vænti þess, að það verði brugðist við því með þeim hætti sem best kemur að haldi, því að það er að sjálfsögðu mjög erfitt að fara í stórar nýræktir á þeim tíma þegar grænfóðurræktin er skert samkv. lagaheimild. Það er einnig erfitt að fara í það í stórum stíl þegar áburður hefur hækkað jafngeysilega í verði og nú hefur orðið. Og það er enn þá erfiðara við það að fást þegar tekjur manna hafa verið skertar eins og orðið hefur, bæði með því að setja á kjarnfóðurgjaldið og með þeirri takmörkun á framleiðslu sem verið hefur nú um skeið.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Hv. 6. þm. Suðurl. hefur vakið hér máls á vandamálum, sem steðja að landbúnaðinum, og varpað til mín fsp. þar að lútandi, í fyrsta lagi um kal og viðbrögð við kalskemmdum og í annan stað um aðgerðir vegna afleiðinga Heklugossins á s. l. sumri.

Varðandi fyrra atriðið er það rétt, sem fram kom hjá hv. þm., að óvenjuleg svellalög s. l. vetur voru með þeim hætti að flestir sáu að mikil hætta var á köfnunarkali. Nú um þessar mundir eru þessar kalskemmdir að koma í ljós og hafa nú fyrir skömmu komið verulega í ljós á Suðurlandi, þar sem talið er að á sumum svæðum sé allt upp í 50 eða jafnvel 80% túna skemmd af kali. Hvort hér er um kalskemmdir að ræða, sem tekur lengri eða skemmri tíma fyrir náttúruna sjálfa að vinna bug á, skal ekkert um sagt, en vonandi er að hin hagstæða tíð, sem nú er á Suðurlandi og hefur verið þar í vor, verði til þess að auðvelda það að þessar kalskemmdir nái sér að nokkru leyti sem allra fyrst.

Annars staðar um land eru enn ekki komnar miklar fréttir eða öruggar heimildir um kalskemmdir. Þó mun nokkurt kal a. m. k. vera víðar um land og sums staðar er mér sagt að það sé verulegt. Enn þá verður ekki spáð um hversu mikið það er. Ljóst er þó að hér er um viðamikið vandamál að ræða sem veldur tjóni og erfiðleikum í sambandi við fóðuröflun bænda á þessu sumri. Þau viðbrögð, sem bent hefur verið á af ráðunautum og forustumönnum Búnaðarfélags Íslands, eru í fyrsta lagi að bera á kalskellurnar, auka grænfóðurrækt og auka endurræktun túna. Kannað hefur verið hvort ekki sé unnt að auka sáðvöruinnflutning. Nokkurt magn sáðvöru mun vera til hjá innflytjendum, en einn af innflytjendum sagði mér í morgun að það tæki um hálfan mánuð að fá flutt inn fræ sem pantað væri. Það er því ástæða til þess fyrir bændur, sem ekki hafa pantað sáðvörur, að gera það hið fyrsta svo að unnt sé að bæta úr því í tæka tíð.

Enn hefur ekki verið fjallað um það að neinu marki í rn., hvernig brugðist skuli við þessum vanda. Hv. 6. þm. Suðurl. nefndi hér t. a. m. Bjargráðasjóð. Ég geri ráð fyrir að Bjargráðasjóður fái þetta mál til meðferðar þegar það kemur í ljós hvernig uppskera sumarsins reynist og hvað mikið skortir á venjulegan heyforða bænda. Er það eftir venju, að þá verði leitað til Bjargráðasjóðs til úrbóta, ef verulegur skortur er á heyforða miðað við það sem venjulegt er. Það er þess vegna ljóst, að ekki verður leitað til Bjargráðasjóðs fyrr en á haustdögum, eftir að forðagæslumenn hafa kannað fóðurbirgðir frá sumrinu.

Hér var minnst á grænfóðurstyrk eða grænfóðurframlag, sem er samkv. jarðræktarlögum. Ég hef þegar átt viðtal um það við búnaðarmálastjóra, að felld verði niður á þessu ári sú skerðing, sem jarðræktarlög gera ráð fyrir að sé á grænfóðurframlagi. Enn hefur ekki verið formlega frá því gengið, en lögin gera ráð fyrir að ráðh. sé heimilt að fella slíka skerðingu niður að fenginni umsögn Búnaðarfélags Íslands. Ég vænti þess, að stjórn Búnaðarfélags Íslands fjalli um það efni einhvern næstu daga. Ég tel að það sé eðlilegt og nú séu forsendur fyrir því að fella þessa skerðingu niður þannig að fullt framlag fáist á grænfóðurrækt á þessu ári með tilliti til þessara kalskemmda.

Ég vil aðeins bæta því við, að rn. mun síðan, þegar könnun á þessum kalskemmdum hefur farið fram með ítarlegri hætti en þegar er orðið, taka þessi mál til nánari athugunar.

Í öðru lagi minntist hv. 6. þm. Suðurl. á afleiðingar Heklugossins 17. ágúst s. l. og gat þess, að nefnd hefði verið skipuð, sem rétt er. Ég skipaði til þess nefnd fyrir fáum vikum að athuga afleiðingar af Heklugosinu og sjá hvernig það kæmi út eftir veturinn. Í stuttu máli eru niðurstöður nefndarinnar þær, að enn sé ekki hægt að sjá mikinn mun á þeim niðurstöðum sem urðu samkv. könnun á s. l. hausti um gróðurskemmdir, en það kann að koma betur í ljós þegar gróður nær sér á þessum svæðum meira á strik en þegar er orðið.

Í tillögum nefndarinnar er gert ráð fyrir því, að nauðsynlegt sé að verja nokkru fé til girðinga: Í fyrsta lagi að girtir verði 4—5 km frá Ófærugili í nýja hraunið til þess að hindra rennsli fjár úr byggð norður í Landmannaafrétt. Þetta er venjuleg afréttargirðing sem þarf að setja þar upp og er ekki mikið stórvirki. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að bæta við girðingar, bæði landgræðslugirðingar og aðrar girðingar, til þess að hafa hemil á rennsli sauðfjár og hafa hemil á því, hvernig afrétturinn sé nýttur með tilliti til gróðurverndar. Þessar girðingar eru nokkru lengri, eða um 20 km, sem gerðar eru tillögur um.

Þá gerir nefndin tillögur um áburðardreifingu bæði á heimalönd þeirra jarða, sem verst hafa orðið úti vegna öskufalls, og einnig á afréttarlönd. Má segja að kostnaður við þessar framkvæmdir gæti verið í áburði nálægt 2.7 millj. kr. og í girðingum nálægt 0.5 millj. kr. Nefndin hefur ekki gert tillögur um fjármögnun þessara framkvæmda og hef ég óskað eftir frekari tillögum um þann þátt af hálfu nefndarinnar, en vænta má að það, sem ráðist verður í af landbótum með áburðargjöf, verði að

kosta af ríkisfé — eða af fé Landgræðslunnar sem ekki er of mikið að þessu sinni. Það er hægt að hugsa sér að um styrk væri að ræða til girðingar, þar sem um afréttargirðingu er að ræða, enda þótt það sé víðast um land sem sveitarfélög eða einstaklingar sinni afréttargirðingum. Þessi mál eru og verða til frekari könnunar af hálfu rn. Nál. er fyrir stuttu komið fram og mér er ljóst að það þarf að bregðast við með skjótum hætti varðandi suma þætti þessa máls.

Hv. þm. Steinþór Gestsson ræddi um að það hefði mátt sjá þessar gróðurskemmdir fyrir og að s. l. vetur hefði verið erfiður, sem rétt er, og taldi að það hefði verið tilefni til þess að létta svokölluðu kjarnfóðurgjaldi af. Ég tel að þetta sé ekki rétt, það sé ekki tilefni til þess enn þá, hvað sem síðar verður, ef í ljós kynni að koma að þessi áföll af völdum náttúrunnar leiða til þess, að bændur ná ekki þeim fóðurforða sem nauðsynlegur er fyrir búpening næsta vetur.

Eggert Haukdal: Herra forseti. Ég vildi aðeins leyfa mér að þakka hæstv. landbrh. fyrir undirtektir við spurningum mínum og vænta þess fastlega, að röggsamlega verði hér á eftir fylgt, ráðunautaþjónustunni verði beint að kalinu sérstaklega og síðan fylgi á eftir ráðstafanir sem nauðsynlegar eru.

Starfslok neðri deildar.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Þar sem þetta er síðasti fundur hv. deildar á þessu þingi þakka ég öllum hv. þdm. ágæta samvinnu og þolinmæði mér sýnda. Einnig þakka ég skrifstofustjóra og starfsliði öllu unnin störf. Þeim, sem eiga um langan veg heim að sækja, óska ég góðrar heimferðar og heimkomu og bið og segi að vér megum allir hittast heilir á hausti komanda.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég vil fyrir hönd okkar Nd.-manna þakka hæstv. forseta fyrir góðar óskir í okkar garð. Ég vil enn fremur þakka honum fyrir röggsama og glaðværa fundarstjórn. Það er nokkur nýlunda hér í Nd., að forseti sé valinn úr hópi stjórnarandstæðinga, en ég vil sem stuðningsmaður ríkisstj. þakka honum alveg sérstaklega fyrir framúrskarandi réttláta stjórn á fundum deildarinnar í vetur og lipurð og lagni við þau stjórnarstörf. Ég vil enn fremur fyrir hönd okkar dm. þakka skrifstofustjóra og starfsmönnum Alþingis öllum vel unnin störf í okkar þágu. Ég vona að þetta sumar verði hæstv. forseta og fjölskyldu hans ánægjulegt og við hittum hann heilan og hressan hér á næsta hausti. Ég vil biðja hv. þm. að árétta ósk mína með því að rísa úr sætum. — [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég vil þakka hv. 1. þm. Norðurl. v. fyrir góð orð í minn garð og fjölskyldu minnar og hv. þdm. undirtektir þeirra.

Ég ítreka þakkir mínar og óskir og segi fundi slitið.

Sameinað þing, 89. fundur.

Mánudaginn 25. maí, kl. 5 síðdegis.

Kosning sjö manna milliþinganefndar til að kanna á hvern hátt nauðsynlegt sé að efla landhelgisgæsluna, samkv. ályktun Alþingis frá 2. apríl 1981, um milliþinganefnd um fullnægjandi landhelgisgæslu.

Fram komu þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvgr.:

Guðmundur Bjarnason alþm. (A),
Matthías Bjarnason alþm. (B),
Þröstur Sigtryggsson skipherra (A),
Pétur Sigurðsson alþm. (B),
Benedikt Gröndal alþm. (C),
Garðar Sigurðsson alþm. (A),
Valdimar Indriðason framkvæmdastjóri (B).

Kosning 6 manna og jafnmargra varamanna í stjórn Þróunarsamvinnustofnunar Íslands, til fjögurra ára, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 6. gr. nýafgreiddra laga um Þróunarsamvinnustofnun Íslands.

Fram komu þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Jón Kjartansson forstjóri (A),
Ólafur Björnsson prófessor (B),
Ólafur Þ. Þórðarson alþm. (A),
Gunnar G. Schram prófessor (B),
Björn Friðfinnsson fjármálastjóri (E),
Baldur Óskarsson fulltrúi (A).

Varamenn:
Pétur Einarsson varaflugmálastjóri (A),
Árni Sigfússon blaðamaður (B),
Guðmundur Bjarnason alþm. (A),
Bernharður Guðmundsson, fréttafulltrúi (B),
Björn Þorsteinsson bæjarritari (C),
Margrét Björnsdóttir þjóðfélagsfræðingur (A).

Kosning fjögurra þingmanna í nefnd, einn úr hverjum þingflokki, er hafi það hlutverk, ásamt þingmannanefndum frá Færeyjum og Grænlandi, að vinna að auknu samstarfi um sameiginleg hagsmunamál þjóðanna, samkv. ályktun Alþingis frá 19. maí 1981.

Fram komu þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Páll Pétursson alþm. (A),
Sverrir Hermannsson, alþm. (B),
Stefán Jónsson alþm. (A),
Árni Gunnarsson alþm. (C).

Langtímaáætlun um vegagerð, þáltill. (þskj. 1005). — Síðari umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 47 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 47 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1074).

Samgöngur um Hvalfjörð, þáltill. (þskj. 11, n. 944). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Guðmundur G. Þórarinsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. allshn. um till. til þál. um samgöngur um Hvalfjörð. Nál. kemur fram á þskj. 944.

Allshn. hefur fjallað um þessa till. og fengið umsagnir frá Siglingamálastofnun og vegamálastjóra auk þess sem n. hefur kynnt sér nál. um þetta mál frá 1972. Allshn. varð sammála um að leggja til að till. þessari verði vísað til ríkisstj.

ATKVGR.

Till. á þskj. 944 um að vísa þáltill. til ríkisstj. samþ. með 43 shlj. atkv.

Nýting silungsstofna, þáltill. (þskj. 101, n. 1010). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Egill Jónsson): Herra forseti. Atvmn. Sþ. hefur fjallað um þetta mál og leitað umsagnar m. a. frá Búnaðarfélagi Íslands og Veiðimálastofnun og fékk jákvæð svör um framgang þessa máls. Nefndin gerði smávægilegar breytingar á tillgr., eins og fram kemur í afgreiðslu n., en þannig orðuð leggur n. samhljóða til að tillagan verði samþykkt.

ATKVGR.

Brtt. 1010 (ný tillgr.) samþ. með 47 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 47 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1075).

Sameinað þing, 25. maí.

Kjarnfóðurgjald.

Svar landbúnaðaráðherra við fyrirspurn Egils Jónssonar um kjarnfóðurgjald, á þskj. 585, sent þm. 25. maí.

Sp. 1.
Hve hárri upphæð nemur það gjald, sem lagt er á innflutt kjarnfóður samkv. bráðabirgðalögum frá 23/6 árið 1980, og hver er skipting þeirrar upphæðar eftir mánuðum?
Svar:
Framleiðsluráð landbúnaðarins, sem sér um móttöku og varðveislu kjarnfóðurgjaldsins, gefur þessar upplýsingar:

Ekki er hægt að segja um, hversu hárri fjárhæð álagt kjarnfóðurgjald nemur hverju sinni, því að samkvæmt reglugerð nr. 411/1980 er veittur 3 mánaða gjaldfrestur á álögðum gjöldum. Skýrslur um sölu kjarnfóðursins koma ekki til Framleiðsluráðsins fyrr en í fyrsta lagi eftir 3 mánuði frá sölumánuði. Gjald af sölu desembermánaðar féll í gjalddaga 1. apríl s. l. og af sölu janúarmánaðar 1. maí s. l.

Sp. 2.
Hversu mikið hefur innheimst af kjarnfóðurgjaldinu og hvernig skiptist það fjármagn eftir mánuðum?
Svar:
Samkvæmt upplýsingum Framleiðsluráðsins hafa verið innheimtar um miðjan maímánuð gkr. 1 000 091 þús. Hjálögð skýrsla sýnir skiptingu innheimtunnar fram í miðjan aprílmánuð eftir mánuðum og söluaðilum.

Sp. 3.
Hvernig verður því fjármagni varið, sem fengist hefur með kjarnfóðurgjaldinu? Hve hárri upphæð verður ráðstafað til hvers og eins sölufélags, einstakra búgreina eða tilgreindra verkefna?
Svar:
Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur ákveðið að verja 1000 milljónum gkr. til endurgreiðslu á þeim verðjöfnunargjöldum af mjólk, sem innheimt voru á síðasta verðlagsári, í stað þess að þau komi til skerðingar á útborguðu mjólkurverði til bænda. Um 700 millj. gkr. hafa þegar verið afhentar mjólkursamlögunum. Jafnframt hefur Framleiðsluráðið ákveðið, að skipting þessarar fjárhæðar á milli framleiðenda fari eftir búmarki hvers framleiðanda og því, hversu mikla skerðingu hver og einn á að taka skv. reglum þeim, sem gilda, sbr. reglugerð nr. 348/1979 og tilkynningu Framleiðsluráðs til búvöruframleiðenda frá 15. okt. 1979. Skipting milli aðila liggur enn ekki fyrir. Framleiðsluráð hefur ákveðið styrk til 2 fuglasláturhúsa vegna hagræðingaraðgerða að upphæð gkr. 30 000 þús. Þetta er Sláturhúsið Hreiður hf. í Mosfellssveit, sem fengið hefur gkr. 20 000 þús. og Sláturhúsið Fjöregg hf., Svalbarðsströnd, sem fengið hefur gkr. 10 000 þús.

Sp. 4.
Eru forsendur kjarnfóðurgjaldsins ekki brostnar ef svo fer fram sem horfir, að mjólkurframleiðslan verður minni en markaðsþörf innanlands?
Svar:
Viðhorf Framleiðsluráðs landbúnaðarins eru þau, að enn vanti mikið á að hægt sé að segja um hvort mjólkurframleiðslu þessa árs verði of lítil fyrir innanlandsneyslu á mjólk og mjólkurvörum. Ekkert bendi til að svo muni fara, sé tekið mið af framleiðslu mjólkur eftir árstímum á undanförnum árum. Jafnframt að sæmilegar birgðir hafi verið til af ostum og smjöri í upphafi ársins og minnkun þeirra ekki það mikil enn, að ástæða sé til að ætla, að vöntun verði á þessum vörum eins og horfir nú.

Af reynslu undanfarinna ára má ljóst vera að á meðan ekki fást viðunandi markaðir erlendis fyrir umframframleiðslu mjólkur og mjólkurafurða, er nauðsynlegt að hafa tiltækar framleiðslustjórnunaraðgerðir. Fræðilegar athuganir, sem reyndar fengu staðfestingu á s. l. sumri, er kjarnfóðurgjaldið var lagt á, hafa sýnt að notkun kjarnfóðurs fer m. a. eftir verðhlutfalli þess og mjólkur. Þannig dregur úr kjarnfóðurnotkun, þegar verð þess hækkar í hlutfalli við mjólk, og hún eykst, þegar verðhlutfallið lækkar. Þannig má, með því að hækka eða

lækka kjarnfóðurgjaldið, draga úr eða auka kjarnfóðurnotkunina og mjólkurframleiðsluna eftir markaðsaðstæðum hverju sinni. Það væri þá því aðeins að hægt væri með hagnaði að framleiða og flytja út mjólkurafurðir að svara bæri þessum lið fyrirspurnarinnar játandi.

Sp. 5.

Er ekki óeðlilegt og beinlínis hættulegt að viðhalda kjarnfóðurskattinum eftir svo gjafafrekan vetur og tvísýnt útlit um fóðuröflun eftir einstaklega óhagstæða veðráttu í vetur?

Svar:

Framleiðsluráð landbúnaðarins telur ekki á þessu stigi hægt að spá neinu um fóðuröflunarhorfur eða hugsanlegar horfur á komandi sumri, því margar ástæður hvað það varðar séu í óvissu enn.

S. l. sumar var bændum mjög hagstætt árferðislega. Samkvæmt forðagæsluskýrslum varð heyfengur með almesta móti. Þurrheysfengur varð 23,7% meiri en árið á undan og votheysfengur 9,2% meiri. Sauðfé fjölgaði um 3,9% og kúm fækkaði um 0,5%, þannig að fóðurforði varð mun meiri á hvern grip en í fyrravetur. Þar sem ekki er um fóðurvöntun að ræða snýst málið því frekar um hvort rétt sé að gera innlenda fóðuröflun og not á innlendu fóðri hagkvæmari fyrir bændur umfram not á erlendu kjarnfóðri. Eins og málavextir hafa verið, er ekki hægt að telja óeðlilegt eða beinlínis hættulegt að viðhalda kjarnfóðurgjaldinu. Hins vegar verður nauðsynlegt að taka upphæð gjaldsins til endurskoðunar þegar ljóst er um heyfeng á þessu sumri og markaðs- og framleiðsluhorfur í landbúnaðinum.

9. apríl 1981

Innborganir á kjarnfóðurgjaldi fyrir mán. (nýkr.).

	1980			1981				
	júní—okt.	nóv.	des.	jan.	febr.	mars	apríl	Samtals
Samb. Ísl. Svf.	0	392 372	340 283	0	232 018	683 746	598 348	2 246 767
Mjólkurfél. Rvk.	0	190 280	300 290	211 459	245 756	198 480	0	1 146 265
Fóðurblandan hf.	0	165 996	146 173	121 712	198 797	175 355	0	808 033
Heildv. Guðbj. G.	0	413 503	254 433	331 191	243 535	228 000	0	1 470 662
Kf. Borgfirðinga	0	0	0	45 426	0	54 395	0	99 821
Kf. Ísfirðinga	0	0	0	0	0	0	20 022	20 022
Kf. V.-Hún.	0	0	0	26 596	0	4 067	0	30 663
Kf. Húnvetninga	0	0	0	163 297	40 490	0	0	203 787
Kf. Skagfirðinga	0	0	0	0	0	65 079	0	65 079
Fóðurv. KEA/KSÞ	0	0	1 292 841	280 409	204 725	280 943	17 298	2 076 216
Kf. Þingeyinga	0	118 787	58 581	60 223	73 398	82 174	57 588	450 751
Kf. N.-Þing.	0	13 193	0	0	23 320	0	0	36 513
Kf. Langnesinga	0	0	0	0	0	13 560	0	13 560
Kf. Vopnafj.	0	0	0	0	28 134	0	0	28 134
Kf. Héraðsbúa	0	0	0	0	114 633	0	0	114 633
Kf. Fram	0	0	0	28 593	25 519	0	0	54 112
Kf. Berufj.	0	0	0	0	1 707	0	0	1 707
Kf. A.-Skaft.	0	0	0	0	0	0	41 810	41 810
Kf. Fáskrúðsfj.	0	0	0	0	17 854	15 153	0	33 007
Kf. Dýrfirðinga	0	0	0	0	0	6 802	0	6 802
Kron/Ól. Gísl. Þorv. G.	0	0	89 365	0	0	0	0	89 365
Samtals	0	1 294 131	2 481 966	1 268 906	1 449 886	1 807 754	735 066	9 037 704
Greitt ríkisféhirði								155 900
Alls								9 193 604

Tilkynning til bænda um framleiðslustjórn. Reykjavík 1979.

Samkvæmt lögum frá Alþingi s. l. vetur er gert ráð fyrir að Framleiðsluráð ákveði framleiðslukvóta fyrir hverja jörð og að fyrir framleiðsluverðmæti kvótans verði að lágmarki greitt 80% með fullu grundvallarverði en útflutningsverð fyrir það sem umfram kann að vera.

Auk þessa ákvæðis um framleiðslukvóta eru í lögunum önnur ákvæði, m. a. um að heimilt sé að greiða búvöruframleiðendum mishátt verð og taka mishátt verðjöfnunargjald eftir bústærð.

Í ágústmánuði í sumar var sett reglugerð við lög þessi. Þar er m. a. að finna ákvæði um að aðalfundur Stéttarsambands bænda skuli taka ákvarðanir um hvort framkvæma skuli ákvæðin um kvótaákvörðun og hvenær slíkar ákvarðanir taka gildi.

Á síðasta aðalfundi sambandsins var ákveðið að láta ákvæðin um framleiðslukvóta koma til framkvæmda árið 1980. Fyrir mjólkina gildi kvótinn um framleiðslu almanaksársins og fyrir kjöt af sauðfé, sem slátrað verður haustið 1980.

Óskað var eftir að Framleiðsluráð auglýsti nú í októbermánuði hversu háan hundraðshluta framleiðslunnar bændur mættu vænta að fáist fullt verð fyrir á næsta ári. Unnið hefur verið að ýmiss konar athugunum og útreikningum til að byggja þessa ákvörðun á.

Á fundi Framleiðsluráðs 12. þ. m. var eftirfarandi ályktun samþykkt:

Markgjald:

Í samræmi við a-lið 2. greinar reglugerðar frá 22. 8. 1979 og með tilvísun til samþykktar aðalfundar Stéttarsambands bænda 1.—3. sept. s. l. um framleiðslustjórn ályktar Framleiðsluráð landbúnaðarins eftirfarandi:

Miðað við meðaltal framleiðslu búvöru áranna '76, '77 og '78 áætlast greiðsla á árinu 1980 92% af afurðamagni upp að 300 ærgilda marki til búvöruframleiðenda á lögbýlum og þeirra annarra sem hafa meiri hluta tekna sinna af búvöruframleiðslu.

Fyrir framleiðslu yfir 300 ærgildisafurða áætlast að greitt verði 80% af framleiðslunni. Verði samdráttur í búvöruframleiðslu einstakra framleiðenda frá viðmiðunarárunum, minnkar verðskerðingin um 1 prósentustig fyrir hvert 1% framleiðsluskerðingar. Fari framleiðsluskerðingin niður fyrir hið verðtryggða lágmark eiga viðkomandi framleiðendur rétt á að fá fullt verð, þó þeir auki framleiðsluna aftur upp að því hlutfalli sem verðábyrgð er veitt fyrir hverju sinni.

Það er nauðsynlegt að bændur geri sér ljóst að forsendur þær, sem tillagan er byggð á, eru veikar. Það er ekki vitað um hvert verður framleiðslumagn á búvöru á næsta ári. Ekki er heldur vitað hverjar niðurgreiðslur verða á innlendum markaði, því er innanlandssalan mjög óviss. Einnig er verðlag bæði innanlands og utan í fullri óvissu. Allt þetta gerir það að verkum að skoða ber hlutfallstölur þær, sem í ályktuninni eru, sem áætlunartölur, sem gefi vísbendingu um lágmark þess, sem greitt kunni að verða fullu verði.

Telja verður nokkurn veginn víst að lægra þurfi ekki að fara með greiðsluna, en nokkrar vonir um að eitthvað hærra hlutfall verði hægt að greiða á fullu verði.

Eitt er þó sem þar gæti gripið inn í og breytt viðhorfum í þessu efni, þ. e. ef Alþingi skerðir lögbundinn rétt bænda til útflutningsbóta frá því sem nú er, eins og tillögur hafa verið uppi um á Alþingi.

Unnið er nú að gagnasöfnun til að byggja á kvóta-ákvörðun fyrir hverja jörð. Slíkt er mikið verk og verður ekki lokið fyrr en einhvern tíma á næsta ári. Þegar niðurstöður liggja fyrir, verður hverjum bónda gert ljóst hvað hans kvóti er rúmur.

Reglugerðin gerir ráð fyrir að hann byggist á meðalframleiðslumagni áranna 1976, 1977 og 1978, með undantekningum varðandi frumbýlinga.

Reynt verður að hraða þessari ákvörðun svo sem fært er.

Reykjavík, 15. október 1979

Með félagskveðju,

Gunnar Guðbjartsson.

Fangelsismál.

Svar dómsmálaráðherra við fyrirspurn Salome Þorkelsdóttur um fangelsismál, á þskj. 790, sent þm. 25. maí.

Að því er varðar almennar úrbætur í fangelsismálum í náinni framtíð skal þess fyrst getið að nú er unnið að því að fá fé til þess að halda áfram byggingu gæsluvarðhaldsfangelsis við Tunguháls sem leysa á af hólmi Hegningarhúsið í Reykjavík og Fangelsið Síðumúla 28, en bæði þessi hús eru óhentug orðin til þeirrar þjónustu sem þau eru ætluð, þ. e. a. s. til vistunar gæsluvarðhaldsfanga og móttöku fanga sem eru að hefja afplánun.

Að því er varðar sérstaka þætti fyrirspurnarinnar skal eftirfarandi tekið fram:

a) Stofnun vinnuhælis fyrir unglinga. Skv. 43. gr. alm. hegningarlaga má ákveða með reglugerð að fangar, sem dæmdir hafa verið í fangelsi innan 22 ára aldurs, skuli hafðir sér í fangelsi eða fangelsisdeild og látnir sæta annarri meðferð en aðrir fangar, og skv. lögum um fangelsi og vinnuhæli frá 1973 skal reka sérstakt unglingavinnuhæli. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um að reisa slíkt unglingavinnuhæli, enda skiptar skoðanir meðal fræðimanna um hversu heppilegt sé að skilgreina fanga sérstaklega eftir aldri. Segja má þó að vísir hafi verið að slíku unglingavinnuhæli þar sem er vinnuhælið að Kvíabryggju, en þar hefur verið reynt að vista þá unglinga sem eru að koma í fyrsta sinn til afplánunar og ekki hafa slíkan brotaferil að baki sér að líklegt sé að þeir verði ekki hafðir í svo opnu fangelsi sem Kvíabryggja er. Á Kvíabryggju hafa reyndar einnig verið vistaðir eldri fangar, en þá að jafnaði einungis þeir sem eru í fyrstu afplánun og ekki eru taldir harðnaðir síbrotamenn. Ráðuneytið telur að stofnun slíks unglingavinnuhælis verði að bíða þess að leyst hafi verið önnur brýnni úrlausnarefni í fangelsismálunum, nema sérstakar aðstæður séu fyrir hendi sem gera það æskilegt að koma slíku vinnuhæli á fót, eins og t. d. ef Krýsuvíkurskólanum yrði breytt í unglingavinnuhæli.

b) Vistun geðsjúkra fanga. Hér er um að ræða óleyst vandamál og segja má í stuttu máli að ráðuneytið telji þá lausn æskilegasta að komið verði upp sérstakri stofnun fyrir geðsjúka fanga í nálægð við sjúkrastofnun og í samvinnu við heilbrigðisyfirvöld þannig að slíkri stofnun yrði þjónað bæði af fangelsisyfirvöldum og heilbrigðisyfirvöldum. Einnig þyrfti að vera aðstaða til þess að vista á slíkri stofnun þá sem eru úrskurðaðir til að sæta geðrannsókn vegna brota og möguleiki á að vista þar hættulega geðsjúklinga sem hin almennu geðsjúkrahús eiga í erfiðleikum með að vista. Ráðuneytið telur þetta með brýnustu úrlausnarefnum á sviði fangelsismálanna. Um vistun geðsjúkra fanga er einnig fjallað í þingsályktun um geðheilbrigðismál, skipulag og úrbætur, sem nýverið hefur verið samþykkt.

c) Endurhæfing innan fangelsanna. Ekki eru önnur áform uppi um endurhæfingu innan fangelsanna en þau að efla kennslu fyrir fanga og þá einkum á grunnskóla- og iðnskólastigi.

d) Kvennafangelsi. Þeir kvenfangar, sem nú þurfa að afplána lengri fangelsisdóma, eru nú vistaðir í ríkisfangelsisdeildinni í lögreglustöðinni á Akureyri. Sé um mjög langa dóma að ræða, þ. e. a. s. dóma sem hljóða upp á fangelsi meira en 1 ár, er óæskilegt að hafa ekki annan stað en deildina á Akureyri til vistunar slíkra fanga. Gert er ráð fyrir því, að í gæsluvarðhaldsfangelsinu, sem reisa á við Tunguháls, verði sérstök kvennadeild og má gera ráð fyrir að allir algengir fangelsisdómar kvenfanga kæmu til afplánunar þar, en til að leysa þau vandamál, sem koma upp þegar kvenfangi þarf að afplána e. t. v. allt að 8 ár í fangelsi, er nauðsynlegt að leita nýrra ráða og kemur þá helst í hug að afla húsnæðis til kaups eða leigu einhvers staðar á Suðurlandi til þess að reka slíka kvenfangelsisdeild í. Þar sem fangar í slíkri fangelsisdeild verða væntanlega sárafáir þyrfti ekki stórt húsnæði eða fjölmennt starfslið til þess að annast slíka fangelsisdeild. Mætti væntanlega koma slíku fangelsi í rekstur án umtalsverðs stofnkostnaðar og reka það með tiltölulega litlum kostnaði.

Sameinað þing, 90. fundur.

Mánudaginn 25. maí, kl. 6 síðdegis.

Þinglausnir.

Forseti (Jón Helgason): Ég mun nú gefa yfirlit yfir störf Alþingis:

Þingið hefur staðið yfir frá 10. okt. til 20. des. 1980 og frá 26. jan. til 25. maí 1981, alls 192 daga.

Þingfundir hafa verið haldnir:

Í neðri deild	110
Í efri deild	124
Í sameinuðu þingi	90
Alls	324

Þingmál og úrslit þeirra:

I. Lagafrumvörp:

1. Stjórnarfrumvörp:

a. Lögð fyrir neðri deild	47	
b. Lögð fyrir efri deild	50	
c. Lagt fyrir sameinað þing	1	
		98
2. Þingmannafrumvörp:		
a. Borin fram í neðri deild	57	
b. Borin fram í efri deild	27	
		84
		182

Úrslit urðu þessi:

a. Afgreidd sem lög:		
Stjórnarfrumvörp	84	
Þingmannafrumvörp	13	
		97
b. Vísað til ríkisstjórnarinnar:		
Þingmannafrumvörpum		5
c. Afgreidd með rökst. dagskrá:		
Þingmannafrumvörp		2
d. Felld:		
Þingmannafrumvörp		2
e. Ekki útrædd:		
Stjórnarfrumvörp	14	
Þingmannafrumvörp	62	
		76
		182

II. Þingsályktunartillögur:

Bornar fram í sameinuðu þingi	95	
Borin fram í neðri deild	1	
		96

Úrslit urðu þessi:

Ályktanir Alþingis	47
Vísað til ríkisstjórnarinnar	3
Ekki útræddar	46
	96

III. Fyrirspurnir:

Í sameinuðu þingi 109. Sumar eru fleiri saman á þingskjali svo að málatala þeirra er ekki nema	58

Allar voru fyrirspurnir þessar ræddar eða svarað skriflega nema níu.

Mál til meðferðar í þinginu alls	336
Skýrslur ráðherra voru	11
Tala prentaðra þingskjala	1078

Þetta yfirlit gefur til kynna þann mikla fjölda mála sem fjallað hefur verið um á Alþingi því sem nú er að ljúka störfum. Er það mesti fjöldi mála sem lagður hefur verið fram á Alþingi nokkru sinni fram að þessu á einu þingi. Nú við þinglok hafa verið afgreidd frá Alþingi öll þau mál sem nefndir hafa lokið athugun á. En fundahöld hjá mörgum fastanefndum þingsins hafa verið mikil og þingmenn oft verið boðaðir á fleiri en einn fund samtímis.

Efnahags- og fjármál hafa verið umfangsmikil eins og áður, en á síðustu vikum þingsins hafa iðnaðar- og orkumál verið viðamestu dagskrármálin, og þrátt fyrir mismunandi viðhorf þingmanna til þess efnis, sem á þingskjölum um þessi mál stendur, þá eru allir sammála um að þar er um að ræða einhver allra mikilvægustu mál þjóðarinnar í framtíðinni og því eðlilegt að þingmenn sýni þeim mikinn áhuga. Og við væntum þess, að afgreiðsla Alþingis á þeim, eins og öllum öðrum málum sem það hefur fjallað um, verði þjóðinni til heilla.

En að þessu sinni er löggjafarstarfinu lokið. Ég þakka hæstv. ríkisstj. og hv. alþm. ánægjulegt samstarf á þessu þingi og umburðarlyndi í minn garð. Sérstakar þakkir færi ég varaforsetum sem jafnan hafa veitt mér bestu aðstoð. Skrifurum þingsins þakka ég ágætt starf, skrifstofustjóra og öllu starfsfólki Alþingis flyt ég kærar þakkir fyrir mikið og gott starf og ánægjulega samvinnu. Að lokum óska ég hv. alþm. og fjölskyldum þeirra gæfu og gengis og góðrar heimkomu og heimferðar. Það er von mín, að við megum öll hittast heil til starfa á komandi hausti.

Landsmönnum öllum óska ég árs og friðar.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég er þess fullviss, að ég hreyfi því sem býr hv. þm. sameiginlega í hug, þegar ég leyfi mér að flytja hæstv. forseta þakkir fyrir þau hlýju orð og þær góðu óskir sem hann hefur mælt til okkar þm.

Ég leyfi mér einnig að þakka honum forsetastörfin, alúðlega rækt, réttláta fundarstjórn og ágætt samstarf á því þingi sem nú er að ljúka.

Ég óska hæstv. forseta allra heilla og fjölskyldu hans og vona að við hittum hann heilan á húfi næsta haust þegar Alþingi kemur á ný saman til starfa.

Ég bið ykkur, hv. alþm., að taka undir þessar óskir til hæstv. forseta með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (Jón Helgason): Ég þakka hv. 4. þm. Vestf., Þorv. Garðari Kristjánssyni, fyrir góðar óskir í minn garð og minnar fjölskyldu. Enn fremur þakka ég hv. alþm. fyrir að taka undir óskir hans með því að rísa úr sætum og endurtek árnaðaróskir mínar til alþingismanna.

Forseti Íslands (Vigdís Finnbogadóttir): Hæstv. ríkisstjórn. Forsetar Alþingis. Háttvirtir alþingismenn.

Gefið hefur verið út svofellt forsetabréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Alþingi, 103. löggjafarþing, lýkur störfum í dag, mánudaginn 25. maí 1981. Mun ég því slíta Alþingi í dag.

Gjört í Reykjavík, 25. maí 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.

Gunnar Thoroddsen.

Forsetabréf um þinglausnir."

Þannig hljóðar forsetabréf um þinglausnir.

Samkv. þessu bréfi, sem ég nú hef lesið, lýsi ég yfir því, að þessu þingi, sem nú hefur lokið störfum, er slitið. Óska ég þingmönnum velfarnaðar, þjóðinni allra heilla og bið alþingismenn að minnast fósturjarðar vorrar, Íslands, með því að rísa úr sætum.

Þingheimur stóð upp og **forsrh., Gunnar Thoroddsen,** mælti: „Heill forseta vorum og fósturjörð. Ísland lifi."

Tóku þingmenn undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.

Var síðan af þingi gengið.